ÞINGSETNINGARFUNDUR

föstudaginn 1. okt.

Þingsetning.

Árið 1999, föstudaginn 1. október, var hundrað tuttugasta og fimmta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og annað aðalþing í röðinni en hundrað og fertugasta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Skúli S. Ólafsson steig í stólinn og lagði út af upphafi Matteusarguðspjalls.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.
2. Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.
4. Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e
5. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.
7. Ásta Möller, 19. þm. Reykv.
8. Björn Bjarnason, 2. þm. Reykv.
9. Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
10. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
11. Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.
12. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
13. Einar Oddur Kristjánsson, 5. þm. Vestf.
14. Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.
15. Finnur Ingólfsson, 12. þm. Reykv.
16. Geir H. Haarde, 3. þm. Reykv.
17. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
18. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
19. Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
20. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.
21. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
22. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
23. Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.
24. Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.
25. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
26. Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.
27. Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.
28. Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.
29. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
30. Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.
31. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
32. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.
33. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.
34. Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.
35. Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.
36. Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.
37. Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.
38. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.
39. Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.
40. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
41. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
42. Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.
43. Ólafur Örn Haraldsson, 16. þm. Reykv.
44. Páll Pétursson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur H. Blöndal, 10. þm. Reykv.
46. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
47. Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.
48. Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.
49. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
50. Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn.
51. Sólveig Pétursdóttir, 4. þm. Reykv.
52. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.
53. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
54. Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.
56. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
57. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.
58. Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
61. Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.
62. Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:11]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 7. september 1999 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman föstudaginn 1. október 1999, kl. 13.30.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett í Alþingishúsinu.

Gjört í Reykjavík, 7. september 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman föstudaginn 1. október 1999."

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Við upphaf hvers þings blasa við verkefnin mörg og margbreytileg, mismunandi að mikilvægi og umfangi. Sum snerta vanda líðandi stundar. Önnur munu móta samfélag og þjóðlíf um langa framtíð, marka stefnu inn í nýja öld.

Oft vill það gleymast í dagsins önn og orrahríðum hér í þingsalnum að Alþingi er í senn kjarni þess lýðræðis sem við höfum kosið og kjölfesta í þjóðvitund Íslendinga frá upphafi byggðar til okkar tíma; einstök stofnun og lýsandi fordæmi meðal þjóða heims, ekki síst þeim nágrönnum okkar sem undanfarið hafa brotist undan hrammi kúgunar til frelsis.

Kyrrlát stund í þögninni á Þingvöllum með þjóðhöfðingjum ríkjanna sem njóta nú loks sjálfstæðis og lýðræðis er eftirminnileg; einlæg og djúp virðingin sem þeir tjá íslenskri þjóð og langri sögu hennar líkist helst þakkargjörð í helgum kirkjum.

Á ferð um austfirskar byggðir skömmu eftir að forseti Eistlands kom hingað í þingsalinn til að þakka Alþingi stuðning á örlagatímum í sjálfstæðisbaráttu þjóðar sinnar var ég

hvað eftir annað minntur á það hve áhrifa Alþingis gætir víða á vöxt og viðgang heimabyggða, hve djúp spor ákvarðanir og atkvæðagreiðslur í þessum sal marka á daglegt líf og framtíðarsýn fólks til sjávar og sveita.

Alþingi skipar ekki aðeins öndvegi í stjórnskipan okkar og sögu í þúsund ár. Alþingi er og verður örlagavaldur á öllum sviðum mannlífsins í breiðum byggðum landsins, setur mark á lífshætti og búsetu, framfarir og sóknarfæri með þeim lagaramma sem hér er smíðaður og hér breytt.

Þegar skimað er um aldalanga sögu þings og þjóðar er það í senn fróðlegt og umhugsunarvert að á stundum hafa náð flugi kenningar um áhrifavalda sem væru Alþingi æðri og hefur jafnvel verið reynt að setja þinginu skorður með tilvísan til mikilvægis þeirra og stöðu. En tíminn hefur leikið þessar kenningar grátt og lífsmáttur þess lýðræðis sem Alþingi er helgað jafnan borið hærri hlut úr sérhverri tilraun til að haga hlutföllum valds og áhrifa á annan veg.

Fyrr á öldum var konungsvaldið talið þinginu fremra, jafnvel umvafið náð æðri máttarvalda. Embættisvaldið var um skeið mótvægi og varnarmúr þegar Alþingi sótti fram til sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar. Síðan komu tímar þegar tilvísanir í stéttarvald af ýmsum toga var talið upphefja réttinn til að lúta lögmálum sem Alþingi ákvað hverju sinni.

Þótt nú sé önnur tíð og altækar kenningar af þessum toga ekki í tísku ber samt nokkuð á því að hallað sé á Alþingi með því að hefja hlutverk framkvæmdarvaldsins og reyndar einnig markaðarins í æðra veldi — sagt að leikreglur nútímans skipi Alþingi á hliðarlínu á leikvelli áhrifa og valds.

Þá gleymist það oft að uppspretta þess umboðs sem framkvæmdarvaldið fær er hjá Alþingi einu, þingheimi sem fólkið í landinu hefur falið trúnað um tiltekinn tíma í anda þess lýðræðis sem er aðal íslenskrar stjórnskipunar. Hvorki flokksagi né forustuvald getur fært framkvæmdarvaldinu þá ábyrgð sem Alþingi ber. Né er hægt að afsaka ástand eða erfiðleika með því að ætla markaðinum hlutverk og valdsvið *sem í okkar lýðræðisskipan á heima í höndum Alþingis.*

Afnám hafta og ofstjórnar ríkis og embættisstofnana hefur vissulega gefið frjálsum markaði, samspili framleiðslu og viðskipta, neytenda og frumkvöðla, almennings og atvinnulífs tækifæri til að bæta lífskjör og treysta efnahag og verður svo vonandi enn um langa framtíð. En hættumerki eru samt í því fólgin þegar markaði eru falin hlutverk sem samkvæmt hefðum og anda lýðræðisins eiga heima í höndum þingheims alls.

Sú er kannski þrautin þyngst á okkar tímum að finna sambúð lýðræðis og markaðar þann farsæla farveg sem best fellur að sögu Íslendinga og menningu, samfélagsgerð og lífsháttum. Í þeim efnum getur reynsla annarra þjóða aldrei fært okkur töfralausnir heldur verður þjóðin sjálf á hverjum tíma að vega og meta valkostina, velja þá leið sem greiðust virðist og helst vísar til bættra lífskjara og aukinna sóknarfæra án þess að þráðurinn sem tengir okkur við fortíðina slitni. Alþingi hvorki má né getur skorast undan því að leiða þá umræðu til lykta.

Þegar treysta skal undirstöður farsællar framtíðar í sveitum og þorpum, kaupstöðum og borg, dugir ekki að skjóta ábyrgð frá háborði lýðræðisins í þessum sal til hins kvika og á stundum óræða leiks á torgi markaðarins. Þá er hætta á að rætur slitni og margt af því sem gert hefur okkur að þjóð hverfi í iðukasti breytinga og stundarhags.

Samvitund okkar Íslendinga og samstaða byggir ekki hvað síst á sterkum tengslum við heimahagana um landið allt, í sveit og í fjallasal, sjávarþorpi og kauptúni. Þar eru slóðir fornsagna og kvæða, einstæðra bókmennta sem hleyptu þrótti í sjálfstæðisbaráttuna og voru frumherjum hennar fyrirmynd að endurreisn íslenskrar tungu. Þar gengu um grundir skáld og listamenn sem náðu eyrum annarra þjóða en gleymdu aldrei uppruna sínum og gerðu bernskuslóðir ódauðlegar í heimslist sinni. Þar eru táknstaðir, bæir og byggðir þeirra atburða og örlaga sem við vísum jafnan til þegar útskýra þarf vegferð okkar og vilja. Þar er nábýlið við perlur íslenskrar náttúru lykillinn að fegurðinni sem þjóðinni er svo kær. Þar öðlast mannlífið það hljómfall sem í fjölbreytileika sínum færir okkur sífellt endurnýjun.

Örlög byggðanna í landinu mega aldrei ráðast á þann hátt að hagnaður og hagræðing séu einu lóðin á vogarskálum. Varðveisla byggðanna er verkefni þess lýðræðislega valds sem þjóðin hefur falið Alþingi, þeirri stofnun sem öllum öðrum fremur er samnefnari sögu okkar og sjálfstæðis. Slíkur er vilji fólksins sem mér hefur heilsað í heimahögum og djúp ást á landinu, ósk um að geta áfram ræktað fagurt mannlíf og blómlegt í góðri sátt við náttúru og umhverfi. Hann verður mér ætíð minnisstæður boðskapurinn sem ung stúlka flutti mér eystra fyrir hönd jafningja sinna, að framtíð byggðanna væri, ásamt hollu líferni og baráttu gegn fíkniefnum, brýnasta viðfangsefni okkar tíðar.

Þingið sem nú er hafið getur því vissulega gengið til starfa í trausti þess að kynslóðin sem landið erfir mun meta verk þess að verðleikum en jafnframt vera reiðubúin að veita það aðhald sem lýðræðið gerir ráð fyrir.

Viðfangsefnin sem til úrlausnar eru hafa jafnan endurspeglað vanda hverrar tíðar en Íslendingar hafa ætíð treyst því að Alþingi rísi með sóma undir sinni ábyrgð, að hér sé ávallt vilji til að gæta þess fjársjóðs sem gert hefur Íslendinga að þjóð.

Ég bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Ávarp aldursforseta.

[14:23]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Pál Pétursson, 2. þm. Norðurl. v., að ganga til forsetastóls.

[14:24]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa. Ég vona að störf Alþingis sem nú eru að hefjast verði landi og þjóð til heilla. Enn fremur læt ég í ljós þá ósk að við alþingismenn eigum gott samstarf við starfsfólk Alþingis eins og endranær.

Þessum fundi er nú frestað til klukkan fjögur.

Fundi frestað kl. 14:28.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

föstudaginn 1. okt.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
4. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsn. 17. maí 1999.
5. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Verkalýðsfélaginu Hlíf í Hafnarfirði.
Erindi frá landgræðslusamtökunum Gróður fyrir fólk.
Erindi frá hreppsnefnd Þingvallahrepps.

[16:01]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2000, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.
Skattfrelsi norrænna verðlauna, 4. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 4.
Tekjuskattur og eignarskattur, 5. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 5.
Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 3.
Þjóðhagsáætlun 2000, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Varamenn taka þingsæti.

[16:02]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Borist hafa svofelld bréf:

„Þar sem Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn., er í barnsburðarleyfi og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykn., Helga Guðrún Jónasdóttir stjórnmálafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sigríður A. Þórðardóttir,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Og annað bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykn., Sturla Þorsteinsson kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni þar sem 1. varaþingmaður listans tekur líka sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn."

Kjörbréf þeirra Helgu Guðrúnar Jónasdóttur og Sturlu Þorsteinssonar hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt, en þau hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Helga Guðrún Jónasdóttir, 5. þm. Reykn., og Sturla Þorsteinsson, 11. þm. Reykn., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[16:04]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Helga Guðrún Jónasdóttir og Sturla Þorsteinsson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[16:04]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru.

Mér hefur borist ein tilnefning, um 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal. Aðrar tilnefningar hafa ekki borist og Halldór Blöndal er því einn í kjöri. Atkvæði verða greidd með atkvæðagreiðslukerfinu. Þeir sem ætla að kjósa Halldór Blöndal greiða atkvæði en þeir sem ekki vilja taka þátt í atkvæðagreiðslunni skila auðu. Ljósatöflur hafa verið tengdar þannig að atkvæðagreiðslan er leynileg. Hefst nú atkvæðagreiðslan.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Halldór Blöndal,** 1. þm. Norðurl. e., hlaut 39 atkvæði, 18 þingmenn greiddu ekki atkvæði.

[16:06]

Aldursforseti (Páll Pétursson):

Samkvæmt þessu er Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e., réttkjörinn forseti Alþingis. Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við fundarstjórninni.

Ávarp forseta.

[16:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Páli Péturssyni, hlý orð í minn garð. Ég þakka hv. alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig forseta Alþingis á ný. Ég met það traust mikils.

Það styttist í að við höldum inn í nýja öld og brátt hefst nýtt árþúsund. Við þau tímamót hlýtur það að vera okkur nokkurt umhugsunarefni hvernig við viljum að Alþingi hagi störfum sínum. Upplýsingatæknin verður óhjákvæmilega eitt af táknum hinnar nýju aldar. Sem fyrrv. ráðherra fjarskiptamála er mér umhugað um að Alþingi setji sér það mark að vera áfram í fararbroddi þeirra sem nýta sér til fulls upplýsingatæknina.

En það er fleira sem við þurfum að huga að við þessi tímamót. Skipulag þinghaldsins hefur um langt skeið verið í föstum skorðum en ný viðhorf og breyttir þjóðfélagshættir kalla á ýmsar breytingar á starfsháttum þingsins. Slíkar breytingar verða að taka mið af því að þingmenn þurfa að

hafa betri tíma til að sinna samskiptum við umbjóðendur sína, ekki síst í ljósi þess að landsbyggðarkjördæmi munu stækka verulega á þessu kjörtímabili.

Þá verður ekki horft fram hjá því að alþjóðavæðingin er farin að hafa veruleg áhrif á starfsemi Alþingis m.a. með því að þingmenn taka æ meiri þátt í alþjóðlegu þingmannastarfi. Óhjákvæmilegt er að meira tillit verði tekið til þeirrar þátttöku í skipulagi þinghaldsins. Í forsætisnefnd Alþingis hafa því verið ræddar hugmyndir um róttækar breytingar á þinghaldinu sem m.a. felast í að þingstörfin gangi fyrir sig í lotum þar sem skiptast á þingfundavikur, nefndavikur og kjördæmavikur eftir nánari útfærslu. Ég vænti þess að þingmenn skoði þessar hugmyndir með opnum huga þegar þær koma til umfjöllunar í þingflokkum.

Eins og jafnan áður hafa húsnæðismál Alþingis verið fyrirferðarmikil á fundum forsætisnefndar. Þar er fyrst að nefna að forsætisnefnd hefur í sumar unnið að því að leita að hentugu húsnæði við Austurvöll fyrir starfsemi þingsins og vænti ég þess að það mál skýrist fljótlega. Ekki er síður mikilvægt að tryggja betri starfsaðstöðu fyrir fastanefndir og starfslið þeirra. Nefndirnar hafa lengi búið við óviðunandi fundaaðstöðu sem gerir þeim oft erfitt að sinna störfum sínum, t.d. þegar kalla þarf fjölda gesta á fund þeirra.

Þá hefur í sumar verið unnið af fullum krafti við byggingu skálans og er nú verið að steypa upp kjallara hans. Gert er ráð fyrir að því verki ljúki um miðjan þennan mánuð. Vegna þeirrar þenslu sem er í efnahagslífinu um þessar mundir er hins vegar nauðsynlegt að hægja á ýmsum opinberum framkvæmdum hér við Faxaflóa, þar með töldum framkvæmdum við skálann.

Í seinustu viku átti ég þess kost að heimsækja Manitobafylki í Kanada í boði fylkisstjórnarinnar og fór þá um þær byggðir þar sem Íslendingar námu land í Vesturheimi. Ég varð hvarvetna var við mikinn hlýhug til Íslands og áhuga á að hlúa að þeirri menningararfleifð sem tengir íbúa fylkisins við Ísland. Í reynd er það svo að í Manitoba er stærsta samfélag fólks af íslenskum uppruna utan Íslands. Ég tel að samskipti okkar við afkomendur íslenskra landnema í Kanada séu mjög mikilvæg fyrir okkur, ekki aðeins vegna þess að landnámið er hluti af sögu okkar heldur skapa Íslendingabyggðirnar góðan grundvöll fyrir auknum menningarlegum og viðskiptalegum samskiptum okkar á milli.

Ég vil geta þess sérstaklega að um þessar mundir stendur yfir fjársöfnun fyrir íslenskudeild háskólans í Manitoba og Íslandsdeild bókasafns skólans. Því er ekki að leyna að kennsla í íslensku við háskólann og rekstur bókasafnsins á í vök að verjast. Það er því mikilvægt að það fólk sem vill halda uppi þessum menningartengslum geti reitt sig á stuðning okkar Íslendinga.

Komið er að því að Alþingi, íslensk stjórnvöld og einkaaðilar taki höndum saman um að leggja nokkuð af mörkum til að styðja við bakið á íslenskudeildinni og bókasafninu. Ég vona að sá stuðningur dugi til þess að íslensk tunga og bókmenntir skipi áfram veglegan sess við háskóla í Vesturheimi.

Ég vil geta þess rétt til gamans að í Gimli hittum við gamlan heiðursmann, öðlingsmann, Stefán Stefánsson, og það fyrsta sem hann sagði þegar hann sá okkur var, um leið og hann sneri sér að einum okkar: „Hvað hefur þú fyrir stafni?“ Þetta er tungutak sem maður heyrir ekki allt of oft hér heima og vantaði einungis upp á að hann bætti við: „lagsmaður“.

Það þing sem nú er að hefjast er að því leyti sögulegt að það mun koma saman til sérstaks hátíðarfundar á Þingvöllum 2. júlí árið 2000 þegar landsmenn fagna því að þúsund ár eru liðin síðan Alþingi samþykkti að kristni skyldi lögtekin á Íslandi. Ég vil jafnframt skýra frá því að í byrjun næsta árs mun koma út viðamikið rit um sögu kristni á Íslandi. Verk þetta er framlag Alþingis til minningarhátíðar um kristnitökuna. Það er unnið í samræmi við samþykkt Alþingis frá 26. mars 1990. Kristnisagan mun vera eitt umfangsmesta ritverk sem gefið hefur verið út hér á landi í einu lagi. Það verður í fjórum bindum og hvert bindi verður um 400 blaðsíður að lengd. Alls hafa 15 fræðimenn unnið að ritun þess. Ég tel að Alþingi sé mikill sómi að útgáfu þessa verks.

Þá vil ég greina frá því að forsætisnefnd Alþingis hefur ákveðið að verða við þeirri ósk framkvæmdanefndar ráðstefnunnar Konur og lýðræði að gefa nokkrum konum frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi kost á að kynna sér störf Alþingis og þá lýðræðishefð sem íslensk stjórnmál byggjast á. Það er mikilvægt að Ísland leggi sitt af mörkum til að styðja þá lýðræðisþróun sem er í austurhluta álfunnar.

Eitt þeirra verkefna sem bíður þessa haustþings er að kjósa nýjan umboðsmann Alþingis en dr. Gaukur Jörundsson mun láta af störfum um næstu áramót. Dr. Gaukur hefur verið í leyfi frá störfum í rúmlega ár þar sem hann var kjörinn til setu í mannréttindadómstól Evrópu 1. október á sl. ári. Það var mikill fengur fyrir Alþingi að dr. Gaukur skyldi taka að sér starf umboðsmanns Alþingis þegar embættið var stofnað 1987. Hann hefur mótað starfsemina af einurð og festu og árangurinn af farsælu starfi hans hefur skilað sér í vandaðri vinnubrögðum í stjórnsýslunni og bættum rétti borgaranna.

Ég vil nota þetta tækifæri til að færa dr. Gauki sérstakar þakkir fyrir mikilvæg störf í þágu Alþingis og það brautryðjendastarf sem hann hefur unnið sem fyrsti umboðsmaður Alþingis.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til þingheims fyrir að trúa mér fyrir forsetaembættinu. Ég vona að mér takist að eiga gott samstarf við hv. þingmenn.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[16:14]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal fara fram kosning sex varaforseta. Það er tillaga forseta að að þessu sinni verði einungis kjörnir fjórir varaforsetar. Leita þarf afbrigða frá þingsköpum um að kosning 5. og 6. varaforseta fari ekki fram að svo stöddu og skoðast þau samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Hefst þá kosning fjögurra varaforseta. Ég bið um lista.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi samkvæmt samþykktum afbrigðum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,

2. varaforseti: Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,

3. varaforseti: Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,

4. varaforseti: Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.

[16:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundarstörf og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu fastanefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd:
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Sverrir Hermannsson (B),
Ásta Möller (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Gunnar Birgisson (A),
Hjálmar Árnason (A).

3. Félagsmálanefnd:
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Kristján Pálsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

4. Fjárlaganefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Árni Johnsen (A),
Jón Kristjánsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Jón Bjarnason (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Kristján Pálsson (A).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Þuríður Backman (B),
Ásta Möller (A),
Jón Kristjánsson (A).

6. Iðnaðarnefnd:
Guðjón Guðmundsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Árni Steinar Jóhannsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

7. Landbúnaðarnefnd:
Hjálmar Jónsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Þuríður Backman (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

8. Menntamálanefnd:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

9. Samgöngunefnd:
Árni Johnsen (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Hjálmar Árnason (A),
Kristján L. Möller (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Jón Bjarnason (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Jón Kristjánsson (A).

10. Sjávarútvegsnefnd:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),

Guðmundur Hallvarðsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Hjálmar Árnason (A).

11. Umhverfisnefnd:
Kristján Pálsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Ásta Möller (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

12. Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Jón Kristjánsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

Varamenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Kristján Pálsson (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

[16:20]

Forseti (Halldór Blöndal):

Tafla með fundatíma fastanefnda hefur legið fyrir. Það er ósk forseta að fastanefndir komi saman til fundar hið fyrsta til að kjósa sér formann og varaformann og eftir atvikum að ræða störf nefnda.

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsn. 17. maí 1999.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu alþjóðanefndir svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ásta Möller (A).

Varamenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Drífa Hjartardóttir (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A).

Varamenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Kristinn H. Gunnarsson (A).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Jón Kristjánsson (A).

Varamenn:
Árni R. Árnason (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

Varamenn:
Guðjón Guðmundsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:
Aðalmenn:
Kristján Pálsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Katrín Fjeldsted (A).

Varamenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Vilhjálmur Egilsson (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Þorgerður K. Gunnarsdóttir (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Ögmundur Jónasson (B).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Katrín Fjeldsted (A),
Jón Kristjánsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Árni Johnsen (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

Varamenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Gunnar Birgisson (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

Varamenn:
Árni Johnsen (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Hjálmar Árnason (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Ásta Möller (A),
Þuríður Backman (B).

Sætaskipun.

Þá var hlutað um sæti þingmanna. Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
3. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
4. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
5. sæti hlaut Sigríður Jóhannesdóttir.
6. sæti hlaut Ásta Möller.
7. sæti hlaut Árni Steinar Jóhannsson.
8. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
9. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
10. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir.
11. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
12. sæti hlaut Árni R. Árnason.
13. sæti hlaut Kristján Pálsson.
14. sæti er sæti varamanns.
15. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
16. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
17. sæti hlaut Sverrir Hermannsson.
18. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
19. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
20. sæti hlaut Jón Kristjánsson.
21. sæti hlaut Kristján L. Möller.
22. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
23. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
24. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
25. sæti hlaut Hjálmar Jónsson.
26. sæti hlaut Þuríður Backman.
27. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
28. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
29. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.
30. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich.
31. sæti hlaut Halldór Blöndal.
32. sæti er sæti varamanns.
33. sæti er sæti varamanns.
34. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
35. sæti hlaut Jón Bjarnason.
36. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
37. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.
38. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
39. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
40. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
41. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
42. sæti hlaut Þorgerður K. Gunnarsdóttir.
43. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
44. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
45. sæti hlaut Árni Johnsen.
46. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
47. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
48. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
49. sæti hlaut Katrín Fjeldsted.
50. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson.
51. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
52. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
53. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
54. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
55. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti samgönguráðherra.
59. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
60. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
61. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
66. sæti er sæti menntamálaráðherra.
67. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
68. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
69. sæti er sæti umhverfisráðherra.
70. sæti er sæti varamanns.
71. sæti er sæti varamanns.

Fundi slitið kl. 16:45.

2. FUNDUR

mánudaginn 4. okt.,
kl. 8.15 síðdegis.

Dagskrá:
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

Fjarvistarleyfi:
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[20:16]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Hefur hver þingflokkur, aðrir en þingflokkur forsrh., til umráða 12 mínútur í fyrstu umferð, en í annarri og þriðju umferð sex mínútur hver flokkur.

Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi: Sjálfstfl., Samfylkingin, Framsfl., Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl.: Davíð Oddsson forsrh. í fyrstu umferð, Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl., í annarri umferð og Árni M. Mathiesen sjútvrh. í þriðju umferð. Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl., Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv., í annarri og Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf., í þriðju umferð. Fyrir Framsfl. tala Finnur Ingólfsson viðskrh. í fyrstu umferð, í annarri Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh. og í þriðju umferð Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn. Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv., í fyrstu umferð, í annarri Þuríður Backman, 5. þm. Austurl., og í þriðju umferð Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v. Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., og Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í annarri og þriðju umferð.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

[20:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í vor kom Alþingi saman um skamma hríð að kosningum loknum og sinnti lögboðnum skyldum. Það þing sem nú hefst er eigi að síður raunverulega fyrsta þing á nýju kjörtímabili að öllu öðru leyti en forminu. Nú verða meginlínur lagðar af hálfu stjórnar og stjórnarandstöðu. Veganesti beggja er væntanlega sótt í kosningastefnu og umræðu sl. vors og verkefnin sem menn vilja takast á við. Ríkisstjórnin hefur til viðbótar málefnasamning sinn til að styðjast við, en þar er fjallað um nokkur helstu álitaefni þjóðmála um þessar mundir í knöppu en skýru formi. Nokkur útfærsluatriði stjórnarsáttmálans koma fram í fjárlagafrv. sem er fyrsta eiginlega viðfangsefni þingsins.

Stjórnarflokkarnir ákváðu að flest þau verkefni sem stjórnarsáttmálinn tekur til skyldi vinna í jöfnum áföngum á kjörtímabilinu, ekki síst þau atriði sem áhrif hafa á greiðsluflæði ríkissjóðs. Eru þau vinnubrögð í anda þess stöðugleika sem ríkisstjórnin vill leitast við að tryggja og öll önnur stefnumál verða að taka mið af.

Einstakir þættir efnahagsmála hafa verið nokkuð til umræðu að undanförnu. Ýmsir eru trúir vana sínum og beina sjónum einkum að því sem miður fer. En það fer þó naumast fram hjá neinum að um flest er mynd hins íslenska efnahagslífs ágæt um þessar mundir. Þó eru undantekningar og stjórnarsinnar víkja sér hvorki undan umræðum um þær né að taka á þeim. En hefjum okkar umræðu á að gera okkur grein fyrir meginatriðunum.

Heildarmyndin er þessi: Íslendingar hafa ekki í annan tíma lifað hagfelldari þróun efnahagsmála. Vöxtur og viðgangur þeirra hefur aldrei um svo langt skeið verið meiri. Í heil fjögur ár hefur hagvöxtur verið meiri en 5% að jafnaði á ári. Til að skilja þær tölur til fulls þurfum við að setja þær í alþjóðlegt og um leið sögulegt samhengi. Þessi prósentutala segir okkur að síðustu fjögur árin hafi hagvöxtur verið helmingi meiri en gerst hefur í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Svo hagstæðan fjögurra ára samanburð getum við ekki fundið á öðrum tíma því að það er ekki eins og kreppa hafi verið í helstu viðskiptalöndunum. Það ánægjulega er að þessi vöxtur hefur skilað sér vel í buddur fólksins í landinu því að kaupmáttur þess hefur aukist um 20% á tímanum. Atvinnuleysi er nær horfið, en fyrir aðeins fimm árum voru allir stjórnmálaflokkar og samtök í landinu sammála um að forgangsverkefni væri að sigrast á því böli. Það hefur verið gert.

Það er í samræmi við rótgróna siði í stjórnmálum að deilt sé um, með misjafnlega málefnalegum hætti, hverjar séu ástæður þess að svo vel hafi til tekist. En um þá, sem ólíkt okkur hafa ekki atvinnu af slíku þrefi, gildir öðru máli. Innlendir og erlendir sérfræðingar í efnahagsmálum og hagstjórn velkjast ekki í vafa. Þeirra samdóma álit er að þar hafi ráðið mestu þær markaðsumbætur og það efnahagslega aðhald sem hefur ríkt á undanförnum árum. Samkeppni hefur verið efld um leið og leikreglur efnahagslífsins hafa verið gerðar skýrari og einfaldari og losað hefur verið um þau heljartök sem ríkisvaldið hafði áður. Miklar fjárfestingar, til að mynda í orkumálum og í orkufrekum iðnaði, hafa komið til og traust efnahagsumhverfi hefur stuðlað að því að frumkvöðlar í atvinnurekstri hafa treyst sér til að efna til margvíslegra nýjunga sem þrátt fyrir nokkra áhættu hafa skilað miklum árangri.

Okkur var ljóst að það varð að hrista upp í stöðnuðu efnahagskerfi og ýta undir vongleði og fjárfestingarvilja til að fá hjólin til að snúast á ný. Nú er staðan sú að enn má búast við áframhaldandi vexti og flest skilyrði virðast hagstæð. Eftir svo langt vaxtarskeið er óhjákvæmilegt að hægja örlítið á. Ýmis merki styðja þessa skoðun. Við höfum séð að verðlagstölur hafa hækkað nokkuð á undanförnum mánuðum. Margar þær hækkanir eiga ekkert skylt við þenslu í þjóðfélaginu. Við þekkjum öll miklar bensín- og olíuverðshækkanir. Þeirra rót er ekki í okkar kerfi. Við munum hafa lítil áhrif á þau efni. Við sjáum að fákeppni og uppkaup á matvælamarkaði hafa leitt til hærra vöruverðs en nokkrar skynsamlegar skýringar eru á. Við sjáum að lóðaskortur hefur ýtt undir hækkun á fasteignaverði. Að mati Fjármálaeftirlitsins hafa hin íslensku tryggingafélög gengið lengra í hækkunum sínum en full rök eru fyrir, eins og nýlega kom fram í greinargerð þess. Fleiri einstaka þætti af þessum toga mætti nefna. Sjálfsagt er að hafa vakandi auga með slíkum atriðum.

En þau eru á hinn bóginn ekki réttlæting fyrir því að stjórnvöld geti setið hjá. Eftir slíkri réttlætingu er ekki verið að leita. Það er meiri undirliggjandi verðbólga en við teljum

viðunandi til lengri tíma. Verðbólga er að sínu leyti svipuð og hiti og verkir hjá manni sem haldinn er kvilla, í senn aðvörunarmerki og viðbrögð við kvillanum. Í mannlífinu þekkjum við starfsstéttir sem ekki hafa tíma til að slást við slappleika sinn með því að fara sér hægar og hvílast meira. Þær taka iðulega lyf til að slá á einkennin. Þannig var verðbólga oft meðhöndluð á árum fyrr. Sett voru verðstöðvunarlög af ýmsu tagi og verðhækkunartilefnum var sópað undir teppið. Slíkar aðgerðir gátu skilað stundarávinningi en voru til bölvunar þegar til lengri tíma var litið. Þar var brugðist við verkjunum, ekki vandanum.

Við vitum að undirrót hinnar eiginlegu verðþenslu er að hraðinn á efnahagslífinu er meiri en hollt er til lengdar. Nú er svo komið að ýmsir framleiðsluþættir í hagkerfinu eru fullnýttir og framleiðniaukningin hefur einfaldlega ekki undan þótt myndarleg sé. Svarið er því að hægja dálítið á án þess að klossbremsað sé. Vextir hafa verið hækkaðir í því skyni að draga úr útlánavilja og útlánaværtingum. Fjárlagafrv. dregur fé út úr efnahagsstarfseminni og ýmsum framkvæmdum er slegið á frest. Um leið er ávinningur sparnaðar og fyrirhyggju aukinn með sérlega markvissum hætti. Eins má nefna að sölu ríkisfyrirtækja er meðal annars beitt í þeim tilgangi að slá á peningamagn í umferð.

Hækkandi verðlag að undanförnu mun draga ofurlítið úr þeim mikla ávinningi sem aðilar á vinnumarkaði náðu í góðu samstarfi við ríkisvaldið við gerð síðustu kjarasamninga. Þessum aðilum öllum er því fyllilega ljóst hvaða forsendur verða að vera fyrir hendi svo launþegar og fyrirtæki geti framlengt hagstæðasta kaupmáttarskeið þessarar aldar inn í hina næstu. Eins og segir í þeirri þjóðhagsáætlun sem ég hef lagt fyrir hið háa Alþingi, hlýtur sameiginlegt markmið okkar allra að vera að ná mjúkri lendingu í efnahagslífinu. Við þekkjum öll af biturri reynslu hvernig brotlendingarnar fóru með okkur hér í fyrri tíð.

Sú stefna sem við fylgjum og þær aðferðir sem við munum nota eiga að tryggja áframhald hins mikla hagvaxtarskeiðs. En við skulum ekki ganga að því gruflandi að verkefnið er erfitt og enginn má skerast úr leik. En sé átakið samstillt og ábyrgð í öndvegi mun smátt og smátt draga úr þenslu og verðbólga hjaðna á nýjan leik. Við höfum að undanförnu skipað okkur í hóp þeirra þjóða sem fremstar standa og þar viljum við eiga heima, en ekki í þeirri þriðju og fjórðu deild efnahagsmála sem við skipuðum áður.

Herra forseti. Nýlega kynntu samtök launþega á vinnumarkaði athuganir sínar á nokkrum þáttum skattamála. Þótt þær áherslur sem þar eru fyrirferðarmiklar orki tvímælis, er frumkvæðið mjög virðingarvert. Ríkisstjórnin hefur einmitt í stjórnarsáttmála sínum lýst vilja til að eiga samstarf við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á skattkerfinu með það að markmiði að draga úr skattsvikum, lækka jaðarskatta, einfalda skattkerfið og auka jafnræði innan þess. Eins er nauðsynlegt að tryggja að skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja verði eins og best gerist í samkeppnislöndum.

Umhverfi fjármálastofnana er annar þáttur sem getur haft úrslitaáhrif á samkeppnishæfni og heilbrigði atvinnulífs okkar. Nú er unnið að sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Útboðsfyrirkomulag það sem ríkisstjórnin ákvað hefur fallið í góðan jarðveg. Það er gegnsætt og skýrt og leysti farsællega þann vanda sem upp var kominn. Mikil þróun er að verða á fjármagnsmarkaði, þó ekki sé að furða að hinn ungi, opni markaður eigi í nokkrum byrjunarörðugleikum sem greiða þarf úr. Við einkavæðingu viðskiptabankanna þarf að tryggja að íslenskar bankastofnanir séu öflugar og standist erlendum samkeppnisaðilum snúning, og um leið þarf að gæta þess að eignarhald á þessum stofnunum verði dreift. Hæstv. viðskrh. undirbýr nú frv. um styrkingu eftirlits með fjármálastarfsemi, en hin öra þróun á fjármagnsmarkaði og ýmsir atburðir undanfarnar vikur hafa kallað á slíkar breytingar. Jafnframt er unnið að endurskoðun samkeppnislaga.

Herra forseti. Þessa þings bíða eins og endranær mikil verkefni. Fjárlögin munu taka drjúgan tíma. Þau endurspegla staðfastan ásetning ríkisstjórnarinnar að halda vel á spilum ríkissjóðs, en um leið að kosta miklu til áframhaldandi nýsköpunar, þróunar og framúrskarandi þjónustu. Skuldir verða greiddar niður enn eitt árið. Það eru góð tíðindi, ekki síst fyrir unga fólkið og ungviðið sem er að leggja á vit langrar framtíðar í landinu. Það er einnig í þeirra þágu að Ísland verði í fremstu röð í menntamálum og beri sig aðeins saman við hið besta sem völ er á. Nýju skólastefnunni sem mótuð var á síðasta kjörtímabili þarf að fylgja fast eftir. Hún á að vera grundvöllur umbóta í íslensku skólastarfi.

Á undanförnum árum hefur hundruðum milljóna króna verið varið í kaup og rekstur á tölvuverum sem verða sífellt flóknari og kostnaðarsamari. Fyrir skömmu var skýrt frá nýjum áformum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að allir nemendur framhaldsskóla fái fistölvu við upphaf náms síns á góðum kjörum. Tölvur þessar verða eign og á ábyrgð nemenda og komið verður fyrir viðeigandi tengingum og búnaði í skólum landsins.

Í stjórnarsáttmála er gert ráð fyrir að hluti ávinnings af eignasölu verði notaður til að styrkja og bæta upplýsingatæknina. Þar er um vaxandi verkefni að ræða sem við verðum að taka föstum tökum ætlum við að vera áfram í fremstu röð. Krafan um íslenska tungu í tölvuheiminn er skýr og ótvíræð. Samningur við Microsoft sem gerður var á sl. vetri felur í sér viðurkenningu á þeirri kröfu. Næsta stórverkefni verður að beita hinni nýju tungutækni í þágu íslenskunnar til að tryggja stöðu hennar á sviði tölvu- og upplýsingatækni.

Herra forseti. Íslendingar eru umfram flestar þjóðir háðir vistvænni umgengni við náttúru lands og lagar. Þeir sem kalla Íslendinga umhverfissóða eru liðtækir öfugmælasmiðir. Slíkur málflutningur hefur því miður verið reyndur í svonefndu Kyoto-máli af aðilum hér á landi. Í viðræðum sem fulltrúar íslenskra stjórnvalda hafa átt við fjölda ríkja til að finna leiðir til að Ísland geti undirritað Kyoto-bókunina hafa hins vegar hvergi heyrst ásakanir um að íslensk stjórnvöld eigi vondan málstað að verja þegar kemur að umhverfisvernd, öðru nær.

Umhverfisvernd á Íslandi byggir á skýrri stefnu sem aftur hvílir á ríkri meðvitund íslensku þjóðarinnar allrar um þá nálægð við náttúruna sem hún býr við og á þeirri sátt sem ríkt hefur í landinu um nauðsyn þess að ganga gætilega um viðkvæmt lífríkið. Ferðin hefur hins vegar aldrei ráðist af þeirri hugmyndafræði í umhverfismálum sem gætt hefur sums staðar á Vesturlöndum á undanförnum árum og áratugum. Við höfum fundið illilega fyrir hinni blindu trú í hvalveiðimálinu þar sem við höfum orðið fyrir ómálefnalegum þrýstingi sem á ekkert skylt við sanna umhverfisverndarstefnu.

Íslendingar hafa ekki gengið á hönd slíkum skoðunum því þeir eiga allt sitt undir náttúrunni og sannri verndun hennar, þar sem þess er gætt að hún geti nýst manninum með sjálfbærum hætti. Stefna sem birtist með því offorsi sem ég áður lýsti er fyrir aðra en þá sem þiggja lífskjör sín af náttúrunni í þeim mæli sem Íslendingar gera.

Það gengur þvert á hagsmuni Íslands að falla fyrir þess háttar öfgum. Enda værum við þá að útiloka að njóta ávaxtanna af kostum landsins, hvort sem um er að ræða endurnýjanlega orkugjafa eða önnur gæði sem við verðum að nýta eigi áfram að vera lífvænlegt í landinu. Það duldist engum sem sat í þessum sal að ákvæði sem umhvn. þingsins beitti sér fyrir að sett yrði til að koma í veg fyrir afturvirkni laga um umhverfismat, tók ekki síst tillit til Fljótsdalsvirkjunar. Menn sem að því stóðu eiga ekki að hlaupa frá gerðum sínum í þeim tilgangi einum að slá pólitískar keilur.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur kynnt í ríkisstjórn undirbúning að næstu samningalotu innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þar verður tekist á um mikilvæga hagsmuni, en jafnframt er leitast við að laga alþjóðlegar reglur að aukinni alþjóðavæðingu og kröfum um heilbrigða viðskiptahætti. Við hljótum að nálgast þetta viðfangsefni með opnum huga, svo mjög sem það snertir okkar helstu atvinnugreinar. Íslendingar hafa þannig verið í fararbroddi þjóða sem útrýma vilja styrkjakerfi í sjávarútvegi sem skerðir samkeppnisstöðu og grefur undan markvissri fiskveiðistjórn. Auðvitað mun nokkuð reyna á okkar sérstöðu á ýmsum öðrum sviðum, svo sem í landbúnaði, en rétt er að minnast á að forráðamenn okkar í þeirri grein sýndu mikla ábyrgð í fyrri viðræðum af þessum toga.

Búvörusamningar eru nú til endurskoðunar. Í stjórnarsáttmála eru skýrar vísbendingar um afstöðu ríkisstjórnarinnar sem tryggja vill og treysta íslenskan landbúnað. Laða þarf saman lausnir sem í senn taka fullt tillit til hagsmuna neytenda og treysta tekjugrundvöll bænda.

Sú bylting sem orðið hefur á vegakerfi okkar og samgöngum undanfarna áratugi nýtist ekki síst bændum og öðrum þeim sem byggja hin dreifðu landsvæði Íslands. Nú er unnið að gerð samræmdrar samgönguáætlunar sem nær til vegagerðar, hafnargarða og uppbyggingar á flugvöllum landsins í því skyni að nýta fjárfestingar sem allra best. Það er m.a. á grunni slíkra framfara sem sóknarfæri okkar í ferðaþjónustu fara vaxandi um þessar mundir. Okkur er að takast að lengja ferðamannatímann um allt land verulega frá því sem áður var. Það er í senn byggðavæn og gjaldeyrisskapandi þróun.

Herra forseti. Í stuttri stefnuræðu verður aðeins fátt eitt nefnt til sögu sem ráðuneytin eru að vinna að. Munu þau verkefni koma til kasta þingsins hvert af öðru og vonast ríkisstjórnin eftir góðu og málefnalegu samstarfi um afgreiðslu þeirra. Forsenda alls þessa er þó að efnahagsstefnan nái fram að ganga.

Ég vil í lok ræðu minnar stikla á helstu þáttum hennar eins og þeim er lýst í stjórnarsáttmála og þá einkum þeim atriðum er varða efnahags- og atvinnumál. Þar ber hæst

að viðhalda jafnvægi í ríkisfjármálum og lækka skuldir ríkissjóðs með markvissum hætti,

að vinna áfram að nýskipan í ríkisrekstri,

að efna til markvissra aðgerða til þess að auka almennan sparnað,

að endurskoða skattalöggjöfina með það að markmiði m.a. að draga úr jaðaráhrifum og mismunun innan skattkerfisins,

að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja, einkum þeirra sem eru í samkeppni við fyrirtæki í eigu einkaaðila,

að auka fjölbreytni atvinnulífs og útflutningsgreina,

að örva starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og styðja frumkvöðla í atvinnulífinu,

að treysta undirstöður byggðar í landinu í samræmi við nýsamþykkta þingsályktun um það efni,

að vinna áfram að sem víðtækastri sátt um fiskveiðistjórnarkerfið, en nýverið skipaði hæstv. sjávarútvegsráðherra nefnd sem mun leiða það starf,

að efna til víðtæks samráðs stjórnvalda við bændur og samtök þeirra um framtíðarskipulag íslensks landbúnaðar til að tryggja hagkvæmni í greininni og skapa þeim sem landbúnað stunda sem besta afkomu,

að breyta skipulagi orkumála þannig að samkeppni verði innleidd til að auka hagkvæmni og lækka orkuverð,

að auka veg ferðaþjónustu m.a. með öflugu kynningarátaki á helstu mörkuðum,

að efla upplýsingaiðnað þannig að til verði ný störf um allt land sem höfða ekki síst til ungs fólks,

að vinna að því að framsækin atvinnuþróunarstefna geti byggst á frjóu rannsóknar- og nýsköpunarumhverfi,

að skólastarf verði áfram eflt, einkum starfsnám og verkmenntun á framhaldsskólastigi,

að endurskoða almannatryggingakerfið, svo og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið.

Hér er fátt eitt nefnt.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Alþingi Íslendinga er í senn pólitískur orrustuvöllur og lagasmiðja. Við skulum þennan vetur leitast við að hafa orrusturnar snarpar og skemmtilegar og lagasmíðina vandaða og trausta. — Góðar stundir.

[20:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Umræðan hér í kvöld ætti að snúast um þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér og þær leiðir sem hún hefur valið til að ná þeim. Stjórnmálaumræðan á að snúast um markmið og leiðir og forgangsröð verkefna. Stefnuræða hæstv. ríkisstjórnar á að vera kveikja, umræðuvaki. En það er hún alls ekki.

Þessi rýra ræða fól ekki í sér nein skýr skilaboð. Hæstv. forsrh. tæpti aðeins á nokkrum málum, talaði óljóst um framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar og endaði ræðu sína á upptalningu á nokkrum innihaldslitlum markmiðslýsingum, þ.e. að vinna, að auka, að örva, að efna, að efla, að breyta setningum. Ekki orð um það hvernig ríkisstjórnin hyggst ná þessum markmiðum sínum.

Hæstv. forsrh. veit þetta greinilega því að hann sagði í lokaorðum sínum að í stuttri ræðu yrði aðeins fátt nefnt af því sem unnið væri að. Það má vel vera að sá tími sem ætlaður er fyrir stefnuræðuna og umfjöllun um hana sé of stuttur. Ef svo er, þá verður einfaldlega að lengja hann.

Hins vegar má segja að þessi ræða endurspegli að vissu leyti þá þróun sem orðið hefur í pólitískri umræðu í landinu. Stjórnmálaumræðan er, þegar á heildina er litið, mjög fátækleg. Það fór t.d. ekki mikið fyrir málefnalegri og stefnumarkandi umræðu í síðustu kosningum. Það mátti helst skilja að best væri að segja sem allra minnst og helst ekki neitt. Það er t.d. með ólíkindum að í aðdraganda kosninga til Alþingis skuli ekki fara fram málefnaleg umræða um stöðu Íslands meðal þjóðanna og þá fyrst og fremst um stöðu okkar í samstarfi Evrópuþjóða. Gæti það gerst hjá nokkurri annarri Evrópuþjóð að sú umræða væri afgreidd með því að málið sé ekki á dagskrá? Ég held ekki.

Það er orðið mjög brýnt að fram fari opin og lýðræðisleg umræða um stöðu okkar í breyttu alþjóðlegu umhverfi, umræða sem tryggir að við ráðum ferð sjálf og séum ávallt

fær um að taka ákvarðanir með heildarhagsmuni þjóðarinnar í huga. Þróunin er ör og ótrúlegar breytingar hafa orðið á samstarfi þjóðanna á undanförnum árum. Það er fyrir löngu orðið tímabært að ræða um utanríkismál á öðrum grundvelli en hingað til hefur verið gert. Stefnuræðan gefur þó ekki tóninn í þeim efnum frekar en öðrum.

Umfjöllun um utanríkismál spannar um það bil tíu línur í rituðum texta og fjallaði með óskýrum hætti um næstu samningalotu innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þessi mikilvægi málaflokkur sem hefur áhrif á daglegt líf okkar allra og í sífellt vaxandi mæli, fékk ekki meira rými í stefnuræðu forsrh. landsins en raun ber vitni.

Heldur fleiri orðum er farið um umhverfismálin. En þar var mjög einkennilegur boðskapur á ferðinni. Það mátti helst skilja að hæstv. forsrh. væri að reyna að spyrða Watson sem sökkti hvalbátum og aðra öfgamenn í hvalfriðunarmálum við þá Íslendinga sem hvetja til varúðar í náttúruverndarmálum, það fólk sem hvatt hefur til þess að Fljótsdalsvirkjun verði sett í mat á umhverfisáhrifum og að þjóðin fái þannig að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða þessa umdeildu virkjun. Það er ekki sæmandi að ræða mikilvæg mál með þessum ómálefnalega hætti. Þetta eina framlag hans til umhverfismála í stefnuræðunni er sorglegt dæmi í þróun stjórnmálaumræðu hér á landi sem brýnt er orðið að breyta.

Í upphafi ræðu sinnar sagði hæstv. ráðherra réttilega að efnahagsmálin hefðu verið nokkuð til umræðu að undanförnu og sagði að Íslendingar hefðu ekki í annan tíma búið við hagfelldari þróun efnahagsmála. Um það eru flestir sammála og að þessi jákvæða þróun hefur sannarlega skilað sér í auknum kaupmætti sem hefur aukist um allt að 20% á síðustu fjórum árum. Hann nefndi hins vegar ekki að um er að ræða meðaltalshækkun kaupmáttar. Hluti launafólks hefur fengið miklu meira, aðrir hafa fengið miklu minna. Það er mjög varasamt að einblína á meðaltal þar sem tekjuskiptingin í landinu er afar ójöfn. Þeir hópar eru til sem í litlu eða engu hafa notið þessa hagsældartímabils, t.d. það fólk sem er á allra lægstu taxtalaunum, ásamt þeim sem fá laun sín í gegnum almannatryggingakerfið, ellilífeyri og örorkulífeyri. Kannanir sýna að á meðal þessa fólks eru stórir hópar sem búa við hreina fátækt og það ástand er ekki líðandi.

Þjóð sem skipar sér á bekk með ríkustu þjóðum heims getur ekki látið það spyrjast um sig að ekki sé tekið á þessu vandamáli og kjör þessa fólks bætt. Í stefnuræðunni bólaði ekki á neinum vilja til að ná fram réttlátari tekjuskiptingu. Reyndar held ég að orðin réttlæti, jöfnuður, samhjálp eða samábyrgð, hafi aldrei komið fyrir í ræðunni, líklega vegna þess að þau eru ekki fyrirferðarmikil í stefnu Sjálfstfl.

Hæstv. forsrh. fjallaði aðeins um þær verðhækkanir sem orðið hafa að undanförnu og eru að naga af kaupmættinum. Hann nefndi sem dæmi mikla hækkun á bensíni og olíu sem hann sagði ekki tilkomna hér á landi heldur erlendis. Það vita þó allir að hægt er að draga úr þessari hækkun með því að lækka álögur ríkisins, en það er ekki sama hvernig að því er staðið.

Og svona í framhjáhlaupi sagði hæstv. ráðherra að lóðaskortur hefði ýtt undir hækkun á fasteignaverði og þar með var það mál afgreitt. Ekki orð um áhrif breyttrar húsnæðislöggjafar og mikils fólksflótta frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar. Hann nefndi ekki í ræðu sinni gömul fyrirheit um byggðastefnu og jöfnun námskostnaðar og ekki er hægt að segja að mikil reisn sé yfir málflutningi hæstv. ráðherra um menntamál sem þó geta skipt sköpum um framþróun í atvinnulífinu.

Ríkisstjórnin boðar að persónuafsláttur hjóna verði að fullu millifæranlegur. Aðgerð sem koma á til framkvæmda á fjórum árum og er ekki mjög kostnaðarsöm. Ég hlýt að spyrja hvort ekki sé jafneðlilegt og ætti að hafa forgang að ónýttur persónuafsláttur barna, 18 ára og yngri, nýtist foreldrum sem hafa tekjur undir ákveðnu marki eða, það sem væri réttlátara, að barnabætur væru hækkaðar og greiddar út til 18 ára aldurs.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir kosningar í vor vöruðu frambjóðendur Samfylkingarinnar við þenslu í efnahagskerfinu sem valdið gæti verðhækkunum og verðbólgu. Nú hefur komið í ljós að við höfðum rétt fyrir okkur. Ástæður of þenslu eru margar og við sumar þeirra ráða stjórnvöld illa. Aðrar eiga hins vegar rætur að rekja til mistaka í hagstjórninni, rangra ákvarðana ríkisstjórnarinnar. Aðhald í ríkisfjármálum hefur verið of lítið og skipulagsbreytingar í bankakerfinu voru vanhugsaðar og verkuðu beinlínis útlánahvetjandi. Þá leiddu breytingar á húsnæðislánakerfinu til spennu á fasteignamarkaði og hækkandi fasteignaverðs.

Skattalækkanir sem ríkisstjórnin ákvað á tímum uppsveiflu og aukinnar einkaneyslu hljóta að vera umdeilanlegar, ekki síst í ljósi þess að þær skiluðu sér fyrst og fremst til þeirra sem hafa háar tekjur. Fólk með svokallaðar millitekjur og láglaunafólkið fékk lítið eða ekkert að njóta skattbreytinganna. Sérstaklega á það við um ungt fjölskyldufólk með börn sem flest er í þessum millitekjuhópi.

Þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hyggst nú grípa til hefðu átt að vera uppi á borðinu fyrir ári þegar ljóst var hvert stefndi og fyrir lágu aðvörunarorð frá Seðlabanka Íslands. Kosningar voru hins vegar fram undan og stjórnarflokkarnir skelltu skollaeyrum við öllum varnaðarorðum og ákváðu að fela vandann, blekkja þjóðina, í stað þess að sýna ábyrgð og grípa til ráðstafana. Þá lá fyrir að vöxtur þjóðarútgjalda var miklu meiri en ásættanlegt getur talist, skuldir heimilanna höfðu vaxið gríðarlega og mundu vaxa áfram. Hvert prósentustig í hækkun verðbólgu veldur um fjögurra milljarða króna hækkun á skuldum heimilanna. Skuldir fyrirtækja við lánakerfið hafa hækkað úr 73% af landsframleiðslu árið 1995 í 91% núna. Merkin voru skýr og ríkisstjórnin var vöruð við en taldi því miður rétt að blása á allar viðvaranir.

Eitt af þeim stóru málum sem Alþingi hlýtur að taka afstöðu til miðað við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar er hvort og þá hvernig staðið verði að sölu og/eða einkavæðingu ríkisfyrirtækja, t.d. Landssímans og ríkisbankanna. Taki Alþingi ákvörðun um að einkavæða þessar mikilvægu stofnanir verður að tryggja dreifða eignaraðild. Umræðan um framkvæmd og sölu hlutabréfa í Fjárfestingarbankanum sýndi svo ekki verður um villst að mikil þörf er á að móta skýrar leikreglur í þessum efnum. Það er ekki hlutverk ríkisvaldsins, einstakra ráðherra eða áhangenda þeirra að ákveða hverjir fá og hverjir fá ekki að kaupa hlutabréf. Alþingi á að setja nákvæmar leikreglur og tryggja öflugt eftirlit með því að eftir þeim sé farið. Þannig og aðeins þannig getum við komið í veg fyrir frekari hringamyndun, fákeppni eða að hættulega mikil völd safnist á fárra manna hendur.

Samfylkingin hefur lagt fram frv. um breytingar á samkeppnislögum og lögum um Fjármálaeftirlitið sem miða að því að auka sjálfstæði þessara stofnana og möguleika þeirra og heimildir til að viðhalda virku og ströngu eftirliti, enda á það að vera hlutverk stjórnvalda. Íslenskur markaður er

tiltölulega lítill og hætta er á verðsamráði og verðstýringu á þeim sviðum þar sem fáir eru ráðandi. Eðlileg samkeppni kemur almenningi til góða og þess vegna er brýnt að styrkja samkeppnislöggjöfina þannig að eftirlitið verði skilvirkt. Stjórnvöld eiga ekki að standa í opinberri umræðu um hvort einstakir eigendur eða kaupendur fyrirtækja eru þeim þóknanlegir eða ekki.

Efnahagsmál, einkavæðing og umhverfismál verða mikið rædd á Alþingi næstu daga og vikur. Efnahagsmálin verða skoðuð í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað og hversu skammt er til kjarasamninga. Kröfugerð verkalýðsfélaganna er í mótun og við því að búast að hún taki mið af þeirri launaþróun sem átt hefur sér stað. Þá hlýtur að vera sett fram krafa um leiðréttingu fyrir þá sem ekki hafa fengið réttlátan skerf af góðærinu svokallaða.

Auk þeirra mála sem ég hef nefnt mun Samfylkingin beita sér fyrir umræðu um heildstæða fjölskyldustefnu og leggja fram tillögur þar að lútandi. Okkur ber að byggja upp fjölskylduvænt þjóðfélag en mikið vantar á að það markmið hafið náðst. Pólitík snýst um hvers konar þjóðfélag við viljum skapa, um markmiðin og leiðirnar og forgangsröð verkefna. Viljum við ýta undir óhefta einstaklingshyggju þar sem hver er sjálfum sér næstur og lætur sig lítið varða um kjör annarra? Eða við viljum við vinsamlegt samfélag þar sem ákvarðanir eru teknar út frá réttlátri skiptingu arðsins og fólk lætur sig varða um náungann, afkomu hans og líðan?

Um það snýst pólitíkin, þar skilur á milli stefnu ríkisstjórnarinnar og Samfylkingarinnar. Ágreiningurinn snýst ekki um hvort reka eigi ríkissjóð með hagnaði eða ekki eða hvort koma eigi í veg fyrir verðbólgu eða ekki. Um þau mál eru allir sammála þó að vissulega séu mismunandi leiðir að settu markmiði. Samfylkingarfólk gleðst yfir góðu gengi fyrirtækja og góðum stjórnendum sem gerð eru skil í sérstökum fréttaþáttum um atvinnulífið. En gleymum því ekki að á bak við velgengni einstakra fyrirtækja standa ekki aðeins hæfir stjórnendur heldur einnig og ekki síður verkafólkið sem þar vinnur. Það er þetta fólk, kjör þess, aðbúnaður og framtíðarmöguleikar sem verða rauði þráðurinn í málafylgju Samfylkingarinnar á Alþingi.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Já, Alþingi er pólitískur orrustuvöllur og lagasmiðja. Orrusturnar eiga að vera snarpar en þær ekki aðeins að vera skemmtilegar heldur fyrst og fremst málefnalegar. Ómálefnaleg umræða leiðir ekki til traustrar og réttlátrar lagasmíðar.

[20:52]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti, góðir áheyrendur. Við Íslendingar lifum nú eitthvert mesta velsældarskeið í sögu þjóðarinnar og gildir þá einu hvaða mælistiku við berum á lífsgæðin. Á fáum árum hefur okkur tekist að koma okkur í fremstu röð þjóða heims þegar lífsgæðin eru metin. Fyrir þessum árangri eru fimm meginástæður.

Í fyrsta lagi höfum við nýtt náttúruauðlindir okkar skynsamlega og í sátt við náttúruna með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi.

Í öðru lagi höfum við skapað fjölbreytt atvinnulíf þar sem samkeppnihæfni þess hefur verið treyst og um leið verið lögð áhersla á vaxtarbrodda íslensks atvinnulífs á sviði þekkingariðnaðar, afþreyingariðnaðar og ýmiss konar þjónustu. Við höfum eflt alþjóðavæðingu með aukinni erlendri fjárfestingu á Íslandi og útrás íslenskra fyrirtækja til útlanda.

Í þriðja lagi tókst verkalýðshreyfingunni og vinnuveitendum, í samvinnu við ríkið, að gera skynsamlega kjarasamninga sem treyst hafa efnahagslegan stöðugleika og á þeim trausta grunni sem nú hefur verið lagður má byggja enn frekari ávinning og kjarabætur fyrir Íslendinga alla.

Í fjórða lagi hefur raunsæ stefna í ríkisfjármálum sem einkennt hefur störf okkar síðustu fjögur árin stuðlað að sókn í atvinnulífi og stöðugleika í efnahagsmálum.

Í fimmta lagi hefur tekist að skapa bjartsýni í þjóðfélaginu, ólíkt því þrúgandi ástandi atvinnuleysis og svartsýni sem var áberandi hér í upphafi þessa áratugar. Þessa bjartsýni þarf að beisla til nýrrar framsóknar þjóðarinnar allrar inn í næstu öld.

Stjórnarandstaðan hér á Alþingi hefur enga vörðu hlaðið á þessari leið. Sóknarfæri okkar Íslendinga í dagrenningu nýs árþúsunds eru á flestan hátt betri en nokkru sinni fyrr. Tækifærin blasa við hvert sem litið er. Við erum hins vegar misjafnlega í stakk búin til að grípa tækifærin því við erum ólík. Sum okkar búa við góða heilsu, aðrir búa við heilsuleysi, sumir eru uppfullir af hugmyndum og krafti til að hrinda þeim í framkvæmd, aðrir kjósa að lifa hæglátu lífi og sinna ýmsum hugðarefnum sínum í friði. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar sérhver einstaklingur á og verður að fá að njóta ávaxtanna af aukinni verðmætasköpun.

Hlutverk okkar stjórnmálamannanna er að sjá til þess að enginn meðbræðra okkar eða systra verði þar út undan. Góður árangur og sóknarfæri geta horfið eins og dögg fyrir sólu ef fyrirhyggjuleysis gætir við stjórn landsins. Jafnvægi og stöðugleiki í efnahagsmálum er viðkvæmt ástand sem ekki má við miklum sveiflum. Blikur eru á lofti í þeim efnum núna, því miður. Verðbólgan er aftur farin að sýna klærnar. Við hana verður ekki ráðið með aðferðum stjórnarandstöðunnar þar sem ósamstaðan og úrræðaleysið er algjört.

Má ég, herra forseti, nefna nokkur dæmi úr umræðu síðustu daga um viðbrögð stjórnarandstöðunnar við aðgerðum sem gripið hefur verið til til að sporna við þenslu og vaxandi verðbólgu?

Þegar Seðlabankinn hækkaði vexti til að sporna við þenslu þá mótmælti stjórnarandstaðan og vildi gera eitthvað annað. Þegar ríkissjóði er skilað með tekjuafgangi í þeim tilgangi að halda aftur af þenslunni þá flytur stjórnarandstaðan á Alþingi tillögur um stórlega aukin útgjöld ríkissjóðs. Þegar fresta á framkvæmdum til að draga úr þenslunni þá mótmælir stjórnarandstaðan harðlega.

Þegar stjórnarandstaðan er spurð að því hvað hún vilji gera er svarið: Bara eitthvað annað. „Bara eitthvað annað" er stefna stjórnarandstöðunnar í efnahagsmálum og í atvinnumálum. En hvergi er málflutningur stjórnarandstöðunnar þó eins ótrúverðugur og í byggðamálum og um uppbyggingu atvinnulífs á sviði orkufreks iðnaðar. Nú reyna nokkrir fyrrum forustumenn Alþfl., sem nú er Samfylkingin, að villa um fyrir þjóðinni og hlaupast undan ábyrgð á verkum sínum. Alþfl. hefur í áratugi verið eitt aðalbaráttuaflið fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Það voru iðnaðar- og umhverfisráðherrar Alþfl. sem voru í fararbroddi fyrir virkjun Jökulsár í Fljótsdal með uppistöðulón við Eyjabakka. Þá var ætlunin að leggja 80 ferkílómetra gróins lands undir vatn, grafa skurði um þvera og endilanga Fljótsdalsheiði, reisa tvær 400 km háspennulínur þvert yfir hálendi landsins til þess að flytja orkuna að austan og suður á Reykjanes og selja hana þar á útsöluverði.

Nú koma þessir sömu menn og leggjast gegn áformum um uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Austurlandi þó að búið sé að minnka um helming það svæði gróins lands sem fer undir vatn, þótt hætt sé við að leggja háspennulínur þvert yfir hálendi landsins og orkuna eigi að nýta á Austurlandi til að treysta þar byggð í sessi og þó svo að orkan verði ekki seld nema hún skili Landsvirkjun góðum arði sem skapað getur fólki og fyrirtækjum í landinu lægra orkuverð.

Er þessi málflutningur fyrrum forustumanna Alþfl. trúverðugur? Nei. Hann er tækifærismennska af verstu gerð og hefur þann eina tilgang að skapa ósætti í samfélaginu, átök og togstreitu milli fólks og landshluta. Öll umræða um umhverfismál, sérstaklega í sambandi við nýtingu miðhálendisins og náttúruvernd, hefur aukist síðustu missirin. Það er af hinu góða. Jafnframt hafa talsmenn byggða þar sem byggð og atvinnulíf á í vök að verjast bent á hve mikilvægt sé að nýta orkuna til atvinnuuppbyggingar. Ég taldi því nauðsynlegt að efna til faglegrar og málefnalegrar umfjöllunar um nýtingu orkulindanna og áhrif hennar á hið *náttúrulega umhverfi en jafnframt um áhrif nýtingarinnar á* efnahag þjóðarinnar, atvinnu og byggðaþróun. Því er farin af stað vinna við stefnumótun um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til langs tíma. Þess er vænst að sú vinna geti stuðlað að almennri sátt í samfélaginu um sambýli manns og náttúru við nýtingu auðlindanna. Að þessu starfi kemur fjölmenn sveit fagmanna hvaðanæva að af landinu, frá hagsmunahópum á sviði umhverfisverndar og atvinnulífs.

Virkjun Jökulsár í Fljótsdal fellur utan þessa starfs af þeirri ástæðu að Alþingi hafði áður veitt Landsvirkjun rétt til að virkja þar og sá réttur verður ekki tekinn af fyrirtækinu nema með lögum frá Alþingi. Til að reyna að skapa sátt í samfélaginu um þau virkjanaáform og til að kanna ótvírætt hver vilji Alþingis er til þessara framkvæmda mun ég um leið og skýrslan um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar er tilbúin leggja fram á Alþingi till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Sú tillaga mun byggja á skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum.

Það er á fleiri sviðum sem málstaður stjórnarandstöðunnar er ekki trúverðugur. Í bankamálum hafa einstakir þingmenn stjórnarandstöðunnar barist gegn öllum breytingum. Gerðar hafa verið einhverjar róttækustu skipulagsbreytingar á *íslenskum fjármagnsmarkaði sem nokkru sinni hefur verið* ráðist í. Fjárfestingarlánasjóðir atvinnulífsins voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins í mikilli andstöðu við stjórnarandstöðuna. Ríkisviðskiptabönkum var breytt í hlutafélag og tugþúsundir Íslendinga eignuðust hlut í bönkunum, allt í harðri andstöðu við stjórnarandstöðuna á Alþingi. Nú eru þessar eignir þjóðarinnar tugmilljarða króna virði, eignir eins og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, sem metinn er á um 20 milljarða kr. í dag, var að mati stjórnarandstöðunnar lítils virði og því væri rétt að gefa hann bönkunum og setja hann inn í þá hít sem þar var.

Undirstaða samhjálpar og velferðar fólksins í landinu er öflugt atvinnulíf og blómlegar byggðir. Með áframhaldandi skynsamlegri hagstjórn og markvissri og skipulagðri stefnu í atvinnumálum og enn frekari hagræðingu í bankakerfinu, sem leiðir til lægri vaxta og minni kostnaðar fyrir fólk og fyrirtæki, tekst okkur að tryggja stöðu okkar í fremstu röð þjóða heims. Þannig viðhöldum við stöðugleika, höldum áfram að greiða niður skuldir ríkisins, aukum kaupmátt og sköpum svigrúm til lífskjarajöfnunar og berjumst fyrir mörgum mikilvægum verkefnum sem nú blasa við í íslensku samfélagi. Þar má nefna baráttuna gegn fíkniefnum og sölumönnum dauðans sem nú er hafin. Baráttuna fyrir blómlegri byggðum þar sem öflugt og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf og aðgangur að góðri menntun og velferðarþjónustu ásamt jafnari orkukostnaði verði höfð að leiðarljósi. Baráttuna fyrir að skapa þjóðarsátt um skynsamlega nýtingu orkulinda landsins og um byggð í landinu öllu. Baráttuna fyrir réttlátari tekjuskiptingu til að styrkja fjölskylduna sem hornstein samfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Mikilvægur liður í því er að draga úr tekjutengingum í barnabótakerfinu en stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir því að það verði gert með útgáfu sérstaks barnakorts. Slíkar breytingar verða gerðar samhliða breytingum á skattalögum og þær aðgerðir verða miðaðar við að þær ýti ekki undir þenslu í hagkerfinu, og það vonast ég til að stjórnarandstaðan geti verið sammála um.

Herra forseti. Verkefnin sem við Alþingi blasa nú í upphafi nýs kjörtímabils eru mörg og stór. Framsóknarflokkurinn hefur ávallt verið reiðubúinn til að takast á við *erfið og mikilvæg úrlausnarefni. Við munum ekki skorast* undan því á nýrri öld heldur leitast við að ná sátt um verkefni framtíðarinnar.

[21:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Við höfum hlýtt á stefnuræðu hæstv. forsrh. Í stuttu máli telur hann að á Íslandi sé allt í lukkunnar velstandi. Nú er það svo að efnahagskerfi heimsins er að verða sífellt samtengdara. Það sem gerist á einum stað hefur áhrif á öðrum og það sem meira er, vegur þessa efnahagskerfis liggur í bylgjum, upp og niður. Stundum er mikil eftirspurn og þensla, hjólin snúast hratt, í annan tíma hægir á þeim, úr eftirspurn dregur með tilheyrandi verðfalli á mörkuðum og atvinnuleysi.

Um þessar mundir snúast hjól efnahagslífsins hratt í þeim heimshluta sem býr við ríkidæmi og það gera þau vissulega hér á landi nú um stundir. Góð stjórnlist við slíkar aðstæður er að stuðla að samræmi í gangverki efnahagskerfisins, að sjá til þess að hjólin snúist jafnhratt en ekki með mismunandi hraða því að þá ber okkur af leið, eins og dæmin sanna. Í þessu efni hefur ríkisstjórninni brugðist bogalistin. Verðmætasköpunin í landinu hefur verið hægari en eftirspurn *eftir vörum og þjónustu frá öðrum þjóðum. Afleiðingin er* geigvænlegur viðskiptahalli.

Í fyrra hallaði á Íslendinga um 30 milljarða kr. í viðskiptum við útlönd og því miður bendir allt til að sama sagan sé að endurtaka sig á þessu ári einnig. Þarna er líka komin skýringin á því að þótt ríkið nái sínum skuldum niður, eins og hæstv. fjmrh. gumar af, þá fara skuldir íslensku þjóðarinnar vaxandi og samkvæmt þjóðhagsspá er gert ráð fyrir því að fram á næstu öld muni skuldir Íslendinga halda áfram að vaxa og muni nema um helmingi af þjóðarframleiðslunni í lok næsta árs, hækka um 1,5% frá því sem nú er.

Hvers vegna er ríkisstjórnin þá svona ánægð? Varla er ástæða til að gleðjast yfir mestu byggðaröskun sem dæmi eru um í Íslandssögunni eða þegar kvótinn gengur kaupum og sölum á milli byggðarlaga með þeim afleiðingum að hundruð fjölskyldna missa lífsviðurværi sitt á sama tíma og samfélagsþjónustan er brotin undan þeim. Þar er að verki þessi glaða og ánægða ríkisstjórn. Án þess að hreyfa svo mikið sem litla fingur horfir hún upp á neyðarástand skapast hjá efnalitlu fólki á leigumarkaði. Sallaróleg baðar hún sig áfram í sjálfumgleðinni.

Nú stendur til að skila ríkissjóði með 15 milljarða rekstrarafgangi. Hvernig skyldi eiga að fara að því? Jú, þar ætla menn að halda sig við sömu aðferðafræðina og á undanförnum árum. Með því að frysta tekjuviðmiðanir bóta og með því að láta skattleysismörkin dragast aftur úr launaþróun í landinu kemst hæstv. fjmrh. lengra og lengra niður í vasa láglaunafólks og millitekjufólks. Það er á kostnað þessa fólks, láglauna- og millitekjuhópa, öryrkja og barnafólks — barnabætur verða á næsta ári einum milljarði lægri að raungildi en þær voru á árinu 1995 — sem rekstrarafgangur verður til í ríkisbúskapnum. En hálaunamennirnir, handhafar fjármagns og kvótabraskarar, eru áfram háheilagir. Við þeim er ekkert hreyft nema þá til að ívilna eins og gert var með skattbreytingum á síðasta kjörtímabili þegar skattur af arði var færður úr venjulegu tekjuskattshlutfalli niður í 10%, lækkaður um 30%, enda halda áfram að berast fréttir úr þeirri áttinni frá fjármagnseigendum og kvótabröskurum. Af þeim berast fréttir, ekki af milljónum, ekki tugum milljóna, ekki hundruðum milljóna heldur milljörðum sem einstaklingar og fjölskyldur, oft ótengdar fiskveiðum, taka í sinn hlut fyrir að selja aðgang að sameiginlegum gullkistum okkur við strendur landsins. Þessir aðilar og aðrir sem kunna á klæki verðbréfanna hafa á undanförnum árum braskað sem aldrei fyrr. Þeir reisa kringlur og þeir kaupa fótboltalið. Þeir eru kallaðir frumkvöðlar, þótt erfitt sé að átta sig á frumleikanum, enda er svo komið eftir þetta sumar af braski og fláræði að þjóðin er farin að fá á tilfinninguna að hún búi í spilavíti.

En allt þetta er ríkisstjórn Íslands hæstánægð með. Ekki nóg með það, hún brosir út að eyrum. Hvers vegna skyldu hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., að ógleymdum hæstv. iðnrh., vera svona ánægðir? Á þessu hljóta að vera skýringar. Sú nærtækasta er sennilega sýnileg hér á stólunum. Það er gott á þeim að sitja. Mönnum þykir gott og skemmtilegt að vera í ríkisstjórn. En það hljóta að vera aðrar skýringar á ánægjunni og sjálfumgleðinni og reyndar komu þær fram í máli hæstv. forsrh. áðan. Hann sagði að útlendingar væru svo ánægðir með ríkisstjórnina sína og allt það sem hún hefði fyrir stafni. Davíð Oddsson sagði að erlendir sérfræðingar væru yfir sig hrifnir af frammistöðu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

En hverjir skyldu þessir útlendingar vera og hvað er það sem þeir eru svona ánægðir með? Reyndar er þetta ekkert nýtt. Við höfum heyrt þetta áður, t.d. þegar ríkisstjórnin markaðsvæddi húsnæðiskerfið í fyrra og braut niður félagslegan hluta þess, þá fékk hún ágætiseinkunn hjá markaðsfræðingum OECD. Og þegar hún lýsti því yfir að hún ætlaði að halda áfram á braut einkavæðingar, þá hrópuðu sömu menn margfalt húrra. Það gerðu þeir líka hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og bakraddirnar mátti heyra allt inn í marmarasali alþjóðlegu stórfyrirtækjanna sem nú gleypa upp einkavædda almannaþjónustu, póstinn, símann, heilu skóla- og heilbrigðiskerfin, vatnsveitur og raforkuver víðs vegar um jarðarkringluna og eru nú að ná einokunarstöðu á heimsvísu. Þetta vita þeir sem leggja það á sig að kynna sér þessi mál.

Að sjálfsögðu eru þessir aðilar eða fulltrúar þeirra ánægðir með yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda, ríkisstjórnar Íslands og reyndar sumra sveitarstjórnarmanna einnig, um að nú skuli hafist handa um að einkavæða raforkugeirann allan í landinu. Landsvirkjun byggir á gamaldags hugsun, sagði borgarstjóri Reykjavíkur á dögunum og talaði fyrir einkalausnum í stað hinnar hallærislegu samvinnu.

Auðvitað fá menn lof frá skoðanabræðrum innan lands og erlendis frá fyrir slíka afstöðu og slíkar yfirlýsingar eða skyldu ráðamenn hjá Norsk Hydro ekki vera ánægðir með hann Finn okkar Ingólfsson, hæstv. iðnrh.? Hann er að sjálfsögðu dáður og lofaður innan fjárfestingargeira stóriðjunnar um heim allan. Þar hafa menn aldrei kynnst eins liðlegum samningamanni. Svo hefur hann umhverfisráðherra sér við hlið sem segist styðja allt sem hann segir og allt sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar aðhafist. Það er ekki að undra að mannskapurinn fái klapp á kollinn í útlöndum og að þeir sem nú verma ráðherrastóla á Íslandi þyki sérlega efnilegur hópur til að stýra þjóðinni inn í nýja öld þar sem allt á að vera falt, þjóðin til afnota í tilraunaskyni ef því er að skipta, og náttúran til sölu bara ef einhver er tilbúinn að borga.

En nú er rétt að staldra við því að ekki er allt sem sýnist. Það eru nefnilega til fleiri útlendingar en þeir sem sitja á valdastólum þessa stundina. Það er til fólk sem vill halda inn í nýja öld á annan hátt og uppbyggilegri en þessir ökumenn fortíðarhyggjunnar sem sjá framfarir um baksýnisspegilinn og horfa til árdaga markaðskerfanna, þjóðskipulags sem setti svip á okkar heimshluta fram á miðbik þessarar aldar áður en menn fóru að smíða velferðarríki samtímans og skapa grundvöll fyrir réttlátu jafnaðarsamfélagi. Það er til fólk sem neitar að gera gamlar frjálshyggjukreddur og kauphöllina í New York að biblíu og leiðarljósi inn í nýja tíma. Það er til fólk og því fer fjölgandi sem vill taka stefnuna á siðað samfélag jafnaðar og réttlætis, fólk sem finnst það ekkert gamaldags og úrelt að vilja velferð fyrir alla þegna þjóðfélagsins. Nýjar hreyfingar eru að vaxa upp úr samfélaginu, hreyfingar sem leggja áherslu á náttúruvernd, hreyfingar sem segja að ekki sé neitt til sem heitir ásættanlegt atvinnuleysi, hreyfingar sem segja að þær séu búnar að fá nóg af því að verjast niðurrifi. Nú sé kominn tími til að byggja upp að nýju.

Menn gera sér grein fyrir því að við ramman reip er að draga. Ráðandi öfl í samfélaginu, skoðanamyndandi aðilar, þeir sem taka þátt í að smíða tíðarandann, leggjast allt of oft á sveif með stóreignafólki og hygla talsmönnum sérhyggjunnar. Kauphallarforstjórar frá New York sitja heiðursfundi og boð, jafnvel viðhafnarboð forseta þjóðarinnar á Bessastöðum, sem sérstakir merkisberar framtíðarinnar. Þetta hefur orðið mörgum umhugsunarefni. Á hinu furðuðu sig færri þegar forsætisráðherra Íslands lagðist í öfugmælakveðskap á liðnu sumri og sagðist vera að tryggja dreifða eignaraðild að bönkum um leið og hann hrifsaði þá úr höndum þjóðarinnar allrar, 275 þúsund einstaklinga og lagði að því drögin að fela þá í hendur örfáum fjármálamönnum.

Herra forseti Alþingis. Það er gott að Alþingi Íslendinga skuli vera að koma saman. Forseti þjóðarinnar flutti góða ræðu við þingsetninguna. Sérstaklega voru umhugsunarverð ummæli hans sem lutu að mikilvægi Alþingis sem kjölfestu í lýðræðisþjóðfélagi.

Því miður hefur það verið að gerast að völd fulltrúa almennings og möguleikar til afskipta af efnahagslífinu hafa verið skertir. Fulltrúar lýðræðisins hafa verið látnir víkja fyrir fulltrúum peninganna en það er rétt sem kom fram í máli forseta Íslands að peningaöflin þurfa aðhald og það er okkar sem hér sitjum að veita það aðhald.

Á flestum mönnum er bjartur blettur. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, og sennilega er það forsrh. flestum mönnum fremur þar innan borðs að þakka, hefur enn sem komið er ekki viljað láta Evrópusambandið gleypa okkur með húð og hári. Það er vel. Hins vegar er ljóst að ríkisstjórnin gengur

erinda fjármálaafla, erlendra sem innlendra. Hún hirðir ekki um þá sem standa höllum fæti og hún lætur sér fátt um finnast þótt efnaleg misskipting, ríkidæmi á aðra höndina, örbirgðin á hina, fari vaxandi í þjóðfélaginu. Slík ríkisstjórn þarf á aðhaldi að halda.

Ég hef þá trú að á komandi kjörtímabili muni ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fá þá stjórnarandstöðu sem hún verðskuldar og fyrir því eru þrjár ástæður.

Í fyrsta lagi er lokið þeirri lamandi umræðu sem setti svip á allt síðasta kjörtímabil um skipulagsmál stjórnarandstöðunnar. Til sögunnar eru komnir nýir flokkar með mismunandi áherslur í umhverfis- og atvinnumálum, utanríkismálum og samfélagsmálum. Ég heyrði ekki betur en talsmaður Samfylkingarinnar væri að hvetja ríkisstjórnina til dáða í einkavæðingu í útvarpsfréttum í gær. En þótt áherslur og stefnumál séu mismunandi eigum við margt sameiginlegt og ég hef þá trú að við munum í sameiningu reka kröftuga og uppbyggilega stjórnarandstöðu á komandi kjörtímabili.

Í öðru lagi gera allir sér glögga grein fyrir því að hér verður að standa vaktina, hér í þessum sal, gegn fátækt á Íslandi og fyrir jafnrétti kynjanna, fyrir nýbúa og minnihlutahópa, fyrir náttúru landsins og sjálfstæði þjóðarinnar.

Í þriðja lagi þá er að því komið að þjóðin fái það sem hún á skilið og það sem flest vel þenkjandi fólk vill. Valkost við þá stefnu sem rekin hefur verið úr Stjórnarráði Íslands allan þennan áratug. Vinstri hreyfingin – grænt framboð teflir fram slíkri stefnu. Við setjum fram ítarlega útfærðar tillögur um endurreisn byggðanna. Við boðum nýja landhelgisbaráttu þar sem kvótinn verði endurheimtur til byggðarlaganna í þágu vistvænna strandveiða. Við viljum móta nýja og sjálfbæra orkustefnu. Við boðum samráð í stað valdboðs. Við viljum byggja upp kröftuga samfélagsþjónustu, nýta eigið hugvit og reynslu annarra þjóða þar sem best hefur til tekist.

Ísland er auðugt land. Hér býr dugleg og vinnusöm þjóð. Við viljum stuðla að því að sá dugnaður og sú eljusemi og allt það sem Ísland býður upp á nýtist þjóðinni allri á réttlátan hátt og í fullri sátt við náttúru landsins.

[21:16]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þau voru ekki margbrotin, kosningaloforðin, sem formaður Sjálfstfl. gaf fyrir kosningarnar á liðnu vori. Raunar aðeins tvenns konar er hönd varð á fest.

Í fyrsta lagi lofaði hann áframhaldandi margrómuðum stöðugleika í fjármálum og efnahagsmálum. Og í öðru lagi að vinna að sem víðtækastri sátt í fiskveiðistjórnarmálum. En það kvað fljótlega við annan tón. Kosningar á liðnu vori voru ekki fyrr um götur gengnar en umræður um óstöðugleikann hófust. Og nú segir forsrh. í stefnuræðu sinni orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er meiri undirliggjandi verðbólga en við teljum viðunandi til lengri tíma.“

Og enn segir hann:

„Við vitum að undirrót hinnar eiginlegu verðþenslu er að hraðinn á efnahagslífinu er meiri en hollt er til lengdar.“

Það er mjög mikilvægt að stjórnvöldum skuli vera ljóst hversu staðan í efnahagsmálum er alvarleg. Það er einnig mjög mikilvægt að stjórnarherrarnir skuli játa hvernig komið er. Það er forsenda þess að brugðist verði við vandanum með viðeigandi aðgerðum.

Það er orðalagið um hina miklu „undirliggjandi“ verðbólgu, eins og forsrh. orðaði það, sem þeim sem hér talar hrýs hugur við.

Mjög mikill árangur hefur náðst og framfarir orðið skjótar á mörgum sviðum þjóðlífsins. Nái verðbólga hins vegar skriði á Íslandi í líkingu við það sem þekktist lengstum á lýðveldistímanum er hætt við að í mörgu falli verði sá ávinningur unninn fyrir gýg. Rekstur fyrirtækja riðlast og við ekkert verður ráðið í fjármálum og markaðsmálum. Og skarðastan hlut frá borði mun hinn almenni launþegi bera. Við munum brotlenda, eins og forsrh. minntist á að við hefðum reynslu fyrir frá fyrri tíð.

Þess sér hvergi stað í fjárlagafrv. eða öðrum áætlunum að tekið sé tillit til þess að í hönd fara kjarasamningar á vinnumarkaði. Engu skal um það spáð í hvern stað þeir koma niður, en ýmsar blikur eru á lofti. Eða halda menn kannski að hækkun launa alþingismanna um 30% daginn eftir kosningarnar á liðnu vori muni ekki verða fyrirmynd neinna í launþegahreyfingunni?

Það er fjarri lagi að hagvöxtur næstliðinna ára hafi skilað sér í buddu fólksins í landinu, eins og forsrh. vill vera láta. Það er til skammar hversu lítið hinir verst settu hafa borið úr býtum, öryrkjar, sjúkir og aldraðir. Þeir hafa orðið að láta sér nægja reykinn af réttunum. Viðbótaratvinnutekjur lífeyrisþega lenda oft í allt að 80% jaðarskatti vegna tekjutenginga.

Við svo búið mega málin ekki standa. Á verðbólgutímum, eins og nú, eru að vísu ekki tök á almennum skattalækkunum þótt skattpíningin sé allt of mikil. En það verður þegar í stað að finna ráð til að rjúfa vítahring tekjutenginga vegna hinna verst settu, enda hafa stjórnmálamenn upp til hópa lofað bót og betrun í því efni.

Þegar litið er yfir sviðið og á hina ógnvænlegu verðþenslu og þeirra tilefna sem búið er að gefa til launasprenginga á vinnumarkaði verður ekki vikist undan þeirri köldu staðreynd að hrollvekja er fram undan í þjóðarbúskapnum.

Frjálslyndi flokkurinn er reiðubúinn til að ljá fylgi sitt öllum tiltækum ráðum til að sporna gegn þessari háskalegu þróun öðrum en þeim ráðum sem bitna á þeim sem minna mega sín því þeirra kjör þarf að bæta.

Og er þá komið að hinu kosningaloforði forsrh. og formanns Sjálfstfl.: Að vinna að sem víðtækastri sátt í fiskveiðistjórnarmálum.

Að vísu fylgdu þessu skammrifi bögglar frá upphafi, sem sé þeir, að sáttin mátti ekki raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni, eins og það er orðað, og í öðru lagi að ekki yrði um að tefla grundvallarbreytingar á fiskveiðikerfinu.

Þótt þessir fyrirvarar blöstu við og virtust gera sáttatalið að einskisverðri kosningabrellu kusu fjölmiðlar að skilja sáttayfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna á þann veg að viðhlítandi breytingar yrðu gerðar á kerfinu. Og með þeim hætti var þessu lífshagsmunamáli byggðanna í landinu að mestu skotið undan dómi kjósenda.

En það er enn sama hljóð í strokknum. Nýskipaðri sáttanefnd er sett það fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að fiskveiðistjórnarkerfinu verði ekki breytt í grundvallaratriðum. Það er að svo komnu eina heimanfylgja nefndarinnar.

Þessi stefna verður ekki misskilin. Það verða hins vegar aldrei sættir um neitt nema gerbyltingu á því kerfi sem nú er við lýði og leitt hefur og leiða mun þjóðina með vaxandi hraða til meiri ófarnaðar en orð fá lýst, sem leiðir til svívirðilegri eignatilfærslu á örfárra manna hendur en dæmi eru til um. Og nú eru þeir, sem stjórnvöld eru að mylja lungann úr þjóðarauðnum undir, sjávarauðlindina, að kaupa upp aðrar reytur landsmanna, fjármálastofnanir og annað sem óseðjandi hugurinn girnist.

Allt frá því að einkavæðing fjármálafyrirtækja ríkisins kom fyrst á dagskrá hamraði ríkisstjórnin á því að eignarhald þeirra yrði dreift. Það var forsenda einkavæðingar bankanna sem ella hefði ekki verið tekin í mál.

Það var því að vonum að forsrh. yrði mikið um þegar hann stóð skyndilega frammi fyrir því að eindreginni stefnumótun ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild virtist varpað fyrir ofurborð við sölu á FBA. Kannski varð honum þeim mun meira um þar sem þar hjó einkum sá innan ríkisstjórnar er hlífa skyldi.

Og forsrh. skundaði til Hóla og hélt þar messu yfir mafíósum þeim og eiturlyfjabarónum íslenskum sem hann jafnaði til þeirra sem nú gera garðinn frægan í Rússíá. Ef menn halda að það hafi verið tilviljun að hann fór í samjöfnuð við rússnesku mafíuna er það áreiðanlega misskilningur.

Í Rússlandi henti það, eftir 75 ára ráðstjórn, að Bandaríkjamenn buðu þeim austur þar upp á kapítalisma. En kapítalisma þarf að skorða af með lögum og reglum, skráðum sem óskráðum, annars fer í verra. Slíkar reglur voru ekki til í Rússlandi. Þess vegna leiddi hið nýja skipulagslausa frjálsræði til þess að hinir sterkustu báru hinn efra skjöld, mafíósarnir, sem nú blóðmjólka rússneskt þjóðfélag.

Á Íslandi birtist kapítalisminn í líki hinnar svonefndu nýfrjálshyggju, sem Sjálfstfl. gengur undir. Hér á landi eru heldur ekki til reglur til að skorða þá auðvaldsstefnu af og því er íslenska mafían komin á kreik að neyta aflsmunar í skjóli þess auðs sem henni hefur verið færður í hendur gefins.

En sá sem hér stendur á sér enn von. Hann trúir því ekki enn að Davíð Oddsson ætli að láta skrá nafn sitt á spjöld sögunnar sem sá sem afhenti fáeinum gripdeildarmönnum Ísland til eignar og ábúðar. Hámessan á Hólum bendir til þess að augu hans séu að opnast.

Í Morgunblaðinu fimmtudaginn 23. september sl. var viðtal við forsrh. þar sem söluna á FBA bar sérstaklega á góma. Hann segir þar að eins og sakir standa komi ekki til álita að hafa áhrif á hvernig eignaraðild að FBA sé háttað með lagasetningu. Hins vegar teldi hann að athuga ætti slíka hluti, enda hefði komið á daginn að mjög víða væru reglur í gildi, öfugt við það sem ýmsir hefðu fullyrt.

Hér er tilvitnun í Morgunblaðsviðtalið, með leyfi hæstv. forseta:

„Og það er ekki bara svo að þær séu víða í gildi, heldur eru þær í raun virtar annars staðar þótt þær séu óskráðar," sagði hann. „Því miður er okkar fjármálakerfi svo vanþroskað að við þurfum kannski í byrjun á skráðum reglum að halda á meðan hinar óskráðu eru ekki byrjaðar að virka eins og verður vonandi þegar markaðurinn þroskast."

„Í fyrsta lagi þurfum við að huga að stöðu Fjármálaeftirlitsins," sagði hann. „Staða þess virðist vera afskaplega veik. Það hefur enn ekki fengið þennan leynisamning [Kaupþings og Orca SA]. Aðilarnir virða eftirlitið að vettugi. Fjármálaeftirlitið þarf að vera þannig að það veki ekki falskar vonir neytenda og viðskiptavina."

Hann heldur áfram:

„Ég tel að það komi til greina að styrkja stöðu þess. Síðan eigum við auðvitað að skoða í framhaldinu og ræða það hvort unnt yrði að koma á þeim reglum, sem sátt yrði um og tryggðu að við lentum ekki í þessu aftur."

Ég þykist þekkja mitt heimafólk frá fyrri tíð. Ég er þess fullviss að þarna er Davíð Oddsson að tilkynna að hann ætli sér að koma á þeim reglum sem girða fyrir að gróðafíklar sölsi undir sig undirstöður íslensks fjármálalífs.

Það er því of snemmt fyrir mafíósana og umboðsmenn þeirra að hrósa sigri. En þar til þær reglur hafa verið lögbundnar er einsýnt að fresta allri frekari einkavæðingu ríkisbankanna, enda hlýtur reynslan af FBA-málinu að hafa fært forsrh. heim sanninn um að æðstu yfirstjórn bankamála er ekki treystandi fyrir framhaldinu.

En forsrh. þarf að vinna fleira. Hann nær ekki að stöðva mafíuna nema hann umbylti þegar í stað því fiskveiðistjórnarkerfi sem er að sporðreisa þjóðfélag okkar. Sægreifarnir bera nú saman bækur sínar opinberlega um það hvort fyrirtæki í útgerð á Íslandi verði innan tíðar tvö, fimm eða sjö. Það er kenning frjálshyggjunnar að hagkvæmast sé að lénsherrarnir séu sem fæstir.

Meðan skorið er á lífæðar sjávarþorpanna og þeim blæðir út tala stjórnarherrarnir tungum um ný atvinnufæri þeim til handa. Síbylja áróðurs LÍÚ-klíkunnar dynur á eyrum þjóðarinnar þar sem öllu er hallað til og logið víða frá. Í nafni hagræðingar er fiskveiðistjórnarkerfið lofað og prísað, mesta sóunarkerfi sem upp hefur verið fundið í einni atvinnugrein vegna gengdarlauss brottkasts afla, í óhugnanlegum tölum talið af gerkunnugum mönnum. Aðalatvinnugrein Íslands, sjávarútvegurinn, sem er undirstaða þeirrar framfarabyltingar sem við höfum upplifað á örfáum áratugum, er nú lokuð atvinnugrein og harðlæst.

Það voru ungir athafna- og aflamenn sem voru frumkvöðlar þeirrar byltingar. Nú komast þeir ekki lengur að og engin endurnýjun verður í greininni. Og þessu vill stjórnmálaflokkur sem eitt sinn kenndi sig aðallega við frjálst framtak og frelsi einstaklingsins, Sjálfstfl., bera ábyrgð á.

Þróunin í sjávarútvegsmálum er blátt áfram óhugnanleg. Á fjórum árum, 1995–1998 að báðum meðtöldum, hafa skuldir sjávarútvegsins aukist um 56 milljarða. 56 þúsund milljónir í sjálfu góðærinu þegar verðlag á sjávarvörum hefur aldrei verið hagstæðara. Svo eru taglhnýtingar sóttir upp í háskóla að skýra út þessa skuldaaukningu og fimbulfamba út og suður um ástæður hennar. En þeir nefna ekki aðalástæðuna. Þeir þegja yfir því að meiri hluti skuldaaukningarinnar er vegna kvótabrasks. Af fyrrgreindum 56 milljörðum eru 25,5 milljarðar nettófjárfesting í atvinnugreininni. 30,5 milljarða skuldaukning er mestan part vegna sölu braskaranna á veiðiheimildum, fjárhæð sem þeir hafa stungið í eigin vasa. Sú þróun mun halda áfram með vaxandi þunga.

Herra forseti. Það er kannski ekki von að stjórnmálamenn sem fá gott brautargengi í kosningum, þrátt fyrir slíka stjórnarhætti, uggi að sér. En það kemur að skuldadögum. Þá munu hinir sömu vakna upp við lúðurhljóm á dómsdegi.

Ég ítreka þá von mína og ósk að forusta míns gamla flokks bregði blundi áður en eldir af þeim degi.

[21:29]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Hið þriðja kjörtímabil er hafið þar sem Sjálfstfl. fer með forustu í ríkisstjórn Íslands. Mikið umbótastarf hefur farið fram þessi ár og þjóðin hefur uppskorið árangur af þeim umskiptum sem hafa orðið í atvinnulífinu og landstjórninni undir forustu Sjálfstfl.

Fyrir aðeins fjórum árum var atvinnuleysi aðaláhyggjuefnið og ríkissjóður var rekinn með halla. Á þessu hefur orðið mikil breyting. Þúsundir nýrra starfa hafa skapast, atvinnuleysi er með því minnsta í heiminum, kaupmáttur hefur aukist og lífskjör í heild batnað til muna. Framfara og velmegunar sér víða stað enda tekjur þjóðarinnar hærri en

nokkru sinni fyrr og Ísland hefur nú síðustu ár skipað sér í fremstu röð meðal þjóða heimsins.

Þessi árangur var ekki sjálfgefinn. Það þurfti styrka stjórn, ráðdeild og aðhald til að ná þessum markmiðum. Nú hefur það gerst að fjárlög næsta árs gera ráð fyrir miklum afkomubata og er tekjuafgangur ráðgerður 15 milljarðar kr. og skuldir ríkissjóðs hafa minnkað jafnt og þétt síðustu fjögur ár.

Í ljósi þessa sætir það furðu hvernig stjórnarandstaðan hagar málflutningi sínum hér í kvöld. Allt ber að sama brunni. Það eru engar nýjar hugmyndir, ekkert uppbyggilegt innlegg í viðfangsefni dagsins, aðeins gamlar lummur vinstri stefnunnar sem eins og reynslan kennir skapa uppnám og öngþveiti í efnahagskerfinu.

Herra forseti. Landbúnaður er og verður mikilvægur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og hann hefur fyllilega lagt sitt af mörkum til betri lífskjara í landinu. Eins og fram kom hjá forsrh. vill ríkisstjórnin tryggja og treysta íslenskan landbúnað og skapa þeim er landbúnað stunda sem besta afkomu.

Miklar framfarir hafa orðið í landbúnaði hvað varðar tækni og kunnáttu. Kornrækt er í örum vexti í landinu þótt hún njóti ekki opinbers stuðnings í þeim mæli sem gerist í nálægum löndum, en hér er hún vistvænni og eiturefnalaus á meðan bændur í nágrannalöndum okkar verða að eitra akra sína margsinnis yfir vaxtartímann. Stefnan í landbúnaðarmálum er líka nátengd byggðamálum. Þau verða ekki leyst án öflugs landbúnaðar.

Nýjasta tækni hefur líka skapað ný sóknarfæri í atvinnumálum hinna dreifðu byggða. Þar á ég við upplýsingatækni og fjarvinnslu sem nú er að ryðja sér til rúms. Hið opinbera mun stuðla að því að slík tækifæri verði nýtt til þess að skapa atvinnu um leið og fólki gefast aukin tækifæri til þess að velja sér búsetu á stöðum fjarri ys þéttbýlisins.

Íslensk garðyrkja er vaxandi atvinnugrein sem vissulega á möguleika til framtíðar með bættum starfsskilyrðum, svo sem með lækkuðu raforkuverði. Nú er unnið að gerð búvörusamnings í sauðfjárrækt, en alvarlegar blikur eru á lofti í sauðfjárræktinni. Eina von sauðfjárræktarinnar er að treysta á útflutning og hagræðingu. Margir sauðfjárbændur sem búa á hinum svokölluðu jaðarbyggðum bíða á milli vonar og ótta eftir því að sjá hvernig búvörusamningurinn lítur út því að með honum mun framtíð þeirra flestra ráðast. En öflugur og vel rekinn landbúnaður er þáttur í sjálfstæði hverrar þjóðar og það verður að leggja áherslu á að hann búi við sanngjörn skilyrði við framleiðslu á hollum og góðum vörum.

Ísland er land tækifæranna. Bjartsýni ríkir með þjóðinni og unga fólkið sem nú haslar sér völl í námi og starfi hefur fleiri tækifæri en nokkur kynslóð á undan henni. Menntun og þekking er nú frekar en nokkru sinni fyrr ráðandi um afkomu og árangur okkar sem þjóðar. Mikil og öflug uppbygging hefur verið unnin í menntamálum á öllum sviðum undanfarin ár.

Unga kynslóðin mætir líka ýmsum hættum og foreldrar óttast fátt meira en að börn þeirra verði fíkniefnum að bráð. Sá vágestur ógnar okkar samfélagi sem öðrum. Á síðasta kjörtímabili var baráttan gegn innflutningi og dreifingu fíkniefna mjög hert um leið og sölumenn dauðans hertu til muna áreiti sitt við íslenskt æskufólk. En dreifing eiturlyfja um hnöttinn fer eins og kunnugt er fram á vegum alþjóðlegra glæpasamtaka sem síðan eiga sér tengiliði hér á landi.

Þessari baráttu verður vissulega haldið áfram af enn þá meiri krafti af lögreglu okkar og dómsmálakerfi undir forustu Sólveigar Pétursdóttur dómsmrh. Löggæslan er í sókn eins og atburðir undanfarinna vikna sýna svart á hvítu. Það er lykilatriði að löggæslan verði styrkt enn frekar svo að ná megi enn betri árangri í baráttunni gegn afbrotum. Mikilvægt er að lögreglan verði sýnileg borgurunum, t.d. með eflingu grenndarlöggæslu og nánari samstarfi við almenning. Ef allir leggjast á eitt náum við betri árangri.

Fyrirhugaðar eru breytingar á löggjöf sem geta orðið beitt vopn í baráttunni gegn afbrotum. Þar er fyrst til að taka endurskoðun sem nú fer fram í dómsmrn. á ákvæðum hegningarlaga um upptöku hagnaðar á ólöglegri brotastarfsemi. Við gerum afbrotamennina vitaskuld fráhverfari iðju sinni ef þeir eiga á hættu að njóta í engu ávinnings afbrotanna. Gróðavonin er jú hvati brotanna.

Við höfum verið í sókn í jafnréttismálum á síðasta kjörtímabili sem heldur nú áfram af vaxandi þunga. Þetta hefur vakið alþjóðlega athygli og viðurkenningu og því hefur ríkisstjórnin haft forgöngu um alþjóðlega ráðstefnu um konur og lýðræði.

Herra forseti. Reynslan sýnir að frelsi til orða og athafna hefur lagt grunninn að bættri stöðu kvenna og meira jafnrétti. Á þeim grundvelli hljótum við að vinna áfram og stefna ótrauð til frekari framfara.

[21:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sú spurning er áleitin nú í aðdraganda nýrrar aldar hvaða umhverfi stjórnarstefnan mun búa einstaklingum og fjölskyldum á komandi árum verði ekki breyting á. Hæstv. landbrh. svaraði þessari spurningu á þann veg nýverið að við værum á alveg gríðarlegri ferð til fákeppni og samþjöppunar á öllum sviðum atvinnulífsins.

Dreifð eignaraðild er nafnið tómt í munni hæstv. forsrh. því ríkisstjórnin hefur öll á undanförnum árum stuðlað að mikilli eigna- og valdasamþjöppun í þjóðfélaginu. Slík þróun er hættuleg og ógnar heilbrigðri samkeppni. Stjórnarflokkarnir hafa nú opnað leið til þess að eignarhald fjármálastofnana komist í hendur sömu aðila og eru ráðandi á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins gegnum stór og öflug einokunar- og fákeppnisfyrirtæki. Það er vísasti vegurinn til samtryggingar og spillingar í þjóðfélaginu sem gengur gegn hagsmunum neytenda og dregur niður lífskjör almennings. Þess vegna er það mikilvægt að Samfylkingin, sem í stefnu sinni setur almannahagsmuni í öndvegi, nýti vel þá kosti sem markaðurinn býður upp á jafnframt því sem við stuðlum að kröftugri samkeppni og neytendavernd.

Sömuleiðis er það hlutverk Samfylkingarinnar að byggja áfram á hinum gömlu gildum jafnaðarstefnu og félagshyggju. Sú stefna felur í sér að hver og einn þjóðfélagsþegn sé jafnmikilvægur þar sem jafnræði og jafnrétti ríkir og möguleikar allra til bættrar afkomu og þátttöku í þjóðfélaginu séu tryggðir. Annars er hætta á að aukin hagsæld og velmegun rati ekki á borð þeirra sem nauðsynlega þurfa á bættum kjörum að halda. Því hefur fátækt fólk, lífeyrisþegarnir, einstæðu foreldrarnir og barnafjölskyldurnar fundið fyrir í tíð þessara stjórnarflokka.

Stefna stjórnarflokkanna þjónar fyrst og fremst nokkrum gífurlega fjársterkum valdablokkum í atvinnulífinu og síðan nokkrum stóreignafjölskyldum. Stjórnarstefnan gengur líka gegn vilja mikils meiri hluta þjóðarinnar um umhverfisvernd á náttúruperlum þjóðarinnar, en forsrh. gefur umhverfisverndarsinnum langt nef og nánast líkir þeim við öfgasinna.

Húsnæðisstefna ríkisstjórnarinnar kyndir undir verðbólguna og gengur gegn hagsmunum íbúðarkaupenda. Og það er grátlegt að sjálfur forsrh. þekkir ekki skýringuna á þeirri húsnæðisneyð sem þúsundir fjölskyldna standa nú frammi fyrir og kennir um lóðaskorti í Reykjavík. Staðreyndin er sú að húsnæðisstefna íhaldsflokkanna hefur bundið unga fólkið enn frekar í fjötra vinnuþrældóms á kostnað fjölskyldulífs og samveru með börnum sínum.

Staðreyndin er líka sú að í dag kostar 1–2 millj. meira en um síðustu áramót að kaupa tveggja til þriggja herbergja íbúð. Ég hef orðið vör við mikla neyð og örvæntingu hjá láglaunafólki. Lokun á félagslega húsnæðiskerfinu hefur rekið fátækt fólk hundruðum saman í biðraðir eftir leiguíbúðum. Algengt er að húsaleigan sem var ærin fyrir hafi nánast tvöfaldast og lágmarkslaunin gangi nú öll til leigusalans. Þessi stefna er grimm, ómanneskjuleg og fjölskyldufjandsamleg. Það er eitthvað mjög mikið að í þjóðfélagi sem býr svona að þeim sem höllum fæti standa.

Andstæðan í stefnu stjórnarflokkanna og Samfylkingarinnar endurspeglast vel í þessari stefnu. Samfylkingin setur jafnrétti allra til launa og lífeyrisgreiðslna í öndvegi í stefnu sinni, að þær hrökkvi fyrir brýnustu nauðþurftum þannig að hver og einn þjóðfélagsþegn geti lifað með fullri reisn.

Góðir Íslendingar. Lítum líka á hvernig tekjuafgangur fjárlaga sem stjórnarflokkarnir guma nú af er m.a. fenginn. Jú, með því að svíkja loforð Framsfl. um barnakort, en þeim fækkar á næsta ári um 2.000 sem njóta barnabóta, ekki vegna þess að fólk hafi það betra heldur vegna þess að skerðingarákvæði barnabóta fylgja ekki tekju- og verðlagsþróun.

Það er líka smánarblettur á þessari ríkisstjórn að á tímum góðæris undanfarin tvö ár hefur fjölskyldum sem njóta barnabóta fækkað um þriðjung en 14 þúsund færri fjölskyldur njóta nú barnabóta en gerðu árið 1997. Vissulega er það líka umhugsunarvert að Ísland er eitt af fáum löndum innan OECD-landanna sem tekjutengir barnabætur og verðtryggir skuldir heimilanna.

Herra forseti. Tekjuafganginn fá stjórnarherrarnir líka með því að svíkja stærsta kosningaloforð Framsfl. um 1.000 millj. til fíkniefnamála. Raunlækkun er á heildarframlögum til að berjast við sölumenn dauðans og fíkniefnavandann.

Boðskapur fjárlaganna til láglaunafólks er sá að eftir að topparnir í þjóðfélaginu hafa baráttulaust fengið allt að 30% launahækkun sé svigrúmið búið. Á fjárlögum er aðeins gert ráð fyrir 4% hækkun til að bæta kjör hins almenna launamanns. Lífeyrisþegum á síðan samkvæmt fjárlögum að skammta 1–2 þús. kr. hækkun á næsta ári.

Ríkisstjórnin hefur heldur engar áhyggjur af byggðaröskun þótt 7.000 manns hafi á liðnum fjórum árum flust frá landsbyggðinni, en engin aukning er á framlögum til jöfnunar náms- og húshitunarkostnaðar sem lofað var fyrir kosningar.

Góðir áheyrendur. Það er vitlaust gefið í þessu þjóðfélagi og það verður að stokka upp á nýtt. Það er og verður fyrst og fremst hlutverk Samfylkingarinnar á nýrri öld. — Góðar stundir.

[21:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ágætu áheyrendur. Fyrir skömmu spurði mig blaðakona hvort ég væri ekki stundum þreytt á endalausum spurningum um fjárhagsvandann í heilbrigðiskerfinu. Ég var tímabundin og svaraði að bragði að málið snerist ekki bara um hallarekstur. Um helgina fór ég að hugsa um spurninguna og komst að því sem ég auðvitað vissi eins og þú, hlustandi góður, að hallarekstur er sú hlið þjónustunnar sem við ræðum bara þegar við þurfum ekki sjálf á henni að halda.

Fyrir skömmu var mér boðið að taka þátt í degi heyrnarlausra sem var tileinkaður börnum. Mörg ykkar sáu litla fimm ára stúlku tjá sig á táknmáli í sjónvarpinu um bylting una sem varð í lífi hennar þegar hún fékk tölvu með textasíma. Tilfinningar telpunnar létu engan ósnortinn. Þetta er heilbrigðismál, ekki hallarekstur.

Fyrir skömmu kynntu læknar á Landspítalanum nýtt sneiðmyndatæki. Það er fullkomið og fljótvirkt og það sem mér finnst dýrmætast er að ekki þarf lengur að svæfa öll börn sem fara í flóknar rannsóknir. Tækið kostar nær 100 millj. kr. sem er há upphæð, en þegar við ákváðum að kaupa það vorum við að forgangsraða. Þetta er heilbrigðismál, ekki hallarekstur. Það er þetta sem skiptir máli.

Í fjárlagafrv. sem liggur á borðum þingmanna kemur fram að útgjöldin til heilbrigðismála aukast um 13% á næsta ári. Þetta er staðfesting á stefnu Framsfl. að setja fólk í fyrirrúm. En það væri ómaklegt að eigna bara öðrum flokknum þetta. Það er ríkisstjórnin sem er að auka útgjöldin með þessum hætti. Þetta er pólitísk stefna hennar og ég get sagt það af því að þeir segja það ekki sjálfir að fjmrh. og ekki síst hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafa ávallt staðið með heilbrrh. þegar á hefur reynt í stóru og smáu.

Það er ekki sjálfsagt að tveir ólíkir flokkar nái samkomulagi um að setja rúma 70 milljarða í heilbrigðis- og tryggingamál eða bæta við milljarði á einu ári til velferðarmála. Það eru miklir peningar en þetta er velferðarstefna sem ég er stolt af fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ekki síst vegna þess að við höfum í áherslum okkar tekið mið af því sem segir í stefnuyfirlýsingunni, að „ráðist verði í aðgerðir til að bæta þjónustu við sjúk börn og ungmenni".

Virðulegi forseti. Ég veit að þegar störf ríkisstjórnarinnar verða metin í framtíðinni verður henni ekki aðeins talið til tekna efnhagsstefnan sem hún fylgir. Það verður ekki bara einkavæðing sem menn staldra helst við eða sala á bönkum. Þetta eru menn að gera um allan hinn vestræna heim. Störf ríkisstjórnarinnar verða metin af áherslunum sem hún hefur í velferðarmálum. Ríkisstjórnin hefur ekki gert það sem ýmsar vinstri stjórnir gera í nálægum löndum, að skipuleggja tvenns konar heilbrigðisþjónustu, aðra fyrir efnamenn og hina fyrir efnaminni. Ætli þær áherslur séu ekki einmitt tonnatakið sem hefur haldið ríkisstjórninni svo þétt saman? Ætli þær áherslur muni ekki standa upp úr þegar ríkisstjórnin verður metin á nýju árþúsundi?

Hæstv. forseti. Gott ástand heilbrigðismála nú er ekki trygging fyrir því að það verði gott eftir tíu eða tuttugu ár. Afar brýnt er að koma böndum á rekstur heilbrigðisþjónustunnar og stöðva útgjaldaaukninguna. Undanfarin fimm ár hefur jöfnum höndum verið gripið til skammtímaaðgerða og langtímaaðgerða í þessu skyni, allt til að draga úr kostnaðaraukningu og bæta um leið þjónustuna. Ég hef stundum sagt til einföldunar að ef ná á niður hallanum í heilbrigðisþjónustunni þurfi fjórar meginleiðir.

Við getum fækkað læknisverkum, lækkað laun starfsfólks, látið sjúklingana greiða meira og sameinað dýrustu einingarnar og náð fram mjög mikilli fjárhagslegri hagræðingu. Ég hef stundum spurt til einföldunar: Vill einhver fækka læknisverkum, lækka laun heilbrigðisstarfsmanna eða

krefjast þess að sjúkir greiði læknisverk að fullu? Svörin eru yfirleitt neitandi.

Þetta þýðir bara eitt. Annaðhvort látum við heilbrigðisþjónustuna þróast óbreytta eða við skipuleggjum hana upp á nýtt. Við lögðum grunn að nýrri framtíðarstefnu þegar ráðinn var einn forstjóri yfir stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Sú ráðstöfun tókst vel og við höldum ótrauð áfram á sömu braut. Þetta er að mínum dómi sú leið sem við þurfum að fara til að geta boðið upp á sömu þjónustu á Íslandi og boðið verður upp á meðal milljónaþjóða í næstu framtíð.

Fjárhagslega verður ekki sátt um að verja miklu meira fé til heilbrigðismála en við gerum nú. Til að varðveita allt það góða sem við bjóðum öllum upp á verðum við að fara leið aukinnar samvinnu og sameiningar.

Virðulegi forseti. Ágætu áheyrendur. Það er önnur leið sem getur í framtíðinni dregið úr kostnaði við heilbrigðiskerfið og skattheimtu ríkisins þótt hún kosti átök og tímabundnar kvalir þeirra sem í hlut eiga. Það er að hætta að reykja eða gera það sem enn þá betra er, að byrja aldrei. Þessi leið skilar sér beint í veski viðkomandi. Ég nefni þetta í tilefni evrópskrar viku gegn reykingum ungmenna sem hófst í dag og ég nefni þetta vegna þess að reykingar eru mesta heilbrigðisvandamál sem við stöndum frammi fyrir.

[21:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Stefnuræða forsrh. var einföld og skýr. Stjórnarflokkarnir eru að ganga inn í sitt annað kjörtímabil. Saman hafa þeir náð ótrúlegum árangri í stjórn efnahagsmála og munu halda áfram að stýra þjóðarskútunni af festu og öryggi ef stjórnarandstaðan og fólkið í landinu truflar það ekki.

Það geta örugglega allir tekið undir það markmið að skila fjárlögum með rekstrarafgangi. 15 milljarða kr. tekjuafgangur í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 er sannarlega gott veganesti inn í nýja öld. Ég hefði viljað sjá fjárlagafrv. með hærri tekjum ríkissjóðs í formi hátekjuskatts og skatts á fjármagnstekjur til að hafa meira fé til ráðstöfunar í aðgerðir til jöfnunar á afkomu- og búsetuskilyrðum fólksins í landinu.

Um einstaka liði fjárlagafrv. munum við takast á hér á hinu háa Alþingi því að í gegnum fjárlögin speglast skoðanamunur okkar um álagningu skatta og þátt ríkisins í velferðarþjónustunni. Fram undan eru kjarasamningar og almennir launþegar sem lögðu sitt af mörkum til skapa þetta margumtalaða góðæri gera körfu um að fá eitthvað af framlagi sínu til baka. Ríkið getur gefið tóninn í komandi kjarasamningum og jafnað launamun kynja og hækkað verulega laun svokallaðra kvennastétta, þ.e. við uppeldis- og umönnunarstörf. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki tilbúin til að selja hvað sem er til þess eins að fá inn hærri tekjur í ríkissjóð og má þar m.a. nefna sölu heilsufarsupplýsinga íslensku þjóðarinnar í einn gagnagrunn.

Framlög til löggæslumála, heilbrigðismála og fræðslumála hafa á undanförnum árum verið langt undir því sem þessir málaflokkar hafa þurft til að standa undir eðlilegri þjónustu og nútímakröfum. Því er eðlilegt að framlög til þessara málaflokka hækki nú milli ára en það á eftir að koma í ljós hvort áætluð framlög dugi til að byggja upp þá þjónustu sem hefur liðið fyrir fjárskort undanfarin ár. Vegna íbúaþróunar síðustu ára og veikrar stöðu margra landsbyggðarhluta kemur skerðing á opinberri þjónustu verr niður á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf meira en að halda í horfinu, það þarf að byggja upp, sérstaklega heilsugæslu, fjórðungssjúkrahúsin og framhaldsskólana. Ef heilbrigðisþjónusta og menntunarmöguleikar eru ekki til staðar nálægt heimabyggð halda búferlaflutningarnir áfram með öllum þeim erfiðleikum sem slík kollsteypa á búsetu þjóðarinnar hefur í för með sér. Ef koma á Íslandi í fremstu röð í menntamálum, og við berum okkur saman við hið besta sem völ er á, eins og fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh., þá megum við sannarlega bretta upp ermarnar á öllum skólastigum. Það sama má segja um landbúnað og smábátaútgerð. Ef ekki verður gert meira en að halda í horfinu þá mun byggð halda áfram að grisjast með þeirri keðjuverkun sem við þekkjum í öllum þéttbýliskjörnum landsins.

En hagvöxtur er ekki eini mælikvarðinn á velferð þjóðarinnar því verðbólgan er önnur hlið á sama teningi og sá teningur fór að velta þegar á síðasta ári. En vegna kosninganna í vor var slegið á allar aðvaranir til að styggja ekki kjósendur. Eignatilfærsla hefur orðið gífurleg á undanförnum árum. Á fáum árum hefur orðið til stór hópur mjög auðugs fólks og jafnframt hefur bilið milli ríkra og fátækra breikkað. Leikreglur samfélagsins eru hinum auðugu í hag og fjármálamarkaðurinn, kvótabraskið, samruni fyrirtækja og sala og einkavæðing ríkisfyrirtækja hefur safnað auði á fárra hendur.

Herra forseti. Það hefur slegið við nýjan tón hjá stjórnarliðinu í upphafi þings, bæði á stuttu sumarþingi og nú á haustdögum. Menn virðast vera orðnir nokkuð öruggir með sig og leita ekki lengur sátta við stjórnarandstöðu varðandi styrkingu á lýðræðislegum vinnubrögðum. Þetta kom fram í vor þegar stjórnarandstöðunni var ekki gefinn kostur á formennsku í einhverjum af fastanefndum þingsins, eins og verið hafði á síðasta kjörtímabili, og eins nú við skipan nefndar til að ná sáttum um fiskveiðistjórnarkerfið. Í nýrri ríkisstjórn hafa verið gerðar breytingar á valdsviðum nokkurra málaflokka og því miður virðist umhvrn. helst líða og veikjast við þessar aðgerðir. Hagvöxtur er ekki eina mælistikan á velferð einnar þjóðar því fórnarkostnaður áframhaldandi hagvaxtar getur orðið meiri en tímabundinn gróði, þ.e. að við séum að fórna meira fyrir minna þegar litið er til framtíðar.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð endurflutti þáltill. um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar á stuttu sumarþingi. Málinu var vísað til umhvn. og frekari umsagnar. Við munum endurflytja tillöguna í þeirri von að hún fáist samþykkt og gerð verði sú lagabreyting sem til þarf til þess að hægt verði að viðhafa nútímaleg vinnubrögð við svo mjög umdeildar virkjanaframkvæmdir.

Hæstv. forsrh. talaði í ræðu sinni um þá sátt sem ríkt hefur í landinu um nauðsyn þess að ganga gætilega um viðkvæmt lífríkið og það gangi þvert á hagsmuni Íslands að falla fyrir öfgum umhverfissinna. Öfgar og offors er ekki líklegur farvegur til að ná sáttum og þá á ég við báða deiluaðila. Lögin um mat á umhverfisáhrifum er eina tækið sem við höfum til að ná sáttum meðal þjóðarinnar um virkjanaframkvæmdir, þ.e. staðsetningu og stærð uppistöðulóna, þar með talið Fljótsdalsvirkjunar. Allt tal um sættir án þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum er hin hliðin á öfgum og offorsi. Menn hafa fyllilega rétt á því að fylgja sannfæringu sinni ef þeir hafa skipt um skoðun eftir að hafa fylgst með umhverfisvakningu umheimsins á undanförnum árum. Undirskrift Kyoto-bókunarinnar er af sama meiði. Með því að standa ekki að bókuninni getur verið að við fórnum meira fyrir minna.

Herra forseti. Ég hef komið inn á nokkra þætti í stefnuræðu hæstv. forsrh. en tímans vegna er ekki hægt að fara yfir áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við munum gera okkar til þess að á yfirstandandi þingi verði virk stjórnarandstaða, gagnrýnin og komi fram með mál sem eru þjóðinni til heilla.

[21:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Vissulega er það svo að hagvöxtur hefur verið meiri nú í nokkur ár en við höfum áður átt að venjast. Afkoma ríkissjóðs er góð eins og kemur fram í frumvarpi því til fjárlaga sem þingmönnum var afhent sl. föstudag. Greint hefur verið frá því að skuldir ríkissjóðs verði greiddar verulega niður á næsta ári. Það er fagnaðarefni að þannig verði byggt upp fyrir framtíðina, um það hljótum við að vera sammála hvar í flokki sem við stöndum.

Okkur í Frjálslynda flokknum finnst við hafa orðið fyrir nokkuð sérstakri reynslu að undanförnu. Hún birtist í því að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ákveðið að við værum litlir, nánast örsmáir. Helst virðist sem svo að þeir álíti að þeir geti hrasað um okkur ef við værum nálægt þeim vegna þess að þeir yrðu okkar ekki varir. Merkilegt það. Þessi afstaða ráðherra ríkisstjórnarinnar birtist í ýmsum myndum, nú síðast í því að hið svokallaða sáttastarf við endurskoðun frjálsa kvótabraskskerfisins er kirfilega kortlagt á breiðvegi brasksins inn í framtíðina.

Hæstv. forsrh. hefur að undanförnu lýst áhyggjum sínum af fákeppni á matvörumarkaði og óttast ofurvald fárra á fjármálastarfsemi. Undir þau sjónarmið hans get ég tekið en undrast jafnframt að ekki skuli vikið orði að því sem gerist í samþjöppun valds og eigna í sjávarútvegi og áhrifum þess fyrir framtíð byggðanna víða um land. Við höfum öll heyrt fréttir af högum fólks í sjávarbyggðum Vestfjarða og nú síðast frá Hrísey og Ólafsfirði. Nú er svo komið að svo til öll bolfiskvinnsla á Skutulsfjarðareyri í Ísafjarðarkaupstað er hætt. Fyrir rúmri viku voru sex fiskvinnsluhús á Ísafirði auglýst til sölu á einum og sama degi á síðum Morgunblaðsins.

Ég segi það hreint út að flestir Vestfirðingar — að vísu ekki allir — hafa áhyggjur af atvinnumissi, sölu kvótans af sveðinu, auðum húsum sem seljast ekki, minnkandi tekjum fólks og sveitarfélaga, mitt í öllu góðæristalinu og þenslunni sem er vissulega á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Mér finnst að með stefnu sinni í kvótabraskskerfinu sé ríkisstjórnin að láta lagalega verndaða samkeppni kvótaeigenda ná heljar- og kyrkingartökum á byggðum landsins.

Herra forseti. Ég hef aldrei verið andvígur því að fólk og fyrirtæki geti grætt en það sem nú er að gerast í kjölfar gjafakvótans til fárra Íslendinga verður aldrei réttlætt fyrir alþýðu manna.

Hæstv. forsrh. vék í ræðu sinni að einkavæðingu viðskiptabankanna. Þar tel ég að við eigum að fara okkur hægt og ekki eigi að svo stöddu að selja fleiri bankastofnanir. Hlutafélagaformið ætti að vera nægileg trygging fyrir samkeppnisrekstri ríkisbankanna. Hvers vegna má ekki ríkissjóður eiga fyrirtæki sem skila arði árlega í ríkissjóð?

Sú umhverfisumræða sem átt hefur sér stað hér á landi sýnir að engum er lengur sama þegar landnýting er fyrirhuguð undir mannvirki eða nýja vegi. Eðlilegast væri að umhverfismat réði landnýtingu en þegar slíkt mat liggur fyrir er ekki réttlætanlegt að hefta framgang mála enda farið að lögum. Sakir standa svo vegna Fljótsdalsvirkjunar að mjög óráðlegt er að hefjast þar handa án þess að umhverfismat fari fram. Annað væri að misbjóða viðhorfi þorra manna og bjóða hættunni heim. Ég vil hins vegar vara við að hefja jafnfáránlegt og misskilið náttúruverndartal og átti sér stað í svokallaðri rauðbrystingaumræðu þegar vegarlagning yfir Gilsfjörð var til umræðu fyrir nokkrum árum.

Ég vil einnig halda því fram að ofverndun sjávarspendýra valdi okkur vaxandi skaða með hverju ári sem líður og við látum hræða okkur frá veiðum og eðlilegri nýtingu þeirra. Það er ekki sjálfgefið að fæðukeðjan í hafinu hér við land sé ávallt nægilega góð til fæðu á uppvaxandi fiskstofnum. Það er líka vissara fyrir okkur að forðast að halda því fram að hér sé afburðamarkviss fiskveiðistjórnun. Það er ekki hægt að lesa út úr skýrslum Hafrannsóknarstofnunar.

Ekki leikur á því minnsti vafi að standa þarf vel að verki við endurskoðun á búvörusamningi og tryggja afkomu bænda ef íslenskur landbúnaður og dreifð byggð á að halda velli.

Ég get vel tekið undir lokaorð hæstvirts forsætisráðherra um að hafa pólitískar orrustur snarpar en varla verður það nein skemmtiræða sem nú blasir við fólki í sjávarbyggðum. Lagasmíðina sem þeim vanda olli mætti að skaðlausu vanda betur ef traust fólksins til búsetu á landsbyggðinni á að vaxa á nýjan leik.

[22:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talaði um fátæklega stjórnmálaumræðu og um rýra stefnuræðu. Hvernig var hennar eigin ræðu háttað og hver skyldi hlutur stjórnarandstöðunnar vera í fátæklegri umræðu?

Það var lítið af uppbyggilegum atriðum í ræðu talsmanns Samfylkingarinnar og niðurrifið eitt sem þar kom fram. Talsmaðurinn gagnrýndi að lítið væri fjallað um stöðu Íslands meðal þjóðanna í stefnuræðu forsrh. en síðasta vetur þegar rætt var um öryggismál þjóðarinnar og stöðuna gagnvart ESB þá skilaði Samfylkingin auðu. Hún leyfir sér síðan að hnýta í ummæli um komandi lotu GATT-viðræðna sem sennilega verður sú mikilvægasta hingað til fyrir Ísland ef svo fer sem horfir að niðurgreiðslur í sjávarútvegi verða á dagskrá. Það er jafnframt eitt mikilsvægasta umhverfismálið á alþjóðavettvangi næstu missirin. Telji talsmaður Samfylkingarinnar umhverfismálin fyrirferðarlítil eða óskýr í stefnuræðunni þá hefur hún ekki lesið ræðuna til enda.

Herra forseti. Í umræðum um sjávarútvegsmál ber fiskveiðistjórnunina jafnan hæst. Þetta er ekkert skrýtið þar sem fiskveiðistjórnunin skiptir okkur að sjálfsögðu afar miklu máli. Mál fiskvinnslunnar eru hins vegar ekki síður mikilvæg. Á hverju og einu tímabili eru því takmörk sett hversu mikinn afla við getum dregið úr sjó. Það skiptir því mjög miklu máli að fiskvinnslan auki verðmæti aflans sem mest og að við fáum sem hæst verð fyrir það sem auðlindin gefur. Grundvöllur þess að vinnslan geti náð þessu marki og að við fáum sem hæst verð fyrir aflann er að meðferð hans sé eins og best verður á kosið frá því fiskurinn er veiddur og þar til hann er kominn á borð neytandans.

Gagnrýni á fiskveiðistjórnarkerfið hefur af sumum verið sett fram á þeim grundvelli að það veiki byggðirnar í landinu með því að skapa óvissu um framtíð byggðarlaganna vegna hugsanlegs kvótatilflutnings milli byggðarlaga. Reyndar hefur ekki verið sýnt fram á að kvótakerfið hafi valdið marktækt meiri breytingum á afla einstakra hafna en þekktist fyrir daga

kvótakerfisins. Það breytir ekki því að óvissa getur hafa skapast hjá íbúunum þó ekki væri nema bara vegna umræðunnar. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort veik staða vinnslunnar á tilteknum stöðum geti ekki verið rótin að óvissunni ekki síður en umræðan um fiskveiðistjórnunina og þar með að almennt sterkari staða vinnslunnar styrki byggðirnar. Með ofangreint í huga hef ég ákveðið að skipa nefnd undir forustu Einars Kristins Guðfinnssonar alþm. til að meta hver staða fiskvinnslunnar er í dag, hvernig styrkja megi stöðu hennar og hverjir möguleikar hennar séu í framtíðinni til að skapa sem mest verðmæti úr þeim afla sem við fáum að landi.

Því eru auðvitað takmörk sett hvað hið opinbera getur gert í þessum efnum en ég tel að yfirvöld hafi skyldu til að sýna frumkvæði í máli sem þessu, hvetja hagsmunaaðila og veita þann stuðning sem aðilar verða ásáttir um. Öllum má vera ljóst að neytandinn er sá sem valdið hefur á þeim mörkuðum sem við seljum vörur okkar á og hann er farinn að nota þetta vald sitt í æ ríkari mæli. Því er skynsamlegt fyrir okkur að vera fljót að bregðast við og vera undir það búin að veita neytandanum þá vöru og þjónustu sem hann óskar eftir.

Í þessu sambandi tel ég þrennt skipta höfuðmáli. Í fyrsta lagi að atvinnugreinin sjálf setji sér reglur um hvernig hún telur að standa eigi að veiðum og vinnslu til þess að tryggja gæði vörunnar og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlindarinnar. Til þessa hvatti ég eindregið á aðalfundi Fiskifélags Íslands í síðustu viku. Í öðru lagi að eftirlit hins opinbera sé skilvirkt og til þess fallið að uppfylla það hlutverk sitt. Með það í huga hef ég skipað nefnd til þess að endurskoða starfsemi Fiskistofu og skoðunarstofanna. Í þriðja lagi tel ég afar mikilvægt að koma upplýsingum á framfæri við neytendur á aðgengilegan hátt. Forveri minn sett af stað starfshóp fyrir tveimur árum til þess að koma á fót upplýsingaveitu á internetinu og opnaði ég hana í síðustu viku á aðalfundi Fiskifélagsins.

Herra forseti. Í síðustu viku skipaði ég nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða og koma með tillögur til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Þessi nefnd er skipuð í samræmi við lög um stjórn fiskveiða og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og er formaður nefndarinnar Friðrik Már Baldursson hagfræðingur. Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið. Í starfi sínu ber nefndinni að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu. Þess skal gætt að fórna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni við auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.

Varðandi samsetningu nefndarinnar og val á nefndarmönnum var haft í huga að nefndin væri ekki of fjölmenn, að nefndin væri samsett af kjörnum alþingismönnum ásamt fulltrúum utan þings og að bæði stjórnarmeirihluti og stjórnarandstaða ættu fulltrúa í henni. Ég hef lagt áherslu á að nefndin sé ekki samninganefnd í þeim skilningi að nefndarmenn eigi að semja sín á milli út frá eigin skoðunum heldur á hún að vinna tillögur til breytinga sem víðtækari sátt næst um en nú er innan þeirra marka sem ég nefndi áðan. Ég bind miklar vonir við að það takist farsællega.

[22:09]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. kom víða við í ræðu sinni. Hann vék að mörgu en sagði fátt. Hann ræddi um þenslu, undirliggjandi verðbólgu og að nauðsynlegt sé að hægja á hjólum efnahagslífsins. Annan tón sló hann nú í vor þegar hann fullvissaði landsmenn um að viðvörunarorð okkar í Samfylkingunni hefðu við engin rök að styðjast, fram undan væri takmarkalaust góðæri með gnægtaborði fyrir alla. Hann ræddi um góða afkomu ríkissjóðs en skautaði yfir þá staðreynd að vegna mikilla lífeyrisskuldbindinga hefur ríkið verið að stórauka heildarskuldir sínar en ekki að greiða þær niður.

Hann talaði um aðhald í ríkisfjármálum en lét þess að engu getið að rekstrarútgjöld ríkissjóðs og ríkisstofnana aukast hratt og launaútgjöld ríkisins vaxa langt umfram allar áætlanir.

Hann minntist á umhverfisvernd á Íslandi en sagði jafnframt að þeir sem vilja að Fljótsdalsvirkjun gangist undir lögformlegt umhverfismat geri það í þeim tilgangi einum að slá pólitískar keilur.

Hæstv. iðnrh. vék sérstaklega að okkur jafnaðarmönnum og átaldi okkur fyrir að vera ekki samkvæmir sjálfum okkur í þessu máli. Í upphafi þings sl. haust fluttum við frv. um virkjunarmál þar sem ein greinin var afdráttarlaus á þá lund að allar virkjanaheimildir sem framkvæmdir væru ekki hafnar við skyldu undantekningarlaust háðar umhverfismati. Þannig að þeir sem eru samkvæmir sjálfum sér erum við.

Hæstv. forsrh. vék að meðaltalsaukningu kaupmáttar í landinu en hafði ekkert um þá að segja sem orðið hafa út undan og meðaltalið nær ekki til. Hann ræddi um nauðsyn á varfærni í tengslum við komandi kjarasamninga en lét þess að engu getið að hann sjálfur og ríkisstjórn hans hafa markað launastefnu eftir að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði lauk sem valdið hefur allt að 70% aukningu á launakostnaði vegna einstakra starfsstétta í opinberri þjónustu. Í þessu umhverfi er launþegum á hinum almenna vinnumarkaði ætlað að sýna varfærni. Þessi launastefna ríkisstjórnarinnar náði ekki til lífeyrisþega og öryrkja sem setið hafa eftir með sárt ennið og ríkisstjórnin heldur áfram að skerða bætur til barnafólks þrátt fyrir hástemmd loforð Framsfl. um hið gagnstæða. Það loforð finnst nú hvergi þó leitað sé bæði með stækkunargleri og logandi ljósi.

Hæstv. forsrh. vék að mörgu án þess að segja margt. Umhugsunarverðast er þó um hvaða mál hann kaus að þegja. Hann vék ekki einu einasta orði að einhverju mesta deiluefni innlendra samtímastjórnmála, fiskveiðimálunum, og því gegndarlausa óréttlæti að örfáir aðilar geti rakað til sín fjármunum með því að selja réttinn til að stunda fiskveiðar burtu frá byggðarlögunum. Þótt hann ræddi um alþjóðavæðingu og nauðsyn þess að nálgast það viðfangsefni með opnum huga hafði hann samt ekkert að segja þjóðinni um framtíðarstöðu Íslands í því fjölþjóðasamstarfi sem efst er á baugi í öllum Evrópulöndum nema hjá okkur, þ.e. á vettvangi Evrópusambandsins. Eftir honum er hins vegar haft á öðrum vettvangi að engar aðildarviðræður af hálfu Íslendinga muni verða á dagskrá svo lengi sem hann situr á stóli forsrh. Þar fylgir hann enn fordæmi Margrétar Thatcher sem setti þjóð sinni sams konar skilyrði með þeim alkunnu afleiðingum að Englendingar eru nú aðilar að Evrópusambandinu og Margrét Thatcher ekki lengur á valdastóli.

Hæstv. forsrh. sagði í upphafsorðum sínum að nú þyrfti að leggja meginlínur af hálfu stjórnar og stjórnarandstöðu. Meginlínur stjórnarinnar eru hvorki skarpar né skýrt dregnar — mikið talað en lítið sagt. Samfélag okkar Íslendinga hefur breyst meira á undanförnum tíu árum en dæmi eru um á jafnstuttum tíma í sögu lands og lýðs. Þær breytingar hafa ekki síst orðið fyrir tilverknað EES-samningsins sem m.a.

hefur tryggt neytendum og launþegum ómetanleg félagsleg réttindi, stuðlað að aukinni samkeppni og opnara samfélagi en landsmenn hafa átt að venjast.

Nýrrar stefnumótunar er þörf sem taki mið af nýjum aðstæðum. Fyrstu þingmálunum sem Samfylkingin flytur á þessu þingi er þannig stefnt gegn fákeppni og sérhagsmunum. Við teljum ekki, eins og forsrh. virðist gera, að hlutverk stjórnmálamanna eigi að vera að velja þá sem mega eiga og mega ekki eiga hlut í fyrirtækjum. Okkar hlutverk er að sjá svo um að skýrar og gagnsæjar leikreglur séu virtar í markaðsviðskiptum og tryggja þannig heilbrigða samkeppni, jafnrétti og frelsi neytenda. Við viljum að auðlindir Íslands, þar á meðal fiskimiðin, séu eign okkar allra og allir landsmenn hafi jafnan rétt til nýtingar á þessum auðlindum gegn sanngjörnu gjaldi. Við viljum endurmeta stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi, hefja umræðu um aðild Íslands að Evrópusambandinu í þeim tilgangi að upplýsa þjóðina þannig að hún sé í stakk búin til að taka í þjóðaratkvæðagreiðslu ákvörðun um aðildarviðræður.

Við viljum að allar framkvæmdir sem breyta ásýnd landsins, hverju nafni sem þær nefnast, séu háðar lögformlegu umhverfismati þar sem almenningi í landinu gefist kostur á að láta álit í ljós áður en ákvarðanir eru teknar.

Við viljum að aldraðir og öryrkjar sem eiga nú alla sína afkomu undir einhliða ákvörðunum ríkisvaldsins fái samningsrétt um kjör sín og að ekki sé af hálfu ríkisins mótuð önnur og verri launastefna fyrir þessa hópa en starfsmenn ríkis og ríkisstofnana.

Við viljum virkari fjölskyldustefnu, afnema tekjutengingu barnabóta, auka lýðræði og frelsi einstaklingsins, en umfram allt virkja alla Íslendinga til aukinnar þátttöku í samfélaginu með því í senn að auka áhrif og jafnframt ábyrgð hvers og eins.

Herra forseti. Þetta viljum við í Samfylkingunni gera. Þingmál okkar í vetur og málflutningur okkar á Alþingi mun taka mið af því. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:15]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Á fyrstu áratugum þessarar aldar töldust Íslendingar í hópi fátækustu þjóða Evrópu. Nú í lok aldarinnar, aðeins nokkrum áratugum síðar, hefur sú breyting orðið á að Íslendingar teljast ekki aðeins meðal ríkustu þjóða Evrópu heldur meðal ríkustu þjóða allrar veraldar. Þetta er góður árangur, herra forseti. Þetta er í rauninni ótrúlegur árangur. Og það sem meira er, að nú við aldahvörf blásum við enn til sóknar til frekari velsældar fyrir íslenska þjóð. Þetta er ánægjuleg staða jafnvel þó nokkrar hjáróma raddir hv. stjórnarandstæðinga reyni að sannfæra okkur um annað.

Þrátt fyrir þessa ánægjulegu stöðu þá eru víða úrlausnarefni sem blasa við í samfélagi okkar. Enginn vafi leikur á að mesta ógn við íslenskt samfélag í dag er fíkniefnaváin. Sölumenn dauðans svífast einskis til að koma eitri sínu á framfæri. Við heyrum óhugnanlegar fréttir af allt að niður í tólf ára fórnarlömbum þessara baróna. Börn, unglingar, fólk á öllum aldri verður fórnarlömb eitursins. Þessi óvelkomni gestur stingur sér niður hvar sem er, hvenær sem er, óháð efnahag eða stétt. Hverju fórnarlambi fylgir fjölskylda, ættingjar og vinir sem engjast í hjörtum sínum af uggi yfir heljartökum eiturlyfjanna á ástvinum sínum.

Ég fullyrði að eiturlyfjaváin er mesta vandamál íslensks samfélags í dag. Þess vegna gerði Framsfl. það að einu stærsta kosningamáli sínu í síðustu alþingiskosningum. Það má hins vegar öllu sanngjörnu fólki vera morgunljóst að hvorki Framsfl. né nokkur annar stjórnmálaflokkur, eða þeir allir til samans, leysa þetta mikla vandamál einir og óstuddir. Framsóknarmenn hafa hins vegar bent á vandamálið sem brýnt úrlausnarefni samfélagsins alls. Hér þurfa allir að taka höndum saman með þann fasta ásetning að útrýma eiturlyfjum úr samfélagi okkar.

Herra forseti. Hvað veldur því að einstaklingur ánetjast fíkniefnum? Ekkert einfalt svar er við þeirri spurningu enda hún viðkvæm og vandmeðfarin. Um er að ræða marga samverkandi þætti. Ég leyfi mér að halda því fram að rótin sé agaleysi í samfélaginu öllu. Ég leyfi mér að halda því fram að manngildi samfélagsins hafi að sumu leyti vikið fyrir auðgildi og veraldlegu gildismati. Afleiðingin er sú að hér ríkir um margt upplausn og rótleysi. Með sanni má segja að gömul og traust gildi fjölskyldunnar hafi látið undan velmegun og hagsæld.

Þetta hefur gerst smám saman, ekki vísvitandi eða meðvitað, fremur sem hægfara þróun þar sem andvaraleysi hefur verið ráðandi. Til allrar hamingju bendir flest til þess að þjóðin sé að vakna upp við vondan draum og vilji bregðast við þeirri óheillaþróun sem orðið hefur á þessu sviði. Ég bendi m.a. á átakið „Reykjanesbær á réttu róli". Ég nefni árangursríkar aðgerðir lögreglu og tollgæslu á síðustu vikum og dögum. Ég nefni störf vímuvarnaráðs og ég nefni þá ákvörðun ríkisstjórnar á síðustu tveimur til þremur mánuðum að verja hátt í 200 millj. kr. í þessu skyni.

Síðast en ekki síst hljótum við enn fremur að vænta mikils af því nefndarstarfi sem Jónína Bjartmarz, fyrrverandi formaður samtakanna Heimilis og skóla, stýrir fyrir ríkisstjórnina, þar sem fulltrúar sex ráðuneyta samhæfa aðgerðir sínar. Nefndinni er ætlað að skila markvissum tillögum fyrir 1. nóv. nk. Ríkisstjórnin hefur með öðrum orðum þegar, þó skammt sé liðið frá kosningum, hreyft duglega við þessu mikilvæga máli.

Herra forseti. Við skulum hins vegar hafa það hugfast að stjórnvaldsaðgerðir einar og sér munu aldrei duga til að uppræta fíkniefnavandann. Hér þurfa heimili, skóli og samfélagið allt að tala saman í þeim einarða ásetningi að kveða niður fíkniefnavána sem nú steðjar að. Við þurfum hugsanlega að endurskoða forgangsröðun í störfum okkar hér innan veggja, á heimilum, í skólum, fyrirtækjum og samfélaginu öllu. Við þurfum að skerpa á viðmiðum öllum og aga, ekki síst sjálfsaga og sýna í verki viljann til að fylgja þeim aga eftir. Aðgerðir ríkisstjórnar eru upphaf þess og táknrænar. Þetta er líklega brýnasta verkefni samfélagsins í dag þegar atvinnu- og efnahagsmál standa í þeim blóma sem raun ber vitni.

Herra forseti. Ísland er eyríki. Við eigum með samstilltu átaki allra að geta orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að útrýma þeirri óværu sem fíkniefni eru á landi okkar. Fíkniefnalaust Ísland á að vera það markmið sem við setjum okkur með auknum aga í samfélaginu öllu, styrkri tollgæslu og löggæslu og hörðum dómum gegn sölumönnum dauðans. Það er verðugt verkefni okkar alþingismanna og annarra í þjóðfélaginu. Það er verkefni sem teygir sig langt upp fyrir alla flokkadrætti. Stríðið gegn sölumönnum dauðans er hafið og þeim á enga miskunn að sýna. — Ég þakka áheyrnina.

[22:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Nú flytur ein fimm manna fjölskylda á dag að jafnaði búferlum til Stór-

Reykjavíkursvæðisins. Fólksfækkunin úti á landsbyggðinni heldur áfram af fullum þunga. Þetta er óheillavænleg þróun sem öll þjóðin tapar á. Um leið og hinar dreifðu byggðir missa fólk tapa þær lífskrafti sínum og visna upp. En á sama tíma og hús standa tóm vítt og breitt um landið er húsnæðisskortur og umferðaröngþveiti á suðvesturhorninu. Þar ríkir eins konar landnemaástand með miklum fórnarkostnaði fyrir samfélagið allt sem enginn óskar eftir.

Það getur verið rétt að beita sértækum aðgerðum í einstökum byggðarlögum eða atvinnugreinum en heildarmyndin breytist ekki við það eitt. Það þarf fyrst og fremst almennar aðgerðir sem ná beint til einstaklinganna, beint til fólksins sjálfs sem tekur sínar eigin ákvarðanir án milligöngu stofnana, nefnda eða ráða.

Herra forseti. Við verðum að rétta samkeppnisstöðu landsbyggðarinnar. Eins og nú er ástatt bitnar skattlagning ríkisins mun harðar á þeim sem búa úti á landi og þurfa að keyra langar vegalengdir til að sinna daglegum skyldum sínum og sækja nauðþurftir. Kannanir Hagstofunnar sýna að fólk í dreifbýli eyðir miklum mun meira í rekstrarkostnað bifreiða sinna og þar af leiðandi greiðir landsbyggðarfólk miklum mun meira í skatt til ríkisins, en bifreiðaskattar og gjöld eru einir aðaltekjustofnar ríkissjóðs. Hluti af þessum fjármunum kemur aftur út á land sem vegir og vegabætur en meginhlutinn verður eftir í ríkiskassanum.

Þessir skattar á samgöngur og flutninga leiða af sér hærra vöruverð og minni kaupmátt fyrir landsbyggðarfólk. Hér er hreinn og klár aðstöðumunur sem kemur einnig fram hjá fyrirtækjum úti á landi sem búa við lakari samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar og hærri skatta. Þennan mun er aðeins hægt að leiðrétta með því að veita heimilum og fyrirtækjum úti á landi sérstakan skattfrádrátt sem bætir fyrir þessa ójöfnu skattlagningu. Aðeins þannig getur landsbyggðin keppt á jafnréttisgrunni við suðvesturhornið um fólk og fjármagn. Þessa leið til jöfnunar ber að reyna.

Við þurfum að leggja stóraukna áherslu á menntun og við verðum að mennta fólkið inn í samfélagið en ekki út úr því. Það þarf að færa framhaldsmenntunina og tæknimenntunina heim í byggðarlögin. Til greina gæti komið að stytta framhaldsskólann í þrjú ár og hafa kjarna hans almennan en tengja námið annars umhverfi, atvinnu og menningarlífi heimabyggðarinnar. Að því námi loknu tækju sérskólar, tækni- og háskólar, við. Það þarf að hefja sérskólana til vegs og virðingar. Fjölbrautaskólar úti um land eiga að efla tækninám sem atvinnulífið í viðkomandi byggðarlögum tekur fullan þátt í.

Þetta er vel mögulegt. Um land allt er fjöldi ungs fólks sem ekki hefur fundið neitt við sitt hæfi í menntakerfi landsins. Til þessa fólks verðum við að ná. Fjarkennsla styrkir nám út um hinar dreifðu byggðir og ber að efla. En blekkjum okkur ekki. Hún getur aldrei komið í stað reglubundins náms. Menntun og þekkingariðnaður verður að byggjast upp og þróast vítt og breitt um landið í forsjá heimafólks en ekki þjappast á örfáa staði á landinu og vera rekin þaðan jafnvel eins og nýlendustefna gagnvart hinum dreifðu byggðum.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að skilið sé á milli beinna búsetutengdra aðgerða og þeirra sem snúa beint að rekstrarumhverfi einstakra atvinnugreina. Það ber að skoða bein búsetutengd framlög í einstaka héruðum og sveitum óháð þeirri framleiðslu eða atvinnu sem stunduð er. Með því stöndum við vörð um fulla byggð um land allt og þá samfélagslegu auðlind sem í henni felst.

Góðir Íslendingar. Gera þarf stórátak í að bæta ástand sveitaveganna. Hér er um að ræða safn- og tengivegi sem eru leiðir skólabarna í daglegum akstri og lífæðar heilla atvinnugreina til flutninga og aðdrátta. Ég nefni þessa vegi sérstaklega því að þeir gleymast svo oft.

Hæstv. forsrh. drap á margt sem gera mætti til búsetujöfnunar og í byggðaáætlun finnast fögur fyrirheit. En orðin duga skammt ef litlar gjörðir fylgja. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun í upphafi þessa þings leggja fram tillögur um róttækar og djarfar bráðaaðgerðir í byggðamálum sem við treystum á breiðan stuðning við. Vinstri hreyfingin – grænt framboð krefst tafarlausra aðgerða í byggðamálum. — Góðar stundir.

[22:28]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan þegar hann var að tala um fiskvinnslu og verðmæti aflans, að við ættum að fá sem hæst verð fyrir aflann. Um það get ég verið honum sammála. En þar komum við einmitt að miklu deilumáli sem lítið hefur verið rætt og ég ætla að gera hér aðeins að umtalsefni.

Deilumálið snýst um verðmyndunarkerfi í sjávarútvegi. Það snýst um þá forgjöf sem þeir sem kvótann hafa, hafa í þeim viðskiptum. Menn geta leigt frá sér aflaheimildir fyrir 100 krónur kílóið í þorski og þeir geta notað þá peninga til þess að fara inn á fiskmarkaðina og kaupa þar fisk í samkeppni við fiskvinnslu sem ekki gerir út skip.

Það er ekki með nokkrum sanni hægt að segja að í þessum geira starfi menn eftir eðlilegum samkeppnisskilyrðum. Það var búin til forgjöf fyrir þá sem kvótann fengu á sínum tíma og þeir búa að því þegar þeim býður svo við að horfa að geta nánast drepið niður þær fiskvinnslur aðrar sem sækja hráefni sitt inn á fiskmarkað. Þar fyrir utan er verðmyndunarkerfið svo ófullkomið að þeir sem búa við svokallaða fasta fiskverðsamninga eru e.t.v. að fá um 60 kr. fyrir þorskkílóið þegar markaðirnir eru að borga allt upp í 160 kr.

Það er ekki hægt að tala um að hér á landi eflist fiskvinnsla undir þessum kringumstæðum. Eingöngu þeir sem hafa fengið úthlutað aflaheimildunum geta nýtt þær sér til fjáröflunar, geta nýtt þær til að búa til óeðlilega samkeppni og til að gera það að verkum að þeir sem vilja og hafa, hæstv. sjútvrh., verið að búa til langmest verðmæti úr afla hér á landi — þeir sem kaupa fiskinn af mörkuðunum — hafa ekki samkeppnisstöðu á við hin fyrirtækin.

Ég skora á sjútvrh. að láta skoða hvernig kaupin gerast á eyrinni að þessu leyti, hvernig stórfyrirtækin leigja stundum frá sér hundruð tonna af fiski og kaupa síðan í samkeppni við fiskvinnslur á fiskmörkuðunum og stjórna verðmynduninni. Þetta eru ekki eðlileg samkeppnisskilyrði, hæstv. sjútvrh.

Fasteignir fólks víða á landsbyggðinni eru nú verðlitlar og seljast samt sem áður ekki. Þar er sjónarhorn fólks á góðærið allt annað en hæstv. forsrh. lýsti í ræðu sinni fyrr í kvöld. Kjör og framtíðarsýn landsbyggðarfólks er víða frekar döpur þrátt fyrir góðæri á heimili ríkisstjórnarinnar. Fólkið í sjávarbyggðum óttast að kjölfestan, fiskkvótinn og skipin verði seld í burtu. Þessi ótti er ekki ástæðulaus — það sýna dæmin.

Við höfum lengst af haft tvenns konar kvótakerfi í fiskveiðum, kvótakerfi stærri skipa og kvótakerfi svokallaðra smábáta undir 6 tonnum. Mörg byggðarlög hafa á ný náð

vopnum sínum eftir að skip hafa verið seld úr byggðinni með því að dugandi sjómenn hafa róið á smábátum frá þeim stöðum sem misstu nánast allan atvinnurétt með sölu kvótans úr byggð.

Í gildandi lögum um smábáta er búið að festa það ákvæði að þær tegundir sem áður hafa verið smábátum frjálsar skuli verða verslunarvara. Nógu alvarlegar afleiðingar hafa orðið af sölu kvóta úr byggð í stóra kerfinu. Hvað halda menn að gerist þegar verðmæti smábátakvótans fer upp og kemur líka á trillurnar í öllum fisktegundum sem þeir sjómenn veiða? Eru líkur á að einstaklingur sem allt í einu fær gylliboð um að selja trilluna sína og fiskikvótann fyrir 100–160 millj. standist þær freistingar? Eru líkur á að þær byggðir sem hafa náð vopnum sínum með útgerð smábáta muni standa af sér þær hremmingar sem eru í lögunum um stjórn fiskveiða smábáta í dag? Þetta ákvæði á að koma að fullu til framkvæmda 1. september á næsta ári. Það er nánast grín, hæstv. sjútvrh., að tala um að við séum að ná sáttum meðan við erum að auka verslun í kerfinu, jafnumdeilt atriði og það er í núverandi lögum. Það er nánast grín.

Forseti Íslands ræddi í þessum sal við setningu Alþingis um hve varhugavert væri að veikja byggð frekar en orðið er. Hann minnti á rétt fólksins til að búa og starfa þar sem það vill búa. Vonandi verða þessi orð ráðherrum ríkisstjórnarinnar til umhugsunar og eftirbreytni á næstu missirum þó það verði ekki ráðið af orðum þeirra hér í kvöld.

[22:35]

Útbýting þingskjala:

Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, 15. mál, frv. GE, þskj. 15.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, 16. mál, frv. GE, þskj. 16.

Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, 6. mál, frv. SJS og ÖJ, þskj. 6.

Iðnaðarlög, 22. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 22.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 25. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 25.

Kjör einstæðra foreldra, 19. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 19.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, 14. mál, þáltill. SJS, þskj. 14.

Réttindi sjúklinga, 9. mál, frv. ÞBack og ÖJ, þskj. 9.

Sjálfbær orkustefna, 13. mál, þáltill. KolH og ÁSJ, þskj. 13.

Staða garðyrkjubænda, 18. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 18.

Starfsheiti landslagshönnuða, 21. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 21.

Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, 11. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 11.

Tekjuskattur og eignarskattur, 17. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 17.

Úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði, 20. mál, beiðni SighB o.fl. um skýrslu, þskj. 20.

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, 8. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 8.

Öryggi greiðslufyrirmæla, 23. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 23.

Fundi slitið kl. 22:35.

---

3. FUNDUR

þriðjudaginn 5. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2000, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga, 31. mál, fsp. KolH, þskj. 31.

Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga, 47. mál, fsp. KolH, þskj. 47.

Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, 12. mál, þáltill. KolH og SJS, þskj. 12.

Áhrif stórrar álbræðslu á fámennt samfélag, 37. mál, fsp. KolH, þskj. 37.

Breyting á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins, 54. mál, fsp. KolH, þskj. 54.

Breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins, 26. mál, fsp. KPál, þskj. 26.

Eignir, skuldir og aflaverðmæti í sjávarútvegi, 45. mál, fsp. EKG, þskj. 45.

Einkavæðing fjármálastofnana, 38. mál, fsp. JóhS, þskj. 38.

Endurskoðun laga um almannatryggingar, skatta og lífeyrissjóði, 27. mál, fsp. ÖJ, þskj. 27.

Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, 34. mál, fsp. KolH, þskj. 34.

Fjármagnstekjuskattur, 41. mál, fsp. JóhS, þskj. 41.

Framboð á leiguhúsnæði, 30. mál, fsp. ÖJ, þskj. 30.

Gerð vega og vegslóða í óbyggðum, 53. mál, fsp. KolH, þskj. 53.

Heildarskuldastaða ríkissjóðs, 28. mál, fsp. SighB, þskj. 28.

Kampýlóbaktersmit á Íslandi, 32. mál, fsp. SighB, þskj. 32.

Kostnaður af losun gróðurhúsalofttegunda, 33. mál, fsp. KolH, þskj. 33.

Kyoto-bókunin, 35. mál, fsp. KolH, þskj. 35.

Könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, 44. mál, fsp. JóhS, þskj. 44.

Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, 7. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 7.

Reglugerðir á grundvelli 16. gr. laga um framhaldsskóla, 52. mál, fsp. JÁ, þskj. 52.

Samningur um raforkusölu til álbræðslu á Reyðarfirði, 40. mál, fsp. KolH o.fl., þskj. 40.

Samstarf atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni, 42. mál, fsp. SvanJ og EMS, þskj. 42.

Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, 24. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 24.

Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, 10. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 10.

Staða Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um umhverfisáhrif, 29. mál, fsp. KolH, þskj. 29.

Starfsemi kjarnorkuendurvinnslustöðvanna í Dounreay og Sellafield, 39. mál, fsp. KolH, þskj. 39.

Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, 46. mál, fsp. JóhS, þskj. 46.

Útsendingar sjónvarpsins, 43. mál, fsp. EKG, þskj. 43.

Varasjóður fyrir lán Byggingarsjóðs verkamanna, 36. mál, fsp. JB, þskj. 36.

Verkefni sem sinna má á landsbyggðinni, 51. mál, fsp. SvanJ, þskj. 51.

Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni, 49. mál, fsp. SvanJ, þskj. 49.

Vitamál, 57. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 57.

Þróun aflamarks, 48. mál, fsp. EKG, þskj. 48.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tilkynningar um formennsku í eftirfarandi nefndum:

Á fundi fjárln. 4. október var Jón Kristjánsson kjörinn formaður nefndarinnar og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Á fundi félmn. í dag var Arnbjörg Sveinsdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Á fundi iðnn. í dag var Hjálmar Árnason kjörinn formaður nefndarinnar og Guðjón Guðmundsson varaformaður.

Á fundi menntmn. í dag var Sigríður Anna Þórðardóttir kjörin formaður nefndarinnar og Ólafur Örn Haraldsson varaformaður.

Á fundi sjútvn. í dag var Einar K. Guðfinnsson kjörinn formaður nefndarinnar og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Framlagning ríkisreiknings fyrir árið 1998.

[13:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill tilkynna, svo að það liggi formlega fyrir, að borist hefur svohljóðandi bréf frá fjmrh. um ríkisreikning 1998, dags. 12. ágúst 1999:

„Samkvæmt ákvæðum laga nr. 88 27. maí 1997, um fjárreiður ríkisins, hefur ríkisbókhald gert ríkisreikning fyrir árið 1998. Reikningurinn nær til allra ríkisaðila og er hann gerður í samræmi við lög og venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins.

Þá hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninginn með vísan til laga nr. 86 27. maí 1997, um Ríkisendurskoðun, sbr. 43. gr. stjórnarskrár. Hér með staðfesta fjmrh. og ríkisbókari hann með undirritunum sínum. Reikningurinn sendist Alþingi hjálagður.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra.
Gunnar H. Hall ríkisbókari."

Reikningurinn liggur fyrir á lestrarsal.

Fjárlög 2000, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[13:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en umræðan hefst vill forseti láta þess getið að sammæli er um það milli þingflokkanna að fjmrh. og fulltrúar þingflokkanna hafi tvöfaldan ræðutíma í fyrra sinn en aðrir ráðherrar og þingmenn hafi allt að 15 mínútur tvisvar.

[13:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000. Í ræðu minni mun ég fjalla um helstu áhersluatriði ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum eins og þau birtast í þessu frv. Auk þess mun ég gera grein fyrir helstu efnisatriðum þess. Af ráðnum hug mun ég þó ekki fjalla í smáatriðum um einstakar tillögur í frv. um fjárveitingar sem þar er að finna. Það er til þess að leggja áherslu á efnahagslegt hlutverk frv. og að niðurstöður þess í heild skipta mestu máli og eru mikilvægari en einstakar fjárveitingar sem þar er að finna.

Fjárlagafrv. fyrir árið 2000 er lagt fram með hagstæðari niðurstöðu en áður hefur þekkst hér á landi að því er best er vitað. Gildir þá einu hvort litið er á afgang í tölum eða sem hlutfall af landsframleiðslu. Rekstrarafgangur ríkissjóðs samkvæmt frv. er áætlaður 15 milljarðar króna eða sem svarar 2,2% af landsframleiðslu. Til samanburðar má nefna að fjárlagafrv. ársins 1999 var lagt fram í fyrra með 1,9 milljarða kr. afgangi en afgreitt með afgangi upp á 2,4 milljarða. Nú er áætlað að endanleg niðurstaða verði nálægt 7,5 milljarðar í afgang eða um 1,2% af landsframleiðslu. Þetta er til marks um það aðhald sem felst í fjárlagafrv. Afgangurinn tvöfaldaðist. Heildarútgjöld ríkissjóðs lækka milli áranna 1999 og 2000 bæði að raungildi, um 1,5% og í hlutfalli við landsframleiðslu um sama hlutfall, fara úr 29,2% í 27,7%.

Stóraukinn rekstrarafgangur endurspeglast í hagstæðri greiðslustöðu ríkissjóðs. Þannig er lánsfjárafgangur ríkissjóðs árið 2000 talinn verða um 24 milljarðar króna samanborið við 20 á yfirstandandi ári og 17 milljarða afgang árið 1998. Samanlagt nemur lánsfjárafgangur áranna 1998–2000 því um 61 milljarði króna. Þetta svarar til ríflega fjórðungs af heildarskuldum ríkissjóðs. Öllu þessu fjármagni er unnt að verja til uppgreiðslu lána eða til að bæta stöðu ríkissjóðs að öðru leyti. Eins og þessar tölur bera með sér er í frv. lögð megináhersla á að nýta hagstætt árferði til þess að reka ríkissjóð með verulegum afgangi. Þessi stefnumörkun er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá síðasta vori þar sem meðal annars er kveðið á um nauðsyn aðhaldssamrar hagstjórnar og að ríkissjóður skuli rekinn með umtalsverðum afgangi. Við núverandi aðstæður er fátt mikilvægara til að draga úr þenslu í efnahagslífinu, sporna gegn

viðskiptahalla og tryggja stöðugleika, ekki síst í verðlagsmálum.

Töluverðra breytinga er að vænta í efnahagsmálum á næsta ári miðað við fyrirliggjandi þjóðhagsspá. Eftir mikinn hagvöxt undanfarinna ára er nú spáð að úr honum dragi og að hagvöxtur verði 2,7% á árinu 2000. Þjóðarútgjöld eru talin aukast um 2,5% samanborið við 4,5% aukningu á þessu ári og tæplega 12% aukningu í fyrra. Einkaneysla, samneysla og fjárfesting aukast einnig á bilinu 2–2,5% samkvæmt spánni.

Í forsendum fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var miðað við að verðhækkanir milli áranna 1998 og 1999 yrðu 2,5% og að hækkunin innan ársins yrði 3%. Ýmislegt hefur orðið þess valdandi að verðbólgan á árinu verður meiri en þá var reiknað með. Hins vegar er gert ráð fyrir að verulega dragi úr verðhækkunum á næsta ári og að neysluverðsvísitalan hækki um nálægt 2,5% frá upphafi til loka næsta árs, samanborið við um 4,5% hækkun á þessu ári. Meðalhækkunin milli ára verður þó meiri vegna mikilla hækkana á síðari hluta þessa árs, eða á bilinu 3,5–4%. Þess má geta að nýjasta spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um verðlagsþróun hér á landi er nokkru hagstæðari en þær tölur sem fram koma í þjóðhagsáætlun.

Nokkur umræða hefur orðið um stöðu efnahagsmála að undanförnu, m.a. í ljósi þeirrar verðlagsþróunar sem ég hef gert að umtalsefni. Eðlilegt er að spurt sé hvernig stjórnvöld hyggist bregðast við aukinni verðbólgu. Þessari spurningu hefur að nokkru leyti verið svarað með þeirri ákvörðun Seðlabankans fyrir skömmu að hækka vexti í fjórða sinn á einu ári. Þessi ákvörðun er að mínu viti rökrétt og eðlileg og gefur um leið skýr skilaboð um að stjórnvöld muni einskis láta ófreistað til að hamla gegn verðbólgunni. Um leið stuðlar hún að hækkun gengis íslensku krónunnar sem aftur leiðir til lækkunar innflutningsverðs og þar með minni verðbólgu til skamms tíma.

Ég leyfi mér hins vegar að halda því fram að veigamestu og skýrustu áherslur stjórnvalda um að það verður ekki látið viðgangast að verðbólgan fari úr böndunum komi fram í þessu fjárlagafrv. Niðurstaða frv. um tvöfalt meiri rekstrarafgang á næsta ári en í ár felur í sér skýr skilaboð um að ríkisstjórnin hyggist beita sér af alefli gegn verðbólgu og viðskiptahalla með öllum tiltækum ráðum. Stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er mjög skýr og verður ekki misskilin.

Ég vil einnig undirstrika ábyrgð Alþingis í þessum samhengi og mikilvægi þess að í engu verði hvikað frá markmiðum fjárlagafrv. þannig að fjárlög verði afgreidd með að minnsta kosti jafnmiklum afgangi og gert er ráð fyrir í frv. Í þessu felst vitaskuld að ýmsum verkefnum sem mörgum kann að þykja brýn verður að skjóta á frest. Hér eru engar millileiðir færar. Meginatriðið er að tryggja stöðugleikann og því þurfa aðrar áherslur einfaldlega að víkja um sinn. Á því byggir áframhaldandi farsæld og velmegun í landinu og ekkert mun koma sér betur fyrir heimilin og atvinnulífið. Ég treysti því að þessi sjónarmið hafi víðtækan hljómgrunn og njóti skilnings bæði hér á hinu háa Alþingi og almennt í þjóðfélaginu.

Þrátt fyrir að verðlagshækkanir síðustu mánaða hafi orðið meiri en æskilegt getur talist er ekki unnt að líta fram hjá þeirri staðreynd að þróun efnahagsmála hér á landi að undanförnu hefur verið hagstæð og flestir mælikvarðar á afkomu þjóðarbúsins verið mjög jákvæðir. Hagvöxtur hefur verið á bilinu 5–6% síðustu fjögur ár, eða tvöfalt meiri en gengur og gerist í helstu nágrannalöndum. Kaupmáttur heimilanna hefur aukist meira á undanförnum árum en dæmi eru um hér á landi, eða um nálægt fjórðung síðan 1995. Þetta jafngildir 5–6% kaupmáttaraukningu á ári að jafnaði, eða þrisvar sinnum meira en í helstu viðskiptalöndunum. Atvinnuleysi er um 2% og er hvergi lægra sé tekið mið af aðildarríkjum OECD. Verðbólga hefur verið á bilinu 1,5–2,5% allt fram á þetta ár. Staða ríkisfjármála hefur mjög færst til betri vegar að undanförnu og horfur á ríflegum afgangi á fjárlögum á næstu árum ef rétt er að málum staðið.

Staða ríkisfjármála er ekki einungis hagstæð í samanburði við fyrri ár heldur einnig með tilliti til stöðunnar í helstu nágrannaríkjum. Þannig er Ísland eitt fárra aðildarríkja OECD þar sem ríkissjóður skilar afgangi. Í flestum ríkjanna er halli sem nemur á bilinu 1–2% af landsframleiðslu. Jafnframt er skuldastaða hins opinbera betri hér en víða annars staðar sem og staða opinberra lífeyrismála. Í þessu felst hins vegar ekki að unnt sé að slaka á þeirri ábyrgu og aðhaldssömu efnahagsstefnu sem hér hefur verið fylgt að undanförnu. Við verðum að nota það svigrúm sem nú er fyrir hendi til að grynnka enn frekar á skuldum ríkisins og létta þannig undir með komandi kynslóðum.

Ofangreindar staðreyndir sýna svo ekki verður um villst að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað miklum árangri. Jafnframt hefur Ísland skipað sér á bekk með þeim þjóðum sem sýnt hafa hvað bestan árangur í efnahags- og ríkisfjármálum að undanförnu. Þegar horft er til baka til þess tíma er hér ríkti óðaverðbólga og óstöðugleiki var landlægur verður þetta að teljast ótrúlega góður árangur eins og fram hefur komið í skýrslum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sömu sögu er að segja af þeim fyrirtækjum sem hafa skoðað stöðu íslenskra efnahagsmála með það fyrir augum að meta lánshæfi Íslands. Niðurstaða þessara aðila hefur verið á sama veg, að staða efnahagsmála sé traust og umbætur í stjórn efnahagsmála undanfarin ár hafi skilað mikilvægum árangri og komið Íslandi í hóp þeirra ríkja sem best standa í þessu tilliti. Jákvæð umsögn þessara aðila og bætt lánstraust hefur síðan skilað sér með áþreifanlegum hætti í þjóðarbúið í formi lægri vaxta af erlendum lánum því að lánstraust íslenska ríkisins þjónar sem ákveðin viðmiðun fyrir aðra lántakendur.

Það er enn frekar til marks um þau umskipti sem orðið hafa í ríkisfjármálum á undanförnum árum að frá árinu 1990 hefur svokallaður undirliggjandi halli í ríkisfjármálum — eða kerfishallinn eins og hann er stundum nefndur — sem þá nam tæplega 30 milljörðum kr., snúist í 6–7 milljarða kr. afgang. Þessi mælikvarði sýnir afkomu ríkissjóðs þegar áhrif hagsveiflunnar hafa verið fjarlægð. Það er því ekki rétt sem sumir halda fram að hagstæð afkoma ríkissjóðs skýrist eingöngu af efnahagsuppsveiflunni eða góðærinu sem kallað er. Vissulega aukast tekjur ríkissjóðs þegar vel árar, en nú hefur verið búið svo um hnútana að ríkissjóður mun að óbreyttu einnig skila afgangi í venjulegu árferði. Útreikningar af þessu tagi byggjast að vísu ekki á nákvæmum vísindum en gefa á hinn bóginn sterka og ánægjulega vísbendingu um hvert stefnir. Samkvæmt framreikningum eru horfur á að afgangur á ríkissjóði á þennan mælikvarða þrefaldist á næstu fjórum árum ef haldið verður áfram á þeirri braut sem mörkuð er í fjárlagafrv. sem ég tel bæði sjálfsagt og eðlilegt.

Heimilin í landinu hafa einnig notið þess árangurs sem náðst hefur í efnahagsmálum eins og sést best á því að útgjöld þeirra til ýmissa málaflokka hafa stóraukist að undanförnu,

hvort sem litið er til almennra neysluútgjalda eða fjárfestinga í íbúðarhúsnæði í kjölfar aukins kaupmáttar. Það er enn fremur til marks um bætta stöðu heimilanna að vanskil þeirra hafa minnkað. Traust og farsæl efnahagsstefna skilar sér einnig í almennum fyrirtækjarekstri, hvort sem litið er til hefðbundinna atvinnugreina eða fyrirtækja í nýjum greinum sem hafa haslað sér völl að undanförnu, bæði innan lands og utan. Bætt staða atvinnulífsins er síðan grundvöllur fyrir enn aukinni velmegun heimilanna.

Ég hef lagt mikla áherslu á það bæði nú og í fyrra að batnandi afkoma ríkissjóðs gerir honum kleift að greiða niður skuldir og grynnka á vaxta- og greiðslubyrði næstu ára. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að þessu. Sú vinna hefur skilað þeim árangri að í stað langvarandi hallareksturs og skuldasöfnunar hafa skuldir ríkissjóðs lækkað um meira en fimmtung frá 1995 til ársloka 1998 og horfur eru á frekari lækkun á þessu og næsta ári. Samkvæmt áætlun fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði nálægt 30% í árslok 2000 samanborið við 51% í árslok 1995 og er þá miðað við hlutfall af landsframleiðslu. Jafnframt hefur þetta orðið til þess að vaxtagreiðslur ríkissjóðs lækka um 2 milljarða kr. á næsta ári miðað við 1998 og er þar að sjálfsögðu um varanlega, árlega lækkun að ræða.

Mikil lækkun skulda ríkissjóðs er vitaskuld fagnaðarefni og ætti að vera kappsmál allra. Í þessu sambandi vil ég þó nefna nokkur álitamál sem upp koma við núverandi aðstæður og gera það að verkum að ekki er sjálfgefið að verja lánsfjárafgangi ríkissjóðs einvörðungu til að lækka skuldir. Lítum aðeins nánar á þetta. Eins og ég hef sagt gefur hagstæð greiðslustaða ríkissjóðs vissulega færi á að lækka skuldirnar verulega en hér þarf hins vegar jafnframt að huga að stöðu efnahagsmála hverju sinni í víðara samhengi. Ef lánsfjárafgangur ríkissjóðs er eingöngu nýttur til að lækka innlendar skuldir leiðir það, að öðru óbreyttu, til vaxtalækkunar, einkanlega á lánum til lengri tíma. Sú þróun er þegar hafin en við núverandi aðstæður þarf að gæta þess að það stuðli ekki að aukinni eftirspurn og þenslu. Á hinn bóginn setur gjaldeyrisforðinn því nokkrar skorður hversu langt er unnt að ganga í að greiða niður erlendar skuldir sem þó væri að sjálfsögðu æskilegast út frá almennum efnahagssjónarmiðum. Einnig eykur uppgreiðsla erlendra skulda þrýsting á gengi krónunnar og getur leitt til gengislækkunar sem sömuleiðis er mjög óheppilegt við núverandi aðstæður. Hér þarf því að iðka vissa jafnvægislist í lánastýringu þar sem einnig kemur til greina að ávaxta hluta afgangsins í Seðlabanka eða með öðrum hætti.

Sérstaklega kemur til athugunar að nýta þær hagstæðu aðstæður sem nú ríkja til að koma til móts við fyrirsjáanlegan fjárhagsvanda B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem til er kominn vegna fyrri ára. Staðan er sú að ríkissjóður er, eins og kunnugt er, á endanum ábyrgur fyrir öllum skuldbindingum þótt ekki sé hægt að líta á þær sem skuldir í hefðbundnum skilningi. Þessar skuldbindingar hafa stórvaxið á undanförnum árum. Sýnt er að að óbreyttu stefnir í sjóðþurrð hjá B-deild lífeyrissjóðsins um árið 2010 þannig að ríkissjóður þurfi þá og framvegis að standa undir öllum útgreiddum lífeyri úr þessum hluta sjóðsins á grundvelli bakábyrgðar sinnar. Þá alvarlegu stöðu er brýnt að koma í veg fyrir. Það verður best gert með skipulegum innborgunum í sjóðinn, t.d. næstu tíu árin. Í ársbyrjun kynnti ég að a.m.k. milljarður króna af afgangi þessa árs yrði lagður í sjóðinn á þessu ári. Nú eru horfur á að unnt verði að hafa þá fjárhæð enn hærri, jafnvel verulega hærri. Heildarfjárvöntun lífeyrissjóðsins, sem er á ábyrgð ríkissjóðs, er talin vera um 55 milljarðar kr. að bestu manna yfirsýn. Brýnt er að gera heildaráætlun um að taka á þessum vanda og er nú unnið að því af hálfu fjármálaráðuneytisins í samstarfi við stjórn sjóðsins. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem að þessari hlið málsins er hugað í alvöru og fé greitt beint inn í sjóðinn. Hins vegar hefur þegar verið tryggt að A-deild lífeyrissjóðsins sem allir nýir starfsmenn greiða í, mun ekki lenda í þessum vanda.

En aðalatriði málsins er að finna leiðir til þess að ráðstafa lánsfjárafgangi ríkissjóðs með þeim hætti að það stuðli að efnahagslegum stöðugleika til lengri tíma og minnki framtíðarskuldbindingar.

Ég mun nú gera grein fyrir helstu áhersluatriðum frv. eins og þau birtast á tekju- og gjaldahlið þess.

Minni hagvöxtur á næsta ári veldur því að vænta má minni aukningar tekna ríkissjóðs en að undanförnu. Í heild er þó gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 205 milljarðar kr. árið 2000 sem er um 10 milljarða kr. aukning frá áætlun ársins 1999. Þar af er reiknað með um 2,5 milljarða kr. aukningu í tekjusköttum einstaklinga, um 1 milljarðs kr. hækkun á tryggingagjöldum og um 5 milljarða kr. aukningu í veltusköttum. Tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu eru taldar lækka úr 30,3% árið 1999 í 29,8% árið 2000 og skatttekjur lækka um svipað hlutfall.

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2000 eru áætluð 190 milljarðar kr. og aukast um 2,7 milljarða kr. frá áætluðum útgjöldum árið 1999. Þar af eru 2,2 milljarðar kr. vegna umsaminna launahækkana. Heildarútgjöld lækka þannig um 1,5% að raungildi frá áætlaðri útkomu þessa árs miðað við fyrirliggjandi verðlagsforsendur. Útgjöldin lækka um svipað hlutfall af landsframleiðslu, eða úr 29,2% í 27,7% eins og ég hef áður nefnt.

Mig langar til að víkja sérstaklega að tveimur þáttum þeirra breytinga sem urðu á framsetningu fjárlaga á síðasta ári þar sem ég hef orðið var við nokkurn misskilning á eðli þeirra. Fyrra atriðið er náskylt því efni sem ég gat um áðan og varðar áhrif og meðferð lífeyrisskuldbindinga ríkisins. Nú eru bæði fjárlög og ríkisreikningur færð á rekstrargrunni, en fjárlög voru áður eingöngu færð á greiðslugrunni þótt ríkisreikningur væri á rekstrargrunni. Í þessu felst meðal annars að nú ber að færa þær skuldbindingar sem falla á ríkissjóð á fjárlagatímabilinu til gjalda jafnóðum og til þeirra er stofnað, jafnvel þótt þær komi ekki til greiðslu fyrr en löngu síðar. Þetta sést best á færslu lífeyrisskuldbindinga ríkisstarfsmanna, en hækkun á þeim vegna breytinga á launakerfi ríkisstarfsmanna á þessu og síðasta ári er öll bókfærð á rekstur þessara tveggja ára þótt hún komi til greiðslu á mörgum árum og jafnvel áratugum. Þótt ýmsum þyki þetta ankannalegt við fyrstu sýn tel ég þessar breytingar til mikilla bóta þar sem þær gera öll fjármál ríkissjóðs sýnilegri sem og hvaða skuldbindingar gengist er undir hverju sinni. Heildaryfirsýnin er mun betri. Það er af sem áður var að teknar séu ákvarðanir í dag sem fela í sér stórfelld útgjöld í framtíðinni án þess að þeirra sé getið í fjárlögum. Nú er skilmerkilega skýrt frá því hvaða afleiðingar tilteknar ákvarðanir hafa í för með sér fyrir ríkissjóð í formi skuldbindinga og um þessar bókhaldsbreytingar var góð samstaða í þinginu á sínum tíma. Með þetta í huga kemur á óvart að heyra því haldið fram að í gangi sé einhver feluleikur um þetta efni hvort sem er í fjárlagagerðinni eða í framsetningu ríkisreiknings. Þannig hefur því til dæmis verið haldið fram að verið sé að fela

þær lífeyrisskuldbindingar sem rekja má til kjarasamninga við ríkisstarfsmenn á árunum 1997 og 1998. Þessu vísa ég algjörlega á bug enda eru þessi áhrif tilgreind skilmerkilega, bæði í nýbirtum ríkisreikningi fyrir árið 1998 og í fjárlögum þessa árs sem og frumvarpinu fyrir hið næsta. Hins vegar getur verið flókið mál að meta þessar skuldbindingar og aðeins á færi sérfræðinga. Með þeim breytingum á tilhögun lífeyrismála sem forveri minn í fjármálaráðherrastóli beitti sér fyrir var tekið á þessum málum til frambúðar. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til á þessu sviði og fyrirhugaðar innborganir í sjóðinn bera vott um fyrirhyggju og ábyrga fjármálastjórn.

Víkjum þá að seinna atriðinu sem ég vil vekja athygli á og lýtur að breytingum á framsetningu fjárlaga. Það eru hinir tveir mismunandi mælikvarðar á afkomu ríkissjóðs sem nú eru notaðir, þ.e. annars vegar bókfærð afkoma á rekstrargrunni, svokallaður tekjujöfnuður, og hins vegar lánsfjárjöfnuður. Báðir mælikvarðar hafa hlutverki að gegna. Sá fyrri sýnir mat á afkomu ríkissjóðs að teknu tilliti til áfallinna en ógreiddra skuldbindinga svo sem lífeyrisskuldbindinga. Það er ljóst að gjaldfærsla þessara skuldbindinga hefur neikvæð áhrif á bókfærða afkomu ríkissjóðs eins og glöggt kom í ljós í ríkisreikningi ársins 1998, en þar voru gjaldfærðir rúmlega 20 milljarðar kr. Árið 1999 er gjaldfærslan talin geta numið 8 milljörðum kr. og í fjárlagafrv. er reiknað með um 6,6 milljarða kr. gjaldfærslu. Rekstrarafkoma ríkissjóðs, eða tekjujöfnuður eins og hann kallast á fagmáli, segir því ekkert um greiðsluflæði innan ársins og getur þar af leiðandi ekki orðið grundvöllur umræðu um áhrif ríkisfjármálanna á efnahagslífið til skamms tíma litið. Þar verður að nota hinn mælikvarðann, lánsfjárjöfnuðinn. Hann mælir það fjármagn sem raunverulega er til ráðstöfunar eða þá fjárvöntun sem til staðar kann að vera og er því sú stærð sem skiptir mestu fyrir áhrif ríkisfjármála á lánsfjármarkaðinn og efnahagslífið hverju sinni. Lánsfjárjöfnuður er því í reynd mælikvarði á það hvort stjórnvöld fylgja aðhaldssamri eða undanlátssamri stefnu, hvort ríkissjóður þarf að fjármagna rekstur sinn með lántökum eða ekki. Stórfelldur lánsfjárafgangur á árunum 1998–2000 sýnir ótvírætt að ríkisstjórnin fylgir aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum sem hamlar gegn þenslu í efnahagslífinu og stuðlar að auknum stöðugleika.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir áframhaldandi sölu á eignarhlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum, eins og kveðið er á um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að tekjur af eignasölu gangi ekki inn í rekstur ríkissjóðs til þess að standa undir útgjöldum. Slíkt væri að sjálfsögðu mikið glapræði. Gert er ráð fyrir að slíkar tekjur gangi á næsta ári einvörðungu til þess að lækka skuldir ríkisins. Í framtíðinni kemur til greina að verja hluta þeirra til sérstakra innviðaverkefna á sviði samgangna og upplýsingatækni, eins og tekið er fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að sala ríkiseigna skili tæplega 4 milljarða kr. söluhagnaði á árinu 2000.

Þessi fjárhæð ásamt 11 milljörðum króna til viðbótar af almennum tekjum mynda þann 15 milljarða króna rekstrarafgang sem er niðurstaða frv. Við núverandi aðstæður er ljóst að sala á eignarhlut ríkisins í ýmsum fyrirtækjum, t.d. bönkunum, er álitlegur kostur auk þess sem slíkt er æskilegt með tilliti til almennra rekstrar- og hagkvæmnisjónarmiða. Í fjárlagafrv. er af þeim sökum gert ráð fyrir að stigin verði nokkur skref í þá átt á næsta ári. Enginn vafi er á að það mun skila sér í traustari umgjörð efnahagsmála almennt. Hins vegar hefur ekki enn verið endanlega afráðið hvar borið verður niður í þessu efni og því er söluhagnaður á næsta ári varlega áætlaður. Á næstunni verður unnið að nánari útfærslu á þessum málum á vegum ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum á sviði skattamála sem einkum hafa miðað að því að treysta samkeppnisstöðu atvinnulífsins, draga úr atvinnuleysi, tryggja afkomu hinna tekjulægri, stuðla að auknum stöðugleika í efnahagslífinu og bæta lífskjör heimilanna. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að þessar skattbreytingar gangi ekki gegn þeirri þróun sem er í helstu nágrannaríkjunum. Hefur ekki síst verið unnið að því að lækka skatthlutföll. Hér minni ég t.d. á þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar í tengslum við síðustu almennu kjarasamninga að lækka tekjuskatt um fjögur prósentustig. Þessi skattalækkun hefur skilað mikilli kjarabót í vasa launafólks og m.a. lækkað jaðaráhrif. Jafnframt hefur stefnan í skattamálum miðað að því að fækka undanþágum og stuðla að breiðari skattstofnum og um leið draga úr möguleikum til undandráttar frá skatti. Með þessum aðgerðum hefur í senn verið rennt styrkari stoðum undir atvinnulífið, bæði hér innan lands og gagnvart erlendum keppinautum og stuðlað að auknum kaupmætti heimila.

Alþjóðlegur samanburður í skattamálum er Íslandi hagstæður enda höfum við forðast að falla í sömu gryfju og margar nágrannaþjóðirnar, þ.e. að reyna að leysa öll vandamál í gegnum skatta- og tilfærslukerfin. Fyrir vikið hefur skattbyrðin haldist innan þolanlegra marka enda sýna skýrslur OECD að skattbyrði hér á landi er með því lægsta sem þekkist í aðildarríkjum þeirra samtaka. Ég vil þó taka það fram að ég tel að almennt séu skattar of háir hér á Íslandi og að vinna þurfi að því að lækka skattbyrði almennings þegar efnahagsaðstæður gefa tilefni til. Við núverandi þensluástand eru almennar skattalækkanir hins vegar ekki skynsamlegar. Því ber fremur að beina athyglinni í þessum efnum að sérstökum leiðréttingum eða augljósum ágöllum í skattkerfinu og vinna bug á þeim. Tillaga ríkisstjórnarinnar um að hækka millifæranlegan persónuafslátt hjóna eða sambýlisfólks í áföngum á kjörtímabilinu, sem liggur nú þegar sem frv. á borði þingmanna, er dæmi um þetta og fleiri slík atriði verða til athugunar.

Mikilvægt er að samhæfa stefnuna í skattamálum almennri efnahagsstefnu. Jafnframt hlýtur stefnan í skattamálum í vaxandi mæli að taka mið af þeim breytingum sem hafa orðið á alþjóðavettvangi þar sem frelsi í viðskiptum á öllum sviðum hefur víðast hvar leyst höft, boð og bönn af hólmi. Í þessu samhengi vil ég nefna að ég hef fyrir nokkru sett á laggirnar sérstaka nefnd sem skipuð er kunnáttufólki úr viðskiptalífinu sem ætlað er að vera ráðgefandi um þessi mál. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru tilgreind nokkur atriði sem mikilvægt er að hafa að leiðarljósi við endurskoðun skattalöggjafarinnar. Þannig er brýnt að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið með það fyrir augum að draga enn frekar úr neikvæðum jaðaráhrifum í skattkerfinu.

Með ákvörðun Alþingis um skattlagningu fjármagnstekna var stigið mikilvægt skref í átt til samræmingar í skattlagningu. Nú þarf að huga að næstu skrefum, m.a. þeim sem lúta að lækkun og samræmingu eignarskatta. Í dag njóta sumar tegundir eigna skattfrelsis á meðan aðrar eignir eru að fullu skattlagðar. Loks þarf að taka til sérstakrar skoðunar samspil bótakerfis almannatrygginga, greiðslna úr lífeyrissjóðum, skattkerfis og sparnaðar í efnahagslífinu. Á næstu árum og

áratugum blasir við hlutfallsleg aukning eldra fólks sem mun að óbreyttu hafa í för með sér aukin útgjöld til lífeyris-, heilbrigðis- og umönnunarmála. Verkefni stjórnvalda er að leita leiða til að bregðast við þessum horfum án þess að skattbyrði aukist. Á næstunni verður skipuð sérstök nefnd undir forustu forsrn. til þess að fara ofan í þessi mál og gera tillögur um úrbætur.

Í fjárlagafrv. er lögð áhersla á aðhald í rekstri ríkisins og tekið er á umframútgjöldum stofnana sem orðið hafa á þessu ári. Jafnframt er áfram unnið að styrkingu þeirra málaflokka sem ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á, einkum velferðar- og menntamála. Þannig aukast framlög til heilbrigðismála um tæp 13% frá árinu 1998, framlög til almannatrygginga og velferðarmála um 11% og framlög til fræðslumála um tæplega 7%.

Ég tel einnig sérstaka ástæðu til að nefna aukin framlög úr ríkissjóði til að taka á áfengis- og fíkniefnavandanum, einkanlega meðal ungmenna. Sömuleiðis eru framlög til sambýla fatlaðra aukin.

Í frv. eru á hinn bóginn umtalsverð áform um frestun framkvæmda, eða sem nemur rúmlega 2,2 milljörðum króna miðað við yfirstandandi ár. Ef ekki hefði komið til frestunar hefði stofnkostnaður aukist á milli ára, vegna markaðra tekjustofna til vegagerðar og áforma sem uppi voru um að ljúka ýmsum stórum byggingaráföngum. Með frestun framkvæmda er í senn stuðlað að auknum afgangi á ríkissjóði og hamlað gegn þenslu í efnahagslífinu. Ég vil í þessu samhengi undirstrika það sem ég nefndi fyrr í ræðu minni að þessi stefnumörkun ber vott um þann staðfasta ásetning ríkisstjórnarinnar að róa að því öllum árum að draga úr þenslu og treysta stöðugleikann í efnahagsmálum. Í þessu sambandi má nefna að í frumvarpinu fyrir næsta ár eru stórfelld útgjöld sem tengjast eingöngu næsta ári og þeim tímamótum sem þá verða. Nema þau í allt um milljarði króna en hverfa að mestu árið eftir.

Helsti vandi á útgjaldahlið á þessu ári er aukinn rekstrarkostnaður í heilbrigðiskerfinu umfram heimildir fjárlaga. Við undirbúning frv. var lögð áhersla á að greina þennan vanda og gerðar eru tillögur um 1,4 milljarða króna viðbótarframlög til að styrkja rekstur sjúkrastofnana. Í fjáraukalögum fyrir árið 1999 verður einnig lögð til veruleg viðbót við framlög þessa árs. Ljóst er að áfram verður að vinna að tillögum um hvernig brugðist verði við miklum og vaxandi útgjöldum í heilbrigðiskerfinu. Nú er til endurskoðunar fyrirkomulag í heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að skoða möguleika á breyttu rekstrarformi einstakra þjónustuþátta eða stofnana til að tryggja landsmönnum góða þjónustu en auka jafnframt ábyrgð stjórnenda á rekstrinum. Kannaðir verða möguleikar á auknu samstarfi og verkaskiptingu sjúkrastofnana þannig að nýjungar og fjölbreytni fái notið sín. Meðal annars er ætlunin að skilja á milli hlutverks ríkisins sem kaupanda þjónustunnar annars vegar og veitanda hennar hins vegar.

Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að endurskoða ýmsa þætti í ríkisrekstrinum með það fyrir augum að auka hagkvæmni og bæta þjónustu. Hér má nefna aukin útboð ýmissa verkefna og framkvæmda, stækkun og sameiningu stofnana, auk þess sem ríkið kaupir þjónustu í ríkari mæli en áður af einkaaðilum. Jafnframt hefur eftirlit með framkvæmd fjárlaga verið hert. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut, meðal annars með því að gera samhliða auknu sjálfstæði stjórnenda ríkisstofnana auknar kröfur til þeirra um árangur og ábyrgð á rekstrinum. Á vegum ráðuneyta verður áfram unnið að endurskipulagningu og hagræðingarverkefnum með það að markmiði að bæta þjónustu og minnka kostnað.

Áfram verður unnið að umbótum í ríkisrekstrinum, m.a. með auknum útboðum og sameiningu og styrkingu stofnana, þjónustusamningum og auknu svigrúmi og ábyrgð stjórnenda. Í morgun var undirritaður samningur milli ríkisins og Háskóla Íslands sem er gott dæmi um þessa stefnu. Kostir einkaframkvæmdar verða áfram nýttir þar sem það á við og stefnt að einfaldari og skilvirkari ríkisrekstri og stuðlað að aukinni ráðdeild í meðferð opinberra fjármuna. Gera þarf eðlilegar arðsemiskröfur til fyrirtækja í eigu ríkisins og gæta að því að allur kostnaður við þjónustu ríkissjóðs komi fram. Mörkin milli einkareksturs og þess sem hingað til hefur verið talinn eðlilegur hluti af opinberri starfsemi eru sífellt að verða óljósari. Ríkissjóður þarf því sífellt að endurskoða hlutverk sitt og gæta að því að samkeppnisstaða milli einkaaðila og ríkisins verði sem jöfnust og nýta sér jafnframt í auknum mæli þjónustu einstaklinga og samanburð við einkamarkað.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu lagt áherslu á að það séu veigamikil rök fyrir því að treysta stöðu ríkisfjármála enn frekar og ná fram þeim sögulega afgangi á næsta ári sem frv. gerir ráð fyrir. Það gefur ekki aðeins færi á að greiða niður skuldir heldur mun það einnig verða til þess að draga úr þenslu og hamla gegn verðbólgu sem ekki skiptir síður máli við núverandi aðstæður. Auk þess myndar afgangur á ríkissjóði mótvægi við viðskiptahallann og stuðlar að auknum þjóðhagslegum sparnaði eins og alkunna er.

Fjárlagafrv. er þess vegna mikilvægt efnahagslegt útspil af hálfu ríkisstjórnarinnar í þeirri viðleitni að treysta stöðugleikann í sessi sem hlýtur að vera markmið allra landsmanna. Afgangur af rekstri ríkissjóðs sem nemur 15 milljörðum króna, 40% af öllum tekjuskatti einstaklinga, er mjög mikilvægt innlegg af hálfu ríkisstjórnarinnar miðað við núverandi efnahagsástand. Það hefði verið auðvelt að eyða öllum þessum peningum. Lánsfjárafgangur sem nemur $^2/_3$ hlutum alls tekjuskatts einstaklinga segir enn meiri sögu. Það blasir við öllum og þarf vart að taka fram. Markmiðið er að sjálfsögðu að stuðla að batnandi lífskjörum heimilanna og alls almennings, gera okkar góða land enn betra. Með þessu frumvarpi er lagður hornsteinn að áframhaldandi stöðugleika og velmegun í landinu. Þess vegna er mjög brýnt að Alþingi og fjárln. þess standist ásælni þeirra sem munu gera tilkall í þá miklu fjármuni sem hér eru til meðferðar.

Sú gagnrýni hefur þegar heyrst frá stjórnarandstöðunni og fleirum að með þessu frv. sé ríkisstjórnin að brjóta sína eigin stefnuyfirlýsingu eða stjórnarflokkarnir einhver af svokölluðum kosningaloforðum. Þetta er vitanlega fjarri sanni og sérstaklega hafa árásir á Framsfl. eftir að fjárlagafrv. kom fram verið tilefnislausar. Stefnuyfirlýsingin er eins og segir í henni sjálfri starfsáætlun til fjögurra ára, þ.e. út kjörtímabilið. Í henni eru mörg stefnumið sem verður náð smám saman. En mikilvægasta markmiðið um þessar mundir er að sjálfsögðu að tryggja stöðugleikann, skapa skilyrði fyrir áframhaldandi hagvöxt, auka þjóðhagslegan sparnað og reka ríkissjóð með umtalsverðum afgangi eins og segir í stefnuyfirlýsingunni. Það er forsenda þess að unnt verði síðar að koma öðrum stefnumálum sem þar er að finna farsællega í höfn. Það ættu allir að geta séð.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar.

[14:11]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. fjmrh. fyrir fyrirlesturinn, hagfræðibrotin sem hann flutti okkur í ræðu sinni. Það er ágætt að fá ábendingar um misskilning og því um líkt sem kom fram í ræðunni að við stjórnarandstæðingar værum haldnir. Ég ætla ekki að fara að deila við hæstv. ráðherra um hugtök og ákvað að byrja mína ræðu með spurningum í stað þess að fara í andsvör.

Áður en ég kem að því vil ég, herra forseti, að vanda nefna að ég tel sjálfsagt að ráðherrar séu við þegar 1. umr. fjárlaga fer fram. Ég þakka þeim sem hér eru viðstaddir fyrir að verða við þeirri beiðni. Ég vil nefna það í leiðinni að mér þætti vænt um ef hæstv. viðskrh. mætti vera að því að vera hér um stund. Ég skal beina máli mínu til hans þegar hann kemur svo að hann tefjist ekki mjög frá störfum af mínum völdum.

Þær spurningar, herra forseti, sem ég vildi bera fram í framhaldi af ræðu hæstv. fjmrh. eru varðandi fyrirhugaðan niðurskurð framkvæmda um 2,2 milljarða. Ég spyr: Hvað kostar frestun framkvæmda um 2,2 milljarða? Ég beini sérstaklega sjónum að Alþingishúsinu, viðbyggingunni þar sem áætlað er að fresta framkvæmdum. Þar er um 100 millj. kr. að ræða.

Ég spyr: Hvað kostar frestun viðbyggingarinnar? Gera menn sér ekki ljóst að í kringum Alþingishúsið í höfuðborginni verða ljót sár jafnvel þó klárað verði að steypa plötu yfir holuna sem þarna er komin? Ég spyr hvort ekki hefði verið ráðlegt að klára húsið að utan og fresta innréttingum? Hefur það verið athugað? Ég get ímyndað mér að það kosti allt að 10 millj. að fresta þessum framkvæmdum bara hér á Alþingisreit. Síðan spyr ég: Er ekki fyrirhugað að verklok á þeim framkvæmdum sem nú er rætt um verði óbreytt? Ef svo er þá er eðlilegt að fram komi einhverjar hagfræðivangaveltur frá mönnum um hver sparnaðurinn sé til lengri tíma litið eða hver tilgangurinn sé.

Mig langar líka að spyrja: Hverjar eru forsendur almennra launabreytinga í fjárlagafrv.? Og til viðbótar: Hverjar eru forsendur hækkunar bótagreiðslna samkvæmt frv.?

Ég vil beina því til hæstv. fjmrh. að ég er ósammála ráðherra varðandi skattlagningu í góðæri. Ég tel að það eigi ekki að lækka skattgreiðslur í góðæri því ekki veitir af að bæta samhjálpina. Það getum við séð á bágri stöðu fjölmargra þegna, sérstaklega ellilífeyrisþega, öryrkja og þeirra sem eru á lægstu launum. Ég ítreka að ég tel ekki ástæðu til að lækka skatta í góðæri. Við þurfum að bæta samfélagsþjónustuna.

Herra forseti. Við ræðum nú fjárlagatillögur sem grunn að fjárlögum fyrir árið 2000. Ég get fagnað því af heilum hug að stefnt er að tekjuafgangi, líklega meiri tekjuafgangi en þekkst hefur frá upphafi fjárlagagerðar að teknu tilliti til allra aðstæðna.

Ég árna hæstv. fjmrh. heilla með markmiðið. En það má velta fyrir sér hver grunnurinn er fyrir framsetningu frv., veikleika þess og styrkleika. Við ræðum frv. til fjárlaga sem á eftir að taka breytingum, þó það sé ekki kannski í heildarramma, ég reikna ekki með því. En það á eftir að taka breytingum í meðferð fjárln. og ekki bara í meðferð fjárln., ég veit að það verður líka vegna tillagna frá hæstv. ríkisstjórn. Það munu koma brtt. á þeim tíma sem við vinnum við frv. Og frv. eða þessar tillögur sem við ræðum verða ekki að lögum fyrr en í desember. Fram að því er rétt að tala um áætlun en ekki lög. Það sem við höfum í höndum eru að vissu marki væntingar sem að vísu eru byggðar á forsendum fyrri fjárlaga og ýmsum þekktum staðreyndum. En vonandi gefst kostur á að gera nauðsynlegar lagfæringar á frv. á þeim tíma sem er til áramóta.

15 milljarða afgangur er engin smátala. Það er varla að fólk geti gert sér grein fyrir því um hve mikla fjármuni er að ræða. Það væri hægt að byggja margar náttúrustofur fyrir þessa peninga. Við gætum grafið fimm Hvalfjarðargöng fyrir þennan aur. Við gætum smíðað fjögur vel búin varðskip af fullkominni gerð fyrir þessa fjármuni. Við gætum klárað tvöföldun allra brúa á hringveginum og átt góðan afgang í að klára klæðningu vegarins. Við gætum gert svo margt með þessa fjármuni. Og ég væri því sammála að taka þessa fjármuni í greiðslu skulda ef aðstæður leyfðu. En ég efast þrátt fyrir allt um að hægt sé að vinna þetta á þann máta sem ætlað er. Í frv. er nefnilega ekki gert ráð fyrir bættum aðstæðum þeirra sem fá laun í formi bóta frá samfélaginu. Það er verið að greiða þegnum laun til framfærslu, til lágmarksframfærslu, en gallinn er bara sá að ekki liggur fyrir neinn viðurkenndur grunnur sem byggja má framfærsluna á. Það er meira að segja svo að Hagstofa Íslands og Háskóli Íslands geta ekki gefið upp viðmiðunargrunn sem hægt er að ganga út frá fyrir samfélagið í heild sinni.

Ég fullyrði að þau laun sem greidd eru í formi bóta sem lágmark til aldraða og öryrkja eru allt of lág. Og út frá því sem staðreynd tel ég forsendur fyrir 15 milljörðum í afgang rangar nema, eins og ég skaut einhvern tíma að í fréttum, hæstv. ríkisstjórn sé reiðubúin að selja eignir til að bæta stöðu aldraða og fatlaða í landinu. Það þarf líklega 5 milljarða til að rétta af hlut öryrkja, fatlaða og þeirra sem á lægstu launum eru svo þeir beri viðunandi hlut.

Ég held að ríkisstjórnin muni ekki komast upp með þá fyrirætlun sem liggur að baki frv., ef ég hef skilið það rétt, að framfærslugreiðslur til aldraða og öryrkja eigi aðeins að hækka um 4% á sama tíma og fjölmargir í þjóðfélaginu hafa fengið samninga, aðlögunar- eða almenna samninga, með hækkunum á launum sem nema 16–50%. Þar með eru taldir alþingismenn sem fengu úrskurð upp á 30% launahækkun.

Það er rétt að benda á að Kjaradómur og launanefnd ríkisins eiga ríkulegan hlut að máli varðandi þessar launahækkanir sem ég er að ræða um. Ég tel mig benda hér á einn mesta veikleika frv.

Ég sný mér nú að sveitarfélögum landsins vegna þess að við í fjárln. höfum verið að ræða við sveitarstjórnarmenn sem komið hafa hver á fætur öðrum má heita frá bæjarfélögunum og rakið stöðuna þar sem hún er bág almennt, og telja sig hafa farið halloka út úr tekjuskiptingunni við ríkið. Já, sveitarfélög landsins berjast í bökkum við að koma í framkvæmd þeim skyldum sem á þeim hvíla. Sveitarstjórnarmenn eru ekki alltaf sammála um hver sé orsakavaldur að rekstrarörðugleikum þeirra. En það er núna samdóma álit sveitarstjórnarmanna að tekjuskiptingin milli sveitarfélaga og ríkis sé röng, að ríkið taki til sín of stóran hlut fjármuna miðað við verkaskiptingu og að það sé rangt gefið. Einhliða ákvarðanir ríkisvaldsins og ýmsar tilskipanir sem sveitarfélögunum er ætlað að framkvæma eru m.a. ástæða góðrar stöðu ríkissjóðs, og ég verð að taka undir með sveitarstjórnarmönnum um að rangt sé gefið. Ég vil meina að hér sé komin önnur ástæða fyrir veikleika í frv. Sennilega má færa rök að því að um 2 milljarðar af því sem ætlað er að leggja til hliðar og nota til að greiða niður skuldir ættu að tilheyra sveitarfélögunum. Ég get rætt það út frá skattalegum

forsendum, þ.e. einhliða ákvörðunum um að lækka skatta sem komu niður á sveitarfélögunum. Þetta vitum við öll sem hér erum inni.

Herra forseti. Ég er aðeins að lýsa tilfærslum sem verða að eiga sér stað. Tilfærslur tekna frá ríkissjóði til sveitarfélaga verða að fara fram, annars stefnir í enn meira óefni og enn meiri lántökur hjá sveitarfélögunum og það er ekki hægt því að við verðum að starfa hlið við hlið, rétt eins og ég tel mig vera að gera núna, þ.e. starfa við hlið hæstv. fjmrh., taka undir það sem mér þykir vel gert og benda á það sem mér þykir miður.

Ég undirstrika að ég tel óbærilegt annað en að ríkissjóður verði með umtalsverðan afgang. Hann verður að vera með umtalsverðan afgang, en menn verða líka að vera í jarðarlitunum í þessu tilliti og vinna út frá því sem ég tel vera staðreyndir.

Tekjuauki ríkissjóðs hefur á síðustu árum byggst að verulegu leyti á aukinni neyslu einstaklinganna sem því miður hefur byggst á lántökum heimilanna. Hann skilar sér í ríkissjóð í formi vöru- og aðflutningsgjalda auk virðisaukaskatts. Til þess að sanna mitt mál er ég hér með súlurit sem sýnir skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna, þar sem skuldirnar núna árið 1999 eru rösklega 140% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Það má sjá hvernig súlurnar rísa frá árunum 1980–1999. Það er sjálfsagt að afhenda hæstv. *ráðherra þetta súlurit svo hann geti borið saman og skoðað.*

Því miður í þessu sambandi eru lántökur heimilanna þess valdandi, með mörgum öðrum þáttum, að meiri þensla er á peningamarkaði en áður. Ein mesta ógn sem steðjar að íslensku þjóðfélagi er vaxandi verðbólga. Aðgerðir Seðlabanka Íslands gegn verðbólgu felast í hækkun vaxta til innlánsstofnana. Vextir hafa hækkað á einu ári úr 7,2% í 9%. Það þýðir u.þ.b. 20% hækkun vaxta. Svona þenslu er ekki hægt að stroka út. Hún verður að minnka jöfnum skrefum, annars verður þetta eins og í vél. Það myndast gangtruflun í vél sem ekki fær það eldsneyti sem þarf til framleiðslunnar.

Það má e.t.v. segja í einni setningu að efnahagsástandið sé á mörkum þess sem hagkerfið þolir. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er sammála en þessi skilgreining er ábyggilega sú einfaldasta skýring sem hægt er að leggja fyrir landsmenn til þess að þeir skilji almennt hvað við er átt. Það er auðvitað eðlilegt að fólk velti fyrir sér hvað verðbólga er. Einfaldasta skýringin, hæstv. fjmrh., er sennilega að segja að of mikil aukning peningamagns í umferð leiðir til minnkandi verðgildis hverrar krónu sem leiðir til hærra verðlags. Þetta er einfalda skýringin sem ég hef lært af hagfræðingum, því ég á langt í það að verða hagfræðingur. Ég lærði þetta af hagfræðingum, ég þykist skilja þetta og mér finnst að hægt sé að koma þessu á framfæri svona. En þetta er einmitt það sem hefur verið að gerast. Það hefur verið of mikið peningamagn í umferð. Þess vegna er það rétt hjá hæstv. fjmrh. að tala um að taka peninga úr umferð. Það mun leiða til lækkandi verðbólgu. Heimsmarkaðsverð á vörum, t.d. olíu, hækkandi fasteignaverð, iðgjöld tryggingafélaganna og fleira eiga sinn þátt í þenslunni þannig að að mörgu er að hyggja. Allra síst má hv. Alþingi verða til þess að setja af stað ferli sem eykur verðbólgu eins og gert hefur verið, einmitt í því tilviki sem ég var að nefna, þ.e. hækkun tryggingafélaganna er beinlínis rakin til ákvarðana á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég vildi aðeins kanna hvernig staðan er hjá hæstv. viðskrh., hvort hann muni hafa tíma til þess að koma og hlusta á það sem ég hef fram að færa um mál sem beint heyra undir hann. Ég tel að ákveðnar aðgerðir sem gætu hamlað á móti verðbólgu tilheyri því ráðuneyti.

(**Forseti** (HBl): Ég hef látið hæstv. iðnrh. vita að hans sé sárt saknað.)

Ég þakka virðulegum forseta fyrir hans aðgerðir og ítreka þakkir til hæstv. ráðherra sem hér eru staddir. Mér líkar þetta mjög vel. Ekki fyrir það að þeir hlusta á mína rödd heldur einnig raddir þeirra sem eiga eftir að tala. Ég er þá ekki síst að tala um hv. formann fjárln. því að ég tel það nánast móðgun við hann ef ráðherrar ríkisstjórnarinnar vilja ekki einu sinni hlusta á það sem hann hefur fram að færa.

Við afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár hefur minni hluti fjárln. hvað eftir annað bent á að fyrirséð útgjöld eru ekki sett inn í frv. Fyrirséð útgjöld eru ekki sett inn í fjárlagafrv. Það leiðir til þess að fjáraukalög, sem við munum væntanlega fá í næstu viku, eru með allt öðrum hætti en þau ættu að vera. Þau eru miklu hærri en vera skyldi. Nefna mætti fjölmörg atriði sem stjórnarandstaða undanfarinna ára hefur bent á á *hverju ári, varðandi rekstur og viðhald o.fl. en því ekki verið* sinnt. Það kemur svo fram á næsta ári með fjáraukalögum, beinlínis þær tölur sem nefndar hafa verið. Ég nefni bara 2,5 milljarða sem stjórnarandstaðan taldi vanáætlaðar í rekstri heilbrigðiskerfisins.

Það er rangt og beinlínis falskt að setja ekki inn í fjárlög staðreyndir, hafi maður þær og sé þeim ekki mótmælt. Rétt er að minna á að Morgunblaðið var í síðustu viku með risafyrirsögn um að vanáætluð útgjöld heilbrigðiskerfisins væru 2,5–3 milljarðar. Búið var að nefna þessa tölu a.m.k. átta til tíu sinnum á opinberum vettvangi frá síðustu áramótum og margsinnis á hv. Alþingi á vorþinginu. Þá var einmitt spurt sérstaklega um stöðuna hjá heilbrigðisstofnunum. Því var þannig til svarað að menn vissu að þar væri mikill vandi en á honum er ekki farið að taka enn.

Herra forseti. Ég hef áður gagnrýnt ónóga yfirsýn eftir að fjárlög eru samþykkt. Ráðuneytin eru rekin án nægjanlegs aðgengis yfirstjórnar fjármála rétt eins og ráðuneytin séu eitthvert sérfyrirtæki. Þessa hluti verður að laga ef menn vilja ná þeim markmiðum sem ber að vinna að. Að sjálfsögðu ber að vinna að því að fjárlög séu raunhæf og eftir þeim sé unnt að fara. Yfirstjórn fjármála á að hafa aðgang að ráðstöfun fjármuna úr hvaða ráðuneyti sem er, hvenær sem er meðan fjárlögin eru í gildi. Sem sagt alltaf. Þessa hefur ekki verið gætt og því er svo komið sem raun ber vitni í mörgum tilvikum. Ég er ekki að segja að heilbrigðisstofnanir hefðu átt að hafna því að veita þjónustu. Það átti að viðurkenna fyrir fram hvað þyrfti. Það var málið.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég er ekki að tala um að íslenska heilbrigðiskerfið sé eitthvað dapurt. Íslenska heilbrigðiskerfið er mjög gott en reksturinn gengur ekki nægjanlega vel. Hann kostar miklu meira en menn ætluðu.

Herra forseti. Það liggur núna fyrir að fara yfir tillögugreinar þær sem settar eru fram í frv. Fram undan er mikil vinna fjárln. með ráðuneytum, með stofnunum og öllum þeim sem sækja eftir rekstrar-, viðhalds- eða stofnframlagi frá ríkissjóði. Fyrst eftir þá vinnu verður unnt að fara ofan í einstaka liði og tillögur um þá. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna einstök atriði varðandi heilbrigðiskerfið sem ég ræddi hér um áðan. Þau atriði þau hljóta að sæta gagnrýni við fyrstu yfirferð fjárlagatillagna.

Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. ætlar ríkisstjórnin að auka fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins sem nemur 1,4 milljörðum. Nú er hallinn einhvers staðar í grennd við þrjá

milljarða og þyrfti því að grípa til einhverra sérstakra aðgerða sem ekki hefur verið boðað til — annarra en að leggja 355 millj. kr. skatt á þá sem nota lítið af meðulum. Það á leggja 355 millj. kr. skatt á þá sem nota lítið af meðulum. Í fyrri hluta frv. til fjárlaga kemur fram sjúkratryggingar eiga að lækka um 355 milljónir vegna þess að þeir sem lítið nota af meðulum eiga að greiða þau fullu verði. Þetta er bara svona.

En 1,4 milljarða aukning nægir ekki til að reka heilbrigðiskerfið miðað við óbreytt ástand nema menn finni nýjar leiðir. Þær eru ekki boðaðar í þessu fjárlagafrv. Þess vegna tel ég að svona tillögur dæmi sig fyrir fram sem ómarkviss vinnubrögð. Kannski er hægt að fá útskýringu á því á hvernig menn ætla að reka kerfið með því að auka aðeins fjárveitingu um 1,4 milljarða. Á að hagræða á einhvern hátt? Hvernig þá? Á að skera eitthvað niður? Á að loka fleiri deildum? Hvað á að gera? Í fjárlagafrv. stendur hvergi neitt um það hvernig menn ætla að ná fram því sem þeir stefna að með framsetningu fjárlaga.

Herra forseti. Það sem augljóslega blasir við, auk þess sem ég hef nefnt, er að ekki er tekið á því misrétti sem jaðarskattar eða skattkerfið hefur í för með sér. Það er miður ef augljósir gallar eru á lögum og ekki er reynt að bæta úr því. Skerðingarákvæði leiða nefnilega til missis barnabóta og annarra bótatekna þannig að einstaklingar geta lent í skattheimtu sem jafnvel er yfir 100% ef tekið er tillit til þess að þeir missa bætur vegna aukinna tekna. Sérstaklega hefur verið bent á þetta varðandi laun öryrkja og aldraða og þetta liggur fyrir.

Rætt hefur verið um það þegar annað hjóna vinnur fyrir miklum heimilistekjum. Við skulum miða við tvenn hjón, tvær fjölskyldur sem hafa hvor um sig 500 þús. kr. í laun á mánuði. Þau búa við nákvæmlega sömu aðstæður með tvö börn í íbúð á þriðju hæð í blokk. Á öðru heimilinu eru bæði karlinn og konan á vinnumarkaðinum en á hinu er aðeins annað hjónanna fyrirvinna. Þar sem fyrirvinnan er aðeins ein er skerðingin mun harðari en þar sem tveir vinna fyrir sömu upphæð á mánuði. Þetta þarf að skoða.

Herra forseti. Eins og ég sagði áður hef ég beint athyglinni að almennum atriðum frekar en einstökum liðum. Ég geri mér vonir um að unnt verði að bæta ýmsar greinar frv. í meðförum fjárln. Sú vinna hefur á liðnum árum farið fram í góðri samvinnu nefndarinnar allrar undir forustu formanns hennar þó að ágreiningur hafi verið um einstök grundvallaratriði. Ég vil ítreka að við erum að fjalla um tillögur og áform, ekki endanlegar niðurstöður. Ég geri mér vonir um að niðurstöður verði raunhæfar til ávinnings fyrir samfélagið í heild eins og fjárlögum er ætlað.

Ég hef aðeins stiklað á stóru. Mér er ljóst að 2. umr. fjárlaga verður átakaumræða. Þegar sú umræða fer fram, líklega 13.–14. des. mun liggja fyrir í hvað stefnir varðandi helstu veikleika þessa frv. Ég tel að þeir lúti að kjaramálum. Þá mun koma í ljós að nauðsynlegt verður að endurskoða forsendur fjárlaga. Þá verður nauðsynlegt að breyta ýmsu því sem núna er sett fram í tillögum. Það er alls ekkert óeðlilegt, en svo mun verða. Þess vegna er ástæðulaust að fara mjög djúpt í einstakar greinar. Ég tel að forsendur fjárlaga séu tiltölulega varfærnislega fram settar og þær muni breytast. Það hvarflar ekki annað að mér en að þetta muni breytast.

Að lokum þetta: Í fjárlagafrv. finnst mér ekki votta fyrir afgerandi aðgerðum í baráttunni við fíkniefnabölið. Ég sé þess ekki stað að í gangi sé átak til að laga stöðu löggæslunnar. Þó hafa sveitarstjórnarmenn sem heimsótt hafa fjárln. ítrekað gert grein fyrir því að þeir telji að í heimabyggð sinni sé löggæsla ekki í nægjanlega góðu standi. Það kemur aðallega upp varðandi grenndarvakt, held ég að það sé kallað, þar sem lögreglan sinnir störfum sem eru kannski í 20–25 km fjarlægð frá bæjarfélagi. Í því sambandi má nefna t.d. Mosfellsbæ þar sem löggæslu er sinnt frá Reykjavík. Nefna má að löggæslu í Grindavík er sinnt frá Reykjanesbæ. Ég er ekki að ásaka lögregluna en bendi á það sem íbúarnir telja að vanti, lögreglustöð á staðnum, viðvarandi löggæslu allan sólarhringinn.

Ég sé ekki votta fyrir sértækum aðgerðum varðandi fólksflótta af landsbyggðinni. Engin breyting er á varðandi jöfnun hitunarkostnaðar og engar sérstakar aðgerðir vegna þess stórmáls sem byggðavandinn er. Í þessu fjárlagafrv. sé ég ekki að neitt sé gert til þess að lagfæra stöðu þeirrar atvinnugreinar sem einna verst er stödd á landinu, það er sauðfjárræktin. Þriðjungur þeirra sem vinna að sauðfjárræktinni er með undir 50 þús. kr. á mánuði í tekjur. Það er svo sannarlega ástæða til þess að skoða hvað er að og hvað á að gera. Af því síðastnefnda má sjá að mikið verk er óunnið.

Herra forseti. Mér þykir leitt að hæstv. viðskrh. hefur ekki séð sér fært að vera viðstaddur. Ég mun þá á einhvern annan máta reyna að nálgast hann og eiga við hann orðastað í þessum sal. Þau mál sem ég ætlaði að ræða við hann lúta að afnámi verðtrygginga fjárskuldbindinga.

Herra forseti. Ég þakka fyrir að hæstv. viðskrh. er í salnum og dettur mér þá í hug sagan af Glókolli. Ég veit að við munum Glókoll og þegar hann vann sér það til lífs að fara yfir margföldunartöfluna, hann fór yfir alla töfluna en kóngur vissi ekki hvað níu sinnum níu var.

En ég segi: Hálfur sinnum hálfur í hálft annað sinn. Ef hægt er að svara því þá reikna ég með að hæstv. viðskrh. geri það en um leið athugi hann frv. sem varðar afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga. Ég tel ástæðu til að skoða stöðu einstaklinganna vegna þess frv. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti beitt sér fyrir því að þessi mál fái sérstaka skoðun og möguleiki sé að að búin verði til viðmiðunarkarfa t.d. úr evru, t.d. úr dollar, t.d. úr jenum sem myndi þetta aðhald svo ekki verði misgengi á milli vísitölubindinga í hagkerfinu íslenska. Þar er misgengi og við vitum það. Ég spyr bara um hvort hægt sé að lagfæra þetta. En formáli minn er auðvitað þannig að hæstv. viðskrh. þarf ekki að svara því hvað hálfur sinnum hálfur í hálft annað sinn er.

[14:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir málefnalega ræðu þar sem hann fjallaði um fjárlagafrv. á breiðum grundvelli eins og vera ber við 1. umr. En hann bar fram nokkrar beinar spurningar til mín sem ég vil gjarnan leitast við að svara.

Í fyrsta lagi fjallaði hann um frestun framkvæmda og velti fyrir sér hvað hún kynni að kosta. Auðvitað er ekki hægt að útiloka að í einhverjum tilfellum hafi það aukakostnað í för með sér að fresta framkvæmdum. Um það er ekki hægt að fullyrða, hvorki almennt né um einstakar framkvæmdir fyrr það hefur verið kannað.

Hins vegar lét hann þess getið að það hlyti að hafa kostnað í för með sér ef það ætti að ljúka ákveðnum framkvæmdum á sama tíma og upphaflega var ráðgert þó að fyrsta áfanga yrði frestað. Um það er heldur ekki hægt að fullyrða.

Það kann líka að vera hagkvæmni í því fólgin að ljúka framkvæmdum á stuttum tíma. Oft er kostnaður því samfara að draga hlutina í langan tíma og hugmyndin með frestun

framkvæmda var vitanlega ekki sú fyrst og fremst að spara til langframa heldur að draga úr spennunni, draga úr þenslunni. Menn vita væntanlega að þó að þingbyggingin frestist þá sparar það ekki peninga til langframa. Hún mun væntanlega kosta það sama eða svipað þegar hún loksins rís. Það var ekki hugmyndin.

Forsendur fyrir almennum launabreytingum í frv. eru 3% í samræmi við þær launahækkanir sem um er samið í kjarasamningum opinberra starfsmanna. Síðan hefur verið lagt til hliðar 1% á almennan lið til þess að eiga upp í aðrar hugsanlegar breytingar. Það sama á við eins og venjulega um bótagreiðslur almannatrygginganna.

Þingmaðurinn sagðist vera ósammála mér um lækkun skattgreiðslna í góðæri. Eitthvað fer það á milli mála vegna þess að ég lýsti því yfir að óskynsamlegt væri að lækka skatta við núverandi aðstæður miðað við þá þenslu sem nú er. Það stendur í ræðu minni eins og þingmaðurinn getur kynnt sér.

[14:48]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin þó við séum ósammála varðandi ákveðnar aðgerðir. Ég tel rétt að bremsa ofurlítið eins og gert er með frestun framkvæmda ef það kostar ekki neitt. Ég hef áhyggjur af því og spurði hvort athugað hafi verið hve mikið kosti að stöðva framkvæmdir við Alþingishúsið.

Ég bendi á að í kringum Alþingishúsið munu verða ljót sár jafnvel þó að platan verði komin. Ég minni þá sérstaklega á stöðu Reykjavíkur í því sambandi sem menningarborgar Evrópu á næsta ári. Þar þarf að vera vel frá gengið og það mun kosta mikið. Þess vegna var ég að velta fyrir mér þessum 100 millj., af öllu því sem ætlað er að draga úr framkvæmdum við.

Um leið benti ég á að menn hafa haft hugmyndir um óbreytt verklok. Það þýðir að hraða verður mjög framkvæmdum og það er eðlilegt að menn spyrji: Hvað kostar að hraða framkvæmdum eins og menn hljóta þá að sjá fyrir?

Ég hef ekki ástæðu til að ræða meira við hæstv. fjmrh. að þessu sinni. Ég held að ég hafi komið því að sem ég vildi. Við erum að sjálfsögðu sammála um að hér er aðeins um tillögur að ræða. Það á eftir að gera breytingar á fjárlagafrv. þó að í meginatriðum verði ekki stórar breytingar. Breytingarnar munu þó nema a.m.k. 2–3 milljörðum, þær breytingar sem gerðar verða núna á haustmánuðum. Ég bið menn að taka eftir því.

[14:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti líka taka með í reikninginn hversu ríkið mundi spara sér í vaxtakostnaði af þeim peningum sem hægt er að leggja til hliðar, þessa 2,2 milljarða, á því tímabili sem fresturinn nær yfir. Það er auðvitað hlutur sem reiknast með í dæmið. Þar er raunverulegur sparnaður sem getur í þessu tilfelli numið 100 millj. kr. ef um er að ræða 5% af 2 milljörðum eða eitthvað því um líkt.

Þingmaðurinn nefndi ýmislegt fleira í ræðu sinni sem forvitnilegt var að hlusta á. Þó nefndi hann eitt sem mér finnst rangt og ég er ekki sammála. Það er að auka eigi sölu eigna ríkisins og nota peningana í rekstrarútgjöld. Ég held að það sé mjög óskynsamlegt að koma sér í þá stöðu að þurfa að fjármagna rekstrarútgjöld, hvort sem það er til tryggingamála eða annarra þátta, með slíkri eignasölu.

Hins vegar talaði hann um nauðsyn þess að reka ríkissjóð með verulegum rekstrarafgangi, „umtalsverðum rekstrarafgangi" sem er nákvæmlega orðalagið upp úr stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Ég fagna því að hann tekur undir það markmið. Ég held að ekki sé hægt að segja annað en hér sé á ferðinni umtalsverður afgangur. Það getur ekki nokkur maður haldið öðru fram. Hvað eru 15 milljarðar í hagkerfi upp á 670 milljarða annað en umtalsverður afgangur?

Það var líka fróðlegt að heyra vangaveltur hans um efnahagsástandið og peningamagn í umferð. Það minnti mig á það þegar flokksbræður hans í Alþfl. fyrir 20 árum síðan lögleiddu á Íslandi, fyrstir manna í heiminum, að peningamagn í umferð mætti ekki aukast nema um svo og svo mörg prósent á tilteknu tímabili. Það voru fyrstu hagfræðikenningar Miltons Friedmans sem nokkurs staðar voru lögleiddar í heiminum. Þær hafa að vísu sitthvað til síns máls í þessu efni en athyglisvert er að þessi hugmynd skuli skjóta upp kollinum á nýjan leik.

[14:53]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi misheyrst eitthvað varðandi orð mín um efnahagsástandið. Ég held að ég hafi ekki borið Milton Friedman fyrir mig á einn eða neinn máta. Ég held að ég hafi ekki vitnað til hans og ég ætla ekki að fara í einhverjar söguskýringar varðandi þau mál.

En 15 milljarðar eru eins og ég kom að áðan umtalsverður afgangur. Ef hann næst, ef það er gert á raunhæfan máta. Ég efaðist hins vegar um að hann næðist á þann máta, ég efast um að raunhæft sé að ætla öryrkjum og öldruðum að fá 4% launahækkun á sama tíma og stórir hópar í þjóðfélaginu hafa fengið frá 16% upp í 50% launahækkun. Ég taldi þingmenn þar með.

Ég nefndi líka að Kjaradómur og launanefnd hefðu átt hlut að þessum samningum, almennum og aðlögunarsamningum og ég tel ástæðu til að nefna það við hæstv. fjmrh. að hann feli Kjaradómi að taka sig til og skoða laun og bætur sem falla í hlut þessara hópa, meta hver raunverulega talan ætti að vera svo þetta fólk komist betur af en öldungarnir margir eru að gera í dag. Þeir eru að skríða yfir mánaðamótin á yfirdráttarreikningum, með yfirdrátt. Öldungar sem jafnvel hafa 16 þús. kr. röskar í dagpeninga. Þeir eru með yfirdrátt til að sleppa milli mánaða. Haldið þið að þetta sé einhver hemja? Haldið þið að ekki sé ástæða, herra forseti, til að bæta þar úr?

[14:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Gísla S. Einarssyni fyrir ágæta ræðu um fjárlagafrv. Honum var tíðrætt um stöðu fatlaðra, öryrkja og lágtekjufólks.

Nú er það þannig að stefna ríkisstjórnarinnar hefur leitt til þess að atvinnuleysi er nánast horfið. Sér ekki hv. þm. að staða þessa fólks hefur gerbreyst? Sérstaklega öryrkja og fatlaðra sem geta fengið vinnu sem þeir gátu ekki áður þegar atvinnuleysið var grasserandi. Sér hann ekki líka að lægstu launin hafa hækkað vegna þess að komin er eftirspurn eftir fólki í þeim hópi, margir eru jafnvel hættir að vera lágtekjumenn og eru komnir á hærri laun. Sér hann ekki þessa bót á stöðu fólks jafnvel þó að framlög til atvinnuleysistrygginga hafi lækkað úr 3,2 milljörðum niður í 1,8? Er það ekki bara jákvætt? Er ekki jákvætt að minnka framlög til þess þáttar velferðarkerfisins og bæta þar með stöðu þess hóps sem hv. þm. ber svo fyrir brjósti eins og aðrir?

Þá vil ég skora á hv. þm. sem á sæti í hv. fjárln. að vinna að því að auka afganginn upp í 20 milljarða, taka þá peninga raunverulega úr umferð til að kæla efnahagslífið enn frekar niður, stíga varlega á bremsurnar eins og hæstv. forsrh. nefndi í gærkvöldi. Þetta má t.d. gera með því að selja bæði Búnaðarbankann og Landsbankann.

[14:57]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir athugasemdirnar. Ég get verið sammála um að gott sé að atvinnuástandið á Íslandi skuli hafa lagast. Ég fagna því mjög fyrir hönd öryrkja og fatlaðra, fyrir hönd þeirra sem hafa fengið störf. Ég vil benda á að á svonefndum vernduðum vinnustöðum vinnur fólk allan heila daginn fyrir nokkur þúsund kr. á mánuði. Ég kalla það nokkur þúsund kr. á mánuði þó vissulega sé gott að það skuli hafa vinnu.

En það er margt að í þessum málum, hv. þm., sem ég vildi nú gjarnan ræða í annan tíma en núna. Ég hef ekki undirbúið mig nægjanlega vel fyrir umræðu um atvinnumál öryrkja og fatlaðra. Þar þurfum við að taka miklu betur á. En ég fagna því að Atvinnuleysistryggingasjóður skuli standa betur. Það eru auðvitað bara hreinar tekjur í ríkissjóð sem renna þangað inn þegar ekki þarf að halda fólki á bótum vegna atvinnuleysis.

Við getum alveg verið sammála um að aukin afgangur hjá ríkissjóði er til þess að hamla á móti verðbólgu. Ég held að ég hafi farið mjög skýrt yfir það í máli mínu, hvað ég teldi verðbólguhvata og bar fyrir mig að hafa lært af hagfræðingum. Þetta var ekkert heimadæmi sem ég sem ég rakti hér upp. Ég tel að það sé verið að vinna að þessu á réttan máta. En að hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar eigi heiðurinn, þar er ég ekki sammála hv. þm. því að stór hluti af breytingunum er vegna ytri aðstæðna.

[14:59]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar litið er yfir þróun síðustu tveggja ára og það frv. sem hér er komið til fyrstu umræðu sést að straumhvörf hafa orðið í ríkisfjármálum til hins betra á þessum tíma. Eftir langvarandi hallarekstur hefur afkoman snúist við. Bata síðustu ára má rekja til aukinna tekna vegna hagvaxtar og aukinna viðskipta. Hins vegar hafa útgjöld hækkað minna þannig að ætla má að þrátt fyrir launahækkanir hjá ríkissjóði hafi tekist að ná tökum á sjálfvirkni útgjalda frá því sem áður var í öllum meginatriðum.

Ef tekið er tillit til einungis útgjalda lífeyrisskuldbindinga á árinu 1998 má segja að rekstrarhagnaður hafi verið á árinu 1998 og aftur 1999, samtals bæði árin um 10 milljarðar kr. Útgjaldaþróun í ár og áætlun á næsta ári sýnir að gjöld hafa hækkað helmingi minna hlutfallslega en tekjur ríkissjóðs. Afleiðing þessa er að lánsfjárjöfnuður verður jákvæður á árunum 1998–2000 upp á um 60 milljarða króna ef áætlanir standast. Dæminu hefur verið snúið við. Hættulegri skuldasöfnun hefur verið hætt. Skuldir ríkissjóðs eru greiddar niður svo um munar. Þetta eru stóru tíðindin við frv. og þetta eru þáttaskilin sem þróun síðustu tveggja ára marka.

Ég segi að þessi afkomubati hvíli á traustum grunni. Ég segi það vegna þess að uppgjörsaðferðum hefur verið breytt og tekin upp sú aðferð að taka tillit til skuldbindinga. Ég man upphaf þessa áratugar þegar deilt var um hvort taka bæri skuldbindingar með þegar afkoma ríkissjóðs var rædd á Alþingi. Sem betur ferð náðist þverpólitískt samkomulag um að breyta málum á þann veg og það er vel. Það var gert með löggjöf um fjárreiður ríkissjóðs.

Nú hefur ríkisreikningur fyrir árið 1998 verið lagður fram. Hann sýnir halla upp á 8,7 milljarða króna. Þetta stafar af færslu lífeyrisskuldbindinga upp á 22 milljarða króna sem leiðir af kerfisbreytingu í launamálum sem kom inn með fullum þunga á því ári. Lánsfjárjöfnuður ársins var hins vegar jákvæður um 16,8 milljarða króna.

Ég nefni þetta í upphafi máls míns vegna þess að ég tel að þetta séu merkustu tíðindin í ríkisfjármálunum nú þegar líður að aldamótaárinu. Ég tel að þetta sé árangur sem eigi eftir að styrkja mjög aðstöðu okkar í framtíðinni og til að fást við mjög brýn samfélagsleg verkefni. Velferðarþjóðfélagið verður að byggjast á traustum efnahag og því að greiða niður skuldir í efnahagslegri uppsveiflu. Velferðarþjóðfélagið byggist einnig á því að nota ekki óhóflegar fjárhæðir í að borga skuldavexti en þess má geta að sparnaður í vöxtum á árinu 1998–2000 vegna niðurgreiðslu skulda er um 2 milljarðar kr.

Eins og nú stendur eru þenslumerki í efnahagslífinu. Eftirspurn eftir vinnuafli í einstökum atvinnugreinum er mikil. Fjárfestingar í byggingariðnaði eru í hámarki og verðlagshækkanir hafa orðið. Útlán eru mikil í bankakerfinu og einkaneysla hefur vaxið um 6% á móti 3,4% aukingu í samneyslunni á yfirstandandi ári.

Við þessar aðstæður er nauðsyn að reka ríkissjóð með hagnaði. Það eru skilaboð ríkisvaldsins út í efnahagslífið. Það dregur einnig fjármagn úr umferð og er framlag ríkisvaldsins til þess að draga úr þenslunni og auka þjóðhagslegan sparnað.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2000 er lagt fram með meiri hagnaði en dæmi eru til á síðari árum. Nauðsyn ber til að halda í horfinu í meðförum þingsins. 15 milljarða króna afgangur við framlagningu frv. er ekki ávísun á að þeir aðilar sem sækja til fjárln. geti fengið óskir sínar uppfylltar. Eins og frumvarpið er úr garði gert er það framlag til þess að draga úr þenslu og minnka hættuna á verðbólgu. Það markmið að verðbólga nái sér ekki á strik á ný er langmikilvægast og aukningar á framlögum til hinna ágætustu mála verða að skoðast í því ljósi hvort þau brjóta í bága við það höfuðmarkmið.

Aukin verðbólga mundi bitna með fullum þunga á þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Hún bitnar á skuldugum fjölskyldum og fólki sem þarf að lifa af lágum launum eða bótum. Barátta við að halda í horfinu gegn verðbólgunni er ekki síst í þágu þessa fólks.

Ein af þeim efnahagsaðgerðum sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir er frestun nokkurra framkvæmda. Í fyrsta lagi er það gert til þess að draga úr spennu á vinnumarkaði og þenslu sem einkum hefur orðið vart á höfuðborgarsvæðinu. Í öðru lagi er ljóst að tilboð í verk fara hækkandi og ekki er hagkvæmt í öllum tilfellum að ríkið haldi fullum dampi í framkvæmdum þegar svo háttar til sem nú. Meiri skynsemi er í því að ríkisvaldið auki við framkvæmdir þegar samdráttur verður og niðursveifla á almennum markaði.

Rétt er að undirstrika það sérstaklega í þessu sambandi að hér er ekki verið að skera niður framkvæmdir. Hér er einungis verið að létta á því spennuástandi sem nú ríkir, og í mörgum tilfellum er ætlunin að verklok verði á sama tíma og áætlað var og verkin séu þá tekin í stærri áföngum þegar hafist er handa. Nánari umræða um einstök verkefni á samgöngusviðinu bíða vegáætlunar og hafnaáætlunar en

ljóst er að hægt verður á nokkrum stórum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og er framkvæmdir við Alþingishúsið það verk sem mest hefur verið umtalað í því efni. Í því sambandi er rétt að taka fram að það var fyrirséð þegar það verk var hafið að nokkurt viðbótarfjármagn þyrfti á yfirstandandi ári til að ljúka þeim áfanga sem nú er undir. Ég hef þá trú að þannig megi ganga frá þeim áfanga að svæðið í kring um Alþingishúsið spilli ekki fyrirhuguðum hátíðarhöldum Reykjavíkurborgar vegna menningarborgarinnar og aldamótaársins. Það ber að hafa í huga að hefði verið haldið áfram með verkið hefði þetta svæði í miðborginni verið undirlagt af byggingarframkvæmdum á komandi sumri.

Ég ætla ekki að fara ítarlega út í einstaka þætti frv. við þessa umræðu. Fjárlaganefnd hóf undirbúningsvinnu við yfirferð frv. viku fyrir þingbyrjum samkvæmt venju og hefur átt viðræður við sveitarfélögin í landinu sem óskuðu eftir að leggja erindi sín fyrir nefndina. Vinna við yfirferð frv. sjálfs er hafin. Nefndin mun fara yfir einstaka þætti þess og gera grein fyrir þeirri vinnu og brtt. sínum við 2. umr. málsins eins og venja er til. Ég vildi nefna tvö atriði sem ástæða væri fyrir nefndina að huga sérstaklega að. Það fyrra er hvernig frv. rímar við þá þál. sem Alþingi samþykkti í byggðamálum á síðasta vetri. Síðara atriðið er fjárþörf heilbrigðiskerfisins í landinu. Í fjáraukalagafrv., sem er væntanlegt innan tíðar, og í fjárlagafrv. er reiknað með verulegum fjárhæðum til þess að styrkja rekstrargrunn sjúkrahúsa, hjúkrunar- og heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva. Í fjárlagafrv. sem liggur fyrir nemur þessi fjárhæð 1,1 milljarði króna og 933 millj. kr. vegna launa og verðlagsbóta.

Óviðunandi er að sjúkrastofnanir í landinu skuli vera stöðugt viðfangsefni fjáraukalaga á ári hverju. Þrátt fyrir að mikil vinna hafi verið lögð í að skilgreina hlutverk sjúkrahúsanna og fara yfir rekstur þeirra er ástandið líkt áður í þessu efni. Málum þarf að koma fyrir á þann veg að aukafjárveitingar til sjúkrastofnana séu undantekning en ekki regla. Þessu marki verður ekki náð með því að allir fái sínar ýtrustu óskir uppfylltar. Með slíku ráðslagi yrði enginn endir á fjárþörfinni. Það þarf enn að leggja vinnu í að skilgreina hvernig þeir fjármunir sem lagðir eru til þessara mála nýtast sem best, hvaða verkaskipting heilbrigðisstofnana er heppilegust og hvernig er hægt að beita hinum tveimur stóru sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu sameiginlega til að ná þessum markmiðum. Það er einboðið að í kjölfar skipunar eins forstjóra yfir bæði sjúkrahúsin ætti að koma þeim undir eina stjórnarnefnd til að einfalda aðgerðir í rekstri þeirra sem leiða til aukinnar hagkvæmni án þess að skerða þjónustuna.

Ég get getið þess að nú er að fara í gang sérstök athugun á launaþróun hjá heilbrigðisstofnunum að beiðni heilbr.- og trmrn. og það er Ríkisendurskoðun sem framkvæmir þá athugun.

Hér kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. að stjórnarandstaðan tekur undir það markmið ríkisstjórnarinnar með fjárlagafrv. að skila því með hagstæðum tekjujöfnuði. Þeirri afstöðu ber að fagna. Hins vegar verður ekki í öðru orðinu krafist aukinna útgjalda í stórum stíl og í hinu orðinu talað um nauðsyn þess að skila fjárlagafrv. með verulegum afgangi. (Gripið fram í.)

Ég heyri með vindinum að menn tala um auknar tekjur og töfraorðið kemur úr herbúðum vinstri grænna. Mjög auðvelt væri að eiga við þessi mál ef auknar tekjur væru ætíð sóttar til þjóðarinnar en ég veit satt að segja ekki hvernig það mundi mælast fyrir að fara í stórfelldar skattahækkanir nú í aðdraganda kjarasamninga. Satt að segja voru þær skattalækkanir sem hafa verið til umræðu gerðar á sínum tíma þegar kjarasamningar stóðu yfir síðast. Þær voru þáttur í kjarasamningum þrátt fyrir að Alþýðusamband Íslands vildi ekki kannast við það síðar að þær hefðu verið það. En skattalækkanirnar voru þáttur í prógrammi stjórnvalda þegar kjarasamningar voru gerðir og ber að halda því til haga.

Það er heldur ekki trúverðugur málflutningur, og hæstv. fjmrh. hefur svarað því, að selja eignir til þess að setja andvirðið í rekstur málaflokka hjá ríkissjóði jafnvel þó góðir séu. Rekstur ríkissjóðs verður að byggjast á tekjum en ekki sölu eigna. Ég tel ekki réttlætanlegt að leggja andvirði sölu eigna nema í það að greiða niður skuldir eða til einhverra ákveðinna afmarkaðra verkefna, t.d. fjárfestinga sem samkomulag er um að nauðsynlegar séu eða komi til góða að gera. Ég nefni t.d. framkvæmdir í samgöngumálum sem hafa stundum verið nefndar í þessu sambandi. En ég tel að svo nauðsynlegur málaflokkur sem bótagreiðslur er geti ekki byggt á einhverjum einskiptistekjum út af sölu eigna. Það er alveg útilokað. Ég veit að hv. 5. þm. Vesturl. mun skilja þetta enda er hann á góðri leið með að verða hagfræðingur eins og kom fram í ræðu hans áðan og mun hann verða það væntanlega eftir þessa umræðu og fá prófgráðu ef hann hlustar vel.

Mikið hefur verið gert úr því að fjárlagafrv. rími ekki við kosningastefnuskrá okkar framsóknarmanna í vor. Það hefur komið fram en ég vil undirstrika að kosningastefnuskrár eru yfirlýsingar um að hverju á að vinna á kjörtímabilinu og fréttaflutningur eins og við sáum á Stöð 2 í gærkvöldi um þessi mál er náttúrlega gjörsamlega út í hött og til lítils sóma fyrir þá sem honum beita. Hins vegar könnumst við framsóknarmenn mjög vel við þennan málflutning, hann var alveg nákvæmlega eins í upphafi síðasta kjörtímabils. Ég hrekk því ekkert við þó að þessu sé slegið fram enda vita menn betur.

Framsfl. setti baráttuna gegn fíkniefnum í forgang í stefnuskrá sinni við kosningarnar í vor. Það sjást glögg merki þess í fjárlagafrv. að verið er að taka á þessum málum og þess munu sjást merki í fjáraukalagafrv. sem er væntanlegt innan tíðar. Framlög til meðferðarúrræða verða aukin og löggæslan í landinu verður einnig styrkt. Í fjáraukalögum mun væntanlega verða leitað staðfestingar Alþingis á ákvörðunum ríkisstjórnar á yfirstandandi ári um aukin framlög til þessara mála. Þar að auki hefur þegar verið skipuð nefnd nokkurra ráðuneyta til að fara yfir þessi mál og hvaða tillögur eru heppilegastar til úrbóta á næstu missirum og næstu árum. Vinna við þessi mál er því vissulega í fullum gangi og áróður eða staðhæfingar um annað er ekki sanngjarn málflutningur.

Framsfl. boðaði einnig breytt kerfi í barnabótum. Sú stefna er í fullu gildi og styðst við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Kerfisbreytingin þarf undirbúning og á meðan hún hefur ekki tekið gildi er farið eftir núverandi kerfi. Núverandi kerfi er einfaldlega þannig að bæturnar eru tekjutengdar og þegar tekjurnar vaxa lækka bæturnar eða skerðast. Upphæð barnabótanna lækkar vegna þess að fleiri fara upp fyrir þau skerðingarmörk sem eru í kerfinu. Þannig horfir málið nú við og þannig verður þetta meðan því er ekki breytt en fyrirhugað er að kerfisbreyting verði í þessum efnum.

Hv. 5. þm. Vesturl. kom í máli sínu inn á sveitarfélögin og þær umræður sem hafa verið um tekjur þeirra. Þess ber að geta að félmrn. hefur skipað nefnd til þess að fara yfir

tekjustofna sveitarfélaga á víðum grundvelli og kanna hvort sveitarfélögin hafa tekjur til þess að standa undir lögbundnum verkefnum. Það er verkefni nefndarinnar að fara yfir þau mál. Mikil vinna hefur verið lögð í það nú þegar, bæði af forustumönnum Sambands ísl. sveitarfélaga og félmrn. að fara yfir áhrif ýmissa skattalegra aðgerða á tekjur sveitarfélaganna og miklar upplýsingar liggja fyrir um þau efni. Þar á meðal að nokkrar skattalegar aðgerðir, sem hafa verið samþykktar á Alþingi, hafi skert tekjur sveitarfélaganna. Hitt er svo annað mál, og því verður auðvitað að halda til haga í umræðunni, að aukin umsvif í þjóðfélaginu, auknar tekjur í staðgreiðslunni hafa fært sveitarfélögunum 4,7 milljarða kr. á yfirstandandi ári samkvæmt síðustu álagningu. Sveitarfélögin njóta því vissulega góðærisins í landinu ef svo má að orði komast.

Þess má líka geta að framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækka af sömu ástæðum fram yfir verðlagshækkanir.

Með þessu er ég ekki að draga úr nauðsyn þess að fara mjög vel yfir þessi mál og kanna hvaða aðstöðu sveitarfélögin hafa til að sinna verkefnum sínum. Hlutverk sveitarfélaganna er afar mikilvægt. Hlutverk sveitarfélaganna í byggðalegu tilliti er afar mikilvægt, að þau geti sinnt þjónustu sinni sem er nærri fólkinu og náin og persónuleg. Ég dreg ekki úr því. En það verður að hafa heildarmyndina í huga í þessu og mér er kunnugt um að sú nefnd sem er að störfum vill gera sér grein fyrir öllum þáttum málsins og m.a. hvaða áhrif setning ýmissa reglugerða hefur á aðstöðu sveitarfélaganna og fjárhag þeirra.

Hv. 5. þm. Vesturl. ræddi einnig hvað væri hægt að gera við 15 milljarða. Það var ekkert smáræði sem var hægt að gera fyrir þá. Grafa svo og svo mörg Hvalfjarðargöng og nota þau til ýmissa góðra verka. Ég er honum alveg sammála um það. En við gætum hugsað okkur aðra tölu sem er skuldatala ríkissjóðs, þær skuldir sem ríkissjóður hefur safnað í gegnum tíðina — til að gera mörg ágætis verk í landinu sem við erum kannski að njóta ávaxtanna af núna. Það væri hægt að gera mikið fyrir þá upphæð sem er margfalt hærri en 15 milljarðar.

Það sem er mest áríðandi er að greiða niður þessar skuldir — til þess að renna stoðum undir velferðarkerfið í framtíðinni, til þess að renna nýjum stoðum undir velferðarkerfið á nýrri öld. Það verður ekki nógsamlega undirstrikað að það var komið svo að vaxtagreiðslur ríkissjóðs voru næststærsti útgjaldaliður ríkissjóðs á eftir heilbrigðis- og tryggingamálum. Vaxtagreiðslur voru orðinn hærri útgjaldaliður hjá ríkissjóði en öll menntamálin eftir að grunnskólarnir fóru yfir til sveitarfélaga. Um 16 milljarðar kr. Það er álíka upphæð eins og hv. 5. þm. Vesturl. var að tala um áðan eða ívið hærri.

Þetta er grundvallaratriðið og þess vegna er sérstakt fagnaðarefni að það er hægt að leggja fram frv. með þetta miklum afgangi og það er mikil ábyrgð sem fylgir því að taka við því og sjá til þess að þessi markmið haldist. Hins vegar mun fjárln. kappkosta að fara vel yfir þau erindi sem henni berast og reyna að forgangsraða því hverju ber að verða við í því og hverju ekki. Það er vandaverk en á liðnum árum hefur samstarfið í nefndinni verið gott þrátt fyrir ágreining um ýmis mál og ég vona og veit að svo verður áfram. Sem eðlilegt er greinir nefndamenn í stjórn og stjórnarandstöðu á um margt en ég fagna því að það virðist vera nokkuð þverpólitísk samstaða um aðalmarkmiðið, að skila ríkissjóði með tekjuafgangi og greiða niður skuldir.

Það frv. sem um ræðir er framlag stjórnvalda til að hamla gegn þenslu og verðbólgu og það er fjárhagslegur rammi um opinbera starfsemi á árinu 2000. Ég vil að lokum undirstrika að það markmið að missa verðbólguna ekki upp á ný, greiða niður skuldir í þágu framtíðarinnar, skyggir á öll önnur markmið. Þrátt fyrir aðhald er það frv. sem liggur fyrir ekki frumvarp niðurskurðar heldur er það þáttur í framfarasókn okkar þegar líður að aldamótum.

[15:26]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir yfirferð og ræðu hv. formanns fjárln., Jóns Kristjánssonar. Ég vil ítreka að í ræðu minni fór ég yfir og viðraði skoðun mína um nauðsyn þess að ríkissjóður væri rekinn með verulegum jákvæðum jöfnuði til að greiða niður skuldir. Þetta var það sem ég sagði og ég stend við það.

En varðandi sölu eigna til þess að bæta stöðu aldraðra og öryrkja þá get ég sagt þetta svona: Mér er alveg sama hvort þeir peningar, sem þarf til að bæta þeirra stöðu, eru teknir frá þeim afgangi sem orðinn er til eða það séu seldar eignir til þess að komast upp í 15 milljarða til að greiða niður skuldir, það breytir engu í mínum huga. Aðalatriðið er að það verður að bæta stöðu þessa fólks, það verður að gerast. Þess vegna var ég að gagnrýna forsendurnar sem eru settar fram á bak við 15 milljarðana.

En ég ætla að biðja hv. formann fjárln. að muna að ég nefndi líka í ræðu minni að ég tel forsendur varfærnar. Það eru varfærnar forsendur að tala um 2,5% hagvöxt á móti 5,8% hagvexti sem er í ár. Það er varfærni. Ég held að við getum vonast eftir meiri tekjum þó að ég ætli ekki að fara að gera það að umræðuefni á þessari stundu en það mun ugglaust koma í ljós við endurskoðun.

Herra forseti. Ég þarf ekki að ræða frekar um þá 15 milljarða sem ég vonast til að verði í afgang en það mun gerast að útgjöld munu aukast verulega umfram þær tölur sem eru nú nefndar. Ég bið menn að muna að það mun vanta að óbreyttu a.m.k. 2 milljarða til reksturs heilbrigðiskerfisins á næsta ári ef ekkert verður að gert núna.

[15:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við í fjárln. munum að sjálfsögðu fara yfir forsendur frv. Ég er tilbúinn til þess eins og við höfum alltaf gert. Kjör aldraðra og öryrkja eru sígilt verkefni í umræðu um fjárlög og hafa alltaf verið. Það sem ég vildi taka fram er að mér finnst rangt að tengja tryggingakerfið við sölu eigna, mér finnst sú hugsun ekki rökrétt. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. benti á í blaðaviðtali, minnir sú hugsun á menn vestur á Ísafirði sem seldu sama hundinn um borð í skip margsinnis og hann hljóp alltaf í land aftur. Við seljum ekki eignir nema einu sinni og við notum það ekki ár eftir ár til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Það verður að byggjast á öðrum grunni. Það er það sem ég var að leiða fram en ekki að þessi mál eru auðvitað til meðferðar í fjárln., forsendur fjárlaga og þeir útgjaldaliðir sem eru í fjárlagafrv.

[15:30]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila um hvort verið er að selja hunda eða ketti, eða hvað menn vilja kalla það í þessum ræðustól. Ég er bara að lýsa þeirri skoðun minni að bæta verður stöðu þessa fólks á hvern hátt sem menn finna til þess leiðir. Ég sagði að mér væri sama hvort menn tækju það af þeim afgangi sem orðið hefur til í rekstri, ef menn vilja

kalla það rekstur ríkissjóðs, eða hvernig sem þessar tekjur hafa orðið til. Það verður að bæta stöðu þessa fólks. Það er lykilatriði. Það má segja hlutina á ýmsan hátt en ég veit að hv. formaður fjárln. skilur nákvæmlega hvað verið er að segja og það er alveg óþarfi að snúa út úr hugsun minni með því að rifja upp sögur einhvers manns um endurtekna sölu á hundi vestur á Ísafirði í tengslum við þetta mál. Það er allt of viðkvæmt til þess að ræða það svona.

Ég rakti það áðan að fjöldi öldunga er að klóra sig áfram í fjármálum sínum með því að vera með 15% dráttarvexti á reikningnum til að komast yfir mánaðamótin, meira að segja öldungar sem eru inni á stofnunum og fá liðlega 16 þús. kr. á mánuði í vasapeninga. Þetta er ömurleg staðreynd. Það eru mörg svona tilvik í þjóðfélaginu. Það er þetta sem ég vil laga. Og ég vil nota öll tiltæk ráð til að breyta stöðu þessa fólks og þeirra sem eru með lægst launin.

Ég nefndi það í ræðu minni, herra forseti, að líklega þyrfti allt að 5 milljarða til þess að lagfæra þessa stöðu og ég bið hv. formann fjárln. að skoða með mér hvort það gæti ekki verið rétt tala til þess að lagfæra þessa stöðu í eitt skipti fyrir öll. Síðan verðum við að sjálfsögðu að taka hlutina inn í rekstur á hagkerfi okkar.

[15:33]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við fyrri ræðu mína að bæta nema að það var síður en svo að ég væri að gera lítið úr kjörum aldraða og öryrkja með sögu þeirri sem höfð var eftir einhverjum manni, eins og hv. 5. þm. Vesturl. orðaði það, en var hv. formaður stjórnmálaflokks sem heitir vinstri grænir. En ég var ekki að gera lítið úr kjörum aldraðra og öryrkja með þessu. Það er fjarri mér að gera það. Ég er ætíð tilbúinn til þess að ræða þau mál. (Gripið fram í.) Ég var að benda á hugsanavillu sem ég tel að hafi gripið hv. 5. þm. Vesturl. varðandi þetta. Ég tel að kjarabætur til þessa hóps verði að byggja á rekstrartekjum ríkissjóðs en ekki sölu eigna. Ég er tilbúinn að ræða þau mál og við munum væntanlega gera það í nefndinni eins og ávallt áður. Þrátt fyrir allt hefur verið unnið að því að bæta kjör þessa fólks m.a. á yfirstandandi ári en ég er ætíð tilbúinn til að fara yfir þessi mál eins vel og kostur er.

[15:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Talsmenn ríkisstjórnarinnar eru afskaplega ánægðir með aðhaldsfjárlögin sín og það er gott vegna þess að sú ofþensla og verðbólga sem nú er verið að reyna að bregðast við er m.a. til komin vegna hagstjórnarmistaka ríkisstjórnarinnar sjálfrar og það hlýtur formaður fjárln. að gera sér vel grein fyrir.

Ég ætla að koma með örfá viðbrögð í stuttu andsvari við ræðu formannsins. Á síðasta ári jókst heildarfjárfesting í atvinnulífinu um tæp 36% og sem hlutfall af landsframleiðslu fór hún í 21%. Það er staðreynd að heildarfjárfesting ríkisins er aðeins 2% af landsframleiðslu og það er innan þessara 2% sem ríkisstjórnin er að reyna að bregðast við með því að draga úr framkvæmdum ríkisins. Hún hefur engin tök á annarri þenslu eða fjárfestingu og það er einn sá vandi sem við blasir og allt of seint er við brugðist.

Formaðurinn sagði, eða réttara sagt ég held að ráðherrann hafi nefnt það, að framlög til sambýla hafi verið aukin. Nú er rekstrarhækkun vegna sambýla sem fóru í gang á liðnu ári. Ég spyr: Er nýr rekstur áætlaður til nýrra sambýla á þessu ári? Ég spyr vegna orða heilbrrh. í umræðum um stefnuræðu forsrh. í gær um framfarir þar sem einn forstjóri er nú yfir stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík og 2,5 milljarða eða þar um bil vantar í heilbrigðiskerfið í heild sinni. Þýðir þessi stefnumörkun að haldið verði áfram á sömu braut og að sameining stóru sjúkrahúsanna standi fyrir dyrum? Ég spyr um skatta á vörur og þjónustu sem eru um 4 milljörðum meiri en á síðasta ári, þar af um 900 millj. vegna virðisaukaskatts. Hve mikið af honum er aukinn virðisaukaskattur af bensíni? Það hlýtur að liggja fyrir þar sem bensínálögur og hækkanir og breytingar á bensínverði hafa verið mjög til umfjöllunar hjá ríkisstjórninni.

Svo ætla ég að benda forráðamönnum ríkisstjórnarinnar og talsmönnum hennar í þessari umræðu á að 14 þúsund færri fjölskyldur njóta barnabóta núna en 1997. Menn hafa bent á að það sé vegna hærri tekna. Ríkissjóður fær 20% meiri tekjuskatt af 10% hækkun tekna. En það að skríða yfir viðmiðunarmörk barnabóta í verðbólgu eins og nú, getur hreinlega þýtt tekjurýrnun hjá stórum hópi þessara 14 þúsund fjölskyldna. Þetta bendi ég á vegna hinnar miklu gleði formanns fjárln. með frv.

[15:38]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta andsvar var nokkuð þétt í sér og þetta var snotur ræða undir því formi sem er leyft í andsvörum. Ég mun ekki svara þessum spurningum öllum til hlítar en það er hægt að gera það síðar. Ég kem aðeins að því sem hv. 4. þm. Reykn. kallar fjárfestingu í atvinnulífinu og fjárfestingu ríkisins. Fjárfestingar ríkisins eru einfaldlega þau meðul sem ríkisvaldið hefur til að senda skilaboð út á almenna markaðinn og það er gert með þessu frv. Ég hygg að í frv., án þess að búið sé að fara yfir það í fjárln., muni verða aukin framlög til sambýla.

Ég hygg einnig að með því að samreka sjúkrahúsin í sem flestum greinum án þess að þau verði e.t.v. sameinuð, verði hægt að ná mikilli hagræðingu. Ég hef ekki tíma í andsvari til þess að fara í saumana á því.

Hvað varðar 14 þúsund fjölskyldur sem hafa misst barnabætur, þá er það vegna þess að tekjurnar hafa hækkað. Ég hef ekki tölur um það hér hvort þessar 14 þúsund fjölskyldur hafi skriðið yfir skerðingarmörkin, eins og hv. 4. þm. Reykn. orðar það. En það er ljóst að barnabæturnar skerðast vegna þess að tekjur þessa fólks hafa hækkað. Það er líka yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að skoða þetta kerfi.

[15:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér á óvart að formaður fjárln. skuli bera sig undan því að fá fyrirspurnir í andsvari. Þetta form er einmitt til þess að geta brugðist við. Við getum það ekki við ræðu hæstv. fjmrh. af því að þar er alltaf búið að ákveða talsmann fyrir fram.

Varðandi stóru sjúkrahúsin þá er nægilegt að segja já, ef á að sameina þau. Ég skil þetta svar hans þannig að menn séu ekki komnir að því að vilja sameina. Varðandi bensínið hefði einfaldlega verið nægilegt að nefna hversu há fjárhæðin er af því sem hér kemur fram í fyrri hluta fjárlaganna.

Ég spyr í tilefni þess að 2000 fjölskyldur missa barnabætur á þessu ári vegna fjárlaganna, m.a. vegna þess að skerðingarmörkin eru ekki endurskoðuð miðað við verðlagsþróun, hvort það verði gert, hvort skerðingarmörkin verði endurskoðuð. Mér finnst miður að hafa ekki fengið nein svör við spurningunum. Formaður fjárln. er kunnur að góðum

vinnubrögðum og ég hefði talið að spurning mín um bensíntekjurnar, upplýsingar um þær, lægju algerlega fyrir. Þess vegna vonast ég eftir því að seinna í umræðunni verði þetta upplýst.

Ég mundi gjarnan líka vilja benda á það, af því að ég var að bregðast við því hversu ánægður formaður fjárln. er með fjárlögin, að áfram er Framkvæmdasjóður fatlaðra skertur um helming og ekki farið að þeirri stefnumörkun að erfðafjárskattur renni til þessa mikilvæga verkefnis. Starfsmenntasjóðurinn er og óbreyttur þrátt fyrir að eitt af stóru málunum nú sé endurmenntun, starfsmenntun og það að fara inn í nýja öld á nýjan hátt og skoða það og bregðast við því að reiknað er með að á komandi tímum verði hver einasti maður að skipta um starf mörgum sinnum á ævinni og endurmennta sig til nýrra starfa.

[15:43]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykn. að ég á eftir annan ræðutíma og ég kýs að koma að hennar máli í þeirri ræðu, þ.e. þeim atriðum sem ég hef ekki svarað nú þegar. Hins vegar kom hv. þm. inn á menntamál og málefni fatlaðra og ánægju mína með frv.

Í frv. aukast fjárframlög til félagsmála og menntamála að raungildi. Hins vegar kann vel að vera að hv. þm. líki ekki sú forgangsröð sem er í frv., það má vel vera. Við munum vafalaust ræða það bæði við þessa umræðu og þær tvær umræður sem eftir eru um frv.

Mergurinn málsins er sá að í frv. aukast framlög til heilbrigðis- og tryggingamála, til félagsmála og menntamála þrátt fyrir að frv. sýni aðhald og sé lagt fram með 15 milljarða kr. afgangi. Þetta er hægt að lesa í frv. Það má vel vera að hv. 4. þm. Reykn. finnist gagnrýnisvert að ekki skuli tekið tillit til einhverra atriða. Það hefur ávallt verið svo. Ég er tilbúinn til að hlusta á öll rök um það og fara yfir það í vinnu okkar í fjárln.

[15:45]

Útbýting þingskjals:

Breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur, 58. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 58.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Margt hefur verið athyglisvert í skoðanaskiptum, bæði í fjárlagaumræðunni í dag, 1. umr. um fjárlög, og eins í gærkvöldi þegar stefnuræða forsrh. var til umfjöllunar. Þetta er það tvennt, herra forseti, sem við höfum afrekað það sem af er þinginu fyrir utan venjuleg aðalfundarstörf, ef svo má að orði komast, þ.e. að kjósa forseta og annað því um líkt.

Ég hef sérstaklega tekið eftir einu og það eru nokkuð áleitnar ástarjátningar stjórnarliða í garð hvers annars. Greinilegt er að gerð hefur verið samþykkt á stjórnarheimilinu um að lappa upp á hjónabandið og gott ef þeir hafa ekki leitað sér ráðgjafar og talað hefur verið á milli þeirra því að þetta er svo vel skipulagt. Það vakti alveg sérstaka aðdáun og athygli þegar hæstv. heilbrrh. fór með fagrar ástarjátningar í garð forsrh. og fjmrh. og lýsti því í gærkvöldi hvað þessi tveir heiðursmenn hefðu staðið einstaklega við bakið á sér á erfiðum tímum og stutt sig í hvívetna þegar vandi hefði verið uppi í heilbrigðismálum og vantað hefði peninga í þetta og hitt. Aðra eins afbragðsmenn og stuðningsmenn hafði hæstv. heilbrrh. sjaldan eða aldrei fyrirhitt.

Þeim mun erfiðara er að skilja þann fjárhagsvanda og þrengingar og þær kröggur sem hæstv. ráðherra hefur engu að síður, þrátt fyrir bandamennina sem eru nú ekki valdalitlir, þ.e. fjmrh. hæstv. og forsrh., samt hefur þetta gengið svona hjá hæstv. ráðherra með heilbrigðismálin.

Síðan komu miklar ástarjátningar frá hæstv. fjmrh. sem gekk í vörnina fyrir Framsfl. og sagði að það væri alls ekki maklegt að segja að Framsfl. stæði ekki við öll kosningaloforð sín. Það mundi hann svo sannarlega gera og þetta kæmi allt saman í áföngum á kjörtímabilinu á fjórum árum. Þetta eru athyglisverð hlutverkaskipti að þeir bera nú blak af hver öðrum og lofi hverjir aðra, stjórnarherrarnir, samkvæmt greinilega fyrir fram gerðri áætlun sem hjónabandsráðgjafi hefur sett upp fyrir þá og verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu og hvort þessir kærleikar muni endast og reynast innihaldsríkir á komandi vetri. Þetta er væntanlega til þess að lappa upp á sambandið sem var eitthvað farið að kólna í sumar, kærleikarnir voru minnkandi og varð einna kaldast í hádegisfréttum útvarpsins þegar iðnrh. á sagði ákaflega penan hátt að forsrh. hæstv. ætti að þegja. (**Landbrh.:** Var þetta aldrei reynt í Alþýðubandalaginu?) Hann gerði það með þeim hætti, hæstv. landbrh., að hann skaut sér á bak við samkeppnislög eða lög um verðbréfaþing og kauphallir og sagði að ekki mætti tala um mál sem væru á vegi stödd í því ferli öllu saman. Að þessu er sem sagt, herra forseti, nokkuð gaman.

Herra forseti. Stóra málið er hinn mikli og margrómaði og lofaði afgangur að fjárlögunum, milljarðarnir 15 sem hæstv. fjmrh. þreytist seint á að tíunda. Vissulega er ánægjulegt að ríkissjóður braggist. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég sem eindreginn stuðningsmaður öflugrar samneyslu og öflugs velferðarkerfis fagna því að sjálfsögðu að ríkissjóður landsins sé í vel í stakk búinn til að axla verkefni sín á því sviði. Því skal enginn efast um að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum samherjar og stuðningsmenn, hæstv. fjmrh. í því að reyna að tryggja öfluga og sterka stöðu þeirra sameiginlegu sjóða landsmanna, hvort heldur er ríkissjóðs og/eða sveitarfélaganna sem eiga að standa undir samneyslunni. Það er mikilvægt að þar séu menn í færum til að axla þau verkefni sem þessir aðilar eiga að sinna.

Spurningin er hins vegar sú, herra forseti: Er þetta á traustum grunni eða er þetta að einhverju leyti byggt á sandi? Það er það sem ég held að sé ástæða til að ræða. Ekki borgar sig að gerast of upphafinn í aðdáun á eigin afrekum, svo mjög að menn gleymi því að skoða hvort forsendurnar sem byggt er á séu nægjanlega traustar. Kannski á það eftir að koma í ljós að hyggilegra hefði verið af hæstv. fjmrh. að fara aðeins vægar í sakirnar — og þá má nefna forsrh. með honum — bæði hvað varðar lýsingar á eigin afrekum en líka hvað varðar þær forsendur sem hafa greinilega verið settar upp í frv. til þess að fá sem allra hagstæðasta útkomu tölfræðilega séð hvað varðar afgang á næsta ári. Það er augljóslega það sem hefur verið gert og þarf ekki sprenglærðan mann með hagfræðipróf en menn virðast aðallega vera að keppa að því hér að komast í þann flokk að geta skartað hagfræðigráðu. Ég held að þess þurfi ekki, það er oft hægt að athuga þetta með einföldum hætti og sjá að þarna er teygt á forsendunum til hins ýtrasta til þess að ná þessari tölu. Því miður er reyndar gert meira. Ýmsum þáttum er haldið niðri sem hér hefðu átt að hækka eða fylgja verðlagsþróun til þess að ná þessari útkomu.

Það fyrsta sem verður að hafa í huga er að ríkisstjórnin ætlar að halda áfram einkavæðingu, sölu á eignum almenn-

ings, og það kemur inn í þennan reikningsskap. Næstum þriðjungur af afganginum er áætlaður hagnaður af sölu ríkiseigna. Það er að vísu þannig að þar er talað annars vegar um hagnað af sölu ríkiseigna upp á tæpa 4 milljarða kr., hins vegar er í frv. talað um sölu á eignahlut ríkisins upp á 6,2 milljarða. Fróðlegt væri að hæstv. fjmrh. færi aðeins betur yfir mismuninn því að hann er áhugaverður. Í hverju er hann fólginn? Hvaða frádráttarliðir valda því að sala eigna upp á 6,2 milljarða skila ekki nettó í ríkissjóð nema tæpum 4 milljörðum?

Þetta er það fyrsta. Þarna fara 4 milljarðar og eftir eru 11 milljarðar. Það er auðvitað á allt öðrum grunni að ganga á eigur sínar eins og sagt er, og það er það sem verið er að gera. Allur almenningur veit hvað það þýðir. Það er hægt að gera það en bara einu sinni. Menn kunna að telja óviðeigandi dæmisöguna frá Ísafirði en hún var til að sýna það og undirstrika og fá menn að reyna að horfast í augu við það að það að ganga á eigur sínar er ekki mikil kúnst. Það er ekki mikið innlegg í umræðuna um það hvaða jafnstöðu menn eru að ná í fjármálum ríkisins eða sveitarfélaga því að menn geta hvenær sem er étið upp eigur sínar.

Þá eru eftir 11 milljarðar og þá skulum við fara aðeins betur yfir það hverju þeir eru tengdir. Þeir eru t.d. tengdir næstum 30 milljarða viðskiptahalla þjóðarbúsins út á við. Fyrirtækið Ísland hf. verður rekið með næstum 30 milljarða halla núna ár eftir ár. Það er auðvitað ávísun á skuldasöfnun þjóðarbúsins út á við. Það liggur líka fyrir hverjir þeir aðilar eru sem eru að safna þeim skuldum. Það eru sveitarfélögin, það eru heimilin í landinu og það er t.d. sjávarútvegurinn sem býr þrátt fyrir allt ekki við betri afkomu en svo að hann er að safna skuldum þegar hann er að reyna að ráðast í löngu tímabæra endurnýjun á framleiðslutækjum sínum, skipum og vélum og öðru slíku.

Í þriðja lagi, herra forseti, er afgangurinn fenginn með því að halda niðri breytum í forsendum fjárlagafrv. sem hefðu átt að hækka meira, hefðu átt að fylgja verðlagi. Þar er ég í fyrsta lagi að tala um skattleysismörkin. Þeim er haldið niðri, þau fylgja ekki launaþróun, eru hér uppreiknuð um 2,5%, ef ég man rétt, en hefðu auðvitað átt að fylgja hinni almennu launaþróun eða hækkun lægstu launa. Með því er verið að þyngja skattana. Hv. þm. Jón Kristjánsson kom áðan og spurði: Ja, hvað mundu menn segja ef hér ætti að fara út í stórfelldar skattahækkanir? Það er verið að hækka skattana en á lágtekjufólkinu að vísu. Það er rétt. Ekki á hátekjuliðinu, nei. Það er verið að hækka skattana á lágtekjufólki, elli- og örorkulífeyrisþegum og öðrum þeim sem eru með laun rétt yfir skattleysismörkum. Það er staðreynd og hvorki hæstv. fjmrh. né formaður fjárln. komast neinar skógarferðir frá því að svona er þetta.

Sama má segja að verulegu leyti um bætur almannatrygginga, þær fylgja ekki verðlagi eins og þær hefðu þurft að gera til þess að þær væru hlutlausar gagnvart verðlagsþróuninni í landinu. Skattbyrðinni er breytt nema að skattleysismörkin og/eða þá prósenturnar séu uppfærðar þannig að þær séu hlutlausar gagnvart þeim verðlagsbreytingum sem í gangi eru. Eðlilegasta breytan er að miða við er meðalþróun launa í landinu. (**Fjmrh.:** Það er ekki sama og verðlagið.) Meðalþróun launa í landinu.

Þá eru menn að svíkja fyrirheitin um það að taka til baka skerðinguna á bótunum. Þegar tengingin við launin var afnumin átti að heita svo eftir mikil mótmæli í þjóðfélaginu að það væri tekið til baka og þetta yrði sett í samband aftur. Svo kemur fjmrh. hér og segir: Já, en það er ekki það sama og verðlag.

Hvar eru loforðin til samtaka aldraðra og öryrkja um að þetta yrði sett í samband aftur? Svardagar voru uppi um að það yrði gert eins og menn muna. Svo lélegt er minni manna ekki orðið enn þá, hæstv. fjmrh., að svona málflutningur dugi.

Ég nefni barnabæturnar. Auðvitað er augljóst mál að breytingar ríkisstjórnarinnar í gegnum það að tekjutengja barnabæturnar að fullu og færa þá ekki upp upphæðir þeirra t.d. í takt við þróun launa eru skerðing enda eiga útgjöld til barnabóta að lækka um hundruð milljóna kr. núna milli ára. Það er verið að reyna að sannfæra okkur um að þetta sé allt í lagi, þetta sé ekki brot á loforðum Framsfl., nei, þetta eru bara útreikningslegar staðreyndir lífsins, segja þeir og horfa út um gluggann. Það á barnafólkið að taka sem svar.

En staðreyndin er sú að mitt í öllu góðærinu og þeirri verðþenslu, sem þeir segjast í öðru orðinu hafa áhyggjur af, lækka útgjöld til barnabóta í krónum talið milli ára um, ef ég man rétt, 320 millj. kr. Augljóslega er það vegna þess og ekki nokkurs annars en að það er svikist um að færa upp þessar breytur í frv. og með því eru útgjöldin lækkuð og afgangurinn hækkaður.

Ég nefni í fjórða lagi, herra forseti, afkomu sveitarfélaganna. Hér er ekkert komið inn á það mál. Engin fyrirheit eru gefin um það að ríkissjóður endurskoði tekjuleg samskipti sín við sveitarfélögin þó að hann sé rekinn með þessum mikla afgangi og þó að sveitarfélögin séu að safna skuldum. Ástæða er til að fara yfir það, herra forseti, hvernig þar er umhorfs þessi árin.

Hvernig er staða sveitarfélaganna? Hún er þannig að þau eru rekin núna ár frá ári með miklum halla. Það er þannig að á árinu 1997 voru sveitarfélögin rekin með um 3 milljarða halla, það er um 6,2% af tekjum, sem voru 48,2 milljarðar á því ári. Á árinu 1998 er þetta enn verra því að þá var hallinn 3,8 milljarðar af 53,7 milljarða tekjum eða 7%. Þetta skánar aðeins núna en þó er hallinn enn upp á 2,7 milljarða að ætlað er á þessu ári, 4,5% af tæplega 60 milljarða tekjum. Mjög lauslegir framreikningar á næsta ári, sem eru sennilega óraunhæfir vegna þess að ég óttast að þar sé um að ræða vanmat á útgjaldaaukningu sveitarfélaganna, m.a. vegna launamála og vegna væntinga um úrbætur í skólamálum o.fl., en hallinn er engu að síður áætlaður upp á á þriðja milljarð króna eða eitthvað um 3,5–4% af tekjum.

Þetta er afkoman á þeim bæ. Þetta er umtalsvert. Þetta er enginn smá hallarekstur á einu fyrirtæki, frá 3,5–4% og upp í 7% núna ár eftir ár. Engin viðleitni til þess að taka á þessu misgengi í afkomu ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar. Þvert á móti eru uppi áform um að halda áfram að færa verkefni til sveitarfélaganna án þess að bæta tekjulega stöðu þeirra.

Í fimmta lagi, herra forseti, mætti nefna launaforsendur frv., þær eru auðvitað algjörlega óraunhæfar, það er öllum ljóst. Engin von er til þess, held ég, að launamenn í landinu muni gera kjarasamninga á þeim nótum sem hér eru settar upp. Það er næstum því broslegt, liggur mér við að segja, að reyna að setja upp útreikningslegar forsendur fyrir móverki af því tagi sem þarna er gert. Það liggur við að betra væri að sleppa því og segja sem svo að á þessu stigi málsins væri óvissa sem þessu næmi vegna þess að ekki væri hægt að áætla eða reikna með neinum sanni fyrir áætluðum útgjöldum vegna launabreytinga á næsta ári. En

það að launaforsendurnar haldi, eins og þær eru settar upp í frv. og þar með verðlagsforsendurnar verður því miður, herra forseti, að teljast afar ólíklegt.

Fleira mætti nefna. Ég leitaði eins og fleiri greinilega að milljarðinum í fíkniefnin og upphafi að efndum á kosningaloforðum t.d. framsóknarmanna í þeim efnum og fann lítið. Ég fann þvert á móti í vissum tilvikum niðurskurð til málefna á því sviði.

Síðast en ekki síst nefni ég skattamálin og þá staðreynd að skattkerfisbreytingar hæstv. ríkisstjórnar hafa óumdeilanlega komið þannig út að skattar hafa lækkað á barnlausu hátekjufólki en hækkað á lágtekjufólki, elli- og örorkulífeyrisþegum og öðrum þeim sem eru með tekjur rétt yfir skattleysismörkum. Þetta er staðreynd sem verður ekki hrakin.

Alþýðusamband Íslands hefur sent frá sér m.a. útreikninga á því núna nýverið og ég hvet menn til að fara inn á heimasíður ASÍ og BSRB ef þeir vilja skoða það mál í framhaldi af skýrslu þessara aðila um skattamál. Þeir sýna þar svart á hvítu hvernig t.d. bæði skattleysismörkin og lækkun barnabóta kemur út fyrir einstaka hópa. Ágæt dæmi eru birt þar, sem menn geta skoðað, sem sýna alveg óhrekjanlega að þeir sem hafa komið best út úr þessum breytingum eru hátekjufólkið og sérstaklega barnlausa hátekjufólkið, en minnst aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna hefur orðið hjá þeim sem eru með tekjur rétt yfir skattleysismörk, húsnæðisskuldbindingar og börn á framfæri. Þetta er staðreynd. Það munar allt upp undir 10% á kaupmætti ráðstöfunartekna hvað hann hefur vaxið minna hjá þeim sem eru með tekjur á bilinu 75 til kannski 100 þús., börn á framfæri og húsnæðisskuldbindingar á bakinu og hinum sem eru lausir við hvort tveggja og með tekjur yfir 400 þús. kr. mörkin. Svona er þetta, hæstv. landbrh., og þýðir ekkert að setja upp skeifu út af því. Þetta eru staðreyndir málsins.

Herra forseti. Ég minni á það að lokum áður en ég hverf frá skattamálunum að til voru þeir sem höfðu uppi varnaðarorð, eða hvað sem menn vilja kalla það, gegn skattalækkunarprógrammi ríkisstjórnarinnar á sínum tíma. Hér stendur a.m.k. einn sem lýsti sig andvígan því að farið yrði út í flatar skattalækkanir af því tagi sem gert var á sínum tíma vegna þess að það var augljóst mál að afleiðingarnar af því gætu ekki orðið aðrar en þær sem raun ber vitni, þ.e. að hátekjufólkinu nýttust þær best en lágtekjufólkið bæri að sama skapi minna úr býtum. Það var beinlínis óskynsamlegt í efnahagslegu tilliti í ljósi aðstæðna eins og þær blöstu við að fara þá út í slíkar aðgerðir. Launamunurinn, tekjumunurinn í þjóðfélaginu hefur farið vaxandi í gegnum þessar breytingar. Þær eru liður í því að fletja skattkerfið út þannig að tekjujöfnunargildi þess minnki og ganga þar af leiðandi í þveröfuga átt. Auðvitað veit ég að Sjálfstfl. er hæstánægður með þetta. Nákvæmlega svona vill hann hafa þetta, en það er enn dapurlegra að Framsfl. sem ég sé í Degi í dag að fyrrv. formaður þingflokksins, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, er enn að þráast við að reyna að kalla félagshyggjuflokk, skuli ganga undir þau ósköp að hjálpa íhaldinu við að koma þessum breytingum fram. En það er engu að síður staðreynd. Í hverju felst þá félagshyggjan? Í því að fletja út skattkerfið, draga úr tekjujöfnunargildi þess og lækka sérstaklega skatta á barnlausu hátekjufólki. Ef það er félagshyggja, þá mega einhverjir aðrir ástunda hana fyrir mér.

Herra forseti. Þá ætla ég að hverfa að nokkrum einstökum efnisþáttum frv. Það er aðallega í formi spurninga til hæstv. fjmrh. eða annarra ráðherra eftir atvikum, ef þeir eru hér viðstaddir og gera Alþingi þann stóra og óvænta og því miður allt of sjaldséða heiður nú orðið að vera viðstaddir umræður á Alþingi. En það gerist æ sjaldgæfara að ráðherrar, nema þeir séu beinlínis píndir til þess vegna þess að þeirra eigin mál eru á dagskrá, sjáist hér í þingsölum. Við skulum sjá hvernig veturinn verður í þessum efnum, herra forseti.

Ég ætlaði reyndar að koma því að, herra forseti, að það stendur svo á einmitt fyrir tilviljun að ég er með í höndunum afrit af launaseðlum frá hjónum, sem bæði eru öryrkjar og eru með tekjur rétt yfir skattleysismörkunum og voru bæði að fá sérstaka viðbótarskerðingu á þessum miklu og veglegu greiðslum sem þau fá frá ríkinu. Þar inn í koma einmitt skattleysismörkin sem eru ákaflega beitt þegar kemur að ráðstöfunartekjum þeirra hópa sem eru kannski með einhverjar lítils háttar tekjur, segjum lífeyristekjur til viðbótar því sem þeir fá frá tryggingakerfinu og fá á sig jaðaráhrifin og skerðingarnar að fullu m.a. í gegnum það hvernig skattleysismörkin eru stillt af miðað við þessar upphæðir. Trúi því hver sem trúa vill að slíkir aðilar, t.d. annar með 60 þús. kr. á mánuði og hinn með 45 þús. kr. á mánuði og eru nú að fá á sig skerðingar vegna þessara greiðslna skatta, borga af þessu skatta, séu aflögufærir. Þarna eru fundin bök til að leggja byrðar á eins og þessir hlutir eru nú komnir. Það er enginn vafi á því, herra forseti, að sú aðferð, sú formúla sem ríkisstjórnin hefur valið, þessi og hin síðasta í skattamálum er að færa okkur langt aftur á bak miðað við þau gildi sem ég og samherjar mínir viljum sjá í þessum efnum í gegnum það að mikið vantar upp á að skattleysismörkin hafi fylgt verðlagsþróun eða launaþróun og í gegnum það að ríkisstjórnin neitar staðfastlega að taka upp fjölþrepaskattkerfi en montar sig svo af því að vera að lækka prósentuna flatt og nota mikla fjármuni í það. Í stað þess að leyfa t.d. skattleysismörkunum að fylgja launaþróun er verið að gera breytingar á innbyrðis skattbyrði. Það er augljóst mál og það er alveg ljóst í hvaða átt þær breytingar ganga. Þær þyngja skattbyrðina á lágtekjufólki og meðaltekjuhópum en létta hana á hátekjufólki.

Ég staldra, herra forseti, fyrst við í fjárlagafrv. sjálfu þegar kemur að ráðstöfun tekna þar sem er fjallað um byggðamál. Það á að heita svo, ég segi aftur, herra forseti og endurtek: Það á að heita svo. Endurtek í þriðja sinn: Það á að heita svo að hæstv. forsrh. hafi farið með byggðamál á Íslandi sl. átta ár. Það er ekkert nema nafnið því að þess sér lítinn stað að það ráðuneyti hafi sérstaklega lagt sig í framkróka um að rækja það hlutverk. Þvert á móti er búið að vængstýfa Byggðastofnun þannig að hún er fyrst og fremst til skýrslugerðar og litlum fjármunum vægast sagt varið í þennan málaflokk. Ég tók þess vegna eftir því að framlag til Byggðastofnunar, framlag til byggðaaðgerða undir þessu ráðuneyti sem enn fer með byggðamál, er óbreytt. Það eru viðbrögð ríkisstjórnarinnar við t.d. nýjustu tölum um fólksflóttann af landsbyggðinni og ástand byggðamála, atvinnubrest í fjölmörgum byggðarlögum o.s.frv. 502 millj. kr. eru það á bls. 245 í hinum heilaga texta.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja, herra forseti: Hverju sætir það að liðurinn Undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða fellur niður úr fjárlögunum? Hann var þar á síðasta ári, ef ekki sl. tvö ár. Nú veit ég ekki betur en til standi að stofna frekar tvö en eitt sendiráð á allra næstu missirum, þ.e. í Kanada og síðan í Japan. Engu að síður fellur niður sá liður í fjárlagafrv. sem verið hefur þar til ráðstöfunar til

undirbúnings þessum verkefnum. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. úr því að hæstv. utanrrh. er ekki til staðar hverju þetta sæti.

Í þriðja lagi var ég nokkuð undrandi, herra forseti, þegar ég fletti upp á bls. 285 og sá þar að til stendur að hætta niðurgreiðslu á fóðri til loðdýraræktar. Með öðrum orðum, það hlýtur að þýða ósköp einfaldlega að kveða upp dauðadóm yfir því sem eftir er af þessari atvinnugrein í landinu. Það er alveg borðleggjandi að við núverandi verðlag og afkomu í greininni þolir hún ekki það kjaftshögg sem þetta yrði, en þetta stendur engu að síður efst á bls. 285. Þar er verið að fjalla um útgjöld til ýmissa málaflokka landbrn. og þar segir: „Á móti kemur að hætt verður að niðurgreiða loðdýrafóður, 53 millj. kr." Er þetta endanleg ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar og hvað segir hæstv. landbrh., sem er ekki alveg jafnglaðlegur á svipinn núna eins og hann var fyrir smástundu síðan, um þetta mál?

Ég fletti líka upp á fjárveitingu til Skógræktar ríkisins og það voru mér vonbrigði að sjá að þar er ekki gert ráð fyrir neinum fjárveitingum til undirbúnings skógræktarátaks á Norðurlandi eins og í bígerð hefur verið og Norðlendingar hafa sótt mjög eftir að fá í gang með svipuðum hætti og verið hefur um nær tíu ára skeið á Fljótsdalshéraði til hins mesta sóma auðvitað. Slíkt átak er komið í gang á Suðurlandi undir heitinu Suðurlandsskógar. Það hefur verið mikill áhugi á að koma þessu af stað víðar, t.d. á Norðurlandi og jafnvel Vesturlandi, ef ég veit rétt, en þess sér ekki stað í neinum fjárveitingum, jafnvel undirbúningsfjárveitingum. Ég spyr hverju það eigi að sæta. Nú hélt ég að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að láta planta miklu af skógum því að þar hafa menn fundið ráð þó í litlu sé til að koma örlítið til móts við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og kannski komast hænufeti styttra í burtu frá því að geta uppfyllt ákvæði Kyoto-bókunarinnar, en það eru þá væntanlega ekki skógar á Norðurlandi eða Vesturlandi sem þar eiga að koma til.

Schengen-samstarfið á að kosta 50 millj. strax á næsta ári. Dýr mundi Hafliði allur ef þessi ósköp eiga að kosta okkur tugi milljóna áður en þetta kemur til framkvæmda og er þá ótalin stækkunin á Flugstöðinni í Keflavík upp á annan milljarð kr. sem að miklu leyti er til komin eða verður alla vega mun dýrara en þyrfti að vera vegna þessa Schengen-samstarfs.

Einnig sé ég að undir sama lið er fjallað um 100 millj. til Þróunarsjóðs EFTA. Textinn er afar fáorður sem kemur af því, kannski vegna þess að utanrrn. er ekki spennt fyrir því að lýsa yfir fullkominni og algerri uppgjöf sinni, 100% ósigri í deilunni um áframhaldandi greiðslur í Þróunarsjóð EFTA. En það er skjalfest hér með 100 millj. til sjóðsins á næsta ári þó að vísu sé verið að reyna að segja að um tímabundnar greiðslur sé að ræða. Trúi því hver sem vill.

Herra forseti. Á bls. 301 er heldur neyðarlegur liður fyrir hæstv. ríkisstjórn og þá alveg sérstaklega fyrir Framsfl. því að þar er fjallað um lækkun á framlögum til áfengis- og fíkniefnamála, 2 millj. kr., af því að tímabundið framlag til átaks í fíkniefnavörnum í Reykjanesbæ fellur niður. Það hefur sem sagt hvergi annars staðar fundist þörf fyrir þessar 2 millj. sem þarna spöruðust vegna þess að þessu verkefni er lokið á Reykjanesi, er það? Nei. Þetta hlýtur þá í öllu falli að koma til frádráttar milljarðinum sem annars staðar er uppreiknaður í öðrum liðum, er það ekki, hæstv. ráðherra?

Þá vil ég, herra forseti, í sjöunda lagi aðeins koma að Íbúðalánasjóði. Ég tek eftir því að í umfjöllun um Íbúðalánasjóð er að vísu gert ráð fyrir áframhaldandi 100 millj. kr. til niðurgreiðslu vaxta en ég finn ekkert, ekki eitt orð um greiðslur í varasjóð Íbúðalánasjóðs, ekki eitt orð, ekki ein einasta króna. Í lögum um húsnæðismál, kafla X og ákvæði til bráðabirgða VIII í sömu lögum, er fjallað sérstaklega um varasjóðinn og einn af þremur tekjustofnum hans til að mæta afskriftum sveitarfélaga vegna innlausna á félagslegum íbúðum eiga að vera framlög úr ríkissjóði. Það er ekki ein króna sett í þetta mál í fjárlagafrv. Nú vita þeir sem eitthvað vita og hafa heyrt í talsmönnum sveitarfélaganna að þetta er eitt mesta áhyggjuefni sveitarfélaga víða um land, þær gífurlegu skuldbindingar sem þau eru með á herðunum vegna þessara mála og liggur mjög á að fá niðurstöðu í það mál hvernig farið verður með þennan mikla vanda. Það er ljóst að hann er algerlega ofvaxinn fjölmörgum sveitarfélögum þar sem hann er mestur. Þau munu ekki einu sinni ráða við hann þó að þau settu alla handbæra fjármuni um langt árabil í hann, það dugar ekki til í sumum tilvikum. Þau þeirra sem ráða við hann mundu mörg hver þá ekkert annað gera næstu 10–20 árin en ráðstafa hverri einustu krónu í þennan vanda. En samt er hæstv. ríkisstjórn ekki komin lengra með þetta mál en svo að það er ekki ein einasta króna í fjárlagafrv., ekki gert ráð fyrir neinu í þessum efnum ef ég ef tekið rétt eftir. Meira að segja held ég að hæstv. ráðherra sé ekki einu sinni búinn að koma í gang því starfi eða þeirri endurskoðun og þeim reglum sem þarna átti að setja en um það hefur hæstv. ráðherra þegar fengið fyrirspurn á þinginu og við skulum bíða svara við henni.

En ég spyr: Hverju sætir það að í fjárveitingum til Íbúðalánasjóðs er ekki gert ráð fyrir neinu inn í þetta samhengi? Er það í samráði við sveitarfélögin sem ráðslaga átti um þessi mál við?

Hins vegar hefur betur árað þegar kom að viðskrn. Þar fundust 21 millj. kr. í sérstakt gæluverkefni hjá hæstv. viðskrh. Þá var ekki fátæktin í sérstakt samstarfsverkefni ráðherrans og Verslunarráðsins og fjárfestingarskrifstofunnar um alþjóðleg viðskiptafélög. Það var eitt það allra brýnasta sem hæstv. viðskrh. hafði þörf fyrir fjármuni í, þ.e. að setja á fót verkefni með þessum aðilum til að reka áróður og trúboð fyrir því að laða til landsins alþjóðleg viðskiptafélög, að hér settu niður fót sinn félög með starfsemi fjarri Íslandsgrundum, fengju hér að smjúga inn í skattasmugu sem búin var til með lögum í fyrra og skilar hér mest litlu til landsins en fá að hafa hér heimilisfang.

Þetta brýna hagsmunamál, þetta stóra verkefni, þetta stórkostlega nýmæli í atvinnusköpun landsins, þetta plagg ríkisstjórnarinnar, stolt viðskrn., fær 21 millj. kr. Þá vantaði ekki aurinn og verður nú örugglega gleði og gaman bæði í Verslunarráðinu og viðskrn. og hjá fjárfestingarskrifstofunni þegar þetta verður allt í höfn.

Annað er ekki eins gott, t.d. sú staðreynd að umhvrn. ætlar að draga, að því er best verður séð, einhliða úr þátttöku sinni hvað varðar framlög á móti sveitarfélögunum vegna fráveituverkefna um 100 millj. króna. Hélt ég þó að það ferli væri meira og minna niðurneglt og samningsbundið í samskiptum sveitarfélaga og ríkis. En þetta er engu að síður svo. Það stendur á bls. 358 að umhvrn. ætli að draga úr eða fresta styrkjum vegna fráveituverkefna sveitarfélaga um 100 millj. kr. Ég spyr: Er þetta gert í samráði við sveitarfélögin? Vita menn hvaða afleiðingar þetta getur haft fyrir þau sveitarfélög sem eru með miklar skuldbindingar og standa í miklum verkefnum á þessu sviði? Hverju sætir það að svona er að málum staðið?

Herra forseti. Þá sá ég að hæstv. iðn.- og viðskrh. hafði fundið eina matarholuna og dugði meira en fyrir peningunum í alþjóðlegu viðskiptafélögin. Hæstv. iðnrh. sem ætlar að taka við byggðamálum — er það ekki um áramótin sem það stendur til samkvæmt hrossakaupum stjórnarinnar að hæstv. iðn.- og viðskrh. fái byggðamálin en forsrh. Seðlabankann í staðinn? Það kann að tengjast því að þar eru lausar stöður — hæstv. iðnrh. og tilvonandi byggðamálaráðherra Íslands, hvorki meira né minna, hann fann matarholuna eftir nokkra leit. Hvar haldið þið? Var það hátekjuliðið í landinu, stórfyrirtækin, fjármagnseigendurnir? (Gripið fram í.) Ha! Nei, það var dreifikerfi á raforku í sveitum landsins. Þar er hægt að spara, segir hæstv. iðnrh. og byggðamálaráðherra tilvonandi, 50 millj. kr. Það var óþarflega mikið sem ætlað var í að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum, sérstaklega til þess að koma þriggja fasa rafmagni í sveitir landsins og afskekktari byggðarlög. Það er óþarfi að setja svo mikla peninga í það, þó það sé að vísu góðæri og 15 milljarða afgangur á ríkissjóði. En það er 50 millj. of mikið sem átti að gera í þessum efnum. Hélt ég þó að menn vissu að eitt af því allra meinlegasta og bagalegasta sem menn búa við mjög víða og stendur mönnum stórkostlega fyrir þrifum t.d. hvað atvinnuuppbyggingu varðar í strjálbýlinu á Íslandi, er lélegt dreifikerfi á rafmagni. Það er að það vantar þriggja fasa rafmagn, á mannamáli sagt. Og það er vegna þess að þá eru öll rafmagnstæki mun dýrari, allt upp í þrisvar sinnum dýrari og þau nýta orkuna verr. Það er því stórkostlegt óhagræði fólgið í því að búa við það ástand sem er í þessum efnm á fjölmörgum svæðum. Og það hefur verið sérstakt baráttumál þeirra sem þekkja til þessara aðstæðna á undanförnum árum að fá aukið fjármagn í þetta. (**Iðnrh.:** Það þarf að virkja ...). Þarf að virkja minna? Já, já, er það lausnin? (Gripið fram í.) Þetta er málefnalegt frammíkall hjá hæstv. iðnrh., að þá þurfi að virkja minna. Á sem sagt að sóa orkunni með því að hafa svo mikið orkutap og svo lélegt dreifikerfi til þess að hægt sé að virkja meira? En gallinn er nú sá, hæstv. iðnrh., að það á að gefa útlendingum rafmagnið. Það á ekki einu sinni að leyfa landsmönnum að njóta þess að fá að taka nokkra hagstæðustu virkjunarkosti landsins á það altarið með tilheyrandi umhverfisfórnum. Nei, herra forseti, ég verð að segja alveg eins og er að þetta finnst mér skammarlegt. Lítið leggst nú fyrir hetjurnar, stjórnarliðana sem ég veit að hafa þaullesið greinargerð fjárlagafrv. ekki síður en ræðumaður og vita þetta allir 40 eða 39 með tölu eða hvað þeir nú eru margir, að það er svoleiðis ástand á Íslandi að skera verður niður framlög til styrkingar dreifikerfis raforku í sveitum landsins um 50 millj. kr. Er það þó reyndar samningsbundið verkefni að ég hélt vegna þess að gert var sérstakt samkomulag um það við Rarik að greiða 2% arð af eigin fé Rariks í ríkissjóð á ári hverju og taka 65% af þeirri upphæð í að styrkja raforkukerfið í sveitum landsins. Tekjurnar koma frá Rarik og þær skila sér en það á að svíkja sveitirnar um sinn hlut í þeim. Þannig er það. Þetta er lítilmannlegt, það verður að segjast eins og er, heldur snautlegt og ekki orð um það meir, herra forseti. En það er til 21 millj. handa sama ráðherra til að leika sér með í alþjóðleg viðskiptafélög. Þá er ekki fjárskortur. Þá eru aurarnir á lausu þegar þarf að fara í svoleiðis snobbverkefni.

Herra forseti. Það mætti vissulega tína margt fleira til, en ég vona að hæstv. ráðherrar, bæði hæstv. fjmrh. og aðrir þeir sem hér hafa verið, svari því sem ég hef komið inn á sérstaklega og varðar ráðstöfun á ýmsum liðum, í einum tíu tölusettum liðum. Einkum og sér í lagi væri ánægjulegt að heyra í hæstv. félmrh. um húsnæðismálin og síðan í t.d. hæstv. iðnrh. um þetta afrek hans varðandi dreifikerfi raforku í sveitum.

Herra forseti. Ég segi að lokum aftur að það er auðvitað jákvætt að okkur Íslendingum hefur að ýmsu leyti vegnað vel í efnahagslegu tilliti á undanförnum árum. Við höfum búið við mjög hagstæð ytri skilyrði. Það er óumdeilt. Við fórum að vinna okkur upp úr öldudalnum á árinu 1994 eins og er allt í lagi að rifja enn upp og það var eins og venjulega íslenskur sjávarútvegur sem kom hjólunum í gang, stóraukin verðmætasköpun með veiðum á fjarlægum miðum og góðar vertíðir á uppsjávarfiskum. Þær fóru að snúa þetta upp úr lægðinni og síðan hefur ýmislegt annað bæst við.

En við skulum ekki gleyma því heldur að samanburðurinn er við einhverja dýpstu og erfiðustu lægð í efnahagsmálum sem við höfum lengi gengið í gegnum. Eða eru menn búnir að gleyma því við hvað við erum að bera okkur saman, þ.e. árin frá 1988 til og með 1993 sem voru einstaklega erfið og við fórum ofan í djúpa lægð? Því ber að hafa í huga varðandi allt grobb um kaupmáttaraukningu og annað slíkt að samanburðurinn er við þessa löngu og djúpu lægð.

Við skulum líka í öðru lagi, herra forseti, vera raunsæ gagnvart því á hvaða forsendum þessir hlutir standa, minnast þess að við erum enn að glíma við ýmsa veikleika, til að mynda viðskiptahallann. Við skulum minnast þess, herra forseti, hvernig upphafið að þeim stöðugleika og efnahagslega bata sem við höfum þó notið var fengið. Hverjir færðu fórnirnar til að ná niður verðbólgunni og koma hér á stöðugleika umfram alla aðra? Það voru almennir launamenn í landinu og þeim var lofað því þá, þegar þjóðarsáttin var gerð, að sérstaklega yrði horft til þess að skila þeim því aftur þegar stöðugleikinn væri kominn í höfn og honum væri náð. Nú geta menn sagt að það hafi að meðaltali tekist. En hverjir hafa hirt mest af ávinningnum? Hátekjufólk í landinu. Á sama tíma hafa menn notað skattkerfið og ýmsar aðrar breytingar í ríkisfjármálum þannig að launamunurinn hefur aukist og þeir hafa dregist hlutfallslega aftur úr sem síst skyldi og síst eru í færum til að færa fórnir. Þetta eru því miður, herra forseti, óhrekjanlegar staðreyndir og allt í lagi og sjálfsagt fyrir okkur að hafa með.

Ég get ekki neitað því að mér hefur fundist tónninn í stjórnarherrunum vera pínulítið háskalegur núna stundum á haustmánuðum. Ég held að þegar allt var búið sem til stóð, að láta kjósa og svona, þá átti að halda þessu áfram. Það skipti auðvitað engu máli hvort menn myndu tapa eða vinna, það sést best á því að Framsfl. stórgræddi á því að tapa svona miklu fylgi. Hann fékk enn þá fleiri ráðherra og nú er hálfur þingflokkurinn í ríkisstjórninni og nokkrir á biðlista. Svona þrír af hverjum fjórum eru því annaðhvort þegar orðnir ráðherrar eða skráðir á sérstakan biðlista um að verða ráðherrar innan skamms. Þetta er ekki dónaleg útkoma hjá Framsókn. Stjórnin lagði síðan upp dauðþreytt, óskaplega eitthvað þreytt. Hún svaf alla hveitibrauðsdagana og leitun er að öðrum eins þyrnirósarsvefni og þeim sem þessi ríkisstjórn hefur sofið að langmestu leyti. Og svo er komið og endurtekin hér góðæristuggan. En það sem hræðir mig pínulítið er sjálfbirgingurinn sem mér finnst koma dálítið fram í ræðum ráðamanna ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., fjmrh. og fleiri manna., því dramb er falli næst. Ég hef þá ónotalegu tilfinningu, herra forseti, af einhverjum ástæðum að það væri hyggilegt af landsfeðrunum að guma minna af eigin afrekum um þessar mundir vegna þess að holara

kunni að reynast undir góðærinu, því miður, en þeir vilja vera láta. Ýmis hættumerki eru í loftinu og það væri málefnalegra, fróðlegra og uppbyggilegra ef ráðamenn, hæstv. fjmrh., forsrh. og aðrir slíkir, eyddu aðeins minni tíma í að hæla sjálfum sér en meiri tíma í að ræða á málefnalegum nótum þá þætti sem a.m.k. ástæða er til að hafa áhyggjur af svo ekki sé meira sagt.

[16:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stuttu andsvari verður ekki komið inn á öll þau atriði sem hv. þm. nefndi og ástæða væri að fjalla um. Ég mun eingöngu koma að hinum almennu atriðum sem hann nefndi í fyrri hluta ræðu sinnar. Það er eðlilegra að einstakir fagráðherrar svari fyrir sín ráðuneyti. „Er afgangurinn á traustum grunni eða er hann byggður á sandi?" spurði hv. þm. Um þetta fjallaði ég ítarlega í minni framsögu. „Er teygt á forsendum til hins ýtrasta?" spurði hann í framhaldinu og gaf sér þá fullyrðingu sem svar að svo væri.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson hélt því hins vegar fram að forsendur í fjárlagafrv. væru mjög varfærnislegar. Það er öllu nær sanni en fullyrðingar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ég gat þess líka að við hefðum reiknað út hver afgangurinn væri miðað við að ekki væru þessi áhrif uppsveiflunnar í hagkerfinu. Staðreynd er að niðurstaðan úr því er sú að hér væri verulegur afgangur eigi að síður. Þrátt fyrir það nýtur ríkissjóður vitanlega góðs af góðærinu svokallaða í landinu og af hagstæðu efnahagsumhverfi. Vitanlega, skárra væri nú ef ríkissjóður nyti ekki góðs af því eins og aðrir. Vandinn er að ákveða hvað á að gera við þessa peninga. Á að kasta þeim út í eyðsluna til þess að tryggja að það verði grundvallarhalli aftur þegar á móti blæs, eins og ég skil hv. þm. að hann vilji gera, þ.e. að taka þennan afgang, 15 millj., og setja hann beint út í eyðsluna til þess að tryggja að upp komi mikill halli næst þegar á móti blæs. Þessu segi ég nei við. Þetta á ekki að gera. Þetta væri mjög misráðin stefna.

Sama er að segja um ýmislegt annað varðandi þessar fosendur. Þær eru byggðar á því sem best er vitað og þar sem vafi er höfum við farið þá leið að taka frekar varlegri forsendur heldur en óvarlegri.

[16:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hæstv. ráðherra þegar hann er að svara spurningum að fara ekki að nota helminginn af ræðutímanum til að gera mér upp skoðanir um það hvernig eigi að sólunda afgangi ríkissjóðs. Það fólst ekkert slíkt í máli mínu. Þvert á móti lýsti ég mig mikinn stuðningsmann þess að ríkissjóður og aðrir sameiginlegir sjóðir væru reknir af ábyrgð þannig að þeir gætu vel axlað sín hlutverk. Það er hins vegar rétt hjá hæstv. ráðherra að mikil þörf er á að rétta hlut ýmissa sem halloka hafa farið. Þar af leiðandi er ég þeirrar skoðunar, þrátt fyrir mikilvægi þess að ríkissjóði sé beitt sem sveiflujöfnunartæki og hann sé rekinn með afgangi í góðæri, að taka eigi nokkra fjármuni til brýnna aðgerða t.d. í velferðarmálum og byggðamálum. Ég er þeirrar skoðunar. En ég er líka tilbúinn, hæstv. ráðherra, til þess að afla tekna á móti. Ég er tilbúinn til að afla tekna fyrir því öllu með skattlagningu á hátekjufólk, gróðafyrirtæki, fjármagnstekjur og annað slíkt.

Áhyggjur mínar af forsendunum varða kannski aðallega það, hæstv. ráðherra — og við skulum ekkert æsa okkur yfir því, það er bara efnahagsleg sagnfræði sem við þekkjum — að það skiptir miklu máli að reyna að átta sig á því, að svo miklu leyti sem það er fyrirsjáanlegt eða viðráðanlegt, hvar við erum stödd á hagsveiflunni. Það þekkja allir að á tímum uppsveiflunnar þegar verðlagið er að fara upp og eyðslan og innflutningurinn mikill, þá koma tekjur í ríkissjóð. Það ætti ekki að þurfa að kenna sjálfstæðismönnum þetta sem reyndu ár eftir ár að gera lítið úr árangri Ragnars Arnalds sem fjmrh., sem rak síðastur manna á undan núv. hæstv. ráðherra ríkissjóð með afgangi. Það væri ekkert að marka, sögðu þeir, af því að það væri verðbólga og eyðsla.

En þá var það þannig að við vorum stödd í hagsveiflunni ofarlega á kúrfunni rétt áður en hún flest út og fer niður aftur. Ef svo er þá geta menn verið í mikilli hættu staddir vegna þess að ríkissjóður er enn þá að mæla inn tekjuaukann af uppsveiflu undangenginna missira en fram undan er kannski þveröfug þróun og þá getur dregið hratt í sundur. Þess vegna skiptir það máli að menn séu á raunhæfum forsendum, raunhæfum nótum, hafi vaðið fyrir neðan sig og fari varlega í allri áætlunargerð og menn fari ekki offari vegna þess að löngunin til að sýna glæsilegar niðurstöðutölur beri þá ofurliði.

[16:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er spurningin um hvar menn eru staddir í hagsveiflunni. Má ég minna hv. þm. á draum faraós úr Gamla testamentinu og boðskapinn sem þar er að finna um að leggja í kornhlöður á góðu árunum og geyma til hinna verri ára? Það er nákvæmlega það sem verið er að gera nú, nota góðærið til að byggja upp stöðu fyrir framtíðina.

Ég vil svara tveimur atriðum sem hv. þm. spurði um. Hann nefndi sölu á eignum ríkisins. Annars vegar væri talað um 4 milljarða kr. hagnað en hins vegar væri sala fyrir 6,2 milljarða. Skýringin á þessu er sú að þessar eignir eru bókfærðar upp á 2,2 milljarða og söluandvirðið þá væntanlega 6,2 en hagnaðurinn er mismunurinn, 4 milljarðar. Og það er það sem er bókfært fyrir ofan strik, sem kallað er, þ.e. fært sem tekjur. Hitt kemur ekki fram sem tekjur í ríkissjóð en kemur þó til skila í lánsfjárjöfnuðinum sem fjármagn til ráðstöfunar.

Síðan var það þetta með óraunhæfar launaforsendur sem hv. þm. nefndi og sagði að þetta væri nú svo broslegt að bara væri best að sleppa því. En þarna er komið aftur að þeirri forsendu sem ég gat um áðan. Við tökum inn í frv. það sem best er vitað. Auðvitað er ekki hægt að vita alla þessa hluti fyrir fram og klárt mál að óvissa er varðandi launaþróun á næsta ári, það kemur fram í frv. Haldið þið að það viti ekki hver maður? En hvað vitum við um málið? Við vitum það að opinberir starfsmenn hafa samið um 3% launahækkun frá og með næstu áramótum. Það er það eina sem vitað er um þessa þróun. Þess vegna er það með. Væru það betri vinnubrögð að hafa núll prósent hækkun í þessum efnum fyrir næsta ár? Vitanlega ekki. Þess vegna er mjög óeðlileg gagnrýni sem fram kemur af hálfu hv. þm. um þetta atriði og nánast bara út í hött miðað við það sem hann sagði hér að ljóst væri að forsendur væru teygðar til hins ýtrasta.

Við höfum í þessu efni eins og öðrum notað þá vitneskju sem best liggur fyrir. Við getum að vísu ekki fullyrt að ekkert af þessu breytist. Það er rétt sem hv. þm. Gísli Einarsson sagði. Það eru líkur á því að einhver atriði breytist, sjálfsagt mörg frá því að við tölum saman um þetta núna þangað til í desember. Þannig er það alltaf. Það er ekki þannig að menn geti spáð fyrir um alla þessa hluti með 100% vissu fyrir fram

og þarf ekki að segja það jafnþingreyndum manni og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þetta með sjö mögru árin og feitu árin, kýrnar hans faraós og kornhlöðurnar. Ég er alveg eindreginn stuðningsmaður þess að menn leggi fyrir og eigi til mögru áranna enda tími menn þá að nota kornið þegar hungursneyðin skellur á en láti ekki fólkið svelta í hel. Ég vil alveg endilega að ríkissjóði sé beitt þannig. Þess vegna hef ég t.d. ekki verið í þeim hópi sem hrópar úlfur, úlfur, þó að ríkissjóður væri rekinn með halla á einhverju árabili ef aðstæður eru þannig að hann sem öflugasta sveiflujöfnunartæki sem a.m.k. stjórnvöld hafa í sínum höndum sé þá notaður þannig. Ég er því ekki að gera hér ágreining við hæstv. ráðherra um að það beri að reyna að vera með langtíma og framsýna viðmiðun í þessum efnum. Ég er tilbúinn til að stuðla að því fyrir mitt leyti m.a. með tekjuöflun. Þess vegna taldi ég óskynsamlegt að fara út í flatar skattalækkanir þegar ljóst var að ríkissjóður gæti haft inn umtalsverðar tekjur að óbreyttum sköttum og að óbreyttri skattbyrði þegar batnandi tímar fóru í hönd. Að sama skapi tel ég að menn ættu þá líka að vera tilbúnir til að láta þá njóta sem sannarlega þurfa á leiðréttingu sinna mála að halda.

Spurningin er líka, eins og ævinlega hvort sem eru góðæristímar eða erfiðir tímar, hvernig við dreifum byrðunum eða útdeilum gæðunum. Það er alltaf grundvallarspurningin og það sem stjórnmál snúast kannski um að lokum.

Ég þakka skýringarnar um söluandvirði eigna sem og önnur svör. Það er þá ljóst að ríkið ætlar að selja eignir að verðmæti 6,2 milljarða og fá þær borgaðar, hitt er í raun og veru bókhaldslegt atriði.

Að allra síðustu um launaforsendurnar. Auðvitað viðurkenni ég vandann í þeim efnum. Auðvitað viðurkenni ég það að reikningslega þarf eitt stykki frv. af þessu tagi að byggja á einhverjum grunni. Og það getur vel verið að hægt sé að færa gild rök fyrir því að 1% sé skásta talan eða 3%, 1% umfram það sem liggur fyrir. En það breytir ekki hinu að menn eiga að viðurkenna raunsætt hversu ónákvæmt það getur reynst og að þar er um nánast hreina ágiskun að ræða, sem reyndar er frekar ólíkleg. Það er miklu ólíklegra en hitt að niðurstaðan verði nákvæmlega sú. Það var það sem ég var að fara inn á.

[16:35]

Útbýting þingskjala:

Fíkniefni og vopn sem lagt hefur verið hald á, 50. mál, fsp. RG og GÖ, þskj. 50.

Könnun á læsi fullorðinna, 55. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 55.

Stjórnarskipunarlög, 59. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 59.

[16:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Afkoma ríkissjóðs er góð eins og kemur fram í ræðu hæstv. fjmrh. og birtist í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Hagvöxtur hefur verið mikill nú í nokkur ár en hraðinn á efnahagslífinu er meiri en þeir sem best þekkja til telja ráðlegt til lengri tíma. Að greiða niður skuldir ríkissjóðs við þessar aðstæður er vissulega þarft. Það er í raun fagnaðarefni að þannig sé verið að byggja upp fyrir framtíðina.

En varla verður svo talað um þenslu í þjóðfélaginu að ekki sé vikið að því að óútskýrð skuldaaukning sjávarútvegs á fáum árum er yfir 30 milljarðar kr. Þar er svo til víst að um er að ræða þá fjármuni sem fyrrverandi sægreifar hafa tekið til sín með sölu á óveiddum fiski í sjó, kvótanum.

Þessir fjármunir eru síðan m.a. þensluvaldur á höfuðborgarsvæðinu. Af því virðast núverandi ráðherrar, allir sem einn, ekki hafa neinar áhyggjur.

Skuldaaukningin í sjávarútveginum mun halda áfram með vaxandi þunga og þegar kvótagreifalénin verða orðin aðeins tvö, eins og framtíðarsýn greifanna er nú, hafa sjálfsagt um 90% allra veiðiheimilda gengið kaupum og sölum og þá munu hafa hlaðist upp fjallþungar skuldir sem hvíla á sjávarútveginum.

Af sérfræðingum er talið að verðmæti aflakvótans sé um 350–400 milljarðar kr. Treysti Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og aðrar lánastofnanir sér til að lána upp í 70% af þeim reiknuðu verðmætum gætu skuldir sjávarútvegs hæglega verið orðnar 250–280 milljarðar eftir einn áratug í óbreyttu kvótabraskskerfi. Skuldirnar hafa hækkað á fjórum árum, frá 1995–1998, um 56 milljarða.

Það er eins gott að ekki komi aflabrestur þegar svo er komið, eða hafís sem hindrar fiskveiðar. Þá hæfust vanskil skulda, dráttarvaxtareikningar og síðan gjaldþrot með ófyrirséðum afleiðingum fyrir íslenska þjóð.

Það er vert að halda því til haga í þessari umræðu um auðsöfnun fárra að hugmyndasmiður sjávarútvegsráðherra síðasta einn og hálfan áratuginn, sem býr í Noregi, ræðir opinskátt um að sjávarþorp Íslands eigi að fara í eyði. Það megi hins vegar huga að smávegis bótum til handa þeim sem með þeim hætti eru rændir eignum sínum og lífsviðurværi. Dæmin láta ekki á sér standa: Í dag er það Hrísey, í gær Þingeyri, þar áður Þorlákshöfn, Breiðdalsvík, Djúpivogur. Menn spyrja ekki hvort einhver verði næstur, heldur hvenær.

Við spyrjum því hvort það góðæri sem ríkt hefur nú hafi skilað sér jafnt til allra. Því fer fjarri að laun hins almenna verkamanns hafi hækkað jafnt og annarra. Þenslan er fyrst og fremst á suðvesturhorni landsins og jafnvel þar nær kaupmáttaraukningin ekki inn í taxta þeirra lægst launuðu sem eftir sitja eins og svo oft áður. Í forsendum fjárlaga virðist svo að gert sé ráð fyrir að laun hækki aðeins um rúm 4% á næsta ári.

Í fjárlagafrv. segir svo, með leyfi forseta, um komandi kjarasamninga:

„Flestir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir í febrúar næstkomandi og því ríkir mikil óvissa um launaþróun á næsta ári. Í forsendum þjóðhagsáætlunar er gert ráð fyrir að laun hækki almennt í byrjun árs í takt við það sem gerðist á þessu ári, en í þeim kjarasamningum sem gilda fram á næsta ár, meðal annars hjá hinu opinbera, hækka laun um 3% í janúar. Út frá þessum forsendum og miðað við þá verðlagsspá sem gengið er út frá í þjóðhagsáætlun má reikna með því að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 1–1,5% á árinu 2000.“

Því verður ekki á móti mælt að við höfum lifað miklar breytingar á mörgum sviðum. Ef verðbólgan nær sér aftur af stað mun það bitna harðast á mjög skuldsettum heimilum fjölskyldufólks. Hækki verðbólgan um sem nemur einu prósentustigi er ljóst að skuldir heimila gætu samfara því hækkað um allt að 4 milljarða kr. Aukning einkaneyslu umfram kauphækkanir hefur í stórum stíl verið fjármögnuð með lántökum. Fyrstu átta mánuði ársins jukust lántökur heimilanna um 15% frá sama tímabili árið áður og þykir mál til komið að hægja á þeirri aukningu.

Mjög óvarlegt er að ætla að launþegar sætti sig við svo litlar launabreytingar, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., í ljósi þess að margir hafa fengið tugi prósenta í hækkun á laun sín.

Herra forseti. Það ber að huga vel að stöðu öryrkja, sjúkra og aldraðra nú þegar við höfum til þess nokkurt svigrúm.

Í fjárlagafrv. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Unnið verður að endurskoðun á almannatryggingakerfinu og samspili þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið með það að leiðarljósi að umfang og kostnaður við stjórnsýslu verði sem minnstur, framkvæmd einfaldari og samræmd til gagns fyrir bótaþega."

Það er löngu tímabært að fram fari heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu því um allangt skeið hefur verið ljóst að kerfið gegnir ekki því hlutverki sem kröfur eru gerðar um nú til dags. Um það vitna kvartanir aldraðra, öryrkja og stofnana innan heilbrigðiskerfisins. En hvernig á að vinna að þessari endurskoðun? Það er ekki tíundað í fjárlagafrv. Tilraunir til að endurskoða almannatryggingakerfið hafa nefnilega staðið í a.m.k. hálfan annan áratug án þess að nokkur niðurstaða sé í sjónmáli.

Ríkisendurskoðun lauk nýlega stjórnsýsluendurskoðun á lífeyristryggingasviði Tryggingastofnunar ríkisins. Úttektin náði einkum til þeirra útgjalda sem beint tengjast elli- og örorkulífeyrisþegum og markmið hennar var að sýna umfang bótakerfisins og hvernig það tengist m.a. skattkerfinu og lífeyrissjóðakerfinu. Helstu niðurstöður úttektarinnar staðfesta m.a. að nauðsyn ber til að einfalda þann hluta bótakerfis lífeyristrygginga sem beint tengist öldruðum og öryrkjum og einnig er bent á að takmörkuð samvinna milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og félagsmálaráðuneytis hins vegar sé kerfinu fjötur um fót. Það er sjálfsagt að taka tillit til þessara athugasemda við tilvonandi heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu.

Bætur til öryrkja eru lægri hér á landi en í nágrannalöndunum og jaðarsköttum þannig háttað að kerfið spornar beinlínis gegn því að öryrkjar reyni að bæta sér upp þessar lágu bætur með launaðri vinnu og aðlagist þannig atvinnulífinu.

Góðærið svokallaða hefur skilað öryrkjum mun minni kaupmáttarauka en öðrum vegna þess að stjórnvöld tóku þá pólitísku ákvörðun að kjör öryrkja skyldu ekki fylgja almennri launaþróun í landinu.

Frjálslyndi flokkurinn vill:

að örorkubætur verði hækkaðar og fylgi þróun launa,

að allur lífeyrir verði án tengingar við tekjur maka,

að frítekjumörkin verði hækkuð og

að dregið verði úr fráleitum jaðarskattaáhrifum.

Við höfum einnig krafist þess að tekjutenging barnabóta verði afnumin því að öll tekjutenging skerðir hlut þeirra sem minna mega sín. Almennt bitnar hún á þeim sem erfiðast eiga svo sem öryrkjum og barnafólki. Í þessum „aðhaldsfjárlögum" eru barnabætur skornar niður um 230 milljónir milli ára. Það kemur ekki á óvart að sparnaðaraðgerðir þessarar ríkisstjórnar skuli bitna verst á þeim sem minnst mega sín.

Góðæri hefur ríkt í landinu og fyrir kosningar var fólk óspart hvatt til að kjósa stöðugleikann. En stöðugleikinn var fyrir bí strax daginn eftir kosningar og samkvæmt lögmáli nýfrjálshyggju stjórnarflokkanna hefur ágóðinn af góðærinu lent hjá þeim sem mest áttu fyrir og bilið milli ríkra og fátækra hefur enn breikkað. Þetta fjárlagafrumvarp tryggir að hinir fátæku verði áfram fátækir og axli byrðar aðhaldsins.

Herra forseti. Fjármuni má nota á ýmsa vegu og í misarðbærar framkvæmdir. Betri vegir og styttri vegalengdir milli byggðarlaga og landsvæða eru framkvæmdir sem skila landsmönnum arði fyrr og betur en almennt er gert ráð fyrir við hönnun og gerð vega sem valda byltingu í samgöngum. Nærtækt dæmi þar um er gerð jarðganga undir Breiðadals- og Botnsheiðar sem rauf einangrun milli staða á norðanverðum Vestfjörðum yfir vetrarmánuði. Umferð um þann heilsársveg er mun meiri allan ársins hring en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi við gerð jarðganganna. Það sama kom strax í ljós við opnun Hvalfjarðarganga. Þessi varanlegu mannvirki eru vissulega sá vegvísir sem við eigum að líta til sem framtíðarlausnar við gerð heilsársvega á landi okkar þar sem vetur geta bæði orðið langir og snjóþungir. Hins vegar verður að gera kröfu til þess að ný jarðgöng séu gerð þar sem þau nýtast sem flestum og valdi jafnframt verulegum breytingum á samgöngum bæði milli byggðarlaga og landsvæða.

Að því er ég best veit eru Austfirðir næstir og vonandi að sem fyrst verði þar hafið verk. Hvenær svo sem Vestfirðir verða aftur komnir á kortið, eins og sagt er, tel ég að þar megi gera varanlega tengingu milli byggðarlaga og við aðalþjóðvegakerfið með einum jarðgöngum og að því loknu væri um engan fjallveg að fara sem kallast getur því nafni frá Þingeyri til Reykjavíkur og aðeins Kleifaheiði og Hálfdan að vestanverðu. Þessi hugmynd, ef hún reynist hagkvæm við nánari skoðun, kallar fram frestun á ýmsu sem nú er fyrirhugað að framkvæma á Vestfjörðum.

Ég er þeirrar skoðunar að slíkar framkvæmdir, séu þær sú lausn sem ég vonast til, eigi að ráðast í sem fyrst og fjármagna með lántöku ef nauðsynlegt er og hagkvæmt þykir. Í þeirri veiku stöðu sem byggðir eru í nú um stundir er þörf á að finna lausnir sem stytta vegalengdir og efla samstarf og samvinnu fólks á landsbyggðinni.

Herra forseti. Athygli vekur að enn á ný er dregið úr fjárveitingum til Sjómannaskólahússins. Það hús hefur um langan tíma skort viðhald og er varla á það bætandi að svo haldi áfram. Sjómannaskólahúsið var byggt af miklum stórhug á sínum tíma og er í raun ein af glæsilegri byggingum í Reykjavík. Í sumar átti að lagfæra þak hússins en því var frestað. Vonandi verður séð til þess að þær framkvæmdir dragist ekki enn frekar. Nú þegar er húsið orðið skemmt vegna viðhaldsleysis í mörg ár. Niðurskurður, þó ekki sé nema um 10 milljónir, fellur a.m.k. ekki að mínum áherslum um endurreisn þessa virðulega og sérstæða húss. Eins og allir vita sem komið hafa um borð í nútímafiskiskip eru slík skip mjög tæknivæddur vinnustaður. Þeir sem koma til að mennta sig í Sjómannaskólanum stefna að því að fá þar sem besta kennslu. Það er líka stefna þeirra og metnaður sem kenna fræðin að fylgjast með hinni öru þróun sem nú er á fullri ferð í tölvuvæddum heimi. Mjög líklegt verður að telja að til viðhalds og endurnýjunar tækja þurfi sérstaka fjárveitingu á næsta ári.

Herra forseti. Bændur hafa mjög margir allt of lágar tekjur af búrekstri sínum. Mikil nauðsyn er að tekjur þeirra geti farið vaxandi á næstu árum. Eins og markaðsmálum er nú háttað á afurðum sauðfjárbænda er afar nauðsynlegt að auka greiðslur til bænda af fjárlögum. Flata skerðingin fór afar illa með afkomu bænda víða þar sem sauðfjárbúskapur var kjölfestan í búrekstrinum. Margir virðast líka vera búnir að gleyma því að það voru ekki hvað síst bændur sem tóku á sig byrðar á sínum tíma til þess að hér á landi væri hægt að ná niður verðbólgu og semja um þjóðarsátt sem færði okkur

í átt að stöðugleika. Það voru ekki bara launþegar einir sem báru þær aðgerðir. Þjóðin skuldar bændum það að með þeim sé staðið þegar að kjörum þeirra kreppir.

Bændur hafa varðveitt byggðina og víða haldið fögrum sveitum í byggð við erfið skilyrði og oft lítinn skilning á því að fá að nýta landgæði og gott beitarþol lands í héraði sínu eða sýslu. Það er nokkuð ljóst að sértækar aðgerðir verða að koma til ef jaðarbyggð eins og Árneshreppur á Ströndum, svo dæmi sé tekið, á að halda velli.

Margir bændur, sem voru á sínum tíma hvattir til þess af samtökum sínum að hefja loðdýrarækt og hvattir til lántöku í því sambandi, eru enn þá með þær byrðar á bakinu sem afleiðingar af þeirri stefnumótun sem á sínum tíma var stefna bæði stjórnvalda og forustumanna bænda. Þær skuldir sem enn standa eftir af þessum gjörðum sem í mörgum tilfellum var röng stefnumótun ber nú að afskrifa. Menn geta kallað það sértækar aðgerðir, handstýringu eða mismunun ef þeir vilja. Ég sé ekki að það þjóni neinum hagsmunum að gera þá bændur eignalausa með öllu sem fóru að ráðum forustumanna sinna á sínum tíma, að reyna að auka tekjur sínar með loðdýrarækt, því miður mörgum þeirra til mikils skaða. Við verðum einfaldlega að tryggja bændum lífsviðurværi í sveitum landsins og reyna á aðlögunartíma að vinna markaði fyrir íslenskt lambakjöt.

Margir bændur hafa tekjur af hlunnindabúskap. Minkurinn sem komið hefur óboðinn vargur inn í gósenland íslenskrar náttúru veldur ómældum skaða í lífríkinu. Það þarf á nýjan leik að auka fjárveitingar til eyðingar á refum og mink. Verði ekki við brugðist mun fjölbreytt fuglalíf víða láta undan svo og líf í ám og vötnum.

Herra forseti. Vítin eru til að varast þau. Hafna ber með öllu sölu á búmarki milli bænda. Þar væri í raun verið að fara í það sama fúafen sem kvótabraskið í sjávarútvegi hefur leitt af sér. Uppkaup á búmarkskvóta eiga miklu frekar að fara í pott sem ríkið fjármagnar og selur úr eftir reglum um verndun byggðar og þar sem tekið væri fullt tillit til beitarþols landsvæða og fleiri atriða sem stuðlað gætu að jákvæðri uppbyggingu í sauðfjárbúskap í fullri sátt við náttúrufar og hagkvæmni.

[16:54]

Útbýting þingskjala:

Langtímaáætlun í jarðgangagerð, 61. mál, fsp. KLM, þskj. 61.

Niðurstöður launakönnunar kjararannsóknarnefndar, 60. mál, fsp. SJS, þskj. 60.

Virkjunarleyfi og umhverfismat, 62. mál, fsp. SighB, þskj. 62.

[16:55]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er að mörgu leyti mjög ánægjulegt plagg. Það er besta frumvarpið sem við höfum getað sýnt í áratugi. Það er vitnisburður um að efnahagslífið hefur verið í miklu jafnvægi, það er vitnisburður um að mjög vel hefur tekist til við sjálfa efnahagsstjórnina.

Sú jafnvægislist í ríkisfjármálum að gefa atvinnulífinu tækifæri til þess að vinna og starfa og búa til meiri auð fyrir þjóðfélag skiptir öllu máli. Þannig á líka fjárlagafrv. að vera. Það er til þess að halda jafnvægi svo að efnahagslífið fái að blómgast áfram. Það er einmitt það stóra verkefni sem liggur fyrir og það er einmitt það markmið sem menn hafa í huga þegar slíkt frv. er lagt fram.

Mér hefur fundist, herra forseti, að hér gæti dálítils misskilnings um það hjá stjórnarandstöðunni um það hvers við værum að leita. Skattamálin, þar sem ríkið tekur til sín í ríkissjóð, eru líka í frv. Aðallistin í þessu jafnvægi er einmitt að ríkið taki frá fjármuni í góðærinu þannig að ekki skapist umframeyðsla en reyni að soga þetta til sín til þess að eiga peninga til að geta staðið undir því þegar verr árar. Skattkerfið á að virka líkt og veltitankar á skipi, svo að ég noti nú myndmál sem hæstv. síðasti ræðumaður á að skilja mjög vel. Það sogar til sín tekjurnar og er svo tilbúið til að dæla þeim út þegar við þurfum á að halda.

Þess vegna er ákaflega mikilvægt þegar við erum að ræða um skattkerfið og frumvarpið að menn átti sig á því við hvað þeir eru að miða. Ég tók eftir því í ræðu hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hann nefndi fimm sinnum viðmiðanir og gerði það alltaf trekk í trekk. Hann talaði um að við ættum að miða við kaupmáttinn. Síðan í næstu setningu við neysluvísitöluna, síðan aftur við kaupmáttinn, síðan við neysluna og svo aftur við kaupmáttinn.

Menn verða að gera þetta upp við sig: Hvað vilja menn miða við? Hvað eru menn að miða við? Ætla menn að miða við kaupmáttinn núna af því að kaupmátturinn hefur farið vaxandi, vísitala launanna hefur verið hærri en vísitala neyslunnar? Ætlum við þá að miða við kaupmáttinn? Hvað ætlum við að gera ef hagur þjóðarinnar versnaði nú? Hvað ætlum við að gera þá? Ætlum við þá, ef kaupmátturinn rýrnaði, að miða við kaupmáttinn? Nei. Ætlum við þá að miða við neysluna eða hvort ætlum við að gera?

Hvernig færi fyrir þeim sem stæði verst að vígi ef svo illa vildi nú til að kaupmátturinn færi niður? Ég spyr, herra forseti. Ég áttaði mig alls ekki á þessum málflutningi. Auðvitað fær ríkið hluta af þeim ávinningi sem þjóðfélaginu hlotnast. Það er þess vegna sem við erum að skila mjög góðu ríkisbúi. Það kemur bæði til góða fyrir hið opinbera og fyrir einstaklinginn. Kaupmátturinn hefur aldrei aukist meira á Íslandi en á undanförnum árum. Staða ríkisins hefur jafnframt batnað.

Hvað vilja menn? Vilja menn auka kaupmáttinn enn þá meira núna til þess að staða ríkissjóðs verði verri? Eru það sömu mennirnir sem eru að hneykslast í ræðupúlti á því að nú sé viðskiptajöfnuðurinn svo slæmur og hafi svo vond áhrif á verðbólguna? Menn verða að átta sig á því í hvorn fótinn þeir vilja stíga. En ég fullyrði, herra forseti, að það er einmitt það sem ríkisstjórnin er að koma í veg fyrir með þessu frv., hún er að reyna að halda jafnvægi í efnahagslífinu. Þannig er frv. byggt upp. Þess vegna er ríkisvaldið að taka til sín fjármuni umfram það sem það þarf að nota til rekstrar þess á næsta ári, til að geyma þá til þess að borga niður skuldir eða bara geyma þá.

Þess vegna er staðið svona að málum. Það er lífsnauðsynlegt til þess að geta haldið áfram að bæta kjör Íslendinga að einmitt svona sé unnið, ekki öfugt. Það er mjög lítill vandi að telja það upp að mýmargt megi bæta, efla, stækka, auka og betrumbæta o.s.frv. Það geta allir farið með svoleiðis runu og auðvitað eru fjölmargir sem sannarlega þyrftu á því að halda.

En til þess að kjörin geti batnað í heild fyrir samfélagið þá verðum við að geta stýrt ríkisfjármálunum. Það hefur engin þjóð getað náð árangri í að bæta kjör þegna sinna sem ekki hefur getað stýrt ríkisfjármálum sínum. Stýring ríkisfjármála er forsenda þess. Ef við ætlum að hlaupa eftir því sem hver og einn segir og segja: Nú miðum við allt sem við erum að gera við kaupmáttinn af því að hann er hærri. Hlaupum svo

til hálfu ári seinna og segjum: Nei, nú breytum við því af því að nú er neysluvísitalan hærri. Það væri mjög skjótvirk aðferð til þess að sprengja hagkerfið í loft upp. Það væri jafnvel hægt að gera á nokkrum missirum. Menn verða því að sýna staðfestu í því — ég efast ekkert um góðan hug þingmanna til allra góðra mála — en menn verða að sýna staðfestu í því við hvað er miðað.

Ég hjó líka eftir því í umræðum um frv. að menn virðast efast dálítið um á hversu traustum grunni það er. Náttúrlega veit enginn hið óorðna og enginn getur svo sem spáð um það. Mér sýnist þó flest benda til að hér sé varfærnislega farið að. Það er tiltölulega lág hagvaxtarspá, lægri en ég átti von á. En hið góða skaðar ekki. Þannig að það er ekki fyrir okkur í þetta skipti.

Menn hafa líka rætt hér um launamál. Einn hv. þm. taldi forsendurnar broslegar. Herra forseti, ég held að það hafi ekki verið heppilegt. Launamálin eru ákaflega viðkvæm og í þessu frv. er gert ráð fyrir því að kaupmáttaraukning í landinu verði 1,3%. Nú kann að vera að forsenda sé fyrir nokkuð meiri kaupmætti. Ég get ekki fullyrt um það frekar en aðrir. Þó er ég alveg viss um það eins og fyrri daginn að þeim mun lægri sem meðalhækkun launa verður í samfélaginu, því líklegra er að talsverður kaupmáttarauki geti orðið. Ef við ætlum að fara gömlu, léttu, ljúfu leiðina sem svo algengt var að fara hér áður fyrr, að hækka laun en hugsa ekki um kaupmáttinn, þá er alveg öruggt mál að hægt verður að hækka svo mikið laun á Íslandi að kaupmáttur fólks muni versna. Ég vil ekki trúa því eftir mikil og góð kynni af forustu launþegahreyfingarinnar á Íslandi að nokkur þeirra hafi áhuga á því. Ég vil ekki trúa því.

Við þessa fjárlagaumræðu tel ég hins vegar rétt að koma aðeins inn á það sem ríkið varðar í þeim efnum, þó að það sé viðkvæmt. Það var svo árið 1997 að samninganefnd ríkisins í launamálum ákvað töluverða stefnubreytingu varðandi ákvörðun launa. Ákveðið var að fara út í valddreifingu á því sviði. Ákveðið var að fela stofnunum meira vald til að ákveða launin, auka sveigjanleikann þannig að hver stofnun hefði meira um það að segja en hið miðstýrða ákvörðunarvald hafði áður.

Hugmyndafræðin í þessu kann alveg að vera rétt. Ég held að hún hafi verið alveg rétt. Hún var vel hugsuð og það var vel meint að þannig mundi þetta nýtast betur hinu opinbera. Hins vegar var ég, herra forseti, í upphafi og er enn sannfærður um að þarna hafi nokkuð óvarlega verið unnið vegna þess að við höfum því miður þá reynslu að þó nokkur hluti af starfsemi ríkisins og forustumönnum ríkisfyrirtækja eiga ákaflega erfitt með að hemja rekstur sinn við fjárlögin. Fjárlagarammarnir halda ekki alfarið. Það er sá skuggi sem yfir þessu frv. hvílir og því ekkert eðlilegra að mínum dómi en að tala um þetta af hreinskilni. Það borgar sig ekki annað en ræða það. Fjöldamörg fyrirtæki ríkisins, svo hundruðum skiptir, virða ramma fjárlaganna, virða hann mjög vel. En það eru undantekningar á því og við eigum að viðurkenna það vegna þess að Alþingi á að koma hlutunum þannig fyrir að við getum stjórnað ríkisfjármálunum. Það er hið stóra viðfangsefni. Ég get ekki séð að það sé nokkuð frekar áhugamál stjórnarsinna fremur en stjórnarandstæðinga. Alþingi á hverjum tíma hlýtur að leitast við að hafa stjórn á ríkisfjármálum því að Alþingi er fjárveitingavaldið.

Það hefur verið tilkynnt að fylgifrv. þessa, þ.e. fjáraukalögin fyrir 1999, muni sjá dagsins ljós eftir nokkra daga. Fyrir liggur og hefur verið sagt frá því að þar komi fram veruleg fjárvöntun nokkurra fyrirtækja, svo að umtalsvert getur talist. Í ræðu sinni gat hv. þm. Gísli Einarsson þess. Það mátti skilja orð hans þannig að ástæða þessa væri sú að í fyrrahaust hefði Alþingi og fjárln. alls ekki gert ráð fyrir því að setja inn í frv. þá peninga sem vænta mátti að þyrfti. (**GE:** Fyrirséð var.) Ég get ekki, herra forseti, fallist á þetta. Í umræðunum um fjárþörf hins opinbera í fyrrahaust lá fyrir að búið var að uppfylla þær kröfur sem þarna var um að ræða. Árið 1998 var búið að borga upp allan hala sjúkrahúsa nema fjögurra sem áttu að fá til þess sérstakt fjármagn og hagræðingu. Verulegt fjármagn var sett inn í fjárlagafrv. 1999 sem ætlað var að mundi duga. En staðreyndirnar liggja nú þannig fyrir að það dugir ekki.

Ef það væri, herra forseti, vegna kæruleysis fjárln., hæstv. fjmrh. eða Alþingis að rétta talan er ekki sett þarna inn, þá væri einfaldast að setja inn bara 2–3 millj. og laga þetta. Þá væri vandinn ekki til staðar. En því miður, herra forseti, held ég að þetta vandamál sé mun alvarlegra en svo. Ég get ekki séð að okkur hafi tekist að ná utan um það hversu miklir fjármunir fara inn í heilbrigðiskerfið. Ekki það að ég hafi neitt á móti peningum í heilbrigðiskerfið. Ég hef ekkert á móti læknum eða hjúkrun eða hvað sem það er. Það er óviðunandi að Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið geti ekki stjórnað þessum þætti ríkisútgjaldanna. Það er óviðunandi.

Ísland notar tiltölulega mikið opinbert fjármagn í heilbrigðisþjónustuna, ekkert voðalega mikið. Til eru þau lönd sem nota meira. Við notum samkv. síðustu tölum 6,7% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar nota OECD-ríkin 6%. Evrópubandalagið notar 6,2% svo að menn átti sig á því hvaða stærðir er um að ræða. Hins vegar liggur líka fyrir að einstaklingar á Íslandi borga tiltölulega lítið inn í heilbrigðisþjónustuna. OECD-meðaltalið er 2,1%. Evrópumeðaltalið er 2% en við borgum rétt um það bil 1,2% á ári. Þátttaka almennings í heilbrigðiskostnaði er því tiltölulega lítil á Íslandi. Ég segi þetta svo að menn átti sig á því um hvaða stærðir er að ræða.

Ég veit að alls konar tillögur eru til. Það hafa verið lagðar fram tillögur í a.m.k. 10–15 ár meðan þetta vandamál hefur verið til umræðu á Alþingi af meiri og minni hreinskilni. Það eru a.m.k. 15 ár síðan umræður voru á Alþingi um að skilgreina yrði hlutverk heilbrigðisstofnana og reyna að átta okkur betur á því hvaða hlutverki þær höfðu að gegna. Það var mjög mikil umræða um þetta fyrir tíu árum og fyrir fimm árum. En þrátt fyrir að við náum mjög góðum árangri á mörgum sviðum við að stjórna ríkisútgjöldunum þá virðist okkur lítt hafa miðað þarna. Ég held að það liggi fyrir að einskis árangurs sé að vænta nema við horfum á þetta út frá öðru sjónarhorni en hingað til.

Nú spyrja menn: Hver er sökudólgurinn í þessu? Ég held að það sé alveg ljóst hver er sökudólgurinn í þessu. Sökudólgurinn hlýtur að vera Alþingi sjálft vegna þess að Alþingi hefur alltaf í gegnum öll árin á endanum borgað allan kostnað. Þetta er reynsluheimur þeirra sem fjalla um sjúkrahúsin og reka heilbrigðisstofnanirnar. Reynsluheimurinn er þessi. Þegar er vitað um nokkra liði fjáraukalaganna sem á að leggja hér fram eftir nokkra daga. Í þeim er þetta: Þau sjúkrahús sem hafa staðið sig vel í rekstri og ekki farið neitt fram úr, fá eina milljón í verðlaun. Hin sjúkrahúsin bíða nú eftir sínum verðlaunum: 100 millj., 200 millj. eða 300 millj. verðlaunum. Svona hefur þetta gengið fyrir sig. Þetta er ekkert nýtt. Þetta var svona fyrir fimm árum. Þetta var

svona fyrir tíu árum. Verðlaunaafhendingin fer alltaf fram í gegnum fjáraukalögin.

Hvað á stjórnandi sjúkrahúss að halda miðað við þessa sögu? Hann þarf ekki að halda neitt. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Sá sem kaupir mest af tækjum, sá sem borgar hæst launin, sá sem velur sér bestu starfsmennina og fer mest fram úr, hann fær mesta peningana. Hann er bestur. Eins og krakkarnir segja, flottasti gæinn. Við verðum að taka ábyrgðina á þessu á okkur, við öll. Við höfum rosalega gott heilbrigðiskerfi. Allur vitnisburður erlendra aðila um stöðu heilbrigðismála hér er gríðarlega góður. Við höfum ábyggilega mjög gott starfsfólk. Það eru engin vandamál í þessum heilbrigðismálum. Það hlýtur samt að vera vandamál Alþingis að geta ekki stjórnað þessum fjármunum. Eða ætla menn kannski að halda þessu áfram svona? Kannski það verði útkoman að við höfum þetta bara óbreytt áfram. Þá vita líka stjórnendur heilbrigðismála hvernig á að fara að því að ná árangri. Þeir vita það margir og kunna það margir. Það verður þá svoleiðis áfram.

En stjórnunin á þessum þætti hlýtur að vera meginmál ef við ætlum áfram að ná árangri á öðrum sviðum. Við hljótum að geta gert þetta. Hins vegar er það rétt, ef við athugum ríkisfjármálin, að í ýmsum þáttum ríkisfjármálanna erum við ekkert með mjög mikil framlög. Margar þjóðir eru með miklu hærri opinber framlög t.d. til mennta og vísinda en við Íslendingar.

Ég held að það sé alveg ljóst að ef við ætlum að halda áfram á þeirri velferðarbraut sem við höfum verið, ef við ætlum að halda áfram að vera þetta farsældarfrón, ef við ætlum að halda áfram að standa fyrir því að hér geti verið mikill hagvöxtur, að hér geti blómgast mikið og gott atvinnulíf og mikil og góð afkoma, þá verðum við að horfa til þess í framtíðinni að fjárfesta miklu meira í skólum, í vísindum og rannsóknum. Sú gagnrýni sem mjög oft hefur komið fram á Alþingi í gegnum árin að allt sé að í heilbrigðismálunum er því bara ekki rétt. Hins vegar á sú gagnrýni að verulega skorti á gagnvart framtíð menntamála við töluverð rök að styðjast.

Við verðum að hafa í huga að það er fullkomin ástæða til að trúa því að við getum haldið áfram á þessari braut. Það þarf alls ekkert að vera að við séum komin að einhverjum endimörkum vaxtarins, það er langt frá því. Ísland hefur alla möguleika til að verða ríkasta þjóð heimsins með mestu velmegun og bestu kjör.

Lykillinn að því er skynsöm hagstjórn og skynsöm hagstjórn verður ekki nema með mjög ábyrgri stjórnun peningamála og ríkisfjármála. Það er lykillinn að þessu.

Herra forseti. Það frv. sem liggur fyrir er traustur steinn í þann vegg. Það ber að virða og þakka. Auðvitað eru hættur og mörgum stærri og sterkari þjóðfélögum en Íslendingar eru hefur tekist að fara sér að voða og horfið þannig af spjöldum sögunnar. En við eigum að geta haldið þessu áfram, herra forseti. Það er mjög mikið að sækja í framtíðina og til mjög mikils að vinna. Óþol og firring eins og maður verður oft var við núna síðustu misserin og mánuðina eru kannski mun hættulegri fyrir okkur sem þjóð en efnahagshorfurnar sjálfar. Okkur liggur þannig kannski ekkert á en við getum haldið áfram og ætlum að halda áfram að byggja upp þetta þjóðfélag og ekkert útilokað að hagvöxtur geti haldið áfram í áratugi af svipaðri stærðargráðu og hann hefur verið á undanförnum árum. En til þess þurfum við að vanda okkur mjög mikið því að það er enginn vandi að misstíga sig.

[17:18]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Hann lét vaða á súðum eins og sjómanni sæmir um hve launakjör hafi batnað í landinu. Ég get tekið undir það í mörgum tilvikum, aðallega þó varðandi þá sem hærri launin bera úr býtum.

En ég hef í dag eingöngu rætt í tengslum við fjárlagafrv. um að það verði að bæta hag öryrkja, aldraðra og þeirra sem lægst hafa launin. Er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sammála mér um að gagnvart þeim þurfi sértækar aðgerðir? Hvaða leiðir sér hv. þm. til þess? Ég spyr hann sem reynslumikinn mann í þessum efnum. Um aðra hluti sem hv. þm. ræddi erum við að mörgu leyti sammála, a.m.k. um höfuðmarkmið fjárlagafrv.

Hér var rætt um fjáraukalög. Ég er búinn að fara yfir það í dag að það á að setja það inn í fjárlagafrv. sem fyrirsjáanlegt er. Það var t.d. fyrirséð eftir að gerðir höfðu verið þeir aðlögunarsamningar sem lágu fyrir um áramót að þá vantaði fjármuni til að standa undir launum einstakra stofnana. Er þá ekki fyrirséð að meiri fjármuni vanti? Menn verða þá bara að taka á einhverju öðru, stýra á einhvern annan máta en gert hefur verið.

Ég hef ekki séð nein ráð. Ég hef séð ætlanir um að taka á einhverjum málum. Það er ekki sagt á hvern hátt menn ætla að gera það. Það er hvergi komið að því. Það er talað um að sameina yfirstjórn og hagræða í rekstri en ekkert hvernig.

[17:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fyrir framan mig minnisblað frá heilbr.- og trmrn. frá því í fyrrahaust. Samningarnir voru búnir nema framgangssamningar hjúkrunarkvenna. Það lá fyrir frá ráðuneytinu hvað þeim var ætlað að vera, 1–3% lá fyrir í samningnum.

Vel getur verið að hv. þm. Gísli S. Einarsson hafi séð þetta allt fyrir. En ég er alveg viss um að það er þá einhver ófreskisgáfa sem hann hefur haft vegna þess að ómögulegt var fyrir aðra að sjá það. Hins vegar hefur komið í ljós að þessa peninga vantar. Þeim var eytt.

Því segi ég og ítreka að óvarlegt var að haga samningum um laun eins og gert var miðað við fyrri reynslu. Það er því miður fullt af ríkisfyrirtækjum sem virða ekki fjárlagarammana. Það gengur ekki og menn verða þá í framtíðinni annaðhvort að taka aftur og miðstýra laununum eða gera einhverjar þær ráðstafanir sem duga til þess að menn virði rammana.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hér er nokkur maður tilbúinn að nefna þá upphæð sem þarf í heilbrigðismálin árið 2000 og leggja höfuð sitt undir þannig að standist sú tala ekki þá skuli höfuðið af — kannski hv. þm. Gísli S. Einarsson. Ég vona, herra forseti, að hv. þm. geri það ekki vegna þess að mér þykir vænt um þann koll.

[17:22]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson smeygði sér fram hjá því að svara því sem ég spurði aðallega um. Hann notaði þann tíma sem hann hafði til að svara til annars en að koma með skýringar. Ég taldi upp þá hópa sem ég tel að virkilega þurfi að veita liðsinni í þessu samfélagi. Engin svör komu við því en honum gefst tækifæri til þess að svara því nú.

Herra forseti. Ég mun ekki leggja minn haus að veði. Ég sagði í dag að í núverandi fjárlagatillögur vantaði a.m.k. tvo milljarða miðað við reksturinn á þessu ári. Það skal ég standa við og við skulum koma okkur saman um hvað við leggjum undir í því máli — en ekki minn haus.

[17:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er til að setja á langa ræðu að ætla að fara að gera grein fyrir því hvernig við bætum kjör allra þeirra sem lakast standa í þjóðfélaginu.

Fyrst ætla ég að segja nokkuð um þetta: Aðeins þau þjóðfélög þar sem efnahagslífið er í jafnvægi, frelsi ríkir í verðmyndun og frelsi ríkir í verslun og viðskiptum hafa getað byggt upp þau samfélög sem hjálpað geta þeim sem standa verst að vígi. Önnur samfélög hafa ekki getað gert það.

Hins vegar er mjög mikil villa í umræðunni um kjör elli- og örorkulífeyrisþega þegar menn fara að rugla saman jaðaráhrifunum. Þá fer umræðan öll í vitleysu. Við settum upp lágmarkslaun á áttunda áratugnum inn í ellilífeyrinn vegna þess að við vissum að verkamenn stóðu miklu verr að vígi en opinberir starfsmenn með lífeyrisgreiðslur. Þess vegna var það kerfi sett á.

Við megum ekki nota það til að segja að menn hafi verið skertir um þetta. Þá fer umræðan öll í vitleysu. En það er hægt að bæta kjör Íslendinga allra og því meira sem við getum bætt kjör þeirra þeim mun líklegra er að við getum hækkað enn þá meira þá sem standa höllum fæti.

[17:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti hv. þm. senda ýmsum stjórnendum heilbrigðisstofnana kaldar kveðjur. Þeir hafa staðið í því mörg undanfarin ár að berjast við halla á stofnunum sínum. Ég hef m.a. setið í stjórn slíkrar stofnunar og veit hvers konar höfuðverkur það er að reyna að fara eftir þeim tillögum um fjármuni til rekstursins sem hafa komið frá Alþingi. Þegar menn hafa í neyð sinni lagt til að dregið yrði saman í rekstri þessara stofnana þá hafa komið skýr skilaboð frá ráðherra eða öðrum um að það megi alls ekki gera, það verði að halda uppi þjónustunni.

Þannig hefur tvískinnungshátturinn verið stundaður og þess vegna tek ég undir með hv. þm. um að það er héðan sem uppspretta þessa vandamáls kemur og það þarf að taka á því hér. Hér þurfa menn að forgangsraða, hér þurfa menn að segja hvaða starfsemi þeir vilja að sé sinnt. Þá geta menn gagnrýnt á eftir hvernig að þessu er staðið frá hendi stjórnenda.

En á undanförnum árum hefur það ekki verið þannig að stjórnendur heilbrigðisstofnana hafi getað gengið að þeirri stefnumörkun vísri sem ætti að vera til staðar.

[17:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrirspyrjandi sagðist vera sammála mér en taldi þó að ég hefði sent stjórnendum spítala kaldar kveðjur. Ég tel mig ekki hafa sent þeim kaldar kveðjur, ég er enginn rekstrarráðgjafi, ég hef ekkert verið að segja til um það hvernig eigi að reka spítala og hvernig ekki eigi að reka spítala. Ég hef bara verið að rekja þá sögu hvernig þetta hefur gengið fyrir sig á Alþingi.

Ég fullyrði að fé til spítalareksturs og heilbrigðismála er ríflegt á Íslandi miðað við flest önnur ríki. Við höfum líka þá viðmiðun að við erum ung þjóð. Við höfum vitnisburð um að við erum mjög heilbrigð þjóð. Við höfum vitnisburð um að sjúkraþjónusta hér er góð. Við höfum líka vitnisburð um það að hundruðum ríkisfyrirtækja takist mjög vel að aðlaga sig fjárlögum.

Það kann að vera að eitthvað í stjórnun spítalanna eða eitthvað í því verkefni sem menn eru að vinna við heilbrigðismálin sé þess eðlis að sú stjórnun sem þar er viðhöfð dugi ekki. Það getur vel verið, ég þekki það ekki. En þetta er það viðkvæmt að þarna tekst okkur aldrei að ná árangri. Ég vil bara að ræða vandamálið af hreinskilni. Við verðum að ná tökum á því, annars missum við tökin á öllu hinu.

Ég veit að til eru ótal skýrslur, bæði innlendar og erlendar um hvernig við eigum að breyta þessu. Ég skal ekkert segja um hver er hin rétta eða ranga í því. Ég veit að öðrum þjóðum tekst að ná árangri í heilbrigðismálum með minni fjárframlögum en við. Danir, Finnar og Norðmenn eru með minna, Svíar aðeins meira o.s.frv. Þetta getur því ekki verið eitthvert óyfirstíganlegt vandamál. Við verðum bara að þora að tala um það og reyna að taka á því.

[17:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að auðvitað á að ræða þessi mál. En það er sorgleg staðreynd að á þeim áætlunum sem stjórnendur þeirra ríkisstofnana sem eru til umræðu hafa lagt fram hefur ekki verið tekið mark mörg undanfarin ár. Ævinlega hafa verið settar einhverjar aðrar tölur, einhverjar óraunhæfar tölur um rekstur þessara stofnana á blöð frá Alþingi. Það er auðvitað vandamálið. Menn þurfa fyrst að finna út úr því sem hv. þm. var að tala um áðan, hvernig á að reka þetta betur, áður en þeir skera niður framlög til þessara stofnana en krefjast sömu þjónustu áfram eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Það er hægt að fara í gegnum áætlanir þessara fyrirtækja, áætlanir stjórnenda þessara heilbrigðisstofnana og sjá að þær hafa staðist en niðurstöðurnar sem hafa komið frá hv. Alþingi hafa ekki gert það.

[17:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alrangt. Við fjárlagagerðina í fyrra var bætt inn í grunninn 1.647 millj. fyrir utan það að gamlir halar voru teknir. Vitnisburðurinn liggur fyrir, það átti að duga. Það var alls ekki svo að Alþingi væri að skera þetta niður. Alþingi var að bæta við þetta. Það reyndist svo að þetta dugði ekki. Þá verða menn líka að spyrja sig hvers vegna.

Spurningin heldur áfram. Hvað þá með fjárveitingarnar í ár? Ætlum við að standa núna næsta haust og segja: Ja, því miður þetta fór bara 15%, 13% eða 14%. Við getum það ekki. Við verðum að reyna að hemja okkur og vita hvað við erum að gera. Við erum ekkert á móti heilbrigðismálum. Hver einasti Íslendingur vill leggja mikla peninga til heilbrigðismála. Við höfum ekkert á móti forstjórum sjúkrahúsa. Það vill hver einasti Íslendinga hafa góða þjónustu. Við viljum bara vita hvað við erum að gera.

[17:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mönnum er tíðrætt um hag stjórnarheimilisins. En við skulum víkja að litlu einingunum, þúsundum heimila úti um allt land. Við höfum rætt barnabæturnar og kosningasvikin hér í dag og hvaða þýðingu þær breytingar hafa fyrir heimilin í landinu.

Við skulum aðeins líta á aðra hluti. Skuldir heimilanna hafa vaxið frá árinu 1995 umtalsvert sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fólks í góðærinu. Skuldir heimilanna hafa vaxið sem hlutfall af eignum fólks úr 41% í nær 48% frá árinu 1995. Þetta eru afskaplega háar tölur. Það er ekki hægt að ýta þeim til hliðar eða gera lítið úr þeim.

Hvert verðbólgustig hækkar skuldir heimilanna hátt í 4 milljarða, 3,7 milljarða, ef ég man tölurnar rétt úr frv. Launin eru ekki vísitölutengd, skuldirnar eru vísitölutengdar.

Á þessu ári er hækkun bensínverðs orsök vísitöluhækkunar neysluverðs sem nemur um 27,6%, ég er hérna með gott yfirlit yfir þetta, næstum þriðjungs hækkunarvaldur á vísitölunni. Aðeins fasteignaverðið er hærra, það er 33%. Herra forseti. Ríkið, ríkisheimilið er áhrifavaldur í báðum þessum þáttum.

Við ætlum að ræða bensínverðið hér á morgun. Það skiptir miklu máli að fá svör við spurningum varðandi bensíngjald og tekjur. Þess vegna spyr ég enn á ný: Fær ríkið á þessu ári aukatekjur af vörugjaldi og af virðisaukaskattinum af bensíni? Og hversu mikið? Í öðru lagi: Verður hækkun á þeim tekjum sem ríkið fær af virðisaukaskatti á næsta ári? Þessar upplýsingar er ekki að finna í fjárlagafrv.

Herra forseti. Í þessari umræðu eru þrír talsmenn stjórnarflokkanna, fjmrh. og tveir talsmenn úr fjárln. Ég býst ekki við að fá svarið hér og nú en einhver þeirra hlýtur að koma síðar í þennan ræðustól og þá óska ég svara við þessu.

[17:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. forseta að því hvað honum finnst um þau vinnubrögð að hér sé mjög vanur þingamður að misnota þær reglur um fundarsköp sem settar eru á Alþingi, koma hér í andsvörum með einhverja ræðu sem er gjörsamlega óskyld efni ræðumannsins. Vitandi vits að vera misnota aðstöðu sína til að þykjast vera í einhverjum andsvörum við mig. Ekki eitt einasta atriði sem hún fór með í ræðu sinni var neitt viðkomandi því sem ég hef verið að tala um hér.

Ég bið hæstv. forseta að athuga þetta, hvort hann vill láta það líðast eða hvort menn eiga að fara að nota þetta almennt, þ.e. að banka hér eftir hvern ræðustúf og koma svo með einhverja ræðu út og suður eða hvernig sem það er, austan við sól eða sunnan við mána, allt eftir því sem menn langar til að tala um.

(**Forseti** (GuðjG): Andsvör eiga að sjálfsögðu að beinast að ræðu síðasta ræðumanns.)

[17:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil líka gjarnan að hæstv. forseti úrskurði um það ef hér eru einhverjar hömlur á viðbrögðum við ræðum manna. Hér eru talsmenn stjórnarflokkanna að ræða fjárlagafrv., tekjur þess og útgjöld, og fara vítt og breitt yfir sviðið. Ég hef vakið athygli á því að þrír sérstakir talsmenn stjórnarflokkanna eru í þessari umræðu. Það er fjmrh., það er talsmaður Framsfl. úr fjárln. og talsmaður Sjálfstfl., einnig úr fjárln. Ég er að biðja um upplýsingar sem ekki er að finna í fjárlagafrv. og það kæmi mér ákaflega á óvart ef hæstv. forseti mundi úrskurða að þessar spurningar væru úr takti við þá umræðu sem hér fer fram. Ég er búin að sitja yfir þessu og ég gæti farið yfir hvaða upplýsingar eru um þessi mál í fjárlagafrv. Það sem ég spyr um er ekki þar að finna.

Virðulegi forseti. Það væri ágætt að fá svör við þessu.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti ítrekar það að andsvör eiga að beinast að ræðu síðasta hv. ræðumanns.)

Þau gerðu það.

[17:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er rétt í upphafi að taka undir meginmarkmið fjárlagafrv. um að nýta bætta afkomu til að draga úr þenslu í efnahagslífinu og greiða niður skuldir ríkissjóðs og bæta stöðu ríkissjóðs að öðru leyti. Gert er ráð fyrir tekjuafgangi upp á 15 milljarða kr. og vissulega eru það merk tíðindi og ástæða til að taka eftir slíku.

Þetta efnahagslega útspil er mikilvægt því að eins og bent var á fyrir mörgum mánuðum voru teikn á lofti um þenslu og hækkandi verðbólgu. Þessi teikn hafa nú verið viðurkennd af ríkisstjórninni. Vonandi tekst að koma í veg fyrir meiri hækkun verðbólgu en orðið er þó vissulega hefði verið betra að grípa fyrr til aðgerða. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að vita ekkert um slíka hluti fyrr en eftir kosningar og þegar nýir kjarasamningar nálgast.

Þrátt fyrir að meginmarkmið frv. sé jákvætt er ýmislegt sem áhyggjum veldur. Reynsla síðustu ára sýnir að því miður eru ýmsar forsendur fjárlagafrumvarpa ekki nægilega traustar. Þetta á ekki síður við nú en um fyrri ár. Á yfirstandandi ári er t.d. áætlað að heildartekjur verði um 10 milljörðum hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir og að útgjöld fari um 5 milljarða fram úr fjárlögum, þar af rekstrargjöld um 3 milljarða — mest í heilbrigðiskerfinu, er ríflega 2 milljarða — og um hálfan milljarð í menntamálum, einkum í framhaldsskólum.

Því er spurt: Eru fjárlögin fyrst og fremst sýndarveruleiki? Margt sem kom fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar virðist benda til þess og í grg. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Helsti vandi á útgjaldahlið í ár er rekstrarkostnaður í heilbrigðiskerfinu umfram heimildir fjárlaga."

Enn á ný skal leita leiða. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson rifjaði upp forn ummæli í sama dúr og þrátt fyrir það virðast enn ekki finnast lausnir á því að ná utan um útgjöld í heilbrigðiskerfinu. Enn eru nefndir til skýringar aðlögunarsamningar, sem búið er að nefna nokkur ár í röð, og nú er þó eingöngu sagt að framgangssamningar hjúkrunarfræðinga hafi verið eftir um síðustu áramót. Það er rétt í þessu samhengi að vitna enn í grg. frv., með leyfi forseta, en þar segir m.a.:

„Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á að farið sé að fjárheimildum og er óheimilt að stofna til skulda utan ríkissjóðs án heimildar í fjárlögum."

Því er spurt: Hafa forstöðumenn verið dregnir til ábyrgðar þegar þeir hafa ekki haft fjárheimildir til útgjalda og þá hve oft?

Það er hins vegar rétt í framhaldi af þeim umræðum sem hér áttu sér stað eftir ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að nefna dæmi vegna þess að ljóst er að það eru ekki bara forstöðumenn sem bera ábyrgð. Ég tek undir orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að ábyrgð Alþingis í þessu er mikil. Hér er eitt lítið dæmi.

Á þessu ári var stofnuð heilbrigðisstofnun á Austurlandi. Sameinaður var fjöldi heilbrigðisstofnana og er þetta mjög í anda þess sem boðað er nú víða um land. Þess vegna var þetta tilraun sem merk verður að teljast og ég er sannfærður um að þetta var rétt ráðstöfun. Hins vegar gekk Alþingi þannig frá málum að þegar tölur eru bornar saman þá er niðurstaðan eftirfarandi:

Reikningar 1998 gefa niðurstöðuna 685,5 millj. Fjárlög 1999 gerðu ráð fyrir 607,4 millj. Við höfum ekki neinar upplýsingar um áætlun fyrir árið 1999. Við sjáum hins vegar að hin nýja stofnun átti að hefja leik með minni fjárhæðum en áður var til hinna stofnananna þrátt fyrir að engar breytingar væru gerðar að því er fyrir liggur um rekstur.

Í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að upphæðin verði 699 millj. og sérstaklega er tilgreint að af þeim séu um 30 millj. til að hagræða og efla heilbrigðisþjónustu á Austurlandi. Sem þýðir í raun að grunntalan nær ekki niðurstöðu reiknings 1998. Því vitna ég enn til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar þegar ég segi að ábyrgð Alþingis er mikil vegna þess að forstöðumenn sem eru settir í slíka stöðu sem þessa eru ekki öfundsverðir.

Það er einnig rétt að nefna fleiri atriði sem óvissu valda vegna næsta árs. Hagvöxtur er áætlaður um 2,7% en víðast hvar er talið að hagvöxtur umfram 2,5–3% á ári geti ekki samrýmst almennum efnahagsstöðugleika. Árið 1998 var hagvöxtur um 5,1% og var áætlaður 5,8% árið 1999. Hér er því gert ráð fyrir að hagvöxtur lækki nokkuð hratt og verður að vitna enn til þess sem gert var ráð fyrir fyrir þetta ár því þá var spáð lægri hagvexti en raun varð á.

Sama er að segja um verðhækkanir. Gert er ráð fyrir að verulega dragi úr þeim á næsta ári og virðist nú vera spáð svipað og gert var í fyrra, en niðurstöðurnar urðu þær, eins og kunnugt er, að verðhækkanir urðu miklum mun meiri.

Rétt er að vekja athygli á því að það eru tveir þættir sem fyrst og fremst standa upp úr varðandi það sem valdið hefur þessari miklu hækkun milli ára. Það er annars vegar mikil hækkun á bensínverði, um 25%, og hins vegar hækkandi fasteignaverð, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu. Því er spurningin sú: Hvað með áframhaldið? Eru líkur á því að bensínverð hætti að hækka? Ýmislegt bendir til þess að það nálgist toppinn en óvíst hvenær það verður. Og það er enn óvissa með hækkun fasteignaverðs. Því miður virðist ekki hafa dregið úr fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu, sem er orðin ógnvekjandi og ég mun koma að síðar í ræðu minni.

Þá er þriðji óvissuþátturinn gagnvart næsta ári óvissan um launaþróun því flestir kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði eru lausir í febrúar og kjarasamningar opinberra starfsmanna eru lausir seinna á árinu. Síðan er gert ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 1–1,5% á næsta ári en gert er ráð fyrir að hann muni hækka um 5% á þessu ári og gert er ráð fyrir að laun hækki um 4–5% á næsta ári. Það verður að segjast eins og er að ólíklegt er að þessar tölur standist.

Þessir þættir skipta hins vegar miklu máli um þróun næsta árs. Tekjulega séð er gert ráð fyrir að tekjuskattar einstaklinga hækki um 7%, gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur, sem talinn er mjög óviss, hækki örlítið. Það er rétt að rifja upp að fyrir þetta ár var allt of lítið áætlað í fjármagnstekjuskatt, hann skilaði mun meira en gert var ráð fyrir. Og áætlað er að tekjuskattur lögaðila hækki um 1 milljarð eða í 9,5 milljarða. Það verður að segjast að þarna er ýmislegt sem bendir til að niðurstöður gætu orðið aðrar og rétt að spyrja hvort því fari nú ekki senn að ljúka að lögaðilar geti nýtt fyrnd töp fyrri ára.

Megineinkenni fjárlagafrv. er auðvitað það að ekki er tekið á tekjuskiptingunni. Bætur almannatrygginga hækka ekki til samræmis við launaþróun og skattleysismörk fylgja ekki launaþróun né hækkun lægstu taxta. Þess vegna eykst misskiptingin og jöfnunaráhrif skattkerfisins minnka. Þá halda barnabætur áfram að lækka, nú um 230 milljónir milli ára. Það er von að spurt sé: Hvar eru barnakortin þeirra framsóknarmanna?

Til að slá á þenslu er eðlilega frestað framkvæmdum og eins og aðrir hafa gert hér í dag vil ég einnig rifja upp eina framkvæmd sem hefði verið nær að hefja ekki vegna þess að ef stjórnarherrarnir hefðu litið á raunveruleikann þá hefðu að sjálfsögðu aldrei verið hafnar framkvæmdar við þjónustuskála Alþingis. Hins vegar mun framkvæmdin í þeirri stöðu sem hún mun verða næsta árið vera vitnisburður um fyrirhyggjuleysi stjórnvalda.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er m.a. minnt á vilja til að auka veg menntunar og rannsókna. Hver er metnaður ríkisstjórnarinnar í þessum málum? Fyrst skulum við horfa til rannsóknanna.

Niðurstaða reiknings 1998 sýnir að varið var 6,9 milljörðum til rannsókna en fjárlög 1999 gera ráð fyrir 6,3 milljörðum. Hins vegar vantar áætlun fyrir 1999 en fjárlög 2000 gera ráð fyrir 6,5 milljörðum. Það þýðir að það er lækkun um 5% frá niðurstöðum reiknings 1998 til fjárlaga árið 2000. Sér er hver metnaður ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Af tilviljun lít ég á eina stofnun í menntageiranum, Námsgagnastofnun. En eins og kunnugt er hefur nýverið verið sett ný aðalnámskrá grunnskóla og talið líklegt og víst að Námsgagnastofnun þurfi að auka mjög útgáfu sína. Þrátt fyrir það sýnir samanburður talna að ekki er um aukningu að ræða frá niðurstöðu reiknings 1998 en þá fékk stofnunin 274,5 *milljónir. Fjárlög 1999 gerðu ráð fyrir 258,5 milljónum en* það vantar enn áætlun fyrir árið 1999. En fjárlög nú gera ráð fyrir 266,2 milljónum. Einhvers staðar verður því að skera í þeirri ágætu stofnun og ég tala ekki um ef hún á að standa undir þeim verkefnum sem fylgja hinni nýju aðalnámskrá.

Herra forseti. Ég vil að lokum ræða nokkuð þátt byggðamála. Það er ljóst og segir í þjóðhagsáætlun, sem hæstv. forsrh. hefur lagt fyrir þingið, að enn eru búferlaflutningar í sama fari og fyrri ár. Í áætluninni er gert ráð fyrir að það muni fjölga á höfuðborgarsvæðinu um 4.500 manns á þessu ári. Í þessu samhengi vil ég vitna í borgarstjóra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, sem segir í viðtali við DV sl. laugardag, með leyfi forseta:

„Okkur sýnist sem höfuðborgarsvæðið geti tekið við hundrað þúsund manns til viðbótar því sem þar býr í dag en þá sé það líka fullbyggt."

Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur það að það tekur rétt rúmlega 20 ár með sama áframhaldi að fylla þetta svæði. Þetta er uggvænlegt og nauðsynlegt að brugðist verði við.

Í lok síðasta kjörtímabils var samþykkt þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Við erum nú að fjalla um fjárlög fyrir árið 2000 þannig að eðlilegt verður að telja að þar inni sé töluverð tenging við hina nýsamþykktu þáltill. En hvert var markmið þáltill.? Jú, að treysta búsetu á landsbyggðinni, stefna að því að fólksfjölgun þar verði ekki undir landsmeðaltali og nemi 10% til ársins 2010. Já, það þarf heldur betur að taka á ef ná skal markmiðunum.

Í 6. lið þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu."

Rétt er í þessu samhengi að minna á þáltill. sem samþykkt var árið 1995 þar sem markmiðið var að fjölga opinberum

störfum á landsbyggðinni en fækka þeim á höfuðborgarsvæðinu. Hér er dregið úr en rétt er að minna á að sú þáltill. náði ekki betur fram að ganga en svo að niðurstaðan varð öfug. Nú er markmiðið örlítið lægra en því miður, herra forseti, sé ég ekki að neitt sé í fjárlögum næsta árs sem bendi til þess að taka eigi á þessum 6. lið.

Í 9. lið sömu þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Menntun á landsbyggðinni verði stórefld, sérstaklega hvað varðar verklegar greinar tengdar atvinnulífinu og tölvunám. Jafnframt verði bætt skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar."

Það segir í fjárlögunum að efla eigi rekstur framhaldsskóla um 265 milljónir. Jafnframt kemur fram að í menntamálum sé gert ráð fyrir að farið verði fram úr um hálfan milljarð og fyrst og fremst í framhaldsskólum. Spurt er hver raunhækkunin sé á milli ára því ekki er hægt að sjá það í gögnum frv.

Framlög til framhaldsskóla eru reiknuð meira og minna út frá reiknilíkani sem sett hefur verið samkvæmt reglugerð. Í grg. fjárlfrv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þá hefur líkaninu verið breytt til að taka meira tillit til viðbótarkostnaðar sem landsbyggðarskólar með færri en 300 nemendur verða fyrir vegna staðsetningar og smæðar. Framlög til fámennra landsbyggðarskóla hækka um 40 millj. kr. umfram það sem almennt gerist."

Þegar lesið er örlítið lengra í greinargerðinni kemur hins vegar fram að á þessu ári hafi verið liður óskiptur þar sem sömu upphæð var varið að því er sýnist til sömu skóla. Þess vegna er spurt hvort eitthvað sé gert til þess að tryggja stöðu þessara smáu skóla á landsbyggðinni vegna þess að ef skoðuð er tafla sem birt er í grg. með frv. er áberandi að mjög víða lækkar nemendaígildi framhaldsskóla milli áranna 1999 og 2000 og sérstaklega í skólum á landsbyggðinni en í reikniformúlunni er nemendaígildið einmitt grunntala og þess vegna sýnist nokkuð ljóst að þetta geti lækkað framlög til framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Herra forseti. Örlítið að lokum, örstutt.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Tíminn er liðinn.)

Örstutt, herra forseti, það segir eitt í viðbót í þáltill.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Tíminn er liðinn.)

Það er að Byggðastofnun eigi að meta reglulega áhrif lagasetningar og fjárlagagerðar. Ég segi því, herra forseti, að lokum: Ég held að það sé óhjákvæmilegt að þetta reglulega mat Byggðastofnunar á fjárlagagerðinni fari fram hið fyrsta. Það verður fróðlegt að bera það saman við hina samþykktu þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árið 1999 og 2001.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þm. á að virða tímasetningar og ræðutíma.)

[17:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Vegna þess sem hv. þm. hafði að segja um menntamálin og rannsóknir og vísindi vildi ég láta það koma fram að það er alveg ljóst samkvæmt þessu fjárlagafrv. að þá hækka framlög úr ríkissjóði bæði til Rannsóknarráðs Íslands með því að stofnaður er nýr sjóður, launasjóður höfunda fræðirita, sem kemur til sögunnar og fær 8 millj. kr. og einnig hækka framlög vegna rannsókna og þróunar í upplýsingatækni og umhverfismálum þar sem um hækkun er að ræða samkvæmt markáætlun sem samþykkt var. Það gefur því ekki rétta mynd eins og hv. þm. rakti að framlög úr ríkissjóði til rannsókna lækki. Að sjálfsögðu kemur ekki allt fé til rannsókna og þróunar úr ríkissjóði þannig að þær tölur sem hann nefnir eru ekki endilega þær tölur sem liggja fyrir þegar litið er á fjárlagafrv. og þvert á móti ber það þess merki að menn eru að leggja aukið fé til rannsóknar- og þróunarstarfsemi.

Auk þess vil ég geta þess að í dag var undirritaður samningur við Háskóla Íslands um kostnað við kennslu í háskólanum og þar er undanskilið að við munum fara í viðræður við háskólann um rannsóknarþáttinn þannig að um það mál hefur verið samið við Háskóla Íslands.

Varðandi Námsgagnastofnun er það svo að fé sem hún fær á þessu ári umfram þær tölur sem hv. þm. nefndi er um 80 millj. kr. og ekki er skorið niður varðandi næsta ár. Við erum því að leggja aukið fé til námsgagnagerðar í samræmi við nýjar námskrár og nýja skólastefnu og það fé mun halda áfram að verða veitt til þeirrar starfsemi hvað sem líður einstökum fjárveitingum til Námsgagnastofnunar því að þetta er fé sem menntmrn. ráðstafar með hliðsjón af framkvæmd skólastefnunnar og framkvæmd námskrárvinnunnar.

Varðandi einstaka framhaldsskóla er það þannig að það er rétt sem hv. þm. sagði að fjárveitingarnar taka mið af fjölda nemenda. Ef nemendum fækkar minnka líka fjármunirnir. Því miður er þróunin sú, eins og menn vita, að nemendum fækkar frekar á landsbyggðinni en hitt.

[17:55]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. menntmrh. að það er auðvitað fleira sem kemur til gagnvart rannsóknum. Ég var eingöngu í máli mínu að benda á að hér væru tölur sem segðu okkur að örlítill skortur væri á metnaði. Ég held að það sé vænlegra að við horfum fram á við og ég mun að sjálfsögðu taka þátt í því í fjárln. að bæta þar um betur og fagna þeim samningi sem hæstv. menntmrh. vitnaði til.

Varðandi Námsgagnastofnun er hins vegar alveg ljóst að hún hefur um allt of langt skeið búið við fjárhagserfiðleika og því miður bendir ýmislegt til að framhald verði þar á. En ég fagna að sjálfsögðu því að hæstv. ráðherra getur þess að fjármagn til stofnunarinnar komi eftir fleiri leiðum en fram kemur í þeim texta sem ég vitnaði til.

Varðandi einstaka framhaldsskóla er það að sjálfsögðu þannig að það fækkar og fjölgar nemendum í þeim skólum. Hins vegar er það þannig að sumir þeirra skóla, þar sem kemur fram í töflunni að nemendaígildi lækka, kannast ekki við að þetta sé í samræmi við áætlanir þeirra. Þetta verður að sjálfsögðu nánar skoðað í fjárln. og farið nákvæmlega yfir það. Hins vegar er mjög brýnt og nauðsynlegt þegar sett er fram stefna, eins og kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og einnig í þáltill., að menn taki tillit til þess að þessir skólar gegna mjög mikilvægu hlutverki í byggðum landsins og það er mjög nauðsynlegt í mörgum þeirra að auka fjölbreytni námsvals vegna þess að það er oft og tíðum hluti þess að nemendum fækki þegar ekki er boðið upp á nægilega fjölbreytt námsframboð.

[17:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þegar litið er til framlaga til rannsókna og vísindastarfsemi í landinu eru hlutfallstölur þannig að aldrei hefur verið jafnhátt framlag hlutfallslega miðað við þjóðarframleiðslu eins og nú, um 2%. Það hefur hækkað ár frá ári og er núna í ár líklega um 2%.

Varðandi framhaldsskólana er ástæða til að vekja athygli þingmanna á því að þær upplýsingar sem birtar eru í þessu

fjárlagafrv. og sú tafla sem hér er birt og öll útlistun á fjárhagsmálum framhaldsskólanna er mun nákvæmari en nokkru sinni áður við gerð fjárlaga. Það er því lagt á borðið fyrir þingmenn betur en nokkru sinni fyrr hvernig staðið er að fjárveitingum til framhaldsskólanna og þessar tölur eru tölur sem hafa verið ræddar við hvern einasta framhaldsskóla og gerðir hafa verið samningar við skólana og er unnið að gerð samninga við skólana. Það hefur lengi verið ósk þeirra sem starfa í framhaldsskólunum að upplýsingar af þessu tagi lægju fyrir. Það fer því ekkert á milli mála hvernig kostnaði er háttað og menn sjá líka að það er mjög mismunandi hve kostnaður á nemanda er mikill. Hæstur er hann í Verkmenntaskólanum á Austurlandi, í almennum framhaldsskóla, það eru 616 þús. kr. á nemanda. Síðan í Stýrimannaskólanum 623 þús. kr. á nemanda. En í Menntaskólanum í Reykjavík er hann 305 þús. kr. á nemanda.

Síðan sjá menn líka í töflunni hvernig húsnæðismálum er háttað þannig að það er lagt mun skýrar fyrir alþingismenn en nokkru sinni fyrr hvernig að fjármálum framhaldsskólanna er staðið og þeir geta þess vegna lagt mat á það hvaða þættir það eru sem ráða mestu um stöðu skólanna.

Hitt er ljóst að þetta eru samningar sem gerðir eru á milli skólanna og menntmrn. og skólunum ber að sjálfsögðu að standa við þá samninga sem gerðir eru og fara að þeim kröfum sem settar eru fram í samningunum.

[17:59]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. menntmrh. að það er mjög til fyrirmyndar hvernig upplýsingar eru birtar um fjármál framhaldsskólanna og hvernig fjárveitingum til þeirra er háttað. Ég geri ráð fyrir því að þetta verði okkur mjög mikilvægt gagn í störfum fjárln.

Það sem ég var hins vegar að benda á var að þegar sett eru fram markmið um að efla t.d. tiltekna tegund af skólum þarf þess auðvitað að sjást staður í fjárframlögum vegna þess að það er grunnurinn að því hvernig tekst til með þessa skóla.

Sú samningsgerð sem gerð hefur verið við skólana er mjög til fyrirmyndar en hins vegar er það ljóst og hæstv. menntmrh. veit það að sjálfsögðu jafn vel og ég og fleiri væntanlega hér inni að sú reikniformúla sem notuð hefur verið er að sjálfsögðu ekki fullkomin frekar en önnur mannanna verk. En töluverð vinna hefur verið lögð í það að því er mér er tjáð að reyna að bæta hana. Við skulum vona að úr henni verði fljótlega þannig gagn að hún nálgist fullkomleikann og síðan megi hugsanlega yfirfæra þá reynslu á fleiri stofnanir.

Ég endurtek að ég fagna því mjög hvernig þessar upplýsingar eru lagðar fram og ég vona að það verði að sjálfsögðu til þess að bæta upplýsingastreymið og ekki síður að bæta stjórnun þessara mikilvægu ríkisstofnana vegna þess að eins og við höfum rætt hér áður hafa ýmsar fleiri ríkisstofnanir átt erfitt með að halda sig innan fjárlagarammans. Við skulum vona að það verði hægt að ná svipuðum tökum og tekist hefur á seinni árum gagnvart framhaldsskólunum.

[18:01]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það fjárlagafrv. sem lagt er fram af hæstv. fjmrh. er að sjálfsögðu tímamótafrumvarp, miðað við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000, fyrsta árið á nýrri öld. Það er að sjálfsögðu Íslandsmet hvað það varðar að skila methagnaði eða metafgangi af fjárlögum eða 15 milljörðum kr. Ég ætla svo sem ekkert mikið að gagnrýna það, sjálfsagt er að skila fjárlagafrv. með afgangi í góðærinu. En það eru ýmis atriði í fjárlagafrv. sem ég stoppa dálítið við og ætla að gera að umtalsefni.

Megintilgangurinn er að hemja þenslu, sem við sem búum úti á landi þekkjum ekki mikið en höfuðborgarbúar þekkja meira. Því er eðlilegt að dregið sé úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu til þess að draga úr þenslu. Það er kannski ekkert óeðlilegt við það að ekki sé dregið úr framkvæmdum á landsbyggðinni til að draga úr þenslu vegna þess að ríkisframkvæmdir þar eru frekar litlar þannig að það er af litlu að taka. Nægir í því efni að benda á sem dæmi flokksbræður fjmrh. norður á Siglufirði sem sitja í bæjarstjórn Siglufjarðar, sem gerðu mjög harðorða ályktun um það þegar sveitarstjórnarmenn og sveitarfélög voru gagnrýnd fyrir það að stuðla að þenslu í landinu. Ég hef ekki tölur handbærar um það en mér þætti ekki ólíklegt að fjárfestingartölur sveitarfélaga í landinu séu kannski ekki miklu hærri en framkvæmdir í Smáranum í Kópavogi sem er byrjað á. Þessi mikli afgangur af fjárlögum er eins og ég segi vafalaust góður en ég hefði sannarlega viljað sjá hann minni.

Ég hefði viljað sjá tölur lagðar til ýmissa framkvæmda og ýmissa mála á landsbyggðinni einmitt til þess að draga úr þenslunni á höfuðborgarsvæðinu. Það væri þensluminnkandi ef einhverjar aðgerðir væru þannig í frv. að þær gerðu það að verkum að við þyrftum ekki að horfa á eftir tvö þúsund manns á ári flytja frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og skapa þá þenslu sem því fylgir. Ég held að það séu öfugmæli hjá hæstv. forsrh. að kenna lóðaskorti á höfuðborgarsvæðinu um þensluna. *Ætli það sé ekki dálítið til í því að menn eru* hér að taka þátt í að sporðreisa landið?

Ekki alls fyrir löngu eða fyrir ári skipaði hæstv. forsrh. svokallaða byggðanefnd forsrh. Ég var skipaður í hana af þingflokki jafnaðarmanna. Þetta var þverpólitísk nefnd sem vann fljótt og vel og skilaði þverpólitískum niðurstöðum og við kölluðum það bráðaaðgerðir sem við vildum ráðast fyrst í. Það voru sem sagt tillögur um að stíga tiltölulega stórt skref í átt að jöfnun húshitunar, að færa dýra húshitun sem kostar íbúa landsbyggðarinnar flesta 130–140 þús. kr. á ári niður í svokallaða meðaldýra húshitun eða í kringum 60 þús. Áætlað er að þetta kosti um 750 millj. og þetta átti að gerast á þremur árum.

Ég get ekki séð neitt um það í þessu frv. Ég get ekki séð annað en að hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin öll sé að svíkja þessi loforð. Það er ekkert um þetta í fjárlagafrv. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. fjmrh. út í hverju það sæti að ekki skuli vera stigið skref í þessa átt.

Ég vil líka geta um hitt aðalatriðið sem frá byggðanefnd forsrh. kom um jöfnun námskostnaðar fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Það voru allir sammála um það og fulltrúar Sjálfstfl. líka að eðlilegt væri að allir sætu við sama borð við það að sækja sér nám. En það er aldeilis ekki. Það er margfalt dýrara fyrir íbúa á Raufarhöfn að sækja framhaldsskóla en íbúa í Reykjavík sem þarf ekki annað en að ganga yfir götuna. En það er heldur ekkert í þessu frv., hæstv. fjmrh., um að stíga aukin skref í þessa veru. Það eru nánast sömu tölur og voru áður og ég geri lítið með það þegar rætt er um aukningu sem var árið þar á undan sem komu ekki í raun til aukningar til þeirra námsmanna vegna þess að námsmönnum fjölgaði mjög. Þarna eru því enn svikin loforð.

Ég vil aðeins segja að mér sýnast þessi tvö atriði vera brotin sem ég geri hér að umtalsefni og mér eru mjög kær —

og ég leit svo á að væri full samstaða um frá þessari byggðanefnd og fögur orð hæstv. forsrh. bæði fyrir kosningar og eins úr þessum ræðustól þegar stjórnarskipunarlögin voru afgreidd. Það er ekkert um það að þetta eigi að gerast. Eru það skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til íbúa landsbyggðarinnar núna nokkrum mánuðum eftir þessi loforð að þetta skuli svikið og ekki koma til? Er þetta ekki hugur ríkisstjórnarinnar til íbúa landsbyggðarinnar? Er þetta ekki hugur þeirrar ríkisstjórnar sem sl. fjögur ár hefur látið það viðgangast og horft á það aðgerðalaust að tíu þúsund manns hafa flutt frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis? Útlit er fyrir að tvö þúsund manns eða heill kaupstaður flytjist frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis á þessu ári.

Þetta eru svikin loforð, þetta eru kaldar kveðjur og þess vegna með Íslandsmetinu, hæstv. fjmrh., um tekjuafgang sýnist mér menn líka vera að slá enn eitt Íslandsmetið í þessa veru og ætli ekkert að nota góðærið til þess að senda út á land til þess að sporna gegn þeim þjóðarvanda sem þar er.

Aðeins vegna þess að ég greip það hér með mér, vil ég lesa upp, með leyfi forseta, svar hæstv. forsrh. við spurningum sem ég varpaði fram í jómfrúrræðu minni hvað varðar þessa tvö þætti, þ.e. jöfnun húshitunarkostnaðar og jöfnun námskostnaðar. Forsrh. sagði, þegar hann var búinn að vitna í ræðu mína, „... að það væri að sjálfsögðu ætlunin að fara eftir tillögum nefndarinnar í þeim efnum og framkvæma í áföngum á þremur árum. Það voru tillögur nefndarinnar, því var lýst yfir í þinginu áður en þingið fór heim að þessar tímasetningar mundu gilda ...“

Ég sakna þess mjög að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér í dag þegar 1. umr. um fjárlög fer fram. En varaformaður Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., situr hér og ég spyr hann út í þessi atriði og bið hann að gefa okkur svör við því sem ég hef gert að umtalsefni. Af hverju er ekkert fé veitt í þessa málaflokka?

Ég ætla svo aðeins að lokum bara rétt að geta um það sem kemur fram og er líka sending hæstv. ríkisstjórnar til elli- og örorkulífeyrisþega um þau 4% sem kemur fram í frv. að þeir eigi að fá 1. jan. nk. Þetta eru skilaboð hæstv. ríkisstjórnar til þessara hópa í þjóðfélaginu, þetta er hluti þeirra af góðærinu. Meðan aðrir geta fengið 16–50% eða meira í kauphækkun þá skulu elli- og örorkulífeyrisþegar aðeins fá 4%. Breiðu bökin eru greinilega fundin í þessu þjóðfélagi.

Að lokum nokkur orð um barnabætur og svikin kosningaloforð framsóknarmanna. Aumt er hlutverk þeirra í ríkisstjórninni að þurfa að sætta sig við það að svíkja öll kosningaloforð, sem komu rétt fyrir kosningar — kortéri fyrir kosningar, um barnabætur. Aumt er það hlutverk þeirra að þurfa að slá af öllum kosningaloforðum sínum eingöngu til þess að ná Íslandsmetinu um fjárlagaafganginn. Það að skerða barnabætur um 33% sl. fjögur ár er Íslandsmet og að lækka barnabæturnar nú milli ára um 230 milljónir eru náttúrlega kaldar kveðjur til barnafólks. Barnabætur hafa verið stórskertar undanfarin ár og í tíð ríkisstjórnarflokkanna sl. fjögur ár. Þetta eru þær kveðjur sem barnafólk fær.

Ég segi bara rétt að lokum vegna þessara tveggja málaflokka sem ég hef tæpt á úr fjárlagafrv., jöfnun húshitunarkostnaðar og jöfnun námskostnaðar og barnabæturnar, mér finnst ekkert óeðlilegt við það að framsóknarmenn hafi þurft að leita til sálfræðings áður en þeir fóru í síðustu kosningabaráttu. Ég mundi líka halda að þeir þyrftu að fara í framhaldskúrs hjá sálfræðingnum til að verja þær gjörðir sínar sem koma fram í þessu fjárlagafrv. og þau sviknu loforð sem þar eru. Áður fyrr var svolítið litið til þess að framsóknarmenn væru tiltölulega landsbyggðarhollir enda hafa þeir samkvæmt skoðanakönnunum sótt fylgi sitt mest út á landsbyggðina. Ég get ekki séð að það sé neitt á framsóknarmenn að treysta í þessum efnum eins og þetta kemur nú fram. Það er á svo mörgum sviðum og það virðist vera að landsbyggðin skipti orðið engu máli í taflinu innan ríkisstjórnarinnar við þann herskara þingmanna Sjálfstfl. sem af höfuðborgarsvæðinu kemur að framsóknarmennirnir mega sín lítils gagnvart landsbyggðinni. Enn einu sinni fá landsbyggðarmenn kaldar kveðjur við fjárlagafrv. og landsbyggðarmenn verða ekki sakaðir um þenslu í þjóðfélaginu.

En ég ítreka fyrirspurnir mínar til hæstv. fjmrh. gagnvart jöfnun húshitunarkostnaðar þar sem vantar að mér sýnist 250 milljónir, miðað við gefin loforð hæstv. forsrh., og einhver hundruð millj. vantar í jöfnun námskostnaðar.

[18:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af þeim tveimur atriðum sem hv. þm. nefndi. Ég hygg að rétt sé með farið að svokallaðir dreifbýlisstyrkir eða jöfnun á námskostnaði á framhaldsskólastiginu hafi hækkað um u.þ.b. 130% á undanförnum fjórum árum. Það eru handbærar tölur í fjárlagafrv. sem sýna að þessi aðstoð hefur hækkað um 57% frá því 1998 miðað við frv. fyrir næsta ár. Ekki er hægt að tala um þetta sem einhverjar litlar tölur eða einhverja ölmusu eða einhverja smámuni. Tekin var meðvituð ákvörðun um að hækka þetta stórlega á árinu 1999, á yfirstandandi ári. Sú hækkun flyst að sjálfsögðu áfram yfir á næsta ár. Er þingmanninum ekki kunnugt um þetta?

Að því er varðar niðurgreiðslur á rafhitun liggur fyrir mörkuð stefna um það, sem var mótuð í þeirri byggðanefnd sem hv. þm. nefndi og ég hygg að hann hafi sjálfur setið í, að meðalkostnaður þeirra rafveitna sem nytu niðurgreiðslu yrði nokkurn veginn jafn því sem væri þar sem um er að ræða meðalhitaveitu. Að þessu marki verður unnið. Það fara 600 millj. kr. í þetta verkefni á næsta ári samkvæmt frv. Ég hygg að sú upphæð hafi aldrei verið meiri. Þetta er hins vegar mál sem er auðvitað til skoðunar og meðferðar áfram og það stendur ekki til í neinu að hvika frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið.

[18:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst með niðurgreiðslur á rafhitun. Það er rétt að þær 600 millj. standa þar inni. En 600 millj. stóðu líka í fjárlagafrv. fyrir þetta ár og það voru tölur sem menn voru með þegar við vorum að tala um þetta í þeirri nefnd sem ég hef vitnað í. Miðað við þær tölur sem voru þá inni í fjárlagafrv. vantaði 750 millj. til að fara niður í meðaldýran hitunarkostnað. Þessar 600 millj. eru engin viðbót í því. Þetta er niðurgreiðsla á öllum orkugjöfum, alveg sama hvort það er rafhitun eða hitaveita.

Það hefur verið rætt um um að húshitunarkostnaður, sem í flestum tilfellum er svona hár hjá íbúum landsbyggðarinnar, eigi að lækka niður í meðaldýra orkuhitun. Til þess vantaði 750 millj. samkvæmt skýrslum sem lágu fyrir þessari nefnd, nefnd sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, flokksbróðir hæstv. fjmrh., stýrði. Það er ekki sjá að í þessu fjárlagafrv. sé stigið einn þriðja í átt að því takmarki.

Sama á í raun og veru við um jöfnun námskostnaðar. Ég þekki það sjálfur að við þær hækkanir sem hæstv. fjmrh. vitnaði til þá jókst ekki það sem íbúar landsbyggðarinnar, sem sækja um langan veg í framhaldsskóla, eiga að fá. Þar

vantar enn upp á. Það var líka í tillögum þessarar nefndar og líka á borðum okkar þegar við vorum að ræða þetta. Þá voru þær tölur þekktar sem hæstv. fjmrh. var að vitna til. En samt sem áður vantar aukna upphæð í þennan málaflokk.

Mér sýnist því að enn einu sinni sé verið að leika sér með tölur og villa um en það stendur að innan þessarar nefndar voru þessar tölur á borðum. Um þær var þverpólitísk samstaða, þar á meðal hjá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni og Tómasi Inga Olrich.

[18:16]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hann er nokkuð góður með sig þessa dagana fjármálaráðherrann okkar hæstv. enda vildu víst ýmsir vera í hans sporum að geta lagt fram fjárlagafrv. þar sem tekjurnar fara langt fram úr öllum fyrri áætlunum. Helsta áhyggjuefni hæstv. fjmrh. er hvernig koma megi fyrir með sem skynsamlegustum hætti öllum afganginum sem er ráðgerður af fjárlögum ársins 2000. Gjaldeyrisforðinn leyfir nefnilega ekki að hann sé eingöngu notaður til að greiða niður erlendar skuldir, sem auðvitað væri æskilegt.

En það er einmitt í fjárlagafrv. sem stefna ríkisstjórnarinnar birtist hvað skýrast á hverjum tíma og því er ekki að leyna að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þetta frv. Auðvitað hefði reynslan þó átt að vera búin að kenna mér að vænta ekki mikils.

Frv. ber það greinilega með sér að ætlunin er ekki að nýta neitt af þessum áætlaða tekjuafgangi til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Það er t.d. boðaður áframhaldandi niðurskurður á barnabótum þrátt fyrir fögur orð í nýliðnum kosningum um að styrkja nú hag fjölskyldunnar meira en nokkru sinni fyrr. Það er merkilegt hvernig þessi ríkisstjórn veitist endalaust að þessum þjóðfélagshópi. Tekjutengingarnar sem settar voru á barnabæturnar fyrir mörgum árum á þrengingartímum hafa ekkert verið færðar til svo að nú er svo komið að foreldrar mega vart nokkrar tekjur hafa þá skerðast um leið barnabætur. Nú hyggst ríkisstjórnin setja á eina nefndina enn til að skoða tekjutengingar en sú sem sat á síðasta kjörtímabili flosnaði upp við lítinn orðstír. Kemur nú í huga gamalt dægurlag um „fræ sem fengu þennan dóm".

Einnig virðist sem þeir sem lifa á bótum muni ekki ríða feitum hesti frá þessu frv. fremur en endranær. Maður spyr sig nú hversu mikið góðæri þurfi að ríða yfir þjóðina svo að menn telji sig aflögufæra til þeirra sem standa höllustum fæti í okkar velferðarþjóðfélagi. Það mátti svo sem heyra í máli hæstv. ráðherra fyrr í dag að hann ætti von á að einhverjir ótilgreindir mundu nú reyna að seilast í þennan mikla tekjuafgang sem lítur óneitanlega vel út á blaði. Ég ætla hér með að slást í þann hóp. Ég krefst réttlætis fyrir hönd barnafólks og bótaþega í landinu. Eina ferðina enn á að stíga yfir velferð þessara hópa til að hægt sé að guma sig af fallegum tölum á blaði. Jafnvel þó þessi tekjuafgangur væri minnkaður nokkuð þá væru tölurnar samt fallegar.

Það verður að tryggja þessum hópum réttláta meðferð og ef ríkisstjórnin getur ekki gert það án þess að hækka skatta þá verður bara að hækka skatta. Það er svigrúm til að hækka t.d. skatta á fjármagnstekjur og hátekjuskatta og nota þá peninga sem þannig fást til að bæta stöðu þessara hópa.

Einhver mestu hagstjórnarmistök sem gerð hafa verið í þessu góðæri var þegar ríkisstjórnin lækkaði tekjuskatta um 4% yfir línuna og ýtti þar með undir það þensluástand sem nú hefur skapast. Hún bætti svo gráu ofan á svart með því að lækka skatta á fyrirtæki um 3% á árinu 1998. Það hefði betur verið reynt að finna leiðir til að bæta hag þeirra sem verst eru settir eða reynt að rétta hlut sveitarfélaganna í landinu sem standa ákaflega illa eftir að bætt hefur verið á þau fjárfrekum verkefnum sem ekki fylgir með nægilegt fjármagn.

Svo má ekki líta fram hjá því að mjög mikið hefur vantað á að nægilegt fjármagn hafi á undanförnum árum verið veitt til málaflokka eins og t.d. sjúkrahúsanna í landinu og menntamála. Fjárlög fyrir árið 1999 voru afgreidd með fyrirsjáanlegum miklum halla á heilbrigðisstofnunum og verður nú spennandi að sjá hvernig tekið verður á þeim málum í fjáraukalögum sem verða lögð fram hér á Alþingi eftir nokkra daga. Í raun er erfitt að segja mikið um þróunina í þeim málum á næsta ári fyrr en fjáraukalög hafa verið lögð fram og það sama má segja um menntamálin.

Nú er fjárveitingum til framhaldsskólanna stýrt eftir reiknilíkani og mun nú unnið að úttekt á því hvernig það kemur út. Mikil yfirkeyrsla hefur á undanförnum árum orðið í mörgum framhaldsskólum sem ýmsir hafa viljað kenna reiknilíkaninu um en víst er að það hefur komið misjafnlega út eftir skólum. Margir skólar hafa komið mjög vel út úr þessu reiknilíkani. Þó er alveg ljóst að það fjármagn sem áætlað var til að greiða sérstaklega fyrir stjórnunar-, skipulags- og umsjónarstörf í framhaldsskólum á árinu 1999 var stórlega vanáætlað. Hér er reynt að bæta úr því árið 2000 með því að áætla 90 millj. til þess sérstaklega auk 100 millj. til að efla rekstur og stjórnun.

Vonandi finnast einhvers staðar í þessari púllíu peningar til að efla námsráðgjöf en það tel ég mjög brýnt. Það er alkunna að okkar ungu framhaldsskólanemendur glíma við ýmis ljón á námsbraut sinni. Sérstaklega er sárt að horfa upp á stefnuleysi og skort á sjálfsaga sem plagar þau allt of mörg. Ég tel að mjög aukin námsráðgjöf, sérstaklega í fjölbrautaskólum, gæti bætt þarna nokkuð úr.

Alkunnur er alvarlegur fjárhagsvandi hjá Háskóla Íslands sem nokkuð er tekið á í fjárlögum næsta árs. Þó virðist sem enn um sinn eigi að halda háskólanum í spennitreyju því að stór hluti þeirrar hækkunar sem á að koma til háskólans er vegna launahækkana starfsmanna, t.d. prófessora, um 136 millj. kr. Einnig er gert ráð fyrir 250 millj. kr. rekstrargjöldum og sértekjum sem gert er ráð fyrir að renni að mestu til styrkveitinga rannsóknarsjóða, til einstaklinga og stofnana sem háskólinn hefur milligöngu um og bókfærast hjá honum, þó að peningarnir komi ekki endilega úr ríkissjóði.

Einnig er gert ráð fyrir verulegri nemendafjölgun við skólann þó endanlegur nemendafjöldi liggi enn ekki fyrir. Því virðist ekki um mikla raunhækkun að ræða í þennan málaflokk þegar upp er staðið. En „mörg er á þér matarholan, mjöðm," sagði kerlingin forðum. Og get ég sannarlega tekið undir það með henni þegar ég sé að sá flótti sem varð fyrir tveimur árum úr íslensku þjóðkirkjunni skilar sér nú sem mikil aukning á sóknargjöldum til háskólans. Áætlað er að sú tekjulind muni skila háskólanum á næsta ári 51,6 millj. kr. og er það vel.

Á þessu ári færist kostnaður af myndlistarnámi yfir á háskólana en Myndlistar- og handíðaskólinn hefur áður verið flokkaður með framhaldsskólum og skýrir sá flutningur 143 milljónir af hækkun til háskólastigsins. Það er svolítið sérkennilegt, nú þegar alvarlegur kennaraskortur herjar á landið svo ekki sé minnst á alvarlegan skort á leikskólakennurum, að þá eru framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru við Kennaraháskóla Íslands skornar niður um 70 milljónir.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin leysa kennaraskortinn í framtíðinni? Ætlar hæstv. menntmrh. að láta fistölvurnar sjá um þetta einar? Mér er spurn.

Ég get nú ekki skilið við þennan málaflokk, menntamálin, án þess að minnast aðeins á Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég verð að segja að þar finnst mér ekki rausnarlega að málum staðið. Lán þau sem námsmönnum okkar eru ætluð til framfærslu eru langt undir framfærslumörkum og satt að segja umhugsunarefni að menntmrh. hæstv. skuli vera ófáanlegur til að endurskoða þau mál á þeirri gullöld sem þessi þjóð er nú að upplifa. Ég vil minna á að þetta eru lán sem verða endurgreidd — þetta eru ekki styrkir, eins og greiddir eru námsfólki í nágrannalöndunum — og miklar hömlur eru á hvað fólk getur notið þessara lána lengi. Endurgreiðslukrafan er tiltölulega hörð sem ákveðið hlutfall af launum.

Það væri óneitanlega reisn yfir því ef hæstv. menntmrh. tæki ákvörðun um það nú í góðærinu að slaka á sultaról þeirri sem við hæfi hefur þótt að spengja utan um íslenska námsmenn, það fólk sem íslenska þjóðin bindur mestar vonir við í framtíðinni, allavega á hátíðastundum.

Það dylst víst engum að það er gríðarleg þensla í þjóðfélaginu, þó það rynni ekki upp fyrir hæstv. ráðherrum vorum fyrr en eftir kosningar. Erlendir iðnaðarmenn hafa verið fluttir inn í stórum hópum svo að metnaðarfull markmið sem peningamenn hafa sett sér um byggingartíma verslunarmannvirkja geti staðist. Á sama tíma sér ríkið sig knúið til að stöðva framkvæmdir sem það stóð í til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Ég hef hér áður minnst á stöðvun framkvæmda við Kennaraháskólann, en þess utan eru það einkum tvær framkvæmdir sem ég harma mjög að nú skuli hafa verið skornar niður. Þar á ég annars vegar við þjónustubyggingu Alþingis sem vegna legu byggingarinnar hér í hjarta bæjarins hefði verið mjög brýnt að ljúka fyrst byrjað var á henni á annað borð. Þessi framkvæmd veldur gríðarlegri röskun á umhverfinu hér við Alþingishúsið og Dómkirkjuna, á stað sem allir gestir vitja sem heimsækja landið.

Hitt er stöðvun endurbóta við Þjóðminjasafn Íslands sem ég tel menningarlegt slys. Það hefði verið mjög brýnt að halda áætlun við endurbætur á Þjóðminjasafninu í fyrsta lagi vegna þess að það var ríkissjóði til vansa að hafa dregið svo lengi að hefjast handa við þær og svo vegna þess að svo lengi sem dregst að opna safnið aftur eru engar sýningar á vegum Þjóðminjasafns Íslands. Það er óviðunandi ástand til langframa.

Að lokum þetta: Skuldir heimilanna hafa á þessu ári og því síðasta vaxið sem aldrei fyrr. Þegar ríkissjóður grípur nú til þess ráðs að hækka vexti Seðlabankans, að því að sagt er til að minnka eftirspurn eftir lánsfé, og sú hækkun smitar út til vaxtahækkunar í öllum lánastofnunum þá hækka skuldir heimilanna sjálfkrafa um leið. En þær hækka líka um 4 milljarða fyrir hvert stig sem verðbólgan hækkar. Ég tel að í óefni stefni eins og horfurnar eru nú og við sem eldri og reyndari erum vitum að góðærið helst ekki um alla eilífð. Í kjölfar góðu áranna koma mögur ár eins og í Egyptalandi forðum og hætta er á að þá muni mörg heimili komast í þrot með öllum þeim sársauka sem því fylgir. Þá verða góð ráð dýr. Og ég bið hæstv. ríkisstjórn Íslands um að grípa nú, áður en það er um seinan, til einhverra þeirra aðgerða sem duga gegn þessari óheillaþróun.

Það er höfuðnauðsyn að koma nú böndum á útlánaaukningu bankanna og þá hrikalegu sóun sem er í gangi í einkageiranum. Ég verð að segja að allt mitt líf hef ég aldrei fundið fyrir því hér á Reykjavíkursvæðinu að það vantaði verslunarrými til að ég gæti gert þau innkaup sem ég þarf á að halda. En nú er gríðarlegur fjöldi innlendra og erlendra iðnaðarmanna að vinna að mikilli viðbótarbyggingu við Kringluna og það er að fara af stað bygging annarrar risakringlu í Smárahverfinu.

Hver hefur beðið um þessa stórkostlegu uppbyggingu í verslun? Hver fjármagnar þetta? Ríkisstjórn er að mínu mati skylt að beita öllum tiltækum ráðum til að koma á þetta einhverjum skynsamlegum böndum. Þetta er mikill þensluvaldur, fjármagnaður að hluta til af ríkisstjórn þegar hún, ótímabært á árinu 1998, lækkaði skatta á fyrirtækin í landinu.

[18:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leiðrétta misskilning. Það er ekki verið að stöðva framkvæmdir við Kennaraháskóla Íslands. Þær hafa ekki hafist. Það er verið að undirbúa framkvæmdirnar og þeim undirbúningi verður haldið áfram. Haldin var samkeppni um teikningu á húsið. Það er búið að velja teikninguna og er síðan verið að vinna að verkinu.

Ljóst er að þótt að við frestum 70 millj. kr. fjárveitingu á næsta ári þá verður engin stöðvun á þeim framkvæmdum, þeim verður haldið áfram. Það er einnig heimild í fjárlagafrv. og fjármunir fyrir hendi. Í fjárlagafrv. er heimild til að selja hús til að fjármagna þessar framkvæmdir. Það er því ekki verið að stöðva framkvæmdir við Kennaraháskólann, þær hafa ekki hafist enn þá. Það er verið að undirbúa þær og þeim undirbúningi verður haldið áfram og síðan ráðist í framkvæmdirnar.

Varðandi Þjóðminjasafnið þá var ákveðið í vor eða snemma á þessu ári þegar ljóst var að lengri tíma tæki að flytja muni úr Þjóðminjasafnsbyggingunni í geymslurými í Kópavogi — sem er mjög vel útbúið og í fyrsta sinn sem munir í Þjóðminjasafni eru geymdir með viðunandi hætti — að taka lengri tíma í að endurbæta safnhúsið. Þá var ákveðið að fresta opnun safnsins til ársins 2001. Þar er ekki verið að stöðva neinar framkvæmdir en menn hafa lengri tími til að vinna að þeim framkvæmdum og fjárveitingar taka mið af því.

Varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna þá hækka fjárveitingar til hans að raungildi um 140 millj. kr. milli ára þannig að það er ekki hægt að segja annað en að við séum að rýmka hag lántakenda með auknum fjárveitingum.

Það sem hv. þm. sagði um Háskóla Íslands og fjárveitingar til hans heyrir raunar sögunni til því að í morgun var ritað undir samkomulag á milli menntmrn. og Háskóla Íslands og fjmrh. um fjárveitingar til háskólans. Nái þær hugmyndir sem í samningnum eru fram að ganga í meðförum Alþingis þá er gert ráð fyrir að fjárveitingar til háskólans hækki um 246 millj. að raungildi á milli áranna 1999 og 2000 og að þar með sé tekið á fjárhagsvanda háskólans með viðunandi hætti.

[18:32]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði aldrei í ræðu minni að framkvæmdum hefði verið hætt við Kennaraháskólann, þær hefðu verið hafnar og þeim hefði verið hætt. Mér var ljóst að unnið var að undirbúningi og ég hafði bundið vonir við að þeim framkvæmdum yrði hraðað, sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem hefur orðið í landinu um mikinn og alvarlegan kennaraskort. Það að þetta er skorið niður um 70 milljónir

hlýtur óneitanlega að seinka framkvæmdum. Ég gat ekki skilið annað af því sem ég las í fjárlagafrv.

Flutningur Þjóðminjasafnsins í Kópavog tók lengri tíma en áætlað var, það er alveg rétt. En ég sé ekki að það afsaki að enn á ný skuli skornar niður þær fjárveitingar sem voru ætlaðar til endurbóta á safninu svo að því seinki um eitt ár að það verði opnað á ný. Ég verð að segja það að einmitt við þessa framkvæmd fannst mér mjög nauðsynlegt að við héldum vel á spöðunum.

Mér þætti fróðlegt að heyra hæstv. menntmrh. skýra frá því hversu mikið grunnviðmiðun í námslánum breytist við þessa innspýtingu sem hann var að skýra frá að kæmi inn í námslánakerfið.

Varðandi Háskóla Íslands þá gleðst ég yfir því ef nú er búið að gera samning sem bindur enda á langvarandi svelti Háskóla Íslands sem verið hefur öllum til vansa. Ég mun fylgjast spennt með hvernig þetta gengur en ég tel að kannski sé fjárhagsvandi háskólans ekki endanlega leystur jafnvel þó að þessi samningur hafi verið undirritaður í morgun. Ég vona samt að svo sé.

[18:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa engar framkvæmdir verið stöðvaðar, hvorki við Kennaraháskóla Íslands, Þjóðminjasafnið né annað sem hv. þm. vék að. Það sem um var að ræða í Þjóðminjasafninu var að í ljós kom að það þurfti lengri tíma til að undirbúa uppsetningu nýrrar sýningar í safninu miðað við breyttar aðstæður. Það verk var boðið út og þurfti að gefa því lengri tíma en menn ætluðu í fyrstu. Þess vegna var ákveðið að safnið yrði ekki opnað fyrr en árið 2001. Þar af leiðandi er svigrúm til þess að haga fjárveitingum með öðrum hætti en ella hefði verið. Einnig er hér um að ræða frestun á fjárveitingum, eins og fram hefur komið af hálfu ríkisstjórnarinnar, til að draga úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu. Og þessar tvær framkvæmdir eru framkvæmdir á vegum menntmrn. sem það leggur af mörkum til þeirrar viðleitni ríkisstjórnarinnar að draga úr þenslu. Þess vegna er fjárveitingum frestað.

Ég tel hins vegar að hvorugt spilli fyrir framgangi mála, hvorki fyrir Kennaraháskólann né Þjóðminjasafnið. Ef litið er á kennaraskortinn þá er efling fjarnáms talið skynsamlegasta úrræðið til að fjölga kennurum enda krefst það ekki aukins húsnæðis hjá Kennaraháskóla Íslands. Það er talið skynsamlegasta úrræðið til þess að draga úr kennaraskorti. Það sem hins vegar er að gerast hjá Kennaraháskólanum er að við erum að sameina fjóra skóla undir einu þaki, ef þannig má að orði komast, og þess vegna erum við að flytja leikskólakennaranema og þroskaþjálfanema inn á háskólasvæðið við Kennaraháskólann.

Ég fullyrði að samningurinn sem við höfum gert við Háskóla Íslands tekur mið af þeim kröfum sem settar voru í upphafi um að fjárhagslegt svigrúm háskóla hér á landi væri sambærilegt við starfsvettvang háskóla í Svíþjóð og Danmörku. Tekið er mið af því og því markmiði náð með þeim samningi sem við höfum nú undirritað. Hann gjörbreytir öllum samskiptum ríkisins og háskólans að því er fjármál snertir.

[18:36]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu minni hér fyrr sagði ég aðeins að fé til framkvæmda hefði verið skorið niður. Ég sagði aldrei að framkvæmdir hefðu verið stöðvaðar. Ef hæstv. menntmrh. hefur skilið mál mitt svo þá hefur hann kannski ekki heyrt alveg hvað ég sagði. Ég sagði að fé til framkvæmda hefði verið skorið niður. Mín reynsla er sú að það seinki framkvæmdum, hvort sem þær eru hafnar eða ekki, ef fé til þeirra er skorið niður.

Kennaraskortinn á að leysa með því að efla fjarnám. Ég er mjög hlynnt því að fjarnám sé eflt en tel jafnframt að fjarnám henti alls ekki öllum. Fjarnám hentar fyrst og fremst því fólki sem hefur unnið við kennslu jafnvel í mörg ár sem leiðbeinendur úti á landi. Og þó ekki því öllu. Til þess að stunda fjarnám þarf mikinn tíma og mikinn sjálfsaga. Ég held að fjarnám, þó að það sé góður kostur þar sem það hentar, geti aldrei leyst þennan vanda eins og hann liggur fyrir í dag.

[18:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir ágæta ræðu. Sem fyrr þá hefur hún mikla trú á því að skattleggja en áttar sig ekki á því að skattlagningin breytir skattstofninum. Væri t.d. settur á 100% skattur á tekjur manna þá mundu allir hætta að vinna og tekjur ríkisins yrðu núll. Þetta er þekkt, þetta er svokölluð Leffer-kúrfa.

Það skyldi þó ekki vera að lækkun skatta á fjármagnstekjur, sérstaklega á söluhagnað, hafi stóraukið tekjur ríkissjóðs eins og komið hefur í ljós? Lækkun skatta á fyrirtæki hefur líka stóraukið tekjur ríkissjóðs. Hvort er betra að hafa háa skatta og drepa niður atvinnulífið eða að láta ríkissjóð fá tekjur til að geta haldið uppi velferðarkerfinu?

En hv. þm. kom inn á annað sem ég vildi gjarnan spyrja hana um. Hún segir að skuldir heimilanna hafi aukist svo og svo mikið vegna verðbólgunnar, vegna verðtryggingar lána. Hún gleymir því að af þessari 4,9% hækkun vísitölu eru 1,5% vegna hækkunar á íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Það þýðir að 10 millj. kr. eign hefur hækkað um 12%, þ.e. um 1,2 milljónir, sem er jákvætt fyrir eigandann, en skuldirnar hafa ekki hækkað nema, ef maðurinn skuldar 5 milljónir, um tvö hundruð þúsund kall.

Eignamyndun þessarar fjölskyldu vegna verðlagsþróunar undanfarins árs er 1 milljón í plús. Menn geta ekki bara litið á skuldaaukningu heimilanna heldur líka á eignirnar, hvernig þær hafa hækkað. Það er jákvætt.

Stór hluti af þeirri vísitölu og hækkun sem hefur orðið undanfarið er vegna þess að íbúðarhúsnæði hefur hækkað, sem er eignamegin hjá íbúðareigendum. Það er jákvætt fyrir þá.

[18:39]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sannfærð um að lækkun skatta á fyrirtæki og lækkun skatta á fjármagnstekjur hefur kannski haft hvað mest áhrif í þá átt að örva verðbólguna eins og við horfum upp á í dag. Sérstaklega held ég að það hafi verið mjög vanhugsuð aðgerð á árinu 1998 þegar skattar voru lækkaðir á fyrirtæki. Ég held að þær gríðarlegu fjárfestingar sem fyrirtækin í landinu eru að fara út í, samanber verslunarfyrirtækin sem ég tiltók áðan, sýni að þessi fyrirtæki hafa hreinlega of mikið fjármagn handbært.

Það getur vel verið að það eigi ekki að skattleggja fólk og fyrirtæki til blóðs, ég hef aldrei mælt með því. En hófleg skattlagning, ég tala nú ekki um á fjármagnsgróða, að borgaður sé skattur af fjármagnsgróða eins og af öðrum tekjum er bara sjálfsagt mál. Hvers vegna ekki? Ég tel enga ástæðu

til að ríkissjóður sé með sérstakar aðgerðir til að örva það hlutabréfabrask sem viðgengist hefur hér í þjóðfélaginu undanfarið og við höfum mörg horft á með vaxandi hryllingi.

[18:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það væri gott hafa hóflega skattlagningu, og þá er það spurningin: Hvert er markmiðið? Ætlum við að afla ríkissjóði tekna eða ætlum við að lemja á einhverjum?

Ég tel að markmiðið sé að afla ríkissjóði tekna. Ef lækkun á söluhagnaði hlutabréfa og eigna gefur ríkissjóði núna margfaldar tekjur á við það sem áður var þegar skatturinn var 47%, eftir að búið er að lækka hann niður í 10%. Er það ekki hófleg og góð skattlagning sem gefur ríkissjóði svona miklu meiri tekjur? Hvert er eiginlega markmiðið?

Ég held því að skattlagningarsinnarnir séu á villigötum með því að heimta alltaf meiri og meiri skattlagningu. Þeir eiga að heimta minni skattlagningu til þess að örva atvinnulífið og auka tekjur ríkissjóðs. Það hefur sýnt sig með lækkun skatta á fyrirtæki, sem hafa verið lækkaðar úr 50% niður í 30%. Ég vildi gjarnan sjá þá fara niður í 25% eða jafnvel 20%. (**Gripið fram í:** Jafnvel 15%?) Nei, ekki lægra en 20%, ég held að 20% gefi hámarkstekjur til ríkissjóðs. Sú skattalækkun hefur aukið tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni margfalt.

Og hvert er markmiðið hjá okkur? Er það að örva atvinnulífið eða drepa það niður? Það hefur nefnilega sýnt sig að lækkun á sköttum eykur framtak og dugnað einstaklinga og fyrirtækja og ég er sannfærður um að ef við lækkum skatta á einstaklinga, miklu meira en við höfum gert hingað til, þá muni menn verða miklu duglegri og við fá miklu meira út úr hverjum manni. Frumkvæði einstaklinga verður miklu meira en er í dag.

[18:43]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar kom að því að ég og hv. þm. Pétur Blöndal vorum sammála. Ég er sammála hv. þm. um að við leggjum á skatta til að afla ríkissjóði tekna, til að ríkissjóður geti staðið undir þeim væntingum sem við gerum til hans. Við höfum ákveðnar væntingar til ríkissjóðs um að hann standi undir góðu heilbrigðiskerfi, að hann standi undir góðu menntakerfi — að hann standi undir velferðarkerfi sem við viljum kannast við. Til þess verðum við að afla tekna. Til þess að afla tekna þá leggjum við á skatta, alveg eins og hv. þm. Pétur Blöndal lagði hér til. Ég er honum hjartanlega sammála.

[18:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram ágæt og skemmtileg umræða. Það var reyndar tvennt sem ég vildi segja í upphafi áður en ég vík að efnisatriðum. Í fyrsta lagi vil ég segja að frv. til fjárlaga og ekki síður fylgigögn um stefnu og horfur og þjóðhagsáætlun eru sérlega vel og greinilega fram sett. Þetta er mikilvægt vegna þess að það auðveldar alla umræðu.

Í annan stað langar mig til að vara við þeim alhæfingum sem fram hafa komið hjá ýmsum hv. þm. sem hafa rætt fjárlagafrv. í dag. Nú síðast er rætt almennt um skatta. Hv. þm. Pétur Blöndal talar um mikilvægi þess að lækka skatta, hann nefndi að fara með þá niður í 20%. Hann sleppir því að geta þess að samkvæmt tillögum sem hann og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson settu fram á síðasta þingi átti einnig að afnema persónuafsláttinn. Sú ráðstöfun hefði þýtt að skattar hefðu hækkað á alla einstaklinga undir 130 þús. kr. á mánuði. Þeir hefðu hækkað á þá einstaklinga en lækkað á hina. Þetta voru þær tillögur sem þeir félagar settu fram á síðasta þingi.

Það er þetta sem við erum að ræða í fjárlfrv. Við erum að ræða um efnahagsstærðir og við erum að ræða um pólitík.

Reyndar sagði hæstv. fjmrh. í útvarpsviðtali fyrir nokkrum dögum að fjárlagafrv. væri í sjálfu sér efnahagsstærð. Þá átti hann við að í því væru sett fram efnahagsleg og pólitísk markmið. Ég ætla í örfáum orðum að víkja að hvoru tveggja.

Fyrst um hin efnahagslegu markmið. Þar vegur þyngst að ríkisstjórnin vill leita leiða til að slá á þenslu, að hægja á hjólum efnahagslífsins. Í annan stað er það meginmarkmið sett fram að skila ríkissjóði með rekstrarafgangi. Þar hefur talan 15 milljarðar verið nefnd.

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að ná þessum markmiðum? Þar kemur einkum þrennt til sögunnar. Í fyrsta lagi er stefnt að því að draga úr framkvæmdum. Nú skiptir máli um hvaða framkvæmdir er að tefla. Talað er um að draga úr vegaframkvæmdum á suðvesturhorninu. Við höfum heyrt umræðu um að fresta viðbyggingu við Alþingishúsið og þar fram eftir götunum. Þegar á heildina er litið er ég fylgjandi þeirri stefnu á þensluskeiði að ríkið haldi að sér höndum. En hér þarf að forgangsraða vel. Ég væri t.d. ekki fylgjandi því að fresta því að reisa spítala fyrir börn. En ég get vel sætt mig við að fresta vegaframkvæmdum á suðvesturhorninu. Ég get vel sætt mig við að fresta viðbyggingu við Alþingishúsið. Þetta eru ekki hinar stóru efnahagsstærðir en þetta er táknrænt frá hendi Alþingis.

Mér fannst það líka umhugsunarvert sem kom fram hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur, þ.e. samanburður á framkvæmdum á markaði, byggingu verslunarhúnæðis og hins vegar opinberum framkvæmdum því að á markaðnum er þensla og að sjálfsögðu á að horfa til þess sem er að gerast í atvinnulífinu í heild sinni.

Þetta er fyrsta atriðið. Hægt er að draga úr þenslu og hægja á hjólum atvinnulífsins með því að draga úr opinberum framkvæmdum. Þegar á heildina er litið finnst mér það hyggilegt á þenslutímum en þegar þrengir að og þegar atvinnuleysið eykst á ríkið og hið opinbera að þenja út.

En það eru tvær aðrar leiðir til líka. Í fyrsta lagi er hægt að fara þá leið að hækka vexti til að draga úr neyslu og fjárfestingum. Það er hægt að hækka vexti. Sú leið hefur verið farin og studd af ríkisstjórninni. Seðlabankinn hefur hækkað vexti og afleiðingin er sú að vextir hafa hækkað í landinu. Nú kann þetta að hljóma hyggilegt þegar horft er til framtíðar ef þetta tæki aðeins til þeirra lána sem vísa inn í framtíðina. En staðreyndin er sú að á Íslandi eru til tvenns konar tryggingar fyrir fjármagnseigendur. Annars vegar er lánsfjármagnið vísitölubundið, það á við um mjög stóran hluta fjárskuldbindinga, og ofan á þetta koma síðan breytilegir vextir. Hækkun fjármagnskostnaðar vísar því ekki aðeins inn í framtíðina heldur einnig til fortíðar. Þessi efnahagsráðstöfun hefur því og getur haft slæmar afleiðingar fyrir allt það fólk sem skuldar í landinu. Þegar við vorum að ræða olíuverðhækkanir á dögunum var minnt á að hækkunin á bensínverði það sem af er þessu ári hafi aukið skuldir heimilanna um 4,3 milljarða kr. Þetta eru þær álögur sem menn eru að setja á heimilin í landinu og fyrirtækin með ráðstöfun af þessu tagi fyrir utan það að fjármagnskostnaður er þegar á heildina er litið of mikill í landinu. Þetta er eitt.

Önnur leið til að draga úr þenslu eða ráðstöfunartekjum, möguleikum einstaklinga og fyrirtækja til að þenja og spenna, er annaðhvort að rýra kjörin eins og gert er gagnvart barnafólkinu — barnabætur lækka um 320 milljónir á næsta ári — eða með því að þyngja skattbyrðarnar, að rýra kjörin með því að draga úr bótum af þessum tagi eða þyngja skattbyrðarnar. Þegar hæstv. forsrh. talar um að bremsa í efnahagslífinu án þess að klossbremsa er hann búinn að finna bremsuborðann. Bremsuborðinn er láglaunafólk og millitekjuhópar í landinu. Með því að láta skattleysismörkin þróast ekki í samræmi við launaþróunina þyngir ríkisstjórnin skattbyrðar á þessa hópa, láglaunahópana og millitekjuhópinn. Hér erum við farin að tala um pólitík. Hér erum við að tala um pólitík þessarar ríkisstjórnar. Það er á kostnað þessa fólks sem á að hægja á hjólum atvinnulífsins.

Ég er ekki að tala um hinar litlu stærðir sem sýna einnig pólitík þessarar ríkisstjórnar, t.d. sú ákvörðun sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vakti athygli á í ræðu sinni, að fresta framkvæmdum við styrkingu dreifikerfis í sveitum á raforku um 50 milljónir. Ég er ekki að tala um þessar litlu stærðir þó að þær sýni pólitískt innræti. Ég er ekki að tala um það hvernig þeim peningum er varið sem þarna sparast, í að auglýsa upp alþjóðleg viðskiptafélög sem Íslendingar hafa skotið skjólshúsi yfir að hætti eyja í Karíbahafinu til að hýsa fyrirtæki sem vilja koma sér hjá því að greiða til samfélagsins, koma sér hjá því að greiða skatta.

Þetta er pólitík ríkisstjórnarinnar sem er hægt að finna í ýmsu smáu en líka þessum stóru stærðum sem eru auknar skattálögur á láglaunafólk og millitekjuhópa og barnafólkið í landinu.

„*Á móti vegur*" segir á bls. 331, „að áætlað er að barnabætur lækki sem nemur um 320 millj. kr. en þar gætir áhrifa af auknum tekjum heimilanna." Viðmiðunarmörkin í barnabótakerfinu eru með öðrum orðum ekki látin fylgja almennri launaþróun og þess vegna fer þetta svona.

Varðandi pólitíkina gerði hæstv. fjmrh. vel grein fyrir henni í ræðu sinni áðan. Hún snýr m.a. að skipulagsbreytingum hjá hinu opinbera. Hann boðar áframhaldandi einkavæðingu. Hann boðar einkaframkvæmd. Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Áfram verður unnið að nýskipan í ríkisrekstri, m.a. með auknum útboðum og sameiningu og styrkingu stofnana, þjónustusamningum og auknu svigrúmi og ábyrgð stjórnenda. Kostir einkaframkvæmdar verða áfram nýttir þar sem það á við, stefnt að einfaldari og skilvirkari ríkisrekstri og stuðlað að aukinni ráðdeild í meðferð opinberra fjármuna."

Fróðlegt væri að hæstv. fjmrh. gerði þinginu grein fyrir því hvar einkaframkvæmdin á við. Við vitum að hæstv. heilbrrh. er að bjóða út gamla fólkið. Ístak og önnur fyrirtæki eru að taka að sér að reisa og reka elliheimilin. Við vitum hvað er að gerast í skólakerfinu. Þar er verið að reisa og búið að reisa reyndar skóla á vegum fyrirtækis sem ég man ekki hvað heitir, í Hafnarfirði. Það er iðnskólinn þar. Reyndar stóðu margir í þeirri trú að þeir væru að setjast upp í Rolls Royce en það reyndist síðan vera Trabant. Þetta er ekki eins fallegt og sniðugt og menn höfðu vænst enda er hugmyndin náttúrlega að reyna að skera niður og komast hjá því að rækja þessa starfsemi og reka sómasamlega.

En ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. geri okkur grein fyrir því hvar hann telji einkaframkvæmd eiga við eins og hann komst að orði. Er það innan heilbrigðiskerfisins? Er það innan skólakerfisins? Á að vinna þar stærri lönd? Hvaða hugmyndir eru uppi í þessu efni?

Tími minn er á þrotum og ég ætla að nota síðustu hálfa aðra mínútuna sem ég hef til að vara við alhæfingum um launaþróun. Hv. þingmenn hafa að mínum dómi gengið of langt í því efni. Annars vegar hafa menn stillt upp sem andstæðum opinberum starfsmönnum og starfsmönnum á almennum launamarkaði. Þetta er rangt. Ekki er hægt að stilla þessum hópum upp sem andstæðum.

Stórir hópar innan opinbera kerfisins hafa hækkað verulega. Aðrir hafa ekki gert það. Á almennum launamarkaði hefur víða orðið mikið launaskrið og hópar hafa hækkað verulega í launum. Aðrir hafa staðið í stað. Það sem verra er, er að á báðum vígstöðvum hefur launalægsta fólkið fengið minnstu hækkanirnar. En hálaunafólkið eða þeir sem standa ívið skár hafa fengið mestar hækkanirnar. Þetta á náttúrlega sérstaklega við um ríkið, sérstaklega skjólstæðinga Kjaradóms og kjaranefndar. Það hefur verið hugsað mjög vel um þá aðila eins og fyrri daginn. Við deilum ekki við dómarann, sagði hæstv. forsrh. einhvern tíma þegar verið var að færa meintar yfirvinnugreiðslur inn í grunntaxtann þar á bæ. Ég held að búið sé að gera það þrisvar eða fjórum sinnum núna á síðustu tveimur árum. Ég skal ekki fullyrða um það á hvaða tímabili það hefur gerst. Við þingmenn þekkjum að laun þingmanna voru hækkuð verulega strax eftir kosningar. Enn meira voru laun hæstv. ráðherranna og toppanna í ríkiskerfinu hækkuð. En innan hins opinbera hafa stórar og *fjölmennar sveitir, stærstu og fjölmennustu hóparnir*, láglaunahóparnir, staðið í stað og ekki borið neitt úr býtum.

[19:00]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Fram er komið fjárlagafrv., skynsamlegt að gerð þar sem ábyrgð og öryggi ræður för. Við þurfum að *rétta kúrsinn lítillega en halda áfram örugg til meiri farsældar* eins og fram hefur komið í málflutningi hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. og vissulega í máli fleiri.

Ég mun ekki fara í einstök efnisatriði frv. heldur fjalla stuttlega um markmiðin og forsendurnar í fjárlagafrv. Fram undan er mikil vinna við frv. Það hefur aldrei gerst að fjárlagafrv. fari óbreytt í gegnum þingið. Það verður varla heldur núna. Hins vegar er meginmarkmiðið alveg skýrt. Við stefnum að því að skila hálfum öðrum tug milljarða í tekjuafgang á ríkissjóði og búa þannig í haginn fyrir framtíðina með því að greiða niður erlendar skuldir ríkissjóðs. En það er þó tvennt sem getur breytt miklu áður en frv. verður samþykkt í desember.

Í forsendum fjárlaga er ekki gert ráð fyrir sölu hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem bætir væntanlega stöðu ríkissjóðs talsvert á þessu ári. Ríkið ætti því að geta greitt niður skuldir sínar um nokkra milljarða á árinu sem gæti síðan þýtt lækkandi vexti. Í forsendum fjárlaga er ekki heldur gert ráð fyrir áhrifum Fljótsdalsvirkjunar, en reikna má með að áhrifa þeirra gæti þegar á næsta ári þótt það yrði að sjálfsögðu enn þá meira árið 2001. Gangagerð tekur þar þrjú ár svo væntanlega verður að hefjast handa á næsta sumri, en á næsta haustþingi verða þessi mál til lykta leidd. Ef þetta tvennt sem er í sjónmáli væri tekið með í forsendum fjárlaga, þá liti dæmið dálítið öðruvísi út. Hagvöxtur á næsta ári yrði þá um 5% eins og í ár og tvö árin þar á undan.

Ég er sammála hv. 5. þm. Vestf., Einari Oddi Kristjánssyni, að við erum ekki komin að neinum endimörkum

hagvaxtar en við þurfum að vanda okkur eins og fram kom í máli hans. Við þurfum að hægja á einkaneyslu og innflutningi. Ef það tekst ekki, þ.e. að hægja á þessari tegund umsvifa í þjóðfélaginu, þá þýðir það að vísu meiri hagvöxt en það er ekki hagvöxtur sem við viljum sjá. Það er eiginlega ef svo má segja illkynja hagvöxtur því að hann mundi stafa af erlendri skuldasöfnun og vaxandi viðskiptahalla vegna mikillar neyslu. Góðkynja hagvöxtur felur hins vegar í sér eignamyndun og auknar framtíðartekjur. Þetta er eins og með mannslíkamann, til eru tvær tegundir kólesteróls, gott og slæmt. Sama gildir um það hvernig hagvöxturinn er tilkominn. Þó að ríkið fái tekjur af þenslunni er það stundargróði, en ríkið, þjóðfélagið og þjóðlífið tapar. Af þessum ástæðum er stigið varlega á bremsurnar. Þenslumerkin eru skýr. Það gæti verið hætta á leiðinni fram undan. Þess vegna þarf að stíga létt á pedalana.

Það eru verðhækkanir, útlánaaukning bankastofnana, viðskiptahalli og skortur á vinnuafli í ýmsum greinum atvinnulífsins á vissum stöðum á landinu.

Nú er svo komið að framleiðni fyrirtækja og afkastageta getur ekki aukist svo mikið þetta lengi nema ný fjárfesting komi til í atvinnulífinu. Að öðrum kosti fer verðbólgan af stað með sífellt auknum viðskiptahalla. Þetta er því eins og hæstv. forsrh. sagði í gærkvöldi, annaðhvort náum við þessu með mjúkri lendingu og þá kemur þetta ekki við neinn og enginn finnur til eða við brotlendum með verulegum þjáningum margra. Ef þetta tekst ekki, þá upplifum við verðbólgu og gamaldags kollsteypur sem mörg okkar erum uppalin við.

Herra forseti. Auðvitað yrði eftir sem áður að taka á því ástandi sem þá væri upp komið og með öllum tiltækum ráðum. Tækin sem ein eru til þess að bjarga okkur lifandi sem þjóðfélagi út úr þeirri brotlendingu eru þrenns konar. Það væru frekari vaxtahækkanir, frekari samdráttur opinberra framkvæmda og jafnvel niðurskurður á opinberum rekstri og í þriðja lagi hækkun skatta, en allt mundi þetta að sjálfsögðu þýða versnandi lífskjör. Þetta má ekki gerast og þess vegna verður okkur að takast ætlunarverk okkar sem birtist í fjárlagafrv., að hægja á ferðinni varlega en halda eftir sem áður áfram þægilegum ferðahraða fram til betri hags. Það á að geta tekist bærilega með styrkri efnahagsstjórn og fjárhagsáætlunum sem standast.

Ástæða er til, herra forseti, að fagna sérstaklega samningi Háskóla Íslands og ríkisstjórnarinnar frá í dag. Með sama hætti þarf að gera samninga við sjúkrahúsin, einkum þau stóru og fjárfreku í Reykjavík. Áætlanir í fjárlögum verða að standast á heilbrigðissviðinu eins og á öðrum sviðum. Undanfarið hefur löggjafinn fært ákvarðanavald til stofnana. Virkni þeirra er aukin og ábyrgð þeirra er aukin, en valdinu fylgir líka sú ábyrgð að fara að þeim lögum sem sett eru. Forstjórarnir, framkvæmdastjórarnir hafa ekki fjárveitingavald. En ef það reynist rétt sem hér hefur komið fram í umræðum í dag, að milljarðaumframkeyrsla eigi sér stað á vissum heilbrigðisstofnunum og í heilbrigðisgeiranum, þá eru það lagabrot, fjárlagabrot. Gera þarf samning um heilbrigðisþjónustuna, halda sama þjónustustigi a.m.k. en það þarf ekki að kosta svona mikið. Við Íslendingar stöndum okkur vel í fjárframlögum til heilbrigðismála í samanburði við aðrar þjóðir, ekki síst að teknu tilliti til aldurssamsetningar þjóðarinnar og heilbrigðis.

[19:08]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hér höfum við fjárlagafrv., fágætt að því leyti að gert er ráð fyrir mjög drjúgum tekjuafgangi. Því er ástæða til þess að fagna sérstaklega og að öllu leyti ef ekki væri meginástæða fyrir tekjuafganginum það sem hv. síðasti ræðumaður kallaði illkynja hagvöxt sem byggir á bullandi viðskiptahalla. Þess vegna eru það auðvitað vonbrigði. Það má gera að gamni sínu eins og hæstv. forsrh. hvatti til að menn ættu að gera hér á hinu háa Alþingi og hugsa sér að menn stefndu í 100 milljarða kr. halla og þá væru tekjur ríkisins þar af 24 milljarðar eða svo. En að öllu gamni slepptu er þetta sem ég hef viljað kalla froðufé. Það kraumar og sýður í kjötkatli ríkisstjórnarinnar af því að kynt er of mikið undir og froðukúfarnir standa upp af og þar á meðal þessi sem við höfum nú hér að helmingi til að ég hygg sem afgang á fjárlögum.

Það er óhjákvæmilegt að rifja aðeins upp rekstur ríkissjóðs um allmörg ár og við skulum aðeins líta á þann árafjölda sem minn gamli flokkur, Sjálfstfl., hefur fari með yfirstjórn þeirra mála. Í grg. með fjárlagafrv. á bls. 8 segir, með leyfi forseta:

„Traust afkoma ríkissjóðs gerir kleift að greiða niður skuldir ríkissjóðs og grynnka á vaxta- og greiðslubyrði næstu ára. Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að þessu markmiði. Sú vinna hefur skilað þeim árangri að í stað langvarandi hallareksturs og skuldasöfnunar hafa skuldir ríkissjóðs lækkað."

Ég man ekki betur og ég hygg að ég hafi séð þær tölur að frá árinu 1991 til 1996, að báðum árum meðtöldum, hafi halli á ríkissjóði á fjárlögum hvers árs numið að meðaltali 14 milljörðum kr. og samtals þess vegna í 7 ár 84 milljörðum. Einhvers staðar sá ég þess getið að í lok ársins 1997 hafi hallinn numið samtals 100 milljörðum kr.

Það er komið að skuldadögum og sem betur fer hefur tekist að lækka skuldir ríkissjóðs og það sem kallað er hér lánsfjárafgangur, og ég kynni kannski betur við að kalla ráðstöfunarfé, hefur verið drjúgum meira og raunar töluvert þótt um halla á sjálfum fjárlögunum hafi verið að tefla. Þessi bullandi hallarekstur ríkissjóðs orsakaði lánsfjárhungur sjóðsins sem birtist í því að hið opinbera keppti um lánsfé af mikilli hörku á lánsfjármarkaði, svo mjög að Lánasýsla ríkisins stundaði svartamarkaðsbrask á þeim vettvangi og bauð stærstu kaupendum ríkisvíxla aukavexti undir borðið. Þetta þarf ekkert að vera neitt bankaleyndarmál enda þótt ég kæmist á snoðir um það í mínu fyrra starfi. Þetta hækkaði vaxtastigið í þjóðfélaginu óhjákvæmilega. En eins og vant er og því miður er það svo hjá hæstv. ríkisstjórn að hún hefur stundað afskaplega mikið alls kyns loftfimleika og blekkingar. Það var á því klifað að þeir sem bæru ábyrgð á hinu háa vaxtastigi væru bankarnir. Auðvitað þurftu þeir óþarflega mikið til síns reksturs. Þeir höfðu verið reknir með óskynsamlegum hætti þannig að gífurlega fjármuni þurfti að afskrifa þar. En undirrótin var bullandi hallarekstur sjálfs ríkissjóðs sem síðar þurfti að ná inn fjármagni og ég var innilega sammála því að það yrði sem mest gert á innlendum markaði eða svo sem kostur væri.

Eitt hið gæfulegasta sem hér hefur náðst er það markmið að útrýma atvinnuleysi. Ekkert böl er að minni hyggju eins átakanlegt og að menn geti ekki fengið vinnu sína selda. Það ber sérstaklega að þakka og að því liggja ýmsar ástæður. Ríkisstjórnin má eiga sitt hrós þess vegna fyrir hlutdeild sína í því máli.

Stöðu heimilanna í landinu hefur borið hér á góma og ég verð að segja að mér brá ónotalega þegar hæstv. forsrh. taldi

í viðtali við fjölmiðil að þetta væru einkenni góðærisins. Það er ýmislegt sem liggur til grundvallar þess að ég hef enga sérstaka ánægju af að rifja upp ýmsa þætti í mínu fyrra starfi í Landsbanka Íslands, en það var mér þungbærast þegar fólk leitaði á náðir mínar og var í þann veginn eða þegar búið að missa íbúð sína undir hamarinn. Þessar heimsóknir voru allt of tíðar. Mér rann þetta ákaflega til rifja. Margur brast í grát og gekk bónleiður til búðar því að í fæstu falli var hægt að hjálpa þessu fólki. En ég hefði átti að láta huggast og átta mig á að þetta var góðærisgrátur.

Ég nefndi þetta við kunningja minn, skáldið Ragnar Inga Aðalsteinsson frá Vaðbrekku í Hrafnkelsdal, og honum varð óðara að munni þessi limra:

Hver dári er dansandi kátur
með drynjandi velferðarhlátur.
Þótt einn felli tár
og annar sé sár.
Það er allt saman góðærisgrátur.

Þessi skuldaaukning er hrollvekjandi og það þarf að hafa augu á því hvert þetta stefnir. Menn telja að staða heimilanna hafi skánað og vanskil þeirra minnkað. Kann það ekki að vera vegna hinnar gegndarlausu útlánastefnu bankanna, að þeir hafi veitt fólki miklu meiri fyrirgreiðslu þannig að það sé ekki mark á því takandi þótt vanskil heimilanna hafi minnkað? Hafa þau ekki steypt sér í þeim mun meiri skuldir? Það er skoðun mín að svo hafi orðið.

Hættumerkin í þjóðfélagi okkar eru margvísleg eins og hinn illkynja hagvöxtur Stór-Reykjavíkursvæðisins vegna þenslu á íbúðamarkaði, vegna gegndarlausrar útlánaaukningar bankanna. Það var einmitt í fyrravetur allnokkru fyrir kosningar að Landsbanki Íslands veitti fyrirgreiðslu manni sem nafngreindur er nú orðið og heitir Jón Ólafsson, nærri 800 millj. kr., til þess að kaupa fyrir lóðir suður í Garðabæ og veitti vilyrði fyrir því að lána allt að 80% af byggingarkostnaði á þeim lóðum. Hættumerkin verðþenslunnar voru löngu komin í ljós þegar þetta er. Þau eru komin í ljós fyrir meira en ári og þess vegna hefði þurft að sníða þáv. fjárlagafrv. að þeim köldu staðreyndum sem ekki var gert af því að það þurfti að kjósa undir merkjum velmegunar og stöðugleika, stöðugleika sem stjórnarherrarnir japla á eins og belja á frosinni næpu, sem reyndist svo strax að kosningum loknum óstöðugleiki svo ekki sé meira sagt.

Þar höfðu menn það og ég hygg að ein af meginástæðunum fyrir verðþenslunni sé gegnarlaus útlánastefna bankanna. Þeir hafa að vísu sjálfir bætt stöðu sína og rekstrarstöðu og það er auðvitað vel. En það er kannski ekki góðkynja gróði heldur þegar öll kurl koma til grafar.

Það hefur verið talað um aðhald í ríkisfjármálum og auðvitað er það ágætt út af fyrir sig að meira streymi inn en gert er ráð fyrir í fjárlagaafgreiðslu. En aðhaldið var samt ekki meira en svo að fjárlögin fara 5 milljónir, ef ég man rétt ... (**Fjmrh.:** Milljarða.) milljarða auðvitað, 5 milljarða — ég er að týna niður orðfærinu því að menn voru hættir í minni tíð að nefna lægri tölur úti í Landsbanka — 5 milljarða fram úr áætlunum svo aðhaldið hefur nú ekki sýnst vera afskaplega mikið þar.

Ég ætla ekki að víkja sérstaklega að kosningaloforðum stjórnarflokkanna og nenni ekki að rifja það upp sem menn hafa gert, að minna á loforð Framsfl. um milljarð til baráttu gegn fíkniefnunum. Það er allt of viðkvæmt mál til þess að menn séu sérstaklega að kasta því þann veg milli sín. Þeir láta svo sem þeir ætli að gera þetta seinna, að standa við þetta. En ég er nú ekki viss um nema þetta loforð hafi verið gefið af þeim háttvirtu mönnum, hæstv. ráðherrum Framsfl., til þess að sverja af sér fóstbræðralag við einhverja í þeim hópi sem forsrh. hefur verið að nefna eiturlyfjabaróna og hann kann frekari skil á en ég.

Það er rétt að það er mikilsvert að fresta framkvæmdum í stöðu eins og nú, í þenslustöðu. Það er mjög mikilvægt og ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til að líta á fleiri frestanir. Það er bullandi spenna á byggingarsviði og rétt er það sem ég held að hafi komið hér fram í dag að ítalskir verkamenn eða iðnaðarmenn eru að pússa gólf í verslun upp í Kringlu og þá getur maður rétt ímyndað sér hvernig ástandið er. Það má engum silkihönskum taka á þessum málum. Og eins ég segi, ég kann vel að eiga það eftir að sirkla út hvort ekki sé færi á að setja saman tillögur um frekari frestanir.

Menn hafa vikið að greinargerð fjárlaganna, að fjármagnstekjuskattur hefur gefið alldrjúgum meira í aðra hönd en upphaflega var áætlað. Ég var á sínum tíma afar andsnúinn þeirri skattlagningu. Ég rifja upp þá staðreynd sem blasti við okkur í bönkum að fólk 60 ára og eldra á 60% af öllu sparifé þannig að hér var vissulega um aldraða skatt að tefla. Ég minnist þess hins vegar líka hvernig farið var að því að koma honum á því að hann átti drjúgum andstæðinga. Það var gert með því að versla við þá hina sömu um það að slá af sköttum af arði af hlutabréfum niður í 10%. Það var áreiðanlega ekki holl og skynsamleg framkvæmd.

Herra forseti. Ég hefi lokið máli mínu. Það er mjög margt gott hægt að segja um þetta frv., sérstaklega það sem lýtur að þeim afgangi sem hér á að verða og ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til að styðja að verði enn meiri ef þess er nokkur kostur og hann verði alla vega varinn.

[19:24]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er að koma að lokum þessarar umræðu og umræðan hefur ... (Gripið fram í.) Nei, „það er ekki víst", segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og ef ég þekki hann rétt þá kann vel að vera að sú umræða sem hann vill vekja hér gæti staðið lengi kvölds.

Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í þessari umræðu til þessa og vildi geta þess í upphafi að ástæðan er einfaldlega sú að ég hef ekki haft tíma til þess að setja mig nægilega vel inn í frv. sjálft. En í lok þessarar umræðu, eða því sem ég tel að kunni að vera lok hennar, þá langar mig eigi að síður, herra forseti, að rifja upp nokkrar forsendur frv. sem ég hef numið af vörum hæstv. fjmrh. í ræðum hans í dag og bera saman við orð hans fyrr á þessu ári. Ég leyfi mér að gera það út frá prýðilegri ræðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar þar sem hann talaði áðan um illkynja hagvöxt. Það voru orð að sönnu hjá hinum vísa klerki. Hagvöxturinn sem drífur efnahag þjóðarinnar núna og er undirrót þeirrar góðu stöðu ríkisfjármálanna sem hæstv. fjmrh. birtir hér með nokkru stolti, er einmitt illkynja hagvöxtur.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson vísaði í orð hæstv. forsrh. í gær þar sem hæstv. forsrh. sagði að staðan í ríkisfjármálunum væri slík að annaðhvort næðum við mjúkri lendingu eða við brotlentum með verulegum þjáningum margra. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. forsrh. Og það var prýðilega til fundið hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni að leiða þannig fram orð leiðtoga lífs síns til þess að sýna alvarleika málsins.

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Jónsson var önnum kafinn í kosningabaráttu á Norðurlandi þegar aðrir menn bentu á nákvæmlega þetta. Hann heyrði e.t.v. ekki þau varnaðarorð.

En hæstv. forsrh. heyrði þau og hæstv. fjmrh. líka. Það var þá sem ég sagði í kosningabaráttunni að í ríkisfjármálunum væri tifandi tímasprengja. Hæstv. forsrh. fékk hláturskast yfir þessum orðum, vísaði þessu algerlega á bug og sagði að þessum ágæta þingmanni og fyrrv. félaga úr ríkisstjórn væri sæmst að hyggja að því sem hann kynni sæmilega sem væri kynlíf laxa, en láta efnahagsmálin eftir fróðari mönnum. Og hæstv. fjmrh. sem er að vísu ekki alveg eins fyndinn og hæstv. forsrh. vísaði þessu alveg á bug.

Nú er það svo að ég hef starfað með hæstv. fjmrh. og veit að hann er drengur góður. En ég hef velt því fyrir mér hvort það hafi verið tækifæris- og hentistefna hjá hæstv. fjmrh. að viðhafa þau orð sem hann hafði þá í kosningabaráttunni þegar hann vísaði því algerlega á bug að eitthvað væri að í ríkisfjármálunum eða hvort hann hafi vísvitandi verið að blekkja. Hæstv. fjmrh. hlýtur að lýsa því yfir hér á eftir hvernig á því stendur að í kosningabaráttunni hafi hann vísað því algerlega á bug að nokkuð væri að. Þá var honum bent á að sá hagvöxtur sem hann stýrir nokkuð farsællega um þessar mundir er það sem hv. þm. Hjálmar Jónsson kallaði réttilega illkynja hagvöxt.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson orðaði það svo áðan að það gæti farið svo að hagvöxturinn yrði jafnvel meiri en menn tala um í fjárlagafrv. og ég óttast að hann hafi rétt fyrir sér, herra forseti, og er að því leyti til ósammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem taldi fyrr í dag að ríkisstjórnin ætti í seli vegna þess að líklegt væri að hagvöxturinn yrði meiri en þau 2,7% sem gert er ráð fyrir. Ég held nefnilega að hagvöxtur umfram það væri afar óæskilegur og yrði okkur mjög erfiður við þær kringumstæður sem við búum við núna.

Herra forseti. Ég kem hér til þess að rifja það upp að þegar ég kom fram og benti á tifandi tímasprengju sem er undirliggjandi viðskiptahalli í ríkisfjármálunum, þá var gert grín að því. Hæstv. forsrh. sem ekki er í salnum í kvöld sagði opinberlega að ekkert væri að, staða ríkisfjármála væri bara furðu góð, verðbólgan væri undir góðri stjórn og menn þyrftu ekki að hafa áhyggjur af viðskiptahalla vegna þess að hann mundi fara minnkandi. Og það voru leiddir fram kjölturakkar úr Háskóla Íslands, þar á meðal formaður stjórnar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem vitnuðu gegn betri vitund um að hæstv. forsrh. hefði rétt fyrir sér. Gegn betri vitund segi ég, herra forseti, vegna þess að allt það sem þá lá fyrir í prentuðum textum sérfræðinga mælti til alls annars en þeirrar niðurstöðu.

Ég velti því áðan upp hvort hæstv. fjmrh. hafi verið að blekkja vísvitandi, eða vissi hann einfaldlega ekki betur? Ég þekki hæstv. fjmrh. ekki að því að koma í þennan sal og halda gegn betri vitund fram röngum hlutum. Ég vísa til þess, herra forseti, að hæstv. fjmrh. sagði líka á sumarþinginu að viðskiptahallinn væri að minnka og ég er viss um að hann talaði þá eins og hans skilningur var. En nú blasir við að það sem hæstv. fjmrh. sagði þá var rangt. Viðskiptahallinn er ekkert að minnka. Þá komum við að eftirfarandi spurningu: Hversu góðan skilning hefur hæstv. fjmrh. á stöðu ríkisfjármála? Ef hann hafði rangt fyrir sér í kosningabaráttunni og ef hann hafði rangt fyrir sér eftir hana, á sumarþinginu, getur þá verið að hann hafi líka rangt fyrir sér núna þegar hann kemur og segir: „Undirstöður fjárlaganna eru traustar"?

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að þessi ágæti hæstv. fjmrh., sem er þannig í laginu að maður þarf ekki annað en líta á hann til þess að um mann fari notaleg tilfinning um velsæld, (**Gripið fram í:** Segir hver?) gleymdi að geta eins atriðis í ræðu sinni. Ég hef að vísu ekki lesið hina skrifuðu ræðu hans en ég hlustaði á það sem hraut af vörum hans í dag. Það var nákvæmlega eitt atriði sem hann nefndi ekki og það er viðskiptahallinn. Hæstv. ráðherra nefndi hann ekki í ræðu sinni í dag. Hann talaði um flesta aðra hluti en staðreyndin er einfaldlega sú að það er ekkert sem kemur fram af hálfu ríkisstjórnarinnar um það hvað hún ætlar að gera til að draga úr viðskiptahallanum. Hæstv. ráðherra sagði m.a. í dag að vilji ríkisstjórnarinnar væri skýr og kæmi m.a. fram í því að Seðlabankinn hefði hækkað vexti fjórum sinnum á þessu ári. Er það nóg, herra forseti?

Hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði áðan að það væri þrennt sem menn kynnu nauðsynlega að grípa til ef ekki næðist hin hæga mjúka lending og það væri hækkun vaxta enn einu sinni, það væri hækkun skatta eða niðurskurður framkvæmda. Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni í dag að tekjuafgangurinn í fjárlagafrv., þ.e. 15 milljarðar, sýndi vilja ríkisstjórnarinnar. Ég er sammála því og dreg það ekki í efa, það sýnir vilja ríkisstjórnarinnar.

Getum við, miðað við þau dæmi sem við höfum um innsýn hæstv. fjmrh. í gang ríkisfjármálanna, treyst því að þessir 15 milljarðar séu nægir? Hæstv. fjmrh. fór með spott og flím þegar ég kom fram með spádóma mína um gang efnahagsmálanna í kosningabaráttunni en þeir hafa allir gengið eftir. Þegar ég sagði að verðbólgan mundi aukast hlógu þeir en nú velta menn því ekki einu sinni fyrir sér hvort hún er farin af stað því að hvar sem þeir horfa sjá þeir að hún hefur geyst af stað. Við skulum vona að það takist að setja taum á þessa skepnu en ég er ekkert viss um það. Þegar hæstv. fjmrh. kemur og ber sér á brjóst, er óhjákvæmilegt annað en draga það fram að það var hann sem stýrði þeim mistökum sem gerðu það að verkum að við erum í þessari stöðu í dag. Þegar ég segi hann á ég við embættið sjálft, hann eða forvera hans. Það skiptir ekki máli fyrir mig. Það var fjmrh. Sjálfstfl. sem stóð fyrir aðgerðum sem urðu beinlínis valdandi að því ástandi sem er í dag.

Það kom t.d. fram í ræðu hæstv. fjmrh. og í andsvari við hv. þm. Gísla S. Einarsson að það væri tóm vitleysa að lækka skatta í góðærinu. Hv. þm. Gísli S. Einarsson var því hjartanlega sammála enda ekki nema von. Samfylkingin hélt þessu fram í kosningabaráttunni. Ég hélt þessu ítrekað fram í opinberum samræðum við hæstv. fjmrh. sem lét sig einu sinni hafa það að halda því fram að það væri dæmigert fyrir Samfylkinguna að hér væri fulltrúi hennar að leggjast gegn skattalækkunum. Það var hárrétt, ég gerði það. Með öðrum orðum, það sem hæstv. fjmrh. segir núna að sé bull að gera í góðæri, það gerði hann fyrir kosningar þegar hann lækkaði skattlagningu allverulega og allir sérfræðingar sem hæstv. fjmrh. getur fundið á þessu landi eru sammála því að það hafi verið heimskuleg aðgerð.

Hæstv. fjmrh. talar líka um þenslu í bankakerfinu og það er staðreynd að bankarnir, sem ríkisstjórnin á stóran og styrkan meiri hluta í, eiga verulega sök á því þensluástandi sem er núna. Þeir eru að búa sig undir samruna og endurskipulagningu bankakerfisins og hvernig gera þeir það? Með því að taka fé að láni og þrýsta því út með alls konar gylliboðum. Hverjir hafa gert gert þeim það kleift? Hæstv. fjmrh. og hæstv. iðn.- og viðskrh. Hvernig? Með því að þeim urðu á gróf mistök þegar þeir hleyptu af stað einkavæðingu ríkisbankanna, ekki einkavæðingin sjálf heldur aðferðin sem notuð var. Í stað þess að selja það hlutafé sem fyrir var juku þeir það og gerðu bönkunum þar með kleift að taka meiri

lán og ýta út meiri peningum. Þriðju mistökin sem hægt er að rekja til þeirra ágætu herra sem stjórna landinu er kannski sálfræðilegs eðlis.

Það er skammt síðan haldinn var fundur hér í bæ um verðbólgu. Þar kom fram aðalsagnfræðingur Seðlabankans og lýsti því yfir að ofurbjartsýni væri eitt af því sem gæti aukið þensluna upp á hin hættulegu mörk. Muna menn eftir því að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. héldu blaðamannafund einhvern tíma á útmánuðum í ráðherrabústaðnum og eina tilefni fundarins var að segja þjóðinni að það væri góðæri í landinu og það væri líklegt að það mundi ríkja áfram? Hvaða áhrif hefur það þegar tveir helstu leiðtogar ríkisstjórnar, sem nýtur mikils fylgis, koma og segja þetta? Hin sálfræðilegu áhrif eru auðvitað þau að menn telja að þeir muni að búa við góðan hag á næstu árum og þess vegna leyfa menn sér það, vegna þeirrar auknu bjartsýni sem þessir menn keyptu undir að taka meiri lán, eyða meira, spenna meira. Það er þetta sem er orsökin að því sem hv. þm. Hjálmar Jónsson réttilega kallar illkynja hagvöxt. Orsök hins illkynja hagvaxtar, sem hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur fundið á líkama þjóðarinnar, er að leita í ríkisstjórn Íslands. Ég spyr enn, herra forseti: Hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að draga úr viðskiptahallanum?

Hann hafði rangt fyrir sér þegar hann sagði að viðskiptahallinn væri ekki kominn á hættuleg mörk, hann hafði rangt fyrir sér þegar hann sagði á sumarþinginu að hann væri að minnka. Hann er ekki að minnka. Það er þessi viðskiptahalli sem veldur því að það er langtíma ójafnvægi í efnahagskerfinu sem mun valda því að þrátt fyrir hækkanir Seðlabankans á þessu ári og styrkingu krónunnar sem af því leiðir mun krónan veikjast þegar fram í sækir. Það gæti lent til þess sem hæstv. forsrh. kallaði sjálfur í ræðu sinni og taldi ástæðu til þess að ávarpa sérstaklega, brotlendingar. Það getur leitt til gengisfalls og rýrnandi kaupmáttar og atvinnuleysis. Ég segi það, herra forseti, þessir menn sem koma hér og berja sér á brjóst yfir því hvað þeim hefur tekist vel upp eru ástæðan fyrir því að sá möguleiki, sem hæstv. forsrh. sér á sjóndeildarhringnum, er til staðar.

[19:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ekki er mikið af einstökum atriðum sem ég þarf að svara í lokaorðum mínum við umræðuna en kannski ástæða til að fara nokkrum orðum almennt um þessa hluti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi þó koma inn á.

Ég vil reyna að svara í fyrsta lagi spurningum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um bensíngjald og tekjur af því. Það mál verður reyndar væntanlega til umræðu í þinginu á morgun. Upplýsingar um þetta efni er að finna á bls. 235 í fjárlagafrv. að því er varðar tekjur af þessum gjöldum í fyrra, fjárlög ársins í ár, áætlun ársins í ár og frv. fyrir næsta ár.

Frv. fyrir næsta ár byggir á þeirri forsendu að það frv. um vörugjald á bensíni, sem ég flyt hér og mun mæla fyrir á morgun, nái fram að ganga. Við það er tekjuáætlunin miðuð. Af þessu má sjá að tekjur bæði af almenna vörugjaldinu af bensíni, sem nú er 97% af innkaupsverði, verða minni á árinu en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þar munar 47 millj. og af sérstaka bensíngjaldinu, sem rennur til vegagerðar, er gert ráð fyrir að tekjurnar verði 73 millj. lægri á árinu en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Við sjáum handfast í niðurstöðum fyrstu átta mánaða ársins að þetta er hvort tveggja fyrir neðan upphaflega áætlun. Á næsta ári eru tölur tilgreindar um þessa skattstofna sem allir geta kynnt sér en þær miðast sem sagt við það að frv. sem mælt verður fyrir á morgun nái fram að ganga.

Að því er varðar aftur virðisaukaskattinn af bensíni eru það auðvitað hreinar reikniæfingar að geta sér til um það hver hann verður. En auðvitað má prófa slíkar æfingar. Ef bensínlítrinn kostar 87 kr. og seldir eru 200 millj. lítrar af bensíni gerir það ákveðna fjárhæð, 17,4 milljarða. Virðisaukaskatturinn í vöruverðinu er rétt tæp 20% þannig að það má geta sér til að virðisaukaskatturinn af þessu yrði um 3,4 milljarðar. En þetta fer allt eftir innkaupsverðinu og fer allt eftir þeim sveiflum sem þar verða því að virðisaukaskatturinn er hlutfallsskattur og erfitt að áætla hann með nokkurri vissu. Hins vegar má líka geta þess að peningar sem fara í þennan virðisaukaskatt af bensíni fara ekki í annan virðisaukaskatt af öðrum vörum þannig að ef hann hækkar þá lækkar hann væntanlega annars staðar á móti og öfugt. Þarna höfum við ekki fast land til að standa á annað en bara gamla reynslu sem menn þekkja.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði mig um einkaframkvæmdarmál. Við höfum rætt þau mál áður í þessum sal. Hvenær getur einkaframkvæmd átt við? Hvenær á það við? Það getur átt við í ýmsum verkefnum. Eitt þeirra var Iðnskólinn í Hafnarfirði. Annað sem er núna til umfjöllunar er hjúkrunarheimilið við Sóltún í Reykjavík. Það er ekki komin niðurstaða í það mál, hvort það mál er talið ganga upp ef svo mætti segja. En reynslan í Bretlandi er náttúrlega sú að þessi svokölluðu PPP-verkefni eða einkaframkvæmdarverkefni eru náttúrlega mjög víða í þjóðfélaginu og fáir sem andmæla þeim eins og ég hygg að hv. þm. hafi nú kynnt sér jafnvel betur en ég. Þessari spurningu er því að sjálfsögðu ekki hægt að svara til hlítar en ég vara við því að menn loki augunum fyrir möguleikum á þessu sviði.

Að því er varðar spurningar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þá er eins og ég sagði áðan eðlilegra að þeim verði svarað af þeim ráðherrum sem gert hafa umræddar tillögur því að nú erum við með rammafjárlagagerð. Ég get nefnt að sumt af þeim fjárveitingum sem hafa fallið brott voru hugsaðar sem tímabundnar eins og undirbúningur að stofnun nýrra sendiráða, 15 millj. kr. í fyrra, það kom bara í eitt skipti inn í fjárlögin. Ég veit ekki hvernig farið hefur verið með þá peninga en ég hygg ekki að það út af fyrir sig að þessi liður hverfi út af fjárlögum hafi neitt með það gera hvort á endanum verði stofnuð ný sendiráð bæði í Kanada og Japan eins og ég tel að þingmaðurinn hafi í raun og veru verið að spyrja um.

Þróunarsjóðsmálið hjá EFTA er alkunnugt. Þar urðu menn bara að bíta í það súra epli að Evrópusambandið svínbeygði menn til þess að halda áfram að borga í þennan sjóð.

Vil ég þá koma að ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann rifjaði upp ýmis atriði frá því fyrir kosningar og frá því á sumarþinginu. Minni hans brestur að einhverju leyti eigi að síður því að hann sagði hér að hann hefði talað um að ríkisfjármálin væru tifandi tímasprengja. Það sem hann sagði hins vegar og var upphaflega sagt í viðtali í Degi var það að viðskiptahallinn væri tifandi tímasprengja. Síðan endurtók hann það margoft í ræðu sinni að ríkisfjármálin hefðu verið tifandi tímasprengja. Það sýnir að það er ekki alveg fullkomið öryggi á bak við þessar fullyrðingar að rugla sama svona grundvallarhugtökum eins og ríkisfjármálum og viðskiptahallanum. Það hefur aldrei verið nein tímasprengja á þessu ári í ríkisfjármálunum og er það ekki enn, var það ekki fyrir kosningar og ef eitthvað er, þá hafa þau styrkst

á árinu þannig að afgangurinn sem ráðgerður er verður 5 milljörðum meiri en upphaflega var talað um þannig að þeir sem tala um ónógt aðhald ættu að kynna sér þessar tölur. Það hefur hv. þm. reyndar ekki gert. Hann hefur ekki talað um ónógt aðhald í þessu samhengi.

Hann talaði um undirliggjandi viðskiptahalla í ríkisfjármálunum. Með góðum vilja má skilja hann svo, sem ýmsir hafa verið að halda fram, að viðskiptahallinn sé undirrót þess árangurs sem náðst hefur í ríkisfjármálunum. Að hluta til er það auðvitað rétt. Ég hef farið yfir það í dag. En við höfum líka reiknað það út að kerfishallinn sem var hefur núna breyst í afgang þannig að við venjulegar aðstæður í venjulegu árferði ætti ríkissjóður að vera rekinn með afgangi. Ef við höldum rétt á spöðunum mun sá afgangur aukast á næstu árum.

Ég ætla hvorki að elta ólar við fullyrðingar um útlit mitt og vaxtarlag né innræti sem haldið hefur verið fram hér en ég hef ekki vanið mig á það að segja Alþingi ósatt eða fara með upplýsingar sem ég veit eða tel rangar. Þingmaðurinn spurði: Var ráðherrann að blekkja vísvitandi? (Gripið fram í.) Er það ekki spurning um innræti? Ég var ekki að blekkja vísvitandi og hef aldrei gert í þessum ræðustól.

Ég hélt því fram á sumarþinginu að viðskiptahallinn væri minnkandi. Vegna hvers? Vegna þess að þá höfðum við þjóðhagsspá sem benti til þess. Við höfum reyndar líka þjóðhagsspá í dag, hún er birt á þskj. 2, um að viðskiptahallinn fari minnkandi. Hann fari minnkandi á þessu ári og líka næsta en að vísu ekki nærri nóg. Það er málið. Hann minnkar á þessu ári frá því sem hann var í fyrra eins og hérna kemur fram í þessum upplýsingum úr 5,7% í 4,6% og ofan í 4,2% á næsta ári. En ég tek undir að það er allt of lítið. En á þessu eru að hluta til sérstakar skýringar. Það er mikill innflutningur fiskiskipa á næsta ári o.s.frv.

Við byggjum okkar frv. og okkar upplýsingar á þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru á hverjum tíma. Hvaða hag hefði ég haft af því að blekkja þingið í sumar ef það vakir fyrir þingmanninum að slíkt hafi verið gert með tilliti til kosninga?

Þingmaðurinn spyr: Hvað er ríkisstjórnin að gera til að draga úr viðskiptahallanum? Ja, hvað er hún að gera? Hún er að gera þetta hér. Hún er að leggja fram þetta frv. Það er svar ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Og 15 milljarða kr. afgangur og 24 milljarða kr. lánsfjárafgangur, sem er hvorki meira né minna en tveir þriðju af öllum tekjuskatti einstaklinga í landinu, ætli það hafi ekki einhver áhrif? Skyldi nú ekki vera að þar með væri eitthvert fjármagn úr umferð tekið og minni eyðsla og aukinn þjóðhagslegur sparnaður af þeim völdum? Skyldi það nú ekki vera? Skyldu ekki allir sérfræðingarnir sem hv. þm. var að vitna í geta orðið sammála um að það að skila afgangi af ríkisfjármálum upp á 2,2% af landsframleiðslu hafi eitthvað að segja? Ég hygg að þeir muni telja það.

Skattalækkanir í góðæri. Var góðæri 1997 þegar skattalækkanir voru ákveðnar í tengslum við kjarasamninga? Ég vil ekki fullyrða að það hafi verið byrjað í neinum verulegum mæli þá. Ég tel að við núverandi aðstæður, eins og ég sagði í ræðu minni, væri óheppilegt og óæskilegt að lækka skatta meira en orðið er. En skattalækkunin sem varð 1. janúar var hluti af pakka sem var afgreiddur hér á Alþingi 1997 um vorið fyrir tveimur og hálfu ári síðan.

Ég held að mönnum sé nauðsynlegt að fara vel og gætilega yfir alla þessa þætti. Það er alveg ljóst og ég sagði líka á vorþinginu að við gerðum okkur vonir um að verðbólgan færi minnkandi m.a. vegna þess að horfur væru á því að bensín mundi lækka. Ég man það vel að ég sagði það hér úr þessum ræðustól. En hvað hefur gerst? Bensín hefur haldið áfram að hækka. (**Gripið fram í:** Þú hafðir rangt fyrir þér.) Já. En er það vegna þess að ég hafi ekki vitað betur eða er það vegna þess að ég hafi verið að reyna að blekkja? Nei, það er vegna þess að við höfum því miður ekki alla þræði í hendi okkar. Við getum ekki stjórnað þessum málum sjálfir eða haft þau áhrif að allt gangi eins og við helst hefðum viljað. Bensínið hélt áfram að hækka. Við ætlum að bregðast við því með kerfisbreytingu hér innan lands sem vonandi nær fljótt fram að ganga í þinginu.

Ýmislegt annað hefur farið öðruvísi en menn áttu von á í verðlagsmálum og í sambandi við viðskiptajöfnuðinn. En svarið við þessu hvoru tveggja, þessum einkennum þenslu sem við höfum séð hér í verðlagsmálum og í viðskiptahallanum, er þetta frv. hér. Seðlabankinn hefur gefið sitt svar með vaxtahækkunum á skammtímavöxtum í bankakerfinu. Vonandi þýðir það að bankarnir verði ekki eins útbærir á fé og þeir hafa verið. Svar ríkisstjórnarinnar er auðvitað þetta frv. og ég vona að það nái fram að ganga með ekki minni afgangi heldur en hér er lagt til. Hann má gjarnan vera meiri eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði en þá verða bæði hann og aðrir þingmenn að láta það á móti sér að standa eins og belja á frosinni næpu.

[19:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd og leiðrétting. Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. að við höfum stundum rætt um einkaframkvæmd í þessum sal og eigum án efa eftir að gera það í framtíðinni og á komandi dögum vegna þess að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefur lagt fram þáltill. þar sem tekið er á þeim málum. Hæstv. fjmrh. segir að verið sé að skoða möguleika á einkaframkvæmd í skólakerfinu og í heilbrigðiskerfinu. Ákvarðanir hafi ekki verið teknar að öðru leyti en því að Iðnskólinn í Hafnarfirði verði reistur og rekinn á þeim forsendum. Síðan er verið að kanna hjúkrunarheimili hér á höfuðborgarsvæðinu einnig.

Það sem ég vildi leiðrétta er sú staðhæfing hæstv. fjmrh. að reynslan af þessu fyrirkomulagi í Bretlandi, „private finance initiative“, einkaframkvæmd, hafi verið góð. Það er rangt. Hún er slæm og það get ég stutt tölulegum rökum. Ég hlakka til að gera það í umræðu á næstu dögum.

[19:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að við hv. þm. tölum ekki við sama fólkið um þessi málefni. Ég hef þær upplýsingar að reynslan sé góð. Þingmaðurinn hefur þær upplýsingar að hún sé slæm og þar við situr. Við skulum bara halda áfram að ræða þetta við betra tækifæri.

[19:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út á þetta gengur þáltill. þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að menn víki kennisetningum og kreddum til hliðar og setjist yfir staðreyndir málsins. Þetta hefur verið ósk okkar og krafa og ég vona að við berum gæfu til að ná samkomulagi um að hafa þennan hátt á.

[19:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hæstv. fjmrh. afsökunar hafi ég fest í einhvers konar meinloku í ræðu minni áðan varðandi hugtakanotkun. En hæstv. ráðherra má ekki seilast um hurð til lokunar í hita augnabliksins og halda því fram að ég hafi látið að því liggja að hann legði það í vana sinn eða hefði einhvern tíma komið inn í þingið vitandi vits til þess að bera fram rangar upplýsingar. Ég gaf tvo möguleika og sagði að annaðhvort hafi hann gert það eða að hann hefði ekki nægilega innsýn í gangvirki hagstjórnarinnar og ríkisfjármálanna. Ég svaraði síðan spurningunni sjálfur, að ég hefði þá reynslu af hæstv. ráðherra að hann mundi alls ekki koma hér vitandi vits og flytja rangar upplýsingar. Þar af leiðandi taldi ég niðurstöðuna seinni möguleikann. Ég dró þá ályktun að ef hann hefði tvisvar, að mínu viti, haft rangt fyrir sér þá gæti hann haft rangt fyrir sér í þriðja skiptið líka, þ.e. núna um forsendur fjárlaganna.

Hæstv. ráðherra sagði síðan að svar hans við spurningu minni um hvað væri verið að gera til þess að koma böndum á viðskiptahallann væri að finna í fjárlagafrv. Og hann spurði síðan: Skyldu ekki sérfræðingarnir sem ég hef verið að vísa til telja að svo væri? Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að nota tíma sinn á næstu dögum til þess að spyrja helstu sérfræðinga í þessum málum um það hvort fjárlagafrv. gangi nægilega langt.

Ég sagði líka að ég dragi ekki í efa viljann en ég dreg í efa, miðað við þau mistök sem hæstv. fjmrh. og ríkisstjórn hans hefur áður gert í þessum málum, að það tiltölulega stóra skref sem stigið er með fjárlagafrv. dugi. Ég er ekki viss um það. Ég er sem sagt ekki viss um að afgangur upp á 15 milljarða sé nægur. Ég leyfi mér að draga það í efa. Ég held að ef hæstv. fjmrh. ætli sér að koma böndum á stöðuna eins og hún er í dag þá þurfi að stíga erfiðara og sársaukafyllra skref. Og það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að koma til mín og spyrja mig, eins og mér fannst hann vera að spyrja stjórnarandstöðuna hérna áðan, eða okkur sem erum sama sinnis: Hvað viljið þið gera? Hann er sá sem stýrir og á að koma með svörin ef hann telur að það séu spurningar og vandamál í dæminu. Það er augljóst að hann virðist þeirrar skoðunar að hann kunni e.t.v. að hafa stigið skref sitt eilítið of stutt.

[19:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei haldið því fram að mér gæti ekki skjátlast. Ég var einmitt að viðurkenna það hér áðan að mér hefði skjátlast vegna þess að ég var ekki með nægilega góðar upplýsingar í vor. Auðvitað getur það vel verið. Ég hef meira að segja sagt það hér sjálfur og sagði það á kynningarfundinum í fjárln. að allar forsendur í þessu frv. rætist ekki 100%. Vitum við það ekki öll? Þarf eitthvað að vera að ræða það hér að forsendur geta breyst og tekjur og gjöld breytast alveg eins og á árinu í ár?

Hitt atriðið er hvort nægilega þungt sé stigið til jarðar í þessu máli. Ég þekki engan fjármálaráðherra og hef kynnst mörgum í gegnum árin sem er nokkurn tíma ánægður með þann afgang sem hann skilar. Ég þekki hins vegar marga sem hefðu viljað ná betri og meiri árangri. Ef það er unnt við núverandi aðstæður þá náttúrlega mun ég fagna því fyrstur manna og sömuleiðis liðveislu hv. þm. í því máli, ef koma þarf einhverjum hliðaraðgerðum eða nýjum hugmyndum í gegnum þingið. Ég veit að það munar mjög um stuðning hans í því efni.

Að öðru leyti vil ég þakka þingheimi fyrir málefnalegar og góðar umræður og vænti þess að fjárln. gangi rösklega til verks í þessu mikilvæga máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:55.

---

4. FUNDUR

miðvikudaginn 6. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2000, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — 1. umr.
3. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.
4. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Náttúruverndarráði.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tilkynningar um formennsku í eftirfarandi nefndum.

Á fundi umhvn. í dag var Ólafur Örn Haraldsson kjörinn formaður nefndarinnar og Kristján Pálsson varaformaður.

Á fundi landbn. í dag var Hjálmar Jónsson kjörinn formaður nefndarinnar og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Á fundi samgn. í dag var Árni Johnsen kjörinn formaður nefndarinnar og Hjálmar Árnason varaformaður.

Á fundi utanrmn. í dag var Tómas Ingi Olrich kjörinn formaður nefndarinnar og Jón Kristjánsson varaformaður.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan 3.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um aðgang að sjúkraskýrslum. Málshefjandi er Ögmundur Jónasson, en hæstv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir verður til andsvara.

Fjárlög 2000, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (gjöld af bensíni). — Þskj. 3.

[13:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér kemur til 1. umr. frv. sem ég hef leyft mér að flytja um breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Mál þetta á sér þann aðdraganda að bensínverðshækkanir á erlendum mörkuðum hafa verið óvenjulegar að undanförnu, ekki síst á liðnu sumri og reyndar hafa sveiflur á þessum markaði erlendis verið óvenjumiklar allt frá því fyrir mitt síðasta ár. Þetta tímabil hefur leitt í ljós að það kerfi gjaldtöku sem við höfum búið við á undanförnum árum verður til þess að magna sveiflur í bensínverðsbreytingum og ýta undir að sveiflurnar verði óeðlilega miklar í hvora áttina sem er. Núverandi ástand þýðir það að ef innkaupsverð lækkar um eina krónu, þá lækkar útsöluverð innan lands um u.þ.b. 2,50. Ef innkaupsverð hækkar um eina krónu, þá hækkar útsöluverð innan lands um u.þ.b. 2,50.

Þessir ágallar á núverandi kerfi hafa sem sagt komið mjög berlega í ljós að undanförnu. Í ljósi þess ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir breytingu á þessu skipulagi í gjaldtöku til þess að reyna að koma í veg fyrir að kerfi okkar innan lands magnaði þær sveiflur sem óhjákvæmilegar eru á erlendum mörkuðum og við ráðum að sjálfsögðu ekki við.

Rétt er að hafa í huga að gjaldafyrirkomulag á bensíni á Íslandi er býsna flókið. Nú eru lögð á bensín þrenns konar gjöld hér á landi. Það er í fyrsta lagi umrætt vörugjald sem nú er ætlunin að breyta. Þetta vörugjald er í dag 97% af innkaupverði en á sér ýmsa fyrirrennara, til að mynda í tolli og landsútsvari sem voru afnumin og sameinuð í vörugjaldi fyrir um það bil sex árum. Þetta gjald er sem sagt í dag 97% af innkaupsverði og er það gjald sem ætlunin er með þessu frv. að festa í ákveðinni krónutölu.

Fyrir utan þetta gjald er síðan lagt á svokallað sérstakt vörugjald sem í daglegu tali er kallað bensíngjald en þessi gjaldtaka rennur beint til Vegagerðarinnar samkvæmt nánari reglum og ákvörðunum sem tengjast vegáætlun. Þetta gjald er mun hærra. Það er í dag 28,60 kr. á lítra.

Þriðja gjaldið, sem leggst síðan á útsöluverð bensíns, er svo að sjálfsögðu hinn hefðbundni virðisaukaskattur sem leggst á þessa vöru eins og alla aðra vöru og þjónustu, má segja. Þannig er samsetningin í þessum gjöldum og þannig er uppbyggingin á tekjuöfluninni sem af bensíni fæst hér á Íslandi.

Rétt er að taka það fram að í öllum löndum er bensín mikið notaður skattstofn, sums staðar meira en hér á landi og það hefur alls staðar þótt eðlilegt að nota bensínið sem tekjustofn fyrir ríkið og hjá okkur höfum við tvískipt þeirri tekjuöflun. Annars vegar notum við hana til þess að fjármagna vegaframkvæmdir og hins vegar notum við hana sem almenna tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Í sumum löndum, og sú umræða hefur borist til Íslands, hafa menn rætt um það að skattleggja beri þetta eldsneyti sérstaklega á grundvelli þess koltvísýrlings sem af notkun þess hlýst. Við höfum ekki tekið upp þá gjaldtöku. Það voru hugmyndir af einhverra hálfu í kosningabaráttunni, ef ég man rétt, að huga að slíkum leiðum. Slíkar leiðir eru auðvitað færar en það er annað fyrirkomulag á innheimtunni en hér hefur tíðkast.

Rétt er að huga að því að gjaldstofninn í þessu efni, bensínsalan í landinu, hefur verið nokkuð stöðug um nokkra hríð. Bensínnotkunin í landinu er rétt tæp 200 millj. lítra á ári. Þá er auðvelt að sjá að hver króna í verði bensíns þýðir 200 millj. kr. Ökutækjum hefur að vísu verið að fjölga á Íslandi og má búast við því að hvert og eitt tæki sé jafnvel meira notað en áður var, en þróunin í vélum þessara tækja er að sjálfsögðu sú að þau verða sparneytnari á eldsneyti og það er sennilega ástæðan fyrir því að ekki hafa verið mjög miklar breytingar í heildarnotkun á bensíni.

Markmiðið með frv. er sem sagt að breyta 97% vörugjaldinu sem ég var að gera grein fyrir og festa það í ákveðinni krónutölu.

Þá er næsta spurning sú – ef menn gefa sér að það sé í sjálfu sér heppileg breyting til að draga úr sveiflum – hver á sú krónutala að vera? Í dag eftir þær hækkanir sem orðið hafa á undanförnum mánuðum fram í september sl. er vörugjaldið um það bil 12,80 kr. Við þá breytingu sem varð um síðustu mánaðamót hefur gjaldið hækkað og er líklega núna á bilinu 13,10–13,20 kr., ég hef það ekki nákvæmlega. En þetta gjald hefur að sjálfsögðu sveiflast að undanförnu vegna þess hve gjaldstofninn, innkaupsverðið, hefur sveiflast.

Í þessu frv. er lagt til að gjaldið sem kom í stað 97% vörugjalds verði 10,50 kr. á lítra. Það er sem sagt rúmlega 2,50 kr. lægra en það er í dag frá því um mánaðamótin og þetta þýðir að bensínið mundi lækka um þessar krónur plús áhrif af virðisaukaskatti þannig að gera má ráð fyrir að bensínverðið mundi lækka um allt að 3 kr. á grundvelli þessa frv.

Auðvitað má deila um hvar eigi nákvæmlega að setja þetta vörugjald, í hvaða upphæð, en það vill svo til að ef maður skoðar þróun gjaldsins frá því að það var fyrst sett á í núverandi formi er meðalgjaldið framreiknað til núverandi verðlags 10,56 kr. Þetta kemur fram í greinargerð frv. Við erum að leggja til að gjaldið verði lægra en það hefur verið að meðaltali undanfarin fimm ár. Það var að vísu lægra í fyrra, 9,30 kr. en það er vegna þess að þá var innkaupsverðið á bensíni óeðlilega lágt.

Ef maður fer lengra aftur í tímann, alveg aftur til 1991, þá kemur hið sama í ljós að gjaldið var hærra, stundum töluvert hærra en hér er lagt til. Við skulum hafa það í huga sem ég

nefndi áðan að hver króna í þessum efnum þýðir 200 millj., hver tíeyringur þýðir 20 millj. í tekjur eða tekjumissi þannig að við erum að tala um mjög stórar upphæðir þó að þetta virki sem lítilræði í hverjum bensínlítra. Þetta er meginefni frv.

Ég tel að hér sé lögð til skynsamleg breyting. Ég tel reyndar að það hefði átt að fara þessa leið 1993 þegar núverandi gjald var á sett en út í það hugsuðu menn ekki á þeim tíma og kannski ekki þess að vænta og auðvelt að vera vitur eftir á. Með þessu móti fáum við ekki aðrar sveiflur í bensínverð okkar en þær sem koma beinlínis utan frá og erum ekki að magna þær um helming eins og gerist með núverandi gjaldtökukerfi.

Það eru fleiri atriði í þessu frv. Í núgildandi löggjöf er gert ráð fyrir því að bensíngjald, þ.e. hið sérstaka vörugjald sem rennur til vegagerðar, megi hækka samkvæmt ákvörðun ráðherra í samræmi við hækkun byggingarvísitölu án þess að ráðherra þurfi út af fyrir sig að ræða það við nokkurn mann. Þannig hefur kerfið verið í mörg ár og þessari heimild hefur jafnan verið beitt einu sinni til tvisvar á ári, síðast í tengslum við hækkun á þessu gjaldi um nokkra aura, hálfa krónu eða svo 1. júní sl. Nú er lagt til að þessi heimild falli brott. Ástæðan fyrir því er sú að við breyttum stjórnarskránni í þessum þingsal árið 1995 og tókum upp ákvæði þar sem segir efnislega að Alþingi sé óheimilt að framselja skattlagningarvald sitt til handhafa framkvæmdarvalds, að engan skatt megi á leggja nema með ákvörðun Alþingis. Það er í samræmi við þessa breytingu sem við leggjum til að heimild fjmrh. til að hækka bensíngjaldið á grundvelli vísitölubreytinga verði felld niður. Hvað þýðir það? Það þýðir að sjálfsögðu að allar slíkar breytingar verður í framtíðinni að ákveða á Alþingi og þá bæði gjöldin, bæði hið nýja vörugjald sem ég legg til að verði tekið upp í þessu formi sem ég hef skýrt og sömuleiðis hið gamla bensíngjald sem rennur til Vegagerðarinnar.

Þá þurfa menn að gera sér grein fyrir því að til þess að fjármagna Vegagerðina og vegamálin á sama hátt og hér hefur verið gert á undanförnum árum þurfa menn á hverju ári að taka meðvitaða ákvörðun um það hvað þetta bensíngjald á að vera hátt. Sama er að segja um hitt gjaldið, þ.e. vörugjaldið. Menn verða að ákveða það með sérstakri ákvörðun á Alþingi ef það á að breyta því.

Ég tel að þetta sé framför. Ég tel að þetta sé í anda þeirra breytinga sem við mörg hver beittum okkur fyrir á Alþingi 1995 þegar stjórnarskránni var breytt. En þá verða menn líka að hafa þrek til þess að taka afleiðingunum og breyta þessum gjaldtöxtum þegar ástæða þykir til. Ég vek sérstaka athygli á því sem snertir vegamálin, að ef menn vilja afla aukins fjár til þeirra með sama hætti og gert hefur verið á undanförnum árum þá verður það ekki gert öðruvísi en með lagabreytingu.

Í samræmi við þetta er lítil efnisbreyting í frv. sem varðar flugvélabensín en flugvélabensín hefur verið undanþegið vörugjaldi með sérstakri ákvörðun ráðherra sem er nákvæmlega jafnóeðlilegt og rétt að gera með lögum eins og hér er lagt til. Þessar breytingar á gjaldtökuforminu, að flytja það úr reglugerð yfir í löggjöf, eru svo í sjálfu sér hluti af mun stærra máli sem er afleiðing þeirra stjórnarskrárbreytinga sem voru samþykktar hér 1995 og mun þurfa að taka á í löggjöf víðar en hér. Ég nefni t.d. að næsta mál á dagskrá þessa fundar er nákvæmlega sama eðlis. Þar er verið að flytja heimildir úr reglugerð yfir í löggjöf á þessum sömu forsendum.

Þetta eru sem sagt hin tvö minni háttar mál, ef svo mætti segja, í frv. Þetta eru ekki aðalefnisatriðin sem varða hið sérstaka bensíngjald og það sem varðar flugvélabensínið.

Meginefni frv. er sem sé breytingin úr 97% vörugjaldi yfir í fasta tölu, 10,50 kr. Ég vil taka það fram að í forsendum fjárlaga fyrir næsta ár hefur verið miðað við 10,50 kr. þannig að það er samræmi þar á milli. En það má líka taka það fram, eins og segir í grg. frv., að ef við mundum ekki gera þessa breytingu og ef bensínverðið héldist jafnhátt og það er núna þá mundi ríkissjóður fá u.þ.b. 400 millj. kr. til viðbótar í sinn hlut á ársgrundvelli, þ.e. miðað við að þetta verð héldist óbreytt í heilt ár. Það er því í raun verið að flytja þá fjárhæð frá ríkissjóði yfir til bensínnotenda.

Í grg. frv. er síðan rakið enn fremur og enn nánar en ég hef gert hér hver þróunin á þessari gjaldtöku hefur verið í gegnum árin og hvernig breytingar hafa orðið í þessu efni. Við sjáum það jafnframt þar að ýmsar sveiflur og miklar hafa verið í þessu. Markmiðið er, eins og ég hef margtekið fram, að losna við þessar sveiflur, minnka þar með verðlagsáhrif, bæði til góðs og ills — oftast til ills en stundum til góðs — af sveiflum á innkaupsverði bensíns erlendis.

Að öðru leyti held ég að málið skýri sig nokkuð sjálft. Það hefur verið mikið í hinni opinberu umræðu. Sérstaklega í ágústmánuði og byrjun september var þetta mál mikið rætt af ýmsum aðilum. Ég vil sérstaklega nefna til sögunnar Félag íslenskra bifreiðaeigenda og þakka ágætt samstarf við formann þess og framkvæmdastjóra þegar verið var að komast að niðurstöðu um þetta mál á þeim forsendum sem hér liggja fyrir og ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera að sínum.

Herra forseti. Ég vænti þess að endingu að málið fái gott brautargengi í þinginu. Það er hægt að koma þessari breytingu í gegn mjög hratt og það er hægt að koma henni út í bensínverðið mjög hratt ef menn vilja það. En það er auðvitað líka hægt að tefja málið ef einhver vill það. En það vita þá allir hver borgar reikninginn af því. Það verða bensínnotendur og ríkissjóður hagnast á meðan af þeirri miklu gjaldtöku sem nú er í gildi. Menn verða því að gera upp við sig hvorum megin þeir ætla að standa í því efni.

Gert er ráð fyrir því að endurgreiða olíufélögunum það sem þau hafa þegar greitt af innkomnum birgðum til þess að geta komið breytingunni til framkvæmda sem allra fyrst ef Alþingi býður svo við að horfa að gera þessa breytingu.

Herra forseti. Ég vænti þess að samstaða verði um málið og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[13:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til þess í upphafi að þakka þá viðleitni sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. sýnir með því frv. sem hér er til umræðu í því að reyna að stuðla að lækkun bensínverðs. Allir vita að á þessu ári hefur átt sér stað gífurleg hækkun á bensínverði sem gengið hefur úr öllu hófi og ég mun koma nánar að í mínu máli.

Ég vil rifja það upp að á vorþingi flutti Samfylkingin frv. einmitt um það að draga úr því háa bensínverði sem þá var með því að fella úr gildi heimild ráðherra til þess að hækka bensíngjald sem gert var í júnímánuði sl. Það var auðvitað hluti af þeirri viðleitni Samfylkingarinnar að leggja sitt af mörkum til viðnáms gegn verðbólgunni sem þá var komin á fullt. Þá báru stjórnarliðar ekki gæfu til þess að fallast á þessa tillögu Samfylkingarinnar, en nú á haustdögum sjá þeir auðvitað að þetta gengur ekki og eru að taka undir það sem Samfylkingin boðaði á vordögum.

Ég vil nefna það líka í upphafi máls míns að Samfylkingin mun eins og kostur er greiða fyrir því að frv. nái fram að ganga og verði sem fyrst að lögum, en mun í máli mínu á eftir gera grein fyrir athugasemdum mínum og Samfylkingarinnar við frv. sem við ætlumst til að verði tekið til ítarlegrar umræðu í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar vegna þess að þegar grannt er skoðað og farið ofan í málið þá er ekki þar allt sem sýnist.

Allir vita um þá hækkun sem orðið hefur á bensínverði á þessu ári sem er sennilega nálægt því að vera 26–27% hækkun. Bensínverð hefur hækkað úr 70,20 kr. í 88,60 kr. Ríkið tekur vissulega til sín obbann af þessu verði og er áætlað að um 70% af bensínverðinu sé hreinn skattur til ríkisins. Því er eðlilegt þegar þessi þróun hefur orðið og þetta hefur átt það mikinn þátt í að koma verðbólgunni af stað að ríkisstjórnin sýni þá viðleitni sem hún gerir með þessu frv.

FÍB og Alþýðusambandið hafa reiknað út ýmsar stærðir í þessu sambandi, sem er ástæða til þess að rifja upp í þessari umræðu og draga fram. Ef við tökum ekki með síðustu hækkun sem varð á bensínverði, um 2 krónur að mig minnir, þá var áætlað að hjá eiganda smábíls næmi sú hækkun sem orðið hefur á þessu ári um 700 kr. fyrir eina áfyllingu. Það samsvarar að bein ársútgjöld vegna bensínkaupa á þessum bíl hækki um sem nemur 30 þús. kr. á ári. Við erum því ekki að tala um neinar smáfjárhæðir. Þessar hækkanir hafa haft mikil áhrif á vísitöluna og átt sinn þátt í að magna upp verðbólguna vegna þess að margfeldisáhrifin sem hækkunin hefur haft á verðlagsþróunina er töluverð. Mig minnir að rætt hafi verið um að vísitöluáhrifin af bensínhækkuninni séu um 1%. Og það þýðir að greiðslubyrði af 6 millj. kr. láni hefur hækkað um 60 þús. kr. Til þess að mæta eingöngu þessari hækkun á greiðslubyrði, sem er afleiðing af bensínhækkuninni, þyrfti sá sem greiða þarf af 6 millj. kr. láni að fá tekjur sínar hækkaðar um 100 þús. kr. til þess að standa í sömu sporum og áður en allar þessar hækkanir dundu yfir.

Hækkun á tryggingaiðgjaldi hefur líka verið mikil eins og við þekkjum, eða um 40%, og má áætla að ekki sé óalgengt að það hafi hækkað iðgjaldagreiðslur bíleigenda um 12–15 þús. kr. Það hefur komið fram að áhrif þess á skuldir heimilanna eru að þær hafa aukist um 4,3 milljarða vegna hærra bensínsverðs og þá erum við að miða við september sl.

Það er alveg rétt sem hæstv. fjmrh. nefndi að þetta er mikið notaður skattstofn og ríkið hefur miklar tekjur af bílnum og bíleigendum. En ég held að þær séu kannski miklu meiri hér en þekkist hjá öðrum Evrópuþjóðum. Það er áætlað að ríkissjóður fái sem samsvarar 4% af vergri þjóðarframleiðslu í tekjur af umferðinni meðan meðaltal annarra Evrópuþjóða er um 3%. Ég held að við verðum að átta okkur á því að við erum komin á ystu mörk þess sem forsvaranlegt er að ríkissjóður taki í sinn hlut af bensínverðinu til þess að það sé ekki orðinn algjör lúxus að eiga og reka bíl og það verði hægt áfram fyrir meðalmanninn. Þess vegna verðum við að reyna að tryggja í þeirri lagasetningu sem verið er að vinna að núna í þinginu og fer fyrir efh.- og viðskn., að þessi breyting verði varanleg og skili sér örugglega til þess að lækka kostnað bifreiðaeigenda og draga úr útgjöldum heimilanna. Þar kem ég einmitt að því sem ég óttast nokkuð í þeirri leið sem ríkisstjórnin leggur hér til.

Ég vil áður en ég fer í frv. nefna að komið hefur fram að tekjur ríkissjóðs af bílum og umferð séu um 30 milljarðar á ári eða um 200 þúsund á hvern bíleiganda. Ég held að mikilvægt sé að hafa í huga að þær sveiflur sem orðið hafa á þessu ári hafa skilað sér mjög í því að auka tekjur ríkissjóðs. Það er allt gott og blessað. En við erum bara komin of langt í því að skattleggja bifreiðaeigendur.

Í frv. er þess getið hvernig hæstv. fjmrh. fær þá viðmiðun sem hér er notuð, þ.e. að í stað þess að hafa 97% vörugjald eins og nú er í lögum, þá eigi að greiða ákveðna krónutölu, 10,50 kr. vörugjald af hverjum lítra af bensíni. Þetta er fundið út með því að taka meðaltal af bensínverði síðustu fimm ára, þ.e. 1994–1998. Þannig fæst út 10,56 kr.

Auðvitað er það rétt sem hæstv. ráðherra segir að það skiptir máli hvaða viðmiðun er notuð. Spurning er hvort þetta sé rétt og eðlileg viðmiðun sem hér er dregin fram. Skoðun mín er sú að hvorki aðferðin né viðmiðunin, sem hér er notuð, sé rétt. Segjum svo að hæstv. fjmrh. hefði notað viðmiðun við meðaltal vörugjalds af bensíni fyrir árið 1998 og það sem af er þessu ári, þ.e. fyrstu níu mánuðina, fengið út þar meðaltal og það væri sú krónutala sem við værum að fjalla um núna, þá yrði krónutalan 9,32 kr. en ekki 10,56 kr. Þetta er auðvitað allt spurning um hvaða meðaltal menn velja sér. Meðaltalið 1998 er 9,30 kr. eins og hér kemur fram en hæstv. ráðherra lætur þess ekki getið hvert meðaltalið er fyrstu níu mánuði þessa árs í þeim töflum sem hér eru sýndar, en það eru fyrstu níu mánuðina, til september 1999, 9,34 kr. Þarna er því verið að fara þá leið sem gefur meiri tekjur í ríkissjóð en skilar sér minna til bifreiðaeigenda með því að taka meðaltal síðustu fimm ára. Síðan er málið skilið eftir þannig að verði sveiflur í bensínverði og verð á heimsmarkaði breytist svo að það lækkar verulega og niður fyrir þessa tölu er það ríkissjóður sem græðir vegna þess að krónutalan er föst. Við skulum hafa það í huga að heimsmarkaðsverðið hefur sveiflast mjög mikið á þessu ári og alveg farið niður í 6 kr. en þarna er verið að negla niður tölu sem er 10,50 kr. en meðaltalið 9,34 kr. á þessu ári. Sú viðmiðun sem hæstv. ráðherra hefur fengið og ríkisstjórnin leggur til er því alls ekki sjálfgefin.

Ég hefði talið að hagstæðara væri að fara aðra leið og þá í ljósi þess sem ég sagði áðan að við erum komin á ystu mörk þess sem hægt er í skattlagningu á bifreiðaeigendur. Ég hefði lagt til, og ég tel að hv. efh.- og viðskn. eigi að skoða þá leið, að halda þeim lagatexta sem er inni, þ.e. að af bensíninu skuli greiða 97% vörugjald en á því væri þak, þó ekki hærra en einhverjar x krónur sem efh.- og viðskn. mundi komast að niðurstöðu um. Ég teldi eðlilegt að það væri meðaltal síðasta árs og þessa árs sem væri þá 9,32 kr. sem er rúmlega krónu lægra en hæstv. fjmrh. leggur til.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því sem hæstv. ráðherra sagði, hvað hver króna í lækkun á bensínverði þýðir, 200 millj. Þá skulum við hafa í huga hvað það er mikið sem ríkissjóður hefur fengið inn af þessari 26–27% hækkun sem hefur orðið á þessu ári til viðbótar því sem forsendur fjárlaga í ár gerðu ráð fyrir. Ég spyr hæstv. ráðherra um það. Hver er sá tekjuauki sem ríkissjóður hefur fengið á þessu ári miðað við það sem ráð var fyrir gert í fjárlögum þegar við lítum á þá hækkun sem hefur orðið á bensínverði á þessu ári frá 70 kr. upp í tæpar 90 kr.? Þetta tel ég miklu eðlilegri leið og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hugsanlegt sé að einhver sátt geti náðst um þá leið sem ég nefni, bæði þá aðferð sem ég nefndi og líka varðandi viðmiðunina ef við tökum síðasta árið og það sem af er þessu ári.

Síðan er ég mjög hugsi yfir þeim texta sem lagður er til varðandi hið sérstaka bensíngjald sem rennur til vegagerðar. Þá er ég að vitna í það sem fram kemur í umsögn fjárlaga-

skrifstofu fjmrn. um þessa breytingu þar sem verið er að kippa úr sambandi sem má vera að sé eðlilegt og rétt að bensíngjaldið sérstaka taki mið af þeirri hækkun sem verður á byggingarvísitölu, ef ég man rétt, og það falli brott en í staðinn verði þetta ákveðið í fjárlögum hverju sinni, þ.e. hvert bensíngjaldið verður. Hérna segir, með leyfi forseta:

„Í stað þess yrði þá að breyta lögum þegar ástæða þætti til að breyta bensíngjaldinu, t.d. vegna verðlagsþróunar." — Síðan kemur orðrétt, með leyfi forseta, en það er fjárlagaskrifstofan sem hefur sett þetta á blað: — „Tekjum af sérstöku vörugjaldi er varið til vegagerðar. Til að þær tekjur og samsvarandi útgjöld til vegamála haldist óbreytt eða svipuð miðað við núgildandi lög verður að gera ráð fyrir að bensíngjaldinu verði breytt reglulega í samræmi við forsendur fjárlaga og vegáætlunar hverju sinni."

Nú liggja forsendur fjárlaga fyrir næsta ár fyrir þó að þær geti vel og eðlilega tekið breytingum í meðförum þingsins en miðað við það sem liggur núna fyrir í fjárlögum, þá spyr ég: Hvert yrði bensíngjaldið að vera á næsta ári? Af því að það á að taka mið og vera breytt reglulega í samræmi við forsendur fjárlaga og vegáætlunar hverju sinni. Bensíngjaldið var 1. júní 28,60 kr. Hvað má þá áætla að það verði miðað við forsendur fjárlaga? Hafi ráðherrann getið þess í ræðu sinni áðan fór það fram hjá mér en ég bið um að hann gefi þingheimi einhverjar upplýsingar um það hvert bensíngjaldið yrði þá. Bensíngjaldið hefur nefnilega hækkað verulega í tíð þessarar ríkisstjórnar og segja má að á síðasta kjörtímabili hafi það á hverju einasta ári hækkað um eina krónu. Það var t.d. 1996 rúmar 25 kr. og er orðið tæpar 29 kr. núna. Það er því nauðsynlegt innlegg inn í umræðuna að við fáum að vita hvert bensíngjaldið á að vera og hvort við og bifreiðaeigendur getum átt von á því að það sem er verið að lækka núna að því er varðar vörugjaldið, a.m.k. núna í svipinn meðan heimsmarkaðsverðið er eins og það er og miðað við þessar 10,50, að þetta verði allt saman tekið til baka inni í bensíngjaldinu sjálfu, þær rúmu 2 kr. sem verið er að lækka vörugjaldið um miðað við þá viðmiðun sem hæstv. ráðherra er að leggja hér til. Með þessu er ég að velta fyrir mér hversu lengi þær halda, þessar 2 kr. eða rúmar 2 kr., sem verið er að leggja til að bensínverð lækki. Þess vegna held ég að það sé miklu traustara ef við meinum eitthvað með því að komið sé að því að það þurfi að draga úr skattheimtunni að því er varðar bensínverð og það verði viðvarandi, þá sé miklu traustara að fara þá leið sem ég legg til.

Ég held nefnilega að það sé miðað við hvað hefur verið tekið af bifreiðaeigendum til ríkisins þegar heimsmarkaðsverð lækkar, þá eigi bifreiðaeigendur líka að njóta þess en ekki ríkissjóður eins og ég skil málið verði þetta frv. að lögum.

Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég vil nefna að athyglisvert er að skoða það hvernig skattlagning á bensíni er og bensínverð í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er alveg ljóst að hér á landi erum við mjög ofarlega hjá þeim löndum sem við berum okkur saman við að því er varðar bensínverðið. Ég er með samantekt sem fram kom í sænsku blaði þar sem borið er saman bensínverð í 22 löndum og þar trónir Noregur efst en síðan kemur Ísland. Bensínverð er t.d. mun lægra í Danmörku og Svíþjóð svo dæmi sé nefnt. Sem sagt, af 22 löndum er bensínverð næsthæst hér á landi. Það staðfestir bara, herra forseti, það sem ég sagði að við erum komin á ystu mörk þess sem er mögulegt að því er varðar skattlagningu á bifreiðaeigendur.

Að lokum velti ég fyrir mér gildistökunni þessara laga. Hæstv. ráðherra nefndi það í máli sínu og mér fannst hann vera með hálfgerðar hótanir við þingheim, að ef þið afgreiðið þetta ekki fljótt og vel þá græðir bara ríkissjóður áfram á öllu saman en bifreiðaeigendur tapa. Ég nefndi það í upphafi máls míns og segi það í lokin að Samfylkingin mun stuðla að því að þetta mál fái fljóta og góða afgreiðslu en jafnframt eðlilega umfjöllun í nefnd og að þeir verði kallaðir til sem þurfa að svara nefndinni og hún fái eðlilega og vandaða umfjöllun. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort hægt væri að festa gildistökuna við dagsetninguna t.d. 1. október eða eitthvað því um líkt þannig að ekki þurfi að vera þessi svipa yfir þingmönnum sem hann nefndi.

Ég ítreka spurningar mínar sem voru tvær eða þrjár: Í fyrsta lagi hve miklar tekjur ríkissjóður hefur haft á þessu ári umfram forsendur fjárlaga fyrir þetta ár? Í annan stað hvort hæstv. ráðherra væri tilbúinn til þess að styðja við þá tillögu eða hugmynd sem ég hef hreyft, bæði varðandi viðmiðun á þeirri tölu sem hér er lagt upp með, þ.e. sé miðað við 1998 og 1999 og eins þeirri aðferð sem ég hef talað fyrir.

[14:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst túlkun þingmannsins undarleg að kalla það hótanir að ég geri grein fyrir því hvernig þetta mál er vaxið með tilliti til gildistöku. Ég hef bara sagt fólki frá því, eins og eðlilegt og rétt er, á hvern klukkan tifar í þessu máli. Málið er komið úr mínum höndum um leið og umræðunni er lokið og þá verður efh.- og viðskn. að gera það upp við sig hvenær hún afgreiðir málið og það er að sjálfsögðu í hennar valdi.

Gildistakan getur að sjálfsögðu ekki verið aftur fyrir sig. Hvernig ætlar hv. þm. til að ná til allra þeirra sem hafa keypt sér bensín frá 1. október og skila þeim þessum tæplega 3 krónum á lítra sem um er að ræða? Þetta eru tæplega 3 kr. en ekki rúmlega 2 eins og þingmaðurinn sagði. Það er því miður ekki hægt.

Varðandi spurningar þingmannsins að öðru leyti, hver var tekjuaukinn í ár og hver hefur hann verið á þessu ári vegna þeirra breytinga sem orðið hafa? Ég svaraði þessu reyndar í gær og það má sjá af töflu á bls. 235 í fjárlagafrv. að gert er ráð fyrir því að tekjur bæði af vörugjaldi á bensíni og hinu sérstaka vörugjaldi, þ.e. bensíngjaldi til vegagerðar, verði minni í ár þegar upp er staðið en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Hvernig má þetta nú vera? Von er að menn spyrji. Það er vegna þess að fjárlögin fyrir þetta ár og sú áætlun sem þau byggjast á miðuðu við hærra bensínverð en síðan varð raunin á seinni hluta síðasta árs og fram eftir öllu þessu ári, fram yfir mitt ár. Þess vegna höfum við verið langt á eftir með þessa spá og þessa tekjuþróun en menn höfðu gert sér vonir um. Bensíngjaldið til vegagerðar var 7 millj. undir til ágústloka og bensíngjaldið í formi vörugjalds, þetta almenna vörugjald var 75 millj. kr. undir miðað við þær tekjur sem voru komnar í kassann í lok ágúst þannig að þar hefur ekki verið neinn tekjuauki. En það er miðað við það, miðað við 10,50, að þá viti menn mun betur hvar þeir standa með tilliti til áætlunarinnar fyrir næsta ár.

Ég hef því miður ekki aðstöðu til að svara meiru að sinni.

[14:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra nefndi hvernig hann liti á það á hvern klukkan tifar í þessu efni. Klukkan hefur ansi lengi tifað á ríkisstjórnina varðandi þann þátt að lækka sinn hlut í bensínverðinu vegna þess að það hefur legið fyrir allt þetta ár hvernig bensínverð hefur þróast og hve ríkissjóður hefur þá fengið meira í sinn hlut en ráð var fyrir gert. Þó að ríkið hafi verið með einhverjar áætlanir umfram það sem komið hefur á daginn, þá er alveg ljóst að miðað við það að ekki hefði orðið þessi mikla og óeðlilega hækkun á verði á bensíni, þá hefur ríkissjóður fengið miklu minna í sinn hlut. Auðvitað má snúa málinu upp með þeim hætti en þetta er þáttur sem efh.- og viðskn. hlýtur að skoða sérstaklega. En ég bíð eftir því við umræðuna að heyra hvort ráðherrann sé opinn fyrir því að skoða þær leiðir sem ég nefndi og kannski gæti hann svarað því núna í andsvarinu sem hann á eftir.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg nauðsynlegt að hafa það í huga að bensínverðslækkunin, sem varð í fyrra og fram eftir þessu ári, kom öllum að óvörum, bæði okkur og öðrum. Og þær áætlanir sem miðað var við voru byggðar á öðrum grunni, eins og ég sagði áðan. Þess vegna varð mikil tekjulækkun hjá ríkissjóði út af þessu, eins og kunnugt er, og almenningur naut þess að sjálfsögðu í lægra bensínverði. Nú er olíuverðið á heimsmarkaði komið í það sem það hefur verið að meðaltali sl. tíu ár, það er því ekki að vænta endilega mjög mikillar lækkunar þar. Þess vegna er mikilvægt að festa þetta verð eins og við erum hér að leggja til. Það er mjög ólíklegt að sú staða komi upp að þetta lækki enn meir þannig að ríkið byrji að græða á þessu og almenningur að tapa. Hér er verið að reyna að finna leið til að skipta ávinningi og koma upp almennt skynsamlegra kerfi.

Ég hef ekki aðstöðu til þess að svara öllu sem fram kom. En hvert bensíngjaldið yrði á næsta ári og hver forsendan væri í fjárlögunum, þá verður það óbreytt gjald. Ekki er gert ráð fyrir hækkun frá því sem það er núna. Þingmaðurinn sagði að við værum komin á ystu mörk þess sem forsvaranlegt væri í skattlagningu. Það var athyglisvert í ljósi þess að þingmaðurinn leiddi framboðslista í vor sem lagði til sérstakar skattahækkanir á grundvelli koltvísýringsnotkunar. Hvað ætlar þingmaðurinn að segja um það?

[14:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru útúrsnúningar varðandi það mál sem hæstv. ráðherra nefndi um umhverfisskatta sem Samfylkingin talaði fyrir. Við nefndum aldrei að það þyrfti endilega að koma fram í hækkun á bensínverðinu. Það var bara sagt úr munni hæstv. ráðherra og þingmanna stjórnarflokkanna að þetta væri hækkun á bensínverði þó að við viljum tala fyrir því og skoða hvaða leiðir séu færar varðandi umhverfisskattana.

Enn hefur ekki fengist svar við því sem ég bíð mjög eftir, þ.e. þeirri breyttu aðferð sem ég lagði hér til. En væntanlega fæ ég svar við því síðar í umræðunni.

[14:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir ræðu hennar. Ég er að sjálfsögðu ekki sammála öllum þáttum ræðunnar og það er eðlilegt þar sem við höfum mismunandi lífssýn.

En það er eitt atriði sem truflaði mig og truflaði mig jafnmikið í gær. Það var sú fullyrðing að hækkun á vísitölunni auki skuldir heimilanna. Samkvæmt þjóðhagsspá og áætlun Þjóðhagsstofnunar er stór hluti af hækkun vísitölunnar hækkun á íbúðarhúsnæði. Íbúðarhúsnæði hækkaði um 12,8%, sem veldur 1,5% hækkun á vísitölunni. Stærsti hlutinn af hækkuninni, þessi 4,9%, er vegna hækkunar á íbúðarhúsnæði. Gefum okkur að hjón eigi 10 millj. kr. íbúð og skuldi 5 millj., þetta er ósköp venjulegt dæmi. Þá hefur eignin þeirra hækkað um tæpar 1,3 millj. á árinu en skuldirnar ekki nema um 250 þús. Eignin, nettóeignin hefur því hækkað um 1 millj. á síðasta ári, ef við miðum við Reykjavík.

Staða þessa fólks hefur því batnað en að sjálfsögðu eru þetta fróðureikningar. Það breytir engu fyrir mig sem íbúðareiganda og skuldara hvort ég eigi eitthvað meira eða skuldi eitthvað meira. Það stendur ekki til að selja mína íbúð. Það er bara þegar ég sel sem þetta skiptir máli. Það sem skiptir máli er hvað ég þarf að borga. Og þá sjáum við allt aðrar tölur.

Við skulum gefa okkur að þetta fólk borgi 30 þús. kr. á mánuði í afborgun af þessum 5 millj. kr. lánum. Ef verðbólgan hækkar um 5% þá er það 1.500 kr. á mánuði sem það borgar meira vegna verðbólgunnar, og hefur náttúrlega miklu hærri laun til að gera það, sem sé samtals 18 þús. kr. á ári. Það erum við að tala um. Það eru öll ósköpin sem við erum að tala um út af þessari gífurlegu verðbólgu, þar sem stærsti hlutinn er vegna hækkunar á íbúðarhúsnæði.

[14:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ekki óvön því í þessum þingsal og ekki þjóðin heldur að Sjálfstfl. gleymir alltaf ákveðnum þjóðfélagshópi, þ.e. láglaunafólkinu. Hv. þm. Pétur Blöndal gleymir því að til er stór hópur í þjóðfélaginu sem á bara skuldir en engar eignir. Og þegar íbúðaverð og vísitala hækkar þá hækka ekki eignir hjá þeim sem engar eignir eiga en þeir geta haft skuldir sem hækka gífurlega mikið, og það er fátækasta fólkið. Þessu gleymir Sjálfstfl. alltaf, að til er fátækt fólk í þjóðfélaginu sem vísitöluhækkanir bitna mjög illa á, bæði þegar framfærslukostnaður hækkar og þegar þetta hefur síðan áhrif á skuldir heimilanna.

Og hv. þm. finnst ekkert að því — ég heyrði það líka á síðasta þingi — þó að fasteignaverð hafi rokið hér upp um 20%, og hann segir: Ja, þá hækka bara eignir fólks. En hv. þm. gleymir því að það er líka til ungt fólk sem er að kaupa íbúðir núna í fyrsta skipti sem þarf að borga 1–2 millj. meira fyrir litla tveggja til þriggja herbergja íbúð en þurfti t.d. um síðustu áramót vegna þeirrar húsnæðisstefnu sem þessi ríkisstjórn rekur. Og það er eins og hv. þm. geti ekki hugsað út fyrir það fólk sem á einhverjar eignir og peninga í þjóðfélaginu.

[14:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi láglaunahópana þá er reyndin sú að staða þeirra hefur batnað allverulega á síðustu árum. Og hvað varðar bótaþegana þá kom líka fram í umræðunum í vor að staða þeirra hefur batnað allverulega. Það eru því ekki réttar fullyrðingar hjá hv. þm.

Það að fólk eigi skuldir en engar eignir, ég ætla bara að vona að ekkert voðalega margir séu í þeirri stöðu því það

þýðir gjaldþrot. Það þýðir ekkert annað en gjaldþrot þegar menn eiga bara skuldir og engar eignir. Yfirleitt er það nú þannig með velflest fólk að það á eignir, sem betur fer. Og það stofnar ekki til skulda nema til þess að kaupa sér eignir. Annað væri ákaflega óráðlegt.

Varðandi ungt fólk sem er að kaupa, þá ætla ég ekki að líkja því saman hvað það er betra að kaupa íbúð í dag en áður með miklu hærri laun, þökk sé þessari ríkisstjórn, og ekkert atvinnuleysi. Ég ætla ekki að líkja því saman.

[14:22]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að þeir stofni ekki til skulda nema þeir sem eiga einhverjar eignir til að geta borgað. Hv. þm. gleymir enn þá láglaunafólkinu. Það er margt fólk sem þarf að lifa af 70–100 þús. kr., á ekki fyrir framfærslunni, á ekki fyrir brýnustu framfærslu, og þarf þá stundum að taka lán til að geta átt bara fyrir mat út mánuðinn. Og það er vegna þess m.a. hvernig þessi ríkisstjórn hefur búið að því fólki.

Og að hv. þm. leyfi sér að segja að staða bótaþega hafi verulega batnað, ég bið hv. þingmenn að skoða hvernig hún hefur batnað í samanburði við aðra í þjóðfélaginu. Það eru einmitt lífeyrisþegarnir sem hafa verið skotspónn þessarar ríkisstjórnar og hún hefur dregið verulega niður kjör þeirra samanborið við aðra.

Síðan bið ég hv. þm. að kynna sér það hversu margir það eru sem eiga skuldir en engar eignir. Þeir skipta nokkrum þúsundum, ef ekki tugum þúsunda, og við skulum bara skoða það saman, hv. þm.

[14:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þingmanninum fyrir ræðu sína. Vegna óska þingmannsins um vandaða meðferð í efh.- og viðskn. þar sem gefið er færi á að kalla fyrir nefndina aðila og fá upplýsingar, þá vil ég segja að ég á ekki von á öðru en að orðið verði við óskum um það. Það hefur alltaf verið. Ég held að við gefum okkur bara þann tíma sem þingmaðurinn óskar eftir til að vinna það mál svo vel sé.

Ég vil segja vegna upplýsinga hv. þm. um verð á bensíni víða um lönd og fullyrðingar um að það væri hæst eða næsthæst hér á landi, að ég var á dögunum í Belgíu og verðið þar er 80 kr. á lítra. Og þegar tekið er tillit til flutningskostnaðar til Íslands, sem er umfram það sem gerist þar, fæ ég ekki annað séð en að verð á bensíni sé mjög svipað hér á landi og þar gerist.

Vegna fullyrðinga hv. þm. eða þess mats þingmannsins að of langt væri gengið í að skattleggja bifreiðaeigendur langar mig til að inna hv. þm. eftir því hvaða áhrif stefna Samfylkingarinnar um umhverfisgjöld á umferðina hafa á skattlagningu á bifreiðaeigendur. Hvort sú yfirlýsing, stefnuyfirlýsing Samfylkingarinnar þýði aukin útgjöld fyrir bifreiðaeigendur eða minni útgjöld. Ég vil biðja hv. þm. að útskýra dálítið fyrir þingheimi þau áform um umhverfisgjöld.

[14:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur greinilega fallið í sömu gryfju og hæstv. fjmrh. að misskilja stefnu Samfylkingarinnar, sennilega vísvitandi. Við höfum aldrei talað um það að því er varðar að setja meiri peninga til umhverfisverndar, að það þýði að við skattleggjum bifreiðaeigendur meira. Við höfum aldrei talað um bensínhækkun. Ég stend við það sem ég hef sagt að við erum komin á ystu mörk þess mögulega að því er varðar skattlagningu á bifreiðaeigendur.

Við gætum eins verið að tala um einhverja tilfærslu á þeirri skattlagningu sem fyrir er til umhverfisverndar og umhverfismála. Og ekki veitir nú af miðað við áform ríkisstjórnarinnar að því er varðar umhverfismálin á næstu mánuðum.

[14:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur þá skýrst að áform Samfylkingarinnar um umhverfisgjöld eru ekki áform um nýjar tekjur, hins vegar áform um aukin útgjöld. Það er dálítið erfitt að láta það ganga upp, að hafa aukna peninga til ráðstöfunar í einhver tiltekin verkefni en afla engra nýrra tekna til að standa undir því.

Af svari hv. þm. má ráða að áformin um umhverfisgjöld á umferðina séu í raun skattur á ríkissjóð. Það eigi að taka peninga sem í dag fara í ríkissjóð til þessara verkefna. Það þýðir væntanlega að skera þarf niður útgjöld ríkissjóðs á móti eða að afla nýrra tekna. Ég spyr hv. þm.: Hvort eru áform Samfylkingarinnar að skera niður útgjöld ríkissjóðs, t.d. með því að skerða bætur til einstaklinga eða að taka upp nýja skatta?

[14:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Áform Samfylkingarinnar eru um breytta forgangsröðun í ríkiskerfinu. Ekki t.d. að gefa ríkiseigur til fjármagnseigenda og stóreignamanna, þar sem peningarnir eru fyrir, heldur að breyta forgangsröðun í þjóðfélaginu, hvernig við skiptum því sem til skiptanna er. Og þar viljum við láta umhverfismálin fá miklu hærri sess en þessi ríkisstjórn gerir.

[14:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Til umræðu er frv. til laga um breytingu á vörugjaldinu. Frv. fjallar um tvennt. Í fyrsta lagi að lækka vörugjaldið, sem nú er um 13,20 kr. niður í 10,50 kr., en það sem skiptir meira máli er að álagningarmátanum er breytt. Í stað þess að vörugjald sé hlutfallstala, hlutfall af innkaupsverði, 97% af tollverði, þá er lagt til að vörugjaldið verði föst upphæð.

Hér er um að ræða mikla peninga. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. er 1 króna í bensínverðinu um 200 millj. kr. Tíeyringurinn er 20 millj. kr. Og það er vissulga sjaldgæft að heyra fjmrh. einnar ríkisstjórnar óska eftir því við þingið að það afgreiði frv. af þessu tagi hið allra snarasta ellegar renni of miklir peningar í ríkissjóð.

Reyndar fannst mér undarlegt þegar hæstv. fjmrh. komst svo að orði að hætta væri á því að ríkið græddi en almenningur tapaði. Það er rétt að í höndum þessarar ríkisstjórnar hefur því verið þannig háttað allt of oft. Þær skattbreytingar sem gerðar hafa verið og ráðstöfun fjármuna hefur allt of oft verið í þágu eignafólksins og á kostnað almennings, láglaunafólks og millitekjuhópa.

Hæstv. fjmrh. velti vöngum yfir skattlagningu á bensín yfirleitt og vakti máls á því að stundum hefði verið talað um þetta sem æskilegan umhverfisskatt. Ég tek undir þær vangaveltur hans og finnst eðlilegt að skoða málin í því ljósi. Hins vegar er það svo að fólk þarf að komast leiðar sinnar og þar er fólk háð bifreiðum. Að sjálfsögðu þarf fólk að hafa kaupgetu og möguleika á því að nýta sér bílinn.

Nú er ljóst að með þessari lagabreytingu, ef hún nær fram að ganga, mun ríkissjóður verða af miklum upphæðum, á milli 400 og 500 millj. kr. á ári hverju. Þessar upphæðir eru svo háar að þær geta skipt miklu máli. Ef við verðum upphæðum af þessari og reyndar hærri stærðargráðu til almenningssamgangna, til þess að skapa fólki möguleika á því að nýta sér aðra farkosti en einkabíllinn, þá væru menn farnir að ræða þessi mál í sama anda og við innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við tökum undir það sem hér var sagt og kom fram hjá hæstv. fjmrh. að eðlilegt sé að skoða málin í því ljósi. En það þarf að gæta samræmis, það þarf að skoða málin heildstætt. Þess vegna leggjum við áherslu á að þessi skattlagning á bensíni verði skoðuð með hliðsjón af almenningssamgöngum og hvernig skapa megi aðra valkosti fyrir fólk til að komast leiðar sinnar. Á þetta vildi ég leggja áherslu í upphafi.

Bensínverðið og breytingar á bensínverði hafa verið mjög til umræðu á síðustu mánuðum enda hefur bensín hækkað verulega á þessu ári. Yfir 25% hækkun hefur orðið á bensíni á þessu ári. Að sjálfsögðu hefur þetta rýrt kaupmátt launafólks en þetta hefur líka hækkað vísitölu alla og þar með lánin í landinu. Ég hef bent á það við annað tækifæri að bensínhækkunin ein á þessu ári hefur hækkað skuldabyrði heimilanna í landinu um 4,3 milljarða kr. Þetta er samhengi hlutanna.

Í þeirri gagnrýni sem fram hefur komið úr ýmsum áttum, frá bifreiðaeigendum og Samtökum launafólks, þá hafa mismunandi tónar verið slegnir. Verkalýðssamtökin, ASÍ og BSRB hafa lagt áherslu á hagnað olíufélaganna. Komið hefur fram að hann hefur aukist verulega á þessu tímabili, um tugi prósenta. Hagnaður Olíufélagsins hf. nam 234 millj. kr. á fyrri hluta ársins og hafði þá aukist um 45% frá fyrra ári. Hagnaður Olíuverslunar Íslands hf. nam 163 millj. kr. og hafði aukist um 31%. Hagnaður Skeljungs hf. var 211 millj. kr. og jókst um 107% miðað við sama tíma í fyrra. Samtals högnuðust olíufélögin um 608 millj. kr. á fyrra hluta ársins eða um 100 millj. á mánuði að jafnaði. Það er í þessa átt sem ég beini ekki síst mínum sjónum. Fyrr geri ég það en ég horfi á það sem rennur í ríkissjóð, að ekki sé um það talað ef þessir fjármunir eru látnir renna til góðra málefna.

Hins vegar er það svo, ég legg áherslu á það, að öll þessi mál þarf að skoða í samhengi. Það þarf að skoða aðstöðu fólks til þess að komast leiðar sinnar. Fólk býr við mjög mismunandi aðstöðu. Sumir þurfa að reiða sig meira á bílinn en aðrir. Það er vissulega svo á höfuðborgarsvæðinu að margir eiga um langan veg að fara til vinnu sinnar. En fyrst og fremst á þetta náttúrlega við um þá sem þurfa að reiða sig mjög á bílinn á landsbyggðinni. Þar skiptir miklu máli hvern kostnað fólk þarf að bera.

Það má ræða um það og deila hvar eigi að nema staðar, í hvaða krónutölu eigi að staðnæmast. Hæstv. fjmrh. bendir á að sú tala sem hér er lögð til grundvallar í frv., 10,50 kr., sé meðaltalsverð ef litið er til fimm ára. Það kann að vera rétt en á þessu stigi tek ég ekki afstöðu til upphæðarinnar sem slíkrar. Ég lýsi mig hins vegar samþykkan grundvallarhugsun frv., að binda þessa tölu í fasta upphæð. Eðlilegt væri reyndar að íhuga hvort ekki komi til álita að setja inn í lögin einhvers konar endurskoðunarákvæði, að skoða þessa upphæð með reglulegu millibili hvort sem það er árlega eða á lengra tímabili. Á heildina litið finnst mér þetta frv. og þessar lagabreytingar til góðs en segi það með þeim fyrirvara að að sjálfsögðu þurfi að skoða þær upphæðir sem hér eru lagðar til grundvallar.

[14:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hækkun á heimsmarkaðsverði bensíns hefur valdið sjálfvirkum hækkunum á bensíni hér á landi umfram verðlagsþróun í landinu. Líkur benda til að heimsmarkaðsverðið hækki áfram eða haldist áfram hátt miðað við verð undangenginna ára. Mikil hækkun á bensíni kemur í kjölfar annarra hækkana á rekstri ökutækja, hækkun þungaskatts og tryggingagjalda og vekur því upp harkalegri viðbrögð bíleigenda en ella hefði orðið.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir um breytingar á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleiru með síðari breytingum, jafnar út sveiflur á bensínverði, bæði hvað varðar hækkun og jafnframt lækkun á heimsmarkaðsverði. Til lengri tíma litið ætti þessi breyting að skila ríkissjóði svipuðum tekjum og áður en með jafnari greiðslum. Ég lýsi mig því hlynnta hugmyndinni um fasta krónutölu á hvern lítra eins og hugmyndin gengur út frá. En gjaldið verður að vera vel grundað og byggjast á vel rökstuddum grunni. Ég tek því framkominni krónutölu með fyrirvara, m.a. vegna tímabilsins sem meðaltalið er reiknað út frá. Auk þess tel ég að vera eigi ákvæði um endurskoðun á krónutölunni, að það sé alveg fast hvernig upphæðin sé endurskoðuð. Ég tel eðlilegt að endurskoða hana árlega með fjárlögum og endurskoðunum á öðrum liðum bensíngjalds.

Varðandi önnur ákvæði í áðurnefndum lögum mætti endurskoða til hvaða þátta í ríkisrekstrinum við ættum að nota innkomnar tekjur. Það hefur komið fram í ræðum manna, sérstaklega í ræðu síðasta ræðumanns, að almenningssamgöngur séu að leggjast af á landsbyggðinni til mikilla erfiðleika fyrir marga sem ekki eiga þess kost að ferðast á milli á eigin bílum og einnig til að halda uppi eðlilegri þjónustu á milli þéttbýliskjarna. Sérstaklega tengist þetta flugsamgöngum. Það er orðið mjög alvarlegt ástand að geta ekki haldið uppi eðlilegum flugsamgöngum. Rekstrargrunni margra almenningsfyrirtækja sem ráku áætlunarbifreiðir var kippt undan þeim með því að póstflutningar eru ekki lengur á þeirra vegum. Þar með var rekstrargrundvellinum kippt undan þeim. Ég bendi á þetta sem hugsanlega leið til að styrkja almenningssamgöngur á landsbyggðinni, að nota hluta af skatttekjum ríkisins af bensíni til þess.

Það að styrkja almenningssamgöngur kæmi okkur með sjálfbærum hætti inn í nýja öld, það á að reyna að draga sem mest við getum úr rekstri einkabílanna, draga úr eldsneytisnotkun og sérstaklega á bensíni.

Mengunarskattur hefur verið nefndur hér og eins á vorþingi. Mengunarskattur er annars konar skattur, annars konar álagning. Ég held að þetta sé spurning um hugmyndafræði, hvort maður er að tala um mengunarskatt eða bensíngjald. Það má ná inn sömu tekjum en út frá mismunandi hugmyndafræði, hvort þetta er sett á bensínið eða hvort sá greiðir sem mengar.

[14:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég lít svo á að skattlagning í samgöngum sé samgöngupólitískt mál og mundi því vilja óska þess að hæstv. samgrh. sé viðstaddur.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. samgrh. er ekki í húsinu en honum hafa verið send skilaboð.)

Takk fyrir.

Við Íslendingar erum afar háðir samgöngum. Landið er stórt og dreifbýlt og þarf ekki að lýsa því. Hvers konar aðgerðir í samgöngumálum hvort sem er vegarlagning eða skattlagning á notkunina er samgöngupólitískt mál. Allt slíkt ber því að skoða í því ljósi, ekki síst þar sem við vitum að skattlagning á samgöngur og notkun bifreiða er einn af stærri tekjuliðum ríkisins og hefur mikil áhrif á verðlag og neyslu. Á þessu ári höfum við einmitt upplifað verulega hækkun á eldsneyti sem hlýtur að hafa samgöngupólitísk áhrif. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að þetta er ekki bara skattamál heldur samgöngupólitískt mál. Ég geri þó ráð fyrir því að innan svo samhentrar og góðrar ríkisstjórnar sé fullt samráð og þetta sé unnið allt í samráði við hæstv. samgrh. Þess vegna vildi ég gjarnan heyra hans almenna mat, sem ábyrgðaraðila fyrir framkvæmd pólitískrar stefnu í samgöngumálum, á þessari skattheimtu og þá kannski almennt á svipaðri skattheimtu sem viðgengst í samgöngukerfi okkar.

Sú lagabreyting sem er til umræðu um að breyta þarna í fast gjald úr prósentugjaldi er í sjálfu sér eðlileg bæði út frá sjónarmiðum ríkissjóðs að fá nokkuð fastan grunn til að byggja á í fjárlagagerð sinni og fjárlögum og eins náttúrlega viss trygging fyrir neytandann, miðað við það sem nú er, að þetta fari ekki upp úr öllu valdi við hækkanir á bensíni. Þetta hefur rokkað talsvert til á síðasta ári, þetta hefur rokkað til síðan lögin voru sett frá rúmlega einum og hálfum milljarði og upp undir tvo, þannig að eðlilegt er að þetta hafi áhrif. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga eða við í okkar flokki þó að þessi leið sé valin. Ég hygg þó að þegar á heildina er litið megi búast við að sú krónutala sem þarna er sett, hversu vel grunduð hún er, feli í sér skattahækkanir. Því að það er bæði það að þarna er tekið mið af ákveðnu meðaltali aftur í tímann og þess gætt að ríkissjóður tapi ekki, og hins vegar má búast við við að aukin notkun verði á bensíni þannig að þetta muni vafalaust leiða til einhverrar skattahækkunar og aukinna tekna.

Úr því að farið er að krukka í lög um gjald af ökutækjum, þá liggur inni afar meinlegur tittur frá breytingum á síðasta vetri, sem ég hefði gjarnan viljað varpa til hæstv. fjmrh., hvort hann hefði ekki viljað taka með í púllíunni. En það er álagning fastagjalds upp á 100 þús. kr. á vörubíla og tæki sem fara kannski aldrei út á veg. Þetta er afar ósanngjarn álagning. Bændur sem eiga vörubíla og nota til heyflutninga heim til sín verða að borga 100 þús. kr. í fastagjald plús notkunina án þess að fara nema einstaka sinnum út á veg. Sömuleiðis er um að ræða ýmis tengi- og vinnutæki sem fara nánast aldrei út af sínu vinnusvæði.

Ég skil ekki hvernig þessi meinlega tekjuinnheimta hefur komist inn. Ég þekki bændur sem hafa annað við peningana að gera en að borga ríkinu veggjald af vörubílnum sem stendur heima á hlaði. Þeir hafa orðið að taka númerið af bílnum og geyma. Ég treysti því bara á réttlætistilfinningu ráðherra að þeir taki þetta með í púllíunni. Þarna er sjálfsagt ekki um neinar stórupphæðir að ræða en réttlætismál.

Ég vil svo líka, eins og hér hefur komið fram, leggja áherslu á samgöngupólitíkina. Almenningssamgöngur eru að dragast saman um land allt. Við heyrum nú að það sé óvíst hvort t.d. Norðurleiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur, muni starfa miklu lengur. Það eru a.m.k. vangaveltur um það. Sífellt fleiri hefðbundnar leiðir eru að leggjast af vegna margháttaðra breytinga, sumar svo sem til góðs en aðrar til hins verra. Núna eru stórir landshlutar þar sem engar almenningssamgöngur eru að verða eftir, hvorki flugsamgöngur né langferðabílar.

Þetta á svo líka við um almenningssamgöngur innan byggðarlaga. Það er verið að stækka byggðarlög, bæta vegi og treysta innviði þess, gera sem flestum mögulegt að sækja þjónustu innan ákveðins byggðarlags og þá er líka mikilvægt að einmitt sé hugað að þessum þætti, almenningssamgöngum. Þegar við erum að fjalla um gjaldtöku af samgöngumálum hljótum við að verða að skoða þetta allt í heildarmynd því að við erum þó að innheimta um eða yfir 30 milljarða á ári af þessari notkun almennings.

Ég vildi árétta þær breytingar sem þarna eru lagðar til, bæði breytinguna um að setja á fast gjald og breytinguna um að fella niður þessa sjálfkrafa tengingu á sérstöku vörugjaldi. Þetta er samgöngupólitísk aðgerð og ég hefði gjarnan viljað heyra álit samgrh. á henni. Ég bendi efh.- og viðskn., þegar hún fær málið til meðferðar, á að til er nefnd sem heitir samgn. og fjallar líka um mál sem snertir þetta. Þetta eru ekki aðskilin mál.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. samgrh. var nýlega farinn úr húsi þegar hv. þm. tók til máls og það hefur því miður ekki náðst til hans enn þá.)

[14:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umræðum en vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði umhverfisstefnu Samfylkingarinnar að umræðuefni í ræðu sinni taldi ég nú rétt að koma og drepa aðeins á það. Ég spyr, herra forseti, er hv. þm. í húsi? Ef hann er ekki í húsi er þá hægt að færa hann til húss?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. er í húsinu.)

Ég fagna þessu frv. og þó að ég taki undir þau viðvörunarorð sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur fært hér þá er alveg ljóst að ríkisstjórnin er á réttri leið í þessum málum. Hún hefur hlustað á það sem stjórnarandstaðan sagði á sumarþinginu. Á sumarþinginu fluttum við einmitt frv. sem gekk í sömu veru. Það er eins með viðvörunarorð okkar í þeim efnum og varðandi hagstjórnina að nú loksins er hv. ríkisstjórn farin að hlusta.

Ég minnist þess hins vegar að hæstv. fjmrh. lagðist gegn hugmyndum okkar á sumarþinginu og færði til þess ýmis rök sem hann hefur reyndar líka fært hér. En hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem er formaður efh.- og viðskn., og ætti auðvitað að vera í salnum, hafði háðuleg orð um þær hugmyndir sem við höfðum uppi þá. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., sem á að fjalla um þetta mál, lét svo um mælt í fjölmiðlum að það væri mjög heimskulegt að fara þá leið sem hæstv. ráðherra hefur nú farið.

Þess vegna væri líka æskilegt, vegna þess að ég veit til þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson á að vera á fundi í húsinu eftir fimm mínútur, að fá þann ágæta þingmann fluttan hingað í salinn og láta hann upplýsa þingheim um það hvort hann telur enn þá að sú leið sem hæstv. ráðherra er nú að fara sé jafnheimskuleg að hans viti og hún var í sumar.

Nú er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson kominn í heyrnarfæri og því er rétt að ég endurtaki þá ósk til hv. þm. að hann upplýsi þingheim um það hvort sú leið sem hann kallaði heimskulega í fjölmiðlum varðandi það gjald sem við erum að ræða hér, sem hæstv. fjmrh. stígur nú fram fyrir skjöldu og leggur til — er það að mati hv. form. efh.- og viðskn. heimskuleg aðferð? Mér þætti gaman að fá það upplýst en tek það fram að ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur ekki

skipt um skoðun og telur að hæstv. ráðherra sé að fremja heimskulegan gjörning þá er ég honum algjörlega ósammála.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur séð að sér og hann hefur skyndilega séð að það er rétt sem við sögðum í vor. En hvað var það sem olli því að hæstv. ráðherra sá ekki ljósið í vor? Hann hefur skýrt það fyrir okkur í þessum umræðum. Hann sagði: Það gat ekki nokkur maður séð það fyrir að bensín mundi aftur hækka á heimsmarkaðsverði. Eigi að síður hefur hæstv. ráðherra lýst tölum í ræðu sinni sem bentu til þess að verðlagið núna sé meðalverð síðustu tíu ára. Út af fyrir sig hefði það getað bent til þess að líklegt væri að lækkunin sem hafði orðið í vor mundi snúa til baka.

En það var auðvitað annað sem hæstv. ráðherra hefði getað fengið upplýsingar um hjá sérfræðingum sínum. Það var einmitt í sumar og vor sem menn urðu fyrst varir við þær tilhneigingar hjá endurnýjuðu OPEC, sem hafa í dag leitt til þessarar hækkunar og munu e.t.v. leiða til enn frekari hækkunar. Það var einmitt í vor sem forseti Venesúela, sem er meðal mikilvægra olíuframleiðslulanda, gerði gangskör að því að endurvirkja OPEC og hefja til fyrri vegs og virðingar og kallaði m.a. til fundar með mönnum eins og Gaddafí, forseta olíulandsins Líbíu og mönnum eins og Saddam Hussein, forseta olíuframleiðslulandsins Íraks. Þessir þrír hafa myndað öxul innan OPEC sem stefnir að því leynt og ljóst að að draga úr framleiðslu, sér í lagi hjá Líbíu og Venesúela. Það hefur þegar komið til framkvæmda hjá Venesúela. Miðað er að því að draga úr framleiðslu til þess að hækka verð á mörkuðum.

Eitt af því sem veldur þeirri þróun sem við erum að sjá í dag er einmitt þetta. Þetta hefði hæstv. fjmrh. getað fengið upplýst hjá sérfræðingum sínum, sem hann hefur sæg af, í vor. Þess vegna hefði þetta ekki átt að koma honum á óvart. Þess vegna gildir ekki sú afsökun sem hæstv. fjmrh. færir hér fyrir. Hann átti að vita betur.

En það er eins með þetta mál og viðskiptahallanna, sem hann átti líka að vita betur um, að hann er sá sem allt veit best og hann hlustar ekki á aðra og allra síst stjórnarandstöðuna.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar þetta frv. Ég tel að það sé á réttri leið. En hæstv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom hérna — hv. þm., herra forseti, ég bið afsökunar á því að mér varð þarna fótaskortur á tungunni. Ég tel það svo dagljóst að hv. þm. verði ráðherra innan skamms þó ég viti ekki hverjum hann ryðji að ég kalla hann hæstv. því í mínum augum er hann u.þ.b. hæstv. þingmaður.

En hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson (**GÁS:** Í hvaða flokki er hann?) hv. þm., ef ég má upplýsa varaformann Alþfl. um það þá er hv. þm. um þessar mundir í Framsfl. og er reyndar svona týpískur framsóknarmaður í mínum augum og hefur alltaf verið, fyrir utan það að hann á enn eftir að losa sig við farteski NATO. En í því kompaníi sem hann situr nú í þingsölum þá er ég viss um að sessunautur hans, hv. þm. Ögmundur Jónasson mun hjálpa honum til þess.

En burt séð frá því, herra forseti, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, réðst nokkuð óvægilega og af nokkru skilningsleysi að þeirri stefnu sem hann sagði að Samfylkingin hefði haft uppi varðandi skatt á útblástur og þar af leiðandi bensín bifreiða. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að Samfylkingin lagði það til fyrir kosningarnar í vor að sérstakur skattur yrði settur á útblástur og losun gróðurhúsalofttegunda. Hvers vegna var það nú? Ekki síst vegna þess að sú starfsemi hér á landi sem veldur mestu um losun gróðurhúsalofttegunda er stóriðjan. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er í flokki og styður stefnu flokks sem miðar að því að koma upp nýjum stóriðjuverum á Íslandi. Hann vill m.a. setja upp stóriðjuver á Austfjörðum, sem mjög er um deilt þessa dagana. Sem í fyrsta áfanga á að vera 120 þús. tonn en samkvæmt upplýsingum sem komu fram hjá aðstoðarmanni hæstv. iðn.- og viðskrh. á fundi á Egilsstöðum á síðasta vetri, hygg ég, ætti helst að vera 720 þúsund. Ef það nær því einhvern tíma að framleiða 400 þús. tonn leiðir það til þess að losun gróðurhúsalofttegunda mun tvöfaldast. Það mun leiða til margháttaðra búsifja fyrir Íslendinga. Það eitt út af fyrir sig mundi réttlæta það að á starfsemi af þessu tagi mundu menn líka freista þess að setja einhvers konar útblástursgjald, m.a. til þess að reyna að afla þar tekna til þess að geta bætt upp öðrum annars konar atvinnustarfsemi sem mun líða fyrir þetta. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson þarf nefnilega ekki að ganga að því gruflandi að okkur leyfist að spilla þannig umhverfi heimsins alls án þess að með einhverju móti muni það bitna á öðrum atvinnugreinum í landinu, m.a. vegna viðbragða umheimsins.

En þar fyrir utan, herra forseti, er það alls staðar í hinum vestræna heimi orðin stefna að taka með einhverjum hætti á hömlulausri losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju með því að setja á gjald af þessu tagi. Það er nákvæmlega það sem Samfylkingin lagði til og leggur til. Ekki nóg með það, herra forseti. Ég tel líka að það eigi að setja þetta gjald á bifreiðar.

Í dag er gjaldið sem tekið er af eldsneyti 97% vörugjald, það er bensíngjald upp á 23 kr., það er virðisaukaskattur og í fjórða lagi er skattur í dísilbifreiðar, sem eftir vali og umfangi dísilbifreiða getur verið breytilegur. Þetta er ferns konar skattur. Ég tel að tími sé kominn til að umbylta þessum skatti og straumlínulaga hann og taka upp einn sérstakan umhverfisskatt sem mundi þá taka mið af umhverfissjónarmiðum og tegund orkugjafans.

Herra forseti. Þetta er sem sagt mín skoðun. Ætlar þá hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að koma upp og segja: Samfylkingin og þessi talsmaður hennar leggur til hækkun gjalda. Herra forseti, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er eins og fram hefur komið í flokki sem í dag heitir Framsfl. Sá flokkur hefur farið með umhvrn. síðustu árin. Það vill svo til, herra forseti, að hvergi hef ég séð þær hugmyndir sem ég aðhyllist í dag varðandi breytinguna á þessum eldsneytisgjöldum yfir í eitt útblástursgjald, CO -gjald, betur útfærða en í skýrslu sem hægt er að finna á heimasíðu umhvrn. Þar er í ítarlegu máli fjallað um þá möguleika sem við höfum til að beita hagrænum stjórntækjum. Skýrslugjafar geta þess að við gerð þessarar skýrslu hafi þeir ekki bara notið starfskrafta umhvrn. heldur einnig hæstv. fjmrh. sem hefur innan sinna veggja bestu sérfræðinga landsins í þessari tegund hagrænna stjórntækja. Þeir hjálpuðu til við að búa til þessa skýrslu, herra forseti. Þar kemur alveg skýrt fram að stefnan, samkvæmt sérfræðingum þessara tveggja ráðuneyta, er hin sama og Samfylkingin bar fram í síðustu kosningum. Það getur vel verið að hv. þm. og mögulega hæstv. ráðherra vilji slá einhverjar keilur og reyna að telja kjósendum trú um að Samfylkingin vilji hækka þau gjöld sem lögð eru á eldsneyti í dag. En það er rangt. Við teljum þvert á móti að ef þessi leið væri farin, þetta fjórþætta gjald fellt niður og í staðinn sett eitt gjald sem við gætum kallað CO -skatt, koltvísýringsskatt, þá mundi það leiða til orkusparnaðar. Þegar upp væri staðið mundi það ekki bara leiða til minni útblásturs

heldur líka minni heildargjalda og vissulega að því leyti til nettótaps ríkissjóðs að líkindum.

Þetta er stefna sem tekur einfaldlega, herra forseti, mið af þeirri þróun sem er að gerast í kringum okkur. Við getum deilt um það hvort Ísland eigi að verða aðili að Kyoto-bókuninni eða ekki en við getum ekki deilt um að við þurfum að leita leiða til þess að draga úr losun útblásturs. Við blasir að Íslendingar fengu betri niðurstöðu út úr Kyoto-viðræðunum en nokkur önnur þjóð. Þeir máttu auka útblástur sinn miðað *við árið 1990 um 10%. Enginn annar komst nálægt því.* Það getur vel verið að það sé ekki nóg og kann vel að vera að við höfum rök sem að dómi meiri hlutans réttlæti betri niðurstöðu en þetta. Það breytir ekki því að á okkur hvílir sú siðferðilega skylda að gera allt sem við getum til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hvað erum við að gera til þess? Það má segja að svolitlar breytingar sem hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir við upphaf valdaskeiðsins á sl. vori hnígi í þessa átt en annað höfum við ekki orðið vör við.

Ég veit ekki til þess að neitt sérstakt sé að gerast, t.d. til að stemma stigu við mengun af völdum útblásturs bifreiða í dag. Þriðjungurinn af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi kemur frá samgöngum. Stór hluti helgast af því að við erum lítil þjóð í mjög stóru landi. Þriðjungurinn kemur frá skipum. Við erum lítil þjóð sem er háð sjávarútvegi og þess vegna mjög erfitt fyrir okkur að ganga harkalega fram þar nema að okkur takist að beita nýrri tækni eða einhvers konar hagrænum stjórntækjum til að draga úr þessu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að á allra næstu árum muni ný tækni gera mögulegt að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda af völdum samgöngutækja. Ég held að innan ekki mjög langs tíma muni breytingar á þeirri tækni sem núna er viðhöfð til að knýja skip líka leiða til hins sama fyrir flotann. En þangað til verðum við auðvitað að standa undir þeirri skyldu okkar að leita leiða til að draga úr losuninni.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að Íslendingar hafa áður beitt skattlagningu á eldsneyti til þess að draga verulega úr skaðlegri mengun. Í dag held ég að ekkert bensín sé selt sem er hlaðið blýi. Menn notuðu það áður um of og það var hægt að sýna fram á að það hefði óæskileg áhrif, m.a. á greindarþroska ungra barna. Ríkisstjórn Íslands gekk fram fyrir skjöldu og beitti skattlagningu til þess að útrýma þeirri tegund eldsneytis þannig að þetta er hægt.

Ég verð því að segja, herra forseti, að það kemur úr allra hörðustu átt þegar ágætur talsmaður Framsfl. kemur hingað til að reyna að slá einhverjar ódýrar keilur með því að fleygja flími að Samfylkingunni fyrir að hafa sett fram stefnu sem er í raun ekki annað en vel útfærð útgáfa af hugmyndum sem voru með mjög elegant hætti settar fram af hálfu Framsfl. eða manna sem unnu fyrir hann í umhvrn. Ég hvet hæstv. fjmrh. og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson til þess að lesa þá skýrslu sem er að finna á heimasíðu umhvrn. og heitir Hagkvæm umhverfisvernd. Þar er langur kafli um þetta. Þar er einmitt, á bls. 37–42, að finna hugmyndir framsóknarmanna um útfærslu CO -orkuskatts sem er ekkert annað en afbrigði af þeim hugmyndum sem við höfum sett fram, talsmenn Samfylkingarinnar. Þar er gert ráð fyrir því að ef þessi CO -skattur verði settur á þá muni heildarskatturinn ekki aukast en með tíð og tíma minnka vegna þess að orkusparnaður aukist og útblástur mengandi efna frá þessari tegund eldsneytis dragist saman. Þar kemur einmitt fram — kannski ekki með sömu útfærslu og við höfum lagt til en ekki hægt að skilja þessa skýrslu öðruvísi — að í staðinn fyrir 97% gjaldið og önnur gjöld á eldsneyti komi sérstakur CO -orkuskattur, koltvísýringsskattur. Það er sérstaklega bent á í þessari skýrslu að fjöldi þjóða sé að breyta kerfi sínu í þessa veru og óhjákvæmilegt sé annað en að Íslendingar geri það líka. Ef það er niðurstaða framsóknarmannsins sem stýrir umhvrn. að stefna Samfylkingarinnar í þessum efnum sé rétt, þá spyr ég hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort hann sé ósammála þeim framsóknarmanni, hvort hann sé þar af leiðandi á móti þeirri framtíð sem t.d. hæstv. ráðherra Siv Friðleifsdóttir vill sjá eða vill hann endalaust vera fastur í fortíðinni. Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir því að tímarnir breytast? Hann sjálfur hefur breyst æðimikið en hann má til með að leyfa sér þann munað að breytast örlítið betur.

[15:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Allaf er jafngaman að hlýða á hv. þm. Össur Skarphéðinsson ræða málin af alkunnu lítillæti og hógværð. Ég vil þakka honum fyrir að staðfesta það sem ég taldi um stefnu Samfylkingarinnar gagnvart umhverfisgjöldum. Það var stefnan að auka skattheimtu í þeim tilgangi að draga úr losun á koltvísýringi, draga úr mengun með því að breyta gjaldtöku. Það verður ekki gert nema að hækka skatta. Það skiptir engu máli þó að menn skipti um nafn á einhverju gjaldi sem fyrir er, auki menn ekki skattinn þá minnkar ekki notkunin samkvæmt kenningunni. Kenningin er sú að til þess að minnka framleiðslu á koltvísýringi þá eigi að beita stýringu á verði, hækka verðið og minnka útblásturinn. Það er stefna sem út af fyrir sig er alveg sjálfsagt að ræða og velta fyrir sér hvort skili árangri.

Ég vek athygli á því að ég man ekki eftir að hafa séð nein gögn sem staðfesti að hækkun á bensínverði muni endilega draga úr notkun þess. Það er a.m.k. ekki reynslan á síðustu árum hér á landi að verðsveiflur á bensíni hafi sérstaklega dregið úr notkun á bensíni. Reynslan styður því ekki þessa kenningu, að hægt sé að beita skattlagningu til að ná þessu fram. En það sem ég vek athygli á er að Samfylkingin talaði hér í vor fyrir því að lækka bensínið. Samkvæmt kenningunni sem stendur á bak við umhverfisstefnu Samfylkingarinnar ætti það að auka losun á koltvísýringi. Það er engin önnur niðurstaða af þeirra eigin skoðunum. Og ég hlýt að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson af hverju hann vill þá hvetja til að verð á bensíni sé lækkað.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af langri reynslu á hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson að vita að þegar menn eru skotnir í kaf er best að sökkva þegjandi og hljóðalaust. Það er nákvæmlega það sem hv. þm. hefur lent í núna. Hann las ekki heima og vissi ekki stefnu síns eigin flokks. Hann vissi ekki stefnu sinna eigin ráðherra.

Rétt er hjá hv. þm. að heildarskattheimta af völdum þessara hugmynda minna mun aukast. En hvaðan mun aukningin koma? Ég lýsti því í ræðu minni: Frá stóriðju. Hvaðan mun hún ekki koma? Frá samgöngutækjum. Þvert á móti lýsti ég því að niðurstaða sérfræðinga Framsfl. í þessum efnum, eftir að hafa skoðað það með aðstoð sérfræðinga fjmrn., væri sú að þegar upp væri staðið mundi þetta ekki auka skattheimtu á samgöngutæki heldur minnka hana. Þetta er ekki niðurstaða mín eða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur heldur sérfræðinga hæstv. ráðherra Framsfl. Þannig að það er ósæmilegt af hv. þm. að halda því fram að ég hafi sagt að

skattheimta af eldsneytisnotkun bifreiða mundi aukast vegna þessa. Þvert á móti taldi ég upp þessi fjögur eða eftir atvikum fimm gjöld sem eru lögð á þessa tegund eldsneytis í dag. Ég sagði: Víkjum þeim burt og búum til nýtt gjald í staðinn sem mætti alveg eins grundvalla á þessum hugmyndum sem hafa komið frá sérfræðingum Framsfl. í umhvrn. eða þeim hugmyndum sem við höfum lagt fram vegna þess að þær eru að eðli til skyldar. Samkvæmt því mun skattaukningin koma fram frá stóriðjunni.

En auðvitað má hv. þm. ekki til þess hugsa að með nokkrum hætti sé hróflað við stóriðjunni sem formaður hans og leiðtogi lífs hans, hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson, hefur lofað kjósendum sínum. Sú verksmiðja verður að koma hvað sem það kostar og ef sett yrði gjald á þá verksmiðju, eins og verið er að gera alls staðar út um hinn siðvædda heim, þá mundi það auðvitað draga úr líkunum á því að af þeim framkvæmdum yrði. Þess vegna kýs hann að túlka orð mín svo að skattaukningin eigi að koma frá bifreiðunum. Það var þvert á móti. Það sem ég sagði var alls ekki það heldur mun hann að öllum líkindum minnka samkvæmt niðurstöðu umhvrn. En auðvitað gæti hv. þm. spurt hæstv. fjmrh. vegna þess að sérfræðingar hans eru sömu skoðunar.

[15:12]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að ræður tveggja þingmanna Samfylkingarinnar í þessari umræðu eru út og suður. Fyrst svarar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fyrirspurnum mínum um þetta mál og ber til baka allt um að nokkur áform hafi verið uppi um að leggja á umhverfisskatt. Hún telur það bara ekki rétt. Síðan kemur hv. þm. Össur Skarphéðinsson og staðfestir að það hafi verið stefna Samfylkingarinnar að leggja á skatta og beita eigi skattlagningu til að draga úr losun koltvísýrings. Það verður ekki gert nema að auka skattinn sem fyrir er því að annars verða engin áhrif af því að leggja á skattinn. Þetta er alveg morgunljóst.

Það er athyglisvert að þingmenn Samfylkingarinnar, sérstaklega hv. þm. Össur Skarphéðinsson, eru á harðahlaupum frá þeirri stefnu sinni í aðdraganda síðustu alþingiskosninga að áforma aukin álög á bifreiðaeigendur. Það er það sem er að gerast. Hv. þm. Samfylkingarinnar eru að hlaupa frá kosningastefnuskrá sinni. Það er svo sem ekki í fyrsta sinnið sem þingmenn úr þeirri áttinni snúa við blaðinu á miðri leið. (Gripið fram í.) Má ég minna hv. þm. Össur Skarphéðinsson á að meðan Alþfl. fór með iðnrn. og umhvrn. þá var ekki mikill bilbugur á þeim í áformum um að koma upp álveri og virkja stórt. Þau áform liggja fyrir og leyfi var veitt til framkvæmda. Kannski hefur það valdið snúningi þingmanna Alþfl. í þessum málum að þeir eru ekki lengur í stjórn heldur í stjórnarandstöðu. Kannski veldur það líka viðhorfsbreytingum þingmanna Alþfl., nú þingmanna Samfylkingarinnar, á afstöðu til álvers að það er ekki lengur áformað að reisa álverið á Keilisnesi í Reykjaneskjördæmi heldur á landsbyggðinni. Hver veit? Þeir geta svarað því.

[15:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að hlusta á hv. þm. Kristin H. Gunnarsson ræða um sinnaskipti þeirra sem hverfa milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er eins og ég muni eftir hávöxnum vestfirskum þingmanni sem var ekki mjög hrifinn af álverum fyrir nokkrum mánuðum. En ég ætla ekki gera það að meginefni svars míns. Hv. þm. heldur því fram að við í Samfylkingunni höfum verið að reyna að hlaupa frá hugmyndum okkar um umhverfisskatta.

Herra forseti. Sá sem hér stendur var eitt sinn umhvrh. og beitti sér þá fyrir því sem VSÍ hefur kallað, þegar upp var staðið, afar vel heppnaða skattlagningu. Það var spilliefnagjald. Það var Alþfl. og sá sem hér stendur sem hafði frumkvæði að því. Það vorum við líka sem tókum upp skilagjald á ýmsa hluti sem er líka ein tegund umhverfisskatta. Það er því algjörlega út í hött að við séum að hlaupa frá hugmyndum okkar. En við höfum hins vegar aldrei haldið því fram, hvorki í kosningabaráttu né núna að við ætluðum að leggja á einhvers konar gróðurhúsaskatt eða koltvísýringsskatt sem mundi leiða til hækkunar á gjaldi eða á bensíngjaldi. Þvert á móti kom það fram í kosningabaráttunni, alveg eins og ég er búinn að tyggja hérna margsinnis ofan í þennan ágæta þingmann, að það sem við vildum gera er að taka þessi ferns konar gjöld af og setja í staðinn umhverfisgjald sem mun þegar upp er staðið leiða til minni orkunotkunar, minni útblásturs og minni skatta og mun samkvæmt sérfræðingum Framsfl. í umhvrn. ekki leiða til skattahækkunar. Það er því morgunljóst hvað hér er um að ræða. En auðvitað hefur hv. þm. bara lent í því að hann vissi ekki stefnu síns eigin flokks og ég fyrirgef honum það, því það er svo skammt síðan hann gekk í hann.

[15:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrst um dagskrármálið. Ég tel að það sé að mörgu leyti ágætismál í ljósi stöðunnar eins og hún er núna og sem áfangi til að bregðast við aðstæðum sem hafa núna komið upp. Að mestu leyti gæti ég staðið að því að styðja það, eins og ég segi, sem bráðabirgðaráðstöfun. En ég kem betur að því seinna.

Mig langar til að bæta aðeins við þá umræðu sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var aðili að áðan þar sem hann var að reyna að snúa út úr stefnu Samfylkingarinnar í umhverfismálum. Ég vil nefnilega fyllilega standa við þá stefnu og hún er sú að breyta skattlagningu á þann veg að hún hafi jákvæð áhrif á nýtingu umhverfisins. Auðvitað er það útúrsnúningur að slík stefna þýði endilega skattahækkun. Slík stefna gefur einfaldlega val á milli kosta og hefur þann tilgang að menn geti valið þann kost sem jákvæðari er fyrir umhverfið. Það hefur sárlega vantað í skattlagningu á orkugjöfum hjá okkur á Íslandi. Einhvers konar skattlagning af þessu tagi hefði þurft að komast á fyrir langa löngu til þess að hafa áhrif á hvernig við drögum fisk úr sjó. Það kostar mjög stóran hluta af arði okkar af fiskveiðum að borga olíu og það hefur engin jákvæð áhrif á hag þeirra sem stunda fiskveiðar þó að þeir noti lítið af olíu. Ekki er komið til móts við menn við að mynda þar jákvæða hvatningu. Slík hvatning þarf að vera til, bæði vegna umhverfisins og líka vegna umhverfisins sem fiskiskipin hafa áhrif á, t.d. með veiðarfærum. Þarna þarf að taka afstöðu og ef menn ætla sér að taka upp umhverfisskatta þá verða þeir að horfa á öll áhrifin sem verða, ekki bara útblásturinn, heldur líka hvernig við göngum um náttúruna á hverjum tíma. Fiskiskipaflotinn veldur u.þ.b. einum þriðja hluta þeirrar loftmengunar sem núna er við Ísland. Hún hefur aukist stórlega á undanförnum árum vegna þess að við höfum ekkert gert í málinu. Við höfum verið að flytja meiri og meiri fiskvinnslu út á sjó t.d. og framleiða rafmagn til þess að nýta um borð í nýju frystihúsunum okkar sem fljóta í kringum landið. Það hefur ekkert verið gert til þess að hafa áhrif á þetta.

Ég ætla ekki að endurtaka umræðuna sem var áðan um stefnu Samfylkingarinnar að öðru leyti en því að segja að nákvæmlega ekkert samhengi er á milli þess að hækka skatta og að hafa þau áhrif á sem ég var að lýsa hérna áðan. Það hlýtur alltaf að ráðast af því hvaða val einstaklingar eða fyrirtæki hafa til þess að nýta sér hina mismunandi kosti.

Ég held því fram t.d. að þurft hefði að gera það jákvæðara að velja á milli bíltegunda hér á landi, eða bílvélategunda öllu heldur, til þess að hafa áhrif á útblástur. Í öðrum löndum eru t.d. miklu fleiri dísilbílar en hér. Hvernig stendur á því? Það er vegna þess að hagkvæmara er að kaupa dísilbíla í þeim löndum og reka þá heldur en hér. Margt væri hægt að gera og mig langar til þess að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki standi til að fara yfir þessi mál í heild sinni, þ.e. orkuskattana sem ríkið leggur á, með það fyrir augum að taka upp skatta af því tagi sem við höfum verið að tala um í dag, umhverfisgjöld og orkuskatta sem eru tengdir nýtingu á umhverfinu og líka útblæstrinum. Sá ráðherra sem sat í stólnum á undan honum reyndi fyrir margt löngu og reyndi oft að gera breytingar á þungaskatti. Hann gaf hér margar yfirlýsingar um að hann ætlaði svo sannarlega að gera það. Aldrei tókst honum að koma því til enda umfjöllunar í hv. Alþingi. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi einhver áform uppi um að reyna að leysa þau mál sem hæstv. fyrrv. ráðherra var að reyna að leysa þá. Auðvitað er innheimta á þungaskatti enn þá í þeim ólestri sem hún er búin að vera til margra ára og hæstv. ráðherra gerði gott í því ef hann vildi svara því hér hvort hann vill leggja til atlögu við þetta mál sem fyrirrennari hans réð ekki betur við en þetta.

Ég vil að lokum segja að mér finnst það ekki Framsfl. eða stjórnarliðum til mikils framdráttar eða heiðurs ef þeir ætla sér að fara að tala í neikvæðum tón um hugmyndir sem Samfylkingin hefur sett fram um að taka upp umhverfisgjöld vegna þess að þeir sem þannig tala eru að tala aftan úr fortíðinni. Í framtíðinni munu skattar verða umhverfisgjöld að mjög miklu leyti og þeir sem ekki skilja það nú eru einfaldlega að veltast um í fortíð sem vonandi verður að baki sem allra fyrst.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Örfá orð sem innlegg í þessa umræðu. Ég verð að segja af fullri hreinskilni að mér þykir það bera vott um talsvert hugrekki af hálfu stjórnarliða að leyfa sér að bera Samfylkingunni það á brýn, sem þessir stjórnarflokkar gerðu raunar í aðdraganda síðustu kosninga, að hún hefði það sérstaklega á sinni stefnuskrá að hækka gjöld á almenning þegar að bensíninu kemur, þeir sömu menn sem hafa beint og óbeint staðið að 25–30% hækkun á hverjum einasta lítra. Beint og óbeint, segi ég, því að ég rifja það upp að á vorþinginu eftir síðustu kosningar stóð ríkisstjórninni til boða að fara þá leið, eða aðra ámóta, eins og farin er hér í dag. Á þeim tíma ársins, yfir hásumarið, þegar landinn er sem mest á ferðalögum innan lands og notar farartækin hvað mest, höfðu stjórnarflokkarnir tök og tækifæri til að létta þessum álögum af almenningi og enn fremur að draga úr þessari verðhækkanahrinu sem á honum hefur dunið, ekki eingöngu bensínið, heldur í vöruverði almennt, sem síðan og aftur hefur leitt til þess að ríkisstjórnin er hér í standandi vandræðum með allar þessar hagstærðir, verðbólgu á fljúgandi ferð og svona mætti lengi telja. Mér þykir það bera vott um mikið hugrekki, herra forseti, að þessir sömu menn komi hér og haldi því fram að Samfylkingin, sem viðraði þá hugmynd í aðdraganda síðustu kosninga að nýta þetta gjald til þess að hafa tök á og stjórna einhvern veginn útblæstri bifreiða og stóriðju hér á landi, vilji hækka gjöld á almenning. Þetta vildi ég sagt hafa.

Ég segi líka, herra forseti, að mér þykir það vissulega dálítið rýrt í roðinu í frv. sem sjálfur fjmrh. fer hér fram með og lögum og venjum samkvæmt fær umsögn um í eigin ráðuneyti, hjá fjárlagaskrifstofu, að þessi sami kontór láti sér duga það, sem er auðvitað gefið, að þessar breytingar á lögum muni ekki leiða til lækkunar eða hækkunar á niðurstöðutölum í fjárlögum næsta árs. Ekki er reynt á nokkurn hátt að gera grein fyrir því til hvers þessar breytingar muni leiða í fjárlögum yfirstandandi árs sem er auðvitað kjarni málsins. Ég heyrði ekki betur en að hæstv. fjmrh. hafi sagt það almennum orðum að honum sýndist að ef þessar breytingar yrðu að lögum nú fljótlega þá mundi það hafa einhver áhrif til eða frá á niðurstöðutölur yfirstandandi fjárlaga, sem er kjarni málsins og fjárlagaskrifstofan á fyrst og síðast að fjalla um. Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Hvað þýðir þetta í krónum og aurum? Hver verður niðurstöðutalan í ár í þessum efnum?

Í annan stað vil ég víkja tali mínu aðeins að hinu sérstaka vörugjaldi á bensíninu, þ.e. bensíngjaldinu sjálfu, og vil ég sérstaklega ná athygli hæstv. samgrh. í þeim efnum, því það er kannski ekki allt sem sýnist í þessum efnum. Í inngangsræðu hæstv. fjmrh. lagði hann ríkasta áherslu á að í þessum breytingum væri valdið tekið úr höndum hans en fært til löggjafarvaldsins. Það hljómar býsna vel og er út af fyrir sig spor í rétta átt. En ég vek athygli á því að í gildandi lögum um þennan markaða tekjustofn sem rennur til vegagerðar eru ákvæði þess efnis að krónutala skuli hækka í hlutfalli við vísitölu, við byggingarkostnað, sem tryggir það aftur að samgrh. og áhugamenn um samgöngumál voru nokkuð vissir með það að tiltekin upphæð á ári hverju, miðað við þróun verðlags, færi til þessa mikilvæga málaflokks sem umbætur í samgöngumálum. En þetta er tekið úr sambandi. Nú er þessi markaði tekjustofn til vegagerðar ekki beintengdur verðlagsþróun á einn eða neinn hátt samkvæmt orðanna hljóðan. Raunar er búið að snúa forsendum við. Þetta er alltaf spurningin um eggið og hænuna. Við þekkjum það á síðustu árum að í tíð þessarar ríkisstjórnar, allt fram til síðasta árs, hefur ríkisstjórnin tekið umtalsverðan hluta af hinum markaða tekjustofni í venjubundinn rekstur, innan gæsalappa, fyrirgefið orðbragðið, herra forseti, „stolið" þessum peningum frá vegabótum, þar til á síðasta ári. Í tíð samsteypustjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. var þessu öfugt farið. Þá var gefið í á tímum kreppu og erfiðleika og gert betur en þeir peningar sem komu af bensíngjaldinu gáfu tilefni til. En gott og vel með það. Þetta hafði og hefur ævinlega haft þau áhrif að þing og framkvæmdarvald hafa þurft að hafa fyrir því að sannfæra sjálf sig og aðra um ágæti þess að draga úr vegabótum, að skerða þann markaða tekjustofn. En nú með þessum breytingum fæ ég þetta ekki öðruvísi skilið en svo, að það sé ríkisstjórn hverju sinni sem fyrst ákveði það á pólitískum forsendum hversu miklir peningar skuli renna til vegamála og samgöngubóta en síðan skuli sú upphæð sem á að finna í bensíngjaldinu stemmd af í samræmi við það. Því spyr ég hæstv. samgrh. hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að þessi trygging, sem þó sannarlega var til staðar í þeim lögum sem við erum núna að breyta, geti ekki leitt til þess að á hann verði hallað við ríkisstjórnarborðið til skemmri og lengri framtíðar þegar hann finnur ekki stoð í núgildandi

lögum lengur um að þetta sérstaka bensíngjald skuli fylgja verðlagsþróun, og hann geti átt von á því, þess vegna á næsta ári, að menn byggju þetta með öðrum hætti út og ættu enn frekar eftir í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 að skerða eða tefja nauðsynlegar vegabætur hringinn í kringum landið. Ég tel ástæðu að vekja athygli á þessu, herra forseti, og velta þessu hér upp.

Ég tel að öðru leyti, þótt seint hafi verið í rassinn gripið, að hér séu menn að stíga skref í rétta átt hvað varðar meginkjarna þessa máls. Það verður auðvitað einhvern veginn að draga úr skattlagningu á þrautpínda bíleigendur hér á landi, nóg er nú samt. Þeir eru búnir að bera þetta í allt of langan tíma þá mánuði sem liðnir eru síðan heimsmarkaðsverð rauk upp úr öllu valdi og tilheyrandi skattlagning samhliða. Seint koma sumir en koma þó og því ber að fagna. En ég tel það bera vott um hugrekki að menn geti staðið hér og barið sér á brjóst og borið andstæðingum sínum í pólitík það á brýn, sem þeir gerðu fyrir síðustu kosningar, að þeir væru sérstakir skattpíningarmenn á bíleigendur hér á landi. Það eru hrein og klár öfugmæli, herra forseti.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru ýmis atriði í ræðu þingmannsins sem ekki er tóm til að svara hér í andsvari en ég mun gera það í síðari ræðu minni í umræðunni.

Ég vil vekja athygli á umfjöllun hans um það atriði frv. að afnema reglugerðarvald fjmrh. Hann var að reyna að gera það tortryggilegt, þ.e. að nú ætti að fara að snuða á Vegagerðinni. Þetta mál er nú miklu stærra í sniðum en svo að hægt sé að draga það niður á eitthvert slíkt plan. Hérna er verið að fylgja ákvörðunum sem voru teknar um breytingar á stjórnarskránni fyrir fjórum árum. Þannig er þetta mál vaxið.

Reyndar skýtur svo skökku við að hann gagnrýnir það atriði, að ekki sé hægt að hækka bensínið sjálfvirkt, en svo minnir hann á að Samfylkingin hafi nú flutt frv. í vor um að afturkalla hækkun sem var einmitt framkölluð með þeim hætti 1. júní og hefur komið hér til umræðu. Þetta margumrædda frv. Samfylkingarinnar var ekki nema ein lína og hún gekk út á það að afturkalla þá bensíngjaldshækkun sem ég sem fjmrh. hafði beitt mér fyrir á grundvelli þeirrar reglugerðarheimildar sem ég legg nú til að verði afnumin. Slíkar eru nú mótsagnirnar í þessu öllu saman.

En þetta mál með að afnema reglugerðarvald ráðherra er auðvitað stærra í sniðum en svo að hægt sé að draga það inn í einhverja umræðu af þessu hér. Þetta er miklu stærra og almennara mál og á ekki að blanda því inn í karp af þessu tagi eins og hv. þm. gerði.

Að því er varðar áhrif þessara breytinga á vörugjaldi á tekjur yfirstandandi árs þá hef ég svarað því tvisvar hér í dag og í gær. Ég skal gera það í þriðja sinn. Þetta er að finna á bls. 235 í fjárlagafrv. Þar kemur fram hvert áætlað vörugjald á bensíni er á þessu ári miðað við fjárlög og hvert áætlað bensíngjald er á næsta ári miðað við fjárlög. Heildarniðurstaðan er sú að það er lækkun á báðum þessum gjaldstofnum, samtals um 120 millj. kr. Þetta geta allir menn fundið. Þetta er vegna þess hvað bensínverðið var lágt á fyrri hluta ársins.

[15:34]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil mætavel að hæstv. fjmrh. sé órótt undir þessari umræðu. Ég vil hins vegar halda því mjög ákveðið til haga að ég sagði það hér áðan að ég væri mjög sammála því að við drægjum saman í reglugerðarvaldi ráðherra og framkvæmdarvaldsins og færðum þau mál inn á hið háa Alþingi.

Ég vakti hins vegar athygli á því, og það má finna í greinargerð fjárlagaskrifstofu hæstv. ráðherra sjálfs, að grundvallarbreytingin er sú samkvæmt frv. að nú verða breytingar á bensíngjaldinu t.d. vegna verðlagsþróunar. Áður og fyrr voru þær bundnar ákveðinni vísitölu og tryggðu það að vegamálin fengju sinn skerf. Og það er einkar athyglivert að heyra það viðhorf hæstv. fjmrh. að honum finnst það vera dæmi um að færa málin niður á tiltekið plan, að ræða hér þráðbeint um það hvaða fjármunir skuli renna til vegagerðar hér á landi. Ég vek athygli á því að það er sérstaka vörugjaldið, bensíngjaldið, sem ég er hér fyrst og síðast að ræða. Ég tel það mál vera þess eðlis að það eigi að ræða það fyrir opnum tjöldum og það sé mál sem er fullkomlega samboðið hinu háa Alþingi. Ég vænti þess að flestir þingmenn séu mér sammála um það hversu miklir fjármunir eigi að fara í nútíð og framtíð til vegamála hér á landi.

En það er í munni hæstv. fjmrh. að færa málið niður á tiltekið plan. Hann um það.

[15:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að viðurkenna að ég er alveg hættur að skilja hvað þingmaðurinn er að fara. Ég gerði sérstaka grein fyrir því í framsögu minni að framvegis verður að taka sérstaka ákvörðun reglulega, væntanlega á hverju einasta ári, um það hvað þetta bensíngjald á að vera hátt til þess að Vegagerðin fái þá peninga sem menn vilja láta hana hafa. Einfaldara getur þetta nú ekki verið.

Ég tók eftir því að hv. þm. Þuríður Backman vakti sérstaka athygli á þessu og sagði að það þyrfti þá að gera væntanlega í tengslum við fjárlagaafgreiðslu hvers árs. Það er auðvitað kjarni málsins. Og það á þá að gera t.d. í ljósi verðlagsþróunar, en ekki endilega í ljósi verðlagsþróunar. Menn geta farið lengra, menn geta farið skemur ef þeir vilja. Það verður bara að vera ákvörðun í tengslum við áform manna um vegaframkvæmdir og í tengslum við það fjárhagslega svigrúm sem fjárlögin gefa að öðru leyti. Þannig er þetta.

Kjarni þessa atriðis í frv. er sá að framvegis verður það þingið sjálft sem tekur slíka ákvörðun en ekki fjmrh. á grundvelli sjálfvirkra framreikninga sem byggjast á vísitölu byggingarkostnaðar. Þessu held ég að allir menn ættu nú að fagna.

[15:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vissu leyti skiljanlegt að fjmrh. Sjálfstfl. fái engan botn í umræðu af þessum toga, því að fjármálaráðherrar Sjálfstfl. léku þann leik undantekningarlaust á síðasta kjörtímabili að taka verulegan hluta af þeim mörkuðu tekjustofnum og þeim fjármunum sem til vegagerðar bar að fara og létu renna inn í rekstrarhítina.

Það má því undir þeim formerkjum segja sem svo að það skipti ákaflega litlu máli hvort komi á undan eggið eða hænan, þ.e. tilteknir peningar samkvæmt sérlögum eða hvort ríkisstjórnin ákveði það við ríkisstjórnarborðið við gerð fjárlaga hversu miklir peningar fari til vegagerðar, þegar venjan hefur frekar verið sú í tíð þessarar ríkisstjórnar að stela peningum til vegamála í ríkissjóð. Það er því kannski ósköp skiljanlegt að hæstv. fjmrh. og þeir stjórnarliðar kveinki sér undir þessari umræðu.

Það sem ég var hins vegar að undirstrika er að það hefur a.m.k. gefist tilefni til þess hér við afgreiðslu fjárlaga á síðasta kjörtímabili að spyrja sem svo hvernig á því standi að *sú ríkisstjórn, sem er sú sama og situr núna,* gerði það aftur og aftur að taka fjármuni til vegamála í annað. Þess vegna beindi ég sjónum mínum og orðum sérstaklega að hæstv. samgrh., hvort honum finnist það kannski einu skipta hvort það séu markaðir tekjustofnar sem menn geti gengið að sem vísum til vegagerðar, eða hvort hann þurfi að eiga það á almennum nótum við hæstv. fjmrh. eða aðra samstarfsmenn í ríkisstjórn.

En ef hæstv. fjmrh. finnst þetta engu máli skipta þá hann um það.

[15:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykn. beindi spurningum til mín vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um frv. og markaða tekjustofna til vegagerðar.

Eins og hæstv. fjmrh. vakti athygli á þá birtist nokkur þversögn í málflutningi hv. þm. þegar hann annars vegar vakti athygli á nauðsyn þess að koma í veg fyrir hækkanir á tekjustofnum og hins vegar að kvarta undan að stighækkandi tekjur gengju ekki til vegagerðar vegna framkvæmda. Um þennan málflutning er svo sem ekki mikið að segja, en vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. þá vil ég segja að auðvitað verður það fyrst og síðast og eingöngu ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hvaða fjármunir ganga til vegagerðar.

Ég tel að það frv. sem hér er til umræðu og afgreiðslu sé nauðsynlegt. Ríkisstjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu að gera breytingar, sem ég er aðili að og tek þátt í þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að sjálfsögðu. Ég tel það í fyllsta máta eðlilegt að við tökum ákvörðun um það hverju sinni hvernig við öflum tekna og hvernig við dreifum þeim tekjum, m.a. til vegagerðar.

Ég fagna því hins vegar að hér skuli birtast mikill áhugamaður um framkvæmdir í vegagerð. Það fór nú satt að segja ekki mikið fyrir því í sumar þegar Samfylkingin krafðist þess að tekjurnar yrðu skertar. Og það voru til þingmenn sem hikuðu ekki við að segja að það ætti auðvitað að draga úr framkvæmdum í vegagerð á þessu ári um leið og þeir kröfðust þess að bensínverðið lækkaði. Það er því ekki mikið samræmi í málflutningi hv. 6. þm. Reykn. og hins vegar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur verið að gera athugasemdir við það að tekjurnar gangi ekki óskertar til vegagerðar og ég get vel tekið undir það og vænti þess að hann veiti mér stuðning þegar þar að kemur, þegar fjallað verður um auknar framkvæmdir í vegagerð.

[15:42]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það tók ekki langan tíma fyrir gamla þrjóta í þessari ríkisstjórn að berja niður metnaðargjarna nýja ráðherra. Hér er hæstv. samgrh. kominn undir vænginn hjá hæstv. fjmrh., það þarf ekki frekari vitnanna við. Hann treystir á forsjá hans í einu og öllu. Ég átti nú von á meiri metnaði og sjálfstæði hjá hæstv. samgrh. en hans orð bera vitni um.

Ég verð að leiðrétta það, þó að það hafi verið gert hér í þessari umræðu, bæði það sem kom ítrekað fram hjá hæstv. samgrh. og hann hafði eftir hæstv. fjmrh., um að tillöguflutningur Samfylkingarinnar í júní hefði leitt til þess að saman hefði verið dregið í vegamálum. Það eru hrein og klár ósannindi. Menn skulu bara lesa sér til um það. Við gerðum hins vegar tillögu um það að sú viðbót umfram forsendur vegáætlunar, sem hækkun sérstaka bensínsgjaldsins hafði leitt til, yrði af tekin. Það var ekki meira en það. Það var ekki lögð til skerðing upp á eina einustu krónu, ekki eina einustu krónu. Menn skulu bara lesa sér til áður en þeir fara upp með svona fjarstæðu og þvælu.

Það sem við erum kannski fyrst og síðast að ræða, og ég lagði mikla áherslu á og ég spurði eftir því sérstaklega, var hvort hæstv. samgrh. hefði ekki áhyggjur af því í ljósi reynslunnar sem forveri hans, núverandi hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, lenti í margsinnis ár eftir ár á síðasta kjörtímabili þegar teknir voru af honum peningar sem bar að veita til vegamála. Mikil er trú nýs hæstv. samgrh. ef hann telur að þær breytingar sem verið er að gera hér, sem eru eðlisbreytingar sumpart og kippa að sumu leyti úr sambandi þessum tengingum milli þeirra sem nota vegina og þeim fjármunum sem aftur renna til endurbóta á þeim og nýbygginga, hvort hann hafi engar áhyggjur af því að slíta þetta samhengi.

[15:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil segja hv. þm. það að ég hef engar áhyggjur út af því, vegna þess að ríkisstjórnin hefur nú þegar sýnt það og sannað að hún leggur mikla áherslu á uppbyggingu samgöngukerfisins í landinu. Við höfum hins vegar ekki óþrjótandi fjármuni, það liggur fyrir. Og við höfum þess vegna orðið að hægja á á stundum.

Það er rétt sem hv. þm. vakti athygli á að sum ár hefur þurft að draga úr en á öðrum síðan að auka við framkvæmdir í samgöngumálum. Nauðsynlegt er að hv. þm. átti sig á því að tekjur af umferðinni hafa ekki og ganga ekki allar til vegaframkvæmda. Stór partur af tekjum af sölu bensíns og olíu og vegna bifreiðagjalda rennur til ríkissjóðs sem almennar tekjur vegna kostnaðar við heilbrigðiskerfið og skólakerfið o.s.frv. Það eru staðreyndir sem við búum við en auðvitað væri því mjög æskilegt ef allar tekjur af umferðinni gætu runnið til vegaframkvæmda en hlutirnir eru bara ekki svo einfaldir. Auðvitað vilja samgönguráðherrar hafa sem mesta fjármuni en samgönguráðherrar eins og allir aðrir ráðherrar í ríkisstjórn og eins og þingmenn á Alþingi Íslendinga verða auðvitað að taka þeirri niðurstöðu sem fengin er á Alþingi hvað varðar fjárlög. Það er mergurinn málsins.

[15:46]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi hér skýrt fram að það vita hv. þm. og vel flestir að auðvitað fara ekki allar tekjur af umferð til uppbyggingar vegamála og samgöngubóta. Ég er sérstaklega að tala um hið sérstaka vörugjald af bensíni, þ.e. bensíngjaldið sjálft, sem er auðvitað ekki ekki meginefni þeirrar umræðu sem við erum hér að fara í gegnum en tengist henni þó óbeint vegna þeirra breytinga sem gerðar eru í 2. gr. frv. Að öðru leyti held ég að lítil ástæða sé til þess að kvitta fyrir seinni ræðu hæstv. samgrh. Hún segir allt sem segja þarf. Ég og aðrir hafa tekið eftir því að í fyrsta frv. nýrrar ríkisstjórnar og nýrra ráðherra er frestað umtalsverðum fyrirhuguðum framkvæmdum í vegamálum og samgöngumálum, málaflokki sem fram undir það síðasta hefur ekki verið talið mjög þensluhvetjandi vegna þess að hann er ekki yfirleitt ekki mjög mannaflafrekur. Þetta lætur hæstv. samgrh. ganga yfir sig við þessa fyrstu fjárlagagerð og var ekki annað á

honum að heyra en hann léti sér það vel líka og þetta er þá kannski vísbending um það sem koma skal.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Aðgangur að sjúkraskýrslum.

[15:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í lok síðustu viku bárust þær fréttir að starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar hefðu fengið leyfi til þess að rannsaka sjúkraskrár á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Tölvunefnd hafði samkvæmt fréttum veitt þessa heimild. Athygli og furðu vakti sú staðreynd að samkvæmt heimild tölvunefndar höfðu starfsmenn fyrirtækisins fengið leyfi til að gramsa í gögnum sjúklinga án þess að persónueinkenni væru afmáð. Síðar kom í ljós að forsvarsmenn sjúkrahússins hygðust hafa vit fyrir tölvunefnd og mæltust til þess að nöfn sjúklinganna yrðu afmáð. Eftir sem áður eiga starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar að fá aðgang að þessum gögnum. Landlæknir hefur nú lýst efasemdum um að rétt sé að farið og á honum er að skilja að óeðlilegt sé að heimila aðgang að sjúkragögnum fólks án þess að einstaklingarnir séu beðnir um það. Við þetta mál, sem ég lít mjög alvarlegum augum, vakna ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi er það staðreynd að þrátt fyrir lagalegar heimildir um gerð miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði og greinilegan ásetning ríkisstjórnarinnar að semja við fyrirtækið Íslenska erfðagreiningu um afnot af heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar hefur ekki verið gengið frá samningi við fyrirtækið enn þá. Fyrir þá sem eru áhugasamir um jafnræði með fyrirtækjum má spyrja hvers vegna fulltrúum þessa fyrirtækis sé veittur þessi forgangur. Megum við þá e.t.v. eiga von á því að öðrum fyrirtækjum sem kynnu að vilja versla við ríkisstjórnina með sjúkraskýrslur verði veitt svipuð leyfi?

Reyndar finnst mér þetta ekki vera mergurinn málsins heldur hitt að verja sjúklinga og standa vörð um lagalegan og siðferðilegan rétt þeirra. Þær varnir eru því miður að brotna niður eða það sem verra er, ríkisstjórnin er að brjóta þær varnir niður. Ég hef efasemdir um að það sem nú er að gerast sé í samræmi við lög um réttindi sjúklinga og hitt er ljóst, morgunljóst, að siðferðilega stenst þetta engan veginn. Full ástæða er til þess að hafa af því áhyggjur að þeir sem eiga að standa vörð um mannréttindi og almannahag í heilbrigðisþjónustunni séu að bregðast skyldu sinni. Á því sviði horfi ég til fjögurra aðila.

Í fyrsta lagi horfi ég til vísindasiðanefndar. Hún hefur fram á þennan dag reynt að standa vakt sína og reyndar gerði hún það svo vel gagnvart gagnagrunnsfrv. ríkisstjórnarinnar að hún var rekin með ráðherravaldi nú síðsumars. Það mál verður sérstaklega tekið til umræðu á Alþingi að frumkvæði okkar.

Í öðru lagi horfi ég til starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar. Ég skal játa að ég hef spurt sjálfan mig hvort þær stéttir ætli að láta allt yfir sig ganga í þessu efni. Eðlilegt er að menn velti því fyrir sér hvort peningalegir, fjárhagslegir hagsmunir hangi þar á spýtunni. Eðlilegt er að menn spyrji hvort lykilmenn í heilbrigðisþjónustunni sjái sjálfir hagnaðarvon í samningunum fyrirhuguðu við Íslenska erfðagreiningu. Þess vegna var það mikill léttir að heyra nú í hádeginu fréttirnar frá læknasamtökunum sem fordæma framgöngu tölvunefndar.

Í þriðja lagi horfi ég einmitt til hennar. Hún hefur komið fram í þessu máli með miklum ólíkindum og verður fróðlegt að heyra rökstuðning tölvunefndar, sem verður að sjálfsögðu óskað eftir, fyrir því að heimila að opna sjúkraskrár einstaklinga fyrir fyrirtækjum.

Í fjórða lagi horfi ég til Alþingis og ríkisstjórnar. Í þessu máli er það hæstv. heilbrrh. sem er í forsvari. Nú beini ég tveimur spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Á hvern hátt hefur hæstv. heilbrrh. komið að því að heimila starfsmönnum Íslenskrar erfðagreiningar aðgang að sjúkraskýrslum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur?

2. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra beita sér í þessu máli í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið?

[15:52]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil strax taka fram að ég held að 13. þm. Reykv. gangi gott eitt til að taka þetta mál upp utan dagskrár. Persónuverndin heyrir að vísu undir tölvunefnd og dómsmrn. en að öðru leyti svara ég hv. þm.

Í ráðuneytinu er unnið að undirbúningi leyfis til rekstrar gagnagrunns á heilbrigðissviði á grundvelli laga nr. 139/1998. Skipuð var nefnd til að gera tillögu til ráðherra um veitingu rekstrarleyfis og efni þess. Nefndin er skipuð Davíð Á. Gunnarssyni ráðuneytisstjóra, Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda og Jóni Sveinssyni hæstaréttarlögmanni.

Nefndin leitaði fyrir skemmstu eftir því við tölvunefnd að fulltrúar Íslenskrar erfðagreiningar og Sjúkrahúss Reykjavíkur fengju leyfi til að athuga 30 sjúkraskrár til að geta áttað sig á hvaða upplýsingar væru skráðar. Tölvunefndin veitti heimildina tafarlaust að settum skilyrðum sem viðkomandi sættu sig við. Heilbrrn. hefur ekki komið beint að málinu en þar sem tölvunefnd tryggir persónuvernd borgaranna í landinu þótti þriggja manna nefndinni rétt að fara fram á heimild frá henni. Ég tek sérstaklega fram að færustu sérfræðingar hafa komið að málinu. Ég treysti fullkomlega mati sérfræðinganna, sem kunnir eru fyrir ábyrgð í störfum sínum, til að fara með þetta mál samkvæmt ströngustu kröfum. Tölvunefnd hefur hingað til verið fullkomlega treystandi þegar persónuvernd er annars vegar. Skilyrði hennar nú sýna að hún er traustsins verð. Rekstrarleyfisnefndin er í viðræðum við Íslenska erfðagreiningu um gagnagrunninn. Það sem hér er spurt um er liður í þeim undirbúningi. Að öðru leyti tel ég mér ekki fært að svara fyrir jafnágæta nefnd og tölvunefnd og ég veit að hv. þm. skilur það og virðir.

[15:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Fyrir rúmu ári fór fram í þinginu mikil umræða um persónuupplýsingar, aðgang að sjúkraskrám, dulkóðun og fleira sem viðkemur persónuvernd og það í umfjöllum um gagnagrunnslögin. Menn voru sammála um að mikil leynd þyrfti að ríkja í meðferð sjúkraskráa og almenningur ætti að eiga þess kost að hafna því að heilsufarsupplýsingar um þá færu í gagnagrunninn, þ.e. væru notaðar til rannsókna. Þó hér sé ekki verið að ræða um heilsufarsupplýsingar í gagnagrunninn, enda rekstrarleyfi ekki verið veitt enn, þá hefur tölvunefnd heimilað aðgang að 30 sjúkraskrám óháð því hvort viðkomandi sjúklingar hafi hafnað eða samþykkt að upplýsingar um þá verði notaðar í þessa veru. Það er alvarlegt þegar tölvunefnd veitir heimild sem þessa, aðgang að sjúkraskrám á þennan hátt. Við skulum ekki gleyma

því að 12.700 manns hér á landi vilja ekki heimila aðgang að sjúkraskrám sínum og upplýsingum. Ég fagna afskiptum landlæknis af málinu og yfirmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur og tel að þetta mál hafi verið leyst að frumkvæði þeirra. En svona vinnubrögð rýra álit og traust tölvunefndar og skaða vísindastarf á sviði erfðafræði. Það er slæmt vegna þess vaxtarbroddar í íslensku vísinda- og atvinnulífi sem það er. Tölvunefnd ber að vanda vinnubrögð sín og vinna í takt við vilja löggjafans.

Herra forseti. Seint verður of varlega farið þegar persónuvernd er annars vegar.

[15:57]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það vakti furðu mína eins og margra annarra að heyra þær fréttir nýverið að tölvunefnd hefði heimilað utanaðkomandi aðilum að skoða 30 sjúkraskár á Sjúkrahúsi Reykjavíkur án þess að fyrir lægi samþykki þeirra sjúklinga sem í hlut ættu eða þá lækna spítalans sem hafa skráð þessar sjúkraskrár sem trúnaðarmál og sérstaklega þegar í ljós kom að skýrslur þeirra þúsunda sem sagt hafa sig frá gagnagrunninum áttu ekki að vera undanskildar þessari skoðun.

Landlæknir hefur komið með ábendingar þess efnis að ná megi markmiðum tölvunefndar á annan hátt og ég treysti því að yfirvöld og tölvunefnd fari að ráðum hans í þessu mikilvæga máli.

[15:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Leyfi tölvunefndar við beiðni Íslenskrar erfðagreiningar um aðgang að 30 sjúkraskýrslum sjúklinga á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er forsmekkur að því sem koma skal varðandi aðgengi sjúkragagna og verndum persónuupplýsinga. Sjúkraskýrslur eru meira en safn upplýsinga sem hægt er að flokka og setja upp sem tölfræðilegar niðurstöður. Í sjúkraskýrslum eru viðkvæmar, persónulegar upplýsingar sem eiga að vera í vörslu og á ábyrgð yfirlæknis viðkomandi deildar sjúkrahúss eða heilsugæslustöðvar, og sérstök formleg og skrifleg umsókn þarf að berast um aðgang að þessum skýrslum.

Umfjöllun annarra en heilbrigðisstarfsmanna um sjúkraskýrslur er nýtt og mjög viðkvæmt svið sem þarf að fara varlega í að heimila fleirum aðgang að. Með samþykki tölvunefndar var farið inn á nýja braut sem brýtur í bága við siðferðileg gildi og reglur um meðferð sjúkraskráa. Samningur um miðlægan gagnagrunn er ekki enn til. Hann er í undirbúningi en ekki undirritaður og það verður að finna aðrar leiðir til þess að finna módel fyrir þetta fyrirtæki til að skrá persónulegar upplýsingar úr sjúkraskýrslum. Þessi nálgun er ekki til þess fallin að vekja traust á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru til að koma á samningi á milli Íslenskrar erfðagreiningar og heilbrigðisyfirvalda. Gengið var fram hjá vísindasiðanefnd og staðfestir það enn frekar hve brýnt er að koma á virkri og óháðri vísindasiðanefnd hið fyrsta. Landlæknir mótmælti þessum áformum og benti á aðrar leiðir til þess að prufukeyra módel að skráningu heilsufarsupplýsinga. Við í vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram í þinginu frv. til laga um breytingu á réttindum sjúklinga.

[16:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér finnst þessi umræða vera dálítið fljótfærnisleg. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að sérstök lög gilda um starfsemi tölvunefndar sem er sá aðili í þessu máli sem veitir leyfið, lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Þar er skýrt tekið fram í almennum kafla um reglur um heimild til skráningar að hún hafi heimild til þess að leyfa skráningu og geti bundið slíka heimild þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.

Ég hef ekki fyrr heyrt menn vega svo að tölvunefnd sem nú er gert. Mér er það undrunarefni að skyndilega skuli mat manna á tölvunefnd vera orðið það sem hér birtist í ræðum sumra þingmanna. Ég tel rétt að þeir færi frekar rök fyrir því að tölvunefnd hafi misstigið sig í þessu máli. Ég fæ ekki séð að svo hafi verið. Ég verð að vekja athygli manna á því að það er ekki hægt að gagnrýna tölvunefnd út frá afstöðu manna til þess hvort það eigi að gera gagnagrunn eða ekki. Þeir sem eru á móti því að gera gagnagrunn geta ekki gagnrýnt tölvunefnd fyrir að stuðla að því að lögunum um gagnagrunn sé framfylgt.

Mér finnst þetta að mörgu leyti vera eðlilegt fyrirkomulag, að þegar að gera á þennan grunn þá þurfa þeir sem eiga að smíða hann að hafa aðgang að gögnum til þess að geta áttað sig á því hvernig eigi að standa að verkinu. (**Gripið fram í:** Það er sem sagt búið að ákveða það?) Þannig að ég fæ ekki séð, herra forseti, að gagnrýnin eigi við rök að styðjast.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, vekja athygli á því að lögin sem ég vitna til heyra undir dómsmrh. og er á færi hans að setja reglugerðir um það mál og hlutast til um tölvunefnd þar sem ráðherra getur því við komið. Ég vil því segja við hv. þm. að það er algerlega á misskilningi byggt að beina þessari umræðu að hæstv. heilbrrh. sem hefur ekki nokkurt færi á að hafa afskipti af framkvæmd þessara laga.

[16:02]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það vill oft verða svo þegar gagnagrunninn ber á góma að mikið upphlaup verður hér í þingsalnum og oft út af takmörkuðu tilefni. Það er ljóst að ef gera á þennan gagnagrunn þá þarf að vinna að því að átta sig á því hvað í grunninn getur farið. Það er óhjákvæmilegt að menn fái aðgang að þessum sjúkraskýrslum og ég vek athygli á því að í leyfi því sem tölvunefnd hefur gefið út er leyfið gefið út til fimm aðila. Þar af eru fjórir aðilar sérfræðingar í heilbrigðismálum og einn tæknimaður.

Þetta leyfi veldur því að menn standa hér upp og halda því fram að öll siðferðislögmál hafi verið brotin. Gera menn sér virkilega ekki grein fyrir því að á hverjum einasta degi eru tæknimenn í flestum stærri sjúkrahússtofnunum landsins að vinna í slíkum skrám, að vinna upp úr þeim ýmis gögn og hanna í vissum tilfellum hugbúnaðarforrit sem geta nýst við þessar skrár? Allir þessir starfsmenn starfa án þess að störf þeirra séu háð eins hörðum skilyrðum og tölvunefnd hefur nú sett þessum fimm einstaklingum sem eiga að vinna þetta verk.

Það er sérkennilegt hve mikið ósamræmi er í málflutningi manna hér í sambandi við gagnagrunnsmálið. Gera menn sér ekki grein fyrir því að það liggur fyrir þingskjal, svar frá heilbrigðisráðuneytinu við fsp. á síðasta ári, þar sem skýrt kemur fram að á hverjum einasta degi streyma upplýsingar úr sjúkraskrám til ákveðinna aðila og ákveðins félags úti í bæ þar sem þær eru notaðar til rannsókna án þess að upplýst samþykki sé fyrir hendi. Þar eru þær keyrðar saman við grunna án þess að upplýst samþykki sé fyrir því og án þess að nöfnin séu afmáð? Hvers vegna í ósköpunum beina

menn ekki athygli sinni og hneykslan að þessum málum sem viðgengist hafa áratugum saman?

[16:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Menn geta svo sannarlega komið hér, eins og tvö síðustu dæmi sanna, og talið harla lítið mál og léttvægt hvernig farið er með 30 sjúkraskrár. Þeir geta talað um upphlaup að ástæðulausu og ótímabærar áhyggjur og allt þar fram eftir götunum. En ég verð að segja að alltaf finnst mér heldur dapurlegt þegar menn hafa ekki annað handbært í röksemdafærslunni en að bæta eitt böl svo að benda á annað verra.

Að vísu eru hér á ferð lærisveinar hæstv. forsrh. sem barði niður alla gagnrýni á gagnagrunnshugmyndirnar með því að benda á að meðferð sjúkraskýrslna væri nú þegar stórlega ábótavant. (**TIO:** Hv. þm., er krabbamein ekki mikið böl?) Skilur hv. þm. ekki þetta íslenska máltæki: „Svo skal böl bæta að benda á annað verra"? Það er að réttlæta eina synd með því að benda á það að fleiri séu framdar. Annars verð ég að fá málfræðing mér fróðari til að útlista þetta betur fyrir þingmanninum, hann hefur greinilega ekki mikla tilfinningu fyrir málinu.

Herra forseti, hér er um stórt mál að ræða vegna þess að hér er um prinsippmál að ræða. Þá skiptir fjöldinn, 30 eða 300 eða 3.000 ekki öllu máli. Hér er um prinsippmál að ræða sem snýr að persónuvernd og friðhelgi einkalífs og einkaupplýsinga. Á þeim grunni ber að ræða þetta. Og auðvitað hrukku menn við þegar þær undarlegu fréttir bárust að tölvunefnd hefði heimilað aðilum úti í bæ skoðun þessara upplýsingar án samþykkis þeirra sem þær eiga, þ.e. sjúklinganna. Ég segi að hér hafi brugðist þeir sem menn treysta á, þ.e. heilbrigðisráðuneytið, sem sannarlega fer með forræði fyrir heilbrigðismálum og ber ábyrgð á þeirri nefnd sem þarna er að störfum og það um leyfið, og svo auðvitað tölvunefnd. Það er þeim mun verra þegar slíkir aðilar eiga í hlut sem menn treysta að standi vaktina í þessum efnum — þeir brugðust.

Það bætir ekki það tjón sem hér er orðið þó svo vel takist til að Sjúkrahús Reykjavíkur og landlæknir nái að leiðrétta þessar vitleysur. Í mínum huga er skaðinn skeður. Þessir aðilar sváfu á verðinum og eru sekir um vítavert andvaraleysi svo ekki sé sagt kæruleysi. Ég vona að það verði þeim alvarleg áminning og sambærilegir hlutir endurtaki sig ekki.

[16:07]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu aðgangur að sjúkraskrám í þeim tilgangi að væntanlegur rekstrarleyfishafi gagnagrunns á heilbrigðissviði og heilbrigðisstofnanir geti ákvarðað hvaða upplýsingar skuli færðar í gagnagrunninn, hvernig það skuli gert og um leið leitað tæknilegra úrlausna um öryggisþátt gagnagrunnsins svo að skilyrðum löggjafans þar um verði fullnægt.

Þegar lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði voru samþykkt á síðasta vetri þótti mér miður að þau skilgreindu ekki hvaða heilbrigðisupplýsingar skyldu færðar í gagnagrunninn heldur var heilbrigðisstofnunum og rekstrarleyfishafa gert að semja um það. Því meiri ástæða er til að leggja áherslu á að öll undirbúningsvinna sé nákvæm og ítarleg.

Samkvæmt umsókn heilbrigðisráðuneytis þar um hefur tölvunefnd nú heimilað fulltrúum væntanlegs rekstrarleyfishafa aðgang að 30 sjúkraskrám að fullnægðum tilteknum skilyrðum og ég ætla að telja þau upp. Þau eru:

Að sjúkraskýrslur verði valdar af handahófi, skoðaðar innan veggja sjúkrahússins, engin afrit af þeim tekin, skoðunin fari fram undir eftirliti lækningaforstjóra sjúkrahússins og viðkomandi starfsmenn gangist undir þagnarskyldu.

Landlæknir hefur gert athugasemdir við aðferðafræðina í þessu máli, þ.e. hvernig staðið verði að vali á skýrslum til skoðunar og að persónuvernd og réttur þeirra sem hafa sagt sig úr gagnagrunninum sé ekki virtur. Hins vegar skil ég landlækni ekki svo að hann sé mótfallinn því að forathugun sem þessi fari fram.

Ég tek undir þær athugasemdir landlæknis sem snúa að persónuvernd og að virða ákvarðanir einstaklinga sem vilja ekki taka þátt í myndun gagnagrunns á heilbrigðissviði enda er það í anda laganna. Því legg ég áherslu á að persónuauðkenni verði afmáð af skýrslunum áður en þær koma til skoðunar og réttur þeirra sem sagt hafa sig úr gagnagrunninum verði virtur þegar ákvarðanir um aðferð verði teknar.

Á undanförnum árum hafa verið þróaðir gagnagrunnar sem byggja á heilbrigðisupplýsingum um einstaklinga, m.a. í þeim tilgangi að auka öryggi á ákvörðunum um heilbrigðisvanda einstaklinga. Notagildi slíkra gagnagrunna byggir á ítarlegri undirbúningsvinnu þar sem nákvæm þekking og mikil yfirsýn á viðfangsefninu eru lögð til grundvallar. Ég hef ekki orðið vör við að stjórnmálamenn hafi gert athugasemdir við þær aðferðir sem notaðar hafa verið við þróun þessara gagnagrunna hjá öðrum fyrirtækjum. Gera verður kröfur um að aðilar njóti réttarlegs jafnræðis í þessu máli sem öðrum.

[16:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ef ég skil þetta mál rétt þá virðist mér sem Íslensk erfðagreining hafi fengið einhvers konar tilraunaleyfi eða fengið að fara í einhvers konar æfingabúðir áður en vætnanlegt rekstrarleyfi verður gefið út, sem þá mjög líklega verður gefið út til þeirra því annars þyrftu þeir ekki á þessum æfingabúðum að halda. (**SJS:** Manni dettur það í hug.) Ja, ég skil það svo, virðulegi forseti.

Ég ætla nú ekki að fara nákvæmlega út í hvers eðlis þessar upplýsingar eru en ég leyfði fyrir þessa umræðu að rýna aðeins í lög um réttindi sjúklinga og reglugerð sem er undirrituð af Ingibjörgu Pálmadóttur 4. júlí 1997. Þar fæ ég ekki séð, virðulegi forseti, að nokkur heimild sé til þess að gefa út svona tilraunaleyfi. A.m.k. kemur það ekki fram í þessum lögum. Ef ég mætti lesa hér upp úr 15. gr. laga um réttindi sjúklinga þá segir þar, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd er heimilt samkvæmt lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám, þar með töldum lífsýnum, vegna vísindarannsókna, enda uppfylli rannsókn skilyrði vísindarannsóknar."

Hér virðist mér vera einhvers konar tilraunaleyfi í gangi þar sem Íslensk erfðagreining fái að undirbúa sig fyrir það að fá rekstrarleyfi um að reka gagnagrunn. Ég fæ ekki séð að þetta geti staðist, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Þetta eru vísindi.)

Hér er talað um, virðulegi forseti, af því að hv. þm. hefur við þessa umræðu tamið sér að grípa fram í, sérstaka vísindarannsókn. Það er talað um það að hér verði leyfið ekki veitt nema um sé að ræða sérstaka vísindarannsókn.

Það er hvergi talað um að eitthvert fyrirtæki úti í bæ geti farið í æfingabúðir til þess að undirbúa sig undir væntanlegt rekstrarleyfi.

Á þessu er síðan hnykkt sérstaklega í reglugerð sem hæstv. heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, hefur gefið út. Ég held því, virðulegi forseti, að það þurfi að rökstyðja þetta mál mun betur. Ég get ekki ímyndað mér að hægt sé að leyfa sér það að heimila einkafyrirtækjum úti í bæ að stunda einhverjar æfingabúðir á þessu sviði. Það held ég að geti ekki verið rétt, virðulegi forseti.

[16:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu, líka hinar kostulegu ræður sem þeir fluttu hv. þm. Tómas Ingi Olrich og Kristinn H. Gunnarsson. Þeir segjast ekki skilja málavöxtu eða koma auga á rök í þessu máli. Þetta mál er siðferðilegs eðlis og það er vissulega ekkert nýtt að þeir fái ekki komið auga á það þegar gagnagrunnurinn er annars vegar.

Það sem mér finnst óhugnanlegast í þessu máli og nú hefur komið berlega í ljós er að ríkisstjórninni er ekki treystandi í samningum um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, ekki treystandi í samningum við Íslenska erfðagreiningu. Það er líka alvarlegt ef ekki er hægt að bera traust til þeirra stofnana sem eiga að standa vörð um almannaheill. Hér nefni ég vísindasiðanefnd, þá vísindasiðanefnd sem nú situr og er orðin í ríkari mæli framlenging á ráðherravaldi. Sú sem áður sat var rekin vegna þess að ríkisstjórnin óttaðist að hún mundi standa í fæturna í samningaviðræðum við Íslenska erfðagreiningu um gagnagrunninn. Síðan nefni ég tölvunefnd, sem hefur fullkomlega brugðist í þessu máli. Ég nefndi hér í framsögu minni heilbrigðisstéttirnar og ég fagna þeirri yfirlýsingu sem kom frá Læknafélaginu. Þeir koma auga á staðreyndir málsins og segja, með leyfi forseta:

„Slík skoðun sem nú hefur verið heimiluð á sjúkraskýrslum samræmist hvorki landslögum né siðareglum lækna."

Að lokum vil ég vekja athygli á einu, herra forseti. Nú er væntanleg álitsgerð frá alþjóðasamtökum lækna, World Medical Association, um hvernig skuli fara með sjúkraskýrslur með sérstakri hliðsjón af þeim samningum sem íslenska ríkisstjórnin er að gera við Íslenska erfðagreiningu um persónuvernd. Þetta er væntanlegt núna á næstu dögum. Ég vek athygli á þessu og ég höfða til fjölmiðla um að rýna í þessa niðurstöðu. Ég beini því til hæstv. heilbrrh., sem svaraði hér með þeim skrifræðisrökum að persónuverndin heyrði ekki undir sitt ráðuneyti, að hagur sjúklinga gerir það. Réttindi þeirra heyra undir hana og þeir samningar sem gerðir eru við Íslenskra erfðagreiningu gera það. Ég spyr hæstv. ráðherra að lokum: Mun ráðherrann taka mið af niðurstöðum og ábendingum sem koma frá alþjóðasamtökum lækna og eru væntanlegar sennilega á næstu klukkustundum?

[16:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Málflutningur 13. þm. Reykv. staðfestir harða andstöðu hans við lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það kemur engum á óvart. Aðalatriði málsins eru að tölvunefnd hefur tryggt persónuvernd borgaranna í skilyrðum sínum. (**Gripið fram í:** Ekki segir Læknafélagið.)

Samtökin Mannvernd hafa gert athugasemd við málið, landlæknir hefur ritað Sjúkrahúsi Reykjavíkur og nú hefur stjórn Læknafélagsins slegist í þennan hóp.

Ég geri ekki kröfur til stjórnar Læknafélagsins í þessu máli en ég fer fram á að alþingismenn fari eftir leikreglum í málinu og hræri ekki öllu saman í einn graut til þess eins að koma á framfæri gagnrýni á lög sem Alþingi hefur samþykkt. Það stendur ekki til að flytja neinar upplýsingar í gagnagrunn úr þeim 30 sjúkraskrám sem hér um ræðir. Tölvunefnd setur strönga skilyrði um vinnulag. Og mótmælin, burt séð hvort þau koma frá Mannvernd, Læknafélaginu, landlækni eða vinstri grænum, verða menn að senda á rétt heimilisfang ef þeir hafa áhyggjur af persónuvernd. Ég endurtek: Ef þeir hafa áhyggjur af persónuvernd.

Út af dagskrá voru tekin 3.–4. mál.

Fundi slitið kl. 16:17.

---

5. FUNDUR

fimmtudaginn 7. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Staða garðyrkjubænda, beiðni um skýrslu, 18. mál, þskj. 18. *Hvort leyfð skuli.*

2. Kjör einstæðra foreldra, beiðni um skýrslu, 19. mál, þskj. 19. *Hvort leyfð skuli.*

3. Úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði, beiðni um skýrslu, 20. mál, þskj. 20. *Hvort leyfð skuli.*

4. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 3. mál, þskj. 3. — Frh. 1. umr.

5. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.

6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.

7. Starfsheiti landslagshönnuða, stjfrv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.

8. Iðnaðarlög, stjfrv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.

9. Öryggi greiðslufyrirmæla, stjfrv., 23. mál, þskj. 23. — 1. umr.

10. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.

11. Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.

12. Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 66. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 66.

Greiðslur ríkisjóðs á bótum þolenda afbrota, 67. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 67.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, 63. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 63.

Lagaskil á sviði samningaréttar, 70. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 70.

Meðferð einkamála, 64. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 64.

Skráð trúfélög, 69. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 69.

Vöruhappdrætti SÍBS, 65. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 65.

Ættleiðingar, 68. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 68.

Tilkynning um stjórnir þingflokka.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um stjórnir þingflokkanna. Þær eru þannig skipaðar:

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Sigríður A. Þórðardóttir formaður, Einar K. Guðfinnsson varaformaður og Ásta Möller ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Rannveig Guðmundsdóttir formaður, Jóhann Ársælsson varaformaður og Guðrún Ögmundsdóttir ritari.

Þingflokkur framsóknarmanna: Kristinn H. Gunnarsson formaður, Hjálmar Árnason varaformaður og Jón Kristjánsson ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingar – græns framboðs: Ögmundur Jónasson formaður, Þuríður Backman varaformaður og Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins: Guðjón A. Kristjánsson formaður.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tilkynningar um formennsku í eftirfarandi nefndum:

Á fundi allshn. í dag var Þorgerður K. Gunnarsdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Valgerður Sverrisdóttir varaformaður.

Á fundi heilbr.- og trn. í dag var Valgerður Sverrisdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Lára Margrét Ragnarsdóttir varaformaður.

Á fundi efh.- og viðskn. í dag var Vilhjálmur Egilsson kjörinn formaður nefndarinnar og Kristinn H. Gunnarsson varaformaður.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Klukkan 13.30, að afloknu fundarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um skipan nefndar til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Málshefjandi er hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Reykingabann í Alþingishúsi.

[10:33]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og þegar hefur komið fram á þessum fundi þá fundaði heilbr.- og trn. nú í morgun. Nefndin fagnar einróma þeirri ákvörðun hæstv. forseta að héðan í frá skuli ríkja reykingabann í Alþingishúsinu.

Okkur fannst fara vel á því að láta þetta koma fram þar sem fyrsti dagurinn er í dag sem ekki verður heimilt að reykja í húsinu. Það þarf kannski ekki að taka það fram en heilbr.- og trn. er reyklaus.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (gjöld af bensíni). — Þskj. 3.

[10:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er til áframhaldandi umræðu það þingmál sem rætt var í gær og varðar breytingar á tilhögun á innheimtu vörugjalds af eldsneyti, þ.e. bensíni. Mér auðnaðist ekki í gær að svara öllum þeim fyrirspurnum sem fram komu þó að mörgum hafi verið svarað og ég vil nota þetta tækifæri og svara í stuttu máli þeim spurningum sem eftir standa og komu fram í máli einstakra þingmanna. Ég vil líka nota tækifærið og þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur almennt fengið í þinginu. Mér heyrist að menn séu almennt sáttir við að breyta um aðferð við að innheimta vörugjaldið og séu almennt inni á því að það eigi að hverfa frá því að innheimta hlutfallsgjald sem magnar sveiflur og fara yfir í að innheimta fast krónugjald sem dregur úr sveiflum.

Eðlilega vakna ýmsar spurningar um mál sem þetta og það er fullkomlega rétt að menn beri þær fram við umræður hér og ég reyni að svara því sem ég hef svör við.

Ég vil segja í upphafi að hv. þm. Jón Bjarnason vék að örlítið öðru máli í sínu tali. Hann vék að innheimtu þungaskatts. Má vera að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi líka drepið á það. Það er mál sem fjallað er um í öðrum lögum og er ekki sama málið og þetta þó að það sé skylt.

Ég vil gjarnan láta það koma fram af þessu tilefni að þungaskattsinnheimtan hefur verið til meðferðar eins og ýmsir þingmenn muna á undanförnum árum, bæði í fjmrn. og í þinginu, og lögum hefur ítrekað verið breytt, m.a. vegna frumkvæðis eða ábendinga frá samkeppnisráði. Það hefur enn á ný borist álit frá samkeppnisráði vegna þessa máls og það er best að segja það strax að málið er til áframhaldandi skoðunar í fjmrn. Við gerum ráð fyrir því að það muni síðar koma til kasta þingsins. En vegna þess að það eru ekki sömu lögin og við erum hér með til meðferðar, sé ég ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um það hér. Við komum væntanlega að því síðar á þinginu vegna þess að þetta er gamall kunningi sem stingur hér upp kollinum annað slagið.

Ég vil koma að spurningum hv. 5. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, sem ég náði ekki að svara í gær. Hún getur að vísu ekki verið hér viðstödd og var búin að segja mér það. En ég sagði henni að ég mundi svara því sem ósvarað væri þannig að það lægi fyrir hver mín afstaða til þeirra atriða væri og það er í góðu samkomulagi okkar í milli.

Hún spurði hvort unnt væri að hafa þetta fyrirkomulag með öðrum hætti, þ.e. þannig að það væri 97% vörugjald upp að ákveðnu þaki. Þessi hugmynd hefur heyrst frá nokkrum aðilum úti í þjóðfélaginu en ég tel að þetta sé ekki raunhæf tillaga. Mér er ljóst hvað liggur þarna að baki, en ég held að það sé annaðhvort að fara alveg yfir í fast krónugjald eða halda sig við hlutfallstölurnar. Sambland af því gengur sjaldnast nema bæði sé þak og gólf. Ég held að hyggilegast sé að gera þessa breytingu sem hreinasta þannig að menn viti nákvæmlega hvar þeir standa í þessu efni. Ég leggst þess vegna gegn því að fara þá leið sem við skoðuðum reyndar í fjmrn. áður en frv. var samið og ákváðum að gera ekki að okkar.

Þingmaðurinn nefndi að ef litið væri á annað meðaltal en er að finna í greinargerð frv., þá kæmu aðrar tölur út. Ég gat þess í framsögu minni og það kemur fram í greinargerð frv. að talan 10,50 kr. af hverjum lítra er lægri en meðaltal af þessu gjaldi undanfarin fimm ár þegar búið er að framreikna það til núverandi verðlags. En hv. þm. benti á að ef tekið er meðaltal einungis af árinu 1998 og 1999, þá væri þetta nokkru lægra. Það er augljóst mál. Ef maður tekur meðaltal bara af árinu í ár þá yrði það enn lægra. Auðvitað fer þetta eftir því við hvað er miðað. En það er eðlilegt og sanngjarnt að horfa nokkuð langt aftur í tímann þegar verið er að taka svona ákvörðun og þess vegna m.a. hefur talan 10,50 verið valin. Eins og ég gat um í gær, ef menn fara enn lengra aftur í tímann en fimm ár, þá er hægt að finna enn frekari rökstuðning til þess að miða við þetta.

Eins og ég gat um hefur þessi tala verið notuð við undirbúning fjárlaga og ef menn skoða fjárlagatöluna fyrir þennan tekjustofn geta þeir nokkurn veginn reiknað út og séð í hendi sér að þar eru talan 10,50 á bak við.

Ég hef þegar svarað þeirri spurningu hver tekjuþróun af þessu gjaldi hefur verið á þessu ári og sömuleiðis af sérstaka vörugjaldinu eða bensíngjaldinu sem við köllum og rennur til vegagerðar. Það vill þannig til að báðir þessir tekjustofnar eru undir áætlun miðað við það sem menn höfðu gert ráð fyrir. Það stafar af því, eins og ég sagði í gær, að bensínið lækkaði miklu meira í innflutningsverði en áður hafði verið gert ráð fyrir á árinu 1998 og sömuleiðis í ár. Á þessu eru því skýringar. Ég get látið þess getið að á árinu 1998 var vörugjaldið sem við erum að fjalla um hér rúmlega 400 millj. kr. neðan við áætlun þess árs vegna þess hversu bensínið lækkaði mikið. Það hefur því ekki verið svo eins og margur hefur látið í þessum umræðum að ríkissjóður hafi haft einhvern óskaplegan ávinning af þessum bensínhækkunum að undanförnu miðað við það sem áætlað var.

Menn hafa spurt að því ítrekað hér hverjar væru umframtekjur ríkissjóðs vegna hækkunar á bensíni. Þær eru því miður engar vegna þess hve bensínið var búið að lækka mikið áður. Það er ágætt að þetta liggi fyrir.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir velti því fyrir sér hvort hér væri þá um varanlega breytingu að ræða sem mundi skila sér örugglega. Ég held að það sé alveg ljóst að ef þetta nær svona fram að ganga, þá er hér um varanlega breytingu að ræða. Hún mun örugglega skila sér. Hversu snemma fer eftir því hvenær þingið lýkur afgreiðslu málsins. Ég set enga sérstaka pressu á það að öðru leyti en því sem ég hef þegar bent á, þ.e. því fyrr, þeim mun betra fyrir bensínnotendur. Klukkan tifar á þá í þessu máli, eins og ég sagði í gær, en ríkisstjórnin hefur gert þetta mál að forgangsmáli í þeim skilningi að hún hefur flutt það mjög snemma og þetta er fyrsta þingmál fyrir utan fjárlagafrv. sem hér kemur til meðferðar.

Ég vil þá koma nokkuð að öðrum spurningum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði hvort unnt væri að setja einhvers konar endurskoðunarákvæði í lögin. Hv. þm. Þuríður Backman vék að sama atriði, að það væri eðlilegt að endurskoða þetta með reglubundnu millibili, kannski árlega, í tengslum við fjárlagagerðina og það er nákvæmlega það sem þarf að gera. Það þarf að taka sjálfstæða ákvörðun á hverju ári um það hvort þetta gjald eigi að vera óbreytt eða hvort það eigi að breyta því. Það er eðlilegast að mínum dómi að gera það í tengslum við fjárlagagerð. Ég held að það sé ekki eðlilegt að hafa sjálfvirkt breytingarákvæði í lögunum, en það er að sjálfsögðu hægt. Ég bendi á í tengslum við 2. gr. frv. um að afnema reglugerðarheimild ráðherra og flytja hana yfir til þingsins, þá væri að sjálfsögðu hægt að setja í frv. ákvæði um að bensíngjaldið skyldi hækka eða breytast með einhverjum ákveðnum hætti á einhverjum ákveðnum tíma. Það er hægt að setja það í lögin. Það er þá ákvörðun þingsins.

Sama er hægt að gera við vörugjaldið og segja: Það á að hækka á einhverjum ákveðnum tíma um eitthvað ákveðið eða lækka, ef menn vilja það. Þetta er allt saman hægt en það verður að gerast með lögum héðan í frá. Það verður að ákveðast á Alþingi og það er eðlilegt að mínum dómi að gera það í hvert skipti þegar fjárlagaundirbúningur er á ferðinni í stað þess að gera það með sjálfvirkri endurskoðun eða með ákvæðum eins og þeim sem ég nefndi, að á ákveðnum tímapunkti mundu gjöldin breytast.

Breytingin sem varðar bensíngjaldið og lýtur að því að afnema reglugerðarheimild ráðherra er mjög mikilvæg. En hún er að hluta til annars eðlis. Hún snýst um að flytja reglugerðarvald frá ráðherra til Alþingis. Alþingi getur síðan ákveðið, ef það vill, að þetta gjald eða eitthvert annað gjald hækki í samræmi við vísitöluhækkanir. En þá er líka verið að ákveða að svo skuli vera og ekki verið að fela ráðherranum mat um það hvort það eigi að gera eða fela honum valdið til þess.

Ég held að málið liggi nokkuð ljóst fyrir. Það er ekki þannig að með þessu sé verið að taka undir það frv. sem var flutt í vor af hálfu Samfylkingarinnar, eins og hefur komið fram í umræðunum, án þess að ég vilji taka upp þá umræðu á nýjan leik. Það sem hefur gerst frá því að málin voru rædd á sumarþinginu er öllum ljóst. Ég hélt því þá fram að bensínlækkanir væru fram undan. Það var almennt talið vegna þess að þá var vetur afstaðinn og eftirspurn eftir olíu minnkar venjulega í kjölfarið á því og þar með lækkar verðið. Aðrir atburðir urðu til þess að þetta varð ekki raunin. Við því erum við að bregðast núna.

Bensíngjaldshækkunin, sem var til umræðu á vorþinginu, var allt annars eðlis heldur en þessi breyting. Hún snerist um það að ráðherra hafði hagnýtt sér reglugerðarvald sitt til þess að hækka bensíngjald er rann til vegagerðar í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir í fjárlögum og vegáætlun.

Hérna er verið að tala um tekjustofninn sem rennur í ríkissjóð. Hann var ekkert sérstaklega til umræðu á vorþinginu. Við erum að breyta því kerfi sem við höfum komið okkur upp á undanförnum árum, sem hefur magnað upp sveiflur, og festa það í form sem dregur úr sveiflum. Það er kjarni málsins. Það er kjarni málsins og síðan verður maður bara að vona að því til viðbótar verði verðlagsþróun á olíuvörum þannig að hún verði þjóðarbúi okkar hagstæð. Það vitum við náttúrlega ekki um frekar en í vor.

Ég vil endurtaka þakkir við þær undirtektir sem málið hefur fengið. Ég vona að það fái ítarlega og ígrundaða skoðun í efh.- og viðskn. eins og öll svona mál eiga að fá og að allir sem telji sig eiga hagsmuna að gæta fái þar áheyrn og geti komið sjónarmiðum sínum að. En ég vona eigi að síður að málið fá greiða og góða afgreiðslu í nefndinni þegar slíkri yfirferð er lokið.

[10:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hæstv. ráðherra segir liggur þetta mál tiltölulega ljóst fyrir og stjórnarandstaðan er ekki í neinum grundvallaratriðum á móti því þó að við hefðum kosið að sjá það með ýmsum öðrum hætti fram sett.

Ég kem hins vegar upp, herra forseti, til þess að inna hæstv. ráðherra eftir afstöðu til umræðunnar sem átti sér stað í gær varðandi mögulegar breytingar á þeim gjöldum sem lögð eru á eldsneyti og ég og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddum í gær. Ég vakti þá máls á því að, eins og málum er háttað í dag, er ferns konar gjald og eftir atvikum má segja að það séu fimm tegundir gjalda sem eru á eldsneyti. Ég benti á að víða erlendis væri verið að fara þá leið að varpa fyrir róða gjöldum af þessu tagi og taka í staðinn upp umhverfisgjald. Ég vísaði til þess að á vegum ríkisstjórnarinnar var gerð skýrsla um notkun hagrænna stjórntækja við umhverfisvernd og benti á að undir forustu ríkisstjórnarinnar hefði verið lögð fram hugmynd í formi skýrslu á vegum umhvrn. þar sem einmitt er tekið undir hugmyndir af þessu tagi. Ég veit til þess að um nokkurra ára bil hafa a.m.k. verið vangaveltur um þetta í fjmrn., þar sem sérfræðingar hafa verið af mikilli skynsemd að velta þessum málum fyrir. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra, áður en þessari umræðu lýkur: Hver er afstaða hans til þessarar þróunar?

[10:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. rakti í gær hvaða gjöld væru lögð á bensínið. Hann fór að vísu ekki alveg rétt með það en látum það nú vera. Hann talaði um að bensíngjaldið væri 23%. Það er ekkert slíkt bensíngjald, það er fast krónutölugjald sem er núna kr. 28,60 kr. En skítt með það, látum það liggja á milli hluta.

Spurningin er sú: Koma umhverfisskattar einhvern tíma til greina? Svarið er já við því af minni hálfu. Við höfum lagt við hlustir í þeim efnum í fjmrn. og lagt ákveðna vinnu í það innan dyra að vega og meta hvenær slík gjöld eiga við. Hv. þm. nefndi sjálfur í gær einn hlut sem hann er sjálfur býsna ánægður með, að mér heyrðist, úr starfstíma sínum sem umhvrh. sem er spilliefnagjaldið. Það er mjög gott dæmi um vel heppnaða gjaldtöku á sviði umhverfismála. Skilagjald á einnota umbúðir er auðvitað annað slíkt dæmi og þannig mætti áfram telja. Það er verið að þróa þessa hluti víða um heim og alveg ástæðulaust að loka augunum fyrir því.

En ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem spunnust á milli þingmannanna Össurar Skarphéðinssonar og Kristins H. Gunnarssonar í gær um stefnu Samfylkingarinnar í þessu efni. Við leggjum háa skatta á bensín. Segja má að það sé í og með óbeint til þess að leggja umhverfinu virkt lið. Við höfum ekki verið með formlegan koltvísýringsskatt en þetta er auðvitað óbeinn slíkur skattur. Ég skildi tillögu Samfylkingarinnar þannig í vor að það væri verið að leggja til nýjar og auknar álögur á koltvísýringsútblástur og þar á meðal á bensín. Við tókum ekki undir það á þeim tíma því að eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði hér í gær þá erum við nú sennilega komin á ystu mörk í skattlagningu á bensín.

[10:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hæstv. ráðherra að það hafi átt sér stað einhverjar sérstakar deilur á milli mín og hv. þm. Framsfl., Kristins H. Gunnarssonar, um þetta. Þetta voru vinsamlegar orðræður.

Af því að ég veit að hæstv. ráðherra er alinn upp á kristilegan hátt í Vesturbænum veit hann og það stendur í helgri bók: Ræða þín skal vera já, já og nei, nei. Mér þætti nú vænt um það varðandi þetta mikilvæga mál sem hér er til umræðu, sem varðar framtíðarstefnu um umhverfisvernd, þá láti hæstv. ráðherra uppi hver er skoðun hans á þessu. Hann kemur hér og slær úr og í. Getur verið að hæstv. ráðherra sé ekki kunnugt um þær tillögur sem liggja fyrir af hálfu sérfræðinga ríkisstjórnarinnar í þeirri skýrslu sem unnin var með aðstoð hans sérfræðinga? Þar er lagt til að þessi leið verði farin. Hún er m.a.s. útfærð næsta ítarlega. Ég get tekið undir þá útfærslu sem þar er þó að flokkur minn hefði viljað fara örlítið aðra leið.

Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. upplýsi þingið um:

1. Er honum kunnugt um tilvist skýrslunnar?
2. Hefur hann lesið hana?
3. Er hann sammála þeim tillögum sem þar koma fram?

[10:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir nú margt. Hann sagði það á sumarþinginu, af því að honum er títt að vitna til þess, að hæstv. fjmrh. væri hér eins og górilluapi og berði sér á brjóst. Svo kom hann næsta dag og sagði: Hæstv. fjmrh. er í því hér að hreyta skít í fólk. Þótti mér nú reyndar vera nokkur mótsögn í því. (**ÖS:** Það gera górilluapar nú.) Hann er hins vegar vel að sér í Biblíunni og allt gott um það. Hann man kannski eftir því sem hæstv. fyrrv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, sagði einu sinni „... ræða þín skal hvorki vera já, já né nei, nei."

Það gildir um þetta mál með umhverfisskatta að það er að sjálfsögðu ekki hægt að alhæfa um þetta. Ég tók það fram, fjmrn. hefur lagt ákveðna vinnu í þessi mál. Það hafa verið sérfræðingar á okkar vegum að vinna í þessu, m.a. með umhvrn. og reyndar á okkar vegum eingöngu og það er sjálfsagt að hafa augun opin fyrir þessu.

En ég tek ekki undir það að leggja eigi auknar álögur á bensín undir því yfirskini að verið sé að leggja á koltvísýringsskatta. Við erum auðvitað óbeint að því, eins og ég segi, með því að vera með háar álögur á bensín, reyndar mjög miklar. (**Gripið fram í:** Hvað segir Biblían um það mál?) Það er nú rétt að leita til sérfræðingsins sjálfs um það.

En ég held að það sé ekki hægt að svara þessu neitt skýrar. Ég held að menn verði að hafa augun opin og leggja við hlustir í máli sem þessu. Við áttum ágætt samstarf fyrr á árum um spilliefnagjaldið m.a. Ég er eiginlega alveg viss um það að við erum ekki komnir á leiðarenda í tillögugerð eða í því að huga að slíkum gjaldtökum. En við leysum það náttúrlega ekki í þessari umræðu eða í þessu tiltekna þingmáli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattfrelsi norrænna verðlauna, 1. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4.

[10:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytta tilhögun á skattfrelsi tiltekinna norrænna verðlauna. Þetta mál er reyndar skylt því sem fram kom í síðasta þingmáli, að því leyti að það snýst um að afnema reglugerðarheimildir ráðherra til að breyta sköttum og flytja slíkar heimildir til þingsins sjálfs.

Þessi breyting, svo sjálfsögð sem hún kann að hljóma, er afleiðing af stjórnarskrárbreytingum sem gerðar voru 1995, einkanlega 15. og 16. gr. þeirra stjórnskipunarlaga sem breyttu stjórnarskránni þá. Með frv. er lagt til að heimild fjmrh. til þess að undanþiggja tiltekin norræn verðlaun skattskyldu verði afnumin vegna þess að slík heimild er ekki lengur talin eðlileg í ljósi þessara stjórnarskrárbreytinga. Þess í stað er lagt til að talið verði upp tæmandi í lögum hvaða verðlaun eru undanþegin skattskyldu.

Rétt er að taka það fram að í gildandi lögum hafa nokkur slík verðlaun verið talin upp. Síðan hafa í áranna rás bæst við af ýmsum ástæðum ný verðlaun sem ráðherra hefur þá ákveðið með reglugerð að skyldu undanþegin með stoð í þeim lögum sem um þetta hafa gilt og eru frá 1976 og heita Lög um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Síðan hefur verið prjónað við þetta eilítið og síðasta breytingin var sú að ég gaf út reglugerð fyrr á árinu um að umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs, sem eru nákvæmlega sambærileg við tónlistarverðlaunin og bókmenntaverðlaunin, verði undanþegin.

Vegna þess hvernig að þessu hefur verið staðið í gegnum tíðina þá hafa þessi mál verið má segja í hálfgerðum graut. Upphaflega voru þarna ákveðnir hluti lögfestir. Síðan hefur verið bætt við með reglugerðum og eins og stundum er gleymast nú kannski ástæðurnar fyrir því að tilteknir hlutir voru teknir inn en aðrir ekki. Því má segja að þetta sé ákveðin lagahreinsun í leiðinni. En grundvallaratriðið er það að verið er að afmarka skýrt í lögum hvað megi vera undanþegið og hvað ekki.

Auðvitað er almenna reglan sú í tekjuskattslögunum að öll verðlaun, innlend jafnt sem erlend, eru skattskyld. En viðhorfið hefur verið það, og undir það er sem sagt tekið hér, að tiltekin heiðursverðlaun sem eru alveg sérstaks eðlis eins og Nóbelsverðlaunin, eins og verðlaun Norðurlandaráðs, er ég hef rakið, og örfá önnur norræn verðlaun séu þess eðlis að það beri að heiðra þá sem þau fá með því að undanþiggja þau skattskyldu. Ekki er hægt að jafna þessum verðlaunum við ýmislegt annað sem uppi er í heimi verðlaunanna ef svo mætti segja. Þess vegna hafa þessar reglur verið þrengdar. Menn geta séð það í fskj. hvernig reglugerðin lítur út í dag og hvað það er þá sem þá er fellt brott og hvað það er sem eftir stendur af þessu.

Herra forseti. Ég legg til að þetta litla mál gangi sína leið til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. og vænti þess að hún verði ekki í vandræðum með að afgreiða það. Ég vek athygli á því að þetta er eitt af mörgum þingmálum sem væntanlega munu koma til þings þar sem byggt er á þeirri meginreglu að aðlaga löggjöfina þeim stjórnarskrárbreytingum sem gerðar voru 1995, þ.e. að flytja reglugerðarvald frá ráðherrum og ganga þannig frá hlutunum að þingið sjálft taki ákvörðun um allar skattalegar ívilnanir eða eftirgjafir sem kunna að vera fyrir hendi, jafnt sem allar breytingar upp og niður á sköttum. Meginhugsunin með stjórnarskrárbreytingunni 1995 var að Alþingi sjálft skyldi hafa þetta vald. Það lýsir sér í ýmsum smærri atriðum eins og þessu máli, þó að það hafi auðvitað upphaflega verið hugsað fyrst og fremst gagnvart hinum stærri skattamálum og því stærra valdaframsali sem áður tíðkaðist þegar Alþingi fól ráðherrum að gera meiri háttar ráðstafanir í skattamálum án þess að koma þar sjálft neitt við sögu.

[11:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að það er mjög jákvætt að minnka valdaframsal til framkvæmdarvaldsins og eiginlega mjög nauðsynlegt í ljósi þess að við viljum hafa aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. (**ÖS:** Skattalækkun, Pétur.) Kemur, kemur.

Herra forseti. Ég er á móti öllum undanþágum í skattkerfinu. Ég hef flutt frv. um afnám sjómannaafsláttar. Ég hef flutt frv. um að afnema skattfrelsi forseta Íslands og ég er á móti því að verið sé að veita sérstaka skattafslætti, t.d. við viss verðlaun. Ég skil ekki hvers vegna hægt er að hafa verðlaun sem einhver fær skattfrjáls á meðan launin sem annar fær fyrir að vinna uppi á hálendinu eða í þágu ríkisins eða annars staðar eru skattskyld undir drep. Ég skil ekki heldur varðandi gjafir, að það sem ég gef t.d. hæstv. fjmrh., ef ég gæfi honum einhverja gjöf, þá er það skattskylt hjá honum. En þessi verðlaun eru ekki skattskyld.

Ég hef því mjög miklar efasemdir um skattfrelsi þessara verðlauna. Hins vegar tek ég undir þá stefnu sem hér er mörkuð að færa þetta frá reglugerðarheimildum ráðherrans yfir í löggjöf og styð frv. að því leyti. En ég hef efasemdir um svona undanþágur og ívilnanir í skattheimtunni. Mér finnst að skattalög eigi að vera almenn og algild og gilda fyrir allar tekjur og alls staðar og að menn eigi frekar að vinna að því að lækka skattana umtalsvert þannig að ekki sé stöðugt verið að refsa fólki fyrir að vinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 11:04]

Starfsheiti landslagshönnuða, 1. umr.

Stjfrv., 21. mál (landslagsarkitektar). — Þskj. 21.

[11:17]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á starfsheiti landslagshönnuða á þskj. 21 og er 21. mál þingsins. Í frv. þessu er gert ráð fyrir því að hið lögverndaða heiti landslagshönnuða breytist í landslagsarkitekta en áfram megi þó nota heitið landslagshönnuður. Í þessu skyni yrði tvennum lögum breytt, annars vegar lögum nr. 8/1966, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, og hins vegar lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum.

Félag ísl. landslagsarkitekta, sem stofnað var 1978, óskaði eftir breytingu á löggjöf en hefðin fyrir starfsheitinu landslagsarkitekt er jafngömul félaginu og nota allir félagsmenn það.

Framangreind breyting hefur verið borin undir Arkitektafélag Íslands. Kom þá fram að allir félagar í Félagi ísl.

landslagsarkitekta eru með háskólapróf í landslagsarkitektúr og féllst Arkitektafélag Íslands á að þeir sem uppfylltu skilyrði til að gerast félagar í Félagi ísl. landslagsarkitekta fengju löggildingu á starfsheitinu landslagsarkitekt enda var gengið út frá því að menntunarkröfur væru sambærilegar þeim sem Arkitektafélag Íslands gerir til félaga sinna.

Við undirbúning frv. þessa var haft samband við Félag húsgagna- og innanhússarkitekta sem vildi einnig fá að nota orðið arkitekt sem viðskeyti í hinu löggilta starfsheiti sínu sem er húsgagna- og innanhússhönnuður. Þar er sumir félagsmenn í félaginu hafa ekki háskólamenntun eða sambærilega menntun eða þá minni háskólamenntun en arkitektar varð ekki samkomulag milli Félags húsgagna- og innanhússarkitekta og Arkitektafélags Íslands um að ástæða væri til að breyta gildandi löggjöf vegna húsgagna- og innanhússhönnuða og búast má við að félögin ræði málið nánar sín á milli. Er því ekki í frv. gert ráð fyrir breytingu á löggjöf með tilliti til húsgagna- og innanhússhönnuða. Ekki verður séð að frv. hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 22. mál (meistarabréf, útgáfa sveinsbréfa o.fl.). — Þskj. 22.

[11:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum, sem er á þskj. 22 og er 22. mál þingsins. Markmiðið með frv. sem er efnislega óbreytt frá 123. löggjafarþingi er í stuttu máli tvíþætt: Annars vegar er ætlunin að leysa úr vanda sveina við að fá meistarabréf í iðngrein sinni ef eigi er völ á meistara í greininni. Hins vegar er skilið á milli hlutverks menntmrh. annars vegar varðandi menntun í löggiltum iðngreinum og hlutverk iðnrh. hins vegar við að veita mönnum síðar starfsréttindi í þeim greinum.

Setning reglugerða um það hvaða iðngreinar skuli vera löggiltar, svo og útgáfa sveinsbréfa, mun við þessa breytingu færast frá menntmrh. til iðnrh.

Nú er það svo að skv. 10. gr. iðnaðarlaga þurfa þeir sem lokið hafa sveinsprófi í löggiltum iðngreinum ekki einungis að ljúka meistaraprófi í iðn sinni frá meistaraskóla heldur þurfa þeir einnig að hafa starfað eitt ár minnst undir stjórn meistara áður en þeir geta fengið meistarabréf í grein sinni. Þeir sem lokið hafa námi í meistaraskóla í nýrri iðngrein eiga hins vegar af skiljanlegum ástæðum ekki völ á meistara í iðngrein sinni. Það er með öðrum orðum ómögulegt þar sem enginn meistari er til í greininni. Úr þessu er ætlunin að bæta með breytingu á iðnaðarlögum.

Segir í 2. gr. frv. að í stað eins árs starfs sveina hjá meistara geti komið tveggja ára starf hans í hinni nýju iðngrein. Gildir þetta fimm fyrstu árin eftir löggildingu iðngreinarinnar því að hugsast getur að fyrsti eða fyrstu meistararnir í hinni nýju iðngrein geti ekki gefið öllum kost á starfi undir sinni stjórn. Eðlilegt þykir að gera kröfur um tveggja ára starf í iðngreininni í stað eins árs hjá meistara þar eð ætla má að starf hjá meistara sé notadrýgra.

Einnig er ætlunin með 2. gr. frv. að leysa úr þeim vanda ef ekki er starfandi meistari í iðngreint almennt eða sveinar eiga af öðrum ástæðum sannarlega engan kost á starfi undir stjórn meistara. T.d. ef starfandi meistari í fámennri iðngrein er að vísu til staðar en hann getur ekki vegna aldurs eða heilsuleysis tekið svein til starfa. Mundi þetta almenna ákvæði taka mið af sérákvæðum um nýju iðngreinina að loknum fimm árum frá löggildingu þeirra.

Bæði þegar ákvæðin um nýjar iðngreinar eða iðngreinar almennt gilda skal gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum sveina og meistara, kost á að segja álit sitt á því hvort völ sé á starfi í viðkomandi iðngrein. Samsvarandi ákvæði um að leita álits er í 2. mgr. 2. gr. iðnaðarlaga og snertir viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Álit þessara aðila getur auðveldað erfitt mat á því hvort völ sé á meistara. Tækifærið er notað til að fella niður núverandi 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna þar eð viðkomandi ákvæði eru orðin úrelt vegna þess að meistaraskóli er nú ávallt fyrir hendi í löggiltum iðngreinum.

Samkvæmt 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að iðnrh. ákveði í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar en menntmrh. hefur á grundvelli ákvæða 16. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, kveðið á um slíkt. Þetta ákvæði framhaldsskólalaganna mun falla úr gildi ef frv. þetta verður að lögum. Þykir eðlilegra að iðnrh. taki ákvarðanir um það hvaða iðngreinar séu löggiltar, þ.e. starfsréttur í iðninni heyri undir hann, en ekki menntmrh. sem sér hins vegar um menntun þeirra er starfa í löggildum iðngreinum. Gert er ráð fyrir að iðnrh. hafi samráð við menntmrh. við mat á löggildingu, enda getur löggildingin tengst kennslu t.d. í fámennum iðngreinum. Þá er gert ráð fyrir því að einnig sé haft samráð við landssamtök meistara og sveina um það hvaða iðngreinar skuli löggiltar.

Ákvæði 3. gr. frv. fela í sér að iðnrh. gefi út sveinsbréf í stað menntmrh. sem gefur þau út nú á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 278 frá 1997, um sveinspróf. Sama gjald verður tekið fyrir sveinsbréf og verið hefur, nú 5.000 kr. Eðlilegra þykir að iðnrh. gefi sveinsbréfin út en menntmrh. af framansögðu. Í því sambandi má geta þess að meistarabréf eru gefin út af lögreglustjórum á grundvelli iðnaðarlaga. Útgáfa meistarabréfa heyrir með öðrum orðum undir iðnrh.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á viðurlagsákvæðum 16. gr. iðnaðarlaga með hliðsjón af þeim breytingum sem felast í frv. Ítrekuð brot á iðnaðarlögum geta samkvæmt þessu ákvæði leitt til missis sveinsbréfs. Gert er ráð fyrir að breytingarnar samkvæmt frv. hafi óveruleg áhrif á kostnað ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og iðnn.

[11:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að ástæða sé til þess að taka undir það sem stendur í plagginu. Þau tvö atriði sem hæstv. ráðherra var að fara yfir að ættu að breytast með lagasetningunni eru hvor tveggja atriði sem ástæða er til að taka á. Ég vil þess vegna taka undir að það verði gert og ætla ekki að fara yfir það nánar. Ég kem fyrst og fremst upp í þeim tilgangi að spyrja hæstv. ráðherra um sýn hans á framtíðina í þeim atvinnugreinum sem verið er að ræða um og hvort hann ætli að beita sér fyrir því að það verði farið yfir stöðu iðngreina á Íslandi og menn átti sig á því hvaða réttindi meistarar eigi

að hafa í þessum iðngreinum og hvaða skyldur þeir eigi líka að hafa.

Sannleikurinn er sá að iðngreinar á Íslandi hafa verið að úreldast á undanförnum árum og eru meistararéttindi í þeim sumum hverjum lítils virði. Menn þurfa að velta því fyrir sér bæði hvaða atvinnugreinar það eru sem þurfa á slíku fyrirkomulagi að halda og hvaða réttindi og skyldur skulu fylgja því. Ég nefni sem dæmi málaraiðn. Hún hefur farið mjög halloka einfaldlega vegna breytinga á tækni. Það er margt annað iðnnám sem hefur úrelst í tímans rás.

Síðan er eitt atriði sem mig langar að koma að og það er hvernig hið opinbera fylgir eftir lögum og reglum af þessu tagi. Það er gert með myndarlegum hætti hvað varðar t.d. húsbyggingar. Þar höfum við meistarakerfi sem virkar. Þar höfum við lög og reglugerðir og við höfum byggingarfulltrúa og aðra sem fylgja því eftir að farið sé að þeim reglum sem þar eru í gildi.

Síðan hefur hið opinbera allt annan hátt á þegar kemur að t.d. skipasmíðum sem ég nefni vegna þess að þar þekki ég til. Þar hefur hin opinbera stofnun sem heitir Siglingastofnun. Sú stofnun fylgist með framkvæmdum á sviði skipasmíða og tekur út verkefni. Í þeirri stofnun gilda þær reglur að það getur hver sem er teiknað skip, það getur hver sem er smíðað skip og það getur hver sem er unnið hvaða verk sem er nánast í þessum skipasmíðum. (**Gripið fram í:** Þau eru misgóð eftir því hver smíðar þau.) Alveg hárrétt. Tilgangurinn með því að vera með meistararéttindi og/eða þau réttindi og þær skyldur sem verða þannig til er að atvinnugreinarnar þróist á jákvæðan hátt. En þegar hið opinbera gengur á undan eins og í því tilfelli sem ég er að nefna og lætur þessi réttindi vera sem einskis virði, þá er ekki gott í efni, enda fara menn ekki að læra þessar iðngreinar í dag. Menn sækjast ekki eftir þessum réttindum vegna þess að þau eru einskis virði. Það getur hver sem er, t.d. í þessum sal, gengið út og hafið framleiðslu á skipum af hvaða stærð sem er. Hann getur verið meistari fyrir þeim, hann getur lagt fram teikningar, hann getur lagt rafmagnið, sett niður vélarnar. Hann þarf engin réttindi til þess. Ég er ekki viss um að hv. alþm. hafi gert sér grein fyrir því að stofnun á vegum ríkisins eins og Siglingastofnun vinnur þannig. Ég spyr hæstv. iðnrh. hvort hann telji ekki að það þurfi að vera eitthvert samræmi í því sem hið opinbera gerir hvað slíka hluti varðar eins og eftirlit með byggingarframkvæmdum eða framleiðslu skipa eins og ég er hér að nefna sem dæmi.

En það er annað sem fékk mig til að koma í ræðustól og það er að hér stendur í athugasemdum við 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Hér er gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra ákveði í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar. Skv. 5. gr. frumvarpsins fellur við gildistöku laga á grundvelli frumvarpsins úr gildi ákvæði í lögum um framhaldsskóla en menntamálaráðherra hefur á grundvelli þess ákveðið í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar.“

Þetta stendur þarna skýrum stöfum. En þetta er ekki rétt. Menntmrh. hefur ekki gert þetta. Það er engin reglugerð í gildi um löggiltar iðngreinar og hefur ekki verið í gildi síðan lögunum var breytt sem hér er vitnað til. Og það er liðinn bara þó nokkuð langur tími síðan.

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann hafi vitað þetta og hvort það sé vegna þess að menn hafi verið að bíða eftir þeirri breytingu sem nú er verið að kalla fram með þessari lagasmíð sem hér er lögð á borð þingmanna, og það hafi verið þess vegna sem menntmrn. gaf ekki út reglugerð. Það er full ástæða til að velta þessu fyrir sér því að ótal spurningar vakna þegar engin reglugerð er í gildi um löggiltar iðngreinar. Hverjar eru þá löggiltar iðngreinar? Í lögunum stendur að þær skuli ákveðnar með reglugerð. Þess vegna er engin upptalning til í dag um það hvað eru löggiltar iðngreinar.

Það er t.d. hægt að spyrja: Hvert er gildi meistarabréfa sem hafa verið gefin út frá því að lögunum var breytt síðast þar sem engin reglugerð er til? Hvert er gildi meistarabréfa sem gefin voru út áður, á meðan þetta ástand varir? Hver er réttur og hverjar eru skyldur iðnaðarmanna ef á á að herða ef engin reglugerð segir til um það hvað eru löggiltar iðngreinar?

Mér finnst það óvirðing við iðnaðarmenn í landinu og við neytendur sem hafa viðskipti við iðnaðarmenn, að menn skuli hafa látið hjá líða allan þennan tíma frá því að lögunum var breytt árið 1996, ég er að tala um lög nr. 80/1996, að menntmrn. hafi ekki sett reglugerð á grundvelli þeirra laga. Það hafa einungis verið gefnar út tvær reglugerðir á grundvelli laganna um tvær iðngreinar, annars vegar snyrtifræði og hins vegar bifvélavirkjun, ef ég man rétt. Ég vil átelja harðlega hvernig að þessu hefur verið staðið frá hendi menntmrn. og spyrja hæstv. iðnrn. hvort hann hafi vitað af þessu og hvort þetta hafi verið af þeirri ástæðu að til hafi staðið að breyta lögunum. Það er engin afsökun fyrir því að ekki skuli hafa verið sett reglugerð. Það hefði auðvitað átt að setja reglugerð með svipuðum hætti og var í gildi fyrir þann tíma sem lögunum var breytt og láta þá reglugerð standa þangað til nýjar reglur tækju við, í staðinn fyrir að búa til þetta óvissutímabil sem staðið hefur yfir.

Ég hafði ekki séð þetta frv. til laga á þskj. 22, þegar ég lagði fram fyrirspurn á þskj. 52, enda komu öll mál hér inn í einni hrúgu, en hún hefur líkast til komið inn sama dag og frv. Þess vegna kem ég hér í ræðustól og ber fram athugasemdir mínar. Ég vonast hins vegar til þess að hæstv. iðnrh. og hæstv. menntmrh. muni í sameiningu taka til við að skoða málefni iðngreina á Íslandi með það fyrir augum að bæði menntun iðnaðarmanna og aðstæður þeirra, skyldur og réttindi verði tekin til athugunar í því skyni að íslenskur iðnaður og íslenskir iðnaðarmenn fái jákvæða hvatningu frá hinu opinbera sem fólgin er í þeim lagaramma og eftirlitskerfi sem hið opinbera setur fyrir iðngreinar. Það er sannarlega kominn tími til að þetta verði gert.

Ég vil eindregið hvetja til þess og er tilbúinn að leggja mitt af mörkum við það ef við fáum tækifæri til þess á hv. Alþingi.

[11:35]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir ágætis ábendingar og góðar undirtektir við málið. Ég held að það sé rétt sem fram kom hjá hv. þm. og full ástæða til að gera breytingar, enda gengur þetta frv. út á það annars vegar að skilja á milli þeirra krafna sem gerðar eru til menntunar iðnaðarmanna og hins vegar þeirra veitinga á starfsleyfum sem verða þá eftir þetta gefin út af iðnrh.

Ég gerði mér ekki grein fyrir því að þessi reglugerð hefði ekki verið sett, ég skal bara fúslega viðurkenna það, og leit svo á að á grundvelli hennar væri hægt að halda áfram eða að iðnrh. gæfi síðan út reglugerð í samræmi við þá reglugerð sem í gildi væri.

Ég held hins vegar að þetta sé ekkert stórmál og við eigum ekki að gera neitt stórmál úr því vegna þess að áður var í gildi

reglugerð, áður en lögunum var breytt 1996. Ég vil líta svo á að sú reglugerð, þrátt fyrir að hún sé ekki nákvæmlega í samræmi við þau lög eða lagabreytingarnar sem við gerðum, sé í gildi og skapi þann ramma um það sem við getum talað um sem löggiltar iðngreinar. Ég vonast til að við getum orðið sammála um það.

En á þessu þarf að gera bragarbót og af þeirri ástæðu er þetta frv. flutt í fullu samráði menntmrh. og iðnrh. Ég tek undir að þar þurfa þessi tvö ráðuenyti að eiga gott samstarf, bæði gagnvart því sem snýr að menntuninni og hins vegar því sem snýr að starfsréttindunum. Það er skynsamlegt að koma því fyrir þannig að það sé sitt hvort ráðuneytið sem gefur þetta út, annars vegar það sem sér um starfsréttindin og hitt sem sér um menntunina, en það þarf líka að vera mjög náið samstarf þar á milli og ég mun leita eftir því að það verði gert.

[11:37]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hæstv. iðnrh. hefur góðan hug í málinu og ætla ekkert að hafa neinar athugasemdir við það, en hitt vil ég segja að sú reglugerð sem féll úr gildi þegar lögin voru sett síðast getur ekki haft neitt gildi í dag og hefur ekki haft gildi síðan lögunum var breytt 1996. Og það er bara hreinlega, að mér finnst, mikil skömm að því að menntmrn. skuli ekki hafa sinnt skyldu sinni vegna þess að lögin sem þarna eru á bak við segja þetta skýrt og skorinort, að ákveða skuli hverjar séu löggiltar iðngreinar. Þær eru hvergi taldar upp annars staðar en í reglugerð. Og sé reglugerð ekki til staðar þá get ég ekki séð hvaða lagalega stöðu menn hafa sem eru í þessum iðngreinum og menn sem þurfa að sækja mál á hendur þeim sem þeir eiga jafnvel einhverjar sakir við, hafa unnið fyrir þá verkefni eða annað slíkt. Þetta veldur óvissu. Ég held því alveg hiklaust fram að endurútgefa þurfi meistarabréf og annað slíkt sem hefur verið gefið út á því tímabili sem engin reglugerð hefur verið í gildi. Það liggur í augum uppi að það hlýtur að þurfa að liggja fyrir, eins og lögin segja, hvað séu löggiltar iðngreinar. Ef sú reglugerð er ekki til staðar, þá eru þau lagalegu skilyrði einfaldlega ekki uppfyllt sem þarf að uppfylla, t.d. til að gefa út meistarabréf. En menn hafa haldið áfram að gera það þó að þeir hafi ekki haft neina reglugerð til að styðjast við.

[11:39]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að auðvitað er miður að þessi reglugerð hafi ekki verið til staðar. Nú skal ég bara viðurkenna að ég þekki ekki málið, það snýr ekki beint að iðnrn. hvað þetta snertir. Ég stóð hins vegar í þeirri meiningu að þetta væri tiltölulega einfalt og skýrt.

Ég held að óvissan sé ekki eins mikil og hv. þm. vill láta í veðri vaka vegna þess að auðvitað fengu menn réttindi sín á grundvelli reglugerðar sem var í gildi á grundvelli gömlu laganna. Það kann að vera einhver óvissa, ég ætla ekkert að draga úr því, um þá sem hafa fengið útgefin starfsréttindi eftir á, hafi ekki verið reglugerð í gildi, og kannski ekki síst gæti óvissan verið til staðar ef einhverjar aðrar og auknar kröfur hafa verið gerðar í lagabreytingunum frá 1996.

En ég held að ekki sé ástæða til að gera stórmál úr þessu. Aðalatriðið er að skynsamlegt væri að koma þessu í þann farveg sem ég sé að við erum báðir sammála um að gera, og að tryggja þá um leið öruggan grundvöll fyrir slíkum starfsréttindum. Ég held það gæti hálft í hvoru verið slæmt gagnvart þeim sem hafa fengið slík réttindi og hafa auðvitað fengið þau í góðri trú á grundvelli laga, ef menn færu að skapa einhverja óvissu um það, nema auðvitað að svo væri að lögin hefðu gert einhverjar stórkostlegar viðbótarkröfur og þær kröfur hefðu ekki verið uppfylltar, sem ég held að sé ekki.

[11:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki stórmál, segir hæstv. ráðherra. Mér finnst það bara hreinlega stórmál þegar menntmrn. stendur sig ekki betur en þetta. Mér finnst það vera töluvert mikið mál. Og ég held að menn ættu að velta því vandlega fyrir sér hvort eigi ekki bara að fara í það að endurútgefa öll meistarabréf sem hafa verið gefin út, og önnur réttindi sem hafa verið gefin út þennan tíma, um leið og einhver reglugerð er komin í gildi. Það sé þá ekkert verið að velkjast í vafa um hvort hlutirnir hafi verið í lagi.

En þrátt fyrir að menn mundu gera það þá eru svona vinnubrögð ekki til þess að hrópa húrra fyrir, nema síður sé. Mér finnst þess vegna full ástæða til að koma slíkri gagnrýni á framfæri. Ég ætlaði með skriflegri fyrirspurn að fá botn í þetta mál. En alla vega liggur það fyrir sem hér hefur komið fram að ekki hefur verið farið að lögum, þessi reglugerð hefur ekki verið gefin út og menntmrn. hefur ekki staðið sig í stykkinu. Það er full ástæða til að gagnrýna það, og mér finnst það út af fyrir sig vera stórt mál þegar ráðuneyti hefur ekki staðið sig betur en þetta.

[11:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í þessu frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum er margt skynsamlegt, en það vekur jafnframt upp spurningar hvort iðnrn. hefur tekið fyrir löggildingu starfa almennt. Og ég beini þeirri spurningu til hæstv. iðnrh. hvort þar á bæ sé verið að ræða almennt um löggildingu starfa.

Í sambandi við löggildingu starfa eru nefnilega tvö sjónarmið uppi. Í fyrsta lagi er það krafan um þekkingu og færni. Ég væri t.d. ekkert voðalega ánægður með að hver sem er gæti kallað sig lækni og farið að lækna mig. Ég geri kröfu til þess að menn hafi lokið ákveðnu námi og hafi ákveðna færni og þekkingu.

Hins vegar er svo sjónarmiðið um frelsi, samkeppni og sveigjanleika sem löggilding starfa greinilega rekst á. Til dæmis er löggilding á starfi sem rafvirki greinilega mikill hemill á samkeppni í þeirri grein. Þar inn koma náttúrlega öryggissjónarmið og margt fleira, en greinilegt er að það að hver og einn geti ekki starfað sem rafvirki, meira að segja mega menn ekki einu sinni gera við heima hjá sér, kallar á mikla takmörkun á samkeppni og kallar á ákveðna einokun. Þetta er hemjandi og letjandi fyrir atvinnulífið. Eftir því sem við erum með meiri takmarkanir og meiri löggildingu starfa, þeim mun þunglamalegra verður atvinnulífið og minni samkeppni. Það er því mjög margt sem þarf að athuga í þessu sambandi.

Svo er annað sem mér finnst ekki hafa komið fram. Meistarabréf eru veitt ævilangt. Hvernig er með meistara í rafvirkjun, sem var meistari í veikstraumsrafvirkjun en lærði fyrir daga tölvunnar? Hvernig stendur sá maður í dag? Hver er menntun hans, reynsla og færni?

Auðvitað eru flestir meistarar og reyndar flest fólk þannig að það heldur áfram að mennta sig og fylgjast með. En það er ekkert gefið. Það er ekkert sem tryggir neytandann fyrir því að meistari í rafvirkjun, t.d. á veikstraumssviði fari ekki að gera við tölvur og kunni ekki til verka.

Ég held að það mætti ræða það líka og ég beini því til hæstv. iðnrh. hvort það þurfi ekki að taka upp símenntun og að meistarabréfin verði aðeins veitt til fimm ára eða eitthvað slíkt. Þetta á ekki síður við um lækna t.d., sem reyndar heyra ekki undir iðnrn., að þar er líka löggilding. Ég er ekki viss um að við viljum láta lækni, sem lærði fyrir 30 árum og hefur ekkert lært síðan, krukka eitthvað í okkur. Þannig að það eru ýmis sjónarmið í þessu sem mér finnst að þurfi að athuga og alveg sérstaklega nú á dögum. Þegar hraði breytinganna er jafnmikill og raun ber vitni, hraðinn í upplýsingatækni og breyting á öllum reglum og þekkingu, þá finnst mér þurfa að ræða um þessa löggildingu alveg sérstaklega. Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. iðnrh. hvort ráðuneytið sé að ræða um þessi tvö sjónarmið varðandi löggildingu starfa og þá líka hvort menn hafi rætt um að taka upp löggildingu í takmarkaðan tíma.

[11:46]

Útbýting þingskjals:

Almannatryggingar, 71. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 71.

[11:47]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það komu hér fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal ágætis ábendingar sem snúa að starfsréttindum og hvað menn ættu að hafa í huga varðandi slíkar löggildingar. Ég held að staðreyndin sé sú, því miður kannski, að mikið af þeim starfsréttindum sem verið er að gefa út standa á mjög gömlum merg — þ.e. lagagrundvöllurinn, forsendurnar sem starfsréttindin eru gefin út samkvæmt, er mjög gamall.

Hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni komu áðan ágætis ábendingar sem snúa að breytingu á iðnaðarlögunum og endurskoðun þeirra. Það er nú svo að sérstök nefnd hefur verið í gangi við að endurskoða þau. Henni hefur lítið miðað þannig að það þarf að endurskipuleggja og endurskipa hana. Ég mun gera það á næstunni, ekki síst í ljósi þess að starfsréttindin munu núna flytjast yfir til okkar. Svo er hitt að flest þau starfsréttindi sem iðnrn. gefur út byggja á lögum nr. 8 frá 1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Þrátt fyrir að ekki sé nú lengri tími en það frá því að þau lög voru sett hér á þingi þá held ég að inn í þau vanti mikið af því sem hv. þm. Pétur Blöndal benti hér á áðan að rétt væri að taka tillit til við slíka löggildingu og þarf af leiðandi um leið við útgáfu á starfsréttindum.

Þetta mun ég taka til skoðunar og þakka ábendingarnar.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir það sem hann tók hér upp. Ég tel verðskuldað að svolítið sé rætt um stöðu iðnmenntunar í landinu og sýnist ekki vanþörf á. Hv. þm. Pétur Blöndal kom hér einnig inn á hluti sem að sjálfsögðu eiga einnig erindi við þetta mál.

Mér finnst, herra forseti, það sem hér var upplýst áðan alveg sláandi og lýsandi fyrir stöðu iðn- og verkmenntunar í landinu. Það verður varla dregið fram betra skólabókardæmi um hvernig þetta nám er hornreka og mætir afgangi en að hið háa menntmrn. skuli ekki hafa getað, mér liggur við að segja drullað frá sér reglugerð í mörg ár í kjölfar lagabreytinga eins og hér eiga í hlut. Það er auðvitað algjörlega til skammar og sýnir bara að á þeim bæ, eins og allt of víða, eru menn uppteknir af öðrum hlutum. Verknám og iðnnám mætir því afgangi. Það er skaði að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera hér svo hægt sé að eiga við hann orð um stöðu verknáms í landinu. Ég sé ekki mikla framför í þeim efnum þrátt fyrir fyrirheit m.a. í tengslum við endurskoðun laga um framhaldsskóla og fleira í þeim dúr. Þar átti þetta nú allt saman að standa til bóta.

Þvert á móti er það því miður þannig að iðnnám og verknám eru á bullandi niðurleið. Aðsókn er að minnka að fjölmörgum mikilvægum iðngreinum þó að skortur sé á starfsmönnum á þeim sviðum. Ég held að flestir sem til þekkja viti hvernig ástandið hefur verið á mörgum sviðum iðnrekstrar. Þar er grenjandi skortur á starfsmönnum og auðvitað sérstaklega menntuðum og þjálfuðum starfsmönnum.

Staða landsbyggðarinnar í þessum efnum er t.d. hroðaleg, vægast sagt. Þar er þvílíkur skortur á iðnmenntuðum mönnum. Þeir hafa auðvitað haft tilhneigingu til þess í þenslunni að sækja í þéttbýlið þar sem launaskriðið hefur verið mest og uppgangurinn. Á landsbyggðinni eru menn í hreinustu vandræðum með að ráða fram úr bráðnauðsynlegum verkefnum svo ekki sé nú talað um ef þar eru meiri háttar framkvæmdir í gangi eða ráðast þarf í slíka hluti. Það eru helst hótelin á landsbyggðinni sem græða á því að selja iðnaðarmönnum frá Reykjavíkursvæðinu, Póllandi eða einhvers staðar annars staðar að kost og gistingu þegar menn þurfa að sækja sér starfsmenn um langan veg.

Hér þarf svo sannarlega að taka til hendinni og þessar upplýsingar sem hér hafa birst okkur, sem ekki þekktum betur til, benda til þess að ekki hafi mikið verið að gerast í þessum efnum á undanförnum missirum.

Svo eru líka, herra forseti, þó að vísu sé alveg rétt að hér er frv. að nokkru leyti hugsað til þess að mæta slíkum tilvikum, stór skörð í iðnmenntun okkar og í okkar löggiltu iðngreinum ef við berum okkur saman við nágrannalöndin. Það eru stór skörð í því litrófi enda vantar hér heil svið af iðngreinum sem eru viðurkennt fagnám og löggilt víða í nálægum löndum. Ég nefni sem dæmi matvælaiðnaðinn. Það bara vantar alveg heil svið í iðngreinar (**Gripið fram í:** Og í verslun.) og verslun sjálfsagt, já já. En ég nefni matvælaiðnaðinn af því að mér er lítils háttar kunnugt um hvernig því er háttað t.d. í Þýskalandi. Þar eru fjölmargar iðngreinar löggiltar á sviði matvælaiðnaðar, segjum í kjötiðnaði eða öðru slíku sem hér eru stór skörð í. Þar eru menn ekki bara kjötiðnaðarmenn heldur sérhæfðir á einstökum sviðum sem pylsugerðarmeistarar o.s.frv. Þetta eru allt saman viðurkenndar greinar sem hafa sinn sess og þykir virðingarvert að vera góður handverksmaður á sínu sviði þar. Hv. þm. Pétur Blöndal, sem er afar vel að sér um þýska þjóðhætti, gæti auðvitað frætt okkur enn frekar um það en ræðumaður.

Ef eitthvað er þá þyrfti að vera í gangi kraftmikið starf til að breikka grundvöllinn að þessu leyti og reyna að fylla upp í þau skörð sem hér eru á þessu sviði. Auðvitað búum við að sumu leyti illa, okkur skortir hefðir í þessum efnum. Við erum ekki iðnvætt þjóðfélag með margra alda sögu að baki sem slíkt, það vitum við. Það er nú kannski eðlilegt að þar af leiðandi sé sumt skemmra á veg komið hjá okkur. En það er engin afsökun fyrir því að gera ekki neitt og reyna ekki að bæta þarna úr.

Nú bóknám, snobbið í íslenska skólakerfinu, hefur auðvitað verið einn erfiðasti þröskuldurinn að yfirstíga. Það er bara best að orða það eins og það er eða a.m.k. eins og það kemur ræðumanni fyrir sjónir. Það hefur verið og er snobbað fyrir bóknámi og litið niður á verknám eða það sett skör lægra og andrúmsloftið allt í þjóðfélaginu einhvern

veginn gírast inn á þetta. Að baki því er einhver undarlegur arfur sem Íslendingar búa að, sennilega að einhverju leyti frá þeim tíma að bóknámið var einasti vegurinn til framfara og metorða í landinu, það að komast í langskólanám og komast upp í embættismannastéttirnar sem voru nú fyrst og fremst lögfræðingar og prestar. Svo var Háskóli Íslands settur á fót til þess að hægt væri að mennta þessar embættismannastéttir hér innan lands en ekki í Danmörku. Einhvern veginn hefur okkur gengið seint að breyta þessum hugsunarhætti og breikka grundvöll skólakerfis okkar að þessu leyti.

Ég hef velt því fyrir mér hvort það væri ill nauðsyn kannski, sem reyndar gengur nú þvert á þau viðhorf sem ég hef almennt viljað tala fyrir, að iðnrn. og iðnaðurinn kæmi af auknum krafti inn í forræði og skipulag menntunarmála á sínu sviði. Ég held að það sé ekki gott að hólfa menntun í landinu þannig niður að hún lúti forræði fagráðuneyta almennt. Ég hef að vísu varið það fyrirkomulag og stutt að landbúnaðurinn héldi áfram forræði yfir sínum málum af því að þannig hefur það byggst upp og fyrir því eru ákveðin söguleg rök. Það mundi kosta talsverðar breytingar á því fyrirkomulagi ef forræði menntamála landbúnaðarins yrði tekið þaðan — þá á ég sem sagt við fagnmámið og framhaldsnámið á því sviði af því að það er fléttað inn í stofnanir atvinnugreinarinnar. Það getur verið gott skipulag í sjálfu sér en með sama hætti hefur það ekki verið hjá iðnaðinum. Maður spyr sig auðvitað að því, þegar maður hefur í höndunum dæmi um áhugaleysi af þessu tagi: Er það kannski af tvennu illu skárri kostur að færa meira af forræði þessara mála undir fagráðuneytin? Hér er pínulítill angi í þá átt á ferðinni þar sem færa á frá menntmrn. yfir til iðnrn. ákvarðanir um löggildingu iðngreina en að öðru leyti verður forræði námsins á sama stað.

Það mundi auðvitað falla að hugmyndum manna um að auka tengsl atvinnulífs og menntunar, sem víða er reynt að gera en þó meira á grundvelli þess sem gerist í einstökum stofnunum en almennt í málaflokknum eða að menntmrn. sem slíkt beiti sér sérstaklega fyrir því. Alla vega gengur það nú rólega fyrir sig.

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og taka undir þau orð sem hér hafa komið frá fleirum um að menn taki sér tak í þessum efnum og virkilega verði reynt að setja í gang kraftmikið átak í að rétta hlut verkmenntunar og iðnmenntunar og vinna að úrbótum á því sviði. Inn í það kemur auðvitað það sem hv. þm. Pétur Blöndal benti á að menn þurfa að taka mið af miklum og hraðstígum breytingum í þessum efnum. Atriði eins og endurmenntun og símenntun verða því vissulega að koma þarna inn eins og alls staðar annars staðar. Ég segi nú kannski ekki að ég geti tekið undir hugmyndir um að setja sólarlagsákvæði í starfsleyfi eða fagmenntun manna þannig að menn misstu t.d. lækningarleyfi á fimm ára fresti nema þeir hefðu undirgengist einhverja tiltekna hluti. Það verður auðvitað að taka mið af aðstæðum og eðli náms og starfa á hverjum tíma. Menn verða líka að hafa í huga að sums staðar er starfsævi sérhæfðustu stétta býsna skömm eftir langt háskólanám þegar langt nám er að baki. Mönnum þykir nú kannski nóg um hversu í raun og veru skammur starfstíminn þá er.

Ég held að það eigi frekar að vinna að þessu með því að hvetja til og stuðla að bæði þátttöku manna í og framboði á endurmenntun og sveigjanleika í þessum efnum. Það getur að sjálfsögðu átt erindi við þessar umræður og spurninguna um hlutverk menntmrn. og iðnrn. á þessu sviði.

Herra forseti. Mér finnst gott að þessi umræða skuli þó hafa komist hér í gang. Hún á svo sannarlega rétt á sér og þó meira hefði verið. Það væri æskilegt að á Alþingi gætu menn tekið sér tíma í að fara betur yfir þessi mál við gott tækifæri og hafa þá hæstv. menntmrh. einhvers staðar nálægan ef hann kemur því við sökum anna við skriftir á heimasíðu sinni eða annarra starfa. Kannski þarf þá að skipuleggja það með nokkrum fyrirvara. Ég vona sem sagt að þetta verði mönnum hvatning til þess að taka til hendi.

[12:00]

Sturla D. Þorsteinsson:

Herra forseti. Mig langar í upphafi að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Þetta mál er mér talsvert skylt. Ég hef starfað með ungu fólki vel á þriðja áratug og hef m.a. sinnt náms- og starfsfræðslu þeirra sem eru að ljúka grunnskóla.

Ég hef í kennslu minni lagt á það höfuðáherslu við nemendur mína að með því að ljúka iðnnámi fái menn starfsréttindi. Við lok menntaskóla eða ef nemendur taka stúdentspróf fá menn engin önnur réttindi en inngöngu í háskóla. Mig langar að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns um það að hér þarf að lyfta grettistaki. Það þarf að breyta ímyndinni sem þessar starfsgreinar hafa. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að hvetja ungt fólk til þess að hefja nám í þessum löggiltu iðngreinum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi greiðslufyrirmæla, 1. umr.

Stjfrv., 23. mál (EES-reglur). — Þskj. 23.

[12:02]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar í greiðslukerfum sem er á þskj. 23 og er 23. mál þingsins.

Í frv. er að finna tillögur um að taka upp í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins og Evrópuþingsins nr. 26 19/1998, um efndir og lok viðskipta í uppgjörskerfum fyrir verðbréf og greiðslur í fjármálaviðskiptum.

Tilgangur með setningu þessara reglna er að bregðast við þeirri kerfisbundnu áhættu sem bent var á og hefur verið bent á í skýrslu sem gefin var út 1990 og er kennd við „Lamfalussy" sem samin var fyrir seðlabankastjóra tíu helstu iðnríkja heims.

Í frv. er lagt til að í viðskiptum á fjármálamarkaði sem fram fara í greiðslukerfum hér á landi verði tryggt að uppgjör viðskipta sé í engu raskað þrátt fyrir að gjaldþrotameðferð sé hafin á hendur einum þátttakenda í viðskiptunum. Markmið frv. er því að einangra uppgjör sem fer fram í greiðslukerfum fyrir fjármagnsmarkaðinn frá almennum riftunarákvæðum laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, víkja að einstökum ákvæðum þessa frv.

Í 1. gr. er gildissvið afmarkað og er frv. ætlað að taka til greiðslukerfa sem rekin eru hér á landi og hafa verið tilnefnd í samræmi við ákvæði 3. gr. frv.

Í 2. gr. er að finna ýmsar mikilvægar skilgreiningar á greiðslukerfi og helstu þátttakendum í uppgjöri viðskipta á fjármagnsmarkaði til að mynda stofnun sem undir það

hugtak falla, viðskiptabankar, sparisjóðir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu svo dæmi séu tekin um aðila sem falla undir það hugtak.

Í frv. eru greiðslufyrirmæli skilgreind og greiðslujöfnun og er það mikilvægt þannig að skýrt sé hvers konar fyrirmælum í uppgjöri fjármálastofnana frv. er ætlað að veita vernd. Jafnframt eru í 2. gr. ýmsar aðrar þýðingarmiklar skilgreiningar sem ég tel ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir hér.

Í 3. gr. kemur fram að Seðlabanki Íslands gerir tillögur um hvaða greiðslukerfi skuli falla undir ákvæði frv., enda er það eitt af hlutverkum bankans að stuðla að greiðari og öruggari greiðslumiðlun í landinu, svo og við útlönd. Í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, sem áður er vitnað til, er gert ráð fyrir að þau kerfi sem Seðlabanki Íslands tilnefnir og falla undir ákvæði frv. verði tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Í 4. gr. kemur fram meginregla frv., þ.e. að öll greiðslufyrirmæli svo og greiðslujöfnun skuli að öllu leyti vera bindandi gagnvart þriðja manni og það jafnvel þótt bú þátttakandans, sem fyrirmælin gaf, sé tekið til gjaldþrotaskipta. Það skilyrði er þó sett að slík greiðslufyrirmæli skuli því aðeins njóta verndar að þau séu komin til greiðslukerfisins áður en úrskurður er kveðinn upp um gjaldþrot og tilkynning þar um hefur sannanlega borist til greiðslukerfisins.

Í 5. gr. er kveðið skýrt á um að uppgjörsaðila sé heimilt að nota allar innstæður eða verðbréf til uppgjörs á skuldbindingum þátttakenda í samræmi við ákvæði frv.

Í 6. gr. er kveðið á um skyldur héraðsdómara að tilkynna þegar í stað til Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands þegar úrskurður um gjaldþrot á búi stofnunar, sem frv. tekur til, hefur verið kveðinn upp. Jafnframt er skylt samkvæmt ákvæðum áðurnefndrar tilskipunar að miðla slíkum upplýsingum til hlutaðeigandi yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og nánar er kveðið á um í þessari grein frv.

Frv. er ætlað að taka til greiðslukerfa sem starfrækt eru hér á landi, en samkvæmt skilgreiningu á hugtakinu greiðslukerfi í 1. tölul. 2. gr. frv. verður a.m.k. einn þátttakendanna að hafa aðalskrifstofu sína hér á landi til þess að greiðslukerfið falli undir eða njóti verndar samkvæmt ákvæðum frv. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar er þátttakendum þó heimilt að gerast aðili að greiðslukerfunum sem starfrækt eru, t.d. í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 7. gr. er kveðið á um að þegar þannig standi á skuli fara um réttindi og skyldur þátttakenda í greiðslukerfi eftir lögum þess ríkis sem gildir um hlutaðeigandi greiðslukerfi sem hann er þátttakandi í. Það á við jafnvel þó að lög þess ríkis gildi ekki um gjaldþrotaskipti á búi þátttakandans.

Í 8. gr. er kveðið svo á að vernd sú sem frv. þetta veitir greiðslufyrirmælum og greiðslujöfnun skuli einnig ná til verðtrygginga sem þátttakendur setja til tryggingar á öruggu uppgjöri viðskipta á fjármálamarkaði.

Í 9. gr. er að finna lagaskilgreiningu, lagaskilareglu, en þar er kveðið svo á að um veðtryggingar í rafbréfum skuli að öllu leyti fara samkvæmt lögum þess ríkis þar sem rafræn eignaskráning verðbréfanna fer fram, en um það efni gilda nú hér á landi lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Í 10. gr. er að finna ákvæði sem leggur þá skyldu á þátttakendur að veita upplýsingar um í hvaða greiðslukerfum hann tekur þátt og þær helstu reglur sem gilda um kerfið. Nauðsynlegt er þannig að ávallt sé sem gagnsæjast hvernig greiðslumiðlun fer fram hverju sinni og hvaða skilyrði gilda um hana frá viðkomandi greiðslukerfi.

Í 11. gr. er áréttað að um samninga óbeins þátttakanda um aðild að greiðslukerfi sem starfar samkvæmt ákvæðum þessa frv. skuli fara eftir íslenskum lögum. Eðlilegt er að þegar skapist óvissa að þessu leyti ef slíkir aðilar geri samninga við lánastofnanir hér á landi sem geri þeim fært að senda greiðslufyrirmælin gegnum innlend greiðslukerfi sem frv. tekur til.

Í 12. gr. er að finna tilvísun þeirrar tilskipunar sem verið er að lögleiða með frv. Það er nýmæli að taka upp slík ákvæði í íslensk lög en í tilskipun Evrópusambandsins er ákvæði um að aðildarríkjum beri skylda til að hafa slíkar tilvísanir í lögum þeim sem sett eru til þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunarinnar. Slík tilhögun eykur réttaröryggi en jafnframt er eðlilegt að af meginmáli laga megi sjá hverju sinni hvort um sé að ræða ákvæði sem sett eru til þess að lögleiða ákvæði tilskipunarinnar og hefur verið felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir frv. því sem hér liggur fyrir á þskj. 23, um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnun í greiðslukerfum, og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

[12:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. er tiltölulega nýtt af nálinni og er best að ræðumaður játi það strax í byrjun að ég er ekki þaullesinn í þeim tilskipunum sem á að taka upp í réttinn, en þó vakna strax nokkrar spurningar sem ég vil leggja fyrir hæstv. ráðherra.

Það fyrsta er spurningin um það hvort þetta frv. taki einungis til lögaðila eða stofnana og komi þar af leiðandi ekki til skörun við lögin um gjaldþrotaskipti í þeim skilningi að einstaklingar geti verið beinir eða óbeinir aðilar að einhverjum slíkum greiðslumiðlunar- eða jöfnunarkerfum og hvort ekkert samspil sé annars vegar milli þeirra reglna sem verið er að taka upp og hins vegar hinna almennu laga um gjaldþrotaskipti nema það kemur beinlínis fram að þessi lög upphefji einhver tiltekin ákvæði laganna um gjaldþrotaskipti eins og riftunarákvæði eða annað slíkt.

Í öðru lagi þessu tengt, hvort þessi breyting kalli ekki á nauðsyn þess að endurskoða lögin um gjaldþrotaskipti. Ég á þá ekki bara við — það er kannski best að spyrja hæstv. ráðherra að því — ekki bara vegna þessara breytinga heldur einnig hins hvort ekki sé fyrirhuguð endurskoðun á hinum almennu gjaldþrotaskiptalögum. Maður hefur af og til rekist á það undanfarin ár að ýmis ákvæði þar orka tvímælis. Það má t.d. nefna þegar einstaklingar eiga í hlut og verða fyrir áföllum eða verða gjaldþrota af einhverjum ástæðum, þó þannig að þar sé ekki á nokkurn hátt um saknæmt atferli að ræða eða viðráðanlegar aðstæður af þeirra hálfu. Við þekkjum öll dæmi um að menn hafa lent í erfiðleikum sem eru utanaðkomandi eða fá ekki varist og lenda í því að verða persónulega gjaldþrota og sæta þá öllum þeim takmörkunum sem slíkt hefur í för með sér og þar á meðal algerri skerðingu á eignafrelsi og öðru slíku næstu tíu ár þar á eftir ef ég man rétt. Þessi spurning hefur oft komið upp og ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki hafi komið til álita annaðhvort í tengslum við þetta mál eða þá algerlega sjálfstætt að fara yfir og endurskoða þau lög.

Þetta hefur komið við sögu í ýmsum öðrum lagabreytingum á undanförnum árum, þar á meðal t.d. takmarkanir á rétti manna í öðrum lögum sem lent hafa í því að verða gjaldþrota. Mér er kunnugt um að t.d. efh.- og viðskn. hefur glímt mikið við það hvernig ætti þá að ganga frá slíkum ákvæðum hvað varðar möguleika manna til að vera í forsvari fyrir fyrirtæki, stofnanir eða hafa tiltekin löggilt réttindi með höndum á sviði atvinnurekstrar eða fjármálaumsvifa ef þeir hafa lent í slíkum málum. Ef þátttakendur í þessum greiðslumiðlunarkerfum, sem hér eiga í hlut, geta verið slíkir aðilar mundi það hugsanlega hafa einhver réttaráhrif eða vera í einhverjum tengslum við þau ákvæði annarra laga þar sem um slíka hluti er fjallað. Maður gæti þá farið að velta því fyrir sér, herra forseti, hvort það kallaði á að farið yrði yfir allt þetta svið á nýjan leik í kjölfar þessara breytinga og/eða hvort slík þörf sé ekki uppi hvort sem er að fara yfir þetta svið og endurskoða þessi ákvæði. Mér fyndist að ef þess væri kostur, nú tek ég fram að það kunna að vera á því ýmis vandkvæði, að æskilegt væri að reyna að greina meira á milli þeirra tilvika þegar menn lenda í greiðsluþroti og verða persónulega gjaldþrota af óviðráðanlegum ástæðum og þar sem ekkert saknæmt er á ferðinni og hinna tilvikanna þar sem öðru er til að dreifa og gera skýrari og skarpari greinarmun á stöðu manna eftir að gjaldþrotaskiptum lyki eftir því hver væri aðdragandi málsins. Á þessu kunna að vera ýmis vandkvæði en að mínu mati væri það þess virði að reyna að fara yfir það og skoða hvort einhver slík aðgreining gæti ekki átt rétt á sér.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég geri ráð fyrir því að málið fái vandaða skoðun og vonast til að þá verði m.a. þessir hlutir yfirfarnir af hv. þingnefnd þannig að þegar málið kemur aftur til okkar kasta fylgi því einhver skilagrein um það frá hv. nefnd að stærðarsamhengi hlutanna hafi verið skoðað og farið yfir það hvort þörf sé á frekara starfi að þessu leyti hvernig sem því yrði þá fyrir komið og hvað sem unnið yrði af hálfu ráðuneytis eða þingnefndar.

[12:16]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einkum þrennt sem hv. þm. lagði áherslu á í ræðu sinni hér áðan. Í fyrsta lagi til hvaða aðila þetta mundi ná. Varðandi það er alveg skýrt að þetta nær ekki til einstaklinga heldur aðeins til lögaðila og bendi ég á 3. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að Seðlabankinn geri tillögur um hverjir geti þarna átt aðild.

Í öðru lagi, varðandi það sem snýr að lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti, þá lagði ég áherslu á það í ræðu minni áðan að markmiðið með frv. væri að einangra uppgjör sem fram fara í greiðslukerfunum fyrir fjármagnsmarkaðinn frá almennum riftunarákvæðum þessara laga. Ég ítrekaði síðan að það yrði að vera alveg skýrt að þá yrði greiðslan að vera komin inn í greiðslukerfið. Þannig má segja að sé greiðsla komin inn í greiðslukerfið áður en sá sem innti hana af hendi verður gjaldþrota, þá er skýrt að ekki er hægt að nota riftunarákvæði gjaldþrotaskiptalaganna til þess að fara þar inn. Þar af leiðandi ganga þessi lög lengra hvað þetta snertir.

Þriðja atriðið sem hv. þm. minntist á og full ástæða er til að gefa gaum — ég get tekið undir margt af því sem hann sagði og þann skamma tíma sem við hv. þm. sátum í efh.- og viðskn. kom nákvæmlega þetta ákvæði oft upp — var hvort hugsanlega ætti að dæma menn í atvinnurekstrarbanneins og það var kallað. Ég flutti m.a. frv. um slíkt í þinginu þegar ég sat hér fyrir nokkrum árum síðan og mér finnst það nokkuð sem menn eigi að horfa á og skoða en ég veit ekki til þess að neinar fyrirætlanir séu um að taka lögin um gjaldþrotaskipti til sérstakrar skoðunar.

[12:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þetta eru hlutir sem mönnum hefðu mátt vera ljósir með því að lesa sér betur til í þessu öllu saman. En efnið er kannski ekki beinlínis á alþýðumáli ef svo má að orði komast og sumt af þeim hugtökum og setningum sem hér eru ekki hversdagslegur texti. Manni fyrirgefst þannig vonandi þó að maður skilji þetta ekki allt saman við fyrsta yfirlestur.

Ég spurði sérstaklega um hvort skýrt væri til hvaða aðila þetta tæki. Ég lét mér til hugar koma að hugsanlega væru einhver jaðartilvik, t.d. óbeinir þátttakendur í þessum kerfum, hugsanlega einhverjir einyrkjar í fjármálastarfsemi sem rækju reksturinn í sínu eigin nafni. Nú veit ég ekki hvort slíkum tilvikum sé yfirleitt til að dreifa en maður gæti hugsað sér að einhverjir greiðslumiðlarar, verðbréfamangarar eða einhverjir slíkir aðilar, jafnvel hugsanlega lögfræðingar sem sjá oft um greiðslur og hafa með vissum hætti ákveðna greiðslumiðlun á sínum snærum, t.d. sem þjónustuaðilar fyrir fyrirtæki, gætu verið beinir eða óbeinir aðilar að svona kerfi. En hæstv. ráðherra telur að svo sé ekki og ekki um þau tilvik að ræða, þ.e. einstaklinga sem þar með geti orðið persónulega gjaldþrota. Það einfaldar þá málin. Að öðru leyti mundi það þá vera verkefni Seðlabankans að útkljá það, sbr. 3. gr.

Sömuleiðis sé þá skýrt að þessi lög upphefji ákvæði almennu gjaldþrotaskiptalaganna, þ.e. hvað riftunarákvæðin snertir þegar greiðslur eru komnar inn í greiðslumiðlunarkerfið eða lokaðar þar af. Það kemur mér að vísu á óvart að þá skuli ekki þurfa að gera einhverjar breytingar á hinum lögunum um leið en kannski gengur þetta svona, að upphefja einfaldlega ákvæði þeirra brútalt með ákvæðum sem ganga yfir hinn.

Ég endurtek að lokum þá skoðun mína að þörf sé á að fara í endurskoðun á almennu lögunum um gjaldþrotaskipti. Ég held reyndar að slík endurskoðun sé löngu tímabær.

[12:20]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að margt í þessu er býsna snúið en ég er samt þeirrar skoðunar, eftir að hafa kynnt mér málið, að hér geti í fyrsta lagi verið um aðgerð að ræða sem sé til aukinnar hagkvæmni í viðskiptum og svo líka hins, mikils öryggis fyrir neytendur.

Ég held að það sé alveg skýrt og ótvírætt ef við lítum á 2. mgr. 2. gr. frv. sem segir hverjir geti þarna orðið aðilar að, að þá geti það ekki verið einstaklingar. En það er ekki skrýtið að spurt sé vegna þess að í c-lið þeirrar mgr. segir:

„Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti."

Hins vegar þarf, samkvæmt tilskipun sem kom frá Evrópusambandinu ekki alls fyrir löngu og við leiddum í lög ef ég man rétt 1996 eða 1997, slík starfsemi að vera í hlutafélögum. Þannig að það þarf í öllum tilfellum að vera um slíkan rekstur, hlutafélög, að ræða. Ég held að við getum verið alveg öruggir í þessu, enda stendur þarna sem fyrirsögn 2. mgr. að um stofnun sé að ræða. Ég tel því alveg ótvírætt að þarna sé ekki um einstakling að ræða og ég held að það

væri líka mjög óvarlegt að hafa það þannig. Það er miklu öruggara að fylgjast með lögaðilum hvað þetta snertir en einstaklingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 1. umr.

Stjfrv., 25. mál (EES-reglur). — Þskj. 25.

[12:22]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um innstæðutryggingar og greiðslukerfi fyrir fjárfesta, á þskj. 25 sem jafnframt er 25. mál þingsins.

Frumvarp þetta er samið í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins um tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Tilskipunin kveður á um samræmdar reglur um lágmarksvernd fyrir fjárfesta sem eiga kröfu á hendur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir í tengslum við viðskipti með verðbréf gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis.

Tilskipunin kemur í framhaldi af tilskipun um innstæðutryggingar, sem sett var árið 1994. Sú tilskipun tryggir innstæðueigendur upp að vissu marki gegn greiðsluerfiðleikum viðskiptabanka og sparisjóða. Lögum um viðskiptabanka og sparisjóði var breytt árið 1996, m.a. til að uppfylla ákvæði innstæðutryggingatilskipunarinnar. Nú starfa tveir tryggingarsjóðir, Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða, sem tryggja innstæðueigendur gegn greiðsluerfiðleikum og starfa samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Sjóðunum er heimilt að starfa í tveimur deildum, innstæðudeild, sem tryggir innstæður, og lánadeild sem getur veitt lán í því skyni að styðja við rekstur innlánsstofnunar. Tryggingarsjóður sparisjóða hefur nýtt sér þessar heimildir og starfar í tveimur deildum en ekki Tryggingarsjóður viðskiptabanka.

Í frumvarpi þessu er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta renni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Með því yrði til einn heildstæður tryggingarsjóður sem verndaði innstæðueigendur og viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gegn greiðsluerfiðleikum þessara fyrirtækja. Helstu rök að baki slíkum samruna eru að bankastarfsemi og verðbréfastarfsemi er orðin mjög samofin. Þá er hagstætt út frá tryggingarfræðilegu sjónarmiði að stækka sjóðinn og dreifa áhættu auk þess sem rekstrarkostnaður yrði minni. Flókið samspil tveggja eða fleiri kerfa er heldur ekki fýsilegt frá sjónarmiði neytendaverndar.

Með frumvarpinu er lagt til að ný lög verði sett um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta í stað kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði um tryggingarsjóði innlánsstofnana. Þetta er gert þar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir eru einnig aðilar að sjóðnum. Þau ákvæði frumvarpsins sem lúta að innstæðutryggingum eru hins vegar byggð á núgildandi ákvæðum í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Frumvarpið er að nokkru byggt á dönskum lögum en Danir hafa nú nýlega samþykkt lög sem byggjast á svipaðri hugmynd og hér er lögð til.

Helstu efnisatriði frv. eru þessi:

Nýr tryggingarsjóður, Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, verður til með sameiningu Tryggingarsjóðs viðskiptabanka, innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýs tryggingakerfis fyrir fjárfesta.

Sjóðurinn verður sjálfseignarstofnun með sex manna stjórn og starfar í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og verðbréfadeild. Heimilt er að lána fé á milli deildanna að vissu marki.

Heildareign innstæðudeildar sjóðsins skal ávallt nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Eignir verðbréfadeildar skulu vera a.m.k. 100 millj. kr.

Viðskiptavinur aðildarfyrirtækis getur krafið sjóðinn um greiðslu innstæðu, verðbréfa og reiðufjár sem hann hefur krafið aðildarfyrirtæki um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er gilda og aðildarfyrirtækið er að áliti Fjármálaeftirlitsins ekki fært um að inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika eða ef það hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Ef eignir sjóðsins hrökkva ekki til að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár skal greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli kröfuhafa að heildarkrafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. verði bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Sjóðnum er heimilt að taka lán til að greiða kröfuhöfum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Lagt er til að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilt að stofna sjálfseignarstofnanir, öryggissjóði, sem allir viðskiptabankar eða allir sparisjóðir skulu vera aðilar að í því skyni að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka og sparisjóða. Nú er starfandi lánadeild Tryggingarsjóðs sparisjóða sem hefur sambærilegar heimildir.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[12:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er í raun hreyft tveimur málum. Í fyrsta lagi sameiningu þessara tryggingasjóða sem eru í gangi í dag hjá sparisjóðum annars vegar og bönkunum hins vegar. Það er mál sem ég get mjög vel stutt og er mjög sammála. Ég lagði það reyndar til þegar þetta var til umræðu fyrir einu eða tveimur árum.

Hins vegar er lagt til að stofna innstæðutryggingu fyrir fjárfesta og þar finnst mér málið horfa allt öðruvísi við. Þeir sem fjárfesta í hlutabréfum eiga að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir því að fjárfesta í hlutabréfum. Það er meiri áhætta en í innstæðum og það er allt annað eðli fjárfestingar en þegar menn leggja fyrir peninga í banka. Ég sé mikinn mun á þessu og vil að þeir sem fjárfesta í hlutabréfum séu meðvitaðir um þá áhættu sem þeir taka. Það á alltaf að vera fjárfesting sem farið er út í eftir að menn hafa lagt fyrir ákveðinn hluta sparnaðar síns í innstæðum. Ég lít þannig á að einstaklingurinn eigi fyrst að safna sér innstæðu. Þegar hann er kominn með ákveðinn sjóð þar sem á að vera tryggur, og er mjög gott að hafa tryggingarsjóð fyrir slíku, þá eigi hann að fara með umframféð í fjárfestingar, meiri áhættu og meiri hagnað. Þá er ástæðulaust að tryggja hann í þeirri fjárfestingu. Ég vil skoða mjög vel þessar hugmyndir um tryggingakerfi fyrir fjárfesta og það þarf að sannfæra mig um að þetta sé nauðsynlegt og gott. Þetta kostar og

þetta eru kvaðir á viðskiptin. Ég mun sem sagt, í efh.- og viðskn. sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, biðja sérstaklega um skýringu á því af hverju þurfi innstæðukerfi og innstæðutryggingu fyrir fjárfesta.

[12:30]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. ágætar ábendingar. Það er rétt að það var þannig, líklega árið 1996 þegar við lögðum fyrir ný lög um viðskiptabanka og sparisjóði, að gert var ráð fyrir því í því frv. sem ég lagði fram á þinginu að þessir tryggingarsjóðir, viðskiptabanka annars vegar og sparisjóðanna hins vegar, væru einn sjóður. Það breyttist í meðförum þingsins. Mér fannst það heldur til baga en gerði engar athugasemdir við það, greiddi því atkvæði mitt hér þegar það kom sem brtt. frá efh.- og viðskn. Ef ég man rétt þá varð það til sátta í nefndinni til þess að ná niðurstöðu.

Nú er hins vegar lagt til að taka þessa tryggingarsjóði út úr lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði og setja þá yfir í sérstök lög, sem ég held að sé skynsamlegt eins og ég sagði hér áðan, að danskri fyrirmynd. En um leið erum við líka að innleiða ákveðin ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Og það er kannski það sem hv. þm. kom að, þ.e. að nú þurfum við að vera með tryggingarsjóð fyrir verðbréfafyrirtækin. En þær tryggingar ganga ekki út á það að einstaklingar sem kaupa hlutabréf í einhverjum fyrirtækjum geti, ef þau bréf muni síðan stórlega falla í verði, komið og sagt: „Nú eigið þið að endurgreiða mér fallið og tryggja það.“ Þetta gengur ekki út á það heldur fyrst og fremst út á það að verði slíkt fyrirtæki, sem hafi milligöngu um viðskiptin sem slík, gjaldþrota þá geti einstaklingurinn treyst því að hann eigi það víst að fá þau réttindi og verðmæti tryggð sem hann á inni í viðkomandi fyrirtæki. Þetta er ekki trygging á verðlækkun — bara til að undirstrika það — á hugsanlegri verðlækkun á hlutabréfamarkaði.

[12:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði mér fyllilega grein fyrir því að ekki var verið að tryggja það að hlutabréfin sjálf féllu í verði eða yrðu verðlaus vegna gjaldþrots þess fyrirtækis sem þau eru hlutabréf í, heldur vegna þess að fyrirtækið sem hafði milligöngu eða verslaði með hlutabréfin yrði gjaldþrota. Ég gerði mér fyllilega grein fyrir því.

Hins vegar benti ég á það að þeir sem fjárfesta í hlutabréfum eru að taka áhættu sem ekki á við um þá sem leggja inn í banka. Þeir sem leggja inn í banka eru að leita að öryggi og tryggingu og þar af leiðandi finnst mér mjög eðlilegt að tryggja innstæður þeirra en hins vegar eru þeir sem fjárfesta í hlutabréfum að taka áhættu, bæði gengisáhættu þ.e. að gengi bréfanna lækki, einnig þá áhættu að bréfin verði hreinlega verðlaus ef viðkomandi hlutafélag verður gjaldþrota og líka þá áhættu að sá miðlari og sá aðili sem sér um miðlun bréfanna verði gjaldþrota. Mér finnst bara allt í lagi að menn taki þá áhættu á sig sjálfir sem felst í því að miðlarinn verði gjaldþrota, nákvæmlega eins og menn taka á sig áhættu ef fyrirtækið sjálft sem þeir eiga hlut í verður gjaldþrota. Ég gerði mér fyllilega grein fyrir þeim mun.

Og ég sé ekki enn þá, þó að þetta sé tilskipun frá Evrópusambandinu, að það sé nauðsynlegt. Ég vil því gjarnan að það verði rætt í hv. efh.- og viðskn. hvort tilskipunin nær virkilega svona langt eða hvort við Íslendingar séum enn einn ganginn kaþólskari en páfinn.

[12:35]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að málið sé skoðað alveg ofan í kjölinn í efh.- og viðskn. Ég fagna því ef það verður gert og ef einhver misskilningur er þarna á ferðinni þá verði hann leiðréttur á hvorn veginn sem hann er.

Ég heyri að hv. þm. skilur þetta á nákvæmlega sama hátt og ég, þ.e. ekki er verið að tryggja áhættuna sem menn taka af því að fjárfesta í hlutabréfum. Það er fyrst og fremst verið að tryggja það að ef viðkomandi einstaklingar geyma verðmæti og hafa einhver viðskipti við verðbréfafyrirtæki að þá séu þeir með tryggingar sem standi þar að baki, eins og þeir sem væru með innstæður sínar í bönkum.

Ég held því að það sé enginn misskilningur milli mín og hv. þm. í þessum efnum og auðvitað er alveg hárrétt að láta skoða málið eins og framast er kostur í efh.- og viðskn.

[12:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni nokkuð stórt mál satt best að segja. Ég hafði ekki áttað mig á því fyrr en ég fór að lesa það betur að í því fælist svona viðamikil breyting á því fyrirkomulagi sem verið hefur. Ég gaf mér þegar ég byrjaði að skoða frv. að hér væri fyrst og fremst á ferðinni aðgerð til að tryggja það sem samkvæmt orðanna hljóðan stendur, þ.e. að um væri að ræða frv. til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. En í ljós kemur að verið er að taka þann tryggingarsjóð eða það tryggingakerfi sem hefur verið fyrir almennar sparifjárinnstæður manna í bönkum og sparisjóðum undir þetta fyrirkomulag með sameiningu.

Það vekur strax ýmsar spurningar í mínum huga, sumar hverjar þær sömu og hv. þm. Pétur Blöndal kom hér með. Við fyrstu sýn undrast ég satt best að segja að sjá þátttöku viðskiptabankanna og sparisjóðanna í gegnum nefndarstarf sem að baki liggur og að afurðin af því skuli vera samkomulag um þetta fyrirkomulag. Gott og vel, ég geri ráð fyrir að þeir menn séu klárir fyrir sinn hatt og geti passað upp á hagsmuni bankanna. En ég hefði í þeirra sporum verið mjög varkár, farið varlega í því að leggja þetta saman inn í einn sjóð af ýmsum ástæðum.

Hin fyrsta er sú að ég held að ein aðalástæðan fyrir því að almenningur velur, þeir sem það gera, að leggja sparifé sitt inn í bankana, sé að menn telji það tryggast og öruggast þar og áhættuna minnsta. Þeir sem eru tilbúnir til að taka meiri áhættu en eru þá kannski jafnframt á höttum eftir meiri ávöxtun, hærri vöxtum, velja aðrar leiðir, fara með sparnað sinn yfir í hlutabréf eða inn í einhverja verðbréfasjóði o.s.frv.

Ég hef þá tilfinningu að þetta geti haft áhrif í þá átt, a.m.k. sálræn áhrif, að fólk hætti að gera þennan greinarmun á. Enda að mörgu leyti eðlilegt ef sami aðilinn, sami sjóðurinn tekur til við að tryggja allt heila klabbið.

Ég bendi á það í öðru lagi að í okkar tilviki, á Íslandi enn sem komið er a.m.k., erum við að leggja þarna saman jafnólíka aðila og einstök verðbréfafyrirtæki eða aðra slíka aðila og ríkisviðskiptabanka í 100% eða svo til 100% eigu ríkisins. (**Gripið fram í:** Vonandi ekki lengi.) Vonandi ekki lengi, segir hv. þm., en enn sem komið er er það þó þannig að ríkið á yfirgnæfandi hlut, og það hafa menn auðvitað tekið þrátt fyrir allt sem ákveðna tryggingu í sjálfu sér að bakhjarlinn var þessi, eigandinn var þessi.

Ég hefði haft áhyggjur af slíkri breytingu í sporum viðskiptabankanna og held ég þó að af nógu sé að taka fyrir

í þeirra tilviki. Margir eru að spá því að breytingar í viðskiptaumhverfinu geti átt eftir að sækja hart að bönkunum og hinni hefðbundnu þjónustu þeirra á komandi árum. Menn nefna þar hluti eins og netið og viðskipti þar og menn nefna gjörbreytt umhverfi hvað varðar fjármálaþjónustu, fleiri aðilar eru komnir inn á það svið, verðbréfamarkaðinn og mjög harðnandi samkeppni um sparifé manna.

Ég tek undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að að mörgu leyti hefði verið eðlilegra að reyna að stuðla að sameiningu þeirra tryggingarsjóða viðskiptabanka og sparisjóða sem fyrir eru annars vegar og þá hins vegar einhvers konar sjálfstæðri tryggingu á verðbréfaviðskipti eða tryggingakerfi fyrir fjárfestana hins vegar.

Í grg. frv. eru nokkrar upplýsingar um fyrirkomulag í öðrum löndum og það er þakkarvert. Ég hef ekki haft tíma til að skoða það náið og þaðan af síður að afla gagna víðar að. En þar er þó tilgreint það fyrirkomulag sem í gildi er, að mér sýnist í einum fjórum löndum, þ.e. Belgíu, Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Og ef ég hef lesið rétt þá er í þremur af fjórum tilvikum ekki um að ræða það fyrirkomulag sem hér á að taka upp, þ.e. það er aðeins í Danmörku sýnist mér sem um einn sameiginlegan sjóð eigi að vera að ræða.

Hér segir að í Belgíu hafi verðbréfafyrirtæki verið skylduð til að greiða í tryggingarsjóð, væntanlega sérstakan tryggingarsjóð fyrir þau og að tryggingin nái til allra fjárfesta.

Um Noreg segir, með leyfi forseta:

„Frá 1985 hefur verið í gildi reglugerð í Noregi um vernd viðskiptavina verðbréfafyrirtækja sem hefur stoð í lögum um verðbréfaviðskipti. Verðbréfafyrirtæki skulu leggja fram vátryggingu eða bankaábyrgð til að vernda viðskiptavini gegn tjóni sem verðbréfafyrirtækið veldur þeim með starfsemi sinni."

Með öðrum orðum sjálfstætt tryggingakerfi fyrir viðskipti með verðbréfahlutann.

Og um Svíþjóð segir, með leyfi forseta:

„Í nýsamþykktum lögum um þetta efni kemur fram að stofnaður verði sérstakur tryggingarsjóður fyrir verðbréfafyrirtæki," o.s.frv. En sjálfstætt tryggingafyrirkomulag fyrir þann hluta fjármálaviðskiptanna.

Aðeins í Danmörku virðist þetta fyrirkomulag vera valið og það er nýtilkomið af því að Danir hafa ekki samkvæmt því sem hér kemur fram haft sambærilegar tryggingar fyrr en á síðasta ári.

Nú er það að vísu ævagamall siður að sníða íslenska löggjöf að breyttu breytanda gjarnan eftir þeim dönsku, ef þau eru fyrir hendi, en mér er til efs að það sé endilega sjálfgefið í þessu tilviki að við fylgjum í fótspor þeirra. Ég vek athygli á því sem segir hér neðst á bls. 10 og efst á bls. 11 um einmitt danska fyrirkomulagið og ástæður þess að Danir tóku þetta upp. Þar segir, með leyfi forseta:

„Danir huguðu einnig að öðrum möguleikum," — þ.e. öðrum möguleikum en þeim að búa til einn allsherjartryggingarsjóð fyrir viðskiptabanka, sparisjóði og fjárfesta eða verðbréfahlutann. — „Það var mat vinnuhóps sem vann að gerð tillagna um tilskipunina að trygging eða ábyrgð tryggði ekki fullnægjandi vernd." — Gott og vel. — „Einnig taldi vinnuhópurinn að sérstakur sjóður fyrir verðbréfafyrirtæki þyrfti að vera mun stærri en ef einn sjóður tæki sameiginlega á málum innlánsstofnana og verðbréfafyrirtækja."

Er þar hundurinn grafinn? Að ósköp einfaldlega vegna þess að verðbréfahlutinn nær meiri tryggingu og minna þarf að leggja fyrir þar ef menn setja þetta allt inn í eina heildarpúllíu? En er þá ekki í raun verið að segja að það sé á kostnað þeirrar tryggingar sem fyrir er hjá innlánsstofnunum, viðskiptabönkum og sparisjóðum? Mér er nær að halda það. Annars ætti þessi sjóður ekki að þurfa að vera svona miklu stærri verðbréfamegin ef þau væru í sjálfstæðu hólfi.

Þetta eru hlutir sem mér finnst þurfa að huga mjög vel að. Auðvitað geta verið á því slíkar skýringar að ákveðin hagræðing stærðarinnar og meiri áhættudreifing þýði að menn telji að sjóðurinn þurfi þá ekki að vera jafnstór, og einn öflugur sjóður sem dreifir þá áhættunni yfir allt sviðið, þ.e. yfir viðskiptabankana og verðbréfafyrirtækin, komi sterkar út. En það verður að gæta þess alveg sérstaklega, sýnist mér, að ekki sé verið að flytja þarna áhættuna til og að þetta sé tryggingafræðilega rétt, ef maður má orða það svo, eins og gjarnan er talað um hlutina þegar lífeyristryggingar eða slíkar tryggingar eiga í hlut, að þetta sé tryggingafræðilega rétt og ekki sé verið að flytja áhættu af einum þarna yfir á annan. Það væri ekki skynsamleg ráðstöfun og ekki sanngjörn gagnvart þeim sem vilja treysta á hefðbundin viðskipti við venjulegar innlánsstofnanir.

Herra forseti. Ég leyfi mér því allra náðarsamlegast að velta upp þessum spurningum eða þessum hugleiðingum og hafa uppi ákveðna fyrirvara á því fyrirkomulagi sem hér á að gera. Hafi verið ástæða til þess að hv. efh.- og viðskn., sem að vísu nýtur mikils álits hér sem vonandi fer ekki neitt dvínandi þrátt fyrir nokkrar mannabreytingar sem orðið hafa í nefndinni, skoðaði vel hin fyrri mál sem við vorum að ræða, þá held ég að það sé nú alveg sérstök ástæða til að fara rækilega yfir þetta og huga mjög vel að því hvort þetta sé rétt fyrirkomulag eða hvort við ættum að skoða það fyrirkomulag sem er annars staðar, þ.e. sjálfstæðan, gjarnan einn tryggingarsjóð fyrir innlánsstofnanir, viðskiptabanka og sparisjóði, en einhverja aðra vernd, annaðhvort sjóðsvernd eða tryggingu á hinu sviðinu.

Í raun er það þannig að í gildandi lögum er náttúrlega allt fullt af ákvæðum sem eiga að draga úr áhættunni og tryggja öryggi viðskiptavina þessara aðila. Það eru mjög ströng ákvæði, ekki satt, um þær kröfur sem aðilar verða að uppfylla til að geta haft svona viðskipti með höndum. Þau eru ætluð til að draga úr áhættu á því að viðskiptavinirnir eða þeir sem þessir aðilar þjónusta verði fyrir skakkaföllum og hremmingum. Maður getur spurt, er það samt sem áður og þrátt fyrir allt þannig að í verðbréfaviðskiptunum eða þegar fjárfestar eiga í hlut þá þurfi jafnframt tryggingu, af því að hitt kerfið haldi ekki þrátt fyrir góðar og miklar tilraunir til að tryggja svo sem kostur er að skúrkar komist ekki inn í þessi viðskipti og eigi ekki greiða leið að því að hlunnfara viðskiptavini sína? Auðvitað geta alltaf orðið slys, það vitum við. Þá er líka að hinu að hyggja að grundvallarmunur er á því og á að vera og mönnum á að vera það ljóst að menn eru að taka meiri áhættu ef þeir velja þann farveg fyrir sparnað sinn að fara út í hlutafjárkaup eða verðbréfaviðskipti. Mér er til efs að hyggilegt sé að gera neitt það sem e.t.v. dregur úr þeim mun sem eðlilegt er að menn geri á þessu tvennu, þ.e. að leggja sparnað sinn inn í virta og viðurkennda innlánsstofnun, banka, eða hinu að taka meiri áhættu í von um kannski meiri ávöxtun eftir öðrum leiðum.

Herra forseti. Ég áskil mér allan rétt í þessu efni til að halda því sjónarmiði mínu til haga að þarna þurfi menn að gá vel að sér og skoða málin mjög vel. Hér er um frumsmíð að ræða og umtalsverða breytingu á því fyrirkomulagi sem

hefur verið við lýði og ég held að það hljóti að krefjast þess að farið sé rækilega yfir málin.

[12:48]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt, hér er um nokkra frumsmíð að ræða þó að hún byggi nú reyndar á gömlum merg, þ.e. á þekktu fyrirkomulagi sem var öðruvísi en hér er sett fram, þ.e. á því fyrirkomulagi að vera með tryggingarsjóðina inni í lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Aðalatriði málsins hlýtur að vera þetta, og ég vonast til að við séum sammála um það, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að við þurfum að auka tryggingaverndina frá því sem nú er. Ég tel að við séum að gera það vegna þess að við erum að sameina annars vegar Tryggingarsjóð sparisjóða og hins vegar Tryggingarsjóð viðskiptabankanna. Stærri og öflugri sjóður verður til og þar af leiðandi dreifum við áhættunni meira og um leið aukum við trygginguna fyrir innstæðueigendurna. Ég held að við getum verið sammála um þetta og mér fannst ekki vera athugasemdir hjá hv. þm. um þennan þátt málsins.

Þá komum við að hinum þættinum sem ég heyri að áhyggjur manna beinast nokkuð að sem er verðbréfadeild sjóðsins vegna þess að sjóðurinn er tvískiptur, annars vegar í innstæðudeild og hins vegar í verðbréfadeild. Það er hins vegar alveg skýrt að deildirnar er fjárhagslega algjörlega sjálfstæðar. En komi til þess að verðbréfadeildin geti hugsanlega ekki staðið undir skuldbindingum sínum þá er heimild til þess að lána þar á milli. Við erum ekki með þeim hætti þá að ganga beinlínis á þær tryggingar sem fyrir eru hjá innstæðudeildinni heldur værum við að auka um leið tryggingar fyrir þá sem hafa tekið áhættuna að vera með tryggingar sínar gagnvart verðbréfadeildinni.

Ég geri mér grein fyrir því að þar erum við þá að ganga lengra heldur en að láta deildina eina og sér standa undir þeim tryggingum.

Þetta þurfum við að skoða og ég er algjörlega opinn fyrir því að þetta verði skoðað í efh.- og viðskn. og menn eigi að horfa á þetta heildstætt. En megintilgangurinn er sá að hafa kostnaðinn sem minnstan af því að reka þessar innstæðutryggingadeildir sem við erum með og við teljum okkur ná niður kostnaði með því að hafa það fyrirkomulag sem Danirnir byggðu upp á sínum tíma. En hitt er leið. Hún kostar meira, en við verðum að meta kostnaðinn á móti áhættunni í þessu og ég tek algjörlega undir það og það er það sem nefndin á að skoða.

[12:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Nokkrar vangaveltur í tilefni þess frv. sem hér er lagt fram. Ég vil taka undir með fyrri ræðumönnum að það er einkar mikilvægt, ekki síst í ljósi þeirra öru breytinga og þeirrar öru þróunar sem átt hefur sér stað á þessum vettvangi, þ.e. fjármálalegra viðskipta, og ekki síst í bankakerfinu. Rétt er að rifja það upp að ekki fyrir margt löngu voru tryggingar af þessu tagi satt að segja ekki jafnnauðsynlegar og eru nú, einfaldlega vegna þess að ríkissjóður stóð að baki langsamlega stærstu innlánsstofnunum og viðskiptabönkum sem í landinu hafa verið. Því er einkar nauðsynlegt að menn horfi á þessa gjörbreyttu stöðu sem jafnast á við byltingu ef áform núverandi ríkisstjórnar og hæstv. viðskrh. ná fram að ganga um sölu stærstu innlánsstofnana og viðskiptabanka í landinu. Þætti mér nú vænt um það, herra forseti, að viðskrh. hæstv. yrði viðstaddur umræðuna.

Herra forseti. Í ljósi þessarar gjörbreyttu stöðu og ljósra áforma ríkisstjórnarinnar um sölu Búnaðarbanka og Landsbanka og raunar þar með einkavæðingu alls fjármálakerfisins hér á landi, þá væri fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. ráðherrans til þess hvað hann telur að mundi gerast ef svo færi að stórar innlánsstofnanir á borð við Búnaðarbankann eða Landsbankann lentu í greiðsluerfiðleikum, nálguðust gjaldþrot, og að þeir sjóðir sem eru lagðir til stæðu ekki nægilega sterkir til þess að rétta hlut þeirra sem eiga fjármagn í þessum bönkum.

Ég er einfaldlega að vísa til þess sem gerst hefur í hinum vestræna heimi á liðnum árum. Í hinu stóra markaðskerfi Bandaríkjanna þekkjum við það, t.d. þegar sparisjóðakerfið þar riðaði til falls fyrir ekkert margt löngu. Og í Noregi sömuleiðis. Ég vek athygli á því að þær innstæðutryggingar sem hér er rætt um munu ekki endilega bæta að fullu — og ekki gert ráð fyrir því — það hugsanlega tjón sem sparifjáreigendur yrðu fyrir vegna greiðsluerfiðleika eða hugsanlega gjaldþrota banka eða sparisjóða.

Því spyr ég hvort hæstv. viðskrh. líti þannig til að þrátt fyrir að einkavæðing hefði átt sér stað í viðskiptabönkunum, hinum stóru, væri ríkissjóður eftir sem áður pólitískt og siðferðilega ábyrgur fyrir þeim innstæðum sem þar væru þegar sleppti þeim tryggingum sem til væru í formi þeirra sjóða sem hér er lagt til og fleiri þátta.

Þetta er held ég mjög mikilvæg spurning, ekki eingöngu í ljósi þess frv. sem hér um ræðir heldur í ljósi þeirrar framtíðar sem hæstv. ráðherra er að skapa og vinna fyrir. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að ríkissjóður hafi pólitíska og siðferðilega bakábyrgð ef í harðbakkann slær þannig að fólk geti treyst því að þessir fyrrum ríkisbankar, þegar þeir verða einkavæddir, séu traustar stofnanir og muni skila þeim peningum til baka sem fólk hefur treyst þeim til að varðveita og ávaxta?

Þetta vildi ég segja. Að öðru leyti vil ég taka undir það að mjög mikilvægt er að efh.- og viðskn. og hið háa Alþingi í heild sinni fari mjög vandlega yfir frv., velti því fyrir sér í hve miklum mæli þessar bakábyrgðir eigi að vera. Það gefur auga leið, þó að menn tali stundum þannig að peningar komi af himnum ofan til þessara stofnana, þá eru það auðvitað viðskiptamennirnir, almenningur í landinu sem borgar brúsann. Því tek ég undir það, þó að ég geri það nú ekki mjög oft, að rétt er að gaumgæfa það mjög alvarlega sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði áðan um þátt þessa frv. sem lýtur að tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Hvort að menn eigi að gera einhvern greinarmun — hugsanlega glöggan — á annars vegar hinum hefðbundnu viðskiptabönkum og hins vegar fjárfestum í hlutabréfum og verðbréfafyrirtækjum ýmiss konar sem í gegnum tíðina hafa sum hver ekki verið allt of stöndug og sum lent í verulegum vandkvæðum. Og hvort þarna eigi að gera greinarmun á og í hversu miklum mæli þá.

Ég held og vil taka undir það án þess að ég ætli að lengja umræðuna að menn vandi sig mjög við þessa lagasmíð, ekki aðeins út frá tæknilegum forsendum heldur hafi líka klára og kvitta pólitíska sýn á það landslag sem hér er verið að skapa og þetta frv. gegnir verulegu hlutverki í.

[12:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekkert lítið úr því að mjög mikilvægt er að menn vandi sig í þessu vegna þess að þarna

gætu verið undir, ef illa færi á fjármagnsmarkaði, stór hluti af sparnaði manna í landinu.

En hv. þm. spurði einnar spurningar og hún gekk út á það hvað yrði ef um stórkostlegt gjaldþrot verður að ræða, hvernig gæti sjóðurinn staðið undir því. Hann tók þar tiltekna bankastofnun.

Ég vil ekki vera að velta því nákvæmlega fyrir okkur hvað gerist ef tiltekin bankastofnun fer á hausinn. Hins vegar er það svo að ef sjóðurinn getur ekki staðið fullkomlega undir öllum skuldbindingum, þá er gert ráð fyrir því að allir þeir sem eiga 1,7 millj. kr. inni í viðkomandi fyrirtæki, viðkomandi bankastofnun, fái það að fullu greitt. En síðan greiddist það sem umfram það er og eftir stæði hjá sjóðnum hlutfallslega ofan á þá upphæð. Þetta er reglan sem sett er. Síðan er gert er ráð fyrir því hvað sjóðurinn þurfi að vera með af peningum hverju sinni og hvað hann eigi að vera með hverju sinni til ráðstöfunar miðað við stærð kerfisins. Og vonandi lendum við ekki í allsherjar stóru gjaldþroti.

[12:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra og þau skýra málið að hluta til. Við deilum auðvitað skoðunum í þeim efnum að vitaskuld vonum við það besta. En frv. er einmitt sett fram til þess að verða viðbúinn hinu versta og hugsanlegum erfiðleikum.

Mér þótti raunar ástæða til þess fyrst og síðast að vekja athygli á því að þó að menn hafi búið við tiltölulega kyrr kjör og mikið öryggi í þessum efnum og að fólk gæti treyst því 100% að þeir peningar sem færu inn í banka kæmu þaðan út þegar fólk vildi losa þá samkvæmt þeim skilmálum sem það hefði gert við þá viðskiptastofnun, þá er ekkert sjálfgefið í þeim efnum.

Ég rifja það upp, og það er hyggilegt fyrir okkur að gera það, að í hinu stóra landi, Bandaríkjunum, riðaði heil keðja til falls ekki fyrir mörgum árum og ríkissjóður Bandaríkjanna, í þessu kapítalíska landi, hljóp undir bagga. Ég held að líka sé rétt að velta þeirri pólitísku spurningu upp þegar þessu máli vindur fram, þó ekki sé ástæða til þess að gera það mjög nákvæmlega núna, hvernig við ætlum að horfa pólitískt á þessa hugsanlegu sýn þegar allt bankakerfið er meira og minna orðið einkavætt og ríkið hefur sleppt höndum af því og þar með ábyrgð, a.m.k. að nafninu til. Því verður það mjög vakandi spurning sem ég mun halda á lofti í umræðunni, a.m.k. fyrir mína parta: Hvert verður hlutverk ríkissjóðs í hinum stóru viðskiptabönkum þegar ríkissjóður hefur selt alla sína hluti þar? Verður það eingöngu fólgið í þeirri ábyrgð sem við erum að tala um hér eða verður siðferðileg og pólitísk ábyrgð enn til staðar eins og menn hafa gengið að sem vísu um langt árabil og raunar alla tíð? En það er seinni tíma mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:03]

Umræður utan dagskrár.

Skipun nefndar til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða.

[13:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í lögum nr. 1. frá 1999 er bráðabirgðaákvæði sem kveður á um að sjávarútvegsráðherra skuli skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Endurskoðuninni skal lokið í síðasta lagi í ágúst árið 2001.

Í nál. meiri hluta sjútvn., sem birt var á þskj. 656 frá sama tíma, sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Gerir meiri hlutinn ráð fyrir að nefndin verði skipuð á breiðum grunni."

Sú spurning hlýtur að vakna hvort skipun nefndarinnar hafi verið á þeim breiða grunni sem lagt var upp með.

Fyrir alþingiskosningar í vor var mikið gert með það af hálfu stjórnarflokkanna að búið væri að samþykkja lög um nefnd sem endurskoða skyldi gallað fiskveiðistjórnkerfi. Þar yrði lagt upp með verulegar lagfæringar á alvarlegum göllum kvótabraskskerfisins eða fiskveiðistjórnarkerfisins eins og sjútvrh. orðar það. Um þannig málflutning má finna mörg dæmi í umræðum fyrir kosningar. Okkur í Frjálslynda flokknum er vel ljóst að krafa okkar að komast út úr þessu kvótabraskskerfi og móta markvissa stefnu í þá veru fellur kvótagreifunum í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkum afar illa í geð enda eiga margir þeirra eftir að ná út milljarða kvótabraskgróðanum sínum svo búa megi þannig að örlitlum lífeyrisvotti í ellinni eins og aðaltalsmaður þeirra sem nú eiga kvótann, sjálfur grátgreifinn, komst svo viðkvæmnislega að orði á aðalfundi LÍÚ fyrir fáum árum þegar kvótabrask og atvinnulausar byggðir í kjölfar kvótasölu bar á góma.

Hæstv. ráðherra hefur auðvitað um það fyrirmæli frá hæstv. forsrh. að skrifa aðeins bréf til tveggja flokka um að þeir komi með fulltrúa í endurskoðunarnefndina eða er þannig í pottinn búið, hæstv. sjútvrh.?

Spurt er að gefnu tilefni því ekkert fengum við í Frjálslynda flokknum bréfið en höfum áður séð bréf sem kunngerði þessa stefnu hæstv. forsrh. Bréf það er dags. 6. ágúst sl. og fjallar um nefnd sem ætlað er að endurskoða kosningalög og kjördæmaskipan. Í því segir meðal annars, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að þingflokkur Samfylkingar og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tilnefni hvor sinn fulltrúa í nefnd þessa."

Af þessu má sjá að forsrh. fannst greinilega eðlilegt að marka þá stefnu strax að einungis Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð ættu fulltrúa í nefndum og aðrir ekki.

Herra forseti. Af þessu og því hvernig var unnið við skipun í nefnd þá sem kjósendum var sagt að yrði svokölluð „sáttanefnd" er ekki hægt að ætla í ljósi ummæla sjútvrh. sjálfs að í neinu eigi að víkja af leið örlítilla lífeyrisgreiðslna sem fengnar verða með sölu gjafakvótans sægreifunum til handa. Nú virðist stefnan að sökkva skuli á sextugt dýpi fljótt og vel 4. og 8. lið tillagna um stefnu í byggðamálum en þar segir í 4. lið, með leyfi forseta:

„Sköpuð verði skilyrði til þess að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum þar sem veruleg röskun verður á atvinnuháttum og búsetu. Sérstaklega verði hugað að aðgerðum í byggðum þar sem atvinnulíf er fábreytt og útgerð á í vök að verjast.

Fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta, meðal annars með tilliti til auðlindanýtingar, iðnaðar- og verslunar, fiskveiða- og vinnslu, samgangna og þjónustustarfsemi."

Í 3. umr., 13. janúar sl., sagði þáverandi formaður sjávarútvegsnefndar, og núverandi varaformaður, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, orðrétt um stjórn fiskveiða, með leyfi forseta:

„Öllum er ljóst að ýmsu er áfátt og hefur ávallt verið í löggjöf um stjórn fiskveiða sem menn þurfa að viðurkenna og menn þurfa að vera tilbúnir til að fara skipulega yfir það

mál og af yfirvegun. Af þeim ástæðum er talið rétt að hrinda af stað endurskoðun laganna og lagt til að hún fari fram á næstu tveimur árum.“

Í stjórnarsáttmálanum er lofað að setja byggðamálin yfir til Framsóknar og má þá spyrja hvort stefna verði síðar að lagfærð í anda kosningastefnu Framsfl., sem bar yfirskriftina: Breytinga er þörf.

Þar sagði, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að áfram verði byggt á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi en yfirskrift sjávarútvegsstefnu Framsfl. er: Breytinga er þörf.“ Síðan segir: „Það er vegna þess að alvarlegir ágallar hafa komið í ljós. Meginvandinn liggur í hinu frjálsa framsali og rannsóknir á orsökum búferlaflutninga leiða í ljós að óöryggi íbúanna um atvinnu sína og stöðu byggðarlagsins er ein stærsta orsökin og því þarf við endurskoðun laganna að ná fram breytingum þar á.“

Herra forseti. Í ljósi alls þess sem ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu kjósendum fyrir kosningar leyfi ég mér að lýsa vanþóknun minni á þeim ólýðræðislegu vinnubrögðum við skipun nefndar um endurskoðun fiskveiðistjórnarlaganna sem ég hef lýst.

[13:37]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Við skipun nefndar til þess að endurskoða lög um stjórn fiskveiða var haft sérstaklega í huga að nefndin sem skipuð yrði væri ekki of fjölmenn, að í henni væri ákveðin pólitísk vigt en þó samanstæði hún bæði af stjórnmálamönnum á Alþingi og mönnum utan þings og að fulltrúar Alþingis væru bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu. Því varð niðurstaðan að af sjö manna nefnd mundu fimm koma frá Alþingi og síðan yrðu tveir utan þings. Ég taldi eðlilegt að þrír kæmu frá stjórnarmeirihluta og tveir frá stjórnarandstöðu í samræmi við hlutföll á þinginu og þar af leiðandi var ljóst að ekki gætu allir flokkar stjórnarandstöðunnar átt fulltrúa í nefndinni.

Þegar ég komst að niðurstöðu um hvernig nefndin ætti að vera skipuð tók ég einnig mið af reynslu af fyrri nefndum sem hafa endurskoðað fiskveiðistjórnarlöggjöfina bæði frá 1990 þegar núgildandi lög voru upphaflega sett og eins af hinni svokölluðu tvíhöfðanefnd. Í nefndinni sem skilaði af sér og endaði í löggjöf frá 1990 voru 22 nefndarmenn og 13 minnihlutaálit voru með áliti nefndarinnar en í tvíhöfðanefndinni svokölluðu voru einungis átta nefndarmenn en þar voru engir frá stjórnarandstöðunni.

Þannig var staðið að því að finna fulltrúa Alþingis að ég hafði samband við formenn stjórnarflokkanna og talsmann Samfylkingarinnar og óskaði eftir ábendingu um fulltrúa í nefndina. Ég hafði upphaflega ekki hugsað mér að skrifa bréf en gerði það síðan vegna þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar óskuðu eftir því að fá um þetta bréf. en þegar ég hafði samband við formenn flokkanna í upphafi hafði ég líka haft samband við formann Frjálslynda flokksins og tjáði öllum þessum aðilum efnislega að um væri að ræða tvo fulltrúa stjórnarandstöðunnar og að ég teldi sjálfur að eðlilegt væri að þeir kæmu frá tveimur flokkum sem væru stærri. Ef stjórnarandstaðan óskaði hins vegar eftir að skipa þessu á annan hátt mundi ég ekki standa í vegi fyrir því þar sem ég vissi að stjórnarandstaðan ætti með sér samráð og hefði samninga um skipan ýmissa nefnda og ráða sem til falla á kjörtímabilinu. Þeim var því í sjálfsvald sett hvort þeir vildu setja þessa skipan inn í það samráð sitt. Ég varð ekki var við að svo væri og bréfin voru síðan skrifuð í framhaldi af því.

Niðurstaðan varð sjö manna nefnd, þar af fimm fulltrúar Alþingis. Þeim er skipt í samræmi við hlutföll á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, þrír og tveir og ég sé ekki neitt óeðlilegt við það. Ef hins vegar hefði átt að uppfylla kröfu frjálslyndra um að þeir ættu að eiga kröfu á sæti í nefndinni hefði nefndin orðið að vera miklum mun fjölmennari ef hefði átt að gæta einhverra svipaðra hlutfalla á milli flokka á þinginu og eins á milli þess hluta nefndarinnar sem er skipaður utan þingsins og þar með hefði þurft að fórna einu af þeim markmiðum sem ég hafði lagt upp með í upphafi að nefndin yrði ekki of fjölmenn. Ég tel að nefnd sem er af þessari stærðargráðu eigi miklu auðveldara með að vinna og koma með tillögur á þeim tíma sem nefndinni er ætlaður en nefndinni er ætlað að skila niðurstöðu til ráðherra fyrir 1. sept. árið 2000.

[13:42]

Sverrir Hermannsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er að vísu óvanur hinum nýju þingsköpum sem eru í framkvæmd. Ég varaði mig ekki á því að forseti gæti gripið til þess ráðs fyrirvaralaust án þess að gera um það fyrirvara að loka mælendaskránni eftir að framsöguræðum er lokið ef mönnum hefur ekki tekist að ljúka við að hlusta á andsvör ráðherrans sjálfs. Ég hlýt að mótmæla þessu og krefst þess að verða settur á mælendaskrá.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti tekur þessa athugasemd hv. þm. til greina og verður hann nú settur á mælendaskrá en þannig háttar til að við höfum hálftíma umræðu og fjölmargir þingmenn hafa beðið um orðið.)

[13:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Grundvallaratriðin við endurskoðun fiskveiðistefnunnar eru ljós. Þau koma fram í stjórnarsáttmálanum. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefnd verði þegar skipuð til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða með hagsmuni sjávarútvegsins, byggðanna og alls almennings í landinu fyrir augum.“

Sátt og hagsmunir byggðanna eru algerlega óaðskiljanlegir þættir. Það verður engin sátt um fiskveiðistjórnarkerfi sem raskar svo grundvelli byggðanna eins og nú er, skapar óöryggi og ýtir undir þá byggðaröskun sem kostar þjóðfélagið marga milljarða á ári í glötuðum og óþarfa fjárfestingum. Enginn skyldi láta sér það til hugar koma að um slíkt fyrirkomulag verði nokkurn tíma sátt. Þess vegna er augljóst mál að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er krafa um breytingu, breytingu í þá átt sem styrkir byggðirnar og eykur atvinnuöryggi þess fólks sem starfar að sjávarútvegi um land allt.

Þetta er það vegarnesti sem nefndarmenn í endurskoðunarnefnd vegna laga um stjórn fiskveiða hafa fengið. Þeir eru bundnir af þessum ramma og þeim ber pólitísk skylda til þess að starfa innan hans.

Vitaskuld má alltaf deila um það hvernig skipa á nefnd af þessu tagi. Eitt var þó ljóst í huga mínum, það hefði verið algerlega ófært að skipa nefndina með tilnefningum frá svonefndum hagsmunaaðilum. Slíkt hefði verið ávísun á innantómt ströggl sem hefði engu skilað. Þessa aðila kallar nefndin hins vegar væntanlega til sín og heyrir álit þeirra og fjölmargra annarra. Sú uppbygging nefndarinnar sem hæstv. sjútvrh. kaus er ofur eðlileg af pólitískt skipaðri nefnd af þessu tagi. Sjö manna nefnd er örugglega hámarksfjöldi ef

nefndin á að ná árangri og skila tillögum innan ekki of langs tíma. Nefndin endurspeglar ákveðin pólitísk viðhorf, styrkleikahlutföll líkt og langoftast hefur tíðkast. Það að Frjálslyndi flokkurinn á ekki fulltrúa í nefndinni er afleiðing þess að flokkurinn hlaut ekki meira heildarfylgi í kosningum en raun ber vitni.

Aðalatriði málsins er hins vegar ekki uppbygging nefndarinnar heldur það veganesti sem nefndin fær í upphafi starfs síns og hvernig hún vinnur að verkefni sínu. Hennar mikla vandaverk er að skila tillögum sem sátt getur ríkt um í stað þess mikla sundurlyndis sem ríkir nú og tillögum sem styrkja byggðir en eru þeim ekki ógn eins og núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er vissulega.

[13:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mikil er trú hv. 1. þm. Vestf. Hann telur ofur eðlilegt að skipa nefndina eins og hér er gert. Atvinnurekendur í útgerð eiga réttinn til sjósóknar á Íslandsmiðum eins og útvegsbændur fortíðarinnar áttu uppsátrin hér forðum. Um þetta stendur alvarlegasta deilan í íslenskum þjóðmálum núna. Við síðustu kosningar lofuðu þeir stjórnmálamenn sem nú hafa myndað ríkisstjórn að beita sér fyrir þjóðarsátt um þetta mál. Eftir kosningar hefur nýr sjútvrh. boðað að þetta skuli vera í höndum nefndar sem hann hefur nýlega skipað. Annaðhvort fyrir barnaskap eða ótrúlega ósvífni hefur hæstv. ráðherra hagað skipun nefndarinnar þannig að í henni er fólgin skýr og klár yfirlýsing um að það eigi ekki að hrófla við á nokkurn hátt aðalatriðum deilunnar. Sem formann nefndarinnar skipar hann mann sem hefur farið með trúarjátningu til kvótakerfisins í fréttablaði LÍÚ. Annan sannfærðan embættismann úr sjútvrn. og tvo menn úr sínum eigin flokki sem hafa farið með þessa sömu trúarjátningu kvölds og morgna alveg síðan ég fór að fylgjast með í pólitík. Framsóknarmann sem er að vísu nýgenginn í þeirra raðir en hefur fundið sig strax vel heima í flokknum og þar af leiðandi tileinkað sér stuðning við kvótakerfið. Og síðan tvo úr stjórnarandstöðunni. Samfylkingin fór fram á það með bréfi 23. september að skipað yrði þverpólitískt í nefndina. Ráðherrann neitaði því og fór sínu fram. Það er ekki mikil reisn yfir þessum nýja unga hæstv. sjútvrh. Allt hans æði frá því í kosningunum ber vott um að hann hyggist ekki í neinum mikilvægum atriðum stuðla að réttlátara skipulagi við stjórn fiskveiða. Hæstv. ráðherra virðist ekki ætla að verða mikilla sæva og sanda í sínu embætti, þvert á móti, hann virðist ætla að hossast á hnjám LÍÚ-forustunnar eins og fyrirrennarar hans hafa gert.

[13:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir gagnrýni hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um að óeðlilega sé hér að verki staðið, að óeðlilegt sé að útiloka fulltrúa Frjálslynda flokksins frá því starfi að endurskoða lög um fiskveiðar. Þetta er óeðlilegt, hvort sem málið er skoðað þröngt eða vítt.

Hvað fyrra atriðið snertir þá er óeðlilegt að útiloka þennan stjórnmálaflokk frá þessu starfi og kjósendur hans. Hátt í sjö þúsund manns sem mjög margir kusu hann einmitt á þeim forsendum að knýja á um breytingar á fiskveiðikerfinu.

Það leiðir að hinu atriðinu að skoða málið vítt, hvernig á að skipa í nefndir af þessu tagi. Þar á að búa svo um hnúta að fulltrúar sjónarmiða komist að borðinu. Hér er hins vegar reynt að úthýsa sjónarmiðum. Úthýsa óþægilegum sjónarmiðum. Það er kannski í því samhengi sem rétt er að skoða ummæli hæstv. ráðherra um hina pólitísku vigt. Þeim sem eru óþægilegir er vísað á dyr. Ég vil vekja athygli þingsins á því að þetta er ekki eina nefndin þar sem þessi háttur er hafður á. Nýlega var skipuð nefnd sem er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga. Þar var okkar flokki, fulltrúum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs úthýst. Við höfum skrifað hæstv. félmrh. og óskað eftir endurskoðun á því, en ég hvet til þess að þingið og ríkisstjórnin endurskoði afstöðu sína í þessu máli og skipan í nefndir yfirleitt.

[13:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er fullt efni til þessarar utandagskrárumræðu. Rétt er að rifja upp að í aðdraganda síðustu kosninga var Sjálfstfl. fullkomlega stikkfrí í umræðum um sjávarútvegsmál með vísan til þessara svokölluðu sáttagjörðar, nefndaskipunar í sjávarútvegsmálum. Ég vil hins vegar strax á þessu stigi málsins vara við allt of mikilli bjartsýni um að sú nefnd muni verða allra meina bót og ná heildarsátt meðal landsmanna um fyrirkomulag fiskveiða hringinn í kringum landið. Þessi byrjun er auðvitað ekki ávísun á að sú sáttargjörð verði fullnægjandi eða heildstæð. Það er satt að segja ekkert system í þessum galskab. Ef það er rétt að af stað hafi verið farið með það af hálfu hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnarinnar að vigta inn í nefndina samkvæmt þingstyrk, þá er hún rangt skipuð. Það liggur fyrir að stjórnarmeirihlutinn skipar fimm af sjö nefndarmönnum. Það er yfirvigt. Það liggur líka fyrir að ef ætti að skipa hana samkvæmt þingstyrk ætti Samf. að hafa tvo af þessum sjö, hefur aðeins einn. Ef á hinn bóginn ætti að skipa hana þverpólitískt og spanna allt litrófið, þá stöndum við eftir sem áður frammi fyrir þeim veruleika að það eru fimm af sjö frá stjórnarmeirihlutanum og það er engin þverpólitísk nefnd. Það sér hver einasti maður. Það er því ekkert system og engin nálgun sem hægt er að festa hönd á og gefur auðvitað augaleið að sá aðili sem hefur á orði að þessi nefnd eigi að ná víðtækri sátt og þorir ekki að skipa nefndina öðruvísi en þannig að fimm af sjö nefndarmönnum eru fyrir fram fastir í neti sjútvrh. Sá maður er ekki að leita sáttargjörðar. Aukinheldur er ástæða til að halda því ákveðið til haga og taka undir hér með málshefjanda að þeim flokki sem fór fram og var til stofnaður eingöngu vegna þessara mála, er úthýst úr þessari umræðu. Hér er því einfaldlega rangt að verki staðið og upphafið ekki gott þegar reyna á að ná sáttum um þetta mikilvæga mál.

[13:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er dálítil umræða um hlut flokka á Alþingi. Nú er það svo að ég er í 26 manna flokki og líð ævinlega fyrir það. Þannig fengu þessir 26 þingmenn eingöngu þrjá ræðumenn í umræðu um stefnuræðu forsrh. á dögunum á meðan tveggja manna flokkur fékk að tala þrisvar. Það er því ýmislegt sem menn geta sagt skoðanir sínar á á hlutföllum flokkanna á Alþingi.

Varðandi skipun þessarar nefndar þá fellst ég alveg á þau rök sem hæstv. sjútvrh. færði áðan, þ.e. að 38 þingmenn fá þrjá af þeim þingmönnum sem eru skipaðir, af þessum fimm, og það eru akkúrat 13 á bak við hvern og síðan fá 25 tvo, þ.e. 12 á bakvið hvern. Það er svo aftur spurning hvort stjórnarandstaðan hafi ekki samráð sín á milli og upplýsi þá tvo sem eru sér í flokki um það sem kemur fyrir nefndina og hvað hún er að fjalla um. Það er aftur á móti þeirra vandamál.

Það er ekki ágreiningur um fiskveiðistjórnarkerfið. Ég held að það sé enginn sem óski eftir því að taka frekar upp sóknarmark í staðinn fyrir aflamark. Það er heldur ekki ágreiningur eða ekki mjög viðtækur ágreiningur um framsalið. Það er nauðsynlegt að flestra mati. Meginágreiningurinn er um eignarhaldið á veiðiheimildunum. Og það þarf að ná almennri sátt um eignarhaldið. Hvernig túlka á og framkvæma ákvæðið um að fiskstofnarnir í kringum landið séu sameign þjóðarinnar. Nefndinni er ætlað að ná víðtækri sátt meðal þjóðarinnar um þetta og það mun binda nefndarmenn í starfi sínu.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nú ekki efni til að ræða hér alla sjávarútvegsstefnuna enda tilefni umræðunnar nefndarskipan á því sviði. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér þykir miður að þessi umræða skuli yfir höfuð þurfa að fara fram, allra hluta vegna, en það er því miður tilefni til. Ég tel að þetta varpi löngum skugga á það sáttatal sem uppi var í kosningunum sl. vor um það hvernig hrint er úr vör hvað þetta starf snertir. Það var ljóst og hefur legið í loftinu alveg síðan í vor að skipan þessarar nefndar yrði tekin sem ákveðinn mælikvarði á það hvaða innstæður væru fyrir þessu tali, hvaða raunverulegur vilji væri til staðar til að leiða saman að einu borði öll helstu sjónarmið í þessum efnum. Sú niðurstaða að útiloka einn þingflokk, því það gerist auðvitað sjálfkrafa í gegnum ákvörðun um að fulltrúar stjórnarandstöðu séu aðeins tveir, þrisvar sinnum einn eru þrír en ekki tveir, hæstv. sjútvrh., er mjög óskynsamleg. Hún er óskynsamleg vegna þess að hún grefur frá byrjun undan tiltrú á þessu starfi en hún er líka mjög óheppileg vegna þess að hún gengur gegn því grundvallarsjónarmiði að í slíku starfi eigi öll viðhorf að fá að koma fram. Mér finnst, herra forseti, æ oftar gæta þess misskilnings hér að allir hlutir þurfi að vera hlutfallslega vegnir. Það á ekki við hér. Ekki er um að ræða ákvarðanatökuvettvang þar sem menn berast atkvæðum og þetta er ekki samninganefnd eins og hæstv. ráðherra hefur sjálfur orðað það. Þetta er vinnunefnd þar sem ólík sjónarmið eiga og þurfa að fá að koma fram. Þar á hlutfallsleg skipting og hlutföll ekki heima. Eða þarf heilan haug af mönnum til að koma fram sjónarmiðum Sjálfstfl.? Dugar ekki einn ef það er sæmilegur maður? Það snýst um þetta, að fulltrúar helstu sjónarmiða séu til staðar þar sem vinnan fer fram. Það gerist annars staðar að menn ganga til atkvæða, sem sagt hér í þessum sal og þar eru hlutföllin til staðar. En í nefndum af þessu tagi er það mikill misskilningur, herra forseti, að sitja fastir í þessum endalausa hlutfallaútreikningi. Það er til marks um að menn hafi ekki skilið hugtakið fulltrúalýðræði.

[13:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Kveðið var á um það í lögum fyrr á þessu ári að þessi nefnd skyldi sett á laggirnar og hvert hlutverk hennar væri. Einnig var kveðið á um það að hæstv. ráðherra skyldi skipa nefndina og miða við að það yrði gert á breiðum grundvelli.

Ég fæ ekki annað séð en hæstv. ráðherra hafi framkvæmt þetta lagaákvæði nákvæmlega eins og til stóð af þáverandi meiri hluta sjútvn. Í nefndinni er hæfilegur fjöldi manna til þess að hún sé starfhæf. Í henni eru fulltrúar bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, hún er því á breiðum grundvelli eins og til stóð. Það er framför frá því sem var, t.d. þegar Alþfl. kom síðast að þessu máli í stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. því þá voru það einungis fulltrúar stjórnarliðsins sem tóku þátt í nefndarstarfi á þeim tíma. Ég bið hv. þm. sem gagnrýna þetta úr röðum Samf. að gera þá grein fyrir því hvers vegna ekki var rúm fyrir stjórnarandstöðuna á þeim tíma þegar þeir sátu í ríkisstjórnarstólunum.

Það kemur einnig fram að stjórnarandstaðan hafði völ á því að tefla fram af sinni hálfu tveimur mönnum. Hún kom sér ekki saman um það. Það virðist vera svo að í stjórnarandstöðunni rúmist mörg sjónarmið í þessu máli þannig að þau komi sér ekki saman um að tefla fram af sinni hálfu tveimur fulltrúum fyrir alla stjórnarandstöðuna. Þvílíkt sundurlyndi. Meira að segja kemur hér fram fulltrúi Samf. og gerir kröfu til þess að hún eigi báða fulltrúa stjórnarandstöðunnar eins og hann gat um í krafti þingstyrks síns. Hvernig rímar þetta, herra forseti, þegar einn partur stjórnarandstöðunnar heimtar báða fulltrúa stjórnarandstöðunnar og síðan kemur sá sami partur og aðrir armar þessa sundurleita hóps og gera kröfu um fleiri fulltrúa af því að þeir geta ekki komið sér saman um meginsjónarmið í þessu mikla máli? Hvernig ætlar slík stjórnarandstaða að fara að stjórna landinu í framtíðinni, ef hún einhvern tímann fengi tækifæri til þess?

[13:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er annað af tveimur málum sem ríkisstjórnin hefur talað fjálglega um að þurfi að nást um víðtæk sátt. Hitt er margumtalað hálendismál.

Þetta mál hefur vissulega pólitíska vigt eins og hæstv. sjútvrh. nefnir sem eitt af lykilatriðum fyrir skipun nefndarinnar í sumar. Það var öllum ljóst á sumarþinginu sem við sátum í júní að vægi málsins var afskaplega mikið og ráðherra sjálfur veit það að hann var ítrekað spurður í sumar hvort ekki ætti að fara að skipa þessa endurskoðunarnefnd, setja hana á laggirnar. Við vitum öll hve lappir voru dregnar í því máli og það var ekki til fyrirmyndar.

Þegar síðan er ljóst hvernig á að skipa nefndina verður uppi fótur og fit í samfélaginu vegna þess að þjóðin er sammála um að vægi málsins sé mikið og um það þurfi að skapast víðtæk sátt.

Frjálslyndi flokkurinn hefur tvo lýðræðislega kjörna fulltrúa í löggjafarsamkomunni. Á bak við þessa menn standa tæplega sjö þúsund kjósendur. Það er verið að gera lítið úr kjósendum þessara hv. þm. með því að skipa nefndina eins og hún er skipuð. Það veit hæstv. sjútvrh. ákaflega vel.

Ég spyr hæstv. ráðherrann: Hverju hefði það breytt um störf nefndarinnar ef rödd Frjálslynda flokksins hefði fengið að hljóma inni í nefndinni sem allir vita að er skipuð að meiri hluta stjórnarliðum?

Ég segi, lýðræðið er litróf þjóðar okkar. Sama á að gilda í þessum sal, við eigum að spegla litróf þjóðarinnar. Þessi salur og málflutningur sem hér fer fram er fátækur ef hér vantar einn litinn. Sú nefnd sem er til umfjöllunar er fátækari en hún gæti verið ef litinn sem Frjálslyndi flokkurinn stendur fyrir vantar.

Ég óska eftir því við hæstv. sjútvrh. að hann endurskoði þessa skipan.

[14:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að taka þetta mál upp. Ég held að mjög æskilegt sé að við ræðum mál af þessum toga og almennt um nefndaskipan.

Ég get þó ekki orða bundist vegna orðræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar hér áðan, sem talaði líkt og í þessu máli hljómaði ein rödd. Ég ætla svo sem ekkert að rekja það en við höfum heyrt margar raddir úr Sjálfstfl., og hinar ýmsu skoðanir, og allar held ég að þær séu góðar og gildar. Hins vegar liggur það líka fyrir að þær skoðanir fá ekki hljómgrunn í nefndinni. Það liggur fyrir af nefndarskipaninni.

Hins vegar er annað, virðulegi forseti, að það er dálítið merkilegt með þessa nýju ráðherra sem hafa nú sest í stóla að það er nánast hver einasti þeirra sem setur tilveruna meira og minna í nefnd. Það kemur varla upp vandamál að það sé ekki sett með einum eða öðrum hætti í nefnd. Það er eins og ekki sé hægt að leiða nokkurt mál til lykta nema það sé kallaður til einhver hópur manna. Það er eins og þessir menn hafi ekki nokkra einustu skoðun í nokkru einasta máli.

Í þessu máli er markmiðið að reyna að ná einhverri sátt. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að Frjálslyndi flokkurinn gaf sig út fyrir að hann hefði eitt markmið, hann var stofnaður utan um eitt markmið, það var að breyta skipan mála í sjávarútvegi hér á landi. Á bak við þennan flokk standa u.þ.b. sjö þúsund manns, sjö þúsund manns sem fylgja flokknum í þessu máli. Ég held, virðulegi forseti, að ekki sé hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að það sé mikilvægt að fulltrúi þessa kjósendahóps fái að tala í þessari nefnd.

Þess utan, virðulegi forseti, hefur mér fundist hálfbarnalegt að hlýða á stjórnarþingmenn tala líkt og að þessi nefnd sé á ábyrgð stjórnarandstöðunnar. Eins og það hafi verið hennar með einum eða öðrum hætti að koma sér saman um fulltrúa í nefndina. Þetta er nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipar samkvæmt lögum með það markmið að ná einhverri sátt. Hún er á ábyrgð sjútvrh., hún er skipuð af sjútvrh. og hann getur ekki komið ábyrgð sinni á þessari klaufalegu skipan yfir á stjórnarandstöðuna. Það er ekki málefnalegt, virðulegi forseti.

[14:03]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er að vísu ekki rétt að Frjálslyndi flokkurinn sé til þess einvörðungu stofnaður að vinna gegn núverandi skipan fiskveiðistjórnarmála. Hann er ekkert síður til þess stofnaður að berjast gegn þeirri nýfrjálshyggju sem Sjálfstfl. gengur undir. Það er undravert hversu skjótlega hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hefur tekist að tileinka sér framsóknarhugarfar í sínu nýja starfi. Hann talaði eins og maður er gamalvanur viðhorfum þess flokks.

Ekkert var talað um að við ættum kröfu á einu eða neinu inn í þessa nefnd. Okkur var enginn kostur gefinn á að eiga þar fulltrúa. Bréf var skrifað til hinna tveggja flokkanna og beðið um tilnefningu og við vorum þar hvergi nærri. Það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson benti á var að ef menn vildu breyta yfir í þingfylgi væri þess einu sinni ekki gætt í skipan nefndarinnar.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson var að hefja umræður um hvert væri erindi nefndarinnar. Það eina veganesti sem hún hefur fengið frá hæstv. sjútvrh. er að fiskveiðistjórnarkerfinu yrði ekki breytt í grundvallaratriðum. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gekk á fund hæstv. sjútvrh. og fitjaði upp á því við hann hvort þeir vildu ekki hafa nefndina níu manna og þeir hefðu þá sex og svo þrír aðrir, einn frá hverjum stjórnarandstöðuflokki. Það var ekki hægt af því að nefndin yrði óstarfhæf vegna þess að hún yrði svo fjölmenn. Sama sagði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson.

Hann stjórnar nú sjálfur sjútvn. í þingi sem níu manna og aðalnefnd þingsins er nú reyndar ellefu manna, ef út í það er farið. Þetta rekst því hvað á annars horn.

Það er kannski réttast, herra forseti, og ég lýk máli mínu með því, og eðlilegast af því sem Frjálslyndi flokkurinn hefur mjög mikla sérstöðu í sjávarútvegsmálum, að hann sé utan við nefndina og geti án tillits til hennar og hennar starfa búið út málafylgju sína.

[14:06]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst illa komið fyrir mínum gamla skipstjóra, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að vera að agnúast yfir skipun í þessa nefnd, sem er skipuð ekki síst út af baráttu manna sem hafa viljað breytingar í sjávarútvegskerfinu. Spurningin er að sjálfsögðu alltaf sú hverjir eigi að skipa þessa nefnd. En það er ekki aðalatriði ef við getum verið sæmilega sáttir og þeir menn sem eru í nefndinni, sem eru kunnáttumenn í greininni og ráðagóðir, hafi fram að þessu hafa sýnt það í störfum sínum. Ég held að hvað það varðar hafi tekist mjög vel til af hálfu hæstv. sjútvrh. að nefndin er vel skipuð, vel mönnuð og engin ástæða er til að ætla annað en að tillögur hennar verði gott veganesti fyrir hæstv. sjútvrh. fyrir tillöguflutning inn í hv. Alþingi.

Að sjálfsögðu er það árangurinn sem skiptir mestu og fyrir fram eigum við ekki að gefa okkur að nefndin geti ekki komið fram með neinar tillögur öðruvísi en að Frjálslyndi flokkurinn eigi þar fulltrúa.

Ég segi, herra forseti, að við eigum að spyrja að leikslokum og við eigum að gefa þessum fulltrúum, þessum nefndarmönnum tækifæri til að vinna þau störf sem þeim eru falin því að fyrir fram er ekki annað séð en að þeir eigi að geta skilað því sem um er beðið.

[14:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli á því að á síðasta kjörtímabili var skipuð auðlindanefnd. Ef ég veit rétt áttu allir fulltrúar sem þá áttu fulltrúa á þinginu sæti í þeirri nefnd. Ég held að þingflokkur Kvennalistans hafi aðeins átt þrjá fulltrúar á þinginu. Ef ég man rétt klofnaði sá þingflokkur upp í tvennt og varð tveir og einn. Ég held að þær hafi ekki verið settar út úr neinni nefnd þrátt fyrir það.

Sama var í stjórnarskrármálinu. Í þingsköpum segir að það teljist þingflokkur ef tveir eru saman í flokki. Mér finnst því að það gæti svolítið sérstakra tilburða við að halda okkur í Frjálslynda flokknum utan við nefndarstarf og menn leggi sig talsvert fram um það að sjá til þess að við séum ekki þar innan búðar og komum skoðunum okkar ekki á framfæri þar eða fáum að fylgjast með þeim málum.

Ég vil þó aðeins segja það út af orðum manna, m.a. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, að hann hafði áhyggjur af því að við gætum illa talað saman í stjórnarandstöðunni. Það er mikill misskilningur. Okkur hefur gengið ágætlega að tala saman um málin og ég kvíði því ekki að þeir sem núna sitja í þessari nefnd muni ekki upplýsa mig og okkur í Frjálslynda flokknum um þessi mál.

Ég vil svo að lokum þakka þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í umræðunni. Mér fannst fullt tilefni til þess að taka málið upp og hef ekki séð að svör ráðherrans breyttu þar neinu.

[14:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ekki átti ég von á að fá mikið hrós frá fulltrúum Samfylkingarinnar, sem tóku þátt í umræðunni, en það virðist gæta ákveðinnar tvíhyggju hjá þeim. Annars vegar tala þeir um það að hver flokkur eigi að hafa einn fulltrúa í nefndinni en í bréfi sem ég fékk frá þeim kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þess vegna óskar þingflokkur Samfylkingarinnar formlega eftir að valið verði í nefndina þverpólitískt þannig að allir þingflokkar eigi aðild að henni. Að öðrum kosti verði höfð meiri hliðsjón af stærð þingflokka á Alþingi þannig að Samfylkingin fái að velja tvo fulltrúa í nefndina."

Þegar verið var að velja fimm fulltrúa þingsins þá vildi hún fá að hafa tvo fulltrúa. Ef væri verið að kjósa bara beinni kosningu á milli flokkanna á þingi í samræmi við fylgi þá fengi Samfylkingin bara einn.

En það var minnst á auðlindanefndina. Það eru níu í henni, það er enginn frá Kvennalistanum, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, en þar eru þrír frá Samfylkingunni eins og staðan er í dag. Vinstri grænir gerðu kröfur um það fyrr á árinu að þeir ættu að fá einn fulltrúa þar þegar breyting varð á þinginu eins og gerðist eftir kosningarnar en ekki var hlustað á það.

Hins vegar hefði ég haldið að ef Samfylkingunni væri svona umhugað um hag frjálslyndra í málinu að þá gæti hún fylgt í fótspor vinstri grænna sem fórnuðu sæti sínu í sjútvn. til frjálslyndra. Og kannski sérstaklega með það í huga að þeir hafa þrjá í auðlindanefndinni að þá hefðu þeir kannski getað látið frjálslynda hafa sinn mann í endurskoðunarnefndinni. (**GÁS:** Eða þú ...)

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur nú ekki skilið hvernig nefndin er skipuð þegar hann vill reikna þessa tvo menn sem skipaðir eru utan þings og raða þeim í flokkum eftir því hvernig staðan er á þinginu.

Aðeins einn hv. þm. spurði ráðherra beinnar spurningar, það var hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hún spurði hversu miklu stærri nefndin hefði þurft að vera. Ef við ætluðum að taka fullt tillit til stærðar flokka á þinginu hefði nefndin þurft að vera miklu stærri. En ef við hefðum einungis verið að taka tillit til þess að — svona í mjög grófum drættum þá hefði hún þurft að vera a.m.k. tvöfalt stærri.

Herra forseti. Það sem skiptir höfuðmáli í þessu sambandi eru efnisatriðin, það verkefni sem nefndin hefur, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom inn á. Verkefni nefndarinnar er að koma með tillögur til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða.

Staða garðyrkjubænda.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 18. mál. — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]

Beiðni leyfð til landbrh. með 41 shlj. atkv.

Kjör einstæðra foreldra.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Beiðni leyfð til félmrh. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS, FI, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HGJ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SÞ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, BH, DO, EOK, GHH, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, LMR, MF, SF, SP, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mig langar til að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, þ.e. ég tel eðlilegt að verða við beiðninni að gefa þessa skýrslu. Þetta er endurflutt beiðni frá fyrra ári en um mjög veigamikið atriði er að ræða. Mikla vinnu þurfti að leggja í að undirbúa þessa skýrslu og hún var mjög dýr. Við þurftum að kaupa vinnu af Þjóðhagsstofnun fyrir talsvert háa fjárhæð auk þess sem starfsmenn ráðuneytisins þurftu að leggja á sig mikla vinnu við skýrslugerðina. Við höfum hins vegar dregið saman gögn til þess að geta svarað þessu með skikkanlegum og sæmilega vönduðum hætti að ég vona og munum gera það innan skamms. Því vek ég máls á þessu að hér eru samþykktar blindandi eða umhugsunarlítið beiðnir um skýrslur um hvaðeina án þess að hugsa til þess hvað kostar að svara þeim eða búa þær til. Sum ráðuneytin a.m.k. eru fámenn þannig að við höfum ekki vinnukraft til þess að vinna þetta skjótt og ég mun óska eftir því að Alþingi borgi þá vinnu sem við þurftum að kaupa að við skýrslugerðina.

[14:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að að hæstv. ráðherra muni fljótlega leggja fyrir þingið þessa skýrslu, skýrslubeiðni, sem var að vísu lögð fram á síðasta þingi og endurvakin núna, en mér finnst miður að hæstv. ráðherra sé að telja eftir krónurnar í að gera skýrslu til að við fáum einhverja mynd af stöðu þeirra sem verst eru staddir í þjóðfélaginu sem eru einstæðir foreldrar. Vel má vera að þessi skýrslubeiðni ásamt fleirum sem fluttar eru hér séu umfangsmiklar en þá verða ráðuneytin bara að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun sinni að það sé til fjármagn til þess að svara skýrslubeiðnum sem koma frá þinginu. Það finnst mér vera lágmark.

[14:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta var mjög athyglisvert og ég tek undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er undarlegt að félmrh. sé að hafa um það að kanna hvernig kjör þessa þjóðfélagshóps eru. Hins vegar lagði hann mikla áherslu á að þetta væri mikilvæg beiðni og mikilvægar upplýsingar. Þess vegna segi ég að auðvitað er mikilvægt fyrir félmrn. að fá þær upplýsingar sem beðið er um. Það ætti raunar að vera í miklu ríkari mæli frumkvæði ráðuneytanna að kanna þau kjör sem við þingmenn erum oft að biðja um að borin sé fram skýrsla um. Vegna orða hans um að Alþingi eigi að greiða fyrir vinnuna við skýrslu sem þingmenn biðja

um þá held ég að stjórnarflokkarnir ættu að setjast yfir það hvernig þeir skipa málum í fjárlögum og sé það e.t.v þannig að ef þetta er svona erfitt að það sé sérliður á fjárlögum sem að sjái um greiðslur fyrir skýrslur. En að hafa um málið eins og hér gerðist er mjög athyglisvert.

Úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði.

Beiðni SighB o.fl. um skýrslu, 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Beiðni leyfð til viðskrh. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HGJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, KF, KolH, KHG, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SÞ, SvH, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
22 þm. (ArnbS, ÁJ, BBj, BH, DO, GHH, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KLM, KPál, LMR, LB, MF, SF, SP, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að beiðni um slíka skýrslu skuli borin fram. Ég vonast til þess að ráðuneytið hafi fjármuni til þess að setja í það að vinna slíka skýrslu en af því að ég veit að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson veit hvaða vinna liggur að baki skýrslugerð sem þessari treysti ég mér ekki til þess að vera tilbúinn með hana innan þeirra tímamarka sem þingsköpin gera ráð fyrir. Það er sú athugasemd sem ég vil gera vegna þess að mikið hefur verið unnið að málinu en skýrsluna á að endurnýja og uppfæra frá því sem áður var. Það mun kosta nokkra fjármuni en sérstaklega taka mjög langan tíma og það er vandamálið. Ég bið menn því um að virða mér það til vorkunnar að skýrslan verði ekki tilbúin akkúrat á þeim tíma sem þingsköp gera ráð fyrir.

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil gera þá grein fyrir atkvæði mínu að ég styð skýrslubeiðnina mjög eindregið og fagna henni. Ég tel að það sé sjálfgefið að þó að það taki eitthvað lengri tíma að vinna þetta starf þá eigi menn að taka sér hann. Úttektin sem Samkeppnisstofnun gerði á þessu sama máli 1994 var og er gagnmerk og til í ágætri bók sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé kunnugt. Sá var reyndar aðdragandinn að því máli að þegar samkeppnislög voru afgreidd á árinu 1993 náðist um það samkomulag að lokum að bæta við þau nefndu bráðabirgðaákvæði um að slík úttekt skyldi fara fram í staðinn fyrir það sem uppi voru hugmyndir um og reyndar fluttar af þeim sem hér talar, að inn í lögin sjálf kæmu beinlínis ákvæði sem tækju á þessum sömu hlutum. Skýrslan var hugsuð sem gagnagrundvöllur fyrir frekari umræður og eftir atvikum lagasetningu á þessu sviði. Síðan hefur því, því miður, ekki verið fylgt eftir en úttektin liggur fyrir og er tímabært að uppfæra hana og fá nýjustu upplýsingar um þá þróun sem síðan hefur orðið. Ég tel að í framhaldinu eigi menn svo, og einnig í ljósi umræðu sem orðið hefur um þessi mál að undanförnu, að skoða vandlega hvort ekki sé nauðsynlegt að grípa til ákveðinna lagabreytinga.

[14:22]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Mér er það mætavel kunnugt að hér er um mikið verk að ræða og frumvinnsla þess var mjög kostnaðarsöm enda var það unnið fyrir tilverknað minn og kynnt á Alþingi af mér. Mér finnst meginatriði málsins vera það að hæstv. viðskrh. tekur jákvætt í að láta vinna þetta verk og ég skil það nákvæmlega eins vel eins og hann að það er ekki víst að hægt sé að ljúka verkinu á níu vikna tíma sem þingsköp gera ráð fyrir. En í skýrslubeiðninni er beðið um að fyrsti áfangi verði tekinn fyrir og honum lokið og gerð grein fyrir honum áður en að skýrslunni verði að fullu lokið. Ég tel að með slíkum vinnubrögðum sé a.m.k. hægt að kynna Alþingi einhvern hluta þessarar úttektar á tilsettum tíma og það er meginatriði málsins. Ég vil síðan taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að að sjálfsögðu hefði hæstv. viðskrh. helst átt að standa þannig að málum að láta fara fram reglulega endurskoðun á samantektinni eins og kemur fram í frv. sem Samf. flytur um sama mál að skuli vera gert reglulega.

[14:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. stóð upp til að vekja athygli á því að það tæki langan tíma að uppfæra skýrsluna og það væri kostnaðarsamt. Þetta eru engar nýjar staðreyndir. Ég flutti á síðasta þingi beiðni um skýrslu þar sem að gerð yrði úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í ákveðnum atvinnugreinum. Einu svörin sem ég fékk frá hæstv. ráðherra eftir sex eða átta vikur var að þetta væri svo umfangsmikið, að þetta tæki svo langan tíma og þetta væri svo kostnaðarsamt að ekki væri hægt að svara þessu. Ég hefði því talið að miðað við hve brýnt er að ráðast í þetta verkefni að ráðuneytið hefði þá nýtt þann tíma frá því á síðasta ári til að fara í það verkefni en greinilega hefur ekkert verið gert þó það vakin hafi verið athygli á því fyrir ári að ráðast þyrfti í þetta verkefni. En ég vona að breyting verði á og við fáum að sjá uppfærslu á þessari skýrslu sem allra fyrst á Alþingi.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 3. mál (gjöld af bensíni). — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 42 shlj. atkv.

Skattfrelsi norrænna verðlauna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Starfsheiti landslagshönnuða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 21. mál (landslagsarkitektar). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Iðnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 22. mál (meistarabréf, útgáfa sveinsbréfa o.fl.). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Öryggi greiðslufyrirmæla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 23. mál (EES-reglur). — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 25. mál (EES-reglur). — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.
[Fundarhlé. — 14:30]

Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.
[14:35]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Þáltill. sú sem hér er mælt fyrir er nú flutt í fjórða sinn. Hún var fyrst flutt vorið 1998, endurflutt að hausti og þá send út til ýmissa aðila til umsagnar. Tillagan fékk hins vegar ekki þá umfjöllun í umhvn. sem leiddi til nál. Þannig gerðist það að tillagan var flutt í þriðja sinn á sumarþinginu í júní. Í umræðum um tillöguna á þinginu kom í ljós að ný staða mundi að öllum líkindum vera komin upp í umhvn. þar sem meiri hluti nefndarmanna hafði lýst yfir stuðningi við efni tillögunnar. Það nægði þó ekki til að fá hana afgreidda úr nefndinni svo hún var aftur send út til umsagnar.

Nú hafa alls 19 aðilar gefið umsögn um tillöguna. Má segja að tólf þeirra hafi verið meðmæltir henni en aðeins sjö mælt á móti henni. Fróðlegt er að lesa upp lista þeirra sem hafa verið samþykkir þessari tillögu en það eru: Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Félag leiðsögumanna, Náttúruverndarráð, Landvernd, Sveitarstjórn Norður-Héraðs, Skipulagsstofnun, Ferðamálaráð Íslands, Náttúruvernd ríkisins, Samtök útivistarfélaga, Útivist og Ferðaklúbburinn 4x4.

Þeir sem hafa hins vegar mælt gegn þessari tillögu eru: Bæjarstjórn Austur-Héraðs, Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, iðnaðarráðuneytið, Landsvirkjun, Orkustofnun og umhverfisráðuneytið.

Hér skiptast umsagnir og umsagnaraðilar algjörlega í tvo hópa. Allar náttúruverndarstofnanir sem að málinu hafa komið eru hlynntar tillögunni því að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Einn umsagnaraðili, Ferðamálaráð Íslands, hefur raunar breytt um afstöðu frá fyrri umsögn þegar það lýsti sig fylgjandi lögformlegu mati því að í nýju umsögninni frá Ferðamálaráði tekur það ekki afstöðu.

Þá ber einnig að gera sérstaka grein fyrir umsögn Skipulagsstofnunar. Í fyrri umsögn sinni, dags. 9. nóv. 1998, styður stofnunin að virkjunin verði sett í hið lögformlega ferli og segir þar, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun telur að í ljósi breyttra viðhorfa og löggjafar í umhverfismálum sé eðlilegt að fram fari formlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem háðar eru mati skv. 5. gr. laga nr. 63/1993, þrátt fyrir að þær falli undir II bráðabirgðaákvæði þeirra. Fjögur og hálft ár er liðið frá tímamörkum bráðabirgðaákvæðisins, en skv. nefndaráliti umhverfisnefndar, þar sem gerð er grein fyrir breytingartillögu þeirri sem bráðabirgðaákvæðið byggir á, var tilgangur þess að gefa „hlutaðeigandi aðilum nokkurn aðlögunartíma vegna þeirra breyttu réttarreglna sem lagðar eru til í frumvarpinu.““

Í nýrri umsögn Skipulagsstofnunar, sem dagsett er 16. júlí 1999, er ekki tekin afstaða til þess hvort virkjunin skuli sæta lögformlegu mati, en þar kemur fram að samvinnunefnd sú sem vann að gerð svæðisskipulags miðhálendisins og staðfest var af umhvrh. 10. maí sl., gerði í úrskurði sínum fyrirvara við virkjanaframkvæmdirnar. Að þeim fyrirvara verður vikið síðar í framsögunni. En þá kemur í umsögn skipulagsstjóra nýr flötur fram í málinu og skal nú vitnað orðrétt í umsögn Skipulagsstofnunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er fyrir hendi aðalskipulag Fljótsdalshrepps en áður en hægt verður að hefja framkvæmdir við virkjun þarf sveitarstjórn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi virkjunarsvæðisins. Það verður síðan hlutverk sveitarstjórnar að fjalla um og svara þeim athugasemdum sem kunna að berast við deiliskipulagstillöguna. Samþykki sveitarstjórn deiliskipulagið sendir hún það til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þegar deiliskipulagið hefur verið samþykkt getur sveitarstjórn

veitt framkvæmdaleyfi fyrir virkjun, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fari ekki fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt lögum nr. 63/1993 má ætla að sú umræða sem hefði orðið í tengslum við það, verði þess í stað í tengslum við deiliskipulagið og það verði því hlutverk Fljótsdalshrepps en ekki Skipulagsstofnunar að vinna úr hugsanlegum athugasemdum."

Í þessu sambandi ber að athuga að allir landsmenn koma til með að hafa rétt til athugasemda um deiliskipulagstillögu sveitarstjórnar og síðan, eftir atkvæðagreiðslu sveitarstjórnar, kærurétt til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Það væri síðan sú úrskurðarnefnd sem hefði síðasta orðið á stjórnsýslustigi því að úrskurðir hennar eru fullnaðarúrskurðir samkvæmt lögunum og verður ekki skotið til umhvrh. Þeir sem vefengdu niðurstöðu nefndarinnar yrðu því að leita til dómstóla.

Saga virkjunar á Fljótsdal er orðin öllum kunn og ekki þörf kannski að fara í smáatriðum ofan í hana. Greinargerðin sem fylgir tillögunni greinir söguna ítarlega frá 1981 fram að því að Jón Sigurðsson, páv. iðnrh., veitti framkvæmdaleyfi eða virkjunarleyfi árið 1991. En það er athyglisvert að þetta virkjunarleyfi er ekki tímabundið á nokkurn hátt. Ein af þeim spurningum sem leitað hafa á menn er hvort réttlætanlegt sé að leyfi af þessu tagi geti gilt um aldur og ævi þegar einföld byggingarleyfi sem veitt eru samkvæmt skipulags- og byggingarlögum falla úr gildi ef ekki er hafist handa við framkvæmdir eða framkvæmdir stöðvast af einhverjum tilteknum ástæðum í tiltekinn tíma, tólf mánuði eða lengur. Þetta gildir um venjulegar húsbyggingar en ekki um framkvæmdaleyfi af því tagi sem hér um ræðir.

Árið 1993 voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Markmið laganna er, eins og allir vita, að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana.

Í lögum þessum er að finna umdeilt bráðabirgðaákvæði II þar sem segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum."

Þessu ákvæði og virkjunarleyfinu sem út var gefið 1991 hefur verið teflt fram sem vopnum í þeirri deilu sem staðið hefur nú um tveggja, þriggja ára skeið og fjallað um það hvort Fljótsdalsvirkjun sé skilyrðislaust undanþegið mati skv. lögunum eða hvort koma megi henni í slíkt mat með einhverjum ráðum.

Við upprifjun þess ferlis sem fram fór þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum voru samin og bráðabirgðaákvæði II var sett inn í frumvarpið virðist ljóst að þeir sem komu að málinu hafi haft aðrar framkvæmdir en Fljótsdalsvirkjun í huga. Allt bendir til þess að menn hafi metið það sem svo að Fljótsdalsvirkjun hafi verið ákveðin og afgreidd 1991 og þannig ekki fallið undir ákvæði laganna enda var á þeim tíma búið að bjóða virkjanaframkvæmdirnar út og menn voru að deila um útfærsluatriði Fljótsdalsvirkjunar á borð við línulagnir og annað slíkt 1993 þegar lögin eru að fara í gegn. Þegar svo ekkert virtist ætla að verða af samningum um orkusölu til álbræðslu á Keilisnesi var framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun slegið á frest. Svo var það ekki fyrr en í ágústlok 1997 að álbræðsla Norsk Hydro á Reyðarfirði kom inn í landsmálaumræðuna. Þar með var Fljótsdalsvirkjun aftur komin í brennidepil og þá fyrst var farið að túlka bráðabirgðaákvæði II úr lögunum um mat á umhverfisáhrifum á þann veg að það gilti um Fljótsdalsvirkjun. Það er því mikil rangtúlkun, sem borin hefur verið á borð fyrir þjóðina, að Alþingi hafi fjallað um Fljótsdalsvirkjun 1993 þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum voru samþykkt í þinginu og með bráðabirgðaákvæðinu ákveðið að Fljótsdalsvirkjun væri undanþegin lögformlegu mati.

Í ljósi þess er það lítt sannfærandi málflutningur sem hæstv. forsrh. viðhafði fyrir nokkrum dögum í stefnuræðu sinni.

Verndargildi Eyjabakkasvæðisins er ótvírætt. Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum til verndunar hálendissvæða síðan 1981 að heimild til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal var sett í lög og mikil breyting hefur orðið á ferðalögum Íslendinga, sem í auknum mæli sækjast nú eftir ferðum um eigið land og þá ekki síst upp á hálendið. Menn eru farnir að átta sig á gildi lítt snortinnar náttúru og í auknum mæli farnir að líta á hana sem sameiginlega auðlind þjóðarinnar, auðlind sem er í hættu vegna gamalla og kannski úreltra ákvæða í lögum, auðlind sem ber í sér möguleika á aukinni hagsæld, ef menn bara opna augun fyrir möguleikum hennar.

Jafnvel þótt Náttúruverndarráð hafi á sínum tíma talið sig vera að bjarga Þjórsárverum frá eyðileggingu vegna virkjanahugmynda sjá menn núna að sú björgunaraðgerð er að mistakast. Þjórsárver eru í stórkostlegri hættu vegna framkvæmda við Kvíslaveitur, þau hafa stórskemmst við fimmta áfanga þeirra framkvæmda og að þeim steðjar enn meiri ógn með áformum um sjötta áfanga. Þannig er það orðið ljóst að þótt Náttúruverndarráð hafi talið sig vera að bjarga Þjórsárverum á sínum tíma með því að gefa eftir Eyjabakka er sú aðgerð léttvæg núna og eykur það enn á kröfu náttúruverndarsinna um að staldrað verði við í virkjanagleðinni.

Á það má benda að Eyjabakkasvæðið fullnægir öllum skilyrðum til að vera útnefnt Ramsar-svæði og hefur Náttúruvernd ríkisins hvað eftir annað bent á mikilvægi þess, m.a. í nýrri umsögn sem nefnd var hér að framan og rituð var 27. ágúst 1999. Þá hefur Náttúruvernd ríkisins ásamt Náttúruverndarráði beitt sér fyrir því að tillaga Náttúruverndarsamtaka Austurlands, sem mótuð var á níunda áratugnum og fjallar um friðlýsingu Snæfells og Vesturöræfa næði fram að ganga. Virðist einkum fyrirstaða hjá virkjunaraðilum við framgang þeirrar sjálfsögðu verndaraðgerðar.

Þrátt fyrir margháttaða viðleitni Náttúruverndarráðs og áhugamanna um náttúruvernd til að fá fram heildstætt mat á verndargildi hálendisins og einstakra þátta í náttúrufari þess hefur takmarkaður árangur náðst til þessa. Þó hefur nú loksins verið skipuð verkefnisstjórn sem ætlað er það hlutverk að gera rammaáætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma undir kjörorðinu Maður – nýting – náttúra. Verkefnið er á forræði iðnrh. en umhvrh. er samráðsaðili. Hefur það verið gagnrýnt að umhvrh. skuli vera undir iðnrh. settur í málefni sem á rætur í náttúru Íslands og umsýslu með hana sem er einmitt umsýslusvæði umhvrn. eðli málsins samkvæmt því ef einhver er skipaður talsmaður náttúru Íslands, þá er það auðvitað umhvrh.

Rúm átján ár eru liðin frá því að heimildarlög voru sett um Fljótsdalsvirkjun og átta og hálft ár frá því að páv. iðnrh., Jón Sigurðsson, gaf út virkjunarleyfi. Þá eru liðin sex ár frá

setningu laga um mat á umhverfisáhrifum og í þeim lögum er ákvæði sem skyldar stjórnvöld til að endurskoða þau lög samhliða endurskoðun skipulags- og byggingarlaga. Þá lagaskyldu hafa stjórnvöld hunsað og hafa þau þar með lengt líftíma margumtalaðs bráðabirgðaákvæðis II, sem notað er til að skjóta stórframkvæmdum á borð við Fljótsdalsvirkjun fram hjá þeim leikreglum sem Alþingi hefur samþykkt að skuli gilda í landinu. Í þessu sambandi má einnig geta um tilskipun Evrópusambandsins nr. 97/11/EC frá 3. mars 1997, en samkvæmt henni eru gerðar nokkrar breytingar á fyrri tilskipun sambandsins um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Í 3. gr. þeirrar tilskipunar er gert ráð fyrir að stjórnvöld aðildarríkja Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hafi tveggja ára frest til að breyta löggjöf sinni og færa hana til samræmis við nýju ákvæðin, eða til 14. mars 1999. Þessari skyldu hafa íslensk stjórnvöld líka brugðist. Því er alveg ljóst að með því að samþykkja áskorun til ríkisstjórnarinnar um að mat fari fram á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, eins og lögbundið er um hliðstæð mannvirki, legði Alþingi sitt af mörkum til að unnið sé í anda þeirra laga sem gilda í landinu og þeirra sjónarmiða sem hafa verið sett á oddinn í löggjöf nágrannalanda okkar. Meti ríkisstjórnin það síðan svo að einhverjar lagabreytingar þurfi til, eins og bent hefur verið á í umræðunni upp á síðkastið, ætti að vera hægur vandi að gera þær. Annað eins hefur nú þurft til að framsækin og eðlileg þróun geti átt sér stað, þróun sem tekur tillit til viðhorfsbreytinga í samfélaginu.

Krafan í samfélaginu er alveg skýr. Samkvæmt skoðanakönnunum eru 80% þjóðarinnar þeirrar skoðunar að Fljótsdalsvirkjun eigi að sæta lögformlegu mati á umhverfisáhrifum. Reyndar sýna skoðanakannanir einnig að meiri hluti þjóðarinnar er á móti því að Eyjabökkum verði sökkt með uppistöðulóni.

Með því að samþykkja áskorun til ríkisstjórnarinnar um að fram fari mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, eins og lögbundið er um hliðstæð mannvirki, legði Alþingi sitt af mörkum til að sem skýrust mynd lægi fyrir og viðhorf almennings kæmu fram um málið og fengju notið sín. Það er lýðræði sem þjóðin á rétt á.

[14:51]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst jafnskynsamlegt að þessi framkvæmd fari í lögformlegt umhverfismat eins og mér finnst óskynsamlegt að ætla sér að knýja framkvæmdina í gegn án þess. Sú tillaga sem hér er gerð er tillaga um ákveðinn feril til að ákveða framkvæmdir, hvort af framkvæmdum verði eða ekki. Sú tillaga hlýtur að sjálfsögðu að fela það í sér að menn séu reiðubúnir til þess að una þeirri niðurstöðu sem verður.

Þess vegna spyr ég hv. 1. flm.: Ef þessi tillaga yrði samþykkt og niðurstaðan af umhverfismatinu yrði jákvæð fyrir þessa framkvæmd, þ.e. Fljótsdsalsvirkjun, mun hún þá styðja framkvæmdina og una niðurstöðunni af þeim ferli framkvæmda sem hún er að leggja til?

[14:52]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa spurningu. Að sjálfsögðu mundi ég una þeirri niðurstöðu sem kæmi í ljós eftir þetta mat. Hitt má öllum vera ljóst og mér er engin dul að segja frá því hér hver mín skoðun er á þessari virkjun. Hún er sú að af þessari virkjun ætti ekki að verða að svo komnu máli vegna þess að ég tel skynsamlegt að Fljótsdalsvirkjun heyri undir rammaáætlun ríkisstjórnarinnar Maður – nýting – náttúra. Ég tel að við eigum að skoða alla virkjanakosti sem mögulegir eru í landinu undir því verkefni, líka Fljótsdalsvirkjun. Mér finnst það glapræði að undanskilja Fljótsdalsvirkjun vegna þess að raskið sem af henni yrði á hálendinu norðan Vatnajökuls er óafturkræft og þar með er lagt út í framkvæmd sem mundi hrófla við miklu meiru því að á spýtunni hangir Kárahnjúkavirkjun, möguleg Kreppuvirkjun, Bjarnarflag og hvað vitum við með Arnardalslón og virkjun Jökulsár á Fjöllum?

Mín skoðun er sú að bíða eigi með allar virkjanir. Við eigum að setjast niður og ræða málin og loka þessum skóflukjafti Fljótsdalsvirkjunar sem gín yfir höfðum okkar núna.

[14:53]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar hefur skýrt mjög afstöðu flutningsmanna í mínum huga. Ef flutningsmenn væru að berjast gegn Fjótsdalsvirkjun, þá mundu þeir að sjálfsögðu flytja þingmál þar um. Hér er hins vegar verið að flytja þingmál um ákveðinn feril til að ákveða framkvæmdina. Mér finnst það vera mjög stórt atriði í málinu sem komið hefur fram hjá hv. 1. flm. málsins, að flutningsmenn málsins lýsa því yfir, eins og hún gerði áðan, að verði niðurstaðan af umhverfismatinu jákvæð fyrir viðkomandi framkvæmd, þá muni þeir styðja að af henni muni verða. Ég gat ekki skilið orð hv. 1. flm. öðruvísi en svo og það er merkileg yfirlýsing og yfirlýsing sem ég held að menn muni taka vel eftir.

[14:54]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði einungis að ég mundi lúta því mati, þeirri niðurstöðu sem skipulagsstjóri og ráðuneyti umhvrh. kæmust að. Þetta lögformlega mat eru leikreglur sem við höfum komið okkur saman um. Ég mundi segja þegar þetta mat væri á borðinu: Þetta er niðurstaða málsins. Lögum samkvæmt þarf ég að lúta henni. Það breytir því ekki að ég er andvíg því að þessi virkjun fari af stað hér og nú. Ég yrði sátt við þá málsmeðferð að virkjuninni yrði slegið á frest meðan við gefum okkur ráðrúm til að raða öllum þeim virkjunarkostum sem uppi á borðinu eru í dag, meta verndargildi þeirra og mikilvægi og það teldi ég vera eðlilegri framgangsmáta en þann að setja allt kapp á að koma Fljótsdalsvirkjun í kring núna.

[14:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á mjög svipuðu máli og hv. 1. flm. þessarar þáltill. Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að láta fara fram lögformlegt umhverfismat og ég er líka þeirrar skoðunar að við sem viljum gera málamiðlun með því verðum líka að sætta okkur við þá niðurstöðu. Það þýðir að ef slíkt mat verður látið fara fram og niðurstaðan væri sú í lok þess ferils að hæstv. umhvrh. kæmist að þeirri niðurstöðu að láta ætti þessa framkvæmd fara fram, þá yrði ég að sætta mig við það.

Mig langar hins vegar, herra forseti, að beina fyrirspurn til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Við vitum að þessi umræða hefur staðið býsna lengi og við vitum afstöðu hæstv. ríkisstjórnar í málinu og ég velti því fyrir mér hvort það skipti miklu máli að vera að leggja fram till. til þál. um þetta. Er ekki rétt að vilji þingsins endanlegur í þessu máli komi fram, ekki með samþykkt þáltill. frá hv. flm. eða hæstv.

iðn.- og viðskrh. Telur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ekki hreinlegast að ganga til verks í þessu máli með því að leggja fram brtt. við gildandi lög um Fljótsdalsvirkjun?

[14:57]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er vissulega flókið mál og auðvitað má fara fleiri en eina leið að því. Eins og ég vék að í ræðu minni hér að framan, ef þarf að gera einhverjar frekari lagabreytingar til að virkjunin fari í mat, þá er auðvitað hægt að gera þær breytingar ef vilji er fyrir hendi. Hingað til höfum við hins vegar verið að deila um þetta lögformlega mat og það liggja fyrir umsagnir frá aðilum í samfélaginu sem hafa til þess bæran rétt að gefa umsagnir um málið og mér þykir eðlilegt að knýja á um þetta mál til þrautar.

Ég hef svo sem hugleitt það líka hvort við ættum að leggja fram tillögu um að bráðabirgðaákvæði II verði fellt út úr lögunum. Þar með hefur mér fundist liggja fyrir einhvers konar viðurkenning á því að bráðabirgðaákvæði II gildi um Fljótsdalsvirkjun sem það gerir alls ekki. Eins og ég hef vikið að í máli mínu, þá var það aldrei hugsað sem undanþáguákvæði fyrir Fljótsdalsvirkjun þó að það hafi verið notað sem slíkt núna í seinni tíð.

Ég vil bara að það sé alveg ljóst að ég er sátt við að fram fari mat á virkjunarkostum í landinu. Ég er ósátt við að Fljótsdalsvirkjun sé undanþegin því mati. Ég er á móti því að virkjað sé í þágu orkufrekrar stóriðju. Ég er á móti því að Fljótsdalsvirkjun verði keyrð í gegn þrátt fyrir þær leikreglur sem við höfum komið okkur saman um að gildi í samfélaginu.

[14:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki legið alveg ljóst fyrir hvort nauðsynlegt sé að breyta lögum til að slík framkvæmd fari í umhverfismat. Við hæstv. umhvrh. deildum um það á sumarþinginu. Ég hef náttúrlega reynt að nota tímann í sumar til að kynna mér það betur og það er niðurstaða mín, m.a. eftir umræður við lögfræðinga þingsins, að til þess að hægt sé að láta framkvæmdina fara í umhverfismat, þá sé hreinlegast og öll tvímæli af tekin ef lögunum um Fljótsdalsvirkjun, hinum upphaflegu, verði breytt þannig að við þau verði hnýtt ákvæði um að áður en ráðist verði í endanlega framkvæmd verði hún sett í umhverfismat. Þess vegna er ég að velta þessu hér upp við hv. þm. þ.e. hvort ekki sé miklu hreinlegra fyrir okkur sem erum andstæðingar þessarar framkvæmdar með núverandi formi að við göngum hreint til verks og leggjum fram skýra tillögu um það eins og ég er að velta fyrir mér.

[14:59]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum mínum sem ég hef líka verið að afla mér í sumar, þá er þetta ekki svo einfalt að nægilegt sé að breyta heimildarlögunum frá 1981 því að það er líka í gildi samningur milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar frá 1982 um að Landsvirkjun framkvæmi þessa aðgerð, fari í þessa virkjun. Virkjunin hefur líka verið sett inn í lög um Landsvirkjun frá 1983, þar er hennar einnig getið. Þar á ofan er í gildi virkjunarleyfi frá 1991. Það sem mér þætti gaman að vita er hvernig þetta er í nágrannalöndum okkar. Ég hef verið að reyna að afla upplýsinga og ekki fengið. Er það eðlilegt að framkvæmdaleyfi af þessu tagi gildi um aldur og ævi jafnvel meðan framkvæmdum er slegið á frest, meðan enginn er að vinna í framkvæmdunum? Á þetta virkjunarleyfi að vera gildur pappír til eilífðarnóns? Mér finnst það óeðlilegt.

En eins og ég segi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þetta er flókið mál. Ég held að ekki sé nóg að breyta heimildarlögum um raforkuver. Ég held að breyta þurfi miklu fleiri lögum ef á að fara slíka leið. Þess vegna höfum við ákveðið að knýja áfram á um þetta lögformlega umhverfismat. Enda má benda þingheimi á að orðalagið í bráðabirgðaákvæði II er ekki skilyrt að neinu leyti. Þar stendur einungis að framkvæmdir sem hafa fengið framkvæmdaleyfi fyrir 1. maí 1994 séu ekki háðar mati samkvæmt lögum þessum.

Mér finnst að velviljuð ríkisstjórn geti alveg túlkað þetta orðalag sem svo að framkvæmdin sé ekki skilyrðislaust undanþegin heldur sé hægt að koma með góðum vilja þessari framkvæmd í mat og túlka lögin þannig að ríkisstjórnin ákveði að gera framkvæmdina háða mati samkvæmt lögunum.

[15:01]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er lykilatriði í umræðu um þetta mál þegar lögð er fram tillaga um tiltekinn feril að menn viti hvað vakir fyrir tillöguhöfundum. Ég spurðist fyrir um það áðan og fékk afdráttarlaust svar, já, við því að tillöguhöfundar mundu virða niðurstöðuna. Í seinna svari hv. frsm. var það ekki alveg ljóst þannig að ég vil biðja virðulegan forseta um það hvort ekki væri möguleiki á því að fá útskrift af þessum ummælum hið snarasta svo hægt sé að átta sig á hvað hv. þm. á raunverulega við, svo hægt sé að halda áfram með eðlilega umræðu um málið. Ég ætla ekki að fara fram á að umræðunni sé frestað, síður en svo, en ég fer fram á það við virðulegan forseta að útskrift af þessum ummælum, báðum tveimur, verði gefin sem allra allra fyrst þannig að þingmenn geti séð það undir umræðunni.

[15:02]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kem hingað fyrst og fremst til þess að lýsa undrun minni á þessu háttalagi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og ég spyr: Hvað vakir eiginlega fyrir hv. þm.? Ef hann óskar eftir að fá útskrift af ræðum manna þá er honum í lófa lagið að ganga til starfsmanna þingsins og óska eftir slíku. En að færa fram óskir sem hafa í för með sér truflun á umræðunni er óskiljanlegt og ég spyr: Hvað vakir eiginlega fyrir þessum fyrrv. iðnrh.?

[15:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess í ljósi þeirra umræðna sem fara fram um fundarstjórn forseta að hér er ekki efnisumræða í gangi. Forseti hlustar auðvitað á óskir um tiltekna hluti er lúta að formi fundarins. Auðvitað verður reynt að verða við óskum um útskrift eins fljótt og kostur er og forseti mun freista þess að sú ósk hljóti byr undir báða vængi og í það verði farið fyrr en síðar en getur þó ekki tímasett það nánar. En forseti frábiður sér að hér fari fram efnisumræða um málið.

[15:04]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir undirtektirnar og ég tek það skýrt og skorinort fram að ætlan mín var ekki sú að trufla með einum eða neinum hætti þær umræður sem þurfa að fara fram og eiga að fara fram og eru að fara fram heldur þvert á móti.

[15:04]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar telur ekki þörf á því að fram fari lögformlegt umhverfismat á framkvæmdum vegna fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Í afstöðu sinni skýlir stjórnin sér á bak við undanþáguákvæði laga um umhverfismat, laga sem hafa ekki enn verið endurskoðuð þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða þar um og þær skyldur sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði leggur á herðar stjórnvöldum.

Svo virðist, herra forseti, sem ríkisstjórnin hrærist ekki í sömu tilveru og þorri íslensku þjóðarinnar. Vilji þjóðarinnar er skýr. 80% landsmanna eru þeirrar skoðunar að fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir eigi að sæta lögformlegu umhverfismati. Fólkið í landinu veit hvað klukkan slær í umhverfismálum en það veit ríkisstjórnin greinilega ekki.

Harkan sem hlaupin er í deiluna um Fljótsdalsvirkjun er algerlega á ábyrgð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Hefðu stjórnvöld axlað hina lýðræðislegu ábyrgð, gengið hreint til verks og heimilað lögformlegt umhverfismat vorið 1998, þegar sú þáltill. sem hér um ræðir var fyrst flutt á hinu háa Alþingi, væri því mati vísast lokið eða í þann veginn að ljúka. Nei, herra forseti, þannig kýs ríkisstjórnin ekki að starfa og er nú svo komið að þjóðin skiptist í tvær fylkingar í afstöðu sinni til Fljótsdalsvirkjunar, fylkingar sem virðast í fljótu bragði ekki finna neinn grundvöll til samskipta. Í stað þess að leita sátta og finna samskiptagrundvöll byggðan á leikreglum lýðræðisins hefur þjóðinni verið stillt upp í andstæðar fylkingar, þéttbýli gegn dreifbýli, íbúar suðvesturhornsins gegn Austfirðingum.

Það er ábyrgðarhluti, herra forseti, að efna til djúpstæðra deilna eins og raun ber vitni. Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar verður að standast gildandi lög í öllum atriðum. Forsenda þess að þjóðin geti sæst á niðurstöðu í deilunni um Fljótsdalsvirkjun er að hún þekki líklegar afleiðingar virkjunarinnar á náttúru landsins og geti neytt þess sjálfsagða andmælaréttar sem gildandi lög kveða á um. Sá réttur er í vitund almennings orðinn órjúfanlegur hluti leikreglna sem tryggja lýðræðislega og upplýsta meðferð mála sem þessara í samfélaginu. Það er kjarni á lögformlegu umhverfismati.

Það nægir einfaldlega ekki, herra forseti, að leggja væntanlega skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif virkjunarframkvæmdanna til grundvallar ákvörðuninni um áframhaldandi framkvæmdir á Fljótsdal.

Á stundum má skilja umræðuna um Fljótsdalsvirkjun sem svo að tal um viðhorfsbreytingu þjóðarinnar í náttúruverndarmálum sé eins og hvert annað blaður sem hafi aðeins þann tilgang að drepa málinu á dreif. Svo er að sjálfsögðu ekki. Almenn umræða liðinna missira um Fljótsdalsvirkjun færir okkur heim sanninn um að grundvallarbreyting hefur orðið á liðnum áratug á viðhorfi Íslendinga til náttúruverndar og til umhverfismála. Sú breyting kemur m.a. glöggt fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar um náttúru, þjóðerni og umhverfisstefnu á Norðurlöndunum sem gerð var árið 1997 í Danmörku, Svíþjóð og á Íslandi. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar könnunar, sem er að því er ég kemst næst sú eina sinnar tegundar sem gerð hefur verið hér á landi, segist þorri Íslendinga viljugur í að beita sér í umhverfismálum, málaflokki sem til þessa hafi ekki verið nógu vel sinnt af stjórnmálamönnum. Meiri hluti fólks telur náttúrunni ógnað af manna völdum og þorri svarenda vill leggja sitt af mörkum til þess að tryggja umhverfisvernd í verki. Þetta má lesa í riti um helstu niðurstöður rannsóknarinnar sem norræna ráðherranefndin gaf út fyrr á þessu ári.

Verkefni Alþingis og ríkisstjórnar er að ná sátt um leikreglurnar sem lögformlegt umhverfismat kveður á um og sýna lýðræðislegt þrek og vilja til þess að framfylgja þeim. Það er hvorum tveggja, andstæðingum og fylgjendum virkjunarstefnu stjórnarinnar til framdráttar. Að öðrum kosti hefur friðurinn verið rofinn. Flestum ætti að vera ljóst að deilan um Fljótsdalsvirkjun markar upphaf breyttra tíma hér á landi. Menn skyldu ekki vanmeta þá grundvallarbreytingu sem orðið hefur á viðhorfi þjóðarinnar til náttúrunnar og nýtingar hennar.

[15:09]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hvað varðar þessa tillögu um mat á umhverfisáhrifum, þá er hún samhljóða tillögu sem flutt var fyrr á árinu eða í júní sl. og tjáði ég mig þá um afstöðu mína til hennar og ætla svo sem ekki að endurtaka það sem þar kom fram að öðru leyti en því að undir lok umræðunnar sagðist ég telja mikilvægt að sátt næðist um umhverfismál á Íslandi og við værum að reyna að ná sátt í mörgum stórum málum. Umhverfismál verða að mínu mati og margra annarra mál málanna um alla Evrópu og heimsbyggðina á næstu árum.

Í síðasta mánuði fór umhvn., sem ég á sæti í, ásamt iðnn. austur á Hérað og sótti þar m.a. fund með heimamönnum og mjög mörgum sérfróðum aðilum bæði með og móti virkjunum, mönnum frá Landsvirkjun, Orkustofnun og frá náttúruáhugasamtökum og atvinnusamtökum. Mjög margt áhugavert kom fram á ráðstefnunni. Ég punktaði hjá mér og skrifaði alllanga fundargerð á fundinum og hef verið að lesa það yfir. Þar eru nokkur atriði sem mig langar að drepa á sem sérstaklega standa upp úr í mínum huga.

Sú fyrsta er að Fljótsdalsvirkjun, eins og hún er fyrirhuguð, nægir ekki fyrir fyrsta áfanga álvers á Reyðarfirði. Það Eyjabakkalón sem við erum að deila um og náttúruverndarsinnar eru að kappkosta að fá metið samkvæmt lögum dugar ekki fyrir þeim 25% áfanga, fyrsta áfanga fyrirhugaðs álvers. Til þess að hægt sé að reisa þann fyrsta áfanga þarf að auki að leiða línu frá Kröflu eða Bjarnarflagi og leggja línu yfir hálendið og slíkt krefst að sjálfsögðu umhverfismats eða þá að stækka þarf lónið og hækka virkjunina um 3 eða 4 metra sem er marktæk breyting og krefst þess vegna líka umhverfismats. Menn eru að taka út þessa erfiðu umræðu við almenning í landinu verandi ekki einu sinni með þessari virkjun með nægilega raforku fyrir fyrsta áfanga fyrirhugaðs álvers. Þetta finnst mér ekki hafa komið nægilega fram í umræðum og vildi þess vegna undirstrika þetta sérstaklega.

Lög um mat á umhverfisáhrifum eru kannski ekki gallalaus og það kom líka fram í umræðum á fundinum á Héraði að þar væri ýmislegt sem þyrfti að endurskoða og ég get alveg tekið undir það. Mér finnst ekki síst að taka þurfi mið af því hvernig sambærileg lög eru í nágrannalöndum okkar og mér skilst að þar hafi orðið breytingar sem ég tel mjög mikilvægt að við kynnum okkur og athugum hvort ekki þurfi að breyta íslenskum lögum hvað þetta varðar.

Ég vil hins vegar gefa hæstv. iðnrh. það hrós að hann hefur sett á stofn nefnd um rammaáætlun um virkjanir og forgangsröð. Mér finnst það afar stórt og mikilvægt skref. Þetta er 15 manna hópur sérfræðinga sem á einmitt að reyna að sætta sjónarmið á þennan hátt sem ég er að mælast til. Ég vildi óska þess að menn sæju að sér og settu Fljótsdalsvirkjun inn í það sama ferli af því að það þykir mér vera viturra

manna háttur og það sýnir sig að hæstv. iðnrh. skilur það í raun að best er að standa þannig að verki.

Við yfirferð á ræðum þingmanna, þegar frv. um mat á umhverfisáhrifum var til umfjöllunar á þinginu í vor, kemur hvergi fram að bráðabirgðaákvæðið sem sagt er að undanþiggi framkvæmdirnar umhverfismati, það kemur hvergi fram í umræðum á þinginu, og ég hef lúslesið þær, að það ákvæði sé sett inn vegna þessarar virkjunar eða annarra virkjana yfirleitt. Það kemur hvergi fram í umsögnum sem umhvn. fékk til sín á þessum tíma um, áramótin 1992/1993, að náttúruverndaraðilar eða virkjunarsinnar séu að óska eftir þessu bráðabirgðaákvæði eða tjá sig um það vegna þess að það var hvergi að finna í því frv. sem sent var út til umsagnar. Ég tel því í raun óskiljanlegt, hafandi reynt að skilja það, hvernig þetta ákvæði fór inn í lög um mat á umhverfisáhrifum. Ég skil það ekki og leita eftir upplýsingum um það. Mér er sagt að allir sem hafa verið í salnum viti hvernig það hafi gerst en ég hef leitað að þessu með logandi ljósi og ég finn hvergi að þetta hafi verið til umræðu. Mér er hins vegar sagt, og ég segi það nú óábyrgt, og reyndar sá ég það í umsögn frá vegamálastjóra að talað er um brú yfir Borgarfjörð og Dýrafjörð í hans umsögn og hann hefur efasemdir um að þessi lög megi vera svo afdráttarlaus sem gert var ráð fyrir. Mér finnst skipta mjög miklu máli að fá upp klárað hvernig í ósköpunum þetta gerðist. Ég skil það þannig að þeir sem veita umsögn sína og jafnvel þeir þingmenn sem hér töluðu um málið hafi talið að þessar virkjunarframkvæmdir væru ekki til umræðu hvað þetta varðaði. Að sjálfsögðu féllu þær undir þessi nýju lög. Ég hlýt að túlka það þannig.

Mér finnst mjög mikilvægt að þingið í umfjöllun sinni um allar hliðar málsins, bæði um þessa þáltill. og um væntanlega þáltill. frá hæstv. iðnrh., taki tillit til þess sem sérfróðir óháðir aðilar hafa að segja. Nú hefur það spurst að Verkfræðingafélag Íslands sé að undirbúa ráðstefnu um arðsemismat virkjana. Sömuleiðis mun nefnd vera komin í gang á vegum háskólans um gildi náttúruverðmæta og þessa ráðstefnu á að halda og nefndarvinnu á að ljúka innan nokkurra vikna. Ég tel mjög mikilvægt að þingið og þeir sem um þetta fjalla, gaumgæfi niðurstöður þessara sérfróðu óháðu aðila því þótt alþingismönnum sé margt gefið og það sé haft við orð að umhverfismat fari aldeilis fram þar sem alþingismenn muni fjalla um niðurstöður Landsvirkjunar, með fullri virðingu fyrir okkur sem sitjum í þessum sal, tel ég þó enn þyngra á metunum að sérfróðir og óháðir aðilar skili niðurstöðum sínum fyrst.

[15:17]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir afskaplega skilmerkilega ræðu. Ég kem einungis upp til að svara spurningu þingmannsins varðandi bráðabirgðaákvæði II sem eins og fram hefur komið hér í dag hefur verið túlkað sem undanþáguákvæði Fljótsdalsvirkjunar.

Skýringar sem ég hef fengið á þessu máli eru þær að þegar fjallað var í umhvn. um frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum árið 1993, þá kom frá umhvrn., í gegnum ýmsa embættismenn eins og þingmaðurinn nefnir, vegamálastjóra og líka skipulagsstjóra, ábending um það að á teikniborðinu væru ýmsar framkvæmdir eins og brúarframkvæmdir og vegaframkvæmdir sem komnar væru það langt að ef ætti að setja þær framkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum yrði ekki hægt að framkvæma þær sumarið 1993 eins og til stóð samkvæmt áætlunum. Þarna voru menn því meðvitað að búa til undanþáguákvæði fyrir framkvæmdir sem hefðu stöðvast ef þær hefðu orðið að fara í mat samkvæmt lögunum. Þetta var sem sé hugsað sem eins árs umþóttunartími fyrir framkvæmdir sem voru komnar á framkvæmdastig, þ.e. frá gildistöku laganna — því eins og við vitum eru lög aldrei afturvirk — frá gildistöku laganna vorið 1993 fram á vorið 1994. Þetta bráðabirgðaákvæði kom inn að frumkvæði embættismanna og í gegnum umhvrn. og umhvn. setur það inn í sína heildarumfjöllun, allan þann pakka sem þeir voru með, og hv. þm. Tómas Ingi Olrich talaði fyrir þessu á þinginu á vordögum 1993.

[15:19]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta undirstrikar það sem ég var að segja áðan. Nú erum við báðar nýjar á þingi, Kolbrún Halldórsdóttir og ég og hvorug okkar var hér þegar þetta var í meðförum þingsins. En mér finnst einmitt mjög merkilegt, að menn skuli telja að bráðabirgðaákvæði II nái yfir jafnstóra framkvæmd og Fljótsdalsvirkjun er. Mín niðurstaða er að það er mjög hæpið, það komi hvergi fram í umræðum, það komi hvergi fram í umfjöllun umhvn., í umsögnum né neinum þeim gögnum sem hægt er að finna frá þessum tíma. Það kemur mér verulega á óvart og ég dreg í efa að það standist að svona stór framkvæmd geti fölgist í þessari sakleysislegu bráðabirgðainnskotslínu í lögunum.

[15:20]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, 73. mál, fsp. JÁ, þskj. 73.

Lagabreytingar í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs, 75. mál, fsp. JóhS, þskj. 75.

Rekstur ferju í Ísafjarðardjúpi, 74. mál, fsp. SighB og GAK, þskj. 74.

Uppbygging fjarskipta á landsbyggðinni, 72. mál, fsp. ÍGP, þskj. 72.

[15:21]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Það hefur margoft verið bent á að lagagrunnur fyrir Fljótsdalsvirkjun sé öruggur og ljós með heimildarlögunum frá 1981, með virkjunarleyfinu 1991 og síðan undanþágu frá mati á umhverfisáhrifum 1993.

Hér hefur verið gert að umræðuefni hvernig það undanþáguákvæði var fengið. Allir þeir sem hafa kynnt sér það mál sjá að það er rétt sem hv. þm. Katrín Fjeldsted sagði áðan að þar er hvergi minnst á Fljótsdalsvirkjun þó ég dragi um leið ekki í efa að öllum sem í þessum sal sátu hafi verið ljóst um hvað var verið að greiða atkvæði. Látum svo standa. Fljótsdalsvirkjun kom með í þessu togi og er um borð hjá framkvæmdaaðilum.

En það er annað sem hefur breyst frá 1993. Það er viðhorf íslensku þjóðarinnar, viðhorf sérfræðinga, viðhorf alþingismanna. Allt hefur þetta breyst. Það sýnir e.t.v. skýrast þá breytingu að það fólk sem sat í umhvn. og lagði fram hina dapurlegu undanþágu skuli nú einmitt standa í broddi fylkingar um að þessi virkjun fari í mat á umhverfisáhrifum. Öllum má ljóst vera hverjir voru í þeirri nefnd og er hægt að sjá það í þingskjölum, en það eru einmitt þeir sem hvað harðast hafa beitt sér gegn Fljótsdalsvirkjun án lögformlegs umhverfismats. **(Gripið fram í:** Var það Tómas Ingi og Gunnlaugur ...) Hv. þm. geta kynnt sér það í skjölum hverjir sátu í nefndinni.

Aðalatriðin eru þau að viðhorfin eru gjörbreytt, gjörbreyttar kröfur. Nú hljóta allir að vilja fá þessa umfangsmiklu framkvæmd í mat á umhverfisáhrifum vegna hins breytta tíðaranda og vilja að Landsvirkjun semji sig að því framkvæmda- og starfsumhverfi sem allir þurfa að sætta sig við í þjóðfélaginu.

Við vitum að meiri hluti þjóðarinnar er andvígur virkjuninni sem slíkri. E.t.v. hefðu einhverjir viljað láta bardagann og átökin um virkjunina fara fram við þá víglínu hér í dag. Þess vegna hef ég alltaf litið á það sem skynsamlegt sáttatilboð að fram færi mat á umhverfisáhrifum.

Með mati á umhverfisáhrifum ná menn fjölmörgu. Mat á umhverfisáhrifum felst ekki eingöngu í kæruferli sem almenningur eða einhverjir sértrúarhópar í umhverfismálum hafa til þess að tefja málið. Mat á umhverfisáhrifum er málefnaleg meðferð innan stjórnsýslunnar til þess að takast á við flókin viðfangsefni. Þar á almenningur aðgang og sérfræðingar. Þar eru lögformlegar stofnanir sem eiga að taka á málinu. Þar er líka ætlast til að komi samanburður á þeim virkjunarkostum og framkvæmdakostum sem fyrir hendi eru en ekki eingöngu skoðaður einn kostur eins og gert er með því að skoða eingöngu framkvæmdaáform Landsvirkjunar. Ég tel þess vegna að sú tillaga sem hér kemur fram sé þörf, hún komi að kjarna málsins, kjarna þeirrar umræðu um umhverfismál og náttúruverndarmál sem hér hefur verið. Hún kemur að kjarna þeirrar sáttar sem boðin er fram til þess að þetta mál fái farsælan framgang meðal þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Þetta mun vera í þriðja skipti sem þessi tillaga er flutt. Jafnframt því hefur farið fram mjög ítarleg umræða í þjóðfélaginu. Ég tel það vera skyldu formanns umhvn. að beita sér fyrir því að þessi tillaga fái málefnalega umræðu og framgang í nefndinni og að hver maður fái þar möguleika á að láta sínar skoðanir í ljósi þó að þær falli ekki allar í einn farveg.

[15:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, formanni umhvn., fyrir góða ræðu. Hann liggur ekkert á skoðunum sínum frekar en áður þegar rætt er um þessi mál. Hin efnislega niðurstaða hv. þm. var þessi: Tilagan sem hér um ræðir er þörf. Tillagan sem hér um ræðir kemur að kjarna málsins. Við vitum hvernig málum er háttað í umhvn. Miðað við það sem hér hefur komið fram í dag er enn til staðar sá meiri hluti sem fylgdi þessari tillögu á sumarþinginu. Þess vegna langar mig til þess að inna hv. formann eftir því hvort hann muni ekki, að lokinni þeirri málefnalegu umfjöllun sem hann talar um að nauðsynleg sé og hann muni beita sér fyrir að verði innan nefndarinnar, stuðla að því að tillagan verði afgreidd hið fyrsta til þingsins aftur til þess að hægt verði að fá skorið úr um vilja þingsins gagnvart þessari tilteknu tillögu.

[15:28]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú þegar liggja fyrir umsagnir sem beðið var um vegna þáltill. sem kom fram á sumarþinginu. Það mun flýta meðferð málsins. Við megum hins vegar eiga von á því að beðið verði um fleiri umsagnir auk þess að fá gesti til nefndarinnar og fjalla ítarlega um þetta.

Ég mun beita mér fyrir því að þetta verði unnið málefnalega og eins hratt og nokkur kostur er án þess að rasa þar um ráð fram. Hins vegar gera sér allir grein fyrir því að hér er um mjög umfangsmikið og vandasamt mál að ræða og það mun svo sannarlega taka tíma.

Enda þótt við séum ekki nú hér að tala um annað en þá þáltill. sem liggur fyrir, vil ég samt minna þingheim á að iðnrh. boðaði umfjöllun um þetta mál og þáltill. sem tekur á svipuðum efnum í umræðum um stefnuræðu forsrh. Umhvn. þarf að sjálsögðu að hyggja að því að þar sé ekki tvíverknaður og að vinnan nýtist vel. Í ljósi þessara tveggja tillagna og vandaðra vinnubragða mun ég beita mér fyrir því að þetta mál nái skjótum framgangi.

[15:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Yfirleitt hefur það ekki vafist fyrir hv. þm. að lýsa skoðunum sínum mjög skelegglega í þessu tiltekna máli. En ég er samt ekki alveg viss um hvernig ber að skýra og skilja þetta svar hv. þm.

Undir lok ræðu sinnar sagði hann að hann mundi beita sér fyrir að þetta næði skjótum framgangi. Hann var hins vegar áður búinn að geta þess að það væri að koma annað mál frá hæstv. iðn.- og viðskrh. sem þyrfti líka að fara í gegnum þingið og menn skyldu passa að þar yrði ekki um neinn tvíverknað að ræða. Hv. þm. hefur sjálfur á mjög elegant hátt bent þjóðinni á að sú leið sem hæstv. iðnrh. leggur til að þar verði farin er leið sem virðist beinlínis hönnuð til þess að skjóta málinu fram hjá meðferð hv. umhvn. sem hv. þm. veitir forstöðu. Hann hefur sjálfur gagnrýnt þá málsmeðferð og ég tek undir þá gagnrýni. Ég held að sú leið sem hæstv. iðnrh. leggur til sé ekki til þess fallin að ná sátt og málefnalegri niðurstöðu. Hún er beinlínis sett upp með það fyrir augum að koma í veg fyrir að umhvn. fái málið á sitt forræði.

Hv. þm. sagði líka í sinni fyrstu ræðu að málið væri þrautrætt og umsagnir lægju fyrir þannig að ég held að okkur sé ekkert að vanbúnaði að vinna þetta tiltölulega hratt. Miðað við að við getum ekki gefið okkur niðurstöðu umhverfismatsins — það kann auðvitað að vera að niðurstaðan verði sú að framkvæmdin verði leyfð og það liggur á að fá endanlega niðurstöðu af hálfu þingsins — þá bendi ég hv. þm. á að fordæmi eru fyrir því hvernig stjórnarliðið vinnur svona mál sem tímafrek eru.

Ég stýrði sjálfur fyrir hönd stjórnarliðsins meðferð þingsins á gagnagrunnsmáli og þá fóru menn þá leið að þeir settu á fundi daglangt og náttlangt, létu alla menn tala sem vildu en afgreiddu málið mjög skjótt. Ég bendi hv. þm. á að þar er ákveðið fordæmi um það hvernig menn afgreiða mál sem liggur á.

Að öðru leyti þakka ég hv. þm. fyrir það að svo virðist sem hann sé að hníga til þeirrar áttar að afgreiða málið út úr nefndinni en láta það ekki liggja.

[15:31]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun eins og kom fram áðan beita mér fyrir skjótri afgreiðslu málsins. Ég held hins vegar að við séum með mjög vandasamt og viðkvæmt mál. Ég sé ekki hvernig hægt er að komast hjá því að fá til viðtals við nefndina fjölmarga gesti, hagsmunaaðila, og við skulum minnast þess þó að ég hafi ekki getið um það í ræðu minni að hér er að sjálfsögðu ekki eingöngu um samspil framkvæmda og náttúru að ræða, heldur eru hér líka gríðarlega miklir hagsmunir byggða, mannslífs og atvinnulífs þjóðarinnar. Þannig verður ekki hjá því komist að vinna þetta mál svo að sómi sé að.

Ég mun ekki nýta slíkar aðferðir til þess að tefja málið frá afgreiðslu þess. Ég tel að það sé mjög þarft og mun styðja framgang þess allan en við verðum þó að taka tillit til þess að þingið kann að hafa önnur mál til umfjöllunar á sama stigi og óþarfi er að vinna það verk í tvígang.

[15:33]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er mjög stórt og viðkvæmt mál á ferðinni eins og komið hefur fram. Þetta er mál sem snertir umhverfismál, vinnubrögð og byggðamál að margra mati. Þetta er till. til þál. um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Fyrir tíu árum fékk Landsvirkjun virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun og auglýstu framkvæmdaaðilar hinnar ráðgerðu virkjunar eftir athugasemdum og leituðu þá eftir þeim. Í þeim deilum sem uppi eru í dag vegna virkjunarinnar vitna virkjunaraðilar til þess að engar athugasemdir hafi þá borist vegna uppistöðulónanna á Eyjabökkum. Eingöngu hafi komið fram athugasemdir vegna opinna aðveituskurða sem þá voru fyrirhugaðir ásamt nokkrum smávægilegum athugasemdum eins og það er orðað.

Fyrir átta árum töldu menn að virkjunin væri frágengin og að enga þýðingu hefði að koma með athugasemdir eða mótmæli þó auglýst væri eftir athugasemdum samhliða tilkynningu um að undirbúningsframkvæmdir væru að hefjast.

Sú mótmælaalda sem risið hefur á undanförnum mánuðum gegn fyrirhugaðri virkjun segir okkur að fjöldi fólks er nú meðvitaðra um náttúruvernd og stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum. Mótmælin hafa fyrst og fremst komið fram í réttlátri reiði út í stjórnvöld fyrir að viðhafa ekki nútímaleg vinnubrögð með því að láta fara fram lögformlegt umhverfismat á svo umdeildum framkvæmdum.

Fegurð virkjanasvæðanna er ekki ein og sér rök fyrir verndun þeirra heldur náttúrufarsleg sérstaða. Landsvirkjun hefur unnið að grunnrannsóknum og úttekt á virkjanasvæðunum norðan Vatnajökuls og liggja nú þegar niðurstöður fyrir á mörgum þáttum. Vísað er til þessara rannsókna þegar því er haldið fram að ekki þurfi að fara fram mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar, Landsvirkjun sjái um það. Ég er ekki að gera lítið úr rannsóknum eða úttekt Landsvirkjunar með því að fullyrða að það muni aldrei nást sátt um Fljótsdalsvirkjun án þess að fram fari lögformlegt umhverfismat. Ástæðan er einfaldlega sú að ekki er hægt að koma *með athugasemdir eða mótmæli* við hönnun virkjunarinnar ásamt uppistöðulónum nema með lögformlegu umhverfismati. Mat á umhverfisáhrifum, eins og við höfum ákveðið það með lögum, er eina tækið sem við höfum til að ná fram sáttum um stórframkvæmdir. Allt tal um að ná sátt um fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun án lögformlegs umhverfismats er blekking sem hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, skýtur sér á bak við.

Óttast iðnrh. e.t.v. að athugasemdir við Fljótsdalsvirkjun verði svo miklar að umtalsverðar breytingar verði að gera á uppistöðulónunum eða jafnvel að hætta verði við svo stóra virkjun? Eða óttast hann að þurfa að færa til peninga í ríkisbókhaldinu vegna rannsóknarvinnunnar sem þegar hefur verið unnin af Landsvirkjun eða hefði ekki Orkustofnun átt að vinna hluta þessarar vinnu? Því hefur verið haldið fram að það gæti kostað okkur um 3 milljarða kr. úr ríkissjóði í skaðabætur til Landsvirkjunar ef við hættum við allar framkvæmdir, en þessar rannsóknir sem þegar hafa farið fram eru rannsóknir sem á að gera og við búum að. Allt tal um að mat á umhverfisáhrifum muni seinka framkvæmdum við virkjun og álver við Reyðarfjörð er fyrirsláttur því að um væri að ræða nokkra mánuði.

Landsvirkjun hefur óumdeilanlega virkjunarleyfi til Fljótsdalsvirkjunar þó að líta megi til þess hvort eðlilegt sé að útgefið virkjunarleyfi geti staðið í ótilgreind ár án þess að framkvæmdir hefjist. Deilan stendur um það að framkvæmdaaðilar fari eftir núgildandi lögum, vinni samkvæmt nútímalegum vinnubrögðum.

Eins og lýst var í greinargerð flutningsmanns er mjög umdeilanlegt hvort Fljótsdalsvirkjun eigi að falla undir undanþágu ákvæðis um mat á umhverfisáhrifum virkjana þar sem undanþáguákvæðið var sett inn samkvæmt beiðni Skipulags ríkisins vegna þeirra virkjana sem þá þegar voru komnar á framkvæmdastig, enda er eins og komið hefur fram hvergi getið Fljótsdalsvirkjunar í umsögnum sem lúta að undanþágunni.

Þegar undanþágan eða lögin voru samþykkt árið 1993, þá treystu menn á að skipulags- og byggingarlögin yrðu endurskoðuð og þar með þetta ákvæði. Ef það hefði verið gert væru ekki uppi deilur um það í dag hvort Fljótsdalsvirkjun ætti að falla undir þetta ákvæði eða ekki. Hvað menn hugsuðu hér í sætum sínum og töldu að þetta ákvæði næði yfir verður hver að hafa fyrir sig. Það er ekki pólitísk flétta að halda því fram að þarna hafi aldrei verið átt við Fljótsdalsvirkjun, heldur er það staðreynd að Fljótsdalsvirkjun var aldrei nefnd. Því tel ég að orð hæstv. forsrh. í ræðu hans hafi verið ómakleg. Þeir sem vilja að svo umdeild framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum telja að í dag sé þetta hluti af vinnuferli sem tilheyrir nútímavinnubrögðum.

Til hvers voru svo lögin sett? Var það til þess að tefja framkvæmdir eins og heyrst hefur í dag, að lög um mat á umhverfisáhrifum séu eingöngu til þess að tefja framkvæmdir, eða var það til þess að geta unnið með eðlilegum hætti og viðhafa eins vönduð vinnubrögð og við þekkjum til í dag? Það á ekki bara við um virkjunarframkvæmdir, þetta á við um allar stórar framkvæmdir, að við skoðum málin frá öllum hliðum. Þeir sem leggja vegi, þeir sem eru að virkja horfa á framkvæmdina út frá sínu sjónarmiði, bændur, íbúar, félagasamtök og allir aðrir sem eiga þar hlut að máli, sveitarstjórnarmenn sem aðrir, líta á framkvæmdirnar út frá sínu sjónarmiði og öll sjónarmið eiga rétt á sér og eiga að koma fram. Það er ekki hægt að nálgast þessar athugasemdir nema farið sé eftir lögunum um mat á umhverfisáhrifum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson leitaði eftir skoðunum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Vissulega munum við verða að sætta okkur við niðurstöður á lögformlegum vinnubrögðum, ef svo vel tekst til að mönnum auðnist að setja virkjunina í lögformlegt umhverfismat. Við munum vissulega lúta því. En hvort maður sættir sig við *það er svo annað mál. Við höfum uppi aðrar hugmyndir.* Við erum búin að leggja fram þáltill. um að stofnaður verði Snæfellsþjóðgarður og landsvæðið nýtt til þess.

[15:42]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir svo til hvert einasta orð sem hv. þm. sagði og legg áherslu á það, sem er kjarni *málsins og kom fram hjá hv. þm. og er nákvæmlega laukrétt,* að forsenda þess að sátt geti náðst um þetta mál er að virkjunin fari í lögformlegt umhverfismat. Það er kjarni málsins. Eins og hv. þm. sagði, þá er kjarninn sá til að sátt geti náðst

um málið að menn uni við þá niðurstöðu, og undir það tek ég.

[15:43]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég vil við þessa fyrri umræðu um þáltill. á þskj. 7, um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, sem flutt er af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og fleirum, lýsa því yfir eindregið af hálfu Frjálslynda flokksins að hann fylgir þessari tillögu. Ég mun ekki hirða um að tína til rök þessa vegna svo augljós sem þau mega vera, heldur vísa til ítarlegrar greinargerðar og get gert þær röksemdir þess vegna að mínum.

Ég álít það glapræði, háskasamlegt glapræði ef út í þessa framkvæmd verður ráðist án þess að farið verði að þessari tillögugerð.

Standist þessi framkvæmd hins vegar umhverfismat og falli undir þær skuldbindingar sem við Íslendingar kunnum að öðru leyti að vera seldir undir, þá ber auðvitað að hlíta þeirri niðurstöðu. Ég þarf áreiðanlega ekki og vonandi ekki að minna þingmenn á að verði meiri hluti fyrir því á hinu háa Alþingi að ráðast í þessa virkjun þótt ekki verði farið að þessari tillögu, þá ber okkur að sjálfsögðu að hlíta þeirri niðurstöðu.

[15:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Tillaga sú sem hér er til umræðu og verið er að ræða hér í þriðja sinn, ef ég man rétt, er að mínu mati — þó að hún sé kannski ekki tímasóun — ekki nákvæmlega rétt fram sett í þeirri röð sem þyrfti að vera ef reyna ætti að koma í veg fyrir virkjun Jökulsár í Fljótsdal og Eyjabakkar yrðu settir undir vatn. Ég held að það sé ekkert sem geti komið í veg fyrir þessi virkjun annað en að undanþáguákvæði í lögum um umhverfismat verði afnumið. Það er það fyrsta sem þarf að gera ef menn á annað borð vilja breyta því ferli sem er í gangi.

Einnig þyrfti að breyta lögum um raforkuvirki sem heimila þessa virkjun þannig að lögformlega hef ég ekki getað séð neitt því til fyrirstöðu af hálfu stjórnvalda að fara með framkvæmdina eins og áætlað er í dag. Menn getur að sjálfsögðu greint á um hvort þetta sé rétt í dag eða ekki og hvort verið sé að fórna náttúruperlum sem við hefðum gjarnan viljað eiga áfram óbreyttar eftir að við höfum skoðað málið betur. En ég segi, sá veldur miklu sem upphafinu veldur, og í þessu tilfelli hafa menn sem þekkja svæðið mjög vel og hafa kynnt sér það manna best á landinu lagt til að virkjunin fari fram með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og jafnvel með mun meiri náttúruspjöllum en talað er um í dag. Þær væntingar sem búið er að rekja í þessu máli á Austfjörðum og fyrir efnahagslíf landsins eru svo miklar að það hefur reynst þeim sem hafa sannarlega viljað breyta þessu ferli nánast ógerningur að koma einhverjum nýjum hugmyndum að og þar stendur hnífurinn í kúnni að mínu mati.

Ef umhverfissinnar vilja þyrma einhverju af því svæði sem um er að ræða eins og Eyjabökkum, þá eiga menn að segja það. Mér finnst allt of mikil umræða fara fram um það hvort eitthvert umhverfismat eigi að fara fram eða ekki eins og það sé aðalatriðið. Það er löngu búið að ákveða í þinginu að þetta umhverfismat þurfi ekki að fara fram og reyndar er búið að breyta virkjuninni gríðarlega mikið þannig að umhverfið í kringum hana er allt annað en um var talað upphaflega og þeir samþykktu sem þá gerst þekktu allt svæðið sem á að breytast í kringum Fljótsdalsvirkjun.

Ég hef því undrast verulega að umhverfissinnar, sem hafa barist harðast í málinu, hafa ekki reynt að komast að einhverri málamiðlun, reynt að bera fram einhverjar nýjar hugmyndir á borði sem gætu þá komið í staðinn fyrir virkjunina í stað þess að hanga á þessu umhverfismati. Ég hef sjálfur lýst því yfir að mér finnist Eyjabakkasvæðið náttúruperla sem ég vildi sjá að yrði þyrmt. Ég hefði viljað leita leiða til þess að það væri hægt í sátt við stjórnvöld og Austfirðinga og aðra sem hafa haft miklar væntingar til þessa svæðis eða til þessara framkvæmda sem eiga að leiða af sér mörg störf fyrir Austfirðinga. En ég heyri ekki nokkurn umhverfisverndarsinna taka undir þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram og ég hef t.d. slegið fram, um að skynsamlegra væri að fara út í Kárahnjúkavirkjun en virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Mér finnst umhverfisverndarsinnar frekar lýsa því yfir að það séu jafnmikil helgispjöll að virkja við Kárahnjúka og við Eyjabakka. Þá velti ég því fyrir mér hvort umhverfisverndarsinnar séu yfirleitt á móti öllum virkjunum á Austfjörðum.

Ég er einn af þeim sem vilja leita sátta í flestum málum ef um alvarleg deilumál er að ræða og hef talið mig hafa sýnt það eins og í sjávarútvegsmálum og fleirum og hefði gjarnan viljað geta lið því eitthvert lið að þarna væri hægt að ná sáttum. En mér sýnist því miður að það ætli ekki takast. Ég held að ég verði að skora á umhverfissinna að endurskoða baráttuaðferðir sínar í þessu máli og reyna að leita að sameiginlegri niðurstöðu allra. Það sé ekki bara þannig að einn eigi að hafa allt sitt fram og hinir eigi að sitja eftir með sárt ennið. Ég held að það standi eftir ef fer fram sem horfir að það verði umhverfisverndarsinnar sem sitji uppi með það að hafa engu getað breytt og mér finnst það slæmt fyrir umhverfissinna.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, af því að ég reikna með að þetta mál fari til til umhvn., að þá haldi áfram sú umræða sem búin er að vera þar í nokkur skipti, og við verðum að gera okkur grein fyrir því hvernig framhald alls málsins verður. Ég get ekki séð sjálfur hvaða tilgangi það þjónar t.d. að flýta sér með þetta mál í gegnum umhvn., vitandi það að tillaga er á leiðinni frá hæstv. iðnrh. um að virkjunin verði staðfest inni í þinginu eina ferðina enn. Það er náttúrlega aðalmálið, þ.e. þau lög sem eru í gildi varðandi virkjunina, ef menn á annað borð vilja breyta einhverju þá hljóta þeir að þurfa að breyta lögunum. En að öðru leyti er þessi hugmynd bara áframhaldandi spjall um umhverfismat. Ég get því ekki séð að það að flýta sér með málið í gegnum umhvn. til að koma því á undan tillögu iðnrh. hafi nokkurn tilgang.

Ég hef hugsað mér sem hugmyndir í umhvn. þegar kemur að því að ræða þessi mál í fullri alvöru og ef af virkjuninni verður sem allar líkur eru til, hvernig getum við þá lágmarkað þau umhverfisspjöll sem verða af virkjuninni með einum eða öðrum hætti, eins og frægt er orðið sem orðatiltæki, bæði fyrir umhverfi og dýralíf. Það er eflaust hægt að gera margt til þess að þetta verði ekki að öllu leyti eins erfitt fyrir umhverfisverndarsinna að kyngja.

Ég ætla ekki að hafa meira mál um þetta, herra forseti, en mér rann blóðið til skyldunnar til að segja fáein orð um þetta mál og vona að í umhvn. náist einhver umræða sem fari út af því plani að vera endalaust að tala um umhverfismat sem allir eru löngu búnir að átta sig á að verður seint breytt frá því sem frumkvöðlar að þessu öllu saman lögðu til á þingi á sínum tíma.

[15:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson talaði mjög skorinort í vor. Þá lýsti hann því yfir að hann væri á móti því að Eyjabökkum væri sökkt. Ég gat ekki skilið mál hans öðruvísi þá. Núna átti ég mjög erfitt með að skilja hvað það var sem hann sagði en hins vegar vill svo til að hann hefur hér tvo hæstv. ráðherra sem eru í hlutverki einhvers konar skýrenda varðandi mál hv. þm. með frammíköllum og það er auðvitað vel.

Hv. þm. sagði að nauðsynlegt væri að grípa til allra tagltækra ráða til þess að lágmarka spjöllin sem þessi virkjun kynni að valda. Nú er það svo að mat á umhverfisáhrifum þjónar einmitt því hlutverki. Mat á umhverfisáhrifum er ekki bara til þess að meta áhrifin af viðkomandi framkvæmd heldur líka að geta leitt fram það sem hægt er að grípa til til þess að lágmarka spjöllin og jafnframt að reyna að benda á eitthvað sem gæti komið í staðinn og ýmislegt kemur til greina í þeim efnum. Hæstv. utanrrh. hefur til að mynda fyrir sennilega einu og hálfu missiri bent á ákveðna leið í því sambandi. Umhverfismat tekur á þessu öllu, metur mögulega valkosti í stað þeirra framkvæmda sem verið er að fara í og metur jafnframt til hvaða ráða er hægt að grípa til þess að lágmarka spjöllin. Einmitt þess vegna er nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum til þess að þetta komi fram og menn viti þá valkostina og þetta er nauðsynlegt til þess að ná fram sátt um málið ef það er hægt.

Hins vegar langar mig til þess að spyrja hv. þm. Kristján Pálsson, ef það er rétt sem hæstv. iðnrh. kallar fram í að hann sé enn á móti því að Eyjabökkum verði sökkt hvort hann sé eigi að síður fylgjandi virkjuninni.

[15:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að ég hafi lýst því yfir í vor að ég væri andvígur þessari virkjun. (**ÖS:** Nei, að sökkva Eyjabökkum.) Að sökkva Eyjabökkum. Ég er alveg á sömu skoðun enn þá og mér finnst mjög slæmt að það skuli vera uppi sú staða að þetta svæði fari undir vatn. Það hryggir mig mjög ef það verður endirinn.

Ég er alveg sammála því að mat á umhverfisáhrifum gæti hugsanlega leitt eitthvað sérstakt fram í þessu máli en ekki er víst að það mundi leiða til þess að Eyjabökkunum yrði þyrmt. Það er engin trygging fyrir því. Í mínum huga eru Eyjabakkarnir mjög sérstakt svæði að mörgu leyti, sem komið hefur fram m.a. við lestur af skýrslum alls konar og úttektum. Heimsókn þangað upp eftir staðfesti það álit mitt að þetta er mjög sérstakt svæði sem ég hefði gjarnan viljað að mín börn fengju að njóta eins og ég. Vegna þeirra sem áttu hugmyndirnar að virkjuninni, hvað það er langt síðan þeir fóru af stað með þetta og hversu miklar væntingar þeir eru búnir að vekja út af þessu máli, þá er alveg lygilega erfitt að breyta því sem þegar hefur verið ákveðið í málinu, því er nú verr og miður. Þess vegna segi ég, við eigum að reyna að lágmarka þá þann skaða sem af þessu verður til þess að ekki sé bara rifist um einhver tæknileg atriði. Mér finnst menn vera algerlega fastir í því að fara í umhverfismat.

Ég hef aldrei verið á móti virkjunum. Ég er alls ekki á móti því að virkja á Austfjörðum, ég hef aldrei sagt það. Aftur á móti vil ég að náttúruperlur þjóðarinnar verði verndaðar eins og kostur er og þessi perla er mér mjög hugleikin.

[15:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki heil brú í þessum málflutningi. Hv. þm. er á móti því eins og hann ítrekar hér að Eyjabökkum verði sökkt. Þá hlýtur hann að vera á móti þeirri framkvæmd sem veldur því að þeim kann að verða sökkt. Nei, hann er það ekki. Hann lýsti því yfir í lok ræðu sinnar að hann er í rauninni með Fljótsdalsvirkjun. Það var það sem hann sagði í lokin. Þetta stangast allt saman á. Það sem hér liggur fyrir er auðvitað að hér er einn hv. þm. sem er bæði að reyna að vinna sér hylli kjósenda og að halda skjóli og hita hjá hæstv. ríkisstjórn og það er okkur ekki til framdráttar að haga málflutningi okkar með þessum hætti.

[15:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli svona málflutningi og hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti að vita betur. Ef hann hefði hlustað á það sem ég sagði áðan, þá sagðist ég hafa opinberlega lagt til að það væri frekar farið út í Kárahnjúkavirkjun en Fljótsdalsvirkjun sem gæti leyst þann vanda sem er varðandi raforkuframleiðslu fyrir það álver sem er að ræða á Reyðarfirði. Ég mótmæli svona fullyrðingum. Ég kannast ekki við að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi komið með neina lausn á málinu. Hann hamast eins og hani á hól og segist vita betur en aðrir. Ég man ekki betur en það hafi verið flokkur hans og jafnvel hann sjálfur sem lagði það til á sínum tíma að þessi undanþága yrði veitt frá umhverfismati. Flokkur hans og ráðherra hans. (**ÖS:** Það var Hjörleifur.) Það var Hjörleifur líka, það var líka Hjörleifur. Það voru bara miklu fleiri þannig að ég held að hv. þm. ætti frekar að skoða ákvarðanir eigin flokks í þessu efni en ekki vera að ásaka aðra menn fyrir það að koma ekki með raunhæfar lausnir á því vandamáli sem við erum að ræða hér.

Það sem mér finnst hafa komið fram í máli hv. þm. er orðhengilsháttur.

[16:00]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill koma þeim ábendingum á framfæri að ef vitnað er til einstaklinga sem ekki eiga sæti hér, þá séu þeir nefndir fullu nafni.

[16:00]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með Fljótsdalsvirkjun eru eyðilögð mikil náttúruverðmæti, náttúruverðmæti sem ekki verða aftur kræf. Það er ekki hægt að ná þessum náttúruverðmætum aftur. Það er sanngjörn, skynsamleg og eðlileg krafa nútímamanna að menn meti með þeim tækjum sem við höfum þann skaða sem náttúran verður fyrir um leið og við metum áhrif á byggð og mannlíf. Við höfum tækin, viðhorfin hafa breyst. Það er það sem við erum að biðja um.

Ég átta mig ekki alveg fyllilega á málflutningi hv. þm. Kristjáns Pálssonar, en skora á hann að skoða mjög rækilega þá vinninga sem ég veit að honum er líka ljóst að eru í umhverfismatinu og ekki er bæði sleppt og haldið í þessu.

Mat á umhverfisáhrifunum dregur einmitt fram það sem hv. þm. er að tala um, aðra möguleika og stöðu málsins þannig að hægt sé að gefa sér tíma til að meta þetta. Af þeirri vinnu sem ég hef átt með hv. þm. í nefndinni veit ég að hann mun skoða þá möguleika mjög rækilega og ég hlakka til að eiga samstarf við hann um þau efni.

Ég vil víkja að einu atriði sem hv. þm. nefndi, þ.e. um samanburð á þáltill. sem nú liggur fyrir og afgreiðslu hennar

áður en þáltill. sem boðuð hefur verið kemur fram. Þar er á reginmunur.

Þessi þáltill. snýr að kjarna þeirrar deilu sem uppi hefur verið að undanförnu þ.e. umhverfisþættinum, hvort meta eigi hann með lögformlegum hætti eða ekki.

Hin þáltill. sem boðuð er tekur á öllu málinu og boðar þriggja milljarða kr. álfabrennu fyrir þá sem greiða atkvæði þar með. Það er ekki það sem við erum að biðja um. Við erum að biðja um að hér fari fram mat samkvæmt nútímalegum vinnubrögðum. Um það fjallar þessi þáltill.

[16:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki almennilega á því hvort hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson væri að beina til mín spurningu eða ekki. Ég geri mér alveg fyllilega grein fyrir því að þeir umhverfissinnar sem hér hafa talað gera það af einlægum vilja til þess að reyna að vernda náttúruna og reyna að lágmarka skaða af völdum mannvirkjagerðar á hálendinu sem annars staðar og til þess er umhverfismat að sjálfsögðu. En það er ekkert sem tryggir það að umhverfismat vegna virkjunar á Jökulsá í Fljótsdal mundi leiða til þess að Eyjabakkarnir yrðu friðaðir eða þeim yrði þyrmt. Það er ekkert sem segir mér það. Aftur á móti hafa farið fram gríðarlega miklar rannsóknir á þessu svæði.

Við stöndum samt frammi fyrir því að búið er að veita þetta leyfi samkvæmt lögum síðan 1981. Það er líka búið að veita heimild í lögum fyrir því að virkjunin fari ekki í umhverfismat. Við stöndum frammi fyrir því. Það sem ég er að reyna að segja er að meðan menn ætla að halda áfram stríðsrekstri á þennan hátt, þá er alveg ljóst að annar mun gjörtapa en hinn mun hafa allt sitt fram. Það sem ég vil er að menn reyni að ná einhverjum áttum í þessu og reyni að skilja að það verður stundum að beygja sig ef menn ætla að ná einhverju fram.

[16:05]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af samtölum mínum, viðræðum og þeim orðum sem hafa fallið hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni veit ég að af heilum huga er hann að benda á að e.t.v. mætti leita annarra lausna í virkjunarmálum og ég virði slíkan málflutning og slíkar óskir.

Ég verð því miður að láta það koma fram að ég hef í skoðun minni á þessu máli aldrei séð marga aðra möguleika. Mér sýnist að þeir séu afar fáir. En áður en ég gef þá von frá mér vil ég nýta málefnalega, vísindalega og lögformlega aðferð til að taka á málinu og gefast þá fremur upp þegar fullreynt hefur verið en varpa allri ábyrgð frá mér á skynsamlegri meðferð málsins eingöngu vegna þess að árið 1993 var gefin undanþága með þeim hætti sem þá var gerð og að láta eins og allar klukkur veraldar hafi staðið kyrrar frá þeim tíma.

[16:06]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna kom einmitt fram hjá hv. þm. það sem mér hefur fundist slæmt í málflutningi umhverfissinna, þ.e. að gefa sér það í raun fyrir fram að engar virkjanir verði í þeim stórám sem eru á Austfjörðum. Hv. þm. sagðist ekki sjá neina aðra möguleika á þessu svæði til virkjana og þar greinir okkur á.

Ég hef séð fyrir mér að mjög eðlileg leið væri að virkja Kárahnjúka vegna þess að það svæði er ekki nærri eins viðkvæmt. Það er mjög hagkvæmt í virkjun og skapar sömu möguleika. En það eru að sjálfsögðu ýmis vandamál sem fylgja því vegna þess að verið er að framleiða miklu meiri raforku en nauðsynleg er fyrir þessa einu álverksmiðju sem um er að ræða.

Þá komum við að því sama aftur. Menn ætla sér að halda áfram í því farinu að vera á móti öllu því sem á að gera þarna og ætla ekki að hvika neitt frá því. Þá neyðast þeir til þess sem vilja halda áfram með virkjun á Fljótsdal að láta bara reyna á þetta mál og halda því sínu striki. Þar er ég ekki sammála baráttuaðferðunum.

[16:07]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson gerði að umræðu áðan þá skoðun sína að hann vildi þyrma Eyjabökkum og ég met það við hann að hann skuli koma og segja það á hinu háa Alþingi. Hann lýsti hins vegar eftir nýjum hugmyndum og sagði að þær hefðu ekki komið fram.

Ég vil vekja athygli hans á því að fjölmargar aðrar hugmyndir hafa komið fram. Ég vil líka vekja athygli hans á því að sú nefnd sem ég gerði að umtalsefni áðan og hæstv. iðnrh. hefur sett á stofn á að fjalla um rammaáætlanir um virkjanir og forgangsröð og að sjálfsögðu koma þar fram aðrir virkjunarkostir geri ég ráð fyrir. En af því að þingmaðurinn nefndi það að markvissara hefði verið að undanþáguákvæðið yrði afnumið eða menn legðu það til í stað þess að setja fram þáltill. eins og gert hefur verið, þá vil ég samt undirstrika það sem ég sagði áðan að menn verði þá líka að skoða hvernig má túlka þetta bráðabirgðaákvæði II við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Ég rakti það í nokkuð ítarlegu máli áðan að ég hefði farið yfir allar þær umsagnir sem hefðu borist til umhvn. og að ég hefði farið yfir ræður manna þegar fjallað var um málið í þinginu og hvergi í þeirri miklu leit hafi komið fram nokkurt einasta orð um það að bráðabirgðaákvæðið ætti að undanþiggja virkjanir, hvað þá að tiltekið væri að þessi ákveðna virkjun væri undanþegin. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli. Ég vil líka vekja athygli á því að setji maður lagaskorður við því að vinna hlutina á einn veg, þá er mjög merkilegt hvað tækninni getur fleygt fram til að finna aðrar leiðir.

[16:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur sinnt þessum málum vel að mér finnst og sett sig inn í þau eftir bestu getu. Mér finnst það virðingarvert og tek undir það sem hún hefur sagt að ekkert kemur fram um það í þessu bráðabirgðaákvæði hvað er verið að tala um. En það segir mér um leið að verið sé að meina allt það sem var búið að samþykkja fyrir bráðabirgðaákvæðið. Það þarf því ekkert endilega að telja það upp. Ef ætti að telja upp eitt, þá þyrfti að telja upp allt. Ef eitt hefur gilt, þá hlýtur allt að gilda. Ef Nesjavellir hafa gilt þá hlýtur það að gilda líka með Jökulsá í Fljótsdal. Mér finnst það gefa auga leið þannig að ekki þurfi í sjálfu sér að velta því mjög lengi fyrir sér hvað felst í þessu bráðabirgðaákvæði og hvers vegna ekki kom fram í umræðunni neitt sem benti til að einhver ein framkvæmd væri mönnum hugleiknari en önnur.

Það segir manni líka heilmikið hvað þessi umhverfisumræða var komin skammt á þeim tíma að ekki skuli hafa verið minnst á neinar af þessum virkjunum, eins og t.d. Fljótsdalsvirkjun. Það er eins og þeir sem tala hæst núna um umhverfismál og eru utan þings og réðu mestu um framgang

þessa máls á sínum tíma, virtust ekki hafa miklar áhyggjur af Fljótsdalsvirkjun á þeim tíma eða 1993, fyrir aðeins sex árum. Það er ekki fyrr en núna síðustu tvö árin að virkilega fer að heyrast eitthvað um áhyggjur umhverfismanna, eins og þeirra sem voru á síðasta þingi og búnir að vera áratugi á undan. Þá fer að heyrast verulega hátt um að þessi virkjun sé mikil náttúruspjöll og henni þyrfti að breyta eða gera á annan hátt heldur en þeir voru sjálfir áður búnir að leggja til. Ég held að þeir hafi ekki einu sinni sjálfir verið komnir svo langt í þessari umhverfisumræðu að þeir hafi áttað sig á þessu.

[16:12]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. síðasti ræðumaður túlkum greinilega ekki eins hvað það táknar að ekki sé minnst á virkjanir í umræðum og umfjöllun þingsins á árunum 1992 og 1993. *Ég túlka það skýrt svo og það er alveg ljóst í mínum huga* að menn töldu sig ekki vera að fjalla um svona stórar framkvæmdir. Ég hlýt að túlka það þannig.

Ég ítreka að menn eru að fara út í óvinafögnuð gagnvart almenningi í landinu sem hefur mjög skýrar skoðanir á þessu máli. Meira að segja 50% Héraðsbúa eru mótfallnir þessum framkvæmdum og samt duga þessar framkvæmdir ekki fyrir fyrsta áfanga álvers við Reyðarfjörð. Bara að menn hafi þetta í huga. Það dugar ekki fyrir fyrsta fjórðungi framkvæmdarinnar, sem er fyrsti áfanginn.

[16:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn verða að skilja þetta eftir því hvernig þeim hugnast. Ég get ekki að því gert ef hv. þm. vill endilega skilja þetta svona, þá er ekkert við því að gera. En ég skil þá ekki af hverju ekki var lögð fram krafa um að Nesjavallavirkjun færi í umhverfismat, ég skil ekki hvers vegna sú krafa kom ekki fram.

Aftur á móti þarf ég ekki að ítreka frekar þá skoðun mína að Eyjabakkasvæðið er náttúruperla og út af því getur orðið óvinafagnaður. (**Gripið fram í:** Og þess vegna viltu virkja.)

[16:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fer fram mjög mikilvæg umræða. Ég *held að við séum að ræða eitt mesta hitamál sem tekið verður* fyrir á þessu þingi. Við umræðuna hafa verið auk hæstv. iðnrh. hæstv. utanrrh. sem er hér staðgengill umhvrh., enda eðlilegt að hann sé viðstaddur slíka umræðu og í salnum áðan var hæstv. forsrh. Þetta undirstrikar vægi þessa máls og verður fróðlegt að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra þegar líður á umræðuna.

Við erum að fjalla um þáltill. um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Við flutningsmenn höfum bent á það og lagt á það ríka áherslu að aldrei verði sátt um annað en að slíkt mat fari fram enda kveðið á um það í lögum. Nú vil ég að það komi skýrt fram að ég er mjög eindreginn andstæðingur þessara virkjanaáforma og það erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum beitt okkur gegn þessum áformum.

Ekki vegna þess að við séum andvíg virkjunum sem slíkum. Við viljum virkja skynsamlega og við viljum ekki spilla náttúrunni. Við viljum að menn fari varlega í sakirnar. *Náttúrunni til verndar horfum við að sjálfsögðu til þeirra laga og* þeirra reglna sem settar hafa verið til að verja náttúruna. Þar bendum við á lög um mat á umhverfisáhrifum og ætlumst til þess að sjálfsögðu að farið sé eftir þeim. Það verður aldrei sátt um annað eins og hv. þm., talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt áherslu á í sínum málflutningi en að farið verði að þessum lögum.

En við erum andvíg þessum virkjanaáformum einnig af öðrum ástæðum. Við viljum skynsamlega orkustefnu í landinu. Við viljum t.d. ekki selja erlendri stóriðju rafmagn hér á spottprís. Við viljum hafa uppi aðrar áherslur og fara aðrar leiðir í atvinnuuppbyggingu en ríkisstjórnin vill fara með því að reisa stórar málmbræðslur. Þetta eru sjónarmið okkar. Öllum tilraunum til að snúa út úr orðum okkar með orðhengishætti um það hvort við séum flokkur eða einstaklingar sem hlítum landslögum vísa ég á bug.

Að sjálfsögðu hlítum við landslögum. Við ætlumst til þess að ríkisstjórnin fari að lögum og þeim reglum sem við höfum sett okkur í lýðræðisþjóðfélagi okkar. Þess vegna *krefjumst við þess að virkjunin fari í umhverfismat og erum* að leggja á það áherslu.

Það hefur komið fram við umræðuna að þeir aðilar sem hafa fengið þessa þáltill. á fyrri stigum til umsagnar hafa verið henni mjög eindregið hlynntir. Stöku aðili hefur dregið í land eða jafnvel skipt um skoðun. Það kom fram fyrr í umræðunni. Það á t.d. við um Ferðamálaráð Íslands. Þar var *umsögnin á þennan veg, stutt og skorinort, 10. nóv. 1998:*

„Erindið var tekið til umfjöllunar á fundi framkvæmdastjórnar Ferðamálaráðs 10. nóv. 1998," með leyfi forseta, ég vitna í umrætt plagg:

„Samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar að senda jákvæða umsögn og hvetja til samþykktar þingsályktunartillögunnar. Virðingarfyllst, Magnús Oddsson ferðamálastjóri."

17. ágúst 1999 berst önnur umsögn. Þar er lögð áhersla á að málið sé mjög flókið og segir í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess að málið er flókið og viðamikið ákveður Ferðamálaráð að unnið verði að því að skilgreina hagsmuni ferðaþjónustunnar á svæðum norðan Vatnajökuls *með sérstöku tilliti til orkuvinnslu og náttúruverndar.* Er formanni og framkvæmdastjóra falið að setja á laggirnar vinnuhóp til að taka saman í skýrslu grunn að slíkri skilgreiningu. Gert er ráð fyrir að vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. desember 1999."

Hvað skyldi hafa gerst í millitíðinni? Búið er að skipa nýtt Ferðamálaráð. Nýr verkstjóri er kominn þar á bæ. Hann heitir *ekki lengur Birgir Þorgilsson. Nei, nú heitir hann Tómas Ingi* Olrich og er hv. þm.

Svona vinnur ríkisstjórnin. Það er þetta sem við skulum hafa hugfast þegar við hugleiðum orð hæstv. heilbrrh. hér í gær, sem sagði, ég vil treysta sérfræðingum okkar. Vel völdum, eftir að búið er að reka vísindasiðanefnd og skipa nýja. Þegar búið er að skipta um mannskap, áhöfn í þeim ráðum og nefndum sem ríkisstjórnin skipar í, vilja menn hlusta og treysta ráðum bestu sérfræðinga.

Vinnubrögð af þessu tagi eru aldeilis ótæk og við mótmælum þeim mjög eindregið.

Að lokum, herra forseti, hvet ég til þess að þessi tillaga til þál. verði samþykkt.

[16:21]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir mjög afdráttarlausa og skýra ræðu. Það kom fram hjá honum

að hann er á móti virkjunarframkvæmdum í Fljótsdalsvirkjum gersamlega án tillits til þess hver verður niðurstaða umhverfismats.

Ég hef fengið í hendurnar útskrift af því sem sagt var hér áðan. Þar sagði Kolbrún Halldórsdóttir, með leyfi forseta, um þetta sama mál:

„Ég sagði einungis það að ég mundi lúta því mati, þeirri niðurstöðu sem skipulagsstjóri og ráðuneyti umhvrh. komast að. Þetta lögformlega mat eru leikreglur sem við höfum komið okkur saman um. Ég mundi segja þegar þetta mat væri á borðinu: Þetta er niðurstaða málsins."

Þetta er ekki nákvæmlega sama niðurstaða sem þessir tveir hv. þm. komust að, en ég ítreka það að niðurstaða og afstaða hv. þm. Ögmundar Jónassonar er mjög skýr og mjög ótvíræð. Það er auðvitað nauðsynlegt að afstaða manna komi jafnskýrt fram og kom fram hjá honum, hv. þm.

[16:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að mér fróðari í þessum málum er hv. 1. flm. tillögunnar, Kolbrún Halldórsdóttir. Ég hef hlustað mjög á röksemdir hennar í þessum málum og leyfi mér að fullyrða að þar erum við á einu máli.

Hv. þm., sem eflaust mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni, sagði að hún krefðist þess — og undir það tek ég — að Fljótsdalsvirkjun færi í umhverfismat. Að sjálfsögðu mundi hún hlíta þeirri niðurstöðu sem þar kæmi fram ef farið væri í öllu ferlinu lögformlega fram, hlíta þeirri niðurstöðu í þeim skilningi að það er niðurstaðan.

Hitt er svo allt annað mál að við erum andvíg Fljótsdalsvirkjun á mörgum öðrum forsendum einnig. Fyrir því höfum við gert mjög ræki lega grein. Ég hélt að allir mundu skilja þetta og ég held að allir hafi skilið það aðrir en þeir sem vilja reyna að snúa út úr þessu máli.

Hér í þinginu bíður önnur tillaga — reyndar er það lagafrumvarp — um að gera þjóðgarð um Snæfell. (**Gripið fram í:** Það er tillaga.) Er það þáltill. sem þar liggur fyrir? Þar kemur afstaða okkar mjög skýrt fram.

Afstaða okkar er mjög skýr í málinu. Hér erum við að fjalla um það að farið sé að lögum um umhverfismat varðandi Fljótsdalsvirkjun. Það er tillaga okkar og við krefjumst þess að það verði farið að landslögum í þessu efni.

[16:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú bregður svo við að það sem ég skildi svo mætavel fyrir hálfri mínútu síðan skil ég alls ekki núna. En ég gerði ekkert annað, virðulegi forseti, en að vitna orðrétt í þingmann. Ég get ekki annað skilið á hv. þm., 5. þm. Austurl., sem talaði hér áðan, en að hún væri að lýsa svipuðum viðhorfum og komu fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, samkvæmt þeim orðum sem hún sagði.

En ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að nú botna ég hvorki upp eða niður.

[16:25]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þykir miður að hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir getur ekki verið viðstödd umræðuna vegna þess að hún er stödd erlendis. Jafnvel þó hæstv. utanrrh. sé staddur í húsinu sem fulltrúi hennar, starfandi umhvrh., þá eru þau mál sem ég vildi ræða við umhvrh. ekki þess eðlis að hæstv. ráðherra geti svarað þeim.

Það sem ég vildi gera að umræðuefni voru þær yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra, Siv Friðleifsdóttir, gaf í nóvember í fyrra, ef ég man rétt, þegar hún var að keppa við hæstv. ráðherra Finn Ingólfsson um embætti varaformanns Framsfl. Þá kom alveg skýrt fram hjá hæstv. ráðherra Siv Friðleifsdóttur að hún var þess fýsandi að Fljótsdalsvirkjun og framkvæmdir henni tengdar færu í umhverfismat. Það hefur síðan komið fram af hálfu fyrrverandi formanns Sólar í Hvalfirði, Ólafs Magnússonar, að slíkar yfirlýsingar gaf Siv Friðleifsdóttir hæstv. ráðherra jafnframt innan flokksins.

En ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það sökum þess að hæstv. ráðherra er ekki viðstaddur en nauðsynlegt er að ganga eftir því við ráðherrann hvað olli þessum sinnaskiptum og það er nauðsynlegt að hún svari því hvort gerð hafi verið sú krafa á hendur hennar af hæstv. formanni Framsfl. að til þess að hún yrði umhvrh. gengist hún inn á það að skipta um þessa skoðun.

Þetta er eitt af því sem við munum auðvitað ræða þegar hæstv. iðn.- og viðskrh. kemur fram með þá þáltill. sem hann hefur boðað að muni koma hingað. Ég ætla ekki að ræða þá tillögu, herra forseti, en ég vil þó í upphafi máls míns geta þess að ég er algjörlega ósammála þeirri aðferð. Ég held að hún geti með engu móti komið í veg fyrir það lögformlega mat á umhverfisáhrifum sem þjóðin hefur ítrekað lýst yfir gegnum skoðanakannanir að hún vill.

Alþingismenn eru ekki óháðir sérfræðingar og stjórnarliða er með engu móti hægt að kalla óháða sérfræðinga. En það er engu líkara en að hæstv. iðn.- og viðskrh. telji að svo sé. Það er líka harðlega ámælisvert að hæstv. ráðherra hyggst fara með málið í gegnum þingið þannig að það komi ekki nema þá með einhverjum málamyndahætti til kasta hv. umhvn. Auðvitað liggur fyrir að þær deilur sem málið varða nánast snúa fyrst og fremst að umhverfisþáttum málsins.

Þetta fordæmi ég, herra forseti. Það má velta því fyrir sér hvað það er sem veldur því að þetta er gert. Líkast til eru hæstv. ráðherrar Framsfl. að reyna að draga Sjálfstfl. til frekari samábyrgðar í málinu. Út af fyrir sig má skilja það. Niðurstaða kosninganna sem fram fóru í vor og leiddu fram talsvert mikið tap Framsfl. má að stórum hluta rekja til nákvæmlega þessa máls og framgöngu hæstv. ráðherra Framsfl. í því.

Herra forseti. Þetta er auðvitað eitt af því sem við hljótum að taka til ítarlegrar umræðu þegar þáltill. hæstv. ráðherra, Finns Ingólfssonar, kemur hingað til þessa þingheims.

Um þetta mál hefur verið deilt mjög hart. Það er alveg ljóst að eins og umræðunni hefur verið hagað og eins og hún er stödd í dag mun niðurstaðan sem allt stefnir í skilja eftir sig ekki bara sár á því svæði sem um er að ræða heldur líka holundarsár meðal þjóðarinnar vegna þess að þjóðin skiptist í mjög ólíka og ójafna en harðdræga hópa. Umræðan er einfaldlega orðin það þroskuð, menn eru búnir að ræða þetta mál í þaula, málsatvik eru flest kunn þannig að flestir eru búnir að taka mjög einarða afstöðu. Skoðanakannanir benda til þess að sú afstaða sé afar andstæð hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Ég held að hvernig sem maður skoðar málið þá sé nauðsynlegt að reyna að ná einhverri sátt um þetta. Eina sáttaleiðin sem hægt er að bjóða upp á er hið lögformlega umhverfismat. Ég hef lýst því yfir skýrt og skorinort að ég er á móti því að Eyjabökkum verði sökkt.

Ég hef hins vegar líka sagt að til málamiðlunar vil ég fyrir mitt leyti fallast á að mat á umhverfisáhrifum verði

framkvæmt. Og ef niðurstaðan er sú að í þessa framkvæmd beri að fara þá mun ég hlíta því, það er svo einfalt mál.

Mér finnst að hæstv. ráðherrar hljóti að meta það að menn eru í rauninni að ganga hér talsvert langt til samkomulags, ekki síst miðað við það að hvernig sem hægt er að hugsa sér þann feril þá tel ég óhjákvæmilegt annað en að honum lykti með því að hæstv. umhvrh. muni hafa síðasta orðið. Og miðað við yfirlýsingar Sivjar Friðleifsdóttur, hæstv. ráðherra, og framgöngu hennar í því máli, þá finnst mér að hæstv. ráðherrar, sem hér sitja á bekk, hljóti að fallast á að menn eru að stíga ansi stórt skref í samkomulagsátt með því móti sem ég er að gera hér. Ég er einfaldlega að lýsa því yfir að ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn, í kjölfar lögformlegs mats og skýrslna sem lagðar eru fram sem því fylgja, til að fallast á niðurstöðu sem hæstv. ráðherra mun í lok þess ferils taka. Og ég segi það alveg einlæglega að það er ansi stórt skref og mikil fórn af minni hálfu. Þetta vil ég að komi alveg skýrt fram.

Ég tel að eina leiðin til að hægt sé að ná einhverjum sáttum um þetta mál, sem er farið að tæta ansi stór sár á a.m.k. hinn sálræna líkama þjóðarinnar, sé að reyna einhvern veginn að bera græðandi smyrsl á. Þetta er hið eina sem hægt er. Það er ekkert annað sem kemur til greina. Það er kannski tvennt fyrst og fremst sem menn hafa mælt því í mót. Annars vegar þegar talað er um, hæstv. ráðherrar, *sinnaskipti manna eins og mín* og annarra sem 1993 greiddu hér atkvæði með umdeildu bráðabirgðaákvæði í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Ég segi það alveg hreinskilnislega að *ég minnist þess aldrei* að Fljótsdalsvirkjun hafi komið til umræðu í þeim efnum. Ég minnist þess hins vegar að Gilsfjarðarbrúin kom svolítið til umræðu varðandi það. Ég nefni það líka að síðan eru liðin sex ár og á sex árum hafa miklar breytingar orðið og það er ekkert óeðlilegt við það að menn skipti um skoðanir. Ég bendi t.d. á að árið 1989 var hæstv. forsrh. formaður framtíðarnefndar og hann hafði nú ansi fögur orð uppi um aðild Íslands að Evrópusambandinu þá. Nokkrum árum seinna var hann kominn á allt aðra skoðun. Tíminn sem leið á milli sinnaskipta hæstv. forsrh. í þeim mikilvæga málaflokki var mun styttri en leið frá samþykkt þessara laga og tímans í dag. Fyrrv. umhvrh., Guðmundur Bjarnason, lagði það til á sínum tíma í júní 1998 að menn færu í umhverfismat. Og hefðu menn gert það þá væru hin rökin, þ.e. skortur á tíma, dauð og ómerk. Ég held jafnframt, herra forseti, að sá tími sé enn fyrir hendi. En auðvitað geta menn í dag fært önnur rök.

Hæstv. iðnrh. hefur haldið nokkuð klókindalega á þessu máli. Þegar við vorum að deila við hann í fyrra þá vildi hann aldrei segja af eða á um hvort að setja ætti þetta í feril lögformlegs umhverfismats. En hann sagði hins vegar í nóvember 1998 að þegar frummatsskýrsla sem væri í gangi hjá Landsvirkjun, lægi fyrir þá mundi stjórn þess fyrirtækis taka ákvörðun um það. Ég gæti lesið ummæli hans þessa efnis fyrir hann. Síðan hefur hann skipt um skoðun og það liggur alveg fyrir skýr stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar að ekki á að láta stjórn fyrirtækisins meta það, sem ég skil auðvitað. Hæstv. ráðherra var auðvitað á sínum tíma að nota þetta til þess að sveigja umræðuna og blekkja okkur sem vorum hér að reyna að tala við hann.

[16:34]

Útbýting þingskjala:

Lækkun húshitunarkostnaðar, 78. mál, fsp. KLM, þskj. 78.

Orkuverð til stóriðju, fiskvinnslufyrirtækja og garðyrkjubænda, 76. mál, fsp. KLM, þskj. 76.

[16:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í rauninni er það í mínum huga svo sjálfsagður hlutur að þessi stóra og mikla framkvæmd, sem er jafnumdeild með þjóðinni og raun ber vitni, eigi að fara í lögformlegt umhverfismat, að það er dapurlegt að þurfa að standa hér og rökstyðja það. Það ætti að vera svo sjálfgefið þegar búið er að lögfesta þann framgangsmáta þegar í hlut eiga meiri háttar framkvæmdir í landinu fyrir mörgum, mörgum árum, að þá stæðum við ekki hér og deildum um það hvort ein allra stærsta, umdeildasta og afdrifaríkasta framkvæmd sem ráðist hefur verið í á Íslandi, mér liggur við að segja í sögunni en alla vega á seinni árum og dæmi eru um, eigi að fara að þessum lögum.

Hvað vakti fyrir mönnum með lögunum um umhverfismat 1993 annað en það að innleiða þann framgangsmáta, þá aðferðafræði almennt þegar framkvæmdir ættu í hlut? Er það þá ekki vondur málstaður að verja að koma hér og ætla að hengja sig í lagakróka til að koma þessari stóru og umdeildu framkvæmd undan því mati? Það finnst mér, herra forseti.

Í fyrsta lagi er ljóst að ákvæði til bráðabirgða II í lögunum um umhverfismat 1993 var ekki sérstaklega sett með Fljótsdalsvirkjun í huga. Auðvitað ekki, enda var sú framkvæmd þá þegar í gangi, búið að bjóða hana út. Það voru aðrar framkvæmdir sem voru á teikniborðinu það vor sem menn höfðu þá í huga. Það er því rangt, það er rangfærsla að Fljótsdalsvirkjun hafi verið þar sérstaklega höfð í huga. Það er ekki hægt að færa fyrir því neinar skjallegar sannanir, það finnst hvergi í neinum lögskýringargögnum sem tengjast afgreiðslu málsins. Þetta eru staðreyndir sem menn ættu að hafa í huga.

Í öðru lagi, herra forseti, á þessi virkjun að sjálfsögðu að fara í umhverfismat vegna þess að fyrir liggur að hún er samkvæmt vilyrði til samningsaðilans upphafið að öðru meiru, upphafið að öðrum og jafnvel enn þá stórfelldari framkvæmdum og enn þá stórfelldara umhverfisraski sem allt er í raun hluti af einni heild. Ef þetta álver á að enda í 480 þús. tonnum þá þarf aflið úr Jökulsá á Dal og meira til, til þess að hægt sé að fullnægja þeim þörfum, og þá erum við að tala um svo stórfellda röskun á náttúru og vatnafari á norðaustanverðu landinu að þess eru engin dæmi, enginn samjöfnuður um annað eins. Ég hygg að það þurfi að fara til Ráðstjórnarríkjanna gömlu og finna plönin um að veita jökulánum suður á bóginn og taka ferskvatnið úr Kaspíahafinu til að hægt sé að finna hliðstæður um álíka vatnaflutninga og á að gera ef taka á svo til allt vatnið úr Jökulsá á Dal og Kreppu, ef ekki hluta af Jökulsá á Fjöllum, og dúndra því öllu austur á Hérað og niður Löginn, sem þá þarf að grafa allan og sprengja út alveg til sjávar til að flytja allt vatnið. Þetta eru áformin. Þetta er upphafið að slíkum hugmyndum sem þarna eru. Og samkvæmt vilyrði og bókun samningsaðila, NORAL-hópsins frá Hallormsstað, á næstsíðasta vori þá stendur þetta svart á hvítu.

Í umræðum í gærmorgun á fundi hjá Samtökum iðnaðarins brá talsmaður samtakanna Afl fyrir Austurland upp glærum þar sem hann gerði grein fyrir áformum eða spám um fólksfjölgun á Austurlandi ef af þessari blessun yrði. Og hann var spurður: Hvað gera þessar spár ráð fyrir stóru álveri? Þetta eru öll 480 þús. tonnin, svaraði hann.

Þannig er það auðvitað að plönin ganga út á að þessi fabrikka endi í þeim stærðum og þá vitum við að aflið verður ekki tekið annars staðar en úr þessum stóru ám þarna og þá eru menn að ráðstafa í aðalatriðum á einu bretti öllu þessu afli. Það er vítavert, það er algjörlega vítavert í ljósi þess hve stórkostlega umdeildar viðbótarvirkjanirnar hljóta að verða, með þeim hætti sem þarna er fyrirhugað, að hleypa málinu af stað svona, að skáskjóta þessu fram hjá lögum um umhverfismat hvað fyrsta áfangann varðar með lagakrókum og refjum af því að menn þora ekki í hitt.

Í þriðja lagi, herra forseti, á þessi framkvæmd að sjálfsögðu að fara í umhverfismat hvað sem upphafinu líður og löngu veittum heimildum, sem því miður eru svo illa úr garði gerðar að þær eru ótímasettar. Það virðist vera svo að Landsvirkjun hafi virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi bara „ad infinitum", um aldur og ævi. Hún geti vakið þau upp árið 2200 eða hvað? Er það svo? Jú, svo furðulega virðist frá þessum hlutum gengið að virkjunarleyfið frá 1991 er ekki tímabundið í þeim skilningi að framkvæmdir þurfi að hefjast fyrir einhvern tiltekinn tíma og þá gildi það ekki.

En svo margt hefur breyst frá því að heimildarlög voru sett á Alþingi 1991 — og það eru vel að merkja bara heimildarlög — frá því að framkvæmdaleyfi er gefið út 1981 og 1991, og frá því að lögin um umhverfismat eru sett 1993 að burt séð frá öllum deilum um hvort Fljótsdalsvirkjun var þar sérstaklega höfð í huga eða ekki þá ættu menn núna að sjá sóma sinn í því, í ljósi breyttra aðstæðna að öllu leyti, að setja framkvæmdina í umhverfismat.

Síðan hefur komið til loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna og skuldbindingar Íslands, þjóðréttarlegar skuldbindingar samkvæmt Ríó-ferlinu. Í öðru lagi EES-tilskipanir og annað því um líkt. Í þriðja lagi Kyoto-bókunin. Hér minnast þessir höfðingjar, ef þeir taka þá til máls sem enn er óséð um, aldrei á slíka hluti. Á umræðufundinum í gær, sem ég vitnaði til, nefndi iðnrh. aldrei á nafn stöðu Íslands gagnvart loftslagssamningnum, Kyoto-bókuninni eða öðru slíku, það er ekki til. Það er verið að reyna að einangra þennan veruleika hér á Íslandi frá slíkum hlutum. Það er auðvitað alveg ótrúlegt að verða vitni að slíku. Það er ekkert verið að gera á Íslandi til að undirbúa möguleika okkar hvað það varðar að fullgilda og uppfylla þessar kvaðir, á sama tíma og í nágrannalöndunum eru menn á fullri ferð að grípa til ráðstafana til þess að löndin geti uppfyllt ákvæði loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar.

Í fjórða lagi hafa síðan orðið gjörbreytingar á viðhorfum almennings. Það hefur orðið vakning með þjóðinni hvað varðar umhverfismál og meðvitund manna fyrir því hvaða verðmæti eru í húfi þar sem er náttúra landsins og ekki síst hálendið. Allt slíkt leggja þessir höfðingjar til að hunsa, hæstv. ráðherrar Framsfl., og virðast vera komnir með íhaldið með sér í að gera það.

Í fimmta lagi má nefna gjörbreytta hagsmuni Íslands að ýmsu leyti. Ég nefni ferðaþjónustuna sem er orðin stóriðja Íslands númer tvö. Skapar núna næstmestan gjaldeyri á eftir sjávarútveginum. Hvar eru hagsmunir hennar hafðir að leiðarljósi í þessari málsmeðferð? Að engu er höfð sú staðreynd að 70–80% þjóðarinnar vilja að lögformlegt umhverfismat fari fram, eðlilega. Ég verð að segja alveg eins og er að það er dapurlegt, herra forseti, að standa frammi fyrir því að menn skuli ætla við aðstæður eins og þessar að rífa þjóðina í rauninni enn frekar í sundur en orðið er, einmitt með þessari aðferðafræði. Því enginn vafi er á því, hversu skiptar skoðanir sem kynnu að verða um niðurstöðuna og endanlegan úrskurð á grundvelli lögformlegs umhverfismats, þá mundu báðir málsaðilar una niðurstöðunni skár, hversu sáttir eða ósáttir eftir atvikum sem þeir kynnu að verða við það hvor kosturinn yrði uppi, að þessi virkjunaráform gengju eftir óbreytt eða ekki, ef farið hefði verið að leikreglunum. Það ljóta við málið er að stjórnvöld ætla að beita ofbeldi til að koma í veg fyrir að farið verði að réttum leikreglum.

[16:43]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Til hvers erum við að leggja fram þáltill. í stað lagabreytingar um virkjunarleyfi, til hvers?

Í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar kom í raun og veru allt það fram sem máli skiptir, þ.e. til hvers, en samt gat ég ekki skilið hann svo að hann vildi fara þessa leið.

Með því að leggja þetta til er verið að reyna að ná sáttum um málið. Þetta er eina tækið sem við höfum til að nálgast það að ná sáttum. Við höfum ekkert annað. Þetta er eina tækið sem við höfum til að draga úr umhverfisspjöllum, eins og hann hafði vissulega áhyggjur af. Þetta er eina tækið sem við höfum til að koma með aðrar tillögur eða hugmyndir sem gætu dregið úr þeim áhrifum og verið til bóta, þó að orkan sem verði beisluð verði sú sama.

En það eru fleiri þættir. Það er mannlífið, það er félagslegi þátturinn. Þetta er eina tækið sem við höfum til að leita eftir aðgerðum til að draga úr hugsanlegum félagslegum áhrifum svona stórra framkvæmda og að benda á lausnir. Við höfum ekki annað.

Ég efa ekki að skýrsla Landsvirkjunar sé mjög vel unnin en hún þó er aldrei annað en frumskýrsla, frummat, sem þjóðin getur aldrei komið að með ábendingar um hvernig betur megi fara. Benda má á ábendingar Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings sem kom með athugasemdir þegar virkjunarframkvæmdirnar voru auglýstar. Þá benti hann á skurði sem væru fyrirhugaðir. Nú eru þeir úti vegna þess að þarna var aðili sem gat bent á þátt sem hafði vissulega mikla röskun í för með sér varðandi lífríkið. Við erum að leita eftir slíkum athugasemdum til að geta gert framkvæmdina eins hliðholla náttúrunni og mannlífinu og unnt er.

Ég skil vel áhyggjur sveitarstjórnarmanna á Austurlandi. Ég hef staðið í sporum þeirra og ástandið varðandi íbúaþróun og atvinnulíf er mjög bágt. Ekkert bendir til þess að hjólin séu að snúast við. En þetta ástand í mínum ágæta fjórðungi má samt ekki verða til þess að menn vilji horfa fram hjá því að nota það eina tæki sem við höfum til þess að viðhafa vönduð vinnubrögð því að við erum ekki að tala um nema fáa mánuði sem mat á umhverfisáhrifum mundi tefja framkvæmdir ef í þær yrði farið og það er lítill tími fyrir svo stórt málefni.

Hægt er að virkja með öðrum hætti en til stóriðju. Við höfum fengið að heyra það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að við viljum ekkert, við séum á móti öllu og móti virkjunum. Það er alveg sama hversu oft við segjum að við séum ekki á móti virkjunum, við erum víst á móti virkjunum, við fáum það alveg beint í hausinn aftur. Það er ekki rétt. Við erum bara á móti svona stórum virkjunum. Við erum á móti stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Það er það sem við erum á móti. Við viljum virkja á Austurlandi. Við viljum bara virkja með öðrum hætti. Við viljum ekki virkja með svörtum rörum eins og hæstv. utanrrh. lýsti á fundi um daginn. Það mundi örugglega ekki standast mat á umhverfisáhrifum í

dag. (**Gripið fram í:** Hvaða virkjanir eru það?) Það eru virkjanir á teikniborðinu sem hægt væri að fara í, en ekki til stóriðju, til annarra þátta sem ég er alveg viss um að er fjöldi manna í þjóðfélaginu sem hafa hugmyndir um það til hvers væri hægt að nota rafmagnið og þó ekki væru aðrir en þeir sem eru í fiskvinnslunni, bræðslunni og öðrum orkufrekum iðnaði sem verða að nota olíu í dag.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum fara inn í nýja öld með sjálfbæra orkustefnu. Varðandi úrskurð í þessu máli, þ.e. ef við berum gæfu til að samþykkja þessa þáltill. og láta virkjunina fara eftir lögum í mat á umhverfisáhrifum, verða auðvitað allir að lúta þeirri niðurstöðu. Þar með er ekki sagt að allir verði sáttir en það verður niðurstaða *í málinu. Þetta er sáttaleið, þetta er eina tækið sem við höfum.* Þetta er sáttaleið sem allir verða að una við. En við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði verðum aldrei sátt við þann úrskurð að sökkva Eyjabökkum og við höfum gert grein fyrir því. Við höfum aðrar hugmyndir um nýtingu á svæðinu. Við bendum á hugmyndir okkar með þáltill. sem liggur hér fyrir um Snæfellsþjóðgarð. Þannig teljum við að við munum nýta svæðið með arðbærari hætti til lengri tíma en með því uppistöðulóni sem nú er áætlað að setja þar niður og stórvirkjun og við höfnum stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar eins og ég sagði áður.

Við viljum að samningaferlið verði stöðvað. Við erum ekki að fara fram á að hætt verði við virkjunina núna. Við viljum ganga í gegnum þetta ferli. Við viljum að samningaferlið verði stöðvað í bili, við stöðvum okkur af. Við gerum eins og flm. þáltill., hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, benti á að inn í rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um virkjanir fari Jökulsá í Fljótsdal og jökulsárnar fyrir austan. Þetta eru það stór og mikil vatnsföll að það verður eitthvað lítið orðið eftir þegar búið er að taka þessi vatnsföll frá í rammaáætluninni. Þetta viljum við að verði gert og með tillögu okkar erum við að leggja fram sáttarhönd og teljum að það sé alveg sama hvort fólk vill virkja eða ekki virkja, fólk krefst þess í dag að unnið sé eftir nútímalegum vinnubrögðum.

[16:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það hefur komið mjög skýrt fram í umræðunni í dag að flutningsmenn þessarar þáltill. eru andvígir Fljótsdalsvirkjun. Það hefur líka komið fram að þeir eru andvígir stóriðju. Þeir eru hins vegar fylgjandi því að aðrar virkjanir séu reistar á Austurlandi en ekki til stóriðju.

Nú liggur alveg ljóst fyrir að Fljótsdalsvirkjun er það stór virkjun að ekki er hagkvæmt að virkja hana nema stór orkukaupandi komi til. Það hefur jafnframt komið fram í umræðunni að viðkomandi hv. alþm. telja hins vegar rétt að það fari fram það sem menn kalla lögformlegt umhverfismat, og oft látið í það skína að hér sé ekki unnið að lögum. Ég held að öllum megi ljóst að unnið er að málinu samkvæmt lögum. Þessi virkjun hefur verið boðin út. Ég var viðstaddur þegar páv. iðnrh. Jón Sigurðsson, í fyrri ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., tók skóflustungu að virkjuninni þannig að framkvæmdir eru hafnar.

Menn mega ekki líta þannig á að það sé ekkert verið að vinna í umhverfismálum í sambandi við málið. Miklar rannsóknir hafa átt sér stað og það mun koma fram skýrsla frá Landsvirkjun og ríkisstjórnin mun flytja þáltill. um þetta mál þar sem hún mun skýra sjónarmið sín og þá myndast möguleikar til að fjalla um þetta mál ítarlega á Alþingi, leita eftir áliti aðila og fá jafnframt álit þeirra sem vilja láta álit sitt í ljós.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að afar vafasamt sé að ákveða að fjalla um málið á grundvelli laganna frá 1993 svo ekki sé meira sagt. Alþingi hefur veitt virkjunarleyfi. Alþingi hefur ákveðið að þessi framkvæmd ásamt ýmsum öðrum framkvæmdum, ekki aðeins þessari virkjun heldur jafnframt virkjun á Nesjavöllum, virkjun í Svartsengi og ýmsum öðrum framkvæmdum í landinu sé undanþegin þessum lögum. Þetta liggur alveg skýrt fyrir. Er eðlilegt að taka ákvörðun sem Alþingi hefur sjálft tekið og setja það í hendurnar á embættismannastofnun, svo ágæt sem hún kann að vera, og síðan eigi einn ráðherra í ríkisstjórn að taka endanlega ákvörðun? Eru það lýðræðisleg vinnubrögð? Er ekki eðlilegra að Alþingi afturkalli þá þetta leyfi?

Það má líka spyrja: Eru lögin um mat á umhverfisáhrifum frá 1993 e.t.v. eitthvað gölluð? Er skynsamlegt að þetta vald sé í höndum þessarar stofnunar og umhvrh. í öllum tilvikum þegar um mjög stórar framkvæmdir er að ræða? Væri t.d. eðlilegt, ef kæmi fram tillaga um það, að taka það vatn sem er í Jökulsá á Fjöllum og veita því austur á land, að fjallað væri um það með þeim hætti? Ég tel að það sé stór ákvörðun ef slíkt væri gert, að aðeins Alþingi gæti tekið þá ákvörðun, ég tala ekki um ef einhverjum dytti í hug að fara að virkja Hvítá, sem einu sinni voru áform um þannig að vatnið færi að Gullfossi. Mér finnst vera takmörk fyrir því hvað hv. þingmenn vilja setja mikið vald í hendurnar á þessari annars ágætu stofnun, og lög. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit jafn vel og ég að þessar lagaheimildar eru fyrir hendi og ríkisstjórnin sem hann sat í hóf framkvæmdir við virkjunina. Var honum ekki kunnugt um þessa skóflustungu á sínum tíma? Ég spyr á móti: Hvað hefur breyst síðan? Menn segja að ýmislegt hafi breyst í samfélaginu, það eru önnur sjónarmið. Það er út af fyrir sig rétt. Það eru önnur sjónarmið. En spurningin er sú sama í dag og hefur alltaf verið. Er rétt að setja Eyjabakka undir vatn eða ekki? Ef menn telja það ekki rétt þá verður ekkert virkjað. Ég held að hv. alþm. séu alveg jafnfærir um að svara þeirri spurningu og skipulagsstjóri ríkisins og ég tel þá í reynd hæfari til þess. Ég tel að hv. alþm. hafi allar upplýsingar í höndum til að taka afstöðu til þess. Þeir geta leitað ráða hjá skipulagsstjóra ríkisins, ekki hef ég á móti því. En ég tel eðlilegt að það séu þingmenn sjálfir sem taka þá mikilvægu ákvörðun að þetta yrði með einhverju móti afturkallað. Það mun hafa mjög mikil áhrif í samfélaginu. Það mun hafa áhrif á hag Austurlands, mjög mikil því að þetta fjallar ekki bara um umhverfið, hið fallega umhverfi sem er í kringum Snæfell. Það fjallar líka um byggðirnar, það fjallar líka um fólkið þannig að það verður að líta á þetta mál í víðara samhengi.

Hæstv. forseti. Áreiðanlega á eftir að fara fram mikil umræða um þetta mál. Eitt vil ég þó segja að lokum vegna ummæla, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þar sem hann gaf í skyn að núv. hæstv. umhvrh. hafi breytt um skoðun. Núv. hæstv. umhvrh. hefur verið þeirrar skoðunar að fram fari umhverfismat og það fer fram umhverfismat. Það veit hv. þm. En það fer ekki fram samkvæmt lögunum frá 1993. Það fer fram umhverfismat og það hafa farið fram mjög viðamiklar rannsóknir og ég fullyrði að ekkert annað mannvirki í landinu hefur gengist undir jafnmiklar rannsóknir, ekkert annað mannvirki. En það er ekki unnið á grundvelli laganna frá 1993 þó að ýmislegt sé nú gert samkvæmt þeim, eins og þessi frummatsskýrsla Landsvirkjunar sem nú er unnið að,

er mjög sambærilegum hætti og gert hefði verið ef það hefði í einu og öllu verið byggt á lögunum frá 1993 þannig að vissulega fer fram umhverfismat.

Hins vegar er rangt hjá honum ef hann heldur að þannig standi menn að málum þegar myndaðar eru ríkisstjórnir að menn setji einhver skilyrði gagnvart ráðherrum. Það gera menn ekki. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir hver er stefna núverandi ríkisstjórnar í málinu. Stefnan er sú að vinna að því að virkja á Austurlandi til þess að efla þann fjórðung til hagsbóta fyrir fólkið þar og til hagsbóta fyrir landið allt. Svo einfalt er það og það stendur í stjórnarsáttmálanum.

[16:59]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. starafandi umhvrh. sagði í ræðustóli fyrir stundu að farið sé að lögum með því að láta 63 alþingismenn fjalla um frummatsskýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Um þetta greinir okkur stórlega á. Að mati okkar sem flytjum þessa þáltill. er ekki verið að fara að lögum jafnvel þó svo við höfum öll haldbær gögn í höndunum. Við höfum líka haldbær gögn í höndunum sem segja okkur að 80% þjóðarinnar, sem við erum fulltrúar fyrir, séu á því máli að virkjunin eigi að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Við erum fulltrúar þjóðarinnar og ef við eigum að taka mið af öllum gögnum sem við höfum eigum við líka að taka mið af því sem þjóðin vill.

Hér er um skammtímaávinning að ræða varðandi stóriðjuna. Ég kem kannski nánar inn á það í lokaorðum mínum. En málið er það að stóriðjan sem á að fá þessa orku sem um ræðir er okkur ekki að skapi. Við erum ekki að ræða um hana núna heldur hið lögformlega mat og ég vík nánar að stóriðjunni í lokaorðum mínum.

[17:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að farið er að lögum í þessu máli. Jafnvel þó að umrætt ákvæði til bráðabirgða hefði ekki komið inn í lögin á sínum tíma, þá býst ég við að niðurstaðan væri sú sama vegna þess að framkvæmdir við þessa virkjun voru hafnar og 83% af því kostnaðarmati sem þar lá fyrir hafði verið boðið út. Ég held því að enginn efist um lagagrundvöllinn í málinu.

Spurningin er hins vegar, eins og ég hef skilið það: Á þrátt fyrir það að fara út í þetta mat með allri þeirri forsögu sem er þarna fyrir hendi, m.a. öllum þeim kostnaði sem þarna hefur verið ráðist í og kominn er eitthvað yfir 3 milljarða? Þetta er mjög löng saga.

Það liggur alveg ljóst fyrir að hv. þm. segist vera á móti stóriðju og á móti þessari virkjun. Það eru sjónarmið sem ég virði og að mínu mati er miklu betra að umræðan gangi fyrst og fremst út á það. Málið snýst fyrst og fremst um það.

[17:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að eitt af því sem umhverfismat gæti haft í för með sér er að aðrir kostir í beislun afls úr Jökulsá á Dal kæmu til skoðunar. Það er mjög líklegt að skipulagsstjóri mundi fara fram á það að aðrir virkjunarkostir, allir aðrir möguleikar... **(Utanrrh.:** Jökulsá í Fljótsdal?) nei, Jökulsá á Dal, yrðu teknir, skoðaðir og bornir saman eins og við sjáum og heyrum mjög iðulega að er niðurstaða skipulagsstjóra núna, t.d. þegar mismunandi kostir í vegalagningu eiga í hlut. Ástæðan fyrir því að menn hanga eins og hundar á roði á nákvæmlega þessari virkjunartilhögun, hver er hún? Hún er sú að menn telja að með því komist þeir fram hjá lögformlegu umhverfismati. Um leið og þeirri tilhögun væri breytt yrðu þær breytingar að sjálfsögðu að fara í umhverfismat.

Gæti hugsast að ástæðan fyrir því að þetta vald er samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fært skipulagsstjóra og síðan úrskurðarvaldi umhvrh., sem hæstv. ráðherra dregur nú í efa að sé skynsamlegt fyrirkomulag, væri sú að við þá lagasetningu höfðu menn í huga að umhvrh. væri umhverfisráðherra þ.e. sá sem gæta ætti náttúrunnar, færi með náttúruverndarlög, væri yfirmaður Náttúruverndar ríkisins, stæði í lappirnar í því hlutverki og léti náttúruna njóta vafans ef svo bæri undir?

[17:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur verið í ríkisstjórn. Hann hefur verið landbrh., hann hefur verið samgrh. Ætli honum sé ekki ljóst að til þess að ná málum fram bæði í ríkisstjórn og annars staðar þurfa menn að hafa eina stefnu. Hafði hann allt aðra stefnu sem landbrh. en ríkisstjórnin að öðru leyti? Hafði hann einhverja allt aðra stefnu sem samgrh. en ríkisstjórnin að öðru leyti? Hvers konar bull er þetta?

Auðvitað á hæstv. umhvrh. að **(SJS:** Hlýða forsrh.?) gæta umhverfisins. En hæstv. umhvrh. á hverjum tíma þarf jafnframt að taka tillit til annarra sjónarmiða. Það veit hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem hér er. Þannig vinna menn í ríkisstjórnum. Menn vinna ekki þannig að einn ráðherra geri eitt og annar allt annað. Það mál vel vera að það séu vinnubrögð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vill taka upp en innra með sér veit hann að það gengur ekki. Hann er því að tala gegn betri vitund.

[17:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er þannig í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að þar séu handjárnin sett á menn í þeim skilningi að ef ríkisstjórnin ákveði eitthvað þá jafngildi það því að fagráðherrar skuli lúta þeirri stefnu og bregðast skyldum sínum ef svo ber undir, þá eru það alveg nýir tímar í stjórnskipun lýðveldisins. Þetta snýst um hvort stjórnarstefnan, okið sem sett er á einstaka ráðherra, er þannig og valdboðið svo algert af hálfu stjórnarherranna, forsrh. og utanrrh., að umhvrh. sé nauðbeygður, viljugur eða óviljugur, til að bregðast skyldum sínum sem umhvrh. Um það snýst málið en við horfum hér upp á að sá bregst sem síst skyldi.

Við erum aðilar að samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika og þar hafa menn undirgengist það að láta náttúruna njóta vafans. Það stendur þar í 1. eða 2. gr. Umhvrh. er m.a. að bregðast skyldum sínum í því tilliti ef stjórnarstefnan á að hafa völdin eins og hér er sagt.

[17:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Umhvrh. er að sjálfsögðu ekki að bregðast skyldum sínum og hv. þm. veit að fyrir þessari virkjun er framkvæmdaleyfi. Ég er meira að segja helst á því að hann hafi verið í ríkisstjórn þegar það framkvæmdaleyfi var veitt. **(SJS:** Já, en ekki með mínu samþykki.) Ekki með þínu samþykki? Hvar kom það fram? Var það bókað í ríkisstjórn, hv. þm.? (Gripið fram í.) Var það bókað í ríkisstjórninni?

(**Gripið fram í:** Nei.) (**SJS**: Framsóknarmenn hafa áður leikið ...)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hljóð í salnum. Hæstv. utanrrh. hefur orðið.)

Við skulum tala um þetta mál eins og það er. Það er framkvæmdaleyfi fyrir hendi að því er varðar þessa virkjun og það verður ekki tekið af nema með lögum. Umhvrh. á hverjum tíma ber að sjálfsögðu að hlíta lögum. Auðvitað getur umhvrh. haft þá skoðun að það hefði átt að vinna öðruvísi að málinu áður fyrr. Hæstv. umhvrh. sem nú situr í ríkisstjórn getur ekki breytt þar um. En það má vel vera að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði einhvern tíma getað breytt þar einhverju um. Það þýðir náttúrlega ekkert fyrir hann að tala eins og hann hafi aldrei komið að þessu máli og þeirri sáttargjörð sem hefur verið hérna í þinginu um virkjunarmálin gegnum tíðina, sem hann þekkir og ég þekki líka.

[17:08]

Þuríður Backman *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég gat ekki skilið orð hæstv. utanrrh. öðruvísi hér áðan en svo að hann teldi að nema mætti úr gildi lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Í framhaldi af því skildi ég það svo að hann teldi varla eðlilegt að svo stór mál, virkjanir stórra vatnsfalla eins og Jökulsá á Fljótsdal, færu til skipulagsstjóra og síðan í úrskurð umhvrh. Þessum málum væri betur komið inni á þingi. Ég efast um þau vinnubrögð og tel að það sé ekki í samræmi við nútímavinnubrögð að viðhafa þann gang, enda eru virkjanaleyfin þegar að því kemur að veita virkjanaleyfi, veitt í þessum sal. Ég held að það sé þinginu alveg nóg verkefni.

[17:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef ekkert á móti lögunum um umhverfismat. Ég tel að þau séu mjög þörf og nauðsynlegt hafi verið að setja þau lög. En ég segi einfaldlega að mér finnst koma til greina, þegar um mjög stór mál eins og stórvirkjanir er að ræða, að þá komi þau til umfjöllunar á Alþingi. Eftir því sem ég hef upplýsingar um er gert ráð fyrir slíku í þeim reglum sem gilda innan Evrópusambandsins. Menn vitna mjög til að stærri mál geti þjóðþingin tekið upp enda á þjóðþingið ávallt að geta tekið upp stórmál. Ég hef vissar efasemdir um það sem þingmenn eru að boða hér, að ákvörðun sem Alþingi hefur tekið verði færð í hendur Skipulagsstofnunar ríkisins og umhvrh. Mér finnst miklu nær, ef Alþingi vill taka aðra ákvörðun, að það geri það sjálft en vísi ekki til annarra eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

[17:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þessi málflutningur hæstv. ráðherra er varla boðlegur. Hann kemur hingað og dregur í efa að rétt sé að láta lög gilda í þessu tiltekna tilviki vegna þess að hann hefur grunsemdir um að stofnunin, sem hann kallar embættismannastofnun, sem á að véla um þetta lögum samkvæmt komist að réttri niðurstöðu. Það er auðvitað ekkert annað sem vakir fyrir hæstv. ráðherra. Það er ekki hægt að skilja mál hans öðruvísi.

Hvernig í ósköpunum stendur á því að hann skuli segja þessa ákvörðun svo stóra að ekki sé hægt að treysta einum tilteknum ráðherra fyrir þessu? Það er hægt að nefna aðrar mjög stórar ákvarðanir eins og úthlutun kvóta sem árlega er í höndum eins tiltekins ráðherra.

Herra forseti. Varðandi það er hæstv. ráðherra spurði út í vitneskju mína um hversu langt hefði verið gengið með framkvæmdir þegar ég var í ríkisstjórn, þá svara ég alveg ærlega og ég vona að hann trúi mér: Ég gerði mér ekki grein fyrir því þá að þessar framkvæmdir væru byrjaðar. Það sem meira er, ég fór sem umhvrh. til að skoða þetta svæði en ég fór að skoða Kreppu, svæðið sem átti að verða undir Arnardalslóni, vegna þess að á þeim tíma datt engum í hug að þessi virkjun yrði að veruleika. Þannig var það mál.

[17:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. fyrrv. umhvrh. hefur hrifist mjög af Kreppu. Hann hefur komist í slíka kreppu að hann hefur ekki áttað sig á umræðunni sem þarna hefur verið áratugum saman. Ég hef aldrei heyrt fyrr að engum manni hafi dottið þessi kostur í hug.

Mér finnst óþarfi að snúa út úr ummælum mínum með þeim hætti sem hér er gert, að Skipulagsstofnun sé ekki treystandi eða að umhvrh. sé ekki treystandi. Ég hef aldrei sagt það. Ég hef ekki gefið það í skyn með nokkrum hætti. Ég er aðeins að segja að mér finnst að e.t.v. megi greina á milli þeirra framkvæmda sem tilheyra hinu daglega lífi, vegaframkvæmda og margs konar annarra framkvæmda og hins vegar stórverkefna sem hafa mætti einhvern annan farveg fyrir. Mér finnst umræðan um Fljótsdalsvirkjun benda til þess að e.t.v. mætti líta til þess. Eða er hv. þm. Össur Skarphéðinsson á móti því að valdið sé hjá Alþingi í sem mestum mæli? Það finnst mér afar undarlegt.

[17:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hæstv. ráðherra getur auðvitað dregið orð mín í efa. En hann getur skoðað umræðuna frá því að ég varð umhvrh. í júní 1993. Þá var mikil umræða um að virkja Jökulsá á Fjöllum. Þá talaði ekki nokkur einasti maður um Fljótsdalsvirkjun. Menn töldu þá, eins og þróunin hafði verið, að það væru draumórar eins og verið hafði mjög lengi og að ekkert yrði úr þeirri virkjun.

Varðandi, herra forseti, það er hæstv. ráðherra talar um skoðun mína á getu ráðherra og einstakra stofnana, þá er það einfaldlega þannig að þingheimur hefur kosið að setja lög þar sem búinn er til ákveðinn ferill. Hæstv. ráðherra virðist ekki bara tala um þessa tilteknu framkvæmd heldur að í framtíðinni eigi stórvirkjanir ekki að falla undir þessi lög. Hann er að gera því skóna að nauðsynlegt sé að breyta lögum, ekki bara varðandi þessa tilteknu virkjun heldur aðrar virkjanir.

Lögformlegt umhverfismat. Hvers vegna? Hæstv. ráðherra kom sjálfur fyrstur fram með valkost. Hann nefndi fyrir einhverjum mánuðum, einu og hálfu missiri sagði ég fyrr í dag, möguleikann á Kárahnjúkavirkjun. Mörgum finnst það vera valkostur. Það er ekki hægt að meta það nema að gert verði lögformlegt umhverfismat. Það er heila málið.

[17:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur sannarlega lent í mikilli kreppu. Ég man eftir því að þegar hugmyndir voru uppi um að byggja álver á Keilisnesi þá gerðu menn ráð fyrir Fljótsdalsvirkjun í því sambandi. Það kom skýrt fram og páv. ríkisstjórn gekk svo langt að taka áætlanirnar inn í þjóðhagsáætlun. Spárnar fyrir næsta ár

byggðu á því að álver á Keilisnesi yrði að veruleika með tilheyrandi virkjunum í Fljótsdal, með línunni yfir hálendið. Ég botna bara ekkert í því hvernig þingmaðurinn getur haldið að menn hafi fyrst og fremst hugsað um að virkja Jökulsá á Fjöllum. (**ÖS:** 1993 var þetta algerlega búið.) Það var ekkert búið. Er hv. þm. að segja að jafnduglegur og atorkusamur iðnrh. sem þá var, Jón Sigurðsson, hafi verið uppgefinn í þessu máli? (**ÖS:** Já ...) Það kemur mér afar mikið á óvart og ég er viss um að hann mundi aldrei staðfesta það.

[17:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Því miður hef ég ekki getað verið viðstödd þessa umræðu í dag því að þó svo að við höfum rætt nákvæmlega þessa sömu tillögu mjög ítarlega á sumarþinginu, þá er alltaf gott að ræða málin og að menn reyni að komast nær þeim sannleika sem hvor um sig hefur, þeir sem deila um slík mál.

Þessi tillaga fjallar um að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt.

Eins og kemur fram í tillögutextanum hefur virkjunarleyfi verið veitt og framkvæmdir hafa verið hafnar eins og hér hefur komið fram samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi og það er meginmálið. Framkvæmdir eru hafnar og þeim ber að halda áfram. Ég ætla ekki að deila um einstök atriði sem fram koma í greinargerð en tiltölulega framarlega í greinargerðinni kemur fram að sumum þeim sem sent hafa umsagnir um tillöguna hefur snúist hugur á því tímabili frá því að umsagnarbeiðnir voru fyrst sendar út og þar til þær umsagnir komu inn í sumar eftir að sú tillaga var send út sem til umfjöllunar var á sumarþinginu.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvers vegna sumir eru orðnir andhverfir því að þessi tillaga verði að veruleika, sem sagt að þessi tiltekna framkvæmd eigi að fara í kæruferli. Ég dreg þá ályktun að menn hafi séð að tíminn er að renna út. Nú er svo langt komið í samningum við Norsk Hydro og svo langt komið í rannsóknum sem hefur þurft að gera á virkjunarsvæðinu að það er einfaldlega komið að því að það verður að halda áfram með þessar framkvæmdir.

Ég reikna með því að tillagan verði send til umhvn. Ég skora á umhvn. að skoða hvaða áhrif þessar framkvæmdir og bygging álvers á Austurlandi muni hafa á byggðaþróun á Austurlandi og mannlíf á Austurlandi. (Gripið fram í.) Skoðið það, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson. Ég held að það sé mjög mikilvægt að t.d. hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson setji sig inn í það hvernig byggðaþróun hefur verið á Austurlandi að undanförnu og hvernig sú þróun horfir núna og að mjög nauðsynlegt sé fyrir umhvn. að gera sér grein fyrir því eins og öðrum áhrifum sem af þessum framkvæmdum munu leiða.

Virkjanir á hálendinu norðan jökla, náttúruvernd, ferðaþjónusta og orkufrekur iðnaður fer ágætlega saman. Það er nauðsynlegt að leita allra skynsamlegra leiða til þess að skapa ný störf með nýjum tækifærum og það er algerlega nauðsynlegt að blása til öflugrar atvinnusóknar í fjórðungi okkar, Austfirðingafjórðungi, og kalla brottflutta og nýtt fólk til Austurlands til þess að byggja þennan fjórðung til framtíðar.

Ég heyrði það rétt þegar ég var að koma í salinn að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi það skammtímaávinning að fjölga íbúum á miðfjarðasvæðinu um um það bil 30% eins og gert er ráð fyrir að verði raunin þegar þessar framkvæmdir eru orðnar á veruleika. Ég get ekki litið á það sem skammtímaávinning í byggðamálum ef sú þróun fer af stað. Ég held að það sé miklu meira en skammtímaávinningur. Það er örugglega langtímaávinningur.

Þeir valkostir sem við höfum og stöndum frammi fyrir eru að nýta þá orku sem við eigum á Austurlandi. Þetta er endurnýjanleg orka og hlýtur að hafa þau áhrif í náttúrufari okkar að það verði til góðs. Það ber auðvitað að vanda til allra rannsókna við virkjunarframkvæmdir og hafa umhverfissjónarmið í huga og það hefur reyndar verið gert. Eins og fram hefur komið verður mjög fljótlega á borðum okkar þingmanna skýrsla um umhverfisáhrif sem hefur verið unnin. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að fá þá skýrslu til umfjöllunar og getur ekki verið nema til að upplýsa okkur um það sem menn hafa deilt um í sumar.

Ég verð að segja það sem Austfirðingur að mér hlýnar afskaplega um hjartaræturnar þegar stórir hópar sunnan af landi hafa komið til að skoða okkar fallega land fyrir austan. Heilu hóparnir hafa komið í dagsferðir til þess að líta náttúruperlur Austurlands augum og ég held að það sé afskaplega gott. Því miður hefur það ekki þau áhrif að íbúum fjölgi mjög í landsfjórðungnum, en menn vita a.m.k. þó núna hvernig Austurland lítur út og það finnst mér mjög gott.

Ég vildi að lokum fá að lesa ályktun SSA sem samþykkt var í Brúarásskóla í Norður-Héraði 26. ágúst 1999. Þar leggur fundurinn áherslu á að lög í landinu heimila að ráðist verði í byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Ekkert virkjunarsvæði hefur verið eins ítarlega rannsakað og virkjunarsvæði Fljótsdalsvirkjunar enda mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum slíks mannvirkis sé vandlega unnið. Áfram segir í ályktuninni að brýnt sé að félagsleg áhrif og umhverfisáhrif virkjunar. (Forseti hringir.) á Austurlandi verði vandlega kynnt, sérstaklega vandað til kynningar á skýrslu á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Og það verður væntanlega gert.

[17:23]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki gera lítið úr þeim störfum sem kalla þingmenn frá jafnmikilvægri umræðu og hér hefur farið fram. En hv. þm. hefur greinilega ekki fylgst með þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag. Hún kemur og talar á allt öðru brautarspori en hér hefur verið talað í dag og á allt öðru brautarspori en þessi þáltill. fjallar um.

Hv. þm. biður um að ég kynni mér öll sjónarmið málsins, náttúrufarslega, byggðarlega og þar fram eftir götunum og að umhvn. geri það líka. Um það er nákvæmlega verið er að biðja með þeirri þáltill. sem hér er borin fram og nákvæmlega það sem verið er að biðja um í þeirri samþykkt sem þingmaðurinn las upp í ræðu sinni. Mér finnst að hv. ræðumaður sé einmitt að fylgja okkur hinum sem viljum fá málefnalega, almenna og víðtæka umræðu um þetta mál. Það er gert með því að virkjunin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Ég mun koma á eftir og gefa mér nokkurn tíma til þess að ræða önnur efnisatriði. En ég bið hv. þm. um að halda sig við þau efnisatriði sem hér eru til umræðu og eru einmitt þau að taka þetta ítarlega til rannsóknar með lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Hér er ekki verið að tala um hvort virkja eigi eða virkja ekki. Menn eru að tala um vinnubrögð.

[17:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli mínu var ég því miður upptekin við önnur störf framan af þessari umræðu og þykir það miður. Hitt ætla ég að ítreka við hv. umhvn. að hún kynni sér byggðamál mjög vandlega.

[17:25]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram og ég vil láta hv. þm. heyra það, að meðferðin sem matið á umhverfisáhrifum gerir ráð fyrir er ekki eingöngu kæruferli. Það er einmitt að meta náttúrufar. Það er að meta áhrif á byggð og mannlíf. Það er að meta aðra valkosti sem koma til greina í málinu og það er verið að gefa almenningi tækifæri til þess að koma að málinu, gera athugasemdir sínar og fleira má telja og að lögbundnar og lögformlegar stofnanir í stjórnsýslunni komi að málinu. Allt þetta er nákvæmlega það sem er verið að biðja um að sé gert. Síðan kemur hv. þm. og ætlar að setja okkur fyrir eitthvert heimaverkefni í umhvn. Að sjálfsögðu munum við skoða þetta allt saman. Við erum nákvæmlega að biðja um það sama og þessi hv. þm.

Það er stöðugt klifað á því, og það gerir hv. þm. líka, að ekkert svæði sé jafn vel rannsakað. Það kann vel að vera að þessar rannsóknir hafi verið gerðar en það gefst ekkert tækifæri til að vísa þeim aftur til rannsóknar eins og í matinu á umhverfisáhrifum. Hvar eru þessar annsóknir sem eru meiri en nokkrar aðrar á Íslandi? Það hefur enginn séð þær. Þær liggja ekki hér fyrir. Það er verið að boða að skýrsla komi í lok þessa mánaðar og við eigum að taka þetta með einhverri skemmri skírn á nokkrum vikum og klára málið fyrir áramót, það sem búið var að liggja yfir árum og áratugum saman og biðja um að menn sætti sig við það. Er von að mönnum blöskri þessi vinnubrögð. Veraldarklukkan hefur gengið. Menn hafa gjörbreytt sjónarmiðum sínum í umhverfismálum. Við erum að biðja um nútímavinnubrögð sem upplýsa einmitt það sem hv. þm. var að biðja um með ræðu sinni.

[17:27]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson tekur því illa þegar ég beini þeim afar vinsamlegu tilmælum til umhvn. að hún íhugi nokkuð jafnframt öðrum málum, byggðaþróun á Austurlandi. Þetta hefur farið mjög fyrir brjóstið á þingmanninum eins og hefur komið fram.

Ég held að rétt sé að við ítrekum það enn og aftur að verið er að virkja með löglegum hætti. Það eru lög fyrir þessari virkjun sem þegar er byrjað að framkvæma. Það er verið að slá ryki í augu fólks þegar klifað er á því að hér sé farið gegn einhverjum lögum sem samþykkt voru miklu síðar en þessar framkvæmdir hófust.

[17:29]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tilefni andsvarsins er að svara ummælum hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur er lúta að áhrifum á byggðirnar fyrir austan. Ég tek undir orð hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar sem sagði að hluti af því sem við erum að biðja um er einmitt það að þetta verði metið á faglegan máta því að hluti af lögformlegu mati á umhverfisáhrifum er að meta áhrif framkvæmdarinnar á byggðina og samfélagið. Við erum að biðja um að þetta verði metið á lögformlegum nótum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en vil hins vegar nefna að við komum til með að kalla eftir því í umhvn. að kannanir sem gerðar hafa verið erlendis verði birtar okkur varðandi áhrif á samfélög í nágrannalöndunum. Við höfum nefnilega reynslu af því, það er bæði reynsla af því í Noregi og Skotlandi, að setja upp álverksmiðjur í fámennum samfélögum. Reynslan er bæði góð og slæm. Við komum til með að kalla eftir niðurstöðum rannsókna sem hafa verið gerðar í þessum samfélögum. Og mig langar að nefna það hér að tvær álverksmiðjur sem hafa verið settar upp í Skotlandi hafa ekki gengið vel, önnur meira að segja svo illa að starfsemi hennar hefur verið hætt. Báðar þessar verksmiðjur voru reistar til þess að bjarga byggð í ákveðnum landshlutum. Það er nefnilega ekki einhlítt að þetta meðal dugi. Við erum að tala um 480 þúsund tonna álver sem útheimtir þegar það er fullbúið 640 störf plús afleidd störf sem má gera ráð fyrir að séu 1–2 á hvert af þeim 640 sem við erum að tala um. Þar með erum við komin upp í 1.000–1.200 manns sem kæmu til með að þurfa að starfa í álverinu og afleiddum störfum. Í byggðarlagi þar sem núna búa rétt um það bil 700 manns, þ.e. Reyðarfirði, sýnist mér verða afskaplega mikið ójafnvægi. Jafnvel þó allt byggðarlagið sé talið, þá erum við að tala um rétt rúmlega 3.000. Að koma með vinnustað þar sem eiga að vera 640 störf, plús öll afleiddu störfin, gæti orsakað kollsteypu í samfélaginu. Ég hef áhyggjur af þessu. Ég hef líka áhyggjur af Reyðfirðingum sem segja við mig: „Ég bíð eftir að álverið verði samþykkt svo að ég geti selt húsið mitt á fullu verði og flutt héðan burt.“

[17:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að vona að Reyðfirðingum þeim sem hafa talað við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur verði það að ósk sinni að fasteignaverð á Austurlandi hækki. Ég held að það sé mjög af hinu góða líka. Það hefði örugglega góð áhrif á efnahag margra sem þurfa af einhverjum ástæðum að flytja sig til.

En hv. þm. nefndi það hvernig áhrif þetta hefði á byggðirnar þarna fyrir austan. Það eru til rannsóknir á því og ýmsar athuganir sem ég enn og aftur ítreka, af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir situr líka í umhvn., að hún kynni sér mjög náið, að hún kynni sér einnig náið hvernig þetta fór í Skotlandi og hvort það var eðli verksmiðjunnar sem hafði þau áhrif að hún dugði ekki sem byggðaaðgerð þar, að hún kynni sér einnig þær byggðir í Noregi þar sem slíkar verksmiðjur hafa haft mjög góð áhrif og almennt hvernig svona fjölbreytt atvinnustarfsemi inn í byggðarlög getur haft áhrif á byggðaþróun. Ég held að það verði mjög fróðlegt fyrir hana að kynna sér þetta.

[17:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. gerði áðan að umtalsefni framkvæmdaleyfi sem þáv. iðnrh., Jón Sigurðsson, gaf út í lok aprílmánaðar 1991. Þá sat að völdum starfsstjórn Steingríms Hermannssonar og fáeinir dagar voru til þess að stjórnarskipti yrðu. Minni mitt svíkur illa ef það gerðist ekki 1. maí, nokkrum dögum síðar.

Flestir vissu það, hygg ég, nema þá e.t.v. þessi hæstv. iðnrh., að hraðminnkandi líkur voru einmitt þá á því að nokkuð yrði af þessum framkvæmdum. Að vísu voru endalausar undirskriftir og blaðamannafundir út í loftið, en flestir sem til þekktu á bak við tjöldin vissu að hraðminnkandi líkur voru á því að nokkuð yrði úr þessum framkvæmdum.

Atlantsálshópurinn var allur kominn í bakkgír og hafði verið um mánaðaskeið. Reyndar hafði maður gengið undir manns hönd að reyna að fullvissa Landsvirkjun og iðnrh. um að óskynsamlegt væri að halda áfram að reyna að kynda upp væntingar og vera með undirskriftir og fundi um að þetta væri allt á fullri ferð, því eins og kom á daginn þá varð ekkert úr neinu.

Auk þess veit hæstv. utanrrh. og þáv. sjútvrh. og félagi minn í þeirri ríkisstjórn að mjög deildar meiningar voru á þeim bæ einmitt um framgöngu hæstv. iðnrh. í málinu. Það var einkaframtak hans sem leit þarna dagsins ljós, að gefa út framkvæmdaleyfið án þess að það væri mjög hyggilegt miðað við stöðu málsins þessa apríldaga. Svo kom á daginn að bæði hann og Landsvirkjun voru komin langt fram úr málinu því að það náðust auðvitað aldrei neinir samningar um raforkuverð og það reyndist hafa verið algjörlega ótímabært að hefja framkvæmdir eins og kom á daginn.

Herra forseti. Í öðru lagi vil ég leggja á það áherslu að nauðsynlegt er að menn noti rétt hugtök. Það sem iðnrh. hefur frá Alþingi varðandi stærri virkjanir og hafði frá og með lagasetningu 1981 eru heimildarlög. Iðnrh. hefur í sínum höndum heimild til að veita virkjunarleyfi. En það er í valdi hans. Það má segja að Alþingi með þeim hætti framselji ráðherra vald til að meta hvort og þá hvenær og hvernig og að hvaða skilyrðum uppfylltum séu forsendur til að veita slíkt framkvæmdaleyfi.

Úr því að iðnrh. hefur þetta vald og getur veitt þetta framkvæmdaleyfi þá vaknar eðlilega eftirfarandi spurning: Getur hann ekki líka afturkallað það? Er það þá ekki líka í valdi ráðherra, þó að ég viðurkenni fúslega að betra væri að hafa um það leiðsögn í lögum, að t.d. tímabinda slíkt leyfi eins og gert er með aðrar framkvæmdir þegar veitt eru byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum? Það er auðvitað brotalöm í þessu þegar betur er að gáð sem þarf að leiðrétta.

Herra forseti. Það er algjörlega nauðsynlegt að þessi tillaga fái efnislega afgreiðslu á Alþingi og það fyrr en seinna. Það væri algjörlega óverjandi í þingræðislegu tilliti og öllu tilliti, eins og þetta mál er orðið vaxið, ef það fengi ekki efnislega afgreiðslu á Alþingi. Í raun á það að vera forgangsmál og koma fyrst, en annars í allra síðasta lagi samsíða þeim málatilbúnaði sem hæstv. iðnrh. er hér að boða og ég ætla ekki að eyða tíma í að fara orðum um.

Fyrir utan öll önnur rök sem hér hafa komið fram og mæla að sjálfsögðu með því að lögformlegt umhverfismat fari fram — ég bið menn í guðs bænum að reyna að halda hlutunum aðgreindum. Í raun og veru á ekki að tala um mat á umhverfisáhrifum þegar sú rannsóknarvinna sem Landsvirkjun hefur haft með höndum er til umfjöllunar. Það er réttara að segja að þar sé á ferðinni úttekt á umhverfisáhrifum virkjunarinnar. Það veldur ruglingi og misskilningi að tala þar um umhverfismat. Ég held að við eigum að halda okkur við það að umhverfismat sé eingöngu hið lögformlega umhverfismat sem lýtur þeim reglum. Annað eru eftir atvikum úttektir og skýrslur á umhverfisáhrifum sem menn geta auðvitað látið gera og getur verið allt gott um að segja.

Ég held einmitt, eins og ég kom aðeins að áðan, að lögformlegt umhverfismat sé mjög líklegt til að draga fram þá kosti sem menn hafa og þurfa að taka pólitíska afstöðu til. Ætlum við t.d. að taka orkuna úr Jökulsá í Fljótsdal og virkja hana á ódýrasta máta þó það kosti mun meiri umhverfisspjöll en ella þyrftu að verða? Ef við stöndum frammi fyrir því að viðbótarathuganir sem skipulagsstjóri mundi mæla fyrir um að yrði farið í sýni okkur að hægt er að virkja Jökulsá í Fljótsdal á annan hátt, með kannski 10–15% minna afli og e.t.v. 20–30% dýrari orku, þá eru það kostir sem við þurfum að taka pólitíska afstöðu til. Viljum við kosta því til í þágu umhverfisverndar eða ekki? Má umhverfisverndin kosta eða ekki? Eru einhverjar innstæður fyrir orðum manna um það að þeir vilji vernda náttúru landsins eða ekki? Er það bara til þess að nota í ræðum á sunnudögum en þegar til stykkisins kemur þá gildi það ekki? Það er um þetta m.a. sem málið snýst, að menn ýti því ekki lengur á undan sér á Íslandi að taka afstöðu til svona hluta. Það hafa menn gert eða kannski að mestu leyti komist upp með og komist fram hjá hingað til.

Um byggðaumræðuna hef ég aðeins tíma til að segja þetta: Ég skil og hef mikla samúð með þeim Austfirðingum og forsvarsmönnum byggðamála á Austurlandi sem eru gengnir upp að hnjám í erfiðri baráttu fyrir byggðarlög sín. Hver gerir það ekki sem þekkir til byggðamála á landinu? En það er dapurlegt að þau hin sömu stjórnvöld og hafa mjög lítið gert að undanförnu til að reyna að snúa þeirri þróun við og hafa horft upp á hartnær tvö þúsund manns fara af landsbyggðinni ár eftir ár, stóran hluta af Austfjörðum, koma núna og stilla mönnum upp við vegg og segja: „Álver eða dauði."

Auðvitað er ekki hægt, herra forseti, að færa það fram sem lið í almennum aðgerðum gagnvart atvinnu- og byggðavanda landsbyggðarinnar í heild að hann eigi að leysa með því að reisa eitt stykki álver á einum stað á landinu. Það er ekki þannig. Byggðaaðgerðir sem standa undir nafni verða að vera almennar í þeim skilningi að þær hafi áhrif um landið allt, að þær breyti hinum undirliggjandi aðstæðum fólks til að búa í byggðarlögum sínum og jafni þann aðstöðumun sem þar er við að glíma. Það er þannig lagað, herra forseti, að mínu mati mikill ábyrgðarhlutur hvernig stjórnvöld sem hafa setið á höndunum á sér allan þennan áratug í byggðamálum koma svo og nota það neyðarástand sem þau sjálf eiga þátt í að skapa sem rök í þessu máli. Það er ljótur leikur.

Herra forseti. Ég held að lokum að eitt það allra mikilvægasta fyrir Íslendinga sé nú að skapa sér svigrúm til þess að endurmeta hlutina. Það er löngu orðið tímabært að endurskoða og gera upp við hina gömlu og úreltu stóriðjustefnu. Hún er okkur ekki til farsældar. Hún er okkur ekki gott veganesti inn í nýja öld. Það þarf nýjar áherslur sem taka mið af þeim viðhorfum sem nú eru uppi og þeim aðstæðum sem við stöndum nú frammi fyrir, en ekki 30–40 ára gamla blinda stóriðjustefnu Nordals. En það er enn leiðarljós þessara manna því miður.

[17:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skiptir engu máli þótt sú ríkisstjórn sem þarna veiti starfsleyfi var á sínum síðustu dögum. Sú ríkisstjórn ber ábyrgð á því starfsleyfi og þeir sem stóðu að þeirri ríkisstjórn og sá meiri hluti sem stóð á bak við hana. Það liggur alveg ljóst fyrir. Síðan var unnið að málinu í framhaldi af því á þeim grunni og alla tíð unnið að málinu á þann hátt að það væri framkvæmt á grundvelli þeirra laga sem um það giltu.

Hv. þm. talar um ljótan leik í sambandi við byggðamál. Ég heyri ekki betur en að hans flokkur allur sé þeirrar skoðunar í dag að það eigi ekki að virkja stórvötnin á Austurlandi, það eigi ekki að virkja til stóriðju. Við vitum að það er aðeins

stóriðja sem kemur til greina í sambandi við þessar virkjanir. Hann er því að segja að það eigi ekki að nýta þessar auðlindir til framdráttar fyrir byggðirnar. Það er skoðun hans. Það er framlag hans inn í þessa umræðu. Hann segir að það eigi að gera eitthvað annað, það eigi að fara í að skapa nýja sýn og útiloka þessa hluti.

Það er alveg ljóst, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að það mun hafa veruleg áhrif, ekki bara á Austurlandi, enda hefur það líka áhrif á Norðurlandi. Það er alveg ljóst að þetta fyrirtæki á Austurlandi mun hafa meiri áhrif en bara þar. Með þeim nánu samgöngum sem eru að myndast milli þessara landshluta hefur það mikil áhrif þar jafnframt, þ.e. á Eyjafjarðarsvæðið, ef menn hætta við þessi áform. Svo geta menn sagt sem svo að það beri að gera eitthvað annað. En því miður hefur hv. þm. ekki bent á neitt.

[17:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum kannski ekki eyða tíma í spurninguna um starfsstjórn og ekki starfsstjórn og á hverju menn beri ábyrgð. En framsóknarmenn eru óvenjuvel að sér í svona sögu því að þetta hefur gerst m.a. í þeirra tíð. Ætli það hafi ekki verið hann Ólafur okkar Jóhannesson heitinn, blessaður, sem notaði ráðherravald sitt á síðustu dögum einnar ríkisstjórnar til þess að heimila mjög umdeildar framkvæmdir suður á Keflavíkurflugvelli og gerði það svo sannarlega ekki með samþykki þeirra sem þá sátu með honum í ríkisstjórn? (**Utanrrh.:** Hvað var það?) Ætli það hafi ekki verið flugstöðvarbygging eða eitthvað annað í þeim dúr. (**Utanrrh.:** Var það mjög slæmt?) Við getum svo deilt um það.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að ef menn breyta um áherslur í virkjanamálum og móta sjálfbæra orkustefnu þar sem ekki bara virkjunartilhögunin heldur líka ráðstöfun orkunnar skiptir máli, þá er vel líklegt að það hafi einhver áhrif á virkjanaröð og virkjanatilhögun. Þá er t.d. líklegt að menn mundu hverfa frá núverandi virkjunaráformum í Fljótsdal, skoða e.t.v. smærri og meðalstórar virkjanir, a.m.k. þegar notendamarkaður og minni og meðalstór iðnfyrirtæki ættu í hlut. Þar gætum við hugsað okkur áfanga í gufuaflsvirkjunum og þar gætum við hugsað okkur beinar rennslisvirkjanir í bergvatnsám og ýmsar slíkar minni virkjanir. Það eru margir kostir til slíks á Vestfjörðum, meira að segja á Austfjörðum, og á Vestfjörðum er upplagður kostur þar sem er virkjun í Ófeigsfirði. Slíkar virkjanir gætu því dreifst víða um land. Það væru framkvæmdir á minni skala sem mundu henta heimamönnum betur og þeir réðu frekar við. Eftir því sem orkumarkaðurinn stækkar þeim mun hlutfallslega minni verða viðbætur af því tagi sem Fljótsdalsvirkjun eða aðrar slíkar virkjanir eru.

Eitt af því sem gerir erfitt að ráðast í stórvirkjanirnar fyrst er það að þær eru svo gríðarlega stór hluti af orkumarkaðnum hlutfallslega. Það verður auðveldara eftir því sem fram í sækir. Ég held einmitt að það gæti verið fínt að eiga hið mikla afl í ánum á norðaustanverðu landinu, að svo miklu leyti sem samkomulag verður nokkurn tíma um að virkja það og þá hvernig, þegar við förum t.d. að gera alvöru úr áformunum um vetnissamfélagið. Þá er komin stóriðja sem ég er til í að styðja og annað slíkt.

[17:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hann er nú dálítið skrýtinn þessi málflutningur að það megi virkja til þess að framleiða vetni sem gæti e.t.v. orðið raunhæft eftir 20–30 ár samkvæmt upplýsingum mínum. Kannski verður það fyrr. Vonandi verður það fyrr. En virkjanirnar eru þær sömu. Það verða sömu umhverfisáhrifin á Eyjabakka hvort sem rafmagnið er notað til þess að framleiða vetni eða ál. Er það ekki allmikið framlag til umhverfismála í heiminum að framleiða léttmálm með rafmagni? Verða þessir léttmálmar eins og álið ekki mjög ríkjandi í framtíðinni og geta orðið til þess að spara t.d. orku í bílum? Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir.

Nú heyri ég á hv. þm. að hann getur hugsað sér að fara í þessar virkjanir. Ég skildi hann áður þannig að hann gæti alls ekki hugsað sér það, en þá er forsendan sú að það verði framleitt vetni, að það sé stóriðja sem hann geti fellt sig við en hann geti ekki fellt sig við aðra stóriðju. Ég á mjög erfitt með að skilja þetta, hv. þm.

Hv. þm. talar um aðra virkjunarkosti á Austurlandi. Jú, menn hafa talað um að virkja Bessastaðaá. Menn hafa talað um að virkja Fjarðará. Menn hafa talað um að virkja Fossá í Berufirði. Allt eru þetta virkjunarkostir sem koma sjálfsagt til greina. En það liggur alveg ljóst fyrir að veruleg umhverfisáhrif eru af öllum þessum virkjunum. Þar er verið að tala um allstór miðlunarlón uppi á hálendinu og verulegt rask á fallegum stöðum. Það liggur því ekki alveg í augum uppi að þessir virkjunarkostir séu nokkuð miklu betri en í Jökulsá í Fljótsdal.

[17:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg fullkomlega eðlilegt að hæstv. utanrrh. gangi illa að skilja það sem hér er sagt ef hann heyrir alls ekki það sem sagt er. Það er forsenda þess auðvitað.

Það átti að hafa komið alveg skýrt fram í mínu máli að þegar ég og við erum að tala um sjálfbæra orkustefnu þá erum við að tala um að bæði virkjunartilhögunin og ráðstöfun orkunnar taki mið af nútímalegum viðhorfum í umhverfismálum, að menn leiti þeirra kosta varðandi beislun orkunnar sem eru umhverfisvænastir, sem hafa minnst náttúruspjöll í för með sér. Hvort tveggja felst í máli mínu. (**Utanrrh.:** Er ál bannorð í því?) Nei, ál er ekkert endilega bannorð í því. Hins vegar er ál ekkert óskaplega umhverfisvænt ef við hugsum um alla þá orku sem því miður þarf til að framleiða það. Þá má líka velta því fyrir sér hvort framtíðin liggi ekki frekar í öðrum léttum málmum eða plastefnum sem kosta ekki jafngífurlega orkunotkun og álið. Það er einfaldlega þannig. Það má því deila um það.

En tökum áfram þetta með tilhögun virkjana. Ég vona að hæstv. utanrrh. sé ekki viljandi að reyna að snúa út úr fyrir mönnum með því að segja að ég hafi sagt að það megi virkja og sökkva Eyjabökkum bara ef orkan sé notuð í eitthvað annað en álver á Reyðarfirði. Það er ekki svo. Ég er andvígur þessum virkjunaráformum og ég tel ekkert réttlæta þau, ekki einu sinni erfitt ástand í byggðamálum á Austurlandi eða framtíðarkreppuspár iðnrh. sem eru hroðalegar eins og kunnugt er. (**Utanrrh.:** Og ekki vetnis ... Og ekki vetni heldur?) Ef við næðum samstöðu um að virkja t.d. Jökulsá í Fljótsdal þannig að þar yrði uppistöðulón neðar, Eyjabökkum yrði þyrmt ... (**Gripið fram í:** Neðar?) Og þó að það kostaði 10–15% minna afl, þá segjum við bara: „Við sættum okkur við það. Það er fórnarkostnaðurinn sem við tökum á okkur til að þyrma, hlífa þessari verðmætu náttúru.“ Maður eins og Helgi Hallgrímsson væri ekki að skrifa það út í loftið að biðja um að slíkir kostir væru skoðaðir ef það væri ekki nema vegna þess að hann vill sýna það að líka umhverfisverndarsinnar og náttúruverndarfólk er tilbúið til

að reyna að ná sáttum. En þær sættir nást aldrei með því að annar valti yfir hinn, annað sjónarmiðið sé keyrt yfir og menn fái hvorki skoðun á öðrum kostum né að lögformlegum leikreglum sé hlítt.

[17:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mátti skilja á máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, eins og gjarnan hefur komið fram í umræðu að undanförnu, í sumar og fyrravetur, að það væri nú hægt að gera eitthvað annað en að virkja í Fljótsdal og byggja álver á Reyðarfirði. En það kom náttúrlega ekki fram hvað annað á að gera.

Jafnframt kom fram hjá honum að það má virkja einhvers staðar annars staðar en á Austurlandi, t.d. gufuaflsvirkjanir. Hvað gerir það eiginlega að verkum að ekki má framkvæma neitt á Austurlandi, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon?

Hjá þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. sat í og samþykkti framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun stóð til að flytja þá orku sem yrði virkjuð á Austurlandi suður á Keilisnes. Hvaða áhrif hefði það haft á byggðamál sem hv. þm. segist þó alltént hafa áhuga á? Hvernig stendur á því að Austfirðingar mega ekki nýta þá orku sem finnst í Austfirðingafjórðungi?

[17:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fer að halda að þetta sé einhver atvinnusjúkdómur sem hrjái þingmenn Austurlands. Þeir heyra allt annað en það sem ég taldi mig hafa sagt, að vísu með örugglega einni góðri undantekningu, og virðast leggja lykkju á leið sína til að misskilja alla hluti. Heyrði einhver mig segja að það mætti bara alls ekki virkja á Austurlandi? (**ArnbS:** Þú hafðir uppi allt annað ...) Það er akkúrat þveröfugt. Ég nefndi að það væru margir slíkir kostir einmitt á Austurlandi. Þar eru að vísu ekki miklir jarðhitavirkjanakostir, nema menn telji Kverkfjöll til Austfjarða og verður nú kannski erfitt að beisla orkuna þar. En það eru margir minni og meðalstórir virkjunarkostir í bergvatnsám á Austurlandi. Og það er að sjálfsögðu rétt og skylt að skoða þá kosti sem felast í að beisla orku jökulánna, en með þeim hætti þá sem minnstum umhverfisspjöllum veldur.

Eitt er t.d. það sem ég held að menn hafi ekki almennilega tekið inn í myndina og það er að því fylgja gífurlegir erfiðleikar að beisla orku í aurugum jökulám og vera þar með miðlun á uppistöðulón. Það mundi gera það í öllu tilliti. En það hefur þann stóra ókost í för með sér að lónin fyllast. Þau eru dæmd til að fyllast og á lygilega skömmum tíma t.d. þegar Jökulsá á Dal á í hlut því að hún er aurugasta fljót landsins með gífurlegan framburð. (**Gripið fram í:** 300 ár.) Menn geta auðvitað sagt að það komi okkur ekki við, það vandamál sem þar verður skilið eftir handa komandi kynslóðum til að glíma við. En þetta eru hlutir sem mér finnst að menn eigi að horfast í augu við og viðurkenna.

Ég er algjörlega sannfærður um að þegar menn verða búnir að vinna þá vinnu sem er nú loksins komin í gang — og það er gott að það er komið í gang þó að forræðið mætti reyndar vera annars staðar — þ.e. þá kortlagningu á virkjunarkostum sem er loksins núna að fara af stað 20–30 árum of seint, t.d. 20–30 árum á eftir Norðmönnum sem luku þessu verki á sjöunda og áttunda áratugnum hjá sér, þá mun niðurstaðan verða verulega breyttar áherslur í þessum efnum. Ég er sannfærður um það vegna þess að allt mælir með því frá umhverfislegu tilliti að taka nýtingu jarðhitans meira inn í og að skoða upp á nýtt þann möguleika að fullnægja t.d. þörfum almenna markaðarins og notendamarkaðarins með fleiri og smærri virkjunum.

Það væri ágætt fyrir menn að lesa ævisögu Sigurðar heitins Thoroddsens verkfræðings sem var á sínum tíma helsti sérfræðingur þjóðarinnar í virkjunarmálum og virkjunarkostum og heyra þær efasemdir sem leituðu á gamla manninn undir lokin um það hvort Íslendingar væru á réttri braut hvað varðaði þessa stórvirkjanastefnu. Hann sagði, ef ég man rétt og þó er nokkuð um liðið síðan ég las þessa ágætu bók, að sennilega hefði það verið að mörgu leyti röng stefna sem tekin var þegar lagt var upp með hinar stóru virkjanir, að við hefðum átt að leggja mun meiri áherslu á að taka fleiri og smærri virkjanir í gagnið og það hefði að mörgu leyti þjónað hagsmunum okkar betur.

Ég er sömu skoðunar og hef lengi verið. Ég held að hin blinda stórvirkjanastefna sem hér hefur að mörgu leyti verið rekin sé mistök. Verkfræðingarnir okkar hafa einhvern veginn sloppið lausir. Það er að vísu alveg rétt að oft fæst ódýrasta orkan á einingu út úr slíkum stórreikningsdæmum. En hvernig? Með því m.a. að meta náttúruna sem er fórnað, einskis. Hún er núll. Eyjabakkar eru núll. Þeir kosta ekki eina einustu krónu í arðsemismati á virkjuninni. Er það rétt? Finnst okkur það vera þannig að þeir séu einskis virði, einskis? Ef við eigum kost á því að fullnægja orkuþörf okkar, og þess vegna alveg eins þó um nokkuð stóra iðnaðarkosti sé að ræða, með t.d. fleiri og smærri virkjunum sem hafa minni umhverfisfórnir í för með sér, eigum við þá ekki að skoða það? Er ekki rétt að taka sér tíma í slíkt? Liggur okkur svoleiðis lífið á að himinn og jörð farist ef þetta verður ekki knúið í gegn nákvæmlega núna þegar loksins er komin í gang vinna við að endurmeta þessa hluti, þó seint sé? Við þurfum líka að taka hlutina í þetta samhengi.

[17:57]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór býsna víða á þessum tíma enda trúlega býsna ríflega veitt. En ég ætla ekki að elta ólar við allt það sem þar kom fram.

Það kom fram í orðum hans áðan að hann hefur áhyggjur af lónstæðunum, að þau mundu fyllast. Jafnframt hefur það komið fram hjá honum að hann sé samt tilbúinn að virkja Jökulsá í Fljótsdal, en með öðrum lónum. Er ekki jafnmikil hætta, hv. þm., á því að þau lónstæði fyllist? Eru ekki sömu umhverfisáhrif þar og við lónið við Eyjabakka? Þetta eru jökulvötn sem við erum að virkja. Þeim fylgir framburður og sá framburður fyllir upp í lónin á ákveðnum tíma ef ekkert er að gert. Þannig er það.

Mér finnst það tvískinnungur í málflutningi hans að tala um það í öðru orðinu að það eigi alls ekki að virkja og í hinu orðinu að það megi virkja en bara einhvern veginn öðruvísi, með öðrum lónum sem eru einhvers staðar annars staðar en þar sem er búið að hanna þau nú þegar.

[17:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvað veldur þessari gífurlegu löngun til þess að snúa út úr orðum mínum og ég skal leiða það hjá mér með öllu.

Nei, það er ekki sama hvar uppistöðulón eru reist ef þau þarf að reisa eða þau eru reist. Því fylgja að vísu mikil vandamál að virkja jökulár beint, sem beinar rennslisvirkjanir, vegna þess að þá er náttúrlega framburðurinn tekinn í gegnum túrbínurnar. Við vitum hvaða afleiðingar það getur

haft í för með sér, m.a. eru góð dæmi um það frá Laxá þar sem sandur slítur mjög blöðunum í túrbínunum.

En það skiptir mjög miklu máli hvar uppistöðulón er og hvers eðlis það er. Einn af mörgum göllum við Eyjabakkamiðlun er sá að þar er um grunnt og víðáttumikið lón að ræða. Innsti hluti þess er dæmdur til að fyllast upp hratt. Þar munu tiltölulega fljótlega, á fyrstu áratugum lónsins, myndast gífurlegar eyrar. Fljúgi menn bara yfir Blöndulón núna, jafnvel í hæstu vatnsstöðu, og það kemur mönnum væntanlega á óvart hversu langt norður eftir eyrarnar eru komnar nú þegar. Síðan hægir auðvitað á því eftir því sem kemur lengra norður í lónin og þau dýpka.

Eyjabakkamiðlun, á því svæði sem nú er fyrirhuguð, er *því miður mjög grunn og víðáttumikil og er þar af leiðandi* mjög óhagkvæm, ef svo má að orði komast. Lón sem væri neðar og væri minna að flatarmáli en dýpra, er að flestu leyti skárri kostur. Það er það út frá þessum sjónarmiðum séð.

Eyjabakkalóninu mun fylgja gífurlega umfangsmikið vatnsborð, annars vegar í hlíðum Snæfells og hins vegar austur á hraununum þar sem vatnsborðinu verður dúndrað upp og niður um þá 15–20 metra sem lónið er á dýpt. Það verða ekki geðsleg sár þegar lónið er í lágri vatnsstöðu. Þessir hlutir skipta því miklu máli og það er það sem ég er að reyna að fá inn í umræðuna, en gengur alveg hörmulega því að menn snúa stanslaust út úr fyrir mér, að það skiptir mjög miklu máli að menn skoði vandlega hverjir eru skástu kostirnir í þessu. Þetta er ekki bara annaðhvort eða. Það er ekki þannig. Þetta er spurning um það hvernig við gerum hlutina og að við vöndum okkur og reynum að velja bestu kostina í hverju tilviki.

Auðvitað verður það væntanlega niðurstaðan að sumar virkjanir reisum við alls ekki. Öll þjóðin er væntanlega orðin sammála um að hugmyndir um að virkja Gullfoss eru úr sögunni. En það er ekki langt síðan menn ætluðu að gera það. Og er það ekki ágætis umhugsunarefni fyrir okkur að það er ekki lengra síðan en raun ber vitni að menn voru á fullri ferð að hanna slíkar virkjanir?

[18:01]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vil koma að umfangi og stærð þessa verkefnis þegar horft er til lengri tíma og gera það að aðalumræðuefni á þeim átta mínútum sem ég hef núna til ráðstöfunar. Að sjálfsögðu mun gefast annað tækifæri til þess, *bæði við síðari umr. þessa máls og eins líka þegar* málið verður tekið hér fyrir eins og ríkisstjórnin boðar.

En áður vil ég leyfa mér aðeins að bera mig upp undan málflutningi hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur. Ég virði það að hún hefur ábyggilega haft öðrum hnöppum að hneppa og það höfum við þingmenn oft, en hún kemur inn í lok eða seinni hluta umræðunnar og byrjar tal um marga hluti sem hér voru afgreiddir (Gripið fram í.) og er að setja okkur heimaverkefni í umhvn. Svo þegar brugðist er við því þá er það lagt út þannig að menn vilji ekki ræða eða kynna sér málefni sem snúa að byggðunum og lífinu fyrir austan. Að sjálfsögðu munum við gera það. Öllum sem taka hér til máls í dag er alveg ljóst að þar eru miklir hagsmunir. Og það er *tækifærisbragur á því að gera okkur upp slíkar skoðanir.*

Virðulegi forseti. Ég vil beina sjónum að verkefninu öllu til lengri tíma. Ég get ekki farið út í rök sem liggja að baki þeirri algjöru vissu minni að virkjunum á Austurlandi muni ekki ljúka með Eyjabakkavirkjuninni heldur mun nauðsynlegt að stækka álverið og fara út í annan áfanga. Það er algjör nauðsyn. Þar er mun meiri arðsemi á ferðinni og vegna hagræðingar í áliðnaði munu menn krefjast þess að farið verði út í stækkun. Það verður enn frekari krafa um það vegna þess að Íslendingar eru þá meirihlutaaðilar og reyndar hefur mér alltaf fundist mjög sérkennilegt að jafnákafur samningsaðili og Norsk Hydro er talinn vera skuli skyndilega vera kominn í minni hluta í málinu.

En hvað erum við að tala um ef Fljótsdalsvirkjun ein í þessu verkefni þegar horft er þó ekki nema til annars áfangans mun ekki duga núna? Við erum að tala um að fara í Kárahnjúka, í Dimmugljúfur. Allir útreikningar sem lagðir hafa verið til grundvallar um arðsemi álversins og það verð sem á að koma inn í öðrum áfanganum eru byggðir á *Kárahnjúkavirkjun, Dimmugljúfrum.*

Þetta er jafndagljóst eins og við stöndum hér. Menn skulu gera sér algjörlega grein fyrir því — og ég bið hæstv. forseta að taka eftir orðum mínum og þá sem mál mitt heyra — við skulum gera okkur grein fyrir því að um leið og Íslendingar eru farnir út í þetta verkefni í fyrsta áfanga með meirihlutaeign þá eru þeir komnir út í annan áfanga.

Ég er ekki að gera lítið úr þeim vanda sem núna er á Austurlandi. En hvernig halda hv. þm. að þetta muni líta út þegar álverið stendur í uppnámi og er orðið óarðbærara en það var í upphafi og menn krefjast þess að vinnustaðurinn muni standa? Krafan er léttvæg núna. Menn gera alltaf lítið úr þessu og það er aldrei hægt að tala um nokkuð annað, það er *alltaf gert jafnlítið úr því.* Það er ekki hægt að nálgast þetta mál á nokkurn hátt því að menn eru eins og særð dýr sem hafa lokast inni í horni. Það má ekkert bjóða. En hvernig halda menn að þetta verði í öðrum áfanganum? Að sjálfsögðu eru Kárahnjúkar inni í þessu dæmi. Það er þess vegna sem ég og fleiri höfum verið að biðja um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. til þess að þetta dæmi og þetta verkefni allt til lengri tíma verði skoðað. Ég spyr: Ef Kárahnjúkarnir fást ekki af einhverjum ástæðum, t.d. vegna breyttra viðhorfa í landinu, vegna þess að umhverfismatið verður þannig, vegna annars þingmeirihluta en hér núna, hvert ætla menn þá að fara? Hvert ætla menn að fara til þess að fá annan áfanga til þess að verða við hörðum atvinnukröfum á Austurlandi og til þess að verða við hörðum arðsemiskröfum þeirra sem hafa lagt peninga í þetta, ef menn eru ekki tilbúnir til þess að fara í Kárahnjúkana? Gera menn sér grein fyrir því?

Það er Jökulsá á Fjöllum. (**Gripið fram í:** Hálendislína.) Það er hugsanlega hálendislína úr Skagafirði. Það er hugsanlegt. Það er líka hugsanlegt að fara í háhitann. En enginn af þessum virkjunarkostum hefur verið reiknaður út, hvorki út frá náttúrufarslegu sjónarmiði né arðsemissjónarmiði.

Gera menn sér grein fyrir því að undirbúning annars áfangans og virkjunaráformanna þar, undirbúningsaðgerðirnar og útreikninga, þarf að byrja eftir fimm ár? Hvert haldið þið að þetta fari? Við skulum gera okkur grein fyrir því að allt bendir til þess að við séum að opna leiðina í Dimmugljúfrin og spilla þar með þeim ómetanlega sjóði sem náttúran og þjóðin á þar.

Ég get ekki farið út í þá fáránlegu og grunnu umræðu sem menn hafa látið frá sér fara er þeir segja: „Gljúfrunum er ekkert spillt. Sjá menn það ekki að gljúfrið er þarna? Að vísu er vatnið farið. Er það ekki betra? Getum við ekki gengið þarna inn eftir?“

Þetta sýnir grundvallarmun á lífssýn manna, þ.e. þeirra sem segja svona og lífssýn manna eins og mín. Mín lífssýn er sú að það er búið að spilla þarna ósnortnu landi. Það er

búið að byggja þarna vegg upp á 200 metra. Það er búið að fylla upp lónið, trektina þarna fyrir ofan, og þarna fara bæði náttúrlega mjög falleg gljúfur og meira gróðurland undir en gerir á Eyjabökkunum. Það er að vísu öðruvísi. Þarna fara undir mjög sérstakir jökulgarðar. Reyndar eru til annars staðar á landinu sambærilegir jökulgarðar. Fleira get ég talið.

Allt þetta er undir núna þegar við ætlum að ákveða að stíga þetta fyrsta skref um leið og við förum út Fljótsdalsvirkjun. Ég spyr: Af hverju má ekki taka þetta mál og meta það og staldra við? Af hverju má það ekki? Af hverju á að flumbrast út í þetta án þess að fara í mat á umhverfisáhrifum? Hvað sem menn vilja segja um mat á umhverfisáhrifum þá er þetta sjálfsögð kurteisi við hinar háværu kröfur í þjóðfélaginu um þetta efni.

Það er greinilegt að hv. þm. sem talaði hér áðan þekkir ekkert til þeirra grundvallaratriða í jarðfræði sem viðkoma þessum virkjunum og lónum. Ég ætla ekki að fara út í þau atriði en það var alveg augljóst að hv. þm. vissi lítið um þessi atriði.

Með því að fara út í Fljótsdalsvirkjun erum að fara út í þetta sem ég hef hér verið að lýsa. Landsvirkjun á að fá algjörlega frítt spil án þess að borga nokkuð fyrir landið. Það á ekki að greiða neitt fyrir náttúruna. Hún á að vera ókeypis í þessu máli. Ég spái því að þó svo við þurfum að láta þetta yfir okkur ganga þá sé þetta vonandi síðasta gjaldið sem við verðum að borga fyrir þá nytjastefnu þar sem ekkert á að greiða komandi kynslóðum fyrir fegurðina. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu á því að vitna í Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, kennara minn í háskólanum sem sagði að margir horfðu með gagnaugum á fossa landsins. En við skulum minnast þess að gæfa þessarar þjóðar felst ekki eingöngu í kílóvattstundum heldur í þeim fjölmörgu unaðsstundum sem þjóðin getur notið með því að virða óspillta náttúru þessa lands.

[18:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að gera lítið úr þekkingu hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og reikna með því að hann búi yfir mikilli visku um jarðfræði. Ég veit sitt lítið af hverju í þeim fræðum en ætla ekki á þessum mínútum að diskútera það við hann. En það hvarflar ekki að mér að gera lítið úr vitneskju hans.

Hann nefndi það enn og aftur að tækifærisbragur væri á þeirri umræðu sem ég ber hér inn. Ég get sagt honum það til upplýsingar að ég var á ferðamálaráðstefnu 1999 sem Ferðamálaráð Íslands stóð fyrir. Þar kom einmitt fram í máli manna að þessar framkvæmdir á Austurlandi gætu haft afskaplega góð áhrif á ferðamennsku á Austurlandi. Menn sem tóku til máls töldu að það væri hið besta mál að virkja í Fljótsdal og byggja álverksmiðju á Reyðarfirði, og ég tek undir það með þeim.

Menn voru að vísu ekki farnir svo langt að ræða Kárahnjúkavirkjun enda fjallar sú tillaga sem hér er til umræðu ekki um Kárahnjúkavirkjun. Ef í þá virkjun verður farið mun hún, að óbreyttum lögum um mat á umhverfisáhrifum, fara í það ferli sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson ræðir hvað mest um að sú virkjun sem þegar er byrjað á á Austurlandi, Fljótsdalsvirkjun, eigi að fara í, þ.e. að það eigi að afturkalla væntanlega virkjunarleyfið og fara í það matsferli.

[18:12]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég virði mjög skoðanir hv. þm. og skil baráttu þingmannsins fyrir hagsmunum byggðar sinnar. En við verðum í þessum ræðustól og í þessum sal að skoða þetta mál frá öllum hliðum og gera ekki hvert öðru upp þær skoðanir að við virðum ekki andstæð sjónarmið eða hagsmuni. Það er einmitt það sem er verið að biðja um. Svo að ég endurtaki það, er verið að biðja hér um mat á umhverfisáhrifum þar sem hagsmunir byggðanna, lífið í fjórðungnum, náttúrufar og valkostir allir séu metnir. Um þetta er einfaldlega verið að biðja.

Ég tek því ekki vel að snúið sé út úr orðum mínum til þess að reyna að mála mig út í horn með því að ég sé einhver sérstakur óvinur Austurlands, þó svo að hv. þm. hafi ekki nýtt það, það er ekki það sem ég á við. En hjá hv. þm. kemur einmitt fram, ef ég misskildi ekki orð hv. þm., mismunurinn á lífsviðhorfum okkar í þessu máli, ef við getum orðað það svo, þar sem hv. þm. tekur undir það að vegir opna landið fyrir ferðamönnum. Það er einmitt þetta að menn sjá ekki fegurð hins ósnortna og það að við höfum skyldur ekki aðeins gagnvart okkur Íslendingum og framtíðarhagsmunum á Íslandi heldur gagnvart Evrópu og gagnvart heimskautasvæðum við að gæta hins ósnortna víðernis fyrir norðan og norðaustan Vatnajökul.

Með því að fara út í Fljótsdalsvirkjun, og það voru rök mín, þá erum við ekki aðeins að fórna Eyjabökkunum, við erum að fórna Dimmugljúfrunum líka. Og þá segja menn: „Hvað svo sem um það? Er ekki nóg af söndum þarna? Er ekki nóg svæði? Þetta er ekki nema hálft prósent af þessu öllu saman.“ En þessar virkjanir verða eins og strik í gegnum fagra mynd. Myndin er ónýt.

[18:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem er verið að semja um núna á Austurlandi er 120 þús. tonna álver á Reyðarfirði. Menn hafa rætt að hugsanlega komi til stækkunar á því álveri, ef það er talið hagkvæmt og ef til þess fengist orka. En um það liggja ekki nokkrir einustu samningar núna og reyndar liggja ekki fyrir neinir einustu samningar um þessar framkvæmdir yfir höfuð. Það eru viljayfirlýsingar um að semja um 120 þús. tonna álver og til þess á að nýta orkuna úr Fljótsdalsvirkjun. Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um að virkja Kárahnjúka og við höfum ekki tekið neina ákvörðun um að virkja Jökulsá á Fjöllum og örugglega ekki ákaflega fallegan ónefndan foss í Jökulsánni, hvað þá aðrar virkjanir.

Við erum að tala um Fljótsdalsvirkjun og 120 þús. tonna álver á Reyðarfirði. Um það snýst þetta, ekki um Kárahnjúkavirkjun.

[18:16]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á þeim tíma sem við höfum til ráðstöfunar er ekki hægt að ræða það mál sem hefur orðið að umtalsefni milli mín og hv. þm. Það mun gefast tækifæri til að ræða það. Ég fullyrði aðeins þetta: Hvert mannsbarn sem hefur lesið yfirlýsingar og þekkir eitthvað til þeirra samninga sem þarna eru á ferðinni, og hefur kynnt sér arðsemi og dvínandi arðsemi álversins og þær kröfur sem viðsemjendur okkar hafa haft um það, veit að ekki verði samið um þetta nema til stækkunar komi — við höfum alveg samsvarandi dæmi í Hvalfirðinum. Þetta veit hvert mannsbarn og ég fæ tækifæri til að skýra það síðar.

Við erum því hér — og við skulum gera okkur grein fyrir því og við eigum að hafa heilsu til þess — að horfa fram á veginn og segja þá: Það er þetta sem við erum að gera. Alveg eins og virkjunarmenn eru alltaf að segja við okkur sem biðjum um umhverfismat: Þið skuluð hafa heilsu til þess að segja að þið eruð bara einfaldlega á móti virkjuninni. Þá segi ég: Þá skuluð þið líka hafa heilsu til þess að segja það fullum fetum hversu langt þið ætlið að ganga. Það á að fara í fyrsta áfangann og annan áfangann. Ég skal ekki tala um þann þriðja.

Þetta liggur alveg kristaltært fyrir og að hv. þm. láti þetta frá sér fara eftir að hafa verið á hinum vandaða fundi sem við í iðnn. og umhvn. áttum á Egilsstöðum, þar sem þetta kom glögglega fram, finnst mér ekki nógu góður málflutningur.

Virðulegi forseti. Með því að fara út í Fljótsdalsvirkjun erum við ekki aðeins að fara í eyðileggingu á svæðunum við Snæfell, við erum að fórna svæðinu öllu að mínu mati fyrir norðaustan Vatnajökul. Að gera slíkt án þess að fram fari mat sem er til þess að sætta og til að fá eitthvað vitrænt í alla umræðuna, að neita því er ábyrgðarhluti gagnvart þjóðinni eins og hún er, gagnvart náttúrunni og gagnvart komandi kynslóðum. Mér er sagt að svona lón geti fyllst á 100 árum. Við þekkjum öll menn sem eru níræðir, níutíu og fimm ára og vitum að það er örstutt til næstu 100 ára. Þó það séu 300 ár, að sjá Dimmugljúfrin full af aur og svæðið ónýtt er eitthvað sem ég vil ekki láta gera án þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum.

[18:19]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Vegna þess að flokkur græningja, vinstri grænna, er með þetta mál vil ég nota tækifærið og fá upplýsingar hjá þeim um það hver stefna þeirra er í virkjunum almennt. Mér hefur fundist koma fram hjá þessum umhverfisvæna flokki að nánast allar stórar virkjanir séu á bannlista. Allar virkjanahugmyndir eins og Kárahnjúkar, Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal, séu á bannlista og þá um leið Jökulsá á Fjöllum.

Þarna eru um 1.300 megavött sem eru virkjanleg, næstum því helmingi meira en allt virkjað afl er í dag.

Ég hef a.m.k. lesið einhvers staðar um það að vinstri grænir hafi mikinn áhuga á vetnisframleiðslu, umhverfisvænum orkugjafa fyrir bíla og skip og annað slíkt. Hafa vinstri grænir þá í raun hugsað sér að virkja bara bergvatnsár til þess að fá það rafmagn sem þarf í vetnisframleiðslu? Ég hef velt þessu fyrir mér í umræðunum. Ég held að við séum út af fyrir sig sammála um verndun á einstökum náttúruperlum. Menn geta deilt um hvað eru náttúruperlur en ég held að við séum sammála um að Eyjabakkarnir séu náttúruperla. En við sjáum, miðað við þann málflutning sem hér hefur verið, að gjörsamlega ómögulegt er að fá einhverja málamiðlun þarna á milli þegar ég heyri hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson segja að hann muni aldrei geta fallist á að Kárahnjúkar yrðu nokkurn tíma virkjaðir. (Gripið fram í.) Ég get ekki séð að það breyti neinu því að hv. þm. lýsti því yfir áðan að hann mundi aldrei geta séð þessi gljúfur fyllast. Ég get ekki ímyndað mér að hv. þm. sætti sig við að þau fylltust þó að umhverfismat hefði samþykkt það. Enda fyndist mér það líka alveg fáránleg röksemdafærsla.

En ég vil bara minna á að þessi hugmynd um Kárahnjúka byggist ekki á því að fylla Dimmugljúfur. Talað er um að 1 km af 13 km verði hluti af uppistöðulóninu þannig að 12 km, sem yrðu væntanlega eftir, mundu vera ósnertir áfram sem slíkir en að sjálfsögðu yrði lítið vatn í þeim.

En ég hef lagt til að skoða ætti þessa hugmynd miklu betur.

Mig langaði aðeins til þess að velta því upp til þeirra umhverfissinna sem hafa talað og ég reikna með að geti komið til umræðu í umhvn., og það er hvernig hægt væri að minnka áhrif umhverfisspjalla vegna virkjana almennt á svæðinu. Ef við lítum á t.d. Fljótsdalsvirkjun er fullt af litlum virkjunum eða stíflum sem verða settar upp samhliða virkjuninni ef fram fer sem horfir sem á að veita inn í Fljótsdalsvirkjunina sjálfa eða inn í þann mikla skurð sem liggur frá Eyjabökkum og alveg niður í stöðvarhúsið. Það á að veita t.d. Hafursá og Grjótá, Hölkná og Langá inn í þann skurð. Þessar ár munu því þorna upp. (Gripið fram í.) Nei, ég er að segja að þarna eru ár sem munu þorna upp. Í mínum huga er töluvert mikið mál að reyna t.d. að verja vatnsföllin, þær bergvatnsár sem eru, eftir því sem mér er sagt — ég hef nú reyndar ekki séð þær allar en ég hef séð þær sumar — eru mjög fallegar, og fossaraðirnar í Jökulsá í Fljótsdal eru taldar mjög verðmætar. Hægt er að bjarga þeim að hluta til með því að hafa eitthvað af bergvatnsám í ánni. En aftur á móti mun Jökulsá í Fljótsdal fara í skurð eins og menn vita.

Þar er eitthvað sem hægt er að skoða í þeirri umræðu sem fer fram í umhvn. þegar verið er að reyna að lágmarka umhverfisskaða slíkra framkvæmda.

Ég vildi aðeins slá þessu fram vegna þess að mér finnst að ræða þurfi þetta út frá öllum hliðum, líka þeim hliðum sem geta orðið til að leysa einhvern hluta af málinu. Mér finnst líka gott að fá fram frá vinstri grænum hvað þeir eru í rauninni að meina með því að ætla sér að vera á móti öllum stórum virkjunum, vilja samt fá vetni en vilja þá helst virkja bergvatnsár, sem ég held að séu að mörgu leyti umhverfislega verðmætari vatnsföll en t.d. jökulárnar. Það er að sjálfsögðu matsatriði en fróðlegt væri að heyra skoðanir vinstri grænna á því.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljúft og skylt að verða við því að reyna að uppfræða hv. þm. aðeins um viðhorf okkar í þessum efnum. Ég bendi hv. þm. á þskj. sem hér liggur á borðum og heitir Tillaga um sjálfbæra orkustefnu. Þar er talsvert lýst inn í þá hugmyndafræði sem liggur á bak við og felur reyndar ekki í sér að t.d. jökulár eða dragár verði settar á bannlista heldur fyrst og fremst að allir virkjunarkostir séu teknir og skoðaðir og metnir út frá umhverfisáhrifum. Síðan reyni menn að ná einhvers staðar landi í þeim efnum, að koma sér niður á það hvar sé ásættanlegt að virkja, hverju eigi alveg að hlífa og virkja þá að sjálfsögðu á þann hátt sem minnsta umhverfisröskun hefur í för með sér. Það getur í sumum tilvikum þýtt jökulár, í öðrum tilvikum bergvatnsár, í sumum tilvikum miðlun, í öðrum tilvikum beina rennslisvirkjun o.s.frv.

En fyrst og síðast þýðir það þó að menn fari í það löngu tímabæra verk að endurmeta orkuforðann. Hvað er hann í raun og veru mikill? Það er ljóst að hann er minni en við höfum hingað til talið, það vitum við öll vegna þess að aldrei verður samstaða um að virkja allt það sem áður var talið að samstaða gæti orðið um að virkja. Þær gömlu 50 teravattstundir, sem menn reiknuðu stundum með að heildarorkan í vatnsafli og jarðvarma væri, verða kannski einhvers staðar

nær 30 þegar upp er staðið, sem samkomulag geti orðið um og friður um í landinu að virkja.

Þeim mun mikilvægara er að við ráðstöfum þeirri orku skynsamlega þar sem hún er takmarkaðri en við höfum áður talið, það er alveg öruggt mál.

Varðandi hugmyndir um Kárahnjúkavirkjun, að gljúfrin verði ósnert — að vísu tóm — þá finnst mér það sambærileg hugmyndafræði og hjá snillingunum sem ætluðu að setja kranann á Dettifoss. Þeir voru nefnilega búnir að finna það út að hann væri fallegastur þegar það væri búið að stilla kranann þannig að 180 rúmmetrar væru í ánni.

Ég tek undir með hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni að þetta er bara einhver annar hugmyndaheimur, annar hugarheimur en mér er tamur. Fyrir mér eru Dimmugljúfur og vatnið í þeim að sjálfsögðu óaðskiljanlegur hluti auk þess sem ég held að gljúfrin yrðu nú fljótlega ærið mikið svipminni ef ekkert væri vatnið til að hreinsa þau og halda þeim eins og þau eru, þ.e. skriður og set mundi óðara byrja að fylla þau o.s.frv.

Herra forseti. Svarið er í raun og veru þetta, það er ekki stærðin á virkjunum sem skiptir þarna máli heldur umhverfisáhrifin sem eru þeim samfara. Það er ekki eðli vatnsins sem þarna er heldur umhverfisáhrifin ef hv. þm. er þá einhverju nær.

[18:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að vinstri grænir hafa hugsað sér að berjast gegn þeim virkjunum sem hafa verið til umræðu á Austfjörðum, einnig Kárahnjúkum, þannig að þeir líkja því við að skrúfa fyrir Dettifoss að virkja Kárahnjúka.

Mér finnst slæmt að heyra þetta og ég get ekki séð annað en að þessi þráhyggja, sem ég vil kalla svo, verði nánast til þess að ekki er hægt að ná sátt um nokkurn skapaðan hlut. Að stjórnvöld haldi sig þá væntanlega bara alfarið við það að virkja í Fljótsdal vegna þess að engin önnur sátt er í stöðunni. Það er ekkert annað sem menn geta í rauninni talað um. Fara með Jökulsá í Fljótsdal í umhverfismat, reyna svo að koma í veg fyrir að hægt sé að virkja einhvers staðar annars staðar. Þannig sjá menn fyrir sér að engin leið er til að gera neitt á Austfjörðum.

Mér finnst þetta engin stefna, ekki ef menn eru að hugsa um sátt í leiðinni. Það er engin sátt í þessu. Þetta er einstefna. Mér finnst þetta í rauninni engin framkoma.

[18:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega dapurlegt að sitja hér aftur og aftur undir þvættingi af því tagi að viðhorf okkar, sem höfum efasemdir um eða erum andvíg núverandi virkjunaráformum, byggist á andstöðu við Austfirðinga og hlutirnir megi ekki gerast þar. Hverjum dettur í hug að halda svona þvættingi fram? Það er mönnum til minnkunar að gera það.

Að sjálfsögðu er það ekki þannig og að sjálfsögðu viljum við gjarnan að allir þeir virkjunarkostir og uppbyggingarkostir í atvinnulífi sem menn sjá mögulega fyrir sér á Austurlandi verði skoðaðir. Ég vona að ekki þurfi að eyða orðum á svona málflutning, hvað þá annað.

Staðreyndin er hins vegar sú að brýnt er að endurmeta stöðu Íslands í þessu sambandi í öllu tilliti, bæði vegna skuldbindinga okkar út á við og vegna okkar sjálfra og framtíðar okkar í landinu. Ef vetnissamfélagið, sem hér hefur aðeins borið á góma, á að geta orðið að veruleika yfir höfuð þá þurfum við að huga að þeirri orku sem í það fer. Hvað felst í því? Jú, hugmyndin er að skipta út innfluttu jarðefnaeldsneyti með innlendri umhverfisvænni orku. Það krefst mjög mikillar orku á stórum hluta þess sem enn er eftir óvirkjaður í reynd. Ef innlendi markaðurinn vex svipað og hann hefur gert hingað til, þ.e. almenni notendamarkaðurinn og almennur innlendur iðnaður plús það að við ætlum að leysa af hólmi innflutt bensín, gasolíu og svartolíu þá mun það kosta um 30 teravattstundir samanlagt nálægt árunum 2040–2050.

Þá er ekkert eftir. Við erum því að þrengja að okkur og gera út um það fyrir fram að þessi draumur geti orðið að veruleika, ef við tökum núna stóran hluta orkunnar sem eftir er, því það munar um þessar 9 teravattstundir sem menn eru að tala um þarna samanlagt á Austurlandi, og ráðstöfum þeim til margra, margra áratuga á lágu verði í þágu erlendrar stóriðju, sem verður reyndar ekki einu sinni erlend því ætlast er til að Íslendingar taki, að manni sýnist, að mestu leyti áhættuna af henni.

Við erum því á miklum krossgötum í þessum efnum og er þar af leiðandi mjög brýnt að menn stöðvi sig af og endurmeti hlutina og erfitt að færa rök fyrir því að himinn eða jörð farist þó að menn taki til þess eitt eða tvö ár.

[18:31]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Með því að leggjast gegn Kárahnjúkum er einfaldlega verið að gera ráð fyrir því að ekkert af stóru fljótunum verði virkjað á Austfjörðum. Ef Kárahnjúkarnir væru aftur á móti virkjaðir mundum við líka geta virkjað Jökulsá í Fljótsdal með því að taka hana neðar, fyrir neðan Eyjabakkana. Þá er hægt að ná a.m.k. helmingnum af þeirri orku sem er í Jökulsá í Fljótsdal og flytja hana yfir í göng sem liggja frá Hálslóni. Með hugmyndafræði græningja er verið að koma í veg fyrir að neitt af þessum miklu vatnsföllum verði nýtt.

Ég hafði séð fyrir mér að það væri einmitt hægt að ná einhverri sátt að þessu leytinu til. (**SJS:** Það á að setja málið í umhverfismat.) Þetta er ekki spurningin um það. Búið er að ákveða, m.a. af hv. þm. á sínum tíma, að þessi virkjun færi ekki í umhverfismat. Það þýðir ekkert að vera með slíka þráhyggju að vilja breyta því löngu seinna sem hv. þm. samþykkti, ekki einu sinni heldur tvisvar.

Ég er að tala um þetta á þeim nótum að um sé að ræða eðlilega, við skulum segja röksemdafærslu, miðað við ríkjandi aðstæður, en ekki eitthvað sem menn vildu gjarnan að gerðist en vita samt að verður ekki. En mér finnst ekki vera neinn vilji til þess, og það er það sem ég hef áhyggjur af og þá ekki síst þegar við erum að hugsa um verndun á náttúruperlum eins og t.d. Eyjabökkum.

[18:35]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn., Kristján Pálsson, á að sjálfsögðu eftir að fá að skiptast á skoðunum við mig og okkur í vinstri grænum áfram í sambandi við þetta mál því við störfum saman í umhvn. En ég vil frábiðja mér það að stefna okkar í umhverfismálum sé kölluð þráhyggja. Það hefur komið fram hjá okkur sem höfum talað hér í dag fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við erum með útrétta sáttarhönd. Sáttarboðið felst í því að Fljótsdalsvirkjunin fari í umhverfismat samkvæmt lögum og við komum til með að beygja okkur undir þann úrskurð sem kæmi út úr því mati. Ef þetta er ekki sáttarhönd hjá fólki sem

er á móti stórvirkjunum á hálendinu norðan Vatnajökuls, þá veit ég ekki hvað.

Það er rangtúlkun hjá hv. þm. að segja að við séum ekki fús til sátta. Hann ætti að beina sjónum sínum að stjórnarflokkunum sem við höfum viljað meina að væru ekki fúsir til sátta, vegna þess að þeir hafa viljað undanskilja Fljótsdalsvirkjun öllu mati. Þeir hafa viljað undanskilja hana rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um mat á virkjunarkostum og það er það sem við höfum verið að gagnrýna. Við biðjum um sáttarhönd ríkisstjórnarinnar sem fælist í því að Fljótsdalsvirkjun yrði sett undir rammaáætlun ríkisstjórnarinnar, Maður – nýting – náttúra.

Ég fagna þeirri áætlun og ég ber mikla virðingu fyrir því að sú áætlun skuli vera gerð. Hvað sem um vinnubrögðin og forræði iðnrh. í því máli má segja, þá segi ég enn og aftur að Fljótsdalsvirkjun verður að fara undir þá áætlun. Við verðum að meta hana með öðrum virkjunarkostum. Hún getur ekki verið ríki í ríkinu og fríhjólað fram hjá öllum lögum og reglum sem ekki bara Íslendingar eru búnir að vera að setja sér heldur öll þjóðríki þess siðaða heims sem við teljum okkur vera hluta af. Fólk er í áratugi búið að vinna eftir þessum lögum, lögum á borð við lög um mat á umhverfisáhrifum. Það er slíkt mat sem þarf að fara fram á öllum virkjunarkostum burt séð frá því hvað var ákveðið einu sinni í gamla daga.

[18:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Því miður tókst mér ekki að ljúka upplestri á ályktun sveitarstjórnarmanna á Austurlandi en ég held að ágætt væri fyrir þingmenn að heyra viðhorf kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum á Austurlandi til þessa máls, og mun því, með leyfi forseta, lesa þá ályktun upp. Hún ber fyrirsögnina Virkjanir og stóriðja á Austurlandi — byggðamál:

„Aðalfundur SSA, haldinn í Brúarásskóla á Norður-Héraði dagana 26. og 27. ágúst 1999 ítrekar þá stefnu sambandsins að styðja eindregið áform um virkjanaframkvæmdir á Austurlandi og nýtingu orkunnar í fjórðungnum. Leggur fundurinn áherslu á eftirfarandi í þessu sambandi:

Lög í landinu heimila að ráðist verði í byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Ekkert virkjunarsvæði hefur verið eins ítarlega rannsakað og virkjunarsvæði Fljótsdalsvirkjunar, enda mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum slíks mannvirkis sé vandlega unnið. Brýnt er að félagsleg áhrif og umhverfisáhrif virkjunar og iðjuvers á Austurlandi verði vandlega kynnt, sérstaklega verði vandað til kynningar á þeirri skýrslu á umhverfisáhrifum virkjunar sem væntanlega verður lögð fram á næstunni.

Mikilvægt er að framkvæmdir við virkjun og orkufrekan iðnað hefjist hið fyrsta, enda hafa áform um slíkt verið uppi á Austurlandi í um 20 ár. Úttektir sýna að tilkoma orkufreks iðjuvers mun hafa mjög jákvæð áhrif á íbúa- og efnahagsþróun á Austurlandi. Virkjun og orkufrekur iðnaður á Austurlandi mun án ef vera áhrifamesta byggðaaðgerð sem stjórnvöld eiga kost á að stuðla að um þessar mundir."

Þetta var ályktun sveitarstjórnarmanna á Austurlandi og ég held að hún eigi vel heima í þessari umræðu.

Hæstv. forseti. Hér var vitnað til lífsviðhorfa. Það er lífsviðhorf mitt að vilja búa á Austurlandi og ég tel það vera okkur Austfirðingum nauðsynlegt að nýta þær orkulindir sem við höfum og eigum á Austurlandi. Þess vegna er afar nauðsynlegt að nú þegar verði haldið áfram með þær virkjanaframkvæmdir sem þegar er hafist handa við. Eins og kemur fram í ályktun sveitarstjórnarmanna á Austurlandi er þetta kostur sem þeir styðja alveg eindregið.

[18:39]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til mótvægis við yfirlýsingu þá sem lesin var frá SSA af hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur þá langar mig að lesa brot úr áskorun til Alþingis Íslendinga sem afhent var Alþingi fyrir nákvæmlega ári og er undirrituð af Náttúruverndarsamtökum Íslands, Félagi leiðsögumanna, Fuglaverndarfélagi Íslands, Félagi um verndun hálendis Austurlands, Íslenska Alpaklúbbnum, Landvarðafélagi Íslands, Íslenska fjallahjólaklúbbnum, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, SÓL – samtökum um óspillt land í Hvalfirði, Ferðaklúbbnum 4x4 og Útivist, og eru fleiri þúsund manns sem standa að baki þessum samtökum sem sendu Alþingi fyrir ári þessa áskorun.

Ég les innganginn, með leyfi forseta:

„Á miðhálendi Íslands er stærsta óbyggða víðerni Evrópu. Þar skartar íslensk náttúra sínu fegursta. Óvíða — ef nokkurs staðar — getur að líta jafn sérstæða blöndu af áhrifum elds og íss. Þar blasa við augum fagursköpuð fjöll og magnþrungnir jöklar, tröllsleg gljúfur, fljót og fossar, grösug ver og heiðar, úfin hraun og mosabreiður. Sjóndeildarhringurinn er víðáttumikill og óvíða ríkir jafn mikil kyrrð og friðsæld.

Þetta sköpunarverk náttúrunnar er einn dýrmætasti auður Íslendinga, hluti af menningu okkar, sjálfsvitund og sögu. Margar þjóðir sjá ekki eftir öðru meira en að hafa fórnað ósnortnum víðernum fyrir skammvinnan efnahagslegan ábata. Slíkum svæðum hefur fækkað mjög á jarðarkringlunni og þau verða sífellt dýrmætari. Ef við röskum ósnortnum víðernum landsins með mannvirkjagerð verður ekki aftur snúið. Þau eru okkur og afkomendum okkar að eilífu glötuð."

[18:41]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek algjörlega undir það sem kom fram í ályktun þeirri sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir las upp áðan. Nema það að við búum í þessu landi og við verðum að lifa á náttúrugæðum þess. Við eigum stórkostlega náttúru, því neitar enginn. Og okkur þykir vænt um þessa náttúru, en það breytir ekki því að við ætlum að lifa í landinu og við ætlum að lifa á náttúrugæðum þess.

Við eigum að nýta þessa náttúru og það munum við gera á einhvern hátt en kannski ekki nákvæmlega eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir óskar eftir að verði gert. Ég held að rétt sé að ég vitni aðeins í orð bæjarstjóra Austur-Héraðs sem sagði:

„Vonandi verður það ekki fólkið, sem þekkir hreyfingu mest af tæknivæddum hlaupabrautum þrekþjálfunarstöðvanna, kyrrðina best við rauð umferðarljós gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins og þögnina helst vegna rafmagnsleysis á álagstímum, sem ráða mun mestu um framtíð okkar í þessum efnum."

Það er afskaplega nauðsynlegt að menn kynni sér málin, menn þekki þá náttúru sem við ætlum að nýta og það er það sem við Austfirðingar höfum farið fram á.

[18:43]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir deilir skoðunum mínum hvað varðar byggðamál. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram þingplagg, sem á eftir að fara hér yfir eftir einhverja daga, þar sem við ítrekum

hugmyndir okkar til bjargar byggðum í landinu. Ég vara við því og við vörum við því að menn einblíni á þennan kost, stóriðjuna. Við teljum hann óskynsamlegan og höfum ýmsa aðra kosti sem okkur langar að benda á.

Það er ekki rétt sem virkjanasinnar hafa gjarnan haldið fram um okkur sem viljum ekki virkja að við getum bara bent á „eitthvað annað". Við höfum bent á ótal hluti. Við höfum bent á hátækniiðnað, við höfum bent á hitakærar örverur, sem eru virkilega þénanlegar í ýmsum iðnaði eins og lyfjaiðnaði. Og lyfjaiðnaðurinn er iðnaður sem veltir ég veit ekki hvað mörgum hundruðum milljarða króna árlega, en það er í öllu falli iðnaður sem gæti gefið afskaplega mikið af sér og stórvirkustu vinnuvélarnar sem þeir nota sem rannsaka hitakærar örverur eru teskeiðar.

Við höfum bent á að iðnaður standi í miklum blóma á Austurlandi. Hugvit og þekking er þar meiri jafnvel en víða annars staðar. Við horfum á handverkshús sem eru til fyrirmyndar og bera af handverkshúsum, ekki bara á Íslandi heldur þó víðar væri leitað. Það er fullt af hugmyndum sem verið er að vinna með á Austfjörðum.

Við viljum að flugvöllurinn á Egilsstöðum sé notaður sem alþjóðlegur flugvöllur, hann getur borið slíka umferð. Við viljum að ferðaiðnaðurinn á Austfjörðum verði allt árið. Ef það er einhvers staðar á landinu hægt að efla ferðaiðnað allt árið þá er það á Austfjörðum. Hvað með skíðasvæðið á Norðfirði? Það er fullt af hugmyndum sem við höfum og þær eru mjög gáfulegar og gætu bjargað okkur frá stóriðjunni. Ég bendi á þjóðir sem eiga ekki náttúruauðlindir eins og við, t.d. Danmörku, Ítalíu og Hollendinga. Þær hafa nú ekki beinlínis soltið. Þær eru að selja hugvit og gengur vel.

[18:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri ekki lítið úr því að hægt sé að selja hugvit. Það er hægt á Austurlandi eins og hvar annars staðar. En þeir Austfirðingar, þeir fáu sem búa á Austfjörðum og stunda atvinnugreinar af því tagi sem þingmaðurinn nefndi hafa bara ekki skapað fleiri störf þarna, því miður.

Við höfum líka þessar hugmyndir, að ferðaiðnaður geti verið ágætis atvinnugrein. Fjárfestar hafa bara ekki nokkra einustu trú á því og eru því ekki komnir þarna. Og jafnvel ferðamennirnir, þeir hafa kannski ekki trú á þessu.

Það er alveg hárrétt að það er alveg stórgóður flugvöllur á Egilsstöðum og full ástæða til að nýta hann. Það er alveg stórfurðulegt að enginn skuli nýta hann enn þá, mjög furðulegt. En það er bara enginn til þess.

Handverkshúsin, ég tek undir það að þarna eru fín handverkshús og góðir hönnuðir sem eru að gera góða hluti — þeir eru þarna. En þeir bæta ekki við nýjum störfum. Þeir eru þarna nú þegar. Það er rétt að þarna er ýmis smáiðnaður, það vantar bara meira af honum. Ef þingmaðurinn getur bent á fleiri kosti og fengið fólk til Austurlands til þess að stunda smáiðnað þá eru allir velkomnir á Austurland — allir, ég tek það fram.

Lyfjaiðnaður var nefndur. Því miður hefur hann ekki enn þá staðsett sig á Austurlandi. Mér þykir það mjög leitt en hann er bara ekki stundaður þar og engin sérstök teikn um það að hann muni koma þangað á næstunni. Hátækniiðnaðurinn, það er alveg eins, þar eru vissulega möguleikar en slíku hefur ekki verið komið á fót á Austurlandi. Hitakæru örverurnar eru því miður ekki staðsettar á Austurlandi en hugsanlega er hægt að vinna úr þeim þar eins og annars staðar.

[18:47]

Útbýting þingskjala:

Frádráttur gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta, 77. mál, fsp. JóhS, þskj. 77.

Greiðslur viðbótarlauna til starfsmanna ríkisins, 79. mál, fsp. JóhS, þskj. 79.

[18:48]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur margt komið fram varðandi þessi mál og allt auðvitað verið orð í tíma töluð. Það sem hér hefur átt sér stað í dag gefur auðvitað tóninn fyrir þingið sem nú er hafið. Þetta er eitt af stærstu málum þingsins. Þetta er mikið átakamál, okkur er öllum mikið niðri fyrir og við eigum eftir að takast á um það áfram í ýmsu formi. Ég segi það fyrir hönd flm. þeirrar tillögu sem hér er til umræðu að við komum til með að berjast heiðarlega fyrir því að hún nái fram að ganga. Við munum leggja allt í sölurnar til að koma því til leiðar að Fljótsdalsvirkjun lúti lögum og fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Mannasetningar á borð við lög eru ekki óafturkræfar. Við erum að breyta lögum á hverjum degi í ljósi breyttra viðhorfa í samfélaginu, breyttra forsendna á grundvelli nýrra upplýsinga og aukinnar þekkingar mannsins, t.d. þekkingar á náttúru og samfélagi.

Nú liggur fyrir að ýmsir málsmetandi menn telja orkufrekan iðnað vera tímaskekkju. Meðal þeirra sem svo hafa talað undanfarið er aðalráðgjafi Alþjóðabankans í umhverfismálum. Hann heitir því fallega nafni Lovejoy og var hér á ferð fyrir ári eða ári og hálfu. Hann sagði Íslendingum að orkufrekur iðnaður á borð við málmbræðslu væri tímaskekkja. Við ættum að einbeita okkur að annars konar iðnaði sem gæti gefið jafnmikið í aðra hönd en stillti okkur ekki upp við vegg með að fórna náttúruauðæfum okkar.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn eru stofnanir sem stjórnvöld hér á Íslandi hafa litið upp til. Við höfum átt góð samskipti við þessar stofnanir og stjórnvöld okkar hafa tekið mark á þeim. Stofnanirnar tvær hafa nú komið sér upp reglum og eru alltaf að auka vægi skilyrða sem kveða á um að framkvæmdir fái ekki fyrirgreiðslu, framkvæmdir á borð við virkjanir og annað sem veldur umhverfisraski, nema að undangengnu lögformlegu mati á umhverfisáhrifum. Þetta eru leikreglur hins vestræna heims. Þetta eru leikreglur sem eðlilegt er að við beygjum okkur undir. Þetta er eina tækið sem við höfum til að mæla áhrif þeirra framkvæmda sem við erum að tala um hérna.

Vissulega eru möguleikar á annars konar virkjunum. Og við vitum að víða í heiminum eru tilraunir í gangi með rennslisvirkjanir. Við vitum að tækniþróuninni fleygir fram af miklu meira offorsi og hraða en svo að við getum fylgst með. Ég vona að rennslisvirkjunum eigi líka eftir að fleygja fram og að við eigum eftir að geta virkjað árnar okkar í farveginum eftir 10–20 ár, á annan hátt en við getum í dag. Ég vil meina að þó við þurfum að bíða í 10, 20 ár með framkvæmdir á svæðinu norðan Vatnajökuls þá sé það bara dropi af eilífðinni. Tíu ár af eilífðinni eru ekki neitt.

Ég vil segja hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og sjálfri mér til huggunar að ég treysti því að sá tími eigi eftir að koma innan skamms að ákveðinn hópur borgarbúa á suðvesturhorninu flýi hið firrta borgarsamfélag og fari út á land, setjist þar að með fjölskyldur sínar. Það veltur á því að stjórnvöld taki myndarlega á málum menntunar og félagslegrar þjónustu í fjórðungunum.

Við eigum eftir að sjá þessa þróun innan skamms. Ég er sannfærð um að þróunin verður þessi ef við tökum réttar ákvarðanir í byggðamálum. Ég nefni sem dæmi lífrænan landbúnað, ef við tækjum það stóra skref að gera landbúnað okkar alfarið lífrænan. Þar með hefðum við möguleika á miklu dýrari mörkuðum í útlöndum. Við værum að gefa fólki sem hefur jafnvel ekki viljað sinna landbúnaði hingað til möguleika á að fara út í landbúnað undir nýjum formerkjum. Það gæti verið virkilega tekjuskapandi fyrir þjóðina.

Hagkvæmni stóriðjuframkvæmda er umdeild. Hagkvæmni þeirra virkjana og framkvæmda sem við stöndum frammi fyrir nú á Austurlandi hefur verið dregin í efa. Við höfum fengið hagfræðinga fram á sjónarsviðið sem hafa stutt það gildum rökum að þessar virkjana- og stóriðjuframkvæmdir séu ekki hagkvæmar, hvorki til skamms né langs tíma. Við þurfum að fara ofan í öll þessi mál. Ég hlakka mjög til þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum verða endurskoðuð. Þá langar mig að leggja til að ekki þurfi einasta að framkvæma umhverfismat á svona stórframkvæmdum heldur líka arðsemismat. Það er sjálfsögð skylda okkar að meta arðsemi svona stórra framkvæmda. Það liggur ekki fyrir um Fljótsdalsvirkjun, það liggur ekki fyrir um stóriðju á Austurlandi.

Varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram, um álverið sem er á teikniborðinu, vil ég segja að það er ekki rétt hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og Austfirðingum að hér sé einungis til umræðu 120 þús. tonna álver. Ég held á plaggi sem heitir Yfirlýsing um Noral-verkefnið. Þetta er yfirlýsing sem staðfest er af ríkisstjórn okkar. Þar kemur fram hvers konar áætlanir eru á borðinu. Þær áætlanir fengum við líka staðfestar á fundi í miðjum september á Héraði þar sem fulltrúi iðnrn. gerði mjög skilmerkilega grein fyrir þessum áætlunum.

Í þessu plaggi stendur með, leyfi forseta:

„Árleg framleiðslugeta Noral-álversins í upphafi verður 120 þúsund tonn með möguleika á stækkun í áföngum upp í 480 þúsund tonn."

Aðeins aftar í sama plaggi segir:

„Ríkisstjórnin mun tryggja að vinna stjórnvalda við mat á umhverfisáhrifum álvers með allt að 480 þúsund tonna afkastagetu tefjist ekki vegna skorts á mannafla eða annarra verkefna. Ríkisstjórnin mun kanna möguleika á því að gera Noral-álfélaginu kleift að kaupa rafmagn frá fyrirhuguðaðri Kárahnjúkavirkjun á samkeppnishæfu orkuverði."

Þetta stendur í plagginu sem verið er að vinna með núna. 480 þús. tonna álver er á teikniborðinu. Það er ekki verið að tala um neitt minna. Það er verið að tala um að reisa það í áföngum og að fyrsti áfangi álversins, sem á að verða 120 þús. tonn, útheimti 210 megavatta virkjun á Eyjabökkum, Fljótsdalsvirkjun og að auki 30–50 megavött sem kæmu þá úr Bjarnarflagi eða Kröflu. Þetta er áfangi númer eitt. Fljótsdalsvirkjun nægir ekki.

Áfangi númer tvö, samkvæmt upplýsingum frá iðnrn., er 240 þús. tonna áfangi. Hann útheimtir 500 megavatta virkjun við Kárahnjúka. Séu Eyjabakkar yfirlýstir náttúruminjasvæði þá er Kárahnjúkavirkjun að skemma friðland. 17% af Kringilsárrana færi undir Hálslón með Kárahnjúkavirkjun.

Þriðji áfangi álversins, samkvæmt upplýsingum iðnrn., yrði síðan 120 þúsund tonn. Samkvæmt þeim teikningum og plönum sem liggja fyrir í dag fæst raforkan til þess áfanga úr Arnardalslóni, þ.e. úr Brúarlóni og Arnardalslóni, úr virkjun sem þeir kalla Brúarvirkjun og er upp á 375 megavött. (**Iðnrh.:** Þetta er rangt.) Ég hef auðvitað heyrt að það sé búið að slá af Arnardalslón en í staðinn hefur verið talað um Kreppu og kannski eitthvað annað. Það liggur ekki annað fyrir en yfirlýsing um að það eigi að fara upp í 480 þús. tonna álver. Það kom fram á fundi austur á Héraði 14. sept. sl.

Virðulegi forseti. Ég vil gera að umtalsefni þátt almennings og stofnana samfélagsins í þessu umhverfismati. Við erum alltaf að tala um að meta þurfi áhrifin á umhverfið og stór hluti af umhverfismatinu sem við erum að óska eftir að fari fram felst í að almenningur, félagasamtök og stofnanir samfélagsins komi að þessu mati. Okkur finnst það sjálfsögð skylda stjórnvalda að bera mat af þessu tagi undir almenning og gefa almenningi kost á að tjá sig um það. Stjórnvöldum finnst það líka sjálfsagt. Stjórnvöld hafa fyrir hönd þjóðarinnar undirritað alþjóðlega sáttmála sem kveða á um slíkar skuldbindingar, sem skylda þessi sömu stjórnvöld til að bera framkvæmdir af þessu tagi undir almenning. Ég er hér að tala um Árósasamninginn sem samþykktur var og undirritaður fyrir Íslands hönd á ráðstefnu í Árósum í júní 1998. Þá ráðstefnu sóttu fulltrúar 55 ríkja Evrópu auk Bandaríkjanna og Kanada, þar af 35 umhverfisráðherrar ríkja í Evrópu og nýrra ríkja fyrrum Sovétríkjanna.

Ráðstefnuna sátu fyrir Íslands hönd Guðmundur Bjarnason, þáv. umhvrh., og ráðuneytisstjóri umhvrn., Magnús Jóhannesson. Á þessari ráðstefnu voru samþykktir þrír samningar, m.a. samningur sem fjallar um upplýsingaskyldu stjórnvalda og þátttöku almennings í ákvarðanatöku í umhverfismálum.

Þetta er afskaplega mikilvægt plagg og kveður á um þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Markmiðið er að tryggja rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál og þátttöku í ákvörðunum þar að lútandi. Er samningnum ætlað að stuðla að því að réttur fólks til að búa í umhverfi sem er viðunandi fyrir heilsu þess og almenna velferð sé tryggður.

„Samningur þessi er tímamótasamningur," — segir í fréttatilkynningu frá umhvrn., með leyfi forseta, — „þar sem ekki hafa áður verið gerðir alþjóðlegir samningar um þetta efni."

Af þessum samningi stæra íslensk stjórnvöld sig. Ég bið þau að fara eftir honum í einu og öllu.

Virðulegi forseti. Í lokin langar mig að gera að umræðuefni framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Áætlun þessi var samþykkt í ríkisstjórninni að loknu umhverfisþingi sem haldið var 1996. Í henni er gerð grein fyrir þeim meginreglum sem gilda í almennum umhverfisrétti og voru samþykktar á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Ríó 1992. Ein þeirra er svokölluð varúðarregla, sem kveður á um „að ekki skuli að öðru jöfnu ráðist í framkvæmdir sem kunna að hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér, fyrr en sýnt sé að þær hafi ekki slík áhrif".

Í öðru lagi langar mig að vitna í kaflann um Orku og iðnað í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar en þar segir með, leyfi forseta:

„Þróun íslensks iðnaðar og orkubúskaps verði með þeim hætti að nýting orkulinda skerði ekki lífsskilyrði komandi kynslóða og að slík nýting og hvers kyns iðnaðarstarfsemi valdi ekki skaðlegri mengun eða óhóflegri röskun vistkerfa og náttúruminja."

Hlutverk varúðarreglunnar er að tryggja að náttúran fái notið vafans þegar einhver vafi leikur á því að vísindin geti svarað til um áhrif viðkomandi framkvæmda á lífríkið. Þetta er afskaplega göfug regla og nær jafnt til lífsskilyrða manna og dýra. Mig langar að beina því til hæstv. ríkisstjórnar að hún fari bara með þessa reglu á hverjum degi til þess að auðlindir okkar, sem náttúra landsins býr yfir, fái notið vafans. Um það snýst þetta mál.

Ríkisstjórnin hefur yfir að ráða tæki sem ætlað er að meta það hvort röskun af því tagi sem áður var nefnd sé innan hóflegra marka eður ei. Þetta tæki nefnist mat á umhverfisáhrifum. Það hefur verið notað af vestrænum þjóðum um áratuga skeið til að leiða til lykta ágreiningsmál af því tagi sem við eigum nú í. Við höfum komið okkur saman um lög sem kveða á um hvernig slíkt mat eigi að fara fram. Þó að í þeim lögum sé ákvæði, sem stjórnvöld hafa dundað sér við að túlka þannig að undanskilja megi Fljótsdalsvirkjun matinu, þá vil ég segja að með því að túlka ákvæðið náttúrunni í hag, túlka allt þetta mál náttúrunni í hag, með því að framkvæma vilja meiri hluta þjóðarinnar og standa við orð sín í framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun, þá væri hæstv. ríkisstjórn að leggja þungt lóð á vogarskálarnar, sem ég sannarlega vona að hún eigi eftir að bera gæfu til að gera.

Mig langar raunar til að stinga upp á því að ríkisstjórnin gerist enn djarfari og göfugri í gjörðum sínum. Ef ráðherrar sem hafa lýst því yfir að þeir vilji sættir í þessari deilu meina eitthvað með því sem þeir segja þá ættu þeir að koma því til leiðar að framkvæmdum við virkjunina verði hreinlega slegið á frest á meðan við mörkum okkur stefnu til framtíðar. Stefnu sem gerir okkur kleift að stunda sjálfbæran orkubúskap, vega og meta virkjanakosti, finna lausnir í byggðamálum og síðast en ekki síst nota nýju náttúruverndarlögin náttúrunni og mannlífinu til hagsbóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 19:04.

6. FUNDUR

mánudaginn 11. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þáltill., 7. mál, þskj. 7. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Lagaskil á sviði samningaréttar, stjfrv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.
4. Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
5. Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
6. Réttindi sjúklinga, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
7. Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
8. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
9. Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
10. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
11. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá landgræðslusamtökunum Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, 56. mál, þáltill. JóhS, þskj. 56.

Grunnskólar, 81. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 81.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðvera ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnatíma.

[15:01]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju minni með viðveru þeirra fjögurra ráðherra sem hér eru mættir. Mér skilst að í fyllingu tímans muni þeir verða fimm. Óundirbúnir fyrirspurnatímar, eins og sá sem hér er á dagskrá, eru afskaplega þýðingarmiklir. Þeir gefa þingmönnum tækifæri til að spyrja um mál sem hafa þýðingu í umræðunni á hverjum tíma. Þeir gefa þingmönnum tækifæri til að kalla eftir áformum ráðherra í mikilvægum málum. Þeir eru sjaldnar á dagskrá en hefðbundnir fyrirspurnatímar og þess vegna er afar mikilvægt að ráðherrar setji viðveru sína í fyrirspurnatímum á Alþingi í öndvegi og láti þá hafa forgang á önnur mál.

Það eru tólf ráðherrar í þessari ríkisstjórn. Hér eru fjórir mættir. Í morgun stóð til að sjö ráðherrar yrðu til svara. Seint á morgninum bættust tveir við í forföll. Það þýðir að menn leyfa öðrum verkefnum að ganga fyrir því að sitja hér og ræða við þingmenn. Þess vegna spyr ég ráðherra: Er það svo að allir þessir ráðherrar hafi þurft að fara til útlanda? Eru þeir allir í svo brýnum viðfangsefnum að þeir hafa ekki séð sér fært að skjótast hingað í hálfa klukkustund til að ræða við þingmenn? Við þekkjum að það er alls ekki svo að ráðherrar temji sér að vera almennt við umræðu í þinginu ef þingmannamál eru á dagskrá. Þessi hálftími er því afskaplega mikilvægur og honum á að sýna ákveðna virðingu.

[15:03]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar leggja mikla áherslu á að framhald verði á þessu formi og ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa flestir hverjir verið viðstaddir slíka umræðu. Hins vegar getur það komið upp að þannig standi á að mjög erfitt sé að koma því við og það er mjög slæmt. Það hittir óvenju illa á núna og það er miður. Því kemur upp sú spurning, að ef þannig aðstæður eru, hvort ekki sé þá rétt að fresta slíkum fyrirspurnatíma.

Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, Rannveigu Guðmundsdóttur, að þetta er slæmt og við munum ræða það því að ríkisstjórnin vill hafa sem best samstarf við þingið. Þessi fyrirspurnatími er einmitt liður í því. Ég tek því undir með henni að það er mikilvægt að við getum sem flest verið viðstödd þennan fyrirspurnatíma, jafnt ráðherrar sem aðrir þingmenn.

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég fagna sérstaklega viðbrögðum hæstv. utanrrh. og heyri að við erum á einu máli í þessu efni. Sérstaklega vil ég taka undir þau orð sem formaður þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, lét falla um mikilvægi þess að hæstv. ráðherrar væru viðstaddir fyrirspurnatímann.

Til óundirbúinna fyrirspurna í þinginu er ætluð hálf klukkustund hálfsmánaðarlega. Varla er til of mikils mælst að hæstv. ráðherrar skipuleggi tíma sinn þannig að þeir geti verið viðstaddir þessa umræðu.

Herra forseti. Ég fagna þessum viðbrögðum hæstv. utanrrh. og vænti þess að ráðin verði á þessu bót þegar fram líða stundir.

[15:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég met ágæt viðbrögð hæstv. utanrrh. og skil orð hans svo að það verði rætt í ríkisstjórninni að menn skipuleggi tíma sinn þannig að þeir setji þennan fyrirspurnatíma á Alþingi í forgang. Ég fer alls ekki fram á að þessi fyrirspurnatími verði felldur niður. Ég reikna með því að alþingismenn beri fram einhverjar fyrirspurnir til þeirra sem hér eru. Sérstaklega býst ég við að alþingismenn meti það að utanrrh. er í þessum fyrirspurnatíma vegna þess að eðli málsins samkvæmt er hann mjög oft fjarri þegar fyrirspurnatímar af þessu tagi eru á dagskrá. Ég fer því ekki fram á að þessum tíma verði frestað en við munum að sjálfsögðu

fylgja því mjög vel eftir að úrbætur verði í þessum efnum vegna þess, herra forseti, að því miður virðist hafa verið nokkur slappleiki í samskiptum ráðherra og Alþingis. Það hefur komið fram á mörgum sviðum. Ég vona að það verði ekki eingöngu á þessum vettvangi óundirbúinna fyrirspurna sem menn taki sig á heldur að ráðherrar taki sig almennt á í samskiptum sínum við þingið.

[15:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú vill forseti ekki taka undir það að almennur slappleiki sé í samskiptum Alþingis og ráðherra en vill þó að fram komi að vera má að ráðherrar hafi ekki verið látnir vita um þennan fyrirspurnatíma með nægilegum fyrirvara. Af þeim sökum verður séð til þess eftirleiðis að ráðherrar viti fyrr um óundirbúnar fyrirspurnir en að þessu sinni.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Ráðning forstjóra í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

[15:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í Morgunblaðinu hinn 1. apríl sl. var starf forstjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar auglýst laust til umsóknar. Kom fram í þeirri auglýsingu að utanrrh. skipar í embættið til fimm ára frá og með 15. maí sl. Um síðustu mánaðamót bárust hins vegar þær fréttir að hæstv. utanrrh. hefði tekið ákvörðun um að setja í þetta starf til eins árs en ráða engan þeirra umsækjenda sem brugðust við þeirri auglýsingu sem ég gat um áðan.

Hér er um mjög óvanalega gjörð að ræða svo vægt sé til orða tekið. Í því ljósi langar mig til þess að heyra viðhorf hæstv. ráðherra til þessarar málafylgju og framgangsmáta, og spyrja:

1. Hvers vegna var þessi leið farin?

2. Hvað var það sem breyttist frá því að starfið var auglýst laust til umsóknar og til þess dags að ákvörðun var tekin um að ráða engan umsækjenda heldur setja í starfið?

3. Fór fram mat á hæfni umsækjenda?

4. Hefur hæstv. ráðherra látið kanna hvort þessi framgangsmáti sé í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en í tilgreindri auglýsingu var einmitt vísað til þeirrar löggjafar eðli málsins samkvæmt?

Ég held að það sé mjög mikilvægt að réttur fólks sé skýr og glöggur í opinberri stjórnsýslu. Miklar breytingar hafa átt sér stað í skipulagi Leifsstöðvar á síðustu missirum og árum og mikilvægt að þar sé festa höfð í för. Eðlilega hafa því margir gagnrýnt eða a.m.k. lýst yfir undrun sinni á því hvernig fór um sjóferð þessa.

[15:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að miklar breytingar hafa orðið á rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Tekjur flugstöðvarinnar hafa aukist mjög verulega þannig að *búið er að ná bærilega utan um þann fjárhagsvanda sem* þar var.

Ég tók þá ákvörðun að skipa stjórn yfir Flugstöð Leifs Eiríkssonar til þess að fara með þau mál. Hún gerði það að sinni tillögu að svona yrði haldið á málinu og ég fór einfaldlega að þeirri tillögu.

[15:11]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Nú vita hvorki ég né aðrir kannski sem hér eru hvaða hugmyndir hafa legið þarna að baki, en spurningar mínar lutu einmitt að því. Hvort einhver stjórn eða önnur hafi komið fram með tillögu um þennan framgangsmáta er mér ókunnugt en spurningar mínar voru efnislegar. Ég spurði hvað réttlætti þennan framgangsmáta. Í öðru lagi spurði ég hvort hann væri í samræmi við lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í þriðja lagi mætti velta því fyrir sér hvort umsóknir þær sem fyrir lágu séu enn í gildi og verði þar til að í starfið verður ráðið, væntanlega að ári liðnu. Ég kalla því enn eftir efnislegum svörum við þessum efnislegu spurningum.

[15:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég get aðeins endurtekið það að ég fól þessari stjórn að fjalla um þetta mál. Stjórnin kom með ákveðna tillögu í því máli og ég fór að þeirri henni. Það var óheppilegt hversu langur dráttur varð á málinu en ég og starfsmenn mínir teljum að það sé fyllilega í samræmi við lög og reglur um svipuð tilvik.

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort nokkur ástæða sé til þess að eiga þessi orðaskipti hér yfirleitt. Ég er að spyrja um ákveðin efnisleg atriði en fæ endurtekið efni um að einhver stjórn hafi lagt þetta til, punkur og basta. Ég spyr hvers vegna þessi stjórn hafi lagt þetta til og hvers vegna hæstv. ráðherra hafi farið að þeirri tillögu. Hvaða rök stóðu til þess? Vantaði hæfa umsækjendur? Var vandræðalegt að skipa í starfið vegna þess að menn höfðu ekki réttan flokkslit? Hvað var það sem gerði það að verkum að sá einstaklingur sem þarna hefur verið var settur aftur í starfið? Ég er engu nær um það og ekki nokkur hér inni, eftir svör hæstv. ráðherra, hvaða efnislegu rök liggja þarna að baki. Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, til hvers þessi fyrirspurnatími er ef þetta á að ganga svona fram.

[15:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það var gefin út fréttatilkynning um þetta mál þar sem fram kom að stjórnin taldi að hún þyrfti lengri tíma til að huga að skipulagsmálum að því er varðar starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ýmsir koma að því starfi og hún taldi sig þurfa meira svigrúm til þess. Þetta kom fram í fréttatilkynningunni. Ég heyri það að hv. þm. hefur ekki séð ástæðu til þess að fara yfir hana eða lesa áður en hann bar fram þessa fyrirspurn. (**GÁS:** Ég er að spyrja um ...) Ég hef í sjálfu sér engu meiru við það að bæta.

Hv. þm. hefur verið ráðherra og ég efast um að hann hafi viljað ræða nákvæmlega á Alþingi um einstaka umsækjendur allra þeirra starfa sem ráðuneyti hans auglýsti þá. Mér er til efs að það sé almennt til siðs í þjóðfélaginu. En þessi rök komu þarna skýrt fram og ég féllst á þau. Ég vona að hv. þm. taki það gilt og telji það af hinu góða að stjórnir stofnana fjalli um slík mál og hafi það sjálfstæði til að farið sé að óskum þeirra.

Átökin í Tsjetsjeníu.

[15:16]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Daglega berast fréttir af árásum rússneska hersins á byggð ból í Tsjetsjeníu. Samkvæmt fréttum fjölmiðla eru skotmörkin ekki einvörðungu þau sem hafa hernaðarlega þýðingu heldur hafa íbúðarhverfi í Grosní, höfuðborg Tsjetsjeníu og víðar orðið fyrir sprengjuregni flughersins. Yfirgangur og ofbeldi rússneska hersins er réttlættur í nafni baráttu gegn hryðjuverkum. En fórnarlömbin í þeirri tilraun Rússa til að berja Tsjetsjeníu undir sig eru óbreyttir borgarar. Hafa þeir flúið vígvöllinn tugþúsundum saman.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ályktað um þetta hernaðarofbeldi og beint því til íslenskra stjórnvalda að þau beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á vopnahléi í Tsjetsjeníu og stríðandi aðilum gert að leysa deiluna friðsamlega.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh., hvað hafi verið aðhafst í þessu máli af hálfu íslenskra stjórnvalda og á hvern hátt þau hyggist beita sér.

[15:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég deili áhyggjum af þessu máli með hv. þm. Það kom skýrt fram þegar Igor Ívanov, utanríkisráðherra Rússlands, kom hingað í opinbera heimsókn að hann hafði miklar áhyggjur af málum í Kákasushéruðunum og þeim hryðjuverkum sem áttu sér stað bæði í Moskvu og öðrum borgum Rússlands. Þetta mál var ekki komið upp þá en greinilegt var á öllum samtölum sem hann átti, m.a. við hv. utanrmn., að mikil spenna var í loftinu.

Ég hef átt þess kost að ræða þetta mál á vettvangi Evrópuráðsins en aðilar á vegum Evrópusambandsins fóru nýlega til Moskvu til að ræða þetta mál og ýmis önnur við Rússa. Ég ræddi það jafnframt sl. föstudag við varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, Strobe Talbott, sem er sérfræðingur í málefnum Rússlands og komu fram miklar áhyggjur hjá honum.

Ég er því sammála að auðvitað beri að gera allt sem hægt er til að leysa deiluna friðsamlega. Ég er sammála hv. þm. að það á ekki að fara á íbúa héraðs eða ríkja með vopnavaldi. Á þetta leggur alþjóðasamfélagið áherslu. Íslendingar styðja þau sjónarmið og munu halda áfram að ræða þessi mál á erlendum vettvangi. Ég mun t.d. í ferð minni til Úkraínu innan skamms ræða þessi mál við þarlend stjórnvöld en náið samstarf er milli Úkraínu og Rússlands á þessum sviðum. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að koma þessum sjónarmiðum á framfæri.

[15:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ástæða er til að hafa af því áhyggjur að á milli stórveldanna ríki gagnkvæmur skilningur á afskiptaleysi. Að hvorugt stórveldanna skipti sér af yfirgangi á yfirráðasvæði hins. Síðan fylgja allir með, þeir sem lúta forustu frá Washington annars vegar og Moskvu hins vegar. Því miður er að heyra á hæstv. utanrrh. að hann taki afstöðu með yfirgangsöflunum í Tsjetsjeníu. Hann hitti að máli utanríkisráðherra Rússlands sem hafði áhyggjur af hryðjuverkum í Kákasus og hryðjuverkum í Moskvu. Öll hljótum við að deila þeim áhyggjum. En ég er að vekja athygli á hlutskipti þeirra tugþúsunda manna sem eru að flýja sprengjuregn Rússanna í Grosní og víðar í Tsjetsjeníu. Mér fyndist það vera lágmarkskrafa að íslenska ríkisstjórnin kallaði sendiherra Rússlands í Reykjavík til fundar og kæmi á framfæri við hann kröftugum mótmælum vegna þessa stríðsreksturs.

[15:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim ummælum hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem ég skil nú ekki hvað gengur til þegar hann segir að ég styðji yfirgangsöflin í Rússlandi eins og hann orðaði það svo smekklega. Ég sagðist hafa miklar áhyggjur af málinu.

Ég hef lýst þeim skoðunum mínum að takmörk séu fyrir því hvað yfirvöld í sjálfstæðu ríki geti gert gagnvart borgurum sínum. Ég var þeirrar skoðunar í sambandi við Kosovo að alþjóðasamfélagið ætti að grípa þar inn í til að koma fólki þar til hjálpar. En það eru alvarleg skref að stíga að blanda sér inn í mál með þeim hætti. Menn gera það ekki umhugsunarlaust. Ég lagði á það áherslu að deilur sem þessar yrðu leystar friðsamlega. Ég endurtek það og vona að hv. þm. sé mér sammála um það. Ég biðst undan að hann tali á þann hátt sem hann gerði sem var algjörlega ástæðulaust.

[15:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Því miður er ekki ástæðulaust að tala á þann veg. Íslenska ríkisstjórnin studdi hernað NATO á Balkanskaga einfaldlega vegna þess að NATO var þar í árásarhlutverkinu. Því miður hefur íslenska ríkisstjórnin gagnrýnislaust fylgt því sem ákveðið er þar á bæ.

Ef hæstv. utanrrh. og íslenska ríkisstjórnin hefur áhyggjur af málinu er lágmarkskrafa að sendiherra Rússlands í Reykjavík verði kallaður á fund stjórnarinnar og mótmælum komið á framfæri við hann.

[15:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. snýr málum við eftir því sem honum hentar hverju sinni. Það sem gerðist í fyrrum Júgóslavíu var að alþjóðasamfélagið var að koma fólkinu í Kosovo til hjálpar. Hver var það sem réðst á fólkið í Kosovo? Voru það Atlantshafsbandalagsríkin? Voru það ekki yfirvöld í Belgrad undir forustu Milosevics? Þingmaðurinn virðist hafa allt aðra söguskýringu á málum. Það er því ekki gaman að eiga við þetta.

Ég skal ekkert fullyrða á þessari stundu hverju fram vindur í Tsjetsjeníu. Það er eindregin ósk alþjóðasamfélagsins, þar á meðal Íslands, að þessi mál verði leyst friðsamlega. Það held ég að öllum megi vera ljóst nema þá ef til vill hv. þm.

Menningarhús á landsbyggðinni.

[15:24]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Síðasta vetur kynnti ríkisstjórnin áform sín um byggingu fimm menningarhúsa á landsbyggðinni. Í svari við fyrirspurn minni um þá fyrirætlan í febrúar sl. kom fram hjá hæstv. menntmrh. að nefnd ætti að fjalla um hvernig ríkið geti komið að því að stuðla að því að menningarhús rísi um landið.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra:

Hefur umrædd nefnd skilað tillögum sínum, ef svo er hvar liggja þær fyrir?

Sér þess stað í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að ríkisstjórnin hyggist fylgja fyrirheitum sínum um byggingu menningarhúsa eftir? Hvar mun þau fyrirheit að finna?

Ríkisstjórnin ákvað að eitt þessara menningarhúsa ætti að verða á Akureyri. Nú eru Akureyringar býsna langt komnir með undirbúning sinn vegna byggingar menningarhúss þar. Því vil ég spyrja:

Hver hefur aðkoma menntmrn. verið vegna þeirrar undirbúningsvinnu?

Það kom fram í svari ráðherra við fyrirspurn minni sl. vetur að skiptingin ætti að vera þannig að ríkið greiddi 60% og sveitarfélögin 40% af kostnaði. Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér samvinnu við Akureyrarbæ um þetta verkefni á næstu vikum og mánuðum?

[15:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og menn muna var þetta mál talsvert rætt á sl. vetri og viðbrögðin við hugmyndinni mjög misjöfn. Í mörgum kjördæmum kom fram að menn töldu að vinna þyrfti að fara fram innan þeirra til að menn sameinuðust þar um, t.d. ef ráðist yrði í byggingu menningarhúsa, hvar þau skyldu rísa. Það varð síðan að ráði og var að frumkvæði menntmrn. tekið upp við Byggðastofnun að fara í viðræður við hana um þessi menningarmál og hvernig best yrði staðið að því að skipuleggja menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Einnig kom fram í umræðunum að alls ekki væri vilji til þess alls staðar að ráðast í byggingar heldur að ríkið kæmi að því á annan hátt að styðja við menningarlíf í einstökum byggðarlögum. Síðan hefur það gerst að Byggðastofnun hefur ráðið sérstakan starfsmann til að sinna þessu verkefni, menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Milli hans og menntmrn. hefur tekist góð samvinna. Ég lít þannig á að þetta mál sé enn á stefnumótunarstigi, bregðast þurfi við þeim misjöfnu viðbrögðum sem komu fram á sl. vetri og vinna úr þeim hugmyndum sem voru settar fram í tengslum við stefnumörkunarkynningu ríkisstjórnarinnar og átta sig betur á því hvernig unnt er að koma að þessum málum á einstökum stöðum. Þess vegna hefur t.d. ekki verið gengið sérstaklega til samninga við Akureyrarbæ um byggingu menningarhúss. Hins vegar er unnið að því að endurskoða samning við Akureyrarbæ um menningarsamning sem er á milli ríkisins og Akureyrarbæjar. Í fjárlagafrv. sést að við gerum ráð fyrir aðeins hærri fjárveitingu til Akureyrarbæjar til menningarstarfsemi á grundvelli þess samnings. En það hefur ekki verið gengið til samninga um menningarhús.

Þegar ég var á Akureyri og hafist var handa við framkvæmdir við nýbyggingar þar vegna háskólans þá töldu menn að æskilegt væri að menningarhús risi í tengslum við hann. Gagnvart ráðuneytinu hafa komið fram ýmsar hugmyndir en ráðuneytið hefur ekki samið við Akureyrarbæ né nokkurn annan um framkvæmdir af þessu tagi og málið er enn á því stigi að verið er að vinna úr hugmyndum sem komið hafa fram.

[15:28]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þetta var merkileg ræða. Hér komu fram athyglisverð tíðindi. Það er sem sé ekkert verið að vinna lengur að menningarhúsunum. Nú var þetta á kosningavetri mál sem vakti nokkra athygli, eins og hæstv. ráðherra nefndi, og varð til þess að nokkur umræða fór víða fram. Það var ekki alls staðar einhugur, það er rétt, en einhugur var í Norðurl. e. Enginn ágreiningur var um að menningarhús risi á Akureyri. Þess vegna hefði verið einfalt og í rauninni einboðið að ganga til viðræðna við Akureyringa um þetta verkefni.

Ráðherrann svaraði mér ekki hvort sú nefnd sem hann sagði frá í umræðum hér að ætti að fjalla um þetta mál hefði verið skipuð. Ber að skilja það svo að hún hafi aldrei verið skipuð, að verkefninu hafi einfaldlega alls ekki verið fylgt eftir? Vegna þess, herra forseti, að þó svo að Byggðastofnun hafi ákveðið vegna ærinnar ástæðu að taka menningarmálin sérstaklega fyrir þá finnst mér það ekki gefa ríkisstjórninni eða hæstv. menntmrh. neina fjarvistarsönnun frá þeim fyrirheitum sem hann hefur gefið.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þegar menn rifja upp þær umræður sem fóru fram um þetta á liðnum vetri þá er það of mikil einföldun hjá hv. ræðumanni að tala um menningarhúsin sem skilyrði fyrir stuðningi ríkisvaldsins við menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Í umræðunum kom einmitt fram að æskilegt væri að líta til annarra hluta en húsbygginga þegar menn ræddu um stuðning ríkisvaldsins við menningarstörf á landsbyggðinni. Það eru þau viðbrögð sem urðu þess valdandi að ég ákvað að hægja á vinnunni og skoða betur allar þær hugmyndir sem fram komu.

Ég tel eðlilegt að það komi til kasta Alþingis við endurskoðun á lögunum um félagsheimili og öðrum slíkum lagaákvæðum og taka síðan ákvarðanir um framhald málsins.

[15:30]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Nefndin var sem sagt aldrei skipuð, nefndin sem átti að fjalla um málið og gera tillögur er ekki orðin til enn. Slík var alvaran á bak við menningarhúsin.

Herra forseti. Á kosningavetri má alltaf reikna með því að ríkisstjórn komi fram með ýmsa hluti sem ætlað er að geti gengið í augun á hæstv. kjósendum. En mér finnst þetta var eitt gleggsta dæmið sem hefur rekið á fjörur okkar á síðari tímum. Einfaldlega vegna þess að það er rétt, svo ég endurtaki það, að þetta vakti athygli. Þetta var rætt hér, þetta var rætt í kjördæmunum, þetta var rætt í hópi listamanna, þetta var rætt mjög víða og menn voru tilbúnir til að taka á móti þessari hugmynd og þróa hana, hver með sínum hætti, enda kom það fram í svari ráðherrans við fyrirspurn minni að talið var eðlilegt að menn þróuðu þetta á mismunandi vegu. Ýmist yrði um að ræða ný hús eða endurgerð eldri húsa. Það var í byrjun febrúar í vetur. Það hefur því legið fyrir nokkuð lengi og ekkert að vandbúnaði að skipa nefnd eða hefjast handa um það að koma málinu í þann farveg sem það þarf að fara í.

Herra forseti. Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með niðurstöðu málsins.

[15:32]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Niðurstaða er ekki komin í málið og það var heldur aldrei stefnt að því að hún kæmi á þann veg að skipuð yrði nefnd og málið yrði látið vera í nefnd.

Það sem hins vegar gerðist þegar hugmyndin kom fram þá komu fram svo mörg og margvísleg ólík sjónarmið að nauðsynlegt var að gefa sér tíma til að vinna úr þeim. Það hefur verið gert og verið er að vinna úr þessum hugmyndum. Það mun koma fram fyrir Alþingi þegar tillögurnar hafa verið mótaðar og menn hafa tekið afstöðu til þeirra hugmynda sem nú eru að gerjast í hinum ýmsu byggðarlögum landsins,

þá verður þetta kynnt. Engin loforð hafa verið svikin, hugmyndin var kynnt, henni var tekið misjafnlega og unnið er að henni á þeim forsendum sem lagt var upp með í janúar sl.

Fræðslunet.

[15:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. menntmrh. Ástæða fyrirspurnarinnar var sameiginlegur fundur þingmanna Suðurlands með stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga í síðustu viku þar sem ýmis brennandi mál er snertu Suðurland og reyndar landsbyggðina í heild voru rædd.

Ég spyr hæstv. menntmrh.:

1. Hverjar eru skoðanir og framtíðarsýn hæstv. menntmrh. til fræðslunets sem stofnað hefur verið og starfrækt víða um land, t.d. til Fræðslumiðstöðvar Suðurlands við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og til Fræðslunets Austurlands, sem stofnað hefur verið við Menntaskólann á Egilsstöðum og víðar?

2. Hvernig sér hæstv. menntmrh. slíkar stofnanir eða deildir tengjast öðrum háskólum í landinu, svo sem Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Samvinnuháskólanum á Bifröst, Búnaðarháskólanum á Hvanneyri eða Viðskiptaháskólanum í Reykjavík?

3. Þykir hæstv. menntmrh. ástæða til að efla fræðslunetin og skapa þeim tekjustofna og rekstraröryggi til frambúðar?

[15:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tel að stofnun símenntunarmiðstöðva og fræðsluneta á landsbyggðinni sé með því gleðilegra sem verið hefur að gerast í fræðslumálum okkar á undanförnum missirum. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að slíkar miðstöðvar eða fræðslunet hafa komið til sögunnar í öllum kjördæmum landsins og á degi símenntunar, 28. ágúst, tókum við einmitt þátt í því þegar Fræðslunet Suðurlands var stofnað.

Í fjárlögum ársins 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingum til þessara fræðsluneta. Við fjárlagafrv. fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir því að þessi málaflokkur verði undir einum hatti samkvæmt fjárlagafrv. og síðan verði samið við einstakar miðstöðvar og fræðslunet á grundvelli þeirra verkefna sem þessir aðilar eru að bjóða. Þarna er um að ræða samstarf á milli framhaldsskóla og háskóla og aðila atvinnulífsins og mjög mikilvægt að þessi starfsemi þróist til að unnt sé að veita símenntun og endurmenntun og einnig að skólarnir starfi í sem nánustum tengslum við umhverfi sitt. Ég er því mjög hlynntur því að þessi starfsemi eflist og tel að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir því að veita fé, eins og menn sjá í tillögum þar, til að þessar stofnanir geti starfað áfram og það verði síðan á samningsbundnum forsendum sem menntmrn. mun gera við einstakar stofnanir þegar verkefni þeirra liggja fyrir.

[15:36]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Fræðslumiðstöðvarnar skipta byggðarlögin afar miklu máli. Símenntun er nauðsynleg því að í dag verður í raun enginn fullnuma. Þetta eykur víðsýni fólks og eykur einnig ánægju fólks og skapar meiri möguleika úti á landsbyggðinni en verið hefur.

Í beinu framhaldi af þessu verðum við einnig að skoða möguleika sem eru í samskiptatækninni vegna þess að vítt og breitt um land er samskiptatæknin ekki viðunandi fyrir fólkið sem býr á landsbyggðinni. Í beinu framhaldi af því hef ég lagt fram fyrirspurn til samgrh. um það hvernig við getum stuðlað að því að sem allra flestir landsmenn geti nýtt sér þessa tækni í framtíðinni.

Nýr búvörusamningur.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil inna hæstv. landbrh. eftir því hvað líði gerð nýs búvörusamnings við sauðfjárbændur um framleiðslu þeirra. Það verður að segja það eins og er að það er afar bagalegt hversu mjög hefur dregist að koma á samningi. Nú eru aðeins örfáir mánuðir til stefnu innan gildandi samnings og í raun hefði samningurinn þurft að liggja fyrir á fyrri hluta þessa árs sem nú er að líða og í allra síðasta lagi hefði samningsniðurstaða þurft að liggja fyrir nú á haustdögum áður en sláturtíð lýkur í haust. Það veit ég að hæstv. landbrh., sem er sæmilega vel að sér um ásetning og annað slíkt sem hér kemur inn í og varðar brýna hagsmuni bænda, skilur það manna best.

Enginn vafi er á því að það mun reynast mjög afdrifaríkt fyrir framtíð þessarar búgreinar í landinu og fyrir búsetu þar með í mörgum strjálbýlishéruðum landsins hvernig til tekst í samningnum. Víða um land bíða mjög margir eftir því að niðurstaða fáist í málinu þannig að menn hafi einhverjar forsendur til að byggja á ákvarðanir sínar, m.a. um framtíð búskapar og búsetu í viðkomandi sveitum.

Mér þykir því rétt, herra forseti, að nota tækifærið til að biðja hæstv. landbrh. að upplýsa hvar málið er á vegi statt. Ég vona svo sannarlega að tekið verði rösklega til hendinni úr því að málið er orðið jafnframorðið og raun ber vitni og hér duga, herra forseti, ekki nein vinnubrögð eða hraði snigilsins.

[15:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina og tek undir viðhorf hans og þann málflutning sem hann hafði frammi um mikilvægi sauðfjárræktarinnar fyrir landsbyggðina og sveitirnar.

Hvað málið varðar var það fyrsta verk þess sem hér stendur að hægja aðeins á ferðinni, endurskipuleggja nefndina og endurskipa hana þannig að ný nefnd hóf störf um þetta málefni við Bændasamtökin og Landssamtök sauðfjárbænda síðla sumars og það starf er nú í fullum gangi. Ég vona sannarlega að samningar náist sem allra fyrst nú á haustdögum. Sauðfjárbændur frestuðu t.d. aðalfundi sínum, sem átti að vera í ágúst, fram í nóvember, og gera sér auðvitað vonir um að þá geti einhver drög að samkomulagi legið fyrir.

Ég vona að þetta mál vinnist á fullum hraða og að niðurstaðan verði sú að það komi góður samningur til langs tíma sem skipti búgreinina miklu máli því að hún hefur heilmikla þýðingu í landinu.

[15:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Við verðum að láta okkur þau nægja svo langt sem þau ná á þessu

stigi málsins. Það er bót í máli að viðræðunefnd er komin á fulla ferð á nýjan leik þó að ég eigi nú erfitt með að skilja að það skyldi þurfa meiri part sumarsins til að endurskipuleggja þetta ferli. Æskilegast hefði verið að menn hefðu getað brett upp ermar og farið á fulla ferð með málið strax á vordögum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra í leiðinni að því hvernig hann hugsi sér samskipti við Alþingi og þar á meðal bæði landbn. Alþingis og eftir atvikum aðra aðila sem eðlilegt væri að hafa samráð við, svo sem eins og þá sem fara með vinnu að fjárlagagerð og öðru slíku því að ljóst er að hér hljóta að fjármunir og fjárhagslegar skuldbindingar ríkisvaldsins að koma til ef ná á samningi. Ég tala ekki um þar sem ráðherra gerði sér vonir um góðan samning til langs tíma. Þá erum við væntanlega og nokkuð augljóslega að tala um allmikla fjárhagslega skuldbindingu ríkisins í þessu sambandi og eðlilegt að þingið sé að einhverju leyti haft þar með í ráðum ef hæstv. ráðherra gæti að einhverju leyti upplýst um þetta. Auk þess hvet ég ráðherra að vinna vasklega og brýni hann til dáða í þessum efnum og geri það örugglega fyrir hönd okkar allra þingmanna.

[15:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil geta þess að kannski var ein ástæðan fyrir frestun á málinu fyrri part sumars líka að mikilvægt var að fá nýja sýn á hinn erlenda markað og möguleika búgreinarinnar í þeim efnum. Þar skipaði ég fljótlega nefnd til starfa til að fara yfir þá sýn og þá vinnu. Ég vonast til að sú nefnd skili af sér mjög fljótlega og verður álit hennar jafnframt innlegg inn í sauðfjársamningana. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur leitt þessa nefnd.

Ég vil svo bara að lokum segja það að ég vil eiga mjög gott samstarf við Alþingi Íslendinga í þessu efni og það er vilji ríkisstjórnarinnar allrar. Ekki er það síst hv. landbn. sem er mikilvægt að eiga gott samstarf við um þessi málefni. Af minni hálfu skal það ekki skorta að leyfa hv. þm. að fylgjast með málsmeðferðinni og þróun samningsins þegar hann fer að sjá dagsins ljós.

Hvalveiðar.

[15:44]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. sjútvrh. og lýtur að undirbúningi hvalveiða. En eins og hv. þm. er ljóst var samþykkt þingsályktun um hvalveiðar í lok síðasta þings þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land og tekur fram að ályktun þess frá 2. febrúar 1983 stendur ekki í vegi fyrir því. Veiðarnar fari fram á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar og undir eftirliti stjórnvalda."

Og síðar í ályktuninni segir:

„Alþingi felur ríkisstjórninni að undirbúa hvalveiðar, meðal annars með því að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga meðal viðskiptaþjóða okkar."

Spurning mín til hæstv. sjútvrh. er:

Hvernig gengur sá undirbúningur og sú kynning sem Alþingi fól ríkisstjórninni?

[15:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Málið stendur þannig að kynning á málstað okkar meðal viðskiptaþjóða er í undirbúningi í ráðuneytinu. Málið er auðvitað mjög vandmeðfarið og nauðsynlegt að undirbúa það vel. Sú kynning mun væntanlega fara af stað innan tíðar.

Í síðustu viku fór fram fundur NAMMCO, Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins. Það sem gerðist markvert þar var að vísindanefndin lagði fram niðurstöður sínar á rannsóknum á stöðu langreyðarstofnsins og telur að sá stofn þoli veiðar upp á um 200 dýr á ári. Það mun auðvitað styrkja málstað okkar mjög verulega.

Síðan hefur verið í undirbúningi af hálfu ríkisstjórnarinnar að gerast aðili að CITES. Það er m.a. í tengslum við umræður sem hafa átt sér stað á milli íslenskra og norskra stjórnvalda þar sem Norðmenn hafa lagt fram tillögu fyrir næsta fund CITES þess efnis að hrefnan í Austur- og Mið-Atlantshafi verði tekin af lista yfir dýrategundir sem taldar eru vera í hættu. Norðmenn hafa freistað þessa áður og fengu þá meiri hluta atkvæða fyrir tillögu sinni. Hins vegar þarf aukinn meiri hluta til þess að breyta skráningu sem þessari. Við munum mjög líklega aðstoða Norðmenn í þessu máli en það mun ráðast á fundi CITES í apríl hvort markmið Norðmanna næst eða ekki.

Hver sem niðurstaðan á þeim fundi verður þá tel ég að það verði mjög mikilvægt fyrir frekari þróun þessa máls. Takist að ná hrefnunni af þessum lista þá væri það meiri háttar mál fyrir okkur. Það mundi breyta stöðu málsins gjörsamlega. Ef Norðmönnum tekst þetta ekki þá tel ég líklegt að þeir þurfi að meta alla sína stöðu í hvalveiðimálum upp á nýtt. Það getur einnig haft miklar breytingar í för með sér fyrir framvindu málsins.

[15:47]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þetta svar. Ég hafði satt að segja vonað að eitthvað örlítið meira hefði verið gert en þar kom fram, kannski fyrst og fremst varðandi kynningu meðal viðskiptaþjóða okkar. Það kom ekki glöggt fram í svari hæstv. ráðherra hvernig að því hefur verið staðið. Það er ýmislegt í pípunum og því ber náttúrlega að fagna. Hjá hæstv. ráðherra kom fram að það er ýmislegt í undirbúningi. Ég vil hvetja hann og aðra þá hæstv. ráðherra sem hafa með þetta mál að gera að standa kröftuglega að því og minni á þann mikla vilja sem kom fram um þetta mál á þinginu sl. vor. Þá urðu miklar umræður um þáltill. sem ég flutti ásamt ellefu öðrum þingmönnum, þar á meðal hæstv. núv. sjútvrh., og var mikill stuðningur við málið hér í þinginu. Ég minni á nál. meiri hluta sjútvn. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar tekur undir meginefni tillögunnar og leggur til við Alþingi að ályktað verði um að hefja skuli hvalveiðar hið fyrsta ... Miðað er við að það geti orðið eigi síðar en á næsta ári."

Ég minni á ... (Forseti hringir.) Nú vill forseti ekki að ég tali lengur þannig að ég kem þá bara í þriðja sinn.

[15:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að það væri auðvitað betra ef vérum búin að gera meira í kynningarmálum. Þau eru bara þess eðlis að þau þarf að undirbúa mjög vel og þegar niðurstaða er komin um hvað á að gera þá er kannski ekki endilega skynsamlegast að kynna mjög ítarlega fyrir alheimi hvernig skuli standa að því að kynna málið. Við vitum að við eigum andstæðinga í þessu máli sem fylgjast mjög grant með því hvað við segjum

og gerum. Þeir vilja mjög gjarna koma króki á móti okkar bragði. (**ÖJ:** Verður kynningin leynileg?) Hv. þm. hefur greinilega ágætan húmor fyrir þessari umræðu en hann ætti sem fyrrverandi fjölmiðlamaður að þekkja þetta jafnvel betur en sá sem hér stendur. Hann ætti því að skilja alvarleika málsins. Hins vegar er ekki svo að ekki hafi farið fram formlegar kynningar á málinu. Það er í eðli starfa hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, þá sérstaklega hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og þess sem hér stendur, að kynna þessi mál fyrir starfsbræðrum okkar. Það höfum við gert á síðustu mánuðum. Til þess hafa gefist mörg tækifæri til þess, kannski óvenjumörg tækifæri. Þau höfum við svo sannarlega notað og málið hefur því ekki legið í láginni. Sumt af því sem verið er að gera er ekki þess eðlis að skynsamlegt sé fyrir okkur eða málstaðinn að básúna um það allt of hátt.

[15:50]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég treysti hæstv. ráðherra ágætlega til að fylgja þessu máli vel og skynsamlega eftir. Ég vil bara leggja áherslu á það, áður en þessari litlu umræðu lýkur, að þjóðin vill að hvalveiðar hefjist að nýju. Um það vitna ítrekaðar áskoranir allra heildarsamtaka sjómanna, útvegsmanna, verkafólks, sveitarfélaganna í landinu og fjölmargra annarra aðila. Um það vitna ítrekaðar skoðanakannanir sem sýna 80–90% fylgi þjóðarinnar við að veiðarnar hefjist. Um það vitnar ályktun Alþingis frá því í vor sem samþykkt var með 37 atkvæðum gegn 7.

Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra og aðra sem fjalla um þetta í ríkisstjórninni til að fylgja þessu eftir af afli þannig að þessar veiðar geti hafist sem fyrst og náttúrlega helst strax næsta sumar eins og segir í nál. meiri hluta sjútvn.

Mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 7. mál. — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Lagaskil á sviði samningaréttar, 1. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 70.

[15:53]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lagaskil á sviði samningaréttar sem er 70. mál þingsins á þskj. 70. Frv. þetta var áður flutt á 123. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga vegna mikilla anna þess þings.

Á undanförnum árum hefur viðskiptafrelsi stóraukist á Íslandi. Útrás íslenskra fyrirtækja og alþjóðavæðing íslensks athafnalífs er því orðin staðreynd. Eftir því sem viðskipti einstaklinga og fyrirtækja yfir landamæri verða algengari eykst nauðsyn þess að í lögum sé að finna skýrar reglur um hvaða lög eigi að leggja til grundvallar í viðskiptum tveggja aðila sem ekki eru búsettir innan sama ríkis.

Meginreglan sem byggt er á í íslenskum lagaskilarétti á sviði fjármunaréttar er sú að aðilum sé frjálst að semja um það hvers lands lögum skuli beita um lögskipti þeirra.

Ég vil þá, með leyfi forseta, víkja að einstökum ákvæðum frv.

Í 1. gr. er gildissvið frv. afmarkað. Samkvæmt þeirri grein eiga ákvæði þessa frv. við um allar einkaréttarlegar samningsskuldbindingar sem tengjast fleiri en einu landi í þeim tilvikum þegar ákveða þarf hvers lands lögum skuli beitt. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar sem taldar eru upp í 1. gr. frv. Til dæmis eiga ákvæði þessa frv. ekki við samninga milli hjóna um fjármál, skuldbindingar sem varða erfðir, gerhæfi einstaklinga eða sérákvæði laga um skráningu og skipulag félaga, heimildir til prókúru þegar um er að ræða lögpersónur og fleira því um líkt. Ákvæði frv. taka heldur ekki til vátryggingarsamninga eða samninga sem varða endurtryggingar.

Í 2. gr. kemur fram að frv. hefur víðfeðmt gildissvið. Ákvæði þess er því ekki bundið við það að beita þurfi lögum lands sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 3. gr. er staðfest sú meginregla sem hér hefur áður verið vikið að, þ.e. að virða beri samning aðila um val á lögum og hafi þeir tekið ákvörðun um það atriði í samningnum sín á milli. Reglan sækir stoð sína í grundvallarregluna um samningsfrelsi og styðst við augljós rök sem ekki þarf frekar að rökstyðja hér.

Í 1. mgr. 4. gr. kemur fram sú regla að þegar aðilar hafa ekki samið um lagaskil og ekki verður með neinni vissu ráðið af samningum eða að öðru leyti hvers lands lögum aðilar ætlast til að verði beitt þá skuli beita lögum þess lands sem samningurinn hefur sterkust tengsl við.

Mælikvarðinn sem þannig er notaður í 1. mgr. 4. gr. er vissulega matskenndur en þessari reglu hefur þó verið talið að eigi að beita í öðrum Evrópuríkjum. Af þessum sökum hefur þótt nauðsynlegt að leggja til nokkrar leiðbeinandi reglur sem hafa skal til hliðsjónar við þetta mat, sbr. ákvæði 2.–5. mgr. 4. gr. frv. sem eru nánar skilgreindar í grg. þess.

5. gr. frv. hefur að geyma sértæka lagaskilareglu varðandi neytendasamninga en það hugtak á sér samsvörun í Luganosamningnum sem lögfestur var með lögum nr. 68/1995. Tilgangur ákvæðisins er að vernda neytendur og samninga þeirra við þá sem selja vöru og þjónustu í atvinnuskyni og eru því í sterkari stöðu við samningsgerðina.

Í 2. mgr. 5. gr. er að finna takmarkanir á frelsi til að semja um það hvaða lög skuli gilda ef um er að ræða samninga við neytendur.

Í 6. gr. eru ákvæði um fela í sér vissar takmarkanir á frelsi til að semja um lagaskil þegar um er að ræða vinnusamninga og miða þær að vernd launþega.

Í 7. gr. er að finna ákvæði sem eiga að stuðla að því að ekki sé unnt að komast hjá beitingu ófrávíkjanlegra reglna þegar málsatvik eru með þeim hætti að eðlilegt er talið að beita ófrávíkjanlegum reglum í því landi sem samningurinn hefur náin tengsl við eða þar sem mál er rekið fyrir dómstóli.

Í 8. og 9. gr. frv. er að finna nánari reglur um efnislegt og formlegt gildi samninga ef ágreiningur kemur upp um það atriði.

Í 10. gr. er kveðið á um að í öllum aðalatriðum skuli farið eftir þeim lögum sem gilda um samninginn svo sem við túlkun samningsins, efndir, afleiðingar vanefnd, svo nokkur atriði séu nefnd.

Í 11., 12. og 13. gr. er fjallað um gerhæfisskort, framsal og innlausn réttinda.

Í 16. gr. er tekið fram að því aðeins sé heimilt að láta hjá líða að beita lögum tiltekins lands sem ákvæði þessa frv. vísa til að þau teljist augljóslega andstæð góðum siðum og allsherjarreglu. Þessa reglu má finna í lagaskilarétti flestra ríkja og er að sjálfsögðu undantekningarregla sem beita á með varúð.

Í 17. gr. kveðið á um afturvirkni og í 18. gr. er skýrð staða þessa frv. gagnvart öðrum reglum.

Herra forseti. Ég legg til að að aflokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

[15:58]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra hefur þetta frv. áður komið til umfjöllunar Alþingis þótt ekki hafi gefist tími til að ljúka afgreiðslu þess á síðasta ári.

Hér er um að ræða nauðsynlega réttarbót til þess að taka af ýmis tvímæli sem komið hafa upp og kunna að koma upp á sviði samningsréttar þegar gerður er samningur á milli aðila yfir landamæri. Það er ástæða til að fagna því eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra að þau ákvæði sem hér á að leiða í lög ná yfir fleiri samninga en bara samninga milli aðila innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þessi lög ná þannig líka yfir þá sem eru í viðskiptum við íslenska einstaklinga eða fyrirtæki þó þau séu utan þess svæðis.

Ég tel nauðsynlegt að samþykkja þessi lög til þess að eyða óvissu sem verið hefur. Ég hef kannski því einu við að bæta að ánægjulegra hefði verið ef við hefðum verið hér saman komin til þess að leiða í lög ákvæði ekki Rómarsamningsins heldur Rómarsáttmálans. En þetta er kannski skref í þá áttina, hvort tveggja var gert í Róm þótt annað sé sáttmáli og hitt samningur. Við erum að þoka okkur í þessa átt. Þó eru atriði sem ég vildi gjarnan að menn skoðuðu sérstaklega í hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar. Það er í fyrsta lagi ákvæði um neytendasamninga í 5. gr. og í öðru lagi ákvæði um vinnusamninga í 6. gr.

Það sem ég vildi að yrði skoðað sérstaklega er hvernig þessi lög ná yfir svokölluð viðskipti sem eiga sér stað í gegnum internetið, þ.e. þegar neytandi í einu landi kaupir vöru sem er boðin til sölu á interneti í öðru, þá er gert ráð fyrir samkvæmt ákvæðum 5. gr. að hann njóti neytendaverndar samkvæmt lögum í því landi sem hann er búsettur í. Nú kann að sjálfsögðu svo að fara að sá sem selur vöruna standi ekki í skilum með vöruna eða selji hana einhvern veginn öðruvísi en kaupandi gerði ráð fyrir þegar hann gekk frá samningi og greiðslu. Því er forvitnilegt að efh.- og viðskn. skoði það hvort að þessi lög, sem auðvitað eru íslensk lög þó þau séu til samræmis við lagasetningu á hinu Evrópska efnahagssvæði, veiti neytandanum íslenska sem er að kaupa vöru með þessum hætti tryggingu fyrir því að neytandaréttur hans sé virtur eins og íslensk lög heimila.

Einnig mundi ég vilja að hv. efh.- og viðskn. athugaði sérstaklega ákvæði 6. gr. um vinnusamninga, hvort hætta kunni að vera á því að hún opni fyrir þá möguleika að launþegar geti samið eða réttara sagt atvinnurekendur geti gert vinnusamninga við launþega sem vistaðir eru í því landi innan hins Evrópska efnahagssvæðis þar sem réttindi launþeganna eru lakari en yfirleitt í öðrum löndum.

Þessi tvö atriði þurfa menn sérstaklega að skoða og ég vona að hv. efh.- og viðskn. gefi sér góðan tíma til þess að fara yfir þessar tvær greinar. Þetta er tæknilega flókið frv. og ekkert við því að segja. En markmiðið með því er mjög gott og ég tel sjálfsagt að Alþingi afgreiði málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, 1. umr.

Frv. SJS og ÖJ, 6. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 6. [16:02]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum og einnig breyting á lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum. Ég mæli sem sagt fyrir bandormsfrumvarpi, herra forseti, þar sem að um er að ræða breytingar á ákvæðum tveggja lagabálka.

Ég vil byrja á að fagna því að hér eru viðstaddir bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh., en báðir hafa látið bankamál nokkuð til sín taka og ég vonast til þess að þeir geti heiðrað okkur með nærveru sinni á meðan umræða um þetta mál fer fram.

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að um bankamál hafa verið miklar umræður á Íslandi á undanförnum missirum að segja má, ekki síst núna síðsumars og í haust. Tengist það breytingum á eignarhlut ríkisins í lánastofnunum, áformum um einkavæðingu eða hlutaeinkavæðingu þessara fyrirtækja og fleira í þeim dúr.

Eðlilegt er að um þetta verði umræður því að hér eru stór og mikilvæg mál á ferð og miklir fjármunir í húfi þar sem er meðferð á eignarhlut ríkisins í þessum stofnunum. Um þessi mál hafa að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir pólitískt og mætti ýmislegt um það segja hvort hér var haldið í rétta átt yfirleitt og þá hvort réttum aðferðum var beitt. En ef við horfum á málin ósköp einfaldlega út frá þeim aðstæðum sem nú eru uppi og þeim breytingum sem gerðar hafa verið, umdeildar eða ekki umdeildar sem þær voru þegar ríkisviðskiptabönkunum var breytt í hlutafélög og þegar Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var stofnaður úr nokkrum stærstu fjárfestingarlánasjóðum landsins, þá hljótum við öll a.m.k. að geta orðið sammála um að þær leikreglur sem fylgt er, þ.e. framkvæmdin sjálf, aðferðafræðin þar, skiptir líka miklu máli. Um það ekki síst snýst þetta frv., þ.e. að leggja til tilteknar breytingar eða ráðstafanir, gætum við sagt, sem gerðar verði í lögum þannig að um banka sem búið er að breyta í hlutafélög og eftir atvikum að einhverju leyti eru komnir á markað, eru einkavæddir eða verða einkavæddir, sé búið með tilteknum hætti í löggjöf landsins.

Hér á ég einkum og sér í lagi við þá miklu umræðu sem orðið hefur um nauðsyn þess að dreifa eignarhaldi á bönkum sem reknir eru sem hlutafélög á almennum markaði, þ.e. þar sem hlutaféð er skráð á verðbréfaþingi og gengur kaupum og sölum.

Þessi umræða tengdist bæði hlutafjárútboði í Búnaðarbanka og Landsbanka þar sem gripið var til aðgerða sem áttu að tryggja mikla dreifingu eignarhlutarins í frumsölu, fyrst og fremst með því að almenningur gat skráð sig fyrir tilteknum upphæðum til kaups. Svipaða sögu má segja af sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins,

þeim 49% sem upphaflega voru seld og ákvæði voru um í lögum að leita sérstaklega að dreifðri eignaraðild á og síðan af undirbúningi að þeirri sölu sem stendur yfir á því sem eftir er af eignarhlut ríkisins, en þar er sömuleiðis að finna í heimildarlögum frá Alþingi ákvæði um að keppt skuli að sem allra dreifðastri eignaraðild, þó að vísu með nokkuð öðru orðalagi en var í hinum upphaflegu lögum.

Hæstv. forsrh. hefur ekki síst verið fyrirferðarmikill í umræðu um nauðsyn þess að dreifa eignaraðildinni og leyfi ég mér að vitna m.a. í viðtöl sem við hann hafa verið tekin í Morgunblaðinu. Einnig mætti reyndar vitna í afstöðu Morgunblaðsins sjálfs sem hefur tekið nokkuð afdráttarlausa afstöðu í því máli, þ.e. að stefna beri að sem dreifðastri eignaraðild. Þetta var m.a. tilefni leiðaraskrifa og umfjöllunar í Morgunblaðinu ítrekað í síðari hluta septembermánaðar og þá að nokkru leyti í framhaldi af sjónarmiðum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson setti fram í þessu efni og urðu tilefni orðaskipta milli bæði hv. þm. og hæstv. forsrh. og einnig Morgunblaðsins.

Morgunblaðið vitnaði réttilega í orð hæstv. forsrh. síðan fyrir rúmu ári, í ágústmánuði 1998. Ef ég man rétt lýsti hæstv. forsrh. skoðunum sínum í viðtali við Morgunblaðið 8. ágúst 1998 og sagði þá m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sumar þjóðir hafa það reyndar svo að þær binda það í lög hversu mikil eignarhlutdeild einstakra aðila má vera í bönkunum. Ég hygg að það sé til að mynda þannig í Noregi. Það má vel vera að slíkt gæti verið skynsamlegt að gera einnig hér á landi. A.m.k. er það æskilegt að menn hafi ekki á tilfinningunni að það séu einhver önnur sjónarmið sem ráði stefnu banka en almenn arðsemisjónarmið eins og einhverjir þröngir hagsmunir ráðandi hóps, ...“

Í sama viðtali sagði hæstv. forsrh. Davíð Oddsson einnig, með leyfi forseta:

„... þó nú sé tíska að tala um kjölfestufjárfesta telji hann að í bankastofnun geti alveg dugað að stærstu eignaraðilarnir, sem komi til með að hafa leiðbeinandi forustu um reksturinn, eigi eignarhluti á bilinu 3% til 8% til dæmis.“

Morgunblaðið heldur því fram nokkuð skörulega t.d. í forustugrein föstudaginn 13. ágúst að það sé eins og hver önnur fjarstæða að halda því fram að ekki sé unnt að tryggja dreifða eignaraðild að bönkum. Í nefndri forustugrein segir m.a., með leyfi forseta:

„Þeir sem halda því fram, að það sé óframkvæmanlegt að tryggja dreifða eignaraðild að bankakerfinu hafa rangt fyrir sér. Þar étur hver upp eftir öðrum sömu tugguna og hafa ekki fyrir því að kynna sér efni málsins. Í öðrum löndum eru margvíslegar takmarkanir á viðskipti með hlutabréf.“

Síðan er reyndar aftur vitnað í hæstv. forsrh. Davíð Oddsson í þessu máli.

Ég læt þetta duga, herra forseti, en ég er með útskriftir af fleiri ummælum sem mætti vitna í og einkum og sér í lagi þar sem fyrir fer hæstv. forsrh. í því að rökstyðja bæði þörfina á því eða nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild og jafnframt að rökstyðja að slíkar ráðstafanir sé hægt að gera.

Svo enn sé nú vitnað í þann ágæta fjölmiðil Morgunblaðið sem hefur af miklum þrótti fjallað um þetta mál á undanförnum vikum þá var þar birt úttekt unnin af blaðamanni væntanlega, Steingerði Ólafsdóttur, sem hafði kynnt sér skýrslu bankaeftirlits Bandaríkjanna hvað varðar takmarkanir á fjárfestingum einstakra aðila í bönkum, annarra en fjármálafyrirtækja. Niðurstaða þeirrar úttektar var sú að slíkar fjárfestingar væru skilyrðum háðar í 14 löndum af 19 sem könnunin tók til og þar af væru verulegar takmarkanir hjá a.m.k. sex ríkjum. Það voru Bandaríkin, Japan og Kanada auk Sviþjóðar, Ítalíu og Lúxemborgar sem öll eru Evrópusambandsríki eins og kunnugt er.

Þessar takmarkanir eru af ýmsum toga en það má t.d. nefna þær ströngu reglur sem gilda í Kanada í þessum efnum sem upphaflega voru settar í kanadísk lög til að tryggja að bandarískir bankar gleyptu ekki minni kanadíska banka. Þegar t.d. Chase Manhattan bankinn ætlaði að taka Toronto Dominon bankann traustataki á miðjum sjöunda áratugnum gripu Kanadamenn til varna og settu lög sem tryggja að enginn einstakur hluthafi má eiga meira en 10% hlut í kanadískum banka, hvort sem um er að ræða fjármálafyrirtæki eða ekki.

Það má nefna slíkar takmarkanir í fleiri löndum. Á Ítalíu er þetta þannig að eignarhlutur annarra en fjármálafyrirtækja má ekki fara yfir 15% og í Svíþjóð og Lúxemborg eru takmarkanir af ákveðnum toga.

Ef litið er til þess hversu dreift eignarhaldið er þá skiptir það máli í þessu sambandi því að á meðan að þeir hlutir eru í góðu lagi er í sjálfu sér kannski ekki þess að vænta að farið sé að setja strangar takmarkanir í lög. Þau hafa gjarnan sprottið upp af einhverjum aðstæðum eins og dæmið frá Kanada sannar. En staðreyndin er sú þegar litið er á eignarhald stærri banka t.d. á Norðurlöndunum eða í Vestur-Evrópu að þá er það með mjög fáum undantekningum að langmestu leyti þannig að um mjög marga smáa eigendur er að ræða.

Noregur er okkur skyldur að ýmsu leyti í þessum efnum vegna þess að þar er enn við lýði mikið eignarhald ríkisins í bönkunum og norska ríkið er meirihlutaeignaraðili eða ráðandi eignaraðili að stærstu bönkum Noregs. Það á t.d. 52% í Den Norske Bank og 35% í Kristjaníubanka. Stærsti erlendi hluturinn eða stærsti einstaki hluturinn í stórum norskum banka, ef ég hef lesið hér rétt, er eignarhlutur Chase Manhattan bankans í Bank of Norway sem er upp á 5,22%. Það er sjaldgæft að sjá meiri eign en þessa og á bilinu upp í kannski 14–16% þegar í hlut eiga stærstu bankar á Norðurlöndunum. Erlend eignaraðild er sjaldnast nema á bilinu 10–30% í þessum bönkum.

Herra forseti. Þetta nægir um dreifingu á þessum hlutum í nágrannalöndunum. Þar er þó um að ræða verðbréfaþing að sjálfsögðu og markaði sem eru margfaldir og tugfaldir að stærð á við það sem er á Íslandi. Þar eiga þeir sér mun lengri sögu og mun meira fjármagn er í umferð. Þar eru tæpast sömu hættur fyrir hendi hvað varðar samþjöppun fjármálalegs og stjórnunarlegs valds og blasa við okkur alls staðar í hinum smáa íslenska fjármálaheimi.

Herra forseti. Þó það sé góðra gjalda vert að leitast við að tryggja dreifða eignaraðild í frumsölu ef um er að ræða beina sölu á hlut ríkisins í banka eða lánastofnun eða sölu á nýju hlutafé, þá mun slíkt koma að harla litlu gagni. Í því er ekki fólgin nein trygging fyrir því að eignarhaldið verði dreift til frambúðar eins og dæmin sanna. Við höfum séð hvernig eignarhald hefur sópast saman á fáar hendur tiltölulega hratt í beinu framhaldi af dreifðri frumsölu þannig að eðlilega kemur upp spurningin hvort það hafi nokkuð upp á sig, sé til nokkurs nema jafnframt séu einhverjar reglur og þá í lög sem að tryggi ákveðna lágmarksdreifingu eignarhaldsins til frambúðar.

Mín skoðun er sú og ég held að nánast sé óþarft að rökstyðja það að meiri líkur en minni eru á því við okkar sérstöku aðstæður að eignarhaldið geti þjappast hratt saman ef engar

slíkar takmarkanir er að finna í lögum. Jafnvel þó í hlut eigi allstór fyrirtæki á okkar mælikvarða og umtalsvert fjármagn þurfi til að safna saman verulegri eign þá sjáum við slíka atburði gerast í viðskiptalífinu og gerast hratt, að eignarhlutir sem nema hundruðum milljóna króna sópast saman á fáar hendur eða eina hendi, jafnvel einstök viðskipti með ráðandi hlut í stórum sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ákveðin eru á einni nóttu, færa til fjármuni svo nemur hálfum eða heilum milljarði. Með öðrum orðum þar af leiðandi er síður en svo ólíklegt að stór eignarhlutur eða jafnvel ráðandi eignarhlutur í stofnun á stærð við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins eða Búnaðarbankann gæti sópast saman á eina hendi eða hendur skyldra og tengdra aðila, nema einhverja skorður sé reistar við því í lögum.

Um hætturnar sem því eru síðan samfara og ókosti þess að það gerist þurfum við væntanlega ekki að fara mörgum orðum. Það er mjög óæskilegt að einhverjir slíkir aðilar geti náð undirtökunum og ráðið slíkri stofnun. Það dregur úr áhuga annarra að vera þar meðeigendur og það er óæskilegt og óheilbrigt í mörgu tilliti, sérstaklega þegar í hlut eiga stofnanir eins og almennir viðskiptabankar.

Hvaða kostir eru þá í stöðunni, herra forseti? Það má í fljótu bragði segja að þeir gætu verið þrír. Það er í fyrsta lagi að staldra ósköp einfaldlega við, að stöðva sig af og aðhafast ekkert frekar, a.m.k. í bili, hvað varðar einkavæðingu eða sölu á þessum eignarhlut. Sú umræða hefur svo sannarlega komið ítrekað upp á undanförnum mánuðum.

Kostur númer tvö er sá að velja það sem ég kýs að kalla norsku leiðina, þ.e. að ríkið haldi umtalsverðum eignarhlut í stærstu og mikilvægustu bönkunum og lánastofnunum, verði sem sagt ráðandi eigandi á móti þá væntanlega og gjarnan nokkrum fjölda smærri meðeigenda. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði í Noregi um alllangt árabil. Mér er ekki kunnugt um að neinar sérstakar hugmyndir séu uppi um að breyta því og Norðmenn telja, a.m.k. margir hverjir sem ég hef rætt við, að það hafi gefist þeim allvel. Það hafi tryggt stöðugleika á þessum markaði og eigi sinn þátt í því að Norðmenn sluppu kannski skár en margir aðrir í gegnum þær miklu bankakreppur sem urðu mönnum dýrar í nágrannalöndunum.

Þriðji kosturinn er síðan sá sem hér er mælt fyrir að í öllu falli verði tekinn, burt séð frá öllu öðru, með lögum, með almennum ákvæðum í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og lögum um lánastofnanir, að hámarkseignarhlutur einstakra aðila, annarra en ríkisins, geti aldrei farið upp fyrir visst mark, og hafa verið valin viðmiðunarmörkin 8% og mun ég færa nokkur rök fyrir því á eftir hvers vegna sú niðurstaða var valin.

Herra forseti. Ég ætla að mæla fyrir einstökum efnisgreinum frv. Á þessu stigi málsins held ég að rétt sé að rekja það aðeins ítarlegar í hverju efnisþættir frv. eru fólgnir. Í 1. gr. segir að í stað 3.–6. mgr. 10. gr. og 11. og 12. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, komi ein ný grein sem verði 11. gr. og orðist eins og þar segir.

Þessi ákvæði gildandi laga, þ.e. 3.–6. mgr. 10. gr. og 11. og 12. gr., fjalla um þær aðstæður sem koma upp ef einn einstakur aðili eignast það sem kallað er í lögunum „virkan eignarhlut“ eða meira. Lögin miða þar við 10% og í þessum málsgreinum 10. gr. og síðan í 11. og 12. gr. er fjallað um með hvaða hætti skuli þá fara með málin. Fjármálaeftirlitið tekur að sér í rauninni að fara sérstaklega með þær aðstæður sem þá koma upp, að fylgjast sérstaklega með eignarhlut viðkomandi aðila og Fjármálaeftirlitið getur eða þ.e. viðskrh. getur, að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins, jafnvel gripið til ráðstafana af því tagi að svipta viðkomandi aðila atkvæðisrétti þegar eignarhlutur er orðinn svo stór.

Þetta er að sjálfsögðu ekki í lögunum að ástæðulausu. Þarna voru hugsaðar ákveðnar girðingar gagnvart því að einstakir aðilar yrðu of frekir til fjárins eða of fyrirferðarmiklir í stjórnun og rekstri slíkra stofnana. Ég tel að það sé hins vegar krókótt leið og að mörgu leyti erfið í framkvæmd, að leyfa mönnum að eignast meira en sem nemur þessum krítísku mörkum sem þarna var valið að miða við, 10%, en svipta þá að hluta til rétti sínum eins og atkvæðisrétti til þess að reyna að fyrirbyggja að þeir verði of áhrifamiklir um stjórn bankans.

Það er niðurstaða okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem flytur frv. ásamt mér, að hreinlegast sé að setja skýr og afdráttarlaus mörk, þak eða hámark á það hvað hver einstakur eignaraðili geti orðið stór.

Greinin mundi þá hljóða svo:

„Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka. Viðskiptabanki skal reglulega tilkynna Fjármálaeftirlitinu um samsetningu hluthafa og án tafar ef eignarhlutur einstaks aðila fer yfir fyrrgreind mörk. Hluthafi í viðskiptabanka skal tafarlaust gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi hann ástæðu til að ætla að eign hans í viðskiptabanka kunni að yfirstíga fyrrgreind mörk.“

Síðan kemur skilgreining á því hvað skuli teljast „skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir“, hún ætti að koma mönnum kunnuglega fyrir sjónir því að hún er sniðin að útboðslýsingu ríkisstjórnarinnar á því ágæta fyrirbæri þegar lýst var eftir áhugasömum kaupendum að afgangnum af eignarhlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þarna gætu að sjálfsögðu komið ýmsar aðrar útgáfur til greina sambærilegs eðlis. Í lögum er víðar að finna tilraunir til að skilgreina hvernig skuli meðhöndla eða skilgreina hvað séu fjárhagslega skyldir eða tengdir aðilar. En þessi er ábyggilega ekki lakari en hver önnur og hún er hér nánast óbreytt frá því sem hún var í nefndri auglýsingu og vísa ég til þess.

Síðan segir:

„Nú fer eignarhlutur einstaks aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila yfir þau mörk sem tilgreind eru í 1. mgr. vegna atvika sem hlutaðeigandi fær ekki við ráðið og skal viðkomandi aðili eða aðilar þá svo fljótt sem við verður komið, og eigi síðar en innan sex mánaða, gera ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn nefndum ákvæðum 1. mgr. Ráðherra getur að fenginni tillögu Fjármálaeftirlitsins ákveðið að eignarhlut sem svo er til kominn og er umfram mörk 1. mgr. [þ.e. 8 %] fylgi eigi atkvæðisréttur svo lengi sem það ástand varir.“

Þetta er ákvæði af sambærilegum toga og það sem fyrir er í lögunum en þar er að vísu miðað við 10%.

Síðan er II. kafli, breyting á lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, með síðari breytingum. Þar segir:

„Við 3. gr. bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., sem orðast svo: Um hámarkshlutafjáreign einstakra aðila og skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í lánastofnun skulu gilda ákvæði 11. gr. laga nr. 113/1996.“

Valin er sú leið að vísa í takmörkunarákvæði almennu laganna um viðskiptabanka og sparisjóði í lögunum um lánastofnanir.

3. gr. er gildistökuákvæði, að ráðherra skuli setja að fengnum tillögum Fjármálaeftirlitsins nánari reglur um framkvæmd laganna, þ.e. þessara ákvæða, og að lögin öðlist þegar gildi.

Loks er ákvæði til bráðabirgða sem gefur þeim sem kynnu að eiga eignarhlut yfir nefndum mörkum þegar lögin taka gildi rýmri aðlögunarfrest en hin almennu ákvæði laganna gera ráð fyrir.

Það er svohljóðandi:

„Sé eignarhlutur einstakra aðila eða skyldra og/eða fjárhagslega tengdra aðila í viðskiptabanka eða lánastofnun fyrir ofan mörk 1. efnismgr. 1. gr. laga þessara við gildistöku þeirra er ráðherra heimilt að veita hlutaðeigandi allt að tveggja ára aðlögunartíma til að gera fullnægjandi ráðstafanir til að samræma eignarhlut sinn áðurnefndum ákvæðum. Ráðherra getur við slíkar aðstæður beitt ákvæðum 3. efnismgr. 1. gr. laga þessara um takmörkun atkvæðisréttar."

Með öðrum orðum, ef einhver einstakur aðili ætti 9% eða meira í viðskiptabanka eða lánastofnun við gildistöku laganna þá gæti hann sótt um til ráðherra að fá allt að tveggja ára aðlögunartíma til að breyta eignarhlut sínum, selja hann frá sér eða samræma hann með öðrum aðgerðum ákvæðum laganna en þá hefði ráðherra á móti möguleika á að beita ákvæðunum um atkvæðissviptingu umfram þau mörk sem lögin kveða á um, þ.e. að eignarhlutnum fylgdi ekki atkvæðisréttur nema upp að 8%.

Menn kunna að spyrja hvort þörf sé á þessu ákvæði og svarið er já. Það mundi, t.d. við lagasetningu af þessum toga nú á haustmánuðum, á þetta reyna í tilviki Íslandsbanka hf. því samkvæmt síðustu ársskýrslu Íslandsbanka eru tveir stærstu eignaraðilar að bankanum lítillega ofan við þessi mörk sem hér eru tilgreind, þ.e. Lífeyrissjóður verslunarmanna með 9,7% og lífeyrissjóðurinn Framsýn með 9,5%. Þriðji stærsti eignaraðilinn sleppur hins vegar undir þessi mörk, þ.e. fjárfestingarfélagið Burðarás hf., sem ég geri ráð fyrir að menn þekki. Síðan koma Sjóvá–Almennar með 5,6% og aðrir aðilar með þaðan af minni hlut.

Þetta segir með öðrum orðum að 8% mörkin liggja í efri mörkum þess sem þekkt er í dag að sé eignarhlutur einstakra aðila. Það mundi því ekki valda umtalsverðri röskun á högum þessara aðila þó að þau væru lögfest, alla vega ekki í ljósi þess að menn hefði tveggja ára aðlögunartíma að því að uppfylla ákvæðin.

Auðvitað má deila um þennan hundraðshluta, eiga þetta að vera 8%, 10% eða eitthvað annað? En mér fannst skynsamlegt eða okkur flutningsmönnum að miða mörkin við varfærnissjónarmið og vera frekar neðar en ofar með þau, m.a. með þeirri einföldu röksemdafærslu að þau er hægt að rýmka ef mönnum sýnist svo og framtíðin leiðir í ljós að ekki er sérstök þörf á því eða ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af því þó að eignarhlutur einstakra aðila yrði jafnvel lítillega hærri.

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa það með í umræðunni að núna er tækifærið til að setja slík ákvæði og einmitt núna. Ef menn gera það ekki nú áður en farið verður út í frekari sölu á t.d. eignarhlut ríkisins og einstakir aðilar eignast hluti á næstu mánuðum eða missirum sem fara langt upp fyrir slík mörk verður lagasetningu af þessu tagi augljóslega síður komið við. Hún á að sjálfsögðu að koma á undan sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum og hefði að sjálfsögðu átt og þurft að liggja fyrir áður en farið var af stað út á slíka einkavæðingarbraut á annað borð. En þó er það þannig að lausleg skoðun á stöðunni á markaðnum sýnir að þessu verður enn við komið án umtalsverðrar röskunar á eignarhlut einstakra aðila.

Herra forseti. Ég held að í sjálfu sér sé ekki mikil þörf á frekari rökstuðningi fyrir þessu af minni hálfu. Ég vona að þetta fái efnislega og alvarlega skoðun á hv. Alþingi. Það er alveg óhjákvæmilegt að mínu mati að Alþingi taki af skarið í þessu máli og það verði látið á það reyna hvort pólitískur vilji er fyrir því að gera ráðstafanir til að tryggja til frambúðar og ákveðið dreifða eignaraðild í mikilvægustu fjármálastofnunum landsins. Tækifærið er núna. Menn geta sýnt í verki áhuga sinn á því að láta ekki sitja við orðin tóm, láta ekki umræðurnar einar nægja um nauðsyn þess og mikilvægi að sporna gegn óæskilegri samþjöppun fjármagnslegs og stjórnunarlegs valds í þessum mikilvægu stofnunum. Það gera fjölmargar nágrannaþjóðir og það er má segja frekar reglan en undantekningin að um einhverjar takmarkanir sé að ræða. Menn geta sagt að þær séu á undanhaldi og það á við sums staðar. En þá skulu menn líka muna eftir því að við erum að tala um Ísland og við erum að tala um að stíga fyrstu skrefin í þeim efnum að reka þessar stærstu fjármálastofnanir sem hlutafélög á markaði. Eru þau rök þá ekki býsna sannfærandi, herra forseti, að skynsamlegt sé að fara varlega af stað? Það sé skynsamlegt að hafa vaðið fyrir neðan sig, setja takmarkandi reglur og sjá svo til hver þróunin verður á markaðnum.

Reglurnar má endurskoða, þær má rýmka eða þess vegna fella þær alveg niður einhvern tíma í fyllingu tímans ef menn telja ekki þörf á eða ástæðu til að viðhafa slíkar takmarkanir. Mér er þó nær að halda að það muni reynast og ég spái því að þetta væri farsæl og skynsamleg ráðstöfun fyrir alla aðila, líka fyrir markaðinn. Líka fyrir þá sem hafa hug á því að fjárfesta í þessum stofnunum, að þeir viti að hverju þeir gangi í þessum efnum. Ellegar eru verulegar líkur á því að áflog hefjist um ráðandi eignarhluti í sumum þessara stofnana, áflog sem einhver vinnur að lokum en þar sem aðrir verða undir. Þeir missa þá áhugann og draga sig út úr því dæmi. (Gripið fram í.) Ég held að þetta yrði öllum til góðs, herra forseti, svo ég svari frammíkallanda, og alveg sérstaklega viðskiptavinunum, þ.e. þjóðinni.

Við þekkjum dæmi um slík áflog á einstökum sviðum í viðskiptalífinu, í fjölmiðlaheiminum eða í sjávarútveginum og forsmekkurinn í málinu er allur á þá lund að það sé næsta víst að slík áflog muni verða þegar kemur að því að glíma um þennan eignarhlut í bönkunum því þar sýnist mönnum vera mörg girnileg matarholan eins og kunnugt er.

Sambærilegar takmarkanir eru einnig þekktar í löggjöf á ýmsum öðrum sviðum. Ég nefni að það er nánast alsiða í nágrannalöndunum að mjög strangar takmarkanir séu á eignarhaldi að fjölmiðlum. Reynt er að tryggja að þar verði ekki óæskileg samþjöppun, m.a. með því að banna ráðandi aðilum á einu sviði fjölmiðlunar að eiga í öðru. Þannig mega menn t.d. hvorki vestan hafs né austan við okkur, Atlantshafsins, eiga nema tiltekinn hluta. Ef þeir eiga sjónvarpsstöð mega þeir ekki eiga nema tiltekið í dagblöðum og öfugt og þau fordæmi þekkja menn. Við höfum sjálf sett í lög ákvæði sem takmarka eignarhald útlendinga og við höfum sett í lög um stjórn fiskveiða ákvæði sem eiga að dreifa eignarhaldi á veiðiheimildum. Allt eru þetta dæmi um viðleitni til þess

að sporna gegn óæskilegri samþjöppun og drottnandi stöðu einstakra eða fárra aðila.

Herra forseti. Óvíða, ef nokkurs staðar, er mikilvægara að setja slíkar reglur en einmitt þegar þessar þjónustustofnanir almennings, viðskiptabankarnir, eiga í hlut. Hér er lögð til einföld og að mínu mati fullkomlega fullnægjandi aðferð í því sambandi að setja bein takmörk inn í viðkomandi kafla laganna um viðskiptabanka og sparisjóði upp á 8% og vísa síðan í þau lög í lögunum um lánastofnanir.

Að lokum er aðeins einn fyrirvari sem ég vil gera á þeim ákvæðum og það er, herra forseti, og ég viðurkenni að þar hefðum við flutningsmenn mátt hafa meiri tíma til að skoða málið, hvort til greina kæmi að gera greinarmun á hverjir eigendurnir væru, þ.e. að hafa önnur eða eftir atvikum rýmri mörk þegar í hlut ættu t.d. viðskiptabankar, hvað varðaði eignarhlut í fjármálastofnunum sem hefðu þó starfsleyfi sem lánastofnanir. (Forseti hringir.) Fyrir því eru fjölmörg dæmi þegar um þjónustustofnanir á fjármálasviði er að ræða, að þau séu rekin sem dótturfélög banka. Það væri hlutur sem æskilegt væri að skoða í þessu sambandi og ég get vel vísað til hv. þingnefndar að gera.

Ég legg svo til, herra forseti, að lokinni umræðunni að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[16:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka flutningsmönnum þetta frv. Þetta er mjög þarft frv. og vekur góða umræðu. Ég er með fjórar tæknilegar spurningar:

1. Í 1. gr. er rætt um 8% eign. Væri ekki miklu eðlilegra að miða við 8% atkvæðamagn á félagsfundi? Þá er spurningin hvort það væri af öllum mættum hluthöfum eða af heildarhluthöfum félagsins. Ég skil það þannig að flutningsmenn óttist yfirráð yfir félaginu.

2. Hvað með sparisjóði? Nú er atkvæðamagnið þar bundið stofnfjáreigendum. Ekkert er minnst á atkvæðamagn þeirra í frv. Að sjálfsögðu er engin eign þar vegna þess að þeir eru sjálfseignarstofnanir.

3. Hvernig ber að skilja 4. lið? Ég get skilið 1. málsl.: „Ef einstakur aðili (einstaklingur eða lögaðili) á meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í lögaðila“ — ég skildi það, þá eru þeir samtengdir, en svo: — „eða ef einstakur aðili eða skyldir aðilar eiga samanlagt meira en 35% eignarhlut eða atkvæðisrétt í tveimur lögaðilum eða fleiri skulu þeir aðilar teljast fjárhagslega tengdir.“ Eru það þeir sem eiga, þessir tveir eða fleiri, eru þeir tengdir? Eru það félögin og eigendurnir sem eru tengdir eða hvernig ber að skilja þetta?

4. Við þekkjum sögur um fóstbræður í gömlum íslenskum sögum. Það eru menn sem bindast ákveðnum tengslum undir jarðarmeni. Hvað um þá? Hvað um perluvini og menn sem eru bara innilegir vinir og vinna saman í gegnum þykkt og þunnt en eru ekki tengdir á neinn annan máta?

[16:36]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég næ svörum við öllum þessum fjórum spurningum í einni lotu. Fyrsta atriðið hugleiddi ég einmitt nokkuð og ræddi reyndar við kunnuga menn. Niðurstaðan varð sú að reyna að hafa ákvæðin sem einföldust og miða við 8% eign. Í raun er valið dálítið á milli þeirrar leiðar sem hér lögð til í formi afdráttarlausra ákvæða um hámarkseign eða þeirrar sem núgildandi lög kveða á um en er mjög krókótt og felur í sér heimild til að svipta menn atkvæðisrétti umfram tiltekin mörk, þ.e. atkvæðisrétti umfram það sem fylgir 10% eignarhlut. Ég held að hin leiðin sé hreinni og beinni og þess vegna er hún valin hér og það á þá í raun og veru að gilda einu. Þetta gildir fyrir eignarhlut og þar með atkvæðishlut umfram 8% mörk. En ég viðurkenni vissulega að hin leiðin kemur alveg til greina út frá því sjónarmiði að markmiðið sé fyrst og fremst að hamla gegn því að einstakir aðilar nái yfirráðum með of miklum ítökum.

Önnur spurningin var um sparisjóðina. Það kemur inn á þá sérstöðu sem sparisjóðirnir hafa sem sjálfseignarstofnanir og síðan stjórnað af stofnfjáreigendunum í gegnum aðalafundi og það fyrirkomulag sem þar er sett upp með lögum. Við vitum það, ég og hv. þm., að við erum kannski ósammála um það fyrirkomulag. Ég hef verið mikill stuðningsmaður þess að þeir fái að halda sérstöðu sinni þó að til greina kæmi að gera á því einhverjar breytingar, samanber það sem hefur t.d. verið gert í Noregi og gerir stofnfjáreigendurna í raun að hluta til að eiginlegum eigendum.

Ég á kannski erfitt með að útskýra í stuttu máli það sem ég taldi að fælist í 4. tölulið skilgreiningarinnar á skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum en ég vísa til þess að þetta er tekið upp úr auglýsingu ríkisstjórnarinnar varðandi frumsölu á bréfum í fjárfestingarsjóðnum. Ég skil þetta svo að aðilar sem eru tengdir, samanber skilgreininguna, megi ekki fara yfir þessi 35% mörk.

Í fjórða lagi með fóstbræður og perluvini. Þá erum við komin út í aðra sálma. Verður ekki hægt að svindla á þessu, er kannski sú spurning á mannamáli? (Forseti hringir.) Svarið er auðvitað jú. Það er ekkert fyrirkomulag sem er 100% skothelt að ekki sé hugsanlega hægt að fara einhvern veginn fram hjá því. Það má velta því fyrir sér hvort þarna ætti að koma „skúrkaákvæði“ eins og þau eru stundum kölluð, einhvers konar misbeitingarákvæði. Það má vel skoða það en það má líka velta því fyrir sér hvort ekki eigi að reyna að treysta á að menn séu heiðarlegir.

[16:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka góð svör. Reyndar er ég engu nær með 4. lið, ég skil hann ekki enn þá en það er kannski vegna takmörkunar á minni persónu.

Varðandi atkvæðisréttinn og eignarhlutann geta menn að sjálfsögðu veitt umboð. Menn geta veitt ævilöng umboð fyrir hlut eða atkvæði sínu í banka og svo er hægt að selja hlutabréf án atkvæðisréttar í banka með vildarkjörum. Þannig getur það gerst að maður sem á 8% getur farið með 50% af atkvæðamagni. Það er alveg hægt að sjá það fyrir sér ef hann selur nógu mikið og grimmt hlutabréf án atkvæðisréttar. Þá er spurningin hvar við stöndum. Ég held nefnilega að það sé miklu skynsamlegra að ræða um atkvæðisrétt en eignarrétt ef menn hafa á annað borð áhyggjur af þessu og það kem ég inn á og ræði hér á eftir. En ég mun ræða þetta sérstaklega í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti og ég tek þetta frv. mjög alvarlega.

[16:39]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka sérstaklega fyrir þessu síðustu orð og ég vona að það gildi fyrir alla nefndina, að hún fari í alvöruskoðun á málinu. Það er ekki síst tilgangur okkar flutningsmanna með þessu frv., að koma málinu hér af stað og vekja umræður um þetta. Við vildum gera það með því að leggja til beinharðar tillögur um hvernig mætti hugsa sér að gera þetta og tryggja í lögum að dreifa eignarhaldinu.

Að sjálfsögðu eru þetta ekki einu úrræðin sem til greina koma, það viðurkennum við. Ég tel að ábending hv. þm. um að hugsanlega þurfi að bæta í öllu falli við viðbótarskilyrði sem hindri samþjöppun atkvæðisréttar, sem getur vissulega, fræðilega séð, verið fyrir hendi þó um eignarhald sé ekki að ræða í beinum skilningi, í gegnum umboð eða slíka samninga.

Vel kann að vera að styrkja þyrfti fyrstu efnismálsgreinina með viðbótarskilyrði sem tryggði að hvorki eignarhlutur né atkvæðisréttur gæti farið yfir einhver tiltekin mörk sem væri þá kannski eðlilegast að hafa þau sömu 8% og þarna eru sett.

Ég held að ég sé ekki að reyna neitt betur við 4. tölul. þó að enn skorti kannski nokkuð á að öllum sé ljóst við fyrsta yfirlestur hvað í honum felst. En ég vek líka athygli á því að í 3. efnismálsgrein eru þær aðstæður skilgreindar sem geta auðvitað komið upp, að menn lendi upp fyrir þessi eignarmörk óafvitandi eða vegna aðstæðna sem þeir ráða ekki við. Að sjálfsögðu er rétt að hafa þá tiltekin ákvæði um það hvernig menn geta aðlagað eignaraðild sína. Þetta getur svo dæmi sé tekið gerst með erfðum. Einstaklingur sem á eignarhlut upp undir þessum mörkum getur erft viðbót og lendir upp fyrir mörkin. Það er eitthvað sem var ekki í hans valdi endilega að koma í veg fyrir og þá er það að sjálfsögðu ekkert saknæmt heldur gilda þá þessi ákvæði, um aðlögun að reglunum þegar slíkar aðstæður eru uppi. Það gæti líka gerst í tilvikum (Forseti hringir.) sem 4. gr. kemur inn á, þ.e. þegar menn gerðust tengdir vegna viðskipta á markaði og færu þá skyndilega að flokkast sem tengdir eða skyldir aðilar samkvæmt ákvæðum laganna.

[16:42]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir þakkir til hv. flutningsmanna fyrir að flytja þetta frv. og þá ágætu umræðu sem því fylgir og er nauðsynleg.

Í máli hv. frsm. kom fram að hvað varðar sölu á ríkisbönkunum sé um þrjár leiðir að ræða. Í fyrsta lagi að aðhafast ekkert, að halda þeim áfram ríkisbönkum. Í öðru lagi að selja lítinn hluta, hin svokallaða norska leið eins og hv. þm. nefndi, en ríkið yrði þá meirihlutaeigandi áfram. Þriðja leiðin er sú að selja nánast allt með litlum takmörkunum.

Frv. eru viðbrögð við þriðju og síðustu leiðinni eins og fram kom í framsöguræðu. Ég er sammála þeirri leið, m.a. af því að ríkisbankarnir hafa í raun staðið sig illa. Þar hefur ekki verið samkeppni og kostnaður við rekstur þeirra er óheyrilegur og mun meiri en í nágrannaríkjum okkar og á því þarf að taka. Ég er líka mjög sammála þeim pólitísku markmiðum sem hv. þm. rakti, þeim markmiðum að koma í veg fyrir mikla eignaraðild fámenns hóps með hagsmuni neytenda og í rauninni þjóðfélagsins alls í huga. Fákeppni er af hinu vonda og undir þau pólitísku markmið tek ég.

En þá koma þessar en-spurningar og í rauninni eru það tvær spurningar sem ég vil bera fram. Annarri hefur reyndar verið svarað að hluta til en ég vil fá það fram, herra forseti, hjá hv. þm. hvort hann sé að ræða um dreifða eignaraðild í byrjun eða varanlega, sem sagt að setja takmarkanir á eftirmarkað. Hins vegar sé svo er ágætt að gefa hv. þm. færi á að koma hér aftur til þess að skerpa á því hvort þær takmarkanir sem nefndar eru í frv. muni nokkurn tíma halda. Hér hafa verið nefndir fóstbræður, vinir og vandamenn, og Íslendingar eru nú taldir þjóða fremstir í því að finna smugur. Þá er spurningin þessi: Ef ákvæði heldur ekki er þá ekki lagasetningin vond?

[16:44]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram að þegar ég ræddi um þessa þrjá kosti sem í stöðunni væru var það til þess að skýra aðstæðurnar en ekki vegna þess að ég væri þar með að tjá mig um þá sem slíka. En til þess að eyða öllum misskilningi í þeim efnum hefði ég talið að besti kosturinn væri sá fyrsti við núverandi aðstæður, þ.e. að menn stöðvuðu sig algerlega af og ekki yrði um frekari einkavæðingu að ræða á þessu sviði að svo stöddu.

Ég tel mikilvægt fyrir okkur til framtíðar litið að tryggja að hér verði innlent forræði í a.m.k. einni öflugri bankastofnun, einum íslenskum þjóðbanka. Það verður best gert með því að ríkið eigi hann. Vænlegast kosturinn hefði á sínum tíma verið sá að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann í einn slíkan öflugan þjóðbanka. Næstbesta kostinn teldi ég norsku leiðina, að menn gæfu það út strax að þó að um einhverja breytingu, einhverja sölu á eignarhlut ríkisins yrði að ræða þá mundi ríkið áfram verða inni í mikilvægustu stofnununum, t.d. inn í Landsbankanum, Búnaðarbankanum og Fjárfestingarbankanum, með ráðandi hlut.

Þriðji kosturinn, sá lakasti, er að fara offari í einkavæðingunni en hvað sem því líður þá hljóta almennar leikreglur af þessu tagi að hafa gildi. Þær hafa auðvitað þeim mun meira gildi þar sem hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að fara þriðju leiðina og boðað hana. Það stendur í stjórnarsáttmálanum og er á fullri ferð. Þá er að láta reyna á vilja manna til þess að dreifa eignarhaldinu, samanber umræður um það.

Við leggjum til varanlegar breytingar, það er alveg ljóst. Við leggjum til að þetta komi inn í lög til þess að tilburðir til að tryggja dreifingu í frumsölu renni ekki út í sandinn á eftirmarkaði. Það er svo borðleggjandi, hv. þm., að það mun gerast ef menn grípa ekki til ráðstafana. Það þarf tæpast að svara því. Mun þetta halda? Svarið er já. Ég hef tröllatrú á því að hér megi útfæra í lögum, eins og í 14 öðrum vestrænum löndum, ákvæði sem eru sæmilega held í þessum efnum. Þó svo að einhverjir tilburðir verði til þess að fara í kringum það þá eru lögin til að komast fyrir slíkt.

[16:46]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. svörin og árétta að ég hygg að ekki sé ágreiningur um hin pólitísku markmið á bak við þetta frv. og sölu ríkisstjórnarinnar á ríkisbönkunum. Um hin pólitísku markmið er ekki ágreiningur. En það kann að vera rétt að velta upp, og það tel ég m.a. kostinn við þetta frv., spurningunni um hvort þetta sé yfir höfuð framkvæmanlegt.

Þrátt fyrir þær skýru takmarkanir sem koma fram í frv., m.a. milli skyldmenna og fjárhagslega tengsla o.s.frv., mætti t.d. taka dæmi af félögum úr skóla, félögum úr blaki sem hv. þm. þekkir vel, bridsfélögum eða hvaða hóp sem vera skal. Komi þeir sér saman um að fara á svig við lög með því að búa til hóp í trausti vináttu sinnar, sem aldrei er hægt að ná yfir með lögum, með hvaða hætti getur þá framkvæmdarvaldið brugðist við? Ég sé, herra forseti, ýmsa annmarka á því en árétta þó að ég tek undir hin pólitísku markmið. Þá hljótum við að þurfa að velta fyrir okkur — og ég hlakka til umræðunnar í hv. efh.- og viðskn. — með hvaða hætti er þetta almennt framkvæmanlegt. Hvernig getur framkvæmdarvaldið þá brugðist við í dæmum eins og sem ég nefndi hér áðan? Er þetta þar af leiðandi raunhæft? Það er kannski stóra

spurningin því ágreiningurinn um hin pólitísku markmið er ekki staðar.

[16:48]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fyllist nú æ meiri bjartsýni eftir því sem fleiri koma hér upp, taka undir þetta frv. og tala um að ekki sé í raun neinn ágreiningur um hið pólitíska meginmarkmið hér, þ.e. að tryggja dreifða eignaraðild. Ég vona svo sannarlega að þetta sé rétt og að þá fái þetta frv. og/eða einhverjar sambærilegar ráðstafanir brautargengi og við lögfestum þær, þannig að Alþingi komi því á hreint hvernig leikreglur það vill hafa í þessum efnum. Það er mjög mikilvægt.

En mun þetta halda? Þá kemur upp spurningin: Ef hægt er að sanna að hugsanlega sé hægt að komst fram hjá þessu er þá lagasetningin einskis virði, á þá jafnvel að hætta við allt saman? Svarið er nei. Ef við nálguðumst málin alltaf þannig þá yrði lítið um lagasetningu hér. Það er mjög sjaldan sem ekki er, a.m.k. með þrætubókarlist, hægt að sýna fram á að það væri hægt að komast fram hjá lögum. Það væri t.d. ekki mikið um skatta í landinu ef við samþykktum þá röksemdafærslu að einstöku menn kunni að komast undan því að borga skatta og þá sé verr af stað farið en heima setið. Auðvitað ekki. Við hættum ekki að reyna að setja lög um skatta, gera þau eins held og við getum og tryggja eftirlit með þeim vegna þess að það er þrátt fyrir allt mikilvægara en að gefast upp vegna einhverra skúrka sem kunna að leita að smugum í kerfinu.

Ég sagði það áðan og endurtek að það kemur vel til greina að setja inn skúrkaákvæði, misbeitingarákvæði. Þar er hægt að fara í smiðju t.d. samkeppnislaga. Samkeppnislög eru að verulegu leyti byggð upp á þeim grunni að þar er stuðst við misbeitingarákvæði en ekki bönn, þ.e. það er bannað að hagnýta sér í óréttmætum tilgangi tiltekna stöðu. Það er hægt að kalla misbeitingarákvæði eða skúrkaákvæði og síðan er reynt að hafa ákveðið kerfi og eftirlit. Það mætti vissulega hugsa sér hér en reyndar held ég að með því að hafa takmarkanirnar skýrar og einfaldar, t.d. upp á 8% af hvort sem er eignarhaldi og/eða atkvæðisrétti, þá muni menn þurfa að fara út í kostnaðarsamar og krókóttar leiðir til að reyna að komast hjá því, t.d. að skrá eignarhlut ranglega á önnur nöfn en hann tilheyrir í raun. Það er flókið og erfitt og mun baka viðkomandi aðilum vandræði auk þess sem hægt er hafa með því eftirlit að ekki sé verið að misbeita stöðu sinni þannig. Ég treysti því að það sé hægt.

[16:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan í andsvari þá tel ég þetta mjög gott frv. og þarfa umræðu. Það er ekki þar með sagt að ég sé sáttur við það eða styðji það. Fyrsta spurningin sem vaknar er: Af hverju einbeita menn sér að viðskiptabönkum eða lánastofnunum? Af hverju ekki fjölmiðlum? Hvað með símafyrirtæki? Hvað með orkufyrirtæki? Erum við ekki miklu háðari orkufyrirtækjum eða símafyrirtækjum sem neytendur en bönkunum? Ég bara spyr. Getur verið að það að menn einbeiti sér svona að bönkunum sé arfur frá gamalli og sem betur fer liðinni tíð þar sem biðstofur bankastjóra voru fullar af fólki sem lá hnjánum og lán voru ekki endilega veitt á viðskiptalegum grundvelli. Sumir hafa talað um misnotkun í því sambandi, misnotkun stjórnmálamanna. Getur verið að menn séu enn þá haldnir þeirri meinloku að þetta sé enn þá við lýði? Ég bendi þeim mönnum á að nú er breytt tíð. Eftir að vextir voru gefnir frjálsir þá tæmdust biðstofur bankastjóranna. Ég efast um að þær séu lengur til. Þær tæmdust ekki aðeins heldur hurfu. Nú eru bankastjórar leitandi með logandi ljósi að góðum lántakendum út um allan bæ. Þetta er gjörbreytt staða.

Herra forseti. Það er afskaplega óskynsamlegt fyrir einstaklinga sem eiga nú kannski ekki marga milljarða — ég hugsa að það séu afskaplega fáir Íslendingar sem eigi yfir einn milljarð — að setja svo mikla peninga í einn banka eins og hér er um að ræða. 20% í FBA mundu vera 4 milljarðar. Það væri afskaplega óskynsamlegt. Það væri vitfirring að setja öll eggin í eina körfu og taka til þess lán. Ef menn ætla að stunda skynsamlega fjárfestingu verða þeir að sjálfsögðu að dreifa eignum sínum. Það mundi ekki einn einasti einstaklingur setja svo mikla peninga í einn banka. Enda er reyndin sú að t.d. í Íslandsbanka, sem hér var nefndur áðan, á enginn yfir 10%. Þeir sem koma næst því eru stofnanafjárfestar, lífeyrissjóðir og slíkir. Það má vel vera að setja þurfi takmarkanir á þá en ég sé ekki fyrir mér að einn einasti einstaklingur eignist nokkurn tímann þessi 8% sem hér er verið að tala um. Enda væri það óskynsamlegt.

Erlendis hefur það yfirleitt sýnt sig að eignaraðildin er mjög dreifð í stórum fyrirtækjum. Svo er það önnur saga að 8% geta gefið afskaplega sterkan hlut ef restinni af hlutafénu er vel dreift. Það þekkjum við t.d. í Eimskip. Þar skipta 8% miklu máli við stjórnarkjör. Svona einfaldar og flatar reglur geta verið mjög óskynsamlegar. Ef nægilega mikil dreifing er á hlutafénu annars staðar þá geta 8% verið afgerandi hlutur.

Herra forseti. Það er alltaf þannig að borgarinn á næsta leik. Við setjum lög og síðan á borgarinn næsta leik. Hann finnur, ef hann langar til, smugu. Þess vegna spurði ég sérstaklega um 4. lið 1. gr. frv. Ég vildi skilja það svo ég gæti fundið snyrtilega leið til þess að fara fram hjá þessu. Ég get hugsað mér eina leið. Segjum t.d. að ég sé útlendingur og mig langi til að eignast helming í íslenskum banka. Hvað geri ég þá? Ég finn einhverja vesalinga á Íslandi, ekkert voðalega sterkríka, helst fátæka, og læt þá stofna hlutafélög. Ég lána þeim fyrir því, 400 þús. kr. sem til þarf, og svo lána ég hlutafélaginu mjög safaríkt lán með háum vöxtum með því skilyrði að vinurinn kaupi hlutabréfin sem ég ætla að eignast, 8% í ákveðnum banka. Þetta er ekki bannað. Það er ekki talað um veðsetningu. Ekki einu sinni óbeina veðsetningu því þetta er óbein veðsetning. Ég lána bara hlutafélaginu án nokkurra skilyrða. Ég sit að sjálfsögðu alla stjórnarfundi. Svo þarf ég bara nægilega marga, hvað þarf ég marga? Ég þarf svona 6–7 hlutafélög og vesalinga til að gera þetta. Þar með er ég kominn í meiri hluta. Þetta er bara ein leið. Ég gæti eflaust fundið fleiri leiðir. Það gleymist nefnilega alltaf að lántakandi hefur ekki síður tök á þeim sem hann lánar en eigandi. Þetta á líka við í sambandi við fiskveiðistjórnarkerfið. Þar geta menn leikið þennan leik og gera raunar. Ég vil benda á að sjávarútvegurinn skuldar 150 milljarða og yfirleitt allt í útlöndum. Hvað ætlar hann að gera ef allt gjaldfellur? Hver á þá kvótann í rauninni? Þetta hef ég bent á áður.

Hún er dálítið undanleg þessi umræða, hún er alveg stórfurðuleg. Hingað til hefur nefnilega einn aðili átt þessa banka. Enginn hefur haft verulegar áhyggjur af því. Einn aðili hefur farið hryllilega illa með þessa banka á undanförnum áratugum. Margir hafa talað um misnotkun, sparifé fuðraði upp í verðbólgu og enginn sagði neitt. Og eigandinn var hver? Ríkissjóður. Það hafði enginn áhyggjur af þessu.

Það hafði heldur enginn áhyggjur af því að ríkissjóður ætti stærsta fjölmiðil landsins. Enginn hafði áhyggjur af því.

Það sem gerist svo er að sparisjóðina, sem enginn á, langaði til að eignast FBA vegna þess að það var sniðugt að sameina FBA Kaupþingi. Það er afskaplega sniðugt og réttlætir verðið sem menn eru að tala um. En kannski ekki neitt annað — engin önnur notkun á þessum banka önnur en sameiningin réttlætir svona hátt verð. Þessir sparisjóðir eru tiltölulega samhæfð heild, mjög „hómogen" heild. Þeir hafa mikið samstarf sín á milli, eru með Reiknistofu sparisjóðanna, eru með innstæðutryggingu, eru með Sparisjóðabankann og eiga Kaupþing. Þeir vinna mjög vel saman. Þessi samheldna grúppa selur sinn hlut fjórum einstaklingum, meira að segja hópi af fólki í kringum þá, einstaklingum sem eru þekktir fyrir að vera einstaklingar og ekki sérstaklega þekktir fyrir að vera samvinnuþýðir eða vinna með öðru fólki. Þegar þessir einstaklingar kaupa í bankanum þá verða menn voða hissa en mér finnst það bara jákvætt. Það sem gerðist var að eignarhlutinn dreifðist allt í einu. Það er þó einhver sem á þetta. Fyrst átti ríkissjóður þetta alveg. Ríkissjóð á einhver, við skulum segja að skattgreiðendur eigi ríkissjóð eða borgarar landsins. Það er einhver sem á ríkissjóð. En ríkissjóður seldi þetta og hver eignaðist? Sparisjóðirnir sem enginn á, þ.e. „einhver" seldi „engum". Síðan gerist það að sparisjóðirnir selja einhverjum einstaklingum. Þá gerist það að „enginn" selur ákveðnum einstaklingum. Það finnst mér bara jákvætt. Fyrst selur „einhver" „engum" og „enginn" selur svo ákveðnum einstaklingum. Ég sem einstaklingshyggjumaður er bara ánægður með það. Það sem getur gerst núna er að þessi Orca-hópur skipti sínum hlutum upp og þá á hver þeirra undir 8% og allt í sómalagi.

Herra forseti. Ég spyr: Hvar er hættan? Hvað óttast menn? Ég hef ekki fengið nein svör við því enn þá. Það kom ekki fram í framsögu. Hvað óttast menn? Nú er það þannig að bankar og lánastofnanir byggja á trausti. Sparifjáreigandinn þarf að treysta því að vel sé farið með peninga hans, hann þarf að treysta því að fá góða ávöxtun og helst betri en annars staðar. Hvað hefur hann að óttast ef einn aðili eignast meiri hlut í bankanum? Ef hann óttast eitthvað þá fer hann bara annað, þar sem eru aðilar sem hann treystir.

Skuldararnir, hvað hafa þeir að óttast? Jú, það sjónarmið hefur komið fram að eigandinn gæti farið að hnýsast í bankann. Það er hreinlega bannað með lögum.

Ef það gerist og ef það fréttist, þá er bankinn búinn að vera. Fyrir utan það að lántakendur geta nefnilega í dag líka skipt um banka og þeir verða sífellt mikilvægari fyrir bankastofnanirnar. Góðir lántakendur eru gulls ígildi fyrir banka í dag. Ekki lengur sparifjáreigendurnir. Það syndir allt í peningum. Spurningin er, hvar er hættan? Hv. framsögumaður svaraði því í framsöguræðu sinni, hann sagði að ef einhver einn aðili kaupir stóran hlut í bankanum verður bankinn minna fýsilegur fyrir aðra. Hvað þýðir það? Eignarhluturinn lækkar í verði, verðmætið minnkar. Það þýðir að ef einhver kaupir of stóran hlut þá tapar hann lifandis býsn á því. Og af hverju skyldi hann gera það? Þetta eru hans eigin peningar. Hann er ekki að fara með fé ríkissjóðs eða sveitarfélagsins, sem hingað til hefur verið farið illa með, hann er að fara með eigin peninga og hann verður að gæta þess alla tíð að menn treysti honum. Ef hann gerir eitthvað, eignast of stóran hlut eða eitthvað slíkt, þá getur traustið farið. Eigendurnir munu tipla á tánum. Þeir gera ekkert sem veikt getur það traust sem menn bera til bankastofnana. Ég held að slíkar reglur séu algjörlega óþarfar sem hér er verið að tala um. Fyrir utan það að hægt er að fara í kringum þær, þá eru þær alveg óþarfar, vegna þess að við erum með samkeppni á bankamarkaðnum sem vonandi vex mikið eftir að ríkissjóður, þessi eini eigandi sem átti allt hingað til, dregur sig út úr markaðnum. Þá verður bara hörkusamkeppni bæði um lántakendur og sparifjáreigendur. Og eigendurnir munu tipla á tánum að veikja ekki það traust sem þeir lifa á og græða á.

[17:02]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr, hver er hættan og til hvers eru menn að þessu brölti, er þetta ekki algjörlega óþarft o.s.frv.? Einhverjar ástæðar valda því að slíkar takmarkanir eru þó við lýði jafnvíða og raun ber vitni og við skulum ætla að það séu ekki bara tilviljanir eða út í loftið eða að menn hafi gert það að gamni sínu sem einhverja æfingu í lagasetningu, heldur liggi þar á bak við rökstudd sjónarmið og viðhorf um að æskilegt sé að tryggja þessa dreifingu. Ég held að býsna sannfærandi rök séu færð fyrir því. Við getum síðan velt því fyrir okkur algjörlega óháð þessu hvort líkur verði á að slík samþjöppun verði. Eitt er að vera sammála um að hún sé óæskileg og annað er að meta líkurnar á að til þess kæmi ef engar reglur eru fyrir hendi. Ég held að hvort tveggja sé alveg ljóst, að samþjöppunin sé óæskileg og veruleg hætta er á henni við íslenskar aðstæður. Ég held reyndar að hún sé varhugaverðari og hættulegri í svona litlu hagkerfi þar sem nálægðin er jafnmikil og raun ber vitni, kunningskapurinn er jafnmikill og allt það, heldur en hún er í stóru hagkerfi. Samkeppnin er minni, færri kostum er til að dreifa o.s.frv. Setja má stór spurningarmerki við það að hve miklu leyti þetta er raunverulegur markaður sem um er að ræða og að hve miklu leyti þau lögmál sem hv. þm. vitnaði til gilda hér í viðskiptunum. Er það ekki svo að stundum sjáum við alveg borðliggjandi dæmi þess að önnur sjónarmið og aðrir hagsmunir, annað en hin sígildu lögmál viðskiptanna, ef svo má að orði komast, hafi áhrif á ákvarðanir manna? Það er spurningin um forræði, vald og ítök í stofnunum í þeim litla tebolla sem íslenski viðskiptaheimurinn er sem ræður oft og tíðum því miður miklu meiru en spurningin um dreifinguna.

Hætturnar eru auðvitað þær að annarlegir hagsmunir komi til sögunnar, að dreifingin í sjálfu sér dragi úr hættunni á misbeitingu í þágu einkahagsmuna á kostnað annarra og ef markaðurinn á að vera tryggingin en ekki lýðræðislega kjörin stjórn, eins og var t.d. í þingkjörnum bankaráðum, þá sé næstskársti kosturinn að tryggja dreifinguna.

[17:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi styð ég í sjálfu sér markmið frv. Ég vil að almenningur eigi stóran og vaxandi hlut í atvinnulífinu og það hefur sem betur fer gerst.

Einkavæðing bankanna hefur leitt til þess að tugir þúsunda einstaklinga eiga enn þá í Landsbankanum, Búnaðarbankanum og FBA, þrátt fyrir alla þá samþjöppun sem átt hefur sér stað undanfarna mánuði. Að menn setji reglur um þetta annars staðar breytir stöðunni í rauninni ekki neitt fyrir mér. Ef þær reglur halda ekki og virka ekki og eru óþarfar þá sé ég ekki að við þurfum að apa þær eftir.

Ég fékk ekki svar við því af hverju samþjöppunin er óæskileg. Ég fékk ekki svar við því. Ef menn ætla að misnota það á einhvern hátt eða misbeita valdi sínu, þá fara kúnnarnir bara eitthvað annað.

Þessar stofnanir hafa nefnilega breyst úr því að vera valdastofnanir í það að vera ósköp einfaldar þjónustustofnanir sem byggja á þjónustu og lifa á þjónustu. Það er ekki lengur þannig að þær geti beitt óskoruðu valdi til að hygla mönnum eða kúga þá, eins og þegar hálf þjóðin lá á hnjánum fyrir framan bankastjórana. Ég lenti sjálfur í þeirri stöðu að vera á hnjánum. Þetta er löngu liðin tíð. Núna eru bankar hreinlega þjónustustofnanir og lifa á því að menn treysi þeim. Ég held að öll þessi umræða sé óþörf. Á meðan við höfum samkeppnislög og Samkeppnisstofnun og við sjáum til þess að samkeppni sé í lagi, þá þurfum við ekki að óttast það sem hér er verið að tala um.

[17:06]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. stundum gera þau mistök, ef ég má leyfa mér að orða það svo, í röksemdafærslum sínum að ganga út frá því að hér ríki aðstæður fullkomins markaðar. Að menn hafi endalaust val og engin ástæða sé til að hafa áhyggjur af því þó að einhver misbeiti stöðu sinni, einhver banki fari illa að ráði sínu eða einhver ráðandi aðili þjóni hagsmunum sínum í bankanum í krafti forræðisins, að þá geti bara allir aðrir, án þess að bera af því nokkurn skaða, snúið sér eitthvert annað. Þetta er ekkert fullkominn markaður. Til hvers eru reglur af þessu tagi, allt eftirlitið með bankastarfseminni, allar þær tryggingar sem við setjum í verðbréfaviðskiptum og hvað varðar tryggingafélög og hvað varðar viðskiptabanka? Þetta er til að reyna að koma í veg fyrir slys vegna þess að þarna er verið með fjármuni almennings í höndunum. Það er þess vegna sem allt þetta flókna kerfi er sett upp sem er auðvitað af allt öðrum toga en leikreglur í almennum vöruviðskiptum eða öðru slíku, eins og ég veit að hv. þm. þekkir. Það er vegna þess að menn vilja reyna að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir af því að reynslan sýnir mönnum að slysin eru dýr og þau taka í þegar um mikla fjármuni, sparnað almennings og eigur er að ræða. Þess vegna er þetta kerfi. Ég hef mikla trú á að við getum sett með vandaðri lagasetningu leikreglur sem þjóna sambærilegum markmiðum og gerast annars staðar í heiminum. Þess vegna finnst mér það alveg fullgild röksemdafærsla að benda á að slíkt er við lýði mjög víða annars staðar.

Halda slíkar reglur? Er hægt að framfylgja þeim? Svar mitt er alveg hiklaust já. Ég veit að hv. þm. þekkir dæmin um það úr viðskiptum í nágrannalöndunum þegar menn eru miskunnarlaust píndir til þess að selja eignarhlut sinn þvers og kruss ef hann stangast á við slíkar reglur. Rupert Murdoch, fjölmiðlakóngurinn, var stoppaður af í hverri heimsálfunni á fætur annarri þegar hann ætlaði að fara að sölsa undir sig fjölmiðla í óskyldum greinum. Hann var neyddur til að selja dagblöð í Bandaríkjunum þegar hann keypti þar sjónvarpsstöð eða var það öfugt? Það eru því fjölmörg dæmi um að reglur af þessu tagi eru settar og þeim er framfylgt og þær halda í grófum dráttum.

[17:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Flestar af þeim takmörkunum sem menn eru að sjá erlendis eru á forræði samkeppnisstofnana, sem neita yfirtöku, sem neita sameiningu vegna þess að menn nái markaðsráðandi stöðu. Það sem við eigum að gera er að efla Samkeppnisstofnun, efla samkeppnislög ef við óttumst að eitthvað slíkt kunni að gerast hérna. Það er miklu skynsamlegra en að setja einhverjar fáránlegar reglur sem hægt er að fara í kringum.

Við höfum líka fjármálaeftirlit til að hindra það sem hv. þm. var að tala um. Við höfum líka innstæðutryggingu sem við ræddum um í síðustu viku. Að sameina innstæðutryggingar. Við höfum því gert heilmikið til að tryggja sparifjáreigendur sérstaklega sem ég tel að séu tryggingarþurfi, en ég tel að svona reglur séu óþarfar af því við höfum samkeppnislög. Af því við höfum neytandann, bæði sparifjáreiganda og skuldara, sem getur sem betur fer farið eitthvert annað. Það sem við þurfum að tryggja er að hann geti ávallt farið eitthvert annað. Ef hann óttast að verið sé að misnota eitthvað eða að traust hans rýrnar á ákveðinni stofnun, þá á hann alltaf að geta farið eitthvert annað. Það þurfum við að tryggja en ekki að setja reglur um að banna eitt og annað.

[17:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að lífið er ekki þannig að það sé skipulagt samkvæmt uppskriftabókmenntum frjálshyggjumanna, að ef menn létti af öllum hömlum í þjóðfélaginu þá blómstri hér frjáls markaður þar sem allir uni sælir við sitt.

Staðreyndin er sú að á markaði vill það gerast að völdin og fjármagnið færast saman og vilja safnast á fáar hendur. Af því hafa menn áhyggjur, jafnt markaðssinnar sem aðrir. Þess vegna er fram komið frv. til laga sem nú er til umræðu. Reyndar erum við ekki, eins og ég sagði, einir um þá skoðun, hún hefur verið viðruð af öðrum aðilum og mjög ákveðið af hálfu hæstv. forsrh. nú í sumar, eins og 1. flm. frv., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, gat um í framsöguræðu sinni. Hann gat einnig um það að af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur verið mjög eindregin andstaða gegn því að selja ríkisbankana. Við höfum talið það þjóna hagsmunum þjóðarinnar betur að halda þeim í þjóðareign, huga að sameiningu ríkisbankanna og stofna hér öflugan banka.

Þegar bankarnir voru gerðir að hlutafélögum fyrir fáeinum missirum, það mun hafa verið árið 1997, talaði ríkisstjórnin á mjög varfærnum nótum. Hæstv. ráðherrar, þar með talinn bankamálaráðherrann, sögðu að menn yrðu að fara mjög varlega í sakirnar. Á þeim tíma var mikill andbyr gegn slíkum áformum og það var ráðherrans hæstv. að sigla gegn þeim mótbyr og málinu í höfn með því að tala varlega. Það yrði séð til þess, sagði ráðherrann, að ef svo færi að bankarnir yrðu seldir þá mundu þeir hafna hjá ábyrgum aðilum. Hann skírskotaði til almannasamtaka, verkalýðshreyfinga, bændasamtaka, lífeyrissjóða og þar fram eftir götunum. Úr munni hæstv. bankamálaráðherra hafa komið önnur sjónarmið á undanförnum vikum og mánuðum, því miður. En á þeim tíma var þetta viðurkenning á því sjónarmiði að það skipti máli hver færi með eignarhald og völd yfir fjármálastofnunum þjóðarinnar. Það er eðlilegt að spurt sé hvers vegna ríkisstjórnin er eins áköf að selja bankana og raun ber vitni. Þetta þjónar vissulega fjárfestum á markaði, þeir vilja gjarnan komast yfir þær mikilvægu eignir, þær gefa góðan arð og veita fyrirgreiðslu sem getur skipt þá máli. Á hinum agnarsmáa íslenska markaði kann slíkt hins vegar að orka tvímælis. Til dæmis ef ráðandi hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins fengju aðilar sem eru þátttakendur á sama markaði og bankinn á að þjóna. Þetta held ég að hljóti að orka mjög tvímælis og hljóta allir að vera sammála um það, hvort sem þeir eru fylgjandi óheftum markaði eða vilja setja á hann einhverjar hömlur.

Ég held hins vegar að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin vill áköf selja bankana sé pólitísk í eðli sínu. Menn trúa því einfaldlega að þeir verði að gera þetta. Þetta tilheyri komandi öld. Við heyrðum menn kveða upp stóra dóma áðan, hv. þm. Pétur Blöndal hafði hér uppi stór orð um bankana fyrr á tíð, sagði að þeir hefðu haldið hryllilega á málum. Þetta er ekkert nýtt að menn sæki sér röksemdir til fyrri tíma og telja allt illt sem þá hafi gerst. Vissulega er það rétt að ríkisbankarnir veittu oft lánafyrirgreiðslu í byggðarlögum sem áttu undir högg að sækja.

Ég leyfi mér að fullyrða að í sumum tilvikum hafi slík lánafyrirgreiðsla verið ábyrg en ekki óábyrg ef hún þjónaði byggðarlaginu og bjargaði og treysti atvinnuöryggi fólksins sem þar bjó. Ég vara við sleggjudómum og stórudómum af þessu tagi. Ég bið menn að hugleiða annað og þegar fulltrúar ábyrgðarkenndarinnar stíga á stokk, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal, bið ég menn að gaumgæfa hvaða hagsmunum hann hefur helst talað fyrir.

Vissulega er rétt að hér fyrr á tíð voru vextir neikvæðir langtímum saman. Sparifé landsmanna, sem átti að geyma og vera öruggt í hirslum bankann, rýrnaði og ekki ætla ég að mæla því bót. En hvað hefur tekið við? Hvað er þetta ábyrga kerfi sem hefur tekið við sem gerir ekki það eitt að tryggja verðgildi sparifjárins heldur að skila eigendum þess stórfelldum arði, svo miklum að atvinnulíf á Vesturlöndum hefur iðulega riðað til falls. Einfaldlega vegna þess að svo miklir fjármunir hafa verið fluttir frá atvinnurekstrinum og frá heimilinum yfir til þeirra sem hafa fjármagnið á hendi. Geysilegir fjármagnsflutningar. Það er þetta sem hv. þm. Pétur H. Blöndal á væntanlega við þegar hann er að tala um bankana sem þjónustustofnanir. Vissulega er rétt að þær hafa í seinni tíð þjónað þessum aðilum. Þegar það gerist að fjármálastofnanirnar taka til sín á milli 5 og 10% í raunávöxtun, vexti umfram verðbólgu, er að mínum dómi hætta á ferðum. Ég held að við höfum gengið of langt í seinni tíð í því að mæra markaðshyggjuna. Við gengum svo langt í því gagnvart lífeyrissjóðunum á síðasta kjörtímabili að við settum lífeyrissjóðum í landinu þá lagaskyldu að þeim væri óheimilt að ráðstafa fjármunum á annan hátt en þann að þeir skiluðu hámarksávöxtun. Hvað þýðir þetta?

Fyrir nokkrum áratugum voru lög í landinu sem bönnuðu okur. Nú er bannað að okra ekki. Það er bannað að láta skynsemi og sanngirni stundum ráða för ef hún stríðir gegn gróðahyggju. Mér finnst þarna hafa verið stigið vafasamt spor. Eins verð ég að segja að mér finnst það vera vafasamur hlutur þegar við erum að dæma, kveða upp stóra dóma yfir ríkisbönkunum og lánastofnunum þjóðarinnar og segja allt illt sem framkvæmt hefur verið fyrri á tíð.

Herra forseti. Þetta er formálinn. Ég vil leggja á það áherslu og það er mikilvægt að enginn velkist í vafa um það að afstaða okkar er sú að það eigi ekki að selja þessa banka. Við erum hins vegar í minni hluta í þinginu og fáum ekki miklu um það ráðið. Það stendur til að selja þessar fjármálastofnanir þjóðarinnar. Þá viljum við leggja það af mörkum að staðið sé eins skynsamlega að því og kostur er. Reynar hefur komið fram að allir virðast vera á þessu máli. Ég endurtek, hæstv. forsrh. hamraði á þessu í fjölmiðlum í allt sumar og hér fyrr á tíð þótt hæstv. bankamálaráðherra hafi sveigt af för á seinni missirum þá talaði hann einnig í þá veru. Allir virðast vilja gera þetta. Þá er spurningin bara þessi, hvernig ráðumst við í það verk? Það er tæknilegt úrlausnarefni. Við höfum lagt fram tillögu hvernig unnt sé að standa að því máli.

Við höfum lagt fram frv. sem gerir ráð fyrir breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði þar sem sett yrði inn eftirfarandi klásúla, með leyfi forseta:

„Einstökum aðilum, öðrum en ríkissjóði, og skyldum og/eða fjárhagslega tengdum aðilum er óheimilt að eiga meira en 8% hlutafjár í viðskiptabanka."

Síðan er í lagagreininni frekari útlistun á því hvernig skuli að þessu staðið. Ætla ég ekki að eyða tíma mínum eða annarra í að endurtaka það, menn hafa gert rækilega grein fyrir því hér og þá sérstaklega hv. 1. flm. frv., Steingrímur J. Sigfússon.

Í grg. með frv. vísum við til þess ásetnings ríkisstjórnarinnar að tryggja dreifða eignaraðild og vísum þar til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins en í grg. með frv. á þeim tíma var sérstaklega vikið að þessu. Augljóst er að það þurfa að koma til lagaákvæði sem takmarka varanlega hámarkseign einstakra aðila sambærileg þeim sem þekkt eru víða erlendis og þekkt eru bæði í innlendum og erlendum lögum í ýmsum annars konar tilvikum.

Í grg. okkar með frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Má þar sem dæmi nefna þær takmarkanir sem eru á hámarkseign erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, sérstaklega í sjávarútvegi. Einnig mætti nefna þær breytingar sem gerðar voru nýlega á lögum um stjórn fiskveiða til að sporna við samþjöppun á eignarhaldi veiðiheimilda. Þau lög fela í sér takmörkun á hámarkseign einstakra fyrirtækja eða tengdra aðila í veiðiheimildum í einstökum tegundum og í heild. Í ýmsum nálægum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við eru takmarkanir hvað varðar hámarkseign einstakra aðila í fjármálastofnunum og reyndar ýmsum öðrum greinum, svo sem í fjölmiðlum, vel þekktar."

Síðan bendum við á að það sé óhjákvæmilegt að Alþingi taki af skarið í þessu máli og láti á það reyna hvaða innstæður eru fyrir fullyrðingum um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild og sporna við samþjöppun á eignarhaldi í mikilvægum innlendum fjármálastofnunum. Viðbúið er að um setningu slíkra reglna geti orðið pólitískar deilur en því verður varla á móti mælt að skynsamlegt sé fyrir okkur Íslendinga að fara varlega í þessum efnum. Síðan segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Slíkar takmarkanir eða reglur er alltaf hægt að rýmka síðar meir ef áhyggjur af samþjöppun og fákeppni reynast ástæðulausar. Varla getur sakað að hafa vaðið fyrir neðan sig. Eins kæmi til greina að skoða rýmri mörk hvað hámarkseign í fjármálastofnun snertir þegar í hlut eiga viðskiptabankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir. Gæti það einkum átt við ef bankar eða aðrar lánastofnanir vildu starfrækja þjónustufyrirtæki á fjármálasviði sem hefði starfsleyfi sem lánastofnun. Þær reglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru einfaldar en að mati flutningsmanna fullnægjandi til að setja hámarkshlutafjáreign og ítökum einstakra aðila í viðskiptabönkum og öðrum mikilvægum lánastofnunum takmörk."

Hér var ég, herra forseti, að lesa úr greinargerð með frv. En ég vil láta þess getið að í umræðu um þessi mál sem fram hefur farið í efh.- og viðskn. þingsins, reyndar um annað en tengt efni, söluna á hlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og þær reglur sem ríkisstjórnin vildi við hafa við söluna á honum, kom fram ákveðin nauðhyggja í máli ýmissa sérfræðinga sem komu á fund nefndarinnar. Þeir sáu öll tormerki á því að gera þetta, erfitt yrði að höndla þetta á eftirmarkaði og þar fram eftir götum. Ég vil vara við nauðhyggju

af þessu tagi. Mér finnst þetta vera uppgjöf lýðræðisins fyrir markaðnum ef menn gefast alltaf upp eftir fyrsta leik og láta alltaf sannfærast um að almenningur eigi aldrei nein tök á að bregðast við því sem hugsanlega gerist á markaðnum. Það er engu líkara en að hann sé orðinn heilagur, bara heilög ritning, og þar megi engu við hrófla. Ég vara við þeirri nauðhyggju sem rekur menn áfram og hefur því miður sett um of svip á umræðuna í sumar. Ég minnist þess t.d. í viðbrögðunum við yfirlýsingum hæstv. forsrh. í sumar þegar hann vildi setja lög um að tryggja dreifða eignaraðild eða leita ráða til þess varð þessara sjónarmiða mjög vart víða. Það kom fram í máli ýmissa ráðherra í ríkisstjórninni og einnig í fjölmiðlum og hjá fulltrúum sem eiga sæti í þessum sal.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra. Það er spurt um hv. þm. Sighvat Björgvinsson og er þar sennilega verið að ýja að því að hann hafi verið haldinn þeirri nauðhyggju sem ég vék að áðan, mig rekur ekki minni til hvað það var sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði í þessari umræðu annað en það náttúrlega að hann var einn af áköfustu stuðningsmönnum þess að bankarnir yrðu seldir, yrðu einkavæddir. Ég man ekki betur en það að það væru hv. þm. Ágúst Einarsson, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og gott ef ekki var hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem að lögðu fram tillögu á sínum tíma um að bankarnir yrðu seldir. Á þeim tíma vildu þeir dreifða eignaraðild. Það var nokkuð í tísku á þeim tíma að tala um hana og skírskota til Jeltsíns Rússlandsforseta sem var frægur forgöngumaður í einkavæðingu í heimalandi sínu en ég sakna þess sannast sagna, herra forseti, að hér skuli ekki vera fleiri alþýðuflokksmenn, núverandi samfylkingarmenn, til að taka þátt í umræðunni. Við erum að ræða mjög mikilvægt málefni og við höfum heyrt það frá hendi stjórnarþingmanna að þeir vilja taka þetta frv. alvarlega og þetta fær greinilega allgóðar undirtektir. Ég lýsi eftir því að við heyrum það frá sem flestum pólitískum fylkingum hér á þinginu á hvern hátt þær vilja taka á þessum málum.

[17:28]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur um margt farið fram ágæt umræða og um það frv. sem að hv. síðasti ræðumaður er meðflutningsmaður að. Það eru kannski nokkur atriði sem valda mér a.m.k. hugarangri og ég átta mig ekki nægilega vel á. Ég hefði viljað beina spurningum til hv. þm. sem flutti síðustu ræðu.

Í fyrsta lagi er það, virðulegi forseti, að ég vil nú fullyrða að dreifð eignaraðild ein út af fyrir sig tryggir ekki samkeppni á þessu sviði. Við skulum ekkert vera að velkjast í vafa um að dreifð eignaraðild sem slík kemur ekki í veg fyrir fákeppni. Við lestur grg. með frv. fæ ég ekki séð að það hafi heldur verið markmiðið. Markmiðið sem slíkt er dreifð eignaraðild í sjálfu sér, þ.e., dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum. Það er það sem að er stefnt í þessu frv. Því vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm. Ögmundar Jónassonar hvort hann líti á viðskiptabanka, því frv. takmarkast við viðskiptabanka, ekki almennt við fjármálastofnanir og ekki sparisjóði, heldur viðskiptabanka, ef ég skil þetta rétt. Lítur hann þá á viðskiptabanka sem valdastofnanir miklu frekar en þjónustustofnanir? Mér þætti fróðlegt að fá fram hvert viðhorf hans er í þeim efnum.

Enn fremur vil ég spyrja hvort hættan með frv. af þessum toga — ég vil taka fram að ég er mjög fylgjandi því að menn nái því markmiði að tryggja hér sem öflugasta samkeppni hvort sem gert verður með þessum hætti eða öðrum — verði ekki sú að ráðandi hlutur í þessum fyrirtækjum byggist á færri stigum í prósentum talið en ella. Við höfum sem dæmi óskabarn þjóðarinnar, Eimskip, þar sem ráðandi hlutur er kannski miklu minni en 50%. Það er einkum um þessi atriði sem mér þætti vænt um að heyra frá hv. þm.

[17:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur oft komið fram í máli mínu og annarra sem tala fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í þessu máli að skilningur okkar á verulega dreifðri eignaraðild sé sá að þessum stofnunum sé haldið í eigu þjóðarinnar allrar, 275 þúsund einstaklinga, en ekki takmörkuð við fáeina aðila sem hafa fjárráð til að kaupa sig inn í þessa eign. Við skulum minnast þess að þegar reglur voru settar um sölu ríkisins á hlutnum í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þurfti viðkomandi að hafa 6 millj. kr. upp á vasann til þess að teljast gjaldgengur. Þetta er fyrsta atriðið og við erum vissulega á þessu máli.

Takmarkið er dreifð eignaraðild vegna þess að við teljum að hún skipti máli. Eru bankar valdastofnanir eða þjónustustofnanir? Þeir eru hvort tveggja. Það skiptir máli hverjir stýra fjármálalífi þjóðarinnar, hverjir hafa milljarðana til ráðstöfunar, hverjir veita lánin og á hvaða forsendum ákvarðanir eru teknar. Þá skiptir máli að menn komi að úr sem flestum áttum. Ég held að það hafi verið gott kerfi sem við höfum haft í ríkisbönkunum, að hafa þar inni fulltrúa úr ýmsum öngum þjóðlífsins. Þeir hafa verið skipaðir af stjórnmálaflokkunum og ég held að það hafi verið til góðs. Nú á að afnema það kerfi og þá er hætta á því að þeir sem koma til með að stýra fjármálastofnunum komi allir úr einni átt. Sú átt heitir Sjálfstæðisflokkurinn.

[17:33]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi svarað þeim fyrirspurnum ágætlega og nokkuð skýrt sem ég bar fyrir hann. Ég held líka að hér hafi komið fram sá grundvallarvilji sem hv. þm. stendur fyrir og hefur gert með einum eða öðrum hætti í þinginu. Hann telur að stofnunum eins og þessum sé betur fyrir komið í höndum ríkisins en í höndum einkaaðila. Hann telur betra að fulltrúar stjórnmálahreyfinga fari þar frekar með stjórnina en þeir sem þar eiga beinna hagsmuna að gæta. Ég held að þetta hafi verið nokkuð skýrt.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að við erum þarna ekki samstiga og það liggur fyrir. Ég held að ég hafi fengið það fram sem ég vildi frá hv. þm. og ég þakka honum fyrir skýr svör.

[17:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú var tíðin að menn ræddu hvort þeir vildu blandað hagkerfi. Þessu var oft beint gegn vinstri mönnum, að þeir væru andvígir blönduðu hagkerfi. Nú er rétt að snúa þessu við og spyrja hægri mennina að því hvort þeir séu hlynntir eða andvígir blönduðu hagkerfi. Ég er hlynntur blönduðu hagkerfi. Ég vil hafa öflugan ríkisbanka sem lýtur forsjá almennings en síðan vil ég að sjálfsögðu að þar við hlið blómstri aðrar fjármálastofnanir.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum hlynnt blönduðu hagkerfi. Við viljum ekki einsleitni í þessum efnum. Það eru aðrir sem hafa tekið upp það merki.

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Auglýsingar og auglýsingagerð, 82. mál, fsp. GE, þskj. 82.

Ráðstefnan Konur og lýðræði, 84. mál, fsp. GÖ, þskj. 84.

[17:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það hefur verið sagt að engin ríkisstjórn nokkurs staðar sem taki sig alvarlega léti meiri háttar bankastofnun fara á höfuðið ef illa gengi. Reyndin er sú, víðast hvar a.m.k., að þessi setning hefur sannast. Hvers vegna nefni ég þetta til sögunnar? Það er til að undirstrika að um bankastarfsemi gilda önnur lögmál en um aðra starfsemi á hinum frjálsa markaði.

Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að þegar menn hafa rætt um ákveðin sjónarmið sem mönnum eins og mér þykja eiga að gilda um bankastarfsemi þá er því haldið fram að þetta séu reglur sem almennt séu til óþurftar gagnvart heilbrigðri markaðsstarfsemi og flæði á markaði. Ég get tekið undir það að sumar þær reglur sem ég tel að eigi að gilda um bankastarfsemi geta verið óþægilegar og valdið töfum við venjuleg viðskipti á markaði. Ég tel líka að um bankana og slíkar stofnanir gildi önnur lögmál, til að mynda það sem ég nefndi áðan að engin ríkisstjórn lætur bankastarfsemi eða bankastofnun sem einhverju máli nær, fara á höfuðið. Í þessari óskrifuðu staðreynd felst að þessar stofnanir vinna með óbeinum hætti í skjóli hins opinbera, ríkisvaldsins. Við sáum hvað gerðist í Noregi, við sáum hvað gerðist í Svíþjóð við síðustu bankakreppu. Stóri bróðir, ríkið, kom til skjalanna, tók yfir bankana á nýjan leik og er síðan að reyna að losa sig við þá aftur.

Hvers vegna skyldi þessi óskráða regla vera í gildi? Hún er í gildi vegna þess að menn telja að ríkja þurfi alveg sérstakt traust hjá almenningi gagnvart þessum lánastofnunum. Af sömu ástæðum setjum við reglur sem mér skilst að við séum sammála um, flest hver a.m.k., sem ná til þessara stofnana eða sambærilegra stofnana en ekki annarra. Vissar stofnanir eiga að sjá um að haldið sé uppi tilteknu eftirliti með stofnunum af þessu tagi og þeim séu settar reglur sem öðrum fyrirtækjum á markaði er ekki gert að fara eftir. Þetta bendir enn til þess að undirliggjandi sé skilningur á því að um þessar stofnanir eigi að gilda önnur ákvæði en um aðrar.

Menn hafa bent á að í lögum eru ákvæði sem menn hafa leyft sér að kalla „skúrkaákvæði". Ég tek fram að það heiti er ekki til í lögunum en það er eins konar samheiti yfir tiltekin ákvæði sem voru í lögum um viðskiptabanka og eru nú í lögum um fjármálaeftirlit. Hvers vegna tala menn opinskátt um skúrkaákvæði í því samhengi? Það er vegna þess að menn telja að gæta þurfi þess að þeir sem komi höndum yfir banka uppfylli vissar skyldur. Og hvers vegna banka? Það er vegna þess að bankarnir hafa puttana í flestu sem gerist í þjóðfélaginu, hafa mikið trúnaðarsamband við fólk og fyrirtæki, vita allt um hagi þeirra.

Þá erum við komin að þættinum varðandi dreifða eignaraðild. Ég vek athygli á að viðtal sem Morgunblaðið hefur vitnað til — og sumir hv. þm. hafa sýnt mér þann sóma að vitna í það viðtal nú — var birt og vakti ekki mikla athygli þegar ekkert fjaðrafok hafði orðið. Þau sjónarmið voru því ekki sett fram í tilefni af neinu fjaðrafoki. Það voru efnisleg sjónarmið sem ég trúi á að eigi að gilda í þessum efnum.

Fyrir því eru rök, til að mynda þau að það sé ekki hollt fyrir banka að tilteknir aðilar sem eru í samkeppni í þjóðfélaginu verði það sterkir innan bankans að þeir geti ráðið þar lögum og lofum. Þá gætu hagsmunir viðkomandi aðila farið að þýða meira fyrir bankann en þeir hagsmunir sem bankinn á almennt að tryggja. Þó það verði kannski ekki svo léttilega sannað, bendi ég á það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði fyrr í dag, að um bankana yrði að ríkja traust en þeir sem væru í samkeppni við ráðandi eiganda í bankanum gætu með réttu eða röngu farið að ímynda sér að sú fyrirgreiðsla og þjónusta sem þeir fengju væri með á einhvern hátt lakari vegna þess að það hentaði aðila sem ætti hlut í bankanum, að þannig væri komið fram við þá og þar með nyti bankinn ekki sama trausts.

Hv. þm. Pétur Blöndal sagði líka áðan, að vísu í öðru samhengi og ekki til að rökstyðja það sem ég vil rökstyðja, að lánveitandi réði oft meiru um hlut en sá sem færi með eignarhald á hlutnum. Það er alveg rétt að um tiltekinn tíma getur það verið þannig. Þannig getur banki verið í lykilstöðu gagnvart fjölmörgum aðilum í þjóðfélaginu. Ég sagði hins vegar í því viðtali sem til hefur verið vitnað að einhver prósenta væri nægjanleg, ég nefndi það ekki þannig að ég væri skuldbundinn henni, 3–8% eða svo, til að skapa leiðbeinandi forustu í banka. Vitað er að það er nauðsynlegt fyrir sæmileg rekstrarskilyrði í banka að sæmilega ábyrgur hlutur sé fyrir hendi innan slíks banka til að veita slíka forustu.

Þá sagði hv. þm. að það væri þekkt, þar sem eignarhald væri dreift, að slíkur aðili gæti náð mjög miklu valdi og það er alveg rétt. En svarið við því er: Nái aðili miklum áhrifum, kannski 7–9% í banka, og fari síðan að beita þeim með annarlegum hætti þá eru skilyrði fyrir hendi fyrir hina hluthafana til að bregðast við, safnast saman til ákvörðunar og standa gegn honum. Það gengur ekki upp ef þessi aðili hefur svo mikil áhrif í bankanum, svo stóran hlut að menn nái sér ekki saman. Ég man reyndar ekki betur en að hv. þm. Pétur Blöndal, sem því miður er farinn úr salnum, hafi sjálfur staðið fyrir miklu, það er nú ekki rétt að segja uppþoti — mig vantar eitthvert annað orð sem mundi passa betur — í Borgarleikhúsinu, safnað saman umboðum til þess að koma í veg fyrir að menn með 8–9% hlut í banka stýrðu honum jafnvitleysislega og þeir virtust gera að mati Péturs. Svona vill stundum fara, að menn þurfa að safnast saman. Menn eiga frekar möguleika að gera eins og hv. þm. Pétur Blöndal ef það er ekki einhver einn aðili sem á 30, 40 eða 50% hlut í viðkomandi banka. Við setjum meira að segja peninga til hliðar, ríkisvaldið, til þess að bregðast við þegar banki lendir í ógöngum. Það gerum við ekki fyrir matvörumarkaði, af því að þau fyrirtæki eru oft nefnd, skipafélög eða slík fyrirtæki. Við setjum ekki peninga til hliðar gagnvart slíkum fyrirtækjum.

Allt þetta segir manni að það er frambærilegt að setja reglur ef ekki eru, eins og víðast annars staðar, ríkar heðir á slíkum hlutum, óskrifuð lög. Ég get alveg sagt fyrir mig að ég treysti slíku jafn vel og skrifuðum lögum ef það hefur haldið áratugum saman. Eins og ég segi eru þetta eru rökin fyrir því að gagnvart slíkum stofnunum verði slíkar reglur að gilda. Ég held að það hafi heilmikið að segja upp á að viðkomandi stofnun njóti viðvarandi trausts.

Það má segja að viðtalið sem við mig var tekið í Morgunblaðinu hafi á sínum tíma ekki vakið mikla athygli vegna þess að málið var ekki uppi á borði. Við höfum búið við að sá banki sem hér hefur lengstum verið stærstur sem einkabanki,

Íslandsbanki, að þar virðist ekki hafa fara fram, eins og gerst hefur sums staðar annars staðar, keppni um að ná úrslitayfirráðum í bankanum. Ég held að a.m.k. ein af skýringunum í þeim efnum sé sú að menn vissu að það mundi veikja traust á bankanum ef einhver einn næði ofurvaldi á honum. Ég er sannfærður um það en jafnframt sannfærður um að til góðs hafi verið að almenningsfyrirtæki á borð við lífeyrissjóði hafi þar komið að málum. Þau hafa ekki og geta ekki haft neina annarlega ástæðu til þess að taka þátt í starfsemi af því tagi.

Mér brá því nokkuð við þegar þessi sjónarmið mín voru síðan reifuð á nýjan leik á haustmánuðum. Þá var talið að þau viðhorf væru komin upp vegna annarlegrar afstöðu af minni hálfu. En ég var eingöngu að halda mig við það efni og þá skoðun sem ég hef haft á þessum málum gagnvart slíkum fyrirtækjum.

Ég hef reyndar sagt það líka að ég er þeirrar skoðunar að við hefðum ekki fengið það í gegn, hvorugur stjórnarflokkurinn, *ekki heldur í mínum flokki, að fara út í sölu á* bönkum og slíkum fyrirtækjum ef menn hefðu ekki vitað að fyrir okkur vakti að reyna að tryggja það að eignaraðild á þessum bönkum yrði dreifð. Þau skref sem við höfum stigið hafa verið mörkuð því. Hvernig sem svo hefur til tekist þá hafa þau verið mörkuð því og þeim vilja að eignarhaldið væri dreift.

En mér brá sem sagt nokkuð við þegar þetta allt saman kom upp. Þá komu vísustu menn fram á sjónarsviðið án þess að þurfa að kynna sig nokkurn skapaðan hlut og héldu því fram hver á fætur öðrum að þetta væri náttúrlega bara gamaldags vanþekking á markaðnum, menn væru ekki enn búnir að læra hvernig markaður þrífist og gengi, þetta þekktist hvergi og þessum reglum væri hægt að fyrirkoma með alls konar plati fram og til baka og nægir menn væru til þess að reyna að fara í kringum það allt saman.

Sagan er ekki sú. Sagan er þvert á móti önnur. Annars staðar stendur ekki vilji manna til þess að reyna að fara á svig við slíkar reglur vegna þess að viðskiptalífið mundi bregðast illa við því ef bankar lentu í höndum örfárra aðila sem hefðu víðtæka hagsmuni annars staðar í viðskiptalífinu. Og eins og hv. 1. flm. þessa máls gerði nokkra grein fyrir, þá eru víða í löndum skráðar reglur og kannski víðar heldur en ekki. Þær eru ekki allar sambærilegar en þær hníga allar að sama marki. Þetta eru reglur sem hníga að því að tryggja dreifða eignaraðild. Ég fæ ekki séð að hægt sé færa sannfærandi rök fyrir því að mönnum hafi tekist og vilji þeirra hafi staðið til þess, a.m.k. víðast hvar — undantekningar eru auðvitað fyrir hendi — að komast fram hjá slíkum reglum.

Ég vonast til þess að þetta mál fái málefnalega og góða skoðun í efh.- og viðskn. Ég tel að það sé á öllum réttum forsendum flutt. Ég er ekki að taka afstöðu til einstakra þátta frv. Ég er ekki að binda mig gagnvart einstökum prósentum eða neinum slíkum hlutum en ég vænti þess og vona að efh.- og viðskn. taki málefnalega á málinu og kynni sér rækilega hvernig að þessu er staðið annars staðar. Auðvitað er ég þeirrar skoðunar öfugt við hv. þm. Ögmund Jónasson af því *að ég er meiri markaðsmaður en hann og hef ekki sömu* trú á ríkisfyrirtækjum og hann, að það eigi ekki að leggja óþarfa steina í götu markaðarins. Ég er ekki þeirrar skoðunar og kemur ekki hv. þm. á óvart. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar að það sé hollt fyrir markaðinn að hann búi við reglur en gangi ekki trylltur og laus alveg eins og með þau börn sem okkur þykist vænst um og viljum láta ná sem mestum árangri. Við viljum ekki heldur að þau lúti ekki a.m.k. ákveðnum uppeldisreglum og leikreglum sem þau verða að virða þannig að þau gangi ekki á rétt og hagsmuni annarra og þar með kannski víki frá þeim markmiðum sem menn setja sér í uppeldi barna eða við rekstur á markaði. Þess vegna viljum við hafa öflugt fjármálaeftirlit, til að mynda gagnvart svona stofnunum. Ríkisstjórnin er einmitt um þessar mundir að skoða frumvarpsdrög að slíkum reglum sem hæstv. viðskrh. hefur látið undirbúa og við viljum einnig að samkeppnisreglur séu virtar.

Ég hef opinberlega lýst þeim sjónarmiðum mínum yfir að það hafi komið beinlínis fram að samþjöppum á matvörumarkaði er að leiða til hækkunar á vöruverði umfram það sem hægt er að fá skýringar á. Þessu hafa sumir tekið illa en þetta er það sem mér finnst blasa við miðað við þær tölur sem Hagstofan leggur hlutlaust fram og reiknar út, þ.e. að þar hafi þessi mikla samþjöppun á matvörumarkaðnum leitt til þess að vöruverð og þar með hagur neytenda fari versnandi.

*Það leikur ekki vafi á því að forsvarsaðilar á matvöru*markaði á undanförnum árum hafa gert mjög góða hluti í þágu neytenda sem þeir eiga virkilegar þakkir skildar fyrir. Þeir hafa tryggt bæði mjög fjölbreytt vöruúrval hér og tiltölulega lágt vöruverð. En því miður eru merki á lofti um að samþjöppunin í þessum geira, ef nota má það orð, sé orðin of mikil og nú séu hlutirnir að ganga á hina hliðina sem er okkur ekki jafnhugleikin, þ.e. að neytandinn sé nokkuð svikinn miðað við það sem áður var hvað þetta varðar.

Fortíðin hefur verið nefnd, ríkisbankarnir og hvernig allt væri fordæmt sem þeir gerðu. Ég get tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að margt má færa fram bönkunum til varnar og ekki voru allar þeirra aðgerðir, fjarri því, til bölvunar og ekki er hægt að alhæfa neitt í þeim efnum. En það sem var erfitt á þeim árum og fól í sér mikið óréttlæti sem fólkið skildi ekki, við hinir venjulegu borgarar og okkar fyrirrennarar lifandi í landinu skildu ekki, var að við verðbólguástand og óverðtryggð kjör höfðu bankastjórar vald til þess að ráða því hver yrði ríkur og hver fátækur. Það var bara þannig að lán, ég tala nú ekki um mjög gott lán til lengri tíma, gat ráðið því hvort viðkomandi varð húseigandi til að mynda á skömmum tíma og slapp tiltölulega billega. Það er seinna meir þegar mönnum fór að verða þetta ljóst að þeim fór að líða illa við núverandi kerfi. Við sem erum orðnir nokkuð gamlir eins og ég keyptum, ég held að það hafi verið vikulega, einhver merki í barnaskólanum af Landsbankanum, krónur og límdum inn í bók sem hét Græddur er geymdur eyrir. Það var alveg rétt, þessi eyrir var græddur en ekki fyrir þá krakka sem voru að líma þetta inn. Það voru einhverjir allt aðrir sem græddu á því. Það er þetta sem situr í mönnum.

Það er ekki einu sinni hægt að segja að þetta hafi verið þessum bankamönnum að kenna. Þetta var það efnahagsástand og sá efnahagsrammi sem þeir bjuggu við. En þetta bjó til þetta lögmál. Og það var ekkert skrýtið að menn færu skríðandi fyrir þessa ágætu menn því að þeir réðu því hvort þú varðst ríkur eða fátækur, meira en flestir aðrir. Þeir höfðu kannski ekki alveg síðasta orðið í öllum tilvikum en þeir réðu nokkuð miklu um það. Þess vegna fóru menn þarna skríðandi.

Ég minnist þess þegar ég var að kaupa einhvern tíma bíldruslu að ég varð að fara á milli fjögurra bankastjóra. Ég held að það hafi tekið hálfan mánuð að komast að. Nú síðast þegar ég keypti bíl sýndi ungur sölumaður á bílasölunni mér

bara ramma sem sagði: „Þetta geta allir fengið. Ef þú vilt skulda í eitt ár, tvö ár, þrjú ár, fjögur ár, fimm ár, þá borgarðu þetta og þetta og þetta og þetta.“ Ég sagði: „Þarf ekki að tala við neinn?“ „Nei, bara við mig.“ Þetta var bankastjórinn minn, þessi ungi maður og þetta stóð allt eins og stafur á bók og var afskaplega gott, kannski allt of freistandi fyrir okkur sum. Menn fara kannski aðeins of glaðir fram í eyðslu fyrir vikið. En þetta var ekki í þann tíð með þessum hætti og þetta gat ráðið miklu. Og ég skal segja hv. þingmönnum að á þeim árum var ég algerlega á móti því að bönkum fækkaði af því að ég gat ekki hugsað mér að einn eða tveir bankastjórar gætu setið yfir höfðum manna. Ef maður var búinn að koma sér út úr húsi hjá einum bankastjóra, þá átti maður enga möguleika í landinu.

Nú er þessu öðruvísi farið og nú erum við skyndilega lent í því að til að okkar bankar í alþjóðlegu umhverfi standist öðrum bönkum snúning, þá þurfum við að hafa þá sterkari og stærri. Og nú eru þeir komnir með þjónustulund vegna þess að þeir eru komnir í óbeina samkeppni við fullt af öðrum aðilum.

Maður fer svona vítt og breitt um sviðið í tilefni af frv. sem hér er til umræðu og eins og ég segi, vænti að fái málefnalega skoðun í hv. efh.- og viðskn. án þess að ég taki á annan hátt afstöðu til þess að þessu stigi.

[17:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef áhuga á að fá svar við því hvort hæstv. forsrh. hafi í bígerð frv. af því tagi sem hér hefur verið lagt fram, og ef svo er ekki, hvers vegna það hafi ekki orðið til. Mig langar til þess að geta áttað mig á því hvort hæstv. forsrh. sé í einhvers konar minni hluta í ríkisstjórninni, hvort hann fái ekki sínum sjónarmiðum framgengt þar og hvort hann sjái sér helst hald í því að leita nú á náðir stjórnarandstöðu til þess að koma málum sínum fram. Mig langar til þess að vita hvort ríkisstjórnin hafi ekki eina skoðun í þessu máli. Og mig langar afskaplega mikið til þess að vita hvernig hæstv. forsrh. sjái fyrir sér framhaldið ef þetta frv. verður ekki að lögum vegna þess að það sem ríkisstjórnin er búin að gera í þessu máli tryggir svo sannarlega ekki dreifða eignaraðild að bönkum. Það er einungis tryggt að selt verði með einhverjum tilteknum hætti en ekki að það verði neitt hægt að hafa áhrif á framhaldið.

Þess vegna spyr ég: Er hæstv. forsrh. að segja okkur með ræðu sinni hérna að hann ráði ekki lengur ferðinni? Ég hef mikinn áhuga á því, hæstv. forseti, að fá svör við þessum spurningum núna.

[17:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margoft komið fram í umræðum á opinberum vettvangi að innan ríkisstjórnarinnar er algjör samstaða um að meginmarkmiðið eigi að vera það að eignarhald á bönkum skuli vera dreift. Ég er sannfærður um að í ríkisstjórnarflokkunum, og þá ekki síst í mínum eigin flokki, er ágreiningur um það hvernig það verður gert.

Hér talaði á undan mér ágætur flokksbróðir minn og það kom alveg skýrt fram hjá honum að hann vildi ekki, ef ég skildi hann rétt, festa slíkar reglur í lög, það væri óþarft, hann væri sammála meginmarkmiðunum en það væri óþarft vegna þess að kerfið væri þannig að það mundi leiða til þess að þegar upp væri staðið yrði eignarhaldið dreift hvernig sem menn stofnuðu til málsins í upphafi. Menn hafa mismunandi skoðanir á þessu, þar á meðal í mínum þingflokki eins og komið hefur fram. Formaður efh.- og viðskn. lýsti opinberlega yfir svipuðum sjónarmiðum, kannski ekki eins afdráttarlausum, eins og menn muna þegar ég kom fram með þessi meginsjónarmið.

En ég tel ekki neinn ágreining um meginmarkmiðin, að eignarhald í þessum fyrirtækjum eigi að vera frjálst. Það sjá menn á því hvernig við höfum staðið að málum frá upphafi gagnvart bönkunum, gagnvart Búnaðarbanka, gagnvart Landsbanka, gagnvart Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og hvernig ríkisstjórnin brást við nú þegar hennar stefna hafði aðeins farið á hlið vegna utanaðkomandi aðgerða. Þær reglur sem ríkisstjórnin mótaði og varð fullkomlega sammála um hafa mælst mjög vel fyrir hjá markaðnum eða þeim sem þarf starfa.

Í annan stað vek ég athygli á því að ég nefndi það sérstaklega að hæstv. viðskrh. hefur undirbúið á undanförnum vikum — og það er náttúrlega til umræðu í ríkisstjórn — frv. sem styrkir mjög vald Fjármálaeftirlitsins. Vera má að slíkt vald geri það líklegra að sú skipan sem mér er kærust, að hægt sé að búa við óskrifaðar reglur í þessum efnum, geti náð fram að ganga. Ég verð því að hryggja hv. þm. með því að það eru engin vandamál í ríkisstjórninni varðandi þetta mál.

[17:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki miklu nær. Eiginlega skilst mér helst að hæstv. forsrh. eigi ekki von á neinum lagasetningum frá hendi ríkisstjórnarinnar til þess að tryggja þetta sameiginlega markmið sem hann segir að sé fyrir hendi hjá ríkisstjórnarflokkunum. Mér finnst vera mikil breyting orðin á frá því í sumar þegar hæstv. forsrh. var svona fríhendis í fjölmiðlum að móta stefnuna í málefnum bankanna. Þá stóð ekki á yfirlýsingum um að tryggja þessa dreifðu eignaraðild. Nú virðist hæstv. forsrh. setja traust sitt á hæstv. viðskrh. sem muni gera þetta með einhverjum allt öðrum reglum en hér eru til umræðu í dag. Ég tek það þannig að hæstv. forsrh. hafi hreinlega orðið undir í ríkisstjórninni og samkomulagið sé ekkert betra en svo að ekki sé hægt að ná saman um þetta mál og nú hafi hæstv. viðskrh. hrósað sigri og geri það sem honum sýnist í þessu máli.

[17:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. féll í þá gryfju sem ég nefndi að menn hefðu gert áður, að telja að þau sjónarmið sem ég kom með í ágústmánuði sl. væru ný. Þar var ég eingöngu að árétta þau meginsjónarmið sem ég hef haft, að það er æskilegt og þarft að eignarhald sé sem dreifðast í bankakerfinu. Ég hef löngum og lengstum bundið við það vonir að það gæti gerst án skriflegra reglna. Ég hef vakið athygli á því að það hefur víða gengið.

Ég hef líka sagt að ég í mínu hjarta er ekki á móti því að reglur séu skrifaðar sé þess nauðsyn vegna þess að ég tel svo mikilvægt að sú skipan haldist fyrir bankana, fyrir viðskiptamennina og fyrir þjóðfélagið allt. Með sama hætti sagði ég opinberlega í þeim samtölum sem hv. þm. taldi til, og lagði áherslu á — ég vona að hv. þm. hafi tekið eftir því á sínum tíma — að rétt væri að treysta stöðu og styrkja stöðu Fjármálaeftirlitsins. Það er það sem hæstv. viðskrh. er nákvæmlega að gera núna. Hann er ekki að gera það kúgaður af mér. Hann er að gera það vegna þess að hinn stjórnarflokkurinn er samstiga Sjálfstfl. í þessum efnum. Hann hefur sömu meginsjónarmið og það hefur komið fram hjá þeim

stjórnarflokki nú um nokkra hríð alveg frá því að rætt var um sölu á bönkunum.

Ég hygg að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi sagt í upphafi máls, því honum fannst aðeins hafa dregið úr — eða hvort það var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon — að viðskrh. hefði einmitt lagt höfuðáherslu á að tryggja að eignarhald væri sem dreifðast.

[18:01]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. hefur gert ágæta grein fyrir viðhorfum sínum í þessu máli. Ég get hins vegar bent honum á að Samfylkingin hefur nú þegar kynnt frv. til breytinga á þeim atriðum sem hann nefndi sérstaklega, hvað varðar fjármálaeftirlit, að styrkja viðskiptasiðferði, samkeppnislög o.s.frv. En það var ekki aðalatriðið.

Ég held, virðulegi forseti, að mikilvægast sé að hæstv. forsrh. geri örlitla grein fyrir öðru, þar sem hann gerði mjög skýra grein fyrir viðhorfum sínum um dreifða eignaraðild í viðtali í Morgunblaðinu og nokkuð hefur verið vitnað til í þessari umræðu. Í kjölfar sölunnar á bréfum í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins eignaðist eignarhaldsfélag Kaupþings og sparisjóðanna stóran hlut í bankanum. Ef mig misminnir ekki þá var sá hlutur um það bil 28%. Þegar það lá ljóst fyrir, vitaskuld í opinberum gögnum um þennan eignarhlut, þá heyrðist ekkert frá hæstv. forsrh. Hann ítrekaði ekki þau viðhorf sem fram komu í Morgunblaðsviðtali í ágústmánuði 1998. En eftir að þessi sami eignarhlutur sem þá var 28% er seldur eignarhaldsfélaginu Orca hf. sem skráð er í Lúxemborg, að ég best veit, þá kemur hæstv. forsrh. fram og lýsir því yfir að það sé algerlega nauðsynlegt að kúvenda í einkavæðingu þessa ríkisbanka og koma í veg fyrir að hann lendi í höndum á fáeinum aðilum.

Mín spurning til hæstv. forsrh. er þessi: Hvað breyttist frá því að eignarhaldsfélög Kaupþings og sparisjóðanna eignuðust þennan hlut þar til eignarhaldsfélagið Orca eignaðist sama hlutinn? Hver er eðlismunur á þeim félögum sem þarna eiga nánast sama stóra ráðandi hlutinn?

[18:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að hv. þm. nefndi í upphafi að Samfylkingin væri komin með hugmyndir að málum sem að þessu lúta. Ég tók eftir því á sérstökum fundi. Ég var afskaplega ánægður með það vegna þess að þá hætti Samfylkingin að tala svona í fjórar höfuðáttir í þessu máli eins og hún hafði gert þegar málið var uppi. Þeir höfðu hins vegar lent á mjög svipuðum brautum og þeim sem ég hafði kynnt en hef hins vegar fengið miklar árásir á mig fyrir, m.a. af hv. þm. formanni Alþfl. En sem betur fer fór allt aftur í réttan farveg og ég óska Samfylkingunni til hamingju með það. Ég vona að hún geti staðið þokkalega saman um það í einhverjar vikur.

En varðandi hinn þáttinn þá var ég þeirrar skoðunar og taldi reyndar víst að eignarhaldið á þessum hlutum í Fjárfestingarbankanum væri hjá sparisjóðunum. Ég hafði ekki áttað mig á því að þeir hefðu allir verið færðir til þessa félags og reyndar ekki til Kaupþings heldur til einhvers félags sem skráð væri úti í Lúxemborg, Scandinavian Holdings. Ég hafði ekki áttað mig á því og tek eftir að mjög margir höfðu ekki áttað sig á því.

Ég vek athygli á því sérstaklega að í þeim reglum frá einkavæðingarnefnd sem fram komu við sölu á bréfunum nú er tekið fram að sparisjóðirnir sem slíkir eru ekki taldir ofskyldir aðilar til að geta átt slík bréf. Það kemur sérstaklega fram í þeim reglum sem þar eru ákveðnar. Ég held reyndar að hluturinn hafi ekki verið 28%, mig minnir frekar að hann væri 24%. Þó er ég ekki alveg viss.

[18:05]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og er að það hefur verið ólíkt meiri samhljómur í ræðum Samfylkingarinnar í þessu máli en birtist núna á haustdögum í máli hæstvirtra ráðherra þessarar ríkisstjórnar. Þó virðist niðurstaðan sú að hæstv. forsrh. hafi að einhverju leyti orðið undir.

Ég skil þá hæstv. forsrh. svo að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því að þessi samþjöppun hafi átt sér stað og af þeirri ástæðu hafi hann ekki brugðist við á nokkurn hátt. Hann áttaði sig ekki á því að þessi samþjöppun hefði átt sér stað þrátt fyrir, virðulegi forseti, að þessi umræða hafi verið veruleg í fjölmiðlum almennt, m.a. í kjölfar svonefndra kennitöluviðskipta. Kennitöluviðskipti voru almennt í mikilli umræðu og m.a. í þessari stofnun. Hæstv. forsrh. hafði ekki áttað sig á því að þessi samþjöppun á eignarhaldi hafi átt sér stað. Hann kveðst ekki hafa áttað sig á því fyrr en við þessa sölu.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta kemur mér verulega á óvart en það var nokkuð gott að hæstv. forsrh. skyldi skýra þessi viðhorf sín með þessum hætti.

[18:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. örstuttrar spurningar: Vissi hv. þm. að þessi hlutur, 24% í Fjárfestingarbankanum, væri kominn í eigu hlutafélags í Lúxemborg?

[18:07]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Af því að hæstv. forsrh. spyr þá get ég upplýst hann um að ég var ekki nákvæmlega með það hve há þessi prósenta væri. En það var almennt vitað í umræðunni að þessir aðilar væru orðnir mjög stórir á þessu sviði. (**Forsrh.:** Vissir þú að Scandinavian Holdings í Lúxemborg ætti þennan hlut? Já eða nei.) Virðulegi forseti. Það vissu allir að menn mundu setja þetta í ákveðið eignarhaldsform. Hvort það er í Lúxemborg eða ekki, virðulegi forseti, finnst mér mikill barnaskapur að gera að einhverju sérstöku atriði í þessari umræðu. (**Forsrh.:** Vissir þú það?)

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki beinar upplýsingar um það en ég vissi að Kaupþing og sparisjóðirnir áttu þennan hlut, áttu þarna verulega stóran hlut. Hversu stór hann var vissi ég ekki en það kom mér ekki á óvart að hann væri á bilinu 20–25%, virðulegi forseti.

[18:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom á daginn að sparisjóðirnir áttu það ekki heldur eingöngu Kaupþing. Háttvirtur þingmaður virðist því hafa verið jafnsaklaus og ég í þessum efnum. Ég vek athygli á því að ef sparisjóðirnir, samkvæmt þeim reglum sem nú eru, hefðu átt þessi bréf hver fyrir sig, þá væri ekki talið að þar væri um skyldan aðila að ræða. En þegar kominn var einn aðili sem sparisjóðirnir áttu að vísu 100%, einn aðili skyldur sjálfum sér væntanlega, þá var það kominn í þann hlut sem sannfærði mig um að þróunin væri mjög óæskileg. Reyndar kom á daginn að það væri ekki Kaupþing heldur Scandinavian Holdings, skrásett í Lúxemborg eins og nú er í tísku.

[18:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki frá því að hæstv. forsrh. hafi bæði spurt og svarað. Það liggur fyrir að Kaupþing er í eigu sparisjóðanna svo það þarf ekki að koma neinum á óvart þó að sparisjóðirnir hafi verið mjög ráðandi í þessum efnum. Ég held, virðulegi forseti, að við þetta sé litlu að bæta.

[18:09]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ef það er að koma að lokum þessarar umræðu, þá ætla ég ekki að láta hjá líða að þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur orðið um frv. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að tryggja dreifða eignaraðild að viðskiptabönkum og lánastofnunum. Ég ætla að leyfa mér að gefa henni þá einkunn að hún hafi verið óvenjugóð, þ.e. í þeim skilningi að hér var rætt um grundvallarmál, hér var jafnvel rætt á hugmyndafræðilegum nótum á köflum um leikreglur í þessum efnum, bæði um hinn frjálsa markað versus aðhaldi almannavaldsins og lýðræðislega kjörinna fulltrúa. Hér var auðvitað einkum og sér í lagi rætt um sérsvið þeirra viðskipta sem hér eiga í hlut, þ.e. banka eða fjármálaviðskipta.

Ég játa að vísu að ég sakna úr umræðunni bæði hæstv. viðskrh. sem ég vissi að vísu að þurfti að hverfa til annarra starfa og einnig hefði verið áhugavert að hafa hér mann sem nokkuð hefur verið nefndur til sögunnar, þ.e. hv. þm. Sighvat Björgvinsson. Hann hefur tjáð sig með skeleggum hætti um þessi mál á undanförnum mánuðum og hefðu hans sjónarmið sannarlega átt erindi inn í þessa umræðu eða fleiri þingmanna Samfylkingar. En þar fyrir utan hafa talað þingmenn úr Sjálfstfl., Framsfl. og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsti sig í raun og veru sammála, ef ég má leyfa mér að túlka það svo, þeim markmiðum sem frv. byggði á, þ.e. að dreifð eignaraðild sem slík væri æskilegt markmið. Hann hafði hins vegar efasemdir um að þörf væri á lagasetningu. Það er sjónarmið sem ég virði. Menn geta haldið því fram að þetta eigi að sjá um sig sjálft í þeim skilningi að nauðsynleg hagsmunagæsla eigendanna feli í sér að eyða verði allri tortryggni í þessum efnum og þeir megi ekki liggja undir grun.

Spurningin er kannski frekar sú: Er eftir sem áður nauðsynlegt að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana og reyna að byrgja brunninn áður en barn kynni hugsanlega að detta ofan í hann? Það gæti gerst jafnvel þó að við teljum ekki miklar líkur á því. Þá kemur að því hvernig það verði best gert.

Að öðru leyti ætla ég ekki að svara hv. þm. Pétri H. Blöndal, enda fól ræða hans ekki í sér beinar spurningar. Það er aðeins kannski eitt sem ég geri þó athugasemdir við. Það er sú framsetning mála að þegar hlutir eru í ríkiseigu, að þá sé eigandinn einn. Jú, það má til sanns vegar færa að ríkissjóður sé einn aðili sem slíkur. En ef fyrirkomulagið er hins vegar það sem var t.d. við lýði í ríkisbönkunum og mörgum ríkisfyrirtækjum þangað til farið var að breyta því fyrir svona 8–10 árum, að stjórnin var í höndum Alþingis í þeim skilningi að þar var kjörið hlutfallskosningu í stjórn viðkomandi stofnunar, banka eða fyrirtækis, þá eru eigendurnir í raun fleiri en einn. Eigendurnir eru náttúrlega öll þjóðin og það er dreifræði sem kemur að stjórn fyrirtækis í þeim skilningi að þar voru tryggð ákveðin hlutföll lýðræðislega kjörinna fulltrúa. Að sjálfsögðu er það fyrirkomulag sem menn verða að horfa á sem mögulegan valkost a.m.k. hvað stjórnunarlega þátttöku snertir.

Ég held að enginn vafi sé á því að háeffun margra þessara fyrirtækja fól a.m.k. fyrsta kastið í sér samþjöppun á valdi. Það sem gerðist var að í staðinn fyrir að Alþingi kysi kannski fimm til sjö manna stjórn sem saman stóð af fulltrúum meiri hluta og minni hluta, þá hefur einn einstakur ráðherra orðið handhafi sama valds eftir að um hlutafélag er að ræða. Ráðherrann kemur fram sem eigandi fyrirtækisins samkvæmt hlutafélagalögum. Þá fyrst var eigandinn orðinn einn í bókstaflegum skilningi, þegar búið var að háeffa bankana, Áburðarverksmiðjuna, Sementsverksmiðjuna eða hvað það nú er. Einn einstakur ráðherra fer með valdið og tilnefnir alla stjórn.

Hv. þm. Hjálmar Árnason tók sömuleiðis undir það að markmið frv. væru skynsamleg. Hann gekk lengra því að hann leyfði sér að túlka það svo að um þau væri væntanlega ekki pólitískur ágreiningur, þ.e. nauðsyn þess eða kosti þess að tryggja dreifða eignaraðild en deila mætti um hvort þessi aðferð dygði.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom í andsvari með spurningar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson, hinn flm. frv., hefur nú reyndar þegar svarað að nokkru leyti. Þar er aðeins eitt sem ég vil tjá mig um og það er sú fullyrðing hv. þm. að dreifð eignaraðild að bönkum og lánastofnunum hér tryggi ekki samkeppni í sjálfu sér, komi ekki í veg fyrir fákeppni held ég að hv. þm. hafi sagt. Það má auðvitað til sanns vegar færa að ef svo fáar stofnanir eru hér í viðskiptum á einhverju tilteknu sviði að það feli beinlínis í sér fákeppnisástand þá breytir dreifð eignaraðild eða samþjöppuð eignaraðild því ekki. En samþjöppun á eignarhaldi í slíkum fyrirtækjum á fákeppnismarkaði gerir auðvitað illt verra, það hlýtur að vera þannig. Þeim mun hættulegri eru allar aðstæður sem falið geta í sér möguleika á misbeitingu sem fákeppnisumhverfið er meira. Við höfum fram undir þetta staðið frammi fyrir því, m.a. í fjármálaheiminum. Það er að vísu að breytast vegna þess að fleiri og fleiri eru farnir að veita þarna samkeppni eins og hæstv. forsrh. minnti réttilega á.

Nú eru menn ekki lengur upp á það komnir að skríða frammi fyrir bankastjórum um að fá lán til venjulegra fjárfestinga eins og bílakaupa eða annars slíks. Þar eru miklu fleiri aðilar komnir til sögunnar og falbjóða fé sitt sem ákafast, tryggingafélög, sjóðir eða aðrir. Heill hópur af fjárfestingarsjóðum og öðrum slíkum sem eru á höttum eftir mikilli ávöxtun bjóða mönnum alls konar gylliboð um fjármögnun á slíkum fyrirtækjum, kaupleigufyrirtæki o.s.frv.

Að svo miklu leyti sem er þó enn hægt að segja að um fákeppnisumhverfi sé að ræða er að sjálfsögðu ekki á það bætandi með því að taka svo á því áhættuna að þar nái einstakir aðilar undirtökunum og verði ráðandi.

Það er alveg ljóst að frv. tekur til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þ.e. stofnana sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögunum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir þannig að það svarar spurningu hv. þm. Sparisjóðirnir falla að vísu ekki í þeim skilningi undir ákvæði laganna því eignarhaldi þeirra er þannig fyrir komið að það reynir ekki á það að einhver einstakur aðili, geri ég ráð fyrir, teljist yfirstíga svona mörk jafnvel ekki þótt einstakir aðilar geti átt meira af stofnfé í sparisjóðum en einstakan hlut. Auðvitað eru dæmi um það að sveitarfélög eða jafnvel einstaklingar eigi stærri hluta stofnfjár í sparisjóði en í eignarréttarlegum skilningi telst það ekki svo að um

svona stóran hlut af sjóðnum sem slíkum væri að ræða. Ég held að nærtækast sé að líta svo á að í þessum skilningi séu sparisjóðirnir fyrst og fremst sjálfseignarstofnanir. Ég held að niðurstaðan geti tæplega orðið önnur en sú þó að þeir séu fyrst og fremst sparisjóðir þess fólks sem í þá hafi lagt fé og það skapi engin vandamál í mínum huga að þeir haldi áfram að vera það. Þeir eru fyrst og fremst sjálfstæðar innlánsstofnanir í viðkomandi byggðarlögum, eign þess fólks sem þar hefur átt við þær viðskipti í þeim skilningi að það er starfssvæði þeirra og sá er munurinn á þeim og ýmsum öðrum að út úr þeim er ekki dreginn arður af einhverju eigin fé sem í þeim er bundið. Það tilheyrir í rauninni sjóðnum sjálfum.

Síðan fáein orð, herra forseti, í sambandi við ræðu hæstv. forsrh. sem kom hér og lýsti sjónarmiðum sínum og ég þakka það. Ég held að hæstv. forsrh. hafi réttilega dregið athyglina að því sem kannski skorti aðeins á að menn viðurkenni á köflum í umræðunni að um mjög sérstakt svið viðskipa er að ræða þegar í hlut eiga viðskiptabankar og mikilvægar lánastofnanir, mikilvægustu fjármálastofnanir í einu landi. Það sýnir okkur sagan að alls staðar er litið svo á, samanber bankakreppuna og það, þá hljóp ríkið undir bagga og kom með fé inn í bankana til að afstýra því að þeir færu á hausinn og almenningur tapaði innstæðum o.s.frv. en ekki síður til hins að tryggja öryggi í þessum viðskiptum og viðhalda því trausti sem fólk, bæði viðskiptavinirnir á innláns- og útlánshlið, hafa á þessum stofnunum. Þetta er það sem gerist víðast hvar.

Í Þýskalandi eru þess t.d. mörg dæmi að aðrar bankastofnanir hafi tekið höndum saman um að bjarga illa stöddum bönkum. Af hverju? Af því að þýskir bankar vita hvers virði það rykti er sem slíkar stofnanir hafa í samfélaginu og þeir telja það í þágu hagsmuna sinna að koma óumbeðnir, ef svo má að orði komast, með fé og hlaupa undir bagga með bágstöddum svæðisbundnum lánastofnunum t.d. frekar en láta þær fara á höfuðið og skapa þann óróleika og tortryggni sem slíku getur verið samfara.

Í Frakklandi eru mörg dæmin. Menn þekkja hina langvinnu erfiðleika Crédit Lyonnais bankans og það sem gert hefur verið til að afstýra því að hann færi á hausinn o.s.frv. Þegar illa fer verða líka skellirnir stórir og umræðan mikil og neikvæðu áhrifin mjög mikil eins og frægir bankar eða einstakir skúrkar sem hafa komist í aðstöðu til að fara illa með þá sanna og er óþarft að nefna nöfn í því sambandi. Málið snýst nefnilega ekki síst um traust og að viðhalda því.

Ég held að það sé alveg hárrétt sem hæstv. forsrh. nefndi að það getur verkað á tvo vegu, annars vegar ef einstakir stórir aðilar ná ráðandi hlut og misbeita sannanlega valdi sínu eða stöðu sinni inni í bankanum eða þvinga bankann til að fara að taka annarlegar ákvarðanir, t.d. til að hlífa þessum stóra viðskiptavini umfram það sem skynsamlegt væri eða taka of mikla áhættu o.s.frv. Hitt getur auðvitað líka gerst að aðstæðurnar vekja ósköp einfaldlega upp tortryggni og það er náttúrlega engum til góðs að yfir höfuð sé boðið upp á það að slíkt ástand skapist. Ef eignarhlutur hvers og eins er takmarkaður er auðvitað eins og einnig kom fram í máli hæstv. forsrh. auðveldara fyrir aðra aðila að bregðast við. Sé einn aðili kannski kominn upp yfir 30% eignarhlut í slíkri stofnun er mjög ólíklegt að öðrum takist að ná samstöðu um að gera mikið í því máli. Það er langlíklegast við þær aðstæður að aðrir taki þá frekar til fótanna og hugsi bara um að forða sínu fé en fara að bindast samtökum um að grípa til gagnaðgerða. Það geta menn hins vegar miklu frekar gert ef eignarhluturinn er lítill eða hóflegur þó að hann geti við vissar aðstæður haft í sér fólginn mikil áhrif samanber það þegar eignarhald er mjög dreift og einn einstakur aðili með kannski 8–10% hlut getur auðveldlega stjórnað manni eða mönnum í viðkomandi stofnun.

Frægt er dæmið þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal safnaði liði, auglýsti eftir stuðningi og kom sjálfum sér inn í stjórn Íslandsbanka út á það til þess að koma þar inn með ákveðin sjónarmið, veita aðhald í rekstri o.s.frv.

Herra forseti. Ég bind vonir við það sem hæstv. forsrh. sagði og fleiri hafa sagt, þar á meðal hv. þm. Pétur H. Blöndal, nefndarmaður í efh.- og viðskn., að þar fari menn í góða skoðun á þessu máli. Mér fannst liggja í orðum margra stjórnarþingmanna og hæstv. forsrh. ákveðið tilboð um það að Alþingi og efh.- og viðskn. fari í rækilega skoðun á málinu, hvort skynsamlegt sé að setja í lög einhverjar takmarkanir af því tagi sem verið er að leggja til og ég sé ekki að þurfi að rekast á neinn hátt á það að menn vilji jafnframt efla Fjármálaeftirlitið eða efla Samkeppnisstofnun sem er að sjálfsögðu góðra gjalda vert. En ég minni þó á að t.d. samkeppnislögin byggja á annarri nálgun í þessum efnum. Þar var valin sú leið að byggja fyrst og fremst á misbeitingarákvæðum en ekki beinum takmörkunum. Þar af leiðandi kann það að reynast mönnum nokkuð krókótt leið að ég tel að setja skorður við samþjöppun á eignarhaldi í viðskiptabönkunum með einföldum ákvæðum inni í samkeppnislögum. Fjármálaeftirlitið á fyrst og fremst að vera óháður eftirlitsaðili og það er ekki endilega víst að heppilegt sé að fara að færa í ríkari mæli yfir á herðar þess beint inngrip í framkvæmdina, inn í rekstur einstakra aðila á fjármálasviðinu sem Fjármálaeftirlitið á fyrst og fremst að hafa eftirlit með. Það var einmitt gagnrýnt á sínum tíma um bankaeftirlitið að það væri of mikið báðum megin borðsins, of mikið í því annars vegar að setja leikreglurnar og hins vegar að hafa eftirlitið og ég held að menn ættu að forðast að gera sömu mistökin með Fjármálaeftirlitið.

Herra forseti. Ég endurtek þakkir mínar fyrir umræðuna og ítreka að ég er bjartsýnn á að þetta mál fái verðskuldaða skoðun og umfjöllun í þinginu og að niðurstaðan af því gæti vonandi orðið sú að samstaða takist um að setja ákveðnar reglur í lög í þessu sambandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

[18:25]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Sú till til þál. sem hér kemur til umræðu er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem athugi hlutverk og verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Þar til nefndin hefur skilað álitsgerð verði öllum frekari áformum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu og einkaframkvæmd slegið á frest."

Þessi tillaga var einnig flutt á 124. löggjafarþinginu en er nú endurflutt, ekki vegna þess að hún er góðra gjalda verð að

dómi okkar og sígild heldur kannski ekki síður vegna hins að við erum vongóð um að hún fái hugsanlega betri móttökur nú en á síðasta þingi því nú er raunverulega öllum orðið ljóst hver nauðsyn það er að staldra við og endurmeta öll fyrri áform.

Fram hafa komið mjög alvarlegar brotalamir í einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar, bæði í framkvæmd og rekstri stofnana sem hafa verið einkavæddar. Ég vísa þar t.d. til rafmagnseftirlitsins sem nú er komið undir Löggildingarstofu og það eru einkaaðilar, svokallaðar skoðunarstofur sem eiga að sinna þessu, en í ljós hefur komið að miklar og alvarlegar brotalamir eru þar. Þetta nefni ég sem dæmi um þar sem ekki hefur tekist til sem skyldi og síðan náttúrlega það mál sem hér hefur verið til umræðu, einkavæðing bankanna og fjármálastofnana samfélagsins. Þar eru að ég held flestir á því máli að það skorti aðhald á verðbréfamarkaði og eftirlit og nauðsynlegt sé að setja lög sem tryggi dreifða eignaraðild. Það er alla vega skoðun mjög margra að þess sé þörf.

Á vegum ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið að einkavæðingunni af hálfu svokallaðrar einkavæðingarnefndar en aðild að henni eiga eingöngu fulltrúar stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl. Við bendum á í greinargerð með þessari þáltill. að nauðsynlegt sé „að um allar grundvallarbreytingar sem gerðar eru á samfélagsþjónustunni fari fram vönduð og lýðræðisleg umræða til að tryggja tvennt: Í fyrsta lagi séu breytingar gaumgæfðar frá öllum sjónarhornum áður en í þær er ráðist. Vönduð vinnubrögð eru forsenda þess að vel takist til. Í öðru lagi er eðlilegt að freista þess að breytingar séu þannig úr garði gerðar að um þær sé tryggð víðtæk þjóðfélagssátt.

Nú er það svo og var reyndar nefnt, það mun vera hæstv. fjmrh. sem sagði hér um daginn að allir væru á einu máli um ágæti einkavæðingar og nefndi þar sérstaklega einkaframkvæmdina og vísaði þar til Bretlands. Ég andmælti þessu úr sæti mínu í þingsalnum og hvatti til þess að við tækjum þessa umræðu upp þar sem menn tefldu fram röksemdum, upplýsingum og staðreyndum og reyndu að meta málin í ljósi slíkra upplýsinga.

Ég hef hér undir höndum mikinn bunka af margvíslegum plöggum og skýrslum um reynslu Breta t.d. af einkaframkvæmdum. Hún er vægast sagt mjög slæm. Íslendingar hafa verið að feta sig inn á þá braut á liðnum árum og reyndar lít ég svo á að ekki beri að gera svo ýkjamikinn greinarmun á markaðsvæðingu og einkavæðingu. Markaðsvæðingin hefur verið rauður þráður í öllum skipulagsbreytingum sem hafa verið framkvæmdar hjá hinu opinbera á liðnum árum og einkavæðingin breytir því einu, það getur skipt máli, að menn fara að heimta arð út úr starfseminni. En markaðsvæðingin sem slík getur haft mikil áhrif á alla þjónustustarfsemi á vegum hins opinbera. Reyndar er þetta ekkert alveg nýtt af nálinni. Það er langt síðan menn tóku upp slíka háttu. Ég man eftir því t.d. þegar ég var starfandi hjá sjónvarpinu að þá var þessi hugsun mjög sterk, ekki bara í okkar ríkisútvarpi heldur í samsvarandi stofnunum á Norðurlöndunum, að búa til úr öllum rekstrarþáttum sjálfstæðar einingar og reka þær sem sjálfstæðar markaðseiningar. Þannig keypti fréttastofa þjónustu af leikmyndadeild og kvikmyndadeild og þar fram eftir götunum.

Síðan gerist það að til sögunnar kemur mjög hagsýnn og útsjónarsamur fréttastjóri. Menn sjá að hann er farinn að kaupa eða leigja sjónvarpstökulið frá fyrirtækjum úti í bæ á sama tíma og starfsmenn sjónvarpsins sátu auðum höndum í kvikmyndadeildinni. Menn fóru að spyrja hverju þetta sætti. Jú, þá kom á daginn að þeir höfðu verðlagt sig of hátt. Fréttastofan hagnaðist að sjálfsögðu á því fyrirkomulagi. Hún hafði meira til ráðstöfunar en sjónvarpið tapaði. Þannig getur það verið í þjóðfélaginu öllu að þótt það kunni að reynast ódýrara og hagkvæmara frá þröngum sjónarhóli að beita markaðslögmálum, þá getur það komið þjóðfélaginu í koll þegar málin eru skoðuð í víðara samhengi.

Ég ætla að taka annað dæmi. (**Gripið fram í:** Er það ... að fréttadeildin verðleggi sig of hátt?) Nei. Þetta er bara spurning um innra bókhald. Það er hagkvæmt að þetta sé rekið allt saman á skynsamlegum nótum og menn nýti starfsmennina vel. En ég ætla að taka annað dæmi sem við höfum núna úr íslensku stjórnsýslunni.

Menn hafa tekið upp þann hátt að ríkislögregluembættið leigir umdæmunum bifreiðar og búið er að koma á viðskiptasambandi á milli þessara aðila. Umdæmin greiða ríkislögreglustjóraembættinu fyrir afnot af bifreiðunum í kílómetragjaldi. Þetta var nokkuð hátt, reyndar er nýlega búið að lækka þetta, en þetta getur haft það í för með sér að embættin sjái hag sinn fólginn í því að leggja bílunum, láta þá keyra sem allra minnst. Þá veltir maður því fyrir sér hvar hagsmunagæslumenn almennings eru. Væntanlega eru það lögreglumennirnir sjálfir og starfsmennirnir sjálfir, sem vilja rækja verk sín og hlutverk sem allra best og þannig hefur það verið. En göngum skrefinu lengra, sem menn hafa verið að gera, og tengjum hagsmuni starfsmannanna sjálfra inn í þessa peningapúllíu. Við skulum segja að við tengjum þetta inn í skólann og inn á sjúkrahúsin þar sem kennararnir hafa verið að beita sér fyrir því að bekkir verði ekki of fámennir, inn á sjúkrahúsin þar sem starfsmennirnir hafa verið að beita sér fyrir því að sjúklingarnir séu ekki sendir of snemma heim. Ef við segjum nú við þessar stofnanir og stjórnendur þeirra: Þið ráðið algerlega hvernig með peningana er farið, líka launasetninguna. Þetta er að gerast, menn eru að feta sig inn á þessa braut. Þá er hætt við því að þeir sem áður sinntu hagsmunagæslunni fyrir almenning og sáu til þess að bílarnir voru keyrðir, bekkirnir yrðu ekki of smáir, sjúklingarnir yrðu ekki sendir heim, eiga hagsmuna að gæta í því að ná þessum peningum til sín, hugsanlega með því að fjölga í bekkjum, senda sjúklingana fyrr heim, keyra lögreglubílana minna og þar fram eftir götunum. Það er þessi vandi sem menn sjá fyrir sér í einkavæðingunni, t.d. í Bretlandi, að hagsmunagæslan fyrir almenning sem áður var hjá hinum „óábyrgu starfsmönnum" sem voru óháðir öllum markaðssveiflum, er ekki lengur fyrir hendi. Hvað gera menn þá? Þá setja menn upp eftirlitsstofnanir á vegum sveitarfélaga eða ríkis, en þær verða sami aðilinn og á hagsmuna að gæta í því að ná tilkostnaðinum niður. Þetta er vandamál sem menn standa frammi fyrir.

Síðan er hitt að slíkar kerfisbreytingar eru yfirleitt þannig að þær hafa aukinn kostnað í för með sér. Ráðist er í dýrari lán. Það er meiri fjármagnskostnaður og þegar til lengri tíma er litið er framkvæmdin dýrari auk þess sem á tímum sem menn vilja stuðla að sveigjanleika, þá eru menn að binda sig hjá tilteknum aðilum til margra áratuga, í sjúkrastofnunum t.d. Það er varað við því af hálfu margra sem hafa kynnt sér slíkar rekstrarhliðar á málum að hið opinbera sé að binda sig á þann hátt til langs tíma, þetta sé ósveigjanlegt kerfi.

En hvers vegna er þetta þá gert og ekkert síður af verkamannastjórninni en íhaldsstjórninni? Það er enginn munur á því, ekki nokkur. Ég held að þeir séu bara enn þá harðari

undir stjórn Tony Blairs. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er geysileg freisting fyrir stjórnmálamanninn. Hann er að reyna að ná niður skuldum hjá hinu opinbera og vill ekki ráðast í skuldir og hann lætur einfaldlega Ístak reisa skólann og taka skuldirnar inn í sitt bókhald. Eina skuldbindingin sem hið opinbera gerir er að lofa rekstraraðilunum kúnnum, sjúklingum, skólanemum, öldruðum eða föngum. Það fer eftir því hver starfsemin er.

Hvað mun síðan gerast þegar fram líða stundir? Það sem mun gerast er að skattborgari framtíðarinnar sem fær hærri reikning mun að öllum líkindum þráast eitthvað við vegna þess að það kemur að því að borga þarf brúsann, ekki bara fyrir dýrari lán og dýrara fjármagn heldur líka fyrir arðinn sem tekinn er út úr þessari starfsemi eftir að maður gerir þetta að atvinnurekstri. Hvað gera menn þá? Þá koma menn með skólagjöldin, sjúklingagjöldin, notendagjöldin svokölluðu. Það er þetta sem ég óttast að muni gerast. Það kom mér því ekki á óvart þegar ég las bækling ríkisstjórnarinnar um einkaframkvæmd að þar skuli segja á bls. 9, með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum."

Hvað þýðir þetta? Skólagjöld, sjúklingagjöld og þar fram eftir götunum. Og ég segi áður en við tökum upp þá stefnu, áður en við höldum áfram á braut einkaframkvæmdar með elliheimilin eða skólana, eigum við ekki að setjast niður og skoða reynslu annarra? Eigum við ekki að skoða reynslu t.d. Breta? Ég er hér með skrá yfir sjúkrahús sem hafa verið sett í kerfi einkaframkvæmdar, fyrstu áætlanir og síðan hvernig þetta hefur hækkað eftir að ráðist var í framkvæmdina. Bishop Auckland sjúkrahúsið hækkar um 100% frá áætlunum þar til komið er í framkvæmdina. Prósentutölur eru síðan frá 9 það neðsta, flestar 30–40 og upp í 116–120%. Eigum við ekki að setjast yfir þetta og skoða reynslu annarra þjóða og hvaða afleiðingar er líklegt að þetta hafi í för með sér? Við leggjum því til að menn fari gætilega í sakirnar, setjist yfir gögnin, rökin með og á móti og gaumgæfi einnig reynslu annarra þjóða.

Ég er með miklar upplýsingar um þetta efni. Við innan okkar hreyfingar höfum lagt talsverða vinnu í að skoða þetta og ég hvet til þess að þetta mál, ekki síður en ýmis önnur, verði tekin til alvarlegrar skoðunar. Er ekki ráð að setja niður þverpólitíska nefnd þó ekki sé til annars en að skoða gögnin?

[18:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er ekki þeirrar skoðunar að ástæða sé til að fresta einkavæðingarstarfsemi okkar meðan nefnd á borð við þá sem hv. þm. mælti fyrir sé að störfum. Ég tel ekki að starfsemi okkar hafi farið illa af stað. Þvert á móti held ég að í öllum meginatriðum hafi hún heppnast. Auðvitað hafa kannski vissir þættir ekki farið með nákvæmlega eins og sem að var stefnt og betur hefði mátt gera en í öllum meginatriðum hefur þetta gengið vel.

Mér fannst hv. þm. Ögmundur Jónasson vera of trúaður á ríkisrekstur, að ríkisrekstur væri í raun svar við öllu, þjónustan væri betri og starfsmenn mundu, nánast vegna eðli máls, tryggja hag almennings. Við vitum það hins vegar að þegar opinberir starfsmenn hafa eingöngu séð um slíka þætti og engir aðrir fengið að keppa við þá hefur þjónustan verið allra, allra lökust. Þetta þekkjum við til að mynda frá hinum gömlu sósíalistísku ríkjum. Þar var þjónustan alræmd og fræg fyrir það að fólkið gat ekkert annað leitað og þjónustan var það sem við mundum kalla fyrir neðan allar hellur í nánast öllum greinum.

Nú hef ég sjálfsagt ekki fylgst jafn vel með einkavæðingarmálum í Bretlandi og hv. þm. Ég veit að hann hefur kynnt sér það vel og hans félagsskapur sem hann er í forsvari fyrir, en engu að síður þekki ég allmörg dæmi þess, við lestur upplýsinga um þau efni, að ánægja með þjónustu hefur farið stórvaxandi og vaxið mjög hjá neytendum þar sem einkavæðing hefur tekist vel. Nefni ég þar símann, vatnsveitur og gasveitur. Þar hefur verð lækkað á öllum þessum þáttum frá því sem það var þegar hið opinbera var með þá og þjónustuviljinn og þjónustustig snarhækkað. Um þetta eru mörg dæmi og margar skýrslur sem ég hef séð. Þannig er það, og það er þess vegna sem Blair hinn breski, sem er afskaplega vinsældaupptekinn maður, hneigist í þennan farveg og gengur jafnvel lengra en breska íhaldið sem svo er kallað, jafnvel mun lengra og hraðar og fer inn á svið sem þeir höfðu ekki getað hugsað sér áður. Þetta mundi hann ekki gera nema vegna þess að hann veit að það er vinsælt, því að það eru ær og kýr þessa ágæta manns að gera ekki neitt nema það sem er þokkalega og vel vinsælt. Þess vegna held ég að hv. þm. dæmi þetta allt of hart.

Við vitum líka að í gamla daga þegar einkasala og einkarekstur ríkisins var á þáttum sem þoldu samkeppni var þjónustan fyrir neðan allar hellur og þjónustustig, þjónustuvilji og hugsun stundum alveg fáránleg. Fram eftir öllu til að mynda hjá því góða fyrirtæki símanum, sem nú er farinn að fá samkeppni, var það þannig að það gat tekið hálfan mánuð til þrjár vikur að fá lengingu á símasnúru. Menn gátu ekki fengið nema annaðhvort 1 metra, 1 $^1/_2$ metra eða 7 metra og það komu tveir menn heim til þín eftir þrjár vikur með þessa 7 metra. Það vildi svo til að heima hjá mér var 1 $^1/_2$ metri of stuttur en 7 metra var alveg ómögulegt að hafa dinglandi á gólfinu. En það var ekki nokkur vinnandi vegur að fá annað en 7 metra eða 1 $^1/_2$ metra og tvo menn heim. Þó var þetta bara spursmál um skæri og að tengja saman vírinn. En ef ég hefði gert það hefði ég unnið skemmdarverk á símanum. Þannig var þetta hér um árarаðir hvernig sem skrifað var í Velvakanda og önnur fræðirit, ef kalla má svo virðulegu nafni. Hjá þessu varð ekki komist.

Við þekkjum það víða að þar sem fólkið átti ekki annars kost og menn gátu ekki farið neitt annað var þjónustulundin, því miður, takmörkuð. Auðvitað er mjög mikið af opinberum starfsmönum sem ekki eru þannig settir og langflestir þeirra vilja veita góða þjónustu, það vitum við vel. En einokunin varð til þess að forsvarsmennirnir, og eftir höfðinu dönsuðu síðan limirnir, töldu sig ekki þurfa að veita nema lágmarksþjónustu.

Hitt vil ég segja og það hef ég áður nefnt að einkaeinokun er ekki betri en opinber einokun, jafnvel verri. Þess vegna hef ég verið að tala um að það sé slæmt ef allt safnast á allt of fáar hendur í einkarekstrinum. Ég mundi því aldrei vilja ganga jafnlangt í einkavæðingu og Bretarnir gera og að því leyti er ég væntanlega vinstra megin við herra Blair, svo skrýtið sem það nú er, að ég vil fara mjög varlega í einkavæðingu á hlutum sem í eðli sínu fá ekki samkeppni og lúta að þjónustu sem talin er til innsta kjarna velferðarþjónustunnar. Ég vil auðvitað skoða kosti einkareksturs á þeim sviðum eins og hægt er, en ég vil fara afar varlega í einkavæðingu. Ég mun hins vegar kannski vitkast og færast til hægri og nálgast breska verkamannaflokkinn með tíman-

um í þessum efnum. En ég tel ekki nauðsynlegt að fresta framkvæmd einkavæðingar hjá okkur meðan þessi mál eru skoðuð í nefnd.

Ég vil líka nefna annað sem hv. þm. drap á. Hann sagði að um einkavæðinguna sæju fulltrúar aðila sem skipaðir væru af stjórnarflokkunum. Þetta er allt saman rétt. En ég tel að það sé hin rétta skipan vegna þess að menn fara ekki í einkavæðingu á neinu sem ríkið á án þess að fá heimild úr þessum sal og án þess að hér fari fram hin efnislega umræða, hin pólitíska umræða um réttmæti þess að slík breyting yrði á tilteknum þáttum ríkisins. Hitt er síðan framkvæmd á þeirri ákvörðun sem þingið hefur tekið og á undir framkvæmdarvaldinu. Ég er ósammála því sem hv. þm. sagði líka um það efni að þar ætti framlenging löggjafarsamkundunnar að koma til. Ég vil hafa skil á milli ákvörðunar um að rétt sé að breyta, selja eða færa rekstur í nýtt form og svo hins, framkvæmdarinnar á því. Um það getum við sjálfsagt deilt, en ég vil láta þessa skoðun mína koma fram.

[18:47]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum ekki sammála um það, hæstv. forsrh. og ég að vel hafi tekist til um einkavæðingu hér á landi á þessum áratug og er ég þar ekki eingöngu að horfa til þess hvernig staðið var að sölu á SR-mjöli eða Áburðarverksmiðjunni nánast á gjafapris. Ég er ekki að tala einvörðungu hvernig rafmagnseftirlitið er illa komið eftir breytingarnar sem þar voru gerðar og mjög óhyggilega að málum staðið að mínum dómi heldur skírskota einnig til fjölmargra annarra hluta.

Varðandi allar samlíkingar við Rússland megum við ekki gleyma því að Rússland var einræðisríki þar sem fólk hafði ekki frjálsa tjáningu. Ég er hins vegar lýðræðissinni. Ég skírskota í málflutningi mínum til lýðræðisríkisins Íslands sem hefur rekið einhverja bestu heilbrigðisþjónustu sem dæmi er um. Ég er að horfa til Norðurlandanna þar sem þetta hefur einnig verið á vegum almannaþjónustunnar. Við gætum farið út í samanburð við kerfi þar sem menn nýta markaðslögmálin, t.d. í heilbrigðiskerfinu, og litið á Bandaríkin sem búa við mikla mismunun þegnanna og kostnaðarsamasta heilbrigðiskerfi í víðri veröld.

Varðandi fullyrðingar um þjónustustig og kostnað á einkavæddum rafmagnsveitum eða vatnsveitum í Bretlandi stendur fullyrðing gegn fullyrðingu. Ég er að mælast til að menn setjist yfir þessi gögn vegna þess að ég hef önnur gögn í höndum en hæstv. forsrh. og vil að við setjumst yfir þau. Ég hef líka gögn um rafmagnsveiturnar í New York-ríki þar sem repúblikanar voru að taka rafmagnsveiturnar úr höndum einkafyrirtækja vegna þess að þau tóku svo mikinn arð út úr þessum fyrirtækjum með þeim afleiðingum að rafmagnsverð æddi upp úr öllu valdi og notendur og stórfyrirtæki í New York kröfðust þess að þetta yrði tekið aftur undir almannastjórn. Það voru repúblikanar sem stóðu þannig að málum. (**Forsrh.**: Var það ekki einkaeinokun?) Við erum að tala endanlega um þjónustuna og hvernig þetta skilar sér til notandans.

[18:50]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu núna. Ég kem hingað aftur upp vegna þess að ég hafði ekki lokið því sem ég vildi segja í andsvari við hæstv. forsrh. (Gripið fram í.) og þar er ég kannski ekki síst að tala um staðhæfingar hans um símann og þjónustu sem sú stofnun hefur veitt almenningi.

Nú kann að vera í ýmsum tilvikum að menn hafi viljað finna ýmislegt að þjónustu Landssímans og eflaust hafa menn gildar ástæður til þess í ýmsum tilvikum. En staðreyndin er sú að þetta ágæta fyrirtæki eða þessi ágæta stofnun sá okkur fyrir mjög góðri þjónustu um áratuga skeið. Þegar hún var einkavædd bjuggum við innan lands við langlægstu símgjöld í nánast víðri veröld, ég held að það hafi bara verið í víðri veröld í sambærilegum þjóðfélögum og okkar. Við fórum aftur og ítrekað yfir þetta í þingsalnum þegar umræðan fór fram um þetta.

Síðan er spurning um að þjónustan hafi batnað svo mikið í Bretlandi við einkavæðingu símans. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. hefur reynt að fara um Lundúnir og ramba þar á milli símklefa með mismunandi kort því þar gilda ekki alls staðar sömu kortin. Miklum yfirbyggingum hefur verið hlaðið á þessi fyrirtæki sem hafa sprottið upp með ærnum tilkostnaði og síðan til að hafa eftirlit með samkeppninni, eins og þarf að gera í þessum nýmarkaðsvæddu samfélögum, eru búnar til eftirlitsstofnanir. Þetta er kraftmesti iðnaður í Bretlandi, það er eftirlitsiðnaðurinn með allri samkeppninni og markaðsvæðingunni og kostar orðið ærna fjármuni.

Ég ætla að standa við það loforð mitt að fara ekki út í langa ræðu. Ég gæti auðveldlega gert það því af mörgu er að taka. En mér fannst orð hæstv. forsrh. einmitt færa sönnur á það sem við erum að segja og býr að baki þessari þáltill., nauðsyn þess að setjast yfir staðreyndir málsins. Er það rétt eða er það rangt að verð á vatni og gasi hafi lækkað við einkavæðingu? Batnaði þjónustan við það? Er það rétt eða er það rangt?

Setjumst yfir þessar staðreyndir. Skilar einkaframkvæmdin í Bretlandi lægri tilkostnaði og betri þjónustu? Er það rétt eða er það rangt? Breska þingið hefur ráðist í slíka athugun. Það fór í úttekt á t.d. tilkostnað í fangelsum sem eru núna í einkaframkvæmd. Niðurstaðan varð sú að aðstaða fanganna er miklu lakari og í þeim fangelsum tveim, það voru tvö fangelsi af nokkuð mörgum sem höfðu farið í gegnum þetta ferli þar sem tilkostnaðurinn var lægri. Þar var það vegna þess að laun starfsmanna hafa verið lækkuð svo mikið. Þetta eru bara staðreyndir mála sem breska þingið var að fara yfir. Athugunin var gerð á vegum bresku lávarðadeildarinnar. Hvers vegna í ósköpunum hræðast menn svo þessa umræðu, ég bara spyr, að þeir þora ekki að bjóða fulltrúum allra stjórnmálaflokka að setjast yfir gögnin og skoða gögnin?

Að lokum þetta. Hér á landi var ágætur fræðimaður, sem flutti erindi um reynsluna af einkavæðingu og einkaframkvæmd víðs vegar um heiminn, Brendan Martin, heitir hann. Hann flutti erindi á Hótel Loftleiðum og ég saknaði þess sáran að þangað kæmu ekki þeir sem eiga að sinna þessum málum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, einkavæðingarnefndin, til að heyra röksemdir hans. Hann tíndi til dæmi um framkvæmdina og hvernig hefði til tekist. Það sem var athyglisverðast í málatilbúnaði hans var að hann tók þau dæmi þar sem stuðningsmenn einkavæðingar og einkaframkvæmdar töldu að vel hefði tekist til og rannsakaði þau, t.d. einkavæðingu á vatni í Suður-Ameríku. Hann tók önnur dæmi, hann tók vatnsveiturnar í Stokkhólmi. Hann spurði: Hvernig hefur tiltekist í viðleitni stjórnvalda að ná niður kostnaði og bæta þjónustuna?

Það kom á daginn að þetta er fákeppnismarkaður. Þetta er allt að leita í hendurnar og krumlurnar á örfáum fyrir-

tækjum sem breiða sig yfir heiminn allan. Það er bara að gerast. Það eru sömu fyrirtækin sem eru með vatnsveiturnar á Suður-Englandi og vatnsveitur í Suður-Ameríku, hótelkeðjur í Frakklandi og þar með eftir götunum. Örfá fyrirtæki eru að ná tangarhaldi á almannastarfsemi víðs vegar um heiminn. En það kom á daginn að niðurstöðurnar voru jákvæðari og betri hvað snertir tilkostnað og þjónustu þar sem menn höfðu farið samvinnu- og samráðsleiðina en þar sem markaðsöflin höfðu komið við sögu.

Ég tek skýrt fram eins og ég gat um við fyrri umræðu í dag að ég er fylgjandi blönduðu markaðskerfi. Mér finnst við þurfum einvörðungu að reyna að ná samkomulagi um hvar þessar línur eigi að liggja á milli almannaþjónustu sem er í fákeppni og almennrar vöruframleiðslu sem mér finnst vera eðlilegt að sé á markaði og lúti lögmálum markaðarins. En við erum að hvetja til þess að menn setjist yfir þessi mál og skoði rökin með og móti.

[18:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki að einkavæðing hér á landi hafi verið gerð í andstöðu við starfsfólkið. Ég hef ekki orðið var við að starfsfólk hafi verið mjög andvígt einkavæðingu á viðkomandi sviðum. Til að mynda tel ég að í Landsbanka og Búnaðarbanka og annars staðar hafi einkavæðing tekist í góðri sátt við starfsfólk og það uni vel við einkavæðinguna. Það gerðist líka gagnvart sjóðunum hygg ég vera þegar þeir voru sameinaðir Fjárfestingarbanka atvinnulífsinks sem ég held að hafi verið mjög þörf aðgerð.

Af því að ég tók dæmi frá gömlum tíma um símann vil ég nefna að ég er ekki að stimpla símann sem eitthvert vont fyrirtæki eða lélegt þjónustufyrirtæki. Þvert á móti finnst mér að of hafi verið hallað á símann í umræðu á undanförnu missirum með töluverðri ósanngirni.

Í þriðja lagi vil ég nefna að ég gerði mér ferð þegar ég var í Bretlandi einhvern tíma fyrir fáeinum árum á fund eftirlitsfyrirtækis með símanum, fékk þar fund með forstjóra þeirrar eftirlitsstofnunar, sem ég man reyndar ekki í augnablikinu hvað heitir en er einhvers staðar skráð, og helstu starfsmanna hans. Ég fór yfir þau vandamál sem upp höfðu komið sem hafa verið auðvitað nokkur. Þetta er afar stórt og mikið fyrirtæki. En það var mat þessarar eftirlitsstofnunar að kostnaður hefði lækkað og þjónustan hefði batnað. Þessir aðilar höfðu ekki neina ástæðu til þess að fegra það sérstaklega í mín eyru. Þeir drógu mjög upp á yfirborðið þá vankanta sem höfðu komið upp, földu það hvergi og hvar hefði orðið að grípa inn í málið en almennt séð hafði þjónustan batnað við samkeppnina og verð lækkað.

[18:59]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér ekkert á óvart að starfsmenn eftirlitsstofnananna í Bretlandi séu ánægðir með sinn hlut og sitt hlutverk en ég ætla ekki að gera lítið úr skoðunum ráðherrans eða upplýsingum. Ég er einvörðungu að leggja áherslu á að við erum að leggja til að menn setjist yfir upplýsingar af þessu tagi.

Aðeins varðandi fullyrðingu hæstv. forsrh. að einkavæðing hafi almennt verið gerð í góðri sátt við starfsmenn. Þetta leyfi ég mér að fullyrða að er rangt. Þetta var ekki gert í sátt og samlyndi við starfsmenn símans og póstsins eða bankanna. Hitt er annað mál að þegar menn stóðu frammi fyrir því að þessar stofnanir yrðu einkavæddar var reynt að ná einhvers konar samkomulagi eins og bankamenn gerðu t.d. varðandi lífeyrismál sín. En bankamenn eru aldeilis ekki ánægðir með þá stefnu sem þessi mál hafa tekið.

Ekki er langt síðan ég hlustaði á formann Sambands ísl. bankamanna lýsa miklum áhyggjum yfir því sem væri að gerast innan bankanna þar sem verið væri að úthýsa fólki úr stéttarfélögum eins og hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þar lætur hæstv. bankamálaráðherra það algerlega óátalið þótt stjórnendur stofnunnar séu að ýta starfsmönnum út úr stéttarfélögum sínum. Ég vísa því algerlega á bug að þessi stefna sé framkvæmd í sátt og samlyndi við starfsmenn. Það á alls ekki við um bankana. Hitt er annað mál að þegar þeir stóðu frammi fyrir gerðum hlut reyndu þeir að ná samkomulagi um réttindi sín og þá ekki síst um lífeyrismálin. Það var á þeim forsendum að þeir stóðu nánast frammi fyrir gerðum hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–11. mál.

Fundi slitið kl. 19:02.

---

7. FUNDUR

þriðjudaginn 12. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lagaskil á sviði samningaréttar, stjfrv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð einkamála, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — 1. umr.
5. Vöruhappdrætti SÍBS, stjfrv., 65. mál, þskj. 65. — 1. umr.
6. Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
7. Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, stjfrv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.
8. Skráð trúfélög, stjfrv., 69. mál, þskj. 69. — 1. umr.
9. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 68. — 1. umr.
10. Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
11. Almannatryggingar og félagsleg aðstoð, frv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.
12. Réttindi sjúklinga, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
13. Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.
14. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
15. Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
16. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.

17. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:33]

Útbýting þingskjala:
Útlán innlánsstofnana, 83. mál, fsp. JóhS, þskj. 83.
Þingsköp Alþingis, 80. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 80.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Forseti vill geta þess að í dag um kl. 3.00 er ráðgerð utandagskrárumræða um þróun eignarhalds í sjávarútvegi. Málshefjandi er Svanfríður Jónasdóttir og sjútvrh., Árni M. Mathiesen, verður til andsvara. Umræðan mun standa í hálfa klukkustund.

Samúðarkveðjur.

[13:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Forseti Alþingis, Halldór Blöndal, hefur fjarvistarleyfi í dag. Hann kveður á þessari stundu aldraðan föður sinn en hann var vel á þriðja áratug starfsmaður Alþingis og síðast bókavörður þingsins. Fyrir hönd Alþingis sendi ég forseta og fjölskyldu hans samúðarkveðjur.

Meðferð einkamála, 1. umr.

Stjfrv., 64. mál (EES-reglur, málskostnaðartrygging). — Þskj. 64.

[13:37]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála. Með frv. er lögð til breyting á reglum laganna um málskostnaðartryggingu. Við samningu þess var haft samráð við réttarfarsnefnd.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laganna getur stefndi krafist þess við þingfestingu máls að stefnandi setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar ef hann er búsettur erlendis og menn sem eru búsettir hér á landi eru ekki undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi hans. Í erindi Eftirlitsstofnunar EFTA til íslenskra stjórnvalda er því haldið fram að þetta ákvæði geri stöðu aðila, sem höfðar mál hér á landi og er búsettur utan Íslands, lakari en þeirra sem búsettir eru hér á landi. Stofnunin telur því að ákvæðið samrýmist ekki 4. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Til stuðnings þessu áliti stofnunarinnar er unnt að benda á dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

Til að taka af allan vafa um að íslensk réttarfarslög séu ekki í ósamræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið að þessu leyti er lögð til sú breyting á a-lið 1. mgr. 133. gr. laganna að ákvæðið taki ekki til þeirra sem höfða mál hér á landi og búsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftir sem áður mun reglan samt eiga óbreytt við um þá sem búsettir eru utan efnahagssvæðisins og höfða mál fyrir íslenskum dómstólum.

Herra forseti. Ég hef rakið efnisatriði þessa frv. og legg til að að lokinni þessari umræðu verði því vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vöruhappdrætti SÍBS, 1. umr.

Stjfrv., 65. mál (gildistími). — Þskj. 65.

[13:40]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, nr. 18/1959. Með lögum nr. 13/1949 var Sambandi ísl. berklasjúklinga heimilað að stofnsetja og reka vöruhappdrætti og var þessi heimild til 10 ára. Þessi heimild hefur síðan verði framlengd um 10 ár í senn, nú síðast með lögum nr. 24/1989.

Samkvæmt 3. gr. laga um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga skal ágóða af happdrættinu varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstjórninni.

Með frv. þessu er lagt til að heimild Sambands ísl. berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis verði framlengd um 8 ár, þ.e. til 2007. Slík framlenging væri í samræmi við gildistíma heimildar happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Herra forseti. Ég hef nú rakið efnisatriði þessa frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 1. umr.

Stjfrv., 66. mál (Fjarðabyggð, Kjalarneshreppur). — Þskj. 66.

[13:41]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Lög þessi hétu áður lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði en nafni laganna var breytt með lögum um dómstóla frá árinu 1998.

Með frv. þessu er lagt til að stjórnsýsluumdæmi sýslumanna verði 26 í stað 27. Tilefni þessarar breytingar er sameining Eskifjarðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðar í eitt sveitarfélag sem fengið hefur nafnið Fjarðabyggð. Þetta nýja sveitarfélag nær yfir allt stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins

í Neskaupstað og hluta af stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Eskifirði.

Af ýmsum ástæðum er óheppilegt að í einu og sama sveitarfélagi séu umdæmi tveggja sýslumanna. Í þeim efnum má helst nefna vandkvæði við innheimtu opinberra gjalda, framkvæmd löggæslu á hendur tveggja lögreglustjóra í einu og sama sveitarfélagi auk þess sem mörk stjórnsýsluumdæma sýslumanna ræðst af mörkum sveitarfélaga. Með hliðsjón af þessu er lagt til með frv. að embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður frá og með næstu áramótum.

Þótt embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður er gert ráð fyrir að þar verði áfram rekin skrifstofa sýslumanns og útibú lögreglu þannig að þjónusta við íbúa staðarins verði í meginatriðum sú sama og verið hefur. Þetta hefur aftur á móti í för með sér sparnað en þann ávinning er m.a. fyrirhugað að nýta með því að bæta við stöðu löglærðs fulltrúa hjá embætti sýslumannsins á Eskifirði og yrði hann búsettur í Fjarðabyggð.

Þá er enn fremur lagt til að lögunum verði breytt til samræmis við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur.

Herra forseti. Ég hef nú rakið efnisatriði þessa frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[13:44]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þetta frv. til laga um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Þetta eru eðlilegar breytingar að mínu mati, að saman fari breyting á umdæmi sýslumanna þegar sveitarfélögin eru sameinuð. Það var ein setning sem ég hnaut um í greinargerðinni og það var varðandi búsetu. Hvort sem það heitir Fjarðabyggð, Reykjavík eða annað, þá finnst mér að öllu leyti óeðlilegt að binda búsetu embættismanna eins og í þessu tilfelli. Það kemur hérna fram að það er ekkert verið að tala um lögheimili embættismanna í Reykjavík. Ef þeir eru í vinnu hér skiptir ekki máli hvort þeir eru búsettir í Hafnarfirði, Kópavogi eða á Selfossi. En þegar komið er út á land er tilhneiging til að binda búsetu embættismanna. Ég vil koma þessari ábendingu á framfæri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, 1. umr.

Stjfrv., 67. mál (skilyrði bótagreiðslu). — Þskj. 67.

[13:45]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Með frv. er lagt til að lögfest verði heimild til að víkja frá skilyrðum fyrir bótagreiðslu í 6. gr. laganna.

Samkvæmt umræddri 6. gr. laganna er skilyrði fyrir greiðslu bóta að brot, sem tjón er rakið til, hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og að tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi brotamanns. Þá skal umsókn um bætur hafa borist bótanefnd, sem starfar samkvæmt lögunum, innan tveggja ára frá því að brot var framið.

Umboðsmaður barna hefur vakið athygli á að þessi skilyrði eigi illa við þegar um kynferðisbrot gegn börnum er að ræða. Af því tilefni er þetta frv. flutt en við samningu þess hefur einnig verið litið til hliðstæðra laga á Norðurlöndum.

Við ákveðnar aðstæður getur verið rétt að víkja megi frá skilyrðum í 6. gr. laganna. Það á sérstaklega við þegar brotið er gegn barni en það hefur oft ekki náð þroska til að gera sér grein fyrir því að brot hafi verið framið auk þess sem aðstæður barns til að kæra brot geta verið takmarkaðar, t.d. vegna náinna tengsla milli barns og brotamanns. Þótt frv. þetta miði fyrst og fremst að því að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota þykir rétt að gera ráð fyrir því að í fleiri tilvikum kunni að vera ástæða til að víkja frá skilyrðum 6. gr. laganna. Af þeim sökum er ekki lagt til að heimild þessi verði bundin við tilvik þar sem börn eiga í hlut.

Herra forseti. Ég hef rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráð trúfélög, 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 69.

[13:48]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skráð trúfélög. Frv. þetta er samið af nefnd sem dóms- og kirkjumrh. skipaði 2. okt. 1997. Í nefndinni áttu sæti Davíð Þór Björgvinsson, prófessor í lögfræði, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Haraldur Ólafsson, prófessor í mannfræði, og Pétur Pétursson, prófessor í guðfræði.

Með stjórnarskránni frá árinu 1874 var fullt trúfrelsi lögleitt hér á landi og síðan hafa þau mannréttindi verið varin af ákvæðum hennar. Í lögum um trúfélög hefur nánar verið kveðið á um inntak trúfrelsisins og stoðum skotið undir starfsemi trúfélaga í landinu. Lög um trúfélög tryggja skráðum trúfélögum ákveðin réttindi og má í þeim efnum nefna að forstöðumenn skráðra trúfélaga geta m.a. annast hjónavígslur. Einnig gefa forstöðumenn skráðra trúfélaga út fullgild embættisvottorð um þau embættisverk sem þeir hafa unnið.

Frv. það sem ég mæli fyrir felur í sér heildarendurskoðun gildandi laga um trúfélög, nr. 18/1975. Við þá endurskoðun var sérstaklega hugað að því að lagareglur um trúfélög væru skýrari og að lögin væru í sem bestu samræmi við trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar en þau voru nýlega endurskoðuð með stjórnarskipunarlögum frá árinu 1995.

Með frv. fylgir ítarleg greinargerð sem fengur er að en þar er rakin þróun ákvæða stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og laga um trúfélög. Í greinargerðinni eru einnig rakin hliðstæð ákvæði í dönskum og norskum lögum.

Herra forseti. Ég mun nú í helstu atriðum gera grein fyrir þeim nýmælum sem lögð eru til með frv.

Framsetning frv. er með nokkuð öðrum hætti en í gildandi lögum. Í I. kafla frv. eru aðeins settar fram meginreglur um trúfrelsi og ekki lagt til að önnur ákvæði verði í lögunum sem taki til trúfélaga sem ekki sækjast eftir skráningu. Miðað er við að um slík félög gildi sömu reglur og gilda endranær um félög og félagasamtök, hvort sem þau tengjast átrúnaði eða ekki.

Í II. kafla frv. er síðan að finna ákvæði sem eingöngu gilda um skráð trúfélög en sá kafli hefur að geyma meginefni

frv. Í 3. gr. frv. er lagt til að lögfest verði almenn skilyrði sem félag verður að fullnægja til að það verði skráð sem trúfélag. Þessi skilyrði eru að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur. Enn fremur að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðkar trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um og eiga til sóknar að gjalda hér á landi.

Þessi skilyrði eru væntanlega í flestum atriðum talin eiga við samkvæmt gildandi lögum en rétt þykir að kveða skýrar og afdráttarlausar á um þau í lögum.

Samkvæmt 17. gr. gildandi laga um trúfélög verður prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags að fullnægja almennum hæfiskilyrðum til að gegna opinberu starfi, þar með talið að vera íslenskur ríkisborgari.

Þessi áskilnaður þykir ástæðulaus og því er lagt til í 7. gr. frv. að fallið verði frá skilyrði um ríkisborgararétt. Einnig er lagt til að fallið verði frá skilyrði um ríkisborgararétt eða búsetu hér á landi til að geta átt aðild að skráðu trúfélagi.

Þá er í 5. gr. frv. lagt til að skýrt verði kveðið á um upplýsingagjöf til ráðuneytisins um ráðstöfun fjármuna trúfélags, en hér eru einkum höfð í huga sóknargjöld sem renna til trúfélaga samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987.

Herra forseti. Ég hef nú rakið helstu nýmæli sem lögð eru til með frv. en aðrar breytingar sem lagðar eru til frá gildandi lögum eru aðeins að litlu leyti efnislegar og um þær vísa ég til frv. Að svo búnu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[13:53]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ekki leikur nokkur vafi á að þetta frv. á fullan rétt á sér til umfjöllunar og í þeim anda að hér séu trúfélög en að þeim séu sett þau skilyrði að þau aðlagi sig að íslensku þjóðlífi. Mér þykir eðlilegt að þeir sem setjast hér að og hafa aðra trú en þá sem hér hefur viðgengist um áratugi aðlagi sig að íslensku þjóðlífi.

Því koma upp í huga minn nokkrar spurningar sem ég vildi beina til hæstv. dómsmrh. Í 2. mgr. 3. gr., segir, með leyfi forseta, um almenn skilyrði til skráningar:

„Enn fremur er það skilyrði skráningar að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðkar trú sína í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um og eiga til sóknar að gjalda hér á landi samkvæmt lögum um sóknargjöld."

Gæti hugsanlega sú staða komið upp til að lögin nái til þeirra aðila sem vilja stunda sína trú í virkni og stöðugleika að það gæti haft áhrif t.d. á skólahald? Gæti það gerst að ákveðnir trúarflokkar sem þyrftu að iðka trú sína á miðjum skóladegi gætu haft þau áhrif að leggja yrði af kennslustund um tíma til að þeir ákveðnu hópar gætu stundað trúarbrögð sín í krafti þess sem talað er um í lögunum til að þau fái viðurkenningu?

Í annan stað langar mig til að spyrja hæstv. dómsmrh. hvers vegna sú leið hafi verið farin, eins og getið er um í 7. gr., að forstöðumenn skráðra trúfélaga þurfi hvorki að hafa ríkisborgararétt né eiga lögheimili á Íslandi. Mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt að svo sé ekki.

Í 4. gr., f. lið, segir einnig, með leyfi forseta:

„starfsemi félagsins, svo sem reglulegt samkomuhald eða annað sem gefur til kynna að starfsemi þess sé stöðug og virk."

Eins og ég kom að áðan þykir mér texti frv. í nokkrum tilfellum kalla á fleiri spurningar en hér er hægt að lesa svörin við. Þess vegna taldi ég rétt að beina þessum spurningum til hæstv. dómsmrh. og jafnframt að sú virðulega nefnd sem fær frv. til skoðunar athugi nokkuð um þá þætti sem hér hefur verið bent á.

[13:57]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendingar hans og tek undir með hv. þm. að ef mönnum finnst eitthvað vera óljóst í sambandi við texta frv. er um að gera að þeim spurningum sé svarað og ég treysti hv. allshn. til að vinna vel í þessu máli. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af ýmsum atriðum sem hv. þm. nefndi, t.d. hvað varðar skólahald.

Það sem hann nefndi sérstaklega um 7. gr. um að forstöðumaður trúfélags þurfi hvorki að hafa ríkisborgararétt né búsetu hér á landi þá lét ég þess sérstaklega getið í framsögu minni að það þætti óþarfi að hafa slík skilyrði og horfði frekar til þrengingar á trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar vegna þess að við getum verið með trúarbragðahreyfingar þar sem forstöðumenn eru erlendis og koma ekkert til með að verða búsettir hér á landi en það geta samt sem áður verið aðilar hér á landi sem vilja iðka þá trú.

Í trúfrelsi felst í fyrsta lagi réttur hvers og eins til þess að iðka þau trúarbrögð sem sannfæring hans býður. Í annan stað að réttindi í þjóðfélaginu séu almennt ekki bundin við tiltekin trúarbrögð og í þriðja lagi að enginn sé neyddur til að gjalda persónuleg gjöld til trúarbragða sem hann sjálfur ekki aðhyllist.

En þessar umræddu reglur um skráningu trúfélaga hafa engin áhrif á frelsi manna til að ástunda þau trúarbrögð sem þeim þóknast, hvort sem þeir gera það einir sér eða í félagi við aðra. Skráð trúfélög — af því það var nú sérstaklega spurt um þau — njóta sérstakrar stöðu að íslenskum rétti. Þau njóta verndar samkvæmt stjórnarskrá og almennum hegningarlögum og athafnir forstöðumanna þeirra hafa borgaraleg áhrif, svo sem hjónavígsla.

Í frv. sem hér er rætt um er skerpt á því viðtekna viðhorfi sem teljast verður sjálfsagt, að aðeins eiginlegt trúfélag geti fengið opinbera skráningu og réttarstöðu sem því fylgir. Skýrari ákvæði að þessu leyti tryggja m.a. að hægt sé að hamla skráningu málamyndarfélaga sem hafa engan trúarlegan tilgang en sett eru á stofn aðeins til þess að fá aðgang að opinberu fé. Skilyrði skráningar tryggja að aðeins raunveruleg trúfélög hljóti skráningu en ekki hvers kyns félög sem boða lífsskoðanir.

Ég vil láta þetta koma fram ef þau atriði frv. hafa verið eitthvað óljós að mati hv. þm. Að öðru leyti vísa ég til greinargerðar og athugasemdar með frv. sem eru mjög ítarlegar og ég treysti því að hv. allshn. fjalli ítarlega um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ættleiðingar, 1. umr.

Stjfrv., 68. mál (heildarlög). — Þskj. 68.

[14:00]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Það frv. til nýrra ættleiðingarlaga sem ég mæli fyrir var samið af sifjalaganefnd. Í sifjalaganefnd áttu sæti dr. Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómari, sem var formaður nefndarinnar, Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttardómari og Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumrn. Ritari nefndarinnar var Margrét Hauksdóttir, deildarstjóri í sama ráðuneyti.

Mikilvægur þáttur frv. varðar ákvæði sem þörf er á sem grundvelli að fyrirhugaðri fullgildingu Íslands á Haag-samningnum frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa. Samningurinn hefur þegar verið fullgiltur af hinum norrænu ríkjunum með gildistöku ýmist 1997 eða 1998.

Samningnum er ætlað að samræma þau skilyrði sem sett eru af hálfu stjórnvalda aðildarríkja hans svo að ættleiðingar milli landa megi fara fram með hagsmuni barna í fyrirrúmi. Tilgangurinn með samningnum er að tryggja að við ættleiðingar milli landa séu grundvallarmannréttindi barna virt og að komið sé í veg fyrir brottnám barna og verslun með börn og að tryggja að samningsríki viðurkenni ættleiðingar sem fara fram í samræmi við samninginn.

Mjög mikilvægt er að frv. þetta til nýrra ættleiðingarlaga nái fram að ganga til þess að aðild að samningnum verði möguleg. Fjöldi fólks á biðlista hjá félaginu Íslensk ættleiðing bíður eftir aðild Íslands að samningnum sem er lykilatriði til að unnt verði að fá börn til ættleiðingar frá fleiri löndum en nú er.

Í tengslum við samningu þessa frv. fór fram víðtæk könnun á framkvæmd gildandi ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, og einnig var höfð hliðsjón af þróun ættleiðingarlöggjafar á Norðurlöndum og víðar. Af þessu leiddi að lagt er til í frv. að ýmis nýmæli um ættleiðingar verði lögfest auk þess sem ég gat um áður um nauðsynleg ákvæði sem setja þarf sem grundvöll fyrir fyrirhugaðri fullgildingu á Haag-samningnum.

Þá eru í frv. ýmis ákvæði um sama efni og gildandi ættleiðingarlög fjalla um en þau gerð fyllri og ítarlegri en í þeim lögum.

Efnisskipan frv. sem ég mæli fyrir er á þann veg að það skiptist í átta kafla. Ákvæði I. og IV. kafla svara til efnis gildandi ættleiðingarlaga en II., III. og V.–VII. kafli eru ýmist nýir að formi til eða efni. Ákvæði III. kafla laganna eru ekki í frv., þau varða niðurfellingu ættleiðingar.

Í öllum norrænu ættleiðingarlögunum nema hinum dönsku og íslensku hefur heimild til niðurfellingar ættleiðingar verið afnumin og er það mjög í samræmi við nútímaviðhorf í ættleiðingarrétti.

Í I. kafla frv. er skipað ákvæðum um það hverjir veiti leyfi til ættleiðingar, sbr. 1. gr. frv. Í öðru lagi eru ákvæði um hverjir geti verið ættleiðendur almennt, sbr. 2. gr., og hverja megi ættleiða, sbr. 3. gr. Þá eru hin almennu skilyrði fyrir ættleiðingu tilgreind í 4. gr. en skilyrði um lágmarksaldur í 5. gr. Grunnþáttur í ættleiðingum er að samþykkis þess sem fer með forsjá barns, sbr. 7. gr., og barnsins sjálfs njóti við, ef það hefur aldur og þroska til. Efnisreglur um þörf á samþykki eru í 6. og 7. gr. en um form og efni samþykkisyfirlýsingar er kveðið á í 8. gr. Sérstök ákvæði eru um samþykki sem veitt er erlendis í 9. gr. og um afturköllun samþykkis er mælt í 10. gr. Þá koma ákvæði um umsagnir varðandi umsóknir um ættleiðingarleyfi í 11.–13. gr. Um gjald í tengslum við ættleiðingar er mælt í 14. gr.

Meðal mikilvægustu nýmæla í I. kafla er það að karl og kona sem verið hafa í óvígðri sambúð í a.m.k. fimm ár hafa sömu heimildir til ættleiðingar og hjón. Enn fremur heimild til handa einhleypum manni til að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er talin ótvírætt barninu til hagsbóta. Heimild einhleypra einstaklinga til ættleiðingar hefur ekki áður verið lögskráð en einhleypum einstaklingum hefur nokkrum sinnum verið veitt ættleiðingarleyfi hér á landi. Styðst sú framkvæmd við stjórnsýsluhefð og þykir réttmætt að leggja til að þessi markaða stefna verði lögfest að þeim skilyrðum uppfylltum sem í frv. greinir.

Í gildandi ættleiðingarlögum eru ekki samfelld ákvæði um meðferð og úrlausn ættleiðingarmála og raunar er lítt fjallað þar um þessa hlið málsins. Þessar reglur hafa mótast af stjórnsýsluvenjum og verklagsreglum ráðuneytisins og um meðferð þessara mála gilda nú ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Rök þykja þó vera til þess að festa ýmsar grunnreglur um þetta efni í ættleiðingarlögum og er lagt til að svo verði gert með ákvæðum II. kafla. Gefur það borgurunum gleggri innsýn í gangverk þess ferlis sem liggur að baki útgáfu ættleiðingarleyfis. Lagasetning hlýtur þó að miðast við meginreglur um þetta og til fyllingar koma svo ýmsar stjórnvaldsreglur.

Með ákvæðum þessa kafla er að því stefnt að treysta undirbúning að úrlausn ættleiðingarmála. Má einkum nefna nýmæli 17. gr. sem heimilar ráðherra að skipa þriggja manna sérfræðinganefnd er veiti faglega umsögn um einstakar umsóknir sem ráðuneytið æskir álits hennar um. Sú umsögn er þá til viðbótar við umsögn barnaverndarnefndar skv. 16. gr. Verulegt gagn gæti orðið að slíkri álitsgerð í ættleiðingarmálum þegar vafi leikur á hvort veitt skuli leyfi til ættleiðingar.

Í III. kafla frv. er í 22. gr. ákvæði um dómsmál vegna ákvörðunar dómsmálaráðherra um veitingu ættleiðingarleyfis þótt samþykki lögbærra manna liggi ekki fyrir, sbr. 19. gr. frv. Í tengslum við það eru svo ákvæði 23. og 24. gr. varðandi réttarfar o.fl.

IV. kafli frv. er einungis ein grein, 25. gr., sem fjallar um réttaráhrif ættleiðingar. Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi ættleiðingarlögum.

Ákvæði V. kafla eru nýmæli í ættleiðingarlögum. Þar er kveðið á um að kjörforeldrar skuli skýra kjörbarni frá því að það sé ættleitt og að það skuli að jafnaði gert eigi síðar en þegar barn verður sex ára. Enn fremur er lagt til að kjörbarn sem orðið er 18 ára eigi rétt á að fá tiltækar upplýsingar um það frá dómsmrn. hverjir séu kynforeldrar þess eða fyrri kjörforeldrar.

VI. kafli frv. geymir ákvæði um ættleiðingar barna erlendis og eru þau nýmæli í ættleiðingarlögum. Almenn ákvæði ættleiðingarlaga eiga vitaskuld við um ættleiðingar sem fram fara á erlendum börnum hér á landi, bæði um það hver leysi úr ættleiðingarumsóknum, um almenn og sérgreind skilyrði ættleiðinga, umsóknir um þær og reglur um meðferð og úrlausn máls, réttaráhrif ættleiðinga o.s.frv. Við ættleiðingar milli landa reynir þó á ýmis sérstæð vandamál sem hafa m.a. orðið efni til Haag-samningsins frá 29. maí 1993. Ákvæði kaflans eru í tengslum við Haag-samninginn. Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um framkvæmd samningsins verði hann

fullgiltur. Hér eru fyrirmæli um að dómsmrh. hafi yfirumsjón með framkvæmd Haag-samningsins.

Samkvæmt 6. gr. samningsins á hvert aðildarríki að tilkynna hvaða stjórnvald innan ríkisins muni takast á hendur ábyrgð á framkvæmd samningsins, svonefnt miðstjórnarvald. Hér á landi hlýtur þetta að koma í hlut dómsmálaráðuneytisins þar sem þegar hefur fengist mikil reynsla af skiptum við erlend ríki vegna ættleiðinga. Í samningnum eru miðstjórnarvaldi fengin margvísleg verkefni og skuldbindingar á það lagðar og því er ætlað að vera þungamiðjan í allri framkvæmd samningsins.

Í 29. gr. er mælt fyrir um heimild manna búsettra hér til að ættleiða barn erlendis. Þarf dómsmrh. að samþykkja það fyrir fram með útgáfu forsamþykkis. Í frv. þessu er notað orðið forsamþykki yfir það skjal sem hingað til hefur verið kallað vilyrði.

30. gr. fjallar um umsókn um forsamþykki. Væntanlegir kjörforeldrar erlendra barna sem koma oft úr framandi umhverfi þurfa að búa sig undir uppeldishlutverk sitt að nokkru með öðrum hætti en þegar þeir taka sér íslenskt barn til ættleiðingar. Er æskilegt að þeir njóti sérstakrar fræðslu í þessu sambandi.

Í 2. mgr. 30. gr. frv. er lagt til að dómsmálaráðherra geti mælt fyrir um að umsækjendum um ættleiðingar erlendra barna sé skylt að sækja námskeið til undirbúnings fyrir ættleiðinguna. Er gert ráð fyrir að reglugerð verði þá sett um tilhögun þess.

Víða um lönd þykir tryggilegast að stjórnvöld og löggilt ættleiðingarfélög annist milligöngu um ættleiðingar milli landa. Á síðustu árum hefur Íslensk ættleiðing, sem viðurkennd er af dómsmrh., séð um slíka milligöngu og m.a. komið á sambandi milli væntanlegra ættleiðenda og stjórnvalda eða ættleiðingarfélaga í heimaríki barns. Segja má að Haag-samningurinn stefni að því að löggilt ættleiðingarfélag eða stjórnvöld annist þessa milligöngu.

Í 34. og 35. gr. frv. eru ákvæði um ættleiðingarfélög og milligöngu um ættleiðingar. Er dómsmrh. heimilað að löggilda slík félög og setja reglugerð um þau, sbr. 34. gr. Getur ráðherra mælt svo fyrir að þeim er ættleiða vilja barn erlendis frá sé skylt að leita aðstoðar við ættleiðinguna hjá löggiltu ættleiðingarfélagi. Jafnframt er svo fyrir mælt í 35. gr. að slík félög ein hafi milligöngu um ættleiðingar.

Ákvæði VII. kafla eru að verulegu leyti nýmæli að því er lögskráðar reglur varðar.

Í kaflanum er ákvæði um lögsögu dómsmálaráðuneytisins varðandi meðferð og úrlausn ættleiðingarmála, sbr. almenna ákvæðið í 36. gr. Í 37. gr. er svo ákvæði um það þegar óskað er ættleiðingar hér á landi af hálfu manns sem búsettur er erlendis.

Enn fremur er í þessum kafla ákvæði um viðurkenningu ættleiðinga barna frá öðrum löndum, sbr. 38. gr., og réttaráhrif þeirra. Það kveður á um breytta framkvæmd hér á landi, m.a. vegna áskilnaðar 1. mgr. 23. gr. Haag-samningsins. Ákvæðið miðast þó við að sami háttur verði á hafður varðandi allar ættleiðingar barna erlendis eins og nánar er reifað í athugasemdum við 38. gr.

Í 39. gr. er gerður sá fyrirvari að erlend ættleiðing sé ekki gild hér á landi ef hún fer gegn grunnreglum íslensks réttar. Hliðstætt ákvæði er m.a. í 24. gr. Haag-samningsins.

Í 40. gr. er lagt til að heimilað sé að víkja frá ákvæðum frv. ef nauðsyn krefur með hliðsjón af þjóðréttarsamningum sem Ísland er aðili að.

Loks er í VIII. kafla ákvæði um stjórnvaldsreglur, gildistöku og brottfallin lög ásamt ákvæði um lagaskil.

Herra forseti. Að lokum vil ég geta þess vegna umræðunnar undanfarið um að heimila eigi stjúpættleiðingu til fólks af sama kyni í staðfestri samvist að þetta málefni fellur ekki undir frv. það til ættleiðingarlaga sem ég mæli fyrir. Ef slík ættleiðing verður heimiluð ber að gera það með breytingu á 6. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87/1996, eins og gert var í Danmörku núna í sumar.

Ég vil geta þess að þetta atriði laganna um staðfesta samvist og önnur atriði þeirra laga sem er ætlað að rýmka rétt þeirra sem hyggjast stofna til staðfestrar samvistar eru nú til sérstakrar skoðunar í ráðuneytinu og ég á von á að þeirri athugun ljúki innan skamms. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að við Íslendingar höfum verið í fararbroddi við að tryggja réttarstöðu barnafólks í staðfestri samvist með því að lögfesta reglu um sameiginlega forsjá með börnum foreldris í staðfestri samvist fyrst allra ríkja og að því leyti stöndum við enn fremstir að því er þetta varðar að Danmörku einni undanskilinni.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginefni þessa mikilvæga lagafrv. og legg til að því verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[14:15]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að fara vel í gegnum það frv. sem liggur frammi um ættleiðingar en mig langar að ræða nokkur atriði.

Ég fagna sérstaklega því ef löggilding verður á Haag-samningnum. Það er mjög mikið framfaraskref og mun opna fólki leið að ættleiða börn t.d. frá Kína og öðrum stöðum sem hafa gert þá kröfu um að við virðum samninginn. Ég ætla ekki að fara út í einstakar lagagreinar þar sem ég sit í allshn. og þar mun verða farið yfir málið. Samt sem áður er ákveðin þversögn í frv. Þrátt fyrir lög um staðfesta samvist er talið að fólk í slíkri sambúð megi ekki ættleiða og því er það dálítið sérkennilegt að skráð óvígð sambúð skuli lagalegra sett hærra en staðfest samvist. Það er afar sérkennilegt. Jafnframt það að einhleypingur skuli hærra settur til að að ættleiða börn en þeir sem eru þó í staðfestri samvist. Það þarf því að ganga frá því að lögum um staðfesta samvist verði breytt. Mér finnst að við eigum að ganga það langt að við heimilum stjúpættleiðingar. Það er alveg lágmark.

Við megum ekki gleyma einu sem er mjög mikilvægt. Þetta er raunveruleiki sem ábyggilega 1.200–1.500 börn á Íslandi búa við. Þau búa ekki við það að erfa stjúpforeldra sína eða þá sem þau alast upp með. Þau þekkja kannski enga aðra veröld en þá að búa t.d. með tveimur mæðrum sem er mjög algengt. Nýbúið er að leggja fram um þetta ákveðnar tölur, áætlun um hversu stór hópur þetta er. Ég veit að það mun líka verða lagt fram í allshn. Þetta á auðvitað að verða réttur barnanna. Þetta er ekki spurning um það hvernig tilfinningalífi er háttað, hvort það eru karl og kona eða tveir einstaklingar af sama kyni. Þetta er spurning um velferð barnanna. Mér finnst það eiginlega vera aðalatriðið og nokkuð sem við eigum að skoða út frá rétti þeirra. Mér skilst líka að það hafi gerst í Bandaríkjunum að þrátt fyrir að lög þeirra hafi ekki heimilað þetta þá hafi það síðan verið tekið fyrir. Horft var á hagsmuni barnsins og þar af leiðandi var heimilað að þessi ættleiðing gæti átt sér stað.

Auðvitað má líka horfa á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að ekki megi mismuna börnum eftir stöðu foreldra. Það er líka einn af þessum hornsteinum. Hins vegar er mjög margt gott í frv. og ég get lofað hæstv. dómsmrh. því að ekki munu verða tafir þrátt fyrir þetta. Mjög mörg mikilvæg atriði sem varða mörg önnur munu verða til mikilla bóta.

Dómsmrh. nefndi það líka áðan að Danir hafi gengið skrefinu lengra með því að heimila stjúpættleiðingar. Auðvitað er það þróunin alls staðar og jafnframt, eins og ég nefndi áðan, út frá þeim dómum sem verða kveðnir upp að þegar horft er á hagsmuni barnsins er ekki hægt að taka þessa samvist út úr og segja að það gangi ekki.

[14:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins fá að svara hv. þm. þó að ég fái auðvitað tækifæri til þess á eftir. Mönnum verður tíðrætt um rétt barnsins. Ég er nefnilega alveg sammála því að velferð og hagsmunir barnsins eiga að vera í fyrirrúmi í öllum gerðum okkar og á að sjálfsögðu að vera markmiðið við löggjöfina.

Það var nefnt áðan að ákveðinn fjöldi barna hefði ekki erfðarétt eftir aðila þar sem þau byggju með fólki í staðfestri samvist og það er auðvitað rétt. En hvað gerist ef barnið er ættleitt? Þá missir það erfðarétt eftir hitt kynforeldrið. Þar að auki hefur það foreldri engan rétt til barnsins, ekki rétt til þess að umgangast það þannig að ættleiðing felur í sjálfu sér mjög miklar breytingar á réttarstöðu barnsins.

Ég taldi rétt, herra forseti, að benda á þetta atriði.

[14:20]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt sem hæstv. dómsmrh. bendir á, að að barn missir erfðarétt eftir kynforeldri sitt. En í þessum samböndum er þetta er kannski mjög oft sá hópur barna sem hefur ekki einu sinni verið feðraður. Þetta er spurning um að því barni sé gefinn þessi kostur. Stjúpættleiðingar verða sjaldgæfari og sjaldgæfari í venjulegum samböndum ef við getum sagt sem svo, einmitt út af þessum erfðarétti frá kynforeldri. En enn er stór hópur barna sem ekki hefur þetta kynforeldri og það er ekki einu sinni skráð. Það gerist kannski oftar í þessum samböndum en öðrum.

[14:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í frv. sem hér er mælt fyrir er auðvitað margt gott en eins og fram hefur komið skortir á að gert sé ráð fyrir einum hópi samfélagsþegna. Það eru samkynhneigðir. Nú vita allir sem búa í þessu landi að Íslendingar eru ólíkir innbyrðis eins og aðrar þjóðir. Við erum fötluð, við erum svört, við erum hvít, við tölum íslensku eða útlensku, við erum samkynhneigð eða gagnkynhneigð. Þetta er litróf lífsins. (Gripið fram í.) Það er gott að hér skuli litskrúðugt mannlíf geta þróast. Það er rétt sem bent hefur verið á að Alþingi Íslendinga steig stórt skref í átt til aukinna mannréttinda fyrir samkynhneigða 1996 þegar lögin um staðfesta samvist voru samþykkt. Við höfum verið stolt af þessum lögum og borið höfuðið hátt hvar sem er vegna þeirra laga.

Ég hefði hug á því að við héldum áfram að bera höfuðið hátt hvað varðar rétt samkynhneigðra og settum inn í lagafrv. sem hér er til umræðu ákvæði sem heimili samkynhneigðum að ættleiða börn, bæði frumættleiðingar og stjúpættleiðingar. Þetta eru sjálfsögð mannréttindi og óeðlilegt annað en samkynhneigðir njóti þessara mannréttinda. Við eigum að geta verið stolt af því að taka þá ákvörðun hér og nú að þetta komist inn í lögin. Ég boða það hér með að Vinstri hreyfingin – grænt framboð kemur til með að beita sér fyrir því að slíkt ákvæði til breytinga fari inn í frv. á síðari stigum þess. Við Íslendingar höfum verið í fararbroddi og ég hvet til þess að við höldum þeirri forustu áfram í málefnum samkynhneigðra og linnum ekki látum fyrr en full mannréttindi samkynhneigðra eru staðfest á Íslandi.

[14:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Án þess að ég tjái mig efnislega um ábendingar hv. þm., ég tel ýmislegt athyglisvert í máli hennar, þá verður lagatæknilega hliðin að vera rétt. Ég sagði áðan í framsögu minni að breyting þessi heyrði ekki undir frv. um ættleiðingar. Ef hv. þm. hafa áhuga á að breyta þessu fyrirkomulagi þá þarf að breyta lögunum um staðfesta samvist. Ef hv. þm. kynnir sér hvað stendur í þeim lögum þá stendur skilmerkilega, í einni grein þeirra laga, að þau séu undanþegin ættleiðingarlögum. Því er alveg ljóst að það þarf að breyta þeim lögum ef hv. þm. vill koma skoðunum sínum fram.

[14:24]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg rétt sem hæstv. dómsmrh. bendir á. Það þarf að breyta lögunum um staðfesta samvist til þess að ákvæði eins og hér er til umræðu komist inn í ættleiðingarlögin. Það er alveg sjálfsagt mál að gera það. Ef lagatexti felur í sér að breyta þurfi öðrum lögum hefur það í þinginu verið kallað bandormur eftir því sem ég best veit. Þá er það bara slíkur bandormur sem við þurfum að samþykkja. Mér finnst eðlilegt að ákvæðið um samkynhneigða og ættleiðingar samkynhneigðra, frumættleiðingar og stjúpættleiðingar, séu inni í ættleiðingarlögum en ekki í sérlagabáki um samkynhneigða sem gildir einungis um homma, lesbíur og enga aðra. Við eigum bara að hafa þetta allt inni í ættleiðingarlögunum, einum og sömu lögum.

[14:25]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á að svona var þetta gert í Danmörku, nákvæmlega eins og ég lýsti hér í máli mínu. Frv. sem breytti dönsku lögunum um staðfesta samvist var að vísu stjfrv. en við meðferð málsins á danska þinginu kom fram brtt. frá stjórnarandstöðunni um að einstaklingi í staðfestri samvist skyldi heimilt að ættleiða barn hins, þ.e. stjúpættleiðing. Frv. var samþykkt með þeirri breytingu. En þar var lögunum um staðfesta samvist breytt, ekki lögunum um ættleiðingar.

[14:26]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að þó að Danir hafi samþykkt lögin á þann máta sem hæstv. dómsmrh. lýsir er ekki þar með sagt að Íslendingar þurfi endilega að gera það eins. Ég minni á að yfir 600 börn eru núna alin upp hjá samkynhneigðum foreldrum. Mörg þessara barna bíða eftir því að lög af þessu tagi sem hér er fjallað um verði samþykkt. Þessi börn þurfa úrlausn sinna mála strax. Það hefur verið beðið eftir úrlausn fyrir mörg þessara barna í mörg ár því að við höfum verið að ræða þetta á Alþingi. Þetta er

ekki í fyrsta skipti sem þetta frv. er lagt fram og við vitum öll um kröfuna úti í samfélaginu hjá þessum hópi. Hún er mjög sterk og knýjandi. Börn samkynhneigðra foreldra þurfa úrlausn þessara mála strax og málefni þeirra eiga heima í ættleiðingarlögum.

[14:27]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóða yfirferð á nýju frv. til laga um ættleiðingar. Í frv. er margt gott að finna og ekki ástæða til þess að gagnrýna margt af minni hálfu. Ég vil hins vegar nota tækifærið og taka undir málflutning hv. 17. þm. Reykv., Kolbrúnar Halldórsdóttur, varðandi 2. gr. ættleiðingarlaganna.

Það er mjög mikilvægt að samkynhneigðir í staðfestri sambúð hafi sömu mannréttindi og aðrir í þessu sambandi. Við leggjum á það megináherslu eins og fram kom hjá hv. þm. Engin rök eru fyrir því að mismuna samkynhneigðum á þann hátt sem gert er í 2. gr. laganna. Þvert á móti eru margar rannsóknir sem benda til þess að samkynhneigt fólk geti jafnvel verið betri foreldrar en gagnkynhneigt.

Við hlustuðum á merkan fyrirlestur uppi í Háskóla Íslands í fyrradag sem sýndi ótvírætt fram á slíkar niðurstöður þó að þær séu e.t.v. ekki marktækar að öllu leyti. Það veit maður ekki en niðurstöðurnar benda til þess.

Ég legg áherslu á að við munum leggja megináherslu á að þetta verði sett inn í I. kaflann um frv. til laga um ættleiðingar. Það er skemmri skírn að nota breytingu á 6. gr. laga um staðfesta sambúð. Það er ekki ásættanlegt að mínu mati að fara þá leið. Ég vil enn taka undir sjónarmið hv. 17. þm. Reykv. þegar hún segir að það sé engin ástæða fyrir okkur að fara í einu og öllu eftir formúlum Dana, hvernig þeir hafa kosið að tryggja þessi mannréttindi. Við getum farið þá leið sem okkur sýnist best. Það er ekki boðlegt á því herrans ári 1999, í upplýstu samfélagi, að við skulum ekki hafa manndóm í okkur til, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að tryggja þessum minnihlutahópi sömu réttindi og öllum öðrum þannig að fólk í staðfestri samvist, samkynhneigt fólk, geti á nýrri öld búið við sömu réttindi og allir aðrir í samfélaginu.

Ég vil árétta að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum fylgja málum eftir á þennan hátt. Við teljum mjög mikilvægt að þetta fari inn í frv. til laga um ættleiðingar og það sé síðri kostur, þó að hann sé fær, að breyta 6. gr. laga um staðfesta samvist. Við viljum full mannréttindi og treystum því að í meðferð nefndar verði slíku komið á.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hafa orðið talsverðar umræður um rétt samkynhneigðra til þess að ættleiða og ég get tekið undir það sem þar hefur verið sagt. Ég vil hins vegar vara hv. þingmenn vinstri grænna við því að reyna að einoka málið eins og þau hafa talað hér og sér í lagi hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, í þá veru að hér sé um að ræða eitthvert sérstakt baráttumál vinstri grænna. Það er þannig að þetta viðhorf nýtur útbreidds stuðnings, ekki bara meðal okkar í stjórnarandstöðunni heldur líka meðal stjórnarliðsins. Það er farsælast fyrir þetta mál að það verði ekki gert að einhverju stöku flokksmáli staks flokks, þó stór sé. Þetta vildi ég bara segja, herra forseti, vegna þess að þetta er dæmi um mál sem þarf að koma fram með samstöðu og nýta þá samstöðu sem er fyrir hendi. En mér finnst þessi málflutningur hjá hv. þm. ekki vera til þess fallinn að ná málinu fram. Það er ekki til þess fallið að taka málið upp með þeim hætti að þetta sé eitthvert sérstakt málefni vinstri grænna þegar allir þeir sem hafa talað í umræðunni, fyrir utan hæstv. ráðherra, hafa tekið undir þetta sjónarmið.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég fagna því að þetta mál kemur fram. Þetta frv. sem hér liggur fyrir er, fyrir utan þann ágalla sem hér hefur verið ræddur, að öllu leyti mjög gott. Þetta er afar fínt frv., og ég get að flestu leyti tekið undir allar greinar þess. Það er kannski skoðanamunur milli ákveðins hóps þeirra sem eru í hópi eigum við að segja kjörforeldra og hafa beinna hagsmuna að gæta og hæstv. ráðherra um örlítil atriði en engin sem máli skipta, og ég er þeirrar skoðunar að þetta sé mikið framfaraspor.

Alþingi hefur borið gæfu til þess á síðustu árum, m.a. vegna samstöðu allra í þinginu, samstöðu ólíkra flokka, að útrýma úr lögunum öllum þeim skafönkum sem mismunuðu áður með einhverjum hætti kjörforeldrum og kjörbörnum. Það gerði Alþingi árið 1996 með frv. sem var lagt fram af hálfu þingmanna Sjálfstfl. og Alþfl., sem var síðan samþykkt og naut mikils stuðnings í þinginu og þannig á auðvitað að vinna þessi mál.

Ég minnist þess að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir varð fyrst til þess að spyrjast fyrir um það árið 1994 hverju yndi fram um staðfestingu Haag-sáttmálans, sem er nú eitt af því sem leiðir af þessu ágæta frv. Þá var því svarað til að það væri á dagskrá að staðfesta þann samning og var jafnframt svarað að þegar væri hafin gerð þessa frv. Það var árið 1994 og þetta hefur verið mjög erfið fæðing. Ég hef á hverju einasta ári síðan spurst fyrir um það hvað liði gerð þessara laga og fengið svör sem ég hef ekki getað sætt mig við. En frv. er loksins komið fram og það skiptir verulega miklu máli.

Haag-sáttmálinn, sem verður væntanlega staðfestur í framhaldi af samþykkt þessara laga, gerir það að verkum að réttarstaða ættleiðinga á alþjóðlega vísu er allt önnur og miklu betri. Málin eru að þróast þannig í heimi þar sem stöðugt meiri eftirspurn er eftir börnum til ættleiðinga að menn hafa því miður farið þá leið að beita ýmsum ráðum sem falla ekki að lögum flestra landa. Við vitum að það er jafnvel verslun með börn, sér í lagi frá þeim löndum sem hafa verið hvað örlátust á börn sín eins og sum lönd Suðaustur-Asíu og sum lönd í Suður-Ameríku. Í þessum löndum er það nánast að verða skilyrði að búið sé af hálfu þjóðlands að staðfesta Haag-sáttmálann til þess að hægt sé að ættleiða börn þaðan. Ég þekki þetta sjálfur af eigin raun þar sem hef ættleitt tvö börn frá Kólumbíu og að því er ég best veit þá hefur ekkert barn fyrir utan þessi tvö börn mín komið þaðan. Það skortir þó ekki á að Íslendingar hafi sótt um leyfi og heimild til ættleiðinga þaðan.

Ég spurðist fyrir um þetta hjá þeim ágætu embættismönnum sem ég hitti nýlega á ferð minni um Kólumbíu og var svarað að það væri dálítið umhendis að ættleiða börn til landa sem hefðu ekki staðfest þennan sáttmála. Ég spurði hverju það sætti og þá var mér svarað því til að það væru vaxandi teikn um að verslun væri í gangi með börn milli landa og jafnframt að menn færu ýmsar aðrar óheföbundnar leiðir sem væru þeim ekki að skapi og sem eru útilokaðar samkvæmt Haag-sáttmálanum. Þess vegna skiptir miklu máli fyrir okkur á Íslandi að sáttmálinn verði staðfestur. Það mun sennilega opna okkur leið til þess að ættleiða börn frá löndum eins og Kólumbíu og Kína líka.

Reynsla okkar sem höfum ættleitt sýnir okkur fram á að það er giska erfitt að standa í slíku og koma frá örlitlu landi. Ef ég má aðeins deila með hinu háa þingi reynslu minni frá Kólumbíu þá er hún þessi: Þegar maður kemur þangað niður eftir, einn og óstuddur frá Íslandi, í land þar sem enginn maður talar annað en spænsku er mjög erfitt að fóta sig í því skrifræðiskerfi sem þar ríkir. Þar hafa Norðurlöndin hins vegar hvert um sig skrifstofur með starfsmönnum, fjögurra til sex manna sem vinna á vegum sjálfstæðra ættleiðingarsamtaka í þessum löndum og stýra mönnum í gegnum þetta. Þetta skiptir auðvitað öllu máli.

Hins vegar þegar við komum frá Íslandi og höfum ekki þennan stuðning og það bætist líka við að það eru uppi ákveðnar efasemdir í garð þess lands sem við komum frá vegna þess að höfum ekki staðfest Haag-sáttmálann gerist þetta allt miklu erfiðara. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að við gerum það sem við getum til þess að flýta för samningsins í gegnum þingið. Það er skoðun mín, herra forseti.

Það breytir því ekki að ég er þeirrar skoðunar, eins og þeir ræðumenn sem hér hafa talað, að eðlilegt hefði verið við þessar aðstæður að stíga það skref sem felst í því að heimila stjúpættleiðingar.

Þegar ég velti fyrir mér hvort heimila eigi ættleiðingar til samkynhneigðra þá helgast niðurstaða mín af afstöðu minni til mannréttinda. Mannréttindahugtakið hefur verið að þróast á síðustu árum og eitt af því sem menn eru auðvitað orðnir sammála um er að það eru mannréttindi að sérhver einstaklingur fái að gera það sem hægt er til þess að eignast barn ef hann getur það ekki með þessum hefðbundnu leiðum sem Nói notaði til þess að geta Sem, Kam og Jafet. Eitt af því eru auðvitað ættleiðingar.

Samkynhneigðir eiga að njóta þeirra mannréttinda að fá að eignast börn. Þeir eiga að njóta nákvæmlega sama réttar og við hin. Hvaða rétt höfum við hin? Við sem höfum ekki eignast börn eftir þessum hefðbundnu leiðum höfum þann rétt að geta sótt um ættleiðingu. Samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum er gerð úttekt á viðkomandi og niðurstaðan ræður því hvort viðkomandi fjölskylda fær að ættleiða barn. Það er síðan í valdi þeirra þjóða sem láta barnið af hendi, ef um er að ræða ættleiðingu erlendis frá, hvort þær sætta sig við niðurstöðuna. Ég er þeirrar skoðunar að að öllu leyti, ekki bara varðandi stjúpættleiðingar, eigi það að vera réttur samkynhneigðra að ganga í gegnum þetta nákvæmlega sama ferli og við hin, þ.e. að það verði gerð úttekt á þeim hvort þeir séu hæfir foreldrar, og það eigi að ráða því hvort þeir fái barnið. Það verður síðan á valdi þeirra stofnana og þjóða sem hafa yfir þessum börnum að ráða hvort þær sætta sig við þá niðurstöðu.

Ég lít hins vegar líka á stjúpættleiðingar frá sjónarhóli mannréttinda en það er þá sem það eru ekki fyrst og fremst mannréttindi hinna samkynhneigðu sem skipta öllu máli heldur mannréttindi barnsins. Ég held nefnilega og er að því leyti til sammála því sem mér virðist vera grunnstefið í viðhorfi hæstv. dómsmrh., þó ég komist að allt annarri niðurstöðu en hún, að þarna þurfum við að vega og meta hvernig barnið verður úti í þessu öllu saman. Ég er þeirrar skoðunar að það séu mannréttindi barna sem eru til innan sambands samkynhneigðra að fá að njóta þessa möguleika á stjúpættleiðingu. Ég held að það sé gott fyrir barnið. Þau rök sem hæstv. dómsmrh. flutti áðan ná að vísu svolítið en afskaplega skammt, held ég, þau eru léttvæg miðað við hin þyngri rök, þ.e. hæstv. dómsmrh. talaði um að það gæti auðvitað leitt til þess að við slíka ættleiðingu kynni t.d. hið ættleidda barn að missa rétt varðandi arftöku eftir kynforeldri sitt. (Gripið fram í.) Ég held hins vegar, herra forseti, að það sem skiptir miklu meira sé hið tilfinningalega gildi og tilfinningalega atlæti og sú örugga vissa barnsins að það hefur foreldri sem þau hafa ekki alltaf að öllu leyti. Það er það sem skiptir máli.

Alveg eins og að í sérhverjum einstaklingi blundar gríðarleg þörf til þess að eignast barn þá blundar í sérhverju barni gríðarleg þörf til þess að eignast foreldra. Það er óljóst í mörgum tilvikum eins og rakið var áðan, hver staða þeirra barna er í því tilliti. Þau eiga eitt foreldri, þau eiga kost á tveimur ástríkum foreldrum. Það á að leyfa þeim það, herra forseti.

Ég verð að rifja það upp, herra forseti, að skammt er síðan við nokkrir þingmenn vorum viðstödd málþing á vegum Félags samkynhneigðra stúdenta í Háskóla Íslands. Þar kom það fram hjá formanni allshn., hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur, sem á ekki sæti á þingi núna vegna þess að hún er í fæðingarorlofi, að þetta mál væri í athugun hjá ráðuneytinu, eins og hæstv. ráðherra gat um hér áðan, en hv. þm., form. allshn., steig skrefi lengra og hún sagði að það væri beðið eftir niðurstöðu sænskrar nefndar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er þessi sænska nefnd og hvernig stendur á því að hér erum við á Íslandi að velta fyrir okkur lagasetningu sem tengist mikilvægu réttindamáli og þá kemur það fram að það verður að bíða eftir því að nefnd á vegum sænskra sósíaldemókrata lýkur störfum árið 2001?

Ég gat ekki betur skilið mál hv. þm. á þessu málþingi en svo að hér væri um að ræða að verið væri að gera rannsóknir á hæfi samkynhneigðra sem foreldra. Ég verð, herra forseti, að taka undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, sem benti á það áðan að nú þegar liggja fyrir tugir slíkra rannsókna. Hægt er að leggja fram lista, sem ég er viss um að hæstv. dómsmrh. hefði a.m.k. gaman af að sjá ef ekki að kynna sér til hlítar, um 60 rannsóknir á hæfi samkynhneigðra sem foreldra. Niðurstaðan er í öllum aðalatriðum alls staðar hin sama. Samkynhneigðir eru ekki bara mjög hæfir sem foreldrar heldur ef eitthvað er þá eru þeir betri en hinir. Það hefur t.d. komið fram í þessum rannsóknum að samkynhneigðir karlar eru fljótari til þess að svara einhvers konar mótlæti af hálfu barna sinna með auknu ástríki, með því að ræða við þau, ræða vandamálin, og ef eitthvað er þá eru þeir betri feður.

Eitt af því sem kemur alltaf upp í þessari umræðu í gegnum árin er óttinn við að samkynhneigðir, og þá sérstaklega samkynhneigðir feður, misnoti börn sín. Það kom fram í þessari rannsókn að engin eru dæmi um slíkt. Með öðrum orðum er miklu minni hætta á því af hálfu slíkra karla en annarra að um misnotkun verði að ræða.

Börnin hafa líka verið könnuð. Það hefur verið skoðað og spurt hversu „vel heppnuð“ þau eru. Og, herra forseti, aftur er svarið hið sama, ef eitthvað er þá eru þau „betur heppnuð“. Það er því ekkert í þeim tiltölulega viðamiklu rannsóknum sem liggja fyrir um hæfi samkynhneigðra sem foreldra sem bendir til annars en að þeir séu afskaplega verðugir foreldrar.

Þess vegna, herra forseti, hlýt ég að spyrja hæstv. dómsmrh.: Er það í fyrsta lagi rétt eftir haft að verið sé að bíða eftir niðurstöðu sænskrar nefndar í þessum efnum? Í öðru lagi: Hefur hæstv. dómsmrh. ekki kynnt sér þær miklu rannsóknir sem liggja fyrir um þetta? Í þriðja lagi: Er ekki hæstv. dómsmrh. sammála mér um að það beri að greina á

milli annars vegar frumættleiðinga og hins vegar stjúpættleiðinga? Og þá í fjórða lagi: Getur ekki hæstv. dómsmrh. orðið mér sammála um að e.t.v. sé tilefni til þess að flýta þessu tiltekna atriði, þ.e. að gera breytingu á lögum sem heimilar stjúpættleiðingar samkynhneigðra?

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé röng niðurstaða hjá hæstv. dómsmrh. að slík breyting eigi einungis heima í lögum um staðfesta samvist. Ég held að hún eigi heima þar en líka í því frv. sem hér liggur fyrir og þess vegna vil ég að það komi fram að a.m.k. við þingmenn Samfylkingarinnar, og e.t.v. fleiri þingmenn líka, munum leggja fram við 2. umr. brtt. við frv. og jafnframt á lögunum um staðfesta samvist sem gerir það kleift fyrir samkynhneigða að ættleiða stjúpbörn.

Herra forseti. Ég geri greinarmun á milli annars vegar stjúpættleiðingar og frumættleiðingar. Ég hef skýrt rökin fyrir því. Þarna er um mismunandi viðhorf hjá mér að ræða. Ég tel að tvímælalaust eigi að heimila stjúpættleiðingar strax vegna þess að þar er um að ræða mannréttindi barnanna en líka vegna þess að sú stefna hefur verið uppi hjá Samtökum samkynhneigðra að stíga þessi skref í þessari röð. Ég get út af fyrir sig alveg samþykkt það en ég vil bara að það komi alveg skýrt fram að ég er þeirrar skoðunar að varðandi samkynhneigða eigi að gilda nákvæmlega sömu reglur og lög um frumættleiðingar og okkur hin. Ég vil að það komi fram en ég get alveg fallist á þessa röð, herra forseti.

Ég vil síðan geta þess að þó að ég hafi, og fleiri þingmenn sem tilheyra þingflokki mínum, lagt fram viðhorf okkar sem lúta öll að því að nota eigi tækifærið til að heimila þá réttarbót sem felst í stjúpættleiðingunni, þá munum við ekki með nokkrum hætti reyna að tefja fyrir framgangi málsins.

[14:46]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil láta það koma skýrt fram að ég hef ekkert tjáð mig um afstöðu mína til málsins, hvort þessar breytingar eigi að eiga sér stað þannig að þeir sem séu í staðfestri samvist geti fengið leyfi til ættleiðinga. Það mál er til skoðunar í dómsmrn. eins og ég skýrði frá hér áðan.

Spurt var sérstaklega um formann allshn. og orð hennar á fundi nú nýverið. Ég var ekki á þessum fundi og ég tel að hv. þm., formaður allshn., sé fullfær um að svara fyrir sig en vísað var í sérstaka sænska rannsókn. Eitt af því sem hefur komið fram við skoðun okkar á málinu er að Svíar hafa nú sett af stað mjög viðamikla rannsókn og sú rannsókn tekur bæði til stjúpættleiðingar og frumættleiðingar og þar af leiðandi er málið kannski orðið miklu stærra í sniðum. Ég er alveg sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að greina þarf á milli stjúpættleiðingar annars vegar og frumættleiðingar hins vegar.

Ég vildi bara láta þetta koma fram. Að öðru leyti vil ég taka undir með hv. þm. að tilfinningar skipta meira máli en erfðaréttur. Ég hef fullan skilning á því máli og hagsmunum barna almennt þar sem ég var formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur um árabil.

[14:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekkert í efa að hæstv. dómsmrh. skilur alveg hvernig í málinu liggur enda hefur hún komið að þessum málum bæði á sviði ríkisins og líka á meðan hún tók þátt í störfum borgarstjórnar á vettvangi borgarstjórnar í Reykjavík.

En, herra forseti, mér finnast þessi svör ekki nægilega góð. Ég held að í þessum sölum hafi komið fram á síðustu árum að það er yfirgnæfandi stuðningur í öllum flokkum, kannski er það of sterkt til orða tekið, herra forseti. En það er meirihlutastuðningur í öllum þingflokkum sem eru nú á Alþingi við því að samkynhneigðir fái að stjúpættleiða. Það hefur komið fram í umræðum á þinginu og það hefur einfaldlega komið fram þegar einstakir þingmenn hafa verið að lýsa viðhorfum sínum til málsins. Þess vegna sé ég ekki neitt sem mælir gegn því að það tiltekna atriði verði afgreitt sem fyrst. Sér í lagi þegar hæstv. dómsmrh. tekur undir þá skoðun mína að greina beri á milli stjúpættleiðinga og frumættleiðinga.

Í annan stað, herra forseti, er auðvitað ekki boðlegt, hversu mikil sem ást mín og hæstv. dómsmrh. og eftir atvikum ríkisstjórnarinnar allrar er á hinni sænsku sósíaldemókratíu, að bjóða Alþingi upp á að það sé ekki hægt að afgreiða mál eins og þetta vegna þess að beðið sé eftir niðurstöðum sænskra rannsókna. Hæstv. dómsmrh. hefur örugglega kynnt sér málið vel og hlýtur að vita eins og ég rakti hérna áðan að það liggja fyrir niðurstöður tuga rannsókna sem allar sýna að því er ég best veit að samkynhneigðir eru ef eitthvað er ívið betri foreldri en við hin og börn sem eru alin upp hjá samkynhneigðum eru ef eitthvað er ívið „betur heppnuð" en börn hinna. Það eru því engin rök sem mæla gegn þessu tiltekna atriði. Ég hlýt að spyrja hæstv. dómsmrh.: Verður það vinnuaðferð hennar í framtíðinni þegar erfið mál koma upp að skjóta þeim til sósíaldemókrataflokks Svíþjóðar?

[14:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð því miður að hryggja hv. þm. með því upplýsa hann um að það verður alveg örugglega ekki beðið eftir einhverjum sænskum rannsóknum almennt í sambandi við mál sem ég sem dómsmrh. og ríkisstjórnin hef í hyggju að leggja fyrir Alþingi svo það komi skýrt fram. Það er því algjör óþarfi hjá hv. þm. að snúa út úr orðum mínum.

Ég vil hins vegar að það komi skýrt fram og ítreka það sem ég hef sagt áður í framsögu minni að ýmis atriði tengjast væntanlegum breytingum á lögum um staðfesta samvist og þær breytingar snúa að því að gera réttarstöðu þeirra aðila sem búa í slíkri samvist enn þá betri. Það er nú bara þannig og ég held að hv. þm. sé fullkunnugt um það að í sifjarétti er það einmitt sá málaflokkur sem við erum að fjalla um hér, sem hefur verið mjög náið samstarf milli Norðurlandanna örugglega alla þessa öld, ef ekki lengur.

[14:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé í þessari umræðu með tilliti til þess hvernig hún hefur þróast að hæstv. dómsmrh. upplýsi hvers eðlis niðurstaðan þarf að vera út úr þessari sænsku rannsókn til þess að hún fallist á að leggja til breytingar með þessum hætti. Ég hjó auðvitað eftir því að hæstv. dómsmrh. ítrekaði það í fyrri ræðum sínum að hún hefði ekki enn mótað sér neina skoðun á því hvort samkynhneigðir eiga að fá að njóta þessa réttar. Það eru auðvitað forréttindi hennar og ég deili ekkert á hana fyrir það.

En það er óhjákvæmilegt annað en að komast að þeirri niðurstöðu að það verði úrslit þessarar sænsku rannsóknar sem munu ráða hvoru megin hryggjar þetta lendir, þ.e. hvort hæstv. dómsmrh. telur rétt að leggja fram slíkt frv.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég bara ítreka það sem ég hef sagt að það frv. sem við erum að ræða er í öllum

meginatriðum gott mál. Þó að ég vildi óska þess að hæstv. dómsmrh. tæki á sig rögg og hefði sjálfstæði til þess að vinna fram úr þessu máli ein og óstudd án aðstoðar Svía, þá vænti ég þess eigi að síður að hún muni fyrr en seinna leggja fram þetta frv. En af því að hún talaði um að mikil samvinna hefði verið á milli Norðurlandaþjóðanna verður auðvitað að draga það fram að í þessum efnum hefði dómsmrh. verið hentast að líta til Dana. Væntanlega hefur verið góð samvinna við þá líka. Þeir hafa heimilað stjúpættleiðingar og þurftu ekki neina sænska rannsókn til þess, herra forseti.

[14:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi eitthvað misskilið mál mitt áðan þegar hann minntist á að þetta væri ekki mál vinstri grænna. Ég er ekki gamalreyndur þingmaður eins og hann en ég geri mér fulla grein fyrir því að mál af því tagi sem hér er uppi þarf breiðan stuðning og ég veit að það hefur það. Það hefur bæði stuðning í Samfylkingunni og í stjórnarflokkunum þannig að ekki þarf að velta sér upp úr málflutningi af þessum toga.

Ég nefndi líka áðan að ég gerði mér grein fyrir því að breyting á 6. gr. laga um staðfesta sambúð væri áfangi og það væri fær leið. En ég vil árétta það, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að ég lagði áherslu á að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vildum að skrefið yrði stigið núna til fullnaðarsigurs hvað varðar samkynhneigða varðandi þetta frv. Það væri með því að setja inn þessi fullu réttindi í I. kafla laganna. Það eru ákvæði um einstaklinga, það eru þar ákvæði um sambúðarfólk. Af hverju ekki að vera með ákvæðið þar sem tryggir full réttindi sambúðarfólks í staðfestri sambúð?

Þetta er kjarni málsins. Um þetta þarf ekki að hafa mörg orð og ég árétta enn og aftur að ég geri mér fulla grein fyrir því að það er víðtækur stuðningur fyrir því að stíga þetta skref. Ég held að Alþingi Íslendinga ætti að nota tækifærið af því að við erum með þetta frv. á borðunum og af því að þetta er svo örlítil breyting en gerir svo stórt að taka hana núna.

[14:55]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég hafði gefið merki um koma upp til andsvars við upphafsorð hv. 7. þm. Reykv., Össurar Skarphéðinssonar, en þar sem ég er stigin í pontu langar mig til þess að lýsa ánægju með þetta frv. að öðru leyti en því að ég tek undir að það væri mikil mannréttindi að fá inn í það núna breytingu sem snýr að sambúð samkynhneigðs fólks. Hæstv. dómsmrh. hefur bent á að það er bundið í lögum um staðfesta samvist, 6. gr. þeirra laga, og að þau séu í endurskoðun. Því hvet ég til þess að þeirri endurskoðun verði lokið hið fyrsta og að þessu ákvæði verði jafnframt komið inn í lög um ættleiðingar.

Vegna orða Össurar Skarphéðinssonar um, eins og ég skildi hann, að honum gremdist það að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ætluðum að gera réttindamál samkynhneigðra varðandi ættleiðingar að okkar þá segi ég að við ætlum ekkert að gera þetta mál að okkar öðruvísi en berjast fyrir því inni á þingi eða reyna að vinna að því eins og við getum að koma þessu að. Við getum aftur á móti ekkert gert að því þó hér séu ekki fleiri í salnum og hér séu þá ekki fleiri til að taka til máls og leggja þessum málum lið. Ég vildi að við gætum haft þau áhrif að hér væri virk og góð þátttaka í málum sem þessum og það kom fram í máli þeirra þingmanna sem töluðu fyrir okkar hönd að breið samstaða er um þetta úti í þjóðfélaginu og við létum þess getið.

Umræðu frestað.

Lagaskil á sviði samningaréttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Dreifð eignaraðild að viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum, frh. 1. umr.

Frv. SJS og ÖJ, 6. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Meðferð einkamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 64. mál (EES-reglur, málskostnaðartrygging). — Þskj. 64.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vöruhappdrætti SÍBS, frh. 1. umr.

Stjfrv., 65. mál (gildistími). — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 66. mál (Fjarðabyggð, Kjalarneshreppur). — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Stjfrv., 67. mál (skilyrði bótagreiðslu). — Þskj. 67.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skráð trúfélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 69.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Þróun eignarhalds í sjávarútvegi.

[15:05]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi löggjöf um dreifða eignaraðild í sjávarútvegi þar sem sett var hámark á samanlagða aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, bæði í einstökum tegundum og í samanlagðri aflahlutdeild eða heildarkvóta. Samanlagður kvóti fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila má ekki vera hærri en 8%. Hámarkið færist þó upp í 12% ef enginn einn aðili fer með stærri hlut en 20% í félaginu og engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin. En þrátt fyrir þessar leikreglur sem Alþingi samþykkti með breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða þá hefur verið vaxandi umræða í þjóðfélaginu um að eftir nokkur ár yrðu hér einungis örfá, þrjú til fimm fyrirtæki eða fyrirtækjablokkir í sjávarútvegi sem hefðu tangarhald á stærsta hluta veiðiheimildanna. Samrunaferli hefur verið í gangi í sjávarútvegi á undanförnum árum. Fyrirtæki hafa verið að sameinast öðrum eða kaupa upp minni fyrirtæki til að mæta þeim hagræðingar- og arðsemiskröfum sem stjórnendur fyrirtækjanna standa frammi fyrir.

En fleira hefur verið að gerast en að einstök fyrirtæki í sjávarútvegi sameinist og hagræði. Fyrirtæki, bæði í sjávarútvegi og eignarhaldsfyrirtæki, eru að kaupa hluti í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum og sum að gerast umsvifamiklir eignaraðilar.

Það voru fréttir af því í sumar að Samherji eignaðist 37% hlut í Skagstrendingi. Skömmu síðar bárust fréttir af því að Burðaráss, eignarhaldsfélag Eimskipafélagsins, væri jafnframt að auka hlut sinn í nefndu fyrirtæki. Í fréttabréfi Eimskipafélagsins um mitt ár kom fram að Burðaráss hefði á fyrri árshelmingi fjárfest fyrir hátt í 3 milljarða, einkum í sjávarútvegi. Og nú síðast bárust fréttir af því að Burðaráss hefði aukið hlut sinni í Haraldi Böðvarssyni fyrir rúman milljarð. Fyrirtækið er eins og menn vita ráðandi eignaraðili í Útgerðarfélagi Akureyringa með yfir 40% hlut. Lauslega reiknað virðist Burðaráss vera kominn með umtalsverðan og stundum ráðandi hlut í fyrirtækjum sem hafa yfir tæplega 60 þús. þorskígildum að ráða, eða u.þ.b. 16% af heildaraflahlutdeildum.

Jafnframt hefur komið fram að það sé stefna fyrirtækisins að fjárfesta í traustum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum og vera virkur þátttakandi í þeirri þróun og uppstokkun sem fram undan sé á þessu sviði. Stefnan virðist skýr.

En sú spurning hlýtur að vakna hvort hér sé komið það módel, sú aðferð, sem ýmsir spámenn í fjármálaheiminum og einnig forustumenn í sjávarútvegi hafa verið að vísa til þegar þeir tala um stóru blokkirnar, fyrirtækin þrjú til fimm í sjávarútveginum sem munu verða til á næstu árum. Og það án tillits til þess hvort lögin um dreifða eignaraðild í sjávarútvegi eru í gildi eða ekki. Getur verið að þrátt fyrir vilja Alþingis og lagasetningu um hámarksaflahlutdeild einstakra sjávarútvegsfyrirtækja, hafi fundist annar farvegur til yfirráða á auðlindinni í miklu stærri mæli en einstökum fyrirtækjum leyfist? Telur ráðherra að hægt sé að koma í veg fyrir blokkarmyndun eins og ég rakti í dæmi mínu að væri að verða undir verndarvæng Burðaráss?

Það er jafnframt ljóst að kaup stórra fyrirtækja í sjávarútvegi í öðrum fyrirtækjum eru að leggja grunn að svipuðu mynstri. Svo virðist sem kapphlaupið um að verða ráðandi í einhverju af hinum fáu stóru sem spáð er að muni hafa yfirráð yfir megni kvótans eftir örfá ár, sé komið á fullt.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um að veiðiheimildir séu að færast á æ færri hendur. Það má til sanns vegar færa að þær séu að færast inn í æ færri fyrirtæki og við því átti að bregðast með lögunum um dreifðu eignaraðildina. En hitt hlýtur að vekja jafnmikla eftirtekt, að fyrirtækin sjálf séu síðan að komast í hendur æ færri aðila.

Ég vil því að endingu spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig honum lítist á, hvort stjórnvöld hafi í hyggju að bregðast við þessari tilhneigingu sem ég leyfi mér að fullyrða að gangi þvert á anda þeirra laga sem Alþingi setti um hámarkshlutdeild einstakra fyrirtækja.

[15:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Á níunda áratugnum var eins og margir muna vandi sjávarútvegsins fólginn í því að of mörgum skipum var haldið til veiða miðað við afrakstursgetu fiskstofna. Þegar aflamarkskerfið með framseljanlegum aflaheimildum var tekið upp í fiskveiðum var talið að það væri vænlegasta kerfi til þess að skapa þá umgerð sem leiðir til hagkvæmustu stærðar og samsetningar flotans. Það átti að gerast með því að veiðiheimildir fiskiskipa yrðu sameinaðar á færri skip. Rekstri einhverra fiskiskipa yrði hætt og rekstur þeirra skipa sem eftir yrðu í flotanum yrði hagkvæmari vegna betri nýtingar á framleiðslutækjunum. Hagræðing og hagkvæmni voru þannig lykilorðin.

Þegar horft er yfir tímabilið sést að þessar vonir hafa ræst. Afkoma í sjávarútvegi var fremur léleg mest allan níunda áratuginn og var tap á rekstrinum öll árin nema 1986–1987. Umsnúningur varð á árinu 1990 og hafa fiskveiðarnar verið reknar með hagnaði síðan þá. Þess sjást víða merki að tilkostnaður við veiðar fiskiskipanna hafi minnkað og arðsemi hefur aukist verulega eftir að aflamarkskerfið varð allsráðandi.

Nokkur stærstu útgerðarfyrirtækin hafa stækkað umtalsvert. Í fyrsta lagi hafa þau keypt til sín aflahlutdeild frá öðrum útgerðum. Í öðru lagi hafa þau sameinast útgerðarfyrirtækjum sem stunduðu veiðar úr sömu fiskstofnum. Í þriðja lagi hafa þau sameinast útgerðum sem hafa stundað veiðar á öðrum fiskstofnum og með því lagt breiðari grunn undir rekstur fyrirtækis síns.

Síðast en ekki síst hafa mörg stærstu fyrirtækin skráð félög sín á Verðbréfaþingi Íslands. Tuttugu sjávarútvegsfyrirtæki eru skráð þar nú og eru þau álitin eftirsóknarverður fjárfestingarkostur á þeim markaði.

Nokkur umræða hefur átt sér stað í gegnum tíðina um það hvort frjálst framsal á aflahlutdeild mundi leiða til færri og stærri útgerðarfyrirtækja. Of mikil samþjöppun var af mörgum talin óheppileg þar sem hún gæti leitt til þess að sífellt færri aðilar hefðu nýtingarrétt á fiskstofnum landsmanna. Af því tilefni ákvað Alþingi á árinu 1998 að breyta lögum um stjórn fiskveiða og setja inn í lögin ákvæði sem ætlað er að girða fyrir of mikla samþjöppun og koma í veg fyrir að aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila eða tengdra aðila geti farið umfram tiltekið hámark.

Í stuttu og einfölduðu máli eru reglurnar þær að þak er sett á samanlagða aflahlutdeild fiskiskipa sem einstaklingar, fyrirtæki eða tengdir aðilar ráða yfir. Þannig er þakið 10% í ýsu og þorski en 20% í ufsa, karfa, grálúðu, síld, loðnu og úthafsrækju. Þakinu er ætlað að koma í veg fyrir að einstakir aðilar verði of ráðandi í veiðum á einstökum tegundum án þess að skerða möguleika þeirra til hagræðingar og sérhæfingar. Þá má heildarverðmæti aflahlutdeilda allra tegunda sem sæta ákvörðun um hámarksafla ekki fara fram úr 8%. Þakið er hærra, eða 12%, ef eignaraðild í fyrirtækinu er dreifð og engar hömlur eru á viðskiptum með eignarhluti.

Við mat á því hvort hámarki aflahlutdeildar er náð eru aflahlutdeildir fiskiskipa í eigu aðila sem teljast tengdir, lagðar saman. Um það hverjir teljast tengdir aðilar gilda flóknar reglur. Grundvallaratriðið er hvort einhver aðili hefur raunverulega yfirráð yfir öðrum svo sem vegna þess að hann eða dótturfyrirtæki hans á meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, fer með meiri hluta atkvæðisréttar eða hefur sambærileg ítök. Þá geta fyrirtæki talist tengd ef sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða fara með meiri hluta atkvæða í stjórnum fyrirtækjanna.

Fiskistofa hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Að hennar mati hefur enginn aðili enn þá náð þeirri stærð að ákvæði 11. gr. laga um stjórn fiskveiða taki til hans.

Í upphafi nýhafins fiskveiðiárs höfðu tíu stærstu útgerðarfyrirtækin ráðstöfunarrétt á samtals 36,7% úthlutaðra þorskígilda. Hlutur þeirra hafði aukist um 2,5% frá 1. desember sl. Samherji hafði flest, 6,75%. Hvað varðar einstakar tegundir var engin útgerð með hærri ráðstöfunarrétt en heimildir leyfa. Aflahlutdeildarþaki var heldur ekki náð þó tillit væri tekið til reglna um tengda aðila.

Á undanförnum árum hafa stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja leitað leiða til að skapa skilyrði fyrir bætt rekstraröryggi og svara kröfu þjóðfélagsins um aukna hagkvæmni í sjávarútvegi. Það hafa þeir m.a. gert með sameiningu fyrirtækja. Tilgangur þeirra er að dreifa áhættu í rekstri og renna fleiri stoðum undir starfsemina. Þá hafa stjórnendur fyrirtækja séð sér hag í því að sameina fyrirtæki til að standa betur að vígi í alþjóðlegri samkeppni. Að lokum má nefna að rekstrarskilyrði stærri sjávarútvegsfyrirtækja eru almennt jafnari.

Það er ljóst að það er flókið verkefni að finna jafnvægi milli þess að leyfa hagkvæmni stærðarinnar að njóta sín og að setja á sama tíma reglur til að reyna að koma í veg fyrir ýmsa ókosti sem geta fylgt of mikilli samþjöppun í útgerð. Þessum lögum var ætlað að skapa þetta jafnvægi.

Spurt var hvernig mér litist á þessa þróun. Mér líst vel á þá þróun sem leiðir til hagkvæmni í íslenskum sjávarútvegi. Spurt var hvort uppi væru fyrirætlanir um að bregðast sérstaklega við þessari þróun. Það eru ekki uppi áætlanir um það þar sem þeim mörkum sem Alþingi sjálft ákvað árið 1998 hefur ekki enn verið náð.

[15:16]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ákvæði um dreifða eignaraðild voru sett í lög til að tryggja að örfáir aðilar næðu ekki eignarhaldi á dýrmætustu auðlind í sameign Íslendinga. Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri einföldu spurningu hvort hann teldi hættu á að svo færi, hvort hann teldi hættu á að þessi ákvæði laganna stæðust ekki þegar á reyndi vegna þess að til að komast fram hjá þeim velji einn og sami fjársterki aðilinn einfaldlega þá leið að kaupa hlutabréf í mörgum sjávarútvegsfyrirtækjum þó hvert og eitt þeirra eigi ekki meira af aflaheimildum en lögin heimila.

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því hvernig eftirliti með þessum lögum er háttað. Fiskistofa á að sjá um eftirlit með lögunum. Hún á að sjá um að þeir aðilar sem eiga í viðskiptum á markaðnum tilkynni henni sjálfir hvort hætta sé á að þeir verði brotlegir eða ekki. Fiskistofa hefur samkvæmt lögunum ekki heimild til þess að framkvæma sjálfstæða rannsókn. Ég hef spurst fyrir um hvaða aðferðum Fiskistofa hafi beitt til að fá þessar upplýsingar. Ég hef spurt hvort hún hafi haft samband við Samkeppnisstofnun til þess að fá þaðan upplýsingar um atriði er tengjast þessu máli. Svarið er nei. Ég hef spurst fyrir um það hvort hún hafi haft samband við Fjármálaeftirlitið til að fá upplýsingar og ganga úr skugga um hvort þessi hætta er raunveruleg eða ekki. Svarið er nei. Ég hef spurst fyrir um hvort reglulegt samstarf sé við Verðbréfaþing til að fá upplýsingar um hvernig eignarheimildir að fyrirtækjum skipta um hendur á þeim vettvangi. Svarið er nei.

Þess vegna spyr ég hæstv. sjútvrh.: Telur hann að svona eftirlit með ákvæðum laganna sé fullnægjandi? Er hann sáttur við að helstu eftirlitsstofnanir og umsýslustofnanir í landinu á þessu sviði séu ekki einu sinni spurðar álits eða leitað til þeirra um upplýsingar af þeim aðila sem á að sjá um eftirlitið með þessum lögum? Eða eru þessi ákvæði laganna ekki pappírsins virði sem þau standa á?

[15:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er óumdeilt að það er á ábyrgð stjórnvalda hvernig mál þróast í viðamiklum atvinnugreinum eins og sjávarútvegi. Þau setja leikreglurnar og þeim ber því að bregðast við ef þær leiða til þróunar sem er óásættanleg.

Eitt af því sem menn þurfa að hafa auga með varðandi löggjöf um stjórn fiskveiða eru afleiðingar af hinu frjálsa framsali. Á það hefur verið bent að atvinnuhagsmunir margra sjávarbyggðarlaga komast í uppnám ef fyrirtæki eru flutt af viðkomandi stað eða aflaheimildir þess.

Þegar við framsóknarmenn gengum til síðustu alþingiskosninga, bentum á þennan vankant á kvótakerfinu og sögðum að breytinga væri þörf. Við gerðum kröfu til þess að lögin yrðu tekin til endurskoðunar. Nú hefur verið skipuð nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lögin með hagsmuni byggðanna og almennings í huga. Það er auðvitað óásættanlegt að fáeinir aðilar geti með framsali aflaheimilda haft svo mikil áhrif á lífsafkomu svo margra sem starfa í sjávarútvegi eins og raun ber vitni, bæði með því að flytja atvinnuna í burtu og fella verðgildi eigna fólksins. Þess vegna þurfa stjórnvöld að fylgjast með þróun sem kann að leiða þetta af sér.

Að mínu viti er algerlega óásættanlegt að menn horfi upp á þróun af þessu tagi án þess að stjórnvöld bregðist við. Ég tel að ríkisstjórnin eigi að senda mjög ákveðin skilaboð til aðila, ef þeir eru fyrir hendi, sem hyggjast safna saman aflaheimildum af mörgum stöðum á einn stað. Ég tel að það sé óásættanlegt fyrirkomulag og að ríkisstjórninni beri að senda mjög ákveðin skilaboð til þeirra nú þegar um að slík þróun verði ekki liðin.

[15:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það sem við erum að ræða hér er spurningin um það hvort mikil samþjöppun á eignarhaldi í sjávarútvegi sé yfirleitt æskileg. Ég tel að svo sé ekki, það sé ekki hagkvæmt fyrir íslensku þjóðina að eignarhald í sjávarútvegi, eignarhald á auðlindinni eins og lögin eru núna úr garði gerð, safnist á fárra hendur. Ég held að við höfum mjög skýrar vísbendingar um að í þessa átt stefni og við því þarf að bregðast.

Með leyfi forseta langar mig að vitna í nokkrar tölur sem birtust í ritinu Kvótakerfið, kenning eða veruleiki, sem Gísli Pálsson og Agnar Helgason tóku saman. Þeir skilgreindu eignaraðild aflaheimilda og hvernig hún hefði þróast. Í raun er bein tenging á milli þess hvernig menn hafa fjárfest í sjávarútveginum og aflaheimildir hafa þróast.

Í almennum botnfiskveiðum hefur eignarhald á aflaheimildum þróast úr því að vera 25% rúm upp í það að vera 46% hjá þeim sem skilgreindir eru sem risar. Risar voru í þessum bæklingi skilgreindir sem þeir sem hafa meira en eitt prósent af aflaheimildum hjá sér. Í þessari ritgerð var einnig fjallað svokallaða dverga. Þeim hefur fækkað úr 950 niður í 547 frá árinu 1991 til og með 1997. Þetta sýnir okkur auðvitað betur en nokkuð annað að gífurlegur hraði er á samþjöppun á aflaheimildum í sjávarútvegi. Auðvitað er eðlilegt að fyrirtæki sem er í því að ávaxta sitt fé ráðstafi milljörðum sínum í fyrirtæki sem er að safna á hendur sér miklum aflaheimildum. En þetta hefur víðtæk áhrif á atvinnulíf fólksins.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er fullt tilefni til að ræða hér samþjöppun í sjávarútvegi í formi eignarhalds á fyrirtækjum. Lögin sem hér er vitnað til eru þó sett til að takmarka samþjöppun veiðiheimilda en ekki stærð fyrirtækja, sem geta t.d. verið umsvifamikil í fiskvinnslu án þess að það brjóti í bága við þau ákvæði laganna um stjórn fiskveiða sem hér er vitnað til.

Við stöndum þar af leiðandi frammi fyrir því að þeim lagaákvæðum sé áfátt, þau þurfi að styrkja ef vilji manna stendur óbreyttur til þess að hindra óeðlilega samþjöppun sem ég tel að hafi verið þegar þau voru sett fyrir tveimur árum.

Ég vek athygli á því sem ekki er síður umhugsunarefni, herra forseti, þeim breytingum sem eru að verða á samsetningu flotans og eðli útgerðarinnar í tengslum við þessar breytingar, færslu veiðiheimilda til nokkurra af stærstu fyrirtækjunum í landinu sem að langmestu leyti nýta þær til útgerðar á vinnsluskipum. Það gengur á bátaútgerðina, einkum útgerð skipa af millistærð og hlutfallslega minna hráefni kemur ferskt til vinnslu í landi. Þessar breytingar eru ekki síður afdrifaríkar þegar kemur að stöðu byggðarlaganna og atvinnuöryggi fiskverkafólks.

Ég er þeirrar skoðunar að einn verðmætasti eiginleiki íslensks sjávarútvegs hafi gegnum tíðina verið fjölbreytnin. Ég tel gott að hafa stór og sterk fyrirtæki en það eiga líka að vera fyrirtæki af millistærð og einnig lítil fyrirtæki. Fjölbreytnin hefur aftur og aftur reynst einn verðmætasti eiginleiki sjávarútvegsins þegar komið hefur að því að aðlagast breyttum aðstæðum. Það er m.a. þessi fjölbreytileiki sem nú er að tapast. Fyrirtækin eru að gerast mjög einsleit bæði hvað varðar stærð og útgerðarhætti.

Ég tel, herra forseti, að óumflýjanlegt sé að taka það til alvarlegrar skoðunar að hólfa nú útgerðina upp þannig að bátaútgerðin og grunnslóðarveiðin verði aðskilið lag í sjávarútveginum. Annars hverfur sá hluti úterðarinnar, ef svo heldur fram sem horfir, á allra næstu árum. Það væri stórslys fyrir íslenskan sjávarútveg, herra forseti.

[15:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var gaman að hlýða hér á hæstv. sjútvrh. áðan sökum þess að þarna var sem fyrrv. sjútvrh. væri afturgenginn. Ég held að ég hafi kunnað allflesta þá frasa sem hann notaði í máli sínu og þeir hafa örugglega heyrst hér á síðasta kjörtímabili.

En, virðulegi forseti, þau lög sem hæstv. sjútvrh. vitnaði óspart til er í raun ætlað að koma í veg fyrir að eitt tiltekið fyrirtæki fái of mikla hlutdeild í aflaheimildum. Hér er verið að ræða um ráðandi hlutafjáreign í viðkomandi fyrirtækjum, þ.e. þau markmið sem Alþingi setti sér á sínum tíma, að reyna að tryggja dreifða eignaraðild, hefur ekki tekist sökum þess að menn hafa farið aðra leið. Þeir hafa keypt upp hlutafé í fyrirtækjum í stað þess að kaupa sér aflaheimildir. Þessa grundvallarspurningu er verið að leggja fyrir hæstv. forsrh. í umræðunni. Ætla stjórnvöld að bregðast við þessari þróun með einhverjum hætti? Um það snýst málið en ekki einhvern gamlan heimastíl úr ráðuneytinu sem fjallar um að hagkvæmni stærðarinnar fái að njóta sín o.s.frv. Málið snýst ekki um það, virðulegi forseti.

Ég tel mikilvægt að hæstv. sjútvrh. komi hér upp aftur og reyni að gera bragarbót á máli sínu og upplýsi hvort til standi að bregðast við þessari tilteknu þróun, þ.e. þeirri þróun að menn kaupi sig inn í fyrirtæki, kaupi hlutafé í stað þess að fara þá leið sem löggjafinn reyndi að sporna við, að kaupa sér auknar aflaheimildir. Þetta mál snýst um það, virðulegi forseti.

Ég held að hæstv. sjútvrh. verði að svara því í stað þess að koma með heimastíl eins og þann sem hann flutti hér áðan. Ég held að það þjóni ekki neinum tilgangi að standa í þessum utandagskrárumræðum ef við eigum sífellt að lifa að

menn flytji hér einhverja gamla heimastíla úr ráðuneytinu.

[15:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mikil umræða hefur átt sér stað um eignarhald í sjávarútvegi og þar með um yfirráð yfir veiðiheimildum, sem sumir telja sameign þjóðarinnar.

Samþjöppun eigna er ekki vandinn í þessu máli. Það getur jafnvel verið eðlilegt og hagkvæmt að sameina fyrirtæki. Vandinn er allt annar. Ég hef bent á að burt séð frá réttlætissjónarmiðum, sem þó eiga sannarlega rétt á sér, þá er vandinn einkaeign á sameign þjóðarinnar. Auðlind í eigu einstaklinga eða á forræði einstaklinga getur rökfræðilega ekki verið auðlind þjóðar. Ef hagsmunir einstaklingsins rekast á hagsmuni þjóðarinnar þá velur hann að sjálfsögðu sína hagsmuni, þ.e. ef einhverju munar. Þetta höfum við séð aftur og aftur.

Við höfum byggt upp afskaplega flókna lagasetningu í kringum sjávarútveginn. Ég efast um að nokkur atvinnugrein í heiminum lúti öðrum eins reglum. Þetta höfum við gert í krampakenndri tilraun til að halda auðlindinni í eigu þjóðarinnar. Það tekst ekki, vegna þess að borgarinn á alltaf næsta leik. Menn fara fram hjá reglunum eins og sýnir sig.

Það sem menn þurfa að gera er að skoða aðrar leiðir, skoða hvernig við getum haldið auðlindinni í eigu þjóðarinnar. Ég hef t.d. lagt til að skoðað yrði hvernig væri að dreifa árlegum veiðiheimildum á alla þjóðina. Mér þætti vænt um að menn eyddu púðri í að ræða þá hugmynd, kosti hennar og galla.

[15:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er rætt um afleiðingar óheillastefnu. Hæstv. sjútvrh. líst samt vel á þróunina. Hann er ánægður með það hvernig gengur. Stjórnvöld hafa fært atvinnurekendum í sjávarútvegi ígildi eignarhalds á fiskinum í sjónum og í því er vandinn fólginn sem rætt er um. Þeir mega nefnilega selja lífsmöguleika byggðanna út og suður eins og þeir vilja. Þar með hafa allir aðrir íbúar þessara svæða verið rændir lífsréttinum sem hefur tilheyrt þeim sjávarbyggðum.

Veiðiréttur inn rennur nú á færri og færri hendur og sú stund er í raun upp runnin að fáeinir menn í stjórnum hlutafélaga taka ákvarðanir um að úrelda byggðina. Þar ræður fjárhagsstaða og hagur fyrirtækisins eða bankans sem fjármagnar viðkomandi fyrirtæki öllu. Verðmætin sem liggja í byggðarlaginu sjálfu eru einskis metin á fundum hjá burðarásum atvinnulífsins þegar verið er að taka ákvarðanir um framhaldið. Eignir íbúanna, íbúðarhús, skólar, þjónustufyrirtæki og atvinnufyrirtæki geta þar engu skipt. Þjóðhagsleg hagkvæmni þess að úrelda byggðina er ekki einu sinni umhugsunarefni. Afleiðingin af þessu er óvissa og vaxandi vantrú á framtíð byggðarlaganna. Þeir sem verja þetta órétt-láta fyrirkomulag halda því gjarnan fram að kosningaúrslitin núna hafi gefið til kynna að menn væru ekkert óánægðir með þetta.

Hverju lofuðu þeir sömu aðilar fyrir kosningar? Þeir lofuðu þjóðarsátt um lausn í málinu. En í rauninni er verið að greiða atkvæði alla daga um þetta mál. Menn gera það með því að stafla búslóðinni sinni á flutningafyrirtækin hjá Burðarási og láta hann flytja búslóðina til Reykjavíkur. Heill gámur af búslóð hvern einasta dag af landsbyggðinni til Reykjavíkur segir sína sögu um hvaða trú fólk hefur á byggðarlögunum og því fyrirbrigði sem menn kalla hagræðingu í kvótakerfinu. Hvern einasta dag, hæstv. forseti, fer heil fjölskylda af landsbyggðinni til Reykjavíkur.

[15:32]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Með lögum frá Alþingi 1998 var samþykkt að eignarhald í sjávarútvegi, þ.e. eign í sameign landsmanna, kvótanum, yrði takmörkuð. Ég álít að það hafi verið heillaskref að stíga þó í þá átt að hafa samþjöppunina ekki of mikla og þannig yrði til stýritæki sem stjórnvöld gætu farið eftir ef menn hefðu áhyggjur af þeirri þróun sem menn sáu fyrir að var á leiðinni þá.

Ég held að út af fyrir sig sé heldur ekki eðlilegt að vera með of mikla stýringu í þessu efni. Þetta getur verið varasamt í hvora átt fyrir sig. Ég held því að að þessu leyti hafi tekist vel til af hálfu löggjafans og eins og kom fram í máli hæstv. sjútvrh. virðist ekkert benda til þess að þau ákvæði laganna hafi ekki haldið. Það bendir því til þess að ekki þurfi að hafa þær miklu áhyggjur af eignarhaldi í sjávarútveginum sem mér finnst koma fram í máli hv. þingmanna Samfylkingarinnar.

Ég held að í rauninni sé mjög sterkt fyrir íslenskan sjávarútveg að fyrirtæki eins og Burðarás og mörg önnur fyrirtæki þjappi sig saman. Það hefur sýnilega leitt til þess að hlutabréf í þeim fyrirtækjum hafa hækkað stórlega og trú á sjávarútveginum er mikil meðal þjóðarinnar sem er gríðarlega mikilvægt fyrir sjávarútveginn í heild sinni.

Það er líka mjög mikilvægt að mínu áliti í þeirri þróun sem hlýtur að verða á allra næstu árum að eignarhald í sjávarútvegi verði opnað þannig að erlendir aðilar geti eignast hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum alveg eins og innlendir. Því er mjög mikilvægt að það sé trú á íslenskum sjávarútvegi á Íslandi, ekki bara erlendis. Þetta er allt saman mjög mikilvægt og ég bendi á að fyrirtæki hafa verið stofnuð út um landið, t.d. frá Grindavík, sem hafa skapað mikla möguleika og hafa staðið fyrir sínu.

[15:34]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þessi umræða skýrir mjög klárlega hinar pólitísku víglínur í þessum efnum. Sá maður er bæði blindur og heyrnarlaus sem ekki sér og heyrir og skynjar þá þróun sem átt hefur sér stað í íslensku atvinnulífi og ekki síst í sjávarútvegi. Risarnir eru að éta dvergana hvern af öðrum. Ef Sjálfstfl. lætur sér það vel líka, þá er það auðvitað í fullu samræmi við stefnu hans og verklag í gegnum árin og áratugina. Hann er þarna sjálfum sér líkur þegar völd og áhrif safnast á fárra hendur.

Við í Samfylkingunni viljum hins vegar bregðast við þessu, berjast gegn þessu og láta hina raunverulegu samkeppni og hina dreifðu eignaraðild njóta sín. Þarna eru klárlega hinar pólitísku víglínur íslenskra stjórnmála og það er gott að fá það hér fram að þeim sjálfstæðismönnum með hæstv. ráðherra í broddi fylkingar finnst þetta allt í fínu standi, finnst þetta allt í góðu lagi, þ.e. sú þróun sem átt hefur sér stað og menn horfa upp á í hverju sjávarþorpinu hringinn í kringum landið dag frá degi. Það er gott til þess að vita.

Það hljómar heldur ekki trúverðugt, herra forseti, að heyra talsmann Framsfl. koma eins og háheilagan mann og hafa áhyggjur af þessari þróun, telja hana óásættanlega, eins og hann nefndi það, en sitja sem fastast í fleti með íhaldinu og styðja með verkunum þá óheillavænlegu þróun sem átt hefur sér stað í íslensku atvinnulífi. Og það er ekki bara í

sjávarútvegi, það er í fjármálaheiminum, í samgöngumálunum, í fjarskiptunum, olíudreifinginni, hvar sem borið er niður. Þetta er auðvitað það merki sem helmingaskiptastjórnir íhalds og Framsóknar hafa skilið eftir sig í gegnum tíðina og þessi stjórn ætlar að vera uppruna sínum trú í þessum efnum sem öðrum.

[15:36]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hvert stefnir í íslenskum sjávarútvegi og hver er grundvallarstefna hv. núverandi stjórnarflokka? Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hélt því fram að Framsfl. hefði gengið til kosninga með breytta stefnu í þeim efnum og hér heyrum við því haldið fram, hv. þm. Jóhann Ársælsson hélt því fram að lofað hefði verið sáttum í þessum efnum. Það var bara í orði en á borði var tekið fram af forustumönnum stjórnarflokkanna sýknt og heilagt að breyting yrði ekki í grundvallaratriðum. Við þetta er haldið enn þann dag í dag.

Hæstv. sjútvrh. lagði fyrir nefndina sem skipuð var til þess að endurskoða lögin að ekki yrði um breytingar í grundvallaratriðum að tefla. Það var hennar veganesti. Hver eru grundvallaratriði þessarar stefnu? Ég kannast við hana frá 1983, breytinguna 1990 og framkvæmdina 1991 um hið frjálsa framsal. Það er grundvallarstefnan sem allt snýst um nú og hefur ráðið ferðinni þannig að nú hafa sjávarútvegsmennirnir uppi orðræður á samkomum sínum um það hvort heldur fyrirtækin í sjávarútvegi verði tvö, fimm eða sjö innan tíðar. Það er við þetta sem er að etja og menn hljóta að bregðast við.

Það er talað um hagkvæmni og hæstv. ráðherra minntist á hagkvæmni. Hagkvæmnin er hinn mesti sóðaskapur sem nokkurn tíma hefur dunið yfir eina atvinnustétt. Og mennirnir vilja ekki kannast við þetta sem er á allra viðorði. Lög og reglur í þessu efni eru þverbrotin fram og aftur um alla kæja. Það var ekki létt verk, hv. þm. Kristján Pálsson og Pétur Blöndal, (Forseti hringir.) að segja skilið við sinn gamla flokk, en mér hefur orðið á í messunni. Ég hef gleymt að lofa og þakka guði mínum fyrir að vera ekki enn í sama flokki og þessir tveir hv. þingmenn.

[15:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég bað um að þessi umræða yrði sett á dagskrá vegna þess að mér fannst full ástæða til að við ræddum það hvort verið gæti að þrátt fyrir vilja Alþingis og lagasetningu um hámarksaflahlutdeild einstakra sjávarútvegsfyrirtækja hefði fundist annar farvegur til yfirráða á auðlindinni, yfirráða í miklu stærri mæli en þeim sem einstökum fyrirtækjum leyfist. Herra forseti. Mér hefur ekki fundist að sú umræða færi hér fram. Vissulega hefur hún gert það af hálfu einstakra þingmanna en fleiri hafa kosið að setja málið í annan farveg og í þeirra hópi er því miður hæstv. sjútvrh.

Lögin sem nú gilda taka fyrst og fremst til aðila sem eiga fiskiskip, til fyrirtækja í sjávarútvegi og hversu stór þau mega verða. Þau taka ekki til eignarhaldsfyrirtækja. Þau taka ekki til þess munsturs eða þeirrar reglu sem virðist vera að þróast að fyrirtæki kaupi hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum, þau taka ekki til þess að það gæti verið að gerast, sem menn eru að tala um bæði á fjármálamarkaði og í sjávarútvegi, að hér séu að verða til örfáar stórar fyrirtækjablokkir. Finnst mönnum það í lagi? Þetta er kallað hringamyndun. Er það í lagi í sjávarútvegi? Er það yfirleitt í lagi einhvers staðar?

Það var prýðilega rakið áðan af hálfu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar hvernig þessir hlutir hafa gerst í öðrum atvinnugreinum, hvernig hringamyndun hefur átt sér stað. En er það í lagi í sjávarútvegi? Ég segi nei, það er ekki í lagi.

Herra forseti. Þó að þessari umræðu ljúki hér nú, þá er henni ekki lokið af hálfu Samfylkingarinnar.

[15:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta hefur um margt verið mjög athyglisverð umræða. En athyglina hefur þó skort hjá sumum hv. þm. því að þeir hafa talað um aðrar leiðir og það hafi einungis verið fjallað um þá sem eiga aflamark, en lögin, þ.e. 11. gr. laganna um stjórn fiskveiða tekur líka til tengdra aðila, hún tekur líka til eignarhaldsfélaga. Það sama á við um þá eins og alla, að fyrirtæki geta talist tengd ef sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða fara með meiri hluta atkvæða í stjórnum fyrirtækjanna. Um þetta er enn nákvæmar fjallað í 11. gr. og ég vísa til hennar. Þetta sagði ég í fyrri ræðu minni og ég er hræddur um að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir verði þá bara að lesa þingtíðindin ef hún hlustaði ekki á ræðuna.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson telur að eitthvað skorti á þau tæki sem Fiskistofa hefur til að fylgjast með þessu. Ég hef ekki orðið var við að Fiskistofa telji sig ekki hafa tækin til að fylgjast með því hvort aflahlutdeildin eigi að verða samanþjappaðri en lögin gera ráð fyrir. Ef hún telur svo vera, þá tel ég ekki skorta á vilja stjórnvalda til að aðstoða við að auka þær heimildir sem þeir hafa til að geta fylgst með þessu. En hingað til hafa þeir ekki kvartað og þeir telja sig vita hver staðan er í dag.

Síðan er annað sem er einkennilegt við umræðuna. Stjórnarflokkarnir eru skammaðir fyrir að svona mikil samþjöppun skuli vera og að ekkert hafi verið gert. En þeir eru þó einu flokkarnir sem hafa gert eitthvað í þessu. Það var forveri minn sem lagði fram frv. um að takmarka eignaraðildina. Það var ekki gert meðan Alþfl. var í ríkisstjórn, hv. þm. Það var gert þegar fyrrv. hv. þm. Þorsteinn Pálsson var sjútvrh. Það var gert að frumkvæði hans og enginn annar hæstv. ráðherra hefur haft slíkt frumkvæði hér á Alþingi. Þess vegna er svolítið skondið að hlusta sérstaklega á þingmenn Alþfl. sem sátu í ríkisstjórn með Sjálfstfl. kjörtímabilið þar á undan en þeir hreyfðu þessu máli ekki.

Ættleiðingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 68. mál (heildarlög). — Þskj. 68.

[15:45]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Allir sem hafa kynnt sér þessi mál og frv. til laga um ættleiðingu eru sammála um mikilvægi frv. fyrir væntanlega kjörforeldra erlendra barna og öryggi þeirra barna í framtíðinni. Eina ágreiningsefnið sem ég hef orðið var við og virðist vera uppi er um heimild fólks í staðfestri samvist til að ættleiða börn. Sú umræða og það álitaefni á ekki heima í umræðu um þetta frv. Eigi hins vegar að breyta lögunum um staðfesta samvist og heimila fólki af sama kyni og í staðfestri samvist að ættleiða börn, þá er það lagatæknilega rétt að gera undir þeim lögum, þ.e. með breytingu á lögunum um staðfesta samvist en hrófla ekki við lögum um ættleiðingu.

Það má ekki tefja lagasetningu um ættleiðingu. Við vitum að fjöldi Íslendinga bíður eftir fullgildingu Haag-sáttmálans.

Hann er ekki hægt að fullgilda fyrr en þetta frv. er orðið að lögum. Sú fullgilding treystir tengsl Íslands og þeirra landa sem gefa börn sín hingað til lands og opnar þar að auki dyr til margra fleiri landa um börn til ættleiðingar. Við þurfum því að hafa meðferð þessa frv. skjóta og örugga og fjalla um það í allshn. með skjótum hætti.

Hvað varðar lög um staðfesta samvist þá höfum við vissulega gengið hvað lengst í því að tryggja réttarstöðu fólks sem býr í staðfestri samvist. En við höfum lögfest ákvæði um sameiginlega forsjá sem hvergi hafði áður þekkst í lögum fyrr en það varð hér. Danir breyttu þessu reyndar í sumar með lögunum um staðfesta samvist og ættleiðingu.

[15:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég held að full ástæða sé til að fagna tilurð þessa frv. um ættleiðingar og flest sem til breytinga horfir í því frá gildandi lögum stendur til bóta. Það eru þó örfá atriði sem ég vil drepa á í því samhengi.

Fyrst vil ég ræða ákvæði 2. gr. sem ber yfirskriftina Hverjir geta verið ættleiðendur, og staldra þá fyrst og síðast við 4. mgr. þar sem „heimilt er að leyfa einhleypum manni að ættleiða barn ef sérstaklega stendur á og ættleiðing er ótvírætt talin barninu til hagsbóta“ — eins og þar stendur, með leyfi forseta. Hæstv. dómsmrh. kom inn á það í framsöguræðu sinni að þetta ákvæði væri nýmæli og í fyrsta skipti sem gerð væri tillaga um að lögskrá þennan rétt einhleypra, enda þótt að nokkur dæmi væru til um það á liðnum árum og síðustu tímum að heimild hefði verið gefin einhleypum til ættleiðingar. Ég fagna mjög ákveðið því ákvæði og tel það mjög til bóta. Ég velti þó aðeins fyrir mér þeim texta sem hér er að finna og vek athygli á því að þegar um er að ræða heimild til einhleypinga til ættleiðinga þá er samkvæmt frumvarpsins hljóðan nefnt að sérstaklega skuli standa á og ættleiðingin skuli ótvírætt talin barninu til hagsbóta. Þarna er kveðið fastar að orði en í 1., 2. og 3. mgr. þessarar sömu greinar. Þegar maður les hins vegar 4. gr. frv. um hin almennu skilyrði til ættleiðingar þá eru þau auðvitað samhljóða þessari málsgrein því þar stendur, með leyfi forseta:

„Eigi má veita leyfi til ættleiðingar, nema sýnt þyki eftir könnun viðkomandi barnaverndarnefndar á málefnum væntanlegs kjörbarns og þeirra sem óska ættleiðingar að ættleiðing sé barninu fyrir bestu, enda sé ætlun ættleiðenda að annast og ala barnið upp eða sá sem ættleiða á hafi verið alinn upp hjá þeim eða aðrar alveg sérstakar ástæður mæli með ættleiðingu.“

Þarna kemur aftur fyrir „alveg sérstakar ástæður“ sem er sama hugtakið og er að finna í 4. mgr. 2. gr. Þess vegna velti ég því hér upp og vil leita svara hjá hæstv. ráðherra hvað í raun þetta þýðir. Við fyrstu sýn mætti ætla að þarna væri með öðrum orðum gerðar alveg sérstakar kröfur þegar um væri að ræða einhleypinga. En þegar maður les hin almennu skilyrði 4. gr. þá eru þær ekki lengur sérstakar, þá eru þær orðnar almennar. Ég vil undirstrika alveg klárlega, herra forseti, að ég er alveg sammála þessum almennu ákvæðum en ég sé ekki ástæðu til að löggjafinn sé að undirstrika einhver sérákvæði til einhleypinga þegar þau sérákvæði eru síðan almenn, eins og fram kemur í 4. gr. Það þætti því eðlilegra að allshn. skoðaði það alveg sérstaklega að engin sérákvæði væru í 2. gr. til handa þeim sem einhleypir væru heldur féllu þau almennt undir hin almennu skilyrði ættleiðingar í 4. gr. Þannig gengjum við hreinlega alla leið og sá sem einhleypur væri og uppfyllti öll þau skilyrði sem lögin að öðru leyti gera kröfu um, hefði sama rétt og þegar um væri að ræða hjón eða karl og konu í óvígðri sambúð.

Þetta vildi ég gjarnan að hæstv. ráðherra færi nokkrum orðum um þannig að okkur væri alveg ljóst hvað þessi orð á blaði og hvað þessi lagatexti í raun þýðir þegar til stykkisins kemur.

Þá get ég ekki látið hjá líða að staldra aðeins við það efni máls sem hér hefur fyrst og síðast verið rætt, þ.e. um rétt samkynhneigðra til ættleiðingar. Ég get ekki neitað því, herra forseti, að mér finnst hæstv. ráðherra og raunar síðasti ræðumaður ekki síður, hv. þm. Hjálmar Jónsson, skauta dálítið létt yfir þetta álitaefni. Raunar ekki skauta yfir það heldur fram hjá því og veigra sér við að taka almenna efnislega umræðu um það og gefa þingheimi kost á að heyra almenn viðhorf þeirra til málsins. Því að auðvitað er ekki um þingtæknilegt mál að ræða fyrst og síðast. Það er það að vísu um leið eins og öll önnur mál sem til kasta Alþingis koma. En fyrst og síðast erum við að ræða um málið eins og það kemur fyrir efnislega. Höfum við tilfinningu og sannfæringu fyrir því að við eigum að taka skref í þá átt að leyfa samkynhneigðum að ættleiða að fullu eða að hluta? Ég er í þeim hópi sem vill taka afdráttarlaus skref í þá átt. Ég tel einmitt að undir þeim formerkjum ættum við að ræða það mál og það sé ekki eftir neinu að bíða. Af hverju ættum við ekki að gera það? Það er engin haldbær skýring í mínum huga þó að menn bendi á að það þurfi þá líka að breyta öðrum lögum, lögum um staðfesta samvist. Það er alveg hárrétt. En þá gera menn það samhliða.

Það væri fráleitt, svo ég staldri örlítið við hina lagatæknilegu hlið málsins, að í frv. til laga og væntanlegum lögum um ættleiðingar væri í engu getið um rétt samkynhneigðra ef menn væru síðan sammála því að breyta því í lögum um staðfesta sambúð. Það verður að vera samræmi í slíkum hlutum og það er undir þeim formerkjum og undir þessari umræðu sem menn eiga að ræða málið efnislega. Þess vegna kalla ég mjög ákveðið eftir efnislegri afstöðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar, sem hefur verið fremstur í flokki þeirra sjálfstæðismanna í mörgum málum af þeim toga sem lúta að við skulum segja siðferðilegum spurningum, að hann lýsi hispurslaust yfir afstöðu sinni til þessara mála. Hinni efnislegu afstöðu sinni. Ég hef fylgst með því eins og aðrir að kirkjunnar menn hafa rætt þetta mál í sínum hópi. Þeir hafa þó ekki náð landi enn sem komið er, ekki fyrir fullt og fast a.m.k., en ég skynja að þeim fjölgar æ í þeim hópi kirkjunnar manna sem hafa sýnt slíkri þróun mála velvilja og stuðning, og þess vegna væri sérstaklega áhugavert að heyra efnisleg viðhorf hv. þm. Hjálmars Jónssonar og ekki síður hæstv. ráðherra.

Ég hlýt að taka undir það sem kom fram í umræðu fyrr á þessum fundi um þetta sama mál að það er auðvitað ekkert efnislegt innlegg til málsins að vísa til þess að sænsk yfirvöld hafi nú í gangi víðtækar rannsóknir í þessum efnum. Það eru engir útúrsnúningar fólgnir í því af minni hálfu þegar ég segi þetta. Ég vek athygli á því eins og fleiri hafa gert að innlendar rannsóknir hafa farið fram sem gefa okkur ákveðnar vísbendingar sem við hljótum að byggja á að verulegu leyti. Þess vegna kalla ég á sama hátt eftir því að hæstv. ráðherra reifi í almennum orðum hugleiðingar sínar og viðhorf til þessarar þróunar mála af því ég veit að hún er vel inni í þessum málum og hlýtur eins og við hin að hafa mótað í huga sér einhverja afstöðu til þeirra viðkvæmu mála sem

við höfum verið að ræða, þ.e. um rétt samkynhneigðra til að ættleiða.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti, og undirstrika enn og aftur ánægju mína með frv. að öðru leyti. Það er svo sannarlega í rétta átt en gætum þess að nota þá ferðina og taka þau önnur nauðsynlegu skref sem að ég hygg að kallað sé eftir í samfélaginu og stuðningur við fer dagvaxandi.

[15:56]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja mál mitt. Ég missti af fyrri hluta umræðunnar og hef enda ekki kynnt mér ræki lega það frv. sem hér er til umræðu. Ég á enda von á því að málinu verði vísað til hv. allshn. þar sem ég á sæti og mér gefst þess vegna kostur á að fjalla um málið rækilegar þar. Ég hef þó tekið eftir því að menn hafa þræst á um það hvort taka ætti með undir skilgreiningu á því hverjir gætu verið ættleiðendur, fólk í staðfestri sambúð.

Ég verð að segja að hér er aðalefni máls lög um ættleiðingar og lagaskilyrði fyrir þeim og er í 2. gr. skilgreint hverjir geti verið ættleiðendur, að alveg er óhjákvæmilegt að tekið verði með í þá skilgreiningu fólk sem er í staðfestri sambúð þótt samkynja sé. Hitt er annað mál að það kann að valda því að endurskoða þurfi eða breyta öðrum lögum sem að samkynja sambúð lúta. Það kemur ekkert þessu máli við. Ég get ekki séð með neinu móti að nein töf ætti að verða á afgreiðslu þessa máls eins og mér fannst koma fram í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar. Ég óttast að litið yrði á það af hálfu þeirra sem hér eiga hlut að máli sem óvild í þeirra garð, sem skerðingu á frelsi þeirra í mjög mikilvægu atriði eins og þetta er. Og þess vegna árið 1999 getur hið háa Alþingi ekkert annað að mínum dómi gert en að taka hið fyllsta tillit til þess arna og semja sig nú að hinum gerbreyttu viðhorfum nútímans að þessu leyti.

[15:58]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég kem hér eiginlega að áeggjan hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Hann biður um álit og helst álit allrar kirkjunnar. Ég er ekki þjónn hennar nú um stundir en í öllu falli vill hv. þm. að ég tjái mig fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna um þessi siðferðilegu álitamál.

Ég svara því til eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson að málið er á leiðinni til allshn. þar sem við eigum sæti og komum til með að fjalla yfirvegað um það og málefnalega en fyrst og fremst til að koma frv. til laga um ættleiðingu til 2. umr. og síðan að það verði að lögum.

Búið er að rekja það af hæstv. dóms- og kirkjumrh. hve mikilvægt þetta mál er. Ég drap einnig aðeins á það hversu margir bíða eftir að fullgilding Haag-sáttmálans að þessu leyti nái fram og því vil ég árétta það að við þurfum að klára þessi lög um ættleiðingu.

Ég er hins vegar ekki undir það búinn að segja endanlegt álit mitt á því hvort heimila eigi fólki af sama kyni í staðfestri samvist að ættleiða börn. Ég vil gefa mér meiri tíma til þess. Það er verið að vinna í því t.d. hjá þjóðkirkjunni og reyndar bundust prestar um það nokkrum samtökum að vera ekki að tjá sig um það meðan málið væri í vinnslu. Ég vona að það styttist nú í því að þjóðkirkjan gefi álit sitt og ég tel víst að það verði í anda þess boðskapar sem kirkjan ber fram.

Fyrst ég er hér kominn að áeggjan hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, þá vil ég nefna í leiðinni að ég hef veitt því athygli undanfarið að einn prestur þjóðkirkjunnar — hann er hættur störfum nú en var prófastur í Reykjavík — skrifaði greinar undir sínu nafni og var birt mynd af honum með í Morgunblaðinu. Hann tjáði sína skoðun fyrst og fremst. Aðrir kirkjunnar menn hafa svo tjáð aftur sína skoðun sem er andstæð skoðun þessa manns sem er séra Ragnar Fjalar Lárusson. Mér hefur aðeins runnið það til rifja hversu menn hafa hamast á séra Ragnari Fjalari Lárussyni vegna skoðunar hans sem hann kynnir í sínu nafni og mér líka ekki þessar óvægnu — ég vil næstum segja árásir, en það hvernig menn hafa komið fram gagnvart honum. Hann hefur rétt á sinni skoðun eins og aðrir hafa rétt á sinni skoðun.

Ég er ekki sammála séra Ragnari Fjalari Lárussyni. Ég tek það fram. En mér finnst að hann eigi rétt á því að tjá skoðun sína ef hann vill. Við þurfum að hafa það í huga á báða bóga að sjónarmið mega koma fram og eiga að koma fram en menn eiga ekki að dæma eða fordæma sitt á hvað heldur ræða þetta málefnalega eins og við hv. þm. Sverrir Hermannsson og margir fleiri ætlum að gera í hv. allshn., hugsanlega í tengslum við frv. til laga um ættleiðingu. Ég á von á að þetta mál um heimild fólks af sama kyni til þess að ættleiða börn beri á góma, og þar munum við fjalla um það málefnalega með rökum með og á móti.

[16:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um að rökin með og á móti verði vegin í hv. allshn. en ég finn mig knúna til að koma upp vegna orða hv. þm. Hjálmars Jónssonar varðandi biðina eftir þjóðkirkjunni, biðina eftir því að þjóðkirkjan gefi grænt ljós á blessun eða athöfn til handa þeim einstaklingum sem gangast undir lögmál staðfestrar samvistar. Við þurfum ekki að bíða eftir þjóðkirkjunni með neitt. Við þurfum ekki heldur að bíða eftir sænsku skýrslunni sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði um áðan. Samkynhneigðir úti í samfélaginu bíða eftir þessari sjálfsögðu réttarbót á sama hátt og gagnkynhneigðir foreldrar bíða eftir þessari réttarbót og eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson segir okkur.

Það sem ég vil segja er að Alþingi Íslendinga á að taka afstöðu með þegnum þessa samfélags. Við eigum í hegningarlögum okkar ákvæði sem segir að það sé bannað að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar. Það er bannað með lögum. Þess vegna er sjálfsagt mál að ættleiðingarmál samkynhneigðra verði leyst skjótt og örugglega af Alþingi Íslendinga núna í tengslum við ættleiðingarlögin.

[16:04]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér varð varð eftir rauður penni. Að ekki þurfi að bíða eftir þjóðkirkjunni með neitt. Ég verð að segja að mér finnst ástæða til að þjóðkirkjan fái að tjá sig um það hvort hún er reiðubúin með það sem hana sjálfa varðar. Hún þarf að undirbúa sín mál þannig að hún geti verið reiðubúin og tekið með eðlilegum hætti á móti breytingum og breyttum tíðaranda þannig að allir séu samtaka. En kirkjan er ekki neydd til þess, hvorki af þrýstihópum né öðrum. Kirkjan er hins vegar allra, þjóðkirkjan er allra og kristin kirkja yfirleitt. Þar er enginn undan skilinn. Ég árétta þetta sérstaklega. Enginn er undan skilinn.

Ég get hins vegar sagt það að mér þykir biðin líka orðin nógu löng og ég vænti þess að þeir sem hafa fengið þetta mál til röklegrar meðferðar, álitsgerðar og álitsgjafar innan þjóðkirkjunnar fari að skila sínu. Kirkjuþing hóf störf í gær eða fyrradag og ég get vel ímyndað mér að það muni tjá sig

um þessi mál. Ef ekki, þá er líklegt að það fari að koma að því mjög fljótlega.

[16:05]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að segja örfá orð í lok þessarar umræðu sem starfandi formaður allshn. Mér finnst að umræðan hafi verið málefnaleg og hlakka til þeirrar vinnu sem fram undan er í nefndinni, að fjalla um frv. sem er mjög vel unnið að mínu mati og tekur á ættleiðingarmálum eins og best verður á kosið. Það er eðlilegt að inn í þessa umræðu spinnist réttindamál samkynhneigðra þrátt fyrir að önnur lög eigi betur við um breytingar á því málefni og þeim ákvæðum sem þar um ræðir, en það tengist engu að síður þessu frv. líka, a.m.k. umræðan.

Ég er í sjálfu sér stolt af því hvernig við Íslendingar og Alþingi Íslendinga höfum verið í fararbroddi í sambandi við réttindamál samkynhneigðra. Þar vitna ég til laga um staðfesta samvist sem hér voru samþykkt fyrir nokkrum árum, árið 1996. Það segir okkur að við erum til alls vís hvað varðar framhaldið. Í mínum huga er spurningin ekki um það hvort réttindastaða samkynhneigðra verði bætt heldur miklu frekar hvenær það gerist. Það er mál sem er verið að undirbúa og vinna að í dómsmrn. eins og komið hefur fram hjá hæstv. ráðherra þannig að ég tel að þessi mál séu öll í dágóðum farvegi.

Mér þótti mikilvægt að heyra það hjá hv. þm. sem gerðu þetta sérstaklega að umræðuefni að þeir sögðu jafnframt að þeir teldu að það mætti ekki tefjast að sett yrðu ný lög um ættleiðingar þrátt fyrir að áherslur gætu verið eitthvað mismunandi um þetta efni.

[16:08]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu fá að þakka hv. þingmönnum fyrir málefnalega umfjöllun um málið. Það er einna helst að ég sakni þess að fá ekki meiri umræðu um einstök atriði frv. vegna þess að að mínu mati er hér um að ræða mjög merkilegt mál. Mjög mörg nýmæli eru lögð til í þessu frv. og það er afskaplega mikilvægt að mínu mati að þetta mál nái fram að ganga og það sem fyrst.

Ég held þó að við þurfum ekki að ræða þetta neitt frekar. Að sjálfsögðu fær hv. allshn. frv. til meðferðar og mun fara mjög vel yfir það og allar hliðar þess. Ég vil þó taka það fram og ítreka, eins og ég hef sagt áður og það ber að leggja áherslu á það, að ef lagt verður til þegar þar að kemur að heimila fólki í staðfestri samvist að ættleiða börn, þá ber að gera það með breytingu á lögum um staðfesta samvist. Í 6. gr. laganna, sem eru nr. 87/1996, segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist.

Ákvæði í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að gilda ekki um staðfesta samvist nema aðrir samningsaðilar fallist á það."

Þetta kemur skýrt fram í lagatexta þannig að frá lagatæknilegu sjónarmiði eiga ákvæði um þetta efni alls ekki heima í ættleiðingarlögum og þess vegna þarf ákvörðun í sjálfu sér um þetta atriði ekki að liggja fyrir áður en ný heildarlöggjöf um ættleiðingar verður samþykkt.

Ég vildi líka fá að koma aðeins að því sem nokkrir hv. þm. gerðu sérstaklega að umtalsefni í byrjun þessarar umræðu, þar sem m.a. var talað um að þetta væri svo knýjandi mál, þ.e. að fólk í staðfestri samvist fengi leyfi til að ættleiða börn. Þá er rétt að velta því fyrir sér lögfræðilega séð hvað breytist í réttarstöðu barnsins. Forsjáin er sameiginleg í staðfestri samvist. Ef kynforeldri andast þá er forsjá barnsins áfram hjá eftirlifandi makanum í staðfestri samvist. Það er líka hægt að gera erfðaskrá til þess að tryggja erfðarétt barnsins. Þá skulum við líta á hina hliðina. Hverju tapar barnið? Það tapar m.a. möguleikum á umgengni við forsjárlaust foreldri ef ágreiningur rís, svo og önnur skyldmenni þess foreldris.

Herra forseti. Ég vildi bara að það kæmi skýrt fram að ég er að ræða hér um hugtakið ættleiðingu, hvað felst í því lögfræðilega og hvernig það snertir réttarstöðu barnsins. En ég er ekkert að láta í ljós mína skoðun að öðru leyti á því hvort fólk í staðfestri samvist geti ekki verið hæfir uppalendur og foreldrar. Ég tel að svo geti svo sannarlega verið.

Þá vil ég enn og aftur vísa til þess sem sumir hv. þm. Samfylkingarinnar hafa gert sér svo tíðrætt um, þ.e. sænska rannsókn frá krötunum í Svíþjóð. Ég hef áður svarað því til að engin ástæða er til að halda því fram að slík rannsókn sé einhver áhrifavaldur í þessu máli. Ég hef þó bent á að það er mjög mikilvægt að Norðurlöndin starfi mjög náið saman á löggjafarsviðinu, ekki síst hvað snertir sifjarétt sem í felst m.a. fjölskylduréttur og barnaréttur, því það er mjög mikilvægt fyrir okkur sem eigum frjálsa för á milli Norðurlanda að hafa sem líkastan rétt, bæði rétt og skyldur, í hverju landi fyrir sig.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði líka sérstaklega út í heimild einhleypra til þess að fá að ættleiða samkvæmt 4. mgr. 2. gr. frv. Það er rétt sem hann benti reyndar á að þetta er ekki nýtt. Þetta hefur verið leyft áður í algerum undantekningartilvikum. En í þessu ákvæði er lögð áhersla á það að ef heimila á einhleypum manni að ættleiða barn, þá þarf að sýna fram á að sá hinn sami sé hæfileikum búinn til að ala upp barn umfram það sem venjulegt má teljast. Þetta er í samræmi við framkvæmd ættleiðingarmála hér á landi eins og hún hefur verið og í öðrum norrænum ríkjum. Það er sem sé verið að gera sérstakar auknar kröfur og byggist það á því að barni hefur almennt verið talið fyrir bestu að alast upp hjá tveimur foreldrum, þ.e. móður og föður.

Varðandi 4. gr. frv. er þar fjallað almennt um skilyrði fyrir ættleiðingu. Þess vegna má ekki blanda þessu tvennu saman því að í 4. mgr. 2. gr. er um sérstakt ákvæði að ræða.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka mikilvægi þessa máls. Ég veit að mjög margir bíða eftir því að frv. verði að lögum sem fyrst frá hinu háa Alþingi. Haldin var ráðstefna fyrir skömmu sem Íslensk ættleiðing stóð fyrir. Þangað kom m.a. framkvæmdastjóri Haag-samningsins og ég átti þess kost að hitta hann. Hann lagði mjög ríka áherslu á að við gætum gerst aðilar að Haag-samningum því það mundi opna okkur svo margar dyr til þess að geta ættleitt börn frá ýmsum öðrum löndum vegna þess að það eru lönd sem hafa borið þetta mjög sterklega fyrir sig, t.d. Kína. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýsti reynslu sinni í Kólumbíu. Það er auðvitað mjög athyglisvert sem kom fram í hans máli um að þar væru Norðurlöndin með sérstakar skrifstofur, þ.e. að ættleiðingarfélög á Norðurlöndunum væru með skrifstofur þar í landi til þess að aðstoða fólk við framkvæmdina. Ég vil benda á það sem ég sagði í framsögu minni að gert er ráð fyrir því að hægt verði að taka upp skráningu sérstakra félaga sem gætu vafalaust orðið mjög mikilvæg tæki til þess að hjálpa fólki til þess að ættleiða börn erlendis frá.

Ég held að ég láti þetta duga, herra forseti, en ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir málefnalega umræðu og ég veit að hv. allshn. mun skoða málið vel og vandlega.

[16:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að teygja umræðuna á langinn. Ég vil hins vegar undirstrika það viðhorf mitt að það nýmæli sem er að finna í frv. um heimild til handa einhleypum til ættleiðingar er mjög til bóta. Ég velti því hins vegar eilítið fyrir mér hvort sá texti sem er hér settur niður á blað sé ekki í raun óþarfur. Ég sagði þetta áðan í ræðu minni með vísan til hinna almennu skilyrða ættleiðingar sem eru nánast samhljóða þeirri málsgrein sem um getur í 2. gr. hvort það sé ekki algerlega nægilegt að hin almennu skilyrði gildi um einhleypinga sem og aðra og því ástæðulaust að endurtaka það sérstaklega í 4. mgr. 2. gr.

Þetta vildi ég sagt hafa við 1. umr. og bið hv. nefndarmenn í allshn. að skoða alveg sérstaklega. Ég minni á að einstæðir foreldrar skipta tugum þúsunda.

Hvað varðar síðan hina tæknilegu hlið málsins, hina lagatæknilegu hlið málsins sem menn hafa staldrað við og ég skal henda mér út í þann pott örstutta stund og spyrja hæstv. dómsmrh.: Ef nefndin eða þingið kæmist að þeirri niðurstöðu að taka út þessi sérákvæði í lögum um staðfesta sambúð, sem samkvæmt orðanna hljóðan eins og hæstv. ráðherra las áðan gera það að verkum að samkynhneigðir geta ekki ættleitt og falla ekki undir þau lög sem við erum að fjalla um hér, ef Alþingi tæki nú af skarið með það, er þá ekki hæstv. ráðherra sammála mér um að samkynhneigða bæri að telja upp í 2. gr. þessara laga og að óhjákvæmilegt væri annað en að þeir væru tíundaðir í þessum lögum, í þessu frv.?

[16:18]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er viss um að ég get verið sammála hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni um ýmsa hluti en ég er ekki sammála honum um þetta. Ég hef margítrekað lýst þeirri skoðun minni að ég tel að þessi breyting eigi heima í lögum um staðfesta samvist ef menn vilja gera þá breytingu. Sú leið var valin í Danmörku og ég tel að það sé bæði rétt og skynsamlegt. Það breytir því ekki að ég vil nota tækifærið og ítreka og biðja hv. þingmenn um að reyna að sjá til þess að þetta mál tefji í sjálfu sér ekki framgang frv. í heild sinni um ættleiðingar því að mjög margir bíða eftir að þetta frv. verði að lögum.

[16:19]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með þetta svar því að ég veit að hæstv. ráðherra hefur talsverð tök á þingtækninni eftir að hafa verið formaður allshn. um langt árabil. Ég trúi því nú og vil trúa því að innst inni hljóti hún að vera mér sammála um að það væri algjörlega úr fasa ef að það væri vilji hins háa Alþingis að heimila samkynhneigðum að ættleiða börn að þá væri þess ekki getið í lögum um ættleiðingar. Það er undarleg nálgun í lagasetningu. Ég hlýt því að ályktа sem svo, og það veldur mér vonbrigðum, að viðbára hæstv. ráðherra og raunar fleiri hv. stjórnarliða sé þá til orðin af þeim sökum að þeir vilji forðast umræðuna og forðast að taka afstöðu til þessa álitaefnis. Það komast þeir ekkert upp með og munu með einum eða öðrum hætti þurfa að taka afstöðu til þessa máls. Því að mér býður í grun að það komi hér fram brtt. sem munu einmitt taka á þessu álitaefni og þá þurfum við auðvitað ekkert að ræða þingtækni lengur. Þá þurfum við einfaldlega að láta samvisku okkar og afstöðu ráða för, og ég eins og hæstv. ráðherra.

[16:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að ítreka að við búum við þingræði hér á landi og að sjálfsögðu er það meiri hluti þingsins sem ræður hvaða lagabreytingar koma fram. Ég held að ég þurfi ekki að ítreka það fyrir virðulegum forseta þingsins. (**GÁS:** Þingmeirihluti ræður ekki hvaða tillögur koma.) Hitt er annað mál að ef það hefur farið fram hjá hv. þm. vil ég bara ítreka það enn og aftur að verið er að endurskoða lögin um staðfesta samvist. Verið er að athuga ýmsa þætti þeirrar löggjafar, hvort ástæða sé til að gera þar einhverjar breytingar til að skýra enn frekar og bæta réttarstöðu fólks sem er í staðfestri samvist og hefur valið sér slíkt sambúðarform. Ég geri ráð fyrir því að þegar slíkt frv. kemur fram muni þingmenn að sjálfsögðu taka umræðuna aftur upp og gera upp við sig hvaða afstöðu þeir vilja taka.

[16:22]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Vegna orða hæstv. dómsmrh. hér áðan í andsvörum um þetta mál þar sem hún vék sérstaklega orðum að mér og gaf til kynna að mér ætti að vera kunnugt um það sem einum af forsetum þingsins að þingmeirihlutinn réði því hvaða mál kæmu hér fram, þá er það algjör misskilningur hjá hæstv. dómsmrh. að þingmeirihlutinn hafi nokkuð um það að segja. Hver einstakur þingmaður getur spurt um það mál sem honum sýnist á hinu háa Alþingi. Það vil ég að komi algjörlega skýrt fram. Ég var einfaldlega að lýsa því hér áðan að mér kæmi ekki á óvart þótt brtt. kæmu fram í nefndinni eða við 2. umr. málsins og þarf ekki að spyrja þingmeirihluta eða einstaka hæstv. ráðherra um leyfi til að flytja slíka brtt. Það eigum við hæstv. ráðherra að vera sammála um og eigum að vita. Það veit ég að hún veit. Það var einfaldlega þetta. En þetta var kannski eins og sagt er á vondu máli „Freudian slip". Hæstv. ráðherrar eru orðnir allt of vanir því að óbreyttir hv. þm. verði að bíða eftir því að framkvæmdarvaldinu þóknist að koma með frv. inn í þingið og þá og eingöngu þá geti þingið tekið afstöðu til þeirra tillagna sem koma frá hinum einstöku ráðuneytum. Það er verklag sem hefur riðið húsum í hinu háa Alþingi á liðnum árum í allt of ríkum mæli og í allt of vaxandi mæli. Auðvitað munum við bregðast við þessari óheillaþróun á þann hátt sem best er með því að koma fram með tillögur sem horfa til bóta horfa og hvort það er í formi brtt. eða sjálfstæðra frv. verður að koma á daginn. En réttur minni hlutans og einstakra þingmanna er svo sannarlega til staðar í stjórnarskrá og þingsköpum til að koma fram með einstök mál og brtt. Það má hæstv. ráðherra vita og það veit herra forseti ekki síst.

[16:24]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. kýs að snúa út úr orðum mínum hér. Eins og hann benti á réttilega var ég formaður allshn. í átta ár. Ég hef verið lengur á hinu háa Alþingi og hef verið í ýmsum öðrum nefndum þannig ég þykist vita hvaða rétt hver einstakur þingmaður hefur og hann hefur mikinn rétt. Það var alls ekki ætlun mín að gera lítið úr honum. Það hefur líka komið fram í umræðum hjá hv. þingmönnum að skiptar skoðanir eru um málið og það fer ekkert endilega eftir því í hvaða stjórnmálaflokki viðkomandi aðilar eru. Þess vegna notaði ég þau orð að meiri hluti

þingmanna réði því að sjálfsögðu hvort einhverjar tillögur næðu fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:25]

Útbýting þingskjala:

Innganga í Alþjóðahvalveiðiráðið, 87. mál, fsp. HjÁ, þskj. 87.

Reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða, 88. mál, fsp. HjÁ, þskj. 88.

Réttindi sjúklinga, 1. umr.

Frv. ÞBack og ÖJ, 9. mál (vísindasiðanefnd). — Þskj. 9.

[16:26]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. heilbrrh. verði viðstaddur framsögu um frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997. Flutningsmaður auk mín er Ögmundur Jónasson.

Frv. er svohljóðandi:

„1. gr. Á eftir 2. málsl. 29. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Vísindasiðanefnd skal skipuð samkvæmt tilnefningu læknadeildar, lagadeildar, Líffræðistofnunar og Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélags Íslands. Ráðherra skipi formann án tilnefningar.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég les þá greinargerðina, með leyfi forseta:

„Aðalhlutverk vísindasiðanefnda er að gæta réttinda og hagsmuna þeirra einstaklinga sem eru viðföng rannsókna. Auk þess gegnir vísindasiðanefnd mikilvægu eftirlitshlutverki með framkvæmd rannsókna. Tilnefning fulltrúa verður að tryggja næga þekkingu og reynslu nefndarmanna á sviði heilbrigðis- og lífvísinda, siðfræði, lögfræði og mannréttinda.

Vísindasiðanefnd verður að vera skipuð fulltrúum óháðra hagsmunaaðila í skilningi alþjóðlegra reglna sem gilda um skipan slíkra nefnda. Einnig kemur vel til greina að til viðbótar sé reynt að tryggja enn betur stöðu nefndarinnar með því að í henni sitji fulltrúi almennings eða neytenda, skipaður af heildarsamtökum.

Í Helsinki-sáttmálanum um vísindarannsóknir frá 1964 er tekið fram að vísindasiðanefnd skuli vera óháð stjórnvöldum. Breyting á reglugerð um skipan í vísindasiðnefnd sem tók gildi síðasta sumar tryggir ekki hlutleysi nefndarinnar gagnvart stjórnvöldum þar sem nýja vísindasiðanefndin er skipuð fimm einstaklingum og eru fjórir skipaðir af ráðherrum en sá fimmti af landlækni. Þessi breyting sýnir að reglur um skipan í vísindasiðanefnd eiga að vera bundnar í lögum. Jafnframt er eðlilegt að reglur um vísindarannsóknir séu bundnar í lögum."

Herra forseti. Fyrir tveimur árum voru samþykkt lög um réttindi sjúklinga. Markmið laganna er „að tryggja sjúklingum tiltekin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og styðja trúnaðarsambandið sem ríkja ber milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna". Einnig kemur fram í lögunum réttur sjúklinga um gæði heilbrigðisþjónustunnar og aðgangur að upplýsingum um réttindi sjúklinga.

II. kaflinn í lögunum fjallar um rétt sjúklinga á að fá upplýsingar um heilsufar og meðferð og 10. gr. þess kafla fjallar um samþykki sjúklinga fyrir vísindarannsóknir.

Í III. kafla laganna eru ákvæði um trúnað og þagnarskyldu starfsmanna í heilbrigðisþjónustu, um meðferð upplýsinga í sjúkraskrám og meðferð vegna sjúkdóma. Í lögunum eru sérreglur um sjúk börn. VII. kaflinn fjallar um réttindi til þess að kvarta undan heilbrigðisþjónustunni og síðasti kaflinn, VIII. kaflinn, fjallar um gildistökuákvæði og heimild ráðherra til að setja reglugerð og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Þar skulu m.a. vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 4. mgr. 2. gr. Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara."

Herra forseti. Lög um réttindi sjúklinga voru orðin mjög brýn vegna breyttra aðstæðna í vísindsamfélaginu, þ.e. möguleika á tölvuskráningu upplýsinga og samkeyrslu gagnagrunna. Einnig hefur tækni í erfðarannsóknum og genabreytingum breytt möguleikum okkar bæði til góðs og ills fyrir mannkynið. Siðareglur innan vísindaheimsins verða að vera skýrar og alþjóðlegar, a.m.k. grunnreglur sem allir virða og fara eftir. Þróunin hefur verið orðið svo ör í allri tækni, sérstaklega hugbúnaði og rannsóknum á erfðaefnum, að vísindaheimurinn hefur ekki náð að varða veginn fyrir fram með siðferðilegum vegarstólpum.

Varðandi rannsóknir á heilbrigðissviði eru mótaðar alþjóðlegar reglur eins og fram kom í greinargerðinni í Helsinki-yfirlýsingu alþjóðasamtaka lækna og ráðleggingum ráðherranefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja sinna. Grundvallarreglur varðandi vísindarannsóknir á heilbrigðissviði eru eftirfarandi:

Að persónuverndin sé tryggð.

Að þátttaka einstaklinga sé háð upplýstu og staðfestu samþykki.

Að sjúklingurinn hafi fengið upplýsingar um áhættu ásamt eðli og tilgangi rannsóknarinnar. Staðfest samþykki þarf fyrir öllum rannsóknum, einnig þeim sem koma til vegna grunnrannsókna.

Að hægt sé að hætta þátttöku hvenær sem er.

Að rannsóknin nýtist þeim sem taka þátt eða þeim stað, svæði eða landi sem rannsóknin er gerð.

Að siðanefndir séu pólitískt óháðar og án hagsmunatengsla.

Með lögum um miðlægan gagnagrunn er meginreglan um upplýst, staðfest samþykki um þátttöku í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði sniðgengin. Þögult samþykki um þátttöku í öllum rannsóknum óháð rannsóknarsviði og til hvers á að nota niðurstöðurnar og sömuleiðis hvar niðurstöðurnar verði notaðar er látið nægja. Þetta er brot á lögum um réttindi sjúklinga, 10. gr., og 5. mgr. 4. gr. í reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði frá 29. júní í sumar.

Erfðaupplýsingar og ættfræðiupplýsingar er hægt að samkeyra með heilsufarsupplýsingum úr mismunandi gagnabönkum.

Samkvæmt lögum um miðlægan gagnagrunn er ekki gert ráð fyrir staðfestu samþykki sjúklinga eða einstaklinga fyrir samkeyrslu mismunandi gagnagrunna. Í raun má segja að hugmyndin um rekstur eins miðlægs gagnagrunns byggist á því að geta samkeyrt mismunandi gagnagrunna og því er augljóst að hlutverk vísindasiðanefndar er stórt varðandi rekstur miðlægs gagnagrunns. Það er því mjög mikilvægt

að vísindasiðanefndin sé þannig skipuð að allir geti treyst á hlutleysi hennar.

Sú nefnd sem skipuð var í sumar eftir reglugerðarbreytinguna getur aldrei notið slíks trausts þar sem hún er hápólitísk og í raun starfsnefnd eða eftirlitsnefnd ráðuneyta og getur allt eins starfað áfram sem slík. Hér er ekki verið að gagnrýna þá einstaklinga sem skipa vísindasiðanefndina, þeir vinna örugglega á faglegum forsendum, en pólitískur þrýstingur hlýtur að hafa áhrif á störf hennar.

Heilbrrh. hefur vafalaust ekki kunnað fyrri vísindasiðanefnd þakkir fyrir gagnrýni hennar í gagnagrunnsmálinu og hefur því talið það þjóna hagsmunum sínum og ríkisvaldsins best að víkja nefndarmönnum með þekkingu, reynslu og sjálfstæðar skoðanir frá og skipa í þeirra stað fulltrúa ráðherra. En einmitt þannig á vísindasiðanefnd að vinna. Fara eftir þeim grundvallarreglum og aðlaga vísindarannsóknir að þeim.

Þær hugmyndir sem fram komu nýlega um að afhenda fyrirtækinu Íslenskri erfðagreiningu 30 sjúkraskrár Sjúkrahúss Reykjavíkur til að reynslukeyra skráningu heilsufarsupplýsinga inn í miðlægan gagnagrunn eru dæmi um það sem að getur gerst þegar menn gleyma sér við að leysa tæknileg vandamál. Réttur sjúklinga var fyrir borð borinn, allar skráðar og viðteknar reglur brotnar um meðferð sjúkraskráa. Þessar hugmyndir voru ekki einu sinni bornar undir vísindasiðanefnd. Þetta dæmi sýnir okkur m.a. hversu mikilvægt það er fyrir okkur að setja siðferði í forgangsröð þegar við erum að taka ákvarðanir um heilsufarsupplýsingar.

Sú hugmynd sem fram kemur í greinargerðinni um fulltrúa almennings við vísindasiðanefnd er sótt til Norðurlandanna og hefur þessi tilhögun styrkt starf þeirra vísindasiðanefnda. Frekari útfærslu yrði að laga að íslenskum aðstæðum.

Varðandi rekstrarsamning um miðlægan gagnagrunn eiga eftir að koma upp margar mjög viðkvæmar spurningar varðandi siðferðileg álitaefni. Siðferðilegt mat okkar breytist stöðugt eftir tækni og alþjóðlegum gildum. Rekstur miðlægs gagnagrunns er prófsteinn á vísindastarfsemi og siðferði í heilbrigðisrannsóknum. Hinn alþjóðlegi vísindaheimur fylgist mjög náið með framvindu þessara mála hér á landi og okkur ber í alla staði að vanda vel til verka.

Hæstvirtur forseti. Að loknum umræðum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbrn.

[16:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í sumar var vísindsiðanefnd leyst frá störfum. Ný reglugerð var sett um skipan vísindasiðanefndar eða hvernig skyldi að því staðið að skipa í hana og voru gerðar grundvallarbreytingar. Gamla vísindasiðanefndin var skipuð af heilbrrh. samkvæmt tilnefningum frá læknadeild Háskóla Íslands, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, lagadeild Háskóla Íslands, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Læknafélagi Íslands, en sjöundi maður var skipaður af heilbr.- og trmrh. án tilnefningar og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Með nýrri reglugerð var kveðið á um að í vísindasiðanefnd framvegis skyldu einvörðungu skipaðir fimm einstaklingar í stað sjö áður, skyldi einn skipaður eftir tilnefningu menntmrh., einn eftir tilnefningu dómsmrh. og einn eftir tilnefningu landlæknis, en tveir skyldu skipaðir af heilbrrh. án tilnefningar og skyldi annar þeirra vera formaður.

Það var mikill hraði á þeim málum og fram hefur komið að nefndarmenn í gömlu nefndinni voru leystir frá störfum með bréfi dagsettu sama dag og nýja reglugerðin var gefin út. Gamla vísindasiðanefndin vissi ekki að verið væri að semja nýja reglugerð hvernig svo sem á því svo stendur. Í ritstjórnargrein sem birtist í Læknablaðinu í september, sem skrifuð er af Vilhjálmi Rafnssyni, segir m.a., með leyfi forseta:

„Trausts er víðar þörf en í heilbrigðisþjónustunni til dæmis í líf- og læknavísindum þar sem almenningur og vísindamenn mætast. En hverjar eru forsendur þess að trúnaðartraust eflist manna á meðal? Talið er að traust ríki á meðal aðila þegar hvorir tveggju fullnægi að mestu eða öllu leyti væntingum hins og þessar væntingar snúast um að viðkomandi sé hæfur, staðfastur og skýr í skilaboðum og að hann sé sanngjarn og heiðarlegur. Traust manna til hvers annars byggist yfirleitt upp á löngum tíma og er ekki einungis háð orðum heldur miklu fremur gerðum manna, en trúnaðartraust er viðkvæmt og getur auðveldlega skaðast.

Í framhaldinu skiptir mestu máli hvort menn treysta hinni nýju vísindasiðanefnd. Af framansögðu leiðir að hin leyndardómsfulla flýtimeðferð við að setja nýskipan á vísindasiðanefnd heilbrigðisráðuneytisins virðist hafa brotið mörg grundvallaratriði trúnaðartraustsins. Ef breytingarnar á skipan nefndarinnar hafa verið gerðar til að auka traust sjúklinga, almennings og vísindasamfélagsins á nefndinni hefur það að líkindum mistekist og er það slæmt."

Þetta eru niðurlagsorð í ritstjórnargrein Læknablaðsins frá því í september og undir þau vil ég taka.

Eitt af verkefnum vísindasiðanefndar er að úrskurða um álitamál sem upp kunna að koma í tengslum við samninga sem ríkisstjórnin vinnur að við Íslenska erfðagreiningu. Það skiptir mjög miklu máli að í jafnerfiðu, viðkvæmu og umdeildu máli ríki trúnaðartraust milli aðila. Þá er ég ekki einvörðungu að tala um ríkisstjórn og Alþingi eða læknasamfélagið, ég er að tala um allan almenning í landinu. Það vekur strax miklar efasemdir og enn þá fleiri spurningar þegar sá háttur er hafður á sem hér er lýst.

Hv. 1. flm. frv., Þuríður Backman, vísaði m.a. í Helsinkisáttmálann um vísindarannsóknir frá 1964, en þar segir að vísindasiðanefnd skuli vera óháð stjórnvöldum. Við sem stöndum að flutningi frv. gerum grein fyrir því í greinargerð að þetta stríði gegn þeirri samþykkt. Því með þessum breytingum er dregið úr sjálfstæði nefndarinnar og í ríkari mæli en áður er hún framlenging á ráðherravaldi. Nú eru það þrír ráðherrar sem tilnefna í nefndina, dómsmrh., menntmrh. sem skipaði skrifstofustjóra sinn eftir því sem ég best man, auk heilbrrh. Eftir sem áður skipar landlæknir í nefndina.

Fyrir nokkrum dögum fór fram umræða á Alþingi um tölvunefnd og afskipti hennar af beiðni sem fram hafði komið um að starfsmenn Íslenskrar erfðagreiningar fengju aðgang að sjúkragögnum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Um þetta hefur spunnist mikil umræða í samfélaginu, á meðal lækna og meðal almennings. Ég minnist þess að í viðbrögðum sínum lagði hæstv. heilbrrh. áherslu á að hún treysti þeim sérfræðingum sem hér ættu hlut að máli, hún treysti sérfræðingunum í tölvunefnd. En nú vakna ýmsar spurningar. Hvernig eru þeir sérfræðingar skipaðir í þær sérfræðinefndir sem eiga að gæta almannahagsmuna? Skyldi það ekki skipta svolitlu máli?

Í því sambandi langar mig til að rifja upp aðra umræðu sem fram fór fyrir nokkrum dögum um þáltill. sem Vinstri

hreyfingin – grænt framboð flutti um umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun, að þar skyldi farið að lögum. Þá rifjaði sá sem hér stendur upp umsagnir sem borist höfðu um svipaða tillögu þegar hún var flutt á síðasta ári. Rifjaði upp umsagnir sem komu frá Ferðamálaráði Íslands. Annars vegar frá 10. nóv. 1998 þar sem segir stutt og skorinort, með leyfi forseta:

„Samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar að senda jákvæða umsögn og hvetja til samþykktar þingsályktunarinnar."

Svona ályktaði Ferðamálaráð 10. nóv. 1998.

Árið 1999, 17. ágúst ályktaði Ferðamálaráð aftur um nákvæmlega sömu tillögur að efnisinnihaldi þótt rökstuðningur hafi verið gerður ítarlegri og fyllri. Þá segir, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess að málið er flókið og viðamikið ákveður Ferðamálaráð að unnið verði að því að skilgreina hagsmuni ferðaþjónustunnar á svæðum norðan Vatnajökuls með sérstöku tilliti til orkuvinnslu og náttúruverndar. Er formanni og framkvæmdastjóra falið að setja á laggirnar vinnuhóp til að taka saman í skýrslu grunn að slíkri skilgreiningu. Gert er ráð fyrir að vinnu starfshópsins verði lokið fyrir 1. desember 1999."

Hið einfalda og skýra mál er nú skyndilega orðið mjög flókið. Flókið og viðamikið. Þarf að setja nefndir í málið til að taka afstöðu til þess hvort eigi að taka undir það hvort umhverfismat skuli fara fram. Hvað hefur breyst í millitíðinni? Hvað skyldi hafa breyst í millitíðinni? Það voru komnir nýir sérfræðingar til sögunnar, það var það sem hafði breyst.

Fyrri nefndinni veitti formennsku Birgir Þorgilsson. Í síðari nefndinni var kominn annar formaður. Hann er titlaður hv. í þessum sal og heitir Tómas Ingi Olrich. Hver skyldi vera varaformaður Ferðamálaráðs nú um stundir? Það skyldi þó aldrei vera hv. þm. Jón Kristjánsson, þingmaður Framsfl. á Austurlandi?

Hæstv. heilbrrh. Þegar ráðherrar tala um að þeir treysti sérfræðingum sínum þá fara menn að leggja við hlustir, að sjálfsögðu gera menn það. Þegar það gerist að hæstv. heilbrrh. hefur forgöngu um að reka vísindasiðanefnd, leysa hana frá störfum — reka hana, þá vakna enn fleiri efasemdir, ekki bara um vísindasiðanefnd heldur um framgöngu hæstv. heilbrrh. í málinu.

Það fór ekki fram hjá nokkrum manni í tengslum við umræðuna um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði að vísindasiðanefnd, eða meiri hluti hennar vegna þess að hún var klofin, vildi standa vaktina fyrir almenning og gæta almannahagsmuna. Það fór mjög fyrir brjóstið á stjórnvöldum, svo mjög að með einu pennastriki er hún sett af í sumar. Þetta eru svo ólýðræðisleg og svo óvönduð vinnubrögð að mönnum verður hreinlega orðfátt. Er það ekki áhyggjuefni þegar nær allir aðilar sem málið snertir mótmæla þessum vinnubrögðum? Síðan er okkur boðið upp á það að ríkisstjórnin beri fullt traust til nefndarmanna, það séu svo góðir sérfræðingar komnir á stólana, væntanlega með stimpla á lofti.

Þess vegna leggjum við fram þetta frv. um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga. Við leggjum til að ekki verði lengur háð ráðherravaldi, ekki lengur háð reglugerðarvaldi ráðherra hvernig skipað er í nefnd á borð við vísindasiðanefnd heldur verði það beinlínis bundið í lög.

Við leggjum til að skipanin verði með nákvæmlega sama hætti og var áður en hæstv. heilbrrh. rak nefndina í sumar. En við vekjum jafnframt athygli á því að til greina komi við nánari skoðun að gera á þessu breytingar, opna nefndina enn betur fyrir fulltrúum almennings. Við erum til viðræðu um hvernig best verði að því staðið.

Þetta eru í stuttu máli áherslur okkar í tengslum við málið og við vonumst að sjálfsögðu til þess að það hljóti samþykki á Alþingi.

[16:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Áður en við ræðum það mál sem er á dagskrá langar mig aðeins að leiðrétta hv. þm. Ögmund Jónasson sem sagði áðan að ég hefði sagt fyrir skömmu að ég treysti vel sérfræðingum. Það var rétt haft eftir en þegar ég tala um sérfræðinga akkúrat af því tilefni sem hann vitnaði í, þá er ég líka að tala um lækna og sérfræðinga á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem er málið skylt. Ég vil ekki að sú ræða sé tekin úr samhengi þegar þetta viðkvæma mál er hér til umfjöllunar.

Hér er til umfjöllunar frv. um breytingar á lögum um réttindi sjúklinga en árið 1997 var samþykkt á hinu háa Alþingi lög um réttindi sjúklinga sem var mjög til bóta varðandi réttarstöðu sjúklinga í þessu landi. Í kjölfar þess var samþykkt reglugerð um vísindasiðanefnd og vísindasiðanefnd hefur starfað síðan 1997.

Fljótlega eftir að vísindasiðanefnd fór að starfa kom í ljós að mikil þörf var fyrir slíka nefnd og að útvíkka þyrfti starfshlutverk hennar. Með því þurfti að sjálfsögðu að breyta reglugerðinni sem í gildi var svo að vísindasiðanefnd fengi aukið eftirlitshlutverk, svo eitthvað sé nefnt af því sem brýnt var að breyta. Þegar umræðan fór í gang kom fram sterk vísbending um að rétt væri að menntmrn. fengi fulltrúa í vísindasiðanefnd af því að menntmrn., eins og hv. þm. vita, er ráðuneyti vísinda. Í kjölfar þess þótti rétt að dómsmrn. fengi þarna einnig fulltrúa vegna persónuverndarinnar. Þegar þetta kom upp í umræðunni þá kynntum við okkur hvernig þetta er í löndunum í kringum okkur og víðast er þetta nákvæmlega svona. Það að vísindasiðanefnd hafi verið rekin er að sjálfsögðu alrangt því að þáverandi formaður vísindasiðanefndar fylgdist með starfinu og kynnti bæði í apríl og maí þær reglugerðarbreytingar sem voru fyrirhugaðar.

Það er ýmislegt fleira sem greinilega er mikill misskilningur í gangi um. Sérstaklega langar mig að nefna Helsinki-sáttmálann sem hér hefur verið vitnað í oftar en einu sinni í umræðunni. Hv. þm. sem hér hafa talað hafa sagt að í Helsinki-sáttmálanum standi að slík nefnd þurfi að vera óháð stjórnvöldum. Nú langar mig að lesa úr þýðingu Arnar Bjarnasonar frá árinu 1994 hvað stendur nákvæmlega um þetta atriði, og með leyfi forseta stendur í sáttmálanum:

„Þær reglur skal senda til umfjöllunar í óháðri nefnd sem sérstaklega skal skipuð í þessu skyni og er nefndinni ætlað að veita umsögn og leiðbeiningar. Nefndin skal vera óháð rannsóknaraðilum" — ég endurtek: óháð rannsóknaraðilum — „og þeim er kosta rannsóknina. Þessi óháða nefnd skal starfa í samræmi við lög og reglur þess lands þar sem rannsóknin fer fram."

Þessu er búið að snúa upp í að nefndin eigi að vera óháð stjórnvöldum. Nú komum að atriði sem hér hefur borið á góma, að þessi nefnd sé háð stjórnvöldum af því að stjórnvöld skipi í nefndina. Nú er það svo með ótal margar viðkvæmar nefndir að stjórnvöld skipa þær en að sjálfsögðu er full ástæða til að treysta þeim einstaklingum sem þar starfa, að þær séu ekki háðar stjórnvöldum á einn eða annan hátt. Mig langar að lesa upp nöfn þeirra sem í vísindasiðanefnd starfa:

Formaður er Ingileif Jónsdóttir líffræðingur, Karl Kristjánsson læknir er í þessari nefnd, Lovísa Baldursdóttir hjúkrunarfræðingur, Gísli Baldur Garðarsson lögfræðingur og Stefán Baldursson skrifstofustjóri.

Varamenn eru Þórður Harðarson, prófessor og læknir, Ólöf Ásta Ólafsdóttir ljósmóðir, Gunnar Matthíasson sjúkrahúsprestur, Ragnheiður Bragadóttir, dósent í lögum, og Gísli Ragnarsson aðstoðarskólameistari. Starfsmaður nefndarinnar er dr. Þorvarður Arnórsson líffræðingur.

Ég ætti kannski að enda eins og ég byrjaði og segja að ég treysti þessum sérfræðingum. Þar með er ég ekki að segja að þeir sem áður voru í vísindasiðanefnd hafi ekki staðið sig í stykkinu. Það gerðu þeir svo sannarlega og ég vil ekki... **(Gripið fram í:** Af hverju voru þeir reknir?) Ég sagði áðan í ræðu minni og vona að hv. þm. hafi hlustað á mál mitt að reglugerð var breytt vegna þess að verið væri að útvíkka starfsemi vísindasiðanefndar.

[16:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nöturlegt hlutskipti að þurfa að ræða þessa hluti núna eftir á. Í rauninni er mjög ósvífið að tefla fram þessum einstaklingum sér til varnar en þó ætla ég að leyfa mér að segja að af þeim sem hér voru taldir upp minnist ég nokkurra sem hafa haft uppi áróður fyrir Íslenska erfðagreiningu á liðnum mánuðum. Ég leyfi mér að efast um heilindi stjórnvalda og hæstv. ráðherra og ráðuneytisins í þessum efnum. Það er ekki einleikið að þeim sem hafa haft uppi gagnrýni á þennan fyrirhugaða samning sem ríkisstjórnin er að gera við Íslenska erfðagreiningu skuli vikið til hliðar.

Varðandi sérfræðingana og tilvitnun mína í ræðu hæstv. ráðherra um að hún treysti sérfræðingum, þá man ég ekki betur en hún væri að vísa til sérfræðinga í tölvunefnd. Sé hins vegar litið til sérfræðinga almennt voru það sérfræðingar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur sem höfðu vit fyrir sérfræðingum ráðuneytisins. Að það skuli borið á borð að hér sé á ferðinni sjálfstæð nefnd þegar hæstv. menntmrh. í ríkisstjórn skipar skrifstofustjóra sinn en sjálfstæðir aðilar á borð við Siðfræðistofnun háskólans, Læknafélagið, hjúkrunarfræðinga og Lagastofnun eru sviptir réttinum til að tilnefna. Fulltrúar hæstv. ráðherra eru settir í nefndina og síðan á að bera á borð fyrir okkur að þar sé komin alvöru sjálfstæð nefnd. Hins vegar er ég farinn að skilja hvað hæstv. ráðherra á við þegar sérfræðingar gerast traustsins verðir.

[16:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að þetta kemur gagnagrunnsmálinu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Þetta er algerlega óskylt og umræða um gagnagrunnsmálið hefur ekki farið fram í vísindasiðanefnd í meira en ár. Ég endurtek að það kemur málinu ekkert við. Ég fór yfir það áðan hvers vegna þurfti breyta reglugerðinni.

Ég tel gott að fá málið í umræðu. Ég held að það sé gott að yfir það verði farið í nefnd. Það rétta mun koma í ljós og það er einmitt það sem þarf. Það þarf að hreinsa málið. Það hefur aftur og aftur komið fram að menn hafa miklar ranghugmyndir um málið og ég tel að það muni skýrast í meðferð málsins í nefnd.

[16:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta kemur gagnagrunnsmálinu ekkert við, segir ráðherra. Vísindasiðanefnd á að úrskurða um álitaefni sem upp kunna að koma í tengslum við fyrirhugaðan samning um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Sá samningur er nú í smíðum. Þess vegna er þetta hitamál. Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra var að tíunda það áðan að þessi nefnd væri óháð Íslenskri erfðagreiningu? Einfaldlega vegna þess að um það spyrja menn sjálfa sig og aðra. Að sjálfsögðu kemur þetta því við. Ráðherrann getur ekki vikið sér undan því.

Í framhaldi af því, þar sem sekúndurnar eru ekki alveg hlaupnar frá mér, er margt mjög undarlegt að gerast í samskiptum hæstv. heilbrrh. við læknastéttirnar og sérfræðinga ef því er að skipta. Fyrir fáeinum dögum var haldið læknaþing. Hæstv. heilbrrh. hunsaði það og menn spyrja sig: Hvers vegna? Menn eiga auðvelt með að finna skýringarnar. Það titrar allt vegna vantrausts manna á heilbrrn., ríkisstjórninni og hæstv. ráðherra vegna samninga við Íslenska erfðagreiningu um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það er mergurinn málsins.

[17:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er talað um læknaþing sem ekki er kannski beint á dagskrá en fyrir skömmu var aðalfundur Læknafélags Íslands og ég sat þann fund svo þeim misskilningi sé eytt. Sennilega er hv. þm. að vísa í annan fund þar sem fullar skýringar hafa verið gefnar á fjarveru fulltrúa í heilbr.- og trmrn. **(ÖJ:** Hverjar voru þær?) Hv. þm. fullyrti áðan að reglum um vísindasiðanefnd hefði verið breytt vegna gagnagrunns á heilbrigðissviði. Vísindasiðanefnd kemur ekkert að samningum um gagnagrunn. Það gerir tölvunefnd. Ég veit að hv. þm. veit þetta en ég vil endurtaka að ég er viss um að þegar þetta mál fer í nefnd, þá eyðir hún þeirri tortryggni sem uppi er í málinu.

[17:02]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér upp vegna orða hæstv. heilbrrh. um hvernig skipað er í nefndir. Hvaða áhrif hefur það á útkomu og starf nefndanna? Auðvitað skiptir það máli eins og hv. 13. þm. Reykv., Ögmundur Jónasson, sagði áðan og nefndi þá til Ferðamálaráð og breytingu á formennsku í því ráði. Það hefur sitt að segja.

Vísindasiðanefndin sú fyrri var skipuð á þann hátt, að mínu áliti og margra annarra, að segja má að hlutlausir aðilar hafi komi að vinnunni. Með tilnefningu frá Háskóla Íslands, mismunandi deildum og landlæknisembættinu auk fulltrúa heilbrigðisstétta. Þetta er sú skipan sem við getum helst talað um sem hlutlausa nefnd í þessu sambandi.

Það þurfti að útvíkka hlutverk vísindasiðanefndarinnar. Hvernig er hægt að útvíkka hlutverk hennar með því að fækka, hafa þar fulltrúa ráðuneytanna og hvar er fulltrúi eða sérfræðingur sem hefur yfirsýn yfir lífvísindi? Eftir þeirri upptalningu á fulltrúum í nefndinni gat ég ekki séð að þar væri sérfræðingur í erfðavísindum.

Hæstv. ráðherra las úr þýðingu á Helsinki-sáttmálanum að nefndin skuli vera óháð hagsmunanefnd. Það er rétt en í alþjóðlegum siðareglum er einnig getið um að hún skuli vera óháð stjórnvöldum.

[17:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er áfram gagnrýnt hvernig skipað er í nefndina. Ef menn líta á t.d. hvernig skipað er í slíkar nefndir á Norðurlöndunum, þá er það gert á ýmsan hátt. Sums staðar sitja meira að segja stjórnmálamenn í vísindasiðanefndum. Það er því allur gangur á því. En samkvæmt stjórnskipulagi á Íslandi er þetta mjög eðlilegt og ef við lítum á aðrar nefndir eins og t.d. tölvunefnd, þá er skipað í hana með þessum hætti.

Hv. þm. spurði hvar vísindin ættu sæti í nefndinni. Væri farið aftur yfir nöfnin þá held ég að hv. þm. mundi átta sig á því að þarna eru vísindamenn. Þarna eru læknar og hjúkrunarfræðingar, og ýmsir sérfræðingar. Ég held því að samsetning nefndarinnar sé alveg prýðileg, enda hefur það komið í ljós.

[17:05]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþjóðasiðareglur lækna taka á miklu fleiri þáttum en hér hafa komið fram. Ég fór yfir hlut vísindasiðanefndar varðandi miðlægan gagnagrunn.

Hæstv. heilbrrh. segir að vísindasiðanefnd komi ekki að samningum um miðlægan gagnagrunn. Það hljóta að vera þar uppi mjög viðkvæmar siðferðilegar spurningar þegar kemur að samningagerð. Hvernig á að semja um samkeyrslu á mismunandi gagnagrunnum, genabanka, ættfræðibanka og heilsufarsupplýsingum? Hver á að geta svarað þeim siðferðilegu spurningum sem koma upp? Þetta snýst ekki bara um peninga. Þetta eru mjög viðkvæm mál og mér þykir miður að heyra hæstv. heilbrrh. segja að vísindasiðanefnd komi þar ekki að. Ég ætla a.m.k. að vona að heilbrrn. og fulltrúar ráðuneytisins ráðfæri sig við vísindasiðanefnd þegar kemur að þessum viðkvæmu málum. Ég held að það verði of seint þegar búið verður að semja.

[17:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú held ég að ég verði að biðja hv. þm. að lesa lögin um gagnagrunn á heilbrigðissviði vegna þess að ef um samkeyrslu væri að ræða, þá sér tölvunefnd um persónuverndina og fengi það hlutverk að svara því.

[17:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Staðreyndin er sú að vísindasiðanefnd á að úrskurða um ýmis álitamál sem upp kunna að koma í tengslum við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það er staðreynd málsins. Það skiptir máli að hún njóti trausts. Það gerir hún ekki eftir þær breytingar sem hafa verið gerðar.

Ég held sannast sagna, herra forseti, að allir hljóti að sjá í gegnum þennan málflutning, eins gagnsær og hann er. Við höfðum vísindasiðanefnd sem skipuð var samkvæmt tilnefningum frá læknadeild Háskóla Íslands, frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, frá lagadeild Háskóla Íslands, frá Líffræðistofnun Háskóla Íslands, frá Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga og Læknafélagi Íslands en sjöundi maður var skipaður af heilbr.- og trmrh. Nú erum við komin með nefnd sem er tveimur einstaklingum færri. Þrír ráðherrar skipa í nefndina. Það er dómsmrh., menntmrh. sem skipaði skrifstofustjóra sinn og heilbrrh. Síðan kemur landlæknisembættið einnig þar við sögu.

Að sjálfsögðu liggur í augum uppi að þetta er miklu þrengra og í ríkari mæli en áður framlenging á framkvæmdarvaldinu. Hugsunin á bak við vísindasiðanefndir er að gera þær eins óháðar hagsmunaaðilum og kostur er, þeim sem sinna rannsóknum eða hafa þar ábyrgð á hendi. Það eru að sjálfsögðu stjórnvöld sem voru nú að gera samning við rannsóknaraðila um afnot af heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar. Auðvitað skiptir máli að nefndin sé óháð þeim aðilum þannig að hún njóti trausts. Það gerir hún ekki og mér finnst það vesöl framsetning á málinu að tefla þessum einstaklingum fyrir sig og segja: Er þetta ekki allt óskaplega gott fólk og virt?

Ég leyfi mér að fullyrða og endurtaka þá fullyrðingu mína að sumir þeirra sem þarna eru nefndir hafa haft uppi málflutning og áróður varðandi gagnagrunn á heilbrigðissviði og Íslenska erfðagreiningu. Ég leyfi mér að fullyrða það. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort einhver könnun hafi farið fram á því að þarna séu engin tengsl á milli.

Ég hef varpað þeirri spurningu fram bæði í blaðagreinum og hér á Alþingi hvort ýmsir lykilmenn í heilbrigðisþjónustunni sjái sér einhverja hagnaðarvon í að stuðla að samningum við Íslenska erfðagreiningu um afnot af heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar. Slíkar spurningar vakna. Ég er ekkert einn um það að spyrja hvaða fjárhagslegu hagsmunir kunni að hanga á spýtunni og hvort sérfræðingar sem starfa í íslenska heilbrigðiskerfinu séu farnir að selja sjúkraskýrslur eða sjúkragögn. Það er eðlilegt að um þetta sé spurt. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrrh. hvort athugun hafi farið fram á þessu. Hefur farið fram könnun á þessu?

Ég minnist þess að ég fékk upplýsingar um það á sínum tíma að þess hefði verið farið á leit við Sjúkrahúsið á Akureyri að fá upplýsingar um einstaklinga sem þar hefðu verið á geðdeild til að setja inn í einhverjar rannsóknir sem tengdust Íslenskri erfðagreiningu. Ég spurði ráðamenn á sjúkrahúsinu hvort rétt væri að þessar óskir hefðu komið fram og ég fékk staðfestingu á því að svo hefði verið. Ég spurði hvort menn ætluðu að verða við slíkum óskum en mér var sagt að það yrði ekki gert. Viðkomandi kvaðst vera andvígur því. Nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. heilbrrh.: Hefur farið fram athugun á þessu, hver hlutur íslenskra lækna er og hvaða fjárhagslegan ávinning þeir kunna að sjá í fyrirhugðum samningum? Er að undra að menn spyrji þegar fréttir af þessu tagi berast og þegar jafnfullkomið ábyrgðarleysi og við verðum nú vitni að frá fulltrúa ríkisstjórnarinnar er fyrir hendi.

Ég treysti þessu fólki, segir hæstv. ráðherra, telur upp nöfnin og vitnar í rannsóknartitlana. Ég treysti þessu fólki. Auðvitað viljum við treysta þessum einstaklingum, við viljum treysta öllum einstaklingum. En við viljum búa svo um hnútana þegar skipað er í nefndir sem eiga að gæta almannahags að sem flestir óháðir aðilar, stofnanir og samtök komi þar við sögu til að fyrirbyggja misnotkun valdsins. Þess vegna var leitað til Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, til lagadeildar Háskóla Íslands, til Líffræðistofnunar Háskóla Íslands, til Félags ísl. hjúkrunarfræðinga og Læknafélagsins. Þess vegna var leitað til þessara aðila. Vill ekki hæstv. heilbrrh. skýra fyrir þinginu og þjóðinni hvers vegna þeim aðilum var ekki lengur treystandi til að skipa í vísindasiðanefnd? Hvers vegna þurfti að fela valdið í hendur hæstv. menntmrh., Birni Bjarnasyni, svo hann gæti skipað skrifstofustjórann sinn og hæstv. heilbrrh. og hæstv. dómsmrh. gætu skipað sína fulltrúa? Hvers vegna var tilnefningarvaldið tekið frá þessum aðilum? Hæstv. ráðherra verður að skýra það fyrir

Alþingi og þjóðinni. Ég ítreka spurningu mína og krefst þess að fá við henni svar: Hefur verið gerð könnun á því hvaða læknar hafi gert samkomulag við Íslenska erfðagreiningu og hvort þeir fara með gögn út af sjúkrahúsum og sjúkrastofnunum inn í þetta samstarf? Hver er fjárhagslegur ávinningur fyrir stofnanir þeirra eða hugsanlega fyrir þá persónulega? Hefur verið gerð á þessu könnun?

Við erum að tala um fyrirtæki sem veltir miklum fjármunum og það berast fréttir af verðmæti hlutabréfa upp á milljarða kr. og tugi milljarða. Hér er um mikla fjárhagslega hagsmuni að tefla. Þegar við leggjum áherslu á að þeir aðilar sem sinna eiga eftirlitshlutverki fyrir almenning séu skipaðir þannig að um þá ríki traust, þá er lesin upp fyrir okkur nafnaruna. Okkur er sagt að þetta sé allt prýðisfólk. Ég efast ekkert um það. En málið snýst ekkert um það. Málið snýst um að ríkisstjórnin og hæstv. heilbrrh. hefur svipt þá sem ég hefði haldið að væru óumdeildir réttinum til að tilnefna í nefndina. Það er það sem hefur gerst og því erum við að mótmæla og það er því sem Læknasamtökin hafa verið að mótmæla og fulltrúar aðila á borð við Mannvernd sem njóta trausts í þessu máli. Þeir hafa verið að mótmæla þessu fyrirkomulagi líka og við erum að leggja til að sami háttur verði hafður á og áður um skipan í nefndina.

Nú þarf hæstv. ráðherra að skýra fyrir Alþingi og þjóðinni hvers vegna tilnefningarrétturinn var tekinn frá þessum aðilum.

[17:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég minna hv. síðasta ræðumann á að hann hefði átt að vitna rétt í Helsinki-sáttmálann í greinargerð sinni með þessu frv. sem liggur frammi. Það eitt gerir hans mál nokkuð snúið og jafnvel tortryggilegt.

Hv. þm. sagði áðan að það væri mikilvægt að þeir sem kæmu að málinu væru óháðir rannsóknaraðilum en segir jafnframt að honum finnist rétt að þeir komi flestir frá Háskóla Íslands sem er auðvitað rannsóknarstofnun.

Varðandi lýðræðið sem hv. þm. talaði um áðan þá spurði hann hvort gerð hefði verið könnun á því hvort þeir sem nú sætu í vísindasiðanefnd hefðu verið með eða móti gagnagrunni. (**ÖJ:** Eða ættu hagsmuna að gæta.) Eða ættu hagsmuna að gæta. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu getur fólk haft hvaða skoðanir sem það vill almennt í þjóðfélaginu. Það er lýðræði og það eru ekki gerðar neinar sérstakar kannanir eða rannsóknir á því.

Hv. þm. spurði líka hvort gerðar hefðu verið kannanir á því hvort farið hafi verið ólöglega með sjúkragögn út af sjúkrahúsunum. Það hefur heldur ekki verið gerð könnun á því þar sem við felum stjórnendum sjúkrahússins að bera ábyrgð á því.

Hér hefur ýmislegt komið fram sem mér finnst vera dálítið sérstakt og einkum þegar jafnvirðulegur þingmaður og hér stóð uppi áðan leggur fram frv. sem er með greinargerð með svo miklum göllum sem ég benti á áðan.

[17:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Efnislega er vitnað rétt í Helsinki-sáttmálann. Ég ætla ekki að eyða frekari orðum á það. Þetta er orðhengilsháttur af hálfu hæstv. ráðherra.

Hitt skiptir meira máli, að hæstv. ráðherra neitar að skýra okkur frá því hvers vegna þessir óháðu aðilar eins og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, Læknafélagið, Hjúkrunarfélagið, læknadeildin og lagadeild Háskóla Íslands, eru sviptir réttinum til að tilnefna í nefndina.

Síðan þegar spurt er um hvort athugun hafi verið gerð á því hvaða samningar læknar eða hópar lækna hafa gert við Íslenska erfðagreiningu um notkun á sjúkragögnum Íslendinga, þá leyfir hæstv. ráðherra sér að vísa þessu einfaldlega frá og segja: „Mér kemur þetta ekki við. Við hljótum að treysta þeim sem stýra sjúkrastofnunum.“ En á ekki hæstv. ráðherra að bera ábyrgð á og hafa eftirlit með þessum málum? Og ef Alþingi eða alþingismenn óska eftir upplýsingum af þessu tagi þá á að veita þær.

Ég spyr því í framhaldinu: Er hæstv. heilbrrh. reiðubúin að beita sér fyrir því í ljósi þeirra orða sem hér hafa fallið að slík athugun fari fram? Er hæstv. ráðherra reiðubúin að beita sér fyrir því að athugun fari fram á því hvort einstakir læknar, hópar lækna eða stofnanir, hafi samið við þetta fyrirtæki eða önnur um afnot af sjúkraskýrslum Íslendinga fyrir greiðslu?

[17:21]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að hv. þm. veit að stjórnendur sjúkrastofnana bera ábyrgð á þeim gögnum sem þar eru. Varðveisla gagna sem eru á sjúkrastofnunum er á ábyrgð sjúkrastofnananna. Ef minnsti grunur væri um að menn nýttu þessi gögn ólöglega þá væri að sjálfsögðu farið í það. Ég mundi þann sama dag og ég hefði minnsta grun um það láta landlækni rannsaka slík mál.

[17:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá grunur hefur komið fram. Hann hefur verið viðraður í þessum ræðustól nú og ég skil hæstv. heilbrrh. svo að athugun muni fara fram, að hún muni fela landlæknisembættinu að rannsaka þetta.

[17:23]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Í upphafi máls míns fór ég yfir nokkra grundvallarþætti sem lúta að siðferði í rannsóknum og ég ætla að fara yfir þessa þætti aftur:

Að persónuverndin sé tryggð. Það er númer eitt. Lögin um miðlægan gagnagrunn hljóta að koma inn í þessa umræðu núna því að þeir samningar sem fram undan eru eru hvað viðkvæmastir varðandi siðferðilegar spurningar. Deilur hafa verið um það hvort hægt sé í raun og veru að tryggja persónuvernd, hvað þá þegar samkeyra á nokkra gagnabanka.

Að þátttaka einstaklinga sé háð upplýstu og staðfestu samþykki.

Að sjúklingurinn hafi fengið upplýsingar um áhættu ásamt eðli og tilgangi rannsóknarinnar. Staðfest samþykki þarf fyrir öllum rannsóknum, einnig þeim sem koma til vegna grunnrannsóknar. Fram hjá þessu göngum við.

Að hægt sé að hætta þátttöku hvenær sem er. Deilt er um hvort við getum eingöngu hætt hvenær sem er og þar með verði allar upplýsingar sem séu þegar skráðar í miðlægan gagnagrunn þar áfram eða hvort við getum dregið þær út. Þetta er ekki ljóst enn þá.

Að rannsóknin nýtist þeim sem taka þátt í henni eða þeim stað, svæði eða landi þar sem rannsóknin er gerð. Þessi skilyrði eru heldur ekki uppfyllt vegna þess að það á að vera hægt að selja þær niðurstöður sem koma út úr miðlægum

gagnagrunni og við höfum ekki hugmynd um það fyrir fram hvert þær verða seldar eða hverjum þær nýtast, hvað þá heldur að við vitum í hvaða rannsóknum við ætlum með þöglu samþykki að taka þátt í.

Að siðanefndir séu pólitískt óháðar og án hagsmunatengsla. Þegar við erum komin svo langt að vera búin að samþykkja lögin um miðlægan gagnagrunn og ganga fram hjá eins mikilvægum þáttum og ég hef lesið hér upp og eru grundvallaratriði sem snúa að siðferði, þá er von að maður sé á vaktinni og hræddur um að gengið sé fram hjá fleiri þáttum. Því er svo mikilvægt að við getum treyst vísindasiðanefnd og að hún sé alveg örugglega þannig saman sett eða þannig skipuð að hægt sé að tala um óháða nefnd. Við höfum fram að þessu treyst tilnefningu frá Háskóla Íslands þegar við erum að tala um óháðar nefndir. Og tilnefningar fagfélaga hjúkrunarfræðinga og lækna inn í þessa nefnd eins og hún var áður skipuð áttu að tryggja þeirra sjónarmið varðandi eins mikilvægar siðferðilegar spurningar og hér er um að ræða.

Ráðherra segir að ég eigi að lesa lögin betur um miðlægan gagnagrunn. Ég er búin að lesa þau fram og til baka. Það er tölvunefndar að semja og það er tölvunefndar að fara yfir það og samþykkja hvaða gagnabankar eru samkeyrðir — það er ekki vísindasiðanefndar — og það er vissulega áhyggjuefni því að þarna koma kannski stærstu spurningarnar upp. Hvað má samkeyra? Hvað viljum við að fari í þetta frá íslensku þjóðinni sem er með þöglu samþykki búin að samþykkja allt? Ef vísindasiðanefnd á ekki að koma að samningi um samkeyrslu mismunandi gagnagrunna þá líst mér illa á framhaldið.

Eins og málum er háttað núna varðandi þessar siðferðilegu spurningar eða siðferði í vísindum hjá okkur, er hrædd um að við verðum jafnvel á enn hálli ís í framtíðinni.

[17:27]

Útbýting þingskjals:

Almenn hegningarlög, 89. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 89.

[17:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að koma upp í umræðu um frv. sem hér er til umfjöllunar, frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, sem gengur út á það að vísindasiðanefndin eða skipan þeirrar nefndar eins og hún var þangað til í sumar verði endurreist.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um aðdraganda þessa máls vegna þess að ég er ný á Alþingi og horfði á lögin um gagnagrunninn fara hér í gegn sem áhorfandi úti í samfélaginu á síðasta ári.

Lög um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði voru samþykkt á hv. Alþingi á síðasta þingi. Um frv. voru miklar deilur. Það var mikið skrifað, margt sagt og mikið og hatrammlega tekist á um grundvallaratriði, mörg sjónarmið voru viðruð og greinilega erfitt að ná sáttum á milli þeirra sjónarmiða sem uppi voru. Það lá við að þjóðin yrði þreytt á öllum þessum málflutningi um gagnagrunn á heilbrigðissviði, hvort hann ætti að vera miðlægur eða dreifður, hvort tölvunefnd eða vísindasiðanefnd ætti að sjá um þetta eða hitt. Þessi umræða fór út á afskaplega faglegar eða tæknilegar brautir. Málið var þvælt í sölum Alþingis aftur á bak og áfram þangað til þjóðin og ég efast ekki um þingmenn líka voru orðnir ruglaðir. Fólk var orðið ruglað á öllum þessum málflutningi. Það átti erfiðara með að taka afstöðu til málefna þessa lagafrv. eftir því sem tíminn leið, eftir því sem fleiri sjónarmið komu fram um málið. Á endanum virtist það vera svo að stjórnarandstaðan gæfist upp í málinu. Andófið á Alþingi var skyndilega lagt af. Það var búið að þvæla málið svo mikið að fólk gafst upp við umræðuna.

Það sama má segja um þjóðina. Þjóðin gafst upp á að fylgja þessu eftir og gafst upp á því að reyna að skilja þetta. Og eftir þetta, þegar fólk var orðið ruglað og þreytt, átti erfitt með að gera upp hug sinn og sjónarmiðin orðin svona mörg og átökin svona mikil, þá liggur mér við að segja að það hafi litið þannig út út á við að lögunum hafi á endanum verið troðið niður í kokið á þjóðinni. Þannig upplifði maður það úti í samfélaginu að hér í þessum sal hefði nánast verið beitt ofbeldi við að koma þessum lögum í gegn og manni rann til rifja að sitja úti í samfélaginu og sjá og upplifa máttleysi stjórnarandstöðunnar á endanum, á lokasprettinum í þessu máli.

Það upphófust ýmis átök úti í samfélaginu eftir að frv. um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði var orðið að lögum. Læknafélag ályktar. Félag er stofnað sem heitir Mannvernd. Greinar fara að berast frá útlöndum. Fréttir fara að berast frá útlöndum um að hér hafi hræðilegir hlutir átt sér stað. Sú saga gengur fjöllunum hærra að jafnvel ákveðnir heilbrigðisháskólar neiti íslenskum stúdentum um inngöngu af því að það umhverfi sem stjórnvöld á Íslandi bjóða læknum upp á sé ekki boðlegt og þess vegna fái fólk ekki að læra til læknis í virtum háskólastofnunum í útlöndum. Alls kyns sögur fóru á kreik. Þetta ól enn á óöryggi þjóðarinnar gagnvart þessu máli og á tortryggni þjóðarinnar gagnvart stjórnvöldum.

Enn nötrar þjóðin af óöryggi gagnvart þessu máli. Til vitnis um það voru viðbrögð þjóðarinnar þegar hæstv. heilbrrh. í sumar rak eða setti af þá vísindasiðanefnd sem hafði þó starfað um um það bil tveggja ára skeið, og skipaði nýja. Það fer að hrikta í stoðunum. Fólk fer að spyrja spurninga og segir: „Hvað er hér í gangi?“ Enn einu sinni er vakin upp tortryggni og óöryggi þjóðarinnar gagnvart þessum málum. Fólk spyr: „Er gagnagrunnurinn svona hættulegur? Eru slagsmálin sem hafa geisað í samfélaginu ekki bara þess virði að halda þeim áfram? Skoðanir manna sem eru andvígir eða hafa verið á móti þessum gagnagrunni og því hvernig staðið hefur verið að málum ganga í endurnýjun lífdaga. Fólk fer enn að skrifa greinar. Aftur gýs upp stór flaumur greinaskrifa og fólk er farið að spyrja: „Er þetta í alvöru svo stórt mál að verið sé að tala um að veita stóru fyrirtæki einkaleyfi á því að versla með heilbrigðisupplýsingar um mig og börnin mín, foreldra mína, fjölskyldu mína?“ Ég skil óöryggi þjóðarinnar og ég skil tortryggni þjóðarinnar mætavel.

Tæplega 13 þúsund manns eru nú þegar búnir að segja sig úr þessum gagnagrunni og mér skilst að enn standi straumur fólks til landlæknis sem segir sig úr grunninum. Aðgerð ráðherra frá því í sumar þar sem vísindasiðanefnd er afsköffuð elur enn á þessari tortryggni gagnvart stjórnvöldum og óöryggi þjóðarinnar gagnvart öllu þessu máli.

Aðgerð af þessu tagi er líka til þess fallin að auka vantraust þjóðarinnar á þeim hugmyndum og þeirri lífssýn sem liggur að baki lögunum um gagnagrunn á heilbrigðissviði og sem liggur að baki því sem er að gerast í verslun með upplýsingar af því tagi sem þessi gagnagrunnur býr yfir. Þetta er eldfimt mál og stórhættulegt mál og ég treysti því að heilbrn. hafi með sér það veganesti sem til þarf til að

taka virkilega djúpa og vel ígrundaða afstöðu til frv. sem hér liggur frammi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

[17:35]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sérstakar aðgerðir í byggðamálum. Þetta er 10. mál þingsins á þskj. 10 og flm. ásamt með mér eru allir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég sakna þess nú reyndar, herra forseti, að hæstv. forsrh. á þess ekki kost að vera viðstaddur við upphaf umræðunnar en vona þó að hann geti komið inn í umræðuna á síðari stigum. Eins og kunnugt er heyra byggðamál og málefni Byggðastofnunar undir hæstv. forsrh. Ég tel engu að síður mikilvægt að þessi umræða geti hafist og byggðamálin komist á dagskrá. Ég vil því nýta mér þetta tækifæri til að mæla fyrir tillögunni og vona að hér geti skapast umræður um þetta brýna mál.

Herra forseti. Fyrst um rökstuðning fyrir því að nauðsyn sé á að grípa til sérstakra byggðaaðgerða umfram og til viðbótar því sem í gangi er í þjóðfélaginu í þessum efnum. Ég held að flestum sem til þekkja sé það ljóst og um það sé ekki ágreiningur að ófremdarástand ríkir í þessum efnum í landinu. Byggðaröskun og fólksflótti af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hefur aukist ár frá ári nú um alllangt skeið eða frá og með árinu 1993. Undanfarin þrjú ár hafa hartnær 2 þús. manns flutt af landsbyggðinni inn á höfuðborgarsvæðið á ári, umfram þá sem flutt hafa í gagnstæða átt. Í fylgiskjölum með tillögunni er þetta nokkuð rakið. Þar má m.a. sjá hvernig ástandið hefur farið versnandi jafnt og þétt frá og með árinu 1993 en þá urðu þessir búferlaflutningar minnstir á síðari árum, fóru niður í um 500–550 manns, og höfðu þá reyndar farið lækkandi nokkurn veginn samfellt frá árinu 1988. Síðan snerist þetta við og það mjög harkalega. Fólksflutningarnir jukust um mörg hundruð manns á milli ára á árunum 1994, 1995, 1996, 1997. Núna á árunum 1996, 1997 og 1998 og væntanlega einnig á því ári sem nú er að líða eru þetta 1.700–2.000 manns á hverju ári og ekkert sem bendir til að breyting verði á þeirri þróun.

Ef litið er á ástandið eftir einstökum svæðum þá er ljóst að þar er einnig um gífurlegar blóðfórnir að ræða í tilviki einstakra byggðarlaga. Þannig hafa a.m.k. tvö svæði í landinu á sl. 10 árum, frá árinu 1988–1998, misst yfir 20% íbúa sinna burtu. Þetta á við um sunnanverða Vestfirði eða Barðastrandarsýslu og þetta á við um Dali. Í suðurfjörðunum á Austfjörðum er þessi tala 20%, í Strandasýslu mínus 19%, í Vestur-Húnavatnssýslu 14%, í Vestur-Skaftafellssýslu 13%, á miðsvæði Austfjarða 11% og svo mætti áfram telja.

Þessar tölulegu staðreyndir, herra forseti, tala sínu máli. Og þó ljóst sé að margir samverkandi þættir séu þarna að baki þá getur niðurstaðan af því að skoða tölurnar ekki orðið nema ein og aðeins ein. Hún er sú að í þessum efnum ríkir ófremdarástand. Tilburðir stjórnvalda til að sporna við þessari þróun hafa reynst afar haldlitlir, m.a. vegna þess að aðgerðir hafa ekki fylgt orðum. Það vantar ekki að menn hafi viljað gera ýmislegt gott í þessum efnum í orði kveðnu. Má þar t.d. vitna til byggðaáætlunar stjórnvalda sem í gildi var á árunum 1994–1997 þegar þessi óheillaþróun fór einmitt hríðversnandi ár frá ári. Þá átti m.a. að gera sérstakt átak í að fjölga störfum í opinberri þjónustu á landsbyggðinni. Þegar uppgjör fór fram á þessu tímabili kom í ljós að hið gagnstæða hafði gerst. Öll ný störf í opinberri þjónustu höfðu orðið til á höfuðborgarsvæðinu.

Það þarf ekki að taka fram, herra forseti, að þetta ástand og allt það óréttlæti sem því fylgir gagnvart þolendunum er í hrópandi ósamræmi við grundvallarmarkmið um jöfnuð og jafnrétti þegna samfélagsins. Eitt meginmarkmið stjórnvalda á að mati okkar flutningsmanna að vera að tryggja sem mestan jöfnuð í launum, lífskjörum og öllum aðstæðum, að meðtöldu aðgengi að undirstöðuþjónustuþáttum. Skorturinn á því að þessi markmið séu uppfyllt veldur því m.a. að ástandið í byggðamálunum er eins og raun ber vitni. Aðstaða fólks víða á landsbyggðinni og sérstaklega í afskekktum byggðarlögum er einfaldlega miklu lakari hvað varðar þessa undirstöðuþætti. Það sýna vandaðar kannanir. Ég leyfi mér í því sambandi að benda á úttekt Stefáns Ólafssonar lektors sem unnin var fyrir Byggðastofnun fyrir um einu og hálfu ári síðan.

Það er vaxandi meðvitund um það, herra forseti, þrátt fyrir allt, hversu þjóðhagslega óhagkvæm þessi þróun er, hversu gífurlega mikill og dýr herkostnaðurinn er fyrir samfélagið allt. Lauslegir útreikningar sem gerðir voru á höfuðborgarsvæðinu fyrir skemmstu bentu til að kostnaðurinn fyrir sveitarfélög hér við að taka á móti hverjum nýjum íbúa sem flyst inn á svæðið í þessum miklu þjóðflutningum væri á bilinu 3–5 millj. kr. fyrir hvern einstakling. Þetta er kostnaður þess sveitarfélags sem tekur við flutningunum. Þá er ótalinn kostnaður þeirra sveitarfélaga sem missa frá sér fólkið og allir þeir erfiðleikar sem þar skapast í tekjufalli og vannýttum fjárfestingum. Þá er enn ótalinn kostnaður einstaklinganna sjálfra sem þurfa að koma sér upp húsnæði, koma sér fyrir á nýjum stað og yfirgefa oftar en ekki verðlausar eða verðlitlar eignir í þeim byggðarlögum sem þeir eru að flýja.

Þegar allt er samandregið er ljóst, herra forseti, að herkostnaðurinn af þessari röskun er gífurlegur fyrir þjóðarbúið. Hann er nær því að mælast í milljarðatugum en milljörðum að mínu mati. Það er enginn vafi á því að þetta er eitt af því sem heldur niðri lífskjörum í landinu og veldur því að við meiri erfiðleika er að glíma en ella þyrfti við að bæta afkomu einstaklinga, sveitarfélaga og jafnvel ríkissjóðs sjálfs.

Að óbreyttu, herra forseti, getur ekkert annað gerst en að á næstu 15–25 árum verði byggðahrun í fjölmörgum byggðarlögum ef ekki heilum landshlutum. Ætli menn að bera á móti þeirri staðreynd þá bendi ég þeim á að beita einföldum reglum um framreikning þeirra talna sem nú liggja fyrir og sýna þróunina eða öllu heldur öfugþróunina, afturförina sl. 10–15 ár. Jafnlangt tímabil eða 10 ár í viðbót, 15–25 ár, fara það langt með að tæma fjölmörg byggðarlög í landinu að óbreyttu að ekkert annað getur gerst en byggðin hrynji saman. Ég held að menn eigi að horfast í augu við þennan veruleika eins og hann er. Þó að það sé leitt að þurfa að segja þetta og maður gerir það svo sannarlega ekki að gamni sínu að draga myndina upp, þá er hún svona. Staðreyndirnir eru ósköp einfaldlega blákalt og borðleggjandi svona og það verður að horfast í augu við þær eins og þær eru. Kosti það það sem kosta vill.

Það þarf ekki að ræða, herra forseti, hversu gífurlegt áfall það yrði fyrir íslenskt þjóðarbú ef svo fer að ekki takist að

snúa þessari óheillaþróun við og varna því að nákvæmlega þetta gerist sem ég lýsti. Fari svo þá stöndum við frammi fyrir því að afskrifa gífurlegar fjárfestingar, gífurlegan þjóðarauð sem liggur bundinn í uppbyggingu og fjárfestingum, bæði samfélagslegum og einkafjárfestingum, á þessum svæðum. Það sem er enn verra er að þá mundi verða tjón sem mjög erfitt gæti reynst að bæta fyrir. Við afskrifum þá framtíðarmöguleika sem liggja fólgnir í búsetunni í viðkomandi byggðarlögum með öllu því sem með þeim fer svo ekki sé minnst á þá félagslegu, sögulegu og menningarlegu þætti sem þessu eru tengdir og öll þau verðmæti af þeim toga sem fara forgörðum með hverri einustu byggð sem deyr.

Allt ber að sama brunni, herra forseti, að mati okkar flutningsmanna. Það er leitun að betri fjárfestingu í landinu en þeirri að gera allt sem hægt er til að snúa þessari þróun við. Ég fullyrði að arðsemi árangursríkra byggðaaðgerða, þó varið sé til þeirra miklum fjármunum, getur verið nánast ómæld fyrir þjóðarbúið eins og þessir hlutir blasa við okkur nú.

Ég tel rétt að undirstrika að í raun er það ekki hugsun okkar flutningsmanna að hefja fólksflutninga í stórum stíl í öfuga átt heldur að stöðva þá röskun sem í gangi er, koma á nýjan leik á jafnvægi í búsetuþróun í landinu þannig að byggðarlögin geti að breyttu breytanda notið almennt eigin viðkomu og þar sé fjölgun nokkurn veginn í samræmi við það sem landsmönnum er að fjölga á hverjum tíma. Við leggjum því til, herra forseti, og hikum ekki við að leggja til, að varið verði allverulegum fjármunum árlega næstu fjögur árin í sérstakar byggðaaðgerðir til viðbótar því sem í gangi er, til viðbótar því sem felst í hinni samþykktu byggðaáætlun stjórnvalda, til viðbótar þeim tillögum sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna komu sér saman um á Alþingi á síðasta vetri og tengdir voru svonefndri kjördæmabreytingu og til viðbótar öðru því sem uppi kann að verða.

Að okkar mati snýst þetta um að grípa til svo umfangsmikilla aðgerða að þær í sjálfu sér breyti í grundvallaratriðum aðstæðum fólks á landsbyggðinni til hins betra. Það er það sem þarf til. Um leið ættu þær að vera því fólki sönnun þess að stjórnvöldum sé alvara með að snúa þessu við og það er ekki síður það sem þarf að gera eigi árangur að nást. Það er að breyta andrúmsloftinu og það er að blása mönnum á nýjan leik í brjóst kjark og trú á framtíðina í þessum byggðarlögum, að menn hafi það á bak við sig að stjórnvöldum sé alvara í að stöðva byggðaröskunina. Við leggjum því til, herra forseti, að gripið verði til umfangsmikilla aðgerða en þær bera þess nokkuð merki að þær eru hugsaðar sem viðbótaraðgerðir við það sem fyrir er. Þess vegna eru ekki lagðar til t.d. frekari aðgerðir hvað varðar jöfnun húshitunarkostnaðar eða námskostnaðar á framhaldsskólastigi vegna þess að við viðurkennum að það sem við komum okkur saman um að því leyti á liðnum vetri er vissulega verulegt skref í rétta átt.

1. Að lagðar verði 1.000 millj. kr. árlega í fjögur ár til eflingar og nýsköpunar atvinnulífs á landsbyggðinni í formi framlaga til atvinnuþróunarfélaga.

2. Að lagðar verði 1.000 millj. kr. til viðbótar árlega úr ríkissjóði til frekari flýtingar almennra vegaframkvæmda en nú er fyrirhuguð.

3. Að sett verði í gang umfangsmikil áætlun í jarðgangagerð með framkvæmdum sem hefjist á Austurlandi eins og til hefur staðið og síðan einnig í beinu framhaldi eða samsíða á Norðurlandi og Vestfjörðum.

4. Að veitt verði árlega 500 millj. kr. til stuðnings félagslegri þjónustu og rekstri fjárhagslega veikburða sveitarfélaga. Einn vandinn sem við er að glíma er sá að fjölmörg fjárhagslega veikburða sveitarfélög eru að kikna undan þeim byrðum sem þau bera við að halda uppi eðlilegri þjónustu við erfiðar aðstæður á sínum svæðum.

5. Að veitt verði árlega 500 millj. kr. til að bæta fjarskipti og efla flutningsgetu grunnnetsins til að tryggja að öll byggðarlög landsins njóti jafnræðis í fjarskiptaþjónustu bæði hvað varðar verð og gæði.

6. Að varið verði árlega allt að 300 millj. kr. til þess að koma á og efla framhaldsnám og fjarnám í afskekktum byggðarlögum. Það stendur fjölmörgum slíkum byggðarlögum verulega fyrir þrifum að allir unglingar á framhaldsskóláldri þurfa að fara burtu til náms.

7. Að varið verði árlega allt að 150 millj. kr. til að efla heilsugæslu og tryggja mönnun heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

8. Að varið verði árlega allt að 150 millj. kr. í átak til að dreifa störfum í opinberri stjórnsýslu og þjónustu um landið. Úr því að einkaaðilar geta sett upp fjölmörg fyrirtæki á sviði fjarvinnslu vítt og breitt um landið ætti stjórnvöldum og hinu opinbera ekki að vera vandinn að gera það sama.

9. Að veitt verði árlega 150 millj. kr. í viðbót til að koma þriggja fasa rafmagni í öll byggðarlög og allar sveitir landsins í staðinn fyrir þann niðurskurð sem þar er núna fyrirhugaður samkvæmt fjárlagafrv.

Síðan eru þrír liðir sem lúta meira að stefnumótun eða slíkum þáttum.

10. Að hraðað verði stefnumótun í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

11. Að hraðað verði endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

12. Að gerð verði úttekt á mögulegum breytingum í skattamálum sem gætu átt þátt í að efla atvinnu og treysta forsendur byggðar á landsbyggðinni.

Við leggjum svo til að lokum, herra forseti, að að þremur árum liðnum skuli meta árangurinn af framangreindum aðgerðum og stöðu byggðamála almennt í landinu. Á grundvelli þeirrar úttektar skuli ríkisstjórnin leggja fyrir Alþingi tillögur um framhald aðgerða eftir því sem aðstæður þá bjóða, þ.e. þetta þurfi ekki endilega að vera einungis fjögurra ára átak þó það sé lagt upp sem slíkt í byrjun, heldur gæti þar orðið framhald á allt eftir því hvernig staðan væri að þessum þremur árum liðnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til hv. allshn., geri ég ráð fyrir, eins og byggðamál hafa gengið til á þingum að undanförnu en þó gæti komið upp sú staða ef breyting yrði gerð á forræði byggðamála að önnur þingnefnd tæki þar við og þá treysti ég því að fyrir því yrði séð að tillagan færi til réttra aðila ef svo bæri undir.

[17:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fjölmargt í þessu máli sem ég tel að falli mjög að þeim hugmyndum sem við höfum í Frjálslynda flokknum um styrkingu byggðar á landinu. Það er þó eitt atriði sem ég vil vekja athygli á, það er 3. liður sem er um vegagerðina. Auðvitað hefði verið miklu betra ef framkvæmdir við jarðgöngin á Austfjörðum væru þegar hafnar. Í raun er dapurlegt til þess að vita að jafnmiklar og góðar samgöngubætur eins og jarðgöng eru og við höfum reynslu af á Vestfjörðum skuli hafa stöðvast með þeim hætti sem

hefur orðið út um hinar dreifðu byggðir landsins. Þess vegna væri mikið fagnaðarefni ef menn kæmust nú í gang sem allra fyrst þannig að þeir sem þurfa virkilega á svona samgöngumannvirkjum að halda væru komnir aftur í einhverja röð um það.

Þannig hagar til í kjördæmi mínu, á Vestfjörðum, að þar verða málin best leyst með því að þora að nefna önnur jarðgöng. Það er eins og það megi ekki nefna önnur jarðgöng af því að búið er að gera ein. Menn eru enn þá að baksast við að kortleggja einhverja vegi yfir fjöll í algeru tilgangsleysi fyrir framtíðina. Þess vegna mundi ég vilja segja það enn á ný að vissulega hefði verið miklu betra ef menn hefðu ekki verið að telja upp röðina Norðurland, Vestfirðir, en málin á Austfjörðum væru komin lengra.

[17:52]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tæplega kallað þetta svar við andsvari því að ég er svo rækilega sammála hv. síðasta ræðumanni sem nokkur getur verið. Ég hef reynt að malda í móinn og andæfa því á Alþingi undanfarin ár að ekki væri staðið við þau plön sem lögð voru á sínum tíma og gengu út á tiltekna röð þessara framkvæmda sem þá tókst gott pólitískt samkomulag um, þ.e. að jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla kæmu fyrst, síðan jarðgöng á Vestfjörðum og síðan jarðgöng á Austurlandi í beinu framhaldi. Þannig voru málin lögð upp og á þeim grundvelli varð sá friður um þá röð sem raun bar vitni. Það var óþurftarverk, það er ekkert hægt að kalla það annað á íslensku en óþurftarverk að rjúfa þá samstöðu sem þannig skapaðist og í raun tefja fyrir framþróun þessara mála um mörg ár. En frammi fyrir því stöndum við nú. Ef menn hefðu í beinu framhaldi af framkvæmdum á Vestfjörðum, sem lauk árið 1996 eins og menn muna, því að þá voru göngin vígð, hafist handa á Austurlandi og þar hefðu staðið framkvæmdir í þrjú ár þá væru Siglfirðingar kannski í þann veginn að fá upphaf framkvæmda sinna í gang. Þá gæti verið orðið talsvert styttra í Hrafnseyrarheiðina, sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sé m.a. að hugsa sérstaklega um, en við stöndum frammi fyrir nú. Þetta var m.a. það sem ég var að reyna að andmæla og andæfa gegn á sínum tíma þegar ljóst var að byrjað var að myndast gat í þá framkvæmdaáætlun sem áður hafði verið sett upp. Að sjálfsögðu hefði það ekki munað því sem við hefðum ekki getað haldið út í samfelldum framkvæmdum með nokkur hundruð millj. kr. fjárveitingum árlega ef pólitískur vilji hefði verið fyrir hendi.

Herra forseti. Reyndar er líka dapurlegt að heyra fulltrúa sömu flokka og hafa drepið þessu máli á dreif á Austurlandi koma nú og vera að gera við það gælur að Austfirðingar fái kannski jarðgöng ef þeir taki við álverinu og virkjunum.

[17:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega er það svo að á Vestfjörðum hafa menn rætt um jafnræðið sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon nefndi hér áðan en ég hefði talið að rétt væri að fara aftur yfir málin á Vestfjörðum og kortleggja hvernig menn fara í raun að því að tengja Vestfirði með einni gangagerð við þjóðvegi landsins og innbyrðis á milli svæða. Ég held að það sé hægt en menn hafi ekki þorað að hugsa þá hugsun vegna þess að við fengum okkar skammt langt inn á næstu öld í göngum á Vestfjörðum.

[17:55]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að fara mjög vandlega yfir málin áður en ráðist er í stórar fjárfestingar eins og jarðgöng eru. En ég nefndi þetta vegna þess að það er sú gangaframkvæmd vestra sem oftast er nefnd í mín eyru og margir töldu að fyrr yrði þessu ekki vel fyrir komið en þar væri myndaður hringur sem tengdi þá jafnframt norður- og suðursvæðið. Þar er Hrafnseyrarheiðin óneitanlega mikill þröskuldur eins og hún er í dag sem þyrfti ekki ýkjalanga eða dýra gangagerð til þess að ryðja úr vegi.

Auðvitað eru skipulögð vinnubrögð og sæmileg samstaða um þessi mál mjög mikilvæg og þeim mun mikilvægari sem um dýrar framkvæmdir er að ræða sem verður ekki ráðist í eða koma ekki til nema á vissum stöðum á landinu. Þess vegna var og er þeim mun meiri eftirsjá að því en ella að ekki skyldi takast að halda samfellt áfram skynsamlegri framkvæmdaáætlun þannig að menn gætu þó í öllu falli, þó að biðin væri löng, treyst því að röðin kæmi að þeim á réttum tíma og þeir yrðu ekki sviknir og ekki skildir eftir. Um það snýst málið ef menn eiga að geta haft trú á áætlanagerð og framkvæmdaröð, þ.e. að þeir hlutir haldi. Þó það bili ekki nema einu sinni verður mikið tjón gagnvart því að menn fyllast tortryggni og verða hræddir um sig og byrja að reyna að ota sínum tota, komast fram fyrir aðra svo sem skiljanlega þegar menn sjá hvað það getur orðið mönnum dýrt að vera aftastir á listanum.

Að vísu, herra forseti, ef mig minnir rétt á að heita svo að í gangi sé að búa til einhvers konar framkvæmdaáætlun um jarðgangagerð og það er vel en henni þyrfti að hraða, jafngífurlega mikilvægar og þessar ákvarðanir eru fyrir þau svæði sem í hlut eiga. Það er alveg ljóst að það er afgerandi fyrir byggðaþróun á Austurlandi, á Vestfjörðum og á Mið-Norðurlandi og þá sérstaklega fyrir Siglufjörð hvernig þessum hlutum verður skipað á næstu árum.

[17:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þar sem hann vitnar í eitthvert samkomulag um hvernig röð jarðgangaframkvæmda skuli vera í framtíðinni þá spyr ég hann eftir því hvar það samkomulag er til. Það er ekkert samkomulag til um framkvæmdaröð á jarðgöngum á Íslandi eða framkvæmdir við jarðgangnagerð á Íslandi. Það er ekkert samkomulag þó eitthvað hafi verið gert í reykherbergjum í hv. Alþingi einhvern tíma á árum áður, þó að gert sé eitthvert munnlegt samkomulag, þá er það ekkert samkomulag sem stenst fyrir hinu háa Alþingi um framkvæmdaröð í þessum málaflokki. Ég spyr hvar það samkomulag er þingfest sem hér er verið að tala um. Ég hef hvergi séð það og það væri gaman ef hægt væri að benda á það í þingskjölum hv. Alþingis.

[17:59]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú einmitt það sem er hægt að gera og það er eiginlega dapurlegt að þurfa aftur og aftur að koma upp og svara þessum sömu spurningum sem hæstv. fyrrv. samgrh. Halldór Blöndal var manna duglegastur við að halda fram, að þetta væri allt saman bull og vitleysa, hvergi væri neitt til á pappír um það að tiltekin framkvæmdaröð í jarðgangagerð í landinu hefði verið ákveðin.

Hún var ákveðin í vegáætlun árið 1989, hún var ákveðin í vegáætlun árið 1991 og forsendur tillögu til langtímaáætl-

unar í vegamálum á sama ári byggja á þessu sama. Þetta er útgangspunktur samskipta við samtök sveitarstjórnarmanna á þessum árum og um það geta vitnað bæði fundir og fundargerðir, t.d. á fundum þáv. samgrh. með Fjórðungssambandi Vestfjarða og Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi enda vita menn það væntanlega og muna að án verulegra athugasemda voru þessar áætlanir afgreiddar á Alþingi og þá lágu þessi mál svona. Fjárveitingar ár eftir ár byggðu á þessari röð þar sem um var að ræða fjárveitingar til undirbúningsrannsókna á Austurlandi en fjárveitingar sem breyttust í framkvæmdafjárveitingar á Vestfjörðum þegar framkvæmdunum var lokið í Ólafsfjarðarmúla. Þetta liggur algerlega fyrir, herra forseti, og hægt er að fletta upp á þessu í tillögunum sjálfum, í nefndarálitunum, í framsöguræðum samgrh. o.s.frv.

Menn geta sagt að þetta sé ekki samkomulag í þeim skilningi að farið hefði verið með löggjörning og menn látnir skrifa undir hann enda er það ekki venjan í þessum efnum. En að svo miklu leyti sem venjan hefur verið að festa í sessi tiltekna framkvæmdaröð, og það hefur verið gert með þessum framkvæmdaáætlunum, vegáætlunum og langtímaáætlunum, þá var það gert og þetta var röðin. Ég held að hyggilegra væri af mönnum að koma þá og segja að þeir séu ósammála þessari röð og að þeir vilji að þessu sé breytt heldur en koma endalaust og segja að þetta hafi ekki verið svona.

[18:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallaði um að fyrrv. samgrh. Halldór Blöndal marglýsti því yfir og margfór í gegnum þau gögn að þetta er hvergi staðfest hér eða skjalfest á Alþingi að einhver framkvæmdaáætlun um jarðgangagerð á Austurlandi skyldi koma næst á eftir Vestfjarðagöngum. Það er hvergi til. Og þó að einhver samgrh., sem getur vel verið að hafi verið hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hafi fjallað um það úr þessum ræðustól að eitthvað slíkt stæði til eða fjallað um 3–4 millj. til undirbúningsrannsókna, þá er ekki þar með sagt að samþykkt sé frá hinu háa Alþingi um að þau jarðgöng eða þessi tiltekna framkvæmd skyldi vera næst á dagskrá. Það er hvergi neitt um það. Og ég held að það sé langbest að vitna í orð fyrrv. samgrh. um að þetta var hvergi til og þarf ekkert að vera að karpa um það. Við landsbyggðarmenn eigum ekki að vera að karpa um hvað kemur næst. Við eigum að takast á um það að koma framkvæmdum í gang. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. sem um þetta hafa fjallað að það er vissulega dapur tími sem hefur liðið frá því að Vestfjarðagöng voru kláruð og ekkert verið gert í þessum málum.

[18:02]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Kristján L. Möller vera óheppinn með heimildarmann þegar hann ber aðallega fyrir sig hæstv. fyrrv. samgrh., Halldór Blöndal. Hvaða maður er það? Það er sökudólgurinn sjálfur. Það er sá maður sem ber mesta ábyrgð á því að einmitt jarðgangaframkvæmdunum á Austurlandi var drepið á dreif og væntanlega er hv. þm. Kristján L. Möller ekkert sérstaklega ánægður með það eða telur hann að það komi til með að flýta fyrir göngum til Siglufjarðar að ekkert hefur núna verið gert í fjögur ár? Nei, auðvitað ekki. Það er eiginlega alveg borðleggjandi að þau verða einmitt þeim fjórum árum seinna á ferðinni en ella hefði getað orðið.

Það þýðir auðvitað ekki að tala svona um þetta þegar staðreyndirnar liggja algerlega á borðinu hvað sem hv. þm. Kristján L. Möller reynir að segja og hvað sem hæstv. fyrrv. samgrh., Halldór Blöndal, reynir að segja. Í vegáætlun 1989 komu þessar framkvæmdir í fyrsta skipti inn. Þá eru þær í fyrsta skipti settar inn sem stórverkefni. Þá er farið að setja í það fjárveitingar til að undirbúa framkvæmdir á Vestfjörðum og fara af stað með undirbúningsrannsóknir á Austurlandi. Í vegáætlun 1991 og í drögum, tillögu að langtímaáætlun 1991 eru þessar framkvæmdir sýndar í þessari röð og áætlað hvað það muni kosta að gera jarðgöngin á Vestfjörðum og síðan jarðgöng á Austurlandi. Þá er sett framkvæmdafjárveiting á Vestfirðina og framkvæmdirnar hefjast innan við ári síðar eins og menn muna. Sem betur fer voru Vestfjarðagöngin boðin út áður en stjórnarskipti urðu árið 1991 þannig að sú ríkisstjórn sem tók við gat ekki hætt við þau og settar eru undirbúningsfjárveitingar til rannsókna á Austurlandi á hvert ár og skipuð var nefnd með þátttöku heimamanna á Austurlandi undir forustu Helga Hallgrímssonar vegamálastjóra. Alla vega var samkomulagið ekki verra en það að Austfirðingar komu af fúsum og frjálsum vilja inn í það samstarf við Vegagerðina um að nota tímann á meðan framkvæmdirnar væru í gangi á Vestfjörðum til þess að undirbúa þetta á Austurlandi og ákveða hvar yrði byrjað. Þetta eru staðreyndir, hv. þm., og það þýðir ekki að neita þeim.

[18:05]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur hér fram till. til þál. um sérstakar aðgerðir í byggðamálum. Við leggjum áherslu á að þetta eru bráðaaðgerðir sem ber að grípa til nú þegar í stað til viðbótar þeim aðgerðum og áætlunum sem annars eru í gangi með skipulögðum hætti.

Mér finnst að í þeim umræðum sem átt hafa sér stað um byggðamálin geri menn sér ekki grein fyrir þeim gífurlegu stærðum sem eru á ferðinni. Það er talað um og er staðreynd að um 2.000 manns flytja árlega umfram aðflutta af landsbyggðinni og til Reykjavíkursvæðisins eða hingað til þéttbýlissvæðisins. Það er líka rætt um tölur upp á 3–5 millj. á hvern íbúa sem það kostar sveitarfélag að taka við þessum íbúum umfram eðlilega uppbyggingarþjónustu sinna íbúa.

Ef við gerum ráð fyrir því að þetta séu 2.000 manns þá erum við, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á, að tala um milljarða króna. Ef við göngum út frá hærri tölunni, 5 millj. á íbúa, 5 millj. á einstakling og 2.000 manns, þá erum við að tala um tölu upp á 10 milljarða á ári bara gagnvart þessum sveitarfélögum.

Gerum síðan einnig ráð fyrir því, sem er alveg öruggt mál, að það er stór kostnaður hjá viðkomandi fjölskyldu að flytja, bæði að losna við eignir sínar, kannski á niðursettu verði og kaupa sig hér inn og koma sér fyrir. Þarna er ábyggilega líka um milljónir króna að ræða á hverja fjölskyldu. Ætli þetta eigi kannski einhvern hlut í skuldastöðu heimilanna? Og það sveitarélag sem tapar þessu fólki þarf áfram að standa skil á sinni velferðarþjónustu.

Við heyrðum einmitt í fréttum í morgun að verið var að gera grein fyrir skuldastöðu sveitarfélaganna, t.d. á Vestfjörðum, og talað var um hina miklu fólksflutninga og tekjutap sem eina röksemd fyrir skuldastöðunni. Við erum kannski að tala um 15–20 milljarða á ári sem fara í súginn eða hreinlega eyðast í þessari miklu byggðaröskun. Ef við

gerumst svo djörf að reikna það aðeins til tíu ára, þá eru öll fjárlög íslenska ríkisins að fara þar. Gera menn sér í alvöru grein fyrir þeim fjárhagslegu stærðum sem enginn er að óska eftir?

Þær aðgerðir sem helst eru gerðar í byggðamálunum er að vinna skýrslur, halda ráðstefnur og fundi um ástand og aðgerðir í byggðamálum og upplýsingum er safnað. Herra forseti. Maður hefur á tilfinningunni að það sé orðin atvinnugrein að safna skýrslum og upplýsingum og halda ráðstefnur um aðgerðir í byggðamálum. Þetta er orðin atvinnugrein fjölda fólks, fjölda sérfræðinga, heilla stofnana og jafnvel í stórum hluta ráðuneyta en ekkert er síðan gert. Það eina sem við höfum kannski upp úr allri þessari skýrslusöfnun og ráðstefnum og ég tala nú ekki um fjölmiðlaumsögnum, því að þessar skýrslur fara jú í fjölmiðlaumfjöllun, er að þá þykir sjálfsagt að fara út á land með húfu bretta niður fyrir eyru og ullarkragann upp að eyrum, í stígvélum og illa til hafðir og koma þangað gjarnan í slæmu veðri þegar fólk er að norpa í gjóstrinum. Það er dreifbýlið sem verið er að sýna. Síðan komum við hingað á Austurvöll og erum í jakka og með bindi og allt er voðalega fínt og sætt.

Það eina sem slíkar skýrslur og umfjöllun virðist hafa í för með sér er að undirstrika og kalla fram neikvæða ímynd dreifbýlisfólksins sjálfs, fólksins á landsbyggðinni. Þetta er sú umfjöllun sem það fær og þetta kallar líka fram neikvæða ímynd hjá fólkinu í þéttbýlinu gagnvart landsbyggðinni. Ég segi fyrir mína hönd og það landsbyggðarfólk sem ég þekki til að viljum ekki fleiri skýrslur, við viljum ekki meiri gagnasöfnun. Um þessi mál er allt vitað. Við viljum fá aðgerðir þegar í stað sem ná til þessa fólks, fólksins sem er að taka ákvörðun um hvort það flytur burt eða ekki.

Við viljum einnig fá átak til að snúa þessari ímynd við. Við teljum að margt sé gott á landsbyggðinni og vitum að gott er að búa þar. Það er gott fyrir fjölskyldufólk og börn. Það er samfélag sem við viljum hafa og erum stolt af og viljum fá að búa í og teljum auðlegð. Við viljum að þetta sé dregið fram í mun ríkari mæli en gert er í þessari umfjöllun og það verði síðan með í að taka á til að styrkja byggðirnar og verði undirtónn í þeim aðgerðum sem gripið er til.

Ég harma að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér því að hann fer með þessi mál og ég treysti hans miklu réttsýni í að taka á þeim og það væri verðugt áður en hann missir af þeim undir annað ráðuneyti, að hann geri nú hið raunverulega stóra átak sem búið er að tala um í öll þessi ár og við bíðum eftir.

Við leggjum áherslu á að það beri að draga fram þær góðu hliðar sem búsetu á landsbyggðinni fylgir. Það ber að leggja áherslu á þá samfélagslegu auðlegð sem dreifð búseta er. Sú samfélagslega auðlegð verður ekki endurheimt ef hún hrynur en sú auðlegð skapar grunn að því samfélagi sem við búum í á öllu landinu, og það er fjarri því að fólk á suðvesturhorninu hafi einhvern áhuga á slíkri byggðaröskun. Ég ætla að vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu 7. október og er skrifuð af Einari Sigurbjörnssyni, sem er bæjarfulltrúi Framsfl. í Garðabæ. Hann segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Byggðaröskun er líka vandi höfuðborgarsvæðis. Við á Stór-Reykjavíkursvæðinu verðum að gera okkur grein fyrir því að kostnaður við byggðaröskunina leggst ekki síður á íbúa höfuðborgarsvæðisins en aðra landsmenn."

Hann leggur áherslu á að þetta muni koma fram í aukinni skattheimtu, bæði í sveitarfélögunum og hjá ríkinu.

Virðulegi forseti. Það eru mörg önnur atriði sem ég hefði viljað koma inn á og fá að heyra álit hæstv. forsrh. á, þar sem málin heyra undir hann, en ég vil ljúka máli mínu með því að segja: Við viljum aðgerðir, aðgerðir sem ná til einstaklinganna, til fólksins sjálfs á landsbyggðinni. Við viljum að það ágæti sem fólgið er í dreifðri búsetu sé dregið fram og sé stutt. Það kostar stundum að halda því sem gott er.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–11. og 14.–17. mál.

Fundi slitið kl. 18:15.

---

8. FUNDUR

miðvikudaginn 13. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Endurskoðun laga um almannatryggingar, skatta og lífeyrissjóði, fsp. ÖJ, 27. mál, þskj. 27.

Til menntamálaráðherra:

2. Breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins, fsp. KPál, 26. mál, þskj. 26.

3. Samstarf atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni, fsp. SvanJ og EMS, 42. mál, þskj. 42.

Til félagsmálaráðherra:

4. Framboð á leiguhúsnæði, fsp. ÖJ, 30. mál, þskj. 30.

5. Varasjóður fyrir lán Byggingarsjóðs verkamanna, fsp. JB, 36. mál, þskj. 36.

6. Áhrif stórrar álbræðslu á fámennt samfélag, fsp. KolH, 37. mál, þskj. 37.

Til sjávarútvegsráðherra:

7. Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga, fsp. KolH, 31. mál, þskj. 31.

Til iðnaðarráðherra:

8. Kostnaður af losun gróðurhúsalofttegunda, fsp. KolH, 33. mál, þskj. 33.

9. Verkefni sem sinna má á landsbyggðinni, fsp. SvanJ, 51. mál, þskj. 51.

Til samgönguráðherra:

10. Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga, fsp. KolH, 47. mál, þskj. 47.

11. Langtímaáætlun í jarðgangagerð, fsp. KLM, 61. mál, þskj. 61.

12. Rekstur ferju í Ísafjarðardjúpi, fsp. SighB og GAK, 74. mál, þskj. 74.

Til fjármálaráðherra:

13. Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni, fsp. SvanJ, 49. mál, þskj. 49.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:30]

Útbýting þingskjals:

Gjaldtökur og þóknanir hjá Landsbanka og Búnaðarbanka, 85. mál, fsp. JóhS, þskj. 85.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Klukkan þrjú í dag fer fram utandagskrárumræða um viðnám gegn byggðaröskun. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller en hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

Um kl. hálffjögur fer svo fram önnur umræða utan dagskrár um meðferð á máli kúrdísks flóttamanns. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson en hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir verður til andsvara.

Endurskoðun laga um almannatryggingar, skatta og lífeyrissjóði.

Fsp. ÖJ, 27. mál. — Þskj. 27.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að markmið hennar séu m.a., með leyfi forseta:

„Að endurskoða almannatryggingakerfið svo og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið með það að markmiði að umfang og kostnaður við stjórnsýslu verði sem minnstur og framkvæmd verði einfölduð og samræmd til hagsbóta fyrir bótaþega. Áhersla verði lögð á að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa."

Í stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar sem áður sat og tók til starfa vorið 1995 er einnig fjallað um þetta efni. Þar er kveðið á um að endurskoðun skuli fara fram á skattkerfinu, og svo ég vitni orðrétt í yfirlýsinguna, með leyfi forseta: „með það að markmiði að draga úr skattsvikum, lækka jaðarskatta, einfalda skattkerfið og auka jafnræði innan þess."

Skömmu eftir að ríkisstjórnin tók til starfa, á árinu 1995 eða í byrjun árs 1996, var sett á laggirnar nefnd sem hafði það verkefni að endurskoða lög um almannatryggingar, skatta og lífeyrissjóði með það að markmiði að draga úr jaðaráhrifum skatta. Sú nefnd kom saman á örfáa fundi og síðan flosnaði hún upp. Nú beini ég spurningu til hæstv. forsrh.:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa að endurskoðun laga með hliðsjón af samspili almannatrygginga, skatta og lífeyrissjóða í því augnamiði að draga úr jaðaráhrifum eins og fyrirheit hafa verið gefin um?"

[13:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. spyr hvernig ríkisstjórnin hyggist standa að endurskoðun laga með hliðsjón af samspili almannatrygginga, skatta og lífeyrissjóða í því augnamiði að draga úr jaðaráhrifum eins og fyrirheit hafa verið gefin um.

Hv. þm. hefur lesið þá yfirlýsingu sem fram kemur í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og lýtur að þessu máli sérstaklega. Reyndar las hann einnig upp nokkurra ára gamla yfirlýsingu sem hafði reyndar örlítið aðrar áherslur. Samkvæmt þeirri yfirlýsingu hefur raunar nokkuð miðað við að lagfæra skattkerfið og draga úr skattsvikum eins og þar er nefnt. Í framhaldi af þeirri vinnu þótt hún hafi kannski ekki verið mjög umfangsmikil voru stigin skref í þá átt að draga úr jaðarsköttum.

Þetta mál sem hv. þm. gerir hér að umtalsefni er auðvitað afar þýðingarmikið og víðfeðmt, snertir hag tugþúsunda landsmanna. Mikilvægt er að að málinu verði unnið þannig að niðurstaðan geti orðið þeim öllum til hagsbóta en jafnframt verði séð til þess að fjármunir fari ekki í súginn. Þannig munu allir hafa upp úr þessu, bæði ríkið og skjólstæðingar þess.

Til að svara spurningunni sem hv. þm. beindi til mín, þá er það svo að málið heyrir undir tvö ráðuneyti, heilbrrn. og fjmrn., og hefur því verið afráðið að þau standi bæði að málinu undir forustu forsrn. Að málinu verður unnið í tveimur þáttum og þá í upphafi undirbúin vinna ríkisins, þ.e. nú þegar hefur verið skipaður vinnuhópur til að lýsa helstu leiðum til að ná ofangreindum markmiðum. Síðan á að víkka verkefnið út og fulltrúar þeirra fjölmörgu aðila sem ég áðan nefndi koma að málinu til þess að reyna að tryggja að hagsmuna allra verði gætt við vinnslu þess.

Heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. hefur þegar fyrir sitt leyti hafið undirbúningsstörf og hafði ráðið mann til starfa við það verkefni, Guðmund G. Þórarinsson fyrrv. alþm. Hann mun einnig starfa með þessum vinnuhópi sem forsrn., heilbrrn. og fjmrn. koma að en í þeim vinnuhópi sitja Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri og aðrir með honum eru Steingrímur Ari Arason, Bolli Þ. Bollason, Þórir Haraldsson og Jón Sæmundur Sigurjónsson. Með vinnuhópnum mun jafnframt starfa Guðmundur G. Þórarinsson eins og fyrr var gerið. Þetta er sem sagt sá hópur sem á að undirbúa fyrri þátt málsins, leiða lýsinguna að þeim markmiðum sem menn hafa sett sér að ná. Þá tekur við seinni hálfleikur, ef svo má nefna það. Þá verða kallaðir til fulltrúar þeirra samtaka og aðila sem eiga hér hagsmuna að gæta.

[13:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er ekki nóg að athuga samspil almannatrygginga, skatta og lífeyrissjóða til að draga úr jaðaráhrifum. Bótakerfið er orðið miklu flóknara en það. Við erum líka með húsaleigubætur. Við erum með skaðabótalög og við erum með Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég ætla rétt aðeins að taka dæmi úr þeim sjóði til að sýna hv. þm. hvernig þetta spilar allt saman.

Einstæð móðir með tvö börn fær lánað fyrir í fyrsta lagi framfærslu sjálfrar sín, húsnæði og fyrir börnunum. Síðan fær hún húsaleigubætur, hún fær meðlag, hún fær óskertar barnabætur og mæðralaun. Ef hún er með 180 þús. kr. á mánuði í tekjur yfir árið, þ.e. 60 þúsund kall á mánuði í þrjá mánuði, þá er hún með 170 þús. kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði allt árið í kring.

Kerfið í dag er þannig að það er fullt af vantryggingum og oftryggingum og afskaplega flókið. Það er mjög brýnt að taka á því. Þegar menn ætla að leggja upp í langferð, þá er alltaf gott að fá sér kort og ég held að mjög mikilvægt sé að kortleggja allt bótakerfið. Sú vinna er þegar komin í gang.

[13:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að nú eigi að fara í það verk sem hér var spurt um, að endurskoða almannatryggingalögin með tilliti til skatta og lífeyrissjóða. Eins og lögin eru í dag þá er á vissu tekjubili yfir 100% jaðarskattur á þá sem njóta greiðslna frá almannatryggingunum. Kerfið er algerlega komið úr takti við samtímann. Tryggingalögin eru eins og stagbætt gatslitin flík sem ekkert lag er á.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort fleiri komi að vinnu þeirri sem þegar er farin af stað en stjórnarliðar, hvort stjórnarandstaðan eigi þarna einhverja aðkomu. Ég spyr hvenær þeir hyggist klára þetta því að málið er brýnt. Svo vona ég, herra forseti, að þetta verði ekki sama sýndarmennskan og á síðasta kjörtímabili þar sem nefnd var sett á laggirnar en aðeins kölluð saman tvisvar á öllu kjörtímabilinu til að vinna að þessu verki. Það var öll framkvæmdin á áformum sem getið var um í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar. Ég fagna því að verkið sé hafið og vonast til að það verði unnið að því ötullega og það klárað fljótt.

[13:39]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað um að hér sé hið þarfasta mál á ferðinni. Það er m.a. mikið áhugamál þess sem hér stendur, hæstv. forsrh. mun kannast við að gerðar voru tilraunir til þess að fá í gang svona athuganir. Það gekk ekki upp þá og því er fagnaðarefni að það skuli gert nú.

Ég ítreka spurningu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur sem spurði áðan um hvort hugsanlegt væri að stjórnarandstaðan komi með einhverjum hætti að þessu máli. Hér er um þverpólitískt mál að ræða, mál sem allir flokkar hafa lýst jákvæðri afstöðu til. En við þá spurningu vil ég bæta og spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé ekki reiðubúinn til þess, þegar fyrri hluta þessarar athugunar lýkur og embættismennirnir hafa lokið skoðun og lýsingu á kerfinu, að gera Alþingi grein fyrir þeim niðurstöðum, annaðhvort með því að greina frá þeim sjálfur á Alþingi og útbýta þá niðurstöðum nefndarinnar eða með því að flytja Alþingi skýrslu um þessa athugun.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Eins og við var að búast þá eru ýmis sjónarmið uppi í þessu máli. Hér kom í pontu hv. þm. úr röðum Sjálfstfl. og lýsti áhyggjum yfir því að menn væru oftryggðir í almannatryggingakerfinu. Hann nefndi reyndar einnig að ástæða væri til að hafa áhyggjur af vantryggingu svo að hann njóti sannmælis. En ég hef meiri áhyggjur af því að fólk sem nýtur bóta í almannatryggingakerfinu sé vantryggt og að í mörgum tilvikum séu jaðarskattar of háir.

Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að það er mjög mikilvægt að vandað sé til þessarar vinnu og legg jafnframt áherslu á að um niðurstöðuna ríki víðtæk samstaða. Forsenda þess er að ólíkum sjónarmiðum sé hleypt að vinnunni og ég tek undir það sem fram hefur komið hjá öðrum hv. þm. í umræðunni, að það er mjög mikilvægt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar á Alþingi komi að málinu. Það hefur því miður gerst í öðrum málaflokkum að stjórnarandstaðan hefur annaðhvort verið algerlega útilokuð eða að hluta, eins og í nefndaskipan um endurskoðun á stjórn fiskveiða. Aðra nefnd hef ég einnig nefnt, það er nefnd um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga. Þar á þingflokkur okkar t.d. ekki aðild.

Ég tek undir þær spurningar sem hér hafa komið fram og hefur verið beint til hæstv. forsrh. Á hvern hátt mun stjórnarandstaðan á Alþingi koma að þessari vinnu? Við gerum þá eindregnu kröfu að svo verði.

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég held að það sé rétt hjá hv. 10. þm. Reykv. að huga þurfi að fleiri þáttum en ég nefndi eða nefndir eru í stjórnarsáttmálanum. Ég tek undir með honum líka að auðvitað á ekki að láta það standa svo að um oftryggingar sé að ræða. Ef við komum í veg fyrir það, þá höfum við væntanlega meira ráðrúm til að bæta þeim upp sem við teljum vantryggða.

Ég vil vekja athygli á því, vegna þess að menn hafa áhyggjur af því hvort þetta verk muni ganga fram, að verkið er sett af stað strax í upphafi kjörtímabils sem sýnir vilja okkur til að nýta tímann vel. Ég tek einnig undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. um að skynsamlegt sé að stjórnarandstaðan hafi aðkomu að málinu þegar það fer raunverulega gang. Þá held ég, svo að ég svari þeirri spurningu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom með, að það gæti verið ágætur aðdragandi þess að þá lægi þetta verk fyrir sem þessi leiðarlýsinganefnd, ef ég má kalla hana svo, á að skila og „hagsmunaaðilar" og síðan stjórnarandstæðingar gætu komið að málinu á því stigi málsins.

Samstarf atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni.

Fsp. SvanJ og EMS, 42. mál. — Þskj. 42.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum sem samþykkt var á síðasta vetri er lögð mikil áhersla á menntun og það að bæta skilyrði þeirra sem þurfa að sækja nám utan heimabyggðar. Þetta er vel því það er trú flestra að aukin menntun geri okkur færari um að takast á við þær breytingar sem eru að verða, hvort sem er í atvinnulífi eða okkar félagslega umhverfi eða félagslega veruleika. Auk þess hefur menntun gildi í sjálfu sér fyrir hvern einstakling. En það er ljóst að menntunarmöguleikar eða kostir þeirra sem búa úti á landi hafa lengst af ekki verið jafngóðir og þeirra sem hafa búið í meira þéttbýli og það er kannski ein ástæða þess, herra forseti, að þau nýju störf sem hafa orðið til í tengslum við okkar frumvinnslugreinar hafa ekki orðið til úti á landi heldur annars staðar, þ.e. störf sem tengjast tækni og þekkingu. Þau eru því miður fæst í sveitum eða sjávarþorpum.

Í 9. lið nefndrar þingsályktunar um stefnu í byggðamálum segir að það eigi að stuðla að því að allir skuli eiga tækifæri á að afla sér nýrrar þekkingar, meðal annars í samræmi við breytingar í atvinnuháttum. Og eru það góð fyrirheit. En þar segir líka að komið verði á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun, og um það snýst fyrirspurn mín. Ég spyr vegna þess að þarna virðist fyrirheit um eitthvað annað og meira en það sem gert er í dag:

1. Hvert verður hlutverk menntamálaráðuneytisins í að koma á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun, sbr. 9. lið nefndrar þingsályktunar?

2. Hvaða skólar gætu átt hlut að slíku samstarfi og hvernig yrði þátttöku þeirra háttað?

Herra forseti. Ég sagði að þarna virtust fyrirheit um eitthvað annað og meira en það sem gert er í dag, en á þessu ári koma 7 millj. í hlut hvers umdæmis til farskóla, fræðslunets eða símenntunarmiðstöðvar — þetta eru mismunandi heiti á þeim aðilum sem hafa séð um sí- og endurmenntun — eða samtals 49 millj. kr. En miðað við fjárlagafrv. næsta árs eiga, að því er virðist, 29,4 millj. að deilast á milli sömu sjö aðila. Það er lækkun upp á yfir 40%. Þessi upphæð, 29,4 millj., þýðir að einungis að 4 millj. koma í hlut hvers aðila.

Herra forseti. Því er mikilvægt að fá að vita hvað stendur á bak við orðin í byggðastefnunni. Hvert á hlutverk menntmrn. að vera við að koma þessu samstarfi á og hvaða skólar gætu átt hlut að því samstarfi?

[13:48]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er:

„Hvert verður hlutverk menntamálaráðuneytisins í að koma á samstarfi atvinnulífs og skóla á landsbyggðinni um endur- og símenntun, sbr. 9. lið þingsályktunar um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?"

Með ákvæðum í 34. og 35. gr. laga um framhaldsskóla er skapaður grundvöllur fyrir framhaldsskóla til að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði við ýmsa aðila. Sumir skólar hafa eingöngu nýtt sér heimild í 34. gr. en flestir framhaldsskólar á landsbyggðinni hafa gengið til samstarfs við fjölmarga aðila í heimahéraði um stofnun símenntunarmiðstöðvar á grundvelli ákvæða í 35. gr. laganna. Þannig hafa þegar verið stofnaðar slíkar miðstöðvar á Suðurnesjum með þátttöku Fjölbrautaskóla Suðurnesja, á Vesturlandi með þátttöku Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi, svo og Samvinnuháskólans á Bifröst og Búnaðarháskólans á Hvanneyri, á Vestfjörðum með þátttöku Framhaldsskóla Vestfjarða, á Norðurlandi eystra með þátttöku Framhaldsskólans á Húsavík og Framhaldsskólans á Laugum, á Austurlandi með þátttöku Menntaskólans á Egilsstöðum, Verkmenntaskóla Austurlands og Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, og á Suðurlandi með þátttöku Fjölbrautaskóla Suðurlands. Á Norðurlandi vestra hefur Fjölbrautaskólinn á Norðurlandi vestra gengið til samstarfs við ýmsa aðila um fjarkennslu á svæðinu. Þessar miðstöðvar eru sjálfseignarstofnanir og starfa samkvæmt skipulagsskrá sem dómsmrn. staðfestir. Menntmrn. hefur fengið drög að skipulagsskrám til athugunar og veitt leiðsögn um útfærslu þeirra.

Þá hefur ráðuneytið gert samninga við miðstöðvarnar um fjárveitingar á grundvelli ákvæða í fjárlögum 1991. Með fyrrgreindum ákvæðum í framhaldsskólalögunum hefur ráðuneytið stuðlað að því að framhaldsskólar hafi lagalegan grundvöll til að stofna til samstarfs við ýmsa aðila í heimahéraði, m.a. aðila atvinnulífsins um endur- og símenntun. Í þeim tilvikum þar sem sérstök miðstöð hefur verið stofnuð eru aðilar frá atvinnulífinu meðal stofnaðila og eiga oftast líka fulltrúa í stjórn. Tilgangurinn með miðstöðvunum er ekki hvað síst sá að skapa vettvang fyrir skóla og atvinnulíf til að vinna saman að því að efla möguleika íbúa á viðkomandi svæði til að afla sér endurmenntunar og stunda símenntun.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að áframhald verði á framlagi til starfsemi miðstöðvanna og mun ráðuneytið þegar fjárlög ársins 2000 hafa verið samþykkt gera samninga við miðstöðvarnar um fjárstyrk. Ráðuneytið hefur þegar skapað vettvang fyrir þetta samstarf atvinnulífs og skóla og reiknar með að fé fáist áfram í fjárlögum til að veita miðstöðvunum rekstrarframlag. Miðstöðvarnar starfa sem nokkurs konar umboðsaðilar fyrir margs konar námsframboð en þær geta einnig skipulagt námskeið. Þá hafa miðstöðvarnar lagt áherslu á að koma upp tæknibúnaði til að hægt sé að efla fjarkennslu. Ráðuneytið hefur veitt heimild til þess í fyrrgreindum samningum að hluta fjárveitingar verði varið til slíks.

Hlutverk ráðuneytisins verður fyrst og fremst að gera samninga við miðstöðvarnar um rekstrarframlag á grundvelli fjárlaga, taka þátt í samstarfi miðstöðvanna um fagleg málefni og hvetja til samvinnu og verkaskiptingar eftir því sem þörf krefur.

Í 2. lið fyrirspurnarinnar er spurt:

„Hvaða skólar gætu átt hlut að slíku samstarfi og hvernig yrði þátttöku þeirra háttað?"

Eins og fyrr segir taka þegar nær allir framhaldsskólar á landsbyggðinni þátt í starfi símenntunarmiðstöðva. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands og háskólastofnanir á Vesturlandi eru einnig í samstarfi við miðstöðvarnar. Skólarnir bjóða upp á nám samkvæmt námskrá en einnig geta þeir lagt til kennslukrafta gegn greiðslu á kostnaði, samanber ákvæði 34. gr. laga um framhaldsskóla.

Af því að hv. fyrirspyrjandi nefndi einnig í ræðu sinni tölur úr fjárlagafrv. og taldi að þar væri um lækkun að ræða, þá er rétt að benda hv. þm. á að líta verður á tvo liði í þessu samhengi, annars vegar þann lið sem hv. þm. vísaði til og hins vegar liðinn um fjarkennslu þar sem ætlað er fé til þessara hluta. Því er ekki gert ráð fyrir því samkvæmt fjárlagafrv. að fjárveitingar til þessara verkefna skerðist.

[13:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Við sem tókum þátt í umræðunni um þáltill. um byggðamál á síðasta kjörtímabili töluðum fjálglega og studdum ríkisstjórnina aldrei þessu vant í þeim tillögum sem hún lagði þar fram. Við vorum að vonum orðin langeyg eftir að sjá þess stað að framkvæma eigi eitthvert af þeim fyrirheitum sem þar voru gefin. Þar voru m.a. gefin fögur fyrirheit um samstarf skóla og atvinnulífs. Það sem hæstv. menntmrh. var að fara með hér áðan úr framhaldsskólalögunum olli mér á sínum tíma miklum vonbrigðum því að mér fannst ríkið firra sig ábyrgð á fullorðinsfræðslunni í landinu og setja hana yfir á byggðarlögin. Þau hafa mörg reyndar reynt að standa þar myndarlega að málum, en ég sé ekki að sú aukning sem var boðuð í byggðaáætluninni komi nokkurs staðar fram í þessu frv., jafnvel ekki þó að nú séu, guði sé lof, áætlaðir nokkrir peningar til fjarkennslu.

[13:54]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og ekki síður fyrir svör hæstv. ráðherra um leið og ég lýsi sérstakri ánægju með það hvernig til hefur tekist um símenntunarstöðvar um landið, eins og heyra mátti á upptalningu hæstv. ráðherra. Það eru ekki nema þrjú ár liðin síðan lög um framhaldsskóla voru sett með þessu heimildarákvæði til framhaldsskóla. Úr þessum ræðustóli m.a. heyrðust ýmsar efasemdarraddir um þetta ákvæði. En annað hefur komið á daginn sem hefur sýnt að þær efasemdarraddir voru óþarfar því að mjög vel hefur tekist til með rekstur þessara símenntunarmiðstöðva.

Ég tel einmitt að einn meginkostur þeirra sé sá að þær eru ekki í eigu framhaldsskólanna. Þær eru heldur ekki í eigu atvinnulífsins heldur sjálfseignarstofnanir í sameiginlegri eigu þessara aðila og þannig hefur tekist að efla símenntun úti á landsbyggðinni með verulega góðum árangri og er það mikill styrkur fyrir byggðir landsins.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég er satt best að segja ekki miklu nær um hvaða fyrirheit kunna að felast í byggðastefnu ríkisstjórnarinnar eftir svör hæstv. ráðherra. Mér sýndist að það sem handfast væri í því sem sneri að menntmrn. væri nokkuð sem löngu er gert, þ.e. þriggja ára gamall gerningur frá því þegar ákvæðið var sett í lög um það að símenntunarmiðstöðvar gætu orðið til. Það er vissulega rétt sem hér hefur komið fram að þær hafa orðið til. Áður voru til farskólar. Því miður er ekki nógu mikið nýtt í þessu, það mætti gjarnan vera meira og ég harma það ef ráðuneytið hefur ekki hugsað sér að koma að málinu öðruvísi en hér hefur verið rakið vegna þess að mér sýnist að það þurfi að gera meira til þess að ná menntamálum, ekki hvað síst þeim málum sem snúa að sí- og endurmenntun, á betra flug víða úti um landið heldur en er.

Ráðherra nefndi tæknibúnað. Það væri hægt að hafa langt mál um það hvað þarf að gera til þess að þau mál komist í lag til þess menn geti nýtt sér þá tækni sem möguleikar eru á því að það virðist sem svo að seint gangi að ná samningum um hagnýtingu tækninnar.

Herra forseti. Ég vil þó í lokin lýsa yfir ánægju með að ekki skuli vera um niðurskurð að ræða eins og virðist vera þegar fjárlagafrv. er skoðað. Ég veit að það hlýtur að gleðja ýmsa sem starfa í þessum geira sem óttuðust mjög að það væri veruleikinn sem þar blasti við þeim. En ef annar liður á að bæta þetta upp sem gerir það að verkum að ekki verður minna á næsta ári en er í ár, þá er það mjög gott þó að vissulega þyrfti kannski frekar að bæta í.

[13:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi fjárveitingarnar er það svo að þetta skiptist á tvo liði í fjárlagafrv. eins og ég sagði, annars vegar þann lið sem er beinlínis símenntunarliður og er nýr liður í fjárlagafrv. og hins vegar lið sem lýtur að fjarkennslu þar sem kemur fé annars vegar frá menntmrn. og hins vegar úr sérstökum upplýsingatæknisjóði sem ríkisstjórnin skiptir á milli ráðuneyta. Menn geta glöggvað sig á þessum tölum með því að skoða frv. betur en hv. þm. hefur gert.

Mér virðist ýmislegt í þessu hafa gerst örar en hv. þm. hefur skynjað og það er ekki rétt að þessar símenntunarmiðstöðvar hafi allar verið komnar á laggirnar þegar byggðaáætlunin var samin og þær tillögur mótaðar. Þetta hefur gerst samhliða og það hefur gerst mjög hratt hjá menntmrn. að hrinda þessum ákvæðum í framkvæmd um fræðslunet og símenntunarmiðstöðvar sem við höfum staðið að og stutt að stofnaðar yrðu. Ég held að það hafi orðið gjörbylting, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason vakti máls á, að á örskömmum tíma hafi orðið gjörbylting að þessu leyti varðandi menntunarframboð á landsbyggðinni. Það ber ekki að gera lítið úr því heldur þvert á móti að meta mikils það góða starf sem unnið hefur verið bæði í skólunum og hjá heimaaðilum við að koma þessu í þann farveg sem nú blasir við. Nú um helgina, á morgun og á föstudaginn, verður sérstakur fundur þessara aðila í Reykholti í Borgarfirði því að þeir hafa stofnað með sér samstarfsvettvang. Þeir héldu fund á Austurlandi fyrir nokkrum mánuðum og hittast aftur núna. Það er verið að skipuleggja þetta samstarf með mjög markvissum hætti á milli ráðuneytisins og þessara aðila.

Framboð á leiguhúsnæði.

Fsp. ÖJ, 30. mál. — Þskj. 30.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Nú er komin til framkvæmda ný húsnæðislöggjöf sem var mjög umdeild og hart tekist á um í þingsölum. Því miður eru verstu hrakspár sem þá voru hafðar uppi að rætast. Kjörin þyngjast stórlega með breyttri húsnæðislöggjöf og mun það án efa valda holskeflu gjaldþrota þegar fram líða stundir. Mönnum ber saman um þetta sem starfa að ráðgjöf á þessu sviði.

En þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir erfiðari kjör þá eiga nú fleiri aðgang að þessu kerfi en áður. Það hefur valdið því að verðlag hefur rokið upp á fasteignamarkaði í tengslum við aukna eftirspurn. Verðlag hefur hækkað á fasteignamarkaði. Sífellt fleiri sem átt hafa leiguíbúðir og leigt þær út reyna nú að selja þær og það á uppsprengdu verði. Allt hefur þetta keyrt leigukostnaðinn upp. Á síðustu mánuðum hefur hann aukist um 50–80%. Algengt er að menn greiði í leigu fyrir þriggja herbergja íbúð 50–55 þús. kr. á mánuði hverjum, 60–70 þús. kr. á mánuði hverjum fyrir fjögurra herbergja íbúð og fyrir eitt herbergi greiða menn iðulega 25–30 þús. kr. á mánuði.

Leigjendasamtökin lýstu nýlega yfir neyðarástandi á leigumarkaði en neyðin er ekki mæld í löngum biðröðum. Hún er mæld í lágum tekjum og hærri leigu. En ef litið er á biðraðirnar sem myndast hafa í húsnæðiskerfinu þá hef ég fengið það staðfest að fyrir réttu ári biðu 256 einstaklingar eftir leiguíbúð hjá Öryrkjabandalaginu. Nú eru þeir 352 talsins. Hjá Félagsstofnun stúdenta voru fyrir um það bil ári síðan 50 manns á biðlista. Nú eru þeir 283 talsins og þannig má áfram telja um það ástand sem ríkisstjórnin hefur skapað með breyttri löggjöf á þessu sviði.

Nú beini ég eftirfarandi spurningu til hæstv. félmrh. sem er fyrir hönd ríkisstjórnarinnar ábyrgur fyrir þessum málaflokki: Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa og ríkisstjórnin til að auka framboð á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum?

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þessu ári hefur ýmsum aðgerðum sem lúta að eflingu leigumarkaðar verið hrint í framkvæmd. Nú er unnið að nýjum tillögum á vegum félmrn. um hvernig efla megi leigumarkaðinn. Umframeftirspurn eftir leiguhúsnæði er nær eingöngu bundin við höfuðborgarsvæðið og meginástæðan fyrir aukinni eftirspurn eru náttúrlega hinir miklu þjóðflutningar sem eru í þjóðfélaginu. Fólkið streymir á suðvesturhornið og skilur eftir autt eða verðlítið húsnæði í heimabyggðum sínum og þar að auki hefur stóraukinn kaupmáttur stuðlað að verðhækkunum á húsnæðismarkaði.

Fyrstu níu mánuði þessa árs fluttust 2.050 fleiri einstaklingar til höfuðborgarsvæðisins en frá því. Þann 1. janúar sl. tóku gildi ný lög um húsaleigubætur sem fólu í sér verulega

fjölgun þeirra sem eiga möguleika á því að fá húsaleigubætur. Með lögunum var gert skylt að greiða húsaleigubætur í öllum sveitarfélögum en það var áður bundið ákvörðun sveitarstjórnar og jafnframt var leigjendum í leiguíbúðum sveitarfélaga veittur aðgangur að húsaleigubótum. Í ársbyrjun voru húsaleigubætur hækkaðar um 13% og jafnframt var frítekjumarkið hækkað í 1.600 þús. kr. á ári, þ.e. húsaleigubætur byrja ekki að skerðast fyrr en tekjurnar eru orðnar 1.600 þús. Bætur skerðast um 1% á mánuði af árstekjum umfram 1,6 millj. Hámark húsaleigubóta eru 21 þús. á mánuði. Ef ég nefni dæmi um hjón með þrjú börn með 40 þús. kr. leigu á mánuði og 3,1 millj. í árstekjur, þá ættu þau að fá 7.900 á mánuði í húsaleigubætur.

Í byrjun ársins bárust leiguíbúðarumsóknir til Íbúðalánasjóðs frá 14 sveitarfélögum um samtals 272 íbúðir og frá 11 félagasamtökum um 296 leiguíbúðir. Íbúðalánasjóður hefur lofað lánum til 476 íbúða og öllum beiðnum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var svarað jákvætt. Aldrei áður hefur félagslegum framkvæmdaaðilum á Íslandi staðið til boða jafnmikið lánsfé til að byggja eða kaupa leiguíbúðir. Á tímabilinu 1991–1997 voru að meðaltali veitt 270 lán á ári og eru þá kaupleiguíbúðir, bæði almennar og félagslegar, teknar með en þær hafa margar hverjar breyst í eignaríbúðir.

Ég skipaði í fyrra nefnd til að gera úttekt á leigumarkaðnum hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár í samráði við fulltrúa sveitarfélaga og aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB. Nefndinni var jafnframt falið að meta nauðsyn þess að gera breytingar á húsaleigulögunum. Gagnasöfnun þeirrar nefndar er lokið. Það má reikna með að í kringum 1.500 fjölskyldur eða einstaklingar óski eftir leiguíbúð og þegar á þessu ári er þriðjungnum af þeirri þörf svarað. Meginmeinið er náttúrlega að mikil þensla hefur verið á höfuðborgarsvæðinu og það verkar á verð leiguhúsnæðis og á húsnæðisverð. Ný lög um Íbúðalánasjóð gefa tilefni til aukinna byggingarframkvæmda á leiguíbúðum og rýmka aðstöðu þeirra sem kjósa að leigja sér húsnæði.

Sú nefnd sem ég gat um áðan og er skipuð m.a. fulltrúum frá ASÍ og BSRB og Samtökum sveitarfélaga og tveimur fulltrúum annarra félagslegra framkvæmdaaðila vinnur nú að endanlegri tillögugerð sem mun ljúka alveg á næstunni og ég á von á góðum tillögum um leiðir til að auka framboð leiguhúsnæðis frá nefndinni.

[14:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þegar almennar húsaleigubætur voru teknar upp benti ég á það sérstaklega að reynslan erlendis er sú að eftirspurn eftir leiguhúsnæði eykst og leigan hækkar. Þetta er þekkt og þetta hefur gerst. Og svo eru menn hissa á því að það gerist.

Það vill svo til að það er ekkert voðalega eftirsóknarvert að eiga íbúð og leigja hana. Hv. þm. ætti að kanna af hverju það er og snúa sér til Húseigendafélagsins og spyrja hvaða reynslu húseigendur hafa af því að leigja út húsnæði. Það er ekkert eftirsóknarvert og það gerir eiginlega enginn að fjárfesta í húsnæði nema helst Reykjavíkurborg sem hefur stofnað Félagsíbúðir hf.

Það er annað sem kemur líka inn í þetta. Þeir sem eru að kaupa íbúðir til að leigja þær út eru í hörkusamkeppni við opinbera aðila eins og Reykjavíkurborg sem hefur komið sér upp íbúðarhúsnæði með 1% vöxtum.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Aftur var fróðlegt að hlýða á heimspekilegar vangaveltur fulltrúa Sjálfstfl. í þessum sal og áhyggjur hans yfir afleiðingum húsaleigubóta á markaðinn. Staðreyndin er sú að þeir sem búa í félagslegu húsnæði í borginni, af því að vísað var til hennar, fengu því miður ekki miklar kjarabætur með húsaleigubótunum vegna þess að leigan var jafnframt hækkuð þannig að kjörin bötnuðu ekki með tilkomu þeirra. (**PHB:** Það stóð ekki til.) Það stóð ekki til, segir hv. þm. Við stóðum í þeirri trú að fara ætti að 1. gr. laganna um húsaleigubætur þar sem segir skýrt að þau séu sett til að bæta kjör fólks á leigumarkaði.

Samkvæmt venju ætla ég ekki að láta hjá líða að þakka hæstv. ráðherra svörin þó að mér þættu þar vera kaldar kveðjur til fólks sem hér er nánast á vergangi. Mér finnst það vera mikið áhyggjuefni sem er að gerast á húsaleigumarkaði. Hæstv. ráðherra leggst í sagnfræðilegar skýringar um þjóðflutninga til borgarinnar af landsbyggðinni. Þetta eru ekki ný sannindi fyrir okkur og á þetta allt saman var bent í umræðum um húsnæðislöggjöfina á sínum tíma.

Ég vek athygli á því að þótt í lögin hafi verið sett bráðabirgðaákvæði varðandi fyrirkomulag á niðurgreiðslum eða stuðningi við þá aðila sem sjá fyrir leiguhúsnæði Öryrkjabandalagsins, Félagsstofnunar stúdenta og fleiri aðila, þá hangir það allt í lausu lofti gagnvart framtíðinni. Meginhugsunin í nýrri húsnæðislöggjöf er sú að húsnæði á Íslandi skal allt lúta markaðskjörum. Allt annað hangir á bráðabirgðaákvæðum. Þetta hefur sett starf þessara aðila í uppnám.

Staðreyndin er sú að á húsaleigumarkaði, einkum á höfuðborgarsvæðinu, ríkir neyðarástand og gagnvart því ætlar ríkisstjórnin því miður ekki að bregðast. Það eru kaldar kveðjur til þess fólks.

[14:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að það sé mjög ofmælt hjá hv. þm. að hér ríki neyðarástand á húsaleigumarkaði — það er ekki rétt. Hitt er rétt að nokkur vöntun er á leiguhúsnæði.

Það er ýmislegt gleðilegt að gerast í húsnæðismálunum. T.d. dregur stórlega úr vanskilum hjá Íbúðalánasjóði þannig að fólk á almennt miklu betra með að standa í skilum en það hefur gert undanfarin ár. Þetta er allt annað líf að því leyti til.

Ekki þarf að efast um það að þegar fjöldi fólks tekur sig upp af landsbyggðinni og flytur til höfuðborgarsvæðisins, þarf það náttúrlega þak yfir höfuðið. Aukinn kaupmáttur hlýtur einnig að leiða til þess að menn bjóða hærra í það húsnæði sem laust er eða er til sölu. Ég tel að húsaleigubæturnar hafi verið veruleg réttarbót fyrir leigjendur. Það er svolítið til í því hjá hv. þm. Pétri Blöndal að að einhverju leyti hefur þetta orðið til þess að hækka leigu, það er vafalaust rétt. Húsaleigubæturnar eru alls ekki gallalausar. Það er t.d. í þeim ákveðin þversögn sem sérstaklega kemur niður á stúdentum. Stúdentar sem leigja íbúð fá húsaleigubætur en stúdentar sem leigja einungis herbergi sem ekki telst íbúð eiga ekki kost á húsaleigubótum, þannig að stúdentinn sem leigir herbergi getur verið á verri kjörum en sá sem leigir íbúð. Þetta eru atriði sem við þurfum að hugleiða hvort ekki er hægt að lagfæra, og í gangi er vinna milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig framtíðarstuðningi við öflun leiguhúsnæðis verður háttað. Það er rétt hjá hv. þm. að þetta er bráðabirgðaákvæði

til tveggja ára en fyrir þann tíma átti að ljúka samningunum við sveitarfélög.

Varasjóður fyrir lán Byggingarsjóðs verkamanna.

Fsp. JB, 36. mál. — Þskj. 36.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á afar erfiðri stöðu margra sveitarfélaga í landinu varðandi félagslegar eignaríbúðir sem eru á þeirra vegum og þeirri miklu greiðslubyrði sem þeim eignum fylgir sem afleiðing af búferlaflutningum fólks af landsbyggðinni. Við höfum kynnst því að undanförnu. Sveitarstjórnarmenn hafa komið og gert okkur grein fyrir þessu. Skuldastaða þeirra vegna þessa málaflokks er í sumum sveitarfélögum alveg geigvænleg og sveitarfélögin sjá ekki fram úr því hvernig úr muni rætast. Það er ekki hægt eða ekki svo auðvelt að selja þær íbúðir á markaðsverði því að þá lendir mismunurinn á sveitarfélögunum. Gert er ráð fyrir því í lögum um Íbúðalánasjóð að sérstakur varasjóður sem tekur við skuldbindingum Byggingarsjóðs verkamanna varðandi þetta sé virkur og þangað sé hægt að sækja fjármagn til að greiða þann mismun.

Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. félmrh.:

1. Hvenær verða frágengnar reglur um hlutdeild varasjóðs, samkvæmt X. kafla laga um húsnæðismál og ákvæði til bráðabirgða VIII í sömu lögum, í afskriftum eða niðurgreiðslu á eldri veðlánum Byggingarsjóðs verkamanna?

2. Hvernig hefur verið háttað samráði við sveitarfélögin um þetta mál?

3. Hve mikil er heildarafskriftarþörf vegna innlausnarskyldu sveitarfélaganna metin og á hvaða svæðum vandi er mestur?

Ég vænti þess líka að ráðherra geti gert okkur grein fyrir því hvernig ætlunin er að bregðast við.

[14:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Rétt er að hafa í huga að í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar fjallar einn þátturinn um þetta atriði og ef ég man rétt eru ætlaðar 300 millj. í byggðaáætluninni til að greiða verð þessara íbúða niður á móti sveitarfélögum.

Starfshópur hefur verið skipaður til að vinna að þessu verkefni og í honum eru frá sveitarfélögunum Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands stjórnar sveitarfélaga, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri. Síðan er Hallgrímur Guðmundsson frá fjmrn. og Gunnar Bragi Sveinsson aðstoðarmaður minn frá félmrn. Nefndin er tekin til starfa og ég vænti þess að hún komist að niðurstöðu sem við getum unað við.

Hins vegar er ekki komin sátt um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig eigi að skipta pakkanum, hvernig eigi að skipta þeim byrðum sem þarna verða til. Varasjóður viðbótarlána kemur líka að þessu máli og hann er farinn að vinna eins og honum var ætlað. Gott samráð hefur verið við sveitarfélögin um þetta mál og ekki árekstrar eða alvarlegur ágreiningur að því er ég tel vera.

Hv. þm. spyr um hver sé heildarafskriftarþörf vegna heildarinnlausnarskyldu sveitarfélaganna og ekki eru til neinar áreiðanlegar upplýsingar varðandi þetta því að útreikningar verða að byggja á húsnæðisverði á hverjum stað, hvað er mögulegt að fá, hvert er raunvirði húsnæðis á viðkomandi stað. Þetta er meira að segja breytilegt á stöðunum eftir því hvernig vindurinn blæs. Á Suðureyri var t.d. mikið framboð af húsnæði fyrir líklega hálfu öðru ári og seldist ekki. Síðan breytast viðhorfin á Suðureyri, e.t.v. með bættum samgöngum eða bættum aflabrögðum og húsnæðið rýkur út þannig að þetta er fljótt að breytast.

Hv. þm. spurði hvar þörfin væri mest. Ég tel vafalaust að sveitarfélögin á Vestfjörðum séu í mestum vanda stödd út af þessum félagslegu húsnæðismálum enda er það eðlilegt því að þaðan hefur fólkið flutt í stríðustum straumi.

[14:20]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Umræða um málefni sveitarfélaganna hvað varðar félagslegar íbúðir og vandræðin sem eru samfara rekstri þeirra hefur átt sér langan aðdraganda. Bent var á það í hinni pólitísku umræðu á sínum tíma alls staðar úti í þjóðfélaginu að uppsetningin á því kerfi sem var sett í gang væri röng og stórhættuleg gagnvart þeim byggðarlögum þar sem hætta væri á að fólki fækkaði. Það hefur aldeilis komið á daginn að á síðustu árum hefur þetta verið klafi á sveitarsjóðum margra sveitarfélaga. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef stendur á því að ríkisvaldið komi myndarlega á móti sveitarfélögunum til þess að leysa vandann.

Ég vil árétta það, hæstv. félmrh., að þetta er mjög brýnt vandamál sem þarf að leysa vegna þess að í mörgum tilfellum eru sveitarsjóðirnir þannig settir að þetta tekur nánast allt það fjármagn sem út af stendur til uppbyggingar á öðrum sviðum í viðkomandi sveitarfélögum. Þetta er einn liður í að leysa úr vanda landsbyggðarinnar og ég vonast til þess að gengið verði rösklega til verks og ríkissjóður Íslands komi myndarlega fram á móti sveitarfélögunum til að leysa vandann.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir góð svör sem hann gaf hér. Ég vil líka þakka undirtektir hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar í þessu máli. Ég tel þó, hæstv. ráðherra, að ekki hafi verið litið á málið nægilega alvarlegum augum. Þetta er stærra en hér var nefnt og ég sé ekki einu sinni að þeim áætlunum, sem voru nefndar í byggðaáætlun um 300 millj. kr. framlag til þessa máls, sjái stað í fjárlögum eða fjárlagafrv. þó að það gæti kannski leynst. Þar fyrir utan eru allt of lágar upphæðir til þess að leysa málið. Varasjóðurinn er eins og vitað er ekki með þá fjármögnunarmöguleika sem til þurfa að koma. Við höfum heyrt frá sveitarfélögum eins og hæstv. ráðherra nefndi réttilega, t.d. frá Vestfjörðum, að þar er verið að tala um í heilu sveitarfélögunum kannski margfaldar þessar upphæðir sem hann nefndi þar að þyrfti til eða ætti að koma í gegnum byggðaáætlun.

Ég legg áherslu á að þetta mál sé tekið mun fastari tökum en hefur verið gert undanfarið og þessu fylgt eftir. Þetta er hluti af fjárhagsvanda þessara sveitarfélaga, þetta er hluti af rekstri þessa kerfis á vegum ríkisins sem ríkið ber ábyrgð á og ber að standa að með þeim myndugleik að þetta verði ekki baggi á búsetu landsins.

[14:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með bæði fyrirspyrjanda og hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að hér er um stóralvarlegt mál að ræða. Þetta er eitt af vandasamari byggðamálum

sem við eigum við að stríða nú um stundir. Það er fullur vilji hjá stjórnarflokkunum að leysa skikkanlega úr því.

Hins vegar er rétt að hafa það í huga og það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess að ríkið leysi vandann allan. Sveitarfélögin þurfa líka að koma að málinu því að ekkert félagslegt húsnæði hefur verið byggt nema samkvæmt ósk viðkomandi sveitarfélags. Því hlýtur einhver ábyrgð forráðamanna sveitarfélaganna að liggja þarna að baki.

Varasjóðurinn ræður ekkert við þetta verkefni nema þá á einhverjum óratíma og ég kalla gott ef hann ræður við það að halda í horfinu. Það er alveg nauðsynlegt að taka til fjármagn á fjárlögum til þess að leysa málið skikkanlega. Hægt er að hugsa sér að Íbúðalánasjóður beri einhverjar afskriftir en þá er líka kominn vandinn með jafnræðið. Á að láta alla sitja við sama borð eða á að hlaupa sérstaklega undir bagga með þeim sveitarfélögum sem hafa e.t.v. ekki sinnt því eða a.m.k. ekki haft það í neinum forgangi að standa í skilum við Íbúðalánasjóð eða Byggingarsjóð verkamanna sem átti reyndar þessar skuldir meðan hann var og hét?

Áhrif stórrar álbræðslu á fámennt samfélag.

Fsp. KolH, 37. mál. — Þskj. 37.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn sú sem hér er lögð fram er í tilefni af þeirri umræðu sem er í landinu um stóra álbræðslu á Austfjörðum, nánar tiltekið á Reyðarfirði. Mig langar til að fá svar hæstv. félmrh. við því hvort álits hans hafi verið leitað í þeim efnum, hver áhrif svona álbræðsla gæti haft á hið fámenna samfélag sem er á Reyðarfirði eða kringum Reyðarfjörð í Fjarðabyggð því að á Reyðarfirði sjálfum búa einungis tæplega 700 manns. Allt byggðarlagið, Fjarðabyggð, telur um 3.300 manns en fjöldi þeirra sem kæmu til með að starfa í þeirri álbræðslu, sem er nú á teikniborðinu, er um það bil 650 manns og afleidd störf eru sennilega að lágmarki 800–1.000. Þegar allt er talið erum við kannski komin með íbúafjölgun á svæðinu hátt í 4.000 manns.

Þá er einnig gert ráð fyrir að mikill mannafli verði við byggingarframkvæmdir virkjunarinnar. Talið er að hann geti mestur orðið 1.000 manns á byggingartímabilinu, þ.e. við byggingu Fljótsdalsvirkjunar en 900 manns til byggingar álverksmiðjunnar sjálfrar.

Einnig langar mig til að heyra álit ráðherrans varðandi þau störf sem álver af þessu tagi kæmi til með að bjóða upp á en þau eru að mínu mati ekki eins fjölbreytt og hefur verið látið í veðri vaka því að hér er um að ræða um það bil 40% verkamannastörf, kannski 12–13% tæknimenn af þessum 650, en mergurinn málsins er sá að þetta eru fyrst og fremst karlastörf. Hér verða greinileg áhrif af því að umtalsverður fjöldi þessara starfa eru karlastörf. Spurningin er, hvaðan eiga konurnar að koma? Eiga þær að fylgja körlunum? Hvar eru störfin þeirra og þar fram eftir götum?

Þetta mál kemur hæstv. félmrh. mjög mikið við og félagsleg áhrif á þessa byggð gætu orðið talsvert mikil miðað við það sem mér sýnist þegar málið er reifað á þennan hátt. Þess vegna væri ákjósanlegt að heyra óyggjandi niðurstöður þeirra tilrauna sem eru í gangi til að styrkja byggð og sömuleiðis hvort leitað hafi verið eftir því að kanna áhrifin, sem nágrannalönd okkar, hafa af reynslu af þessu tagi að í Noregi, Svíþjóð og Skotlandi hafa verið sett niður stór álver, stórar málmbræðslur til þess að bjarga byggð í landshlutum og ekki tekist.

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Jafnframt því að ég þakka fyrir ágætar fyrirspurnir, því að það er virkilega ástæða til að hugleiða þetta efni, þá vil ég taka það fram að ekki hefur verið leitað sérstaklega eftir áliti félmrn. á fyrirætlunum um byggingu álvers á Reyðarfirði enda er málið náttúrlega á vegum annars ráðuneytis. Þó kemur það allri ríkisstjórninni við og öll ráðuneyti geta komið að málinu með einum eða öðrum hætti.

Félmrn. fer með málefni sveitarfélaganna og þess vegna hef ég talið mér skylt að fylgjast sérstaklega með viðhorfum sveitarstjórnarmanna á Austurlandi til þessa máls og ég hef haft góða aðstöðu til þess.

Mig langar í þessu sambandi að vitna til samþykktar sem gerð var á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi núna í haust þar sem hvatt er mjög til byggingar álvers á Reyðarfirði og sú ályktun var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur. Tveir sátu hjá ef ég man rétt.

Íbúum má gjarnan fjölga á Austurlandi. Þaðan hefur flutt fjöldi fólks og ég sé ekkert á móti því að fólk flytji til Austurlands þó að straumurinn hafi legið í aðra átt undanfarin ár.

Ég hef einnig reynt að kynna mér áhrif stóriðjurekstursins í Hvalfirði á sveitarfélögin þar í kring. Ég var mjög krítiskur á þær framkvæmdir á sínum tíma þegar hafist var handa um byggingu járnblendiverksmiðjunnar og óttaðist að þar mundu menn vera að lenda í vanda sem þeir sæju ekki fyrir. Þetta hefur leyst betur en ég óttaðist á þeim tíma. Ég gagnrýndi að vísu fyrst og fremst rafmagnsverðið sem mér þótti vera of lágt, að það borgaði sig ekki að byggja, virkja og selja rafmagn á því verði sem gert var í Hvalfirði. Ég held að það hafi komið allt saman á daginn að við höfum fram undir þetta þurft að greiða stórlega með rafmagninu til járnblendiverksmiðjunnar en það er að baki núna. Það er mat sveitarstjórnarmanna uppi á Hvalfjarðarströnd og Akranesi að mikill fengur hafi verið að þeim fyrirtækjarekstri sem þar fer fram.

Varðandi það að í álverum séu einungis karlastörf er það ekki að öllu leyti rétt. Mig langar til að nefna það að fyrir einum tveimur árum stóð ég fyrir veitingu viðurkenningar Jafnréttisráðs. Jafnréttisráð leggur til viðurkenningu eða biður ráðuneytið um að leggja til viðurkenningu á eitthvert fyrirtæki einu sinni ári þar sem jafnrétti er sýndur mestur sómi. Fyrir 2–3 árum fékk álverið í Straumsvík þessa viðurkenningu fyrir að vera sérstaklega kvennavænn vinnustaður enda má geta þess að forstjórinn er kona og konur hafa haft þar forgang til ýmissa starfa.

Hvað varðar spurninguna um áhrif stóriðjufyrirtækja á fámenn byggðarlög í öðrum löndum þá liggja ekki fyrir gögn í félmrn. sem ég get vitnað til. Mér finnst að leiða mega líkur að því að svipað muni verða uppi þar og hér um fábreytt atvinnulíf, að það sé áhættusamt í litlum byggðarlögum. Alveg eins og þegar fiskur bregst eða kvóti fer eða kvóti tapast getur það haft mjög slæm áhrif á viðkomandi byggðarlag. Sama gegnir að sjálfsögðu um byggðarlag sem byggir á málmbræðslu, t.d. vegna breyttrar tækni eða hráefnisskorts eða af öðrum ástæðum, ef snögglega dregur úr framleiðslu, þá skapast auðvitað mikill vandi.

Varðandi Reyðarfjörð sérstaklega eða Fjarðabyggð, þá er þetta viðbót við þróttmikið atvinnulíf sem er þar fyrir hendi.

Hv. fyrirspyrjandi spurði hver væri skoðun ráðherra á málinu. Yfirgnæfandi meiri hluti Austfirðinga óskar eftir því að reist verði stóriðja á Reyðarfirði og telur að það geti orðið Austurlandi til framdráttar. Ég fellst á þá skoðun.

[14:35]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þegar spurt er um áhrif stóriðjufyrirtækja í fámennum byggðarlögum þá hygg ég að reynsla Akurnesinga svari þeirri spurningu nokkuð vel. Í þessu 5 þús. manna byggðarlagi hefur verið starfrækt sementsverksmiðja í yfir 40 ár, járnblendiverksmiðja við túnfótinn í rúm 20 ár og nú síðast álbræðsla á sama stað í rúm tvö ár. Tilkoma allra þessara verksmiðja hefur leitt til verulegrar fólksfjölgunar á Akranesi og hleypt miklu lífi í margþætta þjónustustarfsemi svo sem iðnfyrirtæki, vélsmiðjur, trésmiðjur, rafmagnsverkstæði, tölvuþjónustu, fatahreinsun, bifreiðaþjónustu o.fl. Þetta hafa ekki síður verið eftirsóttir vinnustaðir. Menn hafa sóst eftir að komast þarna í störf og það sést best á því að meðalstarfsaldur í Sementsverksmiðjunni og Járnblendiverksmiðjunni mun vera um eða yfir 20 ár. Reynsla þessa 5 þús. manna byggðarlags af þremur stóriðjum er því öll á einn veg — mjög góð.

[14:36]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þá skoðun hæstv. félmrh. að fjölga megi íbúum á Austurlandi. Ég held að það verði hreint ekki til skaða. Hins vegar er mikill skaði af þeim félagslegu áhrifum sem miklir fólksflutningar frá landsvæðum eins og af Austurlandi hefur á mannlíf þar. Það er augljóst að mikil fjölgun íbúa mun hafa félagsleg áhrif. Að mínu áliti og með reynslu af því að búa í sveitarfélagi af þeirri stærð þá held ég að þau félagslegu áhrif verði jákvæð.

Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi verður þarna til dálítið af verkamannastörfum sem ég held að sé mjög jákvætt. Störfum verkamanna á Austfjörðum hefur fram undir þetta fækkað mjög verulega vegna tæknivæðingar m.a. í fiskiðnaði. Við þurfum á því að halda að fá fleiri störf.

[14:37]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Íbúum á Austurlandi hefur fækkað mikið undanfarin ár og það er mjög óheillavænleg þróun. Það er sorgleg saga. Við sem búum á landsbyggðinni óskum einskis frekar en að draga megi úr þessum fólksflótta, að hann megi stöðva. En svo stórt fyrirtæki sem taka á til starfa í fámennum fjórðungi hefur gífurleg áhrif í samfélaginu. Það er á ábyrgð félmrn. og annarra sem koma að þessu að vera meðvitaðir um þau áhrif sem þetta getur haft inn í svo litlu samfélagi til þess að geta gert varúðarráðstafanir og hliðarráðstafanir. Hvað þarf að vera til staðar og hvað þarf að byggja upp til að skaðleg áhrif af svo hraðri uppbyggingu og stórum vinnustað verði sem minnst? Vissulega er verið að þessu til að fjölga í byggðarlaginu. Það efast ég ekki um en það verður að sjá til að skaðleg áhrif verði sem minnst.

[14:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég held að þessi fyrirspurn hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sé mjög til framdráttar þeirri hugsun að nauðsyn sé að félmrn. beiti sér fyrir könnunum til að hægt sé að glöggva sig á því hvernig heildardæmið lítur út. Stóriðjustefnan hefur víðtæk áhrif, ekki bara sú stóriðjustefna sem fylgt er hér á suðvesturhorninu, heldur líka stóriðjustefnan á Austurlandi. Þetta hefur víðtæk áhrif annars staðar í samfélaginu líka. Þetta eru hlutir sem við höfum vanrækt að leggja niður fyrir okkur.

Það sem við upplifum núna er að vegna stóriðjubreytinga hefur rafmagnsverð til fyrirtækja annars staðar í landinu allt að tvöfaldast, það er algengt. Þessi stefna leiðir til þess að stór fyrirtæki, þar nefni ég til dæmis Sól-Víking hf. á Akureyri, breyta um orkugjafa og notast við dísilorku. Við verðum að vinna þannig að við höfum heildarmynd og getum glöggvað okkur á afleiðingum stóriðjustefnunnar fyrir landið allt og það sem við erum að gera.

[14:40]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þetta er ágætis umræða um þessa ágætu fyrirspurn. En svo að það sé skýrt, ég veit að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerir sér fulla grein fyrir því, þá fer nú fram og hefur staðið yfir í langan tíma mat á umhverfisáhrifum fyrir Fljótsdalsvirkjun og áhrifum álvers á Austurlandi. Á næstu dögum verður mat á umhverfisáhrifum fyrir álver á Austurlandi kynnt. Þá verður öllum þessum spurningum hv. þm. svarað vegna þess að mat á umhverfisáhrifum gengur ekki bara út á að telja hreiður eða skorkvikindi á svæðinu og lýsa dýra- eða plöntulífi heldur gengur það líka út á áhrifin á mannlíf, efnahag, tekjur fólks í landinu og byggðaþróun í fjórðungnum. Öllum þessum spurningum verður svarað í þessu mati á umhverfisáhrifum sem verður kynnt núna innan tíðar.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tek að sjálfsögðu undir með hv. þm. sem hér hafa haft áhyggjur af íbúaþróun á landsbyggðinni allri. Ég legg áherslu á það sem ég hef áður bent á að álver á Austurlandi bjargar ekki byggðaþróun í landinu.

Ég skil örvæntingarfullar tilraunir sveitarstjórnarmanna á Austfjörðum og mér þykir gott að heyra að hæstv. félmrh. hafi haft ákveðnar áhyggjur af stóriðju í Hvalfirði og lágu orkuverði. Ég vona að hæstv. félmrh. verði þessa minnugur þegar væntanlegir orkusölusamningar koma til umræðu varðandi álverið á Austurlandi.

Varðandi Hvalfjörð og stóriðju þar, þá er Hvalfjörður innan atvinnusvæðis Reykjavíkur, höfuðborgarsvæðisins. Þar erum við ekki að tala um áhrif á fámennt samfélag. Við erum að tala um áhrif á allt annars konar samfélag. Það verður að vera alveg á hreinu.

Ég vil gera örlitla athugasemd, virðulegi forseti, við það sem hæstv. iðnrh. sagði hér. Ég veit að sjálfsögðu að á leiðinni er frummatsskýrsla Landsvirkjunar sem hæstv. iðnrh. kallar gjarnan mat á umhverfisáhrifum. Ég veit það að sjálfsögðu og hlakka til að fá að lesa það sem þar stendur um áhrif viðkomandi framkvæmda á samfélagið fyrir austan. Ég ber hins vegar fram fyrirspurnina af mjög meðvituðum ástæðum til hæstv. félmrh. Ég treysti því að hæstv. félmrh. fylgist þá með þeim skýrslum og þeim umsögnum sem fram koma í frummatsskýrslu Landsvirkjunar.

Hæstv. félmrh. telur þessa tilraun tilraunarinnar virði. Að mínu mati þarf að taka þessa ákvörðun með fullri meðvitund þar sem reynsla annarra þjóða er metin og kortleggja þarf

möguleg neikvæð áhrif svo að koma megi í veg fyrir slys.

[14:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það vill svo til að ég veit að ráðgjafarfyrirtæki er að vinna viðamikla könnun á áhrifum á Reyðarfjörð, ekki á Eyjabakka heldur á Reyðarfjörð. Það er ekki sú könnun sem hæstv. iðnrh. vitnaði til um mat á umhverfisáhrifum. Þessi skýrsla er ekki tilbúin enn þá en verður það væntanlega fljótlega. Ég mun að sjálfsögðu fylgjast með niðurstöðum hennar.

Það er mjög alvarlegt hversu mikið vonleysi hefur gripið um sig á landsbyggðinni og það er ástæðan fyrir þeim miklu og háskalegu þjóðflutningum sem við upplifum núna. Það er afar mikilvægt að byggja upp á landsbyggðinni þannig að eftir sé tekið, eitthvað sem aukið getur bjartsýni manna og snúið þróuninni við. Þar duga engar smáskammtalækningar. Það verða að vera verkefni sem virkilega verða til að auka fólki bjartsýni.

Ég er búinn að vera þingmaður lengi og hef upplifað þá tíma að straumurinn lá út á land, að aukningin varð meiri úti á landi en hér á höfuðborgarsvæðinu. Á áratugnum frá 1970–1980 fjölgaði meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Það var fyrst og fremst vegna þess að þá var í uppbyggingu stóriðja allt í kringum land í fiskvinnslu og togaraútgerð.

Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga.

Fsp. KolH, 31. mál. — Þskj. 31.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurnin sem ég legg hér fram varðar aðgerðir á vettvangi sjávarútvegsins til að draga úr áhrifum gróðurhúsalofttegunda. Forvitnilegt væri að heyra hver markmiðin eru í hæstv. sjútvrn. og hvaða samdráttar sé að vænta í losun gróðurhúsalofttegunda á þeim vettvangi hérlendis á næstu árum.

Eins og okkur er öllum kunnugt eru Íslendingar aðilar að samningi þeim er gerður var í Ríó árið 1992 og við þekkjum sem rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Það hefur komið fram hjá hæstv. umhvrh. og embættismönnum umhvrn. að við stöndum okkur fremur vel í þeim efnum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi, jafnvel svo vel að losunin um þessar mundir er ekki mikið meiri en hún var viðmiðunarárið 1990, vel að merkja ef frá eru talin öll stóriðjuverkefni undanfarinna níu ára. En eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin óskað eftir því að stóriðjuáform okkar verði undanskilin þeim losunarheimildum sem Íslendingar hafa.

Eins og allir vita er flotinn frekur hvað varðar þennan útblástur, það er ekkert eitt fyrirbæri í atvinnurekstri okkar sem losar jafnmikið af gróðurhúsalofttegundum svo mér þætti fengur að því að heyra hæstv. sjútvrh. segja okkur hvaða aðgerðir séu í gangi á vegum ráðuneytis hans og legg áherslu á að við heyrum frá útlöndum að þar séu mjög víðtækar aðgerðir í gangi hvað varðar aðgerðir til að draga úr slíkri losun.

[14:48]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Á vegum sjútvrn. hefur starfað starfshópur um umhverfis- og orkumál í sjávarútvegi. Starfshópurinn hefur stýrt vinnu vegna umsóknar Tækniskólans um styrk vegna þróunar á hermi til að mæla bestu orkunýtingu fiskiskipa. Þá hefur starfshópurinn athugað raforkunotkun í höfnum. Síðast en ekki síst lætur starfshópurinn vinna fyrir sig skýrslu sem á að lýsa eldsneytisnotkun flotans með kortlagningu á flotanum og sókn hans. Kynnt hafa verið drög að skýrslunni fyrir starfshópnum og má búast við endanlegri skýrslu á næstunni. Slík skýrsla er grundvöllur þess að unnt sé að kanna möguleika á að draga úr eldsneytisnotkun flotans. Má hugsa sér að það verði framtíðarverkefni starfshópsins. Hvernig útblástur frá fiskiskipum þróast í framtíðinni er að miklu leyti háð sóknarmynstrinu. Við verðum að nýta auðlindir okkar og ný sóknarfæri geta auðvitað leitt til aukins útblásturs. Markmiðið í framtíðinni er að auka aflaverðmæti á sóknareiningu og beita við sóknina hagkvæmustu tækni með tilliti til orkunotkunar. Kortlagning starfshópsins á fiskiskipaflotanum mun gefa okkur tækifæri til að meta stöðuna og sjá betur hvað hægt er að gera.

[14:50]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrispyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég tel að þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra lýsti séu allra góðra gjalda verðar.

Ég vil vekja athygli á því að fyrir u.þ.b. einu ári var stofnað á Íslandi Hið íslenska vetnis- og efnarafalafélag, ekki síst fyrir tilstuðlan hæstv. iðnrh., að meiri hluta til í eigu Íslendinga en að auki í eigu þriggja stórra alþjóðlega fyrirtækja. Verkefni þessa félags er að gera íslenskt efnahagslíf að vetnissamfélagi. Eitt tíu verkefna sem þetta félag hefur nú unnið að á sl. ári í samstarfi við hina alþjóðlegu risa er að vetnisvæða íslenska fiskiskipaflotann og fyrsta tilraunin af þeim toga mun hefjast innan fárra mánaða.

Það er sannfæring mín að innan 20 ára getum við séð íslenska fiskiskipaflotann á efnarafölum, metanóli eða vetni sem þýddi að hann væri mengunarlaus. Ég tel vert að draga þetta fram í umræðunni, enda eru Íslendingar og eiga að geta verið leiðandi á þessu sviði í veröldinni.

[14:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vildi kannski aðeins draga þetta mál lengra varðandi orkunotkunina í sjávarútveginum. Þetta er náttúrlega hluti af stjórn fiskveiða og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að fiskveiðin sé stunduð á þann hátt að sem best nýting sé á orkunni og leggjum þess vegna áherslu á strandveiðar, frá ströndunum sjálfum. Ég vil líka benda á fiskvinnsluna sjálfa. Hún er hluti af þessu. Ég held að það hljóti að vera áhyggjuefni og vil fara þess á leit við hæstv. sjútvrh. að hann taki líka með þá miklu orkunotkun sem fer í þá gífurlegu landflutninga á fiski landshornanna á milli sem hlýtur að vera hluti af þessu dæmi.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna sem hér hefur farið fram og tel það vera gott að hreyft skuli vera þessu máli. Mér finnst gott að heyra það hjá hæstv. sjútvrh. að víðtæk kortlagning sé þó í gangi með þátttöku ráðuneytisins, því auðvitað er það fyrsta skilyrði að við metum stöðuna,

finnum hvar tækifæri okkar liggja í þessum efnum. Ég vil einnig þakka fyrir innlegg hv. þm. Hjálmars Árnasonar og tek að sjálfsögðu undir sjónarmið hans. Ég ber það mjög fyrir brjósti að þetta fyrirtæki, sem heitir því skemmtilega gamaldags nafni Hið íslenska vetnis- og efnarafalafélag, fái að blómstra og ég vona svo sannarlega og deili þeirri ósk með hv. þm. að innan 20 ára munum við knýja fiskiskipaflota okkar á efnarafalavetni eða metanóli.

[14:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir ágæta umræðu. Þetta er þörf umræða og örugglega mál sem við þurfum að einbeita okkur meira að í framtíðinni en við höfum gert fram til þessa. Það voru athyglisverðar upplýsingar sem komu fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni og merkilegt starf sem þar er í gangi þó að það sé ekki á vegum sjútvrn. Ég held hins vegar að meiri líkur séu til þess að það eldsneyti sem þar er um að ræða nýtist betur í sjávarútvegi eða fiskiskipum en nokkurs staðar annars staðar þar sem slíkrar orku er þörf og það er sá þáttur sem við eigum að beina athygli okkar að í framtíðinni.

Kostnaður af losun gróðurhúsalofttegunda.

Fsp. KolH, 33. mál. — Þskj. 33.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. iðnrh. og fjallar um kostnaðinn af losun gróðurhúsalofttegunda. Eins og okkur er kunnugt leyfir rammasamningurinn, loftslagssamningurinn að verslað verði með losunarheimildir, svokallaðan kvóta, og sett verði á þá losun einhver mörk sem sé síðan hægt að versla með, bæði innan lands og í milliríkjaviðskiptum. Auðvitað er ekki komið að því að versla með þennan kvóta en þó er greinilegt að menn eru að undirbúa þetta af miklum hraða og miklu kappi.

Spurningar mínar til hæstv. iðnrh. eru eftirfarandi:

1. Hverjum ætlar ríkisstjórnin að bera hugsanlegan kostnað af losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðjufyrirtækjum hérlendis?

2. Hversu háum fjárhæðum gæti slíkur kostnaður numið af losun CO -ígilda frá 480 þúsund tonna álbræðslu miðað við núverandi hugmyndir manna um markaðsverð á losunarkvótum? Hér er ég að sjálfsögðu með væntanlega álverksmiðju á Reyðarfirði í huga.

3. Hvaða hugmyndir hafa menn gert sér um greiðslur fyrir losunarkvóta í hagkvæmniforsendum álbræðslu á vegum Noral á Reyðarfirði, bæði í fyrsta áfanga og síðari áföngum hennar?

4. Er fyrirliggjandi arðsemismat fyrirhugaðrar álbræðslu á Reyðarfirði, frá fyrsta áfanga og til síðari áfanga hennar? Ef svo er, hvernig hefur verið tekið á svokölluðum fórnarkostnaði í því mati? Hér á ég að sjálfsögðu við þann fórnarkostnað sem almennt hefur verið talað um í tengslum við bæði virkjanir og það að leggja land undir álver af þeirri stærð sem um ræðir.

5. Er gert ráð fyrir að álbræðslan verði búin vothreinsibúnaði til að takmarka útstreymi brennisteinssambanda og annarra skaðlegra efna? Eins og fólk veit er ekki vothreinsibúnaður í neinni álverksmiðju á Íslandi og þætti mér fróðlegt að heyra frá hæstv. iðnrh. hvaða áætlanir eru uppi varðandi það mál á Reyðarfirði. Það er vitað að vothreinsibúnaður hreinsar talsvert mikið í burtu af brennisteinssamböndum og reyndar flúorefnasamböndum líka út úr losuninni.

[14:57]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 33 spyr hv. þm. Kolbún Halldórsdóttir um kostnað við losun á gróðurhúsalofttegundum.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Hverjum ætlar ríkisstjórnin að bera hugsanlegan kostnað af losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðjufyrirtækjum hérlendis?“

Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hver eigi að bera hugsanlegan kostnað af slíku, hvorki frá fiskiskipum, stóriðju, landbúnaði eða bílum né öðrum flutningatækjum.

Fylgt hefur verið þeirri stefnu, sem reyndar var vikið að áðan, þ.e. stefnu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var í október 1995 og fól í sér að stefna að því að losun gróðurhúsalofttegunda yrði ekki meiri um aldamótin en hún var árið 1990 ef frá er talin losun vegna iðnferla í nýjum orkufrekum iðnaði. Og hv. þm. vitnaði í það áðan í fyrri fyrirspurn að sá árangur og þær áætlanir væru að ganga eftir og það hefði komið fram af hálfu umhvrn. Ríkisstjórnin er því nú innan þeirra marka sem hún setti sér í stefnumótun sinni 1995.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hversu háum fjárhæðum gæti slíkur kostnaður numið af losun CO -ígilda frá 480 þúsund tonna álbræðslu miðað við núverandi hugmyndir manna um markaðsverð á losunarkvótum?“

Áætlað er að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu á einu tonni af áli jafngildi um 1,75–1,8 tonni koltvíoxíðsgilda. Fyrir 480 þús. tonna álver þýðir það um 840–864 þús. tonn af koltvíoxíðsgildum losna við framleiðsluna. Ekkert markaðsvirði er til á losunarkvótum og það vil ég undirstrika. Enda er hvorki búið að semja um reglur varðandi viðskipti með losun á kvóta eða önnur svokölluð sveigjanleikaákvæði sem Kyoto-bókunin gerir ráð fyrir. Verður til að mynda sett þak á heimildir ríkja til að nýta sér sveigjanleikaákvæðin, eins og t.d. Evrópusambandið hefur gert kröfu til? Ef svo er, hvert verður það þak? Markaðsvirðið á einnig að ráðast af ákvæðum sem á eftir að semja um hvað varðar að framfylgja ákvæði bókunarinnar. Ef ströng viðurlög verða sett við því að brjóta ákvæði bókunarinnar verður markaðsvirðið væntanlega hátt, svo dæmi sé tekið. Ef hins vegar afleiðingarnar yrðu einungis að ríki sem væru brotleg mættu ekki eiga viðskipti með kvóta yrði verðgildið væntanlega lágt. Um öll þessi atriði og raunar miklu, miklu fleiri er eftir að semja, þannig að á þessari stundu er algjörlega útilokað að fullyrða um það hvert þetta markaðsvirði yrði.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.:

„Hvaða hugmyndir hafa menn gert sér um greiðslur fyrir losunarkvóta í hagkvæmniforsendum álbræðslu á vegum Noral á Reyðarfirði, bæði í fyrsta áfanga og síðari áföngum hennar?“

Ég held að ég sé búinn að svara þessari spurningu hv. þm. með svörum mínum við fyrstu og annarri spurningu fyrirspurnarinnar.

Í fjórða lagi er spurt:

„Er fyrirliggjandi arðsemismat fyrirhugaðrar álbræðslu á Reyðarfirði, frá fyrsta áfanga og til síðari áfanga hennar? Ef

svo er, hvernig hefur verið tekið á svokölluðum fórnarkostnaði í því mati?

Fyrir liggur bráðabirgðaniðurstaða í formi forkönnunar á hagkvæmni arðsemi fyrsta áfanga álvers á Reyðarfirði. Unnið er að hagkvæmnisathugun þess áfanga en niðurstöður liggja ekki fyrir. Að því er varðar fórnarkostnað þá er um það að segja að ekki er venja þegar reiknuð er út arðsemi fjárfestingar í fyrirtækjarekstri að taka tillit til annars en beins fjárfestingar- og rekstrarkostnaðar sem fyrirtækið verður að mæta. Hugtakið fórnarkostnaður, eins og hv. þm. fór með það áðan, er út frá skilgreiningu hagfræðinnar algerlega rangt vegna þess að það sem þarf að taka tillit til þegar talað er um fórnarkostnað, er hvað annað kæmi þá í staðinn, t.d. varðandi ráðstöfun fjármagns, varðandi ráðstöfun lands, varðandi ráðstöfun vinnuafls og fjölmargra annarra framleiðsluþátta. En þarna er ekki, eins og hv. þm. setti sína spurningu fram, verið að spyrja um hvað annað eigi þá að gera. Því er ekki hægt að meta fórnarkostnað við beina fjárfestingu út frá þessum forsendum.

Í fimmta lagi er spurt:

„Er gert ráð fyrir að álbræðslan verði búin vothreinsibúnaði til að takmarka útstreymi brennisteinssambanda og annarra skaðlegra efna?"

Gengið út frá því að við fyrstu 120 þús. tonna framleiðsluna verði ekki gert ráð fyrir vothreinsibúnaði vegna þess að það er ekki talið nauðsynlegt. Reynslan hefur sýnt okkur það hér á landi og farið hefur verið mjög rækilega yfir það hér, í iðnaðarnefnd og við fyrri umræðu um álbræðslur hér á landi, bæði í álverinu í Straumsvík og hjá Norðuráli á Grundartanga, að ekki er skynsamlegt að vera með vothreinsibúnað við 100 þús. tonna álver eða 120 þús. tonna álver heldur þegar næsti áfangi er tekinn. Það er stefna Norsk Hydro að nota vothreinsibúnað í öllum sínum fyrirtækjum eða þeim fyrirtækjum sem það á hlut í og þess vegna er í því samkomulagi sem núna er verið að ræða að vothreinsibúnaður verði notaður við annan áfanga en ekki við þann fyrsta, einfaldlega vegna þess að það er ekki nauðsynlegt. En ég undirstrika það að öll besta fáanleg tækni verður notuð við slíka framleiðslu.

Umræður utan dagskrár.

Viðnám gegn byggðaröskun.

[15:04]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég hefði nú talið æskilegt að hæstv. forsrh. væri í salnum.

(**Forseti** (GuðjG.)**:** Dokum við örlitla stund. Hæstv. forsrh. er væntanlegur á hverri stundu.)

Herra forseti. Ástæða þess að ég hef beðið um þessa utandagskrárumræðu er nýbirtar tölur Hagstofu Íslands um búferlaflutninga fyrstu níu mánuði ársins. Þessar tölur segja okkur að 1.320 manns fluttu frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á þessu tímabili, eða u.þ.b. fimm manns á degi hverjum að meðaltali. Þegar við er bætt flutningum frá útlöndum til höfuðborgarsvæðisins þá fluttu rúmlega 2.000 manns fleiri til höfuðborgarsvæðisins en frá því.

Í þingræðu hæstv. forsrh. síðasta haust kom fram að áætlaður kostnaður við hvern nýjan íbúa höfuðborgarsvæðisins væri á bilinu 3–5 millj. kr. fyrir sveitarfélögin. Miðað við þessar forsendur er kostnaður höfuðborgarsvæðisins um 6–10 milljarðar á þessu ári vegna búferlaflutninga fólks frá landsbyggðinni. Og nú er svo komið að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa á nýloknum aðalfundi sínum séð ástæðu til þess að samþykkja sérstaka ályktun um að fela nýkjörinni stjórn samtakanna að taka upp beinar viðræður við ríkisvaldið um þann mikla kostnað sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu standa frammi fyrir verði búferlaflutningar fólks af landsbyggðinni svipaðir og verið hefur hingað til.

Já, hv. þm. heyra rétt. Að hugsið sér þessa ályktun og allt það sem er hvati að gerð hennar. Þarf nokkuð fleira inn í þessa umræðu? Þessi ályktun er þungur áfellisdómur á byggðastefnu núverandi stjórnarflokka, bæði þingmenn þeirra og ráðherra. Á valdaárum þeirra hafa tæplega níu þúsund manns flutt frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Ég segi og skrifa níu þúsund manns.

Formaður Framsfl., hv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, má eiga það að hann viðurkenndi opinberlega fyrir kosningar að byggðamál væru sá málaflokkur sem ríkisstjórnin hefði staðið sig verst í. Það ber að virða slíka hreinskilni. Hér áður fyrr var hægt að líta á Framsóknarflokkinn sem landsbyggðarflokk en það er ekki lengur hægt. Svik og gleymska framsóknarmanna í byggðamálum er alger. Sjálfstæðismenn yppa öxlum og hafa einnig gleymt landsbyggðinni enda upptekinir við að breiða út fagnaðarerindið um góðærið og reiknaðan metafgang á væntanlegum fjárlögum.

Ríkisstjórnarflokkarnir verða að vakna af sínum þyrnirósarsvefni. Þyrnirós svaf í eina öld en stjórnarflokkarnir mega ekki leyfa sér það að sofa út öldina. (Gripið fram í.) Hvar er t.d. aðgerðin um jöfnun húshitunarkostnaðar og jöfnun námskostnaðar sem byggðanefnd forsrh. var öll sammála um sem fyrstu aðgerðir í vor? Það er ekkert í fjárlagafrumvarpinu sem bendir til þess að efnd verði þessi loforð hæstv. forsrh., byggðamálaráðherra Íslands, úr þessum ræðustól. Þess vegna spyr ég: Hefur eitthvað breyst? Voru þessar tillögur eingöngu ætlaðar sem einnota tillögur til að nota á tyllidögum rétt fyrir kosningar? Ég vil ekki trúa því en skýringu hæstv. forsrh. vantar.

Á Alþingi eru oft samþykktar tillögur og lög sem íþyngja íbúum landsbyggðarinnar, svo sem breyting á þungaskatti á síðasta þingi sem stórhækkaði flutningskostnað út á land og dæmi eru um allt að 15–60% hækkun eftir umfangi sendinga. Stórhækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu vegna hinna miklu búferlaflutninga og þenslu hækkar vísitölu neysluverðs og þar með skuldir landsbyggðarfólks vegna íbúðarhúsnæðis á sama tíma og fasteignaverð á landsbyggðinni fellur og erfiðleikar eru við að selja þær fasteignir, jafnvel á útsölu. Þessi aðferð við vísitöluútreikninga er hrein hringavitleysa og þegar við það bætist að fasteignagjöld á landsbyggðinni eru reiknuð út frá íbúðaverði í Reykjavík og nágrenni, þá keyrir um þverbak.

Herra forseti. Búferlaflutningar á Íslandi undanfarin ár eru þjóðarvandi en ekki landsbyggðavandi. Þetta er vandamál allra Íslendinga og eitt brýnasta úrlausnarefni stjórnvalda um þessar mundir.

Herra forseti. Að lokum langar mig til að leggja fram eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. forsrh., ráðherra byggðamála á Íslandi.

1. Hvað vega þessir búferlaflutningar mikið í þenslu og verðbólgu ársins? Hefur ríkisstjórnin í raun gefist upp fyrir þessari þróun?

2. Hefur ríkisstjórnin ekkert hugleitt það að draga úr þenslu og verðbólgu með einhverjum marktækum aðgerðum í byggðamálum, aðgerðum sem duga til að stöðva þennan þjóðarvanda?

3. Er hæstv. forsrh. ánægður með árangur sinn í byggðamálum?

Skjótvirkar alvöruaðgerðir í byggðamálum eru besta og fljótvirkasta aðgerð til að draga úr þenslu og verðbólgu í okkar ágæta landi. Íslendingar bíða eftir þessum alvöruaðgerðum, jafnt landsbyggðarfólk sem íbúar höfuðborgarsvæðisins. Og nú er svo komið í þessum málum að forseti lýðveldisins gerir þessi mál að sérstöku umræðuefni við setningu Alþingis í haust og biskupinn yfir Íslandi sér sig einnig knúinn til þess að ræða þessi mál ítarlega við setningu kirkjuþings. (Gripið fram í.) Ríkisstjórn og alþingismenn verða taka sér tak í þessum málaflokki, hv. þm., fyrrverandi alþýðubandalagsmaður og núverandi framsóknarmaður, Kristinn H. Gunnarsson. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til skjótvirkra aðgerða. Allar leiðir verður að skoða, jafnt sértækar aðgerðir sem aðrar.

Herra forseti. Á þessum degi eru u.þ.b. fimm manns að flytja frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vildi ekki víkja mér undan því að taka þátt í þessari umræðu, en hlýt þó vekja athygli á því að þingmál er í gangi um sama efni akkúrat um þessar mundir.

Vegna þeirra talna sem hv. þm. nefndi þá er það svo að auðvitað er fólksflutningurinn frá landsbyggðinni, og hefur verið á undanförnum árum, til höfuðborgarsvæðisins mjög mikill og allt of mikill. Ég get tekið undir það með þingmanninum að hann er óhugguleg mikill. Þó sýna þær tölur, sem eru tilefni til umræðu af hans hálfu, að heldur færri hafa flutt af landsbyggðinni þetta árið en á sama tíma í fyrra, á fyrstu níu mánuðunum. Þannig er þróunin jákvæð, ef nota má það orð, á Suðurnesjum, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Suðurlandi. Hún er óbreytt á Austurlandi en óhagstæð á Vesturlandi og Norðurlandi eystra.

Forsendur byggðastefnunnar eins og við þekkjum þær breytast mjög hratt á þeirri öld sem við lifum. Það þýðir ekki að mæta nýjum vandamálum með gömlum lausnum. Það verður bæði að vinna að langtímalausnum, eins og hv. málshefjandi nefndi, sem skila varanlegum árangri varðandi búsetu á landsbyggðinni og einnig auðvitað að vinna að skammtímalausnum til að leysa þann vanda sem harðast knýr á dyr.

Fjórar orsakir hafa einkum leitt til mikilla fólksflutninga af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Það eru gamlar og þekktar forsendur eins og breytingar á landbúnaði og fiskveiðum. En ég vek athygli á því að aðeins á árunum 1987–1996 hurfu um fimm þúsund störf í landbúnaði og fiskvinnslu vegna breyttra hátta og þýðir ekki að kenna neinum einum stjórnmálamanni sérstaklega um það.

Fyrir utan þessar þekktu breytingar eru aðrar breytingar og nýjar forsendur. Þar er um að ræða aukinn hlut þekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks. Fækkun starfa í landbúnaði má rekja til vélvæðingar og breyttra rekstrareininga. Færra fólk þarf á hvert bú og búunum fækkar. Þessi fækkun stendur því miður enn yfir. Fækkun starfa í fiskiðnaði má rekja til vélvæðingar í landvinnslu og fullkomnari skipa sem siglt geta lengri leið með aflann án þess að hann skemmist eða jafnframt unnið hann um borð. Störfum í fiskvinnslu mun væntanlega fækka enn, því miður, á komandi árum.

Önnur af nýju orsökunum er aukinn hluti þekkingar í framleiðslunni. Þessi þekking kemur m.a. fram í aukinni hagræðingu sem leiðir til fækkunar starfa í beinni framleiðslu. Þess í stað skapast störf í alls kyns þekkingariðnaði tengdum framleiðslugreinum, tækniþróun, menntun, markaðsmálum o.fl. þess háttar. Nú er talið að í flestum framleiðslugreinum liggi einungis 10% verðmætasköpunar í sjálfri framleiðslunni en 90% í þekkingariðnaði tengdum henni. Þessi orsök fólksflóttans hefur að mestu farið fram hjá fólki. Talað er um að störfum fækki en oft flytjast þau úr framleiðsluþættinum í verksmiðjunni yfir í þekkingariðnaðinn. Við þurfum ekki að leita lengi hvar slík störf lenda. Þau lenda ekki í litlu bæjunum. Það vitum við. Eflaust má einnig í þessu sambandi kenna um að flestar rannsóknarstofur og þess háttar eru starfandi á Reykjavíkursvæðinu.

Hin nýja orsökin, eins og við höfum áður rætt, er breytt gildismat fólks, einkum ungs fólks, sem hefur veruleg áhrif á búsetuval þess. Hin nýju viðhorf stafa af aukinni menntun, ferðalögum og fjölmiðlum. Þau einkennast af nýsköpun, alþjóðahyggju, hreyfanleika í búsetu, sjálfstæði, jafnrétti milli kynja, þjóðflokka og trúarhópa o.s.frv. Þetta þekkjum við allt saman. Í þessum forsendum sem menn eiga að skoða er að leita undirrótar að lausninni og við verðum að leita nýrrar leiðar í byggðastefnunni.

Í fyrsta lagi verður að laga hana að atvinnuháttum upplýsinga- og þekkingarþjóðfélagsins. En ein leið til að ráða bót á málunum er að reyna að finna nýtt hlutverk fyrir bæina, þ.e. að finna nýjar atvinnugreinar og reyna að laða að ný fyrirtæki til þeirra. Það er augljóst að mikilvæg undirstaða fyrir uppbyggingu nýrra atvinnuhátta liggur í að byggja upp mannauð og grunngerð fyrir þarfir upplýsinga- og þekkingarþjóðfélagsins til að eiga meiri þátt en í þeim 10% af verðmætasköpuninni sem liggur beint í vinnu á framleiðslunni.

Ég vil geta þess sérstaklega í þessu sambandi — tíminn sem ég hef til þess er nú stuttur — að að frumkvæði verkefnastjórnar um upplýsingasamfélagið sem starfar á vegum forsrn. hefur verið gerð úttekt á fjarskiptakerfinu með hliðsjón af þörfum landsbyggðarinnar. Væntanleg er skýrsla um greiningu á möguleikum upplýsingavæðingar og gagnavinnslu á landsbyggðinni sem unnin er fyrir forsrn., Byggðastofnun og Iðntæknistofnun. Sú skýrsla er í lokavinnslu þessa dagana og sem betur fer er sú skýrsla mjög jákvæð, sýnir mikið af tækifærum sem hægt er að opna fyrir landsbyggðarfólki. Ef við tölum málefnalega um málið, ekki með neinum pólitískum æsingi, sem örlítið bryddaði á áðan hjá hv. þm., þá eigum við fullt af möguleikum. Ég vek líka athygli á því að byggðaáætlunin sem við samþykktum á sínum tíma er langtímaáætlun sem þegar er sett í gang og komin til framkvæmda. Við væntum þess að sú áætlun skili sér þegar fram í sækir á einu til tveimur árum. Jafnframt eru bráðabirgðaaðgerðir eins og þær sem unnið var að sl. vor og þeirra mun sjá stað í þingsölum fyrir lok fjárlagagerðar.

[15:16]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það sem hefur verið að gerast hin síðari ár er meira en búferlaflutningar af því tagi sem við þekktum hér á árum áður. Þeir búferlaflutningar eða sá flótti sem við sjáum núna minnir einna helst á flóttann eftir þjóðvegi 66 í

Bandaríkjunum á árum áður þegar uppflosnaðir bændur, sem höfðu verið keyptir af bújörðum sínum af stórfyrirtækjum, voru á flótta til hins fyrirheitna lands því þeir gátu ekki búið lengur á þeim stöðum sem þeir höfðu komið sér fyrir. Um þetta skrifaði John Steinbeck rithöfundur eina sína frægustu bók, Þrúgur reiðinnar. Og þrúgur reiðinnar vaxa nú í brjóstum þess fólks sem er á flótta. Í hópum þeirra sem eru á flótta eftir þjóðvegi 66 á Íslandi í dag eru tveir hópar fólks. Annars vegar fólk, örfáir einstaklingar, með fullar hendur fjár sem selt hafa burtu lífsbjörgina frá heilu byggðarlögunum og síðan hinn mikli fjöldi sem verður að yfirgefa heimili sín, eignalaus, allslaus, hefur ekki einu sinni lengur réttinn til að leita sér bjargar því búið er að selja hann frá byggðunum. Hæstv. ríkisstjórn ber hér mikla sök því það er hún sem ber ábyrgð á þessu kerfi. Og það er algjörlega ástæðu- og ábyrgðarlaust að láta eins og hæstv. forsrh. talaði hér áðan að þetta væru bara eðlilegar afleiðingar af þeim tíma sem við lifum á. Flóttinn eftir þjóðvegi 66 í dag frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins er að verulegu leyti því að kenna að hæstv. ríkisstjórn lætur það líðast að stórfyrirtæki kaupi einyrkjana upp af jörðum sínum, þeim jörðum sjávarins sem fyrirrennarar þeirra hafa nýtt í gegnum mannsaldra og haldið hefur lífinu í landsbyggðinni.

[15:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál hérna upp. Segja má að athyglin sé aldrei of oft dregin að því ófremdarástandi sem ríkir í byggðamálum á Íslandi um þessar mundir. Í reynd er það svo að frá og með árinu 1993, í stjórnartíð ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl., hefur þetta ástand farið versnandi ár frá ári og er nú svo komið að tölurnar eru eins og málshefjandi vitnaði til að upp undir 2.000 eða jafnvel yfir 2.000 manns á þessu ári, ef svo heldur sem horfir, flytja árlega af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins umfram þá sem þangað flytja.

Ekki er hægt að koma miklu að á tveimur mínútum, herra forseti, og ég leyfi mér því að vísa til tillögu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um sérstakar aðgerðir í byggðamálum, en reyndar háttar svo til að umræður um hana standa einmitt yfir á Alþingi, en þeim var frestað í gærkveldi.

Um slíkar tölur að öðru leyti segi ég aftur þetta. Það er aðeins hægt að nota eitt orð um þetta, það er ófremdarástand. Það verður að gera allt sem hægt til að snúa því við. Enginn vafi er á því að leitun er að arðbærari fjárfestingu um þessar mundir fyrir íslenskt samfélag en að snúa þessu ástandi við. Herkostnaðurinn af þessu ástandi er þvílíkur fyrir allt þjóðarbúið og er farinn að brenna í æ ríkari mæli á því svæði sem tekur við fólksflutningunum. Til marks um það eru útreikningar sem sveitarfélögin hér hafa gert á því hvað þetta ástand kostar þau árlega og til marks um það er ályktun frá fundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem vitnað var til áðan. Enginn vafi er á því, herra forseti, að enn fremur þurfum við að hafa það í huga að við höfum mjög skamman tíma til stefnu. Einfaldur framreikningur á þeim tölum sem við okkur blasa sýnir að haldi svo sem horfir verður byggðahrun í mörgum byggðarlögum og jafnvel heilum landshlutum á Íslandi innan 15–25 ára. Það væri auðvitað stórslys, herra forseti, sem allir hljóta að vera sammála um að beri að gera allt sem hægt er til að koma í veg fyrir.

[15:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég er sammála þeirri skoðun að íbúaþróun á Íslandi síðasta áratuginn er eitt alvarlegasta vandamál sem stjórnmálamenn standa frammi fyrir og ligg ekki á þeirri skoðun minni eða míns flokks að um sé að ræða viðfangsefni þar sem menn eigi að beita sér af alefli á næstu árum. Ég held að sú þróun sem verið hefur sé skaðleg, ekki aðeins fyrir íbúa landsbyggðarinnar heldur líka kostnaðarsöm og erfið fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og það eru gagnkvæmir hagsmunir að breyta þeirri þróun. Það eru líka á henni skýringar sem erfitt var að ráða við fyrir fram. Við vitum að undirstöðuatvinnuvegir landsbyggðarinnar, bæði landbúnaður og sjávarútvegur, búa við annað umhverfi í dag en fyrir 15–20 árum. Það er talið nauðsynlegt að takmarka framleiðslu í báðum þessum atvinnugreinum og stjórna atvinnustarfsemi á mjög ákveðinn hátt. Það setur landsbyggðinni miklar skorður. Við vitum líka að þróunin hefur verið þannig að atvinna hefur skapast í þjónustugreinum og öðrum greinum sem hafa fyrst og fremst byggst upp á höfuðborgarsvæðinu. Slík þróun hefur verið landsbyggðinni óhagstæð og það er þarna sem menn eiga fyrst og fremst að beita sér til að snúa henni við. Við vitum eftir athuganir Byggðastofnunar á orsökum búferlaflutninga að við eigum fyrst og fremst að beita okkur á atvinnusviðinu. Í stjórnarsáttmálanum liggja fyrir viðamikil atriði sem lúta einmitt að þessu, m.a. því að samþætta atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera og setja meira fé í þá starfsemi þannig að menn nái meiri árangri, m.a. tæplega 1 milljarð kr. í eignarhaldsfélög á landsbyggðinni.

Nýlega var gjaldskrá Landssímans lækkuð til að auðvelda starfsemi atvinnufyrirtækja á fjarskiptasviði á landsbyggðinni. Það má líka minna á að nýlega var skipuð nefnd til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða, m.a. með það sérstaklega í huga að styrkja byggðir landsins.

[15:23]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Við Íslendingar eigum við vanda að etja vegna mikilla búsetubreytinga. Það dylst engum, það vita allir. Og reyndar einnig það að þetta er sameiginlegur vandi alls hins vestræna heims.

Byggðaáætlun hæstv. forsrh. sem Alþingi samþykkti á síðasta reglulega þingi er metnaðarfull áætlun og eftir henni er farið að vinna að nokkru leyti. Það ásamt góðu efnahagsástandi er vonandi þegar farið að skila árangri. Allir þurfa að vinna að þessu í sameiningu, enginn einn flokkur eða hópur er undanskilinn því að bera ábyrgð á þessu ástandi.

Ef út í það er farið þá hafa kratar haft hlutfallslega mest áhrif á landsstjórnina undanfarna áratugi og þeir geta síst firrt sig ábyrgð á því hvernig komið er í þessum málum. (**Gripið fram í:** Hver var byggðamálaráðherra í níu ár?) Þessi grátklökki æsingur hv. þm. Kristjáns L. Möllers áðan styrkir heldur ekki byggð í landinu. Við þurfum að hrinda byggðaáætluninni í framkvæmd meira og meira, vinna að því ásamt heimafólki á stöðunum, það er leiðin, en ekki að kenna öðrum um eða fría sig ábyrgð.

[15:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ríkisstjórn rekur eyðibyggðastefnu og árangur hennar er háskalegur. Hvað landbúnaðinn varðar trúir hæstv. ríkisstjórn enn á sauðkindina og íslenska kúastofninn og sér ekkert annað til ráða en óbreytta stefnu.

Aðrar búgreinar mega spjara sig án hjálpar. Allan stuðning við landbúnað þarf að taka til endurskoðunar með það fyrir augum að gera öllum greinum landbúnaðar jafnhátt undir höfði. Það ætlar hæstv. ríkisstjórn ekki að gera.

Í sjávarútvegsmálum hefur ríkisstjórnin alveg skýra stefnu sem er fólgin í því að taka lífsgrundvöll sjávarbyggðanna og færa hann atvinnurekendum í sjávarútvegi. Þeir mega kaupa og selja og afleiðingar af þeirri stefnu eru daglega í fréttum. Þeirri stefnu ætlar ríkisstjórnin ekki að breyta. Menn hafa valið sér búsetu í sjávarbyggðunum vegna þess að þær eru í nálægð fengsælla miða. Þeir sem halda að einhverjar aðrar atvinnugreinar geti í komið í stað þeirrar tilveruforsendu eru á hættulegum villigötum. Byggðarlög verða ekki til fyrir tilviljanir, fólk tekur sér bólfestu að yfirveguðu ráði.

Eitt fiskiþorp sem hefur verið rúið réttinum til að nýta nálæg mið verður ekki miðstöð annars konar atvinnustarfsemi nema að það hafi eitthvað fram yfir aðra staði á landinu og alveg sérstaklega fram yfir höfuðborgarsvæðið sem gerir staðinn eftirsóknarverðan til að reka viðkomandi starfsemi.

Vegna gagnrýni á afleiðingar eyðibyggðastefnunnar var settur á byggðakvóti, sem er að vísu vitnisburður um hryggilegar afleiðingar stefnunnar, en hefur þó einhverju bjargað í bili. Honum hefur nú öllum verið ráðstafað og engin bráðabirgðaúrræði eru því tiltæk ef upp koma alvarleg vandamál vegna sölu veiðiheimilda úr byggðarlagi. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra, ætlar hann að beita sér fyrir því að veiðiheimildir verði til ráðstöfunar í þessu skyni eða telur hann kannski að Byggðastofnun hafi leyst endanlega vandamál af þessu tagi með töfrabrögðum sínum á sl. sumri?

[15:27]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Að mínu mati er vandamál landsbyggðarinnar kannski fyrst og fremst það að ríkisstjórn og Alþingi hafa vanrækt að hafa yfirlit og vinna við stefnumótun í innanríkismálum. Ótrúlega lítill tími fer í að velta fyrir sér orsökum og afleiðingum t.d. þegar við erum að tala um fjárfestingar og það þarf enga sérfræðinga til að átta sig á því að með ákvarðanatöku um byggingu á stóriðju á suðvesturhorninu, kringum höfuðborgarsvæðið, ásamt stórfelldum fjárfestingum á sama tíma, er líklega orsökin á helmingi þeirra sem hugsa sér til hreyfings, kannski 1.000 manns. Þetta er allt saman mannanna verk (**Forsrh.:** Þess vegna viljum við byggja ...) og möguleikar landsbyggðarinnar eru virkilega bjartir ef við tökum á honum stóra okkar og gerum ráðstafanir sem duga. Það er vel hægt. Ég er bjartsýnn fyrir hönd landsbyggðarinnar.

Í þinginu er til umræðu þáltill. sem er í 12 liðum frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um sérstakar aðgerðir í byggðamálum og við trúum því staðfastlega að með því að hið opinbera afl ríkisins sé notað til að gefa tóninn þannig að trú manna aukist á uppbyggingu, félagslegri uppbyggingu fyrirtækja og einstaklinga, það sé það verkfæri sem á að nota. Staðreyndin er nefnilega sú að opinberar fjárfestingar á landsbyggðinni, t.d. síðustu fjögur árin hafa verið óverulegar. Tökum sem dæmi heimabæ minn, Akureyri, 30 milljónir í óskabarnið háskólann, 30 milljónir í sjúkrahúsið. Þetta er ekki neitt miðað við það sem suðvesturhornið fær. Þetta er okkar verk, það er okkar verk að taka þessi mál til umfjöllunar og það er okkar verk að gefa tóninn til lagfæringa. Og það stendur ekki á almenningi. Íslendingar eru duglegt fólk og ef þeir hafa trú á því að við ætlum að byggja landið allt, þá snúum við þróuninni við.

[15:29]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum sem hæstv. félmrh. gaf fyrr á þessum fundi var fólksflóttinn frá landsbyggðinni ekki fimm manns á dag heldur u.þ.b. átta manns á dag. Ef við gerum ráð fyrir að þetta sé fjölskyldufólk og að meðaltali fjórar manneskjur í fjölskyldu, þá eru það tvær fjölskyldur á dag sem flóttann reka.

Brugðið hefur verið á það ráð að setja nefnd t.d. fyrir síðustu kosningar sem hv. 1. þm. Vestf. veitti forstöðu þar sem fitjað var upp á ýmsu sem átti að snúa þessari þróun við. Þar voru gerðar tillögur um vegabætur, húshitunarkostnað, námskostnað, hljómlistarhús o.s.frv.

En í allri umræðunni fer stjórnarliðið í kringum það eins og köttur í kringum heitan graut að nefna höfuðástæðu til þessara stórþjóðflutninga, þ.e. framkvæmd fiskveiðilagastefnunnar. Það er hún sem er hin sanna landeyðingarstefna eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar.

Fyrir nokkrum árum stunduðu 70 trillur sjó frá Neskaupstað. Það voru u.þ.b. 100 fjölskyldur sem höfðu framfærslu af þeirri atvinnugrein og margur þeirra hafði það sem aðalatvinnugrein. Það munu hafa gjökt einar 10 trillur á því sumri sem nú er að líða. Í Húsavíkurhöfn var álíka fjöldi smábáta og mér er sagt að þeir hafi verið gerðir út þar fjórir samtals á þessu sumri. Þannig er þetta hvert sem augum er litið og eyru við lögð. Þetta má helst ekki nefna sem hér er orsökin að þeirri skelfilegu þróun sem við stöndum frammi fyrir og við höfum ekkert í höndunum annað en að stefnunni skuli haldið fram óbreyttri því ekki má trufla sægreifana í því að leggja undir sig auðlind Íslands.

[15:31]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn einu sinni hlýðum við á umræður um byggðavandann. Þær eru um margt keimlíkar því sem áður hefur verið rætt enda ekki furða, þetta er ekki nýr vandi, og það er ekki í fyrsta skipti sem við sjáum tölur sem valda ugg meðal þjóðarinnar.

Það sem er athyglisvert er það að nú virðist hafa orðið vendipunktur í umræðunni á höfuðborgarsvæðinu. Um síðustu helgi var samþykkt ályktun á fundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem kallað er á aðstoð frá ríkisvaldinu til þess að geta tekið við þeim mikla fjölda sem streymir því miður hingað suður. Það er hins vegar, herra forseti, enginn skortur á tillögum og það er með ólíkindum að hæstv. forsrh. skuli koma enn einu sinni og tala um að leita þurfi nýrra leiða, það þurfi að rannsaka, það þurfi að skoða og það þurfi að velta upp vegna þess að þetta hefur verið gert áður. Allt síðasta kjörtímabil þurfti ríkisstjórnin að rannsaka og leita leiða og rétt fyrir lok kjörtímabilsins komu tillögur, bæði samþykkt þáltill. og síðan sérstök tillaga frá nefnd forsrh. um byggðamál. Þessar tillögur liggja allar fyrir og það verður að segjast eins og er að það hlýtur að vera lágmarkskrafa, þegar fyrst kemur fram fjárlagafrv. frá nýrri ríkisstjórn, sem er að hefja nýtt kjörtímabil þar sem þessar tillögur liggja fyrir, að þess sjáist einhver merki að einhver meining hafi verið með gerð þessara tillagna. Því er tekið fagnandi þegar hæstv. forsrh. lofar að tillögurnar muni koma fram í þingsölum áður en fjárlögum verður lokið. Með því verður fylgst, hæstv. forsrh., og við segjum nú þegar hæstv. forsrh. hefur sitt þriðja kjörtímabil, ekki meir, ekki meir í þessum efnum.

[15:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á því alvarlega máli sem er sameiginlegur þjóðarvandi. Það skiptir hins vegar mjög miklu máli á hvern hátt við ræðum um þennan þjóðarvanda. Við þurfum að ræða þetta fordómalaust og við þurfum að ræða þetta vandamál hleypidómalaust.

Í morgun var fjárln. á fundi með borgarstjórn Reykjavíkur, borgarstjóra og borgarstjórn Reykjavíkur, og þar kvað í raun og veru við nýjan tón. Borgarstjórn Reykjavíkur deilir þessum áhyggjum með okkur landsbyggðarþingmönnum. Þetta er ekkert endilega jákvætt fyrir Reykjavíkurborg. En við verðum líka muna eftir því, hv. þm., að þegar við ræðum þessi mál þurfum við líka að draga fram að það er ýmislegt býsna jákvætt við það að búa úti á landsbyggðinni. Þegar við tölum á þessum neikvæðu nótum drögum við lífskraftinn hvert úr öðru. Við vitum það sem búum úti á landi að um margt er einfaldara að búa úti á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Það er einfaldara að ala upp börn, þar eru styttri vegalengdir, það er meira og betra fjölskyldulíf, m.a. vegna þess að fólk kemst heim til sín í hádeginu o.s.frv. Við gleymum oft að draga jákvæðu hlutina fram.

Ég hjó líka eftir því að hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði mjög lítið úr landbúnaði og landbúnaðarstefnu sem heldur lífinu í mörgum þéttbýliskjörnum vítt og breitt um landið, t.d. á Suðurlandi þaðan sem ég kem. Ein af þeirri skattheimtu sem er mjög óréttlát eru auðvitað fasteignagjöldin. Ég deili þeim áhyggjum með hv. þm. Kristjáni L. Möller. Á nákvæmlega sama hátt er hærri útsvarsprósenta vítt og breitt úti um landsbyggðina en gerist og gengur hér á höfuðborgarsvæðinu. Þarna eru atriði sem við getum rétt af. Þössum okkur á því að draga ekki lífskraftinn hvert úr öðru. Málflutningur eins og hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller leysir ekki byggðavandann.

[15:35]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær stuttu umræður sem hér hafa verið. Eftirtektarvert er að aðeins þrír stjórnarþingmenn hafa séð ástæðu til þess að koma upp og ræða þessi mál. Ég vil bara segja það að ég mun halda áfram að reyna að vekja hv. þm. af þyrnirósarsvefni. Ég sakna að vísu ráðherra úr þingliði Framsóknarflokksins, formaðurinn er sennilega í útlöndum og það er táknrænt dæmi um landsbyggðarstefnu þeirra.

Ég segi bara rétt í lokin við hæstv. forsrh. Ég lít á það sem loforð hæstv. ráðherra um húshitun og jöfnun námskostnaðar — það eru 250 millj. sem vantar á næsta fjárlagafrv. í húshitunina og 75 millj. í námskostnaðinn, 325 millj. Og ef marka má orð hæstv. ráðherra nú sem ég ætla ekki að draga í efa, þá hafa þessar 30 mín. skilað góðu og miklu.

Ég vil svo aðeins rétt í lokin fjalla um það og ítreka að það er eins og við manninn mælt að þegar rætt er um þennan vanda stekkur hv. þm. Hjálmar Jónsson upp og vill helst hengja íþróttakennara fyrir prest.

Lokaorð mín til sofandi stjórnarþingmanna féllu úr munni frelsarans og eiga vel við í umræðu um málefni landsbyggðarinnar, sérstaklega þegar höfð eru í huga orð hv. þm. Hjálmars Jónssonar sem segir að þetta sé grátklökkur æsingur landsbyggðarfólks. Landsbyggðarmaðurinn Hjálmar Jónsson, þetta eru slæm orð. Það sama vil ég segja við hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason.

Lokaorð mín eru þessi: „Með heyrninni munuð þér heyra og alls ekki skilja og sjáandi munuð þér sjá og alls ekki skynja því að hjarta lífs þessa er sljótt orðið og á eyrunum eru þeir orðnir daufir og augunum sínum hafa þeir lokað til þess að þeir sæju eigi með augunum og heyrðu með eyrunum.“

[15:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég varð ekki var við það hjá hv. málshefjanda að það kæmi nokkur ný hugmynd eða nokkur ný tillaga frá honum í allri umræðunni, jafnvel þó hann leitaði aftur í hæstu hæðir sjálfum sér til stuðnings og hjálpar og var ekkert á móti því. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, hv. þm., að byggðaáætlun var samþykkt og hún er komin í verk og hennar mun sjá stað. Megininntak þeirrar byggðaáætlunar er að snúa vörn í sókn með því að færa framtak, frumkvæði og fjármagn út á land til heimamanna sjálfra. Ég hef fulla trú á því að þessi áætlun skili sér og með henni sé stigið skref til að snúa byggðaþróun í landinu við. Fullur vilji er til þess, það var gott samkomulag um þessa áætlun og með því að vinna hana og fylgja henni eftir erum við að vinna langtímastörf, ekki skammtímastörf. Ég held að við ættum að strengja þess heit, hér og nú, eins og við gerðum þegar þessi áætlun var í undirbúningi að fylgja henni fram hleypidómalaust, æsingalaust og af fullri festu og eindrægni. Þá munum við sjá árangur.

Um fundarstjórn.

Umræða um byggðamál.

[15:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er vel við hæfi að ræða byggðamál á Alþingi, slík er alvara þess máls og ég tel að við ættum að gera það sem oftast. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að umræða um byggðamál fór fram í gær. Það er þingmál í umræðunni sem var til umræðu á síðasta þingfundi.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti fær ekki séð að þessi ræða fjalli um fundarstjórn forseta.)

Herra forseti. Utandagskrárumræða er nauðsynleg þegar málið er það brýnt að ekki er unnt að koma því á dagskrá. En málið var á dagskrá og er hægt að setja það á dagskrá hvenær sem er því að umræðunni lauk ekki í gær heldur var frestað. Mér finnst þeirri umræðu um byggðamál, sem fram fór í gær og mun halda áfram, lítill sómi sýndur með því að fleyga hana með utandagskrárumræðu þar sem að ræðutími er mjög knappur og síðan fá þingmenn ákúrur fyrir það að taka ekki til máls þegar þeir komast ekki að vegna forms umræðunnar sem er auðveldlega hægt að gera í þeirri umræðu um byggðamál sem yfir stendur í þinginu.

[15:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil bara segja það að ég hef fullan skilning á því að talsmaður Framsfl. í þinginu kveini undan því að þurfa að ræða byggðamál. Ég hef fullan skilning á því að honum líði illa yfir því.

Umræður utan dagskrár.

Meðferð á máli kúrdísks flóttamanns.

[15:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í byrjun þessa mánaðar kom hingað til lands maður að nafni Marewan Mustafa Ali, sem kveðst vera Kúrdi, og óskaði eftir því við íslensk yfirvöld að hann fengi réttarstöðu flóttamanns og sótti um hæli sem slíkur. Að sögn var hann að flýja ofsóknir og hótanir í Kúrdistan þar sem hann telur sig hafa ástæðu til að óttast um líf sitt. Hann hefur gefið það út í skýrslutöku hjá lögreglu að hann telji að hann muni ekki lifa það af neyðist hann til þess að snúa aftur til heimalands síns, Íraks. Við komuna til landsins gaf hann sig fram hjá Amnesty sem kom honum í samband við Rauða krossinn. Rauði kross Íslands útvegaði honum gistingu á gistiheimili í samræmi við viðtekna venju og nýgerðan samning Rauða krossins við dómsmrn. Rauði krossinn hafði samband við útlendingaeftirlitið sem gerði grein fyrir því að lögreglan óskaði eftir því að taka skýrslu af manninum. Allt er þetta venju samkvæmt enda viðtekinn vani að sá sem óski hælis sem flóttamaður dveljist í umsjá Rauða krossins óháð því hvort þeir hafi haft meðferðis skilríki eður ei.

Í stað þess að Marewan Mustafa Ali yrði áfram í umsjá Rauða krossins var hann handtekinn og settur í fangageymslu. Daginn eftir var hann yfirheyrður og bókaður grunaður, án þess að honum væri gerð grein fyrir því hvaða refsiverða verknað hann væri sakaður um. Í kjölfarið var krafist gæsluvarðhalds þar sem byggt var á því að ekki væri hægt að tryggja návist hans á annan hátt. En að gefnu tilefni, virðulegi forseti, er rétt að taka fram að maðurinn, sem er skilríkjalaus og allslaus, svaraði aðspurður fyrir dómi hvort hann myndi flýja yrði hann settur í gæslu með þessum orðum: „Hvert ætti ég að fara?"

Héraðsdómur féllst síðan á kröfu lögreglunnar um gæslu á miðvikudaginn með eftirfarandi rökum: „Fyrir dóminum hafði maðurinn gefið óljós svör hvernig hann hafi komist til landsins og hvaðan, svo og hvað hann ætlist fyrir. Hann kveðst hafa eyðilagt vegabréf sitt og farseðil við komuna til landsins. Hann er peningalaus og hefur engan ákveðinn stað til að dveljast á."

Í framhaldi af úrskurði Héraðsdóms var maðurinn vistaður meðal dæmdra sakamanna á Litla-Hrauni þrátt fyrir að slík vistun sé í hróplegu ósamræmi við reglur þær sem flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur gefið út á grundvelli alþjóðasamnings sem Ísland hefur fullgilt um réttarstöðu flóttamanna. Haldi yfirvöld því fram að önnur vistun sé ekki tæk þá eru íslensk yfirvöld að lýsa því yfir að þau séu ófær um að útvega mannúðlega gæsluvist í tilvikum sem þessum.

Mér virðist því sem íslensk yfirvöld hafi þverbrotið viðurkenndar reglur um mannréttindi og meðferð flóttamanna. Meðferðin sem þessi maður fékk hjá yfirvöldum bendir til þess að hann hafi frá upphafi verið meðhöndlaður sem glæpamaður þrátt fyrir að honum hafi aldrei verið tilkynnt um að grunur léki á því að hann hafi framið refsiverðan verknað. Þessi málsmeðferð er ámælisverð og í andstöðu við þá grundvallarreglu að enginn teljist sekur fyrr en sekt hans hafi verið sönnuð.

Í þessu máli var horfið frá hefðbundnum starfsvenjum í málum af þessum toga. Hverju það sætir geri ég mér ekki grein fyrir en á svipuðum tíma var að hefjast lokuð ráðstefna útvalinna kvenna um konur og lýðræði.

Það eru ekki viðhlítandi rök fyrir vistun í fangageymslum eða gæsluvarðhaldi að flóttamaður, sem leitar hér hælis, geti ekki sýnt fram á hver hann er. Það er viðtekin venja íslenskra yfirvalda að senda einstaklinga sem hingað koma án skilríkja aftur til þess lands sem þeir komu komu frá. Það er því eðlilegt að hann vilji ekki upplýsa um hvaðan hann kom því vitað er að þangað kom hann frá Tyrklandi.

Þá er einnig vitað að þrátt fyrir að ríki eins og Írak, Íran, Tyrkland og Sýrland liggi að öllu jöfnu ekki í faðmlögum þá skiptast þau á upplýsingum um Kúrda. Því getur því vart verið fýsilegt fyrir viðkomandi að vera sendur þangað.

Virðulegi forseti. Ég þekki ekki sögu þessa manns og veit því ekki frekar en aðrir hvort saga hans er sönn eður ei. Hitt veit ég að ef við ætlum að halda hér uppi réttarríki þá getum við ekki sætt okkur við svona vinnubrögð af hálfu stjórnvalda. Við verðum að virða þær meginreglur sem við höfum undirgengist í samfélagi þjóðanna og taka á okkur þær skyldur sem á okkar herðar eru lagðar að því er varðar vernd einstaklinga og mannréttindi.

Sem betur fer, virðulegi forseti, var hægt að vísa þessum gæsluvarðhaldsúrskurði til Hæstaréttar sem á mánudaginn kvað upp úr um að ekki væri lengur þörf á að hafa manninn í gæslu og var honum því sleppt.

Virðulegi forseti. Við Íslendingar getum ekki leyft okkur þann munað að mæra í skálarræðum mannréttindi og lýðræði en haga okkur síðan á þennan hátt. Mér er sagt að ástæðan fyrir því að maðurinn hafi komið hingað í upphafi hafi verið það orðspor sem af landinu fer í lýðræðis- og mannréttindamálum. Mér er jafnframt sagt að í dag sé hann þungt hugsi yfir ákvörðun sinni. Við höfum orðspor að verja.

Virðulegi forseti. Ég beini því til hæstv. dómsmrh. að hún geri þingheimi grein fyrir því hvernig stóð á að þetta mál var unnið á þann veg sem raun ber vitni og hvort sérstakar ástæður liggi að baki málsmeðferðinni. Enn fremur beini ég því til hæstv. dómsmrh. að rannsókn á máli flóttamannsins sem nú er fram undan beinist fyrst og fremst að því að kanna hvort hann sé sá sem hann segist vera en lúti ekki að því að upplýsa hvaðan hann kom eða hvernig. Slík málsmeðferð yrði yfirvöldum til sóma í því máli sem þau hafa nú komið sér í.

[15:47]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég furða mig nokkuð á því að málið sem hér er á dagskrá skuli bera að sem utandagskrárumræðu. Nær hefði verið að óska eftir skriflegu svari við fyrirspurn um það. Málið hefur ekki verið á borðum dóms- og kirkjumrn. en samkvæmt gögnum sem ég hef aflað mér fæ ég ekki annað séð en rétt hafi verið staðið að málum eins og ég skal stuttlega rekja.

Málið rak á fjörur lögreglu þriðjudagskvöldið 5. október er hún frétti af þessum manni á gistiheimili hér í borg. Þangað var hann kominn fyrir milligöngu Rauða kross Íslands. Þar gat hann ekki framvísað neinum persónuskilríkjum. Lögreglan átti í fyrstu í miklum erfiðleikum með að ná sambandi við manninn sökum tungumálaerfiðleika en gat þó gert honum skiljanlega beiðni um að hann skrifaði nafn sitt, fæðingardag og heimaland. Gaf hann upp nafn sitt og fæðingardag og kvaðst vera frá Íran. Það reyndist síðan rangt, hann er frá Írak. Hann var skilríkjalaus að öðru leyti en því að í fórum hans fannst skírteini merkt Kurdistan United Artist Union með mynd af manninum. Lögreglumennirnir fengu hann svo til að fylgja sér á lögreglustöðina í Reykjavík þar

sem lögfræðingi lögreglustjóraembættisins var kynnt málið. Jafnframt var fenginn lögmaður manninum til réttargæslu.

Við nánari eftirgrennslan lögreglu kom í ljós að maðurinn hafði leitað til Rauða krossins daginn áður en þangað hafði hann komið frá skrifstofu Amnesty-samtakanna hér í borg. Hjá Amnesty höfðu menn gripið til þess ráðs að hringja í aðalskrifstofu samtakanna í London og fá þar aðila sem talar kúrdísku til að ræða við manninn. Var þá upplýst að maðurinn óskaði eftir að leita hælis á Íslandi sem pólitískur flóttamaður. Þaðan hafði honum verið vísað til Rauða krossins.

Lögreglan hafði eftir þetta samband við Miðstöð nýbúa og óskaði þar aðstoðar við að fá túlk er talaði kúrdísku. Slíkri aðstoð var lofað en maðurinn var geymdur í fangageymslu lögreglunnar til næsta dags. Þá hófst á ný skýrslutaka af manninum og nú með aðstoð túlks.

Hér er ekki tími til að rekja allan framburð mannsins en í stuttu máli er hann á þann veg að hann fór frá Írak 1. septebmer sl. í hópi sex til sjö annarra einstaklinga. Fóru þeir yfir landamærin til Írans og síðan komust þeir til Istanbúl í Tyrklandi tíu dögum síðar. Kúrdi nokkur hafði um þetta milligöngu og fékk fyrir það 1.000 Bandaríkjadali í greiðslu. Fyrir 8.000 Bandaríkjadali til viðbótar tók svo nefndur Kúrdi að sér að koma manninum til einhvers lands fjarri Tyrklandi.

Eftir nokkra dvöl í Istanbúl fóru þeir svo saman með flugvél frá Istanbúl og segist maðurinn ekki vita með hvaða flugfélagi það var eða hver var fyrsti áfangastaður. Þar hafi hann beðið í eina klukkustund og síðan hafi hjálparmaðurinn bent sér á biðröð sem hann ætti að fara í og jafnframt lagt áherslu á að þegar hann væri kominn út úr flugstöðinni á næsta flugvelli yrði hann að eyðileggja farseðla, vegabréf og allt sem tengdist ferðalaginu. Hann segist svo hafa komið til Keflavíkurflugvallar í myrkri, farið í gegnum vegabréfaskoðun, skipt 100 dollara seðli við útganginn og síðan farið með rútu til Reykjavíkur. Hann segir konu sem hann hitti í flugvélinni hafa boðið sér að dvelja á heimili sínu. Þar dvaldist hann í fjóra daga en kvaðst ekki vita hver konan var eða hvar hann dvaldist. Konan hafi síðan ekið sér á skrifstofu Amnesty í Reykjavík þar sem hann hafi beðið um aðstoð við að sækja um hæli sem pólitískur flóttamaður.

Þetta er í stuttu máli saga mannsins. Um sannleiksgildi hennar er væntanlega erfitt að dæma en þetta er ekki eina dæmið þar sem við sögu koma milliliðir er taka háar fjárhæðir fyrir ómak sitt. Ólöglegir flutningar fólks frá örbirgðarsvæðum jarðar til þróaðri ríkja er stór atvinnuvegur sem veltir miklum fjárhæðum. Það er vel þekkt aðferð að láta fólkið eyðileggja öll skilríki við komu á endanlegan áfangastað og að fá það til að þegja yfir ferðaleiðinni. Það torveldar yfirvöldum í móttökuríkinu að senda það til baka, ef til kæmi, og sannreyna framburð sem gefinn er við komuna. Í þessu tilviki liggur einmitt fyrir játning mannsins um að hann hafi vísvitandi eytt öllum ferðaskilríkjum samkvæmt fyrirmælum þess sem skipulagði ferð hans til Íslands.

Lögregluyfirvöld eiga enn eftir að rannsaka ýmislegt í þessu máli og vinna þar eftir fyrirframgerðri rannsóknaráætlun. Á meðan vildu þau tryggja návist mannsins og gripu til þess ráðs sem um getur í 15. gr. laganna um eftirlit með útlendingum frá 1965, þ.e. gæsluvarðhalds með þeim tilslökunum sem leiðir af eðli máls.

Mér er ókunnugt um að á þetta hafi áður reynt en héraðsdómur féllst á rök lögreglunnar og úrskurðaði manninn í slíka gæslu. Réttargæslumaður mannsins kærði þann úrskurð til Hæstaréttar. Hæstiréttur féllst ekki á niðurstöðu héraðsdóms og felldi gæsluvistarúrskurðinn úr gildi. Þannig er unnið í réttarríki og ég sé ekkert athugavert við þau vinnubrögð lögreglunnar sem hér hefur verið lýst. Að sjálfsögðu á Hæstiréttur síðasta orðið um túlkun á 15. gr. og niðurstaða hans tekur vafalaust mið af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins.

Eftir stendur að það er ekki sjálfgefið að menn fái hæli hér á landi sem pólitískir flóttamenn þótt þeir hafi komið hingað með ærnum kostnaði og fyrirhöfn. Fyrst verður að sannreyna framburð einstaklinga í hverju tilviki, leggja mat á aðstæður og bera þær saman við þann rétt sem íslensk lög veita flóttamönnum.

[15:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og lýsi jafnframt yfir miklum vonbrigðum með tilsvör hæstv. dómsmrh. Ætla mætti af frásögn hennar að hér sé verið að fást við sakamann. Þessi pólitíski flóttamaður, að eigin sögn, hefur því í engu verið látinn njóta vafans. Því árétta ég eftirfarandi spurningar:

1. Hvert var tilefni handtökunnar? Hvert var meint afbrot? Hver voru meint viðurlög?

2. Hversu margir hælisleitendur hafa fengið hér atvinnu- og dvalarleyfi á yfirstandandi ári og síðustu árum? Hversu mörgum pólitískum flóttamönnum sem hingað hafa sótt hefur verið snúið við í Leifsstöð?

Mér heyrist af viðbrögðunum og hinni stuttu ræðu hæstv. dómsmrh. að ætla mætti að Ísland væri býsna lokað þegar kemur að móttöku pólitískra flóttamanna og hælisleitenda. Ég lýsi yfir áhyggjum mínum með að við Íslendingar sem á hátíðarstundum og í alþjóðasamstarfi látum drjúgt með að við viljum bæta hag fólks sem á um sárt að binda, sem sætir kúgunum vegna skoðana sinna, litarháttar eða félagslegrar stöðu, bregðumst svona við þegar í harðbakkann slær.

Hugsum okkur kringumstæðurnar. Þessi maður leitar fyrst á náðir Amnesty International sem berst fyrir rétti fólks um víða veröld til þess að njóta sannmælis og er þaðan vísað til Rauða krossins sem um heim allan vinnur að mannúðarstörfum. Í kjölfarið kemur lögreglan og stingur honum í steininn. Þessi maður hefur vafalaust upplifað það í heimalandi sínu að það væru fyrstu aðgerðir yfirvalda, að stinga mönnum í steininn séu þeir ekki til friðs. Hann átti sennilega ekki von á því að á Íslandi yrðu það einnig fyrstu viðbrögðin.

Herra forseti. Hér er full ástæða til þess að fylgja málinu fast eftir og gaumgæfa hvers konar verklag og vinnubrögð eru viðhöfð í málum af þessum toga. Ég þakka því þessa umræðu.

[15:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Útlendingur leitar hælis hér á landi og er meðhöndlaður eins og ótíndur glæpamaður. Það skiptir engu máli, hæstv. dómsmrh., hvernig það bar að að maðurinn kom hingað. Í sjálfu sér varðar okkur ekki um það. Það sem skiptir máli er hvað gerist þegar þessi maður kemur til Íslands. Og hvað gerist? Það er beðið um gæsluvarðhald yfir manni sem leitar hér pólitísks hælis. Það gerðist og um það snýst þetta mál, hæstv. ráðherra.

Hvernig stendur á því að mannréttindi þessa einstaklings sem hér um ræðir voru þverbrotin eins og málshefjandi hefur greint frá? Er það svo að Útlendingaeftirlitið hafi tekið upp ný vinnubrögð um móttöku þeirra sem hér leita hælis af pólitískum ástæðum? Ef svo er, væri þá ekki rétt að hæstv.

dómsmrh. greindi frá því í hverju hinar nýju reglur eru fólgnar?

Sl. haust var undirritaður samningur milli dómsmrn. og Rauða kross Íslands um samstarf við móttöku fólks sem leitar hér hælis. Sá samningur byggir á langri hefð og mikilli reynslu Rauða krossins við að aðstoða flóttamenn. Er hið nýja verklag Útlendingaeftirlitsins í samræmi við gildandi samning og hefur það verið kynnt fyrir Rauða krossi Íslands?

Að lokum, herra forseti, er það auðvitað með hreinum ólíkindum að gengið skuli út frá því sem vísu að þeir sem hér leita hælis hafi eitthvað óhreint í pokahorninu og séu því best geymdir á bak við lás og slá. Stjórnmálamenn sem á tyllidögum guma af ást sinni á lýðræði og réttlæti geta ekki verið þekktir fyrir að líða mannréttindabrot sem þetta.

[15:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson vakti hér máls á háalvarlegu máli. Ríkisstjórninni hefur gengið seint og illa að móta heildarstefnu í málefnum flóttamanna. Nú er ljóst að einstaklingur sem leitar hér hælis nýtur ekki þeirrar réttarverndar sem flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað borið fram fyrirspurnir um mál flóttamanna og rekið á eftir endurskoðun laga um eftirlit með útlendingum og því að heildarstefna verði mörkuð í málefnum flóttamanna.

Við höfum spurt hvort tryggt verði að allir sem leita hér hælis fái túlk, ráðgjöf og réttaraðstoð, og hvort bann við brottvísun og endursendingu flóttamanna verði tryggt samkvæmt flóttamannasamningnum. En við létum okkur ekki detta í hug að spyrja hvort flóttamanni yrði stungið inn ef hann leitaði hér hælis. Það vekur furðu mína, herra forseti, að dómsmrh. segi rétt staðið að málum þegar einstaklingur sem hér leitar hælis er settur í fangelsi.

Á árunum 1990–1996 báðu 30 manns um hæli á Íslandi. Enginn þeirra fékk hæli en 10 þó dvalarleyfi af öðrum ástæðum. Öllum hinum var snúið aftur til þess lands sem þeir komu frá.

Orðin mannréttindi og lýðræði lýsa mikilvægustu þáttum mannlegs samfélags. Í þeim felst líka að vera með skýrar og réttlátar reglur um meðferð þeirra sem leita hér griðlands, reglur sem falla að alþjóðasamningum sem við höfum undirritað. Minnumst þess að tölur um flóttamenn í heiminum eru ógnvænlegar og að aðalástæða þess, gleymum því ekki, að fólk tekur sig upp og flýr heimaland sitt eru mannréttindabrot.

[15:59]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég verð líkt og fleiri sem hér hafa komið upp að lýsa gríðarlegum vonbrigðum yfir málflutningi hæstv. dómsmrh. Af málflutningi hennar að dæma er vart hægt að ímynda sér annað en hún geri sér ekki grein fyrir því um hvað málið snýst. Þetta mál snýst ekki um hvernig þessi viðkomandi einstaklingur kom til landsins. Það snýst fyrst og fremst um það hvernig íslensk yfirvöld meðhöndluðu hann. Hann er tekinn, settur í fangageymslu og úrskurðaður í gæsluvarðhald án þess að vera sakaður um nokkuð annað en að geta ekki gert nægilega grein fyrir sjálfum sér. Það, virðulegi forseti, telst ekki vera refsiverður verknaður, langt í frá.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, telst það samkvæmt þjóðréttarreglum ekki refsiverður verknaður að koma ólöglega til lands hafi menn ástæðu til að ætla að lífi þeirra sé ógnað í heimalandi þeirra.

Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti. En að hæstv. dómsmrh. yfir Íslandi skuli koma hér og lýsa því yfir, virðulegi forseti, að mannréttindamál sem upp koma eigi ekki erindi í umræðu á Alþingi. Virðulegi forseti, ég hef miklar áhyggjur af hæstv. dómsmrh. og skyldi einhvern undra? Við tökum hér upp mál sökum þess að maður sem hingað kemur sem flóttamaður er settur í fangelsi án þess að vera sakaður um neitt en hæstv. dómsmrh. kemur hér upp og spyr: Hvaða erindi á þetta mál til umræðu hér í Alþingi?

Virðulegi forseti. Ég held að hæstv. dómsmrh. ætti að byrja á því að biðjast afsökunar á þessum ummælum. Þau kalla á að hún geri það.

Virðulegi forseti. Ég ítreka þær einföldu spurningar sem ég lagði fram. Ég óska eftir því að þeim verði svarað: Hverju sætti sú meðferð sem yfirvöld sýndu þessum manni? Um hvað var hann sakaður? Það hefur ekki komið fram enn, virðulegi forseti. Liggi það ekki fyrir er augljóst að stjórnvöld hafa þverbrotið mannréttindi.

[16:02]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil ítreka að hér er ekki um einfalt mál að ræða þar sem spurningin snýst um hvort einstaklingur eigi rétt á hæli hér á landi sem pólitískur flóttamaður. Um er að ræða rannsókn á skipulögðum, ólöglegum flutningi einstaklings frá Tyrklandi til Íslands þar sem öllum brögðum var beitt og þau verður að rannsaka til hlítar. (**GÁS:** Er þetta afbrotarannsókn?) Á þessi sjónarmið féllst héraðsdómur.

Það er ekki sjálfgefið að Ísland verði móttökuland fyrir þá glæpahringi sem taka að sér að smygla fólki frá vanþróuðum ríkjum til hinna þróaðri og það er sérstakt athugunarefni lögreglunnar hvort slíkir hringir hafi e.t.v. komið sér upp samverkafólki hér á landi. (**LB:** Var litið á ... frá upphafi?)

Ég vil að lokum minnast á það að lögin um eftirlit með útlendingum eru komin til ára sinna og skortir skýrar verklagsreglur um margt. Því hefur verið unnið að endurskoðun þeirra og var frv. til nýrra laga lagt fram á hinu háa Alþingi til kynningar á sl. vori. (Gripið fram í.) Ég stefni að því að það frv. endurskoðað verði lagt fram á þessu þingi.

Ég vil einnig nefna, eins og hér hefur komið fram, að ég hef nýlega gengið frá samningi við Rauða kross Íslands um að Rauði krossin sjái tímabundið um umönnun fólks sem hingað leitar með beiðni um hæli sem pólitískir flóttamenn og gildir það meðan beðið er úrskurðar um þá beiðni.

Herra forseti. Að lokum þetta. Ég fullyrði að Íslendingar hafa staðið vel að verki við móttöku pólitískra flóttamanna og gæta réttarstöðu þeirra í samræmi við nútímamannréttindi. (**GÁS:** Þeir eru settir í steininn.)

Út af dagskrá voru tekin 2. og 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:04.

9. FUNDUR

fimmtudaginn 14. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 68. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttindi sjúklinga, frv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1997.
4. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1998.
5. Vitamál, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 1. umr.
7. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
8. Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
9. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
10. Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
11. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Barnabætur, 86. mál, fsp. JóhS, þskj. 86.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Um klukkan 13.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um verslun með manneskjur. Málshefjandi er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir en hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framlagning frv. til lokafjárlaga.

[10:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil í upphafi þessa fundar leyfa mér að koma eftirfarandi á framfæri sem varðar störf þingsins og lögmælt samskipti fjmrn. og Alþingis.

Samkvæmt 7. gr. laga um fjárreiður ríkisins skal fjmrh. leggja endurskoðaðan ríkisreikning næstliðins reikningsárs fyrir Alþingi eigi síðar en tveimur vikum eftir að þing kemur saman. Með bréfi til forseta Alþingis hinn 12. ágúst sl. lagði ég fram endurskoðaðan ríkisreikning fyrir árið 1998 og kynnti hann jafnframt opinberlega. Samkvæmt 45. gr. tilvitnaðra laga skal fylgja ríkisreikningi frv. til lokafjárlaga honum til staðfestingar.

Í kjölfar umfangsmikilla kerfisbreytinga vegna nýrra fjárreiðulaga hefur orðið töf á lokafrágangi við sundurliðanir á fjármálum einstakra ríkisstofnana. Framsetningu á fjármálum stofnana hefur verið breytt. Fjöldi nýrra verkefna og sjóða koma nú fram í ríkisreikningi auk breyttrar framsetningar á rekstrartekjum. Því miður hefur ekki tekist að ljúka allri þessari vinnu þar sem nú er í fyrsta sinn unnið eftir nýjum reglum. Af þessu leiðir að framlagning frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1998 tefst óhjákvæmilega að þessu sinni en stefnt er að því að leggja frv. fram fyrri hluta næsta mánaðar.

Hér er um vissa byrjunarörðugleika að ræða, herra forseti, m.a. vegna ýmissa álitamála sem upp hafa komið og taka þarf afstöðu til. Þess er hins vegar að vænta að frv. til lokafjárlaga muni framvegis koma fram innan téðs tímafrests.

Þetta vildi ég gera heyrinkunnugt hér á Alþingi enda þótt þetta sé málefni sem brennur kannski ekki á fjölda þingmanna.

[10:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma hér undir liðnum um störf þingsins og greina þinginu frá þeirri töf sem verður á staðfestingarfrv. til lokafjárlaga. Það er ekki hægt að ræða hvaða áhrif það hefur eða hvort við viljum koma með athugasemdir eða innlegg vegna þessa. Ég held að það væri mjög mikilvægt að við þingflokksformenn gætum á fundi forseta farið aðeins yfir það hvernig þetta hefur verið áður og hvort þetta hafi einhver áhrif á fjárlagavinnuna. Um það get ég ekki sagt á þessu stigi málsins en mér finnst eðlilegt í kjölfar þessa að fjmrh. komi með þessa tilkynningu, að málið verði sett á dagskrá á fundi forseta með þingflokksformönnum.

Það hefur auðvitað oft gerst, herra forseti, að þingmenn eða þingflokksformenn hafi kallað eftir því ef ekki hefur verið búið að leggja fram mál lögum samkvæmt. Þess vegna finnst mér það skipta mjög miklu máli að fjmrh. skuli fara þessa nýju leið, að um leið og hann sér að hann muni ekki ná því á réttum tíma að leggja fram frv. til lokafjárlaga, greini hann þinginu frá því að það sé vegna byrjunarörðugleika, vegna þessara skipulagsbreytinga. Við þingmenn viljum auðvitað ljá öllu því lið er lýtur að samskiptum og góðum vinnubrögðum. Ég lýsi því þess vegna hér að ég mun skoða þetta með mjög jákvæðum huga og taka fyrir í þingflokki mínum. Mér finnst þetta góð vinnubrögð hjá fjmrh. en vil gjarnan að forseti setji þetta á dagskrá fundar með þingflokksformönnum.

[10:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, þingflokksformanni Samfylkingar, og lýsa því yfir að ég tel þetta góð vinnubrögð af hálfu hæstv. fjmrh., að gera þinginu grein fyrir fyrirsjáanlegri töf á framlagningu frv. Ég styð eindregið að þetta mál verði tekið til umfjöllunar á fundi hæstv. forseta með þingflokksformönnum.

[10:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka þingflokksformönnunum tveimur sem hér hafa tekið til máls fyrir viðbrögð þeirra við tilkynningu minni. Ég tel eðlilegt að greina þinginu frá því þegar aðstæður eru eins og þær eru núna. Ég hygg reyndar að allir þeir sem sátu á Alþingi þegar ný lög um fjárreiður ríkisins voru afgreidd geri sér fulla grein fyrir því að þar er mikið af nýjungum sem koma þarf í rétt horf í fyrsta skipti sem þær eru afgreiddar. Það er mjög mikilvægt að ganga þannig frá öllum þessum málumn að þar skapist góð fordæmi til framtíðar. Við erum einmitt að vinna að því og auðvitað er margt af því þegar komið fram eins og við sjáum á breyttri uppsetningu fjárlagafrv. og mörgu öðru. Þess vegna þarf að vanda þessa vinnu mjög vel og starfsmenn Ríkisbókhalds og ráðuneytisins eru önnum kafnir við það.

Varðandi spurninguna um hvort þetta muni hafa áhrif í þinginu á þessu hausti, þá tel ég að svo muni ekki verða. Það er ekki um það að ræða að hér vanti neinar upplýsingar. Ríkisreikningurinn sjálfur barst á borð allra þingmanna í ágúst sl. Þar eru allar niðurstöðurnar en það þarf að ganga frá frv. til lokastaðfestingar á þeim fjárveitingum sem umfram eru eða undir. Auk þess þarf að ljúka afgreiðslu fjárveitingavaldsins sjálfs, Alþingis, á fjárreiðum ársins 1998 með formlegum hætti. Þetta mun að mínum dómi ekki hafa nein áhrif á fjárlagavinnuna fyrir næsta ár né heldur þá vinnu við fjáraukalagafrv. sem hefjast þarf von bráðar.

[10:39]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér finnst sjálfsagt að þetta mál verði tekið fyrir á fundi forseta með þingflokksformönnum eins og hvað eina annað sem þingflokksformenn óska eftir að þar sé tekið til umræðu og athugunar.

Ég vil jafnframt láta í ljósi þakklæti til hæstv. fjmrh. fyrir góð vinnubrögð hans og hreinskilni í þessu máli.

[10:39]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa skilagrein hans og hef ekkert við hana að athuga nema síður sé. Mættu fleiri ráðherrar taka sér þetta til fyrirmyndar þegar einhver hængur verður á um framkvæmd laga. Til að mynda vænti ég þess að hæstv. viðskrh. geri fljótlega grein fyrir því hvers vegna hann framkvæmir ekki í samræmi við lög um Seðlabanka, um skipun bankastjóra þar.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1997.

[10:40]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Sú skýrsla umboðsmanns Alþingis sem hér er tekin til umræðu er fyrir árið 1997. Skýrsla þessi var lögð fram á síðasta þingi en ekki gafst tími til að ræða hana. Ég tel rétt að upplýsa að á vegum umboðsmanns Alþingis er nú unnið að undirbúningi þess að álit og aðrar afgreiðslur umboðsmanns sem hann ákveður að birta verði birtar á heimasíðu embættisins sem opnuð verður innan tíðar. Af þeim sökum hefur verið hugað að breytingum á formi þeirrar ársskýrslu sem umboðsmaður á skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að leggja árlega fyrir Alþingi. Frágangur á ársskýrslu umboðsmanns fyrir árið 1998 hefur því tafist en gert er ráð fyrir að sú skýrsla komi úr prentun í næsta mánuði og verði þá lögð fram á Alþingi.

Á árinu 1997 voru skráð hjá umboðsmanni Alþingis 360 ný mál og þar af voru 354 mál vegna kvartana. Sex mál tók umboðsmaður upp að eigin frumkvæði. Þetta er rúmlega 7% fjölgun mála frá árinu 1996. Fram kemur í skýrslunni að þessar tölur eiga aðeins við formlega skráð mál en algengt er að fólk komi á skrifstofu umboðsmanns eða hringi og beri þar upp mál sín og leiti upplýsinga. Starfsfólk umboðsmanns reynir eftir mætti að greiða úr slíkum erindum en þessi þáttur í starfi umboðsmanns er tímafrekur.

Á árinu 1997 störfuðu að jafnaði á skrifstofu umboðsmanns fimm starfsmenn auk umboðsmanns. Í ársskýrslu umboðsmanns eru, auk þess sem greint er frá niðurstöðu umboðsmanns í einstökum málum, birtar niðurstöður úttektar á afdrifum fyrstu 2.000 málanna sem lögð voru fyrir umboðsmann til úrlausnar og á viðbrögðum stjórnvalda við tilmælum hans. Þetta er fróðleg samantekt og sýnir að aðeins í undantekningartilvikum eða 5% þessara 2.000 mála hafa stjórnvöld beinlínis ekki farið að tilmælum umboðsmanns.

Eins og umboðsmaður bendir á í yfirliti sínu á bls. 9 í skýrslunni eru nokkur dæmi um að í viðræðum við fjölmiðla hafi stjórnvöld í fyrstu dregið niðurstöður umboðsmanns í efa og færst undan því að verða við tilmælum hans en síðan hafi þau látið af andstöðu sinni og leiðrétt mál án þess að það hafi komið fram opinberlega. Umboðsmaður bendir á að af þessum ástæðum hafi oft ekki legið skýrt fyrir hvaða árangur hafi orðið af störfum embættis umboðsmanns. Segir umboðsmaður að að hans dómi hafi þetta leitt til þess að stjórnsýslan í heild hafi oft sætt óréttmætri gagnrýni fyrir að fara lítt að tilmælum hans.

Ég fagna því að þessi úttekt var gerð og niðurstöður hennar birtar Alþingi. Af lestri samantektar um mál þar sem stjórnvöld hafa ekki farið að tilmælum umboðsmanns sést að nokkur þeirra hafa síðar farið fyrir dómstóla. Þar hafa þeir sem báru fram kvartanir við umboðsmann fengið hlut sinn réttan. Á það verður að leggja áherslu að þótt lög um umboðsmann Alþingis kveði ekki á um skyldu stjórnvalda til að fara að þeim tilmælum sem hann beinir til þeirra, þá eru þau lög byggð á því að stjórnvöld fari almennt eftir niðurstöðum í áliti umboðsmanns því að að öðrum kosti verður ekki sá árangur af starfi hans sem að var stefnt með því að veita borgurunum færi á að leita með úrlausnir stjórnvalda til slíks óháðs aðila.

Í skýrslunni er einnig samantekt á 45 málum sem umboðsmaður fjallaði um á árunum 1988–1997 og vakti athygli Alþingis á meinbugum á lögum á grundvelli 11. gr. laga nr. 85/1997. Þá er gerð grein fyrir því hvað gert hafi verið til að bæta úr hlutaðeigandi annmörkum. Eitt þessara mála var mér til áminningar um að því miður skortir stundum á að umbætur í löggjöf sem Alþingi hefur samþykkt skili sér nægjanlega fljótt í framkvæmd hjá hlutaðeigandi stjórnvöldum. Þarna vísa ég til máls sem rakið er á bls. 44 í skýrslunni um endurgreiðslu oftekins fjár. Þar vakti umboðsmaður árið 1993 athygli Alþingis á því að ekki nyti við settra lagareglna um endurgreiðslu ofgreiddra gjalda.

Með lögum nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, voru lögfest þau nýmæli að stjórnvöld sem innheimta skatta og gjöld skyldu endurgreiða það fé sem ofgreitt reyndist lögum samkvæmt ásamt vöxtum og stjórnvöld skyldu hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum. Í júlímánuði sl. gerði umboðsmaður Alþingis forseta Alþingis

grein fyrir því að við athugun hans á kvörtun sem barst síðla árs 1998 hafi komið í ljós að þrátt fyrir skýr lagaákvæði um skyldu innheimtumanna ríkissjóðs til að hafa frumkvæði að slíkum endurgreiðslum auk vaxta og þá afstöðu fjmrn. að ríkinu beri að hafa frumkvæði að slíku hefur verið misbrestur á framkvæmd þessa. Þannig kom fram í bréfi fjmrn. til umboðsmanns dags. 12. maí 1999 að innheimtumenn ríkissjóðs hefðu almennt ekki reiknað vexti á inneignir sem mynduðust við endurákvörðun opinberra gjalda. Voru af hálfu umboðsmanns gerðar athugasemdir við þessa framkvæmd mála í áliti sem hann sendi fjmrn. 12. júlí 1999.

Ég tek fram að fjmrh. tók síðan í framhaldi álitsins ákvörðun um að þær athugasemdir yrðu teknar til greina og bætt skyldi úr þeim annmörkum í framkvæmdinni. Þetta mál undirstrikar enn mikilvægi þess eftirlits sem umboðsmaður Alþingis hefur með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Þau einstöku álit og niðurstöður frá árinu 1997 sem umboðsmaður gerir grein fyrir í skýrslu sinni fjalla um margvísleg svið stjórnsýslunnar en eins og sjá má í tölulegum yfirlitum um skiptingu mála eftir viðfangsefnum á bls. 16 í skýrslunni voru flestar kvartanir árið 1997 vegna tafa við afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum eða 62 mál af 360. Næst komu skattamál og almannatryggingar eða 23 mál, hvor málaflokkur. Síðan það sem flokkað er undir málsmeðferð og starfshættir stjórnsýslunnar 20 mál og 18 mál eru vegna fangelsismála.

Án þess að ég ætli að fara að fjalla um einstök álit sem birt eru í skýrslunni tel ég sérstakt tilefni til að vekja athygli þingmanna á tveimur álitum sem fjalla um töku svonefndra þjónustugjalda en þessi mál eru á bls. 285 og 340 í skýrslunni. Ég nefni þessi mál sérstaklega þar sem þar eru af hálfu umboðsmanns skýrðar þær lagareglur sem fjalla um töku þjónustugjalda en við þingmenn þekkjum að þess gætir í auknum mæli að slík ákvæði sé að finna í þeim frv. sem við fjöllum um hér á Alþingi.

Ég vil að síðustu nota þetta tækifæri til að þakka umboðsmanni Alþingis, starfsmönnum umboðsmanns fyrir góð, árangursrík störf og trúnað við almenning.

[10:49]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1997 var tekin fyrir á fundi allshn. 11. október sl. Nefndin hefur á undanförnum árum fjallað um skýrslu umboðsmanns Alþingis enda er um að ræða mikilvægan þátt í eftirliti Alþingis með stjórnsýslunni.

Á fundinn kom til viðræðna við nefndina um efni skýrslunnar settur umboðsmaður Alþingis, Tryggvi Gunnarsson, sem gegnir störfum umboðsmanns í fjarveru Gauks Jörundssonar.

Í lögum um umboðsmann Alþingis er gert ráð fyrir að það sé hlutverk umboðsmanns að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins og jafnræðis sé gætt í stjórnsýslunni og hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Í skýrslu umboðsmanns kemur fram að ný mál hjá embættinu árið 1997 voru 354 samanborið við 334 árið 1996. Málafjöldi hefur haldist nokkuð stöðugur síðan 1994 en afgreiðslutími mála hefur þó lengst nokkuð milli ára. Ekki hefur gengið nægilega vel hjá embættinu að stytta hann, en mikilvægt er að embættið hafi bolmagn til að takast á við öll þau mál sem því berast.

Það var ákvörðun Alþingis fyrir réttum 12 árum að opna borgurum landsins þá leið að geta leitað úrlausnar sinna mála hjá umboðsmanni Alþingis. Eitt af meginmarkmiðum Alþingis með stofnun embættisins var að auka eftirlit sitt með stjórnsýslu landsins og bæta hana um leið. Allshn. vill leggja áherslu á mikilvægi þess að markmið um bætta stjórnsýslu náist, einstaklingar geti fengið úrlausn sinna mála með því að leita til embættis umboðsmanns í stað þess að fara í dómsmál sem er mun kostnaðarsamara og tímafrekara. Til að uppfylla þetta markmið verður einnig að haldast gott samband milli embættisins og stjórnvalda og þau síðarnefndu að bregðast skjótt og vel við fyrirspurnum umboðsmanns um einstök mál.

Í máli umboðsmanns kom fram að ákveðin atriði væru meira áberandi en önnur sem ástæða kvartana sem honum berast. Of mikið er um að ekki sé farið eftir þeim formskilyrðum sem stjórnsýslulögin setja þannig að tímafrestir og önnur formskilyrði eru ekki virt. Það verður að telja mikilvægt að starfsmenn stjórnsýslunnar þekki vel reglur stjórnsýsluréttar og gæti þess að afgreiða ekki mál frá sér nema vel ígrunduð og gæti vel að því að öllum málsmeðferðarreglum sé fylgt.

Einnig kom fram í máli umboðsmanns að mikill þungi væri af skatta- og gjaldamálum og þau mál væru þess eðlis að fara þyrfti vel ofan í saumana á þeim. Vegna anna hefur hins vegar ekki gefist nægilegt tóm til að skoða þau mál svo að fullnægjandi teldist en lengi hefur verið talin þörf á að gera almenna úttekt á þeim burt séð frá kvörtunum.

Hann nefndi einnig að almannatryggingar væru málaflokkur þar sem fjölmörg álitaefni væru til staðar sem þörf væri á að umboðsmaður tæki til skoðunar að eigin frumkvæði, en því hefur ekki verið komið við vegna anna hjá embættinu.

Að lokum, herra forseti, vil ég þakka umboðsmanni Alþingis fyrir greinargóða skýrslu og taka undir með nefndarmönnum í allshn. sem lýstu yfir almennri ánægju með störf umboðsmanns og þá réttarbót sem tilkoma embættisins hefur haft í för með sér fyrir hinn almenna borgara.

[10:53]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni um þakkir til umboðsmanns Alþingis fyrir þessa skýrslu. Hún er allrar athygli verð. En ég hef áður komið upp vegna umræðu um skýrslu umboðsmanns Alþingis, einkum vegna þess hve svör berast oftar en ekki seint og illa frá stjórnvöldum til þeirra er leita til þessa embættis.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna til þess sem umboðsmaður kemur inn á í skýrslu sinni á bls. 9 undir tölustafnum 4 þar sem hann segir svo, með leyfi forseta:

„Í starfi mínu hef ég orðið þess var að stjórnvöld sjá stundum ástæðu til að bíða með afgreiðslu erinda þar til ný lög eða nýjar reglugerðir hafa verið settar. Dæmi eru um að beðið hafi verið með afgreiðslu erinda almennings svo árum skipti þar sem von væri á nýjum reglum sem stjórnvöld töldu „heppilegt" að bíða eftir.

Þar sem slík viðbrögð stjórnvalda eru ekki bundin við eitt svið stjórnsýslunnar tel ég ástæðu til að minna almennt á eftirfarandi sjónarmið:

Borgararnir eiga rétt á því, að stjórnvöld leysi úr málum þeirra svo fljótt sem unnt er á grundvelli þeirra laga og stjórnsýslufyrirmæla, sem í gildi eru, þegar þeir bera fram erindi sín við stjórnvöld, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga. Við úrlausn mála er það frumskylda stjórnvalda samkvæmt íslenskum stjórnlögum að starfa á grundvelli

þeirra réttarheimilda sem í gildi eru á hverjum tíma og sjá um framkvæmd þeirra. Ég tel tilefni til að minna á að óréttlætt synjun um afgreiðslu mála getur leitt til bótaskyldu hins opinbera, svo og stjórnsýsluviðurlaga eða í sumum tilvikum jafnvel refsiviðurlaga fyrir opinbera starfsmenn."

Mér finnst það nokkuð alvarlegt þegar umboðsmaður Alþingis telur ástæðu til að setja þetta á prent sem ég las. Ég leiði þá hugann að því hvort ekki sé eðlilegt og nauðsynlegt — og beini ég enn einu sinni orðum mínum til hv. allshn., að öðrum kosti tel ég ástæðu til að flytja málið sjálfur — að setja það mál upp að stjórnsýslu beri skylda til að svara innan 6–8 mánaða, ekki síðar, þegar umboðsmaður Alþingis leitar til stjórnsýslunnar um svör við málum sem eru í vinnslu hjá honum. Þessar athugasemdir hafa nánast verið gerðar núna í ein 6–7 ár. Það vekur furðu að í lýðræðisríki sem við teljum okkur til á Íslandi skuli slíkir hlutir gerast enn í dag.

Það var þessi athugasemd, virðulegi forseti, sem ég vildi koma hér á framfæri og tel allrar athygli verða með tilvísan til þess sem skýrslurnar á árunum áður hafa sýnt fram á og enn er endurtekið svo kröftuglega sem raun ber vitni um af hálfu umboðsmanns Alþingis.

[10:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir mikilli ánægju með starf embættis umboðsmanns Alþingis. Ég tel að afar vel hafi tekist til um það embætti frá því að það var sett á laggirnar árið 1988. Ljóst er að það hefur unnið sér traust bæði almennings og einnig innan stjórnsýslunnar, því eins og kom fram í máli hæstv. forseta Alþingis um könnun sem embættið lét gera á afdrifum 2.000 fyrstu málanna sem komu til kasta embættisins að í 86,5% tilfella var farið að tilmælum umboðsmanns, einvörðungu í 5% tilfella var ekki farið að þeim en í 4,5% tilvika komu ekki fram viðbrögð. Auðvitað hefði maður viljað sjá það svo að í öllum tilvikum væri farið að tilmælum umboðsmanns Alþingis en forsenda þess að tiltrú skapist eins og reyndar hefur gerst í þessu tilviki er sú að umboðsmaður Alþingis geti áfram unnið á mjög vandaðan hátt að umfjöllun um mál.

Ef eitthvað má að þessu embætti finna, þá er það fyrst og fremst langur afgreiðslutími. Það er allt of langur afgreiðslutími á málum og nú sjáum við það í umræðum um skýrsluna að hún hefði að sjálfsögðu átt að fara fram miklu fyrr. Að vísu kom skýrslan út í fyrra en þetta er skýrsla fyrir árið 1997. Skýrslan fyrir árið 1998 er enn ekki komin fram. Ég vil spyrja hæstv. forseta Alþingis hverju þetta sæti, hvort hér sé um að kenna mannaflaskorti hjá embættinu. Það eru fimm menn sem starfa hjá embætti umboðsmanns Alþingis og ég vil fá upplýsingar um það frá hæstv. forseta hvernig að embættinu er búið hvað varðar tölvukost og mannafla. Eru fjárveitingnar Alþingis í samræmi við það sem embættið fór fram á? Ég vil lýsa yfir þeirri afstöðu minni og okkar innan Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að við viljum leggja okkar af mörkum til að styrkja þetta embætti því að það er lýðræðinu mikilvægt að það starfi sem allra best.

[11:01]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni í ræðu hv. 13. þm. Reykv. vil ég taka fram að eins og fjárlagatillögur Alþingis liggja fyrir er gert ráð fyrir því að ráða lögfræðing að embættinu og með öðrum hætti koma til móts við óskir umboðsmanns Alþingis og það á að vera fyrir því séð að afgreiðslutími á málum styttist. Ég vona að reynslan muni leiða í ljós að svo verði, að öðrum kosti verður að grípa til frekari ráðstafana.

Ég vil í annan stað segja vegna þess að skýrslan hefur ekki verið lögð fram fyrir árið 1998 að það stendur mjög til bóta. Búist er við að hún komi úr prentun í næsta mánuði en vegna þess að undirbúningur er með öðrum hætti af því að breytingar verða á formi skýrslunnar og hún síðan birt á heimasíðu embættisins hafa orðið nokkrar tafir en þær eru af því góða að því leyti að sú vinna sem nú er verið að leggja í mun opna skýrslu umboðsmanns fyrir fleirum en ella mundi þegar hún kemur á skjáinn.

[11:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla er mikil að vöxtum og er þykk bók en það er athyglisvert að í skýrslunni er þó einungis að finna einn fimmta hluta þeirra mála sem afgreidd voru hjá embætti umboðsmanns Alþingis á árinu 1997. Þau mál sem eru í skýrslunni eru valin með tilliti til eðlis þeirra eins og segir í bréfi umboðsmanns og tekin með tilliti til þess að þau hafa almenna þýðingu fyrir starf umboðsmanns og starfshætti í stjórnsýslu.

Auðvitað er það svo að magn hins skrifaða máls segir ekki allt. En það er athyglisvert hversu mörg mál eru tekin fyrir hjá umboðsmanni árið 1997, skráð 360 mál, og eins og fram hefur komið og einnig í máli forseta Alþingis eru bara tekin fyrir í skýrslunni þau mál sem berast skriflega, ekki öll þau fjölmörgu munnlegu erindi sem koma inn til embættisins. Þetta segir okkur hve dýrmætt það er að vera með embætti af þessum toga í ríki sem kennir sig við lýðræði og vill hafa lýðræði í heiðri.

Það er líka athyglivert að stjórnvöld drógu lengi í efa úrskurði umboðsmanns en þau hafa smám saman sæst á að umboðsmaður hafi í mörgum og kannski flestum tilfellum lög að mæla og meðtaka úrskurði hans og það veldur því að breytingar verða á. Engin leið er fyrir okkur að vita hvort sú aukning sem hefur orðið á meðferð mála, formlegum erindum hjá umboðsmanni, sé vegna þess að fólk er betur upplýst og leitar í auknum mæli réttar síns eða hvort það er vegna þess að stjórnvöld gæta sín ekki nægilega að mæta nýjum tímum og fara nákvæmlega að lögum í ýmsum þeim efnum sem eru gagnrýnd í skýrslunni.

Mig langar að nefna einn þátt sem hefur oft borið á góma á Alþingi og verið fluttar tillögur um, þ.e. þann sem lýtur að þjónustugjöldum. Hér hafa verið fluttar tillögur um að þjónustugjöld skuli í öllum tilfellum eingöngu standa fyrir þeim útlagða kostnaði sem stjórnvöld verða fyrir en ekki að vera tekjustofn eða skattstofn eins og stundum hefur verið bent á.

Í skýrslunni er bent á dæmi um valdaframsal til sveitarstjórna varðandi ákvarðanir um sérstök álögð gjöld og hve mikilvægt það sé að sveitarstjórnir fari að réttarreglum og lagasjónarmiðum með þjónustugjöld. Auðvitað vaknar þá spurning um hvort stjórnvöld gæti sín almennt á því að fara að lögum um þjónustugjöld vegna þess að svo oft er ágreiningur um álögð gjöld og hvort þau séu réttmæt.

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla fyrir árið 1997 er eins og ég hef áður sagt mikil að vöxtum. Það er alls ekki svo að ég hafi lesið öll dæmin hér, en mig langar að nefna eitt tiltekið dæmi þar sem umboðsmaður gerði athugasemdir við gjaldtöku vegna kostnaðar við þjónustu á skoðunarstofum og vildi að þeim yrði beint að stofunum en ekki vinnsluleyfishöfum. Í þessu sérstaka tilfelli þráaðist ráðuneyti sjávarútvegsmála við

og taldi þetta rangar aðfinnslur og vildi ekki gera breytingar á gjöldum sínum en eftir talsverð bréfaskrif og umfjöllun um málið var það þó svo að réttmætt þótti að fella niður þessi gjöld af vinnsluskipum öðrum en fullvinnsluskipum. Bara slíkt dæmi segir okkur hve mikilvægt það er að mál eru tekin fyrir og ekki er látið staðar numið við að fella álit og beina því til stjórnvalda, jafnvel í þeim tilfellum þar sem stjórnvöld segja, þetta er réttmætt hjá okkur og við förum ekki að þessu áliti, þá endar það þó þannig í þessu tilfelli að eftir skrif og umfjöllun gerir Fiskistofa sér grein fyrir því að réttmætt sé að fella niður þjónustugjöld af vinnsluskipunum sem eru ekki fullvinnsluskip og beinir því til ráðuneytis og þetta mál er til lykta leitt.

Ég er ekki að velja þetta mál af því að það hafi sérstaka þýðingu heldur tek ég það sem dæmi um að embættið fer af stað með mál og vinnur það áfram þar til niðurstaða næst.

Þegar við tökum skýrslu sem þessa til umræðu er allsendis ófullnægjandi að þingmenn komi hér, jafnvel þeir sem hafa lesið alla skýrsluna og hvert einasta mál, og vilji taka þau mál til umfjöllunar og ræða eðli þeirra eða einstök mál — til þess er í raun og veru þingfundur, ekki vettvangur. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til forseta Alþingis hvort hann muni á næstunni skoða þær breytingar á þingsköpum sem hafa legið fyrir og lágu fyrir á vordögum og mikill vilji var til að gera breytingar á. Þar var m.a. að finna tillögur um breytingar á meðferð skýrslna, að í stað þess að þær komi bara þannig á dagskrá þingsins og menn ræði þær opið, og ég fullyrði takmarkað, þá mundi sérstök stjórnlaganefnd taka skýrslur bæði umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar til umfjöllunar og skoðunar og koma með einhvers konar niðurstöðu eða álit. Það væri allt annars eðlis fyrir þingið að vinna þannig að skýrslunum. Það væru vönduð vinnubrögð og ég fullyrði að það væri til enn meiri árangurs varðandi umbætur í stjórnsýslu okkar.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að auk skýrslu umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar ætti slík stjórnlaganefnd að taka fyrir skýrslu umboðsmanns barna. Það hlýtur að vera þannig að við, löggjafinn, viljum sem vandaðsta meðferð þeirra embætta sem heyra undir þingið eða tengjast þinginu eins og embætti umboðsmanns barna sem er hjá framkvæmdarvaldinu og reyna að vinna með þau mál eða eðli mála á einhvern þann hátt að viðunandi sé.

Herra forseti. Ég hef fyrst og fremst drepið á hversu mikilvægt það er að umboðsmaður Alþingis gæti réttarstöðu einstaklinga eða lögaðila og að þeim 354 kvörtunum, sem eru teknar fyrir í skýrslunni, koma 381 einstaklingur og 27 lögaðilar. Þetta segir okkur hversu dýrmæt þessi leið er fyrir einstakling sem telur á sér brotið. Auðvitað er það svo að einstaklingar sem leita til umboðsmanns Alþingis hafa áður verið búnir að fara píslargöngu sína um kerfið eins og fólk tekur gjarnan til orða. Það er ómetanlegt að fólk geti farið á stað eins og þennan til umboðsmanns Alþingis og vitað að ef formlegt erindi er tekið fyrir, þá endar það með áliti umboðsmanns sem þá setur fram álit um réttarstöðu þess aðila sem að málinu hefur komið sem og lögaðila. En ég fullyrði það að sérstaklega sé þetta embætti mikilvægt fyrir einstaklinginn.

Ég hef aðeins farið orðum um mikilvægi embættisins. Ég hef nefnt þjónustugjöldin sem ég hefði talið að Alþingi þyrfti að skoða miklu betur til að átta sig á því hvort alls staðar sé farið að lögum, bæði hjá ríki og sveitarfélögum varðandi þjónustugjöldin, og rætt meðferð skýrslunnar og að við þurfum að breyta því. Að lokum vil ég nefna að umboðsmaður Alþingis, sem nú starfar, er settur í embætti. Það er væntanlega um áramót sem á að skipa í þetta embætti og væri vel við hæfi að forseti mundi fara örfáum orðum um hvernig málsmeðferð verður í því ferli.

Annað vil ég ekki taka fyrir að þessu sinni, herra forseti, en mundi svo gjarnan vilja sjá að við hefðum möguleika á að fjalla betur um þessar mikilvægu skýrslur.

[11:13]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi ítreka það sem ég sagði úr forsetastóli við setningu Alþingis, ég hygg að það hafi verið í vor frekar en í haust nema hvort tveggja sé, að ég tel mjög þýðingarmikið og brýnt að huga hvaða breytingar rétt sé að gera á þingsköpum Alþingis. Frv. um það efni var lagt fyrir fyrr á árinu og það verk hefur beðið en hugsun mín var sú að taka málið nú upp og ræða það á fundi með þingflokksformönnum. Einnig var ég með það í huga að taka það fyrir á fundi með þingflokksformönnum á mánudag hvernig staðið skuli að kosningu umboðsmanns Alþingis en eins og hv. alþm. er kunnugt fer kosning hans fram á fundi í Alþingi án þess að nokkur uppástunga komi fram. En brýnt er að flýta því að slík kosning geti farið fram þar sem kjörtíma umboðsmanns lýkur um næstu áramót.

[11:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem fram hafa komið um skipan umboðsmanns en sérstaklega þó að við munum taka aftur til skoðunar breytingar á þingsköpum og fara í þá vinnu sem er svo brýn.

[11:15]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá skýrslu sem liggur á borðum okkar og þakka fyrir störf umboðsmanns sem eru að öllu jöfnu til mikilla heilla fyrir samfélagið og hafa verið öll þau ár sem hann hefur starfað.

Virðulegi forseti. Hlutverk umboðsmanns er ekki það að hann geti kveðið upp dóma eða úrskurði heldur byggist starf hans fyrst og fremst á því að svo mikil virðing sé borin fyrir störfum hans af *stjórnvöldum að stjórnvöld fari eftir þeim* álitum og úrskurðum sem hann kemst að. Á því byggjast fyrst og fremst þau áhrif sem umboðsmaður hefur á stjórnvöld. Ég get tekið undir það með flestum sem hér hafa talað að áhrif hans hafa verið mikil og góð á íslenska stjórnsýslu allt frá því að til embættisins var stofnað.

Það eru nokkur atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi nefna. Í fyrsta lagi held ég að það sé mjög þarft verk að umboðsmaður komi úrskurðum sínum og álitum á heimasíðu og færi þetta í nútímalegra horf en nú er og menn hafi þar aðgang. Hugsanlega mætti velta þeirri hugmynd upp að umboðsmaður mundi skila frekar einhvers konar útdrætti til Alþingis og Alþingi mundi síðan fjalla um þann útdrátt í stað þess að skila jafnstórri skýrslu og raun ber vitni. Það gæti jafnvel orðið markvissari umfjöllun en nú er því að um mjög merk er mál að ræða.

Í öðru lagi vil ég nefna, virðulegi forseti, að ég tel að mun skynsamlegra væri og heppilegra að skýrslan fengi vandaðri meðferð í nefnd í stað þess að taka hana til umræðu hér, jafnvel þannig að einhver tiltekin nefnd sem með skýrsluna færi, hvort sem það væri forsn., allshn. eða einhver ný nefnd samkvæmt þingsköpum, ályktaði þá jafnvel í einhverjum

málum og hvetti til þess að stjórnvöld tækju upp og færu eftir því sem umboðsmaður hefði komist að.

Ég held að við flest sem þekkjum orðið þokkalega til stjórnsýslunnar gerum okkur grein fyrir því að á undanförnum tíu árum eða svo hafa orðið gríðarlega miklar breytingar á stjórnsýslunni og við kannski komist út úr því fari sem sumir stjórnsýslufræðingar vilja meina að Jónas frá Hriflu hafi komið íslenskri stjórnsýslu í með því að taka upp og vera að einhverju leyti frumkvöðull að þeim geðþóttaákvörðunum sem tíðkuðust í stjórnsýslunni í marga áratugi þar til að við fórum að nálgast slíka umræðu á annan hátt. Ég held að kennsla til að mynda í stjórnsýslufræðum í háskólanum hafi tekið miklum stakkaskiptum undanfarin 10–15 ár til mikilla bóta. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það skilar sér síðan í starfi umboðsmanns. Enda vitnar sá fjöldi mála sem umboðsmaður fjallar um um áhuga manna og hversu mikilvægt það er að þetta embætti er til.

Virðulegi forseti. Það er einnig annað sem ég vildi nefna sérstaklega vegna viðbragða forseta Alþingis áðan við fyrirspurn frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, þar sem hann spurði hvort ástæðan fyrir því að mál mundu dragast jafnlengi og raun ber vitni, þ.e. í þeim tilvikum þegar ekki er um það að ræða að stjórnvöld skili seint og illa frá sér svörum, heldur hitt hvort embættið sem slíkt væri undirmannað, að þá held ég að sé vert að minna á að tillögur sem komu við undirbúning fjárlagagerðar lögðu til að bætt yrði við einum lögfræðingi hjá umboðsmanni Alþingis. En miðað við það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir virðist vera sem fallið hafi verið frá þeirri fyrirætlan.

Ég vil beina því til hæstv. forseta Alþingis hvort hann muni beita sér fyrir því að þær hugmyndir um að bæta við a.m.k. einum lögfræðingi hjá umboðsmanni Alþingis nái fram að ganga áður en fjárlagafrv. verður samþykkt á hinu háa Alþingi, væntanlega rétt fyrir áramótin.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka þakklæti til umboðsmanns Alþingis og þeirra starfsmanna sem hjá honum starfa. Ég segi enn og aftur að þetta embætti hefur fært íslenska stjórnsýslu mörg skref fram á við frá því að það var tekið upp og embættið byggir fyrst og fremst á því að það njóti virðingar í þeim störfum sem það vinnur. Þess vegna hefur embættið engin önnur vopn en þau rök sem það ber fram þegar kvörtunum er beint til embættisins.

Ég held að íslensk stjórnvöld, þó að þau hafi að mörgu leyti tekið vel í niðurstöður og álit embættisins, megi herða enn á þannig að þetta embætti verði nánast yfir gagnrýni hafið, því það hefur sýnt það í störfum sínum í þeim úrskurðum, álitum og þeim röksemdum sem embættið hefur sett fram að það virkilega stendur undir því að stjórnvöld taki mjög alvarlega það sem frá umboðsmanni kemur. Enda má nefna það, og ég held að ég fari rétt með, að öllum þeim málum sem farið hefur verið í fyrir dómstólum á grundvelli álits eða úrskurðar umboðsmanns Alþingis hefur lyktað hjá dómstólum á sama hátt og umboðsmaður hafði áður komist að.

[11:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi að ég hefði sagt það nægilega skýrt áðan að í tillögum Alþingis er gert ráð fyrir því að bæta við lögfræðingi hjá umboðsmanni Alþingis. Hugur minn stendur til þess að fylgja því máli eftir. Ég lét þess jafnframt getið að reynslan yrði síðan að leiða í ljós hvort það yrði fullnægjandi í framtíðinni því að ég tel að störf umboðsmanns séu mjög þýðingarmikil og óhjákvæmilegt fyrir Alþingi að búa þannig að embættinu að til fyrirmyndar sé.

Sú lagasögulega skýring eða upplýsing sem hv. þm. kom með áðan kom mér nú svolítið á óvart, að helsti hvatamaður að stofnun Alþýðufl. sé upphafsmaðurinn að geðþóttaákvörðunum í pólitík og stjórnsýslu.

[11:22]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að virða það við forseta þótt hann hafi lagt lykkju á leið sína í ræðu sinni. Það er rétt hjá hæstv. forseta að tillögur komu fram hjá Alþingi um að bæta við einum lögfræðingi. En það breytir ekki því sem við sjáum í fjárlagafrv. sem hefur legið á borðum alþingismanna í nokkra daga. Þar er ekki gert ráð fyrir að bætt verði við einum lögfræðingi. Þó að slíkar tillögur hafi komið frá Alþingi þá hafa þær ekki fengið náð fyrir augum fjmrh., a.m.k. ekki við fyrstu gerð fjárlagafrv.

Ég ætla því að ítreka þá fyrirspurn til hæstv. forseta hvort hann muni ekki vinna markvisst að því að koma inn í þetta fjárlagafrv., ef svo má að orði komast, einum lögfræðingi fyrir stofnunina. Ef ég skildi orð hans rétt, a.m.k. það sem sneri að þeirri fyrirspurn sem ég bar upp, þá tel ég að hæstv. forseti muni vinna markvisst að því áður en fjárlagafrv. verði samþykkt á Alþingi.

[11:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tel að við séum að ræða störf embættis sem er mjög mikilvægt, afskaplega mikilvægt og mjög nauðsynlegt og hefur þegar haft mjög mikil áhrif.

Ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að afgreiðsla Alþingis á þessari skýrslu er ekki nægilega góð. Það væri miklu betra að hafa nefnd sem mundi geta kallað til sín þær stofnanir sem ekki hafa farið að tilmælum umboðsmanns, kallað fyrir sig umboðsmann sjálfan til að heyra skoðanir hans beint á einstökum málum og jafnvel að kalla til þá borgara sem hafa lent í þeim málum sem um er að ræða. Ég tek hjartanlega undir það að slík vinna væri miklu betri. Síðan mundi sú nefnd skila Alþingi skýrslu sem við gætum þá rætt.

Herra forseti. Fyrst umboðsmaður Alþingis hefur tekið saman sögulegt yfirlit um afdrif fyrstu 2.000 málanna, sem er afskaplega gott og fínt að fá, þá langar mig til að nefna eitt dæmi um mál sem ekki fékk niðurstöðu hjá hinu opinbera og umboðsmaður Alþingis virðist halda að hafi fengið afgreiðslu.

Þannig var mál með vexti að maður skildi við konu sína og gerði við hana skilnaðarkjarasamning um að borga tvöfalt meðlag með börnunum, sem voru nokkur, mánaðarlega eftir á. Hann borgar og stendur við sinn samning, enda grandvar og má ekki vamm sitt vita. Nema hvað, fjórum eða fimm mánuðum seinna kemur krafa á atvinnurekanda þessa manns um að borga meðlag. Þá hafði konan farið til Tryggingastofnunar og fengið þar einfalt meðlag úrskurðað bara sisvona. Það hafði gleymst að láta manninn vita af því eða einhvern veginn fórst það fyrir þannig að allt í einu kemur krafa á fyrirtækið eins og hann sé vanskilamaður. Þetta fréttist nokkuð út og manninum þótti þetta ekkert sérstaklega skemmtilegt.

Síðan gerist það að hann neitar þessu og segist verið búinn að greiða þetta meðlag. Þá er honum tjáð að það komi bara ekki til mála, hann eigi bara að borga í gegnum Tryggingastofnun, punktur. Síðan hefst langur leikur. Hann hefur samband við Tryggingastofnun, hún segir að af því

að hún innheimti ekki þá eigi hann að hafa samband við Innheimtustofnun sveitarfélaga. Maðurinn hefur samband þangað, ekkert gengur þar, þeir vísa á Tryggingastofnun og síðan fram og til baka. Þetta er langur, langur listi, heil mappa af bréfaskriftum.

Maðurinn heldur áfram að borga sitt tvöfalda meðlag alltaf mánaðarlega eftir á og alltaf er tekið af launum hans meðlagið fyrir fram af Tryggingastofnun og Innheimtustofnun sveitarfélaga. Þau hafa afskaplega sterkt vald til að ganga þannig á laun borgaranna.

Maðurinn snýr sér til umboðsmanns Alþingis. Hann tekur málið til vinnslu og segir að þetta sé ófært og það eigi að endurskoða þetta. Þá snýr maðurinn sér með þann úrskurð til félmrh. sem sendir bréf til Tryggingastofnunar að mig minnir og ekkert gerist.

Ég má til með að geta þess, herra forseti, að í byrjun þessa máls hafði lögfræðingur Tryggingastofnunar sagt manninum að það þýddi ekkert að vera að röfla, hann skyldi bara borga og hann mundi borga meðlagið til Tryggingastofnunar. Lögin væru svo sterk.

Þegar maðurinn var búinn að borga þetta tvöfalda meðlag eftir á í heilt ár og búið að taka af honum einfalt meðlag fyrir fram í heilt ár þá nennti hann þessu ekki lengur, gafst upp og hætti að borga tvöfalda meðlagið eftir á. Þá fer konan í mál sem endar fyrir Hæstarétti. Og vegna þess að meðlag hefur svo óskaplega sterka stöðu þá má ekki skuldajafna meðlag við neitt — en Hæstiréttur komst að þeirri skynsamlegu niðurstöðu að það mætti skuldajafna meðlag með meðlagi, þ.e. meðlaginu sem Tryggingastofnun hafði tekið af manninum sem hann var búinn að borga mánaðarlega fyrir fram mátti skuldajafna við meðlagið sem hann átti að borga samkvæmt skilnaðarkjarasamningi.

Svona gekk þetta í nokkur ár. Þegar manninum leiddist þófið, hann hafði nú ýmislegt annað að gera, þá bara hætti hann þessu. Og það varð niðurstaðan sem lögfræðingur Tryggingastofnunar hafði tilkynnt honum með offorsi, að hann borgaði meðlagið til Tryggingastofnunar eins og um var rætt. Þetta er dæmi um það að úrskurði umboðsmanns Alþingis var ekki framfylgt, en sennilega telur hann að með hæstaréttardóminum hafi náðst fram niðurstaða, en sá ærumissir var aldrei lagaður sem viðkomandi varð fyrir þegar innheimt var hjá atvinnurekanda meðlag, sem hann var búinn að greiða, eins og hann væri maður sem ekki vildi sinna börnum sínum.

Það vill svo til að þessi maður er ég.

[11:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Aðeins fáein orð í þessa umræðu sem hefur verið ágæt. Þau snerta hugsanlegt breytt fyrirkomulag á skýrslugerðinni til Alþingis. Ég held að þetta þurfi að skoða í ljósi markmiða til hvers á að nota þessa skýrslu.

Það hefur komið fram að í allflestum tilvikum er farið að tilmælum umboðsmanns Alþingis, annað eru undantekningar. Ég hef þá trú að enda þótt hér sé ekki á ferðinni dómstóll, þá hafi orð umboðsmanns Alþingis fordæmisgildi og gagnist einstaklingunum, borgurunum og einnig stjórnsýslunni. Þessum aðilum þarf því að vera þessi fróðleikur aðgengilegur. Það er hægt að gera hann aðgengilegan á netinu eða í tölvuvinnslum einhvers konar og þeir sem ekki hafa aðgang að slíku gætu nálgast upplýsingar hjá umboðsmanni.

Síðan þarf annað að gerast. Það þarf að tryggja lýðræðislega umfjöllun um störf umboðsmanns Alþingis og þá styð ég að sú skýrsla sem lögð verður fyrir Alþingi til umræðu verði mun styttri en sú sem hér er og þar verði að finna samantektir og ábendingar embættisins til löggjafans og sérstök áhersla verði einnig lögð á þau mál sem fá ekki afgreiðslu eða þar sem framkvæmdarvaldið fer ekki að ábendingum umboðsmanns Alþingis. Þau mál þarf að taka sérstaklega til skoðunar að mínum dómi á Alþingi.

Síðan ítreka ég að ég styð það að þetta embætti verði styrkt og tek undir með öðrum hv. þm. sem hafa lagt áherslu á þetta. Samkvæmt fjárlagafrv. fær embætti umboðsmanns Alþingis 56,7 millj. kr. En samkvæmt því sem hefur komið fram taldi embættið nauðsynlegt að fá rýmri fjárhæð og ég styð mjög eindregið að farið verði að þerri ósk.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1998.

[11:32]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Í samræmi við þau lög sem gilda um starfsemi Ríkisendurskoðunar ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan fyrir liðið ár var gefin út og birt í maímánuði eins og gert hefur verið á liðnum árum. Mun ég nú gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni og fleiru er tengist starfi Ríkisendurskoðunar.

Á síðasta ári var alls gerð 161 skýrsla í tengslum við verkefni og viðfangsefni stofnunarinnar. Skýrslur vegna hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar voru 148 en þær eru ekki birtar opinberlega eins og kunnugt er. Á vegum stjórnsýslusviðs og lögfræðisviðs stofnunarinnar voru gerðar 13 skýrslur og er ágrip af niðurstöðum þeirra að finna í starfsskýrslunni. Sumar skýrslnanna voru teknar saman samkvæmt beiðni eða að frumkvæði annarra, svo sem forsætisnefndar Alþingis. Skýrslur af þessum toga voru allar lagðar fram á Alþingi. Þær helstu voru um skatteftirlit á Íslandi og samanburði í því efni við Norðurlönd, framkvæmdir í samgöngumálum 1992–1995, jarðadeild landbrn. og lögreglustjóraembættið í Reykjavík svo að einhverjar séu nefndar.

Starfsmenn í föstum stöðugildum hjá Ríkisendurskoðun á árinu 1998 voru jafnmargir og á liðnum árum eða 42. Eins og undanfarin ár störfuðu einnig jafnmargir tíma- og verkefnaráðnir starfsmenn hjá stofnuninni eða sex.

Rekstrargjöld Ríkisendurskoðunar náðu alls tæpum 199 millj. kr. á árinu 1998 að frádregnum tekjum af seldri þjónustu. Hækkuðu þau um 27,4 millj. kr. á milli ára eða um 16%. Þegar tekið hefur verið tillit til verðlags og launabreytinga jukust útgjöldin um 5,3% milli ára. Þessi hækkun skýrist að verulegu leyti af auknum kostnaði vegna aðkeyptrar þjónustu löggiltra endurskoðenda sem starfa í umboði Ríkisendurskoðunar að endurskoðun ýmissa ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins.

Af einstökum útgjaldaliðum stofnunarinnar vógu laun þyngst eða um 71%. Aðkeypt þjónusta kom þar næst með um 16% en aðrir liðir svo sem húsnæði, rekstrarvörur, eignakaup og fleira voru mun lægri.

Um síðustu áramót voru 26 samningar við endurskoðunarskrifstofur um tiltekin endurskoðunarverkefni í gildi. Ríkisendurskoðun ber kostnaðinn af samningum þessum ef um A-hluta stofnun er að ræða en annars ber viðkomandi ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki hann. Í þessu sambandi má geta þess að lögum samkvæmt ber Ríkisendurskoðun að

endurskoða reikninga félaga sem ríkið á að hálfu eða meira. Á grundvelli þessa ákvæðis ber henni m.a. að endurskoða ársreikninga Landsbanka Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Svo sem kunnugt er hófu allir þessir bankar starfsemi í félagsformi í ársbyrjun 1998. Í ljósi umfangs þessara verkefna og með hliðsjón af lögum um opinber innkaup og reglum sem gilda í þessu efni á Evrópska efnahagssvæðinu var endurskoðun ársreikninga ofangreindra banka boðin út. Um er að ræða þrjú sjálfstæð og aðskilin endurskoðunarverkefni og er hvert um sig til fimm ára. Að loknu mati á tilboðum var ákveðið að taka tilboði þriggja endurskoðunarfélaga. Voru verksamningar hér að lútandi undirritaðir í apríl 1998.

Þjónustuútboð af þessu tagi er nýjung hér á landi. Að mati þeirra sem að því stóðu tókst það nokkuð vel og telja þeir árangurinn af því góðan. Ljóst er að samningar þessir hafa þegar haft umtalsverðan sparnað í för með sér.

Á árinu 1998 skiluðu starfsmenn Ríkisendurskoðunar rúmlega 61 þúsund vinnustundum við endurskoðun og tengd verkefni. Þessu til viðbótar keypti stofnunin rúmlega 5.700 tíma af löggiltum endurskoðendum vegna endurskoðunar sem þeir annast í umboði hennar. Heildarvinnustundafjöldi varð því tæplega 66.900 stundir. Á árinu 1997 voru þeir tæplega 66.700 þannig að fjölgunin er óveruleg.

Langmestum hluta þess tíma, sem Ríkisendurskoðun hefur til ráðstöfunar á hverju ári, er varið til hefðbundinnar fjárhagsendurskoðunar hjá stofnunum, fyrirtækjum og sjóðum í eigu ríkisins. Á árinu 1998 fóru um 37.600 tímar til þessa verkefnis. Til verkefna á sviði stjórnsýsluendurskoðunar var varið um 6.600 vinnustundum.

Svo sem rakið er í starfsskýrslunni er endurskoðun upplýsingakerfa mjög vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar. Nú starfa t.d. tveir starfsmenn að þessu verkefni í fullu starfi. Á liðnu ári gerðu þeir umfangsmikla úttekt á upplýsingakerfum þeim sem notuð eru við framkvæmd virðisaukaskatts auk þess að taka saman sérstaka greinargerð um rekstraröryggi upplýsingakerfa. Tilgangurinn að baki henni er sá að vekja forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja til umhugsunar um mikilvægi upplýsingakerfa fyrir þann rekstur sem þeir veita forstöðu. Greinargerðinni er m.a. ætlað að auka skilning þeirra á helstu áhættuþáttum og draga þannig úr líkum á verulegri röskun á starfseminni þó til tímabundinna rekstrartruflana kunni að koma.

Af svipuðum toga er greinargerð Ríkisendurskoðunar um innra eftirlit sem kom út í desember í fyrra. Greinargerðin er nokkurs konar handbók sem er fyrst og fremst er skrifuð með hliðsjón af þörfum stjórnenda stofnana og fyrirtækja ríkisins í huga. Tilgangurinn með greinargerðinni er að auka skilning og vitneskju stjórnenda um eðli og gildi öflugs innra eftirlits fyrir reksturinn hjá ríkisaðilum.

Loks er ekki úr vegi að geta þess að nú er unnið að gerð sams konar greinargerðar eða handbókar um innri endurskoðun. Með þessari handbókargerð er fyrst og fremst reynt að stuðla að markvissari og árangursríkari rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í framtíðinni.

Þá er þess að geta að á síðari árum hefur svokölluð umhverfisendurskoðun verið að þróast sem sérstök grein á sviði endurskoðunar. Henni er m.a. ætlað það hlutverk að kanna hvernig alþjóðlegum samningum, áætlunum, lögum og reglum á sviði umhverfismála er framfylgt af hálfu stjórnvalda og hvort slíkt sé gert á hagkvæman og skilvirkan hátt. Tekið skal fram að Ísland á þegar aðild að 20 alþjóðlegum samningum á sviði umhverfismála að ógleymdum EES-samningnum sem felur í sér margvíslegar skuldbindingar á því sviði. Þá eiga íslensk stjórnvöld aðild að ýmsum viljayfirlýsingum, áætlunum og stefnumörkunum sem unnar eru á alþjóðlegum vettvangi án þess að vera skuldbindandi að þjóðarrétti. Ríó-yfirlýsingin er dæmi um slíkt samstarf.

Önnur alþjóðleg áætlun sem skiptir Íslendinga miklu máli er hin svokallaða Washington-áætlun en þar er um að ræða áætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Auk samstarfs á alþjóðavettvangi hafa verið settar ýmsar reglur á þessu sviði sem bundnar eru við innlendan vettvang. Allt það sem hér hefur verið rakið endurspeglast svo í umfangsmiklum lögum, reglugerðum og áætlunum íslenskra stjórnvalda sem fela í sér kvaðir á ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga í landinu. Það var m.a. með hliðsjón af þróun á þessu sviði á liðnum árum og áratugum sem tímabært þótti og eðlilegt að kveða svo á í nýlegum lögum um Ríkisendurskoðun að stofnuninni væri heimilt að sinna umhverfisendurskoðun. Í slíkri endurskoðun felst einkum að endurskoða og kanna áhrif af starfsemi, stefnu og rekstri stofnana og fyrirtækja á umhverfið og fylgjast með því hvort einkaaðilar og opinberir aðilar framfylgi lögum og reglugerðum, sem og reglum og alþjóðasamningum á sviði umhverfismála.

Það sem af er hefur starfið á þessum vettvangi innan stofnunarinnar fyrst og fremst snúist um stefnumótunina. Þó er þess að geta að samhliða hefur stofnunin unnið að úttekt á framkvæmd skuldbindinga samkvæmt svokölluðum OSPAR-samningi sem er svæðisbundinn samningur um verndun Norður-Atlantshafsins. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við systurstofnanir Ríkisendurskoðunar í Danmörku og Noregi.

Eins og ríkisendurskoðandi minnir á í formálsorðum sínum að skýrslunni hafa á nýliðnum árum orðið umtalsverðar breytingar á reikningsskilum ríkisins. Annars vegar má rekja þessar breytingar til tækniþróunar og hins vegar nýrra laga um fjárreiður ríkisins sem tóku gildi í ársbyrjun 1998. Þá eru umtalsverðar breytingar fyrirsjáanlegar á starfsumhverfi endurskoðenda í nánustu framtíð. Má í því sambandi nefna rafræn og pappírslaus viðskipti, auknar kröfur um fjárhagslega aðgreiningu samkeppnisrekstrar hins opinbera frá hefðbundinni stjórnsýslu þeirra stofnana þar sem þessir rekstrarþættir eru samtvinnaðir, endurskoðun og eftirlit með verkefnum sem ríkið á að sinna en hefur valið að fela öðrum að leysa samkvæmt sérstökum heimildum til slíks samkvæmt fjárreiðulögum o.s.frv.

Þá aukast sífellt kröfur um að hefðbundin reikningsskil geymi ekki aðeins fjárhagslegar upplýsingar heldur og upplýsingar um magn þjónustu, gæði hennar og umhverfisþætti. Þessi þróun krefst þess að hugað sé að endurmenntun þeirra sem að þessu starfi koma. Í ljósi þessa var á síðasta ári hrundið af stað sérstöku átaki í endurmenntunarmálum innan Ríkisendurskoðunar. M.a. var ákveðið að bjóða starfsmönnum upp á sérstök námskeið innan veggja stofnunarinnar til undirbúnings löggildingar í endurskoðun. Einnig var boðið upp á námskeið á sviði reikningshalds o.fl. Þá var einn af starfsmönnum Ríkisendurskoðunar um nokkurra vikna skeið í starfsþjálfun í stjórnsýsluendurskoðun hjá bresku ríkisendurskoðuninni í London.

Herra forseti. Að lokum vil ég flytja fyrir hönd forsætisnefndar Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[11:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þær athugasemdir sem ég gerði áðan um skýrslu umboðsmanns Alþingis varðandi meðferð skýrslna á hv. Alþingi eiga að sjálfsögðu við líka um skýrslu Ríkisendurskoðunar en þó ætla ég ekkert að endurtaka það sem ég sagði heldur vísa til þess. Þetta er falleg skýrsla og gaman að skoða hana en það sem ég ætla að gera að umtalsefni er sú nýjung í starfi Ríkisendurskoðunar sem umhverfisendurskoðun er og forseti drap á í ræðu sinni.

Í skýrslunni kemur fram að þar til nú hafi verið undirritaðir 220 alþjóðlegir umhverfissamningar, langflestir sl. 25 ár, og að Ísland eigi aðild að 20 slíkum samningum að ógleymdum EES-samningnum, en með fullgildingu hans ákváðu íslensk stjórnvöld að taka upp stóran hluta löggjafar Evrópusambandsins á sviði umhverfismála.

Það er líka bent á að auk lagalega bindandi samninga eigi íslensk stjórnvöld aðild að ýmsum viljayfirlýsingum, áætlunum og stefnumörkunum sem unnar eru á alþjólegum vettvangi án þess að vera beinlínis skuldbindandi í skilningi þjóðarréttar. Þar er nefnd Ríó-yfirlýsingin og Dagskrá 21. Önnur alþjóðleg áætlun er nefnd sem er áætlun um varnir gegn mengun sjávar. Það er líka drepið á ýmsar innlendar reglur svo sem eins og um skipulag og nýtingu hálendisins o.fl.

Það er mjög merkilegt að Ríkisendurskoðun skuli gera þessar áætlanir og alþjóðasamninga að umtalsefni og fjárfesta í starfsmönnum til að verða aðili að umhverfisendurskoðun sem hefur verið í þróun hjá alþjóðasamtökum ríkisendurskoðenda, ekki síst vegna þess að, eins og fram kemur í skýrslunni, þá endurspeglast þessir alþjóðasamningar og áætlanir í umfangsmiklum lögum, reglugerðum og áætlunum hjá okkar eigin stjórnvöldum, áætlunum og lögum sem setja kvaðir á ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Það kemur fram í þessari nýju umhverfisendurskoðun, sem er nýtt fyrirbæri, að henni er ætlað það hlutverk að kanna hvernig alþjóðlegum samningum, áætlunum, lögum og reglum sé framfylgt af hálfu stjórnvalda og hvort það sé gert á hagkvæman og skilvirkan hátt. Ríkisendurskoðun hefur í raun, með lögum frá 1997, verið heimilt að framkvæma umhverfisendurskoðanir af því tagi sem að framan er lýst. Sagt er frá því að í umhverfisendurskoðun felist það að endurskoða og kanna áhrifin af starfsemi, stefnu og rekstri stofnana og fyrirtækja á umhverfið og fylgjast með því hvort einkaréttarlegir aðilar og opinberir aðilar framfylgja lögum og reglugerðum, svo og reglum og alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Það er mjög mikilvægt, þar sem Ríkisendurskoðun með lögum frá 1997 fékk þessar heimildir, að tveir starfsmenn hafa verið ráðnir til Ríkisendurskoðunar til þessara starfa.

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi nýi þáttur í starfi Ríkisendurskoðunar frábær. Mér finnst hann mikilvægur og mjög sérstakur. Umhverfismál eru stærsti þáttur samtímans og umhverfið er það sem við verðum að vernda fyrir komandi kynslóðir. Oft ræðum við í sölum Alþingis aðild okkar að alþjóðasamningum, hvaða skyldur þeir leggi okkur á herðar og oft er ágreiningur í þessum sal um það hvort lög okkar eða áform falli að þeim skuldbindingum sem við höfum undirgengist. Um það er tekist á í þessum sal og oft er ágreiningur milli stjórnvalda, þingmanna stjórnarandstöðu og áhugafólks um t.d. umhverfisvernd í þeim tilfellum er við ræðum alþjóðlega samninga og skyldur á því sviði. Mér finnst það ekki vera alveg ljóst af umfjöllun skýrslunnar um þetta efni hvort Ríkisendurskoðun muni gera úttekt á framkvæmd ríkisvaldsins á alþjóðasamningum. Þess vegna spyr ég, virðulegi forseti, hvort það verði ekki örugglega þannig að hlutverk Ríkisendurskoðunar verði ekki eingöngu að endurskoða og kanna áhrif af starfsemi, stefnu og rekstri stofnana og fyrirtækja á umhverfið og að fylgjast með því hvort einkaréttarlegir aðilar og opinberir aðilar framfylgja lögum og reglugerðum sem við höfum þá sett heldur hvort það sé ekki alveg ljóst að nú fari Ríkisendurskoðun, okkar stofnun, í að skoða hvort þau lög sem eru sett séu í samræmi við skyldur sem við höfum undirgengist og, eins og fram kemur í skýrslu umboðsmanns Alþingis, í þeim tilfellum sem ríkisvaldið setur ekki lög eða hrindir ekki í framkvæmd áætlunum í samræmi við skyldur, þá komi það jafnframt í formi úttektar Ríkisendurskoðunar í skýrslu til Alþingis. Mér finnst mjög gleðilegt að búið sé að ráða starfsmenn til þessara starfa og það er mjög mikilvægt að þá verði líka farið alla leið, þ.e. að Ríkisendurskoðun skili skýrslu um það til Alþingis þegar stjórnvöldum sjálfum verður fótaskortur á sviði alþjóðasamninga og hafa ekki staðið við sínar skyldur.

Virðulegi forseti. Það var fyrst og fremst þetta sem ég vildi gera að umtalsefni í mínu innleggi en auk þess vil ég gjarnan bera fram spurningu til forseta.

Á liðnu ári voru stofnanir á vegum ríkisins og meðferð þeirra mjög í sviðsljósinu og þáttur Ríkisendurskoðunar í úttekt á fjárreiðum og fjármeðferð stofnana. Í þeirri umfjöllun allri kom í ljós að Ríkisendurskoðun þáði laun eða þóknun fyrir endurskoðun sína á ákveðnum stofnunum ríkisins, svo sem eins og t.d. það að endurskoða reikninga viðskiptabankanna. Mörgum þótti að þáttur Ríkisendurskoðunar ætti að vera yfir allan vafa hafinn í þessum efnum og að óþægilegt væri til þess að vita að stofnun, stór eða smá, sem Ríkisendurskoðun skoðaði reikninga hjá, greiddi fyrir verkið.

Þess vegna kem ég með þá fyrirspurn til hæstv. forseta hvort það viðgangist enn þá að Ríkisendurskoðun fái greiðslur frá einhverjum þeim opinberu stofnunum eða fyrirtækjum sem hún endurskoðar vegna þess að það er mín skoðun að þar séu hagsmunaárekstrar og við eigum að búa þannig að Ríkisendurskoðun að engar þannig þóknanir þurfi að greiða.

Virðulegi forseti. Ég hef skoðað rekstraryfirlitið. Ég sé ekki á rekstraryfirlitinu neitt um þetta og því er ég að vonast til að það sé búið að afleggja þennan sið sem mér fannst slæmur. En ég hlýt að biðja um það, ef upplýsingar um þetta liggja ekki fyrir, að kannað verði hvernig þetta sé og upplýsingar veittar áður en umræðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar lýkur.

Virðulegi forseti. Að öðru leyti vil ég segja að skýrslan er aðgengileg og frekar ánægjulegt að skoða hana þó að ég sjái að það sem ég leitaði a.m.k. var ekki að finna í skýrslunni.

[11:54]

Útbýting þingskjala:

Málefni innflytjenda á Íslandi, 91. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 91.

Samkeppnislög, 90. mál, frv. LB o.fl., þskj. 90.

[11:54]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í lögum um Ríkisendurskoðun sem síðast voru endurskoðuð árið 1997 er hinn rauði þráður sjálfstæði

þessarar stofnunar og þess embættis sem ríkisendurskoðandi er, sjálfstæði fyrst og síðast gagnvart þeim aðilum sem honum ber að endurskoða hjá og þá einkum og sér í lagi framkvæmdarvaldinu, ríkisvaldinu, ráðuneytunum og undirstofnunum ríkisvaldsins. En einnig er rétt að halda því til haga að ríkisendurskoðandi hefur samkvæmt lögum einnig ákveðið sjálfstæði gagnvart Alþingi þó að í sömu lögum sé kveðið á um að hann heyri undir stjórn þingsins. Sjálfstæði hans gagnvart þinginu er hins vegar tilgreint og honum veitt talsvert sjálfdæmi um það hvar hann ber niður í sinni endurskoðunarvinnu hverju sinni.

Á hinn bóginn eru hin beinu tengsl þings og Ríkisendurskoðunar fólgin í því að þingmönnum, eins og hæstv. forseta er kunnugt, gefst kostur á að leita til Ríkisendurskoðunar með tiltekin verkefni og óska þess að hann fari ofan í þau og skoði þau eftir efnum og ástæðum hverju sinni. Til þessara ráða hafa þingmenn gjarnan leitað og ekki síst vill það vera þrautalending stjórnarandstöðu hverju sinni þegar illa gengur að afla hlutlægra upplýsinga úr herbúðum hæstv. ráðherra. Stundum fást alls engar. Þá er leitað atbeina ríkisendurskoðanda til þess að kanna mál og fara ofan í saumana á þeim og miðla þeim upplýsingum síðan til hins háa Alþingis.

Þetta ferli allt saman sem ég hef á mjög einfaldan hátt farið yfir hefur um margt og að flestu leyti gengið prýðilega fram. Það er hins vegar lykilatriði í þessu stjórnkerfi að sjálfstæði Ríkisendurskoðunar sé yfir allan vafa hafið og að hann sem slíkur og starfsmenn hans geti starfað allsendis óháðir utanaðkomandi þrýstingi, beinum og óbeinum. Þess vegna var það hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni þegar hún kom inn á það sem gerðist fyrir örfáum árum, að upplýst var að ríkisendurskoðandi sjálfur hefði fjárhagslega hagsmuni prívat og persónulega, þ.e. hann fékk prívat og persónulega greitt fyrir ákveðna endurskoðunarvinnu sem stofnunin sjálf kom að. Þar er ég að vísa til endurskoðunarvinnu hjá ríkisbönkunum. Eftir því sem ég best veit hefur þetta verið aflagt með öllu og ríkisendurskoðandi upplýst um það.

En það er ekki eingöngu að ríkisendurskoðandi þurfi að vera óháður fjárhagslega gagnvart þeim stofnunum sem hann endurskoðar hjá heldur þarf hann líka að vera það á pólitískum forsendum. Það ber einkar vel í veiði við þessa umræðu að hér skuli staddur hæstv. samgrh. því að ég vildi víkja nokkrum orðum að tíðindum sem áttu sér stað nú síðsumars þegar ríkisendurskoðandi var kallaður til starfa af framkvæmdarvaldinu, í þessu tilfelli hæstv. samgrh. sem setti af stað vinnuhóp eða pólitíska ráðgjafarnefnd sem hafði og hefur það verkefni að leita svara og afla tillagna til handa samgrh., þ.e. svara við mjög vel rökstuddum og ítarlegum ábendingum og athugasemdum frá Samkeppnisstofnun.

Ég gerði þá þegar strax athugasemd við þetta ráðslag og taldi að í þessu stóra máli sem laut að fjarskiptamálum Íslendinga, sem eru í örri þróun og hafa tekið miklum breytingum og eiga eftir að taka enn frekari breytingum ef málum vindur fram eins og lýst hefur yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, væri ákaflega óeðlilegt að ríkisendurskoðandi, sem væri fyrst og síðast starfsmaður þingsins en þó allra helst sjálfstæður aðili og úrskurðaraðili, færi á frumstigi máls í vinnu fyrir framkvæmdarvaldið.

Ég velti því upp þá þegar og geri það enn og aftur hver staða Alþingis verður þegar þessi mál munu koma til kasta þingsins, sem þau munu óhjákvæmilega gera, hugsanlega núna strax á haustþingi en a.m.k. á yfirstandandi vetri. Ég spurði: Hvert á Alþingi þá að leita til þess að afla sér hlutlægra upplýsinga og álits á því flókna viðfangsefni sem fjarskiptin annars eru? Ég tók þetta mál upp í forsn. en varð undir í henni og virði auðvitað meiri hluta hennar eins og meiri hluta yfirleitt. Hins vegar tel ég óhjákvæmilegt annað en að halda þessu ákvæði til haga. Ríkisendurskoðandi lýsti því sjálfur opinberlega að hann teldi það til starfsskyldna sinna að taka þátt í faglegri pólitískri ráðgjafarnefnd með sérvöldum aðilum sem hæstv. samgrh. kallaði til verka til þess að svara athugasemdum annarrar eftirlitsstofnunar ríkisvaldsins, Samkeppnisstofnunar. Ég velti því fyrir mér hvernig fyrir stjórnsýslunni væri komið við þessar aðstæður.

Ég spyr eftir því hvort þessi pólitíska ráðgjafarnefnd sé enn til staðar og enn á lífi. Það lá ekki fyrir á þeim tíma að henni hefði verið sett neitt sérstakt skipunarbréf. Það lá heldur ekki fyrir skriflega um verkefnaramma þessarar ráðgjafarnefndar sem ríkisendurskoðandi tók þátt í. Það lá heldur ekki fyrir um hugsanlega þóknun til nefndarmanna og ég vil nota ferðina og spyrja hæstv. samgrh. af því að hann er við umræðuna, og ég þakka honum það, hvernig þessum málum er nú hagað og hver er staða þeirra.

Ég er ekki út af fyrir sig að áfellast hæstv. ráðherra fyrir þetta. Það kann að vera að fljótræði og ókunnugleiki hafi ráðið för hjá honum ellegar það, eins og hann lýsti sjálfur opinberlega, að hann teldi málum vel fyrir komið í höndum ríkisendurskoðenda og annarra nefndarmanna. Út af fyrir sig ætla ég ekki að deila um það en stóra viðfangsefnið er það sem ég hef hér verið að lýsa, og er ekki á hans könnu fyrst og síðast, hvernig Alþingi stendur að vígi gagnvart ríkisendurskoðanda og verkhæfni hans í þessu stóra máli. Hann er ekki lengur hlutlaus umfjöllunaraðili eins og honum ber að vera gagnvart Alþingi. Ég vildi óska þess að hæstv. samgrh. legði umræðunni lið með því að svara þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hans í þessum efnum.

Í öðru lagi er rétt að nefna það líka og það er kannski ekki óeðlilegt að úrskurðir og álitsgerðir Ríkisendurskoðunar séu ekki alltaf hafnar yfir gagnrýni. Ríkisendurskoðandi er enginn dómstóll og eðli máls samkvæmt er sjálfsagt og eðlilegt að framkvæmdarvaldið taki upp rökræður við hann um þær niðurstöður sem hann kemst málefnalega að hverju sinni og það hefur verið gert og undan því er ekkert að kvarta.

Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt annað en rifja það upp líka að Alþingi hefur ekki ævinlega verið jafnánægt með vinnubrögð þessarar stofnunar og þess er skemmst að minnast í lok síðasta kjörtímabils þegar ríkisendurskoðandi tók að sér það verkefni að fara yfir og gefa álit og upplýsingar um málefni Stofnfisks, að hið háa Alþingi fékk ritskoðaða pappíra af hálfu ríkisendurskoðanda þar sem heilu blaðsíðurnar voru yfirstrikaðar og einstaka setningar sömuleiðis. Það voru vinnubrögð sem þá voru gagnrýnd og eru enn og aftur. Það á ekki að vera á verksviði Ríkisendurskoðunar að standa þannig að verki eins og gert var þar. Að öðru leyti ætla ég ekki að endurtaka þá umræðu sem þá var ítarleg og talsvert heitfengin.

Það er eins og ég segi mjög mikilvægt að rekstur og vinnubrögð Ríkisendurskoðunar séu hafin yfir alla gagnrýni. Ég rifja það upp og vísa til skýrslunnar á bls. 15 þar sem farið er yfir útboð á endurskoðunarþjónustu sem var sannarlega farið í. Stundum hefur verið haft á orði að ekki sé alveg nægilega skýrt og ljóst hver sé í raun hin endanlega ábyrgð Ríkisendurskoðunar sem stofnunar á þeirri endurskoðunarvinnu sem sjálfstætt starfandi endurskoðendur annast þegar um útboð er að ræða eins og gert hefur verið gagnvart

stórum fyrirtækjum, samanber viðskiptabönkunum. Ríkisendurskoðandi áritar reikningana en er hann í raun ábyrgur fyrir þeirri endurskoðun eður ei? Þetta hefur verið dálítið á reiki. Hins vegar er ekkert á reiki og alveg ljóst og kýrskýrt að þegar ríkisendurskoðandi hefur falið með beinum samningum óháða endurskoðendur að annast tiltekna endurskoðun tiltekinna ríkisaðila á tilteknum sviðum er það gert í umboði hennar og það er Ríkisendurskoðun sjálf sem er hinn endanlegi ábyrgðaraðili.

Hins vegar er einnig ástæða til að nefna það að kaup á útseldri þjónustu endurskoðunarskrifstofa hér og þar þarf að vera yfir alla tortryggni hafin. Auðvitað er samkeppni um þessa bita í okkar litla landi og ég eins og fleiri þingmenn væntanlega hafa vafalaust heyrt það beint eða óbeint að margir vilji komast á þessa jötu eins og ríkisjötuna yfirleitt. Það er því er mikilvægt að öll þessi viðskipti við óháðar endurskoðunarskrifstofur séu fyrir opnum tjöldum og liggi ljóst fyrir hverjir fá og hverjir ekki og hvernig þessum samningum sé að öðru leyti hagað. Ég held hins vegar að í langflestum tilfellum sé affarasælast að starfsmenn Ríkisendurskoðunar sjálfir vinni þessa grunnvinnu að sem mestu leyti þó að ég vilji ekki undanskilja að á tilteknum sviðum þurfi að leita sérfræðiaðstoðar utan stofnunar og ber auðvitað að gera það undir slíkum kringumstæðum.

Að lyktum, herra forseti, er aldrei nógsamlega undirstrikað að rekstur og vinnubrögð Ríkisendurskoðunar séu yfir alla tortryggni hafin. Það sama gildir um rekstur stofnunarinnar sjálfrar. Ég tek eftir því að rekstrarreikningur þessarar stofnunar er settur upp með eilítið öðrum hætti en ríkisendurskoðandi sjálfur gerir gagnvart ríkisreikningi. Það hefði verið ljósara og skýrara að minni hyggju ef í þessum rekstrarreikningi og reikningum stofnunarinnar væri að finna fjárlagatölurnar til hliðsjónar þannig að menn sæju þar svart á hvítu um rekstrarárangurinn. Það verður að segja þá sögu eins og hún er að þessi stofnun, Ríkisendurskoðun, hefur orðið fyrir því hinu sama og aðrar ríkisstofnanir nú á síðustu tímum frjálsra samninga, aðlögunarsamninga og árangurssamninga og hvað þetta nú allt heitir með þeim afleiðingum að þessari stofnun eins og ríkisstofnunum yfirleitt hefur gengið illa að halda sig innan ramma fjárlaga. Það er bara alls ekki nógu gott. Þessi stofnun á auðvitað að vera fyrirmynd annarra og hún vill vera það og hefur gjarnan verið það í gegnum tíðina. Á síðustu missirum hefur þó brugðið til verri tíðar í þeim efnum, kannski einkum og sér í lagi vegna þess að stofnunin hefur farið inn á sömu launastefnu og sömu vinnubrögð og fjmrn. hefur boðað. Hins vegar er mjög nauðsynlegt að stofnunin sé hin besta fyrirmynd annarra í þessum efnum sem öðrum.

Að öðru leyti vil ég láta í ljósi ánægju mína í heild og breidd með verklag Ríkisendurskoðunar og vinnubrögð í öllum aðalatriðum. Ég held að þessi stofnun sé þinginu mjög mikilvæg í alla staði. Þingið hefur innan vébanda sinna, þó að það hafi lagast talsvert á síðustu árum, ekki allt of marga sérfræðinga á þeim sviðum sem Ríkisendurskoðun hefur vinnu við, þá á ég við hið stjórnarskrárbundna hlutverk Alþingis að hafa eftirlit með ríkisvaldinu og starfsemi þess. Ríkisendurskoðun hefur því gjarnan verið sú leið sem þingmenn og hið háa Alþingi hafa farið til þess að veita þetta aðhald og afla nauðsynlegra upplýsinga.

[12:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um starfshóp sem ég skipaði til þess að fara yfir mál sem vörðuðu Landssímann, vil ég rifja upp að ástæðan fyrir því að ég taldi nauðsynlegt að ríkisendurskoðandi fengist að þessari vinnu er sú að ríkisendurskoðandi endurskoðar ársreikninga símans. Málið snerist um það að upp spratt deila um það hvort eignamat væri og hefði verið framkvæmt á þann hátt sem eðlilegt væri á sínum tíma þegar gengið var til þess verks á grundvelli laga að meta eignir símans, að ég taldi að það væri í fyllsta máta eðlilegt að ríkisendurskoðandi væri í þessum starfshópi og hef ekkert skipt um skoðun á því og taldi það afar mikilvægt einmitt til þess að þessari skoðun fylgdi mikið traust og styrkur að ríkisendurskoðandi væri þarna aðili. Aðrir með honum í þessum hópi, sem er fjarri því að vera pólitískur hópur eins og hv. þm. lýsti, voru ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og virtur hæstaréttarlögmaður hér í bæ. Ég held því að ekki fari á milli mála að seta ríkisendurskoðanda í þessum starfshópi var í fyllsta máta eðlileg vegna þess að Ríkisendurskoðun endurskoðar reikninga Landssímans.

[12:12]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einmitt vegna þess að ríkisendurskoðandi endurskoðar reikninga Landssímans er óeðlilegt að hann taki þátt í því með öðrum að svara fram komnum athugasemdum og að afla gagna og raka fyrir samgrh. í deilu sinni við Verðlagsstofnun. Það liti út á allt annan veg hefði hæstv. ráðherra óskað eftir því við Ríkisendurskoðun sem stofnun að hún ein og sjálfstæð tæki á ákveðnum álitaefnum í þessum málum og gerði það samkvæmt venjubundnum vinnureglum sínum. Við því hefði enginn amast því að hæstv. samgrh. hefur eins og aðrir þingmenn rétt til þess að óska eftir slíkri vinnu af hálfu stofnunarinnar. En að setja ríkisendurskoðanda sem slíkan í þá stöðu að vinna með virtum lögfræðingi sem hér var nefndur, sem er raunar formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, sennilega algjör tilviljun, og ráðuneytisstjóra fjmrn., er allt annað mál og gjörsamlega eðlisóskylt með öllu. Því hlýt ég að árétta og undirstrika gagnrýni mína.

Ég spyr enn og aftur hvort þessi starfshópur hafi fengið erindisbréf, hvort hið háa Alþingi geti fengið það, hvenær starfi hans beri að ljúka, hvort þá þegar verði öll gögn þessa starfshóps gerð opinber til alþingismanna og almennings og hver þóknun til nefndarmanna verði.

[12:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir hvert verkefni þessa starfshóps var og ég get upplýst að væntanlega á mánudaginn verður niðurstaða starfshópsins kynnt. Að sjálfsögðu verður greiður aðgangur að niðurstöðu og skýrslu þessa hóps fyrir þingmenn, það fer ekkert á milli mála.

Ég ekki upplýst hver kostnaðurinn vegna þessarar vinnu er en það er alveg ljóst að þarna hefur verið lögð í heilmikil vinna og væntanlega verður hægt að upplýsa það ef um verður spurt þegar þar að kemur.

[12:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessar upplýsingar, að starfshópurinn ætlar að gera grein fyrir niðurstöðum sínum. En ég bið hv. þingmenn að hugleiða aðeins með sjálfum sér í hvaða stöðu ríkisendurskoðandi er núna kominn í þessum efnum. Hann hefur setið í starfshópi með virtum lögfræðingi hér

í bæ og ráðuneytisstjóra fjmrn. til að leita svara við gagnrýni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Væntanlega er það í þessum starfshópi eins og fleirum að menn reyna að leita sameiginlegrar niðurstöðu. Þar sem ríkisendurskoðandi er einn þriggja aðila í þessari nefnd tekur hann væntanlega þátt í þeirri sáttargjörð eins og aðrir. Í þessum hópi eins og öðrum ámóta, hefur samgrh. væntanlega komið að vinnu hópsins eftir því sem henni hefur undið fram. Ég geng út frá því sem vísu þar sem um ráðgjafarhóp er að ræða. Finnst hæstv. ráðherra og finnst hæstv. forseta það í samræmi við hina sjálfstæðu stöðu Ríkisendurskoðunar lögum samkvæmt að hann taki þátt í ferli af þessum toga, ekki síst þegar hann er endurskoðandi þessari stofnunar? Ég undirstrikaði það og sagði áðan og segi enn og aftur að allt öðru máli hefði um það gegnt ef hæstv. ráðherra hefði óskað eftir formlegri endurskoðun og formlegri og athugun og rannsókn og úttekt Ríkisendurskoðunar á þessum álitaefnum. Þá hefði Ríkisendurskoðun sjálf staðið undir þeim kostnaði eins og venja er til og allar upplýsingar um málið komið hingað til hins háa Alþingis.

Þess vegna árétta ég þá fyrirspurn mína að á mánudaginn, þegar skýrt verður frá niðurstöðum hópsins, verði líka öll vinnsluskjöl þessa hóps gerð okkur sýnileg þar sem þessi starfsmaður Alþingis kom að verki og einnig verði algerlega kýrskýrt hver hafi verið þóknun ef einhver er til þessara nefndarmanna, sundurliðun á þá þrjá.

[12:17]

Útbýting þingskjals:

Umferðarlög, 95. mál, frv. GE, þskj. 96.

[12:17]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill tilkynna að auk utandagskrárumræðu sem áður var tilkynnt í upphafi fundar mun fara fram önnur utandagskrárumræða á nýjum fundi um kl. 3 í dag. Málshefjandi er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, verður til andsvara. Umræðan snýst um ný viðhorf um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Nýr fundur verður því settur um kl. 2 þegar hinni fyrri utandagskrárumræðu og atkvæðagreiðslum lýkur.

[12:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að gera örlítið að umtalsefni umhverfisendurskoðun. Ég fagna því að umhverfisendurskoðun skuli vera komin inn sem sérkafli í skýrslu þá sem hér er til umfjöllunar, þ.e. starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég fagna því að til starfa skuli vera komnir við embætti ríkisendurskoðanda tveir starfsmenn sem sinna þessum þætti, eftirliti með því hvernig stjórnvöld standa sig í umhverfismálum. Ég tel hér vera stigið mikið framfaraskref, skref í átt að grænum þjóðhagsreikningum þar sem gengið er út frá því að umhverfisvernd og hagvöxtur eigi samleið.

Það er gott til þess að vita að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun skuli ekki alltaf vera lítið annað en orðin tóm, en um leið vil ég hvetja hæstv. ráðherra til að hafa það plagg oftar við höndina og skoða afstöðu sína til hinna ýmsu mála með hliðsjón af þeirri stefnu sem þar er lýst og er að mörgu leyti til fyrirmyndar.

Að mínu mati stendur umhverfisvernd ekki í vegi fyrir efnahagslegri afkomu þjóðarbúsins og sú ákvörðun að hefja umhverfisendurskoðun til vegs á þann hátt sem gert er nú hjá Ríkisendurskoðun vekur með okkur vonir um að sjónarmið umhverfisverndar nái fótfestu í samfélaginu. Að mínu mati stendur það upp á hv. alþingismenn hvort heldur ráðherra eða óbreytta þingmenn að standa síðan vörð um þau sjónarmið. Stjórnvöld geta að sjálfsögðu sýnt fram á grænan hagvöxt án þess að slakað verði á kröfunni um hagkvæmni og í því sambandi langar mig, virðulegi forseti, að benda á að víða á Norðurlöndunum eru þessi mál í góðum gír þar sem Norðmenn munu vera komnir svo langt að þeir birta svokallaða græna bók með norska fjárlagafrv. til að draga saman hver stefnan í umhverfismálum er hjá norskum stjórnvöldum.

Mig langar, virðulegi forseti, að hreyfa þeirri hugmynd að slíkt hið sama verði gert á hinu háa Alþingi, þ.e. með fjárlögunum okkar verði lögð fram græn bók sem fyrir fram vísar til þeirra þátta sem verið er að vinna í umhverfismálum og hvernig umhverfismálunum er sinnt í stefnu stjórnvalda sem fram kemur í fjárlagafrv. Ég tel að það skref sem stigið hefur verið sé skref í þá átt að umhverfismálin fái þann sess í meðferð stjórnmálanna sem þeim ber og legg sem sé til að enn verði aukið við og grænni bók verði bætt við fjárlagafrv.

[12:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar er vakin athygli á því að á síðustu þremur áratugum hafi umhverfismál verið ofarlega á baugi í alþjóðastjórnmálum án þess að þess hafi sést nægilega mikil merki hér á landi. Þess er getið að til dagsins í dag hafi verið undirritaðir um 220 alþjóðlegir umhverfissamningar, flestir á undanförnum 25 árum en Ísland mun eiga aðild að 20 af þeim samningum.

Þess er einnig getið að auk lagalega bindandi samninga eigi íslensk stjórnvöld aðild að ýmsum viljayfirlýsingum, áætlunum og stefnumörkunum sem unnar eru á alþjóðlegum vettvangi án þess að vera skuldbindandi í skilningi þjóðarréttar og er Ríó-yfirlýsingin þar nefnd og Dagskrá 21.

Einnig er getið um það að á síðari árum hafi svokölluð umhverfisendurskoðun verið í þróun innan alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda og henni ætlað það hlutverk að kanna hvernig alþjóðlegum samningum, áætlunum, lögum og reglum á sviði umhverfismála er framfylgt af hálfu stjórnvalda og hvort slíkt sé gert á hagkvæman og skilvirkan hátt.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur er það mjög virðingarvert skref sem stigið hefur verið af hálfu Ríkisendurskoðunar. Þar hafa verið ráðnir tveir starfsmenn og ég vil taka undir þá tillögu hv. þm. að því starfi verði vel fylgt eftir og tekið verði til athugunar hvort ekki sé ráðlegt að láta græna bók fylgja fjárlagafrv. til umræðu og til eftirfylgni. Undir tillögu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur vil ég taka.

Ég vil gera annað að umræðuefni í fáum orðum. Það er það sjónarmið að embætti Ríkisendurskoðunar verði sem sjálfstæðast. Ég er sammála hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að mér finnst óeðlilegt að ríkisendurskoðandi eigi sæti í nefndum, að ekki sé minnst á umdeildar nefndir eða þar sem tekið er á umdeildum málum, sem starfa á vegum framkvæmdarvaldsins. Þar hefur verið vísað í starfsnefnd sem vinnur að undirbúningi á sölu Landssímans. Mér finnst það mjög óeðlilegt að ríkisendurskoðandi eigi sæti í þeirri nefnd. Það er eðlilegt að leitað sé álits hans um vissa þætti en ég mótmæli þeim sjónarmiðum sem komu frá hæstv. samgrh. fyrr við umræðuna, að vegna þess að ríkisendurskoðandi endurskoðar reikninga Landssímans, þá sé eðlilegt að hann komi að þeirri vinnu. Ég tel að einmitt vegna þess

að hann endurskoðar umræddа reikninga, þá beri honum að halda sjálfstæði sínu gagnvart þeirri vinnu. Þetta er almenn afstaða.

Ég vil vísa á aðra nefnd og ekki síður umdeilda sem ríkisendurskoðandi á aðild að að því er ég best veit og það er nefnd sem starfar á vegum heilbrrn. um samninga ríkisins við Íslenska erfðagreiningu um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þar kemur ríkisendurskoðandi einnig að máli og þetta er í hæsta máta óeðlilegt. Ég tel að við þurfum að fá skýringar á þessu, bæði hjá hæstv. forseta, heyra sjónarmið hans þar sem stofnunin heyrir undir þingið og einnig finnst mér að við þyrftum að fá upplýsingar frá hæstv. heilbrrh. um hvernig málum er háttað. En ég vil taka undir þá gagnrýni almennt að óeðlilegt er að ríkisendurskoðandi eigi aðild að þessum nefndum.

Þetta segi ég líka vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að þetta embætti njóti virðingar og trausts, hafi tiltrú, og forsenda þess er að því sé haldið sjálfstæðu.

Að öðru leyti vil ég lýsa ánægju minni með störf Ríkisendurskoðunar og ríkisendurskoðanda. Ég tel að þar sé almennt mjög vel að málum staðið en þessa gagnrýni vildi ég setja fram.

[12:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og aðrir í umræðunni þakka Ríkisendurskoðun fyrir það starf sem sú stofnun hefur unnið á sl. ári og umrædd skýrsla sem við ræðum ber vitni um. Ég held að í flestum tilvikum hafi Ríkisendurskoðun unnið vel að málum og skilað skýrslum hingað til Alþingis og endurskoðun í samræmi við það sem henni ber.

Virðulegi forseti. Ég er kominn hingað upp fyrst og fremst til að vekja eftirtekt á því að fyrir nokkrum árum var Ríkisendurskoðun færð undir Alþingi frá fjmrn. Það var gert í því skyni að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar, enn fremur að tryggja að Alþingi gæti betur sinnt sínu hlutverki að því er varðar að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Þetta var sú hugsun sem bjó að baki því að Ríkisendurskoðun var færð sem stofnun undir Alþingi frá fjmrn. á sínum tíma.

Sú hugsun er í samræmi við þá skipan sem við búum við í samræmi við í 2. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að ríkisvaldinu skuli skipt í þrennt, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald og hver þáttur um sig skuli hafa eftirlit með hinum. Þess vegna verð ég að segja það, virðulegi forseti, að það olli mér miklum vonbrigðum þegar ríkisendurskoðandi ákvað að taka sæti í umræddri pólitískri ráðgjafarnefnd hæstv. samgrh. því að vitaskuld mun nefndin ekki skila niðurstöðu sem er andstæð viðhorfum hæstv. samgrh. En með því að taka sæti í þeirri nefnd má segja sem svo að ríkisendurskoðanda sjálfan hafi sett mjög niður. Hann er á vissan hátt orðinn dálítill léttadrengur hjá íhaldinu. Ég held að ekki sé hægt að túlka það öðruvísi þegar hann sest í nefnd af þessum toga. Sú nefndarstofnun á rót sína að rekja til þess að Samkeppnisstofnun komst að þeirri niðurstöðu að verðmætamat á Landssímanum þegar honum var breytt í hlutafélag hafi verið allt of lágt og í því hafi falist ákveðin meðgjöf ríkisins með fyrirtækinu sem að hluta til starfar á samkeppnismarkaði en hefur einokun að hluta til í starfsemi sinni.

Ég vil taka undir, virðulegi forseti, að það er slæmt að ríkisendurskoðandi hefur tekið þarna sæti. Við hv. þm. stöndum frammi fyrir því þegar þetta mál kemur til umræðu og afgreiðslu á þinginu eins og ríkisstjórnin hefur boðað, að hlutabréf í Landssímanum verði seld, þá er fyrirséð að við getum ekki leitað til ríkisendurskoðanda. Hann hefur nú þegar gert sig vanhæfan í þessu máli. Það er mjög miður.

Vegna þess að farið er að ræða þetta sérstaklega og við höfum hér í salnum bæði fyrrv. hæstv. samgrh., núv. forseta Alþingis, og núv. samgrh., má benda á að hlutskipti þeirra í viðræðum við Samkeppnisstofnun hefur verið mjög sérstætt. Þeir hafa þar fyrst og fremst verið ráðherrar Landssímans en ekki hins almenna neytanda. Stofnunin sem ég hef aðallega talað um hér á rót sína að rekja til þessara viðhorfa sem hafa verið mjög ríkjandi í samgrn. núna a.m.k. um 8–9 ára skeið og vakið mikla undrun og eftirtekt í samfélaginu.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það eru mér mikil vonbrigði að ríkisendurskoðandi skuli hafa tekið sæti í þessari nefnd og á vissan hátt orðið vanhæfur, tekið sér hlutverk léttadrengs hjá samgrh. í þessu máli. Ég harma það mjög. Það er alveg ljóst að þegar þetta mál kemur til umræðu þá getum við ekki leitað til ríkisendurskoðanda, ekki frekar en þegar hér voru til umræðu málefni Stofnfisks. Þá barst líklega frægasta skýrsla sem frá ríkisendurskoðanda hefur komið, ritskoðuð og yfirstrikuð eins og menn muna, a.m.k. þeir sem hér sátu.

Ég vil nú þegar segja að hver svo sem sem niðurstaða nefndarinnar verður þá er þetta pólitísk ráðgjafarnefnd samgrh. og niðurstaðan mun sjálfsagt endurspegla viðhorf samgrh. í þessu máli. Virðulegi forseti, ríkisendurskoðandi hefur því, eins og ég sagði fyrr, gert sig vanhæfan í frekari umræðu um þetta mál.

[12:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvennt vekur athygli í ræðu hv. þm. Annars vegar kemur fram hið ódauðlega hatur hans á Landssímanum og því fólki sem þar vinnur. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Alþfl. lýsir þvílíkum tilfinningum til þessa stærsta fyrirtækis Íslands. Ég þekki af reynslu að þar er margt ágætt fólk, trútt sinni stofnun sem hefur hvað eftir annað haft á orði við mig að undarlegt sé að það skuli þykja áfellisdómur yfir samgrh. í sölum Alþingis að hann hugsi til fólksins á þessum vinnustað.

Í öðru lagi vil ég segja að ég var einn þeirra þingmanna — þó að það hafi ekki komið fram hér í sölum Alþingis, einungis á fundum í þingflokki Sjálfstfl. — sem dró í efa að rétt væri að fela Ríkisendurskoðun að endurskoða hlutafélög í eigu ríkisins, hafa þar daglega endurskoðun með höndum vegna þess að það mundi kalla á tortryggni í garð Ríkisendurskoðunar þegar einhver álitamál eða dægurmál kæmu upp í pólitíkinni. Það hefur núna gerst að vegna þess ákvæðis þá hefur hv. þm., af öðrum ástæðum en embættisfærslu ríkisendurskoðanda, reynt að gera hann tortryggilegan.

Auðvitað hljóta þeir sem hafa daglega endurskoðun og faglega með höndum að vera forstjóra, svo ég tali nú ekki um eiganda, til leiðbeiningar og ráðuneytis þegar álitamál koma upp. Þess vegna var óhjákvæmilegt að kalla til ríkisendurskoðanda þegar samgrh. þurfti að ganga úr skugga um hvort rétt hafi verið staðið að stofnun efnahagsreikningsins.

[12:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú vekja sérstaklega athygli á að hæstv. forseti Alþingis flutti þessa sérstæðu ræðu hér á hinu háa Alþingi. Hann byrjaði á því að orða hlutina á þann veg að sá þingmaður sem hér stendur og væntanlega

Alþfl. í heild sinni, ef ég skildi hann rétt, hefði ódauðlegt hatur á Landssímanum. (**Samgrh.:** Samfylkingin.) Já eða Samfylkingin, eins og hæstv. samgrh. núv. grípur fram í.

Virðulegi forseti. Þetta er reyndar alveg dæmigert fyrir umræðu Sjálfstfl. um þetta mál. Hann skal ætíð persónugera öll viðhorf á þennan hátt. Það sem við höfum fyrst og fremst gagnrýnt er brölt Landssímans á markaðnum sem hefur gert það að verkum að stofnunin hefur staðið í vegi fyrir því að eðlileg samkeppni fái að þróast. Við höfum séð það í verðskrá, sérstaklega í GSM-þjónustu, að verðlag hefur lækkað þar sem samkeppni hefur verið en hvergi annars staðar. Við höfum staðið fyrir þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Það er langur vegur frá því að ég eða aðrir í Samfylkingunni eða Alþfl. hafi eitthvert hatur á starfsfólki Landssímans. Satt best að segja, virðulegi forseti, er forseta Alþingis ekki sæmandi að taka þannig til orða. Það er bara langt frá því að vera forseta Alþingis sæmandi.

Virðulegi forseti. Seta ríkisendurskoðanda í þessari nefnd er vitaskuld algjörlega fráleit. Það þarf enginn að segja þeim sem hér stendur eða öðrum að ekki hafi mátt finna aðra Íslendinga með líka þekkingu og menntun og ríkisendurskoðandi sem hefðu getað tekið þátt í að meta þetta fyrirtæki. Það mátti hins vegar skilja forseta Alþingis svo — reyndar skildi ég ekki nema brot af því sem hann sagði — að ekki væri hægt að finna aðra menn til þessa starfa en ríkisendurskoðanda.

[12:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má kannski segja að nú sé ekki í fyrsta skipti sem skvett er úr klaufunum af þingmönnum Alþfl. í þessum stóli. Auðvitað hefur sá maður sem hverju sinni gegnir embætti forseta Alþingis fulla heimild til þess að snúast til varnar ef fundið er að embættisfærslu hans í fyrri störfum. Auk þess hefur hann fulla heimild til að taka þátt í almennum umræðum á hinu háa Alþingi, leggja fram mál og þar fram eftir götunum. Hann hefur fullan rétt til að starfa eins og hver annar þingmaður hér innan þessara veggja. Fyrir því er íslensk þinghefð og dugir í því sambandi að vitna til Jóns Sigurðssonar forseta.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég benda á að það er ekki rétt sem hv. þm. sagði, að einungis hafi orðið lækkun á verðlagi á þjónustu GSM-símans hjá Landssímanum. Þetta er fullkomlega rangt. Landssíminn lækkaði verðskrár sínar verulega áður en síminn var gefinn frjáls. Þannig að hv. þm. fer þarna rangt með.

En á hinn bóginn bað Samkeppnisstofnun, ef ég man rétt, um að Landssíminn lækkaði ekki gjaldskrá GSM-þjónustu vegna samkeppninnar.

Í þriðja lagi vil ég segja að þegar ég var að tala um hlutverk Ríkisendurskoðunar áðan þá var ég ekki að tala um persónu ríkisendurskoðanda. Þess vegna átta ég mig ekki alveg á því hvað lögfræðingurinn átti við þegar hann talaði um að finna hefði mátt aðra einstaklinga til að gegna þessu starfi. Um það er að ræða að Ríkisendurskoðun fer með daglega endurskoðun og eftirlit með rekstri Landssímans.

Hvert einasta hlutafélag leitar auðvitað til endurskoðanda síns um þau mál sem mikilvægust eru í efnahags- og rekstrarreikningum fyrirtækisins. Það á auðvitað líka við um Landssímann.

[12:40]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm., núv. hæstv. forseti Alþingis, hefur nú oft flutt tölur af þessum toga og hvorki ég né aðrir hafa botnað mikið í þeim málflutningi.

Virðulegi forseti. Það sem ég átti við áðan var ekki að ég hefði á móti því að hæstv. forseti talaði við umræðuna. Ég fagna því að hæstv. forseti skuli taka til máls. Miklu heldur er ég ósáttur við það hvernig hann nýtti sér þetta málfrelsi. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er á engan hátt við hæfi að hæstv. forseti komi hér upp og geri því skóna að tiltekinn þingflokkur, tiltekinn hluti þingflokks eða tiltekinn þingmaður, ég áttaði mig nú ekki alveg á því hvað hann var að fara, bæri í brjósti ódauðlegt hatur til starfsfólks tiltekins fyrirtækis.

Þetta er þess eðlis, virðulegi forseti, að ég held að menn þurfi að leita langt til þess að finna hliðstæðu. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ef hæstv. forseti hefur hugsað sér að tala svona í umræðum hér á Alþingi og eiga jafnframt samstarf við aðra þingmenn þá er hætta á að samstarfið verði ekki svo gott sem æskilegast væri.

[12:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson beindi orðum til mín í tilefni af umræðu um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar. Það tengdist því máli sem var hér fyrr á dagskrá, um starfshóp sem ég skipaði ríkisendurskoðanda til að vinna í.

Fyrst vil ég aðeins nefna, vegna þess að gjaldskrármál Landssímans komu inn í þessa umræðu, nokkuð sem auðvitað skiptir miklu máli þegar verið er að gagnrýna skort á samkeppni og afleiðingar þess fyrir neytendur. Nú er það svo að talsímagjöld á Íslandi eru þau næstlægstu í OECD-ríkjunum. Aðeins Lúxemburg hefur lægri talsímagjöld. Ég spyr hvort það bendi til þess að Landssíminn hafi ekki unnið vel að málum eða þeir sem þar hafa staðið að.

Varðandi setu ríkisendurskoðanda í þessum starfshópi þá vil ég bara vekja athygli hv. þm. á því að þrátt fyrir gagnrýni þingmanna Samfylkingarinnar þá komst forsn. Alþingis að þeirri niðurstöðu, að undanskildum einum forsætisnefndarmanni, að engin ástæða væri til að gera athugasemd við þessa skipan og við það situr.

[12:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom nú kannski ekki mikið fram í máli hæstv. samgrh. sem snýr að mér að svara. Ég fagna því sérstaklega að verðskrá fyrir GSM-símtöl sé sérstaklega lág. En ég vek náttúrlega athygli á því að það hefur verið mikil barátta — ég veit nú svo sem ekki hversu margir úrskurðir Samkeppnisstofnunar eru orðnir — til þess að keyra í gegn alvöru samkeppni á þessum markaði sem síðan hefur leitt til lækkunar á gjaldskrá.

Ég fagna því sérstaklega, samgrh. fer nú varla með rangt mál í þeim efnum, að hér séu næstlægstu GSM-símgjöld í Evrópu (**Samgrh.:** Talsímagjöld.) Nú hann talaði ekki um GSM-gjöldin. Ég misskildi það.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þau rök sem hæstv. samgrh. færði enn og aftur og hefur verið að reyna að gera hér í morgun, að eðlilegt sé að starfsmaður Alþingis eigi sæti í pólitískri ráðgjafarnefnd hjá samgrh., eru ekki sterk. Ég verð að ítreka að það vantar mikið á að sú röksemdafærsla sé trúverðug.

[12:45]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. Rannveig Guðmundsdóttir kom inn á tvo þætti í máli sínu hér áðan sem óhjákvæmilegt er að víkja að. Annars vegar spurði hv. þm. hvort ríkisendurskoðandi þægi persónulega laun frá bönkum eða öðrum fyrir þá vinnu sem hann lætur í té sem endurskoðandi. Svo er ekki. Hann þiggur engar slíkar persónulegar greiðslur fyrir störf sín. Laun hans eru ákveðin af Kjaradómi og það er það sem hann fær klippt og skorið.

Á hinn bóginn er að finna í skýrslunni á bls. 30 tekjur undir liðnum Seld þjónusta 20.972.072 kr. Í þessari tölu eru aukagreiðslur og annað því líkt sem m.a. ríkisendurskoðandi fær fyrir vinnu sína og rennur þess vegna til stofnunarinnar en ekki persónulega til ríkisendurskoðanda.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um umhverfismál, hvernig Ríkisendurskoðun mundi haga störfum sínum og til hvers störf Ríkisendurskoðunar tækju. Til að skýra það er einfaldast að rifja upp það sem stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um umhverfisendurskoðun, með leyfi hæstv. forseta:

„Segja má að síðastliðna þrjá áratugi hafi umhverfismál verið ofarlega á lista alþjóðastjórnmálanna þó að þess hafi e.t.v. ekki sést merki hér á landi fyrr en allra síðustu ár. Til dagsins í dag hafa verið undirritaðir um 220 alþjóðlegir umhverfissamningar, langflestir sl. 25 ár. Ísland á aðild að 20 slíkum samningum, að ógleymdum EES-samningnum, en með fullgildingu hans ákváðu íslensk stjórnvöld að taka upp stóran hluta löggjafar Evrópusambandsins á sviði umhverfismála.

Auk lagalega bindandi samninga eiga íslensk stjórnvöld aðild að ýmsum viljayfirlýsingum, áætlunum og stefnumörkunum sem unnar eru á alþjóðlegum vettvangi án þess að vera skuldbindandi í skilningi þjóðarréttar. Ríó-yfirlýsingin og „Agenda 21“ sem margir kannast við eru dæmi um slíkt samstarf. Önnur alþjóðleg áætlun sem færri þekkja, en skiptir Íslendinga ekki síður máli, er áætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, oft kölluð Washington-áætlunin (Global Programme of Action for the Protection of Marine Environment from Land-Based Activities).

Auk samstarfs á alþjóðavettvangi eru svo settar ýmsar innlendar reglur án sérstakrar samvinnu við erlend ríki, s.s. reglur um skipulag og nýtingu hálendisins o.s.frv.

Allt það sem talið hefur verið hér að ofan endurspeglast svo í umfangsmiklum lögum, reglugerðum og áætlunum hérlendra stjórnvalda sem fela í sér kvaðir á ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga í landinu.“

Þegar sérstaklega er fjallað um hlutverk Ríkisendurskoðunar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á síðari árum hefur svokölluð umhverfisendurskoðun verið í þróun innan Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðenda (INTOSAI). Henni er ætlað það hlutverk að kanna hvernig alþjóðlegum samningum, áætlunum, lögum og reglum á sviði umhverfismála er framfylgt af hálfu stjórnvalda og hvort slíkt sé gert á hagkvæman og skilvirkan hátt.

Með nýjum lögum um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, var stofnuninni veitt heimild til að framkvæma umhverfisendurskoðanir af því tagi sem að framan er lýst. Þetta ákvæði er nýtt af nálinni hér á landi, en að mati löggjafans var talið brýnt að Ísland drægist ekki aftur úr í hraðri þróun á sviði umhverfismála, þar með talinni umhverfisendurskoðun. Umhverfisendurskoðun felst, samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laga um Ríkisendurskoðun, í því að endurskoða og kanna áhrifin af starfsemi, stefnu og rekstri stofnana og fyrirtækja á umhverfið og fylgjast með því hvort einkaréttarlegir aðilar og opinberir aðilar framfylgja lögum og reglugerðum, svo og reglum og alþjóðasamningum á sviði umhverfismála.

Í þessu skyni hafa verið ráðnir tveir starfsmenn til Ríkisendurskoðunar. Starf þeirra mun í fyrstu snúast um stefnumótun á þessu sviði innan stofnunarinnar, en auk þess verður gerð úttekt á framkvæmd skuldbindinga samkvæmt svokölluðum OSPAR-samningi sem er svæðisbundinn samningur um verndun Norður-Atlantshafsins. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við ríkisendurskoðanir Danmerkur og Noregs samkvæmt sérstökum samningi þar um. Stefnt er að því að taka einnig fyrir verkefni innan lands, en ekki hefur verið ákveðið hvar borið verður niður í því efni.“

Ég vona að þessi greinargerð skýri það mál sem hv. 4. þm. Reykn. vakti athygli á og spurðist fyrir um.

Ég vil að síðustu segja vegna ummæla hv. 17. þm. Reykv., Kolbrúnar Halldórsdóttur, að fyrr á þessu ári tók samgrn. upp það sem kallað hefur verið græn reikningsskil og fól stofnunum samgrn. að vinna á þeim grundvelli. Hugmyndin var síðan sú að skýrsla eða greinargerð þeirra stofnana sem heyra undir samgrn. mundu fylgja þeim skýrslum sem lagðar eru fram á Alþingi um starfsemi þessara stofnana. Ég tel að með því hafi verið komið inn á ný vinnubrögð með skipulegri hætti a.m.k. í opinberum rekstri, umhverfisvænni vinnubrögð má segja en áður hefur verið þannig að hv. þm. á að gefast auðveldlega tækifæri að kynna sér hvernig þessi mál eru vaxin í samgrn. og hjá stofnunum þess.

Ég vil að síðustu, herra forseti, taka fram vegna þeirra orðaskipta sem fóru fram áðan að auðvitað er það óhjákvæmilegt þegar dregið er í efa að ég hafi með eðlilegum hætti, að ég ekki segi heiðarlegum, unnið að embættisverkum samgrh. að til allsnarpra orðaskipta hljóti að koma milli mín og þess þingmanns sem slíkt gefur í skyn.

[12:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta Alþingis fyrir viðbrögð hans og sérstaklega er hann reifaði hugmyndir sem fram komu frá hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kolbrúnu Halldórsdóttur, um grænar skýrslur. Hann vakti athygli á nýmæli í samgrn. í þessu efni en ég legg áherslu á að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var í reynd að leggja til að með fjárlagafrv. kæmi á hverju ári eins konar græn bók þar sem þessi mál væru yfirfarin og reifuð.

Eins saknaði ég í máli hæstv. forseta Alþingis. Það eru viðbrögð við spurningum sem ég setti fram um afstöðu hans til þess að ríkisendurskoðandi tæki þátt í vinnunefndum á vegum framkvæmdarvaldsins og þá sérstaklega nefndum sem eru umdeildar eins og varðandi söluna á Landssímanum og ekki síður vinnunefnd sem vinnur nú að undirbúningi á samningi við Íslenska erfðagreiningu um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði.

[12:53]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðara atriðið um miðlægan gagnagrunn, þá er ég því máli ókunnugur og treysti mér ekki til að tala um það nánar. Ég hef á hinn bóginn verið þeirrar skoðunar, eins og ég sagði áðan, að ég tel hæpið að Ríkisendurskoðun eigi að vera daglegur endurskoðandi hlutafélaga sem eru að öllu í eigu ríkisins. Ég hef rökstutt það með því að það kunni að kalla á gagnrýni á ríkisendur-

skoðanda, nafn hans og stofnun hans dragist inn í umræður um dægurmál og þess vegna hef ég talið það hæpið.

Ég hef á hinn bóginn gert mér grein fyrir að ég hef verið í algerum minni hluta á hinu háa Alþingi um þessar skoðanir mínar og hef litið á þær sem mínar sérskoðanir.

Ég hlýt á hinn bóginn að undirstrika það sem ég sagði áðan að ef við felum ríkisendurskoðanda að hafa daglega endurskoðun á hendi og bera ábyrgð á henni í Landssímanum fylgir því jafnframt sú skylda hans að vera eiganda Landssímans, sem í þessu tilviki er samgrh., til ráðuneytis um þau álitamál sem upp koma varðandi efnahagsreikning og rekstrarreikning Landssímans og um það hvort rétt hafi verið staðið, m.a. í öndverðu um stofn efnahagsreiknings. Ég tel því að óhjákvæmilegt hafi verið fyrir ríkisendurskoðanda að koma að því verki. Það hafi verið skylda hans sem daglegs endurskoðanda, en eins og fram hefur komið hér í þinginu eru skoðanir skiptar um þetta atriði og þótt skrýtið sé fer það kannski eftir því hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu hvaða skoðanir þeir hafa.

[12:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skoðanir mínar fara ekki eftir því hvort ég er í stjórnarandstöðu eða stjórn. Reyndar hef ég ekki verið í þeirri aðstöðu að sitja í ríkisstjórn. Ég er að sjálfsögðu sammála því að Ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðandi sé löggjafanum og þess vegna framkvæmdarvaldinu til ráðgjafar, hann gefi ráðgefandi álit og álitsgerðir. Að sjálfsögðu er ég fylgjandi því. Hinu er ég andvígur að hann eigi sæti í vinnunefnd sem sendi frá sér álit eða tillögur sem síðan koma til kasta löggjafans og umræðu í þjóðfélaginu.

Ég er á sama máli og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að eðlilegt sé að stuðla að sjálfstæði þessa embættis sem ég er almennt séð mjög ánægður með og tel hafa unnið störf sín mjög vel.

Hæstv. forseti upplýsir að honum sé ekki kunnugt um hlutdeild ríkisendurskoðanda í vinnu að samningi um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Ég vildi vekja athygli á þessu og koma á framfæri gagnrýni minni í þessu efni.

[12:57]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég skil verkefni þeirrar nefndar sem hæstv. samgrh. skipaði er það mjög afmarkað og felst í því að meta hvort ábendingar Samkeppnisstofnunar um að ekki hafi verið rétt staðið að stofnefnahagsreikningi séu gildar eða ekki, og ég tel að óhjákvæmilegt sé að ríkisendurskoðandi hafi skoðun á því máli og á því byggi ég rök mín.

Vitamál, 1. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57.

[12:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vitamál. Frv. er samið í samgrn. og Siglingastofnun Íslands og er ætlað að leysa af hólmi lög um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.

Tilgangur frv. er að breyta lagagrunni fyrir vitagjald sem ætlað er að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaði Siglingastofnunar á leiðsögukerfinu fyrir skip sem felst í ljósvitum, siglingamerkjum á sjó og landi, DGPS-leiðréttingarkerfi, radarsvörum og upplýsingakerfi um veður og sjólag. Lagt er til að lagagrunnur verði styrktur á þann veg að hann uppfylli skilyrði skattlagningarheimilda. Við þetta verður fjárhæð gjaldsins tilgreind í lögunum sjálfum.

Rekstur og eignarhald vitakerfisins er tvískipt. Landsvitar eru til leiðbeiningar á almennum siglingaleiðum en hafnarvitar vísa leið inn á hafnasvæðin og inn í hafnirnar. Landsvitar eru í eigu og umsjón ríkisins en hafnarvitar í eigu og umsjón sveitarfélaganna. Siglingastofnun fer með framkvæmd vitamála á Íslandi, þ.e. annast uppbyggingu og rekstur landsvitakerfisins og hefur umsjón og eftirlit með uppbyggingu og rekstri hafnarvita og innsiglingarmerkja.

Innheimt vitagjald árið 1998 nam 72 millj. kr., þar af 13 millj. kr. af íslenskum skipum en 59 millj. af erlendum skipum. Sama ár nam stofnkostnaður og kostnaður við rekstur öryggiskerfis fyrir sjófarendur hjá Siglingastofnun Íslands um 108,8 millj. kr.

Ástæða þess hve stór hluti af vitagjaldinu er greiddur af erlendum skipum er að nánast öll kaupskip sem koma til landsins í eigu íslenskra eða erlendra kaupskipaútgerða eru á erlendum skipaskrám. Vöruflutningaskip og skemmtiferðaskip eru nær undantekningarlaust stærri en fiskiskip mælt í brúttótonnum og greiða því hærra vitagjald. Auk þess eru skip minni en 10 brúttótonn undanþegin vitagjaldi samkvæmt gildandi reglum.

Með frv. þessu er miðað við að tekjur af vitagjaldi árið 2000 verði 90 millj. kr. en áætlaður rekstrarkostnaður Siglingastofnunar Íslands á leiðsögukerfinu árið 1999 er 95 millj.

Helstu breytingar sem frv. hefur í för með sér eru að lagt er til að vitagjald verði 64,70 kr. á hvert brúttótonn skips en gjaldið er nú 60,70 kr. og er lagt til að gjaldið hækki um 6,5% frá því sem nú er. Jafnframt er lagt til að vitagjald verði greitt af öllum skipum og lágmarksvitagjald verði 5.000 kr. Samkvæmt gildandi lögum er vitagjald greitt af skipum sem eru stærri en 10 brúttótonn. Við þessa breytingu munu 1.600 bátar sem áður voru undanþegnir gjaldinu greiða vitagjald.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Ár aldraðra, 96. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 97.

Bensínstyrkir til hreyfihamlaðra lífeyrisþega, 93. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 94.

Miðstöð sjúkraflugs á Akureyri, 92. mál, fsp. SJS, þskj. 93.

Ættleiðingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 68. mál (heildarlög). — Þskj. 68.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Frv. ÞBack og ÖJ, 9. mál (vísindasiðanefnd). — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Vitamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Verslun með manneskjur.

[13:38]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Alþjóð fylgdist með umræðum í sjónvarpi og blöðum um síðustu helgi er hér á Íslandi fór fram ráðstefna um konur og lýðræði. Ætla má að ráðstefnan kveiki umræðu um stöðu kvenna innan lands sem utan. Þar var ekki aðeins rætt um konur í fjármálaheiminum, vald kvenna o.s.frv. heldur vaknaði einnig umræða sem lýtur að dökkum hliðum í lífi kvenna.

Verslun með manneskjur kom þar til umfjölluanr. Forseti Lettlands sagði frá þessari skuggahlið í heimalandi sínu og aðrar konur á ráðstefnunni höfðu einnig áhyggjur af þessu alvarlega vandamáli. Á meðan á ráðstefnunni stóð fóru 30 íslenskar konur á þá staði sem hér bjóða upp á nektardans og einkadans og mótmæltu þeirri starfsemi sem þar fór fram. Fyrir þetta framtak eiga þær heiður skilið. En hvað skyldi fara fram á þeim stöðum sem þessar konur og hundruð annarra kvenna hafa mótmælt? Nú skal því hér lýst:

Viðskiptavinurinn byrjar á því að greiða aðgangseyri sem er um 1.000 kr., vínið er dýrara en annars staðar og þarna sveima á milli 20 og 30 stúlkur á meðan ein sýnir dans. Hverjum og einum sem þarna kemur inn er boðið upp á einkadans og eru til þess gerðir smáklefar sem stúlkurnar fara með karlmennina í og verðskráin er eftirfarandi: Fyrir þrjár mínútur 3.000 kr., fyrir sex mínútur 6.000 kr. fyrir 30 mínútur 25 þúsund kr. Verðskráin hangir frammi — engin leyndarmál þar. Mér skilst líka að þar hangi spjald sem á stendur: Bannað að snerta. Um vernd handa þessum stúlkum er ekki vitað.

Að sjálfsögðu er hér ekki um neitt annað að ræða en útstillingu á vöru með mátunarklefum. Samkeppnin um kúnnann er algjör. Það væri fróðlegt að láta skoða hvernig tryggingum og heilbrigðisþjónustu við þessar stúlkur er háttað, hvað þær fá í eigin vasa og hvernig tekjur þessara staða eru færðar á skattframtali og hvernig launaseðlar stúlknanna líta út.

En hverjar eru þessar stúlkur? Þær koma frá Eystrasaltsríkjunum, Póllandi og Kanada en stúlkur frá fyrrum austantjaldsríkjum bera þessa staði uppi. Flestar þessara stúlkna koma úr mikilli fátækt og eymd og ýmsar ástæður eru fyrir því að þær grípa til þessa ráðs. Það gæti t.d. verið draumurinn um betra líf á vestræna vísu og ónóg tækifæri í heimalandi sínu eða hrein og klár fátækt, viljinn til sjá fjölskyldunni farborða í fjarlægu landi og leggja sitt af mörkum. Jafnframt getur verið um vímuefnaneyslu að ræða og þá er þetta ein leiðin til að fjármagna hana.

Klám og vændi er að sjálfsögðu angi af fíkniefnaheiminum, það er enginn nýr sannleikur. Auk þess er þekkt í Evrópulöndum að stúlkum er hreinlega rænt og þær dópaðar til þess að láta starfa við vændi. Ég minni á fréttir frá Svíþjóð í blöðum nýverið þar sem í ljós kom að stúlkum frá fyrrum austantjaldslöndum var haldið þar nauðugum til að þjóna kynlífsfíkn. Slíkt er að sjálfsögðu nútímaþrælahald.

Við tölum um að ráðast að þeim sem versla með vímuefni. Þó er líklega margt ljótara á ferðinni, þ.e. verslun með manneskjur en sem betur fer höfum við ekki heyrt af neinu viðlíka hér enn þá.

En við skulum halda vöku okkar. Þarna er verið að nýta sér fátækt og örbirgð stelpnanna. Það grátbroslega hefur nú gerst að kúnni hefur kært þjónustuna á dansstöðum — hún var kannski ekki nógu mikil. Ég var að velta því fyrir mér hvort þetta væri mál fyrir Samkeppnisstofnun. Íslenskar stúlkur fá ekki vinnu á þessum stöðum, slík er tryggðin við íslenska viðskiptavini, hún er algjör. Vettvangur íslenskra kvenna til að þjóna meintri kynlífsþrá landsmanna virðist fyrst og fremst við svokallaðar símalínur sem auglýstar eru í DV en umræða um það hefur farið fram á hinu háa Alþingi.

Það má velta því alvarlega fyrir sér hvort leggja á fram frv. um bann við kaupum á kynferðislegri þjónustu og varpa þar með ábyrgðinni frá þessum ungu stúlkum yfir á þá sem leita eftir þjónustunni. Það hefur verið reynt erlendis og væri kannski rétt að skoða þá reynslu. Í fjölmiðlum var nýverið sagt frá því hvernig barnaníðingar nota netið til þess að koma sér í kynni við börn til þess að geta nýtt sér þau í kynferðislegum tilgangi. Auðvitað fer hrollur um fólk þegar sagt er frá þessum ógeðfelldu auglýsingum. En ein er svona, með leyfi forseta:

„23ja ára ungur maður óskar að komast í kynni við börn 7–12 ára."

Og önnur auglýsing er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Barnungur maður óskar eftir ungum vinum sem vilja kynnast unaðssemdum ástarlífsins." Að sjálfsögðu er trúnaði heitið. Svona heldur viðbjóðurinn áfram og jafnframt talað um að spjallrásir á netinu séu kjörinn vettvangur fyrir barnaníðinga til að komast í tengsl við krakka.

Öllum tiltækum ráðum þarf að beita til að uppræta þessa glæpi og koma höndum yfir níðingana. Allt er þetta angi af sama meiði. Ísland er hluti af alþjóðasamfélaginu með kostum þess og göllum. Því er mikilvægt að við beitum okkur í öllum þessum málum og umræðan er á fljúgandi ferð bæði á Norðurlöndum og í Evrópu. Kirkjuþing hefur síðast rætt þessi mál og ég veit að um þetta mál er pólitísk samstaða.

Að þessu framansögðu hef ég nokkrar spurningar til dómsmrh.:

Hvað líður þeirri vinnu nefndar sem átti að skoða svokallaða starfsemi á klámbúllum í Reykjavík. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi frá dómsmrh., samgrh., félmrh. og fulltrúi frá Reykjavíkurborg? Er fyrirhuguð úttekt eða rannsókn á vændi

hér á landi? Er fyrirhugað eitthvert samstarf meðal Norðurlandanna á þessum vettvangi? Mun dómsmrh. beita sér fyrir rannsókn vegna þeirra barnaníðinga sem hafa komið fram á sjónarsvið í fréttum í tengslum við umræddar vefsíður? Hefur ráðuneyti dómsmála fyrirhugað samstarf við þá sem hafa látið þessi mál til sín taka að undanförnu?

[13:43]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 11. þm. Reykv., Guðrúnu Ögmundsdóttur, fyrir að vekja máls á þessu efni. Heiti umræðunnar, Verslun með manneskjur, er sláandi. Þótt ýmsum kunni að þykja slíkt orðalag tilheyra fyrri öldum þá er þetta því miður við lýði víða um heim og ekki einvörðungu í fjarlægum heimsálfum heldur hafa slík mál einnig komið upp í nágrannalöndum okkar eins og nýleg dæmi sanna.

Það var líka sláandi að heyra ákall forseta Lettlands vegna skelfilegs ástands meðal kvenna í Eystrasaltslöndunum og um skipulegan útflutning á þeim til Vesturlanda, ekki síður til Norðurlandanna. Auðvitað hlýtur þetta að kalla á viðbrögð okkar.

Engar sönnur hafa verið færðar á að skipulagt vændi eða skyld starfsemi sé rekin hér á landi en með því er þó ekki hægt að útiloka að slík starfsemi þrífist hér í einhverju formi. Ég deili áhyggjum hv. þm. af þeim málum sem tiltekin eru í spurningum hennar til dómsmrn.

Sá orðrómur hefur gengið fjöllunum hærra um nokkurt skeið að skemmtistaðir hér í borg þar sem boðið er upp á nektardanssýningar séu tengdir við vændi. Ekki hefur þó tekist að staðfesta þetta og er lögreglunni erfitt um vik að ljóstra upp um slík brot, en refsivert er bæði að stunda vændi sjálfum sér til framfærslu og hafa viðurværi af vændi annarra. Reynslan sýnir að rannsókn þessara mála er mjög erfið og oft reynist útilokað að sanna sekt grunaðra. Það þýðir þó ekki að stjórnvöld hafi lagt árar í bát í baráttunni gegn vændi, verslun með barnaklám o.fl. Öðru nær, sú barátta heldur áfram enda er ljóst að hvergi má slá af í þessum efnum. Markaðurinn er fyrir hendi hér eins og annars staðar.

Eins og ég mun víkja nánar að í svörum mínum við spurningum hv. þm. eru yfirvöld á verði gagnvart þessari vá og munu framvegis sem hingað bregðast eins skjótt við og unnt er í hverju tilviki sem upp kemur.

Spurt er hvað líði vinnu þeirrar nefndar sem átti að skoða svokallaða starfsemi á klámbúllum í Reykjavík. Í þessari nefnd eiga sæti fulltrúar dómsmrh., samgrh., félmrh. og fulltrúi frá Reykjavíkurborg. Nefndin hefur komið saman til fundar og von er á tillögum hennar innan tíðar. Ég get upplýst að þar hefur verið rætt um hvort gera skuli breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, svo og lögum um veitinga- og gististaði. Það er persónuleg skoðun mín að endurskoðun síðarnefndu laganna sé löngu tímabær í ljósi gjörbreytts umhverfis frá því sem var í þessum geira er lögin voru samin. Ef við ætlum að stemma stigu við því að hingað til lands komi fólk erlendis frá í því skyni að stunda vændi, verðum við að taka upp ný vinnubrögð við eftirlit áður en fólk kemur til landsins. Nú kemur fólk hingað til lands undir því yfirskyni að það hyggist stunda listdans og þar með er ekki þörf á tilskyldum atvinnuleyfum til að starfa við dans á þessum stöðum. Hugmyndir um að skerpa reglur um atvinnuleyfi fyrir dansara eru meðal þess sem nefndin hefur skoðað sérstaklega. Með því er unnt að hafa betra eftirlit með þeim sem starfa á þessum stöðum, enda kallar umókn um atvinnuleyfi á ákveðna meðferð innan stjórnsýslunnar.

Spurt er hvort fyrirhuguð sé nokkur úttekt eða rannsókn á vændi hér á landi. Ég vil í þessu sambandi vísa til svars dómsmrh. við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur alþingismanns um vændi sem fram kom á síðasta löggjafarþingi. Í framhaldi af henni innti dómsmrn. alla lögreglustjóra eftir upplýsingum er tengdust fyrirspurn þingmannsins, m.a. um fjölda þeirra kæra sem þeim hefur borist sl. fimm ár vegna brota á 207. og 208. gr. almennra hegningarlaga og hvort sérstakt eftirlit væri haft með þessum brotaflokki. Í sem stystu máli var niðurstaða þessara athugana sú að afar fá mál af þessu tagi koma upp hérlendis á ári hverju og hafa þau mál öll komið upp í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík. Ekkert hefur þó komið fram sem staðfestir orðróm um að skipulögð vændisstarfsemi sé rekin á Íslandi. Ég er alveg tilbúin til að kanna möguleika á því að standa fyrir rannsókn á vændi hér á landi í samvinnu við aðra sem málið varðar.

Þessu næst er spurt hvort fyrirhugað sé samstarf meðal Norðurlandanna á þessum vettvangi. Það er mjög rótgróið samstarf á milli Norðurlandanna um þróun refsilöggjafar og á vegum dómsmrn. er starfandi refsiréttarnefnd sem m.a. hefur það hlutverk að endurskoða almenn hegningarlög. Lagabreytingar til að sporna gegn vændi eru meðal þeirra mála sem nefndin hefur til athugunar.

Spurt er hvort dómsmrh. beiti sér fyrir rannsókn vegna þeirra barnaníðinga sem hafa komið fram á sjónarsviðið í fréttum í tengslum við vefsíður þessara manna. Mál af þessu tagi hafa á undanförnum árum verið rannsökuð í samvinnu við aðrar þjóðir og slík samvinna hefur leitt til aðgerða af hálfu lögreglunnar. Nýlega hefur ríkisstjórn Íslands ákveðið að óska eftir formlegu samstarfi við Europol, en slíkt samstarf getur skilað verulegum árangri í því að uppræta skipulagða glæpastarfsemi. Af hálfu ríkislögreglustjórans stendur nú yfir athugun á því hvort tilefni er til lögregluannsóknar vegna fréttar Stöðvar 2 hinn 4. þess mánaðar um íslenska kynlífssíðu á internetinu sem mun vera staðsett í Bandaríkjunum. Ég vil benda á að árið 1996 voru gerðar mikilvægar breytingar á íslenskri refsilöggjöf með viðbót við 210. gr. almennra hegningarlaga sem miða að því að uppræta barnaklám.

Síðasta spurningin snýr að samstarfi dómsmrn. við aðila eins og Stígamót. Ráðuneytið hefur á liðnum árum átt ítrekað fundi með slíkum aðilum og ég met mikils að eiga góða samvinnu við samtök eins og Stígamót.

[13:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er grafalvarlegt mál á ferðinni. Það var virkilega vekjandi að hlýða á háttsettar konur flytja hér á landi erindi um svokallað „trafficing" sem er hvít þrælasala sem viðgengst í heiminum í dag, hinum vestræna heimi. Þetta er ekkert annað en þrælasala vegna þess að sú starfsemi sem hér er verið að ræða um er þess eðlis að stúlkur frá Austur-Evrópu sem eiga um sárt að binda eru sendar út af örkinni undir því yfirskyni að verið sé að útvega þeim vinnu sem þær fái vel greitt fyrir og peningarnir sem komi í þeirra vasa verði sendir eða þær senda þá til fjölskyldna sinna sem eiga bágt í heimalöndunum. Þær komast inn í löndin, hvort sem það er Ísland eða önnur lönd, undir því yfirskyni að þær séu að dansa listdans. Þær fá dvalarleyfi til fjögurra vikna. Þá eru þær sendar til annars lands. Þar dvelja þær líka í fjórar vikur. Og svo til enn annars lands. Þar dvelja þær líka í fjórar vikur, og svona koll af kolli. Þessum hringum er stjórnað af mönnum sem vita alveg hvað þeir eru að gera.

Þetta er ekkert annað en þrælasala þar sem konur og börn eru gerð út af örkinni í þeim tilgangi að selja blíðu, selja kynlífsathafnir. Þessar stúlkur fá ekki þá peninga í vasann sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir talaði um að kæmu fram í verðskránni, því þær fá einungis það sem viðskiptavinir láta af hendi rakna meðan dansinn stendur yfir. Hverjir fá þá aurinn sem getið er um í verðskránni? Það væri full ástæða til að rannsaka það.

Ég vil hvetja hv. alþm. og stjórnvöld í þessu landi, hvort heldur ríkis eða borgar, til að gefa þessu máli meiri gaum en gert hefur verið hingað til, bera ekki kíkinn upp að blinda auganu þegar vakin er athygli á því hversu fjölgunin er mikil á þessum stöðum. Ég held þeir séu tíu í Reykjavík núna, þeim fjölgar og þeir eru að færa sig út á landsbyggðina.

[13:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til að greina frá því hvað við í félmrn. höfum aðhafst í þessu efni. Þann 20. nóvember 1996 fór ráðuneytið þess á leit við Jafnréttisráð að það gæfi álit sitt á því hvort að nektardans væri brot á jafnréttislögum. Jafnréttisráð komst að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki en benti á að auglýsingar mega ekki vera öðru kyninu til minnkunar og jafnframt brýnt að tryggt sé að einstaklingar sem sýna nektardans njóti almennra félagslegra og vinnumarkaðstengdra réttinda.

Við sendum bréf til Útlendingaeftirlitsins þann 16. apríl 1997 þar sem ráðuneytið gerði grein fyrir því að það telji eðlilega verklagsreglu að útlendingar sem hyggist vinna hérlendis og sæki um dvalarleyfi með vísan til ákvæða 14. gr. verði látnir sýna fram á að þeir uppfylli lögmæt skilyrði sem eru forsenda fyrir því að njóta undanþáguákvæða greinarinnar og eðlilegt megi sýnast í tilviki nektardansmeyja að óska eftir vottorðum frá viðurkenndum listaskólum eða öðrum jafngildum gögnum sem sanna að um sé að ræða starfandi listamenn. Þetta bréf var ítrekað 11. júní sl. en svar hefur ekki borist frá Útlendingaeftirlitinu.

Ég hef í undirbúningi að láta endurskoða lögin um atvinnuréttindi útlendinga. Það eru þversagnir í þeim lögum sem verður að laga hvort sem er. En það er hægt að taka á 14. gr. þar sem undanþága um atvinnuleyfi er fyrir listamenn, að undanskyldum hljóðfæraleikurum sem ráða sig til starfa á veitingahúsum, enda sé vinnan ekki nema í fjórar vikur hið mesta. Það er hægt að stytta þetta í tvær vikur eða fella listdans- eða nektardansmeyjar undan þessu ákvæði. En það dugar reyndar skammt því atvinnuleyfi þurfa aðeins þeir sem eru búsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins. Það sem mundi gerast væri það að í staðinn fyrir stelpur frá Eystrasaltslöndum þá kæmu þær frá Danmörku og öðrum stöðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Sveitarfélag sem að ekki vill líða svona starfsemi innan síns sveitarfélags hefur eitt ráð sem vafalaust stendur nú í sveitarstjórnarmönnum að beita og það er að svipta viðkomandi veitingahús vínveitingaleyfi.

[13:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er því miður óhugnanleg staðreynd að verslun með fólk, fyrst og fremst konur en líka börn og karla, hefur farið vaxandi á síðustu árum. Í umræðu um kynlífsiðnaðinn heyrist oft að þetta sé fyrst og fremst mál sem varðar umræddar konur og viðskiptavini þeirra, það sé frjálst val kvennanna að taka að sér störf af þessu tagi. Þessi rök heyrast ekki síst frá okkur körlunum. Það er í fyrsta lagi umdeilanlegt hvort það sé frjálst val þegar djúp neyð rekur manneskjur, konur eða karla, til að selja líkama sinn. En í öðru lagi liggur ótvírætt fyrir að í ótrúlega mörgum tilvikum er um hreint mansal að ræða, konur eru beinlínis hnepptar í ánauð, þær eru beittar ofbeldi til að þvinga þær til starfans, þær eru beittar hótunum gagnvart fjölskyldum þeirra, foreldrum og börnum, til þess að þvinga þær til hlýðni, þær eru sviptar vegabréfum, skilríkjum og fjármunum til þess að neyða þær til þess að selja sig svo aðrir, yfirleitt karlmenn, geti hagnast.

En ógeðslegasta tilbrigðið, herra forseti, við sölu á fólki er sala á börnum til þess að svala fýsnum fullorðinna. Á netinu eru auglýstar kynlífsferðir til Asíu og beinlínis greint frá því að þar sé hægt að útvega börn til kynlífs. Það er skylda okkar Íslendinga að berjast gegn þessum ófögnuði með öllum tiltækum ráðum. Það getum við t.d. gert með því að feta í fótspor þeirra þjóða sem hafa gert það að alvarlegu lögbroti ef þegn í ríki þeirra verður uppvís að því að kaupa sér slíka þjónustu utan heimalandsins.

Herra forseti. Íslendingar eru því miður líka sekir um þetta. Ég var fyrir skömmu ritstjóri dagblaðs þar sem einn blaðamanna minna fjallaði af alvöru og ábyrgð um barnaníðinga á Íslandi. Skömmu síðar fékk hann þetta kort frá Tælandi með nöktum drengjum frá hinum íslenska barnaníðingi og á kortinu stóð m.a.: „Ég fann ekki nema þessa mynd, en ég tók sjálfur sérstakar myndir sem þér munu líka." Þess má svo geta að við komumst að þeirri niðurstöðu eftir rannsókn málsins að þessi barnaníðingur héldi sér uppi á Tælandi á bótum frá íslenska ríkinu.

[13:57]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir að vekja máls á þessu alvarlega máli. Ég er í einu og öllu sammála því sem fram kom í hennar máli. Margt fleira hefur komið fram við þessa umræðu sem staðfestir alvarleika þessa máls. Við höfum óyggjandi heimildir fyrir því að verslun með fólk á sér stað á Íslandi.

Forseti Lettlands var hér á ferð um daginn og greindi frá óþægilegum staðreyndum um hingaðkomu stúlkna frá Eystrasaltslöndunum og fleiri löndum. Við verðum að taka þetta alvarlega. Við getum ekki látið sem ekkert sé vegna þess að með þögninni erum við að samþykkja að þetta viðgangist áfram í okkar þjóðfélagi.

Það er ekki bara þannig að karlar séu að borga með sér til að fá að njóta kynlífs, svo aumt sem það nú annars er. Í skjóli vændis á Íslandi sem á sér stað í tengslum við erótíska staði og fleiri staði vissulega, þrífst margt fleira og jafnvel verra. Við vitum það ósköp vel, lögreglan veit það, fólk sem bundið er þagnarskyldu, læknar, prestar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og konurnar hjá Stígamótum, fólk veit hversu alvarlegt málið er. Fjölmiðlar flytja líka tíðindi af innflutningi fíkniefna á og í þessum vesalings stúlkum sem hingað koma.

Herra forseti. Eigum við að bjóða undirheimastarfsemi velkomna til landsins til að spilla þjóðfélagi okkar? Ég segi nei. Vissulega getur verið erfitt að taka á þessu. Það getur verið erfitt að berjast við þá sem telja þessa starfsemi tákn um frelsi eða nútímalegt mannlíf. Ég tel þó að það sé hlutverk okkar sem ábyrgra stjórnmálamanna að setja við þessu skorður. Og hvar setjum við mörkin? Hvað getum við látið leiða okkur langt í virðingarleysi fyrir manneskjunni? Ég er

sannfærður um að við verðum fyrr eða síðar að taka á þessum málum því ásóknin vex og heldur áfram. Við skulum taka á þessu fyrr en síðar. Viðskipti með fólk, einkum konur, á sér stað vegna eftirspurnar. Þarna er eftirspurn vegna tiltekinna þarfa. Það væri nær að setja upp meðferðarstofnanir fyrir „perra" heldur en að láta þetta viðgangast. Við skulum stoppa þetta með lagasetningu.

[14:00]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel fulla ástæðu til þess að ræða þetta mál á hv. Alþingi og þakka fyrir að það er gert. Þetta mál snýst m.a. um stöðu kvenna en það snýst líka um margt fleira og við verðum að halda vöku okkar. Ég er ekki frá því að það að við ræðum þetta í dag á hv. Alþingi verði til þess að koma frekari hreyfingu á málið því að öll erum við sammála um að við viljum ekki hafa þetta svona. Þetta er niðrandi fyrir samfélag okkar.

Eins og hefur komið fram er það ekki augljóst að þetta mál snúist allt um ólöglega atburði og þess vegna er gott að vita að nefnd er að fara yfir það að hve miklu leyti þarf að breyta lögum til þess að stemma stigu við starfseminni. Listdans er það kallað en það sem þrífst í tengslum við þessa staði er þó alla vega ólöglegt því að það vitum við að er bæði fíkniefnasala og fíkniefnaneysla og að öllum líkindum vændi.

Það er oft þannig hér á Íslandi að við tökum hlutina dálítið með trompi og mér segir svo hugur að þessi starfsemi sé hlutfallslega orðin útbreiddari hér en í öðrum höfuðborgum á Norðurlöndum. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál verður ekki leyst af okkur einum þar sem hér er um glæpahringi ræða sem standa að þessu. Það er því mikilvægt að við vinnum með öðrum þjóðum að lausn málsins, ekki síst þeim þjóðum sem við erum nánust og þá tala ég um Norðurlandaþjóðirnar. En kannski er ekki tilviljun að þetta skuli spretta upp í svo miklum mæli sem raun ber vitni núna eftir að múrinn féll og eftir að það opnaðist austur og neyðin þar blasir við okkur.

[14:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Á því herrans ári 1999 stendur verslun með manneskjur í blóma um allan heim. Rúmri öld eftir að þrælahald var gert útlægt úr samfélagi manna þrífst nútímaþrælahald klámiðnaðarins sem aldrei fyrr.

Til skamms tíma gátum við Íslendingar látið sem vandamálið kæmi okkur ekki við en ekki lengur, herra forseti, því að klámbylgjan hefur skollið á ströndum landsins með fullum þunga.

Eftirspurnin er svo sannarlega fyrir hendi. Það hafa könnunarferðir Stígamótakvenna á klámbúllur bæjarins sýnt fram á og við verðum að horfast í augu við það, hv. þm., að það eru karlkyns landar okkar sem halda eftirspurninni uppi. Mundi eftirspurnin kannski minnka ef konurnar sem á klámbúllunum starfa væru íslenskar? Klám og vændi þrífst á misnotkun á konum og börnum. Það færir sér neyð og fátækt fólks í nyt, sérstaklega í löndum þar sem örbirgð er mikil.

Í upplýsingum frá Evrópuráðinu kemur fram að hálf milljón ungra stúlkna og kvenna er á hverju ári flutt frá Austur- og Suður-Evrópu til Vestur-Evrópu, hneppt í fjötra klámiðnaðarins með gylliboðum um peninga og frelsi. Raunveruleikinn er allt annar. Þrældómur og þjórfé í nærhaldið. Klámiðnaðurinn malar gull og er oftar en ekki tengdur annarri ólöglegri starfsemi eins og eiturlyfjasölu og ólöglegri verslun með vopn.

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt um svokallaða „sölumenn dauðans" og nauðsyn þess að ná lögum yfir eiturlyfjasala. En hingað til hafa forkólfar kláms og vændis verið látnir svo að segja óáreittir.

Herra forseti. Sölumenn kvennakúgunar og misnotkunar ganga lausir, líka á Íslandi.

[14:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og þegar hefur verið minnst á í umræðunni vakti ræða Vaira Vike-Freiberga, sem hún flutti hér á ráðstefnunni um konur og lýðræði um síðustu helgi, ýmsa til umhugsunar um þau mál sem hér eru á dagskrá. Þar vakti hún máls á örlögum fátækra ungmenna af báðum kynjum úr þessum fátæku löndum sem eru að reyna að fóta sig á brautinni til lýðræðis og efnahagslegs sjálfstæðis en út á örbirgð þessara ungmenna gerir klámiðnaðurinn á Vesturlöndum miskunnarlaust. Þarna er ekki aðeins sóst eftir konum heldur börnum af báðum kynjum. Hún taldi skuldinni allt of oft skellt á fórnarlömbin en raunin væri sú að það þyrfti alþjóðlegt átak til að vernda börn fyrir kynferðislegu ofbeldi og konur fyrir misnotkun af sama tagi.

Því miður hefur það gerst hægt og hljótt á undanförnum árum að kynlífsmarkaðurinn hefur verið að færast upp að bæjardyrunum hjá okkur á Íslandi. Sum víðlesnustu blöð þjóðarinnar keppast við að birta auglýsingar um ýmsa þá afþreyingu sem þarna er í boði og nú er svo komið að klámfyrirtækin eru búin að kæra hvert annað til Samkeppnisstofnunar vegna yfirboða í auglýsingum. Í fréttum nýverið kom fram að um 100 manns starfa nú við það hér á Íslandi að klæmast en það jafngildir þriðjungi þess fjölda sem mundi vinna við nýju álbræðsluna á Reyðarfirði.

Vaira Vike-Freiberga sagði að Eystrasaltslöndin gætu vel verið án verslunar með kynlíf og klámefni og ég leyfi mér að segja að við Íslendingar eigum að reyna að verjast þeirri holskeflu sem hér ríður nú yfir. Hið venjulega sem boðið er fram á þessum markaði verður nefnilega ekki nógu spennandi þegar til lengdar lætur og stöðugt þarf að finna upp á einhverju meira krassandi. Stemmum stigu við viðgangi klámiðnaðarins áður en í óefni er komið.

[14:06]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu mjög alvarlegt mál og það sem sagt hefur verið í þessum sal er eflaust allt satt og meira til. Ég hef heyrt af því að ungar stúlkur hafi komið grátandi til Leifsstöðvar, stúlkur sem höfðu verið starfandi og eru starfandi á þessum búllum, biðjandi um far til heimalands síns en þær höfðu verið sviptar passa og peningum þannig að þær gátu sig hvergi hreyft. Ég veit að þessi tilfelli eru fleiri en eitt og fleiri en tvö svo það er sannleikanum samkvæmt að ungar stúlkur eru hnepptar í einhverja atvinnu sem þær gerðu sér ekki grein fyrir hvers eðlis var. Ég held að ef við komum að því atriði sérstaklega sé full ástæða fyrir stjórnvöld að kanna hvað mikið er af síku.

Við vitum það einnig að bæjarstjórnir eins og bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur barist hart gegn því að opnaður yrði dansstaður með vínveitingaleyfi eins og víða er í Reykjavík en þeir hafa einatt verið hraktir á brott með röksemdafærslur sínar vegna þess að þeir eru að mismuna stöðum og það séu ekki nægjanleg rök að þar fari fram dans að hafna vínveitingaleyfi á þeim forsendum. Þannig hafa risið staðir

suður í Reykjanesbæ og vínveitingaleyfi hefur heldur ekki beinlínis skipt máli því að menn hafa opnað slíka dansstaði án vínveitinga og þeir hafa verið sóttir eftir sem áður. Ég sé því ekki að það sé aðferð til þess að koma í veg fyrir þessa starfsemi.

Að sjálfsögðu fagna ég því að hæstv. dómsmrh. ætlar að taka á þessu máli en það þarf marga til, ríkisstjórnina alla, því að annars verður erfitt að ná tökum á þessu alvarlega máli.

[14:09]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka öllum þingmönnum fyrir mjög málefnalega og góða umræðu. Það var mjög áhugavert sem hv. þm. Kristján Pálsson kom að. Þetta var eitt af því sem er talað um erlendis, þ.e. að konur séu lokaðar inni í húsum og tekin af þeim vegabréf.

Þetta er nefnilega líka að gerast hér og ég hefði viljað sjá þetta aðeins skarpar að dómsmrh. tæki af skarið með að gera þessa úttekt á vændi. Gerð var rannsókn árið 1985 af Hansínu B. Einarsdóttur og væri mjög fróðlegt að taka þá rannsókn og skoða sömu þætti og hún skoðaði þá þannig að við fengjum mjög góðan samanburð. Það er mjög margt hægt að gera. Þetta er líka þannig að við verðum öll að leggjast á eitt. Það er enginn undanskilinn. Það þarf breytingar á lögum um atvinnuleyfi en það þarf þessa samvinnu. Við þurfum líka að læra af öðrum þjóðum þannig að við eigum að nýta okkur í rauninni allt það sem er að gerast núna í allri umræðunni í Evrópu.

Ég vil að sjálfsögðu þakka bæði dómsmrh. og félmrh. fyrir að taka þátt í þessum umræðum og vona að þetta leiði til þess að við sjáum ákveðnar breytingar þannig að við getum stöðvað þennan ósóma sem er að gerast hér.

[14:11]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég get verið sammála flestu því sem komið hefur fram hjá hv. þm. Í þessum efnum er þó ekki við neinn að sakast. Það virðist því miður vera einhver markaður fyrir vændi víðast hvar og er engin ástæða til að ætla að svo sé ekki hér. Við þurfum ekki annað en sjá auglýsingar fjölmiðla til að sjá að skyld viðskipti hafa því miður stóraukist hér á landi á síðustu árum. Ég veit að almenningur hefur vaxandi áhyggjur af þessu og nú síðast lýsti biskup Íslands áhyggjum sínum og ég tek fyllilega undir með honum í því sambandi.

Á meðan markaður er fyrir viðskipti af þeim toga sem hér hafa verið til umræðu er ljóst að alltaf verður eitthvað um þau. En ég tel að með skipulegum aðgerðum stjórnvalda megi halda þeim í skefjum.

Það er staðreynd að vændisstarfsemi tengist oft og tíðum annarri glæpsamlegri iðju, þar á meðal fíkniefnasölu. Ekki hefur þó tekist að sýna fram á beint samband hér á landi á milli innflutnings á konum til starfa við nektardans, fíkniefnainnflutning og skipulagða glæpastarfsemi þótt ákveðnar grunsemdir séu til staðar miðað við reynslu annarra þjóða. Öll umræða um þessi mál eru af hinu góða og Íslendingar verða að vera vel vakandi í þessum efnum. Við getum ekki þrátt fyrir landfræðilega fjarlægð litið fram hjá því að skipuleg glæpastarfsemi á sér engin landamæri. Við verðum að skoða þessa hluti í alþjóðlegu samhengi.

Ræðu forseta Lettlands á kvennaráðstefnunni mátti skilja sem ákall til vestrænna þjóða, þar á meðal Íslendinga, um hjálp lettneskum konum til handa. Ég er öll af vilja gerð til að skoða hvernig koma má í veg fyrir að óprúttnir aðilar reyni að hagnýta sér fjárnauð kvenna með ólöglegri starfsemi sjálfum sér til hagsbóta.

Út af dagskrá voru tekin 6.–11. mál.

Fundi slitið kl. 14:13.

---

10. FUNDUR

fimmtudaginn 14. okt.,
að loknum 9. fundi.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 1. umr.
2. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
3. Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
4. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Fyrri umr.
5. Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
6. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Fyrri umr.

Tilkynning um dagskrá.

[14:15]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti tilkynnir að um kl. 3 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um ný viðhorf um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Málshefjandi er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson en hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, verður til andsvara.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 89. mál (umhverfisbrot). — Þskj. 89.

[14:15]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum.

Með frv. er lagt til að alvarlegustu brot á lögum til verndar umhverfinu varði við almenn hegningarlög. Markmiðið með því er að auka varnaðaráhrif refsiákvæða í lögum til verndar umhverfinu en gera má ráð fyrir að refsingar fyrir brot á hegningarlögum hafi að öðru jöfnu meiri varnaðaráhrif en refsingar vegna brota á öðrum lögum. Þá felur þetta í sér að sérstök áhersla er lögð á alvarleika þessara brota.

Þessi aðferð hefur áður verið viðhöfð með því að leggja refsingar í hegningarlög við meiri háttar fíkniefnabrotum og meiri háttar skattsvika- og bókhaldsbrotum.

Frv. þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að höfðu samráði við umhvrn. Við samningu frv. var höfð hliðsjón af hliðstæðri lagasetningu í Danmörku og Noregi. Þá voru drög að frv. send ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra til umsagnar. Í umsögn ríkissaksóknara voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpsdrögin en lagðar til minni háttar orðalagsbreytingar sem tekið hefur verið tillit til. Í umsögn ríkislögreglustjóra er komist að þeirri niðurstöðu að lagasetning þessi sé brýn.

Í frv. er lagt til að nýtt ákvæði bætist við hegningarlögin og þar verði allt að fjögurra ára fangelsi lagt við nánar tilteknum brotum gegn lögum um verndun umhverfis. Þannig verður háttsemin að vera andstæð umhverfislögum en það gæti vitanlega leitt til refsiábyrgðar á grundvelli viðkomandi laga. Þegar um alvarlegustu brot af því tagi er að ræða er hins vegar lagt til að þau varði refsingu samkvæmt hegningarlögum. Í samræmi við þetta er einnig lagt til að refsirammi ákvæðisins verði nokkuð hærri en almennt á við samkvæmt umhverfislöggjöfinni.

Þau brot sem frv. tekur til eru meiri háttar umhverfisbrot og er því gert ráð fyrir að háttsemin þurfi að vera mjög vítaverð. Hvort brot telst meiri háttar veltur á heildarmati dómstóla í hverju tilviki fyrir sig en við það mat geta ýmis atriði komið til álita. Þannig skiptir máli hvort háttsemin felur í sér verulegt frávik frá því sem almennt tíðkast. Ef svo er ekki kemur síður til álita að brot verði talið meiri háttar umhverfisbrot. Einnig verður brot fremur talið meiri háttar ef brotastarfsemi er viðvarandi og skipulögð en þegar um einstakan atburð er að ræða. Enn fremur skiptir máli við mat á því hvort brot telst meiri háttar hvort reynt hefur verið að leyna því í stað þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til verndar umhverfi. Þá mæla rök með því að virða brot sem meiri háttar ef fjárhagslegur ávinningur er samfara broti eða ef brot er sérstaklega saknæmt, svo sem ef frá öndverðu hefur gagngert verið lagt á ráðin með að valda tjóni á umhverfi.

Samkvæmt frv. er almennt ekki gert ráð fyrir að umhverfisbrot varði við hegningarlög nema af því hafi hlotist verulegt tjón af umhverfi eða yfirvofandi hætta af slíku tjóni. Við mat á þessu skiptir máli hvort tjón er bætanlegt og hver sé kostnaður við að draga úr afleiðingum þess.

Í frv. segir að hætta þurfi að vera yfirvofandi. En þess í stað tel ég koma til álita að gera þann áskilnað að hætta þurfi að vera veruleg. Ástæða er til að huga að þessu nánar við meðferð frv. í þingnefnd.

Þau brot gegn umhverfislögum sem frv. tekur til eru mengun lofts, jarðar, hafs eða vatnasvæða þannig að af hljótist verulegt tjón á umhverfi eða hætta á slíku tjóni. Einnig tekur frv. til verknaðar sem felst í því að geyma eða losa úrgang eða skaðleg efni þannig að af hljótist verulegt tjón á umhverfi eða hætta á slíku tjóni. Þá tekur frv. til háttsemi sem lýsir sér í því að valda jarðraski þannig að land breyti varanlega um svip eða ef spillt er merkum náttúruminjum.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:20]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þó hér sé um að ræða frv. um breyting á almennum hegningarlögum, þá tekur það mjög til umhverfisverndar. Ég á sæti fyrir Samfylkinguna í umhvn. og kem þess vegna hingað upp til að lýsa í fljótu bragði viðhorfum okkar samfylkingarmanna. Við teljum að þetta sé mjög gott frv.

Í dag er, herra forseti, engin almenn löggjöf um umhverfisvernd á Íslandi. Lög sem taka til umhverfisverndar er að finna á mörgum stöðum. Hér er verið að skjóta undir mjög alvarlegan leka. Þetta frv. er samið eins og fram kemur að tilhlutan dómsmrh. Það er hins vegar svo að frv. átti sér ákveðið tilefni. Hingað kom til lands erlendur ferðamaður sem olli miklum spjöllum á viðkvæmum stað á hálendinu. Af þessu hlutust miklar umræður í fjölmiðlum og frá þessu var ítarlega greint. Menn rak auðvitað í rogastans þegar í ljós kom að ekki var með nokkru móti hægt að leiða þennan umrædda ferðamann til ábyrgðar fyrir þann voðaverknað sem hann hafði framið.

Þetta frv. gerir það hins vegar að verkum að hægt er að koma lögum yfir þá sem skemma umhverfið, menga loft, jörð eða haf eða valda verulegum spjöllum á landslagi. Ég tel því, herra forseti, að þetta sé hið besta mál og mun ég og félagar mínir í umhvn. leggja kapp á að málið verði afgreitt með eðlilegum hraða.

[14:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hér sé um hið besta mál að ræða. Frv. tekur á málefni sem hefur kannski vantað í okkar hegningarlög hingað til, þ.e. það fjallar um refsingar varðandi brot á umhverfisrétti. Eins og alþjóð er kunnugt eru alþjóðlegar reglur um umhverfisrétt að verða æ viðameiri í allri löggjöf og við finnum fyrir því einnig á hv. Alþingi.

Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að hún styður þetta frv. og fagnar því og ég sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í umhvn. kem til með að veita því liðsinni og brautargengi svo að það fái sem skjótasta og besta afgreiðslu í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, fyrri umr.

Þáltill. KolH og SJS, 12. mál. — Þskj. 12.

[14:23]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo og afleiðinga þeirra. Ályktunin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem fari í samráði við stjórnvöld með eftirfarandi hlutverk:

1. að marka stefnu varðandi þátttöku Íslands í hvers kyns starfi sem miðar að því að bregðast við umhverfisáhrifum af átökunum í Júgóslavíu á þessu ári,

2. að marka stefnu varðandi þátttöku Íslands í uppbyggingarstarfi á Balkanskaga,

3. að gera úttekt á lögfræðilegum álitamálum sem tengjast hernaðaraðgerðum NATO í Júgóslavíu og þjóðréttarlegum afleiðingum þeirra."

Í rannsókn sem unnin var á vegum Umhverfisstofnunar Mið- og Austur-Evrópu kom berlega í ljós hversu alvarlegar afleiðingar hernaðarátökin í Júgóslavíu hafa þegar haft og munu hafa í framtíðinni fyrir umhverfi og náttúrufar á

Balkanskaga. Stofnun þessi, sem sett var á fót árið 1990 af Bandaríkjunum, framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Ungverjalandi og hefur það hlutverk að aðstoða við lausn umhverfisvandamála í Mið- og Austur-Evrópu, stóð að umfangsmikilli gagnasöfnun og rannsóknum í Júgóslavíu og fjórum nágrannalöndum með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga í ýmsum málefnum Júgóslavíu, Makedóníu og Albaníu. Í skýrslunni, sem er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar, er að finna alvarlegar staðreyndir um umhverfisáhrif sem þegar liggja fyrir og ískyggilegar framtíðarhorfur á mörgum sviðum.

Rannsóknir benda til þess að ekki verði að svo komnu máli talað um allsherjarumhverfisslys af völdum stríðsins í Júgóslavíu. Samt sem áður er mengunin mjög alvarleg í nágrenni við verksmiðjur sem urðu fyrir loftárásum, svo sem í Pancevo, Prahovo og Novi Sad, og mörg dýrmæt vistkerfi urðu eyðileggingu að bráð. Átökin höfðu einnig mikil áhrif á hið mannlega umhverfi, einkum í Kosovo-héraði. Alls staðar í Júgóslavíu urðu innviðir samfélagsins fyrir miklu tjóni. Þrátt fyrir að ekki verði enn séð að stríðið hafi haft stórkostleg áhrif á flóru eða fánu svæðisins segir það ekkert um langtímaáhrifin. Rannsóknin leiddi í ljós að eftirfarandi tjón hefur þegar orðið eða gæti orðið:

Mikil mengun í kringum helstu hernaðarleg skotmörk, einkum í efnaiðnaði.

Vistkerfum er ógnað, einkum í og við ár.

Matvæli eru menguð vegna jarðvegs- og loftmengunar.

Mengun er í drykkjarvatni.

Heilbrigðisvandamál eru fyrirsjáanleg vegna langtímaverkana eitraðra og krabbameinsvaldandi efna og geislavirkni.

Umhverfisspjöll hafa orðið í tengslum við flóttamannavandann í Kosovo-héraði, Albaníu og Makedóníu og einnig í Serbíu og Svartfjallalandi.

Geta júgóslavneskra yfirvalda til að takast á við umhverfisvandamál er enn minni en var fyrir átökin. Sama er að segja um borgaraleg samtök sem kallast NGO. Þar að auki er fyrirsjáanlegt, m.a. í ljósi reynslunnar frá Bosníu, að umhverfissjónarmið eru lítils metin þegar kemur að enduruppbyggingu, ekki síst þar sem slíkt starf er iðulega kapphlaup við tímann. Til að komast fyllilega að raun um langtímaáhrifin þarf að afla frekari gagna um ástandið eins og það er og fylgjast vel með þróun mála í framtíðinni.

Hvað varðar vatnsmengun þá er mengun í vatni á yfirborði jarðar mikil vegna leka frá skemmdum efnaverksmiðjum eða illa skipulögðum flótamannabúðum. Í grg. sem fylgir þáltill. er getið nánar um þessi áhrif.

Hvað snertir loftmengun af völdum hernaðarins hafa líka komið í ljós afskaplega alvarleg áhrif og má nefna þar á meðal að fullyrt er að í Júgóslavíu mælist geislavirk mengun frá vopnum sem innihalda sneytt úran.

Vínyl-klóríð-einliður sem eru einföld efnasambönd, gerð úr fáum atómum, hafa samkvæmt júgóslavneskum skýrslum náð 10.600 sinnum meiri styrk en leyfilegt er í nágrenni olíuefnaverksmiðjunnar í Pancevo. Leifar þessara efna dreifðust með mengunarskýjum, þar á meðal fosfórsambönd, klór, klóxíð og níturoxíð og svona mætti áfram telja og bendi ég á grg. þáltill. til frekari upplýsingar um þessi mál.

Mengun í jarðvegi er einnig afskaplega mikil en land- og lofthernaður eyðilagði búsvæði margra plöntu- og dýrategunda. Mörg búsvæði munu spillast vegna efnamengunar í jarðvegi og mengunar sem berst í lofti og vatni. Mikil röskun varð á dýralífi, m.a. við helstu leiðir flóttamanna. Í Makedóníu hefur orðið mikil fjölgun meðal sumra dýrategunda. Talið er að þau hafi flúið frá Kosovo-héraði. Að auki urðu mörg verndarsvæði og þjóðgarðar fyrir tjóni, bæði í Júgóslavíu og Albaníu.

Stórkostlegar skemmdir hafa verið unnar á mannvirkjum, einkum í tilteknum þorpum í Kosovo-héraði og miðbæjum ýmissa þéttbýlisstaða í öðrum hlutum Júgóslavíu. Meira en 1.400 óbreyttir borgarar féllu í loftárásunum á Júgóslavíu en ekki eru til áreiðanlegar tölur um mannfall meðal óbreyttra borgara í Kosovo-héraði eða mannfall í herliði stríðandi aðila. Því hefur þó verið slegið föstu að þær tölur séu hærri en hér um getur.

Búist er við neikvæðum áhrifum á heilsufar fólks í Júgóslavíu vegna skemmda á veitukerfum, þar á meðal fráveitum, og bágra aðstæðna í sumum flóttamannabúðum.

Um hugsanleg áhrif í framtíðinni má segja þetta:

Hætta er á viðvarandi mengun vatns og votlendis af völdum ýmissa hættulegra efna. Reiknað er með þau muni safnast fyrir í ám og grunnvatni. Mikilvæg vatnsból í Albaníu og Makedóníu eru í mikilli hættu.

Þrátt fyrir að dregið hafi úr loftmengun eftir að átökunum lauk ber að athuga að hugsanleg áhrif af notkun sneydds úrans eru miklu langvinnari.

Hætta er á að margs konar mengun hafi langtímaáhrif á heilsufar fólks. Hugsanleg mengun í matvælum í framtíðinni er veruleg ógnun við íbúa þessa svæðis. Þar að auki hefur hið opinbera ekki bolmagn til að standa að fullnægjandi rannsóknum og eftirliti og það ástand eykur mjög á hættuna í þessum efnum.

Hægfara uppbygging ógnar líka lífi og heilsu fólks, ekki síst í Kosovo-héraði. Sama gildir um hina gífurlegu eyðileggingu á orkuveitum Júgóslavíu þar eð vetur nálgast.

Ljóst er að vinna þarf geysilegt uppbyggingarstarf í Júgóslavíu allri á komandi árum, ekki síst ef þar á geta orðið friðvænlegt í framtíðinni. Í því sambandi hefur verið talað um að kostnaðurinn geti orðið 31 milljarður Bandaríkjadala eða hátt í 2.300 milljarðar íslenskra króna. Brýnasta verkefnið er að tryggja öryggi og aðbúnað flóttamanna af öllum þjóðernum. Víðs vegar um Serbíu og Svartfjallaland verður að endurbyggja orkuveitur og ýmis samgöngumannvirki. Mörg hundruð verksmiðjur og fjölmörg íbúðarhús hafa verið eyðilögð. Jafnframt er nauðsynlegt að hreinsa upp jarðsprengjur og klasasprengjur auk skaðlegra efna sem hafa farið út í umhverfið í árásum á olíuhreinsistöðvar og efnaverksmiðjur. Sýnt þykir að mengunin muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir matvælaframleiðslu í landinu á sama tíma og Júgóslavar munu neyðast til að snúa sér að landbúnaði í auknum mæli vegna þess að iðnaður þeirra hefur að stórum hluta verið lagður í rúst.

Efnahagsleg uppbygging er lykilatriði í því að koma á friði og stöðugleika í landinu. Ef íbúar Júgóslavíu verða fátæktinni að bráð er útilokað að tryggja friðsamlega sambúð þjóðanna á þessu svæði. Slík uppbygging verður að eiga sér stað með aðstoð hinna betur megandi ríkja en ekki á þeirra forsendum heldur í fullri sátt við almenning í Júgóslavíu. Jafnframt er afar mikilvægt að þjóðarbrotunum verði ekki mismunað í þeim efnum þar sem slíkt mundi vafalaust leiða til enn meiri spennu á svæðinu.

Ofan á allt framangreint bætist svo gífurleg eyðilegging menningarverðmæta og sögulegra minja í þessu stríði. Gamli

borgarhlutinn í Pec, þar sem finna mátti tyrkneskar byggingar frá tímum Ottómana-ríkisins, er rústir einar. Fleiri dæmi eru, Hadum-moskan í nágrenni Djakovica, byggð á 16. öld, Vrsac-turninn við rúmensku landamærin, byggður á miðöldum og kirkjan í Gracanica skammt frá Pristina þar sem freskumyndir frá 14. og 15. öld hafa orðið eyðileggingunni að bráð. Í Belgrad varð Rakovica-klaustrið sem byggt var á 16. öld fyrir sprengjum. Sama má segja um St. Nikulásarkirkjuna sem var byggð á 12. öld og kirkju St. Prókópíusar en hún er frá 9. öld. Þetta eru einstakar minjar frá árdögum kristninnar í Austur-Evrópu og því er skaðinn óbætanlegur í menningar- og sögulegu tilliti. Slíkar árásir NATO-hersins minna hastarlega á framferði Serba í umsátrinu um borgirnar Vukovar og Dubrovnik í Króatíu fyrir nokkrum árum.

Óhætt er að segja að með loftárásunum á Júgóslavíu hafi NATO afhjúpað eðli sitt sem árásarbandalag og tekið sér sjálfdæmi í öryggis- og varnarmálum sem snerta grannríki bandalagsins.

Það er því skylda okkar Íslendinga sem höfum tekið óbeinan þátt í þessum hernaði að standa vel að uppbyggingarstarfi því sem nú verður að fara fram til þess að hægt sé að leiðrétta að einhverju leyti, einhvern hluta þeirra mistaka sem gerð voru þegar árásirnar voru hafnar.

[14:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar herflugvélar NATO létu sprengjum rigna yfir Balkanskagann fyrr á þessu ári mótmæltum við harðlega innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í þjóðfélaginu fór talsverð umræða fram um þetta og einhver hér á þingi, allt of lítil. Ég hygg að það hafi einvörðungu verið við innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem höfðum uppi mótmæli. Eitt af því sem við vöktum athygli á í málflutningi okkar voru umhverfisáhrifin af þessu stríði. Ég minnist þess að einhverju sinni sátu fyrir svörum tveir hæstv. ráðherrar, reyndar oddvitar stjórnarflokkanna, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Þeir hneyksluðust mjög á málflutningi okkar og spurðu á þá leið hvort þetta væri ekki ábyrgðarleysi af okkar hendi. Þarna væri verið að þrengja að mannréttindum, myrða fólk og beita það ofbeldi en NATO-herinn væri að koma því til hjálpar. Við vildum fara aðrar leiðir í að rétta fram þá hjálparhönd en senda herflugvélar hlaðnar sprengjum og varpa yfir fólkið. Við bentum á að áhrifin á umhverfið væru ekki með öllu óskyld eða ótengd mannréttindum heldur og því hvernig farið væri með manneskjur.

Nú er að koma í ljós að orð okkar reyndust eiga við rök að styðjast. Í greinargerð með þessari þáltill. sem er flutt af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steingrími J. Sigfússyni, er vísað til rannsóknar sem unnin var á vegum Umhverfisstofnunar Mið- og Austur-Evrópu, Regional Environmental Center for Central and Eastern Europe. Og eins og fram kom í máli hv. 1. flm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, þingmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þá er gerð mjög ítarleg grein fyrir niðurstöðum þessarar skýrslu og bent á hvar hægt er að nálgast hana í meiri smáatriðum.

Í yfirlitinu sem birt er með þáltill. er farið yfir mengunina á einstökum sviðum og vísað til þess að rannsóknir bendi til þess að ekki verði að svo komnu máli talað um allsherjarumhverfisslys af völdum stríðsins í Júgóslavíu. Engu að síður er vitnað til ákveðinna niðurstaðna sem benda til að ástandið sé á ýmsum sviðum mjög alvarlegt.

Mengun í vatni á yfirborði jarðar er mikil vegna leka frá skemmdum efnaverksmiðjum eða illa skipulögðum flóttamannabúðum. Síðan eru tíunduð frekari áhrif í þessu efni.

Hvað snertir loftmengun af völdum hernaðarins hefur komið fram m.a. að fullyrt sé að í Júgóslavíu mælist geislavirk mengun frá vopnum sem innihalda sneytt úran. Ég ætla ekki að tíunda þetta nánar. Það er talað um mengun, alvarlega mengun í jarðvegi. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Stórkostlegar skemmdir hafa verið unnar á mannvirkjum, einkum í tilteknum þorpum í Kosovo-héraði og miðbæjum ýmissa þéttbýlisstaða í öðrum hlutum Júgóslavíu. Meira en 1.400 óbreyttir borgarar féllu í loftárásunum á Júgóslavíu en ekki eru til áreiðanlegar tölur um mannfall meðal óbreyttra borgara í Kosovo-héraði eða mannfall í herliði stríðandi aðila."

Síðan er fjallað nánar um þetta og vikið að hugsanlegum áhrifum í framtíðinni. Hér segir, með leyfi forseta:

„Á þessu sviði er þörf á frekari gagnasöfnun og rannsóknum en eftirfarandi er augljóslega áhyggjuefni:

Hætta er á viðvarandi mengun vatns og votlendis af völdum ýmissa hættulegra efna. Reiknað er með að þau muni safnast fyrir í ám og grunnvatni. Mikilvæg vatnsból í Albaníu og Makedóníu eru í mikilli hættu.

Þrátt fyrir að dregið hafi úr loftmengun eftir að átökunum lauk ber að athuga að hugsanleg áhrif af notkun sneydds úrans (DU) eru miklu langvinnari.

Hætta er á að margs konar mengun hafi langtímaáhrif á heilsufar fólks. Hugsanleg mengun í matvælum í framtíðinni er veruleg ógnun við íbúa þessa svæðis. Þar að auki hefur hið opinbera ekki bolmagn til að standa að fullnægjandi rannsóknum og eftirliti og það ástand eykur mjög á hættuna í þessum efnum.

Hægfara uppbygging ógnar líka lífi og heilsu fólks, ekki síst í Kosovo-héraði. Sama gildir um hina gífurlegu eyðileggingu á orkuveitum Júgóslavíu þar eð vetur nálgast."

Allt er þetta til að sýna fram á nauðsyn þess að á markvissan hátt sé unnið að uppbyggingarstarfi á Balkanskaganum og við erum að hvetja til þess að Íslendingar komi myndarlega að því eins og gerð er grein fyrir í þessari þáltill.

Varðandi mengunina af þessum hernaði, þá segir í niðurlagi greinargerðarinnar sem fylgir þáltill., með leyfi forseta:

„Hins vegar er ljóst að NATO hefur notað svokallaðar DU-fallbyssukúlur í árásum á skriðdreka og önnur farartæki í Júgóslavíu. DU er skammstöfun fyrir sneytt úran (depleted uranium) en það er eitthvert þyngsta og þéttasta frumefni sem til er. Af þeim sökum er það afar hentugt í fallbyssukúlur og kemst í gegnum meira en 5 sm þykka brynvörn. Að auki er hitamyndunin við það svo mikil að eldur verður samstundis laus í skotmarkinu. Við slíkan bruna fer mikið af geislavirku ryki út í andrúmsloftið. Mælingar á geislun frá einni DU-kúlu benda til þess að geislunin á hverri klukkustund samsvari $^1/_5$ af því sem mannslíkaminn er talinn þola á heilu ári. Mikið hefur verið rætt og ritað um afleiðingarnar af notkun slíkra kúlna í Flóabardaga 1991 ..."

Á þetta er rétt að leggja áherslu. Eftir að hinu opinbera stríði lauk gegn Írak, Flóastríðinu — ég segi opinberu stríði vegna þess að enn er haldið uppi stöðugum loftárásum á Írak — þá lognaðist umræðan (Forseti hringir) um þennan styrjaldarrekstur út af, því miður, því að afleiðingarnar eru enn að koma í ljós. Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. Í suðurhéruðum Íraks sem urðu verst úti í þessum hernaði er að koma á daginn að tíðni hvítblæðis, einkum meðal ungra

barna, hefur stóraukist. Þar bera ábyrgðina sömu aðilar og bera ábyrgðina á sprengjuregninu á Balkanskaga fyrr á þessu ári.

[14:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að árás NATO á Júgóslavíu í vor er eitt versta pólitíska áfall sem ég hef orðið fyrir. Ég hafði í barnaskap lifað í voninni um að yfirlýsingar um þátt NATO í Partnership for Peace hefði breytt nokkuð hlutverki NATO og við ættum ekki von á neinu í líkingu við það sem þarna gerðist þar sem NATO kemur og ræðst á frjálst og fullvalda ríki í miðri Evrópu. Auðvitað höfðu verið erfiðir tímar og miklar væringar milli Serba og Albana í Kosovo. Ég vil ekki draga úr því. Ég vil heldur ekki hefja upp þátt Milosevic í þessu öllu saman. Hann var ekki til eftirdæmis. En að her, að mestu leyti úr annarri heimsálfu, skuli koma og ráðast á, eins og ég sagði áðan, frjálst og fullvalda ríki í miðri Evrópu, að því er sagt var vegna þessara rósta, hef ég ekki getað jafnað mig á. Ég verð að játa að það tímabil sem þessi hernaður stóð yfir vildi ég ekki lifa aftur. Við byrjuðum á því á morgnana að hlusta á hvaða efnaverksmiðjur, spítalar og málmverksmiðjur hefðu verið sprengdar nóttina áður og getgátur voru um hvaða vopnum væri þarna beitt í bland.

Ég er ekkert hissa að núna skuli þessi virðulega stofnun sem hér er nefnd, Umhverfisstofnun Mið- og Austur-Evrópu, komast að þeim niðurstöðum sem hér eru birtar. Vegna þess að við vitum hvað það hefur í för með sér þegar sprengdar eru upp efnaverksmiðjur. Við vitum líka hvað það hefur í för með sér fyrir náttúruna þegar sprengd eru upp málmiðjuver og við vitum hvað það hefur í för með sér þegar beitt er vopnum sem geislavirk mengun mælist frá. Allt þetta er nú að koma á daginn.

Farið hefur verið ágætlega yfir þetta í þáltill. og ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Ég vil láta í ljós þá frómu ósk að þáltill. fái góða þinglega meðferð og ég lýsi yfir stuðningi mínum við efni hennar. Ég harma að ekki skuli vera fleiri hér í salnum til að taka þátt í umræðunni. Mér þykir tillagan mjög þörf og lýsi því yfir að ef hún kemur aftur til kasta Alþingis þá mun ég greiða því atkvæði mitt að við Íslendingar gerumst virkir aðilar að uppbyggingarstarfinu í Júgóslavíu, skilyrðislaust. Menningarverðmætin verða ekki byggð upp aftur og margt af þeirri mengun sem varð verður ekki forðað héðan af. En með samræmdum alþjóðlegum aðgerðum ætti að vera hægt að draga úr verstu afleiðingum þessara hörmunga og hjálpa júgóslavnesku þjóðinni til að lifa þetta af.

[14:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér þóttu þetta góð orð hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og fagna því sérstaklega að aðrir en þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skulu taka þátt í henni eins og verið hefur fram til þessa almennt í þessu máli. Að sjálfsögðu söknum við hæstv. ráðherra en erum heiðruð engu að síður með nærveru hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, formanns utanrmn., og verður fróðlegt að heyra viðbrögð hans við umræðunni og þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Það er þannig, herra forseti, allt of oft, að mál sem koma upp eru borin fram á vegum stjórnarandstöðunnar, fá eina umræðu í þinginu, þeim er vísað til þingnefnda þar sem þau eru látin deyja drottni sínum. Mér finnst það mjög skaðlegt þegar slíkt gerist án þess að umræða fari fram þar sem fulltrúar ólíkra stjórnmálafylkinga viðra viðhorf sín til málsins. Mér finnst þau þá ekki ná þeirri lýðræðislegu umfjöllun sem þau eiga skilið á Alþingi. Ég kom því hingað fyrst og fremst upp, herra forseti, til að vekja athygli á þessu og á nærveru formanns hv. utanrmn., og bíð spenntur eftir að heyra sjónarmið hans í þessu máli.

[14:49]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk og koma á framfæri nokkrun mjög almennum athugasemdum um málið sem markast að sjálfsögðu af því að hér er um að ræða mál sem er rökstutt og flutt í anda þeirrar stjórnmálahreyfingar einnar hér á Alþingi sem er andsnúin aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og var þar af leiðandi mótfallin því að Atlantshafsbandalagið blandaði sér í átökin í Júgóslavíu sem bandalagið hefur gert í ljósi breytinga sem orðið hafa á stefnu bandalagsins.

Það er ekkert við því að segja að þingmál af þessu tagi sé kynnt hér og þeir sem trúa á að við eigum að vera utan hernaðarbandalaga og utan Atlantshafsbandalagsins vilji leggja fram mál af þessu tagi. Það styrkir aðeins þá umræðu sem hér fer fram um hlutverk okkar í heiminum, þátttöku okkar í varnarbandalögum og hvernig við eigum að horfast í augu við afleiðingar þess að taka þátt í varnarbandalögum, því auðvitað hefur það afleiðingar að taka þátt í varnarbandalögum. Í þessu plaggi er hins vegar á ferðinni, og ekki hægt að undrast það í sjálfu sér, nokkur misskilningur á því í hvaða tilgangi gripið hafi verið til hernaðaraðgerða í Júgóslavíu. Á bls. 5 í grg. með þáltill. er þess getið að efast verði um að hernaður NATO gegn Júgóslavíu vegna ófriðarins í Kosovo leiði til framtíðarlausnar á sambúðarvanda þjóðarbrotanna sem í hlut eiga. Þetta er mikill misskilningur. Það var ekki gripið til hernaðar til þess að finna framtíðarlausn á sambúðarvanda þjóðarbrotanna sem í hlut áttu. Það var aldrei tilgangur hernaðarins. Hernaður er örþrifaráð sem gripið er til þegar menn líta svo á að ekki sé hægt að standa aðgerðalaus gagnvart þeim atburðum sem þarna áttu sér stað. Um það geta menn hins vegar deilt og er sjálfsagt að deila um hvort rétt hafi verið að grípa til hernaðarframkvæmda miðað við það ástand sem þarna var. En ég minni á að ástandið var ekki gæfulegt. Það stóðu yfir hreinsanir á þjóðarbrotum, það stóðu yfir morð, skipulögð með beinni og óbeinni aðild stjórnvalda í Júgóslavíu og hernaðurinn miðaði fyrst og fremst að því að stöðva þetta. Og það tókst. En auðvitað tókst það ekki án fórna og það er enginn sem vill ekki horfast í augu við það að hernaðurinn hafi haft hörmulegar afleiðingar. Hernaður hefur alltaf hörmulegar afleiðingar og er alltaf örþrifaráð sem gripið er til þegar aðrar leiðir eru ekki færar.

Þetta var nauðsynlegt að fram kæmi hér vegna þess að þeir sem eru þeirrar skoðunar að við eigum að taka þátt í varnarsamstarfi verða líka alltaf að gera sér grein fyrir því að slíkt varnarsamstarf getur leitt til átaka af þessu tagi með öllum þeim fórnum og þjáningum sem því fylgja. Menn verða að horfa opnum augum á þann möguleika.

[14:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni utanrmn. Alþingis að bregðast við óskum mínum um að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Það er vissulega rétt sem kemur fram í máli hans að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði

vorum andvíg hernaði NATO á Balkanskaga. Andstaða okkar gegn NATO og hernaðinum þar mótar hins vegar ekki afstöðu okkar í þessu máli. Við erum ekki að berjast gegn einhverju með þessari þáltill. heldur í þágu mannréttinda, í þágu umhverfisverndar og í þágu friðar. Við gerum grein fyrir því í grg. með þáltill. hvernig við viljum að þar verði staðið að verki. Það tókst, sagði hv. þm., að ná árangri á Balkanskaga. Það er rétt, það tókst að tryggja þar hagsmuni sem NATO vildi verja. En því miður tókst ekki og hefur enn ekki tekist, og við viljum að sjálfsögðu breyta því, að tryggja þar full mannréttindi. Ekki hefur tekist að tryggja náttúruna, umhverfisvernd og út á það gengur tillaga okkar fyrst og fremst.

[14:55]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að það hafi hugsanlega ekki verið tilgangurinn með flutningi þessarar þáltill. að láta andstöðuna við NATO móta hana, þá hefur það nú ekki alveg tekist. Það er eitthvað sem kallað er á ensku „Freudian slip" í því plaggi sem bendir til þess að það mótist einmitt svolítið af andstöðunni við NATO. Það er heldur ekkert óeðlilegt því að þingmenn sem þetta flytja eru í andstöðu við aðild okkar að NATO.

Ég vil aðeins benda á að reiknað er með því að gera lögfræðilega úttekt á álitamálum sem tengjast hernaðaraðgerðum NATO í Júgóslavíu og þjóðréttarlegum afleiðingum þeirra. Greinargerðin varpar að sjálfsögðu ákveðnum lit á þáltill. og það ber að skilja þáltill. í ljósi grg. Til hvers væri greinargerðin ef ekki ætti að gera það? En í grg. stendur, einmitt í sambandi við þetta lögfræðilega álitamál: „Óhætt er að segja að með loftárásunum á Júgóslavíu hafi NATO afhjúpað eðli sitt sem árásarbandalag og tekið sér sjálfdæmi í öryggis- og varnarmálum sem snerta grannríki bandalagsins." Og síðan er haldið áfram í svipuðum dúr. Þá hljóta þeir sem eru stuðningsmenn NATO að velta því fyrir sér hvort þeir eigi að takast á við þann vanda sem er að styðja uppbyggingu í Júgóslavíu ásamt skoðanabræðrum sínum sem stóðu að þeirri ákvörðun með NATO-ríkjunum um að grípa til þessa örþrifaráðs og vinna það í samstarfi við þá eða hvort þeir vilja hafa með sér í því samstarfi þá aðila sem eru á móti Atlantshafsbandalaginu og eru nú afskaplega líklegir til þess að gera allt starf Atlantshafsbandalagsins eins tortryggilegt og þeir mögulega geta. Það er í rauninni það sem verið er að fara fram á með þáltill., þ.e. að þeir sem eru á móti Atlantshafsbandalaginu fái að komast að málinu til þess að gera starf Atlantshafsbandalagsins eins tortryggilegt og frekast er hægt. Ég skil svo sem vel að menn vilji gera það en ég vil þá vænta þess að hv. flutningsmenn þáltill. geri sér grein fyrir því að í gegnum þetta sést hver tilgangurinn er með þessu.

[14:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eflaust má lengi ræða það hvernig þessi þáltill. er á litinn og það er vissulega rétt að lagt er til að gerð verði lögfræðileg úttekt á álitamálum sem tengjast hernaðaraðgerðum NATO í Júgóslavíu og þjóðréttarlegum afleiðingum þeirra. Þeir sem telja sig hafa lögin og sannleikann með sér óttast væntanlega ekki slíka úttekt.

Herra forseti. Mig langar til í ljósi þessara ummæla að lesa fyrstu tvo liði þáltill., þriðji liðurinn er lögfræðilega úttektin:

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem fari í samráði við stjórnvöld með eftirfarandi hlutverk:

að marka stefnu varðandi þátttöku Íslands í hvers kyns starfi sem miðar að því að bregðast við umhverfisáhrifum af átökunum í Júgóslavíu á þessu ári,

að marka stefnu varðandi þátttöku Íslands í uppbyggingarstarfi á Balkanskaga."

Mér finnst ástæðulaust að reyna að gera lítið úr því sem fyrir okkur vakir í þessu efni. Við viljum einfaldlega láta gott af okkur leiða í því uppbyggingarstarfi sem er fram undan og verður að vera fram undan á Balkanskaga.

[14:59]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst mál að efnisatriði þáltill. í þremur liðum eru misjöfn og utanrmn. mun að sjálfsögðu taka þetta mál fyrir í heild sinni og taka afstöðu til þess hvort þáltill. er með þeim hætti að hægt sé að samþykkja hana, breyta eða hafna. Þannig verður málið tekið fyrir í heild.

[15:00]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þáltill. og sérstaklega ræðu hv. þm. Sigríðar Jóhannsdóttur. Ég vil einnig þakka þátttöku hv. formanns utanrmn., Tómasar Inga Olrichs, og gengst auðvitað fyllilega við andstöðu minni við aðild okkar Íslendinga að hernaðarbandalaginu NATO. Ég viðurkenni fúslega að liturinn sem hv. formaður utanrmn. þykist greina í greinargerð tillögunnar er að sjálfsögðu réttur, enda litast skoðanir mínar af tilfinningum mínum gagnvart hernaðarbandalaginu NATO. Þær eru öllum sem í þessum sal sitja fullkomlega kunnar og að öllu leyti ljósar. Ég treysti því hins vegar að sú staðreynd komi ekki í veg fyrir að hæstv. utanrmn. geti fjallað um tillöguna og tekið henni opnum huga. Ég lýsi því yfir fyrir hönd þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við erum fyllilega fús til að leggja okkar af mörkum til að sú vinna geti orðið markviss til að við Íslendingar getum sameiginlega gengist við þeirri ábyrgð sem við berum gagnvart því fólki sem upplifa þurfti þær hörmungar sem áttu sér stað og eiga sér enn stað í fyrrum Júgóslavíu.

Mér finnst varla hægt að skilja við þetta mál án þess að fara örfáum orðum um notkun NATO-hersins á ólöglegum vopnum. Í þessum átökum voru notaðar svokallaðar klasasprengjur sem ég hef áður vikið að í ræðu minni hér. Flugher NATO beitti klasasprengjum í árásum sínum á ýmis skotmörk í Júgóslavíu. Þetta eru sprengjur sem vega u.þ.b. 500 kg og innihalda nokkur hundruð smærri sprengjur sem dreifast í allar áttir þegar klasinn sjálfur springur. Hver smásprengja um sig splundrast í u.þ.b. 300 sprengjuflísar með hræðilegum afleiðingum fyrir þá sem fyrir verða eins og kom t.d. á daginn í árás NATO á markaðstorgið í Nis þann 7. maí.

Til að bæta gráu ofan á svart er talsvert um að smærri sprengjurnar dreifist um stór svæði án þess að springa. Þessar sprengjur ógna nú heilu þorpunum og hafa gert þau að einskismannslandi. Þær geta sprungið við snertingu og þær geta sprungið við titring frá umferð, rétt eins og jarðsprengjur. Þessi vopn eru nú þegar farin að taka toll sinn af ásku Kosovohéraðs. Ég segi við hv. Alþingi Íslendinga: Öxlum okkar hluta ábyrgðarinnar til að koma ásku Kosovohéraðs til hjálpar. Tökum vel á okkar hlut, mörkum stefnu varðandi

þátttöku Íslands í því starfi sem miðar að því að bregðast við umhverfisáhrifunum af átökunum. Mörkum stefnu varðandi þátttöku Íslendinga í uppbyggingarstarfinu á Balkanskaga og látum gera úttekt á lögfræðilegum álitamálum sem tengjast hernaðaraðgerðum NATO í fyrrum Júgóslavíu og þjóðréttarlegum afleiðingum þeirra.

Að svo mæltu vísa ég þáltill. til hæstv. utanrmn. og vona að hún verði tekin fyrir af opnum huga og fái góða og faglega umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfbær orkustefna, fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÁSJ, 13. mál. — Þskj. 13.

[15:04]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er tekið fyrir till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu og er hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela iðnrh. að undirbúa í samvinnu við umhvrh. og þingflokka sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði:

að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,

að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,

að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum."

Þáltill. þessi var flutt á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt nokkurn veginn óbreytt.

Sjálfbær orkustefna er ekki markmið í sjálfu sér heldur afar mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í miklu ósamræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og leiðir okkur fyrr en varir í öngstræti. Rangar áherslur í orkumálum skapa hættur fyrir umhverfi jarðar, heilbrigði og heimsfrið. Í áherslum Sameinuðu þjóðanna sem tengjast Ríó-ferlinu er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi þætti til að stuðla að sjálfbærri orkustefnu:

Þar er lögð áhersla á orkusparnað og bætta nýtingu á orku á öllum sviðum, ekki síst í þróuðum ríkjum. Þar er lögð áhersla á umhverfisvæna orkugjafa, ekki síst endurnýjanlega orku og nýja og hreina tækni. Þar er lögð áhersla á orkugjöld vegna mengunar og/eða reglur er takmarki losun mengandi efna. Áhersla er lögð á afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa. Hvatt er til að heildarkostnaður m.a. vegna umhverfis verði sýnilegur og hluti orkufjárfestingar. Þar er einnig lögð áhersla á jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og áhrif almennings á mótun orkustefnu. Þar er kallað á forustu ríkisstjórna og opinberra aðila í að ryðja braut fyrir sjálfbæra orkustefnu og að lokun er þar lögð áhersla á áætlanir og aðgerðir þjóðríkja í þágu sjálfbærrar orkustefnu.

Orka er undirstaða efnahagsþróunar. Yfir tveir milljarðar íbúa jarðar hafa ekki aðgang að rafmagni eða öðrum nútímalegum orkukerfum. Söfnun og brennsla þverrandi eldiviðar er hlutskipti hundruða milljóna og kemur einkum í hlut kvenna. Orka er lykill að því að útrýma fátækt, en orkusóun eins og hún viðgengst í þróuðum ríkjum er ógnun við umhverfi og jöfnuð. Þar eru niðurskurður í orkunotkun, bætt gæði í nýtingu orku í stað aukins framboðs og vistvænir orkugjafar mál málanna.

Þáltill. þessi beinir athyglinni að íslenskum orkubúskap. Í greinargerð með tillögunni er bent á hvernig nýta megi endurnýjanlegar orkulindir markvisst til stuðnings sjálfbærri orkustefnu í stað þess að binda þær í mengandi stóriðju til langs tíma.

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem hér liggur fyrir er í beinu framhaldi af málflutningi þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í kjölfar þáltill. sem við fluttum um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar. Flutningsmenn þessarar tillögu telja að Íslendingar eigi að leggja sitt lóð á vogarskálarnar hvað það varðar að afskaffa jarðefnaeldsneytið og leggja allt kapp á að halda áfram þróun til vistvæns orkubúskapar. Það er lykilatriði tillögunnar og ég óska eftir því að um hana verði fjörug, lífleg umræða með almennri þátttöku þingmanna. Ég vona jafnframt að hún fái góða umfjöllun í nefnd því hér er um viðamikið og veigamikið mál að ræða fyrir framtíð okkar Íslendinga.

[15:09]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Þessi till. til þál. er tímanna tákn. Um 30 ára skeið höfum við Íslendingar stundað stóriðjustefnu í umsetningu á orkuauðlindum okkar en nú er aldeilis tímabært að athuga sinn gang og sjá hvort vegurinn hafi verið genginn til góðs. Stóriðjustefna í 30 ár hefur leitt til þess að um 60% af rafafli landsins fara núna til stóriðju og fyrir það fást um þrír milljarðar kr. Aðeins 40% fara til almenningsveitna en það er selt á sex milljarða kr. Nú eru tímamót í samfélaginu, það vitum við öll. Hvernig stendur á því að málum er þannig komið núna að bakarí landsins sjá sig hvert af öðru knúin til að breyta um orkugjafa, fara úr rafafli yfir í svartolíu? Hvernig stendur á því að efnalaugar landsins, hver af annarri, sjá sig knúnar til þess að skipta úr innlendri orku, rafafli, yfir í svartolíu? Hvernig stendur á því að vaxtabroddar í atvinnulífi landsmanna, mjólvinnsla úr beinum o.þ.h., ná ekki nokkrum samningum og neyðast til að kaupa katla til að nota svartolíuafl? Hvernig stendur á því að brugghús og safagerðir sem eru nú í fullum rekstri, svo sem Sól-Víking á Akureyri, kaupa gufukatla sem knúnir verða með svartolíu? Hvernig stendur á því að mjólkursamlög landsins, sem áður notuðu rafmagn, sjá sig knúin til þess að kaupa gufukatla sem knúnir eru af svartolíu? Hvernig stendur á því að ekki er hægt að lýsa í garðyrkjustöðvum landsins lengur til þess að fá auknar afurðir grænmetis inn á íslenskan markað? Við verðum að horfast í augu við þessar staðreyndir.

Staðreyndin er sú að almenningsveitur hækka verð á íslenskum fyrirtækjum með því að alls konar sérstakir taxtar, afltaxtar, rofið afl o.fl. er tekið af fyrirtækjunum vegna þess að við erum að selja til stóriðju. Við erum að selja stóriðjunni orku fyrir þriðjung þess verðs sem fyrirtækjum okkar er boðið upp á. Þetta er óviðunandi staða eins og ég sagði áðan. Við verðum að horfa á þessi mál í nýju ljósi.

Síðan er það annað. Blikur eru á lofti um að á allra næstu missirum getum við náð stórkostlegum framförum

hvað varðar vistvæna orkugjafa til þess að knýja bæði bíla- og fiskiskipaflotann með því að nota vetni. Ef við ætlum að fara í þessa vinnu til sjálfbærrar orkunýtingar innan lands þá er stóriðjustefnan þrándur í götu. Það er augljóst mál. Út frá þessum sjónarmiðum er þessi þáltill. mál málanna í dag. Stóriðjustefnan er nefnilega margþætt. Finnst mönnum að það góðra gjalda vert að stóriðjustefnan t.d. hefur leitt til þess að jafnvel veitingahús vítt og breitt um landið sem nota gríðarlega mikið rafmagn til eldunar o.fl. eru tekin af afltöxtum. Ég nefni fyrirtæki eins og Bautann á Akureyri þar sem rafafl hefur hækkað um helming. Þetta er vegna þess að orkan hefur verið sett á útsölu og þetta minnir örlítið á litla sögu — kartöflusögu frá Akureyri.

Í innbænum á Akureyri er ræktað mikið af kartöflum. Þar var maður sem ævinlega var aflögufær með stóran garð ofan við húsið hjá sér seldi einum góðborgara kartöflur þegar vel áraði og e.t.v. fleirum. Eitt árið var léleg uppskera og þegar þessi góðborgari á Akureyri kemur til hans og spyr hvort hann geti látið sig hafa kartöflur á útmánuðum, þá segir ræktandinn: Ja, það er nú ekki svo gott núna vegna þess að þetta var lélegt ár í fyrra og ég á bara rétt fyrir sjálfan mig. Þá sagði góðborgarinn: Ég vil fá þínar kartöflur, þú getur *étið ruslið úr kaupfélaginu.*

Er það ekki akkúrat þetta sem við er að eiga. Stóriðjan heimtar orkuna en við getum étið ruslið úr kaupfélaginu, hvað varðar orkumálin.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði krefjumst þess að þessi orkumál og orkuvinnslan verði skoðuð algjörlega í nýju ljósi. Þessi uppbygging og þessi áform henta ekki samfélagi okkar og girða fyrir þann möguleika sem við höfum til að vera leiðandi í vistvænni orkunotkun fyrir samfélagið allt — til fyrirmyndar. Þess vegna flytjum við þessa tillögu og við ætlumst til þess að menn horfi á hlutina í nýju ljósi.

Að síðustu: Stóriðjustefnan er gamaldags aðferð til þess að ná árangri í efnahagsmálum þjóðar. Þetta er stalínsk aðferð, að slá stórhögg og friðþægja fólkið. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði við viljum margbreytilegt atvinnulíf þar sem allur þorri almennings getur komið að en ekki stórar einingar sem enginn fær við ráðið. Stóriðjustefnan hefur leitt til þess að tugum milljarða króna er á stuttum tíma dælt í uppbyggingu á afmörkuðu svæði og leiðir til gríðarlegrar byggðaröskunar. Þessi stóru högg í fjárfestingum henta ekki samfélagi okkar. Það er ekkert vafamál og margir sáu það fyrir fyrir þremur árum, þegar nýjustu samningar voru í farvatninu, að þetta mundi leiða til þeirrar byggðaröskunar sem menn hafa miklar áhyggjur af í þingsölum nú einmitt þessa dagana. Ætli þessi fjárfestingarmáti, þessi gríðarlega innspýting á fjármunum til skamms tíma á afmarkað svæði hafi ekki valdið því að um helmingur þeirra 2.000 sem flytja, hafa flutt á höfuðborgarsvæðið.

Herra forseti. Í nýju ljósi, með nýjar áherslur og nýjar hugsanir, þá ræðum við þetta frumvarp til framfara fyrir íslenska þjóð, Íslendinga alla.

[15:18]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Lykilatriðið í þeirri till. til þál. sem hér er flutt er að Ísland taki forustu á sviði vistvænnar orkustefnu í heiminum. Löndin víða í kringum okkur eru að ræða þessi mál af fyllstu alvöru. Ég vona að nefndin sem fær þetta mál til umfjöllunar, sem trúlega verður hæstv. iðnn., skoði það sem verið er að gera á Norðurlöndunum varðandi svipuð mál. Þar eru þessar hugmyndir komnar talsvert lengra en hjá okkur. Við getum eins og svo oft áður lært af þeim grönnum okkar sem eru sama sinnis og við. Ég fagna líka yfirlýsingum hæstv. iðnrh. sem hefur margoft sagt að Ísland sé í stakk búið til að taka forustu í þessum málaflokki. Hann hefur barist fyrir því að Ísland verði tekið gilt í samfélagi þjóðanna sem vetnissamfélag og ég treysti því að Íslendingar geti einnig lagst á sveif með þeim sem eru að rannsaka sólarorku, vindorku og orkuna sem fólgin er í hafstraumunum. Orka frá *þessum orkugjöfum er vistvæn og af henni eigum við nóg.*

Tækni heimsins fleygir fram. Nú er verið að rannsaka þessa hluti út um allan heim. Ofurkapp er lagt á að hraða þessum rannsóknum því það er lífsnauðsyn fyrir heiminn allan og áframhaldandi lífvænleg skilyrði á jörðinni að þessari vinnu sé hraðað. Íslendingar geta lagt sitt þunga lóð á vogarskálarnar. Til þess þarf að breyta ákveðnum hlutum í stefnu stjórnvalda, sveigja af braut stóriðjustefnu og inn á braut sjálfbærrar orkustefnu. Þess vegna hvet ég til þess að sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar, hv. iðnn., taki þetta mál alvarlega til skoðunar.

Mig langar í lok máls míns að vitna örlítið til greinargerðarinnar með tillögunni sem er ansi viðamikil, í kafla sem fjallar um nýja hugsun og ný málstök:

„Íslendingar eiga eins og aðrar þjóðir að leggja sitt af mörkum til að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda. Í þeim efnum á heimsbyggðin gífurlegt verkefni fyrir höndum og samkomulagið í Kyoto var aðeins fyrsta skrefið af mörgum sem á eftir þurfa að fylgja. Þótt óvissa sé um umfang og hraða þeirra loftslagsbreytinga sem verða af mannavöldum má hér engu hætta til. Ísland er á krossgötum hafstrauma og loftstrauma í Norður-Atlantshafi og umhverfi okkar getur því verið sérstaklega viðkvæmt fyrir röskun.

Viðfangsefnið sem fram undan er kallar á nýja hugsun og ný málstök á öllum sviðum atvinnulífs, skipulags, framleiðslu- og neysluvenja og umgengni við orku í atvinnulífi, samgöngum og á heimilum. Allir þurfa að leggjast á eitt að draga úr þarflausri orkunotkun, að ekki sé talað um sóun. Þetta á auðvitað sérstaklega við þegar um jarðefnaeldsneyti er að ræða en endurnýjanlegar orkulindir eru einnig takmörkuð gæði sem valda umhverfisröskun og beislun þeirra kostar mikla fjármuni og álag á umhverfið.

Þess er vissulega að vænta að með margháttuðum *tækninýjungum og endurbótum tækja og orkukerfa megi* ná fram verulegum orkusparnaði og þannig hjálpi markaðurinn til. Það leysir hins vegar ekki stjórnvöld, ríki og sveitarfélög, undan því að marka skýra stefnu og framfylgja henni."

Þessi tillaga gengur út á að mörkuð verði stefna, sjálfbær orkustefna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:22]

Umræður utan dagskrár.

Ný viðhorf um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

[15:30]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í kvöldfréttum í gær var skýrt frá tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að hefja á næsta ári aðildarviðræður við sex ný ríki, þar á meðal þau tvö Eystrasaltsríki sem óskað hafa eftir viðræðum en viðræður hafa ekki hafist við. Í kvöldfréttatíma Stöðvar 2 í gærkvöldi var af því tilefni birt viðtal við hæst. utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Í inngangi fréttarinnar segir að þessi óvænta tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hafi galopnað umræðuna um aðild Íslendinga að sambandinu og að utanrrh. telji hana stórtíðindi. Enn fremur var haft eftir ráðherranum að þetta breytti mjög miklu fyrir Íslendinga og að löndin á Evrópska efnahagssvæðinu verði nú að endurskoða stöðu sína. Hæstv. utanrrh. sagði orðrétt, með leyfi virðulegs forseta: „Að sjálfsögðu er það skylda ríkisstjórnarinnar að leggja fram valkosti á næstu mánuðum eða árum um hvernig rétt er að bregðast við þeirri aukningu í samrunaþróun sem þarna virðist vera á ferðinni og er vissulega nokkuð óvænt, hvernig svo sem þeim tekst nú að spila úr því."

Hér er um að ræða mjög athyglisverð ummæli hæstv. ráðherra sem ganga þvert á þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. að málið sé ekki á dagskrá. Sú stefna að hafa málið ekki á dagskrá hefur þegar reynst íslenskum hagsmunum dýrkeypt að mínu mati. Það verður erfiðara að tryggja áhrif Íslendinga í stækkuðu Evrópusambandi en áður. Samfylkingin hefur viljað brjóta þennan þagnarmúr. Við höfum viljað taka þetta mál á dagskrá. Tillaga okkar hefur verið sú að kynna Íslendingum valkosti Evrópusambandsins, þar á meðal kosti þess og galla með það að markmiði að stuðla að upplýstri umræðu meðal þjóðarinnar þannig að hún sé í stakk búin til þess að taka ákvörðun hvort hefja skuli aðildarviðræður eða ekki.

Nú tekur hæstv. utanrrh. í sama streng. Það er ánægjulegt að hann skuli gera það. Með því er hæstv. ráðherra að hjálpa okkur til að taka málið á dagskrá á nýjan leik og hefja umræður um það enda segir hann sjálfur að ríkisstjórninni sé skylt að leggja fram valkosti í málinu fyrir þjóðina til að ræða.

Virðulegi forseti. Það er ekki bara að þessi nýju tíðindi um viðræður við sex ný aðildarríki sem hér skipta sköpum. Fram hefur komið hjá hæstv. utanrrh., og ég er honum sammála í því mati, að stöðugt erfiðara er að framfylgja samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, sem var barn síns tíma. Samningsþjóðir okkar, þ.e. ESB-þjóðirnar, sinna þeim samningi stöðugt minna og fyrir liggur að ein af þeim þremur þjóðum, fyrir utan Liechtenstein, sem stendur að EFTA-stoðinni í þessu samstarfi, þ.e. Sviss, hefur þegar lagt fram aðildarumsókn. Það er því ljóst að það er bara tímaspursmál hverær EES-stoðin í þessu tvíhliða samstarfi sem myndar hið Evrópska efnahagssvæði hrynur og þá er betra að Íslendingar hafi unnið heimavinnu sína.

Fyrir mig sem er sannfærður um að það sé bara tímaspurning hvenær Ísland verði aðili að Evrópusambandinu þá er það mikið áhyggjuefni að sú stefna hæstv. forsrh. að taka málið ekki einu sinni á dagskrá hefur valdið því að íslenskir hagsmunir standa verr en ástæða er til. Ætla mætti að staðan væri öðruvísi ef hæstv. ríkisstjórn hefði unnið heimavinnu sína og búið þjóðina undir að ræða málið af þekkingu og skynsemi. Það hefur hún ekki gert. Hæstv. utanrrh. opnar hins vegar fyrir að sú umræða geti farið fram og ég vil því spyrja virðulegan ráðherra sem segir að það sé skylda ríkisstjórnarinnar að leggja fram valkosti og ræðir þar um næstu mánuði eða ár í því sambandi: Hvernig hyggst hann standa að kynningu á slíkum valkostum? Hvernig hyggst hann standa að þeirri vinnu sem hann hefur sjálfur sagt að nauðsynlegt sé að setja í gang hið fyrsta?

[15:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að ég hef ekki orðað það svo að verið sé að galopna umræðuna eða að hér sé um stórtíðindi að ræða. En ég stend að sjálfsögðu við þau ummæli sem höfð eru eftir mér í þessu viðtali.

Það er alveg ljóst að viðræðum við fyrstu ríkin sem að sóttu um aðild að Evrópusambandinu og eru nú í viðræðum við Evrópusambandið miðar heldur seint. Þar eru mikilvæg atriði eins og frjáls för fólks, umhverfismál og landbúnaðarmál sem standa í veginum. Þá má nefna að málaflokkur eins og frjáls för fólks er mjög erfiður. Ég minni t.d. á umræður sem hafa orðið í Austurríki vegna kosninga þar. Ég bendi á umræður sem hafa verið í Belgíu vegna sígauna og minni á að mjög víða í Evrópu eru minnihlutahópar sem telja sig búa við bág kjör og vilja sækja atvinnu annað ef Evrópusambandið stækkar.

Umhverfismálin eru jafnframt annað stórmál. Fyrir liggur að það þarf að leggja niður kjarnorkuver í sumum umsóknarríkjunum sem mun kosta verulegt fjármagn og verða til þess að orkuverð hækkar í Evrópu. Landbúnaðarmálin eru einnig afar erfið viðureignar en þau ætla ég ekki að rekja hér.

Því er alveg ljóst að þessi tíðindi eru ekki vegna þess að orðið hafi einhver sérstakur og góður árangur í þeim viðræðum sem hafa átt sér stað við fyrstu ríkin sex, heldur er hér um pólitískar ástæður að ræða. Þetta getur hugsanlega orðið til þess að stækkunarferlið muni tefjast eitthvað og dragast. Hins vegar er ljóst að mikill vilji er til þess í Evrópu, vegna þeirra aðstæðna sem hafa skapast að undanförnu, að sameina Evrópu með meira afgerandi hætti. Þar hafa atburðirnir í Kosovo rekið á eftir.

Nú hljótum við að spyrja okkur, Íslendingar, til hvers þetta muni leiða í samskiptum okkar við Evrópusambandið og samskiptum þeirra ríkja sem hafa sótt um við Evrópusambandið. Það er ljóst að hið pólitíska samráð mun aukast við þessi ríki. Þeim verður boðið til funda innan Evrópusambandsins til þess að taka þátt í umræðunni um sameiningu Evrópu framtíðarinnar. Væntanlega verður aukin hjálp við þau til að undirbúa sig fyrir væntanlega aðild einhvern tímann í framtíðinni.

Hv. þingmaður spurði hvernig ríkisstjórnin hygðist standa að þessum málum. Það kemur skýrt fram í stjórnarsáttmálanum að ríkisstjórnin hyggist fylgjast mjög vel með samrunaferlinu í Evrópu með hagsmuni íslensku þjóðarinnar í huga. Við í utanrrn. höfum unnið að stöðuskýrslu um ástand mála sem við hyggjumst leggja fyrir ríkisstjórn og í framhaldi af því yrði sú skýrsla lögð fyrir utanrmn. Alþingis. Í framhaldi af því yrði ákveðið hvað skuli gera með hana og hvort ástæða þyki til frekari vinnu í framhaldi af henni. Þessi stöðuskýrsla verður ekki tilbúin fyrr en í byrjun næsta árs en ég vænti þess að hún geti orðið grundvöllur málefnalegrar umræðu.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það verður stöðugt erfiðara að vinna eftir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna þess að fólksfjöldinn í EFTA-stoðinni verður stöðugt minni og miklu færri til að standa undir því en var í upphafi. Hins vegar gengur rekstur samningsins út af fyrir

sig vel um þessar mundir en ef eitthvert ríkjanna fer út úr þessari stoð og gengur í Evrópusambandið mun það vissulega hafa veruleg áhrif. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Þetta eru allt saman atriði sem við þurfum að fjalla um og ég vænti þess að sú skýrsla sem við erum að vinna að í utanrrn. geti orðið góður grundvöllur fyrir þá umræðu.

[15:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það var sem mér sýndist í morgun að margur góður kratinn væri illa sofinn í dag. Illa haldinn af óskhyggju. Það er nú ekki á hverjum degi að Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh., vekur slíkar væntingar, slíkan spenning með þjóðinni að fólk sofi ekki af eftirvæntingu. Væntingarnar sem hæstv. utanrrh. hefur vakið með hv. málshefjanda, Sighvati Björgvinssyni, eru þær að nú sé að því komið að Íslendingar endurskoði hug sinn gagnvart Evrópusambandinu, haldi þangað inn og leggi þjóðina flata undir allt reglugerðarverkið.

Ég er þessu andvígur og hef áður fært rök fyrir afstöðu minni. Ég tel hins vegar mikilvægt að halda umræðunni vakandi og opinni og á lýðræðislegum grunni. Það má aldrei henda aftur að valtað verði yfir þjóðarviljann eins og þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins neituðu að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hið Evrópska efnahagssvæði.

[15:42]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég held að nú hafi aftur gerst hið sama og sl. vor að hér sé mál borið upp með nokkurri oftúlkun og fögnuður málshefjanda, Sighvats Björgvinssonar, byggður á misskilningi og raunar líka á vanþekkingu á stefnuskrá Samfylkingarinnar. Þar var einnig tekið fram að ekkert skyldi gerast í ESB-málunum á kjörtímabilinu af hálfu Samfylkingarinnar.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnar ESB beinist hins vegar til ákveðins ríkjahóps í Evrópu. Það eru þau ríki þar sem efnahagur hefur verið svo bágborinn að þau hafa hingað til ekki komið til greina sem umsækjendur að ESB. Á þessu er með yfirlýsingunni breyting. Þær þjóðir sem hingað til hafa ekki talist eiga möguleika á að ræða um inngöngu við ESB eygja nú þann möguleika. Að sjálfsögðu er þetta gert til að róa þessar þjóðir því það hefur mikið verið gagnrýnt meðal þessara fátækustu þjóða Evrópu, ég nefni sérstaklega Búlgaríu og Rúmeníu, að fá ekki að komast inn í viðræður við ESB. En þessar þjóðir binda vonir við það að komast í skjól ESB og komast yfir efnahagsvanda sinn með því samstarfi. Að menn skuli skilja þessa yfirlýsingu til þessara fátækustu þjóða Evrópu sem sérstakt tilboð til Íslendinga er afskaplega sérkennilegt.

Okkur stendur til boða að ganga í ESB. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að við getum gengið inn í ESB. Við höfum hins vegar ekki kosið að gera það. Það fjaðrafok sem hér er gert út af þessu er reyndar þannig að ég held að rétt sé að minna á að norska þingið hefur ekki talið að hér væri um að ræða stórmál. Það hefur ekki verið gripið til þess úrræðis að fara í utandagskrárumræðu um þetta mál í norska þinginu, svo mér sé kunnugt. Þetta er því hliðstæð ekki-frétt við það þegar nokkrir fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni fóru á fund (Forseti hringir.) embættismanna í ESB og komu heim með þau tíðindi, ef svo skyldi kalla, að það væri ekkert í stofnskrá Evrópusambandsins sem kæmi í veg fyrir það (Forseti hringir.) að Íslendingar gætu fengið viðurkenningu fyrir sérstöðu í sjávarútvegsmálum.

[15:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég var áreiðanlega ekki eini Íslendingurinn sem fannst við hafa verið gripin í bólinu í gær þegar það fréttist að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefði ákveðið að hefja aðilarviðræður við sex ríki til viðbótar, að nú ætti að sameina Evrópu. Nú á sem sagt að herða á samrunaferlinu en við erum ekki farin að taka málið á dagskrá. Staða Íslands í gjörbreyttum heimi hefur ekki verið tekin á dagskrá utanríkismálaumræðunnar sem hjakkar enn í gamla kaldastríðsfarinu. Ekki er þó endilega við utanrrh. að sakast. Hann hefur sýnt virðingarverða viðleitni til að taka málið nýjum tökum. Nei, það er hæstv. forsrh. sem trúr línu Margrétar Thatcher og annarra íhaldsmanna hefur haldið umræðunni í gamla farinu. Alvarleg umræða um stöðu okkar í Evrópu hentar honum ekki og þar á hann góða samleið með Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

En af hverju ekki opinbera umræðu um kosti þess og galla að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu? Hversu lengi duga viðbárur á þá lund að hagsmunir okkar í sjávarútvegi séu svo miklir? Menn greinir hreinlega á um niðurstöðu þess máls ef af aðild yrði. Er ekki rétt að fara yfir málin, kynna þau þjóðinni, kalla fram umræðu og treysta lýðræðið? Það er alveg ljóst að löndin á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa öll og munu áreiðanlega flest gaumgæfa stöðu sína vandlega við þessar breyttu aðstæður. Það verðum við líka að gera og taka síðan upplýsta og meðvitaða ákvörðun um framtíð okkar í stað þess að hrekjast til niðurstöðu vegna ónógs undirbúnings eða fordóma. Málið er klárlega komið á dagskrá.

[15:46]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til þess að ræða þetta mál á hv. Alþingi í dag utan dagskrár og að það séu nokkur tíðindi ef teknar verða upp viðræður við sex þjóðir til viðbótar um hugsanlega aðild að Evrópusambandinu þó ekki vilji ég kalla það að til standi að sameina Evrópu. Við getum ekki horft fram hjá því að allar breytingar í nánasta viðskiptaumhverfi Íslendinga eru þess eðlis að stjórnvöld verða að fylgjast vel með. Þetta er mikilvægt vegna hagsmuna okkar, vegna hagsmuna þjóðarinnar og vegna hagsmuna borgaranna.

Mín skoðun er sú að á einhverju stigi málsins þurfum við Íslendingar, ekki síst íslenskir stjórnmálamenn, að fara í gegnum þessa umræðu fordómalaust, um kosti þess og galla að eiga aðild að Evrópusambandinu. Ég gat ekki heyrt betur en hv. þm. Ögmundur Jónasson segði hér áðan, sem mér fannst nokkur tíðindi, að við þyrftum að halda umræðunni vakandi. (**ÖJ:** Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun.) Þess vegna sýnist mér að það geti innan tíðar skapast um það nokkuð breið samstaða að fara yfir þetta. Hjá hæstv. utanrrh. komu fram þær upplýsingar að unnið sé að skýrslu um málið í utanrrn. sem hlýtur að verða góður grunnur að framhaldinu og umræðunni sem þarf að fara fram.

Evrópska efnahagssvæðið hefur gagnast okkur ágætlega. Það er hins vegar nokkuð gallað fyrirkomulag. Við vitum að EFTA-þjóðirnar koma ekki nægilega vel að ákvörðunartöku í lagasetningu. Þetta vissum við alla tíð en horfðum fram hjá því vegna þess að við töldum að viðskiptahagsmunir okkar væru það mikilvægir í þessu sambandi.

Ég vil hins vegar taka af allan vafa og láta það koma fram að ég er ekki þeirrar skoðunar í dag að við eigum að gerast aðilar.

[15:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Dregið hefur til tíðinda í Evrópuumræðunni hér á landi og vonum seinna að margra mati. Nýjustu fréttir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í Brussel gefa ærið tilefni til að velta fyrir sér stöðu Íslands í Evrópu og gagnvart ESB. Og hv. þm. Ögmundur Jónasson, ég er vel út sofin og skýrt hugsandi.

Samfylkingin hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að Evrópumálin fái lýðræðislega og vandaða umfjöllun hér á landi. Slík umræða á m.a. að byggja á því að öll tiltæk sérfræðiaðstoð innan stjórnkerfisins, menntastofnana og hagsmunasamtaka sé nýtt í hennar þágu. Svo standa megi vörð um hagsmuni þjóðarinnar verða stjórnvöld að bregðast strax við. Við skulum átta okkur á því að aðstæður geta breyst og samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er dýnamískur samningur.

Skilaboð fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB voru skýr á fundi hér á landi fyrir nokkrum vikum. Evrópusambandið hefur lítinn áhuga á að halda úti EES-samningi við örfá ríki í framtíðinni, hvað þá eitt.

Herra forseti. Það verður fróðlegt að lesa stöðuskýrslu hæstv. utanrrh. í ársbyrjun 2000 um stöðu okkar í Evrópu. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra sjái til þess að um hana fari fram ítarleg og málefnaleg umræða hér á Alþingi. Það er ekki seinna vænna að Íslendingar taki sér tak í Evrópuumræðunni. Samfylkingin mun ekki liggja á liði sínu í því efni. Hún mun gera sitt til þess að hér geti farið fram almenn og upplýst umræða um framtíð okkar í Evrópu.

[15:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Menn komast yfirleitt í sérkennilegan hugaræsing þegar þessi mál ber á góma í sölum Alþingis. Umræðan snýst um það hvort umræðan eigi yfirleitt að vera á dagskrá. En hún er nú samt á dagskrá hér er í dag vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur látið orð falla sem benda til þess að hann telji alla vega að taka þurfi málið á dagskrá.

Við höfum verið aðilar að EES-samningnum nú um nokkurn tíma og við vitum að hann er að molna niður, þessi EES-samningur. Þó ekki væri nema af þeim ástæðum þá getum við ekki vikið okkur undan því að hugsa fyrir því hvað taki við og hvernig framtíð það verði sem Íslandi verði búin í samskiptum við Evrópu. Það þýðir að við þurfum að hafa þetta mál á dagskrá. Ég vil biðja menn að koma sér úr þessum skrýtnu liðamótum sem þeir hafa verið í þegar um þetta er rætt. Ég held að það ætti miklu frekar að vera sameiginlegt átak stjórnar og stjórnarandstöðu að hefja um málið málefnalega umræðu og láta ekki hugaræsing frá fyrri tíð halda fyrir sér vöku, eins og virðist hafa verið ályktun eins hv. þm. sem hélt ræðu áðan.

Eins er með öll önnur utanríkismál okkar Íslendinga. Það er engin ástæða til þess að um alla framtíð sitji menn uppi með stefnu sem var mótuð um og eftir styrjaldarárin. Ég hvet til þess að menn taki sér tak í þessu og hætti þessum skringilegum skotum hver á annan um að ekki megi tala um þetta eða t.d. að Samfylkingin hafi tekið upp einhverja aðra stefnu en hún mótaði í vetur um að, vel að merkja, þessi mál ættu að vera til umræðu.

[15:53]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ein þeirra sem hrukku upp, glaðvaknaði í gærkvöldi og vakti í nótt af einskærri ánægju yfir því að hér skyldi einn af hæstv. ráðherrum ákveða að þetta mál skuli tekið á dagskrá og Íslendingar verði að huga að stöðu sinni í samstarfi Evrópuþjóðanna. Það var löngu kominn tími til. Reyndar er þetta ekki í fyrsta skipti sem hæstv. utanrrh. nefnir þetta. Á landsþingi Framsfl. í nóvember lýsti hann þessari skoðun sinni í ræðu og síðan einnig í blaðaviðtölum.

Það að tekin er ákvörðun um að hefja viðræður við fleiri þjóðir en áður hafði verið áætlað verður sannarlega til þess að löndin á Evrópska efnahagssvæðinu verða að endurskoða afstöðu sína. Við lifum ósköp einfaldlega við þann veruleika að samstarf þjóðanna breytist nánast frá degi til dags. Breytingarnar eru mjög örar. Þrátt fyrir að einhverjir hv. þm. telji sig hafa tekið ákvörðun um hvernig þessu samstarfi skuli eða eigi að vera háttað, fyrir einhverjum árum, þá verða menn sem ætla að vera það ábyrgir í pólitískri afstöðu sinni að átta sig á að við getum ekki og munum aldrei stíga skref aftur inn í fortíðina.

Við verðum að fylgja með. Annars verða ráðin tekin af okkur. Fyrirtækin hafa þegar tekið afstöðu. Ungt fólk hefur tekið afstöðu. Það vill aukið samstarf og það er ábyrgðarlaust að afgreiða þessa umræðu með því hvort menn hafi sofið úr sér eða ekki. Við fögnum því ef málefnaleg umræða á sér stað. Mér þykir það leitt ef sumir hv. þm. hafa sofið svo lengi að þeir gleymdu að hreinsa út úr eyrunum og heyrðu því ekki hvað hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði.

[15:56]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að bæta ögn við það sem hér var sagt áðan. Við verðum að reyna að gera okkur grein fyrir ástæðum þess að þessi yfirlýsing framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins er gefin. Hún kemur við þær aðstæður að framkvæmdastjórnin er með í höndunum skýrslu sérfræðinga um framtíð sambandsins. Í þeirri skýrslu er að finna tillögur sem koma til með að verka afar illa á þær þjóðir sem beðið hafa lengi eftir því að viðræður verði teknar upp við þær. Þetta eru hugmyndir um aukið samrunaferli og dýpkun samstarfsins.

Það er engin tilviljun að framkvæmdastjórinn Prodi kýs að reyna að slá á þessa óþolinmæði fyrir fram, kýs að koma með yfirlýsingu sem á að friða þær þjóðir sem hingað til hafa verið taldar utan þess ramma sem hægt væri að ræða við vegna þess að skilaboðin sem eiga eftir að koma um þessi mál, væntanlega í næstu viku, munu ganga í öfuga átt. Þar af leiðandi er þessi yfirlýsing gerð til þess að slökkva þann eld sem á eftir að gjósa upp þegar hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar verða kynntar síðar meir.

Það er ekki svo að þessari yfirlýsingu, sem menn vilja leggja djúpan skilning í, sé ætlað að draga úr samrunaferlinu til þess að auka á útvíkkun sambandsins. Þvert á móti. Menn ætli sér að halda áfram þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið. Þessi yfirlýsing er friðþæging þeim sem eru hræddir við að verða útilokaðir frá þessu samstarfi.

[15:57]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem lauk hér máli sínu er fulltrúi flokks þar sem komið hefur í ljós í þremur skoð-

anakönnunum að milli 55 og 60% fylgismanna flokksins styðja aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Það er athyglisvert fyrir þá kjósendur Sjálfstfl. að heyra boðskapinn sem fulltrúi flokksins hér við umræðuna lætur frá sér fara, mjög athyglisvert.

Hv. þm. sagði ástæðulaust með öllu að taka þetta mál fyrir á dagskrá Alþingis, þ.e. samþykkt framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem ekki væru nein tíðindi. Hún var ekki tilefni til þess að umræðurnar hófust hér heldur það mat hæstv. utanrrh. að þessi samþykkt kallaði á að löndin á Evrópska efnahagssvæðinu endurskoðuðu afstöðu sína og að það sé skylda ríkisstjórnarinnar að leggja fram valkost í málinu. Þetta er ástæða þess að ég bað um utandagskrárumræðu en ekki samþykkt Evrópusambandsins.

Hins vegar veit ég alveg hvað hv. þm. er að gera. Hann er að skamma utanrrh. í gegnum Samfylkinguna. Þegar hann veitist að Samfylkingunni fyrir að meta samþykktir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins svo að hún efnir til umræðu á Alþingi, þá er hann ekki að skamma Samfylkinguna, enda efndi hún ekki til umræðu á þeim grundvelli. Hv. þm. er að skamma hæstv. utanrrh. fyrir mat hans á þessum ummælum. Ég held að það væri siðlegra og eðlilegra af hv. þm. að beina þeim skammaryrðum sínum milliliðalaust til hæstv. utanrrh.

Hæstv. utanrrh. segir hins vegar að það sé skylda ríkisstjórnarinnar að leggja fram valkost í málinu. Ég hef bara eina spurningu til hans um það ferli: Telur hann fyrir fram að einhver valkostur í málinu sé útilokaður? Telur hann fyrir fram að sá valkostur að Íslendingar gætu hugsanlega sótt um aðild að sambandinu sé útilokaður? Telji hann það ekki útilokað þá er hann á öðru máli en samstarfsflokkur hans, eins og komið hefur fram í þessum umræðum.

[16:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Til að svara því sem kom síðast fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni þá veit ég ekki til þess að Framsfl. eða Sjálfstfl. hafi útilokað nokkuð í þessu sambandi. Ég held að enginn geti í reynd útilokað eitt né neitt. Menn verða að hafa þarna að leiðarljósi hagsmuni íslensku þjóðarinnar. Við munum ekki einir ráða þessari ferð og það er það sem ég og ríkisstjórnin höfum lagt áherslu á.

Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með því á næstunni hvernig fer í samskiptum okkar við Evrópusambandið út af Vestur-Evrópusambandinu því að við erum aukaaðilar að Vestur-Evrópusambandinu sem nú er hugmyndin að leggja niður og sameina Evrópusambandinu. Við höfum farið þess á leit við Evrópusambandið að stofnanaþáttur þess verði endurskoðaður vegna þessa samrunaferlis en þeir svarað okkur einfaldlega að það verði fyrst gert þegar og eftir að Vestur-Evrópusambandið hefur verið lagt niður og það sameinað Evrópusambandinu, þá muni þeir setjast niður með okkur og ræða það mál. Þetta er mjög alvarleg afstaða af hálfu Evrópusambandsins og við höfum mótmælt henni mjög ákaft og Norðmenn jafnframt. Það mun reyna á þetta mál mjög á næstu mánuðum og það er mikilvægt fyrir hv. þingmenn að fylgjast vel með því.

Ég tel hins vegar sjálfsagt að leggja fram skýrslu um stöðu mála þar sem við í utanrrn. reynum að leggja hlutlaust mat á stöðuna án þess að þar komi beinlínis inn pólitískar tillögur. Það er síðan hlutverk stjórnmálaflokkanna og Alþingis að taka endanlega afstöðu. Það geta embættismenn ekki gert en ég mun leggja áherslu á að þessi skýrsla verði sem best svo að hún upplýsi málið þannig að um það geti farið fram áframhaldandi málefnaleg umræða. Það getur enginn og vill enginn stöðva þá umræðu og ég er undrandi á því (Forseti hringir.) þegar því er lýst yfir að einhver vilji stöðva umræðu. Hver getur stöðvað umræðu í lýðræðinu á Íslandi? Ég veit ekki hver getur það.

[16:02]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með fjármálastarfsemi, 98. mál, frv. MF o.fl., þskj. 99.

Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu, 100. mál, fsp. JB, þskj. 101.

Þörf á byggingu leiguíbúða, 99. mál, fsp. SighB, þskj. 100.

Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

[16:04]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs. Meðflytjendur mínir eru hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, þ.e. allur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Tillagan er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir stofnun Snæfellsþjóðgarðs sem taki til Snæfells og örævanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins á haustþingi árið 2000."

Í greinargerðinni segir: Snæfell með Eyjabökkum og Vesturöræfum myndar afar svipmikla landslagsheild sem er einstæð hérlendis. Þar er afar fjölbreytt og sérstætt lífríki og jarðmyndanir sem sýna samspil jökla og umhverfis þeirra í fortíð og nútíð. Við vesturmörk Snæfellsöræfa rennur Jökla, korgugasta jökulfljót hérlendis, sem hefur grafið vestan undir Kárahnjúkum einhver hrikalegustu gljúfur landsins, kennd við Hafrahvamma.

Stórbrotin náttúra þessa svæðis með víðernum sem ekki eiga sinn líka í Evrópu hefur að undanförnu dregið að sér athygli fólks hérlendis og erlendis. Meðferð þessa mikla hálendissvæðis er stórmál sem varðar íslensku þjóðina alla og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland gengst undir í samfélagi þjóðanna.

Verndargildi Snæfellsöræfa, og Eyjabakka sem hluta af þeim, er að verða mönnum æ ljósara eftir því sem óröskuð og lítt snortin landsvæði af þessum toga verða fágætari. Í núverandi mynd, óraskað um alla framtíð, er þetta óbyggðasvæði auðlind sem vaxa mun að gildi jafnt huglægt sem í hagrænu samhengi. Mörkin á milli þessa, hins huglæga og hagræna, eru samslungnari en áður í samfélagi þar sem hughrif, upplýsingar og þjónusta eru hagnýt viðfangsefni frá degi til dags.

Það sem skiptir sköpum um Snæfellsöræfi er að takast megi að vernda náttúru þeirra og svipmót í heild um langa framtíð. Byrji menn á að búta þau í skákir sem verða vettvangur stórtækra framkvæmda í þágu mannvirkjagerðar hríðfellur gildi þeirra í því samhengi sem hér um ræðir. Því

er brýnt að Alþingi og þjóðin öll líti þann kost með opnum huga og af framsýni að vernda náttúru svæðisins svo sem kostur er í heild í stað þess að leggja það stig af stig undir mannvirkjagerð og umsvifin sem henni fylgja.

Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST, hafa nýlega sent frá sér samþykkt og áskorun til stjórnvalda um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsöræfum „sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal" eins og það er orðað í samþykkt aðalfundar NAUST þann 29. ágúst 1999. Með þáltill. vilja flutningsmenn taka undir áskorun þessara austfirsku samtaka og leggja hana fyrir þingið til umræðu og afgreiðslu. Með stofnun Snæfellsþjóðgarðs skapast möguleikar á að nýta Snæfellsöræfi og Eyjabakka á allt annan hátt en þann sem mest hefur verið til umræðu á liðnum áratugum. Slík friðlýsing gerir svæðið að vettvangi náttúruskoðunar og vísindarannsókna innan þeirra marka sem þolmörk þess leyfa. Verndun náttúrunnar verður að hafa forgang því að annars nýtist svæðið ekki á sjálfbæran hátt til ferðaþjónustu og lífsfyllingar í óspilltri náttúru, sem verður æ eftirsóttari í hugum almennings. Ekki er seinna vænna að gripið verði til verndaraðgerða vegna álags á svæðið sökum hömlulítillar umferðar.

Friðlýsing Snæfellsöræfa í einhverri mynd hefur verið rædd lengi en ekki náð fram að ganga. Alþingi hefur hins vegar ekki fjallað áður um þær hugmyndir. Stór hluti umrædds svæðis er í ríkiseign eða eru afréttarlönd sem nýtt eru af aðliggjandi sveitarfélögum. Snæfellssvæðið hefur allt það til að bera sem þarf til að verða í fremstu röð þjóðgarða á alþjóðamælikvarða. Flutningsmönnum er ljóst að vanda þarf undirbúning að stofnun slíks þjóðgarðs og leggja áherslu á samráð og góða samvinnu við það fólk og sveitarfélög sem hlut eiga að máli. Tillaga NAUST gerir ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist á svæðinu og er tekið undir þá stefnu.

Tillagan gerir ráð fyrir að umhverfisráðherra gefi Alþingi skýrslu um stöðu undirbúnings að stofnun þjóðgarðsins fyrir lok aldamótaársins, 2000.

Fylgiskjal með tillögunni er ályktun aðalfundar Náttúruverndarsamtaka Austurlands frá 29. ágúst. Hún var send út til fjölmargra aðila. Hún var send út til umhvn. Alþingis, Náttúruverndar ríkisins, alþingismönnum Austurlands og fjölmargra annarra félaga og samtaka.

Í greinargerðinni með ályktun NAUST eru lögð til æskileg mörk þjóðgarðsins og þjóðgarðurinn vel afmarkaður. Ég ætla að fá að lesa þetta upp.

Í aðalatriðum er miðað við að mörk Snæfellsþjóðgarðs verði eftirfarandi: Að austanverðu fylgi þau Kelduá frá upptökum í Vatnadæld norður undir ármót við Innri-Sauðá. Þaðan vestur í Snikilsárvatn og með Ytri-Snikilsá í Jökulsá í Fljótsdal. Að norðanverðu um Öxará og vatnaskil milli Þórisstaðakvíslar og Laugarár, vestur yfir Hölkná og norðvestur í Kálffell. Þaðan til vesturs um Tungusporð og Búrfell í Jöklu við Hnitasporð. Að vestan ráði Jökulsá á Dal mörkum og innst Jökulkvísl að upptökum og að sunnan lína um Vatnajökul.

Dregið er upp kort af svæðinu sem fylgir hér með sem fylgiskjal. Mjög greinargóð lýsing er á náttúrufari og ætla ég að lesa upphafið, með leyfi forseta:

„Snæfellsþjóðgarður sem hér er gerð tillaga um yrði í allra fremstu röð náttúruverndarsvæða hérlendis og einstakur um margt. Snæfell er hæst íslenskra fjalla utan Vatnajökuls, fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð og því tengist svipmikil hnjúkaröð."

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fór fram í þessum sal um þáltill. um mat á umhverfisáhrifum virkjanaframkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, þá ætti öllum að vera ljóst hvernig við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs viljum nýta Eyjabakkana og svæðið kringum Snæfell. Arðsemisútreikningar fyrirhugaðrar virkjunar og stóriðju á Reyðarfirði miðast við rafmagnssölu til stóriðjunnar. Sá útreikningur tekur ekki til náttúruverðmæta eða möguleika okkar á að nýta landsvæðið til annarra nota. Grænir þjóðhagsreikningar eru ekki viðhafðir hér á landi samhliða hefðbundnum þjóðhagsreikningum, ekki heldur grænir rekstrarreikningar samhliða áætlun um rekstrarafkomu Landsvirkjunar og stóriðju eða annarra framkvæmdaaðila svo að þjóðin á erfitt með að meta og vega mismunandi nýtingarkosti víðerna og óbyggðs lands sem taka á undir miðlunarlón eða aðrar framkvæmdir.

Við þurfum á vistvænum mælikvörðum að halda á öllum sviðum sem láta náttúruna njóta vafans og með þáltill. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs er kominn skýr valkostur við fyrirhugaða nýtingu svæðisins.

[16:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Tillagan sem hér er til umfjöllunar um stofnun Snæfellsþjóðgarðs er allrar athygli verð og mun ég gera mitt til þess að hún fái ítarlega og faglega umfjöllun í umhvn. hins háa Alþingis. Tillagan er um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, þjóðgarðs sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal, eins og það er orðað í þáltill.

Herra forseti. Tillagan ber vott um framtíðarsýn sem dugar. Hún ber vott um virðingu fyrir fólki og náttúrunni. Þetta er góð tillaga, herra forseti.

[16:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, um þessa tillögu. Ég er að sjálfsögðu hjartanlega sammála hv. þm. Hér er góð tillaga á ferðinni.

Hvað blasir við okkur Íslendingum í fjölmiðlum okkar í dag? Jú, 14 prófessorsstöður við Háskóla Íslands hafa verið kostaðar af aðilum í atvinnulífinu, eins og það er orðað. Stöður í læknadeild hafa t.d. verið kostaðar af lyfjaframleiðendum og innflytjendum. Tíu þúsund fermetra verslunarhúsnæði er tekið í notkun í Reykjavík og kaupmenn þar kaupa sig inn í dagskrá Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið leggst flatt fyrir kostunaraðilum og lætur dagskrána sína lönd og leið, „rúmsterar" þar með fasta liði eins og ekkert sé sjálfsagðara.

Í Morgunblaðinu í dag lýsa norrænir blaðamenn áhyggjum sínum með þróunina hjá fjölmiðlum sem í auknum mæli eru farnir að liggja flatir fyrir kostunaraðilum og gróðasjónarmiðum. Við lesum um tannlækni sem sagður er stunda peningaþvætti á Íslandi og ýmsar aðrar fréttir sem ganga út á óheiðarlega fengið fé. Á okkur dynja auglýsingar sem hvetja til aukinnar neyslu, okkur sé nauðsynlegt að eiga þetta og við getum ekki komist af án hins. Græðgin er dásömuð og dýrkuð, enginn er maður með mönnum nema hann sé með fullar hendur fjár og búi á höfuðborgarsvæðinu. Þar er gósenlandið, þar grasserar góðærið.

Virðulegi forseti. Við þurfum mótvægi við þessar fréttir, mótvægi við aðgerðir peningavaldsins og gróðahyggjunnar. Við þurfum að vega upp á móti græðginni. Ein aðferðin til að gera það er að breyta verðmætamatinu. Við þurfum að leggjast á sveif með þeim sem vilja hefja önnur gildi til vegs. Liður í því er tillöguflutningur af því tagi sem liggur nú fyrir hv. Alþingi í formi þáltill. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs.

Þess má geta, virðulegi forseti, að þann 10. mars 1999 samþykkti hv. Alþingi Íslendinga þál. um Vatnajökulsþjóðgarð. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna, í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa, möguleika á að stofna Vatnajökulsþjóðgarð.

Umhverfisráðherra kynni Alþingi stöðu málsins á vorþingi árið 2000 með það í huga að unnt verði að stofna Vatnajökulsþjóðgarð á aldamótaárinu.“

Tillaga sú sem hér er til umfjöllunar um stofnun Snæfellsþjóðgarðs kemur í beinu framhaldi af tillögunni um Vatnajökulsþjóðgarð. Það má sjá að hér eru til umfjöllunar metnaðarfullar tillögur sem gætu gert það að verkum að hálendi okkar yrði ekki sundurskorið af skurðum og uppistöðulónum heldur varðveitt í þágu vistvænnar ferðamennsku, í þágu þjóðarinnar allrar sem á það skilið að fá notið þeirra auðæfa sem náttúra hálendisins hefur upp á að bjóða.

Hálendi Íslands er óumdeilanlega auðlind sem getur aðstoðað okkur við að breyta verðmætamati okkar. Aðstoðað okkur í að læra að meta gildi lífsins á nýjan hátt og hverfa frá græðgishugsjóninni yfir í aðrar hugsjónir. Við vitum það öll sem sitjum í þessum sal hvers virði það er að geta farið upp á ósnortið hálendið sem býr yfir þvílíkum víðáttum og töfrum að annað eins er hvergi að finna.

Virðulegi forseti. Tillaga sú sem hér er til umfjöllunar eykur verðmætagildi þjóðarinnar, eykur tilfinningu okkar fyrir gildi íslenskrar náttúru. Ég endurtek það sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sagði á undan mér: Hér er um að ræða góða tillögu.

[16:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir þessi lokaorð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur þar sem hún þakkaði hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir hennar komu að þessu máli. Hún er eini þingmaðurinn sem hefur tekið til máls um þessa þáltill., sem allur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur að, utan okkar hreyfingar. Fulltrúar Sjálfstfl. hafa ekki tjáð sig um málið. Fulltrúa Framsfl. er hvergi að sjá í salnum. Ég vil minna hæstv. forseta á að þegar þessi mál bar á góma í upphafi vikunnar og þingvikan var skipulögð, þá lagði ég mikla áherslu á það fyrir hönd þingflokks okkar að þessi umræða færi ekki fram nema að viðstöddum hæstv. umhvrh. Nú vil ég óska eftir því við hæstv. forseta að hlé verði gert á umræðunni og hún verði ekki hafin að nýju fyrr en hæstv. umhvrh. kemur í þingsalinn.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti verður við beiðni þingmannsins og og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.)

Umræðu frestað.

[16:22]

Útbýting þingskjals:

Störf nefnda um jarðskjálftavá, 97. mál, fsp. GHall, þskj. 98.

Könnun á læsi fullorðinna, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

[16:22]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir svohljóðandi tillögu til þál.:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta fara fram könnun á læsi Íslendinga. Könnunin verði gerð á árunum 2000 og 2001 og taki til aldurshópanna 18–67 ára. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.“

Meðflutningsmenn mínir að þessari þáltill. eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir.

Það er svo, herra forseti, að í rannsókn á duldu ólæsi meðal Dana á aldrinum 18–67 ára frá árinu 1995, en þá er verið að miða við þann hóp sem er hvað virkastur á vinnumarkaði, kom m.a. fram að um 12% þeirra sem í úrtakinu lentu áttu í umtalsverðum lestrarerfiðleikum og 23% til viðbótar lentu í erfiðleikum við lestur ákveðinna texta. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir fullorðnir hérlendis stríða við þennan vanda sem jafna má við alvarlega fötlun í nútímasamfélagi. Miðað við þær kannanir sem til eru á stöðu barna og ungmenna og samanburður við sömu aldurshópa hjá Dönum má þó gera ráð fyrir að niðurstöður úr sambærilegri könnun gerðri hér á landi gæfi álíka niðurstöðu, að um 20 þúsund Íslendingar á aldrinum 18–67 ára gætu átt í umtalsverðum lestrarerfiðleikum.

Flestir Íslendingar ná því að verða læsir á barnsaldri. Það er hins vegar alltaf tiltekinn fjöldi úr hverjum aldurshópi sem ekki nær tökum á lestri í skóla eða þeirri færni sem þarf til að kallast læs, hvað þá vel læs. Í inngangi að skýrslu um læsi íslenskra barna frá 1993 er tekið fram að engar rannsóknir séu til, svo að vitað sé, á læsi fullorðinna hér á landi. Sú rannsókn sem skýrslan greinir frá leiðir hins vegar í ljós að 5–10% 14 ára unglinga eigi í verulegum erfiðleikum við að skilja fræðsluefni sem þeir lesa auk þess sem líkur benda til að um 10% til viðbótar skilji textann ekki nægilega. Upplýsingar sem Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands hefur aflað með prófunum á nemendum í 9. bekk grunnskóla benda til þess að um 15% nemenda séu í áhættu með tilliti til dyslexíu og að um 10% eigi við alvarlegan lestrar- eða stafsetningarvanda að etja.

Þeir sem starfa í grunnskólum hafa reynslu af því að í 20–30 barna bekkjardeild megi að jafnaði gera ráð fyrir að 2–3 börn eigi við alvarlegan lestrarvanda að etja. Um gæti verið að ræða um 4.000 grunnskólanemendur á landinu öllu. Skólarnir reyna að taka á lestrarvanda nemenda sinna með sérkennslu en aðstæður þeirra til þess eru mismunandi og umtalsverður hópur útskrifast úr grunnskóla árlega án þess að hafa náð fullnægjandi tökum á lestri og/eða skrift. Ef þessir einstaklingar reyna við framhaldsskólanám er hætt við að þeir falli fljótt út úr slíku námi. Flestir framhaldsskólar kanna orðið getu nemenda sinna í lestri og stafsetningu og reyna að bregðast við, enda er það samkvæmt lögum að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir. Kannanir hafa gefið vísbendingar um að allt að fimmtungur framhaldsskólanema eigi í lestrarörðugleikum.

Það vakti athygli, herra forseti, fyrir nokkrum árum þegar Iðnskólinn í Reykjavík tók upp námskeið í lestri fyrir

nemendur skólans. Þau voru tekin upp í kjölfar könnunar sem gerð var í lestri og lesskilningi. Sú kennsla sem þar hefur farið fram hefur leitt í ljós að unnt er að ná árangri með lesþjálfun þótt viðkomandi sé kominn af barnsaldri og rannsóknir hafa jafnframt sýnt að framhaldsskólanemar geta náð verulegum árangri í lestri með marksvissri þjálfun. Ætla má að sama eigi við um fullorðið fólk.

Í nýrri skólastefnu er stefnt að því að taka á málefnum barna með „sértæka lesröskun", eins og það er kallað, með lesskimun og greiningu við upphaf grunnskólagöngu. Það er góður ásetningur þó að ekki sé ljóst hvernig framkvæmdin verður en mun með aukinni sérkennslu og hærra hlutfalli menntaðra kennara í grunnskólunum verða til þess að fleiri börn fá þjónustu við hæfi og auka þannig líkur á því að fleiri börn ljúki grunnskóla betur læs.

Nú þegar aldamótin nálgast erum við að ganga inn í það sem kallað hefur verið upplýsingasamfélag. Það byggist á mikilvægi upplýsinga í leik og starfi og í allri framþróun, sem og nýtingu margvíslegrar tækni til að svo megi verða. Mikilvægt er að fólk hafi færni til að takast á við ný og fjölbreytt verkefni sem slíkum þjóðfélagsbreytingum fylgja. Forsenda þess að geta verið þátttakandi í slíkum breytingum er að geta lesið og er það mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr. Vegna nýrrar tækni og krafna um meiri lestur og skráningu alls kyns upplýsinga detta einstaklingar út af vinnumarkaði og komast ekki inn aftur, einstaklingar sem gátu tekist á við ýmis störf sem ekki kröfðust lestrar og skráningar með sama hætti og í jafnríkum mæli og á tölvuöld. Að vera læs er þannig einn af undirstöðuþáttum mannréttinda og jafnframt er það krafa sem þjóðfélagið gerir til þegna sinna í æ ríkari mæli.

Lengi hefur verið goðsögn á Íslandi að allir séu læsir. Bókmenntaþjóðin vill trúa því að hún sé læs og lesi mikið. Það á þó ekki við um alla landsins þegna. Ekki fá allir við lestur notið þeirra bókmenntaperlna sem gera okkur að þjóð né alast öll börn upp á heimilum þar sem bækur skipa öndvegi. Þegar barnafræðsla hófst og langt fram á þessa öld var gert ráð fyrir að börn kæmu læs að heiman þegar þau hæfu grunnskólanám. Gamlir kennarar minnast þess þó að misbrestur hafi orðið á því og þá, eins og nú, gerðist það að ungmenni luku skólagöngu án þess að ná tökum á lestri. Á meðan samfélagið var lítt tæknivætt og margar hendur þurfti til framleiðslunnar var það ekki jafnalvarlegt fyrir einstaklinginn þótt hann kynni ekki að lesa eða væri treglæs. Þetta er gerbreytt. Nú er læsi grundvallarforsenda þess að þegnarnir fái þrifist í samfélagi sem tekur örum breytingum og á vinnumarkaði þar sem einstaklingar þurfa sífellt að takast á við nýjar aðstæður vegna breyttrar tækni og viðurkennt er að menntun lýkur aldrei. Hvaða möguleika á ólæs einstaklingur á slíkum vinnumarkaði?

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja hins vegar áherslu á að læsi fullorðinna Íslendinga verði kannað svo að traust vitneskja liggi fyrir um hve margir eiga við þennan alvarlega vanda að etja. Í greinargerðinni er vísað til könnunar Dana á duldu ólæsi þar í landi. Flutningsmenn telja að þá könnun mætti nota sem fyrirmynd. Við ákvarðanir um hvernig við verður brugðist ætti að líta til þess hvað hefur verið gert til að kenna fullorðnu fólki að lesa, bæði hér og annars staðar.

Herra forseti. Þessi tillaga var fyrst flutt á 123. þingi en varð ekki útrædd. Eigi að síður fór hún út til umsagnar og átta aðilar sendu inn umsögn, þar á meðal Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Hitt húsið, Félag náms- og starfsráðgjafa, Lestrarmiðstöð Kennaraháskólans, Iðnskólinn í Reykjavík o. fl.

Segja má, herra forseti, að allir þessir aðilar hvetji til þess að tillagan verði samþykkt, að farið verði í aðgerðir sem þessar. Þarna er um að ræða þá sem gerst mega vita hvernig raunveruleikinn er í þessum efnum. Eðlilegt væri að við undirbúning og framkvæmd könnunar á læsi fullorðinna yrði haft náið samband við aðila vinnumarkaðarins því að ljóst má vera að til þeirra kasta kæmi með einhverjum hætti þegar niðurstöður liggja fyrir og ákvarðanir verða teknar um hvernig við skuli brugðist.

[16:31]

Sturla D. Þorsteinsson:

Herra forseti. Ég fagna þessari till. til þál. um könnun á læsi fólks á aldrinum 18–67 ára. Eins og fram kemur í greinargerðinni búum við yfir talsverðum upplýsingum um lestrarvanda grunnskólanema. Það er rétt sem kemur þar fram að enn útskrifast allt of margir úr grunnskóla án þess að hafa náð viðhlítandi tökum á lestri. Margan skólann hefur hreinlega skort úrræði í þeim efnum.

Í greinargerðinni er einnig minnst á námskeið Iðnskólans í lestri. Þetta er orðið að námsefni í dag. Þetta námsefni sem kallast Lestu betur og er eftir þá Guðna Kolbeinsson og Fjölni Ásbjörnsson er sérsniðið fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Nú hafa sömu höfundar útbúið námsefni sem er eingöngu ætlað fyrir grunnskólanema. Það kallast Lestu nú. Ég fullyrði að þetta námsefni hefur skilað miklum og góðum árangri.

Í þessu sambandi vil ég einnig minna á nýtt námsefni sem kennarar við Njarðvíkurskóla í Reykjanesbæ hafa samið til að auka lestrarhraða. Þá má nefna Hraðlestrarskólann sem margur landinn hefur gengið í gegnum og líkað vel.

Herra forseti. Að lokum vil ég taka undir með hv. flm. Svanfríði Jónasdóttur að þörfin fyrir að vera læs og skrifandi hefur líklega aldrei verið meiri en einmitt nú. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

[16:33]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu sem ég tel mjög þarfa. Ég vonast til að hún fái góða þinglega meðferð og verði samþykkt sem ályktun Alþingis. Ég tel nefnilega að þarna sé vandamál sem er mjög brýnt að tekið verði á.

Ég hef sjálf unnið áratugum saman sem kennari og á fyrstu árunum sem ég kenndi var ekki svo mikið um hjálp fyrir þá sem áttu í erfiðleikum. Hvernig sem maður reyndi og lagði sig fram þá fór það alltaf svo með einhverja nemendur sem maður fylgdi í gegnum skólann að þeir voru útskrifaðir með mjög lítilli lestrarkunnáttu sem ég hef grun um að hafi kannski orðið að engu vegna þess að kunnáttan var ekki nóg til að þeir gætu beitt henni.

Ég held að núna þegar ýmsar framfarir hafa orðið í námsefnisgerð, eins og hv. fyrri ræðumaður lýsti, til að kenna þeim sem seinlæsir eru og eins það að miklar framfarir hafa orðið í menntun sérkennara á þessu sviði, þá sé mjög brýnt að leita þetta fólk uppi og gera átak til að hjálpa því til að ná þeirri færni sem gerir það færara í lífsbaráttunni.

Ég þakka þessa tillögu og lýsi yfir stuðningi mínum við hana.

[16:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir mjög eindregnum stuðningi við þessa þáltill. sem ég tel vera mjög mikilvæga. Í greinargerð með tillögunni koma fram uggvekjandi upplýsingar frá Danmörku. Reyndar er vísað til rannsókna hér heima og kemur fram að þær eru af mjög skornum skammti en leiddar eru líkur að því að svipað ástand kunni að vera hér og í Danmörku. Ef svo er þá væri um að ræða 20 þúsund ólæsa íslendinga.

Ég lít svo á að þetta sé mannréttindamál. Eins og kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, 1. flm. þáltill., þá er læsi forsenda þess að geta tekið þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í annan stað snýst þetta um líðan einstaklingsins.

Ég minnist þess að í upphafi áttunda áratugarins þegar ég stundaði kennslu í eitt ár gekk á ýmsu í þeim skólabekkjum sem ég kenndi. En ég minnist eins nemanda sem var mjög ódæll og erfiður viðskiptis. Hann vildi ekki fara að mínum óskum og fyrirmælum og brást hinn versti við ef hann var beðinn um eitthvað. Ég áttaði mig ekki á því hverju þetta sætti, en síðan kom í ljós að drengurinn sem var 15–16 ára gamall var ólæs. Hann var að bregaðst þarna við af vanmætti sínum. Á þessu var ráðin bót og honum var kennt að lesa og hegðan hans breyttist öll til hins betra í einu vetfangi.

Ég tek eftir því í greinargerð með þáltill. að litið er á hana sem fyrsta skref. Þarna er um að ræða könnun á ástandinu, en síðan segir undir lokin að nauðsynlegt sé að bregðast við þessari könnun í kjölfarið og vísað er til þess að við þurfum að læra af reynslu annarra þjóða og þess sem hefur verið vel gert hér á landi.

Ég vek athygli á því að við þessa umræðu sem fjallar um mjög mikilvægt mál hefur aðeins einn stjórnarsinni tekið til máls og verið viðstaddur, hv. þm. Sturla Þorsteinsson. Ég lýsi undrun minni á því að við þessa umræðu skuli ekki vera fulltrúar stjórnarmeirihlutans úr menntmn. Ég hefði talið eðlilegt að hæstv. menntmrh. væri viðstaddur þessa umræðu, formaður menntmn. og helst allir sem eiga sæti í þeirri nefnd.

[16:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka góða framsögu 1. flm. þáltill., hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, og ég tek undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem lýsir vonbrigðum með mætingu þingmanna við umræðuna. Sérstaklega lýsi ég yfir vonbrigðum mínum með að hæstv. menntmrh. skuli ekki taka þátt í þessum umræðum hér.

Málið sem hér er til umfjöllunar er afskaplega alvarlegt. Ég vek athygli á því að í fyrstu málsgrein greinargerðar tillögunnar er talað um duldið ólæsi fullorðinna vegna þess að fullorðnir sem hafa komist í gegnum skólagöngu sína án þess að læra að lesa, án þess að vera greindir með lesblindu eða eitthvað annað sem orsakar það að þeim hefur ekki tekist að læra að lesa, eru með þennan dulda galla, þessa fötlun sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefnir svo. Það gerir það að verkum að fólk sem á við þetta vandamál að stríða upplifir sig sem annars flokks þjóðfélagsþegna. Vandamál af þessu tagi elur á stéttaskiptingu í okkar samfélagi. Þess vegna er málið sem hér er til umræðu mannréttindamál.

Það er sjálfsagt að íslenskt samfélag komi sér upp greiningaraðferðum fyrir fullorðna sem eiga við þessa fötlun að glíma. Greiningartækifæri fyrir fullroðna hafi ekki verið til staðar í samfélagi okkar. Sem betur fer eiga börn í það hús að venda í dag að þau finnast sem eiga við þetta vandamál að glíma, en fullorðnir finnast ekki. Þeir gefa sig ekki sjálfviljugir fram. Þess vegna styð ég að þessi tillaga fái vandaða umfjöllun í hv. menntmn. og ég kem til með að leggja mitt lóð á vogarskálina til þess að svo megi verða.

[16:40]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil gjarnan koma upp aftur til að þakka fyrir þá jákvæðni í garð þessa málefnis sem hér hefur komið fram og eins til að bæta þá í varðandi umfjöllun málsins. Ég vek athygli á því vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að minni hlutinn í menntmn. er allur mættur hér og er sammála þessari tillögu eins og ég geri reyndar ráð fyrir að stjórnarliðar í nefndinni séu einnig vegna þess að hér er um slíkt stórmál að ræða og þverpólitískt að því verður vart trúað að menn leggist ekki allir á árina til að samþykkja þessa tillögu og hrinda könnuninni í framkvæmd.

Það er rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefnir að rætt er um að það verði síðan að bregðast við vegna þess að því miður þurfum við að gefa okkur að niðurstaða könnunarinnar verði þannig að það verði að bregaðst við. Það er einfaldlega svo að allar kannanir sem til eru á læsi barna og ungmenna á Íslandi eru það hliðstæðar niðurstöðum kannana sem farið hafa fram í nágrannalöndunum að því miður er engin ástæða til að ætla að niðurstaða hér af könnun á læsi fullorðinna verði önnur en þar. Ég held hins vegar að við verðum að gera þessa könnun til þess að eitthvað verði gert í málinu einfaldlega vegna þess að Íslendingar trúa því ekki fyrr en þeir sjá það svart á hvítu að stór hópur fullorðins fólks sé ólæs eða treglæs. Við höfum svo lengi búið við þá goðsögn að þjóðin sé læs og það hafi hún verið í gegnum aldirnar. Það er því miður ekki svo og við vitum að lestrargeta einstaklinga hefur haft veruleg áhrif á félagslega stöðu þeirra og líðan. Það ástand er að versna vegna þess, eins og hér hefur komið fram, þá er það margbrotna þjóðfélag sem við búum nú í ekki beinlínis vettvangur fyrir fólk sem er ólæst eða illa læst til að hasla sér völl á. Þess vegna er svo brýnt að tekið verði á þessum vanda, að hann sé viðurkenndur, að það fólk sem á við erfiðleika að etja geti viðurkennt erfiðleika sína vegna þess að það hefur líka verið eitt af því sem hefur verið svo erfitt, að þeir sem hafa verið illa eða ekki læsir í hópi fullorðinna hafa átt erfitt með að horfast í augu við það vegna þess að þetta er ekki viðurkennt.

Það er gaman að segja frá því hér að fullorðinn einstaklingur knúði dyra í Lestrarmiðstöð Kennaraháskólans fyrir nokkrum árum síðan. Hann hafði heyrt af þessari lestrarmiðstöð og taldi að þarna væri loksins kominn kostur fyrir sig. Starfsfólk í lestrarmiðstöð hefur ekki það hlutverk að setjast niður og kenna fólki að lesa en þessi einstaklingur lét hvorki laust né fast. Hann krafðist þess að hann fengi þjónustu og auðvitað fékk hann hana á endanum. Auðvitað var vikið frá reglunni og þörfum þessa einstaklings var mætt. Þetta segir okkur kannski hvað það er mikilvægt að þessir valkostir og viðurkenning séu fyrir hendi.

Eins og hv. þm. Sturla Þorsteinsson gat um er sem betur fer heilmikið verið að gera hvað varðar kennsluefni fyrir skóla, kennsluefni sem beint er að börnum og ungmennum og við bindum vonir við það að með vaxandi þekkingu takist að kenna sem flestum, vonandi einhvern tíma öllum, að lesa og takast þar með á við nútímasamfélag.

Við lesum líka um það að í öðrum löndum er verið að takast á við sambærilegt vandamál. Það kom fram í frétt-

um ekki fyrir löngu að David Blunkett, menntamálaráðherra Breta, er búinn að leggja heiður sinn að veði gegn því að 80% breskra drengja verði læsir, en á milli 60–70% þeirra munu vera það nú. Þar í landi er verið að fara í sérstakt átak sem beinist m.a. að þeim bókmenntum sem skólarnir eru með í umferð. Verið er að endurnýja þann bókakost og yngja upp ef það mætti verða til þess að laða drengi frekar að bókum en verið hefur, drengi, vegna þess að það er líka viðurkennd staðreynd að ólæsi er mun útbreiddara í hópi drengja en stúlkna. Eitt af því sem komið hefur í ljós þegar menn skoða stöðu drengja og stúlkna í grunnskólum er að stúlkurnar standa sig betur í námi þó að félagsleg staða þeirra kunni að ýmsu leyti að vera erfiðari.

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Við bindum vonir við það að tillagan verði samþykkt og að í kjölfarið verði gripið til þeirra aðgerða sem duga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 16:47.

11. FUNDUR

mánudaginn 18. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Sjálfbær orkustefna, þáltill., 13. mál, þskj. 13. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 55. mál, þskj. 55. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.
7. Breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur, frv., 58. mál, þskj. 58. — 1. umr.
8. Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
9. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ólafur Örn Haraldsson, 16. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Félagi íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnana.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 101. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 102.

Greiðslur viðbótarlauna til starfsmanna ríkisins, 79. mál, svar fjmrh., þskj. 103.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 106.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 102. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 104.

Aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og SJS, 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Sjálfbær orkustefna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÁSJ, 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Könnun á læsi fullorðinna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 89. mál (umhverfisbrot). — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 5. mál (persónuafsláttur maka). — Þskj. 5.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 5 um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að því er varðar hinn svokallaða millifæranlega persónuafslátt milli maka eða sambýlisfólks.

Hér er um að ræða frv. sem tekur á efnisatriði í skattalögum sem flestum þingmönnum er vel kunnugt en einnig atriði sem margir aðilar utan þings hafa látið sig varða. Þetta ákvæði á rætur að rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á skattalögum með upptöku staðgreiðslu skatta en lög um það efni voru samþykkt á hinu háa Alþingi 1987 og tóku gildi 1. janúar 1988. Þegar þær breytingar voru í undirbúningi var ákveðið að fella saman alla hina eldri frádráttarliði, reyna að fækka undanþágum og frádráttum eins og verða mátti en taka í þess stað upp ákveðinn persónuafslátt sem væri föst krónutala en millifæranlegur á milli maka og sambýlisfólks upp að 80% marki.

Sú aðgerð hefur síðan staðið óbreytt, þ.e. ákvæðum um þennan millifæranlega persónuafslátt hefur ekki verið breytt á hinu háa Alþingi frá 1987 þó svo að margt annað er tengist staðgreiðslukerfinu, að maður tali ekki um tekjuskattslögunum almennt, hafi sætt ýmsum breytingum á þessu tímabili.

Eigi að síður hefur þetta tiltekna ákvæði um millifæranlegan persónuafslátt, 80%, sætt mikilli gagnrýni, m.a. innan stjórnmálaflokkanna og á sl. vori gerði Framsfl. þetta atriði að töluverðu máli í kosningabaráttu sinni og lagði áherslu

á að breyta þessu og hækka millifæranlegan persónuafslátt upp í 100%. Það er tillagan í frv. en jafnframt er lagt til að það verði gert í viðráðanlegum áföngum, 5% á ári í fjögur ár, eins og frv. ber með sér. En aðrir stjórnmálaflokkar og önnur stjórnmálaöfl hafa jafnframt haft þetta áhugamál uppi á undanförnum árum og nefni ég þar sérstaklega til minn eigin flokk.

Ég minnist þess mjög vel þegar verið var að undirbúa breytingarnar sem ég vísaði til á tekjuskattslögunum í tengslum við upptöku staðgreiðslu að þetta tiltekna atriði skapaði mönnum ákveðinn vanda. Ég vann á þeim tíma sem aðstoðarmaður fjmrh. við að undirbúa þær breytingar á skattkerfinu og niðurstaðan varð sú að enda með þetta í 80%, þó svo margir hefðu viljað stíga skrefið til fulls og fara í 100% þá þegar. En ástæðan fyrir því að það var ekki gert var ekki sú að talan 80 væri einhver töfratala í þessu sambandi eða á bak við hana lægju einhverjar vísindalegar niðurstöður, heldur var það einfaldlega þannig að menn töldu sig ekki hafa efni á því að ganga lengra á þeim tíma miðað við ástandið í ríkisfjármálunum og miðað við hvað aðrar breytingar á skattkerfinu á þeim tíma kostuðu. Það voru sem sagt engin bein rök fyrir því að staðnæmast við töluna 80% í staðinn fyrir t.d. töluna 50 sem hefði þó hugsanlega mátt flytja einhver rök fyrir.

Ég held hins vegar að í þessu máli verði menn að gera það upp við sig hvort þeir vilja aðhyllast afmarkaða samsköttun hjóna, eins og hérna er gert ráð fyrir, eða hvort menn vilja algera sérsköttun. Rökin fyrir því eru líka þekkt en við höfum valið þá leið að í stað þess að fara með þetta í núll, þá förum við með þetta í 100%. Það er m.a. vegna þess að við teljum að það greiði fyrir því að fólk skrái sig frekar í sambúð, telji fram saman og er að því leytinu til angi af fjölskyldustefnu. En það má vitanlega færa rök fyrir því að sérhver einstaklingur eigi að vera fullkomlega sérskattaður en það er allt önnur stefna en hér er lagt upp með.

Ég held að í rauninni séu bara tveir kostir í málinu, annaðhvort 0% eða 100%. Ljóst er af frv. hvaða stefnu ríkisstjórnin hefur tekið og vænti ég þess að meiri hluti þingsins styðji þá stefnu.

Menn hafa síðan dálítið velt því fyrir sér gegnum árin hvaða hópar það væru sem hefðu hag af slíkri millifærslu, með öðrum orðum hvaða hópar það væru sem ættu ónýttan persónuafslátt sem mætti flytja til maka upp að 80% fram til þessa en samkvæmt frv. upp að 100% þegar það kemur allt til framkvæmda. Ýmsir hafa haft uppi getgátur um að það væru ef til vill frekast þeir sem hefðu efni á því að vera heima, einstaklingar sem ættu maka sem væru það góðar fyrirvinnur að viðkomandi þyrfti ekki sjálfur að afla sér tekna o.s.frv. En ég held að reynslutölurnar frá undanförnum árum sýni hins vegar að stærsti hlutinn af því fólki sem hagnýtir sér þetta er frekar ungt fólk. Það er fólk sem hefur kosið að vera heima hjá börnum sínum til að gæta þeirra og ala önn fyrir þeim. Einnig kemur í ljós að það er ekki endilega tekjuhærra fólkið sem nýtir sér þennan möguleika heldur ekkert síður og í jafnvel enn meira mæli þeir einstaklingar sem lægri hafa tekjurnar. Ég held því að ekki sé með nokkru móti hægt að halda því fram að með þessu frv. sé verið að hygla þeim sérstaklega sem hafa rýmri fjárráð eða hinum sem eldri eru. Þetta vildi ég segja strax vegna þess að það er auðvitað eðlileg spurning að velta fyrir sér hverjir muni njóta góðs af breytingu sem þessari.

Í aðalatriðum er kjarni málsins sá að hér er um að ræða leifar frá því breytingar voru gerðar í grundvallaratriðum á skattkerfinu 1987, leifar sem menn hafa ekki treyst sér til að lagfæra fyrr en núna en eru hins vegar að mínum dómi löngu tímabærar breytingar.

Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. og hvet nefndina til að afgreiða málið hratt og örugglega þannig að fyrsti áfangi þessara breytinga megi koma til framkvæmda þegar á næsta ári.

[15:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að umræðan um að maki megi nýta að fullu ónýttan persónuafslátt og að hann verði að fullu millifæranlegur er ekki ný af nálinni. Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt um töluverðan tíma og kannski ekki síst vegna þess að þótt umræðan hafi verið mikil hefur líka verið uppi mikill ágreiningur um hvort þetta sé yfirleitt rétt, ekki síst með tilliti til þess að uppi hafa verið skoðanir um að þessi ráðstöfun ýti undir kynbundinn launamun sem er til staðar í þjóðfélaginu. Nýlegar skýrslur frá Verslunarráðinu sýna svo ekki verður um villst að þar hefur lítið gengið í þá átt að laga launamun á milli kynja á undanförnum árum. Þess vegna hafa verið afar skiptar skoðanir innan stjórnmálaflokka og reyndar innan verkalýðshreyfingarinnar um hvort þetta sé rétt aðgerð eða ekki.

Ríkisstjórnin hefur nú tekið ákvörðun um að breyta þessu þannig að leggja fram fjármagn, 400 milljónir á næstu fjórum árum, til þess að leiðrétta þarna ákveðinn ágalla á skattkerfinu ef miða má við ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti þegar hann mælti fyrir fjárlagafrv. Þá sagði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Því ber fremur að beina athyglinni í þessum efnum að sérstökum leiðréttingum eða augljósum ágöllum í skattkerfinu og vinna bug á þeim. Tillaga ríkisstjórnarinnar um að hækka millifæranlegan persónuafslátt hjóna eða sambýlisfólks í áföngum á kjörtímabilinu, sem liggur nú þegar sem frv. á borði þingmanna, er dæmi um þetta og fleiri slík atriði verða til athugunar."

Í sömu ræðu, í sama kafla, sagði hæstv. ráðherra að skattbreytingar ættu að stuðla að auknum stöðugleika í efnahagslífinu og bæta lífskjör heimilanna.

Virðulegi forseti. Maður hlýtur að velta því fyrir sér þegar þessi tillaga er sett fram hverjum hún kemur til góða og hvernig verði staðið að framkvæmdinni, þ.e. hverjum þessi litla leiðrétting sem hér er gerð, sem vissulega getur verið jákvæð, nýtist helst.

Hæstv. ráðherra kom inn á það áðan að það væri fyrst og fremst ungt barnafólk eða fólk með lágar tekjur sem nýtti í dag ónýttan millifæranlegan persónuafslátt, þ.e. þessi 80%, að hluta eða öllu leyti. Hjónafólk og þeir sem eru í staðfestri samvist og þeir sem eru í sambúð og telja fram saman eru í kringum 115 þús. samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Í kringum 115 þús. hjón og sambúðarfólk telja fram saman. Þeir sem hafa nýtt að hluta eða öllu leyti þessi 80%, þessa heimild sem hefur verið til staðar, eru 19.022. Karlar frá maka 16.801, konur frá maka, 2.221.

En það kemur jafnframt fram í upplýsingum frá ríkisskattstjóra að framteljendur sem geta ekki nýtt sér þær breytingar sem hér eru lagðar til, eru einstæðir foreldrar. Einstæðir foreldrar sem telja fram á landinu eru 8.682. Oft og tíðum er það fólk með mjög þunga framfærslubyrði og

umönnunarþörf inni á heimili er mjög mikil. Það er ljóst að ekki mjög stór hluti þeirra sem telja fram saman nýtir að hluta eða öllu leyti þessa heimild um ónýttan persónuafslátt og ekki er víst, miðað við þær tölur sem lagðar eru fram sem fskj. með frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., því að mér sýnist — hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef það er ekki rétt — að ekki sé gert ráð fyrir að fleiri nýti sér þessa heimild eftir að hún er að fullu komin til framkvæmda heldur en gera það í dag. Það verði því um mjög svipaðan hóp að ræða, þ.e. 19 þús. hjón, fólk í sambúð eða staðfestri samvist, því mér sýnast þessar 400 millj. eingöngu vera uppreiknuð hækkun á þeirri tölu sem þegar er nýtt í þessu tilviki. Hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef það er ekki rétt.

Í grg. með frv. kemur ekki fram — þó reynslan af þessu ákvæði sé orðin ansi löng — hvernig tekjudreifing þeirra sem hafa nýtt sér ónýttan persónuafslátt maka er. Það kemur ekkert fram um hvernig ónýttur persónuafsláttur skiptist eftir tekjum hjóna og sambýlisfólks og þá ekki heldur hvort um er að ræða hjón eða sambýlisfólk með börn eða án barna. Þetta eru upplýsingar sem við í nefndinni hljótum að fara fram á að fá áður en teknar verða ákvarðanir um það hvort frv. verði afgreitt óbreytt eða með breytingartillögum.

Hvert er markmið frv.? Ef markmiðið með frv. er að bæta fyrst og fremst kjör þeirra sem minnstar hafa tekjurnar eða hjóna þar sem annar aðilinn er í skóla eða að umönnunarþörfin á heimilinu er mjög mikil og þung, t.d. vegna margra barna eða veikinda aðstandenda eða barna, ef það er ætlun hæstv. ríkisstjórnar að bæta sérstaklega kjör þessara hópa, þá koma engar upplýsingar fram í grg. frv. sem staðfesta að þetta sé besta leiðin.

Það er mjög sérkennilegt að á sama tíma og hér er talað um að þetta nýtist þeim sem minnstar hafa tekjurnar og þetta komi þeim helst til góða og að það þurfi að stuðla að bættum lífskjörum heimilanna í landinu, þá liggja fyrir upplýsingar um aðrar og meira afgerandi aðgerðir þessarar hæstv. ríkisstjórnar, þ.e. skerðingu á barnabótum en barnabætur koma fjölskyldufólki með þunga framfærslubyrði sannanlega helst til góða. Barnabæturnar hafa verið skertar verulega á undanförnum árum. Samkvæmt upplýsingum sem koma fram á fréttavef ASÍ er staðan sú að 1995 voru framlög barnabóta um 1,05% af vergri landsframleiðslu en nú 0,53% af vergri landframleiðslu. Það þýðir að á þessum árum hafa barnabæturnar verið skertar um yfir 30%.

Má vera að það sé vegna þess að tekjutengingunni var breytt og að tekjur hjóna hafa aukist. Því neitar enginn að orðið hefur veruleg launahækkun hjá stórum hópi þjóðarinnar og má vera að barnabæturnar skerðist vegna þess. En á sama tíma hefur kaupgeta þessa fólks verið skert verulega, sérstaklega á þessu ári. Þar koma til m.a. ýmsar ráðstafanir eða ákvarðanir ríkisstjórnarinnar.

Við umræðu um stefnuræðu hæstv. forsrh. komu fram þær upplýsingar frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að á síðustu örfáum árum hefðu um 14 þús. heimili sem áður nutu barnabóta, misst þær.

Ef ætlunin með skattbreytingum er að stuðla að bættri afkomu heimila og kannski ekki síst barnafólks og þeirra sem eru með þunga framfærslubyrði þá dreg ég í efa að þetta sé besta leiðin, miðað við þær upplýsingar sem við höfum. Ég minni á að til er mjög stór hópur einstæðra foreldra sem engin skil eru gerð í frv. eða grg. og ekkert er um það hvort það mætti hugsa sér það þannig að einstætt foreldri gæti sótt um einhvers konar margfeldisáhrif á sinn persónuafslátt vegna sérstakra aðstæðna. Það er ekkert um það í frv. Það viðgengst ákveðin mismunun í þessum efnum í okkar skattalöggjöf. Við þurfum að huga vel að því að þarna verði um jafnari rétt einstaklinga að ræða.

Í skýrslu sem skattanefnd ASÍ og BSRB gaf út í september 1999 er aðeins farið inn á það hverju þessar breytingar muni skila til launafólks og ég ætla, með leyfi forseta, að fara aðeins yfir það. Þar er sérstakur kafli sem heitir Yfirfærsla á persónuafslætti hjóna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í kafla 1 hefur ríkisstjórnin ákveðið að persónuafsláttur maka verði millifæranlegur að fullu hjá hjónum og sambýlisfólki. Krafan um yfirfæranlegan persónuafslátt milli maka hefur verið mjög hávær frá því að staðgreiðslukerfinu var komið á. Samkvæmt niðurstöðum úr skattalíkani ASÍ og BSRB kostar aðgerðin rúmlega hálfan milljarð króna miðað við tekjur ársins 1997.

Ef annað hjóna er tekjulaust, þá munar þessi aðgerð hjónin að hámarki 4.127 krónur á mánuði. Til þess þurfa tekjur þess sem er útivinnandi þó að vera hærri en sem nemur tvöföldum skattleysismörkum, þ.e. 126.772 krónur á mánuði. Ef tekjurnar eru lægri eru þær undir skattleysismörkum og hluti persónuafsláttar makans nýtist ekki.

Til þess að ávinningur hjónanna verði 4.127 krónur þarf makinn að vera tekjulaus. Með orðinu „tekjulaus“ er átt við að makinn fái hvorki launatekjur, né greiðslur úr lífeyrissjóðum, almannatryggingum eða atvinnuleysistryggingasjóði. Ef makinn hefur einhverjar tekjur en er þó undir skattleysismörkum, þá er ávinningur hjónanna af aðgerðinni alltaf minni en 4.127 krónur. Dæmi: Ef makinn er með 20.000 krónur í tekjur á mánuði og sá sem er útivinnandi er með tekjur yfir 126.772 kr., þá er ávinningur hjónanna 3.092 kr. á mánuði.

Málið þarf þó að skoða út frá fleiri hliðum. Mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir að ekkert fæst fyrir ekki neitt í þessum efnum frekar en öðrum. Þann hálfa milljarð sem aðgerðin kostar þarf að fjármagna með einum eða öðrum hætti. Það er auðvitað hægt með því að spara í ríkisrekstrinum, en það er líka hægt með því að herða skattheimtu á öðrum sviðum. Sú aðferð sem notuð hefur verið síðustu árin til að fjármagna skattbreytingar er að láta skattleysismörkin (og persónuafslátt) síga miðað við launaþróun í landinu. Við það aukast tekjur ríkissjóðs mjög. Til að fjármagna hálfan milljarð króna geta stjórnvöld t.d. ákveðið að hækka persónuafslátt 300 krónum minna en launahækkanir í þjóðfélaginu gefa tilefni til.“

Til er önnur aðgerð sem aðeins er minnst á en ríkisstjórnin hefur því miður ekki afgreitt frá sínu borði enn. Mér hefur heyrst að þar sé ekki um samkomulag að ræða. En hún gæti skilað sér til þeirra hópa sem við hljótum að leggja fyrst og fremst áherslu á, þ.e. barnafólkið, fjölskyldufólkið, hvort heldur það hefur meðaltekjur eða lágar. Það þarf að bæta verulega hag fjölskyldufólks í landinu. Segja má að sú aðgerð sem hér er lögð til sé í sjálfu sér ekki hluti af neinni heildarfjölskyldustefnu. Hún er það ekki. Hún mun ekki nýtast á sama hátt og ef barnabæturnar hefðu verið látnar halda sér, miðað við það sem áður var — ég tala nú ekki um ákveðna leiðréttingu sem þarf að gera í þeim efnum — og ef tillaga Framsfl. um barnakortin hefði orðið að veruleika. En það er tillaga sem ekki er búið að afgreiða innan ríkisstjórnarinnar, a.m.k. hefur maður heyrt mjög misvísandi samtöl í fjölmiðlum, annars vegar við hæstv. fjmrh. og hins vegar við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, þingflokksformann Framsfl.

Það er aðeins fjallað um barnakortin sem aðgerð í þessari skýrslu ASÍ og BSRB um skattamálin. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrir alþingiskosningarnar í vor setti Framsóknarflokkurinn fram áætlun um upptöku svokallaðra barnakorta. Í framkvæmd voru barnakortin hugsuð eins og skattkort, þ.e. upphæðin á skattkortinu er notuð sem viðbót við persónuafslátt. Launamaðurinn afhendir launagreiðanda kortið og fær afslátt frá staðgreiðslu skatta. Ónýttur afsláttur er greiddur út. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar „Í fremstu röð á nýrri öld" stendur m.a. „Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum.""

Aðrar sambærilegar aðgerðir hafa hvergi sést enn. Ef við horfum til þess fólks sem hefur þyngsta framfærslubyrði og umönnunarbyrði á heimili ef má orða það svo þar sem um börn er að ræða eða veikindi aðstandenda eða annað, þá er þessi aðgerð ekkert endilega gerð til að tryggja afkomu þessa hóps. Við hljótum að skoða það alveg sérstaklega með tilliti til þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur boðað og gleymum því ekki meðan lagt er til að þessi ónýtti persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur að skerðing barnabóta byrjar æðifljótt í tekjuskalanum. Hjá einstæðu foreldri byrja bæturnar að skerðast þegar skattstofninn er 48.732 kr. á mánuði og þegar skattstofn hjóna er 97.464 kr. á mánuði byrja barnabæturnar að skerðast.

Þetta er og verður alltaf spurning um markmið og leiðir. Samfylkingin hefði talið eðlilegra að forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar væri að bæta hag barnafólks, vera með heildstæða fjölskyldustefnu og taka til endurskoðunar þá miklu skerðingu sem hefur orðið á barnabótunum. Sú endurskoðun hefði átt að liggja fyrir í upphafi þings þannig að við værum fyrst og fremst að hugsa um fjölskyldur þar sem börn eru eða veikindi eða aðrir erfiðleikar á heimilum. Með þessari aðgerð gleymist alveg ein fjölskyldugerðin þannig að ekki er hægt að tala um þetta sem hluta af heildstæðri fjölskyldustefnu því að fjölskyldur eru afar mismunandi. Það eru einstæðir foreldrar með börn. Þeir munu ekki njóta þessa í nokkru en eru þó kannski þeir sem þurfa helst á því að halda.

Við munum vissulega skoða þetta frv. vel, ég efast ekkert um það, í hv. efh.- og viðskn. og fá þá þeim spurningum svarað sem ekki er svarað í greinargerð frv. og við hljótum að kalla til fulltrúa samtaka launafólks í landinu vegna þess að þrátt fyrir þá miklu umræðu sem þar hefur verið í gegnum tíðina um að fullnýta ónýttan persónuafslátt, þá hafa aldrei verið gerðar neinar samþykktir þar um. Þær eru ekki til staðar og það er vegna þess að menn hafa ekki verið vissir um að hægt væri að ganga þannig frá því að það nýttist þeim mest sem á þyrftu að halda og væri þá hægt að nýta þá peninga sem til þessa verkefnis fara betur í þágu þeirra þar sem þörfin er mest.

Virðulegi forseti. Ég tel að við þurfum að fá þeim spurningum svarað frá ríkisskattstjóra hvernig tekjudreifingin er hjá þeim 19 þúsund aðilum sem nýta þetta í dag af þeim 115 þúsund sem telja fram saman samkvæmt upplýsingum sem koma frá skattstofnunni. Við þurfum einnig að fá upplýsingar um tekjudreifinguna og fjölda barna, um umönnunarbyrði og eins hvort um er að ræða skólagöngu eða aðra þætti sem vissulega eru hvetjandi til þess að millifæranlegur persónuafsláttur verði 100%. Það geta verið þær aðstæður að fullkomlega eðlilegt væri að taka þær til athugunar. En fyrst og síðast hljótum við að skoða þetta í samhengi við aðrar ráðstafanir sem gerðar eru í málefnum fjölskyldunnar. Við hljótum að fara fram á það að spurningum einstæðra foreldra um hvað á að gera til að bæta kjör þeirra til jafns á við það sem kemur fram í frv. verði svarað af ríkisstjórninni og hver séu framtíðaráformin gagnvart barnabótum eða afgreiðslunni til barnafólks og skoða þetta síðan í heild sinni.

[15:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, það eru ýmsar hliðar á þessu máli eins og öllum skattamálum og eðlilegt að sjálfsögðu að þingnefndin fari yfir þetta með öll tiltæk gögn sem ríkisskattstjóraembættið kann yfir að ráða í sambandi við málið.

En eigi að síður er rétt að hafa í huga að þetta er að sjálfsögðu mjög afmörkuð breyting. Hún nær eingöngu til þeirra sem í dag geta hagnýtt sér að hægt er að flytja 80% persónuafsláttarins á milli maka. Hún nær að sjálfsögðu ekki til annarra. En hún er til hagsbóta fyrir þá sem það gera og það er fólk á öllum aldri, upp og niður allan tekjustigann.

Það er rétt að þar í hópi eru ekki einstæðir foreldrar en þar er hins vegar til að mynda töluverður fjöldi karlmanna sem kominn er yfir sjötugt og jafnvel yfir áttrætt vegna þess að þeir væntanlega geta flutt persónuafslátt sinn yfir til maka sem er enn þá á vinnumarkaðnum. Málið er auðvitað þess eðlis. Og það er rétt að hafa í huga að þannig er það.

Spurt var hvort ekki yrðu fleiri sem mundu hagnýta sér þetta ef þetta kemst til framkvæmda. Það vitum við náttúrlega ekki en þeim hefur fækkað á undanförnum árum vegna þess að atvinnuþátttakan er orðin meiri í efnahagslífinu. Fleira fólk er úti á vinnumarkaðnum en áður var. Þess vegna er þessi aðgerð ódýrari í dag en hún var fyrir nokkrum árum þegar hún hefði kostað helmingi meira.

Ég veit að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerir miklar kröfur til ríkisstjórnarinnar. En mér finnst dálítið til of mikils mælst að ætlast til að hún sé búin að framkvæma allan stjórnarsáttmála sinn fimm mánuðum eftir kosningar.

[15:36]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er væntanlega fleira í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar en barnabætur, bætur til einstæðra foreldra eða millifæranlegan persónuafslátt. Þetta hlýtur alltaf að vera spurning um forgangsröðun, hvaða verkefni tökum við fyrst. Ef sjötugur karlmaður sem er heima og kona hans nýtir ónýttan persónuafslátt hans, þá má þessi sjötugi karlmaður ekki hafa neinar eða sáralitlar tekjur til að þetta komi þeim til góða. Hann má ekki hafa tekjur frá Tryggingastofnun, ekki neinar bætur og ekki fá neinar greiðslur úr lífeyrissjóði. Ég held að sem betur fer sé ekki þannig ástatt fyrir mörgum þ.e. að þeir séu algerlega tekjulausir. En þetta er alltaf spurning um forgangsröðun og þarna er ekki miðað við það að fleiri nýti þessa ráðstöfun heldur en þeir sem gera það í dag, rétt rúmlega 19 þúsund hjón og fólk í sambúð. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvaða hópar það eru sem hafa helst nýtt þetta fram að þessu. Ef þetta hefur helst komið barnafólki til góða og hjónum þar sem annar aðilinn stundar nám eða umönnunarbyrðin er þung og mikil heima, þá hefur þetta skilað góðum árangri.

En þá er líka spurningin, hversu stór hópur er það sem fær en ekki endilega þarf á að halda og ef hann er ekki með

er þá hægt að stíga skrefin þannig að hækka um 10% á næsta ári og 10% á þar næsta ári til að stíga stærri skref fyrir þá sem á þurfa að halda? Það hefur engin athugun farið fram á þessu og það þarf nauðsynlega að gera í nefndinni.

[15:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti kveða eilítið við annan tón í lokaorðum hv. þm. ef hún er að gera því skóna að það ætti frekar að gera þetta hraðar en frv. gerir ráð fyrir.

Við höfum í frv. ákveðið að leggja til að þetta verði gert í fjórum jöfnum skrefum, einkanlega til þess að áhrifin á ríkissjóð á hverju ári verði ekki óhófleg. En jafnframt er þarna farin sú góða leið að ákveða með góðum fyrirvara fram í tímann hvenær breytingar á skattalögunum koma til framkvæmda.

Áður fyrr var mjög mikill misbrestur á því að skattalög væru samþykkt nokkur ár fram í tímann. Hins vegar hefur það batnað í seinni tíð eins og menn þekkja. Til að mynda voru skattalækkanir sem ákveðnar voru 1997 að koma til framkvæmda alveg fram á þetta ár, en ég hygg að affarasælast sé að hrinda þessu í framkvæmd í tiltölulega litlum, afmörkuðum en ákveðnum skrefum.

[15:40]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki með neinar tillögur um annað en að benda á að ef framlögin væru ekki aukin í þetta verkefni umfram það sem gert er ráð fyrir í frv. sjálfu og ef miðað væri sérstaklega við hópa sem á þyrftu að halda vegna mikillar umönnunarþarfar á heimili, tekjur lágar, skólanám eða ýmsar aðrar aðstæður þá gæti verið að með því að einskorða sig við þá hópa mætti flýta breytingunni en þó innan þess fjárhagsramma sem frv. gerir ráð fyrir því að ég held að mjög nauðsynlegt sé að halda honum.

Hins vegar eru 400 milljónir fyrirhugaðar í þetta verkefni. Það kostar líklega um 2 milljarða að framkvæma barnakortatillögu Framsfl. og með því að koma einum fjórða af henni í framkvæmd þá kostar það sömu upphæð. Menn hljóta því að velta fyrir sér hvort er fjölskylduvænni ráðstöfun.

[15:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir fjallaði minnst um fyrirliggjandi frv. en tók þeim mun meira til máls um skattalega stöðu fjölskyldunnar og er það vel. Hún segir barnabætur hafa lækkað og ber fyrir sig merka skýrslu ASÍ.

Barnabætur sem eiginlega ættu að heita ómegðarbætur taka mið af því sjónarmiði að vera tekjutengdar og er ætlað að hjálpa þeim fjölskyldum sem hafa lágar tekjur en mikla ómegð. Þessi tekjutenging kom inn aðallega fyrir tilstuðlan Alþfl. á sínum tíma sem núna er genginn í heilu lagi inn í flokk hv. þm.

Tekjur hafa hækkað sem aldrei fyrr og það veldur því að sífellt færri falla í þann flokk að vera með lágar tekjur og mikla ómegð og þurfa þar af leiðandi ekki á þeim bótum að halda sem Alþfl. vildi koma inn á sínum tíma til að bæta ómegðina. Er það slæmt, hv. þm., að tekjurnar hafi hækkað svona mikið og væri betra að þær hefðu ekki hækkað?

[15:42]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alltaf spurningin um hvaða tilgangi barnabæturnar eiga að þjóna eða það sem hv. þm. kallar ómegðarbætur. Vissulega hafa laun hækkað og það er gott. Kaupmátturinn hefur aukist og það er gott. En á þessu ári, hv. þm. Pétur Blöndal, hefur það gerst að kaupmáttaraukinn sem hefur fengist er að étast upp vegna þess að verðbólgan hefur aukist. Ef hv. þm. Pétur Blöndal horfir á línurit með hækkun mikilvægustu neysluliða heldur hv. þm. þá ekki að töluvert sé farið af þeim kaupmáttarauka þegar um er að ræða ungt fólk með barnafjölda heima hjá sér og mikla framfærslubyrði er að koma sér upp þaki yfir höfuðið? Heldur hv. þm. að útgjöldin hafi nú ekki aukist það mikið frá áramótum að kaupmáttaraukinn sé farinn? Kostnaðurinn við húsnæði hefur aukist um 9,8% frá því í september 1998–1999 og matur hefur hækkað um 5,2% á sama tíma, ýmis þjónusta hefur hækkað um 5,8%. Tómstundir hafa hækkað um 2,4%, flutningar, þar inni í er bensínkostnaðurinn, hafa hækkað 5,4% ef við bara miðum við þennan tíma. Ef við hins vegar tökum tímabilið frá september 1996–1999, þá erum við með miklu hærri tölur. Vissulega hefur kaupmátturinn aukist en verðbólgan hefur tekið af honum og barnabæturnar eru skertar. Ekki er tekið tillit til þessara breytinga í fjárlögum hvað varðar barnabætur.

[15:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Markmið ríkisstjórnarinnar er og hefur verið að bætur og öll mörk í skattalögum hækki eins og verðlag. Ég geri því ráð fyrir að ef í ljós kemur að verðbólgan verði eins mikil og menn búast við og er þegar orðin, þá muni verða tekið tillit þess að þau mörk sem um er að ræða hækki eins og verðlag.

Það sem kom fram í þeirri merku skýrslu ASÍ var að þeir kvarta undan því að bæturnar lækki vegna þess að tekjurnar hafi hækkað langt umfram verðlag. Það finnst mér ekkert vera slæmt. Ég skil ekki hvað menn eru að kvarta undan því að bæturnar lækki vegna þess að fólkið hefur það betra. Hins vegar þarf vissulega að taka tillit til verðbólgunnar og ríkisstjórnin hefur lagt fram frv. um að lækka bensíngjaldið til að slá á alla vega þann endann. Taka þarf tillit til þess að verðbólgan er að vaxa og það þarf sérstaklega að berjast gegn því að hún vaxi enn frekar.

[15:45]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í skýrslu ASÍ og BSRB er fjallað mjög ítarlega um ýmsar leiðir til að bæta skattalega stöðu fjölskyldunnar, barnafólks. Þar er m.a. fjallað um hver tilgangurinn á að vera með barnabótum. Þær eru ekki í skýrslunni, hv. þm., kallaðar ómegðarbætur heldur er þvert á móti fjallað um þær af mjög mikilli sanngirni og réttsýni gagnvart barnafólki.

Ég vil minna hv. þm. á að það er ekki langt síðan báðir flokkarnir sem standa að ríkisstjórninni töluðu mikið um heildstæða fjölskyldustefnu. Auðvitað er verið að ræða hluta af fjölskyldustefnunni hérna. En er það mest aðkallandi? Er að mati hv. þm. mest aðkallandi að fara í þessar úrbætur sem eiga að kosta 400 millj. þegar það kostar um 400–500 millj. að framkvæma hluta af stefnu Framsfl. varðandi barnakortin sem flestir hafa mælt með? Það er á vissan hátt mælt með þeirri ráðstöfun í skýrslu frá ASÍ og BSRB, að það sé mun réttlátari aðgerð en ýmislegt annað sem fram hefur komið.

Barnabæturnar hafa verið skertar verulega á undanförnum árum. Í dag hafa í kringum 14.000 fjölskyldur sem nutu barnabóta fyrir ekki löngu síðan tapað þeim. Laun þessa fólks hafa hækkað en hið sama gildir einnig um allt annað á undanförnum mánuðum. Ég efast um að kaupgeta þessa fólks í dag hafi batnað síðan um áramótin vegna þess að verðbólgan hefur sannarlega höggvið í kaupmáttinn. Það gleymdist að taka tillit til þess í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að öllum sé ljóst að á því máli sem hér er til umfjöllunar eru tvær hliðar. Það þarfnast þess að vera skoðað mjög vandlega. Kannski ekki vegna þess að þarna séu á ferðinni svo stórar tölur eða að þetta hreyfi svo miklu í heildarsamhengi skatta, fjáröflun ríkissjóðs eða greiðslubyrði þolendanna. Satt best að segja vegur sá áfangi sem hér á að stíga í fyrsta skrefi ekki þungt þegar skattkerfið eða tekjuskatturinn og útsvarið í heild sinni er skoðað. Í samanburði við áhrif af því að gera breytingar á stóru breytunum sem færa til mikla fjármuni í þessu kerfi eins og hvert prósentustig í álagningu tekjuskatts eða hver þúsundkall í persónufrádrátt á mánuði, þá eru ekki mjög háar upphæðir hér á ferð.

Hitt er þó ljóst að hér eru menn komnir að umræðum um ákveðin grundvallaratriði, spurningunni um hvaða nálgun menn vilja hafa í skattkerfinu þegar kemur að því að byggja það upp eða stilla það af. Í hnotskurn er spurningin hér um sérsköttun, um sérmeðhöndlun hvers einstaklings sem skattgreiðanda eða samköttun hjóna, sambýlisfólks eða fjölskylduna sem skattalegrar einingar. Þetta togast á.

Þegar menn velta fyrir sér 400 millj. kr. þá koma vissulega upp áleitnar spurningar um hvaða ráðstöfun þeirra sé vænlegust eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi og bæta mætti þar við. Þegar menn varpa því fram hvort fara eigi út í að gera persónufrádrátt hjóna að fullu millifæranlegan, bæta við þeim 20% sem á hefur vantað, þá kemur t.d. strax upp spurningin um millifæranleika á persónufrádrætti unglinga sem líka hefur verið mikið til umræðu. Menn geta spurt hvort í þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar felist sú niðurstaða að brýnna mál sé að gera þennan millifæranleika 100% fremur en að skoða t.d. þann möguleika að gera þetta þegar unglingar eiga í hlut, jafnvel nú þegar búið er að hækka sjálfræðisaldurinn og framlengja þá ábyrgð sem foreldrarnir bera á börnum sínum.

Það hefur líka verið nefnt að þetta gæti t.d. verið tæki til að mæta kostnaði þeirra foreldra sem þurfa að senda börn sín um langan veg í skóla, að heimila þeim þennan millifæranleika. Það væri þá miðað við skilgreindar aðstæður þeirra sem sannanlega byggju við að þurfa að senda unglinga í framhaldsskóla um langan veg.

Svo ekki sé nú minnst á það ef við höfum einhverja fjármuni sem ákveðið er að ráðstafa með tilteknum hætti, færa til innan skattkerfisins, þá berast böndin strax að skattleysismörkunum. Væri ekki það að hreyfa skattleysismörkin upp á við miklu beittari aðgerð til þess að jafna lífskjörin í landinu, til að skila sem mestu af þessum fjármunum til þeirra sem mesta hafa þörfina, þ.e. lágtekjufólksins við skattleysismörkin, eða að hækka barnabæturnar? Svarið er auðvitað já.

Það er engin spurning að beittustu aðgerðirnar til tekjujöfnunar og til að bæta aðstæður þeirra sem þarna hafa sannarlega erfiðasta framfærslubyrði eru skattleysismörkin sjálf og barnabæturnar. M.a. vegna þess að þá koma inn í myndina lágtekjufólk, einstæðir foreldrar og einstæðingar með lágar tekjur sem ekki koma við sögu í þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Nánar um prinsippin sem hér togast á, þ.e. spurninguna um samsköttun eða fjölskylduna sem skattalega einingu annars vegar og hins vegar að hver einstaklingur sé meðhöndlaður sem sjálfstæður skattalegur aðili. Fyrir því má líka færa veigamikil rök, a.m.k að skattkerfið, bótakerfið og aðrir slíkir þættir eigi að byggja á einhverjum skilgreindum grunni þar sem hver einasti maður er metinn sem sjálfstæður aðili að vissum mörkum. Þar sé það lágmark sem tryggi hverjum og einum sjálfstæða og óháða framfærslu, sjálfsvirðingu getum við kallað það, ákveðið jafnrétti sem snúi að hverjum einasta einstaklingi án tillits til sambúðarforms eða aldurs eða annars slíks.

Kosturinn við að þessi persónufrádráttur sé annaðhvort alls ekki eða að hluta millifæranlegur er auðvitað sá að það styrkir stöðu beggja aðila í að afla tekna. Hættan, með gagnályktun, við að gera þetta að fullu millifæranlegt er auðvitað sú að það ýtir undir þá þróun að sá aðilinn sem sterkari stöðu hefur til að afla tekna sjái alfarið um það en hinum sé ýtt inn á heimilið.

Hitt sjónarmiðið er aftur á móti að aðstæður geta verið þannig hjá fólki, t.d. ungu fólki með mörg börn eða aðrar slíkar heimilisaðstæður, að heppilegasti kosturinn fyrir viðkomandi fjölskyldu og gagnkvæmur vilji sé að annar annist heimilið en hinn afli tekna og sé þá jafnvel í aðstöðu til að afla fjölskyldunni góðra tekna. Þá kemur spurningin: Er þá sanngjarnt að fjölskyldur við slíkar aðstæður missi af þessum 20%, er það ekki óréttlátt? Er ekki meira réttlæti fólgið í því þrátt fyrir allt að þau nýtist fólki við þessar aðstæður?

Jú, það geta menn vissulega sagt og það er væntanlega meginröksemdafærslan sem hér liggur að baki þessu sjaldgæfa örlæti hæstv. ríkisstjórnar, að láta af hendi 400 millj. kr. í áföngum á næstu árum.

Hæstv. fjmrh. benti réttilega á að endapunktarnir á milli þessara tveggja gagnstæðu sjónarmiða eða markmiða sem hér vegast á væru annars vegar núll prósent millifæranleiki eða 100% millifæranleiki og ríkisstjórnin hefði valið þann kost. Mér fannst reyndar fara fulllítið fyrir hugmyndafræðilegum rökstuðningi hæstv. ráðherra á niðurstöðu ríkisstjórnarinnar og ég vildi gjarnan heyra aðeins rækilegar farið yfir það. Þó að sagnfræði sé ágæt og hæstv. ráðherra hafi í raun sagt það tilviljun á sínum tíma að menn enduðu í 80% þá er ekki þar með sagt að sú niðurstaða hafi endilega verið svo óheppileg eða vitlaus að hún geti ekki átt rétt á sér. Ég vil leyfa mér að segja að kostirnir séu auðvitað þrír. Þriðji kosturinn er sá sem við höfum búið við, að menn fari þarna að nokkru leyti bil beggja. Bæði sjónarmiðin hafa mikið til síns máls. Að um sé að ræða millifæranleg réttindi þegar fjölskyldur eiga í hlut en einnig geti verið kostur að hafa ákveðinn hvata fyrir hendi til að báðir aðilar, eftir því sem þeir eru í aðstöðu til, séu úti á vinnumarkaðnum og afli heimilinu tekna. Við skulum ekki gera lítið úr áhrifum svona skilaboða á stöðu kvenna á vinnumarkaði sem í yfirgnæfandi fjölda tilvika — eins og allar tölulegar staðreyndir um aðstæður á vinnumarkaði og kynbundinn launamun benda á — eru í veikari stöðu. Það er borðleggjandi að í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika væri hættan sú að þetta yrði frekar til að ýta konum inn á heimilin og út af vinnumarkaðnum eða gera

stöðu þeirra þar lakari, ef ekki er neinn skattlegur hvati til að þær séu þátttakendur í tekjuöflun heimilanna.

Síðan er það spurning, herra forseti, jafnvel þó að við viljum líta á fjölskylduna sem skattalega einingu, hvort þetta er sú ráðstöfun fjármuna sem við teljum brýnasta. Jafnvel þó við gætum orðið ásátt um að þetta væri gagnleg breyting í sjálfu sér og rökin vægju þyngra með að hafa þetta að fullu millifæranlegt en hin sem mæla með að svo eigi ekki að vera þá gæti verið skynsamlegt að fara þarna bil beggja. Mér *finnst að menn eigi ekki að útiloka það í umræðunni.* Hæstv. ráðherra nefndi sjálfur t.d. 50%. Það hefði getað verið ein niðurstaðan, að þetta væri að hálfu millifæranlegt.

Ég segi alla vega, herra forseti, að það verður ástæða til að fylgjast mjög grannt með því hvort þessi breyting, þó hún sé kannski ekki óskaplega stór og þetta skili fólki ekki nema nokkrum þúsundum króna á mánuði við þær aðstæður að þessi 20% viðbótar millifæranleiki nýtist að fullu, verði þá samt sem áður til þess að hafa þarna einhver neikvæð áhrif til viðbótar við þá þróun sem í gangi er. Í umræðum um þessi mál finnst mér ekki hægt að horfa fram hjá því að það er greinilega að síga á ógæfuhliðina á nýjan leik hvað varðar stöðu kvenna á vinnumarkaði, kynbundinn launamunur er að aukast þeim í óhag því miður. Það augljóst mál af þeim tölum og staðreyndum sem við höfum í höndunum, m.a. úr endurteknum launakönnunum kjararannsóknarnefndar.

Auðvitað læðist líka að manni sá grunur, herra forseti, ég vona að menn telji það ekki neina sérstaka illkvittni, að hæstv. ríkisstjórn velji þetta mál sem fyrsta umbótamál af nokkrum sem gefið var undir fótinn með í kosningabaráttunni vegna þess að það er tiltölulega ódýrt fyrir ríkissjóð. Það er alveg ljóst að stærðargráða þessa er allt önnur en t.d. hin margrómuðu og frægu loforð Framsfl. um að skila nú aftur að einhverju leyti barnabótunum í formi korta sem sami flokkur hafði rifið af fólki árin á undan. Verður nú varla betur gert en hjá Framsókn sem hélt áfram því óþurftarverki sem ríkisstjórnin þar á undan hóf, þ.e. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., að tekjutengja barnabætur og skerða þær. Svo var verkið fullkomnað í tíð síðustu ríkisstjórnar, Framsfl. og Sjálfstfl., þegar barnabæturnar voru að lokum tekjutengdar að fullu og hafa náttúrlega verið skertar verulega. Þá er gott fyrir flokkinn sem ber ábyrgð á því að lofa að skila þessu aftur eftir kosningar. Þetta er fínt eftir að búið er að rífa bætur af fólki, að búa þá til tilefni til að vera góður og lofa að skila því sem tekið var.

Hins vegar er ljóst að ætli menn að gera þar umtalsvert átak þá kostar það mikla fjármuni eða ætti að kosta það ef ætti að skila því til baka eins og raun ber vitni. Þar erum við líka stödd gagnvart öðru algeru grundvallaratriði í skattalegu tilliti þegar barnabætur eiga í hlut. Eru þær til þess að jafna aðstæður þeirra sem hafa börn á framfæri annars vegar gagnvart öllum hinum eða eru þær bara stuðningur við lágtekjufólk eins og þær eru nú, vegna þess að þær hafa verið tekjutengdar að fullu og þar með hverfur sá skattalegi munur sem gerður er á barnafólki að breyttu breytanda annars vegar og hinum sem ekki eiga börn. Ísland er eitt af örfáum löndum sem ég þekki til í heiminum sem engan skattalegan mun hefur á fólki ofan við ákveðnar tekjur jafnvel þó að ein fjölskyldan sé barnlaus og önnur með fjögur til sex börn á framfæri vegna þess að menn líta yfirleitt svo á að þetta sé til þess að jafna þennan grundvallaraðstöðumun, a.m.k. að verulegum hluta. Síðan er einnig og mjög víða litið svo á að barnabæturnar tilheyri börnunum ekki síður en foreldrunum, að þær séu sá stuðningur sem samfélagið í raun og veru veitir þeim til að tryggja velferð þeirra í uppvextinum en séu ekki í sjálfu sér ívilnun sem eigi að merkja foreldrunum. Auðvitað eru viðhorf síðustu ríkisstjórna á Íslandi úti í grængolandi hafsauga ef maður ber þau saman við þessa hugsun. Ég minni t.d. á niðurstöðu þýska stjórnlagadómstólsins sem dæmdi það ólöglegt að skerða eða tekjutengja að fullu barnabætur í Þýskalandi vegna þess að það bæri að líta svo á að þær tilheyrðu börnunum ekki síður en foreldrunum.

Herra forseti. Að allra síðustu vil ég nefna að mér þætti það fullkomið tilefni fyrir hv. efh.- og viðskn., sem fær þetta mál til umfjöllunar ef að líkum lætur eins og önnur skattamál, að taka það til rækilegrar skoðunar í tengslum við þær upplýsingar sem hafa verið að birtast okkur, t.d. frá skattanefnd BSRB og Alþýðusambandsins þar sem tekin hefur verið saman ein ágæt skýrsla, sem ég geri ráð fyrir að þingmenn hafi allir lesið og er fróðleg og upplýsandi mjög, um þær breytingar sem hafa orðið í skattkerfinu nú á síðustu árum og er reyndar einnig ágætt hugmyndasafn um þær breytingar sem þar kæmu til greina, að taka líka til skoðunar síðustu niðurstöður úr launakönnunum kjararannsóknarnefndar og þær staðreyndir sem þar birtast okkur um breytingar hvað varðar aukinn launamun, annars vegar aukinn kynbundinn launamun og hins vegar reyndar einnig aukinn launamun eftir landshlutum. Þar er ekki um síður iskyggilega þróun að ræða, óheillaþróun og afturför skulum við kalla það. Ég hef aldrei kunnað vel við orðskrípið öfugþróun því þróun er í eðli sínu merkingarlega jákvætt fyrirbæri finnst mér þannig að við skulum bara kalla það afturför. Það er stórfelld afturför í gangi hvað varðar hvort tveggja, kynbundinn launamun sem er að vaxa og launamun milli landshluta sem er líka að vaxa og þá fyrst og fremst milli landsbyggðarinnar annars vegar og höfuðborgarsvæðisins hins vegar.

Ég held að menn gerðu rétt í því að fara nokkuð vandlega yfir þá hluti sem þarna eru að gerast og hafa verið að gerast, breytingarnar á skattkerfinu á undanförnum árum, hvað sem líður afgreiðslu á þessu tiltölulega einfalda máli hvað niðurstöðuna varðar, þ.e. annaðhvort eða fara menn í að gera þetta 100% millifæranlegt eða ekki.

Herra forseti. Það er ekki venjan að stjórnarandstaðan tali mikið, a.m.k. ekki um í mjög gagnrýnum tón um skattkerfisbreytingar sem eru ívilnandi. Það er óskaplega auðvelt að selja almenningi þær vegna þess að einhverjir fá pínulítið út úr þeim. Það er yfirleitt ekki til siðs en það gerist þó einstöku sinnum. Ég minni á að við örfáir þingmenn töluðum gegn hinum flötu skattalækkunum ríkisstjórnarinnar á sínum tíma og sá sem hér stendur var einn af þeim, þótt það væri kannski ekki sérstaklega gáfulegt þegar styttist í alþingiskosningar að standa í ræðustól á Alþingi og tala gegn *því að lækka tekjuskattinn um einhver prósentustig flatt.* Ég gerði það vegna þess að ég hafði sannfæringu fyrir því að þetta, a.m.k. í þessari útfærslu, væri vitlaus ráðstöfun. Ég tel að ég hafi haft rétt fyrir mér af efnahagslegum ástæðum. Það var ekki skynsamleg ráðstöfun í aðdraganda þenslunnar og uppsveiflunnar sem þá var, a.m.k. á sumum svæðum í landinu, að fara út í flatar skattalækkanir af þessu tagi. En þetta var líka óskynsamleg ráðstöfun með þeirri tekjutengingu barnabótanna sem fylgdi vegna þess að þetta hefur dregið úr tekjujöfnunargildi skattkerfisins. Og niðurstaða skattanefndar BSRB og ASÍ sýnir okkur svart á hvítu að það er verið að gera skattkerfið flatara með þessum ráðstöfunum. Það er

verið að draga úr tekjujöfnunargildi þess og það er ferðalag í vitlausa átt að mínu mati.

Þess vegna segi ég líka, herra forseti, að hér er að sjálfsögðu á ferðinni ívilnandi ráðstöfun sem án efa mun mælast vel fyrir hjá mörgum þeim sem sjá í þessu einhverja hagsbót fyrir sig. En mér finnst að þetta eigi að ræða algerlega opið út frá því hvort þetta er brýnasta ráðstöfun fjármuna sem við teljum að blasi við okkur í þessum efnum, hvort að þar gætu ekki komið einnig eða alveg eins til skoðunar hlutir eins og að lyfta skattleysismörkunum, þó að það kosti mikla fjármuni ef það á að vera eitthvað sem um munar, eða hækka barnabæturnar eða annað slíkt. Það finnst mér alveg hiklaust eiga að gera, herra forseti, þó að ég sé eins og ég segi síður en svo að tala gegn þessu máli, fyrir því standa mörg rök. Það á sér vissulega sterk rök að stíga þetta skref til fulls vegna þeirra aðstæðna sem sannanlega eru uppi hjá fjölda fólks og í þeim tilvikum þegar þetta nýtist fólki vel, bætir stöðu fjölskyldna sem búa við þannig aðstæður að þær eru kannski hvort sem er í því munstri að annar aðilinn aflar alfarið teknanna en hinn annast heimili, veikan fjölskyldumeðlim eða annað í þeim dúr.

[16:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. reifaði ýmis sjónarmið í tengslum við þetta mál og eins og kom fram í framsögunni má velta vöngum yfir þessu fram og aftur. Það togast þarna á ýmis sjónarmið, jafnvel ýmis grundvallarsjónarmið.

Þingmaðurinn spurði: „Er þetta brýnast ef menn hafa 400 millj. til ráðstöfunar?" Ég tel að það sé réttmæt spurning. En ástæðan fyrir því að ekkert hefur verið gert í þessu máli í 12 ár er sú að menn hafa alltaf verið að spyrja sig þessarar spurningar og komist að þeirri niðurstöðu að svarið við henni væri nei. Þess vegna hefur aldrei verið gert neitt í þessu, vegna þess að menn hafa alltaf fundið sér ýmislegt annað til að bauka við í þessum skattamálum en að kippa þessu tiltölulega litla máli í liðinn. Nú held ég að sé kominn tími til að við losum okkur við þetta gamla ágreiningsmál og þennan ásteytingarstein sem verið hefur út um allt þjóðfélag og valdið mikilli gremju hjá mjög mörgu fólki sem hefur ekki fundist að það séu metið til fulls þegar í ljós hefur komið að viðkomandi hefur ekki getað flutt sinn persónuafslátt að fullu yfir til maka síns, ef viðkomandi hjón eða sambýlisfólk hefur kosið að haga sínu lífi þannig að annað þeirra væri tímabundið heima en hitt ekki. Ég held að það snúist fyrst og fremst um hlutleysi gagnvart verkaskiptingu hjóna að gera þetta kleift og að því leyti til má segja að hér sé á ferðinni visst sanngirnismál. Ég held að það sé kominn tími til að við á Alþingi tökum af skarið með þetta hvar í flokki sem við stöndum og losum sjálf okkur við þetta gamla ágreiningsmál sem og öll þau samtök sem hafa látið sig skattamál varða, hvort heldur er verkalýðshreyfingin eða aðrir, vegna þess að alls staðar hefur þetta mál valdið miklum ágreiningi og heilmiklum leiðindum.

[16:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ákveðin málsvörn hjá hæstv. ráðherra en samt fannst mér röksemdafærslan frekar grunn. Ég hefði kosið, og kannski gerist það á eftir í umræðunni, að ráðherrann hefði farið svolítið ítarlegar og hugmyndafræðilegar yfir þetta heldur en bara segja, ef ég má leyfa mér að endursegja það á kannski dálítið einfaldan og jafnvel groddalegan hátt, að best sé að koma þessu bara út úr heiminum. Þetta væri gamalt mál sem menn eru orðnir leiðir á að hafa þarna og það er alltaf verið að þrasa um þetta í þjóðfélaginu og við skulum því bara klára þetta. Hendum út þessum 20%. Búið, punktur, endir sögu.

Mér finnst þetta vera miklu stærra mál og verðskulda ítarlegri rökstuðning í báðar áttir. Ég get sætt mig prýðilega við það og það verður að hafa sinn gang að niðurstaða ríkisstjórnarinnar verði sú að þetta eigi að vera 100% frekar en 0% t.d. sem ráðherrann nefndi sjálfur að væri hinn endinn, 50% eða eitthvað annað. En ég vil að það sé rækilega rökstutt.

Herra forseti. Ég efast líka um að það sé endilega svo einfalt að menn geti sagt að með því að hafa þetta 100% þá sé skattkerfið orðið hlutlaust. En hlutlaust gagnvart hverjum? Jú, það er þá hlutlaust gagnvart sambýlisfólki sem velur þetta form frekar en hitt, að báðir aðilar afli teknanna, að annar geri það alfarið. En er það t.d. hlutlaust gagnvart þeim fjölskyldum þar sem eru nokkur börn og þar á meðal t.d. einn unglingur, þar sem einn aðili verður að afla teknanna, þ.e. gagnvart einstæðum foreldrum? Er þessi breyting hlutlaus gagnvart þeim? Þetta er alltaf í samhengi við eitthvað annað, mismunandi aðstæður fólks. Ég held að við komumst ekki svo einfaldlega út úr umræðunni með því að segja bara: „Gerum þetta 100% og þá er skattkerfið orðið hlutlaust og allir geta verið ánægðir." Einstæðir foreldrar geta bent á það mikla óréttlæti sem þeir búa við að reka heimili og jafnvel stóra fjölskyldu og hafa bara einn persónufrádrátt en ekki tvo til að standa undir útgjöldum þess heimilis áður en kemur að skattgreiðslum eins og hjónafólki er þó verið að bjóða hér.

[16:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki lagt af stað með þetta mál á þeirri forsendu að það mundi leysa öll vandamál í skattkerfinu. Þetta er mjög afmarkað mál eins og hér hefur komið glöggt fram og leysir þar af leiðandi ekki nema afmarkaðan vanda.

Menn tala stundum um að leita heildarjafnvægis eða hlutajafnvægis. Ég held að þetta tiltekna mál verði ekki hægt að skoða sem lið í að leita allsherjarheildarjafnvægis í skattkerfinu eða í efnahagsmálunum. En þetta leysir vissan vanda og skapar ákveðið jafnvægi þar sem þetta er fyrir hendi og á við.

Hv. þm. vék að því hvort breytingin gæti hugsanlega verið liður í þeirri þróun að ýta konum út af vinnumarkaðinum. Ég held að það séu algjörlega ástæðulausar áhyggjur. Þróunin hefur verið sú að undanförnu, eins og ég benti á í upphafsræðu minni, að atvinnuþátttaka kvenna og reyndar almennt hefur farið vaxandi. Stærri hluti landsmanna er úti á vinnumarkaðinum nú en áður hefur verið eftir því sem ég best veit og engar líkur eru til þess að þetta mál verði til þess að ákveðinn hluti þjóðarinnar dragi sig út af vinnumarkaðinum. Því yllu miklu frekar aðrar, stærri og almennari ástæður eins og erfiðleikar í atvinnulífinu sem vonandi verða nú ekki og fleira þess háttar, en ekki þessi tiltölulega litla skattbreyting sem þó er nógu stór til þess að hafa staðið í fólki í mörg ár og skapraunað fjölda manns um langt árabil, eins og ég sagði áðan.

[16:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að ekki er hægt að ræða málið á þeim nótum að það sé allsherjarmál í skattalegu tilliti. Þetta

varðar einn afmarkaðan þátt. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. og við getum rætt mörg önnur slík sambærileg sem taka til einhverra tiltekinna aðstæðna. En þau eru þó alltaf í samhengi við annað eins og við rekum okkur á og það er náttúrlega eitt af því sem gerir alla umræðu um skattamál flókna og að lokum verður allt þetta heildarsamspil afar mikið móverk, ef svo má að orði komast.

Hæstv. ráðherra vék svo aðeins aftur að spurningunni um stöðu kvenna á vinnumarkaði, við skulum segja þess aðilans í hverju tilviki sem er með lægri launin eða hefur kannski lakari aðstöðu til tekjuöflunar. Ég held að menn eigi ekki að gera lítið úr þessu. Þarna er á ferðinni sjónarmið sem menn verða líka aðeins að horfa til. Þó að atvinnuþátttaka hafi farið vaxandi, og það hefur hún vissulega gert hér, þá held ég að hún hafi ekki gert það vegna þess að íslenska skattkerfið sé sérstaklega hvetjandi til þess, heldur hefur það verið hluti í almennri jafnréttissókn í þjóðfélaginu og drifin áfram sem slík. Niðurstaðan er hins vegar því miður sú að margar þær stéttir þar sem konur hafa gerst fjölmennar í á undanförnum árum, hafa færst niður í launum hlutfallslega og sigla hraðbyri inn í að verða láglaunastéttir. Og skattkerfið er þannig úr garði gert og aðstæður fjölskyldna eru þannig að ef annar aðilinn er með tekjur rétt yfir skattleysismörkunum en hinn með umtalsverðar tekjur eða jafnvel há laun, þá er allt heldur á móti því að viðkomandi aðili sé úti á vinnumarkaðinum. Ef sama fjölskylda á tvö börn og þarf að kosta þau í gæslu og allt sem við þekkjum að því fylgir, þ.e. kostnaðurinn sem því fylgir í sjálfu sér að vera þátttakandi úti á vinnumarkaðinum, þá er mjög oft hægt að reikna dæmið þannig að stórfelldur sparnaður felist í því fyrir þann aðilann sem er kannski með 70–100 þús. kr. á mánuði að fara inn á heimilið, passa börnin og færa persónufrádráttinn yfir til makans. Ég held að menn þurfi að hafa augun opin gagnvart því hvort þessi viðbótarbreyting hafi þarna neikvæð áhrif í för með sér.

[16:16]

Útbýting þingskjals:

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, 103. mál, þáltill. ÁSJ, þskj. 107.

[16:16]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum í dag var mikið í umræðunni fyrir 10–15 árum og þá í jafnréttisumræðunni. Sumar konur töldu að það að hafa millifæranlegan persónuafslátt milli hjóna hvetti konur til að vera heima, að það mundi stöðva þær í því að ná framgangi og upphefð í atvinnulífinu og kæmi niður á kjörum kvenna og jafnrétti þeirra. Þetta er sjónarmið sem ekki má líta fram hjá. Ég vil taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að skattkerfið getur haft mjög alvarleg áhrif í þessa veru ef það leiðir til þess að annar aðilinn með lágar tekjur, yfirleitt konan, er hreinlega neyddur til að fara inn á heimilið vegna þess að það borgar sig engan veginn fyrir hann að vinna.

Herra forseti. Margt hefur verið gert til þess að styrkja stöðu einstæðra foreldra. Mikið hefur verið hjalað um þeirra vandræði og fjárhagslega örðugleika og það á eflaust við um suma þeirra. Meira að segja hefur verið gengið svo langt að við mig hefur talað margt ungt fólk, pör, þar sem annað, oft og tíðum karlinn, er með mjög háar tekjur og hitt, konan, með lágar tekjur. Þau hafa sýnt mér fram á að skertar barnabætur og skertar vaxtabætur kosti fjölskylduna um og yfir hálfa milljón á ári miðað við það að konan verði skráð einstæð með tvö til þrjú börn og bóndinn flytti heim á hótel mömmu. Svo segja þau mér sögur af dæmum þar sem fólk hegðar sér þannig að konan þykist vera einstæð móðir með börn og karlinn er heima hjá mömmu og pabba. En þau búa að sjálfsögðu saman. Hálf milljón eru miklir peningar og þarna er búið að koma upp kerfi sem gerir það að verkum að farið er að ofsækja undirstöðueiningu þjóðfélagsins skattalega, þ.e. fjölskylduna, hjón með börn. Þetta þarf líka að skoða í þessu samhengi.

Herra forseti. Ef við lítum á hverjir muni njóta þessara breytinga þá er afskaplega sjaldgæft að annar aðilinn sé heimavinnandi og án þess að hafa nokkrar tekjur nema þegar um er að ræða mörg lítil börn. Þá borgar sig oft og tíðum ekki að konan, í flestum tilfellum, vinni úti. Þetta fólk mun njóta þessara breytinga. Ég vil geta þess að einhvern tímann talaði við mig maður í kosningabaráttunni sem var mjög sár. Hann var hátekjumaður og borgaði hátekjuskatt. En þau hjónin áttu þrjú lítil börn undir sjö ára aldri og það þýddi að ekki var nokkur glóra í því að konan færi að vinna og borga barnaheimili og fá tekjur sem dygðu ekki fyrir þeim kostnaði. Hún var því heima með þrjú börn og hann var þá einn að vinna fyrir fimm einstaklingum, og var skattaður undir drep. Hann fékk hátekjuskatt eins og ég gat um og missti velflestar bætur, barnabætur, vaxtabætur o.s.frv. Hann sagði að þau hjónin hefðu ekki efni á því að fara í bíó og svo var hann að heyra einhverjar sögur af einstæðum foreldrum sem hefðu efni á að fara í bíó.

Það er því mjög mikilvægt að huga að því hvernig skattkerfið fer með og kemur við fjölskyldur í landinu. Það er spurning hvort það skattkerfi sem við höfum byggt upp í dag sé ekki í raun mjög fjölskylduóvinsamlegt, fjandsamlegt vil ég segja.

Þó að það komi þessu máli kannski ekki við þá hef ég lagt til að skattar verði settir 20% á allar tekjur og ég held að það mundi verða miklu fjölskylduvænna þegar upp er staðið.

Umræðan hér hefur snúist töluvert mikið um barnabætur og ómegðarbætur eins og ég vil kalla núverandi barnabætur. Þetta eru ekki barnabætur. Það er ekki verið að minnka mun á milli fólks sem á börn og þess sem á ekki börn og hefur sömu tekjur. Hátekjufólk sem á börn þarf að borga nákvæmlega sömu skatta og hátekjufólk með sömu tekjur sem ekki á börn vegna þess að barnabæturnar eru skertar. Þær hverfa. Þetta fólk fær enga aðstoð við að ala upp sín börn, enga. Þess vegna er það rangnefni að kalla þessar bætur barnabætur. Þær eru ekki bætur í þeim skilningi að þær séu til að aðstoða við uppeldi barna, miðað við annað fólk sem ekki á börn, heldur eru þetta ómegðarbætur. Þetta eru bætur sem eru ætlaðar til að aðstoða fólk sem hefur lágar tekjur og mikla ómegð. Það ættu þær líka að heita.

Herra forseti. Það má líta á persónuafslátt og tilheyrandi frítekjumark sem einhvers konar framfærslukostnað sem ekki skuli skattaður, þ.e. 60 þús. kr. megum við hafa sem einhvers konar lágmarksframfærslu og ríkið má ekki seilast til þessarar framfærslu. Ef við lítum þannig á það þá er mjög eðlilegt að persónuafsláttur hjóna sé millifæranlegur, en þó ekki 100% og þannig voru 80% fundin á sínum tíma, vegna þess að það er ódýrara að reka heimili með tveimur einstaklingum en tvö heimili með einum hvort. Þess vegna er hugsunin sú að framfærslan væri minni fyrir þann viðbótarmaka sem ekki hefur tekjur en ef um væri að ræða einstakling. Frítekjumarkið þar af leiðandi ekki nema 80%

millifæranlegt. Þetta er ástæðan fyrir þessum 80%. Þau voru ekki alveg út í bláinn.

En það leiðir aftur hugann að því hvort ekki ætti að stíga skrefið til fulls og hafa persónuafslátt fyrir börn af því þau þurfa líka framfærslu. En þá kemur nokkuð merkilegt í ljós. Ef við skoðum núverandi ómegðarbætur þá eru þær í reynd persónuafsláttur fyrir börn því þær skerðast með tekjum foreldranna þannig að líta má á það sem persónuafslátt sem börnin fá til framfærslu, reyndar með töluvert lægri skattstiga, 9% og 5% o.s.frv., en sá persónuafsláttur sem einstaklingar og hjón fá.

Í þessu litla máli er því í reynd tekið á mjög stórum hlutum. Ég skora á hv. efh.- og viðskn. sem ég á reyndar sæti í, að fjalla um þetta mál mjög ítarlega og fara í gegnum þau dæmi sem að ég hef nefnt og fleiri þar sem skattkerfið fer í sumum tilfellum mjög illa með fjölskylduna og hegnir henni, og fjalla um hvort ekki þyrfti að stíga miklu stærri skref til þess að leiðrétta stöðu fjölskyldunnar gagnvart sköttum.

[16:24]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir hefur að sjálfsögðu ákveðinn tilgang eins og fram kom í máli hæstv. fjmrn. Það lýtur að afmörkuðu sviði skattalaga og er ætlað til að bæta stöðu fjölskyldunnar eins og skýrt kemur fram í efni þess. Það er verið að hækka millifæranlegan persónufrádrátt milli maka, hjóna eða sambýlisfólks, sem þýðir að ríkið er láta peninga út til þess þjóðfélagshóps. Ég vek athygli á því að meginefni frv. er í 1. gr. sem ákvarðar að persónuafslátturinn skuli að fullu vera millifæranlegur. Það er sú áætlun sem menn styðjast við núna og kemur fram í athugasemdum að kosti 400 milljónir. Menn vita ekki hvort það muni kosta meira eða minna. Hugsanlega mun það kosta meira, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir reifaði hér að gæti verið. En það skiptir ekki máli hvort það kostar 400 milljónum meira. Meginefni frv. er sú ákvörðun sem tekin er að heimila að persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur. Það má mönnum ekki yfirsjást. Tilgangurinn er alveg í fullu samræmi við stjórnarsáttmálann sem kveður á um það að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins. Þetta er einn liður í því að styrkja fjölskylduna með því að bæta kjör hennar. Þessi aðgerð er ekkert annað en kjarabót fyrir þetta sambýlisform sem beinist til þessa sambýlisforms og styrkir stöðu fjölskyldunnar í íslensku þjóðlífi.

Það er alveg rétt að þessi aðgerð gerir ekki eitthvað annað sem vafalaust væri þarft og rétt að gera og verður e.t.v. gert síðar á kjörtímabilinu af hálfu ríkisstjórnarinnar. En það dregur ekkert úr gildi aðgerðarinnar þó að hún lúti ekki að öðrum þáttum sem menn kjósa að nefna og vilja að betur verði sinnt en nú er. Það er alveg ljóst að þessi aðgerð nýtist ekki einstaklingnum. Það var alveg vitað fyrir fram. Og þó hún nýtist ekki einstaklingnum, þá spyr ég hv. þm. Margréti Frímannsdóttur: Er þingmaðurinn þá á móti því að þessi aðgerð nái fram að ganga? Í máli þingmannsins kom ekki fram afstaða til frv. Þingmaðurinn lýsti ekki yfir stuðningi við málið en nefndi sem ágalla á því að það nýttist ekki einstaklingnum og að það nýttist ekki einstæðum foreldrum, sem er líka alveg rétt því málið lýtur að millifæranlegum persónuafslætti og augljóslega bætir það ekki kjör einstæðra foreldra. En þá er líka ósvarað spurningunni hvort þingmaðurinn sé andvígur þessari breytingu. Menn geta ekki rætt um tiltekna breytingu út frá því að eitthvað annað gerist ekki og sagt óljóst frá afstöðu sinni til málsins.

Staða barnafjölskyldunnar er alveg sér mál og á því er tekið í ríkisstjórnarsáttmálanum. En þetta frv. fjallar ekki um það mál. Menn eru svolítið að fara út um víðan völl í þessari umræðu þegar þeir víkja sér undan að ræða efni frv. og taka afstöðu til þess, en fara að ræða annað sem lýtur að skattamálum og er út af fyrir sig áhugavert umræðuefni líka. Ég heyrði ekki, þó ég hlustaði grannt, afstöðu stjórnarandstöðunnar til þessa frumvarps. Ég heyrði frá hvorugum talsmanni stjórnarandstöðunnar afstöðu til málsins, þ.e. hvort þeir styddu málið eða styddu það ekki. Það er dálítið mikilvægt að fá fram í umræðu um frv. af þessum toga afstöðu stjórnmálaflokkanna til efnis málsins. Það kom heldur ekki fram í máli talsmanna stjórnarandstöðuflokkanna hvaða stefnu þeir hefðu haft fyrir kosningar í þessu máli sem frv. lýtur að. Ég heyrði ekki að þeir færu neinum orðum um hvað þeir lögðu fyrir kjósendur í þessum efnum. Það væri áhugavert að fulltrúar stjórnarandstöðunnar gerðu grein fyrir kosningastefnuskrá sinni eða afstöðu sinni til málsins þannig að umræðan yrði til þess að upplýsa hver afstaða stjórnarandstöðuflokkanna væri. En menn eru ekki miklu nær um afstöðu stjórnarandstöðunnar til málsins eftir ræður talsmanna hennar. Hins vegar hafa verið vangaveltur um ýmis atriði sem hafa að mörgu leyti verið fróðlegar og ágætar fyrir sinn hatt. En menn sniðgengu efni málsins. Ég vek athygli á því.

Mikið var rætt um barnabætur, einkum hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hv. þm. fór nokkrum orðum um breytingar á barnabótum á síðasta kjörtímabili og kosningastefnu Framsfl. varðandi það mál og tekjutengingu barnabóta. Ég held að barnabætur og tekjutenging þeirra og annað slíkt sé mjög áhugavert umræðuefni en menn mega ekki í umræðu um það mál blanda því saman við efni þessa frv. Menn verða að halda því aðskildu.

Ég vil rekja það til að halda því til haga í umræðunni, af því að barnabætur hefur borið hér á góma, að í stjórnarsáttmálanum segir alveg skýrt, með leyfi forseta, að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. M.a. verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Þetta er alveg skýrt. Það er alveg skýrt hvað stendur í stjórnarsáttmálanum í þessu efni og ekki þarf að útskýra fyrir hv. þm. hvað orðið barnakort þýðir af því að það var rækilega útskýrt í aðdraganda kosninganna. Það er kannski rétt þó að hv. þm. sé nokkuð ljóst hvað var meint með því að rifja það upp þó að fyrir liggi hvað meint var með orðinu barnakorti. Ég vil leyfa mér að lesa hluta úr kosningastefnuskrá Framsfl. þar sem vék að þessu atriði, með leyfi forseta:

„Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að hluti barnabóta verði án tekjutengingar þannig að öll börn fái barnakort við fæðingu sem eru 30 þús. kr. á ári. Kortið nýtist foreldrum til skattalækkunar eða greiðslu frá ríkinu."

Þarna hafa menn skilgreininguna á því hvað orðið barnakort þýðir og í því samhengi ber auðvitað að skilja orðið barnakort í stjórnarsáttmálanum. Þar segir, með leyfi forseta: „... með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum." Stefna ríkisstjórnarinnar er því að bæta við peningum í barnabótakerfið og að hluti barnabótanna verði greiddur ótekjutengt. Þetta er alveg ljóst.

Hins vegar er til fullmikils ætlast að mínu viti að gera

þá kröfu til ríkisstjórnarinnar að hún sé búin að hrinda því í framkvæmd nokkrum mánuðum eftir kosningar sem hún áformar að gera á fjögurra ára tímabili. Hv. þm. verða því að hafa dálitla biðlund gagnvart því og leyfa ríkisstjórninni að njóta þess að hafa tímann fyrir sér til að hrinda áformum sínum í framkvæmd.

Ég vil taka undir það með hæstv. fjmrh. að það er ekki réttmæt gagnrýni á breytingar sem gerðar voru á síðasta kjörtímabili á barnabótum að þær hafi skerst vegna þess að kaupmátturinn jókst umfram verðlag. Það er ekki réttmæt gagnrýni að mínu viti. Barnabætur eru peningar og eiga að halda verðgildi sínu miðað við verðlag. Takist verkalýðshreyfingunni að semja um hærra kaup þannig að kaupmátturinn aukist meira en verðlagsbreytingu nemur þá eiga menn auðvitað að greiða skatta af því. Það er ekkert sjálfgefið að bótakerfi ríkisins fylgi þeim sveiflum. Eðlilegt er að það fylgi verðlagsbreytingum og standi í við þær. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. að gagnrýni sem hefur verið beint að þessu er ekki réttmæt.

Það er að mörgu leyti eðlilegt að þegar tekjur fólks vaxa dragi úr stuðningi ríkisins. Það er ekki markmið ríkisins að styðja fólk til að framfleyta fjölskyldu sem hefur háar tekjur. Ég er t.d. algerlega ósammála því sem kom fram í kosningastefnu Samfylkingarinnar að barnabætur ættu að vera algerlega ótekjutengdar upp í fjölskyldutekjur milli 400 og 500 þús. kr. á mánuði. Ég er algerlega ósammála því. Ég er miklu frekar sammála þeirri stefnu sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tók upp á árunum 1988–1991 og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var ráðherra í og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir var þingflokksformaður Alþb. á þeim tíma, að tekjutengja bætur. Þá var tekin upp sú stefna að tekjutengja bætur og þáv. fjmrh. sagði iðulega á fundum í stjórnmálaflokki sínum og í sölum Alþingis og þáv. félmrh. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði líka að ekki væri eðlilegt að fólk með háar tekjur fengi sömu barnabætur og fólk með lágar tekjur. Það ætti því að tekjutengja þessa hluti og það var gert og það naut tiltölulega mikils velvilja og stuðnings í þjóðfélaginu. (Gripið fram í.) Jaðarskattur, hv. þm., þýðir að ríkið dregur úr stuðningi sínum þegar tekjur viðkomandi einstaklings hafa hækkað. Hv. þm. verður þá að svara því hvort hann telur rétt að ríkið leggi stuðning sinn fram óháð tekjum þess sem við tekur.

Ég er nokkuð viss um það af því að ég þekki hv. þm. Jóhann Ársælsson að við erum nokkuð sammála um svarið í þessum efnum. Hins vegar er ég ekki sammála því heldur að þetta eigi að vera tekjutengt að fullu og það hef ég talið að væri kannski einn helsti ljóðurinn á ráði þeirrar ríkisstjórnar sem ég nefndi að hún gekk svo langt í að tengjutengja að tekjutengt var alveg að fullu. Þess vegna er m.a. að finna í kosningastefnuskrá Framsfl. að hafa hluta af bótunum ótekjutengdan og hluta tekjutengdan. Það varð niðurstaða ríkisstjórnarinnar eða stjórnarflokkanna þegar ríkisstjórn varð mynduð að gera þetta að stefnu sinni.

Herra forseti. Það er svo sem ekki meira að segja um þetta nema kannski að vissulega hafa barnabætur skerst á síðustu árum. Það er að hluta til vegna þess sem ég nefndi að tekjur þeirra sem fá bæturnar hafa hækkað og mér finnst ekki eðlilegt að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það. En það er auðvitað líka vegna þess að barnabætur voru skertar á ákveðnum tíma á síðasta kjörtímabili eins og fram hefur komið og hefur verið viðurkennt af okkar hálfu að hafi verið mistök. En með barnakortunum og þeirri áherslu sem er að finna í stjórnarsáttmálanum verður fjármagnið aukið í þennan bótaflokk, það er alveg ljóst. En ríkisstjórnin ætlar sér auðvitað að hrinda þessu í framkvæmd og hefur kjörtímabilið til þess.

[16:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vitnaði tvívegis í stjórnarsáttmálann. Hann sagði að ákvæði sem þar er að finna hljóðaði á þá leið að ríkisstjórnin vildi styrkja stöðu fjölskyldunnar sem hornstein þjóðfélagsins og treysta stöðu hennar og velferð. (**KHG:** Samheldni hennar og velferð.) Samheldni hennar og velferð.

Ég verð að segja, herra forseti, að í mínum eyrum hljómar þetta sem hálfgerð öfugmæli þegar við höfum þá staðreynd fyrir framan okkur að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur á fjórum árum skert svo mikið barnabæturnar í góðæri — ég ítreka, í góðæri, að um 14.000 færri fjölskyldur fá nú barnabætur. Á næsta ári eru það 2.000 færri fjölskyldur. Þess vegna legg ég eina spurningu fyrir hv. þm. Ef við höfum nú takmarkað svigrúm til skattalækkana og við verðum að velja forgang í því efni, hvort telur hv. þm. að eigi að hafa forgang, þ.e. að koma á barnabótum og nýta það skattalega svigrúm til að koma á barnakortinu og rýmka barnabæturnar eða að persónuafsláttur milli hjóna verði að fullu millifæranlegur?

[16:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór með mikla öfugmælavísu í andsvari sínu. Síðasta ríkisstjórn styrkti mjög stöðu fjölskyldunnar í landinu með kröftugu efnahagslífi. Kaupmáttur launa jókst á því tímabili um meira en dæmi eru til áður. Atvinnuleysi minnkaði mjög mikið á síðasta kjörtímabili. Það styrkir auðvitað stöðu fjölskyldunnar meira en annað að fólk hafi vinnu og hafi góð laun fyrir vinnu sína. Með öflugri efnahagsstefnu á síðasta kjörtímabili stóðu stjórnarflokkarnir betur á bak við fjölskylduna en margar ríkisstjórnir hafa gert á liðnum árum, m.a. þær sem hv. þm. átti sæti í. Ég minni á að það var á tímum hv. þm. sem félmrh. sem atvinnuleysið rauk upp úr öllu valdi.

Ég vil svara spurningu hv. þm. með því að vísa til stjórnarsáttmálans. Þar eru forgangsatriðin og þar er að finna það sem ég las áður um barnakortin en þar er líka að finna næstu setningu, ákvæði um að persónuafsláttur maka verði millifæranlegur að fullu hjá hjónum og sambýlisfólki.

[16:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór svo sem mig grunaði að hv. þm. mundi reyna að koma sér hjá að svara einfaldri spurningu: Hvort á að hafa forgang þegar við höfum takmarkað skattalegt svigrúm til að lækka skatta, að koma á barnakorti og rýmka barnabæturnar eða að hafa persónuafslátt milli hjóna að fullu millifæranlegan? Þetta er einföld spurning. Ég geri mér auðvitað fulla grein fyrir því að framsóknarmönnum, þar með töldum hv. þm., líður mjög illa þegar við ræðum barnakortin og hvernig farið hefur verið með barnafjölskyldurnar í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er staðreynd sem hv. þm. mótmælir ekki að 14.000 færri fjölskyldur fá nú barnabætur og 2.000 færri fjölskyldur fá barnabætur á næsta ári. Þess vegna er þetta eðlileg spurning því að meginkrafa framsóknarmanna í síðustu kosningabaráttu var að koma á

barnakortum. Og hv. þm., formaður þingflokks framsóknarmanna, svari þeirri spurningu hvort á að hafa forgang. Auðvitað reynir hv. þm. að koma sér hjá því vegna þess að það virðist stefna í það á þessu kjörtímabili eins og því síðasta að framsóknarmenn fylgja í einu og öllu stefnu sjálfstæðismanna og engan mun er orðið hægt að sjá á stefnu Framsfl. og Sjálfstfl. eins og á síðasta kjörtímabili og stefnir í að verða á því kjörtímabili sem er rétt að byrja.

Þess vegna spyr ég fyrir hönd allra þeirra sem bíða eftir barnakorti hvort eigi að hafa forgang þegar við höfum takmarkað skattalegt svigrúm til þess að lækka skatta hjá fólki.

[16:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Forgangur mála kemur fram í stjórnarsáttmálanum. Bæði þessi mál eru talin þar upp undir verkefnum sem stjórnarflokkarnir ætla að hrinda í framkvæmd á kjörtímabilinu og annað þeirra er nú þegar komið fram í formi stjfrv. (Gripið fram í.) og hitt mun koma síðar eins og kemur fram í stjórnarsáttmálanum. Engin ástæða er til að ætla annað, hv. þm.

En ég vek athygli á því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fer í nákvæmlega sama farveg og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað, að koma sér undan því að svara því hver er afstaða þingmannsins til málsins sem er verið að ræða. Ætlar hún að greiða atkvæði með því eða á móti því?

[16:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði það eiginlega að aðalefni máls síns og aftur hér í andsvari að kvarta undan því að stjórnarandstaðan hefði ekki tekið afdráttarlausa afstöðu til málsins, ekki sagt já eða nei.

Herra forseti. Sem betur fer er það ekki eina hlutskipti stjórnarandstöðu á Alþingi að fá náðarsamlegast að koma upp og segja já eða nei við stjfrv. Það er bara ekki þannig. Hv. þm. getur auðvitað farið í slíka leiðangra eins og honum sýnist, en það mun ekki breyta því að stjórnarandstaðan ræður orðum sínum sjálf. Það er að sjálfsögðu þannig og ég hafna því að með því að ræða um málin á þann hátt sem hér var gert af talsmönnum stjórnarandstöðunnar hafi menn í byrjun verið að sniðganga efni málsins. Það er fjarri öllu lagi. Það var verið að reyna að setja málið í samhengi við það umhverfi sem það er í, þ.e. innan skattkerfisins og spurninguna um ráðstöfun fjármuna í skattkerfinu og hvað sé þar brýnast auk þess að ræða þessa kerfisbreytingu á hugmyndafræðilegum forsendum og leita eftir rökstuðningi fyrir því, hvers vegna með því og móti því að gera slíka breytingu. Hæstv. ráðherra opnaði sjálfur á umræðuna einmitt með framsögu sinni í þá veru.

Það er að sjálfsögðu hinn eðlilegasti hlutur að þegar stjórnarandstaða er að byrja að skoða stjfrv. sem koma fram á þingi og þau eru rædd við 1. umr., þá ræðir stjórnarandstaðan það opið af sinni hálfu. Það er bara fullkomlega eðlilegur hlutur. Svo lengi hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson verið í stjórnarandstöðu að hann hlýtur að reka minni til þess að það hefur gerst áður í þingsölum þó að við vitum að vísu að hv. þm. er orðinn mikill stjórnarsinni og mikill framsóknarmaður og var ekki lengi að því. En það er ekkert að því að stjórnarandstaðan ræði opið um mál við 1. umr. og hafi á því alla fyrirvara hver hennar endanlega afstaða verður. Hún birtist og það þarf ekki mikla óþolinmæði til. Að sjálfsögðu tekur stjórnarandstaðan síðan afstöðu til þessa máls innan fárra vikna, tveggja mánaða eða svo, birtir hana eftir atvikum í nefndarálitum og í atkvæði sínu þegar málið verður tekið til afgreiðslu á þinginu innan skamms þannig að þetta hefur ekki mikið upp á sig.

Ef ég skyldi vera svo heppinn að hv. þm. svari, þá er annað atriði sem mig langar til að koma inn á í seinni ræðu minni.

[16:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vera hálfúrillur í ræðustólnum. (**SJS:** Hálf hvað?) (**Gripið fram í:** Úrillur.) (**SJS:** Já, alveg rosalega.) Ég leyfi mér að vekja athygli á því að hann og annar talsmaður stjórnarandstöðunnar höfðu fjallað um málið án þess að segja hvaða afstöðu þeir hefðu til þess. Og ég leyfði mér að benda á að hvorugur talsmaður stjórnarandstöðunni hafði fyrir því að upplýsa þingheim um hvaða stefnu þeir hefðu haft hvað þetta varðar í aðdraganda kosninga þannig að það mætti vera ljóst hvaða stefnu þessir flokkar hafa í skattamálum.

Það er auðvitað þeirra mál. Þeir ráða því, eins og hv. þm. sagði, hvernig þeir haga sínum orðum og hvað þeir segja o.s.frv. Það er eðlilegt að hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni reyni að skoða hvaða ágallar kunna að vera á ýmsum málum og það er þeirra hlutverk. Það er ekkert athugavert við það. En það hlýtur þá að vera eðlilegt að gera kröfu til þeirra líka að þeir geri grein fyrir afstöðu sinni til málsins. Ég get varla fallist á að tilefni sé til að taka það illa upp þó að á það sé bent.

[16:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta, þetta er svo fullkomlega ónýt umræða að það skilar engu að karpa um þetta. En það liggur bara þannig að stjórnarandstaðan metur sjálf hvernig hún bregst við stjórnarfrumvörpum, hvaða tíma hún tekur sér í að skoða þau og hvenær hún birtir sína afstöðu og hver hún verður. Það er nú bara einfaldlega þannig. Við ráðum því sjálf.

Hins vegar get ég skotið því að hv. þm. að það liggur alveg prýðilega á mér. Ég hef gaman af svona umræðum en mér leiðast þó tilburðir manna til að afvegaleiða þær eins og hv. þm. er að reyna að gera, þ.e. að gera þetta að aðalatriði málsins en ekki þá efnislegu umræðu sem hér var búin að fara fram og var ágæt þangað til hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson steig í ræðustól og varð fyrstur manna til að koma inn í umræðuna með hluti sem voru algjörlega óefnislegir, skiluðu engu í röksemdafærslu, í málflutningi með eða á móti, skiluðu engum nýjum sjónarmiðum inn í þetta mál, ekki neinu. Þetta voru tilburðir til þess af hálfu stjórnarþingmanns að reyna að gera lítið úr málflutningi stjórnarandstöðunnar, ósköpleg ómerkilegir, svo ég noti það íslenska orð sem mér kemur fyrst í hug.

Hitt ætlaði ég svo að gera þó að áhugi minn hafi að vísu minnkað á því hafandi sagt þetta, þ.e. að taka að einu leyti undir með hv. þm., því að ég held að það sé langur vegur á milli þess að tekjutengja barnabætur að fullu, eins og því miður það mikla óhappaverk varð sem gert var í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hv. þm. langar nú sem mest að styðja, og hins að hafa þær algjörlega ótekjutengdar. Það hef ég alltaf sagt. Ég hef ævinlega fjallað um þessi mál þannig að gera þar mikinn greinarmun á.

Staðreyndin er sú að að mörgu leyti var það ágætt kerfi sem komið var hér upp. Það voru ótekjutengdar barnabætur, ákveðinn grunnstuðningur, og viðbótarstuðningur til tekjulágra barnafjölskyldna. Enda hét það barnabótaauki. Ógæfan hófst þegar menn fóru að flytja fjármuni úr ótekjutengda grunninum yfir í barnabótaaukann. Smátt og smátt gengu menn svo langt í því að að lokum var hann orðinn tekjutengdur að fullu.

Nú segja menn: „Það voru mistök. Nú langar okkur aftur til baka." En þeim hefur að vísu dottið það snjallræði í hug að kalla það kort.

[16:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fellst nú ekki á að það sé óefnisleg athugasemd að benda á að hv. þm. gefur ekki upp afstöðu til þess hvort rétt sé að hafa persónuafslátt millifæranlegan að fullu eða ekki. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að hv. þm. sé krafinn um afstöðu sína til þess. En hann hefur valið þá leið að gefa ekki upp afstöðu til þess heldur blanda svarinu saman við barnabætur. Mér finnst það vera tvö mál sem erfitt er að tengja saman skattalega séð svo að vel fari, þ.e. að tengja saman millifæranlegan persónuafslátt og barnabætur. Ég tel að málin séu þess eðlis að menn verði að afgreiða þau hvort fyrir sig. Ég fæ ekki séð hvernig menn ætla að blanda saman millifærslu á persónuafslætti annars vegar og barnabótum hins vegar og hvort barnabætur eru meira eða minna tekjutengdar.

Þess vegna finnst mér það ekki skýr afstaða til frv. í grundvallaratriðum þegar menn gefa ekki upp afstöðu sína til þess hvort það eigi að vera fullur millifæranlegur persónuafsláttur og fara að blanda barnabótunum inn í málið sem eru ekki partur af þessu frv. Menn eru þá að draga að málinu atriði sem er efnislega óskylt. (**SJS:** Þú eyddir nú sjálfur löngum tíma í barnabótastefnu Framsfl.) Eðlilega, hv. þm., því að það var búið að draga það hér inn í umræðuna og tengja þessi mál saman. Því var eðlilegt að gera grein fyrir því hvernig um það mál er búið í stjórnarsáttmálanum og hvernig Framsfl. kynnti það mál af sinni hálfu. Því er auðvitað eðlilegt að gera það.

[16:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fær frv. til umfjöllunar þannig að ég þarf ekki að hafa langt mál um það við 1. umr.

Það er ljóst eins og kom fram í máli 3. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, og í máli 3. þm. Norðurl. eystra að á þessu máli eru bæði kostir og gallar. Það er eðlilegt að við veltum því fyrir okkur við 1. umr. og eins í nefndinni, hverjir séu kostirnir og hverjir gallarnir.

Það hefur vissulega verið rakið hér og ég ætla ekkert að eyða tíma þingsins mjög ítarlega í það, varðandi þetta sérstaka mál, að persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur á milli hjóna — að ýmsir hafa haft áhyggjur af því að það geti haft áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Að því var vikið að við höfum búið við það og sjáum það í könnunum sem fram hafa komið bæði hjá kjararannsóknarnefnd og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur að um er að ræða mikinn launamun milli kynjanna í þjóðfélaginu. Þetta frv. hefur verið rætt í samhengi við það.

Ekki síður þurfum við að skoða það sem hér hefur verið rætt og ég gerði að umtalsefni í andsvari mínu við hv. 3. þm. Vestf., þ.e. hvað eigi að hafa forgang í þjóðfélaginu þegar við höfum svigrúm til að lækka aðeins skatta. Og það er ástæðan fyrir því að ég stend nú upp.

Ég vildi mjög gjarnan vita, og það gæti haft veruleg áhrif á afstöðu mína til frv. sem ég vil taka fram að við eigum að skoða með jákvæðum huga, hvaða afstöðu hæstv. fjmrh. hefur til frv. sem ég hef flutt á nokkrum þingum um að persónuafsláttur barna verði millifæranlegur, þ.e. að þeir sem hafa á framfæri sínu börn á aldrinum 16–19 ára geti nýtt sér óráðstafaðan persónuafslátt barna, að óráðstafaður persónuafsláttur barna verði millifæranlegur, að 80% hluta eins og nú er með makaafslátt.

Þetta er mál sem lengi hefur verið talað fyrir í þingsölum og ýmsir hópar í þjóðfélaginu hafa borið mjög fyrir brjósti og ýmis samtök eins og Félag einstæðra foreldra sem hefur sett það mjög á oddinn að þetta mál nái fram að ganga á þingi. Ég man eftir því, það er varla meira en kannski tvö til þrjú ár síðan, að Félag einstæðra foreldra afhenti undirskriftir vegna þessarar kröfu sinnar um að óráðstafaður persónuafsláttur barna gæti orðið millifæranlegur eins og persónuafsláttur hjóna, vegna þess að af eðli máls leiðir að t.d. einstæðir foreldrar geta ekki nýtt sér ónýttan persónuafslátt.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra sérstaklega, og finnst mér það alveg eiga heima í þessari umræðu, hver sé afstaða hans til þess að óráðstafaður persónuafsláttur barna geti verið millifæranlegur.

Það er alveg ljóst að þetta mun koma barnafjölskyldum mjög til góða. Og af því að ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta er mjög dýr aðgerð þá mætti hugsa sér að stíga það skref í áföngum, til að mynda að óráðstafaður persónuafsláttur barna yrði fyrsta kastið millifæranlegur hjá einstæðum foreldrum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær mega þeir vænta sem bíða nú mjög eftir því að svokallað barnakort sem Framsfl. setti á oddinn í kosningabaráttunni komist til framkvæmda? Getur verið að það muni ekki sjá dagsins ljós fyrr en kannski á síðasta ári kjörtímabilsins? Ég spyr: Er samkomulag milli Framsfl. og Sjálfstfl. um útfærsluna, þ.e. þegar að því kemur að um verði að ræða barnakort? Eða eru menn að tala um breytingar á barnabótakerfinu sjálfu?

Stjórnarsáttmálinn er mjög óljós um þetta ákveði. Ef ég man rétt, hæstv. fjmrh. leiðréttir mig þá, þá hafði hann orð á því að um barnakortin væri ekki komið neitt samkomulag. Þess vegna vil ég gjarnan fá að vita, og beini því til hæstv. ráðherra, hvort hann sé tilbúinn til þess að fræða okkur nánar um þessa hlið mála.

Þegar við stöndum frammi fyrir takmörkuðu fjármagni til skattalækkunar þá veltum við fyrir okkur hvort það sé rétt og eðlilegt að á sama tíma og þeim sem njóta barnabóta fækkar um tvö þúsund á næsta ári, þá eigum við endilega að setja í forgang að hafa persónuafslátt milli hjóna að fullu millifæranlegan. Með þessum orðum er ég ekki að segja að ég sé á móti þessu frv. En ég er að velta fyrir mér forgangi. Sá áfangi sem verið er að stíga með þessu frv. kostar t.d. 100 milljónir og það er svipuð fjárhæð mundi kosta ríkissjóð að skattleggja ekki húsaleigubætur.

Ég spyr sjálfa mig hvort ég, ef ég væri fjmrh. og hefði einungis 100 milljónir til ráðstöfunar til þess að lækka einhvers staðar skatta, mundi nýta þessar 100 milljónir til þess að fara í þennan áfanga, stíga það skref að persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur milli hjóna, eða fara í að afnema skattlagningu á húsaleigubótum. Þetta eru spurningar sem við veltum fyrir okkur, þ.e. spurningar um forgang.

Meginástæðan fyrir því að ég kem í ræðustól er að spyrja hæstv. ráðherra nánar um afstöðu hans til þeirra leiða sem ég nefndi, varðandi barnakortið og varðandi millifæranlegan persónuafslátt eða óráðstafaðan persónuafslátt barna á aldrinum 16–19 ára. Ég er alveg sannfærð um að það væri veruleg kjarabót fyrir mörg heimili í landinu ef sú leið væri farin. Ég er raunverulega að leita eftir afstöðu ráðherrans til þessa, hvort að hann telji að þessi leið sé fær og hvort ég sem flm. þess frv. og sem hef mælt fyrir geti átt von á því á þessu kjörtímabili að fá stuðning ríkisstjórnarinnar við það sem ég hef talað hér fyrir.

[17:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö efnistriði í ræðu þingmannsins sem ástæða er til að reyna að svara. Ég ætla að víkja að síðara atriðinu fyrst, þ.e. spurningunni um svokölluð barnakort. Hvenær koma þau til framkvæmda, var spurt.

Ég hef áður upplýst það í þessum sal að engin ákvörðun liggur fyrir um það enn þá. Í stjórnarsáttmálanum segir að ríkisstjórnin vilji stuðla að því að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. M.a. verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Því er sem sagt ekki slegið föstu að sú framkvæmd verði endilega í formi barnakorta en það er nefnt í dæmaskyni að svo geti farið. Niðurstaðan liggur ekki fyrir í því efni. Stjórnarflokkarnir hafa ekki náð landi í því máli enn sem komið er. En ég ítreka það sem ég hef líka bent á áður í þingsalnum að stefnuyfirlýsingin gildir fyrir kjörtímabilið allt, eins og stendur í yfirlýsingunni, að helstu markmið ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu eru þau sem upp eru talin. Þess vegna er ekki sanngjarnt, hvorki hjá hv. síðasta ræðumanni né þeim sem áður hafa talað í umræðunni, að ætlast til þess að allt sem í þeim sáttmála og stefnuyfirlýsingunni stendur verði komið til framkvæmda nokkrum mánuðum eftir að stjórnin hefur endurnýjað samstarfssamning sinn. Það er ekki sanngjarnt og ekki hægt að ætlast til þess.

Við erum að tala um verkefni sem ætlunin er að vinna að á kjörtímabilinu og ég vona að okkur auðnist í góðu samkomulagi í stjórnarflokkunum að finna skynsamlega leið til að draga úr tekjutengingu í barnabótakerfinu.

Ég verð, herra forseti, að bíða með seinna atriðið þangað til í síðara andsvarinu.

[17:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enginn er að ætlast til þess að allt sem stendur skrifað í stjórnarsáttmálanum komist til framkvæmda á fyrstu mánuðum kjörtímabilsins. Það sem við erum að kalla eftir og spyrja um er forgangur ríkisstjórninnar, hvort eigi að vera í forgang að bæta stöðu barnafólks sérstaklega eða fara þá leið sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir.

Það sem er athyglisvert og hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra og hann hefur reyndar staðfest að ekki er samkomulag á milli Framsfl. og Sjálfstfl. um að komið verði á barnakortum upp á 30 þús. kr. eins og Framsfl. lofaði. Ég man ekki betur en hæstv. viðskrh. hafi aðspurður í sjónvarpi staðfest það þegar fréttamaður spurði hann hvort treysta mætti því að á kæmi barnakort og hann hafi svarað því játandi. Nú liggur það fyrir að ekki er samkomulag milli stjórnarflokkanna um að barnakortum verði sérstaklega komið á heldur vísar hæstv. ráðherra í stjórnarsáttmálann þar sem segir: t.d. með útgáfu barnakorta og öðrum sambærilegum aðgerðum. Þá er það ljóst og er út af fyrir sig ágætt að hafa það staðfest þó að það sé slæmt fyrir fólk sem hefur beðið eftir þessu og talið víst að komið væri á samkomulag milli stjórnarflokkanna um barnakort, það væri bara tímaspursmál, að ekki liggur fyrir neitt samkomulag milli stjórnarflokkanna um að hér verði komið á barnakorti á kjörtímabilinu eins og Framsfl. lofaði.

Að öðru leyti þætti mér vænt um ef hæstv. ráðherra hefði tök á að svara þeim spurningum sem ég beindi til hans um ónýttan persónuafslátt barna.

[17:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst þetta vera pínulítill orðhengilsháttur. Það er ekki komið samkomulag um þessa hluti. Það þýðir ekki að það sé endilega ósamkomulag. Það er bara ekki búið að leiða málið til lykta, það er ekki komin niðurstaða. Hvort sem menn kalla það barnakort eða eitthvað annað sem út úr því kemur, það kemur bara í ljós. En það stendur skýrum stöfum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, t.d. með útgáfu barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Viðskrh. hefur ekki gengið á bak orða sinna og ríkisstjórnin hefur ekki gert það og hún mun huga að þessum málum síðar meir þó að það verði ekki gert á þessu haustþingi.

Að því er varðar spurninguna um persónuafslátt barna eða unglinga, þá er það vissulega annað mál en hér er til umræðu en óneitanlega ekki mjög fjarskylt. Hins vegar er það miklu stærra mál vegna þess að það snýst um miklu hærri upphæðir. Þar værum við að tala um skattalækkun fyrir hvern ungling á bilinu 16–18 eða 19 ára upp á 20–26 þús. sem mundi renna til foreldranna eftir því hvort miðað er við 80% eða 100% persónuafslátt. Í þessu þingmáli erum við að tala um 5.000 kr. þegar málið er allt komið til framkvæmda þannig að það er náttúrlega allt önnur stærðargráða.

Spurt er hvort hægt sé að gera þetta í einhverjum áföngum (**JóhS:** Nema til einstæðra foreldra.) Nema til einstæðra foreldra já, það er líka ein hugmynd en ég vil ekki taka afstöðu til hennar í þessu andsvari en ég bendi á að slíkur stuðningur mundi kannski ekki alveg ríma við þá stefnu sem birtist í þessu frv. og hætt er við að slíkur stuðningur verði til þess að fjölga í hópi einstæðra foreldra frekar en í hópi fólks sem hættir að vera einstæðir foreldrar og ganga í sambúð eða hjónaband.

[17:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir orð hæstv. ráðherra finnst mér mjög óljóst hvenær barnafjölskyldur geti búist við því að það komist til framkvæmda sem Framsfl. lofaði í síðustu kosningum og í hvaða formi það verður. Það er mjög óljóst. En alla vega er ljóst að þetta er mál sem ríkisstjórnin setur ekki í forgang vegna þess að ekkert samkomulag er um málið milli Framsfl. og Sjálfstfl. Það liggur alveg fyrir.

Hæstv. ráðherra var líka ekki mjög skýr í orðum sínum að því er varðaði ónýttan persónuafslátt vegna barna. Ég geri mér alveg grein fyrir og sagði það í máli mínu að það kostaði miklu meira en frumvarpið sem við værum að ræða hér. En þetta er líka aðferð og leið sem á að taka í áföngum, eins og hér er verið að gera, og væri leið til þess að stuðla að því sem ríkisstjórnin segir í sáttmála sínum þ.e. að styrkja stöðu fjölskyldna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Ég get ekki séð að það treysti samheldni hennar og velferð að fækka þeim um 14 þúsund

sem geta notið barnabóta, og á sama tíma og við erum að fara þá leið að auka persónuafslátt milli hjóna að fækka þeim um 2 þúsund á næsta ári sem njóta barnabóta. Það er ekki fjölskylduvæn stefna. Hún er fjölskyldufjandsamleg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 17. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 17.

og

Breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 58. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 58.

[17:09]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveim frv. til laga, annars vegar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem felur í sér að húsaleigubætur verði skattfrjálsar og hins vegar fylgifrv. Verði fyrrnefnda frv. samþykkt leiðir það til þess að breyta þarf einnig lögum um félagslega aðstoð, lögum um almannatryggingar og lögum um húsaleigubætur. Síðarnefnda frv. er því einungis tæknilegs eðlis sem afleiðing af því ef hv. Alþingi samþykkir frv. um skattfrelsi húsaleigubóta.

Markmið þessa frv. er skýrt. Það er til þess að tryggja að markmiðum laga um húsaleigubætur verði náð sem felur í sér lækkun á húsnæðiskostnaði tekjulágra leigjenda og að draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Til að húsaleigubætur nái tilgangi sínum og lækki húsnæðiskostnað leigjenda er nauðsynlegt að farið verði með slíkar greiðslur eins og vaxtabætur þeirra sem búa í eigin húsnæði. En eins og við þekkjum eru vaxtabætur skattfrjálsar á sama tíma og húsaleigubætur bera skatt.

Ég hef haldið því fram og geri það í greinargerð með frv. og eins þegar ég mælti fyrir þessu á síðasta þingi, en þetta frv. hefur verið flutt á einum tveimur eða þremur þingum, að hér væri um brot á jafnræðisreglu að ræða. Skattalög eiga að vera hlutlaus gagnvart húsnæðiskostnaði. Undir það tekur í rauninni nefnd félmrh. sem fjallaði um reynsluna af húsaleigubótum og skilaði skýrslu til ráðherra. Mig minnir að það hafi verið í lok ársins 1995 eða 1996, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að skattlagningu húsaleigubóta verði aflétt. Markmið laga um húsaleigubætur er að niðurgreiða húsnæðiskostnað hjá tekjulágum einstaklingum til samræmis við vaxtabætur sem greiddar eru íbúðareigendum. Húsaleigubótum er ætlað að jafna húsnæðiskostnað leigjenda og draga úr þeim aðstöðumun sem ríkt hefur með tilliti til þess hvort um er að ræða eigendur eða leigjendur að íbúðum.

Nefndin telur skattlagningu húsaleigubóta því vera gróft brot á þeirri grundvallarreglu skattaréttar í jafnræðisreglunni að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar."

Þetta eru orð nefndar hæstv. félmrh. sem tekur undir það sem ég hef haldið fram og kveður fast að orði og segir að skattlagning húsaleigubóta sé gróft brot á þeirri grundvallarreglu skattaréttar í jafnræðisreglunni að skattleggja húsaleigubætur og mun ég fara nokkru nánar út í það.

Í fyrsta lagi, hverjir eru það sem njóta húsaleigubóta? Það er fyrst og fremst lægst launaða fólkið í þjóðfélaginu. Komið hefur fram að nálægt 60% þeirra sem nú fá húsaleigubætur eru atvinnulausir, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, námsmenn eða einstæðir foreldrar. Það er athyglisvert að næststærsti hópur þeirra sem fá húsaleigubætur eru t.d. námsmenn og kemur fram í skýrslu Félagsmálastofnunar Reykjavíkur fyrir árið 1998 að námsmenn eru 1.054 af 3.478 sem fengu húsaleigubætur í Reykjavík eða nálægt þriðjungur.

Þá vil ég aðeins fara út í áhrif þess að skattleggja húsaleigubætur vegna þess að skattlagning húsaleigubóta mismunar ekki bara fólki eftir því hvort það er í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði, þ.e. þeir sem eru lægst launaðir og eru í leiguhúsnæði þurfa að borga skatt af húsaleigubótum, heldur skerðir slík skattlagning í ofanálag barnbætur þessa fólks og námslán.

Í greinargerð með frv. kemur fram að þetta hefur áhrif til lækkunar á barnabótum en skerðingahlutfall barnabóta vegna tekna nemur 5% fyrir eitt barn, 9% fyrir tvö börn og 11% ef börnin eru þrjú eða fleiri. Þetta reiknast sem tekjur og skerðir því barnabætur hjá þeim sem fá húsaleigubætur. Það væri fróðlegt að reyna að afla upplýsinga um það hve margir af þeim sem fá húsaleigubætur hafa orðið fyrir skerðingu líka á barnabótum.

Þegar við tölum um námsmenn þurfa þeir í ofanálag að búa við það að námslán þeirra eru skert.

Ég leyfði mér á síðasta þingi að beina því til hæstv. menntmrh. hvort hann sæi ekki ástæðu til þess að bregðast við því að húsaleigubætur skertu námslán. Svo einkennilega vill til að það er alfarið á valdi stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna hvort húsaleigubæturnar skerða námslánin eða ekki. Lögin framselja stjórn LÍN vald til að ákveða fjárhæð námslána og úthlutunarreglur, þar með taldar reglur um hvað telja skuli til tekna við útreikning námslána. Tekjur, eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, koma til frádráttar við útreikning á námslánum.

Þarna hefur stjórn LÍN ákveðið að húsaleigubætur skuli teljast til tekna. Samkvæmt úthlutunarreglum koma húsaleigubætur m.a. til frádráttar af námslánum. Ég get tekið sem dæmi um þessi áhrif útreikning sem ég hef undir höndum um raunverulegt dæmi hjá námsmanni. Hann borgaði tæplega 30 þús. kr. í húsaleigu og er með tæpar 13 þús. kr. í húsaleigubætur. Ef þessi námsmaður vinnur sér inn 185 þús. kr. yfir árið er skerðing á heildarláni yfir skólaárið vegna húsaleigubóta rúmar 76 þús. kr. Þarna er verið að mismuna námsmanni eftir því hvort hann er í leiguhúsnæði eða á eigið húsnæði. Ef hann á eigið húsnæði og fær vaxtabætur þá skerðir það ekki námslánin en húsaleigubætur skerða námslánin.

Hver er afstaða hæstv. fjmrh. til slíkrar mismununar? Við getum einangrað þetta ákveðna mál, námslánin sem er í höndum stjórnar LÍN að breyta. Það verður samt fróðlegt að vita afstöðu hæstv. ráðherra til þess.

Ljóst er að eftir að sveitarfélögin breyttu því að niðurgreiða leiguíbúðir og færa leiguna undir kostnaðarleigu, þá skapaðist ákveðið bil þar á milli þannig að fólk þurfti að greiða hærri húsaleigu sem var ekki brúuð af húsaleigubótum. Munurinn var það mikill. Ég fór yfir það á síðasta þingi

og ætla ekki að gera það neitt ítarlegar hér en þar gat munað kannski 5–6 þús. kr. á mánuði. Láglaunafólk með 60–80 þús. kr. munar um það.

Ég hef talið upp fjórar meginástæður fyrir því að þessi leið verði farin. Í fyrsta lagi eiga skattalögin að vera hlutlaus gagnvart húsnæðiskostnaði. Við eigum að líta á aðstoð samfélagsins við einstaklinga og fjölskyldur til að koma yfir sig þaki, hvort sem er með húsaleigubótum eða vaxtabótum og fara eins með það í skattalegu tilliti. Það er fyrsta ástæðan. Það er brot á jafnræðisreglunni að gera annað.

Í annan stað lækkar þetta barnabætur og skerðir þær. Í þriðja lagi skerðir þetta námslánin og í fjórða lagi, vegna þeirra breytinga sem sveitarfélögin gerðu á niðurgreiðslu á leigu, getur skapast ákveðin mismunun þarna á milli, þ.e. að húsaleigubæturnar bæti það ekki nákvæmlega að hafa farið úr niðurgreiðslunni yfir í húsaleigubætur til þess að greiða niður leiguna. Að vísu veit ég að Reykjavíkurborg hefur reynt að mæta þessu, að ég held, með því að hækka fjárhagsaðstoð til þessara einstaklinga.

Ég man eftir því að ég og hæstv. ráðherra ræddum þetta nokkuð þegar ríkisstjórnin var að fara út í að loka félagslega húsnæðiskerfinu og breyta niðurgreiðsluforminu þannig að vaxtabætur væru greiddar á þriggja mánaða fresti. Þá kom fram sú afstaða hæstv. ráðherra að hann teldi ekki rétt að fara þá leið að hafa húsaleigubætur skattfrjálsar. Hann notaði þau rök að bætur utan skattkerfisins ætti að skattleggja eins og húsaleigubætur en ef það væri innan skattkerfis eins og vaxtabætur þá ætti ekki að skattleggja það. Mér finnast það, herra forseti, heldur rýr rök miðað við þau sem ég hef teflt fram.

Ég get líka nefnt fjárhagsstyrki sveitarfélaga. Mér finnst alveg út úr kortinu þegar veita þarf fjárhagsaðstoð, þegar fólk nær ekki endum saman og sveitarfélögin þurfa samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga að greiða þessu fólki fjárhagsstyrki, að þá þurfi skattakrumla ríkisins að fara í þá fjárhagsaðstoð þannig að úr verður vítahringur. Fólk fær fjárhagsstyrk frá sveitarfélaginu en þarf að borga skatta af því og leitar þá aftur til sveitarfélaganna til að geta borgað skattana. Mér finnst allt mæla með því að afnema skattlagningu á húsaleigubótum og einnig að hætta skattlagningu á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Nú getum við spurt: Erum við að ræða um einhverjar stórar fjárhæðir í þessu sambandi? Nei, við erum ekki að ræða um stórar fjárhæðir í þessu sambandi. Samkvæmt því sem fram kemur í frv. námu greiðslur húsaleigubóta á árinu 1997 321 millj. kr. Að teknu tilliti til þess að ýmsir geta nýtt sér persónuafslátt til greiðslu skatta af húsaleigubótum má ætla að tekjutap ríkissjóðs verði um 100 millj. á ári nái frv. þetta fram að ganga. Það er sama fjárhæð og við ræddum áðan um að ganga eigi til að stíga skref í átt að því að persónuafsláttur milli hjóna verði að fullu millifæranlegur. Þessi fjárhæð yrði sennilega aðeins hærri af því að nú er árið 1999 en á árinu 1998 voru húsaleigubæturnar 339 millj. á móti 321 millj. 1997. Þá er ágætt að geta þess í leiðinni að framlag ríkissjóðs til húsaleigubóta í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er innan við 300 millj., var 285 millj. á þessu ári að mig minnir og hækkar um 5–8 millj. á næsta ári. Við erum því ekki að ræða um stórar fjárhæðir heldur um ákveðið prinsippmál.

Mér finnst, herra forseti, að hæstv. fjmrh. þurfi að tefla fram gildari rökum en hann hefur gert. Það má vel vera og ég mun virða það ef hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að þetta séu nægjanlega góð rök fyrir að skattleggja húsaleigubætur en það er fjarri því að ég sé sammála hæstv. ráðherra í því efni.

Ég þarf ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta frv. Ég hef rætt þetta áður og þingmenn þekkja afstöðu mína til þess. Þó verður ekki hjá því komist, herra forseti, í umræðu um húsaleigubætur sem tengjast stöðu leigjenda og þörfinni fyrir leiguhúsnæði, að ræða upplýsingar sem komu hér fram fyrir nokkrum dögum þegar ég gat því miður ekki verið viðstödd. Þær komu fram í svari hæstv. félmrh. við fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar um þörfina á leiguhúsnæði. Ef við höfum takmarkað leiguhúsnæði, sem við vissulega höfum, þá þarf fólk að sækja meira út á almenna markaðinn í leiguhúsnæði þar. Það kallar á meiri húsaleigubætur. Hæstv. ráðherra upplýsti í þeirri umræðu að Íbúðalánasjóður hefði lofað lánum til 476 íbúða. Hann nefndi að leiguíbúðaumsóknir til Íbúðalánasjóðs frá 14 sveitarfélögum væru samtals 272 íbúðir og frá 11 félagasamtökum 296 íbúðir. Í beinu framhaldi sagði hann að Íbúðalánasjóður hefði lofað 476 íbúðum. Síðan sagði ráðherra, svo ég vitni orðrétt í ræðu hæstv. félmrh., með leyfi forseta:

„Ég skipaði í fyrra nefnd til að gera úttekt á leigumarkaðnum hér á landi og kanna þörf fyrir leiguíbúðir næstu ár í samráði við fulltrúa sveitarfélaga og aðra félagslega byggingaraðila, ASÍ og BSRB. Nefndinni var jafnframt falið að meta nauðsyn þess að gera breytingar á húsaleigulögunum. Gagnasöfnun þeirrar nefndar er lokið. Það má reikna með að í kringum 1.500 fjölskyldur eða einstaklingar óski eftir leiguíbúð og þegar á þessu ári er þriðjungnum af þeirri þörf svarað."

Ráðherrann var áður búinn að segja að Íbúðalánasjóður hefði lofað lánum til 476 íbúða á þessu ári og þriðjungnum af þörfinni væri svarað en 1.500 fjölskyldur væru núna á biðlista eftir leiguíbúðum. Þetta er bara alrangt og alvarlegt að hæstv. félmrh. skuli setja fram rangar staðhæfingar. Ég fullyrði að þær eru rangar. Mér þykir það miður, herra forseti, að hæstv. félmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu. Í gögnum mínum eru allt aðrar tölur sem ég vil fara yfir hér. Þar eru staðreyndir málsins.

Hæstv. ráðherra nefndi einnig og það er ágætt að geta þess að á árunum 1991–1997 hefði að meðaltali verið úthlutað lánum til 270 leiguíbúða. Þetta er líka rangt hjá hæstv. ráðherra. Hann var þá að gera samanburð við árin sem ég nefndi, 1991–1997, að þá hefðu lánin einungis verið til 270 leiguíbúða en núna á þessu ári væru það 476 og búið væri að fullnægja þriðjungi af þörfinni. Staðreyndin er sú að hæstv. ráðherra blandar mjög mikið tölum. Á þessu ári hefur einungis verið lánað til 120 leiguíbúða með 1% vöxtum. En aftur á móti hefur verið lánað til á annað hundrað íbúða á 3,2% vöxtum. Þessi lán, sem eru eitthvað vel á annað hundrað, hafa að mestu gengið til félagasamtaka, þar á meðal til námsmanna og stúdenta. Leigan hjá þeim hefur þannig hækkað mjög mikið. Við erum að bera saman ólíkar tölur þegar við erum að tala um leiguna með 1% vöxtum eða leigu með 3,2% vöxtum.

Ég minni á að þegar félagslega kerfið var við lýði, áður en því var lokað um síðustu áramót, þá voru vextir þar 2,4% fyrir eignaríbúð. Þessu til viðbótar, til að fá töluna 476, telur ráðherrann einnig til að ég held 150–180 íbúðir af þessum 476 sem eiga að koma í gegnum innlausn sveitarfélaga á endursöluíbúðum og yrði hugsanlega breytt í leiguíbúðir en ekkert liggur fyrir um. Þær eru með 2,4% vöxtum. Ráðherrann hefur því farið með rangt mál úr þessum ræðustól.

Það verður að kalla eftir því með einum eða öðrum hætti að ráðherrann svari fyrir þær tölur sem hann nefndi.

Ef við tökum árin 1990–1997, þar sem ráðherra nefndi bara 270 íbúðir á ári, þá voru það leiguíbúðir með 1% vöxtum sem fóru niður í 29 íbúðir á árinu 1997. Ef ég tæki endursöluíbúðirnar með því eins og hæstv. ráðherra gerði þá voru þær á bilinu 500–800 á þessu tímabili og flestar á árinu 1991, þá voru nýjar íbúðir um 800. Þetta er auðvitað ekki í fyrsta skiptið sem ráðherrann hefur farið með rangt mál í ræðustól. Í því sambandi vil ég minna á að það þurfti að fara með svör sem hann gaf þinginu um húsnæðismálin, af því að svör Húsnæðisstofnunar hentuðu ráðherranum ekki, alla leið til Ríkisendurskoðunar til þess að fá hrakta vitleysuna úr hæstv. félmrh.

Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi hér fram og það sem ekki hefur farið hátt að hæstv. ráðherra hefur hækkað vextina. Hæstv. félmrh. hefur hækkað vextina upp í 3,2% og af viðbótarlánunum 4,38%, ef ég man rétt. Þetta segir auðvitað mikið til sín í greiðslubyrðinni. Ég ætla að minna á það líka að ég sé ekki betur á fjárlögunum en að verið sé að lækka framlögin. Ég spyr hæstv. fjmrh. um það að verið sé að lækka framlögin til niðurgreiðslu á leiguíbúð eða félagsleglegum íbúðum frá síðasta ári. Mig minnir að ekki séu nema 100 milljónir á fjárlögum næsta árs en hafi verið 180 milljónir á þessu ári. Hvað segir það okkur? Ef við erum að lækka framlögin þá erum við að hverfa algjörlega út úr niðurgreiddum vöxtum á leiguíbúðum. Þá hljóta að vera enn færri íbúðir á næsta ári sem hægt er að úthluta með 1% vöxtum. Ég spyr ráðherrann um hvað það þýðir að lækka framlögin úr 180 milljónum í 100 milljónir á næsta ári. Allt hefur þetta áhrif á húsaleigumarkaðinn, framboð á leiguhúsnæði og hvort fólk sé orðið ofurselt almenna markaðnum þar sem leigan hefur hækkað um 50–80% og að það skuli vera þannig í þessu þjóðfélagi sem kennir sig við velmegun að láglaunafólk þurfi að borga fyrir tveggja til þriggja herbergja íbúð kannski 60–70 þús. kr. Það er eitthvað að í slíku þjóðfélagi þegar staðan þannig. Ég sé ekki betur en að hæstv. ríkisstjórn sé að hverfa enn fjær því að láglaunafólk geti lifað sómasamlegu lífi og komið sér þaki yfir höfuðið.

Ég vil líka nefna það af því hæstv. ráðherra félagsmála nefndi að það væru 1.500 manns ... (Gripið fram í.) Ég spyr, er hæstv. félmrh. í húsinu?

(**Forseti** (GÁS): Hæstv. ráðherra er ekki í húsinu.)

Hæstv. ráðherra nefndi að niðurstaðan úr nefnd, sem m.a. ASÍ og BSRB ættu aðild að, væri sú að 1.500 manns biðu en ég tel að talan sé miklu hærri. Miðað við það sem ég hef verið að kanna hjá námsmönnum, hjá sveitarfélögum, hjá Örykjabandalaginu, held ég að þeir séu miklu nær 2.000 sem eru á biðlista. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra félagsmála geri þessa skýrslu opinbera. Mig minnir að nefndarstarfið hafi verið sett af stað í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögunum um Íbúðalánasjóðinn um að þörfin fyrir leiguhúsnæði yrði könnuð í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Ég sé ekki betur í svari hæstv. félmrh. til hv. þm. Ögmundar Jónassonar en að hann sé að vitna í niðurstöðu nefndarinnar þar sem hann nefnir að 1.500 fjölskyldur séu í þörf fyrir leiguíbúðir en ég tel að talan sé miklu nær 2.000. Auðvitað er fjarstæða, herra forseti, að ráðherrann komist upp með að segja að þegar á þessu ári sé búið að uppfylla þriðjunginn af þessari þörf sem þýðir að það séu ekki nema 1.000 manns á biðlista vegna þess að staðreyndirnar tala allt öðru máli.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa mál mitt lengra. Ég hef beint ákveðnum spurningum til hæstv. fjmrh. sem ég þakka fyrir að hefur setið undir umræðunni og geri mér vonir mér um að hann blandi sér í í umræðuna og svari þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hans.

[17:34]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Aðeins til að leggja þessu máli lið. Það hefur auðvitað sýnt sig að núverandi húsaleigubótakerfi er algerlega búið að sanna gildi sitt og er mjög mikilvægt að hafa það í huga. Það hefur gert það að verkum að markaðurinn hefur komið upp á yfirborðið. Hann var áður fyrst og fremst neðan jarðar og leigan há og er enn reyndar. Leiguhúsnæði sveitarfélaganna er komið inn í þetta kerfi sem ekki var í upphafi þess. Enda þótt enn séu mjög langir biðlistar eftir húsnæði hjá sveitarfélögunum er reynt aðeins að saxa á það með ýmsum ráðum. Með því að reyna að nýta húsnæðið fyrst og fremst til þeirra sem eru í neyð og hafa ákveðin tekjuviðmið þannig að það sé ekki svo að ef fólk fer inn í íbúð hjá sveitarfélagi og fari það aldrei þaðan út aftur af því það er einu sinni komið inn.

Það að húsaleigubætur eru skattlagðar hefur haft í för með sér ákveðinn viðbótarkostnað hjá sveitarfélögunum, bæði í starfsmannahaldi og öðru. Það hefur þurft aukningu í stöðugildum. En það sem er kannski best við þetta kerfi er að það er búið að sanna sig að því leyti að það nýtist þeim sem hafa minnstar tekjur og þar með erum við strax búin að ná mjög miklum árangri. Það hefur alla tíð verið skoðun mín og hefur líka verið skoðun sveitarfélaganna að húsaleigubætur á að leggja að jöfnu við vaxtabætur. Það er réttlætismál og spurning um að líta á það þannig. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi áðan þá kom það einmitt fram í skýrslunni frá 1997, um húsaleigubæturnar, að það að húsaleigubætur skuli vera skattlagðar væri brot á jafnræðisreglunni sem talin er megingrundvöllur skattaréttar. Það var niðurstaða þess hóps. Það sem er líka mjög mikilvægt að hafa í huga er að Norðurlöndin, sem við viljum bera okkur saman við, hafa langa og mikla reynslu af húsaleigubótakerfi og þar eru þær ekki skattlagðar. Því finnst mér að við eigum að stíga þetta skref.

[17:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil blanda mér örlítið í umræðuna. Aðeins út af fyrirspurnum hv. 1. flm. en einnig til þess að skýra þetta mál nokkuð. Ég verð að segja að ég mun leiða hjá mér þann langa kafla ræðu framsögumanns sem laut að meintum afglöpum kollega míns, hæstv. félmrh., og verð ég að segja að það er heldur óvenjulegt og óviðeigandi að hella úr skálum reiði sinnar með þeim hætti sem hér var gert án þess að gera viðkomandi ráðherra viðvart og gefa honum kost á að svara fyrir sig.

En það sem mál sem er til umræðu snýst um skattfrelsi húsaleigubóta. Ástæðan fyrir því að þær eru skattlagðar en ekki vaxtabætur er, eins og hv. þm. sagði og vísaði til orða minna um það frá því áður, að vaxtabæturnar eru hluti skattkerfisins. Ekki er nóg með það að þær séu innan skattkerfisins, þær eru hluti af kerfinu, alveg eins og barnabæturnar. Menn fá þær borgaðar út úr skattkerfinu við álagningu og þeim er skuldajafnað upp á móti öðrum sköttum o.s.frv. Auðvitað væri fáránlegt ef skattkerfið mundi til að mynda skattleggja barnabætur sem eru í eðli sínu eins

konar neikvæður tekjuskattur. Það er skýringin á þessu með vaxtabæturnar.

Húsaleigubæturnar eru hins vegar bætur sem greiðast af sveitarfélögunum og þau fá reyndar til þess nokkurt framlag úr ríkissjóði í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, eins og kom fram í framsögu, á bilinu 280–300 millj. kr. að ég hygg um þessar mundir. En menn verða að hafa í huga að hin almenna regla skattalaganna er sú að allar tekjur eða greiðslur eru skattskyldar með örfáum undantekningum. Þetta á t.d. við um allar tryggingabætur. Þetta á við um greiðslur úr Tryggingastofnun, þetta á við um meðlög og alls kyns styrki og verðlaun og fleira þess háttar, þó að því undanteknu að líftryggingarbætur, dánarbætur og miskabætur og bætur fyrir varanlega örorku eru skattfrjálsar. En þessi almenna regla hefur leitt til þess að t.d. framfærslustyrkir sveitarfélaga hafa hingað til verið skattskyldir og meira að segja í staðgreiðslu að ég hygg sem og aðrir framfærslustyrkir sem um er að tefla. Þetta mál er ekki svo einfalt að það sé bara hægt að segja að það sé slíkt smámál að það eigi að kippa því í liðinn og kosti ekki nema 100 milljónir að gera það. Hér er sem sé verið að tala um umtalsvert frávik frá þeirri meginreglu skattalaga sem ég hef gert að umtalsefni. Það væri þá miklu nær að leggja til að miklu stærri flokkur tekna yrði undanþeginn skatti en það er heldur ekki raunhæf tillaga.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því að ekki hefur verið gerð nein úttekt á því hversu margir sem njóta húsaleigubóta borga skatt, eða borga skatt af þessum bótum. Gera má ráð fyrir því að einhver hluti þessa fólks borgi alls engan skatt. Þess vegna er ekki hægt að hjálpa því fólki frekar með því að afnema skattinn af bótunum ef þau borga hann ekki. Þar er líka spurning sem vaknar í tengslum við þetta atriði. Ég vil bæta því við að sveitarfélögin fá auðvitað útsvar af þessum húsaleigubótum alveg eins og ríkið fær tekjuskatt þegar um það er að ræða, útsvarið greiðist reyndar alltaf hvort sem fólk borgar skatt að öðru leyti eða ekki og ríkið borgar þá mismuninn eins og kunnugt er þannig að hér er líka verið að leggja til tekjurýrnun hjá sveitarfélögunum. Það hefur dálítið verið um það talað að undanförnu að Alþingi hafi sett lög sem hafi bitnað á sveitarfélögunum. Þetta mundi þá falla í þann hóp ef frv. yrði lögfest og er nú umhugsunarefni út frá því sjónarmiði.

En aðalatriði málsins er það að húsaleigubæturnar falla í sama flokk og aðrar bætur sem fólki eru greiddar utan skattkerfisins og lúta þar af leiðandi sömu lögmálum. Meðan ekki er tekin almenn ákvörðun og breytt þeirri stefnu sem hefur verið uppi í skattkerfinu um áratuga skeið og undanþiggja þessar bætur allar og allar þessar greiðslur skatti hljóta húsaleigubæturnar að falla áfram í þann sama flokk. Þetta held ég að mönnum hafi verið ljóst sem á sínum tíma beittu sér fyrir að húsaleigubætur voru teknar upp, menn vissu vel að þær yrðu skattskyldar og ég hygg að áreiðanlega hafi verið tekið tillit til þess þegar fjárhæð bótanna var ákveðin. Með öðrum orðum, bæturnar eru hærri en þær hefðu verið ef þær hefðu verið skattfrjálsar. Þetta held ég að liggi nokkuð ljóst fyrir, herra forseti.

[17:44]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er auðvitað langt frá því að vera sammála honum og ég spyr hann um það hvort hann telji það ekki brot á jafnræðisreglunni að telja húsaleigubætur til tekna og mismuna þannig fólki. Þetta er aðstoð samfélagsins við fólk við húsnæðisöflun. Finnst hæstv. ráðherra ekki að skattalögin eigi að vera hlutlaus gagnvart slíkum húsnæðiskostnaði? Mér finnst, herra forseti, að það eigi að líta á þetta allt öðrum augum en ráðherrann var að nefna, að bera þetta saman við t.d. lífeyrisgreiðslur o.s.frv. Við erum að tala um sambærilega hluti þegar við erum að tala um aðstoð samfélagsins til húsnæðisöflunar. Það vill bara svo til að um er að ræða láglaunafólk sem getur ekki keypt sér húsnæði og af því að það getur ekki keypt sér húsnæði þarf að taka skatt af þeirri aðstoð sem það fær í gegnum húsaleigubætur. Af því að hæstv. ráðherrann nefndi að sveitarfélögin fái útsvar af því að húsaleigubætur eru skattlagðar vil ég minna á að a.m.k. Reykjavíkurborg, ef ekki Samband ísl. sveitarfélaga, hefur talað mjög ákveðið fyrir því að húsaleigubætur verði skattfrjálsar, jafnvel þó að sveitarfélögin missi af þessum tekjum af því að sveitarfélögin gera sér grein fyrir því að hér er á ferðinni réttlætis- og sanngirnismál sem allt mælir með að hljóti sömu meðferð og húsaleigubætur. Þess vegna veldur það mér miklum vonbrigðum að heyra hér svör ráðherrans og þau gefa mér vissulega ekki mikið tilefni til þess að ætla að meðan þessi ríkisstjórn er við völd verði skattar af húsaleigubótum afnumdir. Enda held ég að það sé svo að það sé bara Sjálfstfl. sem leggist gegn því að húsaleigubætur verði skattfrjálsar vegna þess að ég man ekki betur en að það sé skoðun hæstv. félmrh. að ekki eigi að skattleggja húsaleigubætur.

[17:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þessi spurning um jafnræðisregluna. Af hverju ætti að taka ákveðna tegund af framfærslustyrkjum og undanþiggja þá skattlagningu en ekki aðra tegund? Af hverju ætti að taka þessar bætur út úr skattlagningu á meðan aðrar bætur, frá sveitarfélögunum til að mynda, eru skattskyldar? Ég held að það sé miklu nærtækari samanburður en að miða þetta allt saman endilega við vaxtabæturnar sem eru eins og ég er margbúinn að segja hluti af sjálfu skattkerfinu.

Hv. þm. gerði það að umtalsefni í framsögu sinni að það ætti bara að undanþiggja alla framfærslustyrki eða félagslega aðstoð skatti og talaði um vítahring í því sambandi. Það er reyndar ekkert alltaf svo. Fólk getur lent í þeirri aðstöðu að þurfa að leita sér félagslegrar aðstoðar hjá sínu sveitarfélagi vegna tímabundinna og algjörlega ófyrirséðra erfiðleika án þess að fólk sé varanlega á flæðiskeri statt eða að það geti ekki staðið undir skattgreiðslu af slíkum bótum þegar upp er staðið. Það er allur gangur á því máli. Það er líka varhugavert að gera því sífellt skóna að fólk sem á einhverju skeiði ævinnar þarf á aðstoð að halda, hvort sem það eru húsaleigubætur eða annað, sé þar með varanlega komið í slíka aðstöðu. Vonandi getur fólk sem nýtir sér húsaleigubætur nú notið góðs af vaxtabótakerfinu á morgun. Við búum sem betur fer í samfélagi þar sem fólk skiptir um hlutverk og heldur áfram að þróa sína stöðu og bæta sín kjör. Það er ekki hægt að hugsa um þetta eins og ljósmynd þegar þetta er raunverulega miklu líkara kvikmynd.

[17:48]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við verðum að horfa blákalt á þá staðreynd að hópur fólks í þjóðfélaginu er ekki í stöðu til að geta eignast húsnæði. Fólk sem er með 60–100 þús. kr. tekjur er bara ekki í þeirri stöðu. Á meðan kjörin eru ekki betri

í þjóðfélaginu þá breytist sú staða ekki. Það er sú staðreynd sem blasir við. Ég velti því fyrir mér hver sé eðlismunur á aðstoð samfélagsins annars vegar í formi húsaleigubóta og hins vegar í formi vaxtabóta. Hæstv. ráðherra kallar þetta ákveðna tegund af framfærslustyrk. Það mætti eins segja um vaxtabæturnar að þær eru ákveðin aðstoð eða styrkur, styrkur við þá sem eru í þeirri stöðu að geta eignast húsnæði. Ég sé því ekki eðlismuninn á þessu. Ég veit ekki betur en að annars staðar, a.m.k. á Norðurlöndunum, sé aðstoð samfélagsins við þá sem eru á leigumarkaði í formi niðurgreiðslu sem þessarar ekki skattskyld. Hún er ekki skattskyld. Mér finnst því illa farið með fólk sem er ofurselt leigumarkaðnum með því að mismuna þeim sem geta eignast húsnæði og hinum sem þurfa að vera á leigumarkaðnum og borga mjög dýra leigu, leigu sem hefur hækkað, eins og ég nefndi áðan, mjög mikið á nokkrum mánuðum út af þeim breytingum sem ríkisstjórnin gerði á húsnæðislöggjöfinni um síðustu áramót. Því segi ég enn og aftur, herra forseti, að mér finnst rök hæstv. ráðherra ekki fullgild og þó að hæstv. ráðherra telji að það eigi að setja fjárhagsaðstoð og lífeyrisgreiðslur undir annan hatt en vaxtabætur, þá tel ég að húsaleigubæturnar skeri sig úr vegna eðlis þeirra. Ég vitna aftur í nefnd félmrh. sem sagði orðrétt:

„Nefndin telur skattlagningu húsaleigubóta því vera gróft brot á þeirri grundvallarreglu skattaréttar í jafnræðisreglunni að skattleggja húsaleigubætur á sama tíma og vaxtabætur eru skattfrjálsar."

Það getur vel verið, herra forseti, að nauðsynlegt verði að fá úrskurð lögfræðinga um það hvað er rétt í þessu efni.

[17:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég þekki ekki þessa skýrslu en mér er til efs að margir sérfróðir menn um skatta hafi setið í þeirri nefnd sem hana samdi. Ég skal líka viðurkenna að ég þekki ekki nægilega vel hinar norrænu reglur um skattlagningu eða skattfrelsi húsaleigubóta. En eftir stendur það sem ég sagði áðan að þegar þetta kerfið var tekið upp þá vissu menn að þetta yrði skattskylt og bæturnar voru ákveðnar með tilliti til þess, sem sagt hærri en ella hefði verið. Svo mega menn ekki gleyma því, eins og ég hef getið um, að margir geta notið góðs af húsaleigubótum sem seinna munu nota sér vaxtabótakerfið. Ég veit ekki betur en til að mynda stúdentar á hjónagörðum og víðar geti hagnýtt sér húsaleigubótakerfið meðan þeir búa þar. Vonandi mun þeim flestum auðnast að geta fjárfest í eigin húsnæði þegar fram líða stundir. Þetta er ekki staðnað kerfi. Fólk er ekki fast á einum stað í kerfinu. En mér finnst hv. þm. hafa dálitla tilhneigingu til þess að gera því skóna að ákveðnir hópar fólks séu fastir í einhverjum gildrum í þjóðfélaginu og þá finnst mér að við eigum að hjálpa fólki að komast upp úr slíkum gildrum, veita því til að mynda fjárfestingarstyrki sem vaxtabæturnar auðvitað eru ef grundvöllur er fyrir því, gera því fólki kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið en ekki að festa það í aðstöðu sem það vill sjálft komast út úr.

[17:52]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur um margt verið fróðleg umræða, eins og hún reyndar var þegar málið var lagt fram síðast, af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þá komu einmitt fram þau rök að sveitarfélögin töpuðu tekjum ef hætt yrði við að skattleggja húsaleigubæturnar. Nú brá hins vegar svo við að í umsögnum sem efh.- og viðskn. Alþingis fékk um málið — það voru 14 umsagnir eins og fram kemur í greinargerðinni — voru Samband íslenskra sveitarfélaga í heild sinni, Akureyrarbær, Leigjendasamtökin og Reykjavíkurborg, því sammála að það ætti að hætta skattlagningu á húsaleigubæturnar. Við gerum okkur öll grein fyrir því að fjárhagur margra stærri sveitarfélaganna er mjög bágborinn, og þeirra minni líka, m.a. vegna þess að þau hafa tekið að sér aukin verkefni frá ríki, en tekjustofnarnir hafa ekki fylgt með. Það þarf að fara fram heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og skiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og mjög nauðsynlegt að það gerist sem allra fyrst.

Hækkandi verð á húsaleigumarkaði, sérstaklega í Reykjavík, sem er tilkomið m.a. vegna hins mikla fólksflótta af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið þar sem þörfin fyrir húsnæði hefur aukist gífurlega, og einnig breytinganna sem gerðar voru á húsnæðiskerfinu fyrir ekki löngu síðan. Þetta tvennt hefur áhrif á leiguverð og hefur haft sitt að segja fyrir þá sem eru á leigumarkaðnum, þ.e. verðið hefur hækkað gífurlega og þörfin fyrir húsaleigubæturnar er meiri núna en hún hefur verið nokkru sinni áður, ekki síður þá sem eru bara tímabundið á þessum markaði eins og t.d. námsmenn sem dvelja tímabundið í Reykjavík eða í þeim sveitarfélögum þar sem húsaleigubætur eru greiddar.

Það er mjög sérkennileg staða ef tekið er dæmi af ungum hjónum með tvö börn sem búa í 40–50 km fjarlægð frá Reykjavík og annað þeirra stundar nám hér við háskóla, og farið að skoða leigumarkaðinn. Þá kemur það þannig út að það er ódýrara fyrir viðkomandi námsmann að keyra á hverjum degi til Reykjavíkur, meira að segja á þessu dýra bensíni sem við búum við, heldur en að flytja til Reykjavíkur með fjölskylduna. Það er ódýrara að keyra til Reykjavíkur á hverjum degi og leigja úti á landi í litlu þorpi. Samanlagt kostar þetta minna en að leigja þriggja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Húsaleigubætur námsmanna skerða námslánin. Hins vegar skerðast ekki námslánin eins og hér hefur komið fram hjá þeim sem eru það vel settir eða eiga það sterka að að þeir geta keypt sér húsnæði og njóta vaxtabóta á meðan á námi stendur. Mér finnst ekki síður ástæða til að huga að þessu unga fólki sem tímabundið er í leiguhúsnæði en þeim sem eru í leiguhúsnæði um lengri tíma vegna þess að þetta er liður í því að aðstoða ungt fólk við að byggja upp sitt líf og koma undir sig fótunum. Að stórum hluta eru á leigumarkaðnum ungar fjölskyldur sem þurfa að fá húsaleigubætur, fólk sem ýmist er að hefja búskap á höfuðborgarsvæðinu þar sem leiga er langdýrust og kemur verst niður á þeim hópu eða einstæðum foreldrum. Að langstærstum hluta eru einstæðir foreldrar á leigumarkaði en ekki í eigin húsnæði. Einstæðir foreldrar hafa þyngstu framfærslubyrðina, minnstar tekjurnar samkvæmt skoðanakönnunum og eru í leiguhúsnæði. Einstæðir foreldrar koma ekki til með að njóta þeirra ráðstafana sem hér var verið að ræða rétt áðan, þ.e. millifæranlegs persónuafsláttar vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að einstæðir foreldrar geti nýtt ónýttan persónuafslátt barna. Þar af leiðandi eru kjör þessa hóps yfirleitt mjög erfið og hafa versnað til muna við það að húsaleigan hefur hækkað eins og raun ber vitni að undanförnu.

Einhver dæmi eru um það að við þingmenn höfum fengið til okkar í viðtöl fólk sem búið er að segja upp húsnæði sem áður var á viðráðanlegu verði en búið er að segja því upp

vegna þess að markaðurinn býður allt önnur kjör en samið var um fyrir ári síðan. Fólk sem hefur haft á leigu þriggja herbergja íbúðir og borgað fyrir þær 30–45 þús. kr. eftir því hvar þær eru staðsettar í Reykjavík, býr við það núna að fá uppsagnarbréf þar sem það er alveg ljóst að eigandi íbúðarinnar getur leigt hana aftur á að lágmarki 70–80 þús. kr. Þetta er sá raunveruleiki sem við búum við í dag. Það er veruleg þörf á því að breyta lögum sem lúta að skattlagningu húsaleigubótanna, ekki síst í ljósi þess að það er láglaunafólkið sem fyrst og fremst hefur notið þessara húsaleigubóta og að félagslegum úrræðum hefur fækkað. Vextirnir hafa verið hækkaðir og láglaunafólk, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi áðan, þ.e. fólk sem býr við taxtalaunin og er vissulega töluverður hópur í þjóðfélaginu, hefur ekki notið þess launaskriðs sem verið hefur eða þess góðæris sem engum dettur í hug að mæla á móti að átt hafi sér stað. Engu að síður búa mjög stórir hópar við mjög lág laun. Það er þetta fólk sem hefur ekki getað fjárfest í húsnæði, er því á leigumarkaðnum og þarf á þessum bótum að halda, nú frekar enn nokkru sinni áður.

Ég tek undir það sjónarmið sem þarna kemur fram að það er eðlilegt að húsaleigubæturnar séu ekki skattlagðar og þarf ekki endilega að setja samasemmerki á milli þeirra og annarra félagslegra úrræða eða bótagreiðslna til launafólks. Það hefur ekki verið gert á hinum Norðurlöndunum eins og hér hefur komið fram. En eins og við nefndum í umræðu um millifæranlegan ónýttan persónuafslátt þá held ég að það sé alltaf spurning um forgangsröðun hverjir þurfa mest á aðstoð ríkisins að halda. Ekki síst núna þegar talað er um þörfina á aðhaldi í ríkisrekstri, þá verður forgangsröðin að vera alveg klár. Það er klárlega okkar hlutverk að veita þeim aðstoð sem mest þurfa á henni að halda. Stærsti hópur þeirra sem eru á leigumarkaðnum er fólk sem þarf á aðstoð að halda. Það er láglaunafólk. Það eru námsmenn. Það eru einstæðir foreldrar. Sumir þurfa á þessari aðstoð að halda tímabundið en aðrir um lengri tíma og ég tek heils hugar undir það að ástæða er til að leggja af skattlagningu á húsaleigubæturnar og þó fyrr hefði verið. Þarna er um mjög grófa mismunun að ræða hjá þeim sem setja fjármuni í þak yfir höfuðið, þ.e. milli þeirra sem eru á leigumarkaðinum og hins vegar þeirra sem eru að fara út í að eignast eigið húsnæði, byggja eða kaupa og fá vaxtabæturnar án skattlagningar.

[18:01]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það er víst komið að lokum þessarar umræðu. Ég þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í henni og hæstv. ráðherra fyrir að vera viðstaddur umræðuna og taka einnig þátt í henni. Ég tel virðingarvert þegar hæstv. ráðherrar eru viðstaddir umræður um þingmannamál og láta í ljós álit sitt. Ég held að það skerpi lýðræðið og þingræðið og tel það mjög af hinu góða.

Ég sá ástæðu til að segja nokkur orð í lokin af því að ég gat það ekki í stuttum andsvörum við hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra nefndi að þegar húsaleigubótakerfinu var komið á árið 1994 eða 1995, hefði öllum mátt vera ljóst að húsaleigubætur yrðu skattlagðar. Hann nefndi að húsaleigubæturnar hefðu verið hækkaðar sem samsvaraði skattinum. Allt er þetta satt og rétt hjá hæstv. ráðherra. Ég sem var félmrh. á þeim tíma vil hins vegar láta koma fram hver skoðun mín var á þeim tíma.

Ég var mjög ósátt við það að húsaleigubætur væru skattlagðar en það var eina leiðin til þess að koma málinu í gegnum þingið með samstarfsflokki okkar sem var þá Sjálfstfl. Ég taldi þó þess virði að stíga þetta skref, að koma á húsaleigubótum þó að þær væru skattlagðar með þá von í brjósti að hægt yrði að leiðrétta það síðar.

Síðar hafa aðstæður einnig breyst. Það að húsaleigubæturnar hækkuðu á sínum tíma var í samræmi við samkomulag milli mín og þáv. hæstv. fjmrh., að hækka húsaleigubæturnar sem áformaðar voru sem samsvaraði skattlagningunni, sem auðvitað kom til góða þeim sem voru undir skattleysismörkum á þeim tíma. Nú hafa aðstæður breyst. Húsaleiga hefur hækkað verulega eins og við höfum farið í gegnum. Það kallar þá á hærri húsaleigubætur. Einnig hafa mörg sveitarfélög farið út í að hætta niðurgreiðslu á leiguíbúðum og farið út í kostnaðarleigu. Húsaleigubæturnar hafa ekki staðið undir þeirri breytingu í niðurgreiðsluformi. Það eru því ekki rök lengur að á sínum tíma, árið 1994, hafi húsaleigubætur verið hækkaðar sem nemur skattlagningunni. Þetta vildi ég láta koma í ljós.

Hæstv. ráðherra nefndi líka að aðstæður breyttust hjá fólki og ég væri kannski of föst í því að aðstæður gætu ekki breyst. Auðvitað er það satt og rétt að sem betur fer breytast aðstæður fólks. Margir hverjir þurfa einungis að vera tímabundið á leigumarkaðnum og geta farið út í það að eignast sitt eigið húsnæði. En staða margra er bara með þeim hætti að það er og verður bundið við leigumarkaðinn vegna lágra launa. Hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega námsmenn og sagði að við ættum þá að fara út í að hjálpa t.d. námsmönnum og öðrum með fjárfestingarstyrkjum, þá verð ég að láta í ljós þá skoðun mína að mér finnst nokkuð stangast á hér. Ég nefndi það að ríkisstjórnin hefur á þessu ári, þó að það hafi ekki farið mjög hátt, farið út í vaxtahækkun á leiguíbúðum. Jafnvel á kreppuárunum 1987–1994 eða 1995, þó að við hefðum þá verið tilneydd til að fara út í vaxtahækkanir á húsnæðislánum eins og hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, var ávallt passað upp á að hækka ekki vexti á leiguíbúðum sem voru 1%.

Á þessu ári erum við allt í einu farin að veita lán til leiguíbúða að stórum hluta með vöxtum sem eru 2,4% og 3,2%. Á hverjum hefur þetta bitnað? Ekki síst á félagasamtökum eins og samtökum námsmanna sem hafa verið að byggja leiguíbúðir til hagsbóta fyrir námsmenn á, 1% vöxtum. Ég vil nefna það hér að á árinu 1998 fékk Félagsstofnun stúdenta úthlutað 22 íbúðum fyrir námsmenn. 17 þeirra voru með 3,2% vöxtum en einungis fimm með 1% vöxtum. Það segir auðvitað til sín í greiðslubyrðinni hjá námsmönnum og gerir þeim síðar kleift að koma sér upp eigin íbúð þegar þeir þurfa að bera svo háa vexti. Þetta hefur verulega mikið að segja, þessi vaxtahækkun úr 1% í 3,2%.

Það virðist enn stefna í að þrengja eigi að félagasamtökum eins og Félagsstofnun stúdenta, Öryrkjabandalagið, Þroskahjálp og fleiri sem hafa létt verulega á ríkisvaldinu og sveitarfélögunum og komið upp íbúðum fyrir skjólstæðinga sína og félagsmenn, á þessu ári og því næsta. Af hverju segi ég það? Ég nefni t.d. að á þessu ári voru veitt lán — af því að nú er ég með tölurnar fyrir framan mig sem ég hafði ekki nákvæmlega áðan — með 1% til 121 leiguíbúðar, þar af til 76 sveitarfélaga og 40 félagasamtaka. Með 3,2% vöxtum voru veitt 163 lán, þar af aðeins 11 til sveitarfélaga en 151 til félagasamtaka. Hærri vextirnir, þessir 3,2% vextir, einhvern veginn er stýringin hjá Íbúðarlánasjóðnum þannig að hærri

vextir, dýrari lánum er stýrt til félagasamtakanna sem hafa þar með þyngri greiðslubyrði.

Mér fannst nauðsynlegt að láta þetta koma fram í lokin um leið og ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

[18:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á greiðslu hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu sem ég flyt ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Sigríði Jóhannesdóttur og Guðrúnu Ögmundsdóttur. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta fara fram heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og að virt séu ákvæði jafnréttislaga í því efni. Heildarendurskoðun skal liggja fyrir á haustmánuðum 2000 og skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu hennar."

Þessi tillaga er flutt í samræmi við ákvæði jafnréttislaga en í þeim er skýrt kveðið á um að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. eins og segir í þeim lögum um veitingu hvers konar hlunninda.

Ljóst er, herra forseti, að ríkisvaldið hefur ákveðnar skyldur í þessu efni. Ríkisvaldið og raunar sveitarfélögin sem atvinnurekendur eiga að stuðla að því að jafnréttislögin séu virt og sýna gott fordæmi fyrir hinn almenna vinnumarkað. En því miður er það aftur og aftur að koma í ljós að ríkisvaldið sinnir ekki skyldum sínum í því efni.

Tilefni þess að ég flyt þessa till. til þál. er í fyrsta lagi svar viðskrh. við fyrirspurn frá mér í febrúar 1988 um bifreiðastyrki og stöður í bankakerfinu. Þar kom fram að það hallaði mjög á konur í yfirmannsstöðum innan bankakerfisins. Ljóst var að það mátti draga þá ályktun af svarinu að kerfi fastra bifreiðastyrkja væri notað til að hygla körlum á kostnað kvenna í sambærilegum stöðum. Við sáum því ástæðu til þess þá, í þingflokki jafnaðarmanna og Sambandi ísl. bankamanna, að fara þess á leit við Jafnréttisráð í kjölfar þessarar niðurstöðu að kannað yrði hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum. Niðurstaða Jafnréttisráðs var mjög skýr í þessu efni, herra forseti, bæði varðandi Landsbankann og Búnaðarbankann. Ég ætla að lesa orðrétt upp úr niðurstöðunni sem gilti reyndar um báða bankana. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sá afgerandi munur sem er á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Búnaðarbanka Íslands telst því brjóta í bága við jafnréttislög."

Skýrara getur það ekki verið. Kærunefndin beindi þeim tilmælum til bæði Búnaðarbankans og Landsbankans að fundin yrði viðunandi lausn á málinu. Svo ég vitni í helstu niðurstöður sem fram komu í svari viðskrh. kom fram að á tæplega fimm ára tímabili voru greiddar tæpar 647 millj. kr. í fasta bílastyrki Landsbanka, Búnaðarbanka og Seðlabanka. Rúmlega 535 millj. runnu til karla eða 83% og rúmlega 111 millj. til kvenna eða 17%. Þetta segir okkur auðvitað ekkert um það hvort um er að ræða mismunun eða ekki.

Þá kom fram að Landsbankinn greiddi fasta bílastyrki til æðstu yfirmanna, að meðaltali um 610 þús. kr. á ári til hvers karlmanns en um 320 þús. kr. til konu í sambærilegri stöðu. Þarna komum við að þeirri mismunun sem leiddi til þess að kærunefndin úrskurðaði að brotin hefðu verið jafnréttislög. Í svarinu kom einnig fram að konur í ábyrgðarstöðum í Landsbankanum fengju aðeins 50% af bílastyrk karla í sambærilegum stöðum. Fram kom að meiri hluti skrifstofustjóra í Búnaðarbankanum væru konur en fastur bílastyrkur þeirra væri einungis um 60% af föstum bílastyrk karla í sömu stöðu.

Ég held að það séu engin ný sannindi og alveg ljóst, herra forseti, ekki síst verkalýðshreyfingunni og oft verið rætt í þessum þingsal, að hlunnindagreiðslur hvers konar, yfirborganir, bílastyrkir og þess háttar hafa verið notaðar ekki bara af hinu opinbera heldur einnig á almenna vinnumarkaðinum til að hygla frekar körlum en konum. Krafan hefur því verið mjög sterk hjá verkalýðshreyfingunni, ekki síst í síðustu kjarasamningum, um gagnsætt launakerfi og að allar launagreiðslur væru lagðar á borðið. Umræðan um neðanjarðarkerfi launamálanna hefur staðið í marga áratugi og því miður hefur lítið þokað í þá átt að jafna kjörin. Það er eins og hið opinbera og ríkisvaldið noti þetta í samkeppni um vinnuafl við almenna markaðinn en þó þannig, herra forseti, að það gangi fremur til karla heldur en kvenna.

Hægt væri að hafa langt mál um það, herra forseti, hvernig slíkar hlunnindagreiðslur hafa verið notaðar gegnum árin og áratugina til að mismuna konum og körlum. Það er meginástæða þess að þrátt fyrir ítrekaðar lagasetningar og breytingar á jafnréttislögunum, skýrslur og ályktanir, góðan vilja stjórnvalda og ráðamanna hefur ekki verið hægt að ráða við þetta vandamál. Við höfum enn fengið staðfestingu á þessu síðustu daga og vikur, t.d. gegnum launakönnun hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur þar sem kom fram að einungis 5% félagsmanna fengju greitt samkvæmt taxta og að um 76% karla og 69% kvenna fái greitt án nokkurrar hliðsjónar af töxtum.

Þar kom einnig fram að karlar í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur eru að jafnaði með 29% hærri heildarlaun en konur og þegar miðað er við sambærileg störf, vinnutíma, starfsaldur, menntun og aldur, þegar allt þetta hefur verið tekið á vogarskálina er launamunurinn samt 18% þannig að enn einu sinni fáum við þetta staðfest.

Ég vil líka vitna í það sem var ástæðan fyrir að ég beitti mér fyrir flutningi þessarar tillögu en það var skoðun sem ég gerði á bifreiðastyrkjum innan B-hluta ríkisstofnana. Þar kom fram að greiðslur vegna bifreiðastyrkja og lokaðra aksturssamninga fengu 555 karlar og 274 konur. Samtals námu þær greiðslur tæpum 80 millj. kr., karlar fengu tæplega 71 millj. kr. en konur rúmlega 9 millj. kr.

Ég viðurkenni vel að hið síðara varðandi bifreiðastyrkina innan B-hluta stofnana er alls ekki eins vísindalega rannsakað sem launamismunur og var í bönkunum en engu að síður var um mjög sláandi tölur að ræða sem ég taldi ástæðu til að vekja athygli á í þessari þáltill.

Ég spurði báða ráðherrana, hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh., um skýringu á þessu, bæði varðandi bankana og eins varðandi B-hluta stofnanir en mér fannst svör ráðherranna hvergi nærri fullnægjandi og nokkuð rýr. Hæstv. fjmrh.

nefndi að líklegustu skýringarnar væru þær að það væru einkum stjórnendur, forstöðumenn og sérfræðingar sem nytu nefndarstarfa og væru í störfum sem kölluðu á bílastyrki en ráðherrann var engan veginn sammála mér um að þarna væri um neinar óeðlilegar skýringar að ræða. Engu að síður er munurinn það sláandi að þegar um er að ræða 80 millj. kr. í bifreiðastyrki að karlarnir taki til sín 71 millj. af þessum greiðslum, og þeir eru helmingi fleiri að taka til sín 71 millj. en konurnar fengu bara 9 millj. þó þær væru helmingi færri. Ég taldi því að þetta kallaði á skýringu.

Ég spurði líka hæstv. viðskrh. hvað hann ætlaði að gera til þess að bankarnir færu að óskum kærunefndar jafnréttismála og hvernig hann hyggist beita sér fyrir því að þessi launamismunur yrði leiðréttur. Hæstv. viðskrh. lét sér nægja að lesa upp einhver svör frá Landsbankanum og Búnaðarbankanum þar sem bankarnir fullyrtu sjálfir að þeir brytu ekki jafnréttislög, virtu ákvæði jafnréttislaga og þeir hefðu skipað jafnréttisnefndir, a.m.k. annar þeirra, til að fylgja slíku eftir. Mér finnst það mjög merkilegt að ráðherra bankamála láti sér nægja skýringar bankanna á þessu og fullyrðingar þeirra þegar kærunefnd sem tók sér langan tíma til að skoða þær niðurstöður og kanna hvort um væri að ræða brot á jafnréttislögum kemst að þeirri niðurstöðu að afgerandi munur sé á bifreiðastyrkjum til kynjanna innan Búnaðarbankans og Landsbankans sem brjóti í bága við jafnréttislög. Og maður spyr, til hvers er kærunefnd jafnréttismála ef stofnanir innan kerfisins geta síðan svæft úrskurðinn og fullyrt að þær brjóti ekki jafnréttislög?

Ég man að ráðherrann notaði þau rök að þetta væri hluti af kjarasamningi viðkomandi starfsmanns. Mér finnst það ekki vera rök að þó að þetta sé hluti af kjarasamningi viðkomandi starfsmanns hafi bankarnir í þessu tilfelli rétt til að brjóta jafnréttislög og mismuna kynjunum.

Hæstv. ráðherra gekk jafnvel svo langt að tala um að ég vildi setja einhvern rannsóknarrétt yfir bankana þegar ég er að reyna að gegna skyldum mínum sem þingmaður og þingið er jú eftirlitsaðili með framkvæmdarvaldinu og þar með bönkunum eða þeir eru a.m.k. ríkiseign þegar þeir verða uppvísir að því og staðfest af kærunefnd jafnréttismála að þeir hafi brotið jafnréttislög. Ég sá því, herra forseti, enga aðra leið en að flytja þá tillögu sem ég hef hér gert og tel reyndar að gagnger endurskoðun þurfi að fara fram á hlunnindagreiðslum á bifreiðastyrkjum almennt í ríkiskerfinu.

Ég hef skrifað skrifstofu jafnréttismála bréf þar sem ég hef óskað eftir upplýsingum um hvort jafnréttisráð hyggist fylgja þessari niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála eftir frá því 30. desember sl. að mig minnir, en hef ekki enn þá fengið svör en vænti að svo verði fljótlega.

Ég vil nefna það sem stuðning fyrir þessu máli, og vona að ríkisvaldið, ráðherrar og ríkisstjórn styðji tillöguna og að slík heildarendurskoðun fari fram, að á nýlegri virðulegri ráðstefnu sem haldin var um konur og lýðræði við árþúsundamót greindi forsrh. Davíð Oddsson frá því að ríkisstjórnin hefði ákveðið að beita sér fyrir ferns konar úrræðum hér á landi og nefndi í því sambandi að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir sérstöku átaki til þess að tryggja að karlar og konur í þjónustu ríkisins hefðu jafna möguleika til launa og starfsframa. Þetta er auðvitað mjög mikilvæg yfirlýsing og innlegg í þetta mál ef það er svo að ríkisstjórnin hafi ákveðið að beita sér fyrir því, eins og hér er sagt, að konur í þjónustu ríkisins hafi jafna möguleika til launa og starfsframa. Hlunnindi eru ekkert annað en partur af launagreiðslum. Þess vegna er mjög mikilvægt að tillagan fái ítarlega skoðun í þeirri nefnd sem hún fer til — ég hef bara ekki athugað í hvaða nefnd tillagan fer en hún var til umræðu á síðasta þingi þannig að ég geri ráð fyrir að það verði allshn. en mun kanna það betur og geri því ekki að svo stöddu tillögu til hæstv. forseta um til hvaða nefndar tillagan fer en mun athuga það í samráði við hæstv. forseta.

Orð hæstv. forsrh. gefa tilefni til þess að tillagan verði samþykkt og um hana geti náðst breið samstaða á þinginu. Ég vil í lokin láta þess getið að þegar tillagan var til umræðu á síðasta þingi barst umsögn frá skrifstofu jafnréttismála um tillöguna þar sem eindregið var mælt með stuðningi við hana.

[18:24]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu þáltill. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum um endurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu með það að markmiði að jafnræðis sé gætt í slíkum greiðslum milli kynja og er vísað til jafnréttislaga í því sambandi.

Kannanir undanfarinna ára hafa ítrekað staðfest rótgróinn launamun kynjanna. Í launakönnun BHM sem gerð var 1988 kom fram að fullvinnandi háskólamenntaðar konur höfðu um 75% af launum fullvinnandi karla á sama menntunarstigi. Í könnun Jafnréttisráðs frá 1995 kom fram töluverður munur á launum karla og kvenna. Konur voru með 78% af hreinum dagvinnulaunum karla en þegar tekið var tillit til aukagreiðslna voru laun kvenna 70% af launum karla.

Sama athugun Jafnréttisráðs leiddi í ljós að raunverulegur launamunur karla og kvenna þegar tekið var tillit til vinnutíma, starfsaldurs, menntunar og vinnuframlags sem eingöngu væri hægt að skýra sem kynjamun væri um 11%.

Í nýlegri athugun Verslunarmannafélags Reykjavíkur kemur fram, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að meðallaun karla eru að meðaltali um 30% hærri en meðallaun allra félagsmanna VR. Kynbundinn launamunur, þ.e. raunverulegur launamunur kynjanna hjá VR þegar tekið hefur verið tillit til menntunar, starfsstéttar, vinnutíma, starfsaldurs og aldurs er um 18%. Gróflega má áætla út frá þessu að ef farið væri eftir jafnréttislögum og konum væru greidd sömu laun og karlar, þá má ályktа sem svo að konur vinna tvo mánuði á ári frítt fyrir vinnuveitendur sína og það er umhugsunarefni. Það kemur einnig fram í athugun VR að launamunur kynjanna hefur heldur aukist undanfarið.

Í þáltill. sem hér liggur fyrir er óskað eftir að fram fari heildarendurskoðun á greiðslum hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu. Það er kunnara en frá þurfi að segja að launamunur kynjanna í starfi hjá hinu opinbera hefur fyrst og fremst legið í því að karlar hafa fremur en konur fengið aukagreiðslur í formi óunninnar yfirvinnu, bónusgreiðslna og bílastyrkja. Í því sambandi má benda á að óverulegur munur var á grunnlaunum karla og kvenna starfandi hjá hinu opinbera á taxta háskólamanna á árinu 1997 áður en hugmyndin um nýtt gagnsætt launakerfi varð að veruleika með samningum milli aðila. Launamunur kynjanna birtist hins vegar við samanburð á heildarlaunum háskólamenntaðra karla og kvenna þar sem karlar höfðu margra prósenta, jafnvel tuga prósenta hærri laun en háskólamenntaðar konur með sambærilega menntun og ábyrgð. Launamunurinn fólst í óunninni yfirvinnu, bónugreiðslum, bifreiðastyrkjum og öðrum hlunnindum. Því var það mikið fagnaðarefni þegar

ákvörðun var tekin um að taka upp nýtt launakerfi hjá ríkinu í kjarasamningum við ýmis stéttarfélög opinberra starfsmanna á árinu 1997, þar sem eitt af meginmarkmiðum kerfisins var að gera launamyndun gagnsæja sem þýddi að sá hluti launa sem var neðan jarðar var færður upp á yfirborðið. Það var og er að mínu mati forsenda þess að hægt sé að taka á launamun karla og kvenna í opinberri þjónustu.

Í tengslum við kjarasamninga við háskólamenn á árinu 1997 gáfu ríki og Reykjavíkurborg út sameiginlega yfirlýsingu þar sem fram kom að það væri yfirlýst stefna þessara aðila að jafna þann launamun karla og kvenna sem ekki er hægt að útskýra nema á grundvelli kyns. Jafnframt var því lýst yfir að með nýju launakerfi gæfist tækifæri til að vinna að þeim markmiðum. Með það í huga mundi fjmrh. og Reykjavíkurborg láta gera úttekt á áhrifum nýs launakerfis á launamun karla og kvenna starfandi hjá stofnunum sínum á samningstímabilinu. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar um að jafna launamun kynjanna var sérstaklega áréttuð af forsrh. á nýafstaðinni ráðstefnu um konur og lýðræði, eins og kom fram áðan.

Enn sem komið er er ekki hægt að draga ályktun af tölum kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna hvort breyting hafi orðið á launamun kynjanna með nýju launakerfi þrátt fyrir að launasamsetning opinberra starfsmanna hafi tekið verulegum breytingum og mikill hluti af ounninni yfirvinnu hafi verið tekinn inn í laun. En þetta hefur náttúrlega átt sérstaklega við um karlahópana þar sem laun umfram grunnlaun tíðkuðust eins og ég sagði áðan, en margir hópar, sérstaklega kvennahópar, hafa þurft að hafa mikið fyrir að fá þann mun leiðréttan eins og kunnugt er.

Stéttarfélög sem fóru þá leið á sínum tíma tóku mikla áhættu því að reynsla annarra þjóða, t.d. Svíþjóðar, er að launamunur kynjanna eykst þegar tekið er upp launakerfi sem byggir á að ákvarðanir um laun taki mið af menntun, sérhæfni reynslu, ábyrgð og árangri. Því er afar mikilvægt að hefja undirbúning að þeirri úttekt sem fjmrh. og Reykjavíkurborg gáfu yfirlýsingu um í tengslum við kjarasamninga 1997 því aðeins er rétt um eitt ár eftir af samningstímabili þessara félaga.

Oft hefur því verið haldið fram að ein meginástæða launamunar karla og kvenna sé að konur geri minni launakröfur en karlar við ráðningu í starf. Þetta sjónarmið er m.a. staðfest í auglýsingum VR sem hafa birtst í sjónvarpinu undanfarið og hafa vakið mikla athygli. Ég tel að þessar auglýsingar geri mikið gagn til að vekja konur upp og kenni þeim að gera meiri kröfur sér til handa. Því má hins vegar ekki gleyma að það er launagreiðandinn en ekki starfsmaðurinn sem hefur allar upplýsingar um laun starfsmanna og það er launagreiðandinn sem ber fulla ábyrgð ef hann brýtur jafnréttislög vísvitandi, en þar segir skýrum orðum að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Ég tek því undir þá þáltill. sem hér er lögð fram og þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og meðflutningsmönnum hennar frumkvæðið og hvet til þess að sú heildarendurskoðun sem hér er óskað eftir verði hluti af þeirri könnun sem ég nefndi áðan og í samræmi við yfirlýsingar þar um.

[18:31]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. 19. þm. Reykv., Ástu Möller, sem ég tel mjög mikilvægt að fá fram við 1. umr. málsins. Eins og þingmenn þekkja hefur þessi hv. þm. mikla reynslu á vettvangi kjaramálanna og verkalýðsbaráttunnar fyrir hjúkrunarfræðinga. Hún þekkir því launakerfið í heild sinni mjög vel og hvað þarf að gera til að reyna að stuðla að því launajafnrétti sem við ræðum undir þessari þáltill.

Þær tölur sem hv. þm. nefndi af launakönnunum innan BHMR eru mjög sláandi og staðfesta, herra forseti, það sem fram kemur í þessari tillögu og ég nefndi í máli mínu um aðrar kannanir.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það er forsenda fyrir því að hægt sé að taka á þessum málum og jafna kjörin á milli karla og kvenna að launakerfið sé gagnsætt en það virtist, herra forseti, vera á því mikil tregða.

Hv. þm. nefndi nýtt launakerfi í því sambandi og ég held að við verðum að skoða það með mjög opnum huga að taka upp nýtt launakerfi. Það gengur auðvitað ekki eins og kom t.d. fram í þeirri könnun sem Verslunarmannafélagið gerði að kjarasamningar sem við stöndum í á hverju ári eða tveggja ára fresti og standa vikum og mánuðum saman þar sem barist er um örfáar krónur fyrir lægst launaða hópinn, að kannski sé verið að semja eingöngu fyrir 5% þeirra sem eru á launamarkaðinum. Aðrir semja sjálfir við atvinnurekendur sína með einstaklingsbundnum samningum.

Ég vil taka það fram að ég hef ekkert á móti einstaklingsbundnum samningum svo fremi að við séum sæmilega örugg á því að atvinnurekendur og ég tala ekki um ríkisvaldið stuðli ekki að því í slíkum samningum að viðhalda þessu launamisrétti eða jafnvel að auka það. Út af fyrir sig hef ég enga tryggingu fyrir því en það er búið að reyna svo margt annað í gegnum tíðina að mér finnst að það sé þess virði að skoða nýjar leiðir í þessu sambandi.

Ég spurði hæstv. fjmrh. um greiðslur viðbótarlauna til starfsmanna ríkisins og hef fengið svar við þeirri fyrirspurn á þingi í dag, þ.e. hvaða stofnanir hefðu beitt ákvæði 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um heimild forstöðumanna stofnana til að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar umsömdum grunnlaunum fyrir sérstaka hæfni sem nýtist í starfi eða sérstakt álag svo og fyrir árangur í starfi eins og orðað er í 9. gr.

Hæstv. fjmrh. segir í svari sínu að þessu ákvæði hafi ekki enn verið beitt og það hafi verið gert í samkomulagi aðila við síðustu kjarasamninga að þessu ákvæði yrði ekki breytt á því samningstímabili sem kjarasamningar aðila gilda eða til 31. okt. árið 2000. Ég viðurkenni það vel, herra forseti, þó að ég sé að tala um nýtt launakerfi og taka undir með hv. síðasta ræðumanni að forsenda þess að hægt sé að taka á þessum málum sé nýtt og gagnsætt launakerfi, þá hef ég verulegar áhyggjur af þessu ákvæði 9. gr. laga um að það geti enn aukið á þann mun sem er hjá ríkisstofnunum varðandi ýmsar hlunnindagreiðslur. Ég vil spyrja hv. þm. sem þekkir þessi mál vel hver skoðun hennar sé á þessu ákvæði 9. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Telur hv. þm. að þetta ákvæði muni þegar það kemst til framkvæmda stuðla að launajafnrétti kynjanna?

Eins hefði ég áhuga á að spyrja hv. þm. um skoðun hennar varðandi starfsmat. Nú man ég að það var það fyrsta sem síðasta ríkisstjórn gerði, þ.e. ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sem átti að vera mikið innlegg inn í jafnréttismálin og raunar jafnrétti kynjanna að koma á starfsmati. Við höfum ekki séð neinn árangur af því. Mikið var gert úr þessu af hálfu ríkisstjórnarinnar en ég hef ekki séð neinn árangur, heldur

þvert á móti eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. í dag. Ég get verið honum sammála. Margt bendir til þess að launamunur hafi heldur vaxið milli kynjanna en að það hafi dregið saman með konum og körlum í launamálum. Það er virkilegt áhyggjuefni ef þessi þróun heldur áfram.

Sú tillaga sem hér er flutt og það að ná því markmiði að það sé launajafnrétti milli karla og kvenna er auðvitað ekki pólitískt mál einhvers eins flokks. Allir flokkar hafa það á stefnuskrá sinni að vinna að launajafnrétti kynjanna og það er alveg sama hvar í flokki þingmenn standa. Hér tala allir sem einn maður um að stuðla þurfi að launajafnrétti kynjanna. Maður spyr: Ef allir, hér á þessari æðstu samkoma þjóðarinnar, þjóðþinginu, eru sammála um að það þurfi að taka á þessu máli hvers vegna í ósköpunum hefur það ekki verið gert? Við hljótum að spyrja sjálf okkur um það.

Ég hef verið ráðherra félagsmála og þar með ráðherra vinnumarkaðsmála. Ég reyndi ýmsar leiðir til að vinna að þessu máli að því er varðar jafnréttismálin en það er eins og maður reki sig alls staðar á veggi þegar kemur að launamálunum. Það virðist vera mikill feluleikur með þetta innan stofnananna. Eðli málsins samkvæmt er verið að gera einstaklingsbundna prívatsamninga við forstöðumann sinn og stofnanirnar vilja heldur ekki ræða þetta. Ég man að í framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna átti að gera úttekt á fimm ríkisstofnunum til þess að fara algerlega ofan í öll launamálin, hlunnindagreiðslur og annað. Það var mjög erfitt að fá ýmsar ríkisstofnanir til liðs við okkur í því efni þannig að margir steinar hafa verið á þeirri leið að ná fram jafnrétti kynjanna.

Hv. þm. nefndi að hún teldi að sú tillaga sem hér er til umræðu sem ég skil að hv. þm. styðji og ég þakka fyrir stuðning hv. þm. í því efni sem ég tel mjög mikilvægan, gæti verið hluti af því átaki sem er á borði ríkisstjórnarinnar sem er til þess að fara í átak í því efni að jafna launamismun. Ég tel mjög mikilvægt að við skoðum þetta fyrst í okkar ranni, þ.e. ríkisvaldið hefur ákveðnar skyldur vegna jafnréttislaganna. Það er mjög brýnt að ríkisvaldið hafi ákveðið frumkvæði vegna þess að ef launakerfið verður gert sýnilegt og það verður ekki þessi feluleikur með hlunninda- og bifreiðastyrki í ríkiskerfinu, þá er ég viss um að það mun hafa veruleg áhrif til þess að bæta stöðu kvenna og jafna launamismun milli kynjanna.

[18:40]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín nokkrum spurningum. Áður en ég svara spurningum um 9. gr. laganna og segi skoðun mína á hvort starfsmennt sé tæki sem beri að taka upp til þess að jafna launamun karla og kvenna langar mig aðeins að ræða um nýtt launakerfi og markmið með því. Eins og ég sagði áðan var nýtt launakerfi tekið upp hjá opinberum starfsmönnum og hefur það að markmiði að vera gagnsætt þannig að launamyndunin og launasamsetningin á að vera alveg ljós.

Hluti af samningsferlinu var færður til fyrirtækjanna, til stofnananna þar sem stofnanirnar sjálfar settu sér ákveðin markmið, settu sér ákveðnar forsendur í samkomulagi við fulltrúa stéttarfélaganna sem var lagt til grundvallar launaákvörðunum einstaklinga. Mér er kunnugt um að VR hefur svipaðar hugmyndir og eru í þessu nýja launakerfi ríkisins í þá veru að hluti af launasamsetningunni er ákvarðaður inni í fyrirtækjum sem semja við VR á sama hátt og hjá stofnunum ríkisins.

Fram kom í máli hv. þm. að einungis 5% taka laun samkvæmt lágmarksákvæðum samninga VR. Þetta var áður 3% og mér finnst það vera afturför. Það að 5% taki laun samkvæmt lágmarksákvæðum er hneyksli en allt umfram það er jákvætt.

Varðandi 9. gr. laganna kemur fram í svari fjmrh. að sú grein er óvirk og ég tel að hið nýja launakerfi hafi komið í staðinn fyrir 9. gr. Ég vonast til að fá síðar tækifæri til að fjalla um aðra þætti.

[18:43]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin. Ég vil alveg gulltryggja að hv. þm. hafi ekki misskilið mig þegar ég var að ræða um það að ég teldi mjög sérkennilegt að þegar við stæðum í kjarasamningum og verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins væri einungis verið að semja fyrir láglaunafólkið vegna þess að þegar við værum í kjarasamningum á auðvitað að vera að semja um hin raunverulegu kjör. En við erum bara að semja fyrir lítinn hluta fólks, 5%. Við værum ekki að því ef heildarlaunin væru sýnileg og væru öll uppi á borðinu, þá væru samningarnir ekki með þeim hætti að kjarasamningagerðin snerist bara um það hvort það ætti að hækka laun láglaunafólksins um 500 kr. eða 1.000 kr. þegar aðrir væru að semja við atvinnurekendur sína um miklu hærri laun. Ef láglaunafólkið fær eitthvað meira en fimmhundruðkallinn eða þúsundkallinn þá vill það fólk sem er á einstaklingsbundnum samningum halda þeim mismun sem áður var á milli láglaunafólksins og þeirra betur settu. Það er raunverulega það sem ég var að reyna að koma til skila að kjarasamningagerð, sem stendur í marga mánuði, snúist bara um laun og kjör lítils hluta þjóðarinnar. Ef þetta væri raunverulegt og við værum með þetta gagnsætt þá væri þetta auðvitað með öðrum hætti.

[18:44]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki misskilið neitt hjá hv. þm. Það sem ég var að segja var að hluti af samningsgerðinni hefði verið færður yfir til fyrirtækjanna. Þeir samningar um laun sem færu fram á svokölluðum miðlægum kjarasamningi eru launahækkanir sem ganga í gengum allt kerfið. Aðrir samningar eru undir eftirliti eða stjórn stéttarfélaganna varðandi fyrirtækjasamninga eða stofnanasamninga þannig að ég tel þetta vera til bóta.

Annað sem skiptir verulegu máli í þessu sambandi eru þær launakannanir sem við erum stöðugt að fá, launakannanir sem eru gerðar eftir starfsstéttum, eftir stofnunum eða tegundum stofnana og ekki síst eftir kynjum. Þessar kannanir eru grundvöllur einstaklinga og hópa eða stéttarfélaga til þess að fara fram með frekari kröfur.

Fyrst ég hef tíma til að fjalla aðeins um starfsmat þá tel ég það vera tæki sem muni gagnast verulega í jafnréttisbaráttunni vegna þess að hingað til hafa hin hörðu gildi verið metin meira en hin mjúku gildi. Það hefur sýnt sig með þeim athugunum og prófunum sem hafa m.a. verið gerð inni á Ríkisspítölunum þar sem þessi hörðu og mjúku gildi eru lögð að jöfnu í mati koma kvennahóparnir ekki síður út í því sambandi. Ég bind því miklar vonir við starfsmat sem tæki til þess að jafna launamun kynjanna og vonast til að það verði tekið upp með einum eða öðrum hætti sem allra fyrst á sem flestum stofnunum.

[18:47]

Útbýting þingskjals:

Kostun þátta í Ríkisútvarpinu, 104. mál, fsp. SvanJ, þskj. 108.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:47.

12. FUNDUR

þriðjudaginn 19. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 17. mál, þskj. 17. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur, frv., 58. mál, þskj. 58. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Grunnskólar, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — 1. umr.
7. Framhaldsskólar, stjfrv., 101. mál, þskj. 102. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 106. — 2. umr.
9. Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Frh. fyrri umr.
10. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Frh. fyrri umr.
11. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
12. Stjórnarskipunarlög, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.
13. Þingsköp Alþingis, frv., 80. mál, þskj. 80. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Helga Guðrún Jónasdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 16. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Minning Auðar Auðuns.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Auður Auðuns, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, andaðist sl. nótt, aðfararnótt 19. október, 88 ára að aldri.

Auður Auðuns var fædd á Ísafirði 18. febrúar 1911. Foreldrar hennar voru hjónin Jón Auðunn Jónsson alþingismaður og Margrét Guðrún Jónsdóttir húsmóðir. Hún lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík 1929 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1935. Hún stundaði málflutning á Ísafirði 1935–1936. Árið 1936 fluttist hún til Reykjavíkur og gerðist húsmóðir. Hún var lögfræðingur mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur 1940–1960, borgarstjóri í Reykjavík ásamt Geir Hallgrímssyni 1959–1960 og dóms- og kirkjumálaráðherra 1970–1971.

Auður Auðuns var bæjar- og síðar borgarfulltrúi í Reykjavík 1946–1970, forseti bæjarstjórnar og síðar borgarstjórnar 1954–1959 og 1960–1970 og átti sæti í bæjarráði og síðar borgarráði 1952–1970. Hún átti á þeim tímabilum sæti í fræðsluráði, framfærslunefnd og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Hún var skipuð árið 1945 í nefnd til að vera stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar og aðstoðar, 1946 í endurskoðunarnefnd framfærslulaga og laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, 1954 í endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga og 1961 í sifjalaganefnd og átti þar sæti til 1978. Í útvarpsráði var hún 1975–1978. Hún var formaður sendinefndar Íslands á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Mexíkóborg 1975. Við alþingiskosningar var hún oft í kjöri í Reykjavík fyrir Sjálfstæðisflokkinn, tók varamannssæti á Alþingi 1947 og 1948 og var þingmaður Reykvíkinga 1959–1974, sat á 17 þingum alls.

Eins og ráða má af þeim starfsferli, sem hér hefur verið rakinn, lét Auður Auðuns að sér kveða í landsmálum, enda var fast leitað eftir þátttöku hennar á ýmsum sviðum. Af störfum hennar í nefndum má ráða hvaða málum hún sinnti öðrum fremur. Málefni kvenna, barna, fátækra og sjúkra voru þar í fremstu röð. Í margra ára störfum með öðrum mætum lögfræðingum í sifjalaganefnd var unnið að undirbúningi stórmerkra lagabálka.

Með störfum sínum ávann Auður Auðuns sér traust og það var hlutskipti hennar að vera fyrsta kona sem var borgarstjóri höfuðborgarinnar og fyrsta kona sem tók sæti í ríkisstjórn Íslands. Hún hlaut á ungum aldri góða menntun og kynntist í störfum sínum högum almennings og kjörum, vann að málum stefnuföst og háttvís og brást í engu því trausti sem til hennar var borið.

Ég bið hv. alþingismenn að minnast Auðar Auðuns með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[13:34]

Útbýting þingskjals:

Lágmarkslaun, 94. mál, frv. GE o.fl., þskj. 95.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 5. mál (persónuafsláttur maka). — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 17. mál (húsaleigubætur). — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Breytingar á lagaákvæðum er varða húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 58. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Greiðslur hlunninda og bifreiðastyrkja í ríkiskerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Grunnskólar, 1. umr.

Stjfrv., 81. mál (einsetning, samræmd lokapróf). — Þskj. 81.

[13:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum. Frv. er í tveimur efnisgreinum. Í fyrri greininni er gert ráð fyrir því að við lok grunnskóla skuli gefa nemendum kost á að þreyta samræmd próf í allt að sex námsgreinum sem menntmrh. ákveði og í seinni efnisgreininni er gert ráð fyrir því að menntmrh. verði heimilt að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma ákvæði 3. gr. um einsetinn skóla.

Námi í grunnskóla telst lokið þegar nemendur hafa stundað grunnskólanám með fullnægjandi árangri í tíu ár eða þegar þeir hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla, þ.e. í lok 10. bekkjar. Með auknu valfrelsi nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla er í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla stuðlað að því að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið grunnskóla með mismunandi áherslum og á skemmri tíma en tíu árum. Samkvæmt aðalnámskrá er gert ráð fyrir að um það bil 30% kennslutímans geti verið valfrjáls í 9. og 10. bekk grunnskóla, sbr. 32. gr. gildandi laga. Jafnframt er horfið frá því að skylda alla til að gangast undir samræmd lokapróf 10. bekkjar. Einnig geta nemendur í 9. bekk valið að taka samræmd lokapróf 10. bekkjar og hefja framhaldsskólanám að því loknu, enda teljist þeir hafa staðist að öðru leyti þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla. Mismunandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla og val í 9. og 10. bekk leiðir til þess að það er réttur nemandans að velja sjálfur hvaða samræmd próf hann tekur, allt eftir því hvert hann stefnir í framhaldsnámi. Inntökuskilyrði í framhaldsskóla eru skilgeind í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla og þau segja til um lágmarksárangur sem þarf í lykilgreinum einstakra brauta. Inntökuskilyrði framhaldsskóla miðast bæði við einkunnir á samræmdum prófum og einnig einkunnir sem skólinn gefur.

Þá er í frv. lagt til að í stað þess að nemendur verði skyldaðir til þess að taka samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum geti þeir átt kost á því að þreyta lokapróf í allt að sex námsgreinum. Menntamálaráðherra hefur kynnt að samræmd lokapróf grunnskóla verði í eftirtöldum námsgreinum: íslensku, dönsku, ensku, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsgreinum.

Þetta eru rökin, herra forseti, fyrir 1. gr. frv. og hún tekur mið af starfi sem var unnið við mótun nýrrar skólastefnu og samstaða var um með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem áttu fulltrúa á Alþingi á síðasta kjörtímabili og komu að stefnumarkandi ákvörðunum varðandi framkvæmd skólastefnunnar. Í stuttu máli er gert ráð fyrir því að samræmd próf verði valfrjáls, þeim verði fjölgað úr fjórum í sex og síðan verði það á valdi nemenda að ákveða undir hvaða próf þeir ganga og það fer eftir því hve þeir taka mörg próf hvaða rétt þeir fá þegar þeir koma á framhaldsskólastigið. Gert er ráð fyrir því ef þetta frv. verður að lögum að vorið 2001 verði í fyrsta sinn valfrjáls próf, samræmd próf í grunnskóla, þ.e. í þeim fjórum greinum sem nú er prófað í og síðan árið 2002 verði þetta ákvæði í lögunum komið til framkvæmda

þannig að þá verði boðið upp á samræmd próf í sex greinum og nemendur geti valið í hvaða próf þeir fari.

Í 2. gr. frv. er fjallað um einsetningu grunnskólans. Þar er lagt til að sá frestur sem er nú í lögum um skyldu sveitarfélaganna til þess að fullnægja kröfum laganna verði framlengdur um tvö ár, frá 2002–2004. Í þessu efni er tekið mið af óskum fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga sem ályktaði í apríl 1999 á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Fulltrúaráð leggur áherslu á að lögum um grunnskóla verði breytt þegar á næsta þingi þannig að sett verði inn heimildarákvæði sem veitir þeim sveitarfélögum sem þess óska heimild til að sækja um frest til ársloka 2004 til að ljúka einsetningu grunnskóla."

Það er orðið við þessum óskum með því frv. sem hér er lagt fram. Raunar er það svo að umræður hafa orðið um það hvort eðlilegt sé að Alþingi sé að setja sveitarfélögum skilyrði með þeim hætti sem gert var í núgildandi grunnskólalögum og setja sveitarfélögum ákveðinn frest til þess að framkvæma lög, hvort það samrýmist þeirri verkaskiptingu sem við viðurkennum á milli ríkis og sveitarfélaga að af hálfu ríkisvaldsins eða Alþingis sé staðið þannig að að setja sveitarfélögum frest af þessu tagi, hvort það eigi ekki að ráðast af ákvörðunum sveitarfélaganna sjálfra. Það var hins vegar gert með grunnskólalögunum og nú hefur komið fram ósk um það frá sveitarfélögunum að fresturinn verði framlengdur og er brugðist við þeirri ósk með þessu frv.

Ég hef löngum látið þá skoðun í ljós að einsetning grunnskólans væri það markmið sem að bæri að stefna. Hins vegar skipti það ekki höfuðmáli hvort það markmið næðist einu árinu fyrr eða síðar. Það yrði að fara eftir aðstæðum í hverju sveitarfélagi og þeim sjónarmiðum sem uppi eru á vettvangi þeirra því að þau bera hitann og þungann af öllum kostnaði við grunnskólana og þess vegna á það að vera íbúa í viðkomandi sveitarfélögum að taka lokaákvarðanir um atriði sem þessi en markmið laganna er skýrt. Menn stefna að því að allir grunnskólar verði einsetnir í landinu og frá því markmiði er ekki horfið með þessu frv.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[13:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Útlínur þess frv. sem hæstv. menntmrh. hefur mælt fyrir koma í sjálfu sér ekki á óvart. Efni þess hefur verið kynnt áður, bæði af hálfu hæstv. ráðherra en einnig er það svo að í þeim pappírum sem ráðuneytið hefur verið að senda frá sér á undanförnum árum eins og í bæklingnum Enn betri skóli og sömuleiðis í aðalnámskrá grunnskóla er það markmið að fjölga samræmdum prófum í lok grunnskóla sett skýrt fram.

Í bæklingnum Enn betri skóli hefur ekki verið ákveðið hvort einhver samræmdu prófanna verði skylda eða hvort þau verða öll valfrjáls. Nú hefur verið skorið úr því. Samkvæmt frv. er ljóst að prófin verða öll valfrjáls og verða orðin sex árið 2002 ef marka má orð hæstv. ráðherra hér áðan. Í aðalnámskrá kemur líka fram að fyrirhugað sé að fjölga samræmdum prófum þannig að útlínur þessa hafa verið nokkuð skýrar þó að hér sé verið að kveða á um endanlega útfærslu.

Hitt ákvæðið er um frestun á einsetningu grunnskólanna til ársins 2004. Þetta er öðru sinni sem einsetningunni er seinkað og ég held að við getum öll verið sammála um að menn hafi verið mjög bjartsýnir þegar þeir settu upphaflega markmið um einsetningu inn í grunnskólalögin. Vonandi tekst að standa við þessa tímasetningu vegna þess að óhjákvæmilega hlýtur það að valda ákveðnum vandkvæðum ef skólarnir reyna að uppfylla skyldur sínar samkvæmt aðalnámskrá og þeirri fjölgun skóladaga sem á að verða á meðan húsnæði er ekki til að mæta því með eðlilegum hætti.

Ég ætla, herra forseti, að fara aðeins yfir þessi atriði efnislega enda þótt ekki sé ástæða til að fara mjög djúpt í málið þar sem eftir á að vinna það í nefndinni. Þar verður ugglaust svarað ýmsum af þeim spurningum sem nú vakna þegar menn fara yfir þessi ákvæði. Þó að þau láti lítið yfir sér þá er hér að mörgu leyti um stórmál að ræða.

Í fyrsta lagi, varðandi fjölgun samræmdra prófa og það valfrelsi sem þar kemur inn. Í grg. frv. kemur fram að aukið valfrelsi þýði að nemendur geti lokið grunnskóla með mismunandi áherslum og á skemmri tíma en tíu árum. Það hafa verið gefnar undanþágur frá því að taka samræmd próf. Þær hafa reyndar verið að þrengjast og eru mjög þröngar en í gildandi lögum stendur að sveitarfélögum sé skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6–16 ára og jafnframt að börnum og unglingum á framangreindum aldri sé skylt að sækja skóla. Það er því ekki bara fræðsluskylda heldur skólaskylda fyrir börn á aldrinum 6–16 ára samkvæmt lögunum. Ég hlýt að velta því fyrir mér hvort sú einfalda lagabreyting að gefa eigi nemendum kost á að þreyta samræmd lokapróf, í allt að sex námsgreinum sem menntmrh. ákveður, nægi til að aflétta í þessari skólaskyldu frá 6–16 ára. Þarf ekki að gera frekari breytingar á lögunum? Við hljótum í framhaldinu að velta því fyrir okkur hvernig sú lagabreyting gæti orðið. Hvernig á að undanþiggja þann hóp sem tekur samræmd próf áður en hann er orðinn 16 ára gamall? Og eru það þá einungis samræmd próf sem geta skorið úr um það hvenær unglingur útskrifar sig úr grunnskóla, ef það á að stytta eða breyta þessu á annað borð? Hvað með þá sem kjósa að taka ekki samræmd próf? Gildir þá reglan 6–16 ára einungis um þá?

Nú getur vel verið að búið sé að hugsa þetta allt í gegn og ráðherra getur upplýst okkur um það strax á eftir. Annars sýnist mér að það hljóti að þurfa að fara vandlega í þetta í nefndinni. Mér er a.m.k. ekki ljóst hvernig menn ætla að koma þessu í kring þannig að texti greinargerðarinnar, þessarar athugasemdar við 1. gr., standist að nemendur geti lokið náminu á skemmri tíma en tíu árum.

Eins og ég sagði áðan hafa verið litlar undanþágur frá töku samræmdra prófa í 10. bekk. Við orðum það þannig að allir hafi tekið þau og fróðlegt væri að vita, af því að við erum að fjalla um samræmd próf, hvað hefur verið unnið með niðurstöður úr samræmdum prófum. Til hvers hefur leikurinn verið gerður, annars en að rétta framhaldsskólanum tiltölulega einfalt matstæki til að velja sér nemendur, að svo miklu leyti sem þeir hafa gert það? Það er vitað að einstöku skólar hafa gert það. Hvað hefur verið unnið með þessar niðurstöður? Ég spyr vegna þess að þær eru mjög mismunandi eftir skólum, ekki bara sveitarfélögum heldur líka skólum. Ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir umræðu um menntamál á Íslandi og umræðu um stöðu barna og möguleika ef við gætum nokkurn veginn áttað okkur á hvað veldur því að sumir skólar skila lakari árangri nemenda út úr 10. bekk en aðrir.

Mér fannst merkilegt að fylgjast með umræðu sem fór fram í Bretlandi þegar þar voru í fyrsta sinn birtar niðurstöður úr samræmdum prófum í 4. bekk og 7. bekk. Þar er

þetta er eins og hjá okkur, prófað í móðurmáli og stærðfræði. Þar upphófust miklar umræður og umfjöllun um hvað greindi skólana að. Í lok mjög þéttrar og góðrar umræðu sem mér fannst ég, Íslendingurinn, græða heilmikið á var niðurstaðan nokkurn veginn sú að þeir skólar sem skiluðu nemendum með bestu einkunnir, það voru annars vegar í félagslega stöðugu umhverfi, þ.e. litlar breytingar í umhverfi barnanna, og hins vegar skólar þar sem foreldrar tóku mikinn þátt í skólastarfinu og voru virkir þátttakendur, komu inn í skólanna og tóku meiri þátt.

Fróðlegt væri að vita, að það yrði rannsakað hvort eitthvað sambærilegt sé í gangi hjá okkur. Ef menn skoða skólana í Reykjavík og horfa til útkomu þeirra þá finnst okkur a.m.k. líklegt að félagslegur stöðugleiki hljóti að hafa áhrif hér líka. Mér hefur fundist, þegar ég hef verið að líta yfir þetta, að auðsjáanlega skipti máli varðandi staðina úti á landi hvort mikil togaraútgerð er á viðkomandi stað þannig að feður eru mikið að heiman eða hvort mikill óstöðugleiki er í mannfjölda og hinum félagslega veruleika barnanna. Mér finnst að við ættum að fá þetta skoðað til að geta svarað þessum spurningum. Það hlýtur að vera skylda okkar að reyna að bregðast við með einhverjum hætti ef aðstæður og umhverfi skapa börnum okkar mismunandi aðstæður. Við hjótum þá í leiðinni að spyrja: Hvað eru þau börn þá að læra sem ekki fá betri einkunnir út úr samræmdum prófum? Eru það e.t.v. þættir sem nýtast líka í lífinu en eru hvergi mældir? Eru þeir þættir e.t.v. ekki mælanlegir fyrr en einhvern tíma síðar á ævinni?

Ég tel að ef svona rannsókn yrði gerð og menn reyndu að finna út ástæðuna fyrir svo mismunandi niðurstöðu þá mundum við a.m.k. leggja drjúgan skerf til betri og málefnalegri umræðu um skólamál en oft virðist hafa verið. Það er ekki mikil hefð fyrir skólaumræðu á Íslandi og ég held að við minnumst þess flest sem höfum áhuga á slíkri umræðu hvernig fjölmiðlar brugðust við þegar niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk voru birtar í fyrsta sinn, skóla fyrir skóla. Þá slógu fjölmiðlar þessu upp sem æsiefni. Besti skólinn, versti skólinn og búið. Svo var ekkert fjallað um það frekar. Þetta var nákvæmlega umfjöllun sem við þurfum ekkert á að halda. Við þurftum miklu frekar á gagnrýnum spurningum að halda og umfjöllun sem leiddi okkur eitthvað nær svörum við þeim. Er hægt að bregðast við? Hvernig skal bregðast við til að bæta aðstöðu barna og ungmenna í þessu landi?

Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála er auðvitað með niðurstöður samræmdra prófa langt aftur í tímann og hefur heilmikinn efnivið til að vinna úr. En grunur minn er sá að það muni ekki duga til. Menn verða að skoða málin í víðara samhengi. Ugglaust gæti rannsóknarstofnun komið með þarft og gott innlegg. Það er spurning hvort hæstv. menntmrh. veit til þess að eitthvað hafi verið unnið úr þeim niðurstöðum og gögnum sem þar liggja. Eru einhverjar þær niðurstöður til sem geta fært okkur nær svari við hinni áleitnu spurningu: Hvað veldur?

Ég velti því fyrir mér vegna þessa að hér erum við að fjalla um samræmd próf og breytingar sem eiga að verða við lok grunnskóla, þ.e. að prófin verði valfrjáls, að í aðalnámskrá þar sem fjallað er um námsmat segir:

„Heimilt er að láta öðrum í té upplýsingar um niðurstöðu samræmdra prófa en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum."

Það verður kannski svolítið flókið með að gefa það upp þegar þetta er orðið valfrjálst og auðveldara orðið að rekja. En af því að þetta er svona almennt orðað í aðalnámskránni þá væri forvitnilegt að vita hvort hæstv. menntmrh. lítur þannig á að ef fjölmiðill bæði um niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk og 7. bekk skóla fyrir skóla, hvort þær yrðu þá látnar í té. Nú var það þannig að niðurstöðurnar úr 10. bekk voru látnar í té, ef ég man rétt á grundvelli upplýsingaskyldu stjórnvalda eftir að fjölmiðill bað um þær. Gildir það sama um 4.–7. bekk og hefur það ekki verið birt skóla fyrir skóla af því að ekki hafi verið eftir því kallað af hálfu þriðja aðila?

Síðan ætla ég, herra forseti, að koma aðeins að grein sem snýr að einsetningunni. Hæstv. ráðherra vék að því hér áðan að það væri alltaf spurning hvað ríkið ætti að hafa mikil afskipti t.d. af því hversu hratt skólar færu í einsetningu. En hlýtur ekki, herra forseti, ríkið eitthvað að hafa um þetta að segja með einum eða öðrum hætti? Nú er búið að setja aðalnámskrá grunnskóla og námskrár í flestum greinum í bækur af þessari gerð, misþykkar. Þetta er svona um það bil hálf bókahilla af námskrám. Skólastarf á Íslandi er orðið miðstýrðara en það hefur nokkurn tíma verið fyrr. Gefur það ekki augaleið að námskrárnar og þær skyldur sem eru lagðar á skólana samkvæmt þeim kalla beinlínis á einsetningu? Er ekki ríkið í rauninni búið, með útgáfu aðalnámskráa sem hafa reglugerðarígildi, að setja mönnum nokkurn veginn markmiðin þannig að ekki verði undan þeim vikist?

Ráðherra vék að því áðan að af því að lögin höfðu verið sett með ártali þá yrði að aflétta þeirri tímasetningu með því að setja annað í staðinn eða ekkert. Ég held hins vegar að vegna umhverfisins alls, námskránna og þeirra krafna sem foreldrar og sveitarstjórnarmenn gera varðandi skólana, þá muni þetta gerast innan þeirra tímamarka sem hér eru. Einnig vegna þess að samkvæmt gildandi lögum á að fjölga vikustundum í skóla. Ég á ekki von á því að menn vilji mismuna með því að sumir fjölgi vikustundum en aðrir ekki þannig að einhvern veginn verður að koma þessu fyrir.

Herra forseti. Eðlilegt er að varpa fram í þessari umræðu spurningunni: Hvað með sveitarfélögin sem hafa skuldsett sig á undanförnum árum til að uppfylla lagaskyldu um einsetningu? Verður þessum sveitarfélögum umbunað með öðrum hætti en þeim sendingum sem þau hafa fengið frá hæstv. forsrh.?

Ýmis sveitarfélög í landinu hafa skuldsett sig þannig að þau eru ófær um að fara í aðrar framkvæmdir á næstu árum til þess að standa við lagatextann, sveitarfélög sem hafa safnað skuldum, verið með óráðsíu og ekki staðið sig í efnhagsmálunum. Þá er spurningin: Verður þessum sveitarfélögum umbunað á einhvern hátt? Eða verður þetta bara látið standa svona, þ.e. að sumir skuldsettu sig til að standa við markmið laganna en aðrir njóta þess hins vegar að fá frestun.

Í lokin langar mig aðeins, herra forseti, að velta vöngum yfir þeirri skólastefnu undir stjórn hæstv. menntmrh. sem nú er að komast betur í framkvæmd en á síðasta kjörtímabili Ég er í hópi þeirra sem eru að mörgu leyti mjög ósáttir við þessa skólastefnu. Ég er ósátt við svona miðstýrðar námskrár.

Ég man þegar ég var að byrja að kenna fyrir býsna löngu síðan að þá fylgdu kennsluleiðbeiningar með enskubók sem var verið að kenna. Þær voru ákaflega nákvæmar og voru helst notaðar til að gera að þeim grín því það var alveg ljóst að ef menn ætluðu að fara eftir þessum kennsluleiðbeiningum þá þurftu menn líka að vera með sérhannaða bekki. Það var ekki gert ráð fyrir neinni sköpun í þeirri kennslu eða að um samspil kennara og nemenda yrði að ræða. Ég er ekki að

segja að þetta gangi svona langt, en hálfa leið gengur það, og eins og ég sagði áðan þá er þetta líklega mesta miðstýring frá upphafi í íslensku skólakerfi.

Ég er líka ósátt við það, eins og mjög margir aðrir, hversu mikil áhersla er lögð á samræmd próf og mælanlega þætti. Þeir þættir sem eru mælanlegir hér og nú eru gjarnan þeir sem byggja á utanbókarlærdómi, byggja á hlutum sem hægt er að mæla þá og þegar með hefðbundnum mælitækjum. Annað sem e.t.v. skiptir meira máli fyrir þroska einstaklingsins er ekki hægt að mæla fyrr en síðar og kannski aldrei með beinum hætti. Ég hef líka áhyggjur af því, herra forseti, hversu mikil áhersla er á samkeppnisnám og það að ákveðnir nemendur fái að skara fram úr og njóta sín.

Nú er ég í sjálfu sér ekki á móti því að menn fái að njóta sín og það þyrftu allir að fá að gera. Ég hef samt aldrei alveg skilið þetta með samkeppnisnámið nema að þar sé um pólitíska áherslu að ræða og hana hreina vegna þess að hvergi hefur verið sýnt fram á að samkeppnisnám sé betra en samvinnunám. Það hefur kannski einmitt verið sýnt fram á hið gagnstæða, þ.e. að fleiri nemendur græddu á samvinnunámi. Þetta sýnir kannski fyrst og fremst ólíkar áherslur í menntamálum og gagnvart hlutverki skóla, en ég held að það sé sjálfsagt þegar við fjöllum um breytingar eins og þessar að við reifum viðhorf. Þetta er 1. umr. um frv. Það á eftir að vinna það og skoða í nefndinni, t.d. hvað varðar samræmdu prófin — hugsanlega fáum við góð svör þar sem við getum reifað og rætt við 2. umr. — sömuleiðis einsetninguna, fjölgun skóladaga og annað sem þarf að hanga þar með.

Herra forseti. Ég vænti þess að vinnan í nefndinni muni skila okkur áfram og að hæstv. ráðherra hafi einhver svör.

[14:04]

Sturla D. Þorsteinsson:

Herra forseti. Í frv. er lagt til að við lok grunnskólans gefist nemendum kostur á að þreyta samræmd próf í allt að sex námsgreinum. Í öðru lagi er sveitarfélögum samkvæmt frv. heimilt að fresta einsetningu grunnskólans til 1. september árið 2004.

Hvað varðar 1. gr. þá lít ég svo á að hún sé til mikilla bóta fyrir allt skólastarf við lok grunnskólans. Eins og fram kemur í aðalnámskrá er gerð sú krafa á nemandann að hann taki aukna ábyrgð á námi sínu. Það er því mjög mikilvægt að nemandinn taki ákvörðun í samræmi við þá sem að honum standa í byrjun 9. bekkjar, hvert skuli stefna miðað við mismunandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla.

Einnig er mjög jákvætt við frv. að nemandi í 9. bekk getur lokið samræmdu prófi einu ári fyrr en ella hefði verið. Í þeim skóla sem ég þekki til, Garðaskóla í Garðabæ, höfum við boðið þeim nemendum í 9. bekk sem standa vel að vígi að spreyta sig á námsefni 10. bekkjar í samræmdum greinum. Í 10. bekk taka svo þessir nemendur fjölbrautaáfanga í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ.

Einnig tel ég jákvætt við frv. að það er ekki lengur skylda allra að gangast undir samræmd próf við lok 10. bekkjar. Nú er til staðar möguleiki á undanþágu, en hún er háð nokkuð ströngum skilyrðum. Í þessu sambandi er mikilvægt að leggja á það ríka áherslu að slík ákvörðun, að gangast ekki undir samræmd próf, skal alfarið vera í höndum nemandans og hans forráðamanna. Með slíkri ákvörðun er nemandinn ekki að brjóta allar brýr að baki sér því framhaldsskólinn býður þessum nemendum samkvæmt aðalnámskrá að hefja nám í sérdeild eða á almennri braut sem býður t.d. upp á tveggja ára starfsnám.

Hvað varðar 2. gr. frv. þá held ég að flestir skilji óskir sveitarstjórnarmanna um frestun á einsetningu grunnskólans til 1. september 2004. En það ber að virða þann mikla metnað sem sveitarfélögin hafa sýnt hvað varðar einsetningu grunnskólans því þessum metnaði fylgja mikil fjárútlát.

[14:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. um breyting á lögum um grunnskóla tekur til ákveðinna þátta, til samræmdra prófa og eins frestunar framkvæmdar á einsetnum grunnskóla. Frv. vekur aftur umræðu um nauðsyn þess að vera með samræmd próf, áhersluna á það, og líka hvernig sú samræming er valin.

Menntun hlýtur að taka mið af því að mennta ungt fólk til að lifa og starfa í samfélaginu. Og ef við erum á annað borð að setja mælikvarða á það þá þurfum við að taka meiri hliðsjón af því hvers konar samfélag þetta unga fólk er að fara út í. Þá er ekki eingöngu um bóklegar greinar eins og íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og þess háttar að ræða heldur líka margs konar starfsmenntun.

Samræmd próf eru sett fram sem mælikvarði. Þetta er stýring. Þetta er stýring á því hvað ungt fólk og hvað skólar leggja áherslu á að sé nám og sé menntun. Annað nám en það sem prófað er samræmt í hlýtur þá að færast skör neðar.

Við sem höfum átt og eigum börn í framhaldsskólum og grunnskólum þekkjum það hvernig grunnskólinn fer nánast á annan endann til þess að styrkja og koma góðri kennslu á í þessum greinum sem á að taka samræmd próf í því að það er mælikvarðinn annars vegar fyrir nemandann til að halda áfram og hins vegar á gæði skólans. Stóran hluta skólaársins er tekið afar mikið mið af þessu og annað nám fellur þá beint og óbeint í skuggann.

Ég tel þessi samræmdu próf því vera mjög alvarlega stýringu og tel að það beri að skoða vel hvort þau séu í rauninni réttmæt.

Við gerum miklar kröfur til kennaramenntunarinnar og það er vel. Kennarar okkar eru ein best menntaða starfsstétt landsins hygg ég vera, a.m.k. er hún mjög vel menntuð og miklar kröfur eru gerðar til hennar. Við erum líka með mjög aðgreinda og sérgreinda námskrá þannig að til eru mjög sterkir vegvísar um það hvernig kenna skuli og hvaða áherslur skuli vera þar og hvernig beri að meta það. Ég held að fátt í okkar þjóðfélagi sé betur varðað en einmitt þetta nám, bæði hvað varðar menntað starfsfólk og hvað varðar skýra námskrá um það hvað á að gera.

Þess vegna finnst mér mjög eðlilegt þegar frv. fer til nefndar að skólafólk sé kallað til og farið verði í gegnum þessa umræðu, bæði hvort þetta sé skólapólitískt rétt og menntunarpólitískt rétt og hvort kostnaðurinn, eitthvað liðlega 50 milljónir sem fara í samræmd próf að mig minnir, sé í sjálfu sér verjandi, annars er það aukaatriði í hinni menntunarlegu sýn.

Ég vil einnig varpa því fram hvort ekki sé ástæða til þess að skoða enn frekar þessi tengsl náms í grunnskóla og framhaldsskóla. Það kemur frv. væntanlega á eftir sem lýtur að breytingum á framhaldsskólanum. Menntun er öll að færast upp. Við verjum lengri tíma við nám og það þykir æ sjálfsagðara að fólk stundi nám mun lengur en áður var. Sjálfræðisaldurinn hefur líka verið hækkaður upp í 18 ár þannig

að börn okkar og æskufólk er í rauninni lengur formlega í lagalegri og þá líka uppeldislegri forsjá foreldranna.

Ef við lítum líka til þess að það er full þörf á því að þetta unga fólk geti stundað nám í sinni heimabyggð á þessum árum, þá finnst mér vera verulega skoðandi, og vil varpa því til hæstv. menntmrh. að það verði skoðað, hvort ekki sé ástæða til að taka það upp að grunnskólinn verði hreinlega lengdur eða framhaldsskólinn styttur og námið fært saman miðað við þá breytingu sem annars er að verða í þjóðfélaginu þannig að foreldrar geti haft lengur áhrif og fylgst með börnum sínum. Þetta á sérstaklega við dreifbýlið þar sem verið er að senda fólk að heiman 15–16 ára. Þannig að við lengdum grunnskólann og styttum jafnvel framhaldsskólann en tækjum upp sérnám, hvort sem það væri á háskólabrautum, starfsmenntabrautum eða tæknibrautum og kæmi inn þar á eftir.

Mér finnst sjálfum að þetta væri meira í takt við þá þróun, væntingar og sýn sem við höfum á menntun og þróun menntunar í landinu. En þetta var nú til hliðar við beinar umræður um frv.

Ég legg áherslu á að það er ekki meining mín með þessari umræðu að farið verði að slaka á kröfum til náms eða menntunar og það eigi að fella niður samræmd próf þess vegna, síður en svo, því að ég tel að það eigi að finna allar leiðir til þess að styrkja metnað nemenda í námi, starfsmanna skóla og foreldra, en að það eigi að gera það af sanngirni og það eigi að gera það líka út frá umhverfi þeirra. Ég óttast að þessi stefna með áherslum sínum á samræmd próf mennti unga fólkið á vissan hátt út úr umhverfinu, út úr byggðunum sínum. Það ber því að vera á varðbergi gagnvart því.

Virðulegi forseti. Ég vonast eftir því að frv. fái góða umfjöllun í nefnd og að þar fái að koma fram sem flest sjónarmið varðandi málið þannig að hægt sé að meta framhaldið.

[14:15]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í greinargerð frv. sem hér er til umræðu kemur fram að markmið þess sé tvíþætt. Annars vegar að auka valfrelsi í 9. og 10. bekk grunnskóla og hins vegar að fresta einsetningu grunnskóla.

Hvað síðarnefnda atriðið varðar vil ég lýsa yfir miklum stuðningi við það ákvæði, einfaldlega vegna þess að í ljós hefur komið frá því að í lög var fært að sveitarfélögin tækju við grunnskólunum að þau eru ekki öll í stakk búin til þess. Ég hygg að skynsamlegra sé í ljósi þess raunveruleika að fara sér aðeins hægar en láta meginmarkmiðið vera það að sveitarfélögin beri ábyrgð á rekstri grunnskóla. Ég vil ítreka það sjónarmið að ég tel þá breytingu vera mjög til bóta, enda hefur það komið fram á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að sveitarfélögin tóku við grunnskólunum að áhugi sveitarstjórnarmanna á fundum og ráðstefnum um skólamál er mun meiri en áður var, enda ábyrgðin orðin þeirra. Það eru meginrökin fyrir þeirri skoðun minni að þetta hafi verið gæfuspor. En öll spor þarf að vanda og þess vegna er hyggilegt að fresta þeirri ákvörðun.

Í annan stað hlýt ég einnig að fagna hinu meginmarkmiðinu að auka valfrelsi í grunnskóla. Það hefur því miður verið og er enn of ríkjandi í skipulagi og uppbyggingu skólastarfs að miða við aldur en með þeim takmarkaða sveigjanleika sem því fylgir, þ.e. að nemendum er raðað í bekki á grundvelli aldurs en óháð þroska, bæði vitsmunaþroska, tilfinningaþroska og í rauninni líkamlegum þroska líka. Eins og allir vita og til allrar hamingju eru einstaklingar ólíkir og misfljótir til þroska. Þess vegna er í alla staði rökrétt að taka skólastarf allt til endurskipulagningar og leggja meira til grundvallar ólík þroskaskeið má segja og þroskastig einstaklinganna í stað þess að láta árin ein ráða. Ég tel að þetta sé skref í þá átt og hlýt þess vegna að fagna því að gefa nemendum 9. bekkjar kost á að þreyta samræmd próf sem að öðru jöfnu eru einungis lögð fyrir nemendur 10. bekkjar.

Ég vil í framhaldi af þessu spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir frekari breytingum í þá átt sem ég var að lýsa að miða skólastarf í vaxandi mæli við einstaklingsbundinn þroska fremur en árafjölda.

Hér hafa orðið nokkrar umræður um samræmd próf og mælingar á skólastarfi og fagna ég þeirri umræðu á hv. Alþingi. Vitaskuld eru mælingar á árangri í skólastarfi eins og á öllum sviðum afskaplega nauðsynlegar. Nauðsynlegt er fyrir allar starfsstéttir og alla starfshópa að vita hvort þeir eru að vinna gott eða slæmt starf og til þess þurfa þeir að geta mælt árangur sinn með einhverju móti. Á sumum sviðum er það mjög auðvelt. Tökum dæmi af handverksmanni sem getur lagt smíðisgrip sinn áþreifanlegan fyrir kollega sína og þeir síðan metið í rólegheitum hvort um völundarsmíð sé að ræða eða hrákasmíð. Þetta er hins vegar öllu erfiðara fyrir skólafólk, enda ekki um áþreifanlega hluti að ræða. Þar er verið að vinna með lifandi einstaklinga og afskaplega erfitt að finna þá mælistiku sem óumdeilanleg er. En mælingin og þörfin fyrir mælingu er hin sama meðal skólafólks og annarra.

Aðferðir til að mæla árangur í starfi eru ólíkar og ein aðferð sem notuð hefur verið ekki síst hér á landi eru svokölluð samræmd próf. Það er ein leiðin til að mæla árangur í skólastarfi. Samræmt próf og samræmt próf er sitt hvað, þ.e. framkvæmd samræmdra prófa er auðvitað nokkuð ólík og framkvæmd þeirra er misjöfn. En það er vert að draga það fram og leggja áherslu á að eins og samræmd próf úr 10. bekk hafa verið framkvæmd, þá hafa þau verið afskaplega stýrandi í skólastarfi, eins og fram kom m.a. í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Þau eru afskaplega stýrandi og það að taka ákvörðun um hvaða námsgreinar skulu samræmdar í prófum felur í rauninni í sér ákveðið gildismat, enda höfum við dæmi þess og er þekkt úr skólastarfi að aðrar námsgreinar eru látnar sitja á hakanum, jafnvel felldar alveg á brott tímabundið meðan hinar svokölluðu samræmdu greinar fá aukið svigrúm og meiri áhersla er lögð á þær. Eins og samræmd próf 10. bekkjar hafa verið framkvæmd að undanförnu þá felast ákveðin skilaboð til nemenda og samfélagsins, þ.e. hinar hefðbundnu fjórar bóklegu greinar eru skilaboð til samfélagsins um að þær greinar séu æðri öðrum. Þá er um leið verið að senda út þau skilaboð að svokallaðar starfstengdar greinar og listgreinar séu óæðri og kann þar að liggja að hluta til skýringin á heldur aumri stöðu þessara greina á framhaldsskólastigi. Þess vegna er ákvörðunin um hvaða greinar eru valdar til samræmds prófs eins og þau hafa verið tíðkuð í 10. bekk ákveðið gildismat og í rauninni stefnumörkun eða alla vega skilaboð til nemenda og samfélagsins.

Þá er líka vert að hafa það í huga eins og við þekkjum bæði úr umræðu á hv. Alþingi og ekki síst í fjölmiðlum að gæði skóla eru oft metin af árangri úr samræmdum prófum eins og það er nú annars ónákvæm og ósanngjörn mæling. Allar rannsóknir um árangursríkt skólastarf segja í rauninni að umbúnaðurinn í skólanum segi ekki allt heldur skipti

miklu máli aðstæður og hvatning heima fyrir og það umhverfi sem nemendur alast upp í, í skóla en ekki síður á heimilum. Þannig að þegar verið er að meta gæði skóla er vissulega þörf á að geta mælt ef menn vilja vera sanngjarnir og heiðarlegir í slíkum dómum að kveða upp einkunnir um skóla í hvaða ástandi, ef svo má segja, nemendur eru þegar þeir hefja nám og hver virðisaukinn hefur síðan orðið þegar nemendur ljúka námi í viðeigandi skóla.

Nú er það þekkt og hefur m.a. verið tengt umræðu um gæði skóla í þéttbýli og á landsbyggðinni, sérstaklega í sjávarþorpum þar sem skólarnir eru í beinni samkeppni við atvinnulífið og nemendur þar eiga tiltölulega auðvelt með að fá vinnu meðan þeir eru á skólaaldri, að slíkir skólar virðast stundum koma út heldur lægri á samræmdum prófum en skólar í þéttbýli, t.d. á suðvesturhorninu og segir það e.t.v. sína sögu og er dæmi um að við þurfum að skoða skólana í því samfélagi sem þeir eru en ekki einungis að einblína á þá þröngu mælistiku sem er niðurstaða úr samræmdum prófum.

En það er líka vert að hafa það í huga, herra forseti, að samræmd próf í grunnskóla hafa um nokkurra ára skeið verið tíðkuð með öðrum hætti. Ég veit ekki betur en að í gær og í morgun hafi verið þreytt samræmd próf í 4. bekk grunnskóla og 7. bekk, og má segja að sú athöfn sé merkileg stund fyrir okkur vegna þess að þar er árgangur sem þreytti samræmd próf þegar hann sat í 4. bekk. Hér er um að ræða samræmt próf sem ekki tengist beint brautskráningu eða útskrift úr grunnskóla heldur er komið mjög hentugt vopn fyrir kennara og starfsfólk skólanna sem getur borið saman breytinguna sem hefur orðið á þeim árgangi á þremur árum, án þess að tengja það sérstaklega við neina útskrift. Þetta er það sem hefur verið kallað á ensku fræðimáli „formative" og „summative evaluation" þar sem niðurstöður samræmdra prófa með því að bera saman virðisaukann, hver svo sem virðisaukinn hefur orðið á nemendum meðan á dvöl þeirra í skólanum stendur, er kjörið vopn fyrir starfsfólk skólans til að skoða hvar styrkleiki og veikleiki skólans er og hvar má sækja fram.

En ég ítreka, herra forseti, að samræmd próf og val á námsgreinum til samræmdra prófa er spurningin um gildismat og skilaboð til samfélagsins og þess vegna vildi ég í lokin, herra forseti, beina því til hæstv. ráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því og beita þá því heimildarákvæði sem felst í þessu frv., ef það verður að lögum, að samræmd próf eða einhvers konar mæling á listgreinum og beinum starfstengdum greinum muni falla undir þetta svið.

[14:26]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Sú beiðni frá sveitarstjórnum landsins um að fresta tímamörkum fyrir einsetningu grunnskóla kemur raunar ekki á óvart og vakti það furðu margra á sínum tíma hversu knöpp tímamörk voru sett. Mér finnst umhugsunarefni fyrir okkur að menn skuli ekki haft betra yfirlit yfir landsmálin þegar þau tímamörk voru sett vegna þess að nú þegar liggur fyrir að þessi knöppu tímamörk hafa haft gríðarleg áhrif á aðra þætti í þeim sveitarfélögum sem hafa staðið sig best og eru kannski búin að einsetja eða í þann mund að einsetja.

Það liggur alveg fyrir að önnur brýn mál hafa algerlega setið á hakanum og munu í mörgum tilfellum sitja á hakanum næstu 2–3 árin samkvæmt upplýsingum sem ég hef. Nefni ég þar sem dæmi bara fráveitumál, öll umhverfismál, gatnagerð o.s.frv. Og það sætir furðu, herra forseti, að sérfræðingar í ráðuneytunum skuli ekki hafa betra yfirlit en svo yfir samfélagsmálin í landinu og innanríkismálastjórn að farið skuli af stað með mál af þessu tagi og gefin svo knöpp tímamörk sem hafa slíkar stórkostlegar afleiðingar í för með sér. Þarna tala ég bæði um dreifbýli og þéttbýli.

Menn vöknuðu upp af vondum draumi þegar verðbólgudraugurinn fór af stað og ætli það sé ekki þess vegna sem gripið er til þeirra ráða að fresta einsetningunni fyrir þá sem ekki eru búnir að því þannig að tímamörkin verði til 2004. Það er gott mál en þetta er allt of seint fram komið. Þetta er mál sem hefði átt að taka upp fyrir a.m.k. tveimur árum, einu og hálfu ári allra seinast, því að staðreyndin er sú að flest sveitarfélög eru komin í gang, sum eru búin og hér er um fjárfestingar að ræða upp á milljarða. Það er óþolandi að ráðuneytin séu svo ósamstillt að þegar við afgreiðum frá okkur lög og tímasetningar skuli ekki vera litið á rekstur samfélagsins alls í samhengi, það er óþolandi staða. Ég vil lýsa því yfir hér með að ég er sammála því að sveitarfélögunum verði gefinn þessi festur til 2004 og tel það hið besta mál.

Að síðustu vil ég nefna að í sveitarfélögum landsins, einkum þeim minni, er gríðarlegur vandi óleystur varðandi yfirtöku grunnskólans og það verður að skoða líka í framhaldi af þessu máli. Óleystur vandi því að í pípunum voru launakröfur, óuppgerðar í raun og veru, og þeir fjármunir sem sveitarsjóðir hafa þurft að reiða fram sem annars fóru í aðra nauðsynlega samfélagsþætti og uppbyggingu er klafi á sveitarfélögunum í dag. Það er því alger nauðsyn að ríkið gangi til samstarfs við sveitarfélögin og leiðrétti þennan uppsafnaða vanda þannig að sveitarfélögin geti haldið sjó í þessum málum.

Að endingu vil ég, herra forseti, lýsa yfir stuðningi við að þessi tímamörk verði rýmkuð fyrir sveitarfélögin en lýsi jafnframt furðu minni á því að þetta skuli hafa verið gert svo seint og að við skulum hafa svo mikinn afleiddan vanda á öðrum sviðum í kjölfar þess að ákvörðun var ekki tekin á réttum tíma.

[14:30]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 110.

[14:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breyting á lögum um grunnskóla og sú sem hér stendur á sæti í hv. menntmn. Alþingis og sú sem hér stendur er líka að læra ansi margt í sambandi við störf þingmanna og viða að sér ýmsum fróðleik og þar á meðal í sambandi við menntamál.

Hingað til hef ég fylgst afskaplega vel með í skólamálum, sérstaklega í grunnskólanum, og ég hef fylgst líka með því sem gerist í sölum hins háa Alþingis. Oft finnst mér eins og hér sé talað úr fílabeinsturni og lítil tengsl séu við hið raunverulega líf og það sem á sér stað í alvöru úti í skólum landsins.

Við þekkjum öll til starfa hæstv. menntmrh. Hann er að sönnu dugnaðarforkur, hann hefur tekið vel á ýmsum málum og við höfum virkilega fundið fyrir honum. Hæstv. ráðherra hefur vegið þungt í málaflokknum undanfarin ár og eflaust hefur margt verið vel gert. En það sem hér um ræðir eru samræmd próf og hæstv. ráðherra hefur lagt mikla áherslu á mælanlegan árangur í starfi grunnskólanna. Það

er kannski þar sem mér hefur oft fundist á skorta einhvers konar raunveruleikatengingu eða í öllu falli sterkari raunveruleikatengingu. Þau varnaðarorð sem mig langar til að mæla úr þessum ræðustóli núna tengjast veruleikanum sem við blasir í skólastofnununum.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að við búum við þann veruleika að allt upp í 40% ungra nemenda, sem eru að hefja nám í grunnskólanum í sex ára deildunum, á við merkjanlega erfiðleika að stríða við að tileinka sér nám og skólastarf. Það er talið að allt upp í 40% í sumum skólum þurfi einhvers konar stuðning og geti ekki tileinkað sér það nám sem er í boði strax í sex ára deild. Þar sem samkeppnisnám tekur strax gildi og það er strax farið að bera á því að stýringin er inn á samkeppnisnám en ekki samvinnunám þá verður vandinn stærri eftir því sem á líður skólagöngu þeirra barna sem eiga í erfiðleikum. Samfara því að samkeppnisnámið er eflt á þennan hátt og vægi þess aukið þá er að mínu mati ekki nóg að gert fyrir þá sem eiga í erfiðleikum. Að mínu mati þarf að koma inn virkilega öflugur stuðningur í skólakerfið til þeirra sem þurfa á sérúrræðum að halda, sérstaklega ef það á að auka svona mikið vægi hinna samræmdu greina.

Þar komum við inn á starfstengdar greinar og listgreinar, listgreinar sem verða aldrei mældar í hinum eiginlegu kvörðum. Starfstengdar greinar og listgreinar geta komið inn í skólakerfið á miklu öflugri hátt strax frá byrjun. Það eru þannig greinar sem hjálpa best þeim sem eiga við námsörðugleika að stríða.

Ég legg því til að hér verði virkilega vel skoðað hvað við getum gert til þess að auka vægi starfstengdra greina og listgreina og auka úrræði fyrir þau börn sem eiga erfitt með að tileinka sér nám á sama tíma og við erum að auka vægi samræmdu greinanna.

Varðandi einsetninguna í skólum landsins, svo ég haldi áfram að tala á sömu nótum og ég byrjaði, herra forseti, finnst mér líka stundum gæta þess að ekki séu nægileg tengsl þeirra sem hér tala við raunveruleikann. Þá vil ég nefna að einsetningin er afskaplega misjöfn milli skóla. Hún er nánast bara í formi gæslu í sumum skólum. Þó að málefni skólanna séu komin til sveitarfélaganna þá þykir mér það enn vera eitthvað sem hinu háa Alþingi kemur við að heilsdagsskólinn verði skóli en ekki bara misgóður stuðningur við heimanám og nánast gæsla. Samhliða umræðum um frv. sem hér liggur fyrir finnst mér þurfa að fara fram gagnger skoðun á því hvernig skólunum hefur hingað til tekist upp í því að efla einsetninguna og gera úr garði þann hluta skóladagsins sem heyrir undir einsetninguna beinlínis, heimanám og gæslu.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, að menntamál eru í eðli sínu málaflokkur sem tengist sterkt inn á aðra málaflokka. Þá vil ég nefna sérstaklega heilbrigðismál og félagsmál. Ég sakna þess gjarnan að þeir sem hér tala eða störf Alþingis lýsi því að menn skynji og geri sér góða grein fyrir þeirri tengingu. Mér þætti gott að geta rætt þessi málefni, þ.e. málaflokka, menntamálin, heilbrigðismálin og félagsmálin oftar í meira samhengi þannig að við fyndum betur flæða á milli þessara málaflokka.

[14:37]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir ágætt yfirlit. En ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. að hún sagðist telja að 40% nemenda sem hæfu skólanám þyrftu á sérkennslu að halda. Mér brá svolítið við þessa tölu og leyfi mér að hafa miklar efasemdir um hana. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm. hvort hún telji að 40% nemenda sem hefja nám í grunnskólum landsins þurfi á sérkennslu að halda og hvort úrlausnin sé þá alfarið skólanna. Ekki síst af því að þm. hv. nefndi að menntamál eigi að skoða í víðara samhengi, sem ég tek mjög undir, saknaði ég þess að ábyrgð heimilanna var ekki nefnd í ágætri ræðu hv. þm.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir andsvarið og undirstrika það sem kom fram í máli mínu að dæmi eru um það í skólum að allt að 40% nemenda sem hefja nám þurfi á einhvers konar stuðningi að halda eða geti ekki að öllu leyti tileinkað sér það nám sem upp er lagt. Þetta eru dæmi sem ég hef héðan úr Reykjavík, þetta er örugglega ekki yfir línuna, ég er alveg sannfærð um það, þetta er kannski í þeim skólahverfum þar sem félagslegir erfiðleikar fólks eru hvað mestir.

Ég tek hjartanlega undir það með hv. þm. að ábyrgð heimilanna á skólagöngu barna, þroska barna og lífi barna er afskaplega mikil. Þá langar mig til að geta þess að samþætting heilbrigðismála, félagsmála og menntamála getur komið þar inn með stuðningi. Í því sambandi vil ég nefna stuðning við unga foreldra. Ég tel að héðan geti komið leiðbeinandi reglur eða lög um að ungir foreldrar fái stuðning og hreinlega menntun við það að ala upp lítil börn, taka á móti nýjum einstaklingum í þennan heim. Ég held að ungir foreldrar séu afskaplega móttækilegir fyrir menntun af því tagi og ungt fólk verður aldrei móttækilegra fyrir menntun um umönnun ungbarna og umönnun einstaklinga en á því stigi að það er sjálft í þeim sporum að það tekur á móti barni. Ég kem til með að flytja frekari ræður um þau mál úr þessum þingstól þar sem ég geri ráð fyrir að þessar hugmyndir mínar eigi eftir að þróast og taka á sig sterkari mynd. En ég segi það að til þess að málaflokkarnir geti tengst og til þess líka að heimilin geti borið sína ábyrgð þá þurfa ungir foreldrar stuðning og ungir foreldrar eiga að upplifa það úti í samfélaginu að það sé eðlilegt og sjálfsagt að maður leiti sér hjálpar.

[14:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka ágætar umræður um þetta frv. Eins og við var að búast eru skoðanir skiptar um einstaka þætti þessara mikilvægu mála og menn geta að sjálfsögðu nálgast viðfangsefnið frá ólíku sjónarhorni þegar rætt er um samræmd próf og menn fjalla um þann málaflokk.

Mér finnst svolítið einkennilegt að leggja þetta frv. upp á þann veg að menn séu að herða á miðstýringu eða skilgreina samræmd próf með þyngri hætti en áður í skólastarfinu. Þvert á móti er með frv. verið að létta á að þessu leyti. Verið er að auka svigrúmið í skólastarfinu og það er verið að auka svigrúm nemendanna. Nauðsynlegt er að hafa það meginatriði í huga þegar menn fjalla um þetta því að það er kjarnaatriði í nýju skólastefnunni sem var kynnt undir heitinu Enn betri skóli og var mikil samstaða um. Eins og ég sagði í framsöguræðu minni fyrir frv. er það byggt á niðurstöðu sem fékkst í nefnd þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna sátu og komu að því að móta þessa stefnu og að sú leið skyldi farin að haga samræmdum prófum með þessum hætti.

Þetta er því ekkert mál sem er gripið ofan úr hillu í menntmrn. og komið með hingað inn heldur er þetta liður í löngu ferli sem er verið að ljúka með þessum hætti og með þessu frv., ferli sem var mótað við upphaf starfs við endurskoðun

á námskránum og þar sem allir stjórnmálaflokkar komu að og hefur verið góð sátt um.

Hitt er annað mál að að sjálfsögðu ber að virða þau sjónarmið að menn vilji ekki hafa próf í skólum og nálgast skólastarf með þeim hætti að þar eigi ekki að fara fram neinar mælingar af þessu tagi sem prófin eru. En sú stefna hefur ekki verið hér uppi og hún er ekki heldur í þessu frv. Hins vegar er sveigjanleikinn aukinn og valfrelsi nemendanna aukið.

Þegar sagt er að hætta sé á því að þessi stefna verði til þess að mennta nemendur út úr heimabyggðum sínum tel ég að þvert á móti sé í þessu frv. veitt það svigrúm sem dugir til þess að skólarnir geti betur lagað sig að heimabyggðum sínum en nú er, sérstaklega þegar hugað er að því að 30% kennslutímans í 9. og 10. bekk er frjáls tími sem er ætlaður til fyrir skólana, m.a. að kynna nemendur fyrir heimabyggðum sínum og þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Ég get ekki fallist á að í þessu frv. felist ýmislegt af því sem menn hafa fundið því til foráttu í sínum ræðum hér. Þvert á móti held ég að frv. komi til móts við margt af því sem menn sögðu þegar þeir töldu sig vera að gagnrýna frv.

Varðandi það að nemandi geti tekið próf upp úr 9. bekk og spurninguna um hvort það þurfi að vera skýrari lagaákvæði um það atriði í þessu frv. en hér er, ætla ég ekki að segja síðasta orðið um það hér og nú. Ég tel að þetta ákvæði dugi til þess að unnt sé að heimila nemendum sem standast það sem segir í greinargerðinni:

„Einnig geta nemendur í 9. bekk valið að taka samræmd lokapróf 10. bekkjar og hefja framhaldsskólanám að því loknu, enda teljist þeir hafa staðist að öðru leyti þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla."

Þarna er um mat viðkomandi skóla að ræða, nemandans og foreldra hans sem hafa tök á að óska eftir því að nemandinn fari í samræmt próf upp úr 9. bekk og fái leyfi til að taka það. Það þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig og ég tel að lagaheimildir séu fyrir því samkvæmt þessu frv. Gerð er krafa til þess að þeir sem ætla að nota sér þessa heimild taki samræmd próf þannig að það er alveg ljóst að hún byggist á því að nemendurnir taki samræmd próf.

Varðandi rannsóknir á niðurstöðum samræmdra prófa og nýtingu þeirra rannsókna við þróun skólastarfsins er það svo, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar, að nú erum við e.t.v. fyrst að fá þann ramma eða mælanlega svigrúm sem við þurfum til að geta notað við rannsóknir á þróun skólastarfsins. Það tekur sinn tíma að safna þeim upplýsingum sem þarf til þess að hægt sé að bera saman sérstaklega 4. og 7. bekkjar prófin. 10. bekkjar prófin liggja fyrir og þar hafa farið fram margar rannsóknir og mikið starf verið unnið. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur unnið að því, hið sama hefur einnig verið gert á vegum Kennaraháskólans. Rannsóknir á sviði mennta- og kennslumála eru að aukast.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á skýrslu sem ég gaf út á síðasta þingi um grunnskólann. Hún kom því miður ekki til umræðu á því þingi. Hér eru gífurlega miklar upplýsingar um þróun grunnskólastarfsins sem mér finnst eðlilegt að hv. menntmn. hafi til hliðsjónar þegar hún fjallar um þetta frv. Þar er dregið saman með skipulegum hætti ýmislegt af því sem menn telja til fróðleiks þegar þróun grunnskólans er metin. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að menn noti þessar upplýsingar til rannsóknarstarfa. Að sjálfsögðu er ekki fyrirmælavald um hvað menn skuli rannsaka en þessar upplýsingar verða andlag rannsókna sem munu skila okkur áfram við mat á þróun skólastarfsins.

Að sjálfsögðu er upplýsingaskylda varðandi 4. og 7. bekkjar prófin ef menn óska eftir því. Það gildir ekkert annað um þau en almennt um upplýsingar af þessu tagi. Þá þarf að fylgja sömu meginreglum og varðandi 10. bekkjar prófin, þ.e. að séu nemendur færri en 11 er bannað að birta upplýsingarnar að mati tölvunefndar. En í því sambandi er athyglisvert að rifja upp að samtök fámennra skóla héldu aðalfund fyrir nokkrum vikum. Þar ályktuðu þau að þau óskuðu eftir því að fá, þótt skólarnir væru fámennari en svo að 11 nemendur þreyttu grunnskólaprófið, að birta niðurstöður af samræmdum prófum. Þá yrði nemendafjöldi þriggja ára eða svo tekinn saman og sú tala birt til þess að einnig fáist mælistika fyrir þessa skóla. Þessir skólar telja að verið sé að þrengja að þeim, að ekki skuli liggja fyrir upplýsingar um niðurstöður af samræmdum prófum innan veggja þeirra eins og í fjölmennari skólum. Eins og menn sjá þá er það alls ekki bundið við þéttbýli að menn standi sig vel á samræmdum prófum.

Varðandi það sem menn hafa sagt um einsetninguna og orð sem hafa fallið um að þetta hefði mátt sjá fyrir og menn hefðu átt að lengja þennan frest fyrr, allt er það gott. Oft er gott að vera vitur eftir á eins og menn vita. En í þessu efni held ég ekki að vega eigi að embættismönnum eða starfsmönnum ráðuneyta. Þetta var fyrst og fremst pólitísk ákvörðun tekin á Alþingi og þrýstingurinn í þessu máli hefur verið pólitískur, að hrinda einsetningunni í framkvæmd á sem skemmstum tíma. Þegar grunnskólalögin voru tekin til lokaafgreiðslu var fresturinn lengdur um tvö ár. Það var í samráði við sveitarfélögin. Nú verðum við aftur í samráði við sveitarfélögin að lengja frestinn um tvö ár. Það er ekki hægt að segja að þetta hafi ekki verið rætt ítarlega hér á þingi. Það voru pólitískar ákvarðanir sem réðu því að menn ákváðu einsetningu skólans og á hvaða tímabili hún skyldi gerast. Þetta finnst mér nauðsynlegt að árétta hér. Það er ekki svo að það skorti yfirsýn í þessu máli heldur hitt að þetta er viðamikil mál.

Byggðaþróunin og búsetuþróunin hefur líka verið með þeim hætti að sum sveitarfélög standa í öðrum sporum nú en menn gátu séð fyrir fyrir þremur eða fjórum árum. Af því er tekið mið og þegar menn fara yfir lista sveitarfélaganna í þessum efnum þá sjá þeir að það eru aðallega sveitarfélög sem standa frammi fyrir breytingu í búsetu sem menn sáu ekki fyrir og vildu ekki sjá fyrir þegar þetta var ákveðið. Menn þurfa að taka tillit til þessa en fyrst og fremst var þetta pólitísk ákvörðun sem tekin var í samráði við sveitarfélögin á sínum tíma.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég held að ég hafi farið yfir helstu atriðin í máli manna. Ég vona að nefndin fari rækilega ofan í þetta mál, ræði það og skoði alla þætti og kalli þá til sem hafa yfirsýn yfir þennan málaflokk. Það verður málinu aðeins til gagns að menn skoði það en ég legg hins vegar ríka áherslu á að menn hraði vandaðri afgreiðslu svo við getum hrundið þessu í framkvæmd á næstu árum. Það er mikil eftirvænting í skólakerfinu og þess beðið að þessar breytingar nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:50]

Útbýting þingskjala:

Forgangur kostaðra dagskrárliða Ríkisútvarpsins, 105. mál, fsp. KolH, þskj. 111.

Kostun dagskrár Ríkisútvarpsins, 106. mál, fsp. KolH, þskj. 112.

Náttúruverndarþing, 107. mál, fsp. KolH, þskj. 113.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Stjfrv., 101. mál (aðlögunartími, fornám, samræmd lokapróf o.fl.). — Þskj. 102.

[14:51]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum.

Í frv. er gert ráð fyrir breytingum á framhaldsskólalögunum sem eru á þessa lund:

1. Kennarar sem ráðnir eru í störf aðstoðarskólameistara fái sambærilegan rétt til leyfis frá kennarastörfum og þeir kennarar sem ráðnir eru í embætti skólameistara.

2. Fornám í framhaldsskólum verði skipulagt innan almennra námsbrauta framhaldsskóla.

3. Menntamálaráðherra verði veitt heimild til þess að ákveða með reglugerð hvaða lokapróf framhaldsskóla skuli vera samræmd.

4. Skipan starfsgreinaráða verði ákveðin með reglugerð, þar með talið hver fjöldi fulltrúa skuli vera í starfsgreinaráðum og hvernig tilnefningum skuli vera háttað. Við skipan starfsgreinaráða verði tekið tillit til hagsmuna þeirra starfsgreina sem ekki njóta þegar fræðslu á framhaldsskólastigi.

5. Lögbundinn frestur til þess að framkvæma framhaldsskólalögin verði framlengdur til þess að undirbúa betur framkvæmd laganna, t.d. framkvæmd samræmdra prófa.

Herra forseti. Þessi ákvæði skýra sig sjálf. Þau eru ekki flókin í sjálfu sér. Það er verið að samræma atriði t.d. varðandi ráðningu aðstoðarskólameistaranna og skilgreina betur inntak hinnar almennu námsbrautar sem kemur í stað fornáms. Það er ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessari námsbraut. Það snertir mál sem við ræddum hér undir síðasta dagskrárlið þegar rætt var um grunnskólana og samræmd próf. Þarna er gert ráð fyrir því að sá hluti nemenda sem er mjög óráðinn í hvaða framhaldsnám skuli velja og fullnægir auk þess ekki inntökuskilyrðum á allra námsbrauta framhaldsskóla, fái sérstaka skilgreinda námsbraut á framhaldsskólastigi þar sem haldið verði uppi náms- og starfsráðgjöf. Þar verður einnig stuðlað að því að þessir nemendur finni sér áhugasvið, t.d. á starfsnámsbrautum eða í list- og verknámi eins og hér var hvatt til að gerð yrði í umræðunum áðan, að menn huguðu að þessum nemendum sérstaklega. Ég tel að með breytingunni sem við erum að leggja til á framhaldsskólalögunum sé einmitt komið til móts við þau sjónarmið sem fram komu að þessu leyti hjá hv. þm. hér áðan.

Varðandi lokapróf úr framhaldsskóla, segir í 24. gr. laganna að lokapróf úr framhaldsskóla skuli vera samræmd. Þar er ekki gerður munur á stúdentsprófum eða burtfararprófum af starfsmenntabrautum. Þegar menn setjast yfir frekari umræður eins og fram hefur komið við mótun nýju skólastefnunnar, í því mikla starfi sem fram hefur farið við gerð námskráa í samræmi við hana, sjá menn að æskilegt væri að hafa þessi ákvæði í framhaldsskólalöggjöfinni skýrari. Eins og menn sjá á frv. er gert ráð fyrir því að greina á milli bóknámsbrauta, náms í löggiltum iðngreinum og einnig því að menntmrh. hafi heimild til að ákveða með reglugerð að lokapróf í tilteknum greinum af öðrum námsbrautum skuli samræmd að fenginni umsögn viðkomandi starfgreinaráðs ef um starfsnám er að ræða. Þarna er sem sagt verið að taka mið af sveigjanleikanum á þessu skólastigi markvissar en gert er með núverandi lögum.

Ákvæðið um starfgreinaráðin heimilar menntmrh. að gefa út reglugerð varðandi þessi mikilvægu ráð. Þau eru 14 núna og hefur komið í ljós við framkvæmd ákvæða í lögunum sem um þau fjalla að það mundi auðvelda skipulag á þessu sviði að hafa heimild til útgáfu reglugerðar. Síðan er lagt til að frestir verði lengdir með hliðsjón af því hvernig við hrindum þessum ákvæðum og nýju námskránni í framkvæmd. Ég vil láta þess getið að ég hef falið sérstökum ráðgjafa mínum um framhaldsskólastigið að vinna að tillögum varðandi styttingu framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú. Markmiðið er að menn geti tekið stúdentspróf að loknu þriggja ára námi í framhaldsskóla í samræmi við nýju skólastefnuna en ákveðið var að hrinda fyrst ákvæðum um námskrána í framkvæmd og síðan að taka á þessu viðfangsefni. Vinnan við það er hafin á vegum menntmrn. en þær breytingar verða ekki gerðar nema með samþykki Alþingis þegar þar að kemur.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. hv. menntmn.

[14:56]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Málið sem hér um ræðir var tekið á dagskrá með afbrigðum þannig að ekki hefur gefist mikill tími til að skoða það. En eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er hér fyrst og fremst um sjálfsögð atriði að ræða sem ekki ætti að standa mikill pólitískur styr um. Mörg þeirra eru þegar í lögunum um framhaldsskóla og, eins og fram kom í máli ráðherrans, fyrst og fremst um heimild til reglugerðarútgáfu eða nánari útfærslu að ræða. Ég geri ráð fyrir að hv. menntmn. muni grandskoða þetta mál en langar til að spyrja ráðherra, áður en umræðunni lýkur vegna þess sem hann fór hér yfir varðandi frestun á framkvæmd laganna, hvort þessi frestur muni duga til að fatlaðir fái kost á framhaldsnámi eins og aðrir nemendur.

Samkvæmt 19. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að fötluðum nemendum sé boðið nám, þ.e. kennsla og sérstakur stuðningur í námi á framhaldsskólastigi. Gert er ráð fyrir að þeim sé látin í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur og þeir skuli stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.

Nám fatlaðra nemenda hefur einungis verið til tveggja ára. Ég tek hins vegar eftir því að hér er fyrst og fremst vikið að samræmdum prófum til að rökstyðja frest á framkvæmd framhaldsskólalaganna eða framlengingu hans til að undirbúa betur framkvæmdina. Er hæstv. ráðherra tilbúinn til að segja eitthvað um framhaldsnám fatlaðra? Ég stóð í þeirri meiningu að það búið yrði að lengja það um a.m.k. um eitt ár fyrir skólaárið sem nú er að byrja. Mér skilst að svo verði ekki heldur verði um áframhaldandi frestun að ræða. Er hægt að fá upplýsingar um hvort þetta sé eitt þeirra atriða sem

menn ætla sér að ljúka fyrir þann tímafrest sem hér er enn gefinn.

Varðandi reglugerðina um það hvaða lokapróf framhaldsskóla skuli vera samræmd sem fjallað er um í 24. gr. þessara laga þá skil ég ekki alveg, kannski vegna þess að ég hef ekki haft tíma til að kynna mér málið nægjanlega, af hverju breyta þarf 24. gr. á þann veg sem gert er. En eins og ég sagði áðan þá hefur hin pólitíska ákvörðun verið tekin og sjálfsagt að skoða hvort sú breyting sem hér er lögð til reynist nauðsynleg til að ráðherra hafi það svigrúm sem hann þarf til að skipa þessum málum eðlilega.

Að öðru leyti, herra forseti, sýnist mér að hér sé um mál að ræða sem líklegt mátti telja að kæmi til umfjöllunar þingsins að nýju, samanber starfsgreinaráðin. Ég held að mjög eðlilegt sé að meiri sveigjanleiki þurfi að vera en sá sem lögin gera ráð fyrir. Og sömuleiðis held ég að ástæða sé til að fagna því að fornámið í framhaldsskólanum verði skipulagt innan almennra námsbrauta.

Herra forseti. Ég ætla ekki við 1. umr. að hafa frekari orð um frv. en ítreka það sem ég fór yfir varðandi málefni fatlaðra.

[15:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. vil ég taka fram að þessir frestir snerta ekkert málefni fatlaðra. Við vinnum að því að skipuleggja fjögurra ára nám fyrir fatlaða á framhaldsskólastigi og það þarf að undirbúa það vel og átta sig á hvernig að því verður staðið. Það á ekkert skylt við þessa fresti. Þeir frestir eru af öðrum toga vegna framkvæmda á öðrum ákvæðum framhaldsskólalaganna. Þetta er bæði spurning um fé og einnig inntak í námi sem menn eru að fjalla um varðandi fatlaða nemendur og þeirri vinnu verður haldið áfram og verður ekki frestað þótt þessir frestir yrðu veittir hér.

Við höfum líka lagt á það áherslu í þeim umræðum að framhaldsnám er mismunandi langt. Það er alls ekki um það að ræða að allir nemendur innriti sig í framhaldsskóla með það í huga að vera þar í fjögur ár. Og ef markmiðið er á hinn bóginn einnig að stytta námið almennt niður í þrjú ár þá hlýtur nám fyrir fatlaða nemendur að taka mið af því. Aðalatriðið er að það nám sé vel skilgreint eins og annað nám í framhaldsskólanum og að nemendur fái þá þjónustu í skólanum sem þeim ber miðað við þroska sinn.

[15:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér eru til umræðu breytingar á ákveðnum þáttum í lögum um framhaldsskóla. Það sem maður staldrar fyrst og fremst við er hvernig framhaldsskóla eða framhaldsnámi lýkur hjá nemendum. Hvaða möguleikar standa þeim opnir að námi loknu? Og hvers konar menntun og skólar eru að þróast í landinu?

Þetta var ósköp einfalt meðan við vorum með einn háskóla sem nánast eingöngu kenndi mönnum að verða lögfræðingar eða prestar. En nú höfum við margs konar nám sem kallað er á háskólastigi, en þau stig eru kannski að verða meira eða minna úrelt. Og sömuleiðis líka skilgreiningin stúdentsprófi.

Það var sú umræða að deyfa skilgreiningu stúdentsprófsins, að framhaldsskólum gæti lokið með prófum með skilgreindum námslokum en hið skilgreinda stúdentspróf yrði meira eða minna fellt burt. Það er líka svo að framhaldsnám hefur orðið æ fjölbreyttara eftir því sem þjóðfélagið hefur orðið margbreytilegra og krafist er tæknimenntunar og sérmenntunar á svo mörgum sviðum.

Ég tel að til þess að halda áfram námi í háskólum eða tækniskólum þá eigi að gjalda varhuga við því að stúdentspróf eða einhver samræmd próf sem menn kalla samræmdar prófgreinar til stúdentsprófs verði hemjandi fyrir námsframgang. Það er e.t.v. fyrst og fremst fyrir þá skóla sem taka við viðkomandi nemendum að skilgreina hvernig menntun eða bakgrunn þeir vilja fá. Það er kannski ekki aðeins menntun í einhverjum ákveðnum bóklegum greinum heldur líka bara almenn starfsmenntun, reynsla og lífsreynsla sem getur þar ráðið, sem að vísu eru möguleikar fyrir en þó ekki skilgreindir.

Mér finnst því, þó að þessi breyting taki ekki mjög mikið á því, þá sé hún samt að undirstrika þetta stúdentspróf, hún sé að undirstrika þetta samræmda próf, bæði í bóknámi og síðan er kominn einhver samræmdur kjarni líka úr starfsnámi, iðnnámi eða tækninámi til þess að komast í háskóla.

Mér finnst þetta ekki fyllilega í takt við þann raunveruleika sem við stöndum frammi fyrir. Mér finnst að næsta skólastig fyrir ofan eftir að þetta stig er komið, þ.e. upp fyrir skyldunám, eigi nánast sjálft að setja mörkin í ríkari mæli.

Ég hjó eftir því og var ánægður með þau orð hæstv. ráðherra að þriggja ára framhaldsskóli væri til skoðunar í ráðuneytinu. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það ætti að skoða styttingu á þeim tíma sem liggur núna frá skyldunámi og til sérhæfðs náms, annaðhvort í sérhæfðu starfsnámi, tækninámi eða háskólanámi, það ætti að finnast leið til styttingar þar á, en að nemendur ættu sem lengst samleið í almennu kjarnanámi sem yrði síðan stutt og bætt og aukið með námi sem höfðaði til samfélagsins og þess umhverfis sem nemendurnir væru að alast upp í.

Ég gæti séð fyrir mér styttingu í þrjú ár og menn hyrfu enn meir frá þeim sérbrautum sem sú stytting á námi gæti gefið tilefni til, og að sú braut yrði með almennan kjarna en tengdist síðan starfsmenntun og umhverfi eftir því sem bæði aðstæður og áhugi stæði til og mennta þannig fólkið inn í nærumhverfi sitt og inn í samfélagið.

Þetta gæfi líka möguleika hjá mun fleiri skólum að taka upp framhaldsskóla, hvort sem hann væri tilgreindur sem hluti af áframhaldandi grunnskóla þ.e. skyldunámi eða framhaldsskóli. Hann gæfi þá möguleika fyrir mun fleiri sveitarfélög til að taka upp slíkt nám og færri nemendur, færra ungt fólk þyrfti að fara úr heimabyggð sinni til að sækja langa og sérhæfða framhaldsskóla.

Ég mundi gjarnan vilja skoða og fylgjast með þróun þessa máls í ljósi þess hvernig við getum fært framhaldsmenntunina aftur heim í byggðirnar og eflt starfsmenntun og tengsl almenna menntakerfisins, atvinnulífs og samfélags, og hvernig við getum fært þetta aftur saman í auknum mæli. Ég bind vonir við það.

Ég legg annars áherslu á að þær breytingar sem hér eru lagðar til fái góða umfjöllun í nefnd og þar komi sem flest sjónarmið að því sem þarna er kveðið á um og annað nýtt ef það mætti verða til styrktar og þá verði hægt að taka afstöðu til þeirra breytinga.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 81. mál (einsetning, samræmd lokapróf). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (gjöld af bensíni). — Þskj. 3, nál. 106, brtt. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 110. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[15:15]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti efh.- og viðskn. um 3. mál þingsins, frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas N. Möller frá fjmrn., Runólf Ólafsson og Stefán Ásgeirsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Margréti M. Sigurðardóttur frá Neytendasamtökunum og Rannveigu Sigurðardóttur frá Alþýðusambandi Íslands.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum, Olíufélaginu hf., Olíuverzlun Íslands hf., Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Verslunarráði Íslands og VistOrku hf.

Í frv. eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi er lagt til að vörugjald af bensíni verði föst krónutala, 10,50 kr. af hverjum lítra af bensíni í stað 97% gjalds af tollverði. Í öðru lagi er lagt til að brott verði felld heimild ráðherra til að hækka sérstakt vörugjald af bensíni, bensíngjald, í hlutfalli við hækkun á vístölu byggingarkostnaðar og að krónutala bensíngjalds verði sú sama og nú er samkvæmt gildandi reglugerð. Í þriðja lagi er lagt til að undanþága fyrir flugvélabensín verði lögbundin en ekki háð ákvörðun ráðherra eins og gildandi lög gera ráð fyrir.

Guðmundur Árni Stefánsson, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson rita undir álitið með fyrirvara.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Kristinn H. Gunnarsson, Pétur H. Blöndal, Sigríður A. Þórðardóttir, Gunnar Birgisson og Hjálmar Árnason auk þriggja þingmanna sem rita undir álitið með fyrirvara eins og fram hefur komið.

[15:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Því ber að fagna að hv. efh.- og viðskn. hefur afgreitt fljótt og vel frv. sem hér er til umræðu þannig að sem fyrst megi stíga skref til að létta eilítið af þeim skattaálögum sem bifreiðaeigendur hafa búið við á þessu ári.

Ég held að segja megi að umsagnir sem bárust nefndinni um frv. hafi yfirleitt verið jákvæðar. Yfirleitt er tekið undir það að hér sé verið að stíga skref í áttina til að lækka álögur á bifreiðar. Þó eru gerðar ýmsar athugasemdir við þær aðferðir og viðmiðanir sem notast er við, einkum hjá Neytendasamtökunum og ASÍ og einnig um að viðmiðunin sem notuð er í 1. gr. frv. sé of há. Félag ísl. bifreiðaeigenda gerir t.d. mjög afdráttarlausar athugasemdir við þessa viðmiðun í frv., en þar kemur fram að viðmiðunin sé meðaltal af vörugjaldi á bensíni sl. fimm ár.

Ég vil fara nokkuð yfir þær þrjár umsagnir sem ég nefndi til að skýra nánar athugasemdir sem fram komu í nefndinni og styðja við brtt. þá er hér var verið að greiða atkvæði um og ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni.

Í umsögn Félags ísl. bifreiðaeigenda kemur fram að vegna hárra hlutfallsskatta leggist 145% álag á hverja krónu sem bensín hækkar um á heimsmarkaði. Í umsögninni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Bensín er ofurskattavara. Bensín ber nokkrar tegundir af sköttum. Við innflutning á 95 oktan bensíni er lagt á 97% vörugjald. Við það bætist bensíngjald í Vegasjóð 28,60 krónur á hvern lítra, þá flutningsjöfnunargjald 65 aurar og loks 24,5% virðisaukaskattur."

Í umsögninni segir einnig, með leyfi forseta:

„Þetta meðalverð gefur til kynna að eðlilegt viðmiðunargjald í fastri skattheimtu ætti að vera um 9,30 kr."

Í frv. er hins vegar lagt til 10,50 kr. Þessu til rökstuðnings segja þeir, með leyfi forseta:

„Hins vegar er það mat félagsins að það fasta gjald 10,50 kr. sem lagt er til grundvallar í frumvarpinu sé of hátt. Í athugasemdum er stuðst við framreiknað meðaltal vörugjalds af bensíni frá 1994 til 1998. Söluhlutfall 95 oktan bensíns hefur verið að aukast öll þessi ár en það er mun ódýrara á heimsmarkaði en 98 oktan bensín. Samkvæmt upplýsingum frá olíufélagi er 95 oktan bensín yfir 95% af seldu bensíni hér á landi. Til viðmiðunar má sjá á meðfylgjandi gögnum, sem byggjast á yfirliti Seðlabanka Íslands um innkaupsverð á 95 oktan bensíni, að meðallítraverð bensíns (95) síðastliðin 3 ár er um 9,59 kr. miðað við meðalgengi dollars á hverjum tíma. Þetta meðalverð gefur til kynna að eðlilegt viðmiðunargjald í fastri skattheimtu ætti að vera um 9,30 kr."

Svo segir í umsögn frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda. En það er einmitt sú viðmiðun sem við notum í þeirri brtt. sem ég mæli fyrir.

Ljóst er að miklar bensínhækkanir hafa orðið á þessu ári og það er löngu tímabært að endurskoða álögur á bifreiðaeigendur. Við þekkjum það að bensín hefur hækkað á þessu ári úr rúmlega 70 kr. í tæplega 90 kr. Að stærstum hluta, eða 70% hluta, er um að ræða skatt til ríkisins sem hefur mikil áhrif á útgjöld bifreiðaeigenda, t.d. var áætlað þessi hækkun þýddi um 700–800 kr. fyrir eina áfyllingu á meðalfjölskyldubílinn. Auk þess hefur þetta þau áhrif að skuldir heimilanna hafa hækkað á þessu ári um 4–5 milljarða og við þekkjum mikil áhrif bensínhækkunar á árinu á vísitöluna sem kynt hefur undir verðbólgunni. Auk þess hefur bæst við — og því ber að halda til haga — hækkunin sem orðið hefur á bifreiðatryggingum um allt að 40% á þessu ári.

Ég nefndi að ríkissjóður hefði vissulega fengið sitt, 70% af þeirri hækkun sem orðið hefur en olíufélögin hafa líka fengið sitt og að mínu viti ekki lagt sitt af mörkum til að halda niðri bensínverði. Fákeppni, einokun og verðsamráð

sem haldið hefur verið fram að sé hjá olíufélögunum hefur haldið uppi háu bensínverði, en hagnaður olíufélaganna á fyrri hluta þessa árs var um 608 millj. kr.

Ég vil fara aðeins yfir umsögn Neytendasamtakanna en þau segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin hafa talið að álögur á bifreiðar og vörur þeim tengdar séu komnar langt úr hófi fram og gera því þær kröfur til ríkisins að þessar álögur verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að lækka þær verulega. Skv. 1. og 2. gr. frumvarpsins verður gjaldið föst tala, en samtökin telja þá upphæð of háa. Með því að breyta vörugjaldi úr prósentugjaldi í fast gjald í krónum er verið að lögfesta mjög hátt gjald af hverjum bensínlítra."

Það er einmitt með slíka hugsun að baki sem við m.a. flytjum þá brtt. sem hér er lögð til. Frv. ríkisstjórnarinnar miðast við 10,50 kr. á vörugjald af hverjum lítra af bensíni óháð sveiflum á heimsmarkaðsverði þannig að ef heimsmarkaðsverð lækkar þá munu neytendur ekki njóta þess en ríkissjóður gerir það.

Í annarri almennri ályktun um bensínverðið sem Neytendasamtökin létu til fjölmiðla í september sl. vekja þau sérstaklega athygli á að forsendur krónutölugjalds taki mið af bensínverði eins og það er nú þegar heimsmarkaðsverð á olíu og bensíni er í hámarki, eins og þeir segja. Það er ljóst að slík breyting mundi leiða til hærra verðs á bensíni þegar til lengri tíma er litið.

Í umsögn Alþýðusambandsins segir að Alþýðusamband Íslands hafi bent á í bréfi til fjmrh. að það telji að ríkisstjórnin verði að beita skattlagningu sinni á bensíni þannig að af leiði sveiflujöfnun á bensínverði innan lands í stað þess að hún magni áhrif bensínverðshækkana erlendis eins og nú er. Í framhaldi af því segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er alltaf ákveðin óvissa fólgin í því að festa gjöld í ákveðinni tölu miðað við einhverjar gefnar sögulegar forsendur."

Það er einmitt mergurinn málsins, herra forseti, og ástæðan fyrir því m.a. að við flytjum þessa brtt.

Enn fremur segir í umsögn ASÍ, með leyfi forseta:

„Fleiri leiðir hefði mátt skoða, t.d. að útfæra skattlagninguna þannig að vörugjald lækkaði hlutfallslega þegar verð á heimsmarkaði hækkaði, lækka það sama skapi þegar verð lækkaði umfram einhver mörk. Alþýðusamband Íslands telur að sú leið sem lögð er til í frv. sé skref í rétta átt og muni koma í veg fyrir að skattlagning hins opinbera magni verðsveiflur á bensíni erlendis eins og verið hefur hingað til."

Ég hef farið yfir ályktanir þriggja aðila sem styðja við þær brtt. sem við höfum flutt. Ég vil reyndar minna á að ég boðaði við 1. umr. málsins hugmynd sem skoða ætti í stað þeirra leiða sem ríkisstjórnin hefur valið í 1. gr. frv.

Ég held að full ástæða sé til að minna á að bensínverð hér á landi er mjög hátt miðað við önnur lönd. Það er áætlað að ríkið fái sem svarar 4% af vergri þjóðarframleiðslu í tekjur af umferðinni meðan meðaltal annarra Evrópulanda er 3%. Það virðist því vera verulega meira sem ríkið tekur í sinn hlut af umferðinni hér en Evrópuþjóðir eða um 1% meira af vergri þjóðarframleiðslu. Ég held að við séum, eins og ég reyndar nefndi í 1. umr. þessa máls, komin alveg að ystu mörkum þess sem forsvaranlegt er í gjaldtöku.

Ég vil nú fara í nokkrum orðum yfir þær viðmiðanir sem hæstv. ríkisstjórn notar, þ.e. þetta fimm ára tímabil og þær viðmiðanir sem við notum. Félag ísl. bifreiðaeigenda er tekur greinilega undir það að nota meðaltal sl. árs og fyrstu níu mánuði þessa árs. Sé það meðaltal notað til viðmiðunar þá yrði verð á bensínlítra 9,30 kr. í staðinn fyrir 10,50 kr. eins og ríkisstjórnin leggur til í frv. Eins og við þekkjum þá hafa orðið miklar verðsveiflur á þessu ári á bensíni og ef við tökum viðmiðið sem nota á þá voru þær 10,50 kr. sem hér á að miða við 6–7 kr. í janúar og febrúar. Við sjáum því að ef þetta gerist aftur sem auðvitað er ekki hægt að segja fyrir um, þá græðir ríkissjóður á þeirri tillögu sem hér er lagt til að verði samþykkt en ekki neytendur, þ.e. ef heimsmarkaðsverðið lækkar. Því teljum við eðlilegra, rétt eins og Félag ísl. bifreiðaeigenda, að taka meðaltalið á liðnu ári og á fyrstu mánuðum þessa árs þannig að neytendur njóti lækkunar á heimsmarkaðsverði.

Við fórum nokkuð yfir það við 1. umr. málsins að fjárlög þessa árs hafi ekki skilað ríkissjóði þeim tekjum sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði. Hæstv. fjmrh. sá ástæðu til þess að hafa mörg orð um það við 1. umr. málsins að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi af bensíni og sérstöku vörugjaldi á bensíni hefðu lækkað verulega frá áformum fjárlaga. Þetta er allt satt og rétt. En ekki er um háar fjárhæðir að ræða. Varðandi vörugjald af bensíni og sérstakt vörugjald af bensíni frá fjárlögum 1999 til áætlunar núna 1999, þá hefur þetta rýrt tekjur ríkissjóðs frá áformum fjárlaga um innan við 100 millj. kr., kannski um 80 millj. kr. En hæstv. fjmrh. nefndi ekki verulegan tekjuauka ríkissjóðs umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Þá er ég að tala um vörugjald af ökutækjum en þar hefur tekjuauki frá fjárlögum þessa árs orðið 1.524 millj. meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Auðvitað hefði verið ástæða til að nefna það í þessu samhengi þegar hæstv. ráðherra ræddi það að ríkissjóður hefði orðið af 75–80 millj. vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði á bensíni.

Þetta skýrist af innflutningi á bifreiðum sem hefur aukist gífurlega eins og við þekkjum. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér frá fjmrn., ef tekið er mið af janúar til ágúst 1999 samanborið við janúar til ágúst 1998, þá hefur innflutningur á bifreiðum aukist um 2.700 bifreiðar á þessum tíma úr 11.393 í 14.103 eða aukning um 2.700 bíla. Af þessu hefur ríkissjóður haft þessar tekjur, 1.524 millj. umfram fjárlög. Þessir bílar þurfa auðvitað að nota bensín og þarna hefur orðið veruleg búbót hjá fjmrh. sem hann sá enga ástæðu til þess að nefna við 1. umr. málsins. Allt styður þetta það sem við höfum verið að segja um þá verulegu fjármuni sem ríkissjóður hefur af bifreiðum. Það höfum við alltaf vitað og hefur reyndar alltaf verið, ekki bara í tíð þessarar ríkisstjórnar heldur líka annarra ríkisstjórna en nú held ég líka að við séum komin á þau mörk þar sem við þurfum að staðnæmast og endurskoða á hvaða leið við erum.

Ég vil líka segja út af þeirri viðmiðun sem er í frv., að ráðherra nefndi það líka við 1. umr. málsins að engin ástæða væri til að ætla og ólíklegt að ríkið græddi á þessari viðmiðun 10,50 kr. og ekki neinar sérstakar ástæður til þess að ætla að sú breyting yrði á heimsmarkaðsverði að ríkissjóður færi allt í einu að græða mikið á þessu. Þeim mun meiri ástæða er til þess að setja þann varnagla sem við setjum. Við erum ekki einungis með viðmiðun við fasta krónutölu sem er lægri en það sem hæstv. fjmrh. er með heldur erum við einnig með ákvæði inni sem er núna, þ.e. að við leggjum til að áfram standi að af bensíni skuli greiða 97% vörugjald, þó aldrei hærri fjárhæð en 9,30 kr. af hverjum lítra. Þegar þessi viðmiðun er inni, þ.e. að það skuli greiða 97% vörugjald þó

aldrei hærri en x fjárhæð. Það tryggir að neytendur ættu að njóta góðs af því ef lækkun verður á heimsmarkaðsverði.

Við í Samfylkingunni höfum einnig velt því fyrir okkur hvort ástæða væri til að flytja brtt., einnig við þetta frv., um að það fari fram heildarendurskoðun á skattlagningu á bifreiðar almennt í heild sinni í ljósi þess sem ég hef sagt og þeirrar umræðu sem fram hefur farið um þessi mál. Við munum skoða það við 3. umr. málsins, ekki síst í ljósi þeirrar brtt. sem ég hef flutt hér, hvaða afdrif hún fær við atkvæðagreiðslu við 2. umr. Ég held að það sé alveg íhugunar virði hvort við eigum að endurskilgreina markmiðin með álagningu skatts af bifreiðum og til hvaða verkefna skatturinn eigi að renna. Vegna þess að auk vegamálanna höfum við í Samfylkingunni bent á að eðlilegt sé að skattur af umferð renni líka til umhverfismála. Ég vil taka skýrt fram, einmitt að gefnu tilefni við 1. umr. málsins, þar sem því var haldið fram að Samfylkingin hefði í kosningunum og væri núna að tala fyrir einhverri hækkun á bensíngjaldi með því að tala um umhverfisskatta, þvert á móti tel ég að sú endurskoðun sem mér finnst að við ættum að íhuga alvarlega að fara í, heildarendurskoðun á skattlagningu á bifreiðar, gæti leitt til lækkunar á sköttum á bifreiðar í reynd. Ofurgjaldtaka ríkisins af bifreiðum er óeðlileg og ekki í samræmi við það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við eins og ég nefndi áður.

Ég heyri að hv. formaður Framsfl. er farinn að opna aðeins munninn þegar ég nefni þetta mál. Það er eins og sú skýrsla sem framsóknarmenn hafa verið að vinna um þetta mál hafi farið fram hjá honum. Þeir hafa skoðað einmitt það sem ég er að tala um, hvort ekki sé rétt og eðlilegt að breyta skattlagningunni á bifreiðar og m.a. að taka upp umhverfisskatta. Ég held að það geti einmitt komið til greina við slíka endurskoðun að leggja af núverandi álögur á bifreiðar sem eru í formi vörugjalds, sérstaks bensíngjalds á hvern lítra bensíns, flutningsgjalds og virðisaukaskatts og taka þess í stað upp umhverfisgjald. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi við 1. umr. að fram hefði farið skoðun á vegum umhvrn. á því hvort þessi leið gæti leitt til minni orkunotkunar og minni útblásturs. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi einmitt að sérfræðingar Framsfl. héldu því fram að breyting á núverandi álögum á bensínsköttum sem breytt yrði í umhverfisgjöld mundi ekki auka skattheimtu á samgöngutæki heldur minnka hana.

Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. fjmrh. hvort á döfinni sé í fjmrn. að taka upp umhverfisskatta. Ég spyr um það að þessu gefna tilefni. Við erum að ræða um álögur á bensín. Til umræðu hafa komið umhverfisskattar við þessa umræðu og ég nefni það líka vegna þess að á vinnufundi efh.- og viðskn. í september sl. kom m.a. hjá fulltrúa fjmrn., sem lagði fram ákveðin gögn undir dagskrárliðnum Umhverfisskattar, fram að það var boðuð áfangaskýrsla vinnuhóps um umhverfisskatta. Þetta er gagn frá fulltrúa fjmrn. þannig að ég geri ráð fyrir því að það hljóta að hafa komið til skoðunar í fjmrn. hvort eigi að taka upp umhverfisskatta. Ég spyr hæstv. fjmrh. um skoðun hans á því og hvort við megum vænta þess að lögð verði fyrir þingið þessi áfangaskýrsla sem hér er nefnd um umhverfisskatta eða hún verði lögð með einum eða öðrum hætti fyrir þingið eða hv. efh.- og viðskn. Alla vega hefur verið hugað að þessum málum í umhvrn. og sennilega líka í fjmrn. og ég tel skynsamlegt að gera það, að við hugleiðum hvort við eigum ekki að setja okkur þau markmið varðandi heildarendurskoðun á skattlagningu á bifreiðar að endurskilgreina markmiðin, til hvaða verkefna skattheimtan á að renna og í hvaða formi hún á að vera.

Út af frammíkalli hv. 3. þm. Vestf., formanns Framsfl., Kristins H. Gunnarssonar, vil ég að það komi skýrt fram að við í Samfylkingunni höfum aldrei haldið því fram að leggja eigi á gróðurhúsaskatt eða koltvísýringsskatt sem leiðir til hækkunar á bensíngjaldi. Við erum ekki að leggja til aukna skatta á bifreiðar. Enn og aftur skal því haldið til haga en það er alveg ljóst að sú starfsemi sem veldur mestu um losun gróðurhúsalofttegunda er stóriðjan sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson stendur að ásamt Framsfl. og honum ber auðvitað að hafa það í huga þegar hann er með þessi frammíköll að við erum ekki á ferðinni með einhverjar sérstakar álögur og skatta á umferðina eða bifreiðaeigendur.

Ég get farið að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég vil þó nefna í lokin og þá í framhaldi af því sem ég ræddi áðan um tekjutap ríkissjóðs á þessu ári vegna lækkunar á nokkrum fyrstu mánuðum þessa árs á heimsmarkaðsverði á bensíni þá kemur fram í samantekt sem ég hef látið taka fyrir mig að á fjárlögum 1999 má áætla að ríkissjóður fái af vörugjaldi af innfluttum ökutækjum, vörugjaldi af bensíni, sérstöku vörugjaldi af bensíni og virðisaukaskatt af því um 11,9 milljarða kr. á þessu ári og kannski mínus 100 millj. eins og fjmrh. nefndi við 1. umr. og síðan gerir áætlun næsta árs ráð fyrir 13,5 milljörðum kr., 13 milljörðum 577 millj. kr. með virðisaukaskatti. Við erum því að ræða um 1.500–1.600 millj. sem ríkissjóður mun hafa í tekjur af þessu sérstaka vörugjaldi og virðisaukaskatti og þessum póstum sem eru á bifreiðar á næsta ári. Ég held að rétt sé að halda því til haga vegna þess að ég geri mér fulla grein fyrir því að sú tillaga sem við erum að leggja til þýðir minni tekjur í ríkissjóð. Hæstv. fjmrh. minnti okkur á það við 1. umr. málsins að hver króna í lækkun þyrfti um 200 millj. Brtt. okkar þýðir um 200–300 millj. kr. lækkun á þessum tekjum sem ég er að gera grein fyrir. Við erum því að fullu meðvituð um það hvað þessi tillaga þýðir.

Í lokin, herra forseti, hef ég mælt fyrir þessari tillögu sem ég flyt ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni sem er þess efnis að af bensíni skuli greiða 97% vörugjald, þó aldrei hærra en 9,30 af hverjum lítra af bensíni sem er 1,20 kr. lægra en ríkisstjórnin gerir ráð fyrir auk þess sem settur er ákveðinn öryggisventill ef heimsmarkaðsverð á bensíni lækkar.

Ég held að við hljótum öll að vera sammála um að nóg er komið af álögum á bifreiðaeigendur á þessu ári og áhrif þess á vísitöluna svo dæmi sé tekið sem hefur haft áhrif á það að verðbólguhjólin hafa farið að snúast verulega á þessu ári. Við munum síðan meta það við 3. umr. málsins hvort flutt verður brtt. sem væri þá ákveði til bráðabirgða um að fram fari heildarendurskoðun á gjaldtöku á bensíni sem ég held að sé löngu tímabært að verði gerð.

[15:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun geyma mér að fjalla um meginefni ræðu hv. síðasta ræðumanns þar til ég kemst á mælendaskrá en ég vil reyna að svara spurningu hennar um vinnu fjmrn. að því er varðar umhverfisskatta sem er auðvitað ekki kjarni þessa frv. Það er annað mál en sjálfsagt er að reyna að svara því eins og ég hef reyndar þegar gert í þessari umræðu vegna þess að hv. samflokksmaður síðasta ræðumanns, Össur Skarphéðinsson, innti mig eftir þessu í þaula í umræðunni á sínum tíma. Ég hygg að hv. þm. hafi þá verið fjarverandi.

En það er ekkert launungarmál og auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að fjmrn. hefur verið að skoða þessi mál. Vissulega koma umhverfisskattar oft til álita. Í umræðunni um daginn nefndum við skilagjald á umbúðum sem dæmi um vel heppnaðan umhverfisskatt. Sama er að segja um spilliefnagjaldið og þannig mætti lengi telja. Þessir skattar byggjast á því að hagnýta sér það hegðunarmynstur fólks að vilja lágmarka kostnað sinn eða hámarka hag sinn og það er hægt að spila á þessa tilhneigingu hins hagsýna manns með því að nýta sér skatta sem stjórntæki. Það er gert í öllum löndum og það er sjálfsagt að athuga allt slíkt en á auðvitað ekkert skylt við þá hugsun sem ég í það minnsta skildi í kosningabaráttunni að væri tillaga Samfylkingarinnar, sem sé að leggja nýjan koldíoxíðsskatt á bensínið. Það er að mínum dómi ekki það sama og við höfum verið að skoða í fjmrn.

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað upp til að fagna því sem hæstv. fjmrh. sagði, að umhverfisskattar kæmu vissulega til greina. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji rétt að fram fari heildarendurskoðun á álagningu á bifreiðaeigendur þannig að við endurskilgreinum markmiðin í þeirri skattlagningu og tækjum hugsanlega upp umhverfisskatta í stað þeirra sem nú eru.

Mér þætti mjög vænt um ef ráðherrann gæti nokkuð skýrt nánar það sem hann nefndi í máli sínu varðandi umhverfisskatta. Enn og aftur skal það undirstrikað að sá misskilningur sem menn eru sí og æ að klifa á í ræðustól er óskiljanlegur, að Samfylkingin hafi sett fram tillögur um hækkun á bifreiðagjöldum í kosningabaráttunni. Við höfum æ ofan í æ svarað því í 1. umr. þessa máls og ég hér aftur við 2. umr. Ég tel enga ástæðu til að endurtaka það.

[15:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég tek undir það, herra forseti, að ástæðulaust sé að karpa um þessa hluti hér. Ég tel það hins vegar ekki raunhæfa hugmynd að afnema alla skatta á ökutæki eða eldsneyti og taka upp allsherjarumhverfisgjald. Umhverfisskattar eru fyrst og fremst hugsaðir sem gjöld á notkun, á þá sem menga en ekki endilega á þann sem kaupir sér bíl. Það er þá frekar notkunin sem skiptir máli í því sambandi.

Ég tel hins vegar líka að samanburður þingmannsins á vörugjaldi á ökutæki og svo sköttum á bensíni sé út í hött og þá mætti taka hvaða skatt sem er. Hverjir borga hér almennan virðisaukaskatt? Almenningur í landinu. Hverjir eru það? Eru það ekki að stórum hluta líka bíleigendur? Það er ekki hægt að taka skattstofn eins og þennan og leggja inn í málið með þessum hætti. Það er bara allt annað mál. Ég mun koma nánar að því á eftir, virðulegi forseti.

[15:49]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af síðustu orðum ráðherrans, að það sé ekki hægt að taka til samanburðar vörugjald á ökutæki og það sem gerst hefur með vörugjald á bensíni, þá er vissulega hægt að bera þessi gjöld saman í því samhengi sem hæstv. ráðherra stillti sjálfur málinu upp. Hann var að tíunda hér innan við 100 millj. kr. tekjutap á þessu ári vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði á bensíni þegar ríkið hefur á sama tíma haft yfir 1.500 millj. kr. meira í tekjur en áætlað var á fjárlögum vegna stóraukins innflutnings á bifreiðum. Þar af leiðandi hefur auðvitað sala á bensíni aukist. Þannig að í því samhengi sem ráðherra stillti málinu sjálfur upp, þá var þetta auðvitað réttur og eðlilegur samanburður sem ég gerði hér áðan.

[15:50]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þá brtt. sem hv. þm. mælti fyrir vil ég segja að að hún gengur miklu lengra í þá veru að lækka tekjur ríkissjóðs en frv. sem hér er til afgreiðslu. Fallist hefur verið á það sjónarmið að ekki sé rétt að íþyngja bifreiðaeigendum meira en orðið er og því skuli taka upp fasta krónutölu í gjald í stað ákveðinnar prósentu. Þar skal miðað við þær tekjur sem ríkið hefur haft að þessu að jafnaði á síðustu fimm árum. Á er sett þak miðað við það sem að jafnaði hefur verið. En þarna er líka sett gólf því auðvitað að þarf að tryggja ríkissjóði tekjur þegar bensínverð er lágt. Miðað við þessa afgreiðslu ríkisstjórnarinnar er verið að tryggja ríkissjóði svipaðar tekjur, á meðan þessi regla er í gildi, og hann hefur haft á undanförnum fimm árum.

Hv. þm. kynnir hér tillögu sem er aðallega frábrugðin í því að ríkissjóður á ekki að njóta aukinna tekna þegar verðið er hátt á heimsmarkaði. Hann á hins vegar að gjalda fyrir það þegar verðið er lágt með því að þá á prósentan að gilda. Það er ekki aðeins að munurinn á frv. og tillögu þingmannsins sé ein króna þegar reynir á hámarkið, eða um 200 millj. kr. á ári, heldur er hann meiri þegar verðið er lágt.

Það er dálítið merkilegt þegar þingmenn stjórnarandstöðunnar skipta hér um plötu eftir því hvaða dag þeir eru í þingsölum. Einn daginn er verið að ræða um þingmál sem lýtur að útgjöldum ríkissjóðs. Þá finnst þeim tillögur stjórnarliða ganga allt of skammt og vilja meiri útgjöld. Næsta dag er verið að ræða um tekjuöflun í ríkissjóð og þá finnst þeim ríkið taka of mikið og mæla fyrir minni tekjum ríkissjóðs. Þetta er auðvitað ekki ábyrgur málflutningur, herra forseti.

[15:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var hér að gera tilraun til að útskýra þá brtt. sem ég hef flutt. Mér fannst hann ekki hafa neinu við skýringu mína á tillögunni að bæta. Það er alveg ljóst og ég nefndi það sjálf að hér væri um að ræða brtt. sem lækka mundi tekjur ríkissjóðs en jafnframt væri hér um öryggisventil að ræða til að tryggja að neytendur nytu góðs af því ef heimsmarkaðsverð á bensíni mundi lækka.

Ég spyr hv. þm. hvort hann telur ekki eðlilegt að neytendur, miðað við þá gífurlega ofurskatta sem þeir hafa búið við, ekki síst á þessu ári, njóti líka þess þegar um verður að ræða lækkun á heimsmarkaðsverði á bensíni. Við búum við mestu skatta í Evrópu, þessi þjóð, á bifreiðaeigendur, miklu meiri en annars staðar gerist. Því er eðlilegt, þegar þessi viðmiðun er jafnhá og raun ber vitni eða 10,50 kr. á hvern lítra — m.a. FÍB, ASÍ og Neytendasamtökin hafa gagnrýnt hana og sagt óeðlilegt að miða við sl. fimm ár — að setja slíkan öryggisventil.

Ég ítreka spurningu mína til hv. þm.: Telur hann ekki eðlilegt að neytendur græði á lækkun heimsmarkaðsverðs á bensíni en ekki ríkissjóður?

[15:53]

Frsm. efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þetta er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi höfum við haft þá reglu sem þingmaðurinn talar fyrir.

Bifreiðaeigendur hafa notið þess þegar verðið er lágt á heimsmarkaðsverði. Þá hefur útsöluverð bensíns verið lágt vegna þess að við höfum verið með prósentuálagningu? Að sama skapi hafa menn þurft að borga meira þegar heimsmarkaðsverð hefur verið hátt. Prósentuálagning magnar verðsveiflurnar á erlendum mörkuðum. Við erum að hverfa frá því yfir í fasta krónutölu til þess að deyfa sveiflur á erlendum mörkuðum og áhrif þeirra á útsöluverð bensíns innan lands. Það þýðir að við verðum að hafa jafnaðarverð þannig að tekjur ríkissjóðs skerðist ekki verulega frá því sem ella hefði orðið. Annars þurfum við að afla ríkissjóði tekna með öðrum hætti. Það er væntanlega ekki það sem hv. þm. er að tala fyrir.

Svo vil ég benda á það sem fram kom við umfjöllun málsins í efh.- og viðskn. hjá talsmönnum Félags ísl. bifreiðaeigenda, að tekjur ríkissjóðs af umferðinni gera ekki meira en standa undir útgjöldum þjóðfélagsins af umferðinni.

[15:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessum orðum hv. þm. vil ég rifja upp hvað Neytendasamtökin segja um það sem hv. þm. sagði hér síðast. Þau segja orðrétt:

„Með því að breyta vörugjaldi úr prósentugjaldi í fast gjald í krónum er verið að lögfesta mjög hátt gjald af hverjum bensínlítra."

Þegar hv. þm. nefnir það að neytendur hafa notið góðs af lækkun á heimsmarkaðsverði, heimsmarkaðsverð á bensíni lækkaði jú verulega fyrri hluta þessa árs, þá sést það ekki á verðinu á bensínlítranum sem hefur á þessu ári hækkað úr rúmum 70 kr. í tæpar 90 kr. Þá a.m.k. sá ríkisstjórnin til þess á miðju þessu ári að taka það aftur, hafi verið einhver tímabundin lækkun, með því að hækka þetta sérstaka bensíngjald um rúma krónu sl. vor eða um mitt sumar. Ríkisstjórnin hefur á þessu kjörtímabili og síðasta hækkað vörugjaldið um 4 eða 5 kr. eða um 1 kr. á hverju ári.

[15:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er komin í hóp okkar sem stöðugt bendum á mikla skattheimtu ríkisins. Öðruvísi mér áður brá. Hv. þm. sem sýknt og heilagt hefur viljað auka útgjöld ríkisins, viljað teygja velferðarkerfið út í sérhvert horn samfélagsins er nú búin að snúa við blaðinu og er komin í hóp okkar sem viljum minnka skattheimtu. Hún sagði meira að segja að við værum komin út á ystu nöf skattheimtunnar. Það snerti streng í hjarta mínu og það tók kipp af fögnuði.

En ég er með tvær eða þrjár spurningar. Hvernig samrýmist þessi tillaga hugmyndum Samfylkingarinnar um umhverfisskatta? Mun lækkun á sköttum og ódýrara bensín hvetja fólk til að nota minna bensín og minnka útblástur? Hvað eru umhverfissinnar um allan heim eiginlega að hugsa?

Önnur spurning. Hér er lagt til að skattar verði óbreyttir, þó þannig að þeir verði aldrei hærri en meðaltalið. Það þýðir stórkostlega lækkun á sköttum. Ég er svo sem ánægður með það en ég spyr: Er þetta bara billegt yfirboð?

[15:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að ræða hér í stuttu andsvari stefnu Samfylkingarinnar varðandi umhverfisskatta. Ég gerði það í tiltölulega löngu máli áðan hvaða leið við vildum fara í skattheimtu, varðandi umhverfisskatta og breytingar og endurskilgreiningu á álagningu skatta á bifreiðaeigendur. Ég held að hv. þm. hafi verið hér í þingsalnum og væntanlega hefur hann verið að hlusta á það.

Hv. þm. orðaði það svo að ég vildi teygja velferðarkerfið út í hvert horn, ef ég tók rétt eftir. Með öðrum orðum segir hann að tillögur mínar og allt sem ég hef fram að færa hér teygi út velferðarkerfið. Ég bið hv. þm. áður en hann heldur lengra í svona málflutningi að kynna sér mjög náið útgjöld íslensku þjóðarinnar til velferðarmála, til félagsmála, til húsnæðismála láglaunafólks og til lífeyrisþega og bera það saman við það sem gerist á Norðurlöndum og í Evrópu. Miðað við Norðurlöndin erum við helmingi lægri að því er varðar útgjöld til velferðarmála. Það er því bull og fyrirsláttur þegar talað er um að við göngum of langt í útgjöldum til velferðarmála og við séum að eyða og sóa í það.

Ég bið hv. þm. líka að kynna sér kjör stórs hluta þjóðarinnar sem á ekki fyrir framfærslu sinni út mánuðinn. Ég bið hv. þm. að gera það áður en hann segir okkur ganga of langt í útgjöldum til velferðarmála.

[15:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fór hv. þm. algerlega í hring. Ég hélt að hún væri að hætt að víkka út velferðarkerfið og vildi lækka skatta. Ég hélt að hún væri komin í hóp okkar sem tölum um ofurskatta og að skattlagning sé komin út á ystu nöf. Vill þingmaðurinn minnka skatta eins og ég og mínir líkar eða vill hún auka velferðarkerfið? Hvort tveggja gengur ekki nema hún vilji auka skuldsetninguna og velta sköttunum yfir á börnin okkar. Hvað vill hv. þm., minni skatta eða meiri útgjöld?

[15:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri hægt að svara spurningu hv. þm. með einni setningu: Við viljum breytta forgangsröð í þjóðfélaginu. Við viljum ekki þá stefnu sem Sjálfstfl. hefur staðið fyrir, með Framsfl. í eftirdragi, þar sem allar tillögur og öll frv. sem hér hafa komið fram ganga út á að breikka bilið milli ríkra og fátækra í þjóðfélaginu og hygla þeim sem eru betur settir. Ég gæti nefnt mörg dæmi þar um.

Við skulum fara út í áhugamál hv. þm., t.d. sölu á ríkisstofnunum. Hægt er að leiða mörg rök að því, t.d. varðandi sölu á bankastofnunum, að þær hafi verið hálfgefnar og hægt hefði verið að fá miklu meira fyrir. Ríkisstjórnin er ríkisstjórn sérhagsmuna en ekki almannahagsmuna. Hún hugsar frekar um þá betur settu en þá verr settu. Það er vel hægt að spila betur úr þeim peningum sem þjóðin hefur yfir að ráða án þess að hækka skatta og breyta forgangsröðun. Ég og hv. þm. höfum bara mismunandi lífssýn og við því er ekkert að gera.

[16:01]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fjalla aðeins um þetta ágæta frv. um lækkun á vörugjaldi og eldsneyti og sérstaklega brtt. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum varðandi það mál.

Ég tel það hið besta mál fyrir bifreiðaeigendur í landinu að gjaldið skuli vera lækkað um þetta miklar upphæðir en það eru ýmsar aðferðir til og þessi er kannski ekki betri eða verri en hver önnur. Ég tel t.d. að ef bensínverð eða eldsneytisverð úti í heimi lækkaði, mundum við sjá fram á kröfu um að þessu yrði breytt aftur hér.

Ég skrifaði undir þetta til samþykktar eðlilega, en síðan kom þessi brtt. eins og skrattinn úr sauðarleggnum frá hv. þingmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni. Hv. þm. Pétri Blöndal sagði áðan að þetta væri billegt yfirboð og ég held að það sé nákvæmlega það, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Þetta er billegt yfirboð. Þetta þýðir að ríkissjóður verður fyrir tekjutapi upp á 250–300 millj. og ekki var gerð grein fyrir hvar menn ætla að taka þá peninga. Það er kannski aukaatriði.

Ég hlustaði á hv. þm. sem fór vítt og breitt í ræðu sinni. Hv. þm. talaði um hækkun bifreiðatrygginga og talaði síðan í sömu orðum um aukningu á skuldum heimilanna. Ég veit ekki betur en að hækkun bifreiðatrygginga hafi orðið af því að gerð var breyting á skaðabótalögum á hinu háa Alþingi og þess vegna hafi bifreiðatryggingar verið hækkaðar. Hv. þm. á að vita betur.

Hv. þm. talaði líka um hagnað olíufélaganna og sem betur fer hagnast olíufélögin. Það er hið besta mál. Hagnaður þeirra hefur kannski ekki verið mikill á undanförnum árum og miðað við veltu þeirra held ég að gaman væri að bera það saman hvað það voru mörg prósent.

Síðan eru það skuldir heimilanna. Þessi ágæta aðgerð sem frv. hæstv. fjmrh. hefur í för með sér leiðir náttúrlega til lækkunar á skuldum heimilanna.

Þá talaði hv. þm. líka um gjaldtökur á bílum, þær væru mun hærri hér en í nágrannalöndunum. Ég vil biðja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að kynna sér t.d. í Noregi eða Danmörku hvað innkaupsverð þar er á bílum fyrir almenna neytendur og líka á eldsneyti þótt Norðmenn séu einir af helstu olíuframleiðendum í heiminum. Ég vissi eiginlega ekki hvert hv. þm. var að fara í ræðu sinni nema ég fann það helst út að hér væri billegt yfirboð af hendi stjórnarandstöðunnar og ég mun eðlilega þar af leiðandi ekki styðja þetta. Ekki hefur verið rökstutt hvar á að taka þá peninga, hvar á að skera niður á móti og þess vegna legg ég til að brtt. verði felld í fyllingu tímans.

[16:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. síðasti ræðumaður er ekki sammála oddvita sínum að því er varðar hækkun á bifreiðatryggingum sem bifreiðaeigendur hafa þurft að sæta á þessu ári því að sem betur fer hefur hæstv. forsrh. gagnrýnt mjög hækkun á bifreiðatryggingum sem eðlilegt er. Það er alveg ljóst að ekki er hægt að rekja alla þá hækkun, 40% hækkun, til skaðabótalaganna og það er heldur ekki hægt að lesa það út úr niðurstöðu eða áliti Fjármálaeftirlitsins sem skoðaði málið.

Af því að hv. þm. nefndi hagnað olíufélaganna, þá er hann töluvert mikill, hann var fyrstu sex mánuðina 608 millj. Ég býst við að ekki sé mikill hagnaður á þeim heimilum sem hafa þurft að sæta því að fylla bensíntankinn og hefur kostað 700–800 kr. meira á meðaltank á bifreið. Það er ekki mikill hagnaður eða mikið eftir af framfærslueyri á mánuði þegar búið er að borga það sem þar þarf til. Það er gífurlega mikill hagnaður hjá olíufélögunum að skila 608 millj. kr.

Hv. þm. biður mig að rökstyðja það þegar ég segi að bensínverð sé hátt hér og mikið tekið í skatt til ríkisins í samanburði við önnur lönd. Ég er hér með lista yfir 22 lönd að mig minnir og þar trónir Noregur efst, en á eftir kemur Ísland og 20 lönd þar fyrir neðan, Svíþjóð, Danmörk, Ítalía, Holland, Lúxemborg, Bretland og fleiri lönd sem eru með mun lægra bensínverð en við, auk þess sem framfærslukostnaður er þar miklu lægri og launin miklu hærri.

[16:07]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar þessi ágætu skaðabótalög — mér skilst að hv. þm. hafi verið í þeirri nefnd sem fjallaði um þau mál — þá kom mér það alla vega sem borgara í þessu landi mjög einkennilega fyrir sjónir að menn vildu ekki kannast við að gerðar hefðu verið nokkrar breytingar á því máli, nema þá helst tryggingafélögin.

Varðandi hagnað olíufélaganna þá skulum við ekki fara að deila um það, en ég segi, sem betur fer hafa þau hagnast eins og öll önnur fyrirtæki í landinu og menn taka það sem hlutfall af veltu.

En það sem stendur eftir, því er ósvarað: Hvernig ætlar hv. þm. og flutningsmenn hennar að brtt. við frv. að ná í þær 250–300 millj. sem það kostar að lækka bensínverð enn frekar? Ég tel slíkan málflutning mjög óábyrgan hér á hinu háa Alþingi.

[16:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að hv. þm. þekkir ekki forsögu skaðabótalaganna sem hafa verið að þvælast í þingsölum í 4–5 ár m.a. vegna þess að ekki var hægt að fá upplýsingar hjá tryggingafélögunum sjálfum um hvaða áhrif skaðabótalögin hefðu. Á móti kom að tryggingaeftirlitið taldi að þetta ætti ekki að hafa nein áhrif til hækkunar á iðgjöldum og á þeirri forsendu m.a. voru skaðabótalögin samþykkt hér á þingi. Hv. þm. verður að kynna sér staðreyndir málsins áður en hann fer með það upp í stól að ég hafi ekki vitað hvað ég var að samþykkja varðandi skaðabótalögin.

Varðandi það að hér sé um billegt yfirboð að ræða, þá bið ég hv. þm. að kynna sér það líka hvað ríkissjóður hefur verið að hirða til sín mikið í tekjur á þessu ári af bifreiðaeigendum, m.a. þær sem ég nefndi og hæstv. fjmrh. vill helst ekki vita af, t.d. það sem ríkissjóður hefur haft umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir í vörugjöld af innflutningi á bifreiðum. Það eru töluverðir peningar, 1.500–1.600 millj. og miðað við hvað skattakrumla ríkisvaldsins hefur verið hörð gagnvart bifreiðaeigendum tel ég að ríkisstjórnin ætti að geta slakað aðeins á klónni með því að samþykkja þessa tillögu sem þýðir að ríkisvaldið getur ekki ef heimsmarkaðsverð lækkar haft ávinning af því heldur eiga neytendur að hafa það. Tillagan gengur ekki síður út á það, hv. þm.

[16:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í fjarveru hv. þm. Ögmundar Jónassonar, sem er fulltrú þingflokks Vinstri hreyfingar – græns framboðs í efh.- og viðskn., ætla ég að hafa nokkur orð um afstöðu okkar til frv. Við gerðum reyndar grein fyrir því í umræðum við 1. umr. að við styddum þá kerfisbreytingu sem frv. fæli í sér, teldum hana skynsamlega en vildum hins vegar hafa fyrirvara á um reikningslegar forsendur málsins og það hvernig krónutölur og aurar væru stillt af. Með vísan til þess og þeirra fyrirvara sem við höfðum við 1. umr. skrifar hv. þm. Ögmundur Jónasson undir nefndarálit efh.- og viðskn. með fyrirvara.

Ég minni einnig á þær skoðanir sem settar voru fram af okkar hálfu varðandi nauðsyn þess að efla almenningssamgöngur og taka skattlagningu af umferðinni og bílanotkun í landinu inn í stærra samhengi, þ.e. samhengi umhverfismála og þess hvernig við reynum að leggja okkar af mörkum

hvað það varðar að mengun aukist ekki úr öllu hófi fram vegna stóraukinnar bifreiðanotkunar og þar á meðal og ekki síst vegna aukinnar eldsneytisnotkunar í umferðinni en staðreyndin er sú að það þarf ekki endilega að fara saman. Það má hugsa sér að bifreiðanotkun geti verið mikil eða aukist án þess að eldsneytisnotkun jarðefnaeldsneytis þurfi að vaxa samsvarandi. Þar má nefna þá möguleika að stuðla að aukinni notkun rafbíla eða bíla sem nota aðra umhverfisvænni orkugjafa en bensín eða dísilolíu og má að sjálfsögðu nefna að stuðla beri með öllum tiltækum ráðum að orkuksparnaði í umferðinni þannig að sem allra minnst sé notað af eldsneyti.

Þá er það viðurkennt, hygg ég, svo ekki verði um deilt að verðið á eldsneytinu eða orkunni skiptir miklu máli. Hjá þeim þjóðum sem hafa búið við hátt orkuverð hefur notkunin breyst í samræmi við það og orkusparneytnir bílar eru hærra hlutfall í umferðinni en annars staðar og öfugt. Alkunna er að Bandaríkjamenn, sem hafa það fyrir trúarbrögð að hafa bensínið á svívirðilega lágu verði leyfi ég mér að kalla það, eru langt á eftir öðrum þjóðum hvað varðar umhverfisviðhorf í þessu efni.

Herra forseti. Afstaða okkar er sú eftir að hafa haft fyrirvara á að við munum styðja frv. af því að við teljum þrátt fyrir allt að þetta sé skynsamleg ráðstöfun. Bæði er skynsamlegt að gera slíka kerfisbreytingu og eins er ásættanleg sú viðmiðun sem þarna er tekin þ.e. að stilla af hið fasta krónutölugjald á bensín sem renna skuli í ríkissjóð miðað við nokkurra ára meðaltal sem frv. byggir á, þ.e. undanfarin fimm ár, þó að auðvitað megi endalaust velta fyrir sér hvort önnur tímabil og þá fyrst og fremst lengri tímabil til að jafna út sveiflur ættu rétt á sér.

Nú hef ég ekki skoðað það svo nákvæmlega en mér er til efs að það mundi breyta mjög miklu þó að þarna yrði tekið inn lengra meðaltal, sennilega ef eitthvað er mundi það leiða til hækkunar á gjaldinu.

Ég held hins vegar að þau sjónarmið sem hafa komið fram í umræðunum varðandi skattlagningu á umferðina almennt eigi að sjálfsögðu fyllilega rétt á sér. Það hefur oft komið fram áður í umræðum á Alþingi að þörf væri á því að fara yfir þau mál rækilega og í heild sinni og móta skýrari stefnu í þeim efnum. Það hefur á köflum verið næsta tilviljanakennt hvernig þessir hlutir hafa ráðist við afgreiðslu fjárlaga eða ákvarðanir á upphæðum t.d. við afgreiðslu laga um þungaskatt eða annað slíkt. Þó hefur verið viðleitni á köflum til þess að hafa umhverfismálin með og þar nefni ég t.d. þær breytingar sem gerðar voru á álagningu bensíngjalds í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar þegar hafin var mismunun á gjaldtöku á blýlausu bensíni annars vegar og bensíni með blýi hins vegar sem leiddi til þess á skömmum tíma að blýmengað bensín hvarf af markaði, sem hefur síðan aftur leitt til nokkurra erfiðleika hjá eigendum Ford-bíla en það er önnur saga.

Herra forseti. Nokkur orð um þá brtt. sem hér er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum á þskj. 110. Ég get ekki stutt þessa brtt. og reikna ekki með því að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiðum henni atkvæði okkar. Fyrir því eru þær ástæður að ég tel að þessi nálgun sé ekki skynsamleg, sérstaklega ekki frá umhverfislegu sjónarmiði. Að velja sem þak á bensíngjaldið í krónutölum þann botn sem kom í bensínverð á árinu 1998 væri sjónarmið út af fyrir sig ef menn vilja minnka þessa gjaldtöku. Það er nokkuð ljóst að sú lækkun yrði langt umfram það sem verið hefur á undanförnum árum. En að ætla til viðbótar að láta gjaldið lækka meira, ef bensínverðið yrði einhvern tíma enn lægra en það var að meðaltali á árinu 1998, tel ég ekki skynsamlegt. Þá væru menn komnir lengra en góðu hófi gegnir í að lækka verðið á þessu eldsneyti sem hefur umtalsverða mengun í för með sér. Umferðin á Íslandi er einn af nokkrum stóru megunarvöldunum þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda. Það er hollt fyrir okkur að hafa í huga að við eigum þar óleyst ýmis verkefni svo að Ísland geti borið höfuðið, þó að maður segi nú ekki hátt, svona nokkurn veginn á réttum stað í samfélagi þjóðanna varðandi þátttöku okkar í loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókuninni við þann samning.

Ég held að menn verði að hafa í huga að bensínverðið á síðari hluta ársins 1998 og reyndar fram á fyrri hluta árs 1999 var í sögulegu lágmarki. Mér er nær að halda að fara þurfi aftur fyrir olíukreppu númer tvö, ef ekki olíukreppu númer eitt, þ.e. allt aftur til fyrstu ára 8. áratugarins til þess að finna lægra bensínverð á heimsmarkaði. Ég teldi það ekki rétt skilaboð að snúa svo langt til baka með gjaldtöku af þessu tagi. Það er langur vegur frá því að láta bensínverðið fylgja í prósentutölum upp á við, jafnvel upp í toppa eins og nú á haustmánuðum.

Satt að segja hef ég ekki mikla trú á því að af því hlytust mikil áhrif að samþykkja þessa brtt. önnur en þau að þakið einfaldlega lækkar úr 10,56 kr. á lítra niður í 9,30 og mundi vera þar. Ég hef sáralitla trú á því að bensínverð eigi eftir að fara enn neðar á komandi árum og prósentureglan sem hv. þm. leggja til að taki þá við. Ég tel sáralitlar líkur á því. Ég held að almennt sé talið að líkur séu á að heimsmarkaðsverðið þokist upp á við. Í raun þarf það að gerast. Þetta óeðlilega lága verð á jarðefnaeldsneyti er bölvaldur fyrir mannkynið. Það tefur fyrir því að þróun annarra orkugjafa komist á skrið. Það er enginn vafi á því að ef verð á olíuvörum hefði haldist hærra undanfarin ár þá væru menn komnir lengra áleiðis ósköp einfaldlega vegna þess að þá hefði samkeppnisstaða annarra orkugjafa verið sterkari. En jafnvel þótt það komi ekki til þá er það t.d. mat Norðmanna að bensínverðið hljóti að hækka að breyttu breytanda á komandi árum vegna þess að vinnslan á fjölmörgum svæðum sem nú eru að koma inn í framleiðslu á bensíni í heiminum er dýrari en var í olíulindum á þurru landi. Það þarf auðvitað ekki mikla speki til að sjá að það að reisa og reka risamannvirki eins og olíuborpallana á hafi úti er meira fyrirtæki en að dæla þessu fyrirhafnarlaust upp úr jörðinni. Það gengur á þær olíulindir sem þannig háttar til um og fleiri og stærri svæði eru að koma inn í myndina þar sem vinnslan er mun dýrari. Það mun kalla á, eigi sú vinnsla yfir höfuð að standa undir sér, að heimsmarkaðsverðið verði eitthvað hærra. Ég held að það sé ágætlega ásættanlegt fyrirkomulag og reyndar miklu sanngjarnara að ríkissjóður hafi þarna fastan tekjustofn sem sé þá breytt með ákvörðunum á Alþingi en ekki hlutfallslega álagningu eins og verið hefur.

Þá deilir ríkissjóður einnig kjörum eða örlögum með Vegasjóði sem hefur búið við það fyrirkomulag um árabil að tekjur í Vegasjóð hafa verið föst krónutala sem eingöngu hefur breyst með pólitískum ákvörðunum eða vegna þess að bensínsala hafi aukist.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, láta það álit mitt í ljós að brýnt sé að móta á Íslandi stefnu um skattlagningu á umferðina og hvernig tekjum af þeirri skattlagningu skuli ráðstafað. Skattlagningin er vissulega mikil, það er alveg hárrétt. Ísland er í hópi þeirra landa sem skattleggur umferð

hvað mest. Ég get alveg tekið undir það að því þarf að stilla í hóf vegna þess að þetta er útgjaldaliður hjá öllum venjulegum fjölskyldum í landinu. Mér er þó ekki síður umhugað um, og okkur mörgum, þau útgjöld sem af þessu hljótast fyrir þá sem eru aðstæðna sinna vegna algerlega nauðbeygðir til þess að reka bíl eða jafnvel bíla. Ég nefni þar að sjálfsögðu íbúa landsbyggðarinnar og við getum líka tekið fatlaða eða aðra sem þurfa nauðsynlega á slíkum tækjum að halda aðstæðna sinna vegna.

Ég hef auðvitað oft velt því fyrir mér hvort einhver leið væri til þess að gera skattalegan greinarmun á einum venjulegum fjölskyldubíl fyrir hverja fjölskyldu og bifreiðaeign umfram það. Fyrir því væru mörg sanngirnisrök. Auðvitað er fjölskyldubíllinn hluti af lífi okkar í landinu og okkar veruleika. Hitt er svo annað mál hvort það sé jákvætt eða þróun sem við eigum að stuðla að að gleðjast yfir að það hlaðist upp bíll númer tvö, þrjú og fjögur á heimilunum og að eitt helsta vandamálið við suma framhaldsskólana á höfuðborgarsvæðinu sé ekki kennslan eða húsnæðisskortur heldur skortur á bílastæðum eins og kunnugt er. Það mun vera einna mestur hausverkur þeirra sem standa fyrir slíku skólahaldi í Kópavogi. Þar er slíkur grenjandi skortur á bílastæðum að það veldur stórkostlegum vandræðum.

Ég held að ef það yrði niðurstaða okkar — og ég geri ekkert lítið úr þeim sjónarmiðum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir setti fram í þeim efnum — að menn temji sér hóf í þessari skattlagningu þá ættu menn frekar að bera niður í að lækka rekstrarkostnað heimilisbílsins með öðrum hætti en lækka eldsneytisverðið. Það ætti að vera það síðasta sem við gripum til að lækka, einfaldlega vegna umhverfisáhrifa. Við þurfum að hvetja til orkusparnaðar. Við þurfum að hvetja til að keyptir séu eins sparneytnir bílar og það væri þá skynsamlegra að gera með lækkun t.d. aðflutningsgjalda á sparneytnum bílum og venjulegum fjölskyldubílum eða með einhverjum öðrum ráðstöfunum sem þýddu lækkun á kaupverði og/eða rekstrarkostnaði slíkra bíla. Við ættum síður að fara út í að lækka sérstaklega álögur á eldsneytið.

Það væri freistandi, herra forseti, að taka inn í þetta mál umræður um umhverfisskatta sem hér hefur aðeins borið á góma en það er í raun og veru stærra mál en svo að það sé kannski skynsamlegt að fara að taka í það einhverjar mínútur. Ég minni þó bara á að slík pólitík þarf ekki endilega að fela það í sér að skattbyrðin sé aukin í stórum stíl frá því sem hún nú er. Hún getur ekki síður og kannski enn frekar falið í sér breytta ráðstöfun teknanna, að umhverfismálin séu tekin inn í myndina með því að við tökum eitthvað af þeim tekjum sem núverandi skattlagning á umferðina skilar og verjum þeim í þágu umhverfismarkmiða. Að sjálfsögðu er það einnig gilt.

Reyndar minni ég á að samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum eru skattar á bifreiðar nú þegar umhverfisskattar. Þeir standast þær kröfur sem gerðar eru, viðmiðunarreglur t.d. OECD mundu væntanlega þýða það að núverandi bensíngjöld teldust grænir skattar í þeim skilningi að þau eru lögð á mengandi starfsemi. En við gætum gert þá enn grænni ef við tækjum af þeim tekjum sem umferðin er að skila og verðum t.d. til að efla almenningssamgöngur, til að draga úr einkabílarekstrinum eða einkabílismanum eins og það er nú stundum kallað á vondu máli. Hann er auðvitað gríðarlegt vandamál og hausverkur. Einkabíllinn er okkur dýr samanber þær ævintýralegu tölur sem nefndar eru um kostnað við umferðarmannvirki á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað umhugsunarefni fyrir okkur að 10–15% aukning umferðar til viðbótar því sem hér er á ferðinni á afmörkuðum tímum sólarhringsins getur ráðið úrslitum um að í staðinn fyrir venjuleg gatnamót þarf að byggja mislæg sem kosta hálfan milljarð króna. Reyndar er það nú líka umhugsunarefni hvernig ákvörðunartöku um slíkt er háttað, hver tekur um það ákvörðun að ein gatnamót séu mislæg en ekki hefðbundin? Hver borgar reikninginn? Ég held að hæstv. fjmrh. ætti kannski aðeins að kíkja á það ef í hlut á þjóðvegur í þéttbýli. Þá er ég kannski kominn svolítið frá efninu en þó ekki mikið. Allt er þetta þó spurning um umferðina, hvernig henni er stýrt og hvernig hún dreifist. Það er ekki sjálfgefið að við aðlögum okkur að bandarískum hugmyndum um að bíllinn eigi réttinn umfram umhverfið. Ég held að við eigum ekki síður að horfa til annars sem snýr að umhverfinu, hollustu og heilnæmi þess umhverfis sem við búum í og ráðstöfunum til að þetta fari allt svona skaplega saman.

Herra forseti. Okkar niðurstaða er sú að við styðjum þetta frv.

[16:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins ein spurning sem vaknaði hjá mér við ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hv. þm. lýsti því yfir að hann væri andvígur þeirri brtt. sem ég mælti fyrir. Út af fyrir sig er ekkert hægt að gera neinar athugasemdir við það en mér fannst þó rökin sem hann tefldi fram gegn brtt. kalla á að hann skýrði þau nánar. Hv. þm. nefndi það að þessi brtt. gæti haft umhverfisáhrif, slæm áhrif á umhverfið. Ég fæ það ekki alveg til að koma heim og saman. Ef við lækkum verð á bensíni þá geri ég ráð fyrir að þingmaðurinn telji að það hefði þau áhrif að notkun á bílum mundi aukast. Ég býst við að þingmaðurinn hafi verið að meina það að ef við lækkum verð á bensíni, þá muni það auka notkunina.

Ef bensínverðið er hátt eins og hv. þm. nefndi, erum við þá að draga úr notkuninni? Telur þingmaðurinn að lágt verð á bensíni muni auka notkunina? Hátt verð hefur ekki dregið úr notkun á bílum. Við þekkjum það að þótt bensínverðið hafi verið hátt hér, hafi farið úr 70 í 90 kr., þá hefur það ekki dregið úr notkun á bílum. Við erum frekar að sjá fjölgun á bílum hér. Aukningin í innflutningi á bílum hefur orðið 2.700 bílar á átta mánaða tímabili ef við tökum samanburð á þessu ári og síðasta ári. Þannig að það virðist vera alveg sama hvað bensínverð er hátt, það virðist ekkert draga úr notkun á bílum. Hvaða áhrif hefur það þá ef við lækkum verð á bensíni? Mun það hafa einhver þau umhverfisáhrif sem hv. þm. nefndi? Ég fæ það ekki alveg til að koma heim og saman og óska eftir að hv. þm. skýri nánar mál sitt.

[16:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held reyndar að ég hafi haft þau orð um afstöðu okkar til brtt. hv. þm. að við treystum okkur ekki til að styðja hana. Reyndar er skilningur hv. þm. réttur. Ég mun greiða atkvæði gegn þessari tillögu vegna þess að ég tel hana ekki rétt skilaboð í umhverfislegu tilliti. Ég mun reyna, á einni mínútu og 41 sekúndu, að útskýra í hverju þetta er fólgið.

Það er auðvitað þannig að þeim mun hærra sem bensínverðið er, þeim mun meir hvetur það til sparnaðar og þess að menn kaupi orkusparneytna bíla. Menn þekkja reynsluna af hinni miklu bensínverðshækkun sem varð eftir olíukreppuna.

Þá fór allt á fulla ferð hjá bifreiðaframleiðendum sem fóru að hanna og framleiða sparneytnari bíla og líka hjá almenningi sem fór að kaupa þá. Þá fór kostnaðurinn að koma við pyngju manna. Fyrir daga kreppunnar var ekki óalgengt að venjulegir fjölskyldubílar eyddu frá 12–15 og upp undir 30 lítra á 100 km. Nú kaupa menn helst ekki bíl sem eyðir meira en 6–8, minni bíl. Japanskir framleiðendur eru sagðir vera að þróa bíla sem komast alveg niður í 3–4 lítra á hundraðið en eru þó býsna aflmiklir og frískir bílar. Þarna hefur því orðið alveg gríðarleg þróun og ég tel að það eigi ekkert að gera sem gefi skilaboð um að menn ætli að fara til baka þarna.

Þetta er nú hugsunin í þessu. Það að bílaeign Íslendinga hafi aukist þó að bensínverð hafi verið hátt og notkunin hér sé mikil er engin afsönnun á þessum lögmálum. Þau eru nokkuð algild. Spurningin er svo bara hvernig menn stilla þetta af. Við teljum að þarna sé tiltölulega hófsamleg niðurstaða, með þeirri krónutöluálagningu sem þarna er. Það væru ekki rétt skilaboð að hafa fyrirkomulagið þannig, úr því að sett er þak, við óvenju afbrigðilega lágt bensínverð fari gjaldið lækkandi niður úr því þaki. Væri brtt. eingöngu um að þetta væru 9,30 kr. í staðinn fyrir 10,56, þá væri málið aðeins öðruvísi vaxið. Þá væru menn að velta fyrir sér því hvernig við stillum þakið af en ég held að þetta prósentugjald sé ekki skynsamlegt.

[16:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er engu sannfærðari en ég var áðan að sú brtt. sem ég mæli fyrir hafi þau umhverfislegu áhrif sem að hv. þm. teflir fram sem rökum gegn tillögunni. Hún er það mikilvæg til þess að stuðla að lækkun á framfærslu heimilanna og ekkert segir okkur að hún hafi þau áhrif sem þingmaðurinn dregur hér fram. Hv. þm. nefndi það í sinni fyrri ræðu að hann teldi að ekkert mundi reyna á þann öryggisventil sem við erum að setja með því að halda áfram inni 97% ákvæðinu, þ.e. að setja ákveðinn öryggisventil þannig að ef heimsmarkaðsverð lækkar þá njóti neytendur þess. Hv. þm. telur áhrifin einungis verða þau að þetta muni haldast í 9,30 kr. á lítrann. Ég bið hv. þm. að skoða þróunina sem varð á þessu ári þar sem að við sáum tölur allt frá 5,91 kr. í desember 1998 upp í 7 kr. í mars 1999 og síðan 9 kr. raunverulega alveg fram á mitt árið. Það bjóst enginn endilega við þessu. Ég minni á að fjárlögin tóku t.d. ekki mið af þessu, heldur af öðru og kom öllum á óvart og eins og hæstv. fjmrh. hefur nefnt þá bjóst enginn við þessu og fjárlögin á þessu ári gerðu ráð fyrir allt öðru og ekki þessari lækkun á heimsmarkaðsverði. Það er því alls ekkert hægt að halda því fram að ólíklegt sé að á þetta ákvæði muni reyna.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það að lækka sérstaklega álögur á bensín sé ekki mjög skilvirk eða skynsamleg aðferð til þess að lækka framfærslukostnað heimilanna. Ég var aldrei neinn sérstakur stuðningsmaður þeirrar fléttu í kjarasamningum sem gerð var hérna fyrr á öldinni að taka stóran hluta af viðbótarkaupmætti launafólks til lækkunar innflutningsgjalda bifreiða. Ég held að menn ættu að fara yfir þá sögu því að hún væri lærdómsrík fyrir menn. Ég held að það hafi ekki verið mjög góð ráðstöfun. Ég minni á að þetta skilar sjaldnast miklu til þeirra sem almesta hafa þörfina fyrir bætta stöðu og það eru þeir sem enga bíla eiga. Ætli það sé ekki þannig að margir þeir lakast settu í þjóðfélaginu eigi alls ekki bifreið og þurfi að notast við almenningssamgöngurnar sem mætti bæta og væri meiri jafnréttisaðgerð en það að fara offari í því að lækka þetta. Ég hef samúð með því að rekstrarkostnaði hins venjulega heimilisbíls eða fjölskyldubíls sé stillt í hóf af því að hann er almenn staðreynd í okkar þjóðfélagi. En ég hef litla samúð með hinu, að dekra sérstaklega við bifreiðarekstur og bifreiðaeign í landinu umfram það. Ég hef litla samúð með því. Mér er að vísu ljóst að ekki er auðvelt að gera þar greinarmun á, en það væri ég tilbúinn til að skoða.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, svo ég eyði misskilningi um það, að það muni skipta nokkrum sköpum um bifreiðakaup eða bifreiðarekstur í landinu, hvort að þarna lendi menn í 10,56 eða 9,30. Það er frekar spurningin um grundvallarviðhorfin sem veldur því að ég styð ekki tillögu sem ég tel gefa óskynsamleg skilaboð. Og það tel ég þessa brtt. gera í gegnum þessa prósentuviðbót hv. þingmanna. Ef þeir afbrigðilegu tímar kæmu hér að bensínverðið færi jafnvel enn lægra en það fór í lok liðins árs þá vilja hv. þingmenn að tekjur ríkissjóðs fylgi með niður þannig að verðsveiflan niður á við verði enn þá meiri og bensínverðið lækki enn þá meira og það tel ég ekki skynsamlegt.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vildi nefna nokkur atriði. Fyrst vildi ég leyfa mér að leiðrétta hv. síðasta ræðumann sem ítrekað nefndi vörugjaldsupphæðina 10,56. Það er reyndar meðaltalið á undanförnum fimm árum. Við leggjum til í frumvarpinu 10,50 þannig að við rúnnuðum þetta aðeins niður á við. (**SJS:** Er þetta orðið lægra en ég hélt?)

Ég vildi í upphafi þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir ágæta yfirferð yfir þetta mál og samviskusamlega vinnu sem hefur endað með því að allir nefndarmenn viðstaddir á fundi leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt. En síðan hefur komið brtt. sem búið er að gera hér grein fyrir og ég er eins og síðasti ræðumaður andvígur henni. Ég tel að það sé eðlilegt í þessu sambandi að líta til nokkuð langs tíma þegar verið er að meta hvernig eigi að festa það vörugjald sem við erum hér að leggja til að verði tekið upp. Við miðuðum við fimm ár vegna þess að það er sá tími sem við höfum reynslu af varðandi þetta 97% gjald sem nú er í gildi. En við höfum líka eldri tölur frá því í tíð fyrirrennara þessa gjalds, sem voru aðrir skattar, og reynslan frá þeim tíma sýnir okkur að þá var þetta enn hærra. Það vill nú svo til að í þeim fylgiskjölum sem hafa borist efh.-og viðskn., í áliti Félags íslenskra bifreiðaeigenda, kemur fram hvert hið erlenda innflutningsverð hefur verið á tonn undanfarin þrjú ár. Í október 1996 var það 228 dollarar á tonn en er nú í september 1999 225 dollarar. Og þeir sem muna nokkuð langt aftur í þessum efnum — það geri ég reyndar af sérstökum ástæðum — muna að það er ekkert ýkja langt síðan að innflutningsverðið var vel yfir 300 dollara og um nokkuð langt árabil. Það er rétt, held ég, sem hv. síðasti ræðumaður sagði að það þarf að leita aftur fyrir olíukreppuna 1973 til að finna verð sem var sambærilegt við það sem var hér um síðustu áramót. Með öðrum orðum, þetta verð á innfluttum olíuvörum var mjög afbrigðilegt. Það sem var hins vegar verra — og það er það sem þetta frv. á að lagfæra — var að við vorum með kerfi hér innan lands í skattlagningu sem magnaði þær verðsveiflur sem óhjákvæmilegar eru á erlendum mörkuðum. Og það sem boðið er upp á í þessari brtt. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir

hefur flutt ásamt fleirum er að þegar að bensínverðið verður á alþjóðlegum markaði komið niður í svona 170 dollara á tonn og lækki síðan enn umfram það, þá skulum við bæta í 150% í viðbót ofan á þá lækkun. Ég verð að segja eins og hv. síðasti ræðumaður að mér finnst bara ekki nokkur einasta skynsemi í því.

Ég held að við eigum að gera það upp við okkur hvort við viljum fara yfir í að flytja tekjuöflun ríkisins af bensíni í þessu vörugjaldsformi í fast gjald eða ekki. Og ef það er niðurstaðan þá er næsta vandamál að ákveða hver viðmiðunartalan eigi að vera, festa hana í lög og síðan verður henni ekki breytt aftur nema með lögum. Ég tel að við höfum komist hér að algjörlega viðunandi niðurstöðu með þessa upphæð, 10,50, sama hvernig á málið er litið.

Þannig vill líka til að umsagnaraðilarnir í þessu máli hafa nánast allir tekið undir þessa aðferð, sumir í löngu máli en aðrir í stuttu. Tveir eða þrír aðilar gera athugasemd við töluna. En enginn gerir í raun og veru athugasemd við aðferðina.

Samtök iðnaðarins senda eina og hálfa línu í umsögn og segja að þau hafi fengið ofangreint frv. til umsagnar. Það er fyrri setningin, síðari setningin er: „Samtökin gera engar athugasemdir við frumvarpið og telja að það sé til mikilla bóta."

Samtök atvinnulífsins segja varðandi upphæðina að þeim sýnist viðmiðunartímabilið sem byggt er á vera eðlilegt.

BSRB tekur ekki afstöðu til sjálfrar upphæðarinnar að svo stöddu, en styður aðferðina.

Alþýðusambandið telur að frv. sé skref í rétta átt þó vissulega séu til fleiri leiðir en hér er stungið upp á.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda styður aðferðina en vill gjarnan hafa upphæðina lægri. Það er auðvitað skiljanlegt hjá slíkum hagsmunasamtökum sem þar eru á ferðinni sem hafa það hlutverk að reyna að draga úr öllum mögulegum kostnaði við bifreiðarekstur í landinu.

Verslunarráð Íslands styður þessa breytingu.

Neytendasamtökin telja að gjaldið sé of hátt og vísa síðan í fréttatilkynningu sína. Þeir telja að gjaldið sé of hátt, 10,50. Er eitthvert vafamál með það, hv. þm.? (**JóhS:** Lestu svo áfram.)

Já, þar segir, með leyfi forseta:

„Með því að breyta vörugjaldi úr prósentugjaldi í fast gjald í krónum er verið að lögfesta mjög hátt gjald af hverjum bensínlítra."

Ég geri athugasemd við þetta. Ég tel að þetta sé rangt, og það sem meira er, ég tel að í fréttatilkynningu Neytendasamtakanna sé farið með algeran misskilning að því er þetta varðar, þ.e. fylgiskjal með bréfinu sem reyndar segir efnislega það sama.

Ef maður lítur á þá talnarunu sem ég vitnaði til áðan og staðreyndir um heimsmarkaðsverð á olíu undanfarin 15 ár t.d., ég tala nú ekki um 25 ár, þá sér maður að við erum að tala hér um mjög sanngjarna tölu miðað við það sem verið hefur á fyrri árum.

Olíuverslun Íslands lýsir yfir eindregnum stuðningi við þá kerfisbreytingu sem frv. felur í sér, o.s.frv.

Auðvitað getur fólk tekið, alveg eins og hv. flutningsmenn brtt., einhver önnur viðmiðunartímabil og fengið einhverjar aðrar upphæðir sem niðurstöðu. Ég gerði það að gamni mínu meðan ég hlustaði á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ég reiknaði út hvert 97% vörugjaldið hefði verið ef við mundum bara miða við fyrstu níu mánuði þessa árs, 1999. Og má ekki með sömu rökum segja að það sé jafngóð viðmiðun og árið 1998? Ef við tökum fyrstu níu mánuði þessa árs þá ætti þetta gjald að vera 8,95 kr. Ég er alveg hissa á hv. þingmönnum að hafa ekki lagt það til frekar en 9,30. Mér kemur á óvart að þeim skyldi ekki hafa hugkvæmst það að taka þessa síðustu níu mánuði til viðmiðunar.

En hérna verða menn að gera upp við sig hvað telst eðlilegt og sanngjarnt í þessu efni og ég held að það sem hér er lagt til uppfylli bæði þau skilyrði.

Ég vil svo gjarnan upplýsa örlítið um stöðu þessara mála að því er varðar tekjur ríkissjóðs á þessu ári. Ég sagði við 1. umr. málsins og önnur tækifæri að það vilji þannig til að þó að bensínið hafi farið hækkandi frá því snemma á árinu, þá séum við enn þá undir þeirri áætlun sem fjárlög þessa árs byggja á vegna þess að sú áætlun var byggð á hærra bensínverði eins og allir áttu von á að yrði. Til septemberloka eru tekjur af hinu almenna vörugjaldi af bensíni, sem við erum að tala um hérna, 97% gjaldinu, 9 millj. undir áætlun og af sérstaka vörugjaldinu 18 millj. undir áætlun. En í fjárlagafrv. kemur fram að gert sé ráð fyrir því að til ársloka vanti þarna upp á fjárlagaáætlun ársins af báðum gjöldunum samtals u.þ.b. 110 millj. kr. af þeirri ástæðu sem ég hef rakið. Hitt er svo alveg rétt að ýmsar aðrar tekjur ríkissjóðs eru umfram áætlun, þar á meðal vörugjald af ökutækjum sem til septemberloka er 1.034 millj. umfram áætlun, og að því er kemur fram í fjárlagafrv., líklegt að verði u.þ.b. 1.500 millj. umfram áætlun eins og þingmaðurinn rakti.

En hvað segir þetta okkur í sambandi við vörugjald af bensíni? Ekki nokkurn skapaðan hlut að mínum dómi. Við höfum upplýst í fjmrn. að horfur séu á því að tekjur ríkissjóðs almennt á árinu verði u.þ.b. 10 milljörðum umfram áætlun og vörugjaldið er þá 15% af því. Við vitum vel að ýmsir aðrir skattar eru umfram áætlun, virðisaukaskattur, tekjuskattar bæði einstaklinga og lögaðila o.s.frv. En það kemur ekki málinu við. Það er allt annað mál og varðar ekki vörugjald á bensíni.

Svo vitum við líka og höfum skýrt frá því að útgjöld ríkisins munu verða fram úr, kannski 5–5,5 milljarða, miðað við áætlun fjárlaga. Áætlanir fjárlaga eru því miður ekki fullkomnari en það og hafa aldrei verið að á þeim eru alltaf einhver óhjákvæmileg frávik.

Ég tel því að þessar upplýsingar hv. þm. um vörugjald af ökutækjum séu ekki haldbær rök fyrir því að leggja til nýtt tekjutap ríkissjóðs af vörugjaldi eða bensíni upp á u.þ.b. 250 millj. kr., sem er það sem felst í brtt. Það liggur þá enn þá fyrir að það er óupplýst hvernig á að koma til móts við það tekjutap.

Ég vildi svo að endingu, herra forseti, vitna til umsagnar sem barst frá Olíufélaginu hf. Það er reyndar mjög stutt umsögn þar sem gerð er ein efnisathugasemd sem mér finnst rétt að nefna til að taka af tvímæli ef á þyrfti að halda við lögskýringar síðar meir. Olíufélagið bendir á að rétt sé að taka fram við hvaða hitastig svokallaðir viðmiðunarlítrar skuli vera og bendir á að í uppgjöri á hinu sérstaka vörugjaldi í dag, þ.e. hinu svokallaða bensíngjaldi sé farið eftir áætluðum meðalhita ársins sem er 3°C. Þetta kann að hljóma sem mjög tæknilegt atriði, sem það vissulega er, en það er eðlilegt að það liggi fyrir að það er þá ætlunin að miða hina nýju álagningu á vörugjaldi við þetta sama hitastig. Eins og allir vita breytist rúmmál bensíns eftir hitastigi og þess vegna er eðlilegt að miða viðmiðunarlítrann svokallaða við tiltekið hitastig og ég vildi gjarnan að það kæmi fram hér hvert það

væri. (Gripið fram í.) Ég efast ekki um að hv. frammíkallandi er meiri eðlisfræðingur en ég en þetta er nú held ég samt nauðsynlegt að liggi fyrir.

Að öðru leyti hyggst ég ekki orðlengja þetta, herra forseti, en þakka fyrir hve þetta mál hefur fengið góðar undirtektir í þinginu og reyndar hjá umsagnaraðilum og virðist eiga greiða leið í gegnum þingið og ég vænti þess að það geti verið orðið að lögum áður en vikunni er lokið.

[16:49]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessi síðustu orð hæstv. fjmrh. og við munum svo sannarlega stuðla að því að svo geti orðið.

En ég vil minna hæstv. ráðherra á það, af því að hann eyddi löngum tíma í sínu máli í að ræða um þá viðmiðun sem notuð er, að hæstv. ráðherra sagði við 1. umr. málsins að sú viðmiðun gæti verið umdeilanleg sem er notuð í frv. Það hefur líka komið í ljós að hún er umdeilanleg. Þegar við förum í gegnum umsagnirnar eru þar nokkrir aðilar sem gera mjög alvarlegar athugasemdir við þá viðmiðun sem hæstv. ráðherra notar og m.a. Félag ísl. bifreiðaeigenda, Neytendasamtökin sem gera ekki bara athugasemd við viðmiðunina heldur við aðferðina líka. Einnig má benda á ASÍ sem gerir líka út af fyrir sig athugasemdir við aðferðina og segir að fleiri leiðir hefði mátt skoða.

Það á því ekki að koma á óvart að þessi viðmiðun hafi verið gagnrýnd og sé hér til umræðu og komin sé brtt. um aðra viðmiðun sem ég hef talað fyrir að sé eðlilegri og sanngjarnari í alla staði og skal ekki fara nánar út í að rökstyðja hér.

Ég geri mér grein fyrir því miðað við þá umræðu sem hefur farið fram að kannski er ekki mikil von til þess að sú tillaga sem ég hef hér mælt fyrir nái fram að ganga, því miður. Ég tel hana bæði eðlilegri og sanngjarnari miðað við þær álögur og ofurskatta sem bifreiðaeigendur hafa mátt þola á undanförnum mánuðum. Ég geri því ráð fyrir því að við í Samfylkingunni munum skoða það af fullri alvöru að flytja við 3. umr. þá brtt. sem ég reifaði aðeins í framsögu minni, þ.e. að heildarendurskoðun gæti farið fram á skattlagningu á bifreiðum sem við gætum út af fyrir sig tekið okkur nokkra mánuði eða kannski ár til þess að ræða og að við endurskilgreinum þessi markmið með álagningu skatta á bifreiðum og til hvaða verkefna skattheimtan eigi að renna og tökum þá til alvarlegrar umræðu það sem hér hefur verið rætt, umhverfisskattana sem ég held að sé löngu tímabært að skoða einmitt í tengslum við álagningu á bifreiðar.

[16:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er talan umdeild. Ég eyddi löngu máli í að tala um að hún væri einmitt umdeild og að menn þyrftu að svara þeirri spurningu hvar þeir vildu fastsetja hana. En ég tel að niðurstaðan sem við höfum komist að í þessu máli sé eðlileg og sanngjörn eins og ég sagði áðan og engin sérstök rök séu fyrir því að miða akkúrat við árið 1998 og 1999 frekar en að miða bara við árið 1999 og fara með þetta enn neðar. Þingmaðurinn svaraði því ekki af hverju var t.d. ekki miðað við 8,95 kr.

Svo vara ég við því að ætla að fara að flytja brtt. við svona frv. sem er um skipulag og framkvæmd á tiltekinni gjaldheimtu, einhverja brtt. um að gera eigi einhverja úttekt á allsherjarskattlagningu á ökutæki eða bifreiðaeigendur í landinu. Mér finnst það ekki eðlileg tillaga. Þingmaðurinn flytur auðvitað þær tillögur sem henni sýnist en mér finnst það ekki góð latína að flytja slíka brtt. við þetta mál.

Auðvitað má ræða allt mögulegt í tengslum við öll gjöld sem lögð eru á bíla og eldsneyti, það er sjálfsagt að gera það. Þar er eflaust eitt og annað sem má til betri vegar færa. En ég held að við eigum að halda þessu máli eins aðgreindu og það er frá því öllu saman. Þetta mál fjallar um alveg sérstakt atriði í því öllu og engin ástæða til að flækja það með einhverjum lagafyrirmælum um úttektir eða greinargerðir eða þess háttar.

[16:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við bætum okkur ekkert á því að karpa meira um þessa viðmiðun. Það er alveg ljóst að við erum ósammála um hana. Ég hef fært rök mín fyrir málinu og þau rök ein ættu út af fyrir sig að nægja að bensínlítrinn hafi hækkað úr 70 í tæpar 90 kr. á þessu ári. Það er bara komið að því að bifreiðaeigendur fái að njóta einhverrar lækkunar á bensínverði sem hægt er að treysta að sé ekki bara tímabundin og í skamman tíma heldur sé eitthvað varanleg. Frv. hæstv. ráðherra tryggir okkur ekki að það sé varanleg lækkun sem bensíneigendur eru að njóta núna.

Að því er varðar ákvæði til bráðabirgða sem ég hef nefnt og heildarendurskoðun á bifreiðasköttum og umhverfissköttum þeim tengdum er alls ekkert óeðlilegt við það þó að í ákvæði til bráðabirgða komi slíkt. Hæstv. ráðherra er það þingvanur að hann þekkir það að það er alvanalegt þegar óánægja ríkir almennt um stefnumörkun í ákveðnum málaflokkum að þó að það sé ekki tímabært á þeirri stundu sem ákveðið frv. er samþykkt eða leiðréttingar er verið að gera að farið sé fram með slíkt ákvæði um heildarendurskoðun. Ég held að við hljótum að geta verið sammála um að það er almenn óánægja með hvernig skattlagningu er háttað á bifreiðar í landinu, löngu tímabært að fara að endurskoða það og fara að íhuga hvernig á að fara út í það að vernda umhverfið og hvernig við getum fjármagnað það og hvaða leiðir við getum farið fram með í því efni.

Það er ekkert óeðlilegt að boða slíkar brtt., að Alþingi marki stefnuna hvaða leið það vill fara í þessu og feli framkvæmdarvaldinu að fara í ákveðna heildarendurskoðun á bifreiðasköttum í landinu. Ég vil ítreka það, herra forseti.

[16:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég kannast ekki við að almenn óánægja sé með þetta mál. Þvert á móti er almenn ánægja með það. Það kemur fram í athugasemdum sem borist hafa til þingnefndarinnar og fram kemur frá hluta stjórnarandstöðunnar það sem ég kalla svona þokkalega ánægju með þetta mál. Eins og ég segi tel ég ekki að það eigi að flækja þetta með brtt. af þessu tagi. En það kemur þá bara í ljós í þingsalnum hvernig þingið tekur því.

Að því er varðar hvort um varanlega breytingu sé að ræða þá er hún vitanlega varanleg þangað til þingið breytir því aftur. Það er ekkert öðruvísi með frv. en þá brtt. sem þingmaðurinn flytur í því efni, hvort tveggja yrði jafnvaranlegt vegna þess að nú er verið að flytja það framvegis í ákvörðunarvald þingsins sjálfs hvar eigi að stilla af gjaldtökuna í stað þess að hafa það í hendi markaðsaflanna úti í heimi með stuðlinum 2,5 sem við Íslendingar höfum bætt í, margfaldað með 2,5 hvort sem það er upp eða niður.

Auðvitað er þetta varanleg breyting að því leyti til að hún tekur náttúrlega innanlandsáhrifin varanlega út úr þessu.

[16:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Af því að ég hafði ekki tækifæri til þess að svara hæstv. fjmrh. þar sem hann kom fram í andsvörum, ég hafði ekki tækifæri til að svara því sem hann fór rangt með, þá hafði ég ekki önnur tök en að biðja um orðið vegna þess að ég vil ekki láta það standa eftir í lok umræðunnar sem hæstv. fjmrh. sagði. Hann misskildi orð mín mjög hér áðan þar sem hann sagði að ég væri að tala um að væri almenn óánægja með þetta frv. Ég var ekki að tala um neina almenna óánægju með þetta frv. Flestir fagna því skrefi sem hér er stigið þó að ágreiningur og deilur séu um þá viðmiðun sem er sett fram af hæstv. ríkisstjórn og þá aðferð sem notuð er.

Það sem ég var að tala um, herra forseti, er að ég tel að almenn óánægja sé með skattlagninguna á bifreiðar hér á landi sem er miklu hærri en annars staðar. Það var það sem ég var að tala um, herra forseti, og vil ekki skilja svo við þessa umræðu að sá misskilningur sé uppi sem hæstv. ráðherra hér nefndi vegna þess að auðvitað er þetta frv. skref í rétta átt þó ég hefði kosið aðra aðferð og aðra viðmiðun en hér er lögð fram. Ég hygg að ég tali fyrir munn margra hér á landi um að það sé almenn óánægja með hve mikil skattlagning er á bifreiðar hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:58]

Útbýting þingskjals:

Reglugerðir á grundvelli 16. gr. laga um framhaldsskóla, 52. mál, svar menntmrh., þskj. 105.

Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

[16:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að taka til umfjöllunar ályktun um sérstakar aðgerðir í byggðamálum sem er hið þarfasta mál. Helstu andmæli sem menn gætu haft uppi við þessum tillögum í tólf liðum væru þau t.d. að segja að 4–5 milljarðar séu mikið fé og setji fjárlögin fyrir næsta ár í uppnám.

Nú er vitað að byggðamálin og sú þróun sem þar hefur átt sér stað kostar þjóðina geysilegt fé. Það var nýlega upplýst af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu að þau teldu að þau þyrftu að leggja út nokkra milljarða á ári hverju vegna aðflutnings fólks af landsbyggðinni. Jafnvíst má telja að sá flótti sem er frá byggðakjörnum víða að á landinu og sú röskun sem þar á sér stað kosti ríkið mikið. Ég tel því að þó að hér séu gerðar tillögur um verulega fjármuni til aðgerða í byggðamálum sé í raun þegar upp væri staðið ekki verið að búa til útgjöld sem ella hefðu ekki komið fram einhvers staðar annars staðar. Ég held að menn þurfi að horfa á málið í því ljósi að fjárfesting í þá veru sem hér er lögð til í mörgum liðum mundi skila sér fyrir framtíðina.

Ég lít t.d. ekki svo á að fjárfesting í vegamálum, fjárfesting í mannvirkjagerð, eins og jarðgöngum eða bættum samgöngum, sé fjárfesting sem ekki skili sér. Það er varanleg fjárfesting. Það er svipuð fjárfesting og þegar fyrirtæki eru að festa fé í einhverju sem kemur þeim virkilega til hagsbóta. Þannig held ég að við eigum að líta á varanlega vegagerð.

Það hefur einfaldlega sýnt sig við gerð þeirra jarðganga sem gerð hafa verið á undanförnum árum, t.d. Vestfjarðagöngin og Hvalfjarðargöngin, að þar er um verulega samgöngubætur að ræða, samgöngubætur sem verða þess valdandi að samskipti fólks aukast mikið, tími fólks nýtist betur, minni orka er notuð o.s.frv. Því held ég að þegar upp er staðið verði menn að líta á slíkar samgöngubætur sem varanlega eign þjóðarinnar en ekki beri að líta á þær sem sérstök útgjöld eins og menn vilja oft líta á sem eitthvert eyðslufé. Við erum að festa peninga í arðsömum framkvæmdum.

Okkur er það mikil nauðsyn að snúa þeirri þróun við sem hefur átt sér stað hér á landi á undanförnum árum í byggðamálunum og fækkun fólks á landsbyggðinni. En þá komum við auðvitað að mjög mikilvægu máli í þessari byggðamálaumræðu allri og reyndar er vikið að í 10. lið tillögunnar þar sem talað er um að hraða verði stefnumótun í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum.

Eins og öllum er kunnugt í þessum sal á Frjálslyndi flokkurinn ekki aðild að þeirri nefnd sem sett var á laggirnar til að skoða stefnuna í sjávarútvegsmálum. Við munum því eðlilega setja fram áherslur okkar varðandi sjávarútvegsmálin og koma fram með þær. Eftir sem áður getum við vissulega tekið undir það að hraða þarf stefnumótun í báðum þessum málaflokkum, bæði landbúnaðar- og sjávarútvegsmálunum.

Í mínum huga er það í rauninni aðallega þrennt sem landsbyggðin þarf að geta fest hönd á í sinni tilveru í dag. Landsbyggðarfólk þarf að geta fest hönd á því að aflaheimildirnar séu ekki á fleygiferð út úr byggðarlögunum, að einhver festa sé fyrir byggðinni. Á landbúnaðarsvæðunum þurfa menn að geta fest hönd á því að þeir geti búið að sínum og haft afkomu og tekjur af landbúnaði. Það er nauðsynlegt. Og það verður að fara að búa til stefnu sem gerir það að verkum að bændur séu ekki við fátæktarmörk á stórum svæðum landsins. Í þriðja lagi tel ég að varanlegar samgöngubætur sem stytta vegalengdir milli þéttbýlisstaða, milli landsvæða og landshluta, séu eitthvað það besta sem við getum gert til að stuðla að viðhaldi og viðgangi byggðar úti um landið. Þetta þrennt held ég að séu meginatriði sem verði að vera nokkuð föst og nokkuð örugg til að fólk hafi vissu fyrir því að geta búið í sínu byggðarlagi. Ég held að sú óvissa sem núna fylgir t.d. fiskveiðistjórnarkerfinu sé eitt stærsta meinið sem veldur því óöryggi og því ósætti fólks um að það treysti sér ekki til að vera áfram á landsbyggðinni. Þetta birtist í því að ef fólk hugsanlega getur fundið góða atvinnu annars staðar á landinu, jafnvel þó að það hafi ekki sérstaklega mikinn áhuga á að fara af landsbyggðinni, þá stekkur það til og festir sér atvinnu og húsnæði ef það á þess kost. Þetta veldur því auðvitað að það er hraðari flótti af landsbyggðinni en ella væri.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því hvernig fiskveiðistjórnarkerfið okkar virkar í ýmsum smáatriðum sem menn taka þó ekki mikið eftir. Ég ætla að setja upp eitt örstutt öfgadæmi svo fólk átti sig á því hvað ég er að tala um.

Á undanförnum 10–20 árum hefur það verið þannig að frystitogarafloti landsmanna hefur verið að eflast. Ekki þurfa menn svo sem neitt að hallmæla því í sjálfu sér. Þetta eru skip sem hafa búið til mikil verðmæti og afkastað miklum afla og iðulega sótt í tegundir sem við höfum ella ekki getað sótt til og var í raun og veru mjög eðlileg þróun að hvetja þá

til að takast á við það verkefni að stækka auðlind Íslendinga. Frystitogararnir hafa tekið það að sér og t.d. hafið veiðar á Reykjaneshryggnum á úthafskarfa og ná þar 45 þús. tonna karfaafla á hverju ári, þetta er ákveðið verkefni sem þeir hafa. Þeir stunda veiðar á þessari tegund í tvo til þrjá mánuði á ári.

Nú ætla ég setja upp dæmi sem ég er ekki viss um að menn hafi sett í það samhengi sem ég ætla að setja það í. Segjum nú svo að Alþjóðahafrannsóknaráðið ákveði að skera niður úthafskvótann á Reykjanesinu, minnka hann úr 45 þús. tonnum niður í 20 þús. tonn, segjum það bara, og það hafi verið samþykkt af annarri alþjóðastofnun sem heitir Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin, NEFAC, að þannig skuli staðið að málum. Þá stöndum við allt í einu frammi fyrir því að þennan afkastamikla flota vantar verkefni, eins til tveggja mánaða verkefni. Á það þá að vera alveg sjálfvirkt í kerfinu í dag að af því að þennan flota hefur vantað eins til tveggja mánaða verkefni, þá skuli það vera nærtækast fyrir viðkomandi útgerðarmenn að leggjast í það að kaupa upp kvóta í einhverjum sjávarútvegsfyrirtækjum til þess að leggja byggðina af? Finnst mönnum þetta einhver útfærsla sem passar byggðinni í landinu? Passar það einhvern veginn saman ef skorinn er niður aflakvóti og verkefni minnkuð hjá frystitogaraflotanum okkar og menn þurfa að finna sér önnur verkefni að þá skulum við vera með þannig fiskveiðistjórnarkerfi að þessi afkastamikli floti geti keypt upp kvóta af nánast hvaða trillu eða smábát sem er í sama kerfi og þeir? Það er ekkert sem stoppar það af. Þeir geta þess vegna keypt upp á einu bretti allan kvótann á Þórshöfn svo dæmi sé tekið ef hann væri til sölu. Eða þá það litla sem eftir er á Bíldudal og þannig koll af kolli. Það eru ýmis atriði í fiskveiðistjórnarlögunum okkar sem eru ekki í lagi og við þurfum virkilega að skoða það hvernig áhrif frjálst framsal kvótans getur haft á byggðir landsins og það verður að setja við þessu skorður.

Ég vil ekki trúa því fyrr en ég tek á því að þegar menn fara að skoða þetta í raunveruleikanum, þá sjái menn ekki hvers konar tilviljanaaðferð er í rauninni byggð inn í fiskveiðistjórnarkerfi okkar um það hvar og hvenær aðgerðir einstakra manna lenda á viðkomandi byggðarlögum. Við erum að tala um byggðastefnu og tala um að útfæra og styrkja byggðirnar. Á sama tíma er í gangi fiskveiðistjórnarkerfi þar sem ekki er nokkur stjórn á því hvar höggið lendir, hvaðan aflinn færist og hvenær. Þetta er náttúrlega gjörsamlega óásættanlegt og í raun og veru alveg furðulegt að heyra að stjórnarflokkarnir skuli berja hausnum við steininn um það og fullyrða að ekki megi breyta fiskveiðistjórnarkerfinu. Hvernig ætla menn að taka á vanda landsbyggðarinnar ef þeir treysta sér ekki til að taka á vanda fiskveiðikerfisins?

Ég var einungis að setja þetta atriði í svona öfgafullt samhengi til að draga það fram að jafnvel sú tillaga að erlend stofnun ákveður að skera niður kvóta hér 200 mílur vestur af landinu getur orðið til þess að rústa byggð norður á Langanesi, svo dæmi sé tekið. Þetta er dæmi sem er þó fyllilega eðlilegt að setja upp vegna þess að útgerð frystiskipanna okkar er eign stærstu og öflugustu fyrirtækjanna og það eru einmitt þau fyrirtæki sem hafa mest fjármagn til að kaupa til sín aflaheimildir ef þau þurfa á því að halda.

Þetta vildi ég láta koma fram í umræðunni um þessi mál. Ég tel að að efni til eigi tillagan fyllilega rétt á sér og þó að hér sé talað um mikla fjármuni þá held ég að þeim fjármunum væri vel varið. Þeir mundu ella koma fram einhvers staðar annars staðar og þess vegna mun ég mæla með þessari tillögu.

[17:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég sakna þess að ráðherra byggðamála, hæstv. forsrh., skuli ekki vera viðstaddur því að í framkvæmd heyra þessi mál undir hæstv. forsrh. og ráðuneyti hans.

Varðandi það mál sem hér er rætt vísa ég til þess sem ég sagði fyrr í þessari umræðu um þær stærðir sem hér er um að ræða, þann mikla kostnað sem þessir búferlaflutningar hafa í för með sér, þær fjárfestingar sem verður að ráðast í, það að halda heilu landshlutunum í landnemaástandi, fólk geti ekki komið sér með eðlilegu móti fyrir, að vera stöðugt að taka á móti mun fleira fólki en eðlilegt er og taka þeim afleiðingum sem í rauninni fylgir slíku róti sem landnemabyggðir hafa í för með sér og jafnframt það mikla tjón og þann kostnað sem eftir liggur á landsbyggðinni. Þetta rakti ég fyrr í umræðunni.

Það sem við leggjum til í þáltill. okkar er að nú þegar verði gripið til bráðaaðgerða, þ.e. aðgerða til viðbótar við þær almennu aðgerðir og almennu vinnu sem í gangi er, þó að þar megi vissulega líka bæta, taka betur á og skilgreina. Við leggjum áherslu á það í tillögum okkar að þær aðgerðir sem gripið er til nái til einstaklinganna og þeirra einstöku fyrirtækja úti á landsbyggðinni sem eru að vega og meta stöðu sína til framtíðar og taka ákvarðanir sínar út frá því. Við leggjum áherslu á að þær aðgerðir sem hér er gripið til kafni ekki eða lendi í milliliðum eða í formi nefnda á nefndir ofan sem dragi úr skilvirkninni í þeim aðgerðum sem við viljum að gripið verði til.

Hæstv. forseti. Mig langar að leggja áherslu á nokkur atriði í tillögum okkar. Við leggjum áherslu á vegamálin. Í þáltill. sem samþykkt var hér á þingi sl. vetur um aðgerðir í byggðamálum er líka lögð þung áhersla á að varið verði sérstöku fé til vegamála og vegagerðar úti um land. Ég minni á ástand og stöðu vega, tengi- og safnvega um sveitir landsins. Þetta eru malarvegir sem búa við takmarkað viðhald og litla endurnýjun. Þessa vegi verður fólk að fara um daglega, aka börnum í skóla og sækja vinnu. Það er lífsspursmál fyrir byggðir í sveitum landsins að slíkir vegir verði í góðu lagi og þeir verði samkeppnisfærir við aðrar samgönguæðar.

Við þekkjum það að fólk sem er vant að aka á malbikuðum vegum þorir ekki að keyra út á malarvegina. Og meira að segja hjólbarðarnir sem við kaupum undir bílana okkar eru gerðir til þess að aka fyrst og fremst á bundnu slitlagi og þeir verða afar skreiðir á malarvegum. Ef við viljum í raun gera átak í byggðamálum, þá förum við og gerum stórátak í sambandi við þessa vegi.

Má ég líka minnast á annað mál sem er þriggja fasa rafmagn á sveitabæi víða um sveitir landsins. Þetta hefur oft verið rætt hér á Alþingi og það hefur oft verið rætt í þjóðfélaginu hversu brýn nauðsyn þetta er. Oft er rætt um þennan mikla aukakostnað sem lagður er á dreifbýlið, á sveitirnar, og þá mismunun sem á sér stað í gegnum rafmagnið. Ég þekki það á mínu gamla búi í Bjarnarhöfn að þar er atvinnurekstur sem byggir á því að geta verið með stóra kæla og frysta. Það skiptir hundruðum þúsunda kr. á ári sem það er dýrara fyrir einstaklinga þar að reka sinn atvinnuveg vegna þess að þeir verða að búa við einfasa rafmagn. Þetta er kerfisbundin mismunun sem á sér stað úti um sveitir landsins. Það á ekki að vera spurning, heldur forgangsatriði að leysa, en ekki bara ræða og velta sér upp úr. Framlagið á fjárlögunum er

skert, þetta litla framlag sem er til þess að efla dreifikerfi rafmagns um sveitir landsins, það er þessi litla vísbending sem fjárlögin eru og skilaboðin sem þau senda út um sveitir landsins. Þetta er mál sem á að leysa og afgreiða og hætta að þurfa að ræða um.

Búsetan sjálf er auðlegð og það að búa úti um dreifðar byggðir landsins, halda þeim í byggð, vernda og nýta og rækta náttúruauðlindir og samfélög, það er auðlind í sjálfu sér sem okkur ber líka að rækta og varðveita. Við getum þurft að leggja eitthvað á okkur að eiga og halda þeim verðmætum sem okkur þykir vænst um. Þess vegna ber að skoða beinar búsetutengdar aðgerðir, beinar búsetuengdar leiðréttingar, framlög til einstakra byggða og bæja til að sýna að Alþingi vilji í rauninni að landið sé byggt og vilji leggja eitthvað á sig til þess og vilji taka þátt í þeim kostnaði sem því fylgir að gera það mögulegt.

Við leggjum til að það verði skoðað í gegnum skattkerfið að leiðrétta þá mismunun sem á sér stað í innheimtu ríkissjóðs á sköttum landsmanna. Ef við lítum á virðisaukaskattinn þá leggst hann með auknum þunga í fjarlægð frá innflutningshöfnum eða dreifiaðilum hér á höfuðborgarsvæðinu og sömuleiðis með vörum sem fluttar eru út eða hingað til neyslu þannig að skatturinn þar sem ríkið tekur til sín er beinlínis íþyngjandi. Við höfum nefnt menntun, við hefðum getað nefnt sjúkrahjálp. Við vitum það líka að víða úti um sveitir landsins mun aldrei verða hægt að hafa sama aðgengi að ýmissi opinberri þjónustu og hún mun alltaf verða dýrari. Þess vegna er það bara sanngirnismál að komið sé til móts við þetta til jöfnunar, til leiðréttingar og það ber að skoða skattkerfið til þess.

Ég vil líka nefna menntamálin og menntakerfið og það var til umræðu fyrr á fundi hv. Alþingis, um framhaldsmenntunina og grunnskólamenntunina. Það ber að skoða allar leiðir til þess að færa framhaldsmenntunina, færa menntun ungs fólks á aldrinum 16 ára til tvítugs aftur heim í heimabyggðirnar. Má ég benda á t.d. að á norðanverðu Snæfellsnesi, bara Ólafsvík, Grundarfirði og Hellissandi eru hátt á þriðja hundrað krakkar á aldrinum 16 ára til tvítugs sem verður að senda að heiman þar sem enginn kostur er á framhaldsmenntun þar. Við verðum að aðlaga menntakerfi okkar að því samfélagi sem við viljum búa í.

Síðast en ekki síst, herra forseti, legg ég áherslu á það að gera sérstakt átak í því að kynntir verði þeir kostir sem felast í því að búa í samfélögum úti á landi.

[17:19]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Öllum er orðið ljóst hver íbúaþróunin hefur verið undanfarin 20 ár og þá sérstaklega undanfarin 10 ár. Það hefur verið mikil röskun, allt að því holskefla getum við sagt núna undanfarin tvö ár, varðandi flutning fólks frá landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið. Núna heyrum við að þessi fjöldi, um 2 þúsund manns á ári, er orðinn allt of mikill til þess að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi undan við að byggja upp nauðsynlega samfélagsþjónustu. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki undan.

Undanfarin ár þegar við þingmenn utan af landi og allur almenningur hefur verið að benda á þann kostnað og þær miklu breytingar sem byggðaröskunin hefur valdið, þar eru vannýtt atvinnutækifæri í vannýttu húsnæði o.s.frv., þá höfum við fengið að heyra að þetta sé bara landsbyggðarvællinn og lítið annað. En nú er svo komið að ég held að hvert einasta mannsbarn geri sér orðið ljóst að ekkert þýðir að biðja um fleiri skýrslur. Það þýðir ekkert að skoða málið lengur. Það verður að fara að vinna eftir þeim byggðaáætlunum sem settar hafa verið fram og gera það markvisst.

Sú till. til þál. sem hér liggur frammi eru tillögur um aðgerðir umfram byggðaáætlun ríkisstjórninnar og tekur á ákveðnum þáttum.

Ástæðan fyrir þessari íbúaþróun er margþætt en segja má að flest sé mannanna verk. Með breytingu á fiskveiðilöggjöfinni, þ.e. þegar leyft var að selja og leigja kvóta, tilfærslan frá smábátunum yfir á stærri skip og frá einstaka skipum yfir í sameiningu fyrirtækja og samrekstur fyrirtækja í sjávarútvegsgreininni þar sem hagræðing í rekstri hefur gengið fyrir öllu. Smábátarnir hafa nær þurrkast úr á mörgum svæðum.

Ekki þarf að fara mörg ár aftur í tímann til þess að minnast stórra flota í nærri hverri einustu höfn á Austurlandi og á Vestfjörðum. Núna eru þar nokkrir bátar bundnir við bryggju og meira að segja ekki allir á sjó. Það að hraða stefnumótun í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum sem miði að því að treysta byggð við sjávarsíðuna og í sveitum landsins miðar að því að efla strandveiðar, byggða- og búsetutengja veiðiréttindi og efla stuðning við landbúnað.

Við hvern smábát má ætla að ein fjölskylda, fjórir til fimm einstaklingar sem hafi haft atvinnu. Þegar þessi útgerð var þurrkuð út eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi hurfu búsetuskilyrði margra fjölskyldna og þegar kvótinn var síðan leigður eða seldur í burtu var búsetuskilyrðum kippt undan enn fleirum. Á þeim stöðum þar sem enn þá eru skip og kvóti ríkir samt mjög mikið óöryggi vegna þess að fólk veit ekki hvenær og hvort kvótinn verður seldur í burtu aftur. Andleg líðan hefur ekki síður áhrif á það hvort fólk vill búa áfram í byggðarlagi sínu en efnahagsleg velferð.

Mikill samdráttur hefur orðið í landbúnaðinum, sérstaklega í sauðfjárræktinni, og því er næsti sauðfjárbúvörusamningur mjög mikilvægur fyrir þá stétt og okkur öll.

Margir félagslegir þættir hafa áhrif á það hvort fólk vill búa áfram úti á landi eða hvort það vill flytja út á land. Það verður þannig að þegar byggðin grisjast, þegar fólk byrjar að flytja, af hvaða ástæðu sem það er, þá hefur það áhrif á allt nærumhverfið. Ef vinirnir fara, ef börnin flytja, þá hefur það áhrif á það hvort manni finnst maður eigi að vera áfram eða hvort komið sé að því að maður geri eitthvað líka.

Aðgengi að framhaldsmenntun er mjög mikilvægur þáttur. Sá mikli kostnaður sem margar fjölskyldur verða að bera við það að koma börnum sínum til mennta hefur líka mikið að segja. Hvað halda menn að það séu margar fjölskyldur og foreldrar sem hafa flutt hingað á höfuðborgarsvæðið eingöngu vegna þess að börnin voru að fara í framhaldsskóla, til að geta haldið þeim heimili, til að gera útlagðan kostnað við búsetu barnanna meðan á skólahaldi stendur léttari þannig að öll fjölskyldan væri þá á sama stað en ekki væri haldið úti tvöföldum kostnaði við skólagönguna?

Úti um land hefur frábreytt afþreying líka verið gefin upp sem ástæða þess að fólk fari í burtu. Það gerist af sjálfu sér að þegar fólk flytur eru færri til þess að halda uppi þeirri afþreyingu sem fólk sóttist áður eftir. Kröfurnar eru aðrar, framboðið er meira á höfuðborgarsvæðinu og margir telja að það sé einmitt það sem gildi.

Fábreytt atvinnulíf er líka eitt af því sem hefur háð landsbyggðinni og því ber að þakka skýrslu Iðntæknistofnunar sem var unnin fyrir Byggðastofnun varðandi störf tengd fjarskiptabúnaði. Það eru tillögur sem er hægt að vinna strax að og það kemur reyndar fram í till. okkar til þál. sem er til

umræðu að þetta sé ein af þeim leiðum sem við getum undið okkur strax í og því ber að smyrja hjólin og setja allt í gang.

[17:28]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um þessa tillögu og fagna sérstaklega viðveru hæstv. forsrh. og vona að við fáum að heyra til hans undir lok umræðunnar. Ég mun beina til hans nokkrum spurningum í tengslum við málið og þá tillögu sem verið er að ræða, till. til þál. um sérstakar aðgerðir í byggðamálum, þar sem í 12 tölusettum liðum er lagt til að gripið verði til viðamikilla ráðstafana til að bæta almennar grundvallarforsendur og aðstæður fólks á landsbyggðinni og reyna að jafna þann aðstöðumun sem er undirliggjandi orsök í mjög mörgum tilvikum fyrir því að fólk kýs að flytjast þaðan búferlum.

Ég vil taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að stefnan hvað málefni grundvallaratvinnuvegi landsbyggðarinnar varðar er hér mjög veigamikill þáttur. Engin leið er að horfa fram hjá því að ástæða erfiðleikanna í t.d. mörgum sjávarbyggðum, sérstaklega í minni sjávarbyggðum sem hafa farið halloka í því samkeppniskerfi og fyrirkomulagi framsals á veiðiheimildum sem menn hafa búið við er tengd því fyrirkomulagi. Hún er tengd stefnunni í þeim málaflokki.

Enn augljósara er það auðvitað að erfiðleikar landbúnaðarins og fækkun í sveitum landsins er tengd þeim mikla samdrætti sem hefur verið í þeirri atvinnugrein á undanförnum 15–20 árum og ekki bara erfiðleikar sveitanna. Þess sér líka stað í erfiðleikum fjölmargra þjónustukjarna, þéttbýlisstaða á landsbyggðinni sem voru mjög háðir úrvinnslu og þjónustu við landbúnað þannig að þetta er að sjálfsögðu nátengt.

Ég sakna hv. þm. Samfylkingarinnar sem hafa ekki blandað sér í umræðuna undir þessum dagskrárlið, t.d. hv. þm. Kristjáns L. Möllers sem hins vegar tók hér upp umræðu utan dagskrár um byggðamál í miðri þessari umræðu. Ég hefði haft áhuga á því að heyra viðhorf hv. þm. Samfylkingarinnar til aðgerða af þessu tagi. Hér er ekki aðeins látið nægja að lýsa óánægju með ástandið, það gætum við víst öll gert, heldur eru líka lagðar til aðgerðir. Niðurstaða okkar var sú að við vildum leggja til það sem við gætum hugsað okkur að gera. Við erum ekki feimin við að sýna á þau spil, að við værum tilbúin að beita þeim stjórntækjum sem stjórnmálamenn hafa í höndunum og einkum og sér í lagi ráðstöfun opinberra fjármuna til að reyna að spyrna þarna við. Við erum sannfærð um að það er leitun að betri fjárfestingu en þeirri að reyna allt sem mögulegt er til þess að snúa við því óheilla- og ófremdarástandi sem þarna er.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að í raun er alltaf að bætast í þær ískyggilegu aðstæður sem við okkur blasa í þessum efnum. Nánast daglega berast okkur nýjar upplýsingar um hve grafalvarlegt ástandið er. Það er sama hvort það eru mánaðarlegar nýjar tölur frá Hagstofu Íslands um fólksflutningana af landsbyggðinni eða þær upplýsingar sem komu í fjölmiðlum í gær og í morgun um nýja vinnumarkaðseða atvinnukönnun Þjóðhagsstofnunar. Ég vil leyfa mér að inna hæstv. forsrh. eftir því hvað honum sýnist um þær vísbendingar sem þar koma fram og benda til þess að ástandið hafi gjörbreyst til hins verra á einu ári, frá því sambærilegar niðurstöður voru birtar eftir septembermánuð 1998.

Könnun Þjóðhagsstofnunar sýnir að aukin eftirspurn eftir vinnuafli kemur öll fram á höfuðborgarsvæðinu. Þar vildu atvinnurekendur fjölga starfsfólki um 745 en á landsbyggðinni vildu atvinnurekendur fækka starfsfólki um 210. Út þessu verður sem sagt mjög mikil breyting frá því sem var í fyrra. Eftirspurn eftir vinnuafli hér á þessu svæði hefur ekki mælst meiri í áratug en að sama skapi eru þetta mjög alvarlegar vísbendingar um hversu mikill samdrátturinn er á landsbyggðinni. Þar er t.d. mjög sláandi að eftirspurn eftir vinnuafli er minnkandi í flestum atvinnugreinum, mest þó í byggingarstarfsemi og þjónustugreinum. Í byggingarstarfseminni er þetta vegna þess að það eru bara alls engar framkvæmdir, einstaklingar byggja ekki og framkvæmdirnar greinilega það litlar að byggingariðnaðurinn er að skreppa saman enn frekar en orðið var á landsbyggðinni. Hitt er auðvitað ekki síður svakalegt að helsta vaxtargrein atvinnulífsins sem verið hefur á umliðnum árum og verður væntanlega áfram, þjónustan, er líka að dragast saman í stórum stíl úti á landi. Það eru mjög ískyggileg skilaboð.

Þetta segir okkur held ég líka að ef menn vildu grípa til einhverra ráðstafana vegna þenslu og verðbólguhættu þá væri sennilega engin ein aðgerð eins markviss í þeim efnum og sú að reyna að draga úr þeirri spennu sem vinnumarkaðskönnunin hér á þessu svæði sýnir, en auka framkvæmdir úti á landi. Hér er þensluhættan og spennan. Hér eru þær greinar sem eru að sprengja þetta upp, byggingariðnaðurinn og ýmsar þjónustugreinar. Vilji hæstv. ríkisstjórn, eins og raunar liggur fyrir, reyna að grípa þarna til aðgerða þá er ekki nóg að gera það sem þegar hefur verið ákveðið, að draga lítils háttar úr framkvæmdunum hér og bremsa þær eitthvað af, heldur verði líka að jafna þetta á hina hliðina. Að auka við framkvæmdirnar úti á landi. Jafnvægisleysið í þessum efnum er greinilega enn þá meira en menn höfðu talið hingað til og það hefur versnað milli ára. Hvað getum við ætlað annað en að byggðaröskunin verði enn svakalegri á næstu mánuðum en hún hefur verið hingað til, ef þær breytingar sem endurspeglast í viðhorfum forustumanna í atvinnulífinu senda okkur þessi skilaboð milli ára? Eftirspurnin er orðin neikvæð úti á landi. Það sneri öfugt í fyrra þó í litlu væri en hún hefur enn þá aukist hér og er mikil, nánast í öllum greinum atvinnulífsins.

Ég held, herra forseti, að menn þurfi að átta sig aðeins á því hversu stór orsakavaldur þessir miklu flutningar inn á þetta svæði, höfuðborgarsvæðið, eru í raun og veru fyrir þenslunni. Hvers vegna er byggingariðnaður jafnbólginn og raun ber vitni hér á höfuðborgarsvæðinu? Það er ekki bara vegna þess að hér hafa verið miklar opinberar framkvæmdir og ýmsar stórframkvæmdir í gangi. Auðvitað hefur það mikil áhrif en það er líka vegna þess að fólksfjölgunin á þessu svæði er afbrigðilega mikil. Mér er til efs að finnanleg séu mörg dæmi um að fólki fjölgi hraðar á einu landsvæði en hér. Ef við förum aðeins yfir það hvernig þetta blasir við núna þá lítur út fyrir að um 2.000 manns muni bætast inn á þetta svæði af landsbyggðinni, þ.e. að 2.000 muni flytjast hingað umfram þá sem héðan flytjast. Síðan má ætla, miðað við tölur fyrstu átta, níu mánuðina, að um 500–700 manns í viðbót komi frá útlöndum. Þeir setjast að hér miðað við þessar tölur. Þá erum við komin í u.þ.b. 2.500–2.700 manns sem bætast við inn á þetta svæði annars vegar af landsbyggðinni og hins vegar frá útlöndum. Þá er eftir náttúruleg viðkoma hér á svæðinu, fjölgunin hér sem auðvitað sest að hér í öllum aðalatriðum. Við skulum reikna með að hún verði svipuð að meðaltali og undanfarin ár, þ.e. um 0,7%. Þá reiknast mér svo til að þar bætist enn við um 1.100–1.200 manns. Hér

á þessu svæði bætast við á hverju ári, af landsbyggðinni, frá útlöndum og vegna náttúrulegrar viðkomu, eitthvað í kringum 3.500 manns. Það er mikil fjölgun, þó að hér séu 160 þús. íbúar eða hvað það er. Það eru eitthvað á milli 2 og 2,5%. Það þýðir að hér verður viðvarandi spenna, t.d. á húsnæðismarkaði. Þetta mjög óvenjulega mikil fjölgun. 0,7% fjölgun íbúa í einu landi eins og við höfum búið við undanfarin ár, farið upp í 1%, niður í kannski 0,7%, er ein hin mesta í Evrópu. Og þar er ekkert óalgengt að íbúafjöldi standi í stað, þeim fjölgi um 0,2% eða sé jafnvel í mínus eins og í Þýskalandi. Þá eru auðvitað nettóáhrifin á íbúðamarkaði þau t.d. að það þarf ekki að byggja nema sem svarar nokkurn veginn viðhaldi og endurnýjun húsnæðis. Hér þarf hins vegar að byggja yfir 2–3% í viðbót á hverju einasta ári plús það að halda gamla húsnæðinu við o.s.frv. Svona aðstæður eru dæmdar til þess að halda uppi þenslu með öllum þeim margfeldisáhrifum sem af því hljótast.

Ég vil einnig, herra forseti, eins og hv. síðasti ræðumaður, Þuríður Backman, fagna þeirri skýrslu sem við höfum fengið í hendur. Hún var unnin af Iðntæknistofnun í samstarfi Byggðastofnunar og forsrn. og ég hef verið að blaða í gegnum hana. Ég held að þetta sé hið merkasta plagg og þar sé komin af stað vinna sem að vísu hefði mátt fara fyrr af stað en gefur okkur grunn til að skoða raunhæfar aðgerðir í að flytja verkefni, störf og tekjur út á land. Ég fagna þessu sérstaklega og vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvernig hann hyggst fylgja eftir þessari skýrslu. Ég minni á að í tillögu okkar, tölul. 8, er einmitt gert ráð fyrir að verja fjármunum sérstaklega, 150 millj. kr. á næsta ári, til að stuðla að og standa straum af því að færa verkefni út á land. Í skýrslunni eru þeir kostir sem í boði eru flokkaðir eftir því hvort unnt er að ráðast í þá tafarlaust og án verulegra útgjalda eða hvort að þeim fylgir einhver stofnkostnaður og það er þá flokkur B. Þá er einmitt nauðsynlegt að hafa fjármuni milli handa til þess að ráðast í þann stofnkostnað.

Reynslan frá fyrirtækinu Íslensk miðlun sýnir okkur hvað hægt er að gera ævintýralega hluti þar sem vinnustaðir hafa verið að spretta upp í fjölmörgum byggðarlögum landsins. Það er auðvitað virkilega ánægjulegt og gleðilegt að fylgjast með því. En maður hlýtur að segja: Úr því að einkafyrirtæki getur gert slíka hluti, hvað þá með allan opinbera geirann sé þar vilji og metnaður fyrir hendi til að nota sömu tækni og hugsun til dreifa verkefnum? Auðvitað á að fara í þetta eins og hér er lagt til, lið fyrir lið, verkefni fyrir verkefni, skoða hverja stofnun og hvern flokk fyrir sig. Niðurstaðan verður væntanlega sú að það er ekkert því til fyrirstöðu að t.d. þjóðskráin verði færð á Húsavík eða stór hluti af skráningarvinnu Tryggingastofnunar ríkisins á Seyðisfjörð, svo einhver dæmi séu tekin af handahófi. Ég veit að víða úti um land binda menn vonir við þetta mál og bíða eftir því hvað verður með framkvæmdina, t.d. svo ég nefni aftur fyrirtækið Íslenska miðlun. Vonandi er ég ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli þar þó ég segi að þar eru menn með hugmyndir um að segja á fót enn frekari starfsemi, t.d. á stöðum eins og Hrísey eða í Ólafsfirði, þar sem menn hafa orðið fyrir áföllum í atvinnulífinu. Það kæmi auðvitað eins og himnasending að fá þar nýja vinnustaði og störf í staðinn fyrir þau sem hafa tapast þar.

Ég vona að um þetta fáist umfjöllun á Alþingi í vetur, hvort það er sérstaklega á grunni þessarar tillögu eða með öðrum hætti verður ekki sáluhjálparatriði. Alþingi verður ástandsins vegna að taka virkilega á í þessu máli og taka sér tíma í að fara rækilega í gegnum það í vetur. Ég vona að það geti gerst í sæmilegu samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu. Málið er þeirrar stærðar í íslenskum þjóðmálum að það á að vera hafið upp yfir flokkadrætti að skoða það. Í þessum efnum ríkir slíkt ófremdarástand og svo hættuleg staða að öllum þingmönnum ber skylda til þess að nálgast það með því hugarfari. Við höfum ekki í annan tíma staðið frammi fyrir neinu sambærilegu nema í einstökum og einangruðum tilvikum.

Það hefur aldrei áður blasað við að byggðahrun, jafnvel í heilum landshlutum, gæti orðið á tiltölulega skömmum tíma en það gerir það núna því miður. Það er ekkert hægt að horfa fram hjá því. Einfaldar framreikningur á þeim tölum sem við okkur blasa frá sl. 10–15 árum segir okkur ekki annað en að jafnlangur tími til viðbótar leiði til þess að heil byggðarlög og jafnvel landshlutar hljóti að hrynja saman.

Að allra síðustu, herra forseti. Hvort sem er litið til þenslunnar hér og þeirra vaxtarverkja sem það ástand hefur skapað í efnahagslífinu og menn hafa áhyggjur af eða þjóðhagslegs samhengis almennt, þá er örugglega fátt jafngóð fjárfesting og að ráðast í markvissar aðgerðir til að snúa þróuninni við, koma á nýjan leik á jafnvægi, stöðugleika í byggðaþróun. Stöðugleiki í byggðaþróun er ekki síður mikilvægur fyrir samfélagið en stöðugleiki í efnahagsmálum.

[17:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hygg að það hafi verið árið 1990 þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, síðasti ræðumaður, var í ríkisstjórn að fyrirrennari minn, Steingrímur Hermannsson forsrh., lýsti því yfir að byggðastefna sl. tíu ára hefði brugðist. Ég er ekki viss um að sú sjálfsgagnrýni hafi að öllu leyti verið sanngjörn því að ég er ekki í vafa um að sú viðleitni sem menn höfðu þá sýnt í byggðamálum hafi haft sitthvað jákvætt í för með sér.

Sjálfsagt væri hægt að ætlast til þess, og sumir hafa nú gert það hér í haust, að ég gæfi einhverja sambærilega yfirlýsingu um að byggðastefna sl. tíu ára hefði brugðist. Ég vil ekki gefa slíka yfirlýsingu vegna þess að ég tel að sú viðleitni og viðspyrna sem menn hafa reynt að sýna, jafnt og á hinu fyrra tímabili sem ég nefndi til sögunnar, hafi að ýmsu leyti gert gagn. Tölurnar liggja þó fyrir og í hvorugt skiptið hefur tekist að snúa þróuninni við. Þar höfum við lent í svipuðum erfiðleikum og fjölmörg önnur lönd sem hafa verið að ganga í gegnum svipaðar breytingar á atvinnuháttum og hér á landi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi áðan þá nýju skýrslu sem kynnt var og lýsti ánægju með hana og ég er ánægður með þau viðbrögð. Hún er unnin með nokkuð nýjum hætti og má segja að þar séu menn að horfa til þess veruleika að einmitt tækniþróun, nýjungaþróun, varð til þess að hluta til að halla tók undan fæti fyrir byggðum landsins, þ.e. tækniþróunin í þeim frumatvinnuvegum sem voru einkum stundaðir úti á landi, til að mynda landbúnaður og sjávarútvegur. Tækniþróun hvað þessa atvinnuþætti snerti varð til þess að mannaflaþörfin í greininni miðað við sambærilega eða jafnvel stóraukna framleiðslu og framleiðni gjörbreyttist. Á tíu ára tímabili, frá 1986–1996, fækkaði í þessum greinum um yfir 5.000 manns og hafði fækkað töluvert fyrir þennan tíma og hefur fækkað töluvert eftir þennan tíma. Þessar breytingar mátti rekja til þess að tæknin hafði með ýmsum hætti orðið til þess að hagræðingarmöguleikar sköpuðust og færra og færra fólk þurfti til að framleiða það

magn vöru eða veita þann atbeina í þessum atvinnugreinum en áður var.

Sú skýrsla sem hv. þm. nefndi til sögunnar er kannski sérstaklega skemmtileg vegna þess að nú á það að vera hin breytta tækni sem á að koma byggðunum til hjálpar. Það er sérstaklega ánægjulegt að tækniþróunin sem hefur gengið byggðunum í óhag geti verið að ganga byggðunum í hag, þ.e. að landið fyrir meðalgöngu tækninnar sé að verða eitt allsherjarhöfuðborgarsvæði. Starfsemi, sem menn gátu ekki áður ímyndað sér að gætu farið fram annars staðar en hér, getur nú farið fram nánast hvar sem er fyrir meðalgöngu tækninnar eins og þessi skýrsla sýnir.

Eftir að tæknin var komin til þurfti að koma til verðlagningarstefna sem gerði mönnum kleift að nota þessa nýju tækni og sem betur fer hefur verðlagningarstefnan einnig verið að ganga þennan veg. Þess vegna sjáum við fyrir okkur að margs konar starfsemi, sem áður hefði fundið sér farveg nánast sjálfkrafa hér á þessu svæði, geti nú verið sinnt annars staðar í byggðum landsins. Það er það skemmtilega, áhugaverða við þessa skýrslu, það er það sem gefur okkur þessar vonir og væntingar.

Hv. þm. nefndi hvernig væri rétt að fylgja þessu verkefni eftir. Það varðar auðvitað miklu að það verður gert. Hins vegar er hægt að segja að gagnvart fyrsta flokknum, þetta eru þrír flokkar sem þarna eru kynntir til sögunnar, þarf aðallega að fara fram rækileg kynning, bæði gagnvart okkur sjálfum, þ.e. opinberum stofnunum sem undir okkur heyra, og gagnvart einkamarkaðnum því að þarna er um að ræða kosti. Þetta er ekkert hjálparstarf við landsbyggðina, heldur kostir, góðir kostir fyrir alla. Fyrir þá sem reka fyrirtæki hér og auðvitað fyrir fólkið á landsbyggðinni. Það þarf að vekja athygli á þeim góðu kostum sem mönnum bjóðast. Ef það tekst þá er um að ræða, svo notað sé hugtak úr umræðunni um umhverfismál, sjálfbær verkefni, verkefni sem munu fylgja sjálfum sér eftir og aukast vegna þess að þau eru hagkvæm fyrir alla. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi reyndar réttilega eru síðan önnur verkefni þar sem greiða þarf götuna og veita atbeina og ég tel sjálfsagt að menn geri það.

Í þriðja lagi eru síðan verkefni sem eru þess eðlis að það þarf að fara í nokkurn undirbúning, það þarf að eiga sér stað ný skipulagning, þjálfun á mannskap og ég held að þar gætum við einnig komið til aðstoðar. Jafnframt eigum við að nota kynningu og þá nota ég orðið áróður í góðri merkingu þess orðs, áróður til að sýna fram á að með þjálfun og undirbúningi fólks á þessum stöðum er hægt að fá ekki síðri starfskraft til margvíslegra verkefna en menn geta fengið á þessu annars ágæta svæði.

Ég tel það vera það sem blasir bjartast við úr þessari skýrslu að hugmyndirnar eru sjálfbærar. Það er ekki eins og stundum er með verkefni sem við höfum stofnað til, og þegar ég segi við þá meina ég við sem þingmenn í gegnum áratugina, að þau kalla á samfelldan og sífelldan og stundum alltaf meiri og meiri stuðning. Þessi verkefni eru þess eðlis að þau eru sjálfbær og þau geta hlaðið utan um sig eins og snjóboltinn.

Ég hef heyrt lauslega slegið á þær tölur frá fagmönnum á vegum Byggðastofnunar að ef vel tekst til þá gæti þessi skýrsla leitt af sér 500–1.000 störf um landið. Í álverum talið er það nokkuð gott svo notuð sé þekkt viðmiðun. Er ég þó ekki fyrir mína parta náttúrlega að gera lítið úr nauðsyn á byggingu á álveri, ég tek það fram svo það verði ekki misskilið. En vegna annarra þátta sem hv. þm. nefndi um væntingar sem hafa verið kynntar undanfarið þá þarf það ekki að koma okkur á óvart og ég tel að við höfum brugðist við í fjárlagafrv. með hliðsjón af þeim staðreyndum.

[17:52]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og viðbrögð hans. Ég vil segja og hughreysta hæstv. ráðherra með því að þó að það sé alveg rétt að tölulegar staðreyndir sýna að ekki er ýkja mikill munur á áratugunum 1980–1990 og svo aftur 1990–1999 a.m.k., ef eitthvað er þá er sá síðari jafnvel verri, sérstaklega seinni hluti hans en við höfum líka dæmin um hið gagnstæða og þar er það áratugurinn 1970–1980 sem er auðvitað stórmerkilegur vegna þess að þá tókst að snúa hlutunum við og skapa tímabundið jafnvægisástand, jafnvel ástand þar sem fjölgaði á landsbyggðinni umfram höfuðborgarsvæðið í nokkur ár. Auðvitað má ræða það og deila um hvers vegna það gerðist nákvæmlega en flestir tengja það þó við útfærslu landhelginnar, uppbyggingu togaraflotans og frystiiðnaðarins, umfangsmikilla samgönguframkvæmda og mikillar uppbyggingar í skóla- og heilsugæslumálum, en allt þetta fór saman á þessum áratug og af hlaust mikið uppgangstímabil á landsbyggðinni, miklar íbúðarbyggingar sigldu í kjölfar þessara framkvæmda sem halda mönnum reyndar á floti í dag því stór hluti af íbúðarhúsnæði í fjölmörgum þéttbýlisbyggðarlögum á landsbyggðinni er einmitt frá þessum árum.

Varðandi skýrsluna er ánægjulegt að tæknin geti líka gengið í lið með okkur í staðinn fyrir að snúast gegn okkur eins og hún hefur kannski gert að sumu leyti þegar störf hafa tapast út við tæknivæðingu og hagræðingu. Það er alveg hárrétt að mjög mörg þessi verkefni eru beinlínis áhugaverð og ættu að nýtast mönnum jafnvel til að ná betri árangri í rekstri sínum og þá auðvitað ekki síður opinberum aðilum en einkaaðilum. Úr því að þeir hafa komið auga á þetta og riðið á vaðið í mörgum tilvikum, aðilar eins og Íslensk miðlun, flutt verkefni út á land eða aðili eins og Flugleiðir hefur flutt störf heim frá Bandaríkjunum á nákvæmlega sama grunni vegna þess að hægt er að svara í símann fyrir Flugleiðir í Bandaríkjunum í Súðarvogi, hvers vegna skyldu þá ekki ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir nýta sér kosti þess að gera slíkt hið sama?

Ég ítreka spurningu mína að lokum til hæstv. forsrh., er ekki nauðsynlegt að sjá til þess að einhverjir fjármunir verði fyrir hendi á fjárlögum næsta árs til þess að hrinda fyrstu verkefnunum af stað?

[17:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að æskilegt væri að hafa fjármuni fyrir hendi. Ég skal ekki segja um hve miklir fjármunir það þurfi að vera en það er örugglega æskilegt að slíkir fjármunir séu til staðar.

Án þess að fara að sökkva sér í fortíðina er það alveg rétt að það var og er skjallega sannað og við munum öll að það var uppgangur tímabundið á landsbyggðinni á þessum árum, 1974–1980 minnir mig, en því miður var það ekki varanlegt og gríðarlegir fjármunir voru settir til hliðar í þessu skyni sem landsbyggðin hefur svo sem búið að mörgum hverjum áfram en því miður var ekki um varanlegar breytingar að ræða og stóð kannski einkum og sér í lagi í tvö til þrjú ár.

Vegna þess sem hv. þm. nefndi áðan í fyrri ræðu sinni og ég náði ekki að svara varðandi þensluna hér og að hún væri kannski í sjálfu sér að hluta til búin til vegna flutningsins, þá held ég mjög varasamt sé að áætla sem svo að þarna komi eggið á undan hænunni. Ég held að það væri ekki uppgangur í byggingariðnaði nema vegna þess að uppgangur í efnahagslífinu hófst. Byggingariðnaðurinn tók seinast við sér og eftir að uppgangur hafði orðið á öðrum sviðum í eitt til tvö ár var enn lægð í byggingariðnaði, meira að segja á þessu svæði. Hann tók síðan við sér, það er reyndar þekkt úr fyrri uppsveiflum að byggingariðnaðurinn tekur seinast við sér en stendur oftast nær lengur við en sumt annað í uppsveiflu. Auðvitað vonast ég til þess að þetta verði ekki dæmigerð uppsveifla og ég hef ekki trú á því að svo verði en þetta er nú staðreynd máls. Ég held líka að vegna landsbyggðarinnar þá megum og verðum við, og þar greinir mig á við hv. þm., að vera mjög ákveðin í því að byggja upp starfsemi eins og til að mynda álverið fyrir austan. Þarna greinir okkur á en það er einn af þeim þáttum sem ég tel vera mjög þýðingarmikinn fyrir til að mynda byggðastefnu ríkisstjórnarinnar.

[17:56]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó við sleppum algjörlega rökræðum um það hvort komi á undan í þessu tilviki eggið eða hænan er eitt alveg ljóst að þegar þessi mikla hænsnarækt er komin í gang, þegar þessi mikli straumur er hafinn, þá er þetta sjálffóðrandi kerfi. Þetta er hálfgerð eilífðarvél og það var það sérstaklega sem ég var að leggja áherslu á. Þegar fólksstraumur inn á þó ekki þéttbýlla svæði en þetta hér er, svona í heimssamhengi, upp á 2–3% á ári, kannski 3.500 manns þegar allt leggst saman, flutningarnir af landsbyggðinni, flutningarnir frá útlöndum og náttúruleg viðkoma hér á svæðinu, þá er ósköp einfaldlega sjálfbyggð spenna upp við þær aðstæður vegna þess að verið er að byggja yfir svo margt nýtt fólk að t.d. í almennum byggingariðnaði hlýtur að vera gullgrafaraástand, það er eiginlega alveg sjálfgefið. Hvað setur þetta af stað í byrjun skiptir kannski ekki sköpum í þessu samhengi heldur hitt að þegar ástandið er orðið eins og það er hefur það mikla eiginleika til þess að halda sjálfu sér við. Það er alveg ljóst.

Varðandi álverið þá er það auðvitað önnur og stærri deila. Nú getum við velt fyrir okkur og rætt annars vegar um hin staðbundnu áhrif þess sem ég hef aldrei neitað að verði að sjálfsögðu einhver á Reyðarfjörð og næsta nágrenni, ég held reyndar að þau verði minni og ekki eins jákvæð og ella væri ef jafnframt væri gripið til ráðstafana til að breyta hinum almennu undirliggjandi orsökum byggðavandans. Hitt er alveg jafnljóst, hæst. forsrh., að álver á einum stað á landsbyggðinni er ekkert innlegg í hinn almenna atvinnu- og byggðavanda landsbyggðarinnar í heild. Eða hverju eru Hríseyingar nær eða Þingeyringar eða aðrir slíkir þó að rísi álver á Reyðarfirði ef ekkert annað breytist?

[17:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. 1. flm. þess máls sem er hér til umræðu var svolítið að kvarta undan því að við samfylkingarmenn hefðum ekki tekið þátt í umræðunni. (**SJS:** Ég saknaði þess.) Eða saknaði þess. Þegar þing kom saman báðum við strax um umræðu utan dagskrár og það kann vel að vera að okkur hafi ekki verið kunnugt um hvaða mál væru komin til dreifingar þegar það var og ég sé ekki nema fulla ástæðu til þess að ræða þessi mál sem allra oftast í hv. Alþingi.

En ástæðan fyrir því að ég hef ekki tekið fyrr til máls er að mig langaði til að heyra í hæstv. byggðamálaráðherra, sem hefur haft það hlutverk á níunda ár að gegna þeirri stöðu, hvernig hann liti á þá tillögu sem hér er til umræðu.

Hann hefur nú lokið máli sínu og satt að segja er ég ekki miklu nær um hvaða augum hann lítur á þær tillögur sem eru fólgnar í plagginu sem hér er til umræðu. Mér fannst hann tala um flest annað og meira en sjálft plaggið. Ég vil, áður en ég vík að því, nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvernig eigi að standa að þeirri breytingu sem nú verður um áramótin, að byggðamálin fara úr höndum hæstv. ráðherra til iðnrn. í hendur hæstv. iðnrh. Mér er kunnugt um að það eru ekki neinar upphæðir, engir fjármunir á fjárlögum tengdir iðnrn. vegna þessara breytinga. Það sést heldur hvergi í plagginu. Ég veit ekki til þess að opinberaðar hafi verið neinar skýringar á því hvernig iðnrn. ætlar að taka á þessu máli. Nú er liðið nokkuð á haustið og áramótin ekki langt undan. Ég geri ráð fyrir því að það þurfi að huga að málum í iðnrn. til að vinna áfram að þeim nauðsynlegu breytingum og málum sem menn vilja koma í framkvæmd á næsta ári. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari breytingu? Hvað er að gerast?

Síðan ætla ég að víkja að því sem lagt er til í þessari þáltill. Mér finnst full ástæða til að skoða margt af því. Ég hef hins vegar fyrirvara um upphæðir eða fjármunina sem þarna eru lagðir til. Ég sé ekki fyrir mér að það sé mikil speki á bak við þær tölur sumar hverjar. En látum það nú vera. Ég held t.d. að peningar til nýsköpunar sem nefndir eru í 1. liðnum, framlags til atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni, séu kannski ekki endilega þarfir — svo há upphæð, meina ég. Það segi ég einfaldlega vegna þess að hafi menn arðbær atvinnutækifæri fram að bera í dag þá er ekki erfiðleikum bundið að fá peninga til að leggja í slíkt. Þar er spurningin ekki um fjármagn.

Til viðbótar tekjum Vegasjóðs, stendur hér. Þar er verið að leggja til meiri framkvæmdir í vegamálum. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu. Það tekur lengri tíma en ég hef, að ræða hvernig staðið hefur verið að þeim málum á undanförnum árum. Vissulega væri full ástæða til þess að flýta vegaframkvæmdum víða á landinu og um þessa jarðgangagerð. Ég veit ekki betur en verið sé að undirbúa jarðgangaáætlun og vonandi kemur hún hér til umræðu sem allra fyrst. Það kann vel að vera að þessi upphæð passi þar í og ætla ég ekki að þræta um það. Hins vegar held ég að menn þurfi að skoða málið sem í heild, vita hvaða röð á að vera á framkvæmdum til þess að sjá hve háar upphæðir þarf.

Hér er talað um félagslega þjónustu og rekstur fjárhagslega veikburða sveitarfélaga. Þarna er sannarlega ástæða til að leggja nokkurt lið. Það ætti að mínu viti að felast í að hjálpa þessum sveitarfélögum við að stækka og verða öflugri. Ég tel fulla ástæðu til að fara í viðbótarátak og gera sveitarfélögum kleift að rækja hlutverk sitt.

Hér kemur síðan liður þar sem talað er um fjarskipti og flutningsgetu grunnnetsins og annað því um líkt. Það er svolítið skylt þessari skýrslu sem var verið að tala um áðan. Ég fagna henni og vona sannarlega að mönnum verði að ósk sinni um að út úr þessu komi mörg störf handa landsbyggðinni. Hins vegar vil ég vara menn við að halda að þessi leið muni bjarga öllum byggðarlögum frá þeim vanda sem þau stríða við. Það er ekki einu sinni þannig að það sé alls staðar atvinnuleysi sem veldur byggðaflóttanum, því miður. Vantrú á stöðu byggðanna veldur byggðaflótta víða. Það kemur til

af öðrum ástæðum en að menn vanti vinnu, þveröfugt við það hefur á ýmsum svæðum verið erlent vinnuafl vegna þess að vantað hefur íslenskt vinnuafl til þess að vinna þar. Það er því annarra ástæðna að leita fyrir því að fólk fer frá þeim svæðum.

Hér kem ég að 6. lið. Þar er talað um framhaldsnámið og fjarnám í afskekktum byggðarlögum. Ég ætla svo sannarlega að taka undir það sem þar stendur. Ég er sannfærður um að menntamálin skipta mestu máli við að varðveita og styrkja byggð í landinu. Þar ættu menn að geta orðið sammála um að gera virkilegt átak svo fólkið á landsbyggðinni geti fengið mestu og bestu menntun sem mögulegt er að veita.

Um heilsugæsluna ætla ég ekki að fjölyrða. Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að hún sé til staðar. Það hefur verið erfitt sums staðar að halda í lækna og hjúkrunarlið af ýmsum ástæðum. En ég held að þar sé ekki mikið við hið opinbera að sakast í sjálfu sér. Þar hafa menn reynt að standa sig. Það hefur verið af öðrum ástæðum sem það hefur gengið verr.

Hér eru mörg atriði sett fram. Ég er ekki kominn að þeim sem ég ætlaði helst að fjalla um. Ég ætla því að koma aftur upp síðar og ræða þau. Ég held að full ástæða sé til þess að taka undir margt í þessari tillögu. Þó ég komist ekki yfir það allt í þessari ræðu þá bæti ég einhverju við á eftir. Ég fagna því að hæstv. byggðamálaráðherra er mættur til umræðunnar og vonast sannarlega til þess að hann muni taka aftur til máls, segja álit sitt á þessari tillögu og fara yfir einhver af þeim atriðum sem hér eru lögð til þannig að fram komi hvort hann styður þessar hugmyndir eður ei.

[18:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var spurður um hvers væri að vænta varðandi þær breytingar sem boðaðar eru í stjórnarsáttmála á flutningi forræðis byggðamála frá forsrn. til iðn.- og viðskrh. Þetta mál er í vinnslu og er komið á lokastig af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég vænti þess að frv. um þær breytingar verði lagt fram í þinginu strax að lokinni kjördæmaviku.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi réttilega, að sums staðar væri flótti frá byggðum þó að atvinnulíf virtist vera í blóma og jafnvel meiri eftirspurn eftir atvinnu en nokkru sinni fyrr þá getur atvinnan samt haft þarna áhrif vegna þess að það skortir á fjölbreytileika í atvinnulífinu. Þó að tiltekin störf standi til boða þá er ekki víst að það eitt nægi. Fjölbreytileikann í atvinnulífinu skortir og ég vænti þess að sú skýrsla sem við ræddum áðan gæti verið til þess fallin að auka þann fjölbreytileika. En ég tek undir með honum, eins og reyndar er lögð áhersla á í þáltill., að aðrir þættir koma mjög við sögu. Það er nú viðurkennt og sérstaklega undirstrikað eftir þá ágætu skýrslu sem prófessor Stefán Ólafsson vann fyrir Byggðastofnun á sínum tíma, að aðrir þættir skipta mjög miklu máli í mati fólks á því hvar það vill festa sér búsetu. Menntamálin eru þar auðvitað mikilvægur þáttur.

[18:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir upplýsingar hæstv. forsrh. um að við munum fá að sjá hugmyndir um þessa breytingu strax eftir kjördæmavikuna. Það má ekki seinna vera. Ég geri ráð fyrir að í iðnrn. þurfi menn að taka til hendinni ef þeir eiga að geta skipulagt og komið til skila því sem þeir telja að gera þurfi svo hægt verði að áætla til þeirra fjármuni fyrir verkefni þeirra á næsta ári. Ég held að menn hafi verið heldur seinir til að koma þessum málum af stað. Ég vona sannarlega að það komi ekki að sök.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að auðvitað skiptir fjölbreytileiki atvinnulífsins á landsbyggðinni öllu máli. Það er enginn vafi á því að til frambúðar mun mönnum ekki takast að halda uppi byggð á Íslandi, miðað við þær kröfur sem fólk gerir um atvinnu og allar aðstæður, öðruvísi en boðið verði upp á fjölbreytt atvinnulíf, menntun og allt það sem menn tala hér um. Ég held að í sjálfu sér greini menn ekki á um þarfirnar. Menn greinir kannski meira á um hvort rétt sé staðið að hlutunum og hvort aflið sem menn telja að þurfi til þess að bjarga byggðunum frá hruni dugi til að framkvæma hugmyndirnar.

[18:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fjárlagaþáttinn í þessum breytingum þá var ekki hægt að hafa þetta öðruvísi en að ganga í fjárlagatillögunum út frá þeirri lagaforsendu sem við búum enn þá við. Ég fullyrði hins vegar að fjárhagslegur grundvöllur þessa málaflokks verður ekki veikari eftir tilflutninginn en áður.

[18:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki mjög kátur yfir svari hæstv. forsrh. núna. Ég held að það sé rétt að fjárhagslegi grundvöllurinn verði ekki kannski veikari, en hann verður lítið sterkari miðað við áætlanir sem liggja fyrir. Það er ekki gert ráð fyrir að neinir fjármunir verði veittir, ekki einu sinni í þær hugmyndir sem komu fram frá byggðanefnd forsrh. Það vantar verulega á það. Við munum kannski ræða það betur hér á eftir.

Það er t.d. ekki gert ráð fyrir því í fjárlögum að taka húshitunarkostnað, eins og sú nefnd lagði til, eða námskostnaðinn og fleiri atriði sem þar komu fram og menn trúðu og treystu á að tekið yrði tillit til í fjárlögum í vetur.

[18:12]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, þingmanni Samfylkingarinnar, fyrir að blanda sér í þessa umræðu. Þegar ég sagðist sakna þingmanna Samfylkingarinnar þá var það að sjálfsögðu vel meint og á því jákvæð formerki. Ég hafði áhuga á að heyra hvaða viðhorf væru þar uppi til aðgerða af því tagi sem hér eru lagðar til.

Tvennt sem hv. þm. nefndi vil ég koma inn á. Það fyrra er að hann nefndi réttilega að upphæðir sem þarna eru settar fram geta aldrei orðið nákvæmnisútreikningar og eru ekkert hugsaðar þannig af okkar hálfu. Við erum ekki að reyna að segja að vísindaleg eða nákvæmnisrök liggi á bak við að verja frekar 150 milljónum en 200 eða 800 frekar en 1.000. Við tökum þarna fyrst og fremst ákveðið mið af umfangi viðkomandi málaflokka, umfangi vegaframkvæmda, sem eru jú upp á nokkra milljarða kr. eins og menn þekkja — heildarfjárveiting til vegagerðar er kannski upp á eina 8 milljarða. Í öðrum tilvikum tökum við mið af útgjöldum á einstökum sviðum, t.d. til skólamála eða framlag sem verið hefur undanfarin fjárlög, og nú á því miður að skerða, til að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum, svo ég upplýsi hv. þm. um hvernig við reyndum að nálgast ákveðnar leiðbeinandi upphæðir í þessum efnum.

Að sjálfsögðu væri æskilegt að þingnefnd færi yfir þetta. Að lokum verða aldrei nákvæmnisútreikningar lagðir til

grundvallar í slíku heldur pólitískar ákvarðanir sem fara eftir vilja manna til þess að gera hlutina.

Varðandi aðferðina að koma fjárhagslega veikburða sveitarfélögum með erfið svæði til aðstoðar við að sinna félagslegri þjónustu, með fjárstuðningi frá ríkinu eða með því að auðvelda þeim að sameinast, þá verður eftir sem áður alltaf staðreynd að aðstæður sveitarfélaga, hvort sem þau eru lítil eða stór, til að sinna sinni félagslegu þjónsutu eru mismunandi. (Forseti hringir.) Þó við stækkum og leggjum saman strjálbýlissveitarfélög þá verða aðstæður þeirra alltaf erfiðari. Þetta er hugsað sem sérstakur (Forseti hringir.) stuðningur ríkisvaldsins í slíkum tilvikum.

[18:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að draga úr því að fjármuni þurfi til að koma til móts við strjálbýl sveitarfélög þar sem hlutirnir eru yfirleitt töluvert miklu dýrari en annars staðar til að sinna hinum lögbundnu og nauðsynlegu þörfum. Ég benti hins vegar á að enn er verulega mikið eftir til að fullkominni — hvað eigum við að segja — hagkvæmni sé náð í að sameinast um að gera hlutina í hinum dreifðu byggðum landsins. Litlir sveitahreppir eru til enn þá sem gætu verið miklu betur staddir í stærra sveitarfélagi og tekjustofnum er misskipt vegna þess að sum sveitarfélög hafa aðgang að góðum tekjum en önnur ekki, sem gæti jafnast ef sveitarfélög yrðu sameinuð.

Þetta er þróun sem tók kipp fyrir nokkrum árum og sú þróun var jákvæð. Nú hefur hægt á þessu aftur en ég tel fulla ástæðu til að menn fari fyrir það og skoði. Það hefur líka orðið ákveðin þróun sem er greinileg í þá áttina að sveitarfélögin þurfa að vera stærri. Menn eru farnir að sjá það. Þau þurfa að vera stærri en menn töldu fyrir nokkrum árum.

Þess vegna held ég að það sé orðið miklu jákvæðara hugarfar til þess að stækka sveitarfélögin en var þegar þetta átak var gert sem ég nefndi áðan.

[18:17]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu varðar alvarlegt mál og alvarlega þróun sem hefur átt sér stað á undanförnum árum í byggðamálum. Ég ætla ekki að draga úr því. Tillagan er um margt góðra gjalda verð. Hún verður að vísu að skoðast sem nokkurs konar stefnuyfirlýsing. Það hefur reyndar komið fram hér að talnaverkið í henni er ekki byggt á neinum nákvæmnisútreikningum en ég ætla ekki að gera það að umræðuefni. Tillagan fer vafalaust til nefndar og ég álít að hún eigi að fá þar vandaða umfjöllun.

Á ýmsu hefur gengið í byggðamálum á undanförnum árum. Það er alveg rétt. Á árunum 1974–1978 fjölgaði á landsbyggðinni. Ég held að það sé fyrst og fremst vegna útfærslu landhelginnar og einnig að tekið var þá á í margs konar uppbyggingu sem vantaði á landsbyggðinni. En mér er í fersku minni að ég var að byrja þá í stjórnmálum og aldrei hefur nú Framsfl. fengið jafnslæma útreið í kosningum eða jafnvel á lýðveldistímanum og eftir það. Eigi að síður er ég ekki að segja þetta vegna þess að ég telji að það eigi að ... (**SJS:** Það var vinstri stjórnin sem færði út landhelgina.) Sem færði út landhelgina? (**SJS:** Vinstri stjórn, en ekki stjórn ykkar með íhaldinu.) Já, ég kann það mál allt saman, hv. þm.

En 1987 og 1988 var mikil uppsveifla í þjóðartekjum líkt og núna. Þá sló henni út í gríðarlegum fjárfestingum á höfuðborgarsvæðinu, líkt og henni gerir núna. En þá lentum við í mikilli verðbólgu og niðursveiflu um árabil. Og mér finnst margt núna minna á ástandið sem var fyrir tíu árum. Við verðum auðvitað að reyna að forðast að það verði eins og að við upplifum niðursveiflu á fyrstu árum nýrrar aldar á við það sem við gerðum þá. En nóg um það.

Ég tel að ástæðurnar fyrir byggðaflóttanum og byggðavandamálunum á undanförnum árum séu e.t.v. þær, eins og hér hefur komið fram, að í undirstöðuatvinnuvegunum eru takmörk. Það er takmörkuð auðlind í sjávarútvegi. Menn hafa það ekki á tilfinningunni að allir geti gengið í hana eins og áður og vegna markaðsmála hefur landbúnaðurinn dregist saman. Þetta voru þær undirstöðuatvinnugreinar sem voru á landsbyggðinni. Við þessu verður að bregðast. Fleiri möguleika vantar í atvinnulífið til þess að fólk fái þá tilfinningu að hægt sé að sækja fram á landsbyggðinni og það eru ýmsir möguleikar fyrir hendi.

Það hefur komið fram að þróun í fjarskiptum er af hinu góða fyrir landsbyggðina. Það felast möguleikar í henni. Ég tek einnig undir það sem hefur verið sagt um sveitarfélögin, að þjónusta þeirra er afar mikilvæg. Þau þurfa að stækka og eflast en þau þurfa að hafa möguleika á því að standa undir þeirri þjónustu sem krafist er af þeim. Ég held t.d. að grunnþjónusta eins og dagvistunarmál sé afar mikilvæg fyrir sveitarfélög úti um landsbyggðina ef fólk á að búa þar á nútímavísu, svo eitthvað sé nefnt.

Aðalatriðið er að fólkið á landsbyggðinni finni að það hafi möguleika til sóknar. Ég held t.d. að fólk verði að hafa það á tilfinningunni að það hafi möguleika til sóknar í iðnaðarmálum. Og mér finnst dálítill tvískinnungur í því hjá flutningsmönnum að tillögunni að berjast svo hatrammlega á móti atvinnuuppbyggingu í iðnaðarmálum og orkumálum á Austurlandi og þeir gera, því að það eru þó möguleikar sem felast í því og það á ekki að koma í veg fyrir neina aðra möguleika annars staðar. Það á ekki að koma í veg fyrir að Hríseyingar geti sótt fram t.d. í að nota sér hina nýju tækni í fjarskiptum. Ég tel að uppbygging í iðnaði og orkumálum, t.d. á Austurlandi sé mjög stórt og veigamikið byggðamálaverkefni. Það er verkefni fyrir þjóðina alla og það er verkefni í byggðamálum. Það er viðbót við þann kost sem er þar fyrir hendi.

Ekki er verið að biðja um neina ölmusu frá ríkisvaldinu. Þarna er bara verið að biðja um að koma upp og staðsetja starfsemi sem getur aukið þjóðartekjurnar og aukið það sem til skiptanna er, en í byggðamálum passar þetta verkefni inn í þær aðstæður sem núna eru, þó að ég viti að hv. flm. eru ekki þeirrar skoðunar og deila ekki þeirri skoðun með mér. Ég er einfaldlega nokkuð hissa á þessu en ég efast ekkert um góðan vilja flm. tillögunnar í byggðamálum. Mér dettur ekki í hug að efast um það. En mér finnst í þessu felast dálítill tvískinnungur. Ég verð að segja það.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég tel að tillagan eigi að fá vandaða umfjöllun. Mörg af þessum málum eru til meðferðar í fjárln., eða nokkur af þeim, og ég tel að þau eigi að fá þar vandaða skoðun. Ég sagði það í 1. umr. um fjárlögin í ræðu minni að ég vildi lesa saman tillöguna sem samþykkt var hér í vor í byggðamálum og fjárlagafrv. og leggja í það nokkra vinnu. Og ég endurtek það hér með.

[18:24]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Jón Kristjánsson veit að afstaða okkar til erlendrar stóriðju, og þó sérstaklega þess

tiltekna virkjunarkosts sem nú er uppi varðandi Jökulsá í Fljótsdal, þ.e. með uppistöðulóni á Eyjabökkum, er reist á öðrum og málefnalegum forsendum, öðrum en þeim að við höfum ekki samúð með Austfirðingum í varnarbaráttu þeirra í byggðamálum. Ég held að það sé ekki neinum til góðs að reyna að blanda þessu svona saman og ég get alveg eins sagt á móti að mér finnst það mótsagnakennt að sú ríkisstjórn sem hefur óskaplega lítið aðhafst í byggðamálum, hefur horft á ástandið versna ár frá ári í samfellt sex ár, komi svo og vakni allt í einu núna til lífsins og muni eftir byggðavandanum þegar þarf að fara að réttlæta þau náttúruspjöll og þá framkvæmd sem þarna er í bígerð.

Hitt er líka alveg ljóst, sem kom reyndar upp í orðaskiptum okkar hæstv. forsrh. áðan, og það sér hvert mannsbarn, að álver, risaframkvæmdir af því tagi verða auðvitað aldrei innilegg í hinn almenna atvinnu- og byggðavanda um allt land. Að vísu gjammaði einn hv. þm. hér fram í að svo gæti komið álver í Eyjafjörð, en það er ekki þannig að við förum í hvert það byggðarlag og hvern þann stað þar sem eitthvað bjátar á í byggðamálum og lausnin felist í einu stykki álveri. Það er bara ekki þannig. Það er alveg augljóst mál að um slíkt verður ekki að ræða. Það geta aldrei orðið nema þá mjög fáar og afmarkaðar og staðbundnar framkvæmdir og áhrifin samkvæmt því.

Það sem ég óttast sérstaklega þegar menn draga slíka álvers- og stóriðjuumræðu inn í byggðamálin sem ég tel að ætti að halda algjörlega aðskilinni, er að þetta verði mönnum eitthvert yfirklór, að menn telji sig hafa gert vel, a.m.k. á Austurlandi ef þeir koma þarna með eitt stykki álver. En ef ekkert breytist að öðru leyti þá mun það reynast minna bjargræði en margir trúa.

[18:27]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við það, a.m.k. hef ég ekki gefið þær yfirlýsingar að álver séu nokkur lausn, allsherjarlausn á byggðavanda þjóðarinnar, það er langt frá því. Hins vegar flokkast þessi áform fyrir austan undir byggðamál. Atvinnumál flokkast undir byggðamál og þetta er atvinnumál. Ég er þeirrar skoðunar, ég veit að við erum ósammála um það ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., að bygging álvers þurfi ekki að koma í veg fyrir neina aðra atvinnuuppbyggingu heldur þvert á móti. Þetta er sá kostur sem er innlegg í það t.d. að auka þjóðartekjurnar, auka það sem til skiptanna er, auka það sem við getum sett í byggðamál. Allt kostar þetta peninga.

Ég skrifa ekki undir þá stefnu að höfuðborgarsvæðið eigi að sitja að þessari uppbyggingu eitt. Ég hef ekkert heyrt um það að búið sé að afskrifa það hjá þjóðinni að byggja upp orkufrekan iðnað. Mér er kunnugt um að það er á stefnuskrá hjá vinstri grænum að hafna þeim atvinnuvegi. Ég er ósammála því. Ég tel hins vegar að hann sé takmörkunum háður eins og annað og að orkuöflunin sé takmörkunum háð. En ég get ómögulega skilið þessa atvinnuuppbyggingu algjörlega frá atvinnulífi landsbyggðarinnar. Ég get ekki komið því heim og saman.

[18:29]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit svo sem ekki hversu frjó frekari umræða á þessum nótum er um þessa hluti. Ég hef margsagt það áður og get endurtekið einu sinni enn að mér dettur ekki í hug að neita að því að uppbygging álvers, stórframkvæmdar af því tagi á Reyðarfirði hefur að sjálfsögðu ákveðin staðbundin áhrif á því svæði. Það liggur í hlutarins eðli. Það er ljóst að þar verður mikil innspýting á meðan á framkvæmdatímanum stendur og síðan verða þar eftir ákveðin störf í því iðjuveri. En það, fyrir það fyrsta, réttlætir ekki hvað sem er í umhverfismálum eða náttúruspjöllum og getur að sjálfsögðu þýtt að menn leggist gegn þeim framkvæmdum þó að erfitt ástand sé í byggðamálum á viðkomandi svæði. Það verður hv. þm. að reyna að skilja.

Þetta er þá spurning um hvort eigi að víkja. Ætla menn að ýta til hliðar öllum nútímalegum viðhorfum og vinnubrögðum varðandi umhverfismál bara af því að erfitt ástand er í byggðamálum á viðkomandi svæði? Réttlætir það hvað sem er? Er þá ekki bara stutt í að við tökum aftur upp á borðið plönin um að virkja Gullfoss ef erfitt ástand skyldi nú verða í uppsveitum Árnessýslu?

Hvar ætla menn að láta staðar numið? Eru ekki einhvers staðar takmörk sem menn verða að setja sér og virða? Það hefur verið krafa okkar auðvitað fyrst og síðast um að allar þessar framkvæmdir, áður en til þeirra sé stofnað, lúti lögformlegum leikreglum, þarna fari fram lögformlegt mat á umhverfisáhrifum o.s.frv.

Varðandi almenna afstöðu okkar til stóriðjuuppbyggingar þá er hún sú að nú eigum við Íslendingar að láta staðar numið og ekki ráðast í frekari uppbyggingu á erlendri stóriðju, mengandi erlendri stóriðju og stórvirkjunum í hennar þágu. Við þurfum tíma til að endurmeta stöðu okkar og móta nýja stefnu, þar á meðal og ekki síst sjálfbæra orkustefnu um hvernig við ætlum að ráðstafa takmörkuðum orkuforða okkar skynsamlega í þágu framtíðarhagsmuna þjóðarinnar.

[18:31]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rangt að ég hafi haldið því fram að víkja ætti öllum prinsippum í umhverfismálum til hliðar vegna byggðamála. Auðvitað vinnum við í framtíðinni að áætlanagerð á þeim nótum. Sett hefur verið af stað vinna til þess að fara yfir þau mál, ég hef nú ekki tíma til að rekja það í stuttu andsvari. Hins vegar finnst mér það ekki skipta miklu máli við þessa umræðu.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur lýst því yfir að hann telji að það eigi ekki að byggja upp frekari stóriðju hér á landi. Þá er alveg óþarfi að tala um umhverfismat við Fljótsdalsvirkjun og miklu hreinlegra að ræða málið á þeim nótum að það eigi að stoppa alla þessa uppbyggingu. Við vitum að það verður ekkert farið í þessa virkjun nema henni fylgi stóriðja. Þá er óþarft að taka þessa glímu um umhverfismat. Ég vona að hv. 3. þm. Norðurl. e. ræði þetta á þessum nótum í framtíðinni því að það einfaldar málið. Hv. þm. er á móti stóriðju (**SJS:** Nei.) og telur að við eigum að láta hér staðar numið. Þá þarf ekkert ... (**SJS:** Mengandi, erlenda stóriðju, sagði ég. Álbræðslur og annað því um líkt.) Mengandi, erlenda stóriðju? (**SJS:** Ætlið þið ekki að búa til vetnismaskínur?)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ekki samtal.)

Við ætlum okkur að nýta orku í framtíðinni en við teljum að takmarka þurfi þá nýtingu og erum að láta fara yfir þá vinnu.

[18:33]

Útbýting þingskjala:

Kyoto-bókunin, 35. mál, svar utanrrh., þskj. 92.

Lagabreytingar í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs, 75. mál, svar dómsmrh., þskj. 114.

[18:34]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Það er alveg makalaust að hlusta á umfjöllun hv. þm. Jóns Kristjánssonar um þessa tillögu. Það eykur manni kannski ekki bjartsýni en þó ætla ég að reyna.

Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum raunsæisfólk og gerum okkur fulla grein fyrir því að það hafa orðið breytingar á þessu samfélagi, breytingar á sviði sjávarútvegsmála, breytingar með sölu á ríkisfyrirtækjum o.s.frv., sem hafa að hluta leitt til þeirra vandamála sem við erum að kljást við í byggðamálum.

Það var þannig að þjóðin gat litið á fyrirtæki eins og Póst og síma sem fyrirtæki jöfnunaraðgerða. Á örfáum árum hefur samfélaginu verið breytt þannig að markaðshyggjan ríkir og það er einn angi stóru vandamálanna. Við gerum okkur grein fyrir því að ríkið getur breytt málunum og við hér í þinginu. Við getum notað það afl sem við höfum tök á, þ.e. opinberan rekstur. Út á það gengur þessi tillaga, að gefa tóninn og efla bjartsýni heima í byggðarlögunum. Það er aldeilis óboðlegt að hefja á þessum grunni umræður um stóriðjustefnu, stalínískar, miðstýrðar aðferðir sem til lengri tíma litið skila engu. Það er ekki við hæfi að stilla málunum upp á þennan hátt í þessu samhengi.

Opinberir aðilar, ríkið og sveitarfélög geta gefið tóninn og aukið mönnum bjartsýni. Opinberir aðilar, ríkið í þessu tilfelli, *gáfu tóninn fyrir suðvesturhornið fyrir þremur árum.* Það gaf tóninn um að hér ætti að byggja upp með stórkostlegri iðnaðaruppbyggingu á einum stað. Það er ótrúlegt að upplifa að ákvörðunartaka um mikla iðnaðaruppbyggingu skuli ekki vera sett í samhengi við hugsanlegar byggðarlegar afleiðingar, að sérfræðingar okkar, þingið og ríkisstjórnin skuli ekki gera tilraun til þess að gera sér grein fyrir því. Það þarf enga sérfræðinga til að átta sig á því að það gerist eitthvað stórt ef menn haga sér svona í fjárfestingum.

Stærri lönd en Ísland og íslenskt efnahagskerfi hafa haft áhyggjur af stórum fjárfestingum, fjárfestingum á þann hátt sem við höfum upplifað síðustu þrjú árin. Það eru meira að segja dæmi um það með stórfjárfestingar í Danmörku að menn hafi dregið úr fjárfestingu, dregið úr framkvæmdum og tekið þær á lengri tíma vegna þess að þeir hafa ekki treyst viðkomandi svæðum, og þá gjarnan höfuðborgarsvæðinu, til þess að taka við svo mikilli innspýtingu á erlendu fjármagni. En hér er stemmingin sú að það sé bara um að gera að fá eins mikið og hægt er, helst fimm eða sex álver í einu. Sérfræðingar okkar í efnahagsmálum segja að efnahagskerfið þoli þetta og þetta sé ekkert mál. Þetta er auðvitað bara bull.

Þessi tillaga gengur út á að gera sér grein fyrir staðreyndum. Við gerum okkur grein fyrir því að það er búið að selja Póst og síma. Við gerum okkur grein fyrir því að það hefur orðið samþjöppun í sjávarútveginum o.s.frv. Í 12 liðum er hægt að gefa tóninn með aukningu á opinberum framkvæmdum úti á landi þannig að menn öðlist þá bjartsýni sem nauðsynleg er til að hafa trú á svæðinu sem þeir búa á.

Það er einkennilegt fyrir okkur sem búum úti á landi að á þeim tíma að efnahagsuppbyggingin hér hefst af alvöru — og þá er ég að meina innflutt fjármagn frá útlöndum til orkuuppbyggingar og iðnaðaruppbyggingar í Hvalfirði, í göngunum, í járnblendinu, suður í Straumsvík — þá er haldið áfram á fullri ferð í opinberum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu. Hvers konar sérfræðingar erum við og hvers konar ráðgjafa höfum við? Hvert barn hefði fyrir þremur árum getað séð að ef menn stöldruðu ekki við, stokkuðu upp og drægju úr framkvæmdum hér þá mundi eitthvað stórkostlegt gerast. Ég hef fullyrt það áður og ég fullyrði það nú að helmingurinn vandans sem við erum að kljást við varðandi fólksflutninga er út af því að menn horfðust ekki í augu við þessi grundvallaratriði.

Auðvitað eigum við að horfa á þetta. Ég vil enn og aftur beina orðum mínum til hv. þm. Jóns Kristjánssonar og segja að þessi ríkisstjórn og síðustu tvær ríkisstjórnir hafa ekki haft tilburði af neinu tagi til þess að horfast við augu við „interior" vanda og er það þó flestum þjóðum kappsmál að haga málum þannig að innanríkismál fúnkeri vel, jafnvægi ríki og að menn geti unað glaðir við sitt.

Við réttum fram sáttarhönd með tillögum sem við teljum vel framkvæmanlegar. Við teljum að e.t.v., þegar nettótala er gerð upp, kosti þetta okkur sáralítið sem ekki neitt. Ef hægt er að hægja á þeirri þenslu sem hér er og fólksflutningunum með tiltölulega einföldum aðgerðum á þennan hátt, upp á 4–5 milljarða, þá er til mikils unnið ef við þurfum ekki að eyða tilsvarandi peningum öllum í tryllingslega uppbyggingu hér á þessu litla svæði.

Að síðustu vil ég koma að öðru. Þetta er ekki bara byggðavandi, þessi tilfærsla á fólki. Tilfærsla á þeim skala sem við höfum upplifað nú síðustu tvö, þrjú árin veldur rótleysi. Hún er fjandsamleg fjölskyldum. Hún er uppspretta annarra vandamála sem við erum að kljást við, eiturlyfjavanda o.s.frv.

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum á þessi mál í nýju ljósi og krefjumst þess að við notum hið samfélagslega afl, sem við ráðum yfir, til þess að sýna fólkinu í hinum dreifðu byggðum að þar ætlum við að *byggja upp alveg eins og annars staðar. Við verðum að gefa* þann tón. Það er gamaldags aðferð sem notuð hefur verið um 30 ára skeið að halda að aflið til byggingar á iðnaðartækjum eigi að koma héðan. Það er umgjörðin sem á að koma héðan og hvatinn til uppbyggingar sem á að koma héðan. Staða samfélagsins er þannig í dag að múgur og margmenni, félagasamtök og einstaklingar eru tilbúin að taka höndum saman og byggja upp samfélagið ef við verðum menn til að gefa þann tón sem þarf til að byggja upp í framtíðinni.

Það er engin þörf á að ríkisafl og ráðuneyti komi með eina stóra verksmiðju og klessi henni niður með ófyrirséðum afleiðingum.

[18:42]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð því miður að segja að ég botna ekki mikið í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. Mér finnst hann tala í austur og vestur. Fyrst talar hann um að ríkið komi að málum, þá talar hann um stalínískar aðferðir við uppbyggingu og klykkir út með því að ríkið eigi ekki að koma að því að byggja upp stóra verksmiðju á Austurlandi.

Það er nú svo að hér eru í gangi viðræður við erlent fyrirtæki um byggingu verksmiðju. Fyrir nokkrum árum, það eru rúmlega fjögur ár síðan, var síðast byggð verksmiðja hér á höfuðborgarsvæðinu. Þá sagði ekki nokkur hv. þm. nokkurn skapaðan hlut utan einn maður sem var á móti því hér á hv. Alþingi, þegar verksmiðjan var stækkuð í Straumsvík. Þá var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru ekki miklar umræður hér í Alþingi um það mál. Þá var ekki talað um að staldra við og engar umræður um að þetta væri stalínískar aðferðir eða erlend og mengandi stóriðja. Ég man ekki til þess. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur ekki verið við þegar sú umræða fór fram um það mál.

Ég mótmæli því að lokum að núverandi ríkisstjórn og sú ríkisstjórn sem sat á síðasta kjörtímabili hafi enga tilburði haft til að eiga við byggðavandann. Í fyrsta skipti í mörg ár var á síðasta kjörtímabili eitthvað gert í að jafna húshitunarkostnað. Þá var í fyrsta skipti í mörg ár tekið eitthvert tilhlaup að því að jafna námskostnað. Það var á síðasta kjörtímabili og þannig mætti lengi telja, fjarkennslu og ótal verkefni önnur.

[18:44]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðasta ríkisstjórn lét reka á reiðanum í byggðamálum eins og dæmin sanna og árangurinn sýnir. Ég mótmæli því enn, hv. þm. Jón Kristjánsson, að nálgast málin á þennan hátt. Við erum ekki í álumræðu núna. Ég vil enn árétta að við erum að nota þau tæki sem ríkið hefur til að gefa tóninn til uppbyggingar úti á landi. Það kemur mjög skýrt fram í 12 liðum. Ríkið er með vegamálin og heilbrigðismálin, ríki og sveitarfélög eru með menntamálin. Við erum að gefa tóninn með því að setja inn aukakraft á þessum sviðum.

Þetta er ósköp einfalt. Það er verið að styrkja umgjörðina, gefa mönnum þann tón og þá bjartsýni sem til þarf upp á framtíðina. Í þessu sambandi við ég nefna eitt dæmi um það hvernig menn taka ekki á málum í samhengi. Landssíminn er seldur. Einkavæðingin er í fullu gildi. Afleiðingin er sú að fyrirtækið fer að hagræða, leggja niður afgreiðslustaði o.s.frv. Ef menn horfa fram á þessar staðreyndir væri þá ekki t.d. ráð að bregðast við með aukinni vegagerð og samgöngum fyrir það fólk sem er tekið úr þjónustu?

Við erum að kalla eftir nýrri hugsun á grunni þessarar þáltill. og væntum góðra undirtekta.

[18:46]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg fullkunnugt um að við erum í umræðu hér um byggðamál. Ég tók vel undir þessa tillögu. Hins vegar get ég ekki fallist á að taka einn sérstakan þátt atvinnumála út úr og minnast ekki á hann, þátt sem er þó stærsta atvinnumálaverkefni sem í gangi er fyrir landsbyggðina núna og stærsta pólitíska deilumál sem er hér uppi. Ég get ekki skilið það frá þessari umræðu. Ekki þar fyrir að ágætis mál eru í þessari tillögu. Talnaverkið er að vísu ekki byggt á miklum vísindum en ég ætla ekki að fara að tala um það sérstaklega.

Hins vegar get ég alls ekki fallist á að ekki megi í byggðamálaumræðu minnast á einhverja þætti atvinnumála sem eru þó eitt stærsta verkefni sem í gangi er. Það get ég ekki skrifað undir.

Við erum að vísu ekki búin að selja Landssímann. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um það hvenær það verður eða hvort það verður gert. Það er búið að breyta honum í hlutafélag. En ég verð þó að benda á að nýjustu fréttir af Landssímanum hf. eru að hann hefur stórlækkað gjaldskrá sína og gert það mögulegt að gefa út töluverð áform fyrir byggðarlögin í landinu að nýta sér hina nýju tækni í gagnaflutningum sem er undirstaða þeirrar atvinnuuppbyggingar sem skýrsla Iðntæknistofnunar og Byggðastofnunar kveður á um.

[18:48]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil enn árétta að við erum ekki í umræðu um einstök mál þó að auðvitað megi tala um öll þessi mál í samhengi og öll atvinnumál. Ég fagna því að hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., tekur vel undir flesta liði þáltill. Við erum öll af vilja gerð til að sem flestir liðir ályktunarinnar geti komist til framkvæmda eins fljótt og hægt er og munum leggja því lið þegar þar að kemur.

Ég boða það hér að endingu að við munum flytja mál sem byggja á þeirri grunnhugsun sem er í þessu plaggi, þessari þáltill. á öllum póstum sem getur orðið til þess að tryggja stöðu landsbyggðarinnar og auka mönnum þor og trú á svæðin. Við munum láta þess sjást stað í tillöguflutningi okkar í vetur og væntum þess að hafa gott samstarf um framgang mála.

[18:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka flutningsmönnum fyrir að hafa mannað sig upp í að flytja þáltill. um aðgerðir í byggðamálum. Það er full þörf á því að menn reifi hugmyndir sínar og komi þeim á dagskrá þingsins og ég met það við hv. þingmenn að þeir skuli gera það í stað þess að standa hér í krampakenndum utandagskrárumræðum sem hafa ekkert annað hlutverk en að auglýsa málshefjendur.

Margt í þessum tillögum er þess eðlis að vel er hægt að taka undir það og það er líka margt í þeim sem verið er að hrinda í framkvæmd eða er á athugunarstigi og stjórnarflokkarnir munu væntanlega þegar fram líða stundir koma að mörgum efnisþáttum sem tillagan víkur að.

Þó hlýtur það að vera svo, herra forseti, að það sem mestu máli skiptir til að ná viðspyrnu í byggðamálum eru atvinnumálin. Ef menn ná ekki árangri í atvinnumálum mun annað ekki skila árangri. Þá mun annað ekki duga til þess að það eitt og sér skili framþróun á landsbyggðinni. Þess vegna er atvinnumálastefnan þungamiðja byggðastefnu.

Ég tek eftir því að helsti veikleiki tillögunnar er hvað atvinnumálaþátturinn er fátæklegur. Þar eru mjög óljósar yfirlýsingar um stefnu í sjávarútvegsmálum svo ekki sé fastar að orði kveðið. Og svo virðist vera, hafi ég skilið hv. þm. rétt, að flutningsmenn séu algjörlega andvígir því að sköpuð verði atvinna á landsbyggðinni með því að byggja upp orkufrekan iðnað. Tillögumenn hafa ekki sýnt fram á neitt annað sem líklegt er til þess að skapa viðspyrnu í atvinnumálum og ég hlýt að inna eftir því.

[18:51]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson saknar atvinnuþáttarins. Hann er alls ekkert óljós. Það er talað um að setja fjármuni til atvinnusköpunar. Munurinn á okkur og ríkisstjórnarflokkunum er kannski sá að við höfum tröllatrú á því að fólkið og félagasamtök sé tilbúið til atvinnuuppbyggingar ef það fái til þess umgjörð og möguleika. Þegar talað er um að setja milljarð í atvinnuuppbyggingu, þá færi það auðvitað í gegnum ýmsar stofnanir, eins og atvinnuþróunarfélag o.s.frv.

Við erum með grunnatriði í atvinnuuppbyggingu sem eru stórmál, eins og t.d. þriggja fasa rafmagn. Gera menn sér grein fyrir því að fyrir þá sem búa við eins fasa rafmagn í ferðaþjónustu úti á landi, hvort sem um hótel eða sjoppur og þess háttar er að ræða, er kannski tvöfalt dýrara að endurnýja tæki? Og það er helmingi verri nýting á orkunni, gríðarlegur kostnaður. Þetta eru allt grundvallaratriði sem þarf að laga.

Hver er afleiðing af stóriðjustefnunni núna úr því að mönnum er svona tíðrætt um hana og setja hana í samhengi? Er það góð pólitík í orkustefnu landsins, eins og ég lýsti hér um daginn þegar við vorum að ræða um sjálfbæra orkustefnu,

að taka rafmagnið af fyrirtækjum okkar? Ég nefndi mýmörg dæmi bara í mínu næsta nágrenni, tvöföldun á kostnaði hjá veitingahúsum t.d. norður í Eyjafirði og stór fyrirtæki eru að fara að nota svartolíu.

Hvers konar hugsun er á bak við þetta allt sama? Ég held að menn viti ekkert hvert þeir eru að stefna og setji ekkert í samhengi. Og þetta leiðir til þess að étið er utan af allri blómlegri starfsemi. Þetta er ósköp einfalt.

[18:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að lagt er til að veita verulegt fé til nýsköpunar og eflingar á atvinnulífi í formi framlaga til atvinnuþróunarfélaga. Það er ekki getið um það í tillögunni að ekki sé ætlast til þess að þeir sem taka við þeim peningum verji þeim ekki til þess að byggja upp atvinnulíf á tilteknum sviðum. Það er ekki orð um það í tillögunni að tillögumenn séu á móti því að menn sem fá þá peninga vinni að því að koma upp stóriðju á sínu landsvæði.

Hvað ef Eyfirðingar fengju verulegan hluta af þessum peningum til eflingar atvinnulífi og nýsköpunar og verðu þeim peningum til að vinna að því að koma upp stóriðju í Eyjafirði? Munu þá flutningsmenn tillögunnar segja: „Það var ekki ætlast til þess af okkar hálfu að það yrði gert. Við erum á móti þessu"?

Það sem þessi umræða um atvinnumál hefur dregið fram er að helsti veikleiki flutningsmanna er stefnuleysi þeirra í atvinnumálum annars vegar og hins vegar andstaða við það helsta sem er að gera á því sviði á landsbyggðinni. Ég hef skilið málflutning vinstri grænna á Alþingi til þessa á þann veg að þeir vildu að Fljótsdalsvirkjun færi í umhverfismat, en að þeir væru ekki andvígir því að virkjunin yrði reist, m.a. vegna þess að formaður þeirra samtaka stóð að því hér á Alþingi að búa svo um hnútana að Fljótsdalsvirkjun færi ekki í umhverfismat. Menn geta lesið þingtíðindin um það mál og menn sjá ekki eitt einasta orð þar sem vikið er að því að menn hafi þá kröfu uppi, heldur þvert á móti. Það er upplýst að menn gengu svona frá málum vegna þess að *menn voru sammála um þá framkvæmd á þeim tíma.* (Gripið fram í.)

[18:56]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stefna okkar í atvinnumálum er alls ekkert óljós en hún byggir á því að hafa traust og trú á fólkinu í landinu, og á því er reginmunur. Okkar stefna byggist ekki á því að gera atvinnulífinu sem fyrir er í landinu erfitt fyrir, t.d. með því að taka af því forgangstaxta í orkumálum og gera því þannig mjög erfitt fyrir. Ég get talið upp 40 fyrirtæki sem eru að fara af íslenskri orku og ég nefndi það áðan.

Ég krefst þess, herra forseti, að menn horfi raunsætt á þessi mál og fari í grunnvandann. Aðferðin að koma með og ala þjóðina upp í því, eins og hefur verið gert undanfarna áratugi, að segja: „Hvað fáum við?", dugar ekki. Við vitum það. Það er búið að reyna hana í 30 ár. Aðferðin sem við trúum að dugi er að gefa innspýtingu á þann hátt sem við teljum upp í tólf liðum. Hún mun virka.

Til þess að skýra mál mitt betur ætla ég að taka sem dæmi að í þenslunni síðasta kjörtímabil var í mínum heimabæ, Akureyri, þar sem engin þensla er, farið í nýjar framkvæmdir við Fjórðungssjúkrahúsið fyrir 30 millj. og við háskólann fyrir 30 millj. Þetta er varla til að tala um. Ég taldi upp 18 viðgerðarverkefni á vegum ríkisins í Reykjavík á sama tíma. Og það var upp á 1,8 milljarða, í þenslunni. Þetta er að hafa lappa fyrir báðum augunum og halda að það hafi ekki afleiðingar. Auðvitað gerir það það.

Verum ekki börn. Tökum það frá og finnum nýjar lausnir. Og þetta er tillaga til þess.

[18:58]

Útbýting þingskjals:

Rannsóknir á útkomu samræmdra prófa, 108. mál, fsp. SvanJ, þskj. 116.

[18:58]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil aðeins blanda mér í umræðu um þáltill. sem hér er verið að ræða en verð í upphafi máls míns að spyrja hvort hæstv. forsrh., ráðherra byggðamála, sé farinn úr húsinu.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. forsrh. þurfti að yfirgefa húsið. Hann er upptekinn annars staðar.)

Það er náttúrlega mjög slæmt að þessi umræða skuli eiga sér stað þegar hæstv. forsrh. getur ekki verið allan tímann vegna þess að ég er með nokkrar spurningar sem ég hefði viljað leggja fyrir hann. En það er kannski táknrænt þar sem við ræðum hér byggðamálin. Mjög fáir eru hér inni. Ég held ég sjái ekki nema einn þingmann Sjálfstfl. og mér sýnist þingmenn Framsfl. vera aðallega farnir að taka að sér það hlutverk að verja byggðastefnu undanfarinna ára þó að þeir eigi náttúrlega sinn þátt henni. En það er dálítið skrýtið að þeir skuli taka að sér vörnina fyrir hæstv. forsrh.

Það er kannski dálítið táknrænn vettvangur fyrir umræðu um byggðamál að verið er að ræða málið núna þegar klukkan er að verða sjö og farið að dimma töluvert úti í Reykjavík. Ég verð að segja að ég sakna þess að forsrh. er ekki í húsinu. Ég hefði viljað eiga orðaskipti við hann um þau nýju mál sem hafa verið að koma, þ.e. skýrslu um nýsköpun við gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni, þar sem hann sagði hérna áðan að þetta gæti skaffað 500–1.000 störf, og það er gott. En það bjargar að sjálfsögðu ekki öllu. Það verða ekki allir sem vinna við að pikka á tölvur og þess háttar. En ég verð þó að segja alveg eins og er að þó að við sjáum hvað hægri hönd hæstv. forsrh. gerir vitum ekkert hvað vinstri hönd hans gerir.

Um þróun í fjarskiptum vil ég taka eitt smádæmi sem er að gerast einmitt núna. Þróun í fjarskiptum er að gera það að verkum að verið er að leggja niður allar loftskeytastöðvar hringinn í kringum landið, m.a. í byggðarlagi mínu þar sem sjö manns störfuðu og þeir voru sennilega fyrirvinnur u.þ.b. 30 íbúa. Það er álíka og ef 120–130 manna fyrirtæki væri lagt niður í Reykjavík. Nú eru menn að koma með skýrslu um það að færa aftur eitthvað út á land þegar ekki eru nema fjórir, fimm, sex mánuðir síðan menn voru að taka þetta frá landsbyggðinni og suður. Það virtist vera að þessi þróun væri bara í aðra áttina. Ákaflega er þetta nú skringileg byggðaumræða og kannski táknræn fyrir þá uppgjöf og úrræðaleysi sem hefur ríkt í þessum málum undanfarin ár.

Ég hefði viljað spyrja forsrh. enn einu sinni út í efndir á þeim loforðum sem hann gaf um jöfnun húshitunar og jöfnun námskostnaðar. Ég nota tækifærið eins og ég sagði áðan, vegna þess að það er hlutverk framsóknarmanna að verja þessar aðgerðir, og spyrja þá hv. þm. Jón Kristjánsson, formann fjárln., talsmann ríkisstjórnar hvað fjárln. varðar, út í þessar aðgerðir. Verður staðið við þau loforð sem forsrh. gaf? Munum við sjá við 2. umr. koma 250 milljónir til viðbótar við jöfnun húshitunarkostnaðar og munum við sjá 70 milljónir til viðbótar, $^1/_3$ af því sem þarf, til jöfnunar

námskostnaði? Hvar sér því stað í fjárlagafrv. að eitthvað eigi að gera með tillögur byggðanefndar forsrh. varðandi endurgreiðslu lána LÍN hjá því fólki sem fer að vinna úti á landi? Ég sé þess hvergi stað.

Full ástæða er til að ræða í góðan tíma við forsrh. um þungaskattinn, íþyngjandi samþykktir frá síðasta þingi sem stórhækka vöruverð, um vísitölu neysluverðs, hækkun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu sem hækkar afborganir lána fólksins úti á landi. Að maður tali nú ekki um fasteignaskattinn og hver verði loforð ríkisstjórnarinnar um breytingar á þeim skaðræðiskatti sem þar er.

Oft hefur viljað brenna við, og kom fram í utandagskrárumræðunni um daginn, að það fer mjög í taugarnar í stjórnarþingmönnum þegar þessi mál eru rædd og okkur er helst legið á hálsi að vera að nefna þetta og við erum skammaðir fyrir það. Það er svona álíka og að skamma slökkviliðið þegar það kemur til að slökkva elda í húsum. En það vantar sennilega að tína miklu meira fram af því jákvæða við að búa úti á landi.

Það er ekki líka svo að við komum þessu jákvæða alltaf á framfæri. Ég skal segja ykkur eitt smádæmi. Ríkisútvarpið-sjónvarp hefur ekki efni á því miðað við fjárveitingu að leyfa fréttariturum sínum að fara um hinar dreifðu byggðir landsins og taka þar upp viðtöl og sýna frá því jákvæða sem er að gerast á landsbyggðinni. Fréttaritararnir þurfa að hringja suður og fá leyfi hjá Ríkisútvarpinu-sjónvarpi, fréttastjóranum til þess að fara einhverja smáleið. Þetta er oft fólk sem er í annarri vinnu. Ekkert er gert til þess að dreifa þeim jákvæðu fréttum sem nóg er af. En ef verður snjóflóð einhvers staðar, þá er jafnvel keypt flugvél eða þyrla til að flytja fréttamenn á staðinn og þá koma þeir héðan af höfuðborgarsvæðinu. Þetta er svona eitt dæmi um þetta.

Byggðavandinn er mikill. Í þeirri tillögu til þál. sem hér liggur frammi frá þingflokki vinstri grænna er margt sem má taka undir. En það er margt sem ég hefði viljað sjá öðruvísi gert og mér finnst kannski fullmikil fljótaskrift á tillögunni en ég er viss um að hana mætti bæta og tek það fram að hér er margt mjög gott. Ég hef ekki tíma til að ræða það í gegn en ég stoppa aðeins við 12. lið um það að gera rannsóknir eða athuganir á mögulegum breytingum í skattamálum.

Ég hef verið talsmaður þess að menn eigi að nota skattkerfið til að fara sértækar aðgerðir í byggðamálum, í bráðaaðgerðum. Ég tel að við förum sértækar aðgerðir í skattamálum á margan hátt. Hv. þingmenn voru að fara séraðgerðir í skattamálum á síðasta þingi eða þar síðasta, t.d. til að laða að erlenda kvikmyndaframleiðendur. Það voru sértækar aðgerðir vegna þess að þeir fá hluta af virðisaukaskattinum endurgreiddan. Af hverju má ekki nota þessa leið úti á landsbyggðinni?

Í Noregi er þungaskattur misjafn milli svæða. Hann lækkar nánast eftir því sem lengra fer frá höfuðborgarsvæðinu. Hér er það ekki svo. Þungaskatturinn íþyngir íbúum landsbyggðarinnar. Þungaskatturinn vex, virðisaukinn vex, ríkið fær meira af þessu og vöruverð hækkar. Þetta er hluti af þessari hringavitleysu. Það er á svo mjög mörgum sviðum þar sem aðgerðir ríkisstjórna og Alþingis eru að gera búsetuna erfiðari úti á landi og þess vegna verður að jafna það í gegnum skattkerfið. Við vitum að Norðmenn fara þá leið. Íbúar nyrstu héraða Noregs borga lægri skattprósentu en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Atvinnurekendagjöldum í Noregi er skipt niður í fimm flokka þar sem einn flokkurinn er þannig að ekkert er greitt af atvinnurekstrargjöldum til ríkisins vegna þess að litið er á það sem stuðningsaðgerðir fyrir lítil fyrirtæki í hinum dreifðu byggðum Noregs. Af hverju getum við ekki farið þessa leið?

Herra forseti. Tími minn er að renna út en ég verð að segja alveg eins og er að ég sakna þess mjög að hæstv. forsrh. skuli ekki geta verið í salnum. Ég þykist vita, og það var kallað hér fram í áðan, að hann er að fara í sjónvarpsupptöku, umræðu um byggðamál, og það er gott. En ég hefði þá talið ástæðu til að umræðu á þessum fundi hefði verið frestað fyrr þegar forsrh. þurfti að fara úr húsinu, til þess að gefa okkur tækifæri á að ræða við forsrh. áfram um þessi mál og spyrja hann spurninga en svo er ekki. Ég mundi vilja óska þess að byggðamálin væru rædd að degi til í framtíðinni á hinu háa Alþingi.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Þessari umræðu hefur þegar verið frestað einu sinni milli funda til að hæstv. ráðherra gæti verið viðstaddur og hann var hér fyrr við umræðuna og gat því miður ekki verið lengur.)

[19:06]

Jón Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. beindi til mín spurningu um hvort fjárln. mundi reiða fram 250 milljónir í húshitunarkostnað og 70 milljónir í jöfnun á námskostnaði. Ég vil benda á að þær tillögur til hækkunar sem hafa komið á þessum liðum undanfarin ár hafa komið í gegnum vinnu fjárln. en ég vil engar yfirlýsingar gefa um það hér hvaða tillögur verða í því efni.

Ég endurtek þær yfirlýsingar sem ég hef haft í umræðunni og eins við 1. umr. fjárlaga að ég ætlaði að lesa saman fjárlagafrv. og þá þál. um byggðamál sem var samþykkt í vor. Hins vegar er það misskilningur að tillögur byggðanefndar forsrh. hafi lagagildi eða gildi sem ... (**Gripið fram í:** Byggðanefnda flokkanna. Forsrh. lofaði efndum ...) Já, byggðanefndir flokkanna, við samþykktum þáltill. um byggðamál og ég mun leggja vinnu í að kanna hvernig fjárlagafrv. rímar við hana. Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar um það hvaða lyktir sú yfirferð fær. Við munum fjalla um þetta í fjárln. við fjárlagagerðina.

Varðandi fasteignaskattinn er í stjórnarsáttmála ákvæði um að breyta því fyrirkomulagi sem nú er á fasteignaskattinum. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það verði þá að finna annan tekjustofn í staðinn fyrir minnstu og fátækustu sveitarfélögin sem mundu tapa tekjustofnum við þessa breytingu. En það breytir því ekki að það er ákvæði um það að breyta þessu fyrirkomulagi og ég vil vinna að því.

[19:09]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það og segja, eins og hér var gripið fram í, að svokölluð byggðanefnd forsrh. var þverpólitísk nefnd, skipuð fulltrúum allra þingflokka sem sátu á 123. þingi. Hún skilaði þverpólitískri niðurstöðu. Þverpólitísk samstaða var um að skila tillögum sem kallaðar voru bráðaaðgerðir í byggðamálum. Fyrsti liðurinn var sá sem við vorum að ræða um áðan og hv. þm. Jón Kristjánsson segir að þessar tillögur hafi ekki lagagildi. Það er alveg hárrétt. En þær hljóta að hafa töluvert gildi þegar hæstv. forsrh. hefur margoft lýst því yfir í þessum ræðustól að það muni verða tryggt fé til þessara þátta við fjárlagagerðina.

Þess vegna spyr ég enn einu sinni: Ætla stjórnarþingmenn ekki að standa við þetta atriði? Eða voru þessar tillögur eins og einn frambjóðandi Framsfl. lýsti í kosningabaráttunni?

Hann kallaði nefndina aldrei byggðanefnd forsrh. Hann kallaði nefndina nefnilega gulrótarnefndina. Þingmannsefnið sem þá var komst nú ekki að, hann kallaði þetta gulrótarnefndina. Það er kannski það sem ég er að spyrja eftir. Var það virkilega svoleiðis? Ég leit ekki þannig á það, mér fannst allir vinna þetta af heilindum.

Þáltill. um byggðamál sem hv. þm. *vitnaði í er ágæt svo* langt sem hún nær. En það er lítið fé tryggt með henni. Ég spyr bara enn og aftur: Ætla menn virkilega ekki að standa við þau loforð sem forsrh. gaf úr þessum ræðustól um að í fjárlögum ársins 2000 yrði stigið eitt skref af þremur til að jafna þessa þætti og uppfylla þessa þætti sem fólk kvartar um sem fyrsta og annað atriði um erfiðleika við það að búa úti á landi? Ég kalla eftir svörum frá talsmönnum ríkisstjórnarinnar og þeim framsóknarmönnum sem hafa gegnt hlutverki forsrh.

[19:11]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni litlu við það bæta sem ég sagði áðan öðru en því að vissulega munum við í fjárln. og í *þingflokkum stjórnarflokkanna skoða allar þær tillögur sem* fyrir liggja frá nefndinni sem forsrh. skipaði og þáltill. um byggðamál. Hins vegar væri algjörlega út í hött að ég færi að segja fyrir fram í ræðustól við upphaf vinnu fjárln. hver niðurstaða nefndarinnar mundi verða um þessi mál. Svoleiðis vinnum við bara ekki því að við eigum eftir að ræða málið í nefndinni. Ég veit að vilji nefndarmanna stendur til að leggja mikla vinnu í að skoða byggðatillöguna og taka á þessum málum sem hv. ræðumaður hefur hér nefnt. En það er algjörlega út í hött að fara að lýsa því yfir í ræðustól hver niðurstaðan verður þegar þetta starf er að byrja. Það veit ég að hv. 3. þm. Norðurl. v. skilur.

Ég er ekkert að efast um að nefnd forsrh., sem var þverpólitísk, það er alveg rétt, hafi unnið sitt verk af heilindum og hún var skipuð af heilindum. Hún var ekki skipuð til þess að veifa einhverjum gulrótum framan í fólk. Ég tek niðurstöður hennar alvarlega og það mun verða farið yfir það eins og ég sagði af þingflokkum stjórnarflokkanna hvernig verður tekið á þeim málum.

[19:13]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur náttúrlega engan tilgang að ræða þetta meira. Ég vil þó þakka hv. þm., formanni fjárln., Jóni Kristjánssyni, fyrir svör hans. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki þegar þessi nefnd var skipuð og tillögurnar lágu svo snemma fyrir af hverju þetta kemur ekki fram í upphaflegum fjárlögum, af hverju þetta á að koma inn á seinni hluta. En ég mun halda áfram úr þessum ræðustól að minna stjórnarþingmenn á þetta loforð og mun þá gera það þegar síðari umr. fer fram ef það verður ekki ljóst fyrir þann tíma.

Að mínu mati er þetta algjör prófsteinn á hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að skipta um gír í byggðamálum eða ekki. *Þessar tillögur, sem eru nú ekki mjög stórar og ekki mjög* kostnaðarfrekar, eru samt sem áður lykilatriði. Mér finnst þær vera grundvallaratriði sem fyrsta skref í byggðaáætlun nýrrar ríkisstjórnar. Þess vegna segi ég aðeins það að ef á að svíkja þetta loforð eða koma ekki með $^1/_3$ í jöfnum áföngum þá eru það svik vegna þess að þessum tillögum var veifað af stjórnarflokkunum í kosningunum sem tillögum þeirra í byggðamálum. Það er nokkuð ljóst.

Ég segi því enn og aftur: Með því verður fylgst hvort t.d. framsóknarmenn munu gefa þetta eftir til þess að ná Íslandsmetinu, að skila fjárlagafrv. með einhverjum ímynduðum 15 milljarða afgangi. Eða hvort einhverju örlitlu verður snakkað út, einhverjum peningum, einhverju kjöti á beinin í þau byggðamál sem við erum að ræða um og allir eru sammála um að eru mikilvægt mál.

Ég fagna því líka að hv. þm. skuli vera mér sammála um að þetta hafi ekki átt að vera enn ein gulrótarnefndin. Ég var í þeirri nefnd og ég hef sagt það að þegar ég fór út af síðasta fundinum þá held ég að ég hafi verið kominn með átta eða *tíu kílóa skýrslu frá nefndarstarfinu — en landsbyggðarfólk* lifir ekki á skýrslum einum saman.

[19:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrst af þeim atriðum sem ég ætlaði að nefna í fyrri ræðu minni, en hafði þá ekki tíma til, var varðandi 12. lið þáltill. Ég tek undir með hv. þm. Kristjáni Möller. Við teljum fulla ástæðu að koma til móts við landsbyggðina í skattamálum og það er vel hægt að gera það. Sú hæstv. ríkisstjórn sem hefur verið við völd hefur á stefnuskrá sinni að vera með ívilnun í skattamálum til ýmissa aðila. Ég nefni bara að í stefnuplaggi hennar stendur að „þá yrði skattalegum ívilnunum áfram beitt vegna fjárfestinga í hlutabréfum". Það hlýtur að vera hægt að beita skattalegum ívilnunum til handa landsbyggðinni líka alveg eins og handa þeim sem kaupa hlutabréf í fyrirtækjum sem því miður er kannski ekki eins mikið um úti á landi og annars staðar.

Í 11. lið þáltill. er verið að tala um endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og að lögum um *tekjustofna sveitarfélaga verði hraðað*, miðað við að styrkja stöðu sveitarfélaganna og auka fjárhagslegt sjálfstæði þeirra. Ég tek mjög undir þetta. Ég segi alveg eins og er að umræðan í dag, þar sem verið er að ræða um það að fresta einsetningu grunnskólanna, sannfærði mig um að hluti af því dæmi var einmitt að sveitarfélögin hefðu í raun og veru haft þar töluverða viðspyrnu til að óska eftir því að fá meiri peninga til starfsemi sinnar. En með því að taka af þeim þessa kvöð, að einsetja grunnskólana, var um leið opnaður þægilegri möguleiki fyrir ríkisvaldið til að neita þeim um aukna tekjustofna í bili. En það þarf svo sannarlega að taka þar á.

Síðan er það 10. liðurinn. Það er sá liðurinn sem mig langar að tala um hér. Þar er talað um stefnumótun í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum sem ætti að miða að því að treysta byggð við sjávarsíðuna og í sveitum landsins. Þarna hefur hæstv. ríkisstjórn gjörsamlega brugðist í langan tíma. Það er engin spurning um að hnignun sjávarbyggðanna allt í kringum landið er að stórum hluta til vegna stefnunnar í sjávarútvegsmálum og eignarhaldsins á veiðiheimildunum. Ég tek innilega undir það sem hv. þm., sem talaði fyrir hönd vinstri grænna um þetta mál áðan, sagði að það er engin spurning að þetta hefur valdið vantrú á byggðirnar. Fólk trúir ekki á framtíð sjávarútvegsbyggðanna. Ég tel að þarna þurfi að verða breyting á. Og þá fyrst verður hægt að reisa sjávarútvegsbyggðirnar úr þeim rústum sem þær eru komnar í þegar fólkið fær trú á að búa þar og veit að það sem skapaði byggðirnar er möguleikinn til að nýta auðlindina við ströndina verði til staðar.

Til viðbótar við þetta langaði mig að segja *fáein orð um* það sem hv. 3. þm. Vestf. ræddi, hann sagði að við hefðum farið í einhverja auglýsingaumræðu um byggðamál. Verði

honum að góðu, hann má kalla það hvað sem hann vill. Við munum krefjast umræðu þegar okkur finnst ástæða til. Sannarlega er ástæða til að ræða um byggðamál hér á hv. Alþingi. Hv. þm. sagði líka að stefnuleysi þeirra í atvinnumálum sem hafa lagt fram þetta mál kæmi fram í tillögunni. Ég spyr þá um stefnu ríkisstjórnarinnar sem segist stefna í norður en hrekst í suður. Það hefur ekki legið fyrir annað en að hæstv. ríkisstjórnin, sem hefur setið hér, bæði núna og á síðasta kjörtímabili, hafi viljað gera eitthvað annað en gerðist. Enginn efast um heilindi hv. þm. sem hafa stutt ríkisstjórnina. Þeir vildu ekki að byggðaflóttinn héldi áfram. Þeir vildu ekki að eyðibyggðastefnan sem hefur verið í gangi undanfarin ár héldi áfram. En það varð bara þannig. Það hefur svo sannarlega ekki orðið lát á. Stefnan er sögð í norður en skipið hrekur sífellt sunnar.

Mér finnst hv. þm. stjórnarliðsins vera dálítið kotrosknir þegar þeir koma upp og eru að tala um að aðrir hafi einhverja stefnu sem sé óljós þegar stefnunni sem þeir lýsa er ekki betur fylgt eftir en það að hana hrekur sífellt í hina áttina.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég sakna þess að hæstv. forsrh. skyldi ekki vera hér áfram, ekki treysta sér til þess að sitja áfram yfir umræðunni, hæstv. ráðherra byggðamála, búinn að vera á níunda ár í þessu hlutverki, hafandi séð á ellefta þúsund Íslendinga flytja til höfuðborgarsvæðisins og hafandi ekki séð að neitt gengi upp af því sem hæstv. ráðherra hefur verið að tala um að ætti að gerast í byggðamálum.

Mér finnst satt að segja hálf leiðinlegt að vera að skamma Albaníu, hv. þm. Jón Kristjánsson, þegar hæstv. forsrh. er farinn. Mér finnst að það þyrfti alveg sannarlega að taka nýja umræðu um byggðamál og til að reyna með einhverjum ráðum að tryggja að hæstv. ráðherra verði til staðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

[19:22]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem orðið hefur um þáltill. og þá sérstaklega fyrir undirtektir hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Eins vil ég þakka að hæstv. umhvrh. skuli vera viðstaddur umræðuna þar sem hann var fjarverandi í fyrri hluta umræðunnar.

Ríkisstjórnin talar um að leita sátta um hagnýtingu orkulinda og verndun hálendisins að undanskildu stóru ósnortnu svæði norðaustan Vatnajökuls þar sem náttúrufar er einstakt og mest af óbeislaðri vatnsorku. Hvernig er hægt að leita sátta um hagnýtingu orkulinda og verndun hálendisins og undanskilja þetta svæði? Það á hvorki að setja virkjanaframkvæmdir í mat á umhverfisáhrifum né fallvötnin inn í rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu orkulinda undir nafninu Maður – nýting – náttúra. Orkan er þarna og okkur ber að nýta hana til frekari hagvaxtar í íslensku efnahagskerfi. Orkan er svo mikil að ekkert annað en orkufrekur iðnaður kemur til greina til að fullnýta orkuna. Stóriðjustefnunni verður því að halda áfram.

Þetta eru rök þeirra sem vilja nýta svæðið fyrir uppistöðulón og vatnsmiðlun þegar á næsta ári. Það er það svæði sem gerð er tillaga um að verði þjóðgarður, Snæfellsþjóðgarður.

Mun auðveldara er að reikna tekjur af stóriðju og rafmagnssölu en af nýtingu þjóðgarða og verndaðra svæða. Þó er hægt að líta til annarra landa sem eiga sérstæð verndarsvæði sem nýtt eru til kynningar og ferðaþjónustu. Snæfellsþjóðgarði hefur verið líkt við Yellowstone þjóðgarðinn í Bandaríkjunum í verndargildi og möguleika Íslands til að fá hingað til lands fleiri erlenda ferðamenn í framtíðinni.

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem hefur verið að styrkjast undanfarin ár og skilar nú umtalsverðum tekjum í þjóðarbúið. Hvað er það sem er svo sérstakt við Ísland að fólk frá fjarlægum heimshlutum vill leggja á sig ferð norður í Atlantshaf? Það er menning okkar Íslendinga og sérkenni eldfjallalandsins með auðnum, jöklum og gróðurvinjum. Síðast en ekki síst er það ósnortin náttúra og fámenni sem laðar hingað fólk.

Í Evrópu er varla að finna blett sem er ósnortinn og án manngerðra hluta svo sem háspennulína, uppbyggðra vega eða einhverra bygginga. Í fjarlægari löndum er mannmergðin víða svo mikil að hvergi finnst friður. Því er svæðið norðan Vatnajökuls dýrmætt víðerni, ekki bara fyrir okkur Íslendinga heldur alla heimsbyggðina.

Við höfum á því svæði sem þáltill. leggur til að verði Snæfellsþjóðgarður mjög fjölbreytt landslag, sem með Vatnajökulsþjóðgarði mundi mynda landmótunarheild með jöklum, tengslum við gosbeltin og mjög fjölbreyttu landslagi. Hluti svæðisins er votlendi og samkvæmt Ramsar-sáttmálanum um verndun votlendis, sem Íslendingar hafa undirritað, og skilgreiningu alþjóðlega fuglaverndarráðsins eru svæðin talin hafa alþjóðlegt verndargildi ef eitt prósent eða meira af einhverjum stofni vatnafugla nýtir þau í lengri eða skemmri tíma. Eyjabakkar hafa því ótvírætt verndargildi á heimsmælikvarða.

Með leyfi forseta, les ég hluta af lýsingu á svæðinu sem Helgi Hallgrímsson og Skarphéðinn Þórisson tóku saman. Og þá um Eyjabakkana:

Eyjabakkar eru flæðislétta í grunnu og víðu dalverpi austan Snæfells, sem Jökulsá í Fljótsdal kvíslast um, milli gróinna eyja og hólma, með óteljandi pollum og tjörnum. Þessi mósaík gróðurvana aura, iðgrænna hólma, grárra og blárra árkvísla, og alla vega litra tjarna, í grennd við hvítan jökul og litskrúðugar hlíðar Snæfells, er listaverk náttúrunnar sem varla á sinn líka.

Eyjabakkasvæðið er almennt talið önnur merkasta hálendisvin á Íslandi, og gengur næst Þjórsárverum við Hofsjökul, sem því er oft jafnað við. Eyjabakkar liggja að jafnaði um 70 m hærra yfir sjó. Þó eru þar ekki teljandi freðmýrar, eins og í Þjórsárverum, enda er loftslag meginlandskenndara á Eyjabökkum og hagstæðara lífi. Ríkulegur gróður og dýralíf þrífst á báðum svæðum, og bæði eru mjög mikilvæg fyrir viðhald íslensk-grænlenska heiðagæsastofnsins. Nálægð Eyjabakka við risafjallið Snæfell (1.833 m), og hin firnalegu hvel Vatnajökuls, gefur svæðinu sérstakt gildi, og á sinn þátt í fjölbreytni þess og grósku.

Af þeim 43 ferkílómetrum sem færu undir miðlunarlón Fljótsdalsvirkjunar eru 37 ferkílómetrar gróið land eða um 86%.

Um þriðjungur hins gróna lands sem færi undir lónið er votlendi. Af því eru Eyjar og Eyjafellsflói vistfræðilega mikilvægust. Þar er um að ræða flóaland, með ríkulegum staragróðri, sem er alsett grunnum smávötnum og tjörnum,

með margvíslegum vatnagróðri og dýralífi, umkringt kvíslum og lænum af jökulvatni og bergvatni. Hvergi á Íslandi er samsvarandi votlendi að finna í þessari hæð yfir sjó (um 650 m), eða svo nálægt jökli. Háplöntuflóra er fjölbreyttari á Eyjabakkasvæðinu en á nærliggjandi öræfasvæðum.

Fuglalíf er mikið á Eyjabakkasvæðinu á vissum árstímum. Af fuglum ber mest á heiðagæs og álft og verpir töluvert af þeirri síðarnefndu á svæðinu. Álftaveiði á Eyjabökkum var fyrrum talin til hlunninda. Á svæðinu er lítið heiðagæsavarp, en aftur á móti er það mjög þýðingarmikið fyrir heiðagæsir í fjaðrafelli, er safnast þar saman í júlí svo þúsundum skiptir. Á tímabilinu 1987–97 hefur gæsafjöldinn verið að meðaltali 8.400 fuglar. Árið 1991 töldust þær rúmlega 13 þúsund, sem er um helmingur allra geldra heiðagæsa á landinu, og um 10–15% af öllum geldfuglum í íslensk-grænlenska heiðagæsastofninum eða um 7% af þessum stofni, og um leið er það stærsti hópur þeirra sem vitað er um í heiminum.

Hreindýr hafa nýtt sér Eyjabakkasvæðið til beitar, einkum seinni part sumars, og virðast nú sækja þangað um miðsumar í auknum mæli. Samkvæmt júlítalningum áranna 1992–97 voru að meðaltali 38% allra hreindýra á Snæfellsöræfum austan Snæfells, en aðeins um 9% á árunum 1979–91.

Beitargildi þess gróðurlendis sem færi undir vatn hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins áætlað að svari til 1.280 ærgilda, miðað við 2,5 mánaða beit.

Eyjabakkajökull hefur nokkrum sinnum hlaupið fram á síðustu 110 árum, og vanalega ýtt upp mikilfenglegum jökulgörðum (endamórenum) í þeim hlaupum. Í hlaupinu 1890 gekk jökullinn lengst fram, og skóflaði þá upp votlendisjarðvegi í allt að 20 m háa hryggi, sem kallaðir eru Hraukar, en þá er aðallega að finna á bogalínu austur frá Eyjafelli. Framan við þessa hrauka hefur jarðvegurinn á nokkrum stöðum lagst í fellingar, sem líkjast vatnsöldum og ná allt að hálfum km fram á sléttuna en styttast smám saman og fara lækkandi. Þessar einkennilegu jökulöldur eiga ekki sinn líka hér á landi, og líklega ekki heldur í öðrum löndum. Þær mundu hverfa í Eyjabakkalónið.

Ég vildi lesa upp þessa lýsingu þar sem áður var vitnað til greinargerðar þegar tillagan var flutt. En þetta svæði ásamt öðrum svæðum við Vatnajökul gæti orðið vettvangur vísindarannsókna á mörgum sviðum og dregið með því sérstöðu svæðanna enn frekar fram. Með Snæfellsþjóðgarði er myndað stórt heildstætt landsvæði sem teygði sig norður Ódáðahraun og norður fyrir Mývatn. Verndarsvæðið gæti verið með sveigjanlegri friðlýsingu eins og fram kom fyrr í ræðu minni og er þá gert ráð fyrir að stofnun þjóðgarðsins þurfi ekki að rekast á við hefðbundnar nytjar bænda af svæðinu.

Nú liggur fyrir svæðisskipulag af þessu svæði og þar eru gerðir fyrirvarar á fyrirhugaðri landnýtingu undir uppistöðulón og deiliskipulag er óunnið. Hér er þáltill. sem krefst þess að litið sé til framtíðar með langtímahagsmuni í huga, bæði hvað varðar mat á náttúruverndargildi og hvað varðar þjóðartekjur. Verndun víðerna norðan Vatnajökuls og Snæfellsþjóðgarður skilar ekki skjótfengnum arði inn í Austurlandsfjórðung en gæti gefið jafnmiklar tekjur þegar frá líða stundir. Ég vil hvetja hæstv. umhvrh. til að taka þessa þáltill. til alvarlegrar skoðunar og gera allt sem í hans valdi stendur til að standa vörð um íslenska náttúru. Við sem lifum í dag eigum ekki rétt á allri kökunni. Við eigum að skila afgangi til barna okkar. Náttúruvernd og eðlilegur hagvöxtur geta farið saman.

Herra forseti. Ég vil vísa tillögunni til síðari umr. og hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 14. mál. — Þskj. 14.

[19:33]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Þó að húmi nú að kvöldi eins og segir einhvers staðar í texta þá ætla ég að nota þetta tækifæri engu að síður og mæla fyrir þessari litlu þáltill. og greiða götu hennar með því til þingnefndar því mér er annara um það þrátt fyrir allt að hún fái þar skoðun og vonandi efnislega en á hvaða tíma dags þetta er rætt og hversu margir eru viðstaddir.

Ég hef leyft mér að endurflytja tillögu sem ég hef reyndar flutt á tveimur síðustu þingum en varð í hvorugt skiptið útrædd. Hið fyrra skiptið kom tillagan seint fram og var ekki við neinn að sakast þó að ekki ynnist tími til að afgreiða hana en af einhverjum ástæðum komst hún heldur eigi frá nefnd á síðasta þingi og nú verður að vona að eigi við hið fornkveðna að allt sé þegar þrennt sé og tillagan fái efnislega afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Hún er ekki svo ýkja stór eða flókin að það ætti ekki að takast á heilum vetri sem fram undan er.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort færa skuli undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði.“

Herra forseti. Ljóst er að það er veruleg skörun á verkefnum ráðuneyta sem fara með þau mál sem tillagan fjallar um, þ.e. lífeyristryggingar og allt sem að því lýtur, lífeyrisréttindi og lög og reglur og samningar sem þar gilda og almannatryggingar og allt sem lýtur að ellilífeyri, örorkubótum og öðrum slíkum þáttum sem almannatryggingakerfið tekur til. Stuðningur við atvinnulausa, atvinnuleysisbætur og annað sem varðar stöðu þeirra sem búa við skerta framfærslu, tekjufall eða tekjuleysi vegna þess að þeir hafa misst atvinnu er hjá félmrn. Sama á við um framfærslustuðning sveitarfélaganna á sama tíma og almannatryggingarnar heyra undir heilbr.- og trmrn. eins og kunnugt er og málefni lífeyrissjóða undir fjmrn.

Loks er það svo að samspil allra þessara þátta við skattkerfið og tekjutengingu bótaliða og tekjutengingu almennt, bæði innan og utan skattkerfisins, er bæði margþætt og flókið mál. Enginn vafi er á því í mínum huga, herra forseti, að eitt af því sem hefur staðið löngu tímabærri endurskoðun og endurskipulagningu þessara mála fyrir þrifum er þessi óheppilega verkaskipting eða öllu heldur deifing þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins þar sem a.m.k. þrjú og jafnvel í sumum tilvikum fjögur ráðuneyti fara með einstök verkefni sem spila inn í þetta samhengi.

Ég tel að hvort tveggja gæti vel komið til greina að stofnað yrði nýtt ráðuneyti sem færi með þennan viðamikla málaflokk sem þar með væri orðinn á einni hendi og yrði býsna stór að umfangi ef allt kæmi saman í eitt sem varðar almannatryggingakerfið, lífeyrisréttindi, málefni atvinnulausra framfærslustuðning sveitarfélaganna og annað þessu tengt.

Hitt er einnig mjög álitlegur kostur að sameina þessi mál undir einu ráðuneyti, t.d. félmrn. sem að mörgu leyti væri þá nærtækt að horfa til. Kemur þar margt til, m.a. það að heilbrrn. er nógu stórt eitt og sér og hefur reyndar oft og iðulega verið á það bent að það sé að ýmsu leyti ekki heppilegt að sama ráðuneyti fari bæði með heilbrigðismál og hins vegar málefni almannatrygginga, þar með talið sjúkratryggingamál og slíka hluti. Ég held að ef ætti að velja eitt af þeim þremur höfuðráðuneytum sem þarna fara með verkefni væri að mörgu leyti nærtækast að það væri félmrn. Með því yrði félmrn. einnig nær því að geta talist einhvers konar innanríkisráðuneyti og oft hefur verið á það bent að slík samræming í Stjórnarráðinu hljóti að koma vel til álita eins og gert hefur verið víða erlendis.

Þá væru hægari heimatökin að samræma löggjöf og stjórnsýslu á þessu flókna sviði en á því er mikil þörf, ekki síst með tilliti til þess að þessi málaflokkur og ekki síst málefni aldraðra eru vaxandi að umfangi í samfélagi okkar og verða á komandi árum.

Nú vill svo til, herra forseti, að einmitt í sjálfum stjórnarsáttmálanum er komið inn á nauðsyn þess að samræma málin á þessu sviði. Ég kann ekki það orðalag utan að. Þó mér sé stjórnarsamningurinn í sjálfu sér hjartfólginn þá hef ég ekki enn komið því í verk að læra hann bókstaflega utan að en það mikið man ég þó og veit að í stjórnarsáttmálanum er einmitt komið inn á það að nauðsynlegt sé á þessu kjörtímabili að vinda bráðan bug að heildarendurskoðun og samræmingu á hinu flókna samspili almannatrygginga, lífeyrisiðgjalda og lífeyrisréttinda og skattalegri umgjörð þessara mála og það er nákvæmlega það sem þessi tillaga kemur inn á. Að inn í slíka skoðun komi einnig sá möguleiki að samræma meðferð þessara mála innan Stjórnarráðsins. Ég trúi ekki öðru, herra forseti, en að menn geti fallist á það að gera þó ekki sé nema úttekt á því sem hér er verið að fara fram á. Hér er ekki verið að slá niðurstöðunni fastri að það verði endilega útkoman að sameina þetta undir eitt ráðuneyti og þaðan af síður hvernig það yrði gert en ég tel það vera sæmilega vel rökstutt að ástæða sé til að fara vandlega yfir það hvort ekki væri til hagðarauka í þessum efnum og gæti auðveldað stjórnsýsluna, bætt meðferð fjármuna og að mörgu leyti gert þessi málefni léttari viðfangs.

Herra forseti. Það er allt í lagi að upplýsa það að kveikjan að þessari tillögu er m.a. sprottin úr starfi sem unnið var í efh.- og viðskn. snemma á síðasta kjörtímabili. Þá hafði nefndin hug á því og setti sér metnaðarfulla verkáætlun um að fara rækilega yfir þetta svið og kortleggja þetta flókna samspil. Nefndarmenn töldu sig ekki öðrum lakari til þess að ráðast í þetta verkefni sem er þó ekkert áhlaupsverk. Við byrjuðum m.a. á þessu með því að kalla til okkar helstu aðila sem voru að vinna að verkefnum á þessu sviði og til okkar komu sérfræðingar úr fjmrn., frá ríkisskattstjóra og aðrir sem annast um skattamálin. Við fengum sérfræðinga frá heilbrrn., úr tryggingageiranum, við fengum fulltrúa samtaka sem þau mál varða sérstaklega, samtaka aldraðra og samtaka fatlaðra og mikið af spesíalistum úr þeirri átt. Síðan komu menn úr félmrn., frá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og frá sveitarfélögunum og þá fór einstaka maður að klóra sér í höfðinu. Það kom á daginn að það var ekkert áhlaupsverk að ná utan um þennan flókna málaflokk og hið mikla samspil þátta sem hafa áhrif hver á annan og jafnvel hin metnaðarfulla og harðduglega efh.- og viðskn. á síðasta kjörtímabili varð að játa sig meira og minna sigraða í því að ná utan um alla enda og alla þræði málsins.

Auðvitað fór maður þá að velta þessum hlutum fyrir sér. Hvernig er þessum hlutum fyrir komið hjá okkur? Er þá ekki von að einhverjum gangi illa að rata um völundarhús kerfisins og skilja til fulls samspil t.d. vaxandi lífeyrisréttinda landsmanna annars vegar og minnkandi útgjalda í almannatryggingakerfinu á móti eftir því sem síður reynir á framfærslutryggingu almannatryggingkerfisins o.s.frv.

Sem sagt, herra forseti, bara til að rökstyðja þetta aðeins nánar þá er það ekki síst vegna þess að núverandi ástand er flókið. Það er ekki skilvirkt. Það vefst enn frekar en ella fyrir mönnum að ráðast í það verk að koma þarna á nauðsynlegri samræmingu og móta einhverja heildarstefnu um það hvernig þessum hlutum verður háttað inn í framtíðina. Það er t.d. alveg augljóst mál að það þarf að endurskoða almannatryggingalögin algerlega frá grunni þó ekkert annað kæmi til en sú breytta staða sem uppsöfnunarkerfi lífeyrisréttinda í landinu er sem óðast að skapa í formi stóraukinna lífeyrisréttinda alls almennings. Segja má að smiðshöggið hafi verið rekið á þá þróun með setningu laga um lífeyrisréttindi eða lífeyrissjóði fyrir einum tveimur árum.

Samt er það þannig að ég held á hverju einasta kjörtímabili líklega sl. fimm kjörtímabil, a.m.k. fjögur, hafa menn í upphafi haft uppi heitingar um það að nú skuli lokið heildarendurskoðun almannatryggingalaganna en jafnoft hefur niðurstaðan orðið sú að það verkefni hefur gufað upp í höndunum á mönnum og enginn afrakstur orðið af því annar en sá að menn hafa verið að krukka í lögin og breyta einu hér og öðru þar enda eru þau að mörgu leyti eins og stagbætt flík þó með fullri virðingu fyrir þeim því að þar er vissulega margt gott að finna.

En burt séð frá allri þessari sögu, sem er mikil, blasa þær aðstæður við okkur í dag að mikil þörf er á því að taka heildstætt á hlutunum. Það hafa allir viðurkennt. Það liggur algerlega fyrir vilji manna til að reyna að gera það, þar á meðal núv. ríkisstjórnar sem hefur sett það í stjórnarsáttmála sinn. Ég bið allra náðarsamlegast um það, herra forseti, að inn í þá skoðun fái að koma athugun á þessum hluta málsins, þ.e. hinu stjórnsýslulega fyrirtæki, skipulagi þessa málaflokks innan Stjórnarráðsins. Mér finnst þetta vera hógvær ósk og trúi varla öðru en við henni sé hægt að verða. Ég vona að Alþingi láti ekki sitt eftir liggja í því að málið fái efnislega afgreiðslu og það rætist að það dugi að flytja þessa tillögu þrisvar til að fá hana afgreidda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 19:47.

13. FUNDUR

miðvikudaginn 20. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, fsp. JóhS, 44. mál, þskj. 44.

2. Breyting á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins, fsp. KolH, 54. mál, þskj. 54.

Til menntamálaráðherra:

3. Breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins, fsp. KPál, 26. mál, þskj. 26.

4. Útsendingar sjónvarpsins, fsp. EKG, 43. mál, þskj. 43.

Til umhverfisráðherra:

5. Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum, fsp. KolH, 34. mál, þskj. 34.

6. Starfsemi kjarnorkuendurvinnslustöðvanna í Dounreay og Sellafield, fsp. KolH, 39. mál, þskj. 39.

7. Gerð vega og vegslóða í óbyggðum, fsp. KolH, 53. mál, þskj. 53.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, fsp. JóhS, 46. mál, þskj. 46.

9. Miðstöð sjúkraflugs á Akureyri, fsp. SJS, 92. mál, þskj. 93.

Til samgönguráðherra:

10. Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga, fsp. KolH, 47. mál, þskj. 47.

11. Langtímaáætlun í jarðgangagerð, fsp. KLM, 61. mál, þskj. 61.

Til fjármálaráðherra:

12. Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni, fsp. SvanJ, 49. mál, þskj. 49.

Til iðnaðarráðherra:

13. Verkefni sem sinna má á landsbyggðinni, fsp. SvanJ, 51. mál, þskj. 51.

Til félagsmálaráðherra:

14. Niðurstöður launakönnunar kjararannsóknarnefndar, fsp. SJS, 60. mál, þskj. 60.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

[13:30]

Útbýting þingskjals:

Reynslusveitarfélög, 109. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 117.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að um kl. 3 í dag fer fram umræða utan dagskrár um fréttir um geymslu kjarnorkuvopna á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, verður til andsvara.

Könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda.

Fsp. JóhS, 44. mál. — Þskj. 44.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Á Alþingi 1997 flutti ég ásamt nokkrum öðrum þingmönnum þáltill. um bætt siðferði í opinberum rekstri sem hafði það að markmiði að skýra betur siðferðisreglur sem gilda í stjórnsýslunni og auka þar ábyrgð, m.a. með því að skýrt væri hvar ábyrgð lægi í stjórnsýslunni og að kannaðar verði þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu. Tillagan var samþykkt í júní 1998 með nokkrum breytingum þó markmiðin væru hin sömu og meginefni samþykktrar þál. um að gerð yrði könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni. M.a. var lagt til að kanna beri hvaða óskráðum efnisreglum stjórnvöldum ber að fylgja þegar skýrum og fastmótuðum settum reglum sleppir og stjórnvöldum er eftirlátið svokallað frjálst mat við töku stjórnvaldsákvarðana.

Auk þess átti að kanna uppbyggingu stjórnkerfisins og að hve miklu leyti eftirlit væri innbyggt í það sjálft og að hve miklu leyti það væri utanaðkomandi. Viðfangsefnið var líka að kanna hvaða afleiðingar réttarbrot í stjórnsýslunni gæti haft, m.a. hvaða viðurlög væru við þeim og hverjir gætu sætt ábyrgð samkvæmt þeim, þar á meðal stjórnsýsluviðurlögum og refsiábyrgð.

Nefnd sem skipa átti til að gera úttekt á og kanna þessi efnisatriði átti að setja fram sjónarmið um leiðir sem færar væru til úrbóta í þeim tilvikum sem gefa tilefni til þess. Skýrslu nefndarinnar átti að leggja fyrir Alþingi fyrir frestun funda á vorþingi 1999. Því hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. forsrh. eftirfarandi fyrirspurn:

„1. Hverjar eru helstu niðurstöður nefndar sem skipa átti samkvæmt þingsályktun Alþingis frá 2. júní 1998 til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu?

2. Hvenær verður skýrsla nefndarinnar lögð fyrir Alþingi, en samkvæmt framangreindri þingsályktun átti að leggja hana fyrir Alþingi fyrir frestun funda á vorþingi 1999?

3. Hvernig hyggst ráðherra framfylgja niðurstöðum nefndarinnar?“

[13:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, hefur beint til mín svohljóðandi fyrirspurn á þskj. 44.

„1. Hverjar eru helstu niðurstöður nefndar sem skipa átti samkvæmt þingsályktun Alþingis frá 2. júní 1998 til að kanna starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu?

2. Hvenær verður skýrsla nefndarinnar lögð fyrir Alþingi, en samkvæmt framangreindri þingsályktun átti að leggja hana fyrir Alþingi fyrir frestun funda á vorþingi 1999?

3. Hvernig hyggst ráðherra framfylgja niðurstöðum nefndarinnar?“

Nefnd sú sem hér er til umræðu var í samræmi við ályktun Alþingis skipuð þann 19. ágúst 1998 þeim Páli Hreinssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, sem jafnframt var skipaður formaður, Ragnari Arnalds, páv. alþm. og Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanni.

Samkvæmt ályktun Alþingis fólst viðfangsefni nefndarinnar í að kanna gildandi réttarástand á tilteknum sviðum

stjórnsýslunnar og semja um það skýrslu. Verkefni nefndarinnar var því nokkuð óvenjulegt og ólíkt öðrum úttektum sem þingið óskar stundum eftir og reyndist nefndinni drýgra en svo að henni tækist að gera því viðunandi skil fyrir frestun þingfunda á liðnu vorþingi. Með mínu leyfi var því orðið við beiðni nefndarinnar um að hún fengi að miða störf sín við að skýrsla hennar yrði lögð fyrir yfirstandandi haustþing.

Í tilefni af fram kominni fyrirspurn hef ég kannað hvað störfum nefndarinnar líði og hef fengið upplýst að gerð skýrslu hennar sé nú á lokastigum og telji á annað hundrað síður. Engin ástæða er því til að ætla annað en takast megi að leggja skýrslu nefndarinnar fyrir þingið á næstunni. Meðan skýrslan hefur ekki verið afhent mér get ég hins vegar ekki svarað til um hverjar helstu niðurstöður hennar muni verða og þá auðvitað enn síður hvernig við slíkum niðurstöðum yrði brugðist.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir því að sú skýrsla sem Alþingi kallaði eftir 1998 og átti að vera tilbúin á vorþingi 1999 sé ekki tilbúin. Hæstv. forsrh. hefur fært fram rök fyrir því og það er ljóst af máli hæstv. forsrh. að vinna nefndarinnar sem skipuð var er vel á veg komin og ég samþykki fullkomlega rök ráðherrans að efni þessarar þáltill. er mjög viðamikið þannig að það getur auðvitað tekið tímann að vinna hana.

Ég tel mikilvægt að þessi vinna sé í gangi og henni ljúki senn. Það er mjög mikilvægt að fá fram slíkar reglur og ný vinnubrögð raunverulega í stjórnsýslunni sem þáltill. kallar eftir og ég vænti þess að því verði fylgt fast eftir af hæstv. forsrh. að skýrslan verði lögð sem fyrst fyrir þingið eins og þáltill. kveður á um.

Breyting á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

Fsp. KolH, 54. mál. — Þskj. 54.

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín lýtur að reglugerð frá Stjórnarráði Íslands varðandi ráðuneyti og verksvið ráðuneyta. Hún er svohljóðandi:

„Hvaða ástæður liggja til þess að mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála hafa verið tekin frá umhverfisráðuneytinu og færð til utanríkisráðuneytis með 2. gr. auglýsingar nr. 73 28. maí 1999?"

Auglýsingin sem hér er vitnað til varðar eins og kunnugt er verksvið utanrrn. en 8. tölul. reglugerðarinnar fjallar um ráðuneyti og verksvið þeirra og er svohljóðandi, þ.e. 8. tölul. í þeirri verkefnaupptalningu sem heyrði undir umhvrn:

„Alþjóðasamskipti og samvinna á sviði umhverfismála."

Virðulegi forseti. Mig fýsir að heyra skýringar á því að þessi auglýsing er birt og sá stóri þáttur að mínu mati á verksviði umhvrn. er færður til á þennan hátt. Ég hefði talið það eðlilegt að umsýsla með alþjóðasamninga á sviði umhverfismála heyrði undir hæstv. umhvrh. og umhvrn., en óska eftir því að hæstv. forsrh. skýri fyrir okkur tilurð og ástæðu þessarar auglýsingar og breytingar.

[13:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Svarið við spurningu hv. þm. er að utanrrn. fer samkvæmt lögum um utanríkisþjónustuna og reglugerð um Stjórnarráðið með samningagerð við önnur ríki og aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum er varða opinbera hagsmuni og ekki fellur undir annað ráðuneyti samkvæmt lögum, reglugerðinni um Stjórnarráðið eða eðli máls.

Samkvæmt þessu fer utanrrn. að meginstefnu til með öll mál er varða samskipti við önnur ríki og fjölþjóðastofnanir og hefur fyrirsvar gagnvart þeim fyrir hönd íslenska ríkisins út á við. Bæði lög um utanríkisþjónustuna og stjórnarráðsreglugerðin geyma heimildir til að víkja frá þessari meginreglu. Slík frávik hafa þó ekki verið gerð nema í algerum undantekningartilvikum, enda standa veigamikil rök til þess að hafa utanríkismál og samningagerð við önnur ríki á einni hendi.

Segja má að þessi frávísunarheimild hafi ekki verið nýtt nema í tveimur undantekningartilvikum. Annars vegar hefur viðskrn. farið með mál er varða skipti Íslands við alþjóðleg efnahagssamtök og fjármálastofnanir. Til þess liggja sögulegar ástæður þar eð viðskrn. fór lengst af með málefni allrar milliríkjaverslunar og samvinnu við önnur ríki og fjölþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála. Af þeim sökum hafa samskipti við nokkrar slíkar heyrt undir viðskrh. en þróun á síðari árum hefur þó orðið sú að mál er þær varða hafa eitt af öðru verið flutt til utanrrn. þar á meðal um Efnahags- og samvinnustofnun og Þróunarstofnun OECD, en það var gert 1994, og Alþjóðabankann og systurstofnanir hans en það var flutt 1996.

Hins vegar var umhvrn. til skamms tíma falið sérstaklega að fara með mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála. Þetta ákvæði var tekið í stjórnarráðsreglugerðina við stofnun umhvrn. 1990 og hlýtur að teljast nokkuð einstakt í sinni röð. Það á sér reyndar ákveðnar skýringar í því hversu erfiðlega þáverandi ríkisstjórn gekk að færa verkefni til hins nýja ráðuneytis, eins og þeir muna sem fylgdust með aðdragandanum að stofnun þess. Ekkert annað ráðuneyti býr hins vegar að slíku ákvæði, enda var það bæði óljóst samkvæmt efni sínu og féll ekki vel að því kerfi sem reglugerðin gerir að öðru leyti ráð fyrir.

Enda þótt sams konar ákvæði um alþjóðlegt samstarf sé ekki að finna í upptalningu mála er önnur ráðuneyti fara með hafa þau vitaskuld ekki farið varhluta af þeim vexti sem verið hefur í alþjóðlegum samskiptum síðustu áratugina og fundum æðstu ráðamanna á þeim vettvangi. Flest eða öll ráðuneytin eiga nú í einhvers konar samstarfi við önnur ríki og fjölþjóðastofnanir af ýmsu tagi, enda tekur stefnumótun í vaxandi mæli og á æ fleiri sviðum mið af þróun mála á alþjóðavettvangi. Að þessu leyti eru alþjóðleg samskipti umhvrn. ekki frábrugðin störfum annarra ráðuneyta.

Ákvæðið um að umhvrn. færi með mál er varða alþjóðasamskipti og samvinnu á sviði umhverfismála þótti hins vegar óeðlilegt með tilliti til þess skipulags sem reglugerð um Stjórnarráðið gerir að öðru leyti ráð fyrir, bæði gagnvart utanrrn. og öðrum ráðuneytum. Í framkvæmd er þó ekki gert ráð fyrir að brottfall þess valdi neinum stórvægilegum breytingum í daglegum störfum ráðuneytisins.

Í þessu efni er mikilvægt að gera greinarmun á því með hvaða hætti utanrrn. annars vegar og fagráðuneytin hins vegar koma að alþjóðlegu starfi. Aðkoma fagráðuneytanna að

slíku starfi er ólík aðkomu og ábyrgð utanrrn. með tilliti til þess forustu- og samræmingarhlutverks sem því er ætlað að gegna, bæði inn á við og út á við, gagnvart öðrum ríkjum og fjölþjóðastofnunum. Þannig verður til að mynda að gera kröfu til að utanrrn. hafi á hverjum tíma yfirsýn yfir þróun mála á alþjóðavettvangi og sjái til þess að hagsmuna okkar sé gætt þar eftir því sem þörf krefur. Slík yfirsýn fæst ekki nema yfirstjórn utanríkismála sé sem mest á einni hendi.

Þá er samningagerð við önnur ríki og fjölþjóðlegar stofnanir í eðli sínu flókið tæknilegt viðfangsefni. Eðlilegt er því að hún sé almennt á einni hendi og sérfræðiþekking í gerð þeirra byggð upp á einum stað. Á hinn bóginn hlýtur eðli málsins samkvæmt mjög að vera byggt á sérfræðiþekkingu starfsmanna einstakra ráðuneyta í alþjóðlegu starfi, bæði við undirbúning og framkvæmd samninga. Enn fremur hlýtur mjög að vera byggt á mati þeirra á því hvenær sé rétt og tímabært að fullgilda skuldbindingar íslenskra stjórnvalda gagnvart erlendum aðilum. Þannig hafa umhvrn. og stofnanir er undir það heyra til að mynda sinnt samskiptum við Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, skrifstofu nefndar um sjálfbæra þróun og skrifstofur alþjóðlegra umhverfissamninga um loftslagsbreytingar, líffræðilega fjölbreytni, varnir gegn mengun hafsins, loftmengun og náttúruvernd, og verður svo áfram.

Að þessu sögðu vil ég aðeins ítreka að breytingin sem gerð var á stjórnarráðsreglugerðinni hinn 28. maí sl. miðar samkvæmt þessu ekki að öðru en því að skýra línur í verkaskiptingu og ábyrgð hvors ráðuneytis um sig, umhvrn. og utanrrn., og taka af tvímæli um þá verkaskiptingu og samstarf sem í framkvæmd hefur verið viðhöfð milli ráðuneytanna tveggja um alllanga hríð.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka skýringu hæstv. forsrh. og ég tel hana fullnægja mér. Það er að því leytinu til gott að heyra hæstv. forsrh. segja að ekki hafi verið um neina gengisfellingu á umhvrn. að ræða eða verksviðum þess sem hvarflaði að mér við lestur þessarar auglýsingar á sínum tíma.

Hins vegar er skondið til þess að vita að á sínum tíma þegar umhvrn. var sett á fót á Íslandi skuli verkefnafæð þess hafa verið það mikil eða erfiðleikarnir við að finna verkefni sem heyrðu undir ráðuneytið, að þess vegna hafi línan um alþjóðasamningana verið sett undir ráðuneytið til þess að línurnar yrðu fleiri.

En mér þykir gott að heyra það frá hæstv. forsrh. að ekki er verið að minnka forsjá hæstv. umhvrh. og hans ráðuneytis á málefnum er tengjast og heyra undir það. Ég þakka því svar hæstv. forsrh.

[13:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Orð mín um þann vanda að finna umhvrn. verkefni á sínum tíma á ekki að skilja svo að verkefnaþurrð hafi verið í þjóðfélaginu gagnvart því ráðuneyti. Hins vegar var til ráðuneytisins stofnað og þá voru verkefnin eðli málsins samkvæmt, fyrir stofnun þess, hjá öðrum ráðuneytum og þurfti þá að taka þau af öðrum ráðuneytum sem höfðu sinnt þeim kannski bærilega vel fram að því. Það var út af fyrir sig ekkert undarlegt að það hefði nokkurn aðdraganda og nokkra erfiðleika í för með sér.

Breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins.

Fsp. KPál, 26. mál. — Þskj. 26.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ríkisútvarpið hefur frá fyrsta degi starfsemi sinnar verið sannkallað óskabarn þjóðarinnar. Þar hefur íslensk menning fengið að þroskast og margir okkar helstu andans menn stigið sín fyrstu skref. Með Ríkisútvarpið sem eina ljósvakamiðil þjóðarinnar þar til á síðasta áratug náðist um það mikil sátt og starfsemi þess þróaðist í takt við þjóðarviljann. Ríkisreknir ljósvakamiðlar eru ekkert einsdæmi eins og allir vita. Margir slíkir lifa góðu lífi í hinum vestræna heimi. Má þar nefna BBC, breska ríkisfjölmiðilinn, sem staðið hefur af sér alla samkeppni síðustu áratuga.

Ríkisrekstur ljósvakamiðla með pólitískt kjörnum eftirlitsmönnum er þó fyrirkomulag sem stenst varla tímans tönn og er barn síns tíma. Hjá flestum fyrirtækjum í ríkiseigu sem taka þurfa þátt í þeirri miklu samkeppni sem ríkir er talið lífsnauðsynlegt að rekstrarformi fyrirtækjanna sé breytt í hlutafélagaform eða þau seld einkaaðilum með ákveðnum skyldum. Hvor leiðin um sig stefnir að nútímastjórnunarháttum með stuttum boðleiðum og námkvæmri skilgreiningu á hver beri ábyrgðina á rekstri fyrirtækisins.

Allir sjá hve þunglamalegt það er að hafa í stjórn fjölda pólitískt kjörinna eftirlitsmanna yfir Ríkisútvarpinu sem taka ákvarðanir með pólitíska stefnu flokkanna að leiðarljósi. Slíkt er ekki lengur trúverðugt. Það hefur m.a. sýnt sig í ráðningarmálum þar sem margsinnis hafa opinberast póltískar fylkingar nefndarmanna í útvarpsráði.

Það gefur augaleið að allar ákvarðanir sem geta skipt sköpum fyrir stofnunina taka of langan tíma. Þróunin verður því óhjákvæmilega sú að ákvarðanir eru teknar seint eða alls ekki. Ég tel að fyrir áhorfendur Ríkissjónvarpsins sé nokkuð augljóst að það er að tapa samkeppninni við Stöð 2. Það er ekki vegna þess að starfsmenn RÚV hafi ekki áhuga heldur fær það frumkvæði og kraftur sem í fólkinu býr ekki notið sín í stöðnuðu og niðurnjörvuðu kerfi ríkisrekstrarins. Ég tel því að til að efla og styrkja þetta óskabarn þjóðarinnar verði að bjarga því úr þessum fjötrum og veita því frelsi sem allur nútímarekstur þarf nauðsynlega á að halda ef hann á að þrífast í samkeppni sem hefur engin landamæri lengur.

Herra forseti. Mín skoðun er sú að leggja beri niður útvarpsráð sem er bastarður í þessum rekstri og færa rekstrurinn yfir í hlutafélagaformið. Því fyrr sem það gerist því betra. Skipa þarf stjórn yfir reksturinn þar sem útvarpsstjóri væri forstjórinn. Það er nægjanleg breyting að mínu áliti til að byrja með. Sú regla að skylda heimili til áskriftar að RÚV hlyti að verða næsta vers. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Eru uppi hugmyndir í ráðuneytinu um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag?

2. Hafa einhverjar aðrar hugmyndir komið fram um breytingar á rekstrarformi þess og þá hverjar?“

[13:48]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er tveggja spurninga:

„1. Eru uppi hugmyndir í ráðuneytinu um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag?

2. Hafa einhverjar aðrar hugmyndir komið fram um breytingar á rekstrarformi þess og þá hverjar?“

Ég kýs að svara þessum spurningum saman því að svarið við þeirri fyrri útilokar hina síðari.

Útvarpsstjóri ritaði mér bréf, dagsett 20. maí 1998. Þar skýrir hann frá því að í júní 1996 hafi framkvæmdastjórar Ríkisútvarpsins og þáverandi útvarpsstjóri samþykkt að skipa starfshóp til að móta framtíðarsýn stofnunarinnar til ársins 2005. Skilaði hópurinn skýrslu 5. desember 1996 og var hún lögð fram í útvarpsráði 13. janúar 1997.

Í þessari skýrslu er lagt til að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag, m.a. með þessum rökum og vitna ég orðrétt í skýrsluna, með leyfi hæstv. forseta:

„Líklegt er að Ríkisútvarpið þurfi að auka þjónustu til að verja hlut sinn. Frá sjónarmiði Ríkisútvarpsins verða ný lög að tryggja að það geti brugðist við nýjum ófyrirséðum aðstæðum með skjótum hætti. Það er skoðun hópsins að það verði best gert með því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi í eigu ríkisins. Þannig verði rekstrarlegur sveigjanleiki best tryggður."

Í þessu bréfi útvarpsstjóra frá 20. maí 1998 fer hann þess á leit að þessi niðurstaða starfshópsins komi til umfjöllunar hjá stjórnvöldum við endurskoðun útvarpslaga. Segir hann að tillagan um að stofna hlutafélag sé fram komin til að styrkja Ríkisútvarpið í vaxandi samkeppni.

Á síðasta þingi lagði ég fram frv. til laga um almennan hluta útvarpslaga ef þannig má að orði komast. Vilji minn stendur til þess að endurflytja það á þessu þingi, en þar er ekki tekið á málum Ríkisútvarpsins sérstaklega.

Á vettvangi menntmrn. hefur verið unnið að því að útfæra hugmyndina um Ríkisútvarpið sem hlutafélag í eigu ríkisins. Hafa verið samin drög að frv. og þau kynnt forráðamönnum Ríkisútvarpsins. Málið er enn á vinnslustigi innan ráðuneytisins og ræðst af pólitísku mati hvort það verður lagt fyrir Alþingi eða ekki.

Ég hef hvað eftir annað lýst þeirri skoðun minni að um breytingar á Ríkisútvarpinu verði að ríkja víðtæk pólitísk sátt. Það stafar af eðli stofnunarinnar. Ég hef einnig sagt oftar en einu sinni að kröfur einkarekstrar verði að fá að njóta sín meira í starfsemi Ríkisútvarpsins. Raunar er auðvelt að færa fyrir því rök að andstæðingar breytinga á Ríkisútvarpinu séu að ganga erinda keppinauta þess.

[13:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Af hverju stendur ríkissjóður Íslands í útvarps- og sjónvarpsrekstri? Af hverju gefur hann ekki út dagblað eða sér um internetið?

Menn hafa rætt um hlutverk ríkisfjölmiðlanna, þ.e. öryggishlutverk, upplýsingahlutverk, fræðsluhlutverk og menningarhlutverk. Ég má ekki gleyma uppeldishlutverkinu. Útvarpið er að ala mig upp sem fullorðinn mann með því að kenna mér góða siði. (**SJS:** Það veitir nú ekki af.) Ég legg til að menn skilgreini þessi hlutverk og þessi verkefni, gefi útvarpið og sjónvarpið starfsmönnunum og síðan verði þessi verkefni boðin út sem starfsmennirnir munu væntanlega getað boðið best í. Ég skora á hæstv. menntmrh. að skilgreina hlutverkin og bjóða út verkefnin í stað þess að gæla við að búa til nýja stöð.

[13:52]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda spurninguna sem hann lagði fyrir hæstv. menntmrh. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið og verð að segja að í svari hans sé nokkur dagskíma við sjóndeildarhringinn varðandi rekstur þessa ágæta ríkisfyrirtækis.

Ég er sammála honum í því að auðvitað verður að vera víðtæk almenn sátt um rekstur Ríkisútvarpsins. Svo er hins vegar ekki. Það er með ólíkindum hversu seint þau mál sem eru alger innanhússmál Ríkisútvarpsins berast til yfirmanna stofnunarinnar. Þeir vita ekki af því hvað er að gerast þar inni. Aðrir fjölmiðlar flytja fréttir af gangi mála innan Ríkisútvarpsins. Mórallinn innan þessa fyrirtækis er með slíkum ólíkindum að það eitt réttlætir að á þessum málum verði tekið og ég vona að hæstv. menntmrh. láti athöfn fylgja orðum þannig að þessari ágætu stofnun verði komið á viðunandi rekstrargrunn í því frjálsræði sem hér ríkir.

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta leikrit sjálfstæðismanna í málefnum Ríkisútvarpsins hér er kostulegt. Það er stórbrotið að sjá Sjálfstfl. draga upp um sig sauðargæru þegar kemur að málefnum þessarar stofnunar. Það að leggja niður útvarpsráð og háeffa útvarpið væri auðvitað ekkert annað en undirbúningur þess að einkavæða eða fullkomna einkavinavæðingu Ríkisútvarsins sem er á fullri ferð í tíð Sjálfstfl. Sjálfstfl. á að láta Ríkisútvarpið í friði, hætta að leggja það í einelti og hætta að reyna að eyðileggja það innan frá. Ætli það geti ekki verið ein ástæðan fyrir því að mórallinn er þar ekki eins og skyldi. (Gripið fram í.)

Hvað ætla menn að gera á landsfundum Sjálfstfl. ef engin verður Rás 2 og ekki hægt að heimta að hún verði seld? Hvað ætla Heimdallur og SUS þá að hafa fyrir stafni? Ég held að sjálfstæðismönnum væri sæmra að hætta þessum skrípaleik og skammast sín fyrir framkomuna við Ríkisútvarpið.

[13:54]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt. Það þarf að vera víðtæk pólitísk sátt um Ríkisútvarpið. Svo er ekki. Útvarpið liggur undir mikilli gagnrýni vegna ýmissa hluta. En það sem ég vildi spyrja hæstv. menntmrh. um, fyrst hér er verið að tala um rekstur Ríkisútvarpsins, varðar nýja sjónvarpsrás. Ef marka má fréttaflutning þá er í undirbúningi að Ríkisútvarpið hefji útsendingar á annarri sjónvarpsrás. Það er ljóst að ekki eru allir sammála um nauðsyn þess að Ríkisútvarpið sé með tvær sjónvarpsrásir í stað einnar. Því vil ég fá að vita hvert viðhorf hæstv. menntmrh. er. Lýsir hann stuðningi við hina nýju sjónvarpsrás?

[13:56]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan. Hins vegar mátti af þeim ráða að allt frumkvæði að fyrirhugaðri hlutafélagavæðingu væri komið frá útvarpinu sjálfu. Hæstv. ráðherra flutti mál sitt þannig að í kjölfar þess hafi ráðuneytið sett af stað einhvers konar vinnu.

Virðulegi forseti. Ég ætla svo sem ekkert að tjá mig um hvað ég tel besta rekstrarformið á útvarpinu. Hins vegar verður útvarpið ekki endurskilgreint með því einu að hengja háeff fyrir aftan stofnunina. Það er alveg af og frá. Ég held að það væri miklu eðlilegra að hæstv. ráðherra reyndi að skýra og skilgreina nákvæmlega hvert hann telji markmiðið með rekstri stofnunarinnar fremur en að koma hér upp, að mínu viti, með örlítið ódýrum hætti. Hann reynir að koma því inn hjá þjóðinni að markmið hans að gera þessa stofnun

að hlutafélagi sé að frumkvæði útvarpsstjóra og hann hafi ekkert með það að gera.

[13:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér ber á góma er alvarlegt og um það ríkir ekki pólitísk sátt. Ég kem upp í tilefni orða hv. þm. Péturs Blöndals um menningarlegt og uppeldislegt hlutverk Ríkisútvarpsins. Það er óumdeilanlega hlutverk Ríkisútvarpsins að vera menningarstofnun. Það er í lögum um ríkisútvarp og ég hef ætíð litið svo á að útvarpið beri þá skyldu hvað þyngst á herðum að útvarpa um land allt menningarefni, dægurmenningarefni og klassísku menningarefni. Það er skylda okkar stjórnmálamanna að standa vörð um þetta hlutverk Ríkisútvarpsins.

Við vitum að í útlöndum hafa stórar ríkisstofnanir menningarlegu hlutverki að gegna og hafa sinnt þeirri skyldu af mikilli reisn. Ég á þá von til handa Ríkisútvarpinu að stjórnmálamenn á Íslandi standi með þessu hlutverki Ríkisútvarpsins, geri því kleift að halda áfram að vera ríkisstofnun og efli menningarlegt og uppeldislegt hlutverk þess.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans og hv. þingmönnum fyrir þátttökuna í þessari umræðu. Maður heyrir að sjálfsögðu í þessum sal að mjög skiptar skoðanir eru um þetta mál og svo hefur lengi verið. Ég held samt að öllum sem tala hér sé annt um velferð stofnunarinnar og um að hún sem slík fái tækifæri til að taka þátt í þeirri samkeppni og eðlilegum rekstri sem fyrirtækjum á sama sviði gefst færi á, þ.e samstarfi. Við vitum vel að ríkisstofnunum eru ýmsar skorður settar í að taka þátt í samstarfi og stofnun fyrirtækja sem önnur fyrirtæki í sama rekstri geta nýtt sér. Það var ein af ástæðunum fyrir því að menn töldu nauðsynlegt að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Það gilda í rauninni nákvæmlega sömu rök fyrir Ríkisútvarpið sem stofnun eins og fyrir Póst og síma á sínum tíma.

Herra forseti. Þess vegna vil ég fagna yfirlýsingu hæstv. menntmrh. um að verið sé að vinna að því að leggja fram frv. í þinginu síðar. Ég vona að þau drög verði til þess að samstaða náist um þetta mál í þinginu. Ég tek undir það að mjög nauðsynlegt er að mjög góð samstaða sé um þær breytingar sem ég tel nauðsynlegar og hef talað fyrir.

Ég vil mótmæla orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að verið sé að leggja Ríkisútvarpið í einelti. Það er af og frá. Fyrst og fremst er verið að leita leiða til þess að styrkja þessa stofnun. Ég kalla það sérlega mikla skammsýni og í raun öfugmæli að tala um umræðu um þessa virðulegu stofnun sem einelti.

[14:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég held að menn hafi getað heyrt að skemmst náum við í umræðum um Ríkisútvarpið ef við tileinkum okkur málflutning eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon um málefni Ríkisútvarpsins. Slíkur málflutningur er síst til þess fallinn að taka á málefnum þess í ljósi þeirrar stöðu og þeirra verkefna sem blasa við stofnuninni.

Varðandi spurningar um nýja sjónvarpsrás hef ég þegar svarað því að ég er ekki talsmaður þess að Ríkisútvarpið hefji útsendingu á nýrri sjónvarpsrás. Ég hef hins vegar bent á að allt umhverfi í sjónvarpsrekstri er að taka miklum breytingum. Rásunum á eftir að fjölga um tugi ef ekki hundruð á næstu árum þegar stafrænt kerfi verður tekið upp. Þá verður spurningin: Hvernig ætlum við að standa að því að framleiða gott íslenskt efni fyrir allar þær rásir? Hvernig ætlar ríkissjóður að koma að því? Ætlar ríkisvaldið að koma að því? Ætla stjórnmálamenn að koma að því? Það má frekar velta því fyrir sér en því hvernig einstökum stofnunum er háttað. Markmiðið með þessu starfi, ef ríkið kemur að þessum verkefnum, hlýtur að vera að tryggja að framleitt sé gott íslenskt efni fyrir íslenska áhorfendur og áheyrendur en ekki hitt að stofnanir, sem hafa kannski ekki staðist tímans tönn, lifi áfram. Það verða menn að hafa í huga þegar þeir ræða þessi mál og þær miklu breytingar sem fram undan eru á þessu sviði. Umhverfið er að gjörbreytast. Ein rás til eða frá skiptir ekki meginmáli í því efni.

Spurt var um ákveðin atriði og ég hef svarað þeim. Ég hef lýst því hvernig þetta hefur borið að ráðuneytinu með formlegum hætti frá Ríkisútvarpinu. Það er alveg ljóst að forustumenn Ríkisútvarpsins hafa sett fram þá ósk að því verði breytt í hlutafélag.

Endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.

Fsp. KolH, 34. mál. — Þskj. 34.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er er í lögunum um mat á umhverfisáhrifum ákvæði sem gerir stjórnvöldum skylt að endurskoða lögin eigi síðar en samfara endurskoðun á skipulags- og byggingarlögum. Sú endurskoðun fór fram árið 1997 og hefur endurskoðun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum því dregist í tvö ár. Af því tilefni spyr ég hæstv. umhvrh.:

„1. Hvað veldur því að ekki hefur enn verið lagt fram frumvarp til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli um að endurskoðun laga nr. 63/1993 færi fram jafnhliða endurskoðun skipulags- og byggingarlaga sem lokið var með lagasetningu vorið 1997?

2. Hvenær hyggst ráðherra leggja frumvarpið fram og hvenær er áætlað að lögin öðlist gildi?

3. Hvaða þýðingu hafa ákvæði tilskipunar ESB nr. 97/11/EC frá 3. mars 1997, sem Íslandi bar að lögfesta í síðasta lagi 15. mars 1999, fyrir stöðu og framkvæmd laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum?"

Varðandi þessa tilskipun ESB nr. 97/11/EC þá lýtur hún að því að ríkjum þeim sem aðild eiga að EES-samningnum er gert að hlíta reglum sem Evrópusambandið setti árið 1997 og gaf ríkjunum umþóttunartíma til 15. mars 1999 með að lögfesta. Að mínu viti hefur hér orðið misbrestur á. Íslensk stjórnvöld hefðu átt að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum og koma þessum nýju reglum frá EES inn í viðkomandi lög. Það hefur ekki verið gert og það er tilefni þessarar fyrirspurnar.

[14:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur beint til mín fyrirspurn sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvað veldur því að ekki hefur enn verið lagt fram frumvarp til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum þrátt fyrir skýlaus lagafyrirmæli um að endurskoðun laga nr. 63/1993

færi fram jafnhliða endurskoðun skipulags- og byggingarlaga sem lokið var með lagasetningu vorið 1997?"

Því er til að svara að við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga sem leiddi til skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 sem öðluðust gildi 1. janúar 1998 var horfið frá því að endurskoða lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, samtímis. Það byggðist á því áliti, eins og fram kom í frv. til skipulags- og byggingarlaga, að lítil reynsla væri komin á framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum sem tóku gildi 1. maí 1994 og því væri ótímabært að endurskoða þau. Því er ljóst að þegar hefur verið gerð grein fyrir því á Alþingi, eins og áður segir, af hverju skipulags- og byggingarlög og lög um mat á umhverfisáhrifum voru ekki endurskoðuð samtímis og felld saman. Engar athugasemdir komu fram við þetta við meðferð skipulags- og byggingarlaga, hvorki í almennum umræðum né frá umhverfisnefndinni.

Þann 30. október 1997 skipaði Guðmundur Bjarnason, páv. umhvrh., nefnd sem fengið var það hlutverk að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, með síðari breytingum í ljósi fenginnar reynslu liðinna ára og nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins nr. 97/11, um breytingu á tilskipun 85/337. Nefndin skilaði tillögum sínum í formi endurskoðaðra laga með bréfi dagsettu 10. desember 1998.

Frv. það sem unnið var á vegum stjórnskipaðrar nefndar og áður er nefnt var lagt fyrir ríkisstjórn með nokkrum breytingum stuttu fyrir þinglok á næstsíðasta löggjafarþingi en ekki vannst tími til að leggja það fyrir Alþingi þar sem þingið var óvenju stutt vegna alþingiskosninga. Frv. hefur verið til umfjöllunar í ráðuneytinu og hefur ráðuneytið í sumar og haust leitað umsagna þeirra aðila sem sérstaklega eru undir lögin settir með það fyrir augum að reyna að einfalda matsferli og stjórnsýslu á þessu sviði. Síðustu umsagna er að vænta á næstu dögum.

2. liður spurningarinnar hljóðar svona:

„Hvenær hyggst ráðherra leggja frv. fram og hvenær er áætlað að lögin öðlist gildi?"

Því er til að svara að reiknað er með því að frv. verði lagt fram á næstu vikum þegar unnið hefur verið úr umsögnum sem borist hafa ráðuneytinu. Á þessari stundu er erfitt að áætla hvenær nýju lögin taka gildi. Það fer að sjálfsögðu eftir vinnunni hér á hinu háa Alþingi.

Varðandi þriðju spurninguna er því til að svara að það er misskilningur að Ísland hafi þurft að lögfesta í síðasta lagi 15. mars umrædda tilskipun Evrópusambandsins, heldur öðlaðist tilskipunin gildi 15. mars sl. í Evrópusambandslöndunum. Þótt Ísland hafi áður ákveðið að lögtaka ákvæði umræddrar tilskipunar þurfti áður en til löggildingar kæmi að taka málið upp í sameiginlegu EES-nefndinni. Það var gert 28. febrúar sl. og ber þá EES-löndunum í framhaldinu að lögleiða tilskipunina innan sex mánaða. Samkvæmt þeim reglum hefði það því átt að gerast fyrir lok ágústmánaðar. Talsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA funduðu með fulltrúum umhvrn. 16. júní sl. og var þeim gerð grein fyrir því að þar sem þinghald stæði ekki á Íslandi yfir sumarmánuðina væri útséð um að tækist að lögleiða tilskipunina fyrir lok ágústmánaðar en frv. yrði lagt fram í haust. Þeir gerðu ekki athugasemdir við það.

Það er mjög langt mál að gera nákvæma grein fyrir þýðingu ákvæða tilskipunarinnar fyrir stöðu og framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum hér á landi. Hins vegar er ljóst að þær breytingar sem þar koma fram eru í frv. sem verður lagt fram innan nokkurra vikna, enda er markmið frv. m.a. að uppfylla þær skyldur sem íslenska ríkið tók á sig með EES-samningnum. Sem dæmi um breytingar má nefna að ráðherra er veitt heimild, þegar fleiri en ein framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði, til að meta umhverfisáhrif þeirra sameiginlega. Ráðherra er einnig heimilt að undanskilja ákveðnar framkvæmdir á ákvæðum laganna að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í stað 6. gr. núverandi laga, sem veitir ráðherra heimild til þess að ákveða að tilteknar framkvæmdir fari í mat þó ekki séu þær taldar upp í 5. gr. laganna, er lagt til að II. viðauki tilskipunarinnar verði lögleiddur. Samkvæmt honum ber að tilkynna um allar framkvæmdir sem undir listann falla. Það er síðan ákvörðun Skipulagsstofnunar hvort framkvæmdin skuli háð mati en ekki ráðherra eins og nú. Þetta eru einungis fá dæmi um það sem er í væntanlegu frv.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir þau svör sem hér voru gefin. Ég hlakka til að fá að sjá þetta frv. sem við eigum sem sagt von á að fá lagt fram á næstu vikum.

Virðulegi forseti. Mér þykir þó vert að gera athugasemd við þau orð hæstv. umhvrh. að komið hafi fram í máli manna að ótímabært hafi verið árið 1997 að endurskoða lögin um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt mínum upplýsingum veit ég að frv. hefur verið á sveimi og til umsagnar ansi lengi. Mér er engin launung á því að það sem liggur að baki þessari fyrirspurn er bráðabirgðaákvæði II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum, bráðabirgðaákvæði sem við höfum deilt um varðandi lögformlegt umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun. Að mínu áliti er líftími þess ákvæðis orðinn tveimur árum lengri en upphaflega var hugsað og tveimur árum lengri en góðu hófi gegnir.

Mér er kunnugt um að frv. sem verið hefur til umræðu og í umsagnarferli hefur ekki að geyma þetta bráðabirgðaákvæði. Þess vegna vek ég athygli á þessu nú, að í hv. umhvn. Alþingis er til umræðu þetta sérstaka bráðabirgðaákvæði og þáltill. um að lögformlegt mat fari fram á Fljótsdalsvirkjun.

Virðulegi forseti. Það lítur óneitanlega út fyrir að stjórnvöld ætli sér að draga lappirnar í þessu máli og fresta því að leggja fram nýtt frv. þar til tryggt sé að Fljótsdalsvirkjun fari í gegn á bráðabirgðaákvæði í núgildandi lögum sem löngu er orðið úrelt.

[14:12]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil einungis ítreka að við endurskoðun skipulags- og byggingarlaga var ákveðið að hverfa frá því að endurskoða lögin um mat á umhverfisáhrifum þar sem menn vildu sjá hvernig þau virkuðu í reynd. Nú er hins vegar búið að vinna í því máli um nokkurn tíma. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, Kolbrúnu Halldórsdóttur. En við höfum ekki klárað það í umhvrn. Við erum enn að skoða það og enn að vinna það, erum enn að fá inn umsagnir frá aðilum sem lögin munu taka tillit til.

Ég ítreka það að von er á þessu frv. þegar við höfum farið yfir það endanlega í umhvrn. Það er stefnt að því að leggja það fram á næstu vikum.

Útsendingar sjónvarpsins.

Fsp. EKG, 43. mál. — Þskj. 43.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Nú eru liðin rúmlega 30 ár síðan sjónvarpsútsendingar á vegum Ríkisútvarpsins hófust hér á landi. Öllum er kunnugt um hversu mikilli byltingu það olli víða um landið. Okkur er líka ljóst að framboð á sjónvarpsefni, bæði erlendu og innlendu, hefur farið vaxandi ár frá ári. Það er óhætt að segja og engar ýkjur í því að það að geta notið þessa sjálfsagða miðils er snar þáttur í lífsmynstri venjulegs fólks víða úti á landi.

Því miður er það ansi víða, eða á allnokkrum bæjum, svo að menn geta ekki náð sjónvarpsútsendingum og sums staðar eru sjónvarpsskilyrðin slík að óviðunandi verður að teljast þó e.t.v sé hægt að rýna í myndina með góðum vilja.

Mér er kunnugt um að á nokkrum stöðum þar sem þetta hefur komið upp hafa menn orðið að endurnýja sjónvarpsbúnað sinn sem hefur gengið úr sér í tímans rás. Þá hefur gengið á ýmsu og menn hafa kvartað, bændur m.a., undan því að það seint gangi fyrir sig að fá úr því bætt að laga sjónvarpsskilyrðin að nýju þó að menn hafi búið við sjónvarpsútsendingar um nokkurra ára skeið. Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, á þskj. 43 að leggja fyrir hæstv. menntmrh. nokkrar spurningar um útsendingar sjónvarpsins:

„1. Á hversu mörgum sveitabæjum nást ekki útsendingar sjónvarps? Hvar eru þessir bæir, sundurliðað eftir sýslum?

2. Á hversu mörgum bæjum nást útsendingar sjónvarps nú þar sem þær náðust ekki fyrir þremur árum?“ Hugsunin með þessari spurningu er að reyna að draga fram hvort okkur hafi miðað nokkuð áleiðis í þessum efnum eða hvort við höfum staðið í stað eða hvort þróunin hafi kannski verið á hinn verri veg.

„3. Eru dæmi um að einstökum ábúendum jarða þar sem útsendingar sjónvarps nást nú sé gert að annast fyrir eigin reikning viðhald og endurnýjun móttökubúnaðar?

4. Hvaða þéttbýlisstaðir njóta ekki fullnægjandi sjónvarpsskilyrða?“

[14:16]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í svörum mínum byggi ég alfarið á upplýsingum frá Ríkisútvarpinu enda er það Ríkisútvarpið sem tekur ákvarðanir um þessi efni.

Fyrst er spurt: „Á hversu mörgum sveitabæjum nást ekki útsendingar sjónvarps? Hvar eru þessir bæir, sundurliðað eftir sýslum?“

Svarið er: Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Ríkisútvarpsins, sem eru ekki alveg hárnákvæm vegna óvissu um breytingar á búsetu o.fl., er fjöldi sveitabæja með slæm eða ónothæf myndgæði í sjónvarpi eftirfarandi eftir sýslum: Kjósarsýsla 1, Borgarfjarðarsýsla 2, Dalasýsla 3, Austur-Barðastrandarsýsla 1, Vestur-Barðastrandarsýsla 6, Vestur-Ísafjarðarsýsla 1, Norður-Ísafjarðarsýsla 2, Strandasýsla 3, Vestur-Húnavatnssýsla 1, Austur-Húnavatnssýsla 11, Skagafjarðarsýsla 10, Eyjafjarðarsýsla 7, Suður-Þingeyjarsýsla 3, Norður-Múlasýsla 12, Suður-Múlasýsla 7, Rangárvallasýsla 5, Árnessýsla 3. Samtals um 78 bæir.

Í öðru lagi er spurt: „Á hversu mörgum bæjum nást útsendingar sjónvarps nú þar sem þær náðust ekki fyrir þremur árum?“

Svarið er: Úrbætur sl. þrjú ár er snerta sveitabæi hafa farið fram á Leirhöfn og Laugum í Þingeyjarsýslu, innan við Egilsstaði og á Langholtsfjalli í Árnessýslu. Áætlað er að þessar úrbætur komi um 10 sveitabæjum til góða.

Þá er spurt í þriðja lagi: „Eru dæmi um að einstökum ábúendum jarða þar sem útsendingar sjónvarps nást nú sé gert að annast fyrir eigin reikning viðhald og endurnýjun móttökubúnaðar?“

Svarið er að almennt eiga allir notendur að sjá um viðhald og endurnýjun móttökubúnaðar síns, þar með talin loftnet og kapla frá þeim að sjónvarpstæki. Þar sem þannig háttar að útsendingar sjónvarps nást ekki og úrbætur fyrir einstaka bæi hafa verið framkvæmdar með kapalkerfi voru árið 1987 mótaðar vinnureglur um að Ríkisútvarpið gæti að uppfylltum vissum skilyrðum lagt til efni, þ.e. greitt fyrir kaup á kapli, magnara, loftneti o.fl. gegn því að ábúandi kosti sjálfur uppsetningu og viðhald búnaðarins. Þetta hefur verið gert í um 20 tilvika á um síðustu 20 árum.

Í fjórða lagi er spurt: „Hvaða þéttbýlisstaðir njóta ekki fullnægjandi sjónvarpsskilyrða?“

Svarið er: Viðmiðunarreglur um sjónvarpsdreifingu tilgreina ákveðinn lágmarkssviðstyrk útsendingar í 10 metra hæð yfir jörðu. Ríkisútvarpinu er ekki kunnugt um nein þéttbýlissvæði þar sem dreifingin er undir þessum viðmiðunarmörkum. Þar sem dreifingin er um eða rétt um yfir viðmiðunarmörkum geta einstakir notendur þó þurft að hafa mismikið fyrir því að ná viðunandi viðtöku. Dreifingu sjónvarpsins hefur víða verið þannig háttað að sendir hefur verið settur upp nokkuð frá þéttbýliskjarnanum til að ná bæði til þéttbýlis og dreifbýlis. Það getur þýtt að þéttbýli og dreifbýli njóti álíka lakrar viðtöku sem teljist þó viðunandi miðað við viðmiðunarreglur en ekki viðunandi að dómi margra notenda, miðað við þá fyrirhöfn sem nauðsynleg er.

Til að koma til móts við notendur og kröfur tímans að þessu leyti hefur verið metið hvar þörfin er brýnust og úrbætur á þeim stöðum settar á framkvæmdaáætlun sem nær til þéttbýlis og dreifbýlis. Áætlunin er einnig tengd breytingum á stofnflutningi sjónvarpsins eftir samninga við Landssímann um afnot af ljósleiðaranum.

Á tímabilinu 1999–2002 er ráðgert að verja til þessa um 114 millj. kr. Á þessu ári er ráðgert að framkvæmdir nái til eftirfarandi þéttbýlisstaða: Keflavíkur, Borgarness, Vestmannaeyja, Grundarfjarðar, Ólafsvíkur, Stykkishólms, Búðardals, Reykhóla, Patreksfjarðar, Tálknafjarðar, Bíldudals, Flateyrar, Suðureyrar, Súðavíkur, Bolungarvíkur, Siglufjarðar, Ólafsfjarðar, Húsavíkur og Grímseyjar.

[14:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu og bera þessa fyrirspurn fram. Ég held að það sé ekki nema gott að þjóðin fái að vita að 78 heimili eru enn sjónvarpslaus á landinu. Það er lítill eða enginn áhugi fyrir því frá sjónvarpsins hendi að koma dreifingu til þessara bæja.

Ég hafði orð á því fyrir meira en 20 árum að við ættum að sjá sóma okkar í að koma sjónvarpi til allra landsmanna áður en við færum að breyta tækni sjónvarpsins og litvæða það. Þessu var snúið svoleiðis í höndunum á mér að ég var talinn á móti litasjónvarpi, sem er algjörlega fjarstæða af því ég tel mikilvægt að hafa litasjónvarp. En ég tel líka að okkur beri skylda til að sinna þeim 78 bæjum sem ekki sjá sjónvarp

enn þá og það er okkur til stórskammar hvernig þetta mál er komið.

[14:21]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Sjónvarpið og allt Ríkisútvarpið er góð og merkileg stofnun og hefur unnið mikilvægt starf í þjóðlífi okkar. Það hefur menningarhlutverk, öryggishlutverk, afþreyingarhlutverk og sinnir því prýðilega að flestu leyti. Auðvitað eru breytingar sem hljóta að verða í tímans rás eftir því sem aðstæður og nýir tímar kalla á og ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar gengur allt of hægt að ljúka við dreifikerfið þannig að útsendingar náist alls staðar á byggðu bóli á Íslandi. Og það er einfaldlega til skammar að það skulu vera 78 heimili í landinu sem enn þá nái ekki sjónvarpinu. Allar tækniframfarir, textavarpið, hugsanlega ný sjónvarpsrás og hvað sem er, á að bíða þangað til búið er að ljúka þeim einföldu atriðum að allir landsmenn sitji við sama borð. Þangað til það gerist er Ríkisútvarpið því miður ekki útvarp allra landsmanna.

[14:22]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það eru, eins og hér hefur komið fram, margir bæir sem ekki geta notið útsendinga sjónvarps og það eru reyndar stór landsvæði til viðbótar sem ná slíkum sendingum mjög illa, bæði útsendingum sjónvarps og útvarps og geta ekki notað farsíma sem er öryggistæki en er dauður á stórum landsvæðum. Þetta er náttúrlega ekki viðunandi í lok 20. aldar og kannski ekki gott innlegg í byggðaumræðuna sem fer nú hátt þessa dagana.

Á síðasta þingi svaraði hæstv. menntmrh. fyrirspurn minni um möguleika þess að senda sjónvarp og útvarp út um gervihnetti til fiskimiðanna. Þar kom fram að kostnaður við það hefur snarlækkað á undanförnum árum og er ekki nema $^{1}/_{10}$ af því sem hann var fyrir fimm árum, mig minnir að hæstv. ráðherra hafi nefnt töluna 60 millj. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort nokkuð nýtt sé af því máli að frétta og hvort ekki megi vænta möguleika þess að senda útvarp og sjónvarp út um gervihnetti, þannig að fólk vítt og breitt um landið og sjómennirnir á fiskimiðunum geti notið þessara útsendinga til jafns við aðra landsmenn.

[14:24]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með öðrum og þakka fyrir fyrirspurnina. Það er nauðsyn að vekja athygli á þessu máli á hverju einasta ári.

Ég kem aðallega upp vegna þess að ég reikna með að svörin séu hönnuð af Ríkisútvarpinu og mér þykir það miður að það skuli koma fram að þeim er ekki kunnugt um þéttbýlisstaði sem njóta slæmra skilyrða. Undanfarin þrjú ár hefur það verið rætt við útvarpsstjóra, framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins og fleiri að á Akranesi, Grundarfirði, Keflavík, svo eitthvað sé nefnt af sveitarfélögum og þéttbýlisstöðum séu skilyrði slæm. Og mér finnst það vera undarlegt að þessir aðilar skuli leyfa sér að leggja ósannindi í hendur hæstv. menntmrh.

[14:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þær þakkir sem hér hafa verið látnar í ljósi varðandi þessa fyrirspurn. Það má sjá á henni og svörum við henni að á tímum tækniframfara, sem í dag eru hraðari en um getur í annan tíma, að virkileg þörf er á því að spyrja slíkra spurninga. Og svörin sem við fyrirspurninni koma sýna okkur svo ekki verður um villst að þetta er ein af ástæðum þess að við eigum að halda það markmið að efla Ríkisútvarpið sem ríkisútvarp og efla það af myndarskap og sjá til þess að menningarleg dagskrá þess komist til allra heimila á landinu, ekki bara sumra. Og mér þætti, virðulegi forseti, vænt um að sjá framan í það einkafyrirtæki sem sæi einhvern metnað í því að koma sómasamlegum sjónvarps- og útvarpssendingum til þeirra 250 einstaklinga sem gera má ráð fyrir að búi á þessum 78 bæjum, mér þætti vænt um að sjá það einkafyrirtæki sem sæi sér einhvern hag í því að gera þessi skilyrði góð.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör og hv. þingmönnum fyrir góðar viðtökur við fyrirspurninni. Ég held að áhuginn sem komið hefur fram í umræðunni undirstriki að þetta er mál sem mörgum er kunnugt um að þurfi að bæta úr. Og ég verð að segja það eins og er að mér finnst það bara alls ekki frambærileg frammistaða af hálfu Ríkisútvarpsins að sú staða sé uppi að 78 bær njóti ekki svo sjálfsagðra mannréttinda og þeirra að geta séð sjónvarpsútsendingar frá Ríkisútvarpinu.

Menn verða auðvitað að hafa það í huga að Ríkisútvarpið hefur mikla sérstöðu. Ríkisútvarpið nýtur þeirrar sérstöðu að hafa lögverndaðar heimildir til skylduaðildar og skylduáskriftar að sjónvarpinu og útvarpinu og getur auðvitað þannig í krafti þess byggt sig upp með allt öðrum hætti en einkafyrirtæki sem eru að berjast um á þessum markaði. Ég held að þetta sé fyrst og fremst spurning um þá forgangsröðun sem ríkir innan stofnunarinnar og deila má auðvitað um það hvort menn ætla að leggja mikla peninga í dagskrárgerð eða einhverja aðra hluti, textavarp eða nýja sjónvarpsrás eða eitthvað slíkt, en aðalatriðið finnst mér vera að þetta stóra fyrirtæki sem veltir gífurlega miklum upphæðum á að sjá sóma sinn í því og hefur miklar skyldur í þeim efnum að sinna öllum landsmönnum, m.a. þeim íbúum sem búa á þessum 78 bæjum.

Ég vek líka athygli á því að í þriðju spurningunni spurði ég um hvort hæstv. ráðherra væri kunnugt um að tilvik væru til um að einstökum notendum sjónvarpsins væri gert að leggja fram peninga til að endurnýja búnað sem komið hefur verið upp til að menn gætu notið sjónvarpsútsendinga. Það kemur á daginn að það eru 20 tilvik um að fólk hefur sjálft verið látið taka þátt í þeim kostnaði að endurnýja og halda við slíkum búnaði. Þetta er auðvitað alveg fráleitt. Það mundi engum detta í hug, t.d. ef gata í Reykjavík yrði allt í einu án símasambands, að íbúarnir í götunni yrðu látnir borga, taka þátt í að borga til að mynda símalínurnar. Það dettur auðvitað engum í hug. Þetta er því alveg fráleitt.

Ég hef það einnig í huga að þeir íbúar sem á þessum bæjum búa eru yfirleitt sveitafólk þar sem liggur fyrir að tekjurnar eru lægstar þannig að við erum með þessu móti að skattleggja okkar minnstu bræður.

[14:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í tilefni af þessum umræðum og vegna þeirra athugasemda sem fram hafa komið finnst mér full ástæða til að æskja þess hjá Ríkisútvarpinu að gerð verði nánari grein fyrir því hvaða bær þetta eru og hvað það kostar að fullnægja þeim kröfum sem menn vilja gera til

Ríkisútvarpsins í þessu efni og að lagðar verði fyrir þingmenn upplýsingar sem gefa þeim vitneskju um kostnaðinn sem því fylgir að ná því markmiði sem hér hefur verið talið að eigi að ná og er í sjálfu sér eðlilegt markmið.

Einnig tel ég eðlilegt að æskja þess við Ríkisútvarpið að útskýra nánar þau 20 tilvik sem hér hafa verið gagnrýnd þannig að menn átti sig á því hvaða tilvik þetta eru og hvernig málum er háttað í einstökum tilvikum miðað við þá gagnrýni sem fram hefur komið.

Ég er þeirrar skoðunar að næsta skref til þess að tryggja sem víðtækasta dreifingu sjónvarps um landið allt sé að líta til gervitunglanna og hraða beri athugunum á því hvernig Ríkisútvarpið getur nýtt sér gervitunglasendingar, til þess að auka sendistyrk hér á landi og einnig á hafinu umhverfis landið og gera fleirum kleift að nýta sér þá þjónustu sem þar er í boði. Það tel ég skynsamlegustu leiðina að því marki sem við viljum ná.

Einnig bendi ég á að síminn, internetið og sú þjónusta sem unnt er að nýta sér með þeim hætti hefur gerbreytt aðstöðu manna. Það er því fráleitt að segja að 78 bæir séu einangraðir frá því að geta nýtt sér þjónustu Ríkisútvarpsins, hana er hægt að nýta núna með tölvu í gegnum síma ef menn kjósa. Ég tel að það þurfi að leggja fram frekari upplýsingar og greina þetta betur þannig að menn sjái þá kostnaðarþætti sem eru í dæminu og einnig einstök atriði varðandi þriðju spurninguna og þau svör sem þar voru gefin.

[14:31]

Útbýting þingskjala:

Auglýsingar og auglýsingagerð, 82. mál, svar fjmrh., þskj. 115.

Lausafjárkaup, 110. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 119.

Þjónustukaup, 111. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 120.

Starfsemi kjarnorkuendurvinnslustöðvanna í Dounreay og Sellafield.

Fsp. KolH, 39. mál. — Þskj. 39.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Kjarnorkuendurvinnslustöðin í Dounreay á Katanesi nyrst í Skotlandi er í mjög lélegu ásigkomulagi. Í skýrslu heilbrigðisyfirvalda og skosku umhverfisverndarstofnunarinnar sem lögð var fram fyrir rúmu ári voru öryggis- og skipulagsmál stöðvarinnar gagnrýnd verulega og gerðar 143 tillögur til úrbóta. Rafmagnsframleiðslu í Dounreay var hætt 1994 þegar slökkt var á síðasta kjarnaofninum en endurvinnslu á kjarnorkuúrgangi var haldið áfram.

Ljóst þykir að þegar starfseminni verður hætt muni taka við margra áratuga hreinsunarstarf. Samkvæmt yfirlýsingum breskra stjórnvalda verður Dounreay-stöðinni ekki síst lokað af efnahagslegum ástæðum, þ.e. vegna þess að rekstur hennar er ekki lengur hagkvæmur. Öðru máli gegnir hins vegar um endurvinnslustöðina í Sellafield. Geislavirkur úrgangur frá mörgum löndum er tekinn til vinnslu í Sellafield, frá Japan, Þýskalandi, Kanada, Belgíu, Hollandi, Sviss, Svíþjóð og Ítalíu. Þau taka svo aftur við endurunnu eldsneyti og hágeislavirkum úrgangi sem fellur til við endurvinnsluna.

Þær vinnsluaðferðir sem beitt er í Sellafield leiða til þess að mikið magn verður til að teknesíum-99 sem er geislavirkt efni. Það er losað í sjóinn við Sellafield og berst þaðan með hafstraumum. Árið 1994 fimmtíufaldaðist losun teknesíum-99 frá Sellafield. Talið er víst að sú aukning sé orsök þess að efnið finnst nú við strendur Noregs og Svíþjóðar. Magn þess í Óslóarfirði fimmfaldaðist milli áranna 1996 og 1997 og síðar nefnda árið mældist styrkur þess við vesturströnd Noregs áttfalt meiri en fjórum árum áður. Allar líkur benda til þess að efnið berist áfram til Íslands og fari senn að mælast hér.

Það alvarlegasta við losun á teknesíum-99 er hversu óhemjulangan tíma það tekur að brotna niður í náttúrunni. Helmingunartími er hvorki meira né minna en 213 þúsund ár. Veruleg hætta er á að það safnist fyrir í skelfiski og krabbadýrum. Við Noreg finnst efnið aðallega í humri og þangi og mælingar á bannsvæðinu við Sellafield sýna að mikið magn þess hefur safnast fyrir í humri þar.

Norðurlöndin og Írland hafa verið í fararbroddi þeirra sem þrýsta á Breta að hætta losun geislavirkra efna í hafið. Allar þessar upplýsingar sem ég hef nú hér talið eru ástæða þessarar fyrirspurnar sem hér liggur fyrir til hæstv. umhvrh.

[14:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir beindi til mín fyrirspurn á þskj. 39. Fyrsta spurningin er svona:

„Hefur ráðherra áreiðanlegar upplýsingar um það hversu lengi bresk stjórnvöld áforma að halda áfram rekstri kjarnorkuendurvinnslustöðvanna í Dounreay og Sellafield?"

Starfsemin í Dounreay hefur verið að dragast saman og í júní 1998 var ákveðið að taka ekki við meiri úrgangi til stöðvarinnar. Hún mun hins vegar standa við gerða samninga. Gert er ráð fyrir því að endurvinnslu þess úrgangs sem þegar er í stöðinni og frágangi hennar muni ljúka árið 2006. Einnig er hugsanlegt að úrgangurinn verði fluttur til Sellafield og stöðinni þá lokað fyrr. Íslensk stjórnvöld fylgjast með framvindu mála og því hefur verið heitið af hendi breskra stjórnvalda að haft verði samráð við Ísland áður en ákvarðanir verða teknar um hvernig unnið verði úr þeim úrgangi sem þegar er í stöðinni.

Önnur spurningin hljóðar svo:

„Hvað hyggjast íslensk yfirvöld gera til að þrýsta á um að losun geislavirkra efna í hafið umhverfis Sellafield verði hætt?"

Því er til að svara að Ísland hefur mjög lengi haldið uppi mótmælum við losun geislavirks úrgangs í hafið. Þetta hefur m.a. leitt til þess að miklar framfarir hafa átt sér stað í rekstri endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield og mjög dregið úr losun á sesíum. Það sem eftir stendur í dag er hins vegar losun á teknesíum-99 sem ekki hefur verið fjarlægt úr frárennsli stöðvarinnar. Að því beinist athygli okkar nú.

Bresk stjórnvöld hafa gengist undir skuldbindingar innan OSPAR-samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins til að grípa þegar til aðgerða við að draga úr losun geislavirkra efna út í umhverfið. Á ráðherrafundi OSPAR-samningsins í Sintra í Portúgal í júlí á síðasta ári var það markmið sett að árið 2020 yrði losun geislavirkra efna í umhverfi sjávar ekki merkjanlega yfir náttúrulegum bakgrunnsgildum. Íslendingar hafa unnið að því síðan að þrýsta enn frekar á Breta að hraða aðgerðum þannig að markmiðið næðist vel fyrir árið 2020. Við þá eftirfylgni höfum við verið í góðu samstarfi við Íra og Breta.

Í breska stjórnkerfinu er nú unnið að því að setja Sellafield-stöðinni losunarmörk fyrir næstu ár. Ráðuneyti

mitt fylgist með því máli og hefur nýverið haft samband við breska umhverfisráðuneytið vegna þessa en niðurstaða liggur ekki fyrir enn sem komið er. Ég mun leggja mjög mikla áherslu á varnir gegn geislamengun í starfi mínu. Ég hef rætt þetta sérstaklega við Margot Wallström sem er í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og fer með umhverfismál. Ég ræddi þetta við hana í síðustu viku og hef einnig tekið málið upp við John Prescott, aðstoðarforsætisráðherra og umhverfisráðherra Breta, þegar hann kom hingað í sumar á sjómannadaginn. Þetta er sérstaklega alvarlegt mál sem ég mun leggja mikla áherslu á að ýta á eftir að verði leyst.

Þriðja spurningin var:

„Hefur ráðherra leitað eftir upplýsingum um hvað eigendur Dounreay-stöðvarinnar hyggist gera til þess að auka öryggi hennar í samræmi við ábendingar breskra heilbrigðisyfirvalda og skosku umhverfisverndarstofnunarinnar sem fram komu á síðasta ári?"

Þessar ábendingar eru hluti af umræðunni um framtíð stöðvarinnar sem ég fjallaði um í svarinu við fyrstu spurningunni.

Í fjórða lagi er spurt:

„Hvaða ráðstafanir hafa íslensk stjórnvöld gert til að fylgjast með magni teknesíum-99 í hafinu umhverfis Ísland á næstu árum?"

Árið 1998 var tekin ákvörðun um að hefja vöktun vegna teknesíum-99 í hafinu umhverfis Ísland. Um er að ræða samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunar. Fyrstu niðurstaðna er að vænta núna fyrir árslok. Eitt af fyrstu verkum mínum sem umhvrh. var að kynna niðurstöður umfangsmikilla vöktunarmælinga á mengandi efnum á og við Ísland, en þar kemur fram að styrkur manngerðra geislavirkra efna hér við land er með því lægsta sem gerist í heiminum. Ég vil sérstaklega draga það fram af því að þessi umræða má ekki valda því að við höldum að hér sé mjög mikil geislamengun. Það er alls ekki en að sjálfsögðu viljum við vera með forvarnaaðgerðir. Við viljum tryggja þessa sérstöðu sem við höfum til framtíðar.

Í fimmta lagi var spurt:

„Hefur þjóðréttarleg staða Íslendinga verið könnuð með tilliti til þess tjóns sem mengun af völdum teknesíum-99 gæti valdið íslenskum sjávarútvegi?"

Svarið við fimmtu spurningunni er að íslensk stjórnvöld hafa lagt megináherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir vegna þeirra gífurlegu hagsmuna sem hér eru fyrir þjóðarbúið. Við vinnum að því að koma í veg fyrir skaðann fyrir íslenskan sjávarútveg og þar með þjóðarbúið allt með það að markmiði að spurningin um skaðabætur komi aldrei upp.

Virðulegi forseti. Ég á eftir að svara tveimur spurningum.

Sjötta spurningin hljóðar svo:

„Hafa íslensk stjórnvöld undir höndum upplýsingar um siglingaleiðir þeirra skipa sem flytja geislavirkan úrgang til og frá Sellafield?"

Stjórnvöld hafa ekki upplýsingar um þessar siglingaleiðir undir höndum enda hafa flutningsaðilar haldið slíku leyndu eftir því sem kostur er með þeim rökum að slíkt dragi úr hættu að hryðjuverkum. Þó er vitað að siglingaleiðir með þessi efni frá Japan koma ekki nærri íslensku farvatni.

Sjöunda og síðasta spurningin var:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því á vettvangi norrænnar samvinnu að Svíar hætti að senda kjarnorkuúrgang til endurvinnslu í Sellafield?"

Þá er því til að svara að endurvinnsla á kjarnorkuúrgangi í Sellafield verður á dagskrá umhverfisráðherrafunda Norðurlandanna í Stokkhólmi um miðjan nóvember. Það er ágætt að það komi fram að ég óskaði sérstaklega eftir því á fundi okkar við Mývatn að þetta yrði tekið fyrir í Stokkhólmi. En umhverfisráðherrar Norðurlandanna hafa áður látið þessi mál til sín taka og komið sameiginlegum mótmælum til Breta um losnun á teknesíum. Svíar hafa sent takmarkað magn af úrgangi til Sellafield. Það hefur frést af fyrirætlunum þeirra um að senda eldsneyti úr rannsóknakjarnakljúf, sem lokað var 1970, til Sellafield en það mál verður meðal þess sem við munum að sjálfsögðu ræða í Stokkhólmi.

[14:40]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég átti fund ásamt tveimur öðrum hv. þm. með Michael Meacher, umhverfisráðherra Breta, á ráðstefnu sem var haldin í Árósum í Danmörku. Þar ræddum við þetta alvarlega mál, þ.e. losun á teknesíum-99 í hafið frá Sellafield. Við gerðum honum grein fyrir því hversu alvarlegt þetta væri í augum Íslendinga. Hann hafði í sjálfu sér heyrt þær athugasemdir áður en lofaði þá að það yrði tekið sérstaklega upp í viðræðum sem áttu að vera nokkrum vikum seinna meðal umhverfisráðherra Evrópu um losun þessara efna í hafið ásamt fleiru.

Þá var lofað að gripið yrði til róttækra aðgerða en eftir að hafa séð þær ákvarðanir sem höfðu verið teknar get ég ekki sagt að þær hafi verið í þeim anda sem sá ráðherra hafði lýst yfir.

Ég verð að segja að það er mjög mikið áhyggjuefni fyrir okkur að svona hægt skuli ganga og ég skora á hæstv. umhvrh. að taka á stóra sínum í þessu máli því að þar veitir ekki af.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir greinargóð og yfirgripsmikil svör. Ég gengst við því að spurningin hafi kannski verið full margliðuð fyrir þann stutta tíma sem henni var ætlaður til að svara.

Í lokin vil ég einungis ítreka þau orð mín að hér þurfi að standa vaktina sem aldrei fyrr. Það er alveg ljóst að þó að þessi efni berist hægt virðist magn þeirra margfaldast á skömmum tíma eins og rannsóknir í nágrannalöndum okkar hafa sýnt.

Ég fagna því að sjálfsögðu að hér skuli Geislavarnir ríkisins og Hollustuvernd vera að vinna að málum og ég hef verið að kynna mér skýrsluna sem lögð var fram fyrr í ár varðandi mengun hafsins. Það eru bæði jákvæðar niðurstöður og skelfilegar en mergurinn málsins er að hér verði staðin vakt öllum stundum og þeim úrbótum hraðað sem mögulegar eru. Þrýstingur okkar á stjórnvöld í Bretlandi þarf að vera nánast daglegur til þess að öryggi okkar og fiskstofna við landið sé tryggt.

[14:43]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tek undir að þetta er afar mikið hagsmunamál. Hér hefur einn hv. þm. komið upp sérstaklega til að brýna mig í málinu. Ég held að það þurfi ekki að brýna mig sérstaklega. Ég hef tekið þetta mál eins föstum tökum og mér hefur verið unnt. Ég hef tekið það upp á þeim vettvangi sem við hefur átt, sérstaklega gagnvart þeim aðilum sem geta haft áhrif á gang mála erlendis.

Þetta er afar mikið hagsmunamál. Við vitum hvað sjávarútvegur okkar er mikilvægur og hve neytendur eru viðkvæmir. Við verðum því að geta sannað og sýnt fram á það til framtíðar að við bjóðum upp á hreinustu sjávarafurðirnar í heiminum.

Ég vil ítreka að við erum með mjög hreint haf í kringum landið. Að sjálfsögðu viljum við halda því þannig. Það er rétt að það berst geislamengun frá Sellafield og hana viljum við stöðva sem fyrst. En það eru fleiri svæði sem eru varasöm. Ég vil nefna sérstaklega Kólaskagann. Þar eru 300 kjarnaofnar í slæmu ástandi og afar mikilvægt að við þrýstum líka á um aðgerðir þar. Ég vona svo sannarlega að Evrópusambandið muni beina augum sínum meira í átt til norðurs. Þeir hafa ekki gert það eins mikið og við höfum gjarnan viljað. En núna hafa Finnar sett sérstaka áherslu á umhverfismál í Eystrasaltsríkjunum og Norðvestur-Rússlandi og þar er að sjálfsögðu Kólaskagi efstur á blaði.

Það eru fleiri atriði sem hafa þarf áhyggjur af. Ég nefni hér þrávirk lífræn efni sem eru líka mjög ógnvekjandi og valda því t.d. að nú sjá menn tvíkynja ísbirni á Svalbarða. Þetta hefur umfangsmikil áhrif á lífríkið í norðri. Við Íslendingar þurfum áfram að vinna að þessum málum eins og við höfum gert. Það er umtalað úti í hinum stóra heimi að Íslendingar hafi verið í fararbroddi þeirra sem hafa þrýst á um að hafið verði áfram eins hreint og hægt er í kringum Ísland. Því er ágætt að heyra þingmenn taka svona vel undir það hér.

Gerð vega og vegslóða í óbyggðum.

Fsp. KolH, 53. mál. — Þskj. 53.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Samtal mitt og hæstv. umhvrh. heldur áfram. Hér er borin fram fyrirspurn um lagingu vega og vegslóða í óbyggðum.

Tilefni fyrirspurnar minnar er kannski það að ferðir mínar um hálendið í sumar voru talsverðar. Ég kom víða þar sem ég sá slóða, ekki einungis hjólför utan vega heldur beinlínis slóða, jafnvel uppbyggða vegi með ræsum og tilheyrandi þar sem ég taldi ekki að ættu að vera slóðar eða að nokkur merki væru sjáanleg um slóða á kortum.

Þegar farið var að spyrjast fyrir um þessa slóða kom í ljós að víða voru þeir lagðir, annaðhvort af Landsvirkjun eða að tilhlutan Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda á hálendinu norðan Vatnajökuls. Það má segja að sá vegslóði sem skaut mér hvað mestum skelk í bringu væri vegslóði sem liggur utan í Fremri-Kárahnjúk. Þar hefur verið búið til sár eða lína afskaplega sýnileg og sterk þvert inn í fjallið sem lýkur í raun og veru í miðjum hnjúknum. Að mínu mati er þetta mikið lýti á annars fallegu fjalli.

Mig fýsir að heyra frá hæstv. umhvrh. hvort slóðar af þessu tagi séu ekki matsskyldir samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og hvernig greinum þeirra laga hafi verið framfylgt hvað varðar lagningu vega og vegslóða í óbyggðum, sem þá hafa ekki verið inni á sérstakri vegáætlun. Einnig fýsir mig að vita hvernig þessu hefur verið háttað með vegi sem hafa verið lagðir vegna rannsókna á virkjunarsvæðunum norðan Vatnajökuls eftir 1. maí 1994.

[14:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir beinir til mín svohljóðandi fyrirspurn á þskj. 53:

„Hvernig hefur lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, verið framfylgt hvað varðar lagningu vega og vegslóða í óbyggðum sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í vegáætlun?"

Því er til að svara að lítið hefur verið um nýlagningu vega í óbyggðum frá þeim tíma sem lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 tóku gildi, 1. maí 1994, ef frá eru taldir vegir vegna rannsókna norðan Vatnajökuls. Nýlagning vega hefur að sjálfsögðu farið í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt 5. gr. laganna, en í mörgum tilvikum hefur verið um hreina endurbyggingu vega að ræða, þ.e. vegir hækkaðir upp eða undirbyggðir í sama vegarstæði. Í slíkum tilvikum er ekki um matsskylda framkvæmd að ræða samkvæmt lögunum.

Vegarslóðar hafa því miður verið að myndast víða á hálendinu vegna aksturs utan vega án þess að við því hafi verið brugðist nægjanlega, enda er erfitt um vik miðað við hversu fámennt starfslið t.d. Náttúruverndar ríkisins er og lítil löggæsla á hálendinu annars vegar og aukna jeppaeign landsmanna hins vegar. Nýlega var þetta eftirlit þó hert hjá lögreglunni.

Hins vegar er ljóst að taka þarf á þessum málum og hefur Náttúruvernd ríkisins nýlega sent ráðuneytinu erindi sem við erum að skoða núna með tillögu um að undirbúin verði kortlagning vega og þá sérstaklega vegslóða á hálendinu og þeir settir inn á skipulag. Þá verður betra að stjórna þessum málum og ákveða hvaða vegslóðum skuli hreinlega lokað.

Í öðru lagi er spurt:

„Hvernig hefur þessu verið háttað með vegi sem lagðir hafa verið vegna rannsókna á virkjanasvæðum norðan Vatnajökuls eftir 1. maí 1994?"

Því er til að svara að í mörgum tilvikum kann að reynast nauðsynlegt að leggja vegi ef stunda á rannsóknir, sérstaklega á veglausum svæðum. Ávallt verður þó að hafa að leiðarljósi að jarðraskið verði sem minnst og að í fyllingu tímans verði gengið frá vegum og reynt verði eins og kostur er að afmá verksummerki. Við vonum að ekki verði þörf á sömu vegalagningu í framtíðinni og verið hefur og vegna breyttrar tækni, en mér er kunnugt um að Landsvirkjun er t.d. að kanna flutningatæki sem gætu farið yfir vegleysur án þess að raska umhverfinu.

Ráðuneytið hefur ekki túlkað lög um mat á umhverfisáhrifum svo að með nýlagningu vega sé undantekningarlaust átt við vegi sem lagðir eru til rannsókna eingöngu. Ráðuneytið hefur hins vegar lagt á það áherslu að hlutaðeigandi aðilar hafi samráð við Náttúruvernd ríkisins um gerð veganna og frágang að notkun lokinni. Á þetta ekki síst við um vegi við Kárahnjúka sem og hv. fyrirspyrjandi benti á, en Landsvirkjun hefur haft samráð við Náttúruvernd ríkisins um vegalagningu í tengslum við rannsóknir á mögulegu stíflustæði þar, enda er frá því gengið að vegirnir verða fjarlægðir og umhverfisrask afmáð þegar rannsóknum er lokið.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum benda á að lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, ganga talsvert lengra hér á landi hvað snertir vegalagningu heldur en er að finna í tilskipun Evrópusambandsins 85/337 og breytingu 97/11 sem Ísland hefur skuldbundið sig að virða. Þar er eingöngu gerð krafa um mat á svokölluðum stofnbrautum, en þær eru samkvæmt skilgreiningu í Evrópusamningnum aðalum-

ferðaræðar, hraðbrautir og vegir með tveimur akreinum í hvora átt. Það er ágætt að það komi fram að við gerum ríkari kröfur hér á landi um að vegir fari í umhverfismat en Evrópusambandið krefst af okkur.

[14:52]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er um þarft mál að ræða. Full þörf er á að huga að vegalagningu á hálendinu og fara þar með gát.

Ég vil sérstaklega undirstrika að mikil nauðsyn er á að kortleggja aðalleiðir á hálendinu, kortleggja hvað eru aðalleiðir og merkja þær vegna þess að ekkert heldur umferðinni eins mikið í skefjum og merktar aðalleiðir. Keyrsla utan vegar á hálendinu er mikil náttúruspjöll. Það vita allir sem hafa komið þar og því miður er allt of mikið af slóðum. Nefni ég þá bara svæðið norðan Vatnajökuls sem er frægt svæði og þarf ekki að lýsa því nánar. Ég vil eingöngu taka undir efni þessarar fyrirspurnar og undirstrika þörfina á því að vinna áfram að þessum málum.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin við fyrirspurninni en vil gera athugasemd við þá vegalagningu sem hér er til umræðu.

Mér þykir nauðsynlegt fyrir alþingismenn að velta fyrir sér slóðum sem hafa myndast í tímans rás og eru algerlega ásættanlegir í landinu þannig að jafnvel um áratuga skeið hafi verið hefð fyrir þeim. Þegar svona slóðum á að breyta þannig að vegurinn verður uppbyggður og við hættum að keyra yfir árnar öðruvísi en á ræsum eða litlum brúm, þá þykir mér rétt að við skoðum það alveg sérstaklega því að slóði getur ekki umyrðalaust, að mínu mati, breyst í uppbyggðan veg með ræsagerð.

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að heyra að á Landsvirkjun eða Vegagerðinni skuli hvíla sú skylda að frá þessum rannsóknarvegum sem við ræddum hér verði gengið þannig að ummerki þeirra verði afmáð. Ég ber sannarlega þá von í brjósti að það verði gert þannig að ekki sjáist nein ör eftir þó að ég vissulega efist um að það sé hægt í tilfelli vegarins utan í Fremri-Kárahnjúk því hann er satt best að segja skelfilega staðsettur og ég sé ekki í hendi mér að hægt verði að afmá það ör.

Ég vil líka nefna í lokin hreindýraveiðimenn á svæðinu fyrir norðan Vatnajökul. Þeir hafa stundað það að keyra utan vega. Þeir eru jafnvel farnir að elta dýrin uppi á jeppunum sínum sem mér þykir ekki til eftirbreytni. Og þar sem einn hefur farið fer annar. Það virðist vera að Brúaröræfi og öræfin á Fljótsdalsheiðinni séu að verða sundurskorin af slóðum af þessu tagi. Við þessu verðum við að bregðast.

[14:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda. Við þurfum að taka á þessu máli. Það hefur verið mjög mikið álag á vegakerfinu fyrir norðaustan Vatnajökul í sumar. Mér skilst að það hafi fleiri komið á það svæði í sumar heldur en frá landnámi. Að sjálfsögðu er það mikið álag. Það særði mig líka að sjá hvernig fólk hefur leyft sér að keyra þarna beggja vegna steina o.s.frv. í staðinn fyrir að halda sig á veginum þannig að þetta er mjög stórt verkefni.

Ef mig brestur ekki minni þá eru ferðamenn til Íslands nú um það bil 250 þús., þ.e. álíka margir og búa í landinu, aðeins færri. Það er ágætt að rifja það upp að til Spánar koma á hverju ári jafnmargir og íbúarnir þar eru þannig að við erum kannski núna orðin ferðamannaland eins og Spánn. Samkvæmt spám skilst mér að eftir tíu ár muni koma hingað um 500 þús. manns sem ferðamenn og það er alveg ljóst að það verður skipulagt kaos á hálendinu ef ekki verður tekið skipulega á þessum málum.

Árni Bragason, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, hefur skoðað þetta sérstaklega í haust og það er alveg ljóst að það verður, að hans mati og fleiri — hann hefur einnig rætt þetta við Vegagerðina og Ferðamálaráð að mér skilst — að kortleggja þessa vegi svo að til sé gott skipulag af vegslóðum og vegum á hálendinu þannig að menn geti ekki fríað sig ábyrgð með því að keyra eins og þeim þóknast eftir einhverjum vegum sem varla sjást. Það er mjög brýnt að taka á þessu. Þetta er stórt verkefni og það mun taka langan tíma að ljúka því. En það verður að fara í það svo ekki skapist neyðarástand á hálendinu vegna mjög aukins umferðarþunga.

Umræður utan dagskrár.

Fréttir um geymslu kjarnorkuvopna á Íslandi.

[14:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn eina ferðina berast í fjölmiðlum þær fréttir að hér á landi hafi verið geymd kjarnorkuvopn. Slíkar fréttir hafa áður ævinlega verið bornar til baka af íslenskum og bandarískum stjórnvöldum. Nú er þessu engu að síður haldið fram í grein í vísindatímariti þar sem virtir vísindamenn birta niðurstöður rannsókna sinna. Niðurstöður þeirra eru þær að Bandaríkjamenn hafi með leynd komið fyrir kjarnorkusprengjum til geymslu í 15 löndum og samkvæmt lista sem birtur er í greininni er Ísland eitt þessara landa.

Rannsókn þessara fræðimanna byggir á gögnum frá bandaríska varnarmálaráðuneytinu um tímabilið frá 1945 til 1977 og telja þeir sem rannsóknina unnu að þó að í gögnum varnarmálaráðuneytisins hvíli leynd yfir nöfnum þeirra landa sem hlut eiga að máli, þá geti þeir séð með aðstoð annarra gagna hver löndin eru. Þeir hljóta að telja sig hafa örugga vissu því það er mikill ábyrgðarhluti að birta slíkan lista í vísindatímariti þar sem krafa er gerð um vönduð vinnubrögð. Hér virðist því ekki vera um neina flugufregn að ræða eins og stundum áður.

Í niðurstöðum áðurnefndra rannsókna segir að kjarnorkuvopn hafi verið geymd hér á landi árin 1956–1959. Blaðið Washington Post birtir þessa frétt í dag og hefur eftir sendiráðsritara Íslands í Washington að ríkisstjórn Íslands hafi áður verið spurð um hvort kjarnorkuvopn hafi verið geymd á Íslandi en ávallt svarað því til að stjórnvöldum væri ekki kunnugt um það. Og talsmaður bandaríska varnarmálaráðuneytisins sagði í samtali við blaðið að þar á bæ yrði hinni hefðbundnu afstöðu haldið fram að staðfesta hvorki né neita. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi mál koma til umræðu á hv. Alþingi og löngu orðið tímabært að umræðunni ljúki þannig að Alþingi og þjóðin fái áreiðanlegar upplýsingar. Málið er mjög alvarlegt ef rétt reynist. Stjórnvöldum ber að krefjast þess að þeirri leynd sem hvílt hefur yfir skjölum sem Ísland varða verði aflétt þannig að umræðan byggist ekki í framtíðinni á líkum og getgátum. Málið er of alvarlegt til þess að svo sé með það farið.

Það hefur verið og er yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að hér séu ekki geymd kjarnorkuvopn. Ef sú stefna hefur ekki verið virt er verið að vanvirða íslensk stjórnvöld og sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Má vera að þær staðhæfingar sem settar eru fram í dag veki harðari viðbrögð vegna þess að öllum er í fersku minni það sem fram kom í Danmörku fyrir ekki svo löngu síðan og varðar einmitt geymslu kjarnorkuvopna þar sem röngum upplýsingum var haldið að þingi og þjóð. Það er nauðsynlegt að hreinsa þetta út, að Alþingi fái óyggjandi upplýsingar um málið og til þess að það geti gerst hljóta íslensk stjórnvöld að fara fram á að leynd verði að fullu aflétt af þeim gögnum er málið varða.

Virðulegi forseti. Þetta á ekki að vera mál sem skilur að stjórn og stjórnarandstöðu á hv. Alþingi. Þetta mál snýst um að stefna íslenskra stjórnvalda sé virt og um möguleika okkar til að fylgjast með því að henni sé framfylgt. Þetta snýst um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Því beinum við þeim spurningum til hæstv. forsrh. í fjarveru utanrrh. hvort stjórnvöld hafi kannað hvort staðhæfingar sem settar eru fram í umræddri grein séu réttar og hvort hæstv. ríkisstjórn muni fara fram á það við bandarísk stjórnvöld að leyndinni yfir þeim gögnum er varða Ísland verði að fullu aflétt. Er hæstv. forsrh. tilbúinn til að stuðla að því að skipuð verði á Alþingi sérstök rannsóknarnefnd sem fari ofan í málið og skili skýrslu til Alþingis?

[15:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður Alþb., hefur hafið umræður um það hvort kjarnorkuvopn hafi verið geymd á Íslandi á liðinni tíð. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Alþb. eða forustumenn þess reyna að notfæra sér ýmiss konar fréttir og hefja upphlaup og umræður af iðulega litlu tilefni. Hv. þm. sagði sjálf að fram að þessu hefðu slíkar fréttir verið lausafréttir. Ég vil orða það svo. En þegar slíkar fréttir bárust á sínum tíma voru þær ekki meðhöndlaðar sem lausafréttir heldur með nákvæmlega sama hættinum og þessi lausafrétt núna.

Utanríkisráðherrar hafa hver af öðrum svarað slíkum spurningum, Ólafur Jóhannesson á sínum tíma, Geir Hallgrímsson, Jón Baldvin Hannibalsson og síðast 1995 Halldór Ásgrímsson, allt hæstv. utanrrh. og öll svör þeirra hafa verið á sömu lund að engar haldbærar upplýsingar bendi í þá átt sem hér er verið að þyrla upp. Þvert á móti liggja fyrir fullyrðingar íslenskra ráðamanna og bandarískra að ekki hafi verið geymd kjarnorkuvopn á Íslandi, en nú er sem sagt gert ráð fyrir því að í tíð vinstri stjórnarinnar 1956–1958, og Alþb. reyndar líka, hafi hér verið kjarnorkuvopn.

Heimildin er listi sem birtur er og var gerður opinber af bandarískum stjórnvöldum samkvæmt bandarískum upplýsingalögum. Þessi listi er ekki tæmandi því að heiti ýmissa landa sem voru í frumriti listans voru strikuð út. Höfundar greinarinnar í tímaritinu Bulletin of the Atomic Scientists, þar á meðal vinur vor William Arkins, sem alltaf hefur komið við sögu í öllum þessum upphlaupum fram að þessu — það er gaman að sjá svona gamla drauga birtast á listanum með fullri virðingu fyrir viðkomandi — geta sér til að Ísland sé á listanum. Í greininni sem birt er búa þeir sér til sinn eigin lista þar sem þeir setja Ísland innan sviga í eina eyðuna í listanum því þar hljóti Ísland samkvæmt stafrófsröð að vera í frumritinu. Þetta eru öll vísindin. Og á þessum óvísindalegu og reyndar fáránlegu vinnubrögðum byggja fjölmiðlar sem fjölluðu um málið, umfjöllun sína.

Landvarnaráðuneyti Bandaríkjanna hefur lýst því yfir við íslensk stjórnvöld að ályktun höfundanna í tímaritsgreininni sé röng og að Ísland sé ekki á listanum í frumriti hans. Ég vil lesa þetta aftur. Landvarnaráðuneyti Bandaríkjanna hefur lýst því yfir við íslensk stjórnvöld að ályktun höfunda tímaritsgreinarinnar sé röng og að Ísland sé ekki á listanum í frumriti hans. Lyktir þessa máls eru þannig í samræmi við niðurstöður fyrri kannana íslenskra stjórnvalda í Bandaríkjunum á sannleiksgildi ítrekaðra fullyrðinga á undanförnum 20 árum um að hér á landi hafi verið geymd kjarnorkuvopn. Slíkar fullyrðingar hafa eins og nú ætíð reynst ósannar.

Af þeim ástæðum taldi ég ekki mikla ástæðu til utandagskrárumræðu en ég vona að þetta skýri málið.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að ekki sé hægt annað en taka þær fréttir sem komu vestan um haf í morgun þess efnis að hér á Íslandi hefðu verið geymd kjarnorkuvopn alvarlega. Þær eru a.m.k. taldar það trúverðugar að helstu stórblöð vestan hafs og sjónvarpsstöðvar hafa haft þetta sem sína fyrstu frétt eða forsíðufrétt.

Reynslan annars staðar frá, samanber Danmörku, gefur líka fullt tilefni til þess að taka svardögum og yfirlýsingum um hið gagnstæða þegar kjarnorkuvopn eiga í hlut með fyrirvara. Eða hversu oft höfðu ekki bæði bandarísk stjórnvöld og danskir ráðamenn þvertekið fyrir það og svarið fyrir að þar í landi hefðu nokkurn tíma verið geymd kjarnorkuvopn? En annað kom á daginn og að lokum neyddust báðir aðilar til að viðurkenna það, annars vegar bandarísk stjórnvöld að hafa í trássi við yfirlýsta stefnu Dana geymt kjarnorkuvopn á Grænlandi og hins vegar danskir forsætisráðherrar að viðurkenna að þeir hefðu logið að þjóð sinni.

Þetta gefur tilefni til þess, herra forseti, að öll samskipti íslenskra stjórnvalda við bandarísk stjórnvöld og hermálayfirvöld verði tekin til skoðunar, bæði vegna þessa tíma sem í hlut á sögunnar vegna til að rannsaka hvað raunverulega gerðist og hvað íslenskir ráðamenn vissu eða máttu vita um þá hluti en einnig vegna tengslanna og skírskotunarinnar til nútímans. Kjarnorkuvopn eru staðreynd. Herstöðin á Miðnesheiði er því miður staðreynd og hún er hluti af þessari vígbúnaðarkeðju.

Kjarnorkuvopnastefnan er óbreytt frá þessum tíma, sem sagt sú að bæði Bandaríkjamenn einhliða og eins NATO sameiginlega áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði. Sömuleiðis sú stefna að játa hvorki né neita tilvist kjarnorkuvopna og það er hluti af þeim leyndarhjúp og blekkingavef sem þessi mál eru umvafin.

Ég tel að hér eigi að gera svipað og gert var í Danmörku eða þá í Noregi þegar hlerunarmálin komu upp þar að skipa óháða rannsóknarnefnd, einhvers konar sannleiksnefnd til að fara ofan í saumana á þessum málum og fá fram það sem réttast reynist og koma þeim þar með út úr heiminum.

[15:09]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er og hefur ætíð verið stefna íslenskra stjórnvalda að kjarnavopn skuli ekki staðsett hér á landi. Innan Atlantshafsbandalagsins gilda skýrar reglur um að flutningur og staðsetning kjarnorkuvopna eigi sér ekki stað nema með fullu samþykki þeirra ríkja sem hlut eiga að máli. Enn fremur er Bandaríkjamönnum óheimilt samkvæmt

varnarsamningnum að nýta varnaraðstöðuna á Íslandi með neinum hætti nema með fullu samþykki og vitund íslenskra stjórnvalda.

Eins og fram hefur komið hafa hliðstæð mál þessu komið upp með reglulegu millibili. Þau komu upp árið 1980, 1984, 1995 og síðast 1997. Núverandi utanrrh. gaf yfirlýsingar um þetta mál til utanrmn. árið 1995 og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það hefur ávallt gilt sú grundvallarregla í samskiptum aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins að þau hafa virt stefnu hvors annars. Íslensk stjórnvöld hafa enga ástæðu sem endranær þegar þetta mál hefur skotið upp kollinum til að ætla að bandalagsríki þess hafi virt að vettugi yfirlýsta og skýra stefnu Íslands varðandi kjarnavopn sem hvað eftir annað hefur verið ítrekuð á vettvangi Atlantshafsbandalagsins."

Það hefur komið fram hér að íslensk stjórnvöld hafa farið fram á það við stjórnvöld í Bandaríkjunum að þau gæfu umsögn um innihald þessarar greinar, hvort hún væri sannleikanum samkvæmt eða ekki, og ég hef engu við yfirlýsingu forsrh. að bæta um það. Hér ber allt að sama brunni. Þessi orðrómur hefur verið úr lausu lofti gripinn hingað til og ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að svo sé í þetta skiptið og íslensk stjórnvöld hafa kannað málið nú þegar. Það er a.m.k. undarlegt ef Bandaríkjamenn hefðu tekið upp á því að flytja kjarnorkuvopn til landsins þegar hér var nýsest vinstri stjórn að völdum sem hafði það á stefnuskrá sinni að herinn færi úr landi.

[15:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Kaldastríðsdraugurinn gengur ljóslifandi í sölum hins háa Alþingis en ekki í líki hv. fyrirspyrjanda heldur í líki hæstv. forsrh. Spurt er í ljósi nýjustu tíðinda frá Bandaríkjunum:

Voru kjarnavopn staðsett á Íslandi á árunum 1956–1959 án vitundar íslenskra stjórnvalda?

Voru kjarnorkusprengjur geymdar á Íslandi án vitundar íslenskra stjórnvalda?

Var Ísland gert að skotmarki á dögum kalda stríðsins án vitundar hvað þá samþykkis stjórnvalda?

Verkefni ríkisstjórnar og Alþingis er að komast að hinu sanna í málinu, eða hefur hæstv. forsrh. engan áhuga á því að komast að hinu sanna í málinu? Það má einu gilda, hæstv. forsrh., hverjir voru í ríkisstjórn á þessum árum.

Ríkisstjórn Íslands árið 1999 á að krefjast þess af bandarískum stjórnvöldum að þau leggi spilin á borðið því að enginn vafi má leika á því hvort kjarnorkuvopn hafi nokkru sinni verið geymd í herstöðinni.

Herra forseti. Þetta mál er ekki þess eðlis að ríkisstjórnin geti leyft sér að gera það að ágreiningsmáli stjórnar og stjórnarandstöðu. Snertiflöturinn er á milli íslenskra stjórnvalda annars vegar og bandarísku ríkisstjórnarinnar hins vegar. Bandarísk stjórnvöld hafa þegar viðurkennd að kjarnavopn voru geymd um sjö ára skeið á árunum 1958–1965 í Thuleherstöðinni á Grænlandi.

Herra forseti. Í ljósi þessa og í ljósi nýjustu upplýsinga ber íslenskum stjórnvöldum að komast að hinu sanna í málinu. Heiðarleiki og áreiðanleiki bandarískra stjórnvalda í samskiptum við Ísland er í veði.

[15:13]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er athyglisvert að menn gefa sér það, eins og sést í frétt DV þar sem Steingrímur J. Sigfússon er spurður um þetta mál, að þessi fréttaflutningur sé réttur. Það er afar athyglisvert. En í fréttaflutningi í erlendum blöðum af þessu máli er alveg ljóst og kemur þar alveg skýrt fram að grundvöllur fréttarinnar eru hreinar getgátur um að Ísland sé á lista yfir lönd þar sem bandarískri herinn hafi geymt kjarnavopn sín.

Það er rétt að undanfarið hafa bandarísk stjórnvöld verið að aflétta leynd varðandi gögn um staðsetningu kjarnavopna. Þar á meðal er listi yfir lönd þar sem kjarnvopn hafa verið geymd, en listinn hefur að hluta til verið gerður aðgengilegur. Þennan lista hafa heimildarmennirnir séð og ég reyndar einnig en í honum er ekki að finna neinar upplýsingar um að hér á landi hafi verð geymd kjarnavopn, ekki neinar upplýsingar. Hluti af þessum lista flokkast enn undir trúnaðarmál og heimildarmennirnir gefa sér að þar sé að finna upplýsingar um kjarnorkuvopn á Íslandi. Ekki er rannsóknin merkilegri en þetta. Í umfjölluninni kemur skýrt fram að engar heimildir eru aðrar en getgátur fyrir þessu. Það stendur því óhaggað sem áður hefur verið upplýst af hálfu íslenskra stjórnvalda og bandarískra stjórnvalda að hér hafi ekki verið kjarnavopn enda engin ósk komið fram um það frá bandarískum stjórnvöldum. Um þetta liggja fyrir mjög ítarlegar upplýsingar og heimildir í gögnum utanrmn. sem nefndarmönnum er frjálst að skoða sem trúnaðarmál og þar kemur þetta fram alveg tvímælalaust.

[15:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur alltaf verið vilji íslenskra stjórnvalda að hér væru ekki staðsett kjarnorkuvopn. Sá vilji hefur verið afdráttarlaus og skýr. Það vita allir og þeir eru ánægðir með það. En þegar upplýsingar berast frá virtum fjölmiðum og fréttastofum þá kemur forsrh. og kallar það að nota sér fréttir til að vera með upphlaup. Ég er aldeilis gáttuð á þessum viðbrögðum þegar ég taldi að við mundum ræða hér opinskátt og einlæglega saman um viðbrögð Íslendinga við slíkri frétt.

Það er líka sagt að verið sé að gera því skóna að vopn hafi verið geymd hér í vinstri stjórn. Það er alveg rétt að ríkisstjórn Ólafs Thors lauk störfum 25. júlí 1956 og þá tók við vinstri stjórn en ef hér hefði verið komið fyrir kjarnorkuvopnum árið 1959 án vitundar ríkisstjórnar Íslands skiptir það mig engu hvort ríkisstjórn sú var leidd af Ólafi heitnum Thors eða Hermanni heitnum Jónassyni. Við erum ekki að ræða um það.

Það er líka sagt að það sé óvísindalegt að einhver lönd hafi verið strikuð út af lista og við hljótum að spyrja, virðulegi forseti: Af hverju er listinn yfirstrikaður?

Ég er ekki í minnsta vafa um nauðsyn þess að Alþingi bregðist við svona alvarlegum fréttaflutningi. En það er fráleitt af okkur ef við hefðum ætlað að ganga til fyrirspurnatíma á Alþingi og hverfa síðan héðan af fundi og láta fjölmiðlana eina um að kryfja alvarlega umræðu um utanríkismál íslensku þjóðarinnar. Flokkarnir allir eiga að standa saman um að krefjast fullnægjandi skýringa þegar slíkar staðhæfingar eru settar fram, herra forseti. Um það snýst þessi umræða ólíkt öðrum utandagskrárumræðum en það er fyrst og fremst ríkisstjórnin sem getur gengið erinda okkar við bandarísk stjórnvöld til að upplýsa megi þessi mál.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í ársbyrjun 1958 sendi Bulganin, forseti Sovétríkjanna, bréf til ríkisstjórnar Hermanns Jónassonar og spurði: „Hvers vegna hafa Íslendingar ekki mótað stefnu varðandi kjarnorkuvopn og veru þeirra í landi sínu?“ Hermann Jónasson svaraði 1. febrúar 1958 og sagði að aldrei hefði komið til álita að kjarnorkuvopn væru á Íslandi og sú stefna hefði verið mótuð af ríkisstjórninni að þau kæmu ekki nema með samþykki hennar. Þetta var stefnumótun sem ríkisstjórn Hermanns Jónassonar stóð fyrir í ársbyrjun 1958.

Árið 1980 kom William Arkin og hélt því fram að það væru kjarnorkuvopn á Íslandi. Hvers vegna? Vegna þess að landgönguliðar á Keflavíkurflugvelli væru æfðir og hefðu handbók sem segði þeim hvernig þeir ættu að haga sér ef kjarnorkuvopn væru í nágrenni þeirra. Það er álíka mikil speki og þessi sem nú er að nota einhvern lista þar sem Ísland er ekki einu sinni á blaði og draga þá ályktun af honum að þess vegna séu kjarnorkuvopn í landinu. Að halda því fram að þetta mál hafi ekki verið rannsakað er út í bláinn. Það hefur verið rannsakað af öryggismálanefnd, sem var starfandi og var samstarfsnefnd allra flokkanna á sínum tíma, og gefin út skýrsla um málið, um kjarnorkuvopn á Íslandi. Síðan hefur utanrmn. hvað eftir annað komið að málinu, fengið öll gögn um málið og rannsakað málið. Síðan elta alltaf sömu þingmennirnir og sömu mennirnir lausafréttir frá útlöndum og setja þetta leikrit á svið sem við erum að taka þátt í núna og niðurstaðan er alltaf sú sama. Það er spurning hvað það tekur langan tíma til að leiða endanlega til lykta að það séu lausafréttir, hvort sem þær berast úr Washington Post eða einhvers staðar annars staðar. Þegar sömu mennirnir, William Arkin og félagar, standa að baki upplýsingamiðluninni, þá vakir fyrir þeim að hnekkja þeirri stefnu Bandaríkjastjórnar að játa hvorki né neita að kjarnorkuvopn séu í einstöku löndum. Þeim er alveg sama hvort þau séu á Íslandi eða einhvers staðar annars staðar. Þeir eru að berjast við bandarísk stjórnvöld og kjarnorkuumræðurnar í Bandaríkjunum núna eiga rætur að rekja til deilna forsetaembættisins og öldungadeildar Bandaríkjaþings um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn en snertir þetta mál ekki neitt heldur þessa baráttu sem á sér stað í Bandaríkjunum. Við erum leiksoppar með þeim hætti sem við sjáum hér í dag.

[15:20]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Í framhaldi af þeirri frétt nú er til umræðu um staðsetningu kjarnorkuvopna hér á landi árin 1956–1959 hafði ég samband við íslenska aðila sem hafa unnið á Keflavíkurflugvelli mjög lengi og voru við störf á þessum tíma. Ég spurði þá hvort þeir hefðu heyrt orðróm um að slík vopn væru staðsett á Keflavíkurflugvelli. Enginn þeirra hafi heyrt orðróm um slík vopn á Keflavíkurflugvelli eða í herstöðinni yfirleitt.

Þeir sögðu jafnframt að ef slík vopn væru yfirleitt á Keflavíkurflugvelli hefði það ekki farið fram hjá neinum manni því að varúðarráðstafanir sem þarf að gera í kringum geymslu á slíkum vopnum eru það umsvifamiklar að þær geta ekki farið fram hjá þeim mönnum sem starfa á flugvellinum. Að því leyti til tel ég að skoðanir þessara manna séu mjög marktækar. Ef við lítum á hvar slík vopn eru geymd yfirleitt áttum við okkur á því að það er ekki eins og að geyma nokkra kassa af skotum eða einhverjar sprengjur sem eru í flugvélum, þarna erum við að tala um allt annað og meira mál en venjulegt vopnabúr. Að þeirra mati er heldur ekki til neinn staður á Keflavíkurflugvelli sem hægt er að geyma slík vopn í og þeir sem hafa farið um þetta svæði átta sig trúlega á því sjálfir ef þeir á annað borð velta þessu máli fyrir sér. Þess vegna er það mat flestra og allra þeirra sem þarna hafa starfað og ég hef haft samband við að þessi frétt sé flugufrétt og tilbúningur og þær skýringar sem hæstv. forsrh. kom með á þessu máli séu þær einu sem skipta máli.

[15:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að óhætt hefði verið að bíða með þessa umræðu eftir því að hæstv. utanrrh. kæmi heim. Þetta eru atburðir sem eiga að hafa gerst á árunum 1956–1959. Ég hef út af fyrir sig góðan skilning á því að þingmenn hafi áhuga á því að taka þetta mál upp og þá kannski frekast til umfjöllunar í utanrmn. til að byrja með til að tryggja vandaðri málsmeðferð.

Út af fyrir sig hef ég ekki aðstöðu til að meta hvort einhver fótur geti verið fyrir þessari frétt í Washington Post né heldur hvort hér hafi verið á ferðinni kafbátar eða flugvélar sem hafi borið kjarnavopn en ef svo væri hefði það verið skýrt brot af hálfu Bandaríkjamanna. Mér finnst að tímasetningin geri það mjög ósennilegt að fréttin geti verið á rökum reist. Ríkisstjórnin sem sat 1956 var undir forsæti Hermanns Jónassonar. Afstaða Hermanns til hersins var alkunn. Hermann var ákaflega tortrygginn gagnvart ásælni annarra þjóða og hafði meira að segja forgöngu um að Lufthansa var á sínum tíma neitað um lendingaraðstöðu sem kom sér vel síðar og hefðu Bandaríkjamenn komið hingað með kjarnavopn á þessum tíma þá hefði það verið ótrúleg ögrun og ákaflega óskynsamleg. Þar af leiðandi á ég erfitt með að trúa þessari frétt.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er náttúrlega sláandi samhljómur í málflutningi stjórnarliða sem reyna að gera allt sem þeir geta til þess að gera lítið úr þessari frétt og gera hana tortryggilega og þar með þá fræðimenn sem að henni standa með fræðimannsheiti sínu. Vel getur verið að þeir séu svo bráðskarpir sem hafa rýnt í þetta núna í nokkra klukkutíma af hálfu stjórnarliðsins að þeir sjái strax í gegnum það sem þessir fræðimenn hafa rannsakað og unnið að og eiga þó að teljast sæmilega bærir á að túlka og lesa saman gögn því að sjálfsögðu byggja þessar ályktanir þeirra á fleiri gögnum en einu eins og vel er ljóst af umfjöllun um málið.

Vegna þeirra orða hv. þm. Tómasar Inga Olrich að þetta sé fram komið vegna þess að Bandaríkjamenn hafi sjálfviljugir aflétt trúnaði af þessum skjölum þá er það ekki svo heldur hafa þeir eftir langvinn málaferli neyðst til að birta vissa hluta af upplýsingum um þetta mál vegna þess að það hefur ekki haldið fyrir dómi að halda þeim lengur leyndum. Það endurspeglar einmitt þann veruleika og það samhengi sem þessir hlutir eru í, að leyndin er varin til hins ýtrasta og sagan sýnir okkur að menn hafa ekki hikað við að ljúga og það liggur í eðli þeirrar stefnu að játa aldrei né neita, hvenær og hvernig sem að því er spurt, neinu sem varðar tilvist þessara vopna. Menn verða að hafa í huga það samhengi málsins þegar verið er að túlka þessa hluti eða gera eitthvað yfir höfuð með yfirlýsingar t.d. bandarískra hermálayfirvalda í þessu. Á hverju eiga menn von öðru en því að þau neiti þessu

fram í rauðan dauðann? Það gerðu þau líka í Danmörku og það hafa þau gert annars staðar þar sem sambærilegir hlutir hafa gerst.

Úr því að þeir gátu komið fram við Dani, Frakka og fleiri þjóðir með þeim hætti sem raun ber sannanlega vitni, halda menn þá að þeir hafi hikað mikið við það gagnvart litla Íslandi og það jafnvel þó að Hermann Jónasson væri hinn mætasti stjórnmálamaður og Emil Jónsson væri utanrrh.? Ég efast stórlega um það að bandaríska heimsveldið hafi skolfið af þeim ástæðum.

[15:26]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að við óskuðum eftir því, þingflokkur Samfylkingarinnar, að annaðhvort yrði um utandagskrárumræðu að ræða eða þá að hæstv. forsrh. kæmi í upphafi þingstarfa og greindi okkur frá því á hvern hátt ríkisstjórnin hygðist svara þeim fréttaflutningi sem hefur verið í morgun. Við vorum hins vegar tilbúin að bíða með það ef hæstv. utanrrh. væri væntanlegur til þingstarfa á morgun en svo reynist ekki vera og hann ekki væntanlegur til landsins fyrr en á föstudag, og í næstu viku er þingið að sinna öðrum störfum en þingfundum.

Hins vegar hefði verið fullkomlega eðlilegt í kjölfar þessara frétta að hæstv. forsrh. hefði sjálfur haft frumkvæðið að því að koma í upphafi þingstarfa í dag með tilkynningu frá ríkisstjórninni og segja okkur hvernig þeir mundu bregðast við. Það er hreint með ólíkindum að það skuli vera talað um upphlaup og komið með staðhæfingar um það hvaða hugur liggi að baki þegar beðið er um umræðu sem þessa þegar svona alvarlegar fullyrðingar eru settar fram, fullyrðingar sem fræðimenn segjast byggja á trúverðugum gögnum. Ég treysti mér ekki til eins og hæstv. forsrh. að segja að þetta sé allt saman úr lausu lofti gripið. Hæstv. ríkisstjórn ber skylda til þess að athuga hvort svo sé. Ef það liggur fyrir eiga þær upplýsingar að koma fram hér. En við höfum ekki haft aðstöðu til þess að meta það í morgun og þær upplýsingar lágu ekki fyrir hjá utanrmn. þegar hún fundaði í morgun.

Um ræðu hæstv. menntmrh. ætla ég að hafa sem fæst orð því að hann er aftur sokkinn í þessa kaldastríðshugsun og hefur aldrei getað skipt um forrit.

[15:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það kemur mér ekkert á óvart að formaður Alþb. skuli stunda þennan leik sem Alþb. hefur stundað. Hins vegar kemur mér mjög mikið á óvart að þingmenn Alþfl. skuli fara upp í þennan bát og veltast um í þessum bát. Ég tók þátt í umræðum hér og stóð í þinginu með Jóni Baldvini Hannibalssyni, formanni Alþfl., þegar samsvarandi hlutir, byggðir á samsvarandi upplýsingum, voru ræddir. Það kemur mér því mjög á óvart að Alþfl. skuli núna hoppa um borð í bátinn hjá Alþb. Þegar ... (**Gripið fram í:** Þetta er á lágu plani, forsrh.) Já, þetta er á lágu plani hjá þér, hv. þm., það er rétt hjá þér. Ég er mjög hissa á því, það er á mjög lágu plani, það er rétt hjá hv. þm., að Alþfl. skuli hoppa um borð þegar slíkur málflutningur er hafður uppi.

Ég vil aðeins nefna út af Danmörku sem er dregin inn í myndina aftur og aftur til þess að gera okkur tortryggilega, ekki bara Bandaríkjamenn. Bandaríkjamenn lugu, er hér sagt. Það er orðið sem notað er og Danir lugu er hér sagt. Það liggur reyndar fyrir að Bandaríkjamenn neituðu því aldrei að hafa verið með kjarnorkuvopn í Grænlandi. Þeir hvorki játuðu því eða neituðu. Danskir stjórnmálamenn ... (Gripið fram í.) Það er stefna þeirra, þeir hvorki játuðu því eða neituðu. Það er stefna þeirra sem er þekkt og það er barnalegt að fólk skuli flissa yfir þessu og sýnir hvað það er illa að sér um utanríkismál. En þeir neituðu því aldrei, þeir hvorki játuðu eða neituðu. Hins vegar neituðu danskir stjórnmálamenn sem vissu. Sá er munurinn hér.

Ég geri ekki ráð fyrir að Guðmundur Í. Guðmundsson eða Hermann Jónasson hafi verið að ljúga eins og hér var með vissum hætti gefið til kynna þegar dönskum og íslenskum stjórnmálamönnum var líkt saman.

Um fundarstjórn.

Að bera af sér sakir.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég neyðist til þess að biðja um orðið undir þessum dagskrárlið vegna þess að mig greinir augljóslega á við hæstv. forseta um hvernig túlka beri þingsköp varðandi þennan lið sem með skýrum hætti er mælt fyrir um í þingsköpum en þingmenn hafa rétt til að biðja um orðið og bera af sér sakir ef þeir telja þær ranglega á sig bornar. Ég er ekki vanur því og er ekki kunnugt um að til síðs hafi verið að takmarka þennan rétt eða skilyrða, t.d. þannig að hann skyldi falla innan hálftíma ræðutíma sem leyfður væri í utandagskárumræðu. Þetta er sjálfstæður réttur þingmanna og hugsaður til þess að þeir eigi úrræði til að verja hendur sínar ef þeim finnst ranglega að þeim veist. Ég hafði reyndar ætlað mér að nota þetta tækifæri einnig til þess að biðjast afsökunar á mismæli sem mér varð á. Ég nefndi ranglega þann utanrrh. sem var við völd á þessum tíma. Ég hafði reiknað með því að leyfast mundi að leiðrétta það mismæli, það var sem sagt Guðmundur Í. Guðmundsson en ekki Emil Jónsson, eins og mér mun hafa orðið á að segja. Hitt sem ég ætlaði að leiðrétta var að það fólst ekkert í orðum mínum sem leyfilegt er að túlka eins og hæstv. forsrh. gerði, að ég væri að bera lygar upp á nafngreinda íslenska ráðamenn. Það er fráleitt þó að ég hafi vísað til Danmerkur. Nú hef ég komið þessu að, herra forseti, og þakka kærlega fyrir.

Stefnumótun í málefnum langsjúkra barna.

Fsp. JóhS, 46. mál. — Þskj. 46.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Tilefni fsp. þeirrar sem hér er til umræðu er að í júní 1998 var samþykkt á Alþingi þáltill. um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Um þessa tillögu hafði náðst mjög víðtæk samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Að henni stóðu flutningsmenn úr öllum flokkum. Tillagan miðaði að því að tryggja betur réttarstöðu langsjúkra barna gagnvart félags- og heilbrigðisþjónustu, dagvist og leikskóla, skólamálum og þjónustu og fjárstuðningi við aðstandendur. Ríkisstjórninni var með þessari þáltill. falið að undirbúa heildstæða og samræmda stefnu í málefnum langsjúkra barna.

Ég held að það sé nokkuð ljóst að réttarstaða langveikra barna, foreldra þeirra og annarra aðstandenda, er afar bágborin í íslensku samfélagi þó nokkuð hafi verið gert til þess

að bæta þar úr. Það er langur vegur frá því að þjóðfélagið auðveldi þeim áfallið sem verða fyrir því að eignast barn sem greinist með langvarandi og oft ólæknandi sjúkdóm. Það er sorgleg staðreynd, ekki síst í ljósi þess að við viljum telja Ísland í hópi velverðarþjóða. Mælikvarðinn á það er hvernig við tryggjum hag og velferð barna í þjóðfélaginu, ekki síst langsjúkra barna. Foreldrar langsjúkra barna þurfa mikinn skilning og stuðning frá samfélaginu þegar barn þeirra greinist með alvarlegan og langvarandi sjúkdóm. Ég held að það sé nokkuð ljóst að Ísland stendur mun aftar hvað þetta varðar og almennt í stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra en t.d. Norðurlandaþjóðirnar sem við berum okkur oft saman við. Ég hef nýlega óskað eftir því að Hagstofan tæki saman fyrir mig slíkan samanburð sem ég hef fengið. Þar munar verulega á stuðningnum, bæði í þjónustu sem íslenska þjóðfélagið veitir börnum og fjölskyldum þeirra og eins varðandi almenn útgjöld til félagsmála, bóta og annarrar aðstoðar við fjölskyldur á Íslandi.

Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrrh. sem er svohljóðandi:

„1. Hverjar eru helstu niðurstöður nefndarinnar sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis 2. júní 1998, um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, og ljúka átti störfum í upphafi árs 1999?

2. Hvaða lagafrumvörp, sbr. efni ályktunar Alþingis frá 2. júní 1998, sem tengjast stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, verða lögð fyrir Alþingi?

3. Hvernig hyggst ráðherra framfylgja niðurstöðum nefndarinnar og hvenær má vænta að þær komist til framkvæmda?"

[15:36]

Útbýting þingskjala:

Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, 112. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 122.

Samningur um flutning dæmdra manna, 113. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 123.

[15:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ber hér upp fsp. í þremur liðum og fyrsti liðurinn er:

„Hverjar eru helstu niðurstöður nefndarinnar sem skipuð var samkvæmt ályktun Alþingis 2. júní 1998, um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, og ljúka átti störfum í upphafi árs 1999?"

Nefndin skilaði skýrslu til heilbr.- og trmrh. í júní 1999. Aðalniðurstaða nefndarinnar var sú að fremur beri að endurbæta núgildandi lög og reglugerðir en að setja sérlög um málefni langveikra barna. Jafnframt leggur nefndin til að komið verði á fót samstarfsráði sömu aðila og tilnefndu fulltrúa í nefndina.

Skýrslu nefndarinnar er skipt í fjóra meginkafla eftir málefnum. Í kaflanum um menntamál er m.a. bent á að næg laga- og reglugerðarákvæði séu fyrir hendi til þess að kennsla fyrir langveik börn á grunnskólastigi geti farið fram á ákjósanlegan hátt. Hins vegar þurfi að bæta fræðslu fyrir kennaranema og aðstöðu til kennslu. Nefndin benti sérstaklega á að setja þurfi skýr ákvæði í lög um framhaldsskóla, nr. 80 frá 1996, sem tryggi að þörfum langveikra ungmenna sé mætt varðandi menntun og félagslegan stuðning svipað og á við um grunnskólanemendur.

Í kaflanum um trygginga- og skattamál er bent á að ýmis tryggingamál er varða börn almennt komi ekki síst til góða þeim börnum sem langveik eru. Þannig styður nefndin að almennt fæðingarorlof verði lengt og að dregið verði úr tekjutengingu barnabóta. Þá bendir nefndin m.a. á ýmis atriði sem varða sérstaklega rétt foreldra til að dvelja heima og annast veik börn og að Tryggingastofnun ríkisins fái heimild til að taka jafnmikinn þátt í lyfjakostnaði barna og gert er vegna lífeyrisþega. Lagt er til að þak verði sett á greiðslur á ári á fleiri málaflokkum en þjálfun barna.

Í kaflanum Félagsmál er gerð grein fyrir því að þarfir langveikra barna og aðstandenda þeirra eru að mörgu leyti svipaðar þörfum fjölskyldna fatlaðra barna. Þá er í nefndarálitinu rætt um upplýsingaþörf aðstandenda og um rétt langveikra barna á félagslegri ráðgjöf. Nefndin telur að langveik börn og unglingar skuli eiga kost á liðveislu og stuðningsfjölskyldu á sama hátt og fatlaðir.

Í kaflanum um heilbrigðisþjónustu gætir bjartsýni varðandi framtíð heilbrigðisþjónustu fyrir langveik börn. Nú þegar hillir undir að nýr og fullkominn barnaspítali verði tekinn í notkun. Bent er á að þar sé nú unnið að stofnun þverfaglegs teymis fyrir langveik börn og að auka þurfi þjónustu félagsráðgjafa og sálfræðinga. Þá er bent á að nú sé verið að innrétta rúmgott húsnæði fyrir barnadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hvað varðar börn með geðræna sjúkdóma telur nefndin að úrbætur í málefnum þeirra eigi að hafa forgang í heilbrigðiskerfinu á næstunni. Nefndin telur að faglegi þátturinn takmarki fremur þjónustu en húsnæðis- og tækjaskort.

Frá því að nefndin skilaði skýrslu sinni hefur verið sett mikið fjármagn til þessa málaflokks og einnig mun vera að fjölga í stétt barnageðlækna og kennslustaða hefur verið auglýst í þeirri grein við læknadeild.

Önnur spurning hv. þm. var:

„Hvaða lagafrumvörp, sbr. efni ályktunar Alþingis frá 2. júní 1998, sem tengjast stefnumótun í málefnum langsjúkra barna, verða lögð fyrir Alþingi?"

Eins og fram hefur komið telur nefndin að ekki beri að setja sérstök lög um langveik börn en bendir á nauðsyn endurskoðunar á ýmsum laga- og reglugerðarákvæðum sem snerta málefni langveikra barna. Þau lög og reglugerðir sem endurskoða þarf heyra ýmist undir heilbr.- og trmrn., félmrn., fjmrn. eða menntmrn. Ráðgert er að vinnu við þá endurskoðun verði lokið um áramót.

Þriðja spurningin er:

„Hvernig hyggst ráðherra framfylgja niðurstöðum nefndarinnar og hvenær má vænta að þær komist til framkvæmda?"

Svarið við því er að skýrslan hefur verið til umfjöllunar í heilbr.- og trmrn. í sumar en nú þegar er ljóst að verið er að vinna að fjölmörgum málum af hálfu ráðuneytisins er varða langsjúk börn.

Nú sé ég að tíma mínum er lokið en í lokin vil ég segja að ríkisstjórnin hefur fjallað um skýrsluna og samþykkt að setja á stofn sérstaka stefnunarmótunarnefnd sem á að ljúka störfum fyrir áramót. Í nefnd þeirri eru fulltrúar þeirra fjögurra ráðuneyta sem hér um ræðir.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og þær upplýsingar sem hún hefur gefið þinginu. Ég heyri að ýmsar mjög athyglisverðar tillögur hafa komið fram hjá þessari nefnd og það er mikilvægt að þeim verði hrundið í framkvæmd. Mér finnst þörf á að fá hér fram, sem ég gat ekki heyrt í máli ráðherrans, hvort hæstv. heilbrrh. er

sammála þeim tillögum sem fram koma hjá nefndinni. Mér leikur sérstaklega hugur á að vita, varðandi málefni geðsjúkra barna, hvort hún er sammála þeim úrbótum sem þar eru lagðar til. Mig langar einnig að vita hvort ráðherrann geti verið sammála því að umönnunargreiðslur, sem eru mjög mikilvægar fyrir aðstandendur og foreldra langsjúkra barna, eigi núna að ná til 18 ára aldurs í samræmi við hækkun á sjálfræðisaldri og hvort nokkuð sé um það getið af hálfu nefndarinnar. Ég held að mikilvægt sé að auka alla fjárhagsstoð við aðstandendur langsjúkra barna. Ég nefni ekki síst foreldra langsjúkra barna sem búa t.d. úti á landi, að þeim sé auðveldað að vera hjá börnum sínum ef þau þurfa að koma til höfuðborgarsvæðisins til þess að fá læknisaðstoð.

Ég held að við verðum að stefna að því að fjölskyldur langveikra barna njóti sömu félagslegu réttinda og fjölskyldur fatlaðra. Ég vil í lokin spyrja ráðherra, af því hún talar um að það eigi ekki að vera sérlög í þessum málaflokki og ég get verið sammála því: Hvað verður gert til þess að tryggja að aðstoð við langveik börn verði felld að lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga? Núna er einmitt verið að vinna að því að leggja af lög um málefni fatlaðra og koma á í staðinn lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, ef ég hef skilið málið rétt. Það er mjög mikilvægt að aðstoð við langveik börn falli að þeim lögum. Ég spyr hvort einhver frá samtökum langsjúkra barna hafi komið að þeirri frumvarpsgerð sem ég nefndi hér, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér er um mjög umfangsmikla skýrslu nefndarinnar að ræða. Hv. þm. spyr mig hvort ég sé sammála skýrslunni. Það er til of mikils mælst að ég geti sagt að ég sé sammála þessari þykku og miklu skýrslu. En eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þá hefur ríkisstjórnin þegar tekið þetta mál upp. Stefnumótunarvinna er þegar hafin með þessa skýrslu að leiðarljósi. Ég ætla því ekki að taka upp einstaka þætti hér aftur.

En af því að hv. þm. spurði áðan t.d. sérstaklega um barna- og unglingageðdeild eða um börn með geðræn vandamál þá get ég svarað því að það hefur þegar verið tekið nokkuð á því. Við höfum þegar tekið á nokkuð mörgum atriðum sem eru í skýrslunni og er bent á að þurfi að bæta. Við höfum þegar tekið á því. En við viljum gera betur og ég ætla að endurtaka að ekki er gert ráð fyrir einu lagafrv. en ég býst við því að það þurfi að breyta nokkrum lögum til að þetta mál nái fram að ganga.

Miðstöð sjúkraflugs á Akureyri.

Fsp. SJS, 92. mál. — Þskj. 93.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina fsp. til hæstv. heilbrrh. sem varðar skipulag sjúkraflugs í landinu með heföbundnum flugvélum og þá sérstaklega þeim möguleika að miðstöð slíks sjúkraflugs verði byggð upp á Akureyri. Af ýmsum ástæðum hefur fyrirkomulag sjúkraflugs verið mjög til umræðu meðal heilbrigðisstétta og ekki síst lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks á landsbyggðinni sem það brennur mikið á. Þetta stafar af óskum um betri og sérhæfðari þjónustu en hefur verið í boði hingað til. Þetta stafar af því að svæðisflugfélög sem hafa áður verið til staðar og hafa getað sinnt þessari þjónustu á Norðurlandi, Austfjörðum og Vestfjörðum eru að hverfa af sjónarsviðinu eða flugvélakostur þeirra hentar ekki lengur til þessara þarfa og af ýmsum fleiri ástæðum hefur vaxandi umræða, svo ekki sé sagt óánægja, orðið um þá stöðu sem málin eru í.

Aðstaðan er til að mynda hvað landsbyggðina snertir og einkum þá landshluta sem fjærst liggja Reykjavík algjörlega ósambærileg og þjónustan miklu lakari en á t.d. við um suðvesturhorn landsins þar sem menn hafa bæði góðar samgöngur á landi og svo björgunarþyrlu með mannaðri vakt á bak við og þar á meðal lækni sem fylgt getur í sjúkraflug.

Draumur manna er því sá að útbúin verði sérhæfð og öflug sjúkraflugvél sem geti annast um allt venjulegt sjúkraflug og sjúkraflutninga, þar með talið flutninga á líffæraþegum, flutning á sjúklingum t.d. frá Grænlandi og Færeyjum, en vaxandi samskipti eru við þau lönd á þessu sviði, o.s.frv.

Það er nokkuð ljóst að ýmsir kostir eru því samfara að staðsetja slíka flugvél á Akureyri. Hún er vel staðsett með tilliti til þeirra landshluta sem þarf sérstaklega að þjóna vegna fjarlægðar frá Reykjavík með flugvél með heföbundnum vængjum og þar er til staðar stórt sérhæft sjúkrahús og þekking og mannafli bæði til að manna og gera út slíka flugvél og einnig að setja upp vaktir á bak við hana hvað starfsfólk snertir.

Það er reyndar einnig svo að góð samstaða, hygg ég, er um það að því væri vel fyrir komið að staðsetja slíka sérhæfða og öfluga sjúkraflugvél eða flugvélar á Akureyri. Augljósir kostir eru því samfara frá rekstrarlegu sjónarmiði að hafa þetta á einum stað á landinu og augljóst að þannig má stórbæta þjónustuna án þess að kostnaður fari úr böndum.

Tengt þessum hugmyndum eru tillögur og hugmyndir manna um að efla í leiðinni Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og fleiri heilbrigðisstofnanir á svæðinu eins og háskólann og jafnvel heilsugæslustöðina á Akureyri, stærstu heilsugæslustöð landsins, sem ákveðna miðstöð landsbyggðarlækninga og hjúkrunar. Í því felst ekki að starfsemin verði dregin þangað frá öðrum stöðum heldur fyrst og fremst að þar verði ákveðinn tengipunktur og miðstöð sem ætti að geta nýst til að efla starfsemina alls staðar á landsbyggðinni. Enginn vafi er á því að í því væru fólgnir ýmsir kostir að sérhæfa stofnanir í heilbrigðisgeiranum að þessu leyti og ég minni á í því sambandi hugmyndir eða reyndar áform, sem þegar eru að koma til framkvæmda, um sérstakt framhaldsnám eða sérnám fyrir landsbyggðarlækna.

Ég hef því leyft mér af þessum ástæðum, herra forseti, og í framhaldi af tillögum sem m.a. lækningaforstjóri Fjórðungssjúkrahússins og héraðslæknir Norðurl. e. hafa unnið að að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

„Hver eru viðhorf ráðherra til tillagna um að gera Akureyri að miðstöð sjúkraflugs, annars en þyrluflugs, og efla um leið Fjórðungssjúkrahúsið og Háskólann á Akureyri og fleiri stofnanir á svæðinu sem miðstöð landsbyggðarlækninga/hjúkrunar?

Hefur farið fram athugun á þessum kosti af hálfu ráðuneytisins og ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar?“

[15:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur beint þeirri fsp. til mín hvert viðhorf heilbrrh. sé til tillagna um að gera Akureyri að miðstöð sjúkraflugs og efla

um leið Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og fleiri stofnanir á svæðinu sem miðstöð landsbyggðarlækninga. Einnig er spurt hvort athugun hafi farið fram á þessum kostum af hálfu ráðuneytisins.

Ég hef látið gera úttekt á öllu sjúkraflugi á Íslandi og í skýrslunni eru einnig gerðar tillögur um framtíðarskipulag sjúkraflugs. Skýrslan gerir grein fyrir núverandi fyrirkomulagi sjúkraflugs í landinu, hvaða flugvélakostur er nýttur til þessara verkefna, hvernig hagar til með flugvelli og lendingarskilyrði, lýst er landfræðilegum og veðurfarslegum skilyrðum og hvaða áherslur og sjónarmið eru ríkjandi varðandi sjúkrahúsþjónustuna. Þá eru lagðar fram tölulegar upplýsingar í þessu sambandi, svo sem tíðni sjúkraflugs eftir landsvæðum og kostnaður. Í skýrslunni koma fram sjö tillögur um mismunandi rekstrarform sjúkraflugs og metið hve vel þau uppfylla ákveðnar öryggiskröfur.

Skýrslan hefur verið send til umsagna allra aðila sem koma að sjúkraflugi svo sem stjórnum allra heilbrigðisstofnana, héraðslæknum, landlækni, flugfélögum, Flugmálastjórn og aðilum sem koma að sjúkraflutningum. Um þessar mundir er ráðuneytið að fara yfir umsagnir sem borist hafa og í framhaldinu verða teknar ákvarðanir um framtíðarskipulag sjúkraflugs í landinu.

Hugmyndir sem hafa komið fram um að hafa miðstöð sjúkraflugs á Akureyri og efla um leið Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eru athyglisverðar og mjög áhugaverðar og þær koma mjög vel til greina. Þegar er verið að efla Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og með því er verið að styrkja heilbrigðisþjónustuna á landsbyggðinni. Hv. þm. nefndi sérstaklega í ræðu sinni áðan hvaða tillögur landlæknir er með í þessum efnum og þetta er allt til að styrkja þá stofnun sem er mjög mikilvæg, ekki bara Norðlendingum heldur landinu öllu.

[15:53]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er mjög mikilvægt mál á ferðinni varðandi alla landsbyggðarmenn því að eins og staðan er í dag ríkir ófremdarástand varðandi sjúkraflutninga úti á landi. Sjúkraflugvélar voru t.d. staðsettar á Egilsstöðum en nú hefur það lagst af. Neyðarþjónusta verður að vera til staðar þannig að fólk finni öryggi varðandi heilbrigðisþjónustuna og geti þar af leiðandi og vilji búa úti á landi. Þetta er einn af þeim grunnþáttum sem verður að vera í lagi til þess að fólk vilji búa og vera úti á landi.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og þær upplýsingar sem hæstv. ráðherra veitti um stöðu málsins. Ég sætti mig prýðilega við þau svör sem gefin voru í ljósi þess að tillögur og umsagnir um skýrslu eru til skoðunar í ráðuneytinu. Ég fagna því að hæstv. ráðherra telur þetta álitlegan og áhugaverðan kost sem vel komi til greina.

Enginn vafi er á því og það er hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði að liður í því að styrkja heilbrigðisþjónustuna almennt á landsbyggðinni er að sjálfsögðu að gera vel við þær sérhæfðu og stóru stofnanir sem þjóna þar hlutverki eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og reyndar fleiri stofnanir, Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði eða í Neskaupstað þess vegna, svo eitthvað sé talið.

Ég heiti hæstv. ráðherra stuðningi mínum, ef hann má til einhvers duga, til að reyna að hrinda málinu í framkvæmd. Það er alveg ljóst að það mun kosta nokkra fjármuni, sérstaklega stofnkostnað, að koma upp vandaðri og öflugri sjúkraflugvél en það er líka til mikils að vinna. Ég held að menn verði að átta sig á því að þessu hefur verið sinnt við alveg afar ófullkomnar aðstæður hingað til. Ég geri ráð fyrir því að þingmenn þekki Piper Chieftain vélar, níu sæta vélar, þröngar og erfiðar sem mikið hefur verið notast við í þessu flugi og er náttúrlega órafjarri því að uppfylla þær kröfur sem við ættum að gera til sjúkraflutninga og sjúkraflugs, oft við erfiðar aðstæður. Hér þarf langdræga og mátulega hraðskreiða flugvél með jafnþrýstiklefa sem getur flogið yfir veður, getur flogið til nágrannalandanna og er búin á allan besta fáanlegan máta hvað það varðar að flytja sjúkt fólk og geta nýst í neyðartilvikum. Það er það sem á vantar til viðbótar þyrlunni, sem hér er á suðvesturhorninu, til að koma þessum hlutum í gott horf fyrir landið allt. Það er til geysilega mikils að vinna og ég vona að sá draumur heilbrigðisstéttanna geti ræst, og okkar allra auðvitað, að eignast slíkt tæki fyrr en síðar.

[15:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur fram komið er um mjög mikilvægt öryggismál að ræða. Í dag eru fimm til sjö flugrekstraraðilar sem sjá um þetta flug og þetta byggist á hverjum stað á einum til tveim mönnum. Það er auðvitað ekki mjög tryggt eins og það er í dag þannig að ég ítreka að mikilvægt er að fara vel ofan í saumana á þessu áður en síðan ákvörðun er tekin því að auðvitað er þetta líka nokkur breyting á mörgum stöðum og það þarf að ná samkomulagi um það og því höfum við farið þá leið sem hér hefur verið lýst.

Út af dagskrá voru tekin 10.–14. mál.

Fundi slitið kl. 15:57.

---

14. FUNDUR

miðvikudaginn 20. okt.,
að loknum 13. fundi.

Dagskrá:

1. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 3. mál, þskj. 3, nál. 106, brtt. 110. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 16. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 3. mál (gjöld af bensíni). — Þskj. 3, nál. 106, brtt. 110.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Brtt. 110 felld með 25:12 atkv. og sögðu
já: BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.
nei: ÁSJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, IP, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KPál, PP, PHB, SF, SJS, SÞ, SvH, TIO, VE, ÞBack.
26 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DrH, FI, GHH, GAK, GÁ, HÁs, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StB, VS, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Tillagan sem hér eru greidd atkvæði um er í samræmi við athugasemdir og umsagnir frá Neytendasamtökunum, ASÍ og Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Bæði er hér um eðlilegri viðmiðun að ræða í hinni föstu krónutölu af vörugjaldi og auk þess sem tillagan tryggir að bifreiðaeigendur njóti þess þegar lækkun verður á heimsmarkaðsverði á bensíni. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, SF, SJS, SÞ, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
26 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DrH, FI, GHH, GAK, GÁ, HÁs, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StB, VS, ÖJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þótt sú leið sem að ríkisstjórnin hefur valið og birtist í 1. gr. frv. sem við greiðum hér atkvæði um orki tvímælis, bæði að því er varðar aðferðina sem valin er og þá krónutölu er vörugjald af bensíni er bundið við, þá er frv. skref í átt til að lækka bensínverðið þó tímabundið sé. Ég segi já.

2.–5. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Sérstakar aðgerðir í byggðamálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 10. mál. — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Stofnun Snæfellsþjóðgarðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:05.

---

15. FUNDUR

fimmtudaginn 21. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., stjfrv., 3. mál, þskj. 3, brtt. 127. — 3. umr.
2. Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
3. Samkeppnislög, frv., 90. mál, þskj. 90. — 1. umr.
4. Eftirlit með fjármálastarfsemi, frv., 98. mál, þskj. 99. — 1. umr.
5. Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.
7. Þingsköp Alþingis, frv., 80. mál, þskj. 80. — 1. umr.
8. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Ólafur Örn Haraldsson, 16. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Sturla D. Þorsteinsson, 11. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 4. þm. Norðurl. e.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

[10:31]

Útbýting þingskjala:
Fíkniefni og vopn sem lagt hefur verið hald á, 50. mál, svar dómsmrh., þskj. 118.
Rjúpnaveiði, 116. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 126.
Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. mál, brtt. MF og JóhS, þskj. 127.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):
Forseti vill tilkynna að atkvæðagreiðslur eru áformaðar kl. 13.30. Sömuleiðis vill forseti tilkynna að fyrsta dagskrármál verður tekið fyrir að loknu hádegishléi, um klukkan hálftvö.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla tillögu um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

[10:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að í nótt og í morgun hefur það gerst að Náttúruverndarsamtök Íslands hafa kært íslensk stjórnvöld til Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir að brjóta gegn tilskipun ráðsins um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið.

Um er að ræða afskaplega alvarlegt mál sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á hér vegna þess að að baki liggur mjög viðamikið lögfræðiálit sem gefur okkur vísbendingu um að virkjanaleyfi Landsvirkjunar sem hæstv. iðnrh. gaf út 24. apríl 1991 sé fallið niður af ýmsum orsökum, að virkjanaleyfi Landsvirkjunar sé ekki endanlegt leyfi af ýmsum orsökum, að bráðabirgðaákvæði II, þetta margumrædda undanþáguákvæði sem er í lögunum um mat á umhverfisáhrifum, sé fallið niður af ýmsum ástæðum og sömuleiðis að fullyrðing stjórnvalda um að sérlög nr. 42/1983, um að Landsvirkjun veiti þeim heimild til að undanfæra Fljótsdalsvirkjun frá mati á umhverfisáhrifum, standist ekki lög þar sem engin kynning á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar hafi farið fram þegar lögin voru samþykkt á Alþingi. Og í síðasta lagi er talað um að sú ákvörðun stjórnvalda að láta ekki meta umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar á lögformlegan hátt sé andstæð EES-rétti.

Þetta allt saman tel ég vera ástæðu til þess að hv. Alþingi flýti svo sem kostur er afgreiðslu þáltill. sem liggur fyrir um að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

[10:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:
Virðulegi forseti. Mér finnst full ástæða til þess að þingmaðurinn Kolbrún Halldórsdóttir kveðji sér hljóðs um störf þingsins til að greina frá þessum atburðum sem við fengum fréttir af í morgun í fréttatímanum, ekki síst vegna þess að hér er á ferðinni mál sem þingið mun taka fyrir á næstunni, mál sem miklar deilur eru um. Þegar stórir atburðir verða úti í þjóðfélaginu sem varða þau málefni sem við erum sjálf að fást við hér inni er ekki óeðlilegt að á þeim sé vakin athygli héðan úr þessum ræðustól. Af þeim sökum báðum við um utandagskrárumræðu í gær um stórt mál sem upp kom í fréttaflutningi og full ástæða þótti til að Alþingi tæki til umfjöllunar. Hér er ekki verið að taka umræðu um þetta mál heldur vekja athygli á því að einn angi þess máls sem verður tekinn til afgreiðslu á þinginu, væntanlega í nóvember, hefur verið kærður til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Virðulegi forseti. Full ástæða er til þess að við sýnum varfærni og fáguð vinnubrögð í öllu sem við gerum. Ég hef ekki skoðað neitt af efnisatriðum þessa máls sem sent var til EFTA og ætla ekki að tjá mig um það, en vil taka undir það hér að full ástæða er til að vekja athygli á því þegar gripið er til svo, hvað eigum við að segja, harðra aðgerða líkt og gert er nú í þessu viðkvæma máli.

[10:36]

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að þessir atburðir verða til þess að þrýsta enn frekar á um að Alþingi hraði vinnu sinni við þessi mál og að þau komi hér til efnislegrar og endanlegrar afgreiðslu. Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í þessum efnum væri alveg forkastanlegt að tillaga um að koma þessu máli út úr heiminum, í þeim skilningi að Alþingi taki af skarið í málinu og þar með félli kæran sjálfkrafa niður sem hér var vitnað til, lægi hér og fengi ekki efnislega afgreiðslu. Það væri óþinglegt og ólýðræðislegt.

Ég tek undir óskir um það að hv. umhvn. sem hefur tillöguna til skoðunar — það ætti væntanlega ekki að vera neitt að vanbúnaði að hún hlyti afgreiðslu á allra næstu vikum í ljósi þess að tillagan hefur áður verið flutt og umsagnir liggja fyrir — hraði störfum þannig að Alþingi gefist kostur á því að taka málið á dagskrá á nýjan leik og til afgreiðslu.

Herra forseti. Auk þess leyfi ég mér undir liðnum um störf þingsins að vekja athygli forseta á því að enginn hæstv. ráðherra er viðstaddur þingfundinn. Það er spurning hvort það sé það sem eigi að bjóða þingmönnum upp á svona að staðaldri jafnvel, þ.e. að hæstv. ríkisstjórn sé með öllu fjarverandi þegar hér hefst þingfundur á reglulegum fundartíma á virkum degi í þingviku. (**HBl:** Það eru kannski þeim mun fleiri forsetar.) Það er nóg af forsetum. Hér eru alls konar mektarmenn og fyrrv. ráðherrar og ekki skal lasta það. En svo á að heita að við höfum ríkisstjórn í landinu um þessar mundir og mér finnst satt best að segja, herra forseti,

varla við hæfi að hefja þingfund við þær aðstæður að enginn hæstv. ráðherra sé viðstaddur. Ég vil leyfa mér að spyrja: Er einhver þeirra í húsi? Mér er skapi næst að fara fram á að þingfundinum verði frestað ef svo er ekki, a.m.k. þangað til eins og eitt eintak, eitt stykki hæstv. ráðherra er komið í húsið. (**Gripið fram í:** Þeir eru hér.) Það er nú svo, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir — það er ágætt fyrir hv. þm. miðað (Forseti hringir.) við sögusagnir að fara að átta sig á því — að ráðherrar eiga að gegna þingskyldum eins og aðrir þingmenn.

[10:39]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Efni þessarar umræðu um störf þingsins skilst mér vera það að hraða afgreiðslu tillögu um umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun sem er í vinnslu í þinginu. Ég vil láta það koma fram að það er alveg eðlilega staðið að þessu máli. Tillagan er í meðferðs þingsins á fullkomlega eðlilegan hátt og mun fá þinglega meðferð.

Hins vegar er þessi uppákoma nú aðeins til þess að gera ræðustólinn hér að fréttastofu um kærur til Evrópudómstólsins. Það er hinn raunverulegi tilgangur. (Gripið fram í.) Tillagan er í vinnslu í Alþingi og hinn raunverulegi tilgangur er uppákoma í þessu máli sem er auðvitað góðra gjalda verð en kemur ekkert störfum þingsins við. Þetta mál er fullkomlega í eðlilegum farvegi.

[10:40]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Tillaga frá vinstri grænum um mat á umhverfisáhrifum vegna virkjunar í Fljótsdal er til umræðu og skoðunar í umhvn. Ég held að ekki sé hægt að segja annað en að það sé unnið með eðlilegum hraða. Ekkert sem bendir til annars en að menn afgreiði þessa tillögu eins og eðlilegt er með tillögur af þessu tagi. Nú er verið er að kanna lista yfir þá sem hugsanlega kæmu til fundar við nefndina á næstu vikum og hvernig yrði unnið úr þeim viðtölum í framhaldi af því.

Ég ítreka að ekkert bendir til þess af hálfu þingsins að verið sé að reyna að tefja neitt og ekki ástæða til að gefa það í skyn í þingsölum.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er hreint með ólíkindum hvernig hinir dagfarsprúðustu menn hvunndags, eins og t.d. hv. þm. Jón Kristjánsson, bregðast ævinlega við þegar umræður eru teknar upp um þetta mál. Er það orðið þannig að mönnum sér gjörsamlega fyrirmunað að ræða þessi mál á málefnalegum og yfirveguðum nótum? Ég fer að halda það. Þegar jafnvel rólyndið sjálft uppmálað, hv. þm. Jón Kristjánsson, kýs að bregðast svona við fullkomlega eðlilegri umræðu hér. Það hefur engu verið haldið fram um að vinna umhvn. að þessu máli væri á nokkurn hátt óeðlileg. Hér var sett fram sú ósk, og ég tel hana fullkomlega réttmæta og eðlilega undir þessum dagskrárlið, að þeirri vinnu yrði hraðað í ljósi aðstæðna sem upp eru komnar í þessu máli, og hafa út af fyrir sig verið ærin tilefni fyrir.

En það er ekki nema von að menn séu að vissu leyti tortryggnir í málinu vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur boðað það að sniðganga umhvn. með því að fara með tillögu inn í iðnn. Það þarf ekki langt að sækja rökin fyrir því að menn hafi áhyggjur af þessu máli.

Ég vitna í flokksbróður hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formann umhvn. sem opinberlega og í fjölmiðlum hefur reifað áhyggjur sínar af því að þessi taktík stjórnvalda og hans eigin flokksmanna sé hugsuð til þess að sniðganga umhverfisnefnd. Ég held því að steinum sé kastað úr glerhúsi, herra forseti, þegar hv. þm. Jón Kristjánsson reynir að snúa upp á hlutina eins og hér var gert af hans hálfu. Það er fullkomlega eðlilegt og réttmætt í ljósi aðstæðna að vakin sé athygli á þessum fréttum og það þýðir ekki fyrir stjórnarliða að gera dag eftir dag tilraunir til þess að gera lítið úr öllum hlutum sem hér koma upp eins og þeir eru að reyna að gera. Það er til marks um vondan málstað að menn þola ekki efnislegar umræður um hlutina. Staðreyndirnar blasa við í þeim efnum.

[10:43]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þoli ákaflega vel efnislega umræðu (**SJS:** Það er gott.) en ég hef tekið eftir því í gegnum árin að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon þolir ekki mikla gagnrýni. En það er nú eins og það er.

Ég segi að mér finnst það ekkert óskaplega mikil tíðindi þó að Náttúruverndarsamtök Íslands hafi kært til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna þess að þau samtök, ásamt ýmsum öðrum og ýmsum hv. þm., reyna að beita öllum hugsanlegum ráðum til að koma í veg fyrir þessar framkvæmdir. Þetta er augljóst. Það hefði því komið mér meira á óvart ef þetta hefði ekki verið gert. En það að þetta skuli vera rætt á hv. Alþingi í upphafi þingfundar er vegna máls sem er til meðferðar í hv. umhvn. þingsins og fær þar að sjálfsögðu efnislega umfjöllun. Það er hins vegar ekkert launungarmál að annað mál kemur fyrir þingið áður en langt um líður frá hæstv. iðnrh. um það að þingið staðfesti þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar, fyrir mörgum árum og reyndar þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat í ríkisstjórn, að virkjunarframkvæmdir í Fljótsdal skyldu heimilaðar. Hugmynd hæstv. iðnrh. er að leggja málið fram til þess að fá staðfestingu þingsins einu sinni enn á því að þetta skuli gert. Eins og allir vita fer þessi framkvæmd ekki í umhverfismat samkvæmt lögum frá 1993 vegna þess að framkvæmdir voru þegar hafnar. Það fer hins vegar í umhverfismat samkvæmt lögum sem þá giltu.

[10:45]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. verður allaf hissa ef einhver andmælir honum í hv. Alþingi. (**SJS:** Ég var nú að verja annan þingmann.) Hann verður alveg steinhissa ef ég er honum ósammála. Hann þarf ekkert að vera hissa á því. Ég er honum ósammála um margt þó að þingmaðurinn sé vaskur maður og tali mikið úr ræðustól oft og tíðum. Ég er honum kannski sammála um eitthvað en það er kannski ekki mjög margt. En hann þarf ekkert að vera hissa á því þó að ég bregðist við í þessum ræðustól. Hann upplýsir það sjálfur að þetta mál sem talað er um sé í eðlilegum farvegi í umhvn. þingsins. Og hvert er þá tilefni þessarar umræðu? Tilefnið er bara að taka málið til efnislegrar umræðu undir liðnum um störf þingsins, þ.e. að sniðganga þennan lið og taka upp efnislega umræðu um málið. Ég ætla ekki að gera það. (**SJS:** Ert þú forseti hér?) Ég hef nógan ræðutíma (Gripið fram í.) til þess seinna.

Þetta gerist æ algengara að þessi liður í þingsköpunum sé notaður til efnislegrar umræðu um mál. Það er mergurinn málsins. Ég held að það séu nóg önnur tækifæri til þess að taka efnislega umræðu um þetta mál og kæruna til EFTA-

dómstólsins án þess að taka það upp undir liðnum um störf þingsins.

[10:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafna því að hér sé ég að nota þennan stól sem fréttastofu, eins og hv. þm. Jón Kristjánsson sagði áðan. Ég bendi á að hér er afskaplega alvarleg kæra á ferðinni, efnislega vel undirbyggð með mjög margþætt lögfræðilegt álit á bak við sig. Við höfum verið að deila um lagalega og lagatæknilega hluti þessa máls hingað til og við höfum, eins og komið hefur fram í þessum stuttu umræðum, fengið að heyra það að hér séu væntanleg inn mál frá hæstv. ráðherrum sem eigi að afgreiða í þinginu en ekki á þann hátt sem leikreglur samfélagsins og leikreglur sem hér hafa verið samþykktar segja til um, þ.e. að við eigum að taka til umfjöllunar innan skamms stóra frummatsskýrslu Landsvirkjunar um málið en hún á ekki að fara í sinn lögformlega farveg til Skipulagsstofnunar ríkisins. Það eru þessir hlutir sem Náttúruverndarsamtök Íslands gagnrýna. Náttúruverndarsamtök Íslands eru ekki með upphlaup eða uppákomu, eins og hv. þm. Jón Kristjánsson kallaði það hér áðan, að tilefnislausu því samkvæmt Evrópurétti er réttur einstaklinga til að koma á framfæri athugasemdum áður en framkvæmdir hefjast grundvallarréttur sem stjórnvöldum ber að virða í hvívetna. Það er það sem er alvarlegt við málið, þ.e. að þetta skuli ekki eiga að gera og þess vegna er vakin athygli á þessari kæru hér.

[10:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að koma aftur í ræðustól undir þessum efnislið. Ekki tók ég upp efnislega umræðu í hið fyrra sinn og mun ekki heldur gera það í hið síðara.

En mér líkar ekki það sem er að gerast á Alþingi Íslendinga. Hægt og sígandi er eiginlega verið að koma því á framfæri við stjórnarandstöðuna að hún eigi ekki að vera með vesen og umræður. Hún á ekki að vera með neitt lýðræðishjal. Hún á bara að gegna því og lúta að hér er mjög stór meiri hluti á Alþingi Íslendinga, meiri hluti sem ræður hvaða mál eru afgreidd, meiri hluti sem helst vill ráða því hvað hér er tekið til umræðu. Og svo eigum við bara að vera þæg og helst halda okkur saman.

Mér líkar ekki þessi þróun, herra forseti, og þess vegna kem ég aftur í þennan ræðustól.

Þingsköpin kveða á um mikinn rétt þingmanna til umræðu. Ein leið sem þingmaður getur valið, eða þingflokkur, er löng utandagskrárumræða. Við höfum fyrir löngu gert okkur grein fyrir því, herra forseti, að það eru ekki heppilegar umræður á Alþingi Íslendinga í dag. Við höfum þess vegna fallið frá því að nýta þann rétt þingskapanna. Annað slagið biðjum við um stutta hálftíma umræðu og ég tek það sérstaklega fram að fyrrv. forseti, Ólafur G. Einarsson, var mjög lipur varðandi þær og hvatti til að slíkar hálftíma umræður væru notaðar því það væri gott fyrir Alþingi að hér færi fram snörp umræða um það sem ofarlega er á baugi hverju sinni. En líka núna heyrum við úr ýmsum áttum stjórnarliðsins að það eigi að fara að dempa niður þennan möguleika á hálftímaumræðunum.

Hér kemur þingmaður upp um störf þingsins, ekki til að taka efnislega umræðu heldur til að koma með ábendingu um mál sem hvílir á þingmanninum og honum finnst mikilvægt að sé tekið upp hér. Hvað gerist þá? Í stað þess að prúðmannlega sé tekið við þessari prúðmannlegu ræðu þingmannsins, þá heyrast atyrðingar hér. Ég held að stjórnarmeirihlutinn eigi að fara að hugsa sinn gang. Þetta snýst ekki um yfirráð stjórnarmeirihlutans við (Forseti hringir.) stjórnarandstöðuna. Því fer fjarri.

Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

[10:52]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér er mælt fyrir um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði er hluti af málapakka sem þingflokkur Samfylkingarinnar lagði fram í upphafi þingárs. Öll höfðu þau mál það að markmiði að stuðla að heilbrigðri samkeppni í viðskiptaháttum og að sporna gegn fákeppni og samþjöppun valds í íslensku samfélagi. Allur þingflokkur Samfylkingarinnar flytur þessa tillögu, en samkvæmt henni mun Alþingi álykta að fela viðskrh. að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðinum setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum. Við mótun reglnanna skuli m.a. höfð hliðsjón af tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf og almennt viðurkenndum meginreglum Alþjóðasambands kauphalla um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992. Lagt er til að siðareglurnar skuli lagðar fyrir viðskiptaráðherra til staðfestingar.

Á undanförnum missirum hefur nokkur umræða verið í þjóðfélaginu um siðferði í viðskiptum á fjármálamarkaði og fór umræða líklega hæst í tengslum við sölu á margfrægum hlut í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins til ákveðins hóps fjárfesta og voru höfð stór orð í frammi um siðleysi og jafnvel lögleysu þeirra viðskipta.

Umræðan um FBA opinberaði þá staðreynd hversu skammt íslensk fjármálafyrirtæki eru komin í að setja sér ákveðin siðferðileg viðmið sem allir þekkja og farið er eftir. Slíka siðferðilega staðla virðist almennt skorta og ekki virðast lagaramminn og reglugerðir um þessi mál duga til þess að setja slíka staðla.

Íslenskur fjármálamarkaður er ungur og í stöðugri mótun og til þess að hann megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðnum. Umræða um viðskiptasiðferði hefur ekki farið hátt hér á landi en hún er nauðsynleg til þess að markaðurinn þróist á heilbrigðan hátt og hún er mikilvæg svo þeir sem viðskipti eiga á slíkum markaði geti áttað sig á því hvaða siðareglur séu þar gildandi.

Nú má segja að eðlilegt væri að tillaga sem þessi næði til allra fyrirtækja en einskorðaði sig ekki aðeins við fjármálamarkaðinn eins og hér er lagt til. Ástæða þess að taka hann sérstaklega út er fyrst og fremst sú hversu ungur sá markaður er auk þess sem tilefnin virðast vera fleiri á því sviði en annars staðar í viðskiptum. Umgjörðin utan um önnur fyrirtæki virðist skýrari og leikreglurnar mótaðri. Auðvitað eiga þó grundvallarhugmyndir um almennt viðskiptasiðferði við á þessum markaði sem annars staðar.

Í riti um viðskiptasiðferði eftir Þröst Sigurjónsson, útgefnu af Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands og Framtíðarsýn, gefur að líta gott yfirlit yfir hinar ýmsu hugmyndir

um viðskiptasiðferði. Þar er það m.a. rakið að sífellt fleiri stjórnendur hafi gert sér grein fyrir því að á fyrirtækjum þeirra hvíli siðferðileg ábyrgð, m.a. kemur það fram í því að fjölmörg erlend fyrirtæki hafa tekið upp slíkar reglur. Kannanir sýna að árið 1984 höfðu um 75% bandarískra stórfyrirtækja innleitt reglur um viðskiptasiðferði og 41% evrópskra fyrirtækja á sama tíma í Evrópu. Þróunin hefur verið þessi síðan þá, á þessum eina og hálfa áratug síðan þessi könnun var gerð, að æ fleiri fyrirtæki hafa sett sér slíkar reglur.

Þrátt fyrir mikla umfjöllun erlendis hefur umræða um viðskiptasiðareglur á Íslandi farið hljótt og lítið hefur verið um að fyrirtæki taki slíkar reglur upp. Vandamál sem tengjast óvönduðum viðskiptaháttum eru þó síst minni hér á landi en annars staðar og þótt sú umræða hafi lítt borist hingað til lands þá eru þessi vandamál ekki ný af nálinni. Vandamál samfylgjandi óvönduðum viðskiptaháttum voru t.d. reifuð af Cicero árið 44 fyrir Krist þótt eðlilega hafi mynd manna af viðskiptum og þýðingu þeirra breyst í aldanna rás með breyttri þjóðfélagsskipan.

Mikilvægi viðskipta er nú almennt viðurkennt en vandamálið felst hins vegar í siðlausum viðskiptaháttum sem því miður tíðkast að einhverju leyti.

Gott siðferði og hagnaðarhámörkun eru þættir sem vissulega geta stangast á og hefur löngum verið togstreita milli stjórnenda fyrirtækja og viðskiptasiðfræðinga af þessum sökum. Á síðustu árum hafa verið að koma nýir straumar inn í viðskiptasiðfræðilega umræðu sem m.a. byggja á því að viðurkenna þessa staðreynd. En í stað þess að líta á þessa tvo þætti sem ósættanlega er nú reynt að ganga út frá því allt frá upphafi að um sættanlega þætti geti verið að ræða. Þessir nýju straumar hafa borið með sér viðleitni viðskiptasiðfræðinga til þess að reyna að sætta mismunandi gildi og viðhorf sem ríkja í atvinnulífinu. Markmið viðskiptasiðfræðinga er ekki lengur að skilja að eiginhagsmunahyggju og samfélagsábyrgð í stjórnun. Þeir vilja nú taka þátt í að hanna ný kerfi ákvarðantöku innan fyrirtækja í samstarfi við stjórnendur.

Um hvað snúast viðskiptasiðareglur? Ég vil til útskýringar á því víkja aðeins aftur að áðurnefndu riti eftir Þröst Sigurjónsson en þar er því m.a. lýst að viðskiptareglur lýsa afstöðu fyrirtækis til þess hvernig það vill haga viðskiptum sínum. Þær eru lýsing á þeim starfs- og viðskiptaháttum sem fyrirtækið vill stunda og þær tiltaka þau grundvallarsjónarmið sem eiga að gegnsýra starfsemi þess.

Það er líka vakin athygli á því í þessari bók að framkvæmd var viðhorfskönnun meðal nokkurra stjórnenda íslenskra fyrirtækja — þetta er í kringum 1990 — með viðskiptasiðareglur í huga. Þá kom í ljós að nokkur íslensk fyrirtæki hafa starfað talsvert að þessu og skyldum málum. Í mörgum þeirra hefur verið farið markvisst gegnum innra og ytra umhverfi fyrirtækisins, almenn rekstrarmarkmið hafa verið sett og framtíðarsýn mörkuð auk þess sem fyrirtæki hafa tekið ábyrga afstöðu til umhverfismála. Algengt er að slík stefnumótun sé birt í handbókum starfsmanna eða í ársskýrslum. Í örfáum tilfellum hafa verið samin sérstök rit sem innihalda viðskiptasiðareglur líkt og tíðkast hjá mörgum erlendum fyrirtækjum. Þannig er sjaldan um það að ræða hér á landi að til séu beinar reglur sem taka sérstaklega á viðskiptasiðferði heldur eru þetta miklu frekar leiðbeinandi þættir um þá starfshætti sem fyrirtækið vill viðhafa.

Gerð var svolítil könnun á þessum tíma sem greint er frá í bókinni en af tíu fyrirtækjum sem voru skoðuð hafðir aðeins eitt sett sér eiginlegar viðskiptasiðareglur. Þar er reynt að hafa áhrif á viðhorf starfsmanna gagnvart starfsemi fyrirtækis, viðskiptavinum, birgjum, samkeppnisaðilum, stjórnvöldum og umhverfi þess. Þetta er í anda þess sem erlend fyrirtæki hafa verið að gera. Tilgangur fyrirtækjanna með stefnumótunarvinnu af þessu tagi virðist vera að skilgreina hvernig þau á ábyrgan hátt ætli að ná markmiðum sínum.

Viðskiptasiðareglur eru öllum starfsmönnum mikið stoðtæki líka. Starfsmaður ætti að geta gengið að stefnu og markmiðum fyrirtækis, leiðum þess og viðskiptaháttum vísum. Þannig gæti vinna hans orðið auðveldari og markvissari og vitanlega í leiðinni í samræmi við sjónarmið stjórnenda fyrirtækisins. Viðskiptasiðareglur hvetja einnig starfsmanninn til að axla ábyrgð á eigin ákvörðunum og verkum.

Þá verður stjórnandi líka að vera góð fyrirmynd og ekki er hægt að ætlast til þess af starfsmönnum að þeir hegði sér í samræmi við ákveðnar reglur eða ákveðnar leiðir til þess að ná markmiðum sem yfirmenn þeirra síðan hunsa.

Eins og frá var greint áðan hafa erlend fyrirtæki í auknum mæli verið að setja sér slíkar reglur og umræðan hefur verið nokkur um þetta erlendis en minni hér á landi. Reyndar var fyrir tveimur árum staðið fyrir ráðstefnu sem Siðfræðistofnun háskólans stóð fyrir um viðskiptasiðferði en annars hefur lítið borið á slíkri umræðu, a.m.k. út á við í samfélaginu en það er ekki síður mikilvægt að þeir sem eiga viðskipti við fyrirtækin séu kunnugir slíkum reglum og viti út á hvað þær ganga. En í tillögunni sem hér er mælt fyrir er lagt til að þessar reglur séu byggðar á tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins m.a. en þar eru tilgreind ákveðin grundvallarmarkmið. Annars vegar er þar um að ræða almenn grundvallarákvæði og síðan nokkur viðbótarákvæði. Almennu grundvallarákvæðin í tilmælum Evrópusambandsins eru lykilatriði siðareglnanna og í raun og veru langmikilvægasti hluti þeirra. Þau hafa forgang fram yfir sundurliðuðu ákvæðin sem á eftir fara og eru víðtækari og viðbótarákvæðin eru í rauninni hugsuð sem dæmi um útfærslu aðalákvæðanna eða almennu grundvallarákvæðanna.

Fyrsta almenna ákvæðið minnir á að öll viðskipti með verðbréf verða að vera í samræmi við reglur og viðskiptahætti sem í gildi eru í hverju ríki og miða að því að tryggja snurðulausa starfsemi markaðanna, og skulu ákvæði siðareglnanna efla, auka við eða styrkja slíkar reglur og vinnuhætti.

Í öðru almenna ákvæðinu er kveðið á um að upplýsingar sem sparifjáreigendur fá skuli vera tæmandi og réttar vegna þess að skortur á upplýsingum gerir hvaða markað sem er ófullkominn.

Þriðja almenna ákvæðið miðast við að tryggja að allir hluthafar sitji við sama borð.

Fjórða, fimmta og sjötta almenna ákvæðið fjalla einkum um einstaklinga í tilteknum stöðum sem gegna óumdeilanlega lykilhlutverki í að sjá til þess að markmið siðareglnanna náist, þ.e. eftirlitsnefndarmenn fyrirtækja, stjórnarmenn þeirra og yfirmenn. Í fjórða almenna ákvæði er fyrst minnt á það að siðareglurnar eigi einkum við fulltrúarnefndarmenn fyrirtækja, stjórnarmenn þeirra og yfirmenn. Síðan er fjallað nánar um skyldur þeirra til að hafast ekkert að sem gæti hindrað snurðulausa starfsemi markaðarins fyrir verðbréf þeirra eða skaðað aðra hluthafa.

Í fimmta almenna ákvæðinu er mælst til þess að einstaklingar sem starfa við viðskipti á verðbréfaþingum, eða að minnsta kosti allir „einstaklingar sem eiga reglulega viðskipti á verðbréfamörkuðum“, forðist að stefna í hættu trúverðug-

leika og virkni markaðarins sem þeir hafa hagsmuni af að styrkja með því að sækjast eftir skjótfengnum og óréttmætum hagnaði. Hagsmunaárekstrar sem geta komið upp, t.d. í ýmsum deildum banka vegna þess hve ólíkum hlutverkum banki gegnir fyrir mismunandi viðskiptavini sína kölluðu á mótun sjötta almenna ákvæðisins. Þó að viðurkenna verði að erfitt geti verið að tiltaka nákvæmlega hversu langt leynd skuli ganga ber samt að leggja áherslu á að leitað sé allra leiða til að koma í veg fyrir slíka árekstra.

Síðan er lagt til í þessum tilmælum að hvert aðildarríki, það er reyndar sagt að óhjákvæmilegt sé að hvert aðildarríki hafi að minnsta kosti einn aðila, eftirlitsstofnun, fagsamtök eða aðra á grundvelli þess fyrirkomulags sem þegar er við lýði sem beri ábyrgð á að fylgjast með framkvæmd siðareglnanna á landsvísu. Og það má segja að hér sé verið að leggja til að viðskrh. sinni því hlutverki.

Ég vil ítreka að hér er einungis verið að tala um siðareglur sem fyrirtækin mundu setja sér sjálf sem yrðu síðan lagðar fyrir viðskrh. til staðfestingar og byggja að sjálfsögðu á og koma til viðbótar þeim lagareglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um þessi mál. En eins og reynslan sýnir af umræðu síðustu missira sérstaklega, þá hefur það margoft komið í ljós að slík umgjörð virðist ekki duga til þess að viðskiptahættir séu eðlilegir. Að minnsta kosti hafa þeir verið gagnrýndir harðlega og við í Samfylkingunni viljum leggja til að leikreglunum sé breytt í þá veru að þær séu skýrari og leggja okkar af mörkum til þess og teljum það kannski frekar vera hlutverk okkar stjórnmálamanna að leggja slíkt til en að dæma í einstökum málum í fjölmiðlum með því að nefna einstök fyrirtæki á nafn og kveða upp dóma um lögleysi eða siðleysi þeirra viðskipta sem þar hafa farið fram. Það teljum við ekki vera hlutverk stjórnmálamanna heldur miklu fremur að móta leikreglurnar og sjá til þess eftir því sem við getum að þær séu skýrar og eðlilegar.

Ég legg síðan til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[11:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég spurðist fyrir um það áðan á forsetaborði hvernig því viki við að hæstv. viðskrh. væri ekki viðstaddur þessa umræðu og forseti upplýsti að hans væri von.

Ég vek einnig athygli á því að hér er um að ræða mál, 2. mál á dagskrá, raunar 3. og 4. sömuleiðis, sem er á málasviði efh.- og viðskn. Í þeirri nefnd af stjórnarliðanna hálfu er eingöngu hv. þm. Pétur H. Blöndal viðstaddur umræðuna. Hér eru ekki hv. þingmenn Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður nefndarinnar, Sigríður Anna Þórðardóttir úr Sjálfstfl., Gunnar Birgisson úr Sjálfstfl. og Hjálmar Árnason úr Framsfl.

Herra forseti. Það er náttúrlega enginn bragur á þinghaldinu við slíkar aðstæður og ég fer þess á leit að hæstv. forseti fresti umræðunni, a.m.k. þar til hæstv. viðskrh. lætur svo lítið að vera hér viðstaddur.

Það væri líka full ástæða til að fara þess á leit og fara fram á að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur einmitt þessa umræðu um viðskiptasiðferðið. Hann hefur farið mikinn í allt sumar einmitt um þessi mál og ég bið um að það verði kannað hvort hann eigi þess ekki kost að koma hingað og taka þátt í umræðum um þessi mál hér á hinu háa Alþingi eins og hann hefur gert í blöðum og tímaritum og fjölmiðlum í allt sumar.

Það væri ekki fjarri lagi heldur að kanna um hagi hæstv. fjmrh. í þessu samhengi. Ég ítreka það, virðulegi forseti, að þetta verði gaumgæft og athugað en á meðan verði umræðunni frestað.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun athuga hvort umræddir hæstv. ráðherrar geta mætt. Það er verið að ná sambandi. Ég tek einn mann á mælendaskrá og síðan verður íhugað hvort haldið verður áfram.)

[11:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Það gengur ekki að halda áfram umræðunni án þess að ráðherra mæti hér. Við erum með stór mál á dagskránni, tillögu um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, sem búið er að mæla fyrir, og frv. um breytingu á samkeppnislögum og frv. um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ráðherranum var gerð grein fyrir því í gær að þessi stóru mál væru á dagskrá og mátti gera ráð fyrir því að hans yrði óskað hér. Það hefur verið óskað eftir því að hann mæti og mjög mikilvægt er að hann verði við þeirri ósk og ég tek undir þá ósk að gert verði hlé á fundinum þar til ráðherrann er mættur.

[11:08]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Vegna þess að ég er enn þá að læra hvernig málin gerast í þessu húsi og þessum ágæta sal, þá vildi ég bara athuga eitt því mér var kennt það á fundi á Hótel Sögu að hér væri hálfgerð skyldumæting. Þegar ég horfi yfir salinn núna, þá sé ég engan stjórnarþingmann, hann er farinn þessi eini sem var, jú, þarna er Pétur. Ég vissi að hv. þm. Pétur Blöndal mundi ekki hverfa.

En af því að það eru eiginlega vikulok og ég var búinn að panta mér flug norður í dag, þá vildi ég bara spyrja hæstv. forseta hvort þingstörfin yrðu svona í dag, þ.e. hvort hæstv. viðskrh. kemur eða ekki, og hvort ég gæti þá náð vél núna klukkan 11.15. Ég mundi mjög gjarnan vilja fá að nota það tækifæri og hitta mitt fólk fyrir norðan frekar en sitja hér. Ég á náttúrlega mjög gott samstarf með því fólki sem hér er mest inni, en ég vildi bara athuga hvort ég mætti panta mér flug.

[11:10]

Sverrir Hermannsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég gerist kannski gleyminn á innihald þingskapa, enda hafa þau tekið stakkaskiptum að mörgu leyti frá því að ég sá um, a.m.k. hluta af framkvæmd þeirra. En mig minnir að það sé mætingarskylda á hinu háa Alþingi og forseta beri skylda til að framfylgja þeim ákvæðum.

Við skulum hætta þessu þinghaldi, herra forseti. Þetta er málamyndasamkunda og hæstv. forseti verður að gera gangskör að því að menn breyti siðum sínum að þessu leyti, alveg óhjákvæmilega. Annars hljóta aðrir sem vilja fylgjast með umræðum og sjá framvindu þeirra og niðurstöður að taka til einhverra nýrra ráða.

Hér er margs að gæta í sambandi við framkvæmd þingskapanna og ég verð að segja að öðruvísi mér áður brá og máski er það sökum þess að menn standa hér frammi fyrir augum þjóðarinnar að jafnaði sem menn hafa breytt til um alla háttu. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp en ég var ákafur andstæðingur þess að leggja niður efri og neðri deild og hefði sagt, kannski í gamni líka, að með því hafi menn lagt niður vinnudeildirnar og skilið eftir spaugstofuna þar sem menn grípa hvert tækifæri til að auglýsa sig og þjarka og skeyta minna um að ræða málin málefnalega.

Ég var einn af þeim sem hafði ákafan áhuga á að menn fengju að gera athugasemdir við ræður manna eins og ég hafði séð á öðrum þjóðþingum og tíðkaðist á Norðurlandaráðsþingi þar sem ég átti sæti í allmörg ár. En þetta hefur snúist upp í þjark, pólitísk vígaferli, og forsetar framkvæma þetta þannig að menn fái alveg til hins ýtrasta að nota þetta atriði þingskapa og þetta er ekki til upplýsingar heldur pólítískur vopnaburður nær eingöngu virðist mér. En málefnaleg athugasemd inn í umræður getur verið ákaflega gagnleg til upplýsingar og um framhald umræðunnar.

Ég ætla ekki að setja á langa tölu nú um framkvæmd þingskapa en ég held að við þurfum að taka alveg sérstaka umræðu, og það má þá gjarnan vera utan dagskrár ef það fyrirkomulag þykir henta, þar sem allir verði viðstaddir og við gerum upp þessar sakir. En virðing Alþingis er að veði og henni þykir mér mest undir komið að sinnt verði til hins ýtrasta á hinu háa Alþingi.

[11:13]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti hefur verið upplýstur um að hæstv. viðskrh. er á leiðinni í þingsalinn (**SvH:** Það munar engu, það er enginn sjónarsviptir að honum hér.) og mun verða hér innan skamms.

[11:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég aflaði mér þeirrar fjarvistarskrár sem liggur frammi á skrifstofu venju samkvæmt og það eru 18 hv. þm. sem hafa beðið um fjarvistarleyfi í dag og er út af fyrir sig ekkert um það að segja, þeir hafa öðrum skyldum að gegna. Af þeim ráðherrum sem eiga auðvitað að vera við þessa umræðu, sem er hæstv. viðskrh., hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., þá er enginn þeirra með fjarvistarleyfi. Og af þeim þingmönnum sem ég nefndi til sögunnar og eru í efh.- og viðskn. en eru ekki hér, hv. þingmenn Vilhjálmur Egilsson Sjálfstfl., Kristinn H. Gunnarsson Framsfl., Sigríður Anna Þórðardóttir Sjálfstfl., Gunnar Birgisson Sjálfstfl. og Hjálmar Árnason Framsfl., þá er enginn þeirra með fjarvistarleyfi. Það er engin afsökun fyrir því, herra forseti, að þessir hv. þm. og hæstv. ráðherrar skuli ekki vera hér við umræðuna. Hafi maður látið sér nægja, skulum við orða það, að hæstv. viðskrh. hefði verið við umræðuna, þá nægir mér það ekki lengur. Mér finnst enginn bragur á því og ég vil fara þess á leit að það verði kannað og gaumgæft hvenær hæstv. forsrh. getur komið og átt við mig orðastað. Ég er á mælendaskrá í þessu máli og það eru ýmis atriði sem ég vil ræða við hæstv. ráðherra. — Mætir nú hæstv. viðskrh. í salinn, ekki seinna vænna, klukkan er 11.15, að vísu eftir að framsöguræða var haldin — en ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann kanni hvort hæstv. forsrh. geti ekki komið hingað. Ég er á mælendaskrá þarnæstur í röðinni og sé enga ástæðu til að halda ræðu mína án þess að hann sé við.

[11:15]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því sérstaklega að hæstv. viðskrh. skuli láta svo lítið að mæta í salinn þrátt fyrir að sumir hafi lýst því yfir að hans hafi ekki verið eins sárt saknað og aðrir vildu vera láta.

Ég vil taka undir það að vitaskuld á hæstv. forsrh. að vera hér líka. Hann hefur farið mikinn í sumar, lýst því yfir hverjir hafi staðið sig vel á markaði og hverjir ekki. Hverjir eru óæskilegir inn í einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar og hverjir ekki o.s.frv. Vitaskuld á hæstv. forsrh. að taka þátt í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Forseti tók þá ákvörðun í upphafi umræðunnar þegar beðið var um að þessari umræðu yrði frestað að leyfa einum hv. þm. á mælendaskrá að taka til máls. Þrátt fyrir að hv. þm. Pétur Blöndal sé jafnan hér í salnum er þessi þingfundur farinn að minna mig á þingflokksfund hjá Samfylkingunni plús eða mínus einn eða tvo. Þér að segja, virðulegi forseti, höfum farið í þessa umræðu innan þingflokksins og því engin ástæða til að halda henni áfram hér, virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég var dálítið ósáttur við þá ákvörðun sem forseti tók þegar hann vildi halda umræðunni áfram þrátt fyrir að hér væri vart aðra að finna en þingflokk Samfylkingarinnar og nokkra þingmenn til viðbótar.

[11:16]

Hjálmar Árnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér fer fram nokkuð merkileg umræða. Ég hjó eftir því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson taldi upp nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. og greindi aðallega frá þeim sem ekki voru hér viðstaddir. Mér þykir það í rauninni afskaplega ómerkileg upptalning og ómerkileg framkoma af hálfu hv. þm. Hann hefur augljóslega ekki fylgst með því sem gerst hefur í þinginu á síðustu árum, var þó í hv. forsn. á síðasta kjörtímabili (**Gripið fram í:** Og er enn.) og er enn. Hafi það farið fram hjá hv. þm. þá var tekin upp sú nýbreytni á síðasta kjörtímabili að innleiða svokölluð sjónvörp inn á vinnuherbergi þingmanna. Það hygg ég að hv. þm. viti og geri sér grein fyrir að þingmenn sitja gjarnan og fylgjast með umræðum. Ég hygg jafnvel að eigi við hv. þm.: „Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrstur steininum.“ Ég veit ekki til þess að þessi hv. þm. hafi setið hér alla þingfundi og það hefur í sumum tilvikum sínar eðlilegu skýringar. Með virðingu Alþingis í huga frábið ég mér slíkan málflutning og slíkt upphlaup sem hv. þm. gerir sig sekan um.

[11:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er ekki slæmt að hefja umræðu um siðferði eftir þessa umræðu sem átt hefur sér stað í morgun. Við erum að ræða till. til þál. um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði. Það er mikilvægt mál og mjög þörf umræða sem þarf að eiga sér stað í morgun.

Undanfarin ár og áratugi hefur átt sér stað ákveðin þróun erlendis sem hefur teygt anga sína hingað til lands. Hún felst í að líta á siðferði fyrirtækja. Menn hafa verið að átta sig á því undanfarin ár að fyrirtæki hafa ákveðna mannlega eiginleika sem felast í viðbrögðum starfsmanna þeirra. Fyrirtækin fá þau einkenni að vera dugleg, sanngjörn, metnaðarfull, heiðarleg, frek eða umhverfissinnuð. Þetta þekkjum við sjálf. Við höfum sjálf átt viðskipti við fyrirtæki sem eru afskaplega sanngjörn. Við höfum átt viðskipti við fyrirtæki sem eru frek. Þá helgast það af viðbrögðum þeirra starfsmanna sem við eigum samskipti við. Angi af þessu er það að fyrirtæki eru farin að planta trjám, þau eru farin að styrkja prófessorsstöður í Háskóla Íslands og stunda þróunarhjálp.

Við umræður í gær kom einmitt fram að menn óttuðust þessa styrki við prófessorsstöður við Háskóla Íslands, að þar mundu menn eingöngu leita til raunvísindadeildar eða raunvísindamanna. Menn óttuðust um að hugvísindi, heimspekideild og slíkir fengju ekki styrk. Ég er ekki sammála því. Ég hygg að fyrirtæki í framtíðinni muni ekki síður

styrkja heimspekirannsóknir og siðfræðirannsóknir, sem er einmitt angi af því sem við erum að tala um.

Það sem við erum að tala um er ímynd fyrirtækja. Við þekkjum öll góð og slæm fyrirtæki. Fyrirtæki eru í auknum mæli að byggja ímynd sína með mjög dýrum auglýsingaherferðum. Við höfum séð auglýsingar frá FBA undanfarið þar sem þeir eru að búa sér til ákveðna ímynd. Þessi þróun er að eiga sér stað. Fyrirtæki eru í auknum mæli farin að setja sér siðferðileg markmið, ekki bara fjármálaleg heldur einnig siðferðileg markmið til þess að starfsmennirnir viti hvernig þeir eiga að koma fram.

Herra forseti. Við sem einstaklingar rekumst á vafasamt fólk í lífi okkar. Við rekumst á traustvekjandi fólk, fólk sem við treystum af einhverjum ástæðum. Traustið er eitthvað sem menn byggja upp hægt og rólega, mjög hægt og mjög rólega, og eitt lítið atvik, ein lítil sviksemi getur rústað góðu trausti sem við berum til einstaklings. Ef maður sem við höfum treyst fullkomlega svíkur okkur í litlu atriði, lýgur að okkur eða svíkur okkur á annan máta, þá er traustið farið. Ég hef stundum sagt að það þurfi tíu góð atvik til að upphefja eitt atvik af slæmum toga. Þannig er eðli traustsins sem við berum.

Spurningin er hvort maður sem hefur aflað sér trausts eigi ekki ákveðin verðmæti. Ég hef stundum talað um verðmæti heiðarleikans. Hvers virði er heiðarleikinn fyrir þann sem hefur ástundað. Hann er kannski mesta eignin hans þegar upp er staðið?

Það kemur líka fram í fornum íslenskum ritum að það eina sem situr eftir af starfi mannsins sé í raun orðstírinn, heiðarleikinn eða traustið sem hann hefur áunnið sér. Allt annað er hjóm. Stjórnendur og eigendur fyrirtækja hafa hægt og rólega áttað sig á því að þetta á ekki bara við einstaklinga heldur líka fyrirtæki, þ.e. að afla sér trausts, virðingar og góðrar ímyndar. Ímynd fyrirtækis er ekki síðri eign en vörubílar og tölvur og kannski er hún miklu meira virði en að eiga góðar tölvur og góða vörubíla.

Í þessu skyni hafa fyrirtæki snúið sér að neytendavernd, að starfsmannastefnu og hluti af því er jafnrétti. Það merki sem fyrirtækið gefur stafsmönnum sínum með því að ganga fram hjá jafnrétti t.d. — og þá er ég að tala um jafnrétti fólks og vil ekki einskorða umræðuna bara við jafnrétti kynjanna — er: Svona hegða ég mér. Jafnréttisumræðan er því mjög mikilvæg bara upp á að fá gott starfsfólk, að fólkið treysti fyrirtækinu og séu trúir starfsmenn. Fólk vinnur frekar hjá „góðu fyrirtæki" en hjá siðlausu fyrirtæki. Kannski er þetta aðaleign fyrirtækjanna og ætti að færast í bókum þeirra. Í bækurnar færðust ekki bara fasteignir og hlutabréf og annað slíkt heldur einnig ímynd fyrirtækisins til eignar.

Herra forseti. Þessi þróun hefur náð hingað til lands eins og annað. Mörg fyrirtæki, sérstaklega á fjármálamarkaðinum, hafa tekið upp siðareglur. Það gengur reyndar afskaplega hægt vegna þess að það vantar rannsóknir á því sviði. Hvað eru góðir siðir? Þar þyrfti kannski eitthvert fyrirtæki að styrkja góða prófessorsstöðu við háskólann til að finna út úr því hvernig siðareglur og siðamarkmið fyrirtækja eiga að líta út.

Af hverju nefni ég fjármálamarkaðinn sérstaklega? Það er vegna þess að engin grein í atvinnulífinu byggir eins mikið á trausti. Þegar ég legg pening inn í banka sem innstæðu, sparifé, þá treysti ég því að ég fái þetta fé aftur. Ég legg inn peninga, sem ég geti keypt mér eitthvað fyrir og treysti því að ég fái peninga til baka aftur og ég gæti keypt það sama fyrir.

Verðbólguáratugirnir voru mjög til þess fallnir að brjóta niður traust fólks á því að leggja inn peninga, t.d. andvirði skíða. Það gat svo fengið peninga til baka sem voru andvirði skíðahanska. Þetta er sem betur fer liðin tíð. Verðtryggingin átti þátt í að vinna á móti þessu siðleysi. Hún hefur átt þátt í að verðbólgan er horfin. Þannig hafa menn stundað hérna siðleysi í stórum stíl. En það er að breytast.

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er að mínu mati forræðishyggja. Hér erum við að tala um opinbert siðferði. Það á að þvinga menn til góðs siðferðis. Við segjum börnunum okkar: Ekki stela, segðu nú satt. Það er ágætt að gera það við lítil börn. En við fullorðið fólk á maður að nota aðrar aðferðir. Þar á að vera ákveðin þróun. Menn eiga að segja satt af því að það er hagur í að segja satt. Ég held að það sé betra að láta þessa þróun koma neðan frá heldur en að þvinga hana ofan frá eins og hér er lagt til. Þess vegna er ég á móti tillögunni. Henni er þvingað ofan frá þó að innihaldið sé mjög gott.

[11:26]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að leiðrétta hv. þm. Pétur Blöndal. Það er ekki svo að þessi tillaga geri ráð fyrir þvingun ofan frá. Viðskrh. er einungis falið að hvetja til setningar slíkra reglna sem síðan eru lagðar fyrir hann til staðfestingar. Það er einungis svo að honum er falið að hvetja til þess að fyrirtæki setji sér slíkar reglur. Það er ekki verið að tala um að þær verði settar í reglugerðarform eða eitthvað slíkt. Það er verið að tala um siðareglur og þær geta í raun og veru aldrei verið þvingandi. Þær fjalla fyrst og fremst um siðferði.

Ég vil því mótmæla því að hér sé um forræðishyggju að ræða. Ég vil þvert á móti segja að hlutverk okkar stjórnmálamanna er að taka þátt í og jafnvel vekja umræðu sem þessa, um viðskiptasiðferði, í stað þess að gera eins og sumir stjórnmálamenn hafa gert, t.d. í umræðunum um FBA-málið, að dæma einstakar athafnir ákveðinna nafngreindra fyrirtækja siðlausar og jafnvel lagabrot í fjölmiðlum. Það er ekki þannig sem stjórnmálamenn eiga að vinna. Ég vil bara hvetja menn til að hafa það í huga að hér er einungis verið að tala um að viðskrh. haldi utan um þessa hluti. Þannig getum við sem vinnum að stjórnmálum hvatt til málefnalegrar umræðu um viðskiptasiðferði í stað þess að dæma einstök fyrirtæki löglaus og siðlaus í fjölmiðlum.

[11:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég las bara till. til þál. og hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðinum setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum."

Eins og ég skil þetta, þá er þetta skipun ofan frá um að fyrirtækin skuli setja sér slík markmið hvort sem þau vilja eða ekki. Það er einmitt vandamálið. Maður sem setur svona siðferðismarkmið en vill það ekki, slíkt siðferðismarkmið er gersamlega tómt. Það er nákvæmlega eins og þú segir við lygarann: Nú skaltu segja satt. Hann getur svo sem lofað að segja satt. En hann lýgur þegar hann segist ætla að segja satt.

[11:29]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki forræðishyggja. Það er ekkert óeðlilegt við að ráðherra viðskiptamála á Íslandi sé falið að sjá um að stofnanir og fyrirtæki setji sér slíkar reglur. Þær eru siðareglur sem fyrirtækin munu síðan sjálf þurfa að meta hvort farið verður eftir og þeirra viðskiptavinir en þetta er fyrst og fremst hvatning til að slíkar reglur séu settar. Og það er ekkert óeðlilegt við það og engin forræðishyggja. Forræðishyggjan felst í því þegar menn ræða einstök mál og dæma einstök fyrirtæki siðlaus eða löglaus án þess að hvetja til þess um leið að settar verði einhverjar siðareglur sem fyrirtækin og viðskiptavinir þeirra fari síðan eftir.

Auðvitað geta siðareglur aldrei verið þvingandi. Þær koma til viðbótar öðrum reglum eins og lagareglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum en þær geta ekki verið þvingandi í sjálfu sér. Þær eru fyrst og fremst siðareglur og geta aldrei verið hluti af einhverri forræðishyggju, herra forseti.

[11:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er tjáð að stjórnarskrá Sovétríkjanna hafi verið ein fegursta stjórnarskrá heimsins. (**Gripið fram í:** Nú.) Mér er tjáð það. En það var ekki farið eftir henni, það var vandamálið. Og siðareglur sem á að þvinga ofan í einhvern skúrk sem ætlar ekki að fara eftir þeim, þær eru verri en ekki. Þær eru skálkaskjól. Hann mun segja: Ég er hérna með glerfínar siðareglur, ég er góður. Hann verður ekki góður fyrir það. Fyrirtæki verða eingöngu góð í þeim skilningi sem ég talaði um ef þau sjá nauðsyn á því að vera góð, þ.e. ef þau sjá það sem verðmæti í rekstri sínum að hafa siðareglur og sjá til þess að farið sé eftir þeim, þá eru siðareglur góðar. Þess vegna tel ég að siðareglur ofan frá séu slæmar. Þær geta meira að segja verið skálkaskjól. Það er miklu betra að láta manninn finna það að hann eigi að segja satt heldur en skipa honum að segja satt og að hann ljúgi þegar hann lofar því.

[11:31]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram í upphafi að það sem hér liggur fyrir er í fyrsta lagi tilraun okkar sem að málinu stöndum til að hefja umræðu um viðskiptasiðferði, fyrst og fremst að reyna að hefja þá umræðu sem víðast hvar er í löndunum í kringum okkur. Víðast hvar í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við er slík umræða löngu hafin. Þetta er tilraun okkar til að hefja slíka umræðu. Það hefði kannski mátt gerast fyrr, því að sá markaður sem við erum núna að tala um er ungur og er að þróast og ef við getum hafið þá umræðu strax í upphafi þess sem sá markaður þróast, þá held ég að það geti leitt til þess að markaðurinn þróist í heillavænlegri farveg en ella. Þetta er vitaskuld kjarni málsins í því sem hér fer fram.

Hv. þm. talaði um ákveðna forræðishyggju í þessum efnum. Þegar um siðareglur er að ræða, þá eru þær annars eðlis en lagareglur og ég er ekki sammála hv. þm. þegar hann talar um að hér sé einhvers konar forræðishyggja á ferðinni. Það er að mínu viti meira að segja langur vegur þar frá. Það getur verið verulegur munur á því hvort um forræðishyggju er að ræða eða hvort stjórnvöld beiti sér með ákveðnum hætti til að ýta einhverri ákveðinni þróun af stað. Hér er verið að leggja til að stjórnvöld beiti sér fyrir því að fyrirtæki setji sér siðareglur. Ég held, virðulegi forseti, að ég og hv. þm. Pétur Blöndal séum nokkuð samstiga í því hvað teljist æskileg viðmið í þeim efnum, þ.e. hvaða siðareglur við viljum að hér verði teknar upp.

Ég kom hingað fyrst og fremst til að nefna það að hér er á ferðinni tilraun þingflokks Samfylkingarinnar með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur í fararbroddi til að hefja umræður um viðskiptasiðferði og jafnframt að mótmæla því að einhver forræðishyggja sé á ferðinni.

[11:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ljósi þess sem hv. þm. sagði er kannski spurning um að breyta þáltill. þannig að hún hljóði á þann veg að viðskrh. beiti sér fyrir því að umræða verði um viðskiptasiðferði og jafnvel geri samning við einhvern prófessor í heimspeki við Siðferðisstofnun háskólans um að finna út hvernig slík markmið gætu litið út. Það væri kannski nær og ég held að við séum ekkert á öndverðum meiði í því.

En það að skipa fyrirtækjum að setja sér siðareglur hvort sem þau vilja eða ekki tel ég vera af hinu slæma og í raun gefa þeim skálkaskjól en ekki stuðla að betra siðferði.

[11:34]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim sem hafa gaman af því að hv. þm. Pétur Blöndal tekur jafnan þátt í umræðum og oft á tíðum fyllir hann á umræðu með ágætum athugasemdum. Hins vegar þykir mér miður að jafn vel gefinn maður og hv. þm. Pétur H. Blöndal er skuli vera með einhvern orðhengilshátt því ég get lesið fyrir hann eitthvað meira úr tillögunni ef hann vill heyra það. Annars get ég vitnað, með leyfi forseta, í grg. með tillögunni, en þar stendur:

„Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna. Í almennum ákvæðum er lögð áhersla á rétta og skýra upplýsingagjöf til almennings og að allir sitji við sama borð hvað hana varðar. Þá er lögð áhersla á að allir eigendur sams konar verðbréfa sem gefin eru út af sama fyrirtæki sitji við sama borð og að gætt sé réttar allra hlutabréfaeigenda til að njóta sömu kjara."

Vel má vera, virðulegi forseti, að orða megi tillöguna á einhvern annan hátt en við erum fyrst og fremst að reyna að hefja þessa umræðu sem við vonumst til að leiði til þess að flýta þeirri þróun að fyrirtæki setji sér siðareglur. Ég ætla því að minna hv. þm. á, sem flutti um margt ágæta ræðu en tapaði sér aðeins í restina þegar hann mundi það skyndilega að hann er í stjórn en ekki stjórnarandstöðu og varð að finna sér eitthvað til að setja út á, að halda sig við efnislega umræðu, og þetta er það sem að er stefnt með tillöguflutningnum.

[11:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta síðasta var dálítið ómaklegt. Ég tel ekki að ég taki afstöðu til mála eftir því hvort stjórnarþingmenn eða stjórnarliðar flytja mál. Ég reyni ekki, bara til þess að vera á móti málinu, að hengja mig í einhver smáatriði. Ég er hjartanlega á móti því að skipa mönnum að taka upp siðareglur ef þeir vilja það ekki sjálfir og ef þeir sjá sér engan hag í því. Ég er raunverulega á móti því. Þess vegna er ég á móti þessari þáltill. eins og hún lítur út. En ég gæti vel hugsað mér að styðja hana ef henni yrði breytt í þá veru að

ráðherra beiti sér fyrir því að fyrirtækin sjái sér hag í því að setja siðareglur. Ég væri til í það.

Svo kann ég aldrei við þegar fólk er að leggja mælikvarða á gáfnafar mitt.

[11:37]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áhuga á að blanda mér aðeins í umræðuna um siðareglur og ég efast ekki um góðan vilja þingmanna varðandi þessa till. til þál. um að bæta siðferði í viðskiptum. En mig langaði hins vegar að fara inn á þá umræðu um siðareglur í sama dúr og hv. þm. Pétur Blöndal gerði áðan.

Það er nefnilega svo að siðareglur verða ekki settar ofan frá. Siðareglur eru dregnar úr grasrótinni. Það er þannig hvort sem um stétt eða stofnun er að ræða að siðareglur byggja á þeim gildum, þeim skoðunum og þeim viðmiðunum sem stétt eða stofnun setur sér. Það er ekki svo að hægt sé að koma með fyrirmæli ofan frá um að stétt, stofnun eða einstaklingur setji sér siðareglur. Það verður að koma af innri hvöt.

Hins vegar er alveg ljóst að siðareglur sem stétt eða stofnun eða einstaklingur setur sér veitir honum ákveðna viðurkenningu þannig að hann verður gildari eftir en áður. Það er t.d. ekki hægt að setja þetta þannig fram eins og segir í þáltill.:

„Siðareglurnar skulu lagðar fyrir viðskiptaráðherra til staðfestingar."

Það er ekki svo. Hins vegar getur viðskrh. sérstaklega veitt viðurkenningu í þá veru ef fyrirtækið hefur sett sér siðareglur og vissulega mundi slíkt fyrirtæki fá sérstakan velvilja almennings og þeirra sem hafa viðskipti við viðkomandi fyrirtæki.

[11:39]

Ásta Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs í tilefni af þeirri umræðu sem fór fram um störf þingsins áðan þar sem lesinn var upp listi yfir þá sem eru með fjarvistarleyfi í dag. Ég tel ástæðu til að ætla að sá listi sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson las áðan hafi verið rangur og óska þess vegna eftir því að hæstv. forseti fari yfir fjarvistarlistann.

[11:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Ástu Möller þá benti hún mér á að ég hefði ekki farið rétt með áðan þegar ég gat þess að tveir hv. þm. sem sæti eiga í efh.- og viðskn. hefðu ekki haft fjarvistarleyfi. Ég vil fara að siðareglum og viðurkenna að mér missást yfir að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, sem bæði eiga sæti í efh.- og viðskn., hafa fjarvistarleyfi í dag. Rétt skal vera rétt og ég skal gangast við mistökum mínum alveg fyrir fullt og fast.

En það breytir ekki hinu að núna eru þrír hv. þingmenn stjórnarliða af 38 sem sæti eiga á Alþingi viðstaddir umræðuna og það breytir því ekki að hv. þm. Hjálmar Árnason sem skaust hér inn — fyrirgefið, þeir eru fjórir. Ég vil geta þess sérstaklega að hv. þm. Gunnar Birgisson, sem sæti á í nefndinni, er kominn til fundarins. — En hv. þm. Hjálmar Árnason kom hingað í blóðspreng til að eiga einhver orð um fundarstjórn forseta og bera af sér einhverjar meintar sakir, þær helstar að hann sæti úti á kontór og fylgdist með þessu í sjónvarpinu. Það er gott og blessað en vildi ég eiga við hann orðastað þá dugir mér það ákaflega skammt að hafa hann sitjandi við sjónvarp sitt og er hann nú farinn til þeirrar gerðar.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti. Ég held að öllum meginatriðum þessa máls sé til haga haldið. Það er augljóst að hv. stjórnarliðar sinna ekki þingskyldu sinni. Þeir hafa lítinn áhuga á umræðunni sem þeir þó hafa haldið mjög á lofti að eigin frumkvæði í allt sumar og það segir auðvitað meira en mörg orð um það hvernig þeir virða þingstörfin þegar menn eru með löggjafarstarfi að reyna að taka á þeim álitamálum sem uppi hafa verið í umræðum um þessi mál. Það er kjarni málsins.

[11:42]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði beðið um orðið þegar verið var að ræða um störf þingsins fyrr á þessum þingdegi en það hefur farið fram hjá hæstv. forseta. Tilefnið var að hér hafa menn uppi afsökun þess efnis að hægt er að fylgjast með umræðu af því að sjónvörpum hafi verið komið fyrir á skrifstofum hv. þingmanna.

Það er samt þannig að á Alþingi og í sölum Alþingis eiga að fara fram málefnalegar umræður um þau mál sem eru á dagskrá hverju sinni og að sjálfsögðu eiga hæstv. ráðherrar sem fara með viðkomandi málaflokka að vera á staðnum. Ef viðhorf er hins vegar að breytast þannig að nægjanlegt sé að fylgjast með framsöguræðum í sjónvarpi á skrifstofum, ef það er orðið almennt viðhorf meðal þingmanna, þá er það spurning hvort forsn. Alþingis á ekki að velta því fyrir sér hvort ekki sé þá heppilegt að umræðan fari fram á netinu þar sem flestir þingmenn hafa líka fengið nettengingu og hægt að fella niður fasta fundi þingsins því mætingin hér er hv. þm. ekki sæmandi. En auðvitað er það eins og alltaf að verið er að skamma þá sem mæta en þeir hv. þm. sem eiga skammirnar skilið eru ekki til staðar til að taka við þeim.

[11:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er á dagskrá og ber yfirskriftina: Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, er auðvitað feikimikilvægt, ekki síst í ljósi þeirrar umfangsmiklu og veigaþungu umræðu sem átt hefur sér stað í allt sumar á hinum svokallaða fjármálamarkaði.

Á þeim vettvangi hafa farið fremstir í flokki forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna, annars vegar hæstv. forsrh. og hins vegar hæstv. viðskrh. sem að nafninu til hefur forsjá þessara mála í sínum höndum en oftar en ekki virðast mál hafa þróast með þeim hætti að hæstv. forsrh. hefur tekið af honum völdin og sagt honum fyrir verkum. Það er auðvitað ekkert nýtt innan þessarar ríkisstjórnar. Þess er skemmst að minnast að hæstv. forsrh. oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hirti fyrir opnum tjöldum fyrrv. hæstv. fjmrh. með fleygum orðum — að svona gerðu menn ekki — og fleira í þeim dúr. Hann er ekki hættur og hefur ítrekað í allt sumar látið í veðri vaka og sagt beint og óbeint að hæstv. viðskrh. hefði ekki tök á þessum málum og þá er ég fyrst og síðast að vísa til sölunnar á því ríkisfyrirtæki sem Fjárfestingarbanki atvinnulífsins er og hefur verið og kaup Orca-hópsins svokallaða á hlut sparisjóðanna í þeirri fjármálastofnun.

Sú umræða hefur kannski fyrst og síðast ekki snúist um það að menn hafi neins staðar verið að brjóta lög heldur hefur hún snúist um hvað er siðlegt og eðlilegt í viðskiptum af þessum toga. Fleygt er að menn höfðu á orði hér á árum áður og ekki síður á síðari tímum að sumt væri löglegt en

siðlaust. Þessi þáltill. sem hér er lögð fram lýtur einmitt að grundvallarþáttum í þessum efnum, þ.e. að viðskiptalífið undirgangist þær siðareglur sem eru oft og einatt skrifaðar en stundum oftar óskrifaðar.

Hv. þm. Ásta Möller kom í stutt andsvar og tók undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal. Þau eru þeir fulltrúar stjórnarliðanna sem hafa lagt orð inn í þessa umræðu. (**PHB:** Ég er sjálfstæður þingmaður.) Sagði ég ekki Sjálfstfl.? (**PHB:** Ég er ekki fulltrúi flokks. Ég er þingmaður.) Síðast þegar ég vissi var hv. þm. fulltrúi í Sjálfstfl. Hafi orðið breyting á því gerir hann væntanlega grein fyrir því hér á eftir.

Það kom hins vegar dálítið á óvart að þessir þingmenn báðir tveir skyldu kvarta og kveina og beiðast undan því að slíkar skrifaðar reglur yrðu settar. Í tilfelli Ástu kom það einkanlega mjög á óvart í ljósi þess að hún kemur úr þeim geira atvinnulífsins inn á hið háa Alþingi sem er heilbrigðiskerfið og þar eru einmitt skrifaðar siðareglur mjög ofarlega á blaði. Enginn æmtir né skræmtir yfir því. Það finnst öllum eðlilegt og sjálfsagt og þær siðareglur eru mjög veigaþungar og í engu veigaléttari en skrifuð lög og reglugerðir. Það hefur engum dottið í hug í því samhengi að tala um forræðishyggju yfir heilbrigðisstéttum þó að heilbrigðisstéttirnar undirgangist hver um sig tilteknar siðareglur. Það kemur mér mjög á óvart að það eigi allt í einu allt önnur lögmál að gilda um viðskiptalífið.

Ég minnist þess líka að hv. þm. Pétur H. Blöndal fór mikinn áður en hann kom inn í þessa stofnun og ræddi einmitt um það að ýmislegt ósiðlegt væri á ferðinni og það þyrfti að hreinsa til og sópa út í bankakerfinu. Hann komst með látum og miklum fyrirgangi inn í stjórn Íslandsbanka til þess að laga til og hreinsa upp ýmislegt sem þar mætti betur fara. Honum tókst að safna saman smáum hlutum og láta kjósa sig í stjórn þar til eins árs. Það fór ekki mikið fyrir stórum afrekum. En það var uppleggið á sínum tíma sem gerði það að verkum að hann varð kjörinn.

Það er allt of ríkjandi í okkar samfélagi að allt sé leyfilegt í viðskiptum. Þetta er bara bisness. Þetta hefur ekkert með mannleg samskipti að gera, ekkert með það að gera hvort einn troði öðrum um tær, að það sé bara einfaldlega eðlilegt í viðskiptum þar sem peningar eru annars vegar að frumskógarlögmálið ráði ríkjum. En það er ekki svo og það kemur á óvart ef önnur siðalögmál eiga að gilda hér á eyju í Norður-Atlantshafi heldur en fyrir vestan okkur og fyrir austan okkur. Hér hefur verið á það bent, og það er að finna í þessari ítarlegu greinargerð með þessari þáltill., að allt frá 1977 hefur Evrópusambandið og þá Efnahagsbandalagið, sett leikreglur um það hvernig beri að setja slíkar siðareglur. Og þar á einmitt, eins og hér er lagt til, einn aðili í hverju aðildarríki að sjá um að slíkar siðareglur séu settar, ekki með því að skrifa þær niður fyrir hvert einstakt fyrirtæki heldur hafa yfirumsjón með því að þær séu settar. Þetta má finna á bls. 6 í greinargerðinni.

Í Bandaríkjunum, Mekka kapítalismans, er þetta einnig svona. Þar finnst engum þetta óeðlilegt og þar talar enginn um forræðishyggju í því samhengi að ákveðnar siðareglur gildi. Auðvitað er það svo þegar skrifaðar siðareglur eru annars vegar, eins og raunar í lífinu sjálfu og þegar um er að ræða lög eða reglugerðir, að alltaf eru einhverjir sem brjóta þær, því miður. Það er bara þannig. En það þýðir ekki að við hættum að setja hegningarlög, hættum að setja umferðarlög, ef einhver keyrir of hratt. Nei, auðvitað ekki. Við freistum þess að gera lög þannig úr garði að þau séu í samræmi við þann anda og samfélagsvilja sem ríkjandi er, að þau séu ekki úr fasa heldur í fasa og samræmist tilfinningu og siðferðisvitund hvers einstaklings í þessu landi á hverjum tíma og á hverjum stað.

Herra forseti. Ég held að með þessari tillögu séum við einmitt á málefnalegan hátt að draga inn í umræðuna efnisleg og handföst atriði sem hafa verið ofarlega á baugi í allt sumar og mjög brýnt er að koma á í okkar samfélagi og viðskiptalífi. Viðskiptalíf okkar hefur tekið mjög örum breytingum á mjög skömmum tíma, kannski allt of örum breytingum á allt of skömmum tíma. Og kannski ekki síst í því ljósi er brýnt fyrir þá sem vinna innan geirans og fyrir viðskiptavini að menn geti byggt á skrifuðum leikreglum er lúta að samskiptum einstaklinga, samskiptum fyrirtækja, samskiptum sem byggja á gagnkvæmri virðingu og hárri siðferðisvitund.

[11:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enn verið að gefa minni persónu einkunn. Það fór lítið fyrir afrekum mínum í bankaráði Íslandsbanka, segir hann. Hv. þm. hefur kynnt sér rækilega og veit vel hvað ég gerði þar og gerði ekki, en ég fór ekki inn í Íslandsbanka á grundvelli siðferðisvandamála heldur vegna þess að hagnaður fyrirtækisins var mínus 600 millj. og ég sætti mig ekki við það sem hluthafi. Það var þess vegna sem ég fór inn og það vill svo til að fyrirtækið hefur skilað hagnaði síðan, hvort sem það er mér að þakka eða ekki, ég veit það ekki. (**Gripið fram í:** Ertu búinn að selja bréfin?) Já, ég er búinn að selja þau.

Herra forseti. Það er lagt til að setja siðareglur ofan frá. Mín reynsla af samskiptum við fólk er sú að þeir sem segja oftast „ég segi alveg satt", það eru lygararnir. Þeir sem aldrei segja: „Ég segi satt", það eru þeir sem segja satt. Og það að menn setji sér siðareglur um að þeir ætli ekki að ljúga er ekki gott ef það er þvingað ofan frá, þ.e. ef þeir sjá ekki hag í því sjálfir. Ef þeir sjá það ekki sem verðmæti og eign að vera með siðareglur, þá er það verra en ekki. Þá er það skálkaskjól sem svo er kallað á íslensku. Ég held að fyrirtæki eigi að koma með siðareglur vegna þess að það sér sér hag í því gagnvart sínum starfsmönnum, gagnvart sínum viðskiptamönnum og gagnvart umhverfinu, vegna þess að það sér sér hag í því að hafa góða ímynd. Og þetta eru fyrirtæki í auknum mæli að sjá. Við sjáum bara auglýsingarnar, við sjáum trjáræktina og við sjáum styrkina. Fyrirtæki eru að sjá að ímynd er ekki síður verðmæti en hvað annað. Það sem þyrfti að gera er að koma af stað umræðu, og til þess er þetta frv. mjög gott, um siðferði og hvernig slíkar siðareglur gætu litið út, því við erum að fara þarna inn á nýtt svið sem ekki hefur verið rannsakað nægilega, þ.e. hvað eigi að standa í slíkum siðareglum fyrirtækja. Þannig gæti ég stutt tillöguna, þ.e. ef hún væri orðuð örlítið öðruvísi.

[11:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er allt býsna fróðlegt og sumpart er skemmtilegt að velta fyrir sér mannlegum eiginleikum í sambandi við það hver ljúgi hvenær og hvernig og undir hvaða kringumstæðum. Ég held að okkur miði samt ekki mjög langt í því sambandi. Ég held hins vegar að okkur sé nauðsynlegt að átta okkur á því undir hvaða formerkjum þessi tillaga er og hvað hún segir.

Í henni er hvergi að finna að hæstv. ráðherra eigi að skrifa þessar siðareglur fyrir fyrirtækin í landinu og ota þeim með

góðu eða illu í andlit þeirra. Það er ekkert um það að ræða. Hann á einfaldlega að sjá um það og fylgast með því og skapa þann hvata fyrir fyrirtækin sjálf að þau sjái sér hag í að setja þær, og fylgjast með því að einhver glóra sé í þeim. (**PHB:** Ef það stæði ...) Það er það sem stendur hér og hv. þm. sér ef hann er læs.

Ég ætla svo sem ekkert að elta ólar við eða deila við hann um einkunnagjöf eða hvað það var sem réð því að hann óð með látum inn í stjórn Íslandsbanka eitt stutt ár. Það er eins og mig minni samt sem áður að það hafi verið undir þeim formerkjum að hreinsa þyrfti til í þeirri stofnun og vafalaust þá til þess að auka gróðann. Það er nú alltaf undirliggjandi. En kannski hefur þurft að hreinsa til meira í leiðinni til þess einmitt að skapa bankanum aukið traust á þeim tíma. Ég skal ekkert um það segja, enda er það ekki mitt mál.

Kjarni *málsins* er þessi: Það er engin önnur heimspeki gildandi í okkar viðskiptalífi en gerist og gengur í þróaðri ríkjum á þessum vettvangi, þróaðri en Ísland nú raunar er. Ég vitnaði til Bandaríkjanna annars vegar og hins vegar til Evrópu. Og ég kalla eftir því hvort hv. þm. telji að þar séu menn á röngu róli, að þar sé þetta tóm vitleysa og forræðishyggja. Hann vitnaði til Sovétríkjanna. Komi hann aðeins nær til byggða og skoði Evrópu og Bandaríkin í þessu samhengi. Ég spyr: Er þá verið ota þessum reglum að viðskiptamönnum og stórfyrirtækjum þar á bæ? Auðvitað ekki.

[11:56]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er aftur komin upp til þess að ræða siðareglur. Ég veit ekki hvort hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson misskildi vísvitandi það sem ég sagði eða hvort þetta var útúrsnúningur. En það var engan veginn hægt að lesa úr mínum orðum áðan að ég væri mótfallin því að settar væru siðareglur í viðskiptum, öðru nær. Það sem ég var hins vegar að segja var að siðareglur verða aldrei settar ofan frá. Þær verða að koma úr grasrótinni. Ég tel að það yrði fyrirtæki til bóta ef það setti sínar siðareglur þar sem það lýsti sínum grundvallarviðhorfum, viðmiðunum og gildum þannig að ég gæti sem einstaklingur í viðskiptum við þetta fyrirtæki metið hvort ég vildi vera í viðskiptum við fyrirtækið. Ef ég tek *langsótt dæmi*, kannski þarf þess til að fólk skilji þetta, um að ef í siðareglum fyrirtækis kæmi fram að það væri ekki hlynnt jafnrétti kynjanna eða réði ekki til sín litaða menn, þá mundi ég alls ekki eiga nein viðskipti við það fyrirtæki. Niðurstaðan er því þessi: Siðareglur eru af hinu góða og siðareglur verða aldrei settar nema af þeim aðilum sem ætla að vinna eftir þeim. Ef þær koma ofan frá þá lýsa þær ekki ... (**BH:** Þær koma ekki ofan frá. Þú verður að lesa tillöguna.) Það stendur hérna: „... að fela viðskiptaráðherra að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki (Gripið fram í.) á fjármálamarkaðinum setji sér sérstakar siðareglur ...“ og „skulu lagðar fyrir viðskiptaráðherra til staðfestingar.“ (Gripið fram í.) Til staðfestingar, þýðir þá að viðskrh. vill hafa eitthvað um þetta að segja. Hann setur einhvern ákveðinn staðal um hvort þær séu góðar eða ekki góðar. Þannig skil ég þetta. En anda tillögunnar er ég alls ekki á móti. Mér finnst þetta hið besta mál en það sem ég er að segja er að það þarf að setja þetta fram á annan máta.

[11:58]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þetta andsvar og lýsi yfir ánægju minni með að hv. þm. er í öllum meginatriðum sammála því að það beri að setja siðareglur enda gat það ekki öðruvísi verið þar sem hún kemur úr þessum geira atvinnulífsins, þ.e. úr heilbrigðiskerfinu þar sem siðareglur eru *nánast alfa og omega* þeirra hluta sem gera skal.

Ég held að það sé alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að hafa áhyggjur af þessari forræðishyggju. Hún hefur sennilega villst örlítið af leið vegna undarlegrar innkomu hv. þm. Péturs Blöndals í þeim efnum. Í texta tillögunnar segir að það eina sem viðskrh. eigi að gera sé að sjá um að stofnanirnar og fyrirtækin setji sér sérstakar siðareglur. Með öðrum orðum þá á þetta að koma neðan frá. Eftirlitsskyldan er í fyrsta lagi fólgin í því að ráðherrann hvetji til þess ogýti á að þær séu settar og í öðru lagi er ekki óeðlilegt að hann staðfesti þær til þess einfaldlega að fyrirbyggja að þær gangi ekki *mót gildandi lögum og reglum*, að þær séu ekki alveg úr fasa, af því að hv. þm. nefndi dæmi um misrétti kynjanna eða um öfgakenndar skoðanir gagnvart lituðu fólki. Slíkar siðareglur gætu auðvitað aldrei gengið upp því að þær ganga gegn gildandi lögum. Það væri þá ráð í þeim tilfellum að koma viðkomandi fyrirtæki á rétt ról. Þar var því ágætt að hún kom einmitt með þetta dæmi. Ráðherrann hefur annars vegar hvatninguna í hendi sér og hins vegar eftirlit með því að þetta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Forræðishyggjan er því hvergi. Þetta á að koma neðan frá einmitt eins og hv. þm. nefndi sjálf.

[12:00]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Bara stutt svar varðandi það að fá staðfestingu frá viðskrh. og fá þannig einhvern stimpil á það hvort siðareglur eru góðar eða slæmar.

Ég held að það þurfi ekki, svona í prinsippinu þarf það ekki, vegna þess að fyrirtæki sem brýtur gegn siðferðisvitund fólks dæmir sig sjálft út af markaðnum.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 10. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[12:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fer mikinn í ummælum um persónu mína. Hann segir að ég sé ekki læs — eða spyr hvort ég sé læs. Hann segir: Hann var eitt stutt ár í bankaráði Íslandsbanka. Hann segir að ég sé með undarlega innkomu í umræðunum. Og hann segir: Það fór lítið fyrir afrekum.

Ég spyr, herra forseti, hef ég ekki málfrelsi hér á Alþingi? Eru ræður mínar undarleg innkoma í umræðuna? Ég tel svo ekki vera.

[12:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Bryndís Hlöðversdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur gert mjög vel grein fyrir ástæðum þess að við í þingflokki Samfylkingarinnar teljum mjög brýnt að setja siðareglur í viðskiptum á fjármálamarkaði. Sú tillaga sem er til umræðu er hluti af málafernu sem við höfum lagt fyrir þingið. Í fyrsta lagi það mál sem við erum hér að ræða, í öðru lagi breytingar á samkeppnislögum og í þriðja lagi eftirlit með fjármálastarfsemi auk breytinga á lögum um kauphallir, sem er reyndar ekki á dagskrá þingsins í dag. Við munum ræða þrjú þessara mála í dag og þau eiga það öll sameiginlegt að reyna að gera fjármálamarkað okkar gegnsærri og skýrari og skapa umgjörð fyrir það fólk sem setur fjármagn sitt inn á þennan markað eða á einhvern annan hátt á í viðskiptum á fjármálamarkaði.

Auk þessara mála sem við höfum hér sett fram þá höfum við beðið um skýrslu um eigna- og stjórnunartengsl í íslensku atvinnulífi. Slík skýrsla var reyndar unnin og kynnt árið 1994 af þáv. viðskrh. og núv. þingmanni Samfylkingarinnar, Sighvati Björgvinssyni. Sú skýrsla vakti mikla athygli árið 1994 vegna þess að hún leiddi í ljós hve eigna- og stjórnunartengsl voru mikil í okkar litla þjóðfélagi. Ný skýrsla mun væntanlega leiða mikla samþjöppun í ljós á peningamarkaði og það er alveg óumdeilt að þörf er fyrir siðareglur á fjármagnsmarkaði.

Mér finnst það reyndar vera að deila um keisarans skegg þegar menn segja í öðru orðinu að þeir vilji siðareglur en það má bara alls ekki fela ráðherra að láta fyrirtæki setja sér þær. Það er eiginlega jafnfráleit umræða eins og ef samtök heilbrigðisstétta mundu koma sér saman um það að hver einstök stétt setti sér siðareglur að þá mundi einhver ein stéttin alls ekki vilja það af því að hugmyndin kom ofan frá.

Þetta er enn öðruvísi vaxið vegna þess hversu mikilvægt það er að viðskiptasiðferði sé öflugt. Ekki hefur verið mikil umræða um viðskiptasiðferði hjá okkur og það er ástæða til að hafa þessa umræðu. Af hverju við höfum ekki rætt viðskiptasiðferði? Ég held að það sé vegna þess að verðbréfamarkaðurinn er mjög ungur, hann er í mótun, en það eru miklu fleiri á markaði en fólk gerir sér grein fyrir. Við erum oftast að tala um stóru aðilana með stóru fjárhæðirnar sem eru með bréfum að skiptast á eignum í stóru fyrirtækjunum en mjög margir smærri aðilar eru á fjármagnsmarkaði. Fólk velur það í dag að vera annaðhvort með fjárfestingu í einhverjum verðbréfum eða ef það er að koma sér upp sparifé eða að nota bankasparnað. Við eigum auðvitað að gera þessa hluti þannig að öll viðskipti séu snurðulaus og að viðmið séu skýr um siðleg athæfi, eins og kemur fram í greinargerðinni.

Mikil umræða hefur verið um það hvort eigi að setja þessar reglur. Bryndís Hlöðversdóttir vakti athygli á því að öll Evrópubandalagslöndin hafa sett siðareglur um viðskipti með framseljanleg verðbréf og það er nákvæmlega það sem við erum að tala um að eigi að gera hér. Það er dálítið undarlegt ef við erum svona þróuð, þessi litla þjóð sem er með alveg splunkunýjan fjármagnsmarkað að við erum yfir það hafin að setja siðareglur. Ef umræðan í þessum sal á að snúast um að ekki megi tala um það á Alþingi Íslendinga eða að ráðaherra hlutist til um það af því annaðhvort eigi siðareglurnar að vera sjálfsprottnar eða þær eigi alls ekki að vera settar.

Sömuleiðis kemur fram í þessari greinargerð, sem ég hvet alla hlutaðeigandi til þess að skoða, að í umfjöllun um framkvæmd siðareglna Evrópubandalagsins segir að óhjákvæmilegt sé að hvert aðildarríki hafi a.m.k. einn aðila, eftirlitsstofnun, fagsamtök eða annað á grunnvelli þess fyrirkomulags sem er þegar við lýði, sem beri ábyrgð á að fylgjast með framkvæmd siðareglnanna á landsvísu.

Af hverju skyldu þessi samtök evrópskra landa hafa sett sér þessi viðmið? Það er vegna þess að þau gera sér grein fyrir því að það verður að gæta hags fólksins í löndunum.

Vissulega hefur það líka gerst hjá okkur. Ég ætla líka að nefna það að Alþjóðasamband kauphalla hefur sett sér meginreglur um viðskiptahætti og má ætla að þeir sem eru aðilar að sambandinu undirgangist þær meginreglur þó að þeir hafi e.t.v. ekki enn þá sett sér siðareglur sjálfir. En ég ætla einnig að nefna að aðilar í samfélagi okkar hafa gert sér grein fyrir þessu og ákveðið sjálfir að setja sér siðareglur og dæmi um það er Verðbréfaþing Íslands. Þeir hafa sett sér siðareglur og þeim reglum er ætlað að stuðla að sýnileika, réttri verðmyndun, jafnræði í viðskiptum með skráð verðbréf og að vinna verðbréfamarkaði tiltrú og traust og stuðla að framþróun hans. Reglurnar fjalla um heiðarleika og sanngirni, um bestu framkvæmd, um upplýsingar, um hagsmunaárekstra og misnotkun aðstöðu, um viðskiptahætti og sýnileika, um hæfni, um þagnarskyldu og opinbera umfjöllun og um löghlýðni og eftirlit.

Af hverju skyldi fyrirtæki eins og Verðbréfaþing Íslands setja sér slíkar reglur? Af því að það fólk sem þarna er gerir sér grein fyrir hversu markaðurinn er viðkvæmur og hversu mikilvægt það er að í öllum störfum markaðarins sé gætt heiðarleika og sanngirni.

Hvað eru menn að tala um mundi þá einhver spyrja? Hægt er að nefna t.d. ákvæði eins og að þingaðila er óheimilt að setja fram tilboð sem hann getur ekki staðið við eða tilboð sem hefur þann tilgang að setja fram skoðun á öðru en verði, það er eitt dæmi. Að starfsfólk þingaðila skal upplýsa viðskiptamann um það ef viðskipti hafa verið stöðvuð með hlutabréf viðkomandi félags í viðskipta- og upplýsingakerfi þingsins þrátt fyrir að þingaðilinn sé t.d. að eiga viðskipti við viðskiptamanninn fyrir eigin reikning, þ.e. utanþingsviðskipti.

Það má líka nefna ákvæði um að starfsmanni þingaðila er óheimilt að taka kaup- eða sölutilboði sem gefur augljóslega ranga mynd af markaðsverði tiltekins hlutabréfs og starfsmanninum má ljóst vera að allar líkur eru á að uppgjör viðskiptamanna fari ekki fram.

Við skulum bara spyrja okkur sjálf hvort alls þessa sé gætt í viðskiptum á verðbréfamarkaði hjá öðrum aðilum og spyrja okkur þeirrar heiðarlegu spurningar hvort ekki sé einmitt þörf á því að taka á þessum málum og að hér séu settar öflugar reglur. Ég undirstrika það sem kemur fram í máli félaga minna að verið er að fela viðskrh. að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðnum setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum og tilvísun til annarra og þeirra sambanda og þjóðarsambanda sem hafa sett sér slíkar reglur.

Það er mikill munur, herra forseti, á þessu eða að fela ráðherranum að setja sérstakar siðareglur. Að slíkri tillögu hefði ég aldrei staðið.

[12:10]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, 73. mál, svar fjmrh., þskj. 109.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, 115. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 125.

Barnalög, 114. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 124.

Fjáraukalög 1999, 117. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 128.

[12:11]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég stend að flutningi þessarar þáltill. ásamt félögum mínum í þingflokki Samfylkingarinnar. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur þó farið fram. Það er að verða allt of sjaldgæft í þingsölum Alþingis að veruleg umræða fari fram um þingmál stjórnarandstöðunnar. Ég vil því þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram og sérstaklega þeim stjórnarþingmönnum sem hafa tekið þátt í henni.

Virðulegi forseti. Við leggjum til í þessari þáltill. að hæstv. viðskrh. verði falið að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum. Vel má vera að það megi orða þessa þáltill. á annan hátt, gera það þannig að fela viðskrh. að beita sér fyrir því að slíkar reglur verði settar, ef það yrði til þess að fleiri geti staðið að tillögunni. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að 1. flm. og þeir sem að þessu standa séu til viðræðu um það. Enda er kannski á ferðinni, eins og ég sagði í andsvari áðan, fyrst og fremst tilraun okkar með framlagningu þessarar tillögu að reyna að hefja umræðu um viðskiptasiðferði á Íslandi. Sú umræða hefur því miður ekki farið hátt og ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að um leið og hinn ungi íslenski fjármálamarkaður er að þróast að til hliðar við hann fari fram umræða um viðskiptasiðferði. Ég held að það geti aðeins leitt til þess að hinn íslenski fjármálamarkaður *þróist til betri vegar.*

Ég held að við megum ekki heldur gleyma því í þessu samhengi, virðulegi forseti, að það hefur jafnan verið svo þegar við Íslendingar tökum upp einhver nýmæli, og vitaskuld er hinn nýi ungi, íslenski fjármálamarkaður nýmæli í þeim skilningi ef við berum okkur saman við önnur lönd þar sem þessi fjármálamarkaður hefur verið að þróast í mörg ár og jafnvel áratugi áður en hann hefur komist í það horf á Íslandi sem hann er í í dag, að þá verð ég að segja, virðulegi forseti, að við erum mjög gjörn á að taka upp þær reglur sem gilda erlendis án þess að hafa að baki þá sögu, þróun og menningu sem nauðsynleg er til þess að við áttum okkur oft og tíðum á því hvers vegna tilteknar reglur gilda og hvers vegna tilteknar reglur gilda ekki. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt til þess að við náum að þroska og dýpka þennan markað eins og kostur er að við þróum þessa umræðu um siðareglurnar samhliða þróuninni á þessum markaði.

Mér fannst, virðulegi forseti, votta aðeins fyrir því í umræðunni áðan þegar menn voru að ræða um siðareglur og setningu siðareglna líkt og það væri eitthvað sem menn vissu ekki nákvæmlega hvað væri. Ég held að ekki sé nokkur maður inni sem velkist í vafa um í hverju góðir siðir felast. Það er umræða sem hefur átt sér stað um aldaraðir og ég held að enginn hér inni telji að siðferði sé á einhvern hátt afstætt. Menn geta deilt um hugsanlega forgangsröðun siðareglna en ekki það að siðareglur séu á einhvern hátt afstæðar.

Hv. þm. Pétur Blöndal orðaði það einhvern veginn þannig áðan að ekki ætti að hvetja til setningar siðareglna, að óæskilegt væri ef fyrirtæki teldu sig ekki hafa hag af því að setja sér siðareglur, ef ég man þetta nokkurn veginn rétt. Það má kannski nálgast þessa hugsun út frá öðru sjónarhorni og kannski nálgumst við þetta þannig að einhverju marki. Við sem að þessari þáltill. stöndum teljum að það sé í raun og veru *í þágu almannaheilla að umræðunni sé hreyft og hvatt* til þess að þróun siðareglna eigi sér stað hjá fyrirtækjum. Við teljum að það sé til að þroska markaðinn, jafnvel til þess fallið að gera markaðinn betri og jafnvel til að ýmsir fái trú á markaðnum sem eðlilegum vettvangi viðskipta. Þetta væri kannski til þess fallið.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér hefur oft heyrst í umræðum hér að mikilvægt væri ef hægt væri að auka trú á þessum markaði. Eitt af því sem ég tel nauðsynlegt og til þess fallið að þessi trú eflist eru reglur af þessum toga.

Ég vil líka taka undir með þeim sem hér hafa talað um að eitt af því merkasta sem hver maður og hvert fyrirtæki á er traust, sá stimpill að viðkomandi sé heiðarlegur. Ég held að það sé gríðarlega mikils virði. Ég held að aldrei verði of oft minnt á virði þess að hafa á sér gott orð. Ég get líka tekið undir að þeir eiginleikar endurspeglast oft og tíðum í *stjórnendum viðkomandi fyrirtækja.*

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka að hér er á ferðinni tilraun okkar til þess að hefja til hærri hæða umræðu um viðskiptasiðferði. Markmiðið er fyrst og fremst að koma af stað umræðunni til að hafa áhrif á þróun fjármagnsmarkaðarins sem við erum að reyna að byggja upp. Tilgangur þessarar tillögu er fyrst og fremst sá. Ef þörf er á að breyta orðalagi ályktunarinnar til að við getum fengið fleiri hv. þingmenn til að styðja hana, virðulegi forseti, þá erum við tilbúin til að ræða það.

[12:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram að umræðan sem hér hefur átt sér stað er mjög góð. Hún þyrfti að eiga sér stað víðar og oftar. Þáltill. hefur haft góð áhrif að því leyti. En það sem ég átti við þegar ég sagði að ekki lægi á hreinu hvernig siðareglurnar ættu að líta út, var það að við stöndum frammi fyrir breyttum heimi nánast á hverjum einasta degi. Nýjungar á verðbréfamarkaði eru geysimargar. Ég man eftir því að þegar ég starfaði á fyrstu árum markaðarins að þá þurftu menn daglega að spyrja sig: Geri ég rangt eða rétt? Eru hagsmunaárekstrar til staðar? Daglega máttu menn spyrja sig.

Ég minni á atriði eins og netið, öll þau siðferðilegu vandamál sem þar koma upp og nýjungar í læknisfræði, erfðafræði o.s.frv. Þar stöndum við á gati. Við þurfum að þróa siðareglur á þeim sviðum á hverjum einasta degi. Þetta átti ég við, að það þyrfti að búa til siðareglur um eitthvað sem við vitum ekki nákvæmlega hvað er.

Ég tek undir með hv. þm. að við vitum nokkurn veginn hvað góð hegðun og góðir siðir eru, nokkurn veginn. Það á við um það sem við þekkjum. En þegar nýjungar spretta upp þá þurfum við virkilega að hugleiða hvað er rétt og rangt í því efni.

Hv. tók undir það sem ég sagði og svaraði um leið spurningunni sem við höfum verið að glíma við. Heiðarleikinn er einstaklingum og fyrirtækjum gríðarmikils virði. Þegar menn hafa áttað sig á því þarf ekki að skipa þeim að setja siðareglur, þá setja þeir þær sjálfir.

[12:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo ég velti fyrir mér áhrifum tæknibreytinga og nýjunga á markaðinn og spurningunni um hvað sé rétt og rangt í því samhengi. Ég held að það sé ekki rétt, virðulegi forseti, að nálgast viðfangsefnið með þessum hætti. Ef við einföldum þetta þá getum við sagt: Boðorðin tíu. Í *þeim má greina ákveðin siðferðisleg viðhorf sem lifað hafa* af allar tæknibreytingar. Það er það sem ég er að segja, að við byggjum á ákveðnum grunni sem við vinnum síðan út frá og notum þá mælistiku á breytingarnar. Nýjungar og breytingar einar og sér breyta ekki viðmiðunum. Það er kannski það sem ég átti við, virðulegi forseti, með að við værum nokkurn veginn sammála flest um hvað er gott siðferði og hvað ekki.

Ég tel að við eigum að beita þessum viðurkenndu grunnreglum sem kannski endurspeglast að miklu leyti í boðorðunum tíu. Við gleymum okkur stundum í hinni tæknilegu umræðu. Þetta er kannski ekki eins flókið og menn vilja vera láta. Það er þetta sem ég er að vitna til, virðulegi forseti, þegar ég segi að við séum nokkuð sammála um siðferðið. Við

þurfum bara beita þessum siðferðisreglum á þær nýjungar og breytingar sem eiga sér stað en ekki kannski að þær breyti grundvallarreglunum.

[12:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Siðferðiskerfi okkar byggir að sjálfsögðu á boðorðunum tíu. En samt lendum við oft í þeirri stöðu að þurfa að velja og hafna. Ef maður veit að gengi á hlutabréfi hækkar, hann veit eitthvað, hann er innherji og veit að gengið mun hækka og maður kemur til hans og spyr: Á ég að selja hlutabréfin? Á hann þá að segja satt? Þetta getur verið heilmikið vandamál. Á t.d. fjármálaráðherra sem ætlar að fella gengið á morgun að segja satt þegar hann er spurður: Verður gengið fellt?

Menn geta lent í því að þurfa að segja ósatt og ég get nefnt mörg önnur dæmi þar sem menn eru hreinlega neyddir til að segja ósatt. Ef ég er að fela mann á flótta undan ofbeldismönnum og ofbeldismaðurinn kemur í hús mitt með byssuna og spyr: Er Jón Jónsson hjá þér? Þá er ég neyddur til að segja ósatt. Þá segi ég að sjálfsögðu nei. Þar eru aðrir hagsmunir sterkari, virðingin fyrir lífinu. Menn geta þannig lent í því að þurfa að velja og hafna á milli boðorðanna tíu. Slíkar aðstæður geta komið upp. Þess vegna er þetta ekki svona einfalt þegar menn koma inn á nýja braut, t.d. eins og verðbréfaviðskipti. Þar þurfa menn stöðugt að spyrja sig: Er ég að gera rétt eða rangt? Þá geta siðferðisgildin stangast á.

[12:23]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lífið er nú allt þannig að við þurfum alltaf að velja og hafna. En vegna þess dæmis sem hv. þm. nefndi áðan, að ef tiltekinn aðili vissi að gengi í hlutabréfum mundi hækka á morgun og væri spurður hvort menn ættu að kaupa eða selja, þá held ég að þetta sé ekki spurningin um að segja satt eða ósatt. Þá er það fyrst og fremst spurning um að kaupendur sitji við sama borð, að þegar upplýsingarnar komi séu þær ekki veittar ákveðnum útvöldum á undan öðrum. Það er grundvallaratriðið. (**Gripið fram í:** Á hann að ljúga?) Nei, hann á ekki að ljúga, virðulegi forseti. Ég held að langeðlilegast væri að segja: Vegna þeirra upplýsinga sem ég hef get ég ekki svarað þér núna. Ef upplýsingarnar birtast daginn eftir og allir hafa að þeim aðgang, þá er eðlilegt að upplýsa viðkomandi ekki um það í dag. Hann þarf ekki að segja rangt frá. Hann getur hins vegar sagt: Ég get ekki ráðlagt þér í dag vegna þess að ég hef upplýsingar sem líklega gera það að verkum að ég veit hvort gengið í bréfunum muni hækka eða lækka. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það getur fallið í báðar áttir á hlutabréfamarkaði eins og hv. þm. Pétur Blöndal veit.

[12:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er afskaplega athyglisverð umræða á ferðinni um siðferði í viðskiptum. Ég verð að viðurkenna að ég hef haft afskaplega gaman af að sitja og hlusta á það sem hér hefur farið fram. Ég hafði gaman af hugleiðingu hv. 10. þm. Reykv., Péturs Blöndals, sérstaklega þeim hluta ræðunnar sem fjallaði um traust og heiðarleika. Ég verð að segja að það er gott að taka þátt í umræðu á hinu háa Alþingi sem fjallar um þessi hugtök: heiðarleika, sanngirni, kostgæfni, hæfni og löghlýðni. Þetta eru eiginleikar sem skipta okkur öll miklu máli. Þetta eru eiginleikar sem við sjálf óskum að við séum gædd og getum í heiðri haft í lífinu. Þetta eru eiginleikar sem við viljum að mæti okkur í lífinu og ekki hvað síst í viðskiptum okkar við fjármálastofnanir.

Um svona mál á eðli málsins samkvæmt að geta náðst víðtæk og breið sátt. Mér heyrist það á máli hv. þm. sem hér hafa talað að sú sé raunin. Hvort orðalag þáltill. er svona eða hinsegin er kannski eitthvað sem mögulega væri hægt að bæta úr.

Mig langar til að fara örfáum orðum um þessa þætti sem hér eru til umræðu, t.d. ímynd fyrirtækja sem hv. þm. Pétur Blöndal orðaði svo skemmtilega að ætti kannski bara að færa til eignar í bókhaldi þeirra. Þar er ég hjartanlega sammála þingmanninum. Þetta eru verðmæti sem í eðli sínu ættu að vera mælanleg. Ég kem til með að hafa gaman af að halda þessari hugmynd á lofti og ég á eflaust eftir að minna hv. þm. Pétur Blöndal á þessi ummæli hans oftar en einu sinni, sérstaklega þegar við förum að ræða um verðmæti náttúrunnar og verðgildi hennar og hvort ekki sé þá líka hægt að mæla þau þannig að færa megi þau til bókar.

Hv. 10. þm. Reykv., Pétur Blöndal, treystir bankanum sínum og vill geta treyst honum. Það vil ég líka geta gert en ég verð að segja, að ég hef oft haft ástæðu til að treysta honum ekki. Nú um þessar mundir á ég í erfiðleikum með viðskiptastofnun mína, minn prívatbanka. Bankinn minn hefur tekið það upp hjá sjálfum sér að hafa forgöngu um að stofna fjárfestingarfélag sem er ætlað að fjárfesta í risaálbræðslu austur á Reyðarfirði. Ég hugsa: Hvað á ég að gera? Ég vil ekki vera með peningana mína í fyrirtæki sem hefur forgöngu um að risaálbræðsla sé sett upp á Reyðarfirði. Menn sem fara þannig með mitt fjármagn eru ekki þeir sem ég vil að geymi það. Ég treysti þeim ekki lengur og fer að hugleiða hvort ég geti ekki tekið peningana mína út úr þessum banka og farið með þá í einhvern annan. Nei, því miður, það get ég ekki vegna þess að allir bankarnir sem starfa á þessu svæði eru viðriðnir umræður sem nú fara fram um risaálbræðslu á Reyðarfirði. (**Gripið fram í:** En sparisjóðir úti á landsbyggðinni?) Sparisjóðirnir eiga því miður í eignarhaldsfélagi Alþýðubankans.

Hv. þingmenn. Ég er í standandi vandræðum vegna þess að ég treysti ekki viðskiptastofnunum þessa lands. Þessi litla saga sýnir og sannar að við höfum mikla þörf fyrir þessa umræðu. Við höfum mikla þörf fyrir að siðferði í viðskiptum sé rætt, ekki síst með tilliti til hagsmuna viðskiptavinarins og kannski er það þar sem ég vantreysti viðskiptafyrirtækjunum og fjármálastofnununum. Ég treysti þeim ekki fyrir hagsmunum viðskiptavinarins vegna þess að ég hef reynt þær að öðru. Ég hef reynt þessar stofnanir að því að hagsmunir þeirra sjálfra séu ætíð í fyrirrúmi. Það er kannski þetta sem við verðum breyta og við stjórnmálamenn á hinu háa Alþingi hljótum að geta með þessari umræðu, snúið ímyndasköpuninni við og sýnt þessum stóru viðskiptastofnunum fram á hvað er í húfi fyrir þær. Það kann að enda svo að við öll, venjulegir Íslendingar, segjum okkur úr viðskiptum við innlendar bankastofnanir vegna þess að siðferði þeirra sé okkur ekki að skapi og ekki sæmandi þeim stofnunum sem í hlut eiga.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði hér áðan að þeir sem oftast segðu: Ég segi satt — væru oft að segja ósatt. Ég er hjartanlega sammála honum. Ég er hjartanlega sammála því, t.d. á þeirri forsendu að ég horfi á fólk sem er auðmjúkt í eðli sínu. Ég finn og skynja að auðmjúk manneskja skilur ekki einu sinni hugtakið auðmýkt. En mér

finnst hætta á ferðum þegar stór stofnun sem í krafti valds og peninga getur komið fram og sagt: Ég er heiðarleg, ég er heiðarleg, ég segi satt, ég segi satt. Í ljósi orða hv. þm. Péturs Blöndals mundi ég rengja þá stofnun sem ber sér á brjóst eins og ég rengi þá manneskju sem talar af miklum fjálgleik um að hún sé auðmjúk. Ég trúi ekki slíku tali því að auðmjúk manneskja sem er sannarlega auðmjúk í hjarta sínu skilur ekki hugtakið og notar það ekki. Þess vegna vil ég meina að ég eigi erfitt með að treysta því að viðskiptastofnun uppgötvi að heiðarleikinn borgi sig.

Ég hef reynt viðskiptastofnanir og stjórnmálamenn líka að óheiðarleika og því að fara illa með þegnana og viðskiptavini sína. Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi hér til verðbólgutímann ógurlega, þegar menn settu inn í bankann sinn andvirði skíða og tóku út andvirði skíðahanska. Ég upplifði þessa tíma líka. Ég tapaði fé fyrir tilstilli stjórnmálamanna og óheiðarlegra bankastofnana. Ég er brennt barn. Þess vegna styð ég að umræðan um siðferði í viðskiptum verði efld. Þess vegna fagna ég því að þessi þáltill. skuli koma fram og nefni til sögu siðareglur blaðamanna.

Blaðamenn hafa mjög öflugar siðareglur sem oft er beitt og mætti sannarlega beita oftar, ekki væri vanþörf á. En ég minni á að skúrkar í þessu samfélagi hafa komist upp með ótrúlega hluti aftur og aftur. Ég á alltaf í vandræðum með það hvernig ég geti varið mig. Hverjum á ég að trúa? Hvað er satt og hvað er logið? „Hvernig getum við komið siðareglum á innan frá," spyr hv. þm. Pétur Blöndal. Það þarf auðvitað að eiga sér stað. Mér dettur í hug að einhvers konar vottunarstofa hins opinbera sé af hinu góða. Kannski fjallar þessi tillaga um það öðru fremur, að hæstv. viðskrh. sé gert að setja upp einhvers konar vottunarstofu, gefa þeim fyrirtækjum sem setja sér þessi innri siðferðilegu markmið einhvers konar stimpil á að þau séu þess virði að eiga viðskipti við. Í eðli sínu er hér um góða hugmynd að ræða og ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram.

[12:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Afstaða hv. þm. til fyrirtækja, sérstaklega á fjármálamarkaði, virðist mjög neikvæð. Hv. þm. hefur, eins og ég talaði um áðan, lent í neikvæðum atvikum. Eins og ég gat um þarf mörg jákvæð atvik til að upphefja eitt neikvætt. Þess vegna dugir ekki að bankinn hennar hafi borgað háa vexti og annað slíkt, veitt góða þjónustu — neikvæðu atvikin eru enn ekki gleymd.

Siðferðimarkmið fyrirtækja eru aldrei þannig að fyrirtæki segi: Við erum heiðarleg. Eða að það segi: Við erum sanngjörn. Heldur segir það: Starfsmenn okkar leitast við að vera heiðarlegir. Starfsmenn okkar leitast við að vera sanngjarnir. Þegar viðskiptavinur rekst á starfsmann sem ekki er heiðarlegur og ekki sanngjarn, þá getur hann vísað í þessar reglur og sagt: Hér stendur í markmiðum fyrirtækis þíns að þú eigir að leitast við að vera sanngjarn og heiðarlegur. Þetta er einmitt spurningin um hvernig svona siðareglur eru settar upp.

Varðandi það sem hv. þm. sagði, sem er náttúruverndarsinni — það er hennar réttur að sjálfsögðu og hún setur náttúruna ofar öllu og segist ekki geta átt viðskipti við neina innlenda stofnun. Það má vel vera. Þá lendir hún í ákveðnum vanda. Hún getur tekið peningana sína út og sett þá undir koddann. Það breytir í sjálfu sér engu í efnahagskerfinu. Þeir peningar vinna ekki. Það sem hún gæti gert, þökk sé nútímanum, er að leggja peningana inn á erlenda banka sem margir hverjir hafa gefið sig út fyrir það að fjárfesta ekki í nokkru sem rekst á þau sjónarmið sem hv. þm. trúir á og treystir.

[12:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir ráðleggingarnar og vil svara því strax til að ég er líka svolítill þjóðernissinni í mér. Mér þætti verra að þurfa að taka peningana mína út úr íslenska hagkerfinu vegna þess að ég ber það fyrir brjósti. Ég vil gjarnan að hér sé öflug peningastofnun, óháð því að setja upp risamálmbræðslur og vinna náttúrunni skaða. Þess vegna er ég í vanda en vil ekki þurfa að taka peningana mína út úr íslenska hagkerfinu, vil ekki þurfa að setja þá undir koddann. Ég vil að hér séu opnar siðareglur þar sem ég get lesið mér til um stefnu viðkomandi stofnunar og fundið hvar ég á bestan samhljóm. Þá segi ég líka: Þess vegna þurfum við að efla það að fjölbreyttar stofnanir séu til staðar, ekki ein stór sem fer undir einn hatt og setur öll sín egg í eina körfu.

[12:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. getur huggað sig við að flytji hún peningana sína til útlanda þá er hún jafnmikill þjóðernissinni eftir sem áður. Þá er hún búin að byggja upp innstæðu í útlöndum sem kemur á móti erlendum skuldum þjóðarinnar og hefur þar með aukið fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar til framtíðar og það er mjög jákvætt. Hins vegar gæti hún líka farið þá leið með peninga sína að stofna samtök slíkra aðila og lagt þessa peninga í fyrirtæki sem mundi t.d. prjóna sokka eða eitthvað slíkt sem henni er hugnanlegt.

[12:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að draga á langinn orðaskipti okkar hv. þm. Péturs Blöndals. Ég fæ hann kannski til að taka mig í tíma í meðferð fjármuna þó síðar verði. Það sem mig langar til að segja hér í lok máls míns er að þessi umræða er af hinu góða og heiðarleiki og siðferði í viðskiptum þarfnast öflugrar stefnu. Við höfum tækifæri til þess hér að láta fjármálastofnunum okkar hana í té.

Rétt í lokin vil ég í tilefni af umræðunni um siðferði, virðulegi forseti, vekja athygli á því að þingmönnum hefur verið boðið til einhvers konar símafyrirtækis sem er að opna nýja þjónustu í dag. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sér ástæðu til þess að hringja fyrsta símtalið í þessari símaþjónustu. Ég held að svona hlutir heyri undir umræðuna hér, siðferði í opinberu lífi. Ég spyr út í þingsalinn: Samrýmist það reglum okkar og hugmyndum um siðferði að hæstv. ráðherrar séu hlaupandi inn til einkafyrirtækja út og suður til þess að hringja fyrsta símtalið, ýta á fyrstu takka eða hleypa einhverjum litlum sjónvarpsstöðvum af stokkunum? Þetta sýnir hversu áþreifanlegt þetta vandamál er og hversu mikil þörf er að taka á því.

[12:38]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins smáinnlegg í umræðuna sem hér er um þáltill. um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði. Ég vil í lok umræðunnar þakka fyrir hana. Ég held að hún hafi verið sérstaklega góð. Ég vil þakka þeim hv. stjórnarþingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni.

Ég held að það sé mikil þörf á því að Alþingi álykti um að hvetja fyrirtækin á fjármálamarkaðinum til að setja sér,

eins og skýrt kemur fram, siðareglur. Við vitum að á hinum unga fjármálamarkaði eru siðareglurnar ekkert sérstaklega fastar í sessi í hlutabréfafyrirtækjunum. Fólk er að hringja og kaupa hlutabréf en þeir sem fara inn á þennan markað og vilja kaupa sér hlutabréf hafa enga vitneskju um hvort sá sem þeir tala við, starfsmaður hjá viðkomandi fyrirtæki, sé jafnvel eigandi bréfanna sjálfur, ef hann er það ekki sjálfur þá kannski fyrirtækið sem hann starfar hjá.

Þá spyr maður: Hvaða siðareglur gilda um það þegar viðkomandi starfsmaður er spurður um álit hans á því hvort hagkvæmt sé að kaupa eða selja.

Ég hef heyrt að eitt fyrirtæki á markaðnum gefi sig út fyrir að þar eigi starfsmenn ekki bréf. Þegar menn eiga viðskipti við það fyrirtæki þá geta menn treyst því að upplýsingarnar séu ekki frá sjálfum eiganda bréfanna.

Hér hefur líka verið fjallað um innhverjaviðskipti. Við höfum svo sem heyrt um það og séð núna undanfarið, nýleg dæmi um sameiningu fyrirtækja þar sem um innherjaviðskipti hefur verið að ræða. Fréttir berast fljótt út. Þetta er lítið þjóðfélag. Það þarf stundum ekki annað en að sjá tvo forstjóra sitja saman á veitingastað og borða til að geta í eyðurnar um hvað sé að eiga sér stað.

Á hinum unga fjármálamarkaði vitum við auðvitað af dæmum um að stjórnendur fyrirtækja á markaðnum hafi getað stýrt ýmsum fréttum frá fyrirtækjunum, sem teljast jákvæðar fréttir, til að hækka gengi hlutabréfa um takmarkaðan tíma. Markaðurinn er svo lítill að menn vita jafnvel hvaða fyrirtæki þetta eru. Menn geta skilgreint atriðin þó ég ætli ekki að gera það úr ræðustól Alþingis. En þetta er svona. Þannig má segja að ef eitthvert verðbréfafyrirtæki gæfi út virkilega góðar siðareglur þar sem tekið væri á þessum þáttum þá mundu, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur bent á, viðskiptin við það fyrirtæki aukast.

Ég segi bara rétt í lokin: Þessi tillaga þingflokks Samfylkingarinnar er mikilvæg fyrir umræðuna um þennan markað. Ég bendi á að það koma tilskipanir ofan frá um það að peningastofnanir skuli setja sér útlánareglur. Þær eru skikkaðar til þess. Hvers vegna skyldi ekki Alþingi hvetja fyrirtæki til þess að setja sér siðareglur? Þessar siðareglur eru af því góða og þessi þáltill. er um að fyrirtækin setji sér sjálf siðareglur.

[12:42]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þá málefnalegu umræðu sem hér hefur átt sér stað um þessa till. til ál. um viðskiptasiðferði. Ég vil þakka þeim sem hafa tekið þátt í henni. Það hefur verið mjög ánægjulegt að auk þeirra 17 þingmanna Samfylkingarinnar sem að tillögunni standa hafa nokkrir hv. þm. úr öðrum flokkum líka tekið til máls og undirtektir að mínu mati verið góðar. Og ég vil þakka fyrir það.

Það var sérstaklega ánægjulegt að í þessari umræðu skyldu taka þátt tveir hv. stjórnarþingmenn, þau hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Ásta Möller. Ég vil segja að án þeirra sjónarmiða hefði umræðan orðið einlit og kannski svolítill kór jásystkina. Þannig hefði hún ekki orðið jafngóð og kraftmikil og raun varð á.

Þessir tveir hv. stjórnarþingmenn gagnrýndu tillöguna svolítið og sögðu ekki gott að setja siðareglur að ofan. Þær þyrftu að þeirra mati að koma innan frá. Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um forræðishyggju, að menn yrðu að sjá sér hag í að setja sér slíkar reglur. Annars gætu þær ekki orðið neins virði.

Ég vil ítreka það sem ég hef reyndar komið að í umræðunni áður varðandi þessa gagnrýni. Ég held að þarna sé um áherslumun að ræða, svolítinn sjónarmun á því hvort tillagan segi að viðskrh. sé falið að sjá til þess eða beita sér fyrir því að fyrirtæki setji sér slíkar reglur. Ég væri tilbúin að skoða breytingu á texta tillögurnar því að ég skildi a.m.k. ræður þessara tveggja hv. stjórnarþingmanna þannig að þeir væru í grundvallaratriðum sammála mér og okkur sem að þessari tillögu stöndum um kjarna tillögunnar og það er það sem skiptir máli.

Ég skil þá gagnrýni að siðareglur séu eitthvað sem kemur innan frá, eitthvað sem fyrirtæki setja sér sjálf. Þess vegna er talað um það í tillögunni að viðskrh. eigi í raun og veru að beita sér fyrir því — það er talað um að sjá um en mætti alveg eins orða svo að hann muni að beita sér fyrir því að fyrirtækin setji sér reglur. Ég ítreka það að tillagan gerir ráð fyrir, að fyrirtækin setji sér sjálf slíkar reglur sem síðan væru lagðar fram fyrir viðskrh.

Það er ekkert óeðlilegt að hæstv. viðskrh. hafi forgöngu um að hvetja fyrirtæki til að setja sér reglur af þessum toga. Eins og ég rakti áðan hafa ýmis alvarleg dæmi komið upp á síðustu missirum þar sem slíkar reglur hefur vantað. Þau hafa komið fram í umræðunni líka. Þróunin hefur ekki orðið sú sama. Þessi umræða hefur ekki skilað sér í jafnríkum mæli hingað til íslenskra fyrirtækja. Ég hef engar skýringar á því af hverju það er en um þetta eru allir sammála sem hafa skoðað þetta mál. Bandarísk fyrirtæki riðu á vaðið. Síðan komu evrópsk fyrirtæki í kjölfarið en þetta hefur ekki skilað sér í jafnríkum mæli hingað. Það má eiginlega segja að íslensk fyrirtæki virðast ekki enn hafa séð sér hag í að setja sér slíkar reglur. Ég held að við þurfum að hafa svolítið fyrir því með því að vekja þessa umræðu og koma henni af stað.

Það má líka segja að með þeirri gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal og Ástu Möller, einkum það sem kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals, þá hafi hann komið að kjarna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað um viðskiptasiðferði og hefur birst í togstreitu á milli viðskiptasiðfræðinga annars vegar og hins vegar stjórnenda fyrirtækja. Ég vil aðeins til að halda umræðunni áfram á þeim málefnalega grunni sem hún hefur verið vitna í þetta ágæta rit sem ég vakti athygli á í framsögu minni, Viðskiptasiðferði eftir Þröst Sigurjónsson, en þar segir, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um viðhorf viðskiptasiðfræðinga og stjórnenda, að þau rekist á.

„Viðskiptasiðfræðingar vita að helsta svar stjórnenda við spurningunni: Hvers vegna eiga fyrirtæki að starfa siðferðilega rétt? er að með því sé hagsmunum fyrirtækjanna sjálfra best borgið ef þau starfa í anda ríkjandi siðferðis. En á þessu svari stjórnenda finna viðskiptasiðfræðingarnir tvenn vandkvæði. Hin fyrri eru að þeir eru ekki þeirrar skoðunar að rétt hegðun muni alltaf leiða til hagnaðar. Hin síðari eru að stjórnendur eru ekki að innleiða viðskiptasiðareglur siðferðisins vegna heldur hagnaðarins vegna. Þátttakandi á málþingi sem kallaðist „Do Good Ethics Ensure Good Profits?“ varpaði þess vegna fram eftirfarandi athugasemd: Að hugsa og hegða sér siðferðilega rétt vegna þess eins að það gæti aukið hagnað þinn, er að hegða sér rangt. Siðferði í viðskiptum verður að góðu siðferði þegar hugur fylgir máli.“

Mér fannst þessi orð eiga erindi í umræðuna. Einnig vildi ég, vegna þess að togstreita hefur birst í umræðunni sem ég held að hafi verið mjög gott, vitna í annan kafla í þessari

ágætu bók þar sem fjallað er um nýja strauma og stefnur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Síðustu missirin virðast nýir straumar og stefnur sýnilegar innan viðskiptasiðfræðinnar. Helst eru það tveir grundvallarþættir sem ganga í berhögg við það sem áður taldist gott og gilt.

Sem fyrr eru viðskiptasiðfræðingar sammála um að gott siðferði og hagnaðarhámörkun séu þættir sem geta rekist á. En í stað þess að hugsa um þessa tvo þætti sem ósættanlega og að þar við sitji, er nú reynt að ganga út frá því allt frá upphafi að um sættanlega þætti geti verið að ræða. Joanne B. Ciulla skrifar: Það sem er raunverulega skapandi í viðskiptasiðferði er að uppgötva leiðir til að gera það sem er siðferðilega rétt og ábyrgt gagnvart samfélaginu án þess að eyðileggja frama þinn og fyrirtækið."

Það má því segja að búið sé að snúa þessu pínulítið við.

„Nýju straumarnir hafa borið með sér viðleitni viðskiptasiðfræðinga til að reyna að sætta mismunandi gildi og viðhorf sem ríkja í atvinnulífinu. Jafnframt fallast þeir á að erfitt sé að finna staðlaða lausn sem gildi fyrir alla. Markmið viðskiptasiðfræðinganna er ekki lengur að aðskilja eiginhagsmunahyggju og samfélagsábyrgð í stjórnun. Nú vilja þeir taka þátt í að hanna ný kerfi ákvörðunartökuferlis innan fyrirtækjanna í samstarfi við stjórnendur, kerfi sem hvetur hvern og einn starfsmann til að uppfylla hans persónulegu þarfir um leið og unnið er í þágu heildarinnar."

Mér fannst rétt að koma þessum athugasemdum á framfæri því að þetta er í þeim anda sem umræðan hefur svolítið verið. Ég held að mjög gott hafi verið að þessi togstreita hafi birst hér vegna þess að það eru ekki allir sammála um hvernig þessa hluti skuli gera. Ég held hins vegar að hægt sé að finna flöt á tillögunni sem hér liggur fyrir sem a.m.k. flestir þeir sem hér hafa tekið þátt geti fallist á. Og ef ég nefni sem dæmi hv. þm. Pétur Blöndal, sem kannski gagnrýndi hvað harðast tillöguna í umræðunni, þá ég get tekið undir næstum hvert einasta orð í ræðu hans fyrir utan orðalag og túlkun varðandi orðalag tillögunnar.

Ég vil enn og aftur þakka fyrir þessa umræðu. Ég held að hún hafi verið góð og vona að hún eigi eftir að skila sér í samþykkt tillögunnar.

[Fundarhlé. — 12:49]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 3. mál (gjöld af bensíni). — Þskj. 3, brtt. 127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 127. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Brtt. 127 felld með 22:10 atkv. og sögðu

já: BH, GÁS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁMöl, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JB, KF, KPál, PP, PHB, SF, StB, TIO, VS, VE.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DrH, EKG, EMS, GE, GAK, GHall, GÖ, HÁs, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KHG, LMR, ÓÖH, SighB, SAÞ, SP, SJS, SÞ, SvanJ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMöl, BH, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JB, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SF, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.

30 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DrH, EKG, EMS, GE, GAK, GHall, GÖ, HÁs, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KHG, LMR, ÓÖH, SighB, SAÞ, SP, SJS, SÞ, SvanJ, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 129).

Samkeppnislög, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 90. mál (bannregla, markaðsráðandi staða, frestir o.fl.). — Þskj. 90.

[13:40]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum. Áður en lengra er haldið er rétt að nefna að ég mun skipta framsöguræðu minni upp í a.m.k. þrjá kafla. Í fyrsta lagi mun ég fjalla almennt um samkeppni og gildi hennar, í öðru lagi mun ég fara nokkrum almennum orðum yfir helstu efnisreglur núgildandi samkeppnislaga og markmið þeirra og í þriðja lagi mun ég fjalla um þær breytingar sem hér er verið að leggja til að gerðar verði á núgildandi samkeppnislögum.

Virðulegi forseti. Það eru gömul sannindi og ný að ekkert hefur hingað til reynst betur til að tryggja almenningi sem lægst vöruverð og besta þjónustu en öflug og heilbrigð samkeppni. Heilbrigð samkeppni á markaði er því eitt af tækjum stjórnmálamanna til að dreifa eins og kostur er arðinum af öflugu atvinnulífi. Þar sem heilbrigð samkeppni er til staðar leiðir hún til þess að þeir sem ætla að skammta sér arð og ávöxtun að eigin geðþótta verða undir. Heilbrigð samkeppni er því að *mínu viti markmið sem stjórnmálamenn eiga* að stefna að.

Virðulegi forseti. Heilbrigður markaður fær hvorki þrifist né þróast nema leikreglur séu skýrar og með þeim sé öflugt eftirlit. Það er því nauðsynlegt að gildandi reglur á þessu sviði séu einfaldar ef koma á í veg fyrir fákeppni og einokun sem neytendur þurfa á endanum að greiða fyrir með hærra vöruverði og lélegri þjónustu.

Samkeppnisreglur vestrænna þjóða eru aðallega byggðar upp á tveimur mismunandi grundvallaratriðum eða aðferðum, annars vegar banni og hins vegar misbeitingu. Þau lög

sem byggjast á hugmyndafræðinni um bann fela í sér þá meginreglu að nær allar samkeppnishömlur eru bannaðar. Þau lög sem byggjast á misbeitingu fela hins vegar ekki í sér að allar samkeppnishömlur séu bannaðar heldur byggjast þau á heimildum samkeppnisyfirvalda til að hindra samkeppnishömlur í einstökum tilvikum séu þær taldar skaðlegar. Bannið er lagt til grundvallar í löggjöf ESB og Bandaríkjanna og þau fáu ríki sem hafa byggt á misbeitingaraðferðinni hafa smám saman verið að þróa löggjöfina í átt til bannaðferðarinnar.

Á hinn bóginn er rétt að taka fram að hlutirnir eru ekki aðeins svartir eða hvítir í þessum efnum því oft er löggjöf skert með misbeitingunni með því að banna tiltekin atriði. Yfirleitt eru bannatriðin auðveldari í framkvæmd þar sem ákvæðin fela í sér hvað má og hvað má ekki því að á hinn bóginn getur reynst erfiðara fyrir samkeppnisyfirvöld að þurfa jafnan að sýna fram á skaðsemi samkeppnishamla þegar byggt er á misbeitingaraðferðini.

Virðulegi forseti. Það er mat flutningsmanna ef samkeppnislögin eiga að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og lýst er í 1. gr. laganna að nauðsynlegt sé að ráðast í þær breytingar á samkeppnislögum sem hér eru lagðar til. Breytingarnar fela að meginstefnu í sér að horfið er frá þeirri stefnu að byggja lögin upp á misbeitingarreglunni, enda er það í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað í samkeppnisrétti milli þjóða sem við viljum líta til.

Reynslan hefur kennt að það hefur reynst samkeppnisyfirvöldum mun auðveldara að sinna hlutverki sínu ef löggjöfin er að meginstefnu byggð á bannreglunni. Sú stefna er í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og finna má í 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Virðulegi forseti. Ekki þarf að orðlengja það að í íslensku viðskiptalífi hefur orðið vart samþjöppunar valds og áhrifa. Slík samþjöppun er líkleg til að leiða til fákeppni sem skaðar heilbrigða samkeppni. Breytingarnar sem lagðar eru til miða að því að samkeppnisyfirvöld verði betur í stakk búin til að takast á við þessa þróun og sporna gegn henni.

Virðulegi forseti. Það er því eðlilegt að menn spyrji sem svo: Hvers vegna samkeppni, hvaða hagsmunum þjónar það að vernda heilbrigða samkeppni? Hvers vegna sleppum við ekki öllum lausum og látum markaðinn óheftan um að ráða því hvernig og hvert vötnin falla í íslensku viðskipta- og atvinnulífi? Hvers vegna er heilbrigð samkeppni í eðli sínu markmið sem flestar vestrænar þjóðir telja mikils virði að ná og vernda með sérstakri löggjöf og eftirlitsstofnun?

Líklega hefur enginn orðað svarið við þessum spurningum betur en Adam Smith gerði árið 1776 í riti sínu Auðlegð þjóðanna en þar orðar hann þessa nauðsyn svo, með leyfi forseta:

„Stjórnendur fyrirtækja og fjármagnseigendur geta ekki undir neinum kringumstæðum komið saman, jafnvel þó tilefnið sé einungis ánægja og skemmtun, án þess að félagsskapurinn endi í einhvers konar samsæri gegn almannahagsmunum."

Með þessari tilvitnun er ég ekki að halda því fram að raunin sé sú að fjármagnseigendur sitji á svikráðum við almenning í öllum skúmaskotum samfélagsins heldur að minna á þá staðreynd og þann veruleika að það er einfaldlega miklu auðveldara fyrir þessa aðila að samræma verð og skipta upp mörkuðum í stað þess að halda uppi öflugri samkeppni og keppa sín á milli.

Löggjafinn sjálfur hefur einnig svarað spurningu um nauðsyn samkeppninnar í 1. gr. samkeppnislaga. Þar segir að efling virkrar samkeppni stuðli að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Það er sem sagt skoðun löggjafans að ef fyrirtæki keppi sín á milli í öllum þáttum starfsemi sinnar muni það leiða til hagkvæmni í atvinnulífinu sem aftur stuðli að því að neytendur fái sem bestar vörur og þjónustu á sem lægstu verði og búi þar af leiðandi við betri lífskjör. Allt þetta á að auka auðlegð þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Markmið samkeppnislaga eru því vissulega háleit og göfug. En það er ekki nægjanlegt að setja reglurnar. Þeim verður að framfylgja. Það er því eftirtektarvert að horfa til annarra vestrænna þjóða og virða fyrir sér hvernig þær hafa framfylgt þessum reglum og jafnframt af hvaða krafti þær þjóðir hafa það gert, enda færir það okkur heim sanninn um hversu alvarlegum augum þessar þjóðir líta á samkeppnisreglurnar.

Segja má að nútímasamkeppnisreglur hafi verið fundnar upp í Bandaríkjunum og þar hafa þær verið í lögum frá árinu 1890. Því er ástæða til að velta því fyrir sér hvernig þeir rannsaka brot á samkeppnislögum. Þar í landi fer dómsmálaráðuneytið með rannsókn mála sem leitt getur til refsinga. Þegar mál eru upplýst er ýtrustu viðurlögum beitt og þannig má á það benda að á árunum 1980–1983 hlutu samtals 127 menn í Bandaríkjunum fangelsisdóma fyrir brot á samkeppnisreglum og sektir námu rúmlega 47 millj. dollara á þessum fjórum árum. Maður hlýtur að spyrja: Af hverju þessi festa og harka í Bandaríkjunum? Það er vegna þess að þarlendir menn taka samkeppnisreglur ákaflega alvarlega því þar er mönnum ljóst það samfélagslega tjón sem getur stafað af því þegar fyrirtæki hamla samkeppni með aðgerðum sínum. Innan ESB er viðtekin skoðun að vettvangsheimsóknir til fyrirtækja séu ein allra skilvirkasta leiðin til þess að rannsaka brot á samkeppnisreglum. Sem dæmi um þetta má nefna að vegna gruns um brot á samkeppnisreglum fóru um 70 starfsmenn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í morgunheimsókn í höfuðstöðvar Volkswagen og útibúa þess og lögðust yfir skjöl fyrirtækisins. Niðurstaða þess máls var að lögð var á Volkswagen hæsta sekt sem lögð hefur verið á nokkurt fyrirtæki innan ESB vegna brota á samkeppnisreglum, eða rúmlega 8 milljarðar kr.

Einungis þessi dæmi færa okkur heim sanninn um hversu alvarlega þessar þjóðir líta brot á þessum reglum, þ.e. að brot á þessum reglum sé fyrst og fremst brot gegn samfélaginu sjálfu.

Virðulegi forseti. Áður en lengra er haldið tel ég nauðsynlegt að fjalla aðeins um helstu efnisreglur samkeppnislaga en þær er að finna í 4. og 5. kafla laganna svo menn fái betur áttað sig á því að hverju er stefnt með þeim breytingum sem mælt er fyrir.

Hægt er að skipta efnisreglum samkeppnislaga sem ætlað er að vernda samkeppni upp í fjóra meginflokka. Í fyrsta lagi eru það ákvæði sem banna fyrir fram samráð og aðrar samkeppnishömlur fyrirtækja. Þannig bannar 10. gr. ákvæðið samráð milli fyrirtækja á sama sölustigi. 11. gr. laganna bannar t.d. heildsala að hafa áhrif á söluverð smásala. 12. gr. laganna bannar samtökum fyrirtækja að ákveða samkeppnishömlur.

Í öðru lagi er 17. gr. laganna m.a. ætlað að vinna gegn því að markaðsráðandi fyrirtæki misnoti stöðu sína.

Í þriðja lagi er ákvæðum 18. gr. samkeppnislaga ætlað að vernda samkeppnislega gerð eða strúktur einstakra markaða.

Í fjórða lagi eru það ákvæði sem sérstaklega er beint að opinberum samkeppnishömlum. Í þeim flokki má t.d. nefna

2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga og má kannski segja að greinin sé undur og stórmerki þar sem í henni felast að flestu leyti íslensk laganýmæli, þ.e. hún á sér hvergi fyrirmynd erlendis sem er sérstætt í íslenskum samkeppnisrétti. Grein þessi veitir samkeppnisráði heimild til að krefjast fjárhagslegs aðskilnaðar hjá opinberum eða öðrum vernduðum fyrirtækjum sem eru *jafnframt í samkeppnisrekstri.*

Segja má að í 4. kafla samkeppnislaganna um bann við samkeppnishömlum skipi 10. gr. öndvegi. Í ákvæðinu kemur efnislega fram að fyrirtækjum á sama markaði er óheimilt að grípa til hvers konar samstilltra aðgerða sem lúta að eða ætlað er að hafa áhrif á verðlagningu, skiptingu markaða eða gerð tilboða. 10. gr. laganna er þannig aðallega ætlað að vinna gegn svonefndum „kartelum" eða auðhringjum. „Kartelar" eru venjulegast víðfemt og vel skipulagt samsæri stjórnenda eða eigenda fyrirtækja um að afla sér einokunargróða með því að hækka verð eða skipta með sér mörkuðum. Ef menn kynna sér niðurstöður erlendra samkeppnisyfirvalda í „kartel"-málum er það oft og tíðum kúnstug og dramatísk lesning. Forstjórar evrópskra stórfyrirtækja hittast á leynifundum á lúxushótelum í Sviss. Forstjórarnir kalla félagsskapinn ábúðarmiklum nöfnum eins og Foringjarnir, Forsetarnir eða Hinir stóru. Á þessum fundum forstjóranna eru verðhækkanir skipulagðar af hernaðarlegri nákvæmni þannig að þær líta út eins og sjálfstæð og eðlileg viðbrögð hvers fyrirtækis fyrir sig við breyttum aðstæðum á markaði. Eftir að búið er að útfæra samsærið ganga foringjarnir ríkt eftir því að öllum sönnunargögnum sé eytt. „Kartelar" finnast í flestum ef ekki öllum ríkjum og starfsemi þeirra felur í sér alvarlegustu atlöguna að virkri samkeppni sem hugsast getur og eru „kartelar" til þess fallnir að valda neytendum og þjóðfélaginu öllu umtalsverðu tjóni.

Eins og 10. gr. samkeppnislaga ber með sér eru ekki gerðar sérstakar forkröfur til ólögmæts samráðs fyrirtækja. Samráðið getur þannig birst í formlegum samningum eða bókunum, leiðbeinandi samþykktum eða fallið undir þann rúma flokk sem nefndur er samstilltar aðgerðir. Ekki er algengt að menn séu það tillitssamir við samkeppnisyfirvöld að þeir skrái formlega niður ásetning sinn til að stunda samráð eða brjóta samkeppnislög. *Til eru þó undantekningar* og má í því sambandi vitna til ákvörðunar samkeppnisráðs, nr. 3/1996, í máli tiltekins félags, en það félag hélt nákvæmar fundargerðir. Þannig var t.d. bókað á fundi félagsins: „Menn sammála um að almennt hafi vel tekist til að hækka verðlag." Enda var sönnunarfærsla frekar auðveld fyrir samkeppnisyfirvöld.

Hugtakið samstilltar aðgerðir í 10. gr. samkeppnislaga ber að túlka rúmt. Hugmyndin að baki því er sú að hvers konar óformlegar ráðstafanir eða þegjandi samkomulag milli fyrirtækja um að samræma verð eða skipta mörkuðum falli undir 10. gr. Eins og gefur að skilja getur verið erfitt að sanna hvort um samstilltar aðgerðir er að ræða. Eins og ég nefndi þá gæta „kartel"-menn þess yfirleitt að eyða gögnum og hylja þannig pappírsslóðina.

Segjum nú að á tilteknum markaði hér á landi starfi þrjú eða fjögur stór fyrirtæki og að sambærilegar verðhækkanir eigi sér reglulega stað á svipuðum tíma hjá viðkomandi fyrirtækjum. Gefum okkur að samkeppnisyfirvöld beiti öllum rannsóknarúrræðum sínum en finni engin gögn sem bendi til samráðs og forstjórar fyrirtækjanna sverji og sárt við leggi að hafa ekki sammælst um eitt eða neitt. Hvað er þá til ráða?

Í svona tilvikum verða samkeppnisyfirvöld að leggja mat á samkeppnisaðstæður á viðkomandi markaði og svara því hvort þessi hegðun geti skýrst af markaðsaðstæðum. Ef t.d. um er að ræða fákeppnismarkað þar sem fyrirtækin selja einsleita vöru eins og t.d. bensín, getur hegðun sem virðist benda til samráðs verið fullkomlega eðlileg og lögleg, þ.e. viðbrögð hvers fyrirtækis fyrir sig sem helgast af markaðsgerðinni. Ef markaðsgerðin þykir hins vegar ekki skýra verðbreytingar fyrirtækjanna er hugsanlega hægt að álykta á grundvelli þess eins að viðkomandi fyrirtæki hafi gerst sek um samstilltar aðgerðir. Hins vegar gefur athugun á markaðsgerð sjaldnast skýr skilaboð um hvorum megin hryggjar það lendir sem virðist vera samstillt hegðun keppninauta. Þess vegna mundu samkeppnisyfirvöld leita að því sem kalla mætti viðbótarþáttinn, til þess að geta sýnt fram á samráð.

Ef samkeppnisyfirvöld hefðu í hinu ímyndaða dæmi auk vitneskju um reglubundnar verðbreytingar sönnun fyrir því að forstjórar viðkomandi félaga hittust yfirleitt í morgunverði viku fyrir verðhækkanir á Gráa kettinum á Hverfisgötunni, þar sem vinsælt er að stunda upplestur, væri málið líklega upplýst.

Ef við víkjum að 18. gr. samkeppnislaga þá fjallar sú grein um samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrirtækis á öðru fyrirtæki. Spurningin sem menn verða að svara við skýringu þeirrar greinar, er hvenær hún eigi við og jafnframt hvenær yfirtaka eða samruni hafi það alvarleg áhrif á samkeppni að rétt sé að beita ógildingu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að samkeppni getur aðeins átt sér stað á tilteknum markaði í tengslum við sölu á einhverri vöru eða þjónustu. Álitamál er hvað mörg fyrirtæki þurfi að vera á viðkomandi markaði til þess að virk samkeppni geti ríkt þar. Um þetta atriði hafa hagfræðingar deilt. Virtur prófessor í Harvard hefur sett fram þá skoðun að að lágmarki þurfi 10–12 áþekk fyrirtæki að keppa á tilteknum markaði til þess að tryggja virka samkeppni. Bandarísk samkeppnisyfirvöld hafa talið að séu fyrir hendi fimm til sex álíka stór fyrirtæki á markaði þá geti ríkt virk samkeppni.

Í þessu samhengi er vert að rifja upp dæmi sem var talsvert í umræðunni fyrir nokkrum missirum en það var yfirtaka Myllunnar á Samsölubakaríinu sáluga. Fyrir þá yfirtöku voru til hér á landi tvö verksmiðjubakarí sem stunda færibandabakstur. Eftir yfirtökuna er til eitt fyrirtæki sem stundar færibandabakstur. Hér verða menn að hafa í huga þann reginmun sem er á verksmiðjubakaríum annars vegar og bakaranum á horninu hins vegar. Afkastageta Myllunnar og Samsölubakarís var tuttugu sinnum meiri en stærsta handverksbakarans og þarf það fyrirtæki 80–100% hærra verð fyrir framleiðslu sína en Myllan.

Virðulegi forseti. Hverjar eru þá helstu breytingar sem verið er að leggja til í þessu frv.?

Í fyrsta lagi er með frv. reynt að víkka út reglur um samráð og samkeppnishömlur þannig að skýrar verði kveðið á um en nú er gert hvers konar samningar teljast koma í veg fyrir samkeppni, en greinar þar um er nú að finna í 10. og 12. gr. samkeppnislaganna. Í þessu samhengi má benda á að Danir og Bretar hafa nýverið tekið upp reglur ESB á þessu sviði en þær eru sambærilegar við þær efnisreglur sem fram koma í 53. og 54. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Í öðru lagi er lagt til að 11. gr. samkeppnislaganna verði breytt þannig að í stað þess að misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé ekki bönnuð fyrir fram eins og nú er komi ný regla sem banni misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Núverandi fyrirkomulag leiðir til þess að ákveða þarf í hverju máli fyrir

sig hvort um misnotkun hafi verið að ræða og banna hana síðan. Þetta þýðir að markaðsráðandi fyrirtæki getur misnotað stöðu sína sér að skaðlausu þar til það hefur verið tekið fyrir og bannað. Víðast hvar erlendis er misnotkun bönnuð fyrir fram og getur slík misnotkun varðað háum sektum. Hér er því lagt til að 54. gr. EES-samningsins verði tekin efnislega upp í samkeppnislög.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 18. gr. laganna. Að mati flutningsmanna hefur greinin reynst ónothæf fyrir samkeppnisyfirvöld. Ástæða þess er einkum sá skammi frestur sem samkeppnisyfirvöld hafa til þess að rannsaka mál og afgreiða þau, samanber úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í svokölluðu Myllumáli. Þar virðist túlkunin vera sú að samkeppnisyfirvöld hafi tvo mánuði til að rannsaka og afgreiða mál frá því að fréttir af samruna fyrirtækja birtast í fjölmiðlum. Þessi skammi tími er einsdæmi í hinum vestræna heimi. Má í því sambandi benda á að norsk samkeppnisyfirvöld hafa allt upp í eitt ár til að afgreiða sambærileg mál. ESB hefur allt að fimm mánuði til að afgreiða mál og byrjar fresturinn að líða þegar tilkynning berst frá fyrirtækjum studd fullum gögnum. Hér er lagt til að samkepnisyfirvöld fái sex mánuði til að afgreiða samrunamál og að fresturinn byrji að líða þegar samkeppnisyfirvöld fá tilkynningu frá fyrirtækjunum um fyrirhugaðan samruna, studda gögnum þar um.

Þá er í fjórða lagi lagt til að fallið verði frá þeirri misbeitingaraðferð sem er að finna í núverandi 18. gr. samkeppnislaga þegar kemur að ógildingu á samruna fyrirtækja eða yfirtöku. Túlkun Hæstaréttar á 18. gr. samkeppnislaganna í svokölluðu Flugleiðamáli bendir til þess að fyrirtæki sem hefur markaðsráðandi stöðu geti haldið áfram að auka við hana án þess að samkeppnisyfirvöld fái rönd við reist, þ.e. þegar fyrirtæki hefur einu sinni náð markaðsráðandi stöðu skiptir ekki máli í samkeppnislegu tilliti hvort það styrkir enn stöðu sína eða ekki. Flutningsmenn telja að slík niðurstaða sé ekki í samræmi við markmið samkeppnislaganna og því nauðsynlegt að breyta núverandi reglu til samræmis við það sem tíðkast í öðrum vestrænum ríkjum. Því er lagt til að reglunni verði beitt þannig að ef samruni fyrirtækja eða yfirtaka á fyrirtæki leiðir til markaðsyfirráða eða styrkingu á þeirri stöðu sem skaðar samkeppni eða er andstæð markmiðum samkeppnislaga að öðru leyti geti samkepnisráð ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað.

Í fimmta lagi er lagt til að í stað þess að í 52. gr. laganna segi að samkeppnisráð geti lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn lögunum segi þar að samkeppnisráð leggi stjórnavaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja. Með því verður ljósara að meginreglan hlýtur að vera sú að slíkar sektir séu lagðar á ef brot eru framin.

Í sjötta lagi er lagt til að Samkeppnisstofnun verði varanlega fengið það hlutverk að halda skrá um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Þessi skrá á sér fyrirmynd í skýrslu sem stofnunin sendi frá sér að beiðni þáv. viðskrh. Sighvats Björgvinssonar á árinu 1994. Hugmyndin með þessu er að skráin verði í aðgengilegu formi fyrir alla sem vilja kynna sér stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi og virðist einboðið að skrá af þessum toga yrði á netinu í það minnsta. Þessar upplýsingar skulu uppfærðar á sex mánaða fresti í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið að meginstefnu yfir það frv. sem við hv. þm. Samfylkingarinnar leggjum fram um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993. En það er langur vegur frá því að þær breytingar sem hér eru lagðar til tryggi í eitt skipti fyrir öll að hér á landi komist á heilbrigð og æskileg samkeppni eins og að er stefnt. Ég vil nefna tvennt sérstaklega sem að ég held að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar geti hugsanlega skoðað án þess að það sé nefnt hér.

Í fyrsta lagi held ég að vert sé að velta þeirri hugmynd upp að samkeppnisyfirvöld fái sjálfstæðan málssóknarrétt. Samkeppnisyfirvöld eru fyrst og fremst hagsmunagæsluaðilar almennings og einskis annars, en þegar þau vilja keyra fram breytingar þá hafa þau ekki þann rétt að geta sótt mál eins og nauðsynlegt væri og er fordæmi fyrir því í Hæstarétti þegar Samkeppnisstofnun reyndi að sækja eitt mál.

Annað sem ég held að sé vert að skoða er að herða á þeim möguleika samkeppnisyfirvalda að fá að skipta fyrirtækjum upp í þeim tilvikum sem þau eru mjög ráðandi á markaði og sú staða er hamlandi gagnvart heilbrigðri samkeppni.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn.

[14:04]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem er hluti af málum sem þingflokkur Samfylkingarinnar lagði fram í upphafi þings og hafa það öll að markmiði að stuðla að heilbrigðri samkeppni og sporna gegn samþjöppun valds í samfélaginu. Það er einlæg trú okkar sem að máli þessu stöndum að heilbrigð samkeppni sé nauðsynleg til þess að tryggja lægsta vöruverð og besta þjónustu til handa neytendum. Á þessu byggir líka samkeppnislöggjöfin okkar og þess má sjá stað í þeim markmiðum sem upp eru talin í samkeppnislöggjöfinni, en markmið núgildandi samkeppnislaga eru að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þannig að hagkvæmri nýtingu á framleiðsluþáttum þjóðfélagsins sem leiða eiga til almennra efnahagslegra framfara. Lögunum er samkvæmt þessu ætlað, með leyfi forseta, að:

„a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum."

Markmiðin eru skýr í löggjöfinni sjálfri, en spurningin hins vegar þessi: Eru samkeppnisyfirvöld í stakk búin til þess að ná þeim háleitu markmiðum sem um er getið í löggjöfinni sem þau byggja á?

Eins og fram kom í framsögu 1. flm., hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, er íslensk samkeppnislöggjöf að meginstofni byggð á svokallaðri misbeitingaraðferð. Þetta hefur m.a. gert það að verkum að yfirvöld samkeppnismála hér á landi hafa ekki haft jafngóð tæki til þess að grípa inn í þróun á markaði og þau ríki sem hafa byggt löggjöf sína á bannaðferðinni svokölluðu. Bannaðferðin er skýrari og hún felur í sér hvað má gera og hvað ekki, á meðan misbeitingaraðferðin gerir þá kröfu til samkeppnisyfirvalda að þau sýni fram á skaðsemi samkeppnishamla. Í raun og veru má segja að þau þurfi fyrst að sýna fram á skaðsemina í staðinn fyrir að samkvæmt hinni reglunni þá er skýrt kveðið á um bannið.

Í frv. sem hér er til umræðu er lagt til að við lögum okkar löggjöf að bannreglunni, sem þýðir að samkeppnisyfirvöldum mundi reynast auðveldara að sinna hlutverki sínu auk þess sem sú stefna er í samræmi við þær reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu að öðru leyti.

Herra forseti. Dæmin úr íslensku viðskiptalífi sanna að full þörf er á því að styrkja samkeppnisyfvöld hér á landi svo þau megi ná markmiðum þeim sem að er stefnt í löggjöfinni. Það virðist einhverra hluta vegna vera lenska hjá ráðherrum í núverandi ríkisstjórn, þó einkum úr röðum sjálfstæðismanna, að gera lítið úr þeim álitum sem Samkeppnisstofnun hefur sent frá sér, eða samkeppnisráð. Fyrrverandi hæstv. samgrh. var drjúgur í sinni gagnrýni á stofnunina og nýbakaður hæstv. samgrh. virðist ekki ætla að breyta frá hefð sem skapaðist í tíð forvera þegar álit Samkeppnisstofnunar í fjarskiptamálum sem snúa að hans málaflokki — það voru aðallega þau álit sem hafa gefið þeim tilefni til þessarar gagnrýni — voru til umræðu. Ég verð að segja það að mér hefur oft þótt sem þessi gagnrýni — þó hún geti verið góð í sjálfu sér — hafi farið fram úr öllu hófi. Það má velta því fyrir sér hvort það sé t.d. eðlileg málsmeðferð að hæstv. samgrh. skipi sérstaka nefnd þungavigtarmanna til þess að kafa ofan í einstök álit samkeppnisráðs, eins og reyndin varð í einu Landssímamálinu nú nýverið. Er eðlilegt að ráðherra fjarskiptamála búi til nokkurs konar yfirhatt yfir álit sem lögformleg yfirvöld samkeppnismála hafa sent frá sér? Ég verð að segja að ég efast stórlega um þessi vinnubrögð. Mér þykja þau ekki eðlileg og ég tel það ábyrgðarhlut af hálfu ráðherra að nota hvert tækifæri til að lýsa vanþóknun á álitum löglegra samkeppnisyfirvalda sem byggja niðurstöður sínar á lögum sem hafa að sjálfsögðu verið sett hér í þessum sal.

Ég held að það sé ábyrgðarhlutur að grafa þannig undan trúverðugleik samkeppnisráðs og samkeppnisyfirvalda. Ég held að það sé ekki góð ásýnd að það skuli vera þannig nánast í hverju einasta máli að samkeppnisyfirvöld og ráðherra séu í raun tveir andstæðir pólar þegar kemur að álitum eins og t.d. verið hefur í þessum fjarskiptamálum þar sem mér hefur oft þótt hæstv. samgrh. draga mjög taum eins fyrirtækis á markaðnum sem er fyrrum ríkisfyrirtæki. Ég held að það sé mjög óeðlilegt að ráðherra geri það og að hann eigi að varast það að draga taum einhvers málsaðila í slíkum málum.

Það er sem sagt skoðun okkar sem að þessu frv. stöndum að mikilvægt sé að styrkja samkeppnisvöld eins og lagt er til í frv. og stuðla þannig að heilbrigðri samkeppni sem er öllum til góðs þegar til lengdar er litið. Samþykkt þessa frv. yrði til þess að samkeppnisyfirvöld hefðu virkari tæki til þess að sinna þeim háleitu markmiðum sem þeim eru skyld samkvæmt samkeppnislöggjöfinni.

[14:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að lýsa ánægju minni með það að viðskrh. skuli fylgjast með þessari umræðu. Það hlýtur að vekja mjög athygli okkar sem hér erum og ræðum hið stóra mál sem samkeppnislögin eru, hversu lítill áhugi stjórnarliða er á því og gildir það sama og fyrr á þessum morgni að aðeins einn sýnir einhvern áhuga á málefnum markaðarins sem er að verða æ meira ríkjandi í okkar þjóðfélagi. Það er umhugsunarefni varðandi fulltrúa Sjálfstfl., þessa stóra flokks sem maður á sínum tíma hélt að væri flokkurinn sem bæri heilbrigðan markað fyrir brjósti, að við sjáum að því er á annan veg farið. Það er enginn áhugi á því að ræða málin, skoða hvað betur mætti fara, ræða í alvöru hvað hefur verið til vansa á liðnum árum og ræða það í hvaða mæli samkeppnislögum er ábótavant. Við tökum auðvitað eftir þessu og gagnrýnum það að þeir sem við erum í raun að ræða við skuli ekki vera hér. Hugsanlega eru þeir að horfa á sjónvarpið úti á skrifstofu. En það er nú einu sinni þannig að þegar kallað er eftir því að þingmenn komi til viðræðu eða viðveru í þingsal þá koma þeir gjarnan hlaupandi sem eru að fylgjast með á skrifstofum sínum. Þetta hefur ekkert gerst á þessum morgni þannig að það segir okkur ákveðna sögu.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gagnrýna þetta vegna þess að þau mál sem við mælum hér fyrir eru faglega unnin. Þau eru stór. Þau eru mikilvæg, en þeim er ekki nokkur áhugi sýndur.

Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði mjög vel grein fyrir þessu frv. og hann gerði meira, hann fór almennt í umræðu um samkeppnismál. Hann fór yfir meginatriði samkeppnislaganna eins og þau eru nú og þær breytingar sem tillögur okkar kveða á um. Í raun og veru má kannski segja að litlu sé við það að bæta. Ég vil þó koma inn á nokkur atriði sem mér finnst skipta máli í umræðunni.

Við höfum rætt það að heilbrigð samkeppni, gegnsæjar leikreglur, skýrar og einfaldar, séu það sem við þurfum og að heilbrigð samkeppni eigi að leiða til betri markaðar, til meiri hagkvæmni, til niðurstöðu sem komi neytendum til góða fyrst og fremst. Við höfum séð að hér hafi verið að gerast hlutir sem hafa ekki verið í þágu neytenda. Þeir hafa verið í þágu fjármagns stundum, fjármagnseigenda, en neytendur hafa ekki endilega notið góðs af þeirri samkeppni sem hefur virst vera að verða hér. Það er niðurstaða okkar í Samfylkingunni að samkeppnisyfirvöldum sé ekki gert nægilega kleift að sinna hlutverki sínu.

Virðulegi forseti. Það er umhugsunarefni að Samkeppnisstofnun hefur lent upp á kant við stjórnvöld í nokkur skipti þegar hún hefur beitt þeim úrræðum sem hún þó hefur samkvæmt samkeppnislögunum eins og þau eru nú.

Ég get rifjað hérna upp þrjú mál í fljótu bragði. Eitt þeirra varðar Landssímann en úrskurður hefur fallið um það að samkvæmt samkeppnislögum verði að skilja að GSM-þátt Landssímans þannig að það sé alveg ljóst að ekki sé verið að flytja þar til rekstur eða blanda rekstri saman og að mikilvægt sé upp á markaðinn að GSM-þáttur fyrirtækisins sé algjörlega sér. Ekki hefur verið orðið við þessu og það hefur kveðið svo rammt að viðbrögðum stjórnvalda að yfirmaður samkeppnisfyrirtækis hefur gengið svo langt að ásaka hæstv. samgrh. um að vera samgrh. eins fyrirtækis á símamarkaði en ekki annars. Það eru mjög alvarlegar ásakanir að slíkt skuli koma fram í þjóðfélaginu. En það sem blasir við okkur, án þess að taka afstöðu ti þeirra ásakana, er að þráast er við að skilja að GSM-þátt fyrirtækisins og við hljótum að gagnrýna það.

Annað mál sem ég mundi vilja rifja upp í þessu samhengi einnig er svokallað Flugleiðamál en þá bar forsrh. sjálfur brigður á úrskurð Samkeppnisstofnunar að sá úrskurður væri ekki í þágu neytenda þegar um var að ræða sameiningu flugfélaga. Enn má minna á niðurstöðu um það, sem reyndar framsögumaður Lúðvík Bergvinsson rifjaði hér upp, þegar tvö stórfyrirtæki á brauðmarkaði sameinuðust í eitt, þá gekk það svo langt að formaður efh.- og viðskn. taldi jafnvel ástæðu til að breyta samkeppnislögum og draga úr þó þeim heimildum sem Samkeppnisstofnun hefur til að bregðast við markaðsráðandi aðstöðu og hugsanlega misbeitingu á markaðsráðandi aðstöðu.

Þetta hlýtur að vera öllu hugsandi fólki umhugsunarefni og þó að við hér í þingsalnum förum ekki í stól dómara í þessum efnum eða öðrum, þá hljótum við að leiða hugann að því að við eigum að búa þannig um þær stofnanir sem eiga

að gæta að heilbrigðum viðskiptaháttum að þær geti sinnt þeim verkum sem við ætlumst til af þeim.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson minntist líka á að mjög mikilvægt væri að Samkeppnisstofnun héldi skrá um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi og eðlilegt væri að slík skrá væri á netinu og ég tek undir það. Ég minntist á það í morgun þegar ég var að telja upp þau frumvörp og tillögur sem við værum að flytja og beindust að því að efla samkeppni í þágu neytenda og að við yrðum með tæki til þess að svo geti orðið, að við værum með skýrslubeiðni um stjórnunar- og eignatengsl fyrirtækja í íslensku atvinnulífi. Það er umhugsunarefni að slík skýrsla skuli hafa komið fram 1994 því hún vakti gífurlega eftirtekt allra sem fjölluðu um hana, ekki síst fjölmiðla, vegna þess að hún leiddi svo berlega í ljós hvaða þróun væri að verða í þjóðfélaginu og hvernig fákeppni og hagsmunatengsl væru að verða á fyrirtækjamarkaði. Allt í einu gátu menn séð hvernig eitt fyrirtæki átti dótturfyrirtæki í öðru og hvernig netverk eignarhalds teygði sig út um þjóðfélagið. Það er umhugsunarefni að árið 1999 hefur slík skýrsla ekki enn þá verið unnin aftur, en nú höfum við sem sagt bætt úr því með því að leggja fram beiðni um slíka skýrslu. Það á auðvitað að vera þannig núna þegar að við erum komin með þá tækniþekkingu sem við erum alltaf að fjalla um og þekkjum svo vel, að hægt væri að vera með slíkt verkefni á vefsíðu og uppfæra upplýsingar á slíkri vefsíðu nærri því frá degi til dags þó maður gengi ekki lengra en að slíkar upplýsingar yrðu uppfærðar á þriggja eða sex mánaða fresti. Þá væri líklega komið það besta aðhald sem hægt er að hugsa sér á það að hægt væri að fylgjast með að hér væru fyrirtæki að verða óþarflega ráðandi á markaði. Það er ekki síst sú tillaga í þessu frv. til breytinga á samkeppnislögum sem mér finnst mikilvæg, þ.e. að hvenær sem er verði hægt að fylgjast með hvernig stjórnunar- og eignatengsl eru að verða í samkeppnisumhverfi okkar.

Utandagskrárumræða var hér fyrir fáum dögum og þá benti Svanfríður Jónasdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, á hvernig eignarhluti fyrirtækis sem hefur verið að kaupa hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum hefur hægt og sígandi komist í 16% hlutdeild á útvegsmarkaði þrátt fyrir að lög kveði á um að slíkur hlutur megi ekki vera hærri en 8%. Enginn hefur brugðist við þessu. Auðvitað vakti utandagskrárumræðan athygli og þess vegna skulum við aldrei gleyma því hversu mikilvægur þáttur stjórnarandstöðu er að vekja athygli á málum, fara hér upp, bæði í utandagskrárumræðu eða með þingmál til þess að beina sjónum manna að því sem hefur dregist aftur úr, er ekki sinnt eða verið er að verja á röngum forsendum eftir því hvað við á hverju sinni. Ekki er nóg að setja lög ef stjórnvöld gæta svo ekki að því að þau lög séu haldin. Hægt er að halda því fram að menn gætu skákað í því skjólinu að enginn viti hvernig þessi ráðandi hlutdeild er vegna þess að til að finna það út þarf að fara ofan í ársskýrslur fyrirtækja, fylgjast með fréttum og byrja að skrá hjá sér eins og þingmaðurinn gerði í raun og veru í þessu tiltekna dæmi. Hver getur gert það varðandi allan markaðinn? Enginn, nema þá það ráðuneyti sem slík mál heyra undir. Þess vegna er mjög mikilvægt að vera með slíka skýrslu ávallt uppfærða og að hún sé aðgengileg og hægt sé að fylgjast með hvernig eignarhald er að færast til í þjóðfélaginu.

Mér finnst þetta mikilvægast af minni hálfu að koma fram með vegna þess að búið er að gera þessum málum mjög vel skil. Auðvitað eigum við að ræða hvernig við sjáum heilbrigða samkeppni, auðvitað eigum við að ræða hvernig leikreglur við eigum að hafa og auðvitað eiga stjórnarliðar að koma hér og hafa skoðun á því þegar við erum að setja fram vönduð mál með þessum hætti. Ég treysti því að viðskrh. muni vera við umræðuna, taki þátt í henni og hafi skoðun á frumvarpinu, annað væri alveg fáheyrt.

Í máli framsögumanns kom fram að samkeppnisreglur vestrænna þjóða væru byggðar á tveimur mismunandi grundvallaraðferðum eða atriðum, annars vegar banni og hins vegar misbeitingu. Einnig kom fram hjá honum að bannið er lagt til grundvallar, bæði í löggjöf Evrópusambandsríkjanna og Bandaríkjanna og það ætti að vera umhugsunaratriði fyrir okkur.

Við hljótum að þurfa að taka á þessum málum og átta okkur á því að núverandi fyrirkomulag leiðir til þess að það þarf að ákveða í hverju máli fyrir sig, eins og kom fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, hvort um misnotkun hafi verið að ræða og þá að banna hana. Það þýðir að markaðsráðandi fyrirtæki getur misnotað stöðu sína, sér að skaðlausu, þar til það hefur verið tekið fyrir. Erlendis er hins vegar í flestum tilfellum bönnuð misnotkun fyrir fram og getur varðað háum sektum. Þetta er það sem við eigum að ræða hér og hvað okkur finnist eðlilegt í þessum málum, hvernig við viljum breyta reglunum til að hér sé heilbrigð samkeppni og að hún leiði örugglega til þeirrar hagkvæmni sem á að koma neytendum til góða en ekki til einhvers annars sem færir meira fé í vasa tiltekinna aðila.

[14:24]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. flutningsmanni fyrir það frumvarp sem hér liggur fyrir og ég held að það sé mjög þarft innlegg í þá umræðu sem núna fer fram um samkeppnismál. Þau lög sem núna eru í gildi um samkeppnismál eru í sjálfu sér ekki mjög gömul, þau voru merk nýmæli þegar þeim var komið á 1993. Ég held að fullyrða megi að þá hafi verið stigin skref og þar með vorum við Íslendingar að nokkru leyti á undan öðrum þjóðum hvað það snerti að setja víðtækan lagaramma um samkeppnismál. Nú hefur þetta breyst í löndunum í kringum okkur, bæði í Evrópu og eins í Bandaríkjunum. Menn hafa verið að breyta, setja harðari reglur, sumar af þeim reglum höfum við verið að færa yfir í einstök lagafrumvörp sem tengjast einstökum málum sem fyrst og fremst snúa þá að neytendavernd.

Ég hef sagt og haldið því fram á undanförnum tveimur eða þremur þingum að eðlilegt sé að það reyni örlítið á þau samkeppnislög sem við settum 1993 áður en ákveðið væri að fara í róttæka uppstokkun á því fyrirkomulagi sem við erum með. Ég tel að við séum að fá allgóða reynslu á gildandi lög, ég viðurkenni að þar eru nokkrir þættir sem mættu betur fara og nokkrir þættir sem þarf sérstaklega að líta á. Sumt af því sem að fram kemur í því frumvarpi sem hér hefur verið til umfjöllunar tel ég að eigi mjög gott erindi inn í þá umræðu. Ég skipaði fyrir einu og hálfu ári nefnd til þess að gera úttekt á því hvernig og með hvaða hætti samkeppnislögin hafa virkað á undanförnum árum eða frá því að þau tóku gildi. Sú nefnd er á næstu dögum að ljúka störfum þar sem dregið verður saman allt það sem betur má fara. Að því starfi hafa komið aðilar frá verkalýðshreyfingu, frá vinnuveitendum, frá neytendasamtökum og víða að, eða alls staðar öllu heldur þar sem samkeppnislög koma við. Núna er verið að draga þetta saman í heildstæða skýrslu um það hvaða breytingar þurfi að gera. Í framhaldi af því geri ég ráð fyrir að leggja fyrir Alþingi heildstæðar breytingartillögur við gildandi lög

um samkeppnismál. Ég er að vonast til að geta gert það fyrir áramót, en ef ekki, þá strax eftir áramót.

Ég held að það frumvarp sem hér hefur verið til umfjöllunar sé ágætisinnlegg í þá umræðu, en með því er ég ekki að segja að allt sem í því er eigi þarna erindi inn en þar eru þó nokkrir hlutir sem ég tel fulla ástæðu til að taka tillit til, setja inn og styrkja gildandi lög án þess að fullyrða nákvæmlega hér og nú hvað það er sem ætti að fara inn sem breytingartillögur.

[14:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sennilega er þess ekki að vænta að viðskrh. taki dýpra í árinni um frumvarp af þessu tagi frá stjórnarandstöðuflokki en að það sé gott innlegg í umræðuna. Ég býst við að það séu fremur stór orð frá ráðherra í slíku tilfelli. Að vísu féllu einhver svipuð orð hjá forsrh. á dögunum í umræðum og þá bætti hann reyndar við að hann vildi svo gjarnan að málið fengi faglega meðferð í nefnd og það væri nú ánægjulegt að heyra þá setningu líka frá viðskrh.

Ráðherra nefnir að þetta mál hafi verið merk nýmæli árið 1993 og ég tek undir það og í raun og veru er alveg ótrúlegt hversu mörg framfaramál voru flutt á þingi 1991–1995 eins og voru erfiðir tímar þá vegna ytri skilyrða. Það var alveg ótrúlegt hvað við vorum í rauninni að gera marga góða hluti og búa í haginn sem reyndar kom til góða þeirri ríkisstjórn sem sat hér síðasta kjörtímabil. En nóg um það.

Ráðherrann segist vilja láta reyna á lögin frá 1993 áður en ráðist er í breytingar. Um það vil ég segja að við höfum nokkur ábreifanleg dæmi um vanda Samkeppnisstofnunar og nefndin sem hann vísaði til er búin að hafa eitt og hálft ár til þess að gera úttekt og ljúka störfum og það er eiginlega alveg ótrúlegt að ráðherrann skuli ekki hafa gert kröfur um að sú nefnd lyki störfum fyrir kosningar þannig að hann hefði þá getað lagt drög að þeim breytingum sem svo mikilvægar hefðu verið áður en að hann vék úr stóli viðskrh. ef svo hefði farið. Eitt og hálft ár til að gera úttekt er mjög langur tími og ég hvet hann til þess að hraða mjög og reka á eftir því að nefndin skili af sér þannig að hugsanlega komi hér mál til breytingar á samkeppnislögum meðan þetta mál er til vinnslu í nefnd og aldrei að vita nema þá sé hægt að vinna saman að málunum í nefnd.

[14:30]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt og eðlilegt að þetta mál fái faglega skoðun í nefnd. Ég vonast til þess að hv. þm. geri ekki lítið úr því þó að slíku sé lýst yfir af ráðherrum, að þeir vilji gjarnan að mál fái nákvæma og faglega skoðun. Ég held hins vegar að það liggi ekkert á að afgreiða málið úr nefnd. Ég tek undir það sem hv. þm. kom inn á í lok ræðu sinnar, að kannski væri rétt að doka við og sjá hvernig stjfrv. lítur út. Þá gæti það orðið hlutverk efh.- og viðskn. að vega og meta þessi mál saman og kanna þá um leið hvort eitthvað í þessu frv. eða í stjfrv. mætti betur fara og þá hugsanlega sameina. Ég held að það sé hin eðlilega leið þingsins til þess að koma að málinu.

Samkeppnismál eru ekki kosningamál. Það hefði ekki verið skynsamlegt að fara að draga upp einhverja mynd rétt fyrir kosningar af því hvað ætti að gera. Samkeppnismál eru málaflokkur sem oft leggur grunninn að langtímarekstrarumhverfi fyrirtækja í landinu og þess vegna geta menn ekki leyft sér að vera með slík mál rétt fyrir kosningar.

Það er rétt að nefndin hefur tekið sinn tíma til þess að kortleggja stöðuna, fara yfir þá hluti sem betur mega fara í gildandi lögum um samkeppnismál. Það er skynsamlegt og eðlilegt að taka þann tíma sem menn þurfa til þess. Nú er eins og ég sagði áðan komið að því að nefndin mun á næstu dögum eða vikum skila af sér tillögum um það hverju megi breyta. Ég vona að það geti gerst í næstu viku. Í framhaldi af því sagði ég að ég mundi leggja fram frv. til breytinga á lögum um samkeppnismál. Ég tel eðlilegt að það sé skoðað í samhengi við þetta mál í efh.- og viðskn.

[14:32]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki var ég að leggja til að ráðherrann gerði samkeppnismál að kosningamáli. En hafi ráðherra brennandi áhuga á málum þá reynir hann svo sem unnt er að fá niðurstöðu í nefndarstarf meðan hann er í starfi. Það var kannski það sem ég átti fyrst og fremst við. Hvort samkeppnismál eru kosningamál ætla ég ekkert að úrskurða um að öðru leyti en því að heilbrigt og réttlátt þjóðfélag er kosningamál fyrir alla, allt sem gerir það að góðu þjóðfélagi.

Við megum búast við því að þessi mál sem við erum að flytja muni hljóta þau örlög að vera til nokkuð langrar skoðunar í nefndinni. Ég var því að hvetja til þess að ef ráðherrann ætlaði að flytja frv. fljótlega kæmi það fyrr en síðar. Ég tel að það væri mjög farsælt ef samstaða næðist um að afgreiða þetta lagafrv. okkar. Mér finnst það gott og tel að ráðherrann ætti að geta komið fljótlega fram með athugasemdir sem við getum þá skoðað ef einhverjar breytingar þyrfti að gera á máli okkar.

En það sem mér finnst mikilvægt, virðulegi forseti, er það að þrátt fyrir hvatningu okkar í morgun hafa hvorki formaður né varaformaður efh.- og viðskn. setið við þessa umræðu. Afskaplega hefði það verið gott að þeir sem stýra verki í þeirri nefnd mundu heyra viðbrögð héðan úr salnum. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að koma þessum skilaboðum til sinna manna í efh.- og viðskn. Auk þess mun hv. þm. Pétur Blöndal væntanlega taka málið upp. Ég hvet hæstv. ráðherra til að koma þessum ágætu skilaboðum áfram til sinna manna.

[14:34]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki mikið við þetta að bæta í þeirri andsvarahrinu sem núna gengur yfir. Mér sýnist tiltölulega góð sátt um þetta mál, a.m.k. málsmeðferðina sem slíka. Ég heyri það að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerir ekki athugasemdir við það hvernig að þessu mun staðið. Aðalatriðið er að þegar þingi lýkur í vor þá verðum við vonandi með betri samkeppnislöggjöf en við búum við í dag, sem þó er nokkuð góð. En það má lengi gera betur í þeim efnum og við getum gert enn betur. Það finnst mér vera meginmálið.

[14:35]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að yfirlýsingar hæstv. iðn.- og viðskrh. hér áðan hafi verið nokkuð merkilegar. Hann telur að talsverður hluti af því frumvarpi sem hér liggur fyrir eigi fullt erindi inn í það frumvarp sem hann sjálfur ætlaði að leggja fram. Það er ekki mjög algengt, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherrar taki með jafnjákvæðum hætti í frumvörp sem koma frá stjórnarandstöðunni og er kannski til eftirbreytni.

Ég vil segja það hæstv. viðskrh. til hróss að hann hefur tekið niðurstöðum samkeppnisyfirvalda betur en sá flokkur sem hann er með í stjórn. Framganga þess flokks og ráðherra hans er einstök í ýmsum tilvikum. Fræg eru orðin landssímamálin 30 sem varla hefur fengist niðurstaða í nema hæstv. samgrh., annaðhvort núverandi eða fyrrverandi, hafa tekið til máls og gagnrýnt stofnunina án þess að nokkur rök fylgi. Maður minnist einnig sérstæðra yfirlýsinga hæstv. forsrh. á sínum tíma í svokölluðu flugfélagsmáli, þar sem hann taldi að niðurstaða stofnunarinnar væri sennilega ekki í samræmi við hag neytenda, án þess að færa nokkur frekari rök fyrir því máli.

Saga Sjálfstæðisflokksins í samkeppnismálum er reyndar slík að sem betur fer hefur þó samstarfsflokkurinn í þessu tiltekna máli staðið í ístaðinu. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir það hvernig hann hefur þó haldið á samkeppnismálum á þessu kjörtímabili.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti vill minna hv. þingmenn á að beina andsvörum að ræðu síðasta ræðumanns.)

[14:37]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Enn og aftur vekur athygli á þessum herrans degi hin virka þátttaka flokks frelsisins í íslenskum stjórnmálum, Sjálfstæðisflokksins, í þessari umræðu um markaðinn, heilbrigða viðskiptahætti og virka samkeppni. Þeir eru hér, með fáeinum undantekningum þó frá því fyrr í morgun, algerlega stikkfrí. Enda er í fullu samræmi við framgangsmáta þeirra þegar í harðbakkann slær. Þegar til kastanna kemur er sá flokkur auðvitað í raun og sanni vinur og verndari, skjól hins stóra og öfluga, en ekki þess að samkeppnin fái að njóta sín til fulls með það að markmiði að lækka vöruverð eða bæta þjónustu til handa viðskiptavinum.

Það hentar bara stundum fyrir þann flokk, Sjálfstæðisflokkinn, að kalla sig flokk frelsis, unnanda frelsisins, frelsi einstaklingsins, frelsi markaðarins. Það er bara stundum til hátíðabrigða sem það á sérstaklega við. Oftar en ekki skjóta þeir skjólshúsi yfir þann stóra sem á fjármagnið og vill ávaxta það. Þeir láta sig minna varða hvernig þessi kaup gerast, hvernig samkeppnin um kúnnann, um lækkað vöruverð og betri þjónustu gengur fram.

Þetta er veruleiki ... (**Gripið fram í:** Er þetta 1. maí ræða?) Nei, þetta er sko ekki 1. maí ræða. Ef hún væri það þá væri hún undir öðrum formerkjum. Ég minni hins vegar á að ræður sjálfstæðismanna eru yfirleitt fullar af innihaldslausum frösum. Það kemur auðvitað í ljós þegar taka þarf á hlutunum og ræða málin á efnislegum grunvelli að þá eru sjálfstæðismennirnir meira eða minna stikkfrí.

Þetta vildi ég sagt hafa, herra forseti, því að þetta er veruleikinn sem við okkur blasir hér á þessum fimmtudegi í umræðu um viðskiptasiðferði, í umræðu um Samkeppnisstofnun. Ég staldra einkum við þessi atriði, herra forseti, því hér féllu orð hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, 1. flm. þessa frv. um breytingar á samkeppnislögum, sem voru auðvitað dagsönn. Ræða hans fjallaði um að Sjálfstæðisflokkurinn, hann af öllum flokkum, hafi gengið harðast fram, með formann sinn í broddi fylkingar, til að berja á stofnun sem lögum samkvæmt á að fylgjast með því að markaðurinn gangi greiðlega fyrir sig og þar ríki samkeppni í reynd. Nei, þessi „flokkur frelsisins" hefur yfirleitt viljað hengja boðbera tíðindanna og sagt stofnunina á rangri leið. Þetta er dálítið kúnstug pólitík, herra forseti, og ekki undarlegt að menn staldri nú við þennan veruleika hlutanna. Svona er hann nú samt og má sjá af umræðum í fjölmiðlum á liðnu sumri, síðsumars, þar sem forsrh. fór — ekki einu sinni heldur mörgum sinnum — mikinn vegna þess að hann og trúnaðarmenn hans gátu ekki handvalið og handraðað á jötuna. Sú umræða bar þess gleggstan vott hvorum megin og hverjum hjartað slær í Sjálfstæðisflokknum þegar að til á að taka.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hældi hæstv. viðskrh. sérstaklega fyrir skilning hans og hvernig hann hefði tekið á úrskurðum Samkeppnisstofnunar, ráðum hennar og úrræðum. Vissulega má taka undir það að viðskrh. hæstv. hefur ekki verið í líkingu við forsrh. hæstv. eða aðra sjálfstæðismenn þegar að þeirri stofnun kemur. Enda skyldi engan undra þar sem hæstv. viðskrh. er höfuð þessarar stofnunar. Stofnunin, sem auðvitað starfar lögum samkvæmt, heyrir undir hans ráðuneyti. Ég hef þó stundum saknað þess dálítið að hæstv. viðskrh. hafi ekki gripið fastar og öruggar til varnar fyrir Samkeppnisstofnun þegar sjálfstæðismenn, samstarfsmenn hans í ríkisstjórninni, hafa djöflast á henni — fyrirgefðu orðbragðið, herra forseti — fram og til baka, upp úr og niður úr. Mér hefur þá fundist vanta dálítið upp á að ágætur hæstv. viðskrh. kæmi til varnar þessari stofnun. Það hefur hann því miður ekki gert.

Er það svo, hæstv. forseti, að hæstv. ráðherra sé þarna í hliðarsal? Annars mundi ég bíða þess að hann komi aftur til að beina nokkrum orðum að honum beinlínis.

(**Forseti** (HBl): Forseti efast um að hann hafi betri yfirsýn yfir hliðarsalinn en ræðumaður.)

Það er rétt. Ég vík þá að öðrum þáttum sem ekki er sérstaklega beint að hæstv. ráðherra. Ég vík að nokkrum efnisatriðum þessa frv. sem hér er á borðum hins háa Alþingis án þess að endurtaka það sem 1. flm. hefur farið mjög vel yfir.

Það sem auðvitað er áberandi í íslensku atvinnulífi á seinni tímum er að markaðsvæðingin hefur haldið innreið sína og hinn svokallaði hlutabréfamarkaður hefur þroskast og þróast mjög hratt, kannski of hratt að sumra áliti. Þá vekur athygli að aðilar í atvinnulífi og stjórnmálamenn einnig skuli ekki hafa áttað sig á því að með markaðsvæðingu atvinnulífsins eykst hlutverk og mikilvægi samkeppnislaga og Samkeppnisstofnunar. Í þessu frv. er m.a. tekið á einu atriði sem er feiknamikilvægt fyrir samsetningu markaðarins eins og hann hefur raunar verið að þróast á síðustu missirum. Þá er ég að vísa til þess að samkvæmt túlkun Hæstaréttar á 18. gr. samkeppnislaganna er það ekki talið ganga gegn anda laganna ef fyrirtæki sem einu sinni hefur náð markaðsráðandi stöðu styrkir enn frekar stöðu sína.

Hér er vísað til hins svokallaða Flugleiðamáls sem gerð er ítarleg grein fyrir á bls. 4 í grg. Þetta er hægt að yfirfæra á fleiri þætti atvinnulífsins og gerir það að verkum að við komumst eiginlega ákaflega lítið áfram því að það er ekki eingöngu í fluginu sem þetta ástand blasir við og á þessu vandamáli er vert að taka. Þetta er líka í flutningum á sjó. Þetta er líka í vaxandi mæli, því er nú verr og miður, í flutningum á landi, með öðrum orðum í samgöngugreinunum og ekki síst er það í fjarskiptunum. Það mætti halda um það langa sjálfstæða ræðu, herra forseti, alveg sérstaklega mætti ræða þau mál í þaula.

Að minni hyggju hefur mörgum hlutum verið snúið þar svoleiðis gjörsamlega á hvolf að engu tali tekur. Þegar Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð hafa lögum samkvæmt reynt að tryggja þó ekki nema samkeppni á þeim örfáu sviðum sem það er unnt á fjarskiptamarkaði þá hafa einkum

fulltrúar Sjálfstfl. brugðist ókvæða við og talið afskipti Samkeppnisstofnunar fráleit og í engu samræmi við þau markmið sem flokkurinn hefur væntanlega í þessum efnum.

Stundum er það þannig, herra forseti, að hægt er að snúa hlutum á hvolf og gera þá þannig úr garði að fólk hættir að skilja. Vissulega er það þannig í fjölmiðlamyndinni sem birt er með köflum af hálfu fjölmiðla og stjórnmálamanna úr Sjálfstfl. að ætla mætti að Samkeppnisstofnun væri að vinna gegn neytendunum þegar kemur að því að tryggja virka samkeppni í einstökum greinum fjarskipta. Um daginn tók ég til að mynda eftir því vegna úrskurðar Samkeppnisstofnunar um flug út á land á tiltekinn stað að fréttamaður virtist ekki skilja tilganginn sem lá að baki. Kjarni málsins og afskipti Samkeppnisstofnunar, hinn rauði þráður, er auðvitað sá að til lengri tíma litið er reynt að bregðast við því ef eitt fyrirtæki á tilteknu sviði verður of markaðsráðandi því að það mun til skemmri og lengri tíma litið verða til þess að það fyrirtæki hefur tök á að lækka verðið, fara í tímabundnar verðlækkanir, drepa samkeppnisaðila. Það þekkjum allt of vel í flutningum á sjó og raunar í lofti líka hvað gerst hefur hér á landi á þessum áratugum. Það leiðir auðvitað til stórhækkaðs verðs á viðkomandi þjónustu og yfirleitt versnandi þjónustu þegar allt kemur til alls.

Þessu stóra samhengi hlutanna þurfum við að halda mjög ákveðið til haga. Við ræddum í morgun í tengslum við annað skylt mál, viðskiptasiðferðið, að við erum eyland. En við erum ekkert eyland þegar kemur að hinu alþjóðlega viðskiptasamfélagi. Við jafnaðarmenn og samfylkingarmenn höfum velt því upp hvers vegna lögmál markaðarins þar sem menn vilja og hvetja til þess að eftirlitsstofnanir hins opinbera tryggi almennar leikreglur og treysti eftir því sem kostur. Því er takmörkunum háð, herra forseti, að virk samkeppni geti átt sér stað. Þá er ég að vísa til Mekka kapítalismans, Bandaríkjanna, sem hefur gengið býsna langt í þessum efnum og miklu lengra en íslensk samkeppnisyfirvöld hafa látið sig dreyma um. Dæmi sem allir þekkja í tölvuiðnaðinum og er ofarlega á baugi er Microsoft og Bill Gates.

Af því að þeir sjálfstæðismenn þekkja mál Evrópusambandsins býsna vel þá hefur það líka gengið mjög langt í þessum efnum og gert um langt árabil. En það er eins og menn líti þannig á að Ísland eigi bara að vera eyland, ekki aðeins landfræðilega heldur einnig þegar kemur að ýmsum þeim lögmálum sem lögnu hafa verið viðurkennd meðal samfélagsþjóðanna að þá skuli frumskógarlögmálið gilda hér á landi. Þetta er fjarri lagi og því er svo brýnt sem ég hef hér sagt að þetta frv. og önnur ámóta nái efnislegri umræðu og framgangi við lagasetningu á hinu háa Alþingi.

Nú af því að tíminn líður hratt þarf ég að segja nokkur orð við hæstv. ráðherra. Hann var á kreiki hér rétt áðan. Orðaskipti mín við hann lúta að þeirri endurskoðun sem hann lýsti áðan, endurskoðun samkeppnislaganna.

Herra forseti. Mætir nú hæstv. ráðherra til leiks. Hann lýsti áðan í andsvari áðan og kom raunar inn á það í ræðu sinni að nefnd sú sem hefur verið að störfum, væntanlega nefnd embættismanna sem eftir því sem ég best veit, hefur verið að skoða árangurinn af þeim lögum sem eru í gildi hvað varðar samkeppnismarkaðinn og Samkeppnisstofnun. Ég vil spyrja hann um það hvort áform hans séu í þá veru að sú nefnd komi til með að setjast niður og semja þær heildstæðu breytingar sem hann lýsti áðan um samkeppnislögin eða hvern hann ætlar að kalla til starfa í því sambandi.

Ég vil því kasta þeirri hugmynd upp og bið um viðbrögð hæstv. ráðherra við því að hann nálgist það mál með eilítið öðrum hætti af því að málið er ekki komið á meiri rekspöl en raun ber vitni og hann kalli til fulltrúa flokkanna og geri úr þessu þverpólitíska nefnd. Ég held að það mundi styrkja hið pólitíska vægi slíkrar nefndar og í þeim efnum mundu menn freista þess að ná þverpólitískri sátt um tiltekin meginmarkmið sem ég vil þó þrátt fyrir allt trúa að séu í millum a.m.k. flokks míns, Samfylkingarinnar, og flokks hæstv. ráðherra, Framsfl., um meginatriði samkeppnislaganna.

Ég vil með öðrum orðum spyrja hvort það komi til álita af hans hálfu að nefndarskipan, sem setti saman greinargerð um hugsanlegar breytingar á samkeppnislögum, mætti skipa, ekki eingöngu upp á embættislega vísu, ekki eingöngu með aðild stjórnarflokkanna, heldur að þar kæmu að verki fulltrúar stjórnarandstöðu.

[14:53]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef verið afskaplega jákvæður í garð þessa frv. við umræðuna sem er reyndar engin tilviljun vegna þess að ég tel að þetta sé hið besta mál. Það er raunverulega bæði þverpólitísk, hagsmunapólitísk nefnd sem er að fjalla um málið núna og tína til allar þessar brtt. sem megi hugsanlega gera til þess að styrkja samkeppnislögin. Ég held við séum ekki að fara rétta leið með því að fara síðan að setja saman hóp stjórnarflokka og stjórnarandstöðu eða einhvers konar pólitíska nefnd til að ná lendingu. Ég er hræddur um að það muni lenda í einhverju karpi og málið drægist þar af leiðandi von úr viti.

Ég hafði hugsað mér að ráðuneytið mundi vinna úr þeim tillögum sem þarna liggja fyrir, leggja málið fram sem stjórnarþingmál eða stjórnarfrv. og síðan mun efh.- og viðskn. fá málið til umfjöllunar þar sem hin þverpólitíska umræða fer fram þar sem menn geta flutt brtt. og reynt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

En með því að fara af stað með vinnuna milli flokkanna áður en málið kemur inn í þingið held ég að við værum að tvítaka þær umræður vegna þess að þær munu þá líka eftir sem áður eiga sér stað í efh.- og viðskn. Ég sagði áðan að ég tel að það frv. sem er til umræðu og umfjöllunar sé mjög gott innlegg í umræðuna um samkeppnismálin. Það verður til staðar í efh.- og viðskn. þegar stjórnarfrv. kemur þangað til umfjöllunar og auðvitað munu þá átökin eiga sér stað um hvað eigi að vera inni og hvað eigi að fara út.

[14:55]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það þannig að hæstv. ráðherra lítist ekkert á hugmynd mína. Hún var sett fram ekki síst vegna þess að ég tel að hæstv. ráðherra geti haft gagn af því og stuðning af því að hinir raunverulegu unnendur samkeppninnar, sem eru að vinna í Samfylkingunni, gætu aðstoðað hann í baráttunni við varðhunda fámennisvaldsins, Sjálfstfl. Það var ástæðan sem lá að baki.

Einnig hitt að auðvitað þekkum við það og kollegi hæstv. ráðherra, hæstv. félmrh., er til að mynda með nefnd í gangi, tekjustofnanefnd sem er skipuð þverpólitískt og er sennilega þannig saman sett til að treysta betri sátt um málið þegar það kemur fyrir hið háa Alþingi.

En ég ætla svo sem ekkert að grátbiðja hæstv. ráðherra um að stjórnarandstaðan verði með í þessu, þetta var bara hugsað honum til huggunar og styrktar þannig að hann hefði hjálp af okkur sem erum raunverulegir unnendur samkeppni í baráttunni við íhaldið. En svona er þetta.

[14:57]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aldrei var ég í neinum vafa um að góður hugur lægi að baki tillögunni enda tók ég hana með þeim skilningi í umræðunni. Hins vegar er það bara svo að stjórnarfrv. eru stjórnarfrv. Ég er ekki í neinum vafa um að það mun myndast mjög gott samstarf milli stjórnarflokkanna um að geta komið þessu stjórnarfrv. inn á Alþingi eins og mjög mörgum öðrum stjórnarfrv.

Síðan segi ég og hef áður ítrekað við umræðuna: Ég tel hins vegar að í þessu frv. sé mjög margt sem verður hugsanlega tekið inn og ríkisstjórnin geri að sínu í stjórnarfrv. þegar það kemur hingað inn. Það sem þá út af stendur, eða ekki verður tekið tillit til, þá fer auðvitað fram hin pólitíska umræða á réttum vettvangi sem er í efh.- og viðskn. og svo auðvitað í þinginu.

[14:58]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara örstutt. Það er ekki að ástæðulausu að ég hef áhyggjur af samstarfsflokknum, Sjálfstfl., samstarfsflokki Framsóknar, því að það auðvitað hefur komið fram af hálfu forsrh. að hann hefur verið sammála hæstv. ráðherra um að brýnt sé að endurskoða samkeppnislögin.

Herra forseti. Hann hefur viljað endurskoða þau undir þeim formerkjum að þrengja valdsvið stofnunarinnar. Það er kjarni málsins. Hins vegar miðar tillöguflutningur okkar, sem hæstv. ráðherra hefur fagnað og tekið undir og ég er mjög þakkálátur fyrir, í allt aðra átt. Þetta er áhyggjuefni mitt og það var af þessum ástæðum sem ég vildi aðstoða hæstv. ráðherra og flokk hans við að koma þessum meginatriðum fram því að ég er hræddur um að hann verði rekinn til baka við ríkisstjórnarborðið af hæstv. forsrh. þegar þessar áherslur verða hafðar uppi við. Það er veruleiki málsins sem blasir við okkur þegar maður horfir í misvísandi yfirlýsingar annars vegar hæstv. forsrh. og hins vegar hæstv. viðskrh.

[14:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að koma inn á efnisatriði ræðu hv. þm. heldur ætla ég, eins og í morgun, að koma inn á þá palladóma sem hann fellir stöðugt.

Hann sagði áðan að þingmenn Sjálfstfl. flyttu innihaldslausar ræður og þeir voru tveir í morgun, hv. þm. Ásta Möller og ég, sem fluttu ræður. Hann er að gefa okkur þann dóm að ræður okkar í morgun hafi verið innihaldslausar. Annað heyrði ég nú á öðrum þingmönnum í sama flokki og hv. þm.

Hér er á ferðinni arfur liðins tíma, þess tíma að menn voru með skæting og umræður voru lítt málefnalegar. Það getur vel verið að hv. þm. finnist ræður okkar innihaldslausar. Hann kann að vera ósammála því sem við segjum. En hann verður að hafa það í huga að við höfum bara aðra sýn, við höfum aðra heimssýn. Þar af leiðandi höfum aðrar lausnir á vandanum.

Ég ber það mikla virðingu fyrir heimssýn hv. þm. að mér dettur ekki í hug að segja að það sem hann heldur fram sé kjaftæði og vitleysa, heldur segi ég: Sú niðurstaða sem hann kemst að er vegna heimssýnar hans. Ég virði þá heimssýn, þó ég sé henni ekki sammála.

Ég tel mjög mikilvægt að við berum virðingu fyrir skoðunum hvers annars og dettum ekki í þann pytt að segja að ræður séu innihaldslausar ef við teljum að einhver hafi rangt fyrir sér.

[15:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi ég sagt að ræða hv. þm. Péturs Blöndals hafi verið innihaldslítil þá hafa það verið mismæli. Hafði ég sagt það þá tek ég það aftur því að hún var mjög innihaldsrík. En mér fannst þau viðhorf sem þar komu fram ekkert mjög skynsamleg. En það er auðvitað réttur hv. þm. að hafa sín sjónarmið uppi. Ég hef líka rétt á að hafa skoðanir á þeim. Í guðanna bænum, herra forseti, það yrði nú leiðindasamkoma ef allir hv. þm. væru jafnviðkvæmir fyrir sjálfum sér og hv. þm.

Tölum hér tæpitungulaust. Ég vil þakka hv. þm. að koma hér til umræðunnar og taka þátt í henni. Fyrir það er ég honum þakklátur. Hitt er öllu verra að félagar hans í Sjálfstfl. skuli þegja þunnu hljóði. Það er allra verst. Mér þykja skárri vondar ræður en engar um jafnmikilvæg mál og hér um ræðir.

[15:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vondar ræður skárri en engar? — Ég segi nú bara ekki meira.

[15:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði þetta bara almennum orðum að skárri væru vondar ræður en engar. Ég veit ekki af hverju hv. þm. tók þetta til sín.

[15:03]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú í lokaræðu minni þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu um samkeppnismál. Ég þakka þær undirtektir sem málið hefur fengið hér á hinu háa Alþingi. Ég vil ítreka sérstakar þakkir til hæstv. iðn.- og viðskrh. sem tók þannig í málið að ég held að þegar fram líða stundir megi mynda sterka samstöðu og samráð um nýtt frv. um samkeppnismál þegar það kemur. Ég lýsi því yfir að ég er tilbúinn til þess að taka þátt í því með hæstv. iðn.- og viðskrh.

Ég verð þó, virðulegi forseti, líkt og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson að taka undir það að í fyrndinni var í landinu stjórnmálaflokkur sem kenndi sig við frelsi og lýðræði. Á tyllidögum talaði sá jafnvel um samkeppni. En líklega áttu þeir aldrei við annað, virðulegi forseti, en samkeppni þar sem ríkið var með einokunaraðstöðu. Líklega hefur samkeppnishugsun þessa flokks aldrei náð lengra en svo að komast inn á vettvang þar sem ríkið hafði verið eitt fyrir.

Virðulegi forseti. Ég er jafnmikið á móti ríkiseinokun á mörgum sviðum eins og ég er á móti einkaeinokun á öðrum sviðum. Ég tel langt frá því að hún sé á nokkurn hátt betri. Ég tel svo sem ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu mikið meir. Ég vil ítreka þakkir til þeirra sem tóku þátt í henni en jafnframt lýsa yfir miklum vonbrigðum yfir því að fulltrúar Sjálfstfl. skyldu ekki sjá sér fært að taka þátt í umræðunni. Sjálfstfl. kenndi sig einu sinni við viðskipti, samkeppni og lýðræði en líklega er það liðin tíð. Hin kalda hagsmunagæsla í þágu hinna fáu útvöldu hefur orðið ofan á. Kannski er það hinn harði raunveruleiki eftir átta ára forustu hæstv. forsrh. í þeim flokki.

[15:05]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft löggjöf um samkeppnismál, með því frv. sem hér liggur fyrir. Eins og við var að búast hafa þær umræður sem hv. þm. Samfylkingarinnar hafa

staðið fyrir verið einlitar og ekki margt nýtt komið fram. Það kemur auðvitað ekki á óvart.

Það sem hér er til umræðu, sem auðvitað er mjög mikilsvert í þjóðfélagi okkar, er hvort Samkeppnisstofnun, eins og hún hefur verið rekin, hafi tryggt eðlilega samkeppni hér á landi, hvort vinnubrögð hennar hafi verið eðlileg og í þriðja lagi hvort Samkeppnisstofnun hefur með afskiptum sínum e.t.v. staðið í vegi fyrir framþróun, komið í veg fyrir að við Íslendingar stöndum jafnframarlega t.d. í fjarskiptum og ella mundi. Kunna bein afskipti Samkeppnisstofnunar e.t.v. að hafa valdið því að við búum nú við þá fákeppni t.d. í fjölmiðlarekstri að óþolandi er?

Þegar ég fór að lesa yfir frv. þingmanna Samfylkingarinnar festi ég mig við 3. gr. frv., með leyfi forseta:

„Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð. Slík misnotkun getur einkum falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,

b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markað eða tækniþróun, neytendum til tjóns,

c. öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,

d. sett sé það skilyrði fyrir samningsgerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju."

Þetta er auðvitað mjög flókin efnisleg grein sem nær ógjörningur er að átta sig á nema eftir langa yfirlegu. Ég þykist vita að flutningsmenn þessa frv. hafi athugað þau mál til hlítar. Á hinn bóginn liggur nú fyrir að fákeppni í ýmsu greinum í þjóðfélaginu er að verða meira áberandi en áður hefur verið. Því veldur margt og t.d. sú skoðun Samkeppnisstofnunar að rétt sé að fyrirtæki veiti markaðsráðandi eða öflugum fyrirtækjum meiri afslátt en minni fyrirtækjum. Þannig að magnafsláttur sé skuldbindandi þegar um mikil fyrirtæki er að ræða eins og dæmi eru til um í úrskurðum Samkeppnisstofnunar.

Nú vitum við, ef við t.d. veltum fyrir okkar byggingariðnaði, að þróunin hefur verið sú að þar hafa tvö mikil fyrirtæki, vel rekin fyrirtæki, verið að hasla sér völl svo að segja má að ógjörningur sé að standa undir rekstri annarra sambærilegra fyrirtækja. Það voru m.a. ástæðurnar fyrir því að byggingarvörudeild KEA á Akureyri eða eigendur þess fyrirtækis treystu sér ekki til að halda þeim rekstri áfram. Flutningskostnaður til landsins, ýmsir afslættir, hagnaður við magninnkaup og annað þvílíkt kom til sögunnar og olli því að ógjörningur er að hafa þriðja fyrirtækið hér á landi í þessum rekstri. Við getum bent á fleiri dæmi þessu lík.

Í frv. stendur:

„Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð."

Þessu eiga fyrirtækin sjálf að gera sér grein fyrir fyrir fram án þess að úrskurður falli. Þá vil ég spyrja hv. 1. flm. Lúðvík Bergvinsson: Telur hv. þm. að BYKO og Húsasmiðjan séu markaðsráðandi fyrirtæki samkvæmt þessari grein? Þetta er bein efnisleg spurning. Ég efast ekki um að flm. hafi velt þessu sérstaka tilviki fyrir sér áður en þeir lögðu þetta frv. fram vegna þess að það er einmitt á þessu sviði verslunarrekstrar sem mestar breytingar hafa orðið á markaðsráðandi stöðu nú á liðnum missirum.

Komi á hinn bóginn í ljós að hv. þm. sé ekki reiðubúinn til að svara þessari spurningu — sem ég á ekki von á — upplýsir það um þau vinnubrögð sem liggja til grundvallar textanum í þessu frv.

Þá vil ég í annan stað varpa þeirri spurningu til hv. flm. sem kynnt hefur sér samkeppnismál mjög rækilega — auðvitað eftir sinni getu — hvað hann segi um að samkeppnisráð felli úrskurð sem embættismenn Samkeppnisstofnunar draga til baka, án þess að um úrskurðinn sé fjallað í samkeppnisráði. Telur hv. þm. heimilt að standa þannig að verki?

Með þessari spurningu minni er ég auðvitað kominn inn á það svið hvort embættismenn Samkeppnisstofnunar, eins og þeir hafa unnið og talað, hafi sett sig í þá stöðu að mjög örðugt og kannski ómögulegt sé að bera til þeirra það traust sem menn verða að bera til stofnunar sem er ráðandi á viðskiptasviðinu. Ég hef haldið því fram að umboðsmaður Alþingis, Gaukur Jörundsson, hafi verið mjög til fyrirmyndar þegar hann gekk svo frá sínum úrskurðum að láta öðrum eftir að túlka þá. Hann þurfti ekki að leggja orð í belg síðar meir þó úrskurðirnir kæmu til umræðu á opinberum vettvangi, hvort sem var í blöðum eða útvarpi.

Embættismenn Samkeppnisstofnunar hafa annan hátt á. Þeir eru sítalandi um hvað þeim finnist um eitt og annað. Þó liggur fyrir að hlutverk þeirra er ekki að fella úrskurði heldur að vera óhlutdrægir embættismenn. Þeir eiga að undirbúa mál fyrir samkeppnisráð. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að ýmis þau ummæli sem hafa fallið í hita leiksins af þessum sökum valdi því að innan Samkeppnisstofnunar séu embættismenn sem vegna fyrri afskipta af fyrirtækjum eða málefnum séu vanhæfir til að halda áfram að fjalla um slík mál innan stofnunarinnar og vinna að undirbúningi þeirra fyrir samkeppnisráð.

Nú þætti mér fróðlegt að vita hvað hv. flm. segir um þessa skoðun mína. Eins og ég sagði hefur sennilega enginn alþingismaður oftar minnst á ágæti Samkeppnisstofnunar í þessum sölum en hann. Ég þykist því vita að hann hafi glögglega íhugað þessi mál áður en hann lagði þetta frv. fram.

Þá vil ég líka velta því upp hvernig háttað sé tengslum afrýjunarnefndar samkeppnismála við embættismenn Samkeppnisstofnunar og hvernig háttað sé undirbúningi mála hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Það vakti athygli mína þegar einn af hv. þm. Samfylkingarinnar, hv. 6. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, vék að því að Samkeppnisstofnun hefði amast við hádegisflugi til Egilsstaða. Ég man ekki nákvæmlega það sem hann sagði en eitthvað var það á þá leið, með leyfi hæstv. forseta, að kjarni málsins væri sá að það eigi að líta á flug til Egilsstaða til lengri tíma litið, og reyna að bregðast við því að eitt fyrirtæki verði of markaðsráðandi með því að dumpa verði. Eitthvað í þessa veru voru ummæli hv. þm. og mér heyrðist hann vera hræddur um að ef Flugfélag Íslands flygi til Egilsstaða í hádeginu þá gæti það til lengri tíma valdið erfiðleikum í sambandi við samkeppnisstöðu flugfélaganna á þessari flugleið.

Nú er ég þeirrar skoðunar að það sé mjög alvarlegt ef Samkeppnisstofnun fettir fingur út í það að samgöngur séu bættar á einstaka stað. Á Austurlandi t.d. er fjöldi fyrirtækja að byggja sig upp í ferðaþjónustu. Ég hef vakið athygli á því oftar en einu sinni opinberlega að afskipti af þessu tagi kunni að skaða þau fyrirtæki á Austurlandi sem hafa verið að fjárfesta í ferðaþjónustu, hafa verulegan fastan og breytilegan

kostnað í þeirri atvinnugrein, ég tala nú ekki um yfir veturinn þegar ferðamönnum fækkar og nýting á hótelherbergjum er mjög lítil og kannski engin um lengri tíma. Fyrir þessi fyrirtæki er mikilsvert að sem flestir komi að því að beina straumi ferðamanna til Austurlands. Og hvernig í ósköpunum getum við horft á hagsmuni þessa fólks í því samhengi að það eigi að setja skorður við því að menn geti komið fólkinu austur? Það er ógjörningur að koma því inn í minn þrjóska haus að það efli ferðaþjónustu á Austurlandi að amast við umsvifum Flugfélags Íslands á Egilsstaðaflugvelli.

Ef mínar ályktanir eru réttar þá hefur þessi niðurstaða Samkeppnisstofnunar beinlínis skaðað fjárhagslega fyrirtæki á Austurlandi í ferðaþjónustu og verslunareigendur í þeim fjórðungi. Ég hefði gaman af því að vita hvað hv. flutningsmenn hafa um þetta að segja.

Þingmenn og fulltrúar Samfylkingarinnar hafa löngum haft mikinn áhuga á símanum. Meðan ég var í ríkisstjórn með Alþfl. var það þó ekki svo að þingmenn eða ráðherrar Alþfl. hefðu áhuga á því að brjóta niður einokun símans með því að greiða fyrir því og ljá því jáyrði sitt að símanum yrði breytt í einkafyrirtæki, síður en svo. Þvert á móti var það sérstakt kosningamál Alþfl. fyrir kosningarnar 1995 að síminn yrði áfram opinber stofnun. Þau skilaboð flutti hv. 7. þm. Reykv. Össur Skarphéðinsson, þá ráðherra, inn á fund sem fulltrúar stjórnmálaflokkanna áttu með starfsmönnum símans til þess að undirstrika þá afstöðu Alþfl. að undir engum kringumstæðum mætti hrófla við því að síminn væri áfram opinber stofnun. Undir það tók hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Mér var afstaða hennar áður kunn meðan hún sat í ríkisstjórn fyrir Alþfl. Á þessum tíma hafði hún að vísu stofnað nýjan flokk en hún staðfesti á þessum fundi að ummæli Össurar Skarphéðinssonar væru í samræmi við flokkssamþykktir Alþfl.

Það liggur því algjörlega ljóst fyrir að Alþfl. ber ábyrgð á því að ekki var búið að einkavæða símann fyrir miðjan þennan áratug. Þegar þeir þess vegna nú eru að tala um það að við í Sjálfstfl. stöndum ekki undir því að vera boðberar frjálsra viðskipta þá eru þeir auðvitað eins og endranær að reyna að tileinka sér annarra sjónarmið með því að þykjast sjálfir hafa fundið þau upp, og gera lítið úr þeim sem þeir þó hafa lært mikið af.

Að síðustu ætla ég aðeins að víkja að því að ég er þeirrar skoðunar að með afskiptum sínum af Landssímanum hafi Samkeppnisstofnun komið í veg fyrir þróun í fjarskiptum, þ.e. með undarlegum úrskurðum sem Samkeppnisstofnun hefur fellt varðandi ljósleiðarann og breiðbandið. Og það ömurlega í þeim úrskurði sem ég hef helst í huga nú er að þar var öllu ruglað saman og greinilegt að sá sem samdi þann úrskurð gerði sér ekki grein fyrir hinum tæknilegu heitum á ýmsum atriðum í fjarskiptaþjónustu og búnaði í fjarskiptum.

Afleiðingin af þessu er sú að of fáir Íslendingar eiga kost á því að nýta sér breiðbandið. Ljósleiðarinn liggur í of fáar íbúðir hér á landi. Notendur eru of fáir. Það viðheldur á hinn bóginn þeirri fákeppniseinokun sem hér er í fréttaflutningi Ríkisútvarpsins og Stöðvar 2. Og líka vegna þess að ég veit að hv. þm. vitnar mjög gjarnan í skoðanir og reglur Evrópusambandsins í þessu sambandi þá getum við rifjað það upp saman að á þessum markaði er það skoðun þeirra í Brussel að ekki sé hægt að tala um samkeppni nema aðilar séu a.m.k. þrír. Þess vegna getum við alls ekki huggað okkur við það að samkeppni sé í sjóvarpsrekstri hér á landi samkvæmt þeim skilgreiningum sem þar er um getið. Það getum við ekki. Þar er greinilega um markaðsráðandi stöðu að ræða. Í 3. gr. frv. hv. þm. stendur, með leyfi forseta:

„Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð."

Ætlar hv. þm. að halda því fram við mig að hvorki Stöð 2 né Ríkissjónvarpið hafi misnotað sína markaðsráðandi stöðu? Ætlar hann að halda því fram? Ef hann samþykkir að þetta fyrirtæki og þessi stofnun hafi gert það, hvað þýðir þá 3. gr. frv. í því samhengi?

[15:26]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara minna á að við erum að ræða frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum þannig að þeir sem hugsanlega fylgjast með þessari umræðu átti sig á því.

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég lít þannig á að það verði frekar hlutverk sagnfræðinga framtíðarinnar en okkar sem hér sitjum akkúrat núna að fá botn í þessa ræðu. Hins vegar var til mín beint nokkrum spurningum. Ég hef ákveðið að bregðast þannig við þeim að ég hef beðið um orðið — ég má tala einu sinni enn við þessa umræðu — þar sem ég treysti mér ekki til þess að fjalla um þær í svo stuttu máli sem andsvar er. Ég er búinn að biðja um orðið og mun svara þessum spurningum á eftir.

[15:26]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man nú ekki þingsköpin alveg en efast um að það sé í samræmi við þau að menn biðji um andsvar til að tilkynna að þeir ætli að taka síðar til máls.

[15:27]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki mikið um það í þingsköpum hvað eigi að segja í ræðustóli og hvað ekki, nema þá um ávörp. Hins vegar er það svo að þegar til ræðumanns er beint spurningum og hann metur það þannig að lengri tíma þurfi til þess að fara yfir þá hluti en andsvar leyfir þá er ágætt að koma upp og lýsa því yfir til þess að upplýsa hv. þm., hæstv. forseta Alþingis, að ekki verði látið svo lítið að svara ekki spurningum sem til hans er beint, en segja honum að þeim spurningum verði svarað síðar í ræðu.

[15:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki áhlaupaverk að fara hratt yfir ýmis þau atriði sem hv. 1. þm. Norðurl. e. kom inn á. Hann stiklaði yfir sviðið hratt og skipulagslítið kannski og drap á ýmislegt.

Ég honum sammála um eitt og það er að þeir aðilar sem hafa úrskurðarvald á hendi, eins og samkeppnisráð, umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun, eiga ekki í kjölfar slíkra úrskurða að taka þátt í almennri umræðu eða deilum um þau atriði sem þeir úrskurða í. Um það er ég honum sammála. Þessir aðilar eiga að hugsa sinn gang varðandi það. Þeirra rökstuddu úrskurðir eiga að standa einir og sér og þessar stofnanir eiga ekki að taka þátt í almennu pólitísku pexi við ráðherra, þingmenn eða aðra.

Hv. þm. drap á fjölmargt og gerði það dálítið sérkennilega. Hann stiklaði um þetta stóra svið. Það er athyglivert að hann nefndi hádegisflugið til Egilsstaða. Að vísu nefndi ég ekki þann stað sem flugið var til, en allt í lagi, það vita allir hvað um er að ræða. Það mál er einmitt dæmigert um það að hægt er að snúa út úr aðalatriðunum og gera aðalatriðin að aukaatriðum.

Auðvitað snýst þetta ekkert um hótel á Egilsstöðum. Auðvitað snýst þetta ekkert um það hvort eitt flugfélag eða annað megi fljúga klukkan 12.10 til Egilsstaða og til baka klukkan 13.20. Þetta snýst um langtum stærra og veigameira mál. Þetta snýst um það hvort við ætlum að hafa tvö fyrirtæki á þessum markaði eða þrjú, snýst um það hvort fargjaldið á Egilsstaði sé 6.000 kall eða 10.000 kall, eins og það var meðan eitt flugfélag var allsráðandi á markaði. Það er kjarni þessa máls og í því samhengi verða menn að horfa á þessa hluti.

Ég ætla í seinna andsvari mínu að fara nokkrum orðum um Landssímann, uppáhaldsefni hv. þm. Ætlar ekki þingmaðurinn að gefa mér kost á því einu sinni? Ætlar hann að drepa mig í Landssímanum?

[15:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég átti orðastað við hv. þm. Halldór Blöndal í andsvari rétt áðan vegna þess að hann fór mikinn í ræðu sinni um þessi mál. Hann spurði ýmissa spurninga og drap á ýmis atriði. Ég átti von á því og vænti þess að við gætum átt orðastað um þau atriði en svo virðist ekki vera.

Ég vil fara örfáum orðum um þau atriði í ræðu hans þar sem hann staldraði við Landssímann. Auðvitað er ekki að undra að áhugi hans liggi nærri því stórfyrirtæki enda hv. þm. fyrrverandi hæstv. samgrh. um átta ára skeið og áttum við, ég og hv. þm., *samstarf í ríkisstjórninni 1991–1995* um þau mál og önnur. Landssímamálið er auðvitað fyrst og síðast þess eðlis, sem er auðvitað grundvallaratriði í pólitík, að það gildir einu hvort við erum að tala um ríkiseinokun eða einkaeinokun. Ég vil taka undir orð sem féllu fyrr í þessari umræðu. Þessi einokunarstarfsemi er jafnslæm hvort heldur er í höndum ríkisins í samkeppnisumhverfi eða einkaaðila. Einkaaðilaeinokunin er sennilega mun verri því að ríkiseinokunin er þó háð hinu lýðræðislega valdi, þ.e. að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafa þó einhver tök á því að sýna stjórnendum þeirra fyrirtækja tiltekið aðhald. Að vísu er leiðin stundum löng en hún er til staðar samkvæmt valdamynstrinu. Hins vegar er það stundum óframkvæmanlegt þegar um einkaeinokun er að ræða sem menn reka í skjóli embættisvalds stundum, í skjóli framkvæmdarvaldsins stundum og stundum ná ekki lög til þess. Um það snýst það mál sem við erum að ræða hér.

Varðandi Landssímann vil ég undirstrika enn og aftur — ég kom mjög rækilega inn á það á seinni hluta síðasta kjötímabils þegar hlutafélagavæðing þess fyrirtækis stóð fyrir dyrum og var afgreidd í þinginu — að á þeim tíma sagði þáv. hæstv. samgrh. ítrekað og undir það var tekið af öllum stjórnarliðum að ekki væri uppi á borðum að selja það fyrirtæki, hvorki í einu lagi né mörgum bútum. Því var haldið fram að ekki væru uppi áform um að selja Landssímann. Það var áréttað í kosningabaráttunni fyrir kosningarnar 1999. Það sem hefur hins vegar gerst í kjölfarið er að þær yfirlýsingar hafa verið dregnar til baka. Menn hafa kúvent. Nú á að selja allt laust og fast. Þetta er kannski ekki kjarni þessa máls en ég vildi hins vegar halda þessu til haga í umræðum um þetta því að hv. þm. tók að rifja upp fyrri tíð og afstöðu manna til Landssímans. Þá er rétt að halda því til haga og rifja upp hverjar yfirlýsingar sjálfstæðismanna voru þegar kom að hlutafélagavæðingu Landssímans. Þá var einkavæðing og sala fyrirtækisins ekki ráðgerð. Nú kveður við annan tón.

Ég hef ævinlega verið vinur Landssímans. Ég hafði miklar áhyggjur af því hvað yrði um rétt og starfsöryggi þess fólks sem þar vann. Ég spáði þá að lítið væri að marka þessar yfirlýsingar um að Landssíminn yrði ekki einkavæddur. Þetta væri hefðubundinn ferill, fyrst færi fram hlutafélagavæðing, laun toppanna yrðu hækkuð, fækkað á gólfinu og síðan yrði selt. Akkúrat þetta er að gerast og hefur gerst á örskömmum tíma, það hafa þingskjöl og fyrirspurnir þingmanna leitt í ljós. Laun toppanna voru hækkuð en fækkað á gólfinu.

Það sem meira er, auðvitað eins og venja er til, er að það hefur verið ráðað á jötuna. Þar hafa verið kallaðir til verka og æðstu embætta þeir menn sem teljast hliðhollir Sjálfstfl., nú síðast forstjóraráðningin þar á bæ. Hann er vafalaust prýðilegur maður, hæfur til margra hluta og kannski þessara en ég er þess fullviss að það hefur ekki þvælst mikið fyrir honum við þá ráðningu að vera í réttum flokki og réttum megin við hið pólitíska strik. Það hefur kannski verið hvað veigamest.

Varðandi Landssímann og samgöngugeirann þá er til lengri tíma litið verið að treysta samkeppnina. Það gengur auðvitað ekki að taka einstök atriði út úr og gera þau tortryggileg þegar menn hafa ekki heildarmyndina. Það reyndi hv. þm. að gera með umræðunni um Egilsstaðahádegisflug. Ég er búinn að svara því. Nákvæmlega það sama á við um allar þær litlu athugasemdir varðandi framgang yfirmanna Pósts og síma. GSM-símaþjónustan er að ná flugi í raunverulegri samkeppni og ég vona svo sannarlega að hún nái því enn frekar.

Ég hef aldrei dregið dul á að á þessum markaði, á fjármálamarkaði, tel ég brýnt að fá nýtt blóð, inn í það samkeppnisumhverfi. Þá er ég að tala um erlenda aðila í miklu ríkari mæli. Ég óttast þá ekki í þessu samhengi. Kjarni málsins er sá að fráfarandi hæstv. samgrh. *lenti aftur og aftur* í þeim fúla pytti að hengja boðbera válegra tíðinda. Í þessu tilfelli var það Samkeppnisstofnun. Hann lét býsna stór orð falla áðan þar sem hann lét að því liggja, orðaði það reyndar svo, að starfsmenn og embættismenn Samkeppnisstofnunar væru vanhæfir vegna þess að þeir hefðu komið að máli á fyrri stigum, hefðu lent í deilum við Landssímann um tiltekin atriði. Það að þeir voru ekki sammála Landssímanum gerir að hans mati það að verkum að þeir megi ekki koma að rannsókn á öðrum atriðum í rekstri Landssímans.

Við verðum náttúrlega að glöggva okkur á því að þessir starfsmenn Samkeppnisstofnunar vinna samkvæmt lögum. Auðvitað er ekkert í lögum sem kveður á um að þeir megi eingöngu koma einu sinni að athugunum gagnvart tiltekinni stofnun.

Það er hins vegar athyglisvert í þessu samhengi, af því ég veit að hv. þm. hefur áhuga á þessum eftirlitsiðnaði, að skoða aðra stofnun sem heyrir beint undir hið háa Alþingi og heitir Ríkisendurskoðun. Þar er ríkisendurskoðandi, æðsti embættismaður þeirrar stofnunar, með talsvert sjálfdæmi og er því sem næst „dómstóll“ í ýmsum úrskurðum. Hann lét sig hafa það að vera skipaður, herra forseti, í starfshóp samgrh. sem hafði það verkefni að svara annarri eftirlitsstofnun sem heitir Samkeppnisstofnun ríkisins og skilaði af sér fyrir skömmu. Hvers konar stjórnsýsla er þar á ferð? Það væri fróðlegt að heyra áhugamann um íslenska stjórnsýslu, samkeppnisiðnað og eftirlitsstofnanir hins íslenska ríkis fara nokkrum orðum um þau öfugmæli sem er að finna í slíkum framgangsmáta.

Þetta vil ég að lyktum segja, herra forseti. Auðvitað mætti margt um málið segja annað en nóg er sagt í bili.

[15:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að leiðrétta hjá hv. þm. þau ummæli hans að ég hafi á einhverju stigi sagt að ég vildi ekki selja Landssímann. Ég lýsti því fyrst yfir í októbermánuði 1991 að ég vildi einkavæða Landssímann. Það er mjög auðvelt fyrir mig að draga fram ummæli á hverju einasta ári síðan þar sem ég hef ítrekað þá skoðun mína og margsinnis tekið fram að ég telji það skaða bæði samkeppnisumhverfið hér á landi og raunar líka hagsmuni ríkissjóðs að slá því máli á frest. Þessu hef ég margsinnis lýst yfir og þarf ekki að orðlengja það frekar.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort það var einhver tilviljun en þegar hv. þm. sagði að hann hefði ævinlega verið vinur Landssímans þá flaug í gegnum höfuðið á mér að Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélagsins, segist vera meiri náttúruverndarsinni en aðrir menn.

[15:40]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér fyrst og fremst upp í því skyni að reyna að svara nokkrum spurningum sem hv. þm. og hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, beindi til mín í umræðunni áðan.

Í fyrsta lagi vil ég segja, virðulegi forseti, af því að hv. þm. veittist að starfsemi Samkeppnisstofnunar áðan, að þau samkeppnislög sem stofnunin vinnur eftir nú voru sett í tíð hv. þm. sem hæstv. samgrh. Hv. þm. er að því leyti ábyrgur fyrir þeim lögum sem nú gilda. Í máli hans kom hvergi fram að stofnunin sem slík ynni ekki samkvæmt þessum lögum. Fremur fannst mér hann fella sleggjudóma um hana. Hv. þm. færði engin rök fyrir máli sínu en það er vitaskuld algjört grundvallaratriði, virðulegi forseti. Ef menn ætla að verða marktækir í umræðu af þessum toga verða þeir að færa fram rök fyrir máli sínu. Það dugir ekki setja málið fram á þann hátt sem gert var hér áðan.

Ég ætla að reyna að taka fyrir nokkur ummæli og spurningar sem til mín var beint og hv. þm. getur þá bætt við telji hann þeim ekki nægilega vel svarað. Í fyrsta lagi talaði hv. þm. um hlutdræga embættismenn og nefndi sérstaklega að vegna fyrri aðkomu þeirra að málefnum Landssímans væru starfsmenn Samkeppnisstofnunar vanhæfir. Þetta er vitaskuld alveg fráleitt. Hér er um eftirlitsstofnun að ræða sem á að sjá til að samkeppnisreglum sé fullnægt. Til samanburðar mætti taka að ef afbrotamaður bryti af sér í þrígang þá teldist lögreglan vanhæf til þess að rannsaka það mál. Þessar stofnanir hafa það hlutverk að rannsaka mál sem upp kunna að koma. Samkeppnisstofnun hefur það hlutverk og vitaskuld er alveg fráleitt að halda því fram að stofnunin eða starfsmenn hennar séu á einhvern hátt vanhæfir.

Virðulegi forseti. Í ræðu sinni áðan fór hæstv. forseti mikinn og endaði einhvers staðar í umræðunni um fákeppni á fjölmiðlamarkaði. Það má vel vera að í ljósvakafjölmiðlunum séu áhrif einstakra manna meiri en ella. Ríkisvaldið hefur að sama skapi líka sína stofnun. Ég man ekki eftir því, af því að við erum að ræða hérna frv. til breytinga á lögum um samkeppnislög og umræðunni var fyrst og fremst beint að Samkeppnisstofnun, að stofnunin hafi tekið upp málefni á því sviði. Þess vegna átta ég mig kannski ekki alveg á því hvað hæstv. forseti var að fara. Hann fullyrti að Stöð 2 og RÚV hefðu misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Virðulegi forseti. Ég get ekkert um það sagt í sjálfu sér. Ég hef ætlað þessum mönnum að vinna vinnu sína hvað best þeir geta. Ég hef ekki ætlað þeim annað. Ef svo er, þá væri mjög mikilvægt að hæstv. forseti mundi upplýsa við þessa umræðu hvaða dæmi hann á við.

Hæstv. forseti talaði einnig um magnafslátt og átti þar væntanlega við lækkun á símgjöldum og þá jafnframt um flug til Egilsstaða sem hér var rætt áðan. Ég veit ekki hvort það er hægt að bæta miklu við þau mál. En það sem stofnunin hefur gagnrýnt í þessu tilviki er að um svokölluð undirboð sé að ræða. Menn geta rifjað það upp að fyrir nokkrum árum fluttu Norðmenn mikinn lax inn til Skotlands. Þeir fengu sekt fyrir vegna þess að þeir buðu laxinn á verði sem var talið langt undir kostnaðarverði. Það gerðu þeir í því skyni að reyna að tryggja sér sess á markaðnum, koma öðrum út og lækka verðið tímabundið niður fyrir kostnaðarverð. Þeir töldu sig geta gengið á eigin fé tímabundið. Þetta heitir undirboð og er talið mjög alvarlegt brot á samkeppnismarkaði. Með þeim rökum og út frá þessum forsendum hefur Samkeppnisstofnun lagt bann við margumræddum magnafslætti á umræddu flugi til Egilsstaða. Samkeppnisstofnun hefur metið það þannig að tryggja verði samkeppni á þessari leið til Egilsstaða, þ.e. að Íslandsflug geti komið inn á markaðinn en þurfi ekki að keppa á mismunandi forsendum við Flugfélag Íslands.

Virðulegi forseti. Hv. þm. beindi til mín fleiri spurningum en ég fæ væntanlega möguleika í andsvari á eftir til að svara þeim.

[15:45]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það sem vekur athygli mína hjá þeim þingmönnum Samfylkingarinnar sem talað hafa, er í fyrsta lagi að hvorugur þeirra sá ástæðu til að velta því upp hverjir væru hagsmunir þeirra einstaklinga og þeirra fyrirtækja sem hafa fjárfest í gistihúsum og ferðaþjónustu á Austurlandi. Það liggur þó fyrir að þeir eru aðilar að því máli hvort skynsamlegt og rétt sé að beita samkeppnishömlum til þess að torvelda fólki að koma austur þangað. En ég heyrði á báðum þessum þingmönnum að þeir höfðu ekki áhyggjur af því og töldu að umþenkingar mínar um þau málefni væru raunar út í hött ef ég skildi rétt þær almennu athugasemdir sem þeir gerðu við málflutning minn.

Annað sem vakti athygli mína var að hv. 6. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, tók undir þegar ég fann að því að fulltrúar Samkeppnisstofnunar væru að úttala sig í fjölmiðlum um úrskurði samkeppnisráðs. Ég skildi að vísu hv. þm. svo að hann ætti einnig við embættismenn Samkeppnisstofnunar þegar hann talaði um samkeppnisráð í þessum samhengi. Auðvitað dettur engum manni í hug að starfsmenn umboðsmanns Alþingis t.d. fari að flytja langar ræður til að réttlæta úrskurði hans. Að þessu leyti er ég þakklátur því sjónarmiði hv. 6. þm. Reykn. sem um leið skýtur auðvitað stoðum undir þau orð mín að slík ummæli geti verið óheppileg, séu til þess fallin að grafa undan trausti á Samkeppnisstofnun og geti í vissum tilvikum valdið því að starfsmenn Samkeppnisstofnunar séu vanhæfir til að fjalla efnislega um einstök málefni eða jafnvel um málefni einstakra fyrirtækja. Svo undarlegt sem það er þá gaf hv. 6. þm. Reykn. sér að ég hefði verið að tala um Landssímann í þessum almennu athugasemdum mínum sem ég var raunar ekki að gera. Ég minntist ekki einu einasta orði á það hvaða fyrirtæki sérstaklega eða hvaða málefni ég hafði í huga.

Sú almenna athugasemd 1. flm., hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvíks Bergvinssonar, þótti mér undarleg og sú samlíking að Samkeppnisstofnun og starfsmönnum hennar yrði helst líkt

við afbrotadeild lögreglunnar og áttaði mig ekki á því hvernig hann kom þeirri líkingu heim og saman við heilbrigðan atvinnurekstur hér á landi.

Að síðustu vil ég aðeins segja að það kom ekki á óvart þegar hv. þm. gerði það að umræðuefni og virtist undrandi að ég skyldi hafa talið að Stöð 2 og Ríkisútvarpið hefðu misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Við getum kannski velt upp þeirri spurningu hvernig á því geti staðið að við Íslendingar höfum ekki tækifæri til að horfa á sjónvarpsstöð frá öðrum Norðurlöndum, hvorki Danmörku, Svíþjóð né Noregi. Það skyldi nú ekki vera að ýmsir Íslendingar hefðu áhuga á því og þá skulum við velta því fyrir okkur hvað það er sem kemur í veg fyrir að hægt sé að verða við þeim þörfum neytenda. Það er auðvitað fákeppnin á sjónvarpsmarkaðnum, áhugaleysi þeirra sem ráða stefnu Stöðvar 2 og Ríkisútvarpsins á að leyfa okkur Íslendingum að koma inn í samfélag annarra Norðurlanda með þeim hætti sem ég var að lýsa.

[15:51]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta hafi kannski ekki verið til þess fallið að skýra málið. En ég vildi aðeins koma hér upp og nefna af því að hæstv. forseti Alþingis, sem tekur þátt í þessari umræðu og er reyndar eini sjálfstæðismaðurinn sem tekur þátt í henni, ber saman umboðsmann Alþingis annars vegar og Samkeppnisstofnun hins vegar. Það er örlítið sorglegt að hæstv. forseti sem yfirmaður umboðsmanns Alþingis, en umboðsmaður heyrir undir Alþingi, skuli tala með þessum hætti því að umboðsmaður Alþingis hefur allt annað hlutverk en Samkeppnisstofnun. Umboðsmaður Alþingis hefur fyrst og fremst það hlutverk að fjalla um ágreining sem kemur upp milli einstaklings og stjórnsýslunnar. Það hefur ekki neitt eftirlitshlutverk umfram það sem kemur á borð til hans og hann tekur upp að eigin frumkvæði, en hann hefur ekkert sektarvald né slíkt. Þessar stofnanir eru svo eðlisólíkar að það er dálítið sorglegt að hæstv. forseti skuli bera þær saman og kannski er það sökum þess að hæstv. forseti hefur ekki alveg kynnt sér í þaula þann mun sem er á þeim stofnunum en þær eru á engan hátt sambærilegar og þess vegna held ég að það þjóni ekki neinum tilgangi að halda umræðunni áfram á þessum nótum.

[15:53]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka fram að það er óviðeigandi þó að ég taki þátt í almennum umræðum að kalla mig forseta Alþingis í því samhengi. Það er annar maður sem gegnir því embætti meðan ég er í ræðustól í almennum umræðum um frv.

Í öðru lagi vil ég segja að þessi síðasta ræða hv. þm. kom mér mjög mikið á óvart vegna þess að hann hefur greinilega verið að velta því fyrir sér hvort þessar tvær stofnanir, Samkeppnisstofnun og umboðsmaður Alþingis, væru nákvæmlega eins en hlaut auðvitað að komast að þeirri niðurstöðu að svo er ekki.

Ég var á hinn bóginn að vekja athygli á því að virðing umboðsmanns Alþingis og það traust sem til hans er borið er mjög mikið vegna þess að umboðsmaður hefur farið vel með vald sitt og embætti, og forðast að lenda í innihaldslausum stælum um dægurmál.

Ég vil í þriðja lagi vekja athygli á því að ég beindi þeirri fyrirspurn til 1. flm. hvort hann teldi eðlilegt að embættismenn Samkeppnisstofnunar gætu dregið til baka úrskurð samkeppnisráðs einhliða án þess að samkeppnisráði sé um það kunnugt og án þess að nokkuð sé um það bókað. Þetta er auðvitað efnislega mjög skýr og hrein spurning. Þetta atvik hefur komið fyrir. Embættismenn Samkeppnisstofnunar hafa ógilt og dregið til baka úrskurð samkeppnisráðs. Ég óska eftir því að fá að vita hvaða skoðanir hv. þm. hefur á því.

[15:55]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef sagt það áður að ég veit ekki hvaða tilgangi það þjónar að halda þessari umræðu áfram. Ég gerði það vísvitandi að láta það niður falla að svara þeirri spurningu sem hv. þm. ítrekaði áðan. En ég verð að segja það, virðulegi forseti, að Samkeppnisstofnun afturkallar ekki úrskurði samkeppnisrsáðs. Og ef hv. þm. er að halda því fram að það hafi gerst í einhverjum tilvikum, þá er hann knúinn til að segja dæmi þar um. Hv. þm. getur ekki borið fram spurningar af þessum toga án þess að færa rök fyrir því hvað hann er að tala um. Það er erfitt að tala við hv. þm. hvort heldur er í ræðu eða í andsvari ef þetta er allt meira og minna á einhverju dulmáli sem enginn skilur.

Virðulegur forseti. Ég kalla bara eftir því að hv. þm. komi hér upp og segi okkur sem ekki vitum í hvaða tilfellum Samkeppnisstofnun, þ.e. stofnunin, embættismennirnir sem slíkir, hafi afturkallað úrskurð samkeppnisráðs því að samkeppnisráð er úrskurðaraðili stofnunarinnar. Niðurstaðan er fengin í samkeppnisráði. Það er sá úrskurður sem síðan er kæranlegur til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkeppnisstofnun fellir ekki úrskurð, það er samkeppnisráð. Hafi hv. þm. dæmi um þetta, þá er mjög mikilvægt að hann nefndi þau í stað þess að halda áfram þessari ferð án nokkurs fyrirheits.

[15:57]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði hef ég dæmi um það. Það er úrskurður má ég segja frekar en tilmæli, í þessu efnisatriði skiptir það ekki máli, þar sem fjallað var um málefni Landssímans og dregin til baka af embættismönnum Samkeppnisstofnunar án þess að það yrði borið undir samkeppnisráð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 98. mál (stjórnsýsluleg staða, valdheimildir, o.fl.). — Þskj. 99.

[15:58]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga sem ég mæli fyrir er þriðja þingmál Samfylkingarinnar sem hér er til umræðu í dag. Sú þróun sem hefur verið á fjármagnsmarkaði á Íslandi hefur kallað fram mjög mikla umræðu um stöðu hans og hvernig menn vilja sjá tryggt eftirlit og dreifða eignaraðild. Þingflokkur Samfylkingarinnar lagði í sumar mjög mikla vinnu í að skoða með hvaða hætti við teldum best staðið að málum.

Við flytjum í dag þrjú þingmál sem eiga að stuðla að jafnræði og réttlæti gegn fákeppni og sérhagsmunum, eins og við höfum orðað það, og dreifðri eignaraðild. Við höfum talið eðlilegra og réttara að fara þá leið að Alþingi setji

leikreglurnar og tryggi öflugt eftirlit heldur en að flytja frv. sérstaklega um hámark eignaraðildar. Við teljum að sú reynsla sem fengist hefur, m.a. af lögum um stjórn fiskveiða þar sem ákvæði er um dreifða eignaraðild eða takmarkaða eignaraðild hafi ekki skilað sér.

Í þessum þremur þingmálum sem við flytjum, ásamt reyndar tveimur öðrum, birtast hugmyndir þingflokksins um það á hvern hátt við viljum sjá íslenskan fjármálamarkað þróast auk þess sem rík áhersla er lögð á að efla samkeppnislögin, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, þannig að samkeppnisyfirvöld geti rækt hlutverk sitt í samræmi við þau markmið sem stefnt er að í núgildandi samkeppnislögum.

Fyrir utan það frv. sem var síðast rætt þá erum við með tillögur um viðskiptasiðferði þar sem við leggjum til að viðskrh. hlutist til um að allar fjármálastofnanir setji sér siðareglur. Síðan er frv. sem hér er mælt fyrir, þ.e. um Fjármálaeftirlitið þar sem meginmarkmiðið er að Fjármálaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun og opinbert eftirlit með að fjármálastarfsemin verði styrkt frá því sem nú er og auknar heimildir Fjármálaeftirlits til inngripa, upplýsingaöflunar og sektarákvæða.

Virðulegi forseti. Tiltölulega stutt er síðan lög voru sett um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þar sem bankaeftirlit Seðlabankans og Vátryggingaeftirlitið voru sameinuð undir einn hatt í Fjármálaeftirlitið. Þá var ekki um það að ræða þegar það frv. varð að lögum að settar væru nýjar reglur sem tækju mið af þeim miklu breytingum sem höfðu orðið á fjármagnsmarkaðnum heldur var fyrst og fremst um það að ræða að þær reglur sem höfðu verið í gildi hjá bankaeftirliti Seðlabankans og hjá tryggingaeftirlitinu voru samræmdar og settar inn í lagafrv. sem var síðan samþykkt. Menn höfðu uppi orð um það þá, hv. þingmenn, að það þyrfti að endurskoða í ljósi reynslunnar lögin um eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þó ekki sé langt síðan þessi lög tóku gildi hafa þegar komið fram ágallar á þeim sem ég tel rétt að verði lagfærðir. Í frv. er tekið á helstu göllum sem við teljum að þurfi að færa til betri vegar. Ég tek fram að í þá vinnu sem þingflokkur Samfylkingar lagði í þessi mál í sumar fengum við til fundar við okkur marga sérfræðinga frá fjármagnsmarkaðnum og við tókum tillit til þeirra ábendinga sem þar komu fram.

Þær breytingar sem við leggjum til eru helstar þær að í 1. gr. er lagt til að kveðið verði skýrar á um stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins. Lögð er áhersla á að Fjármálaeftirlitið sé sjálfstæð og óháð ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn. Í frumvarpi til laga um eftirlit með fjármálastarfsemi sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi, 560. máli, þskj. 951, var tekið fram að stofnunin heyrði undir viðskiptaráðherra en hins vegar var tekið mjög skýrt fram að hann hefði ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar væru hjá stofnuninni. Samkvæmt tillögu efnahags- og viðskiptanefndar voru samþykktar breytingar á frumvarpstextanum sem gerðu það að verkum að lokamálsliður 3. gr. sagði aðeins að stofnunin heyrði undir viðskiptaráðherra. Það var sem sagt fellt út að ráðherra hefði ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar væru hjá stofnuninni. Í nefndaráliti í þskj. 1313 kom fram að nefndin teldi stofnunina vera sjálfstæða og að ekki þætti ástæða til að geta þess sérstaklega í lagatextanum að ráðherra hafi ekki afskipti af einstökum málum. Af 17. gr. laganna um kærunefnd er ljóst að ekkert kærusamband er á milli Fjármálaeftirlits og ráðherra en það ætti að tryggja faglegt sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart ráðherra. Þrátt fyrir þetta er mjög mikilvægt að eyða allri óvissu um stöðu stofnunarinnar og kveða skýrar á um sjálfstæði hennar en gert er í lögunum.

Í 2. gr. er lagt til að heimildir Fjármálaeftirlitsins verði gerðar víðtækari og er gert ráð fyrir að það hafi almenna heimild til að kalla fyrir sig aðila til skýrslugjafar líkt og gildir við skattrannsóknir. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi almenna heimild til að leggja hald á gögn í samræmi við lög um meðferð opinberra mála.

Í 3. gr. er lagt til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á dagsektir verði styrkt. Í greininni felst meðal annars að ef aðili vanrækir að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar með tilkynningu samkvæmt lögum geti það knúið fram upplýsingar með beitingu dagsekta. Gert er ráð fyrir að viðskiptaráðherra setji reglugerð í samráði við Fjármálaeftirlitið sem kveði nánar á um ákvörðun dagsekta, m.a. um fjárhæðir.

Í 4. gr. felst nýmæli um að viðskiptaráðherra skuli gefa Alþingi skýrslu á hverju ári um störf Fjármálaeftirlitsins.

Í 5. gr. er lagt til að viðurlög við brotum á lögunum verði hert og svipar ákvæðinu til viðurlagaákvæða XIII. kafla samkeppnislaga.

Loks er í 6. gr. að finna bráðabirgðaákvæði sem skyldar viðskiptaráðherra til að leggja fram frumvarp sem styrki enn frekar stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðulegi forseti. Í greinargerðinni segir um markmið þessara laga, með leyfi forseta:

„Með setningu laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var ákveðið að sameina opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi í einni stofnun, Fjármálaeftirlitinu. Lögin fólu ekki í sér neinar afgerandi breytingar á valdheimildum eða úrræðum, svo sem til ákvörðunar dagsekta, heldur var byggt á þeim reglum sem giltu um bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og starfsemi Vátryggingaeftirlitsins. Frekari útvíkkun á heimildum Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirliti eða beita dagsektum átti að móta síðar í ljósi reynslunnar og breyttra starfshátta á fjármagnsmarkaði. Þótt tiltölulega stuttur tími sé liðinn frá því að Fjármálaeftirlitið tók til starfa er ljóst að miklar og örar breytingar hafa orðið á fjármálamarkaðnum. Nú þegar hafa komið upp tilvik þar sem lagalegar heimildir Fjármálaeftirlitsins til að sinna eftirliti og aðhaldi hafa reynst ófullnægjandi.

Ljóst er að styrkja þarf nú þegar stöðu Fjármálaeftirlitsins og auka sjálfstæði þess. Skilgreina þarf með skýrum hætti verkaskiptingu Fjármálaeftirlits og ráðuneyta. Þá þarf að auka heimildir Fjármálaeftirlitsins til að kalla eftir upplýsingum frá eftirlitsskyldum aðilum og öðrum þeim sem kunna að hafa upplýsingar er tengjast viðkomandi og taldar eru skipta máli eða geta haft áhrif á meðferð og niðurstöðu máls sem til meðferðar er hjá Fjármálaeftirlitinu. Hér er t.d. átt við aðgang að upplýsingum frá þeim sem fara með eignarhlut í viðkomandi fyrirtæki og upplýsingum um dótturfyrirtæki og hlutdeildarfyrirtæki eftirlitsskyldra aðila. Þá er ljóst að styrkja þarf heimildir Fjármálaeftirlitsins til að knýja á um skil á upplýsingum sem farið hefur verið fram á og jafnframt þarf að styrkja heimildir til að fylgja eftir kröfum um úrbætur í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að endurskoða gildandi ákvæði um dagsektir.

Miklar breytingar hafa orðið á fjármagnsmarkaði á undanförnum árum. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er mikilvægt á tímum þessarar öru þróunar. Það er skylda og á ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja að skipuleggja starfsemi sína

þannig að fyrir hendi sé virk áhættustýring, innra eftirlit og að fylgt sé lögum og reglum um fjármálastarfsemi.

Eitt af meginverkefnum Fjármálaeftirlitsins er að hafa eftirlit með því að innra skipulag og innra eftirlit fjármálafyrirtækja sé eins og best verður á kosið. Það er hins vegar er ljóst að styrkja þarf stöðu og sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins til þess að geta sinnt lögboðnu hlutverki og auka þarf heimildir til afskipta ef á þarf að halda. Virkt eftirlit Fjármálaeftirlitsins getur skipt miklu um þróun og skipulag fjármagnsmarkaðarins.

Markmiðið þessa frumvarps er að styrkja stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins og valdheimildir þess."

Virðulegi forseti. Hér hefur verið mikil umræða í dag um samkeppnislög og Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð og margt af því sem þar hefur verið sagt má í raun og veru yfirfæra á hlutverk Fjármálaeftirlitsins en það er alveg klárlega ljóst í hugum allra að í þeirri öru þróun sem er á fjármagnsmarkaðnum í dag er mjög mikilvægt að Fjármálaeftirlitið sé virkt. Þetta frv. felur í sér styrkingu Fjármálaeftirlitsins. Það getur hugsanlega falið í sér einhvern kostnað og því miður vannst ekki tími til þess eða var ekki farið í þá vinnu að láta meta það sérstaklega en mér sýnist að þarna gæti verið um að ræða einhver stöðugildi sem þyrfti að bæta við inn í Fjármálaeftirlitið þannig að það gæti haft í för með sér kostnað upp á 10–15 millj. hvað lýtur að nýjum stöðugildum. Um annan kostnað er óljóst.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, óska eftir því að þetta frv. fari til vinnslu í efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

[16:09]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir mjörg margt af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Þó er eitt sem ég vil undirstrika og mér fannst gæta örlítils misskilnings hjá hv. þm. Það er að engin ástæða er til þess að auka sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið er algerlega sjálfstætt og hefur hvað sjálfstæði varðar alla möguleika til þess að takast á við þau vandamál og vandkvæði sem upp koma á fjármálamarkaði.

Hins vegar er ég þeim hluta ræðu hv. þm. algerlega sammála að það þarf, þrátt fyrir að ekki sé langt um liðið frá því að lögin um Fjármálaeftirlitið voru sett þegar Vátryggingaeftirlitið og bankaeftirlitið voru sameinuð í Fjármálaeftirlitinu, að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins frá því sem er í dag. Ég tek undir það. Allflest af því sem í þessu frv. er eru hlutir sem ég er núna nákvæmlega að láta skoða með hvaða hætti við eigum að efla og treysta Fjármálaeftirlitið því það er rétt eins og fram kom í ræðu hv. þm. að í ljósi reynslunnar á því sem hefur verið að gerast á íslenskum fjármagnsmarkaði vegna hinna öru breytinga og þeirrar þróunar sem þar er, þá eru ýmiss konar hlutir sem hafa verið að koma upp sem gera það að verkum að það er nú þegar komið í ljós að Fjármálaeftirlitið þarf að hafa víðtækari heimildir en það hefur í dag. Þar af leiðandi fara skoðanir ríkisstjórnarinnar og Samfylkingarinnar algerlega saman í þessum efnum.

Ég hef sagt og það hefur komið fram að strax eftir hléið, sem nú verður á störfum þingsins vegna heimsókna þingmanna í þingkjördæmi, mun ég leggja fram á Alþingi frv. til breytinga á lögum um Fjármálaeftirlitið nákvæmlega í þá veru sem var verið að boða í þessu frv. sem hérna er. Þegar ég segi nákvæmlega, þá er það efnislega þannig en ekki að ég sé tilbúinn til að lýsa því yfir að allar einstakar greinar sem hér eru boðaðar fari beint inn í það frv.

[16:12]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þær undirtektir og þann skilning sem hann hefur á nauðsyn þess að efla Fjármálaeftirlitið og hlutverk þess og veita því víðtækari heimildir.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið mjög skýrt á um að Fjármálaeftirlitið verði algerlega sjálfstæð stofnun og það á sér fordæmi í öðrum lögum, núgildandi lögum um aðrar stofnanir. Ég efast ekki um að núv. hæstv. ráðherra hefur virt sjálfstæði þessarar stofnunar en ég tel ekki alveg jafnklárt að aðrir sem á eftir kunna að koma og sinna embætti viðskrh. virði þetta sjálfstæði eins og gert hefur verið frá því að lögin tóku gildi. Þess vegna og af þeim ástæðum eingöngu ákváðum við í þingflokki Samfylkingarinnar að taka af öll tvímæli þess efnis að Fjármálaeftirlitið væri sjálfstæð og óháð stofnun. Það yrði að vera þannig í framkvæmd. Það væri hluti af því að hún gæti rækt sitt hlutverk með skilvirkum hætti.

[16:13]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það með hv. þm. að það er algert lykilatriði í þessu að Fjármálaeftirlitið geti verið sjálfstætt. Ég vonast til þess að trúverðugleiki Fjármálaeftirlitsins í dag sé þannig að það hafi starfað með þeim hætti að það sé algerlega sjálfstætt. Það eina sem viðskrh. gerir í þessum efnum er að hann skipar stjórn fyrir ráðuneytið og einn aðili þar er tilnefndur frá bankastjórn Seðlabanka Íslands. Hinir tveir fulltrúarnir eru skipaðir af viðskrh. Það er raunverulega ekki hægt og menn leituðu mjög vel fyrir sér í þeim efnum hvort hægt væri að gera þetta með öðrum hætti og komust að þeirri niðurstöðu að þetta væri sú eina leið sem fær væri til þess að skipa stjórn fyrir eftirlitið. Þar eru algerlega óháðir fagaðilar sem skipaðir hafa verið í stjórnina.

Til að undirstrika sjálfstæði eftirlitsins er alveg skýrt að það er ekkert kærusamband á milli eftirlitsins og viðskrn. í þeim efnum. Það er eins konar undirstrikun á sjálfstæðinu. Um leið og minnsti grunur væri um að ekki væri um sjálfstæði eftirlitsins að ræða, sem ég tel að sé ekki til staðar í dag, og að Fjármálaeftirlitið hafi sýnt það í störfum sínum að það er algerlega sjálfstætt þá væri illa komið.

[16:15]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu minni var í upphaflega frv. sem hæstv. viðskrh. lagði fram á 122. löggjafarþingi tekið fram að stofnunin heyrði undir viðskrh. En það kom jafnframt fram í frv., til að taka af öll tvímæli, að hann hefði ekki afskipti af einstökum málum sem til umfjöllunar væru hjá stofnuninni. Eins og ég segi þá efa ég ekki að núv. hæstv. viðskrh. hefur virt sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins, en okkur finnst engu að síður rétt að taka af öll tvímæli.

Ég er sammála hæstv. ráðherra um að Fjármálaeftirlitið hefur á þeim stutta tíma sem það hefur starfað gengið tiltölulega vel þótt þar séu einhver atriði sem eru gagnrýni verð, fyrst og fremst vegna þess að þær heimildir sem Alþingi veitti á sínum tíma þegar lögin voru sett, t.d. til þess að kalla fram upplýsingar eða beita sektarákvæðum, hafa ekki verið eins víðtæk eins og þau þyrftu að vera.

Ég lýsi ánægju minni með að hæstv. ráðherra. skuli ætla að leggja fram frv. fljótlega eftir að Alþingi kemur saman

eftir svokallaða kjördæmaviku og býst við að þetta frv. ásamt því verði skoðað saman því að vafalaust geta þau frumvörp bætt hvort annað upp.

[16:17]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þetta verður óvenjustutt ræða af minni hálfu en þingskapanna vegna kemst ég ekki aftur upp í umræðu um andsvör. En til að leggja aftur áherslu á sjálfstæðið og til að undirstrika það enn frekar þá var það skynsamlegt spor sem menn stigu að mínu viti að sameina eftirlitið á einn stað, en það var þannig að bankaeftirlit var starfandi í Seðlabankanum og Vátryggingaeftirlit var starfandi sem þá um tíma heyrði undir heilbrrh. sem trmrh. en það var síðan fært árið 1993 yfir til viðskrh. Ég tel það hafa verið skynsamlegt spor og um það var tiltölulega góð sátt í þinginu.

En á meðan bankaeftirlitið var til voru haldnir reglulegir fundir milli viðskrn. og bankaeftirlitsins. Það þótti ágætisfyrirkomulag á þeim tíma þar sem þá var verið að kynna fyrir viðskrn. ýmsa þá hluti sem gætu hugsanlega verið að fara á verri veg á íslenskum fjármagnsmarkaði.

Auðvitað kunna slíkir fundir þegar þeir eru haldnir að vekja tortryggni að því leyti til að hugsanlega sé ráðuneyti að hafa einhver áhrif á þá skoðun sem bankaeftirlitið er með á hverjum tíma fyrir sig. Þessir fundir voru aflagðir og ákveðið að slíkir fundir ættu sér ekki stað eftir að Fjármálaeftirlitið var til einvörðungu í þeim tilgangi að undirstrika að stofnunin væri sjálfstæð og óháð. Hins vegar er það hlutverk Fjármálaeftirlitsins að tilkynna til viðskrn. ef einhver stór áföll eru fyrirsjáanleg og koma upp á íslenskum fjármagnsmarkaði. Sem betur fer hefur það í þennan stutta tíma sem Fjármálaeftirlitið hefur starfað enn ekki komið upp og það vil ég undirstrika.

[16:19]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að það hafi verið skynsamlegt spor að sameina bankaeftirlit Seðlabankans og Vátryggingaeftirlitið undir einn hatt og fara þá leið sem farin var þegar lögin um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi voru samþykkt. En hins vegar er alveg ljóst að þarna vantar inn heimildir bæði til að ná í upplýsingar og eins til að leggja á dagsektir þegar menn t.d. vanrækja tilkynningarskyldu eins og gerst hefur. Samfylkingin telur að nauðsynlegt sé að fjármálamarkaðurinn fái að þróast á grundvelli skýrra leikreglna þar sem hlutverk ríkisins er fyrst og fremst eftirlitshlutverk og að eftir gildandi leikreglum sé farið. Þannig megi koma í veg fyrir fákeppni og einokun. Við höfum ekki trú á því að leiðin sé sú að stjórnvöld eigi hverju sinni að ákveða hverjir eiga að fá að kaupa, hvenær og hversu mikið, heldur hitt að leikreglurnar séu skýrar og haft sé eftirlit með því að þeim sé framfylgt.

Í þeim anda eru þau þrjú þingmál sem við höfum mælt fyrir í dag. Þetta er niðurstaða sem við komumst að eftir mikla vinnu og ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með að hæstv. ráðherra hefur setið með okkur í umræðum í dag og tekið til máls og farið yfir þetta á málefnalegan hátt. Við eigum því ekki að venjast af öllum hæstv. ráðherrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:21]

Útbýting þingskjals:

Auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins, 119. mál, fsp. GE, þskj. 132.

Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, 1. umr.

Frv. GE, 15. mál. — Þskj. 15.

[16:22]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég hreyfi hér máli sem var mjög mikið til umræðu fyrir nokkrum árum. Það er fjöldi manns í samfélaginu sem hefur áhuga á þessum málum þó að það sé ekki að sjá hér í þingsal að þingmenn velti mikið fyrir sér því sem ég ætla að fara að ræða. Það er sem sagt frv. til laga um afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga.

Ég vil byrja á að þakka hæstv. viðskrh. fyrir að vera hér viðstaddur og leggja e.t.v. einhver orð í belg um þetta mál. Frumvarpsgreinin er svohljóðandi:

„Frá og með 1. janúar árið 2000 er öll verðtrygging fjárskuldbindinga með vísitölum óheimil, óháð stofntíma kröfunnar."

Ég sagði áðan, herra forseti, að þetta mál hefði verið mjög til umræðu. Meðal annars talaði núv. forseti Alþingis einhvern tíma á fjórða tíma um þessi mál og taldi mikla ástæðu til að afnema verðtryggingar fjárskuldbindinga og hafa aðra viðmiðun en er í dag og ég gæti hugsað mér ámóta viðmiðun svo sem eins og gengiskörfu sem uppbyggð væri af jeni, evru og dollar.

Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2000 verði óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, hverju nafni sem nefnast, t.d. innlán og útlán í bankakerfinu og viðskiptabréf hvers konar. Frumvarpið tekur jafnt til samninga sem gerðir eru eftir 1. júlí 1999 og samninga sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma. Verði frumvarpið að lögum munu verðtryggingarákvæði fjárskuldbindinga falla úr gildi. Af þeim sökum verða samningsaðilar að endurskoða slík ákvæði sem í gildi eru við gildistöku laganna."

Það má e.t.v. segja, herra forseti, að réttara hefði verið að leggja fram þáltill. og óska eftir því að sett væri á laggirnar nefnd til þess að endurskoða verðtryggingarákvæði fjárskuldbindinga. En til að vekja athygli á málinu og koma því í umræðu í hv. efh.- og viðskn. þá set ég málið svona fram. Ég tel nefnilega að verðtryggingar fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu sé mjög umhugsunarvert form og ég hef verið að velta því fyrir mér hvort lánskjaravísitala sé ekki meiri verðbólguhvati en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn og hann er háður mestum sveiflum í hagkerfi. Það má nefna það að vinnulaun eru reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er tekin af þeim með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðarlánum svo eitthvað sé nefnt.

Kaupgjaldsvísitalan er ekki notuð, var raunar afnumin með lögum og ég held að sterk rök þurfi fyrir að stætt sé á því að halda lánskjaravísitölunni svona eins og hún er. Og það má einnig, herra forseti, velta því fyrir sér hvort eðlilegt sé að ef útfararkostnaður hækkar þá gerist það að verðbætur á lánum aðstandenda hins látna hækka. Er þetta eðlilegt? Er það eðlilegt þegar um útfararkostnað er að ræða að hann hafi

áhrif á að erfingjar eða aðstandendur hins látna búi við hærri lán eða hærri skuldbindingar við það að útfararkostnaðurinn hækkar?

Ég flyt þetta frv. af því að ég hef sannfæringu fyrir því að nauðsynlegt sé að endurskoða grunn fyrir verðtryggingum fjárskuldbindinga og þarf ekki annað en vitna til skjala sem ég hef meðferðis og ætla að vitna til, með leyfi forseta. Þau eru af sama toga og hjá flestum skuldurum þessa lands. Ég er t.d. með skuldabréf sem hljóðar upp á upphafsskuld að upphæð 1.188 þús. kr. sem er með samtals 60 gjalddögum. Þetta skuldabréf hefur ávallt verið í skilum og það er komið nú þegar með 8% hækkun vísitölu og vísitalan fer ört hækkandi. Ég tel að skoða eigi svona mál.

Ég er með annað skuldabréf upp á 1.120 þús. kr. sem er frá því í október á sl. ári. 15. mars þegar var búið að greiða af láninu í fimm skipti hafði lánsupphæðin vaxið um 10.500 kr. Það er sem sagt algengt að vísitölustig er að hækka á sex mánaða fresti um 5,7–7 stig. Það eru engir smáaurar sem þarna eru í spilinu.

Ég má til með að nefna eitt dæmi til viðbótar, lán sem tekið er 1989 í ágúst. Það ár var lánskjaravísitalan upp á 2.557 stig en vísitalan 7. maí 1999 var 3.680 stig. Þá má lesa og vitna til þess á skjalinu hinu sama að 800 þús. kr. lánið er orðið að 1.151 þús. kr. Ég held að ástæða sé til að skoða slík mál.

Að síðustu, herra forseti, vil ég vitna til láns sem er tekið 17. febrúar 1999 upp á 3.720 þús. Búið er að greiða af því 51 þús. kr. á hverjum einasta mánuði síðan lánið var tekið og það er að sjálfsögðu í skilum. Búið er að greiða sem sagt 450 þús. kr. af láninu en lánsupphæðin frá því 17. febrúar er núna 3.703 þús. Þó er búið að greiða af því 450 þús. kr. Það er þess vegna sem ég hef orð á þessu. Þar sem um er að ræða *einstaklinga sem hafa lækkað í tekjum eiga þeir mjög* örðugt með að standa undir þeim skuldbindingum sem verðbindingin veldur. Ég held að ástæða sé til að rannsaka þessi mál, ekki síst einmitt vegna þeirra sem hafa lækkað í launum á meðan lánskjaravísitalan veður áfram og ég vil þá sérstaklega vitna til þeirra sem hafa farið út af almennum vinnumarkaði eða fengið minni launahækkanir en meðaltalshækkanir. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort í raun geti það ekki verið þannig að lánskjaravísitalan eins og hún er framkvæmd sé varasöm og hættulegur verðbólguvaldur.

Ég mælist til þess að að lokinni umræðu verði frv. vísað til hv. efh.- og viðskn.

[16:30]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég tek undir það hjá hv. þm. Gísla Einarssyni að það er dálítil synd að ekki skuli fleiri vera viðstaddir umræðuna um þetta mikilvæga mál. Einhvern tíma hefði það verið svo að hér hefðu margir tekið til máls um nákvæmlega þetta. Á undanförnum 20 árum eða svo hefur þetta mál oft á tíðum komið til umfjöllunar í þinginu þegar menn hafa reynt að skýra út bæði vandamál fyrirtækja og fjölskyldna í landinu.

Fljótlega eftir að ég varð viðskrh. 1995 lét ég skoða sérstaklega hvernig þessum hlutum væri háttað. Upp úr því lágu fyrir tillögur um hvernig menn ætluðu að reyna að komast út úr verðtryggingunni. Þær tillögur lágu fyrir frá Seðlabankanum. Ég féllst á þær tillögur og síðan í september 1995 hefur verið í gangi ferli sem byggist á því að um næstu áramót sé kominn af stað síðasti áfangi að þess að menn komist að fullu út úr verðtryggingu innlána en sjö ára bréf í útlánum væru hins vegar með verðtryggingu áfram.

Fyrir rúmu ári setti ég af stað nefnd til að fara ofan í það hvernig til hefði tekist. Allt sem menn áætluðu hefur gengið eftir, þ.e. allar viðmiðanir um afnám verðtryggingarinnar en það þurfti líka að meta hvort skynsamlegt væri að stíga næsta skref. Niðurstaða hópins var sú að ekki væri rétt að halda áfram að svo komnu máli.

Þá fannst mér rétt að doka við og ákvað að hrinda ekki síðasta áfanga málsins í framkvæmd um næstu áramót. Reyndar var niðurstaða nefndarinnar að ekki væri rétt að gera það. Ástæðan er sú að ég tel að á meðan við höfum ekki ákveðið að stíga næsta skref um áframhaldandi afnám og sú óvissa sé til staðar þá sé ekki hægt að hafa útlánin verðtryggð en innlán óverðtryggð. Það er meginástæðan fyrir því að ég tók þá ákvörðun að fresta gildistöku síðasta áfangans í því ferli sem menn settu upp árið 1995. Ég vil sjá hvað setur.

Mig langar til að vitna hér — þó ekki sé nema okkur þremur þingmönnum sem hér erum til fróðleiks — í nokkur atriði í fróðlegri skýrslu sem tekin var saman upp úr þeirri niðurstöðu sem ég var að lýsa áðan.

Það sem hefur verið að gerast á tímabilinu 1990–1998, þrátt fyrir að áðurnefnt ferli hafi verið í gangi, er að hlutfall verðtryggðra eigna í lánakerfinu hefur verið að aukast. Árið 1990 var þessi samsetning eigna í lánakerfinu þannig að 47% voru verðtryggð, 16% óverðtryggð og 37% í gengistryggingu. Núna eru verðtryggingarnar komnar upp í 52%, það sem er óverðtryggt er komið upp í 18% en það hefur dregið úr gengistryggingunum sem eru komnar niður í 30%. Með öðrum orðum: Þrátt fyrir að við höfum stigið skref út úr verðtryggingunni þá hafa viðbrögð markaðarins í raun verið þau að menn hafa fikrað sig inn á verðtrygginguna. Um leið að skuldbindingar hafa verið að aukast þá hefur það verið á kostnað gengistryggingarinnar. Menn hafa ekki viljað taka áhættuna í gengistryggingunum.

Ef við horfum á þetta og reynum að einangra, þetta var lánakerfið í heild sinni, og skoðum það síðan út frá skuldum heimilanna, þá voru 87,1% skulda heimilanna verðtryggð 1990 en 87,6% árið 1998. Þar verður maður strax var við að ferlið sem ég lýsti áðan, til að losna út úr verðtryggingunni, hafði áhrif vegna þess að 1995 var hlutfallið þannig að 90,7% af öllum skuldum heimilanna voru verðtryggð en er 1998 komið niður í 87,6%. Þar er ekki um neinar gengistryggingar að ræða þannig að þar hefur beinlínis verið um flutning á milli verðtryggingar og óverðtryggðra skulda að ræða. Þetta hefur því haft áhrif, það ferli sem þarna var sett upp, hvað þetta snertir.

Skuldir heimilanna skiptast þannig, og þá miðað við 1997, að 80 milljarðar kr. eru í bankakerfinu eða 21%. Í fjárfestingarlánasjóðunum eru 17 milljarðar eða 56%, í lífeyrissjóðum 40 milljarðar eða um 10%, í Lánasjóði ísl. námsmanna 38 milljarðar eða 10%, annað er upp á 11 milljarða eða 3%. Samtals eru þetta 386 milljarðar kr. Ég ætla ekki að rekja einstakar stærðir frekar við þessa umræðu. Reyndar er fróðlegt að bera saman einstaka flokka markaðsverðbréfa og bankabréfa en ég ætla ekki að eyða tímanum í það en koma aðeins inn á kosti þess og ókosti að vera með verðtryggingu, sem hér hafa verið settir í lista.

Rökin á móti verðtryggingunni eru í fyrsta lagi að hún sé tákn um ákveðinn óstöðugleika. Menn komu verðtryggingunni á við þær aðstæður er óstöðugleiki var í efnahagsmálum. Menn hafa sagt: Eftir að stöðugleikinn er orðinn til staðar er

þá ekki hægt að fikra sig út? Ég kem aðeins betur inn á það á eftir.

Verðtryggingin er litin hornauga af erlendum fjárfestum. Menn þekkja þá sögu og óþarfi að rifja það upp. Þegar erlendir fjárfestar koma hingað og velta fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að fjárfesta í íslenskum bankabréfum sem eru verðtryggð þá vaknar oft spurningin: Hvað eigið þið við með þessari verðtryggingu? Hver er þessi vísitala, hver er þessi lánskjaravísitala? Þegar það er útskýrt þá er næsta spurning: Hafa menn einhvern tíma gert einhverjar breytingar á henni? Já, já, niðurstaðan er sú að það er alltaf verið eitthvað að krukka í hana. Þá segja menn: Nei, ekki svona pappíra fyrir mig, takk. Þetta er kannski ein ástæðan fyrir því hve erfiðlega hefur gengið að koma verðbréfum á markað erlendis.

Þetta hefur skaðað lánshæfismat þjóðarinnar. Verðtryggingin hefur leitt til andvaraleysis í hagstjórn. Sjálfvirkni með verðtryggingu kemur í veg fyrir eðlilega sveiflujöfnun á mörkuðum. Hún skapar mikla rekstraráhættu fyrir bankana, leiðir til tvöfalds vaxtakerfis, setur áhættu á skuldarann, misvægi í þróun launa og verðlags og ýmsir utanaðkomandi þættir hafa þannig sjálfvirkt áhrif á lánskjörin.

Það er alveg klárt að það eru veigamikil rök á móti verðtryggingunni og ekki bara það sem hv. þm. kom inn á áðan. Mér finnst það ekki nægjanleg rök fyrir afnámi hennar að skoða greiðsluseðla. Það mætti líka skoða greiðsluseðla og segja: Hvernig litu þeir út ef verðtryggingin hefði ekki komið til, ef bara hefðu verið vextirnir? Ég kem kannski aðeins inn á það á eftir.

Kostirnir eru hins vegar þeir að lánveitandinn losnar við verðbólguáhættuna. Þegar verðbólgan er lág og við komin með talsverðan stöðugleika þá ætti það í sjálfu sér að vera í lagi, þ.e. að meðaltali eru verðtryggðu fjárskuldbindingarnar um 2% lægri hér á landi en ef þær væru óverðtryggðar.

Lánveitandinn veitir verðtryggð lán til lengri tíma en þau óverðtryggðu. Það er út af áhættunni. Við þyrftum að búa við skemmri lánstíma ef við værum ekki með verðtrygginguna. Afnám verðtryggingar mundi þar af leiðandi leiða til styttri lánstíma, hærri raunvaxta og þar með hærri greiðslubyrði af lánum. Þetta er kannski meginástæðan fyrir því að ég vildi doka við. Þegar maður skoðar — og það verða síðustu orð mín hér — samanburðinn á raunvöxtum frá 1990 til ársins 1997, annars vegar á óverðtryggðum lánum og hins vegar á verðtryggðum lánum, þá kemur í ljós, því miður, að raunvaxtabyrðin er á bilinu 2–3% meiri á óverðtryggðum lánunum en á þeim verðtryggðu. Þá þurfum við að meta stöðuna kalt. Erum við tilbúin til þess að stíga skrefið út úr verðtryggingunni á þessari stundu og leggja á fólk og fyrirtæki í landinu 2% meiri vaxtabyrði en menn hafa borið að meðaltali frá 1990–1997?

Þarna miða ég við mjög skamman tíma. Við höfum heldur ekki langa sögu í þessum verðtryggingarmálum öllum. Þetta gefur kannski ekki nákvæmlega rétta mynd af því hvernig þetta muni þróast þegar til lengri tíma er litið. Ég tek þennan tíma ekki af því að hann er hentugur heldur bara af því þetta er tími sem við höfum greinargott yfirlit yfir þetta atriði. Við erum með 2–3% hærri vexti, hærri greiðslubyrði vaxta á óverðtryggðum skuldum en verðtryggðum. Það er þess vegna sem ég vara við að stíga skrefið. Ég er í sjálfu sér talsmaður þess að við fikrum okkur út úr þessu eins og ég lýsti hér áðan en ég vara við að stíga skrefið núna ef það mundi leiða til þess arna.

[16:43]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir mjög greinargóðar upplýsingar og gott svar við þessu framlögðu frv. Þetta var ágætis fróðleikur fyrir mig. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir sumu af því sem hæstv. ráðherra talaði um en mér var alveg ljóst að ókostir verðtryggingar eru m.a. að hún er sett upp vegna óstöðugleika. Það virkar illa fyrir erlenda viðskiptaaðila. Þetta hef ég orðið var við fyrir löngu síðan.

Það sem ég hafði kannski mestar áhyggjur af og nefndi í ræðu minni var að þeir sem hafa lækkað í launum eða hafa laun sem hafa hækkað minna en meðaltalshækkun standa verr að vígi með lán sín en almennt gengur og gerist. Mér var ljóst að raunvextir væru nokkru hærri en ég hafði líka áhyggjur af einu til viðbótar sem hæstv. ráðherra nefndi ekki, þ.e. verðbólgunni, áhrifum verðtryggingar á verðbólgu. En í rauninni er fjármagn miklu lausara í bönkunum þegar það er verðtryggt og það getur vel hafa komið sér vel.

Ég hef einnig áhyggjur af því að skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimila hafa vaxið frá árinu 1988 úr 60% af ráðstöfunartekjum upp í 140%. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort þar séu tengsl við þessi löngu verðtryggðu lán. Mér er það ekki alveg ljóst.

[16:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það má auðvitað velta þeim hlutum fyrir sér. En þegar við veltum því fyrir okkur þá verða menn að gera sér grein fyrir því að við verðum að verðtryggja, hvort sem það er gert með beinni verðtryggingu eða háum vöxtum. Við verðum í raun að verðtryggja innstæður fólks í landinu, sparnað almennings. Þetta held ég að við séum allir orðnir sammála um.

Ef við ætlum að gera það þá komum við strax að þessu að það er auðvitað rétt að maður sér það frá árinu 1988 að skuldir heimilanna hafa stóraukist sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Sem betur fer held ég að ég megi fullyrða að á síðustu tveimur árum hafi dregið úr hækkuninni. Það hefur ekki lækkað heldur hefur dregið úr þessum mikla vexti. Það er tilkomið vegna þess að ráðstöfunartekjurnar hafa hækkað örlítið hraðar en lánskjaravísitalan á þessum tíma. En þegar við erum búin að ákveða að tryggja þessar skuldbindingar allar saman, bæði innlánin og útlánin hvort sem það er með verðtryggingunni eða vöxtunum, þá gerist þetta svo lengi sem við höldum áfram að taka lánin. Það er kannski okkar stærsta vandamál þessa stundina hversu útlánaaukningin hefur orðið hrikalega mikil á undanförnu einu eða tveimur árum. Við þurfum að koma sparnaðarhugsun þarna inn til þess að draga úr lántöku.

[16:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við höfum rætt þetta mál áður og munum væntanlega ræða það aftur. Síðast þegar við ræddum það fór ég í gegnum það eins og hæstv. viðskrh. gerði hér áðan, að vextir af óverðtryggðum lánum hafa frá því að vextir voru gefnir frjálsir ætíð verið hærri en vextir af verðtryggðum lánum þó að maður taki verðtrygginguna með. Verðtryggð lán hafa því verið skuldurunum hagstæðari en óverðtryggð lán. Ég tala nú ekki um hagsmuni sparifjáreigenda og þeirra sem leggja fé til, að vera öruggir um að fá sína peninga verðtryggða til baka. Enda er það svo að víða erlendis eru menn í auknum mæli að taka upp verðtryggingu, sérstaklega

á langtímalánum, þar sem það minnkar áhættu beggja aðila, bæði skuldarans og þess sem leggur peningana fram.

Herra forseti. Hv. þm. gat um að gengistrygging gæti verið ákveðin lausn á þessum vanda. En þá verður líka að taka með í dæmið að í erlendum myntum er líka verðbólga. Það er meiri eða minni verðbólga í öllum löndum heims. Þess vegna rýrnar gjaldeyrir líka að meðaltali þannig að vextir af slíku yrðu að vera hærri en vextir af verðtryggðum lánum auk þess sem vísitalan hefur tilhneigingu til þess að yfirmeta verðbólguna eins og ég hef nefnt áður, þ.e. neytandinn flýr yfir í ódýrari vörur þegar verð á einni vöru hækkar, en vísitalan mælir ekki þennan flótta.

Herra forseti. Hér hefur verið rætt um samspil verðbólgu og verðtryggingar. Ég er sannfærður um það að þegar verðtryggingin var tekin upp og varð almenn, þá höfðu skuldarar sem eru mjög valdamiklir í þessu landi, ekki lengur hag af því að verðbólgan hélt áfram. Ég hugsa því að hluti af þeirri verðbólgu sem var hér áður fyrr, þeirri geysiverðbólgu sem var hérna, hafi verið vegna þess að mjög margir aðilar í þjóðfélaginu höfðu hreinlega hag af því að verðbólgan héldi áfram. En eftir að verðtryggingin var tekin upp þá höfðu menn ekki lengur hag af því. Ég hugsa að forsenda þess að verðbólgan hjaðnaði hafi verið mikil útbreiðsla verðtryggingar. Hins vegar eru til kenningar um það að verðtrygging geti verið mjög hættuleg í verðbólguþjóðfélagi því að hún getur myndað spíral, þ.e. það getur komið verðbólga í verðtrygginguna. Og það er mjög hættulegt.

En hér á landi er verðtryggingin nánast forsenda fyrir langtímalánum vegna þess að sparifjáreigandinn er svo illa brenndur af verðbólgunni að hann leggur ekki peningana til hliðar til langs tíma, bindur þá í langan tíma nema hafa verðtryggingu.

Hér hefur verið rætt um skuldir heimilanna og því kennt um kannski að lánin séu verðtryggð. Það er allt annar handleggur. Ég hef margoft lýst því yfir að skuldir heimilanna stafa að mínu mati að miklu leyti af því að fólk er hvatt til að skulda. Með vaxtabótunum í skattkerfinu er hreinlega sagt við fólk: Taktu meiri lán. Ríkið borgar vextina fyrir þig. Þannig er þetta líka í reynd á vissu tekju- og eignabili að ríkið borgar vextina. Það skiptir ekki máli hvað menn kaupa dýrt. Greiðslubyrðin er nánast sú sama. Það er því mikill hvati í skattkerfinu til þess að auka skuldir.

Herra forseti. Hér er talað um það að afnema verðtryggingu fjárskuldbindinga frá og með 1. janúar árið 2000 bara á einu bretti og það meira að segja óháð stofnunartíma kröfunnar. Það sem menn mega ekki gleyma í þessu sambandi er að þetta mundi aldeilis rústa lífeyrissjóðakerfið. Verðtrygging lífeyris var tekin upp og það var hægt að taka hana upp vegna þess að það var búið að verðtryggja allar eignir lífeyrissjóðanna meira og minna. Það er einmitt einkenni á lífeyrissjóðunum að þeir geta borgað verðtryggðan lífeyri, sem er þá verðtryggður miðað við neysluvísitölu, vegna þess að skuldbindingarnar eru verðtryggðar. Þeir gætu það ekki annars. Það yrði að setja mjög mikil öryggisálög á lífeyrissjóðina sem leiddi til þess að þeir þyrftu að skerða lífeyri ef ekki væri um þessa verðtryggingu að ræða.

Það er svo aftur önnur saga sem hefur lítið komið inn í umræðuna að allur lífeyrir landsmanna hækkar eins og verðlag, eins og neysluvísitalan, en ekki eins og laun. Þar af leiðandi er hagur allra þeirra sem njóta lífeyris úr lífeyrissjóðunum ekki eins góður og batnar ekki eins vel og hagur þeirra sem taka laun. En þetta var vitað þegar lífeyrissjóðirnir tóku upp verðtrygginguna. Á þetta atriði var bent, að laun mundu hækka meira en vísitalan og þess vegna er ávöxtunarkrafa í útreikningum á skuldbindingum lífeyrissjóðanna 3,5% í staðinn fyrir 2% sem það þyrfti ella að vera. En ef við reiknuðum með því að skuldbindingar lífeyrissjóðanna, og þar með lífeyririnn, hækkuðu eins og laun, þá yrði að skerða lífeyrinn allverulega þegar í stað. Sú ákvörðun að lífeyrir hækkar minna en verðlag var tekin meðvituð á sínum tíma til þess að geta borgað þó þennan góða lífeyri sem lífeyrissjóðirnir eru að borga.

Að öðru leyti vil ég ekki fara nánar út í þetta. Þetta er frv. sem ég held að eigi ekki rétt á sér. Verðbólgan er að lækka. Það er ekki lengur eins mikil þörf á því að afnema verðtrygginguna. Svo er það spurningin: Af hverju vill fólk taka verðtryggt lán og af hverju vill fólk leggja inn verðtryggt? Af hverju má fólk ekki bara gera það sem það vill ef það telur það skynsamlegt og þetta truflar ekki nokkurn mann?

[16:54]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Það fer ekki á milli mála að þingmaðurinn hefur manna mest vit á þessum fjármálum og áhrifum af verðbindingum. Ég vil þó benda á varðandi vaxtabótalán sem þingmaðurinn nefndi og vaxtabætur, að það er ekki nema hluti landsmanna sem á þess kost að komast inn í það kerfi að taka hagstæð lán hjá Íbúðalánasjóði og jafnvel ávaxta þau, því að ég skildi það sem svo að verið væri að nota kerfið á þann veg að einhverju leyti.

Svo vil ég líka leiðrétta það að verðbólga hefur verið vaxandi. Hún hefur ekki verið að lækka. Hún hefur verið vaxandi. Ég segi bara alveg eins og er að ég vona að við höfum ekki náð það hátt að við séum komin í skrúfuna sem gerir það að verkum að verðtryggingarnar auki verðbólgu. Ég ræddi þetta mál við hæstv. viðskrh. rétt áðan en hann kom ekki mikið inn á verðbólguáhrifin eða verðbólguaðgerðirnar eða verðbólguna eins og hún verður til af þessum bindingum.

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem varð og vona að hv. efh.- og viðskn. taki þetta mál til umfjöllunar því að á hverjum tíma er nauðsynlegt að skoða stöðuna og það er fyrst og fremst tilgangur minn með flutningi þessa frv. Eins og ég sagði áðan þá hefði ég e.t.v. átt að flytja frv. um að skipa nefnd til að skoða málið. En ég treysti efh.- og viðskn. fyllilega til að taka málið til umfjöllunar. Ef það er ástæða til að gera breytingar varðandi þessar verðbindingar, þá mun hún leggja það til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8. mál.

Fundi slitið kl. 16:59.

16. FUNDUR

mánudaginn 1. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, frv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Samkeppnislög, frv., 90. mál, þskj. 90. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Eftirlit með fjármálastarfsemi, frv., 98. mál, þskj. 99. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 59. mál, þskj. 59. — 1. umr.
6. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.
7. Almannatryggingar, frv., 71. mál, þskj. 71. — 1. umr.
8. Málefni innflytjenda á Íslandi, þáltill., 91. mál, þskj. 91. — Fyrri umr.
9. Lágmarkslaun, frv., 94. mál, þskj. 95. — 1. umr.
10. Umferðarlög, frv., 95. mál, þskj. 96. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 120. mál, þáltill. SJS og ÖJ, þskj. 133.

Bætt réttarstaða barna, 118. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 130.

Eignir, skuldir og aflaverðmæti í sjávarútvegi, 45. mál, svar sjútvrh., þskj. 131.

Einkavæðing fjármálastofnana, 38. mál, svar viðskrh., þskj. 121.

Fjarskipti, 122. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 143.

Frádráttur gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta, 77. mál, svar fjmrh., þskj. 138.

Gjaldtökur og þóknanir hjá Landsbanka og Búnaðarbanka, 85. mál, svar viðskrh., þskj. 137.

Kampýlóbaktersmit á Íslandi, 32. mál, svar heilbrrh., þskj. 134.

Útlán innlánsstofnana, 83. mál, svar viðskrh., þskj. 136.

Varamenn taka þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi, Mörður Árnason íslenskufræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv."

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því að Árni Gunnarsson, 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Virðingarfyllst,
Páll Pétursson."

Árni Gunnarsson og Mörður Árnason hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru þeir boðnir velkomnir til starfa.

Enn fremur hafa borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Austurlandskjördæmi, Gunnar Ólafsson framhaldsskólakennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Þuríður Backman, 5. þm. Austurl."

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv."

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Reykn., Páll Magnússon framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Siv Friðleifsdóttir, 7. þm. Reykn."

„Þar sem ég verð erlendis í opinberum erindum og get að auki ekki sótt þingfundi í nokkra daga leyfi ég mér með vísað til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 2. varaþm. Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi, Björgvin G. Sigurðsson háskólanemi, taki sæti á Alþingi í næstu tvær vikur í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm. flokksins í Suðurlandskjördæmi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl."

„Ég undirrituð get ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur, þingmanns Samfylkingarinnar í Suðurl., í fjarveru hennar dagana 1.–12. nóvember vegna persónulegra ástæðna.

Katrín Helga Andrésdóttir."

Kjörbréf Björgvins G. Sigurðssonar, Gunnars Ólafssonar, Páls Magnússonar og Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt en þeir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Gunnar Ólafsson, 5. þm. Austurl., Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, 14. þm. Reykv., Páll Magnússon, 7. þm. Reykn. og Björgvin G. Sigurðsson, 3. þm. Suðurl. undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Björgvin G. Sigurðsson, Gunnar Ólafsson, Páll Magnússon og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðnir velkomnir til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

[15:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég sé ástæðu til að minna á að til þessa dagskrárliðar eru ætlaðar 30 mínútur, hálf klukkustund samkvæmt þingsköpum. Ef allir sem þátt taka í umræðunni, fyrirspyrjendur og ráðherrar, nota til fulls ræðutíma sinn, þ.e. tvær mínútur í fyrsta sinn og síðan eina mínútu í annað og þriðja sinn, komast einungis fjórir þingmenn að með fyrirspurnir. Forseta hafa þegar borist óskir frá fleiri en fjórum þingmönnum um fyrirspurnir. Það eru því tilmæli forseta að þingmenn og ráðherrar fari sparlega með tímann og tali að jafnaði ekki oftar en tvisvar um hverja fyrirspurn.

Byggðakvóti.

[15:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í lögunum um stjórn fiskveiða er bráðabirgðaákvæði þess efnis að Byggðastofnun hafi til ráðstöfunar 1.500 þorskígildislestir til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og skal þessum aflaheimildum ráðstafað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildum þessum var öllum ráðstafað fyrir yfirstandandi fiskveiðiár og er skemmst frá því að segja að mikil viðbrögð hafa orðið bæði við úthlutun Byggðastofnunar og einnig því hvernig sveitarfélögin hafa lagt til að farið yrði með þessar aflaheimildir.

Eitt þeirra sveitarfélaga sem lent hafa í vanda með tillögur um hverjir ættu að fá þau gæði sem felast í aflaheimildum er Vesturbyggð. Niðurstaða sveitarstjórnarinnar þar varð sú að leggja til að þeir bátar sem sótt höfðu um að veiða þennan kvóta mundu bjóða í heimildirnar enda sveitarstjórnum vandi á höndum að úthluta takmörkuðum gæðum öðruvísi en að sátt yrði um úthlutunina. Þá fjármuni sem þannig yrðu til — en miðað við kvótann hefði hér verið um að ræða 20 millj. kr. á ári, 100 millj. fyrir þau fimm ár sem kvótanum var úthlutað — ætlaði sveitarstjórnin að nýta til uppbyggingar atvinnumála í byggðarlaginu. Hins vegar hafnaði formaður Byggðastofnunar tillögunni nánast samdægurs án mikilla útskýringa.

Nú er það svo að útboð er viðurkenndur háttur í samfélagi okkar þegar úthluta á verkefnum eða takmörkuðum gæðum. Ég óska því eftir viðbrögðum hæstv. forsrh. og ráðherra byggðamála. Hver er skoðun hans á málinu? Telur hann, eins og sveitarstjórn Vesturbyggðar, að útboð sé rétta leiðin þegar úthluta á takmörkuðum gæðum eins og veiðiheimildir eru sannarlega?

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi mál, úthlutun á 1.500 tonnum, hafa alfarið verið í höndum stjórnar Byggðastofnunar og ekki á nokkun hátt verið bornar undir forsrh. enda hvorki rétt né skylt í sjálfu sér. Byggðastofnun útbjó sér viðmiðunarreglur sem öllum voru kunnar til að fara eftir við þá úthlutum. Um þær reglur má auðvitað deila og hefur verið deilt en ég tel að það hafi verið skynsamleg og góð vinnubrögð að hafa slíkar viðmiðunarreglur fyrirliggjandi sem og áskilnaðinn um samstarfið við sveitarfélögin. Ég mun því ekki blanda mér í það hvernig Byggðastofnun stendur að málinu en stend við bakið á stjórninni í þeim verkum.

[15:10]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Enda þótt hæstv. ráðherra byggðamála hafi ekki hingað til blandað sér í hvernig að þessu hefur verið staðið, þá fannst mér a.m.k. full ástæða til þess að á hinu háa Alþingi færi fram umræða um þessi mál einfaldlega vegna þess að það skiptir verulegu máli hvernig farið er í úthlutun veiðiheimilda. Spurning mín áðan var tiltölulega einföld: Telur hæstv. ráðherra byggðamála að útboð sé rétta leiðin þegar úthluta á takmörkuðum gæðum eins og veiðiheimildir eru sannarlega?

Ég vil vitna til þess, herra forseti, að Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, hvatti til þess að þeir fylktu sér á bak við þessar hugmyndir sveitarstjórnar Vesturbyggðar vegna þess að hann taldi að ekki ætti að búa til reglur um úthlutun eins og verið er að gera í hverju sveitarfélaginu á fætur öðru því að slíkt mundi ávallt vekja upp öfund, gremju og sundurlyndi. Það er einmitt þetta sem sveitarfélögin standa frammi fyrir og þess vegna er svo mikilvægt að skýrt verði hvernig í þetta verði farið og jafnræðisreglu verði gætt.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég veit ekki annað en stjórn Byggðastofnunar hafi verið samhljóða í öllum ákvörðunum sínum um hvernig skyldi haldið á þessu máli og þar hafi ekki verið neinn ágreiningur milli pólitískra flokka í þessu mjög svo vandasama máli. Ég tel því ekki ástæðu fyrir mig né aðra að hafa þau áform uppi að þeim vinnureglum eigi að breyta og ég hef ekki sannfæringu fyrir því að sú aðferð sem hv. þm. er að tala fyrir sé endilega sú besta.

[15:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við erum kannski ekki fyrst og fremst að ræða um aðferðir Byggðastofnunar þó umdeildar hafi verið og umdeilanlegar heldur frekar það hvernig formaður stjórnar bregst við tillögum eins sveitarfélags, tillögum sem lúta að því að leysa þann vanda sem upp er komin þegar yfir 20 bátar vilja fá að veiða kvóta sem er upp á rúmlega 200 þorskígildislestir. Sveitarstjórnin fann það ráð helst að bjóða út veiðiheimildirnar. Því hendir formaður stjórnar Byggðastofnunar út af borðinu nánast án raka umsvifalaust.

Það eru þessi vinnubrögð, herra forseti, sem ég taldi ástæðu til þess að ræða, ekki hvað stjórn Byggðastofnunar væri búin að gera þó það væri líka ærið tilefni til umfjöllunar á Alþingi.

Umboð nefndar um einkavæðingu.

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Af fréttum að undanförnu hefur mátt ráða að svonefnd einkavæðingarnefnd sem hefur verið að kepp-

ast við að koma út hlut ríkisins í Fjárfestingarbankanum að undanförnu hyggist taka því eina tilboði sem borist hefur eða hefur verið tekið gilt í bankann. Ef hér er rétt frá sagt hljómar það eins og þessari nefnd hafi verið framselt vald til þess að ákveða hvort tilteknu tilboði í eign ríkisins upp á tæpa 10 milljarða kr. sé tekið eða ekki tekið.

Þetta vekur spurningar, herra forseti, um það hvort svonefndri einkavæðingarnefnd hafi verið framselt vald til þess að ákveða hluti af þessu tagi og þá með stoð í hvaða lagaákvæðum, hvort vald til að framselja ákvörðunarrétt sem viðskrh. og sjútvrh. fara lögum samkvæmt sameiginlega með hvað varðar eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbankanum hafi verið framselt til þessarar nefndar. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh., sem skipar téða einkavæðingarnefnd, hvort um sé að ræða að valdið til að taka slíkar ákvarðanir hafi verið framselt til einkavæðingarnefndarinnar og þá með stoð í hvaða lögum og hver séu þá valdmörkin milli einkavæðingarnefndarinnar að þessu leyti og ráðherranna sem lögum samkvæmt eiga að fara með eignarhlut ríkisins í nefndum banka.

[15:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þær reglur sem settar eru við sölu á tilteknum eignum hverju sinni eru bornar undir einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, þ.e. þá ráðherra sem þar sitja, hæstv. forsrh., utanrrh., fjmrh. og viðskrh. Síðan eru viðkomandi fyrirtæki seld eða boðin út með hliðsjón af og í samræmi við þær reglur. Það er síðan einkavæðingarnefndin og í þessu sérstaka tilfelli sérstök innri nefnd skipuð Hreini Loftssyni, Jóni Sveinssyni og Brynjólfi Sigurðssyni úr háskólanum sem metur hvort tilboð sem berast séu í samræmi við þær reglur. Það er að vísu heimilt ef aðeins eitt tilboð berst að hafna því jafnvel þó það uppfylli allar reglur.

Nefndin mun hins vegar geta mælt með að því verði tekið. Ábyrgðin á þeirri sölu er ábyrgð ráðherranna engu að síður, ekki nefndarinnar, bæði einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar annars vegar og þeirra tveggja ráðherra sem með málið fara, viðskrh. og fjmrh., sérstaklega. Ég geri því ráð fyrir því að áður en endanlega verður frá því máli gengið þá liggi fyrir samþykki allra þessara aðila allra.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér taldi hæstv. forsrh. upp alveg heilt ættartré af nefndum. Í fyrsta lagi virðist ríkisstjórnin hafa einhvers konar innri nefnd um þessi einkavæðingarmál, einhverja vinnunefnd sem í sitja þrír ráðherrar. (**Forsrh.:** Fjórir.) Fjórir, nú þess þá heldur. Í öðru lagi er þarna um að ræða einkavæðingarnefndina sem ég lít svo á að sé stjórnskipuð nefnd með bréfi frá hæstv. forsrh. Í þriðja lagi er sérstök undirnefnd einkavæðingarnefndarinnar sem í sitja nafngreindir einstaklingar, Hreinn Loftsson, Jón Sveinsson og Brynjólfur nokkur Sigurðsson frá Háskóla Íslands. (**Gripið fram í:** Allir óskyldir.) Ég leyfi mér enn að spyrja: Hefur verið staðið eðlilega að málum í þessum efnum? Þarf ekki að ganga formlega og mjög skipulega frá því hvar valdmörk og umboð liggja þegar um svona alvarlega hluti er að ræða? Það hljómar ekki mjög trúverðugt, herra forseti, að heyra þessa nefndaupptalningu hæstv. forsrh., en þó fannst mér felast í svarinu að hér hafi ekki verið rétt frá skýrt að því leyti til að ákvörðunarvaldið liggi hjá ráðherrunum, enda hlýtur það auðvitað að vera svo lögum samkvæmt, þannig að ég vona að hér hafi ekkert annað gerst en það sem samræmist lögum.

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er Alþingi sem veitir söluheimildina. Enginn annar getur veitt söluheimildina. Söluheimildin er veitt ráðherrunum sem með málið fara hverju sinni og væntanlega einnig reyndar fjmrh., geri ég ráð fyrir, og þessum fagráðherrum alveg sérstaklega. Ríkisstjórnin hefur síðan þá vinnureglu að einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, sem þessir fjórir ráðherrar skipa, fer yfir málið. En ábyrgðin liggur hjá ráðherrunum.

Mestu varðar að farið sé eftir þeim reglum sem kynntar eru fyrir fram og það er það sem gerist í þessu máli.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Gallinn er að vísu sá að þetta eru aldrei sömu reglurnar því það eru ævinlega búnar til nýjar reglur þegar á að selja eitthvað í viðbót.

Niðurstaðan er sem sagt sú, og ég vona að það verði þá skýrara í umfjöllun um þessi mál hér á eftir, að valdið liggur hjá þeim tveimur fagráðherrum sem fara lögum samkvæmt með eignarhlut ríkisins. Þar af leiðandi bæri að fjalla um þessa hluti þannig að allt sem verið er að vinna með í öllu nefndabatteríinu hljóti að vera tillögur til nefndra ráðherra um hvað gera skuli. Og þar verði hin endanlega ákvörðun tekin, uppi á borðum þeirra ráðherra sem Alþingi hefur falið lögum samkvæmt að fara með eignahlut ríkisins í þessum bönkum.

Mér finnst slæmt ef verið er að fjalla um þetta í fjölmiðlum eða annars staðar og ruglingur er í gangi um það hvar hin eiginlegu valdmörk liggja.

[15:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég held að þetta mál sé afar skýrt. Þessar reglur hafa ekki vafist fyrir þeim sem bjóða fram fé til að kaupa þennan tiltekna banka og það er mikilvægast. Það þarf enginn að fara í grafgötur um að ábyrgðin er ekkert sem við framseljum með okkar eigin ákvörðunum. Ég tel að það sé bundið í stjórnarskrá hvar ábyrgðin í þessu máli liggur.

Tæknibúnaður lögreglunnar á landsbyggðinni.

[15:20]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. dómsmrh.

Fíkniefnadeild lögreglunnar hefur staðið sig vel í að upplýstra og koma höndum yfir umtalsvert magn af ólöglegum fíkniefnum á undanförnum missirum. Ber að fagna þessum árangri lögreglunnar sérstaklega. Fíkniefnaneytendur og fíkniefnasalar leita í auknum mæli skjóls í sveitarfélögunum úti á landsbyggðinni.

Í haust gerðist það að vopnaðir menn réðust í hús eitt í sveitarfélagi á landsbyggðinni til þess að innheimta fíkniefnaskuld og notuðu þeir til þess m.a. afsagaða haglabyssu. Lögreglan í viðkomandi umdæmi hafði engin tæki eða tól til þess að bregðast við þessari uppákomu þannig að leita varð til sérsveitar lögreglunnar í Reykjavík. Hins vegar voru tveir ungir sérsveitarmenn í lögregluliði umdæmisins sem höfðu

notið menntunar á þessum sviðum. En lögregluembættinu hafði ekki tekist að fá viðbúnað sem þarf fyrir sérsveitarmenn. Búið var að leggja ærinn kostnað í menntun þessara manna.

Hver er stefna dómsmrn. í málum sem þessum? Er von til þess að lögregluembætti úti á landsbyggðinni þar sem sérsveitarmenn hafa verið þjálfaðir og starfa fái búnað sem þarf?

Mér er sagt að hér sé ekki um verulegan kostnað að ræða. Ef ekki tekst að fá viðeigandi búnað er mjög hætt við því að þessir ungu, vösku lögreglumenn flytji til höfuðborgarinnar. Ég beini þessari fyrirpurn minni til hæstv. dómsmrh.

[15:22]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt nýlegri reglugerð heldur ríkislögreglustjóri utan um starf og þjálfun sérsveita lögreglunnar og þar með er þetta miðstýrt lögreglulið sem starfar um allt land undir stjórn ríkislögreglustjóraembættisins, en liðið samanstendur af lögreglumönnum úr ýmsum lögregluliðum. Það er auðvitað sjálfsagt að kanna hvort vanti eitthvað á í tækjabúnaði hjá þessu liði því ef eitthvað gerist þá er það einmitt þessi sérsveit ríkislögreglustjóra sem kemur á staðinn.

Ég þakka hv. þm. fyrir þessa ábendingu því að ef eitthvað er að og eitthvað vantar á í tækjabúnaði eða öðru þarf að athuga það. Ég hef reyndar ekki fengið neinar sérstakar ábendingar þess efnis og vaflaust getur það verið matsatriði hverju sinni hvaða búnaður hentar og hvaða búnað vantar á hverjum stað. En þau stóru mál sem hafa komið upp upp á síðakastið, eins og þessi fíkniefnamál sem hv. þm. benti á, sýna það að við verðum að halda vöku okkar. Það má svo sannarlega þakka lögreglunni í þessu sambandi, en engu að síður er það rétt að afbotastarfsemin virðir engin landamæri og það þarf vissulega að huga að þörfinni víðsvegar um landið.

[15:24]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir viðbrögð hennar og ég treysti því að hæstv. ráðherra kynni sér þessi mál afar vel. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða og ekki er ástæða til þess að nefna sérstakan stað í því sambandi og engin ástæða til þess að gera of mikið veður úr svona hlutum. Hins vegar hlýtur það að vera skylda okkar að sjá til þess, þar sem við erum búin að leggja ærinn kostnað í að mennta menn á þessum sviðum, að verja peningum til þess að þeir hafi þau tæki og tól sem á þarf að halda. Ég treysti því að hæstv. dómsmrh. beiti sér í málinu. Þegar talað er um miðstýrt lögreglulið þá er lögregluliðinu að sjálfsögðu stýrt héðan úr höfuðborginni. En við megum ekki gleyma þeim hlekkjum sem skipta miklu máli úti á landsbyggðinni. Enn og aftur þakka ég viðbrögðin og treysti því að hæstv. ráðherra kippi þessum málum í lag.

Umgengni barna við báða foreldra.

[15:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Á 122. þingi og reyndar í tvígang fluttum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson þáltill. um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Henni var vísað til ríkisstjórnarinnar og þaðan til nefndar að störfum í dómsmrn. sem hafði það verkefni m.a. sem við lögðum til. Reyndar hafði hún mun stærra verksvið. Við lögðum til í þessari þáltill. að barni yrði skipaður talsmaður ef ágreiningur kæmi upp í umgengnismálum og lögðum til að komið yrði á vandaðri skilnaðarrágjöf til að ganga frá umgengni og forræði.

Nú hefur hæstv. dómsmrh. reifað, a.m.k. í fjölmiðlum, vilja sinn til úrbóta í málefnum barna sem ekki njóta umgengni við báða foreldra sína og nefnt þessi atriði m.a. Því spyr ég, herra forseti:

Hvað er á döfinni í þessum málum hjá hæstv. ráðherra?

Er að vænta lagafrumvarpa um þessi efni?

Hefur nefnd sú sem vann m.a. að þessum málum í ráðuneytinu skilað tillögum sínum?

[15:27]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Þetta mál er mjög áhugavert og svo sannarlega er ástæða til þess að gaumgæfa vel að bæta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Ég held að það sé enginn pólitískur ágreiningur um það. Þegar hafa reyndar verið gerðar ýmsar lagabreytingar þar sem börnum hafa m.a. verið skipaðir talsmenn í erfiðum málum sem þau snerta. Engu að síður þarf að huga enn betur að þessum málum. Eins og við vitum eru þau oft mjög erfið og vandmeðfarin og þess vegna hef ég lagt áherslu á að farið verði af stað með ákveðið tilraunaverkefni sem byrji núna við embætti sýslumannsins í Reykjavík þar sem boðið verði upp á tilraun til að leita sátta foreldra sem eru að skilja þannig að þeir geti leitað þar eftir ráðgjöf og aðstoð, ekki síst með tilliti til þeirra sjónarmiða að barnið líði sem minnst og að það verði gengið vel frá því að báðir foreldrar geti umgengist barnið því við skulum ekki gleyma því að það er barnið sem á rétt á að umgangast foreldra sína.

Varðandi þessa nefnd sem hv. þm. spyr um þá mundi ég vilja fá að kynna mér málið betur. Það er reyndar búið að skila ýmsum tillögum í sambandi við þessi mál sem ég hyggst kynna fljótlega og vænti þess að þá fái hv. þm. frekari svör við sínum spurningum.

[15:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því að hæstv. ráðherra tekur vel í tillögur okkar Össurar Skarphéðinssonar úr þessari þáltill. Og ég fagna því að það skuli eiga að koma á tilraunaverkefni. En ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra að lagabreytingar kæmu til þannig að vandaðri skilnaðarráðgjöf yrði komið á skv. lögum og að börnum verði skipaður talsmaður ef ágreiningur er um umgengnismál. Svo er ekki í dag.

Ég minni á að 500 heimili á ári leysast upp vegna skilnaða og þar er óvígð sambúð ekki meðtalin. Þetta er því stórt hagsmunamál mjög stórs hóps barna og ekki síður foreldra, en vissulega er það réttur barnsins sem er þarna í fyrirrúmi enda gekk okkar þáltill. út frá því.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hæstv. ráðherra festa þetta í lögum á næstunni?

[15:30]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég nefndi það áðan í svari mínu til hv. þm. að þetta væri tilraunaverkefni. Ég geri ráð fyrir því að gerð verði tilraun með þetta verkefni sem muni standa í eitt ár og að henni lokinni verði gerð úttekt á hvernig sú sáttastarfsemi hafi gengið fyrir sig. Ef ástæða þykir til, hún hafi

gengið það vel að hún hafi skilað góðum árangri, þá mun ég að sjálfsögðu gera tillögu um það að lögum verði breytt þannig að slíkt fyrirkomulag verði fest í sessi varanlega. Slík löggjöf gildir á Norðurlöndunum í dag. Það má nefna að í Noregi er það skylda að foreldrar leiti eftir slíkri ráðgjöf en í Danmörku er hins vegar boðið upp á meðferð og ég tel að það sé æskilegri leið.

[15:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því að þessu tilraunaverkefni verði fylgt eftir með frv. ef ástæða þykir til. Ég efast ekki um að ástæða þyki til vegna þess að eins og hæstv. ráðherra kom inn á hefur þetta reynst vel á Norðurlöndunum. Í Noregi, þar sem þetta er skylda, hefur sýnt sig að ágreiningsefnum varðandi bæði umgengni og forsjá barna þeirra foreldra sem hafa farið í slíka skilnaðarráðgjöf hefur fækkað mjög og mig minnir að það sama hafi verið uppi á teningnum í Danmörku.

Notkun nagladekkja.

[15:32]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. 1. nóvember er að mörgu leyti afdrifaríkur fyrir drjúgan hluta þjóðarinnar. Þá eiga flestir bíleigendur að skella svokölluðum nagladekkjum undir bíla sína. Ástæða þess ákvæðis er væntanlega sú að verið sé að stuðla að auknu öryggi á vegum landsins en það er eðlilegt að spyrja hvort það ákvæði sé raunhæft. Meðal annars hefur verið bent á að í nóvember á síðasta ári voru einungis fimm snjódagar þó að ólíkar forsendur gildi um aðra staði landsins. Hitt er þó alveg ljóst að megnið af umferðinni er á höfuðborgarsvæðinu og má segja að sá galli fylgi gjöf Njarðar, hvað varðar þetta ákvæði um að skylda bíleigendur til þess að setja nagla undir, að það hefur ýmsar hliðarverkanir, m.a. þær að naglar eru sagðir spæna upp vegi landsins svo muni kosta um 200 millj. kr. a.m.k. á ári hverju. Það sem er þó öllu alvarlegra að fyrir tilverknað naglanna spænast upp rykagnir sem almenningur andar að sér og veldur verulegri mengun og má m.a. sjá sem ský yfir borginni á köldum vetrarmorgnum. Áætlað er að um 10 þúsund tonn fari með þessum hætti út í andrúmsloftið einungis á höfuðborgarsvæðinu. Naglar valda miklum hávaða og þeir valda síðast en ekki síst, ætla margir, fölsku öryggi, þ.e. að þeir sem eru á nöglum telji sig öruggari en þeir eru í raun og veru.

Þess vegna vil ég leyfa mér að beina því til hæstv. samgrh. hvort hann hyggist í ljósi umræðna um þetta á síðustu missirum og ekki síst í ljósi nýrrar tækni beita sér fyrir einhverjum breytingum hvað varðar nagladekk undir bíla.

[15:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrirspurnina sem er athyglisverð. Því er til að svara að ég hef ekki undirbúið neinar sérstakar breytingar á reglum um notkun nagladekkja eða að flutt verði frv. sem feli í sér kvaðir eða það að létta á þessum reglum sem snúast að sjálfsögðu um umferðaröryggi.

Það er alveg ljóst að deildar meiningar eru um hvort naglarnir komi að nægjanlegu gagni en gerð hefur verið tilraun til að þróa nagladekk auk þess sem á markaðinn hafa komið svokölluð harðkornadekk.

Ég get ekki á þessari stundu svarað því hvaða leið eigi að fara. Ég tel alveg nauðsynlegt að menn þrói þessa framleiðslu, en ég vil bara undirstrika að góður dekkjabúnaður bifreiða er afskaplega mikilvægur, ekki bara þegar um er að ræða hálku heldur einnig allan ársins hring skiptir miklu máli að ökumenn gæti að dekkjabúnaðinum. Fyrir okkur Íslendinga er óumflýjanlegt að velja þann kost sem skapar mest öryggi og það hefur verið niðurstaða manna að það væri með nagladekkjum. Þess vegna held ég að á þessu stigi sé ekki ástæða til að hvetja menn til að draga úr notkun þeirra þar sem slíkar aðstæður eru. Við þekkjum það, sem ferðumst um landið allt, að þíðviðri getur verið syðra en síðan lendum við í vandræðum á fjallvegunum úti um landið og þess vegna þurfum við að búa ökutækin sem best og hafa öryggið í fyrirrúmi.

[15:36]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Ég vil ítreka það sem ég nefndi áðan að mælingar sýna að nagladekk valda verulegri mengun, bæði loftmengun og hávaðamengun og mælingar sýna jafnframt að þau er ekki jafnnauðsynleg, þannig að e.t.v. vantar sveigjanleika í reglum um notkun þeirra.

Ég bendi jafnframt á það sem hæstv. ráðherra vék að að hér hefur verið þróuð ný tækni, svokölluð harðkornadekk og önnur gerð dekkja sem Einar Einarsson hefur þróað. Ég bendi jafnframt á þá aðferð sem farin hefur verið m.a. í Noregi að hafa ólíkar reglur eftir landshlutum. En meginatriðið er að nagladekk geta falið í sér falskt öryggi og þar með þjóna þau ekki tilgangi sínum.

Í ljósi þess að nýrri tækni hefur skotið upp kollinum, þá vil ég hvetja hæstv. ráðherra til þess að beita sér fyrir því að gerð verði úttekt á því hvort ekki sé eðlilegt að auka sveigjanleikann og taka upp nýja kosti á þessu sviði.

[15:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég hef hlýtt á ábendingar hv. þm. og met þær. Ég tel sjálfsagt að á vegum samgrn. verði hugað að þessum málum. Ég veit það raunar að Vegagerðin hefur haft þessi mál mjög til skoðunar með tilliti til umferðaröryggis annars vegar og hins vegar slits á vegum. Bent hefur verið á þá kosti sem hér var vakin athygli á, þ.e. þá tækni sem Einar Einarsson hefur kynnt fyrir mörgum þingmönnum veit ég og hefur barist fyrir að koma í notkun og það er sjálfsagt að skoða þetta. En ég veit að Vegagerðin hefur þetta mjög ríkulega til athugunar og ég mun fylgjast með því.

Útboð á rekstri grunnskóla í Hafnarfirði.

[15:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Frá Hafnarfirði berast þær fréttir að yfirvöld þar í bæ bíði svars frá ríkisstjórninni hvort leyfi fáist fyrir því að rekstur grunnskólans verði boðinn út.

Fram hefur komið í fréttum að bæjaryfirvöld bera fyrir sig fjárhagsvanda sveitarfélagsins sem m.a. hafi hlotist af þessum rekstri.

Spurningin sem ég vil beina til hæstv. menntmrh. er þessi: Mun ríkisstjórnin og hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að

fjárhagsvandi sveitarfélagsins verði bættur eða fjárhagsstaðan treyst þannig að sveitarfélagið geti staðið undir rekstri með sóma eða verður veitt pólitískt leyfi til þess að bjóða menntunina út þótt það hafi sýnt sig erlendis frá að slíkt sé kostnaðarsamara fyrir samfélagið þegar til langs tíma er litið og ávísun á mismunun?

[15:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurningin var tvíþætt, annars vegar um fjárhagslegar skuldbindingar Hafnarfjarðarbæjar og fjárveitingar til hans. Um það mál hef ég í sjálfu sér ekkert að segja. Samið hefur verið um það hvernig staðið er að fjárskuldbindingum milli ríkisins og sveitarfélaganna vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna. Sá samningur er í gildi og innan þess samnings starfa sveitarfélögin.

Varðandi síðari þáttinn, um útboð á rekstri grunnskóla í Hafnarfirði, er það svo að samkvæmt grunnskólalögum er gert ráð fyrir því að sveitarfélög reki grunnskóla. Þetta erindi frá Hafnarfjarðarbæ hefur verið til athugunar í menntmrn. og á eftir að kanna það betur, enda þarf ráðuneytið að fá nánari tillögur frá Hafnarfjarðarbæ um einstaka þætti málsins, en samkvæmt grunnskólalögum hefur menntmrh. heimild til þess að veita sveitarfélögum og öðrum að gera tilraunir við rekstur grunnskólans og á grundvelli þeirrar heimildar gæti ég brugðist við því erindi.

[15:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta er mjög óljóst svar. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra veiti Alþingi skýrt svar við þessari fyrirspurn.

Reynslan af einkavæðingu og einkaframkvæmd innan almannaþjónustunnar liggur fyrir. Hún liggur fyrir í Bretlandi og í öðrum ríkjum þar sem farið hefur verið inn á þá braut. Markmið ríkisstjórnarinnar eru líka ljós. Það kemur fram í bæklingi sem hún sendi frá sér ekki alls fyrir löngu um einkaframkvæmd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum."

Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir þetta í skólakerfinu? Þetta þýðir skólagjöld og í heilbrigðiskerfinu þýðir þetta sjúklingagjöld. Þess vegna verður hæstv. ráðherra að svara þinginu skýrt. Á að gefa pólitískt leyfi til þess að bjóða út grunnskólann og bjóða út sjúkrahúsin? Við viljum fá skýr svör.

[15:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Unnið er að þessu máli á vegum Hafnarfjarðarbæjar og þegar erindið berst til ráðuneytisins verður tekin afstaða til þess. Eins og ég sagði er heimild í grunnskólalögunum fyrir menntmrh. til að heimila starfsemi grunnskóla með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í almennum ákvæðum laganna og á grundvelli þess heimildarákvæðis get ég brugðist við því erindi.

[15:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fáum við engin skýr svör. Okkur er sagt að ríkisstjórnin og menntmrn. hafi heimild til að framkvæma tilraunir. Þingið verður að fá skýr svör við því hvort hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin ætla að heimila að gera hafnfirsk börn að tilraunadýrum.

Afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga, frh. 1. umr.

Frv. GE, 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 90. mál (bannregla, markaðsráðandi staða, frestir o.fl.). — Þskj. 90.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 98. mál (stjórnsýsluleg staða, valdheimildir, o.fl.). — Þskj. 99.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

[15:47]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem ég flyt ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Í frv. er gert ráð fyrir að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Í 1. gr. frv. kemur fram hvernig útfæra eigi slíka þjóðaratkvæðagreiðslu en þar segir:

„Krafan, studd undirskriftum fimmtungs kosningarbærra manna, skal berast forseta lýðveldisins eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Undirskriftasöfnun og krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu frestar ekki gildistöku laga. Efnt skal til þjóðaratkvæðagreiðslu eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfunnar. Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó þannig að ávallt greiði fimmtungur kosningarbærra manna atkvæði gegn gildi laganna. Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, m.a. um kynningu á lögunum sem greiða skal atkvæði um, skulu settar í lög."

Með frv. þessu er, eins og fram hefur komið, kveðið á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrv. sem Alþingi

hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta frv. er flutt í fimmta sinn og hefur ekki náð fram að ganga. Eins og menn þekkja er aðeins mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu á þremur stöðum í stjórnarskránni: í 11. gr., ef $^3/_4$ hlutar alþingismanna greiða atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti; í 26. gr., ef forsetinn synjar um staðfestingu á lagafrumvörpum og í 79. gr., ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipaninni. Þar er ekki að finna ákvæði sem gerir þegnum landsins kleift að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um einstök mál sem Alþingi hefur til umfjöllunar.

Ég tel alveg ljóst að þessi leið muni auka lýðræðislegan rétt fólksins og veita stjórnarflokkunum aðhald. Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og þjóðarinnar er brýnt að þessi leið sé fyrir hendi. Með síauknu alþjóðasamstarfi er enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar. Ég tel því nauðsynlegt að þessi lýðræðislegi réttur fólksins sé fyrir hendi án þess að til þurfi að koma atbeini forseta Íslands eins og nú er.

Forseti Íslands hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt. Ákvæðið felur aðeins í sér frestandi neitunarvald því að synji forsetinn um staðfestingu verður að bera lagafrumvarpið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Af framkvæmdinni má því ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun nánast marklaust.

Vafalaust eru margar skýringar á því að forseti Íslands hafi aldrei beitt þessari heimild. Ugglaust yrði það umdeilt ef forseti gripi til að synja um staðfestingu á lagafrv. ekki síst vegna þess að í augum þjóðarinnar er forsetinn fyrst og fremst sameiningartákn, embættið hafið yfir flokkspólitík og á ekki að dragast inn í stórpólitísk deilumál. Fræðimenn hafa deilt um réttmæti þessa ákvæðis. Þannig segir í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, með leyfi forseta:

„Sú skipan sem ákveðin er með 26. gr. stjórnarskrárinnar er óvenjuleg eða jafnvel einstæð. Eru skoðanir skiptar um það hversu heppileg hún sé."

Í Morgunblaðinu, sennilega fyrir einu og hálfu ári, var ítarlega fjallað um þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Þar var m.a. vitnað í tillögu stjórnarskrárnefndar frá 1993 þess efnis að áður en forseti tæki ákvörðun um staðfestingu laga gæti hann leitað álits þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu. Þar var lagt til að ef frv. yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu væri forseta skylt að staðfesta það en ef það yrði fellt hefði forseti landins frjálsar hendur um hvað hann gerði. Ljóst er að slík breyting á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar gerði forseta hægar um vik að beita því og drægi úr hættunni — þó vissulega væri hún mikil — á að til svo alvarlegs ágreinings kæmi á milli forsetaembættisins og ríkisstjórnarinnar að niðurstaðan yrði afsögn annaðhvort forseta Íslands eða ríkisstjórnar.

Mín skoðun er að jafnvel þótt ákvæðið yrði rýmkað og gert auðveldara fyrir forsetann að beita því, sem er jákvætt, tel ég engu að síður að almennt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu án atbeina forseta sé nauðsynlegt jafnhliða ákvæði um bein afskipti forsetans um að skjóta málinu til þjóðarinnar. Forsetanum væri hlíft við þeim þrýstingi af hálfu þjóðarinnar í mjög umdeildum málum að láta þau ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þannig væri stefnt í hættu því sem ég tel að þjóðin vilji að forsetaembættið standi fyrir, þ.e. að vera sameiningartákn þjóðarinnar og hafið yfir flokkspólitísk átök. Ég held að það komi fyllilega til greina, ef við heimilum þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér er lagt til, að nema úr gildi rétt forseta lýðveldisins til að synja um staðfestingu á lagafrumvörpum. Sá réttur ætti að vera óþarfur eða a.m.k. ekki eins mikil ástæða til þeirrar heimildar ef opnaðist fyrir þann lýðræðislega rétt fólksins að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ef fimmtungur kosningarbærra manna óskar þess eins og hér er lagt til.

Eins og menn þekkja hefur oft komið fram sú krafa að auka rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu. Réttur fólks er nú einungis bundinn við það að hafa áhrif á framkvæmd minni háttar mála eins og opnun áfengisútsölu eða hvort leyfa skuli hundahald. Það er löngu orðið tímabært að Alþingi íhugi í fyllstu alvöru að stjórnaskrá lýðveldisins innihaldi ákvæði eins og hér er lagt til.

Á hv. Alþingi hafa ítrekað komið fram frumvörp um þjóðaratkvæðagreiðslur og tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur um ákveðin mál. Eins hefur verið lagt til að setja almenn lög um þjóðaratkvæðagreiðslu og breytingu á stjórnarskránni. Tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslu hafa komið fram í tengslum við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, samkomustað Alþingis, álbræðslu í Straumsvík, aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, prestskosningar og efnahagsfrv. forsrh. á sínum tíma en það var að vísu dregið til baka. Lagt hefur verið til að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið auk þess sem algengt er að komið hafi fram tillögur um slíkt vegna breytinga á áfengislöggjöfinni.

Fyrir 30 árum kom fram þáltill. um heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þeirri tillögu var fylgt eftir fjórum sinnum og 1970 var samþykkt þáltill. um að fela ríkisstjórn að láta kanna hvort rétt væri að setja löggjöf um þjóðaratkvæðagreiðslu í mikilvægum löggjafarmálefnum. Svo virðist sem ekkert hafi verið gert með þær hugmyndir jafnvel þó þær hafi verið samþykktar á Alþingi sem ályktun Alþingis að þetta mál yrði skoðað. Síðar voru þrisvar lagðar fram, á 100., 109. og 113. þingi, þáltill. um sama efni. Fyrir sjö árum kom fram frv. um að þriðjungur þingmanna gæti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Að síðustu nefni ég frv. það sem ég mælti fyrir og er að mæla fyrir í fimmta sinn.

Einnig er ástæða til að nefna að stjórnarskrárnefnd sem starfaði undir stjórn Matthíasar Bjarnasonar á sínum tíma og skilaði af sér 1982 lagði til að fjórðungur kjósenda gæti óskað eftir að fram færi ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla. Samstaða náðist ekki um tillögu stjórnarskrárnefndarinnar en niðurstaðan varð sú að páv. forsrh. Gunnar Thoroddsen lagði í eigin nafni fram tillögu stjórnarskrárnefndar á Alþingi 1982–1983. Þar var m.a. að finna þetta ákvæði sem ég nefndi um að fjórðungur kjósenda gæti óskað eftir og farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég hygg það rétt hjá mér að stjórnarskrárnefndin hafi skilað af sér árið 1995 og fjallaði þá um mannréttindakafla stjórnarskrárinnar, en ekki mikið um þjóðaratkvæðagreiðslu.

Af því yfirliti sem ég hef farið í gegnum má sjá að á undanförnum árum og áratugum hefur annað slagið komið upp á þinginu krafa um almennan rétt fólksins til þjóðaratkvæðagreiðslu í stjórnarskrá eða þá að einstakir þingmenn hafi flutt tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur í einstökum málum.

Ég verð þó segja, herra forseti, að ég tel að lítil umræða hafi farið fram í þeim nefndum þingsins sem hafa fengið slík frumvörp til umfjöllunar. Þar sem ég er að flytja þetta mál í

fimmta sinn þá hef ég af því nokkra reynslu að sérstök nefnd samkvæmt þingsköpum, sem á að fjalla um breytingar á stjórnarskránni og fær þetta mál þá væntanlega til umsagnar, hefur á undanförnum þingum lítið sem ekkert fjallað um málið. Það er eingöngu svo að á lokadögum þingsins á vori þá kemur hún einu sinni eða tvisvar sinnum saman til málamynda. Svona mál eða önnur sem þingmenn flytja og fjalla um breytingar á stjórnarskránni fá yfirleitt litla umfjöllun í nefndum þingsins.

Ég held að þessi réttur sé víða fyrir hendi í löndunum sem við berum okkur saman við. Það er ekki síður ástæða til að þessi réttur sé fyrir hendi hér þar sem samsteypustjórnir eru mjög algengar og auðveldara fyrir flokkana að semja sig frá stefnumálum sínum. Það hafa oft komið fram mál á miðju kjörtímabili sem ekki hafa verið rædd í kosningabaráttunni, mörg stór mál sem ekki eru endilega á stefnuskrám flokkanna en fyllilega hefði verið ástæða til að bera undir þjóðaratkvæðagreiðslu. Frá síðasta kjörtímabili má t.d. nefna miðhálendismálin. Um þau mál, eins og menn þekkja, voru mjög skiptar skoðanir í þjóðfélaginu, hvernig nýtingarréttinum skyldi háttað og hverjir ættu að fara með stjórnsýsluna á hálendinu. Ég get einnig nefnt róttækar breytingar á vinnulöggjöfinni sem ástæða hefði verið til að skoða hvort bera ætti undir þjóðaratkvæðagreiðslu. EES-málið á sínum tíma þekkjum við. Þá var sterk krafa uppi um þjóðaratkvæðagreiðslu, bæði innan þings og utan.

Ég tel ástæðu til að nefna einnig þau mál sem nú eru helst á döfinni og miklar deilur standa um. Áform um Fljótsdalsvirkjun og að Eyjabökkum verði sökkt undir miðlunarlón þar sem dýrmæt náttúruverðmæti munu glatast. Ekki verður annað séð en mikill meiri hluti þjóðarinnar leggist gegn því í skoðanakönnunum. Umhverfismálin og hvernig við umgöngumst náttúruna er stór þáttur í lífskjörum þjóðarinnar og hefur ekki bara þýðingu fyrir afkomu hennar heldur einnig ímyndina út á við, sem er nauðsynleg fyrir framleiðslu- og útflutningsmöguleika okkar.

Ég held að fyllilega kæmi til álita að einmitt það mál færi undir þjóðaratkvæðagreiðslu með tilliti til þess hve hávær krafa er uppi í þjóðfélaginu í þessu máli. Má í því sambandi minna á að fyrir liggur áskorun fjölda útivistar- og náttúruverndarsamtaka með 32 samtökum með yfir 30 þús. félögum, ef ég man rétt, auk fyrirtækja í ferðaþjónustu um nauðsyn þess að Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfismat.

Ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um efni tillögunnar og atkvæðagreiðsluna, eins og hún er sett fram, og hvernig þetta kæmi út ef slík þjóðaratkvæðagreiðsla yrði heimiluð. Eins og áður sagði er lagt til að fimmtungur kosningarbærra manna í landinu geti krafist þess að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lagafrumvarp sem Alþingi hefur samþykkt. Auðvitað kemur til greina í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu að undanskilja ákveðna málaflokka líkt og gert er í Danmörku en krafan um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lagafrumvörp, sem Alþingi hefur samþykkt, frestar ekki gildistöku laganna.

Í frumvarpinu eru settir fram tímafrestir varðandi undirskriftasöfnunina og atkvæðagreiðsluna. Þannig er gert ráð fyrir því að krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu studd undirskriftum berist forseta eigi síðar en 30 dögum eftir samþykkt lagafrumvarps á Alþingi. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal síðan fara fram eigi síðar en 45 dögum eftir að forseti hefur úrskurðað um lögmæti kröfu um atkvæðagreiðslu. Er þá miðað við reglu þá sem fram kemur í 24. gr. stjórnarskrárinnar um að boðað skuli til alþingiskosninga eigi síðar en 45 dögum eftir að gert var kunnugt um þingrof.

Til að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu séu bindandi þarf meira en helmingur þeirra sem þátt taka í atkvæðagreiðslunni að greiða atkvæði gegn gildi laganna, þó alltaf þannig að fimmtungur kosningarbærra manna þarf að greiða atkvæði gegn gildi laganna. Þannig er um tvö sjálfstæð skilyrði að ræða. Þykir eðlilegt að gera kröfur um þátttöku ákveðins hluta kjósenda í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu og er það gert að danskri fyrirmynd. Því er í raun miðað við að sá fimmtungur kosningarbærra manna sem knýr á um atkvæðagreiðslu fylgi kröfunni eftir með því að mæta á kjörstað og greiða atkvæði. Til skýringar er eftirfarandi dæmi: Í maí 1998 voru 193.632 manns á kjörskrá. Ef þá hefðu verið í gildi reglur þær sem lagðar eru til í frumvarpi þessu hefði þurft fimmtung kosningarbærra manna í landinu, eða u.þ.b. 38.700 manns, til að knýja á um að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um gildi laga. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri hefði að lágmarki sami fjöldi þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna ef þátttaka hefði verið 40% eða minni. Ef hins vegar t.d. 80% þeirra sem á kjörskrá eru, eða 154.905, hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni hefði helmingur þeirra þurft að greiða atkvæði gegn gildi laganna eða 77.452 manns. Þannig þarf alltaf helmingur þeirra sem þátt tekur í atkvæðagreiðslu að greiða atkvæði gegn gildi laganna en ef þátttaka er undir 40% dugir ekki helmingur heldur kemur þá til kasta fimmtungsreglunnar þannig að a.m.k. 20% kosningarbærra manna þurfa að greiða atkvæði gegn gildi laga.

Loks er mælt fyrir um það í ákvæðinu að nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu verði settar í lög. Meðal annars verður að telja nauðsynlegt að setja nánari reglur um kynningu á lögunum sem þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram um, en nútímalöggjöf er iðulega þess eðlis að til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar þarf hvort tveggja þekkingu og lögskýringargögn. Einnig er þörf á því að setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaratriði þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég vil nefna það í lokin, herra forseti, að sú tala sem við flm. frumvarpsins setjum fram um að til þurfi að koma fimmtungur kosningarbærra manna í landinu er ekkert heilög og er fullt efni til þess að skoða nánar þá tölu eða viðmið sem þar á að nota. Ég get t.d. nefnt Danmörku, þar getur að lágmarki þriðjungur kosningabærra manna krafist þjóðaratkvæðagreiðslu en þar eru þó sett skilyrði eins og nefndi áðan um að þjóðaratkvæðagreiðsla geti ekki átt við um ákveðið mál og þar er talað um fjárlög ríkisins, lántökur, launa- og lífeyrismál og veitingu ríkisborgararéttar en það eru helstu málin sem ákvæðið gildir ekki um. Einnig er sú leið athyglisverð, og ég nefndi það í máli mínu, að það hefur einu sinni komið hér fram, annaðhvort í formi þáltill. eða frv., að þriðjungur þingmanna geti krafist þess að mál séu sett í þjóðaratkvæðagreiðslu og sú leið er vissulega þess virði að hún sé skoðuð. Það styrkti lýðræðið í landinu og hlutverk stjórnarandstöðu ef sú leið væri fyrir hendi.

Herra forseti. Samkvæmt ákvæðum þingskapalaga á að vísa þessu máli til sérnefndar og ég legg til að svo verði gert. En ég minni á það aftur sem ég sagði og finnst full ástæða til þess að vekja athygli hæstv. forseta á því að þessi sérnefnd hefur starfað mjög illa og ekki gengt skyldum sínum sem skyldi að fara rækilega yfir þau mál sem koma iðulega fram um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Þetta er í fimmta skipti sem þetta mál hefur komið fram og það hefur aldrei fengið almennilega efnislega umfjöllun í þess-

ari sérnefnd. Það sem nefndin gerði fyrir sennilega tveimur þingum var að hún sendi málið til umsagnar nefndasviðs sem kom fram með mjög gagnlegar ábendingar sem við flutningsmenn tókum mið af á síðasta þingi en að öðru leyti hefur lítil efnisumfjöllun farið fram um málið. Það tel ég ástæðu til, herra forseti, að draga fram í lokin vegna þess að það er mjög mikilvægt og löngu orðið tímabært að þingmenn og þingið fjalli af fullri alvöru um að breyta stjórnarskránni í þá veru sem hér er lagt til að tryggja lýðræðislegan rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu í stærri málum.

[16:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir á hrós skilið fyrir að hreyfa máli sem er sannarlega brýnt og varðar eitt af grundvallaratriðum í því samfélagi sem við lifum í og köllum lýðræðissamfélag. Hér er lagt til, herra forseti, að Alþingi samþykki að mögulegt verði að skjóta málum til þjóðaratkvæðagreiðslu ef fimmtungur atkvæðisbærra manna fer skriflega fram á það. Um er að ræða hugmynd sem er ekki ný af nálinni og hugmynd sem á miklu greiðari aðgang í nágrannalöndum okkar, hugmynd sem á líka vaxandi fylgi að fagna í ýmsum löndum sem við höfum stundum borið okkur saman við og köllum líka vestræn lýðræðissamfélög. Ástæðan er sú að tillögur af þessu tagi eru ekki bara í takt við breyttan tíðaranda, heldur líka í takt við breytta tækni sem gerir okkur mögulegt að efna til slíks þjóðfundar í kjörkössum og miklu betur en áður. Grundvallarstefið í nútímalýðræði er vitaskuld að öllum þegnum, sem eru komnir til vits og ára, beri rétturinn til þess að hafa sömu áhrif á stjórnun samfélagsins sem þeir búa í. Við erum að vísu mismunandi, sum okkar eru fátæk og önnur okkar eru rík, sum eru greind en önnur ekki og hagsmunir okkar allra eru ólíkir. Eigi að síður er það óbifanlegur grundvöllur lýðræðissamfélagsins að allir eigi að hafa jafnan rétt og möguleika til þess að ákveða hvernig samfélaginu eigi að vera stjórnað.

Herra forseti. Í þessu ljósi er vissulega undarlegt að í flestum samfélögum, þar á meðal okkar hér á Íslandi, heyrist rödd hins almenna kjósanda nánast aldrei beint milli kosninga, þá á ég fyrst og fremst við þegar við erum að kjósa þjóðhöfðingja eða erum að kjósa okkur Alþingi. Það er einungis á þessum tímapunktum í tilveru samfélagsins sem rödd mannsins á götunni, grundvallareiningarinnar í lýðræðinu, fær að heyrast. Lýðræðið sem við búum við er nefnilega talsvert langt frá því að vera raunverulegt lýðræði eins og það birtist í hinni upphaflegu merkingu þess orðs sem að fól í sér að lýðurinn, fólkið, ætti að ráða. Lýðræði okkar er fulltrúalýðræði þar sem við kjósum okkur fulltrúa til að taka ákvarðanir í umboði okkar þannig að afl hins almenna þegns, kjósandans, kemur raunar aldrei beint fram. Sameiginlegt afl kjósandans, borgaranna, eins og það birtist opinberlega í fjölmiðlum eða með öðrum hætti nægir að vísu stundum til að hafa áhrif á það sem stjórnvöld vilja gera. Útbreidd andúð og óánægja nægir stundum til þess að draga úr, milda eða jafnvel fella algerlega niður tiltekna þætti í fari stjórnvalda. En það er fágætt og við höfum ekki þennan beina rétt til þess að segja hvað það er sem við viljum. Fulltrúalýðræðið, sem við búum við, felur í sér að í stað þess að við tökum öll beinan þátt í ákvörðunum og tökum þær sameiginlega, þá látum við valdið í hendur fulltrúa sem eru kjörnir sérstaklega til þess að taka ákvarðanir fyrir okkur. Þeir fulltrúar fá til þess fullt og óskorað vald og það er meira að segja tekið fram að fortakslaust mega þeir ekki fara eftir vilja kjósenda heldur algerlega eftir eigin sannfæringu.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að hægt sé að segja með fullum rökum að hér sé um mjög stórt valdaframsal þegnanna að ræða til mjög fárra fulltrúa. Eina leiðin til þess að láta í ljósi skoðun þeirra er þegar við kjósum okkur Alþingi og sem síðan velur sér ríkisstjórn. Auðvitað er hægt að fella ríkisstjórnir í kosningum en hér á Íslandi, má segja að rödd kjósandans og hinn beini íhlutunarréttur hans í gegnum kosningar sé mun minni en annars staðar vegna þess að kerfi okkar er þannig að við búum við samsteypustjórnir. Þar sem samsteypustjórnir eru þá er miklu erfiðara fyrir kjósendur, jafnvel þó þeir flykki sér saman um tiltekin mál, að ná þeim fram í gegnum kosningar. Það er miklu auðveldara fyrir stjórnmálaflokka sem búa jafnan við samsteypustjórnir að skjóta sér undan því að taka upp mál, jafnvel þó að þau hafi borið mjög hátt í kosningum.

Ég rifja það upp, herra forseti, að þetta er auðvitað andstætt þeirri fornu hefð sem ríkti á Íslandi þar sem þjóðin kom saman til opins fundar á Alþingi þar sem menn réðu ráðum sínum, ræddu mál og reifuðu og tóku síðan ákvarðanir. Þjóðin öll tók þær ákvarðanir. Auðvitað voru mörg rök og orsakir sem hnigu til þess að þessu fyrirkomulagi var breytt. Þjóðþing af þessu tagi þóttu þung og erfið í framkvæmd. Ég held því líka fram, herra forseti, að ýmsar ástæður í náttúrufari þjóðarinnar hafi átt mikinn þátt í þessu. Ég held að með kólnandi veðurfari hafi það verið alveg ljóst að miklu erfiðara var að ná þjóðinni saman til þings. Fróðlegt er að skoða einmitt þá hitafarssögu sem vísindamenn okkar geta núna lesið úr borkjörnum jöklanna og bera saman við þessa þróun. Það fellur alveg saman, herra forseti. Samgöngur og tæknilegir örðugleikar voru því fyrst og fremst þau atriði sem hafa leitt til þess að fulltrúalýðræðið var tekið upp vegna þess að það var auðvelt í framkvæmd.

Nú er auðvitað annað uppi, herra forseti. Nú eru samgöngur ekki lengur sá tæknilegi annmarki á framkvæmd slíkrar kosningar sem áður voru og jafnframt blasir það við að tæknin er gjörbreytt. Menn geta framkvæmt þjóðaratkvæðagreiðslu með allt öðrum hætti í krafti tækninnar en áður. Víða um lönd hafa menn tekið upp rafrænar kosningar og ég vek eftirtekt á því að í frv. til fjárlaga næsta árs kemur fram að dómsmrn. ætlar að verja 2 millj. kr. í tilraunaverkefni á sviði rafrænna kosninga. Þeim rökum hefur sömuleiðis oft verið beitt að mjög erfitt sé að bera mál undir þjóðina. Yfirleitt séu þau mál sem þannig þyrfti að útkljá flókin og erfitt sé að koma upplýsingum á framfæri til þjóðarinnar. Þetta eru rök sem ég held að til skamms tíma hafi átt nokkurn rétt á sér. Þess vegna hafi menn farið þá leið að láta fulltrúana á þjóðþinginu taka ákvörðun um mál af þessu tagi vegna þess að þeir eiga miklu auðveldar með að afla sér þeirrar vitneskju sem þarf með því að ráða ráðum sínum með ýmiss konar sérfræðingum og því hafi það verið hin eðlilega aðferð lýðræðisins að taka ákvarðanir í flóknum málum með þessum hætti. Þetta hefur verið rétt svona fram á allra síðustu ár. Nú blasir við að breytingar á tækni, sem er ekki hægt að kalla neitt annað en gjörbyltingu, gera það að verkum að tiltölulega auðvelt er fyrir alla þjóðina að verða sér úti um upplýsingar á tiltölulega auðveldan máta. Hér á ég auðvitað við netið, herra forseti. Fyrir liggur að Íslendingar eru sú þjóð sem hefur þjóða fljótast og í mestum mæli tekið netið í þjónustu sína og skammt er til þess að hér vaxi upp kynslóðir þar sem varla er nokkur maður sem ekki kann á þá tækni.

Þess vegna er miklu auðveldara nú en áður fyrir þjóðina,

fyrir hvern sem er að afla sér upplýsinga um mál sem e.t.v. eru í eðli sínu mjög flókin. Og það er það sem ég á við, herra forseti, að frv. sem við þrír þingmenn Samfylkingarinnar flytjum hérna er ekki bara í takt við tíðarandann heldur er það í takt við breytta tækni.

Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort ekki sé rétt á þessu augnabliki þegar við erum svo að segja að ganga yfir í ekki aðeins nýja öld heldur nýtt árþúsund, að velta því fyrir okkur í fullri alvöru hvort ekki sé rétt að taka upp vísi að beinu lýðræði með þessum hætti. Ég kysi, herra forseti, að það skref sem stigið væri yrði miklu lengra og stærra en það örlitla skref sem við þingmennirnir þrír leggjum til með frv. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að umræðan um þetta er skammt á veg komin og áhuginn hér á landi er ekki mikill. En ég undirstrika að rökin sem menn beittu áður gegn því að bera mál, jafnvel flókin, undir þjóðina standast ekki lengur vegna þeirra breytinga sem hafa orðið síðustu áratugi á samgöngum og tækni sem menn notuðu til þess að greiða atkvæði en ekki síst upplýsingatæknin gerir það að verkum að engum á að vera skotaskuld að afla sér þeirra upplýsinga sem menn þurfa.

Það má líka nefna þær breytingar sem hafa orðið á fjölmiðlum hér á Íslandi. Fjölmiðlar hafa í vaxandi mæli tekið sér það hlutverk fyrir hendur að útskýra út í hörgul mjög flókin mál fyrir þjóðinni. Ég bendi t.d. á umfjöllun ríkissjónvarpsins, umfjöllun Morgunblaðsins um þau viðkvæmu deilumál sem varða hálendið á allra síðustu missirum. Þessum fjölmiðlum má segja til hróss að jafnvel þeir einir og sér hafa gert það að verkum að enginn, sem er á annað borð fær um að lesa, velkist í vafa um þær staðreyndir sem þarf að taka afstöðu til í því máli.

Það er auðvitað svo, herra forseti, að við getum horft til margra ríkja um fyrirmynd í þessum efnum. Ég nefni Sviss sem má segja að sé hin nútímalega vagga hins beina lýðræðis. Þar í landi taka menn ákvörðun um hvaðeina í atkvæðagreiðslum, stórmál í þjóðaratkvæðagreiðslum, minni mál í atkvæðagreiðslum innan ríkja eða fylkja og enn smærri mál í einstökum borgum og bæjarsamfélögum. Ég vísa til þess, herra forseti, að til skamms tíma var Sviss í fararbroddi í Evrópu hvað varðaði velsæld og mannréttindi. Það er því með engu móti hægt að segja að þessi máti Svisslendinga til þess að taka ákvarðanir hafi með nokkrum hætti orðið þeim fjötur um fót á leið þeirra til velsældar.

Meira en helmingur ríkjanna í Bandaríkjum Norður-Ameríku hafa tekið upp beinar kosningar um einstök mál og nota til þess rafræna tækni, stundum með mjög dramatískum niðurstöðum. Og í Ástralíu, þar sem lýðræðishefðin er sérstaklega sterk, hafa verið næstum því 50 þjóðaratkvæðagreiðslur fyrir utan fjölda atkvæðagreiðslna sem hafa verið haldnar innan einstakra fylkja. Ítalía er jafnframt land þar sem hugmyndin um hið beina lýðræði hefur vaxið verulega á síðustu árum og það má segja að þjóðaratkvæðagreiðslurnar á Ítalíu á árunum 1991 og 1993 hafi átt verulegan þátt í að brjóta upp spillinguna sem hafði grafið um sig í stjórnkerfi Ítala og þannig rutt Ítalíu brautina inn í nútímann. Ég vísa til þess að Ítalía er einmitt eitt af þeim ríkjum sem eiga hvað mestri velgengni að fagna á hinu efnahagslega sviði nú um stundir í Evrópu.

Þjóðaratkvæðagreiðslur hafa líka verið notaðar í Kanada og ýmsum samveldislöndum Breta og mjög mikilvægar atkvæðagreiðslur hafa, eins og við þekkjum, verið haldnar í nágrannalöndunum t.d. Danmörku. Ég vísa sérstaklega til fordæmis Nýsjálendinga þar sem sterk hreyfing er fyrir því að beint lýðræði í formi þjóðaratkvæðagreiðslna verði tekið upp og þar er í gangi mjög merkt tilraunverkefni sem er stutt bæði af einkageiranum, stórfyrirtækjum, háskólum og ríkinu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði grein fyrir tæknilegri útfærslu þeirra hugmynda sem liggja hérna fyrir. Formið og heimildin til þjóðaratkvæðagreiðslu er auðvitað mismunandi í löndum sem hafa tekið það upp. Í sumum ríkjum er það stjórnarskrárbundið að almenn atkvæðagreiðsla kjósenda skuli fara fram um tiltekin lög eða lagafrumvarp, í öðrum tilvikum veita stjórnarskrár skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis þannig að ákveðnum aðilum, t.d. ákveðnum hópi þingmanna eins og hv. þm. rakti eða tilteknum fjölda kjósenda eins og er að finna í þessu frv. er veittur réttur til þess að krefjast þjóðaratkvæðis um nánar tilgreind lög eða lagafrumvörp. Ef lagafrumvarpið nær ekki tilskildu atkvæðamagni, sem er í sumum tilvikum aukinn meiri hluti, í öðrum bara einfaldur, er frumvarpið úr sögunni og verður ekki lagt fyrir þjóðhöfðingjann til staðfestingar.

Hér á landi er ekki mikil hefð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum en ég vek eigi að síður eftirtekt á því, herra forseti, að fimm sinnum á þessari öld hafa Íslendingar framkvæmt þjóðaratkvæðagreiðslur. Árið 1905 samþykktu 60% kjósenda að banna skyldi aðflutning á áfengi til landsins, árið 1915 samþykkti Alþingi með 80% að hafna að lögbjóða skyldi þegnskylduvinnu allra heilbrigðra karlmanna, 1918 voru dansk-íslensku sambandslögin lögð undir þjóðaratkvæði og samþykkt með næstum því 91% atkvæða, og 1933 var síðan hafnað að halda áfram banni gegn innflutningi á áfengi til landsins. Merkasta þjóðaratkvæðagreiðslan var auðvitað sú sem var háð 25. febrúar 1944 í krafti þál. sem samþykkt var þann dag og leiddi til þess að dansk-íslenski sambandslagasamningurinn féll niður og við urðum lýðveldi.

Því má segja, herra forseti, að merkustu atburðirnir í sögu okkar á þessari öld sem þjóðar hafi verið ákveðnir í þjóðaratkvæðagreiðslum. Á seinni árum hefur hljómgrunnur fyrir þessu verið lítill en ég vek þó athygli á því að 1983 lagði Gunnar Thoroddsen, sem ég held að hafi verið forsrh. þá, fram frv. þar sem gert var ráð fyrir að tekin yrði upp heimild í stjórnarskrána til þjóðaratkvæðis. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti hérna áðan hefur það aftur og aftur komið fram að þingmenn hafa viljað taka upp þjóðaratkvæði. Röksemdin hefur mjög oft verið sú að í stjórnarskrána skorti þennan rétt okkar sem flestar nágrannaþjóðir hafa.

Herra forseti. Ég tel að sú deila sem uppi hefur verið, og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi í ræðu sinni, og varðar til að mynda Eyjabakkana sýni í hnotskurn galla lýðræðisins að þessu leyti. Við vitum að meðal þjóðarinnar er yfirgnæfandi vilji til þess að í því tiltekna máli verði úrslit ráðin með því að efnt verði til lögformlegs mats á umhverfisáhrifum. Endurteknar skoðanakannanir hafa sýnt að það er yfirgnæfandi vilji allra Íslendinga, sama hvar í flokki þeir standa. Hér á Alþingi notar hins vegar ríkisstjórnin hnefaréttinn til að snúa niður stjórnarliða til að koma í veg fyrir að það sem þeim raunverulega finnst í þessum málum fái að koma fram. Við vitum það auðvitað, herra forseti, að ríkisstjórnin er í því tiltekna máli að nota afl sitt til að koma í gegn máli sem nýtur mjög lítils minnihlutastuðnings meðal þjóðarinnar.

Er það rétt? Það er lagalega í lagi, siðferðilega er það rangt en ríkisstjórnin er með þeim hætti að notfæra sér þann rétt sem lögin bjóða. En það er samt sem áður alveg ljóst

að með þessu er verið að taka réttinn af Íslendingum til að segja hvað þeim finnst í þessu dýpsta og erfiðasta deilumáli seinni ára. Hvernig á, herra forseti, að leysa mál af þessu tagi, mál sem hafa verið í deiglunni núna í þrjú missiri, sem allir stærstu fjölmiðlar landsins hafa fjallað um frá öllum hliðum og allir hafa nægar upplýsingar til þess að taka ígrundaða afstöðu gagnvart?

Þjóðin fær ekki að gera það. Eyjabakkar og Fljótsdalsvirkjun eru skólabókardæmi um mál sem á að útkljá með þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef sú leið er ekki farin mun deilan skilja eftir sig sár í þjóðarvitundinni sem munu gróa mjög seint. Ég tek þetta sem dæmi vegna þess að leið þjóðaratkvæðagreiðslunnar er eina aðferðin sem þjóð, sem vill halda friðinn og vera samstæð, getur notað til þess að útkljá mál af þessu tagi.

Ég held því, herra forseti, að við stöndum andspænis því að núna eru að rísa úfar með þjóðinni sem er ekki hægt að koma í veg fyrir að þróist í mjög viðkvæmt og langvarandi deilumál, nema með aðferðum af þessu tagi. Þess vegna segi ég, herra forseti, að endingu að það er ekki einungis það mál sem gerir þetta tímabært og ætti að verða okkur víti til varnaðar því að fleiri slík deilumál munu efalítið koma upp á næstu árum heldur er það líka, eins og ég hef rakið hérna, gjörbreytt tækni sem gerir möguleikana á að heyja kosningar með því móti auðveldari en áður, miklu ódýrari en áður og mögulegt líka að framkvæma kosningarnar á grundvelli upplýstrar umræðu og þekkingar. Það var ekki hægt áður, herra forseti, í mörgum tilvikum en þau rök eru fallin með breyttri tækni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 63. mál. — Þskj. 63.

[16:25]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Drífu Hjartardóttur, Guðjóni A. Kristjánssyni, Ólafi Erni Haraldssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Ögmundi Jónassyni.

Efni tillögunnar er að „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmið stefnumótunar verði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins og búa þeim sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Í því skyni verði skipuð nefnd með aðild forsætisráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli stefnumótunar framangreindra aðila verði gerð fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök sem vinna að málefnum barna og unglinga, þar með talin félagasamtök unglinga.

Framkvæmdaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en 1. janúar árið 2001."

Þannig hljóðar þessi tillaga en hún er í samræmi við ítrekaðar óskir embættis umboðsmanns barna og í samræmi við þær leiðir sem hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa farið varðandi heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Eins og kemur fram í grg. frv. hefur umboðsmaður barna allt frá árinu 1995 vakið athygli stjórnvalda á því hve brýnt væri að móta skýra heildarstefnu í málefnum barna og unglinga og aðgerðir samræmdar af hálfu þeirra á hinum ýmsum sviðum er snerta hagi barna.

Í skýrslu umboðsmanns barna árið 1996, þar sem ég hygg að þetta hafi fyrst komið fram, segir, með leyfi forseta:

„Það ætti að vera aðalsmerki hverrar ríkisstjórnar og hverrar sveitarstjórnar að tryggja öllum börnum sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska, en að mínu mati verður því markmiði einungis náð með því að mótuð verði skýr opinber heildarstefna í málefnum þeirra og aðgerðir samræmdar af hálfu stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, á hinum ýmsu sviðum er varða börn og ungmenni, hvort sem er á sviði barnaverndarmála, skólamála, heilbrigðismála, menningarmála og öryggismála almennt, svo að mikilvægir málaflokkar séu nefndir. Með þessu móti tel ég að velferð umbjóðenda minna, fjölmennasta aldurshópsins í íslensku samfélagi, verði best borgið þegar til lengri tíma er litið."

Umboðsmaður barna ítrekar þetta í skýrslu sinni 1998. Í skýrslunni kemur fram bréf sem umboðsmaður ritaði forsrh. í tilefni bókar sem undirbúin var á vegum embættis umboðsmanns, sem heitir Mannabörn eru merkileg, og fjallar um ýmsar staðreyndir um börn og unglinga og hagi þeirra. Í bréfinu sem umboðsmaður ritar til forsrh. segir, með leyfi forseta:

„Í formála, þar sem bókinni er fylgt úr hlaði, kemur m.a. fram að aðalmarkmið mitt með því að safna saman fyrirliggjandi upplýsingum um börn og ungmenni á Íslandi í eina bók var að fá sem heillegsta mynd af stöðu og högum umbjóðenda minna. Ég tel jafnframt efni bókarinnar vera afar gagnlegan grunn, sem byggja verði á við mótun opinberrar heildarstefnu í málefnum barna og ungmenna hér á landi, en ég hef ítrekað hvatt til að ráðist verði í það brýna verk. Ég vil því nota þetta tækifæri og leggja enn á ný áherslu á mikilvægi þess að hér á landi verði mótuð opinber heildarstefna í málefnum umbjóðenda minna. Í kjölfar þeirrar stefnumótunar yrði síðan að koma áætlun af hálfu stjórnvalda til nokkurra ára um hvernig eigi að framkvæma stefnuna. Hér á Íslandi höfum við allar forsendur til að byggja upp fyrirmyndar þjóðfélag sem setur líf og velferð barna, komandi kynslóðar, í öndvegi."

Herra forseti. Ég hef vitnað til orða umboðsmanns barna sem gerst þekkir til varðandi hagi barna og hefur m.a. ritað þá bók sem ég nefndi áðan og safnað saman þeim gögnum sem liggja fyrir í henni og ætti vel að þekkja til hvað brýnt er að móta stefnu um hag og velferð barna í íslensku þjóðfélagi og hefur umboðsmaður hvatt stjórnvöld til þess án þess þó að það hafi verið gert. En hér liggur fyrir þverpólitísk tillaga flutt af þingmönnum úr öllum flokkum þar sem hvatt er til að þetta verði gert.

Eins og ég sagði hafa hin Norðurlöndin öll mótað stefnu í málefnum barna og unglinga. Við flm. nefnum í greinargerðinni að árið 1986 var lögð fyrir danska þingið af hálfu þáverandi félagsmálaráðherra tillaga um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, en á grundvelli þeirrar tillögu, sem samþykkt var í janúar 1987, var skipuð nefnd með aðild þeirra ráðuneyta sem málefni barna og unglinga

heyra til. Á grundvelli stefnumótunar var síðan unnin ítarleg framkvæmdaáætlun sem tók einnig mjög mikið tillit til sjónarmiða unglinga sem að stefnumótuninni komu.

Herra forseti. Það er einmitt lögð mikil áhersla á það í tillögunni að að þessari stefnumótun komi einnig þeir sem tillagan snýr að, þ.e. börn og unglingar en það hefur verið gert á hinum Norðurlöndunum með góðum árangri. Eins er mjög mikilvægt, eins og fram kemur í tillögunni, að ekki verði einungis um almenna stefnumótun að ræða heldur verði ráðist í það að gera framkvæmdaáætlun til nokkurra ára í senn, nefnd eru fimm ár, sem fylgt verður fast eftir að verði framfylgt.

Við flm. nefnum í greinargerðinni að við höfum kynnt okkur ítarlega og heildstæða stefnumótun í málefnum barna og unglinga í Noregi sem tekur á öllum þáttum þjóðlífsins sem snúa að málefnum barna og unglinga, en í þeirri stefnu er þungamiðjan að öryggi, umönnun og góð uppvaxtarskilyrði barna og unglinga séu meðal mikilvægustu verkefna stjórnvalda. Þar er lögð megináhersla á þátttöku og ábyrgð barna og unglinga í stefnumótuninni þannig að þarfir og áhugamál þeirra eru tekin alvarlega í stefnu og framkvæmdaáformum stjórnvalda. Í allri löggjöf er einnig litið til áhrifa hennar á málefni barna og unglinga. Mikið vantar upp á að það sé gert hér á landi. Þar skemmst að minnast barnabótanna sem ég held að hafi frekar verið bein sparnaðartillaga hjá ríkisvaldinu en þar hafi verið höfð í huga málefni fjölskyldunnar eða barna og unglinga.

Á hinum Norðurlöndunum er einnig mikil áhersla lögð á samvinnu og samráð opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í þessum málum með því að leggja á þau ábyrgð og skyldur í heildstæðri og samfelldri stefnumörkun á öllum sviðum sem lúta að málefnum barna og unglinga.

Ég held að ljóst sé að við erum komin mun styttra á veg en hinar Norðurlandaþjóðirnar, sem við að öðru jöfnu berum okkur þó saman við, varðandi það að tryggja hag og velferð barna hér á landi. Ég held að tína megi ýmislegt til hvað varðar stöðu barna í íslensku þjóðfélagi sem kallar á að slík stefnumótun fari fram sem hér er lögð til. Aðstaða barna hér er á margan hátt ólík því sem gerist og gengur annars staðar á Norðurlöndum. Hér vinna fjölskyldur og foreldrar miklu lengri vinnudag en þar þekkist. Við þekkjum það gegnum árin hvernig börnin verða þátttakendur í atvinnulífinu mjög snemma. Við þekkjum tvöfalt vinnuálag kvenna, fæðingarorlof er mun styttra en annars staðar gerist. Réttur foreldra vegna veikinda barna er miklu minni en annars staðar á Norðurlöndum, eins og fram kemur í öðru þingmáli sem ég hef flutt, og erum við þar langt að baki Norðurlandaþjóðunum. Auk þess er slysatíðni barna mun meiri hér en í nágrannalöndunum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur flutt mjög athyglisvert mál hér á þingi um öryggismiðstöð barna en í því frv. og greinargerð kemur fram að tíðni barnaslysa hér á landi er miklu hærri en í nágrannalöndunum og athyglisvert sem hv. þm. bendir þar á að í einstökum slysaflokkum, svo sem drukknunarslysum, er tíðni með því hæsta sem þekkist á Vesturlöndum.

Allt þetta sem ég nefni rennir auðvitað stoðum undir það að mjög nauðsynlegt er að móta stefnu í málefnum barna og fylgja henni eftir með ítarlegri framkvæmdaáætlun.

Ég nefndi áðan að við værum að baki öðrum þjóðum. Ég nefndi ákveðna málaflokka. Vissulega fylgist að það fjármagn sem við verjum til málefna barna og sú þjónusta sem við veitum börnum. Þar erum við langt að baki hinum Norðurlandaþjóðunum. Ég bað Hagstofuna fyrir nokkru að taka saman upplýsingar um stöðu fjölskyldunnar og barna í íslensku þjóðfélagi, en sú samantekt fylgir með sem fylgiskjal með öðru frv. sem ég nefndi áðan, frv. um veikindarétt foreldra vegna veikinda barna. Þar koma fram mjög athyglisverðar tölur. Borin eru saman t.d. útgjöld hér á landi sem koma til vegna fjármögnunar peningagreiðslna og þjónustu við fjölskyldur og börn á Íslandi. Þar kemur fram, herra forseti, sem mér finnst mjög athyglisvert að útgjöld hafa staðið í stað frá árinu 1991, eða svo langt sem ég hef töfluna, til loka 1997. Og ég hygg að hægt sé að segja að fram á þennan dag eru útgjöldin nánast óbreytt og hafa verið allan þennan áratug vegna þess að ef tekin eru útgjöld á verðlagi ársins 1997, sambærilegu verðlagi, þá voru 11,7 milljarðar veittir 1991 til þjónustu við fjölskyldur og börn, hvort sem það var í formi þjónustu eða peningagreiðslna, en árið 1997 voru það 11,8 milljarðar þannig að það hefur lítið breyst.

Það sem hefur breyst er að hlutur ríkissjóðs hefur dregist mjög saman á þessu tímabili. Fjármögnun ríkissjóðs var til málefna barna og fjölskyldna þeirra um 59% á árinu 1991, en er nú orðið 47% meðan sveitarfélögin voru með 30,8% en eru komin með 45,7% fjármögnun í þeim útgjöldum sem ég nefndi.

Samt er það svo, herra forseti, að hlutfallslega eru börn miklu fleiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum og munar þar verulegu. Ef við tökum fjölda barna 0–17 ára sem hlutfall íbúa í heildaríbúatölu, þá eru það 28,8% á Íslandi meðan þessi aldursflokkur er 21–23% annars staðar á Norðurlöndum. Samt verjum við í heild miklu minna fjármagni til útgjalda barna og fjölskyldna þeirra.

Við getum tekið t.d. þjónustuna. Það er mjög sláandi. Í þeirri töflu sem ég er með er samanburðurinn gerður í jafnvirðisgildum í ekum á íbúa vegna barna 17 ára og yngri. Þar kemur fram að við verjum 872 ekum á íbúa á móti 2.359 t.d. í Danmörku. Það er þrefalt meira sem varið er í útgjöld vegna þjónustu við börn t.d. í Danmörku og tvöfalt meira í Finnlandi og rúmlega tvöfalt meira í Noregi. Við sjáum að við erum þarna langt að baki. Ef skoðaðar eru peningagreiðslur þar sem jafnvirðisgildi er líka skoðað í ekum á íbúa, þá erum við með 1.115 ekur á meðan hinar Norðurlandaþjóðirnar eru með frá 1.500–2.280 ekur sem er í því tilviki helmingi meira sem hin Norðurlöndin verja á íbúa til barna 17 ára og yngri. Það er sama hvort litið er til peningagreiðslna, þjónustu eða hvaða mælikvarða sem við notum. Við erum langt að baki hinum Norðurlandaþjóðunum. Við höfum enga stefnumótun, við höfum enga framkvæmdaáætlun eða áætlanir að því er varðar aðgerðir til að tryggja betur hag og velferð íslenskra barna í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Það er því allt sem mælir með þeirri tillögu sem flutt er af okkur sex þingmönnum úr öllum flokkum sem sæti eiga á þinginu sem undirstrikar að verulegur áhugi er fyrir því, herra forseti, að sú stefnumótun sem ég nefndi fari fram og framkvæmdaáætlun verði gerð. Það er grundvallaratriði hjá þjóðum sem kenna sig við velferðarsamfélög að búa vel að börnum og unglingum og tryggja þeim sem jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska eins og frekast er unnt. Heildstæð og samræmd opinber stefnumótun í málefnum barna og unglinga, sem framkvæmdaáætlun til nokkurra ára byggist síðan á, er forsendan fyrir skipulögðu og markvissu starfi í því efni til að tryggja betur hag og velferð barna hér á landi.

Ég vil ítreka það í lokin, sem ég veit að umboðsmaður barna leggur líka mikla áherslu á, að í öllu starfi og stefnumótun sem þáltill. gerir ráð fyrir verði eins og kostur er tekið *tillit til sjónarmiða og viðhorfa barna og unglinga*.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

[16:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afar þýðingarmikil tillaga sem hér er til umræðu um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Ég er einn af flm. tillögunnar og ég vænti þess og bind við það vonir að þingmenn á hv. Alþingi taki undir hana og tryggi framgang hennar.

Í tilefni af því, virðulegi forseti, að 1. flm., Jóhanna Sigurðardóttir, fór nokkrum orðum um hversu miklir eftirbátar við erum í útgjöldum til málefna barna og fjölskyldna, vil ég taka fram að á því eru reyndar undantekningar sem sanna að það skiptir máli hverjir stjórna og með hvaða hugarfari fólk tekst á við málaflokka. Á bls. 6 í annarri tillögu sem dreift var á hv. Alþingi í dag, um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þegar við skoðum útgjöld til barnaverndarmála á Norðurlöndum í jafnvirðisgildum á íbúa, má sjá að Ísland er alls ekki lægst eins og það yfirleitt er í öllum samanburði, heldur ívið betra en Noregur og Finnland. Það má rekja til þess að á árinu 1994 og 1995 var verið að gera grundvallarbreytingar á málaflokki barnaverndarmála. Málaflokkurinn var fluttur til félmrn. og mikil uppbygging var í málaflokknum sem skilar okkur tiltölulega jákvæðum samanburði í þessum afmarkaða þætti. Þetta er afar mikilvægt og ástæða til að vekja athygli á því og einnig því að flutningsmaður þeirrar tillögu sem við fjöllum um núna hélt um þau mál á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Af því að við erum að tala um Norðurlöndin, þá er á alþjóðlegum ráðstefnum gjarnan talað um norræna módelið af því að Norðurlönd eru í fararbroddi og við metum okkur alltaf á jafnréttisgrundvelli í umræðunni um Norðurlönd. En í velferðarmálunum erum við eftirbátar eins og hefur þegar komið fram í framsögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og við fáum oft að heyra það frá fólki sem flyst hingað heim til Íslands eftir áralanga búsetu annars staðar á Norðurlöndum að það kvartar sáran um að hér sé ekki fjölskylduvænt samfélag. Það mætir því allt öðruvísi þjóðfélag og allt annar aðbúnaður en fólk á að venjast.

Í raun og veru er það þannig að stefnumörkun í málefnum barna er *stefnumörkun í málum fjölskyldunnar og í raun* jafnréttismál fjölskyldunnar í dag því að meðan aðbúnaði barna er ábótavant næst heldur ekki árangur í málum fjölskyldunnar og jafnréttismálum. Reyndar er það svo að við bíðum enn þá eftir lagabreytingum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar í kjölfar þess að á síðasta kjörtímabili var mörkuð stefna Alþingis um að ríkisstjórnin framkvæmdi *stefnu í* fjölskyldumálum.

Þegar við ræðum afmarkað um fæðingarorlof á Alþingi erum við oftast að ræða um rétt foreldra eða jafnvel jafnréttismál en þetta er jafnþýðingarmikill þáttur í aðbúnaði og umönnun barna. Fæðingarorlofið er til að mynda bara rúmlega helmingur af því sem lakast er á hinum Norðurlöndunum og þar sem það er best á hinum Norðurlöndunum er það næstum þrefalt lengra en á Íslandi. Þar er líka sveigjanleiki í fyrirrúmi, bæði varðandi lengingu fæðingarorlofstímans og að foreldrar megi vera í hlutastarfi samhliða hlutaorlofi sem skiptir mjög miklu máli fyrir fólk á vinnumarkaði, að ég tali ekki um að mæður á Íslandi eiga 26 vikna rétt til fæðingarorlofs á meðan faðirinn á rétt á tveggja vikna orlofi. Þessi mismunun varðar rétt barnsins til samvista við báða foreldra. Þetta er ekki bara mál foreldranna og jafnréttismál þeirra, þetta er líka mál barnsins.

Fjölskyldumyndin hefur breyst mjög mikið síðari ár. Þar sem áður fyrr var fjölskyldan, pabbi, mamma, barn eða börn, þá eru öðruvísi fjölskyldur orðnar mjög margar síðari ár. Hjónaskilnaðir hafa þrefaldast á síðustu 35 árum og aðrar tegundir fjölskyldna hafa fengið viðurkenningu á þessum tíma. Það er hlutverk okkar, löggjafans, að fylgjast með og laga lög og rétt, ekki síst réttinn, að þessum nýja veruleika.

Ég veit ekki hvort fólk gerir sér grein fyrir því hve há tíðni sambúðarslita og skilnaða er. Þeir eru um 1.300 á hverju ári og í nærri 60% tilvika eru börn í dæminu þannig að segja má að á u.þ.b. 760 heimilum missi 1.140 börn annað foreldra sinna út úr fjölskylduumhverfi sínu á hverju einasta ári. Það er hlutverk stjórnvalda að jafna aðstöðu barna eins og unnt er og skapa jöfnuð meðal íbúanna. Því miður gengur allt of hægt hjá okkur og við erum á engan hátt samanburðarhæf við hin Norðurlöndin í þessum efnum.

Það er líka svo að það er ekki bara að réttur karla sé fyrir borð borinn heldur um leið réttur barna til samvista og umgengni við foreldra sína. En af því að ég var að tala um skilnaði, þá eru tæplega 9.000 einstæðir foreldrar í landinu og liðlega 8.000 konur fara með forsjá tæplega 12.000 barna en aðeins um 580 karlar sem fara með forsjá 700 barna. Þetta segir sína sögu og hversu mikilvægt er að tengja eins og unnt er með lögum öryggi inn í umhverfi þessara barna.

Mér finnst líka mjög mikilvægt að fyrirtækin í landinu fari að taka ábyrgð á fjölskyldunni og gera ráð fyrir því að bæði kynin þurfi að vera frá vegna fæðingarorlofs og veikinda barna eða það þurfi að sinna barninu, fara með það í sprautu og annað, og að það er ekki bara réttur karla heldur réttur barnsins.

Samfylkingin hefur flutt og mun flytja mjög mörg mál á þessu þingi um bætta réttarstöðu barna. Ég hef þegar vísað til tillögu um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem dreift var í dag. Við leggjum líka til að komið verði á fót endurgjaldslausri ráðgjöf fyrir þá sem hyggjast skilja og að skipa barni talsmann og við verðum með mál um feðrun barna sem bæta réttarstöðu þeirra sem telja sig vera feður barns. Þetta er allt ekki bara réttur foreldranna heldur réttur barnanna sem við eigum að tryggja *og þess vegna er sú tillaga, virðulegi forseti, sem hér er til* umfjöllunar mjög víðtæk, mjög þýðingarmikil og fjallar í raun og veru um alla þætti samskipta fjölskyldunnar.

[16:50]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 5. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir flutning tillögu um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga. Sem meðflutningsmaður tillögunnar vil ég leggja áherslu á mikilvægi þess að markmið stefnumótunar er að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðfélagsins og búa þau sem best undir framtíðina en það gerum við aðeins ef þeim eru tryggð sem best og jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska. Því er nauðsynlegt að allir sem koma að málefnum barna og unglinga, eins og komið hefur fram hjá framsögumanni, komi að þessu mikilvæga máli. Ekkert er í raun mikilvægara í hverju samfélagi en að koma börnum

til manns. Markmið okkar allra er að börn eigi þess kost að alast upp í öruggi og örvandi umhverfi.

Mikil atvinnuþátttaka og langur vinnutími hefur um langan tíma verið eitt af einkennum íslensks samfélags og það heyrir nánast til undantekningar að fólk sinni launavinnu innan veggja heimilisins. Það er því foreldrum og forráðamönnum barna afar mikilvægt að vita af þeim í vernduðu umhverfi í skóla eða leikskóla á meðan foreldrar eru við vinnu. Það er því áhyggjuefni þegar nú er svo komið að í Reykjavík er samkvæmt fréttum í dag verið að segja börnum upp dagheimilissamningum. Sú staða getur komið upp hjá fleiri sveitarfélögum og er sú þróun mjög alvarleg, bæði fyrir börn og foreldra þeirra.

Mikilvæg skref hafa verið tekin af hálfu stjórnvalda þegar lög um umboðsmann barna voru samþykkt á Alþingi árið 1994 og ráðinn var umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, sem hefur sinnt starfi sínu með miklum sóma. Umboðsmaður barna hefur haldið kynningar og fræðslu í skólum og vinnustöðum og með sveitarstjórnarmönnum þar sem ég sat m.a. fund með umboðsmanni barna og hafði mjög mikið gagn af. Ég held að svo vel hafi til tekist að ekkert barn eða unglingur í dag viti ekki um réttindi sín. Þau eru mjög meðvituð um öll réttindi sín sem er vel.

Ýmislegt hefur verið gert af hálfu stjórnvalda í málefnum barna og unglinga. M.a. hafa umdæmi barnaverndarnefndanna stækkað og barnaverndarnefndum hefur fækkað og það er mjög nauðsynlegt að það haldi áfram og að þeim verði kleift að ráða í þjónustu sína sérhæft starfslið. Ég held að eitt það mikilvægasta í málefnum barnaverndarnefnda sé að þau hafi á að skipa starfsliði sem hefur þekkingu á þeim málum sem þar er fjallað um.

Íslendingar fullgiltu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1992 en sáttmálinn hefur að geyma fjölmörg atriði er lúta að réttindum barna. Lög barnanna fela í sér full mannréttindi allra barna og unglinga og öll eiga þau sama rétt til að alast upp í friði og öryggi og virðingu fyrir hugsunum sínum og skoðunum. Því var mjög ánægjulegt fyrir mig að verða vitni að því á 54. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku að hlýða á ræðu Þorsteins Ingólfssonar, fastafulltrúa okkar hjá Sameinuðu þjóðunum, um réttindi barna. Með leyfi forseta, kem ég með smáútdrátt úr ræðu hans, en þar segir hann m.a.:

„Þrátt fyrir að næstum öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafi fullgilt sáttmálann stendur aukinn fjöldi barna í heiminum andspænis nýrri hættu og ógn við rétt þeirra til að eiga barnæsku og að þroskast og í mörgum tilvikum rétt þeirra til að lifa. Setja verður hagsmuni þessara barna ofarlega á dagskrá Sameinuðu þjóðanna. Hagsmunir og mannréttindi barna eiga að vera órjúfanlegur þáttur í stefnumótun samtakanna á sviði þróunar og í málaflokkum eins og fátækt, fjölgun mannkyns, heilbrigði, menntakerfi o.s.frv.

Flestir viðurkenna að fátækt er ein af meginástæðum fyrir sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi. Um er að ræða alþjóðlegt fyrirbrigði bæði hjá iðnríkjunum og í þróunarríkjunum. Kallað er eftir alþjóðlegu samstarfi, ekki aðeins milli stjórnvalda heldur einnig milli einkaaðila, t.d. fjölmiðla sem hafa mikilvægu hlutverki að gegna í baráttunni gegn kynferðislegri misnotkun og sölu á börnum.

Almennt er viðurkennt að menntun og félagsleg þróun fara hönd í hönd. Allir, bæði piltar og stúlkur, eiga að geta notið réttar til menntunar án tillits til bakgrunns þeirra.

Á tímum aukinna ferða manna landa á milli eru mörg börn í þeirri aðstöðu að vera í nýju landi og þurfa að læra nýtt tungumál. Aðstaða þessara barna er mjög ójöfn miðað við aðstæður annarra barna. Taka þarf á þessu máli nú á tímum aukinnar hnattvæðingar og tækni þar sem mikilvægi menntunar hefur margfaldast, ekki einungis vegna velferðar einstaklingsins heldur fyrir samfélagið í heild.

Nauðsynlegt er, sem liður í alþjóðlegu samkomulagi um mannréttindi barna, að þau og ungt fólk taki þátt í umræðum og aðgerðum sem hafi það að markmiði að breyta félagslegu umhverfi þeirra til þess að stuðla að lágmarks alþjóðlegum lífskjörum fyrir börn.

Á fundi utanríkisráðherra fimm Norðurlanda, sem haldinn var á Íslandi í ágúst sl., var gefin út sameiginleg yfirlýsing gegn notkun barnahermanna. Í yfirlýsingunni er bent á að vernd barna í hernaðarátökum, sem veitt er í núgildandi alþjóðlegum sáttmálum, er ófullnægjandi og hækka verði alþjóðlega staðla. Ísland styður aðkallandi gerð bókunar í þá veru að aðildarríki tryggi að einstaklingar yngri en 18 ára verði hvorki teknir í her né í sjálfstæða vopnaða hópa. Börn á aldrei undir neinum kringumstæðum að þvinga til þess að taka þátt í átökum."

Mér fannst það mikilvægt af því að ég átti þess kost að sitja fundi Sameinuðu þjóðanna og hlýða á ræðu Þorsteins Ingólfssonar að fá að flytja hana áfram eða hluta af henni hingað til ykkar.

Herra forseti. Það er hvort tveggja mikilvægt fyrir okkur sem þjóð að málefni barna og unglinga séu í sem bestum farvegi og að rödd okkar heyrist á alþjóðavettvangi því að við höfum ýmislegt til málanna að leggja til annarra þjóða. Málefni barna eru mannréttindi, þau eru fjölskyldumál og fjölskyldan er og mun verða hornsteinn samfélagsins.

[16:57]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér finnst mjög ánægjulegt með tilliti til þess hve þetta mál er mikilvægt að farið hefur fram nokkur umræða um það og athyglisverðar upplýsingar sem komu fram í máli beggja þingmanna sem tekið hafa þátt í umræðunni ásamt mér.

Vissulega er athyglisvert sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi um stöðu barnaverndarmála að það sé aðeins einn þáttur í því sem varðar hag og velferð barna, barnaverndarmálin og framlög til þeirra, sem við getum borið okkur sæmilega saman við aðrar þjóðir. Þar er þó vissulega ýmislegt sem betur má fara. Ég minnist þess þegar ég var félmrh. að það fyrirkomulag er mjög slæmt að hér skuli vera eins margar barnaverndarnefndir og raun ber vitni um allt land og er mjög mikilvægt að sameina og stækka barnaverndarumdæmin.

Af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi mál sem dreift var fyrr í dag, um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þá er það auðvitað mjög mikilvæg tillaga. Þar kemur fram að enn skortir á að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og það er langt í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans, þ.e. að börn og ungmenni innan 18 ára aldurs hér á landi njóti þeirrar verndar sem sáttmálanum er ætlað að veita. Sú úttekt sem þar er lögð til er mjög mikil grundvallarforsenda líka fyrir þeirri áætlun sem hér er lögð til og stefnumótun að við stöndum okkur í því að uppfylla ákvæði barnasáttmálans.

Vissulega er ástæða líka af því tilefni að minna á að í þessum mánuði, 20. nóvember, eru liðin tíu ár frá gildistöku barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég held að það væri vissulega vegsauki fyrir þessa samkomu, Alþingi Íslendinga, ef við gerðum átak í því að tryggja betur hag og velferð barna, t.d. með samþykkt þeirrar þáltill. sem hér er á dagskrá, um heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, og reyndar einnig þeirri sem ég nefndi sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur forustu fyrir, um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Það er ekki oft, herra forseti, sem þverpólitísk samstaða næst um flutning á þingmálum. Þetta er eitt þeirra, herra forseti, og það gefur von til þess að á þessu þingi náum við að stíga stórt skref fram á við til þess að bæta stöðu og hag barna í íslensku samfélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 71. mál (breytingar á bótagreiðslum). — Þskj. 71.

[17:00]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég hef ásamt nokkrum öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar lagt fram frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar. Með frv. er lögð til breyting á því ákvæði almannatryggingalaga sem kveður á um hækkun bótagreiðslna og fjárhæða samkvæmt lögum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr. almannatryggingalaganna, skuli breytast ársfjórðungslega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun um þær skal taka mið af launavísitölu. Þetta er meginefni frv. en auk þessa er kveðið á um að framangreindar bætur, greiðslur og fjárhæðir hækki í samræmi við verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs ef slík viðmiðun leiðir til hærri bóta.

Auðvitað er full ástæða til að slíkt mál sé flutt sem þingmál þegar litið er til síðasta kjörtímabils og þess hvernig bætur almannatrygginga og viðmið sem hæstv. ríkisstjórn notaði við útreikning á þeim leiddi til að lífeyrir almannatrygginga varð langt á eftir því sem aðrir í þjóðfélaginu fengu á sama tímabili.

Í fylgiskjali með frv. er sýnt svart á hvítu hvernig breytingar á vísitölunni hafa þróast frá 1997–1999 og síðan breytingar á vísitölu neysluverðs. Ef við skoðum 1997 þá hækkaði launavísitalan að meðaltali um 5,4% en vísitala neysluverðs um 1,8%, en það er sú vísitala sem bætur almannatrygginga og kjör lífeyrisþega tóku mið af. Ef við tökum 1998 þá var hækkun launavísitölunnar, sem laun almennt í landinu hækkuðu í samræmi við, að meðaltali 9,4% en hækkun neysluvísitölunnar einungis 1,7%.

Í fylgiskjalinu eru sýndir fjórir fyrstu mánuðirnir í ár. Þar á sama þróun sér stað þó reyndar sé það svo að á síðustu mánuðum hefur heldur dregið saman með neysluvísitölu og launavísitölu. Engu að síður höfum við þessa reynslu og þetta er sú viðmiðun sem ég tel eðlilegra að nota en þá sem ríkisvaldið hefur stuðst við á undanförnum árum. Það er reyndar í samræmi við það sem samtök aldraða hafa sett fram í sínum ályktunum og tillögum, t.d. Landssamband eldri borgara, en í ályktun frá þeim, frá því í maí 1999, er lagt til að breytingar á upphæð grunnlífeyris almannatrygginga og öðrum bótaflokkum verði látnar fylgja breytingum á launavísitölu Hagstofunnar og verðlagi, og komi til framkvæmda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. En eins og menn þekkja eru breytingar í samræmi við neysluvísitölu gerðar einu sinni á ári í tengslum við fjárlög. Hér er lagt til að þetta verði ársfjórðungslega og taki mið af launavísitölu.

Það er engin sanngirni í því gagnvart lífeyrisþegum og þeim sem fá bætur t.d. samkvæmt almannatryggingalögum, að hækkanir á þeim bótum og lífeyri taki ekki mið af því sem almennt gengur og gerist í þjóðfélaginu heldur séu aldraðir settir á annan bás en aðrir, kjör þeirra og framfærsla látin taka mið af allt öðru en almennt gengur og gerist í þjóðfélaginu. Sé miðað við launavísitölu sést að það hefði leitt til mun meiri og sanngjarnari hækkunar á lífeyrisgreiðslum á undanförnum árum en reyndin hefur orðið.

Hitt atriðið sem lagt er til í frv., að bætur almannatrygginga og lífeyrir almannatrygginga breytist ársfjórðungslega, er mun eðlilegra en að bíða þurfi eftir hækkunum í eitt ár. Sú bið er óeðlilega löng og ósanngjörn ekki síst þegar vísitölur eru reiknaðar út mánaðarlega og hæglega ætti að vera hægt að taka mið af þeim og gera breytingarnar ársfjórðungslega.

Skoðum til hvers þessar viðmiðanir hafa leitt og tökum tímabilið t.d. frá janúar 1995 til janúar 1999. Við sjáum hvernig mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hafa hækkað samanborið við launagreiðslur. Kaupmáttarhækkunin 1995–1999 er 22,5% en ef við skoðum það sem til ráðstöfunar er þá er hækkunin einungis um 15%. Meðaltalshækkun launa var á þessu tímabili 35% samkvæmt Hagstofu Íslands samanborið við 23,8% í hækkun lífeyris. Kaupmátturinn hækkaði um 25,7% hjá launþegum meðan hann hækkar ekki nema um 15,3% hjá lífeyrisþegum. Þetta eru afleiðingar þeirra viðmiða sem notuð hafa verið á undanförnum árum til að ákveða kjör lífeyrisþega.

Það er ljóst að þessi viðmiðun og afnám tengsla lífeyris og launa í upphafi síðasta kjörtímabils lækkaði verulega lífeyrisgreiðslur til aldraðra. Afkoma þeirra versnaði mjög við þá breytingu. Á öllu kjörtímabilinu hækkuðu laun um 35% að meðaltali og lágmarkslaun um 50% en grunnlífeyrir og tekjutryggingu aðeins um 24%.

Í því sambandi get ég líka nefnt að í upphafi síðasta kjörtímabils dekkuðu skattleysismörkin lífeyrisgreiðslur þannig að aldraðir þurftu ekki að borga skatta af lífeyrisgreiðslum sínum. Skattleysismörkin dugðu til að tryggja það en nú vantar nokkur þús. kr. upp á, sennilega 6–8 þús. kr. Þeir sem fá einungis lífeyri frá almanntryggingum fóru á síðasta kjörtímabili allt í einu að greiða skatt sem skattleysismörkin, sem eins og ég sagði, tryggðu áður að ekki þyrfti að greiða af lífeyrisgreiðslum almannatrygginga. Þetta er auðvitað veruleg breyting á kjörum og afkomu lífeyrisþega og tímabært að snúa þeirri þróun við þannig að lífeyrisgreiðslur aldraðra fylgi því sem almennt gerist í þjóðfélaginu.

Það má líka nefna annan þátt sem Landssamband eldri borgara hefur nefnt í ályktunum sínum um kjaramál og sett fram kröfur um breytingar á. Það eru greiðslur sem aldraðir fá úr lífeyrissjóðum sínum. Þeir verða nú að greiða 40% af þeim en með réttu ættu þeir einungis að greiða 10% skatt eins og fjármagnstekjuskatturinn er. Það er viðurkennt að $^2/_3$ af greiðslum úr lífeyrissjóðum er ekkert annað en vextir og verðbætur. Eldri borgarar hafa sett þessa kröfu fram. Hún er réttmæt og varla hægt að mótmæla henni. Þegar maður

veltir því fyrir sér að um er að ræða vexti og verðbætur að verulegum hluta sem fólk fær greitt úr lífeyrissjóðum, hvers vegna í ósköpunum eiga aldraðir þá að greiða 40% af þeim greiðslum meðan þeir sem greiða skatta af fjármagnstekjum sínum greiða af þeim einungis 10%?

Ég held, herra forseti, að löngu sé orðið tímabært að gerður verði sáttmáli um afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega, sem yrði undirstaða nýrra almannatryggingalaga sem löngu er orðið tímabært að endurskoða og ráðast í breytingar á. Hjá síðustu ríkisstjórn og ríkisstjórninni þar áður hafa verið áform um slíka endurskoðun en ekki hefur tekist betur en svo að stagað hefur verið í almannatryggingalöggjöfina. Í augnablikinu man ég ekki hve margar breytingar hafa verið gerðar á undanförnum árum á almannatryggingalögunum en þær skipta tugum. Það hefur aldrei verið hægt að ráðast í það brýna verkefni sem er heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni. Ég held að við ættum að nota tækifærið og gera sáttmála um afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega sem yrði þá undirstaða almannatryggingalaga.

Ég held að allir séu sammála um að það gengur ekki að meira en helmingur aldraðra sé með lífeyri undir lágmarkslaunum eins og nú er en 10 þúsund aldraðir eru með lífeyri á bilinu 40–60 þús. kr. sér til framfærslu af 24–25 þús. lífeyrisþegum, ef ég man rétt.

Herra forseti. Opinber útgjöld til elli- og örorkulífeyrisþega eru miklu lægri hér á landi en annars staðar. Lífeyrisgreiðslurnar eru að sama skapi miklu lægri. Mun meira fé er varið til að tryggja hag elli- og örorkulífeyrisþega á hinum Norðurlöndunum en hér er gert. Í öðru þingmáli sem liggur fyrir þinginu er ítarleg tafla, sem Hagstofa Íslands tók saman fyrir mig, um hvað við verjum til félags- og heilbrigðismála á Íslandi samanborið við aðrar þjóðir. Ef maður skoðar töfluna fyrir aldraða og öryrkja, ber saman við hin Norðurlöndin og tekur útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1997 á jafnvirðisgildi í ekum þá verjum við til aldraðra og öryrkja 1.741 ekum á íbúa meðan Danmörk ver 3.389 ekum, þ.e. helmingi hærri upphæð. Hin Norðurlöndin eru með: Noregur 3.117 ekur, Svíþjóð 3.375 ekur, Finnland 2.645 ekur meðan við erum með 1.741 ekur á íbúa. Ef við tökum útgjöld til félags- og heilbrigðismála á Norðurlöndum 1997 sem hlutfall af landsframleiðslu og athugum aldraða sérstaklega þá er hlutfallið af landsframleiðslu 5% hér meðan það er 12,5% á hinum Norðurlöndunum eða tvöfalt hærra, t.d. er 12,5% hlutfalli af landsframleiðslu varið til aldraðra í Svíþjóð að því er varðar félags- og heilbrigðismál og 11,3% í Danmörku, 8,6% í Finnlandi, 7,7% í Noregi og 5% á Íslandi.

Herra forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv. Vissulega væri ástæða til að fara ítarlegar en ég hef gert yfir kjör aldraðra í þjóðfélaginu og aðbúnað þeirra. Mestu máli skiptir að sú leiðrétting sem hér er gert ráð fyrir nái fram að ganga. Hún tryggir eins og ég sagði áður að lífeyrir almannatrygginga og bætur þeirra haldist í hendur við það sem annars gerist í þjóðfélaginu þannig að aldraðir dragist ekki eins langt aftur úr öðrum og ég hef hér nefnt. Við þekkjum að með þeirri breytingu sem gerð var í tíð síðustu ríkisstjórnar, þegar klippt var á tengsl lífeyris við launin, eru greiðslurnar endurskoðaðar árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Við gerum ráð fyrir að þeim verði breytt í samræmi við þróun launa en hækki þó aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Herra forseti. Ég vænti þess að frv. fái góða umfjöllun í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar. Gert er ráð fyrir að gildistakan verði 1. janúar árið 2000 þannig að þessi breyting, nái hún fram að ganga, taki gildi þegar í byrjun næsta árs.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni innflytjenda á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 91. mál. — Þskj. 91.

[17:16]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Til umfjöllunar er till. til þál. um málefni innflytjenda á Íslandi. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á aðstæðum innflytjenda á Íslandi, einkum með tilliti til kvenna og barna. Safnað verði upplýsingum úr skýrslum og könnunum sem þegar hafa verið gerðar á vegum hins opinbera og annarra aðila og gagna aflað eftir þörfum til að meta á vandaðan hátt stöðu innflytjenda á Íslandi. Markmiðið verði að finna leiðir til þess að tryggja þeim kennslu, aðstoð og félagslega þjónustu þannig að þeir eigi þess kost að vera virkir þátttakendur á jafnréttisgrundvelli í íslensku samfélagi."

Málefni útlendinga sem setjast að á Íslandi heyra undir fjögur ráðuneyti, þ.e. dómsmrn., félmrn., heilbr.- og trn. og menntmrn. Á vegum þessara ráðuneyta og annarra aðila sem láta málefni innflytjenda til sín taka hefur á undanförnum árum verið leitast við að setja fram hugmyndir og tillögur um hvernig best yrði komið til móts við þarfir útlendinga sem flytjast til Íslands. En það nægir ekki að setja fram hugmyndir. Aðgerða er þörf og það fyrr en síðar. Þó skal ekki gert lítið úr orðum og hugmyndum enda gengur þessi þáltill. fyrst og fremst út á slíka hugmyndavinnu. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að í kjölfarið fylgi athafnir og ráðstafanir.

Hér er valinn sá kostur að nota hugtakið innflytjandi, fremur en nýbúi, um þá sem eru á Íslandi í þeim tilgangi að setjast þar að. Hugtakið nýbúi á, a.m.k. í hugum margra, einvörðungu við um fólk frá framandi menningarsvæðum. Þess má geta að mannréttindasamtök innflytjenda á Íslandi hafa heldur lagst gegn þessari notkun orðsins og kjósa þess í stað að tala um fólk sem hefur flust til Íslands sem innflytjendur.

Það er augljóst að innflytjendur á Íslandi eru fjölbreyttur hópur. Ástæður þess að Ísland hefur valist sem dvalarstaður eru mismunandi. Sem dæmi má nefna að á undanförnum árum hafa komið til Íslands nokkrir hópar erlendra flóttamanna sem hér hafa sest að. Hingað hefur komið fólk í atvinnuleit og nú um stundir eru slíkir hópar fjölmennir víðs vegar um landið að störfum. Íslendingar hafa gengið í hjónaband með erlendu fólki. Þá getur verið um að ræða fólk sem á fjölskyldu hér fyrir, erlenda foreldra eða erlend börn Íslendinga.

Sumum þeirra útlendinga sem hér hafa sest að hefur tekist vel að samlagast íslensku samfélagi, þeir hafa sett svip sinn á það, styrkt og auðgað á margvíslegan hátt. Því miður eru þeir þó margir og jafnvel fleiri sem þurfa sérstakan stuðning þegar þeir setjast að í nýju landi með framandi tungu og ólíka menningu. Ef ekki verður brugðist við og tryggt að innflytjendum sem setjast að á Íslandi verði sérstaklega sinnt og séð til þess að þeir og börn þeirra fái viðunandi

kennslu á öllum skólastigum og innan fullorðinsfræðslunnar, tryggt að almennar upplýsingar um íslenskt samfélag, t.d. um heilbrigðis- og tryggingarkerfi, séu tiltækar og búið svo um hnúta að íslenskur vinnumarkaður sé þeim aðgengilegur er hætt við að áður en langt um líður verði ýmis vandamál sem tengjast þessum hópi þjóðfélagsþegna á Íslandi orðin svo yfirgripsmikil og fjölþætt að vart verði við ráðið. Síðast en ekki síst þarf að sjá til þess að innflytjendurnir missi ekki tengsl við eigin menningu og samfélag.

Í þessari þáltill. er sjónum sérstaklega beint að málefnum erlendra kvenna og barna sem búa á Íslandi. Ástæðan er sú að konur eru fjölmennar í hópi innflytjenda á Íslandi og margar þeirra búa við þær aðstæður að eiga erfitt með að leita sér fræðslu og upplýsinga. Í ljós hefur komið að margar erlendar konur sem sest hafa að á Íslandi hafa leitað aðstoðar kvennaathvarfa vegna vandamála sem upp koma í fjölskyldulífi þeirra. Á þetta ber að leggja áherslu. Þetta er staðreynd. Þetta eru aðstæður sem verður að taka á.

Sem dæmi um hve viðkvæm þessi umræða er þá hafa heyrst þær raddir, m.a. frá mannréttindasamtökum innflytjenda, að þau telja vafasamt að setja málið upp einhliða og tengja vandamál innfluttu fólki. Vandinn sé stundum ekki annar en sá að fólki sé sýnd óbilgirni af hálfu kerfisins, ef svo má að orði komast, að það búi við ósanngjarnar reglur en rangt sé að tengja alla innflytjendur vandamálum, alla vega beri mönnum að forðast slíkt. Þetta er engu að síður staðreynd. Úr hópi innflytjenda eru stórir hópar, það á við um konur og börn sérstaklega, sem hafa þurft að leita aðstoðar kvennaathvarfa.

Börn innflytjenda á Íslandi búa milli tveggja eða jafnvel fleiri menningarheima. Í ljós hefur komið að brottfall þeirra úr skóla er óvenju hátt. Mörg þeirra ljúka ekki formlegu grunnskólanámi og aðeins örfá þeirra sem það gera halda áfram námi að loknum grunnskóla. Jafnvel hefur brugðið við að börnin skili sér alls ekki inn í skólakerfið.

Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að vænlegasta leiðin til að tryggja að vel takist til þegar útlendingar setjast að í framandi samfélagi sé að styðja þá til að viðhalda eigin móðurmáli og menningu og sjá um leið til þess að þeir kynnist grundvallaratriðum hins nýja samfélags, siðum þess og venjum. Þá er einnig mikilvægt að Íslendingar líti í eigin barm, losi sig við fordóma og temji sér virðingu og þolinmæði fyrir annars konar viðhorfum og gildum en þeim sem þeir hafa hingað til vanist. Þannig verður best stuðlað að fjölbreyttara og auðugra samfélagi á Íslandi.

Brýnustu verkefnin eru að:

sveitarfélögum verði ætlað sérstakt fjármagn til þess að undirbúa móttöku innflytjenda og aðstoða þá við að samlagast samfélaginu sem þeir búa í,

sveitarfélögum verði ætlað sérstakt fjármagn til þess að tryggja að börn innflytjenda á grunnskólaaldri missi ekki af almennri kennslu við hæfi vegna ónógrar íslenskukunnáttu,

tryggja að í allri grunnþjónustu samfélagsins, svo sem innan heilbrigðiskerfisins, í ungbarnavernd, á vegum félagsmálastofnunar o.s.frv., sé innflytjendum gefinn kostur á túlkun á eigin móðurmál þegar þjónusta er veitt eða eftir henni leitað og að fyrir hendi séu almennar upplýsingar á einföldu máli sem innflytjendur geta nýtt sér.

Þótt þessi verkefni séu hér talin brýnust eru fjölmörg önnur atriði sem mikilvægt er að takast á við. Þær tillögur sem hér hafa verið nefndar til úrbóta hafa komið fram í mörgum skýrslum og greinargerðum þar sem fjallað hefur verið um málefni innflytjenda á Íslandi. Má þar t.d. nefna nefndarálit um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi sem menntamálaráðuneytið gaf út í júní árið 1997. Vandinn er hins vegar að góðar tillögur sem þar og annars staðar koma fram hafa ekki náð fram að ganga. Því er mikilvægt að safnað verði saman upplýsingum og hugmyndum sem þegar liggja fyrir um hvernig betur megi standa að því mikilvæga verkefni að tryggja útlendingum sem velja sér Ísland sem heimaland viðunandi móttökur og aðbúnað.

Í umræðu um málefni innflytjenda hefur oft gætt talsverðra fordóma. Iðulega heyrir maður sagt, þegar þessi mál ber á góma, að það hljóti að teljast tilætlunarsemi að ætlast til þess að túlkað sé fyrir fólk inni á sjúkrastofnunum eða þar sem fólk þarf aðstoð innan velferðarþjónustunnar. Hvers vegna á að verja miklu fjármagni í að kenna innfluttu fólki eigið tungumál og hvers vegna ber okkur siðferðileg skylda til þess að styðja við bakið á innfluttu fólki eins og hér er verið að leggja til að gert verði?

Hvernig skyldi þetta vera þegar Íslendingar dvelja í útlöndum? Hafa menn ekki fagnað því þegar Norðurlandaþjóðirnar taka á móti Íslendingum, Danir, Svíar, Norðmenn, og stuðla að því að okkar börn og innflutt fólk fái slíka þjónustu? Við erum þakklát fyrir það en teljum þetta jafnframt vera eðlileg réttindi og þannig eigum við að taka við erlendu fólki sem hér sest að.

Ég lít á þetta sem spurningu um mannréttindi. En fyrir þá sem skilja ekkert nema tungumál auranna og krónunnar vil ég taka fram að það leikur ekki nokkur vafi á að ef þessi mál eru látin dankast með aðgerðaleysi þá erum við að skapa okkur vanda í framtíðinni sem verður okkur nær óviðráðanlegur. Það er nokkuð sem við höfum séð gerast víða um lönd og meira að segja í grannríkjum okkar, meira að segja á Norðurlöndum. Annars staðar eru vandamál af þessu tagi mun alvarlegri en á Norðurlöndum því að þau þjóðfélög hafa þó sennilega gengið lengra í þessum efnum en ýmis önnur ríki Evrópu.

Það sem hér er verið að leggja til er að ráðist verði í vinnu, fengið yfirlit yfir allar þær upplýsingar sem liggja fyrir og í kjölfarið gripið til aðgerða.

Eins og ég nefndi í upphafi heyra þessi mál undir fjögur ráðuneyti og eflaust álitamál hvar málið á að hafna í þingnefnd til umfjöllunar. Ég ætla að láta mér nægja að vísa því til nefndar. Ég tel eðlilegast að þetta fari til allshn. til umfjöllunar en það kann vel að vera að það eigi heima í öðrum nefndum og þá læt ég stjórn þingsins eftir að taka um það ákvörðun.

[17:29]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég get glatt hv. þm. Ögmund Jónasson með því að nú þegar hefur verið sett af stað vinna sem tekur efnislega á innihaldi þáltill. hans. Ég þakka honum fyrir að vekja athygli á þessu vegna þess að þetta eru mál sem þarf að ræða og bregðast við.

Félmrh. hefur fyrir nokkru óskað eftir tilnefningum í nefnd sem á að taka saman þá vinnu og þær tillögur sem unnar hafa verið í málefnum nýbúa og skoða m.a. stofnun sérstakrar landsmiðstöðvar fyrir nýbúa. Mér er kunnugt um þetta vegna þess að óskað hefur verið eftir því að skoðuð verði sú reynsla sem fengist hefur af störfum flóttamannaráðs þar sem ég hef verið starfandi formaður um nokkurra ára skeið. Mig langar að fara aðeins yfir reynsluna af þeim sem ég held að ég geti sagt að hafi verið mjög góð.

Við verðum að hafa í huga að flóttamenn eru annar hópur en nýbúar. Við megum ekki rugla saman flóttamönnum og öðrum innflytjendum sem hingað koma. Flóttamenn eru í þeirri stöðu að þeim er ekki vært í heimalandi sínu og hafa þurft að sæta ofbeldi og ofsóknum. Þar af leiðandi er réttlætanlegt að taka sérstaklega á málefnum þeirra. Í flóttamannaráði höfum við fylgt þeirri reglu að leggja áherslu á að mennta börn flóttamanna á sinni eigin tungu og á íslensku, þ.e. stuðla að svokölluðu tvítyngi, sem ég tel vera grundvallaratriði fyrir félagslegum þroska þeirra. Við getum líkt þessu við það þegar Íslendingar fluttu til Vesturheims og lögð var áhersla á að við héldum menningarlegum séreinkennum okkar en yrðum samt sem áður fullgildir íbúar Kanada, Bandaríkjanna og víðar, eftir því hvar menn settust að.

Í öðru lagi höfum við lagt áherslu á að kenna flóttamönnum íslensku og aðlaga þá að íslensku samfélagi. Markmiðið hefur verið að flóttamenn, fullorðnir einstaklingar og börn, verði sjálfbjarga í íslensku þjóðfélagi eftir þetta eina ár sem flóttamannaaðstoðin stendur og það hefur tekist hjá okkur. Við höfum haft reynslu af þessu vinnulagi í fjögur ár. Við höfum flutt inn um 150 flóttamenn. Þar af hefur nokkur hópur snúið til baka en þeir sem hafa sest hér að eru allir sjálfbjarga og gengur vel. Ungmennum í hópunum gengur vel í skóla og gengur vel að aðlagast íslensku samfélagi. Því miður er ekki hægt að segja sömu sögu af þeim sem að ekki hafa notið íslenskukennslu og kennslu á eigin móðurmáli eins og þau dæmi vitna um sem hv. þm. nefndi hér á undan.

Sérstaklega er mikilvægt að hafa í huga að fjölgun innflytjenda og nýbúa er ný staða. Ég held að ég fari rétt með það að börn af erlendu bergi brotin eða öllu heldur innflytjendur á skólaskyldualdri — ég tel ekki með börn af erlendu bergi brotin sem eru fædd hér — séu um 1.300 talsins og þar af um 500 á leikskólaaldri. Þetta þýðir að við erum komin með umtalsverðan hóp af nýbúum eða innflytjendum inn í skólakerfið sem við þurfum að taka sérstakt tillit til svo hann verði ekki annars flokks og falli út úr kerfinu. Í þessu efni er samstarf við sveitarfélögin sérstaklega mikilvægt. Ég legg á það áherslu að rétturinn til félagsþjónustu á vegum félagsmálastofnunar sveitarfélags fylgir lögheimilinu. Um leið og nýbúi eða innflytjandi er kominn til landsins og skráir sig með lögheimili hér þá öðlast hann þau réttindi sem aðrir öðlast samkvæmt félagsþjónustulögum.

Önnur þjónusta hins vegar, t.d. þjónusta á vegum ríkisins sem niðurgreidd er af Tryggingastofnun, fylgir ekki þessari reglu heldur þurfa menn að hafa verið búsettir hér í ákveðinn tíma til þess að öðlast þau réttindi. Upp hafa komið dæmi t.d. um að maki íslensks ríkisborgara sem var í námi erlendis og kom hingað til lands með manni sínum vanfær þurfti að borga kostnað sjúkrahússins við fæðinguna. Það er mjög bagalegt að hafa þetta þannig. Því þarf að huga að þessum þáttum líka. Það þarf að taka allt inn í dæmið og ná góðu samstarfi við sveitarfélögin um framkvæmd þessa, þar sem sveitarfélögin sjá um félagsþjónustuna og grunnskólann.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál mikið lengra en vil upplýsa að þetta starf er þegar farið af stað. Þar eiga aðild fulltrúar sveitarfélaga og verkalýðshreyfingar og ég vona svo sannarlega að pólitísk samstaða verði um að vel takist til.

[17:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það gætir tvískinnungs í framkomu okkar Íslendinga og afstöðu til innflytjenda á Íslandi, svokallaðra nýbúa. Annars vegar bjóðum við fólk velkomið hingað til lands og það gerum við með bros á vör og í orði en við fylgjum því ekki nægilega vel í reynd, á borði. Ég vil nefna eitt dæmi máli mínu til stuðnings um skólagöngu innflytjenda, Íslendinga sem eru af erlendu bergi brotnir og hafa kosið að flytja hingað til lands.

Í nýútgefinni aðalnámskrá grunnskóla, sem er afskaplega merkt plagg, kemur skýrt fram að gert er ráð fyrir að börn innflytjenda hljóti menntun, ekki einasta í íslensku og íslenskri menningu heldur ekki síður á sínu eigin móðurmáli. Gera á börnunum kleift að viðhalda sinni eigin menningu, menningu þess lands sem þau koma frá. Þetta eru nýmæli í aðalnámskrá grunnskóla og það segir sig sjálft að nýmæli af þessu tagi kosta afskaplega mikið fé. Þá erum við komin að því viðkvæma máli að tekjustofnar sveitarfélaganna til menntamála hafa ekki verið það miklir að mögulegt sé að fjármagna allar þær nýjungar sem aðalnámskrá grunnskóla leggur þeim á herðar. Þetta er mjög skýrt dæmi um það og jafnframt skýrt dæmi um það sem við ætlum okkur að taka vel á, í orði. Auðvitað er sjálfsagt að við sýnum innfluttum Íslendingum þá rausn að þeir geti viðhaldið menningu sinni. Með því erum við að tryggja mannauð viðkomandi einstaklings, með því erum við að tryggja að manneskjan sem um ræðir geti nýst samfélagi okkar og verið því auðlind. Við tölum oft um mannauð og við viljum sannarlega, í orði, að hann fái notið sín en gleymum oft að verkin þurfa að tala líka. Við þurfum vera samkvæm sjálfum okkur í orði og á borði.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson minntist á það hér að þegar Íslendingar flytja á milli Norðurlandanna þá er okkur afskaplega vel tekið. Við fáum þær móttökur að félagsráðgjafar eða þeir sem hafa þann starfa að taka á móti innflytjendum taka á móti okkur og við fáum persónulega uppfræðslu um rétt okkar. Okkur er kynntur sá réttur sem við eigum. Við erum spurð þeirra spurninga sem þarf að spyrja um tekjur okkar eða möguleika okkar til tekjuöflunar, um börnin okkar og skólagöngu þeirra, um meðlög, ef um slíkt er að ræða — alla slíka þætti.

Ég veit til þess að bæklingar eru látnir gegna þessu hlutverki á Íslandi, en það nægir ekki. Því til staðfestingar nefni ég að æ ofan í æ kemur það fyrir að innflytjendur á Íslandi eru ekki meðvitaðir um að börnin þeirra eigi rétt á skólanámi. Það hefur ítrekað komið í ljós, jafnvel mörgum vikum eftir að skólar hefjast, að börn innflytjenda sitja heima vegna þess að þeir hafa óvart ekki tekið með sér bæklingana sem greindu þeim frá þessum rétti barna til skólagöngu. Þarna vil ég meina að pottur sé brotinn og þarna verðum við að bæta úr.

Virðulegi forseti. Mergurinn málsins er fólginn í niðurlagi greinargerðar þessarar þáltill. Þar segir að ýmsar tillögur hafi litið dagsins ljós varðandi málefni innflytjenda, t.d. er nefnt til sögunnar nefndarálit um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi sem að menntmrn. gaf út árið 1997. Vandinn er hins vegar fólginn í því að tillögur þær og hugmyndir sem við höfum á borðum okkar um þennan málaflokk eru bara í stafla og ekki nýttar. Þess vegna vil ég meina að hér sé á ferðinni afskaplega þörf tillaga og góð. Það kostar ekki mikið að fara í gegnum þann hugmyndabunka sem við eigum og koma einhverjum þeim hugmyndum í framkvæmd.

[17:42]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það var gott að heyra hve vel hv. þm. Árni Gunnarsson tók undir tillöguna. Hann benti réttilega á að um mjög margslungið verkefni væri að ræða. Hann tíndi til ýmis dæmi, t.d. um að réttindi maka Íslendinga sem flyttust hingað til lands væru af skornum skammti og önnur dæmi. Hann sagði að í gangi væri margvísleg vinna til að fá úr þessu bætt. Það sem við leggjum höfuðáherslu á hér er staða kvenna og barna. Þótt ég sé einn skrifaður fyrir þessari þáltill. þá hefur hún fengið mikla umræðu í þingflokki okkar, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Í reynd ber ég hana fram í nafni þingflokksins. Við teljum mjög mikilvægt að strax verði tekið á málefnum þessara hópa, kvenna og barna. Núna, þessa dagana, eru konur og börn að leita til kvennaathvarfa vegna alvarlegra vandamála sem upp hafa komið í þeirra lífi.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á, að á endanum snýst þetta að verulegu leyti um peninga. Hún tók dæmi um að fjárskortur hefði valdið því að skólar sinntu ekki þeirri skyldu sinni að kenna börnunum íslensku eða uppfræða þau eins og þeim ber að gera.

Ég vil að lokum taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Við ættum, kannski öðrum þjóðum fremur, að hafa skilning á því að erlent fólk sem flytur til Íslands, sest að og gerist Íslendingar, vilji viðhalda menningu sinni, eða alla vega sýna henni virðingu. Ætli margar þjóðir hafi gengið eins langt í því efni og einmitt okkar þjóð? Nægir þar að vísa til Vesturheims þangað sem við gerum út forseta og aðra sendimenn að sækja Íslendingabyggðir heim.

Herra forseti. Ég kom fyrst og fremst upp til að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég leyfi mér að boða það að þetta er fyrsta þingmálið af fleiri þingmálum sem þingflokkur okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, leggur fram um málefni sem tengjast innflytjendum á Íslandi vegna þess að við höfum afráðið að sinna þessum málaflokki sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10. mál.

Fundi slitið kl. 17:46.

---

17. FUNDUR

þriðjudaginn 2. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórnarskipunarlög, frv., 59. mál, þskj. 59. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar, frv., 71. mál, þskj. 71. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Málefni innflytjenda á Íslandi, þáltill., 91. mál, þskj. 91. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
6. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.
7. Samningur um flutning dæmdra manna, stjtill., 113. mál, þskj. 123. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Gunnarsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

[13:29]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar, 124. mál, beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, þskj. 144.

Frummatsskýrsla um álver á Reyðarfirði, 132. mál, fsp. KolH, þskj. 152.

Gjald af ferðamönnum á friðlýstum svæðum, 131. mál, fsp. KolH, þskj. 151.

Gjald fyrir ökupróf, ökuskírteini og vegabréf, 128. mál, fsp. GÁS, þskj. 148.

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, 121. mál, beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, þskj. 140.

Samningur um raforkusölu til álbræðslu á Reyðarfirði, 40. mál, svar iðnrh., þskj. 142.

Sláturkostnaður, 129. mál, fsp. EKG, þskj. 149.

Staðardagskrá 21, 133. mál, fsp. KolH, þskj. 153.

Staðlar fyrir lögreglubifreiðir, 127. mál, fsp. HjÁ, þskj. 147.

Staðlar fyrir mannafla á lögreglustöðvum, 125. mál, fsp. HjÁ, þskj. 145.

Tannvernd barna og unglinga, 130. mál, fsp. ÖJ, þskj. 150.

Úthlutun listamannalauna, 126. mál, fsp. HjÁ, þskj. 146.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 63. mál. — Þskj. 63.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 71. mál (breytingar á bótagreiðslum). — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Málefni innflytjenda á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 91. mál. — Þskj. 91.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[13:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Umsvif í alþjóðasamstarfi aukast örar en nokkru sinni fyrr. Sú staðreynd kallar á að við Íslendingar sinnum þeim málaflokki í ríkari mæli en áður. Hnattvæðingin eða alþjóðavæðingin sneiðir ekki hjá okkur. Þar erum við og viljum vera virkir þátttakendur. Útrás íslenskra fyrirtækja og fjárfestingar þeirra erlendis eru dæmi um breytt umhverfi. Allur heimurinn er vettvangur íslenskra athafna og Ísland er ekki eyland í merkingunni einangrað land. Alþjóðlegir straumar leika hér um. Þeir eru undirstaða framfara með sama hætti og hafstraumarnir gera landið byggilegt.

Alþjóðlegum fundum, sem fjalla um íslenska hagsmuni, fjölgar stöðugt. Við eigum ekki kost á að sitja þar hjá. Enginn gætir hagsmuna okkar nema við sjálf. Það er mikið verk og kostnaðarsamt að taka þátt í slíku samstarfi. Í því efni hefur utanrrn. mikilvægu forustuhlutverki að gegna. Þess gætir þó í auknum mæli að alþjóðlegt samstarf snerti starfssvið margra ráðuneyta enda tekur það til allra sviða samfélagsins. Það gerir samvinnuna flóknari og pólitískari og að henni koma öll fagráðuneytin. Málaflokkar eins og umhverfis- og auðlindamál varða í vaxandi mæli þjóðarhagsmuni og öryggi ríkja beint og óbeint.

Hnattvæðingin mun halda áfram. Samfara henni eykst gildi okkar hefðbundnu alþjóðasamvinnu, t.d. á sviði Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Evrópu- og Norðurlandasamstarfs.

Það gefur augaleið að í ræðu sem þessari get ég tímans vegna ekki fjallað um alla þætti utanríkismála. Ég hef þess vegna ákveðið að dreifa yfirlitsskýrslu um utanríkismál með vorræðu minni árið 2000, líkt og gert var 4. nóvember 1997.

Fyrirhugaða stækkun Evrópusambandsins ber hæst á sviði Evrópumála. Öll starfsemi ESB tekur mið af þessu. Stækkunarferlið mun einnig hafa áhrif á EFTA-ríkin sem utan standa. Framkvæmdastjórn ESB hefur nú lagt fram tillögu um að ekki verði lengur gert upp á milli þeirra sex ríkja sem formlega er samið við og hinna sex sem verið hafa í biðstöðu. Búast má við að gengið verði frá því á leiðtogafundinum í Helsinki að samið verði samhliða við tólf ríki en tengsl styrkt við Tyrkland án samningaviðræðna.

Bjartsýnar áætlanir sumra ríkja um aðild að ESB strax árið 2002–2003 eru ekki raunhæfar. Það verður vart fyrr en undir lok næsta árs sem það fer að skýrast hvenær fyrstu ríkin fá inngöngu. Til viðbótar má nefna að ESB verður sjálft að gera upp við sig hvaða breytinga er þörf á eigin innviðum áður en af stækkun verður. Milliríkjaráðstefna um það hefst á næsta ári. Þótt stefnt sé að því að henni ljúki fyrir þar næstu áramót er það alls óvíst. Það er þó ekki seinna vænna fyrir okkur að búa okkur undir að taka afstöðu til samskipta við mun stærra Evrópusamband.

Enn eru breytingar fram undan sem hafa áhrif á stöðu ríkja sem haft hafa umfangsmikið samstarf við Evrópusambandið. Má þar nefna að sameiginlegur gjaldmiðill, evran, kemst á að fullu árið 2002. Þó að Ísland hafi aldrei sótt um aðild og engin slík umsókn sé í undirbúningi þá hefur aðild ekki verið hafnað. Ákvarðanir samstarfsríkja okkar í EFTA á næstu árum hafa áhrif á þá stöðu. Ég hef því ákveðið að láta gera hlutlausa úttekt þar sem farið verður yfir starf Evrópusambandsins lið fyrir lið. Þar er hægt að draga fram hver staða Íslands yrði án samninga, því næst hvernig EES-samningurinn, samstarfssamningur um Schengen og aðrir þeir samningar, sem gerðir hafa verið, nýtast okkur og loks hver bein áhrif yrðu ef Ísland væri aðildarríki. Vonast ég til að geta lagt úttektina fyrir ríkisstjórn fyrri hluta næsta árs. Ekki er ætlunin að setja fram beinar tillögur heldur skýra stöðu okkar við breyttar aðstæður. Úttekt af þessu tagi ætti að skapa grundvöll fyrir upplýsta umræðu á næstu árum.

Framkvæmd EES-samningsins hefur gengið allvel og raunar betur en margir þorðu að vona eftir að EFTA-ríkjunum fækkaði. Veik staða framkvæmdastjórnar ESB hefur reynst bagaleg því hún er milligönguaðili EFTA/EES-ríkjanna um öll mál á samningssviðinu þar sem við höfum ekki aðgang að pólitískum umræðuvettvangi aðildarríkja ESB. Róðurinn hefur reynst þungur í þeim tilvikum þar sem ástæða þykir til að breyta ákvörðunum ESB eða laga þær sérstaklega að íslenskum aðstæðum áður en þær eru felldar inn í EES-samninginn. Á móti kemur þó að auðveldara hefur reynst að koma sjónarmiðum okkar á framfæri við tæknilegan undirbúning á byrjunarstigi.

Teknar hafa verið upp viðræður við framkvæmdastjórnina um bókun 9. Þar hafa verið settar fram kröfur um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir við heldur dræmar undirtektir. Reynt verður að þoka málum áleiðis. Einnig hefur verið rætt við ESB um tollalækkanir á íslenskum hestum. Árangur þar fer eftir því hvort hægt er að ganga frá gagntilboði um tollalækkanir fyrir ESB-afurðir inn á íslenskan markað. Viðræður um bókun 3 varðandi unnar landbúnaðarafurðir, sem náðist ekki að ljúka á sínum tíma, eru nú á lokastigi og ætti hún því að geta tekið gildi á næsta ári.

Á grundvelli samstarfssamnings Íslands og Noregs við Evrópusambandið, sem kenndur er við Schengen, hefur ríkjunum tveimur gefist kostur á að taka þátt í umræðu og starfi aðildarríkja ESB um landamæraeftirlit og tengd málefni. Það er flókið verkefni að skilgreina nákvæmlega hvar og hvenær Ísland og Noregur skuli hafa aðgang á grundvelli samningsins og upp hafa komið nokkur álitaefni. Í heild hefur starfið þó gengið vel.

Þegar litið er um öxl í öryggis- og varnarmálum blasir eftirfarandi við: Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin hafa undanfarna fimm

áratugi tryggt öryggi lands og þjóðar. Breytingar sem orðið hafa í öryggismálum á þessum áratug leysa íslensk stjórnvöld hvorki undan þeirri skyldu að tryggja landvarnir né heldur gefa þær tilefni til að varpa hornsteinum varnarstefnu Íslands fyrir róða. Öryggisumhverfi heimshluta okkar er enn í mótun. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að taka fullan þátt í mótun þess umhverfis og axla þá ábyrgð sem því fylgir með virkri þátttöku í alþjóðlegu varnar- og öryggismálasamstarfi.

Eins og fram kemur í greinargerð utanrrn. um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót er stefnt að því að gera þátttöku Íslendinga í vörnum landsins virkari. Þegar hafa verið stigin fyrstu skref í þá átt. Má þar nefna smíði 3000 tonna varðskips sem mun fyrir utan hefðbundna landhelgisgæslu taka þátt í æfingum og sjóferðaeftirliti í samstarfi við varnarliðið. Þátttaka Íslands í varnaræfingunni Norðurvíkingi hefur verið efld. Hlutur utanrrn. og Landhelgisgæslunnar var meiri nú en verið hefur. Sprengjuleitarsveit Gæslunnar tók þátt í æfingunni í fyrsta sinn. Sérsveit ríkislögreglustjóra var líka með í Norðurvíkingi í fyrsta sinn með beinum hætti. Næsta sumar fer almannavarnaæfingin Samvörður fram hér á landi í annað sinn undir merkjum Samstarfs í þágu friðar. Þar verður áhersla lögð á björgun úr hafsnauð.

Í þeirri viðleitni að stuðla að faglegri umræðu hérlendis um varnarmál verður næsta haust haldin ráðstefna um framtíð öryggismála á Norður-Atlantshafi á vegum utanrrn. og herstjórnar Atlantshafsbandalagsins.

Gildistaka Amsterdam-samningsins í maí sl. veldur þáttaskilum í öryggis- og varnarmálum Evrópu á næstu árum. Rýmkun ákvæða samningsins um nýjar öryggismálastofnanir ESB verður rædd innan ESB á næstu vikum. Gert er ráð fyrir að viðeigandi ákvarðanir verði teknar á leiðtogafundi ESB í Helsinki í desember. Það er markmið ESB að efla sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu þannig að jafnóðum verði mótuð sameiginleg varnarmálastefna og í þeim tilgangi verði Vestur-Evrópusambandið (VES), eða ákveðin verkefni þess felld inn í ESB. Framkvæmd þessara ákvæða samningsins hófst á leiðtogafundi ESB í Köln í júníbyrjun þar sem m.a. var lagður grunnur að stofnun sérstakrar öryggismálanefndar og hermálanefndar. Atburðarásin í fyrrverandi Júgóslavíu, nú síðast í Kosovo, hefur afhjúpað misræmið sem er á milli varnarviðbúnaðar Evrópuríkja, þar á meðal samanlagðra útgjalda til varnarmála, og getu þeirra til að ráðast í sjálfstæðar aðgerðir ef þörf krefur. Jafnframt hefur vakið athygli hversu Bandaríkin hafa axlað stóran hluta þeirra byrða sem hafa fylgt aðgerðunum í fyrrverandi Júgóslavíu. Viðleitni til breytinga miðast ekki eingöngu við að styrkja sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu ESB. Hún sýnir líka vilja til að leiðrétta misræmið.

Jafnhliða þessari þróun innan ESB hafa einstök aðildarríki þess sett fram tillögur um hvernig gera megi Evrópuríkjum kleift að axla meiri ábyrgð í öryggis- og varnarmálum. Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur verið ákveðið að efla frekar evrópskt öryggis- og varnarmálasamstarf, m.a. til stuðnings hugsanlegum aðgerðum ESB.

Óvíst er hvort leiðtogum ESB-ríkja auðnast í Helsinki að fjalla um þátttökurétt annarra ríkja í störfum nýrra öryggismálastofnana. Á hinn bóginn er æskilegt að ákvarðanir um slíkar stofnanir feli frá upphafi í sér ákvæði um þátttökuréttinn. Þannig mætti tryggja beina þátttöku án skerðingar á sjálfstæðri ákvarðanatöku ESB. Með tilhögun í líkingu við aukaaðildina að VES gæti ESB stuðlað að víðtækri samstöðu um evrópska öryggis- og varnarmálastefnu, þar á meðal stuðningi við lögmæti nauðsynlegra aðgerða. Þá auðveldar þátttökuréttur evrópskra bandalagsríkja utan ESB allt samstarf Atlantshafsbandalagsins og ESB og kemur í veg fyrir óviðunandi flokkadrætti innan bandalagsins.

Af ofangreindum ástæðum hefur viðeigandi sendiráðum Íslands í aðildarríkjum ESB verið falið að kynna sjónarmið íslenskra stjórnvalda á nýjan leik fyrir leiðtogafundinn í Helsinki. Utanríkisráðherrum aukaaðildarríkja VES hefur verið boðið til óformlegs fundar með starfsbræðrum frá ESB-ríkjum nú næstu daga. Sjónarmið okkar endurspegla vilja til að standa vörð um íslenska hagsmuni. Ísland er Evrópuríki sem hefur lagt sitt af mörkum til sameiginlegs öryggis og varna álfunnar í rúma hálfa öld og verðskuldar sæti við borðið þar sem fjallað verður um evrópsk öryggis- og varnarmál þegar til lengri tíma er litið. Það þýðir ekki að sameiginlegar varnarskuldbindingar Atlantshafsbandalagsins séu léttvægari en áður, heldur er þetta þvert á móti leiðin til að varðveita og styrkja Atlantshafstengslin.

Margir hafa haft á orði að æskilegt væri að gæta samræmis í fjölgun aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og ESB. Þótt sú hafi ekki orðið raunin er hugsanlegt að mótun sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu innan ESB geti haft áhrif á stækkunarferli beggja samtaka. Eftir sem áður leggjum við áherslu á að Eystrasaltsríkin þrjú verði á meðal þeirra ríkja sem næst verður boðin aðild.

Fullyrða má að leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins í Washington hafi sætt einna mestum tíðindum á sviði öryggis- og varnarmála frá því að síðast var fjallað um utanríkismál á Alþingi. Fundurinn sýndi órofa samstöðu aðildarríkja og samstarfsríkja þegar aðgerðir bandalagsins gegn sambandslýðveldinu Júgóslavíu stóðu sem hæst, endurskoðuð öryggismálastefna bandalagsins var samþykkt í aðdraganda nýrrar aldar, stækkunarferli bandalagsins var staðfest með ákvörðunum um hagnýtan undirbúning umsóknarríkja og komið var til móts við Evrópusambandið á sviði öryggis- og varnarmála.

Herra forseti. Ísland leiðir Norðurlandasamstarfið á þessu ári. Formennskan í Norðurlandasamstarfinu gefur okkur kærkomið tækifæri til aukinna áhrifa. Við höfum haldið fundi ráðherra og embættismanna. Í tengslum við þá hefur fjöldi fólks sótt okkur heim en slíkar heimsóknir treysta vináttuböndin.

Við höfum haldið tvo norræna utanríkisráðherrafundi. Á fund sem haldinn var á Egilsstöðum komu jafnframt utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna og Kanada. Þátttaka gestanna endurspeglar samstarfið sem Norðurlandasamstarfið hefur getið af sér. Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið eru af þessum meiði.

Norðlæg vídd Evrópusambandsins hefur á undanförnum mánuðum verið áberandi í umræðunni um starfsemi Barentsráðsins og Eystrasaltsráðsins enda er ljóst að áhersluatriði eru hliðstæð. Það er gleðiefni að ESB skuli bjóða ríkjum á norðurslóðum sem eru ekki meðlimir að taka þátt í stefnumótun um hina norðlægu vídd. Sérstakur ráðherrafundur um hana er fyrirhugaður í Helsinki 12. þessa mánaðar.

Barentsráðið og Eystrasaltsráðið geta verið ESB innan handar við að framfylgja stefnu um hina norðlægu vídd. Sama á við um Norðurskautsráðið. Starfsemi þess á sviði umhverfismála, áður þekkt sem Rovaniemi-ferlið, er allviðamikil og ítarleg. Þá er þess að gæta að Atlantshafstengslin sem koma til af þátttöku Bandaríkjanna og Kanada í Norður-

skautsráðinu hljóta að vega þungt frá pólitísku sjónarhorni. Fyrir okkur er æskilegt að miða að því að koma á tengslum milli Norðurskautsráðsins og hinnar norðlægu víddar ESB.

Staða Norðurlanda í Evrópu er sterk. Þau hafa á þessu ári leitt þrjár stórar Evrópustofnanir. Við Íslendingar höfum farið fyrir Evrópuráðinu, Norðmenn gegna formennsku í ÖSE og Finnar í ESB. Við höfum saman nýtt okkur þessa stöðu með stuðningi Dana og Svía, enda einstakt tækifæri til að hafa meiri áhrif á málefni Evrópu.

Við Íslendingar viljum efla hin marghliða tengsl við Rússland. Samstarf við Rússa er nú orðið fastur liður í svæðasamstarfi Norðurlandanna innan ráðanna þriggja sem ég nefndi áðan. Þeim hefur líka verið boðin þátttaka í fundum Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, til dæmis fundum utanríkis- og varnarmálaráðherra. Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Þýskalands í Berlín nýlega var einmitt lögð áhersla á mikilvægi þessa svæðisbundna samstarfs, ekki síst með tilliti til Rússlands.

Sex mánaða formennsku Íslands í ráðherranefnd Evrópuráðsins er senn að ljúka. Ég vil láta í ljós sérstakt þakklæti mitt til þingmanna og jafnframt fjölmiðla fyrir þann áhuga sem þeir hafa sýnt því starfi. Ein af skyldum formennskuríkis er að að hafa forustu um málefni ráðsins og vera í forsvari fyrir því gagnvart ríkjum og stofnunum. Af þessum ástæðum heimsótti ég Bosníu-Hersegóvínu og Úkraínu og tók þátt í Sarajevo-ráðstefnunni um stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu.

Fjárlög Evrópuráðsins hafa ekki hækkað að raungildi undanfarin ár. Ljóst er að Mannréttindadómstóllinn þarf á hærri fjárveitingum að halda til að sinna þeim málum sem nú bíða úrlausnar. Málunum fjölgar vegna nýrra aðildarríkja og þeirrar staðreyndar að þegnar ríkjanna vita nú betur en áður um tilveru dómstólsins og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Í formennskutíð okkar hefur verið reynt að finna lausn á þessu. Ég er bjartsýnn á að hún finnist á næstunni.

Evrópuráðið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) vinna að sumu leyti að sömu verkefnum á sviði mannréttindamála en ÖSE sinnir líka mörgum öðrum málum. Brýnt er að forðast tvíverknað í störfum þessara stofnana eins og margoft hefur komið fram í umræðum á hv. Alþingi.

Brátt hefur Evrópusambandið gerð sérstaks mannréttindasáttmála ESB. Þessi sáttmáli á ekki að veikja störf Evrópuráðsins og ÖSE að mannréttindamálum. Mannréttindadómstóll Evrópu á eftir sem áður að gegna hlutverki sínu og tryggja lagalega einingu um grundvöll mannréttinda í álfunni. Á þetta atriði lagði ég sérstaka áherslu á samráðsfundum Evrópuráðsins og ESB nú í október.

Hartnær aldarfjórðungur er liðinn frá því að Helsinki-sáttmálinn var samþykktur og grunnurinn lagður að starfsemi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Starfsemi stofnunarinnar hefur margfaldast enda tekur starf hennar til öryggismála í víðum skilningi: mannréttindamála, afvopnunarmála, aðgerða á hernaðarsviðinu, menningarmála og efnahags- og umhverfismála.

Eftir tvær vikur verður leiðtogafundur ÖSE haldinn í Istanbúl og standa vonir til að þar verði unnt að samþykkja þrjú skjöl sem styrkja átakavarnir og hlutverk samtakanna í að koma á friði og styrkja stöðugleika í álfunni. ÖSE eru einu samtökin sem öll Evrópuríki og ríki Norður-Ameríku eiga aðild að.

Herra forseti. Ég hef áður sagt á hinu háa Alþingi að nauðsynlegt sé að fylgjast vel með þeirri umhverfismálaumræðu sem á sér stað innan Sameinuðu þjóðanna. Inn í hana fléttast umfjöllun um auðlindamál, þar á meðal málefni hafanna, en ekki er gerður greinarmunur á umhverfismálum annars vegar og auðlindamálum hins vegar. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun kom saman í vor og fjallaði m.a. um málefni hafanna. Ísland tók þátt umræðunni og stóð fyrir vel heppnaðri kynningu á stjórnun íslenskra fiskveiða og afstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi til umhverfismála. Í kjölfarið var ákveðið að Ísland byði sig fram til setu í nefndinni á næsta ári.

Í upphafi 54. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, sem nú stendur yfir, vakti Kofi Annan máls á nauðsyn þess að ná sátt um hvernig og hvenær hið alþjóðlega samfélag geti gripið inn í átök sem eiga sér stað innan landamæra fullvalda ríkja. Þetta er mjög aðkallandi úrlausnarefni í ljósi þess að flest alvarleg átök eiga sér nú stað milli stríðandi fylkinga innan einstakra ríkja en ekki á milli ríkja. Óbreyttir borgarar eru ekki aðeins fórnarlömb átaka heldur beinast stríðsaðgerðir oft beinlínis gegn þeim. Fullveldisréttur ríkja er ein af grundvallarreglum þjóðaréttarins og þarf að umgangast þann rétt með það í huga. Hins vegar er ljóst að meginreglur þjóðaréttar um mannréttindi eru ófrávíkjanlegar og altækar. Þessar meginreglur geta rekist harkalega á eins og sýndi sig í Kosovo.

Við getum ekki setið hjá aðgerðalaus þegar stórfelldir glæpir á borð við fjöldamorð eru framdir. Óviðunandi er að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna geti ekki komið sér saman um ákvarðanir til lausnar á slíku ástandi. Norðurlöndin hafa tekið virkan þátt í umræðu um endurbætur á skipulagi og skipan öryggisráðsins en því miður hefur hún ekki borið ávöxt fram að þessu. Tímabæru frumkvæði Kofis Annan í þessu sambandi verður að fylgja eftir og ná sátt um niðurstöðu. Niðurstaðan um íhlutunarrétt hins alþjóðlega samfélags á grundvelli mannréttinda og mannúðarlaga skiptir sköpum fyrir framtíð Sameinuðu þjóðanna sem bera aðalábyrgð á að tryggja heimsfrið og öryggi. Stofnunin þarf að laga sig að breyttu umhverfi og marka stefnu um það hvernig hún ætlar að taka á átökum þar sem óbreyttir borgarar njóta ekki verndar eigin stjórnvalda en eru þess í stað ofsóttir og drepnir. Brýnt er að huga að hvernig hægt er að styrkja fyrirbyggjandi hlutverk samtakanna sem Kofi Annan hefur gert að forgangsatriði.

Unnið hefur verið skipulega að því undanfarin missiri að styrkja samstarf Íslands við Matvæla- og landbúnaðarstofnunina FAO sem hefur aðsetur í Róm. Margvísleg störf stofnunarinnar á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs eru Íslendingum mikilvæg. Má þar nefna umræður um sérstöðu landbúnaðar í heimsviðskiptum og skynsamlega nýtingu sjávarauðlinda í krafti öflugrar fiskveiðistjórnunar.

Til þess að fylgja þessum hagsmunum frekar eftir sækist Ísland nú í fyrsta sinn eftir setu fyrir hönd Norðurlandanna allra í stjórnarnefnd FAO. Á næstu dögum verður valið í nefndina til þriggja ára. Í tengslum við væntanlega stjórnarnefndarsetu hefur verið ákveðið að ráða sérstakan staðarfulltrúa til starfa í Róm.

Þá hefur ríkisstjórnin í undirbúningi, í samstarfi við FAO, að standa fyrir ráðstefnu um sjálfbærar fiskveiðar á Íslandi árið 2001. Leitast verður við að fjalla um flestar hliðar fiskveiða og þátt þeirra í fæðuöflun mannkynsins og áhrif þeirra á vistkerfi jarðar. Niðurstaða ráðstefnunnar gæti orðið

leiðandi stefnuyfirlýsing sem renndi styrkum stoðum undir þau sjónarmið sem Ísland hefur haldið á lofti.

Þessa dagana stendur yfir í Bonn fimmta aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Þar er fjallað um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar og unnið að undirbúningi þess að sjötta aðildarríkjaþingið, sem fram fer árið 2001, geti samþykkt reglur um kvótaviðskipti og aðra þætti sveigjanleikaákvæðanna sem svo eru nefnd.

Markmið okkar á þeim fundum, sem nú standa yfir, er að fá það viðurkennt að hinni tæknilegu umræðu um íslensku tillöguna sé lokið þannig að unnt verði að taka ákvörðun í málinu á næsta aðildarríkjaþingi. Tillagan á að tryggja að við getum haldið áfram að nýta okkar hreinu, endurnýjanlegu orkulindir og þannig lagt fram skerf til lífvænlegra loftslags á jörðinni.

Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna, sem tók gildi í mars 1995, hefur verið fullgiltur af 180 ríkjum. Fram til þessa hafa 84 ríki undirritað Kyoto-bókunina, sem er bókun við samninginn frá 1997, en aðeins 16 fullgilt hana. Ekkert OECD-ríkjanna hefur fullgilt bókunina og ekkert þeirra ríkja sem tekið hafa á sig skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni hafa uppi áform um að fullgilda hana meðan óráðið er um framkvæmd sveigjanleikaákvæðanna, framfylgd og viðurlög við að brjóta gegn bókuninni.

Herra forseti. Árið 1999 er fyrsta árið sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aukið fé til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands kemur til framkvæmda. Aukningin var 57 milljónir kr. frá 1998 til 1999 og er aftur gert ráð fyrir 60 milljóna kr. aukningu í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2000. Stefnt er að aukinni starfsemi í heilbrigðis- og félagsmálum og meiri samvinnu við frjáls félagasamtök.

Þrátt fyrir að myndarlega hafi verið tekið á í fjárveitingum til tvíhliða aðstoðar við þróunarlönd, þ.e. verkefna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, nánast þreföldun framlaga á árabilinu 1998–2003, er Ísland enn þá eftirbátur nágrannaríkjanna í framlögum til þróunarmála.

Afar brýnt er að gefa eftir skuldir fátækustu ríkja heims og átakið til þess var aðalumfjöllunarefni ársfundar Alþjóðabankans nú í haust. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka þátt í átakinu af fullri einurð eins og aðrar Norðurlandaþjóðir.

Mörg fátækustu ríki hafa lokast inni í vítahring afborgana og vaxtagreiðslna sem þau hafa alls ekki ráðið við. Markmið átaksins er að rjúfa þennan vítahring. Ég geri mér vonir um að átakið hjálpi ekki einvörðungu fátæku fólki til bjargálna heldur örvi það líka viðskipti í heiminum. Framlag okkar til átaksins nemur um það bil 200 milljónum króna sem fara að mestu í gegnum Alþjóðabankann á nokkrum árum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í vor kom fram skýr vilji til að halda áfram að auka fjölbreytni atvinnulífs og útflutningsgreina. Verðmæt sérþekking okkar á góða möguleika úti í hinum stóra heimi ef hún fær stuðning. Þetta var haft að leiðarljósi, m.a. með ráðningu viðskiptasérfræðinga hjá sendiráðum okkar á mikilvægustu mörkuðunum. Starf þeirra hefur þegar skilað áþreifanlegum árangri.

Lögð hefur verið áhersla á að samræma starfsemi þeirra opinberu aðila sem sinna alþjóðlegu kynningar- og markaðsstarfi fyrir atvinnulífið. Leitast hefur verið við að efla samráð milli starfsmanna þeirra stofnana sem koma að slíkum málum. Þetta kom m.a. fram í sameiginlegri þátttöku viðskiptaþjónustu utanrrn. og Útflutningsráðs á sjávarútvegssýningunni hér á landi í september sl. og samstarfi viðskiptaþjónustunnar og Ferðamálaráðs í Bandaríkjunum í kynningarmálum. Með samstarfssamningi við Byggðastofnun hefur verið reynt að tryggja að þjónusta við útflytjendur nái einnig til fyrirtækja á landsbyggðinni.

Samkeppnin um athygli fólks gerist æ harðari. Í samstarfi viðskiptaþjónustu utanrrn. og Ferðamálaráðs í Bandaríkjunum var gerð könnun sem leiddi ljós að Ísland var nánast óskrifað blað í hugum þarlendra. Í landkynningu er um óplægðan akur að ræða. Hefur verið kosið að tengja saman orðin Ísland og náttúra undir vörumerkinu Iceland Naturally og verður árlega til þess varið 70 millj. kr. á næstunni. Íslensk fyrirtæki í Bandaríkjunum leggja einnig til umtalsverða fjármuni.

Gert er ráð fyrir að nýrri lotu samningaviðræðna verði ýtt úr vör á þriðju ráðherrastefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem haldin verður í Seattle í Bandaríkjunum dagana 30. nóvember til 3. desember nk. Viðamestu verkefni komandi viðræðna verða endurskoðun landbúnaðarsamningsins og samningar um frjáls þjónustuviðskipti. Önnur væntanleg verkefni eru höfunda- og hugverkaréttindi og lækkun tolla á iðnaðarvörum og sjávarafurðum.

Af hálfu nokkurra aðildarríkja WTO, þar á meðal Íslands, hefur áhersla verið lögð á að viðskipta- og umhverfismál verði til umfjöllunar í næstu samningalotu. Sú umræða gæti reynst okkur einna mikilvægust. Þar verður t.d. fjallað um sjálfbæra þróun og skynsamlega nýtingu endurnýjanlegra auðlinda. Tækifæri til að hafa áhrif á framvinduna gætu skapast vegna reynslu okkar á sviði verndunar, uppbyggingar og nýtingar sjávarafla. Við höfum lagt áherslu á að umræðan leiði til einhvers konar samnings á þessu sviði. Við undirbúning að ráðherrastefnunni í Seattle höfum við beitt okkur fyrir því að í slíkum samningi yrðu ákvæði um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi. Þar höfum við bent á hvernig ríkisstyrkir hafi samkeppnishamlandi áhrif og geti stuðlað að rányrkju. Hugmyndir Íslands hafa fengið stuðning margra þjóða.

Herra forseti. Fórnfúst starf ræðismanna Íslands erlendis verður seint ofmetið. Tilvist og starfsemi þeirra er mikilvæg fyrir fámenna utanríkisþjónustu og er brýnt að efla tengsl utanrrn. og hinna 215 kjörræðismanna okkar. Mikilvægt er að auka tengsl ræðismanna við land og þjóð. Í því skyni er nú í undirbúningi fimmta ræðismannaráðstefnan sem haldin verður á Íslandi árið 2001.

Íslensk utanríkisþjónusta á sextíu ára starfsafmæli hinn 10. apríl næstkomandi. Ráðuneytið mótar nú tillögur um á hvern hátt þess verði minnst. Ég hef áhuga á því að nota það tilefni til að upplýsa betur um hlutverk utanríkisþjónustunnar og þá hagsmuni sem henni er falið að standa vörð um.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nýta sér árþúsundamótin með margvíslegum hætti. Þetta á m.a. við um þátttöku Íslands í EXPO 2000 í Hannover í Þýskalandi sem er eitt okkar mikilvægustu viðskiptalanda. Þar njóta íslensk málefni velvildar. Yfirskrift sýningarinnar, maður, tækni, náttúra, hentar íslenskri ásjónu sérlega vel. Íslenskt hugvit og handverk munu njóta sín á sýningarsvæðinu. Þá verður haldið veglega upp á árþúsundamótin í Vesturheimi og minnst þar einkum tveggja stórviðburða frá árinu 1000, landafunda í Vesturheimi og kristnitöku. Utanríkisþjónustan hefur lagt lið þeim fjölmörgu viðburðum sem ráðgerðir eru í Bandaríkjunum og Kanada á vegum landafundanefndar. Um er að ræða eitt metnaðarfyllsta verkefni okkar fyrr og síðar á sviði landkynningar jafnframt því að áhersla er lögð á að treysta tengsl við fólk þar af íslensku bergi brotið.

Ísland verður áfram í þjóðbraut ef við viljum það sjálf. En við getum einnig einangrast ef við höldum ekki vöku okkar. Framsækin utanríkisstefna er ein af forsendum velmegunar og framfara. Við megum ekki láta þröngsýni og hræðslu við að taka þátt í samstarfi ríkja vera ráðandi í gjörðum okkar. Djörfung og víðsýni hefur oftast einkennt íslenska utanríkisstefnu. Ef sá andi fær að ríkja við stefnumótun í nánustu framtíð mun okkur vel farnast.

[14:06]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá ræðu og skýrslu sem hann hefur flutt hér. Hins vegar er alveg rétt hjá honum að það er takmarkaður tími, 30 mín. hjá hæstv. ráðherra og 15 mín. hjá öðrum hv. þm. til að ræða þetta yfirgripsmikla mál. Því má vænta þess að á þessu þingi eins og oftast áður komi einstakir þættir utanríkismála til nánari umræðu en hér er hægt að viðhafa. Ég verð tímans vegna að láta mér nægja að drepa á nokkur atriði, bæði af því sem sagt er í ræðu hæstv. utanrrh. og eins því sem hann hefur látið ósagt í ræðu sinni.

Ég vil taka undir þau orð sem hæstv. ráðherra mælir í ræðu sinni að utanrrn. hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna, að gæta hagsmuna Íslands og Íslendinga á erlendum vettvangi, og láta það koma fram að þetta litla og tiltölulega fámenna ráðuneyti hefur í þeim efnum unnið feikigott starf á undanförnum árum, þar sem Ísland hefur farið með forustu í ýmsum fjölþjóðasamtökum sem Íslendingar hafa átt aðild að, nú síðast í Evrópuráðinu og á vettvangi norrænnar samvinnu. Það hefur komið í ljós æ ofan í æ að það fólk sem vinnur við þessi störf á vegum utanrrn. skilar góðri vinnu og það er full ástæða til að þakka þeim fyrir það hér úr ræðustóli á Alþingi.

Það er mjög athyglisvert og lýsir breyttum viðhorfum að fyrsta málið sem hæstv. utanrrh. tekur á dagskrá í ræðu sinni, og ber því að líta á sem mikilvægasta málið að hans áliti í utanríkismálum Íslendinga, eru Evrópumálefnin. Hann raðar þeim efst á listann sem segir a.m.k. sögu um það hvert mat hans er á mikilvægi þess samstarfs. Það er auðséð, svo valið sé orð sem er mikið í tísku hjá ýmsum, að hæstv. utanrrh. hefur tekið Evrópuvírusinn. Út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja.

Í ræðu sinni um Evrópumálin fjallar hæstv. ráðherra m.a. um umfangsmikið samstarf við Evrópusambandið og nefnir þá sérstaklega til sögunnar að sameiginlegur gjaldmiðill, evran, komist að fullu á árið 2002. Síðan segir hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að Ísland hafi aldrei sótt um aðild og engin slík umsókn sé í undirbúningi þá hefur aðild ekki verið hafnað."

Þarna á hann við aðild að myntsamstarfinu. Svipuð ummæli viðhafði hæstv. forsrh. á fundum erlendis ekki alls fyrir löngu. Þetta eru vissulega athyglisverðar yfirlýsingar. Því eins og öllum er ljóst getur ekkert ríki orðið aðili að þessu samstarfi nema það sé jafnframt aðili að Evrópusambandinu. Að vísu gæti Ísland einhliða tekið þá ákvörðun að miða gengi krónunnar við gjaldmiðilinn evru. En það er væntanlega ekki sú aðild að samstarfinu sem hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh. eiga við, heldur er ómögulegt að skilja orð þeirra öðruvísi en svo að þarna vísi þeir til þess að aðild að myntsamstarfinu, sem byggist á aðild að Evrópusamstarfinu hafi ekki verið hafnað, það sé með öðrum orðum á dagskrá. Það tel ég mjög merkilega yfirlýsingu, bæði frá hæstv. utanrrh. og ekki síst hjá hæstv. forsrh. sem hefur látið þau orð falla við annað tækifæri að aðildarumsókn Íslendinga að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá á meðan hann sitji í stól forsrh. Með öðrum orðum, að því frágengnu sé sú aðild ekki útilokuð. Það eru vissulega nokkur tíðindi að slík orð skuli falla hjá báðum hæstv. ráðherrum.

Þá fagna ég því mjög sem fram kemur hjá hæstv. utanrrh. að hann hafi ákveðið að láta gera hlutlausa úttekt þar sem farið verði yfir starf Evrópusambandsins lið fyrir lið, þar sem hæstv. ráðherra segir að dregið verði fram hver staða Íslands yrði án samninga, því næst hvernig EES-samningurinn, samstarfssamningurinn um Schengen og aðrir þeir samningar sem gerðir hafa verið nýtast okkur og loks hver bein áhrif yrðu ef Ísland væri aðildarríki að Evrópusamstarfinu.

Hæstv. ráðherra er hér að segja nákvæmlega það sama og Samfylkingin lagði til og gerði að kosningastefnu sinni. Með öðrum orðum, að ríkisstjórnin tæki á sig það verkefni að fara yfir þá kosti sem Íslendingar eiga í málunum, lýsa kostum þeirra og göllum, opna þannig fyrir umræðu um Evrópumálin, taka þau á dagskrá með þjóðinni og gera henni fært að taka á grundvelli vitrænna umræðna ákvörðun um hvort og hvenær sækja skyldi um aðild. Þarna er hæstv. utanrrh. að leggja til nákvæmlega sömu starfsaðferðirnar og Samfylkingin lagði til í kosningabaráttunni og ég fagna því. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki reiðubúinn til að beita sér fyrir því að í þeirri hlutlausu úttekt, sem hann ætlar að beita sér fyrir að fram fari, verði m.a. leitað álits og afstöðu þeirra aðila sem hafa tekið mjög virkan þátt í þessu samstarfi á vettvangi Evrópusamvinnunnar og EES-samningsins, t.d. þeirra samtaka sem hafa tekið þátt í samvinnuþáttum sem varða hagsmuni neytenda og verkafólks sérstaklega, þ.e. verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og Neytendasamtakanna hins vegar.

Það sem hefur nefnilega komið í ljós í sambandi við Evrópusamstarfið er að það er ekki aðeins mikilvægt fyrir okkur á sviði atvinnumála, sviði útflutningsmála og útflutningsviðskipta, heldur hefur þetta samstarf lagt grundvöllinn að gjörsamlega allri íslensku samkeppnislöggjöfinni eins og hún leggur sig, komið í veg fyrir hringamyndun og óeðlilega starfsemi á markaði og tryggt neytendum þar með þann rétt sem neytendur á Íslandi voru sviknir um í mörg ár og kom ekki til Íslands fyrr en fyrir tilverknað Evrópusamstarfsins og Evrópusamvinnunar mörgum árum eftir það sem gerðist hjá öðrum nálægum löndum. Með sama hætti hefur verkalýðshreyfingin á Íslandi gert sér það ljóst að þetta samstarf hefur tryggt íslensku verkafólki ýmisleg félagsleg réttindi sem hafði tekið verkalýðshreyfinguna jafnvel áratugi að berjast fyrir að fá fram án nokkurs árangurs.

Það er mjög athyglisvert þegar maður hugsar til baka að fyrir nokkrum mánuðum kom út á vegum Iðju, sem þá var sjálfstætt verkalýðsfélag í Reykjavík fyrir sameininguna í núverandi Einingu, rit um mikilvægi Evrópusamstarfs fyrir réttindi launafólks. Í þessu fræðsluriti frá Iðju skrifaði formála, Guðmundur, formaður Iðju, sem var eftir því sem ég man best einn af helstu andstæðingum EES-samningsins á sinni tíð. En niðurstaða hans í inngangi að þessu riti er alveg þveröfug því hann kemst að þeirri niðurstöðu að þetta samstarf hafi orðið íslensku verkafólki til mikilla réttindabóta. Þess vegna vík ég þeim orðum til hæstv. ráðherra, hvort hann sé ekki reiðubúinn, í þeirri vinnu sem fram á að fara á vegum ráðuneytis hans um úttekt á stöðu Íslands gagnvart Evrópu, að leita álits ekki bara aðila úr atvinnulífinu heldur ekki síður aðila eins og verkalýðshreyfingarinnar og Neyt-

endasamtakanna, og spyrjast fyrir um álit þeirra og reynslu af þessu samstarfi.

Það er auðvitað alveg ljóst að eftir því sem Evrópusambandið stækkar og eftir því sem lengra líður verður erfiðara að beina athygli Evrópusambandsríkjanna að ákvæði EES-samningsins. Hann var barn síns tíma. Hann var jákvæður þegar hann var gerður, en gildistími hans eða endingartími er takmörkunum háður eins og öll önnur mannanna verk og það verður stöðugt erfiðara að fá Evrópusambandsríkin til að veita samningnum nægilega athygli. Það kemur t.d. í ljós hvað varðar hina sameiginlegu fundi EFTA-þingmanna og þingmanna Evrópuþingsins sem halda á reglulega samkvæmt ákvæðum í samningnum, að það verður stöðugt erfiðara að fá þingmenn Evrópuþingsins til að sækja þá sameiginlegu fundi. Áhugi þeirra er á öðrum sviðum en þeim sem snúa að þessum samningi. Það er ljóst að ef eitthvað gerist í hópi þeirra fjögurra ríkja sem standa að EFTA-stoðinni, þó aðeins þrjú þeirra séu aðilar að EES — það þarf ekki annað en að eitt ríki gangi þar úr skaftinu, þá er hin veika stoð undir EES-samningnum sem er samstarf EFTA-ríkjanna, hrunin. Það er því mjög varhugavert fyrir okkur Íslendinga að treysta á þennan samning til langframa og því er eðlilegt að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að fram fari hlutlaus úttekt á öðrum kostum þar sem lýst er bæði kostum þeirra og göllum.

Um öryggis- og varnarmálin vil ég aðeins segja þetta: Hæstv. ríkisstjórn boðaði að á árinu 2000 mundi fara af stað endurskoðun á bókun um framkvæmd varnarsamningsins, sem ég orða svo, sem fellur úr gildi árið 2002 og framlengist ekki af sjálfu sér. Það er misskilningur sem hefur komið fram í umræðum á Alþingi að ef endurskoðunin fari ekki fram þá framlengist umrædd bókun af sjálfu sér. Það gerist ekki. Til þess að hún verði framlengd verður að semja um það og þeir samningar geta hafist árið 2000. Það kemur ekki hins vegar ekki fram í ræðu hæstv. ráðherra hvaða áherslur hæstv. ríkisstjórn muni leggja við þá endurskoðun. Mun hún fara þess á leit í þeirri endurskoðun að þessi bókun verði framlengd að verulegu eða öllu leyti óbreytt? Eða mun hún, eins og mætti lesa af orðum hæstv. ráðherra, fara þess á leit að framkvæmd varnarsamningsins verði endurskoðuð með það að markmiði að auka þátttöku Íslendinga í því starfi og að Íslendingar taki í meira mæli en verið hefur á sig ýmis þau viðfangsefni sem áður hefur verið sinnt af varnarliðinu? Í ræðu hæstv. ráðherra vantar að hann geri grein fyrir hvaða stefnu ríkisstjórnin ætlar að leggja upp með í þessum viðræðum og ég auglýsi eftir því að hann skýri okkur ítarlega frá því jafnframt því sem ég lýsi eftir þeirri skoðun á öryggishagsmunum Íslendinga sem hæstv. utanrrh. sagði okkur frá í fyrra að hann ætlaði að láta ljúka við, en þá var utanrmn. og fleiri aðilum, m.a. þinginu, gerð grein fyrir bráðabirgðaskýrslu um það efni. Hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir að halda ráðstefnu um framtíð öryggismála á Norður-Atlantshafi og það er gott og blessað. En ég spyr í fyrsta lagi um afstöðu ríkisstjórnarinnar, upplegg ríkisstjórnarinnar í þeim viðræðum um endurskoðun bókunarinnar um framkvæmd varnarsamningsins sem hæstv. ríkisstjórn hefur boðað að hefjist á næsta ári og í öðru lagi um lok þeirrar skýrslu um öryggishagsmuni Íslands sem hæstv. ráðherra sagðist mundi beita sér fyrir að yrði innlegg í þeirri umræðu og mundi verða kynnt fyrir Alþingi áður en þær viðræður yrðu hafnar.

Ég vil fara nokkrum orðum um norrænt samstarf og grannsvæði sem hæstv. utanrrh. minnist á í ræðu sinni þó að augljóst sé þegar menn bera saman ræður utanrrh. á Alþingi um utanríkismál í gegnum árin að stöðugt virðist draga úr mikilvægi þeirrar samvinnu. Ég vil spyrja hann í fyrsta lagi hvernig hann skilgreini hina norrænu vídd sem Evrópusamstarfið á nú að snúa sér að. Þá er ég að tala um landfræðilega skýringu. Í öðru lagi hvort sú landfræðilega skilgreining falli saman við grenndarsvæðin sem Norðurlandaráð leggur sérstaka áherslu á. Og í þriðja lagi, hver afstaða hans er til þeirrar endurskoðunar sem fór fram á norrænni samvinnu árin 1994 og 1995, sem ég og hæstv. utanrrh. tókum m.a. báðir þátt í, og lagði grundvöll að þeim þremur stoðum sem norræn samvinna hvílir nú á, þ.e. hinni hefðbundnu norrænu, Evrópustoðinni og grenndarsvæðunum, en þessar tvær síðari stoðir eru eiginlega sömu pólitísku viðmiðin. Hver er afstaða hæstv. utanrrh. til þess að endurskoða frá grunni þær pólitísku hugmyndir sem lágu á bak við endurskoðunina sem fram fór árin 1994 og 1995 og breyttu inntaki norrænnar samvinnu yfir í það sem hún er núna? Þar var gert ráð fyrir að mjög mikil og náin samvinna yrði milli Norðurlandanna innan Evrópusambandsins, að nánast yrði mynduð norræn blokk og Íslendingar og Norðmenn gætu fengið nokkurs konar bakdyrainngang inn í Evrópusambandið fyrir tilverknað norrænnar samvinnu og þeirrar blokkar sem þannig yrðu mynduð af hinum þremur norrænu ESB-ríkjum. Þetta hefur ekki gerst, þannig að mjög mikilvæg markmið þessa samstarfs hafa ekki náð fram að ganga.

Í lokin vil ég átelja að hæstv. ráðherra skuli ekki minnast á hin alvarlegu tíðindi sem hafa orðið í öryggis- og friðarmálum í heiminum á undanförnum vikum, eða réttara sagt undanförnum dögum, þ.e. þá staðreynd að Bandaríkjaþing neitaði að staðfesta tillögur Bandaríkjaforseta um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Þetta eru einhverjir alvarlegustu atburðir sem orðið hafa á friðar- og öryggissþætti í heiminum sem geta dregið langan og mikinn dilk á eftir sér. Mér finnst það miður og spyr hæstv. ráðherra hvernig standi á því að hann minnist ekki á þessa alvarlegu atburði í skýrslu sinni til Alþingis.

[14:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að nota tækifærið til að svara að hluta til þeim fyrirspurnum sem komu fram hjá hv. þm. Ég byrja á norðlægu víddinni. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að hin norðlæga vídd hefur ekki verið algjörlega skilgreind. Ég hef viljað skilja hana þannig að hún nái yfir samstarfssvið Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins. Við höfum reynt í viðleitni okkar að draga upp þær áherslur. Í þeim drögum sem lágu fyrir fyrir stuttu síðan var ekki gert ráð fyrir t.d. hafsvæðunum í kringum Ísland. En utanrrn. með sendiráðið í Brussel í fararbroddi beitti sér fyrir ráðstefnu um hina norðlægu vídd sem var afar vel heppnuð. Þangað buðum við fulltrúum margra þjóða. Þangað komu t.d. fulltrúar allra Norðurlandanna, Evrópusambandsins og Rússa. Samstaða var um það í lok ráðstefnunnar að breyta þessum skilgreiningum. Ég vil einnig benda á að utanríkisráðherrum landa utan Evrópusambandsins hefur verið boðið til að fjalla um norðlægu víddina á næstunni á fundi í Helsinki þannig að við væntum þess að geta haft þarna nokkur áhrif.

Hv. þm. átaldi að ekki væri minnst á nokkur mál. Ég get tekið undir það að hér er um mjög mikilvæg mál að ræða. Ég gat ekki tímans vegna farið yfir allt. Það hefði líka verið ástæða til að fjalla í þessari ræðu um átökin í Tsjetsjeníu og ýmislegt annað alvarlegt sem er að gerast í heiminum. En ég

vænti þess að í umræðunni gefist tækifæri til að ræða þessi mál.

[14:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svar við spurningu minni um hvernig hann skilgreindi hina norðlægu vídd og ég vænti þess að hann fylgi eftir þeirri skilgreiningu sem ég er út af fyrir sig sammála, enda er það í samræmi við skilgreiningu Norðurlandaráðs á grenndarsvæðum. En ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst það nokkur tíðindi að utanrrh. skuli ekki í ræðu sinni sjá ástæðu til að minnast sérstaklega á þá viðburði sem urðu þegar Bandaríkjaþing setur fótinn fyrir þá ánægjulegu þróun til friðar og öryggis í heiminum, þegar Bandaríkjaþing fellir tillögu forseta Bandaríkjanna um að staðfesta samninginn um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Hæstv. utanrrh. hefur oft rætt um málefni Balkanskaga þannig að fyrir liggur hver afstaða hans og skoðanir eru á þeim málum. En það eru og eiga að vera tíðindi frá NATO-ríki eins og Íslandi að utanrrh. landsins lýsi andstöðu og óánægju sinni með afgreiðslu bandalagsþjóðar á tillögum um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn sem eru þess eðlis að það setur friðarferlið í hættu og gerir það að verkum að aðilar, stórveldi sem hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða og ætluðu sér að fylgja í kjölfarið um að staðfesta bann við tilraunum með kjarnorkuvopn, virðast vera að skipta um skoðun. Ég tel það nauðsynlegt, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. Íslands fordæmi þetta og sendi þau skilaboð frá sér og frá okkur að við fordæmum slíkt atferli og gerum það að sjálfsögðu í fullri vináttu við okkar bandalagsþjóð, en að við sendum þau skilaboð að NATO-þjóðin Ísland sé ekki ánægð með slíka afgreiðslu.

[14:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir í þessu máli að allar bandalagsþjóðir Bandaríkjanna eru mjög óánægðar með það sem þarna hefur gerst. Það fer ekkert hjá því að auðvitað verður það rætt á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. En það vill líka svo vel til að forseti Bandaríkjanna og utanríkisráðherra Bandaríkjanna eru sömu skoðunar og telja þetta vera mjög alvarlegan atburð í sögu Bandaríkjanna. Ég vænti þess að kosningarnar sem fram undan eru í Bandaríkjunum geti orðið tilefni til þess að Bandaríkjamenn skipti þarna um afstöðu og þau þröngsýnu viðhorf sem hafa komið fram hjá bandarísku þinginu víki í þessu máli. Bandaríkjaforseti hefur lagt á það áherslu að með þessu séu Bandaríkin að einangra sig í alþjóðamálum. Öll Atlantshafsbandalagsríkin eiga því bandamann í ríkisstjórn Bandaríkjanna og forseta í því máli. Ég vænti þess að bandaríska þjóðin komi því til leiðar að þarna verði breytt um stefnu. Hv. þm. þarf því ekki að óttast það að ég komi ekki þeim sjónarmiðum á framfæri þó að að sjálfsögðu hefði mátt endurtaka þau í þeirri ræðu sem hér hefur verið flutt. Ég heyri að við erum sammála í þeim efnum og ég vænti þess að allir hv. þm. á Alþingi séu sammála því að þetta beri að fordæma og að þarna verði að vera breyting á. Meðal annars þurfum við að halda áfram að þrýsta á ríki eins og Indland og Pakistan til að framfylgja þessari sömu stefnu, sem ég vænti að verði gert í væntanlegri heimsókn forseta Íslands til Indlands, þar sem ég reikna með að verða í föruneyti hans.

[14:29]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ferð mín í ræðustól hefur þá ekki verið tilgangslaus því hæstv. utanrrh. hefur fallist á að fordæma það framferði Bandaríkjaþings að setja fótinn fyrir þetta friðarferli. Það var vissulega nauðsynlegt að það yrði gert og ánægjulegt að hann skuli gera það þó að hann hefði kannski átt að hafa frumkvæði að því sjálfur.

Ég ítreka að ég er enn ekki búinn að fá svar við spurningum mínum, í fyrsta lagi um, endurskoðun varnarsamvinnu, í öðru lagi um hvernig hæstv. ráðherra ætlar að túlka það að ekki sé útilokað að Íslendingar gerist aðilar að samstarfinu um Evrópumyntina þegar hæstv. ráðherra veit það eins vel og við að við getum ekki gerst aðilar að þessu samstarfi um myntbandalag Evrópu nema með því að gerast aðilar að Evrópusambandinu, og í þriðja lagi hvort hæstv. ráðherra sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að almannasamtök eins og Neytendasamtökin og verkalýðshreyfingin geti komið að því mati á kostum og göllum Evrópusamstarfsins sem hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir.

[14:30]

Útbýting þingskjala:

Kosningar til Alþingis, 123. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 154.

Staða Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um umhverfisáhrif, 29. mál, svar utanrrh., þskj. 139.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er margt bæði í ræðu hæstv. utanrrh. og eins á sviði utanríkismála sem áhugavert hefði verið að taka hér fyrir og ræða, en ég held að tímans vegna einskorði ég mig fyrst og fremst við einn þátt málsins, þann sem hæstv. ráðherra velur að hafa fyrstan og fremstan í ræðu sinni við mikla hrifningu talsmanns Samfylkingarinnar, þ.e. Evrópumálin.

Ég tel að í þessari ræðu felist, ef ég má leyfa mér að túlka hana og eins og ég skil hana, talsverð tímamót og enn ákveðið skref í ferli eða í þróun í Evrópumálum hvað varðar viðhorf eða framsetningu hæstv. utanrrh. Ég vil vitna í bls. 2 í skýrslunni, með leyfi forseta. Ég tek það fram að skilningur minn á því sem þarna stendur er ekki sá sami og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ég skil það svo að hæstv. ráðherra sé með orðinu aðild, að vísa til aðildar almennt að Evrópusambandinu, enda vandséð að annað samhengi hafi merkingu. (**Utanrrh.:** Það er réttur skilningur.) Það er rétt. Þá stendur þetta svona og á að skiljast svo, herra forseti:

„Þó að Ísland hafi aldrei sótt um aðild og engin slík umsókn sé í undirbúningi þá hefur aðild ekki verið hafnað."

Þetta er afar merkilegt, (**Utanrrh.:** Er þetta ekki rétt?) mikil speki, mjög mikil vísindi. En ástæðan fyrir að þetta er merkilegt er sú að þetta skuli vera tekið fram, jafnsjálfsagður hlutur og það er að land sem aldrei hefur tekið það á dagskrá, aldrei hefur sótt um aðild, það hefur heldur ekki hafnað henni. En af einhverjum ástæðum velur hæstv. utanrrh. að taka þetta sérstaklega fram og áfram skal haldið:

„Ákvarðanir samstarfsríkja okkar í EFTA á næstu árum hafa áhrif á þá stöðu. Ég hef því ákveðið að láta gera hlutlausa úttekt" — innan gæsalappa — „þar sem farið verður yfir starf Evrópusambandsins lið fyrir lið. Þar er hægt að draga fram hver staða Íslands yrði án samninga, því næst hvernig EES-samningurinn, samstarfssamningur um Schengen og aðrir

þeir samningar sem gerðir hafa verið, nýtast okkur og loks hver bein áhrif yrðu ef Ísland væri aðildarríki."

Síðan vonast hæstv. ráðherra til þess að geta lagt þessa úttekt sína fyrir ríkisstjórnina, eins og þar stendur.

Ég vil í fyrsta lagi í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hyggst hæstv. ráðherra tryggja að þessi úttekt verði hlutlaus? Ætlar hæstv. ráðherra að verða einn dómari í því hvað skuli teljast hlutlaus eða hlutlæg vinnubrögð? Stendur til að bjóða stjórnarandstöðunni aðild að þessu verki? Ég hef ekki orðið var við það enn þá. Þetta er í tilkynningarstíl frá hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Ég held að hér sé í raun verið að segja við okkur: „Það hefur aldrei verið ákveðið að sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu. Því hefur aldrei verð hafnað." Í öðru lagi: „Það er tímabært að fara í hlutlausa úttekt á kostum og göllum aðildar og hvað fælist í því að Ísland yrði aðildarríki." Og ég held að þetta séu tímamót. Ég held að þetta sé enn eitt skrefið á þessari vegferð hæstv. utanrrh. sem legið hefur í áttina að aðild að Evrópusambandinu og hefur verið að þróast á undanförnum missirum.

Herra forseti. Ég tók mér það fyrir hendur að fara í gegnum ræður hæstv. utanrrh. frá því að hann tók við embætti og lesa í hverju einasta tilviki hvernig hann hefur fjallað um tengsl Íslands við Evrópusambandið, frá því að hann flutti sína fyrstu ræðu um þessi efni á Alþingi 19. október 1995. Það er afar athyglisvert, satt best að segja, herra forseti, að fara svona í gegnum þennan feril, þetta rúmlega fjögurra ára tímabil, að viðbættum t.d. ræðum sem hæstv. utanrrh. hefur sem formaður Framsfl. flutt á helstu fundum þess flokks.

19. október 1995 lagði hæstv. utanrrh. á það sérstaka áherslu í ræðu sinni að aðild að Evrópusambandinu væri ekki á dagskrá þessarar ríkisstjórnar og rökstuddi nokkuð vel hvers vegna ekki. Með leyfi forseta, fórust hæstv. utanrrh. svo orð:

„Eðlilegt er því að spyrja hver staða Íslands verður í Evrópu í byrjun 21. aldarinnar. Margir eru þeirrar skoðunar að sækja eigi um aðild að ESB. Það er ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að fara þá leið."

Síðan ræddi hæstv. ráðherra um það hvað skildi að þá sem vildu aðild og hina sem vildu það ekki og bætti svo við til rökstuðnings sinni afstöðu og ríkisstjórnarinnar:

„Engin þjóð í Evrópu er tilbúin að afhenda meginauðlind sína undir sameiginleg yfirráð eða samþykkja að stærsta iðngreinin sé rekin undir verndarvæng og styrktarkerfi hins opinbera. Með umsókn við núverandi aðstæður væri gefið til kynna að við gætum sætt okkur við sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins í meginatriðum. Engin vísbending hefur fengist um að Íslendingar gætu losnað undan ákvæðum Rómarsáttmálans í þessum efnum og því er aðildarumsókn órökrétt."

Þetta sagði hæstv. utanrrh. á Alþingi 19. október 1995.

Þetta er ágætur rökstuðningur svo langt sem hann nær. Að vísu vil ég taka það fram að margt fleira veldur því að aðild að Evrópusambandinu er fráleitur kostur að mínu mati. Þar koma til bæði fullveldis-, sjálfstæðis- og menningarleg sjónarmið og margt fleira. (**Gripið fram í:** Eins og Davíð segir.)

Þann 23. apríl 1996 fjallaði hæstv. utanrrh. aftur um þessi mál hér á þingi. Þar fórust honum svo orð að grundvallarhagsmunir okkar væru tryggðir og ekki væri tilefni til breytinga á þeim af þeim sökum, en að vísu héldi þróunin áfram og við ættum alltaf að skoða stöðu okkar í Evrópu með opnum huga. Engir tónar voru slegnir þarna í hina áttina.

Þann 31. október 1996 er þriðja ræðan flutt og þar er boðskapurinn:

„Aðild Íslands að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar ..."

Og engar gælur eru gerðar við það meir.

Tíminn líður og 17. apríl 1997 er flutt enn ræða. Ekkert er fjallað um aðild, hvorki kosti né galla, rætt um VES og Schengen og talað um stöðu Evrópuríkja utan og innan Evrópusambandsins, eins og það verði sá veruleiki sem við munum þurfa að búa við áfram.

6. nóvember 1997 er ekkert minnst á aðild, ekki ýjað að henni. Rætt er um EMU, stækkun Evrópusambandsins og Schengen, og hvernig málum Íslands og Noregs verði komið fyrir í því sambandi.

31. mars 1998 er ekkert rætt um aðild eða breytingar á tengslum Íslands við Evrópusambandið. Aðallega er fjallað um framkvæmd EES-samningsins.

5. nóvember 1998, 15 dögum áður en hæstv. utanrrh. sem formaður Framsfl. flytur sögulega ræðu sína á flokksþingi, er ekkert komið inn á aðild, mikið rætt um greiðslur í þróunarsjóð og þvermóðsku Spánverja og fjandskap í okkar garð, enda Evrópusambandið ekki vinsælt á Íslandi akkúrat þá dagana vegna krafna Spánverja um að Ísland héldi áfram að greiða í þróunarsjóð EFTA/EES.

En 20. nóvember 1998 flytur síðan hæstv. utanrrh. ræðu sína á flokksþingi Framsfl. og þar er Evrópusambandsaðild heldur betur komin á dagskrá. Þar ríkir tökum-frumkvæðitónninn og þar er farið að gæla við það í fyrsta sinn að Íslendingar gætu fengið undanþágu frá sameiginlegu fiskveiðistefnunni eða að Norður-Atlantshafssvæðið gæti orðið sem hafsvæði utan við sameiginlegu fiskveiðistefnuna.

25. febrúar 1999, þ.e. á þessu ári, flytur svo hæstv. utanrrh. síðustu ræðu á undan þessari. Þar er að vísu farið aðeins varlegar í sakirnar en í ræðunni á flokksþinginu. Þar er þó talað um að helsti þröskuldur í vegi aðildar Íslands að Evrópusambandinu sé sameiginlega sjávarútvegsstefnan og það hafi ekki komið fram frá helstu talsmönnum sambandsins að almennar undanþágur frá þeim meginmarkmiðum standi til boða og að lítið vit væri í að leggja fram aðildarumsókn með svo víðtækum undanþáguskilmálum, segir þar. Þarna er farið varlegar í sakirnar, enda orðið stutt í kosningar.

Svo kemur þessi ræða hér, herra forseti, þar sem útgangspunkturinn er í raun og veru sá að skoða mögulega kosti Íslands hvað varðar aðild að Evrópusambandinu. Ég vil leyfa mér að spyrja, herra forseti: Er ekki nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. tali skýrar, tali jafnskýrt á þessa hliðina eins og hæstv. ráðherra gerði þegar hann í sinni fyrstu ræðu sem utanrrh. 1995 tók afdráttarlaust af skarið um að það að leggja inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu væri ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar og það væri óskynsamlegt og þjónaði ekki hagsmunum Íslands? Hvað hefur breyst síðan þau orð féllu, hæstv. utanrrh.? Hver eru tilefnin fyrir þessari úttekt sem nú á að fara að gera?

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, til þess að þessi umræða geti í rauninni þjónað einhverjum skynsamlegum tilgangi, að menn tali skýrt, tali algerlega skýrt, að menn segi það ef hugur þeirra stendur inn í Evrópusambandið eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur gert. Og meira að segja rétta fleiri upp hendur og vilja nú allir komast í klúbbinn, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Það er bara best

að Samfylkingin rétti öll upp hönd, sú sem vill fara inn í Evrópusambandið. (Gripið fram í.) Og Framsókn líka, ef sú er orðin niðurstaðan.

Herra forseti. Við þekkjum þennan skollaleik sem hefur í raun verið aðdragandi þess að þeir hafa verið að vinna sínum markmiðum framgang sem vilja fara með sín lönd inn í Evrópusambandið. Hvernig gerðist þetta í tilviki Finnlands og Svíþjóðar og átti að gerast í tilviki Noregs? Það gerðist þannig að menn sögðu nákvæmlega sömu hlutina og hér. Við verðum að skoða þetta. Við verðum að vera með opinn hugann. Þetta var fyrsta skrefið. Næsta skrefið var: Við skulum gera könnun. Við skulum fara í úttekt á þessu. Það var skref númer tvö. Skref númer þrjú: Sækjum um aðild og látum reyna á það hvað okkur bjóðist, bara svona alveg hlutlaust, bara látum reyna á það. Skref númer fjögur: Í miðjum þeim könnunarviðræðum breyta þær um eðli yfir í harðsvíraðar samningaviðræður um aðild og menn koma heim með nestið og segja: „Það er bara inn, já." Þannig gerðist þetta. Síðan var sett upp rúlletta eða hringekja. Það var vitað að Finnar voru jákvæðastir í garð Evrópusambandsins þannig að atkvæðagreiðslan var látin byrja þar. Síðan komu Svíar og þeir rétt mörðu það og þá var meiningin að Norðmenn þyrðu ekki annað en segja já líka.

Þannig hefur þetta verið rekið áfram. Það hafa verið krataflokkarnir í Evrópu sem hafa leikið lykilhlutverk í því að troða sínum þjóðum inn í Evrópusambandið, og oft við mikla andstöðu almennings. Sem betur fer hefur lýðræðið þó unnið sigra eins og í Danmörku 2. júní og eins og í Noregi, þar sem þjóðin hefur í tvígang fellt samninga um aðild að Evrópusambandinu í andstöðu við allt „establismentið", allt heila móverkið. Stærstu stjórnmálaflokkarnir, hagsmunasamtökin og verkalýðhreyfingin hafa allir viljað inn en fólkið hefur sagt nei.

Herra forseti. Ég tel að við eigum ekki hér uppi á Íslandi að reyna að leika slíka skollaleiki. Tölum bara saman á hreinskiptnum og heiðarlegum nótum. Þeir sem telja að Ísland eigi að fara inn í Evrópusambandið geri svo vel og segi það. Hinir sem eru á móti því vita þá hverju þeir standa frammi fyrir og geta fært fram rök fyrir gagnstæðum sjónarmiðum. Það liggur í öllum aðalatriðum allt fyrir sem liggja þarf fyrir um það hvað því er samfara að fara inn í Evrópusambandið. Að því leyti standa orð hæstv. sjútvrh. frá 1995 alveg fyrir sínu enn þá. Það er ekkert sem bendir til þess að í boði séu grundvallarundanþágur frá t.d. sameiginlegu fiskveiðistefnunni og niðurstaðan af endurskoðun hennar voru engin tilefni til þess fyrir okkur Íslendinga að endurmeta okkar stöðu. Það vita menn og þess vegna er ekki um það fjallað. Nú er því einfaldlega sleppt að ræða um þá þröskulda sem eru þó þarna í veginum og málið klætt í þann búning að það sé nauðsynlegt að skoða þetta allt saman svona og fara í voðalega hlutlausa úttekt á þessu, sem hæstv. utanrrh. virðist að vísu sjálfur ætla að ákveða í hvaða skilningi eigi að vera, svona svipað væntanlega og hæstv. utanrrh. ætlar að standa fyrir faglegri ráðstefnu um öryggishagsmuni Íslands, faglegri ráðstefnu. Og hverjir ætla að halda ráðstefnuna? Utanrrh. og NATO, utanrrh. og Norður-Atlantshafsherstjórnin. Þeir ætla að standa fyrir faglegri ráðstefnu, sennilega faglegri og óháðri jafnvel ráðstefnu um stöðu Íslands í öryggislegu tilliti. (Gripið fram í.) Ja, það er hneykslanlegt að efast um að þetta verði faglegt og hlutlaust þegar hæstv. utanrrh. og NATO „himself" ætla að standa fyrir ráðstefnu um þau mál.

Nei, herra forseti, ég get ekki satt að segja gefið mikið fyrir orðagjálfur af þessu tagi. Fyrir Ísland virðist ekkert tilefni vera að séð verður, a.m.k. ekki miðað við stöðu annarra þjóða sem sambærilega eru settar, eins og Norðmanna. Ekki eru þeir með æfingar í gangi eins og hér er verið að fitja upp á af hálfu formanns Framsfl., hæstv. utanrrh. Ég sé heldur engin tilefni vegna breytinga hjá Evrópusambandinu eða breyttri stöðu Íslands að öðru leyti. Er ekki þetta óskaplega góðæri ríkjandi þrátt fyrir að við séum ekki í Evrópsambandinu og þjóðin svona yfir máta hamingjusöm samanber skoðanakannanir? Hvað er þá að? Hvað er þá að, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir? Er þetta þá bara vírusinn? Er þetta smitandi? Er það þannig að menn verða svo mjúkir í hnjáliðunum eftir nokkrar ferðir til Brussel að þetta slær út eins og sjúkdómur með hitasótt? Er það þá rétt hjá fyrrv. formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni, að íslenskir utanríkisráðherrar fái bara þennan vírus eins og sendiliðið í Brussel yfirleitt? Mér finnst ég ævinlega hitta þessa menn gjörbreytta eftir svona hálfs árs veru þar. Hvað í ósköpunum veldur? Sennilega er þetta smitsjúkdómur en ekki það að veitingahúsin í gamla bæjarhlutanum í Brussel séu svona góð, eins og var einu sinni kenning mín um að væri yfirleitt orsökin fyrir þessum sinnaskiptum.

[14:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst alveg dæmalaust að hlusta á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Ég veit að vísu að hann er á móti mörgu og heldur hverja ræðuna á eftir annarri þar sem hann er á móti öllu og telur upp allt sem hann er á móti. Ég hef orðað það þannig að hann sé á móti framtíðinni. Mér finnst hann vera á móti framtíðinni. Hann er á móti því að athuga málin. Næst gæti hv. þm. komið hér upp og talað á móti því að skoða himininn og líta í kringum sig. Er ekki skylda okkar að fylgjast með því sem er að gerast? Ég fullyrði að hið nákvæmlega sama er að gerast í öðrum löndum, í Noregi, í Sviss og í Liechtenstein.

Hvernig stendur á því að hv. þm. er á móti því að fara yfir þessi mál? Er hann svona hræddur við þessa umræðu? Er hann svo hræddur við lýðræðið að ekki megi leiða fram ákveðna hluti og benda á ákveðnar staðreyndir? Þá segir hv. þm. að hann efist um að úttektin verði hlutlaus og fagleg. Ég geri mér svo sem engar vonir um að hv. þm. muni finnast þessi úttekt hlutlaus. Ég geri mér ekki vonir um það en utanrrn. og starfsmenn þess ætla sér að vinna hana með þeim hætti. Hún verður þá grundvöllur umræðu hér á Alþingi sem hv. þm. vonandi treystir sér til þess að taka þátt í. Hann er vonandi ekki svo hræddur við þetta að hann treysti sér ekki til þess að taka þátt í umræðunni.

Ég andmæli því sem hann segir, að Íslendingar eigi ekki að líta til allra átta. Jafnvel þótt hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé á móti því að líta til allra átta þá er það skylda utanrrh. og utanrrn. á hverjum tíma að gera það. Menn geta nefnt það vírusa eða hvað annað. Ef það er vírus að sinna skyldum sínum þá er það góður vírus. En það er vondur vírus að neita að líta í kringum sig.

[14:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef verið sakaður um ýmislegt um dagana en sjaldan það að vera hræddur við umræður. Ég hef aðallega verið sakaður um hitt að tala of mikið og vera of mikið í umræðum.

Hér komu auðvitað fram hin efnismiklu rök Framsfl. sem við höfum heyrt af og til, að við séum bara á móti. Því var

meira að segja haldið fram að ég sé á móti framtíðinni. Það er nú erfitt því að framtíðin tekur alltaf við af nútíðinni, af hverri einustu sekúndu og sekúndubroti. Eðlisfræðilega er snúið að vera á móti henni yfir höfuð og hefur lítið upp á sig því, maður neyðist inn í hana svo lengi sem maður dregur lífsandann.

Ég er á móti því að fórna sjálfstæði og hagsmunum Íslands með því að ganga inn í Evrópusambandið. Ég tel það hvorki þjóna hagsmunum okkar né samræmist það grundvallarskoðunum mínum og sjónarmiðum um hvernig ég vil sjá sjálfstætt og fullvalda íslenskt ríki þróast. En um leið er ég fylgjandi sjálfstæði þessarar þjóðar. Ég er fylgjandi sjálfsákvörðunarrétti okkar. Ég er fylgjandi yfirráðum okkar yfir fiskimiðunum og því að Íslendingar geti hér eftir sem undanfarin 50 ár, eða síðan 1918, borið ábyrgð á sjálfum sér í heiminum, ráðið sér sjálfir og verði ekki einhver útnári Evrópusambandsins sem lifi á styrkjum frá Brussel. Það er ekki sú framtíð sem ég sé fyrir íslensku þjóðina. Ég tel óskynsamlegt að láta málin hrekjast í þeirri stöðu sem þau eru í. Við eigum að ákveða til lengri tíma en eins til þriggja ára í senn, sem nemur einni skýrslugerð, hver framtíðarstefnumið Íslands eigi að vera í þessum efnum. Við eigum að byggja stöðu okkar upp samkvæmt því. Það skiptir máli að við vitum það. Hér er verið að fela hlutina. Það er verið að pakka þeim inn í siffon. Það er þannig. Ég hlýt bara að spyrja hæstv. utanrrh., herra forseti, með þínu leyfi: Er Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., þeirrar skoðunar að leið Íslands eigi að liggja inn í Evrópusambandið? Já eða nei.

[14:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir að lesa svona vel ræður mínar. En það stendur hvergi í þeim að ég sé þeirrar skoðunar að við eigum að fara inn í Evrópusambandið. Hann segist vera fylgjandi sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Er þingmaðurinn að gefa það í skyn að einhver þingmaður hér inni sé ekki sammála því, vilji ekki verja sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar? Er þingmaðurinn að gefa það í skyn að einhver þingmaður hér inni vilji ekki að við höfum yfirráð yfir fiskimiðum okkar?

Þetta mál er því miður flóknara en svo, inn í það spilar ýmislegt annað. Við höfum gert samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og við verðum að átta okkur á því hvert verður framhald hans. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að láta eins og þetta sé ekki til, láta eins og Evrópusambandið sé ekki til og engin þróun sé þar í gangi. A.m.k. er hv. þm. andvígur því að horfast í augu við þessa hluti og þar með finnst mér hann vera á móti framtíðinni þó að ég viti það að hann stöðvi ekki lögmál tímans, sem betur fer því að Ísland hreyfist með öðrum þjóðum. Við erum í samstarfi við aðrar þjóðir. Við erum í vináttutengslum við aðrar þjóðir og við verðum að gæta að okkur í öllu þessu.

Hv. þm. fer inn í umræðuna með þeim hætti að segja: Nú er Framsfl. að svíkja þjóðina. Hann er með sömu gömlu lummurnar sem Alþb. hefur notast við alla tíð, sem hann hefur ekki getað skilið við. Í stað þess að reyna að gera upp fortíð sína og reyna að kasta fyrir borð eldgömlum og úreltum hugsjónum er hann enn að verja gömlu kommana og spurninguna um hvort þeir hafi tekið á móti peningum. Hann getur bara ekki skilið við fortíðina hvernig svo sem á því stendur.

[14:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna kom Evrópustefna Framsfl. fram í hnotskurn. Þetta voru kraftmikil rök fyrir henni eða hitt þó heldur.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að núverandi staða þessara mála sé ekki góð vegna þess að menn þvælast í kringum þetta eins og kettir sem fá heitan graut í skál á gólfið hjá sér. Á meðan svo er þá ríkir óvissa um á hvaða grundvelli hagsmuna Íslands verður gætt í þessum efnum í framtíðinni. Auðvitað er ekki hægt að ákveða slíkt í eitt skipti fyrir öll, það er mér ljóst. Það eru að sjálfsögðu útúrsnúningar hæstv. utanrrh., sem eru ekki svara verðir, að ég sé á móti því að skoða hlutina, á móti því að horfa upp í himininn, ég sé á móti framtíðinni o.s.frv. Slík röksemdafátækt lýsir sér í geðvonskulegum útúrsnúningum af því tagi að engu tali tekur.

Væri hæstv. utanrrh. e.t.v. nær því að vera viðræðuhæfur um þessi mál ef maður stillti hlutunum þannig upp að spyrja: Er það skynsamlegt, vegna þeirra fjölþættu hagsmuna sem við Íslendingar þurfum að sjálfsögðu að gæta, að hafa enga meginstefnu, að hafa enga leiðsögn í hver verður staða okkar í grundvallaratriðum í þessum efnum næstu 10–20 árin? Ég er að lýsa eftir því. Ef þau sjónarmið eru að koma upp, sem að hluta hafa verið hjá Alþfl., og einnig að ná fótfestu í Framsfl., að í staðinn fyrir að vera utan Evrópusambandsins sem hefur hingað til verið yfirgnæfandi meirihlutastefna allra flokka nema þá Alþfl., þá þurfum við að fá að vita það skýrt og afdráttarlaust af hálfu þeirra sem tala fyrir hönd þeirra flokka. Ég tala nú ekki um ríkisstjórnina. Þá væri staðan breytt, ekki satt? Við höfum hingað til reiknað með því að það væri ríkjandi meirihlutastefna og yrði svo um ákveðna framtíð að við mundum gæta hagsmuna okkar utan Evrópusambandsins. Ef það er að breytast þá er nauðsynlegt að það komi fram og menn hafi kjark til þess að segja hug sinn allan.

[14:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan að hann væri meira gagnrýndur fyrir það að tala of mikið en of lítið. Það má vel vera rétt. En gallinn við það þegar menn tala of mikið er að þá hafa menn of lítinn tíma til að hlusta. Því er eðlilegt að hv. þm. hafi ekki hlustað á svarið við spurningunni sem hann bar sjálfur fram: Hvað hefur breyst á sl. fimm árum? Heimurinn hefur breyst. Hann var þeirrar skoðunar fyrir fimm árum að EES-samningurin væri af hinu vonda. Hv. þm. var á þeirri skoðun að ef hann yrði samþykktur þá mundu Íslendingar afsala sér sjálfstæði sínu.

Nú kemur hann og segir: Ef þetta skref verður stigið þá munu Íslendingar afsala sér sjálfstæði sínu. Voru þeir ekki búnir að því? Var það ekki gert þegar EES-samningurinn var samþykktur á sínum tíma? Eða hefur heimurinn breyst frá þeim tíma þannig að hv. þm. sé þeirrar skoðunar núna, eftir að hafa séð breytingarnar í kringum sig, að sjálfstæðið hafi ekki glatast eins og hann sagðist óttast og menn séu að afsala sér því fyrst núna?

Hins vegar er það mjög athyglisvert, virðulegi forseti, að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gæti eins komið hér til þess að tala fyrir hönd Sjálfstfl. eins og að tala fyrir hönd vinstri grænna. Í þessum málum hefur ekkert breyst hjá hvorugum flokknum. Afstaðan er sú sama, heimurinn breytist ekki.

Þetta er svona svipað og að hlusta á tvær raddir úr sama búk, Steingrímur J. Sigfússon og Davíð Oddsson, Ísafold og Vörður. Þetta er bara svona.

[14:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti auðvitað svarað eins og sagt að þetta væru eins og tvær síður í sömu bókinni, Sighvatur og Halldór. Það er ákaflega merkilegur samhljómur og kærleikar miklir í málflutningi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar annars vegar, sem kemur hér og strýkur utanrrh. og hjálpar honum í vörninni gagnvart málflutningi þess sem hér talar og hjá hæstv. utanrrh. Það eru bara engin rök í málum af þessu tagi. Mér er alveg nákvæmlega sama hvernig þeir eru á litinn eða hvað þeir heita sem eru mér sammála og taka undir rök mín og hverjir ekki. Þetta er rökstudd afstaða og málstaður sem ég hef. Það skiptir bara bókstaflega engu máli gagnvart þeirri spurningu hver rökin eru og hver mótrökin eru. Hverjir eru efnisþættir þeirra mála sem við erum að ræða um? Auðvitað á að fjalla um það.

„Heimurinn hefur breyst." Þetta er ákaflega algengur frasi þegar menn vilja komast hjá því að rökræða málin. Já, akkúrat, hvað hefur breyst? Hvað hefur breyst svo mikið að Ísland á núna að fara inn í Evrópusambandið? Er það Rómársáttmálinn? Hefur grundvöllur hans breyst? Nei. Er það CFP? Nei, óbreytt Eru það möguleikar þjóða til að fá undanþágur frá sameiginlegri löggjöf Evrópusambandsins, Rómarsáttmálanum og réttinum? Nei, öfugt. Ef eitthvað er hafa aðildarviðræður og samningar síðustu ríkjanna sem fóru inn sýnt fram á að það er erfiðara en áður að fá undanþágur. Danir halda undanþágum sem hvorki Svíar né Finnar fengu í samningum. Evrópusambandið mun verða enn þá harðara þegar taka á inn ný ríki, að láta þau ekki hrófla við grundvellinum sem allt heila stoðverkið byggir nú á. Ég tel að það sem hafi breyst sé frekar í hina áttina, sé ófýsilegra en áður fyrir okkur Íslendinga að hugsa um aðild að þessu sambandi ef eitthvað er.

Kjarnaatriðin í málflutningi þeirra sem telja að við Íslendingar eigum ekki erindi þarna inn er sérstaða okkar, sérstakir efnahagshagsmunir okkar. Það eru yfirráð yfir fiskveiðilögsögunni og aðrir slíkir þættir. Það er a.m.k. alveg ljóst að það er ekki hægt að benda á neitt sem hefur breyst hvað varðar þessa grundvallarþætti til að gefa okkur tilefni til að endurmeta yfirlýsta stefnu allra nema Alþfl. að við ættum ekki erindi inn í þetta samband.

[14:59]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ekkert hefur breyst, er það þá skoðun hv. þm. að Íslendingar hafi afsalað sér sjálfstæði sínu þegar þeir samþykktu EES-samninginn og hafi verið ósjálfstæðir síðan? Hvernig er hægt að afsala sjálstæði einnar þjóðar oft og mörgum sinnum, ef hún er einu sinni búin að því, eins og hv. þm. sagði að hún mundi gera við samþykktina á EES-samningnum á sínum tíma? Hvernig getur hann enn verið þeirrar skoðunar að þá hafi sjálfstæðinu verið afsalað eða hefur hann breytt um skoðun?

Hv. þm. sagði að menn yrðu að fylgja meiri hlutanum. Alveg rétt og allar þær skoðanakannanir sem gerðar hafa verið um þessi mál á meðal almennings á Íslandi sýna að meiri hluti almennings er opinn fyrir því að skoða aðild að Evrópusambandinu. Hann segir ekki frekar en ég eða aðrir í Samfylkingunni að við eigum að fara þangað inn, heldur að við eigum að taka málið á dagskrá og ræða það. Meiri hluti almennings hefur sagt, í öllum skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið um þetta mál, að hann sé fylgjandi því að þannig sé haldið á málum. Hins vegar hefur meiri hluti stjórnmálamanna á Alþingi verið annarrar skoðunar. En ég vænti þess að hv. þm. sé það mikill lýðræðissinni að hann sé reiðubúinn til þess að skjóta málinu til þjóðarinnar þannig að hún geti látið vilja sinn í ljós.

En ég ítreka að það er eins og að lesa Ísafold og Vörð að hlusta á málflutning hv. þm. og formanns Sjálfstfl. Þar gengur ekki hnífurinn á milli í þessu máli frekar en fleirum. Það er eins og ein rödd sé að tala, að upp úr einu blaði sé lesið og skiptir ekki máli hvort það er Ísafold eða Vörður sem tali, málflutningurinn er sá sami.

[15:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg til að forseti gefi hv. þm. Sighvati Björgvinssyni færi á því að koma hérna einu sinni enn í ræðustólinn í andsvari og geti einu sinni enn sagt að samhljómur í því sem ég og hæstv. forsrh. segjum í þessum efnum. Hann hefur svo gaman af að segja þetta, þetta með Ísafold og Vörð, það er svo fyndið.

Ég vil endilega að þjóðin fái að ráða í þessum efnum. Ég er nefnilega ófeiminn við að skjóta þessum hlutum til þjóðarinnar. Þess vegna vildi ég að þjóðin fengi að greiða atkvæði með EES-samninginn. Það vildi hins vegar ekki hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Þá var þjóðin og lýðræðisástin víðsfjarri. Þrátt fyrir 35 þúsund undirskriftir og víðtækar kröfur um að sá samningur fengi að fara í þjóðaratkvæði þá hafnaði m.a. Alþfl. því og ekki síst sá flokkur sem fór þá með utanrrn. Hvar var þá vilji þjóðarinnar? Hvar var þá sú hugsun að skjóta hinum stærri málum til þjóðarinnar, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson?

Það er auðvitað ekki þannig að menn afsali sér sjálfstæði sínu með milliríkjasamningum af þessu tagi, 100% eða annaðhvort eða. Sjálfstæði og fullveldi eru hugtök úr þannig þáttum að menn geta afsalað sér því að hluta og takmarkað það. Það gerðum við með EES og ég held að öllum sé það ljóst. Við þrengdum m.a. mjög að þessari samkomu hér. Svigrúm Alþingis til lagasetningar er stórkostlega takmarkað í reynd þó að að lögum heiti það svo að við getum neitað hverjum einstökum pappír frá Brussel. Við vitum öll hvernig það liggur, menn samþykkja það eins og það er vegna þess að það er stórmál að hrófla við því. Löglærðir spekingar voru mjög ósammála um hvort um svo mikið fullveldisafsal væri að ræða að það kostaði breytingar á stjórnarskránni og þar af leiðandi sjálfkrafa þjóðaratkvæði eða kosningar.

Hitt er ljóst að hvað sem líður EES-samningnum eða öðrum slíkum samningum þá deilir enginn um að verulegt fullveldis- og sjálfstæðisafsal er fólgið í aðild að Evrópusambandinu. Það er vaxandi vegna aukinnar mistýringar og aukins valds sem þangað er að færast, ég tala nú ekki um ef teknar verða þar upp meirihlutaákvarðanir.

Væntanlega þarf ekki að deila um að þar erum við að tala um sjálfstæðismál í almennum skilningi þess orðs, þegar við ræðum um spurninguna um aðild að Evrópusambandinu eða ekki.

[15:04]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér hefur orðið athyglisverð umræða um ræðu utanrrh. um utanríkismál. Ég verð að segja eins og er að þessar ræður byggjast að miklu leyti á afar sérkennilegum stjórnmálaskýringum, eins konar Kremlarlógíu, á þessari

ræðu sem er til þess að gera flutt í fullkomnu jafnvægi. Í henni voru ekki öll þau miklu tíðindi sem menn vilja sjá í henni. Það er athyglisvert að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Steingrímur J. Sigfússon sjá sömu hlutina í þessari ræðu, túlka hlutina eins, sem eindregna viljayfirlýsingu Framsfl. um að þeir vilji ganga í Evrópusambandið ellegar skoða málin í því ljósi að það verði gert síðar.

Þegar ræðan er lesin af nákvæmni er enga slíka hluti að finna í henni. Ráðherrann hefur sjálfur lýst því hér yfir að það standi ekki til að við sækjum um aðild. Ástæðan fyrir því að hv. þm. gera svo mikið úr þessu og vilja lesa svo margt úr ræðunni er einföld, hygg ég. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er mikill andstæðingur Evrópusambandsins og vill nýta sér þá pólitísku stöðu sem það hefur veitt honum að vera andstæðingur Evrópusambandsins. Hann metur það nú sennilega rétt að hann hafi hirt í síðustu kosningum talsvert af atkvæðum af Framsfl. út á þessa afstöðu sína þar sem kjósendur kunni að hafa verið í vafa um afstöðu Framsfl.

Sighvatur Björgvinsson fagnar hins vegar meintum áhuga Framsfl. á inngöngu í ESB vegna þess að í samstarfi þeirra flokka sem standa að Samfylkingunni tókst Alþfl. ekki einu sinni að halda því til haga, því gamla baráttumáli sínu, að Íslendingar ættu að ganga í Evrópusambandið. Þannig að litlu verður Vöggur feginn hvar sem hann finnur það. Þess vegna er leitað hér á örvæntingarfullan hátt að einhverju sem hugsanlega megi túlka sem vilja hæstv. utanrrh. til þess að ganga í Evrópusambandið. Þannig eru nú þessar umræður og stjórnmálaskýringar til komnar, þessi Kremlarlógía sem menn stunda af kappi.

Ég verð að segja eins og er að ég tek heils hugar undir það sem kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh. Auðvitað eigum við að fylgjast mjög náið með því sem er að gerast í Evrópu. Það er mikið að gerast í Evrópu. Evrópusambandið er lifandi stofnun og allt önnur en hún var t.d. á sjöunda áratugnum þegar um var að ræða samstarf sjálfstæðra ríkja. Nú þróast þetta samband í átt til ríkjasamsteypu sem hefur sameiginlegan gjaldmiðil og hugsanlega sameiginlega skattastefnu og sífellt meiri samþjöppun valds í kringum stofnanir sambandsins.

Það er alveg ljóst að jafnvel nú á þessum dögum er ýmislegt að gerast í þessum málum. Nýútkomin er skýrsla á vegum framkvæmdastjóra Evrópusambandsins, Romano Prodi, sem á að vera framlag hans til umræðunnar um hvernig Evrópusambandið eigi að þróast. Í þeirri skýrslu kemur mjög skýrt fram að menn hafa alvarlegar áhyggjur af því innan Evrópusambandsins hvernig sambandið starfar, hvernig stofnanir þess virka, hvernig lýðræðið virkar í Evrópusambandinu. Menn líta svo á sem Evrópusambandið eigi langa vegferð fyrir höndum áður en hægt er að segja að það njóti trausts almennings og geti talist stofnun þar sem lýðræðið og valdahlutföllin milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins eru í jafnvægi.

Meðal þess sem fram hefur komið í undirbúningi ríkjaráðstefnunnar sem nú er fram undan er að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins starfar alls ekki með viðunandi hætti. Ákvarðanataka er erfið, umræður innan Evrópusambandsins eru endalausar og það er lýðræðislegur hallarekstur á innbyrðis tengslum stofnana ESB. Þetta eru þeirra eigin orð um *eigin stofnanir þannig að þarna eru mikil vandamál komin* upp og forusta ESB líður fyrir margvíslega veikleika sem eru innbyggðir í stofnunum Evrópusambandsins.

Það er rétt að Evrópuþingið hefur öðlast aukin völd. Engu að síður hefur það þó mjög takmarkað vald til að hafa áhrif á lagasetningu sem á uppruna sinn í framkvæmdarvaldinu. Það er líka athyglisvert að Evrópuþingið hefur mjög lítil áhrif á almenning. Það er lítill áhugi og lítill skilningur meðal almennings í Evrópusambandslöndunum á Evrópusambandinu og stofnunum þess, þar á meðal er mjög lítill áhugi á Evrópuþinginu og kosningaþátttaka til Evrópuþingsins er mjög lítil. Af þessum sökum hefur verið komið upp sérstökum hugmyndabanka á vegum framkvæmdastjórans og sett saman skýrsla sem þeir Richard von Weizsäcker, Jean-Luc Deheane og lord Simon unnu fyrir Romano Prodi. Þetta eru þekktir menn, alla vega tveir þeirra, úr stjórnmálalífinu. Þær hugmyndir ganga lengra en hingað til hefur verið talað um í dýpkun samstarfsins og uppstokkun stofnanakerfisins. Það eru nýjar hugmyndir um meiri áfanga og stærri sem menn vilja ná þar.

Ástæðan fyrir því að gefin var út mikil tilkynning um að taka ætti upp viðræður við fleiri aðildarríki var einfaldlega sú að framkvæmdastjórnin vissi fyrir fram að þau tíðindi sem er að finna í skýrslunni mundu koma sem köld gusa á þau ríki sem hafa beðið eftir því að ná samstarfi við Evrópusambandið. Af inntaki þessarar skýrslu er ljóst að málin eru metin þannig að ekki sé raunhæft að þau ríki sem nú er verið að tala við gangi í Evrópusambandið á næstu árum, það er langt í frá. Þarna er verið að ræða um ríki sem eiga mjög langa leið fyrir höndum.

Engu að síður er talað um miklar breytingar innan Evrópusambandsins. Þar eru áhugaverðar breytingar sem við þurfum að fylgjast mjög rækilega með vegna þess að þær koma til með að hafa áhrif á stöðu okkar í samfélagi þjóðanna. Það er verið að tala um þrjú meginatriði. Það sem fjallað verður um á ríkjaráðstefnunni er að meginreglan í samstarfi ESB-ríkjanna verður meirihlutaákvörðun. Það er ljóst að forsetavaldið verður styrkt mjög og einnig er ljóst að ný ríki sem ganga í sambandið munu fyrst um sinn öll fá fulltrúa sinn í framkvæmdastjórninni. Þetta eru hugmyndir úr þessum hugmyndabanka.

Í þessum tillögum er óbeinan hátt að ýtt undir að skattastefna Evrópusambandsins verði samræmd. Það er ekki sagt beinum orðum en það er alveg klárt að meirihlutaákvarðanirnar og mikilvægi þeirra leiða til þess að samræming verði í skattamálum. Þetta er raunar hafið þannig að meiri hluti Evrópusambandsþjóðanna lítur svo á að leggja beri á samræmdan fjármagnstekjuskatt. Ástæðan er sú að fram hafa komið ásakanir um að ákveðnar þjóðir hafi öðlast samkeppnisforskot í gegnum fjármagnstekjuskattinn. Þær tvær þjóðir sem helst hafa verið sakaðar um þetta hafa stöðvað allar umræður um samræmdan fjármagnstekjuskatt, en það eru Bretar og Lúxemborgarar. Þó er ekki spurning um að sú staðreynd að Evrópusambandið hefur ekki samræmdan skatt á fjármagnstekjur hefur leitt til þess að skattbyrði á vinnuafl í Evrópusambandinu hefur þyngst og leitt til þess að atvinnuleysi hefur stórvaxið á vissum svæðum Evrópusambandsins. Á öðrum svæðum í Evrópusambandinu tekst mönnum illa að glíma við þessa miklu vofu sem atvinnuleysið er.

Þess vegna hygg ég að á næstunni verði settar fram hugmyndir með auknum þunga um sameiginlega skattastefnu. *Það er mjög mikilvægt skref ef það nær fram að ganga.* Það er ljóst að sameiginlegi gjaldmiðillinn og, ef við það bætist, sameiginleg skattastefna munu verða afdrifarík skref í þá átt að búa til sambandsríki Evrópu.

Með þessu þurfum við að sjálfsögðu að fylgjast mjög rækilega og ég er alveg sammála því að það er mikilvægt, eins og fram kemur í skýrslu hæstv. ráðherra, að gera úttekt á þessum málum. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að þótt utanrrn. muni leggja sig fram um það, eins og það mun gera, að gera slíka skýrslu hlutlausa, þá er mjög erfitt að meta hlutlaust það sem kannski mestu máli skiptir, þ.e. hvernig völd verða til, hvernig áhrif verða til í ráðherraráðinu og á hvaða grundvelli mál ná þar fram eða ná þar ekki fram.

Ég vil minna á að það kom mjög skýrt í ljós, við fengum kannski smjörþefinn af því, hvernig mál eru unnin innan Evrópusambandsins, hjá valdastofnunum þess, þegar við áttum í vandræðum með þróunarsjóðinn svokallaða. Það var sama við hvaða ráðamenn Evrópusambandsins maður ræddi. Allir sögðu: „Þið hafið rétt fyrir ykkur. Það er engin ástæða fyrir ykkur að borga í þennan sjóð. Þetta er ranglátt. Þetta nær engri átt. En þið skuluð borga. Þið verðið að borga, þó að það sé ekkert vit í því.“ Þannig gerast kaupin á eyrinni. Og í ráðherraráðinu er iðulega verið að taka mál í gíslingu. Þessi valdastofnun virkar ekki eingöngu eftir bókstafnum eins og hann er. Hún virkar líka að mjög miklu leyti sem vettvangur heiftarlegra átaka um eigin hagsmuni eins og kemur mjög skýrt í ljós við átök Breta og Frakka um viðskiptamál nú um stundir. En ég er sammála því að okkur ber að fylgjast mjög rækilega með þessu máli og öll upplýsingagjöf um málið er mjög mikils virði.

Það er einnig mikilvægt sem kemur fram í ræðu ráðherrans um að upp hafa verið teknar viðræður um bókun 9, en þar hafa verið settar fram kröfur um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir. Þegar litið er yfir þróun viðskipta Íslands og Evrópusambandsins eftir að samningurinn komst á um Evrópska efnahagssvæðið, þá hefur sá samningur vissulega ýtt undir viðskipti okkar við Evrópusambandið og mjög verulega. En viðskiptahagsmunir Evrópusambandsins gagnvart okkur hafa aukist hraðar en okkar hagsmunir. Það er því ljóst að það hallar á okkur í þessum viðskiptum og það á eflaust rætur að rekja til þess að enn eru eftir hömlur að því er varðar markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir. Það er mjög mikilvægt að þessu sé haldið til haga.

Í svo takmörkuðum umræðutíma sem hér gildir er ekki auðvelt að koma að öllum sjónarmiðum. Það verður kannski hægt að gera það síðar. En ég vil að lokum geta þess að þeir kaflar í ræðu hæstv. utanrrh. sem fjalla um öryggis- og varnarmál, um Vestur-Evrópusambandið og tengsl þess við ESB, ásamt kaflanum um umhverfismál og orkumál og Alþjóðaviðskiptastofnunina, eru kaflar sem ég hef hug á að fjalla um nánar við annað tækifæri.

[15:18]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. formann utanrmn. forláts ef ég hef misskilið hann. Er það hluti af stjórnmálaskýringum hans að sú ákvörðun Evrópusambandsins að bjóða sex ríkjum til viðræðna um aðild hafi í rauninni bara verið í plati og skipti þar af leiðandi engu máli fyrir stöðu Íslands gagnvart Evrópu?

[15:19]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill stundum að hlutirnir séu einfaldari en þeir eru. Ég hef aldrei orðað það svo að þessar viðræður séu, eins og hann orðaði það, í plati. Ég hef hins vegar tekið það mjög skýrt fram að í opnun á þessum viðræðum sé ekki fólgin sú yfirlýsing að þessi lönd eigi mikla möguleika á að komast inn heldur sé fyrst og fremst verið að koma til móts við miklar væntingar og mikil vonbrigði þessara þjóða um að fá ekki einu sinni að komast í viðræður við ESB. Ég held hins vegar ekki að þessi yfirlýsing sé líkleg til þess að flýta aðild þessara ríkja. Og ég tek það fram að ég tel að þessar viðræður breyti engu um stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu og þar er ég sammála sendiherra ESB, Maddison, sem metur það nákvæmlega eins. Það breytir bókstaflega engu um möguleika Íslands á því að komast inn í ESB né heldur einu sinni um tímasetningu á slíkum möguleika.

[15:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða þín skal vera já, já og nei, nei. Það má vel vera að ég sé að reyna að einfalda hlutina í viðræðum mínum við hv. þm. en ég er að reyna að skilja hvað hann er að segja.

Hv. þm. gekk fram fyrir skjöldu sem eini talsmaður sjálfstæðismanna þegar hæstv. utanrrh. sagði í fjölmiðlum á dögunum að þessi tíðindi um þetta boð Evrópusambandsins gerði það að verkum að komin væri upp ný staða í málinu sem þyrfti að bregðast við og hæstv. utanrrh. gerði það fyrir sitt leyti með því að efna til þessarar skýrslu sem ég fagna.

Ég hef hvergi í þeim textum sem ég hef lesið um þessa ákvörðun Evrópusambandsins, hvorki á Íslandi né annars staðar, séð þessa fráleitu túlkun hv. formanns utanrmn. og ég held því auðvitað fram að þetta sé bara veikburða og vængstífð tilraun hv. þm. fyrir hönd Sjálfstfl. að sýna fram á það að hann hefur ekki steytt á skeri í þessari umræðu sem hann hefur auðvitað gert.

Það má auðvitað segja að það hafi verið skrýtið að hv. þm., sem er formaður utanrmn., skyldi á þennan hátt beita sér gegn því sem hæstv. utanrrh. sagði af þessu tilefni. Ég er þeirrar skoðunar að það sé enginn fótur fyrir þessu og í öllum sínum einfaldleika er hv. þm. í raun að halda því fram að hann hafi eitthvert sérstakt samband við þau æðri máttarvöld sem ráða fyrir Evrópusambandinu og viti þess vegna að það sé ekkert að marka þetta tilboð, það sé bara gert til að lægja öldur sem enginn hefur orðið var við nema hv. þm.

Ég vona hins vegar að hv. þm. hafi rétt fyrir sér þegar hann segir að þessi breytta staða hafi ekki áhrif á möguleika okkar til að ganga inn í Evrópusambandið, en ég óttast að svo sé ekki. Ég óttast að þeir eintrjáningar sem ráða fyrir stefnu Sjálfstfl. í utanríkismálum hafi einmitt með stefnu sinni í þessum málum skert verulega stöðu Íslands í mögulegum viðræðum við Evrópusambandið í náinni eða fjarlægari framtíð. Það óttast ég. En ég skil út af fyrir sig og hef samúð með hv. þm., að hann er að reyna að drepa þeirri ábyrgð á dreif.

[15:22]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get varla borið ábyrgð á því þótt hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé í lélegum tengslum við þá þingmenn sem eru vel upplýstir um ástæðurnar fyrir því að slíkar yfirlýsingar sem við erum að tala um voru gefnar. Ég stend sjálfur í persónulegum tengslum við fjöldamarga þingmenn sem sitja á Evrópuþinginu. Ég hef að sjálfsögðu tengsl við þessa menn og það þarf ekki mikil tengsl til að gera sér grein fyrir því að hér var um yfirlýsingu að ræða sem átti að koma til móts við þessar þjóðir. Og ef hv. þm. er þvílíkt barn (Gripið fram í.) að hann ímyndar sér að Búlgaría og Rúmenía eigi möguleika á því að komast með einhverri

hraðferð inn í Evrópusambandið þó að umræður hafi verið teknar upp við þessar þjóðir, þá verð ég að segja að hann er bjartsýnni en ég þori að vera.

Ég vil taka það sérstaklega fram fyrst hv. þm. heldur að sá sem hér stendur sé í einhverjum persónulegum æfingum í þessum málum þá þarf ekki annað en að lesa það sem sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi, John Maddison, segir um þessi mál. Hann segir nákvæmlega um þau að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að taka upp viðræður við þessi ríki breyti bókstaflega engu um hag Íslands þannig að allar fullyrðingar um hið gagnstæða eru úr lausu lofti gripnar. Það vakir ekki fyrir Evrópusambandinu, og fulltrúi þeirra tekur það skýrt fram, að það breytist ekki neitt í stöðu Íslands við þetta. Staða Íslands er jafngóð eða jafnslæm eða eftir því sem menn vilja hafa það fyrir og eftir.

[15:25]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn er í meginatriðum sammála utanríkisstefnu þeirri sem nú er uppi og framkvæmd hennar. Í meginatriðum segi ég. Þetta á við um samstarfið í Atlantshafsbandalaginu. Þetta á við um starf okkar hjá Sameinuðu þjóðunum og í Norðurlandaráði. En fram til þessa dags hef ég verið, að því er mér hefur virst, nokkuð annarrar skoðunar um Evrópumál en hér hefur verið uppi. Þar á ég við það að menn hafa — og þar er fremstur í fylkingu hæstv. forsrh. — margítrekað að þau mál væru ekki á dagskrá. Ég bið og segi að ég verði ekki vændur um að vilja afsala sjálfstæði Íslands eða hagsmunum þess þó ég mæli eindregið með því að athugaðir verði þeir kostir sem við kunnum að eiga með aðild að Evrópusambandinu. Hér hefur hæstv. utanrrh. raunar lýst því yfir að hann muni nú gera hlutlausa úttekt á Evrópusambandinu, starfsemi þess og innihaldi og er það vel. Ég spyr eins og gert hefur verið hér áður hvernig hugsanlegt er að sú hlutlausa úttekt fari fram og vildi gjarnan fá að heyra skýrari svör um það frá hæstv. utanrrh.

En nú þegar honum þykir nauðsyn til bera að hefja sérstaka úttekt á Evrópusambandinu, sem ég skil ekki á annan veg en þann að hann telji mál þróast þannig að nú beri nauðsyn til að við gerum okkur glögga grein fyrir innihaldi þess að gerast félagi og aðili að sambandinu, þegar hann að þessu leyti snýr af fyrri stefnu sinni sem ég vil skilja svo, er hann þá með því að taka upp þessa nýju stefnu að tala til samstarfsflokksins þegar hann segir, með leyfi forseta: „Við megum ekki láta þröngsýni og hræðslu við að taka þátt í samstarfi ríkja vera ráðandi í gjörðum okkar“? Í sporum hæstv. forsrh. mundi ég taka þetta beinlínis til mín og verði þetta ekki leiðrétt þá skil ég þetta á þann veg.

Í skýrslu sem þessari er ekki ráðrúm til annars en að stikla á því allra stærsta sem vonlegt er. En hæstv. ráðherra lofar yfirlitsskýrslu um utanríkismál að vori.

Ég hefi tekið fram um eitt atriði varðandi aðild að Evrópusambandi, þ.e. sjávarútvegsmálin, að ef við verðum ekki sjálfs okkar ráðandi í þeim málum, ef við þurfum einhverju að fórna í þeim málum af hagsmunum okkar, þá yrði það eitt út af fyrir sig að mínu áliti til þess að útiloka að við gengjum í það bandalag. Ég neita því ekki að það er hálfgerður hrollur í manni að hugsa til þessa myrkviðar sem þetta samstarf, ef hægt er að kalla að þetta samstarf — er með öllum þessum óskaplega fjölda nefnda, ráða, stofnana og stjórna. En, eins og hæstv. ráðherra benti á, hnattvæðingin dynur yfir okkur og við þurfum að hafa okkur öll við til að fylgjast með og það er áreiðanlega Íslandi lífsnauðsyn að taka fullan þátt í samstarfi þjóðanna. Ég verð að segja að mér finnst að hæstv. utanrrh. hafi stundað það starf af árvekni og miklum dugnaði og marka ég það af þeim fréttum sem berast til manns því að með öðrum hætti hef ég ekki getað kynnt mér innihald þessara mála hingað til, sem gefur að skilja.

Hæstv. ráðherra nefnir í skýrslu sinni öryggis- og varnarmál og talar um virkari þátttöku Íslands í vörnum. Ég hef fyrir mitt leyti alltaf haft gróinn ímugust á öllum hernaðarumsvifum og vopnaburði umfram það að stunda rjúpnaveiðar og gæsaskytterí þannig að ég get ekki lagt mikið upp úr þessu og ég held fyrir mitt leyti að við þurfum áfram að treysta á samstarfsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu. Ég hef aldrei haft sérstaka trú á því að við yrðum nokkurn tíma í færum um né heldur hefðum á því efni að sinna þeim málum sem neinu næmi.

Það er alveg ljóst af því sem hér kemur fram að þau eru ekki vandalaus samskipti hinna ýmsu samtaka og bandalaga. T.d. virðist mér sem allmiklir hnökrar kunni að vera á samstarfi Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins og undir því mikið komið að takist að liðka fyrir um samstarf svo mikilvægra samtaka.

Ég hef verið mikill stuðningsmaður og fylgismaður norræns samstarfs og tel að það hafi gefið góða raun og orðið okkur Íslendingum að mörgu leyti til mikils framdráttar og ég hef æviniega litið svo á að við ættum að fylkja liði með Norðurlandaþjóðum fyrst og fremst, en ég hef heldur ekki dregið dul á þá skoðun mína að við værum Evrópuþjóð og ættum að vera það. Þess vegna er, eins og mál virðast þróast, afskaplega mikið upp úr því leggjandi að þau mál verði öll brotin til mergjar án þess að ég sé með neinum hætti að gera því á fæturna að við höfum nokkur tök á að gerast þar fullgildir aðilar.

Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um starfsemi Sameinuðu þjóðanna og rétt er það að hlutverk þeirra þyrfti að efla, sér í lagi tök þeirra á að grípa inn í átök sem eiga sér stað innan landamæra fullvalda ríkja. Mér er ekki ljóst hvernig það má verða. Mér er ekki ljóst hvernig það gæti t.d. orðið að þær eignuðust rétt eða aðstöðu til þess að hafa áhrif á átök eins og í Tsjetsjeníu nú eða innan dyra hjá ýmsum stórveldum heims. Þetta er mér ekki ljóst. En eftir sem áður, ef Sameinuðu þjóðirnar eiga að geta gegnt því hlutverki sem menn væntu af þeim, þá er stefna framkvæmdastjórans sem nú er uppi um íhlutunarréttinn afskaplega mikilvægt mál.

Ég hef áður tekið fram afstöðu mína til Kyoto-bókunarinnar. Ég tel að þar hafi Íslandi orðið á mistök. Við þurfum að átta okkur á því að varðandi umhverfismál öll hefur gerbreyting og bylting orðið. Ég tek á því á sjálfum mér að viðhorf mín hafa umbyltst frá því ég beitti mér mjög fyrir virkjunarmálum, stóriðju o.s.frv. En þróunin undanfarin ár hefur fært okkur heim sanninn um að hér hafa gerbreytingar á orðið og að við þurfum að taka alveg nýja afstöðu til umhverfismálanna, án þess þó að við seilumst um hurð til lokunnar eftir niðurstöðum né beitum ofstæki eða offorsi í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vænti þess að þegar þar að kemur fáum við meira að heyra um einstaka þætti utanríkismálanna og alveg sérstaklega er áhugavert að sjá hver niðurstaðan verður úr hinni svonefndu hlutlausu úttekt á Evrópusambandinu og að við hefjum síðar alls óhræddir viðræður við sambandið um þá kosti sem við kunnum að eiga. Hitt er annað mál að ég fyrir mitt leyti geri mér ekki miklar vonir, um eins og kaupin

eru á þeirri eyri, að við eigum þess kost né heldur æskjum þess sjálfir að gerast þar aðilar að.

[15:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sverri Hermannssyni fyrir vinsamleg orð í garð utanríkisþjónustunnar. En vegna þess sem hann sagði um hlutlausa úttekt, þá er hún einfaldlega hugsuð sem úttekt sem mun verða unnin af þeim embættismönnum sem hafa mest starfað að þessum málum í gegnum árin og þekkja best til þessara mála og þeirra strauma sem leika nú um Evrópu. Það kann vel að vera að ýmsum muni finnast að hún verði ekki nógu hlutlaus og það verður þá að koma í ljós og menn geti þá bætt við. Ég býst við því að við munum jafnframt leita í smiðju þeirra aðila, bæði á vegum atvinnurekendasamtakanna og launþegasamtakanna, sem hafa unnið mjög mikið að þessum málum að undanförnu og sinnt þeim. Það er sú hugsun sem þarna er að baki.

Síðan verða menn að meta þetta eftir því sem mönnum finnst þegar þar að kemur, en a.m.k. vænti ég þess að þessi skýrsla geti orðið góður grundvöllur að málefnalegri umræðu og að menn sjái betur þá kosti sem við stöndum frammi fyrir. Ég á ekki sérstaklega von á því að það verði eingöngu góðir kostir, e.t.v. aðeins slæmir kostir. En það verður að koma í ljós.

Ég vil taka það fram út af því sem hér er sagt um einhvern meintan ágreining á milli samstarfsflokka í ríkisstjórn í Evrópumálum, að þessi ræða er flutt fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Þetta er skýrsla ríkisstjórnarinnar um utanríkismál til Alþingis og ber að skoða í því ljósi. Um hana er ekki ágreiningur í ríkisstjórn. Ég bið menn um að taka það eins og það er. Það er ekki verið að senda nein skeyti í henni, hvorki á aðra ráðherra né aðra. En það getur svo sem vel verið að einhverjir taki þetta til sín. Ég heyri að hv. þm. gerir það ... (Forseti hringir.) og við því get ég ekkert gert.

[15:38]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svör hans, sérstaklega um hina hlutlausu úttekt. Þetta er skýrsla ríkisstjórnarinnar í heild og það segir sig sjálft. En þá er hins vegar alveg óhjákvæmilegt að líta svo á að hæstv. forsrh. hafi tekið allmikla sveigju frá sinni fyrri afstöðu um að þetta mál sé ekki einu sinni til umræðu.

[15:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess ekki að hæstv. forsrh. hafi lýst því yfir að þetta mál sé ekki til umræðu, enda væri það afar undarlegt ef hæstv. forsrh. landsins gæti ákveðið hvaða mál mætti ræða og hvaða mál mætti ekki ræða. Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að það væri lýðræði á Íslandi og ég veit að hæstv. forsrh. gerir það líka þannig að það er að sjálfsögðu Alþingis að ákveða hvaða mál eru rædd. Ég hef ekki séð að það hafi neitt staðið í hv. alþingismönnum. Ef það er farið að standa eitthvað sérstaklega í þeim að ræða ákveðin mál þá er það að sjálfsögðu mjög alvarlegt fyrir lýðræðið.

Að því er varðar það sem hv. þm. spurði um í sambandi við varnarmál, þá liggur það alveg fyrir í þessari ræðu að við viljum áfram treysta á samstarf með okkar samstarfsþjóðum. Hins vegar hafa hlutir breyst á þessu sviði sem öðrum. Ísland er orðið virkari þátttakandi í ýmsu hjálparstarfi. Ég nefni Bosníu-Hersegóvínu. Ég nefni Kosovo. Ég nefni aukið starf okkar meðal þróunarríkja og ég nefni líka aukna þátttöku okkar í starfi Atlantshafsbandalagsins, m.a. með þeim æfingum sem hafa verið haldnar hér á landi og á að halda á næsta ári, sem varða ekki hernaðarmál heldur hjálparstarf og björgunarmál sem sýnir það að Atlantshafsbandalagið snýst ekki fyrst og fremst um her og vopn, að vísu hvorki um rjúpna- né gæsaskyttrí sem betur fer, heldur um björgunarmál og almannavarnarmál. Það eru þessir þættir sem við höfum einmitt lagt áherslu á og er ánægjulegt að Atlantshafsbandalagið hefur tekið þátt þeim með þeim hætti eins og raun ber vitni hér á landi.

[15:41]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir andsvör hans. Að hæstv. ráðherra hafi aldrei heyrt hæstv. forsrh. tilkynna og gefa yfirlýsingu um að Evrópusambandsmálin væru ekki til umræðu hlýtur bara að vera vegna þess að hæstv. ráðherra er svo mikið erlendis að hann hefur ekki náð að heyra þetta sem ég þykist hafa margheyrt.

[15:42]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alltaf ákveðin stemming þegar hér fer fram umræða um utanríkismál. Utanríkismál skipta okkur miklu máli, enn meira máli með ári hverju.

Mér finnst ánægjulegt að fylgjast með þessari umræðu og heyra að við Íslendingar komum fram af fullri reisn í alþjóðlegu samstarfi. Virðing þjóðarinnar hefur farið vaxandi út á við. Við erum virkir aðilar að norrænu samstarfi, NATO, Evrópuráðinu, EES, Sameinuðu þjóðunum, og fleira mætti nefna. Það að vera sjálfstæð þjóð setur okkur skyldur en gefur okkur jafnframt fjölda tækifæri á sviði alþjóðasamstarfs sem nauðsynlegt er að nýta.

Eins og kom fram í upphafsorðum hæstv. utanrrh. þá gætir enginn hagsmuna okkar nema við sjálf. Ég vil þó halda því fram að með því að taka af myndugleik þátt í norrænu samstarfi, eins og við Íslendingar höfum gert, þá stöndum við aldrei alveg ein. Norrænu þjóðirnar koma fram saman út á við alltaf þegar kostur gefst og vegna þessa samstarfs hafa Íslendingar komist lengra og orðið meira áberandi í alþjóðlegu samstarfi en ella hefði orðið. Þess vegna er norræna samstarfið grunnur að alþjóðlegu samstarfi. Það vona ég að sem flestir séu sammála mér um.

Hitt er svo líka ljóst að þessar þjóðir hafa átt í deilum innbyrðis þó að svo sé ekki nú, en ég kem betur að því síðar.

Umsvif alþjóðasamastarfs hefur verið að aukast og hnattvæðingin mun halda áfram. Eigum við að taka þátt í þessu eða ekki? Ég segi: Að sjálfsögðu eigum við að vera með og um það ríkir orðið nokkuð góð samstaða á Íslandi.

Ég held því fram að haldið hafi verið afar vel á málefnum Íslands síðustu missiri. Við eigum ekki í deilum við nokkra þjóð. Í tíð hæstv. núv. utanrrh. hefur tekist að semja við nágrannaþjóðir okkar. Við áttum í fiskveiðideilum við þær flestar og ber þar hæst Smugudeiluna. Einnig var uppi deila við Dani um afmörkuð hafsvæði milli Grænlands og Íslands, svokallað Kolbeinseyjarmál. Þá var tekist á um stjórn veiða úr loðnustofninum á hafsvæðinu milli Íslands, Grænlands og Jan Mayen og skiptingu norsk-íslenska síldarstofnsins.

Nú ríkir friður í stað deilna við nágrannalöndin og það er afar mikilvægt og gefur mikla möguleika fram yfir það sem samningsákvæðin gefa til kynna. Í fyrsta lagi eru miklir möguleikar til samstarfs við Rússa á sviði fiskveiða og vinnslu og í þjónustu og framleiðslu fyrir sjávarútveginn.

Óútkljáð mál voru þrándur í götu þessara viðskipta. Nú er einnig hægt með rammasamningi um samvinnu Íslands, Noregs og Rússlands á sviði sjávarútvegs að taka afla í Barentshafi í lögsögu Rússlands og Noregs og þjónusta í höfnum Noregs sem ekki var hægt að fá áður er nú fáanleg. Þetta gefur okkur allt möguleika til skikkanlegrar útgerðar.

Þetta gerist ekki af sjálfu sér, það þarf þrautseigju auk mikillar vinnu íslenskrar utanríkisþjónsutu á ábyrgð hæstv. utanrrh. til að ná þessu fram. En ég veit að framtíðin er hér fyrst og fremst til umræðu enda skiptir hún meira máli en það sem liðið er. Um leið og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu sína vil ég nefna hvað er stærsta viðfangsefni alþjóðasamfélagsins í mínum huga.

Hæstv. ráðherra nefndi það í ræðu sinni og Kofi Annan kom inn á það við upphaf 54. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna hvernig og hvenær hið alþjóðlega samfélag getur gripið inn í átök sem eiga sér stað innan landamæra fullvalda ríkja. Helför nasista gegn gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni er smánarblettur á mannkyninu. Margir sögðu sem svo að nokkuð sem þetta mundi aldrei gerast aftur. Alþjóðasamfélagið mundi ekki láta slíka atburði eiga sér stað aftur. Nú höfum við upplifað mannvonskuna og hörmungarnar á Balkanskaganum sem voru þó loksins stöðvaðar með inngripi frá NATO. Það þurfti árás til að stöðva Milosevic sem allir hefðu viljað komast hjá en alþjóðasamfélagið, vestrænar lýðræðisþjóðir áttu ekki annan kost.

Hörmungarnar halda áfram víða um heim, blásaklaust fólk verður að tækjum í baráttu einræðisherranna til að halda völdum. Lýðræði er hunsað. Þetta eru að mínu mati stærstu málin sem þarf að leysa í samskiptum þjóðanna og hljóta Sameinuðu þjóðirnar að vera sá vettvangur sem er líklegastur til að ná árangri. Það er óviðunandi að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna skuli ekki hafa komið sér saman um lausnir í þessu mikilvæga öryggismáli og mannréttindamáli.

Þegar við lítum okkur nær og hugsum um hagsmuni okkar Íslendinga fyrst og fremst þá verður ekki horft fram hjá því að Evrópumálin eru mikilvægustu málin á næstu árum. Þá geng ég út frá því að aðild okkar að NATO sé í föstum skorðum og varnarsamningurinn við Bandaríkin. Það er mikilvægt að unnið er að því af hálfu hæstv. utanrrh. að gera hlutlausa úttekt á starfi Evrópusambandsins. Sú skýrsla verður að vera grunnur að þeirri vinnu sem óhjákvæmilegt er að fara í til að við áttum okkur betur á möguleikum okkar og hvernig hagsmunum Íslands verður best fyrir komið til langs tíma litið.

Sem betur fer eru fáir á Íslandi sem hafa þá sýn til Evrópumála eins og fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ræða hans gekk mest út á að vilja ekki málefnalega umræðu. Rökin voru þau að hér ríkti góðæri, Íslendingar væru haminguasamir þó svo við værum ekki í Evrópusambandinu. Sú umræða sem fram undan er á að mínu mati að snúast um hver staða okkar verði, t.d. ef EES-samningurinn líður undir lok. Mér fannst gæta ótrúlegrar þröngsýni í málflutningi þessa unga hv. þm. vil ég segja, en hins vegar sýndi öldungurinn, hv. 18. þm. Reykv., Sverrir Hermannsson, mikla víðsýni í máli sínu hér áðan.

Í máli hæstv. utanrrh. kom fram að róðurinn hafi þyngst í sambandi við að fá Evrópusambandsákvörðunum breytt og laga þær sérstaklega að íslenskum aðstæðum áður en þær eru felldar inn í EES-samninginn. Hins vegar kom fram að auðveldara hefði reynst að koma sjónarmiðum okkar á framfæri við tæknilegan undirbúning á byrjunarstigi. Það að geta haft áhrif á mál á meðan þau eru á mótunarstigi skiptir miklu máli. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvað hæstv. ráðherra á við þegar hann segir þetta. Höfum við sem sagt engin áhrif á pólitíkina, einungis á tæknilega hlið mála? Ég spyr því: Er það vegna þess að við sinnum málinu ekki sem skyldi, hugsanlega vegna manneklu, eða er þetta vegna þess að Evrópusambandið heldur EFTA-þjóðunum utan við starfið?

Ég held því fram að enn sem komið er hafi engin EES-mál verið lögfest hér á landi sem hafa komið sér illa fyrir samfélag okkar eða í raun verið í ósamærmi við okkar löggjöf almennt. Þetta er athyglisvert ef tekið er tillit til stóru orðanna sem féllu í umræðunni um málið á hv. Alþingi. Það er hins vegar niðurlægjandi að taka á móti póstinum frá Brussel og eiga nánast engan kost annan en þann að leggja blessun sína yfir hann.

Þessa dagana situr hæstv. umhvrh. 5. aðildarríkjaþing loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Þar er m.a. fjallað um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar. Þær ánægjulegu fréttir hafa borist að kröfum Íslands hafi verið tekið betur nú í seinni tíð og sérstaða okkar hvað varðar að nýta endurnýjanlegar orkulindir hafi fengið hljómgrunn hjá aðildarríkjum samningsins. Þetta er gífurlegt hagsmunamál fyrir Ísland og hlýtur breið samstaða að ríkja um það. Það getur ekki verið að fyrir nokkrum hv. þm. vaki að reyna að nota alþjóðlega samninga til að ná fram pólitískum vilja sínum í sambandi við virkjanir, eða kannski ætti ég frekar að segja ekki virkjanir á Íslandi. Um það mál sem slíkt ríkir ekki samstaða í landinu og það verður tekist á í því máli. Það hlýtur hins vegar að vera meiri hlutinn sem ræður ferð og að niðurstaðan verði í samræmi við það.

Þó að árangur sé ekki í höfn hvað varðar þetta mikla hagsmunamál þá þarf að halda áfram á sömu braut og reyna til þrautar að fá aðrar þjóðir til að skilja mikilvægi þess fyrir umheiminn að endurnýjanlegar orkulindir verði áfram nýttar. Það er nú þegar orðið augljóst að tillaga stjórnarandstöðunnar frá sl. vori var frumhlaup, þ.e. tillagan um að fullgilda þá þegar Kyoto-bókunina. Þetta hlýtur að vera augljóst í dag.

Um þróunarsamvinnu er það að segja að þar er hægt að gera betur og við þurfum að gera betur. Það hefur þó verið viðleitni í þá átt á síðustu árum að gera betur með auknum fjárveitingum sem nema um 60 millj. kr. ári. Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna, sem hér er starfræktur, hefur farið vel af stað og verður nemendum fjölgað strax á næsta skólaári. Framlag Íslands er talið til þróunarmála en enn erum við Íslendingar engu að síður eftirbátar annarra nágrannaþjóða í framlögum til þróunarmála.

Í sambandi við viðskiptamál hefur átt sér stað stefnubreyting í tíð núv. hæstv. ráðherra og þar á ég við ráðningu viðskiptasérfræðinga hjá sendiráðum. Þessi nýbreytni hefur þegar skilað árangri fyrir atvinnulífið og því er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut.

Eitt vil ég nefna að síðustu, hæstv. forseti, og það varðar mikilvægt hagsmunamál þjóðar okkar. Þar er ég að tala um nýja lotu samningaviðræðna Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO. Þar er viðamesta verkefnið endurskoðun landbúnaðarsamningsins. Landbúnaður hér á landi stendur höllum fæti og þá sérstaklega sauðfjárræktin og því er mikilvægt að nýr samningur verði frekar til að styrkja íslenskan landbúnað en hitt og hvet ég eindregið til að unnið verði með það í huga.

[15:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem hv. 2. þm. Norðurl. e., Valgerður Sverrisdóttir, sagði um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þá segir í ræðu minni: „Róðurinn hefur reynst þungur í þeim tilvikum þar sem ástæða þykir til að breyta ákvörðunum ESB eða laga þær sérstaklega að íslenskum aðstæðum áður en þær eru felldar inn í EES-samninginn."

Staðan er einfaldlega sú að við höfum tiltölulega litla aðkomu að pólitískum ákvörðunum innan Evrópusambandsins því pólitíska samráðið er minna en var í upphafi. Það er einfaldlega vegna þess að þegar við gengum inn í þennan samning þá voru 30 milljónir manna í okkar stoð en í dag eru 4 milljónir manna og áhrif okkar eru minni á pólitíska sviðinu en áður var. Þetta ber að viðurkenna. Við höfum reynt að bæta þetta upp, m.a. með samstarfi við hinar Norðurlandaþjóðirnar o.s.frv.

Hins vegar hefur okkur tekist í framkvæmd samningsins að hafa allmikil áhrif í nefndum en við eigum aðild að yfir 300 nefndum og hefur gengið vel að komast að því starfi. EFTA sem stofnun rekur þetta samstarf að verulegu leyti en þar vinna, eftir því sem ég best man, milli 60 og 70 manns, og einnig sendiráð okkar í Brussel. Þessi starfsemi skiptir afar miklu máli til að hafa áhrif í upphafi og að undanförnu hefur verið rætt um að auka starf Alþingis á því sviði. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi fylgist betur með málum á mótunarstigi því að það er mjög erfitt að hafa áhrif á slík mál þegar þau eru komin á lokastig.

[15:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur rétt áðan vil ég segja þetta: Við eigum eftir að sjá hvernig Ísland kemst út úr ofurkröfum sínum varðandi aðildina að Kyoto-samkomulaginu. Við verðum að taka þátt í þessum samningi, annað væri Íslandi til vansa. Og það verður fróðlegt að sjá hvernig þessi mál þróast á ríkjaráðstefnunni og þeim ráðstefnum sem við eigum eftir að taka þátt í um þetta stóra mál.

„Enginn gætir hagsmuna okkar nema við sjálf." Þetta segir hæstv. utanrrh. í tengslum við aukna þátttöku okkar í alþjóðasamfélaginu og að við eigum ekki kost á að sitja þar hjá. Enda fjallaði ræða utanrrh. fyrst og fremst um Ísland í samfélagi þjóðanna og að við höfum þar hlutverki að gegna. Í lokaorðum hans fólst áhersla á framsækna utanríkisstefnu og að ekki megi láta þröngsýni og hræðslu við þátttöku í samstarfi ríkja ráða gjörðum okkar. Ekki einangrast, vera í þjóðbraut. Ég er innilega sammála þeirri hugsun og þessum orðum. Það er hins vegar ekki alveg ljóst hvort þau orð mundu virka eins í framkvæmd séð frá mínum sjónarhóli og hæstv. utanrrh.

Hins vegar verð ég að segja að það var mjög athyglisvert að hlusta á þá pólitísku félaga, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og Tómas Inga Olrich hamast við að þýða ræðu hæstv. utanrrh. Mér sýnist ræðan alveg skýr, hann talar tæpitungulaust. Það er mjög ánægjulegt að fram skuli koma að í ræðunni felist vilji þeirra beggja, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh.

Virðulegi forseti. EES-samningurinn er einhver mikilvægasti alþjóðasamningur sem við höfum gerst aðilar að, ekki aðeins viðskiptahluti hans, heldur færði hann launþegum félagsleg réttindi sem skorti á hérlendis, sem við hefðum fyrir löngu átt að innleiða í okkar lög og kjarasamninga sjálf en höfðum ekki gert. Mikið verk er enn óunnið sem fylgja þarf eftir að skili sér inn í réttindi launafólks og við eigum að tryggja að það gerist og gerist sem fyrst. Varðandi viðskiptasamninginn er óumdeilt að EES-samningurinn átti gífurlegan þátt í þeim hagvexti sem varð á síðasta kjörtímabili. Það var fróðlegt og ánægjulegt þegar iðnn. var á fundi með Samtökum iðnaðarins á þessum morgni að það sjónarmið kom alveg skýrt fram að trúlega hefði EES-samningurinn haft miklu meiri jákvæð áhrif inn í íslenskt atvinnulíf en menn væntu fyrir fram.

Sighvatur Björgvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði úttekt á EES-samningnum og starfi Evrópusambandsins að umtalsefni í ræðu sinni og ég ætla ekki að bæta miklu þar við. Ég ætla þó að nefna að ýmsir hafa talið á liðnum vikum og mánuðum að það sé mjög líklegt að á næstu tveimur til þremur árum geti það gerst að Sviss leiti eftir aðild að Evrópusambandinu en vissulega geta nýafstaðnar kosningar hafa breytt því sjónarmiði, ég tek það fram, og þá mundi Noregur láta reyna á aðildarumsókn í hið þriðja sinn. Ég ætla ekki að gera þessa skoðun að minni en ýmsir, sem hafa verið að takast á við alþjóðamálin og gera þeim skil, hafa reifað þetta sjónarmið. Þá sýnist mér að miðað við kostnaðinn af EES-samningnum, sem Sviss og Noregur bera að stærstum hluta og Ísland að mjög litlum hluta, mundi það gjörbreyta stöðu okkar gagnvart EES-samningnum. Ég spyr hæstv. utanrrh. hvort það sé rétt að við mundum ekki geta staðið kostnaðarlega undir EES-aðildinni, jafnvel þó EES-samningurinn fengi að standa gagnvart okkur ef þessi lönd mundu flytja sig yfir í Evrópusambandið?

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að endurtaka orð hæstv. utanrrh. sem urðu deiluefni fyrr á fundinum í ræðu hans í upphafi umræðunnar:

„Ég hef því ákveðið að láta gera hlutlausa úttekt þar sem farið verður yfir starf Evrópusambandsins lið fyrir lið. Þar er hægt að draga fram hver staða Íslands yrði án samninga, því næst hvernig EES-samningurinn, samstarfssamningur um Schengen og aðrir þeir samningar, sem gerðir hafa verið, nýtast okkur og loks hver bein áhrif yrðu ef Ísland væri aðildarríki."

Ég geng út frá því, virðulegi forseti, að í þessari úttekt mundi líka felast hver yrði staða Íslands gagnvart EES-samningnum ef Sviss og Noregur fara að skoða það að gerast aðilar að Evrópusambandinu en Ísland ekki.

Ég er sammála því hvernig utanrrh. setur þetta fram og styð þessa hlutlausu úttekt. Við eigum að ræða málin opið, það höfum við alltaf sagt. Enn þá hefur enginn heyrt mig segja það úr þessum ræðustól eða annars staðar að Ísland eigi að gerast aðili að Evrópusambandinu en ég hef mörgum sinnum sagt að við eigum að skoða alla kosti sem eru í stöðunni og síðan að taka ákvörðun. Þess vegna er hvorki kreppa né örvænting í ákvörðunum Samfylkingarinnar. Um þá stefnumörkun, sem þar er sett fram, er full sátt og þegar þessi mál hafa verið skoðuð, úttektir liggja fyrir og menn vita hvað felst í stöðunni, munum við á sama hátt og utanrrh., og væntanlega forsrh., taka afstöðu. Svo einfalt og skýrt er það.

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert þó utanrrh. hafi stiklað á stóru í ræðu sinni í dag þá nefnir hann eitt mál sem mér fannst lítið og mörgum finnst kannski fallegt en það er hugsanleg tollalækkun á íslenskum hestum gagnvart Evrópusambandinu en að árangur fari eftir hvaða gagntilboð tollalækkana fyrir afurðir frá Evrópusambandinu yrðu varðandi íslenskan markað. Það er e.t.v. vegna þess að ég hef alltaf haft efasemdir um með hvaða hætti við höfum verið

að selja íslenska hestinn til útlanda að ég staldra við þennan litla einfalda þátt í ræðu ráðherrans og spyr hann þess vegna hvaða vörur eru það sem við mundum hugsanlega vera tilbúin að lækka tolla á eða fella niður tolla á til þess að auðvelda þessi viðskipti.

Utanríkismál. Norðurlöndin eru nærsvæði okkar og ég er sammála hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur um að það samstarf er mikilvægasta erlenda samstarfið fyrir okkur á Íslandi. Mér hefur fundist að norræna samstarfið innbyrðis hafi fengið minna vægi eftir skipulagsbreytinguna í Norðurlandaráði þar sem norræna samstarfið er aðeins einn jafnrétthár stólpi af þremur, af norðurnefndinni, nærsvæðanefndinni og Evrópunefndinni, að þessar stoðir hafa gert það að verkum að Norðurlandasamstarfið sjálft hafi á vissan hátt veikst. Mér finnst mikilvægt að þeir sem halda um þessi mál verði vel á verði og fylgi því eftir í því starfi þar sem við höfum forustu að hvergi sé gefið eftir eða vikið undan í þeim mikilvæga þætti sem Norðurlandasamstarfið er. Mér finnst það líka ákveðið áhyggjuefni að Norðurskautssamstarfið er ekki lengur tengt Norðurlandaráði, það teygir sig til stóru þjóðanna í austri og vestri og er á margan hátt nokkuð sjálfstætt. Við eigum einn fulltrúa í þingmannasamstarfi þess en það er á engan hátt tengt Íslandsdeild alþjóðasviðs eða einhverjum öðrum þætti þannig að erfitt er fyrir okkur að vita hvað er að gerast í samstarfi þjóðanna á norðurhveli. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. utanrrh. fjalla meira um samstarfið í norðri því að þar eigum við mikilvægra hagsmuna að gæta, ekki síst á sviði umhverfis- og mengunarmála.

Í umfjöllun um starf okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna nefndi ráðherra jafnframt að Ísland byði sig fram í nefnd um sjálfbæra þróun. Hvað þýðir þetta? Fær Ísland aðild ef það býður sig fram, ganga sætin í þeirri nefnd eitthvað á milli landa eftir ákveðnu kerfi eða göngum við til þess að það sé kosið á milli aðildarlandanna og eigum við einhverja möguleika þarna? Ég spyr ráðherrann líka að því hvort Ísland eigi núna sæti í mannréttindaráðinu eins og áformað var og talað var um hér síðast þegar við ræddum saman. Ég held að það hafi verið í febrúar.

Um leið og ég færi mig yfir í að ræða þátt okkar í því stóra samhengi sem Sameinuðu þjóðirnar eru langar mig líka, virðulegi forseti, að nefna flóttamannasamninginn frá 1951, sem við erum aðilar að. Það skortir enn á í lögum hjá okkur um réttarstöðu flóttamanna, ég hef spurt um það held ég í hverri einustu utanríkisumræðu, fyrir utan að vera með hefðbundnar fyrirspurnir til dómsmrh. a.m.k. í þrjú ár, við eigum að tryggja ráðgjöf, túlk og réttaraðstoð og að bann við brottvísun og endursendingu verði í takt við flóttamannasamninginn. Það er dálítið alvarlegt, virðulegi forseti, að við höfum nýlega haft utandagsrkárumræðu um Kúrda, sem ekki naut þeirra sjálfsögðu réttinda sem við höfum undirgengist samkvæmt samningi heldur var honum líka stungið í fangelsi. Það er mál til komið að Alþingi breyti lögum í samræmi við slíka alþjóðasamninga.

Virðulegi forseti. Það var mjög umdeilt að hæstv. utanrrh. fór til Úkraínu, ég ætla ekki að gera það að umtalsefni, heldur hitt að þar talaði hann sem forustumaður í Evrópuráðinu gegn dauðarefsingum. Nákvæmlega það var mjög mikilvægt fyrir alþjóðasamfélagið. Hann var að fylgja eftir kröfum Evrópuráðsins um að lönd Evrópu virtu sáttmála. Nú er það svo að Ísland er meðflutningsaðili að tillögu sem liggur fyrir þingi Sameinuðu þjóðanna varðandi dauðarefsingar. Ekki beinlínis um að afnema þær, svo sterkt þora menn ekki að fara í tillöguflutning á hæstv. þingi Sameinuðu þjóðanna, heldur varðar tillagan dauðarefsingar. Hún er um að öll ríki breyti lögum sínum gegn því að börn séu tekin af lífi. Þetta telja þeir sem vinna með mannréttindamál að sé mikilvægt skref í átt að afnámi dauðarefsinga. Næstum öll ríki Evrópu hafa afnumið dauðarefsingar og Ísland er eitt fárra ríkja sem er með það ákvæði í stjórnarskrá sinni. Þess vegna eigum við alls staðar að láta í okkur heyra um þessi mál. Ég vona að Íslendingar standi saman um þessi mál, hvort sem þeir flokkast sem hægra fólk eða vinstra fólk. Þetta segi ég, virðulegi forseti, að gefnu tilefni. Það að þing Sameinuðu þjóðanna samþykki tillögu um að öll ríki setji hjá sér lög gegn því að börn séu tekin af lífi er auðvitað í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og það er áfangi í því að ríki vinni að afnámi dauðarefsinga. Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustól að við erum frekar feimin að gagnrýna stóra ríkið í vestri en á þessu ári eru yfir 80 manns tekin af lífi í Bandaríkjunum.

Virðulegi forseti. Ég hvet hæstv. utanrrh. til að flýta því að við staðfestum alþjóðasakadómstólinn, Ísland var með fyrstu ríkjum til að skrifa undir að setja hann á laggir. Ég spyr hvað líði framkvæmd staðfestingar. Að lokum ætla ég að lýsa því yfir að Ísland er vissulega enn þá mikill eftirbátur nágrannaríkja í framlögum til þróunarmála en það er jákvætt að það skuli vera aukning í framlögum í þessum þætti, bæði á fjárlögum næsta árs og þessa. Það styð ég. Við verðum að taka okkur verulega á í þróunar- og mannréttindamálum.

[16:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki möguleika á að koma að öllu sem hv. þm. spurði mig um en fyrst varðandi kostnað við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það segir sig sjálft að við höfum ekki möguleika á að reka þann samning einir og sér eins og gert er í dag. Ég býst við því að segja megi að í íslenska utanrrn. komi þrír starfsmenn að þeim samningi en í norska utanrrn. eru þeir milli 70 og 80. Hjá EFTA eru milli 60 og 70 manns sem vinna ekki síst að því að framfylgja þessum samningi en Sviss kostar um helming af þeirri starfsemi, jafnvel þó verulegur hluti af starfsliðinu sé upptekinn við að reka samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það liggur líka ljóst fyrir að það er margt starfslið hjá Evrópusambandinu sem vinnur að málinu þannig að það segir sig sjálft að það er útilokað að hægt verði að reka samninginn með einhverjum sambærilegum hætti og gert er í dag ef þessi ríki, Sviss og Noregur, ákveða að ganga í Evrópusambandið. Nú eru sennilega minni líkur til þess að það gerist hratt að því er Sviss varðar eftir kosningar þar án þess að ég vilji leggja dóm á það.

Það liggur hins vegar fyrir að þessi mál verða á dagskrá í Noregi innan einhverra ára. Við verðum að reyna að meta það í réttu ljósi. En það er algerlega útilokað að við getum rekið þennan samning með sambærilegum hætti. Nógu erfitt er það í dag. Það má segja að við séum mjög veikburða gagnvart hinu stóra Evrópusambandi í að reka þennan samning jafnvel þó það hafi gengið skammlaust.

[16:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einhvern tíma heyrði ég að hlutur í kostnaði EES-samningsins skiptist þannig að bæði Noregur og Sviss væru með yfir 45% hvort af kostnaðinum, litlu ríkin með mjög lítið og við með 2% eða eitthvað slíkt. Stundum

talar fólk eins og allt geti haldist óbreytt en hlutirnir eru ekki alltaf eins og við viljum hafa þá. Breytingar annars staðar geta gjörbreytt umhverfi okkar. Það var það sem ég var að draga fram með spurningu minni til ráðherrans. Á sama tíma og hann leggur til sína hlutlausu úttekt og horfir til framtíðar þá geta fyrr en varir orðið breytingar hjá öðrum þjóðum sem kippa fótunum undan því sem menn telja e.t.v. henta okkur. Ég lít svo á að svar hæstv. ráðherra hafi staðfest það.

Ég kom með nokkuð margar spurningar í innleggi mínu enda lít ég svo á að umræða um utanríkismál, eins og við höfum vanið okkur á í þessum sal, eigi að vera skoðanaskipti. Það á ekki að vera þannig að maður einskorði sig við fáar spurningar eða lítið mál sem viðkomandi ráðherra geti svarað í stuttu andsvari. Ég lagði fram nokkuð margar spurningar sem ég vona að ráðherrann taki með í lokaræðu sína. Aðeins þannig fáum við skoðanaskipti um það sem efst er á baugi, um hvert við ætlum að stefna. Þess vegna mun ég leggja áherslu á að vera þessa umræðu til enda og fylgjast með hvernig hæstv. ráðherra kýs að nýta lokaumfjöllun sína í þessum málum.

[16:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að auðvitað eiga þessar umræður á hv. Alþingi að vera skoðanaskipti. En við verðum að lúta þeim tímatakmörkunum sem okkur eru sett hér. Í þessu tilfelli hefur utanrrh. sama rétt og aðrir hv. þm. Ég verð að sjálfsögðu að hlíta því og hef einungis 15 mínútur í seinni umferð til þess að gera þeim fjölmörgu málum skil sem fram hafa komið.

Að því er varðar samstarfið í norðri, sem hv. þm. kom inn á, þá hef ég alltaf lagt áherslu á að því starfi var komið á fyrir tilstilli Norðurlandaráðs. Ég tók sem þingmaður og fulltrúi í Norðurlandaráði þátt í að móta það samstarf. Ég tel að þar hafi tekist vel til. Ég tel afar mikilvægt að Norðurlandaráð komi áfram að því starfi en hins vegar verður að viðurkennast að samstarfið innan Norðurlandaráðs hefur breyst. Það hefur breyst mikið og reynslan af þessum stoðum er að mínu mati ekkert sérstaklega góð. Ég tel að það hafi verið lagt allt of mikið upp úr skipulagi miðað við áhersluna á málefnin á sínum tíma. En vonandi getum við bætt úr þessu. Ég bendi á að eitt af síðustu verkum mínum sem samstarfsráðherra var að leggja það til að farið yrði í sérstaka úttekt um málefni framtíðarinnar og sem stendur starfar sérstök framtíðarnefnd á vegum Norðurlandaráðs undir forustu Jóns Sigurðssonar, bankastjóra Fjárfestingarbankans í Helsinki. Ég vænti mikils af því starfi en þar er áherslan lögð á málefnin og þá framtíð sem Norðurlöndin þurfa að takast á við. Nefndinni var ekki falið að fjalla neitt um skipulag. Það er nóg komið af því í Norðurlandaráði.

[16:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður mjög fróðlegt að fá niðurstöðu þessarar nefndar og málefnaþátt þeirra. Ég var hins vegar að tala um skipulagsmál varðandi Norðurlandasamstarfið. Það verður gerð úttekt á því á næstu vikum. Ástæðan fyrir því að ég hef haft áhyggjur af því skipulagi er að mér finnst að innra samstarf Norðurlandanna hafi að einhverju leyti fengið minna vægi í þessu nýja skipulagi en áður fyrr.

Ég á dálítið erfitt með að sjá hvernig norðurskautssamstarfið getur tengst Norðurlandaráði eftir að það var aftengt í fyrra vegna þess að slíkt samstarf verður þá fyrst virkt að það er tekið formlega fyrir á einhverjum öðrum vettvangi. Úr því að það er ekki tekið formlega fyrir í forsætisnefnd Norðurlandaráðs eða á þingum Norðurlandaráðs er mikilvægt að við eigum þess kost á Alþingi að taka það fyrir með einhverjum hætti. Eins og ég benti á fellur það ekki undir Íslandsdeild Norðurlandaráðs, umræðu um skýrslu, þannig að mér finnst mikilvægt að skoða hvernig við getum fengið umfjöllun um norðurskautssamstarfið.

Að öðru leyti vænti ég þess að ráðherrann komi inn á fleiri þætti úr ræðu minni í lokaræðu sinni. Mér finnst það skipta mjög miklu máli og vil taka það fram að hann gerir vel í að koma í andsvör að því marki sem það dugir.

[16:22]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að það er mikilsvert að við skiptumst á skoðunum um þessi mál og drögum fram þær upplýsingar sem þingmenn búa yfir af reynslu sinni og þekkingu á þessum málum.

Ég hjó eftir því að í ræðu sinni var hv. þm. að leggja raunsætt mat á stöðu EES-samstarfsins. Hún gat þess sérstaklega að líklegt væri að Sviss mundi sækja um aðild að Evrópusambandinu. Mér þætti vænt um að fá nánari upplýsingar um það sem er að gerast í Sviss að því er þetta varðar.

[16:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn hefur ekki tekið mjög vel eftir orðum mínum. Ég var ekki að lýsa þekkingu minni á málefnum í Sviss heldur var ég að nefna að ýmsir sem hefðu fjallað um framtíð Evrópumála teldu mjög líklegt að innan tveggja eða þriggja ára mundi Sviss leita eftir inngöngu í Evrópusambandið. Jafnframt sagði ég að ef Sviss gerði það væri líklegt að Noregur mundi reyna í þriðja skiptið. Þetta liggur í spilunum að mati þeirra sem hafa verið að skoða Evrópumálin.

Ég nefndi það hins vegar sjálf að nú mætti vel vera að þessar vangaveltur hefðu breyst eftir kosningarnar í Sviss. Við vitum að það urðu mjög óvænt úrslit í kosningunum í Sviss og margir tengdu niðurstöður þeirra kosninga við hugsanlega afstöðu til Evrópumálanna. Þannig lagði ég málið upp. Ég get því miður ekki sagt hvað er að gerast í Sviss. Ég hef ekki þekkingu á þeim málum.

[16:24]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem er að gerast í Sviss, eftir því sem mér er kunnugt, er að Sviss hefur lagt inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu og það fyrir löngu. Sú umsókn var sett í frysti. Hún hefur ekki verið dregin til baka en var sett í frysti þegar Sviss hafnaði aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er nákvæmlega ekkert að gerast í þessari aðildarumsókn hjá Svisslendingum í dag.

Svisslendingar hafa gert sjö tvíhliða samninga við Evrópusambandið. Þeir hafa bæði undirritað og fullgilt þessa samninga en vegna þeirra ákvæða sem gilda í svissneskum lögum um þjóðaratkvæði — það er hægt að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslu með hlutfallslega litlum stuðningi — er gert ráð fyrir því að þessir sjö samningar muni fara í þjóðaratkvæði í sumar. Ef þessir sjö samningar, sem eru tvíhliða samningar, fá samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu, sem er talið fullvíst að þeir muni ná, þá færir það Sviss ekki eins nærri Evrópusambandinu og samningurinn um

Evrópska efnahagssambandið hefur fært okkur. Þetta er það sem er að gerast í Sviss.

Ég er sammála hv. þm. um að árangur Christoph Blochers í kosningunum kemur til með að draga enn frekar úr því að nokkuð verði gert með þessa aðildarumsókn sem lengi hefur lengið í frysti.

[16:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir þessar upplýsingar. Þær eru áhugaverðar. Vangaveltur mínar snúa að því, í tengslum við orð utanrrh. og munnlega skýrslu hans, hver staða okkar er ef við stöndum uppi næstum ein með EES-samninginn. Ég þakka þessar upplýsingar og finnst þær áhugavert innlegg í þá umræðu sem hér hefur farið fram.

[16:26]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla skýrslu um utanríkismál. Eins og hann sagði réttilega er ekki hægt að fjalla með góðu móti um þann mikla fjölda mála sem utanrrn. hefur á sinni könnu í stuttri ræðu. Einnig má öllum vera ljóst að umsvif þessa ráðuneytis fara vaxandi og afgreiðsla mála krefst oft mjög skjótra viðbragða því hlutirnir gerast hratt á okkar tímum.

Ég vil, sem formaður Íslandsdeildar Vestur-Evrópusambandsins, VES, fjalla um þann kafla sem snýr að evrópskum öryggis- og varnarmálum og þeim breytingum sem nú eiga sér stað með fyrirhugaðri innlimun Vestur-Evrópusambandsins í ESB. Málefni VES hafa ekki farið hátt í sölum Alþingis þrátt fyrir að þessi samtök, sem eru Evrópustöð NATO, hafi starfað í 44 ár. Þar kemur eflaust margt til en tvíhliða varnarsamningur okkar við Bandaríkjamenn er kannski ein helsta ástæða þess.

Þó málefni okkar innan NATO séu í góðum farvegi og staða tvíhliða samnings við Bandaríkin standi traustum fótum, þá er þróun varnar- og öryggismála í Evrópu okkur viðkomandi. Aðild okkar að VES hefur verið vettvangur okkar innan Evrópu á þessu sviði. Þar erum við, sem NATO-ríki, aukaaðilar með tillögu- og málfrelsi í ráðum og nefndum VES sem fjalla um varnar- og öryggismálefni Evrópuríkja. Starf VES hefur verið verulegt á síðustu árum og snúið að átökum innan Evrópu, í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og Albaníu og víðar. VES er sem Evrópustöð NATO eini aðilinn í beinu sambandi við yfirstjórn NATO.

Innan VES eru einnig þjóðir með áheyrnarfulltrúa sem hvorki eru í NATO né ESB, t.d. fyrrum ríki Sovétríkjanna. Til að vera fullgildur aðili í VES þurfa ríki að vera innan ESB og í NATO. Innan ESB hefur verið sterk krafa um að þær breytingar verði að Evrópa taki sjálf á sínum innri málum án tilstilli Bandaríkjamanna en þó með herstyrk NATO. Undir þetta sjónarmið hafa Bandaríkjamenn tekið en þó með þeim fyrirvara að Evrópuríki NATO sem ekki eru í ESB verði fullgildir aðilar að þeim breytingum.

Með sameiginlegri yfirlýsingu forustumanna NATO-ríkjanna í Washington sl. vor var lögð gríðarlega mikil áhersla á þetta sjónarmið. Ný öryggis- og varnarstefna ESB byggðist á því fyrirkomulagi sem þróað hefur verið í samskiptum NATO og VES. Á fundi ESB-ríkja í Köln í sumar voru ákvarðanir þó teknar í allt öðrum anda en var í Washington og er nú talað með, leyfi forseta: „satisfactory arrangements“ eða „full possible involvement“ NATO-ríkjanna í Evrópu sem ekki eru í ESB. Fyrir Ísland þýðir þetta að þátttaka okkar í þessum breytingum í varnarmálum Evrópu er mjög takmörkuð. Þetta getur einnig merkt að Evrópuríki í NATO verði skipt í flokka, þ.e. NATO-ríki í ESB og önnur NATO-ríki í Evrópu ásamt Tyrklandi. Það eru margar spurningar sem vakna ef þessi þróun verður, spurningar um stöðuna innan NATO og einnig hvernig málefni NATO verða meðhöndluð innan ESB.

Innan ESB eru ríki sem ekki eru aðilar að NATO og eiga ekki aðgang að herafla NATO. Evrópuþingið er samansett af þessum ríkjum ásamt Evrópuríkjunum innan NATO en þar hefur umræðan um varnarmál verið mjög takmörkuð, enda hafa þjóðþing Evrópu og VES haldið á þeim málefnum og því mjög óljóst hvernig Evrópuþingið getur komið að þessu máli í stað þjóðþinganna og VES.

Innan þings VES sem kemur saman tvisvar á ári hafa slíkar umræður farið fram á milli allra Evrópuríkjanna í NATO og Tyrkja að auki. Alþingi hefur átt þrjá fulltrúa á þessum þingum sem á margan hátt hafa tekið þátt í þeim umræðum.

Herra forseti. Fyrir Alþingi Íslendinga er mjög mikilvægt að þátttaka okkar í nýju fyrirkomulagi, ef VES verður innlimað í ESB, verði sambærileg og hún er nú innan VES. Aðkoma þjóðþinga að varnarsamtökum eins og NATO hefur verið ein af ástæðum þess hve mikil sátt hefur ríkt um þau samtök. Að splundra VES í því augnamiði að styrkja ESB gæti leitt til þess að NATO yrði veikara.

Ég vil í þessu sambandi lýsa yfir ánægju með það hvernig hæstv. utanrrh. hefur tekið á þessu máli og ætlar að leita eftir samstarfi þeirra Evrópuríkja sem ekki eru í ESB og sjá hagsmuni sína í óvissu. Það er nokkuð ljóst að not ESB af NATO gætu orðið mjög takmörkuð ef ekki er sátt innan allra ríkja NATO um hvernig þau verða. Ég vona að ásættanleg niðurstaða náist í þessu máli og vil ég leggja áherslu á þá skoðun að án beinnar aðildar þjóðþinga í hinu nýja fyrirkomulagi er beygt af þeirri mikilvægu og heillavænlegu braut sem fylgt hefur verið innan NATO og VES. Ég legg áherslu á að hæstv. utanrrh. gæti hagsmuna Alþingis í þessu máli, fulltrúar Alþingis í VES muni gera það á þingi VES í París um næstu mánaðamót.

Einn af köflum í ræðu hæstv. utanrrh. var þróunarsamvinna og þróunarstarf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Ég ætla að víkja fáeinum orðum að því, herra forseti, en starf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands er mörgum þekkt og það starf hefur verið afskaplega farsælt og margir frábærir starfsmenn hafa staðið þar að verki. Það er að sjálfsögðu oft mikið álitamál hvernig á að standa að þróunaraðstoð og hvaða svið eigi að njóta aðstoðar frá slíkum stofnunum eins og Þróunarsamvinnustofnun og þróuðum ríkjum almennt. Eins og ég hef kynnt mér þessi mál þá hefur mér sýnst að Þróunarsamvinnustofnunin hafi beint aðstoð sinni inn á þá málaflokka sem skipta verulega miklu máli fyrir hin fátæku ríki. Vil ég þá nefna sem dæmi að þróa upp fiskveiðar hjá fátækum ríkjum, bæta skólakerfi, koma upp vatnsdælum og heilbrigðiskerfi sem geti þjónað ríkjum sem eru mjög neðarlega á því sviði. Að því leyti til hefur mér sýnst þróunin einmitt vera í þá áttina en ekki í mjög stór verkefni sem hafa oft á tíðum skilað mjög litlum árangri.

Það er líka álitamál í mínum huga hvaða lönd eigi að njóta aðstoðar og þá hve lengi. Ég held að það fari ekkert á milli mála hjá þeim sem kynna sér málin að ríki eins og Malaví, Mósambík, Tansanía, Úganda og fleiri Afríkuríki þurfa svo sannarlega á aðstoð halda. Maður veltir því þó fyrir sér varðandi ríki eins og Namibíu hversu lengi eigi

að halda áfram að aðstoða ríki sem hafa í raun mjög góða stöðu fjárhagslega í dag miðað við þau fátæku ríki sem njóta einnig aðstoðar okkar í Afríku. Þá er ég eingöngu að miða við þjóðarframleiðslu á íbúa og muninn á henni milli annars vegar fátækustu ríkjanna og hins vegar Namibíu sem hefur notið góðrar aðstoðar af hálfu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og þar hefur þróast upp mjög góður sjávarútvegur og fiskveiðar í skjóli þess. Ég vil rétt aðeins slá þessu fram til umhugsunar hvort einhverjar hugmyndir eða áætlanir séu um breytingar á þessu sviði af hálfu ráðuneytisins.

Við þurfum að sjálfsögðu, herra forseti, að leggja áherslu á að við leggjum til þróunarmála jafnmikið og aðrar þjóðir sem við viljum miða okkur við. Ég tel að staða okkar meðal þjóðanna sé slík að við getum ekki til langframa verið að greiða inn í þetta starf mun lægri upphæðir en aðrar þróaðar þjóðir. Ég tek því undir það sem sagt hefur verið hér um þessi mál að við eigum að flýta okkur að ná þeim þjóðum sem skara fram úr á þessu sviði.

Ég vil segja það að lokum, herra forseti, að ég sé og finn að störf utanrrn. og starfsmanna þess hafa verið mjög árangursrík og starfsfólk þess hefur staðið vel að málum en fólk gerir sér í raun ekki grein fyrir hvað þau eru umfangsmikil. Ég þakka það ekki síst góðu skipulagi og góðri stjórnun á því ráðuneyti eins og hún hefur verið á undaförnum árum.

[16:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir góð orð í garð starfsfólks utanrrn. Það liggur ljóst fyrir að þar er unnið mikið starf og þar leggja menn mikið á sig, enda verðum við að vinna með þeim hætti. Við erum með mjög fámenna utanríkisþjónustu og okkar fólk þarf að leggja mun meira á sig til að halda í við aðrar þjóðir á þessu sviði. Það eru margir sem undrast það hvað við komumst yfir mikið með því fámenna starfsliði sem við höfum yfir að ráða og það er mikilvægt fyrir starfsfólk utanrrn. að finna að þau störf séu metin því að ráðuneytið er ekki eingöngu að vinna í þágu þess eina ráðuneytis heldur allra annarra ráðuneyta, forsrn. og umhvrn. og jafnframt forsetaembættisins. Það er mikilvægt fyrir það fólk að störf þess séu virt og ég þakka fyrir það.

Að því er varðar Vestur-Evrópusambandið þá höfum við tekið það mál mjög alvarlega, eins og hv. þm. sér í ræðu minni. Við teljum að þar sé um breytingar að ræða sem geta skipt miklu í samskiptum okkar í framtíðinni við Evrópusambandið og það sé e.t.v. mikilvægasti prófsteinninn á það samstarf alveg á næstunni. Við höfum tekið það mál upp við hvert einasta tækifæri sem við höfum haft möguleika á, núna síðast á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna ásamt utanríkisráðherra Þýskalands og það var aðalmálið á þeim fundi þó að það hafi ekki verið hugmyndin í upphafi. Þetta mál verður tekið upp á sérstökum fundi sem haldinn verður í Brussel væntanlega 15. þessa mánaðar. Það verður síðan ráðherrafundur Vestur-Evrópusambandsins í Lúxemborg 22. og 23. nóvember sem ég mun sitja, hefði ekki setið ef aðstæður hefðu ekki verið eins og þær eru, þannig að við munum leggja mikið kapp á það ásamt Norðmönnum að taka á þessu máli á næstu vikum.

[16:38]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svar hans hér. Ég tók að sjálfsögðu eftir því að stór kafli af ræðu hæstv. utanrrh. fjallaði einmitt um breytingar á varnar- og öryggismálum í Evrópu og breytingar VES og NATO með tengslum við aukna aðild ESB að þeim málaflokki. Ég fylgist að sjálfsögðu með því hvernig ráðuneytið vinnur að þessu og ég er mjög ánægður með það hvernig utanrrn. hefur sinnt málinu á síðustu mánuðum. Ég hygg að allir þeir sem eru inni í utanríkismálum geri sér mikla grein fyrir hvað þetta getur þýtt varðandi starf innan NATO og hvaða flokkadrættir, eins og utanrrh. kom réttilega inn á í ræðu sinni, gætu orðið uppi innan NATO ef sum ríki Evrópu eru höfð út undan í þeim ákvarðanatökum sem á þó að gera í nafni NATO. Það vita flestallir hér inni að hvert einstakt NATO-ríki hefur neitunarvald og ef slíkt ástand kæmi upp færu einstök ríki innan Evrópu sem eru í NATO en telja sig úti í kuldanum að beita slíkum áhrifum. Þá er NATO orðið máttvana og að sjálfsögðu vilja menn það ekki.

Ég fagna því að hæstv. utanrrh. ætlar að taka þátt í þeim mikilvægu fundum sem eru fyrirhugaðir á næstu vikum og mánuðum varðandi yfirtöku ESB á málefnum VES. Það er mjög mikilvægt að svo verði en ég er ekki frekar en aðrir viss um að það takist á næsta ári að innlima þau samtök þannig að VES falli innan ESB á svo skömmum tíma. Ég tel að mjög mikilvægt sé að þingið fái að fylgjast vel með því hvernig þetta gerist og að við fáum að vera með í þeim fundum sem skipta máli á næstunni.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði í ræðu hæstv. utanrrh. sem mig langar til að gera að umtalsefni. Þar ber fyrst að telja afstöðu íslenskra stjórnvalda, sem kemur glöggt fram í ræðu hæstv. ráðherra, til samninganna um loftslagsbreytingar, rammasamnings Sameinuðu þjóðanna og Kyoto-bókunar við þann samning.

Að mínu mati gefa orð hæstv. ráðherra tilefni til að spyrja: Hafa Íslendignar engar áhyggjur af loftslagsbreytingunum? Og í framhaldi af því: Hvar ætlum við Íslendingar að staðsetja okkur í því samningaferli sem nú stendur yfir varðandi loftslagsbreytingarnar? Ætlum við að gangast undir þær skuldbindingar sem Kyoto-bókunin leggur aðildarríkjunum á herðar?

Ef ég skil ræðu hæstv. utanrrh. rétt, þá er skilyrðið fyrir því fólgið í enn rýmri losunarheimildum en Kyoto-bókunin heimilar okkur. Í ræðu hæstv. utanrrh. kemur fram að íslensk stjórnvöld vinna nú að því að fá viðurkennda svokallaða íslenska tillögu á 5. aðildarríkjaþingi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir í Bonn, tillögu sem felur það í sér að við fáum heimild til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda, jafnvel svo rúmar heimildir að öll viðbótarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna stóriðju á árabilinu 1990–2015 verði heimiluð á einhvers konar undanþáguákvæði. Þetta kallar hæstv. utanrrh. tillögu sem tryggir, með leyfi forseta, „... að við getum haldið áfram að nýta okkar hreinu, endurnýjanlegu orkulindir og þannig lagt fram skerf til lífvænlegra loftslags á jörðinni."

Hér er um að ræða tæplega 70% aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda frá viðmiðunarárinu 1990. Þetta vilja íslensk stjórnvöld fá heimild til að gera umyrðalaust, annars yrðu þau ekki til viðræðu um aðild að Kyoto-bókuninni. Og þessi gífurlega aukning losunar heitir á máli hæstv. ríkisstjórnar að fá sérstöðu Íslands viðurkennda á alþjóðavettvangi.

Virðulegi forseti. Í ræðu hæstv. utanrrh. kom fram að 84 ríki hafa nú staðfest Kyoto-bókunina og 16 fullgilt hana, þ.e.

gefið henni þinglega meðferð. Einnig kom fram í ræðunni að samkvæmt heimildum hæstv. ráðherra hafi ekkert OECD-ríki í hyggju að fullgilda hana fyrr en sveigjanleikaákvæðin hafi verið frágengin og ákvæði um viðurlög við því að brjóta gegn ákvæðum hennar séu komin á hreint. Ég get upplýst þingheim um það sem er að gerast þessa stundina í Bonn þar sem 5. aðildarríkjaþing rammasamningsins stendur nú yfir. Ég verð því miður að valda hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sem talaði hér áðan, og kannski fleiri þingmönnum, talsverðum vonbrigðum en samkvæmt mínum upplýsingum er búið að vísa íslensku tillögunni svokölluðu án umræðu til næsta aðildarríkjaþings sem haldið verður eftir eitt til tvö ár. Ég fæ því ekki séð að tæknilegri umræðu um tillöguna sé lokið. Ég fæ ekki betur séð en að ekki eigi að ræða nokkurn skapaðan hlut um hana í Bonn. Svo mörg orð um tillöguna sem að mati hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur gerði kröfuna um undirritun Kyoto-bókunarinnar á sínum tíma að frumhlaupi.

En það er fleira að gerast í Bonn þessa stundina. Þar hafa 284 umhverfisverndarsamtök, sem í eru yfir 10 milljónir félaga vítt og breitt um heiminn, farið fram á að þingið samþykki kröfu um að aðildarríki samningsins skuldbindi sig til að fullgilda bókunina fyrir 2002. Hér er um nýja kröfu að ræða. Ég get líka upplýst það að fjöldi ríkja styður þá tillögu vegna þess að stjórnvöld fjölmargra landa hafa áhyggjur af þróun mála í lofthjúpi jarðarinnar, hafa áhyggjur af framtíð lífs á þessari jörð. En á sama tíma og fjöldi ríkja vinnur að því af alefli að draga úr losun þá sitjum við Íslendingar uppi með ráðamenn sem hafa engar áhyggjur og setja allt sitt afl í að fá bara auknar heimildir til losunar. Þess má geta að af þeim ríkjum á aðildrríkjaþinginu í Bonn sem vilja samþykkja tillögu umhverfisverndarsamtakanna 284 eru Danmörk, Svíþjóð og Holland. Þetta stangast nú eilítið á við þær upplýsingar sem hæstv. utanrrh. segist hafa um stefnu OECD-ríkjanna. En hvað gerist hér á landi á sama tíma og aðrar þjóðir vilja grípa til tafarlausra aðgerða til að draga úr losun? Jú, hæstv. forsrh. gaf heldur betur tóninn varðandi það hvernig ætti að meðhöndla umhverfisverndarsinnana í stefnuræðu þeirri sem hann flutti í haust þar sem látið er að því liggja að þeir sem aðhyllast umhverfisvernd séu ómálefnalegir og beiti offorsi í baráttu sinni. Með leyfi forseta langar mig til að vitna til orða hæstv. forsrh. sem sagði í téðri ræðu:

„Ferðin hefur hins vegar aldrei ráðist af þeirri hugmyndafræði í umhverfismálum sem gætt hefur sums staðar á Vesturlöndum á undanförnum árum og áratugum."

En, virðulegi forseti, það eru einmitt umhverfisverndarsamtök sem eru þessa stundina að leggja línurnar í stefnumörkuninni í Bonn. Það er að mínu mati ekki sæmandi okkar þjóð að láta eins og málstaður umhverfis- og náttúruverndar séu öfgar einar og að baráttan fari fram með offorsi. Umhverfisverndarsinnar eiga góðan málstað að verja og íslenskir ráðamenn ættu að ganga fylktu liði í hóp þeirra, jafnt í orði sem á borði en ekki bjóða hingað til lands hersveitum NATO-ríkjanna til að æfa sig í aðgerðum gegn öfgafullum umhverfisverndarsinnum eins og gerðist hér síðasta sumar.

Virðulegi forseti. Þá erum við komin að öðrum anga utanríkisstefnunnar sem mig langar að gera að umtalsefni. Mig langar að staldra við og rifja upp heræfingu NATO frá liðnu sumri sem haldin var hér á landi og er enn í fersku minni undir yfirskriftinni Norðurvíkingur '99. Útgefnar forsendur og atburðarás æfinganna voru lagðar fram á danska þjóðþinginu fyrir nokkrum vikum þar sem hæstv. varnarmálaráðherra Dana var spurður út í upplegg æfingarinnar og, með leyfi forseta, langar mig til að vitna í þau plögg sem lögð voru fram í danska þinginu. Þar segir um baksvið og markmiðssetningu heræfingarinnar, og mér þykir leitt að hæstv. utanrrh. skuli ekki ætla að hlusta á þetta:

Æfingin Norðurvíkingur beinist gegn hryðjuverkamönnum úr hópi umhverfisverndarsinna sem ógna öryggi Íslands, hópi sem gengur undir nafninu — og hlusti nú hæstv. utanrrh. — Varðliðar hreinnar náttúru sem hafa rekið áróðursherferð gegn bandarískra hernum á Íslandi og lítill hópur úr röðum varðliðanna sem nefnir sig Svarta dauða hefur hvatt til hryðjuverka og uppreisna í því augnamiði að skapa svæðisbundinn óróa við Norður-Atlantshaf.

Hv. þm. og hæstv. utanrrh., þetta var upplegg æfingarinnar Norðurvíkingur sem fór fram hér á Íslandi sl. sumar, hér í Reykjavík, rétt fyrir utan þetta hús. Og gegn þessu ímyndaða varðliði hreinnar náttúru börðust erlendir hermenn, íslenskir lögregluþjónar og starfsmenn íslensku landhelgisgæslunnar í æfingaskyni dagana 19.–29. júní sl. og íslensk stjórnvöld sáu enga ástæðu til að gagnrýna þessa makalausu sviðsetningu. Hv. þm. eru trúlega í fersku minni viðbrögð hæstv. umhvrh. úr þessum ræðustóli í sumar þar sem hún sá enga ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við þetta, að mínu mati, skammarlega upplegg.

Virðulegi forseti. Sú staðreynd að íslensk stjórnvöld skuli ekki sjá ástæðu til gagnrýni hér hefur í sér fólgin skýr skilaboð, nefnilega þau að verið sé að fylgjast með starfsemi umhverfisverndarsamtaka á Íslandi hjá yfirboðurum okkar í varnarmálum, Atlantshafsbandalaginu. Við skulum vera þess minnug að á sama tíma eru stjórnvöld ýmissa ríkja að leggja til stuðning við kröfur umhverfisverndarsinna í málefnum sem efst eru á baugi.

Virðulegi forseti. Lokaatriðið sem ég vil gera að umtalsefni eru málefni fyrrum Júgóslavíu. Það sem gefur tilefni til athugasemda eru eftirfarandi orð hæstv. utanrrh. í ræðu þeirri sem hér var flutt, með leyfi forseta.:

„Atburðarásin í fyrrverandi Júgóslavíu, nú síðast í Kosovo, hefur afhjúpað misræmið sem er á milli varnarviðbúnaðar Evrópuríkja, þar á meðal samanlagðra útgjalda til varnarmála og getu þeirra til að ráðast í sjálfstæðar aðgerðir ef þörf krefur. Jafnframt hefur vakið athygli hversu Bandaríkin hafa axlað stóran hluta þeirra byrða sem hafa fylgt aðgerðunum í fyrrverandi Júgóslavíu. Viðleitni til breytinga miðast ekki eingöngu við að styrkja sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu ESB. Hún sýnir líka vilja til að leiðrétta misræmið."

Virðulegi forseti. Hvað á hæstv. ráðherra við? Er verið að boða með þessum orðum að Evrópubúar þurfi nú að taka betur á til að standa jafnfætis innbyrðis og ekki síst jafnfætis Bandaríkjamönnum í getu til hernaðarátaka? Ég get ekki betur séð en hér sé verið að boða að Evrópuríkin ætli sér, eða séu að beita þrýstingi í þá átt, að leggja nú meira fé til hermála til að eyða meintu misræmi milli þeirra og Bandaríkjamanna.

Virðulegi forseti. Það kann að vera að þjóðir leggi misjafnlega mikið upp úr því að vera hernaðarlega samkeppnisfærar við aðrar þjóðir og það hlýtur að vera sanngirniskrafa að þjóðir fái að halda áherslum sínum í þeim efnum en séu ekki beittar utanaðkomandi þrýstingi til að standa jafnfætis mestu ribböldunum í vígbúnaðinum. Og enn er að mínu mati tilefni til að segja það ósæmandi fyrir Íslendinga, sem sjálfir ganga ekki undir vopnum, að taka þátt í að beita aðrar þjóðir

þrýstingi til að auka vígbúnað sinn og bardagahæfni. Nær hefði verið að fá að heyra það í máli hæstv. utanrrh. að við Íslendingar ætlum nú að ganga fram fyrir skjöldu í baráttunni við hin hryllilegu áhrif stríðsins á Balkanskaga og taka forustu í því að hreinsa þar til og styðja af einhverri rausn og á afgerandi hátt það starf sem lífsnauðsyn er á að fari fram til að mannlíf á þessum stríðshrjáðu svæðum geti einhvern tímann aftur orðið þannig að þjóðirnar sem þarna búa langi til að lifa því lífi. Í ljósi þátttöku okkar í átökunum hvílir á herðum þjóðar okkar talsverð ábyrgð varðandi það að bæta fyrir eitthvert brot af þeim skaða sem umtöluð hernaðarátök hafa valdið.

Virðulegi forseti. Stefna Íslands í utanríkismálum skiptir alla þjóðina verulegu máli. Margt gott hefur verið gert á þeim vettvangi undanfarin ár og það ber að þakka. Sömuleiðis ber að fagna öllum tilraunum íslenskra stjórnvalda til að taka forustu í góðum málum í samfélagi þjóðanna og jafnvel á alheimsvísu. Þess vegna eru ánægjulegar þær yfirlýsingar hæstv. ráðherra er varða möguleg aukin áhrif Íslendinga innan Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Og gott er til þess að vita að verið sé að sækjast eftir stjórnarsetu í stjórnarnefnd og vonandi tekst það. Sömuleiðis eru til fyrirmyndar hugmyndir um að standa fyrir ráðstefnu um sjálfbærar fiskveiðar.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða frumkvæði sem ber að fagna. En þegar á öllu er á botninn hvolft þá eru það stóru málin sem skipta mestu máli þótt dropinn holi sannarlega steininn. Til stóru málanna teljast málefni rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og ég skora á hæstv. utanrrh. að horfa nú til himins og hugsa af alvöru um það hvort stefna sem felur í sér 70% aukningu losunar hættulegra gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið yfir okkar fagra landi á örfáum árum, sé stefna sem hæstv. ráðherra vill að komandi kynslóðir minnist hans fyrir.

[16:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort Íslendingar og íslensk stjórnvöld hefðu engar áhyggjur af loftslagsbreytingum. Jú, við höfum áhyggjur af loftslagsbreytingum. En við neitum að trúa því, eins og hv. þm. virðist gera, að það muni hjálpa þessum loftslagsbreytingum að við afsölum okkur réttinum til að nýta hreinar og endurnýjanlegar náttúruauðlindir Íslands, enda er það út í hött. Mér finnst það undarlegur tvískinnungur í málefnaflutningi vinstri grænna á Alþingi að gera lítið úr því þegar við tölum um sérstöðu Íslands í þessu máli. En svo er það allt öðruvísi þegar verið er að tala um Evrópusambandið. Um hvað fjallar málflutningur hv. þingmanna vinstri grænna á Alþingi í þessu máli? Það er að samþykkja gagnrýnislaust allt sem aðrar þjóðir leggja fyrir okkur og undrast að vilji skuli vera til þess af hálfu íslenskra stjórnvalda að halda fram sérstöðu okkar. Auðvitað höfum við sérstöðu í þessu máli.

Hv. þm. talaði um umhverfisverndarsinna, náttúruverndarsinna, eins og þeir einir væru á móti hvalveiðum og á móti virkjunum. Er það þannig? Og gæti ekki verið að gá þyrfti að því hvort þeir sem sigla undir þessu flaggi, sem ég hef nú séð sigla undir fölsku flaggi, gangi of langt í því að skemma hluti? Eða er hv. þm. sammála því að það hafi verið allt í lagi að sökkva hvalveiðibátum hér við land í nafni umhverfisverndar og ekki hafi verið ástæða til að hafa uppi viðbúnað þegar það var gert? Er það í lagi? Og gæti ekki verið alveg full ástæða til að vera á varðbergi gagnvart slíku fólki?

[16:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í hæsta máta undarlegt að hæstv. utanrrh. Íslands skuli leyfa sér í þessum ræðustól að setja samasemmerki á milli öfgasinnaðra hvalfriðunarsinna sem sökktu hér hvalbát fyrir tug ára eða guð veit hvað og þeirra umhverfisverndarsinna sem nú eru að vekja athygli á því sem er að gerast í lofthjúpi jarðar. Mér þykir það í hæsta máta undarlegt að hæstv. utanrrh. skuli geta æst sig yfir því. Og ég fullyrði að málstaður umhverfisverndarsinna sem eru að berjast í dag — ég viðurkenni fúslega að ég tilheyri þeim hópi og er stolt af því — er góður málstaður. Þetta er málstaður þeirra sem vilja vara við skammsýnum lausnum og það er það sem umhverfisverndarsinnar á Íslandi hafa verið að gera. Þeir vara við skammsýnum lausnum til lausnar t.d. byggðavanda og óska eftir því að okkar hreinu orkugjafar og okkar góðu virkjanir séu nýttar til annarra hluta en að selja erlendum stórfyrirtækjum raforku á útsöluverði í mengandi málmbræðslur. Það er það sem þetta snýst um.

[16:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég botna nú ekkert í þessari ræðu. Nú segir hv. þm. um virkjanir að það megi virkja, bara ef orkan er notuð í eitthvað annað, væntanlega í að framleiða vetni eða eitthvað slíkt, það megi bara ekki nota það í að framleiða ál, jafnvel þó að vitað sé að ál er léttmálmur sem skiptir miklu máli í baráttunni gegn mengum. Nú segir hv. þm. allt í einu að sennilega megi gera miðlun á Eyjabakka og ýmislegt annað, bara ef það er notað í rétta hluti. Ég leyfi mér að setja samasemmerki á milli öfga í þessu máli. Ég hef upplifað þær öfgar sem ég og fleiri stóðum frammi fyrir í sambandi við hvalveiðar. Þá var því beinlínis haldið fram að enginn náttúruverndarsinni væri til á þessari jörð nema hann væri á móti hvalveiðum. Þetta var afstaða þessa fólks. Mér heyrist að hv. þm. sé þeirrar skoðunar að það sé eiginlega enginn náttúruverndarsinni sem er meðmæltur virkjunum. Mér hefur fundist hún tala þannig. Ég fullyrði að það er tvískinnungur í málflutningi þessa þingsflokks á Alþingi í Kyoto-málinu annars vegar og Evrópusambandsmálum hins vegar því að Kyoto-málið gengur einmitt út á að afsala sér ákveðnu sjálfstæði. Og þessi hv. þingflokkur vill algjörlega afsala sjálfstæði Íslands í þessu máli, algjörlega, og taka við fyrirskipunum frá tvö hundruð áttatíu og eitthvað umhverfisverndarsamtökum núna úti í Bonn, ef ég skildi hana rétt.

[16:59]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tíminn leyfir ekki að ég og hæstv. utanrrh. förum að takast á um virkjanamál, en það eigum við að sjálfsögðu eftir að gera í þessum sal og það veit hæstv. utanrrh. vel. Og við eigum örugglega eftir að gera það víðar en hér og ég vona bara að það verði málefnaleg barátta, en ekki barátta sem að byggir á því að mér sé núið því um nasir að ég sé að ganga erinda löngu genginna hvalfriðunarsinna þegar ég er að tala um lofthjúpinn í kringum jörðina og áhrif mengunar sem eru að koma í ljós á hverjum einasta degi eru að verða meiri og merkjanlegri. Við erum að tala um áhrif sem eru að breyta til hins verra möguleikum okkar og allra lifandi vera til að draga andann. Þetta er svo alvarlegt mál að mér finnst hæstv. utanrrh. ekki geta sagt að hér sé um ótrú-

verðugan málflutning að ræða þar sem við erum að ræða um Kyoto-bókun sem leyfir okkur 10% aukningu losunar en við viljum fá 70% aukningu. Virðulegi forseti. Mér finnst þessi málflutningur hæstv. ráðherra ekki vera honum sæmandi.

[17:00]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst áhugi hv. þm. á þróun lofthjúpsins lofsverður. Ég held líka að það geti verið gott að horfa til himins svona stundum en hins vegar er ekki gott að horfa alltaf til himins, menn þurfa líka að horfa fram fyrir fæturna þannig að þeir detti ekki. Ég átta mig ekki alveg á málflutningi hv. þm. í sambandi við þróun lofthjúpsins og afstöðu Evrópuþjóðanna til Kyoto-bókunarinnar, það vantar eitthvað í þetta.

Nú langar mig til að spyrja hv. þm. hvort hún hafi áttað sig á því, af því hún vitnaði sérstaklega í Dani og aðrar Evrópuþjóðir sem krefjast þess að Kyoto-bókunin verði undirrituð, hvernig stefnumörkun þessara Evrópuþjóða er að því er orkunýtingu varðar. Hvaða orkulindir þeir ætli sér að nota, hvert nýtingin stefnir, hvort það stefni til meiri notkunar á kolum, olíu og gasi eða til minni notkunar á koli, olíu og gasi því að þetta verða menn að lesa saman við yfirlýsingar um Kyoto-bókunina. Ef menn hafa ekki kynnt sér hver eru stefnumál Evrópuþjóðanna í orkunýtingu og hvernig á að framleiða raforku þá eru allar umræður, háttstemmdar yfirlýsingar um Kyoto-bókunina, í svolítið lausu lofti. Nú vil ég gjarnan að hv. þm. komi og upplýsi mig um hvernig orkunýtingarstefna Evrópuríkjanna er og hvernig landslagið er í þeim efnum. Ef hún veit ekki af þessu þá er ég tilbúinn að upplýsa þingmanninn um það.

[17:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stórt er spurt og í þeim stutta tíma sem ég hef til andsvara get ég að sjálfsögðu ekki gefið viðhlítandi skýringar á stefnu Evrópuríkjanna í orkumálum. Ég viðurkenni það líka fúslega, hv. þm. Tómas Ingi Olrich, að ég gæti ekki haldið lærða ræðu um stefnu Evrópuríkjanna í orkumálum. Hitt veit ég og hef lesið mér til um og er á hverjum degi að lesa meira um það að þjóðir Evrópuríkjanna, eins og Danir sem ganga hvað lengst í þessum málum og vilja hvað harðast berjast fyrir þeim verndunarsjónarmiðum sem ég stend fyrir, eru að reyna að leggja allt sitt á vogarskálarnar til þess að draga úr losun sinni. Ég nefni eitt dæmi sem er áhrifaríkt, það er varðandi einkabílinn. Danir leggja mikið kapp á að efla almenningssamgöngur, efla samgöngur sem byggja á öðrum orkugjöfum en bensíni. Við vitum að samgöngutæki okkar losa stóran hluta af þeim gróðurhúsalofttegundum sem hér um ræðir.

Ég vildi óska að við værum jafnötul og Danir í að vinna gegn þessum áhrifum, t.d. hjá fiskiskipaflotanum okkar, en við vitum að það er hann sem losar hvað mest af þessum óheillavænlegu tegundum út í lofthjúpinn.

Hins vegar hlakka ég til að eiga áframhaldandi samræður við hv. þm. Tómas Inga Olrich og ég er sannfærð um að hann getur frætt mig um eitt og annað er varðar orkustefnu Evrópuríkja og ég get frætt hann um eitt og annað er varðar umhverfismál og verndun náttúrunnar.

[17:04]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Það er mjög gagnlegt dæmi sem hv. þm. nefndi um Danina. Þeir eru náttúrlega að reyna að auka almenningssamgöngur með því að nota rafmagn, það er alveg rétt. En hvernig er rafmagnið framleitt? Rafmagn í Evrópu er framleitt að $^2/_3$ hlutum með olíu, gasi og kolum. Og Danirnir hafa verið að auka ... (**KolH:** Hver er stefnan varðandi vindorku Dana?) Stefnan gagnvart vindorku Dana? Hvað heldur hv. þm. að vindorka geti uppfyllt miklar þarfir? Það er vitað mál að hún uppfyllir ekki nema 10–12% af þörfinni.

Hvað er að gerast í þessum löndum, hv. þm., ef hún vill nú hlusta svolítið á þær upplýsingar sem ég vil leggja hér fram? Það liggur alveg ljóst fyrir að Evrópuþjóðirnar ætla sér að draga úr kjarnorkuframleiðslu. Svíar ætla að gera það og Þjóðverjar ætla að gera það líka. Hvað á að koma í staðinn? Gas, olía og kol til að framleiða rafmagn. Það liggur alveg ljóst fyrir að öll Evrópuríkin ætla sér að auka gas-, olíu- og kolanotkun til raforkuframleiðslunnar. Þau hafa enga aðra möguleika.

Að vísu eru möguleikar í vatnsorku, t.d. í Georgíu og í Rússlandi og í Úkraínu og á Íslandi. Það er hægt að framleiða orku með öðrum hætti en að auka þessa útblástursorkugjafa. En stefnan er ekki sú. Ég held að gagnlegt væri fyrir þingmanninn að bera saman stefnuna í orkumálum og stefnuna í umhverfismálum til þess að átta sig á þeirri tvöfeldni sem er í gangi í Evrópu í þessum málum. Þá mundi hún kannski ekki vera með alveg eins fjálglegar yfirlýsingar í umhverfismálum og hún hefur verið með hér og vitna svona stíft í þessar miklu yfirlýsingar og þessa miklu umhverfisstefnu Evrópuþjóðanna. Það er gott að taka svolítið tillit til þess hver stefnan í raun og veru er.

[17:06]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. komst svo að orði í ræðu sinni, með leyfi forseta: „Djörfung og víðsýni hefur oftast einkennt íslenska utanríkisstefnu.“ Gott ef satt væri, herra forseti. Djörfung er ekki fyrsta orðið sem kemur upp í huga minn þegar utanríkisstefnu Íslands síðastliðna hálfa öld ber á góma. Þó er það svo að víðsýni hefur aukist í ráðuneyti utanríkismála á undanförunum missirum en betur má ef duga skal, hæstv. forseti.

Vissulega er fagnaðarefni að hæstv. utanrrh. vilji gera gangskör að því að fram fari upplýst og málefnaleg umræða um stöðu Íslands í Evrópu og um gildi EES-samningsins og hver bein áhrif yrðu ef Ísland yrði aðildarríki að ESB, svo að vitnað sé til orða hæstv. utanrrh., með leyfi forseta. Hér er eins og kom fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar fyrr í dag sótt í sjóði Samfylkingarinnar um stefnumótun í Evrópumálum og það er til sóma.

Formennsku Íslands í Evrópuráðinu lýkur í þessari viku að því er ég veit best. Hæstv. utanrrh. gerði málefni Mannréttindadómstólsins að umræðuefni. Brýnt er að aðildarríki Evrópuráðsins taki höndum saman og tryggi hærri fjárveitingar til Mannréttindadómstólsins og það er von mín að íslensk stjórnvöld slái alls ekki slöku við í því efni þótt formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins sé nú u.þ.b. að ljúka.

Hæstv. forseti. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á nýlega heimsókn hæstv. utanrrh. og nýs framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til Úkraínu nú í fyrri mánuði. Eflaust hefur hæstv. utanrrh. haft bæði gagn og gaman af heimsókninni en það verður að segjast eins og er, herra forseti, að ekki hefði verið hægt að velja óheppilegri tíma til fararinnar, hálfum mánuði fyrir forsetakosningarnar þar, og í raun og veru beint inn í illvíga kosningabaráttu í erlendu landi. Hæstv. utanrrh. á

ekki hrós skilið fyrir Úkraínuförina en hins vegar var þátttaka Íslands í Sarajevó-ráðstefnunni um stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu okkur til sóma, ekki síst vegna áherslu hæstv. ráðherra á að allar þjóðir Balkanskaga sitji við sama borð þegar alþjóðleg aðstoð við uppbyggingu á Balkanskaga er annars vegar. Herra forseti. Það á einmitt að vera hlutverk Íslands á alþjóðavettvangi að beita sér fyrir jöfnuði, réttlæti og mannréttindum.

Hæstv. forseti. Á þessu ári voru framlög stjórnvalda til þróunarsamvinnuverkefna aukin um 57 millj. kr. Þó er það enn svo að við erum eftirbátar nágrannaríkjanna í framlögum til þróunarmála eins og fram hefur komið, en þróunarsamvinna við fátæk lönd verður æ mikilvægari í utanríkissamskiptum Íslands og það er löngu tímabært að stjórnvöld hér móti stefnu til langs tíma um markmið og meginverkefni þróunarsamvinnunnar og aðstoð Íslands við fátæk ríki. Samfylkingin er að sjálfsögðu reiðubúin til þess að taka þátt í slíkri stefnumótun.

Herra forseti. Það er rétt að hnattvæðingin sneiðir ekki fram hjá Íslandi frekar en öðrum löndum. Á henni eru ýmsar hliðar, bæði góðar og slæmar. Við höfum nýverið á hinu háa Alþingi rætt dökku hliðar hnattvæðingarinnar sem birtast m.a. í verslun með manneskjur og öðrum ófögnuði sem henni fylgir. Barátta við alþjóðlega glæpastarfsemi sem slíka er hluti af því sem Ísland verður að beita sér fyrir af fullri hörku.

Sérstöðupólitíkin sem hefur lengi verið aðal íslenskrar utanríkisstefnu, og birtist nú m.a. í afstöðu stjórnvalda til Kyoto-bókunarinnar, er pólitík fortíðarinnar og ber hvorki vott um djörfung né framsækni. Framsækin utanríkisstefna byggir á virðingu fyrir mannréttindum og stöðugri baráttu fyrir réttlæti og lýðræði. Það á að vera leiðarljós okkar í utanríkisstefnunni og sú barátta er vissulega hnattræns eðlis.

[17:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir málefnalega ræðu. Ég tek því eins og það er að hún sé því ósammála að fara að heimsækja land undir þeim aðstæðum sem þar voru, þ.e. Úkraínu. Ég er hins vegar sannfærður um að það var rétt að fara í þessa heimsókn. Að vísu er rétt að við komum inn til landsins þegar hatrömm kosningabarátta átti sér stað. Við ræddum bæði við fulltrúa ríkisstjórnar, fulltrúa forseta og stjórnarandstöðunnar og eyddum mjög löngum tíma í þinginu til að fara þar yfir mál. Ég held að það hafi einmitt verið rétt að þrýsta á bæði þingið og forsetann og ríkisstjórnina hvað það varðaði að uppfylla skilyrði Evrópuráðsins á þessum tíma. Okkur tókst algjörlega að sneiða hjá þeim hatrömmu átökum sem þarna eru að mestu leyti. En við sáum þörfina fyrir það að efla eftirlit með kosningunum og það var gert, bæði á vegum ÖSE og á vegum Evrópuráðsins, sem var nauðsynlegt. Ég held að þeir sem telji sig vera þar í stjórnarandstöðu hafi jafnframt fengið tækifæri þegar þessi heimsókn átti sér stað til að komast betur að fjölmiðlum vegna þess að við áttum viðræður við þá. Ég er því þeirrar skoðunar að þessi heimsókn hafi verið til góðs og það hefði verið algjörlega rangt að fresta henni eða fella hana niður. Hún var farin eftir umræður á Evrópuþinginu við fulltrúa allra sendinefnda þar og fulltrúa allra ríkja og lokum var samstaða um að rétt væri að fara þessa ferð og hún var farin.

[17:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. að koma inn á heimsóknina, hina opinberu heimsókn hans sjálfs og framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til Úkraínu nú í liðnum mánuði. Mér er fullkunnugt um það að hæstv. utanrrh. fór þessa ferð að vel íhuguðu máli. Ég tel hins vegar skyldu mína að vekja athygli á því að auðvitað eru tvær hliðar á þessu máli og má vera að forustumenn Evrópuráðsins hafi metið það svo að fara ætti í opinbera heimsókn til Úkraínu tveim vikum fyrir forsetakosningar. Hafa skal það líka í huga að í Úkraínu eru t.d. frjálsir fjölmiðlar lítt þekkt fyrirbæri þannig að við vitum það í raun og veru ekki og munum líklega aldrei vita hvers konar umfjöllun sú heimsókn fékk. Ég vil bara að það komi fram hér, hæstv. forseti, að ég komst að yfirveguðu máli að gagnstæðri niðurstöðu en hæstv. utanrrh. og ég held að í raun og veru hafi ekkert staðið í vegi fyrir því að þessi för yrði farin síðar á árinu.

[17:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínu mati er mjög mikilvægt að koma sjónarmiðum á framfæri þegar eitthvað er um að vera. Ég er alveg viss um að undir slíkum kringumstæðum er hægt að hafa meiri áhrif og ég er sannfærður um að þessi ferð hafði áhrif. Ég get því ekki fallist á að það hafi verið rangt að fara hana. Hvaða skilaboð hefðu falist í því að ákveða fyrst að fara þessa ferð, ákveða það af þingmannasamtökum Evrópuráðsins að þessi ferð yrði farin, og fresta henni svo vegna þess að það voru kosningar í landinu? Það liggur líka fyrir að það var beiðni um það af hálfu stjórnarandstöðunnar í Úkraínu að eftirlit yrði aukið og fylgst yrði betur með. Er það þá svo að í hvert skipti sem kosningar eru í nánd í viðkomandi löndum, sem við viljum hafa áhrif á, að þá eigi þeir sem berjast fyrir mannréttindum, lýðréttindum og lýðræði að halda sig til hlés? Ég tek undir það með hv. þm. að það er mikilvægast í utanríkisstefnu okkar að berjast fyrir réttlæti, lýðræði og mannréttindum. En við eigum að hafa þor til að ræða þau mál á öllum tímum en hætta ekki við vegna utanaðkomandi þrýstings. Ég var á tímabili með vissar efasemdir í þessu máli en var þó alla tíð mjög fastur í því að ferðin yrði farin. Aðrir voru með meiri efasemdir en það var samdóma álit okkar sem fórum þessa ferð að það hafi verið rétt. Ég vænti þess að sagan eigi eftir að leiða það í ljós.

[17:18]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. utanrrh., sagan mun leiða það í ljós hver var raunverulegur árangur ferðarinnar og ég vil alls ekki að hæstv. ráðherra skilji orð mín svo að ferðin hafi verið gagnlaus með öllu. Hins vegar vil ég benda á að það ber auðvitað að hafa í huga í hvert skipti, miðað við þær aðstæður sem eru í hverju landi, hvenær best sé að fara þangað í opinberar heimsóknir sem þessar. Forseti Úkraínu, Leonid Kútsjma, var í framboði til forsetaembættis eins og reyndar mjög margir aðrir. Ég vænti þess að utanrrh. hæstv. hafi hitt hann opinberlega og jafnvel komið fram með honum í fjölmiðlum, ég vænti þess að því hafi verið gerð góð skil. Ég vil líka minna á það, ef mig misminnir ekki, að það voru fulltrúar Úkraínu hjá Evrópuráðinu, sem fyrst fóru fram á það að ferðinni yrði frestað, fram yfir forsetakosningar.

[17:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt í dag. Hann hefur verið ötull og virtur í sínu embætti á sviði utanríkismála og víðar og býsna margt hefur gerst í tíð hæstv. utanrrh. í samskiptamálum sem vert er að minnast á. Eitt af því sem við höfum lítið rætt í dag en skiptir heilmiklu máli er byltingarkennd breyting á þróunaraðstoð Íslendinga í tíð hæstv. utanrrh. Við vorum okkur reyndar lengi til skammar í því að styrkja við þróunarstarf en sem betur fer hefur orðið breyting á því.

Það hefur komið fram í umræðunni að við erum auðvitað ekki lengur einangruð eyja. Við búum í gjörbreyttu samfélagi, tæknilega, samskiptalega, viðskiptalega og menningarlega og í raun og veru má segja að þetta hafi gerst á ótrúlega skömmum tíma. Íslendingar ferðast um heiminn í auknum mæli, ekki einungis unga fólkið okkar, heldur einnig hin eldri kynslóð og þá kynnist fólk því á hve margan hátt við Íslendingar höfum það gott hér heima.

Við í iðnaðarnefnd vorum í morgun á fundi hjá Samtökum iðnaðarins þar sem rætt var um málefni Íslands og á hvern hátt EES-samningurinn hefur haft áhrif á innra starf á Íslandi og væri vissulega vert að taka saman hverju sá samningur hefur skilað fyrir íslenska þjóð. Auðvitað voru átök um það þegar menn veltu fyrir sér EES-samningnum en þó held ég að þegar menn horfa til baka höfum við verið að taka rétt skref og almennt eru menn sammála um að sá samningur hafi skilað okkur heilmiklum árangri.

Á síðasta kjörtímabili tók ég þátt í starfsemi Vestnorræna ráðsins sem er ráð þingmanna frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi. Það eru mjög merkileg samtök sem voru stofnuð árið 1985 og við eigum í raun mjög margt sameiginlegt með þessum ágætu grannríkjum okkar. Eitt af því sem skiptir þessi þrjú grannríki höfuðmáli er hafið sem umlykur þessi lönd. Séu menn að horfa fram á veginn, horfa til Evrópubandalagsins, og jafnvel samskipta þessara ríkja við þau bandalög þá ber okkur auðvitað að standa og vinna með þessum grannríkjum okkar.

Á síðasta kjörtímabili héldum við ráðstefnu þar sem við vorum að kynna málefni Vestnorrænu landanna fyrir ungu fólki á aldrinum 18–25 ára. Það var mjög merkileg ráðstefna þar sem Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti okkar, flutti aðalræðu þar sem við vorum að velta fyrir okkur mismunandi menningu þessara þriggja þjóðríkja. Þar kom í ljós mikill áhugi Færeyinga fyrir sjálfstæðismálum og var gaman að fylgjast með unga fólkinu frá Færeyjum, hversu mikinn áhuga það hafði á stjórnmálum, mun meiri áhuga en íslensku þátttakendurnir höfðu. Við ræddum líka mikið um það tungumál sem við notum í þessum norrænu samskiptum, bæði í gegnum Norðurlandaráð og Vestnorræna ráðið þar sem við notum mest dönsku eða norræn mál. Greinilegt er að íslensk ungmenni fá ekki mikla æfingu í því að nota dönsku. Það kom mjög vel fram á þessari ráðstefnu að íslensku þátttakendurnir vildu mun frekar tala ensku en dönsku. Þetta eru atriði sem við þurfum að velta fyrir okkur vegna þess að danska er höfuðmál í þessum samskiptum.

Við höfum talað nokkuð um umhverfismál í umræðunni um skýrslu utanrrh. Sjálfur þykist ég vera umhverfissinni. Auðvitað er hægt að leggja ýmsa merkingu í það að vera umhverfissinni en ég held nú að þegar grannt er skoðað séu flestir Íslendingar, sem betur fer, umhverfissinnar. Á Grænlandi, þar sem svokallaðir umhverfissinnar úti í heimi börðust *mjög gegn því að selur væri drepinn, var mjög merkilegt* að skynja að þessi svæði voru nánast auð og fólkið hafði lítið að gera og ferðast síðan nokkrum mánuðum síðar til Spánar og verða vitni að því hvernig Spánverjar drepa nautin sín í nautaatshringnum. Ég hef ekki séð umhverfissinna almennt standa á pöllum á Spáni til að mótmæla því hvernig naut eru drepin á Spáni. Það er merkilegt að velta þessum hlutum fyrir, skynja vald og mátt peninganna í þessum efnum. Það var mjög létt að ráðast á þjóðríki eins og Grænland sem hefur haft aðaltekjur af margs konar veiðum. Í raun er mjög nöturlegt að upplifa svona hluti.

Við getum haft víðtæka samvinnu við þessi grannríki okkar. Sú samvinna skiptir öll þessi lönd miklu máli. Það var líka sérkennileg tilfinning þegar einn af ráðherrum í grænlensku ríkisstjórninni sagði frá því að foreldrar hans bjuggu á Thule á Grænlandi um það leyti sem að Bandaríkjamenn komu þar. Árið 1953 fluttu þeir fólkið frá Thule til Nuuk og fékk fjölskyldan hans fjóra eða fimm klukkutíma til að yfirgefa heimili sitt á Thule og flytja til Nuuk. Við getum vart sett okkur í spor þessa fólks. Þegar þetta sama fólk fór að búa í blokkum í Nuuk átti það auðvitað mjög erfitt með að aðlagast þeim aðstæðum sem Vesturlandabúar, eða Danirnir, voru búnir að byggja upp þar. Það er vert fyrir okkur að velta öllum þessum málum fyrir okkur þegar við erum að fjalla um utanríkismál, m.a. vegna þess að það er svo ótrúlega stutt síðan að þessir atburðir gerðust.

Ég hef líka átt þess kost að fara á ráðstefnur Eystrasaltsríkja. Ég fór árið 1996 á ráðstefnu Eystrasaltsríkja sem haldin var í Gdansk í Póllandi. Það var mjög merkilegt að hlusta á þær ræður sem þar voru fluttar. Mér fannst mjög sláandi þegar einn af ráðherrum Póllands var að tala um hinn svarta markað í Eystrasaltsríkjunum og talaði um að aðalútflutningsvara Pólverja á hinum svarta markaði væru konur og börn í klámiðnaði, amfetamín en innflutningurinn var aðallega stolnir bílar. Þetta er allt saman að gerast í kringum okkur, þetta er allt saman í næsta nágrenni við okkur og mér finnst vert að vekja athygli á þessum atriðum.

Ég drap aðeins á umhverfismálin. Það var mjög sérkennilegt að upplifa það í fyrra, *ef ég man rétt*, þegar Keikó kom til Íslands og fylgjast með svokölluðum umhverfissinnum sem fylgdu Keikó til landsins með ótrúlega stórri og belgmikilli herflugvél af gerðinni C17 og skynja peningana á bak við þetta kvikindi, ef ég má nota það ljóta orð um háhyrninginn. Þegar við erum að fjalla um þessi mál er alveg þess virði að velta upp öfgunum í þessu sambandi.

Ég hef nýlega tekið sæti í Norðurlandsráði og ég hlakka mjög til þess að takast á við þau verkefni. Það var skemmtilegt og merkilegt að upplifa það í Berlín og í raun mjög táknrænt þegar að sendiráð Norðurlandanna voru opnuð í Berlín í síðasta mánuði, það sýnir í raun og veru í verki samtakamátt þessara þjóða. Þetta eru mikilvægustu samskipti okkar í utanríkismálum, þ.e. samstarf okkar í Norðurlandsráði og fram undan er Norðurlandsráðsþing í Stokkhólmi þar sem fjallað verður um mjög mörg spennandi mál. Eitt af því sem fjallað verður um eru landamæralaus Norðurlönd þar sem menn eru að velta fyrir sér þeim hindrunum sem eru þó á samskiptum þessara ríkja. Ég er viss um að það á eftir að verða afar spennandi umræða. Það minnir okkur líka á skyldur okkar í þinginu að við höfum öflugt starfsfólk á þessum sviðum sem getur aðstoðað okkur þingmennina í þessum málaflokkum.

Norðurlandamálin eru sérstakur málaflokkur og þinginu ber skylda til að útvega okkur gott og öflugt starfsfólk til þess að vinna að þeim málum. Við höfum borið gæfu til að hafa hér mjög margt gott starfsfólk sem við höfum því miður verið að missa frá okkur að undanförnu en vonandi verður ráðin bót á því. Sem stendur vantar okkur hæft og gott starfsfólk til að sinna Norðurlandamálum.

Við erum háð, eins og ég sagði í upphafi máls míns, samskiptum við önnur ríki. Við lifum á því að selja út matvöru og vonandi verður það í auknum mæli, ekki einungis fisk heldur einnig landbúnaðarvörur. Við erum auðvitað sannfærð um að við framleiðum hvað besta matvöru á þessum hnetti.

[17:31]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur verið merkilegt að fylgjast með umræðum hér í dag og margt gott og þarft komið fram í þeim. Einkennilegt er þó að heyra hv. þm., jafnháttvirta og Ísólf Gylfa Pálmason og hæstv. utanrrh. og fleiri talsmenn Framsfl., tala um umhverfisvernd og umhverfissinna. Í raun er þannig rætt um það málefni að það er gert að engu. Hv. þm. Ísólfur Gylfi lagði það til málanna hér áðan um umhverfissinna að hann hefði nú séð til þeirra, hann hefði séð til þeirra á Grænlandi þar sem þeir vildu ekki að Grænlendingar veiddu seli. Hann hafði hins vegar ekki séð til þeirra á Spáni þar sem hann horfði á naut drepin opinberlega. Þetta er svipað og Júrí Gagarín geimfari sagði eftir fyrstu ferð sína í geimnum, að hann hefði ekki séð guð. Þar með er guð sem sé ekki til í geimnum. (Gripið fram í.) Já, það er þannig.

Kaþólska kirkjan sem var og er eitt sterkasta hugmyndaafl í okkar heimshluta brenndi fólk á báli fyrir rangar skoðanir. Það kann að segja sitt um kaþólsku kirkjuna en það segir ekki allt um kaþólsku kirkjuna. Adolf Hitler — ég veit ekki hvort ég á að segja hæstv. fyrrv. ríkiskanslari — var góður við hundinn sinn en það segir ekki allt um hann. Við verðum auðvitað að gera okkur grein fyrir, virðulegi forseti, að umhverfisvernd og umhverfisstefna er ein helsta hugmyndahreyfing dagsins og hefur verið nú í marga áratugi. Við verðum að koma fram með virðingu og íhygli gagnvart þessari hugmyndahreyfingu m.a., eins og oft hefur verið bent á, vegna þess að við eigum samstöðu með henni í langflestum málum. Í þeim einstöku málum þar sem við eigum ekki samstöðu með öfgamönnum getum við annaðhvort rætt við þá eða hagað málum okkar þannig að við lendum ekki í beinni andstöðu við þá. En þetta orðbragð eigum við ekki að temja okkur á Íslandi og ekki hér í þinginu, virðulegi forseti.

[17:33]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að munnhöggvast við hv. þm. um þessi mál. Það sem ég var að reyna að benda á í máli mínu voru fyrst og fremst ákveðnar öfgar í þessu sambandi. Það eru ákveðnar öfgar í þessu sambandi. Það eru líka, við vitum það vel, ákveðin peningaöfl sem berjast í nafni umhverfisverndar en ég spyr mig hver sú umhvefisvernd er. Ég nefndi t.d. Keikó. Að ímynda sér hve ótrúlega miklum peningum var varið í það að flytja Keikó hingað til lands. Það er erfitt að skynja hvaða öfl voru þar að baki. Hv. þm. má ekki misskilja mig svo að íslenskir svokallaðir umhverfissinnar, vegna þess að ég er einn þeirra, séu á mála hjá peningaöflunum. Ég er fyrst og fremst að benda á að menn þurfi að reyna að skynja þessar andstæður.

Það er ótrúlegt að ferðast um Grænland og sjá fólkið sem hefur haft lifibrauð sitt af því að drepa sel, selja skinn o.s.frv. Það er ótrúlegt að sjá þau áhrif þeirra „umhverfissinna" sem barist hafa gegn því að almenningur noti skinn og aðra slíka vöru. Ég er fyrst og fremst að benda á öfgarnar í þessu. Ég er ekki að segja — og ég veit að hv. þm. túlkar orð mín ekki þannig — að umhverfissinnar hér í þinginu séu á mála hjá þessum öfgamönnum.

[17:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, það geri ég ekki. Ég var ekki að kvarta yfir því að orðum væri beint að mér. Hins vegar er ljóst að meðan menn tala svona þá eru þeir að gera sjálft málefnið að engu. Ég held að menn tali ekki svona nema vegna þess að þeir eru sjálfir í vörn gagnvart þessum málsstað á einhvern hátt, kannski vegna þess að peningahagsmunir spili þar undir en þó alls ekki persónulegir hagsmunir einstakra þingmanna.

Ég bendi ósköp einfaldlega á að við skulum tala um umhverfissinna og umhverfisstefnu í víðu samhengi og með virðingu en ekki sniðganga hugmyndastraum sem er einn af þeim öflugustu sem við lifum við núna, skiptir okkur miklu máli sem matvælaframleiðsluþjóð og fyrir ferðaþjónustu í landinu. Við megum ekki gera mönnum upp þær öfgar sem auðvitað eru í öllum málstað og vart nokkur málstaður getur þrifist án, þó koma verði böndum á þær að lokum. Ég tel að ég og hv. þm. séum kannski sammála um þetta og verðum það a.m.k. í framtíðinni, virðulegur forseti.

[17:37]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að óhætt sé að segja að við getum verið samstiga um þessar kenningar og vangaveltur okkar. Við getum alveg eins, þegar við horfum hérna fram í þingsalinn, hugsað um á hvern hátt er talað um stjórnmálamenn. Við erum alveg klár á því að það er talað mjög mismunandi um okkur stjórnmálamenn. Þannig að þegar talað er um umhverfissinna, hugtakið umhverfissinni hefur mjög víða merkingu, þá leynist flagð undir fögru skinni þar eins og kannski víðar.

[17:38]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vildi undirstrika nokkur atriði sem reyndar hafa mörg komið fram áður í þessari umræðu um utanríkismál í dag.

Þýðing utanríkismála fyrir íslenskt samfélag er ótvíræð. Hér hafa ætíð verið mikil erlend áhrif. Staða okkar hefur verið best þegar viðskipti okkar og samskipti við erlendar þjóðir hafa verið sem greiðust. Sjálfstæðisbarátta okkar var á sínum tíma mörkuð af erlendum áhrifum fyrst og fremst. Við Íslendingar höfum mikla þörf fyrir samskipti við aðrar þjóðir og útþrá okkar á sér djúpar rætur. Það mætti hafa langt mál um hana. Við erum eyðþjóð með mikla þörf fyrir samskipti og samvinnu við aðra.

Við erum háð erlendum þjóðum um viðskipti okkar, bæði innflutning og útflutning. Heimamarkaður er lítill, öndvert við stórþjóðir nágrannalandanna. Þess vegna höfum við mikla þörf fyrir að viðskipti okkar séu sem greiðust og ræturnar nái sem víðast í þeim efnum.

Við stöndum við þröskuld nýrrar aldar og því er eðlilegt að spurt sé hvað ný öld muni bera í skauti sínu í utanríkismálum fyrir okkur. Breytingarnar hafa verið gífurlega miklar. Það hafa orðið til viðskiptasamsteypur og samvinna ríkja

hefur aukist. Það þarf ekki að taka fram að kalda stríðið er að baki og þær viðsjár sem voru á þeim tímum en aðrar hafa komið í staðinn.

Hnattvæðing viðskipta og samskipta hefur verið hröð. Evrópuþjóðirnar, okkar næstu nágrannaþjóðir, hafa tekið upp mjög náið samstarf í Evrópubandalaginu. Það er miklu meira og nánara samstarf heldur en viðskiptasamstarf og óþarfi að fara nánar út í það út af fyrir sig. Við höfum gert samning við þau ríki. Það voru mikil átök um þann samning en ég hygg að hann hafi reynst okkur vel á síðustu árum.

Við eigum varnarsamstarf með þátttöku í NATO. Við erum með tvíhliða samning við Bandaríkin um varnarmál okkar. Þetta varnarsamstarf hefur verið í umsköpun á síðustu árum. NATO hefur tekið breytingum og þær breytingar hafa verið á skipulagi bandalagsins í þá veru að bregðast við staðbundnum átökum. Þessi staðbundnu átök eru því miður staðreynd og skelfileg dæmi um þau. Þau koma upp af ýmsum ástæðum. Þau koma til af átökum minnihlutahópa, þau skapast af þjóðernishreinsunum og tilhneigingum til þeirra. Átök á einum stað skapa geigvænleg flóttamannavandamál sem eru uppspretta hættu á átökum í framtíðinni.

Evrópuþjóðirnar hafa hneigst til að vilja gera sig meira gildandi í varnarmálum. Ég tel að við Íslendingar eigum að styðja þá viðleitni. En sú viðleitni má ekki leiða til tvöföldunar viðbúnaðar eða einangrunar Bandaríkjamanna. Við höfum eins og ég sagði áður tvíhliða samning við Bandaríkin og ég tel að við eigum að leggja áherslu á Atlantshafstengslin í varnarmálum.

Við höfum aukið þátttöku okkar í starfsemi NATO á átakasvæðum undanfarin ár. Þar með er ekki sagt að við séum á þeirri leið að taka þátt í hernaði, við erum vopnlaus þjóð og verðum það áfram. Eigi að síður tel ég að við eigum að taka virkan þátt í starfi eins og móttöku flóttamanna, sé þess er þörf, eins og við höfum gert í vaxandi mæli á undanförnum árum. Við höfum lagt til hjúkrunarsveitir, löggæslu og aðra þá starfsemi sem heyrir undir stoðdeildir í þessu efni. Ég tel að við eigum að gera það áfram og gegna skyldum okkar í samstarfinu með þeim hætti.

Í Austur-Evrópu eru geigvænleg vandamál og ég ætla ekki að fara náið út í þau í þessu stutta innleggi enda er það efni í langar umræður ef farið væri út í þá sálma. Hins vegar tel ég að við eigum að reyna að stuðla að framförum með stuðningi við Austur-Evrópuríki þar sem því verður við komið. Þar á ég við Eystrasaltsríkin, þar á ég við Rússland og önnur ríki þar sem vandamál eru uppi. Við getum gert þetta á ýmsan hátt og talað fyrir þessum sjónarmiðum í þeim alþjóðasamtökum sem við eigum aðild að.

Efnahagsástandið er geigvænlegt í hinu stóra ríki Rússlandi og við eigum að stuðla að því að vestrænar þjóðir reyni að aðstoða Rússa til að komast yfir þessi geigvænlegu vandamál en það er risastórt verkefni.

Í dag hefur mjög verið rætt um þróunina innan ESB og afstöðu Íslendinga til þess sem þar mun gerast á næstu árum. Ég vil undirstrika að engin umræða hefur verið um að ganga í Evrópubandalagið. Það er algerlega rangt ef því er haldið fram eins og hér hefur komið fram. Það sem hæstv. utanrrh. hefur boðað er að setja af stað könnun á því hver staða okkar er gagnvart Evrópubandalaginu miðað við ákveðna þróun sem þar yrði, t.d. stækkun bandalagsins og þær staðreyndir ef við yrðum einir ásamt Liechtenstein í þeirri stöð sem taldi einu sinni 30 millj. manna en yrði þá 300 þús. menn. Ef þetta er ekki breyting þá veit ég ekki hvað er breyting og ef við eigum ekki að meta stöðu okkar í þessu þá væri það að stinga höfðinu í sandinn. Ég undrast reyndar þá umræðu sem hér hefur verið í dag, sérstaklega hjá formanni samtaka um grænt framboð sem las upp tilvitnanir úr ræðum hæstv. utanrrh. í nokkur ár um Evrópubandalagið, einhvers konar pólitíska veðurlýsingu. Niðurstaðan varð sú að ekki mætti skoða þetta mál, það mætti ekki ganga að því með opnum huga að meta stöðu okkar í þessu efni, það mundi leiða til einhverra óheppilegra verka í framtíðinni að afla sér upplýsinga, leggja mat á stöðu þjóðarinnar á næstu árum gagnvart þeim löndum sem við eigum mest og best samskipti við. Það er verið að leiða líkur að því að það leiði til sjálfkrafa aðildarumsóknar að Evrópubandalaginu og við mundum missa sjálfstæði okkar við það. Þetta er algerlega úr lausu lofti gripið og ég tel skyldu íslenskra stjórnmálamanna að meta stöðu sína í utanríkismálum á komandi árum og líta ekki einungis fram fyrir tærnar á sér í því efni heldur reyna að gera sér grein fyrir þróuninni til frambúðar.

Ég held að samstaða sé tiltölulega góð meðal þjóðarinnar um utanríkismál. Hún hefur farið mjög batnandi á síðari árum. Ég held að það séu aðeins samtök um grænt framboð sem kjósa að tala rödd fortíðarinnar í utanríkismálum. Ég tel að staða okkar Íslendinga sé yfirleitt góð í utanríkismálum. Við höfum aðild að veigamestu alþjóðasamtökunum. Við höfum samninga um öryggismál við Bandaríkin. Við höfum viðskiptasambönd sem standa víða um heiminn. En þó að staða okkar sé góð megum við aldrei sofna á verðinum í þessari stöðu. Þess vegna fer vægi utanríkismála sívaxandi með ári hverju og það er skylda hvers stjórnmálamanns, hvaða stöðu sem hann hefur annars í hv. Alþingi og eins í ríkisstjórn, að fylgjast með þessum málum, reyna að gera sér grein fyrir stöðunni og vinna hver á sínum vettvangi að íslenskum hagsmunum þar sem því verður við komið í þeim alþjóðasamtökum sem við eigum aðild að. Við eigum að stuðla að friðsamlegri þróun og við eigum að stuðla að umhverfisstefnu og það er mjög einkennilegt að heyra að það sé deilt t.d. á okkur framsóknarmenn fyrir að vera ekki umhverfissinnar.

Ég nefni eitt dæmi, sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins. Höfum við ekki verið að vinna á þeim vettvangi? Við viljum nýtingu en við viljum að hún sé sjálfbær. Ég undrast þá umræðu sem hér er, þ.e. ef við viljum ekki skrifa undir allar öfgar í umhverfismálum þá erum við ekki umhverfissinnar. Ég er mjög undrandi á þessu og ég nefni þennan málaflokk til að sýna hvað umræðan er út í hött því að mikið hefur verið deilt á okkur t.d. fyrir fiskveiðistefnuna sem er einn þáttur í umhverfismálum og sjálfbærri nýtingu sem við styðjum auðvitað heils hugar.

[17:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu ræða hæstv. utanrrh. um utanríkismál. Hæstv. ráðherra nýtur virðingar og vinsældar í störfum sínum. Um það vorum við frædd áðan af hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni og hlutverk okkar er að ræða hver sé innstæðan að baki þessum vinsældum og þeirri virðingu sem ráðherrann nýtur og við vonum að sjálfsögðu að sé sem mest. En ég hef þó efasemdir og vil geta um nokkra þætti sem ég vil vekja máls á.

Hæstv. ráðherra kemur víða við í máli sínu. Hann fjallar um norrænt samstarf. Hann fjallar um Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hann fjallar um þróunarstarf, Evr-

ópumálin og hann fjallar um mannréttindamál. Hann segir réttilega, með leyfi forseta:

„Við getum ekki setið aðgerðalaus hjá þegar stórfelldir glæpir á borð við fjöldamorð eru framdir."

Undir þetta tek ég. En við sitjum hjá gagnvart þeim ógnaratburðum sem eiga sér nú stað í Tsjetsjeníu. Þar eru tugir þúsunda ef ekki hundruð þúsunda á vergangi. Fjöldi manns hefur látið lífið af völdum ofbeldisverka og árása rússneska hersins, ekki aðeins á hernaðarmannvirki heldur einnig byggð ból, samgöngustöðvar og híbýli manna.

Við sátum líka hjá gagnvart atburðunum í Sierra Leone í Afríku, mannskæðri borgarastyrjöld, og við höfum setið hjá gagnvart Afganistan þar sem helmingur þjóðarinnar sætir kúgun og fregnir hafa borist af aftökum á konum sem hafa leyft sér að beita sér í mannréttindabaráttu. Við höfum setið hjá gagnvart þjóðernishreinsunum í Kólumbíu í Suður-Ameríku og við höfum setið hjá árum saman og áratugum saman gagnvart Evrópuríkinu Tyrklandi sem beitir Kúrda ofsóknum, meinar þeim að tala sína tungu og hundeltir þá sem vilja berjast fyrir annarri skipan mála í því landi.

En það eru til undantekningar þar sem Íslendingar sitja ekki hjá. Íslendingar sitja ekki hjá gagnvart Írak. Íslendingar styðja þær árásir sem fara fram gagnvart Írak, ekki bara fyrir nokkrum árum í Flóastríði, heldur núna nánast í viku hverri, þar sitja Íslendingar ekki hjá. Íslendingar sátu ekki hjá í Kosovo. Þegar NATO tók ákvörðun um að láta til sín taka á Balkanskaga stóð ekki á Íslendingum. Reyndar var átakanlegt að fylgjast með því í fjölmiðlum þegar sagt var frá því í miklum fréttum að ráðamenn á borð við Clinton Bandaríkjaforseta eða utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Madeleine Albright, hefði gert svo lítið að hringja í ráðherrana okkar og gefið þeim klapp á kollinn fyrir stuðninginn.

Í Kosovo áttu sér stað hörmulegir atburðir. Þar var þjóðarbrot ofsótt og þar voru framin fjöldamorð. Á sínum tíma var talað um að 100 þúsund manns hefðu verið drepnir. Það var þegar stríðið var í hápunkti. Síðan drógu menn í land. Það voru Bretar sem gerðu það fyrst og töluðu um 10 þúsund. Í síðustu viku var talað um að um 2.000 Albanir hefðu verið myrtir. Það er 2.000 manns of mikið. Næstum því eins margir létust af völdum loftárása NATO. Þar er talið að 1.400 manns hafi fallið og þetta er 4.000 manns of mikið. Það sem verra er, þessir atburðir áttu sér stað að verulegu leyti eftir að loftárásir NATO hófust og afleiðingar þessa stríðs eru enn þá með okkur. Um 120 þúsund Kosovo-Albanir eru enn í flóttamannabúðum á þessu svæði en 200 þúsund Serbar hafa flúið Kosovo frá því að stríðinu lauk. Lítið er talað um þetta í fjölmiðlum enda er stríðinu lokið þar og í Stjórnarráði Íslands er því að sjálfsögðu löngu lokið.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fluttum till. til þál. til varnar þessu fólki þar sem við vildum að íslensk stjórnvöld beittu sér til varnar þeim sem ættu undir högg að sækja af völdum stríðsins. Við lögðum fram tillögur í þremur liðum og við bendum á það í ítarlegri greinargerð sem við birtum með tillögunum að það sé ekki aðeins mannfallið sem megi rekja til stríðsins heldur megi búast við viðvarandi mengun vatns- og votlendis af völdum þessa stríðs. Við bendum líka á, sem við erum ekkert ein um að benda á, heldur mannréttindasamtök og umhverfissamtök víðs vegar um heiminn hafa áréttað, að búast má við að afleiðingar stríðsins birtist okkur í hörmulegum myndum á komandi áratugum og er það t.d. rakið til þeirra vopna sem er beitt, svo kallaðra DU-vopna sem eru vopn með sneyddu úrani, sem kallað er, og veldur hvítblæði hjá börnum sem fæðast á þessum svæðum. Þetta er að gerast núna í Suður-Írak t.d. og menn óttast að hið sama kunni að vera uppi á teningnum á þessum slóðum.

En hvað viljum við þá gera? Ég sagði í upphafi að ég vildi ekki að við sætum aðgerðarlaus. Hvað viljum við gera? Við viljum efla Sameinuðu þjóðirnar, ekki bara einhvern veginn, ekki bara gagnrýnislaust heldur sem lýðræðislegt tæki þjóða heims til að leiða deilumál til lykta. Það er hægara sagt en gert. Ég veit það. Við erum búin að horfa upp á aðgerðarleysi heimsins gagnvart Austur-Tímor í aldarfjórðung og við erum búin að horfa upp á ofsóknir gegn Kúrdum í langan tíma án þess að alþjóðasamfélagið bregðist við eða fái rönd við reist.

Staðreyndin er sú að alþjóðasamfélagið er veikburða. Það er veikburða vegna þess að allt of mörg ríki láta hagsmuni nokkurra hernaðarvelda ráða í afstöðu sinni. Sú er afstaðan og það er þetta sem við gagnrýnum og þessu viljum við breyta.

Hæstv. utanrrh. víkur að þessu í sínu máli. Hann talar um nauðsyn þess að við komumst úr sporunum í þessu efni. Hann segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan um íhlutunarrétt hins alþjóðlega samfélags á grundvelli mannréttinda og mannúðarlaga skiptir sköpum fyrir framtíð Sameinuðu þjóðanna sem bera aðalábyrgð á að tryggja heimsfrið og öryggi. Stofnunin þarf að laga sig að breyttu umhverfi og marka stefnu um það hvernig hún ætlar að taka á átökum þar sem óbreyttir borgarar njóta ekki verndar sinna eigin stjórnvalda en eru þess í stað ofsóttir og drepnir. Brýnt er að huga að hvernig hægt er að styrkja fyrirbyggjandi hlutverk samtakanna ..."

Þetta finnst mér gott, en hvernig? Telur hæstv. utanrrh. leiðina vera þá sem hann hefur farið, að hlíta forræði og skipunum frá Washington og innan úr herbúðum NATO? Ég held ekki. Ég vildi gjarnan heyra vangaveltur hæstv. ráðherra um þetta efni.

Hæstv. ráðherra kemur að þróunarsamvinnu og þróunarstarfinu. Hann víkur að því sem reyndar hefur verið í fréttum núna um skeið, ákvörðunum Alþjóðabankans um að gefa eftir skuldir gagnvart fátækustu ríkjum heimsins. Hæstv. ráðherra segir, með leyfi forseta, í sinni ræðu:

„Afar brýnt er að gefa eftir skuldir fátækustu ríkja heims og átakið til þess (HIPC) var aðalumfjöllunarefni ársfundar Alþjóðabankans nú í haust. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að taka þátt í átakinu af fullri einurð eins og aðrar Norðurlandaþjóðir. Mörg fátækustu ríki hafa lokast inni í vítahring afborgana og vaxtagreiðslna sem þau hafa alls ekki ráðið við. Markmið átaksins er að rjúfa þennan vítahring. Ég geri mér vonir um að átakið hjálpi ekki einvörðungu fátæku fólki til bjargálna heldur örvi það líka viðskipti í heiminum. Okkar framlag til átaksins nemur um það bil 200 milljónum króna sem að mestu fara í gegnum Alþjóðabankann á nokkrum árum.

Gott. Ég er sammála þessu en — og nú spyr ég hæstv. utanrrh.: Hverjir eru skilmálarnir? Ég man þegar ég vaknaði upp við þessar fréttir einn morguninn að þá gladdist hjarta mitt en í lokin kom niðurlagið og þar var vísað til frammistöðu og skilmála. Þeir skilmálar sem þessar stofnanir hafa sett eru að þessar fátæku þjóðir einkavæði almannaþjónustuna og gefi hana eða færi hana erlendum auðhringum. Því miður hefur hæstv. utanrrh. og ríkisstjórn tekið undir það á liðnum árum. Það gerði hæstv. utanrrh. t.d. árið 1997 eins og greint var frá í fréttatilkynningu sem birt var daginn

eftir. Utanrrh. lýsti yfir fullum stuðningi við sérstakt átak Alþjóðabankans til að auka fjárfestingar einkaaðila í orkumálum, samgöngu- og fjarskiptakerfum þróunarríkjanna. Í þeim gögnum sem send voru frá þeim fundi þar sem fjallað var um þessa hluti, segir t.d. í millifyrirsögn: „„Action Program" to facilitate private involvement in infrastructure ...", þ.e. aðgerðaráætlun til að einkavæða í stoðkerfi samfélaganna. Þetta var á fundi sem haldinn var í Hong Kong og var mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum. En það var annar fundur sem hæstv. utanrrh. talaði á. Sá var í Washington. Og þar talar hann um, með leyfi forseta, mikilvægi þess:

„... to create an enabling environment for the private sector. The challenge for all actors involved is to find measures to improve the effectiveness of the public sector, strenghten the financial, institutional and legal framework and the human capital base in order to enhance private sector development and to attract private capital."

Það á með öðrum orðum að gera opinbera geirann skilvirkari til þess að hægt sé að einkavæða hann og auðvelda einkafjármagni aðkomu að honum. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvað hangir á spýtunni? Hefur Alþjóðabankinn breytt sinni stefnu gagnvart þessum skilyrðum og hefur afstaða hæstv. utanrrh. sem hér hefur lýst stuðningi sínum við þá stefnu Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að knýja þessi fátæku ríki til einkavæðingar, breyst?

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég minnast á umræðuna um Evrópumálin. Ég verð því miður að ljúka ræðu minni nú, en á vonandi möguleika á að koma aftur í ræðustól og mun ég að sjálfsögðu gera það því að þar er sitt hvað sem ég vildi til málanna leggja.

[18:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst út af þessum einkavæðingum. Mér finnst mjög undarlegt að þegar hv. þm. heyrir orðin fjárfesting einkaaðila, þá er eins og hann umhverfist. Veit hv. þm. ekki að það er mjög mikilvægt að fyrirtæki í heiminum fjárfesti í þróunarlöndunum, taki þátt í uppbyggingu atvinnulífsins þar? Það vill nú svo til að sú ræða sem hv. þm. vitnaði hér til og haldin var í Washington á sl. ári, ef ég man rétt, var ekki bara haldin þar fyrir Íslands hönd. Hún var að vísu samin af okkur að mestu leyti en hún var flutt fyrir hönd allra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna líka þannig að allar þessar ríkisstjórnir lögðu blessun sína yfir þessa ræðu. Það vill svo til að sá sem hér stendur fékk sérstakar þakkir frá Afríkuþjóðum fyrir þessa ræðu og m.a. skrifaði fjármálaráðherra Suður-Afríku mér sérstakt bréf til þess að lýsa ánægju sinni með að málefni Afríku voru þarna tekin fyrir með skynsamlegum hætti eins og hann taldi. Hv. þm. má ekki umhverfast þó að nefnt sé að einhverjir fjárfesti aðrir en opinberir aðilar. Það er bara liðin tíð, hv. þm., að allt komi úr ríkissjóði eins og hv. þm. virðist álíta.

Um aðra hluti sem hér hafa komið fram kem ég kannski að síðar. Það er út í hött að halda því fram að við fylgjum einhverjum skipunum frá Washington og NATO. Ég hef skilið hv. þm. þannig að hann telji að afskiptaleysi eigi að vera alls staðar. Hann gagnrýnir afskiptaleysi í nokkrum löndum en svo gagnrýnir hann líka afskipti í Kosovo, Írak og í Bosníu jafnvel þótt það sé á vegum Sameinuðu þjóðanna þannig að það er ekki heil brú í þessum málflutningi þingmannsins ár eftir ár.

[18:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að við getum haldið ró okkar þó að það sé vissulega ástæða til að æsa sig yfir þessum málum og þetta sé tilfinningamál fyrir margt fólk. Svo er í þriðja heiminum á meðal fátækustu þjóða heimsins sem hafa orðið leiksoppar alþjóða bankakerfisins, Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta er átakamál í heiminum öllum. Ég veit ósköp vel að línurnar eru ekki fundnar í afstöðu ríkja vegna þess að valdamenn þessa heims eru víða og margir á sama bátnum og hæstv. utanrrh. Íslands kýs að róa á.

En fátækt fólk og þjóðir sem verið er að svipta eignum sínum eru margar á öðru máli og þetta er eitt umdeildasta mál í heiminum í dag, þ.e. afstaða Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til lánveitinga til þriðja heims ríkja og hefur verið til umfjöllunar um heim allan. Og svo leyfir hæstv. utanrrh. Íslands sér að skýla sér á bak við það að hann hafi fengið klapp á kollinn frá ráðamönnum í heiminum og að Norðurlandaþjóðir séu á sama báti. Innan Norðurlandanna er líka verið að gagnrýna þessa afstöðu.

Síðan er það rangt hjá hæstv. utanrrh. að ég hvetji til afskiptaleysis gagnvart mannréttindabrotum. Ég geri það ekki. Ég tók upp (**Utanrrh.:** Hvað þá?) málefni Tsjetsjeníu t.d. og hæstv. utanrrh. brást þá við með svipuðum hætti og hann gerir nú, með tilfinningalegri vanstillingu. Hann er ekki fær um að ræða þetta af rólegheitum. Ég er að hvetja til breyttrar stefnu en við fylgjum núna gagnvart Sameinuðu þjóðunum og gagnvart vandamálum líðandi stundar.

[18:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sakar mig um vanstillingu. Það má vel vera að menn verði nokkuð þreyttir á því að hlusta á þennan málflutning ár eftir ár. Afskiptin í Írak eru með fullu samþykki Sameinuðu þjóðanna. Við erum aðilar að Sameinuðu þjóðunum, berum ábyrgð á því. Það er hins vegar til umræðu þar að breyta þessari afstöðu. Við erum að vinna því fylgi innan Sameinuðu þjóðanna að þær skipti sér meira af slíkum brotum þannig að þeir glæpamenn sem fyrir þeim standa séu hvergi óhultir og þeir hiki við að drepa saklaust fólk.

Atlantshafsbandalagið hefur komið að málum í Kosovo og í Bosníu. Ég hef skilið hv. þm. þannig að hann hafi verð mjög andvígur því. (**ÖJ:** Það er rétt.) Er hv. þm. að biðja um að Atlantshafsbandalagið hafi sambærileg afskipti í Tsjetsjeníu? Ég fæ ekki skilið þetta. (**ÖJ:** Ég er ekkert að biðja um það.) Hann talar mjög fallega um að Sameinuðu þjóðirnar eigi að sjá um þetta. Og það að klappa á kollinn á mönnum eins og honum er svo tamt að segja, ef það er einhvers staðar samstaða með einhverjum, þá heitir það á hans máli að klappa á kollinn. Það er eins og hv. þm. vilji vera í stöðugum átökum við allt og alla. Það sem við erum að gera innan Sameinuðu þjóðanna er að vinna því fylgi að Sameinuðu þjóðirnar taki á þessum málum með ákveðnari hætti. Og það þýðir á mæltu máli að stórveldin hafi ekki sama neitunarvald og þar er. Er það rétt t.d. að Kínverjar geti komið í veg fyrir að alþjóðasamfélagið hafi afskipti af fjöldamorðum? Er það rétt að Rússar geti haft neitunarvald í því sambandi, eða Bandaríkjamenn, eða Frakkar, eða Bretar? Um það snýst þetta mál.

[18:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki verið að hvetja til loftárása í Tsjetsjeníu. Ég hef verið að mótmæla loftárásum í Tsjetsjeníu og ég hef leyft mér að fara þess á leit við hæstv. utanrrh. Íslands að hann geri slíkt hið sama og óskaði eftir því að hann kallaði sendiherra Rússlands á sinn fund og mótmælti fyrir hönd íslensku þjóðarinnar.

Það sem ég hef verið að vekja athygli á er að landafræði samvisku íslensku ríkisstjórnarinnar fer saman við landafræði NATO og hagsmuni NATO. Innan Sameinuðu þjóðanna er ég að hvetja til þess að við tökum upp aðra starfshætti. Í stað þess að við fylgjum stórveldunum í einu og öllu, fylgjum NATO í einu og öllu, þá látum við samviskuna ráða vegna þess að það er þetta sem stendur öllu alþjóðasamstarfi og samvinnu fyrir þrifum, þ.e. þegar verið er að nota og beita samtökum á borð við Sameinuðu þjóðirnar í þágu hagsmuna hernaðarveldanna.

Þannig högum við okkur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, því miður. Þar hafa blokkir myndast, þ.e. Evrópusambandið og NATO-ríkin og ríki sem eru svipaðs sinnis, síðan eru aðrar blokkir sem eru þróunarríki, og áður voru það austantjaldsríkin eða kommúnistaríkin. Þannig hefur þetta alþjóðasamstarf verið skipulagt.

Við erum að hvetja til þess að menn komist upp úr þessum hjólförum. Við erum að hvetja til þess innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að menn fari upp úr þessum hjólförum hernaðarhyggjunnar og stórveldahagsmuna því að aðeins með því móti er hægt að komast úr stað.

[18:16]

Mörður Árnason:

Virðulegi forseti. Það er liðið nokkuð á þessa umræðu og ég ætla ekki að lengja hana mikið en vil þó taka upp þráð sem féll niður að ósekju í upphafi umræðunnar. Hann féll kannski niður vegna þess að menn ræddu Evrópusambandið af miklum móð. Það er sá kafli ræðu hæstv. utanrrh. sem fjallar um, eins og það heitir, evrópsk öryggis- og varnarmál.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði um það og furðaði sig nokkuð á því að í þeim kafla kæmu ekki fram markmið utanrrh. við væntanlega endurskoðun eða nýsamning bókunar við varnarsamninginn eins og hann heitir. Bókunin er frá 1996 eins og menn vita. Hún gildir til ársins 2001, í fimm ár, gerð af hæstv. utanrrh. Íslands, Halldóri Ásgrímssyni, og aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Walter B. Slocombe.

Í lokagrein þessarar bókunar er ákvæði um að heimilt sé og væntanlega skylt, eða ég skil það þannig, að endurskoða þetta samkomulag að loknum fjórum árum. Það þýðir að ef maður leggur fjögur ár við undirritunardag þess, þá er sá dagur 9. apríl árið 2000, sem mér sýnist þýða að það hljóti að vera eitt af helstu verkefnum utanrrn. á næstu mánuðum, a.m.k. eftir áramótin, að undirbúa samningsmarkmið Íslendinga um einhverja nýja bókun og meta hvernig að þeim samningum skuli staðið, væntanlega í ljósi þess sem gerst hefur eftir allt saman í öryggis- og alþjóðamálum á þessum tíma.

Ég vona að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að svara þessum spurningum, þ.e. af hverju þetta er ekki inni eða hvort þetta eigi að koma fram síðar og þá hvenær. Mig langar til að bæta við örfáum atriðum því að það kemur þó fram að utanrrn. hefur stefnu í málinu og hæstv. utanrrh., sem er sú að „gera þátttöku Íslendinga í vörnum landsins virkari", eins og hæstv. utanrrh. sagði.

Í framhaldi af því er nefnd smíði 3.000 tonna varðskips sem á fyrir utan hefðbundna landhelgisgæslu að taka þátt í æfingum og sjóferðaeftirliti í samstarfi við varnarliðið. Virðulegur forseti. Ég veit að mér verður fyrirgefið að vita ekki mikið um þetta mál, (Gripið fram í.) enda sit ég ekki á þingi á hverjum degi og hlustaði ekki nógu vel eftir þeirri umræðu sem varð um smíði hins nýja skips. Ég tók þó eftir því að til þess að forðast útboð á Evrópska efnahagssvæðinu þá varð þingheimur furðusammála um að þetta umrædda skip skyldi falla undir varnarskip og ekki nytjaskip. En ég vissi ekki að því fylgdi að það væri með einhverjum hætti sett í samstarf eða undir stjórn varnarliðsins svokallaða af Keflavíkurflugvelli og spyr þess vegna sérstaklega um þetta: Liggja fyrir samningar um þátttöku þessa skips í æfingum og þá hvers konar æfingum? Hvers konar sjóferðaeftirlit á það að annast í samstarfi við varnarliðið og hver stjórnar þá ferðum þessa skips fyrir utan hefðbundna landhelgisgæslu?

Mig langar líka að spyrja um annað. Það er eitt helsta inntak bókunarinnar frá 1996 að þar er tiltekið að þyrlubjörgunarsveitinni skuli viðhaldið þessi fimm ár sem hún gildir. Menn hafa haft á orði að þessi þyrlubjörgunarsveit sé hin raunverulega ástæða fyrir töluverðum hluta þess flugflota sem samið er um að sé hér á landi og sé þar með okkur í hag. Út af fyrir sig er ég ekki að lasta það. En þarna er líka ákvæði um að haldið verði áfram að kanna leiðir til þess að Ísland taki á sig aukna ábyrgð á sviði björgunarmála. Ég spyr hæstv. utanrrh. sérstaklega um þetta vegna þess að ég minnist þess að fyrir allnokkrum árum, að vísu áður en hann varð utanrrh., að þá sló hann fram athyglisverðri hugmynd um alþjóðlega björgunarsveit á Keflavíkurflugvelli sem tæki að einhverju leyti eða öllu við þeirri björgunarsveit sem við þiggjum núna aðstoð frá og er bandarísk og hluti af herliðinu. Það fylgdi svo ekki þessari hugmynd hvort þetta yrðu herbjörgunarsveitir eða hvernig þær yrðu. En ég minnist þess að hún átti að vera bæði að austan, vestan og alla vega þessi björgunarsveit.

Ég held að ég láti þetta nægja en vil þó, þó ég geri það sjaldan, taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni frá því fyrr í dag um þær hugmyndir sem utanrrn. og hæstv. utanrrh. hefur um ráðstefnu um framtíð öryggismála. Ég held að það sé ofboðslega brýnt að koma umræðu og upplýsingum, einmitt um framtíð öryggismála, um bókunina, um varnarliðið, um áframhaldandi þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu, sem ég styð hér í aukasetningu, á framfæri og gera þjóðinni, bæði okkur og okkar heimshluta, kleift að taka framtíðarákvarðanir á þessu sviði. Ég held að ráðstefna sem annars vegar utanrrn. og hins vegar herstjórn Atlantshafsbandalagsins standi að verði ekki til þess að skapa traust á því sem þar kemur fram, hún verði ekki til þess að veita upplýsingar sem menn geta sameinast um að nota sem undirstöðu í þessari mikilvægu umræðu. Þess vegna legg ég til við hæstv. utanrrh. að hann fjölgi aðstandendum þessarar ráðstefnu þannig að þangað verði boðið óháðum stofnunum um herfræði, sem verða auðvitað að þekkja vel herstjórn og aðstæður á Atlantshafi, þannig að hér verði fleiri litir í ráðstefnunni og hún verði mikilvægari en ella í framhaldsumræðu okkar um þessi mál.

[18:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á í sambandi við það sem

hv. þm. sagði að á síðasta þingi lagði utanrrn. fram bráðabirgðaskýrslu um stöðu Íslands að því er varðaði öryggis- og varnarmál. Þeirri skýrslu var mjög vel tekið, m.a. af stjórnarandstöðunni sem grundvelli að frekari umræðu um þau mál. Ég hef áður lýst því yfir að ég er tilbúinn til þess að stjórnarandstaðan komi að því máli í gegnum utanrmn. og við höfum rætt það í utanrmn. hvernig áfram verður unnið að því starfi. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og það kemur jafnframt inn á þá bókun sem hér hefur verið til umræðu. Utanrrn. hefur þegar hafið undirbúning að þeim viðræðum. Við höfum rætt það allnokkuð við Bandaríkjamenn. Við gerum ekki ráð fyrir gífurlegum breytingum í þessu sambandi. Við teljum nauðsynlegt að það lið sem er hér á landi verði áfram, að ekki sé réttlætanlegt að flugvélarnar fari í burtu. Ef þær fara í burtu þá fer björgunarsveitin jafnframt.

Við höfum lagt áherslu á að þróa þetta mál áfram með virkari þátttöku okkar, hafandi í huga þá staðreynd að við getum ekki einir þjóða sinnt björgunarstarfi á Atlantshafi. Meðal annars þess vegna er fyrirhuguð á næsta ári og verður á næsta ári haldin æfing innan Atlantshafsbandalagsins undir heitinu Samvörður, svokallað Partnership for Peace, sem fjallar um björgunarsamstarf á Norður-Atlantshafi. Við væntum þess að allar þjóðir sem liggja að þessu hafi komi að málinu, þar með talið Rússar. Rússar komu að æfingunni hér fyrir tveimur árum og við teljum mjög mikilvægt að auka samstarfið við þá.

[18:26]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka greið svör og jákvæð við þessu. Það skiptir ekki máli á þessari stundu hvort ég er sammála þeirri stefnu sem fram kemur hjá hæstv. utanrrh. eða ekki. En hann hefur í nokkrum orðum lýst samningsmarkmiðum sínum við bókunina. Ég fagna því líka að hann er reiðubúinn til samvinnu við stjórnarandstöðuna og við þingheim um þetta efni.

Ég vil minna hann á að ég spurði líka um 3 þús. tonna varðskip og stöðu þess í samhengi við herinn á Keflavíkurflugvelli og vil biðja hann að svara þeirri spurningu líka, enda gefst honum nú tími til þess.

[18:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar varðskip, þá eigum við verulegt samstarf við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og við eigum í verulegu samstarfi við aðrar þjóðir á sviði björgunarmála. Ég minni á æfingu sem var hér haldin vegna náttúruhamfara og sú æfing skilaði m.a. árangri í björgunarstörfum eftir náttúruhamfarirnar í Tyrklandi.

Að því er varðar varðskipið sjálft, þá á m.a. að vera hægt að nota þetta varðskip til þess að þar lendi þyrlur. Það er eðlilegt að þetta varðskip geti tekið þátt í sameiginlegum björgunaræfingum og tekið meiri og virkari þátt í því nauðsynlega starfi sem við sjáum hér að þurfi að eiga sér stað til frambúðar á Norður-Atlantshafi, alveg án tillits til veru varnarliðsins hér á landi. Þetta er okkar markmið og það hefur verið rætt við Bandaríkjamenn, ekki gerður endanlegur samningur um það en okkur finnst eðlilegt að þetta skip komi að slíku sameiginlegu starfi innan Atlantshafsbandalagsins þannig að það geti tekið þátt í þess konar samvinnu. Hins vegar verður þetta skip eins og allir vita ekki neinum vopnum búið nema þá til þess að taka á landhelgisbrjótum. Þar verður engin breyting á.

[18:29]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér fannst þetta svar jafnóljóst og svörin áðan voru greið. Ég geri mér grein fyrir að hæstv. utanrrh. getur ekki svarað þessu andsvari fyrr en þá í lokaræðu sinni en ég lít svo á að hann hafi hér verið að segja okkur að þetta umrædda varðskip verði undir íslenskri stjórn að öllu leyti og fullkomlega og ekki undir stjórn herstjórnar Atlantshafsbandalagsins. En hæstv. utanrrh. getur bætt við það síðar.

Ég gleymdi því áðan en vil vekja athygli á þeim orðum sem komu fram í andsvari hæstv. utanrrh. um þessa bókun eða framhald hennar, að það mundi vera svo að við mundum vilja halda áfram að hafa flugvélarnar á vellinum því ef flugvélarnar fara í burtu, þá fara björgunarsveitirnar í burtu líka. Þarna er kannski kominn einn af þeim hyrningarsteinum sem er undir þessum varnarsamningi. Við viljum hafa björgunarsveitina en okkur er andskotans sama, fyrirgefðu herra forseti, um flugvélarnar. (**Gripið fram í:** Þetta er algjör rangtúlkun.)

(**Forseti** (ÍGP): Ég minni hv. þingmenn á að bölva ekki í þingsal.)

[18:30]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fróðlega skýrslu og ég get vissulega tekið undir margt sem er í henni en mér finnst kannski ýmislegt vanta. Að hluta til hefur hæstv. ráðherra gefið á því skýringu. Auðvitað var hér um knappt form að ræða þegar á að fara yfir allt sviðið sem heitir utanríkismál en ég hefði viljað að á þessum viðkvæmu tímum væri t.d. tekin afstaða til atburðanna í Tsjetsjeníu og ég vil taka undir það sem hér hefur áður komið fram. Ég sakna þess.

Það kemur víst engum á óvart í þingsölum að ég hef löngum verið nokkuð tortryggin í garð þátttöku okkar í hernaðarbandalaginu NATO. Var ég þó farin að mýkjast mjög í þeim sökum á síðasta ári, hafði eins og það er kallað af sumum sofnað á verðinum og var farin að trúa á tal um „Partnership for Peace" og breytt eðli NATO. Ég vaknaði heldur betur af vondum draumi þegar árásirnar hófust á Júgóslavíu, sem er eitthvert mesta áfall sem ég hef orðið fyrir á þessu ári, og ég verð að harma það að Íslendingar skyldu taka þátt í þeim hernaðaraðgerðum sem ég tel mikið óhappaverk.

Við áttum aðild að þeirri ákvörðun að sprengjum var látið rigna yfir fjarlægt og fátækt land undir því yfirskini að það væri eina ráðið til að stöðva morð þau og misþyrmingar sem Serbar beittu Kosovo-Albani. Nú er of seint að ræða um hversu fráleitur sá málatilbúnaður allur var og of seint er líka að harma hlutdeild okkar í þeirri atburðarás allri.

Þau umsvif okkar á Balkanskaga hafa því miður afleiðingar sem við berum að sjálfsögðu ábyrgð á vegna þátttöku okkar. Rannsókn sem gerð var af Umhverfisstofnun Mið- og Austur-Evrópu leiðir í ljós að matvæli eru menguð vegna jarðvegs- og loftmengunar. Mengun er í drykkjarvatni. Búast má við vaxandi heilbrigðisvandamálum vegna eyðileggingar á vatns- og skolpleiðslum og ekki síður vegna eitraðra og krabbameinsvaldandi efna og geislavirkni. Hér er um að ræða eitt af fátækari löndum Evrópu og er líklegt að framtak okkar Íslendinga og vina okkar sérstakra í málefnum Balkanskaga hafi ekki aukið á skilvirkni heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu.

Augljóst er að á næstu áratugum þurfa fórnarlömb þessara átaka mikla hjálp til að mannlíf geti þróast þar á eðlilegan hátt. Ég tel að við Íslendingar eigum að sýna yfirbót með því að standa myndarlega að skilyrðislausri hjálp við fórnarlömb okkar og ég tel reyndar að hæstv. utanrrh. Íslands hafi að nokkru leyti tekið undir það sjónarmið, að hjálpin til Júgóslavíu eigi að vera skilyrðislaus.

Bandaríkjamenn og þeirra fylgispökustu skósveinar vilja skilyrða hjálp til hinnar stríðsþjáðu þjóðar við að Milosevic láti af völdum. Ekki er um það efast að Milosevic er hinn versti maður. Hann er hins vegar rétt kjörinn forseti landsins og ég treysti Serbum til að skipta honum út fyrir annan betri án þess að til þurfi að koma svo ógæfuleg aðferð að múta fólki sem er í neyð með aðstoð til að snúast gegn honum. Við Íslendingar berum okkar hlut af þeirri ábyrgð að hafa valdið þeim hörmungum sem ég áður minntist á. Okkur ber skylda til að standa myndarlega að skilyrðislausri hjálp til fórnarlamba okkar.

Hæstv. forseti. Í seinni hluta ræðu minnar langar mig einkum að gera norrænt samstarf að umfjöllunarefni en ég er ein af þeim sem sitja í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og hef setið þar um eins árs skeið. Ég vil ítreka og taka undir það sem áður hefur komið fram um mikilvægi þess að Íslendingar taki þátt í samstarfi. Ísland er lítil eyja úti í ballarhafi, eins og sumir segja á mörkum hins byggilega heims, og ég tel það skipta okkur miklu máli að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi. Ég tel að greiðasta leiðin til að hafa áhrif glóbalt fyrir okkur Íslendinga sé mjög virk þátttaka í hinu norræna samstarfi en gegnum það eigum við vissulega möguleika á að hafa áhrif. Ísland er sögulegur og menningarlegur hluti af Norðurlöndum. Íslendingar eru í norrænni samvinnu jafnréttháir Dönum, Finnum, Norðmönnum og Svíum þrátt fyrir augljósan stærðarmun þjóðanna og þar hefur alltaf verið tekið fullt tillit til íslenskra hagsmuna og stór skref hafa verið stigin til framfara í slíkri samvinnu. Íslendingar hafa notið góðs af þessu bræðralagi, bæði efnahagslega og pólitískt.

Það hefur borið nokkuð á því í umræðu á Íslandi að norrænt samstarf væri úrelt, það væri ekki móðins, eins og sagt er á vondu máli. En ég tel að það sé fjarri lagi og við höfum náð, eins og ég hef sagt hér áður, mörgum af okkar bestu markmiðum í erlendu samstarfi gegnum norræna samvinnu og munum eiga eftir að hafa þar mikil áhrif.

Á Norðurlöndum hefur verið sameiginlegur vinnu- og menntamarkaður fyrir tilstilli norrænnar samvinnu og einnig höfum við að mörgu leyti haft sameiginleg félagsleg réttindi. Íslendingar eru svo heppnir að þeir geta bent á beinan ávinning af því samstarfi. Við höfum borgað um 1% af kostnaðinum við norrænt samstarf en til okkar hafa runnið beint 3–4% hins vegar af þeim potti í formi reksturs stofnana, þátttöku í áætlunum og styrkjum svo fátt eitt sé nefnt. Við erum kannski sú þjóð innan Norðurlandanna sem hefur haft beinastan hagsmunalegan ávinning af þessu samstarfi.

En auðvitað er enginn annars bróðir í leik. Norðurlandaþjóðirnar standa vissulega fast á eigin hagsmunum og skemmst er að minnast Smugudeilunnar þar sem Íslendingar og Norðmenn tókust harkalega á og sem betur fer fékk sú deila að ég tel farsælan endi fyrir tilstilli hæstv. utanrrh. Íslands ekki síst og vil ég þakka það sérstaklega.

Innan Norðurlandaráðs er líka oft tekist harkalega á um skiptingu fjármagns. Þar verða íslenskir þingmenn, og hafa gert vissulega, að standa vel á verði og vera ætíð tilbúnir þegar færi gefst að tala máli Íslands. Til dæmis má benda á að oft hefur verið erfitt að verja Norrænu eldfjallastöðina miklum boðaföllum sem hún hefur orðið fyrir þegar verið er að semja fjárlög Norðurlandaráðs en það hefur tekist að verja þá stofnun fyrir sérstaka samstöðu innan Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og ég tel að það sé vel vegna þess að þarna er um hina merkustu stofnun að ræða þó að við skiljum kannski gildi hennar betur en ýmsir þeir sem ekki búa á virkum eldfjallasvæðum.

Hlutverk Norðurlandaráðs í þessu ferli öllu saman innan ráðsins er þríþætt. Það er að eiga frumkvæði að samnorrænum verkefnum, að vera ráðgefandi í norrænu ráðherranefndinni og hafa eftirlilt með og fylgja eftir starfseminni. Mitt mat er það eftir að hafa setið í ráðinu í eitt ár að þar sé unnið mjög vel og öllu sé mjög vel fylgt eftir þó að auðvitað megi alltaf gera betur.

Ég vil minna sérstaklega á verkefni sem við Íslendingar höfum haft mikinn hag af eins og Nordplus, Nordjobb og nú síðast er Nordplus juniors og Nordplus mini að komast á sem snýr að yngsta hóp styrkþega og styrkir bein samskipti ungmenna milli Norðurlanda og ég tel mjög mikilvæg fyrir norrænt samstarf í framtíðinni. Það má segja að Norðurlandaráð hafi verið eins konar hugmyndasmiðja Norðurlandasamstarfsins og það er einmitt fyrir þeirra tilstilli sem þau verkefni sem ég gat um áðan voru samþykkt.

Það má segja að ef Íslendingar leggja 70 millj. í norræna samvinnu eins og hefur verið á undanförnum árum, þá megi fullyrða að við fáum 250 millj. beint til baka og ég tel að við megum vel við una. Einnig má nefna að íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa átt greiðan aðgang að hagstæðum lánum úr Norræna fjárfestingarbankanum og með þátttöku í ýmsum norrænum verkefnum höfum við öðlast verðmæta þekkingu og reynslu. Þannig hefur þekking og reynsla hinna Norðurlandaþjóðanna í mörgum málefnum flust til okkar sem íslenskir þingmenn njóta vissulega góðs af, t.d. við lagasetningu á hinu háa Alþingi. Við höfum sem sagt ekki alltaf þurft að finna upp hjólið þegar við erum að koma fram góðum málum. Það má oft notast við það sem er búið að vinna áður á Norðurlöndunum.

Ég vil taka það fram að hin nána Norðurlandasamvinna einangrar ekki Norðurlöndin. Þvert á móti, eins og ég tók áður fram, skapar hún skilyrði fyrir aukinni alþjóðasamvinnu. Hún skapar skilyrði fyrir Íslendinga til að hafa aukin áhrif á heimsmálin. Það má þó segja að ekki hafi tekist nægilega vel til með þann þátt. Þar má vissulega gera betur og ég tel að við eigum öll að vera okkur meðvituð um þann möguleika. Ég hef heyrt mjög marga tala um það frá hinum Norðurlöndunum að við þurfum að standa betur á verðinum þarna og þróa þennan tiltekna þátt samstarfsins betur og ég skal vissulega styðja það vegna þess að sem hluti af ríkjahópi Norðurlandanna getur Ísland komið fram sem fullgildur þátttakandi í alþjóðasamstarfi, t.d. í Sameinuðu þjóðunum, öfugt við fjölda annarra smáríkja sem meira að segja eru miklu stærri en við en hafa ekki það bakland sem við höfum í norrænni samvinnu. Ekkert hinna norrænu ríkja er stórt á alþjóðlegan mælikvarða en samvinna okkar er hins vegar rómuð víða um lönd. Sýnilegur árangur er af þeirri samvinnu og ég tel að í ljós hafi komið gegnum þá samvinnu síðan Norðurlandaráð var stofnað að við erum tvímælalaust sterkari saman.

[18:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir með hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur um að Norðurlandasamstarfið er mikill hornsteinn í íslenskri utanríkisstefnu en ég vildi með sama hætti taka fram að aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin eru líka mikilvægir hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu. Ég tel að þessi tvö atriði skipti afar miklu máli og ég tek ekki undir með henni í sambandi við efasemdir um Atlantshafsbandalagið.

Ég vil líka taka fram að það er ekki rétt þegar því er haldið fram að Ísland geti staðið utan við atburði eins og gerðust í Júgóslavíu. Við verðum að ná samstöðu innan Atlantshafsbandalagsins og þeim aðgerðum sem Atlatnshafsbandalagið fer út í verður Ísland líka að standa að. Ef Ísland treystir sér ekki til þess, þá liggur það fyrir að Ísland getur ekki verið aðili að því bandalagi. Svo einfalt er það. Þetta er mikilvægt að hafa í huga.

Ég tek eftir því að þingmenn Samfylkingarinnar hafa mikið verið að spyrja mig um hver stefnan væri að því er varðar bókunina. Ég hef lýst því lítillega, get ekki lýst því í smáatriðum, en mér finnst líka vera mikilvægt að þingflokkur Samfylkingarinnar komi sér saman um þau grundvallaratriði, hvort menn vilji vera í Atlantshafsbandalaginu og hvort menn vilji standa að varnarsamningnum við Bandaríkin.

[18:46]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að taka undir sjónarmið mín varðandi norræna samvinnu. Hins vegar kemur það mér ekki sérstaklega á óvart að hann er ekki hrifinn af afstöðu minni til NATO. Það hefur hann sjálfsagt aldrei verið. Það hefur aldrei farið leynt hver afstaða mín til hernaðarbandalagsins NATO er þó að ég hafi kannski linast fullmikið í afstöðunni eins og ég sagði áðan og sofnað á verðinum.

Ég er ósammála hæstv. ráðherra varðandi það að Ísland geti ekki staðið utan við atburði eins og þegar Bandaríkin ákváðu að hefja loftárásir á Júgóslavíu. Ég tel að við hefðum átt að standa utan við þær og aldrei átt að lýsa sérstökum stuðningi við þessar aðgerðir. Hvers vegna skyldum við vera sammála Bandaríkjamönnum um þessar loftárásir fyrst það var ekki samkomulag um þær innan herforingjaráðs NATO? Við vitum að þar var bullandi ágreiningur. Hvers vegna skyldum við alltaf vera kaþólskari en páfinn þegar kemur að umræðunni um NATO? Mér finnst allt í lagi að við séum gagnrýnin á það sem NATO gerir. Varðandi það að við í Samfylkingunni þurfum að koma okkur saman um afstöðuna til NATO þá er það svo að stórir jafnaðarmannaflokkar á Norðurlöndum hafa mismunandi afstöðu til stórra mála eins og t.d. inngöngu í Efnahagsbandalagið. Þingkona norskra jafnaðarmanna sagði mér um daginn að 40% þingmanna norskra jafnaðarmanna væru andvígir aðild að Evrópubandalaginu en samt er það yfirlýst stefna norska jafnaðarmannaflokksins.

[18:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber fulla virðingu fyrir mismunandi skoðunum innan flokka. Hins vegar liggur það fyrir að ef Samfylkingin fær utanrrh. í ríkisstjórn Íslands í framtíðinni, sem ég vænti að flokkurinn stefni að, þá er nauðsynlegt fyrir þann utanrrh. að fá í veganesti frá sínum flokki hvernig hann eigi að standa að þessum málum. Hann verður að hafa hugmynd um hvort hann eigi t.d. að segja þjóðina úr NATO eða lýsa því yfir að vera áfram í NATO. (**GÁS:** ... Kristinn H. Gunnarsson.) Ég held að það sé grundvallaratriði.

Það liggur alveg ljóst fyrir hver afstaða Framsfl. er í þessum málum og hefur alltaf verið skýrt. Það var skýrt hver stefna Alþfl. var í þessum málum. Auðvitað veldur þetta ákveðnum tímabundnum vandamálum innan Samfylkingarinnar sem ég hef fullan skilning á meðan verið er að hrista liðið saman en að lokum þarf að koma einhver ákveðin niðurstaða.

Ég vildi taka það skýrt fram, út af því sem hv. þm. Mörður Árnason sagði um þyrlubjörgunarsveit á Keflavíkurflugvelli, að ég sagði ekki að það væri þess vegna. Ég sagði að hún mundi þá fylgja og það er einföld staðreynd. Ég lagði áherslu á nauðsyn þess að hér væru flugvélar. Það má vel vera að hv. þm. sé því ósammála að hér sé ákveðinn varnarviðbúnaður á Íslandi. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu en það er mín skoðun. Það hefur ekkert að gera með þyrlubjörgunarsveitina og sem betur fer erum við ekki jafnháðir henni og við áður vorum vegna þess að við höfum keypt okkar eigin þyrlu sem hefur létt mjög á björgunarsveitinni á Keflavíkurflugvelli. Við erum ekki eins upp á hana komnir og þar af leiðandi hafa þeir getað sparað verulegan kostnað og ég tel það rétta stefnu.

[18:51]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að harma að hæstv. utanrrh. skuli ekki sjá sér fært að taka mig sem utanrrh. í þá ríkisstjórn sem hann hyggst stofna á vinstri væng stjórnmálanna. (**Utanrrh.:** Ekki vil ég segja það.) Ég harma það ef afstaða mín til hernaðarbandalagsins NATO stendur í vegi fyrir því að hann geti notað mig til þeirra verka. (**Gripið fram í:** Hann ætlar ekkert úr NATO.) (**Utanrrh.:** Það er hægt að nota þig í Norðurlanda...) Það er þó huggun harmi gegn að hæstv. ráðherra lýsir því yfir að hann muni geta notað mig Norðurlandasamstarfið og ég kvaka og þakka.

[18:52]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Þessi umræða er orðin nokkuð löng eins og vera ber. Ég ætla ekki að lengja hana meira en góðu hófi gegnir.

Ég vil aðeins geta þess að í dag hefur lítil umræða orðið um nokkuð sem fjallað er um í ræðu hæstv. utanrrh., þar sem hann getur um sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnu ESB og áform um að flytja Vestur-Evrópusambandið inn í ESB. Ég ætla ekki að lengja þá umræðu en vil aðeins geta þess að áhyggjur ráðherrans af þessari þróun eru réttmætar og ég tel að Íslendingar verði að passa vel upp á að þeir verði ekki skildir eftir ásamt öðrum NATO-þjóðum sem standa utan Evrópusambandsins í einhverju tómarúmi þegar kemur að umræðum um öryggishagsmuni Evrópu.

Það sem mig langar til að gera að umræðuefni í lokin eru umhverfismálin. Hér í dag hefur mikið verið komið inn á umhverfismálin og ég sakna þess svolítið að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er ekki viðstödd. Hún hefur fjallað meira en aðrir þingmenn um umhverfismál og umhverfismálin koma vissulega til umfjöllunar í ræðu hæstv. utanrrh. og með mjög athyglisverðum hætti.

Þar er réttilega bent á að umhverfismálin eru samofin öryggismálunum og við þurfum að gæta mjög vel að því að tryggja öryggishagsmuni okkar með samstarfi á alþjóðlegum

vettvangi. Það er ljóst að við eigum sameiginlegra hagsmuna að gæta á norðurslóðum með Evrópusambandsríkjunum sem leggja nú, undir forustu Finna, mikla áherslu á þessa norrænu vídd. Við eigum mjög sterkra hagsmuna að gæta innan Norðurskautsráðsins. Þó Bandaríkjamenn hafi hafi heldur haldið sig til hlés í því samstarfi þá vona ég að fram undan séu betri tímar.

Ég vil aðeins koma inn á Kyoto-bókunina og samkomulagið um lofthjúpinn. Mér finnst lofsvert að menn hafi áhyggjur af umhverfismálum og ekki síst af mengun lofthjúpsins. Það er full ástæða til þess og ég hef einnig áhyggur af þeirri mengun. Þá er ég ekki að tala um gróðurhúsaáhrifin, ekki beinlínis, vegna þess að það hefur ekki tekist að sanna að gróðurhúsaáhrifin séu staðreynd. Það eru reiknilíkön sem hafa styrkt sig ár eftir ár þannig að líkurnar á að hér séu gróðurhúsaáhrif hafa aukist. Við erum nær því en áður að geta leitt sterk rök að því. En jafnvel þó litið væri fram hjá gróðurhúsaáhrifunum, sem eru mjög alvarleg ef þau eru staðreynd, þá er það staðreynd að brennsla jarðefna veldur gífurlegri mengun í heiminum og svo alvarlegri staðbundinni mengun að það verður að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að fólk bíði ekki beinan heilsuskaða af.

Ég vil benda á — og enn sakna ég hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur — að höfuðmengunarvaldur að því er varðar lofthjúpinn, gróðurhúsalofttegundirnar, er orkuframleiðslan í heiminum. Orka framleidd með brennslu jarðefna, brennslu kola, olíu og gass er höfuðmengunarvaldurinn í lofthjúpnum. Þess vegna verða menn, þegar þeir tala um Kyoto-samkomulagið og möguleikana á að vinna bug á þessum vanda, að skoða samkomulagið mjög náið og gera grein fyrir því hvernig orkuöflunarþróunin á að vera til að samræmast þeim markmiðum sem sett eru fram í Kyoto-samkomulaginu. Ég benti á þetta í ræðu minni áðan, sem reyndar var andsvar, að það vantar mikið á að samræmi sé á milli stefnu Evrópuríkjanna, svo við tökum dæmi, í orkumálum og hins vegar í umhverfismálunum.

Það vantar mikið upp á að umhverfissamtök og stjórnmálaflokkar sem byggja hugmyndafræði sína í kringum umhverfismál sýni fram á að þeir taki tillit til þess hvaða áhrif orkuvinnslan sjálf, orkulindirnar sem nýttar eru, hefur á lofthjúpsmálin. Ég skal gefa dæmi. Það er mikið barist gegn kjarnorkuvinnslu, þ.e. raforkuframleiðslu með kjarnaofnum, víða í Evrópu. Sú barátta er rekin af umhverfissamtökum og stjórnmálasamtökum sem setja umhverfismál á oddinn. Spurningin sem vaknar er þessi: Hvað mundi koma í staðinn fyrir kjarnorkuna ef kjarnorkuframleiðslan yrði minnkuð? Það liggur ljóst fyrir að vatnsorkan getur komið í staðinn fyrir hluta af þeirri orku sem framleidd er með kjarnorku, vindorka hefur mjög litla möguleika, sólarorka afar takmarkaða og jarðvarmi sem finnst eiginlega alls staðar í heiminum í heitum jarðlögum er enn svo firnadýr orka að hún mun sennilega ekki leysa þennan vanda að nema að litlu leyti eftir fjölda ára.

Þá er spurningin: Er æskilegt frá sjónarmiði umhverfismála að kjarnorkan verði minnkuð og í staðinn komi gas-, kola- og olíubrennsla? Það er mjög hæpið. Það mundi alla vega koma gersamlega í veg fyrir að menn gætu staðist kröfur Kyoto-bókunarinnar.

Eigum við að líta yfir sviðið og sjá hversu mikilvæg kjarnorkan er? Finnland framleiðir 27% af raforku sinni með kjarnorku. Svipað er það með Þýskaland, Bretland og Spán. Síðan koma mörg lönd í Evrópu: Ungverjaland, Slóvenía, Búlgaría, Úkraína og Sviss ásamt svo því fjarlæga landi Japan, sem láta kjarnorku standa undir frá 36 upp í 40% af allri raforkuvinnslunni. Þá á eftir að nefna Evrópuríkin þrjú sem eru með mesta kjarnorkuvinnslu, þ.e. Belgía með 55%, Frakkland með 76% og á toppnum er Litháen með 77% af raforkuframleiðslunni í gegnum kjarnaofna. Bandaríkin eru til þess að gera með litla framleiðslu, þau eru með 19% sem er samt gífurlega mikið. Þessar tölur segja okkur að ef menn fara þá leið sem Svíar hafa farið, að lýsa því yfir að þeir ætli að loka kjarnorkuverum sínum og Þjóðverjar eru að takast á um, þá þarf að fylla upp í ærið stórt gat. Það eru engar áætlanir sem sýna fram á annað en að það yrði að mestu leyti fyllt með brennslu jarðefna.

Það er rétt að menn horfist í augu við þessa staðreynd vegna þess að ef þessum áformum verður hrundið í framkvæmd þá standa menn uppi með mikinn loftslagsvanda. Og er þetta æskileg þróun? Nú þorir enginn, vegna áróðurs gegn kjarnorku, að fjárfesta í kjarnorkuvinnslu, enginn, í friðsamlegri notkun kjarnorkunnar. Hvergi í Evrópu eru menn virkilega að fjárfesta í þessu. Og hvers vegna? Það er vegna þess að áróðurinn er svo harður gegn kjarnorkunni. Engu að síður er alveg ljóst miðað við þessar prósentutölur sem ég hef minnst á hér að lífsnauðsyn er, líka út frá Kyoto-prótókollinum, að stórbæta kjarnorkuvinnsluna. Hún er óviðunandi eins og hún er nú. Hún er náttúrlega gjörsamlega óviðunandi í Austur-Evrópu, en hún er líka óviðunandi í Vestur-Evrópu miðað við geislavirka kjarnorkuúrganginn sem menn leggja frá þessum kjarnorkuverum, eða endurnýta, sem er nú ekki góð aðferð heldur. Alveg öfugt við það sem mörg umhverfissamtök og stjórnmálaflokkar sem berjast fyrir umhverfismálum eru að segja þá er nauðsynlegt að fjárfesta í betri tækni í kjarnorkuiðnaðinum vegna þess að það er ekki fyrirsjáanlegt að menn geti lagt þennan iðnað niður öðruvísi en þá með því að auka útblástur mengandi gastegunda.

Mér finnst alla vega, þegar menn tala um þessi mál, að nauðsynlegt sé að horfast í augu við þessa hlið málsins. Það er nauðsynlegt að horfast í augu við þessa hlið málsins af því að orkumálin og umhverfismálin eru ekki einföld. Þau eru í raun afar flókin og það er alveg eðlilegt að gera þá kröfu til ríkja, eins og t.d. ESB ríkjanna, að þau geri grein fyrir því hvernig þau hafa hugsað sér að framfylgja stefnu einstakra ríkja án þess að auka brennslu jarðarinnar. Þau hafa skuldbundið sig með undirritun í Kyoto til þess að minnka brennslu jarðefna.

Þar af leiðandi finnst mér að við getum horft á stefnu íslenskra stjórnvalda í þessu máli í ljósi þessara staðreynda. Þá finnst mér að við eigum ekki að gera lítið úr þeim vilja íslenskra stjórnvalda að nýta umhverfisvæna orku. Því eru sjálfsagt takmörk sett hvað er hægt að nýta vatnsorkuna mikið. En því eru líka takmörk sett hvað er hægt að nýta vindorku. Nú er svo komið á vissum stöðum í Danmörku að það er farið að berjast gegn vindorku vegna þess að möstrin eða myllurnar eru orðnar svo margar að þær eru farnar að valda því sem kallast sjónmengun þar og svipuð staða er reyndar komin upp á vissum svæðum Þýskalands. Það er alveg ljóst að vindorkan hefur mjög takmarkaða möguleika á meðan ekki er hægt að geyma orku. Á meðan ekki er hægt að geyma orkuna þá hefur vindorkan kannski möguleika einhvers staðar á bilinu 8–13%. Evrópubandalagið hefur sett sér það markmið að koma því upp í 13% en er mjög langt frá því.

Ég vildi aðeins bæta þessu við vegna þess að mér finnst að það hafi verið veist hér að hæstv. utanrrh. í umhverfismálum með mjög ósanngjörnum hætti og að afstöðu ríkisstjórnarinnar til Kyoto-bókunarinnar með afskaplega óraunsæjum hætti og ósanngjörnum. Þeir sem það gera verða a.m.k. að gera svo vel og svara því hvernig þeir tengja saman orkumálin og umhverfismálin. En þeir hafa ekki minnst á það í þessari umræðu.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram vegna þess að umræðan um umhverfismálin er svo sannarlega mjög mikilvæg og kannski eitt af mikilvægustu utanríkismálum sem við fjöllum um. Þess vegna er afar brýnt að við tökum höndum saman og reynum að koma þessari umræðu niður á einhvern raunsæjan grundvöll.

[19:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál núna, aðeins að víkja að Evrópumálunum. Ég tek undir það með hv. þm. Tómasi Inga Olrich að það er mikilvægt að umræða um umhverfismál fari fram á málefnalegu plani. Þetta eru orð að sönnu. Þetta er einn mikilvægasti málaflokkur utanríkismála.

En mig langaði til að víkja aðeins að Evrópumálunum. Í ræðu sinni bendir hæstv. utanrrh. réttilega á að það eru að eiga sér stað breytingar innan Evrópusambandsins. Fyrirsjáanleg er stækkun bandalagsins, til sögunnar er kominn sameiginlegur gjaldmiðill, evran, og þar fram eftir götunum. *Í ljósi þessara hræringa og breytinga leggur hæstv. utanrrh.* til að gerð verði hlutlaus úttekt þar sem farið verði yfir starf Evrópusambandsins lið fyrir lið, eins og segir í hans skýrslu.

Sannast sagna þá stóð ég í þeirri meiningu að stöðugt væri verið að gera slíka úttekt. Á vegum utanrrn, á vegum ráðuneyta, á vegum stofnana samfélagsins eru menn að velta vöngum yfir kostum og göllum aðildar að hinu Evrópska efnahagssvæði, Evrópusambandinu eða öðrum kostum. Þessi umræða fer stöðugt fram í þjóðfélaginu og á stöðugt að fara fram í þjóðfélaginu. Ég held að fáir aðilar hafi hvatt eins mikið til umræðu um Evrópumálin og sú hreyfing sem ég tilheyri, Vinstri hreyfingin – grænt framboð. (**Utanrrh.:** Ha!) Fáir aðilar hafa hvatt af eins miklum krafti til umræðu um Evrópumálin og okkar hreyfing hefur gert. Hún hefur ekki gert það samkvæmt þeim formúlum sem hæstv. utanrrh. vill að þessi mál séu rædd, en hún hefur hvatt til þessarar umræðu. Og það er ekki rétt sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að það ríki eindrægni í þjóðfélaginu og menn séu almennt sammála um að hið Evrópska efnahagssvæði hafi veitt okkur ávinning og ekkert annað en ávinning, eins og kom fram í hennar máli að væri ekki umdeilt. Það er umdeilt. Ég hef t.d. gagnrýnt aðild okkar að EES og tel að við eigum að reyna að þróa það inn á aðrar brautir en það hefur þróast. Ég tel að samningurinn um EES þrengi um of að lýðræðinu á Íslandi. Ég tel svo vera. Ég hef margoft sagt það, skrifað um það margar blaðagreinar og ég er ekkert einn á báti í þeim efnum. Þjóðin skiptist í fylkingar gagnvart afstöðunni til Evrópusambandsins vegna þess að þessi umræða er ekkert í einhverju tómarúmi. Menn eru að taka afstöðu til þessara mála öllum stundum. Þjóðin skiptist í þrjár fylkingar í grófum dráttum. Þeir sem vilja sækja um aðild að Evrópusambandinu er ein fylkingin og merkjamál hennar til að koma þessum boðskap á framfæri er að segja: „Evrópumálin eru á dagskrá.“ Auðvitað er umræða um Evrópusambandið og Evrópumálin á dagskrá og búin að vera það öllum stundum með þjóðinni allri. En á máli stjórnmálanna, á merkjamáli stjórnmálanna, þýðir þetta að menn vilji sækja um aðild að Evrópusambandinu. Síðan hafa menn reynt að snúa út úr þessu á alla vegu og kanta, þ.e. hvort menn vilji ekki virkilega ræða um Evrópusambandsmálin, þegar þetta er hin raunverulega merking. Evrópusambandið á dagskrá þýðir í reynd að menn vilji sækja um aðild og láta reyna á þá þætti sem eru umdeildastir. Við erum sennilega öll sammála um að við viljum standa vörð um okkar sjávarútvegshagsmuni og það að láta reyna á aðild er væntanlega að kanna hvort við náum ásættanlegum samningum um það efni. Það er það sem menn vilja láta gera. En menn vita að öðru leyti nokkurn veginn að hverju þeir ganga. Þeir eru að ganga inn í þennan almenna markaðssáttmála og leggjast síðan undir reglugerðarverkið. Þeir vilja taka þessu og færa lýðræðisleg rök fyrir máli sínu og segja: „Með þessu móti er líklegra að við getum haft áhrif á framvinduna. Við erum þá *komin inn í hin lýðræðislegu batterí.*“

Síðan er það hin fylkingin sem telur að lýðræðinu sé ekki vel borgið með þessum hætti, að við fáum litlu þokað, þessi litla þjóð okkar, og að það séu hagsmunir Íslendinga að standa sem sjálfstæð þjóð í samfélagi þjóða, og það er einmitt sá þáttur sem er víkjandi í starfi Evrópusambandsins. Menn voru að ræða það um daginn í Helsingfors að það væri fyrirsjáanlegt innan Evrópusambandsins að neitunarvald einstakra ríkja væri víkjandi t.d. Og þá erum við komin nær því sem er fyrirsjáanlegt að mínum dómi að gerist, þ.e. *að Evrópusambandið hafi að geyma einstaklinga á markaði* þar sem ráðandi pólitískt afl í sífellt ríkari mæli verði þingið, Evrópuþingið, en þjóðríkið verði víkjandi. Ég hef efasemdir og miklar efasemdir um að hagsmunum Íslendinga verði best borgið með þeim hætti. Þetta er sem sagt hin fylkingin sem er andvíg því að við látum reyna á aðild af þessum sökum. Við teljum að lýðræði á Íslandi og hagsmunum Íslendinga verði ekki best borgið með þessu, alls ekki.

Síðan er hópur sem hefur hugsanlega ekki áhyggjur af stöðunni og vill bíða átekta. Ég heyri til þeim hópi sem vill reyna strax að við fetum okkur inn á þá braut að þróa EES-samninginn í átt til tvíhliða samnings. Mér hugnast t.d. miklu betur það fyrirkomulag sem Svisslendingar búa við. Þeir hafa tekið margt úr reglugerðarverki og samþykktum Evrópusambandins en eru ekki í skuldbindandi samstarfi. Þeir eru það ekki. Mér finnst mjög mikilvægt að þessi umræða fari fram af heiðarleika og menn segi raunverulega hvað vaki fyrir þeim vegna þess að mér finnst þessi umræða ekki vera heiðarleg. Mér finnst sama gæta í þessari umræðu og hefur stundum gætt t.d. í einkavæðingarumræðunni. Þar sem menn vita að þetta er viðkvæmt deilumál með þjóðinni, að t.d. einkavæða bankana á sínum tíma, einkavæða Landssímann o.s.frv., þá er alltaf byrjað á sama hátt. „Við erum bara að skoða málin. Við erum bara að kanna málin. Við erum bara að breyta rekstrarforminu. Það á ekkert að selja.“ Síðan er náttúrlega búið að selja. Það var verið að ganga frá sölunni á FBA í gær og nú segja allir sem sögðu að Landssíminn yrði aldrei seldur: „Auðvitað á að selja hann.“ Auðvitað vissum við þetta. Við bentum á þetta hér úr þessum ræðustól. Og nú segja menn: „Við erum bara að gera úttekt. Við erum bara að kanna málin. Við erum bara að skoða málin.“

Ég geri mér grein fyrir því að innan ríkisstjórnarinnar er ekki samstaða um framhaldið. Það hefur ekki reynt á það. En það er ekki að skilja af málflutningi hér að menn séu sammála hvert skuli halda í þessum efnum. En það er

þetta sem að sætir tíðindum og er pólitískt mikilvægt. Og þess vegna er ekkert óeðlilegt að menn ræði það, og ráði í orðsendingar hæstv. utanrrh., að það er í þessu samhengi sem ber að skoða hlutina, í því samhengi að það er stöðugt og alla daga og allar vikur og alla mánuði verið að gera þessa úttekt. Við erum að vega og meta kosti. Að sjálfsögðu erum við að gera það. En þegar menn kjósa að segja hlutina eins og nú er gert, að þetta sé á dagskrá, þá eru menn að senda út pólitíska merkjasendingu. Þannig hef ég skilið þetta.

Ég vil hvetja til þess að þessi umræða fari fram á heiðarlegum nótum, að menn segi hug sinn í þessum efnum. Vilja menn sækja um aðild að Evrópusambandinu, eins og mér skilst að margir innan Samfylkingarinnar t.d. vilji? (**RG:** Menn vilja umræðu um það. Fólk getur ekki ...) Já, við erum að taka þátt í slíkri umræðu öllum stundum. (**RG:** Nei.) Erum við ekki að gera það?

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir segir að við viljum ekki umræðu um þetta. Við erum öllum stundum að ræða þessi mál. Við erum að ræða kosti og galla samvinnunnar við Evrópusambandið. Ég hef bent á og gagnrýnt EES-samninginn. Við vildum t.d. mikla umræðu um EES-samninginn á sínum tíma. Ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. neitaði okkur um að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu, neitaði okkur um slíka umræðu, því miður. Ég hef verið hvatamaður þess að slík umræða fari fram um alla þessa þætti öllum stundum.

En auðvitað vitum við nákvæmlega hvernig þetta landslag er. Hvað er það sem menn ekki vita? Vilja menn koma hér upp í stólinn og segja mér það. Hvað er það sem við ekki vitum? Það sem við ekki vitum eða menn telja sig ekki vita er fyrst og fremst eitt. Það eru margir sem telja það ekki fullreynt að við náum ekki samkomulagi um sjávarútvegsmálin. Það er það sem menn telja sig ekki vita. Er það ekki rétt hjá mér? Ég vona að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir komi upp og skýri þetta fyrir mér. Ég er að spyrja hvort ekki sé rétt að það sem menn telja sig ekki vita er hvort við náum ásættanlegu samkomulagi um sjávarútvegsmálin. Annað þekkjum við fullkomlega.

Þarna er ég að leggja áherslu á að við skiptumst í fylkingar, annars vegar þeir sem vilja láta reyna á aðild að bandalaginu og hins vegar eru hinir sem vilja reyna að þróa þetta samstarf í átt til tvíhliða samkomulags.

[19:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom víða við í ræðu sinni en flestöllu sem laut að Evrópumálunum er ég andsnúinn. Þó er það eitt sem ég vildi koma hér upp til þess að taka undir með hv. þm. Hann geindi frá því að mikil umræða hefði verið um aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég var þá í stjórnarliði sem fylgdi því máli og var ákaflega glaður yfir því að um það náðist að lokum góð sátt meðal þjóðarinnar. En ég held eftir á að hyggja að rétt sé hjá hv. þm. að það hefði átt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál. Ekki vegna þess að ég telji að þar hafi verið um slíkt framsal á fullveldi að ræða að það væri nauðsynlegt heldur er ég orðinn þeirrar skoðunar að í vaxandi mæli eigi að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla um slík mál. Ég vil upplýsa hv. þm. um að einmitt umræður um hvort þjóðaratkvæðagreiðsla hefði átt að fara fram um þetta tiltekna mál urðu til þess að hugsun mín um gildi þjóðaratkvæðagreiðslu og reyndar fulltrúalýðræðis gjörbreyttist. Þetta vildi ég láta koma fram.

Ég er hins vegar ósammála hv. þm. um að þetta mál sé stöðugt á dagskrá og menn séu jafnan að ræða um þetta. Svo kann að vera innan samtakanna sem hv. þm. tilheyrir þó að ég hafi frekar talið mig verða þess áskynja að þar ríki það mikil eining um málið að ekkert þurfi að ræða það vegna þess að menn eru þar alfarið á móti því. En ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að hæstv. forsrh., sem er öflugur maður í þjóðlífinu eins og hv. þm. veit, gekk fram fyrir skjöldu ekki alls fyrir löngu, fyrir nokkrum missirum og sagði: Þetta mál er ekki á dagskrá. Það boð hefur gengið út frá forustu Sjálfstfl. að aðild að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá. Þegar við hefur legið að samþykktur hafi verið stuðningur við aðildarumsókn, til að mynda hjá Samtökum ungra sjálfstæðismanna fyrir nokkrum árum, þá fór forusta flokksins hamförum til að ýta málinu út.

Það er þetta sem ég tel að hafi komið í veg fyrir að mikil umræða hafi verið um málið á síðustu árum. Ég er þess vegna ósammála hv. þm. um að slík umræða hafi farið fram.

[19:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki hafa mörg orð um þetta. Batnandi manni er best að lifa varðandi yfirlýsingu hv. þm. um EES að rétt hefði verið að fara með það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Gott að heyra það sjónarmið. Um þetta erum við sammála.

Ég er honum líka sammála um að æskilegt væri að fá sem kröftugasta umræðu um Evrópumálin í þjóðfélaginu, ég tel það vera gott. En menn eiga að koma heiðarlega fram í þeirri umræðu og segja hug sinn í því efni vegna þess að við vitum nokkurn veginn hvernig landið liggur. Menn telja vera grátt svæði hvað sjávarútvegsmálin snertir, ýmsir telja það. Ég tel þetta vera nokkuð skýrt. En að öðru leyti er ljóst hverjir valkostirnir eru og mér finnst ekki ganga að stjórnmálamenn komi þannig fram mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, að segja að það séu svo mörg spurningarmerki að þeir geti ekki gert upp hug sinn. Það væri fróðlegt að heyra hv. þm. Össur Skarphéðinsson segja okkur tæpitungulaust hvað hann vill gera. Vill hann að við göngum í Evrópusambandið?

[19:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er orðinn hálfþreyttur á því að standa hér frammi fyrir hv. þm. sem nú tilheyra Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og upplýsa þá um hug minn í þessu máli. Ég er eini þingmaðurinn held ég sem hef ár eftir ár staðið hérna og sagt að ég tel að við eigum að láta reyna á umsókn.

Hv. þm. er kannski nálægt kjarna skilnings á málinu, og nær því en ég taldi. Hann orðaði það svo að menn hefðu litið svo á að það væri einmitt afstaðan til sjávarútvegsmálanna sem gerði það að verkum að þetta væri a.m.k. á gráu svæði. Það er málið. Það er á gráu svæði. Það er nefnilega ekki rétt sem margir halda fram að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna ESB útiloki það fyrir fram að við getum orðið aðilar að Evrópusambandinu. En ég tiltek sérstaklega að í forustu Sjálfstfl. hafa menn ítrekað nefnt nákvæmlega það atriði. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að um sé að ræða í besta falli misskilning hjá þeim sem halda því fram.

Ég hef reyndar reynt að brydda upp á umræðu um þetta mál í þinginu í fyrri umræðum um utanríkismál vegna þess að ég er þeirrar skoðunar og gæti í mun lengra máli fært rök fyrir því, að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna sé ekki sá

ásteytingarsteinn sem menn telja. Jafnvel þó að hún væri það, herra forseti, þá tel ég með vísan t.d. til þeirra samninga sem tókust um landbúnað á ákveðnum svæðum Norðurlandanna að hægt væri að semja sérstaklega um það. Þess vegna þurfum við umræðu. Við þurfum að fá úttekt á kostum og göllum aðildarinnar sem ekki tókst að fá fram í þeirri ríkisstjórn sem *ég sat í en hæstv. utanrrh. hefur bersýnilega tekist að* þessu leytinu að koma vitinu fyrir samstarfsflokkinn vegna þess að nú hefur verið fallist á að gera slíka skýrslu. Og væntanlega kemur þá í ljós, herra forseti, hvort þessi sameiginlega sjávarútvegsstefna útilokar það fyrir fram að við eigum þarna betra samstarf við Evrópu.

[19:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg rétt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir á að hann hefur alltaf komið hreint fram í þessu máli. Hann hefur viljað að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópusambandinu og málflutningur hans hefur verið skýr, þetta er alveg hárrétt.

Annars hefur verið skemmtilegur samhljómur hér milli Framsfl. og ýmissa talsmanna Samfylkingarinnar, sérstaklega að því leyti sem fram kom áðan, að þeir eru með skot og skeytasendingar í garð flokks míns, sem þeir þykjast ekki muna hvað heitir, þeir svona stama sig fram úr heitinu. Hann heitir Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Heitið er skýrt og málflutningurinn og málstaðurinn einnig.

[19:24]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp að gefnu tilefni þar sem kallað var eftir viðbrögðum frá mér af hv. þm. Ögmundi Jónassyni. En það er fremur hvimleitt þegar maður hefur verið í umræðum í máli og sett fram alveg skýra skoðun þegar einhver kemur síðar inn í umræðuna og þykist ekkert vita hvaða afstöðu maður hafi til málsins.

Ég tók sérstaklega undir þann kafla í ræðu utanrrh. þar sem hann talar um að gera hlutlausa úttekt þar sem farið verður yfir starf Evrópusambandsins þar sem hægt sé að draga fram hver staða Íslands verður án samninga, hvernig samstarfssamningurinn Schengen og aðrir samningar nýtast okkur og hver bein áhrif yrðu af því að Ísland væri aðildarríki. Ég benti sérstaklega á að það þyrfti að skoða hver yrði staða Íslands ef Sviss og Noregur ættu *eftir að fara á* næstu árum inn í Evrópusambandið en Ísland ekki vegna kostnaðar við EES-samninginn.

Að því leyti hefur afstaða okkar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar ekki verið hin sama. Hann hefur verið afdráttarlaust þeirrar skoðunar að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég hef viljað að skoðaðir yrðu kostir þess og gallar og að því loknu mundi ég taka afstöðu. Þessu lýsti ég hér í dag. Ég hef því ekki verið ein þeirra sem hafa lýst því fyrir fram, áður en dæmið væri skoðað, að ég vildi fara þarna inn. Þetta hefur verið skýrt af minni hálfu, ævinlega. Og mér sýnist, af því að þingmaðurinn var að ræða það, að einmitt í þessari afstöðu sé e.t.v. samhljómur á milli mín og hæstv. utanrrh. ef það gleður þingmannsins hjarta.

[19:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað á alla þessa umræðu, hvert einasta orð sem hér hefur verið sagt. Það hef ég gert bæði hér í þingsalnum og ég hef gert það á skrifstofu minni og heyrði þar á meðal ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur frá orði til orðs. Ég var að gagnrýna einn þátt þeirrar ræðu, þá staðhæfingu sem fram kom hjá hv. þm. að aðildin að EES væri óumdeild. Og hún vitnaði þar til fundar með fulltrúum Samtaka iðnaðarins. Ég gagnrýndi þetta í ræðu hennar, ég vil að það komi fram.

Það sem ég var hins vegar að vekja athygli á í ræðu minni var að megindrættirnir gagnvart Evrópusambandinu í *samskiptum Íslands og Evrópusambandsins liggja að mínum* dómi fyrir. Það er alveg rétt. Það er hægt að gera úttekt á tilkostnaði við EES. En stóru málin, stóru drættirnir liggja ljósir fyrir að mínum dómi þótt einhverjir telji álitamál vera uppi gagnvart sjávarútvegsstefnunni. Ég var að reyna að færa rök fyrir því að það væru þrjár fylkingar, í fyrsta lagi sú fylking sem vildi láta reyna á aðildarumsókn og sjá hvað við fengjum fram með því móti, síðan væru þeir sem vildu bíða átekta og í þriðja lagi hinir, og ég tilheyri þeim, sem vilja strax reyna að þróa þetta samstarf í átt til tvíhliða samnings.

[19:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mín skoðun að flestir þeir sem höfðu efasemdir á þeim tíma þegar EES-samningurinn var gerður hafi skipt um skoðun í dag þó að það eigi ekki við um hv. þm. og fleiri sem hann vísar til. Það er ekki skoðun viðræðuaðila minna hjá Samtökum iðnaðarins sem hins vegar deila þeirri skoðun minni að þessi samningur hafi sennilega verið sterkasti áhrifavaldur þeirrar uppsveiflu sem við náðum upp á síðasta kjörtímabili.

Ég vil síðan bæta við það sem ég nefndi áðan, herra forseti, þegar ég var að tala um afstöðuna til hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu og af því að hv. þm. spurði mig sérstaklega um sjávarútvegsstefnuna, þá vil ég vísa til þess að þrátt fyrir að það sé stóra málið sem ævinlega hefur verið dregið fram í umræðunni þá nefndi hæstv. utanrrh. í kjölfar landsfundar flokks síns sl. haust einn möguleika sem lítið hefur verið ræddur síðan en það er nefnilega möguleikinn á að fá eitthvert afmarkað hafsvæði á Norður-Atlantshafi undanskilið sjávarútvegsstefnu sambandsins. Ég nefni þetta sérstaklega til að undirstrika umræðuna um hvað yrði ef við færum inn og hver staðan er. Geta menn vitað allt fyrir fram? Menn vita það ekki fyrir fram. Það þarf að fara í þá skoðun, það þarf að gera úttekt og kanna hvaða möguleikar eru í boði *til að fólk geti tekið heilsteypta afstöðu.*

[19:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur það sannast sagna ekki mjög á óvart að Samtök iðnaðarins eða fulltrúar þeirra samtaka skuli ánægðir með hið Evrópska efnahagssvæði. Gagnrýni mín lýtur fyrst og fremst að því að ég tel að samningurinn um EES hafi þröngvað okkur út í að markaðsvæða samfélagið í ríkari mæli en ég tel vera heppilegt. Við erum nú að sjá afleiðingar þessa í einkavæðingu og því hvernig markaðsöflin fara með samfélag okkar.

Ég tel að í samfélaginu á Íslandi sé miklu meiri gagnrýni á EES en margur ætlar. Eftir að við gengum inn í þetta samkomulag og tókum á okkur skuldbindingar sem því fylgja þá hafa menn ekki séð hvernig þeir fái vikist undan þeim. Við erum að leggja það til í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að strax hefjist vinna í að reyna að þróa þetta í átt til tvíhliða samkomulags þar sem við næðum niðurstöðu sem ekki þrengdi að lýðræðinu í landinu. Ég hef stundum tekið sem átakanlegt dæmi um tilraunir okkar til að sveigja samninginn til, jafnvel fara á bak við hann, smíðina á varðskipinu

sem er allt í einu orðið hernaðarleyndarmál sem af þeim sökum verður að smíða á Íslandi. Auðvitað er þetta átakanlegt og næstum því hlægilegt. En þarna kemur glögglega fram á hvernig markaðssáttmálinn hefur þrengt að lýðræðinu í landinu.

[19:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem ég tel að hafi verið mjög gagnleg. Ég ætla ekki að rifja hér upp einstök mál en reyna að svara nokkrum atriðum sem ekki hafa komið fram. Ég tel að þessi umræða hafi sýnt að það er mikill vilji fyrir því að hér fari fram umræða um stöðu okkar í Evrópu sem skiptir okkur miklu máli.

Nú liggur ljóst fyrir að ég var þeirrar skoðunar gera þyrfti samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði en ég var hins vegar einnig þeirrar skoðunar að á þeim samningi væru ýmsir gallar. Þannig er með alla samninga, þeim fylgja bæði gallar og kostir. Ég hélt uppi málefnalegri gagnrýni á þessa ágalla og tel að þeir hafi komið fram, jafnvel í meira mæli en ég gerði ráð fyrir þá. Ég er ekki að ásaka neinn í því sambandi. Ég hef hins vegar séð að ýmislegt af því sem menn héldu fram að væri til hagsbóta fyrir Ísland hefur ekki orðið það. Þessi samningur er staðreynd og með þessu er ég ekki að halda því fram að rangt hafi verið að gera þennan samning. Ég hefði hins vegar viljað sjá hann betri, eins og menn vilja almennt sjá samninga. Menn skrifa undir samninga vegna þess að þeir telja sig þurfa að standa að málum með þeim hætti en vildu hafa séð þá enn betri. Það á ekki bara við um alþjóðlega samninga, það á við um kjarasamninga og ýmsa aðra samninga á milli manna.

Ég tel að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi rætt þessi mál málefnalega og í öðrum tón en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En þó virðist mér hann hafa rangt fyrir sér í einu. Hann talar um að hann vilji heiðarlega umræðu. Hann kemur fram eins og hann sé hinn heiðarlegi maður en einhverjir aðrir með óheiðarlega umræðu. Nú er það ekki svo, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að hægt sé að skipta slíku stórmáli í ákveðnar fylkingar og einhverja kassa, mála þetta í svarthvítu. Ég vil, segir hv. þm., vera í kassanum sem vill þróa þessa samninga í átt að tvíhliða samningum.

Nú má vel vera að menn taki þá afstöðu. En það er ekki svo einfalt. Við höfum innleitt í löggjöf okkar mjög mikið af gerðum Evrópusambandsins. Þessar gerðir og innri markaðurinn munu halda áfram að þróast og fram hjá því verður ekki gengið. Málið er ekki þannig að það sé hægt að búa til þrjár fylkingar og segja: Við viljum að fólk sé heiðarlegt, annaðhvort í fylkingunni okkar eða hinum ljótu kössunum tveimur. Þannig er ekki lífið. Ég er hér einfaldlega að leggja til og margir taka undir það að við förum yfir þetta mál. Auðvitað erum við alltaf að fara yfir það. Við verðum að horfast í augu við kosti þess og galla. Það eru óskaplega margir gallar á því að þróa þetta til tvíhliða samstarfs. Það eru að sjálfsögðu líka stórir gallar við að þróa samninginn í átt að aðild að Evrópusambandinu. Ég geri mér það fullkomlega ljóst.

Ég tel heiðarlegt að leggja þetta fyrir eftir bestu getu þannig að þjóðin geri sér betur grein fyrir stöðunni. Þar munum við ekki einir verða ráðandi eins og hv. þm. lætur í skína, að hann vilji hafa samning sem þrengi ekki að lýðræðinu. Hann sér Ísland utan við kapítalismann og það geti staðið eitt, óháð hinu alþjóðlega fjármagnskerfi og óháð hinu alþjóðlega markaðskerfi. Það getum við því miður ekki ef við viljum vera hluti af hinu alþjóðlega samfélagi. Ef við viljum þróa allt öðruvísi samfélag en gengur og gerist í kringum okkur þá getum við það. En ég skal lofa hv. þm. því að þá munu kjör okkar versna mikið og meira en hann gerir sér í hugarlund.

Umræðan er mikilvæg en í guðanna bænum þá bið ég hv. þm. að ganga ekki út frá því að hann sé að tala hér við óheiðarlegt fólk eins og mér finnst hann gera og hv. þm. Steingrímur Sigfússon gerði í enn meiri mæli. Hann vill ekki taka það sem gott og gilt sem sagt er heldur þarf að færa það í einhvern annan búning. Það er sjálfsagt sérstök orðabók í þessum annars sjálfsagt ágæta flokki, sem ég ætla ekkert að dæma fyrir fram, þar sem menn geta lesið þýðingar á öllu. Menn koma hér með allar ræður sem ég hef haldið undanfarin ár, lesa upp úr þeim og fletta sjálfsagt upp í þessari orðabók vinstri grænna og segja alþjóð hvað orð mín þýði, hvað ráðherrann sé að segja. Þetta er málflutningur sem mér finnst utan við allan raunveruleika eins og mér hafa fundist ræður hv. þm. sem tilheyra þessum flokki — nema þessi síðasta ræða hv. þm. Ögmundar Jónassonar, hún var þó ágæt tilraun til að ræða málið málefnalega. Mér finnst það mjög virðingarvert og þakkarvert. Ég efast ekkert um heiðarleika hv. þm. þó ég sé honum ósammála. Hann getur ekki krafist þess að skipta þjóðinni upp í ákveðin box og að hann vilji hafa með eitt boxið að gera.

Þetta er að vísu háttur flokka á þessum væng stjórnmálanna. Þeir vilja staðsetja sig á vinstri kantinum, eru úti í jaðrinum á móti því sem almennt er að gerast og vilja þá hafa hina annars staðar til að fá sem skýrasta línu. Þeim líkar ekki að hafa eitthvað óskýrt. En lífið er því miður stundum óskýrt og ég fæ því ekki ráðið. Þar ráða aðrir.

Út af spurningum sem hér hafa komið fram tel ég að ég hafi komið inn á flest þau atriði. Ég vildi þó segja, út af spurningu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um mannréttindaráðið, að ég sagði í febrúar að til greina kæmi að Ísland sæktist eftir sæti í mannréttindaráðinu til að hafa aukin áhrif á mannréttindaumræðuna á alþjóðavettvangi. Við sögðum á fundi í sumar, á vettvangi Norðurlandasamstarfsins, að við mundum taka þetta upp þegar að okkur kæmi í framtíðinni. Ég skal hins vegar játa að við höfum takmarkaða möguleika til að sinna mörgu í einu. Við höfum haft margvíslegt samstarf á alþjóðavettvangi og forustu en það eru takmörk fyrir því hvað þessi litla utanríkisþjónusta getur sinnt mörgu í einu.

Við höfum t.d. verið beðin um að taka við forustu í Norðurskautsráðinu. Við erum mjög hikandi í þeim efnum þó við viljum það gjarnan og teljum að við séum betur hæf til þess á síðari stigum. Það er mikilvægt að við getum sinnt þessum málum af fullri reisn vegna þess að ef við gerum það ekki þá stöndum við ekki undir þeim væntingum sem almennt eru gerðar til Íslendinga á alþjóðavettvangi í sambandi við forustu í slíkum málum.

Að því er varðar alþjóðaglæpadómstólinn sem við vorum einna fyrstir til að taka þátt í og hv. þm. spurði um, þá erum við að undirbúa staðfestingu á þeim samningi. Ég vænti þess að það geti orðið fljótlega. Það þarf að breyta löggjöf víða um lönd vegna þess máls, einnig hér á Íslandi. Það stendur á engan hátt á okkur í því máli. Við teljum að þetta sé afar mikilvægt til að taka á stríðsglæpum víðs vegar í heiminum. Alþjóðastríðsglæpadómstóllinn sem hefur verið að dæma í mannréttindabrotum og glæpum gegn mannkyni, bæði í Bosníu og væntanlega einnig í Kosovo, er að störfum. Það

er mjög mikilvægt að þessi dómstóll komist á laggirnar og við Íslendingar höfum verið í fararbroddi í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir þessa umræðu. Hún hefur verið gagnleg. Hún er mikilvæg fyrir íslenska utanríkisþjónustu og starfsfólk utanríkisráðuneytisins. Við erum betur upplýst um álit Alþingis á störfum okkar og ég er þakklátur fyrir að hv. þm. virða störf þessa fólks. Ég tel alþjóðasamstarf Alþingis jafnframt afar mikilvægt og hvet til að það verði aukið. Það er ekki aðeins nauðsynlegt að framkvæmdarvaldið taki þátt í alþjóðlegu samstarfi, löggjafarvaldið verður að gera það líka hvort sem það er á vettvangi Norðurlandasamstarfsins, Atlantshafsbandalagsins, Evrópumálanna eða annarra mála. Ég tel þakkarvert hvernig Alþingi hefur aukið það samstarf. En því miður hendir það menn oft að gera lítið úr þessu starfi. Um störf mín er oft sagt: Ja, það er ekki von að hæstv. utanrrh. viti neitt um þessi mál því hann er alltaf í útlöndum. Nú er það ekki svo. (**Gripið fram í:** Þú ert sagður vinsæll og virtur.) Ég hef ekki sagt það. En ég hef oft heyrt á hv. þingmönnum, sérstaklega andstæðingum mínum í stjórnmálum, að þetta er mikið notað, eins og það sé vanvirða að sinna störfum erlendis. Þetta verða þingmenn að gera, þetta verða ráðherrar að gera. Þingmenn mega ekki alltaf falla í þá gildru að hafa þessi orð um pólitíska andstæðinga. Hvernig ætlast menn til þess að þjóðin skilji einhvern tíma mikilvægi þess að taka þátt í alþjóðasamstarfi af fullri reisn þegar þessi tónn er notaður? Það eru þingmenn sjálfir sem skapa þessar aðstæður. Það er ekki von að Alþingi hafi mikinn skilning fyrir því t.d. að fá meira fjármagn í alþjóðsamstarf þegar hv. þm. tala svona. Það snertir mig ekkert persónulega en ég held að menn séu fyrst og fremst að vinna gegn sjálfum sér og íslenskum hagsmunum með svona tali.

[19:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir síðustu orð hæstv. utanrrh. að ég tel mikilvægt að Íslendingar taki þátt í alþjóðasamstarfi af fullri reisn.

En fyrst um heiðarleika og óheiðarleika. Ég vísaði til umræðu um einkavæðingu, einkavæðingu á Landssímanum og einkavæðingu á bönkunum, og ég færði rök fyrir því að hún hefði ekki farið heiðarlega fram. Ýmislegt var fullyrt hér í þingsal og á opinberum vettvangi á allt annan veg en þróunin síðan varð og það er óþarfi fyrir hæstv. utanrrh. að bregðast svona illa við og taka ásakanir um óheiðarlega umræðu til sín, eins og mér þótti hann gera. Ég var ekki að tala um að það eitt væri heiðarlegt að vera á móti Evrópusambandinu eða vilja þróa samstarfið í átt til tvíhliða samkomulags. Alls ekki. Það var heiðarleg afstaða sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Hann vill að við gerumst aðilar að Evrópusambandinu, sækjum þar um aðild. Þetta er heiðarlegt. Það getur líka svo sem verið heiðarlegt að segjast ekki vita hvað maður vilji. En það er óheppilegt í pólitík og sérstaklega ef maður er utanrrh. heillar þjóðar. Það sem mér virtist hæstv. utanrrh. vera að segja, bæði í ræðu sinni og í andsvörum í dag, er að hann telji að EES sé úr sér gengið eða EES-samningurinn sé að verða ófullnægjandi. Þá eru tveir kostir í stöðunni, að sækja um aðild og láta reyna á það hvort við náum fullnægjandi skilmálum eða að þróa samstarfið til tvíhliða samnings. Hvorn kostinn vill hæstv. utanrrh. velja?

[19:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að setja þetta mál upp á þann hátt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði. Hann sagði að menn hefðu ekki farið nægilega heiðarlega í þetta með bankana og fjármagnsmarkaðinn. Það hefur verið mikil þróun í þeim málum á undanförnum árum. Afstaða flokka hefur verið að breytast. Flokkur eins og Framsfl. taldi áður fyrr að ríkið ætti að vera með öflugar stofnanir á fjármagnsmarkaði. Við erum ekki þeirrar skoðunar í dag að það þjóni hagsmunum almennings. Við teljum að það sé orðin svo mikil samkeppni, að svo mikil breyting hafi orðið í samfélaginu að ríkið geti farið út úr því. Það er ekki að gerast í einu vetfangi. Þessi umræða hefur átt sér stað og hún hefur þróast og leitt til ákveðinnar niðurstöðu.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að sú umræða sem á sér stað innan flokks míns mun að lokum leiða til einhverrar niðurstöðu. Ég veit hins vegar ekki nákvæmlega hver hún verður og segi það fullkomlega heiðarlegt. Það getur vel verið að flokkur hv. þm. viti nákvæmlega hvernig allt þróast hjá þeim og það sé bara ein ákveðin leið. Framsfl. er ekki þannig flokkur. Við tökum umræðu um málin og reynum að komast að ákveðinni niðurstöðu. En að sjálfsögðu munum við reyna að setja fram öll sjónarmið sem eru nauðsynleg í þessu máli. Ég tel það fullkomlega heiðarlegt. Ég vænti þess að hv. þm. virði starfshætti annarra flokka þó að hann kjósi að hafa það með allt öðrum hætti í sínum flokki. Það sama hefur verið sagt af Samfylkingunni. Er eitthvað óheiðarlegt við það? Eins er staðan í Sjálfstfl.

[19:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé nú ekki hvað hefur breyst í samfélaginu frá því að menn fóru að stíga þau skref að einkavæða bankana eða Landssímann. Allt var þetta fullkomlega fyrirsjáanlegt. Og allt var þetta til umræðu hér og á það bent fyrir örfáum missirum. Í stjórnmálum og í lýðræðisþjóðfélagi er boðið upp á ólíka og mismunandi valkosti þar sem kjósendur geta valið um hvaða leið þeir vilja fara í grófum dráttum. Og það er ætlast til þess að fylkingarnar, stjórnmálaflokkarnir, hafi mótað afstöðu sína til hitamála samtímans. Eitt af þeim er einkavæðingin sem nú ríður yfir víða um heim, ekki bara hér á landi. Annað er afstaðan til utanríkismála. Einn stór, veigamikill málaflokkur er samstarf okkar við Evrópuríkin, Evrópusambandið, EES. Við bjóðum fram mismunandi valkosti. Ég hef verið að benda á að það sem bíður okkar í Evrópusambandinu er fullkomlega fyrirsjáanlegt. Það er líka fyrirsjáanlegt hvað er að gerast varðandi EES og þróun Evrópusambandsins. Og við stöndum frammi fyrir tveimur valkostum. Á hvorn valkostinn viljum við leggja áherslu? Þegar utanrrh. einnar þjóðar kemur fram og segir: „ég veit það ekki, ég ætla bara að sjá til, bara skoða málið" er þá eitthvað að undra að menn reyni að lesa í ummæli hans og hvað hann á við, hvert hann vill stefna? Eða eru það sérfræðingar sem eiga að segja honum hvaða stefnu Íslendingar eiga að taka? Ég held ekki. Um þetta snúast stjórnmálin. Um ólíkar leiðir, ólíka farvegi sem við viljum beina samfélagi okkar inn í.

[19:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði á hv. þm. Steingrím. J. Sigfússon á sunnudaginn og ég heyrði ekki betur en hann segðist styðja söluna á FBA. Ég skildi hann þannig. Hann hefur þá

tjáð sig afar undarlega ef ekki átti að skilja það þannig. Hann tók það fram að hans flokkur væri ekki fylgjandi ríkisrekstri bara vegna ríkisreksturs. Rétt væri að ef einstaklingar og fyrirtæki þeirra gætu leyst það betur, þá væri það gert. Svipaða afstöðu hefur Framsfl. alltaf haft. Ég heyri allt annan tón hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. (**ÖJ:** Bæði hann og ég höfum talað um að ríkisbankar ...) Ég skil hann þannig að hann vilji ríkisfyrirtæki vegna þess að honum finnist það vera betra form, hvort sem það skilar betri árangri eða ekki og sem flest eigi að vera á vegum ríkisins. (**ÖJ:** Þetta er rangt.) Mér finnst þetta stangast alveg á við það sem ég heyrði hjá hv. þm. — (**ÖJ:** Þetta er dæmi um óheiðarlegan málflutning.) Ég var að segja hvernig ég skildi hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. (**ÖJ:** Það er til mjög ...) En alla vega virðist hv. þm. vera mjög hrifinn af ríkisrekstri. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. að auðvitað hefur EES-samningurinn haft mikil áhrif og það er þess vegna sem við erum að fara út úr m.a. bankarekstri vegna þess að fjármagnsmarkaðurinn er orðinn frjáls. Það er eins með símann. Það er orðin samkeppni í símarekstri á Íslandi, þó að það mál sé ekki endanlega til lykta leitt. Það er komin upp mikil samkeppni. Hv. þm. talar um tvíhliða samning, gott og vel. Heldur hv. þm. að hann færi íslenskt þjóðfélag alveg út úr núverandi stöðu í þeim tvíhliða samningi? Þess vegna er ekki hægt að stilla þessu máli upp eins og hann gerir. Því miður er veröldin ekki eins einföld og hann sér hana. (**ÖJ:** Þá er bara aðildin eftir.)

[19:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má segja að umræðan sé svo sannarlega á enda runnin þegar hún er u.þ.b. að færast yfir í umræðu um einkavæðingu og ríkisrekstur. En ég vil taka fram að mér hefur fundist þetta málefnaleg umræða um utanríkismálin. Fram hafa komið fyllri upplýsingar um fjölmarga þætti utanríkismála í umræðunni, hér er ólíkum sjónarmiðum hreyft og ólíkar skoðanir þingmanna eiga vissulega mikinn rétt á sér. Þannig fáum við skoðanaskipti.

Ég er ekki sammála hæstv. utanrrh. á öllum sviðum, en ég er ánægð með sumt. Með því að fá tækifæri til að vera með eftirrekstur og eftirfylgni fáum við tækifæri til að taka málin upp í umræðum síðar og það hef ég t.d. gert hverju sinni í umræðu um utanríkismál. Mér finnst skipta máli að fylgjast með mörgum afmörkuðum þáttum, eins og hér hefur komið fram um sakadómstólinn, Ruanda-dómstólinn og fleiri þætti sem eru kannski ekki stórir þegar við horfum héðan frá Íslandi á utanríkismálin í heild sinni, en er afar mikilvægt að við sem þjóð séum vakandi fyrir. Þess vegna skiptir það mig máli að þeim sé fylgt eftir og ég er ánægð með þau svör sem ég hef fengið við spurningum mínum í dag. Ég þakka þau svör og þakka fyrir góða umræðu.

Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, fyrri umr.

Stjtill., 112. mál. — Þskj. 122.

[19:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa sem gerður var í Haag 29. maí 1993.

Þessum samningi er ætlað að samræma þau skilyrði sem sett eru af hálfu stjórnvalda samningsríkja svo að ættleiðing milli landa megi fara fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi.

Tilgangur samningsins er að við ættleiðingu milli landa séu grundvallarréttindi barnsins virt og komið í veg fyrir brottnám barna og verslun með þau, svo og að tryggja að samningsríki viðurkenni ættleiðingar sem fara fram í samræmi við samninginn.

Samningurinn byggist á því að samvinna sé á milli þess ríkis þar sem barn á búsetu (upprunaríkis) og þess ríkis þar sem umsækjendur um ættleiðingu eiga búsetu (móttökuríkis) við meðferð ættleiðingarmála. Mikilvægt er að góð samvinna sé á milli ríkja til að markmiðum samningsins verði náð.

Samkvæmt frv. til ættleiðingarlaga sem lagt hefur verið fram á þessu löggjafarþingi eru sköpuð skilyrði til að unnt sé að standa við skuldbindingar sem samningsríki gangast undir samkvæmt samningnum.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[19:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. utanrrh. fyrir að leggja fram þessa till. til þál. um að staðfesta aðild okkar að Haagsamningnum.

Eins og hæstv. ráðherra gat um í framsögu sinni liggur fyrir þinginu merkilegt frv. um ættleiðingar sem er forsenda þess að okkur takist að samþykkja þá þáltill. sem hér er. Ég hef á hverju einasta ári frá því árið 1994 komið hingað í þennan ræðustól og spurst fyrir um hvenær ætti að leggja þennan samning fyrir Alþingi. Nú er sem sagt loksins komið að því. Fyrir það er ég þakklátur hæstv. ráðherra og ekki síst það að hann leggur þennan samning fyrir þingið í rauninni áður en ljóst er um afdrif frv. til ættleiðingar, væntanlega í þeirri góðu trú að það hljóti gifturíka afgreiðslu í þinginu. Eins og fram hefur komið í umræðum um það mál bendir nú allt til þess, þó að örlitlar deilur séu þar um mikilvægt mál að vísu. Ég held, herra forseti, að þegar við verðum orðnir fullgildir aðilar að þessum samningi muni það loksins gerast að miklu auðveldara verður fyrir Íslendinga að ættleiða börn af erlendum uppruna. Það liggur til að mynda fyrir að vilji er til þess af hálfu kínverskra stjórnvalda að aðstoða Íslendinga við að ættleiða kínversk börn hingað til lands. Afstaða kínverskra stjórnvalda hefur hins vegar til þessa mótast af því að samningurinn er ekki af okkar hálfu fullgiltur og þar af leiðir að ekki hefur tekist að láta ættleiðingar þaðan ganga í gegn.

Ég hef einnig greint frá því hér, herra forseti, í umræðum um ættleiðingarfrv., að mér er sjálfum kunnugt um að ríki í Suður-Ameríku hafa litið Ísland hornauga þegar kemur að ættleiðingum vegna þess að skort hefur á að við höfum lokið þessu máli fyrir okkar hönd. Nú ætti þeim annmörkum að vera rutt úr vegi þegar hvoru tveggja er lokið, samþykkt ættleiðingarfrv. og þessarar tillögu.

Í þeim samningi sem hérna liggur fyrir eru mörg gagnmerk atriði sem lúta öll að því að auka rétt barna sem eru ættleidd erlendis frá, ættleidd milli landa, bæði á meðan þau eru börn en líka síðar þegar þau hafa náð fullorðinsaldri og fýsir e.t.v. að afla upplýsinga um uppruna sinn. Ég hefði kosið, herra forseti, þegar mál sem búið er að spyrja svona

oft um og a.m.k. nokkur eftirvænting er fyrir í hópi þeirra sem það varðar, þá væri hæstv. dómsmrh. í salnum til þess að hægt væri að inna hana eftir því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að uppfylla ýmis skilyrði þessa samnings. Ég ætla ekki að spyrja hæstv. ráðherra sem flytur málið út í hin efnislegu atriði vegna þess að framkvæmd samningsins verður á höndum annars ráðherra. Ég bendi hins vegar á það, herra forseti, að í tveimur greinum er talað um að stjórnvald í ríki sem hefur samþykkt samninginn fyrir sitt leyti tekur sér á herðar að veita væntanlegum kjörforeldrum, eins og það er orðað í samningnum, alla nauðsynlega ráðgjöf. Nú veit ég, í sjálfu sér ekki af sárri reynslu, en veit það þó af nokkurri reynslu, minni eigin persónulegu reynslu af ættleiðingum sem kjörfaðir tveggja ættleiddra barna, að á þessu er verulegur misbrestur. Það hefur nánast engin ráðgjöf verið í gangi af hálfu hins opinbera. Ég minnist þess frá því ég var fertugur að fara suður til Kólumbíu til þess að ættleiða fyrri dóttur mína, að þegar ég fór á heilsuverndarstöðina með eiginkonu minni til þess að fá nauðsynlegar sprautur, þá af tilviljun rakst ég á hjúkrunarfræðing sem spurði mig: „Vitið þið nokkuð hvernig á að fara með barn? Við svöruðum auðvitað sannleikanum samkvæmt að svo væri ekki. Sú ágæta kona settist niður og hún hripaði niður á tvö blöð upplýsingar um það hvernig ætti að fara með ungbörn sem reyndust okkur ákaflega þarfar. Ég tek þetta dæmi, þó lítið sé, herra forseti, til að reyna að undirstrika hversu verulega þessum málum hefur verið áfátt. Það er að vísu svo að hér á landi er félagsskapur sem heitir Íslensk ættleiðing og gegnir afskaplega þýðingarmiklu hlutverki og nýtur styrkja frá hinu opinbera, m.a. til þess að aðstoða kjörforeldra. En mjög margir hafa ættleitt sín börn beint, án milligöngu félagsskapar af því tagi og liggja margar orsakir fyrir því sem ég ætla ekki að fara út í hér. Það fólk hefur ekki átt kost á neinni slíkri ráðgjöf. Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt og tala þar af reynslunni.

Um þetta efni er fjallað í tveimur greinum, 5. gr. og 9. gr., og ég hefði viljað spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig hún hyggst beita sér fyrir því að þessum skilyrðum verði uppfyllt. En ég get í sjálfu sér reynt að koma þeim fyrirspurnum til hennar með öðrum hætti. Það sem skiptir langmestu máli í þessu frv. er kannski í grófum drættum tvennt fyrir utan þennan þátt. Það er í fyrsta lagi að þessi samningur veitir börnum sem eru ættleidd á milli landa vernd gegn því að með þau sé misfarið, þ.e. með þau sé til að mynda verslað. Í dag á sér stað ólögleg verslun með börn. Með verslun á ég við að greitt er fé til þess að fólk geti fengið börn. Í vaxandi mæli er því líka beitt, herra forseti, að fátækar konur eru fengnar í krafti þeirrar neyðar sem að þær búa við, til þess að flytja á milli landa og eignast börn þar sem eru síðan ættleidd. Þær gangast undir samninga, skriflega í mörgum tilvikum, fyrir milligöngu ófyrirleitinna lögfræðinga þar sem þær gangast undir það að gefa börn sín frá sér. Í fjölmörgum tilvikum kemur auðvitað upp sú staða að þegar konurnar hafa fætt börnin og hafa þau í fangi sér þá vaknar að sjálfsögðu þessi sterka móðurtilfinning sem gerir það að verkum að þær sjá eftir öllu saman en hafa takmarkaðan rétt og möguleika, komnar í ókunnugt land, til þess að getað haldið barni sínu.

Herra forseti. Þessi samningur girðir fyrir að slíkt sé hægt, gerir það a.m.k. ólöglegt. Sömuleiðis er ákaflega mikilvægt að í þessum samningi er að finna ákvæði sem skuldbindur upprunalandið til þess að aðstoða barnið eða einhvern umboðsmann þess til þess að afla sér upplýsinga um uppruna barnsins og þá fyrst og fremst um kynforeldra barnsins. Í mörgum tilvikum er óskaplega mikilvægt fyrir börn þegar þau eldast, verða fullorðin, og eru að fóta sig í tilverunni að þau viti a.m.k. að þau eigi þennan rétt og að þau í sumum tilvikum geti með einhverjum hætti reynt að grafast fyrir um uppruna sinn.

Þetta tel ég vera afar mikilvægt og veit það af samræðum mínum við fólk sem er í forsvari fyrir félög eins og Íslenska ættleiðingu í öðrum löndum að þetta hefur reynst börnum óskaplega mikilvægt til að skapa sjálfsmynd sína og sætta sig við það sem er stundum mjög erfitt. Því tel ég að þetta sé verulega mikið framfaraspor eins og ég sagði áðan og fagna því að þessi samningur kemur nú loksins hingað.

[20:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir ræðu hans sem ég tel vera afar gagnlegt innlegg í þetta mál, því hann talar af reynslu. Samningnum er einmitt ætlað að skapa önnur skilyrði en hann hefur upplifað. En síðan er frv. til laga til meðferðar á Alþingi sem er ætlað, eins og hann kom að, að uppfylla þær skuldbindingar sem við erum að gangast undir. Þær fyrirspurnir sem hann lagði hér fram eiga því mikið erindi inn í þá umfjöllun, bæði að því er varðar þessa þáltill. og að því er varðar lagafrumvarpið. Það er að sjálfsögðu skylda okkar að uppfylla þær skuldbindingar sem við erum hér að gangast undir. Ég vænti þess að íslenskt þjóðfélag geri það og ég hef þá trú að við munum gera það í meira mæli en ýmsar aðrar þjóðir sem hafa undirritað samninginn. Ég hef þá trú á íslensku samfélagi og ég veit að hv. þm. er mér því sammála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um flutning dæmdra manna, fyrri umr.

Stjtill., 113. mál. — Þskj. 123.

[20:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á viðbótarsamningi við samning frá 21. mars 1983, um flutning dæmdra manna, sem gerður var í Strassborg 18. desember 1997.

Megintilgangur samningsins um flutning dæmdra manna er að gera fullnustu refsingar mögulega í öðru ríki en þar sem hún er ákveðin. Að baki samningnum búa þau mannúðarsjónarmið að gera dómþola kleift að afplána refsingu í heimalandi sínu og jafnframt það sjónarmið að á þann veg sé fremur unnt að stuðla að félagslegri endurhæfingu hans og búa hann undir að koma út í þjóðfélagið á ný.

Markmiðið með viðbótarsamningnum við samninginn um flutning dæmdra manna er að gera flutning á fullnustu dóms mögulegan í tveimur tilvikum: Annars vegar þegar dómþoli leitast við að komast hjá fullnustu eða frekari fullnustu með því að flýja til landsvæðis þegnríkisins áður en hann hefur afplánað dóminn. Þetta hefði í flestum tilvikum þær afleiðingar að dómur yrði ekki fullnustaður. Hins vegar þegar dómur eða stjórnvaldsákvörðun, sem leiðir af honum, felur í sér ákvörðun um brottvísun eða flutning dómþola úr landi að fullnustu lokinni. Í báðum þessum tilvikum er gert ráð fyrir að unnt sé að flytja fullnustu dóms án samþykkis dómþola.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:10.

---

18. FUNDUR

miðvikudaginn 3. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Kostun þátta í Ríkisútvarpinu, fsp. SvanJ, 104. mál, þskj. 108.
2. Forgangur kostaðra dagskrárliða Ríkisútvarpsins, fsp. KolH, 105. mál, þskj. 111.
3. Rannsóknir á útkomu samræmdra prófa, fsp. SvanJ, 108. mál, þskj. 116.

Til samgönguráðherra:

4. Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga, fsp. KolH, 47. mál, þskj. 47.
5. Langtímaáætlun í jarðgangagerð, fsp. KLM, 61. mál, þskj. 61.
6. Uppbyggiug fjarskipta á landsbyggðinni, fsp. ÍGP, 72. mál, þskj. 72.
7. Rekstur ferju í Ísafjarðardjúpi, fsp. SighB og GAK, 74. mál, þskj. 74.

Til iðnaðarráðherra:

8. Verkefni sem sinna má á landsbyggðinni, fsp. SvanJ, 51. mál, þskj. 51.
9. Lækkun húshitunarkostnaðar, fsp. KLM, 78. mál, þskj. 78.

Til fjármálaráðherra:

10. Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni, fsp. SvanJ, 49. mál, þskj. 49.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Kjörbréf Jónasar Hallgrímssonar hefur verið samþykkt. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, 134. mál, frv. MÁ, þskj. 155.

Virkjunarleyfi og umhverfismat, 62. mál, svar iðnrh., þskj. 141.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[13:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir að fá að taka til máls í tilefni af því að þremur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Þuríði Backman, Árna Steinari Jóhannssyni og mér hefur borist svar frá iðnrh. við fyrirspurn um raforkusölu til álbræðslu á Reyðarfirði, dagsettri 1. nóvember og var svarinu dreift á fundinum í gær á þskj. 142. Það vill svo til að svar við 3. lið fyrirspurnarinnar er gallað að því leyti að einungis er svarað öðru atriðinu af tveimur sem spurt er um. Auðvitað geta þarna hafa orðið á mistök í prentun eða tæknilegar orsakir en af hvaða ástæðum sem þetta kann að stafa, þá óska ég eftir því við stjórn þingsins, virðulegi forseti, að það verði kannað og fullnægjandi svari skilað í framhaldinu.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti mun beita sér fyrir því að þau atriði sem hv. þm. nefndi verði skoðuð sérstaklega og henni og öðrum hlutaðeigandi svarað innan tíðar.

Kostun þátta í Ríkisútvarpinu.

Fsp. SvanJ, 104. mál. — Þskj. 108.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ríkisútvarpið er útvarp allra landsmanna. Það er okkur kennt og svo segir það sjálft. Á grundvelli þess greiðum við öll afnotagjöld og á grundvelli þess gerum við kröfur um efnistök. Útvarp allra landsmanna verður að standa undir nafni.

Landsmenn hafa á undanförnum árum ítrekað sýnt, m.a. í skoðanakönnunum, að þeir treysta Ríkisútvarpinu til hlutleysis og réttsýni. Ríkisútvarpið hefur verið fyrirmynd annarra stöðva í hlutleysi, efnistökum og umgengni við auglýsingamarkaðinn. Þeir sem þessu hafa trúað eða viljað trúa fengu því heldur betur á pansarann þegar upplýst var í Ríkisútvarpinu sjálfu að þeir sem kosta þætti í útvarpinu megi eiga von á sérstakri kurteisi og látið sé vera að ergja þá með gagnrýnum spurningum.

Morgunútvarpið 14. október var sent út frá nýju Kringlunni. Eitt af því sem bar á góma voru þeir fjölmörgu sem lögðu nótt við dag svo opna mætti verslunarmiðstöðina á tilsettum tíma. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, hafði í fréttum útvarpsins þennan sama dag sitthvað við þennan langa vinnutíma að athuga. Fréttamaður útvarpsins fjallaði um gagnrýni Guðmundar í Speglinum sama dag og sagði þá, eins og til skýringar á umfjöllun

morgunútvarpsins og viðbrögðum formanns Rafiðnaðarsambandsins, og nú vitna ég beint í ummælin, herra forseti:

„Tæplega hefur hann grunað að útsendingin var kostuð af þeim sem ætluðu að selja vörur og þjónustu á þessum stað og því e.t.v. ekki skrýtið að viðmælendum væri sýnd sérstök kurteisi og látið vera að ergja þá með gagnrýnum spurningum."

Herra forseti. Þar fauk mýtan um hlutleysi Ríkisútvarpsins. Ég spyr þess vegna hæstv. menntmrh., yfirmann Ríkisútvarpsins:

„1. Hvaða reglur gilda um kostun þátta í Ríkisútvarpinu?

2. Hversu lengi hefur það viðgengist að menn geti keypt sig frá óþægilegum spurningum með því að kosta útvarpsþætti, sbr. nýleg ummæli fréttamanns þar að lútandi?

3. Hvernig eru hlustendur varaðir við þegar um kostaða þætti er að ræða?" Lesist: ekki hlutleysi.

4. gr. útvarpslaganna segir að kostun sé heimil svo framarlega sem kostunaraðili hafi ekki áhrif á innihald eða efnistökugerð kostaðs dagskrárliðar. Samkvæmt framansögðu virðist það hafa gerst en hvenær og hve lengi? Ríkisútvarpið þarf svo sannarlega að gera hreint fyrir sínum dyrum ef það vill halda trúnaði við fólkið í landinu. Fyrr stendur útvarp allra landsmanna ekki undir nafni.

[13:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er:

„1. Hvaða reglur gilda um kostun þátta í Ríkisútvarpinu?

2. Hversu lengi hefur það viðgengist að menn geti keypt sig frá óþægilegum spurningum með því að kosta útvarpsþætti, sbr. nýleg ummæli fréttamanns þar að lútandi?

3. Hvernig eru hlustendur varaðir við þegar um kostaða þætti er að ræða?"

Ég hef fengið efni frá Ríkisútvarpinu sem svar við þessari fyrirspurn. Um kostun dagskrárefnis í Ríkisútvarpinu gilda reglur sem útvarpsstjóri gefur út. Reglur þessar í núverandi mynd eru dagsettar 9. mars 1999. Meginefni þeirra er á þessa leið:

1. Kostun dagskrárefnis telst hvers konar framlag lögaðila eða einstaklings til framleiðslu eða sýningar dagskrárliða í útvarpi eða sjónvarpi með það fyrir augum að vekja athygli á nafni hans, vörumerki eða ímynd. Ríkisútvarpinu er heimilt að láta kosta dagskrárefni innan ramma útvarpslaga og í samræmi við þær reglur sem í gildi eru hverju sinni innan stofnunarinnar.

2. Kostandi má aldrei hafa áhrif á innihald eða efnistökugerð kostaðs dagskrárliðar.

3. Efni kostaðs dagskrárliðar má ekki fela í sér beina hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annarra aðila.

4. Með öllu er óheimilt að leita kostunar á fréttum og fréttatengdum þáttum.

5. Allir kostunarsamningar skulu vera skriflegir. Markaðsstjóri annast gerð þeirra í samráði við hlutaðeigandi framkvæmdarstjóra og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra. Réttindi og skyldur samkvæmt kostunarsamningum má ekki framselja.

6. Ekki má tengja kostun vöru eða þjónustu sem bannað er að auglýsa, sbr. 3. tölul. 2. gr. reglugerðar 611/1989, um auglýsingar í sjónvarpi. Hið sama gildir um stjórnmála- og trúarsamtök hvers konar.

7. Kostað dagskrárefni skal ljóslega auðkennt sem slíkt með eftirfarandi hætti:

Sjónvarp: Eitt skilti eða eitt ósamsett (óklippt) myndskeið með nafni kostunaraðila og/eða vörumerki frá honum birtist í upphafi og/eða lok útsendingar (3–5 sekúndur). Heimilt er að geta kostunaraðila í hvert sinn. Heimilt er einnig að geta um kostunina í kynningarstúfum á sambærilegan hátt. Fjöldi þeirra birtinga getur verið allt að fimm í sjónvarpi og allt að 10 í útvarpi fyrir hvern kostaðan dagskrárlið.

Hljóðvarp: Kostunaraðila skal getið við upphaf og/eða lok útsendingar auk þess sem það er heimilt einu sinni á hverjum klukkutíma inni í viðkomandi dagskrárlið. Þá er heimilt að geta um kostunina í kynningarstúfum fyrir útsendingu samkvæmt nánari ákvörðun markaðsstjóra. Heimilt er að nota einkennisstef kostunaraðila í tilkynningu um kostun.

8. Óheimilt er að blanda saman kostun og auglýsingum, bæði í samningsgerð og útsendingu dagskrárefnis. Enn fremur er óheimilt að nota skilti, myndskeið eða hljóðrás úr auglýsingum þegar kostunaraðila er getið umfram það sem áður er tilgreint í 7. lið.

2. tölul. fyrirspurnarinnar er svarað í þeim reglum sem hér voru raktar og þar er skýrt tekið fram að kostandi megi aldrei hafa áhrif á innihald eða efnistök við gerð kostaðs dagskrárliðar.

Í reglunum er einnig svarað spurningu í 3. tölul.

[13:41]

Mörður Árnason:

Forseti. Það vekur nokkra furðu að hæstv. menntmrh. skuli kjósa að svara þessari fyrirspurn svo þurrlega sem hann gerði. Í útvarpsráði, sem sá sem hér talar situr í af hálfu hv. Alþingis, hefur þetta mál verið rætt. Við í útvarpsráði bíðum enn eftir greinargerð útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra útvarps um þetta mál. Þó voru á sínum tíma bókuð hörð mótmæli gegn þessu, bæði mín og Kristínar Halldórsdóttur, fyrrv. alþm., sem þar situr líka.

Ég tel að með umræddum útvarpsþætti hafi morgunútvarp Rásar 2 sett ofan. Ég tel að Rás 2 hafi rýrt það traust sem ríkja á við hlustendur hennar og Ríkisútvarpið í heild hafi orðið fyrir hnjaski. Ég hef séð umræddan samninginn eða a.m.k. þann hluta samningsins sem til er á blaði í útvarpinu. Ég tel, áður en ég fæ þessa greinargerð, að um dulda kostun hafi verið að ræða. Ég vek athygli á því að það hugtak er raunar ekki til í lögum og reglugerðum. Þar eru hins vegar bannaðar duldar auglýsingar og stranglega tekið fram að auglýsingum og kostun skuli ekki blandað saman á þeim forsendum sem umræddur fréttamaður taldi upp. (Forseti hringir.) Það er rétt að spyrja hæstv. menntmrh. hvort þessi síður sem útvarpið hefur nú tekið upp sé innan þess nauðsynlega svigrúms sem hann telur að Ríkisútvarpið þurfi að fá sem hlutafélag eða einkahlutafélag.

[13:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er á hreinu að kostun gerir það að verkum að viðkomandi útvarpsstöð er háð þeim sem kostar. Til að koma í veg fyrir þetta setja menn ákveðnar reglur.

En hver skyldi kosta Ríkisútvarpið? Hver veitir því heimild til að hafa skylduáskrift? Það er Alþingi. Ríkisútvarpið er sem sagt afskaplega háð Alþingi. Svo má væntanlega ekki gagnrýna þá sem sitja í útvarpsráði.

Hv. fyrirspyrjandi sagði að Ríkisútvarpið væri útvarp allra landsmanna. Ég mótmæli því. Það er ríkisútvarp, útvarp ríkisins en ekki landsmanna. Þar er mikill munur á.

Herra forseti. Ef þetta væri frjáls útvarpsstöð mundi ég segja upp áskriftinni.

[13:43]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Látum nú svo vera að þjóðin borgi fyrir ríkisútvarp og dagskrárefni sem talist geti menningarlegt á íslenskan mælikvarða. En að hafa það yfir sér í rekstri slíkrar útvarpsstöðvar að hægt sé að gera athugasemdir í þinginu og endalausar fyrirspurnir í útvarpsráði um dagskrárliði sem eru á svipuðum nótum og hjá samkeppnisaðilum er náttúrlega óþolandi. Í sjálfu sér er ómögulegt að sitja undir slíku rekstrarfyrirkomulagi.

Þar er ekki hægt að fara nýjar leiðir öðruvísi en að spyrja þingið, spyrja útvarpsráð og með tíð og tíma er ekkert hægt að gera. Menn standa í sama fari og sjá Ríkisútvarpið á hraðri niðurleið í þeirri samkeppni sem ríkir milli ljósvakamiðla í dag. Þess vegna segi ég: Þetta er alveg dæmigert fyrir fyrirkomulagið sem hv. fyrirspyrjandi er að spyrja um, fyrir ríkisstofnun á niðurleið vegna afskiptasemi sem er algerlega óþolandi.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég spyr hér hæstv. menntmrh. að gefnu tilefni hversu lengi það hafi viðgengist að menn geti keypt sig frá óþægilegum spurningum með því að kosta útvarpsþætti. Herra forseti, þetta er stórpólitísk spurning. Hún varðar Ríkisútvarpið, hún varðar hlutleysi þess og jafnvel framtíð þess. Hún varðar tiltrú þjóðarinnar.

Hæstv. ráðherra kemur hér og kýs að svara með upplestri á þeim reglum sem settar hafa verið um kostun. Hann kýs að svara spurningunni þannig, þ.e. hann kýs að svara ekki.

Ég vitnaði í lögin, herra forseti, og þar komu fram meginatriði þess sem hæstv. ráðherra vitnaði til. Hjá mér kom fram, eins og öllum mátti vera ljóst, að þessar reglur höfðu greinilega verið þverbrotnar. Enda kom það fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni að málið hafði verið rætt í útvarpsráði. Þar hafði verið bókað vegna málsins og þeir sem útbjuggu þetta svar í hendur hæstv. ráðherra vissu nákvæmlega um hvað málið snerist. Einhverra hluta vegna kusu þeir að svara ekki og það veldur mér verulegum áhyggjum.

Ég hafði litið svo á, herra forseti, að með því að taka málið upp á þessum vettvangi og gefa hæstv. ráðherra tækifæri til þess að koma hér fram með varnir og skýringar þá værum við e.t.v. að stíga ákveðið skref í átt til þess að rétta hlut Ríkisútvarpsins. Það virðist hæstv. menntmrh. ekki kæra sig um að gera. Herra forseti. Það veldur áhyggjum.

Forgangur kostaðra dagskrárliða Ríkisútvarpsins.

Fsp. KolH, 105. mál. — Þskj. 111.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég viðheld nú umræðunni um Ríkisútvarpið með þeirri fsp. sem ég hef lagt fram til menntmrh. hæstv. varðandi forgang kostaðra dagskrárliða í dagskrá Rásar 2. Eins og getið var um hér áðan var þann 14. október sl. gerður samningur við rekstraraðila verslunarmiðstöðvar hér í borg um að dagskrá morgunútvarps Rásar 2 yrði send út frá viðkomandi verslanamiðstöð í tilefni af því að verið var að vígja þar viðbyggingu. Rekstraraðilarnir þurftu að greiða 150 þús. kr. fyrir þriggja klukkustunda útsendingu frá kl. sjö til kl. tíu.

Nú vill svo til að í dagskrá Ríkisútvarps, Rásar 2, er fastur þáttur sem hefst hvern virkan morgun kl. níu. Þessum þætti var skipað út úr dagskránni og dagskrárgerðarmanni hans gert að bíða með að hefja útsendinguna til kl. tíu. Nú spyr ég hæstv. menntmrh. hvert álit hans sé á því sem vakið hefur furðu og hörð viðbrögð hlustenda Rásar 2, að aðilar skuli geta keypt fasta dagskrárliði út úr dagskránni með þessum hætti og vinnu dagskrárgerðarmanna þannig sýnd fullkomin lítilsvirðing. Stefna dagskrárgerðarmanna á Rás 2 hefur verið að vinna þættina sína. Í þessu tilfelli var hvorki dagskrárgerðarmaðurinn beðinn afsökunar né fastir hlustendur þáttarins.

Varðandi kaup rekstraraðila verslunarmiðstöðvarinnar á útsendingartíma þá vil ég vekja athygli hæstv. ráðherra á því að morgunútvarp Rásar 2 sem gert var að senda út úr téðri viðbyggingu í þrjár klukkustundir umræddan morgun er skilgreint í dagskrá sem fréttatengdur þáttur. Af því tilefni tel ég líka rétt að fá sjónarmið hæstv. ráðherra á því hvort að hann telji að í lagi sé að selja útsendingartíma til auglýsenda hvort sem um fréttaþætti eða annars konar efni er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki betur en að það sem hér hefur gerst sé bæði andstætt 4. gr. útvarpslaganna og einnig andstætt reglum um kostun dagskrárliða í Ríkisútvarpinu sem hæstv. ráðherra las úr hér áðan. Þar á ég við 4. lið þeirra reglna.

Varðandi orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar hér áðan þá viðurkenni ég og veit og við vitum það öll að Ríkisútvarpið er á hraðri niðurleið. En ég fullyrði að það sé vegna stefnu stjórnvalda, vegna stefnu hæstv. menntmrh. í málefnum Ríkisútvarpsins sem hefur veikt það innan frá meðvitað til að gengisfella það og gera auðveldara um vik að selja það síðar.

[13:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er furðuleg röksemd að halda því fram að ég sé að veikja Ríkisútvarpið með það fyrir augum að selja það síðar. Það mundi stangast algjörlega á við það markmið. Ef ég ætlaði að selja Ríkisútvarpið þá mundi ég að sjálfsögðu styrkja það til þess að fá sem mest fyrir það. Það sýnir hvers lags rökleysur eru hér eru hafðar uppi þegar rætt er um Ríkisútvarpið.

Ég tek eindregið undir með hv. þm. Kristjáni Pálssyni þegar hann bendir á það að þessar umræður hér um Ríkisútvarpið — þetta er fjórða fyrirspurnin á þessu haustþingi sem ég svara um málefni Ríkisútvarpsins – sýni að þingmenn vilji helst skipta sér af einstökum dagskrárliðum. Hvað er nú til umræðu? Nú er það til umræðu í hv. Alþingi hvort fella mátti niður klukkutíma poppþátt að morgni 14. okt. Því miður hlustaði ég ekki á þessa dagskrárliði þannig að ég get ekki dæmt um það. Ég hlusta yfirleitt ekki á útvarpið á þessum tíma virka daga þannig að ég get ekki dæmt um hvaða skaði var skeður með þessu. En samkvæmt umsögn Ríkisútvarpsins kemur fram að enginn dagskrárliður hafi verið keyptur út úr dagskrá Rásar 2 hinn 14. okt. Fréttir um að útsending í morgunútvarpi Rásar 2 frá opnun Kringlunnar hafi verið kostuð af fyrirtækjum sem selja vöru og þjónustu í húsinu voru á misskilningi byggðar, segir Ríkisútvarpið. Í bréfi þeirra til mín segir að vegna umræðna í útvarpsráði hinn 19. október sl. hefði útvarpsstjóri óskað eftir því að eftirfarandi yrði fært til bókar, með leyfi forseta:

„Það var sjálfstæð ákvörðun viðkomandi dagskrárdeildar að hafa beina útsendingu á Rás 2 frá opnun Kringlunnar. Engir aðrir en viðkomandi dagskrárgerðarmenn réðu efnistökum í útsendingunni.“

Þá kemur og fram í bókun útvarpsstjóra að markaðssvið Ríkisútvarpsins hafi gert samstarfssamning við húsfélag Kringlunnar um útsendinguna. Kemur þar fram að húsfélagið greiddi 150 þús. kr. fyrir birtingu auglýsingar á Rás 2 þar sem athygli var vakin á væntanlegri opnun Kringlunnar og útsendingu Rásar 2 þaðan. Í greinargerð framkvæmdastjóra útvarps kemur fram að það hafi verið dagskrárákvörðun deildarstjóra samfélags- og dægurmáladeildar í samráði við framkvæmdastjóra að lengja morgunútvarpið um eina klukkustund þennan morgun þar sem ekki lá alveg ljóst fyrir að formlegri opnun yrði lokið kl. níu. Þess vegna gekk útsendingin á tíma þáttarins Poppland í samráði við umsjónarmann hans.

Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef. Að ræða þetta hér á hinu háa Alþingi og velta því fyrir sér hvort hér sé um stórkostlegan skaða fyrir Ríkisútvarpið og hlustendur þess að ræða finnst mér mjög smásmyglileg afskipti af starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég hef mótað mér þá stefnu sem menntmrh. að skipta mér ekki af þessum þáttum í starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég mun ekki gera það þó að ég fái áskoranir frá hv. þingmönnum um niðurröðun á dagskrárliðum í útvarpinu. Ég mun treysta starfsfólki útvarpsins til að taka ákvarðanir af þessu tagi og raða dagskránni niður eins og það sjálft ákveður.

[13:53]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Hér kom þó fram eitthvað fram sem líktist svari, efnislegu svari við fsp. hv. þm. Tveir sjálfstæðismenn höfðu áður notað tækifærið til þess að hreyta ónotum í Ríkisútvarpið og áhugamenn um þjóðarútvarp á Íslandi.

Málið stendur ekki um stjórn einstakra dagskrárliða. Auðvitað er það í höndum starfsmanna útvarps. Málið stendur um grundvallarreglur um störf blaðamanna, fréttamanna og dagskrárgerðarmanna, að þeir séu ekki seldir á fæti eins og reyndar tíðkast á ýmsum útvarpsstöðvum öðrum en þjóðarútvarpinu. Málið snýst um traust hlustenda, eigenda þjóðarútvarpsins til útvarps síns. RÚV, Ríkisútvarpið, þjóðarútvarpið á að vera fyrirmynd annarra fjölmiðla. Það er frumskylda þess að halda trausti hlustenda þegar kemur að hinu gráa og stundum svarta svæði gagnvart auglýsendum og kostunaraðilum.

[13:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. löggjafarsamkundan, Alþingi Íslendinga, heldur áfram að standa í fyrirtækjarekstri. Hér erum við að ræða mál sem eru eðlileg fyrir stjórn viðkomandi fyrirtækis. Hv. fyrirspyrjandi segir þessa ráðstöfun hafa vakið furðu og hörð viðbrögð hlustenda. Í eðlilegum rekstri hefði þetta átt að valda ótta hjá stjórninni um að viðskiptamenn mundu segja upp viðskiptum, þ.e. áskriftinni. Það væru hin eðlilegu viðbrögð.

En hvað gerist? Ekki neitt, vegna þess að það er skylduáskrift að þessu fyrirtæki. Ég skora á hv. fyrirspyrjanda, Kolbrúnu Halldórsdóttur, að taka undir með mér með að afnema skylduaðild að Ríkisútvarpinu. Þá getur hv. þm. sagt upp áskriftinni.

[13:55]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Sjálfskipaðir verjendur óbreytts ástands í Ríkisútvarpinu hafa komið upp og hv. þm. Mörður Árnason sagði að við hefðum hreytt ónotum í starfsmenn Ríkisútvarpsins. Þetta er náttúrlega algjör misskilningur. Við höfum ekki hreytt ónotum í starfsmenn Ríkisútvarpsins yfirleitt. Við höfum bent á að þarna er mjög hæft starfsfólk sem hefur ekki fengið vinnufrið og fær ekki að njóta sín í því starfsumhverfi sem því er búið. Það er það sem skiptir máli. Endalaus afskiptasemi af störfum fólks á þessum vettvangi sem kemur í stað faglegrar umræðu innan stofnunarinnar er náttúrlega óþolandi.

Hér kemur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og kvartar yfir því að starfsmaður í Ríkisútvarpinu hafi ekki verið beðinn afsökunar. Það er tekið fyrir á Alþingi að starfsmaður í Ríkisútvarpinu hafi ekki verið beðinn afsökunar. Ég átta mig ekki á þessari umræðu, herra forseti.

[13:56]

Árni Gunnarsson:

Herra forseti. Ég er hlynntur Ríkisútvarpinu sem þjóðarútvarpi en ég tel að við þurfum að komast út úr þeim pólitísku afskiptum sem pólitískt skipað útvarpsráð býður upp á.

Talandi um óréttlæti þá vil ég vekja athygli á því að það eru til heimili í landinu, þó að þau séu ekki mörg, sem þurfa að borga afnotagjaldið en eiga þess ekki kost að ná sendingum ríkissjónvarpsins. Það gerist þannig að fólk kaupir sér sjónvarpstæki, lætur taka upp fyrir sig eða leigir sér efni en þarf að borga afnotagjaldið af sjónvarpinu. Ég hvet til þess að menn hafi það í huga að þetta er óréttlæti og það þarf að leiðrétta.

[13:57]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það skiptir miklu máli hvernig unnið er að fréttamennsku í íslenskum fjölmiðlum. Hv. þm. Mörður Árnason gat þess áðan að hann vildi ekki horfa upp á það í Ríkisútvarpinu að fréttamenn væru seldir á fæti eins og gerðist á öðrum útvarpsstöðum. Vill þingmaðurinn gjöra svo vel og gera grein fyrir því hvað hann er að tala um.

[13:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mín athugasemd er til varnar Ríkisútvarpinu. Ég vil að við styðjum Ríkisútvarpið og eflum það. Ég furða mig á hve mikillar andstöðu gætir við þessa stofnun frá Sjálfstfl. Ég er fylgjandi því að Ríkisútvarpinu sé lýðræðislega stjórnað. Ég er ósammála hv. þm. Árna Gunnarssyni, að eitthvað sé óeðlilegt við lýðræðislega stjórnun.

Hinn kosturinn, hinn valkosturinn eru markaðslögmálin, að það sé gert að hlutafélagi og hluthafar stýri för. Þetta er í þeim anda sem hv. þm. Pétur Blöndal talar hér fyrir. Ég tel að ríkisstjórnin og Alþingi eigi að stuðla að því að efla og treysta þessa stofnun og sporna gegn því að markaðslögmálin séu leidd þar til öndvegis.

[13:59]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að hér er um að ræða fyrirspurn til hæstv. menntmrh. Einstökum þingmönnum er heimilt að gera stuttar athugasemdir. Vegna orða hv. þm. Tómasar Inga Olrichs til annars þingmanns sem gerði hér stutta athugasemd vill forseti taka fram að þingmenn geta aðeins einu sinni gert

stutta athugasemd. Forseti vill árétta hvert er innihald og umgjörð þessarar umræðu.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að við þurfum að komast út úr þessum pólitísku afskiptum af Ríkisútvarpinu. En, virðulegi forseti, það á þá að gilda á báða bóga, jafnt með þau pólitísku afskipti sem stofnunin hefur orðið að þola frá hendi menntmrh. og Sjálfstfl. í mannaráðningum sem og þau pólitísku afskipti sem hér eiga sér stað.

Ég get sagt það hér að ég væri fullkomlega sátt við það, hv. þm. Pétur Blöndal, að það sem hv. þm. kallar skylduáskrift en ég kýs að kalla afnotagjald verði fellt niður og að íslenska ríkið standi að baki sínu ríkisútvarpi með heiðri og sóma, efli það í hvívetna og sjái til þess að það geti haldið úti metnaðarfullri dagskrárgerð, bæði menningarlegri eins og Rás 1 hefur staðið fyrir og sömuleiðis dægurmenningarlegri eins og Rás 2 hefur staðið fyrir. Þess utan eigum við, ríkið, að standa að því að reka öfluga sjónvarpsrás með öflugri innlendri dagskrárgerð. Þetta hefur íslenska ríkið ekki gert Ríkisútvarpinu kleift nema að hálfu leyti og þá með afnotagjöldum.

Varðandi þær umræður sem hér hafa farið fram um hvort dagskrárgerðarmaður sé sár yfir því að hann hafi ekki verið beðinn afsökunar, þá stangast upplýsingar mínar greinilega á við upplýsingar hæstv. ráðherra. Hér er að sjálfsögðu um það að ræða að dagskránni er ekki sýnd sú tilhlýðilega virðing, að mínu mati, að hún fái að standa á þeim tíma þar sem hún á að vera, þar sem hlustendur eru vanir að hafa hana. Við skulum athuga það að hlustendur Ríkisútvarpsins eru afskaplega tryggir og þeir eiga sína kröfu á traust á stofnuninni.

Hæstv. menntmrh. hefur staðið að því að veikja tiltrú hlustenda á þessari ágætu stofnun. Ég óska þess að hér linni.

[14:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil mótmæla því að ég hafi staðið að því að veikja tiltrú hlustenda á Ríkisútvarpinu. Það eru engin rök fyrir því að fara með slík orð úr þessum virðulega ræðustól. Og að standa við þau orð getur þingmaðurinn að sjálfsögðu ekki því að það er út í bláinn að halda því fram að menntmrh. hafi staðið að því að veikja Ríkisútvarpið. Þvert á móti hef ég hvað eftir annað reifað á Alþingi hugmyndir um að styrkja Ríkisútvarpið við þá breyttu stöðu sem það starfar við.

Frá 1985 hefur Ríkisútvarpið starfað við óbreytt lög og hvað eftir annað hafa menn gert tilraunir til að breyta þeim lögum til að laga starfshætti Ríkisútvarpsins að þeim kröfum sem gerðar eru til þess. Hér eru þingmenn sem mega ekki heyra á það minnst að gerð verði hin minnsta breyting á starfsháttum Ríkisútvarpsins til að gera því kleift að svara hinum nýju kröfum. Ég hef hins vegar verið talsmaður þess að menn hugi að nýjum aðferðum til að styrkja Ríkisútvarpið sem ríkisfélag svo það geti starfað og þjónað þeim hagsmunum sem við viljum að það þjóni og komið fram með það góða efni sem við viljum að það framleiði. Hér eru þingmenn sem hvað eftir annað leggjast gegn því, hafa engar hugmyndir fram að færa og standa svo hér og ríffast um það hvort þætti sé frestað um klukkutíma eða ekki, popppætti að morgni 14. október, og telja að þar sé heiður Ríkisútvarpsins í húfi. Þegar menn eru komnir á þetta stig að telja að heiður Ríkisútvarpsins ráðist af því hvort þætti sé frestað um klukkutíma að morgni 14. október, þá finnst mér að menn séu mjög á rangri braut ef þeir hafa í raun hug og hjarta Ríkisútvarpsins í huga.

Rannsóknir á útkomu samræmdra prófa.

Fsp. SvanJ, 108. mál. — Þskj. 116.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í umræðum um skólamál á hinu háa Alþingi er gjarnan rætt um samræmd próf. Menn hafa farið yfir það í umræðu til hvers sá leikur er gerður og menn hafa velt vöngum yfir því hvað hafi verið unnið með niðurstöður samræmdra prófa, einkum samræmdra prófa úr 10. bekk, en eins og menn þekkja hafa niðurstöður þeirra prófa verið birtar skóla fyrir skóla þannig að landsmönnum ætti að vera ljóst hvernig skólar standa sig, hvernig nemendum hefur reitt af í þeim greinum sem prófað er samræmt í í hverjum skóla.

Við veltum því fyrir okkur hvort sá leikur er gerður til annars en að rétta framhaldsskólanum tiltölulega einfalt matstæki til að velja sér nemendur.

Það er ljóst, herra forseti, að niðurstöðurnar hafa verið mjög mismunandi, ekki bara eftir sveitarfélögum heldur einnig mismunandi eftir skólum innan sama sveitarfélags. Það væri mjög gagnlegt fyrir umræðuna um skólamál og umræðuna um stöðu barna og möguleika þeirra ef við gætum nokkurn veginn áttað okkur á því hvað það er sem veldur að sumir skólar skila lakari árangri nemenda úr 10. bekk en aðrir.

Er hægt að bregðast við, herra forseti? Hvernig skal bregðast við til að bæta aðstöðu barna og ungmenna í landinu?

Það er ljóst að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur safnað mjög miklum upplýsingum á undanförnum árum vegna þess að þar eru niðurstöður samræmdra prófa langt aftur í tímann og þar er auðvitað heilmikill efniviður til að vinna úr. En grunur minn er sá, herra forseti, að það muni ekki duga til, það verði að skoða þessi mál í víðara samhengi.

Síðast þegar skólamál voru rædd á hinu háa Alþingi, þegar frv. til breytinga á lögum um grunnskólann var til umfjöllunar, var vikið að þessu efni og þá sagði hæstv. menntmrh., með leyfi forseta:

„10. bekkjar prófin liggja fyrir og þar hafa farið fram margar rannsóknir og mikið starf verið unnið. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur unnið að því. Hið sama hefur einnig verð gert á vegum Kennaraháskólans. Rannsóknir á sviði mennta- og kennslumála eru að aukast" — bætti hann svo við. Ég hef þess vegna lagt eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. menntmrh.:

„Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar til að skýra þann mun sem hefur verið á útkomu einstakra skóla á samræmdum prófum í 10. bekk grunnskóla, hverjir hafa gert slíkar rannsóknir og hverjar hafa niðurstöðurnar verið?"

[14:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kom í svari mínu í umræðum á dögunum hefur verið safnað miklum upplýsingum og þær upplýsingar hafa verið metnar og athugaðar af fjölmörgum aðilum en hvort nákvæm rannsókn fari fram sem skýrir mun

á milli einstakra skóla er annað atriði. Menn verða að safna upplýsingum lengur saman til að sjá þann mun og draga það saman til að geta komist að haldbærum niðurstöðum um hvers vegna munur er á milli einstakra skóla.

Innan Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála hefur ekki verið greint á milli skóla eða staða þeirra rannsökuð, enda telja menn að afla þurfi ítarlegri upplýsinga að því er þann þátt varðar sérstaklega. Aftur á móti eru gögn á stofnuninni úr innlendum rannsóknum og samanburðarrannsóknum milli landa sem gefa vísbendingar um þá þætti sem líklegir eru til að vega þungt í skýringum á þessum mun. Jafnframt hafa einkunnir úr samræmdum prófum verið notaðar í nokkrum rannsóknarverkefnum á stofnuninni og þær tengdar við ýmsa þætti án þess að athygli hafi beinst sérstaklega að mun á frammistöðu nemenda í einstökum skólum. Loks eru til gögn þar sem frammistaða úrtaksnemenda á samræmdum prófum hefur verið tengd ýmsum félagslegum og sálfræðilegum þáttum. Ekkert framangreindra gagnasafna nægir til að svara spurningu um hvað skýrir mun á útkomu einstakra skóla á samræmdum prófum. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir velta fyrir sér spurningu hv. þm.

Það sama á við um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið utan stofnunarinnar með einni undantekningu. Í nýlegu BA-verkefni við Háskóla Íslands sem kynnt var fjölmiðlum á þessu ári á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur kom m.a. fram sú velþekkta staðreynd að í hverfum Reykjavíkurborgar þar sem menntunarstig er hátt eru skólar með háar einkunnir á lokaprófum grunnskóla. Það er einnig vel þekkt úr erlendum rannsóknum að stéttastaða foreldra hefur áhrif á frammistöðu einstakra nemenda. Engu að síður er eðlilegt að líta á þessi tengsl milli frammistöðu skóla og íbúasamsetningar sem lýsandi fyrir ákveðna stöðu sem hefur komið upp í Reykjavík en ekki sem skýrt orsakasamband milli hverfis og útkomu skóla á samræmdu prófi. Það hefur án efa mikil áhrif á skólann hvar hann er staðsettur og hvaðan nemendur koma, en það samband er flókið. Einnig hefur það örugglega áhrif á innra starf skólans hvaða starfsmenn ráðast til hans og hvar skólinn er staðsettur.

Því má ekki heldur gleyma að sambandið milli skóla og íbúasamsetningar hverfis getur verið gagnvirkt. Vel menntaðir foreldrar gætu sótt í hverfi þar sem eru skólar með háa meðaleinkunn á samræmdum prófum og starfsmenn gætu sóst eftir því að starfa í skólum sem eru í slíkum hverfum. Út frá fyrirliggjandi þekkingu er ekki hægt að fullyrða um þá orsakaþætti sem skipta mestu máli í Reykjavík og enn síður á landsbyggðinni, segir Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Til þess verður að gera vandaða rannsókn á landsvísu sem beinist að tengslum ofangreindra þátta og mun fleiri við útkomu á samræmdum prófum.

Nú er í undirbúningi rannsóknarverkefni sem beinist að þeim mun sem fram kemur á útkomu einstakra skóla á samræmdum prófum. Menn telja að búið sé að safna nægum upplýsingum til að slíkar rannsóknir á þeim mun fari fram. Að undirbúningi verkefnisins standa Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, Háskólinn á Akureyri og félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Á næstu vikum verður leitað eftir fjárstuðningi til verkefnisins og ráðgert er að það hefjist á næstu mánuðum ef fjármögnun tekst. Verði ráðist í verkið er líklegt að það skili bæði fræðilegum og hagnýtum afrakstri sem nýst getur til skilnings á mun einstakra skóla á samræmdum prófum en ekki síður til skólaþróunar.

Menntmrn. hefur einnig unnið að því að útfæra reglur um sjálfsmat skóla og eftirlit með þeim þar sem einnig yrði unnt að líta á fleiri þætti en samræmdu prófin þegar skilgreindur er munur á milli skóla.

Ég vil láta þess getið í þessum umræðum að fámennir skólar með færri en 11 nemendur sem útskrifast úr 10. bekk grunnskóla hafa ekki fengið birtar tölur um niðurstöður af þessum prófum í þeim upplýsingum sem RUM hefur gefið út. Þeir álykturðu um það nú á dögunum eða fóru þess á leit við menntmrn. að unnt yrði að taka saman upplýsingar til þriggja ára og setja inn í grunn og spurningin var sú hvort birta mætti niðurstöðurnar ef þær næðu til þriggja ára. Tölvunefnd hefur nú fjallað um þetta erindi og svarað menntmrn. og sagt að hún hafi ekkert við þetta að athuga. Þar með munu meiri upplýsingar bætast í þann grunn sem við erum að safna saman í og verður síðan notaður til rannsókna bæði á mun milli skóla og líka varðandi aðra þróun í okkar skólastarfi.

[14:11]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn og svar hæstv. menntmrh. Ég hef orðið var við að mjög algengt er hjá hinum almenna borgara að meta skóla út frá hinum samræmdu prófum eftir að farið var að birta niðurstöður í samræmdum prófum opinberlega.

Ég vil vekja athygli á því að þetta getur verið mjög hættulegt að því leyti til að oft á tíðum eru t.d. félagsmálabörn svokölluð flutt á milli landsvæða gjarnan úr höfuðborginni út í sveitirnar þannig að samræmdar niðurstöður skekkja þessa mynd. Það kom fram í svari hæstv. menntmrh. að það er einmitt gert ráð fyrir því að birta ekki niðurstöður þar sem fámennir skólar eru, t.d. tíu nemendur og færri vegna þess að niðurstöður í þessum prófum skekkja myndina.

Ég vek líka athygli á því að það eru til skólar í höfuðborginni sem hafa lagt niður verkmenntagreinar til að efla bóknámið í samræmdum greinum og það er auðvitað ekki eins og við viljum hafa það.

[14:13]

Sturla D. Þorsteinsson:

Herra forseti. Örstutt athugasemd því að mér er málið skylt.

Hv. fyrirspyrjandi, Svanfríður Jónasdóttir, fullyrti áðan að framhaldsskólar notuðu niðurstöður til þess að velja sér nemendur. Ég er ekki alls kostar sammála þessu því að hver heimaskóli hefur raunverulega ekkert val í þessum efnum. Hann verður hvort sem honum er það ljúft eða ekki að taka við þeim nemendum sem búa á hans svæði. Hann hefur ekkert val þar.

Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr svör og ég hlakka til að sjá niðurstöður úr þeim rannsóknum sem nú stendur til að framkvæma en það hlýtur að vera óskaplega erfitt að meta alla þessa hluti sem hæstv. ráðherra taldi hér upp áðan.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég fagna því sem fram kom í svari hæstv. menntmrh. að í undirbúningi skuli vera rannsókn á mismunandi útkomu skóla á samræmdum prófum. Ég minnist þess þegar niðurstöður á samræmdum prófum voru fyrst birtar hvernig viðbrögð skóla og sveitarstjórna voru. Ef niðurstaðan var erfið eða slæm eða ef skólinn kom illa út í samanburði, þá var mjög algengt að sveitarfélögin gripu til þess ráðs að leita sér upplýsinga um hvernig þau gætu bætt þetta. Hvað

er að? Hvað eigum við að gera? Því miður varð fátt um svör. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála svaraði því að hún hefði ekki peninga til að rannsaka gögnin þannig að hún gæti ekki svarað.

Þá gripu sveitarfélögin til þess að kalla til hinar ýmsu ráðgjafastofur sem fóru ofan í rekstur skólanna, skoðuðu þar þá hluti sem þær töldu að væru skoðunarverðir og út úr því hefur auðvitað ýmislegt komið. Það varð til þess að starfsliðið fór allt á stúfana að leita að betri leiðum til árangursríks skólastarfs, árangursríks hvað varðar þessar greinar sem prófað er í á samræmdum prófum. Ég held að þessum tíma hafi verið illa varið, herra forseti, og ég held að hann sé búinn að kosta of mikið fyrir sveitarfélögin í landinu þar sem þau hafa verið að reyna að rétta skólana sína af, rétta þeim hjálparhönd.

Hins vegar er það þannig að skólar og jafnvel heilu sveitarfélögin eru metin samkvæmt þessum niðurstöðum þannig að engan skyldi undra þó að menn séu tilbúnir til að leggja ýmislegt í sölurnar. Þess vegna væri mjög jákvætt ef við gætum fengið niðurstöður sem hjálpuðu okkur til að öðlast betri skilning á því hvað veldur vegna þess, herra forseti, að þá er kannski möguleiki til þess að menn takist á við þessi mál, að menn mæti þessum erfiðleikum þar sem þeir eru en séu ekki að kalla til ýmsa þá sem kannski hafa takmarkaða þekkingu til að gera slíkar rannsóknir, kalla þá til með ærnum tilkostnaði til ráðgjafar varðandi skólana.

[14:16]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mér finnst ummæli hv. þm. benda til þess að hún átti sig ekki nákvæmlega á því hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Að láta í veðri vaka að til hafi verið kallaðir menn sem hafi lélega þekkingu á innviðum skólastarfs til þess að takast á við viðfangsefni í grunnskólum eftir að þessar upplýsingar lágu fyrir, er mjög ósanngjarnt. Það hafa margir góðir sérfræðingar á vegum bæði Kennaraháskóla Íslands og einnig Háskólans á Akureyri og á vegum annarra stofnana sem sinna þjónustu við skólakerfið komið að því að meta skólastarf, bent á það sem betur má fara og skrifað skýrslur og síðan hafa skólarnir brugðist við. Sjálfur hef ég heimsótt nokkra slíka grunnskóla og það er með ólíkindum að kynnast þeim góða starfsanda sem þar ríkir og þeim metnaði sem þar ríkir og þakklæti fólks sem þar starfar í garð þeirra manna og sérfræðinga sem hafa verið kallaðir til. Að láta í veðri vaka að vanhæfir menn hafi að þessu komið er mjög ósanngjarnt og það er ekki hægt að láta því ómótmælt úr þessum ræðustóli. Það er mikill metnaður í skólakerfinu. Það er mikill metnaður hjá sveitarfélögunum. Þessar upplýsingar hafa gefið þeim nýjar vísbendingar um stöðu þeirra. Þau hafa nýtt sér þessi tækifæri. Þau hafa kallað til sérfræðinga og það hefur mikið verk unnist á þessu sviði.

Það verður haldið áfram á þessari braut. Nú liggur fyrir betri grunnur að upplýsingum. Nú verður farið af stað með nýjar rannsóknir. En að gera lítið úr því starfi sem unnið hefur verið og láta í veðri vaka að tíminn hafi verið illa nýttur og starfskraftar eða tími skólabarna og kennara, það er algjörlega rangt og það er ekki hægt að láta hjá líða að mótmæla slíkum ummælum um það mikla starf sem unnið hefur verið í grunnskólanum á síðustu árum.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju hæstv. menntmrh. kýs að leggja orð mín út með þessum hætti, þ.e. kýs að gera meira úr því sem ég sagði en í orðunum lá. Ef til vill er það vegna þess að ég gat þess hér líka að Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála taldi sig ekki fá fé til þess að sinna þeim rannsóknum sem hún átti að gera og gefa þau svör sem hún hefði átt að gefa. Þeir aðilar sem hafa farið inn í skólana til þess að veita ráðgjöf hafa ekki haft aðgang að þessum upplýsingum. Þeir hafa þurft að þreifa sig áfram. Þeir hafa ekki haft þann grunn að standa á sem þeir hefðu þurft að hafa.

Því segi ég að auðvitað hefði verið hægt að gera þetta betur, m.a. ef settir hefðu verið peningar í rannsóknir og ef menn hefðu hugsað það fyrir áður en þeir fóru í það að birta niðurstöður samræmdra prófa til hvers þessi leikur var gerður. Til hvers var hann gerður?

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hv. þm. um að halda sig við það efni sem hér er til umræðu (Gripið fram í.) Ef hæstv. ráðherra vildi gefa forseta tækifæri á að ljúka máli sínu þá væri hann ánægður með það. Hér er um það að ræða að samkvæmt þingsköpum getur hv. þm. borið af sér sakir. Hann gerði það. En hér er ekki framhald efnislegar umræðu um þetta mál og forseti vill árétta það. Er eitthvað frekar sem hv. þm. vill leggja til málanna undir þessum dagskrárlið, þ.e. að bera af sér sakir?)

Herra forseti. Ég tek fyllilega mark á orðum forseta og læt máli mínu lokið.

Aðgerðir til að vinna gegn áhrifum loftslagsbreytinga.

Fsp. KolH, 47. mál. — Þskj. 47.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég geri athugasemd við það að hæstv. samgrh. er ekki í sæti sínu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun greiða úr því. Hann er í húsinu. Forseti biður hv. þm. að bíða andartak þar til ráðin verður bót á þessu.)

Virðulegi forseti. Fyrirspurn sú sem ég legg hér fram til hæstv. samgrh. varðandi aðgerðir á vettvangi samgöngumála til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er sambærileg annarri fyrirspurn sem ég lagði fram fyrir tveimur vikum til sjútvrh. Eins og öllum er kunnugt er losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi mest frá fiskiskipaflotanum en þar fast á eftir fylgja samgöngutæki, bílar, flugvélar, vinnuvélar og þess háttar.

Nú er það áberandi í löndunum í kringum okkur að miklar aðgerðir eru í gangi til að takmarka þennan útblástur og áætlanir eru gerðar um áframhaldandi losun. Umræðan hér á landi hefur kannski verið nokkuð bundin við möguleika Íslendinga á að fá auknar losunarheimildir frá því er Kyotobókunin gerir ráð fyrir að heimila okkur, en það þýðir hins vegar ekki að engar aðgerðir séu í gangi. Að mínu mati hefur þó verið fullhljótt um það sem í bígerð er til að stemma stigu við þessari gífurlegu losun. Í því sambandi vil ég vitna í áætlun íslensku ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra skipi starfshóp, að höfðu samráði við umhverfisráðherra og iðnaðarráðherra, til að leggja grunn að heildstæðu skipulagi samgangna í landinu ... Starfshópnum verður falið að stuðla að stórefldri fræðslu til að draga úr sóun eldsneytis og bæta nýtingu ökutækja. Starfshópurinn láti gera könnun á hagkvæmni og eldsneytisnotkun mismunandi samgöngumáta með það að markmiði að efla þjóðhagslega hagkvæma, lítt mengandi og eldsneytissparandi samgöngumáta."

Um fleira er getið í þessari áætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun og langar mig að draga fram aðra grein. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld, í samvinnu við Vegagerðina og eftir því sem við á aðrar stofnanir, félög og samtök:

Dragi úr loftmengun með: bundnu slitlagi á vegakerfið, styttingu vegalengda milli staða, greiðfærum gatnamótum sem ekki valda umferðartöfum, þjóðvegum sem sneiða hjá þéttbýli, hágæðaeldsneyti, minni lausagangi ökutækja og virku eftirliti með útblæstri.

Dragi úr staðbundnum áhrifum loftmengunar og hávaða við staðsetningu umferðarmannvirkja svo sem með því að skilja umferðarmannvirki með mikla umferð sem best frá íbúðar- og athafnasvæðum."

Fleira mætti taka til úr þessari áætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. En eins og ég sagði, virðulegi forseti, ég veit að hugmyndir eru ýmsar og margt í bígerð, en mig langar til að fá að heyra frá hæstv. samgrh. hvar málin standa í hans ráðuneyti.

[14:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrirspurn hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur vil ég segja að 17. október 1995 samþykkti ríkisstjórn Íslands sérstaka framkvæmdaáætlun vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda.

Framkvæmdaáætlunin tók mið af niðurstöðum koltvíoxíðsnefndar sem páv. umhvrh. skipaði í ársbyrjun 1991 til þess að kanna útstreymi gróðurhúsalofttegunda og leggja grunn að framkvæmdaáætlun til að takmarka útstreymi þeirra í samræmi við skuldbindingar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Það má öllum ljóst vera að frá umferðinni kemur mikill hluti þeirra gróðurhúsalofttegunda sem valda fyrrnefndum loftslagsbreytingum. Markmið stefnu ríkisstjórnar Íslands er að sporna gegn gróðurhúsaáhrifum með því að útstreymi koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda verði takmarkað svo sem kostur er. Samgrn. leggur áherslu á að þessu markmiði verði náð á sem hagkvæmastan hátt. Því er mikilvægt að þjóðhagslega hagkvæmar aðgerðir hafi forgang, svo sem bætt nýting eldsneytis í farartækjum og bætt vegakerfi.

Samgrn. leggur áherslu á fjórar meginleiðir, þ.e. hvetjandi aðgerðir, fræðslu, hagstjórnartæki og þvingandi aðgerðir.

Á vegum samgrn. starfaði vinnuhópur til að vinna að skýrslu um þetta efni og var hann undir forustu aðstoðarvegamálastjóra. Vinnuhópur þessi skilaði af sér skýrslu sumarið 1998. Í henni komu fram ýmsar tillögur sem ráðuneytið leggur áherslu á og vill taka upp og hefur tekið upp að nokkru leyti.

1. Tryggja þarf að í svæðis- og aðalskipulagi sé á markvissan hátt tekið á samgöngumálum með það að markmiði að stytta akstursleiðir og draga úr akstursþörf. Einkum er mikilvægt að koma á svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið þar sem gatnakerfi allra sveitarfélaga á svæðinu verði samræmt með ofangreind markmið í huga.

2. Vinna þarf að því að umferðarmestu vegirnir séu þannig úr garði gerðir að orkunotkun verði sem minnst. Hafa þarf þetta í huga strax á hönnunarstigi. Meðal atriða sem minnka orkunotkun má benda á lög um lögn bundins slitlags á malarvegi, styttingu vega þar sem það er unnt og minnkun biðtíma á gatnakerfi þéttbýlla staða með endurbótum gatnamóta, bættri samhæfingu umferðarljósa og gerð umferðarmannvirkja.

3. Bæta þarf skipulagningu almenningssamgangna með það að markmiði að kerfi almenningssamgangna virki sem eitt kerfi gagnvart notendum. Í því sambandi þarf einnig að huga að auknum forgangi eða sérstökum leiðum fyrir almenningsvagna. Þá þarf einnig að samræma og samhæfa aðrar almenningssamgöngur á landinu.

4. Gæta þarf jafnræðis í gjaldtöku af bifreiðum þannig að dísilbílar séu ekki óhagstæður kostur eða óhagstæðari kostur en bensínbílar. Aksturshvetjandi skattlagning eins og afsláttur af þungaskatti verði lögð niður og stuðlað að því að vörur sem fluttar eru í miklu magni fari með skipum eftir því sem kostur er.

5. Setja þarf takmörk á innflutning notaðra bíla án mengunarvarna og eftirlit í bifreiðaskoðun með sót- og nítroxíðsmengun verði aukið.

6. Markviss úttekt verði gerð á rekstrarlegri hagkvæmni og notkun farartækja sem nota aðra orkugjafa en jarðefniseldsneyti. Við úttektina þurfa stjórnvöld að tryggja að farartækin séu prófuð í almennum rekstri. Jafnframt þarf að fara fram fræðsla um farartækin, kosti þeirra og galla.

Síðan vinnuhópurinn skilaði skýrslu sinni hefur ráðuneytið haft tillögur hans til athugunar og úrvinnslu. Haldnir eru reglubundnir fundir um þessi málefni með stofnunum þar sem fjallað er um þær leiðir sem mögulegar eru og hvaða gagnaöflun þarf að fara fram. Á tímabilinu hefur verið sett í gang vinna af margvíslegu tagi. En ég legg þunga áherslu á að við teljum okkur vera á undirbúningsstigi. Við verðum að líta á hvað aðrar þjóðir eru að gera og reyna þannig að finna hagstæðar leiðir og læra af öðrum. En jafnframt þarf auðvitað að hafa í huga að við getum verið í forustu.

Ráðuneytið gekkst fyrir átaki í byrjun þessa árs hjá stofnunum sínum í samvinnu við endurskoðunarfyrirtæki um græn reikningsskil. Starfsmenn ráðuneytis og stofnana þess sóttu námskeið hjá dönskum sérfræðingum um þetta málefni. Útkoman var síðan skýrsla ráðuneytisins: Umhverfisskýrsla – samgönguráðuneytið og stofnanir þess. Stefnt er að endurskoðun skýrslunnar og þannig mótuð stefna og áhersla.

Einnig er stefnt að því að hver stofnun geri árlega umhverfisskýrslu sem verði felld inn í þá skýrslu sem ráðherra leggur árlega fyrir Alþingi, t.d. um framkvæmd vegáætlunar o.s.frv.

Herra forseti. Tími minn er liðinn en ég hef gert grein fyrir helstu áhersluatriðum sem ráðuneytið vinnur eftir og við það er miðað í allri áætlanagerð og undirbúningsgerð við mannvirkjaframkvæmdir á vegum samgrn.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka greinargóð svör hæstv. samgrh. og ítreka einungis það sem ég sagði í upphafi máls míns. Ég vissi auðvitað að eitt og annað væri í bígerð og

að verið væri að framkvæma ýmsa hluti. Það hefur þó farið kannski fullhljótt því að það er greinilegt af svari hæstv. ráðherra að margt af því sem verið er að gera er virkilega þarft. Vil ég sérstaklega nefna hvað þetta varðar fræðslumálin sem ég held að séu grundvallaratriði til þess að við getum öll tekið á í sameiningu til þess að stemma stigu við þessari gífurlegu losun því að við erum að upplifa þetta allt á eigin skinni. Sannleikurinn er sá að það er okkar eiginn lífsstíll sem skiptir hérna máli og það er ekki nóg að vinna að málum í opinberum stofnunum í kyrrþey þó að vel sé gert þar. Við verðum að láta til okkar heyra og senda merki út í samfélagið sem gera það að verkum að fólk taki lífsstíl sinn til athugunar og finni að það geti lagt lóð á vogarskálarnar í þessari baráttu sjálft.

Hitt málið sem ég vildi nefna varðar bættar almenningssamgöngur. Auðvitað er það grundvallaratriði í að stemma stigu við útblæstri frá bifreiðum að efla almenningssamgöngur. Satt að segja hefur mér oft fundist harla lítið að gert til þess í Reykjavíkurborg og lítill skilningur hafa ríkt þar á þörf fyrir öflugri almenningssamgöngur. Ég fagna því að hæstv. samgrh. hefur áhyggjur af þessu máli og er greinilega að kanna almenningssamgöngur bæði í þéttbýli og í dreifbýli. Í þessu sambandi langar mig að vekja athygli fólks á því að það kann að vera að rútusamgöngur norður í land, rútusamgöngur Norðurleiðar, verði litlar sem engar næsta sumar. Almenningsamgöngur hafa verið rýrðar mjög mikið á síðustu árum og þeirri óheillaþróun verðum við að snúa við.

Varðandi grænu reikningsskilin þá hrópa ég húrra fyrir hæstv. samgrh. og lýsi mig reiðubúna til að heimsækja hann í ráðuneytið og fá að heyra meira.

[14:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir viðbrögð hennar við svari mínu. En vegna þess sem kom fram hjá henni þá liggur fyrir að almenningssamgöngur innan sveitarfélaga eru á vegum sveitarfélaganna. Engu að síður hefur það verið þannig að stuðningur hefur beint og óbeint verið veittur til almenningssamgangna með eftirgjöf á þungaskatti o.s.frv., eins og hv. þm. þekkja.

Hins vegar er ljóst að notkun strætisvagna t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu er minni en efni standa til. Það hefur auðvitað sín áhrif, meiri notkun einkabílsins og meira álag á umferðarmannvirki. Við í samgrn. teljum eðlilegt að menn leggi áherslu á kynningu og hvatningu til almennings um að notafæra almenningssamgöngur til þess að draga úr eldsneytisnotkun og létta á álagi á umferðarmannvirki. Það er sparnaður í öllu tilliti.

Varðandi almenningssamgöngur milli landshluta er það mikið vandamál hversu illa hefur gengið að reka þá þjónustu með nægjanlegum hagnaði fyrir þá sem það gera. Ljóst er að þar þarf að verða á breyting, þar verða stjórnvöld að koma að. Á vegum samgrn. hefur verið unnið að úttekt á þessu máli hjá Háskóla Íslands. Það er að koma út núna skýrsla um þetta þar sem fjallað er um samgöngur á landsbyggðinni og tillögur um úrbætur.

Langtímaáætlun í jarðgangagerð.

Fsp. KLM, 61. mál. — Þskj. 61.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. samgrh. hvað líði undirbúningi að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. mars sl. um gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð á Íslandi. Þennan dag samþykkti Alþingi eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Áætlunin feli í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarrar kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Áætlunin liggi fyrir áður en lokið verður við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar."

Á mörgum stöðum á landsbyggðinni er jarðgangagerð lífsspursmál og jafnframt mikilvægur þáttur í að stækka sveitarfélög og gera þeim kleift að sameinast og/eða auka samvinnu sína, með öðrum orðum að stækka atvinnusvæði og auka um leið hagkvæmni í ýmsum rekstri, bæði hjá hinu opinbera og fyrirtækjum almennt. Stækkun atvinnusvæða er nútímaleg byggðastefna. Nútímalegar samgöngubætur með jarðgöngum þar sem við á eru lykill að frekari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga og stækkun atvinnusvæða og því að rjúfa vetrareinangrun.

Herra forseti. Á þskj. 61 hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. samgrh. eftirfarandi spurningar:

„1. Hvað líður undirbúningi að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. mars sl. um gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð á Íslandi?

2. Mun ráðherra leita eftir því að þingflokkarnir tilnefni menn í þverpólitíska nefnd sem fjalli um þennan mikilvæga málaflokk í samgöngumálum landsbyggðarinnar?"

Þessi fsp. er jafnframt sett fram í framhaldi af þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 þar sem fjallað er um samgöngumál og þann mikilvæga þátt sem þau skipa í byggðastefnu framtíðarinnar.

[14:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Möller hefur borið fram fsp. um langtímaáætlun í jarðgangagerð. Ég þakka hv. þm. fyrir þann áhuga sem hann sýnir á þeim málum áður en ég svara fsp. hans. Hún er í tveimur liðum eins og fram kom. Fyrri liðurinn er svohljóðandi:

„Hvað líður undirbúningi að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 11. mars sl. um gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð á Íslandi?"

Því er til að svara að með bréfi, dags. 30. mars 1999, fól samgrn. Vegagerðinni að vinna að undirbúningi að gerð langtímaáætlunar í jarðgangagerð. Samkvæmt ályktun Alþingis frá 11. mars sl. skal áætlunin fela í sér úttekt á kostum sem taldir eru á jarðgangagerð á landinu, kostnaðarmat og arðsemismat einstakra framkvæmda og forgangsröðun verkefna. Jarðgangaáætlun átti að liggja fyrir áður en lokið yrði við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.

Vegagerðin hefur síðan að undanförnu unnið að málinu með margvíslegri gagnaöflun. Áætlunin verður tvíþætt. Annars vegar verður gerð yfirlitsáætlun þar sem tekin eru

með þau jarðgangaverkefni sem hafa verið til skoðunar og umræðu undanfarið. Þar við bætast verkefni sem Vegagerðin telur koma til álita en þau eru fjölmörg um allt land og margir áhugamenn um jarðgöng.

Hér er um mörg og misstór verkefni að ræða. Hins vegar verða valin úr þessu safni verkefna þau sem brýnust teljast og þeim raðað í forgangsröð. Miðað er við að vinnu Vegagerðarinnar ljúki um næstu áramót. Í framhaldi af því verður áfram unnið að undirbúningi.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort ráðherra muni leita eftir því að þingflokkarnir tilnefni menn í þverpólitíska nefnd sem fjalli um þennan mikilvæga málaflokk í samgöngumálum á landsbyggðinni.

Á þessu stigi mun ég ekki leita eftir tilnefningu en mun hafa samráð við samgn. Alþingis þegar nær dregur því að vinnu Vegagerðarinnar ljúki. Ég vænti þess að eiga gott samstarf við hv. þm. sem þar sitja.

[14:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fyrirspyrjanda fyrir spurninguna. Ljóst er að hér er um mjög mikilvægt verkefni að ræða. Áður fyrr litu menn fyrst og fremst á jarðgöng sem svo að þau væru til að rjúfa vetrareinangrun en í seinni tíð hefur mönnum þótt koma til álita að líta einnig til þeirra verkefna sem stytta vegalengdir og stækka atvinnusvæði. Það er afskaplega mikilvægt að horft sé til þeirra þátta líka þegar við höfum byggt vegakerfið eins vel upp og raun ber vitni þó mikið sé eftir á því sviði.

Einnig er mikilvægt fyrir samgn. að þessi áætlun liggi fyrir þegar farið verður í reglulega endurskoðun vegáætlunar. Eins og menn vita liggur það fyrir í vetur og verður auðvitað að horfa á uppbyggingu samgöngukerfisins í heild þannig að góður árangur náist.

[14:42]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Kristjáni L. Möller. Eins og hann hefur rakið ágætlega er um mikið hagsmunamál að ræða. Það hefur komið fram í umræðunni, í svörum hæstv. ráðherra og máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur að vissulega er um mikil hagsmunamál fólks á stórum landsvæðum að tefla. Ég tel víst að hið sama gildi um jarðgöng á Austfjörðum og á Norðurlandi þar sem ég þekki betur til og fullyrði að jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar eru lífshagsmunamál fyrir framtíð Siglufjarðar sem blómlegs bæjar. Auk þess styrkir samgöngubótin byggð á stóru svæði.

Þessi jarðgangagerð þarf því að hefjast á næstu árum. Ef ekki þá verður þjóðin einum Siglfirði fátækari. Ég hvet því til skjótra viðbragða. Við eigum fyrir þessum framkvæmdum og ég fagna svörum hæstv. samgrh. sem vitna um að hann sefur ekki á verðinum.

[14:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. en umfjöllunin um hana undirstrikar auðvitað mikilvægi jarðganga í nútímasamgöngum.

Ég þekki umræðuna mjög vel varðandi utanverðan Eyjafjörð og þau jarðgöng sem fyrirhuguð eru til Siglufjarðar. Það er alveg ljóst að hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki bara fyrir Siglufjörð heldur einnig fyrir önnur sveitarfélög við utanverðan Eyjafjörð og ég leyfi mér að segja fyrir Eyjafjörð allan.

Ég vænti þess reyndar að þó að ekkert verði af jarðgöngum þá fari menn ekki að breyta örnefnum en hitt er rétt að mikilvægið er ótvírætt. Í utanverðum Eyjafirði er rætt um sameiningu sveitarfélaga og í Eyjafirði er almenn samstaða um að þetta verkefni. Jarðgöng til Siglufjarðar eru talin slíkt forgangsverkefni og skipta áframhaldandi þróun svæðisins það miklu máli að um það hafa allir sveitarstjórnarmenn sammælst. Það skiptir máli, herra forseti.

[14:44]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda Kristjáni L. Möller áhuga hans á málinu bæði fyrr og síðar. Einnig þakka ég hæstv. samgrh. svörin. Ég vek þó athygli á því að þau gögn sem verið er að vinna ættu að liggja fyrir bæði frá tíð hæstv. samgrh. Matthíasar Á. Mathiesens og hæstv. samgrh. Steingríms Sigfússonar. Þannig ætti ekki að þurfa mikinn tíma til þess að komast að niðurstöðu um meginatriðin.

Mér vitanlega er enginn stórisannleikur kominn fram í málinu. Og af því að hér hefur verið nefnt eitt byggðarlag sem mér þykir meira en lítið vænt um, þá vil ég taka fram að á Austfjörðum eru líka samgönguerfiðleikar. Ég nefni þar Vopnafjörð, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Fáskrúðsfjörð. Við skulum heldur ekki gleyma þeim samþykktum sem liggja fyrir. Ég þakka fyrir þessa umræðu.

[14:45]

Sturla D. Þorsteinsson:

Herra forseti. Mig langar til að taka undir það sem hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði áðan um að þessi mál verði að skoða í heild sinni við endurskoðun vegáætlunar í vetur. Í þessu sambandi get ég ekki misst af því tækifæri að minna á að í Reykjaneskjördæmi, sem ég kem úr, eru stór verkefni fram undan, þ.e. breikkun Reykjanesbrautar. Ég ítreka það. Ég vil ekki missa af þessu tækifæri til að minna á þetta.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans við fyrirspurn minni og þeim þingmönnum sem hér hafa tjáð sig um þetta mikilvæga mál.

Ég vil einnig láta það koma fram að ég er mjög ánægður með og sammála því hvernig þetta mál er unnið og mér sýnist það vera í mjög farsælum og góðum farvegi og faglega sé unnið að verkum og ég bíð spenntur eftir niðurstöðu þessarar mikilvægu vinnu.

En hjá mér vaknaði önnur spurning þegar ég hugsaði til baka, hugsaði til umræðu á hinu háa Alþingi ekki alls fyrir löngu um aðgerðir í byggðamálum þar sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrv. samgrh., talaði um að eitthvert samkomulag lægi fyrir á hinu háa Alþingi um hvar næstu jarðgöng ættu að vera. Ég vil því í lokin spyrja hæstv. samgrh. út í þetta: Er eitthvert samkomulag til í þessum efnum? Það er ákaflega brýnt fyrir mig sem nýjan þingmann að vita það ef hendur mínar og annarra þingmanna hafa verið bundnar fyrir tíu árum síðan. Og ef svo er, hvernig var það gert og hvar er þetta að finna í þinggögnum?

Ég tek líka undir svar hæstv. ráðherra við annarri fyrirspurn minni. Mér finnst að svar ráðherrans sé á þá vegu að Vegagerðin sé að vinna þetta mjög faglega og er ráðherranum alveg sammála um að ekki þurfi að fá tilnefningu frá þingflokkunum í þessa nefnd til að vinna þetta, en fagna líka orðum ráðherrans um að gott samráð verði haft við samgn.

um þetta verkefni. Ég býð fram aðstoð mína og vilja til þess að vinna með ráðherra og öðrum að þessu brýna máli.

En ég ítreka fyrirspurn mína: Er virkilega eitthvert samkomulag til um hvar næstu jarðgöng eigi að vera?

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill minna á að ráðherrann er hæstvirtur.)

[14:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka þær ræður sem hér hafa verið fluttar. Mér er ljóst, bæði af þeim og raunar nokkru áður, að margir áhugamenn eru um jarðgöng í sölum Alþingis og raunar víðar. Ég vænti því mikils og góðs stuðnings þegar fram líða stundir og tekist verður á við það verkefni að tryggja fjármuni til þeirra framkvæmda og niðurstöðu.

Hv. fyrirspyrjandi Kristján Möller spurði hvort fyrir lægi eitthvert samkomulag. Ég lít þannig á að ég hafi ekki fengið í vöggugjöf neitt samkomulag sem bindi hendur mínar um tillögur í vegamálum. Ég tel að ég verði að vinna á eigin forsendum og á eigin ábyrgð og Alþingi hljóti að hafa óbundnar hendur í dag þegar teknar eru ákvarðanir um vegamál. Þetta er grundvallaratriði að mínu viti.

Hins vegar getum við ekki vikið okkur undan því að unnið hefur verið að samgöngumálum í landinu og við getum ekki horft fram hjá því hvar náðst hefur árangur, hvar úrbætur hafa orðið og hvar er eftir að vinna mikilvæg verk. Það er aðalatriðið.

Í þessari vinnu hef ég lagt áherslu á að við vinnum faglega, að við skoðum reynsluna af þeim göngum sem hafa verið byggð, hvaða áhrif þau hafa á mannlíf, atvinnulíf og framþróun alla. Ég trúi að með því að skoða það auðveldi það okkur á Alþingi að sannfæra almenning í landinu að fara þurfi í jarðgöng. Það er kannski ekki svo lítið verkefni fyrir okkur og þess vegna vil ég segja vegna orða hv. þm. Jónasar Hallgrímssonar að þrátt fyrir góða vinnu forvera minna í samgrn., þá hefur orðið ör þróun í sambandi við jarðgangagerð (Forseti hringir.) og vinna þarf vel að rannsóknum og undirbúningi þessa máls í ljósi nútíðarinnar.

Uppbygging fjarskipta á landsbyggðinni.

Fsp. ÍGP, 72. mál. — Þskj. 72.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgrh. um uppbyggingu fjarskipta á landsbyggðinni. Frá því að fyrirspurn mín var lögð fram hefur hæstv. samgrh. lagt fram frv. um fjarskiptamál og fagna ég því sérstaklega.

Fjarskiptalínur eru hluti af samgönguæðum nútímans ekki síður en jarðgangagerð. Fólk sækir margs konar upplýsingar á veraldarvefinn. Upplýsingaöflun nútímans fer fram að stórum hluta á vefnum og ferðaþjónusta nútímans byggist nú orðið að hluta á tölvusamskiptum þar sem neytandinn skoðar viðeigandi landsvæði í gegnum vefinn og ferðamenn panta gjarnan ferðir og gistingu í gegnum tölvur. Símatækni og upplýsingamiðlun gegnum síma er alltaf að aukast og sjónvarps- og útvarpssendingar fara fram eftir þessum nútímafjarskiptaleiðum.

Í nýliðinni kjördæmaviku gerðu sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi miklar athugasemdir við fjarskiptabúnað í dreifbýli. Líkja má fjarskiptaæðum í dreifbýli við moldarslóðir væri um heiðbundnar samgönguleiðir að ræða. Gamaldags símalínur valda töfum á boðskiptum. Þær valda einnig töfum á jafnsjálfsögðum hlut og að senda símbréf, hvað þá þegar um flóknari vinnslu er að ræða. Fjarkennsla og fjarvinnsla er eitt af mikilvægum atvinnu- og menntaframboðum nútímans og það gefur augaleið að slík vinnsla getur ekki farið fram eftir moldarslóðum, svo ég haldi áfram samlíkingunni.

Komi til sölu Landssímans er það algert skilyrði — ég endurtek — það er algert skilyrði stjórnvalda að tryggja að fjarskiptalínur séu í lagi sem allra víðast á landinu. Þetta er hluti af byggðastefnu nútímans. Um leið er þetta sjálfsagt öryggismál. Nefna má að fólk í Vestur-Skaftafellssýslu hefur miklar áhyggjur af samskiptamálum þar, t.d. ef um eldgos yrði að ræða á svæðinu, en þar eru fjarskiptamál í raun í miklum ólestri eins og víðar á landinu. Fyrirspurn mín til hæstv. samgrh. er því þessi:

„Á hvern hátt hyggst ráðherra stuðla að uppbyggingu fjarskiptanets á landsbyggðinni á kjörtímabilinu þannig að sem flestir landsmenn geti á sem bestan og auðveldastan hátt nýtt tölvu-, síma- og samskiptatækni nútímans?“

[14:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir fyrirspurnina, en hún hljóðar svo:

„Á hvern hátt hyggst ráðherra stuðla að uppbyggingu fjarskiptanets á landsbyggðinni á kjörtímabilinu þannig að sem flestir landsmenn geti á sem bestan og auðveldastan hátt nýtt tölvu-, síma- og samskiptatækni nútímans?“

Þessu er til að svara að þróun fjarskiptaneta er hröð og á síðustu fimm árum hefur burðargeta fjarskiptakerfa aukist mjög mikið. Því er erfitt að spá fyrir um hvers konar fjarskiptanet verði hagkvæmast að byggja upp á landsbyggðinni.

Á sama tíma og fjarskiptatækni gerir fjarlægðir að engu er ljóst að munur er á aðstöðu fyrirtækja eftir staðsetningu. Slík staða er að mínu mati óviðunandi því mikilvægi í öryggi og hagkvæmni fjarskipta verður æ augljósara.

Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að bæta stöðu landsbyggðarinnar m.a. með því að skapa skilyrði til aukinnar samkeppni. Í október sl. var leigulínuverðskrá Landssíma Íslands hf. aðlöguð að kostnaði sem hafði það í för með sér að leigulínuverð lækkaði verulega og enn frekari lækkunar er að vænta á næstunni. Þessar verðlækkanir ættu að hafa í för með sér nýja möguleika fyrirtækja á landsbyggðinni til að nota fjarskipti í rekstri sínum. Aukin notkun gerir svo virka samkeppni að raunhæfum kosti.

Í vikunni lagði ég fram frv. til laga um fjarskipti. Þetta frv. hefur að geyma mikilvæg nýmæli sem eiga að tryggja aðgang allra landsmanna að gagnaflutningsþjónustu og hvata til uppbyggingar fjarskiptamarkaðar á landsbyggðinni, sem eru þessi helst:

1. Tryggt verði að ISDN-gagnaflutningsþjónusta eða jafngild fellur undir svokallaða alþjónustu eins og talsímaþjónusta gerir í gildandi lögum. Þetta tryggir að allir landsmenn eiga þess kost að njóta gagnaflutnings á sanngjörnum kjörum eins og rakið er í 13. gr. frv., svo ég vísi til þess þó að það sé ekki til umræðu.

2. Ljóst er að frekari aðlögun gjaldskrár að raunverulegum kostnaði mun eiga sér stað og gera notkun fjarskiptatækni í hinum dreifðari byggðum enn ódýrari en nú er.

3. Tryggt verði að fjarskiptafyrirtæki muni fá aðgang að fjarskiptanetum hvers annars. Fjarskiptafyrirtæki skulu

veita samtengingu á kostnaðarverði að viðbættum hæfilegum hagnaði. Þetta mun leiða til þess að mögulegt verður að byggja upp minni fjarskiptanet heima í héraði sem svo tengjast t.d. ljósleiðara annars fjarskiptafyrirtækis. Þeir sem byggja upp slík net mega treysta því að þeir fái samband við næstu sveit og umheiminn allan á skaplegu verði, ef allt fer fram sem horfir og nú er lagt upp með.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að Landssíminn og Íslandssími hafa gert samning nýverið um samtengingu og það skapar mikla möguleika fyrir ný fyrirtæki að eiga þess kost að tengjast neti Landssímans sem allir þekkja að er um allt land en að vísu mismunandi öflugt.

Með nútímafjarskiptatækni aukast möguleikar allra landsmanna til að nýta sér á auðveldan hátt tölvu- og símatækni. Ísland er í einstakri stöðu í heiminum í dag. Hér á landi er einhver almennasta tölvueign í veröldinni og yfir 80% landsmanna hafa aðgang að internetinu. Þetta tækifæri verður að nýta því að það getur leitt af sér betri lífskjör á varanlegum grunni. Því er brýnt að stuðla að frekari uppbyggingu fjarskiptanetanna og þjónustunnar sem veitt er í tengslum við þau.

Það fjarskiptalagafrv. sem hér hefur verið lagt fram og ég vísaði til, miðar einmitt að því að efla uppbyggingu fjarskiptaneta með þeim leiðum sem best hafa reynst.

Að endingu er rétt að geta þess að samgrn. er aðili að vinnu við úttekt á burðargetu fjarskiptakerfanna, bæði innan lands og milli landa, svo og að gera áætlun um þörfina í framtíðinni, en þessa úttekt er nú verið að framkvæma fyrir ráðuneytið og verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið. Vonir standa til að fá á allra næstu dögum niðurstöðu þeirrar úttektar og verður hún þá kynnt.

Enda þótt uppbygging fjarskiptakerfa og fjárfesting á þessu sviði sé nú verkefni einkaaðila ber stjórnvöldum engu að síður að setja almennar leikreglur og tryggja að bandvídd og tengingarmöguleikar séu fullnægjandi. Ég vænti þess að niðurstöður úttektarinnar sem ég vísaði til muni nýtast samgrn. til enn frekari stefnumótunar í þessum efnum.

[14:59]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna frv. til laga um fjarskipti sem hann kynnti.

Fjarskiptamál eru mikil byggðamál og ég vil taka undir áhyggjur fyrirspyrjanda um fjarskipti t.d. í okkar kjördæmi, sem er Suðurlandskjördæmi, en svo háttar til að ekkert GSM-samband er mjög víða á Suðurlandi. Undir öllum Eyjafjöllum er nánast ekkert GSM-samband og í Skógum þar sem ferðaþjónusta er rekin er ekkert GSM-samband. Alla leiðina frá Vík og austur að Klaustri er heldur ekki GSM-samband. Þegar verið er að byggja upp ferðaþjónustu og við sem búum á landsbyggðinni viljum að hægt sé að stunda fjarnám, þá er það ekki hægt öðruvísi en að hafa góð tölvusamskipti. En ég fagna frv. ráðherra og veit að þessu mun verða kippt í liðinn.

[15:01]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft afskaplega stóru máli sem ekki er hægt að gera tæmandi skil á þeim örstutta tíma sem til ráðstöfunar er. Hér er verið að ræða um það hvernig tryggja megi aðgengi allra að upplýsingahraðbrautinni „á sanngjörnum kjörum", segir hæstv. ráðherra, eða „með hæfilegum hagnaði", segir hann enn fremur. Þetta eru auðvitað bara orð og hugtök sem eru óútskýrð. Vitaskuld hefur maður áhyggjur af því sem fram undan er á næstu mánuðum og missirum vegna yfirlýsinga hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar, þar sem langstærsti aðili og eigandi þessarar upplýsingahraðbrautar, Landssími Íslands, er að fara á markað. Maður deilir auðvitað áhyggjum með fyrirspyrjanda og öðrum hv. þm. í þá veruna hver verði raunverulega hvati einkaaðila á þessum markaði til þess að halda áfram þessari uppbyggingu. Og einnig, hvaða tök og tól höfum við á hinu háa Alþingi til að tryggja það með almennum leikreglum að kjörin verði sanngjörn og þeir aðilar sem á þessum markaði eru skili hæfilegum hagnaði, en noti ekki þessa leið og þetta öfluga tæki sem viðskiptatálmanir eða hindranir á eðlilegri uppbyggingu og þróun þessara hluta.

[15:02]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að velta upp þessu þjóðþrifamáli. Aðeins stutt athugasemd. Það er von að fólk hafi áhyggjur af þessum málum einmitt núna þegar ríkisstjórnin er hraðbyri að einkavæða fyrirtæki og stofnanir landsins, samanber áform um að einkavæða t.d. Landssíma Íslands. Fólkið sem býr í strjálbýlinu er dauðhrætt um að það verði skilið eftir. Svo er ekki bara á Suðurlandi heldur í öllum landshlutum. Stórir ferðamannastaðir sem tugþúsundir manna heimsækja á sumrin ekki hafa GSM-þjónustu, svo sem eins og á Norðurl. e. Við verðum að halda umræðunni um þessi mál vakandi og sjá til þess að í einkavæðingarfasa verði ekki þannig búið um hnútana að strjálbýlustu svæði landsins, sem geta kannski ekki staðið á eðlilegan hátt undir kostnaði við fjarskipti, verði hreinlega skilin eftir. Þau hafa verið skilin eftir og menn bera ugg í brjósti um að þau verði skilin algjörlega eftir ef einkavæðingarfasinn verður látinn fram ganga.

[15:03]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða samgöngumál og ekki minna mikilvæg en þau sem við höfum rætt fyrr í dag. Það er mjög mikilvægt sem kom fram í máli hæstv. samgrh. að verið sé að gera úttekt á stöðu samgöngumála. Vegna þess að þær samgöngur sem felast í greiðu símasambandi eða notkun á fjarskiptatækni eru hluti af samgöngum nútímans og framtíðarinnar. Þær eru svo mikilvægar vegna þess að þær geta rofið einangrun og opnað möguleika, ekki bara til atvinnusköpunar heldur líka til samskipta og þess að fólk um allt land getið notið menntunar og menningar heima hjá sér eftir þessum leiðum, í stað þess að ferðast um lengri veg. Herra forseti. Það sem er mikilvægast í þessu máli er að allir eigi aðgang að upplýsingahraðbrautinni, að hún verði ekki bara sumra, að upplýsingahraðbrautin verði okkar allra, allra landsmanna, eins og vegakerfið í landinu. Það er mál sem ég veit að við eigum eftir að taka upp undir annarri umræðu hér, en mikilvægið liggur þarna.

[15:05]

Árni Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þær áhyggjur sem hér hafa komið fram um þessi mál. Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma skýrt fram að ég er andvígur því að selja það grunnnet sem felst í lagnakerfi Landssímans hf. Ég er þeirrar skoðunar að þetta net eigi að vera aðskilið, og til þess að tryggja samkeppni og tryggja jafnrétti, m.a. milli

landshluta að þessu neti, þá tel ég óæskilegt að það sé selt með Landssímanum hf.

Ég vil rétt í lokin minna á að í frv. til laga sem liggur fyrir um fjarskipti er kveðið á um að samkeppnisaðila skuli hleypt að heimtaug, veittur aðgangur að heimtaug. Og ég vil benda á að þetta er talið leiða til hækkunar á fastagjaldi fyrir heimtaugar þar sem tilkostnaður er nú hærri en rukkað er fyrir. Ég vil benda á að þetta getur leitt til skertrar samkeppnisstöðu þeirra sem að búa úti á landi.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka svör hæstv. samgrh. og þá frjóu og ágætu umræðu sem hefur verið um þetta málefni. Það er alveg ljóst að hér er um afar brýnt mál að ræða sem þingmenn hafa mikinn áhuga á. Við vitum að hér er, eins og komið hefur fram í umræðunni, um nútímabyggðamál að ræða. Við verðum að tryggja öllum landsmönnum sama rétt til þess að njóta þessarar þjónustu, til þess að nýta þá tækni sem að tölvutæknin hefur upp á að bjóða og símtæknin. Hér er um afar öra þróun að ræða og erfitt er í raun að fylgjast með henni. Við getum spurt okkur hvað sé stutt í að þessar samgönguæðar fari í gegnum gervitungl eins og þær eru farnar að gera á erlendum markaði. Heimurinn er því að verða eitt svæði í þessum efnum. En eins og ég sagði í upphafi máls míns, komi til sölu Landssíma Íslands þá verður áður að vera tryggt að allir landsmenn hafi sama rétt í þessum efnum. Það er algjört skilyrði. Ég treysti hæstv. samgrh. til að vinna vel að þessu máli. Hæstv. samgrh. er landsbyggðarmaður eins og við mörg sem höfum tjáð okkur um þetta mál hér í dag. Ég treysti honum vel til þess að ljá ekki máls á því að selja Landssíma Íslands fyrr en þetta mál er komið í höfn.

[15:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. Ég heyri að enn er nokkuð í land með það að okkur hafi tekist að upplýsa allt sem snýr að þessum málum. Vonandi gefst færi til þess þegar fjarskiptalagafrv. verður hér til meðferðar, sem verður vonandi sem fyrst.

En aðeins út af því sem hér hefur komið fram vil ég segja að auðvitað eigum við eftir langt í land með að byggja upp GSM-símakerfið í landinu. En ef menn rifja það upp hversu ótrúlega stutt er síðan að hægt var nota GSM-síma þá átta þeir sig kannski á því hvers vegna ekki er búið að byggja allt kerfið upp. Það er vegna þess að okkur hefur ekki gefist hreinlega tími til þess í öllu því sem hefur verið að gerast. En samt sem áður er kannski öflugasti hvatinn til uppbyggingarinnar samkeppnin sem komin er á. Tal kom inn á markaðinn og alveg augljóst að það varð til þess að herða á okkar ágæta fyrirtæki Landssímanum, herða á uppbyggingu GSM-símakerfisins á vegum Landssímans. Ég held að flestir séu nú sammála um það. En þetta er ágætis vísbending um að samkeppnin er af hinu góða.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur eins og aðrir samfylkingarmenn áhyggjur af því að við höfum ekki lengur tök á Landssímanum. Hv. samfylkingarþingmenn hafa nú yfirleitt verið að skamma mig, samgrh., fyrir að vilja sérstaklega hafa tök á Landssímanum og standa við bakið á honum, þannig að það ber ekki allt upp á sama daginn í þeim efnum og þeim málflutningi. En auðvitað þurfum við að tryggja, um leið og við göngum í það að selja hlutabréfin í Landssímanum þegar þar að kemur, að uppbygging þjónustukerfisins sé til staðar. Það mun ekki standa á mér að fara þær leiðir sem þarf til þess að svo verði. En ég tel að það sé ekki hin rétta leið að lima það fyrirtæki í sundur.

Rekstur ferju í Ísafjarðardjúpi.

Fsp. SighB og GAK, 74. mál. — Þskj. 74.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ferjurekstur hefur um áratuga skeið verið stundaður í Ísafjarðardjúpi. Fyrst var þetta lengi vel eina samgönguleiðin en hefur nú hin síðari ár fyrst og fremst verið nýtt til þess að flytja fólk, bíla og varning samhliða þeim flutningi sem á sér stað um Djúpveg. Auðvitað hefur mikil framþróun orðið á vegum í Ísafjarðardjúpi hin síðustu árin, en engu að síður er það svo að mikið af þessum vegum eru gamlir vegir og niðurgrafnir, hálfgerðir skorningar sem að verða fljótt illfærir í snjó og þola alls ekki þá þungu umferð sem er þarna af hálfu landflutningaaðila, einkum og sér í lagi á vorin og haustin. Því hefur rekstur bílaferju í Ísafjarðardjúpi verið að mínu viti bráðnauðsynlegur, ekki síst yfir vetrarmánuðina, til þess að tryggja að þarna sé ávallt fært, þá á sjó ef ekki á landi og forða þeim frá því sem vilja síður aka þessa erfiðu vegi, ekki síst á vetrum, að þurfa að gera það.

Það vill svo til að ferjan sem þarna er notuð var á sínum tíma keypt til landsins notuð frá Noregi fyrir óskaplega lítið fé, ef svo má að orði komast, miðað við þau útgjöld sem hafa orðið við öflun annarra bílaferja. Ég held hún hafi ekki kostað fullbúin nema um 36 millj. kr. sem er innan við tífalt minna en kostaði t.d. að smíða Breiðafjarðarferjuna sem er miklu minna skip og flytur færri bíla. Þessi ferja á Ísafjarðardjúpi hefur því ekki þungan fjárhagsbagga hvað varðar stofnkostnað fyrir ríkissjóð. En vissulega er rétt að það kostar nokkur útgjöld að tryggja rekstur hennar. Það hefur ekki reynst unnt að brúa það bil þannig að ferjurekstur hefur legið niðri nú síðan síðla sumars og satt að segja hrýs mér hugur við því ef það á vera framtíðin að engin bílaferja sé í Ísafjarðardjúpi öll þau ár sem enn eiga eftir að líða þangað til að vegur í Ísafjarðardjúpi verður að fullu byggður upp úr snjó, en það má vænta þess að það líði a.m.k. tíu ár þangað til að svo getur orðið. Það skýtur nokkuð skökku við þegar á það er horft að ríkisvaldið mótaði þá stefnu að reka Akraborgina sem bílferju á milli Akraness og Reykjavíkur allar götur þangað til búið var að grafa göng undir Hvalfjörð og var þó ólíku saman að jafna vegasamgöngum frá norðanverðu Ísafjarðardjúpi og inn Djúpið og áfram á þjóðvegakerfi landsins og vegasamgöngum milli Akraness og Reykjavíkur áður en að jarðgöng voru grafin undir Hvalfjörð.

Þá hefur þessi ferja verið mikið öryggistæki, kom m.a. að miklum notum þegar snjóflóðið féll í Súðavík á sínum tíma og var þá eina öryggistækið sem hægt var að grípa til, auk þess sem þetta skip er mjög mikilvægt fyrir alla ferðamannaþjónustu yfir sumarið. Því vil ég spyrja virðulegan ráðherra hvort hann sé reiðubúinn að efna til viðræðna um hvernig tryggja megi rekstur Djúpferju, þ.e. núverandi Djúpbáts, Fagranessins, a.m.k. yfir hörðustu vetrarmánuðina?

[15:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur hér spurt:

„Er ráðherra reiðubúinn til viðræðna um hvernig tryggja megi rekstur bílaferju í Ísafjarðardjúpi, a.m.k. yfir erfiðustu vetrarmánuðina, þar til lagningu Djúpvegar er að fullu lokið?"

Áður en ég svara fsp. beint tel ég nauðsynlegt að gera örlitla grein fyrir stöðu málsins og aðdraganda þess síðustu missirin.

Eins og hv. þm. þekkja þá var aðstaða fyrir ferjuna bætt verulega, ekki alls fyrir löngu, þegar byggðar voru ferjubryggjur við Arngerðareyri ásamt vegi og bílastæðum. Einnig var byggð aðstaða í Ísafjarðarhöfn en allt kostaði þetta tæplega 66 millj. kr. Frá og með 1. maí 1997 urðu nokkur vanskil í rekstri Fagranessins. Frá þeim tíma tók í gildi samningur milli Vegagerðarinnar og Djúpbátsins um að félagið mundi sinna þeirri ferjuleið sem tilgreind er í vegáætlun, þ.e. Vigur og Æðey. Fyrir framangreinda þjónustu var samið og greidd tiltekin föst fjárhæð. Jafnframt gáfu stjórnendur og ábyrgðaraðilar Djúpbátsins þá yfirlýsingu að þeim væri ljóst að rekstur Fagranessins væri Vegagerðinni að öðru leyti óviðkomandi.

Samhliða framansögðu varð að samkomulagi að Vegagerðin sæi til þess að Djúpbáturinn hefði ekki íþyngjandi skuldastöðu á þessum tímamótum, þ.e. að félagið hæfi óstyrktar siglingar inn að Arngerðareyri en þar hafði verið byggð ferjubryggja eins og fyrr segir. Vegagerðin greiðir Djúpbátnum tiltekna mánaðarlega greiðslu vegna samgangna við Vigur og Æðey. Auk þess hefur Djúpbáturinn fengið greiddan styrk samkvæmt ákvörðun samgrn. á árunum 1998 og 1999. Þrátt fyrir þann stuðning hefur hallað á ógæfuhliðina í þessum rekstri. Skuldastaða fyrirtækisins er mjög erfið um þessar mundir og Vegagerðin hefur átt í viðræðum við forsvarsmenn Djúpbátsins vegna þessa.

Þess má geta að Fagranesið hefur ekki verið í reglubundnum siglingum í Vigur og Æðey á undanförnum mánuðum og mun hætt siglingum inn að Arngerðareyri enda hefur bílflutningur þangað á þessu ári minnkað mjög mikið. Djúpbáturinn hefur leyst eyjasiglingarnar með litlum báti og gert um það sérstakan samning. Á undanförnum árum hefur Fagranesið verið notað þegar Herjólfur og Baldur hafa verið teknir í slipp eða verið frá vegna skoðunar. Óskir hafa komið fram um að Fagranesið verði áfram í siglingum í Ísafjarðardjúpi eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, yfir vetrarmánuðina, þ.e. frá nóvember og fram að páskum, einkum á haustmánuðum eða á vorin. Einnig hefur verið óskað eftir því, þó að það sé allt annað mál, að ferðum verði fjölgað yfir Breiðafjörðinn yfir sumartímann og hefur verið litið til þess að möguleiki væri á að nýta Fagranesið til þeirra siglinga.

Vegna fsp. hv. þm. þá vil ég svara því til að að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til að eiga viðræður um hvernig megi koma til móts við þá sem njóta þessarar þjónustu. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að ræða um það. En það er nauðsynlegt að átta sig á því og ég vísa til þess sem segir í 2. mgr. 23. gr. vegalaga frá 1994:

„Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr ári." (Forseti hringir.)

Í 62. gr. sömu laga er ákv. til brb. sem segir:

„Heimilt er að greiða hluta kostnaðar við ferjur skv. 23. gr. í allt að fimm ár frá gildistöku laga þessara þótt ekki sé fullnægt skilyrðum greinarinnar." (Forseti hringir.)

Þau fimm ár eru liðin um næstu áramót og fimm daga mokstur á þessari leið er staðreynd. Til þess að hægt sé að koma til móts við óskir hv. fyrirspyrjanda (Forseti hringir.) þyrfti því að gera breytingar á lögum.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að hann sé reiðubúinn til að eiga viðræður um þá lausn sem ég hef orðað í fsp. minni. Ég mun fara þess á leit við þingmenn Vestfjarða að þeir óski eftir fundi með ráðherranum hið allra fyrsta. Við skulum gera okkur grein fyrir því að við erum að bera saman mjög ólíka hluti. Það hefur fallið á ríkissjóð að greiða ekki bara rekstrarstyrki við rekstur, t.d. Akraborgar og Herjólfs, heldur að greiða afborganir og vexti af lánum líka, af stofnkostnaði. Þessar samanlögðu greiðslur ríkissjóðs, bæði rekstrarstyrkir til þessara ferja og afborganir og vextir af lánum, eru margföld sú fjárhæð sem ríkissjóður hefur þurft að leggja af hendi til þess að tryggja öryggi í samgöngum í Djúpi með djúpbátnum Fagranesi. Kaupverð skipsins var ekki nema lítið brot af því sem kostaði að byggja Baldur eða innan $^{1}/_{10}$ af þeim kostnaði. Samt sem áður er það burðarmeira skip en Baldur, hraðgengara, eyðir minna eldsneyti og ber fleiri bíla. Það er því ekki nema brot af þeim kostnaði sem hér um ræðir.

Raunar er kostnaðurinn svo lítill að ég er sannfærður um að ef þeir skilmálar væru settir að þungaflutningar sem fara um Ísafjarðardjúpið haust og vor yrðu ekki líkt og í dag heldur yrðu að flytjast með skipinu þá mundi Vegagerðin spara álíka mikið í vegaviðhaldi og það sem hún þyrfti að greiða í styrki. Eins og kunnugt er þá veldur einn svona þungaflutningabíll með farangursvagn aftan í álíka miklu vegatjóni í einni ferð og tíu þúsund fólksbílar. Mín skoðun er að hægt væri að halda hinum veikburða malarvegum við Djúp fólksbílafærum allt árið ef þessir þungaflutningar ættu sér ekki þar stað.

En ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra og mun eins og ég segi beita mér fyrir því að þingmenn Vestfirðinga óski eftir fundi með honum um málið hið allra fyrsta.

[15:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil bæta því við það sem ég sagði áður um þetta mál að við þurfum að skoða samgöngur við Djúpið og tryggja að fyllsta öryggis sé gætt í samgöngum og skipið hefur hlutverki að gegna þar. Hins vegar verðum við að gæta þess að þar sé rekstrargrundvöllur, þ.e. að skipið sé notað. Ljóst er að mjög hefur dregið úr því á þessu ári að flutningabílarnir noti skipið. Það er visst áhyggjuefni en þetta þarf auðvitað allt saman að skoða.

Ég tel að samanburður við aðrar ferjur bæði fyrr og nú hafi ekki mjög mikla praktíska þýðingu, að velta fyrir sér hvernig Akraborgin hafi verið rekin. Þeim tíma er lokið. Viðfangsefnið í dag er að tryggja samgöngur við Djúpið. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að skoða alla skynsamlega kosti í þeim efnum. Aðalatriðið hlýtur að vera að nýta alla þá fjármuni sem við getum til að byggja upp vegakerfið en nota ferjur sem algjöra undantekningu þar sem nauðsyn krefur.

Verkefni sem sinna má á landsbyggðinni.

Fsp. SvanJ, 51. mál. — Þskj. 51.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Störfum í frumframleiðslu, þeim störfum sem fyrirferðarmest eru í dreifbýlinu og á minni stöðum á landsbyggðinni, hefur fækkað um nokkur þúsund á undanförnum árum. Því er spáð að þeim muni enn fækka. Nýju störfin sem orðið hafa til vegna tæknibreytinga og þróunar í frumframleiðslugreinunum hafa gjarnan tengst tækni og nýrri þekkingu og hafa því miður orðið til annars staðar en í sveitum og sjávarþorpum.

Hins vegar eru verulegir vaxtarmöguleikar í mörgum þjónustugreinum sem geta verið á landsbyggðinni, svo sem tölvu- og gagnaþjónustu við atvinnurekstur. Við ræddum fyrr í dag um mikilvægi upplýsingatækninnar en hagnýting hennar og það að byggja hluta framtíðarþróunar samfélags okkar á öflugu fjarskiptakerfi og hagnýtingu þess, m.a. á úrvinnslu upplýsinga, mun draga úr áhrifum dreifðrar búsetu og landfræðilegrar einangrunar. Með því skapast möguleikar á fjölbreyttari atvinnutækifærum utan stærstu byggðakjarna.

Mikið hefur verið rætt í fréttum um skýrslu Iðntæknistofnunar. Hún er í raun forathugun á hvaða verkefni gætu hugsanlega hentað til gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni. Verkefnið er tilkomið vegna þeirra möguleika sem skapast hafa til atvinnuuppbyggingar í kjölfar þeirrar þróunar sem við höfum séð á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Hér er kominn sá efniviður sem ráðuneytin geta unnið úr þegar kemur að úrvinnslu 6. liðar þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

Ég hef þess vegna lagt eftirfarandi spurningu fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh.:

„1. Hafa verkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta eða undirstofnana og fyrirtækja þeirra sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. lið í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?

2. Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta“ verði lagðar fram?“

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 51 sem er 51. mál þingsins spyr hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir um verkefni sem sinna má á landsbyggðinni. Fsp. hv. þm. er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi spyr hv. þm.:

„Hafa verkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta eða undirstofnana og fyrirtækja þeirra sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. lið í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?“

Í öðru lagi er spurt:

„Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta“ verði lagðar fram?“

Hv. þm. svaraði í raun og veru spurningunni hér sjálf í ágætri framsöguræðu, þ.e. efniviðurinn er kominn í skýrslu Iðntæknistofnunar. Ég tek undir það með hv. þm. að ráðuneytin þurfa að fara í að skilgreina hvernig hrinda eigi slíku í framkvæmd og ég kem aðeins inn á það síðar í þessu svari. En ég vonast til að hv. þm. sætti sig við að ég svari báðum þessum spurningum með einu svari.

Fyrst ætla ég að fá að lýsa hvað felst í 6. lið þál. en þar segir, með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.“

Eins og ég sagði áðan þá er tækið komið, gögnin liggja fyrir í þeirri skýrslu sem Iðntæknistofnun vann. Það er auðvitað frumgagn í þessu en var unnið fyrir Byggðastofnun og forsrn. Næsta skref tel ég vera, og það starf er hafið í iðnrn. og viðskrn. af því hv. þm. spyr um það, að skilgreina hvernig megi gera. Sú vinna er farin af stað og ég vonast til að um áramót liggi fyrir, betur skilgreint en nú er, hvernig hægt er að koma ýmiss konar starfsemi fyrir úti á landsbyggðinni.

Eins og hér hefur komið fram hefur hin nýútkomna skýrsla Iðntæknistofnunar, sem ber heitið Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni, hlotið verðskuldaða athygli, en þar koma fram 211 hugmyndir um verkefni sem hugsanlega gætu hentað til gagna- eða fjarvinnslu á landsbyggðinni. Þessar hugmyndir hafa allar verið skoðaðar í iðn.- og viðskrn. og að mati sérfræðinga ráðuneytanna teljum við að verulegs ávinnings megi vænta af þeim verkefnum sem þarna eru upp talin. Verkefnin eru hins vegar sett í marga mismunandi flokka sem erfitt og misjafnlega hratt er hægt að hrinda í framkvæmd.

Tökum dæmi um símsvörun einstakra ráðuneyta. Hún gæti verið hvar sem er á landsbyggðinni, en að taka eitt ráðuneyti og ákveða að símsvörun þess skuli staðsett einhvers staðar úti á landi væri að mínu viti ekki skynsamlegt. Þess vegna ættu ráðuneytin að koma sér saman um að símsvörun fyrir nokkuð mörg ráðuneyti færi á sama stað. Nú þarf að vinna sameiginlega að slíkum verkefnum á vegum ráðuneytanna og skilgreina hvernig flytja mætti samstæð verkefni sem kannski falla undir mörg verkefni.

Ég tel að næsta skref til áramóta sé að Iðntæknistofnun ætti í samvinnu við Byggðastofnun að vinna að því með ráðuneytunum að skilgreina þessi verkefni og skilgreina þau þannig að þau væru í raun flutningshæf fljótlega upp úr næstu áramótum. Þetta tel ég að eigi að vera forgangsverkefnið og þetta mun ég leggja áherslu á.

Hv. þm. spyr bara um þetta eina verkefni en sem betur fer kemur nú fleira fram í þessari þáltill. Þar eru þrír aðrir liðir sem beinlínis snúa að iðn.- og viðskrn. Það er liður 7, þar sem um er getið að nýjum stóriðjuverkefnum skuli fundinn staður utan höfuðborgarsvæðisins. Nú veit ég að hv. þm. fagnar því sérstaklega að nú er unnið hörðum höndum að því að koma upp á Austurlandi byggingu álvers og tengja það við uppbyggingu orkufreks iðnaðar þar.

Í 8. liðnum er gert ráð fyrir að fram fari greining á möguleikum einstakra landshluta m.a. með tilliti til auðlindanýtingar. Sérstök nefnd er í gangi undir kjörorðinu maður, nýting, náttúra, sem er undir forustu Sveinbjörns Björnssonar, um að skilgreina nýtingu vatnsafls og jarðvarma til langs tíma.

Þriðji þátturinn sem undir viðskrn. heyrir snýr m.a. að þeim fjármunum sem ætlaðir eru til niðurgreiðslu á rafhitun

til að auka notkun á jarðvarma til húshitunar, reglur um það voru settar í gær og gert ráð fyrir 90 millj. kr. Ég svara því reyndar í fyrirspurn næst á eftir þessari sem nú er til umfjöllunar.

[15:32]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Um leið og ég þakka fyrir þessa fyrirspurn vil ég aðeins leggja orð í belg. Það er rétt sem fram hefur komið að þetta eru miklar og góðar tillögur sem lagðar eru fram um að flytja störf út á land og nýta sér fjarskiptabúnað í þessum efnum. Mig langar að geta aðeins um málefni sem er ekkert mjög gamalt, þ.e. að Póstur og sími sem þá hét svo, eða Landssíminn eða hvað hann nú hét á þeim tíma, hefur verið að beita sér fyrir að loka loftskeytastöðvum út um allt land. Það er sama hvort það er á Ísafirði, Neskaupstað eða Siglufirði. Þar er verið að loka stöðvum, t.d. á Siglufirði þar sem vinna sex til átta manns og um 30 manns eru bak við þau störf af íbúum bæjarins, sem eru um 1.700 talsins. Og verið er að flytja þau störf öll suður á land og þau flutt í Gufunes vegna þess að tækninni hefur fleygt svo fram að hægt er að vinna þau í Reykjavík. Maður spyr: Hefur ekki tækninni fleygt fram í báðar áttir? Þarna virðist manni einhvern veginn að vinstri hönd hæstv. ríkisstjórnar viti ekki hvað sú hægri er að gera í málefnum landsbyggðarinnar.

[15:34]

Árni Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hefja máls á þessu og ég þakka hæstv. iðn.- og viðskrh. fyrir skýr og góð svör. Ég vil benda á að unnin hefur verið þó nokkur vinna í þessum málum. Það er mér sérstakt ánægjuefni að þakka Landssíma Íslands fyrir að lækka t.d. verð á leigulínum út á land. Jafnframt er það tímamótaverk sem var samþykkt á Alþingi, þ.e. þáltill. um byggðamál, og ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli eiga að taka við þessum málaflokki því að hann hefur sýnt það í verki að hann er duglegur og kraftmikill og þessum málum er vel fyrir komið hjá honum.

Ég legg áherslu á að þessir hlutir verða að gerast hratt því að fólk úti á landi bíður eftir því að viljinn verði sýndur í verki. Ég vil undirstrika að það að sýna viljann í verki af hálfu stjórnvalda hefur mikil áhrif á byggðaþróun í landinu. Ég fullyrði það.

[15:35]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er aðeins eitt sem ég vil nefna í þessu sambandi. Hér er verið að vinna að góðum og göfugum markmiðum og ég á von á því að það takist hjá ráðherra. Hins vegar vil ég nefna að það væri jafnframt gott ef ráðherra tæki sér það fyrir hendur, og ráðherrar jafnvel almennt, að vinna að hugarfarsbreytingu í þeim stofnunum sem staðsettar eru á höfuðborgarsvæðinu, hugarfarsbreytingu í þá átt að hægt er að vinna mikið af verkefnum úti á landsbyggðinni sem hrúgað er á höfuðborgarsvæðið algjörlega að óþörfu. Dæmi eru um að verið er jafnvel að borga starfsmönnum einstakra stofnana sem hafa verið úti á landi hærri laun fyrir að koma til starfa á Reykjavíkursvæðinu. Þeir eru svo jafnvel sendir með miklum tilkostnaði út á land til að sinna verkefnum þar.

[15:36]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir að hefja máls á þessu efni, en ég vil taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Kristján L. Möller benti á flutning starfa núna á þessum mánuðum, t.d. flutning loftskeytastöðvarinnar frá Siglufirði suður í Gufunes og mörg fleiri dæmi. Ég nefni sem dæmi innheimtustjóra hjá Ríkisútvarpinu á Akureyri o.s.frv. Það er ekkert verið að vinna í þessum dúr. Alls staðar þar sem borið er niður er fækkun starfa. Við vorum með þær tölur í kosningabaráttunni á Norðurl. e. að fækkun starfa á einu ári var mikið á þriðja hundrað, yfir tvö hundruð störf á landsbyggðinni. Einhvers staðar gengur kerfið því ekki upp þó að áformin séu góð, hv. þingmenn, og það þarf sannarlega að taka á þessum málum.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur orðið um þessi mikilvægu mál. Einkaaðilar hafa verið mun duglegri en opinberir aðilar að nýta þá tækni sem þegar er til staðar til atvinnusköpunar úti á landi. Það er því miður rétt sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson gat hér um og kom fram í máli Kristjáns L. Möllers einnig, að hið opinbera hefur verið liprara við að flytja störfin utan af landi til Reykjavíkur heldur en hitt. Þess vegna er svo mikilvægt að *sú vinna sem ég er að spyrjast fyrir um hvort sé farin af stað* í ráðuneytunum verði unnin hratt og örugglega vegna þess að þeir aðilar sem þegar eru komnir með starfsstöðvar eða eru með starfsstöðvar víða úti um land í burðarliðnum þurfa á frekari verkefnum að halda. Þau verkefni ættu að koma frá hinu opinbera ekki síður en úr einkageiranum. Fyrir utan hitt að mjög mikilvægt er að menn varðveiti þau störf sem þegar eru til staðar á landsbyggðinni en séu ekki í nafni hagræðingar með annarri hendinni að flytja þau til. En það er ýmislegt sem þarf að líta til við slíkar breytingar. Það er ekki bara tæknin og verðskráin. Menn þurfa líka að horfa til *þess hvernig störf þetta eru og hvers eðlis þau eru.*

Í skýrslu Iðntæknistofnunar kemur fram að um þrenns konar flokka starfa er að ræða og er það flokkað eftir því hversu einföld eða öllu heldur ódýr störfin eru. Við verðum að gæta okkar á því — og þar verðum við þingmenn sem og sveitarstjórnarmenn landsbyggðarinnar og aðrir að hafa vakandi auga — að það verði ekki bara ódýru störfin og einföldu störfin sem flytjast út á land. Okkur er mikilvægt að önnur störf verði líka til úti á landi, líka þau sem krefjast menntunar, þekkingar og tækni vegna þess að annars verður ekki framþróun. Og ef hún verður ekki þá getum við velt því fyrir okkur til hvers er af stað farið.

[15:40]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda ágætis ábendingar og tek undir það með hv. þm. Kristjáni L. Möller að því miður hefur leiðin legið suður. Á því leikur enginn vafi. Allar tölur sýna það. En leiðin þarf að liggja í báðar áttir og að því eiga menn auðvitað að keppa. Þar skiptir hugarfarsbreytingin alveg gríðarlega miklu máli og ég tel að hún sé að verða til staðar. Ég skal taka dæmi. Árið 1995 byrjaði ég sem iðnrh. og spurði í barnaskap mínum hvort ekki væri möguleiki að byggja álver t.d. á Austurlandi því Reyðarfjörður hafði verið í nokkurn tíma þar til umræðu. Allir sem að málinu höfðu komið töldu að það kæmi ekki til greina, eini staðurinn fyrir það væri á Keilisnesi og það var vegna þess að Alþýðuflokkurinn hafði lagt svo mikla áherslu á uppbyggingu álvera og Samfylkingin nú á Keilisnesi. Algjörlega breytt hugarfar. Það kemur ekki til greina

í dag að byggja slíkt stóriðjuver á suðvesturhorni landsins. Það verður staðsett sem næst orkulindunum.

Þetta er gott dæmi um algjöra hugarfarsbreytingu í þeim efnum og ekkert eitt stórt verkefni eins og fyrirhuguð bygging Fljótsdalsvirkjunar eða uppbygging orkufreks iðnaðar á Austurlandi getur valdið öðrum eins straumhvörfum fyrir landsbyggðina og slíkt verkefni. Þess vegna fagna ég því alveg sérstaklega nú við þessa umræðu hversu góðar undirtektir byggðamálin, atvinnuþróunin á landsbyggðinni, hefur fengið af hálfu stjórnarandstöðunnar og vænti ég því víðtæks stuðning við þau verkefni og þá þáltill. sem hér kemur fram um það atriði innan fárra daga.

[15:42]

Útbýting þingskjala:

Aðgangur nemenda að klám- og ofbeldisefni á netinu, 137. mál, fsp. GÓ, þskj. 158.

Alþjóðlegur sakadómstóll, 143. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 164.

Fyrirkomulag fasteignagjalda á landsbyggðinni, 135. mál, fsp. EKG, þskj. 156.

Íslenskar þjóðargersemar erlendis, 140. mál, fsp. JB, þskj. 161.

Mannshvörf síðan 1944, 142. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 163.

Notkun olíu í stað rafmagns, 136. mál, fsp. GÓ, þskj. 157.

Tannvernd og tannlækningar barna og unglinga, 139. mál, fsp. ÖJ, þskj. 160.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, 141. mál, þáltill. SJóh o.fl., þskj. 162.

Útskrift nemenda úr framhaldsskóla, 138. mál, fsp. SvanJ, þskj. 159.

Lækkun húshitunarkostnaðar.

Fsp. KLM, 78. mál. — Þskj. 78.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. iðnrh. um lækkun húshitunarkostnaðar sem blandast inn í umræðu um byggðamál eða þann þjóðarvanda og byggðamál sem hann er að taka við um áramót. Ég vitna í könnun Stefáns Ólafssonar lektors sem gerð var fyrir Byggðastofnun í janúar 1998 þar sem spurt er um viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á landsbyggðinni. Þar kemur fram að þeir sem óánægðastir eru, eða 78% talsins, nefna húshitunarkostnað.

Hitun íbúðarhúsnæðis er talin kosta um 4,5 milljarða á ári á Íslandi. Henni má skipta í þrjá flokka. 176.000 íbúar, eða 66% landsmanna, búa á svæði ódýrra hitaveitna sem eru langflestar á höfuðborgarsvæðinu og borga að meðaltali 48.000 kr. á ári. 27.000 íbúar, eða 10% íbúa landsins, búa á svæði meðaldýrra hitaveitna og borga um 61.000 kr. að meðaltali. 64.000 íbúar, eða 24% íbúa landsins, búa á svæði dýrra orkuveitna og borga um 100.000 kr. að meðaltali, en þekktar tölur eru í kringum 130.000–180.000 kr. á ári. Þessar dýru orkuveitur eru bundnar við dreifbýlið allt um landið og þéttbýlisstaði þar sem ekki er jarðhitaveita ásamt nokkrum jarðhitaveitum sem eru með þetta dýra orkuverð.

Ef neytendur hjá dýrum orkuveitum greiddu meðalverð, þ.e. færu úr dýra flokknum niður í meðalverð, þá mundi hitareikningur þeirra lækka um tæpar 700 millj. kr. á ári, þar af eru um 400 millj. kr. hjá rafveitum og kyntum hitaveitum og um 300 millj. kr. hjá hitaveitum. Lækkun húshitunarkostnaðar úr dýra flokknum niður í meðaldýra flokkinn er byggðastefna sem bragð er að.

Ég vitna til byggðanefndar hæstv. forsrh. sem var þverpólitísk nefnd sem gerði það að fyrstu tillögu sinni og lagði á það höfuðáherslu að niðurgreiðslur til húshitunar yrðu auknar. Þar var talað um að það ætti að gerast í þremur jöfnum áföngum á þremur næstu árum, jöfnum aðgerðum.

Við höfum heyrt álit hæstv. forsrh. úr þessum stól þar sem hann hefur allt að því lofað að þetta verði tekið inn. En engu að síður sér þess ekki stað í fjárlagafrv. sem lagt hefur verið fram. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnrh. um eftirfarandi sem er á þskj. 78:

„Hvernig verður staðið við þau fyrirheit um lækkun húshitunarkostnaðar sem fram komu í tillögu svokallaðrar byggðanefndar forsætisráðherra og allir þingflokkar stóðu að á 123. löggjafarþingi 1998–1999?"

Þetta var sú fyrirspurn sem ég vildi leggja fyrir hæstv. iðnrh.

[15:46]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 78 spyr hv. þm. Kristján Möller:

„Hvernig verður staðið við þau fyrirheit um lækkun húshitunarkostnaðar sem fram komu í tillögu svokallaðrar byggðanefndar forsætisráðherra og allir þingflokkar stóðu að á 123. löggjafarþingi 1998–1999?"

Till. til þál. um stefnu í byggðamálum var lögð fram á Alþingi í nóvember 1998. Tillagan miðar að þrenns konar aðgerðum. Í fyrsta lagi að verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis, væntanlega bæði á rafmagni og heitu vatni, verði fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur. Í öðru lagi verði heimilt að nýta fé sem ætlað er til niðurgreiðslu rafmagns til stuðnings við nýjar hitaveitur á köldum svæðum. Í þriðja lagi verði áhersla lögð á fræðslu og ráðgjöf til þess að upplýsa þá sem nota mikla orku til að hita hús sín.

Svar við fyrsta liðnum er þetta: Fjárveitingar til niðurgreiðslna á rafhitun voru hækkaðar úr 487 millj. kr. í 600 millj. kr. í fjárlögum þessa árs. Með þessari rúmlega 100 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis var á þessu ári, fyrsta árinu sem tillagan nær til, hægt að hækka niðurgreiðslurnar úr 1,47 kr. á kwst. í 1,77 kr. á kwst., eða úr 44.100 kr. í 53.100 kr. á íbúð á ári miðað við 30 þús. kwst. notkun á ári. Með hækkun niðurgreiðslna ríkissjóðs lækkaði hitunarkostnaður meðalnotandans miðað við algengasta hitunartaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins um rúmlega 12%. Benda má á í þessu sambandi að ef ekki kæmu til niðurgreiðslur úr ríkissjóði, afsláttur Landsvirkjunar og Rafmagnsveitnanna og endurgreiðslur á hluta af virðisaukaskatti, þyrftu notendur að greiða rúmlega 156 þús. kr. fyrir 30 þús. kwst. notkun á ári. Notendur greiða hins vegar ríflega 73 þús. kr. eða tæplega 47%.

Rafhitunarkostnaður á landsbyggðinni hefur gjarnan verið borinn saman við hitunarkostnað hjá Hitaveitu Reykjavíkur, nú Orkuveitu Reykjavíkur. Í lok síðasta áratugar og fram á miðjan þennan var hlutfallið milli Rafmagnsveitnanna og Hitaveitu Reykjavíkur um 2,2, þ.e. Rarik var dýrara. Nú er það komið niður í 1,62 og hefur aldrei verið lægra. Það hefur því náðst verulegur árangur í því að lækka orkuverðið frá því sem áður var, enda er þessi framkvæmd í samræmi við þá tillögu sem hér var samþykkt.

Til undirbúnings næstu skrefa við lækkun á kostnaði við hitun íbúðarhúsnæðis í landinu þarf að kanna nokkra þætti. Í fyrsta lagi þarf að leggja mat á verð á orku til hitunar hjá meðaldýrum hitaveitum. Það liggur ekki fyrir hver sá kostnaður nákvæmlega er.

Í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess hvernig starfandi hitaveitur sem selja orku á hærra verði en meðaldýrar hitaveitur verði styrktar til þess að íbúar á þeim veitusvæðum þurfi ekki að greiða hærra verð en þeir sem fá niðurgreiddu raforkuna.

Í þriðja lagi þarf að endurskoða reglur um hvernig haldið verði áfram að greiða niður til hitunar íbúðarhúsnæðis. En það er vilji ríkisstjórnarinnar, og á það verður lögð áhersla, að við 2. umr. um fjárlög nú verði þessi upphæð hækkuð og *þá í kringum 30 millj. kr. þannig að nákvæmlega sé farið* eftir þeim áföngum sem þáltill. gerði ráð fyrir.

Annar liðurinn snýr að því að í fjárlögum þessa árs og frv. til fjáraukalaga er gert ráð fyrir því að verja 90 millj. kr. til stuðnings lagningar nýrra hitaveitna á köldum svæðum. Á ríkisstjórnarfundi í gær lagði ég fram tillögur að reglum um þær stuðningsaðgerðir og voru þær samþykktar þannig að þær hafa verið frágengnar. Gert er ráð fyrir því að miða við fimm ára niðurgreiðslutímabil og sú upphæð til fimm ára verði endurgreidd til nýrra hitaveitna og að þær nýju hitaveitur geti ráðstafað þeim fjármunum með tvennum hætti, þ.e. annars vegar til þess að lækka stofnkostnað viðkomandi hitaveitu eða til þess að greiða þeim sem hafa mestan kostnað af því að breyta sínu íbúðarhúsnæði samfara því að taka inn hitaveiturnar þannig að það verði til þess að lækka þann kostnað.

Sem svar við þriðja liðnum varðandi hvað hafi verið gert til þess að ná og kynna möguleika á aðgerðum til lækkunar á kostnaði, þá er að fara nú af stað sérstakt sparnaðarátak í orkumálum á vegum Orkustofnunar og ráðuneytisins, sérstakir orkudagar fyrir landsbyggðina.

[15:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það liggur alveg ljóst fyrir að lækkun húshitunarkostnaðar er einn af mikilvægustu þáttum byggðatillögunnar. Það er gífurlega mikilvægt að fólk búi við jöfnuð í þessu tilliti, hafi sama kostnað af því að hita híbýli sín.

Á síðasta hausti var framlag til þessa þáttar hækkað. En það þyrfti að bæta aðeins í fyrir þetta ár, 33 millj. kr. að því er ég best veit, og á næsta ári þyrfti upphæðin í fjárlögum að vera 667 millj. Við þurfum því aðeins að gera betur en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra.

En við þurfum einnig að endurskoða þær reglur sem endurgreitt er eftir og það er mjög mikilvægt.

[15:53]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft mikilvægu máli og ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir þeirra innlegg. Þetta mál hefur verið ítrekað til meðferðar í fjárln. Það var tekið til við að þoka þessum niðurgreiðslum upp fyrir tveimur árum. Það var áður en nokkrar byggðatillögur voru samþykktar í þessu efni. Áður hafði þetta mál legið óhreyft um árabil. Ég get sagt það hér að við fjárlaganefndarmenn munum fara rækilega yfir þetta mál. Þetta er eitt af mikilvægari málum sem við höfum til meðferðar. Ég ætla engu að bæta við það sem hæstv. ráðherra sagði um það. Hann lýsti áformum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og ekki mun standa á okkur í fjárln. að fjalla um þetta mikilvæga mál og fylgja eftir þeim ákvörðunum þingsins sem hér hafa verið teknar.

[15:54]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að koma fram með þessa fsp. Við komum enn og aftur að áformunum og efndunum. Það liggur alveg ljóst fyrir að tillögur byggðanefndar voru um fjárupphæðir sem voru langt umfram það sem við erum að tala um hér til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Hvert skref ber þó að þakka, það er ekki það. En myndarlegar hefði þurft að taka á málum. Það er ljóst samkvæmt tillögunum eins og ég skil þær.

Ég vil aðeins benda á eitt. 90 millj. til að koma upp hitaveitum á köldum svæðum er bara alls ekki nóg. Það dugar aðeins fyrir hitaveitu í Stykkishólmi. Önnur svæði hafa farið af stað með hitaveitur í góðri trú og það sparar okkur mest. Það er trú mín og von, hæstv. iðnrh., að þeir sem nýverið hafa byggt upp hitaveitur, sem er náttúrlega langbesti kosturinn fyrir okkur, verði ekki skildir eftir. Sum svæðin eru þannig sett að þau áforma að ef staðið verði við framlög til þeirra eins og þeir voru í góðri trú með bara fyrir örfáum mánuðum, þá muni jafnvel eiga sér stað uppbygging á hitaveitu í sveitum, sem er mjög stórt mál.

[15:55]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Lækkun á húshitunarkostnaði er einn af þeim þáttum sem vega hvað mest í byggðaþróun á landinu í dag. Ég fagna svari ráðherra og ég veit að í ráðuneyti hans er verið að vinna að þessum málum. Varðandi stuðning við nýjar hitaveitur á köldum svæðum, þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra um hitaveitur sem voru stofnaðar fyrir 10–20 árum og standa nú frammi fyrir því að verða að endurnýja mjög mikið af sínum lögnum og geta þess vegna ekki lækkað verðið. Og hvernig er stuðningi háttað til þeirra einyrkja eða bænda sem hafa möguleika á að virkja heitt vatn í sínu nágrenni?

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Svar hæstv. iðnrh., væntanlegs byggðamálaráðherra, veldur mér miklum vonbrigðum. Ég get ekki séð og get ekki fengið það til að hljóma saman við tillögur byggðanefndar að 30 millj. kr. viðbót við þær 600 millj. kr. sem eru á fjárlögum, muni duga til þess að lækka húshitunarkostnað eins og þarna er gerð tillaga um. Ég verð bara segja alveg eins og er að þessar 30 millj. eru svona álíka og ef maður ætlaði að gefa krakka sínum bland í poka og hann bæði um fyrir 100 kr. en fengi ekki nema fimmkall. Rýrar þykja mér þessar tillögur og slæm fyrstu skref hjá væntanlegum byggðamálaráðherra ef þetta verða tillögurnar.

Við í byggðanefndinni vorum með 600 millj. kr. inni og vissum alveg um þær þegar okkar tillögur voru gerðar. Í skýrslu Fjarhitunar sem við í þessari nefnd unnum eftir stendur það svart á hvítu að 670 millj. þarf á ári til þess að lækka húshitunarkostnað þeirra sem búa við dýrustu orkuupphitunina þannig að hún fari niður í meðaltalið sem íbúar Reykjanes- og Reykjavíkursvæðisins búa við, þ.e. bara niður í meðaltalið. Ég er ekki að tala um að hafa það ódýrara. Ég get því ómögulega séð hvernig 30 millj. muni duga miðað við þær 600 sem þarna þarf. Það er bara ómögulegt að koma því heim og saman.

Þetta veldur mér miklum vonbrigðum vegna þess að það hefur komið fram í máli hæstv. forsrh. að staðið verði við þau fyrirheit sem fram komu í þessari nefnd og þverpólitísk samstaða var um að leggja til. Þessi nefnd var undir formennsku hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Þarna voru menn að tala um að það vantaði um 700 millj. og 30 millj. á þessu ári í jöfnum áföngum, eins og kveðið er á um, eru bara ekki neitt neitt. Ég verða að segja alveg eins og er að þó að loksins séu komnar fram einhverjar tölur þá eru þær frekar rýrar og ekkert í takt við það sem vantar í þennan málaflokk. Það kemur fram að þetta voru einnota tillögur sem voru notaðar á tyllidögum rétt fyrir kosningar til þess að ganga í augun á kjósendum, en sviknar nokkrum mánuðum seinna.

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi misskilið svar mitt áðan vegna þess að ég er með þá skýrslu sem hv. þm. er að vitna í. Það vantar 33 millj. kr. upp á til þess að uppfylla þau fyrirheit sem gefin eru. Það stendur hér svart á hvítu í þessari skýrslu sem hv. þm. er að vitna í og ég verð að biðja hann um að lesa hana.

Varðandi aðrar spurningar sem hér komu fram þá vil ég segja að reglurnar sem settar hafa verið um hitaveiturnar og staðfestar voru í gær, munu taka til hitaveitna sem stofnaðar voru og settar á fót eftir 1998, ekki lengra aftur, frá þeim tíma er till. til þál. kom fyrst fram. Þar er gert ráð fyrir því að þetta nái til allra hitaveitna sem starfa samkvæmt orkulögum og þurfa að fá gjaldskrá sína staðfesta af iðnrh. Þetta nær ekki til einkahitaveitna sem reknar eru af einstaklingum fyrir sumarbústaðabyggðir eða annað slíkt. Þetta gildir heldur ekki fyrir þá aðila sem eru á þeim svæðum þar sem orkuveitukostnaðurinn er lægstur, t.d. gildir þetta ekki fyrir Orkuveitu Reykjavíkur sem setti af stað Nesjavallavirkjun á þessu tímabili heldur einvörðungu til þeirra hitaveitna sem reknar eru á köldum svæðum.

Ég var hins vegar að vonast til þess að hv. þm. Kristján Möller sem er mikill áhugamaður um byggðamál fagnaði sérstaklega þeim mikla árangri sem menn hafa verið að ná, þ.e. að það skuli vera búið að lækka bara núna á síðasta ári orkureikning heimilanna úti á landsbyggðinni frá því sem áður var um 12%. Og menn hafa lýst því yfir að þeir ætli að halda áfram á þessari leið. Það hefur aldrei nokkurn tíma fyrr verið minni munur á orkureikningum þess fólks sem býr úti á landsbyggðinni og þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Ef menn sjá ekki að við erum á réttri leið í þessum efnum og skila engu nema vanþakklæti, þá er erfitt að þjóna. (**KLM:** Þetta átti að gerast í þremur jöfnum áföngum.)

Verkefni sem unnt er að sinna á landsbyggðinni.

Fsp. SvanJ, 49. mál. — Þskj. 49.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Við höldum áfram að ræða hér áform og efndir. Í 6. lið samþykktrar þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árið 1999–2001 segir að skilgreina eigi eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt sé að sinna á landsbyggðinni og hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem m.a. geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta.

Áform og efndir segi ég, herra forseti, vegna þess að á meðan fjallað var um byggðaáætlunina í þinginu og raunar eftir að hún var samþykkt hefur áfram sigið á ógæfuhliðina í málefnum landsbyggðarinnar. Það er verið að flytja til störf, fólkinu er að fækka og þess vegna er mikilvægt að hæstv. ríkisstjórn sé haldið við efnið með fyrirspurnum og umfjöllun í þinginu. Það er alveg augljóst að ef það er ekki gert þá mun enn halla á ógæfuhliðina og það með auknum hraða. Ég hef þess vegna lagt eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh., sams konar fyrirspurn og ég lagði fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh.:

„1. Hafa verkefni fjármálaráðuneytis eða undirstofnana og fyrirtækja þess sem unnt er að sinna á landsbyggðinni verið skilgreind, sbr. 6. lið í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?

2. Hvenær er gert ráð fyrir að „tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta" verði lagðar fram?"

Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt fyrr í dag. Bæði hefur verið rætt um fjarskiptamöguleika og sömuleiðis möguleika á að flytja störf til. Hér hefur verið rætt um skýrslu Iðntæknistofnunar sem forathugun á því hvaða verkefni gætu hugsanlega hentað til gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni. Þar hafa ráðuneytin þegar ákveðið hráefni að vinna úr og nú er komið til þeirra kasta að sortera eftir sínum aðstæðum og gera tillögur um hvaða verkefni þau hafa vald eða ráð á að vinna annars staðar.

Herra forseti. Ég lít svo á að sá hraði sem verður á þessu verkefni hjá einstaka ráðuneytum sé í raun prófsteinn á vilja þeirra til að takast á við þær breytingar sem orðið hafa í atvinnulífi landsmanna á undanförnum árum og því miður í flestum tilfellum til fábreytni.

[16:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn er efnislega sú sama og beint var til hæstv. iðnrh. fyrr á þessum fundi. Ég vil leyfa mér að vísa til þeirra svara sem hann gaf um þetta mál. Hér er að sjálfsögðu um að ræða samstarfsverkefni ríkisstjórnarinnar allrar ef svo mætti segja og eðlilegast að menn hafi samfylgd í þessum efnum þar sem því verður við komið.

Það hefur verið útbúin ítarleg skýrsla um nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni og hefur hún orðið að umtalsefni hér. Fyrir liggur að nú þarf að vinna frekar úr þessu efni og kanna í hverju ráðuneyti og ríkisstofnun fyrir sig hvað er þarna af nýtilegum tillögum. Vissulega mun það gert á vettvangi fjmrn. eins og annarra stofnana.

Hv. þm. spyr í fsp. sinni um hvort viðkomandi verkefni hafi verið skilgreind, sbr. 6. lið þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Svarið við því er nei, því er ekki lokið og þar af leiðandi liggur ekki fyrir hvenær tillögur fjmrn. að því er varðar möguleika upplýsingatækninnar verði lagðar fram. Hins vegar er þetta ekkert sérmál fjmrn. heldur málefni sem kallar á samræmda stefnu. Hún hefur verið undirbúin. Tillögurnar liggja hér fyrir, ábendingarnar og hugmyndirnar og næsta skref er að sjálfsögðu að vinna úr þeim.

[16:06]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að vitna til byggðamálatillögunnar. Ég tel það góðra gjalda vert að halda stjórnvöldum við

efnið. Hins vegar kann ég illa við þessi svikabrigsl á fyrstu mánuðum kjörtímabilsins þegar hver stjórnarandstæðingurinn kemur upp á eftir öðrum og brigslar stjórnvöldum um svik í málum sem verið er að vinna að. Ég vildi koma þessari athugasemd að og hún á við fleiri en þessa fyrirspurn. Þetta gengur aftur í umræðum stjórnarandstæðinga trekk í trekk, mönnum er brigslað um svik í málum sem verið er að vinna á fyrstu mánuðum kjörtímabilsins.

[16:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta eru auðvitað mjög mikilvægar umræður sem hér hafa hafist um byggðamálin. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á tvennu. Í fyrsta lagi því sem hefur gerst á þessu hausti, að Landssíminn áformar að lækka mjög verulega gjöld af notkun á leigulínum og slíku sem ætti auðvitað að auðvelda þennan verkefnatilflutning frá höfuðborgarsvæðinu og út á land.

Síðan bendi ég á hitt, sem líka er mjög mikilvægt og hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra, að fyrir liggur skýrsla unnin að frumkvæði stjórnvalda, af Byggðastofnun og Iðntæknistofnun sem er samantekt á þeim hugmyndum sem liggja fyrir um hvaða verkefni megi flytja út á land. Við getum því sagt að búið sé að vinna þennan grunn.

Ég vil enn fremur minna á að í tillögu byggðanefndar forsrh., sem hér hefur komið til umræðu í dag, er mjög skýrt sett fram hvernig vinna skuli að því að færa þessi verkefni út á land, m.a. að sett skuli fram áætlun í upphafi kjörtímabilsins og sú áætlun síðan rædd á þinginu tveimur árum síðar. (Forseti hringir.) Ég held að búið sé að setja þetta mál í farveg sem ætti að leiða til þess að við sjáum verulegar breytingar á þessu sviði á næstunni.

[16:09]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég kann því ákaflega illa að ég sé sakaður um að vera með einhver brigslyrði um hv. stjórnarþingmenn þó að ég fjalli um tillögur sem gerðar hafa verið í svokallaðri byggðanefnd forsrh. Það liggur fyrir svart á hvítu að þetta stemmir engan veginn við þau gögn sem ég vitnaði til áðan sem þessi byggðanefnd vann með, gögn frá Fjarhitun. Þær tillögur sem hæstv. iðnrh. nefndi áðan, að bæta 30 millj. við þær 600 sem fyrir voru munu engan veginn duga. Við skulum þá halda áfram að skoða hvað þarna spilar á milli, hvað er þarna um að vera, en menn telja að 200–250 millj. vanti á fjárlögum fyrir árið 2000 til þess að þessu markmiði verði náð, þ.e. að færa húshitunarkostnað þeirra sem búa við dýrasta flokkinn niður í meðallag.

[16:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að árétta það sem kom fram í máli hv. 3. þm. Austurl. áðan. Auðvitað verður ekki við það unað að þingmenn komi upp og brigsli stjórnarflokkunum um svik á gefnum loforðum á fyrstu mánuðum kjörtímabilsins þegar verið er að vinna að því að hrinda í framkvæmd því sem menn náðu samkomulagi um, m.a. tillögum þeim sem hér hafa verið til umræðu.

Það kom skýrt fram hjá hæstv. iðnrh. að menn munu sjá það við afgreiðslu fjárlaga að við þessa tillögu verður staðið.

[16:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tel afskaplega mikilvægt að árétta enn og aftur að hér er verið að vinna eftir ákveðinni stefnu. Nú þegar er hafin mikil vinna í ráðuneytum og stofnunum við að framkvæma byggðaáætlun forsrh. Það skiptir öllu máli. Hér er verið að vinna eftir ákveðinni stefnu.

Hins vegar held ég að ágætt sé að árétta það sem ég sagði áðan, af því að hæstv. fjmrh. var þá ekki í salnum, að ég held að það þurfi líka að gera mikið átak í hugarfarsbreytingu í stofnunum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu.

[16:12]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf. En ég vil undirstrika, vegna orða hans, að í þál. *segir að það eigi að skilgreina eftir föngum verkefni einstakra* ráðuneyta. Þó að hér sé að sínu leyti um samstarfsverkefni að ræða — vonandi næst um það gott samkomulag þannig að framkvæmt verði farsællega — þá er samt sem áður líka vísað til einstakra ráðuneyta. Ég vænti þess að fjmrn. láti ekki sinn hlut eftir liggja í að fara yfir skýrslu Iðntæknistofnunar og leita þar verkefna sem sinna má í öðrum húsum en þeim hefur verið sinnt í hingað til. Um það snýst þetta mál.

Varðandi svikabrigslin þá get ég vel skilið að mönnum sárni þegar talað er um hversu erfiðlega hefur gengið að framkvæma þá byggðastefnu sem samþykkt hefur verið. Ég minni á þá stefnu sem var í gildi á síðasta kjörtímabili. Þar fór allt á öfugan veg. Það var skelfileg niðurstaða miðað við þau markmið og fyrirheit sem menn settu sér. Mér finnst þess vegna rétt að við í stjórnarandstöðunni sem ekki erum jafnbláeyg gagnvart ríkisstjórninni og ekki jafntilbúin að trúa því að þar sé allt á réttu róli uppfyllum hér það hlutverk stjórnarandstöðu að halda ríkisstjórnarflokkunum við efnið. Það þarf klárlega og þetta er liður í að halda þeim við efnið, að inna eftir því hvernig mönnum gengur við þau verkefni sem liggja fyrir í þessari áætlun.

Við munum halda því áfram. Ég get lofað ykkur því. Þetta er ekki síðasta fyrirspurnin vegna þess að það var helst á ráðherrum að heyra fyrr í dag að menn reiknuðu ekki með því að verða spurðir oftar. Jú, það verður gert.

Framkvæmd byggðaáætlunarinnar skiptir verulegu máli, ekki bara efnislega heldur líka til þess að íbúar landsbyggðarinnar fái trú á því að stjórnvöld ætli þessu sinni að standa við það sem samþykkt hefur verið.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

19. FUNDUR

miðvikudaginn 3. nóv.,
að loknum 18. fundi.

Dagskrá:

1. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Samningur um flutning dæmdra manna, stjtill., 113. mál, þskj. 123. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975, beiðni um skýrslu, 121. mál, þskj. 140. *Hvort leyfð skuli.*

4. Framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar, beiðni um skýrslu, 124. mál, þskj. 144. *Hvort leyfð skuli.*

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, frh. fyrri umr.

Stjtill., 112. mál. — Þskj. 122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um flutning dæmdra manna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 113. mál. — Þskj. 123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Ófrjósemisaðgerðir 1938–1975.

Beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, 121. mál. — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
Beiðni leyfð til heilbrrh. með 38 shlj. atkv.

Framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar.

Beiðni ÞSveinb o.fl. um skýrslu, 124. mál. — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
Beiðni leyfð til umhvrh. með 37 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 16:19.

20. FUNDUR

fimmtudaginn 4. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2003.
2. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál, sbr. 42. gr. þingskapa.
3. Kosning eins manns í stað Árna Þórs Sigurðssonar í orkuráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, sbr. 3. gr. laga nr. 49/1999, um Orkusjóð.
4. Kosning eins varamanns í stað Vilhjálms H. Vilhjálmssonar í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, sbr. 19. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.
5. Kosning eins varamanns í stað Marðar Árnasonar í útvarpsréttarnefnd til 31. desember 2001, sbr. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.
6. Fjáraukalög 1999, stjfrv., 117. mál, þskj. 128. — 1. umr.
7. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 119. — 1. umr.
8. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 120. — 1. umr.
9. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 102. mál, þskj. 104. — 1. umr.
10. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 103. mál, þskj. 107. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Norðurlandsdeild Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Erindi frá Læknafélagi Íslands.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill geta þess að hann áformar að kosningar og e.t.v. atkvæðagreiðslur fari fram í dag kl. hálftvö að loknu hádegishléi.

Klukkan fjögur síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson.

Fjáraukalög 1999, 1. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 128.

[10:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 sem er að finna á þskj. 128 og er 117. mál þingsins.

Í frv. er áætlað að tekjur ríkissjóðs hækki um tæplega 10 milljarða kr. frá því sem ráðgert var í fjárlögum ársins og sótt er um tæplega 5,5 milljarða viðbótarfjárheimildir vegna meiri útgjalda en fyrirséð voru við afgreiðslu fjárlaga. Frv. ber merki um þá miklu sókn sem er í íslensku efnahagslífi og skilað hefur auknum tekjum til ríkisins.

Samhliða örum efnahagsvexti hafa komið fram kostnaðarhækkanir í ýmsum geirum ríkisrekstursins, þar á meðal í heilbrigðis- og menntamálum sem bregðast þarf við með þessu frv. og þá í mörgum tilvikum með auknum framlögum frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Mestu skiptir þó að markmiðum með fjárlögum ársins 1999 um afgang á ríkissjóði og ríflegan lánsfjárafgang er fylgt rækilega eftir með þessu frv.

Hækkun tekna frá áætlun má fyrst og fremst rekja til meiri fjárfestingar og útflutnings en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Þá hafa ráðstöfunartekjur hækkað heldur meira en tekjuáætlun ársins byggðist á. Þannig er áætlað að landsframleiðslan verði tæplega 1% meiri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði sl. Loks sýnir niðurstaða ríkisreiknings 1998, sem var nýlega lagður fram, hærri tekjur en byggt var á þegar tekjuáætlun þessa árs var unnin síðla á síðasta ári. Að öllu samanlögðu eru tekjurnar nú áætlaðar um 10 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum ársins. Mest hækka tekjur vegna skatta og tekjur á hagnað eða um 4,5 milljarða kr. Þar af skila tekjuskattar einstaklinga 3,4 milljörðum kr. meiri tekjum en áður var gert ráð fyrir og fjármagnstekjuskatturinn er 1,4 milljörðum umfram áætlun. Hækkun tekjuskatts á einstaklinga stafar m.a. af minna atvinnuleysi og hærri launatekjum en áætlað var og aukin velta á fjármagnsmarkaði skilar ríkissjóði einnig auknum tekjum.

Skattar á vöru og þjónustu eru 3,8 milljörðum kr. umfram áætlun. Þar af eru vörugjöld 1,9 milljörðum kr. hærri og virðisaukaskattur er tæplega milljarði kr. yfir áætlun. Innflutningur á vörum sem bera tiltölulega há vörugjöld hefur vaxið nokkuð umfram forsendur fjárlaga. Þannig er innflutningur bifreiða meiri en gert var ráð fyrir og skilar það sér í auknum ríkissjóðstekjum. Aðrar tekjubreytingar eru minni og skýrast einkum af auknum vaxtatekjum og tekjum af neyslu- og leyfisgjöldum.

Í frv. er sótt um tæplega 5,5 milljarða kr. viðbótarfjárheimildir til að mæta auknum útgjöldum. Þar af eru framlög til launa- og rekstrargjalda um 3,2 milljarðar, neyslu- og rekstrartilfærslu tæplega 1 milljarður og viðhald á stofnkostnaði er 1,2 milljarðar kr. Vakin er athygli á því að munur er á áætlun um útgjöld á yfirstandandi ári og því sem sótt er um í viðbótarfjárheimildir.

Eins og ég nefndi eru heimildirnar í frv. alls um 5,5 milljarðar kr. en endurskoðuð áætlun um útkomu þessa árs bendir til þess að frávikið verði 4,9 milljarðar. Mismunurinn skýrist að stórum hluta á útgjöldum umfram fjárlög sem voru reikningsfærð á síðasta ári og flutt til þessa árs en sem nú er lagt til að verði gerð upp með auknum framlögum. Þannig er nú sótt um fjárheimildir til að greiða rekstrarhalla nokkurra stofnana frá árinu 1998 sem þegar hafa verið færð í reikning þess árs.

Auk þess getur það valdið nokkrum mismun milli fjárheimilda og bókfærðra gjalda í hversu miklum mæli heimildir frá fyrri árum eru nýttar og hversu mikið af afgangsheimildum og umframgjöldum færast til næsta árs. Þetta er skýringin á því að gert er ráð fyrir 5,5 milljarða kr. viðbótarfjárheimildum þó svo umframútgjöld þessa árs séu ekki áætluð nema 4,9–5 milljarðar.

Vert er að vekja sérstaka athygli á því að varasamt er að reikna hlutfallsleg frávik á fjárheimildum einstakra ráðuneyta. Bæði hafa fjárheimildir verið fluttar á milli ráðuneyta og síðan hafa komið til ýmis stór verkefni sem raska heildarmyndinni. Má þar nefna t.d. framlög í þróunarsjóð EFTA, átak ríkisstjórnarinnar í vegamálum og fleiri slík atriði sem segja lítið til um hvernig rekstri stofnana viðkomandi ráðuneytis er háttað. Þannig má nefna að fluttar eru 250 millj. kr. af launa- og verðlagslið fjmrn. yfir á menntmrn. þar sem lokið var við að meta áhrif kjaranefndarúrskurða á árinu, m.a. vegna háskólaprófessora. Einnig má nefna tilfærslu embættis eins og ríkislögmanns sem flutt er frá fjmrn. til forsrn. Sú tilfærsla hefur í för með sér lækkun á fjárheimildum fjmrn. en hækkun á fjárheimildum forsrn. að sama skapi.

Endurskoðuð áætlun um tekjur og gjöld samkvæmt frv. sýnir að tekjuafgangur hækkar um 5 milljarða kr. frá fjárlögum 1999 og verður 7,5 milljarðar. Hreinn lánsfjárjöfnuður eykst um tæplega 3,9 milljarða og verður ríflega 20 milljarðar kr. en það er sú stærð, eins og kunnugt er, sem er til ráðstöfunar annaðhvort til þess að greiða upp skuldir eða til að styrkja stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti.

Tvennt getur einkum breytt þessari mynd auk almennrar endurskoðunar á tekjum og útgjöldum í meðförum þingsins. Í fyrsta lagi er sölu á 51% hlut ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að ljúka og verður söluhagnaður væntanlega um 3 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og í því frv. sem hér er til umræðu. Hækkar þá tekjuafgangur ríkissjóðs og lánsfjárafgangur sem því nemur og þarf að huga að því sérstaklega áður en frv. er afgreitt frá Alþingi að taka þá niðurstöðu með í hinn endanlega reikning. Það er þó að sjálfsögðu ekki tímabært fyrr en málið er frágengið.

Í öðru lagi eru útgjöld stofnana sem falla undir heilbrrn. nú til sérstakrar skoðunar og er vert að víkja nánar sérstaklega að því. Heilbrigðisútgjöld hafa verið í sífelldri umræðu við gerð fjárlaga og fjáraukalaga. Árið 1998 skipaði hæstv. heilbrrh. sérstakan vinnuhóp, svokallaðan faghóp í þeim tilgangi að gera tillögur um rekstur heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa og skilgreina hlutverk stofnana. Hópurinn lauk störfum síðla árs 1998 og eru fjárlög yfirstandandi árs byggð á tillögum hans. Farið var yfir rekstur hverrar stofnunar og hlutverk skilgreint auk þess að gerðar voru tillögur um hagræðingu, svo sem rekstur fimm daga deilda þar sem slíkt var talið henta. Gerð voru drög að þjónustusamningi við hverja stofnun að frátöldum stóru sjúkrahúsunum þar sem verksvið þeirra var nánar skilgreint. Allt var þetta starf unnið í nánu samráði við stjórnendur stofnananna.

Að tillögu hópsins var óskiptum fjárveitingum, sem Alþingi hafði veitt í þeim tilgangi, deilt á þessar stofnanir og framlög aukin umtalsvert í fjáraukalögum fyrir árið 1998 og í fjárlögum þessa árs.

Snemma á þessu ári var hins vegar ljóst að útgjöld viðkomandi stofnana sem og ýmissa annarra stofnana er heyra undir heilbrigðismál voru meiri á árinu 1998 og árið 1999

en forsendur vinnuhópsins byggðu á. Eru þar m.a. nefndar til sögunnar meiri launahækkanir en ráðgert var hjá þessum stofnunum og sem launabætur fjárlaganna miðuðust við. Enn þá er mjög brýnt að komast fyrir rekstrarvanda þessara stofnana og þann vanda sem þar er við að glíma. Hafa ráðuneyti fjármála og heilbrigðismála sameiginlega falið Ríkisendurskoðun að kanna rekstrarstöðu þessara stofnana og í kjölfar þeirrar niðurstöðu sem nú er unnið að í góðu samráði þessara aðila allra er að vænta tillagna frá ráðuneytunum um frekari aðgerðir ef þörf krefur þegar niðurstaðan liggur fyrir.

Mikilvægt er að hafa í huga að vandi einstakra stofnana er mismunandi umfangsmikill og gæta verður samræmis á milli stofnana við lausn hans þannig að ekki verði grafið undan þeim rammafjárlögum og ákvörðunum Alþingis um fjárframlög til verkefna og stofnana. Mikilvægt er að hlutlægir mælikvarðar ráði við lausn vandans og stjórnendur stofnana beri þá ábyrgð á rekstrinum sem ætlast verður til. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að ég vænti þess að meðan frv. er í höndum Alþingis muni fjárln. vinna ásamt ráðuneytunum að lausn þessa máls og fylgja því eftir í kjölfarið að farið verði að ákvörðunum þingsins og að fjárlög standi. Mikilvægt er að áætlun fjárlaga sé traust og eftir henni sé farið við að takast á við stefnu stjórnvalda í efnahags- og ríkisfjármálum.

Ég vil að lokum nefna að í frv. er farið fram á talsverða hækkun á heimildum Íbúðalánasjóðs til útgáfu húsbréfa og húsnæðisbréfa. Mikil aukning hefur verið í útlánum sjóðsins á árinu og eru samþykkt lán til notaðra íbúða 45% fleiri en á sama tíma í fyrra. Því þykir nauðsynlegt að afla 7,4 milljarða kr. viðbótarheimilda til handa húsbréfadeild til að ekki verði röskun á fasteignamarkaði eða óþarfa bið eftir afgreiðslu lána.

Einnig er sótt um auknar heimildir til útlána til leiguíbúða og til viðbótarlána á ábyrgð sveitarfélaga. Er þar samtals um að ræða 1,5 milljarða kr. og er það vegna þess að umsóknir hafa verið fleiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Herra forseti. Ég hef nú farið nokkrum almennum orðum um frv. og þau áhrif sem það hefur til þess að auka rekstrar- og lánsfjárafgang ríkissjóðs. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda sérstaklega einstaka liði í frv. umfram það sem gert hefur verið og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln. þingsins.

[10:43]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess í upphafi máls míns að vekja athygli á því að aðeins hæstv. fjmrh. er viðstaddur þegar farið er yfir fjáraukalög sem má kannski kalla öðru nafni skrá yfir ákveðin mistök sem hafa verið unnin og sem er skrá yfir aðgerðir og e.t.v. aðgerðaleysi hinna mismunandi ráðuneyta. Ég tel því þetta jafnóeðlilegt og við fjárlagaumræðuna að ráðherrar ríkisstjórnarinnar skuli ekki vera viðstaddir. Ég geri enga kröfu, herra forseti, um að kalla í einstaka ráðherra en ég vonast til þess að hæstv. fjmrh. beri þessi boð. Þetta er óeðlilegt. Þetta eru mikilvægustu ráðstafanir sem við erum að fjalla um á hverju einasta ári, það eru aðgerðir til að lagfæra það sem aflaga hefur farið í fjárlagagerðinni og svo auðvitað fjárlagagerðin sjálf. Ég vona að virðulegur forseti fylgi þessu máli eftir til forsn.

Herra forseti. Ég sagði að það gæti verið um að ræða skrá um ákveðin mistök og að sjálfsögðu einnig um lög sem höfðu ekki áhrif á fjárlagagerðina í upphafi ársins þannig að staðreyndir voru ekki fyrirliggjandi vegna lagasetningar sem urðu eftir að fjárlög voru samþykkt.

Í ræðu hæstv. fjmrh. voru nefnd atriði, t.d. um óvæntan tekjuauka um 3 milljarða vegna sölu FBA. Það mun auðvitað koma inn í fjáraukalögin á þeim tíma sem við höfum fram að afgreiðslu þeirra. Það eru sem sagt tvær umræður eftir. Þá vonast ég til að fyrirliggjandi staðreyndir um það sem út af stendur hjá hinum ýmsu ráðuneytum verði líka lagðar á borðið.

Herra forseti. Ég tel að það sé ástæða til að velta fyrir sér fjáraukalögum og hlutverki þeirra. Til hvers eru fjáraukalög? Eins kemur upp spurningin: Hvernig eru þau notuð? Ég held að eðlilegt sé að velta þessu upp öðru hverju, einkum ef mönnum finnst að lögin sem verkfæri séu notuð öðruvísi en til er ætlast. Ég set þessar spurningar fram vegna þess að ég tel til þess ríka ástæðu og í ljósi þess að stjórnarandstaðan hefur ítrekað á undanförnum árum bent á að ekki er gert ráð fyrir augljósum útgjöldum í fjárlagafrv. ár eftir ár. Reyndar hefur verið bent á, ekki bara útgjöld heldur vanáætlaðar tekjur sl. þrjú ár. Þar vitna ég til nál. minni hluta fjárln. undanfarin þrjú ár, bæði varðandi útgjöld og tekjur.

Fjáraukalög eru nauðsynlegt tæki til að lagalega sé hægt að verja ófyrirséð útgjöld og nýjar lagasetningar sem að sjálfsögðu verða til á hverju ári. Í ár má reikna með að tekjuhlið frv. hljóði upp á 10 milljarða auk þeirra 3 milljarða sem hæstv. fjmrh. nefndi áðan varðandi sölu á FBA. Þar má því búast við 13 milljörðum meiri tekjum en hins vegar er ekkert fjallað um útgjöldin, vanáætluð útgjöld, það er ekki komið að því.

Áætluð niðurstaða eins og hún liggur fyrir núna er 10 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir. Það er að sjálfsögðu gott að hafa borð fyrir báru í tekjuáætlun. En ég bendi á að vanáætluð útgjöld, ég endurtek, vanáætluð útgjöld — og þá vísa ég til aðgerða eða aðgerðaleysis ráðuneytanna — eru skv. frv. sögð 4,9 milljarðar. Ég tel að rauntalan af þeim grunni sem fyrir liggur hjá hv. fjárln. sé nær 7 milljörðum í vanáætluð útgjöld. Þar er um of mikinn mun að ræða miðað við að skekkjan í þessu frv. er núna við 1. umr. einhvers staðar nálægt 3 milljörðum.

Vanáætluð útgjöld eru mest í heilbrigðisþætti frv. og byggjast fyrst og fremst á vanáætlun í fjárlagafrv. vegna ársins 1999. Ég get sagt það hér að samkvæmt minnisblaði sem ég kynnti í þingflokki mínum í desember sl. — ég byggði þær upplýsingar á framlögðum upplýsingum einstakra aðila sem komu til viðtals í fjárln. — þá gerði ég grein fyrir því að líklega yrði um 2,6 milljarða halla að ræða í heilbrigðiskerfinu. Staðreyndin er sú að ég hafði rangt fyrir mér. Þar er líklega um 4 milljarða halla að ræða, bara í heilbrigðiskerfinu.

Þessar ábendingar mínar og minni hlutans voru nefndar óráðsíutillögur þegar við gerðum grein fyrir því að útgjöldin væru vanáætluð. Ég segi bara: Til hvers benda staðreyndirnar? Að mínu mati er um að ræða skort á yfirsýn og agaleysi, aðgerðaleysi varðandi fjárútstreymi umfram það sem fjárlög segja til um eða einhver blekkingarleikur sem ég skil ekki hvaða tilgangi þjónar. Það er nærri því eins og verið sé að taka gamla köku og hella yfir hana glassúr svo hún líti betur út.

Ég gæti, herra forseti, rakið þetta minnisblað í einstökum liðum. Ég lagði það fram og það er til á skrá með dagsetningunni 12. des. á síðasta ári. Ég gæti rakið þetta blað í einstökum liðum. Ég leyfði mér að sýna hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni þetta minnisblað til þess að leggja áherslu á

mál mitt. Nú er u.þ.b. einn og hálfur mánuður síðan ég benti á þessar skekkjur. Strax í umræðum á vorþinginu spurði ég hæstv. heilbrrh. hvernig staðan væri og benti á það sem minni hluti fjárln. hafði fjallað um. Samt sem áður var þetta plagg, í sólskinsbúningi, lagt fyrir fjárln. og hv. Alþingi, með upplýsingum — ekki þeim sem eru fyrirliggjandi heldur sem betur hentar að leggja fyrir hv. Alþingi.

Herra forseti. Ég tel að það sé ástæða til að breyta vinnubrögðum. Lögin um fjárreiður ríkisins gefa möguleika til betri árangurs í stjórnun en áður var. Tæknibúnaður er til staðar til að ná betri árangri en raun ber vitni. Raunin er hins vegar aðgerðaleysi í þeirri von að góðærið muni skila tekjum umfram útgjöld. Þess vegna er tekið svo lauslega á málum sem ég hef þegar rakið.

Hvernig er svo staðan? Hún er þannig að afkoma ríkissjóðs er góð. Afkoma sveitarfélaganna er slæm. Afkoma þeirra sem hæstar hafa tekjur í þjóðfélaginu hefur aldrei verið betri. Afkoma þeirra sem hafa lægst launin er slæm. Ég vil meina að það sé ekki tekið af alvöru á þessu máli, nema að því leyti — sem ber að fagna að sjálfsögðu og ég geri það nú sem áður — að afgangur ríkissjóðs er nýttur til greiðslu skulda í ár og á næsta ári. Ég tel hins vegar að við verðum að greiða það sem út af stendur í rekstri einstakra stofnana. Við verðum að horfa til þess og það á ekki að þurfa að japla um einstök smáatriði sem út af standa þegar frv. er lagt fram. Það á ekki að láta heildarátökin um svona frv., sem eru raunverulega uppgjörsatriði frá liðnu ári, í þann farveg sem nú er gert.

Auðvitað á sumt af því sem ég hef verið að segja kannski frekar heima í umræðunni um fjárlög. Ég vil taka það fram, herra forseti, að ég hélt því fram í útvarpsviðtali að fjáraukalögin væru skrípaleikur með tilliti til þess hvernig tillögur um aukin útgjöld settar fram, ef borin eru saman t.d. menntmrn. og heilbr.- og trmrn. Þetta álit mitt byggist á því að gerðar eru tillögur fyrir menntmrn., að mestu leyti um það sem ráðstafað hefur verið — að mestu leyti, segi ég. Þó liggja fyrir upplýsingar eins og t.d. um Háskólann á Akureyri, um landbúnaðarháskólann og nokkrar aðrar stofnanir þar sem búið er að gera ráðuneytinu grein fyrir því sem á vantar. Það er ljóst en hefur ekki verið sett inn í frv.

Tillögur um útgjöld heilbrigðiskerfisins eru jafnframt óraunhæfar og vantar 1,2 milljarða upp á samkvæmt því sem nú liggur fyrir. Ég vil minna á það, herra forseti, að hugmyndir um sparnað hafa gjörsamlega brugðist í fjárlagafrv. fyrir árið 1999. Ég minni á hugmyndir um lyfjakaupasparnað, hugmyndir um sparnað vegna tannlæknakostnaðar, hugmyndir vegna sparnaðar við röntgenmyndatökur, svo eitthvað sé nefnt. Allt þetta brást. Kannski væri ástæða til að spyrja: Hvers vegna brugðust þessar aðgerðir? Á síðasta ári, þegar var verið að ræða um fjárlögin 1999, lýsti minni hlutinn yfir efasemdum um þessar áætlanir vegna þess að engar útskýringar voru á því hvernig ná ætti þessum árangri. Ég tel að þarna hafi verið um óraunhæfar væntingar að ræða eins og nú liggur fyrir. Það var óraunhæft að gera sér væntingar um stórfelldan sparnað á þessum sviðum.

Aðlögunarsamningar undir stjórn ríkisstjórnarinnar eru gjörsamlega úr böndum og niðurstöður Kjaradóms allt aðrar en gert var ráð fyrir. Hvað er verið að bjóða upp á? Þessi atriði ásamt öðrum óraunhæfum áætlunum gera það að verkum eins og ég lýsti áðan að umframútgjöld verða t.d. í heilbrigðisgeiranum a.m.k. 4 milljörðum meiri en gert var ráð fyrir. Samt er gerð tillaga í þessu plaggi um 2,9 milljarða útgjöld.

Það sem ég er hér að benda á eru staðreyndir. Ég veit að þessar upplýsingar liggja fyrir. Ríkisendurskoðandi er sennilega að miklu leyti búinn að fara yfir þær niðurstöður sem liggja fyrir frá hinum ýmsu stofnunum.

Já, ég kalla þetta skrípaleik eins og ég lýsti í viðtali. Ég kalla það skrípaleik þegar ekki er farið eftir fyrirliggjandi staðreyndum. Það verður fróðlegt að vita þegar uppgjörið liggur fyrir hvort ég þarf að kyngja fullyrðingum mínum í þessu máli, hvort um skrípaleik er að ræða eða ekki. Ég er tilbúinn til þess ef annað kemur á daginn. Það er eiginlega, herra forseti, óeðlilegt að staðreyndir sem hv. fjárln. fær á sitt borð, eftir að búið er að kynna það hjá hæstv. ríkisstjórn, skuli ekki liggja fyrir í þessu registri yfir vanáætlun, registri yfir mistök, aðhaldsleysi og agaleysi.

Vissulega er ætlunin að gera upp rekstrarhallann frá 1998 með því frv. sem hér liggur fyrir. Mér sýnist að menn ætli sér að gera það en á rekstrarhallanum sem fyrirséður er vegna 1999 er ekki tekið nema mjög takmarkað.

Þegar ég hef verið að tala um tekjur stofnana og raunhæfan grunn þá á ég við stofnanir sem margsinnis hafa lagt fram rök fyrir því að sértekjuáætlanir sem þeim eru fengnar séu rangar. Þá nefni ég t.d., sem ég nefndi áðan, núverandi landbúnaðarháskóla á Hvanneyri. Þar er gert ráð fyrir um það bil 10 millj. kr. meiri sértekjum en stofnunin treystir sér til þess að afla. Gert er ráð fyrir að Landmælingar Íslands hafi í sértekjur a.m.k. 10–12 millj. kr. meira en þær hafa nokkra möguleika til að afla sér. Á svona atriðum tel ég að þurfi að taka. Þetta á við að heita megi allar stofnanir ríkisgeirans. Þar er gert ráð fyrir meiri tekjum en stofnanirnar eiga möguleika á að fá. Ég tel að þessu þurfi að breyta. Þeir sem þarna eiga í hlut hafa ekki fengið áheyrn með þau rök sem færð eru fram til að sýna þessa skekkju.

Herra forseti. Það má vel vera að hæstv. fjmrh. finnist að fast sé slegið þegar farið er yfir málin eins og þau liggja fyrir núna vegna þess að á stundum hafa menn sagt: Það tekur því ekki að vera að ræða gerða hluti. Við skulum bara fara yfir þetta og afgreiða. En nú er nóg komið. Það getur vel verið að einhver kalli þetta sleggjudóma. Ég segi bara að stundum þarf að slá með sleggju svo að árangur náist. Fagmenn í málmiðnaði vita að það má ná árangri með því að hita og kæla þegar efni er mótað. Við málmiðnaðarmenn grípum seint til sleggjunnar en við þekkjum verkfærið og notum það ef ástæða er til.

Herra forseti. Það má auðvitað velta því fyrir sér af hverju ég nota svona orðalag í ræðu minni. Svarið er: Vegna þess að verkfærið fjáraukalög er ekki rétt notað. Framsetning þess byggir aðeins að hluta á þeim staðreyndum sem fyrir liggja. Lagasafn fjárlaganna á að vera eins og verkfærataska. Það á að nota þau verkfæri sem við eiga í hverju tilviki og verkfærin eiga að vera í röð og reglu í töskunni. Árangurinn verður bestur með réttu skipulagi og réttum vinnubrögðum.

[11:04]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga. Ég mun fjalla fyrst um fjárlög og fjárlagagerð sem stjórntæki og koma síðan inn á verkaskiptingu á milli Alþingis og framkvæmdarvalds, hvernig með það er farið og hvað þetta frv. til fjárlaga segir okkur almennt.

Hæstv. menntmrh. er mjög hrifinn af samræmdum prófum. Í skólakerfinu hefur verið komið á samræmdum prófum sem eru mælikvarði á frammistöðu viðkomandi. Út frá þeim má sjá hvort hann hefur staðið sig og megi fá að halda áfram. Líta má á fjáraukalögin sem nokkurs konar samræmt próf ríkisstjórnarinnar, samræmt próf ráðuneytanna sem segir til um hvernig þau hafa staðið sig í að fylgja því sem þeim var falið á Alþingi, því sem þau áttu að hafa lært og var síðan falið að framkvæma.

Þegar við erum að búa okkur undir próf þurfum við að viða að okkur réttum staðreyndum í því sem spurt er um. Í fjárlögum hljótum við líka að þurfa að byggja á réttum forsendum, ekki vera með neina svindlmiða í lófanum eða neitt þess háttar. Við þurfum að svara þegar spurt er og standa síðan undir því. Það þýðir ekki fyrir okkur að ætla að stinga hluta af staðreyndunum undir stól og halda að enginn sjái fyrr en kannski seinna þegar minna ber á.

Þegar við samþykkjum lög frá Alþingi hljótum við að ætlast til að framkvæmdarvaldið framkvæmi þau lög eins og Alþingi hefur kveðið á um. Þegar okkur er nú kynnt frv. til fjáraukalaga, sem kveður á um miklar breytingar frá fjárlögum, breytingar sem eru orðinn hlutur og Alþingi stendur frammi fyrir sem gerðum hlut, þá er ekki einu sinni öll sagan sögð. Framkvæmdarvaldið hefur tekið að sér að framkvæma það sem það hefur í rauninni ekki heimild til. Framkvæmdarvaldinu ber að vinna samkvæmt þeim lögum sem samþykkt eru en þegar svo miklar brotalamir koma fram fer maður að efast um hversu vandaður undirbúningurinn er.

Eins og okkur hefur komið þetta fyrir sjónir í fjárln. þá er fæst af því sem nefnt er á gjaldahlið fjáraukalaganna að koma á óvart. Flest af því lá fyrir við fjárlagagerð yfirstandandi árs og hefði í raun átt að taka tillit til þá. Stór hluti af þessum útgjöldum eru nefnilega bara innbyggð útgjöld. Það þarf meira til heldur en að búa til tölur í fjárlögum sem meira og minna er vitað að ekki munu standast. Ég ætla samt ekki að gera því skóna að þeir sem hafi unnið fjárlögin hafi vísvitandi ætlað að blekkja. Þau bera þess þó merki að vinnubrögðin hefðu örugglega mátt vera miklu markvissari.

Ef við lítum á þá þætti sem þarna eru, t.d. á útgjaldaþættina, þá eru það útgjöld sem eru innbyggð að meginhluta, útgjöld sem ekki er hægt að komast hjá. Þau eru í stórum málaflokkum, í heilbrigðiskerfinu, í menntakerfinu og víðar þannig að þar er ekkert nýtt að gerast. Sjúklingum er ekki að fjölga, nemendum er ekki að fjölga, það liggja fyrir námskrár og þetta er allt vitað. Þegar fjárlög eru gerð með þessum hætti þá er eitthvað annað sem veikir þau. Til skýringar á því eru dregnir fram kjarasamningar og aðlögunarsamningar. Ég tek alveg undir það. Við vöruðum við þeirri stefnu þáv. ríkisstjórnar er setti fram þessa leið til kjarasamninga þar sem að hluta væri samið á miðlægum grunni en endanlegir lokakjarasamningar voru faldir stofnunum og þeim sagt að gera það sem þær gætu.

Stofnanir starfa líka samkvæmt lögum og ber að uppfylla skyldur og kröfur sem til þeirra eru gerðar. Þar í liggur þeirra ábyrgð. Kjaralega ábyrgðin hefur legið hjá ríkisvaldinu því að ríkisvaldið og Alþingi samþykkja það sem stofnanirnar hafa til umráða í launagreiðslur. Þeim ber hins vegar að fylgja þeim kröfum sem kveðið er á um í lögum. Við sem sátum við stjórnvölinn í stofnunum ríkisins vöruðum þá við þessari stefnu ríkisstjórnarinnar í kjaramálum. Við töldum að hún leiddi til ófyrirsjáanlegra afleiðinga enda varð sú raunin og nú klóra allir sér í kollinum yfir því. Þarna er í rauninni ekkert nýtt að koma upp en þó er málið alvarlegt.

Þau útgjöld sem hér eru tilgreind mundu nánast öll hafa komið til óháð því hvort tekjuaukning hefði orðið. Þetta er ekki þannig að maður vakni upp á föstudegi við að tekjurnar hafi hækkað og stofni þá til meiri útgjalda. Þetta er seinvirkara kerfi en svo að það virki þannig. Þessi útgjöld hefðu að langmestu leyti orðið án tekjuaukningarinnar þó að þar megi að vísu undanskilja einstaka liði og aðra liði megi kannski reikna til þess að það var kosningaár. Ef við ímyndum okkur þá alvarlegu stöðu að þessi tekjuauki hefði ekki orðið þá væri kannski ekki svo bjart yfir afgreiðslu frv. til fjáraukalaga.

Ég vil benda á að þessi tekjuauki, þó ágætt sé að fá auknar tekjur, eru þenslutekjur. Þetta eru tekjur af þenslu sem varð umfram áætlun. Þetta eru tekjur af auknum innflutningi og auknum viðskiptahalla, þetta er skattlagning á viðskiptahalla. Þetta segir okkur hvað er að gerast. Við flytjum inn mun meira en við flytjum út. Þarna ráða mestu skattstofnar sem alls ekki eru varanlegir og eru í raun andstæðir efnahagsstefnunni að hluta. Ef hún gengi upp þá mundu þessar tekjur lækka, sem þær hljóta að gera ef efnahagsstefnan sem nú er unnið að nær fram að ganga. Öll erum við andvíg því að þenslan aukist. Við teljum að hún ætti frekar að hjaðna og hér ríki stöðugleiki en þessi fjáraukalög sýna ekki stöðugleika. Þau eru hluti þenslunnar sem framkvæmdarvaldið ber að hluta til ábyrgð á og að hluta til löggjafinn.

Það væri hægt að taka fyrir einstakar stofnanir og málaflokka. Maður veltir því samt fyrir sér hvað vakir fyrir stjórnvöldum í sambandi við heilbrigðisstofnanirnar. Það hefur komið fram á fundum fjárln. að þessi halli og kostnaður er öllum ljós. Samt eru samþykkt fjárlög á þessum grunni þó vitað sé fyrir fram að þau eru ekki raunhæf. Þau hafa að vísu ákveðin markmið og sýna fram á ákveðinn vilja en hækkanir þar eru ekki bara inni á sjúkrahúsunum og heilsugæslustöðvunum heldur eru líka verulegar og óvissari hækkanir í þeirri þjónustu sem heilsugæslan kaupir af svonefndum einkageira eða einkavæddri heilbrigðisþjónustu.

Við fáum líka upplýst að heilbrigðisstofnanir, sjúkrahúsin séu að vísa frá sér verkefnum út til einkaaðila sem vel gætu verið unnin inni á sjúkrahúsunum og gert reksturinn þar bæði hagkvæmari og öruggari fyrir sjúklingana. Er verið að skapa umhverfi fyrir heilsugæsluna og sjúkrahúsin sem býr til neikvæða stjórnsýslulega umræðu svo réttlæta megi aukna einkavæðingu í heilbrigðisgeiranum?

Hjá hæstv. fjmrh. hefur komið fram að þetta sé bara frv. og gert sé ráð fyrir því að í meðförum fjárln. geti auknar upplýsingar komið fram um endanlega stöðu. Okkur hefur borist vitneskja um að aðeins sé tekið á hluta vandans í heilbrigðiskerfinu, hið sama á við menntamálin og svo mætti lengi telja.

Virðulegi forseti. Það veldur mér ugg þegar svo stórum hluta fjármagns er varið af hálfu framkvæmdarvaldsins því þá erum við að skekkja þann ramma sem Alþingi ætlar fjárlögum að rúmast innan. Alþingi hefur eiginlega enga aðkomu að því. Er t.d. verið að skekkja þjónustumynd sjúkrahúsanna á landinu öllu? Við vitum að það er ekki hægt annað en draga að landi þær stofnanir og þau svið sem ríkið ber ábyrgð á og komin eru með halla. Þær stofnanir sem einhvern veginn, t.d. með niðurskurði á þjónustu eða öðrum aðgerðum, reyna að standa við fjárlög fá það í sjálfu sér ekkert bætt. Þær fara eftir því sem Alþingi hafði uppálagt þeim hvað þann hlut

varðar, en kannski standa þær ekki að öllu leyti undir þeim körfum sem gerðar eru til þeirra verklega. Með fjáraukalögum getum við því verið að skekkja mynd, við getum verið að láta ákveðin atriði, ákveðin svið, ákveðin verkefni fá aukið vægi á kostnað einhverra annarra — það hlýtur oft að gerast þannig — sem Alþingi hefur ekki lagt blessun sína yfir fyrir fram.

Þetta leiðir hugann, herra forseti, að því hversu veik mér virðist staða Alþingis, löggjafans sjálfs, vera gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mér finnst hún vera allt of veik. Við eigum ekki að þurfa að standa frammi fyrir frv. til fjáraukalaga, eins og Alþingi stendur nú frammi fyrir, eins og gerðum hlut og við vitum að þetta er bara hluti af þeim gjörða hlut. Við stöndum í rauninni ekki frammi fyrir öðru en að samþykkja það svona til þess að öllum lagalegum hliðum sé fullnægt.

Virðulegi forseti. Ég tel að ráðuneytin og ríkisstjórnin hafi þarna verið í prófi, fjáraukalögin séu eiginlega samræmd próf. Við sjáum varðandi tekjurnar að þeir hafa kannski fengið 11, 12 eða 13. En varðandi gjaldahliðina, til að standa við hana eins og ráð var fyrir gert og að standa að framkvæmd fjárlaga eins og ráð var fyrir gert, þá væri sjálfsagt ástæða til þess að skipa sérstaka prófnefnd til að dæma um hvort þau hafi staðist prófið og ættu rétt á því að færast á næsta stig.

Ég ítreka að mér finnst að fjárlög eigi að vinnast þannig að ekki þurfi að leggja fram fjáraukalög með svona miklum frávikum.

[11:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er kunnur skólamaður og þekktur í þeim geira. Honum verður tíðrætt um samræmd próf. Menn verða að hafa það í huga að fjárlagatölurnar tekna- og gjaldamegin eru áætlunartölur, eins og stendur í fjárlögunum sjálfum. Það stendur í þeim að áætlað er að tekjur á þessu ári verði svo og svo miklar eða að útgjöld verði eins og þar segir. Því er auðvitað aldrei hægt að reikna með að það standist 100%. Og 3% frávik í gjöldum eins og hér er gert ráð fyrir í fjáraukalagafrv. er miklu minna en var á árum áður þó að ég auðvitað taki undir það að það ætti að vera minna, ætti að vera sem allra minnst.

Tekjurnar fara u.þ.b. 5,5% fram úr að því er best er vitað á þessari stundu og auðvitað er mikilvægt að þær hækka meira en gjöldin.

Ég vildi hins vegar nefna eitt atriði sem þingmaðurinn kom inn á, þ.e. að þingið standi frammi fyrir gerðum hlut, að framkvæmdarvaldið sé búið að ákveða hlutina og jafnvel eyða peningum án þess að Alþingi hafi þar haft nokkurn atbeina. Því miður er það þannig í okkar stjórnkerfi að menn verða að geta stjórnað landinu og ríkisstjórnin starfar í skjóli þingmeirihlutans. Hún verður oft og tíðum að taka ákvarðanir sem kalla á útgjöld fyrirvaralítið, en getur auðvitað gert það vegna þess að hún hefur stuðning þingmeirihlutans á bak við sig og getur gengið að því vísu að hún hafi stuðning fyrir þessum aðgerðum á Alþingi. Ef það kemur í ljós að svo væri nú ekki með eitthvert tiltekið atriði þá þyrftu menn auðvitað að hugsa mjög sinn gang, í það minnsta þeir menn sem ábyrgð bæru á því.

Ég nefni sem dæmi: Það þarf að vakta Kötlusvæðið alveg sérstaklega, Mýrdalsjökul. Það voru teknar ákvarðanir um að setja í það á þriðja tug milljóna. Það þurfti að gera það strax og það varðaði ýmsar stofnanir ríkisins. Þetta ákvað ríkisstjórnin að gera og að heimila útgreiðslu þessara peninga vegna þess að hún veit að hún hefur þingmeirihluta á Alþingi og getur treyst því að slíkar ákvarðanir njóta stuðnings meirihluta þingsins. (**Gripið fram í:** Hvernig skýrir það ...) Þetta nefni ég sem dæmi vegna þess sem hv. þm. nefndi, herra forseti.

[11:21]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alls ekkert að gera því skóna að ríkisstjórnin hafi ekki tryggt sér meiri hluta fyrir því sem hér er gert, alls ekki. Ég geri mér alveg grein fyrir rökum hæstv. fjmrh. Það er lofsvert ef þetta fer batnandi, hæstv. fjmrh. Það er lofsvert.

Ég vil samt fá að líta svo á að þó svo að ríkisstjórn styðjist við sinn meiri hluta og leiti til hans þá eru allir þingmenn á Alþingi jafnir og hafa jafnan rétt til þess að fjalla um mál. En ég dreg alls ekki í efa að þeirra heimilda hafi verið aflað, formlega eða óformlega.

[11:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég vil nefna annað atriði sem fram kom í ræðu hv. þm., herra forseti. Hann hélt því fram að hér væri eingöngu um að ræða þenslutekjur af auknum innflutningi. Hann hefur ekki hlýtt vel á mína ræðu vegna þess að ég fór yfir það að af þessum 10 milljarða tekjuauka sem frv. gerir ráð fyrir eru um það bil 4,5 milljarðar vegna aukinna tekna af tekjuskatti og eignaskatti, einkum þó tekjuskatti bæði einstaklinga og fyrirtækja en sömuleiðis einnig af fjármagnstekjum. Þessar tekjur eru vegna tekjubreytinganna í þjóðfélaginu en ekki vegna innflutnings. Auðvitað hafa innflutningstekjur líka aukist eins og ég rakti og veltan almennt í þjóðfélaginu. En aðalatriðið er — ég vona að hv. þm. hafi tök á að hlýða á það, hv. þm.— að óháð uppsveiflunni í þjóðfélaginu, óháð þeim tekjuauka sem ríkissjóður hefur af auknum umsvifum í þjóðfélaginu, þá er hann rekinn með afgangi. Þetta höfum við sannreynt í útreikningum að undanförnu og þetta á við bæði um næsta ár og þetta ár. Með öðrum orðum, þegar búið er að sveifluleiðrétta, eins og menn segja á lélegri íslensku, sveifluleiðrétta afkomu ríkissjóðs þá er hún samt sem áður réttu megin við strikið. Þetta er því ekki réttmæt gagnrýni sem fram er komin um það að ríkissjóður sé eingöngu að nærast á viðskiptahalla eða óeðlilegu ástandi í efnahagsmálum. Því fer fjarri.

[11:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi ég sagt: „eingöngu af þessu", þá biðst ég afsökunar á því. Ég ætlaði að segja: „að hluta til" eða „að einhverju leyti". Þó vil ég þó benda á að tekjuskatturinn er líka þenslutengdur og þessir skattar, bæði fjármagnsskattur og aðrir eru þenslutengdir.

Ég tek undir það að fjárlög skuli afgreiðast með afgangi nema þá í einhverjum sérstökum tilvikum og ég fagna þeirri stefnu í sjálfu sér.

[11:25]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Breytingar á tekjuhlið þess fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir sýna kraft í íslensku efnahagslífi. Þær sýna það fyrst og fremst að hér á landi hefur verið full atvinna og launatekjur hafa m.a. vaxið af þeim sökum. En eins og hefur komið fram hér áður þá er drjúgur hluti af þeirri tekjuaukningu fram yfir áætlun sem frv. sýnir vegna tekjuskatts á laun og hagnað fyrirtækja.

Fleiri atriði þessa fjáraukalagafrv. sýna þessa jákvæðu þætti í efnhagslífinu, þar á meðal lækkuð framlög til At-

vinnuleysistryggingasjóðs vegna betra atvinnustigs í landinu og vaxtagjöld lækka frá því sem áður var áætlað. Fjáraukalagafrv. gerir ráð fyrir því að tekjuafgangur ríkissjóðs aukist og eins og fram hefur komið þá mun koma til aukinn hagnaður af sölu Fjárfestingarbankans sem á eftir að taka afstöðu til.

Hins vegar er rétt að hluti af þeim 10 milljarða kr. tekjuauka sem frv. gerir ráð fyrir er vegna mikils innflutnings og tekna af umsvifum í þjóðfélaginu sem af honum stafa. Ég held að það sé nauðsynlegt af efnahagslegum ástæðum að leggja þessar tekjur fyrir, setja þær ekki út aftur í efnahagslífið í aukna eyðslu og þenslu, að tekjuafgangur ríkissjóðs verði að aukast sem þessu nemur til að þessar tekjur nýtist í framtíðinni þegar verr árar, að staða ríkissjóðs verði þá betri. Við verðum að hugsa til fleiri ára, hugsa til lengri tíma í ríkisfjármálum og við verðum að reikna með því að sveiflur verði þó að það sé auðvitað æskilegast að áframhaldandi kraftur verði í atvinnulífinu og ríkissjóður hafi góða afkomu af þeim sökum.

Gert er ráð fyrir að af þessum 10 milljarða kr. tekjuauka aukist útgjöld um liðlega 5 milljarða kr. Það sem er kannski fyrst og fremst til umræðu hér er nákvæmni fjárlaga á hverjum tíma. Fjárlög eru rammi utan um efnahagsstarfsemina sem ríkissjóður kemur nálægt. Þau eru rammi utan um útgjöld ríkisstofnana og það er auðvitað æskilegast, og það ber að taka fjárlögin þannig, að þau séu sá rammi sem ríkisstofnanir eiga að starfa eftir. Það verður að vera grundvallareglan. Auðvitað er aldrei hægt að komast hjá því að nokkur frávik verði í áætlunum, en hins vegar legg ég mikla áherslu á að ákvarðanir fjárlaga hverju sinni eiga að setja stofnunum ríkissjóðs ramma um starfsemi sína.

Í þessu fjáraukalagafrv. skiptist útgjaldaaukinn á ýmsa málaflokka. Sumt af honum má rekja til ákvarðana sem voru teknar af ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum fyrr á árinu og er verið að sækja um fjármagn til staðfestingar á þeim ákvörðunum. Þannig háttar t.d. um þær ákvarðanir að setja meira fjármagn til lífeyristrygginga, til sjúkratrygginga og hér er t.d. verið að staðfesta flýtingu á vegáætlun sem var ákveðin fyrr á árinu upp á 500 millj. kr. Hluti af útgjaldaaukanum er af þessum orsökum.

Hér hafar komið til umræðu áður heimildir framkvæmdarvaldsins til þess að ákveða slík útgjöld. Ég tek undir það að auðvitað starfar ríkisstjórnin á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Hins vegar er nauðsynlegt að upplýsingaflæði frá ríkisstjórninni um slíkar ákvarðanir til Alþingis sé sem greiðast þannig Alþingi fái vitneskju um slíkar ákvarðanir eins fljótt og verða má. En ég tek undir orð hæstv. fjmrh. að því leyti að vissulega starfar ríkisstjórnin á ábyrgð þingmeirihluta.

Sá hluti fjáraukalagafrv. sem mestum umræðum veldur varðar hins vegar þær stofnanir sem starfa á vegum ríkissjóðs eða með fjármagni frá ríkissjóði en fara fram úr áætlun fjárlaga. Í fjáraukalagafrv. skera tvö ráðuneyti sig úr að þessu leyti af eðlilegum ástæðum því að langflestar stofnanir starfa á þeirra ábyrgð. Það er í fyrsta lagi menntmrn. og í öðru lagi stofnanir undir heilbrrn.

Menntmrn. fer fram úr um 900 millj. kr. Það er af tveimur ástæðum. Það er vegna samninga við Háskóla Íslands og það er vegna þess að áætlanir um fjárframlög til framhaldsskólanna hafa ekki staðist. Það er nauðsynlegt fyrir fjárlaganefndarmenn að fara yfir þessi atriði. Fjárframlög til framhaldsskólanna eru byggð á skólasamningum og það er nauðsynlegt að grennslast fyrir um hve haldgóðir þeir eru því að æskilegast væri að komast sem næst raunverulegum útgjöldum með þeim samningum. Það hefur verið unnið mikið verk á því sviði í menntmrn. En það er nauðsynlegt að yfirfara þá samninga á hverjum tíma þannig að þeir séu sem næst hinum raunverulegu útgjöldum eða þá að kanna hvað er í veginum, þ.e. hvers vegna stofnanir hafa farið fram úr þessum samningum.

Í öðru lagi eru 1.400 millj. í fjáraukalagafrv. lagðar til þess að bæta hallarekstur heilbrigðisstofnana, einkum sjúkrahúsa. Það eru auðvitað verulega fjárhæðir en þess ber að geta að þó að heilbrrn. sé mjög stórt ráðuneyti að umfangi og fari með mjög stóran hluta af ríkisfjármálunum, þá eru þarna mál sem hafa verið viðfangsefni fjárln. um árabil. Ég heyri á ræðum sem hér hafa verið fluttar, einkum hjá hv. 5. þm. Vesturl., að hann hefur séð ljósið í þessum efnum og séð þessa hluti fyrir. Ég gat ekki betur heyrt á ræðu hans en að úrræðin sem bent er á í þessu efni væru einfaldlega að borga það sem út af stendur og taka allar áætlanir inn í áætlun fjáraukalaga og áætlun fjárlaga.

Það sem ég hef um þetta að segja er að ég vitna til þess sem hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni að Ríkisendurskoðun hefði verið beðin að fara yfir þessi mál og leggja mat á áætlanir sjúkrahúsanna þannig að við í fjárln. munum fá þá úttekt inn á okkar borð. Ég legg áherslu á að það verði að koma þeirri skipan á til frambúðar að sjúkrahúsin geti verið innan ramma fjárlaga. Ef það á að bæta til fulls fjárvöntun þeirra þá verður að vera tryggt að búið sé að vinna bug á því vandamáli, skilgreina hlutverk sjúkrahúsanna þannig að þau geti verið innan ramma fjárlaga hverju sinni og hægt sé að ákveða þeim sanngjarnan ramma miðað við þeirra starfsemi. Þetta er verkefni sem er því miður ekki lokið og það er engin ástæða til að draga fjöður yfir það. En það er eigi að síður ástæða til þess að vinna þrotlaust að þessu. Stofnanir menntmrn. og stofnanir heilbrrn. eru í raun af sama meiði að þessu leyti. Verkefnið er að finna þeim fjárlagaramma í samræmi við hlutverk þeirra og síðan verði staðið við þann ramma. Það er nauðsynlegt. Það er nauðsynlegt þannig að jafnræði ríki og að það gerist ekki að sumir fari fram úr en aðrir fari ekki fram úr. Af því hlýst eilífur samanburður og leiðindi. Nauðsynlegt er að finna hæfilegan ramma fyrir þessar stofnanir. En ég undirstrika að það verður að koma fjárlögum þannig fyrir að hægt sé að standa á því að þetta sé sá rammi sem ber að fara eftir og það ber að fara eftir fjárlögum.

Ýmis fleiri útgjaldatilefni eru í þessu fjáraukalagafrv. sem fjárln. mun að sjálfsögðu fara yfir. Nokkur atriði ber þar nokkuð hátt. Það eru svokölluð einsskiptisútgjöld sem koma til m.a. af hátíðahöldum árið 2000. Það er mjög stór útgjaldaliður í fjárlögum árið 1999, fjáraukalögum 1999 og fjárlögum fyrir árið 2000. Þarna eru veittir mjög miklir fjármunir í þessi verkefni og það byggist auðvitað á ákvörðunum um að halda veglega upp á aldamótaárið og kosta til kristnihátíðarinnar sem þá verður.

Fleiri einsskiptisútgjöld koma til á aldamótaárinu og það kemur fram í fjárlögum, fjáraukalögum og fjárlögum fyrir árið 2000 en það er hinn svokallaði 2000-vandi. Það kostar gífurlega fjármuni að eiga við hann, ekki síst á heilbrigðisstofnunum. Einhvern tíma fengum við upplýsingar um það í fjárln. að á Ríkisspítölunum einum væru þúsund tölvuskjáir og mjög miklir fjármunir fara til þess að tryggja að engar truflanir verði á starfsemi spítalanna t.d. vegna hins svokallaða 2000-vanda.

Hér hefur hv. 5. þm. Vesturl. talað af hálfu stjórnarandstöðunnar um vanáætlaðar tekjur og að bent hafi verið á það í mörg ár að tekjur hafi verið vanáætlaðar. Það er orðinn fastur liður hjá hv. 5. þm. Vesturl. í þessum ræðustól að greina frá því og greina frá kenningum sínum í þeim efnum við afgreiðslu fjárlaga. (**SJS:** Hafa þær ekki staðist?) Um það vil ég segja að það er miklu betra að mínu mati að standa frammi fyrir því að tekjur hafi farið fram úr áætlun en að gjöld hafi farið fram úr áætlun. (Gripið fram í.) En það er nauðsynlegt þegar svo háttar að dæla ekki öllum þeim tekjum út í efnahagslífið heldur nota þær til þess að laga stöðu ríkissjóðs til frambúðar. Það vil ég undirstrika. Ég vil undirstrika það sérstaklega að ganga hægt um gleðinnar dyr. Það er nauðsynlegt bæði í sambandi við fjárlagagerð og í sambandi við fjáraukalögin að það verður að vanda sérstaklega vel til útgjalda því að við getum ekki vænst þess að ætíð verði uppsveifla í þjóðfélagi okkar þó að við viljum vissulega reyna að koma okkar efnahags- og atvinnumálum þannig fyrir að við séum ekki eins háðir sveiflum og verið hefur, því miður. Því miður hefur efnahagslíf undanfarinna ára einkennst af uppsveiflum og niðursveiflum og ég er ekki svo bjartsýnn að ég geti vonað það að þetta sé eingöngu liðin tíð. Vonandi er það svo, en hins vegar er ekkert vit í öðru en reyna, þegar árar eins og nú, að greiða niður skuldir ríkissjóðs og það er líka efnahagsleg nauðsyn. Það er aðferð til þess að draga úr þenslu og hamla gegn verðbólgu og það þurfum við við þessar aðstæður.

Við höfum fjallað nokkuð um launamál í fjárln. og munum gera það áfram. Tímans vegna mun ég ekki fara í þau mál nú við 1. umr. Eins og sést á fjáraukalagafrv. eru aukin útgjöld að verulegu leyti vegna launahækkana en það mál munum við fjalla um þegar við tökum þetta fjáraukalagafrv. til umræðu í fjárln., en þangað mun það fara. Við erum þegar búin að líta á það en við munum vinna það í framhaldinu, m.a. í tengslum við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 sem við erum einnig með í vinnslu.

[11:45]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 á síðasta ári var það harðlega gagnrýnt af stjórnarandstöðunni að ekki væri rétt gefið. Útgjöld væru vanáætluð t.d. til heilbrigðismála svo miklu næmi. Þetta hefur reyndar komið á daginn en ljóst að þetta á að bæta að nokkru leyti í fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Þó hef ég mjög klára vitneskju um að tapið sem orðið hefur á árinu hjá ýmsum sjúkrastofnunum sem standa mér nærri er margfalt meira en fyrirhugað er að bæta í fyrstu útgáfu fjáraukalaganna.

Ég vil minna á að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sem fær 21 milljón, er með margfalt meiri halla eftir árið. Það lá fyrir þegar í upphafi ársins að svo mundi verða. Ég vil því spyrja formann fjárln. hvort hann telji að úr þessu verði bætt milli umræðna um fjáraukalög.

[11:47]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. og ég gat um í ræðu minni hefur Ríkisendurskoðun verið falið að fara yfir rekstrartölur sjúkrahúsanna. Án þess að ég tali um einstök sjúkrahús í þessu sambandi þá er það svo að áætlanir þeirra hafa verið að breytast eftir því sem liðið hefur á árið. Þó að vissulega væri ljóst að fjárvöntun væri við síðustu fjárlagagerð miðað við áætlanir þeirra þá hefur þetta verið að breytast og þar var ekki allt séð fyrir.

Ég endurtek að það er nauðsynlegt að koma málum þannig fyrir að sjúkrahúsunum sé settur sá rammi sem þau eiga að vera innan. Ríkisstjórnarmeirihlutinn vill vinna að því að koma þeirri reglu á að losna við endalausu umfjöllun um sjúkrahúsin og hallarekstur þeirra. Til þess verður að skilgreina hlutverk þeirra og ákveða þeim fjárlagaramma sem hægt er að standa við.

[11:49]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Ég vil enn minna á að við samþykkt fjárlaga í desember lágu þær gríðarlegu launahækkanir sem orðið höfðu á sjúkrahúsum að mestu leyti fyrir. Þær urðu því miður ekki hjá þeim hluta starfsfólksins sem lægst var launað. Ég tel að við gerð fjárlaga, eins og við bentum þá á, hefði verið hægt að áætla mun betur útgjöldin vegna þeirra launahækkana en gert var. Ég tel það ámælisvert að halda forsvarsmönnum sjúkrahúsa ævinlega á hnjánum fyrir fjárveitingavaldinu, jafnvel þó allt sé gert til að reka sjúkrahúsin eins hagkvæmt og hægt er. Af því dæmi sem ég tók hér áðan get ég borið — ýmsir tilsjónarmenn sem hafa verið sendir þangað suður eftir til þess að fylgjast með rekstrinum geta verið mér sammála í því — að sjúkrahúsið er mjög vel rekið og sparnaðar gætt í hvívetna. En þess er gætt að stofnunin fari að þeim lögum sem henni er ætlað að uppfylla. Það hefur hún gert og staðan er eins og hún er. Mér finnst að ríkisvaldinu sé skylt að koma til móts við það ef hún á annað borð ætlar að reka þessi sjúkrahús áfram.

[11:50]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni litlu við það að bæta sem ég sagði áður. Ég hef sagt að það er sameiginlegt verkefni forráðamanna sjúkrahúsanna, heilbrn. og fjmrn., fjárln. og Ríkisendurskoðunar að komast að niðurstöðu um þessi mál. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að fjölyrða um málefni einstakra sjúkrahúsa í þessum ræðustól. Verkefni okkar er að skilgreina þessi mál og komast að niðurstöðu um hvert umfangið er, hvað menn ætla sér og hvaða fjármuni þarf til. Til þess þarf einnig — og á það skortir kannski — samræmdar mælingar á því hvað fram fer á sjúkrahúsunum þannig að hægt sé að gera eðlilegan samanburð.

Ég endurtek að þetta er verkefni sem verið er að vinna að og þessir aðilar eiga að koma að því. Ég held að allir hafi fullan vilja til að koma á góðu skipulagi í þessum efnum.

[11:52]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Makalaust var að kynnast viðmóti og viðhorfi hæstv. fjmrh. þegar einn af þingmönnum stjórnarandstöðunnar leyfði sér að gagnrýna þau kæruleysislegu tök sem er að finna í þessu fjáraukalagafrv. af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þá kom hæstv. ráðherra og sagði heldur digurbarkalega að menn þyrftu að hafa í huga að ríkisstjórnin nyti skjóls af stjórnarmeirihluta. Varla var hægt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að afgreiðsla okkar sem sitjum í fjárln. á þessu máli væri eiginlega aukaatriði, búið væri að afgreiða þessi mál vegna þess að ríkisstjórnin nýtur meiri hluta á þingi. Ég spyr hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, svo ég nefni nú ekki fleiri: Er það skoðun þeirra að þingið eigi að vera stimpill fyrir vald hæstv. fjmrh. í þessum efnum?

Ég vil líka segja, herra forseti, að mér þótti hæstv. fjmrh. næsta rogginn þegar hann sagði: Við höfum náð markmið-

um fjárlaganna. Hvernig er staðan í dag? Ofþenslan sem ríkisstjórnin neitaði að viðurkenna og bregðast við í tíma hefur hleypt verðbólgunni af stað. Í október var verðbólgan í kringum 5,3%. Þetta er tvöfalt til þrefalt meiri verðbólga en í löndunum í kringum okkur. Seðlabankinn spáir 4% verðbólgu á næsta ári og það byggist á því að kjarasamningar verði á hófsamari nótum, að það dragi úr hagvexti og aukningu innlendrar eftirspurnar. Fjölmargir aðilar hafa hins vegar lýst efasemdum um að það verði í þeim mæli sem Þjóðhagsstofnun hefur gert ráð fyrir. Einn af þeim sem lýst hafa efasemdum um það er einmitt hæstv. fjmrh. í flutningsræðu fyrir fjárlagafrv. í síðasta mánuði.

Í dag er staðan einfaldlega ákaflega brothætt. Ein af algjörum forsendum þess að hægt sé að draga úr þeirri þenslu sem nú ríkir í þjóðfélaginu er auðvitað að hafa megi hemil á útgjöldum ríkisins. Það er eitt af örfáum hagstjórnartækjum sem ríkið hefur yfir að ráða í núverandi stöðu. Þar bregst ríkisstjórnin algjörlega.

Læknavísindin kenna að forsenda allra lækninga sé að viðurkenna sjúkdóminn. Þá fyrst er hægt að greina hann og ráðast að rótum hans. Það hefur ríkisstjórnin ekki gert. Hún á að viðurkenna vandann, ráðherrar hennar eiga einfaldlega að segja, eftir að hafa lagt fram þetta fjáraaukalagafrv.: Við erum útgjaldafíklar. Það sem kemur fram í þessu frv. er útgjaldafíkn.

Það er gott og blessað að hv. formaður fjárln. og hæstv. fjmrh. komi hingað og tali um að tekjurnar hafi aukist um 10 milljarða. Það er fínt. Við blasir að útgjöldin hafa aukist um 5 milljarða. Miðað við þær upplýsingar sem við höfum fengið eftir undarlegum leiðum inn í fjárln. er ljóst að útgjöldin muni að öllum líkindum fara 1 – 1,5 milljarða fram úr áætlun ef það gerist sem mér sýnist hæstv. fjmrh. leggja hér til.

Fyrir liggur að upplýsingar um mjög erfiða stöðu vantar. Ég verð að segja, herra forseti, að það er digurbarkalega mælt af hæstv. fjmrh. að koma hingað og segja: Við höfum náð markmiðum fjárlaganna. Útgjöldin halda áfram að vaxa. Í þessari stöðu er óásættanlegt að þau vaxi um 5 milljarða. Þenslunni í þjóðfélaginu slotar einhvern tíma og jafnvel þó að það takist að ná hinni mjúku lendingu sem hæstv. ráðherrar tala um þá blasir við að við munum standa frammi fyrir því að tekjur ríkisins minnka en útgjaldaramminn helst óbreyttur og þá þurfum við að ráðast að honum í afar krappri stöðu.

Við þurfum aðeins að velta því fyrir okkur hvaðan þessir peningar koma. Þeir koma auðvitað út af hinni hættulegu þenslu í þjóðfélaginu. Hvað er það sem ekki stóð í tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar? Það er fyrst og fremst það sem laut að innflutningi. Gert var ráð fyrir að innflutningur mundi aukast um 1% en í ljós kemur að hann hefur aukist um 3,5%. Fyrst og fremst, segir í þessu fjáraukalagafrv., eykst innflutningur á dýrum vörum, stórum og dýrum bifreiðum sem fluttar eru til landsins í miklum mæli. Þaðan koma auðvitað þessar tekjur.

Þetta, herra forseti, er ekki hagvöxtur sem líklegur er til að standa mjög lengi. Og mig langar, herra forseti, að lesa hér litla tilvitnun í hv. þm. Hjálmar Jónsson úr umræðunni um fjárlagafrv. Þá sagði hv. þm., með leyfi forseta:

„Við þurfum að hægja á einkaneyslu og innflutningi. Ef það tekst ekki, þ.e. að hægja á þessari tegund umsvifa í þjóðfélaginu, þá þýðir það að vísu meiri hagvöxt en það er ekki hagvöxtur sem við viljum sjá. Það er eiginlega ef svo má segja illkynja hagvöxtur ...“

Herra forseti. Þetta er undirrót þenslunnar í þjóðfélaginu í dag. Og þetta er tekjuaukningin sem hv. stjórnarliðar eru að hreykja sér af í dag. Þetta er hættuleg staða og í henni er sérstaklega hættulegt að hafa ekki hemil á ríkisútgjöldunum.

Ég hef ekki áður setið í fjárln. Þetta er í fyrsta skipti sem ég kem að fjáraukalagafrv. eins og ég geri núna. Ég er satt að segja mjög hissa á því sem þar blasir við. Ég er til að mynda hissa á því agaleysi sem einstakir ráðherrar sýna gagnvart fjármunum ríkisins. Ég er hissa á því að hæstv. fjmrh. virðist hafa gleymt því að hlutverk hans er að vera agari í ríkisfjármálunum og ef því er að skipta tyftunarmeistari líka. Það er hann ekki. Þau viðbrögð sem hæstv. ráðherra sýndi gagnvart hv. þm. Gísla Einarssyni bera það auðvitað með sér. Hæstv. ráðherra er orðinn svo gegnumsúr af krafti valdsins að hann heldur að hægt sé að koma hingað með hvað sem er og láta þingið samþykkja það.

Herra forseti. Ég held því fram að í einstökum málaflokkum sé hægt að kalla ástandið sem ríkir stjórnleysi. Ég nefni til að mynda heilbrigðismálin alveg sérstaklega. Við höfum allan þennan áratug barist við það að ná tökum á þeim málaflokki. Í fyrra vildi svo til að tveir hv. þingmenn, annar núv. varaformaður fjárln. og hinn formaður fjárln., voru fengnir til að koma á hreint málefnum heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Við áttum um það harðar umræður hér í þinginu og menn töldu að þegar því verki væri lokið vissu menn a.m.k. hvernig staðan væri. Í dag blasir við að sá hallarekstur heldur áfram en alvarlegra er, a.m.k. fyrir mig sem fjárlaganefndarmann, að ég veit ekkert hvernig rekstrarstaðan er á þessum stofnunum. Og það sem meira er, ég er ekki viss um að hæstv. fjmrh. viti það heldur. Við höfum einhverjar óljósar spurnir af því að Ríkisendurskoðun sé að gera úttektir, þær úttektir hafa ekki komið til nefndarinnar og það er auðvitað miður, herra forseti.

Ég gæti tekið mýmörg dæmi af heilbrrn. en þar blasir við að um er að ræða alvarlega framúrkeyrslu a.m.k. 60 stofnana. Ráðuneytið hefur keyrt fram úr fjárlögum sem nemur 3 milljörðum og komið hefur fram í umræðunni að líkast til er þörfin mun meiri en þeir 3 milljarðar sem lagðir eru til.

Ég gæti tekið ýmsa málaflokka þar sem ráðast átti í mikil sparnaðaráform en virðist að hafi einungis verið kosmetískar tillögur til að gera fjárlögin snyrtileg og falleg á síðasta ári kjörtímabils.

Ég ætla að láta mér nægja, herra forseti, að ræða aðeins um lyfjamálin vegna þess að þau eru stjórnlaus í dag. Menn höfðu reynt af veikum burðum að ná tökum á þeim málaflokki og tekist bærilega í tíð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem heilbrrh. Nú er staðan þannig að á þessu ári átti að spara um 300 millj. í lyfjakostnað. Þegar upp er staðið er aukningin ekki 300 millj. heldur 450 millj. og ef maður les saman fjáraukalagafrv. og fjárlagafrv. kemur í ljós að það er ein af forsendum fjárlagafrv. að aukning milli ára í þessum málaflokki sé 12%. Það þýðir þegar upp er staðið, og ekkert yrði að gert, að menn yrðu komnir í fast að 5 milljarða eyðslu í lyfjamálum. Það gengur auðvitað ekki og hvað er þá gert? Þá er lagt til í fjárlagafrv. að skorið verði niður um 1 milljarð. Hvernig? Það er gert með einhvers konar lausum hugmyndum sem þar eru settar fram og við höfum enn ekki fengið að sjá en, herra minn trúr, það átti að spara með einhverjum aðgerðum í hittiðfyrra en tókst ekki. Það átti að spara í fyrra en tókst ekki og það átti að spara núna en tókst ekki. Ég segi, herra forseti, að í þessum tiltekna málaflokki ríkir stjórnleysi. Agaleysið er því miður miklu víðar.

Ég velti fyrir mér hver munurinn er á fjárlögum og fjáraukalögum. Fjáraukalögin, eins og ég hef skilið þau, herra forseti, eru til þess ætluð að mæta ófyrirséðum atburðum, útgjöldum, sem var ekki hægt að gera áætlanir fyrir. Hæstv. fjmrh. tók mjög skýrt og gott dæmi. Hann nefndi hræringar í Kötlu og hættu á yfirvofandi hamförum. Að sjálfsögðu ber að bregðast við því með fjárútlátum og enginn gerir athugasemdir við það.

Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð en ráðherrarnir séu farnir að umgangast fjáraukalögin næsta kæruleysislega. Þar er verið að kasta inn alls konar málum sem þeir hefðu vitaskuld getað séð fyrir og eiga ekki heima í fjáraukalögum. Ég leyfi mér, herra forseti, að taka dæmi af hæstv. forsrh. vegna þess að hann er einn af þeim sem hafa gengið fram fyrir skjöldu og hvatt þjóðina til að draga úr þenslu og sýna varkárni. Það kemur í ljós að forsrn. þarf ákveðna upphæð til að taka á móti erlendum gestum. Þar er um að ræða tvenns konar gesti. Þar er um að ræða japanska forsætisráðherrann og Hillary Rodham Clinton. Það er grundvallarmunur á þeim tveimur heimsóknum. Annars vegar, herra forseti, var það auðvitað vitað að japanski forsætisráðherrann ætlaði að koma hingað með eins eða tveggja ára fyrirvara. Með öðrum orðum, hægt var að áætla fyrir þeirri heimsókn.

Heimsókn bandarísku forsetafrúarinnar var hins vegar tilfallandi. Þarna hefði að sjálfsögðu átt að áætla fyrir kostnaðinum sem hlaust af heimsókn japanska forsætisráðherrans en það var ekki hægt í tilviki bandarísku forsetafrúarinnar. En þarna er eigi að síður kastað inn útgjaldatilefni sem á ekkert heima í fjáraukalögum.

Hv. þm. Jón Kristjánsson benti einnig á að það kostaði mjög mikið að halda upp á afmæli kristnitökunnar og einmitt hjá hæstv. forsrh. er gert ráð fyrir 43,8 millj. kr. til að taka á því á þessu ári. Herra forseti. Við höfðum drjúgan aðdraganda að 1000 ára afmæli kristnitökunnar. Við höfðum heilt árþúsund. Er einhver nauðsyn til að kasta þessu inn á fjáraukalög? Að sjálfsögðu ekki. Þetta áttu menn að sjá fyrir, herra forseti.

Hv. þm. Jón Kristjánsson virtist ekki gera sér grein fyrir því að afmæli, sem haldið er í tilefni af 1000 ára gömlum atburði, hefur talsverðan aðdraganda og það sýnir kannski fyrirhyggjuleysi þessarar ríkisstjórnar að það er fyrst árið fyrir afmælisárið sem hún vaknar upp við vondan draum eða annað er ekki hægt að skilja af frammíkalli hv. þm. Jóns Kristjánssonar.

Það er annað dæmi sem ég tek sérstaklega líka af því að það tengist einnig ártalinu 2000. Í fjáraukalögunum er beðið um 260 millj. kr., ef ég man rétt, til að svara þeim vanda sem sprettur innan heilbrigðisgeirans af ártalinu 2000. Herra forseti. Þetta er dæmi um útgjöld sem eiga ekki heima í fjáraukalögum vegna þess að þau hljóta að hafa verið fyrir séð. Ég tek þetta, herra forseti, sem dæmi um það sem mér finnst vera lausatök.

Ég gæti auðvitað rætt fleira og lengra mál um þetta, herra forseti, og sýnt fram á að mér finnst nauðsynlegt þegar ráðherrarnir eru að biðja um peninga á fjáraukalögum að þeir skýri það almennilega. Ég vek t.d. eftirtekt á því að hæstv. iðnrh. óskar eftir 2,5 millj. kr. til að standa straum af kostnaði vegna breytinga á starfsmannahaldi ráðuneytisins. Þessar breytingar eru ekkert skýrðar en ég segi það sem nýr maður í þessum málaflokki: Svona kostnaður er fyrirsjáanlegur og hann á ekkert heima á fjáraukalögum. Ráðherrarnir geta ekki kastað peningum af þessu tagi inn á fjáraukalög bara af því að þeir halda að þeir hafi stjórnarmeirihluta til þess að stimpla hvað eina sem þeir vilja ef það er hugdetta þeirra að breyta starfsmannahaldi á skrifstofum sínum eða ráða þar einhverja menn sem þeir telja alfarið nauðsynlegt að fá þar inn.

Herra forseti. Eitt dæmi frekar. Ég tek það úr ráðuneyti hæstv. fjmrh. Þar kemur fram að óskað er eftir 115 millj. kr. aukafjárveitingu til að borga uppsafnaðan halla sem tengist skýrsluvélakostnaði og þessi kostnaðaraukning skýrist aðallega af miklum taxtahækkunum hjá Skýrr hf. Herra forseti. Ef þetta er uppsafnaður halli vegna þess að taxtinn hjá Skýrr hefur hækkað eftir að fyrirtækið var einkavætt þá hlýtur sú hækkun að hafa komið fram áður en kom að þessu fjáraukalagafrv. Hvernig stendur á því að sjálfur agari ríkisfjármálanna er ekki fyrir löngu búinn að setja mann í að kanna hvort ekki sé hægt með einhverjum hætti að kaupa þessa þjónustu annars staðar, koma þarna upp samkeppni. Þarna ríkir greinilega einokun hjá þessu einkavædda fyrirtæki eða leita annarra leiða til að lækka þennan kostnað. Mér finnst líka, herra forseti, að víðar sé að finna agaleysi hjá stofnunum sem hæstv. fjmrh. hefði getað átt að taka í taumana.

Ég bendi á eitt tiltekið dæmi, herra forseti, vegna þess að við vorum að ræða það í fjárln. í morgun. Það er til skóli sem heitir Garðyrkjuskóli ríkisins og hann fær eða óskar eftir 17 millj. kr. aukafjárveitingu til að greiða skammtímaskuldir vegna byggingar tilraunagróðurhúss. Nú er ég ekki á móti tilraunum í garðyrkju og ég er ekki á móti því að búið sé til tilraunagróðurhús. En ég er á móti því að hægt sé að setja inn á fjáraukalög 17 millj. kr. vegna skammtímaskulda og ég spyr: Hvernig verða slíkar skuldir til? Hver er ábyrgð þeirra sem eru yfir slíkum málaflokki?

Ég gæti tekið fleiri dæmi af þessu tagi, herra forseti, en ég ætla að láta mér nægja að taka eitt. Geislavarnir ríkisins fara fram á tiltölulega litla upphæð. Farið er fram á 4 millj. kr. lækkun sértekna sem þýðir að gert er ráð fyrir að ríkið borgi 4 millj. kr. meira. Hvernig stendur á þeirri bón? Í greinargerðinni kemur fram að stofnun þessi fjármagnar rekstur sinn að hluta til með erlendum styrkjum. Það kom hins vegar í ljós seint á sl. ári að ekki fengust allir þeir styrkir sem óskað var eftir. Stofnunin hafði eigi að síður byrjað vinnu við verkefnin sem styrkirnir áttu að fjármagna. Gott og vel, ég geri ekki athugasemdir við það. En ég geri athugasemdir við það að þegar slíkt kemur upp eigi skattborgarinn að rétta viðkomandi stofnun tékka. Ég er á móti slíkum vinnubrögðum, herra forseti. Þegar svona kemur upp hljótum við að gera þá kröfu til yfirmanna viðkomandi stofnana ríkisins að þeir reyni með einhverju móti að hagræða á móti þessu. Það er fráleitt sjálfgefið að við tökum þátt í því að greiða með þessum hætti halla sem myndast vegna óforsjálni þeirra sem bera ábyrgð á rekstrinum. Hægt væri að nefna fleiri svona dæmi, herra forseti. Ég nefni bara flugmálastjórn þar sem er tiltekið svipað dæmi og ég gæti nefnt fleiri en tíminn leyfir það ekki.

Að lokum, herra forseti. Hæstv. fjmrh. gladdist yfir stöðunni og ég tek undir það. Það er auðvitað gaman og gleðilegt þegar tekjurnar aukast jafnmikið og núna. En við búum við mjög brothætt ástand. Þenslan sem við búum við gæti endað illa fyrir þjóðfélagið. Við sjáum að verðbólgan er farin upp og við höfum getað greint verðbólguna. Við vitum af hverju hún stafar. Það kemur til að mynda fram í þeim greiningum að verulegur hluti af verðbólgu síðustu mán-

aða stafar af aukningu húsnæðiskostnaðar fyrst og fremst á Reykjavíkursvæðinu.

Hvað getum við gert í þeim efnum? Höfum við einhver stýritæki í þeim efnum? A.m.k. höfum við það stýritæki, herra forseti, að sjá til þess að þar sé ekki um sjálfsafgreiðslu að ræða. Ég er þeirrar skoðunar, þó að það kunni að vera óvinsælt að segja það, að þær breytingar sem gerðar hafa verið á greiðslumatinu gagnvart húsnæðislánum hafi verið mjög erfiðar fyrir ríkissjóð og erfiðar fyrir stöðu hins íslenska efnahags. Þetta hefur leitt til þess samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram í greinargerð með fjáraukalagafrv. að umfram það sem áætlað var hefur verið lánað næstum því 7,5 milljörðum meira í húsnæðismálin. Það þýðir að sjálfsögðu að þetta hefur aukið þrýsting á fasteignaverð, þetta hefur aukið verðbólgu, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, aukið verðbólgu landsins alls og þetta er auðvitað hægt að rekja til þess að lausatök eru á þessum málaflokki.

Það er niðurstaða mín, herra forseti, að það fjáraukalagafrv. sem hér liggur fyrir, sé áfellisdómur yfir fjármálastjórn ríkisins. Ég er ósammála þeim vinnubrögðum sem þar koma fram. Ég er ósammála því sem mér finnst á mörgum sviðum vera agaleysi hjá einstökum ráðherrum. Ég segi það aftur, herra forseti, að þetta fjáraukalagafrv. sýnir okkur það svart á hvítu að við þurfum að taka rækilega til hendinni á ákveðnum sviðum ríkisrekstrarins en það sem skiptir miklu máli er að þingið gangi fram fyrir skjöldu og breyti þessum vinnubrögðum. Við þurfum einfaldlega að innleiða aukna ábyrgð í rekstri stofnana innan ríkisgeirans og ef hæstv. fjmrh. getur ekki gert það þá verður Alþingi að taka þar í taumana.

[12:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt athyglisvert í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Þó þótti mér tónninn vera eilítið annar en í ræðu samherja hans og samnefndarmanns í hv. fjárln. Gísla S. Einarssonar sem kvartar undan því að ekki sé nóg fjármagn sett í fjáraukalögin en kjarninn í ræðu hv. síðasta ræðumanns var að allt of miklir peningar væru settir í fjáraukalögin.

Vissulega er það svo að við þurfum að fara varlega í efnahagsmálunum um þessar mundir. Það vita allir og taka allir undir það og við verðum að hafa hemil á útgjöldum ríkissjóðs eins og hv. síðasti ræðumaður sagði. Eigi að síður er það jafnframt þannig að alltaf verða einhver ófyrirséð útgjöld sem verður að horfast í augu við og það er verið að reyna að gera það með þessum fjáraukalögum þó að þar með sé ekki sagt að málið sé endanlega afgreitt. Það á eftir að hljóta umfjöllun í fjárln. og ég er alveg viss um að þar verður bæði breyting á tekjum og gjöldum.

Ríkisstjórnin gerir það ekki að gamni sínu að grípa til útgjalda í skjóli þingmeirihluta síns nema nauðsyn krefji. Það vita allir hvernig þetta fyrirkomulag virkar. Hv. þm. hefur sjálfur setið í ríkisstjórn og aðstæður komið upp þar sem grípa hefur þurft til aukafjárveitinga.

Hann gagnrýndi ýmis einstök atriði í frv. Ég get tekið undir ýmislegt í því. Auðvitað þarf að tryggja það að stofnanir gangi ábyrgar til verks en eitt og annað í ræðu hans voru samt ekki góð dæmi eins og dæmið með forsætisráðherra Japans vegna þess að það lá ekkert fyrir hvort hann kæmi hingað fyrr en skömmu áður en hann kom. Það er þannig með slíka menn að þeir gefa það ekki upp endanlega hvort þeir eru væntanlegir eða ekki fyrr en skömmu áður. Það var því ekki gott dæmi.

Ég mun koma nánar að öðrum atriðum í síðara andsvari, herra forseti.

[12:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hæstv. fjmrh. að kjarninn í ræðu minni hafi verið ákall um aukið fjármagn til rekstrar ríkisins. Það er alls ekki svo. (Gripið fram í.) Mér fannst að hæstv. ráðherra væri að segja það.

Það sem ég er að segja er að mér finnst að lausatök séu á rekstri ríkisins og mér finnast þau hafa aukist á síðustu árum. Ég sé til að mynda talsverðan mun á innihaldi og blæ þessara fjáraukalaga frá þeim tíma þegar ég sagt í ríkisstjórn. Það var að sönnu kreppa í landinu þá, en við eigum ekki að láta þá þenslu sem núna ríkir leiða til þess að ráðherrarnir kasti inn á fjáraukalagafrv. fjölda útgjaldatilefna sem eiga ekki heima þar. Ef við til að mynda afgreiðum beiðnir eins og ýmsar þær sem ég drap á í ræðu minni erum við að senda skilaboð til yfirmanna stofnana ríkisins. Skilaboðin eru þessi: Það er í lagi þó að þið farið gáleysislega með fjármuni ríkisins vegna þess að stóri bróðir, ríkisstjórnin, kemur með tékka skattborgaranna og hjálpar með það sem upp á vantar.

Kjarninn í ræðu minni, herra forseti, var að benda á að mér finnst að hæstv. fjmrh. beiti ekki agavaldi sínu, ég hika ekki við að segja það. Það þarf að taka til í ríkisrekstrinum, bæði í smáu og stóru. Ég ræddi sérstaklega um eitt tiltekið ráðuneyti, heilbrrn. Það er vandamál sem hæstv. fjmrh. og forverar hans hafa glímt við lengi. Menn töldu lengi vel að menn væru í þann mund að ná tökum á þeim málaflokki og umræður af hálfu stjórnarliða á síðustu tveimur þingum gáfu það til kynna. Nú hefur komið í ljós að þar hafa menn staðið á holklaka og staðan er miklu erfiðari. Ef hæstv. fjmrh. mundi biðja mig um einhverjar patentlausnir á því máli, þá mundi ég verða að segja: Ég hef þær ekki. En ég taldi að menn hefðu til að mynda á tilteknum sviðum, t.d. hvað varðaði heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni, verið með vinnu í gangi sem mundi leysa það mál.

[12:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi það líka og ég hef orðið fyrir vonbrigðum í því efni en við erum að reyna að vinna okkur út úr því máli í sameiningu, heilbrrh. og ég með aðstoð Ríkisendurskoðunar. Að öðru leyti vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði í ræðu sinni gagnvart einstökum ríkisstofnunum og nauðsyn þess að menn sýni aðhald og ábyrgð. Það er eins og talað út úr mínu hjarta. Ég var ekki að gagnrýna þingmanninn fyrir slík viðhorf, það hefur eitthvað skolast til.

Ég benti bara á að hann talar sem mikill aðhaldsmaður um ríkisrekstur en það er reyndar nokkurt nýmæli miðað við það hver á í hlut en félagi hans í fjárln. úr sama flokki mælti fyrir nauðsyn þess að stórauka útgjöldin og taldi að hér væri verulega vanáætlað og hér þyrfti að bæta í og augljóst mál að svo væri. Þessir ágætu samherjar eru því ekki alveg sammála.

Ég vil svara einu atriði sem hv. þm. nefndi og snýr að fjmrn. Það er spurningin um aukafjárveitingu til ríkisskattstjóra vegna skýrsluvélakostnaðar og hvers vegna ekki hefur verið settur maður í það mál. Það hefur verið settur maður í það mál. Við erum að sjálfsögðu að skoða hvernig hægt er að vinna bug á því vandamáli og reyna að sjá til þess að slíkt komi ekki fyrir aftur. Auðvitað er engin mynd á því að kostnaður af þessu tagi fari tugi eða á annað hundrað milljónir fram úr áætlun jafnvel þó á fleiri en einu ári sé og þarna

verður auðvitað að gera mikla bragarbót. Hins vegar er mjög erfitt að áætla kostnað og allar breytingar sem við gerum á skattalögum á hinu háa Alþingi hafa t.d. áhrif á þennan kostnað. Við tökum hann kannski ekki alltaf með í reikninginn þegar við erum að gera slíkar breytingar hvað það hefur í för með sér að því er varðar skýrsluvélakostnað, forritun og annað þess háttar. En aðalatriðið er að sjálfsögðu að þarna verður leitað allra leiða til þess að halda kostnaðinum niðri svo mikill sem hann er nú orðinn.

Að því er varðar árið 2000 vil ég benda á að það var ekki sett inn í fjárlög þessa árs að því er varðar sjúkrahúsin vegna þess að þar voru uppi fáránlegar hugmyndir og tillögur af hálfu sjúkrahúsanna um mörg hundruð milljóna króna framlög í þessu skyni. Niðurstaðan, þegar öllu var á botninn hvolft og þegar búið var að reikna dæmið til enda, er það sem kemur fram hérna, 260 milljónir. Þar var það viturleg stjórn að bíða með þetta mál þangað til það skýrðist og kæmi endanlega í ljós.

[12:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gengið í smiðju kínverskra kommúnista og iðkar sjálfsgagnrýni. Það fer honum vel.

Ég er sammála hæstv. ráðherra um ýmislegt sem hann sagði. Ég er hins vegar ósammála til að mynda þeim skýringum sem hann gefur á þeim 115 milljónum sem þurfa að fara til Skýrr. Hæstv. ráðherra, sem er yfir þessari stofnun, átti auðvitað að vera búinn að sjá þróunina fyrir vegna þess að hún sprettur ekki upp á þessu ári. Það er nákvæmlega þetta sem ég kalla kæruleysi og agaleysi í ríkisrekstrinum.

Að því er varðar árið 2000 þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra, sem er yfir þessum málaflokki, að koma hingað og segja að vegna þess að hann hafi staðið í einhverju baksi og stappi við embættismenn í ríkisgeiranum hafi honum ekki tekist að ná fyrr niðurstöðu í málinu. Það hefur legið fyrir um alllangt skeið að árið 2000 er á næsta ári. Það er því ekki hægt að koma hingað og bera við einhvers konar afsökunum af þessu tagi, a.m.k. dugir ekki að segja að það hafi verið tímaskortur.

Að öðru leyti, herra forseti, held ég að það jákvætt hafi komið út úr samræðum okkar hæstv. fjmrh. að hann er mér sammála um að nokkuð skortir á að hann hafi sinnt hlutverki sínu sem agari ríkisfjármálanna. Ég held því fram, herra forseti, að í sumum tilvikum, sumum erfiðum tilvikum, þurfi hann að ganga lengra en að aga, hann þarf að tyfta líka.

[12:20]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þau fjáraukalög sem eru til umræðu gefa vissulega tilefni til að fjalla verulega um ríkisútgjöldin í heild. En vegna ummæla og fyrirspurnar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um það hvort við stjórnarmennirnir í fjárln. litum á það sem sjálfsagðan hlut að við stimpluðum allt sjálfkrafa sem væri vilji ríkisstjórnarinnar og einstakra ráðherra þá er rétt að benda á að það er nú svo að einstakar ákvarðanir geta alltaf orkað tvímælis þegar þær eru teknar. En það er engin ástæða til annars en að hafa traust á ríkisstjórninni sem slíkri, það gerum við allir.

Ég hef hins vegar miklu meiri áhyggjur varðandi þetta frv. af þeim hækkunum sem mér sýnist stafa af því að nánast enginn hefur tekið um þær ákvarðanir. Það er sá hluti hækkananna sem veldur mér mjög miklum áhyggjum. (**ÖS:** Stjórnleysi.) Ég veit ekki hvort það er stjórnleysi, hv. þm. Við skulum líta t.d. á sjúkratryggingar. Skoðum sjúkratryggingar, sjáum hvað stendur þar í athugasemdum.

Á fyrri hluta þessa árs hefur kostnaður við lækningar hækkað um 43% miðað við sama tíma árið áður. Í skýrslum Tryggingastofnunar kemur fram að hækkanir á klínískum aðgerðum eru yfir 60% frá árinu áður. Þá er spurningin: Hver semur svona og hvernig er hægt að semja svona? Við lögðum þá spurningu fyrir forstjóra Tryggingastofnunar hvernig á þessu gæti staðið. Ég gat ekki skilið, herra forseti, svar hans öðruvísi en þannig að það mætti frekar kalla þetta nauðgun en samninga.

Það er mjög alvarlegt mál ef það liggur fyrir að stofnunum ríkisins er nauðgað. Það er grafalvarlegt mál. Við hljótum að horfa til þessara hluta og spyrja: Má vera að við höfum gert einhver mistök? Má vera að við höfum lent út á villigötur þegar við lögðum niður sjúkrasamlögin? Er hugsanlegt að við séum að gera rangt, að við höfum komið þessum hlutum í þann farveg sem við ráðum alls ekkert við?

Ég lít ekkert á þetta sem vandamál stjórnarsinna frekar en stjórnarsandstæðinga. Þetta hlýtur að vera vandamál framtíðarinnar sem öllum ber og allir verða að horfa til af mikilli alvöru. Það eru gríðarlegar hækkanir í þjóðfélaginu. Ég held að ekki sé hjá því komist að ræða þessar hækkanir. Við erum ekki að ráða við rekstrarkostnað ríkisins frekar en rekstrarkostnað sveitarfélaganna. Þetta eru staðreyndir sem við komumst ekkert fram hjá, menn þurfa ekkert að vera að þræta um þetta, þetta liggur fyrir ef menn skoða vísitölu samneyslunnar. Hún hefur hækkað meira en allar aðrar vísitölur á þessum áratug.

Ég er sannfærður um það, herra forseti, að ekki verði undan því vikist að viðurkenna að í kjarasamningunum 1997 voru gerð mistök. Reyndar held ég að best væri að orða það þannig að það hafi verið gerð röð af mistökum.

Til þess að skýra hvað ég á við held ég að rétt sé að fara aðeins yfir hvernig samningar eiga sér stað á Íslandi og hafa átt sér stað á undanförnum áratugum. Meðan þjóðfélaginu var handstýrt, þ.e. við vorum að stýra ýmsum efnahagsþáttum og létum markaðinn ekki ráða, stýra þáttum eins og verðlagningu á fiski og gengi o.s.frv., var mjög nauðsynlegt að við værum með miðstýringu á launum. Í þeirri ákvarðanatöku um laun var það algild aðferðafræði að það yrði að gera þetta þannig að fyrst væru allir hnútar hnýttir svo vel að menn treystu því að þeir röknuðu ekki upp og síðan samið, ekki öfugt. Það er ekkert nema eðlilegt við það í því þjóðfélagi sem við lifum í núna og í þeim miklu breytingum sem eru að eiga sér stað þegar við látum markaðinn svo miklu meira um ákvarðanir en áður að upp komi þær raddir meðal launþega að það eigi að hverfa frá þessari miðstýringu og fara út í fyrirtækjasamninga. Miklar kröfur hafa verið gerðar um það og það eru eðlilegar kröfur í sumum tilvikum þó skylt sé að fara varlega í þeim efnum.

Samninganefnd ríkisins og ríkisstjórnin tók ákvörðun um það að reyna að verða við einhverjum af þessum óskum 1997 og það var farið í valddreifingu varðandi samningana. Á almennum markaði, þegar við förum út í fyrirtækjasamninga og slíka valddreifingu, er það í vitund þess að markaðurinn, þ.e. hinn harði húsbóndi, hin harða samkeppni sé sá rammi og sá agi sem er bak við þann sem semur. Ef við gerum það sama í ríkisfjármálunum og dreifum valdinu verður það að vera á grundvelli þess að rammar fjárlaganna séu svo sterkir að þeir haldi. En ég held að það hafi sýnt sig að svo var

alls ekki, þess vegna voru mistökin. Stofnanir ríkisins voru ekkert undir það búnar og voru margar hverjar alls ekkert undir það búnar að eiga í návígi um samninga auk þess sem ljóst er að á allt of mörgum stöðum er ekki litið á það af nærri því nógu mikilli alvöru að rammarnir haldi.

Þess vegna stöndum við uppi með það í dag að veruleg hækkun launa hefur orðið í samneysluvísitölunni umfram hinn almenna markað. Það hefur líka skapast ýmist misvægi, ég hef skoðað þær tölur, hjá ýmsum stofnunum á þróun launanna og það er enn þá alvarlegra. Menn skulu vita að nýtt misvægi í launum verður alltaf aflvaki nýrra krafna. Við stöndum því frammi fyrir mjög miklum vandamálum sem við þurfum að fara í gegnum af mikilli gætni og nákvæmni. Ég tel að ýmis ummæli verkalýðsforustunnar um þróun launamála eigi við mikil rök að styðjast og menn verði að hlusta á athugasemdir þeirra og gefa því gaum ef við ætlum að reyna að halda áfram á þeirri braut sem er svo þýðingarmikil, að það ríki friður á vinnumarkaðnum.

Um einstaka útgjaldaliði í frv. er það að segja að sannarlega eru þeir vandamál. Ég vil sérstaklega gera að umræðuefni ummæli hv. þm. Gísla S. Einarssonar um vanda sjúkrahúsa. Ég minni á að hæstv. fjmrh. fór yfir þessa hluti í upphafi máls síns í dag og sagði frá hvernig að þessu hefði verið staðið í fyrra. Faghópur var skipaður, farið var yfir hvert einasta sjúkrahús, að vísu hafa líklega einhverjar heilsugæslustöðvar verið skildar eftir, það lágu fyrir samningar, gamlar syndir voru hreinsaðar upp hjá öllum sjúkrahúsum nema fjórum þar sem ekki tókst að ná utan um hlutina en þar var líka skilinn eftir mjög stór pottur sem átti að skipta milli þeirra til að koma þeim á beina braut.

Það fer ekkert á milli mála að af hálfu fjmrn., hæstv. fjmrh. og þingsins var unnið af fullum heilindum að því að koma þessum hlutum í rétt horf og við værum með rétta tölu. Það að nú skuli þetta allt vera komið úr böndunum aftur er hlutur sem við komumst ekki hjá að fjalla um. Þá vil ég sérstaklega gera ummæli hv. þm. Gísla S. Einarssonar að umræðuefni því að hann sagði í hér pontu fyrir stuttu: Það ber að greiða það sem út af stendur. Við skulum nú skoða þetta aðeins nánar.

Það er mjög misjafnt hversu mikið sjúkrahúsin hafa farið fram úr á síðasta ári. Sum þeirra nánast ekki neitt. Mjög mörg þeirra hafa haldið sig alveg við fjárlagarammann. Önnur hafa farið mjög mikið fram úr, 20–25%. Það mætti stundum halda að það hafi verið gert vitandi vits. Ég er þó ekki að fullyrða það.

Þá er spurningin, herra forseti, hvað ætlum við að gera í lok ársins? Ætlum við að borga þeim sem fara 25% fram úr fjárlögunum þau 25% sem á vantar? Eru þá ekki allir hamingjusamir? En hinir sem fóru ekkert fram úr og héldu sig við lögin fá bara skammarverðlaunin. Í fyrra voru veitt skammarverðlaun, það voru tvö, þrjú eða fjögur sjúkrahús sem höfðu haldið sig alveg við fjárlögin. Það var Siglufjörður, Sauðárkrókur, Ísafjörður, ég held að þau hafi verið fjögur, ég man það ekki, þau fengu 1 millj. í skammarverðlaun, hin fengu þetta 10, 20, 30, 40, 50 og 60 millj. Ef við förum að ráðum hv. þm. Gísla S. Einarssonar þá á að endurtaka þetta núna. Hvað halda menn þá að verði gagnvart fjárlögunum 2000? Hvaða forráðamaður ríkisstofnunar á að láta sér detta í hug eftir slíka afgreiðslu að fara að lögum? Vonandi dettur engum það í hug. Það eru þá allir vissir um hver er vilji Alþingis. Það er að verðlauna þá sem fara ekki að lögum. Við sitjum því uppi með mjög mikinn vanda og við getum varla fjallað um það fyrr en skýrsla ríkisendurskoðanda kemur, hún mun koma eftir að ég ætla eina viku eða svo. Fjárln. hefur orðið sammála um að skoða fjárveitingar til allra heilbrigðisstofnana á undanförnum tveim árum, bæði fjárlög, fjáraukalög, svo og greiðslurnar úr hinum ýmsu pottum til stofnunarinnar og reyna að líta á þetta sem heild. Ég vonast því til þess að við 2. umr. fjárlaga geti fjárln. lagt fram yfirlit um hvernig þróunin hefur verið á þessum stofnunum og þá kemur til kasta þingsins að gera upp við sig hvernig það vill taka á þeim málum.

Ég er alveg sannfærður um það, herra forseti, að hægt er að beita meiri aga við þessar stofnanir en gert er. Fyrir 15 árum samþykkti þingið t.d. mjög mikla fjárveitingu til að tölvuvæða sjúkrahúsin til að þau væru í stakk búin til að veita allar þær upplýsingar sem til þyrfti svo þau gætu tekið upp nútímastjórnun á þessum flóknu stofnunum. Það liggur fyrir að á öllum þessum stofnunum eru til nánast allar upplýsingar sem til þarf til að stjórna eða réttara sagt sem til þarf til að meta á hlutlægan hátt kostnað þeirra. Af einhverjum orsökum, sem ég geri mér ekki grein fyrir, virðist vera mikill óvilji að taka upp þá skipan mála. En það er rétt að minna á, herra forseti, að t.d. í skólakerfinu, framhaldsskólunum hefur slík skipan mála verið við lýði nú í nokkur ár. Í haust voru gerðir samningar við Háskóla Íslands um þá skipan mála. Það er lífsnauðsynlegt að taka það upp á sjúkrahúsunum. Ég held að það þyrfti kannski ekki nema nokkurra mánaða vinnu sérhæfðra manna, verkfræðinga og stærðfræðinga til að ljúka því. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að gera það og ef til þess þarf mikið fjármagn skulum við vera reiðubúnir til að leggja það fram. Ég held að þingið eigi að gera það og ég held að þingið mundi standa að því ef þeir gerðu sér grein fyrir að þeir ættu þess kost.

Það er ekki síst nauðsynlegt fyrir sjúkrahúsin sjálf að hætta þeirri eilífu togstreitu, hætta þessu togi um fjárveitingarnar. Það er mjög nauðsynlegt fyrir landsbyggðina til að sjúkrahúsin sem þar eru eigi þess kost, hafi þau til þess metnað og faglega kunnáttu, að halda uppi því háa þjónustustigi úti á landsbyggðinni sem helst væri völ á. Það er mjög nauðsynlegt fyrir stjórnendurna sem þá geta farið að sinna einmitt því sem þarf að sinna, skipulagningu og fyrirbyggjandi ráðstöfunum og framtíðarplönum og hætta að eyða slíkri rosalegri orku, eins og sannarlega er verið að gera í dag, í að togast á um hvort það séu nú 10, 50 eða 100 millj. sem ákveðna stofnun vanti eða vanti ekki.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að fara í gegnum þessi fjáraukalög. Víða er mjög ríflega veitt til stofnana. Að mínum dómi er verið að leggja t.d. um 1.800 millj. í rekstrargrunn sjúkrahúsanna, ekki 1.400 eins og stendur í textanum. Ég vil hins vegar gera athugasemdir við hvernig því fé er skipt. Ég vil fá tíma til að skoða það og gaumgæfa hvernig því er skipt í samráði við þann lista sem við áttum að vinna í nefndinni.

Það er líka ýmislegt í frv. sem vert er að skoða og ástæða er til að taka undir ummæli hæstv. fjmrh. og hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að aldrei er nógu vel um vandað að menn skuli virða fjárlögin því að það er grundvöllurinn að því að við getum haldið áfram farsælu efnahagsstarfi, að fjárlögin séu virt og þau séu þeir rammar sem menn virða. Í sambandi við launin, þróun launanna og launasamningana er líka mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að ef við getum ekki treyst ramma fjárlaganna þannig að tryggt sé að þeir séu virtir, þá sé ég ekki annað ráð en við verðum að hverfa frá

þeirri valddreifingu í ákvörðun launa sem við byrjuðum á 1997 og taka aftur upp miðstýringu þeirra hluta.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:37]

Kosning umboðsmanns Alþingis skv. 1. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, til fjögurra ára, frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2003.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Í 1. mgr. 1. gr. laga um umboðsmann Alþingis segir svo:

„Alþingi kýs umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Hann skal uppfylla skilyrði laga til að mega gegna embætti hæstaréttardómara og má ekki vera alþingismaður.“

Kjörtímabil Gauks Jörundssonar, sem kosinn var umboðsmaður Alþingis 22. des. 1995, rennur út þann 31. des. nk. Þess má geta að hann hefur verið í leyfi frá starfi umboðsmanns og hefur Tryggvi Gunnarsson verið settur umboðsmaður Alþingis síðan 1. nóv. 1998.

Þessi kosning er skrifleg og óbundin en þeir einir eru kjörgengir sem uppfylla embættisskilyrði hæstaréttardómara.

Kosning fór þannig að Tryggvi Gunnarsson hlaut 40 atkv. og Haraldur Blöndal 3 atkv. Samkvæmt þessu er rétt kjörinn umboðsmaður Alþingis

Tryggvi Gunnarsson.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál, sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A).

Kosning eins manns í stað Árna Þórs Sigurðssonar í orkuráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, sbr. 3. gr. laga nr. 49/1999, um Orkusjóð.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Þorvarður Hjaltason.

Kosning eins varamanns í stað Vilhjálms H. Vilhjálmssonar í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, sbr. 19. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Katrín Júlíusdóttir.

Kosning eins varamanns í stað Marðar Árnasonar í útvarpsréttarnefnd til 31. desember 2001, sbr. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Einar Karl Haraldsson.

Fjáraukalög 1999, frh. 1. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 128.

[13:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Til umræðu er frv. til fjáraukalaga. Í þessu frv. kemur fram að frá því að fjárlög voru lögð fram og síðan samþykkt í lok síðasta árs hefur komið í ljós að tekjur ríkissjóðs hafa aukist talsvert umfram það sem ráð var fyrir gert eða um 5,5%, tæpa 10 milljarða kr.

Hv. þm. Jón Bjarnason, fyrsti talsmaður okkar þingflokks, Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, gerði þetta að sérstöku umræðuefni og vakti athygli á og lýsti áhyggjum yfir því að þessi tekjuaukning, þó hún væri gleðileg, væri að verulegu leyti þenslutengd og til komin vegna aukins innflutnings og ekki á traustum grunni reist. Þessu andæfði hæstv. fjmrh. og benti á að að hluta til væri þetta til komið vegna aukinna tekjuskatta fyrirtækja en hv. þm. Jón Bjarnason benti á á móti að einnig það væri þenslutengt.

Enda þótt það sé í sjálfu sér gleðilegt að tekjur ríkissjóðs skuli hafa aukist, það er gleðilegt fyrir okkur sem viljum traustar tekjur fyrir almannasjóði landsins, er það áhyggjuefni að fyrir þessu sé ekki innstæða þegar litið er til þjóðarbúsins í heild þegar fram líða stundir.

Einnig hefur komið fram að útgjöld ríkisins hafa aukist umfram það sem ráð var fyrir gert eða um 3,5–4%. Þegar farið er að rýna í þessar tölur kemur í ljós að þar eru stærstu útgjaldaliðirnir á sviði heilbrigðismála og menntamála. Á sviði heilbrigðismála erum við að tala um tæpa 3 milljarða kr. og tæpan einn milljarð þegar litið er til menntamálanna.

Einnig kom fram við þessar umræður, m.a. í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að um vanáætlun hefði verið að ræða og mikið af þessum útgjöldum eða útgjaldaauka sem við erum nú að ræða var fyrirsjáanlegur.

Sannast sagna velti ég því fyrir mér að hve miklu leyti sett eru fram óraunsæ fjárlög því við skulum ekki gleyma því að við búum við ríkisstjórn sem hefur það efst á blaði að umbylta ríkisrekstrinum, einkavæða það sem einkavætt verður. Og ég velti því fyrir mér hvort menn séu öllum stundum að búa í haginn fyrir þessar kerfisbreytingar og þá hugsanlega með óraunsæjum fjárlögum. Þetta eru nokkuð þung orð því að í reynd mætti skilja þau svo að þarna sé óheiðarlega að verki staðið. Ég vil ekki ganga svo langt að segja þetta. En ég velti því fyrir mér að hve miklu leyti hér sé pólitísk skýring á ferðinni og það væri fróðlegt að heyra viðbrögð hæstv. fjmrh. hvað þetta snertir.

Síðan er ljóst eins og komið hefur fram við þessa umræðu, að ekki eru öll kurl komin til grafar. Það er langt í frá. Menn eru meira að segja að gera því skóna að það muni verða umtalsverður halli á rekstri heilsugæslunnar, sjúkrahúsa og heilsugæslunnar almennt og þar kunnum við að vera að tala um upphæðir sem skipta milljörðum. Menn hafa nefnt 2 milljarða. Það kann að vera meira. Ekki eru öll kurl því komin til grafar í þessu efni.

Hæstv. fjmrh. sagði í sinni ræðu eða í andsvörum við ræðu einhvers þingmanns að hér væru á ferðinni áætlunartölur og að aldrei væri hægt að niðurnjörva fjárlögin því að margt væri ófyrirsjáanlegt. Þetta er rétt. Þetta eru orð að sönnu. Og það er líka rétt sem hann sagði, að á margan hátt hefur þetta orðið skýrari og markvissari áætlunargerð eftir því sem árin hafa liðið.

En ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra sagðist hafa traustan meiri hluta á bak við sig, það væri hægt að grípa til ráðstafana jafnvel á milli þinga því að „við vitum að við höfum traustan þingmeirihluta á bak við okkur." Þetta finnst mér vera áhyggjuefni fyrir stjórnarliða í þessum sal því hér er því lýst yfir að ríkisstjórnin hafi stjórnarliðið svo í vasanum að það sé nánast sama hvað sé ákveðið í Stjórnarráðinu, menn geti gengið að því sem vísu að hér verði allt samþykkt, að menn láti skipa sér svo fyrir verkum að það megi reikna með því að allt sem mönnum dettur í hug að framkvæma eða ákveða í ráðuneytum eða í Stjórnarráðinu almennt, verði samþykkt hér af stjórnarliðinu. Þetta kemur okkur reyndar ekkert á óvart sem höfum skipað raðir stjórnarandstöðunnar á undanförnum missirum því að þetta er alveg rétt. Þetta er staðhæfing sem stenst. En mér finnst það hins vegar vera áhyggjuefni fyrir þingræðið og ætti að vera áhyggjuefni fyrir stjórnarliðana þegar þessu er lýst yfir eins og hæstv. fjmrh. gerði hér.

Áætlunartölur, sagði hæstv. ráðherra, og hann hefur áður sagt um fjárlagafrv. að það væri í sjálfu sér efnahagsstærð, að það væri markmiðssetning í efnahagslegu tilliti og í pólitísku tilliti. Ég man ekki hvort hann orðaði það beinlínis svo varðandi pólitíkina, en hitt er ljóst að í fjárlagafrv. og í frv. til fjáraukalaga einnig er að finna mikla pólitík. Það er alveg rétt. Hér er að finna heilmikla pólitík og þarf ekki að fletta lengi til að koma auga á hana. Hér kemur t.d. fram að áætlað er að greiddar barnabætur lækki um 90 millj. kr. Hvernig stendur á því? Það er gert ráð fyrir því að lækka barnabæturnar frá því sem rætt var um á þinginu í fyrra og þetta er að gerast núna. Það er verið að leggja fram tillögu um lækkun á barnabótum, enda þótt, þegar fjárlögin voru til afgreiðslu á sínum tíma, mikil og hörð gagnrýni hafi verið af hálfu stjórnarandstöðunnar á að barnabætur og stuðningur við barnafólk hefði lækkað óeðlilega á undanförnum árum. Hér erum við að fá staðfestingu á því að þróunin heldur áfram. Í fjáraukalögunum er gert ráð fyrir að barnabætur lækki um 90 millj. kr. Hvernig skyldi standa á þessu? (**Gripið fram í:** Góðærið.) „Góðærið", sögðu einhverjir, og það er að hluta til rétt vegna þess að hér er vísað til þess að laun hafi hækkað. En það sem átti að gerast og væri eðlilegt að gerðist, bæði með tilliti til barnabótanna og einnig skattleysismarkanna, er að þessi viðmiðunarmörk, þ.e. viðmiðunarmörk skattleysismarkanna, persónuafsláttar og barnabótanna, færðust upp með laununum þannig að stuðningur við barnafólk héldist óbreyttur að raungildi. En ríkisstjórnin er að spara á þessu fólki. Hún er að spara á lágtekjufólkinu. Hún er að spara á millitekjuhópum og hún er að spara á barnafólkinu.

Til hvers þarf að spara? Hvernig er sparnaðinum varið? Hvernig er því varið sem ríkisstjórnin sparar í barnabótum? Það kemur t.d. í ljós hér á bls. 126. Hér segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að veita 15 millj. kr. til kynningar á alþjóðlegum viðskiptafélögum."

(**Gripið fram í:** Hver fær þessar milljónir?) Hver skyldi fá þessar 15 millj.? Það er Verslunarráð Íslands, það er viðskrn. Það er Verslunarráð Íslands og fjárfestingarstofnanir ... (**Gripið fram í:** -stofan.) Fjárfestingarstofan, afsakið, sem fær þessa peninga til að kynna svokölluð alþjóðleg viðskiptafélög. Og hvað er það? Hver eru þessi alþjóðlegu viðskiptafélög? Það eru svipuð fyrirbrigði og hafa sprottið upp víða um heim, í Karíbahafinu t.d., til þess að alþjóðleg fyrirtæki geti skotið sér undan því að greiða skatta. Þarna er nýsköpunin hjá ríkisstjórninni og það er þetta sem barnafólkið á Íslandi er að styðja, er að niðurgreiða. Það er sparað á barnafólkinu. Það er sparað á láglaunafólkinu og millitekjuhópunum til þess að menn hafi nægа peninga handa Verslunarráðinu og þeim aðilum sem hafa í frammi áróður fyrir þær skattaparadísir sem hér er verið að koma á fót.

Síðan er það einkavæðingin og kerfisbreytingarnar. Við erum að ræða að hvaða marki þessar breytingar sem verða frá fjárlögum yfir í fjáraukalög eru fyrirsjáanlegar og að hvaða marki svo er ekki. Það sem er orðið fyrirsjáanlegt er að kerfisbreytingar í átt til einkavæðingar hafa í för með sér kostnaðarauka. Það kemur t.d. í ljós að farið er fram á 115 millj. kr. vegna mun hærri rekstrarkostnaðar skattvinnslukerfa en gert var ráð fyrir undanfarin tvö ár. Hver vinnur þetta? Það er Skýrr hf. Það er kvartað yfir því að taxtarnir hjá Skýrr hafi hækkað. Hvað hefur gerst hjá Skýrr? Hvað skýrir þessa breytingu? Það sem hefur gerst hjá Skýrr er að það var einkavætt. Það var byrjað á því að gera það að hlutafélagi. Svo var það einkavætt. Kostnaðarauki, þetta er ekkert nýtt. Og þótt við höfum þessi dæmi fyrir sjónum, þá á að halda áfram á þessari braut og nú óska ég eftir skýringum. Ég óska eftir skýringum frá talsmanni Framsfl. Ég óska eftir skýringum frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni, talsmanni Framsfl. í fjárln., og að sjálfsögðu frá hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde. Hvaða áform eru uppi varðandi einkavæðingu og einkaframkvæmd innan velferðarþjónustunnar, í heilsugæslunni, í heilbrigðisþjónustunni og í skólum landsins?

Hæstv. menntmrh. hótaði því hér fyrir fáeinum dögum að gera börn í Hafnarfirði að sérstökum tilraunadýrum. (**PHB:** Lofaði því.) Hann lofaði því? Kannski er búið að lofa því inni í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Hv. þm. Pétur Blöndal upplýsir hér að hæstv. menntmrh. sé búinn að lofa því að gera börn í Hafnarfirði að tilraunadýrum, að þar eigi að setja grunnskólana í einkaframkvæmd, að búið sé að lofa því að gera börn í Hafnarfirði, skólanema í Hafnarfirði að

tilraunadýrum, að sérstöku tilraunaverkefni í tilraunastofu frjálshyggjunnar. Þetta finnst mér alvarlegt og þetta snertir þessa umræðu vegna þess að það er fyrirsjáanlegt að ef farið verður út á þessa braut þá mun það hafa kostnaðarauka í för með sér. Það er fyrirsjáanlegt.

Spurningin er hins vegar sú hvernig menn ætla að bera þennan kostnað, hvort það verður skattgreiðandinn þegar fram líða stundir eða, eins og ríkisstjórnin hefur reyndar hótað í sérstökum bæklingi um einkaframkvæmd, að það verði notandinn, börnin og sjúklingarnir væntanlega. Þetta segir í bæklingi sem þeir eru ábyrgir fyrir, hv. þm. Jón Kristjánsson og hæstv. fjmrh. Geir Haarde. Það er vitað og það er fyrirsjáanlegt og til þessa benda öll rök, allar staðreyndir, allar upplýsingar sem við höfum, að þetta fyrirkomulag er kostnaðarsamara og dýrara. En ríkisstjórnin bendir á það í sínum gögnum sem hún hefur sent út að þetta eigi að fjármagna að hluta til með notendagjöldum, með skólagjöldum þá væntanlega og sjúklingagjöldum. Þetta eru hlutir sem við þurfum að fá betur upplýsta núna í þessari umræðu og ég vona að bæði hv. þm. Jón Kristjánsson, talsmaður Framsfl. og hæstv. fjmrh. Geir Haarde gefi þinginu ítarlegar skýringar á því hvað standi til, hvað sé í pípunum í þessum efnum vegna þess, og það erum við að fá staðfest í því frv. sem hér er til umræðu, að þessar kerfisbreytingar leiða til kostnaðarauka. Ég hvet því til þess að við fáum ræki legar skýringar á þessu.

Aðeins áður en ég lýk máli mínu og lýk umfjöllun um þetta efni sem ég er að hringsóla hér um, þ.e. hvað sé fyrirsjáanlegt og hvað hafi ekki verið fyrirsjáanlegt, þá vekur það vissulega athygli varðandi lántökuheimildir Íbúðalánasjóðs, að þær aukast samkvæmt þessu frv. — það kemur fram á bls. 7 — úr 23,3 milljörðum rúmum í 30,6 milljarða rúma. Þetta er yfir 7 milljarða kr. aukning. Einnig þetta þótti okkur mörgum vera fyrirsjáanlegt vegna þess að greiðslumatið í íbúðalánakerfinu hefur tekið breytingum. Núna fá fleiri aðgang að lánunum. Þetta fyndust mér vera góðar fréttir ef ég hefði vissu fyrir því að það fólk sem er að taka lánin núna geti risið undir þeim skuldbindingum sem það er að takast á herðar. Það er þar sem áhyggjurnar liggja. Og sá sem ekki hefur áhyggjur af því þykir mér vera ábyrgðarlaus vegna þess að ég hef trú á því að það greiðslumat sem lánastofnanir studdust við á sínum tíma hafi verið býsna raunsætt. Ég mundi fagna því að fólk hefði aukinn aðgang að lánsfjármagni ef jafnframt væri búið svo um hnúta að það gæti risið undir skuldbindingunum. Þá er ég að tala um lága vexti eða afborgunarskilmála sem væru sniðnir með það í huga.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt. Þetta voru þær athugasemdir sem ég vildi koma á framfæri.

[14:01]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru nokkur efnisatriði í ræðu þingmannsins sem ástæða er til þess að svara. Hann gerði því skóna í upphafi að menn væru vísvitandi að leggja fram óraunsæ fjárlög með það fyrir augum að undirbúa einkavæðingu eða eitthvað álíka, að það væri einhver pólitísk stýring að þessu leyti til þó hann vildi ekki ganga svo langt að kalla þetta óheiðarleg vinnubrögð og ég er nú þakklátur fyrir það.

Auðvitað er það fjarri lagi að gera því skóna að menn geri viljandi út á einhvers konar óraunsæi í þessum efnum enda hefur það stórminnkað á undanförnum árum. Fjáraukalögin núna eru allt önnur en þau voru fyrir nokkrum árum síðan vegna þess að fjálögin sjálf eru miklu raunsærri en verið hefur. Auðvitað gera menn það ekki. Auðvitað reyna menn að gera þetta eins vel og nokkur kostur er.

Þá er spurningin um þennan trausta þingmeirihluta sem ég hef vikið nokkrum sinnum að í þessari umræðu, að hann sé áhyggjuefni fyrir þingræðið. En það er auðvitað þingræðið sjálft sem gerir það að verkum að við búum við svona stjórnarfyrirkomulag. Við búum við þingræðisstjórn sem starfar í skjóli meiri hluta þingsins. Ef hún tekur ákvörðun sem meiri hluti þingsins vill síðan ekki staðfesta þá þarf hún að hugsa sitt ráð, hugsanlega að víkja, eða einhverjir innan hennar. Þannig er nú þetta í eðli málsins eins og allir vita náttúrlega. Auðvitað þarf óhjákvæmilega annað slagið að taka ákvarðanir um fjárútlát sem eru óhjákvæmileg og ríkisstjórnin gerir það þá í trausti þess að hún hafi þingmeirihluta fyrir því. Komi annað í ljós þurfa menn að taka málið upp á nýjum forsendum.

Þingmaðurinn talar mikið um einkavæðingu og einkaframtak. Hann kemur varla svo í ræðustól að hann nefni ekki þau málefni. Ég hef ekki mikinn tíma í mínu fyrra andsvari til þess að svara því en ég mun gera það á eftir. En ég fullyrði að áhyggjur hans um að fyrir dyrum standi einhver ósvinna í því efni á velferðarsviðinu eiga ekki við rök að styðjast.

[14:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi vinnubrögðin í tengslum við fjárlögin. Ég sagði og endurtek það og ítreka að mér finnst það ekki einleikið að það skuli alltaf gerast og endurtaka sig að menn setji fram óraunsæ fjárlög og í ljósi þeirra kerfisbreytinga sem ríkisstjórnin stendur fyrir þá spyr maður sjálfan sig hvort eitthvað annað hangi á spýtunni, hvort það sé verið að þrengja að stofnunum og þröngva þeim út í kerfisbreytingar. Það hafa átt sér stað miklar kerfisbreytingar á liðnum árum og ég hef farið um það ítarlegum orðum hér oft. Þetta er spurning sem gerist mjög áleitin.

Varðandi þingræðið þá er það alveg rétt að að forminu til hefur hæstv. ráðherra að sjálfsögðu rétt fyrir sér. Hann hefur þingræðið og þingmeirihluta á bak við sig. Ég er hins vegar að lýsa áhyggjum yfir atferli þessa þingmeirihluta og gagnrýnisleysi þessa þingmeirihluta sem maður hefur aftur og ítrekað séð greiða atkvæði á einsleitan hátt þótt maður viti að í brjóstum manna búi og hrærist allt aðrar tilfinningar. Mér finnst mikilvægt að við reynum að styrkja þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu og þess vegna er það áhyggjuefni þegar ráðherrann talar um að hann hafi að vísum þingmeirihluta að ganga.

Hv. þm. segir að ég komi varla í ræðustól án þess að tala um einkavæðingu. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er efst á blaði hjá þeirri ríkisstjórn sem nú stýrir landinu. Við erum að tala hér um eitt mesta átakmál okkar samtíðar, þ.e. hvernig við eigum að skipuleggja okkar samfélag. Og þegar hæstv. ráðherra í ríkisstjórn, Björn Bjarnason, lýsir því yfir hér að hann sé að skoða — hv. þm. Pétur Blöndal sagði reyndar að hann hefði lofað því — (Forseti hringir.) að fara út í einkaframkvæmd eða gefa heimild á einkaframkvæmd grunnskólans í Hafnarfirði, er þá að furða að menn vilji ræða þetta á Alþingi?

[14:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru alltaf lögð fram óraunsæ fjárlög, sagði þingmaðurinn og það er skrýtið í ljósi stefnu ríkisstjórnarinnar. Menn velta því fyrir sér hvort hér liggi fiskur

undir steini. Þetta er auðvitað fráleit tilgáta og það mætti þá með sama hætti spyrja hvernig standi á því að tekjuáætlun stenst ekki upp á punkt og prik í hvert skipti. Hvaða pólitíska skýring skyldi vera á því að sumir tekjustofnar eru yfir og aðrir undir á hverju ári? Ég er hræddur um að slík pólitísk skýring sé vandfundin.

Að því er varðar einkavæðingu og einkaframtak þá er það rétt að það er stefna ríkisstjórnarinnar að reyna að flytja sem mest af verkefnum út á einkamarkaðinn sem þangað er hægt að koma með góðu móti, en að sjálfsögðu gegn því og að því skilyrði uppfylltu að þjónustan sé veitt a.m.k. jafngóð, helst betri og a.m.k. ekki dýrari, helst ódýrari en ella væri.

[14:06]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að að sjálfsögðu verði þetta aðeins gert að því tilskildu — og þá er hann að vísa til einkavæðingar og einkaframkvæmdar — að kostnaðurinn verði minni og þjónustan betri. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, okkar þingflokkur hefur lagt fram þáltill. þess efnis að menn setjist yfir þessi mál, hætti að karpa um þetta hér en setjist yfir þetta og skoði reynsluna af þessu fyrirkomulagi þannig að tekið verði málefnalega á þeim. Ef hæstv. ráðherra er alvara og ef hann óttast ekki sannleikann þá stuðlar hann að því að þáltill. okkar verði samþykkt.

[14:07]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurn um hvaða áform væru uppi varðandi einkavæðingu og einkaframkvæmd í menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Það hafa engin áform komið upp á borð fjárln. hvað þetta snertir. Það hafa ekki verið kynnt heldur í þingflokki Framsfl. nein áform um þetta.

Varðandi einkavæðingu almennt þá er bent á framlag til að standa straum af hækkuðum töxtum Skýrr. Mér finnst nú menn hrapa dálítið að þeim ályktunum að þetta sé vegna einkavæðingarinnar. Við munum að sjálfsögðu fara yfir það í nefndinni af hvaða orsökum þessar taxtahækkanir eru. En ég er ekkert kominn til með að segja um það hér að þessar taxtahækkanir hefðu ekki orðið þó að þetta væri ríkisfyrirtæki. Það er bara órannsakað mál sem við þurfum að fara yfir hvernig þessar taxtahækkanir myndast og af hvaða ástæðum þær eru því að þetta er veruleg upphæð í frv., yfir 100 millj. kr. Þetta er upphæð sem er alveg þess vert að horfa á og gera sér grein fyrir hvernig hefur myndast. Það kostar alveg gífurlega fjármuni að halda uppi þessum kerfum, enda eru þau risavaxin, sem fjmrn. hefur til þess að halda utan um sína starfsemi.

[14:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ýmislegt skýrara og ljósara í þessum efnum en menn vilja vera láta. Arðsemiskrafa Skýrr er ljós og liggur fyrir. En hitt liggur ekki alveg fyrir, þ.e. að hvaða marki vegir Framsfl. eru rannsakanlegir.

Hv. þm. Jón Kristjánsson segir að einkaframkvæmdin og einkavæðingin innan velferðarþjónustunnar hafi ekki verið rædd, skildist mér, í Framsfl. Nú er það svo að einn hæstv. ráðherra Framsfl., heilbrrh., hefur tekið ákvörðun, þá væntanlega í góðu samráði við ríkisstjórnina, um að bjóða út gamla fólkið, þ.e. setja elliheimili inn í einkaframkvæmd. Þetta hefur væntanlega verið rætt í þingflokki Framsfl. og ég vildi gjarnan fá upplýsingar frá hv. þm. um hversu langt verður haldið á þessari braut. Einnig væri fróðlegt að heyra hans álit á þeirri yfirlýsingu — loforði, segir hv. þm. Pétur Blöndal — loforði hæstv. menntmrh. um að bjóða út skólana í Hafnarfirði, grunnskólann í Hafnarfirði, enda þótt vitað sé að þetta verði kostnaðarsamara, miklu dýrara og ávísun á misrétti þegar fram líða stundir. Gaman væri að fá nánari upplýsingar um þetta frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni.

[14:11]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Framsfl. hefur í sjálfu sér ekki lokað á neinar nýjar leiðir í rekstri ríkisfyrirtækja. Þetta er hlutur sem við metum og skoðum. Ég hef ekki fengið neinar tillögur inn á mitt borð og ekki Framsfl., um útboð grunnskólanna í Hafnarfirði. Ég ætla ekkert að gefa neinar yfirlýsingar um það á þessu stigi. Ég hef ekki séð þetta. En það er almennt ekki stefna Framsfl. að bjóða út grunnskólarekstur. Grunnskólareksturinn er í höndum sveitarfélaganna. Við stóðum að því að færa þennan rekstur yfir til sveitarfélaganna og við vonumst til þess að sveitarfélögin geti staðið að því verkefni að reka grunnskólann. Það er okkar stefna. Hins vegar ætla ég ekkert að tjá mig um tillögugerð sem ég hef ekki séð. Ég hef ekki tamið mér að vera ekki með opinn huga. En talsmenn vinstri grænna hafa aldrei tamið sér að vera með opinn huga gagnvart yfirleitt neinu.

[14:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Munurinn á okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Framsfl. er að við reynum að vita hvað við viljum. Það er ansi margt sem Framsókn segist ekki vita og vera að skoða. Menn eru að skoða hina og þessa hluti en neita að gefa upp nokkra skoðun.

En það er eitt sem ég legg til að Framsfl. skoði. Og það er þetta: Hver er munurinn á íhaldinu og Framsókn?

[14:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson að stjórnarmeirihlutinn væri tryggur. Það er nú þannig að hæstv. fjmrh. hefur mjög gott samband við sinn þingflokk og sinn samstarfsflokk og tekur ákvarðanir í samráði við þingmenn sem styðja ríkisstjórnina. Þetta frv. hefur að sjálfsögðu kosti og galla en ég met persónulega að kostirnir yfirgnæfi gallana.

Hv. þm. sagði að hæstv. menntmrh. hefði hótað að gera börn í Hafnarfirði að tilraunadýrum í ræðu sinni um daginn. Ég segi að hæstv. menntmrh. lofaði að gera tilraun til að breyta stöðnuðu kerfi sem skilað hefur óánægðu starfsfólki og jafnvel lélegri menntun, þannig að við lítum bara mismunandi á þessi orð hæstv. menntmrh.

Síðan sagði hv. þm. að barnabætur hefðu verið lækkaðar um 90 milljónir. Ég bendi á atvinnuleysistryggingabætur hafa líka lækkað um 350 milljónir. Annað er vegna þess að atvinnuleysi hefur minnkað. Þar af leiðandi hefur þeim fækkað sem þurfa atvinnuleysisbætur. Ég spyr hv. þm.: Er það slæmt? Hins vegar hafa barnabætur lækkað um 90 milljónir vegna þess að tekjur fólks sem fær barnabætur hafa hækkað umfram verðlag. Og ég spyr hv. þm.: Er það vandamál? Er það slæmt?

[14:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er slæmt. Það er slæmt að það skuli dregið úr stuðningi við barnafólk. Við vitum að barnafólk, sérstaklega láglaunafólk og millitekjuhópar hafa allt of litla fjármuni handa á milli. Það er staðreynd. Þeir höfðu það fyrir fáeinum árum og hafa það enn. Þess vegna er það slæmt þegar ríkisstjórnin neitar að láta viðmiðunarmörk í barnabótakerfinu, og hið sama gildir um skattleysismörkin, fylgja launaþróun og skerðir framlagið þannig að raungildi.

En nú ætla ég að gera eitt, ég ætla að taka upp hanskann fyrir hæstv. menntmrh. gagnvart málflutningi hv. þm. Péturs Blöndals, því ég vil forða því að hæstv. menntmrh. festist í því fari sem hv. þm. Pétur Blöndal er að koma honum í, þ.e. að hann sé búinn að lofa því að einkavæða barnaskólana í Hafnarfirði. Ég held nefnilega að sannleikurinn sé sá að Björn Bjarnason hafi sagt að hann sé að skoða málið, en hafi ekki lofað að láta verða af þessari hótun sinni. Ég held að hann hafi ekki gert það. Fyrir utan það náttúrlega að það væri lögbrot. En menn hafa nú gert annað eins svo sem að finna einhverjar leiðir til að koma málum sínum fram því að enn er það svo að ekki er bannað með lögum að breyta lögum og það hefur þessi ríkisstjórn gert. Hún hefur breytt lögum í þágu fjármagnsaðila en gegn almenningi og það er einmitt það sem hefur verið til umræðu hér í tengslum við þessi fjáraukalög.

[14:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hélt ræðu og ég heyrði út úr ræðunni loforð, en hv. þm. heyrði hótun út úr nákvæmlega sömu ræðu. Í því felst munurinn. Síðan sagði hv. þm. að slæmt væri að tekjur hefðu hækkað umfram verðlag. Vill hann þá virkilega að tekjurnar haldi í við verðlag eða bara hreinlega lækki? Þá mundu barnabæturnar væntanlega hækka í heild sinni. Hann gat þess líka í ræðu sinni, sem ég gat ekki komið inn á, að skýrsluvélakostnaður Skýrr hefði hækkað um 115 milljónir. Þetta hefur svo sem komið fyrir undanfarin ár aftur og aftur en þá gátu menn ekki leitað annað. Vegna þess að fyrirtækið er núna einkafyrirtæki, þá getur ríkissjóður leitað annað. Guði sé lof.

[14:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem bara upp til að segja að ég er farinn að skilja betur hvers vegna ríkisstjórnin hefur þetta tryggan meiri hluta á bak við sig, við fengum hér sýnishorn og ég óska ríkisstjórninni hjartanlega til hamingju.

[14:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Fram hjá því verður ekki litið að þetta frv. til fjáraukalaga endurspeglar þá þenslu sem er í þjóðfélaginu og margt í frv. ber lítil merki um aðhald í ríkisfjármálum og tekur ekki mikið mið af þeim viðvörunarbjöllum sem víða heyrist í þjóðfélaginu að séu að fara af stað, enda ljóst að ýmislegt sem hefur verið að gerast hér á undanförnum vikum og mánuðum hefur kynt undir verðbólguna.

Ég stend hér upp aðallega til að fara yfir það sem fram kemur í skýrslu ríkisendurskoðanda, sem dreift var í hólf þingmanna fyrir nokkrum dögum, um endurskoðun á ríkisreikningi 1998. Af hverju geri ég það? Það er vegna þess að Ríkisendurskoðun gerir að mínu viti mjög alvarlegar athugasemdir við fjáraukalög. Það er ekki bara að stjórnarandstaðan geri athugasemdir við fjáraukalögin úr þessum ræðustól heldur er ljóst að Ríkisendurskoðun gerir það einnig.

Áður en ég fer í þær athugasemdir sem Ríkisendurskoðun hefur gert við fjáraukalögin vil ég fara í nokkur atriði sem fram koma í frv. til fjáraukalaga. Ég vil fyrst beina sjónum mínum að því sem mér finnst mjög athyglisvert á þessum tímum aðhalds í þjóðfélaginu og það er þenslan sem við sjáum í fjáraukalagafrv. og fram kemur í aðalskrifstofum ráðuneytanna. Einmitt að því er varðar aðalskrifstofu ráðuneytanna þá ættu ráðherrarnir að sýna gott fordæmi á þessum tímum og beita ýtrasta aðhaldi í sínu ráðuneyti. En ég fæ ekki betur séð þegar farið er yfir aðalskrifstofur ráðuneytanna en farið sé fram á verulegar aukafjárveitingar og telst mér til að þær séu nálægt 90 millj. kr. í öllum ráðuneytunum. Ég minnist þess að hv. 6. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, vakti athygli á því þegar þessi ríkisstjórn var mynduð að það kostaði veruleg útgjöld að bæta við tveimur ráðherrum sem ríkisstjórnin gerði, þ.e. að fjölga þeim úr 10 í 12, og hann nefndi tölur einhvers staðar nálægt 100 millj. á kjörtímabilinu. (**Gripið fram í:** Það er ekki það versta.) Ég fæ ekki betur séð í frv. en þetta megi að verulegu leyti rekja til fjölgunar m.a. á ráðherrum þar sem fram koma útgjöld vegna ráðherrabíla og bílstjóra, aðstoðarmanna o.fl. sem nýir ráðherrar hafa kallað eftir og er alveg full ástæða til að halda því til haga hversu stór hluti það er sem aðalskrifstofurnar taka til sín í frv. til fjáraukalaga.

Það eru auðvitað stórar tölur sem verið er að fjalla um í fjáraukalögum, að tekjur séu vanáætlaðar upp á 10 milljarða og í útgjöldum upp á tæpa 5 milljarða kr. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að ýmis af þeim útgjöldum sem fram koma í fjáraukalagafrv. eru fyrir séð útgjöld sem hefðu ekki þurft að koma í fjáraukalög og hefðu átt að koma fram í fjárlögunum sjálfum.

Ég sé að t.d. er rekstrarkostnaður 3 milljörðum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, 3 milljarðar af þessum 5. Þegar skoðað er hvað þetta er nákvæmlega þá vekur athygli mína sú tala sem nefnd er, en hér er sagt orðrétt, með leyfi forseta: „Launa- og verðlagsbætur, einkum vegna úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar nema samtals 600 millj. kr., ...“ Er það virkilega svo að rekja megi stærstan hluta af 600 millj. til úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar? Þetta eru gífurlega háar tölur. Og ég tek til samanburðar það sem áætlað er núna á fjárlögum vegna kjarasamninga. Þar er áætluð 3% hækkun á launum, sem er u.þ.b. 1,5–2 milljarðar, og það á að nægja eins og hér er sett fram í launahækkanir til yfir 20 þúsund ríkisstarfsmanna. En þeir sem hafa fengið launahækkanir samkvæmt úrskurði Kjaradóms og kjaranefndar eru innan við þúsund manns. Ég man ekki betur en að kjaradómur hafi komið á miðju ári þannig að hér er um gífurlega háar tölur að ræða. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hversu mikið af þessum 600 millj. megi rekja til úrskurða Kjaradóms og kjaranefndar. Er það nærri því öll sú upphæð sem hér er nefnd? Þetta eru gífurlega háar tölur ef einungis er um að ræða hálft árið og þúsund manns, rétt innan við þúsund manns sem þiggja laun samkvæmt úrskurði Kjaradómi og kjaranefndar, en á móti eru áætlaðir 1,5–2 milljarðar í fjárlögum næsta árs í launahækkanir til yfir 20 þúsund ríkisstarfsmanna. Þessi samanburður er því mjög sláandi ef þetta er rétt.

Ég vil fara nokkuð inn á það sem nefnt hefur verið hér á undan sem er þenslan í húsbréfakerfinu. Ég trúi varla öðru en að hæstv. fjmrh. hafi einhverjar áhyggjur af því að verið er að fara fram á viðbótarheimildir upp á 7,4 milljarða í útgáfu

húsbréfa. Fjárlögin gerðu ráð fyrir 23,3 milljörðum en áætluð útlán húsbréfadeildar eru upp á 30,7 milljarða, eða 7,4 milljörðum meira en áætlað var. Ég vil minna hæstv. ráðherra á að Seðlabankinn, Þjóðhagsstofnun og Ráðgjafarstofa heimilanna hafa gert athugasemdir við það greiðslumat sem núna er í húsbréfakerfinu og á ríkan hátt í að auka svona útgáfu á húsbréfunum. Ég spurði Seðlabankann á sínum tíma, það var sennilega í marsmánuði, Þjóðhagsstofnun og Ráðgjafarstofu heimilanna um álit þeirra á því nýja greiðslumati sem tekið var upp fyrr á þessu ári. Seðlabankinn sagði að ekki væri heppilegt að rýmka viðmiðunarmörk greiðslumatsins um þessar mundir. Þjóðhagsstofnun sagði að hið rýmkaða greiðslumat gæti aukið þrýsting á vaxtastig og hækkað verð á húsnæði verulega. Allt þetta hefur nú komið fram. Þeir segja einnig hjá Þjóðhagsstofnun að rýmkun greiðslumats sé ekki skynsamleg ráðstöfun við núverandi efnahagsskilyrði. Ráðgjafarstofa heimilanna segir að sú viðmiðun sem notuð er nú sé mjög óheppileg og varar við því að leggja lágmarksframfærslukostnað til grundvallar greiðslumati lána í Íbúðalánasjóði, sem er svo lágt að það getur ekki nokkur einasta fjölskylda lifað af því nema þá í stuttan tíma í gegnum mikla greiðsluerfiðleika. En hér er verið að leggja til grundvallar greiðslumat til kannski 25 eða 40 ára. Nýja húsnæðislöggjöfin er þannig að þegar félagslega íbúðakerfið var lagt niður og greiðslumatið rýmkað, þá var miklu fleirum hleypt inn í húsbréfakerfið og opnað svo mjög fyrir aðgangi að húsbréfakerfinu að það hefur leitt til þessarar auknu útgáfu á húsbréfum. Nú getur verið að það sé allt í lagi að hleypa fleirum inn í húsbréfakerfið en hafa ber í huga hvort það fólk standi undir greiðslubyrðinni miðað við þetta greiðslumat. Ég veit að það fellur kannski ekki vel í kramið að vera að nefna að þrengja ætti aðgang að húsbréfakerfinu en við verðum að átta okkur á hvert stefnir í þessu máli, að greiðslumatið er eins rúmt og raun ber vitni og hefur kallað á þessa miklu útgáfu á húsbréfum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi engar áhyggjur af útgáfu húsbréfanna sem er að aukast um 7 milljarða umfram fjárlög, hvort leitað hafi verið álits t.d. Seðlabankans á þessari miklu útgáfu á húsbréfum og hvaða áhrif það hefur almennt á þensluna og vaxtastigið í landinu. Ég held að hæstv. ráðherra hljóti að hafa leitað til Seðlabankans í því máli.

Ég vil vekja athygli á því sem fram kemur í DV í dag, þ.e. afleiðingum af breytingu á hinni nýju húsnæðislöggjöf. Þar kemur fram að sprenging á íbúðaverði á höfuðborgarsvæðinu hafi alvarleg áhrif, fram undan sé röð hækkana á fasteignagjöldum, erfðafjárskatti, eignarskatti og stimpilgjöldum sem stórhækka. Þessi hækkun á íbúðaverði á höfuðborgarsvæðinu er einkum vegna hinnar nýju húsnæðislöggjafar vegna þess að fleiri leita á almenna markaðinn eftir að félagslega kerfinu var lokað og síðan vegna fólksflóttans af landsbyggðinni yfir á höfuðborgarsvæðið. Allt þetta hefur áhrif á þensluna og verðbólguna í þjóðfélaginu sem flestir hafa nú áhyggjur af. Ég tel því mikilvægt þegar ráðherrann er að leita heimildar hjá Alþingi að auka svona verulega útgáfu á húsbréfum, að hann upplýsi Alþingi um skoðun sína á því og hvort leitað hafi verið til Seðlabankans eða Þjóðhagsstofnunar um mat á áhrifum þess að auka útgáfuna á húsbréfum. Ég tala nú ekki um hvaða áhrif það hefur á greiðsluerfiðleika hjá fólki að rýmka svona greiðslumatið og gæti komið fram á komandi mánuðum og missirum.

Þá vil ég fara í það sem ég sérstaklega stóð upp til að vekja athygli á og það er það sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 1998, sem ég geri ráð fyrir að eigi alveg eins við núna varðandi frv. til fjáraukalaga 1999, sem við erum að fjalla um, vegna þess að gerðar eru alvarlegar athugasemdir við fjáraukalögin. Gerðar eru bæði athugasemdir við tekju- og útgjaldahliðina í fjáraukalögunum varðandi 1998, en þar er vakin athygli á flutningi greiðsluheimilda sem voru um 2,8 milljarðar kr. á árinu 1997. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur í skýrslum sínum undanfarin ár margsinnis gert athugasemdir við framkvæmd fjáraukalaga og flutning greiðsluheimilda milli ára. Þannig hefur t.d. borið á því að fjárlagaliðir sem áttu ónotaðar greiðsluheimildir í árslok hafi fengið aukafjárveitingar í fjáraukalögum. Þessar greiðsluheimildir eru síðan iðulega fluttar yfir á næsta fjárlagaár. Ríkisendurskoðun telur að taka eigi tillit til aukafjárveitinga af þessu tagi við fjárlagagerð ársins, en ekki í fjáraukalögum sem yfirleitt eru samþykkt um svipað leyti og fjárlögin. Þá telur stofnunin óæskilegt að flytja greiðsluheimildir á safnliðum ýmiss konar milli ára ef fyrirsjáanlegt er að greiðsluheimildir verði ekki nýttar á árinu, en fjölmörg dæmi hafa verið um slíkt síðustu ár."

Þessum athugasemdum fylgir tafla um heildargjöld í samanburði við fjárlög og greiðsluheimildir fyrir árið 1998. Þar er vakin athygli á því að nær öll ráðuneyti séu undir greiðsluheimildum á árinu 1998 eða samtals að fjárhæð 3,7 milljarða kr. Síðan segir orðrétt:

„Ríkisendurskoðun telur þessa staðreynd benda ótvírætt til þess að full ástæða sé til að endurskoða vandlega þá tilhögun sem viðhöfð er nú við framkvæmd fjáraukalaga og flutning greiðsluheimilda milli ára, sbr. sérstaka umfjöllun hér að framan."

Ég vildi gjarnan, herra forseti, fá álit hæstv. fjmrh. á þeim athugasemdum sem hér koma fram hjá Ríkisendurskoðun og spyrja hæstv. ráðherra hve miklar yfirfærðar fjárheimildir séu frá árinu 1998. Hvaða fjárhæðir eru áætlaðar í væntanlegri yfirfærslu fjárheimilda yfir á næsta ár? Ég spyr um það vegna þess að í grg. með frv. sem við erum að fjalla um er rætt um þessar fjárheimildir og hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Einnig valda yfirfærðar fjárheimildir frá árinu 1998 til þessa árs því, auk væntanlegra yfirfærslufjárheimilda yfir á næsta ár, að áætlun um útkomu ársins er ekki í fullu samræmi við þær fjárheimildir sem sótt er um."

Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort ekki sé rétt að staldra aðeins við um áramótin og afturkalla þær fjárheimildir sem ráðuneytin nýta ekki. Hér er vakin athygli á því að á árinu 1998 voru nær öll ráðuneyti undir greiðsluheimildum, samtals að fjárhæð 3,7 milljarðar kr. Það er því eitthvað athugavert við þetta enda gerir Ríkisendurskoðun athugasemdir hér við.

Ríkisendurskoðun gerir líka athugasemd við tekjuhliðina í fjáraukalögum. Hér í þessum athugasemdum Ríkisendurskoðunar segir orðrétt:

„Í fjáraukalögum fyrir árið 1998 sem samþykkt voru í lok des. 1998 var tekjuhliðin endurskoðuð um 9,4 milljarða kr. til hækkunar. Innheimtar tekjur voru þannig um 1,2 milljörðum kr. yfir áætlun eða sem nemur 0,7%.

Ríkisendurskoðun telur að þau umtalsverðu frávik sem fram koma í tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1998 og undanfarin ár hljóti að beina sjónum að þeim efnahagsforsendum sem tekjuáætlun ríkissjóðs grundvallast á."

Hér vekur Ríkisendurskoðun athygli á því — ég get ekki lesið annað út úr því — að það hljóti að þurfa að skoða betur þær efnahagsforsendur sem tekjuáætlun ríkissjóðs grundvallast á. Við erum ekki að tala um nein smáfrávik í tekjuáætluninni. Við erum að ræða um 10 milljarða kr. tekjur umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann hafi að segja um þessar athugasemdir Ríkisendurskoðunar og hvort hann telji ekki ástæðu til að bregðast við þeim og þá kannski sérstaklega að skoða þær greiðsluheimildir sem fara yfir áramót. Þessu vildi ég halda til haga í umræðunni um fjáraukalögin.

Í lokin vil ég spyrja hæstv. ráðherra um eitt sem vakti mjög athygli mína í ríkisreikningi fyrir árið 1998. Það á vissulega heima í umræðunni um aðhald í ríkisrekstri og hvernig hægt væri að halda betur á málum. Frá því 1983 hefur ríkisreikningur haft að geyma upplýsingar um sundurliðaðan ferðakostnað, risnu- og aksturskostnað hjá einstaka stofnunum og ráðuneytum. Þær hafa verið sundurliðaðar á einstakar stofnanir og ráðuneyti. Þetta var gert samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi árið 1983.

Nú ber svo við að í ríkisreikningi fyrir 1998 hefur þetta fallið niður. Í fyrsta skipti frá árinu 1983 eru engar upplýsingar með sundurliðun á risnu-, ferða- og bílakostnaði einstakra stofnana og ráðuneyta. Ég tel þetta mjög til baga og draga úr því að þingið geti haft nauðsynlegt eftirlit með framkvæmdarvaldinu og einstaka stofnunum að því er þessa þætti varðar. Ég held að það hafi verið mjög til bóta þegar lögin voru samþykkt 1983, að þessi sundurliðun kom fram árlega í ríkisreikningi. Bankarnir hættu fyrir fjórum eða fimm árum að veita þessar upplýsingar í ársreikningi og nú hefur ríkisvaldið fylgt fordæmi þeirra og sleppir þessum upplýsingum úr ríkisreikninginum.

Ég spyr um þetta, herra forseti, vegna þess að á síðasta þingi flutti ég frv. um að skylt yrði að þessar sundurliðuðu upplýsingar kæmu fram í ársreikningi bankanna og hjá ríkisaðilum. Það er auðvitað enn brýnna en áður að fylgja þessu frv. eftir og leggja fram á þingi þegar svo er komið að ríkisvaldið er hætt að veita þessar upplýsingar í ríkisreikningi sínum. Þær eru mjög mikilvægar fyrir það hlutverk þingmanna í þessari virðulegu stofnun að veita framkvæmdarvaldinu aðhald.

[14:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þingmanninum fyrir málefnalega ræðu og fjölmargar athyglisverðar ábendingar í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu. Ég næ ekki að svara þeim öllum við þetta tækifæri en ég skal gera mitt besta.

Að því er varðar fjárveitingar, sem þingmaðurinn spurðist fyrir um og rakti til Kjaradóms og kjaranefndar, er þar ekki um að ræða að heilar 600 milljónir renni eingöngu til þessa. Ég hygg að af þessari fjárhæð séu um 60 milljónir til komnar vegna ákvarðana Kjaradóms. Síðan eru rúmlega 250 milljónir vegna ákvarðana kjaranefndar og lúta að prófessorum, bæði Háskóla Íslands og Kennaraháskólans. Sambærilegar ákvarðanir eru að því er varðar presta, upp á rúmlega 80 milljónir, og ýmsa fleiri hópa. Þetta tekur sig saman upp í einar 600 milljónir. Á móti eru dregnar frá 350 milljónir af launa- og verðlagslið fjmrn. Þetta er því nettóaukning upp á 250 millj. kr. og auðvitað fyrir hendi nákvæm sundurliðun á því ef menn óska eftir, t.d. í fjárln.

Spurt var: Hefur fjmrh. áhyggjur af húsbréfaútgáfunni og var álits Seðlabankans leitað? Vissulega var álits Seðlabankans leitað eins og ég hygg að skylt sé að lögum en ég hef áhyggjur af þessu máli. Ég viðurkenni það fúslega. Ég tel að þarna geti verið heilmikil hætta á ferð að því er varðar aukningu þess fjármagns sem sett er út á markaðinn í þessu formi með tiltölulega hagstæðum kjörum. Auðvitað er þetta ein af uppsprettum lánsfjármagns og með þeim stærri í þjóðfélaginu. Þegar svona mikil aukning er í þessu hljóta menn að staldra við og velta því fyrir sér hvaða áhrif þetta hefur á efnahagsástandið, á eftirspurnina og þar með á þensluna. Ég deili þeim áhyggjum þó ég sé ekki viss um að við séum sammála um viðbrögð við því.

[14:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Ég held að það fari ekki á milli mála að þessar 600 milljónir eru að mestu leyti til komnar vegna úrskurðar Kjaradóms og kjaranefndar. Það eru um 112 manns sem fá launabreytingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms og 800–900 samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Mér fannst hæstv. ráðherra staðfesta það þó að hann héldi því til haga að nettóaukningin væri ekki nema 250 milljónir. Þetta er að stærstum hluta komið til vegna launaákvarðana Kjaradóms og kjaranefndar á þessu ári og það einungis fyrir hálft árið. Því er ekkert skrýtið að ég veki athygli á því að fyrir meira en 20 þúsund ríkisstarfsmenn er einungis gert ráð fyrir í næstu fjárlögum rúmlega 1,5 milljörðum kr. á móti um 600 milljónum sem ganga til þeirra sem fá launabreytingar samkvæmt úrskurði Kjaradóms og kjaranefndar.

Ég er ekkert undrandi á því að hæstv. ráðherra hafi áhyggjur af útgáfu húsbréfa. En ég spyr hæstv. ráðherra, þar sem hann hefur áhyggjur af því og leitað er eftir heimild um 7,4 milljarða í útgáfuna: Mun hæstv. ráðherra grípa til einhverra aðgerða vegna þessarar útgáfu á húsbréfum? Ég hef sagt skoðun mína á því, að það sé vegna þess að greiðslumatið hafi verið rýmkað. Nú hefur hæstv. ráðherra verulegar áhyggjur af útgáfunni á húsbréfum. Hann leitað álits Seðlabankans á útgáfunni en mun ráðherrann núna grípa til einhverra aðgerða til þess að draga úr útgáfu húsbréfa? Mun hann beita sér fyrir því að greiðslumatið verði endurskoðað? Ég tel að helst megi rekja hina auknu útgáfu á húsbréfum til þess.

[14:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar húsbréfin þá var leitað álits Seðlabankans sem lagðist ekki gegn þessari hækkun. Að öðru leyti heyrir þetta mál, eins og hv. þm. veit, undir annan ráðherra, félmrh. Við ræðum þessi mál væntanlega eins og við höfum gert á vettvangi ríkisstjórnarinnar því að þetta er vissulega einn af þeim stóru þáttum á lánsfjármarkaði og í efnahagsmálum sem fleiri en einn ráðherra verða að blanda sér í. Málið er ekki komið á ákvörðunarstig en margir hafa nefnt það sem þingmaðurinn nefnir að greiðslumatsmöguleikarnir séu fullrúmir, þó annkannalegt sé að taka þannig til orða. Ég hef ekki gert þá skoðun að minni en er auðvitað tilbúinn að skoða þetta mál opnum huga eins og mönnum ber að gera.

Varðandi launagreiðslurnar sem þingmaðurinn nefndi er rétt að bæta við það sem ég sagði áðan, að á annað hundrað milljóna af þessum sex hundruð eru vegna framgangskerfis hjúkrunarfræðinga og annarra greiðslna til sjúkrahúsa

þannig að upphæðin er ekki öll til komin vegna Kjaradóms og kjaranefndar. Eins og ég sagði eru rúmlega 60 millj. vegna Kjaradóms en þetta liggur allt fyrir ef menn vilja kynna sér það nákvæmlega.

Að því er varðar önnur atriði sem þingmaðurinn nefndi í ræðu sinni varðandi framsetningarmöguleika hér og athugasemdir Ríkisendurskoðunar að því er varðar fjáraukalög þá er sjálfsagt að hlusta á þau atriði. Þegar ný lög voru sett um fjárreiður ríkisins var farið í gegnum þetta allt og þó ég efist ekki um að athugasemdirnar frá Ríkisendurskoðun, sem eru þó öllu fremur ábendingar en athugasemdir, séu gerðar af góðum huga þá sé ég ekki í fljótu bragði hvernig hægt er að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi varðandi aukafjárveitingar og fjáraukalög. Aðalatriðið, og mér fannst það mikilvægt — þó að þingmaðurinn hafi ekki gert mikið með það — er að þegar öllu er á botninn hvolft er það algjör undantekning að nokkurt ráðuneyti sé yfir heildarfjárheimildum þegar dæmið er gert upp. Langflest ráðuneytin eru undir þeim heimildum þegar öll kurl eru komin til grafar, fjárlög, fjáraukalög og tilfluttar greiðsluheimildir milli ára.

[14:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á nokkur atriði til viðbótar því sem áður hefur verið sagt af þeim hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Ögmundi Jónassyni sem hafa þegar talað úr þingflokki okkar.

Í fyrsta lagi er það svo með margrómaðan tekjuafgang og bata ríkissjóðs að hann er eins og flestir eru sammála um og viðurkenna nema þá hæstv. fjmrh., ósköp hefðbundinn klassískur verðþenslubati og vel þekktur úr hagsögunni og sögu fyrri fjmrh. sem tekið hafa við ríkissjóði eða farið með hann við svipaðar aðstæður. Ég mæli með því að sjálfstæðismenn lesi eigin ræður frá árunum upp úr 1980 og fram til 1983 þegar þeir fóru hamförum á Alþingi, í báðum deildum þeirrar stofnunar sem þá starfaði þannig, og gerðu lítið úr þeim árangri í ríkisfjármálum sem þáverandi hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, væri að ná (Gripið fram í.) en hann skilaði ríkissjóði síðastur manna með umtalsverðum afgangi á einhverju árabili. (**Gripið fram í:** Það var misskilningur.) Nú heyri ég að menn kunna þessar ræður enn eins og hv. þm. Kristján Pálsson. Hann kann þessar ræður enn og man hvernig þeir höfðu það sem íþrótt að gera lítið úr því þá að ríkissjóður væri rekinn með afgangi, það væri ekkert að marka af því að það væri verðbólga. (Gripið fram í.) Já. Hún var að vísu ekki 100%, hv. þm. Það er allt eftir því hvernig það er reiknað. En það er alveg rétt að (Gripið fram í.) á þessum árum var vaxandi verðbólga og segja má, eftir því hvaða viðmiðanir menn velja sér, að hún hafi endað í 80–130%. En á árunum upp úr 1980 fór verðbólgan upp á við úr 10–20% á ári og upp í ein 30–40% eins og hún var á einhverjum árum og hér eru ýmsir sem kunna þetta.

Herra forseti. Til frekari skilningsauka á þeim aðstæðum sem myndast í tekjum og gjöldum ríkissjóðs og reyndar einnig hjá sveitarfélögum og fleiri slíkum aðilum á verðþenslutímabilum mæli ég með því að sjálfstæðismenn lesi eigin ræður frá því upp úr 1980. Þá munu þeir öðlast dýpri skilning á því að við þær aðstæður þegar eyðslan vex snöggt í þjóðfélaginu, þegar þjóðarbúið er rekið með viðskiptahalla og ríkissjóður tekur inn af því tekjur og þegar verðlagið innan lands kemur í kjölfarið, myndast ákveðið misgengi í tekjum og gjöldum en það er að sjálfsögðu aðeins bil sem þarna myndast. Útgjöldin fylgja síðan í kjölfarið og það er nákvæmlega það sem er að gerast núna.

Ég hygg að tekjuauki ríkissjóðs af þessum sökum, svo fremi sem verðbólgan fari ekki enn upp á við, sé að mestu leyti kominn fram. En útgjöldin eru að banka á dyrnar núna og þau eru að sjálfsögðu að gera það vegna þess að menn sækja þær hækkanir sem orðið hafa á aðföngum til baka og útgjaldatilefnin koma fram í rekstri stofnananna. Það gætir hins vegar tregðu hjá ríkinu og eftir atvikum hjá sveitarfélögunum einnig að viðurkenna þessi útgjöld og þau koma fram í byrjun sem halli á rekstrinum. En þetta mun einhver þurfa að borga og einhvern veginn. Þess vegna er það þannig, herra forseti, að það er alveg nauðsynlegt að menn gangi hægt um gleðinnar dyr og átti sig á því að þeir eru ekki endilega komnir í himnaríki um aldur og eilífð þó að í bókhaldinu standi ágætur afgangur á ríkissjóði eins og stendur vegna þess að þetta getur snúist við og að því kemur að þetta snýst við. Að því kemur að tekjurnar falla en útgjöldin halda áfram að aukast. Þegar farið er yfir vendipunktinn og á leiðinni niður brekkuna aftur hinum megin þá gerist það að tekjur ríkissjóðs falla en útgjöldin halda áfram að aukast enn um sinn vegna þess að útgjaldatilefnin eru óleiðrétt í pípunum.

Við skulum vona að við séum ekki komin á þann punkt og þó, ekki er heldur gott að þenslan haldi áfram og áframhaldandi verðbólga berji að dyrum.

Búið að finna upp nýtt hagfræðilegt hugtak, herra forseti. Það kom fram í stefnuræðu forsrh., þ.e. mjúk lending, og sýnir nú hvað hæstv. forsrh. og efnahagssérfræðingarnir eru miklir áhugamenn um flug að þeir hafa tekið þessa myndrænu líkingu að nú eigi að lenda efnahagslífinu mjúkt eins og breiðþotu sem silast niður á flugbrautina. En er það alveg víst að þetta sé svona auðvelt, þ.e. að finna sér eitthvert hugtak og trompa upp með það, að þá sé vandinn leystur? Svo er sagt við verkalýðshreyfinguna og þá sem ætla að reyna að berjast fyrir því að sækja eitthvað af batanum til handa láglaunafólki: „Nei, þið verðið að taka þátt í því að lenda hagkerfinu mjúkt."

Er ríkissjóður að ganga á undan með góðu fordæmi og lenda hagkerfinu mjúkt og eru í raun innstæður að öllu leyti fyrir þeim fullyrðingum um trausta fjármálastjórn sem menn eru uppi með? Ég hef því miður miklar efasemdir um það, herra forseti. Ég held að margt vanti þar upp á og kannski ekki síst raunsæið. Ég verð að játa að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með vin minn hæstv. fjmrh. af því að ég hélt að hæstv. fjmrh. mundi kannski ganga fram sem talsmaður meira raunsæis í þessum efnum á fyrstu árum embættisferils síns og þó ekki væri nema vegna þess að það er að öllum líkindum langt í næstu kosningar þannig að það hefur ekkert upp á sig fyrir hæstv. fjmrh. að vera neitt að þykjast núna á fyrsta vetri í embætti sínu. Það er svo langt í kosningar að það er alveg borin von að það takist að halda neinum sjónhverfingum úti öll fjögur árin. Það væru þá mikil undur ef það tækist fram yfir kosningar í aðalatriðum að láta menn halda að allt væri í lukkunnar velstandi. En þær komu reyndar fljótt ræðurnar eftir kosningarnar um að nú væri ýmislegt sem þyrfti að taka á.

Ég hefði þess vegna talið að hæstv. fjmrh. hefði átt að leggja hlutina fyrir með því raunsæi að viðurkenna að við værum stödd á þessum kafla hagsveiflunnar eða á því gæti verið hætta að við værum nákvæmlega þarna og þar af leiðandi væri fullkomin ástæða til að hafa miklar áhyggjur af framhaldinu. Ég held að hæstv. ráðherra hefði átt að viður-

kenna af meira raunsæi það sem er í pípunum, ekki reyna að fela áfram kostnaðartilefnin sem eru augljóslega fyrir hendi, t.d. í heilbrigðiskerfinu eins og allir vita og menn eru áfram að ýta á undan sér.

Nú er það svo að það er ekki bara hagsveiflan sem þarna hefur áhrif heldur erum við líka að taka í gegn ýmsar breytingar sem Alþingi og ríkisstjórn hafa ákveðið á umliðnum missirum, t.d. með kjarasamningum og með samningum um starfsmenn um framgang í störfum eins og samninga við hjúkrunarfræðinga og lækna, eins og samninga við háskólamenn um rannsóknarleyfi og annað því um líkt. En af einhverjum undarlegum ástæðum er þetta ekki nema að litlu leyti tekið inn í fjárlagafrv. og það vekur miklar spurningar. Hvers vegna er ekki af meira raunsæi horfst í augu við það sem liggur þó alla vega fyrir, er búið að ganga frá og menn munu ekki komast upp með annað en efna því ég geri ekki ráð fyrir því að menn reikni með því að geta til frambúðar hlaupist undan því að standa við framgangskerfi sem búið er að semja um sem hluta af kjarasamningum eða hvíldartímaákvæði sem menn verða að taka við frá hinu háa Evrópusambandi. Ekki þýðir að neita því. Það væri alveg eins og ætla að ráðast á guðspjöllin sjálf að ætla að vefengja það og það verðum við að efna. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að gera það og þó fyrr hefði verið, afnema t.d. það þrælahald sem vaktafólk í heilbrigðiskerfinu hefur búið við áratugum saman og er engu líkt, satt best að segja.

Þess vegna, herra forseti, las ég sérstaklega í gegnum það, og ég hlýt að gera það aðeins að umtalsefni hvernig er búið um þetta hjá stærstu stofnunum sem þarna er alveg augljóst að eiga fram undan mikil útgjöld, t.d. hvað það varðar að ráða inn fólk ef á að takast að standa að fullu við hvíldartímaákvæðin hjá vaktavinnufólki í heilbrigðiskerfinu. Það er alveg augljóst mál að það er slík grenjandi undirmönnum á t.d. stóru sérhæfðu stofnununum að þær geta ekki, nema þá að ráða nýtt fólk og bæta á sig verulegum launakostnaði, uppfyllt þessi ákvæði. Það er ekki hægt. Fólkið er ekki til staðar til að manna vaktirnar og hvað þá heldur að taka út frídaga á móti þeim tímum þegar ekki næst lágmarkshvíldartími eins og í raun á að vera grundvöllur kerfisins og þýðir að það þarf enn meiri mannskap en ella væri. Á meðan menn létu menn vinna þrátt fyrir að lágmarkshvíldartíma væri ekki náð og borguðu mönnum fyrir það var mönnunarvandinn ekki eins brennandi í þessu sambandi og fjármögnunarvandinn því að þá kostaði það vissulega peninga en ekki fleiri starfsmenn. Ef menn ætla hins vegar að komast í það framtíðarfyrirkomulag að menn taki út skort á eðlilegri hvíld í formi frídaga á eftir verður að bæta við mannskap og það kostar að sjálfsögðu peninga.

Herra forseti. Ég sé að þessu er mjög misjafnlega sinnt. Í mörgum tilvikum er alls ekki gert ráð fyrir útgjöldum sem liggur þó fyrir að verða. Að vísu er t.d. um það fjallað þannig hér svo ég taki stóru sjúkrahúsin, að í tilviki Ríkisspítala, Sjúkrahúss Reykjavíkur og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, er sagt að í framangreindum aukafjárveitingum til þessara stofnana sé ekki gert ráð fyrir kostnaðarauka af vinnutímatilskipun EES og verður sá kostnaður áætlaður þegar nánari upplýsingar liggja fyrir. Menn viðurkenna þó a.m.k. að þessi kostnaður kemur til með að falla á ríkið en það eru þá kannski ekki forsendur til að áætla nákvæmlega enn þá og gott og vel. Ég tek það fyrir gilt. Þetta segir um Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur. En þar eru þó settar inn tölur í tilviki Sjúkrahúss Reykjavíkur 45 millj. kr., hækkun á fjárheimild til að hrinda í framkvæmd framgangsskerfi fyrir hjúkrunarfræðinga. Gott og vel. Við skulum ætla og vona að það dugi, að þessir hjúkrunarfræðingar fáist og þetta gangi upp.

Hjá Ríkisspítölum eru 55 millj. kr. settar í sama verkefni. Auk þess er farið fram á 55 millj. kr. í fjárheimild til að hrinda í framkvæmd framgangskerfi fyrir hjúkrunarfræðinga, stendur þar undir liðnum 371 Ríkisspítalar. Ég leitaði að þessu sama hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri en fann það ekki. Þá versnar enn í því, herra forseti. Hvernig stendur á því að algerlega sambærilega settum stofnunum hvað varðar kjarasamninga og útgjöld af þessum sökum er mismunað? Þegar farið er betur yfir þetta kemur í ljós að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri fær 63 millj. í aukafjárveitingu til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1991, gott og vel. Svo fær það 35 millj. í stofnkostnað sérstaklega vegna 2000-vandans, tölvumála og slíkra hluta, en ekkert, að séð verður á þessu, til að mæta framgangskerfi hjúkrunarfræðinga sem þó er áætlað fyrir nokkrir tugir milljóna hjá hinum stóru sérhæfðu sérgreinasjúkrahúsunum. Ég sé að þetta er nákvæmlega sundurliðað sem t.d. fer til hvers þáttar hjá Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur, þar á meðal 411 millj. kr. til Ríkisspítala til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1999, sambærilegt orðalag og er á aukafjárveitingum til FSA, 287 millj. til Sjúkrahúss Reykjavíkur til að mæta áætluðum uppsöfnuðum rekstrarhalla til ársloka 1999. Hvers vegna er þá ekki með sama hætti farið yfir stöðu annarra sérgreindra stofnana sem hafa hjúkrunarfræðinga á sínum snærum sem hafa samið um framgangskerfi? Hvernig stendur á því, hæstv. fjmrh., að stofnununum er mismunað? Það tel ég vera með öllu óþolandi. Hér eiga þá í hlut t.d. stofnanirnar á landsbyggðinni sem standa í harðri baráttu um að halda starfsmönnum sínum á þessum sviðum vegna þess að boðið er í þá héðan að sunnan. Ég held að hæstv. fjmrh. verði að gera svo vel að gera okkur grein fyrir því hvernig þetta mál er vaxið og ekki er hægt að sætta sig við það að stofnunum sé að því er best verður séð mismunað beinlínis hvað þetta varðar.

Herra forseti. Ég vona að engum detti í hug að misskilja orð mín svo að ég telji það eftir að þessir hlutir séu lagfærðir, t.d. hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík, að sjálfsögðu ekki. Staða þeirra er erfið og miklu meira en það þó að þetta komi til. En ég fer fram á að það sé alveg ljóst að ekki sé að þessu leyti verið að mismuna stofnunum sem eru sambærilega settar.

Herra forseti. Við skulum líta aðeins á menntageirann og bera niður í háskólastofnunum. Það er þannig að Háskóli Íslands á að fá 341,3 millj. samkvæmt frv. sem skiptast þannig, og svo er það talið upp. Í fyrsta lagi er lagt til að veittar verði 231,3 millj. kr. í aukafjárveitingu vegna kostnaðar sem leiðir af úrskurði kjaranefndar um laun prófessora. Í öðru lagi er lagt til að veittar verði 160 millj. kr. til að mæta uppsöfnuðum rekstrarvanda Háskóla Íslands á árunum 1997–1999. Í þriðja lagi 10 millj. kr. framlag til þess að mæta tímabundnum erfiðleikum í fjármögnun á rannsóknarferðum háskólakennara. Síðan eru 60 millj. færðar af fjárlagalið skólans yfir á nýja fjárlagaliðinn, þ.e. ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora.

Hvernig er svo Háskólinn á Akureyri meðhöndlaður í sambærilegum tilvikum? Lagt er til að fjárheimild skólans verði aukin um 29,5 millj. kr. og skýrist þannig að 30 millj. kr. eru til að koma til móts við uppsafnaðan rekstrarhalla áranna 1998–1999. Á móti kemur að lagt er til að 0,5

millj. kr. verði færðar af fjárlagalið Háskólans á Akueyri yfir á nýjan fjárlagalið, ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora. Rekstrarhallinn er bættur í báðum tilvikum en þar til viðbótar fær Háskóli Íslands umtalsverðar fjárhæðir vegna úrskurðar kjaranefndar um laun prófessora og vegna framgangskerfis og rannsóknarferða háskólakennara en Háskólinn á Akureyri ekki neitt. Nú vill svo til að ég veit að það sem stendur Háskólanum á Akureyri alveg sérstaklega fyrir þrifum núna er að nú er að koma að því að margir af fyrstu fastráðnu starfsmönnum Háskólans á Akureyri eiga orðið inni rannsóknarleyfi vegna þess að stofnunin er komin á þann aldur og með þann þroska. Hverju sætir þá, herra forseti, að hæstv. fjmrh. skuli leggja fram frv. sem ekki verður betur séð en mismuni beinlínis stofnunum hvað varðar meðferð þessara hluta? Hv. formaður fjárln. má vel heyra orð mín líka.

Eru það þá einmitt stofnanirnar á landsbyggðinni sem eru svo vel á sig komnar í þessum efnum að þær megi við því að á þær halli í þessum þáttum sem skipta alveg sköpum um að fá þetta fólk til starfa úti á landsbyggðinni? Það er ekkert leyndarmál, herra forseti, að stóru sérhæfðu stofnanirnar á Akureyri standa í hörðum slag um að halda hjá sér eða fá til sín vel menntað starfsfólk og það er nógu erfiður slagur eins og hann er þó að svona hlutir bætist ekki við. Ef það á að verða þannig að vegna launaþenslunnar á vinnumarkmaðinum á þessu svæði fái opinberar stofnanir betri og meiri fyrirgreiðslu hvað þetta varðar, einmitt varðandi fastráðin og samningsbundin launakjör starfsmanna hins opinbera, þá kastar það tólfunum. Það er til að bíta höfuðið af skömminni, herra forseti. Ef eitthvað ætti að vera þyrfti þetta að vera heldur á hinn veginn, þ.e. að stofnanirnar sem þarna eiga í erfiðleikum við að halda í horfinu og ná til sín mannskap fengju það að einhverju leyti viðurkennt að þær starfa við þær aðstæður að ef eitthvað er, þá þarf að gera betur til þess að fá þar jafnhæft fólk til starfa.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. fari yfir þessi mál eða svari til um þetta hvort þetta sé virkilega svo að frv. sé beinlínis lagt fram á þessum forsendum að þarna eigi að afgreiða stofnarnir með mismunandi hætti og ef svo er, þá verði það að sjálfsögðu leiðrétt og það hið snarasta. Nóg er nú samt.

Auðvitað mætti fara yfir fleira, herra forseti. Mér sýnast ýmis fleiri ráðuneyti gera sig sek um sambærilega hluti. Ég gæti tekið t.d. iðnrn. og endurgreiðslur eða styrki til uppbyggingar hitaveitna á köldum svæðum. Það vekur athygli mína að þar fær t.d. ein tiltekin hitaveita þá fyrirgreiðslu sem talað hefur verið um að þær fái, þ.e. ígildi þess sem áður kostaði að greiða niður húshitunarkostnað með raforku í formi framlags, einsskiptis framlags sem nemur fimm ára niðurgreiðslum á raforkunni og er það gott. Ég fagna því að Hitaveitan í Stykkishólmi fær slíka meðhöndlun. En af hverju fá þetta ekki aðrar sambærilega settar hitaveitur sem hafa sótt um nákvæmlega hið sama? Ég nefni sem dæmi Hitaveitu Dalvíkurbyggðar vegna sérstakrar hitaveitu á Árskógsströnd. Hvers vegna fær hún ekki sömu fyrirgreiðslu eða þess vegna Hitaveitan á Kópaskeri? Hvernig stendur á því að hlutirnir eru, að því er best verður séð, meðhöndlaðar með mismunandi hætti?

Herra forseti. Eitt er að deila um almennar forsendur, góðæri, verðbólgu og annað slíkt og hvernig hlutirnir standast í almennu samhengi en annað er hitt ef menn standa frammi fyrir því að það á beinlínis að mismuna aðilum innan hins opinbera kerfis. Það gengur ekki. Slíkt gera menn ekki, herra forseti.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því eins og venja stendur til að fjárln. muni fara í saumana á einstökum stofnunum sem fjallað er um í þessu frv. og verður að sjálfsögðu engin breyting á því nú frá því sem áður hefur tíðkast. Ég hygg þó að stóru orðin hjá hv. síðasta ræðumanni hefðu kannski betur legið ósögð. Ég veit ekki betur að því er varðar Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en að séð hafi verið til þess að fjárhagsvanda þess sé mætt og hið svokallaða framgangskerfi sé innifalið, annaðhvort í núverandi fjárveitingu eða þá í þessari aukafjárveitingu sem hérna er verið að tala um. Ég veit ekki betur. Það kemur þá í ljós í störfum fjárln.

Að því er varðar háskólann þá liggur það auðvitað fyrir að búið er að gera sérstakan samning við hann um fjárveitingar til hans á næstu árum og í þessu fjáraukalagafrv. er verulegum fjármunum bætt í til að efna ákvæði þess samnings, en hann er sem kunnugt er byggður á sérstöku reiknilíkani sem menn hafa verið að þróa. Slíkt reiknilíkan er líka í undirbúningi að því er varðar Háskólann á Akureyri. Það er ekki eins langt á veg komið að því er ég best veit, en það endar líka vonandi með því að þar verður hægt að ná sambærilegri lendingu, vonandi mjúkri, í málefnum þeirrar stofnunar. Ég hygg því að allir sem að þessu máli koma reyni að leggja hönd á plóg þannig að málin leysist. Það má vel vera að hægt sé að finna einhverjar stofnanir á Reykjavíkursvæðinu sem telji sig bera skarðan hlut frá borði miðað við aðrar stofnanir á þessu svæði. Aukafjárveitingar fara ekki endilega eftir því hvar stofnanir eru staðsettar heldur öðrum hlutum. Ég hafna þeirri gagnrýni þingmannsins að hér hafi sérstaklega verið gengið fram til þess að níðast á ríkisstofnunum á Akureyri. Það er rangt.

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. fjmrh. hefði þá átt að útbúa frv. betur og hafa skýringar þannig að unnt væri að lesa annað út úr hlutunum en hægt er miðað við núverandi framsetningu málsins samkvæmt orðanna hljóðan. Það er alveg augljóst að ef maður les þetta bókstaflega þá er það þannig. En ég hef auðvitað meira fyrir mér í málinu en það. Ég hef að sjálfsögðu kannað það hjá forsvarsmönnum viðkomandi stofnana hvernig þeir meta þessa hluti og þeir líta ekki svo á að þeir séu að fá sambærilega meðhöndlun og þessar stofnanir. Ég vona þá að farið verði rækilega ofan í saumana á því hvernig þessir hlutir liggja og treysti því að hv. fjárln. geri það. Mér finnst þetta ekki skynsamleg framsetning eða ekki góð. Það er lágmark að þetta verði sundurliðað með sama hætti gagnvart sambærilegum stofnunum þannig að hægt verði að lesa það út úr forsendum frv. hvort þær eru jafnsettar að þessu leyti eða ekki.

Í raun viðurkenndi hæstv. fjmrh. hvað varðaði Háskóla Íslands að hann væri að fá þarna fyrirgreiðslu vegna samningsins sem þar hefur verið gerður og það er vel og ég fagna því eins og ég fagna því að aðrar stofnanir, þegar búið verður að samningsbinda útgjöld af þessu tagi hvort sem það eru rannsóknarleyfi eða framgangskerfi, fái sitt viðurkennt. En fyrir Háskólann á Akureyri hefur ekki náðst slíkur samningur og ég held að hæstv. fjmrh. ætti að kynna sér áður en hann gleypir við því eins og flugu að þetta reiknilíkan verði lausn allra meina hvað varðar það að ákvarða fjárveitingar til háskólastofnana t.d. sem starfa við þær aðstæður sem

háskólastofnanir á landsbyggðinni gera. Þar er langur vegur frá tel ég, herra forseti, að menn hafi höndlað sannleikann. Þvert á móti er ástæða til að hafa af því miklar áhyggjur að slík stöðlunarhugsun að taka eigi nemendafjöldann og deila honum upp í fjárveitingarnar og finna út einhverja reikniformúlu, færi mönnum heim sannleikann í þessum efnum þar sem stofnanirnar starfa við gerólíkar aðstæður. Það þarf að taka mikið tillit til þeirra ólíku aðstæðna ef þær eiga að fá sanngjarna meðhöndlun, herra forseti.

[15:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður er greinilegt að hv. þm. hafði ekki fylgst með ræðu minni áðan. Þá gerði ég grein fyrir því að fjárln. hygðist fara yfir það sameiginlega og samstaða er um það í nefndinni að fara yfir fjárveitingar sjúkrahúsa í fjáraukalögum 1998 og 1999 og fjárlögum 2000 ásamt pottunum vegna þess að við vildum hafa fyrirvara á skiptingu ráðuneytisins til hinna ýmsu stofnana.

Það er alveg rétt sem kom fram í ræðu hans, eins og ég var búinn að gera grein fyrir, að það er ákveðin misvísun sem við viljum skoða.

Það er líka rétt að gert er ráð fyrir því að framgangskerfið verður sérstaklega bætt bara í tveimur sjúkrahúsum. Ég vil meina að þær bætur ættu bara við um það að styrkja almenna rekstrargrunninn. Hins vegar átti framgangskerfið, eins og kom líka fram í ræðu minni, ekki að vera launahækkun að neinu verulegu leyti heldur var um starfsmannamál að ræða sem fór úr böndunum eins og mjög margt annað hjá ríkisstofnunum varðandi þetta nýja fyrirkomulag á launum. Það er ákveðið að bæta það. Það er vilji ríkisstjórnarinnar og ég geri engar athugasemdir við það. En auðvitað verður það þá bætt alls staðar. Þetta liggur alveg fyrir og um þetta hélt ég að öllum væri kunnugt, alla vega í fjárln., að við ætlum að hafa algjöra samstöðu um að vinna þetta svona.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hið besta mál og ég fagna því að sjálfsögðu að fjárln. ætlar að fara ofan í saumana á þessu *máli. En það breytir engu um þá gagnrýni sem ég set fram* á framsetningu frv. sem er á ábyrgð hæstv. fjmrh. Það var það sem ég var að gagnrýna, ekki að tortryggja það neitt að fjárln. mundi ekki reyna að fara ofan í saumana á þessu af besta vilja. En það er bara mjög slæmt að boðið sé upp á umræðu af þessum toga og það fyrsta sem forsvarsmenn þessara stofnana gera þegar fjárlagafrv. kemur fram er auðvitað að taka það og lesa, skoða sína meðhöndlun þar og bera hana saman við aðra. Það er eðlilegt og mannlegt. Og þegar menn sjá að þarna er um mismunandi meðhöndlun að ræða, þá er eðlilegt að menn verði órólegir yfir því. Það er þetta sem ég gagnrýni.

Varðandi framgangskerfin, þá er auðvitað ekki tími til að ræða þau ósköp öll sömul. Og menn láta sér detta það í hug að vandinn verði leystur með þessum reikningsformúlum menntmrh. sem ætlar að staðla háskólanema og finna út ígildi, svona eins og þorskígildi þannig að til verði háskólanemaígildi og svo á það að vera eitt og hið sama hvort heldur um er að ræða lítinn sérhæfðan landbúnaðarháskóla eða háskólann í Reykjavík með 8.000 nemendum. Þetta er svo mikil steypa, herra forseti, að það tekur engu tali. Og hvað gat annað gerst en að framgangskerfin og A-, B- og C-flokkunin á spítölunum mundi brotna niður? Hvernig halda menn að sé staða forstöðumanns á deild þar sem eru átta sérfræðingar? Þeir eru allir með sömu menntun, allir sérfræðingar og allir með undirsérgrein. Svo fær hann kvóta, t.d. fimm A-stöður og þrjár B-stöður, eða eitthvað slíkt. Hvað á hann að gera? Á hann að kasta upp krónu til að ákveða hver fær hærra kaup og hver lægra?

Þetta er gjörsamlega óþolandi staða sem forsvarsmenn slíks rekstrar eru settir í og mun aldrei geta gengið, aldrei leysa vandann þannig að ég held að menn gerðu réttast í því að hverfa frá þessari vitleysu og reyna aftur að koma á föstum almennum kjarasamningum sem væru uppi á yfirborðinu og gagnsæir þar sem allir sætu við sama borð og þar sem ekki væru innbyggðar svona formúlur fyrir ranglæti og kynbundnum launamun og öðrum slíkum hlutum sem af þessu leiða.

[15:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ruglar alveg saman því ákvæði kjarasamninga sem snýr að framgangskerfi og svo módelinu sem við notum varðandi skólana. Módelin um grunnskólana hafa gengið mjög vel. Þetta eru mjög merkileg módel og aðferð ríkisvaldsins til þess að reyna á hlutlægan hátt að vita hvernig útgjöldum er varið.

Ég skora á hv. þm. að kynna sér módelin vegna þess að þau eru mjög merkileg og ganga mjög vel. Þau eru um framboð, vísitölu námsefnis og hvernig við beitum henni á þessa skóla, þ.e. vísitalan 1 fyrir menntaskóla í bóknámi og hæst er farið í verknámi upp í 2,6, að mig minnir.

Það er einmitt þetta sem vantar á spítalana en ekki öfugt. Það vantar módelsmíð fyrir spítalana þannig að hægt sé að höndla það, hægt sé að hafa það í hlutlægu formi hvaða greiðslur eiga sér stað þarna, vegna þess að við erum alltaf í þessu eilífa togi um spítalana. Þetta er alltaf eitthverju limbói. Menn eru að togast á um tugi og hundruð millj. Okkur vantar einmitt að koma þessu inn í hlutlægt form. Það er vandamálið. Það á hins vegar ekkert skylt við það hvernig við göngum fram í kjarasamningum. Þar voru gerð ákveðin mistök að mínum dómi eins og ég fór rækilega yfir í ræðu minni vegna þess að til staðar var ekki nægjanlegt þrek eða nægileg þekking eða vilji til þess að virða ramma fjárlaganna. Þess vegna var farið út á mjög óvarlegar brautir í kjarasamningunum 1997 með því að dreifa svo valdinu og senda það til forstöðumanna vegna þess að þeir voru ekki undir það búnir að neinu leyti. Það verður að þroska það miklu meira áður en við getum notað þá aðferð og hætta við þetta. Við *hurfum frá miðstýringunni í launamálum án þess* að undirbúa það nógu vel. Þetta verðum við að viðurkenna og þetta verðum við að hafa í huga þegar við hverfum til nýrra kjarasamninga.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð því miður að hryggja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson með því að ég er alveg viss um að formhyggjan, þessi trú á módelin og allar þær brellur til að kalla hlutina öðrum nöfnum en þeir mega heita, þ.e. bara kaup, munu hrynja. Það getur verið ágætt að búa sér til einhver viðmið til að meta skólastarf, framboð námsefnis og annað slíkt, en að ætla fara að gera það að trúarbrögðum og láta módelið og reiknikúnstirnar bera almenna skynsemi ofurliði er ekki gott. Almenn skynsemi sem segir manni að litlar og sérhæfðar stofnanir í dreifbýli verði dýrari í rekstri en stórar og fjölmennar. (Gripið fram í.) Þá fer formúlan að reyna að elta veruleikann og menn þurfa að breyta formúlunni

og smátt og smátt aðlaga þeir hana að þeim aðstæðum ef einhver skynsemi er á ferðum. Að lokum standa menn uppi með nokkurn veginn sömu útkomu eftir allan barninginn.

Það er svo augljóst í mínum huga að þessar æfingar t.d. í launamálum á heilbrigðisstofnunum munu hrynja. Þær hafa gert það annars staðar. Í nágrannalöndunum eru menn víðast hvar hættir að reyna þetta. Þar hefur verið farið í gegnum þessar æfingar fyrir 10–20 árum, í Svíþjóð og Danmörku og víðar. Þar fóru menn út í alls konar slíkar æfingar, reikniformúlur, kvótakerfi á launaflokka, framgangskerfi og allt þetta dót. Nú eru menn hættir þessu. Af hverju? Af því að þetta reyndist allt saman tóm steypa. Það langgáfulegasta í þessu eru bara ósköp einfaldlega hreinar og klárar línur. Kaup og reglur um vinnutíma, gagnsætt og uppi á yfirborðinu og búið. Ekkert jukk af þessu tagi því að það skapar alls konar vandræði, það skapar óeiningu á vinnustöðunum, leiðinlegan móral o.s.frv.

Hvernig haldið þið að það sé fyrir fólk sem hefur unnið á spítölunum á sérstökum deildum árum saman, hlið við hlið í sömu störfum, fólk með sömu menntun sem haft hefur sömu laun og yfirmaður þeirra kemur og segir: Ég verð að ákveða að sum ykkar fari í A-flokk, sum í B og sum í C. Hvernig í ósköpunum ætla menn að réttlæta slíkt? Þetta er bara tóm endaleysa, herra forseti.

[15:18]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 144. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 165.

[15:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til fjáraukalaga sem er að mörgu leyti mjög ánægjulegt og niðurstaðan er mjög jákvæð og eiginlega sjaldgæf. Það er mjög sjaldgæft á Íslandi að fjárlög séu afgreidd með afgangi og það er enn þá sjaldgæfara að fjáraukalögin auki þann afgang. Afgangurinn af fjárlögunum var 2,4 milljarðar og hann þrefaldast við fjáraukalög, fer sem sagt upp í 7,5 milljarða, hækkar um 4,5 milljarða. Það var gefið til kynna að með söluhagnaði af FBA kynni hann að hækka enn um 3 milljarða. Þá er hann kominn yfir 10 milljarða og það er afskaplega ánægjulegt.

Hluti af skýringunni er að fjármagnstekjur hafa hækkað úr 1,3 milljörðum í 2,7 milljarða. Áætlunin var ekki nær en það og í skýringum stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér munar mestu að breytingar á lögum um skattlagningu fjármagnstekna virðast hafa haft meiri áhrif á ráðstöfun eignatekna en reiknað hafði verið með.“

Hvað er ráðuneytið að segja þarna? Það er voðalega hissa á því að skattþegninn hegði sér í samræmi við skattalögin. Maður sem á bifreiðaverkstæði ætlar sér vegna aldurs að selja það og hagnaðurinn er kannski 10 millj. en þegar hann stóð frammi fyrir því áður fyrr að borga 47% skatt, nærri helming, þá bara seldi hann ekki neitt. Hann hélt áfram að hokra á sínu verkstæði og þetta koðnaði niður og varð að engu öllum til vandræða og tjóns, allri þjóðinni. En núna þegar hann borgar 10% skatt, þá selur hann það. Svo eru menn hissa á því að söluhagnaðurinn stóraukist þannig að tekjur ríkissjóðs, þ.e. framlag í velferðarkerfið, sem sumum er annt um og mér alveg sérstaklega, hafa stóraukist og hækka núna úr áætluðum 1,3 upp í 2,7 milljarða.

Aftur á móti mætir hæstv. fjmrh. nýjum vanda. Þessi nýi vandi er hvernig ráðstafa eigi þessum afgangi. Þetta er nýr og sérstaklega ánægjulegur vandi en hann felst í því að ef ríkissjóður fer að borga niður erlendar skuldir, þá þarf hann að kaupa gjaldeyri sem veldur því að verð á erlendum gjaldeyri lækkar og innflutningur lækkar í verði. Það eykur verðbólgu. Það er slæmt. Hins vegar ef hann borgar niður innlendar skuldir þá lækkar hann vexti á innlendum markaði. Það eykur aftur eftirspurn eftir lánsfé og veldur verðbólgu.

Þriðji möguleikinn er sá að setja þetta inn í Seðlabankann og frysta það þar og ég legg til að hann geri það þegar að slíkur vandi stendur fyrir dyrum.

Herra forseti. Fjárlög byggja á líkum. Við byggjum á því að ákveðnar líkur séu á því að eitthvað gerist. Sumir hv. þingmenn virðast ekki átta sig á þessu. Raunveruleikinn er aldrei eins og menn höfðu ætlað. Það væri mjög óvenjulegt ef allar þær forsendur sem gefnar eru stæðust. Fjáraukalög munu aldrei verða nákvæmlega eins og fjárlögin og raunveruleikinn sem svo endurspeglast að lokum í ríkisreikningi verður enn eitt því að þá blasir staðreyndin við sem menn höfðu reynt að spá fyrir.

Breytingin sem verður í fjáraukalögum byggist í fyrsta lagi á því að þær líkur sem menn höfðu reiknað með standast ekki, raunveruleikinn reyndist annar, og einnig vegna þess að ríkisstjórnin gerði ráðstafanir eins og hæstv. fjmrh. kom inn á og vegna þess að Alþingi setur lög sem breyta forsendum fjárlaga. Það eru sem sagt þrír þættir sem valda því að fjáraukalög eru ekki nákvæmlega eins og fjárlögin gera ráð fyrir.

Það er mjög mikilvægt að menn fjalli um fjáraukalögin. Í þeim felst sú ögun sem fjárlögin eiga að veita. Þau sýna okkur hvernig tókst að framfylgja fjárlögunum. Þá reynir á að fjmrh. og ríkisstjórnin beiti aga og á sumum sviðum er ég ekki alveg ánægður með það í þessu frv.

Fyrst vil ég nefna að nokkrir liðir lækka mjög mikið og það er ánægjulegt. Til dæmis lækka atvinnuleysisbætur um 350 millj. Það þykir mér bara mjög gott þó að aðrir kunni að halda eitthvað annað og hrópi um það að nú sé verið að níðast á atvinnuleysingjunum. Þeim hefur hreinlega fækkað og það þykir mér hið besta mál.

Síðan gerist það að vaxtabæturnar hafa lækkað. Þær eru tekjutengdar og tekjur manna hafa hækkað mjög mikið umfram verðlag. Það þykir mér líka hið besta mál þó að sumir séu að kvarta undan því að þær bætur séu að lækka í heild sinni. Barnabæturnar hafa lækkað um 90 millj. og sumir hafa kvartað mjög mikið undan því en það vill svo til að barnabæturnar eru líka tekjuháðar. Það þýðir að þeim hefur fækkað sem við teljum að séu styrktarþurfi vegna þess að tekjurnar hafa hækkað. Þetta ber allt að sama brunni. Atvinnuleysi hefur minnkað og tekjurnar hafa hækkað umfram verðlag. Ég skil ekki að menn séu óánægðir með það. Vilja þeir lækka tekjurnar? Vilja þeir auka atvinnuleysið? Nei, ég trúi því ekki.

Það er mikilvægt að við förum vel í gegnum fjárlög og fjáraukalög vegna þess að við erum að höndla með skattpeninga almennings. Það borga allir skatt á landinu, hver og einn einasti. Litla barnið sem fer út í búð og kaupir nammi fyrir hundrað kall, bland í poka, þarf að borga virðisaukaskatt. Allir borga skatta og því er mjög mikilvægt að við hv. þingmenn pössum vel upp á útgjöldin, pössum vel upp á það hvernig farið er með tuttugu kallinn sem litla barnið borgar þegar það kaupir sér bland í poka fyrir hundrað kall. Það er mjög mikilvægt.

Herra forseti. Í okkar kerfi er ákveðinn galli, ákveðin stór meinsemd. Hún hefur verið í áratugi og felst í að þær stofnanir hins opinbera sem fara fram úr fjárlögum, sem brjóta

lög, herra forseti, fá næst aukna fjárveitingu til að bæta stöðuna sem þær ollu sjálfar og fá svo til frambúðar hærri fjárveitingar. Hins vegar er þeim stofnunum sem standa við lög og beita góðri stjórn og aðhaldi refsað með því að þær fá ekki hærri fjárveitingu næst. Það er bara klappað á kollinn á þeim og sagt: Góðir strákar, góðar stelpur, þið stóðuð ykkur vel. Þið fáið bara það sama. Þær horfa upp á hinar við hliðina á sér sem hafa fengið stórauknar fjárveitingar. Hvers lags siðferði er verið að búa til? Hvað eru menn að gera? Menn eru að búa til lélega stjórnun og það hefur tekist bara ljómandi vel. (**Gripið fram í:** Hver hefur verið fjmrh. í átta ár?) (**SJS:** Hvernig stendur á þessu?) Þetta er búið að vera miklu lengur, herra forseti, í tilefni þessa frammíkalls.

Það getur verið að stjórnunarfeill sé í öllu kerfinu, þ.e. hvernig stjórnir þessara fyrirtækja eru byggðar upp. Það getur verið galli en gallinn getur líka verið sá að menn hafi ekki verið dregnir til ábyrgðar. (Gripið fram í.) Hvenær hefur stjórn sagt af sér eða verið látin segja af sér vegna þess að hún fór fram úr fjárlögum? Hvenær hefur framkvæmdastjóri verið látinn hætta, verið hreinlega sagt upp af því að hann stóð ekki við fjárlög? Ég man ekki til þess en það er kannski orðin verulega brýn þörf á því að menn dragi stjórn og stjórnendur til ábyrgðar fyrir að fara ekki að lögum sem Alþingi hefur sett og búa til sín eigin fjárlög úti í bæ. (Gripið fram í.)

Það er mjög erfitt að reka ríkissjóð í góðæri. Það koma kröfur alls staðar frá um aukin útgjöld og þau vaxa eftir því sem staðan er betri. Þess vegna er það mjög erfitt. Ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem hélt frábæra ræðu og hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og sömuleiðis hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Þeir sögðu að mjög hættulegt gæti verið að auka útgjöldin þegar vel gengur vegna þess að útgjöldin halda áfram, það er svo erfitt að skera þau niður þegar illa gengur. Ég tek undir þetta. Ég tek undir varnaðarorð allra þessara hv. þingmanna.

Það er ákveðið agaleysi í kerfinu í dag og þar er eitt ráðuneyti sem sker sig úr. Það er heilbrrn. sem er með 3.000 millj. umfram fjárlög og eins og komið hefur fram í ræðum hér, þá virðist því ekki vera lokið.

Sé litið á bls. 112, herra forseti, eru þar margir liðir sem hægt er að fara í gegnum og eyða miklu púðri í. Til dæmis hækkar sérfræðikostnaður lækna um 190 millj. sem er 43%. Þetta er alveg með ólíkindum að menn skuli ekki hafa séð þetta fyrir í fjárlögum. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sótt er um 450 millj. kr. aukafjárveitingu vegna aukins lyfjakostnaðar." Sáu menn þetta ekki fyrir? Þetta virðist að einhverju leyti vera stjórnlaust. Hvernig er hægt að koma böndum á þetta? Heilbrrn. áformaði 300 millj. kr. sparnað í lyfjaútgjöldum í fjárlögum þessa árs sem ekki náðist. Hvað gerðist? Ekki neitt. Það gerðist ekki neitt. Það er engin ábyrgð neins staðar. Þessi sparnaður náðist bara ekki, hann jókst meira að segja og ekkert gerist.

Fyrir Ríkisspítalana er sótt um hvorki meira né minna en 560 millj. í auknar fjárveitingar. Hver er í stjórn þar? Hvar er stjórnarnefndin? Er hún ekki skipuð þingmönnum? Hvernig getum við gagnrýnt hv. þm.? Með svona framkomu er eins og fólk sé að segja við hv. þingheim: „Þið eigið að einkavæða allt heila battaríið." (**GÁS:** Hvaða þingmenn eru í stjórn Ríkisspítalanna?) Ég veit það ekki. (**Gripið fram í:** Eru það sjálfstæðismenn?)

Varðandi Sjúkrahús Reykjavíkur er gert ráð fyrir að fjárheimildir aukist um 500 millj. kr. Fjárveitingin er sögð í samræmi við mat sjúkrahússins á fjárhagsstöðu, herra forseti, og á að nægja til að greiðslustaðan verði í jafnvægi. Ég man ekki betur en ég hafi heyrt þetta áður. Einhvern tíma hef ég heyrt þetta áður. Ég hef oft heyrt þetta en ekkert gerist, enginn tekur ábyrgðina, engin stjórn segir af sér og enginn framkvæmdastjóri. Ég held að þessi vandi sé stjórnunarvandi og hann kemur verulega niður á þessum fyrirtækjum.

Eitt get ég t.d. aldrei skilið. Þeir loka deildum á sumrin, þessir menn. Dytti öðrum fyrirtækjum, ég nefni Flugleiðir eða Eimskip, í hug að loka deildum? Aldrei nokkurn tíma. Svona hugmyndaflug hafa menn bara í opinberum rekstri. Þessar hugmyndir eru hvergi annars staðar til, t.d. starfsdagar í skólum og á barnaheimilum, að loka fyrirtækjum í einn dag öðru hverju til að skipuleggja starfið. Þetta er að sjálfsögðu lítilsvirðing við viðskiptavini þessara fyrirtækja, við sjúklinga og fjölskyldur þeirra, við börnin í skólunum og foreldra þeirra. Þetta er lítilsvirðing sem eingöngu opinberar stofnanir geta sýnt viðskiptamönnum sínum. Þetta gerist ekki á hinum frjálsa markaði enda mundi enginn versla við svona fyrirtæki ef það væri á frjálsum markaði.

Afleiðing stjórnunarvandans er óánægt starfsfólk og starfsmannavandi alls staðar. Þetta er mjög alvarlegur vandi. Ég held að hv. þm. ættu að athuga hvort eitthvað sé að í stjórninni og þá hvar stjórnuninni sé ábótavant.

Þeir sem tala um það að minnka útgjöld að þessu leyti í velferðarkerfinu eru oft ásakaðir um að vera á móti velferðarkerfinu. Þeir eru sakaðir um að vilja skera niður velferðarkerfið ef þeir dæla ekki endalaust í það peningum. Það er nú þannig að tvöfalt meiri peningar í velferðarkerfið gefa ekki endilega tvöfalt meiri velferð, alls ekki. Ef stjórnin er léleg getur það jafnvel þýtt minni velferð en ella. Það sem ég vil fá er meiri velferð fyrir minni pening með því að bæta stjórnunina.

Herra forseti. Ég er með tvær spurningar af allt öðrum toga. Þær eru varðandi landbrn. Þar stendur að greiðslur vegna mjólkurframleiðslu aukist um 150 millj. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. hvað veldur. Ég er að reyna að kynna mér þetta. Grundvallarverð mjólkur hækkar um 4,26% sem þýðir að bændurnir fá 4,26%. En um leið hækka beingreiðslur til bænda sem eru um 47% af mjólkurverðinu. Þeir fá sem sagt bæði hækkun á beingreiðslum og hækkun á mjólkurverði. Ég vil spyrja út í þetta. Þetta eru 150 millj. eða helmingurinn af því sem landbrn. þarf umfram fjárlög.

Síðan er dálítið skrýtin setning þarna, herra forseti, á bls. 97 sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp:

„Í fjórða lagi er óskað eftir 1,2 millj. kr. framlagi til greiðslu skólagjalda fyrir börn fulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Heildarkostnaður vegna þessa er um 2,4 millj. á ári og skiptist kostnaðurinn milli landbrn. og samgrn." Ríkissjóður virðist sem sagt vera að borga skólagjöld fyrir börn starfsmanna sinna erlendis. Tíðkast það almennt að borga fyrir börn eða vandamenn starfsmanna? Ég spyr. Ég hef ekki orðið var við að borgað sé sérstaklega fyrir börn og vandamenn og vildi gjarnan fá skýringu á þessu.

[15:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrra atriðið sem hv. þm. spurði um þá er því til að svara að greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslunnar eru til komnar vegna samningsins um búvöruframleiðslu sem í gildi.

Að því er varðar skólagjöld í Brussel þá er því til að svara að það hefur tíðkast að greiða skólagjöld fyrir útsenda embættismenn ríkisins sem eiga börn á skólaaldri. Þetta hefur

átt við starfsmenn utanríkisþjónustunnar og einnig þá starfsmenn ráðuneyta sem hafa verið sendir á vegum ráðuneyta sinna til starfa á skrifstofum ríkisins í Brussel. Hins vegar er rétt hjá hv. þm. að þessar upphæðir fara vaxandi. Ég vil ekki segja vaxandi vandamál en hins vegar eru þær tiltölulega nýtilkomnar í þeim mæli sem nú er orðið. Menn hafa talið sér skylt að standa straum af þessum kostnaði til þess að viðkomandi aðilar gætu tryggt menntun barna sinna sem þau væru á Íslandi.

[15:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal kom víða við í ræðu sinni og fór hörðum orðum um stjórnun innan ríkisgeirans. Hann sagði að rétt væri að draga menn til ábyrgðar. En hverja ætti fyrst og fremst að draga til ábyrgðar? Væntanlega þá sem bera ábyrgð á æðstu stjórnun kerfisins. Hverjir hafa gert það undanfarin átta ár? Það eru hæstv. fjármálaráðherrar Sjálfstfl. Af hverju þorir Pétur Blöndal, herra forseti, ekki að segja hlutina eins og þeir eru? Af hverju talar hann ekki hreint út? Af hverju dregur hann ekki þá eðlilegu ályktun af því sem hann er sjálfur að segja að fjármálaráðherrar Sjálfstfl. hafi einfaldlega ekki staðið sig í stykkinu? Vill hv. þm. halda því fram að þeir séu sérstaklega undanþegnir ábyrgð af því sem hann lýsti?

Varðandi síðan, herra forseti, þá staðreynd sem hv. þm. nefndi, að í stjórn Ríkisspítalanna væru þingmenn. Hvers vegna koma menn ekki og skamma þingmenn, sagði hv. þm. Eftir því sem ég best veit þá ætti hann að tala í eintölu því að eini þingmaðurinn sem þarna er í stjórn er einmitt flokkssystir hans.

[15:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að ég hefði farið hörðum orðum um frv. Það er ekki rétt. Ég fór hörðum orðum um gallana á frv. en kostirnir eru miklu meiri. Ég tók það fram í byrjun að kostirnir væru miklu meiri en gallarnir. Þarna eru ákveðnir ókostir sem hafa verið viðvarandi í áratugi hér á landi. Það má segja að ræða mín hafi verið áskorun til hæstv. fjmrh. og annarra ráðherra, sem eru því miður ekki viðstaddir, um að taka á þessum vanda. En þetta er ekki bara vandi framkvæmdarvaldsins. Það er líka vandi löggjafarvaldsins hvernig staðið er að stjórnun þessara stofnana, hvernig stjórnir eru skipaðar. Það vill svo til að stundum er stjórnin skipuð öðrum en þeim sem ræður yfir og ber ábyrgð á stofnuninni, öðrum en t.d. ráðherra.

Reyndar var nýverið gerð mikil bragarbót á þessu. Ráðherra skipar nú yfirleitt stjórn og hún ræður síðan framkvæmdastjóra eða forstjóra. Það er sú stefna sem á að taka og þá eru menn ábyrgir. En svo var ekki lengi vel. Ég held að það eimi eftir af þeirri stjórnun en tel þó að þetta frv. sé gott. Varðandi það að þingmaður sitji í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna þá er stjórnin að því er mig minnir kosin af Alþingi en ekki skipuð af ráðherrunum sjálfum og það er galli í stjórnun.

[15:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki á hvaða ræðu hv. þm. var að hlusta. Ég sagði ekkert um að hann hefði farið hörðum orðum um þetta frv. Ég sagði hins vegar að hann hefði farið hörðum orðum um stjórnun innan ríkisins. Það endurtek ég hér og spyr hv. þm.: Af hverju kemur hann hingað og talar eins og hann gerir en þorir ekki að segja hlutina hreint út? Af hverju áfellist hann stjórnun fjármála innan ríkisins en þorir ekki að draga þá eðlilegu ályktun, sem allir aðrir sem hlýða á mál hans hljóta að gera, að þeir sem standa í fylkingarbrjósti fyrir stjórn fjármálanna hljóti að vera hinir ábyrgu?

Ég spyr hv. þm.: Er mér heimilt að draga þá ályktun af orðum hans að skoðun hans sé sú að tveir síðustu hæstv. fjámrálaráðherrar hafi ekki staðið í stykkinu?

[15:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir hæstv. fjmrh. hafa staðið sig í stykkinu að því leyti að þeir hafa komið á heilmiklum breytingum í stjórnun á stofnunum. (**ÖS:** Hver er ábyrgur fyrir þessu sukki sem þú ert að tala um?) Ég er að tala um að þetta er landlægur mjög gamall vandi sem verið er að leysa. Menn eru að takast á við hann og ræða mín var áskorun til hæstv. fjmrh. um að taka málin sérstaklega föstum tökum. Ég er ekki að ásaka einn eða neinn. Ég ásaka heldur ekki stjórnir stofnananna því að þær lifa að sjálfsögðu í þessu umhverfi. Þessu þarf að breyta og þetta er að breytast. Það er verið að gera samninga við stofnanir, sérstaklega í menntakerfinu, sem ég tel af hinu góða. Þar er ábyrgðin raunveruleg. Ég held að menn séu að vinna gott starf í þessu. Ræða mín var hvatning til hæstv. ráðherra og annarra hæstv. ráðherra til að vinna enn betur til að leysa þennan vanda.

[15:42]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun skattalöggjafarinnar, 157. mál, fsp. ÁGunn, þskj. 178.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 146. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 167.

Fæðingarorlof, 153. mál, fsp. PM, þskj. 174.

Happdrætti Háskóla Íslands, 147. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 168.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 152. mál, fsp. ÖJ, þskj. 173.

[15:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Fyrir réttri viku síðan stóð hæstv. fjmrh. í öðrum ræðustól vestur á Sögu á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar las hann um 400 sveitarstjórnarmönnum pistilinn og lét þá heyra að rekstur þeirra gæti ekki gengið til frambúðar. Viðvarandi hallarekstur hjá sveitarfélögunum væri þannig að ekki yrði við unað á sama tíma og hann og ríkisstjórnin hefðu komið böndum á ríkisútgjöld.

Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, hv. þm. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, tók þetta eðlilega óstinnt upp og ræddi málið af hreinskilni við hæstv. ráðherra. Hann vakti m.a. athygli á því að staða sveitarfélaganna er sú að í þeirra sjóði vantaði milli 2 og 3 milljarða kr. vegna skattalagabreytinga sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á Alþingi hefur staðið fyrir. Því er mjög auðvelt að draga þær ályktanir að í þessu frv. til fjáraukalaga sé þörf á, við meðhöndlun og umfjöllun fjárln., að bæta sveitarfélögum þennan tekjumissi á yfirstandandi ári.

Ég vil því nota tækifærið og kalla eftir því frá hv. þm. Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni hvort þessi skilningur minn sé ekki réttur, hvort hann vænti þess ekki að meiri hluti Alþingis bæti sveitarfélögunum þennan tekjumissi sem er vissulega mikill eins og fram kom í sameiginlegu áliti forsvarsmanna ríkis og sveitarfélaga fyrir skömmu. Ég held að það sé einn og hálfur mánuður síðan eða svo. Það væri fróðlegt að fá það fram. Auðvitað skiptir miklu máli hvort við erum að

tala um upphæðir í fjáraukalögum upp á 5,5 milljarða, 7,5 milljarða eða jafnvel 8 milljarða, sem væri niðurstaðan ef sveitarfélögunum yrði bættur skaðinn eins og ætla mætti af áliti nefndarinnar sem ég gat um áðan.

Að vísu kom það raunar fram þegar hæstv. fjmrh., að mér fannst með óréttmætum hætti, hélt því fram að þessi vandi og annar vandi sveitarfélaganna yrði leystur einhvern tíma seinna í tekjustofnanefnd sem sett hefur verið á laggirnar að frumkvæði hæstv. félmrh. Formaður þeirrar nefndar, hv. þm. Jón Kristjánsson, gerði hins vegar glögga grein fyrir því á þessum sama fundi að það væri ekki á verkefnasviði þeirrar nefndar að leysa þennan bráða vanda sveitarfélaga heldur þyrfti það að vera pólitísk ákvörðun þingmeirihlutans á hinu háa Alþingi, hæstv. fjmrh. og fólks hans. Því kalla ég eftir því við þessa umræðu hvort þess sé að vænta að hæstv. fjmrh., með þennan trygga þingmeirihluta að baki sér, kalli eftir ríkisstjórnarsamþykkt sem verði síðan komið inn í meiri hluta fjárln. og við fáum málið til 2. umr. með þessa 2 eða 3 milljarða til viðbótar til að bæta skaða sveitarfélaganna.

Það er líka einkar athyglivert og fróðlegt að heyra viðhorf hv. þm. Gunnars Birgissonar til þessa atriðis sérstaklega, manns númer tvö á lista þeirra í Reykjanesi og oddviti sjálfstæðismanna í Kópavogi. Hins vegar er líka athyglivert í þessu samhengi af því að svo kemur sami hæstv. fjmrh. í þennan ræðustól viku síðar, eftir að hafa lesið sveitarstjórnarmönnum pistilinn og þá einkum og sér í lagi, herra forseti, flokksbræðrum sínum og systkinum í nágrannasveitarfélögum því að í árbók sveitarfélaga fyrir árið 1999 kemur fram svart á hvítu að það eru flokkssystkini hans í nágrannasveitarfélögunum sem eru fyrst og síðast ábyrg, ef hægt er að nota það orð, fyrir þeim geigvænlega halla sem er á rekstri sveitarfélaga. Því miður sker heimabær minn sig algerlega út úr með hallarekstur upp á 1,2 milljarða kr. á árinu 1998 og með heildarskuldir sem hlutfall af skatttekjum hvers árs upp á 183%. Kópavogur kemur þar litlu á eftir. Í Hafnarfirði, vil ég árétta, er meiri hluti og hefur verið frá vordögum 1998, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Þeir sömu ráða hér ríkjum í fjármálum ríkissjóðs.

Í Kópavogi er hið sama uppi á teningnum þar sem með völdin fara sjálfstæðismenn og framsóknarmenn og hafa gert um nokkurt árabil. Þar er auðvitað skuldaaukning geigvænleg og hallarekstur einnig tilfinnanlegur upp á 250 millj. kr. á árinu 1998 en skuldir hins vegar 157%, heildarskuldir sem hlutfall af skatttekjum hvers árs. Hér er hæstv. fjmrh. fyrst og síðast að skamma eigin flokksmenn og það segir okkur allt um þá mýtu sem sjálfstæðismenn hafa reynt að halda á lofti, þau sparigluggatjöld, um að þeir séu snillingar í fjármálum. Ég segi enn og aftur, herra forseti, svo kemur þessi sami fjmrh. í þennan ræðustól og býður hv. þm. upp á það í mesta góðæri Íslandssögunnar að biðja hið háa Alþingi um að stimpla og viðurkenna umframeyðslu upp á 5,5 milljarða kr. Það er ákaflega létt í vasa gagnvart mér að vísa til tekjuþróunar og þess að eftir sem áður geti ríkissjóður sæmilega vel við unað því að hann skili jákvæðri afkomu í árslok þrátt fyrir þennan nýja útgjaldaauka því að ef maður skoðar aðeins tímabil þessarar endurnýjuðu ríkisstjórnar, þ.e. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, Framsóknar og íhaldsins, og skoðar tölurnar frá 1994, þá hafa tekjur, herra forseti, tvöfaldast. Niðurstöðutölur frv. 1994 voru 103 milljarðar, niðurstöðutölur frv. sem hæstv. ráðherra kynnti fyrir nokkrum vikum eru 113 milljarðar. Hann hefur tvöfalt fleiri krónur handa í milli núna en þegar íhald og Framsókn tóku við valdataumunum um miðjan þennan áratug. Það segir heilmikið, herra forseti.

Ef maður skoðar útgjaldaþróunina undir sömu formerkjum þá er ógnvekjandi þróun þar á ferðinni, það verður að segja þá hluti eins og þeir eru. Útgjöldin eru núna samkvæmt frv. fyrir árið 2000 upp á 190 milljarða, voru samkvæmt frv. 1994 113 milljarðar. Sem betur fer hafa þau vaxið eilítið minna en tekjurnar en útgjaldaþróunin er alveg skýr og ljós og það eitt er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að það er auðvitað auðveldara er bæta í en skera niður og margt af því sem menn eru að festa í sessi í ríkisrekstrinum er þannig að ekki verður þrautalaust og býsna erfitt pólitískt að vinda ofan af þegar harðnar á dalnum í efnahagskerfi okkar sem hlýtur óhjákvæmilega að gerast. Það held ég að við hljótum öll að viðurkenna og horfa á með nokkru raunsæi.

Talandi um þann ágæta hv. þm. Pétur H. Blöndal, þá var hinn rauði þráður í ræðu hans sá, að það er stjórnunarvandinn sem gerir það að verkum að útkoman er með þeim hætti sem blasir við okkur. Það er stjórnunarvandi. Hverjir stjórna þessu fyrirtæki, Íslandi hf.? Hann situr hér, hæstv. fjmrh. Geir Haarde. Það er líka merkilegt til þess að hugsa þó að þar fari toppurinn á pýramídanum að þá skuli þeir ekki láta svo lítið hæstv. fagráðherrarnir, sem eru auðvitað jafnsekir og jafnábyrgir fyrir þessum framúrakstri og hæstv. fjmrh., að gera svo mikið sem reka inn nefið hér, ekki svo mikið sem reyna að bera það við að útskýra með einhverjum þeim gildu rökum umfram það sem segir í hinum skrifaða texta af hverju þessi framúrakstur stafi. Það segir mér líka dálítið um hvernig tengslum þings og framkvæmdarvalds er komið í þessum efnum að fagráðherrarnir eru svo öruggir með sig og þennan mikla þingmeirihluta að þeim dettur ekki einu sinni í hug að reka inn nefið, eiga orðastað við þingmann eða annan um þær niðurstöðutölur sem blasa við okkur.

Hæstv. heilbrrh., sem ber ábyrgð á annarri hverri krónu sem fram úr er keyrt með, hefur ekki sést nema ef vera skyldi í mýflugumynd þegar umboðsmaður Alþingis var kjörinn, ber það ekki við að gera okkur hv. þm. grein fyrir því hverjar orsakirnar séu í þessum efnum. Það eru vissulega margar skýringar sem menn hljóta að horfa til og taka mark á. En maður gerir þó kröfu til þess að þeir sem standa ábyrgir fyrir framúrakstrinum reyni a.m.k. að koma og eiga við okkur orðastað um ástæður þessa. Enn þá er þó ekki svo illa fyrir okkur komið, hæstv. fjmrh. situr hér bekkinn og þessa umræðu og gerir sitt besta. En við skulum glöggva okkur á því að nýskipan fjármála er þannig í þessari rammagerð fjárlaga að fagráðherrarnir eru miklu minna ábyrgir nú en fyrr og leiðslan milli fjmrn. og einstakra ráðuneyta er lengri en var á árum áður. Tæki og tól fjmrn. eru því kannski minni og veigaléttari en þau voru ekki fyrir margt löngu. Bak við það getur hæstv. fjmrh. skýlt sér en það breytir þó ekki hinu að hér er um stjórnunarvanda að ræða, ekki stjórnunarvanda hjá einhverri stofnun úti í bæ, ekki stjórnunarvanda hjá einhverri óskilgreindri stjórn úti í bæ því að það er einfaldlega þannig að eftir höfðinu dansa limirnir og höfuðin á þessu fyrirtæki, á þessu kompaníi eru í þessum sal, á þessum vettvangi og þess vegna erum við að ræða þessi mál undir þeim formerkjum sem hér eru.

Herra forseti. Ég ætla að stikla á stóru og nefna örfá atriði sem innlegg inn í umræðuna. Ég ætla að hlaupa hratt yfir röksemdafærslu með ólíkindum á borð við þá sem heyrðist hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal þegar hann lagði að jöfnu lækkun útgjalda vegna atvinnuleysisbóta og lækkun útgjalda

vegna barnabóta. Hann lagði með öðrum orðum að jöfnu bætur til barna og bætur til fólks sem hefur ekki vinnu. Það mætti á sama hátt segja sem svo að það væri sennilega lausnin á útgjöldum vegna barnabóta að fækka einfaldlega börnunum eins og hinum atvinnulausu. Það dettur auðvitað engum í hug. Hér er um grundvallarmismun að ræða og auðvitað er það þannig hvernig sem menn velta því fram, upp og niður, út og suður að útgjöld til barna í þessu landi hafa lækkað hlutfallslega. Auðvitað er það þannig að það er verk okkar hér og mannanna verk og pólitísk ákvörðun hvar þessi frítekjumörk eru sett, hvar byrjar að skerða í barnabótakerfinu, hvar byrjar að skerða í vaxtabótakerfinu og væri það raunverulegur pólitískur vilji þingmeirihlutans að leggja gott til barnafjölskyldna í landinu þá mundi hann breyta því tekjuviðmiði. Það er hins vegar ekki gert og engar tillögur uppi um slíkt og það er veruleikinn sem blasir við okkur og hann birtist í því að það eru 14 þúsund fjölskyldur, ef ég man rétt, sem njóta nú ekki barnabóta sem gerðu það áður. Þetta er sá veruleiki sem við okkur blasir og almennt tal um hagsæld og góðæri svarar ekki þeirri áleitnu pólitísku spurningu um hvar í forgangi eru barnafjölskyldur í landinu.

Síðan koma menn og segja: Útboð, einkavæðing er allra meina bót. Að vísu rekst hvað á annars horn í því og í þessu ráðuneyti sem hefur bólgnað talsvert mikið, fjmrn., eins og raunar öll önnur ráðuneyti og hefur fjölgað þar mjög sérfræðingum af ýmsum toga, þar sem sendar eru skýrslur og greinargerðir í stórum stíl og þykkum bunkum um mikilvægi þjónustusamninga, um mikilvægi útboða og því um líkt, fengum við upplýsingar í svari við lítilli fyrirspurn frá hv. þm. Gísla S. Einarssyni um auglýsingar og auglýsingagerð hjá Lánasýslu ríkisins og þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa. Þar hafa án útboðs verið greiddar 273 millj. kr. til eins fyrirtækis á síðustu sjö árum. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé búið að stoppa þá sprautu, hvort ekki sé búið að skrúfa fyrir þann krana þó hér er kannski um lítið mál að ræða og þó ekki, 273 millj. kr. eru ekki litlir peningar í þessu samhengi, og ég spyr bara hreint og beint: Er ekki búið að skrúfa fyrir þennan krana? Er ekki búið að auglýsa útboð á þessari þjónustu?

Ég spyr líka: Er þörf fyrir öll þessi útgjöld til að auglýsa ágæti ríkisverðbréfa og Lánasýslu ríkisins, að það þurfi að kosta til milli 30 og 50 millj. á ári hverju til að koma ágæti þeirra á framfæri við almenning og þegar upp undir helmingur af kostnaði á hverju ári fer eingöngu í gerð auglýsinganna? Eða eins og var á síðasta ári, 1998, að auglýsingagerðin kostaði 14,5 millj. en auglýsingabirtingin eingöngu 17 millj., þá spyr maður sig um forgangsröðun og skynsemi í stjórn peninga. Þetta nota ég sem dæmi um það hvernig menn segja eitt og gera allt annað.

Ég ætla að taka annað dæmi um það sem birtist okkur líka þegar menn koma hér og hafa hátt um ágæti skipulagsbreytinga og frelsi markaðarins. Ég átti orðastað við hæstv. utanrrh. fyrir nokkrum missirum um þær breytingar sem áttu sér stað þá á rekstri Leifsstöðvar. Oftar en ekki hafa framsóknarmenn hælt sér af því í þessum ræðustól og í fjölmiðlum að þær breytingar hafi gerbreytt rekstrarumhverfi Leifsstöðvarinnar. Hvað sjáum við í dag í hinu gamla blaði þeirra framsóknarmanna, Degi Tímanum, um hver var niðurstaðan á þessari búsýslu allri saman? Þegar saman er lagt versnaði reksturinn. Menn veltu bara þessum fjármunum til og frá milli reikninga og niðurstaðan var sú að afkoman hefði versnað þrátt fyrir þessa snilld, þrátt fyrir þessa nýju uppgötvun um frelsi markaðar, einkavæðingu o.s.frv.

Herra forseti. Stundum er það nefnilega þannig að haldnar eru margar og merkilegar ræður um ágæti markaðar og frelsis en þegar til á að taka og menn skyggnast bak við tjöldin er ekki allt eins og virðist vera í fljótu bragði.

Ég vil í skeytastíl af því að tíma mínum er senn lokið, herra forseti, kasta fram nokkrum fyrirspurnum til hæstv. fjmrh. Vel getur verið að hann hafi ekki tök á að svara þeim en hann er einn til svara. Fagráðherrar eru ekki hér á vettvangi. Ég vil spyrja vegna þess að það hefur komið fram í fjölmiðlum og verið gefið til kynna að þrátt fyrir hækkanir til lögreglunnar í Reykjavík sé svo komið að til að mynda fíkniefnadeild lögreglunnar sé að lenda í miklum peningavandræðum og vandræðum vegna yfirvinnukostnaðar vegna þess að upplýst hafi verið stór fíkniefnamál. Veit hæstv. fjmrh. af því og er þess að vænta að það verði enn þá bætt í til þess að koma í veg fyrir að þar þurfi að loka dyrum?

Ég vil líka spyrja vegna talna sem er að finna í þessu frv. og vekja menn til umhugsunar. Annars vegar er reynt að stemma stigu við þenslu í byggingariðnaði og hins vegar var notuð heimild í fjárlögum yfirstandandi árs til kaupa á Sölvhólsgötu 11 upp á 174 millj. Hvað lá á í því samhengi að þyrfti að festa kaup á því húsi núna og hvað með notkun á því húsnæði?

Ég tek undir líka að mér finnst dálítið kjánalegt og ég spyr hvort í fjárlagafrv. upp á góða 190 milljarða eða þar um bil þurfi að ganga á eftir hverju einasta ráðuneyti með ósk í fjáraukalagafrumvarpi um einhverjar 1 eða 2 millj. kr. vegna skólagjalda barna starfsmanna sendiráðanna í Brussel? Er virkilega ekki borð fyrir báru í ráðuneytunum til þess að mæta slíkum útgjaldastærðum? Þarf að renna aftur í þessu frv. til fjáraukalaga tölur á borð við 1 eða 1,2 millj. kr. til þess að börn starfsmanna ráðuneytisins í Brussel geti gengið í skóla? Ég spyr. Mér finnst það vera þess eðlis að það gæti átt við í litlu sveitarfélagi úti á landi en ekki hjá hinum stóra ríkissjóði að ekki sé borð fyrir báru og svigrúm til þess að mæta slíkum óvæntum útgjöldum án þess að renna því í gegnum hið háa Alþingi.

Herra forseti. Hér mætti flytja langt mál og ég kem aðeins örfáum atriðum að en kjarni málsins er þessi, í mesta góðæri Íslandssögunnar er við stjórnunarvanda að etja, þar er við þann vanda að etja að enn þá eru menn að eyða langt umfram heimildir Alþingis.

[16:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil nefna úr ræðu hv. þm. Varðandi það sem hann sagði um Samband íslenskra sveitarfélaga og samskipti ríkis og sveitarfélaga þá vil ég hafa það skýrt að það mál er annað en það sem hér er verið að ræða, fjáraukalagafrv. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að fara frekari orðum um það. Það verður rætt á réttum vettvangi. Þar eru menn ósammála en það mál á ekki erindi inn í umræðu um fjáraukalögin.

Að því er varðar einstök atriði sem þingmaðurinn spurði um, þá er augljóst að auglýsingakostnaður Lánasýslunnar hefur mjög farið minnkandi og mun halda áfram að minnka. Ríkið tekur miklu minna að láni en áður var og ég vonast til þess að geta farið betur yfir það mál við betra tækifæri. Ég hef ekki á reiðum höndum nánari upplýsingar um það efni.

Mér er ekki kunnugt um að lögreglan í Reykjavík eigi í sérstökum vandræðum með að fjármagna fíkniefnarannsóknir sínar. Ég tel að ríkisstjórnin hafi fullan skilning og

vilja til að hjálpa til í því máli eins og dæmin sanna. Sölvhólsgata 11 var keypt á grundvelli heimildar til þess að kaupa húsnæði í nágrenni Stjórnarráðsins, keypt af Landssíma Íslands en Landssíminn notar það enn. Ekki liggur fyrir hvenær húsnæðið kemst í notkun fyrir ríkið og Stjórnarráðið en hugmyndin er að flytja í þetta húsnæði ráðuneyti sem núna eru annars staðar en á torfunni í kringum Arnarhól.

Hvað lá á? Húsið var til sölu. Ef við hefðum ekki keypt á þeim tíma, þá hefði einhver annar keypt það og við misst af því.

Að því er varðar skólagjöldin í Brussel þá er spurt: Er ekki borð fyrir báru í ráðuneytunum til að fjármagna þetta? Mér finnst það alveg eðlileg spurning. Vitanlega á að vera ákveðið borð fyrir báru til að fjármagna þessa hluti. Það hefur ekki verið í þessum tilfellum sem er tekið á í frv. og þess vegna verður að leita eftir aukafjárveitingu frá Alþingi til þess að fjármagna þennan kostnað.

[16:06]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandi sveitarfélaga, hallarekstur þeirra og meint inneign þeirra hjá ríkissjóði vegna skattalagabreytinga fellur ekki undir þessa umræðu, segir hæstv. ráðherra. Ég spyr: Hvenær er það á dagskrá ef ekki núna? Vandinn er til staðar, hefur skapast á þessu ári og hugsanlega einhverjum missirum áður. Er það við fjárlagagerðina sem hæstv. ráðherra mun beita sér fyrir því að finna þar póltíska lausn? Það er annaðhvort hér við fjáraukalagaafgreiðsluna eða við afgreiðslu fjárlaga komandi árs sem við hljótum að taka á því máli, ef yfirleitt á að taka nokkuð á því. Hér er um bráðavanda að ræða sem sveitarfélögin eiga við á degi hverjum. Hér eru hv. þm. á borð við Gunnar Birgisson og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson sem kljást við þennan vanda og ég hygg að hið sama gildi um þá eins og mig að það er ákaflega létt í vasa og dugir mér ákaflega skammt þegar hæstv. ráðherra segir: Það verður á öðrum vettvangi sem menn leysa úr því vandamáli. Á hvaða vettvangi er það þá? Um önnur atriði ætla ég ekki að orðlengja en þakka hæstv. ráðherra fyrir tiltölulega greið svör.

[16:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé einhver misskilningur í máli þingmannsins að því er varðar umræðuna um fjármál sveitarfélaga. Það hefur enginn getað látið sér detta í hug að það mál geti snúist um að sveitarfélögin fái beinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Fjáraukalagafrv. er einmitt þess eðlis. Það snýst um fjárveitingu úr ríkissjóði eins og fjárlögin sjálf. Þar er verið að tala um hugsanlega breytta skipan tekjustofna, annaðhvort að sveitarfélögin fái nýja eða víðtækari tekjustofna eða þá að ríkið láti sveitarfélögin hafa eitthvað af sínum tekjustofnum. Um það snýst það mál en ekki að borgað sé beint úr ríkissjóði til sveitarfélaganna. Ég hef ekki skilið málið þannig og tel þess vegna að þetta mál eigi ekki erindi inn á þennan vettvang.

[16:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var einkar athyglisverð yfirlýsing. Hún er alveg skýr og greinileg. Ríkissjóður ætlar ekki að mæta sveitarfélögunum með beinum fjárframlögum úr sjóðum sínum. Ríkissjóður ætlar einhvern tíma að breyta tekjustofnakerfinu þannig að sveitarfélögin fái nýja tekjustofna, nýja skattstofna, sennilega með því að ríkissjóður lækki sína á móti eða að almenningur í landinu borgi hærri skatta. Ég hygg að það sé framtíðarlausnin sem hæstv. ráðherra hefur gjarnan talað um en ekki það sem sveitarfélögin eru að leita eftir. Við þekkjum það frá fyrri tíð og úr nágrannasveitarfélögum okkar að ríkissjóður hleypur gjarnan undir bagga og greiðir beint úr sjóðum sínum til sveitarfélaga vegna tiltekinna verkefna. Við höfum gert það í grunnskólamálum. Við höfum gert það í verkaskiptamálum ríkis og sveitarfélaga í gegnum tíðina. Það er því ákaflega merkileg yfirlýsing að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin ætlar ekkert að gera í þessum vanda sveitarfélaganna. Það er sú yfirlýsing sem eftir stendur.

[16:10]

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna eindreginna tilmæla hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar get ég ítrekað það sem ég sagði í ræðu minni á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var fyrir viku. Þar sagði ég að vegna ýmissa skattalagabreytinga sem skert hafi tekjustofna sveitarfélaga um um það bil 2 milljarða eða svo þá þyrfti að gera breytingar á tekjustofnum þeirra. Ég mæltist á þessari ráðstefnu til að það yrði gert þannig að það byrjaði að virka í upphaf næsta árs.

Ég sagði líka að ég teldi mikilvægt að ríki og sveitarfélög gerðu með sér samstarfssáttmála sem tækju á ýmsum þáttum varðandi stjórn efnahagsmála. Ég tel mikilvægt að efla slíkt samstarf milli ríkis og sveitarfélaga. Ég sagði einnig að með efldum tekjustofnum, hugsanlegum samdrætti í framkvæmdum, eins og við er hægt að koma hjá sveitarfélögunum og aukinni hagræðingu þá gætu sveitarfélögin verið rekin án halla á árinu 2000. Það tel ég mjög mikilvægt markmið, ekki bara hjá sveitarfélögunum heldur ætti þetta að vera sameiginlegt markmið ríkis og sveitarfélaga, að sveitarfélögin geti sinnt lögskyldum sínum þannig að ekki þurfi að gera það með lántökum. Ég hef fulla trú á því að samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um þessa þætti og mun vinna að því að svo verði.

[16:11]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að allir geti deilt óskum hv. þm. um að þannig verði um hnútana búið að reka megi sveitarfélögin með viðunandi hætti og helst hallalaus á komandi ári, að þannig verði búið um tekjustofna þeirra. En vandamálið sem við er að etja í andartakinu er ekki vegna þess heldur fortíðarvandi sem ég vitnaði til og hv. þm. Vilhjálmur Vilhjálmsson hefur einnig farið mörgum orðum um, þ.e. þeir fjármunir sem sveitarfélögin hafa orðið að sjá af fram til dagsins í dag. Spurning mín til hæstv. fjmrh. og til hv. þm. hlýtur því að vera: Hvernig sér hv. þm. að ríkissjóður bæti sveitarfélögum þann skaða í fjármálalegum samskiptum sem þegar er orðinn? Þá 2–3 milljarða sem þegar hafa safnast upp og orsakað þann mikla vanda sem sveitarfélög eiga við að etja? Það gerist ekki á næsta ári eða þar næsta ári. Það gerist ekki með því að hækka útsvarið árið 2001 eða breyta tekjustofnum árið 2003. Spurningin er: Hvernig gerist það núna á haustdögum, á líðandi stund?

[16:13]

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki hugsað mér að hefja samningaviðræður á milli ríkis og sveitarfélaga í þingsölum. Þessi mál eru til umfjöllunar í tekjustofnanefnd sem starfar með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga. Þar verða þessi mál rædd. Við höfum sett fram ákveðnar kröfur og þær verða ræddar

þar. Það er ekki gott að segja hversu miklum árangri við náum.

Það er svo sem sama hver er í ríkisstjórn en oft hefur verið erfitt að ná þeim markmiðum sem við höfum óskað eftir, fulltrúar sveitarfélaganna. Eins og ég sagði áðan tel ég mikilvægt að menn setjist niður og það munum við gera á næstunni og reyna að ná farsælli lendingu í þessu máli undir ágætri forustu hv. þm. Jóns Kristjánssonar.

[16:14]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki í neinni deilu við hv. þm. Vilhjálm Vilhjálmsson en hér er grundvallarmisskilningur á ferðinni. Ég gat þess í ræðu minni og ég held að ég hafi farið alveg rétt með, að í ræðu sinni á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga gerði hv. þm. Jón Kristjánsson glögga grein fyrir því að þessi fortíðarvandi og bráðavandi sveitarfélaga væri ekki á verksviði tekjustofnanefndarinnar. Hann sagði að tekjustofnanefndin hefði ekki það pólitíska vægi að geta leyst þau mál núna á næstu vikum eða mánuðum. Það er alveg skýrt. Hér er á ferðinni grundvallarmisskilningur sem mér finnst tímabært að verði leiðréttur.

[16:14]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að fara yfir nokkur mál. Mér þykir umræðan um þessi fjáraukalög hafa verið sérkennileg. Hérna hefur stokkið í pontu hver vinstri maðurinn á fætur öðrum, talað um aðhald, hneykslast á framúrkeyrslum o.s.frv. Ég bara þekki þetta ekki frá þessu fólki en batnandi mönnum er best að lifa.

Ég vil hrósa hæstv. fjmrh. fyrir góðan árangur ef hann ætlar að skila 10 milljörðum í afgang á þessu ári. Ég held að þingheimur ætti að vera ánægður með það. Ég aftur á móti sammála hv. þm. sem hér hafa talað, að það er óþolandi að menn geti keyrt fram úr heimildum án þess að tala við kóng eða prest og senda svo reikninginn til ráðherrans. Slíku á að taka á.

Varðandi ríkið og sveitarfélögin þá hef ég verið talsmaður þess að menn semdu og hef löngum verið þeirrar skoðunar. Menn leysa ekki slíkt á torgum með því að garga hver á annan. En það er tímabært að semja. Það er gersamlega óþolandi hvernig þessi staða er varðandi skattalagabreytingar og margt annað. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, hv. þm. Vilhjálmur Vilhjálmsson, rakti það hér áðan.

Af því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom aðeins inn rekstur sveitarfélaganna og minntist þar á mitt sveitarfélag, Kópavog, vil ég biðja hann um að lesa hvað stendur í árbók Sambands ísl. sveitarfélaga, þ.e. að rekstur Kópavogs er til mikillar fyrirmyndar og hefur kannski sérstöðu meðal sveitarfélaganna. Tekjuafgangur okkar árið 1998 var tæplega 700 millj. Ég bið hann að kynna sér það mál. En ég tel mikla bjartsýni að ætla að hafa hallalausan rekstur sveitarfélaganna árið 2000. Það yrði kraftaverk.

[16:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf svo sem litlu að svara, enda átti hv. þm. kannski minnst orðastað við mig. Við erum held ég sammála um flest. Ég held þó að senn sé kominn tími til þess fyrir sveitarstjórnarmenn að þeir þurfi að garga á ríkisvaldið svo ég noti hans orð í því samhengi.

Ég ætla svo sem ekki að elta ólar við tölfræðina um afkomu Kópavogsbæjar eða annarra sveitarfélaga. Ég las bara þráðbeint upp úr þessu riti sem heitir Árbók sveitarfélaga fyrir 1999 þar sem er að finna lykiltölur úr rekstri sveitarfélaga. Þar kemur í ljós að óráðstafaðar tekjur ársins 1998 í Kópavogi eru mínus 246 millj. 599 þús. kr.

[16:17]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú byrjar þessi leikfimi í tölum frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Í þessari ágætu árbók stendur að hér sé tekjuafgangur upp á 669 millj. Síðan er fjárfestingin fjármögnuð með afgangi frá rekstri, ekki með lántökum.

Ég vil líka benda á annað, með leyfi hæstv. forseta. Rekstur málaflokka er 62,5% án vaxta. Ef öll sveitarfélög væru með svona góðan rekstur þá væri vandinn kannski ekki svona mikill. En bara til að þingheimur og þeir sem á hlusta viti að þingmaðurinn fari með réttar tölur í málinu þá eru það sem sé 670 millj. í tekjuafgang og síðan kemur fjárfestingin til frádráttar eðlilega.

[16:19]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er hlýtt til Kópavogsbúa þannig að ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta. En ef þetta er svona gott í þessum stóra bæ, Kópavogi, þá er kannski engin þörf á því að hann þurfi að garga neitt á hæstv. ráðherra. Þetta er e.t.v. allt í fínu lagi. En betur ef satt væri því að það er svo sem enginn vandi að búa til hagstæðar niðurstöðutölur ef menn taka lán alveg út í eitt og gegndarlaust. Ég var að rekja niðurstöðutölur án lántöku og hún er mínus 250. Það er einfaldlega veruleikinn og kannski það segi dálítið um það að skuldir þessa sveitarfélags eru upp á 3,6 milljarða kr. (Gripið fram í.) Það er í Kópavogi, svo að þeir sem eru að koma nú til fundarins heyri það. Ég var að vekja athygli á því að hallarekstur sveitarfélaga í kringum okkur er hjá sömu mönnum og stýra þessu landi og skylt er skeggið hökunni, kæri vinur.

[16:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dálítið sérstakt hvernig hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson dregur sveitarfélögin inn í þessa umræðu. Einstök sveitarfélög eru tekin sérstaklega á beinið hjá hv. þm. eins og m.a. hans heimabær Hafnarfjörður. Hann tekur sérstaklega fram að það sveitarfélag hafi staðið sig einstaklega illa miðað við þessa árbók og þurfi sérstaklega að ræða um það og þá væntanlega hér í þingsölum. Hv. þm. kenndi núverandi stjórnarmeirihluta í Hafnarfirði um hvernig komið væri, þ.e. sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum. Ég ætlaði aðeins að spyrja hv. þm. að því hvort hann vissi ekki hverjir hefðu stjórnað þessu sveitarfélagi á undanförnum árum, hvort hann hafi steingleymt því að kosið var í sveitarstjórn 1998. Þá tók við ný stjórn sem tók í raun inni við búi sem þeim hafði verið rétt af þeim stjórnarherrum sem voru á kjörtímabilinu áður og þar ætti hann að átta sig á því að skeggið er skylt hökunni því að það var akkúrat hans fólk sem stóð að þeim rekstri.

Ég held líka þegar verið er að ræða málefni sveitarfélaganna að það skipti að sjálfsögðu miklu máli hvernig að þeim er búið og mjög eðlilegt að reynt sé að semja við sveitarfélögin ef á þau hefur verið hallað í verkaskiptingu. Ég held að það sé samt mjög nauðsynlegt að benda á það aftur — það hefur komið fram víðar en það er best að benda á það aftur — að staðgreiðslutekjur sveitarfélaganna munu aukast um 14,2% á þessu ári eða um 4,7 milljarða kr. sem er ekki nein

lítil tekjuhækkun sveitarfélaganna umfram áætlun á þessu ári. Það er því ekki allt sem sýnist í þessum efnum. Það má vel vera að á sveitarfélögin halli að einhverju leyti, en eigi að síður hefur staða þeirra vegna gjörbreyttrar afkomu heimilanna bæst verulega á þessu ári.

[16:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mikið. Þeir voru langir sex mánuðirnir í Hafnarfirði árið 1998 frá miðjum júní til ársloka og þeir voru afdrifaríkir fyrir það bæjarfélag. Þar snarhækkuðu skuldir og rekstur fór algjörlega úr böndum og hefur hallað á hinn verri veg á yfirstandandi ári. Ég hugsa með hryllingi til þeirra niðurstöðutalna sem við sjáum úr þeim bæjarreikningum. En gott og vel með það.

Það sem hins vegar tengir það annarri umræðu sem hér hefur eðlilega verið uppi á borðum varðandi þessa fjáraukalagatillögu eru tilraunir bæði ríkisvaldsins og einstakra sveitarfélaga, nú síðast Hafnfirðinga, íhaldsmeirihlutans þar í bæ, til að falsa þessa erfiðu og lélegu afkomu með því að láta einhverja aðra byggja skólana fyrir sig og láta einhverja aðra reka skólana fyrir sig og geta því þannig falið þessar skuldbindingar í bæjarreikningum og dreift þeim á næstu 30–40 ár. Þannig gera menn sem eru komnir í þröng út í horn og ráða ekki neitt við neitt.

[16:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með ólíkindum að hlusta á hv. þm. tala um fölsun á rekstri og að núverandi valdhafar í Hafnarfirði séu að reyna að fela eitthvað. Hans flokkur og hans menn hafa stjórnað Hafnarfirði í áraraðir. Ný stjórnvöld í Hafnarfirði hafa verið að taka við óráðsíu og vandamálum á þessu og hálfa síðasta ári og að tala um að það sé vegna sex mánaða á árinu 1998 er náttúrlega hjákátlegt að hlusta á. Mér finnst að hv. þm. ætti í rauninni að biðja Hafnfirðinga afsökunar á þeim ummælum sem hann hefur látið frá sér fara í þessum ræðustóli í dag.

[16:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vorkenni Hafnfirðingum að búa við þessa meirihlutastjórn íhalds og Framsóknar og ég vorkenni Kópavogsbúum af sömu ástæðum. Og ég vorkenni íslenskri þjóð að þurfa að búa í átta ár við íhald og Framsókn. Guð láti á gott vita þannig að þessu ljúki fyrr en síðar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

[16:26]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Meginhlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna er að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag. Sjóðurinn er jöfnunarsjóður sem á að tryggja að enginn þurfi að hætta við nám vegna fátæktar eða annarra ytri aðstæðna. Lög Lánasjóðs ísl. námsmanna kveða á um að miða skuli við að námslán á hverjum tíma dugi og séu með þeim hætti að námsmönnum sé gert kleift að standa straum af náms- og framfærslukostnaði.

Í 3. lið 5. gr. laga um Lánasjóð ísl. námsmanna segir að sjóðnum beri að afla gagna um grunnframfærslu og þörf námsmanna á námslánum. Þessu hlutverki hefur sjóðurinn alls ekki sinnt og fór slík könnun á grunnframfærslu síðast fram árið 1975. Ég tel því augljóst að sjóðurinn er að brjóta lög með því að hafa ekki framkvæmt slíka könnun í 24 ár, enda er upphæð grunnframfærslu lánasjóðsins verulega á skjön við raunveruleikann.

Sé litið til samanburðar við nágrannalönd okkar kemur í ljós að full námsaðstoð á ári við námsmenn er svipuð og jafnvel hærri á Íslandi, en það sem er sláandi í samanburði við hin Norðurlöndin er að frítekjumark námsmanna á Íslandi er 250 þús. kr. á ári á meðan það er tæplega 809 þús. kr. í Danmörku og 782 þús. í Svíþjóð. Þetta misræmi kemur til af því að ekki hefur farið fram grunnframfærslukönnun á þörf námsmanna fyrir námslán á Íslandi. Þarna er því um að ræða gríðarlega mikinn mun á aðstöðu ungs fólks til að stunda nám. Í þessum löndum er því námsfólki alla vega gefinn kostur á að vinna sig upp í bærileg kjör á meðan íslenska kerfið kemur algerlega í veg fyrir það og er beinlínis vinnuletjandi. Þetta er gríðarlegur galli á okkar kerfi.

Einnig er mikilvægt að átta sig á því að stuðningskerfi við námsmenn í þessum löndum felur í sér styrkjakerfi sem er ekki fyrir hendi hér. Allar tiltækar upplýsingar ber að sama brunni. Á Íslandi eru framlög til menntamála með þeim hætti að okkar námsfólk getur ekki með nokkru móti talist sitja við sama borð og kollegar þess í okkar helstu samanburðarlöndum.

Virðulegi forseti. Jafnrétti til náms er grunnstoð þess velferðarsamfélags sem þjóðin hefur byggt upp. Því mælist ég eindregið til þess við hæstv. menntmrh. að hann beiti sér fyrir því að Lánasjóður ísl. námsmanna láti af lögbrotum sínum og sinni skyldu sinni sem jöfnunarsjóður. Það má aldrei verða að nám á Íslandi verði að forréttindum fárra í stað þess að vera sjálfsögð réttindi allra líkt og við í Samfylkingunni höfum lagt sérstaka áherslu á. Til að tryggja jafnrétti til náms er lykilatriði að réttar upplýsingar um grunnframfærsluþörf námsmanna liggi fyrir. Í ljósi þess vil ég, hæstv. forseti, bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. ráðherra:

1. Mun hann beita sér fyrir því að fram fari á vegum Lánasjóðs ísl. námsmanna könnun á grunnframfærsluþörf námsmanna líkt og lög sjóðsins kveða á um?

2. Mun hann beita sér fyrir því að frítekjumark námsmanna verði hækkað til samræmis við það sem gerist í Danmörku og Svíþjóð og að námslán verði hækkuð til samræmis við niðurstöðu könnunar á grunnframfærsluþörf námsmanna?

3. Mun hann beita sér fyrir því að húsaleigubætur verði ekki skattskyldar? En eitt af því sem slík könnun gæti leitt í ljós er það óréttlæti sem felst í því að húsaleigubætur eru skattskyldar og bitna þá á þeim námsmönnum sem ekki eiga kost á því að búa í heimahúsum eða kaupa sér íbúð. Húsnæðisbæturnar dragast frá námslánum en vaxtabætur ekki og felst í því mikið óréttlæti sem brýnt er að leiðrétta sem fyrst.

[16:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í 50. gr. þingskapalaga segir að utan dagskrár á Alþingi geti forseti leyft að tekið sé fyrir málefni sem er svo aðkallandi að ekki geti beðið meðferðar formlegra

þingmála. Ég fæ ekki séð, herra forseti, að það málefni sem hér er tekið til umræðu sé þess eðlis að það rúmist undir þetta ákvæði. Ég vildi hins vegar ekki koma í veg fyrir að umræðan færi fram, enda hafði upphafsmaður hennar gefið til kynna á opinberum vettvangi að hann ætti það erindi helst á Alþingi að reisa íslenska menntakerfið úr rústum.

Hv. þm. hefur kosið að ræða um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna. Nýlega var gefin út evrópsk samanburðarskýrsla um stuðning við námsmenn í ýmsum Evrópulöndum. Af þeirri skýrslu má ráða að sú skipan mála sem gildir hér á landi í þessu efni þykir í mörgu tilliti til fyrirmyndar. Þar er m.a. vísað til fjárhagslegs sjálfstæðis námsmanna, þess að íslenskir námsmenn sjálfir en ekki foreldrar þeirra hafa rétt til að taka lán og upphæð lánanna miðast við tekjur námsmanna og stöðu þeirra en ekki fjárhag foreldra. Þá tekur íslenska námslánakerfið ríkara tillit til félagslegra aðstæðna námsmanna en önnur sambærileg kerfi.

Lánasjóður ísl. námsmanna stendur traustum fótum fjárhagslega og er staða hans allt önnur í lok þessa áratugar en hins síðasta þegar stefndi í gjaldþrot sjóðsins eins og kunnugt er. Vegna þessarar traustu stöðu hefur jafnt og þétt verið unnið að því að rýmka hag viðskiptavina sjóðsins þótt seint verði unnt að uppfylla allar óskir þeirra.

Nokkrar umræður hafa farið fram um túlkun á því ákvæði í lögum um sjóðinn að við það skuli miðað að námslán nægi hverjum námsmanni til að standa straum af náms- og framfærslukostnaði meðan á námi sendur. Er grunnframfærsla skilgreind í úthlutunarreglum sjóðsins og er hún nú 62.300 kr. á mánuði. Í upphafi árs voru sambærilegar tölur á Norðurlöndunum 63.405 kr. í Svíþjóð, 60.453 í kr. Noregi og 61.654 kr. í Danmörku. Það skal tekið fram að hér er um lágmarksupphæð að ræða en til viðbótar er tekið tillit til framfærslu barna og maka og ýmiss kostnaðar, svo sem vegna ferða og skólagjalda. Auk þess er námsmönnum með reglum sjóðsins gefinn kostur á að auka ráðstöfunarfé sitt með vinnu þar sem einungis helmingur tekna umfram frítekjumark, sem nýlega var hækkað um 35% og er nú 250 þús. kr., kemur til skerðingar á láni. Með því að afla sér vinnutekna getur námsmaður því drýgt ráðstöfunarfé sitt eða komist hjá óþarfa skuldasöfnun.

Námsmaður skaut ágreiningi um túlkun á framkvæmd ákvæðis lánasjóðslaganna um grunnframfærsluna til málskotsnefndar sem felldi úrskurð sinn 18. maí sl. og komst að þeirri niðurstöðu að úthlutunarreglur sjóðsins brytu ekki á nokkurn hátt í bága við lög hans né aðrar reglur sem um sjóðinn gilda.

Hv. þm. spyr hvort ég muni beita mér fyrir könnun á grunnframfærslu námsmanna. Þegar í maí sl. fól stjórn lánasjóðsins sérstökum starfshópi sínum að gera tillögur í þessu efni. Hann fjallar um framfærslugrunn námsmanns í leiguhúsnæði. Þar verði tekið mið af meginflokkum neyslukönnunar Hagstofu Íslands og tillögum fulltrúa námsmannahreyfinganna í stjórn lánasjóðsins. Er það stefna stjórnar sjóðsins að frá og með vori árið 2000 verði stuðst við þennan grunn við árlega endurskoðun grunnframfærslu lánasjóðsins að teknu tilliti til meðaltekna lánþeganna. Lánasjóðurinn aflar sjálfur upplýsinga um meðaltekjur og meðalleigukostnað lánþega. Varðandi aðra liði í framfærslukostnaði verða skilgreind eðlileg viðmið til að ákvarða lágmarkskostnað með hliðsjón af framfærslutölum Hagstofu Íslands. Starfshópur stjórnar lánasjóðsins sem vinnur að þessu mikilvæga verkefni mun ljúka störfum fyrir næsta vor og af minni hálfu mun ég bíða eftir niðurstöðu þessa starfs.

Spurt er um hækkun frítekjumarks. Ég hef eins og fyrr segir beitt mér fyrir hækkun frítekjumarksins um 35% á þessu ári, úr 185 þús. kr. í 250 þús. kr. Réttur námsmanna til námslána hefur verið rýmkaður á þessu ári og einnig skólagjaldalán en hámark samanlagðra lána vegna skólagjalda var fyrr á árinu hækkað um 170 þús. kr. Áfram verður unnið að því að taka á einstökum þáttum í því skyni að bæta hag lánþega. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna lánasjóðsins hækki um 140 millj. kr. að raunvirði en endanleg fjárveiting veltur á endurskoðaðri fjárhagsáætlun sjóðsins.

Varðandi skattskyldu húsaleigubóta lít ég þannig á að það sé mál sem heyri í sjálfu sér ekki undir menntmrh. eða Lánasjóð ísl. námsmanna heldur þá sem fara með húsnæðismál á vegum ríkisstjórnarinnar og skattamál.

[16:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vandi Lánasjóðs ísl. námsmanna við að gegna skyldum sínum er ekki löggjöfin. Hún er góð og þetta var á sínum tíma framsækin tímamótalöggjöf á félagslegum grunni þar sem útgangspunkturinn er að tryggja jafnrétti til náms án tillits til efnahags og tryggja námsmönnum og fjölskyldum þeirra eftir atvikum mannsæmandi lífskjör.

Vandinn er sá að þessi ágætu lög hafa hins vegar ekki verið framkvæmd. Menntmrh. Sjálfstfl. hafa mann fram af manni allt frá dögum Ragnhildar Helgadóttur staðið þannig að framkvæmdinni með skerðingum, upptöku vaxta, eftirágreiðslum námslána og síðan allt of þungbærum endurgreiðslureglum að það hefur stórlega spillt fyrir því að sjóðurinn væri það félagslega jöfnunartæki og trygging fyrir jafnrétti til náms sem hann á að vera lögum samkvæmt.

Yfirklór hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnarinnar núna rétt fyrir síðustu alþingiskosningar þegar allt í einu voru til peningar til að draga til baka að hluta til skerðingarnar sem keyrt hafði verið á allt kjörtímabilið breyta því miður litlu um þetta. Auðvitað er það svo að til þess að sjóðurinn geti sinnt skyldum sínum þurfa að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um t.d. framfærsluþörfina og þegar kostnaður veður upp úr öllu valdi eins og vegna stórhækkaðrar húsaleigu o.s.frv. þarf að vera hægt að bregðast við slíku. Ég tek því undir þær óskir málshefjanda að úr því verði bætt.

Mér er hins vegar alveg ljóst, herra forseti, að vandi Lánasjóðs ísl. námsmanna verður ekki í reynd og til frambúðar leystur nema með einu og það er með því að koma Sjálfstfl. út úr menntmrn. og út úr lánasjóðnum en hann hefur legið ofan á hvoru tveggja eins og mara undanfarin ár eins og allir vita.

[16:37]

Páll Magnússon:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að taka til máls utan dagskrár um málefni lánasjóðsins og þakka einnig hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég vil hins vegar rifja upp þann grunnvanda sem lánasjóðurinn býr við en það er auðvitað hin mesta aðför sem gerð hefur verið að sjóðnum í sögu hans, þegar Sjálfstfl. og Alþfl. samþykktu ný lög í maí árið 1992 um lánasjóðinn. Þetta var gert í harðri andstöðu við námsmannahreyfinguna og var ég meðal þeirra sem sat þá uppi á þingpöllum og mótmælti. Þá voru unnin mikil spjöll á réttindum námsmanna og þau stærstu voru að afnema samtímagreiðslur til námsmanna.

Þeim rétti hefur enn ekki verið náð aftur og lagasetningin frá 1992 er enn að bitna á námsmönnum.

Það skal einnig rifjað upp hér að í menntamálaráðherratíð Sverris Hermannssonar var unnið frv. til breytinga á lögum um lánasjóðinn og var það nokkuð svipað því og varð að lögum árið 1992. Frv. Sverris Hermannssonar strandaði hins vegar í þingflokki Framsfl. og var ekki lagt fram. Eins og nú vöktu málefni lánasjóðsins athygli utan þingsala og var þáv. borgarstjóri í Reykjavík, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, meðal þeirra sem tjáðu sig um málið og gagnrýndi vinnubrögð Sverris Hermannssonar, þáv. menntmrh., og sagði að breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna yrðu aldrei unnar nema í góðri sátt við námsmenn. Hv. þm. Sverrir Hermannsson, þáv. menntmrh., svaraði Davíð Oddssyni, núv. forsrh., í fjölmiðlum því til að kosningaskjálfti hefði gripið borgarstjórann sem þá væri á leiðinni í kosningar. En orð Davíðs Oddssonar, þáv. borgarstjóra og núv. hæstv. forsrh., voru auðvitað alveg sönn. Breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna verða aldrei unnar nema í sátt við námsmenn og það er mergurinn málsins. Það verður að nást aftur sátt um lánasjóðinn, sátt sem ríkti fyrir 1992 en hefur ekki ríkt síðan.

[16:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í gegnum árin hefur Sjálfstfl. á hátíðum og tyllidögum verið með háleitar yfirlýsingar um að það mikilvægasta sem liggi fyrir til að bæta lífskjör þjóðarinnar sé að bæta menntunarstigið og get ég vissulega tekið undir það markmið. En svo ber þó ævinlega við að ekki er fyrr búið að slíta skrautsamkomum flokksins en þessi háleitu markmið virðast vera gleymd og grafin og virðist þá oft og tíðum vera helsta markmið hæstv. menntmrh. að víkja sér undan þeim með sem billegustum hætti.

Það hefur verið raunalegt að fylgjast með því hvernig ráðherrann hefur í undangengnu góðæri virt að vettugi allar áskoranir sem hann hefur fengið um að láta fara fram rannsókn á því hver grunnframfærslan væri og þar af leiðandi þörf námsmanna fyrir námslán til að geta framfleytt sér og sínum og til að stunda jafnframt sitt nám. Þó er eins og hér hefur fram komið slík athugun lögbundin. Það er yfirlýst stefna sitjandi ríkisstjórnar að halda atvinnuleysisbótum neðan við hungurmörk til þess, eins og það hefur verið orðað, að freista ekki fólks til að ganga atvinnulaust og grunnframfærslu námsmanna er síðan haldið samviskusamlega þar fyrir neðan að maður skyldi ætla til að freista ekki þeirra sem hafa lítil efni til náms til að leggja út í slíkt.

Til að gulltryggja þessa sultartilveru er svo sett frítekjumark sem er fyrir neðan allt velsæmi og fyrir neðan allt sem þekkist í nálægum löndum svo námsmenn falli ekki í þá freistni að vinna með eins og það er kallað. Þetta kemur verst niður á þeim sem hafa engan til að treysta á nema sjálfan sig því að ýmis aðstoð sem þeir sem betur mega sín fá frá aðstandendum telur ekki inn í frítekjumarkið. Þetta vinnur gegn lögum, þetta vinnur gegn jafnrétti til náms, við svo búið má ekki standa, hæstv. forseti.

[16:42]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Enn þá einu sinni eru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna rædd utan dagskrár á hinu háa Alþingi. Er eitthvert sérstakt tilefni nú? Ég segi nei.

Það er vert að rifja upp að náðst hefur nokkur sátt um starfsemi sjóðsins eftir breytingar sem gerðar voru á lögunum árið 1997. Þá var komið verulega til móts við gagnrýni stúdenta og ýmsar lagfæringar gerðar til hagsbóta fyrir námsmenn, m.a. með lækkuðum endurgreiðslum námslána og málskotsnefnd sem sker úr ágreiningsmálum og síðan í kjölfarið var frítekjumarkið hækkað. Það væri réttara að beina sjónum að því að á Íslandi er gott námslánakerfi sem tekist hefur að treysta verulega á síðustu tveimur kjörtímabilum og nú er svo komið að önnur lönd renna hýru auga til okkar kerfis og telja það vert eftirbreytni, eins og segir í nýútgefinni skýrslu á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Ísland er í fararbroddi í samfélagi þjóðanna með tilliti til jafnréttis til fjárhagslegrar námsaðstoðar og í samanburði við önnur lönd er íslenska námslánakerfið skýrt og einfalt og öllum aðgengilegt. Fá önnur kerfi ef nokkur taka jafnmikið tillit til aðstæðna hvers einstaklings eins og það íslenska þar sem hér er tekið mið af tekjum námsmanns og maka en ekki einnig tekið tillit til tekna foreldra eins og gert er í flestum Evrópulöndum. Upphæð námsaðstoðar virðist einnig vera í hærra lagi hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir. Þetta er til marks um það góða kerfi sem er við lýði hér á landi og nær væri og vissulega tilbreyting að umræður hér í dag snerust um þetta í stað venjulegra harðlífisumræðna um málið.

[16:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Margt má segja um Lánasjóð ísl. námsmanna, bæði gott, mjög gott og miður gott. Ég hef valið að nota þann tíma sem ég hef hér til umráða til að nefna nokkur atriði sem betur mættu fara er varða iðnnám og rétt iðnnema til lána í kerfinu.

Iðnnemasambandsþing í síðustu viku vakti athygli á því að iðnnemar búa ekki við jöfnuð á sviði lánafyrirgreiðslu sjóðsins. Samkvæmt úthlutunarreglum hans veitir iðnnám rétt til láns í þrjú ár, sex anna nám. En svo vill til að sumar greinar í iðnskóla eru sjö annir og þar ber við að nemendur standa uppi lánalausir þegar ein önn er eftir af náminu. Til dæmis má nefna nám í fataiðn og ef ég man rétt í rafeindavirkjun. Nemar í þessum greinum búa ekki við réttlæti hvað þetta varðar. Þegar þessir iðnnemar fara síðan í framhaldsnám á framhaldsskólastigi, í Tækniskóla Íslands, þá ber svo við að lánasjóðurinn viðurkennir ekki að um framhaldsnám sé að ræða. Nemar standa því aftur uppi lánalausir eftir tveggja ára nám í Tækniskóla, sem er á háskólastigi, vegna þess að það er ekki viðurkennt sem framhaldsnám heldur sem hluti af grunnnámi. Enn eitt vil ég nefna varðandi iðnnemana. Þeir búa við talsvert mikil efnisgjöld, allt upp í 24.000 kr. á önn og út á efnisgjöld er ekki lánað í iðnnámi. Þarna búa iðnnemar ekki við réttlæti. Að lokum vil ég nefna að framfærsla námsmanna er að sjálfsögðu ekki frábrugðin annarri framfærslu fólks í landinu. Mér er því til efs að rétt sé að meta framfærslu námsmanna út frá öðrum forsendum en framfærslu annarra manna í þjóðfélaginu.

[16:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Vissulega er tilefni til að ræða framfærslukostnað námsmanna þó að hæstv. ráðherra kveinki sér undan því eins og hann gerði í upphafi máls síns. Það er mjög óvanalegt að gerðar séu slíkar athugasemdir eins og ráðherran gerði í sínu máli. Formaður þingflokks sjálfstæðismanna kveinkar sér líka undan þessu og talar um að það sé ekkert tilefni til þess, en það er tilefni til þess þegar stór hluti námsmanna er á leigumarkaðnum. Þeir hafa þurft að sæta gífurlegri hækkun

á leiguverði á síðustu mánuðum, upp í 20%. Þeir hafa líka þurft að búa við það, Félagsstofnun stúdenta sem byggir leiguíbúðir, að vextir á leiguíbúðum til þeirra hafa þrefaldast á þessu ári. Þeir þurfa að búa við, ekki bara skattlagningu á húsaleigubótum, heldur líka að skattlagning húsaleigubóta skerðir barnabætur og líka námslán. Og þá komum við að hæstv. ráðherra, vegna þess að það er í höndum stjórnar LÍN að ákveða hvaða tekjur skerða námslán. Stjórn LÍN hefur ákveðið að húsaleigubætur skerði námslán. Það er sem sagt í höndum ráðherrans og stjórnar LÍN að ákveða þegar, á þessari stundu, að húsaleigubætur skerði ekki námslánin. Vegna þess að ef húsaleigubætur skerða námslánin þá getur það munað fyrir námsmann sem samsvarar námslánum fyrir einn mánuð. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að beita sér fyrir því? Ég spurði hann um þetta fyrir ári síðan, þá var hæstv. ráðherra ekki tilbúinn til þess. Við höfum búið við þær breytingar sem orðið hafa á leigumarkaðnum, því er fullt tilefni til þess að ráðherrann beiti sér fyrir því að þetta teljist ekki til tekna í námslánum. Ráðherrann sagði þá að hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því að veitt yrði viðbótarlán hjá LÍN vegna mikils húsnæðiskostnaðar, er hann a.m.k. tilbúinn að ganga svo langt að gera það?

[16:49]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp vegna fullyrðinga hv. málshefjanda sem mér finnst náttúrlega bara ekki alveg í standi, langt frá því, fullyrðingar um að grunnframfærsla sé allt of lág og við brjótum lög í lánasjóðnum og kerfið sé vinnuletjandi. Þetta er eiginlega allt bara ómögulegt.

En staðreyndirnar eru nú kannski öðruvísi. Lánasjóður ísl. námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður og kannski hinn mesti í nokkru kerfi sem styrkir námsmenn í heiminum. Hæstv. ráðherra rakti það í ræðu sinni hér í upphafi.

Upphaflega kveikjan að þessu skildist mér vera framfærsla námsmanna. Hjá lánasjóðnum er að störfum nefnd sem heitir framfærslunefnd. Hún fer yfir framfærsluþörf námsmanna hverju sinni. Það var gert núna sl. vor og voru gerðir útreikningar þar að lútandi og allir vita hvernig niðurstöðurnar voru, grunnframfærsla var hækkuð. Það má líka minna á að verið er að tala um að framfærsla námsmanna þyrfti að vera eins og annars fólks í landinu. Ég vil benda á í því sambandi að atvinnuleysisbætur eru 62.020 kr., Félagsþjónusta Reykjavíkurborgar greiðir 58.000 kr. á mánuði í framfærslu, að auk heldur hafa námsmenn tekjur af sinni atvinnu sem betur fer. Ef við berum okkur saman við önnur lönd þá er lánasjóðurinn með fyrstu einkunn. En ég segi enn og aftur og tek undir með hæstv. ráðherra og formanni menntmn. að ég skil ekki þetta upphlaup sem hér er í gangi núna.

[16:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál sem hér er til umræðu er í raun-inni mikið hagsmunamál. Það er fjárfesting í ungu fólki, fjárfesting til framtíðar, fjárfesting í menntun og tækifærum. Ég tek alveg heils hugar undir að fyllilega er ástæða til að endurskoða grunnframfærsluna sem byggt er á.

Ég vil einmitt draga fram stöðu nemenda, ungs fólks sem kemur utan af landi hingað til Reykjavíkur því að meginhluti náms, framhaldsnáms, háskólanáms og tækninám er staðsett hér. Samkvæmt þeirri stefnu sem virkar í reynd þá er líka aukinn hluti alls starfsnáms eða tækninám að færast hingað þannig að þetta unga fólk þarf að koma hingað til að sækja það nám. Þá mætir því uppsprengdur leigumarkaður og ekki bara uppsprengdur að verði til, heldur er líka mjög erfitt að fá leigt, og er mjög takmarkað tillit tekið til þess í grunnframfærslunni. Ferðakostnaður þessa fólks og annar kostnaður sem hlýst af að búa úti á landi er töluverður og ástæða væri til að tekið væri aukið tillit til hans.

Ég vil líka nefna stöðu starfsnáms, sérnáms og tækni-náms innan lánareglanna, að þar er um talsverða mismunun að ræða sem þyrfti líka að leiðrétta. Þegar á allt er litið er virkileg þörf á og mjög brýnt að taka þessar reglur til endurskoðunar og hæstv. menntmrh. má alveg flýta þeim þó að þetta sé í vændum.

[16:53]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Vegna þess að Lánasjóður ísl. námsmanna virðist hafa gefist upp á því að meta hina raunverulegu framfærsluþörf með öðrum hætti en að setja það í einhverjar undirnefndir, hefur skapast það ástand að framfærsla námsmanna, sú upphæð sem þeir fá, ræðst vissulega af aðstæðum ríkissjóðs hverju sinni eins og varla er komist hjá, en einnig af pólitískum geðþótta þeirra sem stjórna lánasjóðnum, bæði hinum pólitísku fulltrúum sem sitja í stjórn hans og ekki síður hæstv. menntmrh. á hverjum tíma, samanber litlu hækkunina í vor rétt fyrir kosningar og aðrar þær sporslur sem hæstv. menntmrh. hefur lagt fram í lánasjóðinn þegar honum hent-ar. Þetta er slæmt. Þetta er slæmt vegna þess að hætta er á því að námsmenn fylgi ekki eðlilegri þróun í samfélaginu í launum, og það er líka slæmt vegna þess að frítekjumarkið virðist vera ákvörðun út í loftið sem þýðir að menn lokast af. Í staðinn fyrir að venjulegur námsmaður fjármagni sig með hæfilegri blöndu af námslánum og eigin tekjum þá bregður í tvö horn, sumir reyna að bjarga sér með námslánunum einum og aðrir treysta þá ekki á námslánin og aðeins á eigin tekjur. Þetta er slæmt m.a. vegna þess að þetta tefur nám námsmannanna og gerir nýtingu námsins verri, bæði fyrir námsmanninn og samfélagið. Og þetta er slæmt vegna þess að þetta getur gengið í góðæri og þenslu eins og við búum við núna. Að minnsta kosti flestir námsmenn geta bjargað sér með nokkrum hætti. En hvað ef að skyldi kreppa? Hvernig búi er hæstv. menntmrh. þá að skila okkur og framtíðinni í menntun í landinu?

[16:55]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Hér hefur nokkuð verið rætt um húsaleigubætur og skattskyldu þeirra. Ég minni á að þær eru skattfrjálsar ef samanlagðar tekjur eru undir 720.000 kr. á ári. Er það virkilega meiningin að námsmenn séu fullvinnandi utan námsins?

Ég vil benda á að Lánasjóður ísl. námsmanna er hluti af velferðarkerfinu og þar er eflaust í gangi einhver vantrygg-ing og einhver oftrygging eins og gengur og það hefur verið lenska manna að líta í einstakar skúffur og gleyma öllu því sem gerist fyrir utan. Ég vil nefna dæmi um hvað oftrygging getur verið mikil og tek dæmi af einstæðri móður með tvö börn undir 7 ára aldri. Þetta er reiknað út 1997 í desember. Hún fær lán frá lánasjóðnum fyrir sig og börnin sín, hún fær húsaleigubætur fyrir sig og börnin sín, hún fær barna-bætur úr skattkerfinu, hún fær mæðralaun, hún fær meðlag frá föður og síðan má hún vinna, núna fyrir 65.000 kr. á mánuði í þrjá mánuði. Samanlagt var hún með fyrir tveimur árum 170.000 kr. í ráðstöfunartekjur alla mánuði ársins og

hún borgaði enga skatta og hún fékk enga skerðingu neins staðar. Í dag er þetta væntanlega komið upp í 185–190 þús. kr. í ráðstöfun á mánuði. Mikið er að sjálfsögðu lánað. Þetta finnst mér að fulltrúar námsmanna eigi að líta á, þetta er greinilega oftrygging. Því að þessi manneskja nýtur þess að búa í húsnæði sem hefur verið reist fyrir ódýrt lánsfé og hún nýtur þess að greiða lægra í barnaheimili.

Ég held að landsmenn séu almennt mjög hlynntir námsmönnum og lánasjóðnum. En upphrópanir endalaust og stöðugt hljóta að vekja menn til umhugsunar. Og sérstaklega þegar í ljós kemur dæmi eins og ég nefndi þar sem ráðstöfunartekjur námsmanns eru um 185–190 þús. kr. á mánuði. Það er eitthvað sem hinn almenni launþegi sér ekki.

[16:58]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. „Menntun er eins og heilbrigði, hún telst til frumgæða og þess vegna ber að leitast við að tryggja öllum möguleika á henni skilyrðislaust. Hvað felst í þessu? Frumgæði eru þau gæði sem ekki eru forsenda neinna annarra, æðri gæða. Það er stundum sagt að frumgæði hafi gildi í sjálfum sér. Þau eru það sem allt annað stuðlar að."

Þessi orð voru viðhöfð um menntun og gildi hennar í grein í Morgunblaðinu eftir Kristján G. Arngrímsson fyrr á þessu ári. Kristján veltir á skemmtilegan hátt vöngum yfir því hvers virði menntun sé. Hún er ekki aðeins hagkvæm eins og margoft hefur verið bent á, hún stuðlar að aukinni framleiðni og auknum hagnaði, en hún er eitthvað mikið meira. Að menntast er að þroskast, verða að því sem í manni býr. Engir stjórnmálamenn fá nokkru sinni neinu um þessa staðreynd breytt, þeir eiga einvörðungu að hlutast til um hvernig fara eigi að því að veita fólki aðgang að gæðunum, menntuninni, án tillits til efnahags eða aðstæðna að öðru leyti.

Lánasjóður íslenskra námsmanna var hugsaður sem tæki til að tryggja jafnrétti til náms svo að efnahagur stæði aldrei í vegi fyrir því að fólk gæti leitað sér menntunar. Markmiðin voru fögur þegar af stað var farið, en því miður hefur sagan sýnt að sjóðurinn tryggir þetta ekki. Grunnframfærsluþörf námsmanna hefur ekki verið könnuð síðan snemma á 8. áratugnum og til þess að sýna fram á skekkjuna sem í þeim framfærslugrunni felst, þá hefur verið bent á að samkvæmt honum virðast námsmönnum ætlaðar rúmar 9 þús. kr. í húsaleigu á mánuði. Sú tala hljómar hjákátlega í ljósi þess sem allir vita að í dag er varla hægt að fá tveggja herbergja íbúð á leigu á höfuðborgarsvæðinu á almennum markaði undir 70 þús. kr. á mánuði. Og stúdentagarðsíbúðir uppfylla aðeins um helming af þeirri húsnæðisþörf sem stúdentar standa frammi fyrir.

Herra forseti. Það eru engin ný sannindi að menntun er fjárfesting til framtíðar og að möguleikar okkar Íslendinga til að skapa hér eftirsóknarvert samfélag felast í menntun og aftur menntun, að nýta þann mikla auð sem felst í æsku landsins og virkja hugvitið. Ríkisstjórnin hefur orð á sér fyrir að leggja áherslu á annars konar virkjanir en hugvitsvirkjanir, og þarf kannski engum að koma á óvart afstaða hennar til LÍN. En sé okkur alvara með því að virkja hugvitið til framtíðar, þá er mikilvægt að skipta út þeirri stefnu sem rekin hefur verið af Sjálfstæðisflokknum í málefnum sjóðsins allt of lengi.

[17:00]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvin G. Sigurðssyni að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi og jafnframt held ég að það yrði virkileg nauðsyn að taka þetta mál upp núna, einkanlega sökum þess að eins og fram kom í máli hans þá hefur framfærslugrunnurinn ekki verið tekinn til endurskoðunar í 25 ár. Það er aukin heldur löngu tímabært sem umhverfi námsmanna undanfarna mánuði hefur tekið stökkbreytingum, einkum er varðar húsaleigu og annað er lýtur að því að stunda nám. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að þetta mál sé tekið til umræðu akkúrat núna og undrast mjög kvein hæstv. menntmrh. undan því að þetta mál sé tekið upp, tilvitnun hans til þess að þessi umræða eigi ekki við eða uppfylli ekki skilyrði þingskapa um mál sem eru tekin til umræðu utan dagskrár. Jafnframt því að vitna til þessara laga þá vitnaði hann ekki til þess að það er krafa á LÍN að endurskoða framfærslugrunninn en, virðulegi forseti, hæstv. menntmrh. vildi ekki fjalla um það sérstaklega. Enn fremur vakti sérstaka eftirtekt mína kvein hv. formanns þingflokks Sjálfstæðismanna undan umræðunni sem ég gat ekki séð að færði gæfuleg rök fyrir því að þetta mál ætti ekki að taka til umræðu. Greining hv. þm. Gunnars Birgissonar, sem er að er ég best veit formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, var þess eðlis að ég er ekki miklu nær.

Virðulegi forseti. Menntun er fjárfesting til framtíðar og jöfnuður til náms er eitt af því sem við leggjum mikla áherslu á og til þess er lánasjóðurinn stofnaður. Ég vil enn og aftur ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir að taka þetta mál upp og vona að hæstv. menntmrh. geri bragarbót í seinni ræðu sinni.

[17:02]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að byrja á að þakka fyrir umræðuna. Hún er góð og gagnleg og ég fagna því að menntmrh. lýsti því yfir að í burðarliðnum væri grunnframfærslukönnun þar sem væntanlega yrði leitt í ljós hvernig málum er virkilega háttað. Kjarni málsins er sá að hið lága frítekjumark og lág aðstoð við námsmenn veldur því að nám er að verða að forréttindum þar sem fjöldi fólks hrekst nú þegar frá námi vegna þessa lága frítekjumarks og hinna lágu námslána. Eins og áður sagði bitnar þetta sérstaklega á efnaminna fólki og fólki utan af landi sem á ekki kost á húsnæði þar sem það getur búið í heimahúsum. Það er mál að aðför Sjálfstæðisflokksins að jafnrétti til náms linni og tryggt sé að fullu að allir geti menntað sig og þroskað kosti sína án þess að bágur efnahagur komi þar í veg fyrir. Vegna orða hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur um ástæður umræðunnar, ef lögbrot og sinnuleysi sjóðsins er ekki nægileg ástæða fyrir umræðu utan dagskrár um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þá spyr ég hvað sé næg ástæða til þess.

[17:04]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég held að umræðan hafi sýnt að það var rétt sem ég sagði í upphafi máls míns að ég sé ekki tilefni hennar á hv. Alþingi, enda var málið lagt þannig fyrir mig að hún væri hér í dag vegna þess að hv. þm. sæti á þingi en ekki vegna þess að málefni lánasjóðsins væru í einhverjum sérstökum vanda. Þannig var mér kynnt þetta og þess vegna var ég beðinn að taka þátt í umræðunni, ekki vegna lánasjóðsins, heldur vegna þess að hv. upphafsmaður umræðunnar væri á þingi núna. Mér sýnist líka að umræðan hafi leitt í ljós að

það er ekkert sérstakt sem að kallar á umræðuna í dag, það eru engin lögbrot sem verið er að fremja á lánasjóðnum sem menn hafa afhjúpað í dag. Þetta mál hefur verið til umræðu, því var skotið til málskotsnefndar sem fjallaði um málið og sagði að lánasjóðsstjórnin starfaði að fullu í samræmi við lögin. Ég skil því ekki hvernig menn komast allt í einu að þeirri niðurstöðu í miðjum umræðunum að þeir séu að koma í veg fyrir lögbrot með því að efna til umræðunnar utan dagskrár í dag. Tilefnið var að hv. þm. situr hér núna sem varaþingmaður og menn báðu um að umræðurnar færu fram af því tilefni. Það verður að upplýsa það eins og það er. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvernig hæstv. forseti túlkar 50. gr. þingskapalaganna með tilliti til þess. Þetta vil ég láta koma fram.

Hér er skýrsla um stöðu lánamála í allri Evrópu. Í þessari skýrslu kemur fram að Lánasjóður ísl. námsmanna er til fyrirmyndar varðandi félagslega aðstoð við lánþega og viðskiptavini sína. Ég held að menn ættu að kynna sér þessa skýrslu sem sífellt eru að tala um að illa sé staðið að lánamálum til námsmanna á Íslandi. Einnig vil ég minna hv. þm. Pál Magnússon á það að með frv. til laga 1997 og samþykkt þess náðist samkomulag á milli Framsfl. og Sjálfstfl. um málefni lánasjóðsins og námsmenn tóku fullan þátt í því að móta þær reglur sem við settum inn í lögin árið 1997.

[17:06]

Útbýting þingskjala:

Afkoma Flugstöðvar og Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli, 156. mál, fsp. ÖJ, þskj. 177.

Aukagreiðslur til ríkisendurskoðanda o.fl., 151. mál, fsp. LB, þskj. 172.

Bygging þjóðarleikvanga, 154. mál, fsp. PM, þskj. 175.

Fjárreiður ríkisins, 145. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 166.

Lífeyrissjóður sjómanna, 150. mál, frv. GAK, þskj. 171.

Notkun á íslensku máli í veðurfréttum, 155. mál, fsp. KPál, þskj. 176.

Orkuvinnsla á bújörðum, 158. mál, fsp. DrH, þskj. 179.

Reglur um sölu áfengis, 149. mál, þáltill. LB o.fl., þskj. 170.

Söfnunarkassar, 148. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 169.

Úttekt á stöðu safna á landsbyggðinni, 159. mál, þáltill. GÓ o.fl., þskj. 180.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 102. mál (varðveisla skipa). — Þskj. 104.

[17:08]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Steinar Jóhannsson og Hjálmar Árnason.

1. gr. laganna hljóðar svo:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa. Fjárhæð styrks skal nema 50.000 kr. á hverja rúmlest skips sem tekið er til varðveislu eftir 1. janúar 1990."

2. gr. laganna er um það að lögin öðlist þegar gildi.

Herra forseti. Þegar tekin var upp sú aðferð hér á landi að styrkja útgerðarmenn til þess að úrelda fiskiskip varð til þróun sem olli því að fiskiskip voru eyðilögð. Forsjálir menn hafa þó séð til þess að örfá skip eru enn til í sumum byggðarlögum sem varðveita sögu skipasmíða og sögu útgerðar. Oftast er verið að varðveita þessi skip á byggða- og sjóminjasöfnum. Nú er það svo að skip þurfa viðhald þó á landi séu og ljót og ómáluð skip vekja lítinn áhuga, jafnvel þó við nafn þeirra og sjósókn sé tengd mikil og merkileg saga. Á næstu árum munu trébátar vertíðarflotans týna tölunni og því eigi seinna vænna ef varðveita mætti það merkasta sem enn er til óskemmt eða varðveisluhæft fyrir framtíðina. Á einstaka stöðum á landinu má enn finna byggingar, vélar, búnað og áhöld sem varðveita sögu okkar, t.d. síldarminjar á Siglufirði eða síldarbræðslur norður á Ströndum. Úrelding eigna sem síðan eru teknar til annarra nota eða niðurrifs gera okkur fátækari af eigin sögu. Að því ber að hyggja fyrr en seinna.

Á landinu öllu er talið að varðveitt séu u.þ.b. 100 skip af ýmsum stærðum. Af þeim fjölda er talið að um 50 skip séu þilfarsskip og að líklegt sé að 25–30 þilfarsskip hafi verið tekin til varðveislu á þessum áratug frá því lög nr. 38/1990 voru sett og í framhaldi af þeim lög um Úreldingarsjóð fiskiskipa. Hlutverk laganna um Úreldingarsjóð fiskiskipa var að nota fé sem til hans var lagt til að kaupa upp gömul skip og farga eða selja úr landi. Þannig var að því stefnt að skipum fækkaði í flotanum. Þessi stífu ákvæði urðu til þess að skip voru söguð niður og þeim eytt. Í viðræðum mínum við Egil Ólafsson, fyrrverandi safnvörð á Hnjóti, sem nú er nýlátinn, urðum við sammála um það sjónarmið að það væri til vansa að enginn sérstakur tekjustofn væri markaður því hlutverki að varðveita skip sem ættu sér merka sögu. Eins og áður segir er hér lagt til að Þróunarsjóður, sem tók við af Úreldingarsjóði, fái líka það hlutverk að varðveita sögu fiskveiðiflotans. Hér er eins og áður segir um eingreiðslu að ræða á hvert það skip sem varðveitt er fyrir komandi kynslóðir.

Ef gert er ráð fyrir að fjöldi skipa sé t.d. 30 skip og stærð þeirra sé að meðaltali 20 rúmlestir þá er rúmlestasamtalan 600 rúmlestir. Kostnaður sem þannig legðist á Þróunarsjóðinn miðað við 50.000 kr. eingreiðslu í viðhald á hverja rúmlest skipa yrðu miðað við áður nefndar forsendur um 30 millj. kr. Ítreka ber að hér er um eingreiðslu vegna hvers skips að ræða.

Rétt er að upplýsa að Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur á undanförnum árum fengið inn tekjur sem í raun var búið að afskrifa. Sl. þrjú ár, 1996, 1997 og 1998, hafa að meðaltali komið inn til baka, bakfært af afskriftareikningi, um 230 millj. kr. á hverju ári, eða samtals rúmar 696 millj. sl. þrjú ár. Þetta er fé sem menn gerðu ráð fyrir að þyrfti að afskrifa og var áður tengt atvinnutryggingardeildinni þannig að fjármunir í Þróunarsjóði sjávarútvegsins ættu að vera nægir til að takast á við þetta litla verkefni að varðveita hluta af skipasögunni fyrir komandi kynslóðir.

[17:13]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er að mínu mati hreyft ákaflega brýnu og merkilegu máli og það er hvernig við skulum standa að því að byggja upp alvörusjóminjasöfn og sérstaklega söfn sem tryggja varðveislu gamalla skipa. Það er ekki vansalaust fyrir íslenska þjóð hvernig við höfum staðið að þeim málum á undanförnum árum. Fjölmargir áhugamenn um þessi efni

hafa komið að máli við mig og hafa lýst miklum áhyggjum sínum yfir hvernig þessi mál eru að fara. Við gerum okkur grein fyrir því að það er mikil þróun í íslenskum sjávarútvegi og skip eru að breytast og menn eru að endurnýja skipin sín og því fylgir að önnur eru lögð til hliðar. Við vitum að auðvitað er ekki hægt að koma því við að varðveita öll skip sem maður hefði áhuga á en engu að síður er það ekki hægt fyrir þjóð eins okkar, siglinga- og fiskveiðiþjóð, að standa ekki betur að þessu máli en raun ber vitni. Það er því miður þannig að mörg skip sem hefði verið full ástæða til að varðveita hafa farið illa, skip sem kannski endurspegla mikla sögu í okkar samhengi, skip sem hafa t.d. verið smíðuð með sérstöku lagi, skip sem hafa verið smíðuð af mönnum sem gátu sér seinna gott orð, skip sem sem skiptu mjög miklu máli við uppbyggingu og þróun fiskveiðiflota okkar. Það er hægt að nefna í þessu sambandi mjög mörg skip. Ég tek sem dæmi núna að menn eru að glíma við það vestur á Ísafirði að varðveita mjög merkilegt skip, Sædísi, sem hefur að langmestu leyti haldið óbreyttu byggingarlagi frá því að hún var smíðuð fyrr á þessari öld. Hún var ein af „Dísunum" svokölluðu, sem margir þekkja sem þekkja til aðstæðna fyrir vestan, og eiga sér mjög mikinn sess í siglinga- og fiskveiðisögu Vestfjarða og reyndar landsins í heild.

Með öðrum orðum tel ég að við eigum við mikið vandamál að etja í þessum efnum. Það er alveg ljóst mál að það er ekki vegna þess ekki hafi verið fullur vilji bæði af hálfu ýmissa stjórnmálamanna og áhugamanna um þjóðmenningu að vinna betur að þessum málum. Vandinn hefur einfaldlega verið sá að það hefur algjörlega skort til þess fjármagn. En það er ekki nóg að varðveita skip, við þurfum líka að finna þeim einhverja möguleika til að halda úti starfsemi þeirra og reka þessi skip. Auðvitað kostar líka að halda þeim við. Við þekkjum að þessi skip þurfa helst að fá eitthvert hlutverk þannig að við getum nýtt þau. Ég held að það mál verðskuldi sérstaka athygli okkar að við brjótum um það heilann. Ég hef svo sem verið að velta fyrir mér ýmsum hugmyndum í þeim efnum.

Ég skal játa, virðulegi forseti, að ég hef ekki farið nákvæmlega ofan í þá hugsun sem hér liggur til grundvallar. Ég vil á þessu stigi þess vegna ekki taka efnislega afstöðu til þess hvort þetta sé það eina sem til álita kemur. Ég vildi hins vegar láta það koma mjög skýrt fram að ég tel að hér sé verið að hreyfa mjög merkilegu máli og nauðsynlegt fyrir okkur að kryfja þetta mál til mergjar og komast að einhverri niðurstöðu. Við svo búið má ekki lengur standa. Við getum ekki lengur sætt okkur við að þjóðin standi sig ekki betur í að varðveita þessa báta og tryggja að sagan sem þessir bátar varðveita skili sér til komandi kynslóða.

Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, að okkur beri að taka málið alvarlega. Við þurfum að fara vel ofan í það. Það getur vel verið að þetta sé leiðin til þess að fjármagna þessar endurbætur eða það að varðveita tiltekin eintök, ef svo má segja, af skipa- og bátagerðum vítt og breitt um landið. Við vitum auðvitað að það getur verið mismikilvægt eftir einstökum landshlutum. Eitt byggingarlag skiptir meira máli en annað á ákveðnum stöðum o.s.frv., eins og við sem höfum alist upp með þessari atvinnugrein þekkjum. Mér finnst kjarni þessa máls sá að við þurfum að finna á þessu lausn. Hér er alla vega bent á eina aðferð í því sambandi og ég held að við eigum að skoða hana vel. Ég fagna því þessu frumkvæði hv. flutningsmanna málsins.

[17:18]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að hér sé hreyft mjög merku máli. Ég tel fulla ástæðu til að skoða hvort, ef ekki verður að gert, að við séum að missa af tækifæri til að halda til haga mjög merkri sögu. Ég vil því taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Ég hef hins vegar ekki skoðað þetta það gaumgæfilega að þetta sé sú leið sem fara beri. Hins vegar liggur fyrir að á undanförnum 20 árum hafa orðið slíkar breytingar í sjávarútvegi og útgerð að ef ekki verður að gert þá er hætta á að við glötum möguleikanum á að varðveita skip sem snerta þessa sögu.

En erindi mitt hingað eru fyrst og fremst, virðulegi forseti, tvær spurningar til hv. flm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Í fyrsta lagi vildi ég vita hvernig hann hefur hugsað sér að ákvarðanir verði teknar um hvaða skipum skuli haldið til haga. Í öðru lagi spyr ég hvort það séu þá hafnarstjórnir sem mest hafi um málið að segja eða hvort það sé Þróunarsjóðurinn sem ákveði það. Ég held, virðulegi forseti, að ágætt væri ef það yrði skýrt. Eins og ég sagði áðan vantar örlítið upp á að maður átti sig nákvæmlega á hvert hér er verið að fara. Ég ítreka að málið er merkilegt og ástæða er til að skoða það betur. Ég hvet nefndina sem tekur við þessu máli til að gera það mjög vandlega.

[17:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð að þetta sé hið merkasta og þarfasta mál. Það er styrkur að eiga bæði sögu og nútíð að byggja á til framtíðar. Mér finnst það eðlilegt að atvinnuvegurinn taki jafnframt þátt í starfinu og sé ábyrgur fyrir sögu sinni og menningu. Tækniframfarir eru stórstígar og örar. Það sem áður tók aldir að breytast skiptir um ham núna bara á örfáum árum. Menn eru mjög fljótir að missa af lestinni. Það fjármagn og kerfi sem við höfum við verndun þjóðminja og annars slíks er auk þess engan veginn í stakk búið til að takast á við það sem hér er að gerast og þau miklu menningarverðmæti sem þarna getur verið um að ræða, að veita þeim eðlilegt hlutverk í nútímanum svo þau verði hluti af ásýnd og vitund atvinnuvegarins.

Ég tek heils hugar undir að þetta mál fái mjög gott og vandað brautargengi. Það má vel vera að finna megi aðrar leiðir í útfærslu á hvernig háttað verði um val, stjórnun og annað því um líkt, það er jú bara úrvinnsluatriði. Mér finnst afar eðlilegt að atvinnuvegurinn taki þátt og á vissan hátt ábyrgð á sjálfum sér eins og hér er lagt til.

[17:22]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls um þetta mál fyrir jákvæðar undirtektir. Auðvitað geri ég og við flutningsmenn allir okkur grein fyrir því að þetta mál fer til meðferðar í nefnd. Ég legg til að það fari til meðferðar í sjútvn.

Varðandi spurningar hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar þá tel ég að þeir fjármunir sem hér er lagt til að markaðir verði séu í raun það knappir að söfn sem taka skip til varðveislu muni ekki sjá sér hag í því, ef hægt er að orða það svo. Þau munu því ekki fjölga skipum á söfnum umfram það sem telja má að hafi virkilegt sögulegt gildi. Ég tel að Þróunarsjóðurinn eigi ekki að koma að því að ákvarða hvaða skip verði tekin til varðveislu, það séu fyrst og fremst þeir sem

hafa með stjórn safnanna að gera og áhugafólk um varðveislu sögu og minja sem leggi það til. Síðan tækju söfnin ákvörðun um hvaða skip þau treysta sér til að varðveita. Hér er um það knappa fjárhæð að ræða að þó að 20 lesta skip fengi 1 milljón með sér til viðhalds og varðveislu þá dugar það ekki til þess að gera það áhugaverða tekjulind. En það mundi vafalaust gera söfnunum kleift að geta tekið tekið slík skip til varðveislu telji þau sögu þeirra það merka. Ég held að öðrum verði ekki betur falið það hlutverk en þeim sem söfnunum stjórna og áhugafólki um minjar að leggja mat á sögulegt gildi skipanna. Það sjáum við best á frumkvæði þeirra manna sem hafa tekið það að sér að stjórna söfnum þessa lands. Framsýni þeirra hefur dugað til að varðveita hluta af sögunni sem ella hefði týnst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 8. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 17:25.

21. FUNDUR

miðvikudaginn 10. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.

Til dómsmálaráðherra:

2. Staðlar fyrir mannafla á lögreglustöðvum, fsp. HjÁ, 125. mál, þskj. 145.

3. Staðlar fyrir lögreglubifreiðir, fsp. HjÁ, 127. mál, þskj. 147.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Tannvernd barna og unglinga, fsp. ÖJ, 130. mál, þskj. 150.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl., er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Ólafía Ingólfsdóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Kristinn H. Gunnarsson,
formaður þingflokks Framsfl."

Kjörbréf Ólafíu Ingólfsdóttur hefur verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Rannsókn kjörbréfs.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Þá hefur enn fremur borist eftirfarandi bréf:

„Ég tilkynni með bréfi þessu að ég get ekki sótt þingfundi frá 8. nóvember til 22. nóvember nk. og óska eftir launalausu leyfi. Ég óska jafnframt eftir að varamaður Frjálslynda flokksins í Vestfjarðakjördæmi taki sæti mitt.

Þar sem Pétur Bjarnason hefur ekki tök á að sitja þing að þessu sinni, samanber meðfylgjandi bréf hans, óska ég eftir að Bergljót Halldórsdóttir, 2. varamaður á lista Frjálslynda flokksins í Vestfjarðakjördæmi, taki sæti mitt og að rannsókn fari fram á kjörbréfi hennar.

Virðingarfyllst,
Guðjón A. Kristjánsson,
formaður þingflokks Frjálslynda flokksins."

Jafnframt fylgir tilvitnað bréf frá Pétri Bjarnasyni, 1. varaþingmanni Frjálslynda flokksins í Vestfjarðakjördæmi, sem hljóðar þannig:

„Ég staðfesti með bréfi þessu að ég hef ekki tök á að taka sæti Guðjóns Arnars Kristjánssonar á Alþingi sem 1. varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Vestfjarðakjördæmi að þessu sinni þar sem ég er á förum til útlanda í áríðandi erindagjörðum."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Bergljótu Halldórsdóttur sem er 2. varamaður á lista Frjálslynda flokksins í Vestfjarðakjördæmi.

Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til að fjalla um kjörbréfið.

[13:34]

Frsm. kjörbréfanefndar (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþingmanns Frjálslynda flokksins á Vestfjörðum, Bergljótar Halldórsdóttur, sem landskjörstjórn gaf út 2. nóvember sl., en 1. varaþingmaður flokksins í kjördæminu, Pétur Bjarnason, getur ekki tekið sæti að þessu sinni sökum forfalla.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Kjörbréf BergH samþ. með 37 shlj. atkv.

[13:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Eins og fram kom í máli hv. formanns kjörbréfanefndar er lagt til að kjörbréf Bergljótar Halldórsdóttur verði samþykkt.

Bergljót Halldórsdóttir hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Bergljót Halldórsdóttir, 4. þm. Vestf., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Bergljót Halldórsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[13:36]

Útbýting þingskjala:

Barnabætur, 86. mál, svar fjmrh., þskj. 184.

Fjármagnstekjuskattur, 41. mál, svar fjmrh., þskj. 181.

Gjaldeyrismál, 162. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 188.

Heildarskuldastaða ríkissjóðs, 28. mál, svar fjmrh., þskj. 182.

Kostun dagskrár Ríkisútvarpsins, 106. mál, svar menntmrh., þskj. 183.

Lánasjóður landbúnaðarins, 164. mál, frv. ÁGunn, þskj. 190.

Rafræn eignaskráning á verðbréfum, 163. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 189.

Ráðstefnan Konur og lýðræði, 84. mál, svar forsrh., þskj. 135.

Seðlabanki Íslands, 161. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 187.

Stjórnarráð Íslands, 160. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 186.

Staðlar fyrir mannafla á lögreglustöðvum.

Fsp. HjÁ, 125. mál. — Þskj. 145.

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Á síðustu missirum og árum má segja að þörf fyrir löggæslu í landinu hafi vaxið stórlega. Meginorsök þess er ugglaust verulegar breytingar á samfélaginu, stærra þéttbýli og það sem sumir hafa viljað kalla lausung á ýmsum sviðum, vaxandi fíkniefnavandi, meiri umferð á vegum úti og meiri hraði í samfélaginu öllu og þannig má áfram telja. Þessar forsendur hafa í rauninni kallað á aukna löggæslu í samfélaginu en það virðist vera nokkuð á reiki hvernig til hafi tekist í þeim efnum. Hér á hv. Alþingi fóru ekki fyrir löngu fram umræður um bakvaktir, m.a. í Grindavík og öðrum stöðum úti á landi. Rætt hefur verið um vaktir á tilteknum hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Bent hefur verið á að fámennari staðir á landsbyggðinni hafi einungis einn löggæslumann á vakt og þannig á áfram telja.

Þá má taka dæmi af stærri umdæmum þar sem fjórir til fimm löggæslumenn eru á vakt hverju sinni en það má telja til efs að slík embætti geti í raun sinnt slysaútköllum ef á reynir, hvað þá að sinna öðrum skyldum sínum. Þetta vilja sumir segja að jaðri við neyðarástand.

Það virðist því, herra forseti, vera nokkuð á reiki hve mikill mannafli sé til staðar eða hver mannaflaþörf er á lögreglustöðvum landsins. Sums staðar virðist þörfinni sinnt þokkalega meðan annars staðar eru hrein vandræði. Því spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort til séu einhverjir staðlar eða viðmið um mannaflaþörf á lögreglustöðvum, staðlar eða viðmið sem taki mið af þörfinni fyrir löggæslu á hverjum stað svo sem að sinna forvörnum, slysaútköllum, fræðslu, eftirliti alls kyns og þar fram eftir götunum. Með öðrum orðum, hvað þarf til þess að tryggja lágmarksöryggi þegna landsins? Ég spyr hæstv. dómsmrh. hvort til séu einhverjir staðlar um lágmarksmannafla á lögreglustöðvum.

[13:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Eru til staðlar um mannafla á lögreglustöðvum?“

Þessari fyrirspurn hv. þm. er fljótsvarað. Staðlar af þeirri tegund sem vísað er til í fyrirspurninni eru ekki til. Það fer því eftir ákvörðun hvers lögreglustjóra hvernig mannafla á embættunum er skipt, þ.e. á lögreglustöð annars vegar og í eftirliti hins vegar. En þetta fer auðvitað eftir aðstæðum hverju sinni.

Samkvæmt tölum frá ríkislögreglustjóranum voru að meðaltali 493 íbúar á bak við hvern lögreglumann í landinu í desember 1998. Þar sem hér er um meðaltalstölu að ræða gefur augaleið að þessi fjöldi er sums staðar töluvert hærri en 500, en sú tala hefur oft verið notuð sem viðmiðunartala í þessu sambandi.

Af þessu tilefni vil ég segja að ég tel eðlilegt að settar verði einhverjar viðmiðunarreglur um þetta atriði. En við samningu slíkra reglna mætti þó ekki einvörðungu horfa á íbúafjöldann heldur þyrfti einnig að taka mið af landfræðilegum aðstæðum og því hversu auðveldlega má senda aðstoð úr öðrum lögregluumdæmum.

Ég bendi þó á að ef miða ætti fjölda lögreglumanna við 500 íbúa á mann hvarvetna á landinu hefði það töluverðan kostnað í för með sér. Ef þeirri viðmiðunarreglu yrði beitt þyrfti t.d. að fjölga í 15 lögregluliðum en ef miðað væri við töluna 600 þyrfti að fjölga í 10 lögregluliðum, ef við lítum yfir landið allt.

Í áliti ríkislögreglustjórans, sem dagsett er 26. febrúar sl., kemur fram sú skoðun hans að á Stór-Reykjavíkursvæðinu séu nægjanlega margir lögreglumenn og til greina komi að kanna hvort forsendur séu fyrir samnýtingu eða jafnvel sameiningu lögregluliða á þessu svæði. Enn hefur þó ekkert verið ákveðið þeim efnum. Mál þessi eru vitaskuld til sífelldrar endurskoðunar í ráðuneytinu. Það er fylgst mjög grannt með þróun mála og þörfum hvers umdæmis fyrir sig og kalli breyttar aðstæður á breytingar í lögregluliði verður að sjálfsögðu brugðist við því.

Ég vil fá að nota þetta tækifæri til að þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina. Ég er sammála honum í því að mjög miklu máli skiptir að löggæslumál séu í góðu horfi hér á landi og hef reyndar lagt áherslu á þann málaflokk frá því að ég tók við þessu embætti.

[13:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn. En það sem ég vildi óska eftir að hæstv. dómsmrh. svaraði er hvort hugmyndin sé ekki að taka á hvað varðar umdæmi sýslumanna á Íslandi. Við höfum séð að nýting á liði lögreglunnar er afskaplega misjöfn og slæm sums staðar einfaldlega vegna þess að hin gömlu lögregluumdæmi bjóða ekki upp á að hægt sé að nýta mannaflann á svæðinu á eðlilegan hátt. Ég ætla að taka dæmi. Lögreglan á Akranesi þjónar eingöngu Akranesi en síðan eru Borgnesingar með allt svæðið þar fyrir vestan. Fjöldi árekstra hefur verið þar í gegnum mörg ár. Dómsmrn. hefur aldrei getað tekið á þessu máli. Það hefði átt að sameina þessi lögregluumdæmi fyrir löngu og setja þau undir einn sýslumann en það gerist ekki neitt. Það er eins og menn hafi bókstaflega ekki krafta til þess að taka á slíkum málum.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir þátttöku í umræðunni. Ég fagna sérstaklega svari hæstv. dómsmrh. og tek undir með ráðherra að meðaltöl segja ekki alla hluti og ég tel það vera athyglisvert að hæstv. ráðherra skuli hafa lýst því yfir að hún muni beita sér fyrir að einstök sýslumannsembætti verði skoðuð með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Ég fagna því sérstaklega og ítreka það sem ég sagði í byrjun að samfélagið hefur verið að breytast og samfélagið kallar á aukna löggæslu. Við þekkjum það úr fréttum að borgarar eru ekki hultir, sérstaklega um helgar að kvöldlagi í miðbæ höfuðborgarinnar og jafnvel víðar í stærri sveitarfélögum. Við þekkjum jafnframt að fíkniefni eru í sókn og þar virðast sölumenn dauðans oftar en ekki vera skrefinu á undan löggæslumönnum. Við þekkjum fregnir af innbrotum í bíla, íbúðarhús, sumarhús eða fyrirtæki. Fólk óttast sem sagt um líf sitt og eignir.

Þess vegna má í rauninni segja að öryggi er það sem þegnar landsins eiga skilið og vilja fá og til þess er lögreglan. Ég fagna því yfirlýsingu hæstv. ráðherra að taka þessi mál til skoðunar, einkum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Öryggi borgaranna kallar á það.

[13:45]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel að lögreglan hafi almennt staðið sig mjög vel. Ég held að það

liggi alveg ljóst fyrir að þeir hafa staðið sig sérstaklega vel, ekki síst í þeim miklu fíkniefnamálum sem hafa verið til umræðu upp á síðkastið.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að vara við því að fullyrt sé að fólk óttist um líf sitt og eignir. Ég held að það sé mjög ofmælt. Ég held að Íslendingar telji almennt að öryggi þeirra sé vel borgið í höndum hinnar íslensku lögreglu.

Varðandi athugasemd sem fram kom áðan frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þá er endurskipulagning umdæma til skoðunar og þeirri skoðun verður lokið innan tíðar. Það er alveg rétt að lögreglulið eiga að geta unnið saman og vafalaust er misgóð nýting á þeim á sumum stöðum á landinu.

Ég vil líka fá að nota þetta tækifæri til þess að minna á að töluverð fjölgun hefur orðið í lögreglunni á síðustu árum. Þannig hefur lögreglumönnum fjölgað um rúmlega 60 síðan árið 1985 og þeir eru nú 638 talsins. Bætt löggæsla er þó ekki alfarið háð fjölda lögreglumanna heldur og bættum vinnubrögðum og betra skipulagi lögreglu. Dómsmrn. og undirstofnanir þess munu hér eftir sem hingað til leita allra leiða til að efla löggæslu og tryggja þar með öryggi borgaranna eftir því sem framast er unnt.

Staðlar fyrir lögreglubifreiðir.

Fsp. HjÁ, 127. mál. — Þskj. 147.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Hér hefur þegar við síðustu fyrirspurn nokkuð verið rætt um starf lögreglu og öryggi borgaranna og ég tek undir með hæstv. dómsmrh. að lögreglan hefur við ríkjandi aðstæður staðið sig afskaplega vel. En mannafli einn og sér er ekki nægur við starfrækslu lögregluembætta. Lögreglan þarf búnað til þess að sinna starfi sínu og skyldum. Við erum fámenn þjóð í stóru landi og umdæmi einstakra lögregluembætta eru afskaplega umfangsmikil. Til þess að komast yfir umdæmi sín þarf lögreglan á bifreiðum að halda og það skiptir máli hvernig bifreiðir lögreglan hefur til afnota. Eðli málsins samkvæmt þarf lögregla oftast að komast fljótt og greitt í útkall. Þar kann að skilja á milli lífs og dauða. Við slíkar aðstæður er lögreglumönnum oft hætta búin og jafnvel fólki á götum úti. Því er rökrétt að gera ýtrustu kröfur um öryggisbúnað og gæði lögreglubifreiða. Það snertir einfaldlega öryggi lögreglumanna að störfum og þegna landsins.

Því miður er málum ekki alveg svo farið. Í sumum tilvikum er lögregluembættum boðið upp á svo hraklegar bíltíkur að engan veginn getur talist ásættanlegt. Veit ég dæmi þess að jafnvel bifreiðaverkstæði hafi neitað að lappa upp á úr sér gengnar lögreglubifreiðir og ekki viljað taka ábyrgð á eða halda höktandi lögreglubifreið í umferð. Þarna er alvarleg brotalöm á öryggi borgaranna og lífi lögreglumanna jafnvel stefnt í hættu.

Því spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort til séu staðlar um lágmarksbúnað fyrir lögreglubifreiðir.

[13:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Spurt er: „Eru til staðlar um gæði og öryggi lögreglubifreiða?“

Þessari fyrirspurn hv. þm. má svara með vísan til reglna um ökutæki lögreglunnar sem ríkislögreglustjórinn gaf út þann 20. maí 1998. Í viðauka nr. I við þær reglur eru settar fram skilgreiningar á ökutækjum lögreglunnar og settir staðlar sem varða flokkun ökutækja og gæða- og öryggiskröfur. Má þar nefna styrkingar bifreiðanna, ABS-hemlakerfi, loftpúða fyrir ökumann og farþega o.fl. Fyrirmynd þessara staðla er sótt til lögregluyfirvalda á Norðurlöndum.

Frá setningu þessara reglna hefur við innkaup lögreglubifreiða verið tekið mið af þessum stöðlum. Á hinn bóginn er þó ljóst að stór hluti ökutækja lögreglunnar er eldri en fimm ára og uppfyllir ekki alltaf kröfur samkvæmt áðurnefndum stöðlum. Gerð var athugun á bílaflotanum árið 1997 og kom í ljós að nokkur hluti hans var orðinn of gamall til að viðunandi mætti teljast.

Í samráði við dómsmrn. og fjmrn. hefur lögreglan síðan unnið að því að hraða endurnýjun ökutækjaflotans og koma á nýrri skipan í þeim málum með það að markmiði að lögreglan hafi ávallt traustar og öruggar bifreiðir til afnota.

[13:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Hjálmars Árnasonar, að lögreglan hefur staðið sig vel miðað við aðstæður, og þetta segir hæstv. dómsmrh. líka. Aðstæður eru þá væntanlega þær fjárveitingar sem lögreglan býr við, með öðrum orðum ríkisstjórn landsins.

Ég tek undir að mikilvægt er að setja upp staðla og að þeir séu traustir, ekki síst vegna þess að það er búið að koma á eins konar viðskiptasambandi á milli embættanna og ríkislögreglustjóraembættisins varðandi bifreiðirnar. Þannig er að ríkislögreglustjóraembættið leigir einstökum embættum bíla og lætur þau síðan borga kílómetragjald. Það er síðan hagur embættisins að keyra sem allra minnst.

Spurningin er þessi, sem mér þætti vænt um að heyra álit hæstv. dómsmrh. á: Er það hagur borgarans að bifreiðum sé lagt í sparnaðarskyni og þær ekki notaðar?

[13:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tel að hér sé vakið máls á mjög brýnum þætti löggæslunnar. Ég vil vekja athygli á því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á, þ.e. að nú á að fara að miðstýra þessu með eign og rekstur lögreglubílanna. Allt á að vera undir ríkislögreglustjóra og hann á síðan að deila út til embættanna og það vekur kannski vissan ugg eða ótta varðandi búnað bílanna. Nú þarf öðruvísi búnað á bílum úti á landi. Verður þá leigan á þessum bílum mismunandi eftir útbúnaði? Er leigan kannski líka háð búnaði bílanna, t.d. á Vestfjörðum, Norðurlandi eða þar sem eru hörð veður, verri samgöngur, meira álag o.s.frv.? Eða hvernig verður þessu háttað?

[13:54]

Árni Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi að hér er ekki einungis um bílana að ræða heldur viðhald þeirra. Í þeirri byggðaumræðu sem við höfum staðið í allt frá því um síðustu kosningar vil ég minna á að eðlilegra væri að sjá um viðhald lögreglubílana á stöðunum sjálfum, þ.e. á þeim stöðum úti á landi þar sem lögreglustjóraembættin eru staðsett.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og þeim þingmönnum sem lögðu orð í belg. Auðvitað snýst

ástand búnaðar lögreglubíla og annars búnaðar á lögreglustöðvum að miklu og kannski að öllu leyti um fjárveitingar til þess. En við verðum líka að skoða þetta í því samhengi sem hér hefur verið til umræðu, þ.e. samanber þær breytingar sem eru að verða á samfélaginu og að nokkru leyti það agaleysi sem almennt virðist ríkja í samfélaginu.

Ég vil fagna yfirlýsingu hæstv. ráðherra. Fyrirspurn minni hefur verið svarað. Það eru til staðlar sem settir voru um gæði og búnað lögreglubifreiða. En jafnframt kemur fram í svari hæstv. ráðherra að ekki hefur tekist að fylgja nógu hratt eftir þeim kröfum sem felast í stöðlunum, þ.e. í umferð eru enn þá illu heilli of margir úr sér gengnir lögreglubílar, má segja, og spurningin er hvaða hætta sé fólgin í því.

Fyrirspurninni hefur verið svarað og ég treysti því að hæstv. dómsmrh. fylgi þessu brýna máli fast eftir og ég veit, eins og fram kemur í svari hennar hér, að hún hefur hug á að gera það.

[13:56]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir þann mikla áhuga sem þeir sýna á löggæslumálum og tækjaútbúnaði sem þarf að vera í lagi. Eins og ég sagði áðan þá er verið að vinna að endurnýjun bílaflota lögreglunnar. Fjárveitingar til þessa málaflokks hafa verið af heldur skornum skammti hingað til en þó hefur okkur miðað nokkuð í rétta átt á síðustu árum. T.d. hafa 22 lögreglubílar verið endurnýjaðir það sem af er þessu ári.

Því má að lokum bæta við að ákveðið hefur verið að ráðast í heildarendurskipulagningu á bílamálum lögreglunnar. Í því felst að frá 1. janúar næstkomandi verður öll umsýsla lögreglubifreiða á hendi ríkislögreglustjórans en ekki hjá einstökum lögregluembættum eins og áður. En ég vil taka það fram vegna fyrirspurnar hv. þm. Ögmundar Jónassonar að ég er viss um að lögreglumenn sinna sínum störfum af fyllstu samviskusemi og kostgæfni og nota að sjálfsögðu til þess öll þau tæki sem til þarf.

Hv. þm. Jón Bjarnason spurði hvort leigan yrði mismunandi eftir því hvar bílarnir væru staðsettir úti á landi. Mér er ekki kunnugt um að svo sé.

Tannvernd barna og unglinga.

Fsp. ÖJ, 130. mál. — Þskj. 150.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Íslendingar verja hátt á fjórða milljarð kr. til tannheilbrigðismála. Árið 1996 skiptist kostnaðarhlutdeildin á þann veg að 856 milljónir voru greiddar úr almannasjóðum en 2.412 milljónir voru greiddar af notendum beint, 70% á móti 30%. Mjög hafði sigið á ógæfuhliðina í upphafi þessa áratugar þegar kostnaðarhlutdeild notenda, aldraðra og öryrkja og einnig barna, var aukin. Börn og unglingar undir 16 ára aldri höfðu reyndar fengið allan tannlæknakostnað sinn endurgreiddan en á árunum 1992 og 1993 var þessi endurgreiðsla færð í áföngum niður í 75%.

Þessu var harðlega mótmælt enda kom á daginn í skýrslu sem landlæknisembættið birti árið 1997 að tekjulágt fólk var farið að veigra sér við að leita til tannlæknis af fjárhagsástæðum. Á þessu ári var gerð sú jákvæða breyting á stuðningi við unglinga að viðmiðunaraldursmörkin voru færð upp í 17 ár. Eftir sem áður er greiðsluhlutfallið 75%. Þetta var þó mjög mikilvægt spor í rétta átt.

Ekki er síður mikilvægt að huga að forvarnastarfi á meðal barna og unglinga en endurgreiðsluhlutfallinu. Forvarnastarfið skiptir máli fyrir heilsu og líðan viðkomandi einstaklinga og peningalega er hér um stórmál að ræða. Óumdeilt er að vel heppnaðar forvarnir á þessu sviði geta sparað háar fjárupphæðir. Ég hef sem aðrir fylgst með rökræðum sérfræðinga um þetta efni. Það sem mér finnst standa upp úr er að á undanförnum árum hefur þokast í rétta átt. Mun að hluta mega rekja það til bættrar tannhirðu, þar á meðal til notkunar á flúortannkremi og sérstakrar flúormeðhöndlunar. Samkvæmt athugunum voru 2,2 tennur skemmdar að meðaltali í 12 ára norrænu barni — að Íslendingum undanskildum — árið 1990, en 4,1 tönn í íslenska barninu. Upp úr miðjum áratugnum var þetta hlutfall orðið svipað hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum eða um 1,5 skemmd tönn að meðaltali.

En hvar eru þá skemmdu tennurnar? Margt bendir til að þær sé að finna í þeim hópi sem ekki sinnir nægilega tannhirðu eða er með veikar tennur og hefur ekki aðgang að forvörnum, t.d. sérstakri flúormeðferð. Að mínum dómi þarf að einhenda sér í að finna þennan hóp og veita honum meðferð.

Eftir að einkatannlæknastofur fóru að leysa skólatannlæknastofur af hólmi virðist tilhneigingin vera sú að vaxandi hópur ungmenna fari hvorki til einkalæknis né til skólatannlæknis. Ekki eru til óyggjandi tölur um hve mörg börn hér er um að ræða en varfærin tilgáta væri um 5%. Ef sú tilgáta stæðist væri um að ræða 2.500 börn og unglinga á skólaskyldualdri sem aldrei færu til tannlæknis. Hugsanlegt er að sum þessara barna leiti ekki læknis af peningaástæðum, önnur vegna þess að enginn er til að veita þeim það aðhald sem skólatannlæknastofurnar gerðu.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að spyrja hvort áform séu uppi um að styrkja forvarnastarf í skólunum að nýju með starfi skólatannlækna, tannfræðinga eða tanntækna. Ef svo er, stendur þá til að færa slíkt starf út fyrir höfuðborgarsvæðið? Þetta er nánari útlistun á þeirri fyrirspurn sem ég setti fram skriflega:

„Hvaða áform eru uppi varðandi forvarnastarf til að stuðla að góðri tannheilsu barna og unglinga á grunnskólaaldri?"

[14:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir þessa fyrirspurn. Hann spyr:

„Hvaða áform eru uppi varðandi forvarnastarf til að stuðla að góðri tannheilsu barna og unglinga á grunnskólaaldri?"

Ég veit að fyrirspyrjanda er mikil alvara þegar hann spyr um þetta mál, enda spyr hann bæði skriflega og munnlega.

Almennt má segja að forvarnir barna og ungmenna séu í góðu lagi hér á landi. Til að skýra áherslurnar leggjum við til tannviðgerða barna um 150 millj. kr. en 330 millj. í forvarnir til barna og ungmenna. Margt hefur stuðlað að því að við erum komin svo langt sem raun ber vitni. Góð tannheilsa helgast fyrst og fremst af því að foreldrar eru vel vakandi yfir því hve miklu máli það skiptir fyrir börn og unglinga að hirða tennur sínar vel. Þar er einnig að þakka góðu starfi í leikskólum þar sem mjög er brýnt fyrir börnum að bursta tennur og einnig er lögð áhersla á tannvernd í öðrum skólum

landsins. Góð tannheilsa helgast af góðu heilbrigðisstarfsfólki, stóraukinni fyrirhyggju foreldra og opinberu framlagi gegn um uppeldisstofnanir.

Ég vil undirstrika að hið opinbera, nefnd eða stofnun á vegum ríkisins, getur ekki komið í stað forráðamanna barna í þessu sambandi. Það er grunnurinn sem allt annað byggist á en niðurstaðan er:

Á 10–15 ára tímabili hefur dregið meira úr tannskemmdum barna og ungmenna á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndunum. Á 10–15 árum hafa íslensk börn færst í þann flokk barna í Evrópu sem fæstar skemmdar tennur hafa. Það er gaman að segja frá því í leiðinni að á sl. 10 árum hefur innflutningur á tannkremi og tannburstum aukist tólffalt. En undanfarin 10–15 ár hefur verulega dregið úr skólatannlækningum til að mynda í Reykjavík eins og hv. þm. kom inn á áðan.

Nú má ekki skilja orð mín svo að samband sé á milli þess að dregið er úr skólatannlækningum og bættrar tannheilsu, síður en svo. Það sem hefur verið að gerast er að tannskemmdir barna og ungmenna hafa minnkað mjög mikið á sama tíma og tannlæknum hefur fjölgað umtalsvert. Þetta þýðir að tannlæknar í einkarekstri eru mun duglegri við að kalla til sín foreldra og börn og unglinga en þeir voru áður.

Burt séð frá kostnaðinum hefur niðurstaðan orðið sú að tannheilsa barna og unglinga og Íslendinga hefur farið hratt batnandi og ekkert bendir til annars en að svo verði áfram.

Varðandi það sem hv. þm. kom inn á í lok máls síns vil ég taka fram að mér þykir brýnast að ná til þeirra fáu barna sem ekki skila sér í skoðun hjá einkatannlæknum og ekki í skólatannlækningakerfinu. Við vitum að þessi hópur er til en varla hve stór hann er. Oft kemur hann ekki fram fyrr en í meðaltölum þegar tekið er saman fullorðið fólk. Það er brýnt að koma til móts við þennan hóp. Við höfum verið að vinna að því í heilbrrn. Hv. fyrirspyrjandi veit örugglega um úrskurð sem Samkeppnisstofnun kvað upp um skólatannlækna. Við í heilbrrn. höfum verið að leita leiða til að koma til móts við þennan úrskurð en jafnframt við þau börn sem hér um ræðir. Þarna þurfum við að skoða heilsugæsluna og möguleika á að nýta þá starfskrafta sem við höfum eins og t.d. tannfræðinga. Í skólatannlækningakerfinu búum við að miklum mannauði sem við megum ekki glata. Við erum að vinna að þessum málum núna.

[14:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Það er vissulega ástæða til að gæta þess að forvarnastarfið verði áfram gott. Menn tala um gott ástand en það er full ástæða til þess að staldra við. Það er staðreynd að margir foreldrar kveinka sér undan því að þeir hafi ekki efni á því að senda börnin sín til tannlæknis.

Mig langar til að minna á upplýsingar úr skriflegu svari sem ég fékk frá hæstv. ráðherra á þinginu 1995. Þar kom í ljós að frá því að kostnaðarhlutdeild foreldra í tannlækningum var aukin hefur tíunda hvert barn í Reykjavík ekki skilað sér til tannlæknis. Tíunda hvert barn í Reykjavík kom ekki til tannlæknis á því árabili sem spurt var um, samkvæmt svarinu, frá því að kostnaðarhlutdeild foreldra jókst í tannlækningum.

Tími til forvarna eins og flúorpenslunar hefur jafnframt verið styttur hjá tannlæknum þannig að það er full ástæða til þess að staldra við. Það verður dýrt fyrir þjóðina síðar meir ef við hugum ekki betur að forvörnum í tannheilsu barna og unglinga.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir viðbótarupplýsingarnar. En ég vil segja þetta:

Í ljós kemur að það dregur úr tannskemmdum. Þetta er staðreynd. Það er líka staðreynd og hefur komið fram í skrifum yfirtryggingatannlæknis að tannskemmdirnar er einkum að finna í hluta barnahópsins. Í skrifum hans var ef ég man rétt talað um fjórðung. Síðan kemur líka fram að væntanlega eru í þeim hópi margir sem ekki sækja neinn tannlækni, hvorki einkatannlæknastofu né skólatannlækningar.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir talar um könnun þar sem niðurstaðan var að tíunda hvert barn hefði ekki farið til tannlæknis. Ég var enn þá varfærnari og talaði um 5%. Þá erum við að tala um 2.500 börn á skólaskyldualdri sem aldrei fá neina aðhlynningu. Hvert er þá verkefnið, ef við tökum þetta allt saman? Verkefnið er að finna þennan hóp og sinna honum. Hver gerir það best? Hvar verður það best gert? Það verður best gert í skólunum. Hvernig eigum við þá að eiga við samkeppnisráð? Það er mjög einfalt. Við segjum: Í skólunum er þessu hlutverki alfarið sinnt. Flúormeðhöndlun fer alfarið fram í skólunum. Þetta er ekki neitt samkeppnisspursmál. Við fáum til þess skólatannlækna, tannfræðinga eða tanntækna sem þekkja þessi mál og eru í tengslum við börnin, skólann og síðan í framhaldinu við heimilin. Ég held að þetta sé leiðin sem við eigum að fara. Ég fagna því sem fram kom í svari hæstv. heilbrrh. að verið sé að skoða þessi mál. Ég vænti þess og vona að svo sé gert á þessum forsendum.

[14:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við erum sammála um að þörf sé á að ná til þessa litla hóps. Við róum að því öllum árum að ná til þeirra barna sem ekki fá þá tannlæknaþjónustu sem við viljum og er æskileg.

Mér finnst alveg nauðsynlegt að láta það koma fram að við leggjum verulega mikið fjármagn til forvarna sem öll börn njóta. Ég vil minna á, varðandi flúorpenslun sem hér var rætt um áðan, að Íslendingar leggja tvisvar eða jafnvel fjórum sinnum meira til flúorpenslunar en nokkur önnur Norðurlandaþjóð. Menn geta því ekki talað um að við sláum þar slöku við.

Það er alveg rétt sem fram kom að við verðum að nýta leikskólana og skólana o.s.frv. til þessa. Margir geta komið að þessu máli eins og hér var bent á, t.d. tannfræðingar, þeir eru að koma í auknum mæli í skólana og inn á leikskólana.

Fundi slitið kl. 14:12.

22. FUNDUR

miðvikudaginn 10. nóv.,
að loknum 21. fundi.

Dagskrá:

1. Lágmarkslaun, frv., 94. mál, þskj. 95. — 1. umr.
2. Umferðarlög, frv., 95. mál, þskj. 96. — 1. umr.
3. Kosningar til Alþingis, frv., 123. mál, þskj. 154. — 1. umr.
4. Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, frv., 134. mál, þskj. 155. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Lágmarkslaun, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 94. mál. — Þskj. 95.

[14:13]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lágmarkslaun. Flutningsmenn ásamt mér að þessu frv. eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Kristján L. Möller.

Þetta frv. fer að verða eins og gamall kunningi á þinginu. Ég hef lagt það fram á þremur eða fjórum þingum. Ég mun seint þreytast á því meðan ég verð hér og tel ástæðu til að ræða um lágmarkslaun í landinu. Þetta er ákaflega einfalt frv. Það hljóðar svo:

„Heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 112.000 kr. fyrir fulla dagvinnu.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. mars 2000."

Þetta er mjög einfalt í framsetningu en það er mikill þungi á bak við svona mál. Ég lít svo á að 112 þús. kr. lágmarkslaun séu neyðarlínan fyrir fólk og einstaklinga til að framfleyta sér. Ég byggi þetta á því að fjöldi manna, sem er með laun í dag undir 100 þús. kr. og er í fullri vinnu, þarf að leita aðstoðar hjá samfélaginu. Hagfræðin segir okkur að einstaklingur, sem býr við þær aðstæður að þurfa að þiggja hjálp af samfélaginu þrátt fyrir full laun, er með of lág samningsbundin laun. Þetta er einfalda röksemdin að einstaklingar skuli þurfa að þiggja af samfélaginu, búa við slæm skilyrði þrátt fyrir fulla vinnu. Þetta er meginástæðan fyrir flutningi þessa frv. Í grg. með frv. segir:

„Frumvarp til laga um lágmarkslaun var lagt fram á 122. þingi en náði þá ekki fram að ganga. Það var lagt fram að nýju á 123. þingi í breyttri mynd. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skuli ekki vera lægri en 112.000 kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu."

Meginvandi íslensks þjóðfélags er fátækt sem stafar af lágum launum. Þetta er staðreynd. Þó að kannski sé um tiltölulega fá heimili að ræða hafa lág laun leitt til margs konar vanda og jafnvel hrakið fólk af landi brott. Þetta er staðreynd og meira að segja er það staðreynd í velferðarþjóðfélaginu á Íslandi að til Danmerkur flytja 1.000 manns fleiri en flytja þaðan til Íslands. Af hverju skyldi það vera? Það er ekki fyrir það að taxtalaun séu svo miklu lægri á Íslandi en Danmörku. Í sumum tilvikum eru taxtalaun á Íslandi hærri. En þá koma önnur atriði eins og matarverð, skattamál og jaðarskattaáhrif og eitt og annað sem hefur áhrif á það að fólk telur sér betur borgið í nágrannalandinu Danmörku sem er eins og ég sagði áðan í mörgum tilvikum með lægri útborguð laun.

Launakerfið á Íslandi hefur einkennst af feluleik með raunveruleg launakjör og launataxtar hafa verið hífðir upp með alls konar viðbótargreiðslum.

Það má líka tala um það einkenni á íslensku atvinnulífi hversu marga vinnutíma íslenskir launamenn vinna. Þess er skemmst að minnast að í samanburði sem var gerður milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vinnur um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði tíu vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig haldið uppi fyrst og fremst með löngum vinnudegi.

Herra forseti. Ástæða er til að minnast á það að hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands á heimilunum. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo síðustu ár að þeim er mörgum um megn að sinna þeim skyldum sínum gagnvart íbúum sveitarfélaganna. Þetta eru fræðilegar staðreyndir en orsökin er fyrst og fremst lág laun, þ.e. fjölskyldurnar hafa ekki þau laun sem duga til að framfleyta sér.

Herra forseti. Ég ætla að stikla á stóru í umræðum um þetta frv. og hleyp fram hjá ákveðnum atriðum í greinargerð. Ég nefni aðeins gildistöku frv. Gert er ráð fyrir að frv. taki gildi 1. mars. Hvers vegna er miðað við 1. mars? Það er í tengslum við kjarasamninga. Ég hef lýst því yfir hvað eftir annað að nái aðilar vinnumarkaðarins viðunandi samningum og geti leiðrétt kjör þeirra lægst launuðu þá mun ég draga þetta frv. til baka í samráði við meðflutningsmenn og tel þá að tilganginum sé náð, þ.e. að ýta aðilum vinnumarkaðarins út í að semja um mannsæmandi laun fyrir þá sem eru á lægstu töxtunum.

Ég segi það að svona lagasetning ýtir undir og knýr í rauninni samningsaðila til að finna leiðir svo unnt sé að lifa af dagvinnulaunum.

Ég tel að Íslendingar verði að gera upp við sig hvort hér eigi að vera láglaunasvæði eins og staðreynd er. Það er láglaunasvæði þegar lægstu laun eru ekki hærri en 70 þús. kr. á mánuði og í ákveðnum tilvikum eru þau lægri. Hvort það á að vera þannig að landsmenn eigi og verði að vinna langan vinnudag til að halda uppi sambærilegum lífskjörum og í nágrannalöndunum eða hvort menn eru tilbúnir að þróa hagkerfið í átt til sérhæfðra stafa sem eru betur launuð. Við sem eru flutningsmenn að þessu frv. efumst ekki um að síðari leiðin sem nefnd er er gæfuríkari fyrir land og þjóð.

Herra forseti. Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki heldur auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggja á ódýru vinnuafli. Það er nauðsyn að snúa af þessari braut því að annars verðum við áfram láglaunaland og það er ömurlegt að þurfa að segja það. Íslendingar flokkast með láglaunalöndum vegna umsamdra lægstu launa. Það er ekki metið út frá þeim viðmiðunum sem OECD og aðrir setja fram um hagstæð lífskjör eða hagstætt líf á Íslandi.

Frv. þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið er ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg. Þess vegna er leiðin kannski sú að hækka verulega lægstu laun og fella niður allar aukagreiðslur þannig að launin séu sýnileg og unnt sé að komast af á lægstu launum. Þetta tel ég vera meginmálið í tengslum við þetta frv. og ég get lýst því yfir aftur að verði viðunandi árangur í samningum og lægstu launataxtar verði hífðir upp þannig að unnt sé að lifa af þeim launum sem lægstu taxtar gefa mun þetta frv. verða dregið til baka.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt varðandi það sem stendur í greinargerð. Það skýrir sig sjálft en ég óska eftir því að málinu verði vísað til hv. félmn. að lokinni umræðu.

[14:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að margir nytu matargjafa sökum fátæktar. Það er eflaust rétt í einhverjum tilfellum að svo sé. En ég hygg að margir njóti matargjafa sökum skorts á sjálfsvirðingu. Það er kannski það sem hefur gerst í auknum mæli að stórir hópar fólks eru að missa sjálfsvirðinguna og leita að matargjöfum meðan aðrir í svipaðri stöðu gefa peninga til Hjálparstofnunar kirkjunnar og annarra aðila. Þeir leita því til hjálparstofnana vegna þess að lærið er ódýrara þar en í Hagkaup. Þeir hafa misst sjálfsvirðinguna. Ég held að það sé því miður nokkuð algengt og hjá hjálparstofnunum er ekki spurt að neinu.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort þetta geti verið ástæðan en ekki eingöngu fátækt.

[14:25]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort fólk geti fundið möguleika til að drýgja tekjur sínar með því að þiggja matargjafir hjá hjálparstofnunum. Hugsanlega á þetta við í einhverjum örfáum tilvikum. En ég er að tala um alla þá sem neyðast til að fara og biðja sér aðstoðar, þá sem eru aldraðir og hafa mjög lítið til að framfleyta sér af, fátæka launamenn í fullri vinnu sem ná ekki endum saman, ekkjur með börnin sín sem hafa þurft að krjúpa svo lágt að þiggja matargjafir. Ég er að tala um þá sem hafa gert allt sem þeir gátu til að láta enda ná saman. Það sem þeir fá í laun dugir ekki til vegna þeirra kjarasamninga sem gilda í landinu. Það verður alltaf þannig, hv. þm. Pétur Blöndal, að einhverjir notfæra sér að fá ódýrari mat en fæst í Hagkaup eins og hv. þm. talaði um.

Mér er líka fullljóst að einstaklingar þurfa mismikið til að framfleyta sér. Þess vegna deili ég á að ekki skuli hafa verið hægt sl. fimm ár að reikna út viðmiðunargrunn til framfærslu fyrir einstaklinga á Íslandi. Í fimm ár hef ég óskað eftir því. Það er ömurlegt að búa við það að ekki skuli vera hægt að reikna út þennan framfærslugrunn. Hann er ekki til. Hann er ákaflega mismunandi. Félagsmálastjórar miða við a.m.k. 10 þús. kr. hærri upphæð en það sem lágmarkslaun á Íslandi hljóða upp á.

[14:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við erum að ræða er árviss atburður. Ég hef spurt hv. þm. áður hvers vegna hann er svona naumur í tölunum. Af hverju er hann núna með 112 þús. kr.? Síðast var hann með 80 þús. kr., ef ég man rétt, (**GE:** 88 þús.) 88 þús. og þar áður 80 þús. Af hverju er hann svona naumur? Af hverju hefur hann þetta t.d. ekki 300 þús. kr. eins og laun þingmanna? Af hverju eru það ekki lágmarkslaun? Eða 500 þús. kr. Mér þætti það miklu betra. Sérstaklega ef allar bætur í landinu mundu fylgja með líka. Eða milljón. Af hverju eru ekki lágmarkslaunin milljón, hv. þm.?

Það skyldi þó ekki vera að fólk sjái að meiri hluti landsmanna yrði atvinnulaus ef lágmarkslaunin eru milljón nema kannski opinberir starfsmenn. Svona stýring ofan frá hefur ekkert að segja. Arðsemi fyrirtækja á Íslandi vex ekki með því að hækka lágmarkslaunin. Fyrirtækin geta ekki borgað meira þó að sett verði lög um lágmarkslaun.

Herra forseti. Nú er það svo að laun hér á landi hafa hækkað undanfarið umfram verðlag sem aldrei fyrr. Það er nánast sama hvaða mælikvarða við notum, laun hafa hækkað sem aldrei fyrr og lægstu launin hafa hækkað langsamlega mest. Fyrir nokkrum árum voru lægstu launin undir 50 þús. kr. á mánuði. Nú eru umsamin lágmarkslaun komin yfir 70 þús. kr. á mánuði og sem betur fer eru sárafáir á þeim töxtum. Hvað skyldi valda því, hv. þm.? Minnkandi atvinnuleysi. Þegar 10 manns eða 20 manns bíða eftir stöðunni minni fer ég að sjálfsögðu ekki fram á launahækkun. En þegar enginn bíður eftir stöðunni minni og það vantar fólk get ég gjarnan farið fram á launahækkun og fæ hana. Alveg sérstaklega hefur þetta gagnast þeim sem eru með lægstu launin þannig að ég segi: Atvinnuleysi er böl þeirra sem eru með lægstu launin. Lægstu launin lækka mest þegar atvinnuleysi kemur upp.

Þeir sem hærri laun hafa geta farið í aðra stöðu ef það er atvinnuleysi. En þeir sem eru í lægstu stöðunum geta það yfirleitt ekki. Að minnka atvinnuleysið er þannig besta hjálpartækið til að hækka lægstu laun án þess að bylta því ofan frá með löggjöf.

Herra forseti. Það eru sárafáir með lægstu launin. Það eru unglingar sem eru að hefja störf, fólk sem er að byrja í atvinnulífinu eftir hlé, stundum vegna óreglu, fangelsisvistar eða einhvers slíks. Þeir sem hafa verið heimavinnandi og fara út á vinnumarkaðinn byrja með lág laun á meðan þeir eru að skóla sig í hærri laun. Ef þetta frv. yrði að lögum fengi þetta fólk hreinlega ekki vinnu, það er svo einfalt. Það borgar sig að ráða fólk í ákveðin störf af því að launin eru lág. Ef launin eru hækkuð þá borgar það sig ekki lengur. Þess vegna nefndi ég áðan milljón á mánuði sem lágmarkslaun. Þá mundi nánast enginn atvinnurekstur á landinu bera sig og allir yrðu atvinnulausir nema náttúrlega opinberir starfsmenn.

Með því að hækka lágmarkslaunin er fólk með lágmarkslaun verðlagt út af markaðnum. Það er miklu skynsamlegra

að auka eftirspurnina eftir fólki og minnka atvinnuleysið, örva atvinnulífið eins og núv. ríkisstjórn og þrjár síðustu ríkisstjórnir Sjálfstfl. hafa verið að gera. Þær hafa örvað atvinnulífið þannig að eftirspurnin eftir vinnuafli vex og öll laun hækka, alveg sérstaklega lægstu launin. Deilan um leikskólana í Reykjavík undanfarið sýnir í hnotskurn hvernig eftirspurnin hækkar lægstu launin, þau eru a.m.k. komin upp fyrir það sem Reykjavíkurborg treystir sér til að borga. Þetta er markaður og hefur alltaf verið. Menn geta reynt að grípa inn í markaðinn með því að setja lágmarkslaun og þá gerist hið sama og á hverjum öðrum markaði að markaðurinn minnkar, þ.e. einhverjir verða atvinnulausir. Menn geta hreinlega verðlagt fólk út af markaði með því að hafa lágmarkslaunin of há.

Ég hygg að hluti skýringarinnar á því að í Evrópu hefur verið viðvarandi 10% atvinnuleysi í áratugi, með hörmulegum afleiðingum fyrir þá einstaklinga sem í því lenda, sé stýring ofan frá með reglum um lágmarkslaun. Það eru hörmuleg örlög að verða atvinnulaus til langframa, harmleikur fyrir einstaklinginn. Það er harmleikur fyrir fjölskyldur að vera atvinnulausar mann fram af manni eins og víða gerist í Evrópu. Það er ekki æskilegt og hluti ástæðunnar er stýring ofan frá með lágmarkstöxtum og alls konar skuldbindingum á atvinnulífið svo það getur ekki ráðið fólk í vinnu á þeim kjörum. Þetta leiðir til þess að milljónir manna í Evrópu ganga um atvinnulausar mann fram af manni og vonleysið er algert. Ég hef kynnst því. Ég hef talað við þetta fólk, þar sem vonleysið er algert, engin von fram undan. Þessu ná menn fram með því að hækka lágmarkslaun, með því að lengja uppsagnarfrest og setja endalaust meiri og meiri kvaðir á atvinnulífið.

Ég styð núverandi ríkisstjórn vegna þess að hún hefur hvatt atvinnulífið. Hún hefur losað um hömlur á atvinnulífinu og gert það að verkum að atvinnulífið blómstrar. Albesti árangurinn, það sem ég er hvað ánægðastur með, er að atvinnuleysið er horfið. Afleiðing þess er hækkandi laun fólks á markaði og alveg sérstaklega lægstu launa, herra forseti. Svona frv. er því ekkert annað en sýndarmennska og aðeins til þess að rugla þá þróun sem er í gangi. Ég spyr: Af hverju 112 þús, kr. en ekki eitthvað annað? Af hverju ekki eitthvað myndarlegra? Ósköp eru menn naumir í þessu. (**GE:** Af því það þarf bara það til að komast af.)

Já, það er mjög góð spurning: Hvað þarf til að komast af? Þarf maður t.d. Stöð 2? Er það nauðsynlegt til að komast af? Þarf maður bíl? Er það nauðsynlegt til að komast af? Þarf maður sólarlandaferð einu sinni á ári? Þarf maður snjósleða? Þarf maður jeppa? (**Gripið fram í:** Já.) Þarf maður laxveiðileyfi? (**Gripið fram í:** Nei.)

Það er nefnilega spurning hve mikið þarf til að komast af. Ég hef talað við fólk sem kemst af með furðulega lítið, fólk í raunverulegum vandræðum. Því fólki dettur hins vegar ekki í hug að leita til Hjálparstofnunar kirkjunnar. Það hefur mikla sjálfsvirðingu. Ég var síðast í gær að tala við unga stúlku sem er að reyna að bjarga sér. Henni dettur ekki í hug að leita neins staðar hjálpar. Hún stendur sína plikt og ein í baráttu sinni.

Þetta held ég að sé vandamálið. Við höfum búið til fjölskyldur sem misst hafa sjálfsvirðinguna, þar sem maður fram af manni er atvinnulaus. Jafnvel í núverandi stöðu meðan rífandi vinnu er alls staðar að fá er fólk samt atvinnulaust. Reyndar eru sumir sem komnir eru yfir 55 ára aldur raunverulega atvinnulausir, vegna fordóma atvinnulífsins gagnvart eldra fólki en þeir sem eru yngri og atvinnulausir eru það ekki vegna þess að þeir geti ekki fengið vinnu.

Margir hafa misst sjálfsvirðinguna og það er meinsemdin í núverandi kerfi hjálpar og trygginga. Sumt fólk missir hreinlega sjálfsvirðinguna og í staðinn fyrir að gefa Hjálparstofnun kirkjunnar til að styðja þá sem raunverulega eiga bágt þá fara þeir þangað og hirða eitt stykki hangikjötslæri.

[14:36]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyllsta ástæða til að veita andsvar við þessari ræðu hv. þm. Péturs Blöndals. Þar talaði hann bókstaflega niður til þeirra sem bágt eiga og illa eru settir. Hv. þm. talaði um sjálfsvirðingu. Ætli það skorti nokkuð á sjálfsvirðingu ekkjunnar sem þiggur matargjöf vegna þess að hún getur ekki framfleytt sér og börnum sínum? Ég efast um það. Ég efast um að það sé vegna þess að hana vanti sjálfsvirðingu.

Ég ætla ekki einu sinni að ræða um af hverju ekki sé gerð tillaga um milljón kr. í mánaðarlaun. Það er auðvitað bara eins og gaspur út í loftið.

Herra forseti. Ég ætla að svara nokkrum af þeim atriðum sem fram komu. Sagt var að ekki væri til góðs að setja lög um lágmarkslaun. En mjög víða erlendis eru sett lög um lágmarkslaun, a.m.k. í yfir 30 löndum og þar á meðal Ameríku og Frakklandi. Ég minni á að í síðustu forsetakosningum í Bandaríkjunum var rætt um lágmarkslaun. Eitt af höfuðatriðum ríkisstjórnar Tonys Blair er að setja lög um lágmarkslaun og til viðbótar, það sem hér var rætt áðan, að skilgreina þarfir einstaklinga og fjölskyldna til framfærslu. Þetta eru stóru málin sem ekki hafa fengist hér í gegn og eitt af grundvallaratriðunum á bak við flutning þessa frv. um lágmarkslaun. Ég spyr til viðbótar: Telur hv. þm. Pétur Blöndal að 70 þús. kr. laun séu viðundandi til framfærslu einstaklings? Ég bendi á að u.þ.b. 6–8 þúsund manns eru með laun sem nema aðeins 70 þús. kr. á mánuði eða undir því.

[14:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að í fjölda landa væru lögbundin lágmarkslaun. Við erum með samningsbundin lágmarkslaun hér á landi og við treystum aðilum vinnumarkaðarins til að sjá um þá hlið mála. Samningsbundin lágmarkslaun eru 70 þús. kr. á mánuði og hafa hækkað umtalsvert, um 40% á síðustu fjórum til fimm árum. Duga þau til framfærslu einstaklings? Ég geri ráð fyrir því, já. Það fer mjög mikið eftir því hvernig hann lifir, hvort honum nægja 70 þús. kr. eða ekki.

Það að tala um ekkjuna, væntanlega með börn, og aldraða eins og einsleitan hóp er alveg út í hött. Staða aldraðra er afskaplega mismunandi. Sumir hafa það mjög gott, eiga miklar eignir og hafa góðan lífeyri. Við höfum heyrt dæmi um fólk með mörg hundruð þúsund kr. í lífeyri. Sé ekkjan t.d. einstæð móðir þá er staða einstæðra foreldra bara þó nokkuð vel tryggð. Hún er svo vel tryggð að fólk í sambúð eða hjónabandi er oft á tíðum verr sett. Ég hef heyrt talað um fólk sem er að hugsa um að skilja vegna þess að staða þess er svo mikið lakari en væri ef annað væri einstætt og hitt á hótel mömmu.

Varðandi þessa umræðu um stöðu aldraðra og einstæðra foreldra vil ég fá raunveruleg dæmi til að fara eftir. Ég hef skoðað mörg dæmi. Öll þau dæmi sem ég hef séð eru vegna

annarra aðstæðna, vegna þess að menn hafa skrifað upp á eða hafa orðið gjaldþrota en það kemur örorku eða elli ekkert við.

[14:40]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að ræða þessi mál af hreinskilni frá sínu sjónarmiði. Okkar sjónarmið eru ekki hin sömu í þessu máli þó kannski sé svo í ýmsum öðrum. Staðreyndirnar segja okkur, það sem fram kom þegar mælt var fyrir frv. og í grg. með því, að hjálparstarf hefur sífellt verið að aukast innan lands vegna bágs ástands í góðærinu. Þeim sem þurfa að leita til hjálparstofnana er alltaf að fjölga. Það eru þúsundir einstaklinga, samkvæmt upplýsingum þessara hjálparstofnana, sem hafa leitað hjálpar vegna fátæktar. (Gripið fram í.) Þetta fólk hlýtur í flestum tilvikum að grípa til þessa í neyð.

Það er óhrekjanleg staðreynd að félagsleg aðstoð sveitarfélaganna hefur aukist svo að það er að verða sveitarfélögunum um megn að sinna þörfum fátækra, svo er í fjölmörgum sveitarfélögum. Ég ætla ekki að ræða frekar um það hvort laun hafi hækkað um 40%. Ég minni á að laun hv. alþm. hafa, á sama tíma og lægstu laun hafa hækkað um 40%, hækkað um tæp 70%, þ.e. á sama tíma og hv. þm. ræddi um. Ég veit á hve mörgum árum lægstu laun hafa hækkað um 40% og líka á hve mörgum árum laun alþingismanna hafa hækkað um tæp 70%

[14:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög mikið en vildi samt sem áður vekja athygli á því að umræða um lágmarkslaun er ekki ný af nálinni. Hún hefur að sjálfsögðu áður farið fram hér í þingsölum en hefur einnig átt sér stað víða um heim. Ég hlýt að taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. að lágmarkslaun eru sums staðar lögbundin, víðast hvar eru þau þó samningsbundin.

En sums staðar eru þau lögbundin og þá, virðulegi forseti og hv. þm., hefur verið reynt að lögbinda lágmarkslaunin nógu neðarlega. Hv. þm. nefndi hér áðan ríkisstjórn Blairs í Bretlandi en það vakti athygli að þegar sú ríkisstjórn ákvað að setja á lágmarkslaun með lögbindingu þá varð niðurstaðan sú að hafa launin mjög neðarlega. Nákvæmlega sama á sér stað í Bandaríkjunum. Þar eru lögbundin lágmarkslaun og þar fór fram kröftug umræða á sl. vetri vegna þess að þar voru uppi hugmyndir um að hækka lágmarkslaunin. Niðurstaðan varð að vísu sú að þau voru hækkuð nokkuð en langt frá því sem menn höfðu gert kröfur um.

Og hver er ástæðan? Ástæðan er ekki sú að einhverjir í þjóðfélaginu séu á móti því að fólk hafi góð kjör. Það er enginn á móti því að reyna að koma í veg fyrir að fólk þurfi að leita á náðir hjálparstofnunar eða félagsþjónustu hins opinbera, hvort sem er sveitarfélaga eða ríkisins. Spurningin er alls ekkert um það hvort sumir telji að fólk eigi að vera í biðröðum hjá hjálparstofnunum en aðrir hafi á móti því. Þetta snýst ekkert um það. Málið snýst um hvort þetta sé leiðin til þess að bæta lífskjörin í landinu. Hvort lögbinding lágmarkslauna, hvort sem það er 112 þúsund eða milljón eða eitthvað þar á milli, sé líkleg til að útrýma fátæktinni í landinu.

Ég er algerlega á móti þeirri leið sem hv. þm. leggur til. Ástæðan er mjög einföld. Það blasir við að ef lágmarkslaun væru lögþvinguð eins og hv. þm. leggur til þá mundi það hafa áhrif á þá sem nú hafa laun fyrir neðan 112 þús. kr. Annaðhvort reyna fyrirtækin að hækka launin og þar með launakostnað sinn og með því að hækka launin getur skapast vanda í rekstri þessara fyrirtækja. Hins vegar er allt eins líklegt og reyndar miklu líklegra að fyrirtækin einfaldlega gefist upp, hverfi frá þeirri starfsemi sem þau hafa getað stundað í krafti þess að launin hafa ekki verið hærri og snúi sér að einhverju öðru.

Þetta var t.d. mjög áberandi í umræðu sem fram fór fyrir örfáum missirum varðandi launastefnu í fiskvinnslu. Þar blasti við að ef launakostnaður í fiskvinnslu ykist mjög mikið þá væri þrautalending þeirra sem reka fiskvinnslu- og sjávarútvegsfyrirtækin að færa einfaldlega starfsemina út á sjó, draga úr landvinnslunni. Það var ekki vegna þess að mönnum væri svo illa við að hækka launin í fiskvinnslunni. Ástæðan var að ef launakostnaðurinn hækkaði mjög mikið án þess að hægt væri að velta honum út í verðlagið, það geta útflutningsgreinarnar ekki gert, þá yrði það einfaldlega til að fækka störfum í landinu. Þetta, virðulegi forseti, held ég að við verðum að skoða í réttu samhengi.

Fyrir örfáum árum ræddum við um hvernig hægt væri að útrýma atvinnuleysi sem þá var viðvarandi í landinu. Í þeirri umræðu var spurningin um sveigjanleika vinnumarkaðarins og möguleikana á því að bregðast við mjög áleitin. Það er athyglisvert að Bandaríkjamenn hafa reynt að útrýma atvinnuleysi með því að auka sveigjanleika á vinnumarkaðinum og tryggja að lögbundin lágmarkslaun verði ekki til þess að auka atvinnuleysið í landinu.

Virðulegi forseti. Ég held að réttast væri að menn reyndu að setja málin í það samhengi sem umræðan snýst í raun og veru um. Menn mega ekki reyna að stilla því þannig upp að togast sé á um hvort menn vilji að biðraðir séu hjá Hjálparstofnun kirkjunnar eða eitthvað þess háttar. Þetta snýst ekki um það heldur efnahagspólitík, um hvernig við fáum tryggt sem mestan kraft í atvinnu- og efnahagslífi landsins.

[14:47]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var um ákveðinn misskilning að ræða hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Málið snýst um að setja aðilum vinnumarkaðarins þau skilyrði að semja um laun sem fólk á möguleika á að lifa af fyrir fulla vinnu, fyrir 8 stunda vinnu. Um það snýst þetta frv. eins og ég hef áður sagt. Ég er tilbúinn að draga frv. til baka ef aðilar vinnumarkaðarins eru tilbúnir að hækka lægstu laun þannig að unnt sé að lifa af þeim. Ég segi það og get staðið við það að fyrirtæki sem ekki geta greitt launþegum laun sem mögulegt er komast af á eiga ekki tilverurétt. Þeim fer fækkandi sem betur fer. Fjölmörg fyrirtæki líta ekki á þessa lægstu taxta heldur greiða mikið hærri laun.

Mér þykir miður að dregið hafi verið inn í umræðuna að unglingar, þeir koma úr fangelsum og slíkir séu þeir einu sem vinna á lægstu launum. Mér þótti það miður. Ég held að það eigi ekki við. Aðalatriðið er að fólk sem vinnur fulla vinnu geti komist af án þess að þurfa að leita í sjóði samfélagsins vegna lágra launa. Um það snýst frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. GE, 95. mál (ökuhraði). — Þskj. 96.

[14:49]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum.

Ástæðan fyrir flutningi þessa máls er sú að sá sem hér stendur eyðir eins og margir aðrir þingmenn, sennilega á milli 400 og 500 klukkustundum á ári undir stýri. Þá verður maður var við það sem ábótavant er í umferðinni.

Það sem ég tel helst vera að í umferðinni er að vera skuli mismunandi hámarkshraði fyrir mismunandi ökutæki. Ég tel að sami umferðarhraði eigi að gilda fyrir öll ökutæki alls staðar eins t.d. í þéttbýlinu þar sem er ákveðinn 30 km hámarkshraði. Þar eiga allar bifreiðar aka á 30 km hámarkshraða. Þar sem ákveðinn er 70 km hámarkshraði í Reykjavík mega allar bifreiðar aka á 70 km hraða. En svo kemur að akstri úti á vegum. Þá mega fólksbifreiðar og ýmsar flutningabifreiðar aka á 90 km hraða en dráttarbílum með tengivagna er gert að aka á 80 km hraða. Þetta er slysavaldur í umferðinni og þess vegna flyt ég frv. til breytinga á umferðarlögum sem hljóðar svo:

„38. gr. laganna orðast svo:

Ökuhraði bifreiðar, sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, má aldrei vera meiri en 90 km á klst.

Ökuhraði bifreiðar með eftirvagn eða skráð tengitæki má aldrei vera meiri en 90 km á klst.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um að ákveða megi sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar ef hönnun ökutækis krefst þess."

Ég hef borið þessi atriði undir Umferðarráð og ýmsa löggreglumenn. Meginatriðið er að koma í veg fyrir framúrakstur fólksbifreiða, fram úr bifreiðum með dráttarvagna út af mismunandi hámarkshraða. Ég hef orðið vitni að slíku óhappi og rætt við flutningabifreiðastjóra sem segja að ærið oft sé ekki tekið tillit til ábendinga um umferð á móti. Einkabílarnir þjóta fram úr og oft með hörmulegum afleiðingum. Þetta er meginástæðan fyrir frv. sem ég flyt hér. Ég tel að þetta sé einfalt mál að laga. Í greinargerð segir:

„Frumvarp þetta er flutt til að bregðast við aðstæðum á ökuleiðum landsins. Ljóst er að flestar bifreiðar eru þannig búnar að unnt er að aka þeim á hámarkshraða alls staðar á íslenskum vegum. Gildir það bæði um vöruflutninga- og fólksflutningabifreiðar. Gert er ráð fyrir að sami hámarkshraði gildi í þéttbýli fyrir allar gerðir bifreiða." Rökrétt er að það sama gildi úti á þjóðvegum en kannski er ekki ástæða til að fara nánar út í þetta mál. Mörg umferðaróhöpp hafa orðið við framúrakstur. Megintilgangur þessa frumvarps er að stuðla að fækkun umferðaróhappa.

Umferðarslys á Íslandi eru of mörg og alvarleg. Þeim verður að fækka. Rétt er að vekja athygli á að víða á vegamótum og í nágrenni þéttbýlis er gert ráð fyrir að dregið skuli úr hraða. Þau fyrirmæli eru vafasöm í mörgum tilvikum. Áhrifaríkara væri t.d. að vara við hættu þar sem aðstæður gera ökumönnum skylt að draga úr hraða jafnvel enn meira en hámarkshraði segir til um. Þær aðstæður sem vísað er til eru m.a. við Grundarhverfi á Kjalarnesi, afleggjara að Vogum á Vatnsleysuströnd og víðar. Þar lækkar hámarkshraðinn úr 90 km niður í 70 km. Stundum er það óþarfi en oft þarf draga enn meira úr hraðanum. Umferðarhraðinn á vegunum ætti kannski að ráða meiru.

Langt mál má hafa um hámarksökuhraða á Íslandi. Líklega eru gildandi lög í flestum tilvikum viðunandi en sú breyting sem hér er lögð til gæti að margra mati stuðlað að fækkun slysa.

Herra forseti. Mig langar að reifa vangaveltur um refsingar vegna of mikils ökuhraða. Ég tel að það mundi koma að mestu gagni ef refsingarákvæði yrðu þyngd þannig að fyrir hvern km umfram leyfilegan hámarkshraða, sé bifreið stöðvuð á annað borð, eigi að greiða þúsund kr. Ef bifreið er stöðvuð á 120 km hraða þá ætti ökumaðurinn að greiða 30 þús. kr. sekt. Sá sem er stöðvaður á 110 km hraða mundi greiða 20 þús. kr. sekt. Þetta væri langsterkasta aðhaldið til að koma böndum á umferðarhraða sem er alls ekki í lagi á Íslandi.

Auðvitað mætti viðra þá skoðun líka að sums staðar eru þeir sem aka of hægt í umferð, bæði úti á þjóðvegum og í þéttbýli, slysavaldurinn í umferðinni. Af því að ég ek á hverjum degi á milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur get ég nefnt að umferðarhraðinn sem þar á að gilda er ýmist 60, 70 eða 90 km á klukkustund. Það er eins og fólk geri sér ekki grein fyrir því að eftir að bæjarmörkum Mosfellsbæjar sleppir á leið til Reykjavíkur er hámarkshraðinn 90. Þá er haldið áfram að aka á jafn 40, 50 eða 70 km hraða sem tefur mjög umferð og býður upp á hættuna á framúrakstri.

Þetta eru vangaveltur í kringum þetta frv. sem ég tel að sjálfsögðu að samþykkja eigi og afgreiða það sem fyrst í hv. allshn. Ég beini þeim tilmælum til forseta að þessu frv. verði vísað þangað og einnig til hv. samgn. til athugunar. Þar mætti jafnvel íhuga þau orð sem ég hef látið falla um refsingar og hvort þar sé ekki áhrifaríkt tæki til að koma böndum á of hraðan akstur. Ég hef eins og ég sagði áður borið þetta undir aðila í Umferðarráði. Ég hef borið þetta undir fjölda löggæslumanna og í öllum tilvikum hafa menn talið það vera þess virði að ræða málið, bæði með samræmingu á ökuhraða og eins sektarákvæðin.

[14:58]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. sem hér liggur fyrir leiðir athyglina að öryggismálum á þjóðvegum og þeirri gríðarlegu breytingu sem orðið hefur á umferð og notkun vegakerfis landsins. Við sem ökum þessa vegi og þekkjum þá vel sjáum að vegunum er ætlað að bera mun meiri og þyngri umferð en þeir eru gerðir fyrir. Á síðustu árum hefur orðið gjörbylting í umferðinni á þjóðvegunum.

Þeir flutningar sem áður fóru að stórum hluta fram sjóleiðis hafa færst inn á land og inn á allar akstursleiðir. Ekki er nóg með að flutt sé eina leið heldur fer jafnvel sama varan fram og til baka landshornanna á milli. Þetta er gjörbreytt staða frá því sem áður hefur verið gengið út frá við uppbyggingu þjóðvegakerfis landsins. Mér er hreinlega spurn: Eru vegirnir og vegakerfið sem við búum við fært um að taka á móti svo mikilli skipulagðri þungaumferð eins og nú fer fram á vegunum með tilliti til umferðaröryggis þeirra sem aka þessum bílum og annarrar umferðar við mjög breytilegar aðstæður oft og tíðum?

Margir vegir á Íslandi þola ekki svona stóra bíla og það er hreinlega ekki gert ráð fyrir að eftir slíkum vegum sé skipuleg þungaumferð. Miklir fiskflutningar eiga sér stað landshornanna á milli, oft á tíðum við erfiðar aðstæður. Það eru yfirleitt ekki eigendurnir sem aka þessum stóru bílum og

ökumennirnir eru kannski oft bundnir af því að halda mjög stífri áætlun. Og þó svo að þeir eigi að vera þess fyllilega umkomnir að meta aðstæður þá er þetta gríðarlega mikið álag. Þetta er alveg nýtt álag á flutningaleiðir okkar sem ég tel að eigi hreinlega að skoða hvort sé löglegt. Hvort gert hafi verið ráð fyrir því samkvæmt umferðarlögum að þjóðvegakerfi okkar ætti að bera slíka umferð. Erum við ekki að stefna vegfarendum í hættu? Eru ekki þarna að fara fram flutningar sem alls ekki var gert ráð fyrir og ætti að skoða hvort það sé löglega heimilt að vera með svo skipulagða þungaflutninga á vondum vegum?

Ég nefni þetta að mörgum gefnum tilefnum. Við heyrum stöðugt fréttir af erfiðleikum og slysum á þessum flutningaleiðum og ég vil draga fram þessa gjörbreyttu stöðu.

Ég vil líka nefna stillingu ljósa. Fyrir nokkrum árum var skipulögð endurskoðun á ljósastillingum og ljósamerkingum á bifreiðum sem nú hefur fallið niður sem skipulagðar aðgerðir. Ég þekki það úr mínum akstri að iðulega finnst mér að þeir sem ég mæti vera með rangt stillt ljós og því erfitt að halda veginum þess vegna.

Gríðarleg breyting hefur orðið í allri umferð á þjóðvegunum og verður að fylgja þeirri miklu breytingu eftir með auknum öryggisreglum og öryggiskröfum. Best væri að það væru fjórfaldar akreinar þannig að þyngri bílar gætu ekið á sjálfstæðri akrein en svo er ekki og þá ber að leita allra leiða til að öryggið sé sem allra mest á þjóðvegum landsins. Ég ítreka að ég tel að mörgum af þeim vegum sem nú eru notaðir til stórþungaflutninga hefur vafalaust aldrei verið ætlað að bera þá miklu þungaflutninga sem þeir nú verða að gera.

[15:03]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar varðandi ýmis þau atriði sem þarf að skoða og endurskoða í umferðarlögum. Það eru alveg hárréttar ábendingar að vegirnir víða á landinu þola ekki þær bifreiðar sem eru komnar út á vegina og vegirnir þola ekki þá þungaflutninga sem orðnir eru. Ég nefni sem dæmi þá tæknibreytingu sem orðin er við flutning á mjólk úr Borgarfjarðarhéraði þar sem farið er að nota miklu stærri og þyngri bifreiðar og tímasetning er orðin mun stífari við að taka mjólk af bæjunum þannig að bifreiðarnar aka þunglestaðar á vegum sem ekki bera þá. Þarna eru atriði sem þarf að skoða.

Ég tek líka undir það sem var sagt um ljósastillingar. Þetta sjá allir sem í umferðinni eru. Þarna er eitthvað að fara úr böndunum því meira og minna eru ljós bifreiða vanstillt. Ég tel því að ástæða sé til að benda á fjölmörg atriði sem þarf að taka til skoðunar. Allt þetta sem ég nefndi og sem hv. þm. nefndi áðan getur verið slysavaldur og það eigum við að skoða mjög alvarlega.

Frv. sem ég var að mæla fyrir snýst um að reyna að koma í veg fyrir slys við framúrakstur. Þau eru allt of mörg þó ekki sé til skráning yfir það. En sem betur fer eru menn að gera úrbætur í þeim efnum. Verið er að taka upp slysaskráningu á Íslandi og verið er að taka upp það kerfi að menn geti hringt og spurt: Hvað hafa orðið mörg slys við framúrakstur, við framúrakstur fólksbifreiðar fram úr flutningabifreið eða öfugt? Þetta mun verða til innan skamms og er það vel að menn skuli taka á þeim málum á þann veg sem ég er nú að reyna að lýsa. Þetta á við öll tilvik slysa bæði á sjó og landi og lofti. Sú skráning er að koma og verið er að vinna að henni. Það mun verða mjög til gagns til að fækka slysum, sem er auðvitað meginmálið á bak við það frv. sem hér er flutt.

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem orðið hefur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 123. mál (atkvæðagreiðsla í heimahúsi). — Þskj. 154.

[15:06]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis á þskj. 154. Flm. ásamt mér eru hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Jónsson og Drífa Hjartardóttir. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„2. málsl. 3. mgr. 63. gr. laganna orðast svo: Slík ósk skal vera skrifleg og studd læknisvottorði og skal hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi á kjördag."

Þetta frv. er í raun og veru mjög einfalt að allri gerð. Hugsunin er einfaldlega sú að rýmka til fyrir fólk sem vill neyta kosningarréttar síns en getur ekki gert það á kjördegi. Hér er gert ráð fyrir því að auðvelda fólki sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar að greiða atkvæði í heimahúsi.

Í 3. mgr. 63. gr. laga um kosningar til Alþingis er fjallað um heimild kjörstjóra til þess að gera kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, kleift að greiða atkvæði í heimahúsi. Samkvæmt 2. málsl. málsgreinarinnar ber þessum kjósanda að bera fram slíka ósk við kjörstjóra skriflega og studda læknisvottorði eigi síðar en þegar ein vika er til kjördags. Það sjá auðvitað allir að þetta getur haft í för með sér margs konar óhagræði og bókstaflega komið í veg fyrir að fólk geti neytt kosningarréttar síns. Nú vitum við að kosningalögin eru rammi um það hvernig við ætlum að haga kosningum til Alþingis. Hugsunin með þessum lögum er fyrst og fremst sú að búa í haginn fyrir fólk til að það geti neytt kosningarréttar síns. Við lítum svo á, og það er grundvallaratriði lýðræðisins, að kosningarétturinn sé mönnum helgur og það eigi að gera allt sem í valdi manna stendur til að auðvelda kjósendum að neyta kosningarréttar síns. Þess vegna höfum við komið upp slíku kerfi, utankjörstaðaatkvæðagreiðslu, og við opnum kjörstaði úti um allan heim hjá kjörstjórum, hjá sendiráðum, fulltrúum íslenska lýðveldisins á erlendri grundu, og allt í þeim tilgangi að tryggja að fólk sem er að heiman á kjördag geti neytt kosningarréttar síns. Þetta er sjálfsagður hlutur, þannig á þetta að vera og ég held að um þetta sé almenn og víðtæk sátt í þjóðfélaginu.

Sú þróun sem hefur orðið á síðustu árum hefur öll gengið í þá átt að reyna að auðvelda fólki að neyta kosningarréttar síns. Við vitum að fólk er meira á faraldsfæti en áður og þess vegna þarf að hafa viðbúnaðinn meiri en oft áður til að fólk geti neytt kosningarréttar síns. En svo virðist sem einn þáttur þessa máls hafi setið nokkuð eftir og sé býsna frumstæður og, hvað á ég að segja, forn og trénaður þegar við skoðum þetta mál, og það er að það fólk sem er í þeirri stöðu að geta ekki, eins og segir í lagagreinni, vegna sjúkdóms, fötlunar

eða barnsburðar greitt atkvæði á kjördegi, þarf að láta vita með viku fyrirvara.

Nú vitum við að þau tilvik geta auðveldlega komið upp að fólk á ekki þess kost að neyta kosningarréttar síns, fara á kjörstað með viku fyrirvara. Sjúkdómar geta komið upp skyndilega, kona þarf að fara að eiga barn og ýmislegt fleira getum við nefnt í þessum efnum. Ef þannig stendur á að viðkomandi hefur ekki gert viðvart með viku fyrirvara þá er samkvæmt orðanna hljóðan ekki gert ráð fyrir að þessi einstaklingur megi kjósa. Ég held að þetta sé öndvert við alla nútímalega og sjálfsagða hugsun í þessum efnum.

Á þetta mál reyndi við sveitarstjórnarkosningarnar á árinu 1998 vestur á Patreksfirði þegar þannig háttaði til að kjörstjóri, sýslumaður í þessu tilviki, var að auðvelda einstaklingi sem var lasinn að kjósa í heimahúsi og það gerðist eftir að þessi tilskildi vikufrestur var liðinn. Þetta var gert til þess að koma til móts við eðlilegt sjónarmið í lýðræðisríki um það að fá að kjósa. En þetta kallaði á kæruferli, eins og margir kannski muna. Það komu upp kærur í sveitarfélaginu sem gerðu það að verkum að þetta mál kom til úrskurðar í félmrn. sem úrskurðaði á þá leið að þetta væri ekki fyllilega í samræmi við lög um kosningar til Alþingis, með öðrum orðum væru lögin svo þröng að ekki var gert ráð fyrir því að maður veiktist viku fyrir kosningar, maður ætti að hafa það á hreinu að veikjast aldrei með minni fyrirvara en a.m.k. rúmlega viku. Sama er ef kona þarf að fara að eiga barn að mjög mikilvægt er að það gerist ekki í vikunni fyrir kosningar nema það liggi þá klárlega fyrir að búið sé að láta kjörstjórann örugglega vita með læknisvottorði og skriflegri yfirlýsingu. Og þannig háttaði einmitt til á Patreksfirði í þessu tilviki að einstaklingur þurfti á þeirri þjónustu að halda að kjósa eftir að þessi vikufrestur var liðinn. En niðurstaða félmrn. var sú að þetta væri ekki alveg fullkomlega í samræmi við orðanna hljóðan í kosningalögunum, en hins vegar vegna þess að ljóst væri, eins og þar segir í úrskurðinum, að tilgangur lagagreinarinar hafi vart verið sá að takmarka kosningarrétt einstakra manna, heldur fremur þeir hagsmunir kjörstjóra að vita með nokkrum fyrirvara um fjölda þeirra sem hugsanlega þyrftu að notfæra sér þessa þjónustu til að neyta kosningarréttar síns.

Og síðar segir enn fremur í úrskurði hæstv. félmrh.:

„Með skírskotun til þeirra grundvallarréttinda sem kosningarréttur er verður því að telja að sá háttur sem hafður var á við atkvæðagreiðslu þessa hafi eins og á stóð verið réttlætanlegur.“

Hér hefur komið fram umburðarlyndi hæstv. ráðherra, Páls Péturssonar, í þessum efnum en það er vart að treysta á að svo umburðarlyndur ráðherra verði ævinlega á stóli félmrh. þegar fram í sækir og þess vegna er nauðsynlegt að breyta lögunum.

Ég hef heyrt það sjónarmið að það að rýmka svona mikið til gagnvart fólki sem er í þessari stöðu gæti skapað alls konar vandamál hjá kjörstjórnum í einstökum sveitarfélögum. Þessu hlýt ég að vísa á bug. Grundvallaratriðið er það að búa svo um hnútana að allir geti neytt kosningarréttar síns. Og ef það kallar á að auka þurfi viðbúnað frá því sem nú er þá verður bara einfaldlega að gera það. Flóknara er það mál ekki. Við verðum auðvitað að leggja í þann kostnað og auka þá mannaflann sem þarf til svo að þetta sé mögulegt.

Ég vil vekja athygli á að í frv. er gert ráð fyrir því að fólk í þeirri stöðu sem margoft hefur hér verið lýst skuli bera fram ósk um að kjósa skriflega og skuli sú ósk studd læknisvottorði og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 12 á hádegi á kjördag. Hér er sem sagt um að ræða verulega rýmkun frá gildandi lögum og ég held að í langflestum tilvikum væri hér verið að koma til móts við langflest þau tilvik sem upp gætu komið og ég hef þegar lýst.

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Þetta er einfalt mál en það er hins vegar réttlætismál og varðar þá grundvallarhugsun sem við leggjum held ég flest til grundvallar þegar við erum að fjalla um kosningalögin.

Nú vill svo vel til eins og flestir vita að nefnd er að störfum við að fara yfir kosningalögin í heild sinni og semja tillögur þar að lútandi. Ég veit að þar verður tekist á um mörg stærri og veigameiri atriði, grundvallaratriði, um skipan kjördæma og þar fram eftir götunum. Ég held að það sé líka mjög mikilvægt að sú nefnd geti líka fjallað um álitamál af þessu tagi og þess vegna töldum við hv. flutningsmenn að mikilvægt væri að áður en nefndin væri komin á skrið og verulegt flug væri búið að kasta fram þessari hugmynd sem hérna kemur fram í frv.

En að lokinni umræðunni legg ég til, virðulegur forseti, að málinu verði vísað til viðeigandi nefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, 1. umr.

Frv. MÁ, 134. mál. — Þskj. 155.

[15:16]

Flm. (Mörður Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um afnám gjalds á menn utan trúfélaga. Í 3. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar er boðið að maður sem stendur utan trúfélaga greiði til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Í þessari grein er einnig kveðið á um að þessu megi breyta með lögum. Þetta er einmitt frumvarp til slíkra laga og gerir ráð fyrir afnámi gjaldtökunnar. Að auki væri með samþykkt frumvarpsins breytt þeim ákvæðum laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, með síðari breytingum, sem leiða af boði fyrrnefndra ákvæða stjórnarskrárinnar.

Í stuttu máli er staða þessara mála nú sú að maður í þjóðkirkjunni greiðir sérstakt sóknargjald sem rennur til safnaðar hans eða til Jöfnunarsjóðs sókna ef þjóðkirkjumaðurinn er óstaðsettur á landinu samkvæmt þjóðskrá. Sóknargjaldið er það sama fyrir alla, innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og skilað til safnaðarins í hverjum mánuði. Maður í öðru trúfélagi en þjóðkirkjusöfnuði greiðir gjald á sama hátt til þess trúfélags enda sé það skráð hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu samkvæmt sérstökum reglum sem eru nú raunar í skoðun á Alþingi með stjórnarfrumvarpi um skráð trúfélög á þskj. 69.

Þá er manni sem hvorki er í þjóðkirkjunni né í skráðu trúfélagi gert að greiða sama gjald og rennur það til Háskóla Íslands, nánar tiltekið í Háskólasjóð. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir því að bundinn verði endi á þessa gjaldheimtu.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að með þessu frumvarpi er ekki lagt til að þessi innheimtuskipan verði í sjálfu sér aflögð. Vel má líta svo á að hún sé í samræmi við hina sérstöku stöðu þjóðkirkjunnar gagnvart ríkinu og er ekki ætlunin að hrófla við henni með þessu frumvarpi. Þessi

sérstaða þjóðkirkjunnar hefur svo leitt það af sér að önnur trúfélög mega að þessu leyti kallast hálfopinber ef þau hafa náð skráningu þar sem þau njóta einnig hinnar sérlegu innheimtuþjónustu af hálfu almannavaldsins. Það er ekki heldur ætlunin með þessu frumvarpi að veikja stöðu þeirra gagnvart þjóðkirkjunni hvað varðar gjaldheimtuna.

Það hlýtur hins vegar að teljast sérkennileg skipan að innheimtustörf ríkisins í þágu trúfélaga gangi svo langt að þau nái til þeirra sem eru alls ekki í neinu trúfélagi. Ég kem ekki auga á það að sú sérstaða trúfélaga meðal frjálsra félagasamtaka, sem leiðir beint af þjóðkirkjufyrirkomulaginu, geti gefið ríkinu rétt til að leggja á það gjald sem hér um ræðir. Raunar er athyglisvert að stjórnarskrárgjafinn sem svo er kallaður virðist sjálfur hafa haft slíkar efasemdir um þessa skipan að hann heimilar breytingu á stjórnarskránni með almennum lögum hvað þetta varðar en slík ákvæði eru afar sjaldgæf í stjórnarskrá okkar. Það er ekki langt að sækja grundvöll þessara efasemda minna og stjórnarskrárgjafans því að í sömu grein stjórnarskrárinnar er kveðið á um þann grundvallarrétt að öllum sé heimilt að standa utan trúfélaga og að enginn sé skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að. Enn segir í sömu grein að enginn megi neins í missa af borgaralegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna sem er einboðið að leggja út á þann veg að enginn megi heldur neins í missa vegna þess að hann hafi engin trúarbrögð eða þá önnur trúarbrögð en þau sem embættismenn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu íslenska hafa fallist á sem slík.

Umrædd 64. gr. stjórnarskrárinnar ber því sjálf í sér helstu mótrökin við ákvæði sínu um gjaldheimtu á menn utan trúfélaga. Önnur rök er einnig að finna í stjórnarskránni, nefnilega í 74. gr. um félagafrelsi þar sem hvort tveggja er tiltekið, að mönnum sé heimilt að stofna félög og að engan megi skylda til aðildar að félagi nema sérstakar ástæður liggi að baki. Með því að skatta utansafnaðamenn er í raun verið að gera þá að óbeinum aðilum að heildarsamsteypu trúfélaganna og varðar það þá ekki málið hvert gjald þeirra rennur að lokum.

Ekki hefur mér vitanlega verið kannað á Íslandi hvers vegna menn kjósa að standa utan trúfélaga. Ég geri ráð fyrir að þar sé engin ein ástæða öðrum fremri. Sumir hafa önnur trúarbrögð en þau sem skráð eru, aðrir eru ef til vill ósáttir við það trúfélag sem stendur næst trúarskoðun þeirra, enn aðrir líta svo á að skipuleg trúarbrögð séu ekki nauðsynlegur þáttur í lífi þeirra og til eru þeir sem láta sig þessi mál engu skipta, er bara alveg sama, og hafa til þess fullan rétt. Allir eiga þessir menn það sameiginlegt að hafa notað sér stjórnarskrárbundinn rétt sinn til að standa utan formlegs trúfélags. Þennan rétt ber yfirvöldum að virða og því á löggjafinn að afnema hina óréttlátu skattheimtuskipan.

Samkvæmt eðli máls hafa þeir menn sem standa utan trúfélaga á hinn bóginn verið skráðir nákvæmlega á Íslandi síðustu sex til sjö áratugi. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar voru þeir við upphaf þessa árs 5.746 eða 2,09% allra Íslendinga. Sé miðað við landsmenn 16 ára og eldri er þetta hlutfall hærra, eða 2,34%. Það hefur fjölgað verulega í þessum hópi undanfarin ár eins og menn vita. Fyrir áratug, árið 1989, töldust 3.364 utan trúfélaga, eða 1,33% landsmanna allra. Fjölgunin á þessum tíma er rúm 40% talið í mönnum og um 36% ef bornar eru saman hlutfallstölur.

Við þetta verður að bæta að auk eiginlegra utantrúfélagamanna greiða einnig þeir gjald til Háskóla Íslands sem teljast vera í óskráðum trúfélögum eða eru flokkaðir hjá Hagstofunni undir „ótilgreint". Í þessum hópi hefur fjölgað undarlega mikið síðasta áratug. Árið 1989 var talan 955 en nú, tíu árum síðar, 4.335, og kann hluti þessarar aukningar að stafa af stórauknum fjölda nýbúa á Íslandi síðustu árin. Í heild eru því þeir sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni eða skráðum söfnuðum nú árið 1999 rúmlega 10 þúsund en voru fyrir áratug rúmlega 4.300.

Sóknargjald er nú samkvæmt upplýsingum frá ríkisbókhaldi 479,21 kr. á mann á mánuði, eða 5.750,52 kr. árlega. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu sem liggur hér í þinginu er gert ráð fyrir að í heild greiði menn utan skráðra trúfélaga 52 millj. kr. um ríkissjóð til háskólans. Mér sýnist reyndar miðað við áðurnefndar upplýsingar að þessi fjárhæð ætti að vera tæplega 58 millj. en ætla ekki að deila um það við reikningsmenn fjármálaráðuneytisins enda gæti innheimtan verið broguð, meðal annars í hinum einkennilega hópi sem Hagstofan kallar „ótilgreint".

Hér er auðvitað ekki um mikið fé að ræða fyrir hvern einstakling enda er þetta frumvarp ekki flutt til þess fyrst og fremst að þyngja mönnum pyngjuna heldur sem réttlætismál. Þetta er hins vegar verulegt fé fyrir þann sem nú nýtur gjaldheimtunnar og kem ég að því aftur að lokum framsöguræðunnar.

Herra forseti. Trúarnauðung er orðið sem lögfræðingar nota um skipan trúmála á Íslandi frá árinu 1000 eða 999 og nokkurn veginn fram til stjórnarskrárinnar sem vísir hinn stórráði, Kristján 9., færði áum okkar árið 1874. Með henni var á Íslandi komið á trúfrelsisákvæðum sem Danir höfðu notið frá 1849 og eiga sér rætur í borgarabyltingunum miklu í lok 18. aldar. Í stjórnarskránni var þó notað það orðalag, með leyfi forseta, að „landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti sem best á við sannfæringu hvers eins" og var þetta í samræmi við dönsku grundvallarlögin. Samkvæmt orðanna hljóðan var sem sé gert ráð fyrir því að allir þjónuðu guði og má því segja að trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar 1874 hafi verið takmörkuð þar sem sérstaklega var gert ráð fyrir tilvist guðs þótt stjórnarskrárgjafinn leyfði mönnum að vera ósammála um aðferðirnar sem þeir nýttu sér til þjónustu við hann. Þetta ákvæði hélst raunar með álíku orðalagi allt til stjórnarskrárbreytinganna 1995 þegar hv. þingmenn umorðuðu greinina þannig að menn hefðu rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína. Þá urðu sem sé þau þáttaskil í sambýli þjóðarinnar við almættið að guð á himnum naut ekki lengur þeirrar staðfestingar í stjórnarskrá Íslands sem hann hafði búið við í 121 ár og þar áður samfellt í svipuðum plöggum allt aftur til Kristinna laga þáttar Grágásar.

Það var hins vegar í stjórnskipunarlögunum, sem konungur undirritaði árið 1915, sem viðurkenndur var til fullnustu réttur manna til að standa utan trúfélaga en sú stjórnarskrárbreyting hefur síðar orðið kunnust fyrir hin framsýnu ákvæði sín um kosningarrétt kvenna. Þá er sett inn það ákvæði sem enn stendur efnislega um að engan megi skylda til að borga til trúfélags sem hann tilheyrir ekki og um að maður utan þjóðkirkjunnar sem heyrir ekki til öðrum viðurkenndum trúarbragðaflokki, eins og það er orðað, borgi gjald til hins nýstofnaða háskóla.

Stjórnarskrárbreytingin 1915 á rót að rekja til þingmannafrumvarps árið 1913. Flutningsmenn þess voru velþekktar þinghetjur, þeir Bjarni Jónsson frá Vogi, Skúli Thoroddsen og Benedikt Sveinsson, og það er athyglisvert að í frumvarpi þeirra var lögð til sú sama skipan sem frumvarp mitt gerir

ráð fyrir að menn utan safnaða séu lausir undan hvers konar greiðslum vegna trúfélaga. Í frumvarpi Bjarna, Skúla og Benedikts, er lagt til að við 47. gr. þáverandi stjórnarskrár bætist einungis þetta, með leyfi forseta: „Enginn er skyldur að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist.“ Ákvæðið um gjald utankirkjumanna kemur ekki við sögu fyrr en í nefndaráliti. Um það ákvæði urðu verulegar umræður á þinginu 1913. Af þeim umræðum að dæma virðist það fyrst og fremst hafa vakað fyrir stuðningsmönnum viðbótarinnar um háskólagjaldið að ef utankirkjumenn yrðu gjaldfríir mundi hefjast straumur úr þjóðkirkjunni til að losna við söknargjöldin, og því væri rétt að fara varlega að þessu sinni, af praktískum ástæðum, eins og það er orðað á einum stað í umræðunum. Hér væri að minnsta kosti um réttarbót að ræða frá því sem áður hefði verið. Einn stuðningsmanna ákvæðisins, Jón Magnússon, síðar forsætisráðherra, orðar þessa hugsun svo í umræðunum, með leyfi forseta: „Því verður ekki neitað að þetta er bót á því ástandi sem nú er. Nú er mönnum gert að skyldu að greiða þetta gjald til þjóðkirkjunnar, jafnvel þó að það geti verið á móti trúarskoðunum þeirra. Þessi tillaga nefndarinnar fer miklu fremur í þá átt að leysa heldur en að binda. Ég skil ekki hvernig menn fara að tala um þetta eins og hér sé verið að leggja nýtt gjald á menn. Þetta er einmitt rýmkun frá því sem nú er.“

Andstæðingar ákvæðisins gagnrýndu það harðlega, og einn þeirra, Bjarni frá Vogi, sagði um þær mótbárur að hætt væri við að menn hlypu hópum saman úr þjóðkirkjunni, eins og hann orðaði það, þetta hér, með leyfi forseta: „þeir menn er svo tala gera lítið úr krafti kristinnar kirkju. Og ef hún stendur ekki fastari fótum en það að menn vilja ekki leggja á sig lítilfjörlegt gjald hennar vegna, þá er hún óþörf og má gjarnan hverfa úr sögunni.“

Rök þeirra sem andæfðu viðbótinni um gjaldið koma vel fram hjá þeim Skúla Thoroddsen og Matthíasi Ólafssyni, þingmanni Ísfirðinga, kaupmanni og erindreka Fiskifélagsins. Skúli segir, með leyfi forseta: „Ef menn eru ekki í neinum söfnuði, finna enga hvöt hjá sér til þess, en telja sig geta séð trúarþörf sinni borgið án þess, þá eiga þeir og að geta verið lausir við safnaðarútgjöld, hvert sem þau eru látin renna.“ Matthías bætir um betur, með leyfi forseta: „Mér finnst vera gengið svo á persónulegt frelsi manna með þessu ákvæði, að þegar menn eigi vilja borga til eins skuli þeir neyddir til að borga til annars. Það er eins og þetta eigi að vera refsing á mennina. En það er svo mikið misrétti í þessu ákvæði að það með engu móti má standa í stjórnarlögum Íslendinga.“

Tillaga um að nema ákvæðið brott var að lokum felld í neðri deild með 15 atkvæðum gegn 10, og mér er það sérstakur heiður að kalla hér til stuðnings þeirri tillögu og frumvarpi mínu 86 árum síðar þá Benedikt Sveinsson, Bjarna Jónsson frá Vogi, Einar Jónsson á Geldingalæk, Guðmund Eggerz sýslumann, Halldór Steinsson lækni, Jón Ólafsson, skáld og ritstjóra, Magnús Kristjánsson, síðar fjármálaráðherra, Matthías Ólafsson, Sigurð Sigurðsson búfræðing og Skúla Thoroddsen.

Efri deild virðist hafa talið málinu lokið með þessari rimmu í neðri deildinni og árið eftir keppast þingmenn við að sýna einhug um frumvarpið allt til að fá það samþykkt hjá kónginum í Kaupinhafn enda í húfi ekki einungis kosningarréttur kvenna og vinnumanna heldur veruleg réttarbót um stöðu landsins í Danaveldi og að auki afnám konungkjörinna þingmanna, svo nokkuð sé nefnt.

Ég hef gerst langorður um þessar umræður á þinginu 1913, hæstv. forseti, vegna þess að þá þegar, í upphafi aldarinnar sem nú er að lokum komin, koma fram helstu rök í því máli sem frumvarp mitt varðar. Þetta voru frjálslyndir tímar, og það má skjóta því hér inn sem vísi að söguskoðun að forustumenn í íslenskum stjórnmálum voru á þessu méli, rétt fyrir fyrri heimsstyrjöld, enn þá undir miklum áhrifum frá Vesturheimi sem kann að eiga ólítinn hlut að viðhorfum þeirra bæði um trúmál og kvenfrelsi.

Ljóst er að það var álit verulegs hluta þingsins að það væri óréttlátt að neyða menn til að greiða sérstaklega fyrir það að standa utan trúfélaga. Einn þingmaðurinn kallaði það refsingu. Meiri hluti þingsins virðist hins vegar hafa talið heppilegast að koma þessu svona fyrir af praktískum ástæðum, fyrst og fremst vegna þess að annars gæti fjárhagsgrundvöllur þjóðkirkjunnar raskast. Hér væri stigið verulegt skref í frelsisátt, og það nægði í bili. En næsta skref var aldrei stigið.

Sagan er lærdómsrík en það er líka skynsamlegt að athuga hvernig málum er háttað hjá frændum okkar handan Atlantsála, fólki sem um margt á sömu sögu og við, tók við kristinni trú á svipuðum tíma og gekkst lútersku á hönd á undan okkur. Skemmst er frá því að segja að þar er þessum málum alls staðar komið fyrir með öðrum og sanngjarnari hætti en hjá okkur. Í Danmörku sér ríkið þjóðkirkjunni fyrir fé með beinum framlögum sem nema um 12% tekna hennar. Önnur trúfélög njóta ekki slíks stuðnings og sætir þessi skipan nokkurri gagnrýni. Að auki er lagður svokallaður kirkjuskattur, „kirkeskat“ á þarlenda þjóðkirkjumenn, tekjutengdur, en enginn slíkur opinber skattur er lagður á menn í öðrum trúfélögum, hvað þá á menn utan trúfélaga.

Í Svíþjóð hefur tíðkast sú skipan að þjóðkirkjumenn borga sóknargjald, svokallað „församlingsavgift“. Menn í öðrum trúfélögum og utan trúfélaga greiða hluta þessa gjalds til þjóðkirkjunnar, um fjórðung, og eru rökin þau eða hafa verið að víða í Svíþjóð sér sænska þjóðkirkjan um útfarir að ákveðnu marki, þannig að þessu gjaldi má á vissan hátt jafna til kirkjugarðsgjalds okkar Íslendinga. Sem kunnugt er gengur nú um áramótin í gildi ný skipan um tengsl ríkis og kirkju í Svíþjóð. Ein af breytingunum sem þá verða er sú að sænska sóknargjaldið takmarkast eingöngu við þjóðkirkjumenn, en ríkið innheimtir jafnframt sóknargjöld fyrir þau trúfélög önnur sem þess óska, þannig að eftir áramót greiða menn utan trúfélaga engan skatt eða gjald af þessu tagi. Útfarar- og grafarlegskostnaði verður þá komið fyrir með öðrum hætti.

Í Finnlandi eru málefni kirkna og ríkis í endurskoðun og á henni að ljúka næsta haust, í september. Nú er þessum gjaldheimtumálum þannig háttað að Finnar í opinberu kirkjunum tveimur, lútersku kirkjunni og rétttrúnaðarkirkjunni, greiða tekjutengdan kirkjuskatt sem ríkið innheimtir, en ríkið hefur engin slík afskipti af öðrum trúfélögum og menn utan trúfélaga borga auðvitað ekki til þessara mála nema það sem þeim sjálfum sýnist.

Í Noregi er svo við lýði allt önnur skipan en í grannlöndunum. Þar eru einfaldlega engin opinber sóknargjöld sem einstaklingar greiða heldur veitir ríkið fé til trúfélaga af almennum skatttekjum, og miðast sú fjárveiting við að hvert trúfélag fái sömu upphæð á hvern félaga sinn. Ríkið styrkir á sama hátt svokölluð lífsskoðunarfélög — Weltanschauung er orðið sem notað er í fræðunum — þ.e. félög sem ann-

ast borgaralegar athafnir jafngildar hinum kirkjulegu, svo sem nafngjöf, fermingu, útför o.s.frv. og aðhyllast sæmilega skilgreind grundvallarsjónarmið um guðshugmynd og framhaldslíf. Hér er fyrst og fremst um að ræða samtökin Human-etisk forbund, sem eru systursamtök hinnar íslensku Siðmenntar.

Aðalheimild mín um þessi efni er nýleg skýrsla eftir Ole Espersen, mannréttindafulltrúa hjá Eystrasaltsráðinu, og heitir á ensku „The Right to Freedom of Religion and Religious Associations" og gerir líka grein fyrir stöðu mála í Eystrasaltsríkjunum, Þýskalandi, Póllandi og Rússlandi. Niðurstaðan af þessu ferðalagi okkar um Norðurlönd er afdráttarlaus. Í ljós kemur að hin íslenska skipan um gjöld manna utan trúfélaga er einstæð. Hvergi í þessum frændríkjum okkar tíðkast það að þegar menn eigi vilja borga til eins skuli þeir neyddir til að borga til annars, eins og Matthías Ólafsson sagði hér í þessum sal árið 1913.

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ljóst að við samþykkt þessa frumvarps mundi Háskóli Íslands missa spón úr sínum aski, yfir 50 millj. í Háskólasjóðinn á ári. Um það efast ég ekki að það yrði verulegt áfall fyrir háskólann að missa þetta fé. Sá sem hér talar spurðist fyrir um Háskólasjóð á þinginu 1996–1997 og fékk meðal annars upp úr krafsinu skrá um stöðu sjóðsins og úthlutanir úr honum í átta ár. Í svari hæstv. menntamálaráðherra kom fram að svokölluð sóknargjöld utantrúfélagamanna eru nánast einu tekjur sjóðsins fyrir utan vexti og verðhækkun verðbréfa. Tilgangur sjóðsins er að efla menningarstarfsemi innan háskólans, svo sem útgáfustarfsemi, fyrirlestra fyrir almenning, tónleikahald og annað það sem verðugt er að mati háskólaráðs auk þess að leysa óvænta fjárþörf sem upp kann að koma í skólasamfélaginu. Til að gefa hugmynd um verkefni sjóðsins skulu tiltekin hér nokkur dæmi frá árinu 1996. Úthlutanir það ár voru samtals 46 og námu alls rúmum 20 millj. Hæsti styrkurinn var til Styrktarsjóða Háskóla Íslands, rúmar 3 millj., þá til Kennslumálasjóðs um 2,7 millj., Kennsluvarp Háskóla Íslands fékk rúmlega 2,3 millj. og Hollvinasamtök Háskóla Íslands fengu úthlutað tæpum 2 millj. Mikið ber á ferðastyrkjum, bæði til kennara og nemenda. Þar er til dæmis kynnisferð til fjölmiðlafyrirtækja í London með nemendum í fjölmiðlafræði, ferð stúdentaráðsfulltrúa á kvennaráðstefnu stúdenta í Ósló, þátttaka í norrænu sumarnámskeiði í kortagerð, ferð til að kynnast fyrirkomulagi rannsókna og kennslu í fornleifafræði við háskólann í Tromsö, ferð laganema á málþing laganema í Róm, og ýmsar aðrar ferðir á ótiltekna staði. Veittir eru eins og fyrri ár styrkir til ýmissa stofnana háskólans, til dæmis Siðfræðistofnunar, Sagnfræðistofnunar, Mannréttindastofnunar og alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Veittir eru styrkir til fag- og menningarfélaga stúdenta, til dæmis til Félags læknanema, Félags hagfræðinema, Mímis og Háskólakórsins, og einstökum starfsmönnum háskólans eru veittir styrkir til ýmissa þarfa, til dæmis til framhaldsmenntunar í sjúkraþjálfun.

Þessi upptalning sýnir að háskólanum hlýtur að vera verulegur fengur að þessum tekjum við menningar- og fræðslustarf innan skólans, og er ljóst að tryggja verður einhvern annan tekjustofn fyrir háskólann til að styrkja þar ýmislegt gott málefni.

Hins vegar geta verkefni Háskólasjóðs ómögulega talist slík þjóðarnauðsyn að fjár sé aflað til þeirra með þessari einstæðu gjaldheimtu á hóp manna sem ekki hefur nein sérstök tengsl við umrædda stofnun eða framantalin verkefni.

Hæstv. forseti. Ég hef í þessari framsöguræðu forðast upphrópanir og stóryrði sem algeng eru í umræðum um réttindamál af þessum toga en reynt þess í stað að sýna fram á að nú sé kominn tími til að stíga næsta skref eftir það sem fyrirrennarar okkar stigu á þingunum 1913 og 1914, skref sem færir okkur þann veg fram á við að Íslendingar yrðu í þessum efnum nokkurn veginn jafnfætis öðrum norrænum þjóðum. Ég hef einnig af ásettu ráði látið eiga sig að bera skipan þessara mála hérlendis nákvæmlega við almenn mannréttindaákvæði innlend og alþjóðleg eða fjalla ítarlega um sóknargjald utankirkjumanna í ljósi reglunnar um jafnræði þegnanna gagnvart skattheimtu og gjaldaálagningu af opinberri hálfu. Ég tel að í ljósi þeirra upplýsinga sem ég hef hér stuðst við eigi einmitt þetta að vera meginverkefni þingsins við umfjöllun um málið.

Ég legg til að umrætt frumvarp gangi að lokinni þessari umræðu til allsherjarnefndar.

[15:39]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir afskaplega vandaða umfjöllun um mjög viðkvæmt mál, mál sem hv. þm. hefur augljóslega lagt mikla vinnu í og dregið mjög hnitmiðað saman meginkjarnann í þessu viðkvæma máli.

Samkvæmt frv. hv. þm. nær það einungis til skattheimtu á þeim hópi þegna landsins sem kýs að standa utan trúfélaga, hafi ég skilið ræðu og frv. rétt. En umræðan um þetta hlýtur hins vegar að teygja sig langt út fyrir þann hóp og snerta þar af leiðandi hina ýmsu trúarhópa og stofnanir, svo sem kirkjuna. Ég tel afskaplega mikilvægt að þingið ræði þetta mál en það verður að segjast eins og er að mér hefur fundist það vera nokkurt feimnismál að ræða trúmál innan veggja hv. Alþingis en ég tel það löngu tímabært og ekki ráð nema í tíma sé tekið nú þegar við erum að nálgast aldamót.

Í því samhengi hljóta að koma til umræðu tengsl kirkjunnar, ríkiskirkjunnar eins og sumir vilja kalla hana, hina evangelísku kirkju sem aðeins er minnst á í frv., tengsl ríkisvaldsins og hinnar evangelísku kirkju.

Ég vil taka fram í upphafi að ég ber mikla virðingu fyrir kirkjunni og tel hana gegna mjög mikilvægu hlutverki í samfélagi okkar, enda á hún sér bæði langa sögu og hefð í íslensku samfélagi. Hitt er annað að ég tel að kirkjan eins og flest annað í þjóðfélaginu standi á ákveðnum tímamótum og um margt held ég að með rökum megi halda fram að hin íslenska kirkja standi í svipuðum sporum og kaþólska kirkjan þegar Marteinn Lúther reis gegn henni.

Rök Marteins Lúthers á sínum tíma voru þau að kirkjan, hin kaþólska kirkja hefði breyst í stofnun og hefði fjarlægst sóknarbörnin, fjarlægst fólkið þannig að orðið og inntak kirkjunnar fór eiginlega skýjum ofar og almenningur náði ekki til þess. Þar með var trúarlífið og ástundun trúar fjarlægara fólkinu en ella og fjarlægari en upphaflega stóð til. Kaþólska kirkjan var orðin stofnun fremur en lifandi söfnuður fólksins. Það eru m.a. þau rök sem Marteinn Lúther notaði þegar hann reis upp gegn kaþólsku kirkjunni.

Það má þess vegna með sama hætti segja og spyrja hvort kirkjan, evangelíska kirkjan á Íslandi sé í svipuðum sporum gagnvart sóknarbörnum sínum. Óneitanlega höfum við af fréttum orðið vör við umræður og deilur innan kirkjunnar sem stofnunar. Það eru deilur embættismanna kirkjunnar við söfnuð. Við hljótum að spyrja hvar kirkjan sé stödd þegar söfnuður flýr jafnvel kirkju sína vegna þess að embættis-

maður hennar á í deilum við söfnuðinn og hrekur söfnuðinn með óbeinum hætti frá heimahögum til að sinna trúarþörf sinni. Þetta er sorglegt og hlýtur að vekja miklar spurningar og ég tel það skyldu okkar að velta þessum málum upp nú þegar hv. þm. hreyfir þessu viðkvæma máli. Við eigum að leita orsaka.

Í þeirri umræðu hlýtur að koma upp á borðið umræðan um aðskilnað ríkis og kirkju. Það er eðlilegt að sú umræða komi upp núna þegar við erum að nálgast aldahvörf og kristin trú hefur verið hér jafnlengi og raun ber vitni. Hvernig er tíðarandinn, hvernig slær hjarta þjóðarinnar og á kirkjan að fylgja tíðarandanum? Ég ætla ekki að svara því en ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ég tel ýmis rök mæla með aðskilnaði ríkis og kirkju frá því formi sem hér hefur ríkt um aldaraðir. Fyrir því eru nokkur rök.

Ég nefni þar í fyrsta lagi það sem kalla má jafnræðisregluna. Ég tel að með núverandi fyrirkomulagi sé trúfélögum og trúarhópum hér í landi mismunað eins og fram kom m.a. í ágætri framsöguræðu hv. þm. Marðar Árnasonar. Við getum tekið einföld dæmi af stöðu fríkirkjunnar, þeirra fríkirkjusafnaða sem eru starfandi hér á landi, hvernig þeir þurfa sjálfir að fjármagna sig að öllu leyti meðan önnur evangelísk-lútersk kirkja nýtur verndar, skjóls og fjárhagslegs öryggis að miklu leyti frá ríkisvaldinu. Segja má og því hefur verið haldið fram að þetta jaðri við a.m.k. brot á jafnræðisreglum.

Í annan stað vil ég nefna lýðræðisleg rök. Á síðustu áratugum hafa flutt hingað nýbúar frá ýmsum öðrum þjóðlöndum með ólíkan menningargrunn að baki og ólík trúarbrögð. Við höfum boðið þá velkomna inn í íslenskt samfélag og ég tel að íslensk þjóð hafi tekið afskaplega vel á móti nýbúum og komið til móts við þá og hjálpað þeim að laga sig að íslensku samfélagi. Hins vegar ber að geta þess að margir nýbúanna eru annarrar trúar en Íslendingar almennt og eru ekki hluti af ríkiskirkju okkar eða hvað menn vilja kalla hana. Ég tel að það séu lýðræðisleg réttindi þeirra að fá að halda trúarbrögðum sínum sem þeir vissulega fá en við þurfum að sýna öllum trúarbrögðum sömu lýðræðislega virðingu samkvæmt lýðræðislegri hefð.

Ég get nefnt fleiri hópa, t.d. ásatrú, kaþólska trú og þau fjölmörgu trúfélög sem hafa sprottið upp á síðustu áratugum og eru starfandi. Með núverandi fyrirkomulagi má segja að þessum félögum og hópum sé sýnd minni sæmd, minni virðing en hinni hefðbundnu kirkju og ég tel að það jaðri við ólýðræðislegt viðhorf gagnvart þessum hópum.

Í þriðja lagi nefni ég afnám ríkisafskipta sem hefur verið tíðarandi á síðustu áratugum á flestum sviðum og þess vegna er ekkert órökrétt að menn skoði það a.m.k. hvað varðar samskipti ríkis og kirkju.

Í fjórða lagi nefni ég, herra forseti, þau rök sem eru kirkjunnar sjálfrar vegna. Það er sannfæring mín að ein meginástæða fyrir þeirri ógæfu sem kirkjan hefur átt við að glíma á undanförnum árum sé hið mildandi og slævandi skjól miðstýringar sem kirkjan hefur búið við, bæði innan stofnunar og ekki síður í samskiptum sínum við ríkisvaldið. Fyrir vikið vilja sumir meina að kirkjan hafi sofnað á verðinum, fjarlægst fólkið og beint orku sinni um of inn á við sem stofnun í stað þess að leggja megináherslu á upphaflegt hlutverk sitt að vera uppspretta lifandi trúarlífs fólks í landinu. Ég trúi því að með fullkomnum aðskilnaði ríkis og kirkju væri kirkjan knúin til að efla sig innan frá og þar með styrkjast og standa sterkari gagnvart hlutverki sínu og fólkinu í landinu, söknarbörnum sínum.

Í þessu samhengi vísa sumir til þess að ríkisvaldið og kirkjan hafi gert með sér samkomulag og verkaskiptingu, að nokkru byggt á upptöku eigna kirkjunnar og afnotum af þeim. Er sá samningur gjarnan notaður sem röksemd gegn aðskilnaði. Ég ætla ekki að fjalla neitt um þann samning en ég spyr einfaldlega: Hvort eru slík rök af trúarlegum toga eða stofnanalegum?

Herra forseti. Ég ítreka virðingu mína fyrir kirkjunni. Ég er sjálfur í þjóðkirkjunni og stunda hana rétt eins og hver annar Íslendingur en ég tel hins vegar að umræða um breytta stöðu kirkjunnar sé afskaplega nauðsynleg og ég vona að frv. þetta fái farsæla afgreiðslu og umræðu í þingnefnd.

[15:49]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir ræðu hans. Ég veit að hann er fróðleiksmaður um málefni ríkis og kirkju og réttlætismaður í þeim efnum líka.

Gárungar, kunningjar mínir, hafa kallað þetta litla frv. mitt frv. gegn þjóðkirkjunni og háskólanum. Það var ekki sú merking sem ég lagði í frv. þó auðvitað komi það að einhverju leyti við báðar þessar stofnanir. Auðvitað verður frv. af þessu tagi til þess að vekja upp umræðu um tengsl ríkis og kirkju álíka þeirri sem hv. þm. drap á hér áðan. Ég tek undir það með honum að kominn er tími til að þingið og samfélagið allt ræði í alvöru hvernig á að hátta þessum samskiptum og ræði það þá einmitt á heimspekilegum og trúarlegum forsendum en ekki stofnanalegum sem okkur sæmir ekki þegar um trúarskoðanir manna og grundvallarviðhorf til hinna hinstu raka tilverunnar er að ræða.

Frv. mitt beinist ekki gegn þjóðkirkjunni. Það miðast við mannréttindi þess hóps sem utan hennar stendur eins og ég rakti í ræðu minni. Hins vegar geta þau rök enn átt við sem notuð voru á þinginu 1913 að menn hlypu hópum saman úr þjóðkirkjunni og þá gætu þau rök Bjarna frá Vogi einnig átt við að hún væri ekki þess virði að vera til ef menn hlypu úr henni um leið og helsið væri af þeim. Ég er þó ekki viss um að svo verði. Ég held að mjög margir þeir sem eru í þjóðkirkjunni núna eða öðrum söfnuðum séu það af einhverri sannfæringu og tiltekinni sannfæringu hversu mikil sem hún er, kannski af ákveðnum vana og af hefð og ég virði þá afstöðu þeirra.

Það er fróðlegt að þegar Svíar voru að undirbúa löggjöf sína um þessi efni, þá sem nú gengur í gildi, gerðu þeir skoðanakönnun um hvað fólk mundi gera ef ríki og kirkja yrðu aðskilin með þeim hætti sem þeir eru að gera, sem er ekki fullkominn aðskilnaður, en m.a. sá aðskilnaður að menn séu ekki lengur skyldir að borga til kirkjunnar. Úr þeirri skoðanakönnun kom það að 53% hinna aðspurðu sögðu að þeir mundu örugglega halda áfram í sænsku þjóðkirkjunni. 24% í viðbót eða samtals 77% sögðu að þeir mundu væntanlega vera áfram í þjóðkirkjunni og aðeins 6% í þessari könnun sögðu að þeir mundu hlaupa hópum saman úr henni. Ég held því að samþykkt þessa frv. og reyndar frekari aðskilnaður ríkis og kirkju mundi ekki skaða þjóðkirkjuna, þvert á móti.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. Hjálmars Árnasonar fyrir framlag sitt. Það er erfitt að bera saman trúfélög við eitthvað annað, hvað sem er annað í mannlífinu. Það er viðkvæmt og það er hættulegt. Þó er kannski hægt að taka þá áhættu ef við reynum að ímynda okkur eitthvað það annað

sem gæti verið hliðstætt því réttleysi og óréttlæti sem ég tel að hér hafi ríkt. Við teljum líka að heilbrigð sál sé ekki síst háð hraustum líkama. Það er almenn skoðun í þjóðfélaginu og hefur verið lengi að hvers kyns íþróttaiðkun sé mönnum holl og góð og ríkinu mikilvæg uppspretta sparnaðar í heilbrigðisgeiranum.

Auðvitað má segja sem svo að ef við höldum okkur við það að menn utan trúfélaga borgi sérstakan skatt, eitthvað annað en í trúfélögin, þá gætum við eins skyldað alla menn til að borga til íþróttafélaga — ég mundi borga til KR og hv. þm. Hjálmar Árnason sennilega til sameiginlegs körfuknattleiksliðs Njarðvíkur og Keflavíkur — og þeir sem ekkert vildu borga ættu þá að borga í einhvern sérstakan sjóð sem gæti t.d. séð þingmönnum fyrir heilsuræktarferðum til Færeyja.

[15:54]

Páll Magnússon:

Herra forseti. Ég ákvað að kveðja mér hljóðs eftir að hafa hlustað á hv. 10. þm. Reykn. Hjálmar Árnason sem fjallaði m.a. um framgöngu Marteins Lúthers á siðbótartímum í Þýskalandi. Meginefni ræðu hv. þm. var aðskilnaður ríkis og kirkju. Ég vil hins vegar í upphafi benda honum á að í greinargerð með því frv. sem hv. þm. Mörður Árnason hefur lagt fram er sérstaklega tekið fram að í þessu frv. eru ekki lagðar til breytingar á þessari skipan eins og stendur í greinargerðinni og er þar átt við tengsl íslenska ríkisins við evangelíska lútherska kirkju.

En hv. þm. Hjálmari Árnasyni til upplýsingar, þó ég ætli ekki að fara að ræða sérstaklega þau mál sem voru uppi í deilu Lúthers við páfagarð, þá sneru þær ekki að því að kirkjan væri stöðnuð stofnun heldur snerust deilurnar um guðfræði. Þær snerust um syndaaflausn sem veitt var og skoðanir Lúthers á réttlætingu af trú. Þær snerust einnig um kenningar um óskeikulleika páfa og allur var grundvöllurinn guðfræðileg túlkun og ekkert annað.

Hv. þm. Hjálmar Árnason talaði fyrir minni ríkisafskiptum af kirkjulegum málefnum. Því held ég að allir séu sammála enda hefur það verið þróunin undanfarin ár. Nýlega hafa völd kirkjuþings aukist verulega. Kirkjuþing hefur mun meira að segja um málefni kirkjunnar og hefur starfað að mig minnir undanfarin tvö kirkjuþing eftir breyttum lögum.

Einnig vék hv. þm. Hjálmar Árnason að einhvers konar erfiðleikum sem þjóðkirkjan stendur frammi fyrir. Ég verð að mótmæla því. Enda þótt íslenska þjóðkirkjan hafi gengið í gegnum erfið ár fyrir skömmu held ég að það sé léttvægt tímabil ef við skoðum sögu kristinnar kirkju. Ég held að íslensk þjóðkirkja sé í mikilli sókn og sú sókn muni ná hámarki á næsta ári þegar við fögnum 1000 ára afmæli kristnitöku.

[15:57]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti nú ætla að framsóknarmenn í Reykjanesi séu að klofna í afstöðu sinni til þjóðkirkjunnar og eru það söguleg tíðindi. En ég fékk ábendingu um það sem ég ekki vissi af því að hér hefur siðbótamaðurinn dregist inn í umræðuna að það mun vera afmælisdagur siðbótamannsins Marteins Lúthers samkvæmt miða sem ég fékk frá einum ágætum hv. þm.

Ég vil aðeins segja það í stuttu andsvari að ég tel að frv. það sem hér er til umræðu, frv. hv. þm. Marðar Árnasonar, sé réttlætismál og ég lýsti yfir stuðningi við það. Hins vegar held ég að þó að það nái aðeins til takmarkaðs hluta af heildarmyndinni hlýtur að vera mjög nauðsynlegt þegar frv. á borð við þetta kemur til umræðu að rætt sé um samskipti ríkis og kirkju og stöðu einstakra trúfélaga í samfélagi okkar. Ég tek undir það með hv. þm. að gera það heimspekilega og öfgalaust sem ég tel reyndar að hafi verið gert.

Ég ætla hins vegar ekki að deila við guðfræðinginn, hv. þm. Pál Magnússon, um kjarna siðbótarinnar. Um það hafa verið skrifaðar lærðar ritgerðir sem mér leikmanninum eru auðvitað að nokkru leyti framandi en ég vil þó segja að það er skoðun mín og lærdómur minn í sagnfræði að siðbótin hafi einnig beinst gegn kaþólsku kirkjunni sem stofnun en að auki ýmsum öðrum þáttum, svo sem trúarlegum þáttum.

Ég ítreka það að umræða um þessa viðkvæmu og mikilvægu þætti er löngu tímabær og afskaplega mikilvæg á hv. Alþingi.

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Bensínstyrkir til hreyfihamlaðra lífeyrisþega, 93. mál, svar heilbrrh., þskj. 185.

Erlend fjárfesting, 165. mál, fsp. SvanJ, þskj. 191.

Framsal Háskóla Íslands á einkaleyfi til peningahappdrættis, 166. mál, fsp. ÖJ, þskj. 192.

Íslenski hrafnastofninn, 169. mál, fsp. ÖS, þskj. 195.

Kynferðisleg misnotkun á börnum, 167. mál, fsp. JóhS, þskj. 193.

Netþjónusta við skóla, 171. mál, fsp. SJóh, þskj. 197.

Upplýsingatækni í skólum, 170. mál, fsp. SvanJ, þskj. 196.

Ættleiðingar einhleypra, 168. mál, fsp. ÖS, þskj. 194.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

23. FUNDUR

fimmtudaginn 11. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lágmarkslaun, frv., 94. mál, þskj. 95. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Umferðarlög, frv., 95. mál, þskj. 96. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 102. mál, þskj. 104. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Kosningar til Alþingis, frv., 123. mál, þskj. 154. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, frv., 134. mál, þskj. 155. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Fjarskipti, stjfrv., 122. mál, þskj. 143. — 1. umr.

7. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 103. mál, þskj. 107. — Fyrri umr.

8. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 115. mál, þskj. 125. — Fyrri umr.

9. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 147. mál, þskj. 168. — 1. umr.

10. Söfnunarkassar, frv., 148. mál, þskj. 169. — 1. umr.
11. Úttekt á stöðu safna á landsbyggðinni, þáltill., 159. mál, þskj. 180. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:31]

Útbýting þingskjals:
Málefni aldraðra, 173. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 200.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvörp um fjarskiptamál.

[10:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér á að taka til umræðu 6. mál, frv. um fjarskipti. Í greinargerð með þessu frv. segir í 5. lið, með leyfi forseta:

„Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp að nýjum lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Breytast gildandi lög um stofnunina til samræmis við þær breytingar sem verða á fjarskiptalögum."

Í gær fengum við afhenta dagskrá næstu daga. Þegar þingflokkur Samfylkingarinnar fór að skoða hvað yrði til umræðu það sem eftir lifði viku og næstu daga varð okkur ljóst að þrátt fyrir að boðað hefði verið að þessi frv. yrðu lögð fram samhliða, er bara annað málið komið fram, frv. um fjarskipti sem hér á að taka til umræðu. Frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki borist þingmönnum hér í þingsal.

Við í þingflokki Samfylkingarinnar teljum ófært að ræða þessi mál hvort í sínu lagi. Við óskum eftir því að við getum rætt þessi mál saman og skiljum reyndar ekki að sett skuli á dagskrá að ræða eigi annað málið án þess að þingmenn hafi svo mikið sem séð hvað felst í frv. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Það er ekki hægt að fjalla um umgjörð og eftirlit með þessum málum nema þau fylgist að, það er mjög einfalt. Það er mjög mikilvægt að málin komi fyrir þingið saman og séu rædd í samhengi. Mér kemur þetta vinnulag afar mikið á óvart og gagnrýni það. Ég beini til forseta ósk um að þessu máli verði frestað þar til frv. um Póst- og fjarskiptastofnun hefur komið á borð þingmanna og við sjáum hvað í því felst. Það væri heldur ekki verra að heyra sjónarmið ráðherra varðandi það að málin berast þinginu með þessum hætti. Ég spyr hvort það sé vegna þess að ágreiningur sé um síðara málið, um Póst- og fjarskiptastofnun.

[10:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég get alls ekki fallist á að ekki sé hægt að ræða það frv. sem hér er á dagskrá, frv. til laga um fjarskipti. Það er fjarri öllu að ekki sé hægt að taka það til meðferðar þó ekki liggi fyrir frv. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Að gefnu tilefni vil ég geta þess að enginn ágreiningur er um undirbúning þess máls. Því er ekki að fullu lokið og þess vegna er það ekki komið á dagskrá. Eins og hv. þm. hafa væntanlega séð með því að kynna sér frv. kemur mjög glöggt fram hvert hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er og óhætt að segja að ekki er gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum á verkefnum stofnunarinnar. Ætlunin er fyrst og fremst að skýra hlutverk hennar betur. Það kemur skýrt og skilmerkilega fram hvernig umrædd frv. tengjast í frv. sem hér er mælt fyrir. Ég sé því enga ástæðu til að fresta þeirri umræðu, enda held ég að ekki veiti af þeim tíma sem þarf til að vinna að málinu.

[10:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, formanni þingflokks Samfylkingarinnar, um að það er eðlilegt að þau tvö frv. sem hún vísar til verði rædd heildstætt. Í það minnsta þyrftu menn að fá að sjá frv. um Póst- og fjarskiptastofnun enda segir í greinargerð með frv. um fjarskipti, með leyfi forseta:

„Samhliða frumvarpi þessu er lagt fram frumvarp að nýjum lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Breytast gildandi lög um stofnunina til samræmis við þær breytingar sem verða á fjarskiptalögum."

Nú hafa borist fréttir af því í fjölmiðlum að undanförnu að um skipan þessara mála sé ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar. Það er mjög mikilvægt að Alþingi viti fyllilega hvað hér er á ferðinni, ekki síst þar sem vísað er til þess í frv. sem á að fara að ræða hér á eftir. Ég styð þá eðlilegu kröfu að umræðu um fjarskiptafrv. verði frestað þar til frv. um Póst- og fjarskiptastofnun liggur fyrir og hefur verið lagt fram á Alþingi.

[10:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi tvö frv. verði rædd saman. Ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem óskaði eftir frestun á þessu máli.

Virðulegi forseti. Hér er fram undan umræða um þá umgjörð sem væntanleg upplýsingabylting mun þurfa að þróast innan. Ég tel mjög mikilvægt að samhliða verði rætt um hvernig eftirliti með starfseminni verði háttað en að því mun frv. um Póst- og fjarskiptastofnun væntanlega lúta.

Þá vil ég, virðulegi forseti, vekja á því athygli að sú vinna sem fram undan er mun væntanlega fara fram undir forustu formanns samgn. sem samkvæmt mínum upplýsingum er staddur erlendis. Það eru, virðulegi forseti, alla vega þær upplýsingar sem ég fékk á skrifstofu Alþingis í morgun, að hv. formaður samgn. sé staddur erlendis. Hann hefur a.m.k. fjarvistarleyfi. Ég tel því mikilvægt ef umræðan á að fara fram að hv. þm. sé viðstaddur þá umræðu. Ég held að annað sé alveg fráleitt.

[10:39]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá kröfu sem hér hefur komið fram um að umræðu um málið verði frestað þar til

löggjöfin sem við erum að fara að ræða hér um getur staðið á báðum fótum, ef svo mætti segja. Það er ljóst að Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað mikilvægt hlutverk í þeim breytingum sem hér á að ræða. Það er vægast sagt mjög óeðlilegt að ræða þessa almennu umgjörð laganna án þess að hafa sjálft frv. um Póst- og fjarskiptastofnun til meðferðar. Mér finnst í hæsta máta óvönduð vinnubrögð að ræða þetta frv. hér ef enn er ekki lokið vinnu, eins og hæstv. ráðherra lýsti yfir, við frv. um Póst- og fjarskiptastofnun.

Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram og þá kröfu að við vöndum til verka og ræðum málin samhliða eins og eðlilegt hlýtur að teljast, herra forseti.

[10:40]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eindregið hvetja til þess að umræða um frv. um fjarskipti fari fram. Ég bendi á að samkvæmt þingskapalögum á við 1. umr. fyrst og fremst að ræða frv. í heild sinni en ekki í smáatriðum. Aðalvinnan við þetta frv. eins og öll önnur frv. fer fram í nefnd. Sama nefndin fær bæði þessi mál og það eru kannski einhverjir dagar þangað til hitt málið kemur fram. Ég tek undir það með hæstv. samgrh. að ekki veitir okkur af tímanum. Það styttist til jóla og þeirrar viku sem sem hugsuð er til nefndastarfa fyrst og fremst. Ég tel að sú ósk sem hér hefur komið fram, um að fresta þessari umræðu vegna þess að annað mál sem fjallar um svipað efni er ekki komið fram, sé ekki á rökum reist. Ég hvet því eindregið til að við förum í verkið og að ræðum málið nú við 1. umr.

[10:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafi einmitt flutt bestu rökin fyrir því að nauðsynlegt sé að fresta þessu máli. Eins og flestir vita þá fer aðalvinnan fram í nefnd og sú vinna mun fara fram undir forustu og stjórn formanns samgn. Hann er með fjarvistarleyfi í dag og getur því ekki lagt sitt af mörkum til umræðunnar. Þannig er fráleitt að undirbúningurinn að þeirri vinnu sem fram undan er undir hans verkstjórn eigi fari fram án þess að hann sé viðstaddur. Þetta er fráleitt, virðulegi forseti, enda kom fram í máli hæstv. samgrh. að vinnunni að þessum málum er ekki að fullu lokið. Það eru enn frekari rök til að málinu verði frestað, virðulegi forseti.

Ég vil taka undir þessa kröfu og ítreka að þessu máli verði að fresta og ræða samhliða frv. um Póst- og fjarskiptastofnun. Málið er umfangsmikið og innan ramma þessara tveggja frv., þeirra laga sem hugsanlega verða samþykkt í framhaldinu, mun upplýsingabyltingin þróast. Þetta er gríðarlega mikilvægt og ég ítreka, virðulegi forseti, að nauðsynlegt er að ræða þessi mál saman.

[10:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Vitanlega er vel gerlegt að ræða þetta mál sérstaklega. Ég var formaður samgn. Alþingis þegar við leiddum í lög ný fjarskiptalög á síðasta kjörtímabili. Um þau mál var mjög auðvelt að fjalla án þess að við litum sérstaklega til laga um Póst- og fjarskiptastofnun.

Virðulegi forseti. Fjarskiptalögin eru grundvallarlög og þess eðlis að það er mjög eðlilegt að ræða þau alveg sérstaklega, fara ofan í þau og efnislega yfir þau án þess að vera bundin af öðrum frumvarpstextum. Ég tel að hér séu hafðar uppi fullkomlega ástæðulausar kröfur um að reyna að fresta þessu máli og drepa því á dreif.

Þegar samgn. Alþingis fær málið til umfjöllunar þá fer hún vitaskuld yfir umræðuna eins og hún hefur átt sér stað í þinginu. Þannig hefur það oft verið gert, reynt að fara yfir þau atriði sem kallað hafa fram gagnrýni. Ég tel ástæðulaust að tefja þessa mikilvægu umræðu með tali um að ekki sé hægt að hefja efnislega umfjöllun um fjarskiptalögin af því að bíða þurfi eftir öðru frv., jafnvel þó að það sé nefnt í greinargerð frv. sem við erum að búa okkur undir að takast á við. Það er mjög mikilvægt að vanda til þessa verks. Þetta er stór lagabálkur eins og menn hafa talað um. Þetta er mjög þýðingarmikið og að mínu mati þinginu til framdráttar að hefja þegar umræðu um þetta mál. Síðan getum við snúið okkur að því að vinna málið efnislega í samgn. Það þarf að hyggja að mjög mörgu í þessum efnum.

[10:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég gagnrýni harðlega að þingmönnum skuli boðið upp á óvönduð vinnubrögð og óviðunandi vinnulag hér. Það er engin meining að bjóða okkur upp á þau svör sem komið hafa fram.

Ég verð alltaf jafnundrandi á slíku vinnulagi. Nú er kominn 11. nóvember, virðulegi forseti, og hingað hafa verið að tínast inn eitt og eitt stjfrv. Og það er að venju þannig að þau eru sett á dagskrá um leið og það er leyfilegt samkvæmt þingsköpum. Við eigum síðan bara að fara í umræðuna hvernig sem á stendur. Nú er svo komið að menn vísa á bug gagnrýni á að formaður samgn., sem leiðir vinnuna, er ekki hér. Það er ekkert gert með það. Hann þarf ekki að vera hér. Svo er sagt að 1. umr. skipti eiginlega engu máli af því að málið á að fara í nefnd og þar fari vinnan fram.

Það er umhugsunarefni fyrir okkur hvernig stjórnarflokkarnir eru að ganga æ lengra í því að drepa niður lýðræðislega umfjöllun á Alþingi. Það er að verða slík valdastaða hér uppi að það liggur við að sagt sé við stjórnarandstöðuna: Hunskist þið til að vinna við þetta og þegið þið svo.

Þetta er alvarlegt, virðulegi forseti, og það er stórt upp í sig tekið af mér að taka svo til orða úr þessum ræðustól.

Við fáum dagskrá vikunnar hverju sinni. Og hvernig er hún? Fyrstu tvo dagana stendur skýrt hvaða frv. komi til afgreiðslu. Síðustu tvo dagana stendur: Stjórnarfrumvörp? Af því að í upphafi vikunnar er ekki vitað hvaða frv. munu koma fram, hvort þau ná því að koma á þriðjudegi til að verða rædd á fimmtudegi, hvort þau ná að koma fram á miðvikudegi til að vera rædd á föstudegi ef það er þingdagur. Og við bíðum spennt að vita hvaða frv. þetta eru. Síðan kemur dagskrá eins og í gær, um fjarskiptin, en helminginn af málinu vantar.

Virðulegi forseti. Við erum að fara að ræða hálft mál og ég óska eftir frestun á því máli.

[10:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá ósk að þessu máli verði frestað. Hér hefur komið fram að menn vilja vanda til verkanna, það sagði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, en byrjum að ræða málið, bætti hann við. Byrjum að ræða málið, sagði hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir líka.

Þetta er ekki bara formsatriði. Umræða á Alþingi er ekki bara formsatriði. Við erum að segja að öll nauðsynleg gögn í þessu máli eru ekki komin fram. Og við óskum eftir því að þetta mál verði þá fyrst rætt þegar þau gögn hafa komið fram. Þetta er eðlileg krafa, þetta er lýðræðisleg krafa og þetta er mikilvæg krafa fyrir hönd Alþingis að við stöndum saman um hana og ég tek heils hugar undir hana.

[10:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. 1. þm. Vestf. sagði að minnst væri á Póst- og fjarskiptastofnun í grg. með frv. En það er ekki einungis minnst á þá stofnun í grg. heldur kemur nafn Póst- og fjarskiptastofnunar fram í öllum þeim greinum sem mér hefur unnist tími til að lesa það sem af er, og ég var kominn aftur að um 20. gr. Ég held að nafn Póst- og fjarskiptastofnunar vanti í tvær eða þrjár greinar af þeim sem ég var búinn að lesa yfir. Það hlýtur að þurfa að hafa til hliðsjónar hvaða reglur gilda um þessa Póst- og fjarskiptastofnun ef menn eiga að geta talað af einhverju viti um málið.

Þannig að rökin fyrir því að frv. um þá stofnun liggi fyrir þegar menn ræða þetta hljóta að vera öllum mönnum augljós. Mér finnst satt að segja mikið liggja á þegar taka þarf mál til umræðu með þeim hætti sem hér er gert án þess að bráðnauðsynleg gögn, eins og þessi hljóta að vera í þeirri umræðu, liggi fyrir. Ég tek þess vegna undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram.

Ég tek einnig undir það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði, að auðvitað þarf formaður samgn. að vera til staðar við umræðuna. Og ég held að ágætt væri að hæstv. forseti gerði ráðstafanir í tíma til að sá ágæti maður gæti verið hér og tekið þátt í umræðunni — en hann hefur eins og allir vita mikið að gera.

[10:50]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þetta er í meira lagi sérkennileg umræða og vandræðagangur í málflutningi stjórnarliða. Hæstv. forseti, sem á að sjá um að gott samstarf náist í þinginu, á auðvitað óðar í bili að taka fyrir frekari umræðu um þetta og fallast á þá sjálfsagða kröfu að þessari umræðu sé frestað þar til öll gögn málsins eru komin fram.

Hvað er það sem knýr svo fast á um þessa umræðu nú? Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir lét svo sem umræðan hér væri algjört formsatriði og aukaatriði því öll vinna færi fram í nefndum. Þetta er líka sérkennilegt viðhorf til hins háa Alþingis. En hitt er svo allt annað mál að það er fullharkaleg krafa að ætla að bíða með umræðu um þetta mál eftir formanni samgn. Þá er ekkert víst að málið yrði nokkurn tíma tekið fyrir.

[10:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti sér ekki ástæðu til þess að verða við þessari beiðni þar sem hann telur að ekki séu rök fyrir henni.

Tilkynning um dagskrá.

[10:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 13.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um horfur í orkuframleiðslu í vetur. Málshefjandi er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson en hæstv. iðnrh. verður til andsvara.

Um fundarstjórn.

Frumvörp um fjarskiptamál og úrskurður forseta.

[10:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Forsetans er valdið, hann stýrir þessari samkundu. Við höfum sett fram eindregna ósk, hún var réttmæt og vel rökstudd. Ég er ósátt við þessa niðurstöðu þó að ég geri mér grein fyrir að ég verði að beygja mig fyrir henni.

[10:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er um fundarstjórn forseta og hvernig farið er með þetta mál sem ég kveð mér hljóðs. Ég vil mótmæla þessari málsmeðferð. Hér hafa fulltrúar allra stjórnarandstöðuflokkanna komið, fært fram rök í málinu og óskað eftir því að frv. sem nú er á dagskrá verði frestað. Það er vísað til grg. með frv. þar sem fram kemur að önnur frumvörp séu samhliða þeim lagabreytingum sem eru fyrirhugaðar. Við óskum eftir því að þær liggi fyrir þannig að við getum rætt þessi mál af viti. Þetta eru mjög óeðlileg vinnubrögð að mínum dómi.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 143.

[10:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra laga um fjarskipti. Þróun fjarskipta á undanförnum árum er undraverð. Jafnvel er fullyrt að fjarskipta- og upplýsingabyltingin muni hafa meiri áhrif á líf okkar allra en sjálf iðnbyltingin. Hún vísar veginn inn í nýja öld. Því er t.d. spáð að fjarskipta- og upplýsingaiðnaðurinn muni leggja stærri skerf til aukins hagvaxtar, aukinnar velferðar og nýrra atvinnutækifæra í löndum ESB en nokkur önnur atvinnugrein.

Stefna löggjafans og stjórnvalda, einkum afnám einkaréttarins á sviði fjarskipta, hefur vegið þungt í þessari þróun. Stefnumörkun á sviði fjarskipta byggist á nokkrum meginþáttum sem saman eiga að stuðla að virkri samkeppni sem tryggt geti hag neytenda, atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild. Það er því afar mikilvægt að ekki verði sofnað á verðinum heldur haldið fast á málum og þessi öra þróun nýtt okkur til hagsbóta.

Staða Íslands er nú góð í samanburði við aðrar þjóðir í þessum efnum. Símanotkun er mikil en u.þ.b. 171 þúsund notendur eru með síma í fastanetinu og 150 þúsund með farsíma. Þetta er eðlilegt þegar litið er til þess að símagjöldin á Íslandi eru með því lægsta sem þekkist. Möguleikar Íslands til að leiða þróunina í notkun netmiðla eru miklir. Greinar á netinu frá því í júlí 1999 sýna að Ísland er í efsta sæti yfir internetnotkun en hér eru flestir notendur á hverja þúsund íbúa. Á hinn bóginn hefur aukin samkeppni á öðrum fjarskiptamörkuðum í Evrópu leitt til þess að við gætum misst forskotið.

Á Íslandi urðu tímamót í fjarskiptum hinn 1. jan. 1998. Lögbundinn einkaréttur var afnuminn með gildandi fjarskiptalögum og samkeppni heimiluð á öllum sviðum fjarskipta. Nú er hafin samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði. Því skiptir miklu að fyrirtæki eigi greiðan aðgang að

markaðnum og að á Íslandi verði löggjöf eins og í öðrum viðskiptalöndum okkar.

Í því frv. sem ég mæli fyrir er skýrt kveðið á um að markmið laganna sé að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og að efla samkeppni á fjarskiptamarkaðnum. Þá er og jafnskýrt sett fram að íslenska ríkið skuli tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu. Þó aðeins séu liðin tæp þrjú ár frá setningu gildandi fjarskiptalaga er að mínu mati nauðsynlegt að breyta þeim í nokkrum veigamiklum atriðum. Fyrir því eru einkum eftirfarandi ástæður:

Í fyrsta lagi hafa orðið verulegar breytingar á fjarskiptatækni og fjarskiptaþjónustu. Á allra síðustu árum hefur krafan um sífellt hraðvirkari gagnaflutningsleiðir vaxið hröðum skrefum og stöðugt eykst fjöldi tölva sem tengjast netinu. Sem dæmi má nefna að í dag eru um 150 millj. internetnotendur í heiminum og áætlaður fjöldi fyrir næsta ár nálgast 200 millj. Samruni tals, gagna og mynda hefur haft það í för með sér að gömlu talsímanetin kunna að vera á hröðu undanhaldi fyrir nýjum tegundum fjarskiptaneta. Fjarskiptafyrirtæki eru ekki lengur símamálastofnanir á stöðugum markaði heldur fyrst og fremst hátæknifyrirtæki sem þurfa að mæta breyttum forsendum og nýjum aðstæðum á degi hverjum.

Í öðru lagi eru áhrif samkeppninnar smám saman að koma í ljós eins og aukin umsvif fyrirtækja á markaðnum gefa vísbendingu um. Ég vil nefna hér sem dæmi GSM-þjónustuna. Fyrir nokkrum árum var því spáð að við aldarlok yrðu 40 millj. GSM-notendur í ríkjum ESB. Í dag eru hins vegar 120 millj. farsímanotendur og margir telja jafnvel að nálægt hver einasti símnotandi verði með GSM-síma innan næstu fimm ára.

Eins og ég sagði áðan eru 150 þús. farsímanotendur hér á landi en með sanni má segja að það sé líkt og gerst hafi í gær að fyrsti GSM-síminn var tekinn í notkun hér á landi. Þriðja kynslóð farsíma mun væntanlega byggja á þessari velgengni og farsímanotendur munu því margfaldast á næstu árum og áratugum. Fleira mætti nefna eins og t.d. rafræn viðskipti sem munu fyrirsjáanlega aukast stórlega á næstu árum.

Í þriðja lagi hafa þarfir landsmanna breyst. Fyrir örfáum árum var aðgangur allra að talsímaþjónustu á sanngjörnum kjörum talinn grundvallaratriði. Í dag er aðgangur að góðum tölvusamskiptum ekki síður nauðsynlegur.

Með frv. þessu er íslensk löggjöf aðlöguð löggjöf hins Evrópska efnahagssvæðis um fjarskiptamál. Ég vek hins vegar athygli á því að tilskipanir EES á þessu sviði hafa að geyma lágmarksreglur sem aðildarríkjunum er ætlað nokkurt frelsi til að útfæra.

Við samningu frv. var farin sú leið að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti en einnig að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Til að mæta þessu markmiði er í frv. litið til ýmissa atriða auk þeirra sem ég hef þegar nefnt. Þau helstu eru þessi:

Nauðsyn þess að tryggja samtengingu neta svo að viðskiptavinir ólíkra fjarskiptafyrirtækja geti haft samband sín á milli.

Nauðsyn þess að fyrirtækjum sem eiga þjóðbrautina (fjarskiptanetið) og aðra innviði sé gert skylt að opna aðgang að netinu og annarri aðstöðu á sanngjörnum kjörum.

Nauðsyn þess að stuðla að raunverulegri samkeppni á markaðnum með því að jafna samkeppnisstöðu fjarskiptafyrirtækja, t.d. með aðgangi að heimtaug.

Nauðsyn þess að markaðsráðandi fyrirtæki sé veitt aðhald, m.a. með kröfu um bókhaldslegan aðskilnað.

Nauðsyn þess að mæta þörfum allra landsmanna um að njóta ákveðinnar lágmarksþjónustu.

Nauðsyn þess að ávallt verði til öflug fjarskiptafyrirtæki á Íslandi.

Nauðsyn þess að löggjöf hamli ekki þróun upplýsingatækni og komi ekki í veg fyrir tækniframfarir, og nauðsyn þess að nýta upplýsingatæknina til að styðja við búsetu í landinu öllu og sporna sem mest og frekast má verða gegn byggðaröskun.

Eins og ég sagði áðan eru í frv. ýmsar veigamiklar breytingar frá gildandi lögum. Þeim má skipta í tvo hluta. Annars vegar ákvæði sem ætlað er að örva samkeppni og hins vegar ákvæði sem tryggja aðgengi allra landsmanna að fjarskiptaþjónustunni. Það að tryggja aðgengi landsmanna að gagnaflutningsþjónustu, þar á meðal að internetinu, er að mínu mati forsenda þess að fyrirrætlanir ríkisstjórnarinnar um byggðamál nái fram að ganga. Almenn samskipti einstaklinga og fyrirtækja, netið, fjarkennsla, fjarlækningar, fjarvinnsla og fjarfundir hafa mikla þýðingu fyrir velferð okkar og hagsæld. Aðgangur alls þorra landsmanna að gagnaflutningsþjónustunni getur því ráðið úrslitum um búsetu, atvinnuuppbyggingu og lífskjör í landinu til lengri tíma litið.

Til þess að tryggja aðgengi allra að fjarskiptaþjónustu er lögð til sú grundvallarbreyting að gagnaflutningsþjónusta með 128 kílóbæta flutningsgetu, þ.e. ígildi ISDN-þjónustu, verði skilgreind sem hluti af alþjónustu. Það þýðir að allir notendur eigi rétt á þjónustunni á viðráðanlegu verði án tillits til búsetu. Í dag er það fyrst og fremst hin almenna talsímaþjónusta sem fellur þar undir.

Ýmsum ákvæðum frv. er ætlað að örva samkeppni. Í því sambandi vil ég einkum benda á fimm atriði sem eru jafnframt nýmæli.

Í fyrsta lagi er tryggt að notendur síma geti haldið símanúmeri sínu án tillits til þess hjá hvaða símafyrirtæki þeir eru með viðskipti sín. Þetta er kallað númeraflutningur í löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins. Númeraflutningur er nú almennt talin forsenda fyrir raunverulegri samkeppni í símaþjónustu.

Í öðru lagi er tryggður hagkvæmur aðgangur farsímafyrirtækja að farsímanetum hvers annars þegar uppbygging eigin aðstöðu er talin óraunhæf. Dæmi um það er ef umhverfiseða skipulagsmál eru hindrun fyrir frekari uppbyggingu farsímanets. Nágrannaþjóðir okkar, Danir og Norðmenn, hafa þegar lögbundið samsvarandi aðgangsrétt fjarskiptafyrirtækja í farsímaþjónustu. Lagt er til að þessi aðgangsréttur farsímafyrirtækja taki gildi 1. janúar 2001.

Í þriðja lagi er frv. ætlað að örva samkeppni á hinum almenna notendamarkaði með því að aðgangur nýrra fjarskiptafyrirtækja að heimtaug er tryggður. Eins og menn vita er aðeins eitt fjarskiptanet til í landinu sem nær heim til allra notenda. Þar af leiðandi þyrftu ný fjarskiptafyrirtæki að fjárfesta verulega í eigin netum ætli þau að ná til notenda almennt. Þessi vandi hefur leitt til þess að OECD leggur áherslu á að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild veiti nýjum fyrirtækjum aðgang að heimtaugum. Jafnframt er ljóst að slíkur aðgangsréttur kann að verða hluti af löggjöf Evrópska efnahagssvæðisins fyrr en síðar. Erkki Likanen, framkvæmdastjóri fjarskipta- og upplýsingamála hjá framkvæmdastjórn EBS, lýsti því yfir á Telecom-ráðstefnunni, sem ég sótti í Genf í sl. mánuði, að hann fagnaði mjög því að ýmis aðildarríki hefðu lögfest skyldu markaðsráðandi

fyrirtækja til að veita öðrum aðgang að heimtaugum. Aðgangur að heimtaug er orðinn hluti af löggjöf í Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Austurríki og Þýskalandi. Ljóst er að fleiri ríki munu leiða þetta í lög á næstunni.

Í fjórða lagi vil ég nefna að dregið er úr afskiptum hins opinbera af fjarskiptafyrirtækjum og einstaklingum og fyrirtækjum auðvelduð leið inn á markaðinn. Meginreglan verður sú að ekki þarf sérstakt leyfi til að starfrækja fjarskiptafyrirtæki en skráning látin nægja. Þó mun áfram þurfa rekstrarleyfi til starfsrækslu talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og fjarskiptanets.

Í fimmta lagi eru ítarleg ákvæði um opinn aðgang að fjarskiptanetum og samtengingu fjarskiptaneta. Tilgangur þeirra er fyrst og fremst sá að tryggja að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild geti ekki útilokað önnur fyrirtæki frá markaðnum vegna þeirrar sérstöðu fjarskipta að eitt fyrirtæki á allt dreifikerfið, fjarskiptanetið sjálft, er mikil áhersla lögð á reglur sem tryggja eiga aðgang nýrra fyrirtækja að netinu og reglur sem kveða á um rétt og skyldu fjarskiptafyrirtækis til þess að tengja net sitt fjarskiptaneti annarra fyrirtækja. Póst- og fjarskiptastofnun verður að gegna lykilhlutverki við framkvæmd þeirra.

Þá má nefna að frestir til meðferðar og afgreiðslu klögumála eru styttir verulega. Það mun væntanlega leiða til þess að minni hætta er á því að miklir hagsmunir fyrirtækja og almennings fari í súginn vegna tafa í stjórnsýslunni.

Í frv. er ekki tekin afstaða til eignarhalds á því fjarskiptaneti sem byggt hefur verið upp í landinu af Landssíma Íslands hf. Hins vegar er krafan um að alþjónusta feli í sér þá skyldu að símafyrirtækin bjóði tiltekna lágmarksflutningsgetu, jafnframt krafa um stóraukna flutningsgetu í kerfinu um landið allt. Í umræðu um skipulag fjarskiptamarkaðarins og stöðu Landssíma Íslands kemur oft upp spurningin um hvort skynsamlegt sé að skilja það sem í daglegu tali er nefnt grunnnet frá annarri starfsemi fyrirtækisins og fela sérstakri ríkisstofnun rekstur þess nets. Hvati umræðunnar er þá oftast sá að nauðsynlegt sé að ríkisvaldið tryggi jafnræði með fyrirtækjum sem veita fjarskiptaþjónustu og að þjónustan sé tiltæk og á ásættanlegu verði um landið allt.

Þessi umræða er ekki ný og hefur farið fram við hliðstæðar breytingar í flestum öðrum Evrópulöndum. Þar hafði Evrópusambandið frumkvæði að stefnumótun sem fólst í því að brjóta ekki upp rekstur gömlu símafyrirtækjanna heldur skylda þau til að opna netin fyrir þjónustu keppinauta á kostnaðarverði með hóflegri álagningu. Þannig töldu Evrópuríkin að forðast mætti offjárfestingu í dreifikerfum, flýta fyrir samkeppni og tryggja uppbyggingu fjarskiptanetanna þar sem saman færi ábyrgð á uppbyggingu og þjónustu. Sérstök ráðgjafarnefnd sem samgrh. skipaði á síðasta kjörtímabili til að gaumgæfa stöðu Landssímans og fjarskiptakerfisins hér á landi komst að sömu niðurstöðu. Þessi niðurstaða er skynsamleg enda augljóst þegar að er gáð að ábyrgð á uppbyggingu og viðhaldi fjarskiptanetsins um allt land er þeim mun meiri þegar sami aðili þarf að svara kröfum viðskiptamanna um verð og gæði fjarskiptaþjónustunnar. Hann getur þá aldrei vísað á annan til afsökunar á því að þjónustan er ekki ásættanleg. Ef Landssíminn væri leystur undan rekstri á grunnnetinu út um land er einnig augljóst að fyrirtækið kynni að fara að fordæmi annarra sem bjóða fjarskiptaþjónustu og byggja upp eigin fjarskiptanet á ábatasömustu markaðssvæðunum í mesta þéttbýlinu en ríkið sæti þá eitt uppi með þjónustu út um landsbyggðina. Við þær aðstæður væri veruleg hætta á að ekki væru tryggðar sömu tæknilegu framfarir eða þjónusta og á höfuðborgarsvæðinu. Í því samhengi má minna á stöðu Rariks á raforkumarkaði og vanda fyrirtækisins með dreifikerfið í sveitunum.

Í gildandi fjarskiptalögum var ákveðið að símafyrirtækjum beri að veita talsímaþjónustu á sama verði um allt land. Þetta var mikil breyting og Ísland varð þá fyrst landa til að taka upp svo stórt samfellt gjaldsvæði. Kostnaður við flutning rafrænna gagna var þó eftir sem áður afar mismunandi eftir fjarlægðum og það takmarkaði mjög nútímaatvinnurekstur og þjónustu sem byggði á fjarskiptum úti um land.

Á síðustu mánuðum hefur þó orðið gerbreyting í þessu efni samfara því að kröfur gildandi laga um að verðskrá skyldi grundvallast á raunkostnaði komst til framkvæmda. Jafnframt hefur Landssíminn byggt upp ný gagnaflutningskerfi sem bjóða upp á aukin afköst og lægra verð og hafa þannig lagt fjárhagslegan grundvöll að uppbyggingu fjarvinnslufyrirtækja út um allt land. Þetta er fagnaðarefni sem sýnir betur en margt annað hversu mikilvægt er að halda ábyrgð á uppbyggingu fjarskiptakerfanna og þjónustunnar á sömu hendi.

Þessar nýjungar í flutningskerfinu eru þó að mestu bundnar við þéttbýlisstaði úti um land svo að enn vantar mikið á að hinum dreifðu byggðum sé tryggð ásættanleg þjónusta í gagnaflutningi. Í þessu frv. er eins og ég gat um áðan miðað við að stíga stórt skref til að bæta þar úr þar sem ákveðið er að fella gagnaflutningsþjónustu undir alþjónustukvöð og tryggja þannig að allir eigi kost á svonefndri ISDN-þjónustu eða sambærilegum flutningshraða. Enn liggur ekki fyrir hversu mikilla fjárfestinga er þörf í flutningskerfinu til að ná þessum áfanga en þar er þó fyrirsjáanlega um verulegar fjárfestingar að ræða.

Hvað varðar spurninguna um að ríkið eigi og reki grunnkerfi í landinu er vert að vekja athygli á því að ekkert þeirra ríkja innan Evrópu, sem hefur verið að einkavæða símafyrirtæki, gerir ráð fyrir að skilja grunnkerfið frá þjónustunni, hvorki þannig að ríkið eigi það og reki né þannig að um það sé stofnað sérstakt hlutafélag í eigu óskyldra aðila og ótengt þjónustufyrirtækinu. Það er ljóst að öflug, góð og hagkvæm fjarskipti munu skipta okkur, einstaklinga, fyrirtæki og þjóðina alla miklu máli í framtíðinni. Það á ekki síst við um Ísland og íslenska þjóð. Okkur ber skylda til að hafa í huga að við búum eyland sem er fjarri öðrum löndum en getum með öflugum fjarskiptum ávallt verið í miðri rás atburðanna. Um leið ber okkur að muna að við erum þjóð sem býr í stóru landi og mæta þarf þörfum allrar þjóðarinnar óháð því hvar menn kjósa sér að búa. Fjarskiptin leggja upplýsingaþjóðfélaginu til sjálft vegakerfið. Breytingarnar eru gífurlegar og það er því von mín að ný fjarskiptalög varði veginn til betri lífskjara.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[11:14]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég held að segja megi almennt um frv. að það sé til mikilla bóta og þær reglur og þau markmið sem lagt er upp með í þessu frv. séu til þess fallnar að færa okkur og fjarskiptaumhverfið allt saman fram á veg. En þetta segi ég þó aðeins, virðulegi forseti, að inn í þetta frv. vantar náttúrlega til fyllingar og skilnings frv. þannig að það þurfa að liggja fyrir þær reglur sem menn ætla að koma fram með

um Póst- og fjarskiptastofnun. Allt hól um þetta frv. er sett fram með þeim fyrirvara.

Ég vil í upphafi segja það, virðulegi forseti, varðandi þau markmið sem hér er lagt upp með, annars vegar að auka samkeppni á þessu sviði og hins vegar að tryggja aðgang allra landsmanna að ákveðinni lágmarksalþjónustu á fjarskiptamarkaði, að mjög mikilvægt er að þau markmið náist og þetta frv. stefnir að því. Hins vegar kom fram í máli hæstv. samgrh. að augljóslega er talsverður ágreiningur milli hæstv. samgrh. og hæstv. utanrrh. því að hæstv. samgrh. lýsti því yfir að mjög mikilvægt væri að grunnnetið fylgdi því fyrirtæki sem væri leiðandi á fjarskiptamarkaði hverju sinni. Aftur á móti talaði hæstv. utanrrh. um það á fundi miðstjórnar Framsfl. að vel kæmi til álita að aðskilja annars vegar grunnnetið frá því fyrirtæki sem hugsanlega yrði leiðandi á þessu sviði. Ég held að hér hafi komið mjög skýrt fram að ágreiningur er um fyrirkomulag þessara mála í ríkisstjórninni og það eru kannski enn frekar rök fyrir því að ástæða hefði verið til, virðulegi forseti, að fresta þeirri umræðu sem nú fer fram.

Ég held, virðulegi forseti, að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum að við erum að sigla inn í mjög breytt umhverfi á þessu sviði. Við erum hugsanlega að sigla inn í einhverja þá stærstu byltingu sem hér hefur orðið og má líkja við iðnbyltinguna og byltinguna í samgöngumálum sem átti sér stað á undanförnum öldum. Við erum að fara inn í þessa upplýsingabyltingu. Þær reglur sem hér er verið að ræða um eru einmitt umgjörðin um þá byltingu og því mjög mikilvægt að vel takist til.

Í þeirri stuttu umræðu sem hér fer fram — en sá sem hér stendur á sæti í hv. samgn. og mun þar gefast frekara tækifæri til að ræða þessi mál þar — eru þó nokkur atriði sem ég held að vert sé að ræða og ég vil spyrja hæstv. samgrh. um. Ástæðan fyrir þeim spurningum er kannski sú að frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun liggur ekki fyrir og vel má vera að skýringar við spurningum mínum sé að finna í því frv.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvernig þetta frv. og þá væntanlega það frv. sem ekki hefur verið lagt fram er hugsað að því er varðar samskipti eða samtengingu Samkeppnisstofnunar annars vegar og Póst- og fjarskiptastofnunar hins vegar. Eins og allir vita er Samkeppnisstofnun ætlað að fjalla almennt um þær samkeppnisreglur sem gilda í landinu en mér virðist, virðulegi forseti, sem hér sé gengið dálítið inn á það svið og Póst- og fjarskiptastofnun sé ætlað að taka yfir að hluta hlutverk Samkeppnisstofnunar. Ég er ekki að segja, virðulegi forseti, að það sé sökum þeirrar baráttu sem hefur átt sér stað undanfarin ár, að tryggja ákveðna samkeppni á þessum markaði og árekstrar hafa verið, einkanlega í fjölmiðlum, milli Samkeppnisstofnunar annars vegar og Landssímans hins vegar. En ég held að mikilvægt sé að lögsaga þeirra stofnana liggi mjög skýr fyrir á þessum markaði. Og því beini ég, virðulegi forseti, því til hæstv. samgrh. og vísa til c-liðar 6. gr. þar sem verið er að fjalla um skilyrði almennra heimilda sem Póst- og fjarskiptastofnun setur, en þar segir, með leyfi forseta: „að komið sé í veg fyrir samkeppnishamlandi aðgerðir á fjarskiptamarkaðinum, þar með talin skilyrði sem tryggja að gjaldskrá mismuni ekki aðilum og raski ekki samkeppni".

Það sem stingur í augun í þessum efnum, virðulegi forseti, er að alls staðar eða a.m.k. í Evrópu og Bandaríkjunum er einmitt þessi samkeppnisþáttur klárlega í höndum samkeppnisyfirvalda. Og að því er varðar þá þróun sem fyrirsjáanleg er í þessum efnum, þ.e. samruna síma og tölvu og með vísan til þeirrar niðurstöðu sem okkur var að berast vestan frá Bandaríkjunum um að samkeppnisyfirvöld þar hafa verið í baráttu við Microsoft-fyrirtækið þar sem dómari komst nýverið að þeirri niðurstöðu að um einokunarfyrirtæki væri að ræða og ber þess vætti hversu mikla áherslu menn leggja á einmitt þennan þátt, þá er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að fyrir liggi hvar þessi þáttur málsins liggur hér hjá okkur í því umhverfi sem fram undan er. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt og ég velti því fyrir mér þegar ég les c-lið 6. gr. hvort ætlunin sé að Póst- og fjarskiptastofnun setji almennar reglur um samkeppni á þessum markaði. Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að það liggi fyrir strax í upphafi svo það verði ekki vandamál stjórnmálamanna framtíðarinnar að greina úr þeim ruglingi.

Þá vil ég einnig vekja athygli á d-lið 7. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„þegar leggja þarf á sérstakar skyldur vegna almennra samkeppnisreglna og leyfishafi hefur umtalsverða markaðshlutdeild að því er varðar almenn fjarskiptanet og almenna fjarskiptaþjónustu."

Ég held að þetta sé spurning af sama meiði og ég beini henni til hæstv. samgrh.

Ég vil enn fremur vekja athygli á f-lið 8. gr. sem er kannski að hluta til af sama meiði. En síðan er það g-liður sömu greinar, virðulegi forseti, en í 8. gr. segir, með leyfi forseta:

„Póst- og fjarskiptastofnun getur sett eftirfarandi sérstök skilyrði fyrir rekstrarleyfi, eitt eða fleiri, til viðbótar skilyrðum sem fylgja almennum heimildum," — og er þar vitnað til 6. gr. um eignaraðild, þ.e. að Póst- og fjarskiptastofnun virðist geta sett eitthvert skilyrði um eignaraðild að þeim fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði. Ég held að mjög mikilvægt sé að það komi mjög skýrt fram hvað menn hugsa í þessu samhengi, hvað hér er átt við. Því ekki getur það átt við að ef útlendingar eiga í þessum fyrirtækjum þá sé hægt að setja slík skilyrði, banna o.s.frv. Ég held því að þetta sé mjög opið og ég held að það sé mikilvægt að þetta liggi fyrir.

En vel má vera, virðulegi forseti, eins og ég sagði í upphafi máls míns að svörin við þessum spurningum liggi að hluta til í því frv. sem hér hefur ekki verið lagt fram. Ég bíðst þá velvirðingar á því ef það er til einhvers staðar í plöggum því að ég hef ekki frekar en aðrir þingmenn átt þess kost að kynna mér það frv., enda heyrðist mér á hæstv. samgrh. að vinnu við það sé ekki lokið.

Þá vek ég einnig athygli á j-lið 8. gr. þar sem Póst- og fjarskiptastofnun getur sett þau skilyrði að rekstrarleyfishafi haldi einstökum þáttum í rekstri sínum bókhaldslega eða fjárhagslega aðskildum.

Þá vil ég, virðulegi forseti, minnast á 20. gr. frv. því að hæstv. samgrh. sagði áðan í ræðu sinni að þau fyrirtæki sem ekki hefðu eða ættu heimtaug eða aðgang að einstökum neytendum ættu lögvarða kröfu á því að fá aðgang að þessum heimtaugum. En í frv. sjálfu, virðulegi forseti, segir svo:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki geta ekki tengst einstökum notendum sem eru tengdir fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar í heimtaug sem er forsenda viðskiptasambands getur" — virðulegi forseti, og ég vek athygli á þessum orðum — „Póst- og fjarskiptastofnun ákveður að fjarskiptafyrirtæki fái beinan aðgang að einstökum notendum."

Eins og þetta hljómar í frv. virðist mér sem Póst- og fjarskiptastofnun geti metið hvort veita eigi þennan aðgang eða ekki. En ég skildi hæstv. samgrh. í framsöguræðu hans þannig að viðkomandi fyrirtæki ættu lögvarinn rétt á því að fá aðgang að heimtaug, þannig að ég held að nauðsynlegt sé að það liggi skýrt fyrir í umræðunni.

Ég vek athygli á 21. gr., virðulegi forseti, sem ég held að sé mjög til fyrirmyndar og muni leiða til framþróunar á þessu sviði. En jafnframt kemur mér það örlítið spánskt fyrir sjónir að tefja á það að þessi grein taki gildi með ákvæði til bráðabirgða III, en þar segir: „Ákvæði 21. gr. um innlenda reikisamninga skal taka gildi 1. janúar 2001." Ég held, virðulegi forseti, og eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér séu í raun og veru engar tæknilegar hindranir á því að þetta taki gildi nú þegar. Þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvort ekki sé möguleiki á því að þetta taki gildi strax því að það er alveg ljóst að ef svo væri mundi það leiða til aukinnar og öflugri samkeppni á þessu sviði sem gæti orðið til þess að neytendur fengju lægra verð fyrir þá fjarskiptaþjónsutu sem þeir eru að kaupa af fjarskiptafyrirtækjunum.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig ræða 29. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta, í 4. mgr.:

„Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðendum í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til þess að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu, opinn aðgang að netum, leigulínur, samtengingu neta og númeraflutning." — Og síðan segir, virðulegi forseti, sem ég tel mjög eftirtektarvert í þessu samhengi:

„Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánara fyrirkomulag bókhaldslegrar eða fjárhagslegrar aðgreiningar í rekstri fjarskiptafyrirtækja."

Það er kannski einmitt þessi grein, virðulegi forseti, sem fær mann einhvern veginn til þess að fá það á tilfinninguna að verið sé að taka fjarskiptamarkaðinn eins og hann leggur sig undan hinu almenna viðskiptaumhverfi, undan þeim stofnunum sem almennt fara með samkeppniseftirlit og eftirlit á þeim markaði og færa það í einhvern sérbás sem heitir Póst- og fjarskiptastofnun og yfir henni sé samgrh. Ég vitna til þess að ekki er langt síðan að Samkeppnisstofnun komst að þeirri niðurstöðu í einhverjum úrskurði sínum að mjög mikilvægt væri að GSM-þjónusta Landssímans yrði aðgreind bókhaldslega frá öðrum rekstri þar sem sá rekstur væri í samkeppni og hættan væri sú að verið væri að niðurgreiða þann rekstur frá rekstri þar sem ákveðin einokun á sér stað, og það væri verið að reyna að aðgreina þetta. Þar var kveðið á um ákveðna bókhaldslega aðgreiningu þessara deilda fyrirtækisins.

Hins vegar virðist mér, og ég vænti þess að samgrh. komi og skýri það frekar, að verið sé að taka þennan pakka burt frá viðskrh., burt frá Samkeppnisstofnun og á einhvern sérbás sem er Póst- og fjarskiptastofnun og samgrh. Það sem styður þennan skilning minn, virðulegi forseti, er orðalag í upphafi grg. með frv. en þar segir, virðulegi forseti:

„Leikreglur fjarskiptanna eru um margt frábrugðnar leikreglum annarrar atvinnustarfsemi vegna þeirrar sérstöðu fjarskipta í Evrópu að þau hafa fyrst fyrir fáum árum verið leyst undan einkaréttarvernd og því er ekki talið tímabært að fella ákveðna þætti fjarskiptaþjónustu, svo sem samtengingu, reglur um opinn aðgang að netum og alþjónustu undir almenna samkeppnislöggjöf."

Virðulegi forseti. Í þessu samhengi tel ég mikilvægt að við reynum að þróa almennar reglur á þessu sviði svo fljótt sem kostur er. Þess vegna hugnast mér þetta ekki, a.m.k. ekki við fyrstu sýn. En ég tek það reyndar fram enn og aftur að ég hef ekki séð frv. um Póst- og fjarskiptastofnun og umræðan takmarkast af því að þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Ég held að það sé alveg fráleitt að stíga þessi skref undir sérstakri vernd ríkisins. Ég held, virðulegi forseti, að það hafi ekki farið fram hjá neinum að fyrrv. og núv. hæstv. samgrh. hafa verið mjög einstrengingslegir varðandi ríkisfyrirtækið Landssímann sem hefur mjög stóra markaðshlutdeild. Þeir hafa oftar en ekki tekið upp hanskann fyrir fyrirtækið þegar það hefur átt í samkeppni við aðra. Þess vegna hugnast mér ekki að verið sé að færa þetta hlutverk til samgrh. Virðulegi forseti, ef skilningur minn er réttur, þá geld ég mjög varhug við þessu og mun væntanlega ræða þetta í þaula í samgn.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi, að eins og ég skil þetta frv. finnst mér bróðurpartur þess vera málinu og fjarskiptaumhverfinu til framdráttar. Á því tel ég ekki leika vafa. Ég geld hins vegar varhug við þessum þætti málsins ef ég skil það rétt að verið sé að færa þetta hlutverk frá viðskrh. og hinu almenna viðskiptalífi á forsendum sem ég fæ ekki skilið, af því að það sé eitthvað öðruvísi að selja fjarskiptaþjónustu en sælgæti eða hvað annað. Ég vona að það sé ekki vegna þeirra árekstra sem átt hafa sér stað á þeim fyrstu tveimur árum sem samkeppni hefur verið í GSM-þjónustu og vegna þess að Landssíminn hefur kannski verið tekinn til skoðunar oftar en önnur fyrirtæki, að stjórnvöld séu að gefast upp á að láta þetta fyrirtæki fúnkera á hinum almenna markaði og taki það bara undir sinn verndarvæng. Ég vona að þessi grunur minn reynist ekki á rökum reistur en við lestur þessa frv. óttast ég að sú hugsun búi þarna að baki. Væntanlega mun ég sjá betur þegar frv. um Póst- og fjarskiptastofnun verður lagt fyrir Alþingi hvort ótti minn var ástæðulaus eða ekki.

Virðulegi forseti. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. samgrh. og vænti þess að hann gefi sér tíma til að hann skýra þessa hluti í ræðu sinni á eftir.

[11:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni efnismikið frv. og jafnframt gríðarlega mikilvægt. Miklu skiptir að vel takist til við þá lagasetningu sem við erum að ræða hér. Eins og hér hefur áður komið fram er ekki viðunandi að þessar tvær stoðir lagabreytinganna séu ekki ræddar samtímis, þ.e. almenna frv. um fjarskipti og hins vegar frv. um Póst- og fjarskiptastofnun. Með því að ræða aðeins annað frv. í einu og ræða ekki fylgifrv. þess um leið verður umræðan vægast sagt mjög ófullkomin, a.m.k. alls ekki jafngóð og hún hefði orðið ef við hefðum bæði frv. til að fara yfir.

Það hefur verið sagt að við lifum á byltingartímum í heimi fjarskipta. Ég get tekið undir það og þess vegna er afar brýnt að leikreglurnar sem við erum að smíða verði sanngjarnar og góðar. Ég vil taka undir þá skoðun sem hér hefur verið lýst að frv. sé að mestu leyti gott. Það mun, ef að lögum verður, stuðla að framförum á mörgum sviðum sem eru nauðsynlegar eðlilegri þróun á fjarskiptamarkaði og ekki síst í heilbrigðri samkeppni.

Frv. hefur háleit markmið. Því er ætlað að stuðla að bættum hag neytenda, atvinnulífs og þjóðfélagsins alls. Vissulega

eru ákvæði frv., a.m.k. texti þeirra, mjög til þess fallinn að tryggja þetta ef eftir verður farið og þær forsendur sem frv. byggir á að öðru leyti, sem sagt um Póst- og fjarskiptastofnun, eru jákvæðar líka en það eigum við eftir að sjá.

Án þess að fara ítarlega ofan í einstök ákvæði vil ég nefna ákvæði um samtengingu fjarskiptaneta, þ.e. VI. kaflann sem fjallar um rétt og skyldu fyrirtækja til samtengingar fjarskiptaneta og markmið um aðgengi allra landsmanna að fjarskiptanetinu á sanngjörnum kjörum. Ég vil líka nefna ákvæði í 33. gr. um númeraflutninga sem er gríðarlega mikilvægt fyrir fyrirtæki sem eru að hasla sér völl á fjarskiptamarkaði. Það felur í sér að þó notandi vilji færa sig á milli fyrirtækja geti hann haldið númeri sínu eftir sem áður. Við vitum að það er mjög mikilvægt, einkum hvað varðar fyrirtæki og stofnanir, hvernig símanúmer þeirra eru. Það er stór hluti af markaðssetningu þeirra og getur reyndar líka varðað einstaklinga mjög miklu. Þar inn í koma einnig öryggisatriði og svo mætti lengi telja. Það getur verið mjög samkeppnishamlandi ef fyrirtæki eða einstaklingi er gert skylt að skipta um símanúmer um leið og hann skiptir um þjónustuaðila eins og nú er. Þetta er gríðarlega mikilvægt og ég held að það muni skipta mjög miklu til að ryðja samkeppnishömlum úr vegi og auðvelda þeim fyrirtækjum sem eru að hasla sér völl og tryggja eðlilega samkeppni.

Þetta frv. byggir að miklu leyti á ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og þeim skuldbindingum sem Íslendingar gengust undir með aðild að þeim samningi á sínum tíma. Þá héldu ákveðnar reglur um samkeppni innreið sína á Íslandi, t.d. um það hvernig eftirliti með heilbrigðri samkeppni skyldi fylgt eftir. Eins og við þekkjum af umræðunni um þau mál virðist mörgum hafa reynst torvelt að skilja út á hvað þær reglur ganga. Þá er ég að vísa til umræðu í fjölmiðlum um einstök álit Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs auk stjórnmálaumræðunnar. Samkeppnisyfirvöld hafa verið gagnrýnt mjög harðlega fyrir einstök álit sín, m.a. af hæstv. ráðherrum þeirra mála. Jafnvel hafa sérstakar nefndir verið settar í að kafa ofan í álit þegar erfitt hefur þótt að átta sig á hvað í þeim felst.

Reglur Evrópuréttarins um samkeppni byggja á mjög virku eftirliti og inngripi af hálfu samkeppnisyfirvalda sem mjög mikilvægt er að hafi sjálfstæði og þann styrk til að bera sem þarf til að framfylgja reglunum. Þess vegna er mjög óæskilegt, herra forseti, ef samkeppnisyfirvöld búa við að þegar þau kveða upp álit séu pólitísk afskipti höfð af einstökum málum. Hæstv. ráðherrar hafa ákveðnar skoðanir á einstökum málum og hafa jafnvel þvælst fyrir því að málin hafi fengið þann framgang sem eðlilegt er.

Við þekkjum þessa umræðu. Hún hefur einkum snúist um mál sem varða fjarskiptamarkaðinn, herra forseti. Þar hefur gagnrýnin verið hvað mest. Málin hafa oft verið viðkvæm og hæstv. samgrh. hafa gjarnan farið í þær stellingar að taka afstöðu með stóra fyrirtækinu á markaðnum sem er í eigu ríkisins og þar af leiðandi ekki gætt þess hlutleysis sem ráðherrar þessara mála ættu að sýna. Þeir hafa fremur verið ráðherrar einstakra fyrirtækja sem er vissulega ekki þeirra hlutverk.

Vegna forsögu málsins vekur það svo sannarlega upp spurningar hversu mikið hlutverk Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað sem eftirlitsaðila með samkeppni, samkvæmt frv. því sem hér er til umræðu. Ég held að það þurfi að koma skýrt fram hver ætlun hæstv. samgrh. er í þessum efnum. Ég vil því enn og aftur ítreka að það er mjög óæskilegt að hafa ekki frv. um Póst- og fjarskiptastofnun til hliðsjónar. Við vitum ekki hvernig Póst- og fjarskiptastofnun á að starfa. Á hún að vera sjálfstæð stofnun eða lúta valdi ráðherra? Einföld spurning sem ég vildi gjarnan fá svar við. Þetta skiptir miklu máli fyrir eftirlitið með samkeppninni. Ef það á að flytjast yfir til Póst- og fjarskiptastofnunar þá segir sagan okkur að það sé ekki æskilegt að hæstv. samgrh. hafi yfirstjórn þeirra mála. Hann hefur svo sannarlega tekið afstöðu með einu fyrirtæki fremur en að vera hlutlaus aðili í þessum efnum. Ég tel mikilvægt að við fáum svör við þessu.

Hvar er þetta frv. statt? Hefur það hlotið afgreiðslu í þingflokkum ríkisstjórnarinnar, öðrum eða báðum? Hvers er að vænta í þessum efnum? Og enn ein spurning til hæstv. samgrh.: Er ætlunin að Póst- og fjarskiptastofnun verði sjálfstæð stofnun eða er henni ætlað að lúta yfirstjórn samgrh.?

Það hefur aðeins verið farið í ákvæði um samgöngueftirlitið. Ég vil nefna örfá dæmi þar sem ég tel að samkeppnislög stangist á við frv. Í 2. gr. frv. segir að Póst- og fjarskiptastofnun skuli hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Síðan segir í 21. tölul. 3. gr. en þar er um orðskýringu að ræða:

„Rekstrarleyfishafi með umtalsverða markaðshlutdeild: Rekstrarleyfishafi sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með umtalsverða markaðshlutdeild."

Það má nefna fjölmörg dæmi um ákvæði í þessa veru og m.a. hefur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson nefnt nokkur þeirra sem lúta að samkeppniseftirlitshlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar. Ef við skoðum hins vegar samkeppnislög þá fjallar V. kafli þeirra um eftirlit með samkeppnishömlum. Þar getum við t.d. gripið niður í 17. gr.:

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:

a. að fyrirtæki nái, viðhaldi eða styrki markaðsráðandi stöðu sína á þeim markaði sem um ræðir".

Við getum gripið ofan í 18. gr., þar sem segir:

„Telji samkeppnisráð að samruni fyrirtækja eða yfirtaka fyrirtækis á öðru fyrirtæki leiði til markaðsyfirráða þess, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæð markmiði laga þessara getur ráðið ógilt samruna eða yfirtöku sem þegar hefur átt sér stað."

Við gætum haldið svona áfram. Það er klárt að þessi mál falla undir Samkeppnisstofnun og samkeppnislögin enda taka lögin samkvæmt 2. gr. „til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum."

Ég tel mikilvægt að hæstv. samgrh. gefi skýr svör við því hvort ætlunin er að taka þennan þátt, eftirlitið með samkeppninni, frá Samkeppnisstofnun. Þá veltir maður því líka fyrir sér hvort ekki þurfi þá að taka það sérstaklega fram í sjálfum lagatextanum.

Ég vil í lokin, herra forseti, spyrja hæstv. samgrh. út í eitt ákvæði, bráðabirgðaákvæði um innlenda reikisamninga, það er bráðabirgðaákvæði III. Þar segir:

„Ákvæði 21. gr. um innlenda reikisamninga skal taka gildi 1. janúar 2001."

Það vekur athygli, herra forseti, að ákvæði tekur ekki gildi fyrr en árið 2001 þar sem lögin að öðru leyti taka gildi 1. janúar árið 2000. Þetta hefur ekki verið rökstutt, ég hef a.m.k. ekki heyrt þær röksemdir. Ég varð þess ekki vör í

framsögu ráðherra að hann rökstyddi. Í greinargerð er sagt að bráðabirgðaákvæðið þarfnist ekki rökstuðnings. Ég tel að færa þurfi rök fyrir því að ákvæði um innlenda reikisamninga gildi árið 2001 á meðan önnur ákvæði taka gildi 1. janúar árið 2000. Nú hefði maður haldið að mikilvægt væri að þetta ákvæði eins og önnur tækju gildi strax árið 2000 þar sem það getur vissulega skipt miklu máli fyrir fyrirtæki, einkum þau sem eru að hasla sér völl á þessum markaði. Reksturinn er oft mjög viðkvæmur og fyrir slíkt fyrirtæki getur eitt ár skipt sköpum og hugsanlega það að geta nýtt sér svona ákvæði. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hverju þetta sætir og hver rökin séu fyrir þessu sérstaka gildistökuákvæði.

[11:45]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór ekki fram hjá neinum að hv. þm. vék þrásinnis að embættisfærslu minni sem samgrh. og afskiptum mínum af Samkeppnisstofnun og að ég hefði tregðast við að verða við úrskurðum Samkeppnisstofnunar. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvað hann hafi sérstaklega í huga í þessu sambandi.

[11:46]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vék ekki sérstaklega að hæstv. fyrrv. samgrh. hvað þetta varðar. Það sem ég hafði sérstaklega í huga þegar ég sagði að hæstv. samgönguráðherra hafi nánast tregðast við að sjá til þess að áliti Samkeppnisstofnunar væri framfylgt var álit í Landssímamálinu þar sem núv. samgrh. skipaði sérstaka nefnd. Vinna þeirrar nefndar hefur tekið gríðarlegan tíma sem getur skipt miklu máli. Ég var að vitna til þess að það er mjög óeðlilegt að mínu mati að nefndir séu settar í svona mál sem taka síðan marga mánuði í það að fara yfir álitin og stöðva eðlilega meðferð málsins á meðan. Ég var ekki sérstaklega að vitna til embættisfærslu hæstv. fyrrv. samgrh. Ef hann hefur tekið það svo í máli mínu er það misskilningur af hans hálfu.

[11:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er auðvitað ánægður yfir því að heyra þetta. Ég hafði tekið svo eftir að hv. þm. hafi notað fleirtölu en mér hefur misheyrst.

[11:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu afskaplega athyglisvert frv. Segja má að það sé tímanna tákn að fyrir tæpum þremur árum var afgreitt frá hinu háa Alþingi sambærilegt frv. sem lög frá þinginu þar sem rofin var áralöng einokun Landssímans og stigið afskaplega merkilegt skref hvað varðar fjarskipti. Núna, aðeins þremur árum síðar, er enn verið að flytja frv. með breytingum hvað varðar fjarskipti.

Þetta er í rauninni ekkert skrýtið. Í rauninni er meginástæðan hinar öru tæknibreytingar sem verða á þessu sviði. Eiginlega má spyrja sem svo hvenær þingið muni þurfa að koma aftur saman til þess að bregðast við hinni öru þróun.

Einstaklingar eiga fullt í fangi með að henda reiður á framförum á sviði fjarskipta, hvað þá löggjafarsamkoman. Ég fagna ákvæðum þessa frv. og ég tel sérstaklega tvo þætti skipta efnislega mestu máli fyrir framfarir í landi okkar. Annars vegar tel ég að kjarni þessa frv. feli í sér að landið allt er í rauninni lagt undir. Segja má að verði þetta frv. að lögum séu með því lagðir vegir 21. aldar um landið allt, þ.e. ef við lítum á fjarskiptatæknina sem samgöngubrautir 21. aldar liggja þessar brautir nánast að hverju byggðu bóli á landi okkar.

Með þessu er í rauninni verið að búa landið allt undir það að taka virkan þátt í nútímafjarskiptum og það má segja að geti verið grunnur að mesta byggðamáli þjóðarinnar enda hefur það komið fram m.a. hjá alþjóðastofnunum að mestar framfarir og mest aukning og eftirspurn eftir vinnuafli muni verða á sviði fjarskiptatækni. Þess vegna er hvað þetta varðar mjög mikilvægur þáttur dreginn upp í frv. og ég fagna því.

Í annan stað er mikið hagsmunamál fyrir neytendur að hér skuli vera hert á og skerpt samkeppni á sviði fjarskiptatækni. Samkeppni á þessari nýju samgöngubraut er þegar orðin mjög skörp og hörð og mun með þessu frv., verði það að lögum, aukast enn frekar. Sú samkeppni felur aðeins í sér aukin gæði á lægra verði til neytenda ef að líkum lætur. Af þessum tveimur ástæðum, herra forseti, tel ég að beri að fagna ákvæðum þessa frv. og ég tel að það muni hafa veruleg áhrif á þjóðlíf okkar á 21. öld.

Hins vegar kæmi ekki á óvart þó að Alþingi þyrfti að koma saman fljótlega á nýrri öld til þess að breyta enn lögum vegna tæknibreytinga á þessu sviði.

Hér hefur nokkuð verið rætt um eignaraðild í fjarskiptum, ríki eða eignaraðilar. Nú er ljóst að Landssíminn hefur um áratugabil haft mikla einokunaraðstöðu og tekist að byggja upp mjög ágætt samskiptanet fyrir þjóð okkar en um leið byggt upp mikla yfirburðastöðu gagnvart nýjum samkeppnisaðilum sem koma inn á markaðinn. Tæknin hefur leitt til þess að nýir aðilar hafa komið inn á markaðinn og eru að keppa við þann volduga risa sem Landssíminn er. Eins og fram hefur komið í umræðunni hefur Framsfl. tekið mjög vel í það og telur að vel komi til greina að undanskilja grunnnetið frá öðrum rekstri þannig að grunnnetið verði í eigu ríkisins. Framsfl. telur að það komi mjög vel til greina ef það þjónar best hagsmunum þjóðarinnar.

Hins vegar er vert að hafa það í huga eins og öllum er kunnugt að tæknin á þessu sviði er afskaplega ör og við þurfum þess vegna að bregðast við og skoða á hverjum tíma hvaða tækni er að ryðja sér til rúms. Ég nefni þetta, herra forseti, m.a. vegna þess að í umræðu hefur verið nú um nokkurra ára bil svokölluð Low Orbit-tækni þar sem gert er ráð fyrir því að fjarskipti fari um himinhvolfin í stað þess að brautin sé grafin í jörðu.

Sú staða kann að koma upp að eignarhaldið á grunnnetinu skipti í rauninni engu máli verði þessi Low Orbit-tækni orðin almenn í veröldinni, þá erum við ekki að keppa einungis um grunnnet innan lands heldur á alþjóðlegum markaði við alþjóðlega risa eins og er í rauninni þegar farið að gera. Það er nú þannig, herra forseti, að þegar eru nokkuð margir sem kaupa sér þjónustu m.a. frá erlendum símafyrirtækjum. Meginatriðið í þessu er að við þurfum að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað.

Kostir við að undanskilja grunnkerfið og halda því í eigu ríkisins eru auðvitað nokkrir. Kosturinn við það er m.a. að ríkið heldur einungis grunnkerfinu en lætur síðan ýmis fyrirtæki í einkaeigu um að keppa á þeirri braut.

Annar kostur er sá að með því er verið að tryggja jafnræði í þeirri hörðu samkeppni sem orðin er og mun verða á sviði fjarskiptatækni. Við þekkjum umræðuna, ákveðin tortryggni er frá samkeppnisaðilum Landssímans þar sem gengur á brigslyrðum á víxl og slíkri tortryggni þarf auðvitað að eyða. Með því að undanskilja grunnkerfið er verið að stíga skref í þá átt. Þá er m.a. verið að koma í veg fyrir þær ásakan-

ir að yfirburðaaðili á markaðinum sé að notfæra sér fé úr grunnnetinu og færa yfir á aðra rekstrarþætti í samkeppni við einkaaðila.

Samkeppnin átti að lækka verð og ég nefni einn þátt til viðbótar, herra forseti, sem kost við það að ríkisvaldið haldi grunnkerfinu en selji frá sér aðra þætti, nefnilega þann kost að geta sinnt ýmsum pólitískum markmiðum sínum, svo sem að sinna byggðaþróun eða þar fram eftir götunum. Gallinn við það, herra forseti, að aðskilja grunnkerfið frá öðrum rekstri getur verið sá að þar með er ekki verið að taka upp samkeppni í grunnfjarskiptum. Það tel ég e.t.v. vera einn mesta gallann við kerfið.

Ég nefni þetta, herra forseti, af því að eignaraðildin hefur komið fram í umræðunni og ég ítreka að Framsfl. telur koma til greina að undanskilja grunnkerfið.

Þá vil ég að lokum, herra forseti, víkja aðeins að því sem hefur verið nefnt um samkeppnina og eftirlitsaðila. Sú umræða á í rauninni eftir að fara fram en ég vil þó leggja áherslu á að við þurfum að styrkja Samkeppnisstofnun sem virkan eftirlitsaðila í harðnandi heimi samkeppninnar og þurfum að veita þeirri stofnun þau tæki og tól sem þarf til að fylgja eftir samkeppninni, ekki síst til að koma í veg fyrir fákeppni á einhverjum sviðum, hvort heldur það er á fjarskiptamarkaði, matvælamarkaði eða öðrum markaði. Það er mjög mikilvægt að Samkeppnisstofnun hafi þau tæki og tól sem unnt er til að koma í veg fyrir ódrengilega samkeppni sem stuðla kann að fákeppni.

Ég ítreka það, herra forseti, að meginákvæði þessa frv. eru til bóta. Hér kann að vera á ferðinni eitt mesta byggðamálið sem stigið hefur verið um langt árabil og hagsmunir neytenda eru nánast tryggðir hvað varðar gæði og verð í harðri samkeppni í hörðum heimi.

[11:57]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talaði hv. varaformaður samgn. Ég skildi hann þannig að hann teldi ekki ómögulegt að grunnnetið verði aðskilið frá þjónustufyrirtækjum á þessu sviði. En í greinargerð með frv. segir, virðulegi forseti, og er þar fjallað um meginmarkmið við breytingar á fjarskiptalögum, með leyfi forseta:

„Nauðsynjar þess að fyrirtækjum sem eiga þjóðbrautina (fjarskiptanetið) og aðra innviði sé gert skylt að opna aðgang að netinu og annarri aðstöðu á sanngjörnum kjörum."

Þetta er, virðulegi forseti, alveg í samræmi við það sem kom fram hjá hæstv. samgrh., þ.e. að það sé ekki uppi á borðinu, það sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar að aðskilja þessa þætti. Ég spyr þá, virðulegi forseti: Stendur Framsfl. ekki á bak við þetta meginmarkmið eða á hann eftir að ræða þetta frekar eða er þarna á ferðinni einhver óleystur ágreiningur innan ríkisstjórnarflokkanna?

Það er alveg ljóst að ríkið á núna hlut í einu fjarskiptafyrirtæki sem er Landssíminn. Það er ætlun þess að selja það fyrirtæki. Þá skil ég þetta þannig að framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar, a.m.k. samkvæmt þessu frv., sé sú að einkafyrirtæki komi til með að eiga þessa þjóðbraut eða þetta grunnnet. Ég held að þetta verði ekki skilið öðruvísi. Því spyr ég, virðulegi forseti: Er hv. þm., varaformaður samgn., að opna á þann möguleika að fallið verði frá því meginmarkmiði sem hér kemur fram í þessu frv.?

[11:59]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni tel ég að spurningu hv. þm. hafi þegar verið svarað. Það kom skýrt fram í máli mínu að Framsfl. telur það koma til greina. Ég lagði jafnframt á það þunga áherslu að tæknibreytingar eru afskaplega örar á þessu sviði. Ég held hins vegar að ég verði að valda hv. þm. örlitlum vonbrigðum með því að mér heyrist hann bæði nú í andsvari og eins í ræðu sinni freistast til að gera eitthvað úr ágreiningi á milli ríkisstjórnarflokka. Ég hygg að það sé ekki ágreiningur. Menn skoða þessi mál mjög yfirvegað. Það er engin einföld lausn til á þessum málum, ekki síst þar sem tækniframfarir eru jafnörar og á sviði samskipta.

Ég ítreka að það er stefna flokks míns að skoða þetta mál með mjög opnum huga. Við útilokum ekkert enda á ekkert að útiloka í heimi þar sem breytingar eru jafnörar og raun ber vitni.

[12:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var sæmilega skýrt hjá hv. þm. en ég held að hann eigi ekki að gera lítið úr því þó bent hafi verið á að ekki hafi verið talað einum rómi á þessu sviði.

Ég skil hv. þm. svo að í vinnu hv. samgn. komi til álita að falla frá því meginmarkmiði sem lýst er í frv. Ég tel, virðulegi forseti, þau viðhorf sem hv. þm. talaði fyrir áðan koma mjög til álita. Ég tel vel þess virði að skoða þau atriði og jafnvel nauðsynlegt ef tryggja á samkeppni á þessu sviði. Ég tek undir með hv. þm. og mun aðstoða hann við þann möguleika.

[12:01]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágætt boð hv. þm. um aðstoð. Ég veit að hann mun ekki liggja á liði sínu í þessu máli frekar en öðrum í málefnalegri umræðu. Ég vil aðeins vekja athygli á því að markmið frv. eru mörg og í stuttri ræðu minni reyndi ég að draga fram meginmarkmiðin sem ég sé í þessu ágæta frv. Hv. þm. freistast til að taka aðeins einn þáttinn af mörgum út úr en ég hlakka til að vinna með honum að þessu mikla framfaramáli.

[12:02]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um stórt mál. Ég ætla ekki að nota mikinn tíma en hafa þó örfá orð um hugsunina í frv. Eins og fram kom hjá hæstv. samgrh., og sú hugsun er mér að skapi, ber okkur að muna að við búum í 103 þús. ferkílómetra landi með aðeins 270 þús. íbúa. Ég held að það sé meginmálið. Það vekur satt að segja óhug okkar sem búum úti á landsbyggðinni að hér grúfir yfir andi frjálshyggju og samkeppni og sölu ríkisfyrirtækja án þess að málið sé sett í það samhengi að þjóna þurfi þessu stóra landi. Að því leyti er ég ánægður með framsetningu hæstv. samgrh. á málinu.

Ég vil þó vekja athygli á því að ákvörðun hefur verið tekin um að selja Landssímann. Hann er hlutafélagavæddur og aldrei að vita hvenær hann fer í einkaeigu. Út frá þeirri hugsun er ég tilbúinn til að skoða þann möguleika að sjálft flutningsnetið verði sérstakt fyrirtæki og kappkostað verði að gefa fyrirtækjum aðgang að því með það að leiðarljósi, eins og reyndar kom fram hjá hæstv. samgrh., að við erum ekki bara á suðvesturhorninu þar sem samkeppnishæfnin er fyrir hendi. Við búum í stóru landi og krefjumst þess að þannig verði búið um hnútana að við eigum sömu möguleika og aðrir. Í svona stóru landi er það gert með jöfnunaraðgerðum

af einhverju tagi. Það er hægt að gera það með jöfnunaraðgerðum í krafti þess að fyrirtækið sé í forsjá ríkisins eða á annan hátt.

Það sem stendur upp úr hjá þeim sem helst eru fylgjandi samkeppninni er að þeir tala aldrei út frá samkeppnisforsendum. Tali menn um frjálsa samkeppni á öllum vígstöðvum þá þarf að vinna allt öðruvísi að málinu. Þá þarf að fara nákvæmlega ofan í hverjar skyldur hins væntanlega fyrirtækis gagnvart landinu eiga að vera. Þær geta verið miklar í svo strjálbýlu landi, upp á 103 þús. ferkílómetra með þetta fátt fólk.

[12:05]

Útbýting þingskjala:

Afnotaréttur nytjastofna á Íslandsmiðum, 172. mál, þáltill. PHB, þskj. 198.

Aukagreiðslur til ríkisendurskoðanda o.fl., 151. mál, svar forsrh., þskj. 199.

Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, 174. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 201.

Samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar, 177. mál, fsp. HjÁ, þskj. 204.

Smíði skipa, 178. mál, fsp. JÁ, þskj. 205.

Tannréttingar barna og unglinga, 179. mál, fsp. GÁS, þskj. 206.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 176. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 203.

[12:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um fjarskipti. Með því á að mæta hinni öru þróun tímans í tækniframförum, framförum í fjarskiptum og fjarskiptamöguleikum. Frv. opnar fyrir frekari þróun á þeim sviðum og um það er margt gott að segja.

Mér finnst mjög gott að stefnt skuli að því að opna aðgengi að fjarskiptanetinu þannig að þeir sem uppfylli þær reglur sem settar eru geti fengið aðgang, að sú fjárfesting og það sem þar er lagt í nýtist sem best.

Það sem mig langar til að spyrja hæstv. samgrh. um eru skilgreiningar. Verði það að lögum sem hér er lagt til getur þessi starfsemi að hluta farið á markað, þ.e. fyrir liggja hugmyndir að sölu Landssímans. Hins vegar liggur ekki fyrir frv. að lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, um eignastöðu hennar eða hver muni í raun eiga dreifikerfið. Það er órætt.

Á bls. 2 eru orðaskýringar og skilgreiningar. Starfsleyfin hljóta að byggjast á þeim kröfum um þjónustustig og römmum sem þjónustunni verða settir. Þá er stóra spurningin: Treystir hæstv. ráðherra sér til að skilgreina alþjónustu sem fyrirtækin eiga að geta haft aðgang að án sérstakra takmarkana? Treystir hann sér til að skilgreina almenna heimild þannig að hún leggi þá kvöð á fjarskiptafyrirtækin að þjónusta þeirra nái til allra landsmanna, fram til dala og út til stranda og einnig til flotans á miðunum í kringum landið? Þetta finnst mér aðalatriðið. Hvaða kröfur treystir hann sér til gera til þeirra sem hann veitir leyfi til þessara viðskipta?

[12:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við frv. það sem ég hef mælt fyrir. Það kemur skemmtilega á óvart að stjórnarandstaðan telur að hér sé merkilegt mál á ferðinni. Ýmsir hafa lýst því yfir að frv. sé til mikilla bóta og frv. sem er til mikilla bóta hlýtur að vera býsna gott.

Nokkrar athugasemdir og fyrirspurnir hafa þó komið fram, m.a. um að upplýsingar skorti um áform gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun. Það eru engin efni til að ræða ákvæði væntanlegs frv. um þá stofnun. Hins vegar er hægt að vísa til gildandi laga. Stofnunin er til. Hún hefur skyldum að gegna og ég hef ekki orðið þess var að nein teljandi vandkvæði væru á samstarfi milli þessara tveggja stofnana sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Ég vil áður en lengra er haldið vegna orða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, þar sem hann gerir tilraun til þess að draga upp ágreining á milli stjórnarflokkanna, segja þetta: Það kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að framsóknarmenn velta fyrir sér hvaða leiðir sé hægt að fara til að styrkja sem best framvinduna í fjarskiptamálunum. Ég er sammála því að leita þurfi allra leiða til að ná að veita sem besta þjónustu um landið allt. Eins og fram kom í ræðu minni er það einn mikilvægasti þáttur málsins. Ég tel ekkert óeðlilegt þó annar stjórnarflokkurinn fái fram umræður um þessi efni. Það er fullkomlega eðlilegt. Ég hef hins vegar fært fyrir því rök að besti kosturinn sé sá — eins og ég sé þetta fyrir mér að öllu óbreyttu en við erum hins vegar að fjalla um breytingar á löggjöfinni — að slíta ekki í sundur rekstur hinnar almennu þjónustu og reksturinn á grunnnetinu. Ég vísa m.a. til þess sem ég sagði í ræðu minni að við höfum kannski ekki í alla staði góða reynslu af þessu þegar litið er til þess ríkisfyrirtækis, Rariks, sem gegnt hefur mikilvægu hlutverki við raforkudreifinguna. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða og nefndin fer að einhverju leyti yfir. Þetta er hins vegar ekki beint á dagskrá með frv., þ.e. sala á Landssímanum í einu lagi eða að hluta. Við erum ekki að fjalla um þau mál, það er ekki komið að því. Núna erum við hins vegar að fjalla um skipulagið á fjarskiptunum.

Ég vil almennt segja um athugasemdir hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að þær voru að mestu eðlilegar. Hins vegar má ekki má það ekki gleymast þegar vitnað er til einstakra liða, t.d. c-liðar 6. gr. eins og hann spurðist fyrir um, að við erum að innleiða tilskipanir sem við höfum staðfest sem hluta af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það á við bæði um c-lið 6. gr. og d-lið 7. gr. sem þingmaðurinn vakti athygli á og væntanlega eigum við ekki margra kosta völ þegar kemur að því að fella tilskipanirnar að löggjöf okkar. Þess vegna er óþarfi að hafa mörg orð um það.

Varðandi ábendingu hv. þm. varðandi 8. gr., sérstaklega g-liðinn um eignaraðild, þá tel ég að þetta sé afskaplega mikilvægt ákvæði, þ.e. þar sem Póst- og fjarskiptastofnun fjallar um skilyrði til rekstrarleyfis. Hún þarf auðvitað að gera sér grein fyrir því hvernig eignaraðildinni er háttað ef um er að ræða aðila sem stunda einkaleyfisstarfsemi að öðru leyti. Því er afar nauðsynlegt að hafa það ákvæði inni að stofnunin geti gert kröfu um að fá upplýsingar um eignaraðild viðkomandi fyrirtækis svo það geti ekki í skjóli einkaréttar á einum vettvangi efnt til samkeppni við aðra aðila og fært á milli rekstrareininga á öðrum vettvangi. Þetta er afar mikilvægt. Ég veit að svo mikill áhugamaður um samkeppnismál sem hv. þm. er hlýtur að hafa afskaplega góðan skilning á því að Póst- og fjarskiptastofnun verði að hafa þetta ákvæði klárt.

Einhver nefndi það við mig í tilefni af einni af mörgum ræðum hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um Póst- og fjarskiptastofnun annars vegar og Samkeppnisstofnun hins vegar að það veitti e.t.v. ekkert af samkeppni á milli þessara stofnana þannig að hin eðlilega niðurstaða fengist. En það er

hins vegar ekki tilgangurinn með þessu frv., fjarri því. Það er afar mikilvægt að Póst- og fjarskiptastofnun sinni þeim verkefnum og þeim skyldum sem henni eru lagðar á herðar með þessari löggjöf, eftirlitshlutverkinu og því hlutverki að ganga í milli aðila þegar ágreiningur verður. Auðvitað þarf að halda þannig á málum að þessar tvær ríkisstofnanir, Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun hafi samráð um verklag þannig að ekki verði óeðlilegur eða óþarfur ágreiningur. En það er alveg ljóst að þarna skarast verksvið að einhverju leyti og ég tel að það sé ekkert óeðlilegt og að það hljóti að vera hægt að komast fram hjá og yfir þau vandamál.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði að umtalsefni 20. gr. um aðgang að heimtaug og þátt Póst- og fjarskiptastofnunar í því ferli. Það er alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram að stofnunin getur ekki synjað um aðgang en verkefni hennar er að jafna ágreining, gera kröfu um að aðilar nái niðurstöðu og komi sér saman um aðgang að heimtaug. Það er aðalhlutverk stofnunarinnar.

Hvað varðar gildistökuna samkvæmt bráðabirgðaákvæði um reikisamninga þá held ég að það sé ekki óeðlilegt þó að við gerum ráð fyrir því að það taki eitt ár að undirbúa þessa geysilega mikilvægu breytingu, þ.e. að stóra fyrirtækið þurfi að hleypa öðrum GSM-símafyrirtækjum að sínu kerfi. Það var mat okkar að eðlilegt væri að gefa þennan umþóttunartíma til þess bæði að búnaðurinn yrði sem allra bestur sem þarna væri notaður og að menn hefðu góðan undirbúningstíma og aðdraganda að þessari mikilvægu breytingu.

Hv. þm. ræddi nokkuð um 29. gr. þar sem fjallað er um viðskiptaskilmála o.fl. og hafði nokkrar áhyggjur af því að samgrh. hefði eitthvað með þessa hluti að gera. Það er náttúrlega fjarri lagi að gert sé ráð fyrir því að taka almennar samkeppnisreglur úr sambandi. Það er fjarri öllu lagi. Hins vegar er í fyllsta máta eðlilegt að samgrh. sé heimilt að setja reglur á grundvelli þessara laga eins og er um alla löggjöf. Þarna er um að ræða mjög mikilvæga þætti í rekstri þessara fyrirtækja sem snúa að bókhaldi og fjárhagslegri aðgreiningu milli einstakra rekstrarþátta þannig að ég tel að ekki sé hægt að gagnrýna þetta atriði með neinum rökum.

Ég nefndi áðan vegna þess sem hv. þm. sagði um að hann hafði áhyggjur af því að verið væri að taka eitthvað frá viðskrn. og þá Samkeppnisstofnun, að auðvitað er ekkert verið að því. Ég legg mjög mikla áherslu á að með þessu frv. verði samkeppni komið á og mér heyrist á viðbrögðum þingmanna að þeir fagni því. En það regluverk sem við gerum ráð fyrir í frv. er forsenda fyrir því að sú samkeppni geti orðið, og lögin um Póst- og fjarskiptastofnun eins og þau eru núna gera ráð fyrir þessu hlutverki þeirrar stofnunar og hún þarf auðvitað að hafa möguleika til þess að vinna það verk.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir velti fyrir sér bráðabirgðaákvæðinu um gildistöku reikisamninga eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og ég vísa til þess sem ég sagði um það. En ég vil algerlega vísa því á bug sem kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að ég hafi með óeðlilegum hætti sem samgrh. tekið afstöðu með einu fyrirtæki á þessum markaði umfram önnur. Nú er það svo að Landssíminn er þetta stóra fyrirtæki sem ýmsir telja sig hafa ástæðu til að hnýta í. Við erum að opna þennan markað og ég held að það hefði verið miklu eðlilegra að deila á samgrh. ef hann hefði ekki reynt að standa með þessu ríkisfyrirtæki, farandi með hlutabréf í fyrirtækinu. Ég hef hins vegar lagt ríka áherslu á, og ég tel að það komi fram í frv., samkeppni á þessum markaði og Landssíminn hefur sýnt það núna upp á síðkastið, m.a. með lækkun á gjaldskrá og með miklum breytingum á starfsemi sinni, að hann er tilbúinn til þessarar samkeppni og ég fagna því svo sannarlega.

Hv. þm. Jón Bjarnason vildi fá nánari skilgreiningu á alþjónustunni. (**JB:** Almennu heimildinni.) Já, ég heyrði hvað hv. þm. sagði áðan. Með því að færa þennan hluta af gagnaflutningum sem skilgreiningu inni í alþjónustunni þá erum við að leggja áherslu á að þau símafyrirtæki sem reka almenna símaþjónustu sem flokkast undir alþjónustu eiga að veita þessa þjónustu hvað varðar gagnaflutninga með ISDN-tengingum eða jafngildri tækni alls staðar. Það gerist hins vegar ekki á morgun. Það þarf auðvitað að gefa sér einhvern tíma til þess, en það er alveg ljóst að mjög víða er þessi þjónusta til staðar og fyrir hendi þannig að það er kannski ekki svo mjög mikið fyrirtæki að koma henni á.

Hvað varðar hins vegar þjónustuna við fiskiskipaflotann þá gildir allt annað með hann þannig að erfiðara er um vik að veita þá þjónustu. En hún hefur hins vegar batnað mjög mikið. Ég held að með gervitunglasambandi og nýrri tækni muni því öllu fleygja fram svo og með samkeppni.

Virðulegi forseti. Tími minn er búinn þannig að ég hef ekki tök á að koma inn á fleiri atriði. Ég vil bara endurtaka að ég þakka fyrir undirtektir og mér heyrist að hv. þingmenn verði ekki í neinum vandræðum með að takast á við umfjöllun um frv. um Póst- og fjarskiptastofnun þegar það kemur.

[12:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hæstv. samgrh. Í fyrsta lagi vil ég segja að eitt af því versta sem fyrir kann að koma í stjórnsýslu er samkeppni milli stofnana um hver lögsaga þeirra sé, vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um æskilega samkeppni milli eftirlitsstofnana ríkisvaldsins. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er kannski það versta sem fyrir okkur kynni að koma. Kannski er grunntónninn í því sem ég var að reyna að draga fram, þ.e. hvert hlutverk Samkeppnisstofnunar væri og hvert hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar væri, að ég óttaðist þessa árekstra.

Virðulegi forseti. Umræða er um fyrirhugaða sölu Landssímans, sem augljóslega tengist þessari umræðu, og hæstv. samgrh. segir í greinargerð með frv. sínu að fyrirhugað sé að umrædd þjóðbraut verði í eigu fyrirtækja. Það liggur fyrir að ríkisstjórnin ætlar að selja Landssímann. Það er yfirlýst markmið. Því spyr ég, virðulegi forseti, og það verður ekkert undan því vikist að svara því í þessari umræðu: Er það vilji hæstv. samgrh. að selja Landssímann með grunnnetinu? Af orðum hans verður ekki annað ráðið í þessari umræðu. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það komi hreint og klárt fram í þessari umræðu. Er það vilji hæstv. samgrh. að þegar Landssíminn verður seldur þá verði grunnnetið selt og væntanlega þá breiðbandið einnig með?

[12:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég vekja athygli hv. þm. á því sem ég sagði, að ég tel mjög mikilvægt að þessar eftirlitsstofnanir, Póst- og fjarskiptastofnun annars vegar og Samkeppnisstofnun hins vegar fóti sig vel í þessu mikilvæga hlutverki sínu. Ég óttast ekki um þær, ef allt er með felldu. Samkeppni milli þessara stofnana í þeim skilningi sem samkeppnislög gera ráð fyrir á náttúrlega ekkert við, enda var það nú frekar til

gamans gert að segja frá því spjalli en að þar væri alvara á ferðinni.

Hvað varðar sölu á Landssímanum þá ítrekaði ég hér fyrr í dag að við erum ekki að fjalla um söluna núna en við erum að fjalla um það umhverfi sem fyrirtækin þurfa að starfa eftir, þ.e. fjarskiptalöggjöfina. Ég hef lýst því og það á ekki að koma neinum á óvart að ég tel að æskilegasta fyrirkomulagið væri að sami aðili bæri ábyrgð á grunnnetinu, rekstri grunnnetsins og uppbyggingu og sá sem selur þjónustuna. Þannig mundum við best tryggja þjónustu fyrir alla, fyrir allt landið. En ég hef líka sagt að um þetta þurfum við að sjálfsögðu að ræða allt. Ég hef aldrei bitið mig fastan í neinar kennisetningar. En eins og málin standa núna þá tel ég að þetta sé líklegasti og besti kosturinn og besta fyrirkomulagið.

[12:29]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að svar hæstv. samgrh. hafi verið eins skýrt og vænta mátti og það verður ekki túlkað á aðra lund en þá að þegar kemur að fyrirhugaðri sölu Landssímans verði umrætt grunnnet látið fylgja með í þeirri sölu. Það er vonlaust að túlka þessi orð öðruvísi enda var svar hæstv. samgrh. skýrt og ég ætla að leyfa mér að setja fram þá fullyrðingu að hæstv. samgrh. hafi sett það fram hér í þessa umræðu að þegar Landssíminn verður seldur þá verði grunnnetið látið fylgja með honum.

[12:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf fróðlegt að heyra og fylgjast með hvernig samfylkingarþingmennirnir sveiflast á milli í tilveru ríkisrekstrarins, þ.e. á milli þess óskaheims sem sósíalistar hafa náttúrlega boðað og byggir á því að allt skuli ríkisrekið og hins vegar þess að telja sig vera höfuðtalsmenn samkeppni. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fellur í þessa gryfju. Hann getur ekki gert þarna upp á milli.

Hins vegar vakti ég athygli á því í umræðunni í dag að það háttar hvergi þannig til þar sem símafyrirtækin hafa verið einkavædd að grunnnetið hafi verið slitið frá. Ég vakti athygli á þessu og að Íslendingar gætu kannski eitthvað af því lært.

[12:30]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. samgrh. sagði í ræðustól áðan í svörum sínum eitthvað á þá leið að ekkert væri óeðlilegt að hann sem og aðrir samgönguráðherrar stæðu með því fyrirtæki sem þeir færu með hlutabréf fyrir. Það var eitthvað í þá veru, herra forseti.

Það er nákvæmlega þetta sem við höfum verið að benda á, þingmenn Samfylkingarinnar, og þetta sem við óttumst. Þarna eru hagsmunaárekstrar á milli og maður veltir því fyrir sér ef það er rétt sem við höfum áhyggjur af að verið sé að færa samkeppniseftirlitið með samkeppnismálunum frá Samkeppnisstofnun yfir í Póst- og fjarskiptastofnun sem verður síðan hugsanlega undir yfirstjórn samgrh. Getur hæstv. samgrh. verið trúverðugur málsvari virkrar samkeppni á meðan svona háttar málum? Ég efast stórlega um það, herra forseti, og ég verð að segja eins og er að mér þótti a.m.k. hæstv. samgrh. því miður staðfesta þennan ótta minn með því að segja og viðurkenna að það væri þannig að hann stæði með ákveðnu fyrirtæki umfram önnur. Það er ekki eðlilegt, herra forseti, því að hæstv. samgrh. sem er jafnframt ráðherra samgöngumála á að vera hlutlaus gagnvart þeim fyrirtækjum sem eru starfandi á fjarskiptamarkaði. Það er óþolandi að sá ráðherra sem falin er yfirstjórn þessara mála standi með einu fyrirtæki umfram önnur. Ég vildi einungis draga fram að þetta staðfestir ótta okkar og það sem við höfum verið að benda á en að öðru leyti vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Ég vildi varðandi bráðabirgðaákvæðið spyrja: Er ekki tæknilega mögulegt að láta ákvæðið taka gildi 1. janúar árið 2000? Af því að mér fannst hæstv. ráðherra vísa í búnað og aðra þætti hvað það varðar vildi ég aðeins fá frekari útlistun á því.

[12:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fróðlegt væri að vita hvaða hagsmunir það hefðu verið sem hv. þm. telur að samgrh. hefði átt að fórna hjá Landssíma Íslands í þágu samkeppninnar. Ég hef ekki heyrt nokkur einustu rök eða neinar skýringar á því hvar samgrh. hafi gengið of langt til að tryggja hagsmuni Landssímans á kostnað annarra samkeppnisaðila.

Ég geri þá kröfu til hv. þm. að þeir skýri þetta betur út þegar þeir koma með slíkar fullyrðingar. Krafan sem þingmenn Samfylkingarinnar voru uppi með var m.a. að Landssíminn yrði brotinn upp í einingar. Það var mitt mat að verða ekki við þeim óskum vegna þess að ég taldi það vera í þágu Landssímans og í þágu eigenda Landssímans og um leið neytenda þessarar þjónustu að fyrirtækið væri öflugt og sterkt á markaði vegna þess að það er að fara inn í samkeppni, ekki við lítil íslensk símafyrirtæki væntanlega, heldur í alþjóðlega samkeppni þar sem stór og öflug símafyrirtæki munu hafa mikið að segja og hafa það í rauninni nú þegar. Ég vísa þessu því algerlega á bug. Hins vegar mun væntanlega bráðum koma betri tíð með blóm í haga þegar Landssíminn hefur verið seldur og hv. þm. Samfylkingarinnar sem styðja væntanlega þá aðgerð þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að samgrh. hafi of mikið um það að segja sem snýr að Landssímanum sem fyrirtæki.

[12:35]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. er ráðherra fjarskiptamála og þar af leiðandi hefur hann með að gera öll fyrirtæki á fjarskiptamarkaði. Í þessu tilviki kemst ákveðin eftirlitsstofnun samkeppnismála að niðurstöðu. Það sem mér þykir óeðlilegt í þessu máli er það að hæstv. samgrh. setur síðan á stofn nefnd og þá væntanlega sem handhafi þessa bréfs í Landssímanum til að meta hvort rétt sé að fara að áliti stofnunarinnar. Við getum snúið þessu við og spurt: Hefði Tal fengið á sig slíkt álit, hefði mönnum þá þótt eðlilegt að þeir hefðu sett á stofn nefnd sem hefði tekið sér nokkra mánuði til að meta hvort rétt væri að fara að áliti samkeppnisyfirvalda? Hagsmunaáreksturinn sem ég er að benda á er ekki síst fólginn í því, herra forseti, að ef verið er að færa meira samkeppniseftirlit með þessum málum yfir til Póst- og fjarskiptastofnunar sem er hugsanlega síðan undir yfirstjórn samgrh., þá er þessi hagsmunaárekstur augljós að mínu mati, herra forseti.

[12:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hvergi hægt að skilja það frv. sem hér er til umfjöllunar á þann veg að verið sé að færa einhver verkefni frá Samkeppnisstofnun til Póst- og fjarskiptastofnunar. Það sem fyrst og fremst er verið að gera er að skýra ákvæði fjarskiptalaga og hafa það klárt og kvitt að fjarskiptastofnun

hefur miklu og mikilvægu hlutverki að gegna þegar þessi mjög svo tæknivæddu þjónustufyrirtæki, sem símafyrirtækin eru, eru að deila og eru í samkeppni. Þess vegna var sett á stofn sérstök Póst- og fjarskiptastofnun af því að þetta er mjög sérhæfður rekstur og sérhæfð þjónusta, mjög tæknilegs eðlis, og þess vegna var sú stofnun sett á laggirnar til að sinna því hlutverki.

Hvað varðar bráðabirgðaákvæðið um reikisamningana er út af fyrir sig ekki mikið sem þarf tæknilega séð til að þetta gæti gerst sem fyrst en það er mitt mat að þær miklu og hröðu breytingar sem eru að gerast á fjarskiptamarkaðnum séu þess eðlis að það sé í fyllsta máta eðlilegt að gefa þennan umþóttunartíma. Ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu að þetta megi og eigi að gerast strax er það náttúrlega Alþingi sem hefur síðasta orðið. Tillaga mín er að gefa aðilum þennan frest. (Gripið fram í.)

Hv. þm. er að kalla eitthvað fram í, ég heyrði það ekki. (**LB:** Endurskoðunarnefnd um skoðun á niðurstöðum Samkeppnisstofnunar ...) Það hefur engin endurskoðunarnefnd verið sett á laggirnar heldur hefur samgrh. sett á stofn nefndir til þess að endurmeta og skoða hvort eignarmat á símanum og aðferðafræðin við það hafi verið eins og hefði átt að vera og það er væntanlega sú nefnd sem þingmaðurinn er að vitna til.

[12:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hafði ekki reiknað með að taka þátt í umræðunni en eftir að hafa heyrt samantekt hæstv. ráðherra í lok þeirrar umræðu sem hér hafði þá farið fram fannst mér að málum væri stillt þannig upp að augljóst væri að nú hlytu fleiri að koma að umræðunni.

Það sem vakti mig var kannski fyrst og fremst það hvernig ráðherra leyfði sér að efast um að umfjöllun um sölu á Landssímanum ætti heima í þessari umræðu í dag. Ég vil byrja á því að rifja það upp að áður en umræðan hófst var nokkuð rætt um erindi þessa máls inn á þingfund í dag. Menn færðu fram gild rök fyrir því að umræðan um þetta frv. ætti að bíða. Rökin voru aðallega tvíþætt.

Í fyrsta lagi töldu menn að eðlilegt væri að bíða eftir frv. um Póst- og fjarskiptastofnun og ræða þessi tvö frumvörp samhliða til að ljóst væri í það heila hvert stefndi með þessi mál. Í öðru lagi söknuðu menn þess að hv. formaður samgn. var ekki viðstaddur umræðuna. Sú umræða fór þó ekki í gang, herra forseti, fyrr en eftir að sú skoðun hafði verið sett hér fram að umræðan í dag skipti ekki svo miklu máli vegna þess að aðalvinnan færi fram í nefnd. Í 1. umr. töluðu menn ekki svo mikið og þannig væri það samkvæmt þingsköpum, töluðu menn ekki svo mikið um einstök atriði máls heldur fyrst og fremst um aðalatriði. Það er einmitt á grundvelli þessa sem mér þóttu rök hæstv. ráðherra gegn því að sala Landssímans kæmu inn svo sérkennileg vegna þess að ef við lítum á frv. sjálft, eða öllu heldur greinargerð þess þar sem sett eru fram meginmarkmið við breytingar á fjarskiptalögum, þá segir þar, herra forseti:

„Til að ná þessu markmiði hefur í þessu frumvarpi einkum verið litið til eftirfarandi atriða.“ Og ætla ég að lesa upp nokkur þeirra. Þetta eru meginmarkmið og það eru einmitt þau sem við eigum að vera að ræða í dag miðað við þingsköpin og miðað við það sem menn settu fram í morgun til að herða sig í því að taka frv. á dagskrá. — Litið til eftirfarandi atriða, sagði ég:

„Nauðsynjar þess að fyrirtækjum sem eiga þjóðbrautina (fjarskiptanetið) og aðra innviði sé gert skylt að opna aðgang að netinu og annarri aðstöðu á sanngjörnum kjörum.“

Af hverju skyldi þetta vera þarna, eitt af meginmarkmiðum við breytingar á fjarskiptalögum? Svo telja menn að umræða um sölu á Landssímanum eigi ekki heima hér. Einnig segir: „Nauðsynjar þess að stuðla að raunverulegri samkeppni á markaðnum með því að jafna samkeppnisstöðu fjarskiptafyrirtækja.“ Hér segir einnig: „Nauðsynjar þess að markaðsráðandi fyrirtæki sé veitt aðhald“ og „nauðsynjar þess að mæta þörfum allra landsmanna um að njóta ákveðinnar lágmarksþjónustu“ og, herra forseti, „nauðsynjar þess að tryggja svigrúm fjarskiptafyrirtækja til að starfa, svo og markaðsráðandi fyrirtækis.“

Mér sýnist, herra forseti, á þessari upptalningu að það sé miklu meira en sjálfsagt, það sé bara fullkomlega eðlilegt og nauðsynlegt að ræða í þessu samhengi um væntanlega sölu á Landssímanum.

Það er augljós klofningur gagnvart því hvernig eða hvað menn vilja selja. Ég hygg að við höfum flest lagt við eyrun þegar formaður Framsfl. talaði á miðstjórnarfundi um síðustu helgi, ekki síst við sem höfum haldið því fram að grunnnetið, fjarskiptanetið sem hefur fengið hið fallega nafn þjóðbraut, yrði ekki selt, það yrði áfram þjóðareign. Ég tók eftir því í umræðunni áðan að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson tók líka undir þessi sjónarmið. Ég held að við séum býsna mörg sem teljum að sum af meginmarkmiðunum sem hér eru sett fram muni ekki nást ef eitt af fyrirtækjunum á markaðnum í einkaeigu, guð má vita hverra, á jafnframt að vera eigandi grunnnetsins, þjóðbrautarinnar. Hvernig fyndist mönnum ef vegirnir á Íslandi væru í eigu einhvers einstaks samgöngufyrirtækis? Hvernig þætti mönnum að Eimskip ætti vegina af því að ákveðið hefði verið að það væri rétt eins og hæstv. ráðherra orðaði það hér áðan að það væri sama fyrirtæki sem ætti grunnnetið og það sem seldi þjónustuna? Fyndist mönnum eðlilegt að sá sem ekur um vegina, eitt af þeim fyrirtækjum sem eiga bílaflotann sem ekur um vegina ætti jafnframt vegina? Auðvitað ekki.

Frumforsenda þess að vegirnir séu okkar allra, og þá er ég bæði að tala um þjóðbrautina og hið almenna vegakerfi landsins, er auðvitað að þetta sé í eigu okkar allra.

Það væri líka fróðlegt, herra forseti, að fá svör við því hvort hæstv. samgrh. telur virkilega að Landssíminn eigi grunnnetið. Telur hann að Landssíminn eigi grunnnetið? Hvernig var það fjármagnað? Hverjir byggðu? Er það Landssíminn, þetta fyrirtæki sem er komið með býsna marga þætti sem eru þegar orðnir á samkeppnismarkaði og fleiri munu þeir verða? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, herra forseti, að þetta sé rætt í umræðunni einfaldlega vegna þess að það er augljóslega angi af meginmarkmiðum við breytingar á fjarskiptalögunum. Af því við erum að ræða meginmarkmið frv., þá þarf að ræða þetta og það verður að sjálfsögðu rætt mjög ítarlega í nefndinni þegar kemur að umfjöllun hennar um málið.

Ég held að það skipti verulegu máli, herra forseti, að við áttum okkur á því að líklega er fátt verra fyrir neytendur en að einkafyrirtæki sé með markaðsráðandi aðstöðu eða einokunaraðstöðu. Menn hafa farið mikinn gegn ríkisfyrirtækjum með markaðsráðandi eða einokunaraðstöðu. En hitt er sannarlega verra ef um er að ræða einkafyrirtæki vegna þess að þar hefur þá a.m.k. Alþingi ekki sömu aðkomu og aðstöðu til aðhalds eða eftirlits og það hefur á meðan viðkomandi

fyrirtæki er ríkisfyrirtæki. Hér er ég að tala um starfsemi sem er þess eðlis að hún verður fyrst og fremst á höndum eins fyrirtækis. Ég held því að menn verði að skoða þessi mál mjög vandlega.

Ég heyrði hvað hæstv. ráðherra sagði og ég hef líka lesið það eftir honum að honum finnst eðlilegt að sá sem reki grunnnetið sé jafnframt sá sami og selur þjónustuna. Maður getur velt fyrir sér hvort það sé þá eðlilegt að það sé eitt af fyrirtækjunum sem selja þjónustuna sem eigi að reka grunnnetið eða eiga þau kannski öll saman að reka grunnnetið? Eða gæti það færst á milli fyrirtækja að reka grunnnetið? Ég held, herra forseti, að þetta gangi einfaldlega ekki upp, hvorki viðskiptalega né með þeim rökum sem hér hafa verið sett fram.

En ég tók líka eftir því, herra forseti, þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tók saman orð ráðherrans til að staðfesta það í rauninni fyrir sjálfum sér og hv. Alþingi hvað ráðherrann hefði verið að segja, að hæstv. ráðherra hrökk örlítið til baka og ég vildi ég skilja hann þannig að þessi mál mætti skoða. Ég vænti þess að sú örlitla hliðrun sem mátti greina í málflutningi ráðherrans skili sér þá inn í hv. nefnd þegar kemur að skoðun á málinu og áframhaldandi í umræður í þinginu. Vonandi verða á endanum stefnubreytingar hvað þetta mál varðar því að ég óttast að þarna hafi ráðherrann verið á örlitlum villigötum.

[12:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að veita andsvar við ræðu hv. þm. til að einfalda umræðuna um það sem á eftir kann að koma. Fyrst vil ég segja að Landssíminn á auðvitað netið sem um er rætt, þjóðin á hins vegar Landssímann, svo það fari nú ekkert á milli mála. En frv. sem við erum að flytja snýst einmitt um þá staðreynd að það er eitt aðalnet sem nær til allra heimila og fyrirtækja í landinu. Um það gengur allt regluverkið, að tryggja aðgang annarra símafyrirtækja að þessu neti þannig að samkeppni sé tryggð og uppbyggingin sé tryggð og við Íslendingar stöndum þannig að þessu að við offjárfestum ekki og við nýtum þann búnað og þær eignir sem við erum með í landinu. Þetta er grundvallaratriðið. Út á það gengur frv. allt saman, að setja upp reglur og nýta til þess reynslu annarra þjóða að búa til reglurnar og hafa þær þannig að við getum nýtt okkur möguleikana sem fjarskiptabyltingin er að skapa okkur skilyrði til að gera.

Ef við hins vegar föllum í þá freistni að brjótaa kerfið upp og gera það enn þá flóknara en það þarf að vera held ég að það sé ekki skynsamlegt. Þess vegna hef ég vakið athygli á þeirri leið sem ég tel að sé líkleg til að vera hin besta, að við notum ákvæðin í frv. um aðgang að kerfunum til að við þurfum ekki að skipta þessum fyrirtækjum upp heldur höfum einn aðila sem ber ábyrgð á rekstri kerfisins en allir aðrir fjarskiptaaðilar sem til þess eru bærir eigi aðganginn.

[12:52]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að rétt sé að einn aðili beri ábyrgð en við erum algjörlega ósammála um hver það á að vera. Mér finnst, og ég endurtek það hér, mér finnst fráleitt að eini aðilinn sem á að bera ábyrgð sé eitt af fyrirtækjunum sem eru í samkeppnisrekstri. Hvernig ætla menn að tryggja eðlilega samkeppni undir þeim kringumstæðum eða vilja menn viðhalda því ástandi sem er í dag þar sem gengur á með kærum á Landssímann aftur og aftur vegna ítrekaðra brota eða meintra brota? Vilja menn viðhalda þessari stöðu?

Það finnst mér fráleitt, herra forseti, og ég tel af og frá að samkeppni verði tryggð ef menn ætla formlega að viðhalda því ástandi sem er vegna þess að þó svo að sett séu lagaákvæði um hvernig öðrum eigi að vera tryggður aðgangur að netinu er það samt þannig að menn komast aldrei frá þeirri tortryggni sem það vekur klárlega ef eitt af fyrirtækjunum í samkeppnisrekstri á að vera sá aðili sem heldur utan um netið. Ég held því að það sé rétt, við eigum auðvitað að nýta eignir og búnað og við eigum að gera þetta eins vel og við mögulega getum og við gerum það, herra forseti, með því að það sé einn aðili sem rekur þessa þjóðbraut, þjóðbraut okkar allra. En það verður ekki að mínu mati best gert með því að eitt af fyrirtækjunum í samkeppnisrekstri sjái um það.

[12:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ofsagt hjá hv. þm. að það gangi á með kærum. Nú er það þannig að deilur hafa verið á milli samkeppnisaðila en sem betur fer eru fyrirtækin að átta sig á því að gerðar eru til þeirra þær kröfur að þau nái samkomulagi. Nú hafa Íslandssími og Landssími Íslands hf. gert samning sem er mjög merkilegur samningur og markar alveg nýja tíð í samskiptum þessara fyrirtækja þannig að ég hef engar áhyggjur af því. Hins vegar komum við stjórnmálamenn ekki í veg fyrir deilur á markaði milli fyrirtækja sem eru í samkeppni. Það er algjör misskilningur ef hv. þm. heldur að okkur sé mögulegt að gera það. Ég tel afar mikilvægt að vekja athygli hv. þm. á því að það er sitt hvað að reka vegakerfið og svo hins vegar gagnaflutnings- og línulagnakerfi. Ég vakti athygli á því að frv. gengur allt út á að búa til reglur þannig að í landinu séu skýr ákvæði, skýr lög um aðgang að þessum kerfum og samkeppni og það er fyrst og fremst okkur öllum til hagsbóta. Ég vona að hv. þm. átti sig á þessu þegar fram líða stundir í þessari umræðu.

[12:56]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins fyrst um kærur og slíka hluti. Á ríflega tveimur árum munu það vera á þriðja tug mála frá því að einokunin var afnumin. Mér finnst það býsna mikið, ég verð að segja það alveg eins og er, þegar um er að ræða fyrirtæki sem er í eigu allrar þjóðarinnar að það hafi verið svo svifaseint að taka við sér í nýju umhverfi að þetta skuli vera orðið hátt á þriðja tug mála.

Af því að hæstv. ráðherra sagði að seint yrði hægt að koma í veg fyrir deilur á milli fyrirtækja á samkeppnismarkaði verður það seint hægt á meðan menn stilla málum upp eins og hæstv. ráðherra gerir. Ef menn vilja hins vegar koma í veg fyrir þær deilur eða gera þær eins litlar og hægt er og skapa þar með viðunandi rekstrarumhverfi fyrir öll fyrirtækin reyna menn að haga löggjöfinni þannig að minni hætta sé á deilum, a.m.k. sé ekki verið að bjóða upp á þær með löggjöfinni.

Svo aðeins að lokum hvað varðar líkindin með vegakerfinu og þjóðbrautinni sem ráðherrann var áðan að mæla fyrir frv. um, eða kemur fram í því frv., þá eru líkindin mjög mikil enda hafa menn notað sömu orð yfir hvort tveggja. Menn tala um þjóðbraut í þessu frv., hér er talað um upplýsingahraðbrautina. Menn nota sömu orðin vegna þess að líkindin eru nægjanleg til að við getum borið þetta saman. Það er

einmitt þegar við berum þetta saman sem okkur verður ljós fáránleikinn í því að ætla einu fyrirtæki í samkeppnisrekstri að sjá um þjóðbrautina.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

[13:29]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 175. mál, frv. SvanJ og SJóh, þskj. 202.

Öryggi greiðslufyrirmæla, 23. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 207; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 208.

Lágmarkslaun, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 94. mál. — Þskj. 95.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. GE, 95. mál (ökuhraði). — Þskj. 96.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 102. mál (varðveisla skipa). — Þskj. 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 123. mál (atkvæðagreiðsla í heimahúsi). — Þskj. 154.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv.

Afnám gjalds á menn utan trúfélaga, frh. 1. umr.

Frv. MÁ, 134. mál. — Þskj. 155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Horfur í orkuframleiðslu í vetur.

[13:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að biðja um utandagskrárumræðu vegna margra ábendinga úr atvinnulífinu varðandi orkubúskap. Svo virðist sem fyrirtæki landsmanna í mörgum greinum séu nú í þeirri stöðu að þurfa að ákveða hvort þau eigi að breyta frá raforku og yfir í innflutta orkugjafa svo sem svartolíu. Ég nefni sem dæmi að fyrirtækjum í mjöliðnaði er boðin raforka á 5 kr. kwst. og þurfa á tímum að borga allt upp í 8 kr. á kwst. Ég nefni brugghús sem eru nú að taka upp svartolíunotkun vegna dýrrar orku. Ég nefni bakarí landsmanna, efnalaugar og matsölustaði. Það er óþarft að nefna garðyrkjuna sem svo oft hefur verið til umfjöllunar hér í þingsölum. Og ég nefni ný fyrirtæki eins og kjötmjölsverksmiðju sem engan veginn nær samningum um að nota innlenda orku og hefur tekið ákvörðun um að nota orkugjafa frá útlöndum, svartolíu, til að keyra gufukatla.

Úti í samfélaginu virðast vera nýjar áherslur í sambandi við forgangsorku, rofna orku og í sambandi við afltaxta. Fyrirtækin virðast í auknum mæli íhuga eða eru jafnvel komin í fullan gang með það að skipta úr íslensku vistvænu rafmagni í innflutta orkugjafa sem í flestum tilfellum er svartolía.

Er skýringin kannski sú að við erum að selja orku til stóriðju fyrir 99 aura kwst., að ég best veit, meðan við seljum innlendum fyrirtækjum orkuna á 4,49 til 5 kr. og allt upp í 8 kr. á álagstímum? Er þetta ástæðan fyrir því að margir eru að íhuga þessa breytingu núna á síðustu vikum og dögum? Það berast sífellt ábendingar um fleiri í þessum hugleiðingum.

Ég vek athygli þingmanna á því að samkvæmt síðustu ársskýrslu Landsvirkjunar tekur stóriðjan 60% af raforkuframleiðslunni en greiðir ekki nema 3 milljarða fyrir, enda skýrist það af þessum lága taxta upp á 99 aura. Ég bendi á að landsmenn, sem ekki nota nema 40% af orkunni, borga 6 milljarða fyrir orkuna. Að því er virðist standa þeir frammi fyrir því að þurfa að borga meira og þá er spurningin þessi: Erum við að færa orkuframleiðsluna yfir í notkun til stóriðju einvörðungu og má búast við því að fyrirtæki landsmanna þurfi að snúa sér að innfluttum orkugjöfum eins og svartolíu?

Ég spyr hæstv. iðnrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hverjar eru horfur í orkubúskap á komandi vetri með tilliti til raforkuframleiðslu? Ég hef grun um að vegna bágrar stöðu sé þeim aðferðum e.t.v. beitt að gera mönnum erfiðara fyrir að nota afsláttartaxta eins og verið hefur.

2. Hefur iðnrn. yfirlit yfir þau iðnfyrirtæki sem hafa hætt eða eru í þann mund að hætta notkun raforku sem orkugjafa?

3. Hver hefur þróun verið á verði raforku til iðnfyrirtækja síðustu mánuði?

4. Hvernig metur iðnrh. stöðu iðnfyrirtækja annarra en stóriðju varðandi kaup á raforku í framtíðinni?

Þetta eru mjög mikilvægar spurningar. Ef staðan er sú að stóriðjan taki æ stærri hlut af raforkuframleiðslu landsmanna og orkan verðlögð þannig að mismunurinn er keyrður inn á þessar perur hér og til íslenskra iðnfyrirtækja, þá er borðleggjandi að við erum í vondum málum í orkubúskaparmálum landsmanna.

Hæstv. iðnrh., ég beini þessum spurningum til þín og ráðuneytis þíns og vænti svara og fjörugra umræðna um málið.

[13:40]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir að taka þetta mál til umræðu utan dagskrár. Ég mun leitast við að svara þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín. Ég þakka honum fyrir að hafa sent mér þær áður þannig að mér gafst tækifæri til þess að undirbúa svörin.

Áður en spurningunum er svarað er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvernig orka er afhent og hvaða orku er verið að selja. Máli skiptir að gera sér grein fyrir því hvernig gjaldskrá Landsvirkjunar er upp byggð. Gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsveitna er þannig upp byggð að rafmagn er selt annars vegar sem forgangsrafmagn og hins vegar sem ótryggt rafmagn. Fjárfest er í orkuvirkjunum til þess að geta staðið við skuldbindingar um afhendingu á forgangsrafmagni. Þó að í verstu vatnsárum sé, hafi menn gert samninga um forgangsorku, er í öllum tilfellum reynt að standa undir slíku og það hefur ávallt tekist.

Ótryggt rafmagn er hins vegar framleitt sem aukageta, með því vatni sem umfram er í lónum eða ám flest ár. Hins vegar er ekki fjárfest sérstaklega í þeim mannvirkjum til að framleiða ótrygga rafmagnið. Raforkukerfi Landsvirkjunar annar öllum þörfum viðskiptavina sinna fyrir forgangsorku. Þess vegna er fjarri lagi að halda því fram að orkuskortur sé í landinu. Horfur á komandi vetri eru góðar varðandi forgangsorkuna. Staðan og horfur í vatnsbúskapnum eru þó engu að síður þannig að það dregur úr framboði á ótryggu rafmagni.

Margir hafa í rekstri fyrirtækja sinna á undanförnum árum treyst á að ótrygg orka yrði til staðar vegna þess að hún er ódýr. Þetta var hægt á meðan við bjuggum við mjög mikla umframfjárfestingu í orkukerfinu, t.d. Blönduvirkjun sem við vorum í mörg ár með algjörlega ónotaða. Verðmunur á forgangsorku og ótryggu rafmagni er verulegur. Það á sér þá skýringu að afhendingaröryggi þessara tveggja þátta er mjög ólíkt. Á síðasta ári var meðalverð forgangsorku frá Landsvirkjun 3,14 kr. hver kwst. en til samanburðar er ótryggt rafmagn nú selt, við venjulegar aðstæður, á 73 aura hver kwst. Ef það eru réttar tölur hjá hv. þm. hér áðan, að til stóriðnaðar væri verðið 99 aurar, þá er ótrygga rafmagnið ódýrara.

Munurinn á þessu er meira en fjórfaldur. Í gjaldskrá Landsvirkjunar eru þrjú verðþrep fyrir ótryggt rafmagn og er verð hækkað þegar svo ber undir til þess að draga úr eftirspurn. Einnig er heimilt að hætta afhendingu ef hækkanir duga ekki til þess.

Kem ég þá að spurningum hv. þm. Fyrst varðandi horfur í orkubúskapnum í vetur. Með þrepahækkun samkvæmt gjaldskrá Landsdvirkjunar sl. vetur og takmörkunum á afhendingu dró úr sölu Landsvirkjunar á ótryggu rafmagni sem nemur 95 gwst. Það er fjórðungur af heildarnotkun á ótryggu rafmagni fyrir árið. Horfur í vetur benda til að ekki þurfi að draga úr sölu á ótryggu rafmagni nema sem nemur um 50 gwst., sem er helmingur af því sem gert var síðasta vetur. Ef þróunin verður óhagstæð getur komið til enn frekari samdráttar en síðasta vetur. Af þessum ástæðum hefur Landsvirkjun takmarkað afhendingu á forgangsorku til stóriðju frá 1. sept. og hækkað verð á rafmagni um eitt þrep í gjaldskránni til almenningsveitna.

Af framansögðu má glöggt sjá að ástandið í orkubúskapnum er ekki óeðlilegt. Vegna hás olíuverðs hefur þrepahækkunin enn ekki — og ég undirstrika það — leitt til minnkandi eftirspurnar eftir ótryggu rafmagni. Iðnfyrirtæki hafa því almennt ekki hætt notkun raforku sem orkugjafa.

Varðandi svar við annarri spurningu hv. þm., hvort ég hafi yfirlit yfir þau iðnfyrirtæki sem hætt hafa eða eru í þann mund að hætta þá er því til að svara að svo er ekki.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. um þróun verðlagningar orku til iðnfyrirtækja síðustu mánuði. Iðnfyrirtæki að stóriðju undanskilinni kaupa orku samkvæmt gjaldskrá rafveitna. Gjaldskrá rafveitna taka almennt mið af gjaldskrá Landsvirkjunar. 1. júlí sl. tók gildi 3% hækkun á gjaldskrá Landsvirkjunar. Ef sérstaklega er litið á ótrygga rafmagnið þá hækkaði verðið frá Landsvirkjun til almenningsveitna í þágu iðnfyrirtækja úr 73,3 aurum í 109,9 aura á kwst. þann 1. september sl. Verðið gæti hækkað í 1,80 kr. ef verður af hækkunum í þriðja þrep síðar í þessum mánuði.

Ég á eftir að svara einni spurningu hv. þm. en ég verð að fá að gera það í síðari umferðinni.

[13:45]

Gunnar Ólafsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar er hálvarlegt og getur haft víðtæk áhrif. Það að hækka verð á raforku þannig að fyrirtæki sjái sig tilneydd til að fara að nota olíu er algerlega óviðunandi, ekki síst út frá umhverfissjónarmiðum. Ég get tekið sem dæmi loðnuverksmiðju síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Þar var fyrir fáeinum árum fjárfest í dýrum rafskautakötlum til framleiðslu á gufu. Þetta var gert á þeim tíma þegar framboð á ótryggri orku var nægjanlegt og verðið tiltölulega lágt og jafnframt var þetta liður í að mæta þeim kröfum í mengunarvörnum sem fiskimjölsverksmiðjum eru settar.

Þegar síðan verð orkunnar hækkar standa stjórnendur fyrirtækisins frammi fyrir því hvort þeir eigi að skipta yfir í olíu eður ei. Ég átti í morgun samtal við starfsmenn síldarvinnslunnar og var mér tjáð að enn er gufan framleidd með rafmagni, en á hærri taxta en verið hefur og er það eingöngu hátt verð á svartolíu sem kemur í veg fyrir að þeir skipti. Þessi aukni rekstrarkostnaður þýðir að sjálfsögðu verri rekstrarafkomu, þ.e. minni gróða eða aukið tap þar sem slíkt er.

Annað dæmi, herra forseti, er kyndistöðin í Neskaupstað. Hún er í dag keyrð á rafmagni en eftir samtal við bæjartæknifræðing Neskaupstaðar er ljóst að það er fyrst og fremst út af umhverfissjónarmiðum sem hann skiptir ekki yfir olíu. Þetta má síðan setja í víðara samhengi og nægir þar að nefna aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og hina margumræddu Kyoto-bókun. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagst gegn virkjunum í þágu mengandi stóriðju eins og fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun er.

Það er mín skoðun, herra forseti, að þegar virkjað er, hvort sem það er stórt eða smátt, þá eigum við að skoða á hvern hátt við getum raunverulega dregið úr losun gróðurhúsalofttegundanna. Ein leið er að verðleggja forgangsraforku þannig að

hagkvæmt verði fyrir fyrirtæki eins og fiskimjölsverksmiðjur að fjárfesta í rafskautakötlum og tryggja þeim rekstrarumhverfi sem ekki er háð heimsmarkaðsverði á svartolíu.

[13:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þetta mál var tekið upp. Ég tel að það sýni það sem oft hefur reyndar komið fram að stefnan er sú sama og hún hefur verið fram að þessu. Hún er allt önnur gagnvart stóriðjufyrirtækjunum en hinum almenna iðnaði í landinu. Það er ömurlegt að ekki skuli hafa tekist enn þá að koma til móts við þá notkun rafmagns sem almenningur og almennur fyrirtækjarekstur í landinu hefur.

Ég tel að stórátak hefði þurft að gera í þessu. Við höfum séð að t.d. járnblendifélagið sem hefur verið rekið í æðimörg ár hefur borgað svo lágt rafmagnsverð að alveg klárt mál er að það hefur verið tap á því að selja því raforkuna. Þegar átti síðan að láta reyna á það í eitt skipti, og það var í fyrrahaust, að þar væri um afgangsraforku að ræða þá komu allir af fjöllum og urðu bara steinhissa, það ætti að fara að draga úr afhendingu á raforku til þessa fyrirtækis. Þó hafði það samninga sem byggðust á því að hægt væri að draga úr raforkuafhendingu til fyrirtækisins. Það var verið að selja forgangsraforku á lægsta prísinum sem fyrirfannst í kerfinu í rauninni allan þennan tíma. Menn þurftu ekki að hafa áhyggjur af því. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, því að skilja mátti orð hans svo, hvort rétt sé að að einhverju leyti sé verið að lækka raforkuverð til stóriðjufyrirtækja núna og ég vil einnig spyrja: Hver er þá munurinn á þeim lækkunum sem verið er að framkvæma til stóriðjufyrirtækja og til fyrirtækja Íslendinga, þ.e. almennra iðnaðarfyrirtækja?

[13:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Eins og ég skil málflutning hv. málshefjanda þá er hann á þann veg að hann gagnrýnir að ekki skuli vera boðið í eins ríkum mæli og áður upp á afsláttarkjör af rafmagnskaupum sem Landsvirkjun hafði boðið upp á meðan umframframleiðsla var á raforku og skortur á kaupendum. Eðlilega hlýtur fyrirtækið að draga úr slíkum afsláttarkjörum þegar kaupendur koma fram. En þessi gagnrýni þýðir að hv. þm. er í raun að gagnrýna að ekki sé til nóg af raforku til að selja. Með öðrum orðum, þingmaðurinn er að gagnrýna að ekki skuli vera virkjað meira svo að Landsvirkjun geti áfram boðið upp á meira rafmagn á lágu verði.

Út af fyrir sig er allt í lagi að hafa þá skoðun að gagnrýna stjórnvöld og Landsvirkjun fyrir að vera ekki nógu dugleg að virkja. En ég vek athygli á því að helsti talsmaður vinstri grænna í þessum málaflokki, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hefur kveðið upp úr með það að flokkurinn er á móti því að virkja og hann er á móti því að virkja næstu 10 árin, bara alveg og skiptir engu máli þó að skipulagsstjóri stimpli þá pappíra. Þingflokkurinn leggst gegn því að virkjað verði í öðru orðinu en gerir kröfu til þess í hinu orðinu að virkjað verði meira.

Mér þætti vænt um ef hv. þm. vildi útskýra fyrir okkur þingmönnum og kannski þjóðinni í leiðinni hvernig samrýma megi þessi ólíku sjónarmið sem er að finna í þingflokki vinstri grænna.

[13:52]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég kem upp m.a. til þess að leiðrétta hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Það er alls ekki stefna Vinstri hreyfingar – græns framboðs og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur aldrei haldið því fram að við værum á móti virkjunum, síður en svo. Við leggjum áherslu á að virkjunarkostum sé forgangsraðað, fundnar séu hagkvæmustu og ódýrustu virkjanirnar til að virkja sem skila Íslendingum okkar notkun, okkar fyrirtækjum, okkar heimilisnotkun, skili þeim orku á ódýru verði, en ekki sé verið að forgangsraða í stórvirkjanir og framleiða orku sem fer á spottprís til erlendra stórfyrirtækja. Þetta vil ég að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson meðtaki í eitt skipti fyrir öll þannig að hann þurfi ekki að vera að koma með svona málflutning í ræðustól. (**KHG:** Hvar á að virkja?) Ja, t.d. Hvalá í Strandasýslu. Hún væri fín og væri fljót og góð virkjun. (**Gripið fram í:** 200 megavött.) Ódýr og góð. Hefurðu séð hana? (**Gripið fram í:** Fljótsdalsvirkjun í smáiðnað.) Ég bara harma það að hv. þm. skuli vera með svona málflutning.

Ég legg áherslu á að það er hörmulegt til þess að vita að íslenskur iðnaður og íslensk fyrirtæki skuli vera látin mæta afgangi þegar verið er að spara orku.

[13:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er ágætis umræða. Hæstv. ráðherra segir að hér sé ekki orkuskortur. Hv. málshefjandi talar um að hér séu iðngreinar sem farnar eru að sækja í innflutta orku og jafnvel mengandi orku vegna þess að innlend orka er svo dýr. Hvað segir þetta okkur? Segir þetta okkur ekki það að við höfum ekki lengur efni á að selja orkuna til stóriðjunnar svona ódýrt? Segir þetta okkur ekki það að við eigum að fara aðrar leiðir, við eigum að hækka orkuna í framtíðinni til stóriðjunnar og bjóða innlendu orkufyrirtækjunum, þ.e. smáiðnaðarfyrirtækjunum, fiskvinnslunni, garðyrkjunni og öðrum smáfyrirtækjum orkuna á aðeins lægra verði?

Samkvæmt mínum upplýsingum er stóriðjan að greiða 88 aura fyrir kwst. og það er þessi trygga orka. Aftur á móti eru smáfyrirtækin, iðngreinarnar, að greiða um 5 kr. fyrir kwst. Við sjáum að þarna er geysilega mikill munur á ferðinni og auðvitað eigum við að koma í veg fyrir að þessi smærri innlendu fyrirtæki gefist upp á því að nota innlenda orku og fari að nota aðkeypta orku. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er þetta ekki það sem við þurfum að gera? Er ríkisstjórnin tilbúin að koma til móts við þessi fyrirtæki og lækka til þeirra tryggu orkuna þannig að þau neyðist ekki til að fara út í aðrar leiðir til að sjá fyrir þeirri orku sem þau þurfa á að halda?

[13:56]

Árni Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það í þessu sambandi að hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. hefur lagt fram mjög skynsamlegar tillögur um framtíðaruppbyggingu á dreifikerfi og orkuöflun í landinu sem ég vænti að hv. þm. þekki, þ.e. að taka dreifikerfið sér og hafa síðan samkeppni um orkuöflun inn á þetta dreifikerfi. Þetta tel ég til bóta.

Ég vil líka minna hv. þm. vinstri grænna á að hæstv. núv. iðnrh. hefur markað þá stefnu að nýta orku í heimabyggð. Það væri töluverður sómi að því ef vinstri grænir tækju undir þetta og væru sjálfum sér samkvæmir því að ég veit ekki betur en þingmenn vinstri grænna hafi verið með og á móti jafnvel smærri virkjunum eins og virkjun við Villinganes, sem var afgreidd síðasta vetur á hinu háa Alþingi, og ég veit ekki betur en þeir séu allir á móti virkjunaráformum á Austurlandi, þ.e. Fljótsdalsvirkjun.

Ég bendi á þetta vegna þess að sú stefna að nýta orkuna í heimabyggð hefur ekki verið uppi á borðinu áður. Ég tók þátt í því á sínum tíma að mótmæla virkjun Blöndu. Þar var í raun og veru í engu farið eftir ráðleggingum þeirra sem börðust gegn virkjuninni. Þvert á móti. Heilmikið tillit hefur verið tekið til ábendinga sem fram hafa komið við Fljótsdalsvirkjun. En stóra málið í þessu er að nú á að nýta rafmagnið úti á landi og það er tækifæri til að snúa byggðaþróuninni við. Ég hvet menn til að vera samkvæma sjálfum sér í umræðunni.

[13:58]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Það er alveg makalaust hvernig hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson leyfir sér, og ekki í fyrsta skipti hér í þingsölum, að drepa málum á dreif sem komið er fram með. Ef hann hefði hlustað grannt eftir hvað ég var að segja, þá er ég að lýsa eftir stefnu en ekki munnhöggvast um stefnu flokka. Ég er að lýsa eftir stefnu í umhverfismálum og stefnu í orkubúskaparmálum. Ég var ánægður með svör hæstv. iðnrh. sem hann gaf um þessi mál. En það sem stendur upp úr er að við höfum ekki unnið heimavinnuna okkar í þessum málum. Hæstv. ráðherra upplýsti að ekkert yfirlit er til og menn hafa ekkert farið í þá vinnu að skoða hvernig staða mála er hjá íslenskum iðjuhöldum eða iðnrekendum. Um það snýst málið og mitt markmið er að vekja athygli á því og fá menn til að hugsa um það hvort hugsanlegt sé að við séum með rangar áherslur, hvort við séum að gera eitthvað rangt. Það eru mjög margir þeirrar skoðunar að stóriðjudæmið sé ekki það sem er hagstæðast fyrir íslenskan þjóðarbúskap og margir sem hafa sýnt fram á það með tölulegum rökum.

Við vitum vel að stóriðjan borgar ekki nema 14–18 mill fyrir kwst. En við vitum líka af upplýsingum frá Landsvirkjun að það kostar 22 mill að framleiða kwst. Þá er spurningin þessi, sem er meginmál en ekki smáatriðahjakk, hvort við séum virkilega komin í þá stöðu að við sjáumst ekki fyrir í því sem við erum að gera og við séum að haga orkubúskaparmálum þannig að mismunurinn vegna lágrar verðlagningar til stóriðju sé keyrður inn á þessar perur og landsmanna allra sem stunda iðnað en ekki stóriðjufyrirtækjanna. Þetta er meginmálið. Ef menn skoða innanríkismálin og komast að þeirri niðurstöðu í víðu samhengi, þá þarf að breyta stefnunni hvað varðar stóriðjuuppbygginguna og það er það sem vinstri grænir hafa lagt áherslu á.

[14:01]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Bara af því að hv. þm. — áður en ég svara síðustu spurningu hans — fór með tölur áðan um annars vegar framleiðslukostnað Landsvirkjunar á raforku og hins vegar það verð sem Landsvirkjun er að fá fyrir þá raforku sem hún selur til stóriðju, þá vil ég segja að þær tölur eru rangar, þannig að það sé klárt.

Mér gafst ekki tækifæri til að svara áðan síðustu spurningu hv. þm. um stöðu iðnfyrirtækja annarra en stóriðju hvað varðar kaup á raforku. Það er ekki hægt að halda því fram með nokkru móti eins og hefur reyndar komið fram við umræðuna að ástandið sé slæmt um þessar mundir. Hins vegar er ég þess fullviss að með breyttu skipulagi raforkumála í landinu sem að er stefnt með því að innleiða samkeppni í orkugeirann, sem ég vonast til að hv. þingmenn standi að þegar þar að kemur, mun verða hægt að ná betri árangri en er í dag.

Eigendur Landsvirkjunar hafa mótað þá stefnu að lækka raforkuverð í upphafi næstu aldar, á fyrstu tíu árum næstu aldar, að raunvirði um 2–3% á ári eða um 20–30%. Þessi áform ganga eftir. En til þess að þessi áform geti gengið eftir þurfum við að virkja meira. Við þurfum að nýta meira af okkar náttúruauðlindum í því skyni og um leið og við náum því að virkja meira, lækka orkuverðið, virkja á öðrum stöðum og fleiri stöðum um landið, þá erum við að tryggja afhendingaröryggið og það er það sem skiptir gríðarlega miklu máli.

Til að halda því til haga í umræðunni og af því að hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á það, þá verða menn að gera greinarmun á því þegar þeir tala um ótryggt rafmagn og trygga orku. Staðan í dag er þessi: Það er verið að skerða ótrygga rafmagnið, beinlínis verið að skerða ótrygga rafmagnið til stóriðjunnar. Það er hins vegar verið að hækka verðið til almenningsveitnanna til þess að draga úr eftirspurninni eftir því.

Hv. þm. Gunnar Ólafsson hélt ágætis ræðu. Það er alveg rétt. Ef við ætlum að losa okkur við losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, þá eigum við að fara þá leið að virkja íslensku fallvötnin vegna þess að það er vistvæn framleiðsla á raforku. Og það er erum að gera. En mér hefur skilist að vinstri grænir væru á móti því t.d. að virkja, samanber Fljótsdalsvirkjun. Hún þarf að koma til ef við ætlum í framtíðinni að færa okkur úr því að nýta eldsneyti sem losar gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið yfir í vistvæna orkugjafa. Menn mega ekki gleyma því að það er lykilatriði að framleiða íslenskt rafmagn úr íslenskum náttúruauðlindum sem eru hreinar (Forseti hringir.) til að taka upp í staðinn fyrir þá mengandi orkugjafa sem við búum við í dag. Því verður ekki hjá því komist að nýta þessar auðlindir. En ef ég skil þetta rétt, þá eru vinstri grænir á móti því.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 143.

[14:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð umliðið síðan þessi umræða fór fram. Henni var frestað fyrir um það bil rúmri klukkustund síðan og þá var ég á mælendaskrá. Það eru nokkur atriði sem ég vildi nefna í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi vil ég taka undir með hæstv. samgrh. og fleirum sem hér hafa talað að frv. sem við ræðum er að mörgu leyti til mikilla bóta og án efa skref fram á við hvað varðar fjarskiptamálefni. Þó eru þessi orð sögð, eins og ég tók fram í morgun, virðulegi forseti, með þeim fyrirvara að við höfum ekki fengið inn á okkar borð frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem er til fyllingar þessu frv. og önnur meginstoð í þeim lagaramma sem fyrirhugað er að búa til þannig að það eiga reyndar eftir að koma fleiri upplýsingar inn í þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Hins vegar gerðu nokkur atriði í ræðu hæstv. ráðherra það að verkum að ég óskaði eftir því að fá að taka til máls einu sinni enn. Það er í fyrsta lagi sá þankagangur sem birtist í orðræðu hans og var einhvern veginn á þá leið að einhver tegund af sósíalisma eða ríkisforsjá fælist í því að aðskilja grunnnetið frá Landssímanum, þ.e. ef það yrði hugsanlega í eigu ríkisvaldsins. Nú liggur alveg fyrir, virðulegi forseti, að það er ekki arðsamt og mun ekki verða

arðsamt að tengja mikið af dreifbýlinu við þetta grunnnet þar sem ekki eru nægilegar tengingar fyrir. Það er alveg ljóst að ef menn ætla að standa við þá byggðastefnu sem menn hafa haft, þá þarf að borga með þessu. Það er mjög ólíklegt að það verði nokkurn tíma samkeppni á þessu sviði. Því snýst þetta ekki um það. Þetta snýst fyrst og fremst um að þessum dreifðu byggðum verði tryggt ákveðið samband og geti tekið þátt í þeirri upplýsingabyltingu sem er að eiga sér stað. Það er grundvallaratriði í þessu máli, en ekki hvort þetta sé selt eða ekki. Enda þegar menn ræða almennt um samkeppnismál, þá breytir litlu hvort það er einkaeinokun eða ríkisrekin einokun. Það er í sjálfu sér lítill eðlismunur á því. En mér skildist reyndar á hæstv. samgrh. í morgun að á þessu væri grundvallarmunur og hann á væntanlega eftir að útskýra það betur.

Meginástæðan fyrir því að ég bað um orðið var að hæstv. samgrh. sagði að sú nefnd sem hann setti á laggirnar hefði fyrst og fremst verið sett á fót í því skyni að kanna álit eða niðurstöðu samkeppnisráðs að því er varðar eignarhald eða ríkisaðstoð. Þetta voru nokkurn veginn orð hæstv. samgrh. Þó má vel vera að ég hafi það ekki alveg orðrétt eftir. En þessa merkingu lagði ég í orðin.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur ár síðan Alþingi samþykkti lög þar sem ákveðinni stofnun hjá ríkisvaldinu var fengið það hlutverk að úrskurða og hafa eftirlit með ákveðnum markaði. Það var Samkeppnisstofnun. Niðurstöður hennar eru bindandi. Það liggur fyrir. Þetta er valdhafi á þessu sviði. Við á hinu háa Alþingi höfum sett þær leikreglur að þetta sé sá aðili sem fari með þetta vald. Ákvörðun þessarar stofnunar og þessa ráðs er heimilt að áfrýja til áfrýjunarnefndar. Síðan hefur það gerst æ ofan í æ að niðurstaða hennar hefur verið borin undir dómstóla. Þetta eru hinar réttu leiðir. Þetta eru þær leikreglur sem við höfum sett okkur. Þetta er kjarni málsins. Ef menn vilja hnekkja niðurstöðum hennar þá fara menn eftir þessum leiðum.

Virðulegi forseti. Í þessu tilviki var það ekki gert og það var ámælisvert og það vorum við að reyna að fá hæstv. samgrh. til að fjalla um í morgun. Í stað þess að fara þessa leið setti hann á stofn einhvers konar nefnd. Ég er með skýrsluna eða álit þessarar nefndar. Í inngangi þeirrar nefndar segir, eftir að taldir hafa verið upp hverjir hafa þar verið boðaðir til leiks, að starfshópurinn sé kallaður saman til að fjalla um niðurstöður og álit samkeppnisráðs, þ.e. samgrh. sem eigandi eða handhafi hins eina bréfs kallar eftir einhvers konar stjórnsýslunefnd til þess að endurskoða niðurstöður löglegs valds. Virðulegi forseti. Þetta er alveg grafalvarlegt mál í lýðræðissamfélagi. Það er algerlega ljóst að hér eru almennar leikreglur brotnar og það skipulag sem við höfum byggt upp. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sneri einmitt þessari hugsun á haus í morgun. Hvernig mundu menn bregðast við því ef eigendur Tals hf. mundu í kjölfar svona niðurstöðu skipa nefnd til þess að fjalla um hvort rétt væri að fara að áliti eða niðurstöðu lögbærra aðila eða þar til bærra aðila sem hafa með það að gera að fjalla um þessi mál? Þetta er alveg grafalvarlegt mál, virðulegi forseti. Ég held að í öllum alvörulýðræðisríkjum hefði þetta mál fengið miklu meiri umfjöllun og miklu vandaðri en raun bar vitni þegar þessi óskapnaður dundi yfir okkur með sjálfan ríkisendurskoðanda, trúnaðarmann Alþingis, að vopni í þessari nefnd.

Virðulegi forseti. Það er nákvæmlega þetta mál sem við vorum að reyna að draga fram í morgun. Ég ætla að leyfa mér að lesa aðeins úr niðurstöðu þessarar nefndar sem í þessu ljósi er kannski dálítið sérstök. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því að ekkert verður á þessu stigi fullyrt um að Póstur og sími hf. hafi notið ríkisaðstoðar þegar Póst- og símamálastofnun var gerð að hlutafélagi, telur starfshópurinn að ekki séu efni til þess fyrir samgönguráðherra sem handhafa hlutabréfs ríkisins í Landssíma Íslands hf. að verða við þeim tilmælum samkeppnisráðs að sjá til þess að fyrirtækið haldi að sér höndum með aðgerðir ...“

Niðurstaðan er einfaldlega sú að ráðherraskipuð nefnd kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til þess að fara eftir niðurstöðu þess aðila sem er falið þetta vald í samfélaginu. Þetta er nákvæmlega kjarni málsins. Ég geri fastlega ráð fyrir því að ef þetta hefði verið til að mynda niðurstaða héraðsdóms, þá hefðu menn kannski vaknað upp við vondan draum um að það væri eitthvað meira en lítið bogið við þetta. En á þessu stigi málsins er það samkeppnisráð sem hefur úrskurðarvald og ef við ætlum að virða þær almennu leikreglur sem við setjum okkur í þessu samfélagi, virðulegi forseti, þá vinnum við ekki svona. Það er alveg klárt. Það hefði verið eðlilegra að fara eftir hinum almennu leikreglum. Svona gera menn ekki, virðulegi forseti.

Það var líka áhugavert þegar var verið að reyna að draga fram viðhorf samgrh. til þessa máls í morgun, þá nánast, ég skal ekki segja sneri út úr, fór hann undan í flæmingi og gaf ekki önnur svör en þau sem ég vitnaði til í upphafi, sem ég var að reyna að fara með og tel að ég hafi farið með nokkurn veginn efnislega rétt að þetta hafi verið ætlunin. En í þessari skýrslu er allt aðra niðurstöðu að finna og ég hef sagt það áður úr þessum ræðustóli og get svo sem ítrekað það að ekki er nóg með að þarna sé um að ræða ráðherraskipaða nefnd til þess að fjalla um niðurstöður lögbærra aðila í samfélaginu heldur situr í þessari nefnd trúnaðarmaður Alþingis, ríkisendurskoðandi. Þegar til þess kemur að við förum að ræða að nýju þetta endurmat á virði fyrirtækisins, er alveg ljóst að hv. alþingismenn geta ekki leitað til síns trúnaðarmanns vegna þess að hann er fyrir löngu búinn að gera sig vanhæfan í þessari umræðu og það er að mínu viti, herra forseti, grafalvarlegt mál þegar ráðherrar vinna með þessum hætti.

[14:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu og ég vil ítreka þakklæti mitt til hv. þingmanna fyrir ágæta umræðu og góðar undirtektir við frv. Það er afar mikilvægt fyrir mig sem samgrh. að fá þessi viðbrögð við nýju frv. um fjarskipti, svo mikilvægur þáttur sem þar er á ferðinni í þjóðfélagi okkar og snýr bæði að heimilum landsins og atvinnulífinu.

Það komu ekki mjög mörg atriði fram í ræðum þingmanna sem væri ástæða til þess að fjalla sérstaklega um nema það annars vegar að ég vildi vegna ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar víkja aðeins betur en mér gafst tækifæri til vegna takmarkaðs tíma í ræðu minni áðan, að hans ábendingum sem sneru m.a. að alþjónustu og þjónustu við skipaflotann við strendur landsins og á hafsvæðum.

Það er nauðsynlegt að vekja athygli á því að í frv. er sérstakur kafli, IV. kafli, þar sem fjallað er um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu. Þegar talað er um sértæka fjarskiptaþjónustu er átt við fjarskiptaþjónustu sem ekki er arðbær og óumflýjanlegt er að veita með einum eða öðrum hætti styrk til. Landssíminn hefur séð um strandstöðvaþjónustuna

og sjálfvirka tilkynningarskyldan er á hendi slysavarnafélagsins Landsbjargar núna. Það er reynt að sinna þessari neyðar- og örryggisþjónustu eins og kostur er. Í frv. er gert ráð fyrir að um þetta sé fjallað í þessum kafla.

Póst- og fjarskiptastofnun gegnir þarna mikilvægu hlutverki og rétt er að geta þess vegna umræðunnar að Póst- og fjarskiptastofnun vinnur fyrir hönd samgrn. að gerð samnings við Landssímann um strandstöðvaþjónustuna. Það er afar mikilvægt að slíkur samningur sé fyrir hendi og hann sé vel úr garði gerður og vandaður. Þarna er um miklar fjárhæðir að ræða. Gert er ráð fyrir því að hallinn á þessari þjónustu á næsta ári verði 170 milljónir og því skiptir miklu máli að þessi þjónusta sé örugg og um hana sé skýr rammi og frv. tekur á því.

Þá vil ég aðeins víkja að málflutningi hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Hv. þm. er við svipað heygarðshorn og stundum áður og hefur mikinn áhuga á því að gera Landssímann en þó aðallega samgrh. tortryggilegan. Nauðsynlegt er að rifja upp að á grundvelli samkeppnislaganna er ekki hægt að áfrýja áliti Samkeppnisstofnunar eða kæra það. Öðru máli gildir um ákvarðanir — það er nauðsynlegt að hv. þm. átti sig á þessu — og álit er ekki bindandi stjórnsýsluákvörðun. Það er líka afar mikilvægt að hv. þm. átti sig á því. Stóryrði um að hér sé á ferðinni atlaga að samkepnnislöggjöfinni eru náttúrlega algjörlega út úr kortinu. Ég vísa þeim á bug.

Við skulum aðeins líta á hvað þarna var um að ræða. Samkeppnisstofnun hafði uppi athugasemdir og ég fékk þann hóp sem hv. þm. vitnaði til að fara yfir málið og leggja það upp og gera tillögur um hvernig eðlilegast væri að stjórnvöld tækju á málinu. Það varð niðurstaðan. Ástæðan fyrir því að ríkisendurskoðandi var í þessum starfshópi var að Ríkisendurskoðun er endurskoðandi Landssímans. Ég taldi eðlilegt, eins og ég hef margsinnis sagt úr þessum ræðustól, og tel enn að endurskoðandi Landssímans kæmi að málinu.

[14:18]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ekki miklu við þetta að bæta. Hins vegar er ljóst að hér er á ferðinni álit lögbærs yfirvalds í málinu. Þess er farið á leit að samgrh. fari eftir því áliti, þ.e. þetta er bara í samræmi við þær leikreglur sem hér gilda. Í stað þess að fara eftir álitinu er kölluð til önnur ráðherraskipuð nefnd í því skyni að endurskoða álit þess sem fer með þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég ítreka enn og aftur að vinnubrögð af þessum toga eru fjarri því að vera í samræmi við þær leikreglur sem við viljum viðhafa í samfélagi okkar.

[14:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er feginn því að hv. þm. áttar sig á því að álitið, sem um er að ræða, er ekki bindandi. Niðurstaða samgrn. — sú niðurstaða er að sjálfsögðu á mína ábyrgð — var sú að fallast ekki á þetta álit t.d. varðandi það atriði að færa GSM-símaþjónustuna frá almennum rekstri Landssímans og stofna um hana sérstakt félag. Ég taldi að það væri fullkomlega eðlilegt að sú ákvörðun væri á ábyrgð samgrh. og ekki væri hægt að sæta því að Samkeppnisstofnun tæki ákvarðanir um stjórnskipulag einstakra fyrirtækja eins og þarna var ætlast til.

Hins vegar taldi ég eðlilegt í ljósi þessa álits að láta fara fram skoðun á því hvort matið á Landssímanum hefði uppfyllt allar ströngustu verklagsreglur eins og þær eru í dag á hinu Evrópska efnahagssvæði. Niðurstaða hópsins, sem hv. þm. vitnaði til, var að það hefði átt að beita tekjuflæðisaðferðinni. Ég hef tekið þá tillögu til greina, hafið undirbúning og sett starfshóp í að vinna það verk og vona að niðurstaða liggi fyrir áður en langt um líður. Ég er sannfærður um það að það verk verður vel unnið og mun að sjálfsögðu vænta þess að því verki ljúki sem allra fyrst því að þeirri óvissu þarf að eyða.

[14:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. sagði áðan að þar sem hann færi með eina hlutabréf ríkisins reyndi hann fyrst og fremst að gæta hagsmuna Landssímans. Með öðrum orðum, er hann þá kannski ráðherra Landssímans á þessum fjarskiptamarkaði?

Virðulegi forseti. Þetta kom fram í umræðum hér í morgun og er væntanlega skráð í Alþingistíðindi. Það verður auðvelt að fletta því upp. Það er því kannski ekki að undra að hæstv. samgrh. skuli lýsa því yfir að ekki sé unnt að sæta því að sá aðili sem hefur eftirlit með þessum hlutum samkvæmt lögum samþykktum á Alþingi skuli gefa út álit líkt og það sem áðan var vitnað til. Virðulegi forseti. Ég hef engu við þetta að bæta.

[14:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef fylgst með umræðunni og ástæðan fyrir því að ég blanda mér í hana er sú að ég hef beðið eftir því að heyra frá hinum ríkisstjórnarflokknum, þ.e. Framsfl., hvað hann hefur um þessi mál að segja. Það hefur komið skýrt fram frá hæstv. ráðherra að hann stefni að því að selja Landssímann. Það hefur líka komið skýrt fram að hann stefni að því að selja hann ásamt grunnnetinu.

Nú óska ég eftir því, hæstv. forseti, að hv. formaður þingflokks Framsfl. verði beðinn að mæta í þingsal ef hann er viðstaddur. Er hann það?

(Forseti (GuðjG)**:** Hv. formaður þingflokks Framsfl. er ekki í húsinu.)

Hæstv. forseti. Mér þykir það vont en ágætur þingmaður Hjálmar Árnason, sem situr alla þingflokksfundi Framsfl., ætti væntanlega að geta svarað þeim spurningum sem ég vil leggja fram.

Ég hef það fyrir satt að Framsfl. hafi alls ekki samþykkt að þetta fyrirtæki yrði selt, símafyrirtæki hérna á Íslandi. Ég hef það fyrir satt að Framsfl. taki það ekki í mál að grunnnetið verði látið fylgja ef einhvern tíma kæmi að þessari sölu. Ég segi: Hvernig í ósköpunum er hægt að ræða svona mál á hv. Alþingi þegar hæstv. ráðherra lýsir því yfir að þetta sé vilji hans en menn hafa ekki hugmynd um hvað samstarfsflokkurinn ætlar sér í málinu? Þurfa menn ekki að upplýsa það? Mér finnst það ekki ganga að skilja við þessa umræðu hér í dag öðruvísi en að það liggi fyrir hvort það sé samstaða um þetta.

Þetta fyrirtæki, sem hét áður Póstur og sími, hefur verið einhver mesta gullkista ríkissjóðs langt aftur í tímann. Það hefur svo sem ekkert legið á að einkavæða fyrirtækið, a.m.k. ekki út frá hagsmunum ríkissjóðs og almennra borgara. Samanburður á símgjöldum hér og í löndunum í kringum okkur ber með sér að við höfum fengið ágætis þjónustu á ágætu verði. Þar með er ekki sagt að ekki sé hægt að bæta það. En það þarf að liggja fyrir þegar menn gera þá hluti sem hér

stendur til að gera, þ.e. að koma á samkeppni og einkavæðingu að við höfum eitthvað út úr því og að alvörusamkeppni myndist á þeim markaði sem búinn er til. Það liggur ekki fyrir enn þá.

Það er afskaplega veikburða það sem nú er komið upp í því máli. Eigi að búa til einhvers konar samkeppni þar sem einhverjir aðilar á þessum markaði hafa kverkatak á hinum sem eru fyrir er auðvitað ekki samkeppnisumhverfi sem er upp á bjóðandi. Menn ættu því að fara sér hægt á meðan ekki er búið að leysa þau mál vitrænt. Þess vegna skil ég vel að Framsfl. sé ekki búinn að skrifa upp á þetta allt saman. En mér fyndist líka ærin ástæða til að það kæmi þá skýrt fram í sölum Alþingis hvað menn ætla sér með þessi frumvörp. Ég kalla eftir því. Ég tel mjög nauðsynlegt fyrir þessa pólitísku umræðu um þessi mál að sjá hvað á að gera. Er það kannski angi af þessari togstreitu milli stjórnarflokkanna að ekki náðist að ræða hér bæði málin, um Póst- og fjarskiptastofnun á sama tíma og þetta mál er hér til umræðu? Ég hefði viljað fá svör við þessu. Ég verð því að óska eftir því að viðstaddir framsóknarmenn, hversu margir sem þeir nú eru, upplýsi okkur hv. þm. um þessi mál.

[14:26]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir þann óvænta heiður að bera fram spurningar sérstaklega til framsóknarmanna. Jafnframt kom fram í ræðu hv. þm. að hann hefði sannfrétt að skiptar skoðanir kynnu að vera um þetta mál meðal framsóknarmanna. Ólyginn sagði mér en berið þið mig ekki fyrir því, sagði þekkt bókmenntapersóna.

En hv. þm. til hugarhægðar vil ég segja að í umræðunni hér í dag gerði ég grein fyrir afstöðu minni og afstöðu Framsfl. Ég reyndi að rökstyðja það efnislega og bið því hv. þm. um að lesa það í þingræðum þegar þetta hefur verið slegið inn til að svara þeim spurningum sem hann bar fram.

[14:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð því miður að upplýsa það að ég missti af ræðu hv. þm. Mér finnst að hann hefði kannski getað endurtekið a.m.k. aðalatriði málsins, hvort Framsfl. hefur skrifað upp á að Landssíminn verði seldur og hvort grunnnetið eigi að fylgja. Hann hefur tækifæri til þess.

[14:28]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil mótmæla þessu vinnulagi hv. þm. Ég tel að það sé alþingismönnum til vansa að koma um leið og þeir viðurkenna það að þeir hafi ekki verið viðstaddir umræður, og ætlast til þess að þingið endurtaki ræðuna vegna þess að alþingismaðurinn hv. átti þess ekki kost að sitja hana. Það er þinginu til vansa að starfa þannig. Ég ítreka það sem ég sagði í fyrra andsvari til hv. þm. að ræður munu slegnar inn og þingmaðurinn getur lesið efnislega umræðu í þingtíðindum og þingskjölum.

[14:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek að mér þykir miður að hafa ekki heyrt ræðu hv. þm. Ég fylgdist þó að mestu leyti með því sem hér fór fram en þurfti að vísu að fara í símann.

Hins vegar held ég að ég hafi fengið að vita nokkurn veginn hvað gerðist í ræðu hv. þm. Hann lýsti því nefnilega yfir, eftir því sem mér er sagt, að framsóknarmenn væru að hugsa málið. Það er út af fyrir sig ágætt. Mér finnst það samt töluverðar fréttir að stjórnarflokkur sé að hugsa málið þegar búið er að leggja fram frumvörp á Alþingi og ráðherra þeirra mála sem um er að ræða lýsir því yfir að hann haldi sínu striki, hann ætli sér að selja þetta fyrirtæki, það standi til og að grunnnetið eigi að fylgja með. Ég held að heppilegra væri að málin kæmu skýrar fram í Alþingi en þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 103. mál. — Þskj. 107.

[14:30]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til ál. um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði."

Í greinargerð segir:

„Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum missirum hafa verið mótaðar hugmyndir um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Áætlað er að keyrt verði á tveggja tíma fresti, frá kl. 7.00 árdegis til kl. 24.00 á miðnætti, á þremur leiðum:

1. Akureyri–Hjalteyri–Hauganes–Árskógssandur–Dalvík–Ólafsfjörður.
2. Akureyri–Kristnes–Hrafnagil–Laugaland.
3. Akureyri–Svalbarðseyri–Laufás–Grenivík.

Lagt er til að verkefnið verði til reynslu í fimm ár.

Helstu röksemdir fyrir tilrauninni eru:

Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.

Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.

Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.

Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.

Aðgerðin er orkusparandi.

Málið hefur verið kynnt embættismönnum í forsætisráðuneyti og á vegum héraðsnefndar Eyjafjarðar er unnið að greinargerð og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið."

Eins og fram kemur var þetta mál flutt á síðasta þingi. Það var ekki útrætt en með bréfi frá samgn. Alþingis 26. nóv. 1998 var óskað umsagnar bæjarstjórnar Akureyrar um till. til þál. um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Nefndin óskaði þess að svar berist fyrir 19. janúar 1999. Í bókun bæjarstjórnar Akureyrar segir að bæjarstjórn telji fyrirliggjandi tillögu athyglisverða og mæli með samþykkt hennar, enda verði veitt til verkefnisins öflugt framlag úr ríkissjóði. Á þessu stigi tekur bæjarráð hvorki afstöðu til fjármögnunar né tillögu að leiðarkerfi sem fram kemur í greinargerðinni. Bókun bæjarstjórnar 15. des. 1998 var samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum.

Af þessu er ljóst að málið sér nokkurn aðdraganda og mikil vatn hefur runnið til sjávar síðan það var fyrst flutt. Ég vil leyfa mér að ræða þessi almenningssamgöngumál í breiðara samhengi. Eins og málum er komið í dag er ekki einvörðungu um mál Eyjafjarðar að ræða, heldur er brýn nauðsyn á að allt almenningssamgöngukerfi landsins verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Á allra síðustu mánuðum berast upplýsingar um að æ fleiri sérleyfishafar séu að gefast upp á rekstrinum, jafnvel stórir aðilar í greininni eru gefast upp. Ég tel að meginástæðan fyrir því að svo er komið sé þröngsýni og andvaraleysi opinberra aðila sem hafa engan veginn áttað sig á nauðsynlegri þróun í uppbyggingu samgöngukerfis fyrir almenning í svo stóru landi. Það er mergurinn málsins.

Það kom fram í ræðu hæstv. samgrh. hér um daginn að hann hefur sett af stað vinnu, mig minnir að Háskóli Íslands sé að búa til greinargerð um almenningssamgöngukerfi landsins. Það er vel og styrkur í þessari umræðu. Ég vil áður en lengra er haldið þakka fyrir að hæstv. samgrh. situr hér og hlustar á mál mitt og einnig varaformaður samgn. sem ég tel mjög mikilvægt.

Sem innlegg í málið vil ég líka segja að heima fyrir var þetta talið það athyglisvert mál að héraðsnefnd Eyjafjarðar lagði fram fé og fékk Rekstur og ráðgjöf á Akureyri til að gera úttekt á málinu, úttekt á samgöngukerfi í Eyjafirði á grunni þessarar þáltill. sem sett var fram sl. haust. Í framhaldi af greinargerð sem Rekstur og ráðgjöf hf. á Akureyri skilaði, vann héraðsnefnd Þingeyjarsýslu aðra greinargerð fyrir svæðið austur um, þ.e. Akureyri og Þingeyjarsýslur. Hér er því kominn grunnur að ígrunduðu almenningssamgöngukerfi með nútímayfirbragði til þjónustu fyrir nútímafólk á Eyjafjarðarsvæði, frá Ólafsfirði í norðri um Akureyri austur á Mývatn, Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn.

Það er nauðsynlegt að taka þessi mál upp í dag vegna þess að við höfum ekki endurskipulagt þau eins og ég sagði áðan. Samgöngukerfið sem nú er að hrynja er áratugagamalt og barn síns tíma. Enginn notar almenningssamgöngur lengur kvölds og morgna, þar þarf önnur meðöl. Þess vegna tel ég, sem flm. þessarar tillögu, að upplagt sé, þar sem menn eru búnir að leggja þessi mál niður fyrir sér og byggðir Eyjafjarðar standa svo vel að vígi, að gera þessa tilraun í samstarfi við þá sem þegar hafa unnið heimavinnuna og eru tilbúnir að fara í málið nú þegar. Það er mjög mikilvægt. Hvað fær Eyjafjörður út úr þessu? Ég ætla að drepa niður á helstu atriðin í greinargerðinni frá Rekstri og ráðgjöf.

Helstu hópar líklegra viðskiptavina almenningssamgöngukerfis eru framhaldsskóla- og háskólanemar, fólk sem sækir vinnu út fyrir heimabyggð og ferðamenn auk almennings. Auk þess er hugsanlegt að kerfið geti nýst til hagræðingar í akstri grunnskólanema. Rekstrarkostnaður kerfisins miðað við þær forsendur sem byggt er á er áætlaður 34–37 millj. á ári.

Rekstrartekjur er erfitt að meta nema af fenginni reynslu en þó er líklegt að greiða þurfi með rekstrinum líkt og nær algilt er varðandi rekstur sem þennan. Við mat á rekstrargrundvelli kerfisins verður einnig að taka til greina þann kostnað sem sparast með tilkomu kerfisins, kostnað sem tveir stórir vinnustaðir á svæðinu þurfa að bera vegna aksturs vinnuafls auk kostnaðar sem sveitarfélög bera af núverandi almenningssamgöngum milli Ólafsfjarðar og Akureyrar, sem nemur hátt í 6 millj. kr. Til viðbótar verður að taka inn í myndina mögulega hagræðingu í akstri grunnskólanema. Almenningssamgöngukerfið um Eyjafjarðarsvæðið er skref í átt til mótunar öflugrar heildar sem skapar sterkt mótvægi við höfuðborgarsvæðið þar sem fólk hefur fjölbreyttara atvinnuúrval, öflugri og betri þjónustu, meira frelsi til búsetuvals.

Almenningssamgöngur eru mikilvægur hluti eflingar Eyjafjarðarsvæðisins sem ferðamannasvæðis. Gerð er tillaga um að boðinn verði út rekstur almenningssamgöngukerfis í tilraunaskyni, slík tilraun yrði á vegum sveitarfélaganna á svæðinu og með stuðningi hins opinbera. Lágmarkstími tilraunarinnar ætti að vera um fimm ár. Að loknum reynslutíma skal árangur tilraunarinnar metinn og ákvörðun tekin um framhaldið.

Í skýrslu frá Rekstri og ráðgjöf er ýtarlega farið yfir möguleika á leiðum, tíðni ferða o.s.frv. en þó ævinlega miðað við að ferðir séu margar, þ.e. frá kl. 7 á morgnana til kl. 12 á kvöldin alla daga vikunnar. Þetta er mjög mikilvægt fyrir svæðið og mun setja gera það að einni heild, sérstaklega hvað varðar framhalds- og háskólanema, sem munu geta búið í heimahúsum. Við erum að tala um nemendur í fiskvinnslu- og stýrimannanámi á Dalvík, nemendur við Háskólann á Akureyri, vinnuafl sem flæðir nú þegar um allt svæðið, t.d. er kominn stór vinnustaður á Svalbarðseyri og möguleiki á því að fleiri sæki vinnu í Ólafsfirði, Dalvík og til Akureyrar o.s.frv. Stóri punkturinn er e.t.v. ferðamannaþjónustan en það gildir um landið í heild sinni þegar við tölum um nýtískualmenningssamgöngukerfi. Inn í þetta koma grunnskólarnir þar sem skólaakstur er um allar sveitir héraðsins og getur tengst almenningssamgöngum um svæðið. Auðvitað getur svo almenningur nýtt sér svona almenningssamgöngur til þess að auðvelda sér að sækja afþreyingu, fara í verslanir, heimsóknir o.þ.h. Svo má ekki gleyma síðasta hlutanum, draumnum um að menn leggi einkabílnum og þetta sé orkusparandi aðgerð.

Þessu teljum við mjög mikilvægt að ná fram og teljum mikils virði að gera tilraunina á Eyjafjarðarsvæðinu þar sem telja má að góður rekstrarlegur grundvöllur sé fyrir henni. Eins og Rekstur og ráðgjöf kemst að þá mætti áætla að til þurfi framlög á bilinu 12–18 millj. kr. Í þeirri upphæð eru peningar sem nú þegar eru settir í samgöngur eins og fram kom fyrr í ræðu minni, sem Dalvíkurbyggð leggur fram, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri vegna keyrslu á Kristnessjúkrahús og einkafyrirtæki vegna keyrslu á vinnuafli, t.d. út á Svalbarðseyri.

Í mínum huga er þetta innlegg í nýja hugsun í almenningssamgöngukerfi fyrir Ísland. Við höfum gleymt því að vegna kerfisbreytinga af ýmsu tagi hafa verið teknar ákvarðanir sem hafa orðið þess valdandi að samfélagsþjónusta af öðru tagi hefur hreinlega brotnað niður. Þar gæti ég t.d. nefnt kerfisbreytingar hjá Pósti og síma, nú Landssímanum, sem annast sjálfur sína keyrslu. Það var undirbygging almenningssamgöngukerfisins eins og það var byggt upp, þetta gamla kvölds- og morgnakerfi. Menn verða að opna augun fyrir því að geri þeir breytingar af þessu tagi þá getur það leitt til vandræða annars staðar. Og þá verður að taka á þeim málum.

Herra forseti. Ég vil enda mál mitt á því að segja þetta:

Það er svo undarlegt að við í þessu stóra landi, skulum ekki opna augun fyrir nauðsyn þess að styrkja og efla „interior", þ.e. innanríkismál, með öflugum samgöngum. Ég tel að þarna höfum við gjörsamlega brugðist og sofið á verðinum. Þessi vinna hefði þurft að fara í gang fyrir a.m.k. fimm árum. Allar nágrannaþjóðir okkar og sérstaklega þær sem

eru á svipuðum breiddargráðum eins og Noregur, Svíþjóð, Danmörk og Finnland hafa nútímavætt samgöngukerfin í dreifbýli þannig að þau þjóni nútímamanninum. Þar er ekki þetta gamla kerfi sem við öll, illu heilli, festumst í. Það er mergurinn málsins. Ég vonast til þess að þetta innlegg verði til að tilraunin verði gerð á Eyjafjarðarsvæði, þar hefur heimavinnan verið unnin. Það ætti að falla ýmsum hér í geð að undirbyggingin er ekki bara frá ráðgjafarfyrirtæki úti í bæ. Áætlun er fengin frá starfandi sérleyfishöfum og ráðgjöf frá einkareknu rútufyrirtæki sem gaf upplýsingar. Þarna eru margir möguleikar settir upp og á grunni þessara upplýsinga er allt saman ígrundað.

Herra forseti. Ég vonast til þess að þetta innlegg í almenningssamgöngur í Eyjafirði, sem ég lít á sem byrjun á endurskipulagningu myndarlegs almenningssamgöngukerfis fyrir landið, fái góða umfjöllun og tilraunin verði gerð þar sem undirbúningsvinnan hefur farið fram. Þetta er mikilvægt fyrir Ísland vegna breyttra tíma og minnkandi flugsamgangna. Næststærsta atvinnugreinin okkar, túrisminn, mun byggja á þessu að verulegu leyti. Ísland þénar ekki á túrisma með því að sýna ferðamönnum eitt horn heldur þarf alla breidd landsins. Ferðamenn þurfa að komast í alla landsfjórðunga. Ég hef lokið máli mínu og vonast til að fá góðar undirtektir.

[14:44]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Hér er hreyft afskaplega athyglisverðu máli. Ég deili að mörgu leyti þeirri sýn sem fram kemur í framsöguræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, einkum varðandi félagslega þjónustu og umhverfisþætti málsins. Það ætti ekki að koma á óvart að sveitarfélög við Eyjafjörð og héraðsnefndir skuli taka vel í málið, enda felur tillagan í sér að með tilrauninni fylgi fé frá Byggðastofnun. Ég get ekki ímyndað mér að nokkurt sveitarfélag hafni því að fá peninga frá ríkinu til þess að reka almenningssamgöngur.

Ýmsir sérleyfishafar komu nýlega á fund hv. samgn. og þar kom m.a. fram að mjög er farið að fjara undan rekstri þeirra á Vesturlandi, á Austurlandi sem og á Suðurlandi. Ég gæti sjálfur tekið sambærilega lýsingu úr heimahögum mínum af Suðurnesjum þar sem sérleyfisbílar Keflavíkur aka og eru að reyna að halda uppi svipaðri þjónustu og hv. þm. lýsti um Eyjafjörð. Spurningar mínar til hv. þm. eru því eftirfarandi: Hvar telur hann eðlilegt að draga mörkin og, af því að Samkeppnisstofnun og samkeppnislög koma nú æ oftar til umræðu, telur hann að tilraun sem þessi standist í rauninni samkeppnislög?

Í annan stað, ef tilraunin heppnast er þá þingmaðurinn í rauninni að boða ríkisstrætisvagna? Ljóst er að rekstur almennra strætisvagna virðist ganga afskapleg treglega eins og fram kom í ágætri framsöguræðu, m.a. vegna þess að Bjartur í Sumarhúsum er nokkuð lifandi í okkur og svokallaður einkabílismi virðist grafa undan forsendum fyrir almenningsstrætisvögnum.

[14:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá tillögu sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni um að þessi tilraun verði gerð. Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir þróun almenningssamgangna að farið verði í þá tilraun og menn geri það trúverðuglega þannig að af henni megi draga þá lærdóma sem menn þurfa þegar litið er til framtíðar.

Sá hv. þm. sem talaði á undan mér velti aðeins fyrir sér um hvað þessi tilraun ætti að vera og hvort Samkeppnisstofnun mundi samþykkja hana. Í fyrsta lagi er verið að tala um tilraun en ekki varanlegan rekstur eða varanlegan rekstrargrunn. Í öðru lagi eru sérleyfishafar styrktir í dag frá ríkinu, ekki bara frá sveitarfélögum heldur líka frá ríkinu og menn geta velt því fyrir sér hversu lengi það fær staðist.

En tilraun um hvað? Það er rétt sem hér hefur komið fram að við höfum skipað okkar málum þannig að menn eru e.t.v. ekki svo fíknir í að nota þær almenningssamgöngur sem standa til boða og það mun taka svolítinn tíma að átta sig á því að almenningssamgöngur geti uppfyllt þarfir þeirra hvað varðar samgöngur. Um það á þessi tilraun að standa meðal annars. Gengur það? Er hægt, með því að taka upp reglubundnar samgöngur sem mæta betur þeim óskum og vonum sem við reiknum með að fólk hafi, að átta sig á því hvort þetta er möguleiki eða nokkuð sem er gerlegt?

Herra forseti. Á síðasta vori þegar við vorum að ræða till. til þál. um stefnu í byggðamálum fór ég yfir nokkur atriði þeirrar tillögu, sem síðan var samþykkt, til þess að benda á möguleika stjórnvalda til að bregðast þá þegar við í anda tillögunnar, sem ekki var gert. Þá lá samhljóða till. til þál. um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði fyrir frá sama hv. þm. Í ályktunartextanum um stefnu í byggðamálum segir í samþykktri þál. í 5. lið:

„Forsendur traustra byggða og þar með vaxtarsvæða eru öruggar samgöngur, ...“ — Og þar segir áfram: — „Til að treysta búsetu og þróun vaxtarsvæða verði stuðlað að bættum og öruggari almenningssamgöngum.“

Herra forseti. Þetta segir í samþykktri þál. um stefnu í byggðamálum. Mér sýnist að með þessari tillögu sé hv. þm. að gefa stjórnvöldum í rauninni annað tækifæri til að takast á við það verkefni sem hér var samþykkt að takast ætti á við sem lið í byggðamálum, sem lið í því að treysta forsendur byggða og vaxtarsvæða með öruggum samgöngum. Við hljótum því að binda við það miklar vonir, af því að hér kom réttilega fram að málið er býsna vel undirbyggt, að stjórnvöld stökkvi nú á þessa tillögu, geri hana að sinni og okkar allra og samþykki.

Ég held að ágætt væri að stjórnvöld gerðu það — og það fyrr en síðar vegna þess að við fundum fyrir því í fyrirspurnatíma í síðustu viku að stjórnarliðum leiddist nokkuð það sem þeir kölluðu svikabrigsl þar sem stjórnarandstöðuþingmenn voru að velta vöngum yfir því og jafnvel að draga í efa að jafnmikill vilji stæði á bak við það sem í samþykktri þál. um stefnu í byggðamálum stendur. En hér, eins og ég sagði, gefst stjórnvöldum annað tækifæri hvað varðar þessa till. til þál. og væri þá lítið að vanbúnaði að fara af stað með þá tilraun sakir þess að hún er undirbyggð, hún er undirbúin og heimamenn eru tilbúnir til að takast á við verkefnið.

[14:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði vekur upp umræðu um almenningssamgöngur almennt í landinu og þá stöðu sem þær eru í. Það hefur komið fram í umræðunni að mikil breyting hefur orðið í rekstri og þjónustu almenningssamgangna, og einnig í stórbættu vegakerfi sem við blessunarlega stöndum frammi fyrir og ég vona og geri ráð fyrir að batni enn meir. En samgöngukerfið hefur ekki tekið mið af þessum breytingum.

Við höfum búið við almenningssamgöngur um land allt, þ.e. hægt var að ferðast með áætlunarbifreiðum um landið þvert og endilangt. Þetta er að breytast og okkur er tjáð að staða almenningssamgangna um landið standi núna á afar veikum grunni, bæði að lagst hafi af leiðir sem áður voru öruggar og almenningur átti aðgang að og enn fremur að þær leiðir sem enn þá er ekið á standi höllum fæti bæði fjárhagslega og þjónustulega séð.

Á undanförnum árum eða allt frá árinu 1997 hefur á vegum samgrn., að mér skilst, verið í gangi athugun á því til hvaða aðgerða og stefnumörkunar ætti að grípa til að skapa sérleyfishöfum viðunandi rekstrarskilyrði á þessu sviði. Því miður hefur enn ekkert komið fram. Því er brýnt að fram komi stefnumörkun varðandi almenningssamgöngur í landinu og það þjónustustig sem þeim er ætlað að bjóða upp á, stefnumörkun sem síðan er þá hægt að fylgja eftir með aðgerðum. Þetta er afar brýnt og má ekki dragast.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. samgrh. um þá áætlun eða þá úttekt sem fram fer í samgrn. varðandi stöðu almenningssamgangna og stöðu sérleyfisferða, hvar sú úttekt er stödd og hvenær vænta megi niðurstöðu eða tillagna af hálfu ráðuneytisins í þeim málum. Því að staða þessara mál er mjög veik og afar brýnt að gripið verði til aðgerða og ekki síst að almenningssamgöngum sé sköpuð sýn til framtíðar.

Almenningssamgöngur eru að vísu örlítið styrktar hér á landi en eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið er það bara brot af því sem gert er erlendis, t.d. eru þær styrktar í nágrannalöndum okkar um 22–75% eftir aðstæðum. Þannig að stuðningur við almenningssamgöngur, stuðningur við samgöngur innan lands eftir þjóðvegunum eru ekkert einsdæmi hér, það er bara enn þá betur tekið á þessu annars staðar. Ég legg því áherslu á að sem allra fyrst komi stöðuúttekt á þessum málum, framtíðarsýn og aðgerðaáætlun.

Ég vil benda á varðandi skólahald að við leggjum áherslu á að nemendur geti sótt skóla sem lengst með akstri að heiman og með bættum samgöngum og bættu vegakerfi ætti það að vera mögulegt. En til þess að það geti í rauninni orðið virkt þá þarf að fylgja því eftir með skipulögðum ferðum, skipulögðum samgöngumöguleikum. Þarna er þörf á verulegu átaki.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að slík mál séu tekin inn í þessa umræðu. Ég ber mikið lof á það frumkvæði sem hér er lagt til fyrir hönd Eyjafjarðar en leyfi mér jafnframt að draga þessi mál inn í stærra samhengi fyrir allt landið og að skýr stefnumörkun komi, ákvörðun á þjónustustiginu sem síðan verði fylgt eftir með markvissri aðgerðaáætlun.

[14:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, flm. tillögunnar, hefur gert grein fyrir þeim hugmyndum sem að baki búa og er allt gott um það að segja. Tillagan gerir ráð fyrir að fela forsrh. að láta Byggðastofnun gera tilraun með rekstur.

Ég verð að viðurkenna að ég tel það ekki æskilegt fyrirkomulag að Byggðastofnun hefji rekstur á einstökum atvinnuþáttum eða þjónustuþáttum í þjóðfélaginu. Stofnunin er allra góðra gjalda verð og þekkir vel til, ekki síst að sjálfsögðu víða úti á landi. En ég get ekki fallist á að það sé hinn eðlilegi gangur eða hin eðlilega leið til að ná fram því markmiði að bæta almenningssamgöngukerfið í landinu.

Það er alveg ljóst að almenningssamgöngur eiga mjög undir högg að sækja. Annars vegar er um að ræða strætisvagnaþjónustuna sem rekin er á höfuðborgarsvæðinu á vegum sveitarfélaganna og síðan rekstur sérleyfishafa um þjónustu á tilteknum svæðum með áætlunarbílum. Síðan eru það flugsamgöngurnar sem eru auðvitað mikilvægur þáttur í samgönguþjónustunni innan lands. Sjóflutningar tíðkast ekki lengur hvað varðar fólksflutninga, þeim er því ekki til að dreifa nema hvað varðar ferjurnar.

Það er alveg ljóst og ég hef fengið glöggar skýringar á því að bæði rekstur sérleyfisleiðanna og sömuleiðis flugleiðanna á mjög undir högg að sækja. Það eru miklir erfiðleikar hjá þeim aðilum sem veita þessa þjónustu milli landshlutanna og það er alveg deginum ljósara að að óbreyttu verður þessari þjónustu ekki haldið uppi á sumum leiðum. Annars staðar er þetta í góðu eða sæmilegu ástandi. Þá er auðvitað spurt hvað sé til ráða. Eins og hér hefur komið fram í umræðunni þá veitir ríkissjóður nokkurn stuðning til sérleyfisrekstrarhafanna. Einnig er óbeinn stuðningur við þessa þjónustu, almenningssamgönguþjónustuna hér á höfuðborgarsvæðinu með endurgreiðslukerfi þannig að þarna eru í gangi millifærslur sem er nauðsynlegt að hafa í huga. Ég get alveg tekið undir það með flutningsmanni, hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, að almenningssamgöngukerfið er partur af ferðaþjónustunni og það er alveg ljóst að margir innlendir og erlendir ferðamenn velja þann kost að fara með áætlunarbílum eða fljúga á milli staða án þess að leggja sjálfir til ökutækin eða flugvélar þannig að það skiptir ferðaþjónustuna máli hvernig þessi þjónusta er byggð upp. Ég held að það hefði kannski verið eðlilegra að sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu hefðu tekið þetta mál upp og það hefði borið að á Alþingi þannig að leitað væri eftir stuðningi við aðgerðir heimamanna sem sæju um þennan tilraunarekstur að öllu leyti með einhverjum tilstyrk frá opinberum aðilum sem væri á grundvelli góðs rökstuðnings um það. Ég vil ekkert vísa þeim möguleikum frá mér. En ég teldi það miklu vænlegri kost, ekki síst vegna þess að sveitarfélögin og aðilar á vegum þeirra hafa verið að skoða þessa möguleika. Ég lýsi því þeirri skoðun minni að ástæða sé til þess að skoða hvort beri að gera slíka tilraun, en hún væri best komin í höndum heimamanna sjálfra með einhverjum stuðningi opinberra aðila.

Hér hefur komið fram að á vegum samgrn. er verið að vinna að úttekt á sérleyfisþjónustunni og þeirri úttekt er að ljúka. Háskóli Íslands hefur unnið það verk í nánu samstarfi við samgrn. og þess er að vænta að innan skamms muni sú skýrsla liggja fyrir. Þar er gerð tilraun til þess að meta stöðuna og fara yfir þá kosti sem eru til staðar og einnig að gera sér grein fyrir því hvaða kröfur eigi að gera til þessarar þjónustu. Ég get ekki upplýst það hér og nú að þess sé að vænta að samgrn. byggi tillögur á þessari úttekt en í mínum huga er alveg ljóst að það þarf að gera breytingar og ná samstöðu um breytt fyrirkomulag sem gæti eflt þjónustuna og skapað meiri möguleika til þess að hún batni. Þá er auðvitað eðlilegt að taka inn í þá skoðun það sem sveitarfélögin eru að gera í dag í þessari þjónustu, þ.e. akstur grunnskólabarna og akstur vegna framhaldsskólanemenda sem er sömuleiðis sums staðar verið er að sinna. Allt þetta þarf að skoðast í einu lagi.

Herra forseti. Ég hlýt að endurtaka þá afstöðu mína að ég tel að það sé ekki hin eðlilega leið að fela Byggðastofnun rekstur á slíku tilraunaverkefni heldur væri það best komið í höndum á heimamönnum. En samgrn. er að vinna að úttekt

á þessum málum og væntanlega sjást tillögur í þeim efnum innan tíðar.

[15:05]

Gunnar Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því mjög að þessi tillaga er fram komin og bendi á mikilvægi þess að tilraunin verði gerð. Ég tel að ef vel tekst til og með góðri umfjöllun um þessa tilraun í fjölmiðlum og það að hún verði auglýst vel upp, geti það hvatt til þeirrar viðhorfsbreytingar sem við öll viljum fá fram, nefnilega að minnka notkun einkabílsins.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti vekur athygli þingmannsins á því að hann fékk orðið til að veita hæstv. samgrh. andsvar við ræðu hans.)

Ég tel að andsvarið felist í því að benda á mikilvægi þess að tilraunin fari fram, með þeim rökum sem ég reyndi að færa fyrir máli mínu.

[15:06]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni og stuðningi við að þessi tillaga til þingsályktunar skuli vera komin fram og þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir að flytja þetta mál inn á Alþingi og vil leggja hér nokkur orð inn í umræðuna.

Það er stefna stjórnvalda að stækka og sameina sveitarfélög. Ég sé fyrir mér Eyjafjörð sem eitt sveitarfélag innan ekkert mjög langs tíma. Það eru kannski hámark tíu ár að Eyjafjörður verði eitt sveitarfélag frá Siglufirði til Akureyrar. Sveitarfélögunum sem slíkum, eða þá væntanlegu sveitarfélagi, verður það algjörlega ofviða og sveitarfélögum almennt er það ofviða að reka almenningssamgöngukerfi, strætisvagna eða hvað við viljum kalla það. Það er bara ekki gert ráð fyrir því í tekjustofnum sveitarfélaga og þau hafa nú fengið það mikið á sig og lítið af tekjustofnum á móti að þau geta aldrei gert þetta. Ég er sammála því sem hér kemur fram og kannski frekar sammála hæstv. samgrh. um það að þessi rekstur sé best kominn hjá sveitarfélögunum sjálfum með styrk eða stuðningi frá samgrn. Ég segi það alveg hiklaust að þannig verður það að koma fram.

Ég tel líka mjög mikilvægt að nota tækifærið á næstu árum til að prófa almenningssamgöngukerfi og tel einmitt Eyjafjörð frá Ólafsfirði til Akureyrar gott tilraunaverkefni í þessu sambandi. Ég sé fyrir mér að Siglufjörður mundi bætast inn í þetta almenningssamgöngukerfi þegar jarðgöngin verða komin eftir svo sem fjögur til fimm ár og þá styttist í þann sameinaða Eyjafjörð sem ég var hér að ræða um. En ég vil líka, af því það hefur ekki komið fram hér í þessari umræðu, benda á það og kannski spyrja hvort mjög íþyngjandi skattar séu ekki hluti af vandamálum við að reka svona fólksflutningafyrirtæki og kemur þá upp í huga minn þungaskatturinn og sú breyting sem gerð var á þungaskatti fyrir einu eða tveimur árum sem stórjók álögur á þessi fyrirtæki. Skyldi það ekki einmitt vera ástæðan fyrir því að þessi fyrirtæki eru öll að gefast upp á þessum rekstri? Það er skattheimta ríkisins, aukningin sem þar varð, ásamt reglum EES um ökutíma og annað, sem gerir þessum fyrirtækjum erfiðara að reka sig sjálf, ásamt ofboðslegri fjölgun á bílum landsmanna. Sennilega erum við Íslendingar bara það mikið einstaklingshyggjufólk að við teljum betra að ferðast um langan veg í bílum okkar, jafnvel þó að aðeins einn sé í hverjum bíl, í staðinn fyrir að nota svona kerfi.

Ég tek undir það sem kemur hér fram að þetta mundi auðvitað styrkja Akureyri sem miðstöð skólastarfs á Norðurlandi, ekki bara skólastarfs, heldur heilbrigðisþjónustu og annars, og styrkti Akureyri í stöðu nokkurs konar höfuðborgar landsbyggðarinnar. Slíkt almenningssamgöngukerfi mundi gera það að verkum að námsfólk sem sækir hvort heldur er Háskólann á Akureyri eða aðra skóla þar, getur meira verið heima hjá sér og það lengur og þannig styrkir það hina smærri staði við Eyjafjörð. Eiginlega má segja að þetta sé hluti af þeirri byggðastefnu sem við erum að ræða um og takast á um. Það er náttúrlega ekki nógu gott ef ýmislegt er orðið þannig í þjóðfélaginu að vonlaust sé að reka fyrirtæki eins og almenningssamgöngufyrirtæki, hvort heldur það eru strætisvagnar eða flug til hinna smærri staða. Það ógnar þessum byggðum kannski langmest ef samgöngur við þær detta algjörlega upp fyrir. Ég er ekki að segja að flugsamgöngur við Akureyri detti upp fyrir en ýmsir smærri staðir á landsbyggðinni eiga mjög í vök að verjast hvað þetta varðar og svo virðist vera að það sé ekki hagkvæmt fyrir flugfélögin að fljúga á ýmsa staði.

Ég kem upp til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þá hugmynd sem hér kemur fram og tek undir það sem hefur komið fram og ítreka að rætt er um þetta sem reynsluverkefni til fimm ára. Ég held að þetta sé reynsluverkefni sem muni þá nýtast á mörgum öðrum stöðum þegar farið verður að ræða þessi mál og blanda þeim saman við sameiningu sveitarfélaga. Ég sagði í upphafi og vil ítreka í lokin að það er sveitarfélögunum ofviða að gera þetta, þetta verður að gerast með styrkjum frá hinu opinbera, hvernig svo sem það verður nú. Hvort það fari beint í gegnum ríkissjóð eða Byggðastofnun er aukaatriði. En þetta verður ekki gert öðruvísi. Og sú tilraun sem hér er vitnað til á jafngóðu svæði og Eyjafjörður er, þar sem hugsanlega gæti jafnvel komið inn í á reynslutímanum að öll þessi sveitarfélög verði sameinuð, mun nýtast okkur mjög vel til þess að byggja upp kerfi af almenningssamgöngum víðar á landinu í hinum, við skulum segja sameinuðu sveitarfélögum sem eiga eftir að verða miklu fleiri, á hinum stóru svæðum til að gera íbúum þessara sveitarfélaga kleift að ferðast milli þéttbýlisstaðanna og sækja þjónustu sem þar er boðið upp á. Þetta vildi ég leggja inn í umræðuna og ítreka að ég þakka fyrir að þessi tillaga hér skuli vera komin fram. Ég þakka flutningsmanni fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli.

[15:12]

Flm. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir undirtektir hans og þykist vita að hugur hans standi til þess að gera bragarbót í þessum málum. Ég vil þó árétta að það er kannski klaufaskapur flutningsmanns að hafa ekki tillöguna þannig að Alþingi álykti að fela forsrh. að láta Byggðastofnun vera með í að gera tilraun, vegna þess að það var aldrei hugsun mín og kom heldur ekki fram í mínum texta að Byggðastofnun færi að reka almenningssamgöngukerfi í Eyjafirði, heldur yrði þetta samstarfsverkefni héraðsnefndar og sveitarfélaga væntanlega. Ég vil líka benda á það að Akureyrarkaupstaður rekur náttúrlega sitt strætisvagnakerfi sem að nýtur framlaga úr bæjarsjóði. Það eru liðlega 20 millj., að mig minnir, þannig að víða er greitt með þessu og raunar alls staðar þar sem er rekið almenningssamgöngukerfi. Mér finnst því að menn megi ekki gera mikið úr því að verið sé að veita framlög vegna þess að við verðum að gera meira úr því að við séum að ná heildarmarkmiðum, heildarsýn. Ef við trúum því að við séum að gera gott fyrir heildina með því að koma á einhverju öðru formi þá verðskuldar það kannski um tíma

opinber framlög. Það er ekkert nýtt mál. Við eigum að horfa þannig á málin.

Af því að hv. þm. Hjálmar Árnason kom inn á það að ríkið ætti ekki að fara reka strætó eða opinberir aðilar, eða spurði um það, þá þekki ég nú mitt heimafólk því það kemur skýrt fram í greinargerð eða úttekt Rekstrar og ráðgjafar á Akureyri að sennilega væri besta fyrirkomulagið miðað við tíðarandann í samfélaginu, þó að ég sé ekki endilega sammála því, að komi aðilar sér saman um að gera þessa tilraun, með t.d. framlagi frá ríkinu í gegnum Byggðastofnun, héraðsnefnd og sveitarfélögin á svæðinu, þá yrði þjónustan boðin út. Það er alls ekki verið að tala um að fara út í neinn SR-mjöl rekstur hér, alls ekki.

Ég vil líka í þessu samhengi, og ég gerði mér far um það, útvíkka umræðuna vegna þess að ég held, eins og hæstv. samgrh. kom inn á, að þetta gildi gagnvart landinu öllu. Síðast þegar þáltill. var tekin til umfjöllunar tóku margir hv. þm. Reykjavíkur til máls og bentu á að í þessu samhengi væri kannski full ástæða til að skoða þessi mál hér í borginni. Ég held að vandamálið í borginni sé kannski svipaðs eðlis, þjónustan sé ekki nógu góð og í stað þess að fara í metnaðarfullar nýjar aðgerðir til að bæta almenningssamgöngur hafi tilhneigingin verið frekar í þá áttina að draga úr og spara. Það er líka hægt, hv. þm., að hagræða eða spara sig í hel, það er ekkert launungarmál.

En ég vil koma inn á þetta mál út frá ræðu hv. þm. Kristjáns L. Möllers. Hann talaði um að aðgerða væri þörf hvað varðar sveitarfélögin, hinar dreifðu byggðir. Ég kom einnig inn á það áðan að það er krafa úti um hinar dreifðu byggðir um að menn sjáist fyrir þegar verið er að gera kerfisbreytingar af ýmsu tagi. Menn áttu að sjá það fyrir þegar eru gerðar kerfisbreytingar, t.d. varðandi Landssímann, menn áttu að sjá það fyrir að það fyrirtæki gæti farið út úr þeim pakka að styðja við þjónustu sérleyfishafanna. Þetta gátu menn séð fyrir. Menn geta líka séð fyrir þegar flugsamgöngur á flugvöllum úti um land leggjast af. Menn eiga að sjást fyrir og greina dæmið upp á nýtt og beita aðgerðum, t.d. af þessu tagi.

Hvað ef flugvöllur er lagður niður eins og búið er að gera, ætli það sé ekki búið að leggja niður þrjá flugvelli á allra síðustu árum bara í mínu kjördæmi? Það eru engir tilburðir til þess að gefa fólki aðra möguleika til að komast um. Þetta er tillaga til að koma fram með aðra lausn fyrir þetta fólk sem hefur verið beitt að vissu leyti afli eða bolabrögðum, kerfisbreytingu, til að taka af því þjónustu sem það hafði haft annaðhvort beint eða óbeint í gegnum opinbera aðila. Þetta eru meginmál. Landsbyggðin stendur öll frammi fyrir þessu að meira eða minna leyti. Síminn leggur niður afgreiðslur þannig að menn þurfa kannski að keyra 100–150 kílómetra til þess að fá sér framlengingarsnúru. Það eru svona mál sem eru í gangi þannig að það þarf að taka þetta í breiðu, víðu samhengi.

Herra forseti. Í heildina tekið held ég að umræðan verði til að við athugum okkar gang. Þetta er ekki bara fyrir okkur sjálf sem persónur, þetta er líka stórt viðskiptamál. Ég vil að það komi fram að aðkoma mín að málinu varð fyrst og fremst vegna þess að ég var um tíma stjórnarformaður Ferðamálamiðstöðvar Eyjafjarðar. Ég gerði mér æ skýrar grein fyrir því að niðurskurður í möguleikum til samgangna var að verða okkur fjötur um fót í ferðamálaþjónustu á landsbyggðinni. Það er ekkert lítið mál að geta verið þátttakandi af fullu afli í ferðamálunum úti um alla landsbyggðina þegar við vitum það að auglýsingar, innkoma á landið er í gegnum stóru fyrirtækin sem fara í gegnum suðvesturhornið. Hún er í gegnum stóru ferðaskrifstofurnar sem eru staðsettar hér. Það má ekki koma hlutum þannig fyrir — og þar hef ég reynslu frænda okkar Dana, Norðmanna, Svía og Finna þar sem þessi umræða fór fram fyrir a.m.k. fimmtán árum árum — við megum ekki koma hlutunum þannig fyrir, t.d. í þeim geira að við förum að selja bara eina tá af landinu. Það er vont upp á framtíðina, það smækkar markaðinn og gefur okkur miklu minni möguleika til þess að ná tekjum í gegnum ferðaþjónustu.

Það er allra mat að þetta mál yrði vítamínssprauta fyrir ferðaþjónustu og mundi á ný gefa landinu þá stækkun eða vídd sem það á í raun og veru skilið, 103 þús. ferkílómetra í staðinn fyrir kannski 10–15 þús. Þetta er meginmál sem þarf að fara ofan í og við verðum að opna augun fyrir því.

Til að gera sér grein fyrir stærðum er ekkert lítið mál fyrir hinar dreifðu byggðir að hafa fulla möguleika á því að taka þátt í ferðaþjónustunni af þeim krafti sem til þarf vegna þess að ætli aukningin í erlendum peningum inn í landið sé ekki milli 5 og 6 milljarðar á þessu ári? Mér skilst að innkoma okkar í erlendum peningum af ferðamannaþjónustunni sé um 26 milljarðar eins og málin standa í dag þannig að hér er ekki verið að tala um lítið dæmi.

Það er von þeirra sem standa að svona róttækum tillögum til uppbyggingar að svo vel takist til að notkunin verði það mikil að dæmið borgi sig og þurfi ekki framlög til. Það er forsvaranlegt ef menn koma með djarfar hugmyndir, það er forsvaranlegt út frá mínum bæjadyrum séð að beita opinberum framlögum um skeið til að keyra tilraun sem menn hafa trú á að geti í heildina gefið svæðinu og einstaklingum mikið í aðra hönd. Þannig legg ég málið upp, hæstv. forseti, og eins og ég sagði áðan vona ég að málið fái farsæla umfjöllun.

Ég árétta enn og aftur: Formið hér inni í þinginu og í stofnunum ekki meginmál í mínum huga, það er ekki það sem skiptir máli hér. Ef ég hef gert þau mistök að ætla að fara með þetta í gegnum Byggðastofnun þá er það bara lítið mál. Þá breytum við því og förum með það í gegnum annað ráðuneyti, fáum framlag annars staðar frá. Í mínum huga er ekki hægt að drepa góðum hugmyndum á dreif með því að hengja sig í formgalla. Ég er tilbúinn að breyta því ef mönnum líst vel á hugmyndina. Ef þetta er spurning um í hvaða ráðuneyti eða hvaða stofnun hlutirnir eiga að fara í gegn, þá breytum við því ef hugmyndin er góð. Þetta eru meginmál.

Að síðustu þakka ég góðir undirtektir. Ég þakka sérstaklega hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir góðar undirtektir. Henni var málið kunnugt, hún taldi að það ætti tvímælalaust að gera þessa tilraun. Ég held að við hefðum öll gott af því og í framhaldi af ákvörðun um slíka tilraun tökum við landið taktfast fyrir og eins og fram kom í máli mínu að er næsta svæði, þegar búið að gera tilsvarandi úttekt af opinberum aðilum, Þingeyjarsýslur, frá Akureyri um Mývatnssveit, Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn. Það er ekki langt síðan hægt var að fljúga til Þórshafnar og enginn eftirlitsmaður er þar á vellinum þannig að erfitt er nú að komast þaðan nema eiga eigin drossíu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 115. mál. — Þskj. 125.

[15:23]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er mælt fyrir tillögu til þál. um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna, sem ég flyt ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni, Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Nefndin verði skipuð fulltrúum félagsmálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í starfi sínu hafi nefndin hliðsjón af fjármögnun, fyrirkomulagi og réttindum sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstaða nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi á haustþingi árið 2000."

Eins og fram kemur, herra forseti, í þessari tillögu er mjög mikill mismunur á rétti foreldra vegna veikinda barna hér og annars staðar á Norðurlöndum. Þessu er lýst í grg. með þáltill. Á Íslandi eru sjö veikindadagar eru að hámarki greiddir á ári fyrir börn undir 13 ára aldri án tillits til hver sjúkdómurinn er, fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra.

Í Svíþjóð eru greidd 90% launa eru greidd í 120 daga á ári fyrir hvert barn 0–16 ára.

Í Finnlandi eru greidd 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Heimilt er að greiða báðum foreldrum laun ef nauðsyn krefur.

Í Noregur eru allt að 780 veikindadagar fyrir hvert barn 0–16 ára.

Í Danmörku er greidd launauppbót 90% launa til annars foreldris á meðan meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur.

Eins og hér sést, herra forseti, eða heyrist á þessari upptalningu er um mjög mikinn mismun að ræða og reyndar er það svo að þó að hér á landi séu einungis sjö dagar á móti t.d. 120 dögum á ári í Svíþjóð fyrir hvert barn 0–16 ára að þá eru þessir sjö veikindadagar einnig háðir ýmsum skilyrðum. Það er t.d. hér á landi skilyrði fyrir veikindagreiðslum frá atvinnurekendum vegna veikinda barna að annarri umönnun verði ekki við komið þannig að báðir foreldrar geti ekki verið heima yfir barni á sama tíma. Rétturinn tekur einungis til barna undir 13 ára aldri meðan hann er annars staðar ýmist til 16 eða 18 ára aldurs. Hér eru þessir sjö dagar einungis bundnir við börn undir 13 ára aldri og svo mætti lengi telja þann mismun sem hér er á.

Þessir mörgu veikindadagar sem eru annars staðar á Norðurlöndunum, og eru langt umfram það sem hér á landi þekkist, er stuðningur hins opinbera, þ.e. það er hið opinbera en ekki atvinnurekendur sem greiða þennan veikindarétt. Stuðningur hins opinbera hér á landi er enginn vegna slíks launataps ef undan eru skildar umönnunarbætur til að mæta útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra og langsjúkra barna. Enda þótt umönnunarbætur séu greiddar foreldrum langsjúkra barna má benda á að þegar meðferð barns t.d. með krabbamein lýkur lækka umönnunarbætur verulega án tillits til þess hvort foreldri, sem hætt er að vinna þegar barnið veikist, geti hafið störf að nýju. Umrædd börn þurfa oft langa aðlögun áður en þau geta lifað því sem kallað er eðlilegu lífi eftir meðferðina og sum þeirra búa við varanlegar afleiðingar sjúkdómsins.

Hið opinbera styður mjög lítið við foreldra þegar um er að ræða veikindi barna og þetta gengur þvert gegn þeirri stefnu sem Alþingi hefur samþykkt um opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar.

Með þessari þáltill. er að finna yfirlit sem var tekið saman fyrir mig af hálfu Hagstofu Íslands um kostnað hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum vegna velferðarkerfisins. Þar kemur fram gífurlegur munur. Við erum að tala hér um miklu minni veikindarétt en annars staðar á Norðurlöndunum, við erum að tala um það að greiðslur almennt, peningagreiðslur, fæðingarorlof, foreldragreiðslur vegna gæslu barna, barnabætur, meðlagsgreiðslur eru allt að helmingi lægri hér en annars staðar á Norðurlöndunum. Það fjármagn sem fer í þjónustu við börn og fjölskyldur er allt að þrefalt meira annars staðar á Norðurlöndum og þannig mætti áfram telja. Allt tal um að við séum að sliga velferðarkerfið vegna greiðslna og þjónustu við fjölskyldur í landinu er alveg út í hött.

Það er líka ástæða til þess að vekja athygli á því að þetta mál kom fyrir 123. löggjafarþing og fjöldinn allur af umsögnum barst heilbr.- og trn. sem fékk þetta mál til umfjöllunar. Segja má að þær séu að langmestu leyti mjög jákvæðar. Þær komu frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, sem mælir með samþykkt tillögunnar, sömuleiðis Umhyggju, landlæknisembættinu, Öryrkjabandalaginu, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, sem ég ætla aðeins að fara nánar í hér á eftir. Sömuleiðis frá samtökunum Lífsvog, Félagi ísl. barnalækna, umboðsmanni barna, Sjúkraliðafélagi Íslands, Stéttarfélagi sjúkraþjálfara, Iðjuþjálfafélagi Íslands, Dagvist barna, Sambandi sveitarfélaga, Landspítalanum, félagsráðgjöfum, Heilsugæslustöð Hlíðasvæðis, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Barnaheill og Barnaverndarstofu.

Allar þær umsagnir sem hér hafa verið taldar upp eru á eina lund og mæla eindregið með samþykkt þessarar tillögu. Ég vil taka fram að í tillögugreininni er ekki tekin afstaða til þess hvort kostnaður af auknum rétti vegna veikinda barna lendi á atvinnurekendum eða ríkissjóði en því skal aftur haldið til haga að hinn mikli veikindaréttur á hinum Norðurlöndunum sem er langt umfram það sem hér gerist, er greiddur af hinu opinbera.

Við þessa umræðu er einnig ástæða til að minna á tilskipun Evrópubandalagsins sem við erum komin í mikla skömm með og snertir þetta mál. Um hana er einnig getið í greinargerð með tillögunni. Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið átti, fyrir 23. september á þessu ári, að lögfesta í öllum EFTA-ríkjunum tilskipun um foreldraorlof sem snertir mjög þessa tillögu. Hér á landi bólar ekkert á að slík tilskipun verði lögfest. Mér skilst að það sé aðallega félmrn. sem hafi með hana að gera og væntanlega einnig heilbrrn. en eftir því sem ég aflaði mér upplýsinga um í dag þá bólar ekkert á frv. um foreldraorlof þó sá tími sé liðinn sem aðildarríkjum EFTA var gefinn til að lögfesta tilskipunina.

Meginefni tilskipunarinnar sem byggð er á fyrstu kjarasamningunum sem gerðir voru á Evrópuvettvangi er að

tryggja öllum foreldrum, jafnt mæðrum sem feðrum, rétt til foreldraorlofs að viðbættu fæðingarorlofi. Foreldraorlofið skal vera minnst þrír mánuðir fyrir hvert foreldri vegna hvers barns, þar með teljast frumættleidd börn og börn sem tekin eru í varanlegt fóstur og skal rétturinn gilda allt að átta ára aldri barnsins. Einstökum aðildarríkjum er gefið ákveðið svigrúm varðandi nánari útfærslur, svo sem varðandi sveigjanleika orlofstökunnar o.fl. í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Samkvæmt tilskipuninni fylgir ekki skylda til greiðslu launa í foreldraorlofi en evrópska verkalýðshreyfingin hefur áréttað að greiðslur séu forsenda þess að um raunverulegan og virkan rétt sé að ræða. Auk foreldraorlofsins er í tilskipuninni kveðið á um rétt fólks á vinnumarkaði til að hverfa fyrirvaralaust úr vinnu vegna neyðartilfella sem upp koma, svo sem vegna veikinda eða annarra ófyrirséðra forfalla fjölskyldumeðlima, barna eða maka. Greiðsluréttur fylgir ekki sjálfkrafa samkvæmt tilskipuninni. Þessi tilskipun tengist beinlínis því máli sem að hér er til umræðu.

Alþýðusamband Íslands sendi heilbr.- og trn. umsögn um tillöguna sem við fjöllum um. Þar er tekið undir efni þessarar tillögu eins og aðrir hafa reyndar gert. Þar er áréttað að réttur til fæðingarorlofs sé verulega lakari hér á landi en gerist á hinum Norðurlöndunum og almennt í Norður-Evrópu, bæði hvað varðar lengd orlofsins og þær greiðslur sem foreldrar njóta í fæðingarorlofi. Einnig er bent á foreldraorlof að viðbættu fæðingarorlofi sem þegar er þekkt víða í Evrópu og ætlað er að tryggja möguleika beggja foreldra til að taka taka leyfi frá störfum með það að markmiði að geta verið virkari í uppeldinu. Síðan er bent á þessa tilskipun, hve nauðsynlegt sé að lögfesta hana og hvernig hún geti tryggt aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir að tilskipunin um foreldraorlof sé mikilvægur liður í þróun félagsmála í Evrópu og óaðskiljanlegur hluti af þeim skuldbindingum sem Íslendingar tóku á sig á þessu sviði með aðild sinni að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í tilskipuninni er kveðið á um heimild launafólks til leyfis frá störfum af óviðráðanlegum ástæðum, svo sem ef veikindi og slys ber að höndum og er þá ekki bara verið að vísa til óhappa sem hent geta börn viðkomandi heldur jafnframt maka eða foreldri sem viðkomandi hefur á heimili sínu eða hann ber ábyrgð á.

Herra forseti. Ég hef lauslega drepið á þessa tilskipun þó ærin ástæða væri að fara miklu nánar ofan í hana. Auðvitað er full ástæða til að ráðherrar í þessari ríkisstjórn, sem bera ábyrgð á þessu máli, svari hér á Alþingi Íslendinga hvaða ástæða er fyrir því að dregist hefur að leggja fram þessa tilskipun um foreldraorlof. Samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið átti tilskipunin að vera lögfest hér fyrir 23. september sl.

Í lokin vil ég víkja að umsögn Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna sem lagt hefur gífurlega áherslu á að þessi tillaga verði samþykkt og einnig Umhyggja – félag langveikra barna. Það er auðvitað ljóst að skjólstæðingar Umhyggju og Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna munu ekki síst njóta góðs af því ef vilji er fyrir því á Alþingi að fara í þá athugun sem þessi þáltill. kveður á um, jafnvel þó ekki væri nema til að auka eitthvað við þann rétt sem er skammarlega lágur hér samanborið við annars staðar. Í því efni er allt til bóta. En í umsögn Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna segir:

„Umönnunargreiðslur eru nú tryggðar fjölskyldum langsjúkra barna með lögum. Það skal þó undirstrikað að þeim er einungis ætlað að bæta foreldrum aukna vinnu og aukin útgjöld sem hlýst af aukinni umönnun alvarlega sjúks barns. Þeim er með öðrum orðum ekki ætlað að bæta viðkomandi fjölskyldum það tekjutap sem þær óhjákvæmilega verða fyrir þegar foreldri hættir vinnu í óákveðinn tíma til að helga sig umönnun barnsins sem er raunin alla vega þegar um krabbamein er að ræða. Eins og sjá má í greinargerðinni með tillögunni fær launþegi hér á landi sjö daga launað frí að hámarki á hverju ári til að sinna sjúkum börnum sínum, þó aðeins ef viðkomandi barn er yngra en 13 ára.“

Ég vil skjóta hér inn að það er aðeins vegna eins barns, jafnvel þó að fjölskyldur eigi tvö börn eða fleiri þá fjölgar ekki þessum sjö dögum. Síðan segir:

„Það má þó ekki gleymast að í landinu er fjöldi smárra hópa, t.d. fjölskyldur barna með sjaldgæfa sjúkdóma, sem vegna fámennis eru ekki í stakk búnir til að afla fjár á sama hátt og stærri félögin og eiga þar af leiðandi ekki í nein hús að venda með sín fjárhagsvandamál.“

Herra forseti. Það mælir allt með því að þessi tillaga hljóti hljómgrunn hér á hv. Alþingi. Von mín er að hún hljóti góða umfjöllun og jákvæða í þeirri nefnd sem fær hana til umfjöllunar. Ég legg til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. heilbr.- og trn. að lokinni þessari umræðu.

[15:38]

Útbýting þingskjala:

Beinþynning, 180. mál, fsp. SvanJ, þskj. 209.

Jöfnun námskostnaðar, 182. mál, fsp. KLM, þskj. 211.

Viðlagatrygging Íslands, 181. mál, frv. BjörgvS o.fl., þskj. 210.

[15:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar þessi umræða var kynnt var réttilega sagt að hér væri að hefjast fyrri umræða um málið. Ég vona að það reynist orð að sönnu og hér fari fram önnur umræða og afgreiðsla málsins. Allt of oft vill það brenna við að mál sem ekki fá góðan hljómgrunn hjá stjórnarmeirihlutanum eru svæfð í nefndum. Það er mjög mikilvægt að þetta mál sofni ekki í nefnd.

Þegar launafólk og samtök launafólks koma saman, efna til funda og móta kröfugerðir, þá ber þessi mál hátt. Ég vil segja frá því að þegar saman komu fulltrúar samtaka opinberra starfsmanna innan almannaþjónustunnar, kennarasamböndin, Bandalag háskólamanna og BSRB, var það sem hér er til umræðu mjög ofarlega á blaði. Í tillögum sem þessi samtök sem ég nefndi sendu frá sér er lagt til að lágmarksréttur til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langtímaveikinda barna verði tveir mánuðir án skerðingar á launum. Þetta er sett fram í kröfum fyrir kjarasamninga. Er þar með sagt að menn séu endanlega að taka afstöðu til þess hvernig standa eigi straum af kostnaði við þessi veikindi? Nei, sjálfum finnst mér reyndar eðlilegt að almannatryggingakerfið standi straum af þessum kostnaði. En ég nefni þetta til að gera grein fyrir því að þetta er mikið kappsmál hjá samtökum launafólks.

Eins og fram kom í framsöguræðu 1. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, eru þessi réttindi hér á landi mun lakari en gerist í þeim ríkjum sem við helst berum okkur saman við, hin Norðurlöndin. Í Svíþjóð eru 90% launa greidd í 120 daga á ári fyrir hvert barn fram að 16 ára aldri. Í Finnlandi eru greidd 66% af launum í 60–90 daga á ári og

lengur vegna langsjúkra barna. Einnig er heimilt að greiða báðum foreldrum laun ef nauðsyn krefur. Í Noregi er þessi réttur enn rýmri, 780 veikindadagar og þar af full laun, 100% laun í 260 daga, 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn að 16 ára aldri auk orlofs af greiddum sjúkrabótum í allt að 12 vikur á ári. Í Danmörku er greidd launauppbót, þ.e. 90% af launum, til annars foreldris á meðan á meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur.

Þetta yfirlit er eins og segir í grg. með þáltill. byggt á upplýsingum frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna um bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna á Norðurlöndum. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur leggja Samtök langveikra barna að sjálfsögðu mjög ríka áherslu á að hér verði gerð bragarbót hið allra fyrsta.

Þessi þáltill. segir í reynd ekki annað en að þegar verði farið í þessa vinnu, að skipuð verði nefnd sem hafi það verkefni að tryggja betur rétt foreldra til launa við fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Lagt er til að þessi nefnd verði skipuð fulltrúum félmrn., heilbr.- og trmrn., aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni sjúkra barna. Í tillögunni segir enn fremur að eðlilegt sé að líta til hinna Norðurlandanna um fyrirkomulag ef hægt er að draga lærdóm af því fyrirkomulagi.

Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni eitt mikilvægasta mál sem kemur til kasta þingsins. Það er mikilvægt fyrir samfélagið vegna þess að það er mannréttindamál. Það gefur augaleið að það er lífsnauðsynlegt fyrir þá sem í hlut eiga. Ég held að hér séu ekki á ferðinni himinháar upphæðir. Ég held að þetta sé ekki neitt sem setur þjóðfélagið eða efnahaginn á annan endann. Þó finnst mér að leggja mætti talsvert á sig til þess að fá þessi réttindamál í höfn. Ég held að það sé ekki mjög kostnaðarsamt að ráða bót á þessu en þetta eru mannréttindi sem þola enga bið.

[15:45]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að standa aftur upp undir umræðunni þar sem ég hafði knappan tíma í fyrri umferð og gat ekki komið öllu því til skila sem mér fannst nauðsynlegt í þessari umræðu. Ekki síður er ástæða þess að ég stend upp það sem fram kom í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 13. þm. Reykv., Ögmundar Jónassonar.

Mér finnst fagnaðarefni að opinberir starfsmenn hafi rætt þessi mál eins og fram kom í máli hans og ekki aðeins það heldur er ljóst af máli hans að opinberir starfsmenn hyggjast setja þetta fram í kröfugerð sinni í næstu kjarasamningum. Mér finnst það mjög athyglisvert sem hér kemur fram. Einnig er það athyglisvert að hv. þm. nefnir tveggja mánaða veikindarétt í veikindum barna án skerðingar á launum. Jafnvel þótt gengið væri að þessum kröfum, hugmyndum eða tillögum frá opinberum starfsmönnum, herra forseti, um tveggja mánaða veikindarétt fyrir foreldra vegna veikra barna, erum við samt sem áður á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum hvað þennan rétt varðar. Það er það sem mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á.

Eins og ég sagði áðan er þetta til skammar, ekki bara hve dagarnir eru fáir heldur skiptir engu máli hve börnin eru mörg í fjölskyldunni. Þó börnin séu fimm er veikindarétturinn einungis sjö dagar. Þetta eru ekki sjö dagar, herra forseti, fyrir hvert barn heldur eru þetta sjö dagar án tillits til fjölda barna eða alvarleika sjúkdómsins. Allir hljóta að sjá hve brýnt er orðið að taka á þessu máli.

Þar sem þetta kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni og vegna þess að opinberir starfsmenn ætla að setja þetta á oddinn er líka rétt að geta þess sem fram kemur í greinargerðinni, þ.e. að vegna þessa litla réttar sem þarna er hafa sjúkrasjóðir stéttarfélaganna hlaupið undir bagga í mörgum tilvikum eins og sjúkrasjóður Verslunarmannafélagsins og fleiri reyndar. En hér er bent á að opinberir starfsmenn eða bankamenn eiga ekki sjúkrasjóð og hafa ekki möguleika á stuðningi umfram þá sjö daga sem kjarasamningar heimila. Auðvitað er full ástæða til þess að taka málið upp með þeim hætti sem opinberir starfsmenn ætla að gera og vona ég að tillagan geti orðið jákvætt innlegg í þá umræðu.

Það er alveg rétt sem hv. þm. nefndi að það ætti varla að sliga útgjöld ríkissjóðs þó að réttur vegna veikinda barna yrði aukinn. Í fskj. með frv. er samanburður við hinar Norðurlandaþjóðirnar um útgjöld almennt til velferðarmála og hvað við erum líka þar langt á eftir. Það er líka rétt að halda til haga að jafnvel þó að útgjöldin vegna barna og fjölskyldna þeirra séu miklu minni hér en hjá hinum Norðurlandaþjóðunum þá er samt hlutfall barna undir 15 ára aldri miklu hærra hér en annars staðar á Norðurlöndunum. Þegar sú tafla var birt, sem fylgir tillögunni, fyrir sennilega þremur árum, var fjöldi barna undir 15 ára aldri 24,5% af heildinni miðað við 17–19% af heildinni annars staðar á Norðurlöndunum. Samt eru útgjöld á íbúa og sem hlutfall af landsframleiðslu til barna og fjölskyldna þeirra helmningi lægri en annars staðar á Norðurlöndunum.

Þess vegna fannst mér það líka mjög athyglisvert sem fram kom fyrir nokkrum dögum, ég held það kallist á miðstjórnarfundi hjá Framsfl., sú skoðun eða álit eða yfirlýsing frá formanni Framsfl. að þeir telja bara að það eigi að setja helsta kosningaloforð framsóknarmanna inn í kjarasamninga og að barnakortin eigi að vera einhver skiptimynt í kjarasamningum. Ég veit ekki hvort hv. þingmenn Framsfl. meina að launþegar í landinu eigi að borga fyrir þetta helsta kosningaloforð þeirra með minni launahækkunum í komandi kjarasamningum. Mér finnst bera ágætlega í veiði að hv. varaþingmaður Framsfl. stendur hér, Árni Gunnarsson, og hann hefur sjálfsagt átt sæti á miðstjórnarfundinum. Væri ágætt að vita hvort það sé skoðun hv. þm., sem kom fram hjá formanni Framsfl., að helsta kosningaloforð framsóknarmanna eigi að vera skiptimynt í kjarasamningum.

Ég held líka, herra forseti, af því við erum að ræða um barnakortin, að fólk geti ekki verið voðalega bjartsýnt um að það breyti eitthvað barnabótakerfinu, hvað þá heldur að barnakort sýni sig í vasa barnafjölskyldna á næstu mánuðum eða jafnvel árum þegar litið er til svars sem ég fékk frá hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni um barnabætur. Þar spyr ég sérstaklega um hvaða áform séu nú uppi um að draga úr tekjutengingu barnabóta og hvenær megi ætla að þau komist til framkvæmda. Þar er einungis vísað í stjórnarsáttmálann, sem er mjög loðinn, um breytingar á barnabótakerfinu. Í stjórnarsáttmálanum stendur, með leyfi forseta:

„Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum.“

Það er greinilega ekkert samkomulag komið um það milli stjórnarflokkanna. Síðan segir fjmrh. í þessu svari: „Gert er ráð fyrir að unnið verði að þessu markmiði á kjörtímabilinu.“ Og hana nú. Ekki var nú fastar að orði kveðið en svo að gert er ráð fyrir að unnið verði að þessu markmiði á kjörtíma-

bilinu, þ.e. að draga úr tekjutengingu í barnabótakerfinu eða koma á barnakortum. Lengra er nú málið ekki komið, herra forseti. Samt stendur í stjórnarsáttmálanum að það eigi að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð.

Í svari hæstv. fjmrh. kemur m.a. fram, sem ágætt er að halda til haga þegar við erum að ræða stöðu fjölskyldunnar og skammarlega lítinn rétt foreldra vegna veikinda barna, að ekki er betur staðið vörð um þennan hornstein þjóðfélagsins, sem stjórnarsáttmálinn talar um, en svo að barnabætur hafa skerst um hundruð milljóna á þessu kjörtímabili, á kjörtímabili þar sem þjóðin hefur búið við uppsveiflu í efnahagsmálum.

Mér finnst ekki mikið að marka það sem þar stendur og þetta séu meira orð á blaði en að fólk geti treyst þessu. Þeim sem fá barnabætur hefur fækkað um hvorki meira né minna en 30 þúsund frá 1992.

Þessu vildi ég halda til haga, herra forseti, um leið og ég fagna því og það var aðalerindi mitt í þennan ræðustól, að formaður BSRB og hv. þm. Ögmundur Jónasson, skyldi lýsa því yfir að það yrði eitt af helstu baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar eða opinberra starfsmanna í næstu kjarasamningum að tryggja aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna sem er efni þeirrar tillögu sem við ræðum hér.

[15:55]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í samstarfssáttmála og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. segir að endurskoða skuli skattalöggjöfina með það að markmiði m.a. að draga úr jaðaráhrifum og mismunun innan skattkerfisins og stuðla þannig að aukinni skilvirkni þess, með leyfi forseta.

Þetta er verk sem þarf að ganga í m.a. vegna þess að á þeim árum sem þetta stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og Framsfl. hefur varað hefur orðið gríðarleg kaupmáttaraukning í landinu. Þessi kaupmáttaraukning skýrir líka að stórum hluta að barnabætur hafa lækkað vegna þess að þær eru tekjutengdar. Þar af leiðandi er mjög eðlilegt að skattalöggjöfin verði endurskoðuð með þetta að leiðarljósi. Ég tel að skattalöggjöfin eins og hún virkar í dag endurspegli ekki það sama og hún gerði fyrir árið 1995, þ.e. að það sé ákveðinn hópur sem hefur hækkað í tekjum en ekki fengið að njóta hækkunarinnar sem skyldi vegna þess að tekjutengingar í kerfinu hafa skert bætur frá ríkinu í staðinn.

Þetta er það sem við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á og þetta er það sem við viljum vinna að núna á næstu missirum að endurskoða skattalöggjöfina með þetta að leiðarljósi. Ég tel mikilvægt að við þá endurskoðun sé nokkuð breitt samráð og menn kasti ekki til höndunum í þeim efnum.

Varðandi barnabæturnar eða hin sérstöku barnakort þá er það hugmynd sem upphaflega er ættuð frá ungum framsóknarmönnum og á að koma sem svar við því að tekjutengingin hefur lækkað ákveðna hópa í ráðstöfunartekjum.

[15:57]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heldur fannst mér það máttleysisleg svör að vísa til þess að kaupmáttur hafi aukist og þess vegna hafi þeim fækkað sem fá barnabætur. Því er til að svara í fyrsta lagi að á engu hinna Norðurlandanna og í mjög fáum aðildarríkjum OECD eru barnabætur tekjutengdar, hvergi á Norðurlöndunum. Varðandi kaupmáttinn og að hann hafi aukist og tekjur fólks og þess vegna hafi þeim fækkað sem fá barnabætur, er ekki síður vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki látið skattfrelsismörk eða persónuafsláttinn fylgja vísitölu. Það er ekki síst ástæða þess.

Ég er full samúðar með hv. þm., af því að barnakortin eru nú upprunnin frá ungum framsóknarmönnum, að svona skuli farið með þessa ágætu hugmynd vegna þess að hún er alveg ágæt út af fyrir sig og ég vildi gjarnan skoða hana og styðja framsóknarmenn í því að þessi barnakort kæmust til skila í vasa barnafjölskyldna. En ég vil spyrja hv. þm. að því hvort hann sé sammála Halldóri Ásgrímssyni, formanni Framsfl., um að eðlilegt sé að barnakortin, þetta meginstefnumál ungra framsóknarmanna og helsta kosningaloforð framsóknarmanna, verði bara skiptimynt í kjarasamningum. ASÍ hefur þegar hafnað því að svo verði, ef ég skil framkvæmdastjóra ASÍ rétt, og hefur vísað til þess sem er vissulega rétt að verkalýðshreyfingin hefur ekki góða reynslu af samvinnu við stjórnarflokkana um breytingar á skattkerfinu. Þess vegna hrýs mörgum hugur við því ef þetta eiga að vera efndirnar að vísa þessu bara í kjarasamninga og það eigi að vera einhver skiptimynt við launafólk í komandi kjarasamningum. Þess vegna, af því ég ber fullt traust til hv. þm. um að hann geri það sem í hans valdi stendur til að koma barnakortunum á, spyr ég hann hvort við getum ekki verið sammála um að óeðlilegt sé að barnakortin, sem eru að mér skilst ættuð frá ungum framsóknarmönnum, verði skiptimynt í kjarasamningum.

[16:00]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir styður hugmyndir um barnakort og ég er sannfærður um að þessi hugmynd eigi eftir að verða að veruleika og nýtast vel. En ég tel að hún oftúlki orð Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsfl. Ég hygg að hann hafi aldrei orðað það svo að þetta ætti að verða skiptimynt í kjarasamningum. Hins vegar er það alveg rétt að fram undan eru kjarasamningar og það er rétt að taka þessi mál upp sem allra fyrst.

Ég vil leggja á það áherslu, af því að hv. þm. sagði að ræða mín áðan hefði verið máttlaus, að heildarendurskoðun á tekjuskattskerfinu er nauðsynleg fyrst og fremst vegna þess að það eru breyttar forsendur. Það deilir enginn um að kaupmáttur hefur aukist verulega í þjóðfélaginu og við því þarf að bregðast. Ég tel að það tekjuskattskerfi sem við búum við í dag þjóni hvorki hlutverki sínu sem fjáröflunarkerfi né heldur sem réttlátt jöfnunarkerfi. Þess vegna þarf að leggja í þá vinnu. En barnakortin ein og sér geta verið ágætisbyrjun og þurfa ekki að tengjast heildarendurskoðun á skattkerfinu sem menn þurfa, að mínu viti, að taka sér góðan tíma í að vinna.

[16:01]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf gott að vera bjartsýnn og mér fannst hv. þm. vera það þegar hann ræddi blessuð barnakortin. En mér fannst hann ekki hafa hlustað grannt á formann sinn á miðstjórnarfundinum. Kannski hefur hann áhyggjur af svari hv. fjmrh. sem vitnar í stjórnarsáttmálann þar sem mjög óljóst orðalag er um barnakortin og sagt að gert sé ráð fyrir að unnið verði að þessu markmiði á kjörtímabilinu. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann telji það ekki úrslitaatriði af hálfu framsóknarmanna að þegar í stað og ekki síðar en á næsta ári verði ráðist í að koma þessum barnakortum til framkvæmda. Ég verð að segja að mér finnst það óviðunandi fyrir hönd Framsfl. ef þetta á að bíða og sitja á hakanum þar til kannski

undir lok kjörtímabilsins. Mér finnst þetta vera svo stórt mál að ráðast í breytingar á barnabótakerfinu almennt. Ég er ekkert að segja að barnakortin séu hin eina og sanna rétta leið heldur það að ráðast í að draga úr og helst fella niður þessa tekjutengingu. Það hlýtur að vera óviðunandi fyrir framsóknarmenn og þeim hlýtur að líða mjög illa meðan málið er í jafnmikilli þoku og það er í samstarfi þessara flokka. Það er greinilegt að þessu orði, barnakort, hefur verið þröngvað inn í stjórnarsáttmálann og ef ég þekki Sjálfstfl. rétt verður þetta mjög erfitt mál fyrir Framsfl. Það hlýtur að vera óviðunandi fyrir unga framsóknarmenn ef þetta verður algjörlega látið sitja á hakanum eða reynt að koma þessu einhvern veginn inn í kjarasamninga, en því hefur verkalýðshreyfingin þegar lagst gegn.

[16:03]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um það mikilvæga mál sem hér er rætt, tillögu til þingsályktunar um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna. Ég get tekið undir það að þetta er sennilega eitt þýðingarmesta mál sem lagt hefur verið fram á hinu háa Alþingi fyrir utan kannski fjárlög. Greinargerðina og allt það sem fylgir með tillögunni ber náttúrlega að þakka flutningsfólki tillögunnar sérstaklega fyrir, þ.e. að vekja athygli á þessu máli eins og hér er gert. Þetta sýnir hvað við Íslendingar erum aftarlega á merinni hvað þetta varðar, eins og svo margt annað.

Það er ekki bara að foreldrar almennt hafi lítinn rétt vegna veikinda barna. Ég vildi líka minna á og nefna í umræðunni kostnað landsbyggðarfólks við veikindi barna, kostnað landsbyggðarfólks sem þarf að taka sig upp og fara suður til Reykjavíkur til þess að leita lækninga fyrir börn sín og sækja þjónustu sem eingöngu er veitt í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er ekki svo lítið mál kostnaðarlega séð og þess eru dæmi að fólk úti á landi hafi hreinlega gefist upp á að búa úti á landi og þurft að flytja nauðugt suður til Reykjavíkur vegna veikinda barna sinna. Það er vegna þess að kerfið býður ekki upp á og tekur ekki næganlegan þátt í þeim kostnaði sem hlýst við það að splundra fjölskyldum í raun og veru, þ.e. ef annað foreldrið þarf jafnvel að taka sig frá hinu og flytja sig suður og skilja hitt foreldrið eftir með börn, og nánast halda tvö heimili. Þetta er því mikill kostnaður sem ég vildi bæta inn í þessa umræðu og nefna hér.

Í svokallaðri byggðanefnd forsrh. sem ég hef oft vitnað í og ég sat í, var einmitt fjallað um þessi mál. Í einni tillögu nefndarinnar, sem merkt var 4. liður, var einmitt fjallað um þennan kostnað landsbyggðarfólks vegna sérfræðilækn isþjónustu og annars slíks sem auðvitað skarast við þessa þáltill. hér. Með leyfi forseta vil ég lesa þessa tillögu eins og hún liggur fyrir:

„Til þess að auðvelda fólki á landsbyggðinni aðgang að sérfræðilæknisþjónustu verði sérstaklega skoðaðir tveir kostir:

a. að beinn ferðakostnaður sem hlýst af því að sækja slíka þjónustu verði frádráttarbær frá skatti,

b. að með beinum framlögum í gegnum Tryggingastofnun verði slíkur kostnaður endurgreiðslubær í ríkara mæli en nú er.“

Þetta var eitt af þeim atriðum sem við ræddum mjög mikið í byggðanefnd forsrh. og þetta er ein af þeim tillögum sem við kölluðum „bráðaaðgerðir“ og þyrfti að koma strax til framkvæmda. Auðvitað fellur þetta inn í þá þáltill. sem hér er verið að fjalla um og ég endurtek og vil þakka fyrir að hefur verið lögð fyrir þingið þó ég óttist að þessi tillaga eins og svo mörg önnur góð mál, sem frá stjórnarandstöðu koma, verði svæfð í nefndum þingsins.

Vegna þess að hér hefur verið dreift svari fjmrh. við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um barnabætur, á þskj. 184, þá er ansi gaman að lesa hvernig Norðmenn hafa sinn hátt á með barnabætur. Ég vil aðeins leggja það inn í umræðuna, vegna þess að hér er fjallað um það sem ég var að tala um áðan með landsbyggðarfólkið og kostnað þess sem er umfram kostnað höfuðborgarbúa vegna veikinda barna, að Norðmennirnir eru ekki hræddir við að nota skattkerfið til þess að létta undir með fólki og til þess að rétta hlut þeirra sem á landsbyggðinni búa umfram höfuðborgarbúana. Norðmennirnir greiða nefnilega aukabarnabætur fyrir þá sem búa í Finnmörku og Norður-Troms upp á 33.300 kr. Ég vildi bara aðeins vekja athygli á þessu vegna þess að þetta kemur fram í þessari ágætu spurningu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði fyrir fjmrh. og dreift hefur verið á þskj. 184. Ég tek það skýrt fram að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að Norðmenn noti barnabótakerfið líka til þess að létta þarna undir. Á þetta vildi ég benda og nefna að margt í byggðastefnu Norðmanna getum við tekið okkur til fyrirmyndar á Íslandi. Ég endurtek að ég þakka flutningsmönnum fyrir að hafa flutt þetta mál inn á Alþingi. Það er sennilega eitt af mikilvægari málum þessa þings.

[16:09]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst full ástæða til að þakka hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristjáni L. Möller, fyrir þá sýn sem hann dregur upp í þessu máli og kom kannski ekki nægilega fram fyrr við þessa umræðu, þ.e. hvaða áhrif tillagan getur haft á landsbyggðarfólk. Það er vissulega rétt sem hv. þm. segir að það vegur þungt hjá mörgum fjölskyldum á landsbyggðinni að hafa þurft að taka sig upp til þess að leita læknisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Því er það alveg ljóst að þessi tillaga um að fjölga veikindadögum og auka rétt foreldra veikra barna mun hafa veruleg jákvæð áhrif fyrir landsbyggðarfólk. Það er örugglega alveg rétt að einmitt vegna þess hve veikindarétturinn hefur verið lítill þá hafa margar fjölskyldur gefist upp á búsetu úti á landi og þurft að flytjast hingað. Ég held að það eigi ekki síst við um fólk úti á landsbyggðinni sem á langveik börn. Þess vegna á sú hlið sem hv. þm. dregur upp um mikilvægi tillögunnar mjög mikið erindi í þá umræðu sem hér fer fram. Þetta er ekki nægilegt vegna þess að kostnaður af ferðalögum hingað á höfuðborgarsvæðið og dvalarkostnaður er mjög mikill. Þó hv. þm. dragi upp tillögu sem fram kom í byggðanefnd forsrh. á sínum tíma til að létta undir með þessum fjölskyldum vegna kostnaðar landsbyggðarfólks vegna veikra barna sinna þá hef ég enga trú á að neitt gerist í neinum mæli meðan þessi ríkisstjórn situr. Ég hef ekki trú á því að hv. þm., sem er mjög góður málsvari landsbyggðarfólks, hafi nokkra trú á því heldur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 147. mál. — Þskj. 168.

og

Söfnunarkassar, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 148. mál. — Þskj. 169.

[16:12]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þau frv. sem hér verða rædd sameiginlega, frv. til laga um brottfall laga nr. 73/1994, um söfnunarkassa, og frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, fjalla um það í stuttu máli að banna spilavíti á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum SÁÁ vex spilafíkn mjög hröðum skrefum í landi okkar og er það einkum ungt fólk sem ánetjast spilafíkninni. Á undanförnum árum hafa um 100 manns fengið stuðning hjá SÁÁ vegna fíknar sinnar. Þess eru mörg dæmi að fólk spili frá sér allar eignir og oft breiðir sviðin jörð þessarar ógæfu sig til margra aðstandenda. Fyrir rúmum tveimur árum var hér á ferðinni bandarískur prófessor í geðhjúkrun, Sheila B. Blume að nafni, en hún er jafnframt stjórnandi meðferðarstofnunar fyrir áfengis-, eiturlyfja- og spilafíkla í New York. Þessi bandaríski prófessor benti á hvílíkur skaðvaldur þessi fíkn væri og sagði m.a. eftirfarandi í viðtali við Ríkisútvarpið:

„Áfengissýki eyðileggur fjölskyldu, konu, mann og börn, en spilafíkn eyðileggur fyrir mörgum kynslóðum. Ekki er einungis auði nærfjölskyldunnar sóað heldur foreldra, afa og ömmu, barna og barnabarna, svo spilafíkn fer verr með fjölskyldur en áfengissýki."

Þetta sagði þessi bandaríski prófessor sem hér var í heimsókn. Í viðtalinu kom fram að iðulega yrðu fíklar svo niðurbrotnir að þeir fyrirfæru sér. Það er vissulega mikið áhyggjuefni að ekki skuli reynt að stemma á að ósi í þessum efnum. En við ramman reip er að draga. Þeir sem hagnast á spilakössum og spilavítum hér á landi eru Háskóli Íslands og ýmsar þjóðþrifastofnanir og samtök á borð við Rauða kross Íslands, Landsbjörg og reyndar einnig SÁÁ, eins mótsagnarkennt og það hljómar. Ástæðan fyrir því að meiri hluti Alþingis vill ekki aðhafast í málinu er að mínum dómi sú að þessar stofnanir og samtök yrðu af mjög mikilvægum tekjustofnum, en samtals nemur beinn hagnaður þessara aðila vegna spilakassanna rúmum milljarði króna á ári. Ef kostnaður við spilavítisvélarnar er ekki dreginn frá, heldur litið á það sem úr kössunum kemur þá nálgast upphæðin tvo milljarða kr. Heildarveltan er svo enn þá meiri því talsvert fer í vasa þeirra sem spila á kassana. Það skýrir fíknina, vogun vinnur, vogun tapar. Einhver hagnast en flestir sitja eftir með sárt ennið. En þessar tölur gefa vísbendingu um hve miklar upphæðir er um að tefla.

Herra forseti. Ég vil geta þess að ég hef lagt fram fyrirspurn um ágóðann, tekjurnar af þessum söfnunarkössum, bæði fyrir Íslenska söfnunarkassa sf., sem stofnanir á borð við Rauða krossinn og Landsbjörg eiga aðild að, og svo fyrir Háskóla Íslands en svör hafa ekki borist. Á 123. löggjafarþingi var lögð fram fyrirspurn af hálfu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um söfnunarkassa og happdrættisvélar og þá komu fram tölur frá árinu 1994 fram á árið 1998. Samkvæmt þeim tölum er beinn hagnaður þessara aðila árið 1997 1.119 millj. kr.

Það má því með nokkrum sanni segja að tveir aðilar hafi ánetjast spilakössunum, þeir sem eru háðir þeim sem fíklar og hinir sem eru háðir þeim sem tekjustofni. Þau frumvörp sem við erum með til umfjöllunar hafa áður komið fram að uppistöðu til en eru nú endurflutt og eru það þingmenn úr öllum flokkum á þingi sem standa að þessum frumvörpum, þ.e. auk mín hv. Árni Gunnarsson, Gísli S. Einarsson, Pétur H. Blöndal og Sverrir Hermannsson.

Þegar þessar tillögur komu til kasta þingsins síðast lýstu margir miklum efasemdum og höfð voru uppi stór orð um að við værum að hafa peninga af þjóðþrifastofnunum. Við búum reyndar svo um í þessum frv. að við getum þess að mikilvægt sé að finna þessum stofnunum nýja tekjustofna. Við tökum ekki fram hvar þeir eiga að vera og engar staðhæfingar eru um að það skuli koma úr opinberum sjóðum en við nefnum þetta sem mikilvægt atriði.

Þegar þessi mál voru síðast til umfjöllunar voru þau tekin út úr nefnd, þau voru tekin út úr allshn. og samþykkt á þingi á þann hátt að þeim var vísað til ríkisstjórnarinnar. Okkur var sagt að nefndarálit væri í smíðum þar sem öll happdrættismálin væru til umfjöllunar. Við gerðum þetta í góðri trú. Síðan tók ég þetta upp á þingi og spurði hæstv. þáv. dómsmrh. Þorstein Pálsson hvað þessu liði og hvað ætti að gera og hann sagði þá mér og mörgum til mikillar undrunar að aldrei hefði staðið til að gera neitt annað en að vísa málinu til nefndar.

Þegar álit þessarar nefndar er skoðað eins og það liggur núna fyrir er nú ekki mikið kjöt á beini. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þátttaka í leikjum svokallaðra happdrættisvéla er sú tegund happdrætta sem hvað mestra vinsælda nýtur í dag. Tvö fyrirtæki reka happdrættisvélar hér á landi, Happdrætti Háskóla Íslands er rekur Gullnámuna og Íslenskir söfnunarkassar sem eru með söfnunarkassa. Happdrættisvélarnar gefa eingöngu peningavinninga. Þar sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur einkarétt á peningahappdrættum og greiðir sérstakt gjald til ríkisins samkvæmt því verður að telja að löggjöfin um Happdrætti Háskóla Íslands og Íslenska söfnunarkassa stangist á hvað þetta varðar. Lítið sem ekkert opinbert eftirlit hefur verið með starfsemi happdrættisvéla. Bæði þarf að löggilda vélarnar og fylgjast með því að þær starfi í samræmi við lög, svo sem hvað snertir vinningshlutfall. Til þess að sinna eftirlitinu þarf sérfróða menn á þessu sviði. Reglugerð um söfnunarkassa hefur ekki verið sett svo sem lög gera ráð fyrir. Engar reglur eru um hvar heimilt er að setja upp vélar. Lögreglan hefur þó í einhverjum mæli fylgst með því hvort farið sé eftir 16 ára aldurstakmarki í söfnunarkassa. Brýnt er að í lögum verði skýrt kveðið á um reiknings- og skýrsluskil þeirra aðila er reka happdrættisvélar."

Þetta stóð aldrei til að gera af okkar hálfu, þ.e. að efla bara eftirlitið. Að sjálfsögðu er það skárra en eftirlitslausir kassar. En tillagan gengur út á að banna þessa starfsemi, að banna þessar vélar.

Þegar umræðan fór fram voru nokkur skrif í blöðum og þeir sem blönduðust í umræðuna fengu upphringingar og bréf víðs vegar að. Ég verð að segja að þá fyrst gerði ég mér grein fyrir því hve djúptækur þessi vandi er og hversu alvarlegt mál er á ferðinni. Í sumum þessara bréfa eru höfð uppi stór orð þar sem menn tala um að það sé mikil ógæfa fyrir

íslenskt samfélag að stofnanir á borð við Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ, Landsbjörgu og önnur slík samtök skuli gera sér ógæfu annarra að féþúfu. Í einu slíku bréfi, sem ég fékk sent í apríl 1999, segir m.a., með leyfi forseta:

„Spilasjúklingar eru margir á Íslandi og þeim fjölgar stöðugt eftir því sem þessum vítisvélum fjölgar og aðgengi að þeim. Margir fjölskylduharmleikir hafa orðið. Menn hafa gerst brotlegir við lög og dæmdir í fangelsi og framið sjálfsvíg en ég veit um þrjú sjálfsvíg fjölskyldufeðra vegna þess að spiluðu burt aleigunni í spilakössum háskólans. Þau eru örugglega fleiri. Samt er mér tjáð að bannað sé að reka spilavíti samkvæmt íslenskum lögum en að sérreglur gildi um þessar stofnanir. Í dag er það samt svo að hér á höfuðborgarsvæðinu eru spilavíti í hverri einustu sjoppu eða vídeóleigu og hverri einustu krá og veitingastað. Ég segi spilavíti vegna þess að þetta eru hreinræktuð spilavíti. Ég veit með vissu að vinnandi fólk tapar vikukaupinu sínu á klukkutíma í þessum spilakössum. Unglingar sækja mjög í þetta og spila margir burt öllum peningum sem þeir eignast. Spilakassarnir eru bóksataflega úti um allt og það er opið frá því snemma á morgnana og þangað til seint á kvöldin.

Sonur vinkonu minnar, 16 ára gamall verkamaður, spilaði burt öllu kaupinu sínu, 200 þúsund kr., í ferbrúar og mars í Gullnámu Háskóla Íslands. Spilavítið var beint á móti bankanum þangað sem hann sótti kaupið sitt. Það var vinnufélagi hans, spilasjúklingur til margra ára, sem kenndi honum þetta. Þessi drengur brotnaði saman og var rekinn úr vinnunni og er nú til læknismeðferðar. Fórnarlömb þessara vítisvéla á Íslandi skipta þúsundum."

Síðar segir í þessu sama bréfi, með leyfi forseta:

„Það er einmitt út á þessa sjúklinga sem happdrættin, Háskóli Íslands og Rauði krossinn gera. Enginn heilbrigður maður eyðir peningum sínum og aleigu og tíma í það að standa við þessar vítisvélar. Sumt heilbrigt fólk álpast kannski í þetta einu sinni til tvisvar á ári og eyðir í þetta fáeinum þúsundum og síðan ekki söguna meir. Á þessu fólki græða happdrættin ekki neitt. Það er á sjúklingana, þunglyndissjúklingana, spilafíklana, fólk sem á í erfiðleikum og reynir að flýja veruleikann sem gert er út með ömurlegustu afleiðingum sem hægt er að hugsa sér, eignamissi, sundrungu fjölskyldna, lögbrotum, þjófnaði og fjársvikum og svo sjálfsvígum. Þetta er það djöfullegasta athæfi sem hægt er að hugsa sér. Og þetta eru háskólinn og Rauði krossin sem standa fyrir þessu með blessun Alþingis og ríkisstjórnar. Og enginn segir neitt nema örfáir þingmenn sem enginn virðist hlusta á. Eitt er víst, fórnarlömbin, sjúklingarnir, spilafíklarnir munu aldrei láta í sér heyra. Þeir skammast sín fyrir athæfi sitt og reyna að fela það eins og þeir mögulega geta. Þetta vita happdrættin og þess vegna hafa forráðamenn þeirra engar áhyggjur af þessum málum. Þeir fá sitt kaup örugglega mjög ríflegt og sjálfsagt dást þeir að sjálfum sér fyrir það hvað þeir eru sniðugir að afla tekna sem skipta mörg hundruð milljónum á hverju ári og sem sóttar eru í vasa ógæfufólks og sjúklinga."

Undir þetta skrifar maður á þennan hátt:

„Aðstandandi þunglyndissjúklings sem spilaði frá sér aleiguna í spilakössum Háskóla Íslands og framdi síðan sjálfsvíg."

Þetta eru mjög þung orð. En tilefnið er líka ærið. Ég held hins vegar að það sé ekki rétt sem þarna kemur fram að menn sem við þetta starfa hafi ekki af þessu neinar áhyggjur. Það kemur a.m.k. fram í umsögnum margra aðila sem bárust Alþingi á sínum tíma. Þó eru þar undarlegar æfingar á ferðinni. Í álitsgerð sem Alþingi barst frá Gullnámunni, sem Happdrætti Háskóla Íslands stendur að, er m.a. vitnað í greinargerð siðfræðings, heimspekings sem starfar á vegum Háskóla Íslands. Þegar hann dregur saman niðurstöður sínar segir hann m.a. að vandséð sé hvaða siðleg rök geti stutt þá skoðun að happdrætti séu almennt siðferðilega röng þrátt fyrir að þau geti valdið böli hjá minni hluta fólks sem vegna þroska- og/eða ístöðuleysis nær ekki því sem fræðimenn kalla meðalviljastyrk.

Síðan segir hér að þar sem engin rök liggi fyrir að svo stöddu um að vélarnar valdi meira böli en gleði geti ekki talist siðferðilega rangt að bjóða upp á þær sem nýjan kost á veðleikjamarkaðnum. Hann segir reyndar að þetta sé umdeilt og það yrði háskólanum til álitsauka að gangast sjálfur fyrir rannsókn á ólíkum veðleikjum á Íslandi og áhrifum þeirra á þátttakendurna. Síðan er fjallað um það að munur sé á siðferðis- og velsæmisbrotum og að rekstur Happdrættis Háskóla Íslands kunni að falla undir hið síðarnefnda vegna hinnar sérstöku og viðkvæmu stöðu háskóla í samfélaginu, stöðu sem einkum byggist á kennivaldi, vegna þeirra afleiðinga, segi ég, sem þetta hefur í för með sér. Mér er alveg sama hvort talað er um siðferðis- eða velsæmisbrot. Niðurstaða höfundar er sú að það er rökstudd skoðun höfundar að íslensk stjórnvöld hafa að nauðsynjalitlu knúið Háskóla Íslands til slíkra aðgerða.

Þetta er mergurinn málsins. Menn telja að stjórnvöld hafi knúið þessar góðu stofnanir til þess að afla fjár með þessum hætti. En ég segi: Tilgangurinn helgar ekki meðalið. Í þessu efni helgar tilgangurinn ekki meðalið. Þessu á að breyta. En við leggjum að sjálfsögðu áherslu á að þessum stofnunum verði fundinn viðunandi tekjustofn.

Áður en ég skil við þessa álitsgerð þá segir einmitt þetta:

„Happdrætti háskólans hlýtur að óska eftir því að flutningsmenn skýri frá því með hvaða hætti nauðsynlegt fjármagn til tækja og bygginga verði fengið í stað skerts framlags Háskóla Íslands sem óhjákvæmilega leiðir af stöðvun Gullnámurekstursins."

Við erum tilbúin að taka þátt í umræðu um hvernig eigi að afla fjármuna. Við skulum ræða það. Við flutningsmenn erum ekkert á einu máli um það og höfum ekki rætt það sérstaklega. En sönnunarbyrðin hvílir ekki á okkur. Hún hvílir ekki á okkur þótt við tökum undir það að það sé eðlilegt að þessum ágætu stofnunum eins og Háskóla Íslands, þeirri mikilvægu menningarstofnun í samfélagi okkar, verði fundnar viðunandi tekjur og það á einnig við um hina aðilana, SÁÁ og Rauða krossinn, björgunarsveitirnar og aðra sem hlut eiga að máli.

Hæstv. forseti. Áður en ég lýk máli mínu langar mig til að hlaupa í örstuttu máli yfir þessar umsagnir. Þar kom fram, eins og ráða má af málflutningi mínum, að SÁÁ leggst gegn samþykkt ofangreindra frv. nema sambærileg og jafnörugg fjáröflun verði tryggð á móti. Þá segi ég: Tilgangurinn helgar ekki meðalið. Það þarf að finna tekjustofna en fyrst á að leggja þetta af og gera það helst jafnhliða.

Frá Rauða krossinum, Landsbjörgu, Slysavarnafélaginu og SÁÁ segir í einni greinargerðinni:

„Söfnunarkassarnir eru aðeins hluti af fjölbreyttu úrvali aðferða sem Alþingi hefur samþykkt og viðurkennt til að spila upp á vinning. Má þar nefna skafmiða og skyndihappdrætti, flokkahappdrætti, Lottó, getraunir ... Fullkomlega

óeðlilegt er að taka aðeins eina starfsemi fyrir og banna hana."

Það er ekkert óeðlilegt við það að banna þessar vítisvélar, ekkert.

Stjórn Sýslumannafélagsins gerir ekki athugasemd við þessi frv. og ég ætla ekki að fara nánar í þetta að öðru leyti en að vitna í tvær umsagnir sem taka mjög eindregið undir með okkur flm.

Í fyrsta lagi frá Geðlæknafélagi Íslands. Í álitsgerð sem Geðlæknafélagið sendi frá sér á sínum tíma segir: „Stjórn Geðlæknafélags Íslands er samþykk ofangreindum lagafrumvörpum og styður þau heils hugar. Félagið er sammála þeim röksemdum sem liggja að baki, samanber grg. með lagafrumvörpunum."

Síðan segir í álitsgerð frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands: „ÍSÍ er eignaraðili að fyrirtækinu Íslensk getspá sem rekur Lottó og skylda starfsemi. Íslensk getspá er í samkeppni við þá aðila sem reka söfnunarkassa og happdrættisvélar enda þótt sú starfsemi sé af ólíkum toga. Með vísan til þeirrar hörðu samkeppni sem ríkir á spilamarkaðnum, verður að teljast vafasamt að ÍSÍ lýsi sinni skoðun sinni að söfnunarkassar og happdrættisvélar séu til skaða og óþurftar. Það skal þó gert, fyrst spurt er." Undir það skrifar fyrir hönd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Ellert B. Schram.

Ég tel að þarna sé tekið á málum af ábyrgð. Ég vona það svo sannarlega að Alþingi beri gæfu til þess að gera það einnig.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna á að eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.)

[16:32]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég get haft skammar signingar yfir efni þeirra frv. sem hér eru til umræðu. Eins og öllum hv. þm. ætti að vera kunnugt er fjárhættuspil hvers konar og rekstur spilavíta með öllu bannað samkvæmt íslenskum lögum. Það þyrfti e.t.v. að leita úrskurðar um það hjá þar til bærum aðilum hvort hér sé ekki um slíka starfsemi að tefla vegna þeirrar reynslu sem þegar hefur fengist af þessum spilavítum, sem dreift er út um öll foldar ból.

Flm. er alveg ljóst að sú ágæta stofnun Háskóli Íslands og umrædd samtök þurfa á fjármunum þessum að halda. Það réttlætir ekki að þeirra sé aflað með þessum hætti. Ef málið snerist eingöngu um það að afla fjár og menn létu sig engu skipta með hvaða hætti, þá er auðvitað hægt að hugsa sér það og huga að tillögum einstakra Heimdellinga sem hafa orðfært að hefja frjálsa sölu á kannabisefnum og eiturefnum. Það mun gefa víst afskaplega vel í aðra hönd.

Þeir sem láta undan fíkn sinni að þessu leyti eru ekki fólk sem hefur efni á því. Í örvæntingu er fólkið að leita eftir lausn á vanda sínum, fjárhagsvanda. Það sekkur ætíð dýpra og endar með ósköpum. Dæmin eru mýmörg eins og menn geta gengið úr skugga um. Þess vegna þarf að bregðast við þessu þótt seint sé. Menn sáu þetta ekki fyrir, ég minnist þess þegar þetta var til umræðu á sínum tíma. Nú þegar nefnd fær þetta til meðferðar hlýtur það að vera verkefni hennar að gera tillögur um hvernig þessi samtök fái bættan þann fjármissi sem þau verða fyrir þess vegna. Þetta eru ekki slíkar fjárhæðir að ekki séu viðráðanlegar. Ég veit að flm. og þeir sem hafa augum opin í þessu efni munu ekki telja eftir sér að gera þar um tillögur sem ná tilgangi sínum.

Þetta vildi ég sagt hafa. Dæmin eru svo hrottafengin, hvernig þessi fjárhættuspil hafa leikið fólk og það er vaxandi hörmungarástand í þessu efni. Hið háa Alþingi getur með engu móti látið sem ekki sé. Hér hafa þingmenn úr öllum þingflokkum flutt frv. og ég vona að það verði til þess að þeim sem mestu ráða verði ófært að ganga þegjandi fram hjá þessu lífshagsmunamáli.

[16:36]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég trúi á einstaklinginn. Ég vil veg hans og frelsi sem mest. Þannig trúi ég að stuðlað sé að velsæld og hamingju flestra í þjóðfélaginu. Stundum gerist það þó að einstaklingurinn er sviptur vilja sínum og verður heltekinn af fíkn þannig að hann hefur ekki lengur sjálfstæðan vilja. Þetta gerist t.d. þegar hann ánetjast eiturlyfjum, áfengissýki eða spilafíkn. Í slíkum tilfellum tel ég, þrátt fyrir að ég trúi á frelsi einstaklingsins, nauðsynlegt að takmarka frelsi hans — þegar hann er orðinn viljalaus. Það gerum við með því að banna eiturlyf, með því að reyna að takmarka áfengissölu og með því að banna spilavíti. Þetta eru fíknir sem taka völdin af einstaklingnum og valda þeim og fjölskyldum þeirra ómældum hörmungum og jafnvel dauða, eins og hér hefur komið fram. Þetta eru persónulegir harmleikir.

Herra forseti. Það fer illa saman að stunda háleita menntun, hjálparstarf og jafnvel baráttu gegn áfengis- og eiturlyfjafíkn með því að græða á spilafíkn. Það hlýtur að vera vanþekking á eðli spilafíknar sem veldur því að þeir sem stýra þessum samtökum skuli sækja í svo vafasama uppsprettu fjár. Þeim dytti aldrei í hug að nota hagnað af sölu eiturlyfja. Þetta hlýtur að vera vanþekking á eðli spilafíknarinnar.

En hvernig má snúa við blaðinu? Hér hefur verið nefnt að þessir aðilar verði fyrir tekjutapi. Jú, það er vissulega rétt. Þeir hafa miklar tekjur af þessu. Með spilakössum fjármögnum við bæði menntun og baráttu gegn eiturlyfjum og öðru slíku. En við ræddum fyrir nokkrum dögum um siðferði fyrirtækja og þá umræðu gætu menn nýtt sér. Fyrirtæki eru í auknum mæli að átta sig á því að þau hafa karakter. Þau gætu t.d. verið stuðningsaðilar menningar með því að byggja skólastofu í háskóla eins og gert var í Verslunarskólanum á sínum tíma. Þar áttu fyrirtæki stofur. Þau gætu líka stutt baráttuna gegn eiturlyfjum, auglýst það og notið velvildar almennings fyrir að fyrirtækið styðji baráttuna gegn eiturlyfjum. Þau gætu nefnilega velflest haft þessi markmið með það að augnamiði að öðlast þann karakter eða eiginleika að þau styði menntun og menningu eða berjist gegn eiturlyfjum og slíkum vágestum. Þannig mætti fá fjármagn til þessarar starfsemi. Þetta er bara spurningin um hugkvæmni og framtak og markaðssetningu þeirra aðila sem notið hafa þessa fjár hingað til.

En ég vil undirstrika að það er í hæsta máta ósiðlegt að menn skuli nota hagnaðinn af slíkri starfsemi til að stunda menntun, menningu og jafnvel baráttu gegn fíkn.

[16:40]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. sem við fyrstu sýn láta ákaflega lítið yfir sér. Þetta eru ákaflega einföld frv., tvær efnisgreinar hvort um sig. En þegar við skoðum þau nánar kemur á daginn að hér er um að ræða mjög stór mál. Þau geta orðið mjög afdrifarík fyrir fjölda fólks. Frv. fela það bókstaflega í sér að rústa fjárhagsgrundvelli samtaka á borð

við SÁÁ, Rauða krossinn, björgunarsveitirnar og Háskóla Íslands og stofnanir hans. Það er ekkert minna. Ég verð nú að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þetta hálfgerð sýndarmennskutillaga, alveg eins og mér fannst þegar þessi tillaga var flutt á sínum tíma. Það kom fram í máli hv. 1. flm. og kemur auðvitað fram í athugasemdum við þennan frumvarpstexta, dekur og daður við þá hugmynd að eitthvað eigi nú að koma eitthvað í staðinn.

Nú skulum við aðeins velta fyrir okkur alvöru þessa máls og hversu mikil meining er á bak við þessi orð. Það er rangt sem 1. flm. sagði hér áðan að fram kæmi í frv. að eitthvað annað ætti að koma í staðinn. Það kemur ekki fram í þessu frv. Í athugasemdunum er almennt tal um að einhverjar leiðir eigi að finna í staðinn og þakka skyldi nú. Hér er um tekjustofna að ræða sem eru bókstaflega bráðnauðsynlegir fyrir starfsemi þessara hagsmunasamtaka og stofnana í þjóðfélagi okkar. Auðvitað er sjálfgefið að þeim, sem leggja til að taka tekjustofna af þeim samtökum sem ég nefndi hér áðan, ber auðvitað heilmikil skylda í þeim efnum, að leggja fram aðrar hugmyndir á móti. En alvaran er samt sem áður ekki meiri en svo að í 2. gr. beggja frv. er lagt til að þessi breyting sem frv. felur í sér taki gildi eftir einn og hálfan mánuð.

Nú er verið að mæla fyrir þessu, þetta mál á eftir að fara til efnislegrar meðhöndlunar í viðeigandi þingnefnd. Málið á síðan eftir að senda út til umsagnar fjölda aðila í þjóðfélaginu, a.m.k. skyldi maður ætla að hv. flm. telji að aðrir kunni að hafa eitthvað um þetta mál að segja, geti notað sinn lýðræðislega rétt til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við hv. þingnefnd. Það er gert ráð að allt þetta eigi að gerast á einum og hálfum mánuði. Dettur einhverjum í hug að þá verði búið að finna tekjustofna upp á einn og hálfan milljarð fyrir Háskóla Íslands, SÁÁ, Rauða krossinn, Landsbjörg og Slysavarnafélagið, sem er nú að vísu búið að sameina? Auðvitað er það ekki þannig. Það kom fram í máli hv. 1. flm. að engin samstaða er meðal hv. flm. um hvað eigi að koma þarna í staðinn.

Ég tel þess virði að við ræðum þetta og einnig hvort í því felist tvískinnungsháttur, fyrir samtök á borð við þau sem hér hafa verið nefnd, byggi á einhvern hátt tilveru sína á tekjum frá svona starfsemi. Ég er ekki að gera lítið úr þeim vanda sem starfsemi spilavéla og söfnunarkassa hefur í för með sér og ætla síst af öllu að vefengja það sem hv. 1. flm. las upp hérna áðan. En eigum við nú ekki aðeins að velta fyrir okkur hvernig þessu víkur við að öðru leyti? Hvar eigum við að draga mörkin? Spilavélar og söfnunarkassar — hvað með Lottó? Það er fyrirbrigði sem skotið hefur upp kollinum á fáum árum og laðar til sín þúsundir og kannski tugþúsundir fólks hverja einustu helgi. Það leggur peninga í að veðja á að geta orðið milljónamæringur ef tölurnar þeirra komi upp í Lottóinu. Víkingalottó fer fram í sjónvarpinu um miðja viku og laðar til sín fjölda fólks sem hættir fé sínu til að spila á spennuna sem það felur í sér að geta orðið hundraðmilljónamæringur með því að taka þátt.

Ef við lítum í eigin barm, hv. þingmenn sem förum með fjárveitingavaldið þá gætum við spurt: Hvað er það sem við erum að véla um þessa dagana? Fjárlagafrumvarpið. Er ekki einn af stóru tekjupóstunum í fjárlagafrumvarpinu sala á brennivíni og tóbaki? Hefði ekki verið hægt að hafa svipaðar sögur af hörmulegum afleiðingum áfengisneyslu og sígarettureykinga, viðurlegi forseti, sem að vísu er búið að gera útlægar úr þessu húsi? Hefði ekki mátt fjalla um sígarettureykingar sem hafa haft í för með sér hrikalegar afleiðingar ekki síst fyrir unga fólkið sem í fávísi sinni gengst á hönd þessum hræðilegu ávanaefnum, sígarettum og brennivíni, með afleiðingum sem allir þekkja og við kostum til stórfé í okkar þjóðfélagi til að reyna að bregðast við?

Virðulegi forseti. Við þurfum því að velta þessu fyrir okkur í miklu víðara samhengi ef við eigum að treysta okkur til að fella þá stóru dóma um að stofnanir á borð við Háskóla Íslands eða samtök á borð við Rauða krossinn, Slysavarnafélagið og SÁÁ megi ekki hafa tekjur sínar af starfsemi af þessu tagi.

Ég held, virðulegi forseti, að út af fyrir sig sé ágætt að við hv. þingmenn veltum fyrir okkur siðferðilegum spurningum eins og þeim sem hér hefur verið gert. Ég vil í fyrsta lagi árétta að mér finnst það ekki frambærilegt hjá hv. flm. að leggja fram tillögu sem felur það í sér að svipta þessi góðu samtök tekjustofnum sínum með eins og hálfs mánaðar fyrirvara án þess að neitt sé komið handfast í staðinn. Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að við spyrjum okkur fleiri spurninga af þessu tagi, bæði varðandi Lottóið eða bara venjulegt happdrætti. Síðast en ekki síst lifir ríkissjóður sjálfur að nokkru leyti á tekjum af því að selja fólki áfengi, jafnhættulegum og göróttum drykkjum. Ríkið selur einnig sígarettur sem örugglega hefur í för með sér dauða svo og svo margra Íslendinga á hverju einasta ári. Við þurfum því vissulega að svara slíkum siðferðilegum spurningum í miklu víðara samhengi.

Virðulegi forseti. Ég get ekki á nokkurn hátt tekið undir þetta frv. Ég átti þess kost fyrir nokkru þegar sambærilegt mál var hér á döfinni að ræða það og gerði það eins og ég er núna að gera. Ég vildi bara árétta þetta sjónarmið mitt svo ekki kæmu fram eintóna skilaboð við 1. umr. málsins. Ef menn ætli sér að fella burtu tekjustofna hjá þessum samtökum upp á rúman 1,5 milljarða á ári, samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram í athugasemdunum, þá tel ég það vera ábyrgðarleysi að ætla sér að gera það með eins og hálfs mánaðar fyrirvara án þess að koma fram með handfastar tillögur um hvað eigi að koma í staðinn.

[16:48]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að hér er á ferðinni stórmál. Ég vil líka taka undir það að samþykkt þessara frumvarpa gæti verið afdrifarík fyrir fjölda fólks. En þar sleppir því að við séum sammála.

Það væri afdrifaríkt fyrir fólk sem hefur ánetjast þessari fíkn að losna við slíkar vítisvélar úr umhverfi sínu. Að sjálfsögðu væri það líka afdrifaríkt fyrir þær stofnanir og samtök sem eru háð peningum frá þessu ógæfufólki. En ekki er þar með sagt að höggva eigi á þessa tekjulind.

Hv. þm. segir að sýndarmennsku gæti í frv. og í þessum málatilbúnaði. Samkvæmt frv. ætti þau að taka gildi eftir fáeina mánuði, núna um áramótin, og þetta sé sýndarmennska. Það eigi eftir að senda frv. til umsagnar um allt þjóðfélagið og það taki sinn tíma.

Það hefur verið gert, ég er með bunkann hérna. Þessi frv. hafa tvisvar komið til kasta Alþingis. Stjórnarmeirihlutinn hefur séð til þess að þau hafa kafnað þar, því miður. Reyndar er rangt hjá mér að tala um þetta mál á forsendum stjórnar og stjórnarandstöðu, mig langar til að taka það aftur, því þetta er þverpólitískt mál og kemur fram í því að flm. úr öllum þingflokkum standa að þessu máli. En þetta er ekki sýndarmennska. Það er dauðans alvara að baki þessum frv. og við getum þess í grg. með þeim að við teljum mikil-

vægt að afla þessum stofnunum, Háskóla Íslands og þessum þjóðþrifastofnunum annarra tekjustofna. En sönnunarbyrðin hvílir ekki á okkur og fyrst á að ráðast í þessa lagabreytingu, gerum hitt en samhliða.

[16:50]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég talaði um sýndarmennsku áðan þá sagði ég að mér þætti sýndarmennska að leggja fram tillögu sem fæli það í sér að svipta stofnanir og samtök á borð við þau sem hér eru upp talin í þessu máli tekjustofnum sínum með eins og hálfs mánaðar fyrirvara án þess að nokkuð lægi fyrir um hvar ætti að útvega þeim tekjur í staðinn. Um þetta snýst málið.

Það er grafalvarlegt ef við ætlum ekki jafnframt að leggja fram handfastar, klárar hugmyndir um það hvar þessar stofnanir og samtök eigi að fá tekjustofna á móti. Ég get ekki fallist á það með hv. þm. að best væri að það gerðist samhliða. Það er auðvitað forsenda þess að hægt sé að breyta þessum lögum, að menn finni þá aðra tekjustofna á móti.

Ég sé ekki að mönnum takist á einum og hálfum mánuði að finna leiðir fyrir þessi samtök og stofnanir sem ekki fela í sér á einhvern hátt þátttöku í happdrætti eða einhverju viðlíka, að menn séu tilbúnir til þess að finna fjármagn fyrir þessi samtök upp á 1,5 milljarða, hvort sem það er með því að sækja þá peninga út í atvinnulífið, sem vel að merkja er að leggja stórfé inn í alls konar fjöldahreyfingar, m.a. samtök sem sum hver eru nefnd hérna eins og t.d. Slysavarnafélagið eða íþróttafélög. Við vitum að atvinnulífið er undirlagt af beiðnum frá slíkum samtökum. Ég býst ekki við að þar sé feitan gölt að flá og á ekki von á að auðsótt væri núna á lokastigum fjárlagagerðarinnar að finna 1,5 milljarða úr ríkissjóði til að leggja til þessara samtaka.

Ég segi því að það er bara einfaldlega ekki frambærilegt að taka á svona máli nema að sjá fyrir endann á því. Það er auðvitað ekki bara á verksviði þeirra sem flyta frv. en hins vegar verður erfiðara en menn ætla að finna tekjustofna fyrir þessi samtök.

[16:52]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það að mér finnst ekki vera frambærilegt að stofnanir á borð við Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ, Landsbjörg og aðrir slíkir aðilar hagnist á ógæfu fólks. Mér finnst það ekki ásættanlegt. Þetta er þjóðarböl sem okkur ber að uppræta og það strax.

Ég minni á að þessi umræða er ekki ný af nálinni á Alþingi Íslendinga. Við höfum hins vegar verið dregin á asnaeyrunum í þessu máli. Við samþykktum í þessum sal fyrir nokkrum missirum að vísa þessum frv. eða svipuðum til ríkisstjórnarinnar í þeirri trú að þar yrði tekið á þessum málum í þeim anda sem við erum að leggja til. Ég leyfði mér að vitna í skýrslu þar sem greinir frá niðurstöðunni. Hún er ekki í þeim anda sem við höfum talað um. En mér leikur forvitni á að vita hvort hv. þm. Einar K. Guðfinnsson væri reiðubúinn að leggja sig fram við það með okkur, flm. frv., hvernig hægt væri að afla þessum stofnunum tekna til að standa straum af starfsemi sinni, háskólanum við að reka sínar deildir, þar á meðal Siðfræðistofnun, guðfræðideild; SÁÁ að standa straum af þeirri ágætu starfsemi sem þar er rekin, m.a. að lækna eitt hundrað spilafíkla á ári hverju.

[16:54]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af síðustu spurningunni þá er henni fljótsvarað. Ég er tilbúinn til að velta þeim hlutum fyrir mér bæði með flm. og öðrum þeim sem vilja leggja í þá vinnu. Ég tel hins vegar að það sé forsendan fyrir því að hægt sé að hrófla við tekjustofnum þessara samtaka, að við séum búin að finna þeim nýjan tekjugrundvöll.

Við skulum bara átta okkur á því hvað það hefði í för með sér að svipta þau samtök og stofnanir tekjugrundvelli sínum og láta þau svífa um í óvissunni langt fram á næsta ár án þess að finna lausn á vanda þeirra. Ég tel að við þurfum að ræða þetta mál á þeim nótum. Ef mönnum finnst það siðferðilega óásættanlegt, óviðunandi að þessi starfsemi sé til staðar í landinu þá er það auðvitað verkefni fyrir okkur að bregðast við því.

En þá þurfum við líka að velta þessum hlutum fyrir okkur í víðara samhengi alveg eins og ég var að reyna að gera hér áðan, og þær spurningar koma upp: Er það verjandi fyrir ríkissjóð að fjármagna heilbrigðiskerfið og skólakerfið með sölu áfengis og tóbaks? Er það verjandi fyrir íþróttastarfsemi í landinu að fjármagna sig með Lóttói sem líka felur í sér ákveðinn spilafíknarhvata? Mér fannst nú bréf frá ÍSÍ fyrst og fremst lýsa ákveðnum tvískinnungi. Þetta var bréf frá samkeppnisaðila sem gerði sér grein fyrir því að þessir söfnunarkassar tækju peninga frá Lottóinu. Mér fannst dálítið af tvískinnungi í bréfi ÍSÍ því að auðvitað er Lottó-starfsemi og happdrættisstarfsemi knúin áfram af voninni um að fá stóra vinninginn, voninni um að verða heppinn alveg eins og í spilavítum, spilakössum og hvað þetta allt heitir.

[16:57]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í þessa umræðu. Ég reikna reyndar með að þetta mál komi til hv. allshn. þar sem ég gegni formennsku. Þar situr hv. þm., 1. flm. þessa máls.

Þetta er mál sem við þekkjum hér á hv. Alþingi og höfum fjallað um áður. Almennt vil ég halda því fram að happdrætti sé til að auka tilbreytni í mannlífinu og að því leyti sé það skemmtileg dægradvöl. Það hefur verið gífurleg þróun á happdrættismarkaðnum á undanförnum árum, ekki bara hér heldur almennt í heiminum og ekki síst á hinum Norðurlöndunum líka. Síðan árið 1993 hefur Happdrætti Háskólans verið með þessar tæknivæddu spilavélar sem orka tvímælis, ég get tekið undir það, og er aðalumræðuefnið hér.

Ég vil minna á að hægt er að stunda þessa starfsemi t.d. á internetinu. Það er því ekki einfalt að banna þetta hér á landi. Við ráðum ekki við málið í heild sinni.

En í sambandi við t.d. hin Norðurlöndin sem ég nefndi aðeins áðan þá er happdrættisstarfsemi, eftir því sem ég best veit, að verulegu leyti rekin af ríkinu. Þar hafa mál þróast á svipaðan hátt og hér. Til dæmis eru happdrættisvélar í Svíþjóð reknar af ríkinu. Þar er rekið mikilvægt happdrættisvélakerfi sjö þúsund véla, svipað happdrættisform er í Noregi og Finnlandi. Í Danmörku er t.d. leyfð starfsemi sérstakra spilasala. Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu.

Eins og hér hefur komið fram hefur happdrætti verið notað til að afla fjár til uppbyggingar á þjóðþrifastarfsemi. Þannig hefur Happdrætti SÍBS byggt upp endurhæfingarstarfsemi, Happdrætti DAS öldrunarstarfsemi og Rauði krossinn, SÁÁ og björgunarsamtök fengið leyfi til að afla fjár til starfsemi

sinnar með söfnunarkössum. Málið sem hér er til umfjöllunar snýr því að veigamiklum þáttum í þjóðlífinu. Náttúrlega yrði að kosta þessa starfsemi á annan hátt ef þær tillögur yrðu samþykktar sem hér eru. Um það snýst þetta mál og þarf náttúrlega að fara í mikla vinnu til þess að finna þá framtíðarlausn.

Ég vil að hér komi fram að hæstv. dómsmrh. gerir sér grein fyrir því að þessi starfsemi þarfnast stöðugrar umfjöllunar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi það áðan að fyrrv. hæstv. dómsmrh. hefði haft að engu ályktun sem gerð var á hv. Alþingi þegar málum var vísað til ríkisstjórnarinnar. Þau mál voru svipuð og þeim sem hér eru til umfjöllunar. Af því tilefni vil ég að fram komi að sú nefnd, sem skipuð var af fyrrv. hæstv. dómsmrh., skilaði tillögum og frumhugmyndum. Þær hugmyndir eru til umfjöllunar í dómsmrn. Hæstv. dómsmrh. hefur hugsað sér að um þær verði fjallað áfram og farið yfir málið.

Eins vil ég taka fram að ég hyggst beita mér fyrir því sem starfandi formaður í allshn. að farið verði yfir þetta mál aftur. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þessi mál valda miklum vandræðum í samfélaginu, miklum erfiðleikum inni á heimilum og fjölskyldutragedíum, má segja. Við getum ekki horft fram hjá því. Eins og hv. þingmenn vita eflaust hefur SÁÁ boðið upp á þjónustu við þá sem verst verða úti í þessum málum og meðferð, sem er nú kannski ákveðinn tvískinnungur.

Nefndin mun fjalla um þetta mál og svo verðum að sjá til um niðurstöðuna.

[17:02]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að ég geri greinarmun á happdrættum. Ég set þau ekki öll undir sama hatt. Það er alveg rétt að stundum getur verið erfitt að draga markalínur. En ég held að flestum sem á annað borð gagnrýna þessi mál beri saman um að happdrættisvélar, ekki síst þær sem eru samtengdar þannig að miklir fjármunir geta áskotnast þeim sem er heppinn, eru það sem flestir flokka undir spilavíti. Uppistaðan í spilavítunum í Las Vegas eru nákvæmlega svona kassar.

Það sem mér fannst jákvætt í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, starfandi formanns allshn., var að hún sagði að þessir kassar orkuðu tvímælis. Ég vona að að baki þessum orðum búi sá ásetningur að taka alvarlega á þessum málum. Það er rétt, eins og fram kom í máli hv. þm. að þessi mál hafa verið til umfjöllunar í nefnd sem tók á öllum happdrættismálunum. Ég las úr þeirri álitsgerð en þar er einvörðungu talað um eftirlit, að herða þurfi eftirlitið. Ég tel að það þurfi að ganga miklu lengra, þetta valdi það mikilli ógæfu hjá fólki, hjá stórum hópi, að okkur beri að banna þessa starfsemi. Ég held að okkar þjóðfélag væri betur sett ef við gerðum það.

[17:04]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Pétri H. Blöndal að þessum spilakössum fylgja persónulegir harmleikir í mörgum tilfellum. Um það þekkjum við öll sorgleg dæmi. Ég er líka sammála því að ákveðinn tvískinnungur sé í því fólginn að fjármagna menntun, slysavarnir og baráttu gegn fíkniefnum með því að gera út á spilafíkn manna.

Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs er hins vegar að mér finnst það ekki koma fram í greinargerð með þessu frv. hversu gríðalegar fjárhæðir renna í gegnum þessa spilakassa. Það kemur hérna fram að tekjur af söfnunarkössum hafi á reikningsárinu júlí 1995 til júní 1996 verið 992,8 milljónir, undanþegnar skatti. Fyrir um þremur árum lagði ég fyrirspurn fyrir þáv. dómsmrh. og spurði hver hefði verið heildarsala annars vegar og svo vinningar, rekstrarkostnaður og hagnaður hins vegar af happdrættum, spilakössum, Lottói og fleiru. Ég fékk það svar að reikningsárið júlí 1995 til júní 1996 hefði komið úr söfnunarkössum 56 milljónir kr. í tekjur, af Lukkuskjám 756,3 milljónir og Pókerkössum 180,5 milljónir. Það eru samtals, eins og kemur fram í greinargerð með frv., 992,8 milljónir. Síðan kom einnig fram að vinningar sem nema um 90% af veltu eru hvorki tekju- né gjaldfærðir. Það þýðir að veltan í þessum kössum á þessu eina ári var tíu sinnum þessi upphæð. Hún var 9.993 milljónir samkvæmt þessu svari. Hún var tíu milljarðar fyrir fjórum árum. Og þó 90% þeirra hafi farið aftur út í að greiða vinninga þá sjáum við hve gríðarlegar upphæðir þetta eru og hvað lokkar fólk til að spila í þessu. Það er vonin um að fá stóra vinninginn. En þetta eru alveg ótrúlegar tölur.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að mér finnst það mikill tvískinnungur að samtök sem eru sérstaklega að aðstoða fólk í baráttu við fíkn af völdum áfengis og eiturlyfja og gera það með miklum og góðum árangri, skuli hafa tekjur af því að spila á aðra fíkn eins og því miður er gert.

Í þessu svari kemur fram að þegar búið var að greiða rekstrarkostnað, hátt í 300 milljónir af þessum 992 millj., var rekstrarafgangur 640,7 milljónir. Til eignaraðila var ráðstafað 630,1 milljón þannig að Landsbjörg fékk 66 milljónir, Slysavarnafélag Íslands 83 milljónir, SÁÁ 55,4 milljónir og Rauði kross Íslands 425,7 milljónir. Allt eru þetta samtök sem eru til mikillar fyrirmyndar og gagns í þjóðfélaginu. Ég er auðvitað sammála því að Alþingi svipti þessi samtök ekki tekjunum með einu pennastriki. Ég held að það sé verðugt verkefni í framhaldi af þessu, þegar þetta mál fer til nefndar til skoðunar, að menn taki sér tak og skoði hvernig þessum mætu samtökum verði bættur tekjumissirinn. Slysavarnasamtökin, Rauði krossinn og SÁÁ mega auðvitað engar tekjur missa og þetta er sjálfsagt stór liður í tekjum þeirra og grundvöllur þess að þau geti unnið sín þjóðþrifastörf.

Ég er hins vegar sammála flutningsmönnum í því að ólíkt gæfulegra væri að þessi ágætu samtök hefðu tekjur af einhverju öðru en því að spila á þennan mikla veikleika sem margir er haldnir, spilafíknina. Hún hefur því miður valdið allt of mörgum persónulegum harmleikjum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á stöðu safna á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. GÓ o.fl., 159. mál. — Þskj. 180.

[17:09]

Flm. (Gunnar Ólafsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. þar sem óskað er eftir því að hæstv. menntmrh. láti gera óháða úttekt á stöðu byggðasafna, minni safna og sérsafna á landsbyggðinni. Í þeirri úttekt komi m.a. fram:

a. hvaða vinnu þarf að inna af hendi í hverju safni fyrir sig til að viðkomandi safn uppfylli skilyrði þjóðminjaráðs fyrir styrkveitingum skv. 6. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989,

b. núverandi fjöldi stöðugilda í viðkomandi söfnum í heild og sundurliðað eftir söfnum,

c. fjöldi gesta og dreifing þeirra eftir mánuðum,

d. hvernig einstök söfn eru í stakk búin til að vinna með ferðaþjónustuaðilum á viðkomandi svæði að atvinnuskapandi verkefnum, svo sem með því að setja upp vandaðar sýningar sem tengjast sögu byggðarlagsins og hvaða verkefni af því tagi eru í undirbúningi eða komin til framkvæmda.

Jafnframt er óskað eftir því að hæstv. ráðherra leggi niðurstöður úttektarinnar og tillögur fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok 2000.

Herra forseti. Í landinu starfar fjöldi safna sem öll hafa það að markmiði að varðveita muni og minjar úr sögu þjóðarinnar og hafa þá til sýnis gestum til fróðleiks og yndisauka. Rekstrarform þessara safna er mjög margvíslegt. Sum þeirra starfa samkvæmt þjóðminjalögum eða samkvæmt reglugerð sem menntamálaráðherra setur. Önnur eru einkaframtak framsýnna eldhuga sem haldið hafa til haga munum úr sinni sveit í áranna rás og sýnt þá almenningi. Sum þessara safna hafa hlotið viðurkenningu þjóðminjaráðs, önnur ekki. Sum eru kannski ekki söfn í eiginlegri merkingu þess orðs heldur verða fremur skilgreind sem „sýning" eða „verkefni" á sviði minjaverndar eða skráningar menningarsögu og má þar nefna sýninguna „Á Njáluslóð" og uppbyggingu bæjarhúsanna að Stöng í Þjórsárdal.

Hlutverk byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi. Byggða- og minjasöfn hafa lagt sérstaka áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir viðkomandi byggðarlag eða landsfjórðung. Söfnin hafa einnig eftir megni kynnt skólabörnum menningarsögu þá sem fólgin er í munum safnanna í samráði við skóla og fræðsluyfirvöld. Þá hafa þau kynnt almenningi muni safnsins auk þess sem mörg þeirra reka ýmiss konar þjónustu fyrir ferðamenn.

Herra forseti. Áhugaverð og vel skipulögð söfn hafa mikið aðdráttarafl og geta nýst byggðunum vel, t.d. geta þau dregið að ferðamenn með þeim margfeldisáhrifum sem þeim fylgja, styrkt jákvæða ímynd byggðarlaganna og eflt menningarlíf þeirra. Góð söfn geta líka verið mikilvæg tæki til að skapa atvinnu fyrir unglinga yfir sumartímann og er ekki síst mikilvægt frá byggðarsjónarmiði að bjóða ungu námsfólki upp á fjölbreytta sumarvinnu í heimabyggð. Verkefni af því tagi sem hér um ræðir gæti verið skráning ljósmyndasafns bæjarfélags eða sveitar þar sem ungmenni önnuðust skráningu ljósmynda í samvinnu við eldri íbúa staðarins. Þá mætti líka nefna möguleg samstarfsverkefni ungmenna og eldri íbúa staðarins, undir handleiðslu safnsins og leikfélagsins á staðnum þar sem leiksýningar sem byggðust á sögu byggðarlagsins væru settar á svið.

Dæmi um þau jákvæðu áhrif sem gott safn getur haft er Vesturfarasetrið á Hofsósi. Tilvist þess hefur orðið til þess að farið er að tala um „ferðamannabæinn" Hofsós, en þorpið átti í miklum erfiðleikum fyrir nokkrum árum vegna fólksfækkunar og erfiðs atvinnuástands. Núna er rekin þar margháttuð þjónusta við ferðamenn og Hofsós er orðinn eftirsóttur viðkomustaður.

Herra forseti. Athyglisvert dæmi um hverju svona úttekt getur skilað má finna í greinargerð Sögusmiðjunnar um Stríðsárasafnið á Reyðarfirði. Þar er farið ofan í saumana á stöðu safnsins eins og hún var sumarið 1999 og lögð fram framkvæmdaáætlun fyrir árin 1999–2002. Í greinargerðinni kemur fram að ýmislegt á sýningu Stríðsárasafnsins er til fyrirmyndar og mjög vel heppnað, t.d. ljósmyndavinna, leikmyndir, gínuuppstillingar og markviss notkun tónlistar og morshljóða. Annað er talið síðra, t.d. er sagt skorta mjög á textavinnu og þýðingar þrátt fyrir að heilmikla fræðilega grunnvinnu sé að finna á safninu. Einnig er bent á að allt skipulag og uppsetning gripanna fullnægi tæpast kröfum sem gerðar eru til sýninga í dag, geymslumál eru sögð í ólestri, starfsmannahald tilviljanakennt og umhverfi safnsins ófullnægjandi. Þá vantar verulega upp á möguleika til forvörslu, rannsóknarstarfs og kynningarmála.

Þessi úttekt leiðir glögglega í ljós hvað gera þurfi til að Stríðsárasafnið á Reyðarfirði fái vaxið og dafnað og geti þannig orðið sú lyftistöng í samfélaginu sem safn af þessu tagi getur verið.

Vegna þess að skilyrði sem sérsöfn og byggðasöfn þurfa að uppfylla eru sett af þjóðminjaráði og Þjóðminjasafnið fer með framkvæmd þessara mála telja flutningsmenn tillögunnar rétt að fengnir verði utanaðkomandi fagaðilar til að vinna úttektina en þeir starfi að sjálfsögðu í góðu samstarfi við viðkomandi stofnanir að verkefninu.

Yfirgripsmikil úttekt, sem sýnir stöðu ólíkra safna á landsbyggðinni, gæti orðið efniviður í stefnumörkun þeirra til framtíðar og kortlagt hvernig væri vænlegt að styðja við bakið á þessari þjóðþrifastarfsemi. Í ljósi þeirrar áherslu sem ferðaþjónustan leggur nú á menningartengda ferðaþjónustu væri hér um að ræða áþreifanlega lyftistöng fámennra byggðarlaga sem auðgað gæti atvinnulíf og bætt möguleika þeirra á að þjónusta ferðamenn, innlenda sem erlenda, auk þess sem samfélagið sjálft mundi auðgast við eflingu safnanna.

Að svo mæltu óska ég þess að tillögunni verði vísað til hv. menntmn.

[17:16]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir mikilvægi þessarar þáltill., sérstaklega út frá starfsemi sem mér er kærkomin vegna margra ára starfs við hana og það er túrismi. Ferðamannaþjónustan hefur lengi kallað á meiri samhæfingu hvað varðar söfn og sýningu á gripum. Ég held að út úr svona úttekt gæti komið nokkurs konar heildaryfirlit yfir það sem er í boði í landinu öllu og ótrúlega margir, bæði útlendingar og íslenskir ferðamenn, hafa einmitt áhuga á þessum geira. Það hefur margsinnis komið fram hjá hagsmunaaðilum þannig að ég tel að þetta sé mikilvægt mál vegna þess. En eins og kom fram hjá framsögumanni eru auðvitað margir aðrir vinklar á málinu svo sem menntageirinn o.s.frv. Ég vil líka vekja athygli á því, eins og fram kom hjá málshefjanda, að uppbygging og framgangur safnamála hefur hvílt allt of mikið á frumkvöðlum, sérstaklega út um landsbyggðina, og við höfum ekki lagt til þessa málaflokks fjármuni af eins miklum metnaði og efni hafa staðið til. Þar af leiðandi eiga svæðisbundin söfn oft og tíðum við mikla fjárhagserfiðleika að stríða og geta engan veginn sinnt þeim verkefnum sem menn vildu þó sinna.

Í framsögunni voru nefndar ljósmyndir og aðrar menningargersemar. En það er annar málaflokkur. Söfn eru ekki bara söfn í húsum þar sem munum er safnað saman. Í ferðaþjónustunni er mjög mikil áhersla lögð á það, og þar gætum við eflaust tekið frændur okkar Dani til fyrirmyndar, að út frá hverju safni, svæðisbundið, sé lögð áhersla á að merkja og gera minjar sem eru úti í landinu sjálfu aðgengilegar.

Þannig er ferðamennska, upplifun lands og þjóðar og þjóðarverðmæti, gerð miklu meira spennandi, þ.e. ef það er tekið fyrir þar sem það er, úti í „felti". Það er einmitt mál sem við þurfum að sinna í auknum mæli. Þannig gerum við afþreyinguna sýnilegri og skemmtilegri og einmitt þar þurfum við að taka á í þessum málum.

Tillagan byggir á því að fá heildaryfirsýn og út úr heildaryfirsýn koma tillögur til úrbóta og framtíðarsýn í þessum málaflokki. Ég tel að við eigum að styðja hana af heilum hug á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:19.

---

24. FUNDUR

föstudaginn 12. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjarskipti, stjfrv., 122. mál, þskj. 143. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, þáltill., 103. mál, þskj. 107. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, þáltill., 115. mál, þskj. 125. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 147. mál, þskj. 168. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Söfnunarkassar, frv., 148. mál, þskj. 169. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Úttekt á stöðu safna á landsbyggðinni, þáltill., 159. mál, þskj. 180. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Öryggi greiðslufyrirmæla, stjfrv., 23. mál, þskj. 23, nál. 207, brtt. 208. — 2. umr.
8. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 160. mál, þskj. 186. — 1. umr.
9. Þingsköp Alþingis, frv., 80. mál, þskj. 80. — 1. umr.
10. Textun íslensks sjónvarpsefnis, þáltill., 141. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
11. Fjárreiður ríkisins, frv., 145. mál, þskj. 166. — 1. umr.
12. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 164. mál, þskj. 190. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, 186. mál, stjtill. (viðskrh.), þskj. 216.

Málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála, 184. mál, þáltill. HGJ o.fl., þskj. 214.

Meðferð opinberra mála, 185. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 215.

Svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins, 183. mál, þáltill. HGJ o.fl., þskj. 213.

Öryggi greiðslufyrirmæla, 2. umr.

Stjfrv., 23. mál (EES-reglur). — Þskj. 23, nál. 207, brtt. 208.

[10:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnuðar í greiðslukerfum.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál, sent það til umsagnar og fengið á sinn fund fulltrúa ráðuneytisins. Um það er allþokkaleg samstaða hjá þeim aðilum sem það varðar. Það skiptir miklu að afgreiða málið. Það fjallar um réttarstöðu og öryggi í greiðslukerfum og er nauðsynlegt til að bregðast við þeirri tækni sem er að ryðja sér til rúms á þessum sviðum. Frv. er líka samið með hliðsjón af gildandi tilskipun í Evrópusambandinu.

Nefndin gerir tillögur um breytingar sem eru í fimm liðum:

Í 1. lið er brtt. við 1. gr. þar sem verið er að breyta orðalagi.

Í 2. lið eru brtt. við 2. gr. þar sem sömuleiðis er verið að breyta orðalagi en auk þess að fella niður tvær skilgreiningar í 13. og 14. tölul. Þessar skilgreiningar eru á stórgreiðslukerfi og greiðslujöfnunarkerfi.

Í 3. lið brtt. er verið að gera tillögu til breytingar á 3. gr. og má segja að það séu líka orðalagsbreytingar þar sem málið snýst um að ráðherra eigi að viðurkenna greiðslukerfi og síðan eigi að tilkynna um þá viðurkenningu til Eftirlitsstofnunar EFTA. Enn fremur er gert ráð fyrir því að Seðlabankanum séu gefnar upplýsingar um aðila sem starfrækja greiðslukerfi og beina og óbeina þátttakendur að því kerfi enda á Seðlabankinn að gera tillögu til ráðherra um greiðslukerfi sem hann telur að fullnægi ákvæðum laga þessara og eiga að hljóta viðurkenningu.

Í 4. lið brtt. er síðan gert ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laganna og í 5. lið er gert ráð fyrir að breyta fyrirsögn frv. eins og segir í brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 186.

[10:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli öðru sinni fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands o.fl., en sams konar frv. var áður til meðferðar á 123. löggjafarþingi án þess að verða útrætt.

Frv. þetta er samið í tilefni af dómi Hæstaréttar frá 18. desember sl. þar sem ákvörðun umhvrh. um að flytja starfsemi

Landmælinga Íslands til Akraness var dæmd ólögmæt meðan ráðherra hefði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness.

Í dómi þessum sagði að þótt ekki væru bein fyrirmæli um það í lögum að ríkisstofnun skyldi hafa aðsetur í Reykjavík yrði ekki talið að það eitt gæfi ráðherra frjálst val um hvar hún skyldi vera. Síðan sagði svo, með leyfi forseta:

„Vöntun á ákvæði um þetta í lögum má helst skýra með því að fyrirmæli eru í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hafi það verið talið svo sjálfsagt fram á hin síðari ár að stofnanir, sem undir þau heyrðu, hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni að ekki þyrfti að taka það fram í lögum."

Uppruna þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar, sem hinn sérkennilegi rökstuðningur réttarins vísar til, má rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni um hin sérstöku málefni Íslands frá 5. janúar 1874 með stjórnskipunarlögum, nr. 16/1903. Þær breytingar höfðu tvennt að markmiði. Annars vegar að koma á þingræði í landinu þannig að ráðherra Íslands bæri ábyrgð gagnvart Alþingi Íslendinga. Hins vegar að færa aðsetur ráðherrans til Íslands frá Danmörku. Til að sú breyting gæti gengið eftir meðan landið var enn hluti af danska konungsríkinu bar nauðsyn til að færa þau orð í ákvæði stjórnarskrárinnar að ráðherrann skyldi hafa aðsetur í Reykjavík, en ekki á öðrum stað í ríkinu. Þetta ákvæði helst óbreytt við breytingar á sömu stjórnarskrá árið 1915 og í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 1920 með því orðalagi, er síðan hefur haldist, en þá var tekið upp orðið ráðuneyti í stað ráðherra, enda voru þeir þá orðnir fleiri en einn, og tiltekið sem fyrr að það hefði aðsetur í Reykjavík.

Þegar virt er tilurð og tilgangur þess ákvæðis sem Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína á vekur nokkra undrun að réttarinn hafi treyst sér til að draga af því svo víðtæka ályktun sem í dóminum greinir. Þvert á móti hefur það sem Hæstiréttur nefnir vöntun á ákvæðum í lögum verið almennt túlkað þannig að löggjafinn eftirláti með því móti stjórnvöldum að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir um framkvæmdaratriði og innri málefni stjórnsýslunnar sem eru forsenda þess að unnt sé að hrinda lögum í framkvæmd. Þetta hefur verið hin viðtekna meginregla í fræðum okkar, jafnt í réttarkerfi okkar sem og þeim sem það telur helst til skyldleika við, svo sem annars staðar á Norðurlöndum.

Í samræmi við þessa meginreglu hefur þannig verið talið að það væri á valdi viðkomandi ráðherra að ákveða aðsetur eða staðsetningu stofnunar ef Alþingi hefur ekki tekið til þess sérstaka afstöðu.

Fordæmisgildi hæstaréttardómsins má draga saman í tvær setningar. Þegar Alþingi kveður ekki á um aðsetur ríkisstofnunar í lögum ber að líta svo á að stofnunin eigi að hafa aðsetur í Reykjavík. Þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um aðsetur stofnunar í lögum getur ráðherra að óbreyttum lögum ekki tekið ákvörðun um að flytja aðsetur hennar frá Reykjavík.

Enda þótt stofnunum ríkisins hafi oftast verið valinn staður í Reykjavík fer margvísleg starfsemi og þjónusta á vegum þess fram utan Reykjavíkur. Dæmi um það eru nefnd í athugasemdum við frv. þetta og auk þess má vísa til greinargerðar um staðbundna stjórnsýslu og þjónustu á vegum ríkisins í fylgiskjali með skýrslu þeirri er ég lagði fyrir hið háa Alþingi á 123. löggjafarþingi um kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis.

Í ljósi þeirra fordæmisáhrifa sem ég hef þegar gert grein fyrir tel ég alveg nauðsynlegt að tekinn verði af allur vafi um heimildir ráðherra til að starfrækja ríkisstofnanir utan Reykjavíkur jafnvel þó ekki væri nema vegna þeirra stofnana sem eru þegar staðsettar utan borgarmarkanna án þess að styðjast við beina heimild í lögum að því leyti.

Með frv. þessu er því lagt til að í lög verði tekin heimild til ráðherra til að ákveða aðsetur ríkisstofnana sem undir ráðuneyti hans heyrir. Ég legg áherslu á að heimild þessi tekur einvörðungu til þeirra ríkisstofnana sem Alþingi hefur ekki mælt fyrir um í lögum hvar skuli hafa aðsetur.

Jafnframt er ástæða til að árétta hér það sem fram kemur í athugasemdum við 1. gr. frv.: „Með stofnun í skilningi ákvæðisins er átt við öll stjórnvöld ríkisins, þ.e. alla þá aðila sem taldir eru til framkvæmdarvalds ríkisins, svo sem ríkisstofnanir, embætti, stjórnsýslunefndir, sjóði, ríkisfyrirtæki, o.s.frv."

Jafnframt felst í ákvæðinu í senn heimild fyrir ráðherra til þess að ákveða að flytja stofnun um set og einnig það sem minna er, að flytja til ákveðnar deildir eða skrifstofur stofnunar.

Á hinn bóginn tekur þessi heimild eðlilega ekki til þeirra fyrirtækja í eigu ríkisins sem rekin eru í einkaréttarlegu rekstrarumhverfi, svo sem hlutafélaga og sameignarfélaga.

Þá er í 2. gr. frv. lagt til að fest verði í viðeigandi lög ákvæði um aðsetur þeirra stofnana sem eru þegar starfræktar utan Reykjavíkur án þess að styðjast við beina heimild í lögum. Í samræmi við meginreglur 1. gr. frv. er þó lagt til að ákvörðunarvald um aðsetur þeirra verði eftir sem áður á hendi ráðherra.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu í dag er ekki með þessu frv. gert annað og meira en það að færa réttarástand aftur í það horf sem ríkjandi stjórnarfar hefur miðast við og byggist á viðteknum meginreglum í stjórnskipun vorri. Engin áform eða yfirlýsingar fylgja frv. þessu um frekari flutning ríkisstofnana. Þess vegna vænti ég þess, herra forseti, að breið samstaða geti tekist á hinu háa Alþingi um framgang málsins.

Að svo mæltu legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[10:41]

Mörður Árnason:

„Fox er illt í exi", hæstv. forseti. Þetta mál er a.m.k. þrívaxið hvað varðar skil framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Það varðar byggðastefnu og stöðu höfuðborgarinnar og þjónustu stjórnsýslunnar og það varðar auðvitað málefni starfsmanna hins opinbera. Fyrst vil ég fara nokkrum orðum um samhengi laga, stjórnarskrár og dómstóla.

Það varð niðurstaða hæstaréttardómsins sem hæstv. forsrh. vísaði til að ákvæði stjórnarskrárinnar um Reykjavík sem aðsetur ráðuneyta hafi ákveðnar afleiðingar. Forsrh. segir að þetta stjórnarskrárákvæði, sem á rætur að rekja til ársins 1903, sé sprottið af tilteknum aðstæðum, þeim stórviðburði þegar ráðherra fluttist til Íslands, en af hverju — má svo spyrja — ákvað þá ekki stjórnarskrárgjafinn að hann ætti að sitja á Akureyri eða Þingvöllum? Eða hreinlega á Íslandi? Með þessu stjórnarskrárákvæði er tekin ákveðin afstaða til aðseturs ráðherra og síðan ráðuneyta og það er á þeim forsendum sem Hæstiréttur fellir dóm sinn. Forsrh. greinir að vísu á um niðurstöðu Hæstaréttar frá í desember 1998 en það er ekki þannig að þegar forsrh. greinir á við Hæstarétt þá skuli hæstv. forsrh. ráða. Bindingin við Reykjavík er sem sé þannig samkvæmt hæstaréttardómnum að það sé eðlilegt að Alþingi ákveði aðsetur ef aðsetrið er ekki í rauninni Reykjavík eða þá Reykjavík og nágrenni sem vel má túlka nú árið

1999, það var hugtak sem ekki var til árið 1903. Hæstaréttardómurinn er einmitt þannig að hann vísar til Alþingis um að taka ákvörðun um aðsetrið af því að Alþingi setur lög samkvæmt stjórnarskránni. Það gera ráðherrar ekki. Í dómi Hæstaréttar segir þetta, með leyfi forseta:

„Ákvörðun um heimili stofnunar og varnarþing er meðal grundvallaratriða í skipulagi hennar. Ljóst er að miklu skiptir fyrir starfrækslu stofnunar hvar henni er komið fyrir strax í upphafi og ekki skipta minna máli breytingar á aðsetri hennar. Koma í báðum tilvikum við sögu kostnaður við reksturinn, tekjumöguleikar, starfsmannamálefni og hagsmunir þeirra sem sækja þurfa þjónustu til stofnunar eða hún á viðskipti við auk fleiri atriða." — Síðar í dómnum segir: „Að framangreindum sjónarmiðum virtum" — þ.e. þeim sem hér voru lesin og þau sem leiðir af sérstöðu Reykjavíkur samkvæmt stjórnarskrá — „verður að telja ákvörðun um aðsetur ríkisstofnunar þess eðlis að um hana skuli mælt í lögum. Af því þykir leiða að ráðherra verði að leita sér skýrrar heimildar í almennum lögum fyrir flutningi stofnunar frá Reykjavík."

Það er talað um að leita sér skýrrar heimildar í almennum lögum. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir skýrri heimild Alþingis heldur ósköp einfaldlega því að Alþingi framselji ríkisstjórninni, ráðherrunum, það vald sem því er skylt að halda hjá sér samkvæmt dómi Hæstaréttar þannig að hann sé nú túlkaður. Mjög auðvelt er að túlka þessi orð Hæstaréttar einmitt þannig að það sé átt við tiltekinn ráðherra, tiltekna stofnun, *tiltekin lög og að þingið hafi ekki leyfi til þess að framselja* ráðherrum þetta vald í heild sinni eins og gert er samkvæmt þessu frv.

Þegar við nálgumst stjórnarskrána verðum við auðvitað að stíga varlega til jarðar. Hér er því miður enginn stjórnlagadómstóll eða stjórnlagaráð eins og í Frakklandi sem hægt er að senda mál í. Ef svo væri ættum við að senda málið þangað.

Það eru fleiri en ég sem segja þetta. Ég tek eftir því að í umsögn BSRB og BHM um fyrra frv. af þessu tagi sem kom *fram í vor eru einmitt uppi efasemdir um tengingu þessa* máls við stjórnarskrá. Þar er hreinlega efast um að Alþingi megi samþykkja þetta frv. án þess að breyta stjórnarskránni um leið. Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Hæstiréttur hefur skýrt stjórnarskrárákvæði um staðsetningu ríkisstofnana svo að ákvörðun um aðsetur ríkisstofnunar væri þess eðlis að um hana skyldi mælt í lögum. Hér er með öðrum orðum ekki aðeins skírskotað til flutnings stofnunar. Lög frá Alþingi, eins og frv. gerir ráð fyrir, geta ekki breytt fordæmisreglu Hæstaréttar sem byggð er á stjórnarskrárákvæði fremur en öðrum stjórnarskrárákvæðum sem kveða á um að tilteknar ákvarðanir eða ráðstafanir verði ekki gerðar nema með lögum samanber Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur 1997, bls. 296. Til að mynda væri ekki unnt með lögum að ákveða að eignarrétturinn væri friðhelgur nema ráðherra ákvæði annað, atvinnufrelsi mætti ekki skerða nema ráðherra ákvæði annað, ráðherra ákvæði í hvaða tilvikum refsa mætti mönnum og að ráðherra ákvæði skipan dómsvaldsins."

Þetta segja BHM og BSRB. Þetta verður ósköp einfaldlega að vera alveg ljóst áður en lög eru samþykkt um þetta efni á Alþingi. Stjórnarskráin er undirstaða allra þriggja greina ríkisvaldsins og menn mega hreinlega ekki, upp á framtíðina a.m.k., haga sér eins og hana sé ekki að marka og skýra með einhverjum persónulegum söguskoðunum úti í bæ, eins og hæstv. forsrh. gerir í ræðu sinni nú, í ræðu sinni í vor og í greinargerð með frv.

Því má við bæta að í umræðunum í vor, sem voru ekki miklar, sagði hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson að með þessu frv. væri komin upp þrenns konar og jafnvel ferns konar staða gagnvart lögum um aðsetur stofnana. Í fyrsta lagi ákvæði stjórnarskráin hvar ráðuneyti, Alþingi og forseti ættu heima. Í öðru lagi eru stofnanir staðsettar með lögum á ákveðnum stöðum, sbr. Bændaskólann á Hólum og Garðyrkjuskólann á Reykjum. Í þriðja lagi væru með þessum lögum komnar stofnanir sem Alþingi ákveður hvar eiga að vera, í 2. gr. frv., nema ráðherra ákveði annað. Í fjórða lagi eru þær stofnanir sem enn eru ekki til eða ófluttar og ráðherrar ákveða þá í hvert sinn hvar skuli vera. Þetta er flókið lagaverk og ákaflega óljóst, ekki nútímalegt og auðvitað eðlilegast og einfaldast að þetta sé eins gagnvart öllum stofnunum sem ekki eru sérstaklega tilteknar í stjórnarskránni.

Ég vil fara nokkrum orðum um framkvæmdarvald og löggjafarvald og skilin þar á milli eins og þau koma fram í frv. Hér er verið að sækja lagaheimild til að færa skýrlega til framkvæmdarvaldsins ákvarðanir sem Hæstiréttur segir að séu Alþingis. Flutningur stofnana um landið er mikil ákvörðun. Það er ljóst af málflutningi hæstv. forsrh. að hann telur slíkar ákvarðanir falla undir stjórnsýsluna rétt eins og að ráða tiltekinn starfsmann eða færa verkefni milli herbergja í ráðuneytunum. Því er ég ósköp einfaldlega ósammála. Þetta er ákvörðun sem hefur áhrif á aðgengi landsmanna *að þjónustu, á hag starfsmanna, á atvinnulíf og félags-* og menningarmál þess staðar sem stofnunin er á og/eða flyst til. Þessi ákvörðun er pólitísk og þess vegna er eðlilegt að hún sé tekin og rædd á Alþingi og fari ekki fram í heilabúi eins manns eða embættismanna hans.

Menn kunna að spyrja hvaðan ég hafi þetta. Jú, ég hef þetta m.a. frá Guðmundi Bjarnasyni, fyrrv. umhvrh. Hann sagði, þegar hann flutti Landmælingarnar upp á sitt eindæmi, að það væri pólitísk ákvörðun sem raunar stangast á við málflutning hæstv. forsrh. Guðmundur Bjarnason áttaði sig hins vegar ekki á því að ráðherra getur ekki tekið pólitíska ákvörðun nema þá fyrir sjálfan sig, hann verður að hafa heimild til þess frá Alþingi. Framkvæmdarvaldið má ósköp einfaldlega ekki gleyma því að það er framkvæmdarvald. Það sér um stjórnsýsluna og framkvæmir ákvarðanir Alþingis. Ef það væri ekki þannig í stjórnskipun okkar þá þyrfti í raun ekkert Alþingi. Þá væri nóg að kjósa á fjögurra ára fresti, síðan væri valin ríkisstjórn og svo gætu þingmennirnir farið heim eða orðið að aðstoðarmönnum og bírókrötum í ráðuneytunum.

Undanfarið hefur verið rætt mjög um valdahlutföll framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, Alþingis og ríkisstjórnar. Fáir halda því fram að þar halli á framkvæmdarvaldið. Margt hefur valdið lækkandi gengi löggjafans, Alþingis. Stjórnsýslan hefur þanist út og Alþingi ekki fylgt á eftir með uppbyggingu eigin sérfræðiþekkingar þótt margt hafi vissulega gerst hér á þinginu hin síðari undir forustu m.a., að öðrum ólöstuðum, Guðrúnar Helgadóttur og Ólafs G. Einarssonar. Framkvæmdarvaldið er stöðugt í samningum við hagsmunablokkir án afskipta Alþingis og kemur með þá samninga inn á þingið, samninga um landbúnað, samninga um fyrirkomulag í sjávarútvegi o.s.frv.

EES-samningurinn hefur dregið úr valdi löggjafans og löggjafinn ekki gætt þess að tryggja sín áhrif í Evrópulöggjöf sjálfstætt heldur þiggur hann allar upplýsingar um lagaverk og fyrirætlanir á Evrópska efnahagssvæðinu úr

höndum ráðuneytanna sem raunar fylgjast ekki vel með heldur og eru nánast í áskrift að ESB-ákvörðunum í stað þess að beita sér á upphafsstigum þeirra. Því miður hafa samtök atvinnurekenda og verkalýðshreyfingin meiri áhrif í Evrópumálum en Alþingi Íslendinga og sennilega meiri en íslensk stjórnvöld að samanlögðu.

Þetta eru ekki bara neikvæðar breytingar. Þing og ríkisstjórn hafa sem betur fer misst áhrif og völd út í samfélagið, til sveitarstjórnanna, til viðskiptalífsins og almennra félagssamtaka. Þetta hefur gerst með opnara samfélagi og meiri stöðugleika í efnahagsmálum. Þetta ætti að gefa þinginu ný tækifæri til dýpri umræðu sem ekki hefur gerst nema í takmörkuðum mæli. En það lækkar líka risið á Alþingi þegar við stjórnvölinn eru ríkisstjórnir eins og sú sem nú situr sem ekki virðast skilja mikilvægi þingræðisins og líta á reglur þess sem eintómar leikreglur svipað og í íþróttakappleik þar sem stundum þykir í lagi að brjóta af sér ef dómarinn sér ekki til, haga sér eins og maður vill ef hægt er að komast upp með það. Þegar þessi staða mála er uppi er engin ástæða fyrir Alþingi til að gefa eftir ákvarðanir og áhrifavald til framkvæmdarvaldsins. Þvert á móti ættu þingmenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, að standa saman um að gæta vel áhrifa Alþingis og passa upp á ákvörðunarvald þess.

Í öðru lagi kemur þetta mál við byggðastefnu og stöðu höfuðborgarinnar. Hér er sótt um heimild til að ráðherra geti að sínum geðþótta, án þess að þurfa að gera nokkrum manni grein fyrir rökum eða ástæðum frekar en hann vill, valsað fram og til baka með stofnanir ríkisins um allt land. Þetta hafa menn gert, stundum í leit að skyndivinsældum fyrir ráðherra, einstaka ríkisstjórnir og flokka. Ákvarðanir frá síðasta kjörtímabili benda ekki til þess að þessi hegðan hafi gefist vel þó vissulega séu til dæmi um óumdeildar ákvarðanir af þessu tagi. Flutningur stofnana er að verða ein elsta og þreyttasta klisjan í íslenskum stjórnmálum. Þetta eru patentlausnir sem stjórnmálamenn í kosningaslag í héraði taka upp og það er enn tíðkað, meira að segja af ágætum landsbyggðarmönnum í mínum eigin flokki.

Núna getum við horft yfir töluvert langa umræðu um þetta og margar tilraunir. Þetta er þunglamaleg gamaldags byggðastefna, að flytja stofnanir í heilu lagi út á land, rífa upp með rótum í stað þess að flytja frá þeim einstök verkefni á vettvang í hérað og sjá þannig til að ákvarðanir séu teknar eins nærri grasrótinni og hægt er, eins og reglur eru um í Evrópusambandinu ágæta.

Hvaða ákvarðanir ætli það séu sem hafa verið mikilvægastar í byggðastefnunni síðasta áratug? Ætli það séu úthlutanir og austur Byggðastofnunar í hin og þessi verkefni? Eða ákvarðanir ríkisstjórnar? Nei. Sennilega er stærsta og mesta breytingin gagnvart byggðum landsins sú að verkefni hafa flust frá ríkisvaldinu til sveitarfélaganna og á þeirri braut eigum við að halda áfram.

Það væri raunar fróðlegt að fá raunverulegan kostnað af rekstri ýmissa stofnana sem hafa verið fluttar úr miðstöð stjórnsýslunnar, Reykjavík, t.d. ferðakostnað stjórnenda ríkisstofnana á landsbyggðinni til Reykjavíkur. Það væri líka fróðlegt að vita hvað sú skipan kostar, eftir stofnun Íbúðalánasjóðs á Sauðárkróki, að einn maður fer á hverjum einasta degi á bíl milli Sauðárkróks og Reykjavíkur með skuldabréf. Þetta er ekki byggðastefna, hæstv. forseti. Þetta er rugl.

Hugmyndafræðina bak við þennan stórflutning stofnana út um landið þekki ég. Ég kynntist henni í Þingeyjarsýslum þar sem ég var í sveit í gamla daga, í fæðingarhéraði Jónasar frá Hriflu. Þar var mér sagt að Reykjavík væri eiturkýlið á þjóðarlíkamanum. Sú hugsun er enn í gangi. Sú hugsun og það svar er ein auðveldasta replikka ráðalausra héraðshöfðingja þegar dauft er í sveitum og hnípin þjóð þar í vanda. Hún lýsir líka misskilningi á hugtakinu höfuðborg. Höfuðborg felst í því, það er grunnatriði höfuðborgar, að þar sé á einum stað saman komin og aðgengileg margvísleg stjórnsýsla. Það er sjálfur kjarninn í hugtakinu höfuðborg og í sumum ríkjum hefur verið gripið til þess að búa til nýjar höfuðborgir til þess að setja niður þá stjórnsýslu sem annars hefði þurft að dreifa á marga staði. Hér er hugmyndin eiginlega sú að gera allt landið að höfuðborg.

Auðvitað er það ótvíræður hagur allra að geta sótt á sama staðinn sem mesta þjónustu frá stjórnsýslunni, þá sem menn þurfa að sækja í eigin persónu. Það er ótvíræður hagur fyrir virkni stjórnsýslunnar hvað sem líður upplýsingatækni, fjarfundum og rafrænum samskiptum af öllu tagi. Það þekkja menn ósköp einfaldlega á sjálfum sér. Hins vegar þarf að búa svo um að upplýsingatæknin nýtist okkur í stjórnsýslu og við byggðastefnu. Það þarf alvörufrumvarp til alvörulaga sem m.a. sjá svo um að ekki verði komið í veg fyrir að hægt sé að flytja einstök verkefni eða einstaka starfsþætti úr ráðuneytum og stofnunum þess í aðra hluta landsins en Reykjavík þar sem það þykir henta. Þá er hægt að vísa m.a. til góðs árangurs af stuttu starfi Íslenskrar miðlunar.

Flutningur ríkisstofnana af því tagi sem hér er verið að undirbúa, afsaka og leiðrétta er gömul byggðastefna, byggðastefna sem háð var gegn Reykjavík. Það er undarlegt að hæstv. forsrh. skuli hafa gleymt reykvísku viðhorfum sínum í þessu efni. Hann er 1. þm. Reykv. og fyrrv. borgarstjóri þeirra.

Ég vil í þriðja lagi nefna í stuttu máli rétt og aðbúnað opinberra starfsmanna. Það sem hefur nánast alltaf gerst við flutning stórra stofnana út á land er óánægja, uppsagnir, rask. Góðir menn hætta og fara annað. Þetta hljótum við að skilja. Það er ekki bara um einstaka starfsmenn að ræða heldur heilar fjölskyldur. Makinn er í starfi, börn í skóla og íbúð á staðnum. Þess vegna þarf slík ákvörðun, sem ég er ekki á móti í sjálfu sér þegar hún hentar, að vera vel grunduð og undirbúin. Flutningurinn þarf að vera með góðum fyrirvara og það á að hlusta á sjónarmið starfsmanna áður en slíkar ákvarðanir eru teknar.

Samkvæmt þessu frv. getur hvaða ráðherra sem er flutt hvaða stofnun sem er, hvenær sem er, hversu oft sem hann vill. Einn ráðherra hingað, annar þangað og staða starfsmanna verður svona svipuð og Ólafs Kársonar ljósvíkings þegar hann var hjá þeim Júst og Nasa. „Kjurr á láglendinu," sagði Nasi. „Upp á fjall vinur," sagði Júst.

BHM og BSRB skiluðu í sameiningu umsögn sem ég hef áður vitnað til. Þar sagði m.a. að ef ráðherrar fá almenna heimild af þessu tagi til að flytja stofnanir þurfi samhliða að ráðast í heildarendurskoðun á lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og eftir atvikum öðrum lögum, einkum með tilliti til flutningskostnaðar, starfslokagreiðslna eða fulls lífeyris. Þeir vitna í stjórnarskrána um að slík réttindi þurfi að tryggja í lögum. Þetta var til kynningar á þinginu í fyrra. Þá lýstu þessi samtök sig reiðubúin til viðræðna um endurskoðun á lögunum og öðrum atriðum sem tengjast málinu. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hafa slíkar viðræður farið fram eða hefur hæstv. ráðherra yfir höfuð haft nokkurt samband við fulltrúa þeirra opinberu starfsmanna sem málið varðar?

Að lokum þetta, virðulegur forseti. Frv. er nákvæmlega óbreytt frá því í vor. Það er í rauninni prentað upp. Greinargerðin er orðrétt sú sama og ræðu forsrh. las ég á blaði um leið og hann flutti hana. Hún var nákvæmlega eins, með nokkrum úrfellingum þó, og ræðan sem hann flutti í febrúar í fyrra þrátt fyrir umræðurnar á síðasta þingi og þrátt fyrir umsögn BSRB og BHM sem hafa bent á að þetta frv. kunni að vera stórlega gallað gagnvart stjórnsýslunni og hafi verið búið til án nokkurs samráðs við opinbera starfsmenn. Í greinargerðinni, ræðunni eða frv. er ekkert fjallað um tengsl dómsins við stjórnarskrána nema til þess nánast að atyrða Hæstarétt. Meðal þess sem fundið var að í umsögn BHM og BSRB var smáatriði sem auðvelt var að bæta úr. Það var tilvitnun í danskt stjórnsýslufræðirit. Tilvísunin náði til 90 síðna í ritinu. Það þætti ekki gott í ritgerð uppi í háskóla. Það þætti ekki gott í lagadeildinni.

Hæstv. forseti. Ég hef lýst efnislegum göllum á þessu frv. og tek pólitíska afstöðu gegn meginhugsun þess. En í rauninni ætti málatilbúnaður af því tagi sem ég var að lýsa að nægja til að senda hæstv. ráðherra heim aftur með þennan öngul í rassinum, „fox er illt í exi."

[11:01]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var alveg dæmalaus ræða og satt best að segja undrar mig að slík viðhorf sem fram komu í ræðu hv. þm. skuli enn vera til og birtast í þingsölum. Ég vil segja að ég er fullkomlega ósammála þingmanninum um að ráðherra sé ekki bær til þess að hafa heimild í hendi um að ákvarða hvar stofnun eigi að vera. Ég er út af fyrir sig sammála því að það er pólitísk ákvörðun. En ráðherra er pólitískt skipaður og starfar á ábyrgð stjórnmálaflokka, starfar á ábyrgð þingflokka stjórnarliðsins þannig að hann er einmitt sá aðili sem hefur pólitíska stöðu til að taka pólitískar ákvarðanir. Ég kemst því að allt annarri niðurstöðu en hv. þm. sem fann það helst málinu til foráttu að ekki væri kveðið á um það í lögunum hvar stofnunin ætti að vera.

Ég er líka algerlega ósammála því sem fram kemur í dómi Hæstaréttar og vil að það komi fram að það skuli þurfa að mati Hæstaréttar að setja lög ef stofnun eigi að vera annars staðar en í Reykjavík en það þurfi engin lög til að ákvarða að stofnun eigi að vera í Reykjavík. Þessa niðurstöðu get ég ekki fallist á fyrir mitt leyti og hef ekki getað séð nein lög í íslensku lagasafni sem gefa Hæstarétti færi á að komast að þessari niðurstöðu. Þeirri spurningu er ósvarað hvernig Hæstiréttur komst að þessari einkennilegu niðurstöðu því að honum ber að dæma eftir lögum og öðru ekki.

Ástæða væri til að gera athugasemdir við fleira í máli hv. þm. en ég vil undirstrika að frv. er einmitt skýrt, það kveður nákvæmlega á um hvernig eigi að ákvarða staðsetningu og hver eigi að gera það þannig að það uppfyllir nákvæmlega þau skilyrði sem hv. þm. taldi að þyrftu að vera fyrir hendi.

[11:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson telur að ráðherra starfi á ábyrgð stjórnmálaflokka. Hann telur að þeir starfi á ábyrgð þingflokka stjórnarliðsins. Þá er einmitt komin upp sú staða, hæstv. forseti, sem ég nefndi áðan, að ef þetta er álit hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og meiri hlutans í Alþingi og hæstv. forsrh., þá þarf ekki að kjósa Alþingi. Þá skulum við hafa lýðræðið þannig að það sé bara framkvæmdarlýðræði, það sé bara ríkisstjórnin sem sé kosin á hverjum tíma og þingið þurfi þá ekkert að gera nema, eins og ég segi, að vinna bírókratíska vinnu. Þetta er bara ósköp einfaldlega ekki þannig. Þið getið haldið það. Þið getið hagað ykkur samkvæmt því. En þetta er ekki þannig. Stjórnarskráin, stjórnskipunarverkið, gerir ráð fyrir því að ráðherra starfi á ábyrgð Alþingis. Það er Alþingi, löggjafarvaldið, sem er kosið og það er það sem veitir ráðherrunum rétt til ákvarðana, til stjórnsýsluákvarðana, til framkvæmdaákvarðana. En það er Alþingi sem tekur pólitíska ábyrgð á þeim. Það þýðir að ráðherra á ekki að taka pólitíska ákvörðun sem ekki hefur verið borin undir Alþingi og með pólitískri ákvörðun er ég ekki að tala um hvort menn ákveði að fara í framboð eða hvort menn ákveði að taka upp einhverjar flokkaskiptingar, heldur á ég við pólitíska ákvörðun samkvæmt stjórnskipulegum rétti.

Um það hvort hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er ósammála Hæstarétti eða ekki, það verður hann bara að eiga við sig. Hann getur auðvitað sent Hæstarétti tölvupóst um það mál og athugað hvað Hæstiréttur segir við hann. En Hæstiréttur hefur komist að ákveðinni niðurstöðu og ég tel fulla ástæðu til að ætla að sú niðurstaða sé mjög vel grunduð og mér sýnist hún vera það í dómi Hæstaréttar sem ég hef lesið. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur auðvitað ákveðin tækifæri til þess. Hann getur flutt frv. um það að breyta stjórnarskránni ef hann er óánægður með túlkun Hæstaréttar um hana.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti vill minna ræðumenn á að það ber að beina máli sínu til forseta eða fundarins en ekki til einstakra þingmanna.)

[11:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherrar eru ekki kosnir á Alþingi. Það fer ekki fram nein atkvæðagreiðsla um skipan ráðherra á Alþingi eins og dæmi eru reyndar um sums staðar erlendis. Væri slíkt fyrirkomulag, þá störfuðu ráðherrar á ábyrgð Alþingis. En svo er ekki. Þeir eru tilnefndir af þingflokkum og starfa á ábyrgð þeirra þannig að niðurstaða hv. þm. að þessu leyti er að mínu viti fullkomlega röng.

Ég get ekki stillt mig um að nefna eitt atriði af því að hv. þm. taldi það upp til rökstuðnings fyrir því að vera andsnúinn því fyrirkomulagi að starfsemi hins opinbera væri utan Reykjavíkur, þ.e. að það hefði áhrif á hagi starfsmanna ef stofnun eða verkefni væru flutt. Gott og vel.

Herra forseti. Má ég aðeins biðja forseta um að hlutast til um að hv. þm. sem ég er í andsvari við fylgist með fundinum. Ég tel það óvirðingu við þann sem veitir andsvar þegar sá þingmaður sem andsvar er veitt við sýnir augljóslega að hann vill ekki hlusta á það sem fram er borið.

(**Forseti** (GuðjG): Forseta virðist að hv. þm. sé tilbúinn að hlusta á ræðumann.)

Ég þakka herra forseta fyrir. Ef það er niðurstaða hv. þm. að leggjast gegn breytingu af því að breytingin hefur áhrif á hag starfsmanns, þá vil ég rifja upp annað mál sem hv. þm. kom mikið að á sínum tíma ásamt mér í öðrum stjórnmálaflokki en við störfum í núna, þ.e. átök um frjálst framsal veiðiheimilda. Um það var tekist á fyrir nokkrum árum. Þá hafði hv. þm. þá afstöðu að framsal veiðiheimilda ætti að vera frjálst og hefur væntanlega þá afstöðu enn. Sú ráðstöfun hefur augljóslega mikil áhrif á hagsmuni fólks sem starfar í atvinnugreininni og margítrekað hefur sú staða komið upp, en hv. þm. styður það samt. Og hver er þá niðurstaðan? Hún er sú að þegar þeir sem starfa hjá hinu opinbera eiga í hlut, þá styður hv. þm. Mörður Árnason hagsmuni þeirra. En

þegar í hlut á fólk sem starfar í sjávarútvegi, þá gefur hann ekki mikið fyrir hagsmuni þess og það er dálítið merkileg niðurstaða.

[11:08]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa lent í stuttum samræðum úti í sal en ég náði nú meginkjarnanum í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar.

Það er misskilningur hv. þm. að ég leggist gegn breytingum á forsendum starfsmanna, það geri ég ekki. Ég sagði ekkert um það. Ég sagði að ýmsar slíkar breytingar væru góðar. Ég benti á leiðir til þess, færa mætti einstök verkefni og benti á upplýsingatæknina. Meginmál mitt var hins vegar að Alþingi á að taka þessa pólitísku ákvörðun. Af hverju á Alþingi að gera það? Hæstv. forseti. Það virðast ekki allir þingmenn hafa kynnt sér stjórnarskrána sem þeir hafa þó lagt við drengskaparheit. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson heldur því fram að ráðherrar séu ekki kosnir á Alþingi, það er rétt. En Alþingi býr við þingræði, það gerir þjóðin. Alþingi getur að myndaðri ríkisstjórn fellt þá ríkisstjórn og þá getur sú ríkisstjórn ekki lengur setið. Það er grunnregla þingræðisins, hæstv. forseti, sem ég tel að Alþingi ætti kannski að kynna hv. þm. betur.

Um samhengi þessa máls við framsal í sjávarútvegi ætla ég ekki að hafa mörg orð. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson styður gjafakvótakerfið og er þar með ábyrgur fyrir því raski og umróti sem orðið hefur vegna sjávarútvegsmála og gjafakvótakerfisins undanfarin 15 eða 16 ár og við skulum bara ræða það síðar, hæstv. forseti, hvaða réttlæti felst í því og hver afstaða manna er í því máli.

[11:10]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Mörður Árnason kom víða við en ég vil staldra við eitt á þeim stutta tíma sem ég hef. Ég held að menn verði að átta sig á því og við hér í þingsölum að við erum kannski að súpa seyðið af því að hafa flutt kansellíið frá Kaupmannahöfn á sínum tíma hingað á Austurvöll. Þess vegna erum við nú að bíta úr nálinni með að svo stutt er á milli þings og framkvæmdarvalds. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti ekki verið sammála mér í því að það geti verið meginástæðan fyrir ofvexti framkvæmdarvaldsins á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef löngum verið talsmaður þess að flytja stjórnsýslu út á land og auka vægi sveitarfélaga og héraða í stjórnsýslunni. Við verðum hins vegar að horfast í augu við að hið stutta bil á milli framkvæmdarvalds og þings hefur háð íslenskri stjórnsýslu um áratuga skeið. Þetta er ekki bara íslenskt fyrirbrigði vegna þess að í langflestum löndum, sem lotið hafa stjórn annarra landa og fengið sjálfstæði nú á síðustu áratugum, hafa þessi vandamál komið upp. Þar hefur staða þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu verið veik. Ég get tekið undir að einmitt þessi mál þurfi að ræða á alvarlegum nótum. Það eru ýmsar leiðir til þess. Þrátt fyrir það tel ég að frv. gefi ýmsa möguleika ef hugur fylgir máli, á þeim nótum sem ég er að ræða um.

Ég tel að þessi óljósu skil hafi haft alvarleg áhrif á íslenska stjórnsýslu og leitt til þess að stjórnsýslan, framkvæmdarvaldið í höfuðborginni, sem við öll viðurkennum að þarf að verða stór og sterk, hafi vaxið út yfir allan þjófabálk.

[11:12]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get á margan hátt tekið undir með hv. þm. Skilin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds hafa mjög lengi verið óskýr hér á landi og það kann að eiga sér sögulegar ástæður. Ég er líka sammála honum um, eins og fram kom í ræðu minni, að einna áhrifaríkasta byggðastefnan sé að flytja verkefni frá ríkisvaldinu til héraðs og sveitarstjórna. Ég sagði að það hefði kannski verið stærsta skrefið sem stigið hefði verið í byggðamálum undanfarinn áratug.

Ég tel hins vegar að það sé eðlilegt að höfuðborgin, sem heitir höfuðborg þó að sé hvergi skýrt í lögum, búi við að hreinar ríkisstofnanir, stofnanir framkvæmdarvaldsins, dómsvaldsins og löggjafarvaldsins séu í Reykjavík. Það þýðir ekki að ekki megi flytja einstök verkefni þeirra þangað sem hægt er að vinna þau og henta þykir að hafa þau.

Hins vegar verður höfuðborgin að vera höfuðborg. Við verðum að hafa „system i galskabet", herra forseti.

[11:13]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið. Þá vil ég spyrja hann hvort hann geti ekki verið sammála mér, út frá því sem ég sagði áðan, að þetta viðhorf sem hann lýsti úr sveitinni, að Reykjavík eða höfuðborgin væri kýli á landinu, geti ekki mótast af þessum óljósu skilum og ofvexti framkvæmdarvaldsins á einum stað vegna þess að það er niðurlægjandi fyrir alla að þurfa að sækja sér þjónustu annað. Það þótti Íslendingum á sínum tíma þegar þeir lutu stjórnsýslu Dana, þeim þótti niðurlægjandi að þurfa að fara og ná í og biðja um. Er þetta ekki mergurinn málsins í stjórnsýslu landsins? Við höfum verið með miðstýrt kerfi, miðstýrða stjórn þar sem allt er fært inn á þetta svæði, inn á stjórnsýsluna og menn hafa þurft að sækja allt þangað. Það er niðurlægjandi fyrir sjálfstæða menn og e.t.v. skýringin.

Ég spyr hv. þm. hvort hann telji að það geti e.t.v. verið meginskýringin á þeim viðhorfum sem hann telur sig hafa upplifað úti á landi gagnvart stjórnsýslunni eða höfuðborginni Reykjavík. Hann sagði að sveitungar sínir hefðu kallað höfuðborgina kýli á landinu. Ég tel að það sé myndrænt en ekki gagnvart fólkinu heldur gagnvart þeirri stöðu sem fólk var í gagnvart miðstýrðu kerfi.

[11:15]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að karlarnir mínir í Þingeyjarsýslu hafi haft nokkuð fyrir sér í þessu þó að þeir orðuðu hlutina skýrt. Auðvitað var um það að ræða að þeir voru að rísa upp gegn miðstýringu sem hafði táknmynd sína í Reykjavík. Það sem hristi mig til var það að talinu um Reykjavíkurvaldið og hið illa í Reykjavík var stefnt gegn miðstýringu í ríkiskerfinu og á ýmsum öðrum sviðum en það breiddist út yfir fólkið í Reykjavík, yfir borgarbúa í Reykjavík sem eru í raun og veru alveg í jafnmikilli fjarlægð frá þessu valdi og fólk úti á landi.

Ég tek undir að ein af ástæðunum er mikil miðstýring í stjórnkerfi okkar, miðstýring sem við höfum aðeins verið að stíga skref frá núna og ég tel að við eigum að halda því áfram, það séu bæði hagsmunir höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar að gera það. Ég held að við eigum fyrst og fremst að reyna að koma verkefnum af ýmsu tagi frá ríkisvaldinu til sveitarstjórnanna, til félagasamtaka og til annarra og þannig muni menn nálgast það að ákvarðanir séu teknar sem allra

næst vettvangi sem er góð regla, jafnvel þó að hún sé frá Evrópusambandinu, hæstv. forseti.

[11:16]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. um Stjórnarráð Íslands. Þá er fyrst að spyrja um hvað málið snýst. Snýst það um átök milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar í þeim skilningi að á höfuðborgarsvæðinu er þungamiðjan í stjórnsýslu landsins og margar helstu opinberar stofnanir og áhugi margra landsmanna að flytja þær út á landsbyggðina, snýst málið um þetta efni? Nei, það snýst ekki um það.

Ég er t.d. þeirrar skoðunar að það geti verið rétt að flytja stofnanir ef svo ber undir frá Reykjavík út á landsbyggðina. Það hefur iðulega verið gert, menn hafa varla tekið eftir því. Lánasjóður landbúnaðarins var fluttur á Selfoss. Ég kann ekki söguna þar að baki, hún kann að vera fróðleg, en hér í þingsal varð hún mjög stutt. Þetta var samþykkt nánast án umræðu, ég held að ekki nokkur maður hafi lagst gegn því.

Hins vegar er ýmislegt að gerast núna í tækninni sem opnar okkur leiðir til að flytja starfsemi til í landinu. Ég held nefnilega að sú hugsun að flytja stofnanir og rífa þær upp með rótum, oft með slæmum afleiðingum, sé úrelt. Við eigum að hugsa þessi mál á allt aðra lund. Við eigum að velta því fyrir okkur hvort, hvenær og hvernig hægt er að flytja starfsemi til.

Þess má geta að efh.- og viðskn. heimsótti ríkisskattstjóraembættið í morgun. Þar var okkur gerð grein fyrir nýjum vinnuaðferðum í því embætti, hvernig embættið hefði tekið tölvutæknina í þjónustu sína. Ríkisskattstjóri var spurður um breytingar á mannahaldi þessu samfara og þar kom í ljós að þetta breytti áherslum innan embættisins. Ýmis störf kynnu að leggjast af, önnur ný kæmu til sögunnar. Þau hefðu komið til sögunnar fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu en síðan bætti ríkisskattstjóri við að einmitt þessi tækni, tölvutæknin, gerði það mögulegt að flytja starfsemi hvert sem er á landinu ef því væri að skipta. Það er á þennan hátt sem við eigum að hugsa þessa hluti.

En um hvað snýst þetta mál þá? Þetta snýst um það að lögfesta geðþóttavald ráðherra.

Hv. þm. Mörður Árnason rifjaði réttilega upp að þegar eitt umdeildasta mál, sem varðar flutning á ríkisstofnunum, kom til umræðu á Alþingi, Landmælingar Íslands sem voru fluttar frá Reykjavík til Akraness, þá sagði Guðmundur Bjarnason, reyndar man ég ekki hvort hann sagði það í þessum ræðustól því að hann forðaðist að ræða þetta mál á Alþingi, en hann sagði við starfsmenn á opinberum vettvangi að þetta væri einfaldlega pólitísk ákvörðun.

Það er alveg rétt, það er það að hluta til. Þegar hann var spurður um rök í málinu, hagkvæmnina, kostnaðinn, afleiðingar fyrir starfsemina, fyrir notendur, fyrir starfsfólk vék hann sér undan því að ræða þessi mál og sagði: Þetta er pólitísk ákvörðun.

Hvar á að ræða pólitískar ákvarðanir? Það á að ræða þær hér, það á að ræða þær á Alþingi vegna þess að þær eru pólitískar. Það er mikilvægt í lýðræðisþjóðfélagi og að sjálfsögðu grundvallarþáttur og undirstaða þingræðisins að hægt sé að draga menn til pólitískrar ábyrgðar fyrir gerðir sínar. Ekki bara endanlega í kosningum heldur einnig í umræðum, að við högum málum þannig að menn þurfi að færa rök fyrir máli sínu, að menn komist ekki upp með að segja: Þetta er pólitísk ákvörðun, ykkur kemur þetta ekki við. Um það fjallar málið, það fjallar ekki um neitt annað.

Það sem slagurinn stóð um varðandi Landmælingar var að fá slíka umræðu um málið, kosti þess og galla að flytja Landmælingar Íslands frá Reykjavík til Akraness. Þá gat vel svo farið að það yrði meiri hluti fyrir því að samþykkja slíkan flutning eftir rökræðu á Alþingi. En við vildum fá þá rökræðu á Alþingi.

Það mál var mjög óþægilegt. Nú ætla menn að koma sér hjá því að þurfa nokkru sinni að ræða flutning á stofnunum hins opinbera með þessu litla frv. sem er lítið í þeim skilningi að það rúmast nánast á einu blaði en stórt í þeim skilningi að það getur haft miklar afleiðingar fyrir fjölda fólks. Það gerði það svo sannarlega hvað varðar flutninginn á Landmælingum Íslands.

Ég ætla ekkert að fara inn í þá umræðu, um kosti þess og galla að flytja Landmælingar Íslands á sínum tíma frá Reykjavík til Akraness. Það er allt önnur umræða. Umræðan núna snýst um þingræðið í landinu og þá tilburði ríkisstjórnarinnar til að draga úr lýðræðislegri umræðu, umræðu hér á Alþingi, koma sér hjá því að ræða málin.

Ég vitna aftur í dæmið um Lánasjóð landbúnaðarins sem var fluttur nánast án umræðu vegna þess að það var ekki umdeilt, a.m.k. ekki í þessum sal. Ég kann ekki þá sögu hvað þar bjó að baki en hér gekk þetta fyrir sig á fáeinum mínútum og þannig yrði það þegar ekki væri um umdeild mál að ræða. Á endanum yrði það væntanlega þessi sami stjórnarmeirihluti sem mundi hafa sitt í gegn samkvæmt reynslunni, því miður. Því miður er það svo að þingið lætur ráðherravaldið oft og tíðum teyma sig út í fenið, oft gegn sannfæringu manna hef ég á tilfinningunni. Það gerist allt of oft. En um það snýst málið.

Þegar það kom til kasta Alþingis síðast var það sent til umfjöllunar, þar á meðal hjá samtökum launafólks. Reyndar var það svo í umsögn Alþýðusambands Íslands að talið var að með frv. væru stjórnvöld að tryggja viðkomandi ráðherra fullnægjandi lagaheimild en jafnframt segir síðar í álitsgerð ASÍ að virða beri lög og samningsbundin réttindi og hagsmuni starfsfólks þeirra stofnana sem kemur til álita að flytja. Með öðrum orðum, Alþýðusambandið lagðist ekki gegn þessu og taldi að hér væri á ferðinni fullnægjandi heimild en jafnframt vísað í lög og samningsbundin réttindi.

Hér kemur að álitsgerð sem kom frá samtökum opinberra starfsmanna BHM og BSRB. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hæstiréttur hefur skýrt stjórnarskrárákvæði um staðsetningu ríkisstofnana svo að ákvörðun um aðsetur ríkisstofnana væri þess eðlis að um hana skyldi mælt í lögum."

Hér er með öðrum orðum ekki aðeins skírskotað til flutnings stofnunar, lög frá Alþingi eins og frv. gerir ráð fyrir „geta ekki breytt fordæmisreglu Hæstaréttar sem byggð er á stjórnarskrárákvæði."

Þetta segir m.a. í álitsgerð BHM og BSRB. Enda þótt Alþýðusambandið sjái eða telji að þarna sé verið að veita fullnægjandi lagalega heimild þá er jafnframt í álitsgerð Alþýðusambandsins vísað í lög. Þegar komið er að því að túlka lögin þá telja BSRB og BHM að hér sé um stjórnarskrárbundin ákvæði að ræða. Þarna er a.m.k. á ferðinni álitamál sem þyrfti skoðunar við og í álitsgerð sinni segja BSRB og BHM á þessa leið, með leyfi forseta:

„Hvað sem öðru líður er um að ræða mjög viðamikið mál sem ræða þarf heildstætt við heildarsamtök opinberra

starfsmanna og er því augljóst að ekki eru efni til annars en þetta frv. sé lagt fram til kynningar á yfirstandandi löggjafarþingi. BHM og BSRB lýsa sig reiðubúin til slíkra viðræðna á heildstæðum grunni í tengslum við endurskoðun á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, enda taki tillögurnar mið af framangreindum stjórnskipunarlegum sjónarmiðum."

Undir rita Svanhildur Halldórsdóttir fyrir hönd BSRB og Gísli Tryggvason fyrir hönd BHM.

Þessu boði hefur ekki verið tekið eins og eflaust mun koma fram í svari hæstv. forsrh. hér á eftir við spurningum hv. þm. Marðar Árnasonar og er það miður að það skyldi ekki hafa verið gert fyrst menn eru staðráðnir í að leggja þetta aftur fyrir Alþingi.

Í lokin vil ég segja að ég hvet til þess að þetta mál verði skoðað mjög rækilega. Sjálfur leggst ég mjög eindregið gegn því að það verði samþykkt. Ég tel að með þessu séum við að veikja Alþingi. Við erum að veikja Alþingi, við erum að styrkja geðþóttavald ráðherranna, við erum að gera það. Dæmin sanna að þetta er til ills hvað þetta tiltekna málefni snertir, flutning á ríkisstofnunum. Ég held að það hefði ekki verið til skaða nema síður sé að málefni Landmælinga Íslands hefðu fengið umfjöllun á Alþingi og reyndar á það einnig við um fleiri stofnanir, t.d. Byggðastofnun. Það hefði verið eðlilegt að ræða flutning hennar hér á Alþingi. Reyndar eftir á hyggja skal ég ekki fullyrða um að það hafi ekki verið gert en a.m.k. var sá flutningur gagnrýndur. En ég mæli gegn því að þetta frv. til laga um Stjórnarráð Íslands verði samþykkt.

[11:30]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er áhugavert að velta því aðeins fyrir sér, sem umræðan gefur fullt tilefni til, hvernig skipta eigi verkum annars vegar milli löggjafarvaldsins og hins vegar framkvæmdarvaldsins. Síðan er mjög auðvelt að halda áfram að þróa umræðuna frekar eins og hér hefur verið gert að nokkru leyti og velta líka upp þeim spurningum hversu mikið vald ríkið eigi að hafa og hversu mikið vald efnahagslífið eða viðskiptalífið eigi að hafa að öðru leyti. Út af fyrir sig er þetta mjög áhugaverð spurning sem er kannski oft tilefni fyrir okkur að ræða um á hinu háa Alþingi. Við þingmenn höfum oft tilhneigingu til þess að kvarta undan því að framkvæmdarvaldið sé að vaða yfir löggjafarvaldið og skilja þingið eftir í einhvers konar tómarúmi. Ég held að það sé líka nauðsynlegt að halda til haga að því hefur verið haldið mjög fram, m.a. af prófessor Gunnari Helga Kristinssyni, að einn höfuðvandi íslenskrar stjórnsýslu sé einmitt veikt framkvæmdarvald. Það skorti á þessar almennu leikreglur fyrir framkvæmdarvaldið til þess að vinna eftir og það sé þess vegna veikleiki í íslenskri stjórnsýslu að framkvæmdarvaldið sé ekki nægilega sterkt.

Ég held, virðulegi forseti, að margt sé til í þessu hjá prófessornum. Það hefur verið þannig í lengri tíma að skort hefur á ákveðnar leikreglur og jafnvel þó að ég sé ekki að mæla með því að framkvæmdarvaldið sé að vaða yfir löggjafarvaldið er það auðvitað þannig að framkvæmdarvaldið þarf að vera mjög virkt og það þarf að geta stuðst við skýrar leikreglur til að vinna eftir.

Auðvitað má velta því endalaust fyrir sér hvað það er í pólitískum ákvörðunum í þjóðfélagi okkar sem eigi að fara með inn á vettvang Alþingis og taka ákvarðanir um. En ég held nú, virðulegi forseti, að það sé ótrúlega langt til seilst að láta sér detta í hug að það eigi að vera á verksviði Alþingis hverju sinni að taka ákvörðun um hina landfræðilegu staðsetningu ríkisstofnana þegar þeim er komið á laggirnar. Ég held, virðulegi forseti, að þessir hlutir í ljósi þeirra miklu breytinga sem eru að verða í þjóðfélagi okkar, möguleikum á öllum fjarskiptum, samskiptum af því taginu og þeim miklu breytingum sem eru að verða á samskiptaháttum okkar að öllu öðru leyti, enn fremur þeim gríðarlegu breytingum og framförum sem hafa orðið í samgöngum okkar og möguleikum okkar til þess að nýta þjónustu víða um landið sé það náttúrlega afkáralegt, svo ekki sé nú meira sagt, að þá eigi í hvert einasta skipti sem breyta þarf um heimilisfang ríkisstofnana að koma með þá ákvörðun inn á hið háa Alþingi.

Ef menn taka þetta mjög bókstaflega og ganga út frá því sem manni virðist vera niðurstaða Hæstaréttar, og þá niðurstöðu ber auðvitað að virða, að þá sé það þannig að ef tekin er ákvörðun um að ríkisstofnun sé ekki staðsett í Reykjavík heldur t.d. í Kópavogi eða Mosfellsbæ — það getur náttúrlega verið á Kjalarnesi vegna þess að það er orðið hluti af Reykjavík — að þá sé það tilefni til þess að slík ákvörðun sé flutt inn á hið háa Alþingi og við tökum um það sérstaka pólitíska ákvörðun hvorum megin Kópavogslækjarins einstakar ríkisstofnanir séu staðsettar. Auðvitað á þetta ekki að vera þannig.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að ekki er langt síðan tekin var um það ákvörðun án þess að það kæmi inn á Alþingi, að færa ríkisstofnun frá Kópavogi til Reykjavíkur. Tekin var ákvörðun um að finna ríkislögreglustjóra húsnæði í Reykjavík fremur en í Kópavogi og fyrir því voru færð praktísk rök. Ég held, virðulegi forseti, að allt of mikið sé gert úr því að verið sé að færa óeðlileg völd frá Alþingi til ráðherra þó að sett sé í lög sem hér er gert ráð fyrir, að það sé ráðherra sem kveður á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir nema á annan veg sé mælt fyrir í lögum.

Í raun og veru hefur umræðan þróast með allt öðrum hætti og að sumu leyti er það bara kostur. Það hefur komið fram að hv. þingmenn, eins og t.d. hv. þm. Mörður Árnason, reyndu að klæða mál sitt í ákveðinn búning, þann búning að hann væri að fjalla um þetta stjórnskipulega, spurninguna um hvernig svona hlutir í ákvörðunum ættu að falla að þrígreiningu ríkisvaldsins. En í raun og veru var hv. þm. fyrst og fremst að færa fyrir því rök að ríkisstofnanir ættu að vera í Reykjavík. Enda sagði hv. þm. það í andsvari áðan að það væri skoðun sín að ríkisstofnanir, sem hann kallaði „hreinar ríkisstofnanir", þ.e. væntanlega stofnanir sem séu þá bara í eigu ríkisins en ekki stofnanir sem gætu verið sameiginleg stofnun ríkis og sveitarfélaga eða fyrirtæki í eigu ríkis og einhverra einstaklinga, þ.e. hreinar ríkisstofnanir ættu að vera í Reykjavík.

Auðvitað getum við deilt mjög um þetta og hv. þm. kallaði sérstaklega til vitnis vini sína norðan úr Þingeyjarsýslu sem höfðu lýst því yfir að Reykjavík væri kýli á þjóðarlíkamanum. Nú veit ég út af fyrir sig ekki hverjir það eru sem hv. þm. umgengst og tala með þessum hætti en við vitum auðvitað að ein andstaða, það vitum við sem þekkjum hin gömlu marxísku fræði, hv. þm., kallar á aðra. Þó að við séum örugglega hvorugur þeirrar skoðunar, a.m.k. ekki lengur, að það sé barátta andstöðunnar sem drífur þjóðfélag áfram þá vitum við það að ein andstaða kallar stundum kallar á aðra, einar öfgarnar sem kalla á aðrar. Mér fannst hv. þm. eiginlega hafa kosið að bregðast við með mjög sérstökum

hætti þannig að hann var eins konar talsmaður, að mínu mati, öfga á hinn veginn með því hvernig hann talaði mjög gegn því að starfsemi sem heyrði undir hið opinbera væri staðsett í stofnunum nema þá hér á höfuðborgarsvæðinu.

Mér finnst líka gæta ákveðins tvískinnungs hjá hv. þingmönnum, bæði hv. þm. Merði Árnasyni og hv. 13. þm. Reykjavíkur þegar verið er að tala um að það sé allt annað mál þegar verið sé að flytja verkefni einstakra stofnana út á land. Þá horfir þetta mál einhvern veginn allt öðruvísi við. Hv. þingmenn töluðu mjög mikið um að flutningur ríkisstofnana hefði í för með sér röskun, flutningur ríkisstofnana gerði það að verkum að þjónustan væri svo dreifð að það yrði erfitt fyrir fólk að nýta sér hana og þar fram eftir götunum. En auðvitað er með því að flytja verkefni út á land verið að flytja hluta stofnunar út á landi. Auðvitað hefur það líka röskun í för með sér. Eru þá hv. þingmenn að leggja til að slíkar ákvarðanir eigi líka að bera undir Alþingi?

Við getum hugsað okkur að sú staða komi upp að það sé tekin um það ákvörðun að flytja 99,9% af einhverri stofnun frá Reykjavík og út á land, færa starfsemi hennar að því leytinu út á land, en heimilisfestin og kannski einhverjir örfáir starfsmenn verði eftir í Reykjavík. Ber þá að flytja slíkt mál inn á Alþingi? Hvað telja hv. þingmenn, sem eru að tala fyrir því að færa einstök verkefni ríkisstofnana út á land en ekki heilu stofnanirnar, að megi ganga langt í þessum efnum?

Það gerðist t.d. fyrir ekki löngu að stjórn Byggðastofnunar ákvað að flytja þróunarsvið stofnunarinnar norður á Sauðárkrók sem hefur reyndar tekist ákaflega vel. Þá risu upp menn og sögðu að þetta væri líka brot á stjórnarskránni, þetta væri líka í ósamræmi við leikreglurnar. Þetta er ákvörðun sem verður að taka með allt öðrum hætti. Eru hv. þingmenn nokkuð að tala fyrir því að flutningur einstakra verkefna af þessu tagi þurfi líka að koma inn til Alþingis til ákvörðunar?

Ég held þess vegna, virðulegi forseti, að menn séu hér á einhvern hátt að búa þetta mál í mjög sérkennilegan búning. Mér finnst það líka mjög undarlegt þegar ákvarðanir ráðherra og vald ráðherra eru sífellt kallaðar geðþóttaákvarðanir og geðþóttavald. Nú vitum við að valdi ráðherra er skipað með lögum og þær ákvarðanir sem hæstv. ráðherrar taka byggjast á þeim lagalegu heimildum sem þeim eru veittar af Alþingi. Mér finnst koma fram fordómafull afstaða í því að kalla það þegar ráðherrar taka ákvarðanir, byggt á geðþótta og að vald þeirra sé byggt á einhverjum geðþótta. Þetta finnst mér lýsa undarlegri afstöðu til þess verkefnis sem ráðherrar hafa og þeirra leikreglna sem Alþingi hefur sett ráðuneytunum og ráðherrunum í landinu.

Virðulegi forseti. Það er kannski eitt í viðbót sem ég held að sé rétt að menn velti þá aðeins fyrir sér og það er að hér voru flutt mikil rök fyrir því að það væri ótvíræður kostur að geta sótt allt á einn stað og sú hugmynd að hinar hreinu ríkisstofnanir ættu að vera á einum stað, á höfuðborgarsvæðinu. Þá finnst mér ef menn vilja vera sjálfum sér algjörlega samkvæmir að þeir eigi ekki að láta við svo búið standa. Menn eigi þá bara einfaldlega að koma og segja að það hafi verið mistök að flytja Skógræktina, Veiðistjóraembættið, Landmælingarnar og part af Íbúðalánasjóði norður á Sauðárkrók, og hvetja til að snúið sé til baka. Ég kalla eftir þeirri afstöðu hv. þingmanna sem hafa verið svona harðir talsmenn þessa sjónarmiðs, sem ég er hér að gagnrýna, að þeir skýri mál sitt gagnvart því hvort ekki sé þá eðlilegt að taka til baka þær ákvarðanir sem búið er taka varðandi flutning þeirra stofnana sem ég var að telja upp.

Að lokum eitt, virðulegi forseti. Fyrir tveimur, þremur árum var ég einn flutningsmanna að þáltill. sem kvað á um þá stefnumótun að eftir föngum skyldu nýjar ríkisstofnanir verða staðsettar á landsbyggðinni. Mér er mjög minnisstætt vegna þess að hér hefur verið lesið mikið upp úr umsögnum BHM og BSRB að það kom einmitt mjög undarleg umsögn frá BHM um það mál. Sú umsögn var á þessa sömu leið að það væri til mikils óhagræðis og það væri skelfilegt gagnvart starfsmönnum að láta sér detta í hug að staðsetja starfsemi nýrra stofnana úti á landi. Þá fer nú, virðulegi forseti, svolítið að sneiðast um ef það er orðið sjónarmiðið að ekki megi heldur setja nýjar stofnanir niður úti á landi ef það fara að vakna spurningar um hve langt menn megi ganga í þeim efnum að flytja verkefni út á land á grundvelli einstakra stofnana og ég tala nú ekki um þá ósvinnu að láta sér detta í hug að ráðherra skuli hafa heimild til þess að taka ákvarðanir um hvar ríkisstofnanir séu staðsettar.

Ráðherrum er ætlað mikið vald og forstjórum og yfirmönnum stofnana er ætlað heilmikið vald. Þeir hafa vald til þess að taka mjög miklar ákvarðanir á hverjum einasta degi sem snerta hagsmuni bæði viðskiptavina stofnunarinnar og hagsmuni og aðstæður starfsmannanna. Þess vegna er alveg fráleitt þegar því er haldið fram að þetta sé umræða sem snúist um þingræðið í landinu þegar lagt er fram frv. sem felur í sér að ráðherra geti kveðið á um aðsetur stofnana sem undir hann heyra.

Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að þetta sé skynsamlegt og gott frv. og að verið sé að bregðast við aðstæðum í landinu sem eru til staðar, möguleikum sem við höfum núna sem gera það að verkum að stofnanir þurfi að vera og eigi að geta verið mun hreyfanlegri en áður hefur verið. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að það standi öll rök til þess að við samþykkjum þetta frv.

[11:43]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mjög stuttlega. Ég tel að hv. þm. sem hér talaði áðan hafi misskilið grunntextann í bók Gunnars Helga Kristinssonar. Þar var ekki verið að tala um veikt framkvæmdarvald, þar var verið að tala um veikt embættisverk, einmitt vegna þess að stjórnmálamennirnir í framkvæmdarvaldinu hafi ekki leyft embættismönnunum að búa til það fasta regluverk sem á að vera mótpóllinn í þessu lýðræðislega samspili.

Í öðru lagi þetta: Já, það er skoðun mín að hreinar ríkisstofnanir eigi að vera á Reykjavíkursvæðinu. Þá er ég ekki að tala um hreinar í merkingunni eignaraðild heldur hreinar að því leyti að þær komi mjög nálægt ráðuneytunum. Síðan þurfum við að ákveða hvað fer út og hvar annað hentar. Ég tók enga grundvallarafstöðu gegn því og tel að sumt hafi heppnast vel sem fór út.

Meginspurningin er hins vegar þessi þegar hv. þm. er að velta fyrir sér valdi ráðherra og vill hafa það sem mest: Er það þannig, herra forseti, að hv. þm. telji að t.d. flutningur Íbúðalánasjóðs á Sauðárkrók eða Skógræktarinnar til Egilsstaða, hvort sem menn eru með þeim eða á móti, hafi verið stjórnsýsluleg ákvörðun sem ráðherra gat tekið einn og sjálfur eða var það pólitísk ákvörðun sem þurfti vilja þingsins?

[11:45]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég var að reyna að færa rök fyrir áðan þá er það mín skoðun að það eigi að vera á valdi

ráðherra að taka ákvörðun um staðsetningu ríkisstofnana af þessu taginu. Ég tel það alls ekki óeðlilegt í ljósi þeirrar skiptingar á valdmörkum sem við kjósum að sé á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að ráðherrarnir komi ekki að því á einhvern hátt hvernig skipa eigi framkvæmdarvaldinu og hvernig eigi að tryggja að framkvæmdarvaldið sé skilvirkt. Ráðherrarnir hafa að sjálfsögðu þá stjórnskipulegu stöðu. Ef við viljum hafa skýr valdmörk og ákveðið vald hjá ráðuneytum, þá hljóta ráðherrarnir, það gefur augaleið, að koma að því máli.

[11:46]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var enginn að tala um að ráðherrarnir kæmu ekki málinu á neinn hátt. Ég þakka hv. þm. fyrir þá skoðun að hann telur að flutningur stofnana ríkisins, aðsetur þeirra og heimilisfesti sé stjórnsýsluákvörðun sem ráðherra getur tekið. Hann verður að hafa þá skoðun. Ég hef aðra. Hv. þm. með sitt skoðanafrelsi verður líka að sæta því að Hæstiréttur er sammála mér um þetta atriði, þ.e. að þessir flutningar, aðsetur ríkisstofnana, sé pólitísk ákvörðun eins og Guðmundur Bjarnason fyrrverandi stjórnarsamlagsmaður hv. þm. sagði einnig.

[11:47]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hér hafi farið fram að mörgu leyti ágæt umræða og mættu umræður kannski oftar vera á þessum nótum á hinu háa Alþingi. En mér fannst örla á þeim misskilningi í ræðu hv. þm. að þessi umræða snerist um það hvort flytja ætti ríkisstofnanir út á land eða ekki. Hún snýst ekki um það. Hún snýst um það hver eigi að taka þessa ákvörðun. Á Alþingi að taka þessa ákvörðun eða á ráðherra að taka þessa ákvörðun?

Hv. þm. greindi frá því að það væri niðurstaða hans að ráðherra ætti að taka þessa ákvörðun en hann færði ekki góð og gild rök fyrir því. En væntanlega eru þetta þá léttvægari ákvarðanir eða hvað, sem gera það að verkum að þetta vald eigi að vera hjá ráðherra en ekki Alþingi. Ég held að það væri ágætt, virðulegi forseti, að hann skýrði það ögn betur í máli sínu.

[11:48]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég færði alveg fullkomin rök fyrir því hvers vegna ég tel að ráðherra ætti að hafa þetta vald með höndum og ég get ekki farið að endurtaka það á þessari tæpu mínútu sem ég hef til ráðstöfunar nú. Ég gerði það með allmörgum orðum áðan þar sem ég reyndi að sýna fram á að m.a. vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu væru fullkomin rök fyrir því einmitt að ráðherrar gætu brugðist við og tekið ákvarðanir um staðsetningu ríkisfyrirtækja.

Ég vakti hins vegar athygli á því í máli mínu áðan að þó að umræðan ætti að snúast eingöngu um þá spurningu hver ætti að taka þessa ákvörðun samkvæmt orðanna hljóðan í frv., þá hefði umræðan á hinu háa Alþingi þróast til þeirrar spurningar hvort æskilegt væri að ríkisfyrirtæki væru á landsbyggðinni eða á höfuðborgarsvæðinu eingöngu. Ég var einmitt að vekja athygli á því að umræðan, þessi stóra grundvallarspurning, hefði verið klædd í raun í einhvern dularbúning vegna þess að menn voru þrátt fyrir allt alltaf að reyna að færa rök fyrir því að það væri óæskilegt og slæmt fyrir þjóðfélagið að staðsetja ríkisstofnanir annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.

[11:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Það er ótrúlega langt seilst", segir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, „ef ráðherra má ekki ákveða að flytja ríkisstofnanir til ef honum býður svo við að horfa, ótrúlega langt seilst." Ekki fannst starfsfólki Landmælinga það ótrúlega langt seilst. Því fannst það ekki. Auðvitað snýst þetta um tilefnið og hvaða afleiðingar þetta hefur í för með sér fyrir skattgreiðandann, fyrir notandann og fyrir starfsfólkið. Að sjálfsögðu snýst það um þetta.

Þegar hæstv. fyrrv. ráðherra, Guðmundur Bjarnason, svaraði starfsfólkinu því til þegar það reiddi fram rökin, að því nánast kæmi það ekki við vegna þess að þetta væri pólitísk ákvörðun, þá köllum við það geðþóttavald. Þá leyfum við okkur að gera það. Við viljum að stjórnmálamenn þurfi að standa ábyrgir gerða sinna og orða sinna og það eiga þeir að gera í þessum sal á Alþingi Íslendinga. Nú erum við að fjalla um lagafrv. sem ætlar að svipta þingið möguleikum á slíkri lýðræðislegri umræðu.

[11:50]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. skaut sér undan því að fjalla um það sem ég nefndi áðan, þ.e.: Hvenær á þá að kalla Alþingi til? Hv. þm. segir að það eigi að gera í hvert skipti sem ákvörðun er tekin um hvar eigi að staðsetja ríkisstofnanir. En ef ákvörðun er tekin um það, virðulegi forseti, að staðsetja svo og svo mikinn hluta af verkefnum ríkisstofnunar utan höfuðborgarsvæðisins eða einhvers staðar, á þá líka að kalla Alþingi til? Á Alþingi að koma hvenær sem er að umræðunni um það hvernig eigi að skipuleggja innra starf stofnunar? Ég held að hv. þm. verði aðeins að gera sér grein fyrir því hvernig þessi starfsemi fer fram í landinu og þess vegna er auðvitað alveg fráleitt að reyna að setja þetta í þann búning að þetta sé einhver spurning um þingræði og möguleika Alþingis til þess að hafa áhrif á starfsemi ráðherra eða kalla ráðherra til pólitískrar ábyrgðar þó þessi breyting sé gerð á lögunum. Auðvitað er þingið fullmektugt til þess að kalla ráðherra til ábyrgðar. Ráðherrarnir sitja hér. Þeir sitja hér fyrir svörum og þeir sitja á ábyrgð þingsins og það er auðveldlega hægt að kalla ráðherra til og kalla þá til umræðu og það er það sem menn hafa verið að gera.

[11:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum verið að fjalla um tilteknar stofnanir. Við höfum verið að tala t.d. um Landmælingar Íslands sem var rifin upp með rótum og flutt til og fólk vildi fá um það lýðræðislega umræðu.

Síðan erum við að ræða hvernig hægt er að flytja einstök verkefni. Við erum ekki að tala um að slíta stofnanir upp með rótum heldur að flytja einstök verkefni til í landinu til að koma til móts við þau sjónarmið að dreifa stjórnsýslunni eins víða um landið og gerlegt er.

Hvenær á að ræða þessa hluti? Þetta var gert með Lánasjóð landbúnaðarins t.d. Þetta var samþykkt í einu vetfangi vegna þess að menn sáu rök fyrir því. Við erum að segja: Þegar menn hafa ekkert að óttast, þá óttast menn ekki heldur lýðræðislega umræðu. En það gerir því miður þessi ríkisstjórn og þessi einarði talsmaður hennar.

[11:53]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi umræða beri þess ekki merki að ég sé hræddur við að taka þátt í henni. Það sem ég hef einfaldlega verið að segja er að ég tel að þetta sé ákvörðun af því taginu að það sé mjög eðlilegt að ráðherrar beri á henni pólitíska ábyrgð, beri á því ábyrgð og taki þessa ákvörðun. (**Gripið fram í:** Pólitíska ábyrgð...?) (Gripið fram í.) Það sem ég er einfaldlega að segja, virðulegi forseti, er að ég tel mjög óeðlilegt að kveðið sé á um það í lögum, þ.e. að í hvert skipti sem lög eru samþykkt um tiltekna ríkisstofnun, þá sé kveðið á um sveitarfesti viðkomandi stofnunar. (Gripið fram í.) Ég tel þetta fráleitt, virðulegi forseti, og alls ekki í samræmi við þá þróun og þær breytingar sem eru að verða í þjóðfélaginu í kringum okkur.

Ég veit að hv. þm. er stundum hræddur við breytingar og kallar þær ýmsum nöfnum. En hv. þm. verður einfaldlega að standa frammi fyrir því að svona er þetta að gerast og möguleikarnir til að staðsetja ríkisstofnanir utan höfuðborgarsvæðisins án þess að það hafi alvarlega röskun í för með sér og án þess að það hafi í för með sér óhagræði fyrir þjóðfélagið, eru miklu meiri en þeir voru og því verður að laga lagasetninguna í landinu að þeim veruleika.

[11:54]

Árni Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Tilefni þessa frv. sem við ræðum hérna er mjög skýrt. Það er í raun og veru þær afleiðingar sem dómur Hæstaréttar um staðsetningu á ríkisstofnunum hafði í för með sér. Ég tel að 1. gr. frv. sé bæði skynsamleg og góð, að ráðherra kveði á um aðsetur stofnunar sem undir hann heyrir nema á annan veg sé mælt í lögum. (**ÖJ:** Sérstaklega ráðherra Framsfl.) Alveg sama hvaða ráðherrar það eru, hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Ég vil draga fram það sem mér finnst vera kjarni málsins vegna þess að menn hafa verið að tala um að málið snúist kannski fyrst og fremst um skiptingu valds á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ég bið hv. þingheim að hugleiða hvaða breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu frá því að við fengum stjórnarskrána frá Danmörku og hvort menn halda virkilega að það hafi verið hugsun manna sem tóku við þeirri stjórnarskrá að öll sú stjórnsýsla sem fara á fram á vegum ríkisins yrði sjálfvirkt staðsett á Reykjavíkursvæðinu. Við horfum upp á þetta við samþykkt fjárlaga þegar verið er að bæta við verkefnum hjá ríkinu að þau koma sjálfvirkt inn í eitt sveitarfélag landsins, sem er Reykjavík.

Þannig gerist það þegjandi og hljóðalaust að ríkiskerfið þenst út í sveitarfélaginu Reykjavík. En ef eitthvað á að gera utan Reykjavíkur eða úti á landsbyggðinni þá kostar það alltaf verulegar umræður og veruleg átök. Ég vil nefna sem dæmi í því sambandi að ákvörðun hefur verið tekin um að flytja fimm menn frá loftskeytastöðinni á Siglufirði til Reykjavíkur. Loftskeytastöðin á Siglufirði heyrir undir Landssímann og þar með undir samgrh. Þyrfti ekki að leita atbeina og stuðnings Alþingis fyrir því að flytja þessa fimm menn hingað suður þar sem þeim var boðið sambærilegt starf? Þetta fer fram þegjandi og hljóðalaust.

Ég vil líka minna á það, af því að hér var talað um embætti ríkislögreglustjóra, að nú er verið að gera þær breytingar á þessu embætti að það er að verða miðstýrðara. Það á að færa alla lögreglubíla undir embættið og ég spyr: Hvað hefur það í för með sér fyrir viðhald á þessum bílum og fyrir störf manna í bílgreinum úti um landið? Það er aldrei rætt neitt um þetta.

Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það sé að verulegu leyti stjórnmálamönnum að kenna hvernig komið er í byggðamálum. Við höfum byggt upp rangt kerfi og þetta frv. tekur einmitt á því. Öll sú þjónusta sem hefur byggst upp á vegum ríkisins er staðsett hér og skiptir þá ekki máli hvort sú þjónusta er við allt landið eða jafnvel við atvinnugreinar úti á landi. Í þessu sambandi vil ég nefna sérstaklega svokallaðan eftirlitsiðnað. Ég hvet þá hv. þm. sem hér taka þátt í umræðunni og mæla gegn því að þetta frv. verði samþykkt til þess að fara út um land, tala við fólk og kynna sér viðhorfin.

Við erum með stofnun sem heitir Fiskistofa. Þar vinna á annað hundrað manns við að þjónusta sjávarútveginn hringinn í kringum landið. Það koma menn í bílaleigubílum frá Reykjavík í fiskvinnslufyrirtækin út á land og rukka fyrir það. Kostnaðurinn fellur m.a. til vegna þess að stofnunin er staðsett í Reykjavík. Þetta er dæmi um þjónustu sem ætti að vera nærþjónusta í héraði. Ég nefni Vinnueftirlitið. Ég nefni Löggildingareftirlitið. Ég nefni Brunamálastofnun. Þannig mætti áfram telja. Ætli það séu ekki fleiri þúsund manns sem vinna í þessum ríkisvædda eftirlitsiðnaði sem ætti að sjálfsögðu að vera starfsemi sem færi fram heima í héraði?

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að mér blöskrar nokkuð þegar hv. þm. Mörður Árnason talar um Íbúðalánasjóð og ég sé mig knúinn til að leiðrétta beinar rangfærslur sem hann hafði í frammi í máli sínu áðan. Hann segir að einn maður á bíl aki á hverjum degi með skuldabréf milli Reykjavíkur og Sauðárkróks og hv. þm. segir: „Þetta er ekki byggðastefna. Þetta er rugl." Ég vil svara því til að þetta er rangt og þar liggur ruglið.

Samningar eru við öflugt flutningafyrirtæki, sem er með vel á annan tug bíla í flutningum og ekur margar ferðir á milli Reykjavíkur og Sauðárkróks á dag, um að flytja þau bréf og pappíra sem þarf að flytja og ekki er hægt að flytja í gegnum símalínur. Ég vil líka segja að sjö til átta manns vinna í deildinni á Sauðárkróki en á sjötta tug manna vinnur hjá Íbúðalánasjóði. Af hverju eru menn alltaf að taka þessa deild út úr og skattyrðast gegn henni? Eru þetta annars flokks starfsmenn af því að þeir eru staðsettir á Sauðárkróki? Hvernig væri nú að kynna sér þessi mál? Það er ekkert launungarmál að það hefur verið þensla á fasteignamarkaði og það hefur verið mikið að gera hjá Íbúðalánasjóði. Aukningin er í kringum 40% það sem af er þessu ári miðað við árið í fyrra. Það hefur komið fyrir að símkerfi stofnunarinnar hefur hrunið. Og þá hefur það verið þessi litla deild á Sauðárkróki sem hefur getað gripið inn í og bjargað. Reynsla okkar sem sitjum í stjórn Íbúðalánasjóðs af starfsemi deildarinnar á Sauðárkróki er mjög góð.

Ég spyr: Er ekki dálítið langt seilst ef menn segja að það hafi þurft að leita atbeina Alþingis um það hvort heimilt væri að flytja sjö, átta manns, eina litla deild til Sauðárkróks? Þetta var ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Einar Guðfinnsson kom inn á í sínu máli, að því miður er því allt of sjaldan haldið til haga hvenær vel hefur tekist til með flutning ríkisstofnana út á land. Hann nefndi dæmið um þróunarsvið Byggðastofnunar. Því var nú ekki spáð góðu gengi. Þróunarsvið Byggðastofnunar hefur verið starfandi á Sauðárkróki um árs skeið. Þangað hefur valist vel menntað og hæft fólk sem sinnt hefur störfum sínum mjög vel. Mér finnst það töluverð-

ur sleggjudómur þegar menn segja úr þessum stóli og dæma þar með yfir alla línuna að flutningur stofanana og starfa út á land séu patentlausnir og pólitískar geðþóttaákvarðanir.

Ég bið menn að hugsa aðeins út í hvað það þýðir fyrir hinar dreifðu byggðir, fyrir sjávarþorpin, þorpin úti á landi, þegar stjórnvöld koma inn með þessum hætti. Með því eru vonir fólks vaktar. Það er verið að búa til eða skapa grundvöll fyrir menntuðum störfum og landsbyggðin þarf á því að halda. (**ÖJ:** Málið snýst ekkert um þetta.) Það snýst víst um þetta, hv. þm. Það snýst nákvæmlega um þetta. Það er tilefni þessa frv.

Ég vil að lokum hvetja menn til þess að ræða um það á hv. Alþingi hvað af starfsemi ríkisins á raunverulega heima hér og hvað á heima sem nærþjónusta í héraði.

[12:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef lýst yfir að ég telji að hreinar ríkisstofnanir eigi heima í Reykjavík eða í Reykjavík og nágrenni eins og ég tel rétt að skilja þau orð í stjórnarskránni.

Það er lítið svar við þeim rökum sem ég og fleiri hv. þm. hafa hér fært fram að setja á hefðbundnar harmatölur af landsbyggðinni. Hér var enginn að efast um að ýmsar stofnanir ríkisins gætu vel átt heima úti á landi og mörgum þeirra sem þar eru líði vel. Hins vegar var vakin athygli á því að því samfara getur verið ákveðinn kostnaður. Varðandi Sauðárkrók þá hef ég ekki gagnrýnt að þar séu opinberir starfsmenn menn í vinnu. Hins vegar kemur ruglið fram í því að þar eru efnislegir pappírar geymdir, skuldabréfin á Sauðárkróki, en síðan er unnið með þau hér. Það eru því sífelldir flutningar á milli landshluta og eins og kom fram hjá hv. þm. sérstakt fyrirtæki fengið til þess að annast þá flutninga.

Ég tek eftir því að hv. þm. telur að þetta sé landsbyggðarfrv. sem hæstv. forsrh. er að flytja hér. Sjálfsagt er það svo að einhverju leyti í eðli sínu. Formlega snýst það hins vegar ekkert um það heldur um vald þingsins og vald ráðherranna. Sú staða gæti komið upp að hér yrðu tólf reykvískir ráðherrar, öfgamenn í Reykjavík, sem söfnuðu til sín öllum þeim stofnunum sem nú eru á landsbyggðinni, til Reykjavíkur eða í Kópavog eða á einhvern þann stað sem þeir bera fyrir brjósti. Hvað ætlar hv. þm. að gera þá? Þeir hefðu til þess fullan rétt og gætu gert það á einum degi. Hún yrði komin um kvöldið. Það væri nú ekki mikil vörn í því fyrir landsbyggðina.

Meginmálið hérna er að pólitískar ákvarðanir eins og þessar sem hv. þm. telur mikilvægar á að taka á Alþingi og síðan á að framkvæma þær í Stjórnarráðinu.

[12:06]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég stend við það sem ég segi og mína skoðun. Við skulum þá bara vera ósammála um að mér finnst ákaflega eðlilegt að ráðuneytin og ráðherrarnir hafi þetta vald.

Varðandi skuldabréfaflutninginn á milli deildarinnar á Sauðárkróki og Íbúðalánasjóðs á Suðurlandsbraut þá er nú einu sinni unnið með þessi skuldabréf á rafrænu formi. Hins vegar eru frumritin geymd og einungis tekin fram þegar þarf skilmálabreytingar á bréfunum. Ég vil spyrja hv. þm. Mörð Árnason: Hver er eðlismunurinn á því að flytja bréf með bifreið á milli húsa í Reykjavík eða Kópavogi og að flytja bréf með bifreið frá Sauðárkróki til Reykjavíkur?

[12:07]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Því er auðvelt að svara. Eðlismunurinn felst í kílómetrum. Að öðru leyti vil ég bara segja þetta um svar hv. þm.: Já víst.

[12:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson hvetur okkur til að fjalla um hvaða stofnanir og starfsemi eigi heima í Reykjavík og hvað eigi heima annars staðar á landinu. Þetta frv. gengur út á að banna slíka umræðu.

[12:07]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alþingi getur tekið þá umræðu upp hvenær sem er og ætti að gera það sem fyrst.

[12:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það reyndist nú ekki unnt að fá umræðu um hinn umdeilda flutning á Landmælingum ríkisins t.d. Við gætum hins vegar tekið 2. gr. þessa frv. sem hér er til umfjöllunar og ég efast um að mikill ágreiningur yrði um hana ef við strikuðum út niðurlag hverrar setningar þar sem segir „nema ráðherra ákveði annað". Það er kveðið á um staðsetningu ríkisstofnana en síðan er þessu geðþóttaákvæði hnýtt í „nema ráðherra ákveði annað".

Við óskum eftir umræðu um það sem hv. þm. var að beina til okkar að við tækjum upp hér á Alþingi. Þetta snýst um það hvort við eigum að ræða þessa hluti hér eða ekki.

Ég er sjálfur hlynntur því að flytja starfsemi og reka hana sem víðast um landið eftir því sem kostur er.

[12:09]

Árni Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alþingi getur og hefur tekið stefnumarkandi ákvarðanir í byggðamálum, t.d. með samþykkt þáltill. um byggðamál sl. vor, þannig að sá er vettvangurinn. Mín skoðun er einfaldlega sú að þetta framkvæmdarvald eigi að heyra undir ráðherra.

[12:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta hefur verið fróðleg umræða um margt þó það sé ekki alveg hægt að fóta sig fullkomlega á henni. Talsmaður Samfylkingarinnar, hv. 11. þm. Reykv., tók okkur í kennslustund í almennri lögfræði. Hann fjallaði sérstaklega um stjórnskipun og stjórnskipunarrétt sem er auðvitað þakkarefni þó sumir okkar kunni að hafa efast um fræðilegan grundvöll kennslunnar. Þó var þakkarefni að þingmaðurinn tók sig til, meðan hann staldrar hér við, og kenndi okkur hinum hv. þm. undirstöðuatriðin í þessum greinum þannig að við getum farið betur með þetta í störfum okkar hér.

Þess utan afhjúpaði þingmaðurinn forsrh. Hann varpaði fram því leyndarmáli fyrir framan fjöldann að forsrh. hefði flutt hvorki meira né minna en sömu ræðuna um þetta frv. og hann flutti fyrir ári síðan. Reyndar hafði nú forsrh., blessaður karlinn sem hér stendur, tekið fram að frv. væri endurflutt í óbreyttri mynd. En auðvitað átti hann að sjá sóma sinn í því að semja einhverja allt aðra ræðu um óbreytt frv. fremur en að flytja sömu ræðuna um sama frv. óbreytt ári síðar. Það er rétt að ráðherrar hafi þessa leiðbeiningu þingmannsins í huga upp á framtíðina þannig að þeir verði ekki afhjúpaðir svona og standi berstrípaðir eftir í ræðustól, enda ljót sjón ef það verður almennt svo.

Ég þóttist skilja hv. þm. allvel framan af ræðu hans. En eftir því sem liðið hefur á andsvör virðist mér hann hafa hlaupið frá inntaki ræðunnar. Meginstefið og inntak ræðu hans var að túlka niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í máli þessu svo að þeirri staðreynd sem Hæstiréttur slægi föstu, að ríkisstofnanir og stofnanir sem næst stæðu ráðuneytum, eins og það hefur verið orðað m.a. af hv. þm., ættu að vera í Reykjavík og því yrði ekki breytt að óbreyttri stjórnarskrá. Hv. þm. sagði tvisvar, hygg ég, í fyrstu ræðu sinni að vildu menn ekki hafa þessar stofnanir í Reykjavík þá ættu þeir að breyta stjórnarskránni.

Þetta er út af fyrir sig skoðun sem hv. þm. getur sett fram. Ég tek eftir því í fjarlægð að þingmaðurinn hristi höfuðið og það hefði hann átt að gera meðan hann hélt þessari skoðun fram því að hún er svo vitlaus. Þá hefði maður séð að hann tryði ekki sjálfur því sem hann talaði um. Að vísu má lesa að hluta svipað sjónarmið úr umsögn sem hann vitnaði til, frá BHMR. En ég hef ekki heyrt aðra en þessa tvo túlka dóm Hæstaréttar svo.

Reyndar var hluti af kennslustund hv. þm. að vekja athygli ófróðra hv. þm. á því að dómum Hæstaréttar yrði ekki áfrýjað til forsrh. Þetta er grundvallaratriði sem rétt er að þingmenn hafi í huga og mjög gott að fá þetta upplýst í stuttri viðdvöl þingmannsins hér á þinginu. Ella mundi sjálfsagt þingheimur allur halda að svo væri. En ef til að mynda sá sem hér stendur hefði haldið að dómum Hæstaréttar yrði áfrýjað til forsrh. þá hefði hann ekki flutt þetta frv. Þetta frv. er flutt vegna þess að forsrh. sem aðrir hv. þm. tekur fullt mark á niðurstöðum Hæstaréttar. Hins vegar hlýtur forsrh. sem aðrir borgarar þessa lands að áskilja sér rétt til að hafa á því skoðun hvort rökstuðningur Hæstaréttar, sem mannlegur er, sé trúverðugur eða standist skoðun. Ég mun ekki falla í þann aumingjadóm að taka allan rökstuðninginn gildan þannig að honum megi ekki andmæla eða draga fram önnur rök þó að niðurstaðan sé virt. Engum hefur dottið það í hug í þessum sal — væntanlega þurfti því ekki til hina yfirlætislegu kennslustund hv. þm. — að ímynda sér að dómur Hæstaréttar stæðist ekki. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Hins vegar kom fram hjá hv. þm., og hann má auðvitað hafa þá skoðun sjálfur, að þetta frv. dygði ekki vegna þess að breyta þyrfti stjórnarskránni til þess að flytja mætti þetta frv. að þessu leyti til. Þarna er hv. þm. hins vegar farinn að rífast við Hæstarétt, sem hann er að fordæma aðra fyrir, vegna þess að í hæstaréttardóminum sjálfum er leiðbeinandi regla um það hvernig á að taka á þessu. Hæstiréttur vísar beinlínis veginn að þeirri lagareglu sem þetta frv. leggur til með þeim orðum sem Hæstiréttur nefnir alveg sérstaklega að almennra lagafyrirmæla um heimildir framkvæmdarvaldsins til að gera slíkar breytingar á staðsetningu ríkisstofnana njóti ekki við. Þær skortir sem sagt og það er úr því sem verið er að bæta með þessu frv. Hv. þm., kennarinn hér, við okkur auðmjúka nemendurna er farinn að rífast við Hæstarétt sjálfan hér úr ræðustólnum, hvorki meira né minna.

Síðan tekur þingmaðurinn sig til og fer að tala um að hann sé eingöngu að fjalla um þær stofnanir sem séu nærtækastar ráðuneytunum. Það sé allt í lagi með einhverjar aðrar stofnanir. Þetta er mjög fróðleg kenning. Er það þá svo að Landmælingar Íslands séu dæmigerð stofnun fyrir þær sem næstar standi ráðuneytum og hljóti þess vegna að vera í Reykjavík? Ef það er svo, hv. þm., þá þyrfti nú að flytja ansi stóran slatta af stofnunum sem hafa verið fluttar út á land með lögum að óbreyttri stjórnarskrá til Reykjavíkur á nýjan leik. Þingmaðurinn ætti að taka saman lista yfir þær stofnanir allar sem þarf að skófla til Reykjavíkur með þessari túlkun, ef Landmælingar Íslands eru svo bersýnilega nákomnar ráðuneytum að slík stofnun þurfi endilega að vera staðsett í Reykjavík.

Þetta er enn eitt dæmi um að við tökum þennan dóm mjög alvarlega. Við erum að tryggja í lögum að þær stofnanir sem voru fluttar ólöglega úr Reykjavík samkvæmt túlkun á dómnum fái nú örugglega lögvarða stöðu. Það er gert með frv. — að vísu samkvæmt orðum þingmannsins sjálfs þá dugir það ekki til, því meðan við breytum ekki stjórnarskránni þá eigum við að skófla öllum þeim stofnunum sem hér eru nefndar til Reykjavíkur á nýjan leik, ef þingmaðurinn vill láta taka mark á sér.

Hv. þm. kom með nýstárlega kenningu, sem ég hef nú aldrei heyrt fyrr, að ráðherrar megi ekki taka pólitískar ákvarðanir. Þessi kenning hlýtur að komast í heimsmetabók Guinness því að hún hefur hvergi í heiminum verið rædd fyrr en nú, að ráðherrar megi ekki taka pólitískar ákvarðanir. Þingið taki pólitískar ákvarðanir, síðan yrði það bara embættisleg útfærsla. Þingmaðurinn er að mæla með því að við sitjum uppi með eilífar embættismannastjórnir en ekki pólitískar ríkisstjórnir í landinu. Þessi kenning hefur hvergi heyrst og stenst hvergi nokkra minnstu skoðun, meira að segja manna sem eru svo fróðir að geta tekið allan þingheim í stjórnskipulega kennslustund fyrir framan alþjóð.

Hér hefur margoft verið snúið út úr ummælum hæstv. fyrrv. umhv.- og landbrh., Guðmundar Bjarnasonar, og það gert tortryggilegt þegar hann svaraði því til að einhver ákvörðun væri pólitísk ákvörðun. Ég heyrði a.m.k. eitt svar þess ágæta ráðherra þar sem hann notaði þetta orðalag. Og hverju var hann að svara? Hann var að svara spurningum um hvort það væri örugglega víst að ódýrara væri að reka Landmælingar Íslands á Akranesi eða í Reykjavík. Og þá var hann að útskýra að sú ákvörðun snerist ekki um að tryggja eingöngu hagkvæmastan rekstur þeirrar stofnunar. Hérna væri pólitísk lífsskoðun að baki, þetta væri pólitísk ákvörðun um að styrkja grundvöllinn á landsbyggðinni með flutningi á stofnun af þessu tagi. Og það er látið eins og maðurinn hafi verið að segja einhvern stórkostlega óeðlilegan hlut. Hann var að segja fullkomlega sjálfsagðan hlut. Að vísu má deila um það pólitískt en hann var að lýsa pólitískri stefnu sinni og það er ekkert rangt við það nema síður væri.

Síðan segja menn hér aftur og aftur, og fyrir því er náttúrlega ekki fótur, að verið sé að svipta Alþingi valdi með því að ákveða að ráðherra geti flutt stofnanir milli staða samkvæmt þeim lögum sem Alþingi setur eftir því sem hagkvæmt eða pólitískt mat leiðir til. Það er ekkert vald verið að taka frá Alþingi. Alþingi er að ákveða þetta. Þá stund sem Alþingi fellir sig ekki við þá skipan tekur Alþingi þá stöðu í burtu aftur. Það er því ekki verið að færa neitt vald varanlega frá Alþingi. Alþingi getur á hvaða stundu sem það kýs kallað það vald til sín í hverju einstaka falli ef það vill.

Menn kvarta yfir því og segja hér fullum fetum, t.d. hv. 13. þm. Reykv., að engin umræða hafi átt sér stað um Landmælingar Íslands. Þetta er fjarri öllu lagi. Það var hver umræðan á fætur annarri um þetta efni, átti auðvitað að vera um formhliðina en fór líka um efnishlið málsins. Það er hins vegar rétt að ákvörðunin var ráðherrans, ríkisstjórnarinnar sem studdist við álit prófessora við Háskóla Íslands um það efni. Farið var varlega og vandlega yfir það og leitað m.a. skriflegra álita prófessora í lögum við Háskóla Íslands um

það efni. Auðvitað fór fram umræða hér en ákvörðunin var að mati ráðherrans studd af lögfræðilegum álitsgerðum prófessora við Háskóla Íslands en umræðan fór hér fram. Það er enginn að taka umræðuna frá mönnum. Ég veit að hv. þm. hefur hugsanlega ekki ætlað að segja þetta en þetta sagði hann slag í slag.

Menn hafa fundið að því hér að þingmenn hafi tekið upp hinn byggðalega þátt málsins, hinn pólitíska byggðalega þátt málsins. Hv. þm. Mörður Árnason gaf fullt tilefni til þess. Hann talaði gegn þeim sjónarmiðum og seildist langt í þeim efnum. Hann talaði beinlínis gegn þeim sjónarmiðum. Þess vegna þýðir ekkert að setja ofan í við þingmenn sem svara þeim þáttum og segja: Þetta er ekki til umræðu. Hv. þm. tók þetta alveg sérstaklega til umræðu, og það segi ég sem 1. þm. Reykv. og fyrrverandi borgarstjóri svo það sé nefnt, að tónn þessa talsmanns Samfylkingarinnar í garð landsbyggðarinnar var afskaplega fjandsamlegur, svo ekki verði meira sagt.

Hér erum við að færa mál í lögformlega réttan og skilvirkan búning. Við erum að gera það í fullu samræmi við stjórnskipun landsins, í fullu samræmi við dóm Hæstaréttar og reyndar förum eftir þeirri leiðbeiningarreglu um það efni sem sá dómur veitir sérstaklega.

[12:22]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjaldan bregður mær vana sínum og sá tími sem ég hef hér til umráða dugar ekki til að eyða misskilningi og rangtúlkunum hæstv. forsrh. á ræðu minni í dag. Það verður bara að standa það sem sagt hefur verið og ritað verður svo síðar.

Meginmálið er auðvitað þetta, en það verð ég þó að leiðrétta að það sem ég sagði, vitnaði í Hæstarétt og í umsagnir BHM og BSRB, var það að komið hafa fram efasemdir um að hægt sé að afhenda ráðherra þetta vald án þess að breyta stjórnarskránni. Þar er vitnað beint í Hæstarétt. Hann las eina klausu, ég les aðra, með leyfi forseta:

„Af því", þ.e. framangreindum sjónarmiðum, „þykir leiða að ráðherra verði að leita sér skýrrar heimildar í almennum lögum fyrir flutningi stofnunar frá Reykjavík."

Ég skil þetta þannig að Hæstiréttur sé að segja: Sérstakur ráðherra þarf í hvert sérstakt skipti að leita sérstakra laga um hverja sérstaka stofnun hvort sem hann er að flytja hana frá Reykjavík og eitthvað annað eða af landsbyggðinni og til Reykjavíkur. Það er það sem túlkun Hæstaréttar snýst um og forsrh. hefur ekki svarað hér enn þá. Hún snýst um ekki bara þetta heldur snýst hún um að Alþingi beri að taka þessar ákvarðanir, þessar pólitísku ákvarðanir, pólitískar í skilningi stjórnskipunarinnar en ekki framkvæmdalegar.

Auðvitað eru allir í pólitík, auðvitað eru ráðherrar í pólitík, guð minn góður. En ráðherrar hafa ekki rétt til þess að taka pólitískar ákvarðanir nema þær séu samkvæmt stjórnarskipunarlögunum, séu byggðar á þingræðinu og þar með, af því að ráðherra er á ábyrgð Alþingis, verður hann að hafa heimild Alþingis til að koma sinni pólitísku ákvörðun í framkvæmd.

[12:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. las setningu frá Hæstarétti þar sem er sérstaklega tekið fram að það þurfi að vera heimild í almennum lögum. En hann túlkar þá heimild þannig að setja þurfi sérlög í hvert skipti. Þó les hann upphátt eftir Hæstarétti að heimild þurfi að vera í almennum lögum sem gefi ráðherra þennan rétt.

Það er sú heimild sem við erum að sækjast eftir frá þinginu að fá veitta. Vilji þingið ekki veita hana þá gera ráðherrarnir þetta ekki. Við erum að leita til þingsins eftir nákvæmlega því sem Hæstiréttur segir, almennri heimild sem ráðherrar geti stutt sig við.

Ég hefði eiginlega getað setið kyrr eða staðið kyrr við stól minn því að Hæstiréttur svaraði þingmanninum hér úr hans eigin munni.

[12:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hlutverk þeirrar nefndar sem um þetta fjallar að fara ofan í orð Hæstaréttar og túlkun hæstv. forsrh. og mína á því hvað þau þýða. Þessar efasemdir hafa komið fram og þær verður þingið að skoða mjög vel. Að auki verður þingið að skoða, eins og kom fram í ræðu minni, hvort það vill afhenda ráðherra þetta vald, jafnvel þó að það hefði heimild til þess, þyrfti ekki að breyta stjórnarskránni fyrst. Það er auðvitað meginmálið. Þetta er það stór ákvörðun, þetta er pólitísk ákvörðun og það stór ákvörðun — og svo geta menn hártogað það eins og þeir vilja og reynt að brjóta stofnanirnar upp — að Alþingi á hreinlega að hafa þetta vald. Það er bæði skynsamlegast og réttast, fyrir utan að ég tel að það samrýmist best stjórnarskránni og túlkun Hæstaréttar á henni.

[12:26]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um ræðu hæstv. forsrh. Hún dæmir sig sjálf og verður færð til bókar í Alþingistíðindi. En Hæstiréttur var í þessu tilviki einfaldlega að skýra réttarástand. Hæstiréttur var að segja við þingið: Alþingi verður hverju sinni að taka ákvörðun um það þegar nýjar ríkisstofnanir eru settar á laggirnar hvar hún á að vera, og ef það á að færa hana frá þeim stað sem hún er þá skuli sett um það sérstök lög. Þetta eru einfaldlega skýr skilaboð Hæstaréttar til Alþingis: Þið hafið ákvörðunarvaldið um hvar þessar stofnanir eiga að vera, það er alveg klárt.

Í slíkri stöðu eru vissulega tveir, þrír möguleikar. Í fyrsta lagi getur Alþingi hverju sinni ákveðið hvar viðkomandi stofnun eigi að vera. Í öðru lagi getur Alþingi ekkert sagt um málið og þá segir Hæstiréttur að niðurstaðan sé sú að hún eigi að vera í Reykjavík. Í þriðja lagi er sá möguleikinn að ákveða hverju sinni hvar þessar stofnanir eiga að vera.

Ég held að að mörgu leyti sé þetta skynsamlegt. Þetta eru að mínu viti stórar ákvarðanir sem ég held að Alþingi eigi að hafa. Nú er komið fram frv. þar sem þess er farið á leit af ríkisstjórninni eða þeim sem það flytja að þetta vald verði af Alþingi tekið og flutt til ráðherra. Ég held að full ástæða sé til að ræða þetta miklum mun betur, sérstaklega í ljósi þess að framkvæmdarvaldið hefur verið að seilast um of allt of langt inn á svið Alþingis, að mínu viti a.m.k., en það er kannski ekki umræðan hér.

Ég beini þeirri fsp. til hæstv. forsrh. hvort það gæti ekki leitt til sömu niðurstöðu að við gerðum þetta með þessum hætti í stað þess að veita eina almenna opna heimild til ráðherra til að ákveða þetta hverju sinni.

[12:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, það er vissulega hægt að hafa þá skipan á sem þingamðurinn nefnir. En við erum ekki að leggja til að

sú skipan sé höfð á. Þvert á móti erum við með frv. að leggja til þá skipan sem frv. mælir fyrir um og Hæstiréttur veitir okkur leiðbeinandi reglu um það að setja þetta á með þessum hætti. Þetta þýðir þá með öðrum orðum að Hæstiréttur er ekki að binda með neinum hætti valdheimildir löggjafans eins og hér var haldið ranglega fram áðan.

Það sem þá stendur upp úr og stendur eftir ef maður les dóm Hæstaréttar er að löggjafinn getur hverju sinni ef hann vill mælt fyrir um hvaða stofnun skuli vera staðsett hvar. Ef hann vill. Ef hann vill það ekki þá gildir sú almenna regla sem við erum að setja. Og Hæstiréttur sagði að slíka almenna reglu skorti og við erum að setja hana.

[12:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt sem fram kom í máli hæstv. forsrh. að snúið hafi verið út úr orðum fyrrv. hæstv. ráðherra, Guðmundar Bjarnasonar. Það er hins vegar rétt sem hæstv. forsrh. rifjaði upp að Guðmundur Bjarnason, fyrrv. hæstv. ráðherra, var að svara spurningum frá starfsmönnum og öðrum í samfélaginu um ástæður flutningsins. Meðal annars var hann spurður um tilkostnaðinn, hann var spurður um afleiðingar fyrir notandann og starfsmanninn og hann endaði á því að segja að þetta væri pólitísk ákvörðun sem hann ætti rétt á að taka.

Við erum að fjalla um hvar eigi að ræða slíkar pólitískar ákvarðanir. Það er rétt sem hæstv. forsrh. rifjar upp, að þetta mál kom vissulega til umræðu á Alþingi. Það kom hins vegar til umræðu eftir að ákvörðun hafði verið tekin um að flytja Landmælingar frá Reykjavík til Akraness. Ágreiningsefnið er hvenær eigi að taka þessa umræðu á þingi. (Gripið fram í.)

Nú mun hæstv. forsrh. væntanlega gera grein fyrir því sem hann byrjaði að kalla fram í og ég mun þá koma aftur upp og svara því. En þetta var ekki rætt hér á Alþingi þegar ákvörðun var tekin um að flytja þessa stofnun frá Reykjavík til Akraness.

[12:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé nú ekki verulegur munur á lýsingum okkar tveggja þó að þær kannski virki þannig. Það var umræða um þetta í aðdraganda málsins áður en ráðherrann tók ákvörðun. Það lá í loftinu og umræðan hafði þegar hafist í fjölmiðlum og reyndar var slík umræða um aðdragandann oftar en einu sinni ef ég man þetta rétt, a.m.k. opinberlega.

Ákvörðunin sjálf var ekki tekin á þessum vettvangi, það er rétt hjá hv. þm. Þess vegna var ekki rætt um málið í aðdraganda ákvörðunar þingsins, ákvörðunin var ekki þingsins heldur ráðherrans, að mati ráðherrans og samkvæmt úrlausn færustu manna. Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu eins og kunnugt er. Þess vegna erum við að leggja fram þetta frv. *Umræðan fór fram bæði fyrir og eftir á en ákvörðunin lá sem* sagt annars staðar.

Ég ítreka að mér fannst ekkert rangt við það sem Guðmundur Bjarnason sagði. Þegar verið var að þýfga hann um kostnað, hagræði og þess háttar þá lýsti frv. hæstv. ráðherrann því að um væri að ræða pólitískt stefnumið um hvar þessi stofnun ætti að vera en ekki hvar það væri ódýrast. Ég sá aldrei neitt rangt við það svar ráðherrans og hefði getað hugsað mér að svara því eins sjálfur.

[12:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum heldur ekki að gagnrýna þetta. Menn mega hafa slík pólitísk stefnumið og svara spurningum á þennan veg. En það á að gera í þessum sal. Pólitískar ákvarðanir og pólitísk stefnumið stjórnvalda á að ræða á Alþingi. Hér eiga menn að standa gerða sinna skil. Um það snýst þetta mál.

Hvað varðar umræðu um Landmælingar á sínum tíma þá kom þetta aðeins til umræðu hér á Alþingi í fyrirspurnarformi, í fyrirspurnatímum væntanlega, en ekki í tengslum við sjálfa ákvörðunina um flutning á stofnuninni. Þetta mál snýst um hvort pólitískar ákvarðanir, sem ég tek alveg undir að menn hafa rétt á að taka, eigi að taka á pólitískum, þingræðislegum vettvangi. Frv. ríkisstjórnarinnar fjallar um að svipta Alþingi réttinum til þess að ræða þessi pólitísku stefnumið, þessar pólitísku ákvarðanir. Það er óeðlilegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:33]

Útbýting þingskjala:

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, 189. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 219.

Skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, 188. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 218.

Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, 187. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 217.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, fyrri umr.

Þáltill. SJóh o.fl., 141. mál. — Þskj. 162.

[12:34]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég legg fram tillögu til þál. um textun íslensks sjónvarpsefnis. Meðflutningsmenn mínir eru Þórunn Sveinbjarnardóttir og Jóhann Ársælsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að íslenskt sjónvarpsefni verði textað eftir því sem við verður komið til hagsbóta fyrir heyrnardauft fólk sem við núverandi aðstæður á erfitt með að fylgjast með íslensku efni í sjónvarpi."

Með tillögunni fylgir greinargerð sem er svohljóðandi:

„Ljóst er að þeir sem eru heyrnarlausir eða heyrnardaufir eiga mun erfiðara með að fylgjast með innlendu sjónvarpsefni en erlendu því að aðaltengiliður þeirra við efnið er skrifaði textinn sem fylgir með."

Svo rammt kveður að þessu á Íslandi að heyrnardauft fólk forðast íslenskt sjónvarpsefni vegna þess að þar fylgir *ekki texti en ef erlendar myndir eru sýndar þá fylgir texti.* Þá getur þetta fólk fylgst betur með. En þessi texti hefur hingað til aðeins fylgt erlendu efni sem hefur verið íslenskað.

Hópur þeirra sem eru heyrnarlausir eða svo heyrnardaufir að þeir eiga í erfiðleikum með að fylgjast með töluðu orði í ljósvakamiðlum er mjög stór. Þeir sem nota heyrnartæki að staðaldri eru 15–18 þúsund og auk þess er mikill fjöldi heyrnardaufra sem ekki getur nýtt sér heyrnartæki. Alls er talið að á milli 25 og 30 þúsund Íslendingar séu heyrnarskertir en vilji lifa í íslensku málsamfélagi og geti það. Þetta er sennilega stærsti hópur fatlaðra í samfélaginu.

Því miður hefur í mörgum tilfellum gengið erfiðlega að dempa aukahljóð í heyrnartækjum þannig að sumir heyrnardaufir varast að nota þau mikið þegar þeir horfa á sjónvarp. Mörgum finnst því orðið brýnt jafnréttismál að texta íslenskt sjónvarpsefni eftir því sem við verður komið.

Þetta hefur vissulega verið gert á Íslandi því að í fyrra voru textuð íslensk sjónvarpsleikrit og naut það gríðarlegra vinsælda að því er mér er kunnugt um innan þessa hóps. En því miður hefur íslenska sjónvarpið af einhverjum ástæðum ekki treyst sér til að ganga lengra í þessu efni. Slík textun hefur verið við lýði í nágrannalöndum okkar nokkuð lengi.

Auðvitað hlýtur alltaf eitthvert efni að vera undanskilið, svo sem fréttir sem berast á síðustu stundu og beinar útsendingar frá umræðum, en það yrði strax til mikilla bóta ef hafist yrði handa við að texta það efni sem hægt væri að vinna þannig með góðu móti.

Þess má geta að annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis orðin sjálfsagður liður í rekstri sjónvarpsstöðva. Benda má á að textun íslensks efnis ýtir mjög undir bætta lestrargetu heyrnarskertra barna og unglinga. Má ályktа að það bæti lestrargetu unglinga almennt og einkum þó og sér í lagi þeirra erlendu barna sem setjast hér að með foreldrum sínum í síauknum mæli og berjast við að ná tökum á íslensku máli. Það er staðreynd að það að horfa á texta sjónvarps flýtir mjög fyrir að þessi börn nái málinu.

Ég legg þessa tillögu fram, hæstv. forseti, og vonast til að að lokinni afgreiðslu verði henni vísað til hv. menntmn.

[12:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er afar mikilvægt þingmál til umfjöllunar, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Ég þakka þingmönnunum Sigríði Jóhannesdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Jóhanni Ársælssyni, þingmönnum Samfylkingarinnar, fyrir að hafa hreyft þessu máli.

Þetta mál tengist jafnframt öðru afar mikilvægu þingmáli sem þingmenn Samfylkingar hafa flutt margsinnis. Það mál er viðurkenning á því að táknmál heyrnarlausra sé móðurmál þeirra. Það er eiginlega með ólíkindum hve oft það mál hefur komið fyrir þingið. Við þær umræður hafa allir gert sér grein fyrir því að það er réttindamál. Það er hagsmunamál heyrnarlausra og ætti fyrir löngu að vera búið að festa það í lög að táknmál sé móðurmál heyrnarlausra.

Það er ekki víst, herra forseti, að þeir sem heyrt hafa þessar kröfur, sem heyrnarlausir hafa barist fyrir í mörg ár, geri sér grein fyrir hve margt hangir á þeirri spýtu. Ef táknmál væri viðurkennt móðurmál heyrnarlausra væri að sjálfsögðu skylda að texta íslenskt sjónvarpsefni til þess að allir þegnar landsins hefðu að því aðgang á móðurmáli sínu. Það hefur ekki náðst í gegn og ákveðinn hópur í þjóðfélaginu fær ekki notið þeirra réttinda sem hann á skilið í íslensku samfélagi.

Þess vegna er þessi tillaga mjög góð. Hún er mjög brýn í ljósi þess að hitt málið hefur ekki enn þá náðst fram en við munum halda áfram að fylgja því eftir. Ég tel afar mikilvægt, herra forseti, að þessi tillaga fái góða umfjöllun í þingnefndinni og hv. þm. sameinist um að senda þau skilaboð frá Alþingi til þeirra sem valdið hafa að virkileg þörf sé á að þessi þjóðfélagshópur fái notið íslensks sjónvarpsefnis. Þrýstingur á þetta er stöðugt að aukast. Textun íslensks sjónvarpsefnis mundi efla menningu okkar og þekkingu og væri auðvitað gífurlega fræðandi. Við eigum að sameinast um að tryggja að þessi þjóðfélagshópur fái þessi réttindi samhliða því sem við vinnum að því að fá lögbundið að táknmálið sé móðurmál heyrnarlausra. Það munum við þingmenn Samfylkingarinnar gera.

[12:42]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir hlý orð í garð þessa máls. Hún minnti á annað skylt mál, að táknmál verði móðurmál heyrnarlausra. Það frv. hefur verið flutt hér margoft á undanförnum árum og oft komist nærri því að fá afgreiðslu. Einhvern veginn hefur þó aldrei orðið af því. Það er mjög mikilvægt að það frv. verði afgreitt frá þinginu og mikilvægt að sá hópur hafi skilyrðislausa kröfu á túlkun þegar á þarf að halda.

Ég vil líka minna á að hópurinn sem þetta frv. á sérstaklega við er enginn smáhópur. Talið er að jafnvel 25–30 þúsund Íslendingar mundu þurfa á þessu að halda vegna heyrnardeyfu. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt mál og ekki sérlega kostnaðarsamt. Fréttir eru t.d. allar skrifaðar, þær eru allar skrifaðar áður en þær eru sendar út. Þetta er því í raun bara handavinna, að setja línurnar undir fréttirnar um leið og þær eru lesnar og óskiljanlegt hversu lengi það hefur staðið í okkar ágæta sjónvarpsfólki.

Ég vona að þetta frv. fái góða afgreiðslu í þinginu. Ég veit að mjög margir binda við það miklar vonir.

[12:44]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef í raun engu við þetta að bæta. Ég tek heils hugar undir orð þingmannsins og ég treysti því að þingmenn sameinist um þetta brýna mál. Þetta er mikið hagsmunamál og ekki dýrt, eins og fram kom í máli þingmannsins.

[12:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í örfáum orðum taka undir með þeim sem hafa talað um þetta mál. Ég tel afar mikilvægt að þetta verði gert. Ég tek undir það sem hv. 1. flm. sagði hér áðan. Það virðist vera afskaplega lítið vandamál að taka upp þessa textun ekki síst á fréttum sem eru afar mikilvægur þáttur í lífi fólks.

Ég vil sérstaklega nefna að gömlu fólki sem er að missa heyrn líður afskaplega illa. Ég hef orðið var við viðbrögð vegna þessarar þáltill. því að það hefur komist í fréttir að hún hafi verið lögð fram. Það hefur komið fram að þegar fólk á efri árum er að missa heyrn er afskaplega erfitt að fylgjast með. Menn hafa þá helst blöðin til að lesa en geta ekki fylgst með í fjölmiðlum. Fyrir þá sem eru að missa heyrn er erfitt að fylgjast með í útvarpi og margir aldraðir eiga erfitt með að nýta sér heyrnartæki.

Nú hafa sjónvarpsstöðvarnar fjölgað fréttatímum. Fréttatímar eru orðnir allan daginn í sjónvarpi og möguleikar aldraðra sem hafa þokkalega sjón til þess að fylgjast með fréttum mundu þess vegna stórbreytast ef fréttirnar yrðu textaðar. Þarna er hópur sem mundi klárlega eiga algerlega nýja veröld fram undan hvað það varðar að fylgjast með í þjóðfélaginu.

Ég vil taka undir það sem hefur komið fram í umræðunni að öðru leyti og hvetja til þess að þetta mál fái skjóta afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 80. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 80.

[12:47]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um breytingu á þingsköpum Alþingis flyt ég ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Lúðvíki Bergvinssyni en efni þessa frv. er að styrkja Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Efni frv. er að nefndir þingsins fái mjög víðtækt vald til þess að hafa frumkvæði að því að taka upp mál og rannsaka sérstaklega. Í lagatextanum er um það getið að sérstaklega er átt við framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða:

„Telji nefnd ríkar ástæður til er henni heimilt að eigin frumkvæði að efna til sérstakrar rannsóknar um mál, sbr. 1. mgr., sem fram fari fyrir opnum tjöldum, nema nefndin ákveði annað. Hún hefur þá rétt til að krefjast nauðsynlegra gagna um málið og heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, af embættismönnum, einstökum mönnum eða lögaðilum. Nefnd skal gefa þinginu skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar."

Herra forseti. Ég hef þrívegis áður flutt þetta frv. á þingi en það hefur ekki náð fram að ganga. Til þess hefur verið vísað að á þeim tíma hafi þingsköp Alþingis verið í endurskoðun og þetta mál mundi koma til skoðunar við þá endurskoðun. Ég held að nauðsynlegt sé að halda því til haga og geta þess í upphafi máls míns að á 123. löggjafarþingi, þ.e. fyrir rúmu ári, var lagt fram frv. um heildarendurskoðun á þingsköpum Alþingis. Þar var ekki að finna nokkra breytingu að því er varðar efni þessa frv. Það eina sem kom nýtt fram í því frv. var að *sérstök nefnd þingsins skyldi m.a. fjalla um skýrslu* Ríkisendurskoðunar en það er auðvitað allt annað mál en hér er lagt til. Flutningur málsins núna er því enn brýnni en áður og að þingmenn taki afstöðu til þess þegar það liggur fyrir að ekki var tekið á þessu mikilvæga máli fyrir einu ári í heildarendurskoðun þingskapa.

Ég fullyrði að rannsóknarnefndir þjóðþinga eru til mjög víða og raunar hafa þær mjög víðtækt starfssvið. Þær þekkjast víða um heim og má t.d. nefna að víða í Evrópu eru völd rannsóknarnefnda mjög víðtæk og sums staðar hin sömu og völd rannsóknardómara í sakamálum þó ekki sé verið að leggja það til hér. Þar er heimilað að stefna vitnum og yfirheyra þau og í Belgíu er enn fremur sá möguleiki fyrir hendi að senda lokaskýrslur rannsóknarnefndar þingsins beint til dómstólanna þannig að unnt verði að höfða mál. Málsmeðferðir rannsóknarnefndar tryggja yfirleitt að gripið er til ráðstafana á grundvelli niðurstöðu nefndarinnar. Í mörgum Evrópuríkjum geta rannsóknarnefndir tekið til umfjöllunar og rannsakað mál jafnvel þó að þau séu fyrir dómstólum á sama tíma. En það er tekið fram í greinargerð með þessu frv., verði það að lögum, að þingnefndin geti ekki tekið til umfjöllunar þá þætti máls sem eru til úrlausnar hjá dómstólum. Við erum því alls ekki að ganga svo langt sem víða þekkist í þjóðþingum í kringum okkur.

Öll rök mæla með því að styrkja nefndir þingsins og stöðu löggjafarsamkomunnar gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég held að við stöndum bara einfaldlega frammi fyrir, svo við tökum sem dæmi, að frumkvæði í lagasetningu hefur smátt og smátt verið að færast frá löggjafarvaldinu til framkvæmdarvaldsins. Það er líka allt of mikið um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægilegt eftirlit með framkvæmdinni. Þess vegna er brýnt að þetta mál nái fram að ganga og fastanefndir fái þetta frumkvæði.

Sumir hafa vísað til þess að svipað ákvæði sé fyrir hendi í stjórnarskránni og vísa þá til 39. gr. stjórnarskrárinnar og 26. gr. þingskapalaga. Það er bara alls ekki sama ákvæðið sem hér er verið að fjalla um. Ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varðar en á árunum 1960–1986 hafa að mér telst til komið fram á þriðja tug mála með stoð í þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Alþingismenn hafa upp undir 30 sinnum reynt að koma þessu máli í gegn með vísun í 39. gr. stjórnarskrárinnar en það hefur alla tíð verið fellt á þinginu utan einu sinni að heimilað var að rannsaka mál sem mig minnir að hafi fjallað um okur. En þingmeirihlutinn hefur alltaf notað styrk sinn til þess að svæfa þessi mál eða þá að fella þau.

Þess er skemmst að minnast að á 123. löggjafarþingi, í hinu svokallaða Landsbankamáli, þegar Samfylkingin vildi setja rannsóknarnefnd þingsins í málið, þá hafði það ekkert fylgi hjá meiri hlutanum og þannig náði málið ekki fram að ganga. En með þessari tillögu þarf ekki atbeina þingsins ef það færi í atkvæðagreiðslu hvort heimilt væri að skipa slíkar rannsóknarnefndir heldur geta þingnefndirnar sjálfar að eigin frumkvæði tekið mikilvæg mál úti í samfélaginu til rannsóknar standi til þess efni eins og var t.d. í Landsbankamálinu.

Það er náttúrlega alveg ljóst að Alþingi hefur mjög ríkar skyldur að því er varðar eftirlitshlutverk með framkvæmdarvaldinu. Það er brýnt að öll tiltæk úrræði sem þingið getur *látið þingmönnum í té séu fyrir hendi til þess að það geti* sinnt eftirlitsskyldu sinni. En það er sífellt verið að gera þingmönnum erfiðara fyrir í því efni að sinna eftirlitshlutverki sínu. Hlutafélagavæðingin, sem við höfum verið að ganga í gegnum t.d. í fjármálastofnunum, í bönkunum, hefur gert það að verkum að þingmenn eiga mun erfiðara en áður með að fá upplýsingar um ýmis atriði í bönkunum. Hið sama gildir um Fjárfestingarbankann, Póst og síma. Á þetta hefur margsinnis verið látið reyna í þinginu af þingmönnum að fá fram ýmsar upplýsingar og embættismenn og forstöðumenn stofnana skýla sér ávallt á bak við hlutafélagalöggjöfina til þess að gera þingmönnum erfitt fyrir.

Síðasta dæmið hjá framkvæmdarvaldinu er t.d. í ríkisreikningi fyrir árið 1998 sem hefur nýlega verið lagður fram. Þar er hætt að birta yfirlit sem hafa verið birt alveg frá 1983 þar sem sundurliðað er á stofnanir t.d. hvernig ferðakostnaði er háttað, risnu er háttað, ökustyrkjum o.fl. Núna er þetta allt fellt út og fylgir ekki með ríkisreikningi. Ekki auðveldar það þingmönnum eftirlitshlutverk sitt.

Ég held líka að ef þetta frv. nær fram að ganga megi búast við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerðar. Við vitum að lagasetning er í æ meira mæli að færast í það horf og hefur verið, því miður, að ýmsum brýnum úrlausnarefnum er vísað í reglugerðarsetningu hjá framkvæmdarvaldinu og ráðherrum. Ég veit að t.d. í Danmörku fjalla þingnefndir iðulega í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti um setningu reglugerða í ýmsum mikilvægum málum.

Helsta nýmæli þessa frv. er að þingmenn geti tekið mál er varðar framkvæmd laga um meðferð opinberra fjármuna

og önnur mikilvæg mál er almenning varða til sérstakrar rannsóknar sem fari að öllu jöfnu fram fyrir opnum tjöldum sem er náttúrlega mikið nýmæli. Við höfum sífellt verið að opna meira þetta samfélag með stjórnsýslulögum og gera það gegnsærra með margvíslegum hætti eins og stjórnsýslulögunum en þetta var auðvitað einn liður í því. Það þyrfti þó ekki að vera skylda í öllum tilvikum að nefndirnar starfi fyrir opnum tjöldum heldur væri það ákvörðunarvald þingnefnda hverju sinni. En það fyrirkomulag að þingnefndir starfi fyrir opnum tjöldum er fyrirkomulag sem þekkist víða erlendis. Munurinn á rannsókn samkvæmt fyrri mgr. 1. gr. frv. og þeirri seinni er að mun meiri þungi er í rannsókn samkvæmt seinni málsgreininni og er embættismönnum, einstökum mönnum í þjóðfélaginu og lögaðilum beinlínis skylt að afhenda gögn og gefa skýrslur. Þarna yrði afdráttarlaust tekið á því.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að hafa mjög langt mál um þetta. Eins og ég nefndi hef ég mælt fyrir þessu máli áður og þarf raunverulega ekki að færa frekari rök fyrir því að frv. verði samþykkt. Ég viðurkenni, herra forseti, að ég hef nokkrar áhyggjur af því hvað verður um þetta mál með tilliti til forsögu þess og með tilliti til þess að það hlaut ekki náð fyrir augum þeirra sem fjölluðu um heildarendurskoðun þingskapa á sínum tíma. Ég fæ satt að segja ekki séð, herra forseti, hvað það er sem mælir gegn því að styrkja eftirlitshlutverk þingsins og auka lýðræðislegan rétt stjórnarandstöðu og minni hlutans á Alþingi. Þetta er alls staðar í öllum þjóðþingum í kringum okkur virkt með þeim hætti sem ég er að leggja til. Eins og ég nefndi áðan hafa rannsóknarnefndir þjóðþinga erlendis miklu víðtækari heimildir en hér er lagt til.

Ég mun fylgja því fast eftir að þetta mál fái ítarlega og eðlilega umfjöllun í nefnd og komi aftur til kasta þingsins. Eins og ég nefndi hefur margoft verið tilefni og ástæður til þess fyrir þingnefndir til að taka upp mál til sérstakrar skoðunar og umfjöllunar. Ekki er lengra en 2–3 ár síðan að það var eindregin ósk að allshn. tæki upp ákveðið mál sem tengdist fíkniefnaheiminum. En það var mjög miklum erfiðleikum bundið, herra forseti, að taka það mál upp í allshn. þingsins af því að ákvæði þingskapa eru þannig að þau gera erfitt fyrir minni hlutann að leita réttar síns og fá sérstaka og ítarlega umfjöllun í nefndum og að geta rannsakað þau með ákveðnum hætti og ítarlegar en gefst tækifæri til í einstaka málum sem nefndir hafa til umfjöllunar.

Þess vegna, herra forseti, mælir auðvitað allt með því að þetta frv. verði samþykkt. Ég sagði áðan í mínu máli að stjórnarfrv. eru að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneyta eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til og ég fullyrði að 80–90% af löggjöf Íslendinga eru verk embættismanna og stjórnkerfisins. Ég held að lagasmíðin hafi bara á umliðnum árum verið að þróast mikið í þá átt að færast úr höndum þingmanna og yfir til embættismanna sem sitja síðan yfir nefndum þingsins. Það er iðulega svo að það má ekki breyta stafkrók í stjórnarfrv. sem koma fyrir þingnefndir nema embættismenn, sem hafa kannski samið frumvörpin blessi brtt. Öll sú þróun, sem verið hefur, er því til þess fallin að veikja löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þess vegna veitir okkur ekki af því ef til eru úrræði til þess að styrkja löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu að um það náist breið samstaða á Alþingi að slík mál nái fram að ganga.

Herra forseti. Ég legg ríka áherslu um leið og ég lýk máli mínu á að þetta mál nái fram að ganga. Ég legg svo til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[13:02]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil í stuttu máli lýsa yfir stuðningi við frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég tel að samþykkt þess yrði til mikilla bóta fyrir stjórnkerfi okkar Íslendinga. Þær breytingar sem lagðar eru til í frv. eru aðallega tvenns konar, þ.e. að nefndir Alþingis geti að eigin frumkvæði fjallað um og rannsakað önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að nefndir geti efnt til sérstakra rannsókna á málum sem þeim finnst rík ástæða til að rannsökuð séu sérstaklega.

Í íslenskum stjórnskipunarrétti er skýrt kveðið á um að Alþingi sé valdamesta stofnun samfélagsins. En það verður að segjast eins og er að veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu hafa sífellt komið skýrar í ljós á undanförnum árum. Frá því að ég kom á Alþingi heyrir til undantekninga að mál séu samþykkt sem ekki koma beint úr herbúðum stjórnarsinna og eru samin í ráðuneytunum. Eins og segir í grg. með frv. eru embættismenn ráðuneytanna helst kallaðir til sem ráðunautar, þeir sömu og hafa kannski haft mest um það að segja hvernig frv. er samið. Þetta eru því embættsmannafrv. eins og hv. flm. þessa frv. sagði áðan. Mér þykir það mjög slæmt og finnst að virðing Alþingis hafi beðið hnekki við þessa þróun. Ég verð reyndar vör við það að almenningur telur að alþingismenn hafi mun meiri áhrif á gang mála og lagasetningar frá Alþingi en þeir raunverulega hafa. Ég tel t.d. að fjarvera nánast allra þingmanna þegar þetta mál er flutt sýni að þeir hafi almennt ekki mikla trú á að álit þeirra á gangi mála hafi mikla þýðingu.

Ég tek undir markmið frv. Ég tel brýnt að það fái vandaða umfjöllun og verði afgreitt sem lög frá Alþingi á þessu þingi. Ég tel að það yrði, eins og ég sagði áður, virðingu Alþingis til mikils framdráttar.

[13:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir stuðningi við frv. enda er ég einn af meðflutningsmönnum þess.

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að styrkja eins og hægt er stöðu Alþingis gagnvart hinum tveimur þáttunum sem ríkisvaldið skiptist í. Ef við horfum til sögunnar þá eru ekki nema sex eða sjö ár síðan dómsvaldið var aðgreint frá framkvæmdarvaldinu. Löngum hafa menn talið að aðgreiningin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds væri mjög óglögg, eins og fram kom í umræðum í morgun. Má þar nefna að oft hafa dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að reglugerðir sem framkvæmdarvaldið hefur sett feli nánast í sér lagasetningarvald en ekki útfærslu á þeim lögum sem Alþingi hefur samþykkt. Ég tel því mikilvægt að möguleiki gefist á að beita þeim úrræðum sem hér er lagt til að Alþingi geti beitt.

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir alveg sérstökum stuðningi við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:07]

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ, 103. mál. — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Aukinn réttur foreldra vegna veikinda barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 115. mál. — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 147. mál. — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Söfnunarkassar, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 148. mál. — Þskj. 169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Úttekt á stöðu safna á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÓ o.fl., 159. mál. — Þskj. 180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Öryggi greiðslufyrirmæla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 23. mál (EES-reglur). — Þskj. 23, nál. 207, brtt. 208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Brtt. 208,1 samþ. með 38 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 208,2 samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 208,3 samþ. með 38 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
4.–10. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 208,4 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
11.–13. gr. (verða 12.–14. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 208,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 80. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 80.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Textun íslensks sjónvarpsefnis, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJóh o.fl., 141. mál. — Þskj. 162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 145. mál (söluandvirði eigna). — Þskj. 166.

Enginn tók til máls.

Umræðu frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 1. umr.

Frv. ÁGunn, 164. mál. — Þskj. 190.

[13:44]

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997.

Þetta frv. felur í sér þá breytingu að við starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins bætist ný deild, nýsköpunardeild, sem hafi það að markmiði að stuðla að útflutningi landbúnaðarafurða og öflun nýrra markaða fyrir þær erlendis. Hugsunin er sú að þessi deild starfi fyrst og fremst sem áhættulánasjóður eða áhættusjóður sem leggi hlutafé inn í félög sem eru stofnuð sérstaklega til þess að afla nýrra markaða fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir erlendis og að það verði metið á grundvelli þess um hversu góða viðskiptahugmynd er að ræða hvort lagt verði hlutafé til viðkomandi verkefnis eða ekki.

Ég tek fram að þessi tillaga gerir ráð fyrir því að allar greinar landbúnaðarins geti sótt um styrk í þessa deild og takmarkast ekki einungis við útflutning hefðbundinna landbúnaðarafurða. Þarna gætu komið til greina hrossarækt, ferðaþjónusta, veiði á villtum silungi í vötnum, fiskeldi á bújörðum og þar fram eftir götunum.

Ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt er sú skoðun mín að í raun sé eini vettvangurinn til sóknar fyrir íslenskan landbúnað að sækja inn á nýja erlenda markaði. Einnig er það staðreynd að sífellt vaxandi samkeppni er vegna innflutnings afurða frá öðrum löndum. Við þurfum að búa okkur undir vaxandi alþjóðlega samkeppni á næstu árum. Þar af leiðandi er nauðsynlegt fyrir landbúnaðinn að skapa sér sóknarfæri. Þau sóknarfæri liggja því miður ekki hér hérlendis heldur verðum við að sækja á erlendan markað.

Við þekkjum öll þá þróun sem hefur átt sér stað í íslenskum landbúnaði. Ég bendi á að við upphaf síðasta áratugar var skrifað undir þjóðarsáttarsamninga og minni á að íslenskir bændur og samtök þeirra voru aðilar að þeim samningi. Þjóðarsáttin skilaði gríðarlega miklu til íslensks samfélags og hefur skilað þeim sem að henni stóðu, öðrum en bændum, gríðarlegum kjarabótum. Mig langar að vitna, með leyfi forseta, í tölur sem ég hef aflað mér m.a. frá Hagstofu Íslands um framlög til landbúnaðar, staldra við árið 1991 þar sem íslenska ríkið leggur til tæplega 12,3 milljarða í stuðning við íslenskan landbúnað og bera saman við árið 1997 þar sem þessi tala er komin niður í 7,8 milljarða.

Nú eru þessar tölur að vísu ekki alveg sambærilegar vegna þess að í raun var stuðningurinn meiri á árum áður. Ég hygg þó að þetta ætti að geta gefið nokkuð raunhæfa mynd. Niðurstaðan er sú að opinber framlög hafa minnkað um 4,5 milljarða á ári. Þessa sér náttúrlega stað, ekki bara í hinum dreifðu byggðum landsins heldur líka í þorpunum og þeim byggðum sem hafa byggt afkomu sína mikið á úrvinnslu landbúnaðarafurða. Þar af leiðandi er þetta vandamál fleiri stétta en bændastéttarinnar.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í tölur frá Bændasamtökunum um þróunina í fjölda framleiðenda sem segir kannski meira en mörg orð. Ef við tökum árið 1990 sem viðmiðunarár þá voru greiðslumarkshafar eða framleiðendur sem þiggja greiðslumark eða stuðning frá ríkinu í upphafi áratugarins 3.600 talsins en eru komnir niður í tæplega 2.600 núna. Þetta segir okkur að þeim hefur fækkað um 1.100 á 10 árum. Þeir sem þekkja til þessara mála sjá að víða er skarð fyrir skildi og það sem verra er, að sauðfjárframleiðslan er komin í sjálfheldu. Búin eru orðin mjög lítil og framfleyta ekki fjölskyldum eins og sýnt er fram á í nýlegum könnunum sem birst hafa opinberlega.

Mjólkurframleiðendum hefur á sama tíma fækkað um 390 bú en þar hefur þróunin orðið nokkuð önnur. Í raun hefur mjólkurbúum fækkað og þau stækkað þannig að þar standa eftir lífvænlegri bú og almennt mat að þetta sé þróun sem komi þessari búgrein vel til lengri tíma litið.

Hér er lagt til að í þessa nýsköpunardeild verði lagðar 500 millj. af hagnaði af sölu ríkiseigna og það verði stofnfé sem endist þessari deild í 10 ár. Ástæðan fyrir því að hún er sett fram sem deild í Lánasjóði landbúnaðarins er sú að lánasjóðurinn er starfræktur í dag. Þetta er viðleitni til að lágmarka yfirbyggingu og kostnað við framkvæmdina en koma málinu samt í þann farveg að þetta virki. Það að taka 500 millj. af almannafé og leggja til stuðnings útflutningi með það að markmiði að koma á sjálfbærum útflutningi er í raunar ekkert öðruvísi stuðningur í eðli sínu en við höfum veitt öðrum greinum. Við höfum hjálpað iðnaðinum við að koma sér á framfæri erlendis með sínar vörur. Ég minni á að nýsköpunarsjóður var settur á árið 1997, með lögum nr. 61 frá sama ári. Það an er grunnhugmyndin að þessari lagabreytingu fengin en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leggur til hlutafé í góðar viðskiptahugmyndir til að örva útflutning og gera hann samkeppnishæfan á alþjóðamarkaði.

Ég vil jafnframt minnast á fyrirtæki eins og Landsvirkjun sem eru vissulega ekki að flytja út orku heldur afla erlends fjármagns inn í atvinnulífið. Landsvirkjun er náttúrlega studd af ríkinu með því að henni er veittur einkaréttur til virkjana. Þar hefur milljörðum verið varið til að byggja upp iðnað sem byggir á erlendri fjárfestingu. Þetta er því sambærilegt.

Ég vonast til, virðulegi forseti, að rætt verði um þetta frv. og legg til að því verði vísað til hv. landbn. að loknum umræðum.

[13:53]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í stuttu máli lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Mér þykir þetta gott frv. Að mörgu leyti hef ég miklar og þungar áhyggjur, sem ég deili með hv. flm. frv., af stöðu landbúnaðarins í dag og þá ekki síst af þeim sem fást við sauðfjárbúskap. Ég tel reyndar að í undirbúningi séu miklar skipulagsbreytingar í sauðfjárbúskapnum og það er nauðsynlegt. Fyrir tveimur árum að mig minnir var samþykkt þáltill. um eflingu sauðfjárbúskapar á jaðarsvæðum. Ég tel að ef t.d. þetta frv. yrði líka samþykkt þá mundi það efla mjög möguleika til þess að ná markmiðum frv. Það hefur staðið sauðfjárræktinni fyrir þrifum að neysla á kindakjöti fer minnkandi á Íslandi. Enn hefur ekki tekist að finna nógu góða markaði erlendis. Ég koma að vísu í kjötverslun í

Washington þar sem íslenskt kindakjöt var selt á alveg ævintýralegu verði. Það virðist hins vegar ekki gegnumgangandi þegar maður lítur á hvað fæst fyrir kindakjöt í útflutningi almennt í dag.

Ég vil sem sagt lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Ég held að það sé mikilvægt að þarna komi til stuðningur ef eitthvað jákvætt á að gerast í þessum málum. Ég held að það væri ekki það versta að setja á stofn nýsköpunardeild við Lánasjóð landbúnaðarins. Það er þess virði að athuga málið vel og ég vona að frv. fái góða umfjöllun í nefnd.

[13:55]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Mig langar að taka undir með hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og fagna þessu frv. Ég þakka hv. þm. Árna Gunnarssyni fyrir að leggja það fram. Það er löngu tímabært að gera bragarbót á stöðu íslensks landbúnaðar. Hún er skelfileg í dag og eitt af því sem gæti reist landbúnaðinn úr þeim rústum sem hann víða er í er að auka fé til nýsköpunar, ekki síst með tilliti til útflutnings á hrossum. Þar komum við einnig að þeirri vinnu sem í gangi er með að fá niðurfellda innflutningstolla af íslenskum hestum erlendis.

Það er víða vaxtarbroddur í íslenskum landbúnaði og blómlegt víða sem betur fer en til að uppbygging megi eiga sér stað er nauðsynlegt að til komi aðstoð frá hinu opinbera. Ég tel sjálfsagt að veita hluta af almannafé til þessa verkefnis, verði sýnt fram á að um virka nýsköpun og skynsamlega ráðstöfun á fénu sé að ræða.

Ég ítreka að ég fagna þessu frv. og styð það heils hugar.

[13:57]

Útbýting þingskjala:

Starfræksla miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði, 192. mál, fsp. ÖJ, þskj. 222.

Söfnun lífsýna, 191. mál, fsp. ÖJ, þskj. 221.

[13:57]

Ólafía Ingólfsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að fagna frv. sem hér er lagt fram. Ég tel stöðuna í landbúaðinum það alvarlega að til þurfi að koma aðstoð eða róttæk breyting á borð við þá sem hv. þm. leggur til. Vandamál landbúnaðarins eru ekki aðeins vandamál bænda heldur þjóðarinnar allrar. Í sauðfjárræktinni í dag eru verulegir erfiðleikar og þar þarf að taka til hendinni, þá ekki síst í vöruþróun á landbúnaðarafurðum sem ekki hefur verið í nógu góðum farvegi. Reyndar hefur vöruþróun í mjólkurframleiðslunni verið í þokkalegu standi en betur má ef duga skal.

Oft er litið á beingreiðslur til bænda sem einhvern styrk til þeirra, einhverja ölmusu. Bændur fá oft að heyra að þeir séu baggi á þjóðfélaginu en það gleymist hins vegar að beingreiðslur koma til lækkunar á landbúnaðarvörum og koma neytendum mjög til góða. Ég tel því ekki að beingreiðslur séu einhver styrkur til bænda.

Af stöðunni í mjólkurframleiðslunni má ráða að búum muni fækka um leið og þau stækka. Út af fyrir sig er það ekki óeðlilegt. Það hamlar hins vegar hagræðingu í greininni að verð á kvóta er það hátt að bændur halda frekar að sér höndum.

En ég fagna því að þetta frv. er komið fram og vonast til að það fái fljóta og góða afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

[13:59]

Flm. (Árni Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við þetta frv. Það er raunar tilraun til að koma fram með nýjar lausnir í íslenskum landbúnaði og gefa ungu velmenntuðu og bjartsýnu fólki, sem fyllir raðir bænda nú um stundir og er að taka við, bjartari sýn á framtíðina. Jafnframt er þetta tilraun til að skapa sjálfbæra þróun í útflutningi.

Ég vona að vel takist til og endurtek þakkir mínar til hv. þm. sem hér hafa mælt með þessu frv. og vona að það hljóti ítarlega og góða umfjöllun í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 14:01.

25. FUNDUR

mánudaginn 15. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 164. mál, þskj. 190. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Öryggi greiðslufyrirmæla, stjfrv., 23. mál, þskj. 224. — 3. umr.
4. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117. — 1. umr.
5. Fjárreiður ríkisins, frv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.
6. Framhaldsskólar, frv., 175. mál, þskj. 202. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[15:01]

Útbýting þingskjals:

Öryggi greiðslufyrirmæla, 23. mál, þskj. 224.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 15.30 fer fram umræða utan dagskrár um einkavæðingu ríkisfyrirtækja og dreifða eignaraðild. Málshefjandi er hv. þm. Sverrir Hermannsson en hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, verður til andsvara. Atkvæðagreiðsla verður að loknum fyrirspurnum.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Heimasíða „Hraunals" um álverið á Reyðarfirði.

[15:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. umhvrh. Hún lýtur að opinberri kynningu á frummatsskýrslu vegna 480 þús. tonna álbræðslu sem fyrirhugað er að reisa á Reyðarfirði.

Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu Hrauni ehf., sem gefin var út um miðjan síðasta mánuð, kemur fram að nú liggi fyrir frummatsskýrsla um fyrirhugað álver á Reyðarfirði. Hvergi er þess getið hvernig nálgast megi skýrsluna eða upplýsingar hennar. Þegar frekari umfjöllun um málið fór síðan í gang í fjölmiðlum fóru að heyrast fregnir af vefslóðum þar sem hægt væri að skoða skýrsluna, m.a. slóðin eldur.eldhorn.is/8080 en þegar að var gáð reyndist hún læst með notendanöfnum og lykilorðum sem lágu ekki á lausa. Þá heyrðist líka nefnt veffang verkfræðiskrifstofu að nafni Hönnun og ráðgjöf og slóðin hogr.is. Inn á þá síðu kemst maður þegjandi og hljóðalaust og af henni er hægt að komast inn á hlekk merktan Álver í Reyðarfirði, mat á umhverfisáhrifum. Sá hlekkur leiðir mann svo inn á slóð merkta einhverju sem heitir hraunal og þar er maður kominn inn á síðu sem er gjörsamlega ófær öllu venjulegu fólki. Hún er svo flókin og óaðgengileg sem frekast getur verið með kröfu um aðgangs- og lykilorð. Aðgengi er svo flókið að þau hjá Hönnun og ráðgjöf virðast hafa gert sér grein fyrir því og hafa nú sett upp sérstakan hnapp sem merktur er aðgangsvandamál, notið Login: hraunal. Hér er trúlega átt við lykilorðin. Svo þegar maður kemur loksins inn á skýrsluna tekur ekki betra við. Þá birtast myndlausir textar og maður þarf að galdra fram eitthvað nýtt til að fá myndirnar. Maður fær bara einhverja auða ramma eins og sjá má af þeim blöðum sem ég er með. Af framansögðu má vera ljóst að aðgengi að frummatsskýrslu um umhverfisáhrif fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði er afskaplega takmarkað og notendafjandsamlegt.

Mér þætti því fróðlegt að vita hvort hæstv. umhvrh. hefur skoðað þessa síðu (Forseti hringir.) og í ljósi þess hve erfitt er um vik fyrir venjulegt fólk, (Forseti hringir.) hvort hún muni vilja beita sér fyrir því að aðgengi að skýrslunni verði einfaldað (Forseti hringir.) og hvort hún er í framhaldi af því tilbúin að beita sér fyrir því að fresturinn (Forseti hringir) verði framlengdur.

[15:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki alveg öllum á þeim vefslóðum sem komu fram í máli hv. 17. þm. Reykv. En ef þetta er svona er alveg ljóst að það er afar flókið að nálgast frummatsskýrsluna. Það er óeðlilegt vegna þess að skýrslur eiga að vera sæmilega aðgengilegar. Það er alveg rétt að grafast fyrir um það hvers vegna þetta er svona.

Auðvitað ekki hægt að bjóða fólki upp á að þurfa að fara eftir svona flóknum leiðum á netinu. Það hafa heldur ekki allir aðgang að netinu þannig að hér er hugsanlega pottur brotinn, ég skal ekki segja um það.

Ég hef ekki skoðað þá vefslóð sem virðist vera afar flókin en það er hægt að benda á að önnur skýrsla er nýkomin fram um Fljótsdalsvirkjun sem verður tekin til umræðu á morgun og hún er auðvitað aðgengileg fyrir alla þingmenn.

[15:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir það að hún komi til með að kynna sér þessi mál og ég vona að þá verði leyst úr þessu aðgengisvandamáli. Síðari hluti spurningar minnar heyrðist vart fyrir bjölluklingi áðan en hann gekk út á það hvort möguleiki væri á því að hæstv. umhvrh. beitti sér fyrir því að fresturinn til umsagna verði framlengdur. Hann á að renna út núna nk. föstudag en ég hef heyrt margar kvartanir frá fólki úti í bæ sem hefur verið að reyna að

komast inn á þessar slóðir og ekki náð, þannig að síðari hluti spurningar minnar er þessi:

Er möguleiki á að fá þennan frest framlengdan í ljósi þessa?

[15:07]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel að ég hafi ekki forsendur til að kveða upp úr um það. Ef það er rétt sem hér kom fram að þetta sé svona flókið er væntanlega tiltölulega erfitt að nálgast þessi gögn. En ég get ekki kveðið upp úr um það hér og nú hvort það sé eðlilegt að lengja frestinn eða ekki.

Umhverfismat á 220 kw. línu að Brennimel.

[15:08]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Á Hvalfjarðarströnd mun vera unnið við að mæla fyrir nýrri línu sem á að þjóna Norðuráli, 220 kílóvatta lína ofan við hálsinn við Saurbæ. Mér leikur hugur á að vita hvernig gengur með framkvæmdina og hvort þetta sé lína sem komi frá Sultartanga eða frá Nesjavöllum og hvort meiningin sé að setja þessa línulögn í umhverfismat og á hvaða stigi það verði þá gert?

[15:09]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er víða verið að leggja margar línur og allt fer það í umhverfismat.

Ég treysti mér ekki til að svara spurningu hv. þm. nákvæmlega. Ég held þó að þarna sé um að ræða línu sem liggur frá Sultartangavirkjun frekar en frá Nesjavöllum. Það er ekki nokkur vafi að slík lína á að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna þess að allt verkefnið á Grundartanga fór á sínum tíma í mat á umhverfisáhrifum.

[15:10]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Mig gleður að heyra að hæstv. iðnrh. telur að slíkar framkvæmdir eigi að fara í umhverfismat. Þetta býður upp á að maður fari að velta fyrir sér hvernig vinnubrögðin eru vegna þess að fólkið á svæðinu virðist ekki hafa hugmynd um hvað er í gangi. Það eru línuflokkar við mælingar og það virðist vera að menn fari þarna um án þess að nokkur kynning sé heima fyrir.

Hæstv. iðnrh. Skýtur það ekki skökku við og er það ekki til þess að kalla á vandræði ef grenndarkynning er ekki viðhöfð og heimamenn fá ekki að fylgjast með frá upphafi?

[15:10]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég held að ég hafi kannski ekki alveg skilið hv. þm. rétt í fyrri umferð. Þannig er að ef það er verið að undirbúa málið þá er það sjálfsagt gert í þeim tilgangi að málið geti farið í mat á umhverfisáhrifum og þá þekkir hv. þm. það ferli sem fylgir þegar sú skýrsla er tilbúin. En rannsóknir verða að fara fram og til þess hefur auðvitað fyrirtækið leyfi og hefur aflað sér leyfa til þess að stunda slíkar rannsóknir en rannsóknirnar eru undanfari þess að hægt sé að gera mat á umhverfisáhrifum.

[15:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa hæstv. iðnrh. um að mjög margir á svæðinu hafa einmitt áhyggjur af því að verið sé að vinna málið fram með þeim hætti að það verði gert eins og í fyrri verkefnum, að komið verði með fullbúnar tillögur og almenningi á svæðinu síðan sagt að það sé of seint að snúa við. Getur það verið tilfellið í þessu tilviki að hér eigi að koma með fullbúnar tillögur á sama hátt og gert hefur verið áður að benda hinum almenna borgara á svæðinu á að það sé of seint að gera athugasemdir?

Sala á Íslenska menntanetinu.

[15:12]

Bergljót Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrirhuguð er sala á Íslenska menntanetinu og Íslenska menntanetið er með vefsíðu sem inniheldur tengla við mennta- og menningarstofnanir í landinu. Einnig hefur menntanetið staðið fyrir námskeiðum um tölvur og tölvunotun og kennsluaðferðir fyrir tölvu- og upplýsingatækni í skólum landsins.

Íslenska menntanetið á vélbúnað fyrir internetþjónustu og þjónustar flesta grunnskóla landsins en þó ekki alla. Ísafjarðarbær hefur t.d. gert þjónustusamning við tölvuþjónustuna Snerpu á Ísafirði og þjónustar hún skólana þar. Snerpa hefur þróað ýmsan hugbúnað á sviði internetsins og er m.a. að hanna síu sem varnar nemendum grunnskólanna að komast inn á klámsíður. Stöðugar framfarir eru á sviði tölvutækni og gagnaflutningar eru sífellt að verða hraðvirkari, auðveldari og ódýrari. Ég spyr hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason: Hvað felst nákvæmlega í sölu á Íslenska menntanetinu?

[15:13]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi þetta mál liggja fyrir ýmsar fyrirspurnir á Alþingi sem ég mun svara og gera nánari grein fyrir stöðu málsins varðandi Íslenska menntanetið og þau málefni sem hv. þm. hreyfði. Birtar hafa verið tvær auglýsingar í blöðunum um sölu Íslenska menntanetsins. Þar er óskað eftir viðræðum við aðila sem kynnu að hafa áhuga á að kaupa netið og það mun skýrast í þeim viðræðum hvernig verður staðið að sölunni og þeim samningum sem takast við hugsanlega kaupendur. Ég hef því ekki stöðu til þess hér og nú að segja nákvæmlega hvað felst í sölunni en þegar rætt var um kaupin á Íslenska menntanetinu fyrir nokkrum árum í þessum sal var greint frá því að hér væri um það að ræða að til bráðabirgða a.m.k. mundi ríkið annast þessa þjónustu. Þá komu mótmæli frá ýmsum einkaaðilum, t.d. frá Ísafirði, gegn því að ríkið væri að taka að sér þessa þjónustu og kaupa hana. Það væri nær að hafa hana í höndum einkaaðila.

Nú hefur þetta gengið í nokkur ár og niðurstaðan þeirra athugana sem fram hafa farið er sú að núna sé lag til að færa þetta verkefni í hendur einkaaðila og síðan að skilgreina þjónustuna við skólana í samræmi við þá samninga sem gerðir verða við þá aðila sem mundu taka að sér og kaupa menntanetið.

[15:15]

Bergljót Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það sem ég var kannski líka að ýja að er hversu mikil verðmæti eru í raun falin í menntanetinu sem slíku með þeim framförum sem eiga sér stað í tölvuiðnaðinum, þ.e. hvort það sé þjónustuvefurinn eða viðskiptaaðilar sem verið er að bjóða eða hvort það sé tækjabúnaðurinn. Það er bara það sem ég ætlaði að fá fram.

Niðurskurður í samgöngumálum.

[15:16]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í fjárlagatillögum fyrir samgrn. í fyrirliggjandi frv. er fjallað um frestun á framkvæmdum miðað við fyrri áform sem nemur alls um 1 milljarði kr. Þar af eru um 550 milljónir hjá Vegagerð, 350 milljónir hjá Siglingastofnun og frestun framkvæmda við flugvelli landsins er u.þ.b. 100 millj. kr.

Herra forseti. Nú höfum við heyrt um þann vilja ráðamanna að skera niður framkvæmdir á suðvesturhorninu til að slá á þenslu. Því kom nokkuð á óvart þegar fréttist af fulltrúum samgrn. og Siglingastofnunar á ferð um landið að ræða við framkvæmdastjóra sveitarfélaganna um niðurskurð í hafnamálum. Og því vil ég spyrja: Hvernig á niðurskurður um 1 milljarð í samgöngumálum á næsta ári að skiptast á milli suðvesturshornsins og landsbyggðarinnar? Er það rétt sem hermt er að tæplega helmingur niðurskurðarins sé fyrirhugaður úti á landi og raunar meiri hluti vega- og hafnarframkvæmdanna? Er það þá einungis yfirvarp, herra forseti, að verið sé að slá á þenslu, því víða um land kannast menn ekki við þenslu nema af afspurn?

Spurningin er sem sagt þessi: Er það rétt sem heyrst hefur að u.þ.b. helmingur niðurskurðar í samgöngumálum sé fyrirhugaður utan höfuðborgarsvæðisins á svæðum þar sem menn kvarta ekki undan þenslu?

[15:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Áform ríkisstjórnarinnar um að draga úr spennu á vinnumarkaði og fjármagnsmarkaði birtast í fjárlagafrv., annars vegar með því að lagt er á ráð um að draga úr framkvæmdum og svo hins vegar að auka afganginn hjá ríkissjóði til þess að hafa áhrif á fjármagnsmarkaðinn.

Hv. þm. spyr hvort líkur séu á því að meiri parturinn af fyrirhuguðum frestunum framkvæmda á sviði samgöngumála verði utan höfuðborgarsvæðisins. Því er til að svara að svo er ekki. Hins vegar mun samgrh. leggja fram breytingar á hafna- og vegáætlun og flugmálaáætlun áður en kemur til 2. umr. fjárlaga þannig að hægt verður að fjalla um þetta nákvæmlega þá. En það er alveg nauðsynlegt fyrir hv. þingmenn að átta sig á því að við náum ekki fram þeim áformum okkar að draga úr spennu á vinnumarkaði og draga úr spennu á fjármagnsmarkaði öðruvísi en með því að draga úr ríkisútgjöldum. Það er aðalatriði málsins.

[15:19]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þá erum við búin að heyra, það kom greinilega fram hér, að menn vildu gjarnan fara í niðurskurð framkvæmda til þess að draga úr þenslu, draga úr spennu. Hitt hefur kannski ekki komið fram svo glögglega, þ.e. að u.þ.b. helmingur þessa niðurskurðar í vega- og hafnamálum verður úti á landi. Þess vegna óska ég eftir því að hæstv. samgrh. útskýri það örlítið betur hér hvernig hann hyggst haga sínum tillögum, vegna þess að ef við tökum Reykjavíkurflugvöll til hliðar, þær 100 milljónir sem þar eru, þá segja mínar heimildir að það sem eftir er, þ.e. vegamálin og hafnamálin, skiptist þannig að meiri hluti niðurskurðarins verði úti á landi. Ég óska eftir því að ráðherra komi og segi okkur eins nákvæmlega og hann getur á þessu stigi máls frá því hvernig þetta stendur.

Það er alveg ljóst að úti á landi eru menn órólegir. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna eru órólegir vegna þess sem þeir þykjast vita að er í vændum. Ég held það sé eins gott að samgrh. geri uppvíst nú þegar hvernig hann hyggst standa að þessum málum.

[15:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að meiri parturinn af þeirri lækkun sem talað er um á framlögum til vegamála er á höfuðborgarsvæðinu. Á hinn bóginn liggur alveg ljóst fyrir að framlög til hafnargerðar eru að mestu leyti úti á landi. Það þekkja þingmenn. Hins vegar er hægt að segja frá því að ýmsir hv. þm. og einkum og sér í lagi sveitarstjórnarmenn hafa sýnt því mjög mikinn skilning að við þurfum að gæta að okkur þannig að ekki fari neitt úr böndum í efnahagsmálum og þess vegna hafa sveitarstjórnarmenn haft ágætan skilning á því að við þyrftum að hægja á, draga saman seglin og búa okkur undir framkvæmdir þegar þær valda ekki mikilli spennu á vinnumarkaði.

[15:21]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekki enn heyrt þá sveitarstjórnarmenn sem búa á þeim svæðum sem minnst eða ekki hafa orðið vör við þensluna, sýna því mikinn skilning ef það ætti að fara að skera niður heima hjá þeim. Því fer fjarri.

Það kemur fram í máli hæstv. ráðherra að meiri hluti niðurskurðar í hafnamálum verði á landsbyggðinni. Grunur minn er sá, þó að ráðherra hafi ekki viljað staðfesta það, að stór hluti, jafnvel nánast helmingur þess niðurskurðar sem fyrirhugaður er í vegamálum verði líka úti á landi.

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst það merkileg nálgun þegar menn ætla að slá á spennu að beina niðurskurðinum á þau svæði þar sem spennan er engin. Þó að menn taki undir að við þurfum að fara varlega til þess að halda sjó í efnahagsmálum þá verða menn að horfa á hlutina út frá þeim veruleika sem blasir við en ekki eftir reglustikuaðferðinni sem mér sýnist að hér hafi verið beitt.

[15:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. hefur vafalaust séð gerir fjárlagafrv. ráð fyrir hærri fjárhæðum til vegamála á næsta ári en eru til framkvæmda á þessu ári. Því er nauðsynlegt að halda til haga. Á hinn bóginn er það alrangt hjá hv. þm. að gert sé ráð fyrir því að meiri partur af framlögum til vegamála sem eiga að verða til lækkunar, sé til landsbyggðarinnar. Það er bara rangt. Það eru engin áform um að meiri parturinn af þeirri upphæð sé úti á landi.

En þetta kemur allt saman í ljós innan tíðar og þá gefst hv. þingmönnum færi á að skoða þetta. Ég vil bara leggja áherslu á að það er á ábyrgð Alþingis að við stöndum þannig að gerð fjárlaga að við tryggjum efnahagslíf þjóðarinnar til framtíðar. Við getum ekki eilíflega horft einungis til næstu vikna eða mánaða.

Verðbætur á gjaldahlið vegamála árið 2000.

[15:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þegar litið er á kaflann um vegamál í fjárlagafrv. kemur í ljós að tekjumegin í þeim kafla hefur verið tekið tillit til verðbreytinga á milli ára og framreiknað. Hins vegar þegar komið er að gjaldahliðinni til vegamála þá hefur sú hlið ekki verið framreiknuð. Þessi munur þýðir að þarna

er um 400 millj. kr. mismun að ræða miðað við að sömu aðferðum hefði verið beitt á báða liði. Að óbreyttu mundu því framlög til vegamála ekki skerðast um tæpar 500 milljónir heldur um tæpar 900 milljónir.

Eru þetta mistök? Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Er ætlunin að hafa þetta svo eða mun hann beita sér fyrir því að verðlagsforsendur beggja megin á vegamálaliðnum verði leiðréttar, þ.e. leiðréttar um þessar 400 milljónir? Eða er þetta kannski dulbúin leið til þess að draga úr ríkisútgjöldum?

[15:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ræða þingmannsins var rétt svo langt sem hún náði, þ.e. þangað til hann kom að síðustu setningunni. Það er rétt að þær tölur sem þingmaðurinn fór með standa út af í þessu máli. Við erum að fjalla um það milli fjmrn. og samgrn. einmitt þessa dagana. Við munum fara nánar yfir þetta í þessari viku og komast til botns í því máli. Þetta hygg ég að þingmanninum sé kunnugt úr starfi í fjárln. Alþingis. En þannig er þetta mál í pottinn búið.

[15:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég skil svar hæstv. fjmrh. þannig að þarna sé um mistök að ræða við gerð fjárlagafrv. og skil það svo að ætlunin sé að leiðrétta þær 400 milljónir sem þarna standa út af.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég fæ ekki með nokkru móti séð hvernig þingmaðurinn getur lagt þennan skilning í það sem ég sagði. Ég sagði ekki þetta. Ég sagði að við mundum athuga málið, værum að skoða þetta mál, reyna að komast til botns í því og það er nákvæmlega það sem verið er að gera. Hver niðurstaðan úr því verður verður auðvitað upplýst þegar þar að kemur. En það er ekki hægt að hrapa að niðurstöðum eins og þingmaðurinn gerði hér í máli sínu.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ef hæstv. fjmrh. hrapar ekki að þessu máli meira en ég þá verður þetta leiðrétt. Samkvæmt upplýsingum sem fulltrúar samgrn. gáfu á fundi hjá samgn. þá er það þeirra skoðun að þarna sé um mistök að ræða. Ég skil hæstv. ráðherra fjármála þannig að hann fari varlega í yfirlýsingar þangað til komið er til botns. En ég vona að þær leiði til farsællar niðurstöðu.

Þjóðhagslegar forsendur álvers á Reyðarfirði.

[15:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Að undanförnu hafa verið að birtast afar athyglisverð greinaskrif og umfjöllun um þjóðhagslegt hagræði eða reyndar fremur tap af raforkusölu til nýrrar álbræðslu í Reyðarfirði. Í grein í nýjasta tölublaði Frjálsrar verslunar kemst Sigurður Jóhannesson hagfræðingur að þeirri niðurstöðu að 13 milljarða tap verði af Fljótsdalsvirkjun. Nokkru áður komst Þorsteinn Sigurlaugsson að svipaðri niðurstöðu, eða allt að 22 milljarða tapi af Fljótsdalsvirkjun miðað við nokkru hærri ávöxtunarkröfur. Einnig má nefna eldri skrif Tryggva Felixsonar og fleiri aðila sem hníga í svipaða átt. Þar á ofan er ljóst að öll áhætta er meira og minna á herðum innlendra aðila í þessu máli. Þjóðhagslegar forsendur fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda eystra virðast því vægast sagt umdeildar meðal hagfræðinga.

Herra forseti. Íslenska ríkið á hér gríðarlegra hagsmuna að gæta, þar á meðal eigendahagsmuna beint sem eigandi Landsvirkjunar að hálfu og eigandi banka sem nú virðist eiga að draga inn í það að fjármagna eða leggja til fjármagn í þessa fjárfestingu. Þá má enn minna á að hæstv. fjmrh. fer með málefni lífeyrissjóða í landinu, en einnig þeim er ætlaður hlutur hér.

Herra forseti. Ég vil því af þessum sökum spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur fjmrh. eða fjmrn. látið gera eða hyggst það láta gera, vegna yfirgnæfandi hagsmuna ríkisins í þessu máli, sjálfstæða úttekt eða láta fara fram sjálfstætt mat á vegum ráðuneytisins á þjóðhagslegum forsendum í þessu máli? Það virðast ærin tilefni til, herra forseti, að hæstv. fjmrh., sem á hér að gæta gríðarlegra hagsmuna, standi þannig að málum.

[15:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér í þaula þá útreikninga sem hv. þm. vitnaði til. Hitt er ljóst að allir útreikningar af þessu tagi byggja mjög á þeim forsendum sem notaðar eru í hvert skipti, til að mynda um orkuverð, vexti og þess háttar. Ég er alveg sannfærður um að í þeim útreikningum hjá þeim ágætu mönnum sem þingmaðurinn vitnaði til er vafalaust eitt og annað sem umdeilanlegt er. Ég hef tekið eftir því að forstjóri Landsvirkjunar hefur andmælt þessum útreikningum.

Ég minnist þess ekki þegar hv. þm. sat í ríkisstjórn og fyrsta skóflustungan var tekin að virkjuninni að menn væru eitthvað í vafa í ríkisstjórninni, sem þá sat, um arðsemi þessara framkvæmda. Það er eins um okkur í núverandi ríkisstjórn, við erum ekki í nokkrum minnsta vafa um að þetta er arðbær framkvæmd. Hún er hagkvæm fyrir þjóðina alla, hún er þjóðhagslega hagkvæm og hún skiptir miklu máli, ekki bara fyrir fólkið í Austurlandskjördæmi heldur fyrir þjóðina alla.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Svör hæstv. fjmrh. valda mér miklum vonbrigðum. Ég hefði talið heppilegra að hæstv. fjmrh. hefði brugðist málefnalega við eða telur hæstv. fjmrh. ekkert í húfi? Telur hæstv. fjmrh. ekki ástæðu til þess að fara yfir það þegar margir vel menntaðir hagfræðingar úr ólíkum áttum leggja fram rökstudda útreikninga sem sýna svona tölur, frá 13 og upp í 22 milljarða kr. tap af þessari virkjun sem slíkri? Það má vitna til fleiri þátta og er þó ljóst að áhættan er ekki tekin þarna inn í. Hún er meira og minna öll á herðum íslenska ríkisins eða þá lífeyrissjóðanna ef svo heldur sem horfir og verðmæti náttúrunnar, sem þarna á að fórna, er núll.

Ég held að menn verði að fara að átta sig á því, herra forseti, að hér er svo gríðarleg ákvörðun á ferðinni þar sem er þetta álver í fullri stærð upp á 480 þúsund tonn, 30 milljarða kr. er virkjunin áætluð kosta sem dugir ekki fyrir $^1/_4$, 140–160 milljarðar þar og annað eins í iðjuverinu. (Forseti hringir.) Þetta er stærsta ákvörðun íslenskrar efnahagssögu og hæstv. fjmrh., sem á hér að gæta mestu hagsmunanna, hefur ekkert fram að færa nema skæting.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það má kalla það skæting að rifja upp að hv. þm. sat í ríkisstjórninni sem tók fyrstu skóflustunguna að þessari virkjun. Ég lít ekki á það sem sérstakan skæting að rifja það aðeins upp.

Hitt er annað mál að ekki er búið að ganga frá samningum um lykilþætti í þessu verkefni. Það hefur t.d. ekki verið samið um raforkuverðið við álverið og dettur einhverjum manni í hug að farið verði út í samninga sem muni ekki borga sig, að farið verði út í framkvæmdir á þessum vettvangi sem verða ekki arðbærar? Ég held að það sé forsenda sem ástæðulaust sé að gefa sér.

Hitt er annað mál að hérna eru miklir hagsmunir í húfi eins og þingmaðurinn sagði. Ég veit ekki til þess að lífeyrissjóðirnir muni blandast inn í sjálfa virkjunina. Ég held að það hafi verið arðsemisútreikningar á virkjuninni sem þingmaðurinn vitnaði til en ekki á heildarpakkanum með álverinu en auðvitað liggja fyrir alls kyns útreikningar um þetta mál sem Þjóðhagsstofnun hefur m.a. blandað sér í og vonandi munu menn ganga úr skugga um arðsemi þessa alls áður en gengið verður endanlega frá samningum.

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég teldi að hæstv. fjmrh. hefði átt að svara spurningunni og það taldi ég ómálefnalegt að gera ekki. Hyggst fjmrn. láta gera eða er það að láta gera sjálfstætt mat á þessum þjóðhagslegu forsendum í ljósi yfirgnæfandi hagsmuna, þar á meðal eigenda hagsmuna ríkisins? Er hæstv. fjmrh. ekki að hugsa um þá ábyrgð sem hvílir m.a. á herðum hans, hæstv. ráðherrans, af þessum sökum? Dettur mönnum í hug að hér verði farið út í framkvæmdir, spyr hæstv. ráðherra, nema ásættanlegt raforkuverð náist? Já, mönnum dettur það í hug. Þegar menn sjá það í ársskýrslum Landsvirkjunar að það raforkuverð sem stóriðjan er núna að borga ár eftir ár, 86, 88 og upp í 90 og eitthvað aura á kílóvattstund er langt frá því að duga til að afskrifa núvirtar fjárfestingar í virkjunum til að framleiða rafmagn handa stóriðju. Þeir útreikningar eru borðliggjandi og það vantar mikið upp á að raforkuverðið dugi. Þá er von að mönnum detti það í hug af því að sporin hræða.

Ég hvet hæstv. fjmrh. til að fara nú upp í Arnarhvol og líta á þetta mál með starfsmönnum sínum og koma svo hér betur nestaður til umræðna.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 1. umr.

Frv. ÁGunn, 164. mál. — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Einkavæðing ríkisfyrirtækja og dreifð eignaraðild.

[15:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hefst nú umræða utan dagskrár um einkavæðingu ríkisfyrirtækja og dreifða eignaraðild. Málshefjandi er hv. 18. þm. Reykv., Sverrir Hermannsson, en hæstv. forsrh., Davíð Oddsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa en samið hefur verið um ræðutíma, samanber 72. gr.

Fyrirkomulag umræðunnar er þannig að í fyrri umferð hafa málshefjandi og forsrh. 15 mínútur hvor, talsmenn annarra þingflokka en Frjálslynda flokksins og Sjálfstfl. 10 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 5 mínútur. Við lok umræðunnar hafa hv. þm. Sverrir Hermannsson og hæstv. forsrh. 5 mínútur hvor. Reiknað er með að umræðan standi í rösklega eina og hálfa klukkustund.

[15:37]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Til þess að forðast allan misskilning vil ég taka fram í upphafi máls að sá sem hér talar er einkavæðingarsinni. Skoðun hans á því að ríkið eigi ekki að vasast í atvinnurekstri hefur ekkert breyst. Hann trúir á frelsi einstaklingsins til athafna og á frjálsa samkeppni. Þessa afstöðu má að sjálfsögðu ekki skilja á þann veg að hið opinbera eigi helst hvergi nærri neinu að koma. Samfélagshjálpin er okkur lífsnauðsyn á fjölmörgum sviðum enda ganga hugmyndir frjálshyggjunnar út í hreinar öfgar. Að marggefnu tilefni vil ég aðeins nefna hugmyndir um einkavæðingu ríkisfjölmiðlanna. Þær eru fráleitar.

Við þurfum að stórefla þá miðla og gera þá að víðtækum menningarmiðlum þar sem íslensk tunga, saga og bókmenntir skipa öndvegið. Það er komið að því að hefja stóraðgerðir til sóknar og varnar íslenskri tungu sérstaklega og í því efni eru ríkisreknir fjölmiðlar lykilatriði. Það verðum við að kosta úr sameiginlegum sjóði og verður ekki of dýru verði keypt. Á hinn bóginn ber að varast að halla á einkarekna fjölmiðla í almennri samkeppni á markaði. Enda þarf frjáls samkeppni og frelsi einstaklingsins til athafna að vera meira en í orði en þannig er þeim málum reyndar komið í framkvæmd frjálshyggjunnar. Á altari hennar hefur minn gamli flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, fórnað þessum máttarstoðum í stefnu sinni þótt annað sé látið í veðri vaka.

Um það tala skýrustu máli þau fiskveiðilög sem við Íslendingar búum við og framkvæmd þeirra. Raunar er það hlægileg firra að vera að ræða um einstök fyrirtæki í ríkiseign og einkavæðingu þeirra með dreifðri eignaraðild þegar við stöndum frammi fyrir svívirðilegasta eignarnámi ríkisvaldsins á aðalauðlind landsmanna og færslu þeirra auðæfa gefins á hendur örfárra manna hendur.

Afleiðing þess framferðis hafa allir fyrir augum sem augu vilja hafa opin. Sægreifarnir, gjafþegar ríkisvaldsins, böðlast nú um í íslensku fjármálakerfi eins og naut í moldarflagi. Þeir eru mættir með sekkina sína að kaupa upp afganginn af þjóðareignum. Þeir eru ekki aldir upp við neitt sem heitir dreifð eignaraðild heldur það þveröfuga. Ríkisvaldið hefur boðið þeim að ganga í sjóðinn og sækja sér hnefa en hætt er við að sálir þeirra fyllist seint. Þessir fósar ganga nú grundina í hné kaupandi allt sem falt er án þess að spyrja um verð til að koma kvótaauðnum í lóg og undan skatti. Stjórnvöld loka auðvitað augunum fyrir þeirri staðreynd að

undan rifjum þessara fjárplógsmanna er þenslan í fjármálakerfinu ekki síst runnin, alveg sérstaklega sú hættulegasta: Fasteignaverðþenslan á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þar sem á skortir skotsilfur eru ríkisbankarnir látnir hlaupa undir bagga og er eitt þekktasta dæmið þegar varaformaður Framsóknarflokksins lét Landsbanka Íslands reiða fram nærri 800 milljónir króna í lóðabrask fyrir hinn nýja svarabróður Framsóknarforustunnar, sjálfan Skífu-Jón. Þeim lá á stuðningi fjölmiðlamanna fyrir kosningar, framsóknarmönnum.

Sporin hræða þegar litið er yfir sögu einkavæðingar hin síðari árin. Það vinnst ekki tími til að víkja að þeim málum sem vert væri. Kratahöfðingi hafði forustu um einkavæðingu Útvegsbanka Íslands á sinni tíð. Heimanfylgja ríkisstjórnar hans vegna til handa eigendum hinna bankanna, sem gengu til sameiningarinnar, nam a.m.k. 3.000 milljónum króna. Enginn þarf að fara í grafgötur með hver borgaði þann brúsa.

Þá ætti mönnum að vera í fersku minni einkavæðing Síldarverksmiðja ríkisins, SR-mjöls, eins og það nefndist þá. Þar var vasklega að verki verið af hálfu núverandi sendiherra í London í skjóli hæstv. forsætisráðherra. Upplýst hefur verið að þegar lauk þeirri einkavæðingu hafi gengið af til handa landsins kassa 160 milljónir, segi og skrifa eitt hundrað og sextíu milljónir króna.

Og hvað var selt í þessu falli, eða réttara sagt, gefið? Eignir SR-mjöls á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði. Ekki verður gerð hér tilraun til að giska á raunvirði þessara eigna en vísbendingu má gefa. Í framhaldi af þessum samningi var byggð verksmiðja á Fáskrúðsfirði, sem var að því leyti skyld málinu, að þar fór í fyrstunni fyrir maður sem átt hafði hæsta boð í SR-mjöl en einkavinir urðu að ganga fyrir. Var greitt fyrir byggingu þeirrar verksmiðju til að bæta honum upp þá misgerð. Fáskrúðsfjarðarverksmiðjan kostaði tæpan milljarð í byggingu. Hún er ekki eins fullkomin og verðmæt og SR-mjölsverksmiðjan ein á Seyðisfirði. Hana hefði sjálfsagt mátt virða á 1.200 milljónir króna. Af þessu má marka hvað fram fór við hina svokölluðu sölu á SR-mjöli. Helftinni af núverandi háttvirtum þingmönnum koma þessar upplýsingar ekki á óvart. Þeir sátu flestir þegjandi undir þessum aðförum á sínum tíma. Og skattborgararnir borga brúsann og halda samt áfram að kyssa vöndinn með því að kjósa slíka einkavæðingarmenn til valda.

Þegar umræður hófust um einkavæðingu ríkisbankanna var því marglýst yfir af hálfu stjórnvalda að forsenda fyrir sölu þeirra væri að eignarhald þeirra yrði dreift að sölu lokinni og að enginn einn aðili eignaðist þar ráðandi hlut. Það skal fullyrt hér að engin samstaða mundi hafa náðst um sölu bankanna nema þetta grundvallaratriði lægi ljóst fyrir.

En undirbúningi að sölu bankanna var ekki fyrr lokið en annað hljóð kom í strokkana. Fyrstur reið þar á vaðið sjálfur bankamálaráðherrann, hæstvirtur samkvæmt þingsköpum, sem leitaði til Wallenberga í Svíþjóð um kaup þeirra á ráðandi hlut í Landsbanka Íslands. Um þann verknað skal engum orðum aukið en sjálfur hæstv. forsrh. lét svo um mælt opinberlega að hann teldi glapræði ef sú athugun hefði ekki farið fram og gefst honum nú tækifæri til að skýra frá því hvað hann átti við með því orðalagi. Það blasti hins vegar við að varaformaður Framsóknarflokksins var þarna að gera tilraun til flokksvæðingar Landsbankans en Wallenbergar í Svíþjóð hafa lengi verið innstir koppar í búri „kooperativa" þar í landi, sem lengi voru aðal-lóssar gamla SÍS á Íslandi. Og liggja víða leyniþræðir. Raunar virðist með sanni mega segja að einkavæðing ríkisbankanna snúist um flokksvæðingu Framsóknar og einkavinavæðingu hins stjórnarflokksins ef að líkum lætur. A.m.k. virðist ekkert annað mega lesa út úr aðförum valdhafanna vegna sölu FBA. Þótt ég hafi ekki enn með öllu yfirgefið von mína um að hæstv. forsrh. nái nýjum áttum með setningu ítarlegra reglna um dreifða eignaraðild stórfyrirtækja eins og bankanna en valdakaup mafíósa og eiturlyfjabaróna í þeim fyrirtækjum, að rússneskri fyrirmynd, gætu haft örlagaríkar afleiðingar fyrir Íslendinga, svo vitnað sé í hámessuna í Hóladómkirkju.

Áður en lengra er haldið, varpa ég þeirri fyrirspurn fram til hæstv. forsrh. hvort hann ætlar að beita sér fyrir lagasetningu um dreifða eignaraðild svo sem hann hefur ítrekað lýst vilja sínum til og mjög víða í þróuðum þjóðfélögum finnast skýr dæmi um. Ætlar hæstv. forsrh. að beita sér fyrir slíkri lagasetningu og þeim mun ítarlegri sem engar óskráðar reglur finnast hér á landi þessu efni aðlútandi? Eftir það sem á undan er gengið á þingheimur og þjóðin öll heimtingu á að fá undanbragðalaus svör við þessum spurningum.

Vík ég þá að aðförunum við sölu FBA-bankans.

Auðvitað voru fyrstu skrefin við sölu bankans ekki í samræmi við yfirlýsta stefnu um dreifða eignaraðild vegna kaupa sparisjóðanna á hlut, sem kallast mátti ráðandi hlutur, að segja ef afgangur bankans seldist mjög dreift. Þær aðferðir voru ekki til fyrirmyndar en menn ypptu öxlum og töldu að sparisjóðirnir væru þess háttar fyrirtæki sem sjá mætti í gegnum fingur við. En þegar forusta sparisjóðanna gengur eftir því við hæstv. bankamálaráðherra hvort ekki mætti treysta því að framhaldssalan yrði dreifð var annað komið upp á teninginn. Þá hafði nýr og álitlegur samvinnuhópur farið á fjörur við varaformann Framsfl. og þar í bland nýja óskabarnið, Jón Ólafsson í Skífunni. Vegna þeirra svara, sem sparisjóðunum gáfust, eða gáfust ekki brugðu þeir á það ráð að selja hvalfiskunum í Orca hlut sinn, með 1.400 millj. kr. ágóða, takk. Þegar stjórnarherrarnir hæla sér af því að hafa fengið hæsta verð fyrir FBA er þó ljóst að út úr miðri sölunni hrömmsuðu sparisjóðirnir til sín þessa fjárhæð en fjárgæslumenn ríkisins fýkjast kannski ekki í slíka smámuni enda ýmsu vanir úr SR-mjölssölu o.fl.

En þegar stórfiskarnir í kví hæstv. bankamálaráðherrans hófu sporðaköstin var hæstv. forsrh. nóg boðið. Hann skundaði norður til Hólastóls og hellti úr stórskálum reiði sinnar. Varaði þjóð sína við að hér væru á ferð mafíósar og eiturlyfjabarónar á borð við þá sem lékju listir sínar austur í Rússíá nú um stundir og voru við það að ríða því þjóðfélagi á slig.

Í framhaldi af Hólamessu ræddi hæstv. forsrh. við Morgunblaðið um FBA-söluna og það var m.a. vegna þess viðtals sem ég batt vonir mínar við að ráðherra hæstv. hefði náð nýjum áttum.

Í því viðtali tekur hæstv. forsrh. fram að athuga þurfi að setja reglur um eignaraðild fyrirtækja „enda hefði komið á daginn", svo ég vitni orðrétt í viðtalið, með leyfi hæstv. forseta, „að mjög víða væru slíkar reglur í gildi, öfugt við það, sem ýmsir hefðu fullyrt."

Og áfram vitna ég í Morgunblaðsviðtalið, með leyfi forseta:

„Og það er ekki bara svo að þær séu víða í gildi, heldur eru þær í raun virtar annars staðar þótt þær séu óskráðar."

Hann endar á því í viðtalinu, með leyfi forseta, að það eigi að skoða í framhaldinu og ræða hvort slíkum reglum yrði komið á og sátt náð um þær.

Síðan þessi orð voru mælt verður ekki betur séð en slegið hafi í baksegl í málinu. Á miðstjórnarfundi Framsfl. upplýsti varaformaður flokksins að þessi mál hefðu ekki verið rædd í ríkisstjórn hvað þá meir. Varaformaðurinn upplýsti enn fremur á fundinum að sjálfstæðismenn hefðu sett fram kröfur vegna sölu FBA eins og hann orðaði það, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn vildi að fyrst yrðu valdir þeir sem mættu bjóða. Skoða ætti fjárhag þeirra og aðrar mikilvægar upplýsingar. Þessu höfnuðum við framsóknarmenn algjörlega."

Þetta er orðrétt tilvitnun í orð hæstv. ráðherra.

Ef þetta er sannleikanum samkvæmt færist skörin upp bekkinn og gefur undir fótinn þeim tilgátum að reiðin sem rauk úr hæstv. forsrh. í Hólamessu hafi aðallega stafað af því að það voru rangir aðilar að hljóta FBA-hnossið. Ég vona að hæstv. forsrh. sé í færum um að bera slíkar fullyrðingar og óhróður til baka.

En í Morgunblaðinu 2. nóv., á 4. síðu, er viðtal við ráðherra FBA-sölunnar, hæstv. forsrh., og við hæstv. bankamálaráðherra undir fyrirsögninni: Lagasetning um dreifða eignaraðild óþörf.

Þá höfum við það. Ég leyfi mér að vitna í viðtalið orðrétt, með leyfi forseta:

„Aðspurður hvort stjórnvöld muni setja lög til að dreifa eignaraðild með bréf bankans á eftirmarkaði svaraði Finnur að hann teldi að ekki þurfi að koma til þess. „Þegar þeir fjárfestar sem hafa keypt í bankanum eru skoðaðir sést að þeir eru ótengdir og eru í samkeppni hver við annan á öðrum sviðum. Þetta eru fyrst og fremst fagfjárfestar og ég held að þeir muni passa upp á það sjálfir að enginn einn fjárfestir verði ráðandi í bankanum.""

Þessi fullyrðing er í besta falli bull, rakalaust rugl, fram sett í blekkingarskyni.

Leigupenni Orca-hópsins skrifar eftirfarandi í helgarspjalli DV, laugardaginn 30. okt., með leyfi forseta:

„Aðeins ein þátttökutilkynning, sem uppfyllti alla skilmála, barst í útboð á sölu hlutabréfa ríkisins í FBA og var hún að frumkvæði þeirra sem standa að Orca SA sem áður keypti stóran hlut í bankanum við lítinn fögnuð forsrh. Niðurstaðan sem nú virðist fengin ætti að vera Davíð Oddssyni að skapi," — „virðist fengin". Forusta Orca-hópsins hafði þar um alla forustu og það var endurtekið í hádegisfréttum ríkisútvarpsins í dag.

Þess vegna blasir við hvers vegna hæstv. bankamálaráðherra heldur því fram að lög um dreifða eignaraðild séu óþörf. Hann vill sem sé lofa stórfiskunum, vinum sínum, að athafna sig í friði við að sölsa undir sig bankann og sjálfur vill hann ekki reglur sem hindra hann við flokksvæðingu Landsbankans þegar þar að kemur.

Á sömu síðu í Morgunblaðinu er viðtal við hæstv. forsrh. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er ekkert endilega fyrirséð að þessir aðilar munu láta frá sér sinn hlut og að hann muni þess vegna safnast á fárra manna hendur. Ég tel engar líkur á því sérstaklega í þessu dæmi en svona um almennt framhald þá held ég að menn eigi aðeins að huga að því og skoða það meðal annars í þinginu hvort rétt sé að setja reglur, sem ná megi sátt um, sem tryggi að eignarhald verði jafnan dreift." Hæstv. forsrh. bætir við: „Ég er fylgjandi því." Og Morgunblaðið hefur eftir honum að „ljóst væri að efnahags- og viðskiptanefnd tæki það mál til skoðunar".

Þetta er að vísu dæmalaus tæpitunga enda mun hæstv. forsrh. kannski hafa heyrst framsóknarstóðið á miðstjórnarfundinum orðið höfuðstyggt og þurfandi fyrir lendaklapp.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að spyrja hæstv. forsrh.: Megum við vænta niðurstöðu úr viðskn. og er það starf hafið? Ég fullyrði að þingmenn bíða niðurstöðu með óþreyju.

[15:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var stofnaður með lögum nr. 60/1997. Eftirfarandi meginmarkmið lágu að baki stofnunar bankans:

Að draga úr eignarhaldi ríkisins á fjármálamarkaði með því að selja hlutabréf í bankanum,

að auka samkeppni og breikka þjónustu á þessu sviði,

að stuðla að hagræðingu og styrkja stoðir fjármálamarkaðarins með því að sameina fjóra fjárfestingarlánasjóði í einum öflugum fjárfestingarbanka,

að skilja á milli fjárfestingarlána annars vegar og lána og styrkja til nýsköpunar hins vegar,

að draga úr hólfun og aðgreiningu fjármálafyrirtækja eftir atvinnugreinum,

að auka alþjóðlega þátttöku á íslenskum fjármálamarkaði.

Eins og fram kemur hér að framan lá stefna um sölu hlutafjár ríkissjóðs í bankanum fyrir þegar við stofnun bankans. Markmiðið með sölu hlutabréfa ríkissjóðs hafa einnig legið fyrir frá upphafi, þ.e. að koma á fót öflugum banka til fjárfestingarlána, stuðla að sjálfstæði hans og jafnframt standa þannig að málum að eignaraðild yrði dreifð í bankanum. Með þeim hætti var verið að vinna að aukinni samkeppni og meiri fjölbreytni og breidd á íslenskum fjármálamarkaði.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 10. febrúar 1998 var samþykkt áætlun um framkvæmd einkavæðingar á því ári. Þar var gert ráð fyrir að nýtt yrði heimild til að selja allt að 49% hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. 27. júlí 1998 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu veitt umboð til að annast um undirbúning og framkvæmd á sölu hlutafjár í bankanum. Skyldi það gert að höfðu nánu samráði við fulltrúa ráðuneytanna og stjórnendur bankans. Í bréfinu var það lagt fyrir nefndina að stefnt skyldi að dreifðri eignaraðild með því að gefa almenningi kost á að kaupa hlut í bankanum. Einnig kom fram að erlent verðbréfafyrirtæki skyldi fengið til að verðmeta hlutafé bankans.

Fulltrúar helstu sparisjóða landsins, sem eru eigendur Kaupþings hf., leituðu til ríkisstjórnarinnar síðla sumars 1998 og óskuðu viðræðna um kaup á öllu hlutafé bankans með sameiningu við það fyrirtæki í huga. Könnunarviðræður fóru fram en hætt var við þær og ákveðið að selja fyrirtækið í samræmi við tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Á þessum tíma voru sparisjóðirnir reiðubúnir að kaupa allan bankann fyrir 8 milljarða og 500 millj. kr. Sú ákvörðun að leita til erlendra sérfræðinga til þess að vinna verðmæti úr hlutabréfi Fjárfestingarbanka atvinnulífsins var byggð á því viðhorfi að innlend fyrirtæki væru öll í beinni samkeppni við bankann og því óeðlilegt að fela þeim þetta verkefni. Einnig var litið til þess að einkavæðing Fjárfestingarbanka atvinnulífsins var og er langstærsta einkavæðingn sem átt hefur sér stað hér á landi. Söluverðmætið var áætlað meira en samanlagt söluverðmæti allra annarra slíkra verkefna fram að þeim tíma.

Eftir útboð meðal nokkurra erlendra verðbréfafyrirtækja í september 1998 var ákveðið að fá Arthur Andersen

Consulting í Englandi til verksins og unnu sérfræðingar á þeirra vegum að verðmatinu í september og október 1998. Niðurstaðan varð sú að í almennu útboði, allt að 49% hlutafjár í bankanum væri rétt að miða við gengið 1,4. Hér verður að hafa í huga að þessi söluaðferð, þ.e. dreifð sala til almennings þar sem hver og einn fær aðeins lítinn hlut í bankanum, skilar seljandanum ekki jafnháu söluverðmæti og sala á ráðandi hlut gerir. Til að hámarka verðið hefði verið vænlegra að bjóða bankann til sölu með útboði og leita eftir tilboði frá hæstbjóðanda.

Stefna ríkisstjórnarinnar var að stuðla að dreifðri eignaraðild að Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og gefa almenningi í landinu færi á að taka þátt í einkavæðingunni. Því var ákveðið á grundvelli tillagna frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu að bjóða til sölu hlutafé Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að allt að 3,3 milljörðum að nafnverði en það er 49% hlutafjársins. Áætlað var að hlutabréfin yrðu seld í tveimur áföngum. Annars vegar í sölu til einstaklinga og lögaðila með áskriftarfyrirkomulagi þar sem heimilt væri að skrá sig fyrir hlutum allt að 3 millj. kr. á nafnverði. Hins vegar selja í tilboðssölu það hlutafé það sem seldist ekki í almennri sölu og yrði hverjum og einum heimilt að gera tilboð í allt að 3% hlutafjár bankans. Meginhersla var því á það lögð að gefa almenningi kost á að kaupa hlutabréf í bankanum og var tilgangur umboðssölu á þessum tíma einungis sá að það sem út af stæði eftir útboðið yrði selt með öðrum hætti. Umsjónaraðili sölunnar var bankinn sjálfur, þ.e. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins en öll verðbréfafyrirtæki landsins komu þó að sölunni með móttöku áskrifta.

Á áskriftatímabilinu, sem stóð frá 30. okt. til 12. nóv. 1998, voru skiptar skoðanir um það hvort mögulegt væri á hinum litla íslenska hlutabréfamarkaði að selja svo stóran eignarhlut í einu lagi. En þegar áskriftartímabilinu lauk kom í ljós að eftirspurn eftir bréfunum var meiri en bjartsýnustu menn höfðu þorað að vona. 10.734 einstaklingar skráðu sig fyrir 18,9 milljörðum að söluvirði. Til stóð að selja aðeins 4,6 milljarða og var hlutur hvers og eins því skertur þannig að hámarksnafnverð sem hverjum áskrifanda var heimilt að kaupa var skert þar til heildarnafnverð seldra bréfa var komið niður í 3,3 milljarða kr. Þetta var í samræmi við útboðslýsingu. Skerðing var því ekki hlutfallsleg og var hámarkshlutur hvers og eins 360 þús. kr. að nafnverði eða 504 þús. að söluverði. Þeir sem höfðu skráð sig fyrir lægri hlutum urðu ekki fyrir skerðingu.

Til samanburðar má geta þess að viðskipti með hlutabréf á Verðbréfaþingi Íslands allt árið 1998 fram að sölunni á Fjárfestingarbankanum námu alls 8,8 milljörðum kr. Sala í hlutabréfum í Fjárfestingarbankanum haustið 1998 var auðvitað mikill viðburður og mikil þátttaka almennings var mjög ánægjuleg og til þess fallin að kveikja áhuga og auka skilning á atvinnulífi landsmanna. Þá var salan til þess fallin að efla innlendan hlutabréfamarkað en í ljós kom að íslenskur fjármagnsmarkaður er sterkari en menn höfðu áður gert sér grein fyrir.

Á eftirmarkaði kom í ljós að ýmsar fjármálastofnanir höfðu áhuga á að kaupa stærri hlut í bankanum en þeim hafði staðið til boða á áskriftartímabilinu. Þetta kom raunar þegar fram meðan á útboðinu stóð og er þá átt við hina svonefndu kennitölusöfnun. Þessar fjármálastofnanir voru m.a. bankar og verðbréfafyrirtæki sem auglýstu eftir hlutabréfum frá almenningi og fór gengi bréfanna hækkandi þegar að loknu útboðinu. Þetta var vissulega til hagsbóta fyrir kaupendur hlutabréfanna sem gátu fengið verulega hækkun á hlut sínum á skömmum tíma. Skýringarnar gátu legið í því að stærri fjárfestar, stofnanafjárfestar, verðbréfasjóðir og hlutabréfasjóðir vildu eiga stærri hlut í bankanum, í eignasöfnum sínum en þeim stóð til boða í útboðinu sjálfu. Fljótlega kom þó í ljós að þarna lá miklu fremur að baki keppni milli stærri fjámálastofnana sem hugðu á samstarf eða samruna við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þessi þróun tók á sig mjög skýra mynd við sölu á hlut Búnaðarbankans til Kaupþings skömmu fyrir árslok 1998.

Á fyrri hluta þess árs hélt þessi hlutabréfasöfnun Kaupþings í Fjárfestingarbankanum áfram og einn áfangi í þeirri þróun var þegar dótturfyrirtæki þess í Lúxemborg keypti hlut Kaupþings og sparisjóðanna og þar með var 28% hlutafjár bankans komið á eina hendi. Samþjöppun eignarhluta sparisjóðanna, Kaupþings hf., í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins gekk þvert á yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar með sölu bankans eins og þeim hefur verið lýst að framan. Ljóst var að þessi samþjöppun valds og áhrifa hlyti að kalla á viðbrögð af hálfu stjórnvalda því að augljóst var að sparisjóðirnir og Kaupþing ætluðu að knýja fram vilja sinn um sameiningu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Kaupþings. Síðsumars árið 1999 bárust síðan þær fregnir að dótturfyrirtæki Kaupþings í Lúxemborg hefði selt þarlendu félagi í eigu fjögurra íslenskra fjármálamanna 28% eignarhlut sinn í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins á genginu 2,82. Nafn þessa félags er Orca SA.

Athygli vakti við þessi viðskipti sú mikla leynd sem reynt var að breiða yfir þau. M.a. var spurningum frá innlendum eftirlitsaðilum, Verðbréfaþingi Íslands hf. og Fjármálaeftirlitinu, engu sinnt af hálfu seljenda. Þótti öll sú leynd grunsamleg í hæsta máta. Við bættist að fregnir fóru að berast af óeðlilegum aðferðum Kaupþings við söfnun hlutabréfa í bankanum á tíma útboðsins haustið 1998. Fyrirtækið virtist ekki hafa sést fyrir í ákafanum og keypt og selt sjálfu sér bréf í nafni viðskiptamanna sinna í fjárvörslu og að þeim forspurðum. Öll þessi saga opinberaðist í kjölfari viðskipta við þá Orca-menn. En þá kom í ljós að ástæða leyndarinnar um viðskiptin eða a.m.k. ein ástæðan milli Kaupþings og Orca var baksamningur en samkvæmt honum skuldbundu kaupþingsmenn sig til að halda áfram að kaupa bréf Fjárfestingarbankans og ná til sín u.þ.b. 11% hlutabréfa bankans í því almenna útboði á 51% hlut ríkissjóðs í bankanum sem álitið var að stæði fyrir dyrum á haustmánuðum. Með 28% hlut Orca-manna og viðbótarhlut annarra hlufhafa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem voru fúsir til samstarfs, svo og þeim 11% viðbótarhlut sem sparisjóðirnir eða Kaupþing áttu að afla til viðbótar í væntanlegu útboði, töldu aðilar viðskiptanna sig vera komnir með ráðandi stöðu innan bankans í kjölfar einkavæðingarinnar. Í framhaldi af því væri mögulegt að vinna að sameiningu Kaupþings og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Áform þessi miðuðu beinlínis að því að koma einkavæðingu Fjárfestingarbankans í uppnám. Kaupþingsmenn töldu að ríkisstjórnin hefði skuldbundið sig til að selja 51% hlutinn með sölufyrirkomulagi sem fyrirtækinu hentaði. Skeytingarleysið gagnvart hagsmunum ríkissjóðs og annarra hluthafa bankans var algjört. Við þetta var ekki unað enda hlaut ríkisstjórnin að grípa til aðgerða til að verja hagsmuni ríkissjóðs. Þessir hagsmunir voru í fyrsta lagi að tryggja hámarksverð fyrir öll 51% bréf ríkissjóðs í bankanum. Í öðru lagi að stuðla um leið að dreifðri eignaraðild að bankanum og vinda

þannig ofan af þeirri þróun sem Kaupþing hafði haft forustu fyrir. Í þriðja lagi að standa þannig að málum að allir áhugasamir aðilar sem hefðu á annað borð fjárhagslega burði til þess gætu tekið þátt í kaupunum. Að öllu óbreyttu var ólíklegt að mikill áhugi væri fyrir kaupum eða fjárfesta utan Orca-hópsins, sparisjóðanna og Kaupþings.

Að lokunum umræðum innan ráðherranefndar og á grundvelli tillagna frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu var ákveðið að bregðast við þeirri stöðu sem upp var komin með eftirfarandi aðgerðum:

Leitað yrði eftir kaupendum að 51% ríkisins þar sem áhugasamir aðilar skyldu mynda með sér hóp sem uppfyllti ákveðin skilyrði um eignarhlut, skyldleika og fjárhagsleg tengsl. Hópurinn kæmi sér saman um tilboðsgengi sem aðilar innan hans skuldbyndu sig til að leggja til grundvallar við kaup á hlutabréfum. Áhugasamir hópar skyldu skila þátttökutilkynningu fyrir fimmtudaginn 21. október 1998 með upplýsingum um framangreind atriði. Fulls trúnaðar skyldi gætt á þessu stigi gagnvart hópnum á meðan sérstök nefnd skipuð Hreini Loftssyni hæstaréttarlögmanni, Jóni Sveinssyni hæstaráttarlögmanni og Brynjólfi Sigurðssyni prófessor færi yfir og kannaði sjálfstætt hvort hóparnir uppfylltu skilyrði sölunnar. Tekið var á því í söluskilmálum ef aðeins kæmi fram ein þátttökutilkynning. Samkvæmt skilmálum sölunnar áttu hópar sem uppfylltu framangreind skilyrði að skila tilboðum á sérstökum tilboðseyðublöðum fyrir 5. nóvember 1998. Tilboðin skyldu samanlagt ná til alls 51% hlutafjár ríkissjóðs á tilgreindu gengi. Greiðsla kaupverðs skyldi síðan fara fram hjá ríkisféhirði eigi síðar en 15. nóvember, þ.e. í dag.

Sjálfstæði hvers og eins kaupanda var undirstrikað með því að hver og einn þeirra skyldi greiða sinn hluta kaupverðsins samkvæmt endanlegri þátttökutilkynningu. Þegar kaupendur innan hópsins hefðu greitt hlutabréfin yrðu þau afhent hverjum og einum. Stæði einhver innan hópsins ekki í skilum gæti framkvæmdaaðili sölunnar hvort heldur sem er haldið kaupunum upp á þann aðila eða gengið að tilboði næsta hóps og síðan koll af kolli.

Samsetning hópa skyldi þannig að tilboð þeirra næðu til alls 51% hlutsins án þess að til félags aðila innan hvers hóps hefði verið stofnað um eignarhlutinn. Lagt var á ábyrgð hópanna hvernig að væri staðið með tilliti til ákvæða um yfirtökutilboð.

Að baki framangreindu útboði lá mikil og góð lögfræðileg vinna og undirbúningur af hálfu framkvæmdanefndar sölunnar sem stýrt var af framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Að þeirri vinnu komu fjölmargir aðilar, lögmenn, endurskoðendur og sérfræðingar á fjármálamarkaðnum.

Fimmtudaginn 21. október 1999 kom í ljós að aðeins einn hópur skilaði inn tilkynningu um þátttöku. Þó höfðu borist af því fregnir í fjölmiðlum að nokkrir hópar væru áhugasamir. Meðal sérfræðinga á markaðnum heyrðust þær raddir að skýringin á því að aðeins einn hópur sýndi áhuga á þátttöku væri sú að lágmarksgengið væri of hátt. Þó var það hið sama og hafði verið í viðskiptum Orca-hópsins og Kaupþings og ekki stætt á öðru fyrir fulltrúa ríkisins en að leitast við að tryggja ríkissjóði sama verð fyrir sinn hlut. Tekið var á því í skilmálum sölunnar hvernig aðhafast skyldi undir þeim kringumstæðum að eins ein þátttökutilkynning bærist. Þetta var öllum ljóst fyrir fram.

Við yfirferð yfir þátttökutilkynninguna sem barst kom í ljós að spurning væri um fjárhagsleg tengsl milli fjögurra aðila af þeim níu er stóðu að þátttökutilkynningunni. Á fundi með umboðsmanni þess hóps mánudaginn 25. október var ábendingum og athugasemdum þar að lútandi komið á framfæri við hópinn og hópnum gefinn kostur á að gera viðeigandi lagfæringar fyrir föstudaginn 29. október.

Endanlegri þátttökutilkynningu var skilað til framkvæmdaaðila sölunnar á tilskildum tíma. Þá hafði sú breyting orðið á hópnum að í stað þriggja aðila sem þar voru upphaflega komu 20 í staðinn. Voru þá 26 einstaklingar og aðilar orðnir aðilar að endanlegri þátttökutilkynningu. Af hálfu framkvæmdaaðila sölunnar voru skyldleiki og fjárhagsleg tengsl þessara aðila könnuð sérstaklega og mjög ítarlega. Í ljós kom að þeir uppfylltu fullkomlega skilyrði sölunnar. Áður en þessum hópi var sent kauptilboð í samræmi við ákvæði sölulýsingarinnar barst frá hópnum beiðni um að hópurinn mætti breyta hlutfallslegri skiptingu innbyrðis, þó þannig að virtar væru reglur hvað varðar hámarks- og lágmarkshlut einstakra bjóðenda.

Af hálfu framkvæmdanefndar um einkavæðingu sem starfaði í umboði viðkomandi ráðuneyta var hópnum sent bréf föstudaginn 29. október 1999 þar sem honum var veitt færi á því samkvæmt ákvæðum sölulýsingarinnar að kaupa allan hlut ríkisins á genginu 2,8, samtals að fjárhæð 9 milljarðar 710,4 millj. kr. gegn staðgreiðslu fyrir kl. 14 mánudaginn 15. nóvember 1999. Endanleg hlutfallsleg skipting bjóðenda yrði að koma fram í yfirlýsingu hópsins sem yrði að berast nefndinni í síðasta lagi kl. 14 föstudaginn 5. nóv. Ekki var gerð athugasemd við það þó að innbyrðis hlutföll breyttust að því gefnu að þau uppfylltu skilyrði útboðsins um lágmarks- og hámarkshlut hvers og eins.

Yfirlýsing barst frá hópnum þriðjudaginn 2. nóvember þar sem fram kom að hópurinn mundi ganga að boði nefndarinnar á grundvelli söluskilmála sem beitt hefði verið. Einkavæðingunni lauk síðan í dag mánudaginn 15. nóvember með greiðslu uppsetts verðs hjá ríkisféhirði.

Kaupendur 51% hluta ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins eru m.a. sumir af stærstu og öflugustu lífeyrissjóðum landsins, fjársterkir einstaklingar og lögaðilar, stjórnendur bankans og aðilar tengdir Orca-hópnum svonefnda. Fyrir liggur að öll markmið ríkisstjórnarinnar með sölunni muni nást fram. Tveir stærstu einstöku hluthafar bankans eiga um 7% hlut í honum en aðrir eiga minna. Hluthafar eru talsvert á fjórða þúsund. Orca-hópurinn verður leystur upp. Hluthafarnir munu því vinna saman að sameiginlegum hagsmunum sínum, þ.e. að auka veg bankans.

Þegar upp er staðið hefur þessari vel heppnuðu einkavæðingu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins lokið þannig að ríkissjóður hefur fengið u.þ.b. 14,4 milljarða kr. fyrir hlutabréf sín í bankanum, sem er rúmum 6 milljörðum kr. hærri fjárhæð en sparisjóðirnir voru reiðubúnir að greiða fyrir bankann fyrir rúmu ári síðan. Einkavæðingin hefur því heppnast fullkomlega að þessu leyti þó að illa hafi litið út með málið á tímabili.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. beindi til mín um dreifða eignaraðild þá hefur komið fram að ég er trúaður á að til þess sé ýtrasta nauðsyn að fjármálastofnanir í fámennu landi séu í dreifðri eignaraðild. Ég get ekki hugsað mér aðra skipan á þeim málum. Ég tel að hvað þetta varðar hafi salan heppnast vel. Ég er enn þeirrar skoðunar að menn eigi að skoða rækilega í þinginu möguleika á að setja slíkar reglur og reyna að ná um þær sæmilegri sátt. Það hefur áður komið hér fram í þingsalnum.

Að svo mæltu þakka ég hv. þm. fyrir að hlutast til um þessa umræðu.

[16:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Mér er ekki alveg ljóst hver tilgangurinn með þessari umræðu er. Hv. fyrirspyrjandi hóf mál sitt og flutti það á almennum nótum en hæstv. forsrh. svaraði með því að gera grein fyrir einni tiltekinni einkavæðingu, þ.e. sölu á FBA. Í svari sínu endurtók forsrh. það sem hann hefur áður sagt, að þeir sem keyptu, Orca-hópurinn, hafi stefnt stefnu ríkisstjórnarinnar í uppnám, þeir hafi gerst sekir um óeðlilega viðskiptahætti þó ekkert hafi gerst í þessari sölu annað en að einn fjárfestingarhópur sem stofnaður var í Lúxemborg, seldi öðrum sinn hlut.

Einu í máli hæstv. forsrh. hlýt ég að spyrja eftir. Hann fullyrti að í þessu tilviki hefðu verið gerðir baksamningar á milli kaupenda og seljenda um hvernig ætti síðan að ná völdum í þessari fjármálastofnun. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir af hálfu hæstv. ráðherra og dugir ekki eingöngu að fullyrða um það. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hefur hann fyrir sér í því? Hvaða sannanir hefur hann um að slíkir baksamningar hafi verið gerðir? Þar nægja ekki fullyrðingar út í loftið heldur er eðlilegt að hæstv. forsrh. upplýsi löggjafarsamkunduna um við hvað hann á.

Ég vil líka ítreka spurningu hv. þm. Sverris Hermannssonar út af umræðunni um dreifða eignaraðild. Það kom nefnilega fram hjá viðskrh. á nýafstöðnum miðstjórnarfundi Framsfl. að þegar málið var til umræðu í ríkisstjórninni hafi Sjálfstfl. ekki leitað eftir því að sett yrðu ákvæði um dreifða eignaraðild við söluna. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er þetta rétt með farið? Er það rétt hjá hæstv. viðskrh. að þrátt fyrir öll stóru orð hæstv. forsrh. í málinu um nauðsyn dreifðrar eignaraðildar hafi Sjálfstfl. aldrei sótt það mál við samstarfsflokk sinn í ríkisstjórninni?

Virðulegi forseti. Vissulega hefur sumt af einkavæðingunni sem í hefur verið ráðist ekki tekist nægilega vel. Ég hef ekki tíma til að rekja þá sögu alla en vitna bara til úttektar og athugasemda Ríkisendurskoðunar á þeim málum. Ég vil hins vegar láta það koma fram að mér finnst mjög eðlilegt að aðrir en ríkisvaldið reki atvinnustarfsemi. Mér finnst sjálfsagt að ríkisvaldið losi sig við fyrirtæki og stofnanir sem eru í atvinnustarfsemi í samkeppni við aðra. Hins vegar verða menn að sjálfsögðu að draga markalínuna. Ég tel ekki eðlilegt að t.d. skólar, menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir og stofnanir af slíku tagi séu einkareknar.

Lögmál markaðarins eru mjög einföld. Ef einn á vöru eða þjónustu sem hann vill selja og annar er reiðubúinn til þess að kaupa þá takast viðskipti náist samkomulag um verð. Engum er í hag og síst þjóðinni að hindra að slík viðskipti geti átt sér stað og það er mjög torvelt að setja við þeim hömlur. Eins og allir vita þá eru t.d. settar hömlur við því að útlendir aðilar geti fjárfest í íslenskum sjávarútvegi. Það er hins vegar opinbert leyndarmál engu að síður að slíkt er gert í nokkrum mæli.

Það sem við leggjum megináherslu á í þessu sambandi er hins vegar að hlutverk ríkisvaldsins sé að hafa eftirlit og veita aðhald til að verja sjónarmið hins almenna borgara. Ríkisvaldið á að tryggja að viðskiptin séu gagnsæ. Ríkisvaldið á að tryggja að valdi sem fæst með yfirráðum yfir atvinnufyrirtækjum, hvers eðlis sem þau eru, sé ekki misbeitt. Ríkisvaldið á að tryggja að viðskipti leiði ekki til fákeppni heldur aukinnar samkeppni og ríkisvaldið á að tryggja að viðskiptamönnum þessara aðila sé ekki mismunað. Það er aðkoma ríkisvaldsins að málinu. Það er mjög æskilegt að eign í fyrirtækjum, fjármálafyrirtækjum sem öðrum, sé sem dreifðust. En ég tel að það sé mjög erfitt, nánast útilokað að tryggja slíkt með lagasetningu. Við Íslendingar höfum reynsluna af því.

[16:12]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Líkt og sá sem talaði hér á undan get ég tekið undir það að erfitt er að átta sig nákvæmlega á um hvað þessari umræðu er ætlað að snúast. Í fyrsta lagi lagði hv. málshefjandi mál sitt þannig upp að hann fór almennt yfir einkavæðingu undanfarinna ára og benti á hvar sérstaklega illa hefði til tekist.

Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt að umræður um einkavæðingu fari fram á hinu háa Alþingi. Víðast hvar eru menn að endurskoða hlutverk ríkisvaldsins á þessu sviði og í þeirri öru þróun sem íslenskur fjármagnsmarkaður hefur verið á undanförnum árum er mikilvægt að skoða málið vendilega.

Ég vil segja að við sem í Samfylkingunni störfum erum mjög fylgjandi því að breytt eignaraðild takist í þeim tilvikum sem ríkisfyrirtæki eru seld líkt og um er að ræða í tilviki Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Að mörgu leyti má halda því fram að vel hafi tekist í þessu tilviki þó jafnframt megi segja að erfitt hafi verið að átta sig á öllum yfirlýsingum og ummælum sem hæstv. ráðherrar létu frá sér fara í þessari umræðu.

Við hjá Samfylkingunni höfum lagt fram fjögur mál, bæði þáltill. og frv., þar sem við höfum bent á leiðir til að ná þessu markmiði, þ.e. um dreifða eignaraðild. Í fyrsta lagi höfum við lagt til breytingu á samkeppnislögum. Í öðru lagi höfum við lagt fram þáltill. um viðskiptasiðferði og einnig höfum við lagt fram á hinu háa Alþingi tillögur um breytingar á lögum um kauphöll og fjármálaeftirlit. Allt þetta miðar að því að reyna að gera hlutverk ríkisins þannig úr garði að þar verði fyrst og fremst um eftirlitshlutverk á fjármálamarkaði að ræða en ekki beint inngrip. Það er kannski þess vegna sem við höfum ekki lagt fram frv. á þessu stigi um dreifða eignaraðild. En það breytir ekki hinu að við höfum mjög sterk viðhorf í þá veru að æskilegt sé að sú niðurstaða fáist.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hversu langt er rétt að halda á þessari braut í umræðunni. Ég vil hins vegar vekja sérstaka athygli á að þegar einkavæðing SR-mjöls átti sér stað á sínum tíma voru í kjölfar þeirrar sölu teknar ákvarðanir um mjög háar arðgreiðslur sem voru nánast þess eðlis að menn fengu að stórum hluta það fjármagn sem þeir lögðu til við kaupin til baka í gegnum arðgreiðslur. Ég ætla að vona, virðulegi forseti, að það sé ekki svo í þessu tilviki þar sem talað hefur verið um að bréfin hafi verið seld á genginu 2,8 að þau verðfalli að hluta þegar kemur að því að greiða arð eftir næstu áramót. Það verður fylgst mjög vandlega með því hvort sama aðferðafræði verði viðhöfð í þessu tilviki og þegar SR-mjöl var selt, að menn fái að stórum hluta framlög sín til baka í arðgreiðslum strax eftir áramót.

En ég vil þó segja að lokum, virðulegi forseti, að ef þessi ótti minn á ekki við rök að styðjast, þá held ég að almennt megi segja um þessa einkavæðingu að þokkalega vel hafi tekist til, þótt erfitt hafi verið að átta sig á öllum þeim yfirlýsingum sem hæstv. ráðherrar hafa gefið í þessu máli.

[16:16]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Við þessa umræðu gefst kærkomið tækifæri til að gera örlitla grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum fjármagnsmarkaði á undanförnum árum.

Róttækar breytingar hafa orðið á íslenskum fjármagnsmarkaði á síðustu fjórum, fimm árum og sennilega einhverjar róttækustu skipulagsbreytingar sem nokkurn tímann hafa verið gerðar á þeim markaði. Vil ég hér nefna nokkur dæmi.

Í 15 ár töluðu menn um að breyta fjárfestingarlánasjóðakerfi atvinnulífsins og koma á fót áhættu- og nýsköpunarsjóði. Það gerðist ekki fyrr en í tíð núverandi ríkisstjórnar að fjárfestingarlánasjóðir atvinnulífsins, Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Útflutningslánasjóður voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og þannig náðist fram hagræðing á þeim markaði og veruleg fækkun lánastofnana.

Í tíu ár töluðu menn um að breyta ríkisviðskiptabönkunum, Búnaðarbanka og Landsbanka, í hlutafélög. Það gerðist ekki fyrr en í tíð núverandi ríkisstjórnar að þetta gekk eftir. Bara við formbreytinguna eina og skráningu bankanna á markaði hefur náðst fram veruleg hagræðing. Ríkisviðskiptabankarnir, Landsbanki og Búnaðarbanki, höfðu aldrei greitt eiganda sínum, þ.e. þjóðinni, arð af eigin fé. Árið 1998, eftir þá formbreytingu, greiddi Landsbankinn út arð upp á 400 millj. kr. til eigenda sinna og Búnaðarbankinn greiddi 328 millj. kr. arð til eigenda sinna. Með tilkomu Fjárfestingarbankans og skráningu bankanna á Verðbréfaþingi hefur samkeppni á þessum markaði stóraukist. Bankarnir hafa lækkað vaxtamun og verulega hefur dregið úr þeim kostnaði sem á fjármagnsmarkaðnum er og þannig er að takast að skapa fólkinu og fyrirtækjunum í landinu lægri vexti og sambærileg samkeppnisskilyrði og fólk og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur býr við.

Á árunum 1988 til ársins 1997, eða á tíu ára tímabili, töpuðu ríkisviðskiptabankarnir, þ.e. Landsbankinn og Búnaðarbankinn, 17 milljörðum kr. Nú hefur þetta snúist við og stórlega hefur dregið úr útlánatöpum þessara banka. Skýrar reglur voru settar um launakjör bankastjóra, ferða- og risnukostnað þegar bankarnir urðu að hlutafélögum. Þetta hefur leitt til þess að líka hefur dregið stórlega úr ferða- og risnukostnaði hjá bönkunum. Innri endurskoðun bankanna, þ.e. Landsbanka og Búnaðarbanka, hefur stórlega verið efld með verulega góðum árangri. Bankaeftirlit og Vátryggingaeftirlit voru sameinuð í Fjármálaeftirlitið með það að meginmarkmiði að treysta og tryggja betur eftirlit með fjármálastofnunum, með hagsmuni neytenda og innstæðu eigenda bankanna að leiðarljósi.

Rekstur bankanna hefur aldrei verið betri en nú. Landsbanki og Búnaðarbanki högnuðust um 1.300 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs og má búast við að hagnaður þeirra verði á árinu yfir 2 milljarðar kr. Betri afkoma en nokkru sinni áður hefur sést hjá þessum fyrirtækjum.

Rétt um 40 þúsund hluthafar eru nú í bönkunum þremur, Landsbanka, Búnaðarbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Um 15% af þjóðinni eru hluthafar í þeim fyrirtækjum. Búnaðarbankinn er langfjölmennasta almenningshlutafélag landsins og Landsbankinn og FBA með þeim fjölmennari. Þátttaka almennings í kaupum á hlut í bönkunum hefur dýpkað skilning almennings á því hvernig hlutabréfamarkaðurinn virkar og aukið áhuga þjóðarinnar á því að vera virkir þátttakendur í uppbyggingu atvinnulífsins.

Verðmæti þjóðarinnar í bönkunum hefur aukist um 30 milljarða á tíu mánuðum. Verðmæti Landsbanka og Búnaðarbanka hafa hækkað mikið frá fyrsta útboði. Þeir hafa verið skráðir á Verðbréfaþinginu og hafa notið aga og festu skráningarinnar sem leitt hefur til betri rekstrar. Gengi bréfanna í bönkunum í útboðinu var ákveðið að fengnu mati virtra erlendra lánastofnana.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hefur nú allur verið seldur. Í dag greiddu kaupendur Fjárfestingarbankans 9,7 milljarða til ríkisins. Þetta er langstærsta einkavæðing sem fram hefur farið hér á landi. Ríkið hefur fengið 14,3 milljarða fyrir bankann, sem metinn var á í kringum 8 milljarða kr. fyrir ári síðan. Þessu til viðbótar fékk ríkið á síðasta ári 554 millj. kr. í arðgreiðslu frá bankanum sem er hæsta fjárhæð sem íslenskt fyrirtæki skráð á Verðbréfaþingi hefur greitt í arð til hluthafa sinna. Verðmæti bankans hefur hækkað jafnt og þétt frá því hann var skráður á Verðbréfaþinginu rétt fyrir um ári síðan. Hluthafar eru nú tæplega 4 þúsund og stærsti hluthafinn er Lífeyrissjóðurinn Framsýn með rúmlega 7% hlut.

Eins og hér hefur komið fram hafa orðið ótrúlegar breytingar á þessum markaði á undanförnum árum og ætla ég þá að snúa mér að einstökum lánastofnunum í þeim efnum. Mestar hafa breytingarnar orðið á Landsbankanum á undanförnum árum. Á árunum 1988, eins og ég sagði áðan, til ársins 1997 tapaði Landsbankinn 13,7 milljörðum kr. í útlánum, en stórlega hefur dregið úr þessu tapi að undanförnu. Vaxtamunur bankans hefur lækkað, rekstrarkostnaður bankans hefur lækkað, hagnaður bankans nam 911 millj. kr. á árinu 1998 og var ákveðið á síðasta aðalfundi að greiða út 400 millj. kr. arð, eins og hér hefur fram komið. Um 12.200 manns skráðu sig í hlutafjárútboði Landsbankans í september fyrir rúmu ári. Ríkið á nú 85% hlut en 6.900 manns eiga samtals um 15% hlutafjár. Næststærsti hluthafinn er Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands með 2,6% hlut. Í nóvember 1998 var Landsbankinn fyrst skráður á Verðbréfaþingi Íslands. Þegar hann fór á markaðinn var áætlað verðmæti hans um 12 milljarðar kr. en í dag er hann samkvæmt skráningu markaðarins 25 milljarða kr. virði, eða helmingi meira virði en þegar hann fór fyrst á markað.

Hagnaður Búnaðarbankans nam 876 millj. kr. fyrir skatt árið 1998. Vaxtamunur þar hefur snarlækkað og á aðalfundi, eins og hér kom fram áðan, var ákveðið að greiða út arð upp á 328 millj. kr., sem aldrei hafði fyrr gerst. Um 93 þúsund manns skráðu sig í hlutafjárútboði Búnaðarbankans í september á síðasta á ári. Ríkið á nú um 85% hlut, en 29 þúsund manns eiga samtals um 15% hlutafjár. Næststærsti hluthafinn er Lífeyrissjóður Búnaðarbankans með 3,6%. Í desember 1998 var Búnaðarbankinn skráður á Verðbréfaþinginu. Þegar bankinn var upphaflega seldur almenningi var áætlað söluverð hans um 8 milljarðar kr. en mælist nú á Verðbréfaþinginu upp á 18,5 milljarða kr., eða um 10 milljörðum kr. hærri en verðmætið var þegar hann fór fyrst á markað.

Þetta er allt saman tilkomið vegna þeirra hagræðingaraðgerða sem gripið hefur verið til og þeirra skipulagsbreytinga sem orðið hafa á íslenskum fjármagnsmarkaði á undanförnum árum og ég vil þakka fyrir það tækifæri að fá að gera grein fyrir þessu hér við umræðuna.

[16:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda, Sverri Hermannssyni, fyrir að taka þetta mál upp. Hér hafa mjög þung orð verið látin falla, bæði af hálfu málshefjanda og einnig af hálfu hæstv. forsrh., enda eru tilefnin ærin. Hins vegar fannst mér það undarleg sagnfræði sem við heyrðum frá hæstv. bankamálaráðherra þar sem hann rekur breytingar í stjórnun bankanna til þeirrar ráðstöfunar ríkisstjórnarinnar að gera þá að hlutafélögum. Staðreyndin er sú að starfshættir innan bankanna hafa verið að taka breytingum á undanförnum árum og undanförnum áratugum. Það er staðreynd að hér fyrr á árum voru miklar og háar upphæðir afskrifaðar, stundum lánveitingar til fyrirtækja sem stóðu undir heilum byggðarlögum og ég ætla ekki að gefa einkunnir af því tagi sem hæstv. ráðherra gerði eða fara með alhæfingar eins og hann gerði.

Mest hafa menn talað um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. FBA er þó aðeins angi af miklu stærra dæmi, því ef það er eitthvað sem hefur sett svip á stjórnmálalíf okkar og efnahagslíf á undanförnum árum, þá er það markaðsvæðingin og einkavæðingin. Á undanförnum árum hafa nokkur stórfyrirtæki og stofnanir sem áður voru í eigu ríkisins verið einkavæddar, þar ber hæst SR-mjöl og Áburðarverksmiðjuna, en auk þess má nefna aðrar stofnanir og fyrirtæki, Lyfjaverslun ríkisins, Skýrsluvélar og þannig mætti áfram telja. Nú síðast Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Í sumum tilvikum hefur verið mikið deilt um þessa sölu, í öðrum ekki. Stundum hafa deilurnar fyrst og fremst snúið um verðlagið. En það er þó ekki nokkur vafi á því að þessi sala á almannaeignum hefur orðið til þess að þjappa saman peningum og valdi á Íslandi. Í því samhengi má segja að langstærsta einkavæðingin eigi sér stað á sjó úti eins og reyndar kom fram í máli hv. málshefjanda, en þar hefur verið látið óátalið að einstaklingar og fyrirtæki selji óveiddan fisk eða leigi heimildir til að veiða hann. Hér erum við að tala um miklar fjárupphæðir, milljarða á milljarða ofan. Það erum við reyndar einnig að gera varðandi einstök fyrirtæki og stofnanir sem áður var vikið að. Þeir sem fengu aðstöðu til að kaupa — það eru ekki þeir sem þurfa að veðsetja íbúðirnar sínar til að fá lán í banka — þeir sem höfðu aðstöðu til að reiða fram háar fjárupphæðir vegna þess að þeir höfðu aðgang að peningum hafa hagnast vel. Þannig fjórfölduðust hlutabréfin í SR-mjöli að raunvirði á hálfum áratug frá því ríkið seldi þau fyrir langt innan við 1 milljarð á árinu 1993 og voru metin á tæpar 4.000 millj. á árinu 1998.

Þessi saga endurtekur sig síðan aftur og ítrekað og það voru engir smásparendur sem keyptu hluti í Fjárfestingarbankanum, reyndar mátti enginn kaupa fyrir minna en 6 millj. kr. Og aftur var þetta spurningin um aðgang að fjármagni. Aðgangurinn gerir mönnum kleift að láta „kapítölin" ávaxta sig, svo notað sé orðalag frá því fyrr á öldinni.

Þá erum við komin að kjarna máls varðandi spurninguna um einkavæðingu bankanna. Banki er ekki bara fyrirtæki sem veitir þjónustu, banki er ekki aðeins stofnun sem lánar peninga, þannig er vissulega hægt að nota banka og það sem má nota, má einnig misnota. Banki getur nefnilega veitt eigendum sínum áhrif og völd. Ef sömu aðilarnir og taka þátt í samkeppni á markaði eiga og stjórna einnig fjármálastofnunum landsins gefur augaleið að sú hætta er fyrir hendi í ríkari mæli en nú er að þeir verði notaðir til að veita eigendum sínum fyrirgreiðslu til að auðgast.

Hagkerfi okkar er smátt og miklu máli skiptir hvernig því er stýrt. Að sjálfsögðu skiptir það máli í öllum hagkerfum en lítil hagkerfi eru viðkvæm. Nú stöndum við frammi fyrir því að áfram verði haldið á sömu braut og ríkisbankarnir verði einkavæddir, verði seldir að öllu leyti. Þetta ætla menn að gera á sama tíma og þeir segjast vilja tryggja dreifða eignaraðild. Ef ég heyrði rétt þá talaði bankamálaráðherrann um 40 þúsund hluti og nefndi háa eignaraðild. Staðreyndin var náttúrlega sú að öll þjóðin átti þessar stofnanir þannig að dreifðari verður eignaraðildin vart en hún hefur verið.

Á sumum var helst að skilja — jafnvel í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar — að ef hagkerfin væru látin leika lausum hala og þar ríkti frjáls samkeppni þá yrði allt gott. Staðreyndin er sú að frjálsa samkeppni þarf að tryggja með lagalegum ramma. Það þarf að tryggja samkeppnina með umgjörð. Annars leitar allt, bæði peningarnir og valdið, á einn stað eða fáa, til einokunar og fákeppni. Ég hélt að þetta væru engin ný sannindi. Ég hélt að menn hefðu lært þetta af reynslunni, nú síðast varðandi kennitölusöfnunina í tengslum við sölu bankanna.

Af þessum sökum höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sagt þrennt. Í fyrsta lagi höfum við sagt: Förum varlega í sakirnar. Reynum að ná sátt um markalínur á milli hins opinbera annars vegar og markaðar hins vegar. Förum rækilega yfir hagkvæmnisþætti einkavæðingar. Spyrjum hver hagnist þegar upp er staðið, skattgreiðandinn, notandinn, neytandinn eða nýir eigendur. Út á þetta gekk þáltill. sem við fluttum fyrst í vor og aftur núna í haust.

Í öðru lagi: Í þeim tilvikum sem ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis er staðráðinn í því að selja stofnanir eða fyrirtæki viljum við að búinn verði til lagarammi sem stuðlar að dreifðri eignaraðild og spornar gegn samþjöppun á peningum og þar með valdi. Þess vegna fluttum við sérstakt lagafrv. um dreifða eignaraðild fjármálastofnana þar sem eignarhlutur færi ekki yfir 8%. Ég tók eftir því í máli hæstv. forsrh. að hann lagði áherslu á að þetta yrði skoðað. Sjálfum býður mér í grun að það fái að sofna í nefnd, að lítil alvara sé þar að baki. En ég vona að það sé rangt hjá mér.

Í þriðja lagi hvetjum við til að menn ræði þessa hluti heildstætt með framtíðarþróun íslensks þjóðfélags í huga, spyrji hvort mönnum finnist það virkilega í lagi sem er að gerast í landinu. Finnst mönnum í lagi að örfá fyrirtæki og peningamenn ráðskist með eigur þjóðarinnar og ráði hér lögum og lofum? Þannig er Eimskipafélagið, í gegnum Burðarás, að ná einokun, ekki aðeins í flutningum og siglingum heldur einnig í sjávarútvegi. Hrekkur enginn við þegar einstaklingur reiðir fram 700 milljónir til kaupa á lóðum í Garðabænum eins og gerðist nú í sumar? Hvað um það þegar menn taka sig til, nokkrir aðilar og kaupa heilan banka fyrir þær upphæðir sem um er að tefla?

Ég tók eftir því að ungur maður úr fjármálaheiminum var spurður hvort rétt væri að hann hefði fjárfest fyrir rúmlega 100 millj. kr. í umræddum banka, FBA. Hann kvað svo vera en þetta væri sitt sparifé. Fyrir sparifé kaupa menn væntanlega fótboltalið í Bretlandi og sendiherrann mætir náttúrlega á staðinn. Ísland er að verða land peningafólksins, þeirra sem hagnast á því að eiga góða að, þeirra sem hagnast á því að eiga Sjálfstfl. og Framsfl. að, þeirra sem hagnast á því að eiga þá að, Davíð og Halldór.

Ég held hins vegar að þjóðin, sú sem er ekki að kaupa lóðir í Garðabænum, sú sem á engan kvóta og engin fótboltalið þurfi að fara að hugsa sinn gang. Ég held að menn verði að

gera sér grein fyrir því að við erum rétt að byrja. Samkvæmt upplýsingum sem við fáum úr Stjórnarráði Íslands þá erum við rétt að byrja. Nú ætla þeir að fara að selja Landsvirkjun. Nú ætla þeir að fara að selja Landsbankann. Þeir ætla að að selja Landssímann. Þeir ætla að selja Búnaðarbankann.

Ég spyr: Er ekki mál að linni? Er ekki tími til að þessari óábyrgu og vanhugsuðu stefnu ljúki, að þessi mál verði núna tekin til endurskoðunar, öll og í heild sinni?

[16:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir þessa umræðu og alveg sérstaklega tímasetninguna. Hún er sérstaklega ánægjulega valin því að í dag kl. tvö voru seld hlutabréf fyrir 9,7 milljarða og verð ég að óska hæstv. ríkisstjórn til hamingju með þann árangur sem þar hefur náðst. Þetta er sú almesta einkavæðing sem hefur átt sér stað á Íslandi.

Það er þekkt að einkavæðing hefur áhrif á samkeppni. Hún stóreykur samkeppni. Það liggur í hlutarins eðli. Ríkisfyrirtæki geta ekki staðið í samkeppni. Einnig er þekkt að áhrif einkavæðingar á starfsmenn fyrirtækja eru mjög jákvæð. Starfsmennirnir fá umbun fyrir góða vinnu. Svo er ekki með ríkisstarfsmenn, því miður. Mjög margir ríkisstarfsmenn eru frábærir starfskraftar en fá þess lítið notið í launum eða viðurkenningu. Þegar fyrirtæki hafa verið einkavædd þá njóta þessir frábæru starfsmenn þess að fullu hvað þeir afreka.

Einkenni ríkisfyrirtækja er, því miður, metnaðarleysið. Allir líða fyrir það, sérstaklega þjóðin. Afleiðing einkavæðingarinnar hefur verið mikil samkeppni, lækkun á verði, minni vaxtamunur, sem kemur bæði skuldurum og sparifjáreigendum til góða, og lækkun á þóknunum. Neytendunum kemur þetta allt til góða. Þetta er að hluta ástæðan fyrir því góðæri sem við höfum upplifað síðustu árin og upplifum vonandi áfram, verði haldið áfram á þessari braut.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gat þess áðan að ríkisfyrirtæki væru í dreifðri eign. Ég bara spyr: Hvernig var þetta í Sovét? Hún hefur nú aldeilis verið dreifð þar eignin. 250 milljón Rússar áttu hvert einasta fyrirtæki. Mér skilst að það hafi nú ekki verið þannig með áhrifavaldið í þessum fyrirtækjum. Ríkisfyrirtæki eru raunar í eigu eins aðila, þ.e. ríkisins, ekki þjóðarinnar. Ég vil benda hv. þm. á að mikill munur er á þjóð og ríki.

Hv. þm. gat þess líka að ungur maður hefði lagt sparifé sitt inn í FBA. Það kom einmitt fram í viðtalinu við þennan unga mann að hann hefði tekið á sig miklar skuldbindingar. Ég geri ráð fyrir að hann hafi fengið lánað fyrir þessu að miklu leyti. Hann er að taka mikla áhættu og það ætti hv. þm. að gera stundum líka. Hann hefur væntanlega keypt hlut í þessum banka þegar hann var til sölu og séð var að hann mundi hækka mikið í verði.

Herra forseti. Hv. málshefjandi Sverrir Hermannsson gat um SR-mjöl. Hann gleymdi að geta þess að það fyrirtæki hafði verið rekið með tapi í áratugi og aldrei skilað neinum hagnaði í ríkissjóð. En núna borgar það skatta og stendur undir velferðarkerfinu að því leyti, sem við öll viljum.

Þetta eru einkenni á öllum ríkisfyrirtækjum sem hafa verið einkavædd. Þau voru í tapi og því lítils virði en um leið og búið er að einkavæða þau — það jafnvel nægir að hlutafjárvæða þau — þá sýna þau hagnað og verða meira virði. Þetta hefur gerst.

FBA hefur hækkað í verði, ekki vegna þess að það hafi verið vanmetið heldur vegna þess að það er meira virði með betri stjórnendum, með betri stjórnun og vegna þess að það þarf að standast kröfur markaðarins. Það er einkenni á einkavæðingunni. Verðið sem fékkst núna var það hátt að það kom aðeins eitt tilboð. Það segir okkur að þetta hafi farið nálægt því að vera albesta verðið sem hægt var að fá. Ég verð enn að óska ríkisstjórninni til hamingju með þetta útboð. Þetta er mjög gott verð og salan vel heppnuð. En það hindrar ekki að bankinn hækki frekar. Nú verður enn meiri krafa og hvatning til að sýna árangur og hagnað.

Mikið hefur verið rætt um dreifða eignaraðild. Skoðun mín er sú að einstaklingar geti ekki átt stóran hlut í FBA. Þetta er það stór banki, það stórt fyrirtæki að það yrði ákaflega óskynsamlegt fyrir einstaklinga að setja alla sína peninga í þennan banka og fyrir fjárfesta yfirleitt. Enda sýnir sagan, bæði í Íslandsbanka og FBA, að eignaraðildin er dreifð. Stærstu hluthafar í Íslandsbanka eiga 10% hlut. Það eru tveir lífeyrissjóðir. Sama er með FBA. Lífeyrissjóðir eru stærstir þar og því ekki einstaklingar sem eru að ná undir sig þessum fyrirtækjum.

[16:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Einkavæðing og einkaframkvæmd eru slagorð sem við heyrum oft, frá sjálfstæðismönnum sérstaklega. Upp á síðkastið líka dálítið mikið frá framsóknarmönnum. Þetta er stefnan núna og ríkisstjórnin hefur það markmið að einkavæða sem mest. Upp á síðkastið hefur borið á öðru en því er hægt að fagna. Því að menn ætli sér að fá það sem hægt er fyrir ríkiseignir. Líklega hefur hæstv. ráðherrum nú tekist að sjá til þess að ekki var eins illa staðið að sölu og verðlagningu FBA og að sölu SR-mjöls á sínum tíma. En það var náttúrlega mikil sorgarsaga.

Ég vil bara segja að verkefni geta flust og eiga eðlilega að flytjast frá ríkinu til einkaaðila þegar hægt er að tryggja samkeppni á markaði. Það eiga ekki að vera nein trúarbrögð. Það eiga heldur ekki að vera trúarbrögð að endilega eigi að flytja starfsemi frá ríkinu til einkaaðila. Það er alfarið rangt að allt sem ríkið hafi átt hafi verið rekið með tapi. Það er undarlegt að heyra það frá hv. þm., m.a. þeim sem síðast talaði, að allt sem ríkið gerir sé nánast vonlaust á sama tíma og rætt er um fyrirtæki sem var og hefur verið í eigu ríkisins alveg fram á þennan dag. Það sem verið er að selja er það sem hefur orðið til á meðan ríkið átti þetta. Við höfum séð hvernig Landssími Íslands hefur fært ríkissjóði stórfé í gegnum árin. Þetta vilja menn allt selja.

Hér hefur verið talað um dreifða eignaraðild. Það er allt úti í móa og úti í vindi. Hæstv. viðskrh. hældi sér af því á fundi hjá framsóknarmönnum um daginn. Þeir hlógu þar aftur fyrir jaxla að því hvernig þeir hefðu beygt hæstv. forsrh. í málinu og var skemmt yfir að þeim hefði tekist að gera þetta allt án þess að fara að þeim ráðum sem hæstv. forsrh. hafði þó reynt að móta í fjölmiðlum svona fríhendis í allt sumar.

En það má líka spyrja sig: Hafa menn náð besta verði? Er ekki verið að selja hlutabréfin núna fyrir miklu hærra verð en náðist fyrir nokkru síðan? Hver er ástæðan fyrir því? Því má ekki gleyma að hæstv. viðskrh. — það er verst að hann skuli nú ekki vera hér — fór að mínu mati með hreinar blekkingar í máli sínu áðan. Hann reyndi að blekkja fólk með því að þegar háeffinu hefði verið komið á bankana hefði þessi viðsnúningur orðið í rekstri þeirra. Þetta eru alfarið

blekkingar. Þessi viðsnúningur var löngu kominn í rekstur bankanna. Þeir voru eingöngu að borga upp skuldir og töp fyrri ára, sem hann taldi upp í sinni ræðu. Bankarnir hafa á undanförnum árum afskrifað gífurlega háar skuldir, tekið á sig lífeyrissjóðsskuldbindingar og allt mögulegt. Bankarnir eru vísast ekki að skila meiri hagnaði núna en þeir gerðu á árunum á undan meðan þeir greiddu þetta niður.

Hæstv. forsrh. nefndi áðan að Orca-hópurinn — svo ég gleymi því nú ekki heldur — yrði leystur upp. Ég hefði nú gaman af því að fá að vita hvaða tryggingu hann hefur fyrir því. Er þessum hópi bannað að ganga til liðs við einhverja aðra til þess að mynda nýjan hóp? Eru einhverjir svardagar eða undirskriftir á bak við það að þeir geti ekki myndað þann hóp sem þeir hafa alltaf ætlað að mynda til að eignast þennan banka, og þar með sé hin dreifða eignaraðild úti í vindinum?

Ég ætla ekki að spá um það en ég held að sporin hræði og það hvernig staðið hefur verið að sölu á eigum ríkisins. Þar má ævinlega minna á sölu SR-mjöls þar sem hlutur ríkisins var seldur á 130–140 millj. kr., í fyrirtæki sem er margra milljarða króna virði í dag. Þeir skammast sín pínulítið fyrir þetta stundum, hæstv. ráðherrar.

Formaður einkavæðingarnefndar reyndi í þætti í sjónvarpinu fyrir ári að blekkja þjóðina með því að þarna hefði verið á ferðinni fyrirtæki sem ríkið hefði styrkt með fjárframlögum til margra áratuga. Það eru tómar blekkingar. Ríkið borgaði aldrei peninga til SR-mjöls fyrr en hæstv. ríkisstjórn ákvað að selja fyrirtækið, þá voru settir þar inn peningar og síðan var fyrirtækið selt á útsöluprís til eins aðila sem valinn var eftir útboð.

[16:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er full ástæða til að ræða almennt um hvort selja eigi ríkisfyrirtæki og þá hvaða ríkisfyrirtæki á hverjum tíma. Að mínu viti er ekkert lögmál að hlutirnir séu óumbreytanlegir, þetta hlýtur að breytast með tímanum. Nú þykir ekki nauðsynlegt eða eðlilegt að hið opinbera, t.d. Reykjavíkurborg reki fyrirtæki í hellusteypu eins og var um áratuga skeið og þótti eðlilegt þá. Það er lýsandi dæmi um að tímarnir breytast og þess vegna getur hlutverk ríkisins ekki verið óumbreytanlegt. Því er eðlilegt að menn ræði af og til hvað ríkið á að hafa með höndum og hvað ekki.

Menn hafa á síðustu árum farið þá leið að selja nokkuð af eignum ríkissjóðs svo sem Síldarverksmiðjur ríkisins og Fjárfestingarbankann. Það er að mínu viti eðlilegur hlutur. *Ég get ekki séð að það sé nauðsynlegt eða eðlilegt að ríkissjóður reki* Síldarverksmiðjur ríkisins um ókomna tíð eins og nauðsynlegt var á sínum tíma. Hins vegar verða menn auðvitað að gæta sín í þeim viðfangsefnum, eins og dæmið um Síldarverksmiðjur ríkisins sannar. Að mínu viti gekk sala þeirra eigna þannig fram að það var ekki ásættanleg niðurstaða.

Stjórnarflokkarnir hafa náð samstöðu um að halda hægt og rólega áfram á þessari braut. Í næstu lotu verður hugað að ríkisbönkunum og ég tel eðlilegt að ríkisvaldið stígi það skref. Á sínum tíma var nauðsynlegt að ríkið ætti bankana og tryggði þannig að sú starfsemi væri fyrir hendi af þeirri einföldu ástæðu að aðrir höfðu ekki bolmagn til að standa í bankastarfsemi, tryggja innstæður o.s.frv. Nú eru tímarnir breyttir. Ég nefni sem dæmi að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með um 180 aðilum sem stunda fjármálastarfsemi þannig að margir, og margir þeirra öflugir, standa í viðskiptum af þessu tagi. Það er engin ástæða til að ætla annað en að íslenskir neytendur, ef svo má segja, eigi þess kost að skipta við fjármálafyrirtæki, fleiri en eitt á hverju sviði, jafnvel þótt ríkisbankarnir verði seldir.

Ég hygg að mikilvægast í því sé að tryggja samkeppnina og það aðhald þurfi að vera fyrir hendi til að tryggja að þeir sem skipta við bankana eigi kost á sem lægstu verði fyrir þá þjónustu. Við vitum að íslenska bankakerfið er tiltölulega óhagkvæmt og dýrt í rekstri miðað við það sem gengur og gerist víða erlendis. Það þýðir að viðskiptavinir íslensku bankanna eru oft að borga hærra verð fyrir þjónustu bankanna en kostur er á erlendis. Það hefur leitt til þess að *sum íslensk fyrirtæki hafa fært viðskipti sín til banka erlendis*. Vegna breytinga á fjarskiptasviði er bæði fyrirtækjum og einstaklingum kleift að stunda þessi viðskipti við banka annars staðar en á Íslandi. Auðvitað verður þróunin sú að *einstaklingar munu færi viðskipti sín þegar færi gefast til* þess frekar en nú er, nema íslenska bankakerfið nái tökum á því að hagræða meira og geti boðið þjónustuna á lægra verði.

Það kom fram, m.a. í skýrslu sem dreift var á Alþingi fyrir nokkrum árum, að kostnaður við íslenska bankakerfið er um tvöfalt meiri en hjá því danska. Í bankakerfinu eru miklir hagræðingarmöguleikar og nauðsynlegt að hið opinbera hlutist til um að þeir gangi eftir, að hagræðing verði í bönkunum, þeim fækki og einingarnar stækki, einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, til að tryggja þjónustuna á sem lægstu verði.

Ég tel að þegar ekki er lengur nauðsynlegt fyrir ríkisvaldið að binda eignir sínar í bönkum þá eigi menn að losa um þær og breyta þeim í aðrar eignir sem meiri þörf er fyrir á þeim tíma. Nú á dögum er okkur mikil þörf á að geta varið stórum fjárhæðum í samgöngubætur og önnur þörf verkefni. Mér finnst ekkert áhorfsmál að breyta eignum ríkissjóðs sem liggja í bönkunum í aðrar eignir sem nýtast þjóðinni allri.

[16:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum svara því sem fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals. Hann fullyrti að einkavæðingin hefði alltaf bætt hag þeirra sem störfuðu hjá viðkomandi stofnunum og fyrirtækjum. Ég get vel trúað því að það hafi stundum gerst, að starfsmenn hafi hagnast á slíkum breytingum og fræg að endemum eru dæmin frá Bretlandi af ríkisfyrirtækjunum stóru sem hafa verið einkavædd. Þar *hækkuðu laun forstjóra og nánustu samstarfsmanna þeirra* um mörg hundruð prósent í mörgum tilvikum. Í öðrum tilvikum, því miður hefur það verið algengara, hafa launin lækkað. Í athugun sem gerð var á svokallaðri einkaframkvæmd í Bretlandi kom fram að í þeim tilvikum sem tókst að ná tilkostnaði niður, t.d. í fangelsunum sem höfðu verið einkavædd, þá var það gert með því að ná launum starfsmanna niður, lækka launin og skerða kjörin. Ég man eftir því að þegar verið var að einkavæða strætisvagnana í Reykjavík fyrir fáeinum árum þá var beinlínis sagt, í skýrslu sem gerð var í því samhengi, að með því mætti lækka launakostnaðinn og það ekki aðeins með því að fækka starfsmönnum.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, varðandi fullyrðingar um SR-mjöl. Staðreyndin er sú að þessar verksmiðjur skiluðu miklum hagnaði. Ég vil bendi á að á árinu 1998, að mig minnir, bar páv. þm. Svavar Gestsson fram fyrirspurn um SR-mjöl. Hann spurðist fyrir um hve mikið hefði runnið úr ríkissjóði

í tengslum við einkavæðinguna á SR-mjöli. Þá kom í ljós að það voru litlar 632 milljónir, 632.054.632 kr. ef ég á að vera alveg nákvæmur, sem runnið höfðu úr ríkissjóði til SR-mjöls. Einnig kom fram að þegar þessi hlutabréf voru seld þá voru greiddar fyrir þau 725 millj. kr. Ég var að rifja það upp að á þeim tíma sem þetta svar var gefið, 1998, höfðu þau margfaldast í verði og markaðsvirði félagsins var þá talið 3.788 millj., hátt í 4 milljarðar kr. Enginn deilir lengur um það að þetta fyrirtæki hafi nánast verið gefið, verið fært nýjum eigendum á silfurfati.

Ég held að það sé ekkert hægt að alhæfa um einkavæðinguna. Ég tek undir að í sumum tilvikum er eðlilegt að fyrirtæki sem áður voru á vegum ríkis eða sveitarfélaga séu sett á markað. Mér fannst eðlilegt að setja Ferðaskrifstofu ríkisins á markað. Mér fannst ekki eðlilegt að ríkið ræki prentsmiðju, Gutenberg svo dæmi sé tekið. Ég skal ekkert dæma um hellusteypu eða rörsteypu borgarinnar. Ég er ekki viss um að það hafi borgað sig fyrir borgina að einkavæða hana eins og gert var nýlega. Ég er ekki viss um það. Reykjavíkurborg er stærsti kúnninn að rörum og ekki mjög margir aðrir sem kaupa það sem frá þeirri framleiðslueiningu kom. Ég hef ekki næga þekkingu á því til að ræða um það.

Að lokum, herra forseti. Varðandi þá fullyrðingu að starfsmenn hafi hagnast og séu svo óskaplega glaðir og ánægðir, þá langar mig til að upplýsa hér að hæstv. bankamálaráðherra, viðskrh., lét viðgangast að starfsmönnum í FBA var úthýst úr stéttarfélögum sínum. Þegar Samband íslenskra bankamanna óskaði eftir því að ráðuneytið og hann sem yfirmaður gripi í taumana og sæi til þess að lýðréttindi væru virt þá neitaði hann að aðhafast nokkuð. Þannig að ég frábið mér staðhæfingar eins og komu frá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

[16:56]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég sé að bankamálaráðherrann hæstv. hefur horfið af vettvangi. Það var svo sem auðvitað að hann gæti ekki haldið svo langa ræðu sem í heilar 10 mínútur án þess að fara með bein, rakin og vísvitandi ósannindi. Hann fullyrti að tap Landsbankans á árunum 1988–1997 hefðu numið rúmum 13 milljörðum kr. Þar er hann að fara með staðleysur. Afskriftir urðu milli 13 og 14 milljarðar á þessum árum en þær skuldir og töp urðu ekki til þá. Ég mun ekki nefna nein nöfn, þó er kannski óhætt að nefna eitt fyrirtæki sem liðið er undir lok. Ætlar einhver að halda því fram að tapið sem Landsbankinn varð fyrir t.d. vegna gjaldþrots Álafoss hafi orðið til á þessum árum, þótt afskriftir á þeim færu þá fram? Því fer auðvitað víðs fjarri.

Sárasta tap Landsbankans á þessum árum hefur e.t.v. verið tap Lindar og þar er hæstv. ráðherra öllum hnútum kunnugur. Hann var þar innsti koppur í búri meðan var og hét og getur upplýst nákvæmlega um hvernig kaupin gerðust á þeirri eyri. Nú verður hins vegar gengið eftir því með úttekt, vegna þessara beru ósanninda úr munni sjálfs bankamálaráðherrans hæstv., að fá nákvæmar upplýsingar um hvernig þessi mál skipuðust í Landsbankanum á þessu tímabili. Annað verður ekki liðið.

En ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Ég er ekkert undrandi á því að hann héldi sig við FBA eingöngu. Ég þakka hins vegar sérstaklega fyrir þá sögu sem hann þar rakti. Hann minntist á Orca-hópinn og lýsti því nákvæmlega hvernig þeir hefðu gert tilraun til þess að hindra framkvæmd og stefnu ríkisstjórnarinnar í því máli. Hæstv. forsrh. veit hins vegar jafn vel og ég, kannski betur, að þetta var gert með fullri vitund og vilja hæstv. bankamálaráðherrans, Finns Ingólfssonar. Ég hygg að ekki síst þess vegna hafi reiði hæstv. forsrh. komið svo gagngert fram í Hólaræðunni frægu. Hann minntist á leynisamning og nú var svo að heyra að hann hefði komist á snoðir um innihald hans.

Ég spyr: Hefði slíkur leynisamningur ekki, ef einföldustu reglur hefðu verið í gildi um dreifða eignaraðild eins og um hafði verið rætt, hrundið þessari sölu um leið? Ef einföldustu reglur hefðu verið í gildi um dreifða eignaraðild eins og um hafði verið rætt, hefðu þær ekki hrundið slíkum leynisamningi um leið? Hefði þessi sala ekki verið ógild ef reglur hefðu verið til þess að styðjast við? Á því er enginn vafi.

Af því að við höfum rætt hér um FBA þá er rétt að rifja upp fyrir fólki í örfáum orðum hvað FBA er. FBA er gamli Fiskveiðasjóðurinn, sem samkvæmt lögum hafði fyrsta veðrétt í öllum eignum sjávarútvegs til sjós og lands. FBA er gamli Iðnþróunarsjóðurinn og Iðnlánasjóðurinn. Það er ekki að undra þótt þeir sem völdum reyna að ná í íslensku efnahagslífi sæki fast á að koma ár sinni fyrir borð í þessu fyrirtæki vegna þess að með því hafa þeir tröllatök á íslensku atvinnulífi og þarf ekkert að lýsa því frekar.

Ég tók eftir því og spyr: Er ekki rétt að hæstv. forsrh. hafi orðað það svo að ýtrasta nauðsyn væri á að settar verði reglur um hina dreifðu eignaraðild við sölu á ríkisfyrirtækjum og þá einkum og sér í lagi á stærri ríkisfyrirtækjum eins og bönkum? Þetta bókaði ég og vona að ég hafi tekið rétt eftir. Þá spyr ég enn um það sem kom fram í viðtali í Morgunblaðinu að efh.- og viðskn. mundi fá þetta mál til athugunar: Hefur hún hafið athuganir sínar? Ég spyr að lokum: Verður ekki einkavæðingu bankanna, Landsbanka og Búnaðarbanka, frestað þar til slíkar reglur hafa séð dagsins ljós? Á því er hin brýnasta nauðsyn ella getur sagan endurtekið sig eins og varð með FBA og er nú ekki fyrir öll sker siglt í þeim efnum.

[17:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil þakka mönnum fyrir umræðurnar, þær hafa verið gagnlegar og góðar, hygg ég. Ég þakka einnig fyrir að flestir hafa látið þau ummæli í ljós að þegar á heildina sé litið, nú þegar upp er staðið og þegar að leikslokum er spurt hafi sala þessa ríkisfyrirtækis farið vel og ríkissjóður megi a.m.k. afar vel við una. Það held ég sé niðurstaða sem menn geta út af fyrir sig ekki deilt um. Ég er ánægður með það.

Ég vil minna á að þegar þessi banki var í fæðingu í tíð ríkisstjórnarinnar 1991–1995 voru nokkuð deildar meiningar um hvernig standa ætti að málum. Sumir vildu búa til tvo banka sem áfram yrðu tengdir og eyrnamerktir tilteknum atvinnugreinum, annars vegar sjávarútvegi og hins vegar iðnaði. Þáv. iðn.- og viðskrh. lýsti því reyndar yfir í sérstöku afmælishaldi að iðnaðurinn fengi annan bankann til sín. Ég var aldrei sammála því, ég var ekki hlynntur því. (Gripið fram í.) — Ég heyrði ekki hvað hv. þm. kallaði frammí. — Ég var ekki sammála því vegna þess að mér þótti þýðingarmikið og mikilvægt að brjóta upp þessa bindingu og stofna til banka sem ekki væri bundinn slíkum hindrunum þannig að allar greinar ættu jafngreiðan aðgang að þeirri bankastofnun. Sú varð niðurstaðan, sú leið var farin og til þessa banka var stofnað.

Ég man líka að mjög margir reyndir og ágætir menn í bankaheiminum voru andvígir því og sögðu að alls ekki væri

þörf á slíkum banka, þetta væri eitt það vitlausasta sem menn gætu gert þ.e. að fækka bönkum, sameina þá og stækka og stofna síðan til nýs banka eins og Fjárfestingarbankans. Þetta var ekkert óeðlilegt sjónarmið að mínu mati. En ég hygg að menn telji núorðið að þessa banka sé þörf og hann eigi sér gott og mikið hlutverk.

Ég get líka sagt frá því hér, það er ekkert leyndarmál, að menn veltu fyrir sér ýmsum leiðum. Menn veltu fyrir sér þeirri leið að viðskiptabankarnir þrír mundu leysa til sín eignarhald á þeim banka a.m.k. í fyrstu umferð. Það var aðferð sem ég hlustaði á og vildi skoða. Sú varð ekki niðurstaðan og önnur leið var farin. Ekkert er því sjálfgefið í þessum efnum. Nú eru allir búnir að gleyma því að þegar verðið var 1,40 voru skrifaðar lærðar greinar í verðbréfatímarit og bæklinga um að þetta væri of hátt verð. Maður fer því að efast dálítið um vísindin sem byggt er á í slíkum greinum, enda virðast verða til æði miklir „spútnikar" óvænt á markaði ekki bara hér heldur líka annars staðar. Menn sjá þetta sem sagt ekki fyrir, verðið er dálítið óeiginleg stærð.

Hér hafa menn rætt um aðra þætti. Þetta mál bar þannig að mér að ræða ætti um einkavæðingu, einkum og sér í lagi með hliðsjón af Fjárfestingarbankanum. Ég tók málið þannig. En aðrir hlutir hafa verið nefndir. Menn hafa t.d. rætt um SR-mjöl. Mér er kunnugt um að deilt er um þá aðferð sem þá var viðhöfð og ég tel að um hana megi vissulega deila. Nú tala menn um mjög mikið verðmæti þess fyrirtækis. En staðreyndin var þó sú að fyrirtækið var auglýst til sölu og tilboð bárust hvorki eftir réttum leiðum né á réttum tíma, eins og menn vita, um það var deilt að vísu. En áhuginn á þessu mikla gróðafyrirtæki sem nú er talið virtist ekki vera mikill. Hvernig skyldi nú standa á því? Fyrirtækið hafði iðulega verið í miklu basli og ekki skilað eiganda sínum arði eins og fyrirtækið gerir núna. Menn vissu líka að rekstur þessi var eitt af lífsins lotteríum. Ef loðnan hefði brugðist í 3–4 ár væri þetta fyrirtæki komið lóðbeint á hausinn. (**Gripið fram í:** En þú þarft peninga til að kaupa.) Síðan kom aftur loðnuvertíð slag í slag í slag, þannig að áhættan sem menn tóku gekk upp. Þetta verða menn að horfa á líka. Allir áttu jafnan rétt, þetta var auglýst og menn áttu allir jafnan rétt, menn höfðu bara ekki trú á fyrirtækinu. Það er staðreynd sem menn verða að horfa á... (**Gripið fram í:** Þið vissuð þetta, en selduð samt.) Nú skil ég ekki hv. þm., það er náttúrlega ekki í fyrsta skipti. (Forseti hringir.)

Tíma mínum er lokið. Ég vil aðeins að endingu segja vegna þess að rætt hefur verið um Sjálfstfl. og frjálshyggjuna. Árið 1981 bauð Albert Guðmundsson sig fram gegn Geir Hallgrímssyni sem hafði svikið frjálshyggjuna að sögn Alberts. Árið 1979 bauð hann sig síðan fram gegn Sverri Hermannssyni og félögum okkar í Sjálfstfl. vegna þess að nýfrjálshyggjan hafði tekið yfir hjá þeim Sverri (Forseti hringir.) og nú er Sverrir Hermannsson, sem er í orlofi frá Sjálfstfl. nú um hríð, á móti flokknum vegna sömu frjálshyggju.

[17:08]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég ítreka fyrirspurnir mínar. Eru hinar margumræddu reglur um dreifða eignaraðild við sölu ríkisfyrirtækja einhvers staðar í mótun? Og má ekki treysta því að slegið verði á frest öllum meiri háttar einkavæðingum þar til þær hafa verið settar?

Reynslusveitarfélög, 1. umr.

Stjfrv., 109. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 117.

[17:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Árið 1994 voru sett lög á Alþingi um reynslusveitarfélög. Þau voru með sólarlagsákvæði og áttu að falla úr gildi 1. janúar 2000.

Markmið laganna var, sbr. 1. gr. þeirra, að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með tilraununum skyldi stefnt að aukinni sjálfsstjórn sveitarfélaga, betri aðlögun stjórnsýslu þeirra að staðbundnum aðstæðum, bættri þjónustu við íbúana og betri nýtingu fjármagns hins opinbera. Tilraunirnar máttu hvorki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Þau sveitarfélög sem fengið hafa heimild til að gera tilraunir í samræmi við ákvæði laganna nefnast reynslusveitarfélög. Við val á reynslusveitarfélögum bar félagsmálaráðherra að gæta þess að þau væru sem fjölbreytilegust að stærð og gerð. Sveitarfélög sem sóttu um þátttöku í tengslum við sameiningu skyldu að öðru jöfnu hafa forgang. Þau sveitarfélög sem valin voru til þátttöku voru: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Reykjanesbær, Snæfellsbær, Borgarbyggð, Dalabyggð, Vesturbyggð, Akureyri, Neskaupstaður, Hornafjörður og Vestmannaeyjar.

Um áramótin 1998/1999 var ólokið 23 tilraunaverkefnum á vegum átta reynslusveitarfélaga. Fjögur reynslusveitarfélög af þeim tólf sem félagsmálaráðherra valdi árið 1994 höfðu þá hætt þátttöku þar sem þeim hafði ekki tekist að ná samkomulagi um tilraunaverkefni. Þau eru Borgarbyggð, Snæfellsbær, Vesturbyggð og Dalabyggð.

Félagsmálaráðuneytið hefur gert samning við óháð ráðgjafarfyrirtæki um að meta árangur af verkefnunum, jafnframt því að verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga hefur hvatt reynslusveitarfélögin og hlutaðeigandi ráðuneyti til að leggja eigið mat á verkefnin og árangur þeirra.

Í frv. sem liggur hér fyrir á þskj. 117 er lagt til að gildistími laga um reynslusveitarfélög verði framlengdur um tvö ár, til 1. janúar árið 2002. Helgast sú tillaga m.a. af því að sum þeirra tilraunaverkefna sem nú standa yfir hófust seinna en ráð var fyrir gert og er fyrirsjáanlegt að ekki verði fengin af þeim nægileg reynsla áður en gildistíminn rennur út. Enn fremur telur verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga heppilegt að í þeim tilvikum þar sem um er að ræða viðamikil verkefni og vilji reynslusveitarfélags stendur til að halda verkefnum áfram eftir 1. janúar árið 2000 verði ráðherra unnt að framlengja þau.

Ekki er gert ráð fyrir að öll þau reynslusveitarfélagaverkefni sem komist hafa á laggirnar verði framlengd. Þau verkefni sem til greina kemur að framlengja á grundvelli laga um reynslusveitarfélög eru á sviði málefna fatlaðra, öldrunarmála, heilsugæslu og enn fremur ýmsar stjórnsýslutilraunir. Hins vegar er lagt til í frv. að felldar verði brott heimildir ráðherra til að veita undanþágur frá ákvæðum laga varðandi húsnæðismál, vinnumarkaðsmál og byggingarmál. Varðandi tvo fyrrnefndu málaflokkana hafa verið sett ný lög sem gera það að verkum að verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga telur ekki forsendur fyrir framlengingu verkefna,

en varðandi byggingarmálin telur verkefnisstjórnin að nægileg reynsla sé komin á og hefur hún tekið upp viðræður við umhverfisráðuneytið um möguleika á lagabreytingum til samræmis við góða reynslu af þeim verkefnum.

Tilraunir á sviði stjórnsýslu og byggingarmála hafa gefið góðan árangur og hafa mörg sveitarfélög endurskipulagt stjórnsýslu sína almennt á grundvelli góðrar reynslu af tilraunaverkefnum. Enn fremur hefur verið góð reynsla af tilraun á yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra, sem falla vel að annarri félagsþjónustu sem sveitarfélögin veita.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Það er nauðsynlegt að þetta frv. hljóti afgreiðslu fyrir áramót. Eins og ég sagði áðan er sólarlagsákvæði í gildandi lögum. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn. til athugunar.

[17:14]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að afskaplega farsælt hafi verið að koma reynslusveitarfélagaverkefnum á, það sé til bóta að menn fari að undangengnum tilraunum í að flytja verkefni eins og málefni fatlaðra og önnur stór verkefni yfir til sveitarfélaganna. Hins vegar er ljóst að þau sveitarfélög sem hafa tekið að sér reynsluverkefni eru ekki öll sátt við það hvernig ríkisvaldið hefur mætt þeim á þessum tilraunatíma, finnst e.t.v. þau mæti ekki nægjanlegum áhuga ríkisvaldsins á því að verkefnin gangi upp og þeim fylgi ekki nægjanlegir fjármunir.

Þess vegna væri æskilegt að heyra það frá hæstv. félmrh. hvernig hann lítur á þessi verkefni.

Telur hann æskilegt að þessi verkefni þróist og nái þess háttar niðurstöðu að um verði að ræða fordæmi fyrir öll sveitarfélög í landinu, þ.e. að hér séum við í raun að undirbúa löggjöf sem feli það í sér að öll sveitarfélög geti með einhverjum hætti yfirtekið þessi verkefni?

Og í öðru lagi: Hefur hann beitt sér í þessu máli? Ég þykist vita að hann hafi heyrt kvartanir einhverra sveitarfélaga yfir embættismönnum eða þeim móttökum sem menn telja sig hafa fengið með sín mál í ráðuneytum. Hefur hann beitt sér í þá veru að hvetja til þess að menn sýni samningalipurð til þess að verkefnin fái gengið upp og við fáum í rauninni þá niðurstöðu úr þessari tilraun að við getum af henni lært?

[17:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta reynslusveitarfélagaverkefni sé mjög mikilvægt upp á framtíðarskipulag og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég hef hvatt mjög til þess og beitt mér fyrir því að viðkomandi ráðuneyti komi til móts við sveitarfélögin. Það hefur tekist í sumum tilfellum en í sumum tilfellum ekki.

Varðandi þau verkefni sem sveitarfélög hafa tekið við frá félmrn. þá kannast ég ekki við að neitt áhugaleysi hafi verið hjá embættismönnum ráðuneytisins. Það hafa komið upp viss vandamál. Varðandi yfirtöku fatlaðra þá var það undanskilið, og það var öryggisákvæði ef ekki yrði neitt úr framhaldinu, að þeir sem voru ríkisstarfsmenn héldu áfram á ríkisstarfsmannakjörum þó sveitarfélagið hefði yfirtekið verkefnið. Þetta átti að tryggja réttarstöðu þessara starfsmanna ríkisins sem þarna voru fluttir yfir til ákveðinna sveitarfélaga. Síðan eru nýir starfsmenn að sjálfsögðu ráðnir sem starfsmenn sveitarfélaga. Það hefur komið í ljós nokkurt misræmi á kjörum starfsmanna sveitarfélaga. Það hefur verið gert betur við þá heldur en ríkið hefur gert við sína starfsmenn. Þetta hefur valdið nokkurri óánægju þar sem nýráðnir starfsmenn blautir á bak við eyrun eru kannski komnir í einhverjum tilfellum með hærra kaup en þeir sem hafa mikla reynslu af störfunum.

Að öðru leyti er mér ekki kunnugt um vandamál í þessu efni.

[17:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þakklát fyrir að heyra hversu jákvæður hæstv. félmrh. er í garð þessara verkefna því að við deilum því áliti að mjög mikilvægt sé að vel takist til því að ég held að sannarlega sé þarna um verkefni að ræða sem eiga heima hjá sveitarfélögunum. Það er alveg rétt sem hann nefnir að starfsmannamálin eru alltaf ákveðinn erfiðleikahnútur eða geta verið það. Ég þekki dæmi um það sem hann var að nefna áðan að það hafi orðið ákveðið misræmi í kjörum og það er auðvitað vont þegar málefni eins og málefni fatlaðra eru að missa út reynda og hæfa starfsmenn vegna óánægju með kjör af því að ákveðið var að mál gengju til eins og ráðherra lýsti áðan.

Ég á von á því að þegar nefndin fer að fjalla um þetta frv. þá hafi hún auk skýrslunnar sem komin er út um reynsluna, sambandi við sveitarfélögin og fái ítarlegri upplýsingar og jafnvel menn til viðræðna. Þá gætu komið upp atriði sem ráðherranum er e.t.v. ekki kunnugt um núna en ég tel mikilvægt að komi fram í nefndinni þannig að hægt verði að bregðast við, því að ég a.m.k. verð vör við ákveðna óánægju. Menn eru ekki alveg sannfærðir um að ríkið sé í þessu af heilum hug og ég held að það þurfi að laga.

[17:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að það komi fram, af því að ég er ekki viss um að ég sé búinn að taka það fram í þessum ræðustól núna, að þetta frv. er að sjálfsögðu flutt að ósk reynslusveitarfélaganna sem vilja halda áfram. Við erum ekki að þvinga reynslusveitarfélögin til að taka að sér nokkur verkefni. Það verður að vera þeirra val að taka verkefni og hvort þau vilja halda þeim áfram.

Auðvitað geta alltaf verið einhverjar mismunandi skoðanir á því hvort nægilega sé borgað með verkefninu eða ekki. Við leggjum það til grundvallar að þetta verði ekki miklu dýrara en ef ríkið héldi áfram að reka þetta. Það er eðlileg búmennska. Við tökum náttúrlega verðlagsbreytingar og launabreytingar á almennum markaði inn í dæmið eins og með grunnskólann t.d. sem er langstærsta yfirfærsla verkefna til sveitarfélaganna. En frv. er flutt vegna þess að viðkomandi sveitarfélög eru ánægð í stórum dráttum með þau verkefni sem þau hafa tekið við og vilja halda þeim áfram.

[17:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Reynslusveitarfélögin eru gott mál í mínum huga. Ég hef alltaf verið hlynntur því fyrirkomulagi að það væri reynt að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Að mestu get ég því skrifað undir það frv. sem hér er lagt fram.

En ég vil láta koma fram, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir drap á, að framkvæmdin á þessu dæmi öllu hefur verið með ólíkindum. Það er ekki bara óánægja, það er miklu meira sem kraumar undir hjá mörgum af þessum sveitarfélögum. Ég hef upplýsingar um að þar eru menn að leggja

stórkostlega með og ekki bara út frá launamálum heldur líka út frá rekstrarmálum og það er sorglegt. Ef við höfum metnað til þess að vera með kerfisbreytingar af þessu tagi og trúum á þær, þá er grundvallaratriði að menn fari í það af myndarskap og í því vil ég meina að ráðuneytið hafi ekki staðið sig. Misvægi eins og varðandi laun er einn hluturinn. En það er margt margt annað í þessu. Ég nefni sem dæmi heilsugæslustöðvarnar. Sveitarfélögin hafa þurft að borga gríðarlega með því dæmi öllu og það er vont mál vegna þess að þeir fjármunir sem eru settir inn í venjubundinn rekstur ríkisins verða ekki notaðir í annað hjá sveitarfélögunum. Þetta hefur valdið gríðarlegum vandræðum í minnkun nauðsynlegra framkvæmda á öðrum sviðum hjá þessum sveitarfélögum, sem er algerlega óviðunandi.

Ég spyr hæstv. félmrh. hvort þess megi ekki vænta að menn verði svolítið metnaðarfyllri í samskiptum sínum varðandi þessi verkefni, stilli sér ekki alltaf upp sem varðhundum ríkisins heldur láti svolítið örla á metnaði fyrir því að við séum að gera eitthvað sem til frambúðar komi okkur betur.

[17:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga sé byggðastefna í raun og ágæt byggðapólitík og geri verkefni unnin í sveitarfélögunum fjölbreyttari og það sé af hinu góða.

Hitt er svo annað mál að sveitarfélögin og bæði umboðsmenn ríkisvalds og sveitarfélaga verða auðvitað að kunna sér hóf í sínum metnaði. Það er mjög einfalt að leggja meiri metnað í og það hefur komið í ljós, ekki í þessu reynslusveitarfélagaverkefni sérstaklega. Það er meira áberandi með grunnskólann, þ.e. að sveitarfélögin hafa gert miklu meira en þeim bar lögum samkvæmt og heldur en samningurinn hljóðaði upp á. Það hefur verið reiknað út af Sambandi ísl. sveitarfélaga að sveitarfélögin hafa fengið á fjórum árum milljarði meira en um var samið í meðlag með grunnskólanum. Samt eru til sveitarfélög sem kvarta mjög yfir því að þeir peningar sem þau fengu með verkefninu dugi ekki til þess að kosta það vegna þess að þau leggja í það meiri metnað en ríkið gerði á sínum tíma.

Varðandi heilsugæslu sérstaklega þá fer dálítið tvennum sögum af henni. Hornafjörður er það sveitarfélag sem tekið hefur best, að mínu mati, á reynslusveitarfélagaverkefninu. Þeir eru með nokkrar tilraunir í gangi og allar takast vel. Ég veit ekki betur en það sé mjög mikil ánægja með það skipulag sem þeir hafa komið upp á samþættingu heilsugæslu, félagsþjónustu og öldrunarþjónustu.

[17:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek það skýrt fram að ég held að við séum á réttri braut með reynslusveitarfélagadæmið. Það er ekkert vafamál. En manni finnst súrt í broti að ekki skuli vera hægt að leggja niður fyrir sér kostnað og stöðu mála, t.d. varðandi launamál.

Ég held að allir hafi gert sér grein fyrir því á sínum tíma að það var gríðarlegur óleystur vandi í pípunum eða uppsafnaður þrýstingur t.d. varðandi laun kennara og e.t.v. laun fleiri stétta. Þegar menn eru að gera breytingar af þessu tagi þá er náttúrlega nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hver staðan er. Það hefði kannski verið tímaspursmál hvort eð var hvenær t.d. kennarar hefðu fengið leiðréttingu sinna launa þrátt fyrir það að vera í ríkisstarfsmenn. Það er því krafa að þetta sé kortlagt og að menn leggi stöðuna niður fyrir sér.

Ég veit að hlutir hafa gengið vel á Höfn í Hornafirði. En önnur sveitarfélög hafa borið skarðan hlut frá borði og það er mjög bagalegt vegna þess að í þeim tilfellum þar sem ég þekki til er um verulegar upphæðir, tugmilljónir króna, að ræða og þar kemur þetta beint niður á öðrum framkvæmdum og sumum lögboðnum. Í mínu sveitarfélagi t.d., Akureyri, hefur þurft að draga úr öðrum framkvæmdum svo sem gatnagerð, fráveitumálum og öðru slíku. Hér hefur verið staðið þannig að málum, að mínu mati, að ég held að menn hafi ekki sést fyrir og ekki farið í þessar breytingar af þeim myndarskap sem var nauðsynlegur. Ég tek svo djúpt í árinni að ég held að við svona breytingu hefði verið nauðsynlegt að spýta svolítið í lófana og láta meiri fjármuni í þetta til þess að þróa þessi mál áfram fremur en að láta ríkiskerfið stilla sér upp sem harðsvíruðum samningsaðila gagnvart viðkomandi sveitarfélagi.

[17:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri náttúrlega algert ábyrgðarleysi hjá þeim sem eiga að forvalta ríkisfjármálin að vera að fara með einhverjum galgopaskap í samskiptum við sveitarfélögin eða aðra. Við vitum hvað hlutirnir kostuðu hjá ríkinu og við reiknum með því að þeir verði eitthvað dýrari og taki verðlagshækkunum. Varðandi grunnskólann var reiknað með hliðstæðri hækkun til kennara eins og annarra stétta í þjóðfélaginu.

Hv. þm. talaði um að einhverja tugi millj. vantaði upp á að hans sveitarfélag fengi það sem það vildi. Það skiptir reyndar þó nokkrum hundruðum milljóna sem borgað er til Akureyrar með þeim verkefnum sem Akureyri hefur tekið við í reynslusveitarfélagaverkefninu. Það er alls ekki hugmyndin að kúga Akureyringa til þess að halda þessu áfram. Ef þeir eru óánægðir með verkefnið og samningar takast ekki þá náttúrlega knýjum við ekki Akureyringa til þess að halda áfram þessum verkefnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Frv. SvanJ og SJóh, 175. mál (endurinnritunargjald). — Þskj. 202.

[17:29]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir.

Frv. gengur út á að felld verði burt 3. mgr. 7. gr. laganna sem er sú grein sem svokallaður fallskattur eða endurinnritunargjald hvílir á.

Sambærileg mál hafa verið flutt áður, en tilefnið nú er Alþingi ungmenna sem haldið var í Alþingishúsinu dagana 29.–31. mars nú í vor. Þar var að störfum menntmn. og þar var samþykkt ályktun um ungt fólk og menntun á 21. öldinni. Sú ályktun sem Alþingi ungmenna samþykkti er um margt athyglisverð. Hún hefst á þessum orðum og nú vitna ég beint, herra forseti:

„Alþingi ungmenna ályktar að stuðlað skuli að því að á nýrri öld hafi allir landsmenn jafnan aðgang og rétt til náms óháð búsetu, námsgetu, fötlun, efnahag eða öðrum aðstæðum.“

Fjallað er um það í 10 liðum til hvers skuli sérstaklega litið og ætla ég nú, með leyfi forseta, að telja upp þessi atriði en ungmennin töldu að sérstaklega skyldi líta til:

„1. eflingar menntasetra þannig að hugað verði að öllum stigum menntakerfis úti á landi, sem og á höfuðborgarsvæðinu,

2. bættrar samnýtingar kennslu með hjálp fjarkennslu- og fjarfundabúnaðar til að auka námsframboð í einstökum skólum og að hugað verði að netvæðingu í skólastofu framtíðarinnar,

3. jöfnunar á námskostnaði þannig að hagsmunir nemenda verði hafðir að leiðarljósi,

4. tímalengdar og skipulags skólaárs þannig að svigrúm nemenda til vinnu í leyfi nýtist sem best,

5. nemendaskipta,

6. endurinnritunargjalda í framhaldsskólum, skulu þau afnumin með öllu,

7. að skólagjöld verði ekki lögð á í skólum innan almenna skólakerfisins,

8. að almennar viðmiðunarreglur í framhaldsskólum verði samhæfðar þannig að nemendum verði ekki mismunað milli skóla,

9. að grunnlífeyrir Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði hækkaður, tekjutenging við maka verði afnumin og að frítekjumark verði hækkað,

10. að stuðlað verði að eflingu verkmennta og iðnnáms í landinu, einkum bættrar aðstöðu til verkkennslu.“

Þar með lýkur þessari upptalningu, herra forseti, þeirra 10 liða sem Alþingi ungmenna ályktaði um sl. vor. En það var 6. liðurinn, þ.e. að endurinnritunargjöld í framhaldsskólum skyldu afnumin með öllu sem varð til þess að þetta frv. var samið og er hér flutt. Það er svo að menntmrh. gaf út reglugerð um endurinnritunargjald 16. maí 1997, reglugerð nr. 333/1997. Setning þessarar reglugerðar byggðist á umræddi 3. mgr. 7. gr. laga um framhaldsskóla, þeirri málsgrein sem fellur brott verði frv. að lögum.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, hefur þetta gjald verið nefnt fallskattur en samkvæmt reglugerðinni er framhaldsskólunum heimilt að innheimta sérstakt gjald af nemendum ef þeir endurinnritast í bekkjardeild eða námsáfanga, þ.e. ef nemendur hafa ekki náð viðunandi árangri í námi sínu og þurfa að endurtaka námsáfanga eða bekk og þreyta próf að nýju.

Ekki hafa allir skólar nýtt sér heimild til innheimtu gjaldsins. Samkvæmt svörum frá hæstv. menntmrh. við fyrirspurn á 123. löggjafarþingi þegar gjaldið hafði verið innheimt þrjár annir kom í ljós að sú heildarupphæð sem innheimt var, var í kringum 6 millj. kr. Hér er því ekki um háa upphæð að ræða, hér er ekki um slíka upphæð að ræða að það skipti máli fyrir framhaldsskólana þannig að hér er ekki um fjáröflunaratriði að ræða.

Þá skyldi maður halda að einhver önnur hugsun væri í þessu og reyndar höfum við heyrt það í þingsal að hæstv. ráðherra telur að í gjaldinu eigi að felast ákveðið aðhald og hvatning en í umræðum um þetta gjald á Alþingi ungmenna sl. vor kom berlega fram að framhaldsskólanemum þeim sem hér voru staddir var engan veginn ljóst hver tilgangurinn með innheimtu gjaldsins var. Það hafði greinilega farið mjög á milli mála og ekki haft þau áhrif sem reiknað var með því þau sáu þetta fyrst og fremst sem fallskatt sem þau efuðust um að leggja ætti á nemendur því að ýmislegt, svo sem gæði kennslu og framboð á viðeigandi námi, gæti haft áhrif á námsframvindu einstaklingsins og í flestum tilfellum ekki við nemandann að sakast þó tækist illa til eða ekki eins vel og ætlast væri til. Niðurstaða ungmennanna var því sú að rétt væri að afnema endurinnritunargjöld með öllu eins og segir í ályktuninni sem ég vitnaði í áðan, ályktun um ungt fólk og menntun á 21. öldinni.

Ég vænti þess, herra forseti, að í þessu ljósi verði tekið betur á þessu máli en áður hefur verið gert. Það skiptir verulegu máli að hér var talað skýrt af hálfu þeirra sem við þetta gjald eiga að búa. Ungmennum úr framhaldsskólum landsins var treyst til þess að koma hér á Alþingi og álykta um mál sín. Þetta var eitt af því sem þau lögðu mikla áherslu á. Þess vegna hljótum við að binda vonir við að á málinu verði tekið öðruvísi en áður þar sem það hefur verið látið liggja óafgreitt. Nú treysti ég því að málið verði tekið til afgreiðslu og vilja þessara ungmenna sem töluðu svo skýrt verði mætt.

[17:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er meðflm. að því máli sem hér liggur fyrir til umræðu og hef reyndar flutt svipað mál á undanförnum tveimur þingum. Þetta atriði, hin svokölluðu endurinnritunargjöld, öðru nafni fallskattur, hefur löngum farið mjög fyrir brjóstið á mér. Ég tel þetta gríðarlegt óréttlæti og mikla afturför frá þeirri hugsun sem hingað til hefur verið höfð í heiðri þegar samin hafa verið lög um skólanám á Íslandi, að reyna að stuðla að jafnrétti til náms. Allir sem komið hafa nálægt skóla og kennslu vita að þeim, sem þarna mæta til leiks, er ekki alveg rétt gefið, því miður. Sumir nemendur koma vel mótíveraðir eins og kallað er, frá góðum heimilum sem fylgjast vel með námi þeirra og allri námsframvindu, styðja við bakið á þeim með keyptum einkatímum ef einhvers staðar bjátar á og munar í sjálfu sér ekki um að borga fallskatt ef börnin falla í einhverjum greinum.

Aðrir koma frá annars konar heimilum. Þeir koma frá láglaunaheimilum þar sem alls ekki er inni í myndinni að hægt sé að kaupa handa börnum dýra einkatíma, þar sem hverri krónu er vent og snúið til að reyna að láta enda ná saman og það munar miklu ef þarf kannski að borga endurinnritunargjald eða fallskatt fyrir barnið í tveimur fögum til viðbótar þeim skólagjöldum sem tókst að koma á fyrir nokkrum árum eða vísi að þeim. Þá getur það ráðið úrslitum að foreldrar treysti sér ekki til að styðja börn til áframhaldandi náms. Ég tel að það sé mjög brýnt að menn skilji það að þarna er um þvílíkt óréttlæti að ræða, þvílíkan hortitt í íslenskri löggjöf, að við verðum að ná saman um að koma þessu fyrir kattarnef.

Þetta hefur a.m.k. engan veginn það uppeldislega gildi sem hæstv. menntmrh. hefur á undanförnum árum verið að gefa til kynna við umræður um þessi mál að hafi verið tilgangurinn. Ég held að það sé samdóma álit allra skólamanna að þetta hafi ekki það gildi. Þetta hefur a.m.k. ekki það gildi, sem hver maður sér, að styðja við skóla í þeirra fjárhagsvandræðum enda mætti nú fyrr vera og það er ekkert við þetta að gera annað en fella þetta lagaákvæði niður og afnema möguleikann til að innheimta þessi svokölluðu endurinnritunargjöld.

Mig langar með örfáum orðum að koma að atriði sem ég hef flutt jafnframt þegar ég hef flutt frv. um þetta sama efni á undanförnum þingum. Það er um svokölluð efnisgjöld en þessi efnisgjöld leggjast af hvað mestum þunga á þá nemendur sem stunda einhvers konar verknám. Það er einmitt á því sviði sem við Íslendingar þurfum að sækja í okkur veðrið því að hér hefur vegur verknáms farið versnandi á undanförnum árum, m.a. vegna þess að það er dýrara að stunda verknám en annað nám. Ég tel að til þess að hvetja ungmenni til að stunda verknám eigi allra síst að læða þar inn sérstökum íþyngjandi efnisgjöldum þeim til handa og meining mín er að sú grein mætti einnig falla brott úr lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 17:42.

---

26. FUNDUR

þriðjudaginn 16. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Framhaldsskólar, frv., 175. mál, þskj. 202. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögfræðingi.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, 190. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 220.

Söfnunarkassar og happdrættisvélar, 152. mál, svar dómsmrh., þskj. 223.

Reynslusveitarfélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 109. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ og SJóh, 175. mál (endurinnritunargjald). — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, fyrri umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216.

[10:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en umræðan hefst vill forseti skýra frá því að samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar, sbr. 72. gr. þingskapa. Iðnrh. hefur 30 mínútur í fyrsta sinn, 15 mínútur í annað sinn og 5 mínútur í þriðja sinn. Talsmenn þingflokka, þ.e. fyrsti ræðumaður hvers þingflokks annarra en þingflokks ráðherra, hafa 20 mínútur í fyrra sinn og 15 mínútur í síðara sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa 15 mínútur, tvisvar.

Andsvör verða ekki leyfð í 1. umferð, þ.e. ekki við framsöguræðu ráðherra og ræður talsmanna þingflokkanna.

Ég vil geta þess að matarhlé verður milli klukkan eitt og hálftvö.

[10:35]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Tillagan er á þskj. 216 og er 186. mál þingsins. Sjálfur tillögutextinn hljóðar svo:

„Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983."

Þegar Alþingi fjallar nú um áframhaldandi framkvæmdir við Fjótsdalsvirkjun er óhjákvæmilegt annað en fjalla um allar hliðar þess máls eins og tillögutextinn gerir ráð fyrir og taka afstöðu til málsins í heild sinni en ekki bara út frá einstökum, afmörkuðum hlutum þess. Þáltill. þessi fjallar því í fyrsta lagi um þann mikla þjóðhagslega ávinning sem verður af framkvæmdunum og hvernig leggja má grunn að varanlegum lífskjarabótum fyrir Íslendinga alla.

Í öðru lagi mun bygging álvers í Reyðarfirði auka fjölbreytni í atvinnulífi og draga þannig úr vægi sjávarútvegs í útflutningi en það mun m.a. styrkja lánshæfismat landsins á erlendum mörkuðum.

Í þriðja lagi er þetta mál eitt stærsta byggðamál sem Alþingi hefur fjallað um í langan tíma. Gangi framkvæmdir eftir gefst tækifæri til að byggja upp öflugan byggðakjarna á landsbyggðinni sem getur orðið mótvægi við höfuðborgina.

Í fjórða lagi er horfið frá þeirri stefnu að staðsetja öll stóriðjufyrirtæki á suðvesturhorni landsins en í stað þess mótuð

sú stefna að staðsetja þau sem næst orkulindunum þannig að flutningslínur valdi sem minnstri röskun á náttúru landsins.

Í fimmta lagi er verið að nýta hreinar endurnýjanlegar orkulindir til raforkuframleiðslu í stað mengandi orkugjafa. Verkefnið sem slíkt dregur því úr losun gróðurhúsalofttegunda á landsvísu.

Í sjötta lagi flytjum við inn í landið fjármagn, tækniþekkingu og hundruð nýrra hálaunastarfa.

Í sjöunda lagi er það mat ríkisstjórnarinnar, og það mat er byggt á skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum, að Fljótsdalsvirkjun komi ekki til með að hafa svo neikvæð áhrif á hið náttúrulega umhverfi sitt að sá mikli þjóðfélagslegi ávinningur sem hlýst af virkjuninni yfirvinni það ekki.

Umfjöllun Alþingis um virkjun Jökulsár í Fljótsdal lauk fyrir 18 árum þegar heimildir voru veittar fyrir virkjuninni. Nú þegar á að nýta sér upphaflegar heimildir þar fara af stað deilur um hvort virkjunin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Þegar svo ríkisstjórnin býður Alþingi að taka málið til efnislegrar umfjöllunar er deilt um málsmeðferðina, hvort fara eigi þá leið að láta Alþingi, löggjafarsamkomu þjóðarinnar, fjalla um málið eða setja málið í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum eins og sumir kalla það. Að baki þeirri málsmeðferð sem hefur verið valin liggja ýmis rök.

Í fyrsta lagi er það staðreynd að framkvæmdin heyrir ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar hafa verið uppi kröfur um að framkvæmdin fari þrátt fyrir það í slíkt mat. Sú málsmeðferð sem hér er viðhöfð kemur til móts við þær kröfur.

Skýrsla Landsvirkjunar hefur verið birt, er öllum aðgengileg og almenningi gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Þessi aðferð er því í anda lýðræðislegra vinnubragða.

Í öðru lagi er eðlilegt að Alþingi, sem veitti á sínum tíma virkjunarleyfi til framkvæmdanna, fái tækifæri til að taka málið upp að nýju.

Í þriðja lagi hafa ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun ásamt Hydro Aluminium undirritað yfirlýsingu um byggingu álvers í Reyðarfirði og gerir tímarammi áðurnefndrar yfirlýsingar það að verkum að ekki er tími til að fara með framkvæmdina í það matsferli sem lög um mat á umhverfisáhrifum kveða á um. Það ræðst af þeirri óvissu sem ríkir um hve langan tíma slíkt ferli tekur.

Nú mun ég draga fram þann þjóðhagslega ávinning sem af byggingu Fljótsdalsvirkjunar hlýst. Um þá framkvæmd og áhrif hennar er ekki hægt að fjalla nema með því að ræða uppbyggingu álvers í Reyðarfirði jafnframt. Fljótsdalsvirkjun er með sama hætti forsenda álvers og samningar um álver eru forsenda Fljótsdalsvirkjunar. Þessar tvær framkvæmdir hanga því saman. Efnahagslegur ávinningur þessara framkvæmda verður ekki aðeins Austfirðingum heldur landsmönnum öllum til góða.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagsleg áhrif fyrsta áfanga, þ.e. 120 þús. tonna álvers í Reyðarfirði sem tæki til starfa árið 2003. Matið miðast við að virkjanaframkvæmdir hefjist á næsta ári og bygging álversins árið 2001. Heildarfjárfesting nemur rúmlega 60 milljörðum kr. og yrði fjárfestingin að meðaltali rúmlega 15% hærri á tímabilinu 2000–2003 en ef ekki kæmi til byggingar álvers.

Starfsmenn við byggingarframkvæmdir fyrsta áfanga álversins verða allt að 800 talsins þegar mest verður um að vera á svæðinu. Við byggingu Fljótsdalsvirkjunar er reiknað með að skapist um 1.300 ársverk. Varanleg aukning landsframleiðslunnar verður um 1,4% og varanleg aukning þjóðarframleiðslu um 1,2%. Útflutningsverðmæti álframleiðslu munu aukast um 16 milljarða kr. á ári og hlutur stóriðju í heildarútflutningi fara úr 16% í 24%. Senn sér nú fyrir endann á þeim fjárfestingum í orkufrekum iðnaði sem hófust árið 1996. Þær bundu endann á stöðnun í íslensku efnahagslífi og atvinnuleysið sem þá hafði skotið rótum í þjóðfélaginu hvarf. Í skugga atvinnuleysis var mikið kapp lagt á að laða hér að erlenda fjárfesta og var álver talin ein besta leiðin til að koma hjólum atvinnulífsins af stað og reyndist það raunin. Hætt er við að takturinn í íslenskum þjóðarbúskap breytist frá og með árinu 2000 ef ekki kemur til frekari uppbyggingar á sviði orkufreks iðnaðar. Það má reikna með því að fjárfestingar í stóriðju og tengdum orkumannvirkjum með stækkun Norðuráls verði um 4,4 milljarðar árið 2001 en verði tæpur hálfur milljarður kr. árið 2002. Gangi þau áform eftir sem hér eru til umfjöllunar má reikna með að fjárfestingar á þessu sviði verði um 20 milljarðar á ári árin 2001, 2002 og 2003. Það er því ljóst að ef ekki verður af þessum framkvæmdum megum við búast við minni hagvexti, minni fjárfestingu og hugsanlega auknu atvinnuleysi.

Andstæðingar virkjunarframkvæmda verða að benda á önnur raunhæf verkefni sem geta skilað jafnmiklum þjóðhagslegum ávinningi á næstu árum ef þeir ætla að koma í veg fyrir framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og álver í Reyðarfirði. Það þýðir ekki að benda bara á eitthvað annað. Fjallagrasatínsla og vinnsla hveraörvera með teskeiðum á Austurlandi þar sem engin hverasvæði eru nema fjarri mannabyggð mun því miður ekki geta snúið byggðaþróun á Austurlandi við eða staðið undir batnandi lífskjörum þjóðarinnar í náinni framtíð.

Efasemda hefur gætt um arðsemi á Fljótsdalsvirkjun. Þeir sem birt hafa útreikninga sína opinberlega og reynt að ná því fram að tap verði af framkvæmdunum hafa rangar forsendur við útreikninga sína. Það liggur alveg ljóst fyrir að forsendur þessara framkvæmda eru að samningar takist um raforkuverð, samningar sem tryggja arðsemi framkvæmdarinnar og þeir fjárfestar sem koma að þessu verkefni verða auðvitað best færir um að meta arðsemi framkvæmdanna og munu ekki koma að framkvæmdum sé ekki arður af verkefninu.

Þróun byggðar á Austurlandi á undanförnum árum hefur því miður verið á þann veg að fækkun í landsfjórðungnum er veruleg. Árið 1991 bjuggu á miðsvæði Austfjarða um 6.800 manns en þar búa nú rúmlega 6.300 manns. Á þessum átta árum hefur því fækkað á miðsvæðinu um 500 manns og er því spáð að sú fækkun haldi áfram næstu árin verði ekkert að gert. Bygging Fljótsdalsvirkjunar og álvers í Reyðarfirði er eitt stærsta byggðamál sem við stöndum frammi fyrir nú.

Eftir byggingu fyrsta áfanga álvers verður þar heildarfjöldi ársverka um 270 og með margfeldisáhrifum má gera ráð fyrir að um 540 störf skapist á svæðinu. Auk þess að fjölga störfum mun tilkoma álvers auka mjög fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu. Ef reiknað er með margfeldisáhrifum má ætla að fólki geti fjölgað á svæðinu um 600–900 manns við fyrsta áfanga álversins. Áætlað er að þegar virkjunin verður komin í rekstur muni Landsvirkjun ein kaupa þjónustu af fyrirtækjum, verktökum og einstaklingum í nágrenni virkjunarinnar að andvirði um 40–50 millj. kr. á ári. Þetta mun styrkja starfandi fyrirtæki á svæðinu verulega og skapa nýjum fyrirtækjum möguleika til sóknar.

Álver í Reyðarfirði verður þriðji stærsti vinnuveitandi á Austurlandi við fyrsta áfanga á eftir Síldarvinnslunni í

Neskaupstað og Hraðfrystihúsi Eskifjarðar. Af 270 störfum í álverinu er gert ráð fyrir að 5,5% þeirra verði skipuð ófaglærðum starfsmönnum en tækni- og háskólamenntaðir verði 11,5% af starfsfólki eða um 30 starfsmenn. Í skýrslu sem ráðgjafarfyrirtækið Nýsir hefur unnið um samfélagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði kemur fram að flest bendi til að áhrif af uppbyggingu og rekstri álvers verði jákvæð jafnt fyrir framþróun í atvinnulífi og samfélaginu almennt. Ný þjónustufyrirtæki verði stofnuð og framtíðarmöguleikar starfandi fyrirtækja birtast á jákvæðan og neikvæðan hátt.

Hugsanlegt er að þensluáhrif vegna álsvers birtist í skorti á vinnuafli hjá öðrum fyrirtækjum og þau geti tímabundið misst starfsfólk til þess. Hins vegar má ætla að þetta muni virka jákvætt þegar til lengri tíma er litið og aðgangur að þjónustu verði auðveldari. Talið er að rekstur álvers muni hafa lítil áhrif á sjávarútveg. Útgerð mun halda áfram óbreytt en tímabundið gætu fiskvinnslufyrirtæki misst vinnuafl til álvers. Til lengri tíma litið er búist við að aukinn fólksfjöldi og efling þjónustu muni koma útgerðarfyrirtækjunum vel. Álver mun því keppa um vinnuafl við önnur fyrirtæki en jafnframt skapa sóknarfæri og grundvöll fyrir ýmiss konar nýja atvinnustarfsemi.

Í síðustu viku kom fram hjá trúnaðarmanni starfsmanna í álveri Norsk Hydro í Noregi, sem staddur var hér á landi, að í framtíðinni verði allt starfsfólk faglært og námið samsvarandi iðnnámi hér á landi. Þá verði allri starfseminni meira og minna tölvustýrt á rólegum og þægilegum vinnustað. Bar þessi trúnaðarmaður vinnuveitendum sínum vel söguna, enda starfsmannastefna fyrirtækisins falin í bættri heilsu starfsmanna, hreinna umhverfi og auknu öryggi.

Talið er að fólk í sérhæfðum störfum sé frekar tilbúið til að flytja lengri vegalengd en ófaglært fólk. Áhrif af álveri muni einnig verða þau að sérfræðingar flytjist til svæðisins m.a. af höfuðborgarsvæðinu. Eins má reikna með því að álver virki hvetjandi á ungt fólk á Austfjörðum til að afla sér þeirrar menntunar sem störf í álveri krefjast. Tilkoma álvers mun því auka menntunarstig á svæðinu. Þörf fyrir íbúðarhúsnæði á Miðausturlandi mun aukast en reikna má með að byggja þurfi 200–250 íbúðir í tengslum við fyrsta áfanga álvers. Þetta mun væntanlega leiða til hækkunar á fasteignaverði á svæðinu sem hefur farið lækkandi á undanförnum árum. Skólahúsnæði verður betur nýtt og talið er að fjölgun íbúa með tilkomu álvers muni hafa góð áhrif á menningarlíf á svæðinu.

Meginniðurstaða skýrslu um mat á umhverfisáhrifum álversins er sú að mengun frá því verði innan viðmiðunarmarka fyrir nálæga byggð og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu. Gera má ráð fyrir að gróðurfar í næsta nágrenni álversins breytist á þann hátt að viðkvæmari gróður hörfi fyrir þolnari gróðri.

Við Íslendingar erum svo lánsamir að búa við bestu mögulegu skilyrði til orkuöflunar. Framleiðsla raforku með vatnsafli er umhverfisvænasta aðferð sem finnst til þess í heiminum og höfum við margoft fundið fyrir því í alþjóðasamskiptum hve aðrar þjóðir horfa til okkar með öfundaraugum hvað þetta varðar. Ekki þurfum við að leita lengra en til Bretlands og meginlands Evrópu til að sjá þjóðir sem byggja raforkuframleiðslu sína á olíu, kolum og kjarnorku. Þessar þjóðir horfa fram á erfið verkefni til lausnar á vanda sínum. Það er því ábyrgðarleysi ef við Íslendingar, sem búum við fyrrnefnd skilyrði, tökum þá ákvörðun að láta ekki koma til frekari framleiðslu raforku með virkjun vatnsafls.

Þeir sem ganga fram í nafni umhverfisverndar geta ekki talist trúverðugir ef þeirra helsta baráttumál er að koma í veg fyrir umhverfisvænustu raforkuframleiðslu sem kostur er á í heiminum. Það er eðlilegt í alþjóðlegu samhengi að Íslendingar nýti orkuauðlindir sínar og nýti þá orku í framleiðslu á sviði orkufreks iðnaðar. Því að verði álver ekki reist í Reyðarfirði og knúið þar raforku, framleiddri með endurnýjanlegum orkugjöfum, verður þetta álver reist einhvers staðar annars staðar og þá hugsanlega knúið áfram með kolum, olíu eða kjarnorku.

Þegar rætt er um Fljótsdalsvirkjun ber að hafa í huga þau rök sem fram voru færð af þáv. iðnrh. þegar virkjunarröð var ákveðin í maí árið 1982. Þá var rík áhersla lögð á öryggisþátt málsins, þ.e. að reisa ekki allar virkjanir á sömu slóðum. Því var lögð áhersla á svæðin norðan Vatnajökuls, svæði sem eru ekki á gosbeltinu eða á þekktu jarðskjálftasvæði og þessi rök eiga við enn í dag.

Þriðja atriðið sem rétt er að nefna varðandi orkuöflunina er sú pólitíska stefnubreyting sem tekin var á síðasta kjörtímabili og snýr að því að nýta orkuna í grennd við orkuauðlindirnar. Áður stóð til að flytja raforku með háspennulínum þvert yfir hálendi landsins suður á Keilisnes. Þar stóð til að reisa álver og nýta orkuna þar. Á þessu hefur orðið grundvallarbreyting sem er náttúrunni mjög í hag og til að styrkja byggð í landinu.

Um 3 milljarðar kr. hafa farið í virkjunarrannsóknir og undirbúning vegna Fljótsdalsvirkjunar. Áhrif á lífríki og náttúrufar norðan Vatnajökuls hafa verið könnuð í aldarfjórðung og fullyrða má að ekkert annað virkjanasvæði hérlendis hafi gengist undir jafnmiklar umhverfisrannsóknir. Hugmynd að Fljótsdalsvirkjun er síður en svo ný af nálinni. Þróunarsögu virkjunarinnar má rekja nærri hálfa öld aftur í tímann eða til ársins 1954 þegar fyrsta hugmyndin var kynnt. Vettvangsrannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar hófust að marki árið 1975 og hafa staðið nær óslitið yfir síðan.

Árið 1981 fjallaði Náttúruverndarráð um fyrirhugaða virkjun á grundvelli undangenginna rannsókna af áhrifum framkvæmda á umhverfið. Náttúruverndarráð samþykkti að leggjast ekki gegn framkvæmdunum. Sama ár veitti Alþingi heimild fyrir 330 megavatta virkjun við Jökulsá í Fljótsdal með 615 gígalítra miðlunarlóni við Eyjabakka og 120 gígalítra miðlun á Fljótsdalsheiði. Þessar framkvæmdir miðuðust við að grafnir yrðu opnir áveituskurðir um Fljótsdalsheiði og vatni yrði veitt í nýtt inntakslón á heiðinni. Ekkert varð úr þessum framkvæmdum.

Öll hafa þessi áform nú verið tekin til endurskoðunar og Fljótsdalsvirkjun endurhönnuð og stórlega dregið úr áhrifum hennar á umhverfið. Fallið var frá hugmyndum um opna áveituskurði og ákveðið að veita vatni um jarðgöng 32 km leið. Við þessa ákvörðun var ekki lengur þörf á inntakslóni á Fljótsdalsheiði og land sem fer undir vatn minnkar úr 82 km í 46 km . Af málflutningi margra má ætla að verið sé að sökkva stærstum hluta hálendisins en með fyrirhuguðu lóni við Eyjabakka þekja miðlunarlón vegna virkjunar innan við 0,3% landsins og innan við 0,8% hálendisins. Inni í þessum tölum er allt Þórisvatn en einungis hluti þess er til kominn vegna virkjanaframkvæmda.

Náttúruverndarráð fjallaði að nýju um Fljótsdalsvirkjun árið 1991 og fagnaði þeim breytingum sem gerðar höfðu verið. Ráðið sá ekki ástæðu til að leggjast gegn framkvæmdunum. Páv. iðnrh. gaf út framkvæmdaleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun í apríl árið 1991. Í framhaldi af því voru framkvæmd-

ir kynntar með auglýsingum. Alls bárust átta athugasemdir. Engin þessara athugasemda beindist gegn Eyjabökkum.

Vorið 1991 hófust framkvæmdirnar og var þá unnið við vega- og gatnagerð. Í lok ársins var framkvæmdunum frestað þegar ljóst var að samningaumleitanir við Atlantsálshópinn höfðu siglt í strand. Við framkvæmdirnar sem hófust árið 1991 var m.a. sprengt að verðandi stöðvarhúsi Fljótsdalsvirkjunar.

Ég tel rétt að rifja þessa sögu upp hér í upphafi þessara umræðna því að af umræðu undanfarinna mánaða má ætla að margir standi í þeirri trú að það sé nýleg ákvörðun að virkja Jökulsá í Fljótsdal, meðan hið rétta er að áform þar um hafa legið fyrir í um 20 ár og að þeim hafa komið allir flokkar sem tekið hafa þátt í störfum Alþingis á þeim árum. Með fylgiskjali með þáltill. þessari er skýrsla sem Landsvirkjun hefur látið gera um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar. Þessi skýrsla er afrakstur áratuga rannsókna á svæðinu og rétt að taka það enn einu sinni fram að skýrslan er unnin eftir sömu forskrift og lögin um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir.

Í matsskýrslunni kemur ekkert það fram sem koma ætti í veg fyrir framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Engar nýjar niðurstöður er þar að finna sem breyta niðurstöðum fyrri rannsókna, sem leiddu m.a. til niðurstöðu Náttúruverndarráðs árið 1981 og 1991 og áður er rakin. Í matsskýrslunni kemur fram að áhrif Fljótsdalsvirkjunar á umhverfið eru mest af völdum miðlunarlóns á Eyjabökkum. Lónið breytir landslagsheild svæðisins og er þeim breytingum lýst í máli og myndum í skýrslunni. Jökulminjar við Eyjabakkajökul munu fara á kaf og munu jarðvegsfellingar, kallaðir hraukar, sem mynduðust við það að jökullinn vöðlaði upp jarðvegi fara undir vatn og eyðileggjast. Þessir hraukar eru þó ekki einstæðir. Þá er einnig að finna við Brúarjökul.

Miklar breytingar verða á fossum í Jökulsá og fossar í Laugará hverfa. Fullyrðingar um loftslagsbreytingar frá lóninu eiga ekki við rök að styðjast. Flóra svæðisins er vel þekkt og ekki hafa komið í ljós á Eyjabökkum tegundir sem eru í útrýmingarhættu eða á válista. Gróðurfélög á Eyjabökkum eiga sér víða hliðstæður á hálendinu. Gróðurfélagið er þó til að mynda merkilegt fyrir það að vera hluti af gróðurlendi sem nær nánast óslitið frá sjó inn að jökli.

Þrátt fyrir rannsóknir á dýralífi við Eyjabakka í um 30 ár liggja ekki fyrir svör um það hvaða áhrif myndun lóns mundi hafa á dýralíf. Hluti hreindýrastofnsins nýtir Eyjabakka til beitar, einkum í ágúst, en talið er að tilkoma lónsins muni lítið breyta lífsskilyrðum stofnsins. Um 20 álftapör verpa á svæðinu en það er um 1% íslenska stofnsins. Ólíklegt er að lón muni hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir stofninn. Þá nýta geldgæsir Eyjabakka til þess að fella fjaðrir um mitt sumar og dvelja þar í u.þ.b. 3–4 vikur. Eyjabakkar eru nú stærsti fjaðrafellisstaður heiðagæsar á Íslandi en þar fella um 7–10% geldgæsa í stofninum, eða um 8.000 talsins. Þess ber að geta að árlega eru 30–40 þúsund heiðagæsir skotnar þannig að ekki hafa virkjanir einar áhrif á stofninn. Fáar heiðagæsir verpa á Eyjabökkum.

Sem mótvægisaðgerðir gegn áhrifum sem virkjunin mun hafa er lagt til að átak verði gert í uppgræðslu og ræktun annarra svæða. Verður það gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps.

Í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir er ítarlega farið yfir lagalega hlið málsins. Rakin eru almenn sjónarmið við lagasetninguna um vatnsaflsvirkjanir, farið yfir lagagrundvöll Fljótsdalsvirkjunar, ákvarðanir um röð virkjanaframkvæmda raktar, áhrif skipulags- og byggingarlaga á framkvæmdina, heimildir til að afturkalla útgefin leyfi til virkjunarinnar, áhrif tilskipunar Evrópusambandsins og gildandi lög um mat á umhverfisáhrifum. Ekki ætla ég í þessari framsögu að fara sérstaklega yfir þessi atriði en vísa hins vegar til þáltill. og ítreka það sem fram hefur komið að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun byggja alfarið á lögum og reglum.

Það má öllum vera ljóst sem með nokkurri sanngirni horfa á málið að með byggingu Fljótsdalsvirkjunar og álvers í Reyðarfirði yrði um að ræða algjöra vítamínssprautu fyrir atvinnulíf á Austurlandi og þjóðarbúið í heild. Á Austurlandi hefur stuðningur við þessa framkvæmd reyndar verið mikill og kom nýlega skýrt fram hjá sveitarstjórnarmönnum í fjórðungnum. Í skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur gert og kynnt var í gær kemur fram að þeir eru fleiri sem styðja virkjun Jökulsár í Fljótsdal en þeir sem eru henni andvígir. Íslendingar hafa ávallt verið fylgjandi því að nota þá auðlind sem fallvötnin okkar eru. Íslendingar hafa einnig verið jákvæðir í garð stóriðju hér á landi og eru það enn samkvæmt fyrrnefndri könnun.

Því hefur verið haldið hátt á lofti að fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Fljótsdal séu í andstöðu við vilja þjóðarinnar. Því hefur nú algerlega verið vísað á bug. Í könnuninni kemur einnig fram að um 60% Íslendinga eru fylgjandi því að vatnsafl verði virkjað áfram þrátt fyrir að virkjunum fylgi oft röskun af völdum miðlunarlóna. Meiri hluti þjóðarinnar vill álver í Reyðarfjörð og 85% telja að álver muni styrkja byggð og atvinnulíf á Austfjörðum. Einna athyglisverðast við niðurstöður þessarar könnunar er þó að 80% Íslendinga telja sig lítið sem ekkert vita um hvað felist í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það sýnir hve umræðan um þau mál hefur verið ómarkviss og þeim fjölmiðlum sem mest um málið hafa fjallað hefur tekist illa að upplýsa almenning um hvað í lögum þessum felst.

Í 20 ár hafa áform um virkjanaframkvæmdir legið fyrir og kostir í uppbyggingu iðnaðar verið skoðaðir. Nú er tækifæri til framkvæmda. Nú er að hrökkva eða stökkva. Þessum málum verður vart frestað rétt einu sinni. Það reynir á vilja til að nýta þá auðlind sem vatnsaflið norðan Vatnajökuls er. Alþingismenn verða að taka afstöðu til málsins í heild. Hér er um að ræða byggðamál. Hér eru í húfi miklir þjóðhagslegir hagsmunir. Við erum að ræða verkefni sem unnið hefur verið að af og til í langan tíma og við þurfum að koma því í höfn.

Þeir sem ekki styðja þessa þáltill. neita að grípa það tækifæri sem nú býðst. Ábyrgð þeirra verður því mikil. Ég vona að Alþingi vinni þetta mál faglega og að því verði fengnir allir færustu sérfræðingar og almenningi, félagasamtökum, stofnunum og hagsmunaaðilum verði tryggð aðkoma að málinu.

Herra forseti. Árið 1982 var samþykkt þáltill. um virkjunarröð sem lögð var fram af þáv. hæstv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni og í umræðunni um ályktunina á Alþingi sagði hann m.a. um framkvæmdir í Fljótsdal, með leyfi forseta:

„Ég vænti þess fastlega að í þeim stóru málum, sem hér er tekið á, ríki friður við framkvæmdir og þær megi verða landsmönnum öllum til heilla, hvort sem þær taka 10 ár, 12 ár eða 15 ár ... Ég bæði skora á hv. alþm. og óska eindregið eftir því, að um afgreiðslu þessa máls megi takast friður og samstaða."

Ég leyfi mér í lokin að taka undir forvera míns í iðnrn. og vona að friður takist um framkvæmdir í Fljótsdal. (**Gripið fram í:** Finnst ráðherra þetta drengilegur málflutningur?)

Að lokinni þessari umræðu geri ég tillögu um að vísa þessari tillögu til iðnn. Alþingis. (**Gripið fram í:** Þetta er ódrengilegt.)

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þingmenn að halda ró sinni.)

[11:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að taka til umræðu líklega umdeildasta mál þessa þings. Mér kæmi ekki á óvart þó það reyndist umdeildasta mál komandi kjörtímabils. Tekist er á um ólík sjónarmið, annars vegar umhverfisáhrif og landvernd en hins vegar byggðaþróun á Austfjörðum. Vegna þess hve málefnin eru viðkvæm fyrir hvorn hópinn um sig skiptir miklu að fara að settum leikreglum. Forsendurnar sem Alþingi hefur sett fyrir slíkum framkvæmdum eru að *fram fari mat á umhverfisáhrifum* sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu.

Þegar hart er deilt tekur umræðan á sig undarlegar myndir. Það er jafnmikil fjarstæða að þeir sem afdráttarlaust krefjast mats á umhverfisáhrifum séu gegn virkjunum, stóriðju eða byggðastefnu og að halda því fram að þeir sem vilja virkjun og álver séu umhverfissóðar. Þingflokkur Samfylkingarinnar styður umhverfismat. Sú afstaða þingflokksins hefur lengi verið ljós og kom m.a. *fram við umræðu um till. til þál. um* umhverfismat sem hér var rædd á sumarþinginu. Við viljum að Alþingi afgreiði tillögu um umhverfismat í tengslum við málið sem hér liggur fyrir. Til að tryggja að það gerist flytur Samfylkingin brtt. við tillögugreinina. Tillagan verður ekki tekin til afgreiðslu fyrr en við seinni umræðu en ég tel eðlilegt að hún komi fram strax.

Skiptar skoðanir eru um hvort virkja eigi á Eyjabökkum eða ekki. Menn greinir á um verðmætamatið sem felst í ákvörðun um að virkja án þess að ígrunda fyrst hvaða svæði verði varðveitt fyrir komandi kynslóðir. Deilurnar sem nú rísa sem hæst eru um þá ákvörðun stjórnvalda að virkja án þess að framkvæma lögformlegt umhverfismat. Þekking almennings á miðhálendi Íslands og náttúruperlum þar er allt önnur en fyrir 10 árum, hvað þá fyrir nær 20 árum sem liðin eru frá því að virkjanaleyfið var veitt. Þekking, viðhorf og umræða hefur gjörbreyst í þjóðfélaginu.

Í júní 1998 ákvað Landsvirkjun að láta vinna skýrslu um umhverfismat eins og um venjulegt mat á umhverfisáhrifum væri að ræða. Sú skýrsla er eitt af málsskjölum þeim sem fylgja þáltill. sem við erum að ræða hér í dag. Um það leyti sem vinna við skýrsluna var sett í gang lýsti þáv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason þeim vilja sínum að umhverfismat færi fram á Fljótsdalsvirkjun. Það kom fram í svari hans í ríkissjónvarpinu þegar hann var spurður um hvort Landvirkjun ætti að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar á eigin forsendum eða beygja sig undir gildandi lög um mat á umhverfisáhrifum. Ráðherrann svaraði, með leyfi forseta: „Ef Landsvirkjun gerir þetta þá þarf engan málarekstur um þetta á Alþingi ... Ég þykist hafa séð það að iðnaðarráðherra hafi lýst svipuðum skoðunum og ég fagna því. Þess vegna finnst mér að Landsvirkjun ætti að taka ákvörðun um að setja virkjunina formlega í mat samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum."

Þetta sagði umhvrh. Guðmundur Bjarnason fyrir einu og hálfu ári síðan.

Í Morgunblaðinu tveimur dögum seinna sagði ráðherrann að sér fyndist skynsamlegast og auðveldast að iðnrh. felldi úr gildi leyfi Landsvirkjunar til að virkja Jökulsá í Fljótsdal eða að Landsvirkjun tæki sjálf ákvörðun um að framkvæmdir færu í þann farveg sem lög kveða á um í stað þess að láta *vinna sjálfstætt mat á eigin forsendum.*

Ríkisstjórnin er að reyna að þvo hendur sínar af slæmum vinnubrögðum með því að koma með þessa sérkennilegu þáltill. fyrir þingið núna. Ef Guðmundur Bjarnason, þáv. umhvrh., hefði ekki látið sitja við orðin tóm væri málið ekki í þeim heljargreipum sem það er statt í núna. Hér er flutt óvenjuleg tillaga um að Alþingi leggi blessun sína yfir að framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun verði haldið áfram. Stjórnvöld halda því fram að þau hafi *allar heimildir til* framkvæmda og fyrstu 18 síðurnar í greinargerð með tillögunni fara í að rökstyðja það álit. Þrátt fyrir það er tillagan flutt um að ekki þurfi að fara að lögum sem Alþingi hefur sett þar sem ríkisstjórnin telur sig hafa þær heimildir sem hún þarf á að halda. Þess vegna er þetta stórfurðulegt mál.

Það er óviðunandi að Alþingi sjálft geri umhverfismat eins og hér er lagt til. Það er óþolandi, herra forseti, að Alþingi fái fyrirmæli frá forstjóra Landsvirkjunar um að þetta mál verði að afgreiða fyrir jól. Þau skilaboð eru afar óviðeigandi.

Eins og fram kom í máli mínu áðan er þingflokkur Samfylkingarinnar þeirrar skoðunar að það eigi að setja virkjunarframkvæmdina í umhverfismat. Þar sem stjórnvöld efast um að það standist lagalega að krefjast lögformlegs umhverfismats hyggst Samfylkingin flytja frv. til laga um að þær framkvæmdir sem hafa virkjunarleyfi í dag en eru ekki umhverfismatsskyldar, samkvæmt svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar, hljóti ekki framkvæmdaleyfi nema að undangengnu umhverfismati. Sömuleiðis flytur Samfylkingin brtt. við þá þáltill. sem *hér er til umræðu í samræmi við þá afstöðu.*

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa tillögu okkar þó að brtt. sé ekki komin hér á borð þingmanna, en hún mun hljóða svo:

„Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi yfir *stuðningi við áform um gerð Fljótsdalsvirkjunar*, sbr. lög um raforkuver, nr. 60/1981, samning ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar, dags. 11. ágúst 1982, og lög um Landsvirkjun, nr. 42/1983, enda hefjist framkvæmdir ekki nema að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1993."

Virðulegi forseti. Þessi brtt. verður lögð hér fram á næstu stundum.

Herra forseti. Það er alvarlegt *umhugsunarefni* hve nú á að hraða afgreiðslu málsins. Þegar hér er komið lætur stjórnarmeirihlutinn sig muna um hvern dag. Ef rétt hefði verið haldið á málum fyrir einu og hálfu ári og framkvæmdin sett í umhverfismat með þeim flýti sem nú einkennir vinnubrögð þá hefði verið komin niðurstaða á þeim tíma sem ríkisstjórnin hefur gefið sér. Ríkisstjórnin hefur sett sér tímamörk með yfirlýsingu sem hún samþykkti á Hallormsstað 29. *júní í fyrra.* Samkvæmt henni binda stjórnvöld sig til að unnt verði að taka ákvörðun um að ráðast í verkefnið, vatnsorkuver á Austurlandi og álver í Reyðarfirði, fyrir 1. júní 2000. Samkvæmt yfirlýsingunni hefur álverið 120 þús.

tonna framleiðslugetu í upphafi með möguleika á stækkun í áföngum upp í 480 þús. tonn.

Virðulegi forseti. Ef 120 þús. tonna álver verður byggt í Reyðarfirði samkvæmt viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Norsk Hydro er ljóst að til eftirfarandi framkvæmda þarf að koma:

Bygging álvers sem er umhverfismatsskyld framkvæmd og búið að kynna Skipulagsstofnun. Gert er ráð fyrir að formlegur matsferill hefjist innan skamms.

Höfn fyrir álverið í Reyðarfirði, sömuleiðis umhverfismatsskyld framkvæmd.

Raflína frá Fljótsdalsvirkjun að álveri, umhverfismatsskyld framkvæmd.

Virkjun í Bjarnarflagi, umhverfismatsskyld framkvæmd.

Raflína frá Bjarnarflagi eða Kröflu að álveri í Reyðarfirði, umhverfismatsskyld framkvæmd.

Fljótsdalsvirkjun er ekki umhverfismatsskyld framkvæmd að mati ríkisstjórnarinnar en það sem ég hef lesið hér varpar ljósi á hversu víðtækar framkvæmdir eiga að fara fram og hve stór hluti þeirra er umhverfismatsskyldar framkvæmdir.

Í yfirlýsingunni er annars vegar talað um Noral-verkefnið og hins vegar Noral-álverið. Fljótsdalsvirkjun verður byggð og rekin af Landsvirkjun og verður í eigu Landsvirkjunar. Ríkisstjórnin eða sveitarstjórnin á staðnum leggur til lóð undir álverið og höfn til útskipunar. Hydro Aluminium og íslenskir fjárfestar munu samanlagt eiga meiri hluta í Noral-álfélaginu en eftirstandandi hlutafé verður boðið til sölu á Verðbréfaþingi Íslands og víðar.

Í yfirlýsingunni sem stjórnvöld telja binda sig svo afdráttarlaust að ekki sé unnt að setja virkjunina í umhverfismat, og taka þar með af allan vafa gagnvart þjóðinni, lofar ríkisstjórnin að kanna möguleika á að gera Noral-álfélaginu kleift að kaupa rafmagn frá fyrirhugaðri Kárahnúkavirkjun á samkeppnishæfu orkuverði sem ákvarðast af áætlun um kostnað við fjárfestinguna. Virkja þarf á Kárahnúkum ef álverið verður stækkað um 240 þús. tonn upp í 360 þús. tonn. Meira þarf að koma til ef álverið stækkar í 480 þús.

Herra forseti. Þetta dregur athyglina að nokkrum staðreyndum. Sú fyrsta er að stuðningsyfirlýsingin sem hér er kallað eftir frá Alþingi er ekki bara um Fljótsdalsvirkjun heldur við 480 þús. tonna álver. Önnur staðreyndin er að búið er að lofa Kárahnúkavirkjun áður en hún hefur farið í umhverfismat, þó óumdeilt sé að slíkt mat eigi við um þá virkjun. Í þriðja lagi er mjög óljóst hver eignarhlutur Norsk Hydro er í Noral-verkefninu, Noral-verkefnið er að verða mjög íslenskt verkefni.

Í upphafi var talað um að Norsk Hydro ætti eignarhlut í virkjuninni og meiri hluta í álverinu. En áformuð hlutdeild Norsk Hydro er nú komin niður í 20–25% í álverinu eingöngu samkvæmt upplýsingum í fjölmiðlum. Ekki er upplýsingar að finna um eignarhlut Norsk Hydro í þáltill. sem hér liggur fyrir.

Það er því að verða áleitin spurning hvort Íslendingar eigi það ekki fyrst og fremst við sjálfa sig hvort fresta á framkvæmdum — ég legg áherslu á: fresta á framkvæmdum til að framkvæma lögformlegt umhverfismat. Skýrslan liggur hér, herra forseti, og hægt er að framkvæma matið og hefja það núna strax.

Því hefur verið haldið á lofti að virkjunarheimildin sé ígildi eignar. Að ríkið gæti orðið skaðabótaskylt ef ekki yrði staðið við virkjunarheimildina. Um það vil ég segja að verið er að tala um að fresta verkinu ef á þarf að halda vegna umhverfismats en ekki taka heimildina af Landsvirkjun. Ekki hefur reynt á hvort Norsk Hydro gerir það að frágangssök þó verkið frestist um fáeina mánuði ef það þá frestast. Ekki hefur reynt á hvort Reykjavíkurborg og Akureyrarbær mundu fallast á frest til að gera umhverfismat.

Virðulegi forseti. Það er afar fróðlegt að fara yfir þetta mál. Það er mjög umfangsmikið en þingmenn hafa notað helgina vel. Fyrstu 18 síðurnar í greinargerð með þáltill. er lögfræðileg réttlæting á málsmeðferð sem krafist er af Alþingi. Maður finnur að ríkisstjórnin er í varnarstöðu og það eru miklir veikleikar í málinu.

Umhverfismatsskýrslan, sem er unnin eins og hún færi formlega til skipulagsstjóra í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum, fjallar eingöngu um Eyjabakkana. Ekki er gerð tilraun til að meta Eyjabakkana sem sérstaka afmarkaða eða verðmæta stærð miðhálendisins, sem er mikil eyðimörk utan þeirra fáu grænu svæða sem allflest virðast eiga á hættu að lenda undir vatni á næstu árum ef þessi ríkisstjórn fær að ráða. Ég nefni Arnardalinn, Laugarvalladalinn og Eyjabakkana sem hverjir eru um sig sérstakar gróðurvinjar austan Jökulsár á Fjöllum þó Eyjabakkarnir hafi mesta sérstöðu.

Lítið er dvalið við þá staðreynd að orka frá Fljótsdalsvirkjun dugir ekki fyrir fyrsta hluta álvers upp á 120 þús. tonn. Til viðbótar þarf að virkja í Bjarnarflagi, en eins og fram hefur komið þarf það að fara í umhverfismat og lýtur auk þess verndarákvæðum laga um Laxárvirkjun og Mývatn, eða að virkja meira við Kröflu.

Það hefur verið upplýst að ef stíflan við Eyjabakka yrði hækkuð um 3 m þyrfti trúlega ekki að sækja viðbótarorku annað með tilheyrandi raflínum til Reyðarfjarðar og virkjunin yrði hagkvæmari. En ef sú breyting væri ákveðin í dag þyrfti að setja Eyjabakkavirkjunina í umhverfismat, svo viðamikla breytingu er talið að væri um að ræða. Það hefur hins vegar verið upplýst, hv. alþm., á fundi iðnn. að fordæmi eru fyrir ákvörðun um hækkun stíflubils eftir að framkvæmdir við virkjun voru hafnar, jafnvel lokið. Ég minni á að stíflan í Blöndu var hækkuð um 4 m árið 1997 og sú hækkun fór ekki í umhverfismat.

Þess vegna getur það gerst að eftir að framkvæmdir verða hafnar á Eyjabökkum verði sótt um heimild til að hækka stífluna. Þá færi væntanlega eingöngu viðbótin í mat og yrði þá metin út frá því að virkjun Eyjabakka væri orðin staðreynd.

Það sem mér finnst renna stoðum undir þessa kenningu er að Landsvirkjun hefur látið kanna breytta tilhögun Hraunaveitu, til þess að ná meira vatni af Hraunum til Fljótsdalsvirkjunar en unnt er að ná með Sauðárveitu sem núgildandi áform kveða á um. Í greinargerð á bls. 8 kemur fram að Eyjabakkalónið verður 44 km að stærð og miðlunarrými um 500 gígalítrar. Til lónsins verður veitt vatni frá Sauðárvatni, Innri-Sauðá, Grjótá og Kelduá og verður vatninu veitt frá miðlunarlóninu um 31 km aðrennslisgöng. Við Laugará er veitt vatni inn í aðrennslisgöngin frá Laugará, Hölkná og Grjótá auk þess sem Hafursá er veitt inn í Eyjabakkalón með stuttum skurði.

Tilhögun með veitum af Hraunasvæðinu kallar á meiri miðlun í Eyjabakkalóni vegna aukins aðrennslis til virkjunarinnar. Þessar athuganir gefa til kynna, og ég bið hv. alþm. að taka vel eftir þessu, að hagkvæmt verði að nýta 625 gígalítra miðlun. Takið eftir að í virkjunarleyfi iðnrh. er gert ráð fyrir Sauðárveitu en ekki Hraunaveitu meiri og þess

vegna verður hún, þ.e. Hraunaveitan að fara í umhverfismat. Stærri veita af Hraunum gefur um 300 gígavattstundir á ári en Fljótsdalsvirkjun er gefin upp með 1.400.

Herra forseti. Eyjabakkalónið sjálft nær aðeins yfir lítinn hluta þess svæðis sem heildarframkvæmdir vegna Fljótsdalsvirkjunar ná til en er langviðkvæmasti og umdeildasti hluti framkvæmdarinnar. Eins og áður segir nær lónið yfir 44 km en fer niður í 8 km þegar lægst er í lóninu.

Menn hafa rætt mest um Eyjabakkana af því umhverfisspjöll þar vekja svo sterkar tilfinningar. En það er auðvitað margt annað sem hangir á þessari stóru spýtu. Miklar framkvæmdir verða við Hafursárveitu, Grjótárveitu, Hölknárveitu og Laugarárveitu vestan við lónið. Sömuleiðis við annaðhvort Sauðárveitu, sem ég hef þegar nefnt, eða veitum af Hraunum, sem ég hef einnig vikið að og er austan við lónið. Til að draga fram hvaða umfang fylgir þessum framkvæmdum langar mig að lýsa veitu af Hraunum fyrir hv. Alþingi.

Hún nær austan frá Sultarranaá og er veitt í grönnum skurði inn á vatnasvið Fellsár sem er stífluð og göng boruð vestur að Grjótá. Ytri-Sauðá er tekin inn í göngin við Hellukvísl þar sem hún er stífluð og inntaksvirki byggt. Innri-Sauðá er veitt inn á vatnasvið Grjótár og þar verður stífla og skurður. Í Grjótá verður 15 m há stífla. Frá smáloni ofan stíflunnar verða nærri 2 km göng sprengd vestur að Kelduá. Kelduá er stífluð við Folavatn sem er lítið vatn og þar er gert ráð fyrir sömu yfirfallshæð og við Eyjabakkalón. Við þetta breytist Folavatn í Kelduárlón og frá því verður skurður inn í Eyjabakkalón.

Svæðið sem ég er hér að lýsa er miklu mun lengra en ef dregin er lína í austur frá Eyjabakkalóni en Eyjabakkalónið jafnstórt og það er þegar lína er dregin frá jökli og norður að stíflu. Engum blöðum er um það að fletta að svæðið allt, ekki bara Eyjabakkarnir, gjörbreytist fyrir utan hið mikla rask sem fylgir framkvæmdatímanum. Auk þessa verða gamlir vegaslóðar endurbyggðir. Nýir slóðar verða lagðir um viðkvæm svæði.

Það er afar mikilvægt, herra forseti, að fólk átti sig á því að hér er um yfirgripsmikið svæði að ræða og fjölmargar framkvæmdir, ekki bara Eyjabakkana.

Virðulegi forseti. Að lokum þetta. Í leiðara Morgunblaðsins sl. föstudag segir, með leyfi forseta:

„Umræður síðustu missira um virkjanir norðan Vatnajökuls hafa leitt í ljós, að almenningur ber í brjósti sterkar tilfinningar til óbyggðanna og fólk er mjög hugsi yfir framkvæmdunum hverju nafni sem þær nefnast á þeim svæðum."

Í leiðaranum er vísað til orða ungs fræðimanns við Háskóla Íslands sem sett hefur fram kenningar um „að þjóðarvitund okkar Íslendinga sé nú meira tengd landinu og náttúru þess en sögunum og hinni menningarlegu arfleifð."

Niðurlagsorð leiðarans, herra forseti, eru:

„Þetta mál kemur til kasta Alþingis á næstunni. Vonandi hugsa ráðherrar og þingmenn sig vel um áður en þeir taka ákvörðun um að efna til framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun án þess að lögformlegt umhverfismat fari fram."

Herra forseti. Það er mál mitt í dag að draga fram þessar staðreyndir.

[11:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðja hv. þm. að halda tímamörk. Ég hef áður vakið athygli hv. þm. á að símaklefinn er hér inni á ganginum. Ég bið þá hv. þm. sem eiga GSM-síma að taka tillit til þess.

[11:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu talsmanns Samfylkingarinnar í málinu. Ég var reyndar spenntastur yfir að heyra eina yfirlýsingu. Hún var um það hvort talsmaður Samfylkingarinnar væri á móti því eða með að stíflað yrði við Eyjabakka og komið þar upp lóni. Ég fékk ekkert svar við því. Ég fékk það svar eingöngu að Samfylkingin virtist vera inni á því að setja slíkt lón við Eyjabakka ef skipulagsstjóri ríkisins og hæstv. umhvrh. væru sammála því. Þetta er nú öll stefnan. Það kom ekki fram hjá talsmanni Samfylkingarinnar hvort Samfylkingin væri þeirrar skoðunar að setja ætti lón við Eyjabakka eða ekki. Hvort sökkva ætti Eyjabökkum, eins og það heitir, eða ekki. Í langri ræðu sem lauk með leiðara Morgunblaðsins kom ekkert svar við því hvort Samfylkingin vildi sökkva Eyjabökkum eða láta það vera. Eingöngu vildi Samfylkingin vita hvort skipulagsstjóri og hæstv. umhvrh. væru inni á því. Þetta er allt framlagið. Það er afskaplega mikilvægt fyrir almenning í landinu. (**Gripið fram í:** Þetta er nú lélegur málflutningur hjá þér.) Er það, hv. þm.? Hlustaðu þá, ræðan er ekki búin, hún er rétt að byrja. En ég skil vel að hv. þm. líði ekki vel undir þessum staðreyndum. En almenningur hefur mjög gott af því að heyra á hvern hátt þetta mál er lagt fram og hvernig það er kynnt.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar fyrir sitt leyti samþykkt og stendur að því að farið verði í þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru til þess að virkja á Fljótsdal og reisa álver við Reyðarfjörð. Því fylgir sú lónsmyndun sem tillögurnar sem hér eru bera með sér. Við erum ekkert að skorast undan því að axla þá ábyrgð. Það er með þeim hætti sem stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar eiga að starfa og það er á þann veg sem það ræðst hvort stjórnmálaflokkar njóta trausts eða njóta ekki trausts.

Það er nefnilega þannig að í stjórnmálum er það ekki leiðin að leita eftir stundarstuðningi. Hann getur hrokkið til og frá. Í stjórnmálum er meginatriðið að reyna að öðlast langvarandi traust. Langvarandi traust fæst ekki með málatilbúnaði af því tagi að heill stjórnmálaflokkur komi fram og það viti enginn um afstöðu hans til stærsta deilumálsins, hvort setja eigi lón við Eyjabakka eða ekki.

Ég hygg hins vegar að vinstri grænir séu með þetta nokkuð á hreinu. Ég er ósammála þeim að sjálfsögðu, en ég hygg að þeir séu með sitt mál nokkuð á tæru og það hlýtur að skipta nokkru máli fyrir kjósendur einnig.

Hv. þm. sem síðast talaði hóf mál sitt á því að segja að miklu máli skipti að fara að settum leikreglum. Þar er stefna ríkisstjórnarinnar algerlega klár. Ríkisstjórnin fer að þeim leikreglum sem settar hafa verið, ekki af henni sjálfri heldur þinginu, löggjafarsamkomunni sjálfri. Og þær leikreglur skylda ekki Landsvirkjun til þess að fara út í það sem kallað er lögformlegt umhverfismat. Við förum eftir þeim leikreglum. Þetta eru leikreglur sem öllum mönnum hafa verið ljósar um langa hríð.

Að þessu máli hafa allir stjórnmálaflokkarnir komið með jákvæðum hætti í þeim skilningi að leggja þessari framkvæmd jákvætt lið, að Kvennalistanum hygg ég undanskildum. Að vísu eru vinstri grænir nokkuð undanþegnir. En þó er það svo að formaðurinn sjálfur bar á því pólitíska ábyrgð með öðrum samráðherrum sínum að í þessa virkjun yrði farið og hann bar pólitíska ábyrgð á skóflustungunni frægu sem tekin var. Í svona stóru máli ber ríkisstjórnin að sjálfsögðu kollektíva ábyrgð og það getur enginn hlaupist frá slíkri

ábyrgð sem í ríkisstjórn situr nema hlaupa úr ríkisstjórninni og það gerði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, ekki. (Gripið fram í.) Lítill tími til að hlaupa, segir þessi mikli hlaupari, og ber því fyrir sitt leyti fulla ábyrgð á málinu.

En ríkisstjórnin gengur lengra en að láta sér nægja að fara að hinum settu leikreglum sem hún styðst við. Hún undirbýr og leggur fram till. til þál. þannig að Alþingi geti veitt pólitíska stuðning sinn við verkið, við ríkisstjórnina. Þetta er aðferð sem er umfram nauðsyn. Það er ekkert sem kallar sérstaklega á eða knýr á um að ríkisstjórnin leggi fram þáltill. af þessu tagi. En ríkisstjórnin vill tryggja sem mesta umræðu um máli, til að mynda til þess að það upplýsist, eins og gerðist í dag, að þingflokkur Samfylkingarinnar hefur enga skoðun á því hvort það eigi að setja lón við Eyjabakka eða ekki. Meðal annars til þess að knýja fram slíkar játningar þannig að slíkur þingflokkur standi berrassaður gagnvart þjóðinni er þessi málatilbúnaður hafður í frammi en jafnframt til þess að draga saman á einn stað allar þær upplýsingar sem liggja nú fyrir í málinu og sýna og sanna hversu málefnalega hefur verið staðið að máli þessu af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er tilgangurinn með framlagningu þessarar þáltill.

Almenningur þarf nefnilega að fá að vita — og það kemur fram í þessum gögnum — að þeir stjórnmálaflokkar sem eru núna að reyna að fiska í gruggugu vatni hafa sumir hverjir verið fremstir í fylkingu, um það get ég svo sannarlega vitnað, um að koma á þessari virkjun. Almenningur verður að fá að vita það. Almenningur þarf líka að fá að vita að þegar það stóð til voru umhverfisskaðarnir, sem því áttu að fylgja, mun meiri en nú gerist og hin sama fríða fylking setti það ekki fyrir sig.

Það kemur því mjög glöggt fram í þessari skýrslu á gögnum hversu umhverfistjónið, sem fylgir óhjákvæmilega virkjuninni, það verður auðvitað nokkurt og ekki er farið í grafgötur með það, hefur minnkað frá því þegar menn galvaskir gengu fram og studdu og voru í forustu fyrir því að virkjun af þessu tagi ætti sér stað. Vatns- og miðlunarlón hafa minnkað um tugi ferkílómetra. Skurðir ofan jarðar hafa minnkað verulega. Flutningslínur um víðernin miklu hafa horfið. Það sem hefur sem sagt breyst er þetta: Áður var virkjað á Fljótsdal samkvæmt hugmyndum sem flokkarnir stóðu að til þess að koma á álveri við Keilisnes. Þá þurfti að flytja þá raforku með miklum mannvirkjum suður með öllum þeim umhverfisspjöllum sem því fylgdu og menn voru sannarlega tilbúnir til þess í Alþfl. til að mynda og hluti Alþb., eins og sést af því sem var vitnað til Hjörleifs Guttormssonar hér áðan, tilbúnir til að gera það og með því að sökkva miklu stærri svæðum á Austuröræfunum undir vatn en nú stendur til.

Í mínum huga er afar þýðingarmikið að almenningur átti sig á þessum hlutum eins og nú eru gerðar miklar tilraunir til þess að rugla þennan sama virðulega almenning í ríminu.

Segja má að það hafi að hluta til tekist því að í öllu talinu um hið lögformlega umhverfismat er svo komið að 80% telja sig ekki skilja þann málflutning. Ég er í þeim hópi og uni mér glaður í þeim hópi að skilja ekki málflutninginn um hið lögformlega umhverfismat nema þá það eitt hjá flokki, sem getur ekki gert upp við sig hvort hann vill sökkva Eyjabökkum eða ekki, nema í þeim tilgangi hjá slíkum flokkum að reyna að slá ryki í augu almennings í landinu.

Þegar farið er af stað með undirskriftasafnanir gæta menn sín á því og segja: Við viljum fá umhverfismat en minnast ekkert á hið lögformlega. En það er akkúrat það sem gert er, það er framkvæmt umhverfismat, þ.e. sá meginþáttur kemur fram þar sem mikilvægastur er og hann liggur fyrir hér: Að menn fari ekki í framkvæmdir af neinu tagi fyrir austan nema vita eins nákvæmlega og verða kann hvað það er sem sú framkvæmd kostar í umhverfisþáttum. Það liggur allt fyrir skjalfest. Það verður ekkert meira skjalfest í svokölluðu lögformlegu umhverfismati. Það er það sem ég hygg að vaki fyrir fjöldanum að menn æði ekki af stað í framkvæmdir án þess að hafa gert sér grein fyrir hvað það kostar í umhverfisþættinum. Það hefur allt verið kortlagt og verður ekki betur kortlagt með svokölluðu lögformlegu umhverfismati.

Þetta liggur fyrir og er afar þýðingarmikið að almenningur í landinu geri sér grein fyrir. Að hið lögformlega umhverfismat mun ekki afla neinna nýrra upplýsinga sem skipta máli umfram það sem þegar hefur verið aflað með ærnum kostnaði og mikilli vinnu, meiri vinnu en nokkru sinni fyrr hefur verið lögð í slíkan undirbúning, meiri vinnu en þeir samfylkingarmenn sem þykjast nú vera á móti málinu ætluðu sér nokkurn tíma að leggja í undirbúning gagnvart þeirri virkjun sem þó átti að skaða umhverfið miklu meira en hér er gert.

Ég hygg að þegar menn átta sig á þeirri staðreynd að umhverfismatið hefur átt sér stað, þ.e. menn hafa rannsakað í þaula áhrif virkjana og lóna á alla þætti náttúrulífs, jafnt jurta- sem dýralífs, muni menn hugsa sinn gang á nýjan leik og átta sig á því að það er verið með ómerkilegum hætti af hálfu flokka, til að mynda sem geta ekki gert upp við sig meginþætti málsins, að slá ryki í augu almennings í landinu. Slíkir flokkar og slíkir talsmenn munu ekki fá traust, enda eiga þeir það ekki skilið. Þeir munu fá vantraust og eiga það skilið. Menn gera kröfu til þess að menn standi fyrir framan fólkið í landinu og segi skoðun sína á máli eins og þessu.

Það hefur verið nefnt í fyrr í umræðunni, ekki á þessum vettvangi nú, að slíkar framkvæmdir séu óheppilegar á þessum tíma vegna efnahagsástandsins. Það er ekki rétt. Þessi framkvæmd nú fellur ákaflega vel inn í efnahagskúrfuna sem við erum núna í. Það verður mikið fall á fjárfestingum í landinu akkúrat um þær mundir þegar þessar framkvæmdir eiga að hefjast. Það er því afar þýðingarmikið til að tryggja áframhaldandi efnahagsvöxt í landinu, áframhaldandi það sem menn hafa nefnt góðæri í nokkur ár í viðbót, 6, 7, 8 ár í viðbót og síðan þann efnahagslega ávinning sem þessum framkvæmdum fylgir, það er afar þýðingarmikið að þetta komi inn akkúrat á þessum tíma. Það fellur afar vel að efnahagskúrfunni sem þjóðin býr við um þessar mundir.

Ég er sannfærður um það að þessi virkjun og þessi framkvæmd eigi eftir að verða þjóðinni sem heild til góða. Allt efnahagslíf landsins á eftir að njóta góðs af framkvæmdinni. En auðvitað er það svo að Austurland sérstaklega mun njóta góðs af framkvæmdinni. Það er afar þýðingarmikið í mínum augum að sá stóri landsfjórðungur fái notið þessarar framkvæmdar. Það er alveg rétt að þó að virkjanir og uppbygging á orkufrekum iðnaði nýtist í þágu landsins alls þá hefur hann ekki síst á undanförnum árum byggt upp svæði í kringum höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið. Það hefur verið gagnrýnt af ýmsum talsmönnum landsbyggðarinnar og það með nokkrum rétti. Ég held þess vegna að það sé viðbótarávinningur fyrir þjóðina, fyrir samfelluna hjá þjóðinni og samheldni hennar að sú framkvæmd sem við erum að undirbúa hér skuli sérstaklega, með aðgengilegustum hætti, koma Austfirðingum til góða. Við sem viljum heilbrigða og

öfluga byggðastefnu í landinu eigum sérstaklega að fagna þeim þætti. Ég er einn af þeim sem vilja styðja og stuðla að öflugri byggðastefnu og vera trúverðugur í þeim efnum og þess vegna fagna ég sérstaklega þessar framkvæmd. (**SJS:** Þú hefur nú verið í aðstöðu til þess undanfarin ár.) Þakka þér fyrir það, Steingrímur.

[11:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þáltill. sú sem hér liggur fyrir er sögulegt plagg. Hvernig sem afgreiðsla hennar fer þá á hennar eftir að verða getið í annálum, fyrst og fremst vegna þess að með henni gerir hæstv. iðnrh. og í raun og veru ríkisstjórnin öll þá kröfu á Alþingi að það gegni hlutverki Skipulagsstofnunar, stofnunar sem lögum samkvæmt er ætlað það mikilvæga hlutverk að meta umhverfisáhrif stórframkvæmda sem gætu haft víðtæk áhrif á náttúru landsins.

En ekki síður fyrir það að nú er komið í ljós, samanber ummæli hæstv. iðnrh. í Ríkisútvarpinu í morgun, að henni er ætlað að vera sáttarhöndin, sáttarhönd í einhverju erfiðasta deilumáli sem íslenska þjóðin hefur staðið frammi fyrir síðustu áratugi. Hér er komin sáttin sem Framsfl. boðaði í kosningabaráttunni í vor að væri svo mikilvægt að næðist um Fljótsdalsvirkjun.

En ríkisstjórn Íslands hefur skellt skollaeyrum við háværum kröfum alls staðar að úr samfélaginu um að virkjunin fari hina lögformlegu leið og þannig ákveðið að sniðganga lögin um mat á umhverfisáhrifum með því að fela sig á bak við bráðabirgðaákvæði þeirra sem lögfræðinga greinir á um hvort standist og lýsa yfir vantrausti á Skipulagsstofnun. Þannig er það til komið að alþingismenn sitja nú með skýrslu eina mikla sem Landsvirkjun hefur látið útbúa og er í eðli sínu frummatsskýrsla, ágætlega til þess fallin að fara í það ferli sem lögunum um mat á umhverfisáhrifum er ætlað að marka. Það ferli er afar mikilvægt fyrir stjórnvöld, framkvæmdaaðila og þjóðina alla, ekki síst þegar fyrir dyrum standa óafturkræf spjöll á náttúruperlum í fremstu röð á íslenskan sem alþjóðlegan mælikvarða.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur skýra stefnu í umhverfismálum. Þingflokkurinn hefur á þeim fáu vikum sem liðnar eru af þinginu lagt fram fjölda mála sem tengjast sýn okkar á hagsælt líf þjóðarinnar þar sem lögð er áhersla á sjálfbæra þróun sem byggir á lifandi samskiptum og sátt manns og náttúru og því sjónarmiði hafnað að maðurinn sé herra jarðarinnar heldur sé okkur skylt að sýna landinu og náttúrunni allri virðingu og umgangast hana þannig að ekki séu skertir möguleikar komandi kynslóðar til að njóta gæða hennar. Með öðrum orðum höfum við hvatt til þess að sjálfbær þróun verði höfð að leiðarljósi í stefnumörkun okkar til framtíðar.

Sjálfbær þróun er þannig skilgreind í frægri skýrslu sem kennd er við Gro Harlem Brundtland og kom út árið 1987, með leyfi forseta:

„Sjálfbær þróun er sú þróun lífs á jörðinni sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að ryra möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum."

Sjálfbær þróun er lykilorð í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þannig höfum við lagt áherslu á að mótuð verði stefna til framtíðar, ekki hvað síst í orkumálum. Ég hef nýlega mælt fyrir tillögu um sjálfbæra orkustefnu þar sem inntakið er hlífð við landið, byggð á víðtæku mati og hagnýtingu orkulinda lands okkar með það ekki síst að markmiði að þjóðinni gefist kostur á að leysa jarðefnaeldsneyti af hólmi með vistvænum orkugjöfum. Með því má ásamt ýmsum öðrum jákvæðum aðferðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem ógna nú jafnvægi í lofthjúpi og víða í vistkerfum jarðarinnar og geta haft víðtæk og vægast sagt hörmuleg áhrif í nánustu framtíð og eru þau áhrif raunar þegar orðin svo merkjanleg og svo ógnvekjandi að menn víkja sér undan því að horfast í augu við þau.

Í ótal fyrirspurnum höfum við lagt áherslu á þá stefnu okkar að staðfesta beri Kyoto-bókunina um takmörkun losunar gróðurhúsalofttegunda. En svo sem kunnugt er mun stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar kollvarpa öllum slíkum áformum. Umhverfisráðherra Finnlands telur Kyoto-bókunina metnaðarfyllsta milliríkjasamning sem gerður hefur verið í þeim tilgangi að varðveita lífheiminn fyrir komandi kynslóðir en íslenska ríkisstjórnin hefur ekki áhyggjur af lífsmöguleikum komandi kynslóða.

Virðulegi forseti. Þáltill. sú sem hér liggur fyrir gefur að sögn hæstv. iðnrh. gott tækifæri til að líta heildstætt á málið og kryfja það til mergjar. Það skulum við gera, líta heildstætt á þetta mál.

Virðulegi forseti. Hvers konar framkvæmd er það sem hér liggur fyrir að hrint verði af stokkum? Jú, 480 þús. tonna álverksmiðja skal reist á Reyðarfirði. Bíðum nú við, hvað þýðir það? Hversu stór er 480 þús. tonna álverksmiðja? Hún er nákvæmlega þrisvar sinnum stærri en álverksmiðjan í Straumsvík eftir að hún var stækkuð um helming. Álverksmiðjan í Straumsvík hefur 160 þús. tonna framleiðslugetu á ári. Verksmiðjan á Reyðarfirði á að vera þrisvar sinnum stærri. Til hennar þarf að afla rafmagns og ekki neins smáræðis heldur er gert ráð fyrir að virkja þurfi nánast öll jökulvötn norðan Vatnajökuls, reisa virkjanir með uppistöðulónum sem sökkva tugum ferkílómetra gróins lands undir jökulvatn á fjórum stöðum auk einnar jarðvarmavirkjunar í Bjarnarflagi. Það er gert ráð fyrir virkjunum með hátt í 1.500 megavatta afli eða samtals 7 teravattstunda framleiðslu á ári. Það er, virðulegi forseti, nokkurn veginn jafnmikil raforka og við öflum í dag með öllum okkar virkjunum til allra okkar almenningsveitna og allrar þeirrar stóriðju sem til er í landinu í dag.

Þessari framkvæmd fylgja óhjákvæmilega línulagnir og það þarf ekki að hafa mörg orð um stærð og fyrirferð þeirra lína þegar haft er í huga að hér er um að ræða línur sem þurfa að flytja jafnmikið rafmagn og framleitt er á landinu öllu í dag. Þetta eru nákvæmlega jafnumfangsmiklar og erfiðar línur og mannvirki og fyrirhugað var að reisa yfir Ódáðahraun þegar til umræðu var álverksmiðja á Keilisnesi.

Framkvæmdinni fylgir líka vegagerð, hafnargerð, brúarframkvæmdir og byggingar. Fyrir hana þarf að dýpka Lagarfljót, slétta út nokkra hólma og sker, reka niður stálþil hér og þar við árbakka fljótsins, bora aðrennslisgöng og frárennslisgöng í kílómetratali og milljón rúmmetrum verður smurt yfir sögusvið Hrafnkelssögu. Svo þarf að byggja ný hverfi, nýja íbúðabyggð, trúlega á nokkrum stöðum á Austurlandi, með skólum og þjónustustofnunum af ýmsu tagi, byggja upp vegi og gera kannski nokkur jarðgöng. Þetta er gróft yfirlit yfir framkvæmdina sem stendur fyrir dyrum.

Hæstv. iðnrh. vill að alþingismönnum sé gefinn sá kostur að líta heildstætt á málið. Það skulum við þá líka gera, virðulegi forseti, ef eitthvert vit er í okkur, að líta heildstætt á málin og setja alla þætti framkvæmdarinnar í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum, enda allir þættir framkvæmdarinnar þess eðlis að þeir eru háðir slíku mati.

Það er líka kúnstugt svo ekki sé meira sagt að hæstv. iðnrh. skuli beita þessari aðferð við afgreiðslu lítils hluta þessarar risaframkvæmdar í ljósi þess að frummatsskýrsla álversins liggur nú fyrir og er í matsferli. Þar er ekki bara verið að meta fyrsta áfanga álversins, ónei, heldur allan pakkann, 480 þús. tonna álbræðslu. Boðað hefur verið að línulagnirnar, a.m.k. að einhverjum hluta, komi til kynningar innan skamms og þá spyr ég: Hvers vegna ekki að horfa heildstætt í málin í alvöru og setja alla framkvæmdina í mat? Markmið laganna um mat á umhverfisáhrifum er hreinlega þannig.

Það sem er meira virði, virðulegi forseti, er að í drögum að frv. til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum sem kynnt voru fyrir ári síðan og boðað er að komi fyrir þingið í endanlegu frv. á næstu vikum er hnykkt á þeim skilningi sem ég hef lýst. Í þeim drögum segir í skýringarkafla, með leyfi forseta:

„Í 5. gr. er ráðherra veitt heimild til að ákveða að hægt verði að meta umhverfisáhrif framkvæmda sameiginlega í þeim tilvikum að fleiri en ein matskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði."

Lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, átti strax að endurskoða til að tryggja að markmiðum laganna yrði náð. Um það hafa stjórnvöld svikist. Þess í stað hafa þau lengt líftíma bráðabirgðaákvæðis II í lögunum meðvitað og hleypt hverri stórframkvæmdinni á fætur annarri fram hjá mati í skjóli þess ákvæðis sem sannarlega var aldrei ætlað að tryggja annað en að nokkrir vegir yrðu lagðir og nokkrar brýr byggðar sumarið 1993.

Hæstv. forsrh. segir að lögin um mat á umhverfisáhrifum séu lítið annað en kortlagning. Ég mótmæli því. Hér er um faglegt mat færustu sérfræðinga að ræða sem fær formlega og lýðræðislega umfjöllun með formlegri heimild almennings með umsagnarrétti á málinu.

Annað vil ég nefna, herra forseti, sem styður þá kröfu að litið verði heildstætt á málin en fyrirhuguð er rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um virkjanir og virkjanakosti framtíðarinnar. Vinna við þá rammaáætlun er farin af stað og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa gagnrýnt að hún skuli á forræði iðnrh. en ekki umhvrh., en látum það vera. Rammaáætlunin er tvímælalaust af hinu góða og bráðnauðsynleg. Henni er ætlað að leggja mat á virkjanakosti út frá ýmsum sjónarmiðum og forgangsraða þeim að sögn hæstv. iðnrh., m.a. í þeim tilgangi að forðast deilur á borð við þær sem staðið hafa yfir um alllangt skeið vegna Fljótsdalsvirkjunar. Gott og vel.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að allir helstu náttúrufarsþættir verði metnir auk samfélagsþáttanna og gert ráð fyrir þátttöku hagsmunaaðila. Það má eiginlega segja að hér verði um að ræða heljarmikið frummat virkjanakosta á landsvísu sem er í alla staði skynsamleg ráðstöfun. Hún býður upp á meðvitaða framtíðarsýn, er gert að leggja mat á hagræna þætti og hana virðist eiga að framkvæma mjög lýðræðislega. Þó er vægi verkfræðinga í verkefnisstjórninni raunar fullmikið fyrir minn smekk og gagnrýnivert. Sömuleiðis eiga stórir hagsmunaaðilar á borð við Samtök sveitarfélaga á Austurlandi sæti í nefndinni en látum það allt liggja á milli hluta. Með rammaáætluninni yrði til svigrúm til að vega og meta ólíka virkjanakosti, svigrúm til að velja og hafna. Þar að auki verður með henni aukið við þekkingu okkar á náttúrufari landsins og jafnvel mætti hugsa sér að þar skapaðist auðlind, hugsanlega gagnagrunnur um náttúru Íslands sem nýst gæti nemendum og kennurum á öllum skólastigum, sem og fræðimönnum innlendum sem erlendum. Líklega sjá allir endalausa möguleika með slíkri hugmynd.

Þetta er allt hið besta mál en þó er einn hængur á: Fljótsdalsvirkjun á ekki að vera með. Hún á ekki að tilheyra virkjanakostunum sem verða metnir í rammaáætluninni. Ég spyr hæstv. iðnrh. og raunar ríkisstjórnina alla: Sjáið þið ekki hvað þetta er fjarstæðukennt? Sjáið þið ekki að þetta er storkun við þjóðina og þann mikla fjölda sem krefst þess að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum? Varðandi alla þessa orku sem setja á í eina álbræðsluhlussu á Austurlandi, finnst ykkur ekkert athugavert við að binda þannig kannski $^{3}/_{4}$ hluta allrar raforku sem framleidd er og seld á Íslandi við afskaplega sveiflukennt heimsmarkaðsverð á áli? Er þetta góð búmennska? Það finnst ekki þeim hagfræðingum sem hafa tjáð sig um málin að undanförnu.

Vissulega hefur það sín áhrif að hver hagfræðingurinn á fætur öðrum sér ástæðu til að skrifa miklar greinar um blekkingar Landsvirkjunar varðandi hagkvæmni raforkusölu til stóriðju. Ríkisstjórnin hefur ekki gert marktækar til tilraunir til að svara þeim hagfræðingum með haldbærum rökum. Hér er ekki um neina tyggjópeninga að ræða. Hér er um að ræða tilgátur um tap á upp á 13–22 milljarða á Fljótsdalsvirkjun einni. Hæstv. iðnrh. svarar einungis með skætingi ef hann svarar þá einhverju, eins og sjá mátti á síðum Morgunblaðsins 25. nóvember 1998. Ætlar ríkisstjórnin ekki að svara því neinu að samkvæmt útreikningum hagfræðinga virðist hvert ársverk í álverinu eiga að kosta skattborgarana 55 millj. kr.?

Herra forseti. Á þeim tíma sem hér er til umráða hef ég ekki tækifæri til að fara í smáatriðum ofan í skýrslu þá sem hér er lögð fyrir. Eitt af því sem ríkisstjórnin og Landsvirkjun hafa hangið á, eins og hundar á roði segja sumir, er virkjunarleyfið sem gefið var út af Jóni Sigurðssyni þáv. iðnrh. árið 1991. Leyfið er fjarskalega umdeilt og að mati sumra lögfræðinga stenst það ekki lög. Það raunar ekki nema hluti af formlegum leyfum sem þarf og hefur alla tíð þurft lögum samkvæmt til að reisa mannvirki á borð við þau sem hér um ræðir. Leyfið kveður á um ákveðna stærð Fljótsdalsvirkjunar. Vörn Landsvirkjunar, í ströggli sínu við að undanskilja virkjunina lögformlegu mati, gengur m.a. út á að leyfið sé til staðar og meðan tilhögun virkjunarinnar sé óbreytt þurfi ekki að endurnýja leyfið. Herra forseti, þetta er firra því að skýrsla sú sem nú liggur fyrir tíundar hverja breytinguna á fætur annarri á tilhögun virkjunarinnar frá því sem áætlanir ársins 1991 gengu út á.

Bara til að nefna nokkur atriði er getið um breytingar aðkomuganga á bls. 24 og 25. Þar eru tíundaðar breytingar á staðsetningu stöðvarhúss, breyting á frárennslisgöngum og á næstu síðum breytingar á tengivirki, breytingar á Hafursárveitu, breytingar á Hölknárveitu að ógleymdri Hraunárveitu sem, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á, hefur ýmist verið á borðinu eða ekki og er sjálfstæður virkjunarkostur sem þarf að lúta reglum um umhverfismat. Ekki er heldur búið að ákveða hvenær Sauðárveita verður hönnuð og svona mætti lengi telja. Allar þessar breytingar, virðulegi forseti, og fleiri sem skýrslan greinir frá gera að verkum að hér er til umfjöllunar allt önnur virkjun en sú sem gefið var út leyfi fyrir fyrir tæpum áratug. Allar breytingar frá þeirri útfærslu gera það að verkum að virkjunina ber að senda í lögformlegt matsferli. Þannig eru lögin í landinu, samþykkt af löggjafarsamkundunni árið 1993.

Herra forseti. Hver eru rök hæstv. ríkisstjórnar og Landsvirkjunar er þetta varðar? Jú, allar breytingar sem gerðar hafa verið á tilhögun virkjunarinnar eru til bóta. Heyr á endemi. Hvað segir það um skilning hæstv. ríkisstjórnar á lögunum um mat á umhverfisáhrifum, að umhverfismat beri einungis að framkvæma ef spaðaásinn er í kortunum? Ber einungis að framkvæma umhverfismat ef eitthvað neikvætt eða skaðlegt er á teikniborðinu? Þetta stangast á við markmið laganna og það er hryggilegt til þess að vita að þjóðin skuli búa við ríkisstjórn sem fer fram með þessu offorsi með svona kirfilega bundið fyrir augun.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gera þá kröfu á hæstv. *ríkisstjórn að þessi mál* verði tekin til endurskoðunar í heild sinni. Að okkar mati er lífsnauðsynlegt að ekki verði ráðstafað meiri raforku til stóriðju eða orkufreks iðnaðar fyrr en búið er að marka stefnu til frambúðar. Vissulega berum við þá von í brjósti að sú stefna komi til með að lúta lögmálum sjálfbærrar þróunar eins og fram kemur í þáltill. okkar um sjálfbæra orkustefnu. Við gerum okkur vonir um að í framtíðinni verði ekki ráðist í framkvæmdir af þessu tagi nema allir þættir málsins séu skoðaðir sem ein heild. Við gerum okkur vonir um að að því komi að ákvæði verði bætt við lögin um mat á umhverfisáhrifum, ákvæði um að framkvæmdir skuli gangast undir arðsemismat. Það er í raun sjálfsagt mál og hreint út sagt undarlegt að *ríkisstjórnin* skuli ekki hafa beitt sér fyrir því að slíkt mat sé gert vegna þeirra framkvæmda sem við höfum nú til skoðunar.

Við sjáum í hillingum þá tíma þegar hagkvæmni þess að virkja ekki verður reiknuð út af okkar færustu reiknimeisturum og okkur sýnt fram á það með óyggjandi rökum að einmitt það að virkja ekki geti borgað sig. Eða gera menn sér grein fyrir því hversu lengi kröfunni um friðun Eyjabakka og Snæfellssvæðisins hefur verið haldið á lofti? Það eru a.m.k. 25 ár, sennilega þó nær 30, síðan Náttúruvernd ríkisins setti Eyjabakka, Vestur-Öræfi og Snæfellssvæðið allt á náttúruminjaskrá í þeim tilgangi að ná fram friðlýsingu. Jafnlangt er síðan Náttúruverndarsamtök Austurlands hófu á loft hugmyndir um Snæfellsþjóðgarð. Það er synd og skömm að vita til að Landsvirkjun hafi á sínum tíma beinlínis komið í veg fyrir friðlýsingu svæðisins. Þá náðist ekki að friðlýsa Vestur-Öræfi heldur einungis Kringilsárrana, sem er mikilvægt burðarsvæði hreindýra, og jafnvel hann á að skerða núna með áformum um Kárahnúkavirkjun og Hálslón. Svona hefur ítrekað verið troðið á náttúruverndarsjónarmiðum gegnum tíðina. Menn sjást ekki fyrir í aðferðum sínum og hroka og það hefur náttúruvernd og náttúruverndarsinnar *mátt þola*.

Herra forseti. Okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefur verið legið á hálsi fyrir það að við séum „fúl á móti“, á móti öllu. Hæstv. utanrrh. heldur því meira að segja fram að við séum á móti framtíðinni. Það er ekki rétt. Við sjáum bara fyrir okkur annars konar framtíð en hann og hæstv. ríkisstjórn. Við viljum friða Eyjabakkana og stofna þjóðgarð um Snæfellssvæðið. Við trúum því að vistvæn ferðaþjónusta á forsendum náttúru og menningar í landinu eigi eftir að skaffa okkur andlegan og veraldlegan auð til frambúðar. Við sjáum fyrir okkur vistvænan hátækniiðnað í nánu sambýli við náttúru landsins og menningu á háu stigi með fræðasetrum og söfnum, leikfélögum og kórum, vísindamönnum úr öllum greinum vísindanna. Okkar boðskapur hefur verið sá að nauðsynlegt sé að hægja á því gönuhlaupi sem stjórnvöld standa hér fyrir meðan menn eru að ná áttum og leita sátta um leikreglur og næstu skref.

[12:01]

Bergljót Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hefur afstaða til stórra raforkuvera og orkufreks iðnaðar gjörbreyst. Áður var stóriðja lykilorðið og sú tilhugsun að hafa nokkur álver meðfram strandlengjunni þótti beinlínis notaleg. Stórhuga fólk sá Ísland fyrir sér sem athvarf helstu stóriðjuvera í heiminum. Stórhuga menn sáu einnig fyrir sér að þar sem Ísland er auðugt af vatnsföllum og fossum væri hér á landi ein af stærstu náttúruauðlindum í heiminum og jafnvel vænleg til *útflutnings*.

Stórhuga menn hafa ætlað sér margt á Íslandi, að virkja Dettifoss og selja Gullfoss og norðurljósin. Stjórnvöld þessa lands hafa líka verið stórhuga. Skemmst er að minnast þeirrar hugmyndar að hér væru ein bestu skilyrði í heiminum til refaræktar og þjóðin hreifst með. Stærsta refabú í heimi var byggt hér á landi en einhverjum úti í hinum stóra heimi datt í hug að mótmæla því að loðfeldir væru búnir til úr refaskinnum, heimsmarkaðsverð kolféll og stærsta refabú í heimi er nú væntanlega laust við refi norðan heiða.

Nú í lok 20. aldar eru umhverfismál eitt helsta baráttumál í heiminum og litrófið í þeim efnum æ fjölbreyttara og við verðum að taka afstöðu til umhverfismála, hvort sem okkur líkar betur eða *verr*.

Ríkisstjórnin hefur þegar sýnt hversu litla virðingu hún ber fyrir umhverfinu, t.d. þegar hún gerði íslensku þjóðina að athlægi á alþjóðlegum vettvangi með því að krefjast sérstakrar meðhöndlunar Íslands og veigrar sér við að gangast undir sömu skilyrði og aðrar þær þjóðir sem standa að Kyoto-sáttmálanum. Ríkisstjórnin telur að Ísland eigi einhvern mengunarkvóta og geti hafist handa við að vinna upp marga áratugi þar sem okkur tókst ekki að menga umhverfi okkar jafnmikið og öðrum umhverfissóðum.

Íslensk stjórnvöld einblína hins vegar á stóriðjuna. Stóriðjan á að bjarga fjárhagnum um aldir alda, tryggja öllum atvinnu og jafnvel halda uppi menningarlífi á fjarlægum stöðum ef marka á hástemmdar lýsingar ráðamanna. Það er nauðsynlegt að Íslendingar eigi samstarf við aðrar þjóðir sem bera hag náttúrunnar og framtíð mannkyns fyrir brjósti. Vatnsaflsvirkjanir þykja ekki eins góður kostur í dag og þær þóttu áður. Skýrsla Landsvirkjunar er viðamikil en ekki er hægt að ganga út frá henni sem lögformlegu umhverfismati, til þess hlýtur hún að vera of hlutdræg því að Landsvirkjun ætlar að stjórna virkjunarframkvæmdum og hverjum þykir sinn fugl fagur þó hann sé bæði ljótur og magur. En það *sýnir hversu stórhuga ríkisstjórnin* er að óskir um mat á umhverfisáhrifum eru afgreiddar sem of seint fram komnar. Ríkisstjórnin er búin að ákveða hvernig á að haga málum. Lög um umhverfismat voru ekki samþykkt fyrr en ríkisstjórnin var búin að ákveða sig og verður ekki aftur snúið. Ekki má skipta um skoðun. Hér á landi er það nefnilega höfuðsynd hjá íslenskum stjórnmálamönnum að skipta um skoðun. Það er kannski ekki hægt að lá þeim það að vera hræddir við slíkt því að þessari hefð viðhalda fréttamenn. Þeir hreinlega brjálast ef einhver stjórnmálamaður slysast til að skipta um skoðun og eru þeir sakaðir um vingulshátt og hagsmunapot. En hugsandi manni er eðlilegt að skipta um skoðun og vegna mats á umhverfisáhrifum er í raun nauðsynlegt fyrir stjórnmálamenn að skoða hug sinn vel. Það er ekki hægt að ríghalda í einhverja hugmynd sem kannski

var fengin árið 1955 eða 1976 ef forsendur hafa breyst og forsendur hafa breyst varðandi náttúruvernd og umhverfi í heiminum í dag. Allir Íslendingar hljóta að sætta sig við að þeir tilheyra samfélagi þjóðanna. Íslendingar ættu líka að vera mun gætnari varðandi umhverfismál en margar aðrar þjóðir vegna þess að landið okkar er ofurviðkvæmt og þolir illa hnjask.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. og einnig hæstv. iðnrh. hafa haldið því mjög á lofti að virkjun í Fljótsdal sé mikilvægasta byggðamál um áratuga skeið. Ef fólk er á móti Fljótsdalsvirkjun þá er það á móti því að sporna við landsbyggðarflóttanum. Þetta eru bæði ábyrgðarlaus og óviðeigandi rök. Með þessu er verið að etja saman landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu eins og það sé höfuðborgarbúum að kenna að flóttinn af landsbyggðinni er þvílíkur sem hann er. Það gleymist svo oft í þessari umræðu hve fá við erum og að hver íbúi þessa lands er mikilvægur. Það er mikið áhyggjuefni hve fólksflóttinn er mikill af landsbyggðinni, ekki síður fyrir höfuðborgarbúa en aðra landsmenn. En það er ekki hægt að rökstyðja það að mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar fari ekki fram vegna byggðaflótta.

Herra forseti. Í athugasemdum með till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun segir að bygging virkjunarinnar sé meginforsenda þess að unnt sé að sjá fyrirhuguðu álveri fyrir nægri orku eigi það að taka til starfa árið 2003. Þar segir líka að augljós áhrif á byggingartíma séu efling verktakastarfsemi, hærra þjónustustig á svæðinu og aukin vinna.

Ef þetta á fram að ganga er hætt við því að ríkisstjórnin þurfi einhvers staðar að fá undanþágur á Evrópusamþykktum því að hvaða verktaki sem er getur boðið í verkið og er hvorki skylt að búa á Austfjörðum né á Íslandi ef út í það er farið. Fljótsdalsvirkjun er auk þess svo langt inni í landi að það getur farið svo að kaffiterían á flugvellinum á Egilsstöðum væri eini aðilinn á Austfjörðum sem græddi eitthvað á þessum umsvifum. Það væri kannski þegar bygging við álverið sjálft hæfist að umsetning yrði einhver. Þó er það ekki víst því að auðvelt er að semja við birgða- og flutningafyrirtæki hvar sem er.

Reynslan sýndi það á Ísafirði þegar jarðgöngin voru byggð á sínum tíma að umsvif í bæjarfélaginu jukust ekki mikið. Nokkrir bæjarbúar unnu að vísu við gerð ganganna en vörubílstjórar og aðrir þungavinnuvélaeigendur tóku lítinn sem engan þátt í verkinu.

Í skýrslunni sem fylgdi þáltill. um framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun þar sem getið er um íbúaþróun kemur fram, með leyfi forseta: „Fjöldi ungra kvenna virðist yfirgefa svæðið. Þær hafa betri menntun en áður og bestu menntunarmöguleikarnir og flest atvinnutækifærin eru á suðvesturhorni landsins eða erlendis. Þetta hefur orðið meira áberandi síðustu 5–10 árin. Konur á aldrinum 20–24 ára flytja í mun ríkari mæli burt nú en eldri konur gerðu þegar þær voru á sama aldri."

Einnig er sagt, með leyfi forseta: „Fjöldi brottfluttra Austfirðinga, einkum fólk á aldrinum 18–30 ára, getur eflaust hugsað sér að flytja til baka ef áhugaverð og vel launuð störf bjóðast. Gróflega má áætla að um 350 manns á aldrinum 18–30 ára „vanti" í aldurspýramída Miðausturlands. Af þessari áætluðu tölu um brottflutta Austfirðinga eru u.þ.b. 60% konur og u.þ.b. 40% karlar."

Samkvæmt þessum upplýsingum er brottflutningur kvenna mun meiri en karla á Austfjörðum og það má leiða getum að því að svo muni vera um allt land. Væri þess vegna ekki nær að finna störf sem halda konum á landsbyggðinni? Og er þetta talað í fullri alvöru. Það er mikið vandamál hve konum hefur fækkað mjög á landsbyggðinni á undanförnum árum og atvinnutækifærin eru færri og tekjumöguleikar minni. Í skýrslunni með þáltill. segir einnig, með leyfi forseta:

„Ungar konur frá svæðinu sem giftar eru mönnum annars staðar frá og eiga e.t.v. lítil börn mundu hafa áhuga á að snúa til baka ef starf við hæfi biðist fyrir eiginmanninn ..."

Herra forseti. Hvers lags rök eru þetta? Er draumurinn um sæluríki í skjóli álvers svo langt kominn að búið er að ákveða kaup sem er langt fyrir ofan það sem hinn almenni launþegi í landinu býr við? Launakjör eru með þeim hætti hér á landi að varla er nóg fyrir heimili að hafa tvær fyrirvinnur. Og hvað eiga konurnar að gera? Því eins og fram hefur komið eru bestu menntunar- og atvinnumöguleikar á suðvesturhorninu og erlendis. Eiga konurnar að snúa við blaðinu og fara á „bak við eldavélarnar" eins og svo skemmtilega hefur verið komist að orði vegna þess að eiginmanninum býðst vinna við álver? (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) (**Gripið fram í:** Guðni.) Væri ekki nær að hugsa um atvinnumöguleika kvenna til að halda þeim á svæðinu?

Fyrir svo sem áratug gat kona fengið jafnvel sömu laun fyrir að vinna hálfan dag í fiski eins og fyrir fullan vinnudag á skrifstofu. Það er ekki þannig lengur. Þær vilja ekki vinna í fiski því að það er rétt hjá Íslandsvininum Friedman, fólk velur. Ef fólk vill vinna fyrir lágmarksupphæð, þá er eðlilegt að atvinnurekandi bjóði þau laun. Fólk hefur val, það er rétt, og fólkið velur. Það vill ekki vinna fyrir svo lág laun sem bjóðast í fiskvinnslunni í dag og jafnframt ótryggt atvinnuástand ef annað betra býðst. Þess vegna flytur fólk af landsbyggðinni í von um betri laun á höfuðborgarsvæðinu eins og stúlkur frá Eystrasaltslöndunum koma til Íslands og dansa á niðurlægjandi hátt fyrir viðskiptavini í von um betri kjör en heima fyrir. Hið frjálsa markaðskerfi hefur bæði kosti og galla.

Það væri nær að reynt væri að endurskoða hið meingallaða fiskveiðistjórnarkerfi okkar Íslendinga þannig að fiskvinnsla í landi bæri sig og hægt væri að veita atvinnuöryggi og sæmileg laun í byggðarlögum víðs vegar um landið. Fiskverkendur hafa hreinlega ekki efni á að borga hærra kaup og þeir hafa reyndar ekki efni á að reka fiskvinnslu í landi eigi þeir ekki því meiri kvóta. Fiskverð er orðið afar hátt, m.a. vegna kvótaframsalsins og er ekki nokkur leið að keppa við þá sem hafa fengið eignarréttinn á kvótanum. Kvótakerfið virðist einnig vera sá þáttur sem ekki má skipta um skoðun á heldur er reynt að lappa upp á það með vafasömum aðgerðum eins og byggðakvóta sem er eins og að losa skrúfu á einum stað í verkinu til að festa annars staðar. Breytingar á framsalsreglum og kvótaúthlutun þarf auðvitað að skoða vel, sérstaklega þar sem framsalið er orðið svo nátengt hlutabréfamarkaðinum og efnahagskerfinu að einstakrar aðgátar er þörf. En það þarf að hugsa fram í tímann í þessu eins og öðru og þá með tilliti til almennra hagsmuna og umhverfissjónarmiða.

Það er ómögulegt að festast í gömlum og úreltum sjónarmiðum. Miklar líkur eru t.d. á því að á næstu árum eða áratugum verði krafa um að dregið verði úr togveiðum almennt í heiminum og þurfum við að búa okkur undir að þau viðhorf verði ráðandi og hvernig Íslendingar ætli að bregðast við því. Samfara slíkri þróun má ætla að áherslan aukist á

fiskveiðar minni báta með kyrrstæð veiðarfæri. Það þarf því að skapa betri skilyrði fyrir minni báta, t.d. með sölu alls afla á fiskmarkaði. Þannig mun einnig skapast grundvöllur fyrir fiskvinnslu eða fullnaðarvinnslu á afurðum í landi.

Það sameiningaræði sem riðið hefur röftum á undanförnum árum í sjávarútvegi og fiskvinnslu hefur ekki skilað öðru en því að færri fyrirtæki verða sterkari og stöðugt meira fjármagn hefur farið úr greininni. Það er ekki eingöngu svo að fiskvinnan skapi atvinnu beint fyrir þá sem við hana vinna heldur eru ýmsir þjónustuaðilar og fyrirtæki tengd henni, svo sem viðhaldsverkstæði og framleiðendur á sviði nýsköpunar.

Herra forseti. Ekki er hægt að rökstyðja byggingu virkjunar og álvers með byggðastefnu til að afsaka það að fara ekki eftir umhverfissjónarmiðum. Landið er viðkvæmt í norðannepjunni og það er ágætt tækifæri fyrir stjórnvöld að staldra við og skoða hug sinn á árþúsundamótum. Það eru fleiri virkjunarmöguleikar til, svo sem vetnisorka og gufuorka og ekki er t.d. mikið fjallað um vindorku sem stöðugt er að ryðja sér til rúms í heiminum í dag. Vindorka er auðvitað ekki gallalaus fremur en aðrar orkuveitur en framfarir eru gríðarlegar á því sviði. Afkastageta vindorku hefur aukist mikið og kostnaður minnkað. Vindorka er talin til endurnýtanlegrar orku eins og sólarorka og vetnisorka. Menn eru jafnvel farnir að setja upp vindaflsvirkjanir á hafi úti í því skyni að draga úr sjónmengun og hávaða. Eins og allir Íslendingar hafa orðið varir við, þá er þetta stór auðlind á Íslandi þar sem óbeisluð orkan fýkur um allan ársins hring og stórhuga menn gætu jafnvel hugsað sér að selja til útflutnings þó auðvitað ætti að vara sig á slíku.

Það er í hæsta máta grunsamlegt hversu mikið á að hraða framkvæmdum í Fljótsdalsvirkjun. Mörgum atriðum er enn ósvarað og betra er að flýta sér hægt, hugsa alla möguleika og hafa kjark til að skipta um skoðun ef þörf krefur.

[12:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Málið sem við tökum nú til vinnslu er um margt flókið og vandmeðfarið. Með því að taka þetta mál á dagskrá eins og hér er gert gefst þingmönnum enn á ný tækifæri til að gera upp hug sinn til Fljótsdalsvirkjunar. Við ákvörðunina munu margir þættir togast á í hugum þingmanna, ítarleg gögn munu þó auðvelda ákvarðanatökuna, t.d. þau sem hv. þm. hafa fengið um umhverfisrannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar. Ekki mun ég gera þær rannsóknir að sérstöku umtalsefni hér í knöppu formi heldur fara nokkrum orðum yfir samspil Fljótsdalsvirkjunar við lög um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög.

Frv. til laga um umhverfismat var lagt fyrir Alþingi á 116. löggjafarþingi af þáv. umhvrh. og tók frv. miklum breytingum í meðförum þingsins. M.a. kom inn ákvæði til bráðabirgða II samkvæmt tillögu umhvn. og heiti laganna var breytt í lög um mat á umhverfisáhrifum. Ákvæði til bráðabirgða II í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, mælir fyrir um undanþágu frá þeirri skyldu sem kemur fram í 5. gr. laganna um hvaða framkvæmdir beri að setja í mat á umhverfisáhrifum, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum."

Í fyrrgreindu ákvæði til bráðabirgða II felst í fyrsta lagi áréttíng á þeirri rótgrónu lögskýringarreglu að lögum verður ekki beitt á afturvirkt nema þau sjálf mæli svo, enda sé slíkt ákvæði þegnunum óhagstætt. Viðhorfið felur í sér að í vafatilvikum mundi lögum ekki verða beitt á afturvirkt. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er hvergi kveðið á um að þau skuli vera afturvirk. Þvert á móti er áréttað með ofangreindu ákvæði til bráðabirgða II að lögin séu það ekki.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, er ekki kveðið á um hvers konar leyfi veiti undanþágu frá því að framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum, sbr. ákvæði til bráðabirgða II og það sem áður segir um framkvæmdir sem leyfi höfðu fyrir gildistöku laganna um mat á umhverfisáhrifum. Enginn vafi er á að það sé á valdsviði umhvrh. eða dómstóla eftir atvikum að skera úr um hvort leyfi í skilningi bráðabirgðaákvæðis II sé fyrir hendi eður ei. Um þetta hafa fallið dómar svo sem dómur Evrópudómstólsins í máli nr. 781/1996.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, markast miðhálendi Íslands af línu sem mótuð var við gerð svæðisskipulags miðhálendisins af sérstakri samvinnunefnd sem skipuð var samkvæmt heimild í bráðabirgðaákvæði samkvæmt 1. gr. laga nr. 73/1993. Samvinnunefnd um skipulag miðhálendisins skilaði tillögum til Skipulagsstofnunar þann 23. nóv. 1998. Í tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins er gert ráð fyrir fyrirhuguðu Eyjabakkalóni og segir í greinargerð með svæðisskipulagstillögunni að Fljótsdalsvirkjun sé heimiluð með lögum frá árinu 1981 og leyfi ráðherra hafi verið veitt fyrir virkjuninni fyrir 1. maí 1994. Virkjunin sé því einungis matsskyld ef um breytingar sé að ræða frá upphaflegum áætlunum.

Í greinargerð Skipulagsstofnunar sem fylgdi með tillögu til ráðherra um að hann staðfesti tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands er tekið fram að allar virkjanir sem tilgreindar eru í tillögu samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins séu háðar mati á umhverfisáhrifum „utan virkjunar Jökulsár á Fljótsdal, sem hefur lagaheimild og virkjanaleyfi, útgefið fyrir gildistöku laga um mat á umhverfisáhrifum".

Þann 10. maí 1999 staðfesti umhvrh. svæðisskipulag miðhálendis Íslands til 2015 og staðfesti þar með það álit samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands og Skipulagsstofnunar, að Fljótsdalsvirkjun sé heimiluð með lögum frá árinu 1980 og leyfi ráðherra hafi verið veitt fyrir virkjuninni fyrir 1. maí 1994. Virkjunin sé því einungis matsskyld ef um breytingar sé að ræða frá upphaflegum áætlunum og það er afar brýnt, herra forseti, að þingheimur átti sig á þessu.

Með skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, voru felld úr gildi eldri skipulagslög, nr. 19/1964, og byggingarlög, nr. 54/1978. Í 9. gr. laganna segir:

„Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir."

Í 1. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga segir:

„Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir IV. kafla laganna nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar."

2. mgr. 43. gr. er svohljóðandi:

„Framkvæmdir skv. 1. mgr. skulu vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag."

Í 2. mgr. 36. gr. er kveðið á um undanþágur frá ákvæðum um byggingarleyfi:

„Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdar á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérlögum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir."

Skv. 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða skipulags- og byggingarlaga skulu öll sveitarfélög hafa gert aðalskipulag að liðnum tíu árum frá gildistöku laganna eða 1. jan. árið 2008. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps liggur ekki fyrir en þegar framkvæmdir hófust við Fljótsdalsvirkjun árið 1991 giltu lög nr. 19/1964, sem eins og áður sagði kváðu einungis á um skyldu til að skipuleggja byggðan hluta sveitarfélags. Í 2. mgr. 5. gr. skipulagslaganna, nr. 19/1964, sagði að ef ekki væri fyrirliggjandi staðfestur skipulagsuppdráttur af sveitarfélagi eða hluta þess gat sveitarstjórn að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar leyft einstakar byggingarframkvæmdir. 3. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum byggir á 2. mgr. 5. gr. eldri skipulagslaga en 3. töluliður ákvæðis til bráðabirgða í núgildandi skipulags- og byggingarlögum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn getur án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt og er unnt að binda slíkt leyfi tilteknum skilyrðum. Heimilt er að vísa niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi slíkt erindi til úrskurðarnefndar, sbr. 8. gr."

Eins og fram kemur í þáltill. hæstv. iðnrh. sótti Landsvirkjun þann 14. nóv. 1990 um leyfi til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps í samráði við Skipulag ríkisins og óskaði eftir að hreppsnefndin leyfði byggingu Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. skipulagslaganna. Sveitarstjórn frestaði að taka afstöðu til þessarar beiðni. Landsvirkjun ítrekaði beiðnina um leyfi til Fljótsdalsvirkjunar á grundvelli 2. mgr. 5. gr. þágildandi skipulagslaga árið 1992. Sveitarstjórn hefur enn ekki tekið endanlega afstöðu til málsins og liggur því fyrrgreind umsókn hjá hreppsnefnd Fljótsdalshrepps og bíður afgreiðslu. Samkvæmt heimildum ráðuneytisins mun Landsvirkjun ætla að ítreka fyrrgreinda umsókn varðandi virkjunina til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps með vísun til 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í núgildandi skipulags- og byggingarlögum.

Skipulagsstofnun hefur nú þegar, samanber greinargerð stofnunarinnar við tillögu til ráðherra um staðfestingu svæðisskipulags miðhálendis Íslands, tekið fram að Fljótsdalsvirkjun sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar er ljóst að byggingarleyfi þarf vegna húsbygginga sem tengjast munu virkjuninni. Aðalskipulag fyrir Fljótsdalshrepp liggur ekki fyrir en verið er að vinna að svæðisskipulagi héraðssvæðis sem mun ná yfir Norður-Hérað, Fellahrepp, Fljótsdalshrepp, Austur-Hérað og Borgarfjörð eystri, neðan markalínu svæðisskipulags miðhálendisins. Áætlað er að skipulagsvinnunni verði lokið um mitt árið 2000. Ráðuneytið hefur fengið þær upplýsingar að hafin sé vinna við gerð deiliskipulags fyrir þann hluta Fljótsdalshrepps þar sem sem húsbyggingar tengdar virkjuninni munu staðsettar.

Virðulegur forseti. Almennt má segja að mat á umhverfisáhrifum feli í sér mat á áhrifum framkvæmda á náttúru og samfélag manna. Því er nauðsynlegt að meta í heild áhrif framkvæmda og vega og meta kosti og galla. Þetta er afar flókið og mun örugglega reyna verulega á þolrif allra þingmanna. Segja má að gallinn við Fljótsdalsvirkjun sé sá að umhverfisáhrif, þ.e. áhrif á náttúrufarsþætti séu greinileg. Sérstakt búsvæði dýra og plantna sem menn nota m.a. til útivistar fer undir vatn.

Kostirnir við framkvæmdina eru jákvæð umhverfisáhrif, þ.e. áhrif á efnahagslíf í landinu og á byggð á Austurlandi. Þessa kosti og galla verða hv. þm. að vega og meta hver fyrir sig. Hins vegar er alveg ljóst að Alþingi hefur nú þegar mótað stefnu sína, hefur leyft Fljótsdalsvirkjun án umhverfismats. Um það er ekki hægt að deila að mínu mati. En það er virðingarvert að við skulum samt taka þetta mál hér upp til umræðu, þar sem um það ríkja deilur í þjóðfélaginu. Núna geta því hv. þm. notað þann tíma sem þeir telja að þeir þurfi, bæði í iðnn. og umhvn., til að fara yfir meginþætti málsins og gera upp hug sinn enn á ný.

[12:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég verði að segja að þetta er einhver aumasta ræða sem ég hef heyrt flutta hér á Alþingi. Að þetta skyldi vera umhvrh. íslenska lýðveldisins sem stóð sig svona í stykkinu fyrir málstað sinn var dapurlegt. Einna lægst lagðist hæstv. umhvrh. fannst mér þegar hún vitnaði í afgreiðslu á skipulagstillögum miðhálendisins máli sínu til stuðnings, þ.e. um að Fljótsdalsvirkjun væri ekki matsskyld, en sleppti því að nefna að í sömu tillögum að skipulagi miðhálendisins er fyrirvari af hálfu þeirra sem það unnu, um Fljótsdalsvirkjun og miðlunarlón á Eyjabökkum. Að sjálfsögðu sleppti hæstv. umhvrh. því einnig að geta viðhorfa forvera síns sem fór með embættið á þeim tíma að þessi mál voru þar til umfjöllunar og afgreiðslu.

Hér fór fram, herra forseti, samfelld varnarræða hæstv. umhvrh. en undir hana heyra lögin um mat á umhverfisáhrifum og jafnframt skipulagsstjóri. Hæstv. umhvrh. fór með samfellda varnarræðu fyrir því að ýta hinni lögbundnu aðferð til hliðar og gera ekkert með hana. Í raun var um það að ræða að ráðherrann tók einhliða afstöðu með aðferðum sem ríkisstjórnin er að þvinga fram og brást algjörlega því lögbundna ferli og þeim embættismönnum og þeim stofnunum sem undir hæstv. ráðherra heyra. Að lokum beit hæstv. umhvrh. þó höfuðið af skömminni þegar hún færði fram þakkir fyrir að Alþingi skyldi fjalla um málið. Það er virðingarvert, sagði hæstv. ráðherra, að Alþingi skuli fá að fjalla um þetta.

Er sú virðing ætluð hæstv. iðnrh. fyrir það að leggja fram það sýndarplagg sem þessi þáltill. hans er? Nei heyr á endemi, herra forseti.

[12:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, mér þykir virðingarvert að við skulum leggja hér fram sérstaka þáltill. til að þingheimur fái tækifæri til að endurskoða hug sinn. Ég held að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni veiti ekki af slíkri endurskoðun. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon samþykkti þessa virkjun hér áður fyrr.

Hv. þm. sagði að ég hefði ekki minnst á skoðanir forvera míns, Guðmundar Bjarnasonar, þáverandi umhvrh. Það er rétt og jafnframt það sem hér kom fram áður að hann sagði opinberlega að hann teldi að þessi virkjun ætti að fara í lögformlegt umhverfismat. En hún er ekki í lögformlegu umhverfismati, alls ekki. Hvað varð um þessar skoðanir? Þær náðu ekki fram að ganga.

Hins vegar sagði ég: Þann 10. maí 1999 staðfesti umhvrh. svæðisskipulag miðhálendis Íslands til 2015 og staðfesti þar

með álit samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendis Íslands og Skipulagsstofnunar, að Fljótsdalsvirkjun sé heimiluð með lögum frá árinu 1981 og að leyfi ráðherra hafi verið veitt fyrir virkjuninni fyrir 1. maí 1994. Þetta staðfesti fyrrv. umhvrh. Ég ætla því rétt að vona að þetta sé mjög skýrt fyrir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar hann dregur fyrrv. umhvrh. inn í þessa umræðu.

Ég skil mætavel að hv. þm. sé gapandi hissa yfir því að ég taki afstöðu með ríkisstjórninni. Ég skil það í ljósi alls *málflutnings* hans. *Sá málflutningur er bara hringavitleysa.* Að sjálfsögðu styð ég málflutning ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Hvaða málstað ætti ég annars að styðja? (**Gripið fram í:** Eigin sannfæringu.) (*Gripið fram í.*) Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði á sínum tíma.

[12:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum farið yfir söguna í þessum málum við tækifæri. Það er alveg sjálfsagt að ræða hana. Ef það eru öflugustu rök talsmanna ríkisstjórnarinnar, sem mér heyrist reyndar vera, að sækja sér atburði aftur í söguna, 17–19 ár aftur í tímann, eins og síðan hafi ekkert gerst, þá dæmir sá málatilbúnaður sig sjálfur og þarf ekki að hafa um hann frekari orð.

Herra forseti. Það þarf ekki til sýndarmennskutillögu frá iðnrh. til þess að sniðganga umhvn. Til umfjöllunar í umhvn. er tillaga um prinsippákvörðunina í þessu máli, þ.e. hvort að virkjun í Fljótsdal eigi að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Sú tillaga er langt komin í vinnslu í þeirri nefnd. Ég sé ekki að neitt sé því til fyrirstöðu að taka hana þaðan og afgreiða hér. Það þarf ekki að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að koma með þennan ótrúlega málflutning inn á þingið þegar fyrir hefur legið um margra vikna skeið tillaga sem eðlilegast er að Alþingi taki af skarið um. Að sjálfsögðu á að vinna þessi mál þar og grundvallarákvörðunin á að takast í því samhengi, hvort menn vilja að lögum og aðferðafræði eins og það stendur núna sé fylgt eða ekki.

Það sem mér fannst svakalegast í málflutningi hæstv. umhvrh. var að ekki virtist votta fyrir neinum efasemdum eða óánægju, ekki einu sinni eftirsjá eftir því af hálfu hæstv. umhvrh. að málin væru unnin samkvæmt lögum og aðferðafræði þess ráðuneytis sem hún á að heita í forsvari fyrir. Er það virkilega þannig að hæstv. umhvrh. lýðveldisins sjái ekkert að því að lögum um mat á umhverfisáhrifum sé ýtt til hliðar, að skipulagsstjóri og hans embætti sé hafður að engu, að umhvn. Alþingis sé lítilsvirt og í raun þingræðið og eðlilegur framgangsmáti þar með? Af því að hæstv. ráðherra styður ríkisstjórnina, þá er það allt í lagi.

[12:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það voru ekki mín orð að tillaga hæstv. iðnrh. væri sýndartillaga, alls ekki. Ég tel þessa tillögu mjög eðlilega. Ég tel eðlilegt að taka hana fyrir á hinu háa Alþingi. Segja má að við hefðum alveg eins getað sleppt því. Öll leyfi liggja fyrir og það þarf ekki að taka málið fyrir. Það hefði verið hægt að fara í framkvæmdir án þess. Mér finnst virðingarvert að ríkisstjórnin skuli eigi að síður taka málið til umfjöllunar með þessum hætti. Það þykir mér eðlilegt. Þetta er mál ríkisstjórnarinnar. Þó að hæstv. iðnrh. leggi málið fyrir, þá er þetta að sjálfsögðuð mál ríkisstjórnarinnar.

Sjálfstfl. stendur að þessu máli alveg eins og Framsfl. Við stöndum að málinu í þeim anda sem Alþingi gerði á sínum tíma, þegar m.a. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók afstöðu í málinu. Það má benda á að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði skoðanir á þessu máli áður fyrr. (**SJS:** Hvaða skoðanir hafði Jón Sigurðsson?) Þá sagði hv. þm. í blaðagrein að hann teldi bæði Eyjafjörð og Keilisnes óheppilega kosti í álversmálinu. Hann benti á Austurland sem heppilegan landshluta. Þetta er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem ætlar væntanlega að halda áfram í pólitík og fara í framboð, væntanlega í nýju kjördæmi sem nær yfir Austurland. Hann hafði þá skoðun áður fyrr, árið 1990 er mér sagt, að Austurlandi væri heppilegur kostur fyrir álver. En núna er álver mengandi erlend stóriðja. Þetta er málflutningur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

[12:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki athugasemdir við það að menn skipti um skoðun. Ég skipti um skoðun á NATO. Hæstv. forsrh. var einu sinni með Evrópusambandinu en er núna harðasti andstæðingur Evrópusambandsins. Hæstv. umhvrh. fór einu sinni í viðtal við Morgunblaðið til þess að berja á hæstv. iðnrh. og sagði að hún teldi að Fljótsdalsvirkjun ætti að fara í ferli lögmæts umhverfismats. Svo að segja á sama degi og hæstv. umhvrh. varð ráðherra þá skipti hún um skoðun. Ég geri ekki athugasemd við það.

En ég geri athugasemd við eitt: Hver er skýringin á þessum sinnaskiptum? Þegar stjórnmálamaður reyndir að slá sér upp eins og hæstv. umhvrh. gerði á kostnað kollega síns í Framsfl., gagnvart þjóðinni og þingheimi, þá skuldar hún okkur skýringar. Mér finnst að hæstv. umhvrh. hefði átt að nota ræðu sína til þess að skýra það. Hún hefur fyllsta rétt til þess að skipta um skoðun. En hvað olli sinnaskiptunum?

Herra forseti. Af því að ég er gamall skipulagsráðherra get ég ekki á mér setið, eftir að hafa hlustað á þessa skipulagstuggu hæstv. ráðherra, að fagna því að hæstv. ráðherra vísaði til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1964. Þar segir að ef um er að ræða framkvæmd á svæði sem ekki er skipulagsskylt þá þurfi heimild sveitarfélagsins. Það kom mér nokkuð á óvart að hæstv. ráðherra sagði að ekki einu sinni og ekki tvisvar sinnum heldur þrisvar sinnum hefði Landsvirkjun skrifað sveitarstjórn í Fljótsdalshreppi. Hæstv. ráðherra klykkti út með því að segja: „Enn hefur Landsvirkjun ekki gengið eftir fullnaðarsvari."

Þýðir þetta, herra forseti, og nú spyr ég hæstv. umhvrh., að aldrei hafi legið fyrir formlegt framkvæmdaleyfi af hálfu hreppsins gagnvart Landsvirkjun? (**KF:** Þetta kemur fram í tillögunni.)

[12:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég efast um að hægt sé að svara þessu mjög ítarlega á knöppum tíma en samkvæmt mínum upplýsingum hefur Landsvirkjun sótt um leyfi til heppsnefndar Fljótsdalshrepps í samráði við Skipulag ríkisins, sótt um að hreppsnefndin leyfi byggingu Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964. Samkvæmt mínum heimildum frestaði sveitarstjórn ákvörðun og svaraði ekki. Bréfið hefur verið ítrekað a.m.k. tvisvar sinnum. Samkvæmt mínum heimildum mun Landsvirkjun ætla að ítreka fyrri umsókn sína til hreppsnefndar Fljótsdalshrepps með vísun til 3. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í núgildandi skipulags- og byggingarlögum hvað varðar virkjunina.

Eins og ég hef skilið málið er hreppnum heimilt að veita svokallað leyfi til einstakra framkvæmda ef Skipulagsstofnun mælir með því. Sé það er gert er hins vegar hægt að kæra

þá gjörð til úrskurðarnefndar þannig að vera má að þetta mál fari í það ferli. Við sjáum það ekki nákvæmlega fyrir á þessari stundu. Hins vegar er alveg ljóst að sótt var um þetta leyfi á sínum tíma. Það var hins vegar ekki formlega afgreitt.

Það er alrangt hjá hv. þm. að ég hafi skipt um skoðun varðandi Fljótsdalsvirkjun. Ég skil að það er hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í hag að láta málið líta þannig út og gera mig ótrúverðuga í málinu. Það er alls ekki þannig. Ég vil bara biðja hv. þm. um að kynna sér betur hvað umhvrh. hefur sagt í þessu máli.

[12:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir afskaplega leitt ef ég hef sært tilfinningar hæstv. umhvrh. Í stjórnmálum þurfa menn einfaldlega að standa ábyrgir orða sinna. Hæstv. umhvrh. lét ákveðna skoðun í ljós á þessu tiltekna máli en talar með allt öðrum hætti núna. Hvers vegna?

Herra forseti. Ég spurði einfaldrar spurningar, þ.e. miðað við það sem hæstv. umhvrh. sagði áðan, hvort ekki hefði legið fyrir formlegt framkvæmdaleyfi af hálfu þessa sveitarfélags. Herra forseti. Eins og fram kom í frammíkalli hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted þá hefði ég auðvitað ekki þurft að spyrja þessara spurningar. Þetta kemur fram á bls. 9 í greinargerðinni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu liggur ekki fyrir formlegt samþykki Fljótsdalshrepps."

Herra forseti. Ég spurði þessarar spurningar til þess að ganga úr skugga um hvort hæstv. umhvrh. hefði lesið þá þáltill. sem hérna liggur fyrir. Það liggur núna fyrir að hæstv. umhvrh. hefur ekki aðeins skipt um skoðun heldur ekki einu sinni haft fyrir því að lesa tillöguna.

[12:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er afar furðuleg staðhæfing að halda því fram að sú er hér stendur hafi ekki lesið þáltill. Þvílík fjarstæða. Það er ljóst að það þurfti hvorki byggingarleyfi né framkvæmdaleyfi fyrir virkjanir samkvæmt eldri skipulagslögum og eldri byggingarlögum. Ég reyndi að koma því á framfæri í máli mínu. En þetta er afar flókið þannig að það er rétt að iðnn. og umhvn. fari sérstaklega yfir þetta til að skýra það betur.

Hér var sagt að menn yrðu að vera ábyrgir orða sinna. Ég vil þá bara rifja upp að þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var umhvrh. þá samþykkti hann, að mér skilst, hluta af Fljótsdalslínu. Hann var umhvrh. þegar hluti af framkvæmdunum fór í útboð. Ég spyr: Er þetta nú trúverðugt? Hver hefur skipt um skoðun í málinu? Er það ekki hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem stutt hefur þessa virkjun hingað til, væntanlega til þess að skapa betra ástand í efnahagslífinu og styrkja byggðir á Austurlandi? En nú er hlaupið frá öllu saman. Það er búið að draga það fram að Samfylkingin hefur enga stefnu í málinu. Ég vísa þessu til föðurhúsanna. Ég hef ekki skipt um skoðun í málinu. Það er frekar að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi skipt um skoðun.

[12:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hæstv. umhvrh. um þetta mál. Hún hefur fullt leyfi til að skipta um skoðun. Ég veit að hún er í erfiðri stöðu alveg eins og ágætur kollegi hennar og forveri. Hæstv. þáv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason var í ákaflega erfiðri stöðu og ég skildi vel að málið var honum mjög erfitt.

Í þessari umræðu hefur komið fram að stjórnarliðið virðist bersýnilega telja málið afskaplega tæpt. Ég verð að segja, herra forseti, að ummæli hæstv. forsrh. voru honum til skammar hér áðan. Hæstv. forsrh. kom hingað og hélt því fram að við í Samfylkingunni hefðum enga stefnu. Herra forseti. Það liggur fyrir hér og var lýst af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að við í Samfylkingunni erum reiðubúin til að lýsa yfir stuðningi við áform um gerð Fljótsdalsvirkjunar og síðan segir í þeirri brtt. sem við komum fram með: „... að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna ..."

Herra forseti. Afstaða okkar liggur fyrir. Ef niðurstaða umhverfismats er jákvæð þá styðjum við þetta. Hæstv. forsrh. kaus hins vegar að koma hingað með skítkast og útúrsnúning.

Þó var miklu verra að hæstv. forsrh. sýndi að hann hefur ekki hundsvit á því ferli sem lögin um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir. Hæstv. forsrh. kom hingað og af máli hans mátti skilja að hann teldi mestu skipta að í því ferli fjallaði skipulagsstjóri um málið og síðan umhvrh. Hann gerir sér ekki grein fyrir því að hlutverk sérfræðinga Skipulagsstofnunar er að fjalla hlutlaust um frummatsskýrslu sem gerð er af framkvæmdaaðila og er eðli málsins samkvæmt aldrei algerlega hlutlaus. Þess vegna var þessu skellt inn í lögin á sínum tíma.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur sýnt að hann er ekki hæfur til þess að taka þátt í þessari umræðu og hlýtur þar af leiðandi að tilheyra þeim 80% þjóðarinnar sem ný könnun hefur sýnt að hafa ekki næga þekkingu á ferli umhverfismats. Ég vil hins vegar benda hæstv. forsrh. á að Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands áformar nú að hafa námskeið í umhverfismati og við í Samfylkingunni erum reiðubúin til þess að skjóta saman til þess að kosta nám hæstv. forsrh. í þeim efnum.

Herra forseti. Það sem skiptir auðvitað máli hér er að allar aðstæður og viðhorf eru mjög breytt frá því sem áður var. Það er alveg hárrétt að við sem vorum í Alþfl. 1991 studdum þetta alveg eins og mjög margir aðrir. Menn hafa skipt um skoðun og þjóðin hefur skipt um skoðun varðandi viðhorf sín gagnvart náttúrunni. Við viljum nefnilega ekki, eins og hæstv. forsrh. orðaði það svo hnyttilega, að ætt verði í framkvæmdir. Við viljum að það verði kannað áður, náttúran verði látin njóta vafans og fyllstu varúðarreglu verði beitt.

Herra forseti. Ég er algjörlega á móti því að þetta mál sé komið hérna inn í þingið. Mér fannst það líka vera forstjóra Landsvirkjunar til skammar að hann skyldi í rauninni svipta hulunni af málatilbúnaðinum öllum með því að gefa þinginu fyrirskipun um hvað við hefðum langan tíma til þess að fjalla um þetta. Ég ætla hins vegar, herra forseti, fyrst málið er komið hingað, að reyna að taka þátt í málefnalegri umræðu. Mér fannst ræða hæstv. iðnrh. prýðileg og mun betri en skýrsla Landsvirkjunar. Það verð ég að segja, herra forseti.

Það kemur fram í tillögu hæstv. iðnrh. að ríkisstjórnina bresti lagaheimildir til að kveða á um að Fljótsdalsvirkjun skuli fara í umhverfismat. Herra forseti. Hæstv. ráðherra var annarrar skoðunar í fyrra, nánar tiltekið 12. október, þegar hann sagði að það væri á valdi Landsvirkjunar að ákveða hvort farið yrði í mat á afleiðingum virkjunarinnar. Það eru litlir kallar sem segja eitt í fyrra og koma síðan núna og segja annað. Hæstv. iðnrh. skuldar okkur líka skýringar á þessum mun á skoðunum sínum. Hæstv. ráðherra segir jafnframt að ríkisstjórnin sé ekki reiðubúin til þess að beita sér fyrir

hinum nauðsynlegu lagaheimildum enda kynni slík lagasetning að hafa í för með sér bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart virkjunaraðilum. Við skulum aðeins skoða þetta nánar.

Hver er þessi bótaskylda og á hverju grundvallast hún? Það er ekkert um það sagt í greinargerðinni. Ég sé fyrir mér að hún gæti hugsanlega grundvallast á þrennu, kostnaði vegna lands- og vatnsréttinda, útlögðum kostnaði Landsvirkjunar vegna rannsókna og framkvæmda og loks missi hugsanlegs hagnaðar fyrirtækisins af virkjuninni. Það kemur fram, herra forseti, í skýrslunni að fyrirtækið hefur fengið öll réttindi á silfurfati, land undir veitur og lón, vegi og skurði, stöðvarhús og námur. Það kemur líka í ljós þar að mestöll mannvirki verða á jörðum í eigu ríkisins nema að sjálfsögðu á Hóli í Fljótsdal sem fyrrv. umhvrh. seldi síðasta dag sinn í embætti landbrh. Hinir heppnu voru vitaskuld valinkunnir framsóknarmenn á Egilsstöðum eins og kosningastjóri þeirra þar getur staðfest, herra forseti, þannig að þetta atriði gefur ekki tilefni til skaðabóta.

Hver er svo útlagður kostnaður Landsvirkjunar vegna virkjunarinnar? Það kemur fram á bls. 7 að það séu u.þ.b. 3 milljarðar. Hvað felst í þessari tölu? Helmingurinn er kostnaður vegna grunnrannsókna Orkustofnunar sem unnar voru á árunum 1975 og fram yfir 1980 og þær taka til allra mögulegra virkjana sem hafa verið í umræðu á þessu svæði. Það er fráleitt að telja það allt til Fljótsdalsvirkjunar. 850 millj. eru svo vegna hönnunar og framkvæmda og tæplega 100 milljónir vegna aðstöðusköpunar og eftirlits. Stöldrum nú aðeins við þetta.

Á bls. 9 í greinargerðinni kemur fram afskaplega mikilvæg staðreynd. Þar er greint frá því að þrátt fyrir ítrekaðar óskir Landsvirkjunar, eins og hæstv. umhvrh. gat um hér áðan, þá gaf sveitarstjórn Fljótsdalshrepps aldrei formlegt leyfi sitt fyrir þessum framkvæmdum. Slíkt leyfi er þó klárlega nauðsynlegt samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna frá 1964, og það kemur ítrekað fram í greinargerðinni að svo er. Fyrirtækið ræðst því í þessar framkvæmdir með það á hættu að fá ekki formlega leyfið. Fyrirtækið tekur sjálft þessa áhættu og þar af leiðandi getur það aldrei orðið andlag skaðabótakrafna. Það er alveg ljóst, herra forseti.

Í þriðja lagi: Hver er þá missir hins hugsanlega arðs af Fljótsdalsvirkjun? Það er ekki erfitt að reikna út og það hefur nýlega verið gert. Fjárfestingin er í kringum 25 milljarðar og við skulum láta milli hluta liggja þá 3 milljarða sem eru til undirbúnings og ég tek þá ekki með. Afskriftartímann er hægt að reikna sem 45 ár. Orkugeta virkjunarinnar var til skamms tíma 1.250 gígavattstundir en er frá síðustu viku orðin 1.400 gígavattstundir og við skulum gefa okkur það. Breyturnar sem þá skipta máli eru vextir og orkuverð.

Opinberar framkvæmdir í Bretlandi hafa verið núvirtar miðað við 6% vexti. Alþjóðabankinn gefur sér 5–7% vexti. Við skulum gefa okkur 6% vexti vegna þess að Friðrik Sophusson hefur aðspurður ekki gert athugasemdir við það tvisvar sinnum í fjölmiðlum. Og hvað þýðir þetta þá, herra forseti? Það þýðir að miðað við meðalverð á orku í fyrra, 88 aura á kwst., þá þarf orkuverðið að hækka um það bil 35–45% til þess að ekki verði 10 milljarða tap á framkvæmdinni, og ef við tökum undirbúningskostnaðinn með, 13 milljarða tap.

Herra forseti. Landsvirkjun ætti nú að borga okkur fyrir að reyna að forða henni frá þessari vitleysu. Þetta er auðvitað það sem gerði það að verkum að Norsk Hydro hljóp frá fyrri áætlunum sínum um að eiga í þessari virkjun. Þetta skiptir auðvitað máli, herra forseti. Rök ríkisstjórnarinnar um að ekki sé hættandi á að setja framkvæmdina í umhverfismat vegna þess að það baki skaðabótaábyrgð, eru gjörsamlega hrunin. Þær tölur sem hafa verið nefndar eru ekkert annað en blekkingar.

Ríkisstjórnin segir líka að það eigi ekki að setja þetta í mat á umhverfisáhrifum vegna hins umdeilda bráðabirgðaákvæðis í lögunum frá 1993. Til að hún geti fullyrt það þá er alveg ljóst að gamla virkjunarleyfið verður að vera í fullu gildi. Ég dró ekki í efa að svo væri fyrr en ég las greinargerð ríkisstjórnarinnar. Ég taldi ótvírætt að leyfið héldi. En það rennur upp fyrir mér að það er í besta falli á gráu svæði. Í fyrsta lagi var virkjanaleyfið klárlega gefið út á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I í lögunum frá 1990. Þar segir, með leyfi forseta:

„Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og ATLANTAL-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með 200 þús. tonna framleiðslu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir ...:

1. Fljótsdalsvirkjun."

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hérna eru lögin og leyfið sem á þeim byggist skilyrt við tiltekið verkefni á vegum Atlantal-hópsins. Þessi hópur er ekki lengur til, herra forseti. Það er afar hæpið að leyfið haldi sökum þess. Annað skiptir þá meira máli. Fyrst hæstv. ráðherra, og ekki síst hæstv. forsrh., ætlar að binda sig við lagaklæki þá skiptir auðvitað máli hvernig menn ganga frá hlutunum formlega, herra forseti. Það er alveg ljóst að það skilyrði laganna frá 1964 um formlega afstöðu Fljótsdalshrepps liggur ekki fyrir. Það lá ekki fyrir 1991 og ekki 1992, og þó. Eins og hæstv. umhvrh. hefur rakið var þrisvar sinnum gengið eftir því og leyfið kom ekki. Virkjunarleyfi sem hékk á því hlýtur þar af leiðandi að vera fallið. Þar af leiðir, leyfi ég mér að álykta, herra forseti, og menn geta auðvitað deilt um það, að mönnum sé ekki lengur stætt á því að halda því fram að virkjunarleyfi hafi verið í gildi þegar bráðabirgðaákvæðið var samþykkt. Það er hreinlega alveg út í hróa hött að halda því fram.

Ástæðan fyrir flótta ríkisstjórnarinnar í málinu kemur auðvitað fram, herra forseti, á fyrstu síðu greinargerðar með tillögunni. Þeir leggja einfaldlega ekki í matið vegna þess að þeir gefa sér það fyrir fram að niðurstaðan verði svo neikvæð að ekki verði hægt að ráðast í framkvæmdina.

Annað skilur ekki hæstv. forsrh. og það er honum líka til skammar. Hann virðist ekki skilja að eitt af aðalviðfangsefnum mats á umhverfisáhrifum er einmitt að meta mismunandi kosti og það eru uppi mismunandi kostir. Hæstv. utanrrh., helsti formælandinn í þessu máli, kom á forsíðu Dags fyrir á að giska einu, tveimur missirum og benti á valkost, sem var Kárahnúkavirkjun. Ég tel að ég eigi heimtingu á því sem borgari í þessu landi að fá málefnalega umfjöllun um þann valkost og valkost sem Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur hefur sett fram um að flytja lónið til.

Kem ég þá að því sem mér finnst vera mikilvægast í ferlinu — ferlið eins og hæstv. iðnrh. setur það upp gagnvart þinginu getur ekki bætt þetta — og það er að fá hlutlausa sérfræðinga, á vegum þessarar stofnunar sem þessum herrum er svo í nöp við, til að véla um málið. Lögin segja að framkvæmdaaðilinn eigi að gera frummatið og það er ekkert að því. En það er ekkert skrýtið þó að hann kunni að setja staðreyndir þannig fram að þær þurfi að skoða betur. Lögin

mæla fyrir um að ef hinir hlutlausu sérfræðingar telja svo, þá á að óska eftir nýjum rannsóknum, nýjum upplýsingum eða einfaldlega að henda skýrslunni í hausinn á þeim sem gerði hana. Það, herra forseti, yrði gert við þessa skýrslu sem hér kemur fram vegna þess að þeir sem gera hana voru ekki nægilega heiðarlegir til þess að draga fram þau aðalatriði sem hæstv. iðnrh. gerði þó í sinni ræðu.

Þó erfitt sé að fara á þessum tíma sem við höfðum í gegnum þær 520 eða 540 blaðsíður sem við fengum þá reyndi ég að hlaupa yfir þessa skýrslu. Ég er ekki viss um að ég hafi náð öllu. En það er þó alveg ljóst, herra forseti, að þar eru atriði sem sums staðar koma fram en koma aldrei fram í samantektinni og sum koma ekki fram. Ég nefni t.d. að það kemur hvergi fram, ég hef a.m.k. ekki séð það, herra forseti, að Eyjabakkar eru mikilvægir í sjálfu sér af því að þeir eru flæðilendi á hálendi. Það er nóg af flæðilendum til á Íslandi en þau eru á láglendi. Þau eru örfá á hálendinu. Þjórsárver er númer eitt, en þetta er hið næstmikilvægasta. Ég fann hvergi að þetta væri dregið fram og hljótum við þó að hafa svona atriði til hliðsjónar.

Hæstv. iðnrh. benti á þá staðreynd að svæðið væri líka mikilvægt vegna þess að þar er um að ræða eina samfellda gróðurlendið frá jaðri jökuls niður til sjávar. Það kemur fram á bls. 72 í milliskýrslunni, í skýrslu Landsvirkjunar, en kemur ekki fram í samantektinni.

Eitt er að finna á Eyjabakkasvæðinu sem er einstakt, ekki á landinu heldur í heiminum og það eru hinir svokölluðu hraukar. Berggrunnurinn á þessu svæði er þannig. Áin grefur sig ekki niður og þar af leiðir fossaröðin. Þar af leiðir líka setmyndunin og jarðvegsmyndunin á Eyjabakkasvæðinu. Jökullinn hefur ýtt þessu mýrlendi, þessum gróðurleifum upp í hrauka. Það eru svona hraukar hinum megin við Snæfellið sem Brúarjökull hefur ýtt upp í Kringilsárrana en þeir eru úr allt öðru efni. Þessir hraukar úr þessu efni eru hvergi til í heiminum annars staðar. Þó leyfa þessir herrar sér að segja í samantekt skýrslunnar að þetta sé ekki einsdæmi og svipað sé til m.a. á Svalbarða. Þeir jarðfræðingar sem ég hef talað við — og þekki ég nú einn giska náið eins og þingheimur veit — kannast ekki við það. Það sem skiptir mestu máli er að þó að alls staðar sé vitnað til heimilda í þessari skýrslu þá er ekki vitnað til heimilda þarna.

Herra forseti. Eitt dæmi er enn. Ég gæti þó farið með svo mörg dæmi. Eitt dæmi enn varðar Ramsar-samninginn. Er ekki lágmarkskrafa þegar menn eru að gera matsskýrslu um þetta og fjalla um Ramsar-samninginn að greina frá því að ein af greinum hans mælir sérstaklega fyrir um að ekki megi farga votlendi nema láta fara fram mat á umhverfisáhrifum? Menn geta deilt um hvort það eigi að ráða úrslitum, en óhjákvæmilega hlýtur það að þurfa að koma fram í svona skýrslu. Það kom ekki fram í skýrslunni, herra forseti.

Ég segi á grundvelli þess hraðlesturs sem ég er neyddur til þess að viðhafa á þessari skýrslu: Þessi skýrsla er ótæk sem frummatsskýrsla og hún hefði verið send beint til föðurhúsanna ef málið hefði fengið eðlilega framkvæmd. Það fær málið auðvitað ekki. Þetta er stærsta athugasemdin sem ég geri við þessa tilteknu aðferð hæstv. ráðherra.

[12:58]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt. Í fyrsta lagi held ég að það sé ótvírætt, ef hv. þm. lítur yfir öll fylgiskjöl og greinargerð þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir, að færð eru mjög sterk rök fyrir því að Landsvirkjun hefur allan þann lagalega rétt sem hún þarf á að halda til þess að ráðast í þessar framkvæmdir. Það er ekki dregið í efa og af því að hv. þm. dró það í efa í umræðunni þá vil ég undirstrika að svo er.

Hv. þm. spurði einnig um afstöðubreytingu mína til þess hvort Landsvirkjun geti sett þessa virkjun eða Eyjabakkana í mat á umhverfisáhrifum. Það hefur ekkert breyst. Ég sagði þetta í október á síðasta ári. Sá möguleiki og sá réttur er auðvitað enn þá til staðar hjá Landsvirkjun. Hins vegar hefur orðið breyting á frá því í október 1998 og sú breyting er að nú hefur Landsvirkjun, stjórnvöld eða ríkisstjórnin og Norsk Hydro gert með sér samkomulag um framkvæmdahraða byggingar álvers í Reyðarfirði. Sú yfirlýsing var undirrituð á Hallormsstað í lok júní á þessu ári. Þar af leiðandi hafa allar forsendur breyst, því eins og ég sagði í framsöguræðu minni áðan þá er ekki tími. Áhættan sem menn mundu taka með því að setja málið í kærufarveg hjá skipulagsstjóra yrði of mikil.

[13:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi orðaskipti okkar hæstv. iðnrh. sýna auðvitað í hnotskurn galla þeirrar aðferðar sem hann hefur valið. Hann kemur inn í þingið með algerlega mótaða afstöðu. Ég kem inn í þingið sennilega með jafnharða aðstöðu. Eigum við síðan að vegast á með rökum og komast að skynsamlegri niðurstöðu? Þegar lögin um hið lögformlega umhverfismat voru sett var ætlast til að málin væru sett í hendur hlutlausra manna. En látum það nú vera, herra forseti.

Tímasetningin er þannig að ekki er hægt að fara í matið, segir hæstv. umhvrh. Hann vísar til samkomulags. Ég þakka honum fyrir að kalla það samkomulag. Í útvarpinu í morgun kallaði hann það samning. Þetta er auðvitað ekkert annað en viljayfirlýsing og ekki bindandi samkomulag. Ef hæstv. iðnrh., með allri þeirri atorku og krafti sem hann býr yfir, fengi félaga sína hjá Norsk Hydro, sem hafa ekki beinlínis verið gríðarlega fúsir til þessa verks, til að endurtímasetja þetta þá er ég viss um að hann gæti það. Hann vill það hins vegar ekki, herra forseti. Ef honum væri annt um að þetta færi í matið þá hefði hann auðvitað ráðist í það í fyrra þegar kollegi hans, hæstv. páv. umhvrh., sagði að rétt væri að þetta færi í mat, einhvern tíma í júní 1998. Miðað við þær tímasetningarnar sem hæstv. iðnrh. setur upp í þáltill. sinni mundi það akkúrat smella. Miðað við ýtrasta tímaramma umhverfismats sem hann sjálfur setur upp þá gæti hann farið að búa til ál, ef niðurstaðan yrði jákvæð, í lok ársins 2003, í síðasta lagi í byrjun árs 2004.

Herra forseti. Varðandi hinar lagalegu forsendur efaðist ég ekki um þær fyrr en í gær þegar ég sá rakið í greinargerðinni að hið formlega framkvæmdaleyfi var ekki til staðar. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi ekki að festa sig við formleikann í þessum málum. En hæstv. iðnrh. býður upp í þann dans og ég stíg dansinn við hann og segi: Ef maður heldur sig við formið þá er hæstv. iðnrh. úr leik og eiginlega komið dömufrí.

[13:02]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin ástæða fyrir hv. þm. að efast. Ég skil ekki í því að hv. þm. byrjaði einmitt í gær að efast í þessu máli. Allar upplýsingar hafa legið fyrir í mjög langan tíma.

Meginástæðan fyrir því að þetta mál hefur ekki farið í hinn lögbundna kærufarveg eins og ráð er fyrir gert í lögunum um mat á umhverfisáhrifum er vegna þess að framkvæmdin

er undanþegin þeim lögum. Auðvitað væri það hægt en ég ítreka að sá tímarammi sem við höfum ef við ætlum að gera þetta verkefni að veruleika, sem við vonandi öll keppum að, er svo knappur að ekki er hægt að taka áhættuna sem því er samfara. Ekkert svæði á landinu hefur fengið aðrar eins rannsóknir til undirbúnings mati á umhverfisáhrifum og þetta.

Niðurstaða okkar, sem um málið höfum fjallað og fengið m.a. til ráðgjafar færa sérfræðinga á því sviði, er að sú áhætta sem tekin er með því að fara af stað með þessar framkvæmdir sé ekki það mikil að hún jafnist á við hinn þjóðhagslega ávinning af málinu. Við teljum ávinninginn meiri en áhættuna sem við tökum.

[13:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði vænst þess, þegar Landsvirkjun ákvað að ráðast í sérstakar rannsóknir aftur í sumar, að öllum mögulegum spurningum sem eftir lifðu yrði svarað. Ég taldi eins og hæstv. iðnrh. að þarna lægju fyrir alveg gríðarlegar rannsóknir eins og kemur víða fram í þessari skýrslu.

Svo ég taki eitt dæmi er fullyrt á bls. 133, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að rannsóknir á dýralífi við Eyjabakka hafi nú staðið yfir í hartnær 30 ár liggja ekki fyrir svör um það hvaða áhrif myndun lóns á Eyjabökkum muni hafa á dýralíf."

Hér er undarlega að orði kveðið, herra forseti. Í fyrsta lagi hafa verið gerðar mjög takmarkaðar rannsóknir á dýralífi á Eyjabökkum. Eftir því sem ég best veit stóðu þær aðeins yfir í nokkur sumur á milli áranna 1979 og 1981 auk einnar viku sumarið 1975 og talningar á gæsum og hreindýrum á Eyjabökkum dagpart á hverju sumri síðan. Þarf hæstv. iðnrh. að velkjast í vafa um hver áhrif myndunar lónsins yrðu á dýralífið? Ætli dýralífið mundi ekki hverfa þar sem lónið kemur og búsvæðin eyðileggjast?

Herra forseti. Það sem skortir auðvitað í þessa skýrslu er heildarsýn. Ég tala kannski sem falleraður líffræðingur en skelfing þótti mér sárt að lesa þennan part skýrslunnar og sjá að þá fjóra verkfræðinga, að öllum líkindum, sem gerðu þessa skýrslu skorti algerlega sýn til að tengja mikilvægi þessa svæðis við lífríkið og miðhálendið í heild. Það særði mig að sjá hvernig þeir, annaðhvort af einhvers konar vangetu, misskilningi eða vísvitandi, drógu niður og fóru ranglega með mikilvægi hraukanna sem ég var að tala um áðan. Þeir ráða kannski ekki úrslitum en þeir eru einstæðir í heiminum.

[13:05]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vera að þessir hraukar séu einstæðir árið 1999 en hv. þm. Össur Skarphéðinsson var ekki þeirrar skoðunar meðan hann var umhvrh. Mér er ekki kunnugt um að þessir hraukar hafi breyst neitt frá þeim tíma. (**ÖS:** Þeir hafa ekki breyst frá 1890.)

Ég vil segja, um það sem fram kom í máli hv. þm., að Fljótsdalshreppur gaf leyfi fyrir aðrennslisgöngunum á sínum tíma. Þá var byrjað á þeim og búið er að sprengja um 200 metra löng göng. Að öðru leyti var erindið óafgreitt, ekki vegna þess að andstaða væri við það eftir því sem mér er best kunnugt um heldur vegna þess að hreppsnefndin vildi íhuga málið út frá öðrum ástæðum.

Ástæða er til að gera athugasemdir við að hv. þm. fann hæstv. umhvrh. það til foráttu að hafa á sínum tíma sagt að það væri á valdi Landsvirkjunar að fram færi mat á umhverfisáhrifum. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. umhvrh. Það er á valdi Landsvirkjunar. Hún tók þá ákvörðun og skýrslan liggur fyrir. Það er á valdi framkvæmdaaðila að setja málið í þann farveg ef hann vill. Ég minni á að Vegagerð ríkisins setti framkvæmdina við Gilsfjarðarbrú í þann farveg að fara samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum þó að það væri ekki skylt. Það leiddi hins vegar til þess að framkvæmdir við þá þörfu framkvæmd, sem Vestfirðingar höfðu beðið eftir áratugum saman, frestaðst um langan tíma. Menn vilja auðvitað ekki tefla á tvær hættur, herra forseti, með að setja þjóðþrifamál í þann farveg að hætta sé á að það sópist út af borðinu.

[13:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Afskaplega var það illa til fundið hjá hv. þm. að nefna Gilsfjarðarbrú í þessu sambandi. Það vildi svo til að samkomulag var gert á milli þáv. umhvrh., sem var ég, og Vegagerðarinnar um að láta þetta mál fara í umhverfismat. Hvers vegna, herra forseti? Til þess að draga úr deilunum. Það var gert og var afgreitt fljótlega. Menn nýttu sér þá kærufresti sem þeir höfðu og ekki nokkur einasti maður hefur rifist um þá framkvæmd síðan. Hvers vegna? Vegna þess að það náðist sátt í málinu, menn fengu að njóta andmælaréttarins. Sérfræðingar fóru yfir málið og við komumst að niðurstöðu. Það var engin deila.

Varðandi það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er að segja um afstöðu Fljótsdalshrepps þá kann auðvitað að vera að hann sé í „telepatísku" sambandi við alla þá sem sitja þar í sveitarstjórn. Ég er það ekki. Ég er ekki þeim gáfum gæddur. Ég held að hv. þm. hafi ekki verið það fyrr en hann kom þá inn í þingflokk Framsfl. Hann veit nefnilega nákvæmlega ekkert um afstöðu Fljótsdalshrepps. Hún liggur ekki enn þá fyrir. Ég gæti hjálpað hv. þm. og sagt honum að ýmis sveitarfélög þarna sem vildu lögformlegt umhverfismat eins og sveitarstjórnin á Austur-Héraði hafa breytt afstöðu sinni. Hins vegar vekur furðu að þrátt fyrir þessar hörðu deilur hefur sveitarstjórn Fljótsdalshrepps ekki breytt um afstöðu.

Nú ætla ég ekki að halda því fram að hún muni ekki gera það. Ég nota þetta einungis sem dæmi til að sýna að á sínum tíma lá ekki fyrir framkvæmdaleyfi. Það er ekki bara skoðun mín. Það stendur ... (**Umhvrh.:** Á bls. 9.) Nú er hæstv. umhvrh. búinn að lesa sig svolítið til og er kominn á bls. 9. Þar segir: „Samkvæmt þessu liggur ekki fyrir formlegt samþykki Fljótsdalshrepps."

Hér eru menn að deila um formleikann. Hæstv. ríkisstjórn hefur haslað það dansgólf, ekki við. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að mér finnst að menn eigi ekki að hengja sig í það. Mér finnst að það eigi að fara með þetta í mat. Ef niðurstaðan er jákvæð þá eiga menn að fara í þessa framkvæmd annars ekki. Þá mundum við losna við þær deilur og þau erfiðu sár sem ella munu verða eftir á líkama þjóðarinnar.

[13:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hraustlegt af hv. þm. að tala um að verið hafi deilur um Gilsfjarðarbrú á sínum tíma. Það er varla hægt að kalla málsatvik á þeim tíma þannig að það rísi undir nafni. (**ÖS:** Þú varst ekki í umhvrh. þá, vinur.) Það var almennur stuðningur við þessa framkvæmd af hálfu heimamanna og mér er ekki kunnugt um nema örfáa menn sem höfðu skoðun á þessu á annan veg. Þeir höfðu hins

vegar af og þá væntanlega með stuðningi hv. þm. að tefja framkvæmdina verulega.

Hv. þm. nefndi áðan að menn hefðu skipt um skoðun. Ég legg það ekki mönnum til lasts að skipta um skoðun, við skulum ekki deila um það atriði. Hins vegar er kannski stundum nauðsynlegt að ganga eftir því að menn rökstyðji af hverju þeir skipta um skoðun. Mér finnst hafa skort dálítið á hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hann geri grein fyrir því af hverju hann hefur kúvent um 180 gráður í þessu máli.

Við skulum minnast þess að hann sem umhvrh. skrifaði undir það að háspennulína yrði lögð frá Akureyri að Veggjafelli fyrir austan, háspennulína um meginhluta hálendisins. Það leyfi veitti hv. þm. Össur Skarphéðinsson 20. apríl 1994. Það var eftir að lögin um lögformlegt umhverfismat voru sett eða hvað, herra forseti? Mundi hæstv. páv. umhvrh. ekkert eftir þeim lögum? Hvenær féll hv. þm. frá þeirri skoðun sinni að eðlilegt væri að leggja þessa línu? Var það þegar búið var að breyta framkvæmdunum þannig að ekki þyrfti að leggja þessa línu vegna þess að það ætti að reisa álver á Austfjörðum en ekki á Keilisnesi? Var það vegna þess að það átti að nýta framkvæmdina til að byggja upp atvinnulíf á Austfjörðum en ekki á Keilisnesi sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson skipti um skoðun? Ég spyr. Auglýst er eftir skýringum á umsnúningi þingmannsins.

[13:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson leggjast heldur lágt ef hann ætlar að halda því fram að skoðanir mínar á þessu máli stafi af sérstakri andúð minni á Austfjörðum eða landsbyggðinni í heild. Ég vara menn við að beita þeim málflutningi að við sem viljum mat á umhverfisráðherrum ... umhverfisáhrifum, viljum það vegna sérstakrar fjandsemi gagnvart landsbyggðinni. Það er ekki svo.

Herra forseti. Mér urðu á þau mistök að tala um mat á umhverfisráðherrum en ég held að vísu að heppilegt væri að það færi fram líka. En síðan 1993 hafa viðhorfin gjörbreyst. Tökum árið 1990 en þá voru menn að leita eftir athugasemdum við þessa framkvæmd. Átta athugasemdir bárust og engin þeirra var um Eyjabakkana. Það eitt sýnir hversu mikið viðhorf fólks hafa breyst. Í dag snýst deilan fyrst og fremst um Eyjabakka.

Hæstv. ráðherrar hafa stundum notað þetta dæmi til þess að ýja að því að einhver múgsefjun sé í kringum þetta Eyjabakkadæmi. Það er að sjálfsögðu ekki svo. Mönnum hefur hins vegar opnast greið leið inn á hálendið á tvo vegu. (Gripið fram í.) Annars vegar með því að fjölmiðlar hafa gert mönnum kleift að kynna sér hálendið og hins vegar gera skipulögð útivistarsamtök það að verkum að tugþúsundir manna fara núna inn á hálendið.

Hv. þm. spyr hvort ég hafi skipt um skoðun. (**KHG:** Nei ...) Mín skoðun er nákvæmlega þessi: Ég styð þessa framkvæmd eins og ég hef margtuggið ofan í hv. þm. svo fremi sem niðurstaða mats á umhverfisáhrifum verði jákvæð. Það er eina sáttin sem við getum náð meðal þjóðarinnar í þessu máli. Eins og hæstv. ríkisstjórn hefur leikið í þessu máli þá hefur hún teflt í þær ógöngur að málið sé líklegt til þess að rífa þjóðina á hol. Eina sáttaleiðin, af því að ríkisstjórnin er að tala um sáttaleið, er þetta mat. Menn una niðurstöðunni. Krafa um mat á umhverfisáhrifum felur í sér yfirlýsingu um að menn muni una niðurstöðunni.

[Fundarhlé. — 13:15]

[13:48]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu er nokkuð sérstök. Lagt er til að Alþingi lýsi yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun eða með öðrum orðum að lög og virkjanaheimild þar að lútandi skuli standa og að framkvæmdaaðila skuli heimilt að halda áfram framkvæmdum og undirbúningi sem þegar hefur verið varið til 3–4 milljörðum kr.

Eins og skýrt kemur fram í greinargerð með tillögunni hefur framkvæmdarvaldið að óbreyttum lögum ekki heimild til að ákveða einhliða að beita um Fljótsdalsvirkjun ákvæðum laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki reiðubúnir til að beita sér fyrir lagabreytingu í þeim efnum enda nokkuð ljóst að slík lagasetning gæti haft í för með sér bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart virkjunaraðilanum. Það er augljóst að engar heimildir eru í lögum til að breyta eða afturkalla einhliða og í andstöðu við vilja virkjunaraðila þær heimildir sem veittar hafa verið til virkjunar Jökulsá í Fljótsdal. Vilji Landsvirkjunar er skýr og kemur fram í bréfi fyrirtækisins til umhvn. Alþingis 23. nóv. 1998, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Sem fyrr greinir eru framkvæmdir þegar hafnar, m.a. með gerð 160 m langra aðkomuganga að stöðvarhúsi auk umfangsmikillar vegagerðar á Fljótsdalsheiði þar sem lagður hefur verið m.a. uppbyggður 45 km langur vegur. Kemur því ekki til greina af hálfu Landsvirkjunar að fallast á að virkjunarrétturinn verði af fyrirtækinu tekinn."

Á grundvelli heimildar í lögum nr. 60/1981 gerðu ríkisstjórn Íslands og Landsvirkjun með sér samning um virkjunarmál, yfirtöku byggðalína og fleira þann 11. ágúst 1982. Samkvæmt 1. gr. þess samnings tók Landsvirkjun að sér að reisa og reka sem sína eign og frá og með 1. okt. 1982 þrjár virkjanir. Ein þeirra var Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 megavatta afli. Frá sama tíma tók Landsvirkjun samkvæmt samningnum við rannsóknum, hönnun og undirbúningsframkvæmdum þeim sem við þessar virkjanir sem fram til þess tíma höfðu verið í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar. Þessi samningur var staðfestur af þáv. iðnrh. 21. sept. sama ár.

Athyglisvert er að lesa álit Náttúruverndarráðs varðandi þetta mál, en í bréfi ráðsins, dags. 31. mars 1981, segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðið hefur nú fjallað um mál þetta með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og könnun ráðsmanna á áhrifasvæði virkjunarinnar. Á fundi ráðsins 26. mars sl. var meðfylgjandi umsögn samþykkt og kemur þar fram að þótt mikill sjónarsviptir yrði að hinu víðfeðma gróðurlendi Eyjabakkasvæðisins, færi það undir vatn, og þrátt fyrir að forðast beri að eyða þannig grónu landi, sé þess nokkur kostur, þá vill Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn Fljótsdalsvirkjun telji orkuyfirvöld hana nauðsynlega."

Þegar framkvæmdaleyfi iðnrh. vegna Fljótsdalsvirkjunar var svo gefið út níu árum síðar eða í apríl 1991 lá fyrir ný umsögn Náttúruverndarráðs, dagsett 7. febr. 1991. Í þeirri umsögn segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er skilningur Náttúruverndarráðs að jákvæð umsögn ráðsins (bréf dagsett 31. mars 1981) varðandi eldri hugmyndir um virkjun standi enn, þar með talið samþykki við því að leggja Eyjabakka undir vatn. Sú breytta verkhönnun sem hér er verið að óska umsagnar um dregur verulega

úr umhverfisáhrifum á heiðinni. Þeir skurðir og stíflur sem eldri hugmyndir gerðu ráð fyrir hefðu efalítið verið til lýta í landslagi og hindrað för manna og skepna um heiðina. Loks er það mikils virði að tjarnir og votlendi á Fljótsdalsheiðinni fái að halda sér."

Þegar Náttúruverndarráð sendi frá sér þessa síðari umsögn lá það fyrir að hönnun Fljótsdalsvirkjunar hafði verið endurskoðuð og tilhögun breytt þannig að veitan frá Eyjabakkalóni færðist af yfirborði í göng og með því var ekki lengur þörf á stórum inntakslónum og í þeirri útfærslu sem iðnrh. veitti leyfi fyrir í apríl 1991 var fallið frá hinum mikla veituskurði og báðum inntakslónunum og veitum af Fljótsdalsheiði að mestu leyti. Með því minnkaði landþörf virkjunarinnar um tæpa 30 km . Þar af voru rúmlega 20 km gróið land, að stórum hluta votlendi, og um 4 km vötn. Þessi breytta tilhögun dregur auðvitað mjög úr helstu umhverfisröskun af völdum virkjunarinnar miðað við fyrri hugmyndir.

Það er athyglisvert að rifja það upp að þegar leyfi til virkjunar var gefið í apríl 1991 var almenningi gefinn kostur á að koma athugasemdum við hana á framfæri. Það bárust aðeins níu athugasemdir og engin þeirra laut að miðlunarlóni á Eyjabökkum.

Það liggur fyrir að Landsvirkjun hefur lagt fram háar fjárupphæðir vegna Fljótsdalsvirkjunar. Í fyrsta lagi hefur fyrirtækið greitt ríkissjóði 1.550 millj. kr. fyrir þann kostnað sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun höfðu lagt í rannsóknir vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Í öðru lagi hefur fyrirtækið varið 1.650 millj. kr. til undirbúnings og framkvæmda við vegagerð, gerð aðkomuganga o.fl. Heildarkostnaður fyrirtækisins er því orðinn um 3,2 milljarðar kr. Mér sýnist nokkuð augljóst að þessi kostnaður mundi falla á ríkissjóð ef virkjunarleyfið yrði tekið af Landsvirkjun.

Mér finnst það reyndar oft gleymast í umræðunni að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun voru hafnar á sínum tíma en frestuðust þar sem sala á orkunni var ekki örugg.

Stjórnarandstaðan hefur haldið því fram að þessi framkvæmd skuli fara í umhverfismat samkvæmt lögum þar að lútandi frá 1993, en ég tel að svo sé augljóslega ekki því að í þeim lögum, í bráðabirgðaákvæði II sem hefur oft verið vitnað í í umræðunni, segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum."

Í ræðu framsögumanns fyrir nefndarálitinu á Alþingi kom fram að allri óvissu um hvernig farið verður með leyfi sem útgefin eru fyrir 1. maí 1994 er eytt með þessu ákvæði, en eins og ég sagði fyrr var leyfi til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal veitt í apríl 1991.

Sumir telja að nú sé komið nóg af virkjunum og hætta eigi þessari virkjunarstefnu en ástandið í raforkubúskapnum er ekki betra en það að þegar eigendur Norðuráls á Grundartanga hugðu á stækkun þeirrar verksmiðju fyrr á þessu ári, voru að velta því fyrir sér að fara út í þá stækkun með vorinu, þá var það ekki hægt vegna þess að Landsvirkjun getur ekki skaffað þeim orku fyrr en á miðju ári 2001. Þess vegna frestuðust framkvæmdir við þá stækkun fram í byrjun næsta árs. Allar virkjanir okkar eru á Suðurlandi og í gegnum tíðina hefur lítið verið amast við byggingu þeirra en þegar loksins stendur til að virkja í öðrum landshluta hefjast mikil mótmæli og mest og háværust hjá fólki á höfuðborgarsvæðinu. En áhugi Austlendinga á virkjun til atvinnusköpunar finnst mér afar eðlilegur.

Íbúum Miðausturlands hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum. Þeim fækkaði um tæp 9% á árunum 1990–1998 og störfum á svæðinu fækkaði um 16,7% á árunum 1986–1996 eða á einum áratug. Í ítarlegri könnun, sem Stefán Ólafsson prófessor gerði fyrir Byggðastofnun á síðasta ári, kom það fram að einhæfni atvinnulífsins er langstærsti orsakavaldurinn varðandi flutning fólks af landsbyggðinni og er öllum ljóst að álver á Reyðarfirði mundi gjörbreyta atvinnuástandi á svæðinu. Það mundi skapa fjölbreyttara atvinnulíf, flytja inn erlent fjármagn og tækniþekkingu og skapa hundruð nýrra vel launaðra starfa. Það mun hjálpa ungu og vel menntuðu fólki á Austurlandi að fá störf við sitt hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Fljótsdalsvirkjun og uppbygging stóriðju á Austurlandi er því að mínu áliti stórt landsbyggðarmál og gott innlegg í þá miklu umræðu sem verið hefur um byggðamálin að undanförnu og þá miklu fólksfækkun sem orðið hefur á landsbyggðinni og ég tel að þetta sé tvímælalaust eitt stærsta byggðamál síðari ára.

Athyglisvert er að skoða launatekjur fólks á Miðausturlandi. Í einhverju af fylgigögnunum sem fylgja tillögunni kemur fram að af tæpum 6.800 skattgreiðendum á síðasta ári höfðu aðeins rúmlega 20% yfir 2 millj. í tekjur og meira en helmingur hafði innan við 1 millj. í tekjur. Það er mjög fróðlegt að bera þessi laun saman við tekjur manna í stóriðjunni. Ég leitaði upplýsinga um það hjá launastjóra Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga í gær hver laun manna væru þar og samkvæmt upplýsingum hans voru meðallaun starfsmanna á síðasta ári tæpar 2 millj. hjá starfsfólki í mötuneyti og ræstingu, 2,5 millj. í ofndeild og flutningadeild, 2,5 millj. hjá skrifstofufólki, og 2,9 millj. hjá iðnaðarmönnum. Mér sýnist því alveg morgunljóst að stóriðja á Reyðarfirði mundi gjörbreyta atvinnuástandi og tekjum manna á Austurlandi en eins og fram kemur í þessum gögnum er talið að 120 þúsund tonna álver mundi veita 270 störf til frambúðar en 730 störf á framkvæmdatíma auk starfa við virkjanaframkvæmdir.

Þessu til viðbótar fylgir svo mikill fjöldi starfa við margháttaða þjónustu, svo sem margs konar viðhald og störf iðnaðarmanna, rannsóknir, matsölu, tölvuþjónustu, endurskoðun o.fl. Það má minna á að að mati Byggðastofnunar má ætla að afleidd störf vegna álvers á Reyðarfirði verði álíka mörg og föst störf í fyrirtækinu.

Ég held að einnig megi vænta þess að bætt aðgengi að hálendinu sem fylgir þessum framkvæmdum muni hleypa nýju blóði í ferðamennsku á svæðinu. Við vitum að sú mikla vegagerð sem Landsvirkjun hefur farið í varðandi framkvæmdir liðinna ára hefur orðið til þess að fólk getur notið hálendisins í miklu meira mæli en áður. Hálendið er ekki lengur bara fyrir gönguhrólfa og hestamenn. Menn geta ekið þarna á góðum vegum sem Landsvirkjun hefur byggt og ég held að slíkar framkvæmdir tengdar Fljótsdalsvirkjun muni auka ferðamennsku á svæðinu.

Mér sýnist líka augljóst að þessari uppbyggingu í atvinnulífinu muni fylgja jarðgangagerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Í dag er öll okkar stóriðja starfrækt á litlu svæði við Faxaflóa. Það munu vera um þúsund manns starfandi í þeim verksmiðjum sem þar eru og auk þess jafnmargir eða jafnvel fleiri sem starfa við margháttaða þjónustu við þessi fyrirtæki.

Andstæðingar stóriðju tala gjarnan með nokkurri fyrirlitningu um störf við mengandi stóriðju, eins og það er oft nefnt, og að nær væri að finna eitthvað annað til að bæta atvinnuástand á Austurlandi. En hver er reynslan af þessum störfum? Hún er nákvæmlega sú að í Sementsverksmiðjunni á Akranesi, sem starfrækt hefur verið á fimmta áratug, hefur stærstur hluti starfsmanna starfað í 20, 30 og jafnvel 40 ár. Í álverinu í Straumsvík mun meðalstarfsaldur vera 20 ár. Í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem tók til starfa árið 1978, hefur stór hluti, verulega stór hluti starfsmanna starfað frá upphafi og þegar álverið á Grundartanga tók til starfa fyrir um tveimur árum og auglýsti eftir starfsmönnum þá bárust 1.100 umsóknir. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur auðvitað að launin eru góð og starfsmönnum líkar þessi vinna vel. Ég ráðlegg þeim sem tala með fyrirlitningu um störf við stóriðju að heimsækja þessi fyrirtæki, ræða við starfsmenn þeirra og spyrja þá að því hvers vegna þeir endast svona vel við þessi störf.

Fyrir rúmum tveimur árum fórum við sem þá skipuðum iðnn. Alþingis í tveggja daga ferð um hálendið og skoðuðum alla virkjanakosti og jafnframt þau mannvirki sem Landsvirkjun hefur reist á liðnum árum. Mér fannst það mjög áberandi hve allar framkvæmdir fyrirtækisins voru til mikillar fyrirmyndar. Það átti jafnt við um byggingar, vegagerð, lón og alla umgengni við umhverfið og ég er þess viss að Landsvirkjun mun standa með sama hætti að virkjun Jökulsár í Fljótsdal.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Eins og ég sagði í upphafi máls míns finnst mér vera nokkuð sérstök tillaga á ferðinni og að mínu áliti nánast óþörf. Það er eiginlega verið að staðfesta það að fyrri samþykktir Alþingis hafi ekki verið gerðar í plati. Það er svo sem ágætt að fá það staðfest en mér finnst aðalatriðið að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun geti hafist sem fyrst því að það er þjóðarhagur.

[14:03]

Útbýting þingskjals:

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 195. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 227.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vona að hæstv. iðnrh. sé einhvers staðar nálægur. Ég held að ég byrji á því að víkja að því sem hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni.

Ég held að tilvitnanir hæstv. iðnrh., Finns Ingólfssonar í Hjörleif Guttormsson, fyrrv. alþingismann, sem ekki á lengur sæti hér til þess að svara fyrir sig sem þingmaður séu með því ómaklegasta og ómerkilegasta sem ég hef heyrt af því tagi mjög lengi. Það fer út af fyrir sig prýðilega á því að það komi frá hæstv. iðnrh.

Hjörleifur Guttormsson hélt einmitt á Alþingi veturinn 1990–1991 eina af frægari ræðum þingsögunnar þegar hann stóð hér í eina 6–8 klukkutíma og andmælti einmitt álveri á Keilisnesi og virkjunum sem því áttu að tengjast. Ég spái því að það muni þurfa meira til heldur en Finn Ingólfsson að koma óorði á eða kasta rýrð á þann orðstír sem Hjörleifur Guttormsson hefur sem umhverfisverndarsinni á Íslandi.

Herra forseti. Ég geri ekki mikið af því að vitna í amerísk stjórnmál. En ég var þó einu sinni staddur vestra og sá stjórnmálaskörung þarlendan, frá Texas, afgreiða heldur seinheppinn mótframbjóðanda sinn til embættis varaforseta Bandaríkjanna þannig að mér er það nokkuð minnisstætt. Þannig var að sá hinn seinheppni Dan Quayle varð það á beint eða óbeint að jafna sjálfum sér við John Fitzgerald Kennedy og þá greip gamli skörungurinn orðið og sagði, ef ég má með leyfi forseta, mæla á enska tungu:

„Senator, I knew Jack Kennedy. You are no Jack Kennedy."

Ég get sagt mjög svipað. Ég þekki Hjörleif Guttormsson. Iðnaðarráðherra, þú ert enginn Hjörleifur Guttormsson og vantar mikið upp á það.

Herra forseti. Ég held að þingleg meðferð þessara mála eigi eftir að komast á spjöld þingsögunnar ef svo fer, sem er bersýnilega ásetningur stjórnarmeirihlutans, að þvinga fram afgreiðslu á þessari sýndartillögu hæstv. iðnrh. Hún er auðvitað ekkert annað en sýndartillaga til þess eins fallin að láta heita svo að Alþingi hafi komið að málinu með nýrri ákvörðun en þó þannig að sjálf grundvallarspurningin sem tekist er á um í fyrstu umferð, lögformlegt eða ekki lögformlegt mat á umhverfisáhrifum, verði aldrei borin upp. Þetta er óefnislegt.

Ég vek athygli á hinu sjaldgæfa orðalagi tillögunnar sem hæstv. iðnrh. flytur. Hvernig hefst tillagan? Tillögugreinin er þannig, að Alþingi, með vísan til þessa og þessa, lýsi yfir stuðningi við eitthvað. Alþingi er að lýsa yfir stuðningi við að eitthvað gerist úti í þjóðfélaginu. Þetta er eins og menn væru á fundi í ungmennafélagi að lýsa sig sammála því að það ætti að varðveita íslenska tungu eða annað því um líkt. Þarna er mjög afbrigðilega að málum staðið, herra forseti. Það á ekki að leggja málið upp sem grundvallarákvörðun þannig að orðalag tillögunnar sé þannig að hér sé um að ræða hina efnislegu ákvörðun Alþingis. Nei, það á ekki að gera. Það á að láta heita svo að í þessu felist eitthvað sem máli skiptir, að Alþingi lýsi yfir stuðningi við að þetta og hitt gerist á grundvelli eldri leyfa og ákvarðana.

Herra forseti. Það er óefnislegt sérstaklega ef koma á í veg fyrir að þáltill. um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum gangi til efnislegrar afgreiðslu á undan þessari tillögu. Það er óþinglegt. Í raun er verið að lýsa með því vantrausti á þá aðferðafræði í þessum málum sem Alþingi þó sjálft hefur ákveðið, þ.e. lög um mat á umhverfisáhrifum, hlutverk skipulagsstjóra, en það sem mestu máli skiptir, á rétt almennings í landinu til að koma með rökstuddum hætti sínum sjónarmiðum inn í ferlið þannig að ákvörðunartökuaðilarnir, skipulagsstjóri og eftir atvikum umhvrh. að lokum, verði að taka tillit til þess. Ég spái því, herra forseti, að þetta felli málið fyrir ríkisstjórninni. Þessi réttur er mjög sterkur og ég er sannfærður um, eins og réttarþróunin hefur verið í Evrópu t.d. og að nokkru leyti hér á landi sem betur fer, að brot á þeim grundvallarrétti almennings að koma sínum rökstuddu sjónarmiðum fram inn í ákvarðanatökuferlið verði á meðal þröskuldanna sem fella hæstv. ríkisstjórn á þessu máli og þá er vel.

Herra forseti. Ég hlýt einnig að gera nokkrar athugasemdir við þá aðferðafræði hæstv. ríkisstjórnar og ráðherra sem er í rauninni mjög athyglisverð, að hlaupa meira og minna átta eða 17 ár aftur í tímann til rökstuðnings sinni afstöðu nú. Auðvitað er mér vel ljóst að þegar hæstv. iðnrh. er að reyna í þessum skógarferðum sínum að láta líta svo út sem þeir sem stóðu að einhverjum hlutum á sínum tíma fyrir 17–18 árum séu þar með skuldbundnir til að styðja hans óhæfuverk nú, þá er það ósköp einfaldlega ekki framsetning sem dugar. Það eru í fyrsta lagi 17–18 ár síðan Alþingi fjallaði um þessa hluti. Þegar hér er vitnað í afstöðu Náttúruverndarráðs frá

þeim tíma, eru menn þá að reyna að segja að ekkert hafi breyst síðan sem þeir þurfi að taka tillit til? Menn horfa í fyrsta lagi fram hjá öllum þeim breytingum sem orðið hafa á lagaumhverfinu síðan. Getur hæstv. forsrh., löglærður maðurinn gert það, látið eins og ekkert hafi gerst síðan 1981, 1982 eða þess vegna 1991 eða 1993?

Menn horfa í öðru lagi fram hjá öllum breytingum á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands á þessum tíma. Það eru komnir til ekki einn og ekki tveir heldur margir þjóðréttarlega bindandi samningar sem við höfum síðan undirgengist, Ríó-samningurinn, samningur þar sem varúðarreglan er fest í sessi um fjölbreytileika tegundanna, fleiri Evróputilskipanir og slíkir hlutir.

Herra forseti. Menn horfa síðast en ekki síst fram hjá því að á þessum tíma hefur orðið grundvallarbreyting á viðhorfum almennings til umhverfismála. Er lýðræðislegt að láta eins og það hafi ekki gerst, gera ekkert með það? Vegna þeirra tilrauna sem hafa verið býsna fyrirferðarmiklar að undanförnu að láta líta svo út að þeir sem sátu í ríkisstjórn á árunum 1988–1991 hafi allir verið sammála þeirri stóriðjustefnu sem þáv. hæstv. iðnrh., Jón Sigurðsson, fór fyrir, þá er rétt að láta það koma fram, þó það sé þreytandi að þurfa að taka tímann í slíka söguskoðun af því að það skiptir í raun ekki öllu máli, að við eigum að taka afstöðu til þessa máls út frá aðstæðum núna, viðhorfum núna og lagaumhverfinu núna. Það var hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að auðvitað geta viðhorf manna breyst á þeim tíma og það er ekkert til að skammast sín fyrir ef um rökstuddar, ígrundaðar og yfirvegaðar ákvarðanir manna er að ræða.

En það er best að upplýsa það að um þessa stóriðjustefnu Jóns Sigurðssonar var mikill ágreiningur í þeirri ríkisstjórn og það er rétt að upplýsa að Jón Sigurðsson bar ekki undir ríkisstjórnina ákvörðun sína um að veita virkjunarleyfi 24. apríl 1991. Herra forseti. Ef ég má víkja hálft skref úr ræðustólnum þá eru hér fundargerðir ríkisstjórnar Íslands frá þeim tíma. (**Utanrrh.:** Er hann ekki fjarstaddur?) Ríkisstjórn Íslands hélt tvisvar fundi eftir að þetta mál var komið á það stig sem raun ber vitni, 16. apríl og 23. apríl. Á dagskrá hvorugs þessara funda er þetta mál og 24. apríl gaf Jón Sigurðsson þetta virkjunarleyfi með bréfi. Mér er ekki kunnugt um, herra forseti, ég hef ekki kannað það, hvenær það kom í fjölmiðla en það er best að staðreyndir séu staðreyndir og ég vona að ráðherrarnir séu ekki að telja það árásir á virðulegan bankastjóra úti í löndum að vitna til staðreynda af dagskrám ríkisstjórnarfunda lýðveldisins. (**Gripið fram í:** Það var líka gert áðan.) Það er að vísu þannig að innihald fundargerðanna er trúnaðarmál og ekki ætla ég að brjóta það. Það skal læsast niður á Þjóðskjalasafni í 30 ár. En dagskrár ríkisstjórnarfunda og hvað þar var tekið fyrir eru opinber gögn og liggja fyrir og það er best að rétt sé rétt.

Í fjölmiðlum sömu daga og þessir atburðir voru að gerast er hægt að tína til margar tilvitnanir í ráðamenn Alþfl. þar sem þeir tilgreina andstöðu okkar ráðherra Alþb. við stóriðjuáformin sem eina höfuðástæðuna fyrir því að reyna ekki áfram það stjórnarsamstarf heldur halla sér að íhaldinu. Þetta eru staðreyndir, herra forseti, og ætti ekki að þurfa að tyggja þær endurtekið ofan í menn. Nóg um það.

Herra forseti. Um málið í heild er best að taka iðnrh. á orðinu. Við skulum endilega ræða um málið í heild. Við skulum horfast í augu við þarna á að setja af stað áform samkvæmt viljayfirlýsingu ríkisstjórnar og samstarfsaðila sem eiga að enda í 480 þús. tonna álveri, þrisvar sinnum núverandi stærð álversins í Straumsvík, þannig að ef það verður allt á lengdina mun taka fleiri, fleiri mínútur að keyra fram hjá því. Ég veit ekki hve margir leggja það á sig á leið sinni til Norðfjarðar ef þau áform öll ganga eftir.

Raforkan sem slíkt risaálver þarf er sambærileg við alla raforku sem framleidd er á Íslandi nú, þ.e. um 7 teravattstundir af kannski 30 sem líklegt er að nokkurn tíma verði virkjaðar í landinu úr þessu. Átta menn sig þá á því hvers konar risaákvarðanir á að setja hér af stað?

Fyrir liggja mjög vel rökstuddar upplýsingar um að þjóðhagslegar forsendur þessa máls séu afar umdeilanlegar, svo ekki sé meira sagt, að tapið af virkjuninni gæti kannski orðið af stærðargráðunni 10–20 milljarðar kr., að áhættan er svo til öll á íslenskum herðum. Iðjuverið fullbúið í 480 þús. tonnum gæti kostað um 240 milljarða ef maður margfaldar með fjórum þá 60 milljarða sem þarna eiga að koma í fyrsta áfanga, þ.e. fjórðungsstærð. Segjum 200 milljarða þar. Segjum að fjórum sinnum 30 milljarðar fari í virkjanir. Það gera 120 milljarða. Hver á að taka áhættuna? Að langmestu leyti íslenska ríkið. Norsk Hydro sem upphaflega ætlaði að vera stór aðili í þessu máli ætlar núna að eiga 20% eignarhlut í iðjuverinu en ekkert í virkjuninni. Og þeir ætla að leggja hluta af þeim 20% fram í öðru en fjármunum sem verður þeim útlátalítið ef að líkum lætur í formi tækniþekkingar og slíkra hluta. Ætli það verði ekki svipaðir samningar og Elkem notaði t.d. til að raka fé af Íslendingum í samstarfinu um Grundartanga á sínum tíma. Ríkið sem helmingseigandi Landsvirkjunar, ríkið sem eigandi ríkisbankanna sem nú á að draga inn í að fjármagna þetta fyrirtæki, tvö af stærstu sveitarfélögum landsins og jafnvel lífeyrissjóðir landsmanna eiga að taka áhættuna af þessum áformum sem geta sett menn inn í vítahring þar sem ekkert verður hægt annað ef á að bjarga dæminu en halda áfram og stækka álverið í fulla stærð því fyrir liggja rökstuddar upplýsingar um að svona lítið álver verði innan skamms mjög óhagkvæm eining.

Hver verður viðspyrnan þá að stoppa sig af ef svo miklir íslenskir hagsmunir eru orðnir í húfi að ríkissjóður, Reykjavíkurborg, Akureyrarkaupstaður, ríkisbankarnir, lífeyrissjóðirnir og aðrir innlendir fjárfestar eiga allt undir í stærstu, einstöku fjármálaákvörðun íslenska lýðveldisins? Það er ekki þannig að menn eigi að geta ýtt því til hliðar að horfast í augu við málið eins og það er í heild sinni. Þetta er glæfralegasta og stærsta einstaka fjárfestingarákvörðun sem hefur nokkurn tímann verið tekin í sögu efnahagslegs sjálfstæðis á Íslandi. Það er þannig. Þá þýðir lítið að vitna í mjög ófullkomnar upplýsingar, t.d. frá Þjóðhagsstofnun, sem kynnu að vera undirritaðar af fyrrverandi tímabundið ráðuneytisstjóra iðnrn. Eða þá gögn frá Landsbankanum, sem kynnu að hafa farið um hendur fyrrverandi ráðuneytisstjóra iðnrn. líka, að vísu annar maður, en skylt er skeggið hökunni eins og einhver var að segja um daginn.

Herra forseti. Ég held að menn eigi að horfast í augu við að allar forsendur þessa máls, lagalegu forsendurnar, hvað lýtur að framkvæmda- og virkjunarleyfi, hvað lýtur að því að sniðganga lögformlegt umhverfismat og þjóðhagslegar forsendurnar, eru allar meira og minna hálfkaraðar. Það er ekki hægt að bjóða mönnum upp á að drífa í gegn fyrir jól málamyndastimplun Alþingis á ákvörðun af þessari stærðargráðu. Það er ekki boðlegt. Allur málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar er henni til háborinnar skammar enda hafa menn greinilega vonda samvisku og forðast að rökstyðja og ræða

efnisþætti málsins en beita fyrir sig útúrsnúningum og sagnfræði af því tagi sem bæði hæstv. iðnrh. og því miður einnig að nokkru leyti hæstv. forsrh. gerði áðan. Ég geri ekki lítið úr þeim vanda sem við er að glíma í byggðamálum á Íslandi og þá ekki frekar á Austfjörðum en annars staðar en það er aldeilis fráleitt að halda því fram að í þessari ákvörðun, eins og allt er í pottinn búið og ég hef farið yfir hér, liggi einhverjar skurðarlínur í því hverjir vilja efla byggð á Íslandi og hverjir ekki. Það er ekki svo og það kemur úr hörðustu átt að hæstv. forsrh., sem hefur farið hefur með byggðamál á níunda ár, og Framsóknarflokkurinn, sem hefur verið í ríkisstjórn svo lengi sem elstu menn muna, að undanskildum kannski fjórum, fimm árum, bera þar af leiðandi mesta ábyrgð á því hvernig ástandið er í byggðamálum á Íslandi, hafandi gert meira og minna ekki neitt undanfarin ár til að snúa þróuninni við, ætli nú að gera sig dýrlega út á svona mál, sem ekki getur orðið lausn í hinum almenna atvinnu- og byggðavanda landsbyggðarinnar. Hverju eru menn bættari á Vestfjörðum þó að rísi álver á Reyðarfirði og jafnvel þó að það kynni að hafa jákvæð áhrif í sínu næsta umhverfi?

Herra forseti. Þetta er mál sem hlýtur að eiga eftir að taka mikinn tíma á Alþingi og það er með öllu óboðlegt að vinna að þessu undir tilskipunum ofan úr Landsvirkjun um að þessu máli skuli ljúka fyrir jól.

[14:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er margt sem fram kom í ræðu hv. þm. sem rétt væri að gera athugasemdir við og þá aðeins eitt í upphafi sem ég vil minnast á. Hv. þm. gerði óskaplega mikið úr því að vitnað skyldi í flokksfélaga hv. þm., fyrrv. hæstv. iðnrh., Hjörleif Guttormsson. Þar var ég að vitna í gögn sem fyrir liggja í þinginu og ræðu sem hv. þm. og fyrrv. hæstv. ráðherra flutti í þinginu. Þetta var afskaplega ómaklega að verki staðið að mati hv. þm. Hann var ekki lengra kominn, hv. þm., í ræðu sinni en hann hóf heiftarlegar árásir á fyrrv. iðnrh. sem er ekki á meðal okkar í dag og er fjarstaddur, á bankastjóra Landsbankans og ýmsa starfsmenn sem hafa komið að málinu. Þetta lýsir betur en nokkuð annað öllum málflutningi þess hv. þm. sem hér var að tala áðan, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, og hann dæmir sig sjálfur.

[14:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé að það hefur verið hæstv. iðnrh. erfiður samanburður sem ég gerði á honum og Hjörleifi Guttormssyni og ég marka það af því að meira að segja hann sjálfur áttaði sig á því að það sem ég sagði var rétt. Finnur Ingólfsson, hæstv. iðnrh., er enginn Hjörleifur Guttormsson og hann ætti að fara varlega í að reyna að gera þar mannamun á. Ég taldi ekki mjög drengilegt af hæstv. iðnrh. með þeim tilvitnunum, slitnum úr samhengi, í mál Hjörleifs Guttormssonar, fram flutt við allt aðrar aðstæður og á allt öðrum tíma, að láta að því liggja að í raun og veru væri Hjörleifur Guttormsson einhvers konar stuðningsmaður þeirra framkvæmda sem nú að fara að ráðast í. Eða til hvers voru þá tilvitnanirnar, hæstv. iðnrh.? Að leggja það að jöfnu því að segja það eitt um fyrrv. iðnrh., Jón Sigurðsson, að um stóriðjustefnu hans hafi verið ágreiningur í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, er nú nokkuð langt gengið. Hvað var það sem ég sagði um þennan ágæta mann, hæstv. fyrrv. iðnrh., Jón Sigurðsson, nú bankastjóra Norræna fjárfestingarbankans? Ég sagði það eitt að um stóriðjustefnu hans hefði verið ágreiningur í þeirri ríkisstjórn, opinbert mál sem hefur legið lengi fyrir og síðan vitnaði ég í hvað hefði verið á dagskrá funda ríkisstjórna í aprílmánuði 1991. Hæstv. iðnrh. kemst náttúrlega ekki svo ódýrt frá málum að leggja það að jöfnu við það sem hæstv. ráðherra var að gera Hjörleifi Guttormssyni upp áðan. Nú vill að vísu svo til að jafnvel þó að Hjörleifur Guttormsson sé utan þingsala um þessar mundir er hann fullfær til að verja orðstír sinn sjálfur. Ég er ekki viss um að það hafi ofan í kaupið, þó við sleppum nú drengskapnum, verið mjög hyggilegt af hæstv. iðnrh., Finni Ingólfssyni, að vera að reyna að espa hv. fyrrv. þingmann og hæstv. fyrrv. ráðherra, Hjörleif Guttormsson, mjög gegn sér.

[14:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þurfti ekki hv. þm., Steingrím J. Sigfússon, upp í ræðustól til að draga upp þann mismun sem er á þeim manni sem hér stendur og fyrrv. hv. þm. og fyrrv. hæstv. iðnrh., Hjörleifi Guttormssyni. Það er öllum ljóst. Hins vegar þakka ég hv. þm. fyrir að draga þann mismun fram. Í ljós kom í umræðu hér áðan og hjá hv. þm. að munurinn á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, og fyrrv. hæstv. iðnrh., Jóni Sigurðssyni, var enginn vegna þess að þeir stóðu sameiginlega að þessum ákvörðunum. Af því að vitnað var í það hér þegar á sínum tíma var verið að mynda fyrrv. ríkisstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, þá man ég ekki betur en til þess hefði verið sérstaklega tekið af páv. formanni Alþýðubandalagsins að það væri ekkert vandamál að halda áfram því stjórnarsamstarfi sem þá var vegna þess að það væri aðeins við einn mann að eiga sem væri vandamálið og það væri páv. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Önnur vandamál væru ekki til staðar. Það undirstrikar betur en allt annað að það var enginn munur á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hæstv. fyrrv. iðnrh., Jóni Sigurðssyni, þeir voru sammála í þessu máli.

[14:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í raun og veru er það svo fráleitt að taka tíma Alþingis í umfjöllun af þessu tagi að það tekur engu tali. Hvað er verið að sanna með þessu? Hversu langt eigum við að fara aftur? Eigum við að fara aftur á sjöunda áratuginn, eigum við að fara yfir afstöðu manna til stóriðjumála þá, Nordalsstefnunnar eins og hún var? Er það þar aftur á þeim vígvelli sem ríkisstjórnin vill heyja þetta mál? Ég held það. Ég held það sé nefnilega þannig að fyrir utan að koma höggi á einhverja einstaklinga og reyna að sanna að þeir séu ekki trúverðugir vilji ríkisstjórnin reyna að láta málið og deilurnar snúast um slíka hluti en ekki ákvarðanatökuna í núinu. Það er það.

En bara rétt til þess að rifja aðeins upp fyrir hæstv. iðnrh. þá stendur t.d. í viðtali við Jón Baldvin Hannibalsson í Morgunblaðinu 23. apríl, daginn áður en Jón Sigurðsson, hæstv. páv. iðnrh., gaf út virkjanaleyfið, eftirfarandi:

„Jón Baldvin sagði að málið [þ.e. álversmálið og deilurnar um það] snerist síður en svo um Hjörleif einan. Þingflokkur Alþýðubandalagsins hefði stutt tillögu Ragnars Arnalds, sem efnislega hefði komið í veg fyrir fjárveitingu í lánsfjárlögum til þess að halda áfram undirbúningi um samninga um álverið. Steingrímur J. Sigfússon hefði lýst því yfir að hann mundi aldrei samþykkja álver á Keilisnesi."

Það er hægt að færa fram margar aðrar tilvitnanir, herra forseti, til að sýna fram á það að ágreiningurinn lá þegar

fyrir og var opinbert mál. Svo kemur hæstv. iðnrh. og segir að allir hafi verið sammála.

[14:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm., eftir að hafa hlustað á þessa ræðu, hvaða álver væri heppilegt og hver væri stærðin á því ef 120 þús. tonna álver er of lítið þannig að útlit er fyrir stórkostlegt tap á því, ef 480 þús. tonna álver er svo hrikalega stórt að Ísland hefur aldrei lagt í glæfralegri fjárfestingu, hvað væri þá hið heppilega álver? Hvernig má það vera að þessi ágæti hv. þm. sem mér hefur heyrst á undanförnum árum að væri allur opinber rekstur mjög hjartkær og tæki mjög nærri sér þegar hvaða smáfyrirtæki sem er væri einkavætt, virðist nú hafa ástæðu til að halda að opinbert fyrirtæki eins og Landsvirkjun, ætli að fara sér að voða, bara að gamni sínu held ég, að fara að tapa einhverjum tugum milljarða. Af hverju? Er einhver nauð sem rekur það til þess? Hefur þingmaðurinn einhverja ástæðu til að ætla að ekki megi treysta þessu fyrirtæki til þess að gera viðskipti þannig að þau standi á fótunum? Hvaða ástæða er til þess að vantreysta Landsvirkjun til þess? Hefur eitthvað komið fram í þessum skýrslum eða þessum pappírum sem við höfum, sem segir til um að þeir séu ófærir um þetta? Ætlar hv. þm. kannski að ganga í lið með mér og öðrum sem eru mjög þess fýsandi að einkavæða þessa stofnun?

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein ástæðan fyrir því að ég held að álver, bygging álvera og rekstur inn í framtíðina sé ekki spennandi kostur fyrir Íslendinga, er sú að einingarnar fara hratt stækkandi í þeim efnum og það stefnir í að slíkur rekstur verði ekkert arðbær nema í risastórum einingum, það stórum að tvö, þrjú, fjögur slík stykki mundu þurrka upp alla lausa raforku í landinu. Eru menn þá tilbúnir til að setja öll eggin í sömu körfu og ráðstafa henni allri í það? Nú þegar er meira en helmingur af raforkumarkaðnum á Íslandi háður verðsveiflum á áli upp og niður. Vilja menn hækka það hlutfall í $^3/_4$ þannig að það sé aðeins $^1/_4$ hluti raforkusölunnar sem er óháður þeim verðsveiflum og menn þurfi að standa undir niðurgreiðslunum ef illa fer?

Ástæðan fyrir því að ég er tortrygginn út í forsendur bæði Landsvirkjunar og fleiri hagspekinga sem hafa reiknað sömu hlutina ofan í okkur aftur og aftur eru borðleggjandi staðreyndir um hve stóriðjan borgar lítið fyrir rafmagnið, eða 88 aura á kwst. á síðasta ári á sama tíma og almenningsveiturnar borga að meðaltali 2,80. Það eru 12,5 mill samkvæmt gömlu einingunni en ég hef séð útreikninga þar sem sagt er að 18–24 mill séu lágmark til þess að nýjar fjárfestingar í virkjunum geti staðið undir sér. Þarna er stórt bil á milli og það er það sem ég tel vera glæfralegt að gera enn samninga um útsölu á rafmagni á lágu verði sem er háð verðsveiflum á heimsmarkaði á áli upp og niður og gera Ísland og þessi opinberu og hálfopinberu fyrirtæki enn háðari um afkomu þeim hlutum en nú þegar er. Það tel ég vera glæfralegt. Ég hélt satt best að segja að hv. þm. hefði ákveðinn skilning á því að það er ekki mjög skynsamlegt að standa þannig að málum. Eru ekki almennir raforkukaupendur á Íslandi að verða svolítið þreyttir á því að borga með stóriðjunni eins og þeir hafa gert og útreikningar hagfræðinga m.a. núna sýna að þeir hafa gert þegar í reynd kemur í ljós að raforkuverðið til stóriðjunnar þyrfti að vera 30, 40, jafnvel upp í 80–100% hærra til þess að dæmið gengi almennilega upp?

[14:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur alltaf verið ljóst að það þarf lágmarkstekjur til þess að virkja. Ég hélt að í þeim gögnum sem fyrir okkur lægju stæði mjög skýrt að það ætlaði enginn að fara að virkja öðruvísi en að hann gæti fundið einhvern rekstrargrundvöll fyrir því. Mér hefur alltaf verið það ljóst. Ég hef ekki séð neitt um það hér og ég veit ekki til þess að nokkur hafi lýst því yfir að við ætluðum að fara að virkja hér til þess að gefa einhverjum raforku eða selja einhverjum á lágum prísum. Það hefur hvergi komið fram.

En hv. þm. svaraði ekki spurningu minni. Hvers vegna vantreystir hann Landsvirkjun í þessu? Af hverju mundi Landsvirkjun gera slíka voðasamninga? Af hverju ættu þeir að gera samninga upp á tugmilljarða tap á ári? Hvað nauð ræki þá til þess?

Væri betra að við einkavæddum Landsvirkjun? Væri henni þá betur treystandi til að gera ekki þá samninga sem gætu leitt þjóðina í voða? Hins vegar liggur það líka fyrir að menn geta gert framvirka samninga bæði um dollara og álver. Áhættan í dag er allt önnur og miklu minni en árin 1968 og 1969 þegar við vorum fyrst að semja.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Er þá ekki best að fá þá pappíra hérna á borðið? Er þá ekki best að málið liggi allt saman fyrir áður en menn fórna Eyjabökkum og taka óafturkræfar ákvarðanir eins og lagt er til? Er það ekki betra en að skáskjóta sér fram hjá því að horfast í augu við málið? Þyrfti ekki að taka allt fyrir í samhengi, skoða allar þær virkjanir sem þarf til að fullnægja raforkuþörfum 480 þús. tonna álvers, Kárahnúkavirkjun, Kreppu, Blöndu eða jafnvel Jökulsá á Fjöllum og skoða einnig þjóðhagslegar forsendur í ljósi þess rafmagnsverðs sem þarna á að semja um?

Auðvitað er barnalegt að bera við viðskiptaleynd í þeim efnum þegar á hverju einasta ári kemur út ársskýrsla Landsvirkjunar með meðaltalsverði á rafmagni til stóriðju. Hvaða barn sem er getur reiknað þá hluti út. Það eru ekki mikil vísindi fyrir utan það að hagdeildir álvera úti um allan heim vita allt sem þær þurfa og vilja vita um þessi efni.

Nei, það er verið að fela þessar staðreyndir fyrir Íslendingum og það sem verra er fyrir alþingismönnum. Menn burðast við að bera við einhverri barnalegri viðskiptaleynd þannig að maður eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hér upp og viðurkennir að hann viti ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta.

[14:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli þingmannsins að orðið hefði grundvallarbreyting á afstöðu almennings til stóriðjumála og virkjanamála á síðustu árum. Í gær voru birtar niðurstöður skoðanakönnunar sem m.a. leiddu í ljós viðhorf til stóriðju. Þar kom fram að 64% landsmanna væru jákvæð í garð stóriðju. Fyrir níu árum voru birtar niðurstöður skoðanakönnunar þar sem spurt var um nýtt álver. Sú spurning var aðeins öðruvísi, það var spurt hverjir styddu nýtt álver. Þá studdu 68% nýtt álver, 68% árið 1990, 64% árið 1999. Þá voru 18% andvígir álveri, í dag eru 15% neikvæð í afstöðu sinni til stóriðju.

Þannig verður ekki dregin sú ályktun að andstæðingum stóriðju á borð við álver hafi fjölgað heldur þvert á móti að andstæðingum hafi fækkað. Ég get ekki fallist á, herra

forseti, fullyrðingar um að grundvallarbreyting hafi orðið á viðhorfum almennings hvað þetta varðar.

Hv. þm. hefur réttilega vísað til þess að hann hafi í viðtali í Dagblaðinu í ágúst 1990 sagt að hann mundi aldrei samþykkja álver á Keilisnesi. Það var vegna þess að þingflokkur Alþb. hafði gert samþykkt um málið sem skilyrti stuðning flokksins við álver við að álverið yrði byggt úti á landi. Það kemur fram í viðtölum við þáv. ráðherra samgöngumála, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, þar sem hann rekur þessa skoðun sína og telur Eyjafjörð og Keilisnes óheppilegan kost en bendir á Austurland sem heppilegan landshluta undir nýtt álver.

Nú spyr ég, herra forseti: Getur þingmaðurinn útskýrt fyrir okkur af hverju hann er á móti álveri á Austurlandi fyrst hann var fylgjandi því fyrir nokkrum árum?

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru fótgönguliðarnir farnir að fylgja í kjölfar ráðherranna með útúrsnúningana. Þeir vilja allir vera 10, 20, 30 ár aftur í tímanum. Þeir sem taka til máls af hálfu stjórnarliðsins neita algjörlega að ræða um þá ákvarðanatöku sem hér ætti að fara fram á Alþingi í ljósi núverandi aðstæðna, núverandi lagaumhverfis, núverandi þjóðréttarlegra skuldbindinga og núverandi viðhorfa.

Já, ég held því fram, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, að mikil breyting hafi orðið á almennum viðhorfum til umhverfismála. Það má vel vera að hægt sé að finna skoðanakannanir til að sýna fram á að varðandi einstaka þætti liggi fyrir mælingar um að viðhorf, t.d. til álvera, hafi ekki breyst mjög mikið. En ég held að allir sem fylgst hafa með umfjöllun um þessi mál og allir sem búið hafa á Íslandi undanfarin ár, það hef ég gert en ég veit ekki með hv. þm., viti að mikil vakning hefur orðið. Sú vakning er ekki bara á Íslandi heldur almennt í heiminum. Umhverfismál eru sem betur fer loksins komin á dagskrá. Menn eru að gera fyrstu alvörutilraunir mannkynssögunnar til að ná tökum á þeim umhverfisvanda sem steðjar að mannkyninu. Ég veit að vísu að Framfl. hefur ekki frétt af því enn þá en ég geri mér þó vonir um að þau skilaboð komist einhvern tíma á leiðarenda þó taugaboðin berist greinilega hægt á þeim bæ.

Ég held, fyrst menn eru að vitna í skoðanakannanir, að við eigum líka að vitna í það sem er óhagstætt fyrir ríkisstjórnina. Ég tók að vísu eftir því hvernig hæstv. umhvrh. notaði skoðanakannanir hér áðan. Hún sleppti alveg að geta þess að endurteknar kannanir hafa sýnt að um $^{3}/_{4}$ þjóðarinnar vilja að virkjun í Fljótsdal fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Eigum við þá ekki líka að taka mark á því sjónarmiði þjóðarinnar sem þannig birtist í skoðanakönnunum, herra forseti?

[14:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Viðhorf þjóðarinnar til Fljótsdalsvirkjunar er þannig, herra forseti, að 36% styðja framkvæmdina en 25% eru á móti. Þeir sem styðja virkjunina eru fleiri en hinir sem eru á móti. 40% eru óákveðin. (**KolH:** En matið? Hver er prósentan þar? 80%?)

Ég vil benda hv. þm. á, til umhugsunar, að umræðan um álver á sínum tíma snerist fyrst og fremst um byggðamál. Þá sögðu menn, m.a. í Alþb.: Ef við reisum álver á Keilisnesi þá ýtum við undir óhagstæða byggðaþróun. Þess vegna eigum við að hafa álver á landsbyggðinni.

Ég veit ekki til þess að þessi rök hafi nokkuð breyst. Getur verið, herra forseti, að þingmaðurinn sé þeirrar skoðunar að það sé í lagi að byggðaröskunin haldi áfram, að þar verði engin viðspyrna af því að honum þyki umhverfismálin orðin mikilvægari í dag en honum fannst fyrir nokkrum árum? Það er skoðun út af fyrir sig en ég get ekki sagt að ég sé sammála henni.

[14:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að eitt af mörgu sem ég hef gagnrýnt stóriðjustefnuna fyrir á undanförnum árum er staðsetning iðjuveranna, það hefur ekkert breyst. Ég sagði það sama þegar ákveðið var að stækka Ísal, þegar ákveðið var að byggja álver á Grundartanga og þegar ákveðið var að auka stórframkvæmdir hér á höfuðborgarsvæðinu. Af sjálfu leiðir vegna þess að ég er byggðastefnumaður. Ég spái því að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni gangi erfiðlega að sanna það fyrir þjóðinni að ég sé alveg sérstakur fjandmaður og andstæðingur hinna dreifðu byggða. Ætli hér tali nú ekki sá alþingismaður sem kom úr einu afskekktasta byggðarlaginu á landinu og því sem fjærst er Reykjavík af heimabyggðum þeirra sem hér sitja. Á þeim slóðum held ég að það mundi a.m.k. ganga erfiðlega. Ég held að þessar blaðatilvitnanir hv. þm. hafi lítið upp á sig.

Það er alltaf vandasamt að beita skoðanakönnunum og vitna í þær. Ég er alveg sannfærður um að sama fólk og lýsir sig jákvætt stóriðju hefur um leið ýmsa fyrirvara á þeim stuðningi sínum. Það vill að stóriðjan samræmist umhverfismarkmiðum og geti gengið á slíkum forsendum. Út frá þeim forsendum er ekkert að því þó að það sé jákvætt í garð stóriðju í könnunum. Það er eðlilegur hlutur.

[14:38]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Sá sem hér stendur hefði á sínum tíma viljað mikið til gefa að geta virkjað í Fljótsdal og efnt til stóriðju á Reyðarfirði. En síðan er mikið vatn runnið til sjávar og einnegin í Fljótsdal austur þar sem stórvirki standa fyrir dyrum. Gjörbreytt viðhorf hafa orðið í þessum efnum og eins hjá þeim sem hér stendur.

Á sínum tíma heyrði maður aldrei minnst á þau meginatriði sem valda því að nú er krafist umhverfismats vegna framkvæmda hvarvetna á landinu. Ég hafði aðeins gert mér grein fyrir því hvað snerti Þjórsárver af fuglaáhuga mínum sérstökum.

Síðan hafa viðhorfin breyst það mjög að menn hafa, til að mynda á hinu háa Alþingi, talið nauðsyn til að setja ítarleg lög um umhverfismat. Það hefði á sínum tíma enginn látið sér til hugar koma. Ég er ekki hingað kominn til þess að lýsa yfir að ekki eigi að virkja í Fljótsdal eða byggja álver á Reyðarfirði. Og af hverju ekki? Af því mig skortir forsendur til að taka ákvörðun.

Hæstv. forsrh. lastaði mjög Samfylkinguna fyrir það að taka ekki ákvörðun um og lýsti ekki yfir hvort hún vildi sökkva Eyjabökkum eða ekki. Á sama tíma bannar hann okkur aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til að taka slíka ákvörðun. Hann og hæstv. iðnrh. ætlast til að við tökum gilt það sem langstærsti hagsmunaaðilinn að málinu segir í skýrslu sinni, þ.e. Landsvirkjun. Ég segi fyrir mitt leyti að þá er stungin tólg ef mönnum er ætlað að taka umsagnir hagsmunaaðila gildar. Sá hagsmunaaðili hefur þegar lagt fram 3 milljarða kr. í kostnað vegna þessarar virkjunar og auðvitað er blóðugt til þess að hugsa að það renni í súginn

eins og líklegt er miðað við hvernig mál standa. En þá er að taka því.

Í Morgunblaðinu í dag eru birt viðtöl við sérfræðinga sem gagnrýna skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. Það gera þeir í öllum helstu atriðum. Ég verð, með leyfi forseta, og tek það út í einu lagi að vitna hér til þessara viðtala. Ég vona að hann hafi ekki athugasemdir fram að færa við það.

Blaðamaðurinn snýr sér fyrst til Snorra Baldurssonar, doktors í plöntuerfðafræði. Hann telur umfjöllun skýrslu Landsvirkjunar um gróður á Eyjabökkum hallast í átt til þess að verið sé að réttlæta framkvæmdina. Hér er fræðimaður sem tekur vægt til orða. Hann segir að skýrslan leggi frekar áherslu á það sem algengt er og líkt með öðrum svæðum fremur en að draga fram það sem er sérstakt og einstakt á svæðinu. Við erum nefnilega að tala allt í einu um svæði — og það óraði engan fyrir og síst mig á sínum tíma, sem barðist fyrir virkjun þar — svo sérstakt að jafnvel er einstakt í veröldinni. Kannski má leggja örfá svæði til jafns við það.

Hann heldur áfram, með leyfi forseta:

„Í skýrslunni segir til dæmis að á Eyjabökkum sé ekki að finna staði sem séu einstakir í sinni röð hvað varðar gróður, heldur eigi hann sér hliðstæður víða á hálendinu. Þetta má vera rétt ef gróður er skoðaður á einstökum reitum innan svæðisins. Athyglisvert er að ekki er talað um svæðið í heild sinni eða um flæðilönd almennt, sem eru afar sjaldgæf á hálendinu."

Snorri segir að vegna þessa virðist sem mörgum spurningum sé enn ósvarað í skýrslunni hvað varðar áhrif framkvæmdarinnar á gróður. „Það hefði þurft að svara því hvar á hálendinu er að finna stórar landslagsheildir sem eru sambærilegar að grósku og í vistfræðilegu tilliti og Eyjabakkar. Eins væri gott að fá að vita hve stórt hlutfall af grónu flæðilandi í yfir 600 metra hæð fer á kaf við þessar framkvæmdir og hvar annars staðar á landinu er að finna samfellt gróðurlendi sem nær alveg frá sjó og upp að jökulsporði. Ég er sannfærður um að ef slíkur samanburður yrði gerður reyndust Eyjabakkar einstakir í sinni röð," segir fræðimaðurinn.

„Snorri segir að grónir jökulgarðar sem finna má á Eyjabökkum og tveimur öðrum stöðum í heiminum, séu töluvert mikilvægari en gefið er í skyn í skýrslunni [þ.e. skýrslu Landsvirkjunar]. Þeir séu náttúrufyrirbæri sem beri að vernda fyrst þeir finnist eingöngu á svo fáum stöðum í heiminum." Og heyri menn nú til þessa spjalls og hugsi menn nú til þeirra skuldbindinga sem Íslendingar hafa gengist undir á alþjóðavettvangi þessu að lútandi. Enn fremur segir: „Í skýrslunni er sagt að gróðurrannsóknir hafi verið stundaðar á svæðinu í 25 ár með hléum." Þetta endurtók hæstv. iðnrh. í framsögu sinni og hélt því fram að ekki hefðu farið fram rækilegri rannsóknir á neinu svæði eða gróðurlendi á Íslandi frá upphafi vega. „Þetta [segir sérfræðingurinn] er í rauninni rangt að mínu mati en rannsóknir fóru fram á gróðri á Eyjabökkum frá 1975 til 1979. Síðan hafa mér vitanlega fáar ef nokkrar rannsóknir verið gerðar þar, þangað til Ágúst H. Bjarnason rannsakaði fyrir Landsvirkjun fyrir skömmu."

Og þessi sérfræðingur segir hér að lokum: „Fyrr en slíkar rannsóknir hafa verið gerðar, getum við ekki vitað með vissu hversu einstakt svæðið er eða hverju við erum að fórna með því að sökkva því."

Síðan er viðtal við Ólaf Arnalds, náttúrufræðing hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, um þann hluta skýrslunnar sem fjallar um jarðvegseyðingu. Hann dregur ýmsa þætti þar í efa, tekur að vísu fram að sig skorti forsendur til að dæma um það beinlínis, en út í gegn er þó um veigamikla gagnrýni af hans hálfu og fyrirvara að tefla.

„Ólafur Einarsson, fuglafræðingur og stjórnarmaður í Fuglaverndarfélagi Íslands, segir að skýrslan sé vel unnin en hún hafi þann galla að verulega sé dregið úr vægi Eyjabakkasvæðisins í náttúrufarslegu tilliti." Sem er undirstöðuatriði þessa efnis. Hann tekur fram að svæðið sé „alþjóðlega mikilvægt samkvæmt Alþjóðlegu fuglaverndarsamtökunum og það er á nýjum lista yfir mikilvæg fuglasvæði í Evrópu. Það er ekki í anda Ramsar-samningsins um vernd votlendis að sökkva Eyjabökkum en við hljótum að eiga að haga okkur samkvæmt honum þar sem við höfum skrifað undir hann." Og hann mun hafa verið undirritaður á sínum tíma af Íslandi árið 1971, samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. Svo mörg voru þau orð.

Því hefur verið haldið mjög á lofti að bygging álvers á Reyðarfirði sé eitt hið brýnasta byggðamál sem um getur, ekki eingöngu fyrir Austfirði, heldur fyrir landið allt. Að sjálfsögðu hlytu slíkar framkvæmdir og rekstur stóriðju við Reyðarfjörð að vera mikilvægt fyrir atvinnu, vöxt og viðgang í landsfjórðungnum. Engum dettur í hug að neita því. En þegar menn ræða um byggðamál forðast menn að nefna undirstöðuatriði byggðaeyðingarinnar á Íslandi, og það er framkvæmd fiskveiðilaganna. Flóttinn af landsbyggðinni undanfarin missiri og ár er af þeim orsökum að langmestu leyti að mönnum er héðan af bannað að sækja sjóinn sinn. Þetta forðast stjórnarherrarnir að nefna eins og heitan eldinn. Lausnin á að finnast í öllu öðru, álveri við Reyðarfjörð, jafnvel hljómlistarhöllum út um öll foldarból, eins og hér kom upp hugmynd um á liðnu vori. Og ótal tillögur voru gerðar og sérstök nefnd sett upp til að gera tillögur um atriði sem gætu orðið til lausnar hinum háskalega vanda og fólksflótta og allt var tínt til nema þetta undirstöðuatriði. Ef menn breyttu til í því væri það miklu mikilvægara en bygging álvers á Reyðarfirði.

Ég rifja það upp að á sínum tíma voru menn sammála um það á hinu háa Alþingi að Íslendingar ættu ekki að taka fjárhagslega áhættu eins og þá að eiga meiri hluta, og eiga helst ekkert — það var skoðun þeirra þá — í stóriðju eins og álveri og öðrum slíkum stóriðnaði. Hver var aftur ástæðan fyrir því að Ísland sat uppi með meiri hlutann í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga? Þá sögu þekkja áreiðanlega margir. Ástæðan er sú að menn réðust í virkjun Sigöldu án þess að samningar hefðu verið gerðir um stóriðju. Menn bundu þá vonir við Union Carbide, frægt fyrirtæki bandarískt, en þeir samningar runnu út í sandinn, menn höfðu hrapað að virkjuninni og voru búnir að fjárfesta gífurlegar fjárhæðir. Þetta vissu Norðmenn, þetta vissu Elkem-menn og gengu á lagið og ekkert þarf að hukla það að þeir samningar sem þeir náðu með því móti voru auðvitað nauðungarsamningar fyrir okkur. Og þeir gátu boðið okkur upp á þetta líka, að neyða okkur til að eiga meiri hlutann. Það hefðum við betur aldrei gert og oft hefur staðið tæpt með það fyrirtæki. Hvers vegna er það aðallega að sú skoðun hefur verið lengi uppi að við ættum ekki að eiga meiri hluta í slíkum áhættufyrirtækjum? Það er vegna þess að við ráðum alls engu um enda framleiðslunnar, þ.e. söluna. Stórhvelin, svo ég nefni þau fyrirbrigði enn á ný, á mörkuðum heimsins í þessum iðnaði ráða öllu og við komum ekki til með að ráða neinu. Það var nýtt og kom ekki á daginn fyrr en eftir kosningar að Norsk

Hydro ætlaði ekki að eiga nema rúm 20% í þessu fyrirtæki — almenningur var leyndur því eins og fleiru — og ætla vafalaust að borga þann hlut sinn með tæknikunnáttu, þeir ætla að sjá um alla stjórn þessa fyrirtækis og þeir munu hafa með höndum algjöra stjórn á allri sölu afurðanna. Þeir vita hvernig við erum staddir í þessu máli eins og það er sótt af stjórnvöldum. Þeir vita að hér er öllu til kostað að þröngva þessu máli fram. Og illvígustu samningamenn í heiminum, sem Norðmenn eru, munu áreiðanlega ganga rösklega á það lag.

Það er fleira sem fram hefur komið að undanförnu sem vert væri að rifja upp og minna á þótt tíminn leyfi aðeins að stiklað sé á því stærsta. Hér er opnuviðtal í Morgunblaðinu sem haft var við lögfræðing fyrir skemmstu. Hún álítur að fram hjá því verði ekki komist að leita eftir framkvæmdaleyfi vegna þessarar virkjunar og að í sambandi við það liggi ljóst fyrir að hið margumtalaða umhverfismat verði fram að fara. Ég spái því að mikið vatn eigi eftir að renna til sjávar í Fljótsdal austur áður en þetta mál er á enda kljáð.

[14:54]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er mjög eðlilegt og raunar nauðsynlegt að umræða fari fram á hv. Alþingi um uppbyggingu álvers á Reyðarfirði og virkjun Jökulsár í Fljótsdal með uppistöðulóni á Eyjabökkum. Það er nú þegar ljóst að umræðan er óþægileg fyrir stjórnarandstöðuna, alveg sérstaklega er hún erfið fyrir hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrím J. Sigfússon, sem kallaði tillöguna sýndarmennskutillögu í umræðunni fyrr í dag og nú hefur verið upplýst af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að þingmaðurinn studdi álver á Austurlandi í ágúst 1990.

Hér er um að ræða aðalumræðuefni þjóðarinnar um þessar mundir en því miður vantar mjög mikið upp á að nægilegar upplýsingar liggi fyrir hjá fólki almennt til að það geti mótað sér afstöðu til málsins. Þetta kom hvað best í ljós í þeirri könnun sem gerð var opinber í gær og segir m.a. að 80% þjóðarinnar viti ekki hvað hið lögformlega umhverfismat er, á sama tíma og u.þ.b. 80% þjóðarinnar virðist vilja að framkvæmdin fari í lögformlegt umhverfismat. Þetta sýnir betur en nokkuð annað fáránleika málsins. En það er ekki við fólkið að sakast, það er við okkur stjórnmálamennina að sakast og það er við fjölmiðla að sakast. Þess vegna er óskandi að umræðan verði málefnaleg og upplýsandi en í raun er ekki um það að ræða að taka ákvörðun um hvort farið skuli í þessar framkvæmdir eða ekki, þ.e. virkjanaframkvæmdirnar, þar sem það er löngu ákveðið með tilstilli allra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á Alþingi í dag. Þeir hafa ýmist komið beint að þeirri ákvarðanatöku eða í gegnum þá flokka sem þeir eru sprottnir upp úr. Ég tel ekki nauðsynlegt að útskýra það frekar. Ég tel hins vegar augljóst að margir hv. þm. eru að fiska í gruggugu vatni í þessu deilumáli. Í því sambandi vil ég ítreka að nú eins og svo oft áður skiptir máli að láta ekki stundarhagsmuni á vafasömum atkvæðaveiðum ráða ferð, horfa þarf á málið heildstætt með framtíðarhagsmuni þjóðarinnar í huga. Þetta mál vekur bjartsýni og eftirvæntingu í hugum margra landsbyggðarmanna. Við erum með fjöregg landsbyggðarinnar í höndunum, fjöregg Austfirðinga, sem kallað er álvershlussa af einum hv. þm. Reykvíkinga. Nú er bara að þreyja þorrann og góuna og sjá málið ganga upp og verða að veruleika, og ég kvíði engu.

Afstaða manna skiptist í grófum dráttum í fjóra hópa. Í fyrsta lagi eru þeir sem telja sjálfsagt að virkja og reisa álver og finnast Eyjabakkarnir ekki skipta miklu máli, teljast varla náttúruverndarsinnar. Í öðru lagi þeir sem vilja virkja og reisa álver þar sem það er þjóðhagslega hagkvæmt og stórkostlegt byggðamál og sjá eftir því landi sem fer undir uppistöðulón. Þessi hópur vegur og metur þá hagsmuni sem málið snýst um og kemst síðan að niðurstöðu, en er engu að síður náttúruverndarsinnar. Í þriðja lagi er hópurinn sem vill ekki virkja af því það skaðar náttúruna og vill heldur ekki álver vegna þess að þau eru stór og ljót fyrirtæki, oftast í eigu útlendinga. Þessi hópur veltir efnahagsmálum yfirleitt ekki mikið fyrir sér. Fjórði hópurinn er sá eini að mínu mati sem kemur fram af óheiðarleika. Það er hópurinn sem segist í sjálfu sér ekki hafa afstöðu til virkjunarinnar, en segist vilja að framkvæmdin fari í svokallað lögformlegt umhverfismat. Hugsunin sem býr að baki þeirri framsetningu er að dulbúa aðferð til að koma í veg fyrir að það verði virkjað. Því miður eru of margir sem ekki virðast kynna sér málið og skipa sér í þann hóp.

Við þingmenn höfum á borðum okkar skýrslu sem segir frá því hvaða áhrif það hefur á náttúru og mannlíf að virkja norðan Vatnajökuls og að byggja 120 þús. tonna álver á Reyðarfirði. Sú skýrsla er nákvæmlega sú skýrsla sem yrði send skipulagsstjóra ef málið hefði fallið undir lög frá 1993 um mat á umhverfisáhrifum. Sá misskilningur að þessi skýrsla sé ekki marktæk af því hún sé unnin af Landsvirkjun virðist teygja sig inn í sali Alþingis, miðað við ræður hv. þm. Frjálslynda flokksins fyrr í umræðunni. Samkvæmt margnefndum lögum frá 1993, um mat á umhverfisáhrifum, er það framkvæmdaaðilinn sem vinnur frummatsskýrsluna. Allt tal um að þessi skýrsla sé ekki trúverðug vegna þess að hún sé unnin af Landsvirkjun byggist því á vanþekkingu. Ég vek athygli á því að sú skýrsla er tilbúin til framlagningar nú í nóvember, þannig að það er fyrst nú sem það ferli sem tengist skipulagsstjóra hefði getað hafist. Það er þess vegna líka byggt á misskilningi að það ferli hefði getað hafist fyrir löngu eins og sumir halda fram og því hefði lögformlegt umhverfismat ekki þurft að tefja tímann.

Ég met mikils sérfræðinga okkar á þessu sviði, en Alþingi og hv. alþm. hafa aldrei gefið frá sér þann rétt og þá skyldu að hafa skoðun á málum. Það sýnir best tvískinnunginn í máli manna, eins og kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að leggja í fyrri hluta ræðu sinnar áherslu á að hin svokallaða lögformlega leið sé farin en segja svo í lok ræðunnar að vinstri grænir vilji friða Eyjabakka. Ég hefði borið meiri virðingu fyrir hv. þm. ef hún hefði sleppt dulbúnu aðferðinni við að eyðileggja málið en sagst einfaldlega vera á móti Fljótsdalsvirkjun.

Hefði verið farið að lögum frá árinu 1993 í þessu máli þá hefði skipulagsstjóra verið send margnefnd skýrsla. Hann hefði síðan kallað eftir athugasemdum utan úr þjóðfélaginu og hugsanlega eftir viðbótarupplýsingum frá framkvæmdaaðila, þ.e. Landsvirkjun. Þetta átti að verða stór stund hjá fjórða hópnum sem ég talaði um áðan. Á þessum tíma átti að grípa til allra tiltækra ráða til að tefja og skemma fyrir.

Nú þegar búið er að rannsaka og undirbúa framkvæmdir fyrir um 3 milljarða kr. vegna þessara framkvæmda, dettur þá einhverjum í hug að mikið vanti af upplýsingum? Það vantar ekki upplýsingar til þess að venjulegur Íslendingur sem les og hlustar geti tekið afstöðu með eða á móti virkjun í Fljótsdal, með eða á móti uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni, nánar tiltekið á Austurlandi.

Ég ítreka enn að þessi umræða snýst ekki um hvort fram skuli fara mat á umhverfisáhrifum skv. lögum um það efni frá árinu 1993 eða ekki. Sumir hafa í þessari umræðu kallað það að fara að settum reglum. Það að svo skuli ekki gert er ákveðið með samþykkt þeirra laga. Auk þess tel ég að slíkt hefði ekki verið gert þrátt fyrir að umrætt bráðabirgðaákvæði hefði ekki verið samþykkt.

Það er algild regla, bundin ákvæðum stjórnarskrár, að lög skuli ekki vera afturvirk. Landsvirkjun hafði leyfi fyrir virkjun í Fljótsdal sem veitt var af iðnrh. árið 1991 og greiddi fyrirtækið einn og hálfan milljarð fyrir á núvirði á grundvelli samnings frá 11. ágúst 1982. Virkjunarleyfið telst því eign fyrirtækisins samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar. Leyfisveiting ráðherra byggist á heimild Alþingis til virkjunarinnar frá 1981.

Hæstv. forseti. Við megum engan tíma missa í þessu máli. Þá er ég ekki fyrst og fremst að hugsa um samningaviðræður sem við eigum í við erlenda aðila vegna uppbyggingar álvers og þá viljayfirlýsingu sem undirrituð var á Hallormsstað sl. sumar heldur þá staðreynd að landsbyggðin má ekki veikjast enn frekar. Auk þess vantar um 20 milljarða kr. í þjóðarbúið árlega til þess að endar nái vel saman. Varanleg áhrif þessara framkvæmda á þjóðarframleiðslu verða 1,2% og útflutningur eykst um ríflega 4%. Skyldi þetta ekki hafa eitthvað með það að gera hver kaupmáttur fólks verður í landinu og lífsskilyrði almennt á komandi árum og áratugum? Það er því í meira lagi ósanngjarnt þegar því er haldið fram að stjórnvöld hafi ekki áhyggjur af lífsmöguleikum komandi kynslóða. Þetta mál snýst einmitt um að tryggja lífsmöguleika komandi kynslóða.

Þegar Framsfl. kom að stjórn landsins á nýjan leik árið 1995 var atvinnuleysi að festast í sessi og fjárfesting í lágmarki. Á síðasta kjörtímabili var tekin ákvörðun um að stækka álverið í Straumsvík og byggja álver Norðuráls á Grundartanga. Mér fannst orka tvímælis hvort réttlætanlegt væri að fara í svo miklar framkvæmdir hér á suðvesturhorninu vegna þeirra áhrifa sem það kynni að hafa á landsbyggðinni. Raunin varð hins vegar sú að þessar framkvæmdir urðu vendipunkturinn í atvinnumálum þjóðarinnar. Það var þjóðfélagslega hagkvæmt að fara út í þessar framkvæmdir en þá var ákveðið að ef upp kæmu fleiri tækifæri á þessu sviði yrðu þau stóriðjuver byggð upp á landsbyggðinni.

Nú blasir það tækifæri við okkur að gera stórátak á Austurlandi með fjölgun starfa, á framkvæmdatíma um 730 manns og til frambúðar um 270 manns miðað við 120 þús. tonna álver. Það yrðu um 570 störf miðað við að 240 þúsund tonna álver verði reist til viðbótar og tekið í notkun árið 2008.

Tölur um búferlaflutninga á Miðausturlandi á árunum 1971–1999, þ.e. 27 ára tímabili, sýna að 2.385 fleiri fluttu frá svæðinu en til þess eða 85 að meðaltali á ári. Í nóvember 1997 voru birtar niðurstöðutölur rannsóknar um orsakir búferlaflutninga sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Byggðastofnun. Könnunin sýnir að aðeins 50,5% þeirra sem höfðu fæðst á svæðinu og voru á lífi 1992 bjuggu þar enn. Fólk vill búa á Austurlandi en hins vegar þarf að skapa því aðstæður til þess. Ljóst er að verulegur þáttur í ákvarðanatöku fólks um búsetu er af sálrænum toga. Mikill vöxtur í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins á síðustu árum hefur virkað sem sterkt aðdráttarafl á íbúa landsbyggðarinnar. Það sama mun gerast ef atvinnulíf á Austurlandi tekur slíkan fjörkipp sem hér um ræðir.

Málið snýst ekki bara um störf á Austurlandi miðju, það snýst líka um svokölluð afleidd störf. Fyrir hvert eitt starf í álveri í Reyðarfirði verður til eitt til viðbótar á Miðausturlandi og 1,3 annars staðar á landinu. Afleidd störf verða samkvæmt þessu fleiri utan svæðisins en innan og með bættum samgöngum við Norðurland er augljóst að áhrifa mun gæta t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu þar sem Akureyri er langstærsti bær landsbyggðarinnar. Með bættum samgöngum verður um þriggja tíma akstur þaðan til Reyðarfjarðar.

Nú kem ég frekar að náttúruverndarþætti málsins. Ég tilheyri þeim sem ég flokkaði í hóp tvö í upphafi máls míns. Ég tel það vera fórn að sökkva Eyjabökkum en tel það verjandi vegna þess að við hljótum að nýta náttúruauðlindir okkar að ákveðnu marki hér eftir sem hingað til. Það er gleðilegt að samkvæmt könnun sem í gær var birt telur 60% þjóðarinnar að áfram eigi að virkja vatnsafl.

Hv. þingmönnum ber skylda til að taka afstöðu í þessu máli. Málið snýst annars vegar um að byggja upp atvinnulíf til frambúðar á Austurlandi og skapa fleiri hundruð ný störf, auka þjóðarframleiðslu um 1,2% en leggja nokkra tugi ferkílómetra gróins lands á Eyjabökkum undir uppistöðulón. Hinn kosturinn er að taka virkjanaleyfið af Landsvirkjun og greiða milljarða í skaðabætur. Með því yrði tekin ákvörðun um að virkja ekki norðan Vatnajökuls. Fólki mun þá halda áfram að fækka á Austurlandi og lífsskilyrði munu óhjákvæmilega versna í landinu.

Hæstv. forseti. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan samþykkt Náttúruverndarráðs sem hér hefur verið til umfjöllunar var gerð. En Náttúruverndarráð var ekki andvígt virkjun. Það er ekki nema gott um það að segja að umhverfisvakning hefur átt sér stað, þess sjást víða merki. Sem dæmi um breytt viðhorf nefni ég línulagnir. Ég tel fullvíst að í dag hefði þeirri ákvörðun sem tekin var í ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., um háspennulínu þvert yfir hálendið, verið mótmælt kröftuglega, hefði hún komið til framkvæmda. Frágangur í tengslum við vegagerð hefur tekið miklum framförum á síðustu árum en auðvitað er verið að skemma mikið land á þann hátt. Akstur utan vega er eitt vandamál sem tekið hefur verið á og nú stendur til að lögfesta skaðabótakröfur því tengdar. Það er langt frá því að fullkominn árangur hafi náðst og nú í miðri rjúpnavertíð er því miður víða pottur brotinn.

Ég vil að lokum segja, hæstv. forseti: Fyrr í umræðunni setti hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fram skilgreiningu á því sem kallað hefur verið sjálfbær þróun. Í því felst að rýra ekki möguleika komandi kynslóða. Ég fullyrði að það er ekki hægt að halda því fram að verið sé að rýra möguleika komandi kynslóða með þeim framkvæmdum sem hér um ræðir. Ég segi: Það er verið að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. Það er verið að auka möguleika Íslendinga framtíðarinnar til bættra lífskjara og þess að búa hér á landi. En eins og allir vita er ekki lengur hægt að líta á það sem sjálfsagðan hlut að vilji ungs fólks standi til þess.

[15:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði afstöðu okkar dulbúna aðferð til að eyðileggja málið. Ég kannast ekki við það. Ég tel að krafan um lögformlegt umhverfismat samkvæmt þeim lögum sem gilda sé eðlileg. Ég viðurkenni alveg að það þarf ekki lögformlegt umhverfismat til framkvæmdanna skv. lögum. Stjórnvöld eru í fullum rétti til að halda þessu áfram. Það er ekki vegna þess sem menn koma inn með þessa þáltill.

Við teljum að viðhafa eigi þessa aðferð einfaldlega vegna þess að tímarnir kalla á það. Ég tel að bera eigi þá virðingu fyrir þjóðfélagsumræðunni að bregðast við þeim skilaboðum sem koma utan úr þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Ríkisstjórnin er ekki að gera það. Hún er að búa til leikrit inni á hv. Alþingi í kringum þetta mál til að reyna að rétta af pólitíska slagsíðu sína í málinu. Til þess er þetta mál hér. Það er ekki verið að auka við rétt framkvæmdaaðila, þeir hafa þegar allan rétt. Hvað er málið þá að gera hér? Það er verið að búa til farsa í kringum umhverfismat sem hv. Alþingi á að taka að sér að gera og búið er að fara í gegnum hér fyrr á fundinum.

Hv. þm. sagði að þetta snerist ekki um hvort umhverfismat ætti að fara fram eða ekki, þessi umræða hér. Jú, hún verður að snúast um það. Við höfum ákveðið að leggja fram brtt. við þessa þáltill. Hún hefur verið boðuð til þess að þeir sem vilja lögformlegt umhverfismat fái að láta þann vilja sinn í ljós áður en þessi þáltill. verður afgreidd. Mér finnst hart, vegna þess að ég hef viljað að þetta umhverfismat færi fram, að fá ekki tækifæri til að segja það áður en að því kemur að ég svari hvort ég vilji þessa virkjun eða ekki.

[15:11]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég leyfi mér að halda því fram að þeir sem ég flokkaði í fjórða hópinn séu með dulbúna aðferð til að eyðileggja þetta mál. Allar upplýsingar sem þarf til þess að taka afstöðu liggja fyrir. Hv. þm. komast ekki hjá því að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja þessa framkvæmd eða ekki. Við vitum alveg hvað hún leiðir af sér. Hún leiðir það af sér að Eyjabökkum verður sökkt. En við þekkjum líka jákvæðu þættina sem eru í uppbyggingu á landsbyggðinni og þjóðfélagslegs eðlis. Ég segi: Þeir sem ekki taka afstöðu til málsins og fela sig á bak við það að þetta mál eigi að fara í lögformlegt umhverfismat, þó þeir geri sér jafnframt grein fyrir því að lögum samkvæmt eigi ekki að gera það, þora ekki að taka á málinu. Þeir þora ekki að segja hvað þeir vilja. Það finnst mér ekki sæmandi, alls ekki fyrir heilan stjórnmálaflokk og heldur ekki fyrir einstaka þingmenn, ég tala nú ekki um landsbyggðarþingmenn sem bera það á borð fyrir þjóðina að það að setja málið í lögformlegt umhverfismat bjargi öllu.

Við hv. þm. höfum allar forsendur til að taka afstöðu. Ég vonast til þess að hv. þm. sýni þann manndóm þegar hann kemur hér upp aftur, taki afstöðu í málinu og hætti þessum feluleik.

[15:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram, hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar sagði það hér í ræðu sinni, að þingflokkur Samfylkingarinnar lýsir yfir stuðningi við þetta verkefni á Austurlandi, að því gefnu að umhverfismat fari fram eins og við höfum rætt um. Mér finnst slæmt að ekki sé tekið mark á því sem hér er sagt. Ég tel að það sé ekki stjórnarliðum til framdráttar að reyna að snúa út úr orðum okkar. Við viljum setja málið í þennan farveg. Við vitum vel að það þarf ekki að fara fram lögformlegt umhverfismat samkvæmt núgildandi lögum. Við teljum hins vegar eðlilegt, þegar litið er til viðhorfa dagsins í dag, að það verði gert.

Þetta er það sem við höfum sagt. Mér finnst að menn ættu að taka mark á því og sýna hver öðrum þá virðingu á hv. Alþingi að taka mark á orðum manna í ræðustól.

[15:14]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri hvað hv. þm. segir en ég held því fram að þetta sé ekkert svar. Hv. þm. Samfylkingarinnar vita að þetta mál fer ekki í lögformlegt umhverfismat. Þess vegna vilja þeir ekki segja hver afstaða þeirra er. Það kalla ég að fiska í gruggugu vatni. Athyglisvert væri að fá upplýsingar um það hvort meiri hlutinn í sveitarfélaginu, sem nú heitir Fjarðarbyggð og er skipaður af lista sem ég held að sé eitthvað tengdur Samfylkingunni, er ánægður með þessa afstöðu Samfylkingarinnar, að þora ekki að taka afstöðu í málinu en fela sig á bak við það að málið eigi að fara í svokallað lögformlegt umhverfismat.

[15:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði mig hafa talað hér í morgun fyrir dulbúinni skoðun. Ég ætla að mótmæla því vegna þess að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur komið hér fram og talað einum rómi frá upphafi þessa þings um hvað við viljum gera við Eyjabakkasvæðið. Við viljum opna þar Snæfellsþjóðgarð, við viljum verndun Eyjabakka, annað hefur aldrei verið sagt af okkur úr þessum ræðustóli og við erum með þingmál sem staðfesta það með löngum greinargerðum. Ég mótmæli því að ég hafi staðið hér og talað fyrir dulbúinni skoðun.

Annað sem mig langar til að gera athugasemd við í máli þingmannsins, virðulegi forseti, lýtur að þeim upplýsingum sem koma fyrir í þessari skýrslu. Það er alveg rétt sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir segir að búið er að safna afskaplega miklum upplýsingum. Það er hins vegar ekki búið að leggja mat á þær upplýsingar. Í skýrslunni kemur fram hvað eftir annað að ónógar upplýsingar eru til að meta þetta, ónógar upplýsingar til að meta hitt. Hér eru ótal tækifæri fyrir skipulagsstjóra að segja að frekari rannsóknir þurfi að fara fram áður en vitað sé um umhverfisþætti málsins.

Ég vil einnig benda hv. þm. á plagg frá Byggðastofnun, sem fylgir frummatsskýrslu um mat á álverinu á Reyðarfirði. Þar segir Byggðastofnun í mörgum liðum að rannsaka þurfi mál betur varðandi hina jákvæðu þætti í byggðamálunum sem hv. þm. talaði um í ræðu sinni, þar dregur Byggðastofnun ótal þætti í efa og leggur áherslu á í ummælum sínum að þar þurfi frekari rannsókna við. Það er þess vegna sem lögformlegt umhverfismat er nauðsynlegt til að rannsaka betur svo að við komumst að þeirri réttustu niðurstöðu sem mögulegt er að fá miðað við fyrirliggjandi upplýsingar. Rannsóknin hefur ekki farið fram. Mat hefur ekki verið lagt á þær skýrslur sem lagðar eru til grundvallar. Matið á eftir að fara fram. Það er það sem við krefjumst og þjóðin krefst að verði gert. Þjóðin trúir á lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

[15:17]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú verst ef þjóðin trúir á eitthvað sem hún skilur ekki, ég verð að byrja á að segja það, því það kom fram í gær að 80% þjóðarinnar veit ekki hvað þetta lögformlega umhverfismat er, eða veit lítið um það. Það sýnir nú fáránleikann í málinu. Ef fólk er jafnvel að skrifa undir í stórum stíl einhverja áskorun til ríkisstjórnar um eitthvað sem það veit ekki hvað er. Það finnst mér alvarlegt og þess vegna var svo sannarlega tími til kominn að málið yrði tekið upp á hv. Alþingi og vonandi mun þessi umræða skila sér að einhverju leyti út í þjóðfélagið.

Ég talaði ekkert um að hv. þm. hefði dulbúna skoðun. Ég talaði um dulbúna aðferð til að eyðileggja málið. Ég held því fram, og ég læt mig ekki með það, að þessi hugmynd, hver sem átti hana — *ég gæti svo sem alveg ímyndað mér* að það hefði verið Hjörleifur Guttormsson fyrrv. alþm. en það gæti þess vegna verið hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir — en að tala fyrir henni á þann veg að málið eigi að fara *í lögformlegt umhverfismat er mjög sniðug aðferð til að* blekkja. Fólk heldur að verið sé að gera eitthvað ólöglegt með því sem ríkisstjórnin stendur að og verið er að gera. Það er hins vegar allt saman löglegt, og það að setja málið í lögformlegt umhverfismat er aðferð til að dreifa umræðunni og blekkja. Og þessu held ég fram. Hv. þm. veit alveg og ekki síður en ég að stóra málið, stóra umhverfismálið er að sökkva Eyjabökkum og þess vegna getur hv. þm. eins og hver annar tekið afstöðu í málinu. En í fyrri hluta ræðu sinnar talaði hún hve mikilvægt væri að setja málið í hinn lögformlega farveg og síðast í ræðunni sagðist hún vera á móti því að fórna Eyjabökkum. Ég hlustaði á ræðuna.

[15:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur fyrir að búið er að kæra íslensk *stjórnvöld til Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli* þess sem verið er að gera hér. Búið er að draga í efa trúverðugleika laga, það er búið að draga í efa að skaðabótakrafan sem talað er um geti staðist lagalega, að virkjanaleyfið geti staðist, að *bráðabirgðaákvæðið í lögunum um mat á umhverfisáhrifum* geti staðist o.s.frv. Það er ekki uppfinning okkar þingmanna að draga það í efa að lögformlega sé mögulegt að fara þá leið sem hér er verið að fara.

*Mig langar til að nefna varðandi lögformlega umhverfis*matið. Þjóðin hefur tvisvar sinnum á síðustu vikum svarað spurningum í skoðanakönnunum hvort hún vilji að virkjunin fari í lögformlegt mat og yfirgnæfandi meiri hluti segir já. Svo kemur í ljós í könnuninni í gær að þjóðin virðist ekki vita hvað í þessu er fólgið. Þjóðin treystir þó löggjafanum og lögunum um mat á umhverfisáhrifum og Skipulagsstofnun, það er það sem kemur í ljós í þeim skoðanakönnunum þegar þjóðin segist vilja að farið verði í lögformlegt mat.

[15:20]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. *Ég er að hugsa um að spara tímann og nota* ekki alla þessa mínútu. Ég heyri það að hv. þm. er komin í vörn í málinu og mér finnst það ekki leiðinlegt.

[15:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á ræður stjórnarliða. Þegar ég hlustaði á forsrh. í upphafi þessa þingfundar var ég alveg viss um að hann hefði vaknað illa og dottið í sína alkunnu fýlu gagnvart Samfylkingunni og ég kippi mér ekki mikið upp við hvernig hann setti fram sína skoðun. En ég verð að viðurkenna að mér fannst verra að hlusta á hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Ég átti ekki von á því frá henni að *hún yrði með málflutning eins og þann sem hún var með*. Það virðist hins vegar að stjórnarliðarnir eigi það sameiginlegt að um þá sé hægt að segja: ekki sjá, ekki heyra, ekki skilja. Menn eru fullkomlega fastir í fortíðinni og virðast á engan hátt hafa gert sér grein fyrir því að umræða og verðmætamat hefur gjörbreyst á sl. tíu árum. Þekking fólks á víðernum og hvað þar er að finna og mat á því hvort eigi að fara varlega er annað en var fyrir mörgum árum.

Ég ætla líka að leyfa mér að segja, herra forseti, að ég tek það sérstaklega fram að *mér finnst mikilvægt* að breytingin á virkjuninni er þó á þann veg að fallið er frá skurðum og frárennsli sett í jarðgöng, ég ætla sérstaklega að taka það fram af því ég hef reynt að vera mjög efnisleg og fagleg í *umfjöllun minni um þetta mál*. En *ég kom hins vegar ekki* upp út af því, herra forseti, heldur vegna þeirra orða að setja málið bara í lögformlegt umhverfismat, og þjóðin veit ekki hvað lögformlegt umhverfismat er, og þetta er bara eitthvert *grín*. Ég spyr, þarf ekki stjórnarliðið að fara að gera upp við sig hvort það ætli að standa við þau lög sem Alþingi hefur sett, bara svona almennt? Er það bara nóg að gerðar séu rannsóknir og skrifuð skýrsla og hún send inn á Alþingi og einhver Rannveig Guðmundsdóttir, stjórnmálamaður, eigi síðan að framkvæma matið?

[15:23]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta fannst mér nú dálítið sérkennileg ræða. Sannleikurinn er sá að það er einmitt verið að standa við lög í öllum atriðum. Ég hélt að ég hefði komið ágætlega að því í máli mínu og ég hélt því meira að segja fram að þrátt fyrir að bráðabirgðaákvæðið hefði ekki verið samþykkt með lögunum um mat á umhverfisáhrifum frá 1993, þá hefði virkjunin ekki átt að fara í svokallað lögformlegt umhverfismat samkvæmt þeim lögum þar sem þau lög eiga ekki að vera afturvirk frekar en önnur lög sem sett eru í landinu.

Hv. þm. talaði um að verðmætamat hefði gjörbreyst, eins og hún orðaði það, en það er nú samt svo, og það finnst mér eitt af því ánægjulega sem kom út úr þeirri könnun sem gerð var opinber í gær, að 60% þjóðarinnar vill nýta vatnsaflið áfram til virkjunar. Þetta er algjört grundvallaratriði, þetta er það sem málið snýst um, að nýta vatnsaflið, nýta auðlindir þjóðarinnar okkur til framdráttar, til þess að við getum búið og átt góð lífsskilyrði hér eftir sem hingað. Þetta skiptir ekki síst máli fyrir það unga fólk sem er að velta því fyrir sér hvar það ætlar að setjast að í heiminum. Það er nefnilega orðið nokkuð auðvelt að setjast bara að hvar sem er og við getum ekkert endilega búist við því að allir vilji búa á Íslandi, því miður. Við verðum að skapa hér skilyrði fyrir ungt fólk, ungt menntafólk, að búa á Íslandi og ég tala nú ekki um að við erum að skapa skilyrði fyrir fólk að búa á landsbyggðinni, á Austurlandi.

[15:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi ræður Alþingi því hvort umhverfismat fer fram því það er Alþingi sem getur sett þau lög sem þarf ef stjórnarmeirihlutinn telur að hann þurfi lög til þess að þetta gerist. Í öðru lagi erum við ekki að fjalla um að nýta vatnsaflið, við erum að fjalla um — og ágreiningurinn er um það — hvort fram fari mat á því hvort rétt sé að nota vatnsaflið á þeim stað sem hér er til umræðu við þær aðstæður sem skapast. Og þegar talað er um að fólkið í landinu sé einhverjir fávitar sem viti ekkert hvað það vill og skilji ekki hvað felist í spurningu sem fyrir það er lagt, *þá skilur fólk að umhverfismat er tæki sem Alþingi hefur* skapað, tæki til að leggja mat á hvort það sé að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með því að fara í framkvæmdir á hálendinu. Það er svo einfalt. En að spyrja fólk í smáatriðum hvað felist í umhverfismatinu og leggja síðan dóm á það hvort fólk skilji hvað um var spurt er ósæmilegt, en auðvitað

er það pólitík. Það er pólitík sem stjórnarliðarnir hafa rekið hérna grjóthart í dag og ég ber ekki mikla virðingu fyrir því. Að ákveða að það fólk, eins og Samfylkingin sem hér er t.d. að leggja mikla áherslu á að umhverfismat og lög um umhverfismat verði virt til að lagt verði faglegt mat á afleiðingar þessara framkvæmda, sé á móti framförum, á móti því að ungt fólk geti lifað í landinu, á móti því að nokkurs staðar sé virkjað vatnsafl eða álver sé byggt er bara ósæmilegur málflutningur. Og það hefur komið fram, t.d. í málflutningi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að það hefði átt að skoða hvort ekki hefði verið betri kostur fyrir okkur Íslendinga að fara strax í Kárahnúkavirkjun.

[15:27]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. sagði að þetta fjallaði ekki um að nýta vatnsaflið, eða ég tók ekki betur eftir. (Gripið fram í.) Ég er því alveg hætt að botna í þessu.

Ég tek undir með hv. þm. að umhverfismat er tæki og ég er ekki að tala gegn þeim lögum sem sett voru 1993. En við verðum bara að hafa það í huga að þessi ákvörðun er tekin löngu fyrr og það er samkvæmt lögum óheimilt að fara með Fljótsdalsvirkjun í mat á umhverfisáhrifum, það er nú ekkert annað en það, það er óheimilt samkvæmt lögum. Hv. þm. hlýtur því að gera sér grein fyrir þessu, en ég hef mestu samúð með henni í þessari umræðu.

[15:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnin ætlar að fara gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar um að fram fari lögformlegt umhverfismat vegna Fljótsdalsvirkjunar. Breytt viðhorf almennings til náttúruverndar og umhverfismála og það hversu rödd almennings hefur heyrst kröftuglega hefur gert það að verkum að stjórnvöld hafa orðið að bregðast við. Stjórnvöld lögðu ekki í að halda áfram án þess að taka málið á dagskrá. En þeir gera það ekki með því að setja virkjunina í lögformlegt umhverfismat. Nei, það á ekki að fara að leikreglum sem settar hafa verið með lögum hér á Alþingi. Nú á að láta stjórnarmeirihlutann samþykkja stuðning við áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun án lögformlegs umhverfismats. Ríkisstjórnin ætlar að beita meirihlutavaldi sínu til að keyra málið áfram. Og miðað við málflutning fulltrúa ríkisstjórnarinnar í umræðunni í dag hefur ríkisstjórnin greinilega tekið þá ákvörðun að sökkva Eyjabökkum. Ríkisstjórnarmeirihlutinn kemur hér inn í þingið með mótaða afstöðu. Þess vegna er þetta þingmál algjör sýndarmennska. Með þessu máli er verið að taka andmælaréttinn af borgurunum sem er til staðar í lögformlegu umhverfismati.

Ein af rökunum fyrir því að fara þessa þingsályktunarleið er að leyfa almenningi að koma að málinu, eins og stendur í greinargerðinni. Almenningur á sem sagt að koma athugasemdum sínum á framfæri við þingnefndina. En hvað þýðir það? Mun þingnefndin taka á móti öllum þeim sem vilja hitta hana og koma á framfæri athugasemdum sínum? Hv. þingnefnd yrði auðvitað að taka á móti öllum þeim sem vilja hitta hana og koma athugasemdum sínum á framfæri, það segir í greinargerðinni. Ég vil benda á að sú vinna gæti orðið meiri og tekið lengri tíma en nokkurn grunar, ef tekið yrði á móti öllum. Þá gæti farið fyrir lítið hin makalausa krafa forstjóra Landsvirkjunar um það að Alþingi klári að afgreiða þetta mál fyrir áramót.

Ef það er vilji ríkisstjórnarinnar að leyfa almenningi að koma að málinu, að hlusta á almenning, hvers vegna var þá ekki farið í þjóðaratkvæðagreiðslu? Þá kæmi almenningur vissulega að málinu, afstaðan til málsins yrði skýr. Vissulega getur almenningur komið þessa leið að málinu en þá er engin kæruleið eða raunverulegur andmælaréttur. Ég leyfi mér að efast um, eftir að hafa hlustað á þá umræðu sem farið hefur fram í dag, að mikið tillit verði tekið til afstöðu almennings. Ljóst er að meiri hluti almennings, fólksins í landinu, er á móti því að farið verði í þessa virkjun án umhverfismats. Það hefur margkomið fram í skoðanakönnunum og kom fram í umræðunni í dag.

Í gangi er undirskriftasöfnun um að lögformlegt umhverfismat fari fram. Verður tekið tillit til niðurstöðu hennar, hæstv. ráðherra? Ef þúsundir skrifa undir, verður tekið tillit til þess? Mun það hafa áhrif á stjórnvöld? Mun það breyta einhverju um þau áform ríkisstjórnarinnar að sökkva Eyjabökkum, eins og kom fram í máli hæstv. forsrh. í upphafi umræðunnar? Hann var með dylgjur í garð Samfylkingarinnar um að þar væri ekki skýr afstaða í málinu í kjölfar þess að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem var fysti talsmaður okkar í málinu, skýrði mjög greinilega og skilmerkilega frá afstöðu okkar og kynnti bæði frv. og brtt. við þáltill.

Herra forseti. Hér á að beita vægast sagt ófaglegum vinnubrögðum, að ætla þingnefnd að vinna þá vinnu sem fagfólki er ætlað samkvæmt lögum, þ.e. að meta umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar út frá skýrslu leyfishafans, Landsvirkjunar. Sérfræðingar sem leitað er álits hjá í Morgunblaðinu í dag segja að skýrslan dragi úr áhrifum virkjunarinnar á umhverfið og náttúruna. Hv. þm. Sverrir Hermannsson rakti ágætlega í máli sínu áðan hvernig sérfræðingar gagnrýna marga efnisþætti þessarar skýrslu og benda á að hún er hlutdræg í ýmsum þáttum. Í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar kom ekki síður fram ýmisleg áhrif virkjunarinnar á einstakar náttúrumyndanir á svæðinu. sem ekki kemur fram í skýrslunni og full ástæða væri til þess að skoða.

Þetta er ótrúlega ófaglega að verki staðið hjá ríkisstjórninni. Öllum sem fylgst hafa með umræðunni ætti að vera ljóst að ríkisstjórnin er búin að taka afstöðu og mun fara í framkvæmdirnar hvað sem tautar og raular. Allur málflutningur við umræðuna hefur bent til þess.

Það er talandi dæmi um hin ófaglegu vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að afhenda þingmönnum á föstudagssíðdegi pappírsdoðranta sem eru á sjötta hundrað síður og ætlast til að þetta yrði rætt á mánudegi eins og upphaflega var áætlað, að búið væri að fara í gegnum þetta efni og það yrði rætt á mánudegi. Ég veit að hraðlæsustu menn áttu fullt í fangi með að fara yfir þessar skýrslur fyrir daginn í dag. Ég leyfi mér að efast um að margir þingmenn sem fengu þessi plögg á föstudagssíðdegi hafi lesið þau öll í gegn.

Í grg. með þáltill. segir að framkvæmdarvaldshafa, lesist ríkisstjórnina, skorti heimildir að óbreyttum lögum til að ákveða einhliða að beita um Fljótsdalsvirkjun ákvæðum laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Úr því má nú bæta og lögfesta slíka heimild og hér liggur fyrir þinginu frv. um að sú heimild verði til staðar. Lög hafa verið sett af minna tilefni. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur kynnt þetta frv. Samfylkingarinnar sem fjallar um að farið skuli í lögformlegt umhverfismat á þeim framkvæmdum sem gefið var leyfi fyrir áður en lög um umhverfismat voru sett. Þess má geta að þar eru leyfi fyrir framkvæmdum sem veitt voru á fyrri hluta þessarar aldar þannig að full ástæða er til að menn skoði það í ljósi breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og breyttra viðhorfa.

Í grg. segir einnig að ríkissjóður geti orðið bótaskyldur gagnvart virkjunaraðila ef farið verður í umhverfismat. Og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór yfir það mál og hrakti öll þau rök í máli sínu. En við verðum að fara að lögum og við verðum að fara að þeim alþjóðaskuldbindingum og samningum sem við höfum gerst aðilar að. Það eru ekki síður líkur á að ríkið geti verið skaðabótaskylt ef ekki verður farið í mat á umhverfisáhrifum, ef virkjað verður án matsins. Ég vil vitna í álit Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings í Morgunblaðinu 9. nóv. en hún tók m.a. þátt í að semja lögin um mat á umhverfisáhrifum. Hún hefur bent á að íslenska ríkinu hafi borið að setja nýja tilskipun í lög í mars sl.

Í Morgunblaðinu segir, með leyfi forseta:

„Aðalheiður segir að rétt sé að hafa í huga að EFTA-dómstóllinn hafi viðurkennt að EES-samningurinn sé milliríkjasamningur sem hafi mikla sérstöðu umfram aðra milliríkjasamninga. „Samningurinn hefur meðal annars þá sérstöðu að ef ríki, t.d. Ísland, tekur ákvæði tilskipunar ekki inn í landsrétt eða tekur þau inn á rangan eða ófullnægjandi hátt, getur það bakað ríkinu skaðabótaskyldu gagnvart einstaklingi eða lögaðila sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessa, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það er ekki hægt að líta fram hjá þessu og því væri langeðlilegast að einnig yrði látið á það reyna fyrir íslenskum dómstólum, hvort einstaklingar eða lögaðilar á Íslandi, eigi rétt á að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum, m.a. svo að þeir geti nýtt sér þau réttindi sem matsferillinn færir þeim," segir Aðalheiður."

Ég efast ekki um að á það muni reyna í framhaldi af umræðunni hér. Margt í fylgiritinu, skýrslunni og greinargerðinni er umdeilanlegt eins og fram hefur komið í umræðunni. Þá nefni ég sérstaklega þá fullyrðingu í grg. að þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar Íslendinga leiði ekki til þess að *fara skuli í lögformlegt umhverfismat. Af því tilefni vil ég* enn vitna í ummæli Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings, í sama Morgunblaði, þ.e. 9. nóv. Þar kemur fram það álit að ótvíræð skylda hvíli á íslenskum stjórnvöldum að láta fara fram formlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við lög. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Hingað til hafa stjórnvöld skýrt lögin um mat á umhverfisáhrifum með þeim hætti að Fljótsdalsvirkjun sé ekki matsskyld samkvæmt þeim. Er þar vísað í bráðabirgðaákvæði II í lögunum þar sem segir að framkvæmdir, sem fengu leyfi fyrir 1. maí 1994, séu undanskildar mati. Aðalheiður segir að slík túlkun á lögunum standist varla viðeigandi tilskipanir Evrópubandalagsins eins og þær hafa verið skýrðar af EB-dómstólnum og hæpið sé að hún standist íslensk lög.

„Fljótsdalsvirkjun þarf að minnsta kosti tvö leyfi til þess að hægt sé að hefja framkvæmdir við hana; virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi. Ég tel það mjög vafasama lögskýringu að taka einungis mið af útgáfudegi virkjunarleyfisins, sem er eldri en gildistökudagur EES-samningsins, þegar framkvæmdaleyfið er óútgefið. Því þarf að skoða öll leyfi sem nauðsynleg eru, hvort sem þau eru tvö eða fleiri. Það er ekki hægt að einblína á eitt leyfi og taka eingöngu mið af dagsetningu þess.

Ef sú lögskýringaraðferð er notuð, stríðir það gegn tilgangi tilskipunarinnar um mat á umhverfisáhrifum, það gengur einnig þvert á meginmarkmið laganna um mat á umhverfisáhrifum og er í ósamræmi við fyrirliggjandi dómafordæmi EB-dómstólsins sem varða skýringar á tilskipuninni og geta varðað EES-samninginn. Einnig verður að hafa það hugfast að mat á umhverfisáhrifum er forsenda leyfisveitingar en á ekki að koma í kjölfar hennar," segir Aðalheiður."

Ég hef ekki heyrt neinn fulltrúa stjórnvalda hrekja þessa niðurstöðu Aðalheiðar og get ekki betur séð en að okkur beri að láta fara fram lögformlegt umhverfismat. Mig langar að víkja að því sem kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hér í morgun um að fyrsti hluti Fljótsdalsvirkjunar dugi ekki fyrir fyrsta hluta álvers í Reyðarfirði. Komið hefur fram að virkjunin eins og hún er fyrirhuguð dugir ekki fyrir raforkuþörf fyrsta hluta álvers í Reyðarfirði. Það kom fram hjá sérfræðingum Landsvirkjunar í ferð þingmanna til Austurlands í haust að stækka þyrfti stífluna við Eyjabakkalón lítillega, þrjá til fjóra metra, til að virkjunin næði að uppfylla þörfina fyrir fyrsta hluta álversins.

Það á samt ekki að gera vegna þess að slík breyting mundi kalla á umhverfismat. Það er sem sagt allt gert til að forðast umhverfismatið. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Áforma stjórnvöld að keyra málið áfram nú, reisa virkjunina sem ekki dugar fyrir fyrsta hluta álversins og undir lokin að hækka stífluna? Þá þarf ekki að fara í umhverfismat nema vegna stækkunar virkjunarinnar á síðari stigum. Er þetta leikurinn sem er verið að leika til þess að komast hjá umhverfismati?

Ég vil minna á að ein af verðmætustu náttúruauðlindum okkar eru víðernin á hálendinu. Við eigum að gæta að þeim. Við berum ábyrgð á landinu okkar. Við höfum það að láni og okkur ber að skila því til barna okkar, ekki í síðra ástandi en við tókum við því.

Ég leggst ekki gegn því að álver rísi í Reyðarfirði þó ég hafi efasemdir um að það snúi við þeirri byggðaþróun sem nú er og hefur verið í gangi. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, herra forseti. En það skal uppfylla öll skilyrði um umhverfisvernd. Ég get ekki sætt mig við að Eyjabökkum verði sökkt og svæði á hálendinu raskað svo ekki verði aftur *snúið án þess að lögformlegt umhverfismat hafi farið fram* og jákvæð niðurstaða fengist fyrir slíka framkvæmd.

[15:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

*Hæstv. forseti. Það er raunar sérstök staða að við alþingis*menn skulum í dag ræða till. til þál. sem lýsir yfir stuðningi við framkvæmd sem var samþykkt hér á Alþingi fyrir 18 árum og verk iðnrh. frá því fyrir rúmum átta árum síðan. Lög um raforkuver, nr. 60/1981, voru lögð fram af þáv. *hæstv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni og samþykkt á Alþingi* ágreiningslaust. Leyfi var veitt á grundvelli þeirra laga af þáv. iðnrh. Jóni Sigurðssyni sem sæti átti í þriðja ráðuneyti Steingríms Hermannssonar, m.a. ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þáv. landb.- og samgrh.; hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, *þáv. félmrh. og forseta Íslands, Ólafi Ragnari* Grímssyni, þáv. fjmrh.

Árið 1991 var hafist handa um framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun samkvæmt ákvörðun m.a. þessa ágæta fólks sem ég hér nefndi. Það má segja að það hafi verið lán í óláni að frestað var framkvæmdum á *þeim tíma vegna þess að* ekkert varð af framkvæmdum Atlantal-hópsins. Ef svo hefði ekki verið, hefðum við setið uppi með flutningslínur þvert yfir okkar verðmæta hálendi og þann umhverfisskaða sem af því hefði hlotist. Er það fyrir einhverja gráglettni örlaganna *að margt af því fólki sem þá tók ákvarðanir um virkjun* Jökulsár í Fljótsdal og stóð fyrir að hefja þær framkvæmdir, skuli nú birtast með helgislepjuyfirbragði og vandlætingu á

hæsta stigi yfir því að nú skuli ljúka við þeirra eigin verk. Hv. þm. Sverrir Hermannsson, iðnrh. í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar á árunum 1983–1986 — ekki má gleyma honum — ætlaði nú aldeilis að virkja í Fljótsdal og byggja kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. (**ÖS:** Hver?) Það var hv. þm. Sverrir Hermannsson, sem ætlaði að standa að þessu, þáv. iðnrh. Hann ætlaði að éta gleraugun sín ef þetta tækist ekki. (**ÖS:** Gerði hann það?) Reyðfirðingar segjast ekki hafa séð efndir hans á þeim veisluhöldum. En örlögin hafa nú komið því svo fyrir að hann getur staðið að því að fylgja eftir virkjun í Fljótsdal, þannig er nú komið, og byggingu álvers á Reyðarfirði. Ef hann er maður orða sinna mun hann líklega grípa það tækifæri fegins hendi, þó ekki væri nema til að efna gömul kosningaloforð við Austfirðinga. Ekki trúi ég að hann, herra forseti, verði til þess að grípa á lofti málflutning áróðursmeistara nútímans, maður traustra íhaldsgilda sem þolir hvorki frjálshyggjugaura né uppa nútímans, að hann leggist í gönuhlaup með Styrmi á Mogga. Það er nú ekki líkt þeim þingmanni Austfirðinga sem ég var í her með í þann tíð. Það voru aðrar áherslur sem að við þekktum á Austfjörðum í þá daga.

Hæstv. forseti. Er að undra þó að almenningur á Austfjörðum og almenningur í landinu hafi á öllum þessum tíma bundið nokkrar vonir við að þessi her merkra stjórnmálaforingja meinti eitthvað með öllum þeim áformum sem þeir voru margoft búnir að kynna til sögunnar. Svo sannfærandi voru margir hverjir að fólk var búið að leggja í fjárfestingar og gera áætlanir, miðað við það að þessar framkvæmdir yrðu að veruleika. Og því ekki? Búið var að samþykkja lög og búið var að skrifa undir samninga. Búið var að bjóða út og það voru hafnar framkvæmdir. Allt er þetta nokkuð til þess að styðja yfirlýsingar þeirra merku stjórnmálaforingja sem talað höfðu og lýst ævintýralandi stórframkvæmdanna.

Hæstv. forseti. Sú umræða sem þróast hefur í þjóðfélaginu að undanförnu um virkjun í Fljótsdal og álversframkvæmdir á Reyðarfirði hefur óneitanlega komið okkur Austfirðingum nokkuð á óvart, ekki vegna rómantíkusa sem horfa uppnumdir á bláma himinsins og fegurð fjallanna og gleyma því af og til að það þurfi salt í grautinn, ekki vegna hreintrúaðra náttúruverndarsinna sem horfa uppnumdir á grösin og skordýrin og gleyma því af og til að maðurinn er hluti af náttúrunni og þarf að nýta hana til að komast af ... (Gripið fram í.) Nei, það er vegna þeirra sem við héldum að ætla mætti að væru meðvitaðir stjórnmálaforingjar. Sumir þeirra hafa jafnvel fengið nafnbótina stjórnmálaskörungar. Við héldum að þeir hefðu það hlutverk að sætta sjónarmið og fylgja eftir eigin ákvörðunum. Og hvað höfum við svo séð til þessara tilvitnuðu skörunga? Jú, það helst að þeir hafa farið í hóp þeirra atvinnuáróðursmeistara hagsmunasamtaka af ýmsu tagi sem beita fyrir sig lagasetningu um mat á umhverfisáhrifum sem kom til löngu eftir að lög um Fljótsdalsvirkjun voru sett og framkvæmdir hafnar. Ofan í kaupið er látið að því liggja að núverandi stjórnvöld og stjórn Landsvirkjunar séu að brjóta lög þegar menn eru ekki að gera neitt annað en að fylgja eftir ákvörðunum þessara tilvitnuðu skörunga. En hvað gera skörungarnir? Þeir hvetja til að brotin séu lög á Landsvirkjun með því að afturkalla virkjanaleyfið fyrir Fljótsdalsvirkjun. Menn hafa líka gengið svo langt að segja að það geri nú ekkert til af því að Landsvirkjun sé í opinberri eigu. En, herra forseti, hver á Landsvirkjun? Það er ríkissjóður að hálfu, en Reykjavíkurborg og Akureyri að hálfu. Ætli íbúar Reykjavíkur og íbúar Akureyrar yrðu ýkja glaðir ef fyrirtæki þeirra, Landsvirkjun, yrði fyrir þvílíkum skaða af hendi ríkisins? Stjórn Landsvirkjunar yrði tilneydd til að verja eign íbúa þessara tveggja sveitarfélaga. Hver væri þá staðan, herra forseti? Jú, ekki aðeins yrði ríkið af tekjum sem þessar framkvæmdir hefðu í för með sér, heldur yrðu aðrir skattborgarar þessa lands að borga íbúum þessara tveggja ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að það fer aðeins einn fundur fram hér í salnum og biður hv. þingmenn að virða það og hafa hljóð.)

Herra forseti. Ég var að segja að ef til þessa kæmi þá yrðu skattborgarar þessa lands að borga íbúum þessara tveggja sveitarfélaga skaðabætur fyrir verknaðinn.

Herra forseti. Þeir sem fara fremst í flokki þeirra sem tala um lögformlegt umhverfismat viðurkenna fæstir að þeir séu á móti virkjunum sem þó væri heiðarleg afstaða í sjálfu sér. Sumir viðurkenna að þeir séu ofurlítið á móti Fljótsdalsvirkjun en beita því helst fyrir sig að það þurfi að fást sátt í málinu á milli þeirra sem vilja virkja og hinna sem eru á móti öllum virkjunarframkvæmdum. Og það gerist með því sem þeir kalla lögformlegt umhverfismat.

Eins og ég hef rakið í máli mínu þá er það í raun ólöglegt umhverfismat hvað virkjun í Fljótsdal varðar, eins og það hefði verið gagnvart Sultartangavirkjun, Vatnsfellsvirkjun og fleiri framkvæmdum og síðast en ekki síst Nesjavallavirkjun, en borgarfulltrúar í Reykjavík sáu ekki ástæðu til að biðja um að breyta lögum til þess að lög um mat á umhverfisáhrifum mættu ná til þeirrar framkvæmdar. Ónei, en sumir borgarfulltrúar, þar á meðal borgarstjóri, hafa talað digurbarkalega um að þá málsmeðferð skuli viðhafa varðandi Fljótsdalsvirkjun. Vel á minnst, talsmaður umhverfisvina sem stendur nú fyrir undirskriftasöfnun hér í Reykjavík vegna Fljótsdalsvirkjunar er borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg. En hann sér enga ástæðu til þess að krefjast umhverfismats á þeim framkvæmdum sem Reykjavíkurborg og hennar fyrirtæki standa fyrir. Er furða þó maður velti því fyrir sér hvort einhver annarleg sjónarmið gætu hugsanlega legið þarna að baki.

Hæstv. forseti. Ofstopafullir áróðursmeistarar sem hafa hina aðskiljanlegustu hagsmuni að verja, hvort heldur er að fá að skjóta gæs í friði eða safna peningum hjá erlendum umhverfissamtökum, í flokki með uppgjafastjórnmálamönnum ásamt einlægum náttúruverndarsinnum safna nú undirskriftum undir svofelldan texta:

„Við undirrituð krefjumst þess að stjórnvöld láti fara fram lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar."

Hæstv. forseti. Samkvæmt könnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði telja 80% þjóðarinnar sig lítið vita eða ekkert um hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Nú er ekki stefnt að því að einungis þau 20% sem telja sig vita eitthvað um eða mikið um hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum skrifi undir þennan texta. Ónei, stefnan er að hvorki meira né minna en 60 þúsund manns, hæstv. forseti, skrifi þarna undir.

Í sumar hefur verið fjallað mikið um að ýmsir óski eftir svokölluðu lögformlegu umhverfismati. Lítið hefur farið fyrir nánari skýringum á hugtakinu enda notað í umræðunni til þess að ýja að því að eitthvað annað sé ólöglegt. Ekki hef ég trú á að það takist að innræta þjóðinni svo teknókratískt mál sem hér um ræðir á skömmum tíma, þó svo raunverulegur áhugi væri fyrir því.

Hæstv. forseti. Hvað kom fram í skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands? Þar kom í meginatriðum

þetta fram: Íslendingar eru almennt jákvæðir gagnvart stóriðju. Mikill meiri hluti er hlynntur vatnsaflsvirkjunum, þrátt fyrir að þeim fylgi oft röskun af völdum miðlunarlóna. Helmingur landsmanna er hlynntur álveri í Reyðarfirði og talsverður meiri hluti þeirra sem afstöðu taka er fylgjandi virkjun í Fljótsdal. Stuðningur við stóriðju almennt, álver í Reyðarfirði og virkjun í Fljótsdal er verulegur og mikill í röðum kjósenda Samfylkingarinnar og verulegur í röðum kjósenda Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Nær 80% landsmanna vita lítið eða ekkert um hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Lítill sem enginn munur er á viðhorfum fólks eftir landshlutum.

Hæstv. forseti. Miðað við það hvernig umræðan um Fljótsdalsvirkjun og álver í Reyðarfirði hefur þróast þá er þrátt fyrir allt kærkomið tækifæri að ræða málið í þingsölum. Það er nauðsynlegt að þingmenn geti farið hlutlægt yfir málið og metið það hver fyrir sig. Hér liggja fyrir geysilega vel unnar skýrslur um mat á umhverfi og umhverfisáhrifum beggja þessara framkvæmda. Málið verður síðan unnið í iðnn. Þar munu allir sem áhuga hafa á málinu geta komið athugasemdum sínum á framfæri við nefndina. (**Gripið fram í:** Með heimsóknum?) Að taka málið inn í þingið er í raun mjög góð leið til þess að ræða það opinskátt með öll rök og alla hugsanlega vitneskju uppi á borðinu. Enginn hefur vefengt fagleg vinnubrögð við þá umhverfismatsskýrslu sem hér liggur fyrir. Okkar bestu vísindamenn hafa lagt hönd á plóg. Verkið er vel unnið og faglega.

Stefna ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna hefur verið mjög skýr. Stefnan hefur verið sú að vinna að því að selja orku þá sem framleidd yrði í Fljótsdal til stóriðju. Það hefur legið skýrt fyrir að ekki yrði haldið áfram með framkvæmdir í Fljótsdal nema raforkusamningar lægju fyrir. Við höfum áður brennt okkur á því að hafa farið of geyst í virkjunarframkvæmdir þannig að ekki hafa legið fyrir öruggir orkusölusamningar. Jafnframt er ljóst að virkjunarframkvæmdir taka langan tíma og krefjast mikils undirbúnings. Undirbúningur Fljótsdalsvirkjunar hefur reyndar tekið óvenjulega langan tíma, enda liggja fyrir bestu rannsóknir sem mögulegar eru á virkjunarsvæðinu.

Hæstv. forseti. Nú gefst þingmönnum enn á ný tækifæri til að halda málstofu um Fljótsdalsvirkjun. Þingnefndir munu vinna málið. Þegar þeirri vinnu er lokið munum við væntanlega komast að því hvaða afstöðu einstakir þingmenn og þingflokkar hafa. Eins og fram kom í umræðu hér í morgun þá er til að mynda talsmaður og þingsflokksformaður Samfylkingarinnar ekki búinn að gera upp hug sinn varðandi Fljótsdalsvirkjun. Kannski er rétt að hafa eftir brýningarorð Smára Geirssonar, foringja sveitarstjórnarmanna á Austurlandi. Hann kemur úr röðum Samfylkingarinnar. Smári segir, með leyfi forseta:

„Ég held að þingflokkur Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs komist ekki hjá því að kanna rækilega þessar niðurstöður þegar þeir búa sig undir umræður á Alþingi vegna þáltill. iðnrh. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. ... Það kann aldrei góðri lukku að stýra ef þingflokkar eru ekki í takti við kjósendur sína og því væri óviturlegt fyrir stjórnarandstöðuna að meta nú ekki stöðu málsins á ný í ljósi nýrra upplýsinga um viðhorf almennings."

[15:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði að nú loksins gæfist þingmönnum tækifæri til málefnalegrar umræðu. En hvernig var málefnaleg umræða þessa hv. þm.? Hún hreytti skít í fjarstadda þingmenn, hreytti skít í ýmsa menn sem að hér hafa áður starfað. Mér þótti sér í lagi ómaklegt hvernig hv. þm. vék að þætti og fortíð hv. þm. Sverris Hermannssonar í þessu máli. Það eru áratugir frá því að hv. þm. var iðnrh.

Það kann vel að vera að hann hafi fylgt þá tilteknum málum á þessu sviði. Ég rifja það upp að það eru líka áratugir síðan að menn bjuggu til hina fyrstu hugmynd sem einu sinni var kölluð LSD, þ.e. langstærsti draumurinn, um að fella saman þrjár miklar ár á norðausturhorninu. Menn hafa fyrir löngu fallið frá því. Eins hefur hv. þm. Sverrir Hermannsson fullan rétt á að skipta um skoðun, eins og hann gerði með ákaflega sterkum rökum, herra forseti.

Það er rangt hjá þessum hv. þm. að halda því fram að enginn hafi vefengt frummatsskýrsluna sem hér liggur fyrir m.a. til umræðu. Hv. þm. ætti a.m.k. að sýna öðrum þingmönnum þann sóma að vera hér í þingsal og hlusta á þá áður en hún kemur hingað og fer að gera þeim upp skoðanir. Sá sem hér stendur reyndi málefnalega og með rökum að benda á að skýrslan sem liggur fyrir, skrifuð af fjórum verkfræðingum, er ekki tæk sem frummatsskýrsla. Ef hún hefði farið í það ferli sem hæstv. forsrh. gerði grín að hér í morgun, þá hefði henni verið fleygt eins og múrsteini í hausinn á höfundunum aftur. Herra forseti. Ég vísa þessu til föðurhúsanna. En fyrst ég er kominn hingað upp þá get ég ekki annað en rifjað upp að hv. þm. sagði að einhver maður í Reykjavík, borgarfulltrúi, stæði fyrir undirskriftasöfnun gegn þessari framkvæmd. Má ég spyrja hv. þm., hvaða stjórnmálaflokki hann tilheyrir?

[16:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Ég biðst innilegrar afsökunar á því ef ég hef ekki hlýtt nægilega vel á mál hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hins vegar hef ég hlýtt á mál flestra annarra hér sem hafa borið mikið lof á skýrslu Landsvirkjunar og hafa gefið þær yfirlýsingar hér að þessi skýrsla væri tæk til þess að verða frummatsskýrsla. Ég heyri það hins vegar á máli hv. þm. núna að hann telur ekki svo vera. En hér hafa mestu sérfræðingar þingsins í umhverfismálum lýst því yfir að þessi skýrsla sé mjög vel tæk til þess. Ég hef heyrt það á mönnum hér að þeir telji svo vera. Ég er þeirrar skoðunar að byggjum við við önnur lög þá mundi þessi skýrsla vera svo sannarlega tæk til þess að vera frummatsskýrsla. Hún er unnin eftir þessum lögum, þeim forskriftum sem sett eru í lögunum.

Ég fór í máli mínu einnig yfir gerðir stjórnmálaforingja og stjórnmálaskörunga fyrri tíma, m.a. þingmanna okkar Austfirðinga. Austfirðingar, þar sem ég þekki nú best til, hafa gert sér ákveðnar væntingar með þann málflutning sem menn hafa haft hér uppi í þingsölum og hafa haft uppi þegar þeir hafa komið til fundar við okkur hér fyrr á tíð, til Austurlands. Og skyldi nú nokkurn undra að menn tækju mark á þessum ágætu mönnum? Finnst hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni einhver undur að menn hlusti á sína stjórnmálaforingja? Ég hélt að það væri okkar verk að ræða við fólkið og bera því boðskapinn. Boðskapur þeirra var þessi: Virkjun og stóriðja.

[16:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki nema eitt doktorspróf og eitt annað háskólapróf í þessum fræðum þannig að það er fjarri því að ég telji að ég sé í röðum þessara virtustu umhverfissérfræðinga þingsins. Það má vel vera að skoðun mín í þessu máli skipti engu máli. Auðvitað hefur hv. þm. rétt til þess að hafa sína skoðun, sem er algjörlega andstæð minni. En hv. þm. kom hingað upp og hvatti til málefnalegrar umræðu. Ég tók þeirri áskorun frá hæstv. iðnrh. í morgun og reyndi að ræða þetta efnislega. Ég kom fram með talsverðan fjölda athugasemda sem enginn þingmaður og allra síst sá þingmaður sem talaði núna, hefur reynt að svara. Ég hef með öðrum orðum reynt að ræða þetta málefnalega þó ég hafi líka skýrt það að ég er algjörlega á móti þessari aðferð. Það gengur ekki fyrir hv. þm. að koma síðan hérna upp eins og menn hafi ekki komið fram með neinar athugasemdir. Og það gengur heldur ekki fyrir hv. þm., þó hún tali hér fyrir Sjálfsfl., að koma og tala eins og hún gerði um hv. þm. Sverri Hermannsson. Þó að hv. þm. hafi tekið Sjálfstfl. á kné sér og lamið eins og dauðan fisk þá þýðir það ekki að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir hafi rétt til þess að koma hér og gera lítið úr tiltölulega merkum stjórnmálaferli þessa ágæta manns.

[16:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því fer fjarri að ég hafi gert lítið úr málflutningi hv. þm. Sverris Hermannssonar. (**Gripið fram í:** Hvað varst þú þá að gera?) Ég var einfaldlega að vitna í mína upplifun af hans pólitíska ferli. Við vorum einu sinni samherjar á Austurlandi og gekk nokkuð vel að vinna saman og mér eru minnisstæð hans orð, m.a. um að það mætti nú snæða gleraugun sín til þess að fylgja eftir málflutningnum.

Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég hef ekki doktorspróf í neinu af þeim fögum sem að falla hér undir og er að því leyti ekki eins vel stödd og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, ef hann má hlýða á mál mitt. Ég bað hann afsökunar áður á því að hafa ekki heyrt hans mál í morgun en ég mun fara mjög vandlega yfir þingræður hans til þess að kanna hvaða efnislegu atriði það voru sem hann gerði athugasemdir við, því að hann hafði nú ekki svo lítið við að endurtaka þau hér núna fyrir mig.

[16:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að telja eftir mér ferðir í ræðustól til þess að endurtaka það sem hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar sagði í morgun, þó að það sé undarlegt að heyra það frá þingmönnum sem hafa setið hér í salnum og fylgst með að þeir hafi ekki heyrt eða skilið það sem þar var sagt. Þingflokkur Samfylkingarinnar lýsti yfir stuðningi við þetta mál svo framarlega sem jákvæð niðurstaða hefði komið úr umhverfismati. Það er nú ekkert flóknara en það. Og mér finnst hart að þurfa að koma margar ferðir til þess að segja það þingmönnum hér í salnum.

Vegna þess að hv. þm. sagði hér að þeir sem vildu fá umhverfismat væru á móti virkjunum — það var svo einfalt. Hún sagði það – þá langar mig til þess að spyrja: Eru þá lögin um umhverfismat þannig að það verði ekkert virkjað meira á Íslandi? (**HBl:** Er ekki þingmaðurinn að vona það?) Nei, það er af og frá, hæstv. forseti, að ég vonist til þess að ekki verði virkjað meira á Íslandi. Ég hef satt að segja bundið vonir við það að eftir umhverfismat verði hægt að taka ákvörðun um að virkja í Fljótsdal og víðar á Íslandi.

[16:08]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér léttir stórlega að heyra þessar endurteknu yfirlýsingar frá Samfylkingunni um að það sé í raun ekki virkjunin sem slík sem þeir muni vera á móti, heldur sú aðferð sem að valin hefur verið við gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. (**KHG:** Hvað með álverin?) Já, rétt er einmitt að taka þann þátt upp. Nú er álverið einmitt í þessu ferli. Er nokkuð að frétta af afstöðu Samfylkingarinnar til álvers? En varðandi afstöðu til virkjunar í Fljótsdal, þá er það sem sagt svona teknókratískt mál hvernig staðið verður að því að leggja mat á þetta. Það kemur þá væntanlega fram að hv. þm. treystir umhvrh. betur til þess að skera úr um þetta mál en þeim 63 þingmönnum sem hér sitja og geta tekið afstöðu í þessu máli.

[16:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur undarlega fyrir eyru að heyra sjálfstæðismenn sífellt koma hér upp og spyrja að því hvort við treystum hæstv. umhvrh. Þessi mál liggja einfaldlega svona fyrir að að lokum mun umhvrh. fjalla um málið. Þegar við förum fram á að þessum reglum verði fylgt þá erum við auðvitað að treysta því að hæstv. umhvrh. taki málefnalega á niðurstöðu umhverfismats. Á annað getum við ekki treyst. Og hvað varðar álverið sjálft, þá er það nú svo að það fer í þetta umhverfismat. Það gengst undir þetta lögformlega umhverfismat og niðurstaðan úr því mun þá ráða því hvernig að menn taka afstöðu til þess. Ég get bara talað fyrir mig um það því við höfum ekki tekið formlega afstöðu til þessa álvers sem slíks. En ég get talað fyrir mig alveg skýrt. Ég styð það að þarna verði byggt álver, svo framarlega sem rafmagn verði til handa því til þess að vinna og svo framarlega sem niðurstaðan verði sú að hið lögformlega umhverfismat um álverið verði jákvætt.

[16:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér léttir mjög að heyra þessa afstöðu Samfylkingarinnar, þ.e. að hún er hlynnt álversbyggingu á Reyðarfirði. Það kom hér mjög skýrt fram.

Varðandi það (Gripið fram í.) hvort að við treystum málefnalegri afstöðu umhvrh. ... (**Gripið fram í:** Því er mótmælt að einhugur sé um þetta í röðum Samfylkingarmanna.) (**JÁ:** Það er ekki búið að taka ákvörðun um málið. Það hefur ekki verið formlega ...) (**Gripið fram í:** Formlegt umhverfismat hefur ekki verið ...) (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Hér eru stanslausar fréttir úr salnum.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill biðja þingmenn um að hafa hljóð í salnum.)

Nýjar fréttir berast hér um salinn. Hvað varðar málefnalega afstöðu umhvrh. þá treysti ég henni manna best til þess að taka málefnalega afstöðu. Það er ekki málið. En hún er nú einu sinni einn af okkur 63 þingmönnum í þessum sal og það eru gömul sannindi og ný að betur sjá augu en auga. Þegar við öll 63 tökum afstöðu þá hlýtur hún að vera betur ígrunduð en þegar að einn tekur afstöðu. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill biðja hv. þingmenn um að hafa hljóð í salnum.)

[16:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er fylgjandi því að stofnaður verði þjóðgarður um Snæfell, að þjóðgarðurinn taki til öræfanna umhverfis, þar með Eyjabakka og Jökulsár í Fljótsdal. Ég er þess vegna andvígur Fljótsdalsvirkjun. Þetta er stefna okkar flokks og hún er afdráttarlaus. Við styðjum það hins vegar líka að þessi mál fari í eðlilegan, lögformlegan farveg, lögformlegt umhverfismat. „Til hvers?" er spurt úr salnum. Vegna þess að það eru landslög. Lög landsins kveða á um að það skuli gert. (Gripið fram í.) Það sem hér liggur fyrir eru skýrslur hagsmunaaðila. Lögformlegt mat á þessum skýrslum vantar. Það kemur frá skipulagsyfirvöldum, (**Gripið fram í:** Ekki þinginu.) ekki þinginu. Slík umræða og slíkt mat getur hins vegar varpað ljósi á málið og gert okkur sem eigum að taka endanlega ákvörðun auðveldara um vik, þannig að ég er sannfærður um að lögformlegt umhverfismat mun styðja okkar málstað. En ástæðan fyrir því er þó fyrst og fremst sú að þetta eru lög landsins og þeim ber að hlýta. Sú tillaga sem hér liggur fyrir fjallar ekki um lögformlegt umhverfismat. Hún heitir: „Tillaga til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun." Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, framhald, hvað þýðir það? Þar er vísað aftur og þar er vísað fram. Hér kemur fram hvert þetta samhengi hlutanna er. Það kemur fram á bls. 65 í skýrslunni. Það er fyrirtækið Nýsir sem vinnur þann hluta. Þar segir um þau áform sem nú eru uppi, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi, bygging álvers með 120 þús. tonna framleiðslu á ári, sem hefur framleiðslu seint á árinu 2003, með 1.700 gígavattstunda rafmagnsnotkun frá væntanlegri Fljótsdalsvirkjun og jarðgufuvirkjun við Bjarnarflag. Í öðru lagi, stækkun álversins í 360 þús. tonna framleiðslu sem lokið verði á árunum 2008–2012, líklega með raforku frá fyrirhugaðri Kárahnúkavirkjun. Í þriðja lagi er hugsanleg stækkun álversins í 480 þús. tonna framleiðslu á árunum 2011–2015."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Áætlað er að 480 þús. tonna álver skapi 643 heilsársstörf sem hækkar vegna afleysinga um 12% eða alls um 720 ársverk."

Hér er verið að tala um 480 þús. tonna álbræðslu. Þetta er samhengi hlutanna. Síðan leyfa menn sér að bera fram tillögu til þál. um framhald Fljótsdalsvirkjunar. Það er fullkominn tvískinnungur sem í þessu felst vegna þess að ef þáltill. er skoðuð, þá vísar hún til skýrslunnar allrar og allra þeirra gagna sem reidd voru fram fyrir helgina. Engu að síður ber hún heitið Fljótsdalsvirkjun. En hér kemur fram að þetta fjallar um og tekur til miklu víðtækari aðgerða, virkjana og framkvæmda.

Hafa menn hugleitt hvað 480 þús. tonna álver þýðir? Það hefur reyndar komið fram við umræðuna að við erum að tala um þrefalt álverið í Straumsvík. Hvað tekur langan tíma að keyra fram hjá álverinu í Straumsvík? Ætli það taki ekki fimm mínútur? Það mun sennilega taka korter að keyra fram hjá þessu. Það mun taka raforku, jafnmikla raforku og við notum núna í landinu öllu til álversins, til allra heimila, til allra fyrirtækja og þetta ætla menn að afgreiða núna fyrir jólin. (Gripið fram í.) Og nú byrja menn að hafa í flimtingum að sjálfsögðu. En þetta mál er ekki til að hafa í flimtingum. Þetta mál er tilfinningamál fyrir margt fólk og margt gott hefur verið skrifað um þessi mál á undanförnum dögum. Ég vísa t.d. til ágætrar greinar eftir Snævar Sigurðsson í Morgunblaðinu fyrir fáeinum dögum. Hann segir réttilega að það sé mikið stórmál að sökkva Eyjabökkum og eðlilegt að fólk tjái sig af miklum tilfinningahita um málið. Hann segir líka:

„Vandamál byggða á Austfjörðum er líka mikið stórmál og því eðlilegt að fólk gefi tilfinningunum lausan tauminn í baráttunni fyrir sinni heimabyggð."

Síðan kemst þessi maður að þeirri niðurstöðu að hálendið norðaustan Vatnajökuls sé of verðmætt til að fórna því í þessu skyni.

En það er rétt hjá honum að þetta er tilfinningamál. Tilfinningar geta verið verðmætar í sjálfu sér og þær geta meira að segja haft efnahagslegt gildi vegna þess að fólk leggur land undir fót til að skoða náttúruperlur og það er það sem við erum að fjalla um hér.

En hvað ber landstjórninni að gera þegar fjallað er um mál af þessu tagi sem skipta þjóðinni í fylkingar? Hvað ber landstjórninni að gera? Henni ber að beina málinu inn í uppbyggilegan, rökrænan farveg, það ber henni að gera. Svo ekki sé á það minnst að henni beri að fara að landslögum og hlíta landslögum. Framlag okkar til þessara mála í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði var sl. vor og reyndar á þinginu þar áður og endurtekið sl. vor og aftur núna að leggja fram þáltill. um lögformlegt mat, umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun. Þetta hefur verið framlag okkar.

Undir þetta hafa tekið ábyrgir aðilar í þjóðfélaginu. Ég ætla ekki að fara að lesa þá upp vegna þess að ég hef stuttan tíma. En nánast allir þeir aðilar sem láta náttúruvernd sig skipta hafa tekið undir með okkur í þessu efni, nánast allir þeir aðilar hafa tekið undir það.

Hvað er það þá sem stendur upp úr? Jú, að þetta sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir þjóðarbúið og fyrir Austurland sérstaklega. Það er það sem menn vísa til.

Hvað Austurland snertir erum við að tala um atvinnusvæði þar sem búa 8.400 manns í tíu þéttbýliskjörnum og á 250 sveitabæjum, eins og fram kemur í skýrslunni sem er til umræðu. Við erum að tala um atvinnusvæði þar sem eru um 4.000 ársverk. Hér kom fram, eins og ég vísaði til áðan, að við kunnum að fá tæplega 1.000 störf. Reyndar kom það einnig fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur áðan að hvert ársverk kæmi til með að kosta 55 millj. kr. ef ég man rétt og var þá vísað í athuganir Þorsteins Siglaugssonar.

Eins og ég gat um áðan er hér á ferðinni mikið tilfinningamál fyrir margt fólk. Þetta er stórmál sem við erum að fjalla um. Þess vegna er mikil sönnunarbyrði sem hvílir á þeim sem stýra för. Mikil sönnunarbyrði að þeir geti sýnt fram á að þetta sé þjóðhagslega hagkvæmt. Ég efast reyndar um að þetta sé hagkvæmt fyrir Austfirðinga og vísa þá til stærðar þessa atvinnumarkaðar og reyndar er það svo á Austfjörðum að þangað er verið að flytja fólk af því það vantar fólk. En í þessu skyni hafa menn reyndar vísað til fjölbreytni í atvinnulífi þannig að við skulum láta það liggja á milli hluta. En ég efast þó stórlega um að þetta sé svo.

En það sem mér finnst alvarlegt og það sem mér finnst ekki hafa komið fram og það sem mér finnst hæstv. ráðherrar verði að gera er að svara þeim rökum sem fram hafa komið frá virtum hagfræðingum sem telja þessa ráðstöfun mjög vafasama fyrir þjóðarbúið.

Hagfræðingur að nafni Sigurður Jóhannesson skrifar mjög athyglisverða grein ekki alls fyrir löngu í Frjálsa verslun. Hann vitnar þar í fréttamannafund sem iðnrh. hélt. Í þessari grein segir, með leyfi forseta:

„Skammt er síðan iðnrn. kynnti tölur um gróða af fyrirhugðu álveri á Reyðarfirði. Ekki var vikið orði að því hvort hagnaður yrði af virkjun fyrir það. Mætti þó halda að þær upplýsingar ættu meira erindi við almenning sem mun eiga virkjunina en ekki álverið."

Í þessari grein leiðir hann rök að því að um 13 milljarða kr. tap verði af Fljótsdalsvirkjun, og þá er miðað við 45 ára afskriftir. Hvernig stendur á því? (Gripið fram í.) Hæstv. forsrh. spyr á hvaða forsendum þetta sé byggt. Það er byggt á þeim forsendum sem Landsvirkjun hefur reitt fram. Þá skulu hæstv. ráðherrar svara því og þeir skulu svara þeim hagfræðingum sem hafa komið fram með þessi rök. Ég nefndi Þorstein Siglaugsson, ég nefndi Sigurð Jóhannesson og ég nefni Tryggva Felixson og ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. svari þeim síðastnefnda á annan hátt en hann gerði í Morgunblaðinu, ég held það hafi verið þann 24. nóv. á síðasta ári, ef ég man rétt, því að þar segir hæstv. iðnrh. um ummæli sem voru gagnrýnin í hans garð og komu frá Tryggva Felixsyni, með leyfi forseta:

„Enn ber þó nokkuð á óvandaðri umfjöllun um orkufrekan iðnað. Ein slík grein birtist í Morgunblaðinu í gær þegar Tryggvi Felixson, embættismaður í þjónustu ríkisstjórnarinnar, reynir að gera tölur mínar um þjóðhagsleg áhrif frekari stóriðjuframkvæmda tortryggilegar."

Embættismaður — það er engin tilraun gerð til að koma með efnisleg rök heldur setja ofan í við manninn á þeirri forsendu að hér sé á ferðinni húsbóndinn væntanlega annars vegar og hjúið hins vegar. Þetta er umræðan sem þjóðinni er boðið upp á. Nú er ekki til of mikils mælst að ríkisstjórnin reiði fram rökin og svari þeim rökstuddu fullyrðingum sem fram hafa komið frá þessum virtu hagfræðingum, svari þessum röksemdum.

Hæstv. iðnrh. fór mikinn fyrr í dag og hafði uppi gagnrýni í garð stjórnarandstöðunnar, m.a. á hendur hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og spurði með miklum þjósti hvort menn væru að efast um heilindi manna í kerfinu. Nei, nei, enginn var að efast um nein heilindi. Hins vegar vakna ýmsar spurningar þegar menn koma fram með þessum hætti. Auðvitað vakna ýmsar spurningar þegar það er Þjóðhagsstofnun sem reiðir fram upplýsingarnar. Hún lýtur forstjóra sem var ekki alls fyrir löngu ráðuneytisstjóri í iðnrn. Hver er það sem leiðir fjárfestingarhópinn? Er það ekki Landsbankinn? Hver var settur til þess að verkstýra þar á bæ? Það var fyrrv. ráðuneytisstjóri sama ráðuneytis. Að sjálfsögðu.

Ég vakti athygli á því á sínum tíma þegar við fjölluðum um þáltill. okkar um umhverfismat að umsögnin hefði breyst sem kom frá ákveðnum aðila, frá Ferðamálaráði, sem var 10. nóv. 1998 mjög jákvætt tillögu okkar. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Samþykkt var á fundi framkvæmdastjórnar að senda jákvæða umsögn og hvetja til samþykktar þingsályktunartillögunnar."

Þetta var 1998. Síðan kom ári síðar:

„Með tilliti til þess að málið er flókið og viðamikið ákveður Ferðamálaráð að unnið verði að því að skilgreina hagsmuni ferðaþjónustunnar á svæðum norðan Vatnajökuls með sérstöku tilliti til orkuvinnslu og náttúruverndar. Er formanni og framkvæmdastjóra falið að setja á laggirnar vinnuhóp til að taka saman í skýrslu grunn að slíkri skilgreiningu."

(Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Hvað skyldi hafa breyst á þessu eina ári? Ég skal svara því í andsvari.

[16:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var svo sem auðvitað að hv. þm. Ögmundur Jónasson tæki sér til fyrirmyndar formann stjórnmálasamtaka sinna, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon. Aðalatriðið og efnisatriðið í þeirri umræðu sem hér fór fram var gagnrýni á ráðherra og einstaka þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hér hafa verið að vitna í opinber gögn sem snúa að því þegar einstakir þingmenn hafa haft skoðanir á þessu máli hér í þinginu.

Nú kemur hv. þm., þegar hann hefur nýlega lokið sínu máli eða sleppt orðinu, og ræðst harkalega á einstaka embættismenn sem starfandi eru hjá ríkinu. Ætlar hv. þm. Ögmundur Jónasson að láta taka sig alvarlega í þessari umræðu þegar hann hagar málflutningi sínum með þessum hætti? Í einu orðinu að gagnrýna þá sem hafa verið að vitna í einstaka hv. þm. en í hinu orðinu að fara nákvæmlega sjálfur sömu leið og vera með staðlausa stafi og rakalausar fullyrðingar, algjörlega að tilefnislausu í garð einstakra þingmanna sem hafa verið að vinna að þessu máli?

[16:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel hvorki óeðlilegt að gagnrýna embættismenn né stjórnmálamenn. Ég er að vísa í ákveðið samhengi hlutanna og ég var — ég gat því miður ekki lokið máli mínu hér áðan — að vísa í það samhengi hlutanna hvað gerðist á milli áranna 1998 og 1999 í afstöðu Ferðamálaráðs. Hvað hafði breyst á þeim tíma? Hvað skyldi hafa breyst? Af hverju var málið svona flókið sem var einfalt ári áður? Það sem hafði breyst var að nýir formenn voru komnir til sögunnar. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich var nú orðinn formaður Ferðamálaráðs og hver skyldi hafa verið varaformaður? Hver skyldi það hafa verið? Hann heitir Jón Kristjánsson, hv. þm. og hann er framsóknarmaður, félagi hæstv. iðnrh. Það er þetta samhengi hlutanna sem ég er að draga upp og það er ekki óeðlilegt að á það sé bent þegar málin eru reidd fram á þann hátt sem hér er gert.

[16:31]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við það að afstaða einstakra þingmanna, afstaða einstakra embættismanna eða félagasamtaka sem láta sig þetta mál snerta, breytist frá einum tíma til annars. Það ætti hv. þm. að þekkja best, því það kom fram í umræðunni fyrr í dag að formaður samtaka vinstri rauðra hafði þá skoðun fyrir fáum árum síðan að það ætti að byggja álver á Reyðarfirði. En nú hefur hans afstaða breyst. Er það nokkuð óeðlilegt? Nei, það er ekkert óeðlilegt. En hv. þm. verður að vera sanngjarn í sinni umfjöllum. Það eru ekki bara vinstri rauðir eða vinstri grænir sem hafa rétt til þess að skipta um skoðun. Aðrir verða að hafa þann rétt líka.

[16:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf enga eina mínútu. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon svaraði fyrir sig fyrr í umræðunni í dag. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er ekkert óeðlilegt að menn skipti um skoðun ef því er að skipta. Við höfum ekki skipt um skoðun í þessu máli. Við höfum mjög skýra stefnu. Ég gerði grein fyrir henni í máli mínu í dag. Ég gerði grein fyrir þeirri stefnu þegar þáltill. okkar var rædd í

vor og við gerðum það einnig á síðasta kjörtímabili.

[16:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um þá hafa vinstri grænir mjög skýra stefnu. Hann sagði, og talaði þá væntanlega fyrir sinn flokk — hann gerir það yfirleitt — að hann vildi breyta Snæfelli og umhverfi þess í þjóðgarð, gott og vel. Hann sagði að hann vildi ekki virkja. Gott og vel, ég náði því. En síðan sagði hv. þm. að hann væri fylgjandi lögformlegu umhverfismati. Til hvers í ósköpunum ef það á ekki að virkja?

Herra forseti. Hv. þm. var tíðrætt um tilfinningar. Hefur hv. þm. sett sig inn í tilfinningar þess fólks á Austurlandi sem hefur beðið eftir þessari framkvæmd um árabil með von í brjósti og horft upp á endalausa flutninga af svæðinu?

[16:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur ekki hlustað á mína ræðu. Ég tók það sérstaklega fram að þetta væri tilfinningamál fyrir fólk sem væri að stuðla að atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Ég tók það sérstaklega fram að þjóðin væri skipt í fylkingar. Ég gerði það.

Varðandi umhverfismatið og afstöðu okkar sem er andstæð þessari virkjun þá er engin mótsögn þar á milli. Því miður ræð ég ekki för hér. Samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar á að virkja. Það á að virkja. Samkvæmt landslögum á þetta mál að fara í lögformlegt umhverfismat. Ég gat um að ég teldi að það þjónaði mínum málstað. En grundvallaratriðið er hitt, að lögum samkvæmt ber að fara með málið inn í þennan farveg. Þess vegna er ég því fylgjandi.

[16:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við spurningu minni um tilfinningar Austfirðinga. Ég vil benda hv. þm. á að framkvæmdir eru hafnar. Þessi virkjun var sérstaklega undanþegin í lögum þegar þau voru sett á sínum tíma. Samkvæmt lögum er því heimilt að fara í framkvæmdir og má fara í framkvæmdir. Ef menn vildu fara stíft eftir lögunum mætti því byrja að grafa strax.

[16:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er náttúrlega það sem menn eru að takast á um. Líka hér skiptast menn í fylkingar. Sumir telja að það sé lögum samkvæmt óþarfi að fara í lögformlegt umhverfismat, að það sé óþarfi samkvæmt þeim lögum sem verið er að vitna í. Aðrir telja að svo sé ekki. Við leggjum áherslu á að þegar um slíkt álitamál er að ræða, þegar slíkt stórmál er á ferðinni, þá eigi enginn vafi að leika á um framkvæmdina. Þetta er okkar skírskotun í málinu.

Varðandi tilfinningar Austfirðinga, þá vitnaði ég sérstaklega í grein eftir Snævar Sigurðsson, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Vandamál byggða á Austfjörðum er líka mikið stórmál og því eðlilegt að fólk gefi tilfinningunum lausan tauminn í baráttunni fyrir sinni heimabyggð."

Ég vitnaði í þetta og ég tók málið upp á þessum forsendum.

[16:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að ég hafi tekið rétt eftir því sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að hann og hans flokkur vill gera þjóðgarð norðan Vatnajökuls, þ.e. friða svæðið í kringum Snæfell. Ég ætla að hann sé að tala um Jökulsá á Brú, Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá í Fljótsdal. Þetta er annað stærsta vatnasvæði Íslands. Það hljóta því að vera mikil tíðindi ef menn vilja taka það og hætta við alla notkun á þessu vatni. Það eru mikil tíðindi og verða tíðindi í framtíðinni fyrir óborna Íslendinga. Ég vildi vekja athygli á þessu spyrja hvort það sé ekki alveg öruggt að ég misskildi ekki neitt. Hann vill friða allt svæðið.

Ég vil einnig spyrja hv. þm. um annað. Hann segir varðandi 1.000 ársverk á Austurlandi þar sem nú eru bara 4.000 ársverk, að hann efist um að slíkar framkvæmdir verði þessum landsfjórðungi til góðs. Af hverju hefur hann þennan efa? Hefur þingmaðurinn ástæðu til þess að ætla að stórframkvæmdir á Suðvesturlandi, álver og stóriðja sem hér hefur risið á síðustu áratugum hafi orðið byggðinni á Suðvesturlandi til tjóns, að byggðin hafi kannski dregist saman? Hafa verksmiðjurnar við Straumsvík og í Hvalfirði kannski orðið til ills fyrir byggðaþróun hér suðvestan lands, eða hvað? Hvernig á að skilja þessi orð hans og hvaðan hefur hann efasemdir um þessa þróun?

[16:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að við viljum gera þetta svæði sem hann vísaði til að þjóðgarði. En við viljum gera annað og meira. Við höfum lagt til að gerð verði vönduð rammaáætlun um nýtingu allrar orku á Íslandi á næstu áratugum. (**Iðnrh.**: Það er verið að vinna hana.) Við erum ekkert ein um að vilja fara þessa leið. Norðmenn hafa t.d. tekið ákvörðun um að gefa sér tíma til þess að fara yfir stöðu mála og ætla að gefa sér nokkur ár til þess verks og við teljum eðlilegt að svo verði gert.

Ég hef miklar efasemdir um að þetta álver verði til góðs á Austurlandi. Ég gat um það áðan, og vitnaði til skýrslu Nýsis sem svo segir, að á þessu atvinnusvæði búi 8.400 manns og þar séu um 4.000 ársverk. Jafnframt kemur fram að við erum að tala um tæplega 1.000 störf. Spurningin snýst um jafnvægi í atvinnuuppbyggingu, þ.e. hvort heppilegt sé að fara inn á þessar brautir. Ég hef miklar efasemdir um það. Ég er ekkert einn um það. Í gögnum Byggðastofnunar eru slíkar efasemdir settar fram líka þannig að þetta eru engir uppdiktaðir duttlungar. Þetta er álit og mat okkar innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og það er stutt áliti ýmissa sérfræðinga sem hafa látið þessi mál til sín taka.

[16:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn hefur staðfest að hann vill hætta við að virkja. Hann tók líka fram að hann teldi að allir þeir sem létu sig náttúruvernd einhverju skipta væru honum sammála. Þá vitum við það. Allir sem ekki eru honum sammála láta sig náttúruvernd engu skipta. Það er náttúrlega mjög gott að geta skreytt sig með þessu. En mér er það alveg óskiljanlegt hvernig menn geta sagt svona. Ég veit ekki betur en að menn hefðu fjallað um þessi vatnasvæði af mikilli alvöru og gaumgæft þetta mjög vel og verið taldir miklir náttúrusinnar. Hér er ég með fyrir framan mig

bók Orkustofnunar frá 1981. Ritstjóri hennar er Hjörleifur Guttormsson. Þar er farið mjög nákvæmlega í dýralíf og plöntulíf og allt sem þetta varðar og þar er gengið út frá því að þessi svæði verði virkjuð. Ég vona nú að andlegur faðir þeirra græningjanna sé ekki kominn í hóp þeirra manna sem láta sig ekki náttúruvernd neinu skipta. Ég skil heldur ekki hvernig það má vera að það sé slæmt fyrir Austfirðinga að fá stóriðju eins og aðrir landsmenn.

[16:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna er einfaldlega ágreiningur okkar á milli. Ég er að tala um að það geti verið óheppilegt fyrir fámenna byggð eins og þá sem við erum að tala um, að fá eitt stærsta álver heimsins inn í sinn garð. Ég hef miklar efasemdir um að það sé til góðs. Ég tel þetta vera vanhugsað að þessu leyti.

Ég á afskaplega erfitt með að sjá að í því felist mikil náttúruvernd að sökkva þessum svæðum norðan Vatnajökuls. Ég fæ ekki séð það. En þegar ég var að tala um þá sem létu sig náttúruvernd skipta, alla þá, þá var ég að tala um að þau samtök sem sinna slíkum málum hefðu tekið undir með okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þegar við settum fram þáltill. þess efnis að Fljótsdalsvirkjun skyldi fara í lögformlegt umhverfismat. Þar vísum við Náttúruverndarsamtaka Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Félags íslenskra náttúrufræðinga, Hins íslenska náttúrufræðifélags, leiðsögumanna, Náttúruverndarráðs o.s.frv. Síðan voru náttúrlega Landsvirkjun, Orkustofnun og iðnrn. andvíg þessu.

[16:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi umræða á Alþingi í dag hefur á margan hátt verið einkar áhugaverð. Hún hefur sérstaklega verið áhugaverð fyrir mig sem hef fylgst með þessari umræðu í heilan aldarfjórðung og þeim umræðum sem hafa bæði verið á Austurlandi og í þjóðfélaginu í heild, um að virkja fyrir austan, bæði í Fljótsdal og Jökulsá á Dal. Af hverju hafa menn viljað fara í þessa virkjun? Hvað hefur breyst svona mikið? Þessar spurningar standa upp úr í mínum huga eftir að hafa hlustað á þessa umræðu. Það sem fékk mig til þess að hugsa um þetta var sú einfalda staðreynd að orkulindirnar eru ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar, næstmikilvægust á eftir fiskimiðunum, fiskstofnunum, fyrir utan landið og mannauðinn. En hvernig sem við berum þetta saman þá eru orkulindirnar ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Við þurfum á þessari auðlind að halda, við höfum talið það a.m.k. fram að þessu til þess að bæta kjör þjóðarinnar, til þess að lífskjör Íslendinga batni, til þess að við getum varið okkar velferðarkerfi og til þess að við getum styrkt okkar velferðarkerfi. Hefur þetta breyst? Nei, þetta hefur ekki breyst. Við höfum talið nauðsynlegt að nota þessa miklu auðlind til að treysta byggð í landinu, til þess að treysta byggð á Austurlandi og Norðurlandi, en sú byggð hefur átt í vök að verjast. Þetta hafa menn talið í öll þau ár sem ég hef fylgst með þessari umræðu. Hefur þetta breyst? Nei, það hefur því miður ekkert breyst vegna þess að fólki hefur fækkað verulega á þessu svæði.

Menn hafa jafnframt talið þetta nauðsynlegt til að breikka grundvöllinn í atvinnulífi okkar. Við höfum almennt talið að við værum of háð fiskveiðum og þyrftum að draga úr því einhæfa atvinnulífi sem við Íslendingar höfum búið við og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Hefur þetta eitthvað breyst? Er þetta eitthvað öðruvísi en var fyrir 25 árum? Það held ég ekki. Ég held að það hafi ekkert breyst í þessu sambandi.

Við höfum talið nauðsynlegt að dreifa áhættunni, virkja ekki bara á Tungnaár- og Þjórsársvæði heldur yrði jafnframt að nýta önnur vatnasvæði í landinu, m.a. vegna jarðskjálftahættu, eldgosa og annarrar náttúruvár. Hefur þetta breyst? Nei, þetta hefur ekkert breyst. Enn er sama þörfin og áður til að dreifa þessari áhættu.

Enginn hefur haldið því fram við umræðuna að þessar breytingar eða breytingar á þessu sviði hafi orðið til að menn eigi annaðhvort að hætta við eða þá að setja þessa framkvæmd í þá hættu að e.t.v. verði hætt við hana og ekkert verði úr henni, a.m.k. á næstu 5–10 árum. Nei, það er annað. Það er umræðan um umhverfismál. Menn segja: Það hefur orðið slík breyting í þjóðfélaginu og í heiminum að réttlætanlegt er að við leggjum allt hitt til hliðar og umhverfismálin eigi að ráða úrslitum. Við skulum aðeins líta á það.

Hið mikilvægasta í sannri umhverfisvernd er sjálfbær þróun. Þess vegna höfum við byggt upp nýja fiskveiðistefnu, til þess að bæta umgengnina við fiskveiðiauðlindina, fara betur með hana, nýta hana betur. Þar er talið til fyrirmyndar almennt í heiminum hve vel Íslendingum hefur tekist til. Þar með er ekki sagt að kerfið sé gallalaust og allt sé þar eins og best verður á kosið. Samt hafa Íslendingar komist lengra í þessum efnum en margir aðrir og það er talið til fyrirmyndar.

Í sambandi við sjálfbæra þróun er einnig rætt um að mjög mikilvægt sé að nýta endurnýjanlegar orkulindir í heiminum, vatnið sem fellur til sjávar, vindinn, jarðhitann og aðra þá orku sem er talin endurnýjanleg. Í þessari umræðu hefur komið fram að vindurinn sé miklu betri auðlind og miklu betra að nýta hann. Hver túrbína er væntanlega eitt megavatt. Ekki vildi ég sjá 210 vindrellur uppi við Snæfell (Gripið fram í.) og ekki heldur við Blöndu. Ég vildi ekki sjá 150 vindrellur þar. Ég vil helst ekki sjá þessar vindrellur því að mér finnst þær ljótar og eiga lítið erindi inn í íslenska náttúru. Það er mín skoðun. Hins vegar má vel vera að einhvern tíma komi sá tími að við verðum að nota þessar vindrellur en ljótar eru þær. Þær verða ekki reistar vegna þess að þær séu fallegar, það eitt veit ég. (**ÖJ:** En Blönduvirkjun, er hún falleg?)

Blönduvirkjun er ekki sérstaklega falleg en hún er heldur ekkert sérstaklega ljót. Rafmagnið frá henni hefur nýst Íslendingum vel og hefur orðið til að skapa mörg atvinnutækifæri fyrir Íslendinga. Það skiptir máli og er grundvöllur velmegunar, hv. þm. Ögmundur Jónasson. Þann málaflokk sem ég hélt að hv. þm. legði langmesta áherslu á. Það er eins og það sé bara ein hlið á því máli og enga auðlind þurfi til að standa undir velmeguninni, hún komi bara úr einhverjum ríkiskassa og ekkert þurfi til að skapa þessi verðmæti. Þetta er hin mikla mótsögn í málflutningnum sem hér hefur verið.

Að mínu mati er alveg ljóst að ef við ætlum að standa undir orðstír okkar varðandi sjálfbæra þróun þá eigum við að nýta vatnsaflið og gufuorkuna. En við eigum að sjálfsögðu að gera það varlega.

Þá segja menn að því er varðar Fljótsdalsvirkjun: Ja, við skulum hætta við að virkja vegna þess að þar eru svo mikil náttúruspjöll. Við skulum búa til þjóðgarð, eins og menn segja, fyrir norðan Vatnajökul. Eitthvað af þessu er nú fyrir austan Vatnajökul að mínu mati. Þjóðgarðurinn á hins vegar að vera á öllu þessu vatnasvæði, þar á sem sagt ekki að virkja. Það á að virkja einhvers staðar annars staðar en alls ekki á Austurlandi. Þessu er ég mjög ósammála. Ég tel að

ekkert hafi breyst sem réttlæti það að hætta við þessa virkjun og kasta öllum hinum markmiðunum fyrir róða.

Ég spyr líka: Hvað hefur breyst hjá mörgum hv. þm. sem kallar á að nú eigi að fara fram það sem menn kalla lögformlegt umhverfismat þó að ljóst sé að menn fari að lögum í þessu sambandi? Hvernig stendur t.d. á því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem farið hefur mikinn hér í dag, gaf út leyfi fyrir Fljótsdalslínu 20. apríl 1994, línu sem átti að flytja rafmagn frá Fljótsdalsvirkjun norður í land, án þess að færi fram umhverfismat? Hvernig stendur á því að hann vill að það fari fram umhverfismat í dag? Það er alveg ljóst að fyrst hann vildi ekki umhverfismat á þessari línu 1994, og Fljótsdalsvirkjun er forsendan, þá hefur hann gefið, sér sem þáv. umhvrh., þá forsendu að ekki færi fram lögformlegt umhverfismat á virkjuninni sjálfri. Það liggur í augum uppi.

Hv. þm. er nú því miður ekki hér, búinn að yfirgefa húsið, en hann kom hingað í dag, fór mikinn og segir að fram eigi að fara lögformlegt umhverfismat. Það er forsenda alls.

Ætli Eyjabakkalónið verði ekki alveg það sama? Ætli breytingarnar verði svo miklar? Býr það undir þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Steingrímur Sigfússon vilja lögformlegt umhverfismat á svæðinu en enga virkjun og vilja að ekkert gerist? Fær það hv. þm. Össur Skarphéðinsson að skipta um skoðun? Nei, það er ekki það. Ástæðan er að mikil umræða hefur farið fram um málið og hún hefur verið mjög einhliða. Það hefur haft mikil áhrif. Ég sé að það hefur breytt skoðunum margra þingmanna. Þeir eru allt annarrar skoðunar í dag en áður. Það hefur breytt skoðunum stjórnmálaforingja á borð við fyrrv. þm. Hjörleif Guttormsson. Ég tel að hann hafi verið stjórnmálaforingi. Það hefur breytt skoðunum manna eins og hv. þm. Sverris Hermannssonar sem talaði þannig í dag að ég vissi ekkert hvað um var að vera. Ég man vel þegar sá hv. þm. var að tala um umhverfisvernd á sínum tíma á Austurlandi. Hann sagði þá að engu máli skipti hvar menn væru að leita að marflóm og arfaklóm upp um fjöll og firnindi. Það mundi engu breyta í þessu máli. Ég tel að hv. þm. hafi þá verið að tala um umhverfisvernd og gera lítið úr henni. Mér fannst hann gera allt of lítið úr umhverfisvernd á sínum tíma. Hann ætlaði líka að éta gleraugun sín ef ekki yrði byggð kísilmálmverksmiðja á Austurlandi. Hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson lét byggja grunn undir þessa kísilmálmverksmiðju.

Halda menn að það sé eitthvað undarlegt þó að Austfirðingar botni ekkert í þessu? Hvernig eiga menn að botna í því að menn skuli skipta um skoðun eins og hér hefur gerst? Hvað hefur gerst? Eru það alþjóðlegir samningar? Nei. (**Gripið fram í:** Kannski skynsemin.) Kannski skynsemin? Ja, það skyldi þó ekki vera. Það er nú gott að hv. þm. dettur það fyrst í hug. Ég hef hins vegar vissar efasemdir um það að það sé skynsemin. Ég tel skynsamlegt að byggja þessa virkjun. Ég tel að það sé nauðsynlegt. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir Íslendinga, nauðsynlegt fyrir Austfirðinga og fyrir þjóðarbúið sem heild.

Er ekki lýðræðislegt að leggja þetta stóra mál fyrir Alþingi? Er sýndarmennska að leggja það fyrir Alþingi? Hér hefur verið talað um risavaxið verkefni, sem það er. Það er talin sýndarmennska að leggja það fyrir Alþingi. Hvers vegna telja menn að það sé sýndarmennska? Vegna þess að það stendur til að afgreiða það. Er það fyrst að þetta mál er flutt að staðið hefur til að afgreiða mál á Alþingi? Er ekki fjárlagafrv. flutt í þeim tilgangi að afgreiða það á Alþingi? Þarf einhverjum að koma á óvart að núv. ríkisstjórn vilji fá þetta mál afgreitt og samþykkt?

Mér finnst alveg furðulegt í málflutningi stjórnarandstöðunnar að hún kemur af fjöllum út af því að ríkisstjórnin stefnir að því að afgreiða málið fyrir áramót. Hún telur að það sé vegna þess að Friðrik Sophusson hafi verið þeirrar skoðunar. Að sjálfsögðu er það ekki það sem skiptir máli en forstjóri Landsvirkjunar hefur auðvitað rétt til að hafa skoðun á því. En hann ræður því ekki. Hins vegar er rétt að menn stefna að því að afgreiða þetta mál fyrir jól. Það ætti ekki að koma hv. þingmönnum á óvart.

Herra forseti. Það hefur ekkert breyst í þessu máli. Málið er eins og það var fyrir 25 árum og í reynd miklu betra vegna þess að miklu hefur verið bjargað miðað við þau áform sem voru upphaflega til staðar. Þess vegna má segja að gott sé að málið hafi dregist. En ég tel að meiru verði ekki bjargað með því að draga málið lengur. Það er nauðsynlegt að fara í þetta, forsendurnar eru þær sömu. Rétt er að almenningur er betur meðvitaður um náttúruna en áður, sem betur fer. Það réttlætir hins vegar ekki að hætta að nýta íslenskar auðlindir.

[16:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ólíkt er að hlusta á þessa tvo leiðtoga ríkisstjórnarinnar, Davíð Oddsson hæstv. forsrh. eða utanrrh. Halldór Ásgrímsson. Halldór Ásgrímsson er málefnalegur í umfjöllun sinni og flytur mál sitt frá sjónarhóli sínum og byggðarlags síns.

Ég ætla að leyfa mér að segja að við erum sammála um það að leggja áherslu á uppbyggingu í byggðum landsins. Við vitum að það að efla byggðir landsins kostar fjármagn. Við erum sammála um að nýta auðlindir innan þeirra marka að við völdum ekki óbætanlegum skaða.

Fyrir 20 árum átti að virkja á Harðangursheiði. Þá urðu í Noregi hörð átök um það hvort verja ætti svæðið sem sérstök verðmæti, að of dýrt væri að kosta því til til að virkja. Þrátt fyrir að þá væru öll rök sett fram um byggðasjónarmið sem við höfum hlustað á í dag varð niðurstaðan eftir mikil átök sú að ekki var virkjað. Ég spái því, herra forseti, að í framtíðinni verði fyrrv. forsrh. Gro Harlem Brundtland minnst í Noregi. Ekki fyrir það að hafa verið skörulegur leiðtogi og fyrir stjórn hennar á efnahagsmálum og öðru, heldur nákvæmlega fyrir þessi fyrstu verk hennar.

Við vorum að byrja að feta okkur á braut nýrrar verðmætahugsunar þegar við settum lög um umhverfismat. Samt erum við langt á eftir öðrum þjóðum, um það snýst málið. Ég er annarrar skoðunar í dag en ég var í byrjun þessa áratugar. Viðhorf mín gagnvart víðernum Íslands hafa gjörbreyst. Ég lít svo á að þau séu ekki bara til að framleiða orku heldur miklu meira. Ég vil að við stígum varlega til jarðar í þessum efnum, að við hættum ekki að nota orkuna heldur skoðum hvaðan tökum við hana, hverju erum við tilbúin að fórna. Til þess þarf umhverfismat.

[17:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hver gengur óvarlega fram í þessu máli? Hvaða mál hefur fengið meiri athugun á Íslandi en þetta mál út frá umhverfislegu sjónarmiði? Ég kannast ekki við það. Hv. þm. segja hér: Við viljum að þetta mál fari undir lög sem voru sett eftir að þessi framkvæmd byrjaði. Hvaða ástæða er til þess? Það liggur alveg fyrir, þetta mál hefur verið unnið frá upphafi á þeim forsendum að það verði mat samkvæmt

þeim lögum sem giltu um þessa virkjun. Það er m.a. viðurkennt af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni meðan hann var umhvrh. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég var viðstaddur þegar fyrsta skóflustunga var tekin að þessari virkjun haustið 1991 af þáv. iðnrh., Jóni Sigurðssyni. Þessir menn hafa unnið að málinu af fullum heilindum. Hvað hefur breyst? Vel má vera að smekkur ákveðinna þingmanna, sem ég geri ekki lítið úr, hafi breyst. En á það að ráða úrslitum í málinu? Er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að segja, sem ég hélt að hún væri ekki, að hún sé andvíg því? Nei, ég skildi hana þannig hún væri ekki andvíg því, en hún segir að það sé svo mikið mál að þetta fari til skipulagsstjóra ríkisins. Hvernig stendur á því að hv. þm. getur ekki gert upp hug sinn með því að fara í gegnum öll þessi gögn, alveg eins og hv. þm. Jón Sigurðsson og Össur Skarphéðinsson á sínum tíma? Hvað er það sem kemur í veg fyrir að hv. þm. geti gert upp hug sinn? Telur hún að hún geti gert upp hug sinn miklu betur eftir að skipulagsstjóri ríkisins væri búinn að fjalla um þetta, hvaða straumhvörf væru það?

[17:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst ekki um smekk minn. Þetta mál snýst ekki um smekk hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur eða Jóhanns Ársælssonar. Þetta er stórt mál sem á ekki að taka ákvörðun um af tilfinningum. Ég á ekki að setjast í iðnn. Alþingis og fella dóma um það hvort skýrslur sem unnar hafa verið séu fullnægjandi vegna þess að Alþingi, þessi stofnun, hefur sett lög um hvernig farið skuli með slík mál. Þau lög eru um ákveðið ferli sem leiðir til umhverfismats og niðurstöðu. Þetta snýst heldur ekki um skipulagsstjóra ríkisins eða umhvrh. sem hefur úrslitavald í lokin, heldur hvernig aðkoma allra þeirra sem vilja hafa skoðun á málunum er tryggð og hvernig ferlið er og að við förum að þeirri leið sem Alþingi hefur sett lög um. Um þetta er deilt á Alþingi. Undir þetta ætla margir að undirgangast, sumir mundu ekki vilja virkjunina og aðrir vilja hana. Þeir ætla að undirgangast þetta mat.

[17:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vel má vera að ég hafi allt aðra skoðun á því, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, af hverju við erum hér á Alþingi. Ég tel að við séu hér til þess að taka afstöðu og ég held að við verðum að játa að tilfinningar okkar spila þar afar mikið og við komumst ekki hjá því. Það eru mörg mál tilfinningamál og það er ekkert til að skammast sín fyrir. Við tökum afstöðu að einhverju leyti út frá tilfinningum, ekki bara út frá rökhyggju. Ef við tækjum afstöðu í málinu aðeins út frá rökhyggju, efnahagslegri rökhyggju, væri alveg ljóst að við mundum vilja virkja. En við viljum líka líta á fegurð landsins og vernda landið, ganga vel um það. Það verður ekkert komist hjá því að blanda því inn í og það eru ekki einhverjir utanaðkomandi aðilar utan við Alþingi sem hafa einkarétt á því. Við komumst ekkert hjá því að hér sé að einhverju leyti um tilfinningamál að ræða og það er skylda þingmanna að taka afstöðu til málsins og þeir hafa allar upplýsingar til þess.

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 4. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[17:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki misnota það. Ég sætti mig ekki við það, herra forseti, að gefið sé til kynna að við, sem óskum eftir að farið sé að lögum um umhverfismat, séum ekki tilbúin að axla ábyrgð sem alþingismenn í málum okkar á Alþingi. Ef ríkisstjórnin vill ekki hafa umhverfismatið skal hún bara fara að þeirri stöðu og heimildum sem hún hefur samkvæmt því sem hún setur fram á 18 síðum í þessari þáltill. Það er verið að biðja okkur þingmenn að gera umhverfismat, um það er deilt og mér finnst það rangt.

[17:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. biður um að þingmenn taki afstöðu og ég er sammála því. Við skulum taka afstöðu og við skulum byrja á því að taka afstöðu til þess hvort virkjun í Fljótsdal eigi að fara í lögformlegt umhverfismat eða ekki. Það er það lýðræðislega í málinu að byrja á því að taka þá grundvallarákvörðun. Ég er ósammála því mati utanrrh. að það eina sem hafi breyst í öllum aðstæðum þessa máls séu breytt viðhorf í umhverfismálum. Það er margt fleira sem má færa rök fyrir að hafi breyst. Efnahagslegar og þjóðhagslegar forsendur hafa að ýmsu leyti breyst, þjóðréttarlegar skuldbindingar hafa breyst og ýmislegt fleira. Það má líka hafa um það miklar efasemdir að það sem einu sinni var talið eiga við um stóriðjuframkvæmdir breikkaði grundvöll íslensks atvinnulífs og gerði það fjölbreyttara eigi við í dag. Verður íslenskt atvinnulíf fjölbreyttara og breiðara með því að gera okkur enn þá háðari heimsmarkaðsverði á áli? Vex fjölbreytni íslensks atvinnulífs í grunninn með því að bæta við þriðja álverinu eða fjórðu málmbræðslunni? Er það? Frekar en hátæknigreinum, lífefnaiðnaði eða slíkum greinum sem hefur vantað inn í íslenskt atvinnulíf í heild sinni?

Spurningin er um hvort það samrýmist sjálfbærri þróun eða ekki að virkja vatnsafls- og jarðvarma. Að sjálfsögðu getur nýting þessara tiltölulega vistvænu orkugjafa verið hluti af slíkri þróun en þá kemur að spurningunni: Hvernig er virkjað, hvað er virkjað og hvað ekki og til hvers er orkan notuð? Það er ekki bara spurning um að segja, af því að þetta er vatnsafls- eða jarðvarmi og við erum ekki að losa gróðurhúsalofttegundir, þá er þetta í lagi. Það er mikil einföldun á málinu, hæstv. utanrrh. Menn eru farnir að spyrja að miklu fleiru í dag en bara þessu einu. Það er í sjálfu sér engin óskapleg framför í mengunarlegu tilliti að framleiða ál sem er mjög orkufrekt ferli og losar mikið af gróðurhúsalofttegundum út í loftið en það væri mjög vistvæn aðgerð að nýta slíka orku, t.d. til þess að framleiða vistvænt eldsneyti. (Forseti hringir.) Við verðum að bera saman sambærilega hluti, herra forseti.

[17:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur Sigfússon segir að aðrar forsendur hafi breyst, m.a. efnahagslegar og þjóðhagslegar forsendur. Það er alveg rétt að það gengur vel á Íslandi í dag, m.a. vegna þess að við fórum í að virkja á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, vegna þess að við byggðum upp stóriðju suðvestanlands en það liggur alveg ljóst fyrir að þetta mun breytast þegar við lítum til næstu ára. Það er skylda þingmanna að líta ekki bara til ársins í ár og næsta árs, það er skylda þeirra að líta til lengri tíma, hver svo sem það er. Þarna hefur ekkert breyst. Þjóðréttarlegar skuldbindingar hafa ekki breyst. Við höfum ekki skrifað undir Kyoto-bókunina þannig

við erum ekki búnir að taka á okkur þær skuldbindingar. Að því er varðar villt dýr er engin dýrategund í útrýmingarhættu á þessu svæði svo ég viti til. Ég hef ekki heyrt um það. Þar er mikið af gæs, þetta mun hafa áhrif á gæsina, en gæsin er ekki í neinni útrýmingarhættu. Það er talað um þekkingariðnað, hvaða þekkingariðnað? Hér var fjallað m.a. um Íslenska erfðagreiningu á síðasta þingi, er það ekki þekkingariðnaður? Ég veit ekki betur en að stjórnarandstaðan hafi verið á móti þeim þekkingariðnaði og lagt stein í götu þess þekkingariðnaðar. Hvaða þekkingariðnaður er það sem hv. þm. vill að fari fram á Austurlandi? Mér þætti gaman að heyra það. Ég geri mér ekki grein fyrir því. Og að gera lítið úr því, eins og ég hef heyrt hann gera, að hér sé um aðgerð að ræða sem hafi áhrif á byggðina. Ég skil það ekki. Ég tel að þarna sé verið að velja á milli markmiða. Þeir sem að vilja snúa þróuninni í byggðamálum við hljóta að hugsa sig mjög vel um áður en þeir eru á móti aðgerð eins og þessari. Ég tel það ekki réttlætanlegt út frá umhverfissjónarmiðum, það liggur alveg ljóst fyrir.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti að sjálfsögðu nefna atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu sem er orðin önnur stærsta útflutningsatvinnugrein Íslendinga, hún er orðin númer tvö, næst á eftir sjávarútveginum í gjaldeyrissköpun fyrir þjóðina, ein mesta vaxtargrein í íslensku atvinnulífi núna á síðari árum. Þurfa menn ekki líka að horfa til hagsmuna hennar og fleiri slíkra hluta? Þjóðréttarleg staða Íslands hefur að sjálfsögðu breyst. Við erum aðilar að Ríó-samningnum þó við höfum ekki enn þá fullgilt eða undirritað Kyoto-bókunina. Við eigum aðild að samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika þar sem svonefnd varúðarregla í samskiptum við náttúruna er ein af grundvallargreinum samningsins. Hún kveður á um ákveðnar leikreglur sem stjórnvöld eiga að uppfylla en íslensk stjórnvöld hafa valið að gera ekki. Að sjálfsögðu er það svo ekki þannig, herra forseti, að það sé frambærilegur málflutningur í sjálfu sér að segja bara annaðhvort eða. Ef menn vilja ekki þetta, vilja ekki álver og virkjanir, hvað sem það kostar, þá eru menn bara á móti öllu hinu. Þetta er, herra forseti, ekki flótur til þess að ræða þetta. (Forseti hringir.) Ég vona að hv. þm. fari nú ekki að reyna að endurtaka klisjurnar um að með því að styðja bara ekki þessa tilteknu framkvæmd sé maður andstæðingur landsbyggðarinnar.

[17:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé skylda hv. þm. að segja eitthvað um það hvað hann vill gera og benda á eitthvað sem hann telur að geti komið þessari byggð til góða en ekki að vera með einhverja klisju um að hann sé landsbyggðarmaður. Það er ekki nóg. Austfirðingar og aðrir landsbyggðarmenn lifa ekki á því. Af því að hér er nefnd ferðaþjónustan held ég að það liggi alveg ljóst fyrir að ferðaþjónustan á Austurlandi mun eflast verulega við þessa framkvæmd. Það liggur alveg ljóst fyrir að ákveðinn hluti ferðaþjónustunnar lifir á því á Austurlandi að fólk fari inn á öræfi og það mun gera það áfram og í stærri stíl. Þær framkvæmdir sem þarna hafa þegar farið fram, hafa opnað aðgengið að hálendinu, aðgengi sem var ekki áður til staðar. Það eru náttúrlega líka takmörk fyrir því hvað er rétt að hleypa mikili umferð á þetta svæði, m.a. út af gæsinni, því ég býst við því ef að verði þarna mjög mikil umferð, þá fari nú gæsin hvort sem verður virkjað eða ekki.

[17:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. byrsti sig nokkuð þegar ég leyfði mér að efast um að virkjanir í þágu stóriðju hefðu skilað eins miklu inn í þjóðarbúið og margir vilja ætla. Þetta er reyndar mjög umdeilt og hefur verið í langan tíma. Ekki alls fyrir löngu benti Þorsteinn Siglaugsson á það í grein í Morgunblaðinu að hann teldi tap Landsvirkjunar af stóriðju vera tæplega 26 milljarða á árunum 1966–1997. Nú geri ég mér grein fyrir því að þegar þjóðarbúið er skoðað í heild sinni kemur ávinningur inn á annan hátt, skattar, velta í samfélaginu, atvinna og þar að lútandi. En þetta er ekkert einhlítt. En það sem ég saknaði í máli hæstv. utanrrh. þegar hann vék að áhættudreifingu var að hann ræddi þá fjárhagslega þætti málsins. Ég benti t.d. á að í greinargerðum hagfræðinga sem skoðað hefðu þessi mál, væri t.d. vísað til þess að 13 milljarða kr. tap kynni að hljótast af Fljótsdalsvirkjun og hér er ég að vísa í grein hagfræðings, Sigurðar Jóhannessonar í Frjálsri verslun. Við erum að ráðast í geysilega stóra og dýra framkvæmd. Fyrsti áfangi álversins mun vera upp á rúma 30 milljarða, Fljótsdalsvirkjun ein upp á annað eins. Álverið í heild sinni miklum mun meira, hugsanlega 120 milljarða, og þá tölu sem ég nefndi um Fljótsdalsvirkjun má eflaust margfalda með þremur, fjórum eða fimm, vegna þess að við erum að tala um slíkt umfang. Síðan kemur hæstv. utanrrh. og talar um mikilvægi þess að dreifa áhættunni. Hverjir eiga síðan að bera kostnaðinn? Það væri fróðlegt að fá svör við því.

[17:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að tala um að dreifa áhættunni í raforkuframleiðslunni vegna jarðskjálftahættu, eldgosahættu og annarrar náttúruvár. Ég stend að sjálfsögðu við það enda held ég að það liggi alveg ljóst fyrir og ætti í sjálfu sér ekkert að koma inn í þetta mál að öðru leyti.

Að því er varðar arðsemi þessara framkvæmda þá treysti ég mér ekki til þess að reikna hana út á þessu stigi. Ég veit ekki hvernig þessi ágæti hagfræðingur getur gert það. Hann gefur sér forsendur sem hann getur ekki sett sér að mínu mati. Ég veit ekki hvaðan hann hefur þessar forsendur.

Ég er hins vegar bjartsýnn á að álframleiðsla í heiminum muni borga sig vegna þess að vaxandi eftirspurn er eftir áli. Það er léttmálmur sem mun skipta miklu máli í bílaframleiðslu m.a. til þess að spara orku og minnka mengun í heiminum. Ég tel því enga ástæðu að vera svartsýnn í þeim efnum. Hins vegar er það svo með alla hluti, hv. þm., og það vitum við báðir að áhætta felst í öllu. Það er áhætta að fara í allar framkvæmdir. Það er áhætta að fara út í þekkingariðnað eða tölvuþjónustu. Það er áhætta að stunda fiskveiðar og það er áhætta að fara út í stóriðju líka.

Ég tel mjög mikilvægt að við reynum að dreifa áhættunni í þjóðfélaginu sem mest þannig að stóriðjan verði stærri þáttur í okkar þjóðarbúskap. Þar með erum við að dreifa áhættunni meira og leggja betri grunn að okkar þjóðfélagi og okkar velferðarkerfi, sem ég veit að hv. þm. er mjög umhugað um og ég virði það.

[17:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hagfræðingarnir sem ég vísaði í, Sigurður Jóhannesson, Þorsteinn Siglaugsson og Tryggvi Felixson — ég er reyndar ekki alveg viss um að þeir séu allir hagfræðingar. Ég veit það ekki. En þeir eru fræðimenn á þessu sviði —

byggja á sömu forsendum og Landsvirkjun. Og ef það er rétt sem fram kom í máli hæstv. utanrrh., að ríkisstjórnin treysti sér ekki til að meta þessar forsendur þá finnst mér við standa frammi fyrir miklu stærra og alvarlegra áhyggjuefni en ég hafði gert mér grein fyrir. Við erum að tala um fjárfestingar upp á tugi milljarða. Álverið eitt í heild sinni er upp á 120 milljarða kr. og Fljótsdalsvirkjun ein 30 milljarða. Og hverjir eiga að fjármagna þetta? Það eiga lífeyrissjóðirnir, innlendir fjárfestar, að gera.

Menn eru að taka slíka áhættu fyrir íslenskt atvinnulíf og framtíð íslensku þjóðarinnar að engin dæmi eru um slíkt. Síðan kemur hæstv. ráðherra og segir að hann treysti sér ekki til að meta málið.

[17:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðalatriðið er að fyrir dyrum standa samningar um þessi mál. Landsvirkjun þarf að semja um hagkvæmt orkuverð sem stendur undir væntanlegum virkjunarframkvæmdum og það orkuverð verður að vera þannig að hægt verði að reka viðkomandi álver. Svo einfalt er það.

Auðvitað hef ég einhverjar hugmyndir um hvernig ég teldi að þetta gæti gengið upp. En mér dettur ekki í hug að ræða það á þessu stigi. Ég tel að þetta geti gengið upp og það er hlutverk þeirra samninganefnda sem í þessu starfa að ná því saman. Ég treysti því ágæta fólki vel til þeirra verka. Við verðum að bíða og sjá og vona hið besta. En það er ekki komin niðurstaða í þetta mál, því miður. Það mun ráðast endanlega af því hvort nást hagkvæmir samningar eða ekki.

[17:19]

Útbýting þingskjala:

Almenningssamgöngur á landsbyggðinni, 194. mál, fsp. ÞBack, þskj. 226.

Fjármálaeftirlit, 199. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 232.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, 186. mál, brtt. RG o.fl., þskj. 228.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 200. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 233.

Landsvirkjun, 198. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 231.

[17:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er hætt við í langri umræðu sem þessari að nokkur endurtekning eigi sér stað en ég hygg að á ýmsum þeim atriðum sem fram hafa komið hér áður í dag þurfi að hnykkja.

Ríkisstjórn Íslands er á hörðum pólitískum flótta undan málefnalegri umræðu um virkjun á Fljótsdal. Hún er á pólitískum flótta undan almenningi og virðist ekki hafa döngun í sér til þess að viðurkenna að viðhorf þjóðarinnar til náttúrunnar og nýtingar hennar hefur breyst í grundvallaratriðum á síðastliðnum áratug, svo að ekki sé talað um síðastliðin tuttugu ár.

Hvað er það, hæstv. forseti, sem menn eru hræddir við í umhverfismati sem framkvæmt yrði samkvæmt lögum sem hið háa Alþingi setti árið 1993? Hvað veldur því að ráðamenn þjóðarinnar taka um það kaldar og kalkúleraðar pólitískar ákvarðanir sem hafa það eitt að augnamiði að finna fjallabaksleiðir fram hjá því að meta umhverfisáhrif frá framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun og þáltill. ríkisstjórnarinnar ber öll merki um?

Allt ber að sama brunni hjá ríkisstjórn Íslands er þau mál sem mestu skipta fyrir framtíð okkar ber á góma. Málefnalegri umræðu er fórnað á altari stjórnlyndis og umfram allt vondra vinnubragða.

Á stjórnarheimilinu treysta menn sér ekki í umræðuna. Þar verða ekki teknir neinir sénsar, eins og sagt er, heldur virkjað hvað sem tautar og raular.

Skyldi það ekki hvarfla að einhverjum stjórnarliðanum nú í byrjun vetrar að ef til vill hefði verið affarasælla fyrir ríkisstjórn Íslands að taka af skarið snemmsumars 1998 og láta fram fara umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun er uppfyllti öll skilyrði laganna? Þá stæðum við ekki í þessum sporum í dag, hv. þm. Þá væri ekki búið að kljúfa þjóðina í tvennt í einu stærsta máli samtímans. Nei, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar kýs að rjúfa friðinn, að fara sínu fram hvað sem það kostar, eins og þingsályktunartillaga um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun ber með sér.

Nú stendur yfir ein mikil undirskriftasöfnun vegna umhverfismatsins, eins og þingheimur veit. Það er kyndugt, herra forseti, að undirskriftasafnanir skipta Sjálfstæðisflokkinn þá aðeins máli þegar hann er í minni hluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Þá er lögð höfuðáhersla á að svara kalli almennings. Náttúruperlur við Suðurlandsbrautina skal verja með kjafti og klóm, eða skiptir náttúran bara máli þegar Sjálfstæðisflokkurinn er í minni hluta?

Herra forseti. Hverjar skyldu þær vera aðstæðurnar sem gera Eyjabakkasvæðið einstakt? Hvað veldur því að fólk vill staldra við og huga betur að gildi náttúrunnar þar? Hvers vegna hljómar krafan um umhverfismat sem gefur almenningi andmælarétt gegn fyrirhuguðum framkvæmdum nú vítt og breitt um samfélagið? Lítum sem snöggvast á þann langa lista.

Svo að enginn sem á hlýðir velkist í vafa um það vil ég, með leyfi forseta, lesa upp úr sérfræðiáliti Kristins Hauks Skarphéðinssonar hjá Náttúrufræðistofnun, en hann skilaði skýrslu til Landsvirkjunar í september síðastliðnum og er hún hluti af framlögðum gögnum ríkisstjórnarinnar:

„Jökulsá á Fljótsdal er frábrugðin flestum íslenskum jökulám að því leyti að aur- og sandburður er að jafnaði mun minni í henni en í öðrum jökulám. Einnig er lítið um grófan framburð í Jökulsá og botnskrið því lítið. Þetta stafar m.a. af því að upptakasvæði Jökulsár er á gömlum berggrunni, ólíkt því sem þekkist hjá flestum öðrum jökulám hér á landi. Þetta einkenni árinnar er grundvöllur fyrir það gróðurlendi sem nú ríkir á Eyjabökkum og þar með fyrir lífríki og sérkenni svæðisins. Í stað grófra og síbreytilegra jökuláreyra, sem einkenna jökulár við jökuljaðra, rennur áin um leirborið flatlendi þar sem setmyndum er hæg og skilyrði fyrir gróður ólík því sem gerist annars staðar við jökuljaðra á Íslandi.

Þetta sérkenni árinnar veldur einnig því að svörfun í árbotninum er óvenju lítil. Áin hefur því ekki náð að grafa umtalsverð gil eða gljúfur á leið sinni niður Fljótsdal, nema þar sem hún fellur um þykk setlög neðan við Kirkjufoss. Alls er talið að um 15 fossar, þriggja til þrjátíu metra háir séu í Jökulsá á 20 kílómetra kafla frá Eyjabökkum að Kleif í Fljótsdal, sem munu hverfa verði Jökulsá virkjuð. Auk þess eru á þessari leið fjölmargar flúðir og hávaðar.

Sambærileg fossaröð er fágæt ef ekki einstæð hér á landi.

Samfelld gróðurþekja nær frá Héraðsflóa inn að jökuljöðrum beggja vegna Snæfells og hvergi annars staðar á landinu er að finna sambærilega gróðurhulu frá fjöru til jökla. Þá er algróið land við jökulsporða í miðhálendinu fágætt. Eyjabakkar liggja hærra yfir sjó en svipaðar gróðurvinjar við upptök jökuláa hérlendis, þ.e. í um 650 metra hæð.

Gróðurfar er afar fjölbreytt miðað við flest önnur svæði á hálendinu; þar skiptast á votlendi, þurrlendi og bersvæðisgróður ásamt áreyrum og söndum. Mestan svip gefur gróska í votlendi meðfram Jökulsá og eyjum milli kvísla hennar enda er stór hluti Eyjabakka flæðiland en svo nefnist frjósamt votlendi sem ár eða lindir flæmast reglulega yfir. Flæðilönd eru algeng á láglendi en fágæt í hálendinu; þekktast þeirra er Þjórsárver við Hofsjökul sem talið er hafa verndargildi á heimsvísu.

Framrás og hop Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls hefur skilið eftir sig jökulgarða sem mynduðust er jökullinn gekk fram á gróið land. Slíkir garðar eru nefndir hraukar og er jarðvegurinn í þeim blandaður jökulruðningi og mjög frjósamur; gróðursæld er því mikil í hraukunum ... Hraukar á borð við þá sem finnast á Eyjabökkum er hér á landi aðeins að finna við jaðra Brúarjökuls, einkum í Kringilsárrana. Líklega eru hraukarnir á Eyjabökkum þeir einu sem hafa orðið til við að jökull gekk út á mýrlendi. Óvíst er hvort sambærileg náttúrufyrirbæri finnast annars staðar í heiminum."

Herra forseti. Óvíst er hvort sambærileg náttúrufyribæri finnast annars staðar í heiminum. Er það nokkur furða, hv. þingmenn, að fólk vilji staldra við og athuga málið aðeins betur? Það þarf ekki að hafa neina sérfræðiþekkingu til þess að vilja staldra við og kanna málið betur. Maður þarf ekki að kunna lög um umhverfismat út í hörgul til þess að vilja staldra við og kanna málið aðeins betur. Það sér hver skynsöm mannvera.

Í umræðunni fyrr í dag var vitnað í frétt sem birtist í Morgunblaðinu. Það er rík ástæða til þess að vitna til hennar aftur, þó ekki sé nema fyrir Alþingistíðindi, herra forseti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Snorri Baldursson, doktor í plöntuerfðafræði og framkvæmdastjóri Conservation of Arctic Flora and Fauna (CAFF), telur umfjöllun skýrslu Landsvirkjunar um gróður á Eyjabökkum hallast í átt til þess að verið sé að réttlæta framkvæmdina. Hann segir að skýrslan leggi frekar áherslu á það sem er algengt og líkt með öðrum svæðum fremur en að draga fram það sem er sérstakt og einstakt á svæðinu.

„Í skýrslunni segir til dæmis að á Eyjabökkum sé ekki að finna staði sem séu einstakir í sinni röð hvað varðar gróður, heldur eigi hann sér hliðstæður víða á hálendinu. Þetta má vera rétt ef gróður er skoðaður á einstökum reitum innan svæðisins. Athyglisvert er að ekki er talað um svæðið í heild sinni eða um flæðilönd almennt, sem eru afar sjaldgæf á hálendinu," segir Snorri.

Snorri segir að vegna þessa virðist sem mörgum spurningum sé enn ósvarað í skýrslunni hvað varðar áhrif framkvæmdarinnar á gróður. „Það hefði þurft að svara því hvar á hálendinu er að finna stórar landslagsheildir sem eru sambærilegar að grósku og í vistfræðilegu tilliti og Eyjabakkar. Eins væri gott að fá að vita hve stórt hlutfall af grónu flæðilandi í yfir 600 metra hæð fer á kaf við þessar framkvæmdir og hvar annars staðar á landinu er að finna samfellt gróðurlendi sem nær alveg frá sjó og upp að jökulsporði. Ég er sannfærður um að ef slíkur samanburður yrði gerður reyndust Eyjabakkar einstakir í sinni röð," segir Snorri."

Þetta er haft eftir Snorra Baldurssyni, doktor í plöntuerfðafræði, í Morgunblaðinu í dag, herra forseti.

Hæstv. forseti. Enn og aftur, er nokkur furða að almenningur vilji staldra við og kanna þessi mál eilítið betur? Nei, herra forseti, það er engin furða.

En víkjum að öðru atriði, sem hefur einnig verið komið að í umræðunni í dag, og það er byggðapólitíkin og atvinnuþróunin. Eins og hæstv. iðnrh. benti á þá er allt undir í þessari umræðu.

Herra forseti. Áhrifa kvennapólitíkur hefur aldrei gætt að neinu marki við mótun byggðastefnu hérlendis og árangurinn verið eftir því. Ég vil sérstaklega þakka hv. þingkonu Frjálslynda flokksins, Bergljótu Halldórsdóttur, fyrir að fjalla um atvinnuþáttinn sérstaklega hvað varðar konur. Hún benti réttilega á hvað hefur gerst á Austurlandi á undanförnum áratugum. Ungu konurnar eru farnar eða á förum. Staðreyndirnar tala sínu máli þar um á hverri blaðsíðunni á fætur annarri í þeim gögnum sem hv. þm. hafa undir höndum nema í samantektarskýrslu Landsvirkjunar.

Þó byggir hún m.a. á ágætri skýrslu Nýsis um hugsanleg samfélagsleg áhrif byggingar og starfsemi álvers í Reyðarfirði. Meðal þess sem einkennir íbúaskiptingu á Miðausturlandi er að fólk á þrítugsaldri er fámennt miðað við aðra aldurshópa, sérstaklega konur á aldrinum 20–24 ára. Í skýrslu Nýsis segir, með leyfi forseta:

„Fjöldi ungra kvenna virðist yfirgefa svæðið. Þær hafa betri menntun en áður og bestu menntunarmöguleikarnir og flest atvinnutækifærin eru á suðvesturhorni landsins eða erlendis. Þetta hefur orðið meira áberandi á síðustu 5–10 árum. Konur á aldrinum 20–24 ára flytja í mun ríkari mæli burt nú en eldri konur gerðu þegar þær voru á sama aldri."

Í skýrslunni segir einnig að á vinnumarkaði á Miðausturlandi sé munur á fjölda karla og kvenna í öllum aldurshópum. Konur á aldrinum 15–69 ára hafi 1. janúar sl. verið 12% færri en karlar á sama aldursbili.

Á þessu atriði er hnykkt víðar í skýrslu Nýsis en ekki virðast skýrsluhöfundar Landsvirkjunar telja það umfjöllunarvert.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað hjá starfsmannastjórum álveranna í Straumsvík og á Grundartanga er hlutfall kvenna í starfi hjá þessum tveimur fyrirtækjum 11% í Straumsvík og 12% hjá Norðuráli, 11 og 12%, herra forseti. Það er augljóst, hæstv. forseti, að einnar hugmyndar byggðastefna ríkisstjórnarinnar gengur ekki upp nema hún eigi í rauninni einungis að taka til helmings þjóðarinnar. Við verðum að ætla að svo sé ekki og þá verða menn að gera sér grein fyrir því að við uppbyggingu atvinnu á landsbyggðinni, sem á að miða að því að stöðva fólksflutninga til höfuðborgarsvæðisins, verður að taka konur með í reikninginn, konur á forsendum kvenna og konur sem fullgilda þátttakendur í atvinnulífinu, konur sem fjárhagslega sjálfstæða einstaklinga en ekki viðhengi þeirra karla sem verða hugsanlega ráðnir til starfa í álveri í Reyðarfirði. Kvenmannslaus landsbyggð á enga framtíð fyrir sér.

[17:33]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var mjög undarlegt að heyra hv. þm. tala um að stjórnarliðið treysti sér ekki í umræðuna. Hér er einmitt verið að bjóða upp á umræðu um þessi mál með því að færa þetta mál inn í þingið þannig að menn geti tekist á um þau ólíku viðhorf sem eru vissulega uppi. Sú leið sem hæstv. ríkisstjórn er að leggja til er einmitt leið sem kallar á umræðu og gerir mönnum kleift að takast á um þetta mál sem eðlilegt er og lýðræðislegast er.

Virðulegi forseti. Hv. þm. talaði mjög fyrir því að það væri eðlilegt og sjálfsagt og nauðsynlegt að Fljótsdalsvirkjun færi undir umhverfismat. Nú vill svo til að ekki alls fyrir

löngu var tekin ákvörðun um að fara í aðra virkjun sem var ekki kallað á að færi í umhverfismat. Það var virkjun á Nesjavöllum. Ástæðan fyrir því að sú virkjun þurfti ekki að lúta umhverfismati var nákvæmlega hin sama og er fyrir því að ekki er þörf á því að fara með Fljótsdalsvirkjun undir umhverfismat. Það er þetta undanþáguákvæði í lögunum um mat á umhverfisáhrifum sem gerir þetta kleift. Niðurstaðan varð sú, og ég vefengi ekki þá niðurstöðu, að þessi virkjun færi ekki í umhverfismat. Virkjunin var unnin og hún er komin í notkun án þess að það kallaði á umhverfismat.

Nú vil ég spyrja: Telur hv. þm. ekki að það væri eðlilegt, úr því að hún er þeirrar skoðunar, að Fljótsdalsvirkjun eigi að fara í umhverfismat, að svo stór virkjun sem hefur vissulega umhverfisleg áhrif, sem er mjög umdeild virkjun á sína vísu, kallaði á miklar umræður af lærðum mönnum á sínum tíma í fjölmiðlum um þessa virkjun? Er þá ekki hv. þm. þeirrar skoðunar að eðlilegt hefði verið af hálfu þeirra sem stóðu fyrir þessum framkvæmdum að óska eftir því að það færi í umhverfismat? Er hv. þm. þeirrar skoðunar að það hafi verið óskynsamlegt að fara í þessa virkjun án umhverfismats?

[17:35]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að stjórnarliðarnir treystu sér ekki í umræðuna vegna þess að þeir hafa ekki treyst sér í umræðuna um umhverfismatið. Það hafa umræðurnar í dag sýnt okkur. Þær hafa snúist um allt aðra hluti, meira og minna einhverja lagaklæki og flækjur.

En vegna þess að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spyr um umhverfismatið þá get ég glatt hann með því að Samfylkingin er einmitt þeirrar skoðunar að stækkun Nesjavallavirkjunar eigi að fara í umhverfismat eins og allt annað sem á að ráðast í. Auðvitað hefði átt að gera það. Við munum leggja fram frv., sem tilkynnt hefur verið um, um það að allar þær virkjunarframkvæmdir, sem leyfi hefur verið veitt til, fari í umhverfismat til þess að taka af allan vafa um það. Vonandi svarar þetta spurningu hv. þm.

[17:37]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Náttúrlega gengur ekki hjá hv. þm. að tala um að stjórnarliðið hafi ekki treyst sér í umræðuna sem er búið að vera að taka þátt í umræðu um þetta mál í allan heila dag og verið að takast á við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Svo segir hv. þm. hér að stjórnarliðið hafi ekki treyst sér í umræðuna. Þetta er alveg furðulegt. Hv. þm. talar um að menn hafi verið með einhverja lagaklæki og flækjur þegar menn hafa einfaldlega verið að tala um lagasetninguna í landinu. Við höfum það hlutverk að setja lög og menn hafa verið að reyna að byggja umræðuna m.a. á þeim lögum sem gilda í landinu og það eru kallaðir bara lagaklækir og flækjur. Þvílík virðing er þetta nú fyrir landslögunum.

Það var líka mjög athyglisvert að hv. þm. sagði að stækkun Nesjavallavirkjunar ætti að fara í umhverfismat og sagði svona í aukasetningu að það sem búið væri að gera hefði líka átt að fara í umhverfismat. Ég verð að játa, virðulegi forseti, að hv. þm. hefur sýnt fram að þessu ótrúlega mikla hógværð í þessu máli, eins og reyndar aðrir hv. þm. Samfylkingarinnar, sem hafa þagað yfir þessari skoðun sinni um það að sú framkvæmd sem búið er að vinna á Nesjavöllum hefði átt að fara í umhverfismat. Nú er það upplýst að það sé skoðun a.m.k. hv. þm. að það hafi verið mistök af þeim sem framkvæmdu þessa stækkun á virkjuninni á Nesjavöllum að fara ekki með það í umhverfismat. Ég verð að játa að þessi hógværð af hálfu hv. þm. vekur athygli vegna þess að ég veit að hv. þm. hafði á fyrri stigum möguleika á því að koma þessu sjónarmiði sínu á framfæri, vann — ef ég man rétt — að kosningaundirbúningi þess meiri hluta sem knúði þetta mál fram á sínum tíma. Ég er mjög undrandi á því að hv. þm. skuli hafa þagað yfir þessari skoðun sinni alveg fram á þennan dag.

[17:39]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skýrði það náttúrlega best með ræðu sinni hvað ég á við með flækjumálflutningi stjórnarinnar, að ég hafi haft áhrif á það eða getað haft áhrif á það einhvern tíma fyrir einhverjum árum hvernig Reykjavíkurlistinn hagaði þessu máli. Við hvað á þingmaðurinn eiginlega? Getur hann skýrt það?

[17:39]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Umræða um þessa þáltill. hefur um margt verið mjög gagnleg því það er nauðsynlegt að það komi fram og þjóðin geti fylgst með því hvaða málatilbúningur er hér í gangi. Það hefur lengi legið fyrir að fátt er nauðsynlegra og ekki stafar meiri hætta af nokkrum sköpuðum hlut á Íslandi í dag en þeirri miklu röskun á byggð sem á sér stað. Það virðist vera sem engin þau ráð dugi sem við höfum viljað nota og á það við um fleiri lönd en Ísland þó að vandinn sé mjög mikill hér.

Það er því mjög gleðilegt, herra forseti, ef það gæti orðið að veruleika að við gætum farið í að reisa miklar virkjanir og fara í miklar framkvæmdir á Austurlandi. Það liggur ekki fyrir í dag hvort það tekst, það er langt frá því. Við höfum ekki enn þá gert neina þá raforkusamninga sem sanna að það gæti orðið en það er stórkostlegt atriði ef það tekst að byggja upp virkjanir á Austurlandi og stóriðju sem gæti orðið þessum landshluta til gífurlegs styrks. Ég ætla hreint að vona að það verði raunin að okkur takist þetta.

Í umræðunni í dag hefur stjórnarandstaðan verið að kvarta nokkuð yfir því að menn hafi verið að fara langt aftur í tímann. Ég tel samt rétt að fara enn þá lengra aftur í tímann en gert hefur verið því nauðsynlegt er að skoða þessi mál í samhengi.

Strax og fyrstu framkvæmdir við Þjórsá lauk, þ.e. þegar við byggðum Búrfellsvirkjun og fyrsti áfangi álversins í Straumsvík var reistur, hófst umræða um virkjun efri Þjórsár. Í kringum 1969 eða 1970 voru lagðar fram fyrstu áætlanir um nýtingu hennar. Þar var gert ráð fyrir því að mjög stórt lón yrði reist þar ofarlega þar sem heitir Þjórsárver. Gert var ráð fyrir mjög stórri virkjun í efri Þjórsá, virkjun upp á 250–270 megavött.

Þetta stóra lón vakti strax mjög miklar deilur. Það stóðu deilur um þetta meira en áratug. Lónið átti að vera um 80 km og hefði sökkt, ef það hefði verið byggt, líklega mestum parti af gróðurlendi Þjórsárvera. Það var síðan tíu árum seinna sem tókst að ná verulegri sátt um málið milli þeirra sem vildu vernda Þjórsárver og þeirra sem vildu virkja og við töldum það mjög þjóðhagslega nauðsynlegt að nýta þessa mjög svo stóru virkjun í efri Þjórsá.

Samkomulagið frá 1981, sem Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. hæstv. iðnrh., átti stóran hlut í að ná, gekk út á að í stað þess að byggja þetta stóra lón og í stað þess að byggja þessa stóru virkjun í efri Þjórsá var farið út í að reisa Kvíslárveitur, mjög miklar framkvæmdir sem hafa staðið núna alveg

þangað til 1997, að farið var að veita vatni yfir í Þórisvatn og styrkja þannig vatnsganginn og auka þannig rennslið í Tungnaá auk þess sem þá var aðalatriði þessa máls, og aðalatriðið er niðurstaðan, að í stað þess vildu Náttúruverndarsamtök Íslands og allir þeir sem þar að stóðu fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Og það var gengið út frá því þá að við virkjun við norðanverðan Vatnajökul yrði byggt lón á Eyjabökkum.

Það var þá sem þetta kom inn og það var þannig sem samkomulag var gert. Allar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu hafa miðað að þessu. Allir stóðu að þessu samkomulagi, ríkisvaldið, Náttúruverndarsamtök Íslands og allir sem komu að því stóðu að samkomulaginu. Það kemur mjög fram í skýrslum Náttúruverndarsamtakanna 1981 að það er einmitt þetta, þó að þeir taki það fram að það sé fórn *í því að búa til lón á Eyjabökkum, sé einmitt verið* að bjarga Þjórsárverum og það skipti öllu máli. Sama kemur fram í áliti Náttúruverndarráðs 1991, tíu árum seinna. Rökin eru nákvæmlega þau sömu, það er samið um þetta. Þannig standa þessi mál. Samið var um þetta og allar framkvæmdir hafa miðað að þessu. Mjög umfangsmiklar framkvæmdir Landsvirkjunar hafa allar gengið út á þetta.

Það að taka málið núna upp og vera með þennan mikla göslagang út af Eyjabökkum eru náttúrlega bara hrein svik. (Gripið fram í.) Það eru hrein svik að vera nú að berjast á móti Eyjabökkum. Þeir sem voru að friða Þjórsárver sömdu um þetta. Þetta mál er hérna inni svo alþjóð geti vitað um hvað það fjallar og um hvað þetta fjaðrafok er. Þess vegna er mjög gott að það skuli lagt fram þannig að menn geti farið yfir *alla þessa hluti*.

Ég skal ekkert fullyrða um hvort það hefði verið til langs tíma rosalega mikil fórn fyrir Landsvirkjun að breyta þessu. Það er tilgangslaus reikningur að fara að reikna það út. En við höfum þó í nærri 20 ár verið að fara í þessar miklu framkvæmdir, við höfum verið í Hágöngumiðlun og öllu því sem við höfum verið að gera einmitt til þess að reyna að ná sama árangri og hefði náðst hefði verið farið eftir upphaflegum áætlunum um virkjun Þjórsár. Það er enn þá hægt að virkja Þjórsárver, það er enn þá hægt að byggja stíflu við Norðlingaöldu og ég held að það hljóti að koma til tals ef hér skyldu nú koma fram tillögur til þál. um að friða allt vatnasvæði norðan Vatnajökuls, friða stærsta vatnasvæði landsins um aldur og ævi. Þá held ég að menn hljóti að þurfa að endurskoða það allt ef menn ætla ekki að standa við gert samkomulag.

En ég trúi ekki öðru en að menn ætli sér að standa við gert samkomulag. Ég ætla mönnum ekki annað. Ég tel þetta bara meiningarlaust upphlaup sem sagt er hér í hita leiksins að ætla að fara að friða vatnasvæðið norðan Vatnajökuls.

Það er fullur skilningur á því, held ég, hjá öllum þjóðum að mjög vandfarið er með slíkt uppistöðulón. Það eru víða deilur um það og að sjálfsögðu á að fara varlega. Og vitnisburðinn höfum við hér í bókun Landsvirkjunar, það hefur verið farið mjög varlega, tillit hefur verið tekið til allra þeirra aðila sem hafa gert athugasemdir, það hefur verið farið fram af mikilli varfærni. Það geta menn séð í þeim tillögum sem liggja fyrir. Auðvitað geta menn kannski aldrei orðið á eitt sáttir um hvaða verðmætum á að fórna og hverjum ekki. Það er eðlilegt að menn deili um það. Og þetta verður alltaf deiluefni, það er alveg sama hvaða fífill er í túnvarpanum, menn geta alltaf deilt um hann og það er eðlilegt að svo sé gert.

Það liggur hins vegar fyrir og menn þurfa ekkert að deila *um það að þó að vatnsvirkjanir og bræðsla málma sé kannski* ekki mesti bisness sem hægt er að gera í heiminum, það er langt frá því, þá kemur það Íslandi mjög vel, kemur íslensku efnahagslífi og uppbyggingu íslensks efnahagslífs mjög vel ásamt öðru. Það hefur gert það á undanförnum áratugum og mun halda áfram að gera það og sú uppbygging mun nýtast Austfirðingum ekki síður en Sunnlendingum. Hún mun verða þeim mikil stoð og stytta þannig að við getum litið allt öðrum augum á framtíðarmöguleika þeirra byggða en við höfum getað gert hingað til.

Ég harma það að þeir sem gera sér grein fyrir því að virkjanir hafa veruleg áhrif á framtíðarþróun Íslands skuli ekki vera sammála um þetta og ganga að því verki vegna þess að það eru ekkert gríðarlega miklir möguleikar á að okkur takist þetta. Það er ekkert í hendi að við getum selt rafmagn, það er langt frá því. Það er því sorglegt að við skulum ekki standa saman að því að reyna að gera þetta og leggja í þetta og treysta á að okkur takist það.

Hinir sem eru á móti því að virkja — það er náttúrlega ekkert við því að gera, það er bara lífsviðhorf þeirra. Þeir vilja kannski snúa aftur í sauðskinnsskó langömmu sinnar og fara í torfkofana og trúa því að við getum komist af án þess að nýta auðlindir landsins. Þeir trúa því kannski. Í umræðunni í dag var dregin upp hryllingsmynd af því sem gæti gerst á Austfjörðum ef virkja ætti alla þá orku sem þarna er norðan Vatnajökuls, þessa gríðarlegu orku, 800–900 megavött. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði það. Það er ekkert smáræði sem það hefði í för með sér, sagði hún, það þyrfti að grafa skurði, reka niður stálþil, byggja vegi og hús og m.a.s. þyrfti að byggja skóla — og þá fór nú algjör kuldahrollur um mig yfir slíkri framtíðarsýn. Það er ekkert smáræði sem bíður aumingja Austfirðinganna ef þetta verður að veruleika. Gott að vita til þess að eiga vini í raun sem eru að reyna sitt til að koma í veg fyrir að þessi ósköp *dynji* yfir þá.

Það eru möguleikar að virkja annars staðar en norðan Vatnajökuls, það er alveg rétt. Við gætum enn þá stíflað við Norðlingaöldu. Við gætum veitt miklu vatni inn í Þórisvatn, tekið það í gegnum allar virkjanirnar sem þar eru, inn í Vatnsfellið og inn í Búðarhálsinn og inn í Sigöldu og Hrauneyjafoss. (**Gripið fram í:** Gullfoss?) Hann er nú annars staðar, vinur, ef kíkt er kortið. En þessar virkjanir eru við Tungnaá. Það yrði gríðarlegur ávinningur fyrir Landsvirkjun ef við færum út í þær framkvæmdir, mjög mikill. En það yrði hörmulegt ef við færum út í þær núna þegar við eygjum möguleika á að bjarga einum hluta af þeirri landsbyggð sem svo mjög höllum fæti stendur, sem eru Austfirðir, ef við sleppum því tækifæri. Öll landsbyggðin stendur mjög illa, Vesturland og Vestfirðir og Norðurland allt og Austfirðir, standa hörmulega illa. Það verður ömurlegt ef við getum ekki staðið saman um að gera alvörutilraun sem kæmi Austfjörðum vel. Það mundi þjóna öllum tilganginum. Þó að þessi virkjun og þessar framkvæmdir við norðanverðan Vatnajökul hafi fyrst og fremst þjóðhagslegt gildi fyrir framtíðina, fyrir hina óbornu, þá er það bara aukabónus að það komi Austfirðingum vel. Og það er mjög glæsilegt ef það tækist. En það er ekkert í hendi, við skuluð muna það.

[17:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað í tilefni af orðum hv. þm. varðandi samkomulagið sem gert var við Náttúruverndarráð á sínum tíma, árið 1981. Í mín eyru hefur verið sagt að þetta

samkomulag hafi verið knúð fram af miklu afli stjórnvalda í þann tíð. Það eru tæp 20 ár síðan þetta var. Og þá var Náttúruverndarráði gert að skrifa upp á þetta samkomulag sem vitnað er til í þeim plöggum sem hér eru til umræðu. Samkomulagið fól það í sér að Þjórsárverum yrði þyrmt en í staðinn átti Náttúruverndarráð að þegja varðandi Eyjabakka og samþykkja að þeim yrði sökkt undir miðlunarlón. Það gerði Náttúruverndarráð.

En hvernig hefur verið staðið við hinn hluta samkomulagsins, samkomulagið af hálfu stjórnvalda? Hvernig eru Þjórsárver nú stödd? Þau eru, hv. þm., ekki svipur hjá sjón. Með fimmta áfanga Kvíslarveitu hefur vatnsmagnið í verunum minnkað umtalsvert. Og enn er ekki hætt. Sjötti áfangi Kvíslarveitu er eftir. Og náttúrufræðingar segja að það komi til með að ganga að verunum dauðum, það er nú bara ekkert minna en það. Samkomulagið við Náttúruverndarráð hefur verið brotið. Náttúruverndarráð hefur verið svikið, hv. þm.

Það er búið að fremja mörg umhverfisspjöll í nafni virkjana, í nafni framþróunar, í nafni tækniframfara og í nafni þjóðhagslegrar velgengni. Náttúruverndarsinnar hafa bara fengið nóg. Þeir segja: Nú er mál að linni. Við skulum meta virkjanakosti til framtíðar, alla kosti sem við höfum í landinu. Tökum skynsamlega ákvörðun um þetta, ekki hrapa að því að setja Fljótsdalsvirkjun í framkvæmdaferli núna, metum alla kostina, metum hin ósnortnu víðerni, metum þann arð og þann hag sem þjóðin getur haft af þeim.

[17:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í samkomulaginu frá 1981 var gert ráð fyrir Kvíslarveitum. Það var líka gert ráð fyrir því og er enn þá inni að setja megi upp lítið lón í neðanverðum verunum, í kringum 15 km minnir mig, lón sem mundi þó ekki taka yfir nema innan við 10% af gróðurlendi Þjórsárvera. Það var þar og er þar enn. Stjórnvöld hafa því ekki svikið eitt eða neitt. Allt brölt Landsvirkjunar hefur gengið út á það að færa okkur austur í Þórisvatn miðað við að fara þá framkvæmdaleið sem ætluð var. Staðið hefur verið við það að öllu leyti til þess að reyna að ná því vatnsmagni fram og þeim virkjunarmöguleikum sem lágu fyrir í upphafi. Það er alls ekki rétt að nokkurs staðar hafi verið hvikað frá því sem samið var um.

Ein af meginniðurstöðunum þegar samið var 1981 var einmitt þetta mikla rit Orkustofnunar um náttúrufarskönnun á virkjanasvæði við Jökulsá á Fljótsdal og Jökulsá á Dal sem Hjörleifur Guttormsson ritstýrði þar sem nákvæmlega er farið yfir þessa hluti alla, plöntur og dýr o.s.frv. Þetta er grundvallarritið sem vitnað er mikið til í þeim skýrslum sem við höfum fengið núna. Það var því unnið að þessu af fullum heilindum og þáv. iðnrh. gerði það. Stjórnvöld, þó að oft hafi verið skipt um ríkisstjórnir síðan, hafa ætíð staðið við það.

En náttúruverndarsinnar ætla núna að neita því að þetta gekk allt út á friðun Þjórsárvera og samið var um það að þau skyldu friðuð gegn því að aðrir virkjanakostir yrðu nýttir norðan Vatnajökuls, þar á meðal byggingu þessarar stóru stíflu sem við erum að rífast núna um, þ.e. Eyjabakka. Það var grundvöllurinn að þessu samkomulagi.

[17:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Má vera að ef farið hefði fram mat á umhverfisáhrifum árið 1981 er varðar Þjórsárver þá hefði verið hægt að segja fyrir um hver áhrif Kvíslarveitu yrðu á verin. Og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson veit það auðvitað vel að verin eru lítils virði án þess vatnsmagns sem hefur flætt um þau. Það er þess vegna sem þau hafa verið verðmæt, það er þess vegna sem þau hafa verið uppspretta lífs fyrir gróður og dýralíf.

Mig langar til að segja í tilefni af orðum hv. þm. varðandi þetta vatnsmagn sem við höfum virkjanlegt í landinu að við erum nú þegar með virkjað vatnsmagn upp á sjö teravattstundir. Við erum með heimild fyrir tæpum þrem teravattstundum í viðbót. Við erum með í umfjöllun 47 teravattstundir. Það eru bara sjö virkjaðar. Landsvirkjun er með á teikniborðum sínum Sultartangavirkjun, Vatnsfellsvirkjun, Búðarhálsvirkjun, Norðlingaöldumiðlun, neðri hluta Þjórsár, Urriðafoss, Kröflusvæðið, Grensdal, við erum með fullt af virkjanakostum í athugun. Það er engin þörf að fara núna í svæðið norðan Vatnajökuls, það er engin lífsnauðsyn. Okkur er hins vegar lífsnauðsyn að hætta að einblína á þessar skammtímalausnir sem eru jafnmáttvana og sú lausn að pissa í skóinn sinn þegar manni er kalt á tánum. Okkur er lífsnauðsyn að fara að þróa með okkur nýjan lífsstíl með nýjum framleiðsluaðferðum, nýju neyslumynstri, lífsstíl sem er gerður til að endast.

[17:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið rétt að lífssýn nútímamannsins sé röng, öll þessi sókn okkar eftir lífsgæðum og veraldargæðum á hérvistardögum okkar sé röng. Það getur vel verið. Það má lesa um það í Biblíunni að svo sé.

Ég hef ekki séð hingað til og hef ekki trúað því hingað til og á enn eftir að sjá það að þeir menn sem núna ganga gegn tæknivæðingu Íslands ætli að praktísera það sem þeir predika. Ég trúi því ekki að þeir eigi eftir að stíga þau skref. Hins vegar getur alveg verið rétt að við ættum lesa Biblíuna oftar og ekki sækjast svona hratt eftir lífsgæðunum.

En þeir stjórnarflokkar sem standa að þessari ríkisstjórn hafa gengist undir þau jarðarmen (Gripið fram í.) og heitið því að leggja sig fram um að bæta lífskjör þjóðarinnar og hinna óbornu, nýta þá möguleika sem þetta land á til þess að gera lífskjör vonandi betri en aðrar þjóðir eiga kost á. Um það snýst þetta mál. Þess vegna erum við að virkja. Þess vegna erum við að leita eftir erlendu fjármagni til að reisa hér stóriðju. Þess vegna erum við að reyna að byggja þjóðfélagið upp mjög hratt. Við erum að gera það.

Svo kann það allt að vera tálsýn. Það má vera. En við erum að vinna að þessari uppbyggingu. Við höfum heitið því við allar kosningar við alla kjósendur að við skyldum standa fast og vel að því og við vinnum að því í fullri alvöru.

[18:00]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Til umræðu er till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Á grundvelli skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif álvers í Reyðarfirði og skýrslu Nýsis hf. um athugun á samfélagslegum áhrifum álversins, viðkomandi laga og samninga ásamt viljayfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands, Landsvirkjunar og Hydro Aluminium leggur hæstv. iðnrh. til að hv. þingmenn afgreiði þáltill. — núna fyrir jól.

Fylgiskjölin eru töluverð að umfangi og gefa tilefni til að fjalla í fyrsta skipti heildstætt um umhverfisáhrif stórvirkjana og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. áframhaldandi

byggingu og rekstur álvera, í þessu tilfelli risaálbræðslu á okkar mælikvarða og þó leitað væri til nálægra landa.

Í þinginu, í umhvn. og iðnn., eru til afgreiðslu þrjár tillögur sem hefðu átt að fá fulla afgreiðslu áður en þáltill. sem þessi kæmi fram. Þær þáltill. eru um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, um sjálfbæra orkustefnu og stofnun Snæfellsþjóðgarðs. Ég hvet hv. formenn umhv.- og iðnn. að ljúka vinnu í nefndunum og koma þessum þál. hingað til afgreiðslu inn á þingið sem allra fyrst. Það er því alveg ljóst hver stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er varðandi svæðið sem ætlað er undir uppistöðulón. Stefna Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs er skýr hvað varðar nýtingu landsvæðis norðan Vatnajökuls í kringum Snæfell. Við viljum stofna Snæfellsþjóðgarð og nýta svæðið Austurlandi til framdráttar. Því miður erum við ekki einráð á þessu þingi og höfum ekki vald til að hafna stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Því viljum við að farið verði með gát og að Fljótsdalsvirkjun og þær framkvæmdir allar fari eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum eins og þau liggja fyrir.

Hávær mótmæli hafa komið fram vegna þeirra vinnubragða sem viðhafa á við undirbúning Fljótsdalsvirkjunar. Hæstv. iðnrh. og umhvrh. vísa til núgildandi laga um mat á umhverfisáhrifum og túlka þau stíft svo ekkert fái tafið virkjanaframkvæmdir. Þó hafa komið fram lögfræðiálit sem draga í efa gildi laganna, almennt og gagnvart Fljótsdalsvirkjun.

Þáltill. þessi er lögð fram nú til að knýja fram vilja hv. Alþingis til að hefja framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun án þess að undirbúa svo stórfellt mannvirki og umhverfisröskun — öllu nær væri að segja umhverfisspjöll — með nútímavinnubrögðum. Hæstv. iðnrh. telur að líta eigi á framkvæmdirnar allar í einni heild en á sama tíma slítur hæstv. ráðherra umfjöllunina úr samhengi með því að leggja fram þáltill. sem tekur aðeins á einum þætti málsins.

Lögin um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, eru ekki gallalaus en þó bestu leiðbeiningar sem við höfum í dag til að ná fram sátt um þær framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á umhverfið. Endurskoðun laganna hefur dregist allt of lengi og því fer ekki hjá því að maður hugsi til þess hvort það sé tilviljun eða hluti af því ferli að koma Fljótsdalsvirkjun fram hjá mati á umhverfisáhrifum. Hæstv. umhvrh. hefur boðað að endurskoðað frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum verði lagt fram á þessu þingi. Er það tilviljun eða hluti af sama ferli að nýtt frv. kemur ekki fram fyrr en eftir að þessi þáltill. er lögð fram af hæstv. iðnrh.?

Í grg. með þáltill. kemur fram að tillagan fari til umfjöllunar í iðnn. sem kallað geti eftir umsögnum annarra nefnda þingsins og umsögnum frá aðilum utan Alþingis. Á þennan hátt telst tryggt að almenningi gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hjá þingnefndinni við hina þinglegu meðferð málsins.

Hvernig á þingið að fara með umsagnir eða tillögur frá almenningi þar sem hugsanlega kæmu fram tillögur um breytingar á virkjunarframkvæmdum, svo sem á uppistöðulónum eða öðru sem snertir umfang framkvæmdanna, umhverfisvernd og mannlíf allt á Austurlandi? Er ekki Alþingi að gera sig að einni allsherjaryfirskipulagsnefnd með þessum vinnubrögðum?

Eftir að ljóst varð að hlutur Norsk Hydro er ekki áætlaður nema um 20% af kostnaði við álverið þá er enn erfiðara að skilja hvers vegna framkvæmdirnar fari ekki allar í þann farveg sem lögin um mat á umhverfisáhrifum segja til um. Liggur okkur svona mikið á? Hvað er eitt ár í svo mikilvægu máli eða sá tími sem þarf til að fara með allar framkvæmdirnar í mat á umhverfisáhrifum?

Því miður telja margir framkvæmdaaðilar og þeir sem eru hlynntir stórframkvæmdum á borð við Fljótsdalsvirkjun og byggingu álvers, sem verður nær þrisvar sinnum stærra en álverið í Straumsvík, að mat á umhverfisáhrifum sé kæruferli og eingöngu til að tefja fyrir framkvæmdum. Þessi hugsun verður að breytast og gerir það vonandi með endurskoðun laganna. Markmið laganna getur aldrei verið að tefja heldur að vinna að þeim rannsóknum sem nauðsynlegar eru taldar til að geta fyrirbyggt röskun í lífríkinu eða dregið eins mikið úr þeirri röskun sem framkvæmdir valda og kostur er.

Oft þarf að leita fleiri valkosta en þeirra sem upphaflega voru lagðir fram sem tillaga framkvæmdaaðilans. Tillögur um vatnsaflsvirkjanir norðan Vatnajökuls hafa tekið miklum og mörgum breytingum frá því að fyrstu hugmyndirnar um virkjun á þessu svæði komu fram. Er sá kostur sem er nú á teikniborðinu sá eini rétti? Hvað með þá ábendingu að hækka megi uppistöðulónið á Eyjabökkum án þess að stækka það svo nokkru nemi að flatarmáli og fá þannig umframorku sem þarf til að fullnægja allri orkuþörf fyrsta áfanga og 120 þús. tonna álvers á Reyðarfirði í stað þess að sækja þá orku sem upp á vantar í gufuaflsstöð í Bjarnarflagi með tilheyrandi raforkulínu? Er þessi virkjanamáti, að fara í tvær virkjanir í stað einnar, eingöngu til þess að halda sig innan virkjanaleyfisins svo ekki þurfi að fara með virkjunina í mat á umhverfisáhrifum? Er verið að fórna betri virkjanakosti til að hraða framkvæmdum? Ef taka á Eyjabakkana undir lón þá skiptir ekki öllu hvort lónið yrði örlítið stærra en áætlað er í dag.

En það er engin stórvirkjun án stóriðju. Vatnsorkuver á Austurlandi og álver á Reyðarfirði eru samtengd og bera nafnið Noral-verkefnið. Nú stendur yfir mat á umhverfisáhrifum 480 þús. tonna álvers á Reyðarfirði, álvers sem í fullri stærð er áætlað þrisvar sinnum stærra en álverið í Straumsvík er í dag. Umsagnafresturinn rennur út nk. föstudag. Matið á að vera unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og skal framkvæmdaaðili því sjá um slíkt mat. En framkvæmdaaðili álversins er enn ekki til. Samningsferlið er í gangi og lögformlegur framkvæmdaaðili verður ekki til nema samningar náist milli hagsmunaaðila, þ.e. iðn.- og viðskrn. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hydro Aluminum, m.a. um raforkusöluna. Aðrir hagsmunaaðilar hafa því tekið að sér að sjá um gerð frummatsskýrslu fyrir mat á umhverfisáhrifum álversins.

Eignarhaldsfélagið Hraun kemur fram fyrir óstofnað hlutfélag. Mér er til efs að þessi vinnubrögð standist lög um mat á umhverfisáhrifum því að eignarhaldsfélagið er ekki framkvæmdaaðli. Því er eðlileg krafa að umsagnarfresturinn verði framlengdur þangað til framkvæmdaaðili væntanlegs álvers leggur fram frummatsskýrsluna. Þennan tíma ætti að nota til að vinna að gerð frummatsskýrslu um raflínur og önnur mannvirki sem tengjast Noral-verkefninu og leggja allar framkvæmdirnar í mat á umhverfisáhrifum samtímis.

Eins og málin standa í dag getur almenningur og hagsmunaaðilar komið að athugasemdum til skipulagsstjóra vegna byggingar og reksturs 480 þús. tonna álvers á Reyðarfirði af hvaða toga sem er. Fólk getur haft áhyggjur af mengun frá álverinu, stærð álversins, áhrifum á aðra atvinnu á svæðinu og félagslega þróun svo eitthvað sé nefnt. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út nk. föstudag eins og ég sagði áðan, ef ekki kemur til framlenging sem ég

vona svo sannarlega að verði þó ekki væri nema vegna þess að reynst hefur mjög erfitt að komast að upplýsingum um frummatsskýrsluna.

Fullbyggt verður raforkuþörf álversins allt að 7 teravattstundir eða svipað og öll raforkuframleiðsla í landinu í dag. Þá verða um $^3/_4$ hlutar raforkunnar bundnir álframleiðslu. 480 þús. tonna álver bindur okkur til áframhaldandi virkjana, m.a. við Kárahnúka og á fleiri stöðum. Hefur það verið skoðað í fullri alvöru hvort það sé áhættunnar virði, að binda svo stóran hluta raforkuframleiðslunnar í einni sveiflukenndri atvinnugrein? Ef hæstv. ríkisstjórn er sannfærð um að halda verði áfram að efla stóriðju, að umhverfissjónarmið verði að víkja og að stóriðja skili í raun þeim tekjum í þjóðarbúið sem fram kemur í þjóðhagsreikningum, væri þá a.m.k. ekki öruggara að virkja fyrir annað en álver?

Stóriðjustefnunni er hér stillt upp sem byggðamáli. Því eru þeir sem mótmæla núverandi áformum um 480 þús. tonna risaálver á Reyðarfirði sagðir á móti jákvæðri byggðaþróun á Austurlandi. Þeirra er þá ábyrgðin á því að fólksfækkunin haldi áfram á Austurlandi, að Austurland verði að næstu Hornströndum. Mér finnst þetta mjög svo óréttmætur málflutningur. Það eru til aðrir kostir til að efla byggð og mannlíf á Austurlandi. Það eru jafngildir kostir að vilja minni virkjanir sem kalla á minni fyrirtæki til orkunotkunar en þá stóriðju sem allt er bundið við.

Okkur sem viljum fara aðrar leiðir en stóriðjuleiðina er núið því um nasir að við viljum bara eitthvað annað. Auðvitað hef ég ekki uppi í erminni fyrirtæki sem ég gæti sett á stofn og hafið gætu framleiðslu eða störf á næstunni, enda er það ekki mitt hlutverk. Hins vegar er hægt að breyta um stefnu, þ.e. að leggja áherslu á að gera nýjum fyrirtækjum, nýjum atvinnutækifærum, hægara um að komast á legg með því að leggja grunn fyrir þann rekstur. Það kemur m.a. fram í þáltill. okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um aðgerðir í byggðamálum. Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. lesi þá þáltill. sem hér liggur fyrir frá okkur og hætti að tala um að við viljum bara eitthvað annað. Það eru mjög skýrar áherslur sem eru í tillögum okkar, almenns eðlis til að leggja grunn fyrir atvinnustarfsemi á landsbyggðinni og styrkja búsetu með margvíslegum hætti.

[18:15]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Tillagan sem hér er til umræðu snýst um að halda áfram því verki við Fljótsdalsvirkjun sem hófst árið 1991. Það er staðreynd að öll tilskilin leyfi löggjafans eru fyrir hendi til að halda áfram framkvæmdum: löggjöf 1981, samningar árið 1983 og upphaf framkvæmda var í apríl 1991.

Þetta mál er átakamál. Það þarf ekkert að hafa mörg orð um það. Blaðaskrif og umræður um málið hafa verið meiri en um nokkurt mál á seinni árum. Allir stærstu fjölmiðlar landsins hafa lagt sitt lóð á vogarskálina gegn þessum framkvæmdum. Í rauninni snýst þetta mál um hvort fjórða valdið í þjóðfélaginu á að taka fram fyrir hendurnar á Alþingi. Það er áreiðanlegt að þeir sem stýra fjölmiðlum ætla sér það.

Þetta mál snýst í stórum dráttum um nýtingu auðlinda þar sem gjörólík sjónarmið stangast á. Auðlindir landsins eru í fyrsta lagi fiskimiðin, land og náttúra, orkulindir, mannauður og þekking. Við vitum að fiskimiðin, land og náttúra eru takmörkuð auðlind. Orkan er líka takmörkuð auðlind. Það er ljóst að við verðum að endurskoða orkunýtingu okkar miðað við þau sjónarmið sem nú eru uppi en ég kem að því síðar.

Hér er sett fram krafa undir yfirskriftinni „lögformlegt umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun". En allir vita að önnur krafa býr að baki. Það er allt önnur krafa, (**Gripið fram í:** Nú?) að hætta við allar virkjanir norðan Vatnajökuls. Það er krafan. (**Gripið fram í:** Hefur þú ekki hlustað á umræðuna í dag?) Það skiptir engu máli hvaða umræða hefur farið fram hér í dag. (**Gripið fram í:** Nú?) Þá hafa menn talað gegn betri vitund. Umræðan í þjóðfélaginu snýst um að hætta við þessi virkjunaráform. Kannast menn ekki við það hér? (**Gripið fram í:** Það virðist ekki vera.) Ég er mjög hissa á því að menn kannist ekki við þá kröfu. Þá hafa menn ekki fylgst mikið með umræðum um málið síðustu mánuðina. (**Gripið fram í:** ... umræðuna hér í dag, í salnum.) Menn hafa þá talað hér eins og úr fílabeinsturni í dag, ef sú er krafan. (**Gripið fram í:** Hann talar eins og úr fílabeinsturni.) Ég er mjög hissa á því ef málið er lagt upp með þessum hætti. Þetta er hin raunverulega krafa í málinu.

Umræður um orkunýtingu á Austurlandi hafa staðið í 30 ár. Hv. þm. sem talaði hér á undan mér sagði að við ættum ekkert að flýta okkur í þessu. Þetta er þriggja áratuga umræða sem hér hefur átt sér stað. Nú er verið að reyna að ná samningum um orkuverð við Norsk Hydro, setja af stað áætlun með þeim. Hún byggist á því að orkuafhending verði árið 2003.

Menn halda því fram að í staðinn fyrir nýtingu orkulinda geti megi byggja á mannauði, þekkingu og ferðaþjónustu sem útflutningsgreinum. Ég er alveg sammála þessu í sjálfu sér. Ég geri ekki lítið úr þeim möguleikum sem við eigum í þessum greinum. Hitt er ljóst að farsælast er að atvinnulífið hvíli á sem flestum stoðum. Við vitum að sjávarútvegur og landbúnaður eiga sín takmörk. Við vitum að almennur iðnaður hefur átt erfitt uppdráttar þó betur gangi nú í seinni tíð. Almennur iðnaður hefur hvílt á hinni stóru atvinnugrein sjávarútveginum og iðnaður honum tengdur hefur náð að þróast hér á landi.

Ef ég vík að náttúrufarslegum þætti málsins þá er uppistöðulón á Eyjabökkum forsenda Fljótsdalsvirkjunar. Ég geri ekki lítið úr áhrifum virkjana á land og náttúru. Ég hef aldrei gert það og mér dettur það ekki í hug. Með stíflu mundi mikið stöðuvatn myndast austan Snæfells í skjóli hinna tignarlegu fjalla, í stað flæðilands og árhólma sem eru þar núna. Mannleg athafnasemi hefur ávallt krafist fórna og vissulega er æskilegt að þær fórnir séu sem minnstar en svona er það nú samt. Ég vísa því algjörlega á bug að ég og aðrir sem eru fylgjandi þessari virkjun hafi ekki tilfinningar til náttúrunnar, því fer víðs fjarri.

Hins vegar eru önnur sjónarmið yfirsterkari og gera það að verkum að ég er reiðubúinn að færa þessa fórn. Þau eru í fyrsta lagi hin þjóðhagslegu áhrif sem þessi virkjun hefur. Sú skoðun byggist á áformum um nýtingu orku í stærri stíl og áformum um álverksmiðju á Reyðarfirði. Þetta er landsmál fyrst og fremst og verður til að auka útflutningstekjurnar, í fyrsta áfanga um 13–15 milljarða kr., meira en allur almennur iðnaður í landinu núna. Framkvæmdin veitir atvinnu og örvar fjárfestingar á tíma sem væntanlega fer að draga úr fjárfestingum annars staðar á landinu, á byggingartíma virkjunarinnar og álversins. Þetta skapar ný störf og það er alveg ljóst að við megum ekki sofa á verðinum þó að vel ári í atvinnumálum nú. Fólk kemur út á vinnumarkaðinn og það fækkar í öðrum störfum í öðrum atvinnugreinum af tæknilegum ástæðum, það þekkjum við. Þó að atvinnuleysi sé lítið um þessar stundir þá er ekki þar með sagt að við

getum hallað okkur á eyrað og sagt að málum sé borgið um alla framtíð.

Ýmsar fullyrðingar hafa fallið í þessari umræðu. Sagt er að enginn muni fást til að vinna í álveri á Austurlandi, enginn muni flytja þangað til vinnu og byggja eigi upp atvinnulíf á Austurlandi með einhverju öðru. Sagt er að ef þær 3.000 millj. sem varið hefur verið í rannsóknir hefðu verið settar í eitthvað annað þá væri Austfirðingum borgið, álver sé úrelt, erlend og mengandi stóriðja.

Við erum ekki að setja upp álver hér í fyrsta sinn. Hér er reynsla af slíkri starfsemi með tilheyrandi virkjunum. Ég veit ekki betur en að áliðnaður hafi staðið undir iðnaðarframleiðslu í 30 ár á svæðinu frá Straumi og upp að Grundartanga. Ég veit ekki betur en að þetta sé traustur atvinnuvegur og lítil vandamál hafi verið í þjóðfélaginu út af þessari framleiðslu. Vandi hefur ekki risið með starfslið og varðandi mengunarþáttinn eru miklar framfarir í þeim efnum.

Hér er um prófmál að ræða. Málið snýst um hvort byggja eigi allar stórvirkjanir í landinu á eldvirkasta svæði landsins og hvort nota eigi orkuna til uppbyggingar á þéttbýlasta svæði landsins. Það snýst einfaldlega um það.

Hv. 17. þm. Reykv. taldi upp allar þær virkjanir sem eru í farvatninu á þessari eldsprungu. Ég hef ekki orðið var við neinar athugasemdir um það. Ég hef ekki orðið var við að menn hafi krafist þess að staðið væri við samkomulag sem gert var um Þjórsárver á sínum tíma. Ég hef ekkert orðið var við það. Af hverju krefjast menn ekki þess að staðið sé við það? Ég hef ekki heyrt orð um það, ekki frá Náttúruverndarsamtökum Íslands eða nokkrum öðrum.

Fyrir nokkrum árum þegar það var áformað samþykkti hv. Alþingi bara samhljóða að stækka álverið í Straumsvík. Mig minnir að hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi einn verið á móti því en hann hefur verið sjálfum sér samkvæmur í þessu máli í seinni tíð, þó að hann gæfi að vísu virkjunarleyfið á sínum tíma. Það er annar handleggur.

Hið undarlegasta við þetta allt saman, það sem mér líkar verst í þessu máli, er umræða um umhverfismat sem fer fram til að fela hinn raunverulega tilgang þeirra sem um tala, þ.e. að tefja málið og eyðileggja samningana við Norsk Hydro. Það er hinn raunverulegi tilgangur. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn hafa þá ekki hlustað á áróðurinn gegn virkjuninni ef þeir halda að málið snúist um umhverfismat, að það sé sáttarhönd... (**ÁRJ:** Hv. þm. hefur ekki hlustað á umræðuna í dag.) Það skiptir engu hvaða umræða hefur farið fram hér í dag. Að umræðan hér í dag gangi út á að umhverfismat sé aðalatriðið, það sé sáttarhönd, menn muni sætta sig við að leggja málið í hendur hv. umhvrh. og sætta sig þegjandi við úrskurð hans — það má segja manni margt.

Þeir sem hafa barist gegn þessu hafa ekki talað um að virkja á Eyjabökkum. Þeir hafa verið að tala um að virkja ekki þar. Það er miklu heiðarlegra að heyja baráttuna á þeim forsendum, að hætta við virkjunina, eins og hinn raunverulegi tilgangur er. Það er boðleg afstaða og hægt að ræða um það. Mér finnst allur þessi málatilbúnaður um umhverfismat — sem að mestu leyti hefur þegar farið fram — sérkennilegur, svo ekki sé meira sagt.

Talað er um að ósnortin víðerni muni eyðileggjast. Allir sem farið hafa um þetta svæði vita að þarna eru mikil víðerni sem verða ósnortin þó að þessi virkjun verði reist og það þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Byggðaþátturinn er viðbótarþáttur í málinu og ég ætla ekki að ræða hann enda tíminn búinn nema ég taki til máls aftur í málinu. Byggðaþátturinn og það sem snýr að okkur Austfirðingum kom í rauninni fram í hnotskurn í máli hv. 5. þm. Austurl. áðan þar sem hann sagði að hann væri ekki með atvinnufyrirtæki uppi í erminni enda ekki hlutverk sitt. Það er enginn með nein atvinnufyrirtæki uppi í erminni til að rétta Austfirðingum enda þurfa Austfirðingar ekki á því að halda ef þessi áform ganga fram því að Austfirðingar eru með mörg járn í eldinum í atvinnumálum og það er engin eymd þar fram undan ef menn fá að nýta auðlindir sínar.

[18:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það að dapurlegt er til þess að vita að hv. þm. Jón Kristjánsson skuli koma í ræðustól og tala austur og vestur án þess að hafa fylgst með umræðunni í dag, án þess að hafa forsendur til að segja þá hluti sem hann segir.

Sáttarhöndin, sem talað var um í dag, hefur verið á lofti og hún er hönd hæstv. iðnrh. Það er hæstv. iðnrh. sem hefur boðið sættir í dag með því að leggja fram þá þáltill. sem er til umræðu. Það er bara þannig, hv. þm., — ég hélt að þið væruð í sama flokki, þú og hæstv. iðnrh. — það er sáttarhöndin sem hefur verið talað um í allan dag. Í útvarpsfréttum kl. átta í morgun vöknuðu menn við það hæstv. iðnrh. rétti fram þessa sáttarhönd í einhverju erfiðasta deilumáli sem íslenska þjóðin hefur staðið frammi fyrir í áratugi. Sáttarhöndin sem Framsfl. boðaði í kosningabaráttunni er nú á lofti.

Virkjanir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu eru staðreynd. Þær eru umfangsmiklar, þar er afskaplega mikið vatnsmagn sem enn þá er óvirkjað og nýtanlegt. Það er eðlilegt að krefjast þess að þar verði haldið áfram að virkja ef við komum okkur saman um að við þurfum meiri raforku. Það er eðlilegt að tala frekar um auknar virkjanir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu en að fara út í að raska nánast ósnortnu landi norðan Vatnajökuls sem er svo stórt að ósnortin víðerni af þessari stærðargráðu er hvergi að finna í Vestur-Evrópu lengur.

[18:33]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. talar um sáttarhönd og að þessi tillaga sé þá sáttarhöndin. Hv. þm. mun þá væntanlega samþykkja þessa tillögu. En ef það er eitthvað annað þá hefur það farið fram hjá mér. Auðvitað er þessi tillaga sáttarhönd, ég er sammála iðnrh. í því. Hún er lögð fram til að taka af allan vafa um að þingið sé fylgjandi málinu. Hið lögformlega umhverfismat er sett fram undir því yfirskini að tefja málið og vinna tíma til að koma í veg fyrir þessar framkvæmdir allar. Það er hinn raunverulegi tilgangur. Það er alveg sama hvað menn spjalla um sáttarhendur í umræðunni í dag sem ég gat því miður ekki vegna annarra starfa komið til fyrr en um miðjan daginn. En ég heyri að það er aðalröksemdin í málinu og það sem hv. stjórnarandstæðingar grípa til varnar að ég hafi ekki verið við umræðuna fyrri partinn. Ég þekki málið alveg þokkalega vel og það er alveg ljóst að hvað sem hefur verið talað í dag um málið þá er þetta hinn raunverulegi tilgangur.

[18:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Aðeins fyrst vegna orða hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem kemur inn í umræðuna eins og maður sem er að falla af tunglinu, þá er það nú þannig að ég og við hér fleiri hittum fólk sem segir að það hafi svo sem ekki gert

það upp við sig hvaða skoðun það ætli að hafa á virkjun eða álveri fyrir austan en vilji að þessi framkvæmd fari í mat. Vill að það sé framkvæmt og vill að málið sé skoðað betur.

Það getur vel verið að hv. þm. Jón Kristjánsson og einhverjir fleiri haldi að undirhyggja manna sé svo mikil, almennings úti í bæ, að hann sé að gera sér upp þessar skoðanir þegar hann hittir okkur. En ég held að svo sé ekki, ég held að það sé miklu meira á bak við þetta.

Sú skoðanakönnun sem stjórnarliðar hafa verið að vitna í hér í dag sýnir m.a. það, ekki síst ef hún er borin saman við aðrar skoðanakannanir, sem hafa verið birtar að undanförnu, að fólk er ruglað og það er verið að rugla það. Mér finnst því ekki skrýtið þó að fólk segist vilja fá mat, vilja að þessi framkvæmd sé metin. Það er ekki aðferð þessa fólks til að spilla fyrir framkvæmdinni, það er einfaldlega að biðja um betri upplýsingar, áreiðanlegri upplýsingar vegna þess að lögin um mat á umhverfisáhrifum voru m.a. sett til að koma í veg fyrir að mál enduðu í sjálfheldu í pólitísku þrátefli inni á Alþingi þar sem skilaboðin eru mjög óljós og alls ekki þannig að almenningi úti í bæ finnist að þeim sé treystandi.

Þetta mál snýst samkvæmt heiti sínu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Í texta tillögunnar er jafnframt vikið að álveri í Reyðarfirði og eins og kom fram í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur fyrr í dag er þá að líkindum verið að tala um 480 þús. tonna álver. En hvað sem þessum efnisatriðum líður snýst þetta mál, eins og það er fram sett, fyrst og fremst um formsatriði. Hvaða formsatriði skyldu það nú vera?

Samkvæmt því sem kemur fram í athugasemdum við þáltill. er það mat ríkisstjórnarinnar að það sé eðlilegt, og nú vitna ég beint, með leyfi forseta, „að í ljósi breyttrar skipunar Alþingis frá því að lagaákvæði um virkjunina komu síðast til kasta þingsins, að Alþingi taki í formi þingsályktunar afstöðu til framhalds virkjunarframkvæmdanna."

Samkvæmt þessu, herra forseti, er hér um formsatriði að ræða og af þessu má ráða að stjórnvöld eru jafnvel ekki eins örugg með eigin túlkun og látið er í veðri vaka því það er sannarlega óvenjulegt að ákvörðun sem stjórnvöld telja þegar tekna, klappaða og klára, sé aftur borin undir Alþingi. Alþingi hefur leyft Fljótsdalsvirkjun án umhverfismats, sagði umhvrh. hæstv. í umræðunni fyrr í dag en samt á Alþingi aftur að taka ákvörðun af því að skipan þingsins hefur breyst í millitíðinni.

Eiga þetta að verða viðtekin vinnubrögð á hinu háa Alþingi, herra forseti? Á það að verða fastur liður eða fast verkefni hvers nýkjörins Alþingis að staðfesta áður gerðar samþykktir Alþingis? Nei, auðvitað ekki. Framlagning þessa þingmáls er fyrst og fremst vitnisburður um að í raun telja stjórnvöld vafa leika á um réttmæti ákvarðana sinna og telja vissast að taka málið fyrir aftur og það eru þau sem hafa kallað þetta sáttargjörð. Sáttargjörð vegna þess að vissulega er ósátt um málið, m.a. vegna þess að svo margir telja að framkvæmdina eigi að setja í mat.

Hv. þm. Jón Kristjánsson gerði mikið úr því áðan að þeir sem vildu setja framkvæmdina í mat væru í raun gegn framkvæmdum. Ég vil hins vegar segja við hv. þm. um það sem hann segir hér að ef mér þætti jafnvænt um þessar framkvæmdir, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. þyki, væri mér nokkuð í mun að þessar framkvæmdir færu í mat, einfaldlega vegna þess að ég óttast og mundi óttast, ekki síst í sporum hv. þingmanna sem þykir vænt um framkvæmdirnar, væntanlegu eða hugsanlegu, að ef svo fer fram sem horfir, ef ekki er reynt að ná sáttum við þjóðina með því að fara að þeim leikreglum sem þjóðin telur að eigi að fara, muni deilur um framkvæmdirnar enn harðna. Ef deilur harðna þá mundi ég óttast að einhverjir þeirra fjárfesta sem hafa verið að gera sig líklega til að taka þátt mundu hrökkva frá. Ef það gerist hér, sem hefur gerst víða erlendis, að menn fari á vettvang og reyni með nærveru sinni og návist að koma í veg fyrir framkvæmdir, ég tala ekki um ef það verður fjölþjóðlegt sjónvarpsefni eða fjölmiðlaefni, þá mundi ég óttast að ekkert yrði úr framkvæmdum þegar til kastanna kemur. Þess vegna hefði mér fundist að það væri þeirra sem þykir vænt um þessa framkvæmd að biðja um að farið yrði að leikreglum til að það væri þá a.m.k. hægt að segja við þjóðina, hver svo sem niðurstaðan verður, hér fórum við að leikreglum, þetta er niðurstaðan.

Herra forseti. Það er bagalegt að það skuli geta orkað tvímælis hver meðferð mála á að vera eins og í þessu tilfelli. Til að öllum vafa um réttarstöðu virkjanaleyfa sé eytt þá flytja þingmenn Samfylkingarinnar frv. til laga um það að til að öðlast framkvæmdaleyfi til virkjana á þeim stöðum sem hafa nú þegar virkjanaleyfi skuli viðkomandi framkvæmd fara í umhverfismat samkvæmt gildandi lögum áður en framkvæmdaleyfi fæst. Þetta er betri aðferð, herra forseti, en sú að láta Alþingi endurtaka fyrri ákvarðanir ef upp koma deilur eða að framkvæma sýndarmat á umhverfisáhrifum eins og nú er að fara í gang.

Ég vil vitna til þess sem hér hefur komið fram í umræðunni að sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur ekki svarað leyfisbeiðni Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi þó að sú beiðni hafi verið ítrekuð.

En ég vil líka, herra forseti, víkja að umfjöllun sem birtist í Morgunblaðinu 9. nóv. sl. þar sem fjallað var um viðhorf Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings um skyldu íslenskra stjórnvalda hvað varðar umhverfismat. Hún telur, herra forseti, eðlilegt að skipulagsstjóri ríkisins krefist þess af framkvæmdaaðila að umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar verði metin á formlegan hátt í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. En Aðalheiður þessi starfaði sem lögfræðingur í umhvrn. um tíma og tók m.a. þátt í að semja frv. sem varð að lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hún telur að láta verði á það reyna fyrir íslenskum dómstólum hvort einstaklingar eða lögaðilar á Íslandi eigi rétt á að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, m.a. svo þeir geti nýtt sér þau réttindi sem matsferlið færir þeim.

Stjórnvöld hafa skýrt lögin um mat á umhverfisáhrifum með þeim hætti að Fljótsdalsvirkjun sé ekki matsskyld samkvæmt þeim. En nefnd Aðalheiður segir að slík túlkun á lögunum standist varla viðeigandi tilskipanir Evrópusambandsins og það sé hæpið að hún standist íslensk lög. Hún segir jafnframt að helstu rökin fyrir því að umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar ættu að vera metin formlega í samræmi við lög séu í fyrsta lagi það sem fram hefur komið, að virkjunarleyfi Fljótsdalsvirkjunar geti ekki verið túlkað sem endanlegt leyfi þar sem framkvæmdaleyfi liggur ekki fyrir, og lá ekki fyrir þegar EES-samningurinn tók gildi. Hún telur að ekki sé rétt að halda því fram að virkjunarleyfi geti með einhverjum hætti gengið framar öðru leyfi eða leyfum sem þurfi einnig að liggja fyrir samkvæmt íslenskum lögum, í þessu tilviki framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum sem enn er óútgefið.

Ég held, herra forseti, að skoða verði þessa hluti betur en gert hefur verið. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin er í varnarstöðu. Uppsetning greinargerðarinnar sýnir að þar er reynt að setja fram varnir gegn þeirri gagnrýni sem fram hefur komið. Einnig kemur fram að málið virðist rekið af eins konar nauðung, aðallega af ótta við skaðabótakröfur af hálfu Landsvirkjunar. Þannig segir í texta athugasemda við þáltill. á bls. 1, þar sem fjallað er um skort á heimildum framkvæmdarvaldsins til að ákveða einhliða að beita um Fljótsdalsvirkjun ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, með leyfi herra forseta:

„Leiða hvorki ákvæði íslenskra laga né þjóðréttarskuldbindingar, sem Ísland hefur undirgengist, til þeirrar niðurstöðu að slík ákvörðun verði tekin. Fyrir lagabreytingu í þeim efnum er ríkisstjórnin ekki reiðubúin til að beita sér, enda kynni slík lagasetning að hafa í för með sér bótaskyldu ríkissjóðs gagnvart virkjunaraðilanum.

Þá skortir framkvæmdarvaldshafa lagaheimildir til þess að breyta eða afturkalla einhliða og í andstöðu við vilja virkjunaraðila þær heimildir sem veittar hafa verið til virkjunar Jökulsár í Fljótsdal. Það verður einungis gert með lögum frá Alþingi. Fyrir slíkri lagasetningu er ríkisstjórnin ekki heldur reiðubúin að beita sér, enda næsta víst að lagasetning í þeim efnum færi í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og hefði í för með sér bótaskyldu ríkissjóðs eins og síðar verður rakið."

Herra forseti. Þetta er dálítið merkilegur rökstuðningur, að menn skuli flæmast áfram í framkvæmdum sem þeir virðast annars vera óvissir um að ýmsu leyti og raunar vandséð á hverju Landsvirkjun ætti að byggja skaðabótakröfur sínar. Til dæmis hlýtur það að ráðast af þeim aðgerðum sem stjórnvöld ákvarða. En fleiri gætu gert skaðabótakröfur en hið opinbera fyrirtæki Landsvirkjun, stjórnvöld virðast ekki hafa sömu áhyggjur af þeim, en þar á ég við almenning í landinu sem þykist með ákvörðun stjórnvalda svikinn um þann andmæla- og umsagnarrétt sem lögin um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir.

Ég vil aftur, herra forseti, leyfa mér að vitna í Aðalheiði Jóhannsdóttur sem segir í nefndri Morgunblaðsgrein að rétt sé að hafa í huga að EFTA-dómstóllinn hafi viðurkennt að EES-samningurinn sé milliríkjasamningur sem hafi mikla sérstöðu umfram aðra milliríkjasamninga: „Samningurinn hefur meðal annars þá sérstöðu að ef ríki, t.d. Ísland, tekur ákvæði tilskipunar ekki inn í landsrétt eða tekur þau inn á rangan eða ófullnægjandi hátt, getur það bakað ríkinu skaðabótaskyldu gagnvart einstaklingi eða lögaðila sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessa, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það er ekki hægt að líta fram hjá þessu og því væri langeðlilegast að einnig yrði látið á það reyna fyrir íslenskum dómstólum, hvort einstaklingar eða lögaðilar á Íslandi, eigi rétt á að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum, m.a. svo að þeir geti nýtt sér þau réttindi sem matsferillinn færir þeim."

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi fram við þessa umræðu svo menn átti sig á að málið er mjög flókið. Þó að ríkisstjórninni takist að fá málið sem hér liggur fyrir samþykkt og frágengið fyrir jól, eins og forstjóri Landsvirkjunar óskar eftir, er ekki þar með sagt að málið sé í höfn, vegna aðferðarinnar sem stjórnvöld hafa valið. Mér finnst nefnilega að stjórnvöld séu búin að klúðra þessu máli.

Það er alltaf vont að þurfa að tala í páskildagatíð um það sem er til umfjöllunar. Ég verð samt að segja að auðvitað hefði átt að fara að tillögu þáv. umhvrh. Guðmundar Bjarnasonar, sem hann setti fram fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári, um að Fljótsdalsvirkjun færi í umhverfismat samkvæmt lögum þar um. Hefði það verið gert þá værum við í betri málum núna. Það væru meiri líkur til að nokkur sátt næðist um framkvæmdir, þá væri hægt að fullyrða að farið hefði verið að leikreglum.

Það er einmitt svo vont við þetta mál að stjórnvöld geta ekki haldið því fram á sannfærandi hátt að rétt sé farið að. Ef sannfæring þeirra væri sú þá væri þetta þingmál ekki á dagskrá Alþingis. Til að réttlæta málið enn frekar er settur byggðaprófíll á það, af því að staða byggðanna sé svo erfið má ekki fara fram á að farið verði að lögum um umhverfismat. Sagt er að þeir sem krefjist þess séu á móti landsbyggðinni, að þeir sem vilja umhverfismat samkvæmt lögum í stað pólitískra deilna á Alþingi — en lögin áttu eins og ég sagði áðan að koma í veg fyrir slíkt þrátefli — sýni byggðafjandsamleg viðhorf. Ja, svei skítalykt, hefði nú einhvern tíma verið sagt af minna tilefni í minni fjölskyldu.

Það er laukrétt sem hv. þm. Bergljót Halldórsdóttir sagði hér fyrr í dag, að með svona málflutningi er sannarlega verið að etja saman landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Það er ekki til þess að bæta stöðuna, herra forseti. Menn reyna að halda því fram að þeir sem vilja að virkjunin fari í umhverfismat samkvæmt lögum, séu að dulbúa aðferð til að koma í veg fyrir framkvæmdir. Það er ekki rétt.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt hér fram brtt. við tillögutextann. Mér finnst sá tillögutexti býsna ljós og aðdróttanir um að menn séu hér að dulbúa aðferðir til að koma í veg fyrir framkvæmdir ekki réttmætar ef sýna á sanngirni.

[Fundarhlé. — 18:52]

[19:29]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við höfum verið að ræða í dag snýst í raun og veru um tvo afmarkaða þætti. Spurningarnar um uppbyggingu á raforkuveri með miðlunarlóni til þess að hægt sé að útvega orku fyrir fyrirhugað álver á Reyðarfirði. Þetta er í raun og veru þær spurningar sem við erum að fjalla um í dag.

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að ekki skuli vera neinn fulltrúi Samfylkingarinnar í þingsalnum. Ég tel mjög óeðlilegt að fulltrúar Samfylkingarinnar, sem hafa haft sig mjög í frammi, sýni þinginu þá óvirðingu að sitja ekki í þingsalnum, ekki einn einasti þeirra, þegar umræða hefst að loknu matarhléi. Ég óska eftir því að gerðar séu ráðstafanir til að kalla eftir talsmanni Samfylkingarinnar.

Ég tel að þetta séu tvær spurningar. Annars vegar um ágæti þess að byggja álver á Reyðarfirði og hins vegar spurninguna um að miðlunarlón sé reist þarna fyrir austan sem er afleiðing af því að við tökum pólitíska ákvörðun um að virkja á þessu svæði. Það örlar svolítið á því að menn tala um þetta mál eins og það sé nýtt af nálinni, eins og eitthvað nýtt felist í því að ræða þessa hugmynd. Auðvitað er það ekki þannig. Þetta mál á sér langan aðdraganda eins og raunar hefur komið fram hjá nokkrum þingmönnum í dag. Hugmyndinni var hreyft á Alþingi fyrir nærri tveimur áratugum með frv. þáv. hæstv. iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar. Málið kom þá til kasta þáv. Náttúruverndarráðs sem lagðist

ekki gegn hugmyndinni. Allt þetta hefur greinilega komið fram.

Í öðru lagi liggur fyrir að gerður var samningur um þessa virkjun á milli þáv. ríkisstjórnar og Landsvirkjunar á árinu 1982.

Í þriðja lagi var virkjunarleyfi gefið út á árinu 1991 af þáv. hæstv. iðnrh., Jóni Sigurðssyni. Það er því ljóst að þetta mál á sér býsna langan aðdraganda og afstaða manna til þessa máls hlýtur að hafa komið fram á fyrri stigum, enda væri allt annað óeðlilegt. Þetta mál hefur átt sér pólitíska forsögu, það hefur átt sér þá forsögu að allir stjórnmálaflokkar hafa komið að þessu, að undanskildum Kvennalistanum, og þess vegna er ábyrgðin gífurlega mikil á forsögu málsins.

Ég hef verið að blaða í gegnum ýmsa pappíra sem liggja fyrir, m.a. málsskjöl frá Alþingi og kemur greinilega fram að á fyrri stigum málsins alveg fram á miðjan þennan áratug var gagnrýnin á málið fyrst og fremst í því fólgin að menn voru að gagnrýna þá hugmynd að í framhaldi af gerð virkjunar fyrir austan væru lagðar háspennulínur yfir hálendið. Ég hef skoðað mjög rækilega þær umræður sem fram fóru, ég hef farið yfir málsskjöl og það er alveg greinilegt að þetta er það sem gagnrýnin snerist um. Gagnrýnin beindist ekki að þeirri hugmynd að búa til miðlunarlón, hún beindist ekki að þeirri hugmynd að virkja fyrir austan, gagnrýnin var að vísu að hluta til um þá almennu stóriðjustefnu sem hefur verið í landinu og um það hefur auðvitað verið pólitískur ágreiningur lengi. En gagnrýnin var ekki um það að virkja á þessu svæði, enda liggja fyrir því margvísleg rök sem allir þekkja.

Það má svo sem segja að það væri í mót þeirri miklu gagnrýni á hugmyndina um að leggja háspennulínu þvert yfir hálendið sem hæstv. þáv. umhvrh. heimilaði það, eins og fram hefur komið í umræðunum í dag. Það sýnir út af fyrir sig ekki annað en það að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er pólitískt þrekmenni að hafa í sjálfu sér tekið þessa ákvörðun. Ég veit að það voru mjög margir hikandi á þessum tíma, en hæstv. þáv. ráðherra komst að þeirri niðurstöðu með sjálfum sér að skynsamlegt væri að fara í slíka aðgerð vegna þess að það væri forsendan fyrir því sem þá var pólitísk stefnumótun þáv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl., þ.e. með byggingu álvers sem andstæðingarnir kölluðu þá risaálver á Keilisnesi. Þetta var það sem málið snerist um á þeim tíma.

Það liggur líka klárlega fyrir, og þarf ekki annað en fara yfir þau málsskjöl sem öllum eru kunn, að í sjálfu sér er ekki þörf á að þessi virkjun, Fljótsdalsvirkjun sem svo er kölluð, fari í það sem menn kalla lögformlegt umhverfismat og byggir á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það eru alveg klárar heimildir fyrir því í bráðabirgðaákvæði II í lögunum frá árinu 1993. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta: „... eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum."

Þetta er mjög skýrt. Það er auðvitað þannig að þó að menn reyni að leggjast í einhverjar túlkanir, þá ber að lesa lög bókstaflega og það er það sem menn hafa verið að gera á síðustu árum að reyna að lesa lögin bókstaflega.

Ég hef líka reynt að fara í það að skoða hvort eitthvað hafi verið í umræðunni eða í nefndarálitinu sem gefi það til kynna að menn hafi verið með aðrar hugmyndir en þessar. Það kemur greinilega fram að fyrst og fremst eru viðbrögð minni hlutans í umhvn. — það var raunar umhvn. öll sem stóð að þessu máli — á þá sömu leið að segja að mikil vinna hafi farið fram í nefndinni og lögð er áhersla á það. Nefndin hafði þetta mál undir höndum í hálft ár, allan veturinn og hafði með öðrum orðum nægan tíma til að skoða málið og borið er mikið lof á framgöngu talsmanns umhvn. fyrir þá efnislegu vinnu sem gerð var og m.a. fól í sér þessa efnislegu breytingu sem gerð var á frv. Það er því ljóst, virðulegi forseti, að ekki hefur verið hrapað að þessari breytingu. Hún hefur greinilega verið gerð mjög meðvitað.

Ég held líka, virðulegi forseti, að það sé algerlega rangt sem haldið hefur verið hér fram að eitthvað sé athugavert við það að taka málið með þessum hætti inn í þingið í stað þess að fara þá leið sem lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir. Það er miklu lýðræðislegri leið að fara með þetta í gegnum þingið en að meðhöndla þetta á annan hátt.

Það er auðvitað rétt að þegar við vorum að setja þessi lög á árinu 1993 vorum við að búa til ferli fyrir almennan aðdraganda og undirbúning venjulegra framkvæmda, enda er ekki gert ráð fyrir því almennt talað að undirbúningur framkvæmda fari með þessum hætti inn á löggjafarsamkomuna. En við sjáum samt sem áður í hendi okkar að slík aðferð er enn þá líklegri en nokkur önnur til að opna á almenna umræðu, kalla eftir viðbrögðum almennings, sjá til þess að hinir þjóðkjörnu fulltrúar, sem axla hina pólitísku ábyrgð á stórum ákvörðunum í þjóðfélaginu, hafi tækifæri til að koma beint að ákvarðanatökunni. Við fjölluðum um það fyrir nokkrum dögum hvort eðlilegt væri að ráðherrar eða Alþingi sjálft tæki afstöðu til þess hvar einstakar ríkisstofnanir væru staðsettar og þá sögðu ýmsir sem svo að það væri einmitt nauðsynlegt að Alþingi tæki slíkar ákvarðanir. Dettur mönnum það þá í hug að það sé ekki lýðræðislegast af öllu af því sem við eigum kost á að færa mál af þessu tagi inn í hina lýðræðislegu umræðu í þinginu þar sem við getum tekist á um þau, fólk sem er með misjafnar skoðanir og hefur ólíka afstöðu til málsins.

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur á sér mjög margar hliðar. Það liggur fyrir að um það er víðtækur ágreiningur og sá ágreiningur snýst ekki bara um hvaða áhrif þetta hefur á Eyjabakkana eða það svæði. Þetta mál hefur vissulega miklu fleiri skírskotanir og miklu fleiri hliðar sem eru pólitísks eðlis, þetta eru stórar pólitískar grundvallarákvarðanir sem við erum að taka.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að þetta er ekki síst grundvallarpólitík sem snýr að uppbyggingu á stóriðju á landsbyggðinni, byggingu raforkuvera utan eldfjallasvæðis o.s.frv. Má ég minna á það, virðulegi forseti, að við tókum um það ákvörðun, pólitíska ákvörðun með samþykkt byggðaáætlunar í fyrra eða hittiðfyrra um að næsta stóriðjuver skyldi byggt utan höfuðborgarsvæðisins og þá er nærtækast að stefna að slíkri uppbyggingu á stóriðjuveri á Reyðarfirði sem búið er að undirbúa, og forsenda þess er að sjálfsögðu virkjunin í Fljótsdal eins og allir gera sér grein fyrir. Ég tel þess vegna að það sé alls ekki frambærilegt og alveg fráleitt í rauninni að reyna að dylja sig á bak við eitthvert tal um að það sé skynsamlegra eða lýðræðislegra eða á einhvern hátt eðlilegra að þetta mál fari til Skipulagsstofnunar ríkisins og síðan á borð umhvrh. í stað þess að Alþingi fjalli eðlilega um málið og velti upp öllum þeim hliðum sem eru á þessu mikilvæga, stóra og umdeilda máli sem það vissulega er. Og mér finnst mjög sérkennilegt sé það rétt sem hv. talsmaður Samfylkingarinnar sagði áðan að þetta væri líklegast mesta deiluefnið sem yrði á þessu kjörtímabili að slíkt mál verði ekki leitt til lykta með pólitískri

niðurstöðu á Alþingi. Leiða eigi það til lykta í umhvrn. eða hjá skipulagsstjóra. Mér finnst þetta afskaplega sérkennileg nálgun og sérkennileg sýn á þá pólitísku umræðu sem fer fram í þjóðfélaginu og hlýtur að leiða síðan til pólitískrar niðurstöðu og ábyrgðar.

Mig langar, virðulegi forseti, vegna þess að það er nauðsynlegt í þessu samhengi, að víkja aðeins aftur til ársins 1991. Það ár kom ég reyndar á þing og mér eru þessi mál ákaflega vel í minni eins og þau blöstu við mér þá. Þá hafði orðið mikill samdráttur í þjóðarbúskapnum vegna örðugra ytri skilyrða, aflabrests og fleiri slíkra þátta. Atvinnuleysi var á höfuðborgarsvæðinu og mjög sárt atvinnuleysi var á Suðurnesjum sem átti sér margar ástæður.

Á því vori komu til þings þrír vaskir þingmenn Alþfl. sem höfðu borið fram eitt mjög stórt mál, kveikt vonir hjá fólki á Suðurnesjum og lögðu á það áherslu að það mál væri líklegt til að draga úr því sára og óásættanlega atvinnuleysi sem var á Suðurnesjunum. Þetta voru hv. þm. Alþfl. og einn þeirra er núverandi talsmaður Samfylkingarinnar í þinginu sem reyndar var síðasti þingmaður inn af Reykjanesi þetta vor. Enginn vafi er á því að það hafði áhrif fyrir þennan flokk þegar svo hart var róið á það borð að hvetja til þess að reist yrði álver á Keilisnesi sem hafði það að forsendu að virkjað yrði í Fljótsdal og raunar með háspennulínum yfir þvert hálendið. Þess vegna held ég að það sé ekkert fráleitt að draga þá ályktun að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi á vissan hátt á því tímabili setið í skjóli þessa málflutnings í þinginu og var vel að því komin því að þetta var ágætismál, þetta var mál sem sneri að því að byggja upp atvinnulífið í landinu og bregðast við bráðum atvinnuleysisvanda sem við vorum að glíma við allt það kjörtímabil og náðum sem betur fer tökum á með ýmsum efnahagslegum aðgerðum.

Ég held hins vegar að mjög mikilvægt sé að við höfum það í huga að á þessum árum var enginn beygur í mönnum úr þessari átt varðandi uppbyggingu í stóriðju, jafnvel þó að það kostaði að farið yrði bæði í stórt miðlunarlón við Eyjabakka og þá miklu háspennulínu þvert yfir landið sem hæstv. páv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson heimilaði þrátt fyrir mikla andstöðu þar um úr ýmsum áttum. Og núna þegar Alþfl. — ég leyfi mér að tala enn þá um Alþfl., það er ekki búið að leggja hann niður — og talsmenn hans innan Samfylkingarinnar eru að tala í þeim dúr að þeir eru með ýmsum krúsindúllum og fléttum að reyna að koma sér hjá því að taka ákvörðun um þessi stóru mál, eins og þeir hafa gert í umræðunum, þá kallar það á sérstakar skýringar, virðulegi forseti. Það sem hefur breyst hérna á þessum tíma, menn geta auðvitað talað huglægt um það að viðhorf manna hafi breyst, en stóru atriðin sem hafa breyst, hin efnislega stóru atriði sem hafa breyst í þjóðfélaginu eru augljós.

Það er í fyrsta lagi að ekki er lengur atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu. Þrýstingurinn á að byggja upp atvinnustarfsemi af því taginu hér um slóðir hefur þess vegna ekki verið eins mikill eins og hann var sannarlega á því kjörtímabili sem ég var að vitna til og mér er mjög í fersku minni.

Í öðru lagi liggur það fyrir að álverið sem átti að staðsetja á Keilisnesi verður á Reyðarfirði ef samningar takast.

Í þriðja lagi liggur það líka fyrir að sú breyting á staðsetningunni mun hafa það í för með sér að ekki verða lagðar háspennulínur yfir hálendið. Þetta, virðulegi forseti, eru hin efnislegu atriði sem hafa breyst. Þetta hefur gert það að verkum að menn hafa verið að taka þessi mál til endurskoðunar.

Ég ætla svo sem ekki að geta mér til um það hver þessara efnislegu þátta hefur haft áhrif á sinnaskipti hv. þm. sem hafa lýst því yfir í umræðum í dag að þeir hafi skipt um skoðun í þessum efnum. Ég er ekkert að segja að það sé rangt að skipta um skoðun, en þá verða menn að tala á þeim forsendum eins og mér heyrðist t.d. hv. þm. Össur Skarphéðinsson gera fyrr í dag.

Ég held því, virðulegi forseti, að þetta mál sé þess eðlis að við hljótum að taka til þess efnislega afstöðu. Þetta er mjög stórt mál. Þetta snýr að efnahagslegum framförum í landinu. Þetta snýr að stóru spurningunni varðandi umhverfismálin, sem við eigum ekkert að koma okkur hjá að svara, síst af öllu þingmenn, og síst af öllu að reyna að færa þá ákvörðun og þá ábyrgð á einhverjar stofnanir í þjóðfélaginu og í þriðja lagi er þetta líka byggðamál. Ég tel, virðulegi forseti, að það sé ekki frambærilegt hjá hv. þm. vinstri grænna til að mynda að vísa þessu máli frá sér á þann hátt að tala annars vegar um mikilvægi þess að það fari í umhverfismat en eru síðan búnir að gera upp hug sinn í málinu alveg án tillits til umhverfismatsins, enda hefur það komið fram hjá hv. aðaltalsmanni flokksins í þessu máli að hún muni ekki taka mikið mark á niðurstöðu umhverfismatsins nema það henti. Það kom fram í viðtali við hv. þm. í Degi að burt séð frá niðurstöðu umhverfismatsins mundi hv. þm. vera á móti málinu. Er það ekki rétt? Enda hefur það komið fram að þingmenn vinstri grænna hafa lagt fram till. til þál. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs sem gerir það að verkum að burt séð frá því jafnvel þó að það væri niðurstaða sjálfs umhvrh. að í lagi væri að gefa á þetta grænt ljós og fara af stað með virkjun, þá gefur það auga leið að hv. þm. sem leggja fram tillögu um að í stað virkjunar sé þarna þjóðgarður, hljóta að vera búnir að gefa sér það fyrir fram að taka ekki undir þá niðurstöðu sem kann að koma fram í áliti umhvrh. eða Skipulagsstofnunar sé sú niðurstaða þeim ekki að skapi.

[19:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Guðfinnsson vitnaði í lok ræðu sinnar í ummæli sem höfð hafa verið eftir mér. Hann byrjaði á að rangtúlka þau og fara fullkomlega rangt með, þ.e. að ég væri á móti málinu, að ég væri á móti umhverfismati. Það hef ég aldrei sagt og það hefur ekki einu sinni verið haft eftir mér í fjölmiðlum. Hv. þm. Einar Guðfinnsson leiðrétti sig reyndar, virðulegi forseti, og breytti setningunni. Þar með sætti ég mig við hana.

En þetta var ekki ástæða þess að ég kom hingað upp. Mig langaði í þessu andsvari að fá að fara nokkrum orðum um bráðabirgðaákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Bráðabirgðaákvæði II fæddist á sínum tíma hjá starfsmönnum ráðuneytisins, starfsmönnum og embættismönnum ríkisins. Um það hefur verið deilt hvort þetta undanþáguákvæði hafi í raun gilt um stórframkvæmdir sem hleypt hefur verið í gegn á undanförnum árum vegna þess að skýringin á því að undanþáguákvæðið var sett inn í lögin er — það kemur fram í viðtali við Aðalheiði Jóhannsdóttur, fyrrv. lögfræðing umhvrn., í Morgunblaðinu og hefur komið fram víðar í viðtölum við hana — að fyrir dyrum stóð vegagerð og brúargerð sumarið 1993. Fólk uppgötvaði allt í einu að þarna var fullt af framkvæmdum á teikniborðinu sem hefðu eðlilega samkvæmt þessum nýju lögum átt að fara í mat en mundu stöðvast. Það var auðvitað ótækt og auðvitað sá umhvn. á þessum tíma að það var ótækt. Þess vegna er þetta

bráðabirgðaákvæði sett inn í lögin, ekki til að hleypa hverri stórframkvæmdinni í gegn matslausri ár eftir ár eftir ár.

Virðulegi forseti. Þetta bráðabirgðaákvæði er búið að framlengja tveimur árum lengur en góðu hófi gegnir.

[19:48]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af því sem hv. þm. nefndi í upphafi máls síns. Það er undarlegt að hugsa sér að fram eigi að fara umhverfismat þegar fyrir liggur að hv. þm. er 2. flm. að máli sem felur í sér fyrir fram gefna niðurstöðu sem gengur í allt aðra átt. Ég held því, virðulegi forseti, að það sé augljóslega mikil mótsögn í þessu máli af hálfu vinstri grænna.

Stóra málið er bráðabirgðaákvæðið. Ég hef verið að reyna að fara í gegnum þetta mál með hliðsjón af þeim gögnum sem fyrir liggja. Í fyrsta lagi, ef maður les bókstaflega lagatextann — það hlýtur að vera grundvallaratriði að lesa lagatextann sjálfan — þá er hann mjög skýr. Þó að hv. þm. reyni að ættbókarfæra upphaf þessa texta til starfsmanns í umhvrn. þá kemur það bara þessu máli ekki við því að það er Alþingi sem setur lögin. Þó að starfsmaður umhvrn. hafi skrifað þennan texta og hjálpað til við að búa til texta, þá er ábyrgðin Alþingis og Alþingi hefur sagt sitt álit.

Það er líka alveg ljóst að menn voru ekkert að hrapa að þessu. Málið var hálft ár í meðförum þingnefndarinnar þannig að menn gerðu sér mætavel grein fyrir því þegar þeir voru að setja á blað efnisleg atriði jafnafdráttarlaus og eru í þessu bráðabirgðaákvæði. Þetta er ekki undanþáguákvæði eins og hv. þm. lét í veðri vaka. Þetta er bara fullgilt ákvæði í þessum lögum sem felur þetta í sér og kemur í veg fyrir að lögin hafi afturvirkni í för með sér. Það er auðvitað grundvallaratriði sem allir hljóta að geta orðið sammála um.

[19:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því enn og aftur að nokkur tvískinnungur sé fólginn því að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs geti flutt mál sem fjallar um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum virkjunar í Fljótsdal og á sama tíma flutt mál sem kveður á um að stofnaður verði Snæfellsþjóðgarður.

Ég trúi því í hjarta mínu og vona það innilega, virðulegi forseti, að umhverfismat fari fram á þessari virkjun. Það breytir ekki því að ég kem aldrei til með að slást í hóp þeirra sem berjast fyrir virkjunni. (Gripið fram í.) Ég hef barist á móti henni, virðulegi forseti. Ég kem til með að halda mig fast við þá skoðun. Ég vil að svæðið verði notað til annars en undir uppistöðulón.

[19:51]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sér það hvert mannsbarn að fullkomin mótsögn er í því fólgin að leggja fram tillögu um að setja mál í umhverfismat sem allir vita hvað þýðir, þ.e. að það fer fyrst til Skipulagsstofnunar og síðan til úrskurðar umhvrh., en vera á sama tíma með hugmyndir um allt aðra nýtingu á þessu svæði en virkjun. Sé það niðurstaða Skipulagsstofnunar eða umhvrh. að heimila virkjun, þá er það auðvitað augljós mótsögn gagnvart þeirri þáltill. sem hv. þm. stendur að. Þetta er bara einföld rökfræði sem við þurfum ekki einu sinni ekki að deila um. Ég held að þetta sjái hvert einasta mannsbarn og það hefur margoft komið fram í umræðunum í dag.

[19:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var mjög hressileg ræða hjá þingmanninum og frekar skemmtileg. Ég ætla samt að byrja á því að leiðrétta hann. Ég kom inn á þing árið 1989. Oft hef ég reyndar heyrt skemmtilegar skýringar á því hvernig á því standi að ég var kosin áfram á þing 1991, margar fróðlegar og jákvæðar, en aldrei hef ég heyrt það að ég hafi komið inn á þing á virkjunarhugmyndum. Það er alveg nýtt fyrir mér og ekki seinna vænna en að ég fái tíu árum síðar að heyra þann stórasannleik.

Ég minnist þess að umræðan um virkjanir árið 1991 var eins og nú, um að ákvörðunin hefði verið tekin 1982, löngu tekin ákvörðun og um þetta þyrfti ekki að ræða. Mér hefur kannski fundist athyglisverðast í þessari umræðu að heyra bergmál af því sem þá var í gangi. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því að þrátt fyrir að við værum ekki að ræða umhverfismat — sú hugsun var ekki þekkt hér vegna þess að lögin urðu til í framhaldi af EES-samningnum og nýjum straumum í Evrópu — þá dregur einmitt ræða þingmannsins það fram að við gagnrýnina á háspennulínurnar yfir hálendið, sem voru réttmætar, gerðu menn sér grein fyrir að tæknifamfarir valda umhverfisspjöllum og að það yrði að draga úr þeim eins og unnt væri, þ.e. þrátt fyrir að ekki væri komin þessi krafa um mat á umhverfisáhrifum slíkra framkvæmda. Þetta er athyglisvert og þetta er gott.

Ég veit ekki hvað þingmaðurinn hefur fylgst með umræðum hér í dag, en ég lýsti því yfir í andsvari að ég væri mjög sátt við að þessi virkjun hefði ekki verið reist þá. Ef virkjunin verður reist núna með fulltingi stjórnarmeirihlutans á Alþingi þá er a.m.k. eitt gott við það og það er að allir skurðirnir á hálendinu breyttust í jarðgöng.

[19:54]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá liggur a.m.k. eitt fyrir af hálfu talsmanns Samfylkingarinnar. Hún segir að það hafi verið réttmæt gagnrýni sem var sett fram á lagningu háspennulína yfir hálendið, en upplýst hefur verið í þessari umræðu að hæstv. þáv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson hafi heimilað að yrði lagðar. Þetta er út af fyrir sig merkileg játning.

Hins vegar fannst mér vanta töluvert á að hv. þm. gerði nægjanlega vel grein fyrir þessum aðdraganda málsins. Ég vakti athygli á því í ræðu minni fyrr í kvöld að það hefðu einmitt verið þingmenn Alþfl. í Reykjaneskjördæmi sem börðust hvað harðast af eðlilegum ástæðum fyrir því að reist yrði álver á Keilisnesi og forsenda þess máls var að fara í Fljótsdalsvirkjun. Forsendan var Fljótsdalsvirkjun. Nú segir hv. þm. að hún hafi verið fegin því að ekki varð af því að reist yrði álver á Keilsnesi og að virkjunin yrði þar með sett í gagnið. Þetta hefði mér fundist fróðlegt og athyglisvert fyrir þingmenn að heyra á sínum tíma þegar hv. þm. var í hópi þeirra sem börðust fyrir þessum framkvæmdum. Ég held að kjósendur hv. þm. á Suðurnesjum og í Reykjaneskjördæmi sem m.a. flykktu sér um hana á sínum tíma vegna einarðrar baráttu hennar og félaga hennar fyrir þessari virkjun og fyrir álverinu á Keilisnesi, eigi eftir að klóra sér í hausnum a.m.k. yfir þessum óvæntu játningum sem koma nú að kvöldlagi allt í einu mörgum árum eftir að málinu lauk með því að ákveðið var að falla frá álverinu í Keilisnesi sem hv. þm. var sérstakur baráttumaður fyrir.

Það er undarlegt að vita til þess að slíkar játningar komi á síðkvöldum í máli sem var höfuðbaráttumál hv. þm. og átti sinn þátt í því að hv. þm. fór þing aftur.

[19:56]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að takast á við þingmanninn um hvort ég komst inn út á virkjun. Ég er hins vegar fullkomlega ósammála því. Ég er að ræða, tíu árum seinna, afleiðingar sem hefðu orðið eða stöðu sem hefði orðið. Ég er ekki að ræða afstöðu sem ég hafði fyrir tíu árum. Ég var ekki þá að leggja mat á þessar athugasemdir um háspennulínur. Ég er að draga það fram að þrátt fyrir að þá hafi ekki verið komin upp þessi hugmyndafræði um mat á umhverfisáhrifum, þá voru menn með gagnrýni uppi sem í dag er réttmæt. Þingmaðurinn veit nákvæmlega um hvað ég er að tala, en hann nýtur þess að vera í þessum skylmingum og það er hans mál.

Virðulegi forseti. Hins vegar ætla ég að draga það fram að þingmaðurinn sagði í ræðu sinni að uppi væri víðtækur ágreiningur og að þetta væru stórar pólitískar ákvarðanir sem Alþingi ætti að taka. Hann er þar með að færa rök fyrir fáránleika þess að Alþingi vinni umhverfismatið. Það er staðreynd sem stendur eftir hér.

[19:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég stend í því sem hv. þm. kallaði skylmingar er ósköp einföld. Ég er að reyna að draga fram skoðun og afstöðu hv. þm., talsmanns Samfylkingarinnar í þessu máli. (**RG:** Hún liggur ljóst fyrir.) Nú er komið að því að ég kemst ekki í fleiri andsvör við hv. þm. Mér hefur ekki tekist þetta ætlunarverk mitt. Mér finnst að hv. þm. hafi verið að slá úr og í í allan heila dag og alveg sérstaklega núna í þessum orðaskiptum okkar í kvöld. Ég lýsi eftir afstöðu hv. þm. Mér finnst að vísu að hv. þm. sé að senda þau boð að hún hafi efasemdir um fyrri afstöðu sína í málinu. Hún hefur líka sproksett svolítið hv. þm. Össur Skarphéðinsson (**RG:** Það er ekki rétt.) fyrir að hafa heimilað að leggja háspennulínu yfir hálendið, en betur hafa, held ég, línurnar ekki skýrst og ekki heldur afstaðan gagnvart þessu máli. Spurningin er hvort hv. þm. hafi haldið fram röngum málstað fyrir örfáum árum síðan, alveg fram að árinu 1995 þegar við a.m.k. hættum að verða samferða í ríkisstjórnarsamstarfi sem hafði það að markmiði að reisa álver. Mér finnst einhvern veginn að hv. þm. hafi ekki skýrt nægilega vel sinnaskiptin ef þau hafa þá orðið í þessu máli.

[19:59]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér á óvart að hv. 1. þm. Vestf. skuli ekki hafa á hreinu afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og telji að það sé tvískinnungur í okkar málflutningi. Það hefur margoft komið fram, hv. þm., í umræðum undanfarnar vikur að við munum lúta — hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur sagt það hér úr ræðustóli — að við mundum lúta þeirri niðurstöðu sem kæmi út úr lögformlegu umhverfismati. Það hefur margoft komið fram.

Við höfum einnig lagt fram frv. um sjálfbæra orkustefnu þannig að þingmanninum ætti að vera fullkunnugt um að við leggjum áherslu á annað en stóriðjumál. Þannig er okkar málflutningur.

Ég vil síðan spyrja hv. þm. Við erum að fara í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar, orkuframleiðslu sem er ígildi þess sem við framleiðum í dag, til þess að fara í stórverkefni í stóriðju á Austurlandi. Finnst honum ekki full ástæða til þess að lúta því ferli sem lögformlegt umhverfismat gerir ráð fyrir í staðinn fyrir að draga þessa framkvæmd undan, en viðurkenna jafnframt að allar aðrar stórframkvæmdir í landinu skuli fara í lögformlegt umhverfismat? Það hefur verið unnið gríðarlegt verk í sambandi við undirbúning að lögformlegu umhverfismati og það er fyrirsláttur að mínu mati, herra forseti, að bera fyrir sig tímaleysi. Það er ekki hægt að bera fyrir sig tímaleysi þegar við erum að tala um einar stærstu fjárfestingar Íslandssögunnar. Við eigum að hætta því að fara í framkvæmdir og verkefni á þann hátt að skella okkur á magann með tunguna út.

[20:01]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að endurtaka það sem hv. þm. sagði rétt áðan, að þingmenn vinstri grænna muni lúta niðurstöðu lögformlegs umhverfismats. Ef við skoðum lögin þá gera þau ráð fyrir því að endanlegt vald í þessum efnum sé hjá hæstv. umhvrh. Þar liggur hið endanlega vald. Þar lýkur því ferli sem menn hafa kallað lögformlegt umhverfismat. Hv. þm. hafa lýst því yfir að þeir muni lúta því. Þá liggur það fyrir. Þetta er ákaflega mikilvæg og nauðsynleg niðurstaða af þessum orðaskiptum. Það er mikill munur að fá a.m.k. alveg hreinar línur í málið.

Mér er hins vegar kunnugt um að þeir hafi lagt fram aðra tillögu. Þeir vilja ekki að þetta vatnasvæði sé virkjað, það liggur líka fyrir. Þeir vilja að því verði breytt í þjóðgarð. Það er framlag þeirra til málsins, til umhverfismála, byggðamála og atvinnumála í landinu, þjóðgarður.

Hv. þm. spurði mig sérstaklega um leiðina sem lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir. Ég eyddi drjúgum hluta ræðu minnar í að útskýra að sú leið sem valin var væri sú lýðræðislegasta, að láta þjóðþingið í landinu taka afstöðu til þessa stóra máls. Málið hefur margar pólitískar hliðar sem skoða þyrfti. Það er miklu eðlilegra að máli af þessu tagi sé skotið til þjóðþingsins en að tekin sé um það ákvörðun í Skipulagsstofnun, jafnvel þó það sé blessað af hæstv. umhvrh. sem ég hef fullt traust á. Að sjálfsögðu er eðlilegra að þjóðþingið hafi möguleika á að segja skoðun sína á þessu máli. Þannig getum við hv. þm. tekist á um ólík sjónarmið. Við þurfum farveg til að takast á um þessi mál sem hefur umhverfislegar hliðar og byggðalegar og er spurning um atvinnuuppbyggingu og möguleikana á að bæta lífskjörin í landinu til lengri tíma.

[20:03]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ánægður með að hv. 1. þm. Vestf. skuli vera með stefnu okkar í þessum málum á hreinu. Ég vara við því að menn dragi upp þá mynd að stóriðjuframkvæmdir séu eini möguleikinn á atvinnuuppbyggingu í þessu landi. Ég bendi á eitt í því sambandi. Ég veit ekki betur en aukningin í tekjum til landsins bara vegna túrisma á síðasta ári hafi verið 5 milljarðar. Setji menn hlutina í samhengi þá höfðum við 3 milljarða í tekjur af orkusölu til stóriðju. Menn skulu því ekki gera lítið úr öðrum möguleikum landsins til atvinnuuppbyggingar.

[20:04]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hver hefur haldið því fram að stóriðja sé eini kosturinn til atvinnuuppbyggingar í landinu. En stóriðja er einn þeirra kosta sem leggja á áherslu

á við atvinnuuppbyggingu í landinu. Það liggur fyrir að uppbygging stóriðju hvar sem hún hefur átt sér stað, til að mynda í Hvalfirði og Straumsvík, hefur skapað arðvænleg góð störf sem fólk hefur sóst eftir. Þetta hefur líka haft mjög jákvæð áhrif á viðkomandi byggðir eins og við sjáum á þeirri uppbyggingu sem hefur orðið á Akranesi uppi á síðkastið eftir stækkunina á Grundartanga og viðbyggingu nýs álvers sem þar hefur risið. Við skulum átta okkur á því að þetta hefur mikla þýðingu og treystir forsendur efnahagslífs okkar. Slíkar framkvæmdir skjóta fleiri og styrkari stoðum undir atvinnulífið til lengri tíma litið.

Virðulegi forseti. Uppbygging stóriðju er auðvitað eitt af því sem við lítum til. Við viljum leggja áherslu á að nota hina umhverfis- og vistvænu orku fallvatnanna til að knýja þessa stóriðju og annan atvinnurekstur í landinu. Ég hafði ímyndað mér að þeir sem kenna sig við græna umhverfisstefnu hefðu skilning á að nýta sjálfbærar orkulindir landsins en svo er greinilega ekki.

[20:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Mál það sem Alþingi hefur til meðferðar hér er eitt það viðamesta sem við höfum staðið frammi fyrir um langan tíma. Ég tek stórt upp í mig en fyrir því eru margar ástæður. Sú málsmeðferð sem boðið er upp á í málinu er vítaverð og vægast sagt hið mesta klúður. Málið hefur vakið upp miklar deilur í þjóðfélaginu sem ekki sér fyrir endann á. Þetta mál og meðferð þess er einkum gagnrýnd fyrir þrjú atriði.

Í fyrsta lagi er deilt á þá málsmeðferð að framkvæmdin fari ekki í umhverfismat samkvæmt lögunum frá 1993.

Í öðru lagi eru uppi efasemdir um arðsemi virkjunarinnar.

Í þriðja lagi eru margir þeirrar skoðunar að áhrifin á byggðaþróun séu stórlega ofmetin.

Á síðustu áratugum hefur stjórnmálaumræðan um heim allan tekið æ frekara mið af umhverfismálum. Ísland er engin undantekning í þessum efnum. Stjórnmálamenn eins og aðrir landsmenn verða æ meðvitaðri um mikilvægi umhverfismála og að þau séu sjálfsagður liður í allri stjórnmálaumræðu. Á síðasta áratug má segja að bylting hafi átt sér stað í þessum efnum og lögin frá 1993 um mat á umhverfisáhrifum eru liður í þeirri þróun ásamt stofnun sérstaks umhverfisráðuneytis árið 1990.

Bráðabirgðaákvæði laganna um mat á umhverfisáhrifum hefur verið mikið til umræðu í tengslum við þessa framkvæmd, enda byggir ríkisstjórnin málsmeðferðina algerlega á því. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þeirrar deilu sem hér hefur komið upp um lögmæti málsmeðferðarinnar sem slíkrar. Ég vek hins vegar athygli á því að lögfræðinga greinir á um hvort unnt sé að undanþiggja Fljótsdalsvirkjun umhverfismati. Þar er ég að sjálfsögðu að vísa til þess sem komið hefur fram í viðtölum við Aðalheiði Jóhannsdóttur lögfræðing sem nú stundar doktorsnám í umhverfisrétti. Hún átti m.a. þátt í að semja texta laganna um mat á umhverfisáhrifum á sínum tíma og þekkir þar af leiðandi vel til þessara mála. Hún hefur bent á það að þetta sé vafasamt og geti m.a. stangast á við tilskipan ESB um efnið.

Síðan hafa komið fram andsvör gegn þessu m.a. af hálfu Þorgeirs Örlygssonar sem væntanlega hefur einnig þekkingu á þessu máli. Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu í þessari lagaþrætu en nefni hana til sögunnar sem röksemd fyrir því á hve hæpnum stoðum þetta mál stendur. Sú röksemd bendir til þess að öruggara sé að hafa engan vafa á og senda þessa framkvæmd í umhverfismat á grundvelli laganna frá árinu 1993 og menn falli frá fyrri áformum um að víkja framkvæmdinni undan þeim.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gert lítið úr þeim röksemdum Samfylkingarinnar að málið eigi að fara í umhverfismat og við séum tilbúin til að láta þá niðurstöðu ráða afstöðu okkar í málinu. Ég tel slíka afstöðu þvert á móti ábyrga og vísa á bug fullyrðingum um að henni ráði tómur heigulsháttur, eins og hér hefur komið fram í umræðum. Frekar má segja að því ráði heigulsháttur þegar menn þora ekki að senda framkvæmdir í umhverfismat og verða þar af leiðandi við mjög háværum kröfum um það efni, þrátt fyrir að þeir geti hengt sig í gömul lagaákvæði um að framkvæmdin sé undanþegin slíku mati.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir varaði við því fyrr í dag að menn létu vafasamar atkvæðaveiðar ráða afstöðu sinni í málinu. Hún lét um leið að því liggja að þeir sem vildu umhverfismat væru einungis að slá ryki í augu almennings sem skoðanakönnun sannaði í þokkabót að vissi ekkert hvað umhverfismat væri. Þó vildu landsmenn að aðgerðin færi í slíkt mat. Mér þótti hv. þm. reyna að sýna fram á hversu varasamt væri að hlusta á almenning sem hefði skoðanir á málum þótt hann hefði ekkert vit á þeim. Ég gat ómögulega skilið ummæli hv. þm. öðruvísi.

Hæstv. forsrh. tók í sama streng, gerði lítið úr þeirri stefnu Samfylkingarinnar að víkja ætti málinu til skipulagsstjóra og hæstv. umhvrh. til ákvörðunar. Hann kallaði það stefnuleysi að við værum ekki tilbúin til að segja hvort við vildum sökkva Eyjabökkum eða ekki. Það er ekki í fyrsta skipti sem við heyrum þennan tón í máli hæstv. forsrh. Okkur bregður svo sem ekki mikið við það, herra forseti, en mér þykir þessi málflutningur með ólíkindum. Það skyldi þó ekki vera að hv. almenningur vissi að umhverfismat er tilheyrandi málsmeðferð og farvegur fyrir mál á borð við Fljótsdalsvirkjun. Kannski vill almenningur einfaldlega að sömu reglur gildi um Fljótsdalsvirkjun og aðrar ámóta framkvæmdir, teldi það öruggustu leiðina í málinu.

Það skyldi þó ekki vera að almenningur treysti skipulagsyfirvöldum til að taka afstöðu á faglegum grunni og á það mat yrði síðan hlustað af hæstv. ráðherra. Enginn af talsmönnum ríkisstjórnarinnar virðist gera ráð fyrir því í málflutningi sínum. Almenningur telur kannski slíka leið trúverðugri en þá leið sem ríkisstjórnin hefur valið, að láta 63 þingmenn taka ákvörðun á grundvelli skýrslu sem framkvæmdaaðili hefur látið gera.

Því hefur verið haldið fram að slík meðferð mundi ekki breyta neinu og hefur komið fram í máli nokkurra sem talað hafa í dag þar sem ákvörðunin væri endanlega hjá pólitískum ráðherra. Mér þykir með ólíkindum að menn skuli gera ráð fyrir því að hæstv. ráðherra misbeiti valdi sínu í þessu máli, að ef endanleg ákvörðun er hjá pólitískum ráðherra sé öruggt að ekki verði tekið tillit til athugasemda sem fram koma í málsmeðferðinni, þeirra andmæla sem koma fram. Yrði ekki tekið tillit til meðferðar skipulagsstjóra á málinu vegna þess að búið væri að taka ákvörðun um málið. Ég get ekki skilið þær fullyrðingar öðruvísi en svo að ráð sé fyrir gert að hæstv. umhvrh. muni ekki hlusta á það sem fram kemur í málsmeðferðinni. Mér þykir það með ólíkindum ef menn lýsa því yfir að ráðherrar taki ákvarðanir áður en málsmeðferð er lokið.

Við megum ekki gleyma því að í því ferli sem lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir felst ákveðinn réttur sem ekki er til staðar eins og málinu er háttað í dag. Málinu

er kippt úr þeim farvegi sem það ætti að vera í og þá gildir einu hvort sú aðferð stenst lagalega eða ekki, hún er einfaldlega óverjanleg í ljósi breyttra tíma og afstöðu fólks í garð umhverfismála.

Herra forseti. Það skilur á milli okkar samfylkingarmanna og margra þingmanna ríkisstjórnarinnar. Við treystum nokkuð vel þeim sem sérhæft hafa sig á ýmsum sviðum, m.a. við að meta áhrif framkvæmda á lífríkið. Við teljum einfaldlega að stjórnmálamenn eigi ekki að taka ákvarðanir um alla skapaða hluti. Í þessu tilviki eru aðrir hæfari til þess en við sem hér sitjum. Við höfum fæst forsendur, eins og málið liggur fyrir í dag, til að meta faglega hvort skýrsla Landsvirkjunar sé fullnægjandi eða ekki. Ég er ekki sammála þeirri fullyrðingu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að þeir sem vilja umhverfismat þori ekki að axla ábyrgð. Við höfum allar forsendur til að taka afstöðu, sagði hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir. Hvaða forsendur eru það? Lestur 600 síðna af flóknu efni á þremur dögum sem meira og minna krefst sérfræðilegrar þekkingar til að hægt sé að leggja mat á. Með fullri virðingu fyrir þekkingu okkar þingmanna á öllu mögulegu efast ég stórlega um að sú ákvörðun geti verið nægilega upplýst.

Herra forseti. Í seinni tíð höfum við sett okkur lög um mat á umhverfisáhrifum vegna ákveðinna framkvæmda sem haft geta varanlega áhrif á umhverfið. Ef við værum að fela okkur á bak við umhverfismat þá væri eins gott að leggja þessi ágætu lög niður. Helst mætti skilja það á málflutningi þeirra sem hér hafa talað af hálfu ríkisstjórnarinnar að þessi lög séu algerlega óþörf og tóm vitleysa að leggja málið fyrir skipulagsstjóra. Við höfum allar forsendur til að meta þetta sjálf á hinu háa Alþingi, að mati hv. virkjunarsinna.

Herra forseti. Við höfum á síðari áratugum sett okkur ýmis lög og reglur um meðferð mála í stjórnsýslu, um að þau fari eftir ákveðnum fyrir fram gefnum leikreglum. Þær breytingar þykja bera vott um heilbrigða stjórnsýslu en ef marka má orð hæstv. ráðherra og stjórnarþingmanna þá eru slíkir farvegir með öllu óþarfir. Að þeirra mati nota þingmenn þá bara sem afsökun fyrir eigin heigulshætti.

Herra forseti. Pólitíska ákvörðunin um hvort sökkva eigi Eyjabökkum er ekki trúverðug fyrr en umhverfismat með þar tilheyrandi málsmeðferð fer fram samkvæmt lögunum frá 1993.

Umhverfisþátturinn í málinu hefur eðlilega tekið mikið pláss í umræðunum hér og m.a. hefur verið á það bent af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og fleirum að ýmsir veikleikar séu í líffræðilega þættinum í skýrslu Landsvirkjunar. Það hafa líka komið fram sterk rök fyrir því að arðsemi framkvæmdarinnar sé hæpin. Nokkrir hagfræðingar hafa opnað heimasíðu á netinu þar sem er að finna ýmsar greinar um þessi mál. Er þar m.a. að finna grein Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings sem birtist í Frjálsri verslun nú nýverið en í þeirri grein færir hann fram nokkuð sterk rök fyrir því að líkur séu á að tap á framkvæmdinni verði 13 milljarðar. Þessir útreikningar hafa ekki verið hraktir eða þær forsendur sem hann byggir á, að því er ég best veit. Arðsemisumræðan hefur enda ekki verið eins fyrirferðarmikil og umhverfisþátturinn, líklega vegna þess að allir gera ráð fyrir því að framkvæmd sem þessi hljóti að vera arðbær en það er greinilega umdeilanlegt hvort svo sé. Þá getur maður farið að velta fyrir sér um hvað málið snýst. Er þá byggðaþátturinn það eina sem eftir stendur?

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim vanda sem að okkur Íslendingum steðjar vegna flótta landsmanna frá dreifbýli til þéttbýlis. Fyrir þeirri þróun eru margar ástæður og ekki heiglum hent að finna leiðir til að snúa henni við. Það hefur komið fram, m.a. í könnun Félagsvísindastofnunar um þróun búsetu á Íslandi, að margir telja skort á fjölbreytni í atvinnulífi og menningarlífi eina höfuðástæðu flutninganna. Fólki er ekki nóg að hafa einhverja vinnu. Það vill geta valið á milli starfa, vill geta átt kost á starfi við sitt hæfi.

Bent hefur verið á hve lítill hluti starfa við stóriðju henti konum sem eru nú drjúgur hluti þeirra sem flytja burt en bæði hv. þm. Bergljót Halldórsdóttir og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir fóru yfir málið út frá því sjónarhorni að þarna væri einvörðungu eða að allmestu leyti um að ræða karlastörf og hentuðu þar af leiðandi ekki konum að því er virtist. Mér þótti hæstv. iðn.- og viðskrh. draga upp ansi bjarta mynd af þeirri veröld sem Austfirðingar munu horfa á ef álver rís við Reyðarfjörð. Ég verð að segja eins og er að það eru miklar efasemdir í mínum huga að þannig líti veröldin út að lokinni byggingu þessa álvers ef af henni verður. Það var engu líkara en hæstv. ráðherra væri að tala um draumalandið, slík áttu áhrif þessarar framkvæmdar að verða og m.a. átti menntunarstig að aukast stórlega á svæðinu en ég áttaði mig reyndar ekki alveg á þeirri röksemdafærslu.

Ég held að það sé svo að þessi byggðaþáttur hafi verið blásinn svolítið upp. Þá ítreka ég að ég skil vel afstöðu þeirra Austfirðinga í málinu en spurningin er einfaldlega sú hvort við lítum á það sem nægileg rök fyrir því raski sem þessi framkvæmd mundi valda, m.a. á umhverfið. Við í Samfylkingunni höfum lýst því yfir að við erum tilbúin til að lúta því ef umhverfismat yrði jákvætt í þá veru þá séum við tilbúin að lúta því að styðja þessa framkvæmd en það er algert lykilatriði í huga okkar að fram fari áður mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum með þeirri málsmeðferð sem því fylgir þannig að allir sem eðlilegt sé geti notið andmælaréttar og að Skipulagsstofnun sé látin meta málið á endanum.

Síðan má velta því fyrir sér, herra forseti, hvort hæstv. ríkisstjórn horfi ekki um of til stóriðju í uppbyggingu sinni hvað varðar byggðastefnuna sem þeir reka og hvort ekki sé kominn tími að líta til fleiri átta. Ég vil í þeim efnum vísa til einnar greinar, sem var að finna á vef hagfræðinganna sem ég nefndi hér áðan, eftir Vilborgu H. Júlíusdóttur og er um sambúð ferðaþjónustu og stóriðju í ljósi hagvaxtar og gjaldeyristekna. Þar færir hún m.a. fyrir því rök að það sé kannski kominn tími til að líta til fleiri átta og veltir fyrir sér hvort íslenskt atvinnulíf gæti ekki blómstrað án frekari stóriðjuskrefa í bráð.

[20:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu að málið væri allt á mjög hæpnum grunni, þ.e. sú afstaða að umræddar virkjunarframkvæmdir væru undanþegnar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum vegna þess að þau lög gilda ekki aftur fyrir sig fremur en önnur lög.

Röksemd þingmannsins fyrir þeirri niðurstöðu að þessi forsenda væri á hæpnum grunni var að lögmenn deildu um hvort undanþáguákvæðið væri virkt gagnvart þessu máli, að lögmenn deildu um málið. Ég vil fyrst segja, herra forseti, að lögmenn deila um öll mál. Ég veit ekki um eitt einasta mál sem lögmenn deila ekki um þannig að það eru engin rök að segja að lögmenn deili um mál.

Í öðru lagi vil ég upplýsa hv. þm. um að það liggur fyrir skjalfest í hv. umhvn. erindi eða bréf frá skipulags-

stjóra ríkisins sem kveður upp úr með afstöðu embættisins þess efnis að umræddar framkvæmdir falli ekki undir lögin um mat á umhverfisáhrifum. **(Gripið fram í:** Síðan hvenær varð skipulagsstjóri guð, Kristinn?) Þetta liggur fyrir, afstaða skipulagsstjóra ríkisins. (Gripið fram í.) Hv. þm. segir að þeir sem komast að þessari niðurstöðu séu á hæpnum grundvelli með ályktun sína. Samt vill þingmaðurinn að skipulagsstjóri fái málið til meðferðar þegar hann er sjálfur búinn að vefengja trúverðugleika embættisins í málinu. Ég verð að biðja hv. þm. að rökstyðja betur ályktun sína og vefengingu á því að Fljótsdalsvirkjun heyri ekki undir málið en það er kjarni málsins.

[20:22]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni var ein röksemdin, sem ég benti á, að það væri umdeilanlegt hvort þetta stæði í raun á nægilega tryggum grunni lagalega og vísaði þar m.a. í konu sem ég tel hafa nokkuð mikið vit á þessum málum lögfræðilega séð en ég gerði það ekki að aðalatriði í máli mínu. Það var ein af röksemdunum. Aðalatriðið er að umhverfismatið samkvæmt lögunum frá 1993 og sú málsmeðferð sem því fylgir er það sem við höfum almennt látið gilda í slíkum málum og viðhorf manna til þessara umhverfismála hafa breyst mjög frá því að undanþága var veitt á sínum tíma.

Ég vil líka segja að skipulagsstjóri er enginn guð eins og einhver kallaði fram í áðan, honum er hins vegar treyst samkvæmt lögum til þess að fjalla um þetta mál og sama hvað mér finnst eða einhverjum öðrum um hann eða hvernig hann hefur komið að málum almennt, þá er þetta sá aðili sem við höfum falið að fjalla almennt um þessi mál og þess vegna er eðlilegt að hann fjalli um þetta mál líka. Ég tel að hvorki hann né nokkur annar geti í raun og veru eða sé til þess bær eða eigi að kveða upp úr með hvort undanþágur eigi við eða ekki. Rökin eru einfaldlega byggð á því fyrst og fremst að framkvæmdir á borð við þá sem hér er verið að ræða um fara í ákveðinn farveg og það er eðlilegt að þessi framkvæmd fari í þann farveg líka. Það er í raun eina leiðin til að leysa þær deilur sem upp eru komnar um þetta mál í þjóðfélaginu.

[20:24]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er sá að stjórnarflokkarnir og skipulagsstjóri ríkisins eru sammála um að lögin um mat á umhverfisáhrifum eru ekki afturvirk. Þess vegna hefur hv. þm. engin rök fyrir þeirri fullyrðingu sinni að vefengja þessa niðurstöðu og það er ekki gott, herra forseti, að þingmaður reyni að veikja mál sem hann er að gagnrýna með því að gefa í skyn að eitthvað sé á veikum grunni en hafa engin rök fyrir því. Hv. þm. er algerlega rökþrota í þessu.

Í öðru lagi greip hv. þm. til sömu röksemdafærslu í málinu með því að gera lítið úr byggðaáhrifum málsins. Hv. þm. sagði: Ég tel að byggðaáhrifin séu stórlega ofmetin. Með hvaða rökum er hv. þm. að setja fram þessa fullyrðingu? Við höfum fyrir okkur gögn sem meta áhrifin á þetta byggðarlag. Við vitum að það eru svo og svo mörg störf sem skapast sem þýðir svo og svo margir íbúar þegar allt er tekið til.

Við höfum líka eldri skýrslur um mat á byggðaáhrifum á þessu svæði, um að íbúum fjölgi um 47% ef álver yrði reist eins og þá stóð til árið 1990–1991 en það var að vísu aðeins stærra en það sem nú er rætt um. Þarna er um að ræða skýrslur stofnunar sem er til þess bær að gefa álit sitt á þessu efni. Hv. þm. kemur hér og segir: Ég tel þetta stórlega ofmetið. Með hvaða rökum, herra forseti? Þingmenn mega ekki vera í máli eins og þessu með svona dylgjur eða slúður. Menn verða að vera með rök ef þeir eru að vefengja opinberar stofnanir.

[20:26]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að stjórnarflokkarnir og skipulagsstjóri væru sammála og þar af leiðandi ættum við væntanlega bara að hunskast til þess, að hlýða þeim sem valdið hafa, eða hvað?

Herra forseti. Valdið er ekki einu sinni bara hæstv. stjórnarflokka og skipulagsstjóra jafnvel þó hann mundi nú koma inn í málsmeðferðina. Valdinu fylgir nefnilega líka sú skylda að hlusta á þá sem njóta andmælaréttar samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum og því í raun og veru sem fram kemur í slíkri málsmeðferð. Það er ákveðinn hluti af því réttarríki sem við búum við í dag og það er undan því sem hæstv. ríkisstjórn er að víkja sér. Hún er þá væntanlega að víkja sér undan þeirri málsmeðferð og það er það sem ég var að gagnrýna í ræðu minni með rökum, herra forseti, vegna þess að í ræðu minni komu fram rök fyrir því sem ég hélt fram. Reyndar voru þau ekki mjög mörg um það sem ég nefndi síðast varðandi byggðaþáttinn, ég skal viðurkenna það, vegna þess að ég hafði ekki tíma til að fara ítarlega ofan í það sem ég átti við þar.

En hvað varðar skýrslur sem gerðar hafa verið um byggðamál og um byggðavandann og, guð minn almáttugur, það hafa verið gerðar margar skýrslur um þau mál, það hafa verið samdar margar byggðastefnur og hvaða árangur hefur það borið? Það hefur bara margoft komið í ljós að slíkir draumórar eru oft og tíðum byggir á sandi og þeir draumar sem menn byggja sína byggðastefnu á reynast ekki raunhæfir þegar upp er staðið. **(Gripið fram í:** Og fer versnandi.) Og það fer versnandi, já. Það má vel vera, herra forseti, að ég byggi þessar dylgjur mínar eða slúður, eins og hv. þm. kallaði það, að einhverju leyti á tilfinningu en mér þykir ansi mikið í lagt þegar farið er að tala um að við byggingu álvers í Reyðarfirði muni menntunarstig stórlega aukast á svæðinu. Ég heyrði ekki hæstv. ráðherra flytja nein rök fyrir þeirri fullyrðingu og það má vel vera að þá hafi mér yfirsést í 600 blaðsíðunum þar sem röksemdafærslan er fyrir þessari tilfinningu hæstv. iðnrh.

[20:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er farinn að skilja þjáningar Samfylkingarinnar í þessu máli enda á hún erfiða fortíð og það heyrðist á ræðu hv. síðasta ræðumanns. En það var eitt eða tvö atriði sem ég vildi koma að sem kom fram í ræðu hennar, það var um arðsemi álversins.

Mér finnst það mjög hæpinn málflutningur þegar vitnað er í greinar, þó að þær séu eftir hagfræðinga, sem gefa sér forsendur fyrir fram og taka lægsta verð sem þeir finna og reikna út frá því og reikna dæmi þar sem forsendurnar vantar vegna þess að ekki er búið að semja um orkuverðið. Það er dæmi hvernig ríkissjónvarpið tekur á málinu að grein þessa hagfræðings var fyrsta frétt í ríkissjónvarpinu eitt kvöldið. Hún var ofar en allar aðrar heimsfréttir, grein sem er diktuð upp með forsendum sem eru ekki fyrir hendi.

Síðan voru náttúrlega mörg önnur atriði eins og byggðaþáttur málsins. Menn draga stórlega í efa að þetta sé nokkurt byggðamál. Ég lít reyndar á þetta númer eitt sem landsmál, númer tvö að byggðaþátturinn kemur til viðbótar. Síðan geta

menn talað um það alveg endalaust. En staðreyndin er sú að hingað til hafa öll stórfyrirtæki verið staðsett á þessu landshorni og ef það er byggðastefna þá veit ég ekki hvað byggðastefna er. Ef það er ekki byggðastefna að brjóta blað í þessu efni og koma þessu fyrirtækjum út fyrir suðvesturhornið, þá veit ég ekki hvað byggðastefna er.

Menn geta svo flutt ótal tillögur um byggðamál og barist á móti þessu máli.

[20:31]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi arðsemisútreikningana þá eru röksemdirnar í grein þessa ágæta manns nokkuð sannfærandi, það þótti mér a.m.k. Ég hef ekki heyrt nein rök sem hrekja það sem þarna er fullyrt, m.a. um að hækka þyrfti raforkuverðið um 40% eða 50% til að framkvæmdin geti farið borið sig. Í umræðunum hef ég ekki heyrt það hrakið eða aðrar forsendur gefnar sem gæfu betri niðurstöðu hvað þetta varðar.

Hvað er byggðastefna og hvað er ekki byggðastefna? Ég tók það fram í ræðu minni að ég hefði ekki frekar en nokkur annar patentlausnir til að leysa vandann í byggðaþróun í landinu. Það er vandi allra landsmanna. Ég vildi ítreka þá skoðun mína að þróunin er ekki bara vandi þeirrar byggðar sem flúið er frá. Ég var hins vegar að velta upp eins og fleiri hafa gert í umræðunum að líta mætti til fleiri þátta hvað þetta varðar. Ég sagði einnig, herra forseti, að ég teldi ekki rétt að búa til skýjaborgir í kringum þetta, t.d. að fullyrða að menntunarstig muni stórlega aukast á Austurlandi við þessa framkvæmd. Ég dreg ekki úr því að vissulega mun þessi framkvæmd hafa einhver áhrif fyrir byggðaþróunina en svona fullyrðingar um menntunarstigið þykja mér hæpnar.

[20:33]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom með plötu sem hefur verið spiluð í þessu máli í gegnum tíðina og er að verða dálítið slitin, að það eigi að líta til fleiri átta. Hún segir að ekkert hafi verið gert úti á landi og ekki verið litið nema í eina átt í þessum málum. Austfirðingar hafa byggt upp margar greinar. Austfirðingar hafa byggt upp sjávarútveginn, tæknivætt hann og byggt fiskvinnslustöðvar á hverjum einasta stað. Þrátt fyrir þá uppbyggingu hefur fólki fækkað.

Það hefur verið unnið í mörgum greinum, m.a. í ferðamálum, mikið og gott starf á Austurlandi. Það er gott mannlíf á Austurlandi og þess vegna er áhugavert fyrir fyrirtæki að setja þar niður starfsemi sína. Þar er umhverfi sem getur tekið við þessari starfsemi. Það er mergur málsins og hefur verið skoðað sérstaklega. Á borðum þingmanna liggja skýrslur um það sem innlegg í þetta mál.

Mér finnst hart þegar talað er um málið eins og ekkert hafi gerst á Austurlandi og með þessu eigi að rétta þeim ölmusu. Þetta er arðbær atvinnustarfsemi þrátt fyrir fullyrðingar um annað. Það kemur a.m.k. í ljós þegar samið hefur verið um orkuverð hvort hún er arðbær eða ekki. Ég ætla ekki að draga strik undir það fyrr en samið hefur verið. Enn hefur ekki verið samið en væntanlega mun gengið frá þeim samningum og ég vona að þeir samningar verði viðunandi.

En umræður um einhverja útreikninga sem byggja ekki á öðru en gefnum forsendum eins og mönnum hentar eru ekki innlegg í þetta mál.

[20:35]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir margt sem hv. þm. sagði í ræðu sinni. Ég reyndi einmitt að benda á það í ræðu minni áðan. Það hefur margt verið gert á Austurlandi. Þar er gott mannlíf og blómlegt en samt sem áður hefur byggðaþróunin verið mjög óhagstæð. Ég reyndi einungis að vara við því að menn búi til meiri væntingar en kannski er hægt að standa við þegar upp er staðið. Við þurfum að halda okkur á jörðinni og gera byggðaþáttinn ekki stærri en efni standa til. Ég nefndi þetta varðandi menntunarstigið sem hv. þm. hefur ekki séð ástæðu til að hrekja í andsvörum sínum.

Það er einmitt þetta. Margt hefur verið gert. Menn hafa bundið miklar vonir við ákveðnar áætlanir og skýrslur en samt sem áður hefur þróunin verið í þessa átt. Það er mjög varasamt að gera þennan þátt jafnstóran og mér hefur þótt talsmenn ríkisstjórnarinnar gera.

[20:37]

Útbýting þingskjala:

Verndun náttúruperlna, 202. mál, fsp. PHB, þskj. 235.

Þolmörk ferðamannastaða á hálendinu, 201. mál, fsp. PHB, þskj. 234.

[20:37]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Gegnum tíðina hefur tíðkast að gagnrýna einstaka ráðherra og stundum Alþingi, með réttu eða röngu, fyrir að svara tilviljunarkenndri umræðu í þjóðfélaginu með skyndiákvörðunum í tilteknum málum og með skammtímahagsmuni í huga, þar sem heildarsýn sem byggir á stefnumótun til lengri tíma skortir.

Í dag liggur fyrir Alþingi þáltill. um Fljótsdalsvirkjun þar sem lagt er fyrir þingið að staðfesta fyrri áætlanir um byggingu virkjunarinnar. Þessar áætlanir eru ekki byggðar á skyndiákvörðunum né með skammtímahagsmuni í huga. Þær eiga sér stoð í ákvörðunum Alþingis um stefnumótun í virkjanamálum allt frá árinu 1981. Virkjanaframkvæmdir eru þess eðlis að langur undirbúningstími er nauðsynlegur. Í greinargerð með þáltill. er gerð grein fyrir langtímaáætlunum og stefnumótun í virkjanamálum sem Alþingi hefur tekið ákvörðun um á undanförnum áratugum og liggja til grundvallar ákvörðunum um byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Að því verki hafa komið margir stjórnmálaflokkar og bæði núverandi og fyrrv. þingmenn.

Lítum á hverjir hafa verið í fararbroddi þegar stórar ákvarðanir í virkjunarmálum í Fljótsdal hafa verið teknar. Það hefur komið fram í dag að þetta er viðkvæmt mál fyrir ýmsa en ég tel nauðsynlegt að setja þetta í samhengi.

Árið 1981 þegar lög um raforkuver voru samþykkt og ákvörðun um byggingu Fljótsdalsvirkjunar var tekin sat samsteypustjórn Gunnars Thoroddsens við völd. Auk flokksbrots sjálfstæðismanna áttu framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn sæti í þeirri ríkisstjórn. Hjörleifur Guttormsson var iðnrh. með forræði í virkjanamálum eins og margoft hefur komið fram í dag. Steingrímur Hermannsson var sjútvrh. og samgrh. Sömu ráðherrar sátu í ríkisstjórn á árinu 1982 þegar gerður var samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um virkjanamál, er Landsvirkjun tók þar m.a. að sér að reisa og reka Fljótsdalsvirkjun, og ári seinna þegar lög um Landsvirkjun voru samþykkt.

Árið 1991 er Landsvirkjun fékk virkjanaleyfi vegna Fljótsdalsvirkjunar sat samsteypustjórn Steingríms Hermannssonar. Auk Framsfl. áttu Alþfl., Alþb. og Borgaraflokkur aðild að ríkisstjórninni. Þar vil ég sérstaklega nefna þáv. ráðherra og núv. hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sem gegndi embætti samgrh. og landbrh. Meðal ráðherra Alþfl. í þessari ríkisstjórn var núv. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Á árinu 1993 þegar meðvituð ákvörðun var tekin um að undanskilja Fljótsdalsvirkjun umhverfismati með setningu bráðabirgðaákvæðis II þegar lög um umhverfismat voru samþykkt átti Alþfl. sæti í ríkisstjórn og bæði iðnrh. og umhvrh. voru úr þeirra röðum.

Eftir að hafa rætt við fjölmarga hv. þm. sem voru á þingi þegar þessi lög voru samþykkt er ég ekki í vafa um að þessi ákvörðun var meðvituð hvað Fljótsdalsvirkjun varðar. Því til stuðnings bendi ég á að hafi ætlunin verið að láta Fljótsdalsvirkjun í umhverfismat hefði þurft að taka það sérstaklega fram við lagasetninguna, enda þau ekki afturvirk fremur en önnur lög. Meðal ráðherra Alþfl. í þeirri ríkisstjórn voru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Sighvatur Björgvinsson og Össur Skarphéðinsson. Þeir sem nú eru fremstir í flokki þeirra sem ráðast á Sjálfstfl. og Framsfl. fyrir að framfylgja virkjanastefnu síðustu tveggja áratuga eru með öðrum orðum þeir sömu og áttu sæti í ríkisstjórnum sem bera ábyrgð á mótun sömu stefnu. Undir yfirvarpi umhverfismats og umhverfisverndar berjast þeir hv. þm. gegn virkjanaáformum sem hv. þm. stóðu sjálfir fyrir.

Einn verðmætasti eiginleiki stjórnmálamanns er hæfni hans til að lesa í framtíðina og meta hvaða áhrif pólitískar ákvarðanir hafa á velferð samfélags okkar. Í ljósi þess mats tekur stjórnmálamaðurinn virkan þátt í að móta stefnu til framtíðar og fylgja henni eftir — ég legg áherslu á: fylgja henni eftir.

Þeir sem ég hef nefnt hér fá ekki háa einkunn á þessum mælikvarða. Það að skipta um pól í einu mikilvægasta byggða- og velferðarmáli Íslendinga síðari tíma ber ekki vott um trúverðugheit og lái mér hver sem vill að hafa þá skoðun. Eða eigum við von á að þeim sem lýst hafa sinnaskiptum sínum í þessu máli skjátlist jafnmikið í dag um framtíðina 6, 8 eða 18 ár fram í tímann, eins og þeir hafa lýst röngu mati sínu á þessu máli fyrir 6–18 árum síðan.

Þáltill. sem hér er til umfjöllunar er lögð fram til að staðfesta vilja Alþingis til að virkja á Jökulsá í Fljótsdal. Ríkisstjórninni ber engin skylda til að leggja fram þáltill. sem þessa. Öllum lögformlegum skilyrðum til að byggja virkjunina hefur þegar verið fullnægt. Í því sambandi vil ég benda á að árið 1991 þegar Landsvirkjun stóð að undirbúningi að Fljótsdalsvirkjun vegna samninga við Atlantal-hópinn var almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir við byggingu Fljósdalsvirkjunar í samræmi við gildandi lög á þeim tíma.

Ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun er pólitísk. Undan þeirri ákvörðun getur enginn stjórnmálamaður skotið sér. Því fagna ég því tækifæri sem Alþingi gefst nú til að staðfesta þá virkjunarstefnu sem unnið hefur verið eftir á undanförnum árum.

Umræða og deilur síðustu mánaða hafa snúist um hið svokallaða lögformlega umhverfismat. Í ljósi þess eru niðurstöður skoðanakönnunar sem kynntar voru í gær athyglisverðar. Þar kemur fram að 8 af hverjum 10 landsmönnum telja sig ekki vita hvað felst lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt ferli lögformlegs umhverfismats á skipulagsstjóri að úrskurða, að teknu tilliti til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum, hvort leyfa eigi tiltekna framkvæmd eða ekki. Úrkurði skipulagsstjóra má síðan vísa til umhvrh. til endanlegrar ákvörðunar og getur umhvrh. kveðið upp rökstuddan úrskurð að fenginni umsögn hlutaðeigandi aðila. Vegna þess hve skiptar skoðanir hafa verið í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun tel ég að sú ákvörðun, að staðfesta vilja Alþingis með samþykkt þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir, hafi verið rétt. Slík umdeild ákvörðun á að vera á ábyrgð Alþingis sem heildar en ekki liggja á herðum einstakra embættismanna eða ráðherra, sama hve ágætir og staðfastir þeir eru. Það mætti taka til athugunar við þá endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem nú stendur yfir.

Sterk krafa hefur verið um það frá ýmsum aðilum að Fljótsdalsvirkjun fari í gegnum ferli svokallaðs lögformlegs umhverfismats á umhverfisáhrifum í samræmi við lög þess efnis sem samþykkt voru á árinu 1993. Þessi krafa kemur fram þrátt fyrir að virkjunin hafi farið í gegnum það lögformlega ferli sem þágildandi lög kváðu á um þegar virkjunarleyfið var gefið út á árinu 1991.

Ég sagði áðan að krafa ýmissa um lögformlegt umhverfismat væri yfirvarp. Ég mun rökstyðja þá skoðun mína. Margir sem setja fram þessa kröfu tala um að hún sé leið til sátta í málinu og á það jafnt við um þingmenn Samfylkingarinnar og vinstri grænna. Afstaða Samfylkingarinnar til virkjanamála almennt hefur mér reyndar virst fremur óljós og hafa þeir í dag eins og áður skýlt sér bak við kröfuna um lögformlegt umhverfismat. Þeir eru ekki tilbúnir að gefa yfirlýsingu um hvort þeir muni taka lýsið þó það sé hollt fyrr en þeir eru búnir að fá súkkulaði á undan.

Vinstri grænir hafa hins vegar algerlega afhjúpað tvískinnung sinn í þessu máli. Í umræðum um þáltill. um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar fyrr í haust lýstu þeir því yfir að þeir mundu una niðurstöðu lögformlegs umhverfismats en tilkynntu jafnframt þegar á þá var gengið að burt séð frá niðurstöðu slíks umhverfismats mundu þeir lýsa andstöðu við byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Jafnframt kom fram í máli þeirra að þeir væru alls ekki á móti virkjunum á Austurlandi. Hvernig ber að skilja þetta? Það mætti halda að lausn vinstri grænna í virkjunarmálum væri að virkja bæjarlækina í Fljótsdal til heimilisiðnaðar. Það er alla vega ljóst að það er ekki hægt að kalla þetta sáttaleið. Í mínum huga leiða sættir til niðurstöðu í tilteknu máli, endanlegu samkomulagi um málalok en ekki nýjan málatilbúnað.

Niðurstaða mín er því sú að málið snúist fyrst og fremst um virkjanamál og það styður þá ákvörðun að leggja fram þá þáltill. sem nú er til umræðu og leita eftir afstöðu þingsins hvort halda eigi áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun eða afturkalla virkjanaleyfi Landsvirkjunar vegna virkjunarinnar.

Í umræðum um virkjanamál á Austurlandi hefur mikið verið rætt um áhrif framkvæmda á náttúruna og umhverfi og er bent á fegurð svæðisins, gróður og dýralíf í því sambandi. Ég geri ekki lítið úr þeim rökum. Hins vegar hefur minna farið fyrir þeim þætti náttúruverndar sem snýr að mannvernd í umfjöllun um virkjanamál á Austurlandi. Í greinargerð með þáltill. er birt skýrsla Nýsis hf. þar sem fjallað er um samfélagsleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á Austurlandi. Þar er afar greinargóð lýsing á samfélaginu eins og það er í dag og lýst þróun undanfarinna ára. Um leið er gerð grein fyrir

þeim áhrifum sem fyrirhugaðar framkvæmdir koma til með að hafa á samfélagið.

Á sl. þremur áratugum hefur mannfjölgun á Austurlandi verið 1,2% á sama tíma og landsmönnum hefur fjölgað um 30%. Miklar breytingar í atvinnulífi hafa átt sér stað á svæðinu á undanförnum árum. Með tæknivæðingu, sjálfvirkni og aukinni hagræðingu t.d. í fiskiðnaði, landbúnaði, byggingarstarfsemi og tengdum greinum hefur atvinnutækifærum fækkað sem ný atvinnustarfsemi hefur ekki náð að bæta upp. Á undanförnum hafa tæplega 100 fleiri flust úr fjórðungnum á ári hverju en hafa flust þangað og er nú svo komið að á árinu 1998 voru brottfluttir 230 fleiri en aðfluttir. Ungt fólk, sérstaklega ungar konur, hafa flust í burtu og er aldurshópurinn milli tvítugs og þrítugs fremur fámennur, svo og yngsti aldurshópurinn innan við fjögurra ára aldur. Að óbreyttu er því spáð að þessi þróun muni halda áfram.

Austfirðingum er mikið í mun að verði af áformum um stóriðju á Austurlandi. Þeir binda vonir við stóriðju til að skapa fjölbreytni í atvinnulífi en áhrifa álvers og virkjunar mun gæta í atvinnulífi langt út fyrir þá starfsemi. Á meðan er samfélagið í biðstöðu og verði ekki af stóriðju og virkjunarframkvæmdum er auknu niðurbroti samfélagsins á svæðinu spáð.

Fljótsdalsvirkjun og bygging álvers í Reyðarfirði mun tvímælalaust hafa jákvæð áhrif á samfélagið á Austurlandi og landið allt. Þjóðhagsstofnun hefur spáð því að með fyrsta áfanga byggingar álvers á Austurlandi muni landsframleiðsla aukast varanlega um 1,4% en 4% ef farið verði í annan áfanga byggingar álvers sem þýðir aukna velferð í landinu sem mun tvímælalaust skila sér í auknum möguleikum á launahækkunum hjá launamönnum. Til frambúðar mundu skapast hundruð nýrra hálaunastarfa við álver og aðra atvinnustarfsemi í samfélaginu samhliða eða í kjölfar Fljótsdalsvirkjunar og byggingu álvers.

Tilkoma álvers mundi renna styrkari stoðum undir samfélagið í heild, leiða til bættra launakjara vegna aukinnar samkeppni um vinnuafl, aukinnar fjölbreytni í starfi, aukins stöðugleika í framboði atvinnu, betri afkomumöguleika þjónustufyrirtækja, betri nýtingu opinberrar starfsemi og opinberrar þjónustu og aukinnar menningarstarfsemi. Að öllu samanlögðu er enginn efi í mínum huga á að bygging Fljótsdalsvirkjunar og um leið bygging álvers á Austurlandi sé ákvörðun sem taka þarf. Þá ákvörðun verður að taka með mannvernd að leiðarljósi en gæta verður að sjónarmiðum náttúruverndar við allar framkvæmdir til að minnka og bæta skaða á umhverfinu eins og kostur er.

[20:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. ræðumaður hafa tekið þau „vísindi" sem fyrir menn er verið að leggja með þessum þykku bunkum, ákaflega fyrirvaralítið, verð ég að segja. Þegar vitnað er t.d. í hver líkleg áhrif af þessari fjölgun heföbundinna karlastarfa á Austurlandi kunni að verða, þá er kannski rétt að hafa í huga stöðuna einmitt í þeim efnum í landshluta þar sem akkúrat ekki skortir slík störf heldur þvert á móti vantar vinnuafl. Ekki síst vantar iðnmennað fólk til Austurlands, því miður, og konur hafa flutt úr fjórðungnum. Er álver líklegasta beitan fyrir það fólk til að flytja til baka í þennan byggðahluta?

Varðandi byggðaáhrifin að öðru leyti held ég að menn ættu að lesa mat þróunarsviðs Byggðastofnunar sem er fullt af fyrirvörum og er í raun upptalning á því sem ekki hefur verið rannsakað og skoðað en þurfi að greina áður en hægt verður að segja nokkuð marktækt um það hver líkleg áhrif verði. Það eru hér a.m.k., herra forseti, margir fyrirvarar sem rétt er að muna eftir áður en við leggjum trúnað bara á það jákvæða sem gæti gerst, gott og vel, en er ekki trygging fyrir að verði og er ekki í hendi.

Varðandi þjóðhagslegu forsendurnar þá hef ég undrast það að í öllum tilvitnunum í Þjóðhagsstofnun hafa menn alveg sleppt því að nefna sjálfa grundvallarfyrirvarana í inngangi að skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Hverjir eru þeir? Það stendur, með leyfi forseta:

„Það ber að taka fram að hér er ekki um mat á rekstrarlegri né heldur þjóðhagslegri arðsemi þessara verkefna að ræða, t.d. er ekki lagt mat á hagnað af orkusölu til viðkomandi stóriðjufyrirtækja og ekki er tekið tillit til kostnaðar vegna umhverfisáhrifa."

Það eina sem Þjóðhagsstofnun hefur metið eru líkleg áhrif af þessari innspýtingu fjármagns til skamms tíma litið inn í hagkerfið, ekkert annað. Menn verða því að fara varlega í að vitna í þessar stofnanir og sleppa því svo að lesa þá fyrirvara sem þær sjálfar setja.

[20:53]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo með lífið að það þarf alltaf að taka ákveðna áhættu. Ég hef lesið þessi gögn og ég hef lesið mörg gögn um þetta mál núna í haust og í sumar.

Ég hef líka farið austur og hlustað á raddir fólksins. Ég hef ekki bara hlustað á raddir náttúrunnar. Ég hef líka hlustað á raddir fólksins. Það kemur m.a. fram í viðræðum sem ég átti við þetta fólk að það kallar á þessa virkjun. Ég er sannfærð af þeim viðræðum sem ég hef átt við þetta fólk og þeim skýrslum sem ég hef lesið að virkjun og álver á Austurlandi mun setja styrkar stoðir undir samfélagið þar. Það er líka alveg ljóst að samfélagið fyrir austan hefur bolmagn til þess að taka á móti aukinni starfsemi. Fullt af fólki hefur flust þaðan. Það hefur verið lögð niður atvinnustarfsemi. Það hefur verið ákveðin hagræðing. Þetta samfélag hefur því töluvert bolmagn.

Hv. þm. talar um að það vanti iðnmenntað fólk. Ég gat ekki annað lesið í þessari skýrslu en að þarna væri einmitt töluvert af iðnmenntuðu fólki og að töluvert af iðnmenntuðu fólki hefði farið þaðan. Það er svo að fólk sem hefur áhuga á að breikka sinn bakgrunn og sinn vettvang leitar þangað sem nýjungarnar eru. Ég er því ekki í nokkrum vafa um að þegar álver og virkjanir koma í framkvæmd, þá muni einnig iðnmenntað fólk í auknum mæli leita þangað.

Ég ætla að geyma það að svara þessu um konur þangað til á eftir.

[20:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef, held ég, í öllum þessum umræðum, skrifum og öðru aldrei látið mér detta það í hug að neita því að framkvæmdir af þessari stærðargráðu hafi tímabundin staðbundin áhrif. Það er auðvitað alveg ljóst. Það liggur alveg í hlutarins eðli og reynslan annars staðar af landinu sýnir það.

Það er miklu meira álitamál hvað situr eftir þegar frá líður og hvort þau jákvæðu áhrif og margfeldisáhrif til lengri tíma litið skapist sem oft er sagt við okkur að verði. Hvað eru mikil umsvif eftir á Norðurl. v. vegna Blönduvirkjunar og framkvæmdanna sem hún skapaði tímabundið í fjórðungn-

um? Þau eru ekki mjög mikil. (**Gripið fram í:** Það vantar álver.) Þá geta menn sagt að það vanti álver.

Ég vil taka það fram að ég skil þá forustumenn Austfirðinga ósköp vel sem gengnir eru upp að hnjám í sinni erfiðu varðstöðu í byggðamálum og ég skil að þeir vilji trúa öllu því góða sem haldið er að þeim í tengslum við þetta mál. Það er mannlegt og það er eðlilegt þegar menn eru í erfiðri stöðu eins og þeir hafa verið, að trúa því að þetta geti gerst. En er það ekki dálítið vegna þess líka, herra forseti, að málinu hefur verið stillt þannig upp að það sé þetta eða ekkert, að það sé álver eða dauði? Þannig er málflutningurinn þó að menn reyni að segja annað. Þegar verið er að ráðast á þá sem hafa uppi varnaðarorð og gagnrýna, hvað er þá sagt? „Ef þið viljið ekki þetta, hvað þá?" Með gagnályktun: Álver eða ekkert. Það er þannig. Þetta eru nauðhyggjurök manna sem eru sjálfir hugmyndalausir og geldir og það er auðvitað ríkisstjórnin fyrst og fremst. Hvað hefur hún haft fram að færa uppbyggilegt í byggðamálum á undanförnum árum sem hefur skilað einhverjum árangri? Nú ætlar hún að kaupa sér fjarvistarsönnun frá eigin aumingjaskap í byggðamálum með því að selja mönnum þetta sem eitthvert innlegg í almennan atvinnu- og byggðavanda landsbyggðarinnar. Það er bara ekki þannig. Þannig ganga hlutirnir ekki fyrir sig. Ég held að menn eigi að horfast í augu við þetta. Er líka hægt að nálgast umræðuna þannig að bjóða bara upp á eitthvað og segja við þá sem gagnrýna: „Ef ekki þetta, hvað þá? Hvað vilt þú þá?"

[20:57]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi svarað sér sjálfur með tilvísun í Blönduvirkjunina. Það er ljóst að rafmagnið sem kemur frá Blönduvirkjun fer á aðra staði en þann sem virkjað var. Það sem þarf að fylgja virkjun er starfsemi. Þannig getum við tryggt varanleg áhrif af þeim framkvæmdum sem þarna fara fram.

Það er ekki eingöngu niðurstaða Nýsis eða annarra sem hafa skoðað áhrif virkjana og álvers á samfélagið fyrir austan heldur er það almenn niðurstaða, að fyrir hvert eitt starf í álveri, gróft á litið, verður til annað starf samhliða og þau störf munu ekki síður styrkja konur í þessum landsfjórðungi.

Mér finnst líka einkennilegt ef gengið er út frá því að störf í álveri séu eingöngu fyrir karla. Þó að starfsvalið hafi hingað til verið í þá veru þá get ég ekki séð að við þurfum að gefa okkur til framtíðar að þarna verði eingöngu karlastörf til staðar.

[20:59]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum á þessum degi sérstakt en merkilegt mál. Hér liggur fyrir till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Það er eðlilegt að ýmsir velti því fyrir sér hvaða tilgangi það þjónar að leggja slíka þáltill. fyrir Alþingi. Fyrir því hafa verið færð, að mínu mati, fullgild rök að í raun sé þessi þáltill. óþörf. Fyrir liggja allar þær heimildir sem þörf er á til þess að halda áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun.

Hæstv. iðnrh. hefur fært fyrir því rök að með framlagningu tillögunnar sé verið að koma til móts við þá umræðu sem átt hefur sér stað í samfélaginu. Á bls. 2 í grg. með þáltill. segir, með leyfi forseta: „Þá er og á þennan hátt tryggð aðkoma almennings að málinu því að almenningi gefst nú kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingnefndina við hina þinglegu meðferð málsins."

Hér er hreyft mikilvægu máli sem mjög hefur verið haldið á lofti af hjá þeim sem vilja fara aðrar leiðir í meðferð þessa máls. Ég vil í þessu sambandi rifja upp ummæli fyrrv. umhvrh. frá 11. júní 1998. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að Fljótsdalsvirkjun færi í farveg þann sem lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir.

Á þessu stigi vil ég lýsa því yfir að þann dag var ég sammála fyrrv. umhvrh. Ég tel að ef ríkisstjórnin hefði hlýtt á umhvrh. sinn þá hefði verið möguleiki á því að ná samkomulagi við Landsvirkjun um að fara þá leið. Því miður var það ekki gert og það hefur valdið því að ýmsir virkjunarandstæðingar hafa nýtt stöðuna sem komið hefur upp í framhaldinu.

Stjórnvöld bera að mínu viti töluverða ábyrgð á því hvernig þetta mál hefur þróast. Stjórnvöld hafa gert nokkur mistök eins og þau sem ég nefndi áðan, að hlusta ekki á fyrrv. umhvrh. Þess vegna hefur virkjunarandstæðingum m.a. gefist tækifæri til að nota orðalag sem virkar býsna sakleysislega og hljómar sanngjarnt. Þeir tala um að virkjunin eigi að fara í lögformlegt umhverfismat. Hver vill ekki fara að lögum?

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp niðurstöðu úr skoðanakönnun sem kynnt var í gær. Þar kemur m.a. kemur fram, varðandi hið fræga orðalag „lögformlegt umhverfismat" að nær 80% landsmanna vita lítið eða ekkert um hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hvað segir þetta? Jú, þetta segir að fólk, sem m.a. tekur nú þátt í einum þætti þeirrar miklu leiksýningar sem verið hefur í gangi nú um allt of langan tíma, þ.e. sérkennilegri undirskriftasöfnun sem nú stendur yfir, virðist skrifa undir eitthvað sem a.m.k. ekki allir eru algerlega með á hreinu hvað þýðir.

Ég sagði að þetta væri merkileg og á margan hátt sérstök undirskriftasöfnun. Í því sambandi bendi ég á að nú er farin nokkuð nýstárleg leið í að safna nöfnum. M.a. er boðið upp á að hringja í ákveðið símanúmer og pikka síðan inn kennitölur. Þetta minnir nokkuð á ýmsar kennitölusafnanir sem fram hafa farið en í blaðaviðtali, þegar framkvæmdastjóri söfnunarinnar er spurður út í þetta, segir hann m.a. að kennitöluaðferðin við undirskriftirnar sé ekkert tortryggileg. Hann bætir við, með leyfi forseta:

„Öll svona undirskriftasöfnun sem staðið hefur verið fyrir hér á landi, Varið land þar með talið, hefur verið óvarin fyrir möguleika á misnotkun. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að maður fari út í búð og skrifi þar nafn og heimilisfang annars manns eða jafnvel skáldi upp nafn, heimilisfang og kennitölu. Þannig hefur það alltaf verið. Það eru bara hinar lögformlegu kosningar þar sem hvert atkvæði er skoðað sem geta talist 100% öruggar. Þess vegna er lítill munur á því að stimpla inn kennitölu og að fara út í búð og skrifa eitthvert nafn á lista."

Hér talar framkvæmdastjóri söfnunarinnar og skilji nú hver á sinn hátt. Taki nú hver mark á söfnuninni sem vill. Ábyrgð þeirra sem fyrir henni standa, í ljósi þeirrar niðurstöðu sem fram kom í skoðanakönnuninni sem ég vitnaði til áðan, er að sjálfsögðu mikil. Því fylgir mikil ábyrgð að beita þrýstingi til að láta fólk skrifa undir það sem það veit ekki hvað þýðir.

Ég sagði áðan að ég hefði verið sammála fyrrv. umhvrh. þann 11. júní 1998 þegar hann lýsti vilja sínum til að Fljótsdalsvirkjun færi í mat á umhverfisáhrifum. Ýmsir fleiri voru þeirrar skoðunar og ég vil í því sambandi benda á bæjarstjórn Austur-Héraðs. Í fylgigögnum með þáltill. kemur m.a.

fram að 6. október 1998 hafi sveitarstjórn Austur-Héraðs samþykkt eftirfarandi:

„Sveitarstjórn Austur-Héraðs telur nauðsynlegt að fram fari lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar."

Síðan hefur ýmislegt gerst og hin sama sveitarstjórn bókaði síðar eftirfarandi: „Bæjarstjórn lýsir stuðningi sínum við virkjum norðan Vatnajökuls enda verði orkan nýtt til uppbyggingar atvinnulífs á Austurlandi." Hér hefur augljóslega orðið breyting á, enda ekki skrýtið vegna þess að margt breytist á skemmri tíma en þarna leið á milli.

Ég vil víkja aftur að skoðanakönnun sem kynnt var í gær og hefur að því er virðist komið nokkrum á óvart. Þar voru meginniðurstöður þær að Íslendingar eru almennt jákvæðir gagnvart stóriðju. Í öðru lagi er mikill meiri hluti hlynntur vatnsaflsvirkjunum þrátt fyrir að þeim fylgi oft röskun af völdum miðlunarlóna. Helmingur landsmanna er hlynntur álveri í Reyðarfirði og meiri hluti þeirra sem afstöðu taka er fylgjandi virkjun í Fljótsdal. Stuðningur við stóriðju almennt, álver í Reyðarfirði og virkjun í Fljótsdal, er verulegur eða mikill í röðum kjósenda Samfylkingarinnar. Þar kemur fram aðgreining milli kjósenda stjórnmálaflokka með tilliti til afstöðu þeirra og að því leyti kemur þessi niðurstaða mér ekki á óvart.

Hins vegar er einnig athyglisvert að lítill sem enginn munur er á viðhorfum fólks eftir landshlutum. Sú niðurstaða sem ég ræddi um áðan, og er kannski athyglisverðust, um hin 80% sem lítið eða ekkert vita hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum, er auðvitað sérlega athyglisverð í ljósi orða sem hv. þm. hafði hér áðan: Þjóðin trúir á lögformlegt umhverfismat, sagði hann. Ja, betra er að ei sé satt því eigi er gott að trúa á það sem maður ekki veit um.

Nokkuð hefur verið rætt um hina almennu umræðu í samfélaginu varðandi þetta mál. Ég vil taka eitt lítið dæmi vegna þess að í einum fjölmiðli nú fyrir helgi sagði í frétt: „Stjórnarandstaðan segist ekki sætta sig við að þeir sem standi að byggingu Fljótsdalsvirkjunar leggi fram skýrslu um umhverfisáhrif virkjunarinnar því að slíkt geti ekki talist hlutlaust."

Ég bið hv. þm. að setja þetta í samhengi við umrædd 80%. *Hér hefur fréttamaður eftir einhverjum í nafni stjórnarandstöðunnar.* Síðan er bætt við:

„Stjórnarandstaðan hefur ítrekað að fylgja verði landslögum um lögformlegt umhverfismat vegna Fljótsdalsvirkjunar og ekki sé hægt að ganga út frá mati þeirra sem eiga beinna hagsmuna að gæta í málinu."

Enn er vitnað í stjórnarandstöðu. Enn bið ég hv. þm. að hlýða á þetta í samhengi við þekkingu 80% landsmanna. Þá kemur væntanlega í ljós heimildin fyrir því sem fréttamaðurinn er að fara með. Í lok fréttarinnar segir einn hv. þm.:

„En það breytir ekki því að lögformlegt umhverfismat, eins og það er túlkað í lögunum, er gert af óháðum aðila og við viljum að þessi virkjum sæti sömu meðferð og aðrar framkvæmdir í framtíðinni, að hún fari í þetta lögformlega umhverfismat og það verði ekki gert af þeim aðila sem virkjar. Því miður er þetta dæmi ekki einsdæmi því að svo mikið hefur verið um það að svona hafi verið um þessi mál fjallað."

En hvað er það sem skiptir þá meginmáli í þessu? Að sjálfsögðu eru það þau áhrif sem virkjun og álver mun hafa ekki bara á Austurlandi heldur landinu öllu. Okkur ber að sjálfsögðu að líta á þetta mál í heild sinni. Það er ekki hægt að skoða virkjunina eina og einangraða. Hana ber að sjálfsögðu að tengja við álverið. Þess vegna er afar hæpið að ætla að bíða eftir því ferli sem ógert er ef farið væri með þetta mál í farveg laganna um mat á umhverfisáhrifum. Þá er allsendis óvíst að orkukaupandi verði til staðar. Þar með væri stuðningur minn við virkjun horfinn vegna þess að að sjálfsögðu er meginforsenda þess að ég styð virkjunarframkvæmdir sú að við getum tryggt orkusölu. Orkusala verður ekki í þessu tilfelli nema kaupandi sé tryggður.

Herra forseti. Þetta mál er ekki nýtt. Það hefur æðioft komið við sögu, bæði hér í þingsölum og eins í samfélaginu. Þetta mál var töluvert mikið í umræðu í kringum árin 1990 og 1991. Ég var svo heppinn að vera þá á öðrum vettvangi sem kom að þessu máli og málum sem því tengjast. Þá var barist fyrir því að fá Fljótsdalsvirkjun byggða en hins vegar var erfiðara að fá álver eða stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi. Í viðtali frá því í ágústmánuði 1990 er sagt frá samþykkt í þingflokki þess stjórnmálaflokks sem ég var og er í, þ.e. þingflokkur Alþb. fjallaði um staðsetningu álvers en þar segir að staðsetningu álvers verði að haga þannig að af því hljótist ekki byggðaröskun. Það er alveg ljóst að Alþýðubandalagið leggur á þetta höfuðáherslu, er haft eftir þáv. landbrh. (**Gripið fram í:** Hver var landbrh.?) Það var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Einnig er haft eftir þeim hv. þm. sama ár að hann telji að Eyjafjörður og Keilisnes séu óheppilegir kostir varðandi staðsetningu álvers. Hann bendir hins vegar á Austurland sem heppilegan landshluta og að eyfirsk fyrirtæki gætu sótt verkefni þangað í tengslum við álver.

Að sjálfsögðu er hér bent á afar mikilvægan þátt, þ.e. tengsl Norðurlands við það að staðsetja álver á Austurlandi. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði áðan. Að sjálfsögðu skipta byggðamálin mestu í þessu sambandi. Um þau snýst þetta mál fyrst og fremst.

[21:15]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. þm. um að hann sé stuðningsmaður þessa máls sem hér liggur fyrir af þeim ástæðum sem hann rakti. En aðeins vegna þess að hv. þm. sagðist hafa verið sammála fyrrv. hæstv. umhvrh. í júlí 1998 um að þá hefði verið rétt að setja málið í mat á umhverfisáhrifum. Ég hélt af þeirri greinargerð sem hér liggur fyrir að það ætti að vera öllum hv. þm. alveg ljóst að það er ekki hlutverk einstakra hv. þm. að ályktа í þessum efnum sérstaklega og lýsa vilja sínum í þeim efnum vegna þess að það hefur ekkert með það að gera hvort málið fer í mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Sú eina ákvörðun sem getur breytt því að málið fari í mat á umhverfisáhrifum er annars vegar ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar eða ákvörðun Alþingis. Alþingi eitt getur tekið þessa ákvörðun með lögum frá þinginu. Till. til þál. sem var hér til umfjöllunar á sínum tíma — hæstv. umhvrh. lýsti yfir afstöðu sinni þá til málsins — hafði ekkert með það að gera hvort þetta mál færi í mat á umhverfisáhrifum eða ekki, einfaldlega vegna þess að til þess að það geti gerst þarf að taka virkjunarheimildina af Landsvirkjun og ákveða með lögum frá þinginu að málið skuli sett í þann farveg. Og um leið og það gerist skapar það ríkissjóði skaðabótaábyrgð gagnvart fyrirtækinu. Þá mun það kosta ríkissjóð a.m.k. 3 milljarða kr., ef ekki meira, því það er hægt að reikna með ýmsum hætti, þ.e. þær skaðabætur sem þá gætu komið til, m.a. hugsanlega í töpuðum

tekjum fyrirtækisins af framkvæmdinni. Það er því ákvörðun Alþingis eins að setja þetta mál í mat á umhverfisáhrifum.

[21:17]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um að hæstv. iðnrh. hafi misskilið mig að einhverju leyti. Ég vildi koma því á framfæri varðandi ummæli fyrrv. umhvrh. að ég teldi að það hefði verið hægt á þeim tíma að skoða þennan möguleika vegna þess að hugsanlega hefði verið nægur tími þá til þess að framkvæma matið eftir þessari leið.

Ég tók það hins vegar fram að það hefði þurft að gerast í fullu samráði við og með samþykki Landsvirkjunar. Ég er að því leytinu til sammála hæstv. iðnrh. að væntanlega hefði þurft lagabreytingar á hinu háa Alþingi til þess að framkvæma þetta. En á þeim tíma hefði hugsanlega verið tími til þess. Hins vegar er ljóst eftir yfirlýsinguna frá 29. júní sl. að það er verið að setja málið allt á byrjunarreit eða jafnvel aftur fyrir hann með því að setja það í þetta ferli nú. Þess vegna ítreka ég að það er ekki tími til þess nú að fara þá leið. En þegar fyrrv. umhvrh. benti á þessa leið hefði verið hugsanlegt að ná sáttum við Landsvirkjun, hugsanlega með því að fara með málið gegnum hið háa Alþingi.

[21:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tvær stórar umfangsmiklar skoðanakannanir hafa verið gerðar þar sem íslenska þjóðin hefur verið spurð hvort hún vilji að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat. Í báðum tilvikum var yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fylgjandi þessu. Þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar voru þessu fylgjandi. (**Gripið fram í:** Úrtaksins.) Þrír fjórðu hluta úrtaksins voru þessu fylgjandi. Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um skoðanakannanir í dag og það er ágætt. Og við skulum þá bara leggja rétt út af þeim. Yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar samkvæmt skoðanakönnunum er á því máli að Fljótsdalsvirkjun beri að fara í lögformlegt umhverfismat. Nú bregður svo við að baráttusamtök fyrir virkjun og álveri fyrir austan láta gera fyrir sig skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun framkvæmir. Þar er þessarar spurningar ekki spurt. Þar er þjóðin sett í próf og spurð: Hvað þýðir lögformlegt umhverfismat? Við höfum fengið að vita það í dag að ríkisstjórnin hefði öll fallið á því prófi. Hún gerir sér ekki grein fyrir því hvað lögformlegt umhverfismat þýðir. Það hefur þessi umræða í dag sýnt og leitt í ljós þannig að þessi túlkun á skoðanakönnunum og vilja þjóðarinnar er algerlega út í hött og ég frábið mér það að menn séu að reyna að gera lítið úr undirskriftasöfnun á vegum almennings, gera lítið úr þeim tilfinningum sem búa þar að baki. Ég er búinn að hitta fjölda manns sem eru að leita eftir undirskriftalistum til að geta sett nafn sitt þar niður. Við skulum varast að gera lítið úr þessum lýðræðislega vilja og þeim tilfinningum sem þar búa að baki. (**Gripið fram í:** Ertu með lista á þér?)

[21:21]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér vitnaði hv. þm. Ögmundur Jónasson í tvær skoðanakannanir varðandi spurninguna um hvernig fólk hefði svarað því hvort það vildi að Fljótsdalsvirkjun færi í lögformlegt umhverfismat. Það var nákvæmlega þetta orðalag sem ég var áðan að reyna að benda á og reyndi að færa nokkur rök fyrir hvernig og hvers vegna fólk hefði hugsanlega svarað á þennan hátt.

Það má einnig benda á að aldrei hefur þjóðin verið spurð í þessu samhengi hvaða skoðun hún hefur á byggðaáhrifum Fljótsdalsvirkjunar. Það hefði verið býsna athyglisvert. En vegna þess að hv. þm. sagði að ég hefði verið að gera lítið úr undirskriftasöfnun, þá er ég ekki viss um að það hafi aðallega verið mín orð sem þannig virkuðu á hv. þm. Ég held að ég hafi aðallega verið að lesa tilvitnun í blað þar sem framkvæmdastjóri söfnunarinnar var að lýsa ýmsum þáttum hennar. Ég verð að segja, hv. þm., að sú lesning hafði að vísu svipuð áhrif á mig og hv. þm. vegna þess að það var augljóst að þar var a.m.k. ýjað að því að hér væru hugsanlega ýmsar leiðir til þess að fjölga nöfnum.

[21:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að ég hafi misskilið hv. þm. og ef svo er, þá er það hið besta mál. En ég vil velta því upp hver kunni að vera skýringin á því að yfirgnæfandi meiri hluti íslensku þjóðarinnar vill að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat. Hver er skýring á því að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga krefst þess að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat? Ég held að skýringin sé sú að fólk vilji vönduð vinnubrögð. Fólk vill tryggja vönduð vinnubrögð. Fólk vill í fyrsta lagi að farið sé að landslögum en fólk vill að menn vandi til verkanna í þessu efni og hrapi ekki að niðurstöðum. Þetta held ég að sé skýringin á því að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga, þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar, krefjast þess að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat.

[21:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. veltir fyrir sér skýringum á niðurstöðum úr skoðanakönnun. Eins og ég sagði áðan þá taldi ég mig gefa nokkuð gild rök fyrir því að það þyrfti a.m.k. að taka þar ýmislegt með fyrirvara. Ég held hins vegar að það sé rétt tilgáta hjá hv. þm. að fólk vilji að farið sé að lögum. Það er meginskýringin að mínu mati á niðurstöðum þessarar skoðanakönnunar, þ.e. að fólk skilur spurninguna nákvæmlega þannig að það sé verið að spyrja það að því hvort það eigi að fara að lögum. Málið er hins vegar kristaltært í mínum huga. Það er verið að fara að lögum og það er meira að segja verið að stíga ákveðin skref til þess að vanda enn betur til vinnunnar heldur en lög krefjast nákvæmlega. Það er auðvitað vel. En alltaf má hugsanlega finna leiðir til að gera hlutina betur. Meginskýringin er sú að fólk skilur spurninguna þannig að verið sé að spyrja það að því hvort fara eigi að lögum og það er nákvæmlega sú blekking sem áróðursmeistararnir hafa nýtt sér til fullnustu.

[21:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. styður umhverfismat þegar tími er til þess og var þar af leiðandi sammála hæstv. fyrrv. umhvrh., Guðmundi Bjarnasyni, í fyrra, en telur nú að ekki sé tími fyrir umhverfismat og því verði bara að hafa það. Þetta er nýr vinkill á málinu og mjög athyglisverður.

Í öðru lagi þegar kemur að byggðaþættinum sem slíkum, ef við ræðum byggðaáhrif stórra framkvæmda, þá eru það engar nýjungar frá minni hendi, þó að mér þyki að vísu vænt um hve menn eru vel lesnir í mér, að ég er andvígur því og ég tel það óskynsamlegt að hlaða þeim öllum niður á suðvesturhorni landsins ofan í þá þenslu sem hér hefur verið. Ég var það þegar áform um stórt álver á Keilisnesi voru til umræðu. Ég var það þegar stækkun Ísals var á dagskrá.

Ég var það þegar ný bygging álvers á Grundartanga var á dagskrá og fleiri slíkar stórframkvæmdir hér vegna þess að ég óttaðist að afleiðingarnar yrðu þær sömu og áður, að það mundi skapa þenslu hér og reynast mjög mótdrægt í byggðavanda landsbyggðarinnar.

Það er líka rétt að ég hef ekki verið stuðningsmaður álvers í Eyjafirði vegna þess að þar eru umhverfisaðstæður mjög viðkvæmar og verð ég þá varla sakaður um að lúta annarlegum hagsmunum eða selja hugsjónir mínir fyrir lítið, þegar ég hef þó bein í nefinu til þess að standa gegn hugmyndum þeirra manna á því svæði sem telja akkúrat að þeir gætu leyst allan sinn byggðavanda með álveri, en það er vegna þess að ég var ekki tilbúinn til að fórna hverju sem er. Ef menn koma með áform um það að virkja Gullfoss og segja við mig að það muni koma rífandi uppgangur í byggð í Biskupstungum, þá verð ég samt á móti því. Ef menn bjóða kjarnorkuver á Reykjanesi, þá verð ég á móti því þó að því mundi fylgja mikil gróska. Ef menn bjóða mér olíuhreinsunarstöð í Mývatnssveit, þá er ég líka á móti henni þó að það mundi hleypa miklu fjöri í þá byggð.

Það er með öðrum orðum ekki hægt að nota svona nauðhyggjurök og segja: „Af því að það eru erfiðleikar í byggðamálum á Austurlandi, þá ýtum við öllum öðrum sjónarmiðum til hliðar.“ Það er bara ekki frambærilegt. Það er fornaldarhyggja í umhverfismálum.

[21:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég hefði talið eðlilegra meðan nægur tími var til stefnu til þess að skapa meiri frið um málið, að líta betur á umhverfisþáttinn. Hins vegar er ljóst eins og ég sagði áðan að nú er staðan þannig að til þess er ekki tími og ég held að það sé jafnljóst í huga mér og hv. þm. að auðvitað er ætíð hægt að gera betur í umhverfismálum og það er ekki skortur á því svæði sem þarna á í hlut að rannsaka og skoða því að af nógu er að taka. En einhvern tíma verður að taka ákvarðanir.

Fornaldarhyggjan í umhverfismálum getur kannski snúist í fornaldarhyggju í byggðamálum vegna þess að ef ekki er litið á öll þau tækifæri sem við höfum á landsbyggðinni til þess að bæta okkar hag, þá líst mér ekki á framtíðina því að við þurfum að sjálfsögðu að nýta alla þá möguleika sem til greina koma. Það er rétt að fram komi, og hv. þm. hlýtur að vita það, að ef erfiðleikar voru í byggðamálum árið 1990 og þau rök sem hv. þm. notaði þá hafa átt við árið 1990, þá liggur alveg ljóst fyrir að þau eiga enn frekar við í dag.

[21:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Má ég þá líka spyrja: Hvað með erfiðleika annarra byggðarlaga og annarra landshluta? Verðum við þá ekki líka að réttlæta hvað sem er með byggðavandanum þar? Er það þá þannig að ef byggðavandinn brestur á okkur þá sé hann þess eðlis að öll önnur sjónarmið eigi að víkja til hliðar?

Varðandi þetta með tímann, hver hefur sýnt fram á það að við séum í þeirri nauðungarstöðu að við getum ekki tekið okkur tíma til að láta fara fram lögformlegt umhverfismat? Hefur Norsk Hydro gefið það út að þeir hverfi frá samstarfinu ef það verður gert? Það væri fróðlegt að vita það. Eru þeir sökudólgurinn sem ætlar að eiga innan við 20% í öllu heila batterínu? Að öðru leyti á þetta að verða íslensk framkvæmd. Höfum við þá ekki forræði á því máli? Nei, við skulum ekki láta setja okkur svona út í horn. Ástæðan er auðvitað sú að menn þora ekki í mat á umhverfisáhrifum af því að þeir eru hræddir við útkomuna úr því mati. Það á að þröngva þessu máli fram hvað sem tautar og raular í þeim efnum.

[21:30]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. um hræðsluna var merkileg. Ég veit það ekki, en það hvarflar örlítið að mér að einhver hræðsla sé í huga hv. þm. við fortíðina vegna þess að viðbrögð hv. þm. í dag, í hvert sinn sem minnst er á fortíðina, hafa verið með hræðslueinkennum.

Hvað með byggðavanda annars staðar? Má ekkert gera í byggðamálum nema allt sé leyst í einni svipan? Að sjálfsögðu þarf að taka á byggðavanda annars staðar en það útilokar ekki að eitthvað sé gert í byggðavanda á Austurlandi þó að ekkert sé gert samtímis annars staðar. „Geta leyst allan sinn byggðavanda með álveri“, sagði hv. þm. Hvílíkur dómur um allt sem gert hefur verið á Austurlandi og allt sem nú er verið að vinna að á Austurlandi til þess að reyna að bregðast við byggðavandanum. Þetta eru slíkir sleggjudómar að ég held að hv. þm. hefði átt að láta þá eiga sig. Þeir verða rifjaðir upp síðar.

[21:31]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Leyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun var veitt áður en lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi. Virkjunin er því undanþegin mati á umhverfisáhrifum samkvæmt þeim lögum eins og aðrar framkvæmdir sem leyfðar hafa verið áður en lögin tóku gildi. Það er því verið að fara að þeim leikreglum sem Alþingi hefur ákveðið.

Með tillögunni fylgir vönduð skýrsla sem Landsvirkjun hefur látið gera um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. Skýrslan er vönduð og er langt frá því að vera hlutdræg heldur eru flestir ef ekki allir þættir málsins dregnir fram, bæði þeir jákvæðu og einnig þeir neikvæðu. Í skýrslunni kemur fram að undirbúningur og rannsóknir hafa staðið yfir í meira en aldarfjórðung og hefur hönnun virkjunarinnar tekið miklum og mikilvægum breytingum, m.a. hefur verið fallið frá löngum aðveituskurði frá miðlunarlóni að stöðvarinntaki og aðrennslisgöng verið valin sem aðveituæð.

Herra forseti. Markmiðið með byggingu Fljótsdalsvirkjunar er að nýta þá auðlegð sem fólgin er í endurnýjanlegum og mengunarlitlum orkugjöfum landsins, vatnsafli og jarðvarma, til eflingar atvinnulífi og bættra lífskjara í landinu í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Fljótsdalsvirkjun er einn hagkvæmasti virkjunarkostur landsins borið saman við aðra kosti með svipaða eða meiri orkuvinnslu. Fljótsdalsvirkjun og álver í Reyðarfirði munu stuðla að áframhaldandi efnahagsvexti og þar með áframhaldandi góðæri í landinu.

Herra forseti. Þegar ákveðið var á sínum tíma að ráðast í Búrfellsvirkjun voru margir til að mómæla þeirri ákvörðun en ég held að enginn Íslendingur vildi loka fyrir þá virkjun í dag. Trúlega er Búrfellsvirkjun með arðsömustu virkjunum sem farið hefur verið í.

Þær virkjanir sem hafa verið byggðar á Suðurlandi hafa svo sannarlega styrkt byggðina og verið undirstaða ásamt öðru að þeirri velferð sem við búum við í dag. Sú stefna hefur verið mörkuð að dreifa virkjununum um landið og virkja utan eldvirkra svæða. Slík dreifing virkjana býður upp

á meira öryggi fyrir hina ýmsu landshluta og traustari rekstur kerfisins.

Herra forseti. Austurland hefur mátt þola mikla fólksfækkun sl. 10–15 ár með öllum þeim áhrifum sem það hefur í för með sér. Fólksfækkun hefur aðallega átt rætur sínar í því að ungt menntafólk fer burt í leit að atvinnu við sitt hæfi. Í fylgigögnum með þáltill. kemur fram að það er svæðisbundinn veikleiki í atvinnulífi Miðausturlands. Í samdráttargreinum hefur fækkað meira á svæðinu og í vaxtargreinunum hefur fjölgað minna þar en á landinu í heild. Veik atvinnusamsetning leiðir oft til svæðisbundins veikleika því að í samdráttargreinunum halda atvinnurekendur að sér höndum varðandi framkvæmdir, aðföng og kaup á þjónustu.

Í umræðum undanfarinnar viku hafa margir bent á aðra möguleika í atvinnumálum í staðinn fyrir virkjun og álver. Það hafa menn einfaldlega verið að gera í mörg ár en það hefur ekki dugað til að halda í fólkið. Fólksfækkun hefur verið stöðug í sveitum og tekjur hafa bænda minnkað. Búin eru almennt of lítil. Tekjur af landbúnaði hafa minnkað smám saman þar sem dregið hefur stórlega úr stuðningi ríkisins við landbúnað.

Á Fljótsdalshéraði hafa bændur m.a. farið í ferðaþjónustu, skógrækt og lífræna ræktun en þetta hefur ekki bætt upp tekjurýrnun í hefðbundnum búskap. Íbúafjöldi í sveitum á Fljótsdalshéraði er um það bil einn þriðji af því sem hann var í kringum síðustu aldamót. Í sveitum fjærst Egilsstöðum þar sem tækifæri á aukatekjum eru litlar var útsvar 1997 á bilinu 55–77 þús. á hvern íbúa en í tveimur nágrannasveitarfélögum Egilsstaða 90–95 þús. kr. á íbúa. Áhrif virkjunar eru samofin þeim efnahagslegu áhrifum sem verða af byggingu og rekstri álvers með tilheyrandi eflingu byggðar og atvinnulífs á Austurlandi. Þessara áhrifa mun reyndar gæta um allt land.

Á byggingartíma munu mest starfa um 500 starfsmenn og við rekstur virkjunarinnar er gert ráð fyrir 15–20 heilsársstörfum. Þessir starfsmenn munu að öllum líkindum búa í nálægum þéttbýlisstöðum. Bygging virkjunarinnar er meginforsenda þess að unnt sé að sjá fyrirhuguðu álveri í Reyðarfirði fyrir nægri orku eigi það að taka til starfa árið 2003.

Álverið mun hafa mjög mikil áhrif á atvinnulíf og byggð á Austurlandi. Áhrif fyrirhugaðs álvers munu verða þau að hjálpa ungu menntuðu fólki á Miðausturlandi til að fá störf við hæfi og þar með stuðla að meira jafnvægi í aldursskiptingu íbúanna og draga úr brottflutningi. Í kafla um mat á samfélagslegu áhrifum á álveri við Reyðarfjörð kemur fram að fyrirhugað álver mun með beinum, óbeinum eða afleiddum hætti leiða til atvinnusköpunar, hærri atvinnutekna og aukinna viðskipta. Þetta verður ný atvinnugrein á svæðinu sem hefur margfeldisáhrif á aðra starfsemi á Austurlandi. Álverið mun skapa beint um 270 störf í fyrsta áfanga þegar það er komið í fullan rekstur.

Herra forseti. Í athugasemd Náttúruverndarráðs vegna Fljótsdalsvirkjunar, dagsettri 7. febrúar 1991, segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er skilningur Náttúruverndarráðs að jákvæð umsögn ráðsins (bréf dagsett 31. mars 1981) varðandi eldri hugmyndir um virkjun standi enn, þar með talið samþykki við því að leggja Eyjabakka undir vatn."

Eins og kunnugt er var samið um að Þjórsárver yrðu friðuð.

Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu skiptast nokkuð í andstæðar fylkingar hvað varðar afstöðu til Fljótsdalsvirkjunar. Margir hafa haldið því fram að virkjunaráform spilli möguleikum til frekari þróunar ferðamennsku á svæðinu meðan aðrir telja að meðan ekki komi til bættar samgöngur, betri gistiaðstaða og aukin fjölbreytni í afþreyingu verði þetta svæði undir í samkeppni um ferðamenn. Í því sambandi sé enginn annar í augsýn en virkjunaraðili, enda skipti það ekki sköpum þó virkjanamannvirki komi til. Þessu til sönnunar má benda á önnur virkjunarsvæði, til að mynda á Suðurlandi þar sem í kjölfar virkjana hefur aðgengi ferðamanna að hálendinu aukist að mun.

Herra forseti. Það er því mikilvægt að Austfirðingar fái notið þeirra framkvæmda sem gerir öfluga byggðastefnu trúverðuga.

[21:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn bætist í röksemdaflóruna. Ég verð að segja að nokkuð finnst mér dapurlegt að heyra hinar sorglega lágu meðaltekjur í sveitahreppum á Fljótsdalshéraði notaðar sem rök fyrir álveri á Reyðarfirði og þá væntanlega því að réttlætanlegt sé að færa þær umhverfisfórnir sem því eru samfara vegna þess að meðaltekjurnar í sveitahreppunum eru nákvæmlega jafnlágar í Dölum, á Barðaströnd, í Vestur-Húnavatnssýslu, í Vestur-Skaftafellssýslu og almennt í sveitahéruðum á landsbyggðinni. Er þá staðan sú að þrátt fyrir allt sé álver eina lausnin, því að um leið og maður dregur það í efa er maður farinn að ráðast á allt annað sem gert er eins og hér var sagt áðan? Er það virkilega svo að það sé t.d. mjög gild röksemd fyrir réttmæti álvers á Reyðarfirði að meðaltekjur í sveitahreppum, í sauðfjárrækt og öðrum landbúnaði séu lágar?

Í öðru lagi bið ég menn að sýna sanngirni þegar vitnað er í þá stöðu sem Náttúruverndarráð var í á sínum tíma og síðan með ítrekun í þá afstöðu aftur 1991. Vita menn ekki á hvaða stigi meðvitund um umhverfismál var og hversu veik staða umhverfisverndar var á Íslandi á þeim árum þegar menn töldu sig hafa unnið stórsigur með því að bjarga Þjórsárverum og menn voru næstum tilbúnir til að kaupa það hvaða verði sem var? Er þá sanngjarnt að draga það upp á borðið sem innlegg í viðhorf manna rétt fyrir árþúsundahvörfin eftir allt það vatn sem síðan hefur til sjávar runnið? Er það sanngjarnt að meðhöndla hlutina þannig? Eða fást menn ekki til að viðurkenna að nú ríkja gjörbreytt viðhorf og gjörbreyttar aðstæður og staða umhverfisverndar stendur svo miklu sterkari að vígi í dag að það sem menn töldu sig þá vera að bjarga teldust núna sjálfsagðir hlutir, eins og t.d. vonandi það að sökkva ekki Þjórsárverum?

[21:41]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hlýtur að skipta landsbyggðina afar miklu máli að fá fjölbreytni í atvinnulífið þannig að það styrki byggðina í landinu. Þegar samið var um friðun Þjórsárvera þá voru menn að búa til stefnu til framtíðar. Menn verða einfaldlega að geta treyst því sem samið er um.

[21:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt. Aukin fjölbreytni og kraftur í atvinnulíf landsbyggðarinnar er einmitt mjög mikilvæg. Hvernig verður nýsköpun og hvernig verður fjölbreytni almennt til í atvinnulífinu í kringum okkur? Í gegnum

forsendur sem gera fjölda smáfyrirtækja og margs konar atvinnustarfsemi kleift að dafna. En það eru hinar stóru lausnir, patentlausnir sem hafa reynst illa. Meira að segja í Bandaríkjunum er það viðurkennt að nýsköpunin og mikill meiri hluti nýrra starfa skapast í smáfyrirtækjum. Þar eru menn að miklu leyti horfnir frá því að reyna að leysa atvinnuvanda einstakra svæða eða byggðarlaga með þessum stóru patentlausnum að reisa þar eitt risastórt fyrirtæki vegna þess að reynslan af því er mjög blendin, sérstaklega ef það verður bara önnur tegund af einhæfu atvinnulífi sem í kjölfarið siglir. Sú hætta er til staðar. Væntingarnar um alls konar úrvinnslu og iðnað í kringum t.d. stóriðjuver hafa mjög sjaldan gengið eftir. Það voru ein af rökunum sem notuð voru fyrir Straumsvík á sínum tíma, að það yrði svo mikil úrvinnsla og alls konar smáfyrirtæki í áliðnaði mundu spretta upp alveg tugum saman. Hvar eru þau nú? Að vísu er eitt pönnufyrirtæki á Eyrarbakka og það er gott og blessað, en mér skilst að álið í það sé flutt inn þannig að þetta er ekki alltaf alveg eins og það sýnist.

Ég held að ef menn fengjust til að ræða þetta á þeim nótum sem ég hélt að væru almennt að verða viðurkenndar hvað varðaði þróun og nýsköpun í atvinnulífinu, að það eru undirstöðurnar þar sem skipta máli en ekki þessar stóru patentlausnir sem eru í raun ákveðin nauðhyggja, þá sæju þeir að eitt stykki álver á einum stað á landinu, jafnvel þó það hafi einhver staðbundin áhrif, gerir ósköp lítið hvað varðar hinn almenna undirliggjandi vanda í þessum efnum ef ekkert á að gera gagnvart honum á sama tíma.

[21:44]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta fari allt vel saman. Stór fyrirtæki skapa mörgum vinnu og lítil fyrirtæki þrífast vel í skjóli stórra fyrirtækja. Við erum að ræða um að nýta orkulindirnar okkar sem ég tel að við eigum að gera.

[21:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo er að skilja á hv. þm. Drífu Hjartardóttur að í afstöðu til Fljótsdalsvirkjunar skiptust aðilar í ferðaiðnaði og þeir sem létu náttúruvernd til sín taka í tvær fylkingar. Staðreyndin er sú að afstaða til þessara atriða hefur komið í ljós í umsögnum um þáltill. sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs hefur flutt á þinginu. Þessi tillaga var núna á þessu þingi flutt í fjórða sinn. Hún var fyrst flutt árið 1998. Þá kom fram í umsögnum að þeir sem studdu þessa tillögu okkar að Fljótsdalsvirkjun færi í umhverfismat, voru Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Félag leiðsögumanna, Náttúruverndarráð, Landvernd, sveitarstjórn Norður-Héraðs, Skipulagsstofnun og Ferðamálaráð Íslands.

Þeir sem lögðust gegn þessu hins vegar voru auk bæjarstjórnar Austur-Héraðs og Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, iðnrn., Landsvirkjun, Orkustofnun og því miður umhvrn. einnig.

Þetta ber það ekki með sér að aðilar í ferðaiðnaði og þeir sem láta náttúruvernd til sín taka hafi skiptst í tvær fylkingar. Þetta er mjög einsleit og afdráttarlaus afstaða.

[21:46]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði frá því áðan að reynslan á Suðurlandi væri allt önnur en kemur fram í orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar og þau félög sem hann taldi upp áðan eru ekki í ferðaþjónustu.

[21:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað Félag leiðsögumanna hefði um þetta svar að segja. Ég tel að leiðsögumenn hafi sitthvað með ferðaþjónustu að gera. Ég hélt að starf þeirra snerist um að leiðbeina ferðamönnum. Ég hélt að Náttúruverndarráð hefði með náttúruvernd að gera líka. Þeir aðilar sem tengjast ferðaþjónustunni og náttúruvernd hafa tekið afdráttarlausa afstöðu í þessum málum. Þeir vilja að lögformlegt umhverfismat fari fram.

[21:47]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók ekki eftir þessu með Félag leiðsögumanna en þeir tala ekki fyrir alla í ferðaþjónustu.

[21:48]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Sú framkvæmd sem hér um ræðir er löngu ákveðin og ákvörðun hefur lögformlega verið tekin. Með þessari till. til þál. er verið að kanna vilja þingsins um framhald þessa máls eins og oft hefur komið fram í umræðunni í dag. Þjóðin getur því fengið að fylgjast með málatilbúnaði og röksemdum.

Mér hefur reyndar komið á óvart að ekki hafa heyrst þakkarorð frá stjórnarandstöðunni fyrir þetta tækifæri því að það var ekki nauðsynlegt að koma með þetta mál fyrir þingið. En hingað er það nú komið og hlýtur þinglega meðferð.

Fljótsdalsvirkjun hefur verið þaulkönnuð, umhverfisáhrifin, áhrifin á mannlífið, dýralífið og gróðurríkið. Skýrslurnar sem lagðar hafa verið fram og liggja til grundvallar eru ítarlegar og vandaðar.

Nú er það svo að alþingismenn hafa atvinnu af því að taka ákvarðanir. Við höfum tekið það að okkur að setja okkur inn í málin og taka ákvarðanir. Það munum við gera í þessu máli aftur fyrst það er lagt fyrir þingið. Skipulagsstjóri ríkisins og hæstv. umhvrh., svo góð sem þau eru, axla ekki ábyrgðina fyrir Alþingi. Það er hlutverk okkar að stjórna og taka ákvarðanir. Ef alþingismenn geta ekki sett sig inn í þetta mál og greint kjarna þess, ef alþingismenn geta ekki tekið ákvörðun út frá eigin sannfæringu, þá eru þeir einfaldlega að bregðast. Við getum ekki falið öðrum að taka ákvarðanirnar fyrir okkur.

Skringileg er sú afstaða að lýsa sig reiðubúinn að sökkva Eyjabökkunum ef einhver einn embættismaður samþykkir það, eins og kemur fram í tillöguflutningi Samfylkingarinnar. Skipulagsstjóri verður vafalaust beðinn um álit af þingnefndinni sem fjallar um málið eftir að fyrri umr. er lokið.

Auðvitað er stundum erfitt að taka ákvarðanir. Þrátt fyrir allar staðreyndir og röksemdir, þá er hluti þessa máls huglægur og tilfinningalegur. Inn í það blandast að sjálfsögðu gildismat okkar, viðhorf til mannlífs og búsetu. Ég sé eftir grónu landi sem fer undir vatn. Ég sé eftir öllum þeim gróðri sem hingað til hefur farið undir vatn vegna virkjana. En lífsgæðin kosta sitt. Fögur svæði landsins hafa líka verið tekin undir byggð. Mannfólkið hefur leitast við að finna góð bæjarstæði og umbreyta þeim, bylta í tún o.s.frv. og að sjálfsögðu byggja á fegurstu stöðunum sem fólk hefur fundið, hvort sem það eru sveitabæir, þorp, bæir eða borgin Reykjavík. Hvað þarf að taka mikið af ónumdu landi undir

byggð í grennd við Reykjavík ef flestir landsmenn flytja hingað?

Herra forseti. Fallegt land þarf líka fólk. Fegurð landsins birtist með ýmsu móti og fegurðin sést ekki síst í blómstrandi mannlífi og við berum nokkra ábyrgð á því á háu Alþingi hvort mannlífið blómstrar eður ei. Okkar ábyrgð væri þung, að láta reka á reiðanum og láta landið fara í eyði meir og meir. Landsbyggðin stendur illa af ýmsum ástæðum og stórfelldir þjóðflutningar kalla á lausnir og aðgerðir. Það væri ábyrgðarleysi að hafast ekki að. Þess vegna tekur ríkisstjórnarmeirihlutinn á Alþingi þá ákvörðun að leggja þetta mál fram aftur og byggja upp virkjun og síðan iðjuver utan suðvestursvæðisins, að þessu sinni á Austurlandi, sem sagt ekki á sama áhættusvæði jarðsögulega og landfræðilega og hingað til.

Landsbyggðin á þar að auki einfaldlega rétt á því að við komum með úrræði þegar við stöndum frammi fyrir gífurlega vaxandi byggðavanda. Þetta er eitt skref af mörgum. Þetta leysir ekki vanda nema sums staðar þótt vissulega njóti öll þjóðin góðs af. Fleiri skref þarf en að sjálfsögðu ekki eins og þetta sem tekin er ákvörðun um núna, það þarf fleira að koma til og horfa til annarra landshluta, og um það verður Alþingi líka að hafa leiðir og lausnir.

Herra forseti. Heiðagæsir dvelja á Eyjabökkum um sumartímann en gæsirnar munu finna sér annan stað og óþægindi þeirra verða lítil og tímabundin. En mér finnst hins vegar að réttur mannfólksins sé fyrir borð borinn í málatilbúnaði svonefndra umhverfisverndarsinna og stjórnarandstæðinga hér á þinginu. Í máli þeirra virðast Austfirðingar til fárra fjaðra metnir.

[21:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á Alþingi hafa menn atvinnu af því að taka ákvarðanir, segir hv. þm. Hjálmar Jónsson. Þannig háttar á Íslandi að valdinu er þrískipt, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Á Alþingi smíða menn lög og má til sanns vegar færa að það feli vissulega í sér að taka ákvarðanir en annar veigamikill þáttur í starfi Alþingis er að veita framkvæmdarvaldinu aðhald.

Nú greinir okkur á um hvort framkvæmdarvaldið fari að lögum í þessu máli. Hv. þm. Hjálmar Jónsson telur svo vera. Ég tel svo ekki vera. Ég vil beina spurningu til hv. þm.: Ef minni hluti á Alþingi, en verulegur hluti þingsins engu að síður, og meiri hluti þjóðarinnar er sammála því að Fljótsdalsvirkjun skuli fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum á þann hátt sem við höfum óskað eftir, hverja telur hann vera sína skyldu, hverja telur hann vera sína lýðræðislegu skyldu og hvað finnst hv. þm. vera sanngjörn framganga?

[21:55]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sanngjörn framganga í þessu máli er að fara að hafa sig af stað og virkja. Það er svo einfalt mál. Það er fyrir löngu búið að taka allar ákvarðanir og færi málið t.d. fyrir dómstóla, þá er ég alveg viss um að niðurstaðan yrði einhlít, virkjun í vil og ákvörðunum stjórnvalda.

[21:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú kann vel svo að fara að hv. þm. verði að ósk sinni og þetta mál fari fyrir dómstóla. Það getur vel verið að það fari svo. En mér finnst þetta hins vegar vera afar óábyrgt tal að svara röksemdum sem hér koma fram og lýðræðislegum óskum á þennan hátt og bregðast þannig við vilja yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar sem vill að málið verði sett í lögformlegt umhverfismat. Það eðlilegasta, segir hv. þm., er að hafa sig af stað. Hann sagði áðan að hann furðaði sig á því hve fáir þingmenn úr stjórnarandstöðunni hefðu þakkað ríkisstjórninni fyrir að fá að ræða þetta á þingi. Þetta kalla ég að krefjast þess að menn kyssi á vöndinn. Ég verð ekki í þeim hópi.

[21:57]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að eiga orðastað við hv. þm. Ögmund Jónasson. Málið er að afar fáir meðal þessarar þjóðar hafa fylgst með og botnað í málflutningi stjórnarandstöðunnar á þingi. Það kom fram í skoðanakönnun að 80% þeirra sem talað var við vita ekki hvað þetta lögformlega umhverfismat þýðir og samt eru þeir að tala um að mikill meiri hluti þjóðarinnar vilji þetta lögformlega umhverfismat. Hvers lags eiginlega tal er þetta?

[21:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti gæta nokkurs yfirlætis hjá hv. þm. Hann talaði um að fyrir löngu væri búið að taka allar þessar ákvarðanir og svo kvartaði hann undan því að stjórnarandstaðan hefði ekki þakkað fyrir að fá þetta mál til umræðu hérna. Mér finnst nú að ekki sé mikill tilgangur í því að fá mál til umræðu ef hugurinn sem á bak við þá umræðu býr er ekki merkilegri en hér er lýst. Ég tel reyndar að umræðan í dag hafi sýnt okkur að það hefði þurft að fá þetta mál hingað inn undir öðrum formerkjum en hér er gert af hendi stjórnarflokkanna.

Hann sagði að heiðagæsirnar mundu finna sér annan samastað og hann hefur væntanlega eitthvað fyrir sér því. Ég þekki það ekki og veit ekki hvernig heiðagæsir hugsa. Síðan talaði hann um 80% þjóðarinnar sem vissu ekki neitt um hverju þau væru að svara til þegar þjóðin var spurð í skoðanakönnunum og lét að því liggja að ekki ætti að taka mikið mark á slíku fólki, fólki sem vissi ekkert um umhverfismat, það ætti ekki að taka mark á því þegar það segðist vilja umhverfismat. Ég spyr, mundi hv. þm. og margir aðrir geta svarað til um það að þeir vissu afskaplega mikið um, við skulum segja þær reglur sem gilda um að setja þau kvikindi í sóttkví sem flutt eru til landsins? Ég hugsa ekki. En ég er sannfærður um að flestir vilji viðhalda þeim reglum þó þeir viti ekki nákvæmlega út á hvað þær ganga.

Fólk sem svarar því til að það vilji lögformlegt umhverfismat er að svara því að það vilji að farið verði í þann farveg sem Alþingi hefur ákveðið sjálft að skuli gilda um þessar framkvæmdir. Hér hafa stjórnarsinnar í allan dag verið á fullri ferð við að rökstyðja það að lögformlegt umhverfismat sé tóm della, því það sé ekki að marka neitt nema það sem er ákveðið hér inni. Til hvers á að hafa lögin um lögformlegt umhverfismat ef alþingismenn eiga að bera þennan kross?

[22:00]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég fara í samkeppni við hv. þm. um hvor sýni meira yfirlæti í stólnum. Hitt vil ég fullyrða að málatilbúnaður stjórnarandstöðunnar undanfarnar vikur og missiri hefur ekki skilað sér til þjóðarinnar. Fólk áttar sig ekki á hvað þeir meina með lögformlegu umhverfismati þegar búið er að ganga frá öllu slíku vel og rækilega áður.

Lög á Íslandi eru ekki afturvirk. Það vita a.m.k. 80% þjóðarinnar og um það snýst þetta mál öðrum þræði. Sé fólk hins vegar spurt hvort það vilji umhverfismat þá játa því að sjálfsögðu flestir. Fólk vill ekki að vaðið sé áfram hugsunarlaust en þannig er það aldeilis ekki vegna þess að málið hefur verið í undirbúningi í áratugi.

[22:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel svo sem ekki miklu við þetta að bæta. Mér finnst að hv. þm. hafi sjálfur rökstutt sig frá þessu máli. Ég held að þjóðin hafi fullkomlega vit á ósk sinni um að lögformlegt umhverfismat fari fram. Þjóðin þarf ekki að vita nákvæmlega hvað í því felst. Þess vegna held ég að menn ættu að bera virðingu fyrir þeirri niðurstöðu. Menn eiga ekki að taka mark á sumum skoðanakönnunum en ekki öðrum.

[22:01]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við eigum aldrei að haga okkur samkvæmt skoðanakönnunum hér á Alþingi heldur fara eftir því sem við vitum best og réttast og eftir sannfæringu okkar.

Mig langar þá að spyrja hv. þm. og vona að hann geti komist til að svara því þá síðar þó að andsvörum sé að verða lokið: Hvað munu hann og Samfylkingin gera þegar við erum búin að fella tillögu þeirra um lögformlegt umhverfismat? Ætlar hann þá að standa að virkjun eða vera á móti henni?

[22:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti hv. þm. Hjálmar Jónsson komast skaplega frá máli sínu þar til í lokin. Þá féll hv. þm. í sömu gryfju og sumir aðrir að stilla málinu þannig upp að umhverfisverndarsinnar væru að velja á milli heiðagæsa og Austfirðinga og hefðu ákveðið að fórna hinum síðarnefndu. Þetta, herra forseti, er ömurlegur málflutningur og það frá hv. þm., sjálfum guðsmanninum.

Ég hef ekki viljað taka þátt í að ræða málið á þeim nótum að tilfinningar manna eða viðhorf til íbúa Austurlands blönduðust þar inn í, í þeim skilningi að menn færu í manngreinarálit. Mér finnst svo ofboðslegur málflutningur að draga upp þá mynd.

Ég tala út frá sannfæringu minni fyrir því sem ég tel vera velferð og hagsmuni allra Íslendinga til framtíðar litið, að sýna skynsemi og aðgát í umhverfismálum og varðveita þá miklu auðlind sem við eigum í náttúru landsins sem allra mest óspjallaða. Ég trúi því að þannig sé framtíðin vænlegri fyrir Íslendinga en skammtímahagsmunir sem kunna að vera fólgnir í, sem þó er umdeilanlegt, framkvæmdum af þessu tagi.

Mér þykir vænt um byggð á Austurlandi eins og alla aðra byggð á Íslandi. Mér þykir vænt um Austfirðinga og þeir eru gott fólk. Ég tel að í verkum mínum hafi ég, eftir því sem á það hefur reynt, ekki verið Austfirðingum verri en hver annar. Ég átti á sínum tíma þátt í að flytja opinbera stofnun til Austurlands. Ég kom að því að undirbúa framkvæmdir við flugvöll á Austurlandi og margt fleira gæti ég nefnt ef maður tæki þátt í að fara ofan í svo fáfengilegan málflutning á annað borð, að þetta snúist um viðhorf manns eða tilfinningar til íbúa Austurlands. Getum við nú við ekki, eins og maðurinn sagði, reynt að lyfta þessari umræðu á örlítið hærra plan?

[22:04]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gleyma hagsmunum Austfirðinga og hafa þá svona aðeins úti á kantinum. Mig langar til að spyrja hann hvort honum þyki ekki vænt um Austfirðinga á Austurlandi eða vill hann endilega að þeir flytji þaðan hingað suður. Blómstrandi mannlíf mun ekki verða þar eins og í dag, það er á hraðri niðurleið, nema spyrnt sé við fótum. Einmitt það er verið að gera í þessu sambandi.

Fyrst hann nefndi að ég væri guðsmaður þá er eitt sem aldrei kemst í lögformlegt umhverfismat. Það eru eldgosin eða þær hræringar sem eiga sér stað og enginn getur við gert en samkvæmt sköpunarguðfræði, svo ég beiti því líka á hann, er heimurinn enn í sköpun og maðurinn er þátttakandi í því.

[22:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu að Austfirðingar geti búið blómlegu og góðu mannlífi á Austurlandi. Ég held að hv. þm. viti vel að minni afstöðu ræður ekki það að mér sé skítsama þó Austfirðingar þurfi allir að flytja til Reykjavíkur. Eða hefur honum fundist það einkenna málflutning minn og framgöngu í umræðum um byggðamál á undanförnum árum og áratugum? Ég held ekki.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að ég nálgast þetta út frá því grundvallarsjónarmiði að jafnvel brennandi byggðavandi réttlæti ekki hvað sem er. Ég tel umhverfisfórnirnar of miklar. Ég minni á að menn hafa æðioft gert ýmislegt og réttlætt með sambærilegum rökum en séð mjög eftir því síðar. Er það ekki svo að mörg umhverfisslys blasa við okkur á Íslandi sem menn töldu ekki tiltökumál á þeim tíma? Mundu menn reisa virkjunina í Stíflu í Fljótum í dag? Mundu menn gera það? Nei. Mundu menn moka upp Rauðhólunum í dag eins og gert var fyrir nokkrum áratugum við bæjardyr Reykjavíkur? Nei, það kæmi ekki til greina. Þetta er til marks um að tímarnir og viðhorfin breytast. Við verðum að hafa það í huga.

[22:07]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur greinir einfaldlega á um þetta. Ég tel fórnirnar ekki of miklar. Auðvitað eru mörg rök fyrir því sem of langt mál er að telja upp á einni mínútu. Við skulum ræða það síðar, bæði hér og annars staðar.

Þessar ástarjátningar til Austfirðinga eru svo sem ágætar svo langt sem þær ná en Austfirðingar lifa bara ekki á þeim. Landsmenn gera það yfirleitt ekki og um það stendur þetta mál. Við verðum að færa ákveðnar fórnir hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við eigum bara að taka ákvörðun um það. Annars lendir hv. þm. í því, eins og Guðrún Ósvífursdóttir, að segja á efri árum: „Þeim var ég verst er ég unni mest."

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 22:08.

27. FUNDUR

miðvikudaginn 17. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216. — Frh. fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Ár aldraðra, 96. mál, svar heilbrrh., þskj. 212.

Mat á umhverfisáhrifum, 197. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 230.

Tollalög, 196. mál, frv. ÍGP o.fl., þskj. 229.

Athugasemdir um störf þingsins.

Framhald umræðu um Fljótsdalsvirkjun.

[13:32]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hér hefur verið lögð fyrir þingið till. til þál. sem ég álít, og sný mér til hæstv. forseta með, að ekki muni vera þingleg í eðli sínu, að ég tali ekki um þingsafglöp. Hér er lagt til að:

„Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun," o.s.frv.

Nú er ekkert slíkt í umræðu af minni hálfu að lög virki aftur fyrir sig, lög um lögformlegt umhverfismat. Það hygg ég að allir séu sammála um að nauðsyn verði að brjóta lög ef lög eiga að virka aftur fyrir sig. En hér vantar aðalgrundvöllinn fyrir okkur til að taka afstöðu til meðmæla sem hér á að veita til framhalds virkjunarinnar. Grundvöllinn vantar og hann er að finna í lögum sem hið háa Alþingi hefur sett um lögformlegt mat. Ég og allur þingheimur eigum lögverndaða kröfu, með vísun til þeirra laga, á að fyrir liggi þær upplýsingar sem slíkt mat á að gefa áður en hægt er að krefjast þess að ég taki afstöðu til málsins. Ég bið hæstv. forseta að fara með þessi skilaboð til hæstv. aðalforseta sem ég vænti þá að skjóti á fundi með þingflokksformönnum hið fyrsta.

[13:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni. Það er ekkert vit í að taka þetta mál á dagskrá og umræðan í gær leiddi það náttúrlega í ljós. Við förum mjög á skjön við gildandi lög í landinu um umhverfismat. Hið alvarlegasta í málinu kom fram í gær, og þá er ég ekki að tala um málið sem slíkt, er forsrh. sjálfur sagði að hann skildi ekki umhverfismat. Þó gilda um það lög frá Alþingi sem sett hafa verið í stjórnartíð hans. Hæstv. forsrh. sagði að fólkið vildi bara eitthvert umhverfismat og fengi það með þessu móti.

Við mómæltum því í allan gærdag að Alþingi væri falið að framkvæma umhverfismat. Ég tek því undir það með hv. þm. Sverri Hermannssyni að auðvitað var ekki nokkur glóra í að taka þetta mál á dagskrá þótt við létum það yfir okkur ganga og byrjuðum á umræðunni í gær.

[13:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir og hefur margkomið fram að Fljótsdalsvirkjun er undanþegin lögunum frá 1993 og m.a. er ljóst að hæstv. þáv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson heimilaði lagningu línu milli Akureyrar og Fljótsdals. Þá hlýtur að hafa verið gert ráð fyrir því að þessi virkjun væri undanþegin þeim lögum. Hér er verið að fjalla um mál á grundvelli þeirra laga sem gilda í landinu.

Það er afar leitt til þess að vita að hv. þm. Sverri Hermannssyni skuli ekki nægja 25 ára reynsla í þessu máli og skuli vera með einhvern sparðatíning hér til að losna undan því að taka afstöðu til máls sem hann var helsti baráttumaður fyrir áður fyrr. Þetta er með sorglegri atburðum í þingsögunni, hv. þm. Sverrir Hermannsson. Ég held að hv. þm. ætti að hugsa nokkur ár til baka.

[13:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sverri Hermannssyni, formanni Frjálslynda flokksins. Við erum að ræða þáltill. sem ekki hvílir á lagagrunni. Lögboðnar framkvæmdareglur eru ekki virtar og mér finnst eðlilegt að yfirstjórn þingsins ásamt þingflokksformönnum komi saman á fundi til að ræða þessi mál.

Hinu vil ég mótmæla sem hér hefur komið fram að þingið eigi að þakka fyrir að fá að ræða þessi mál. Hið alvarlega er að ekki er farið að lögum og því eðlilegt að stjórn þingsins taki þessi mál til athugunar.

[13:38]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er rétt, ég er sammála því að Fljótsdalsvirkjun er undanþegin lögunum um formlegt og löggilt umhverfismat. Það erum við hins vegar ekki hér á hinu háa Alþingi. Við verðum óhjákvæmilega að fara að þeim lögum sem síðan hafa verið sett um umhverfismatið. Ég endurtek: *Ég og allir hv. þm. eigum lögformlegan rétt á að fyrir okkur* verði lagt það mat sem nauðsyn er talin á að framkvæmt verði áður en út í slíkar virkjanir er farið. Fyrr er ekki með nokkru móti hægt að krefjast þess að við gefum meðmæli okkar. Því er hæstv. utanrrh. að neita mér um þá ánægju að mega með góðri samvisku samþykkja það að í þessar glæsilegu framkvæmdir verði ráðist?

[13:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að ef stjórnarandstaðan vill fara í þessi mál með öðrum hætti þá hefði hún átt að flytja frv. til laga um breytingar á þessum lögum ... (**Gripið fram í:** Lögum um?) ... um umhverfismat sem hv. þm. var að vitna til. Jafnframt hefði átt að flytja frv. til laga um að afturkalla virkjunarleyfið af Landsvirkjun, sem ég vænti að hv. þm. Sverrir Hermannsson hafi komið nálægt. Það yrði að sjálfsögðu að afturkalla virkjunarleyfið af Landsvirkjun. Það verður ekki gert með einhverri brtt. við þál. eins og þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt. Það verður að gera með lagafrv. Hv. þm. er í lófa lagið að flytja slíkt frv. (**Gripið fram í:** Það liggur fyrir.) Ég veit ekki til þess að það liggi fyrir. (**Gripið fram í:** Jú, það liggur fyrir.) Þá fær það

þinglega meðferð en á ekki að stöðva það að þetta mál fái þinglega meðferð.

[13:40]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Frv. sem hæstv. utanrrh. var að lýsa eftir liggur fyrir. Í svari við fyrirspurn sem ég flutti til hæstv. iðnrh. kemur í ljós að samkvæmt skoðun hans hafa allmörg virkjanaleyfi verið gefin, án þess að framkvæmdir séu þar hafnar, sem hæstv. ráðherra telur ekki þurfa að fara í umhverfismat. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt um það frv. og því verið dreift eftir því sem ég best veit, að slíkar framkvæmdir verði ekki hafnar nema umhverfismat hafi áður farið fram.

Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að ræða um þetta, herra forseti, heldur það að hv. þm. Sverrir Hermannsson beindi spurningu til hæstv. forseta, ekki til hæstv. utanrrh. Þó að hæstv. utanrrh. virðist hafa tekið að sér að svara fyrir málið þá verður sá forseti sem situr í forsetastól að gefa svar við spurningu hv. þm. Hv. þm. óskaði eftir því að forseti ætti sem allra fyrst fund með formönnum þingflokka út af málinu. Ég óska eftir því að hæstv. forseti tjái sig af því að hann var spurður.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti lítur svo á að samkomulag hafi verið um að ræða þessi mál í gær og í dag.)

[13:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í fjórða sinn flutti þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þáltill. um að lögformlegt mat skyldi fara fram á Fljótsdalsvirkjun. Síðan leyfir hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., sér að auglýsa eftir slíkum frumvörpum og þingsályktunartillögum. Hann talar um þinglega meðferð. Hver er þingleg meðferð á þessum málum? Hún er sú að svæfa þau í þingnefndum og láta þau ekki komast til umræðu og afgreiðslu á Alþingi. Það er hin þinglega meðferð.

Ég tek undir það að taka verði þessi mál öðrum tökum en við höfum gert. Krafa okkar og beiðni til stjórnar þingsins er að kallaður verði saman fundur með formönnum þingflokka til að ræða þessi mál.

[13:43]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Kannski er óþarfi að blanda sér í þessa umræðu þar sem hún er byggð á einhverjum misskilningi. Auðvitað er hér farið að lögum. Þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson talar um að hér hafi fjórum sinnum verið flutt þáltill. af hálfu vinstri grænna þá er það ekki sama og frv. Nú mun það hafa gerst að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur lagt fram frv. á þskj. 230. Hv. þm. hefur verið að vísa til þess.

Auðvitað er stjórnarandstaðan að reyna að finna nýjar leiðir til að koma sér úr þeim ógöngum sem hún er komin í. Það blasti náttúrlega við í umræðunni á þinginu í gær að þá var mikill óróleiki og menn komnir í mikla vörn. Þetta er bara ein aðferðin enn til að reyna að eyðileggja þetta mál sem flutt er af hæstv. iðnrh. og gengur út á að halda áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun.

[13:44]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það lá ekki fyrir fyrr en fyrir u.þ.b. viku í svari hæstv. iðnrh. hvaða framkvæmdir, sem ekki eru hafnar, hann telur að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út fyrir og þurfi ekki að fara í umhverfismat. Fyrr gátum við því ekki brugðist við, samfylkingarmenn, en við gerðum. Þessar upplýsingar lágu ekki fyrir fyrr en fyrir u.þ.b. viku.

Ég ítreka við hæstv. forseta að hann var spurður ákveðinnar spurningar og verður að svara henni, já eða nei. Hann var ekki spurður hvort ósamkomulag væri um að hafa umræðuna um þetta mál í dag og í gær. Um það var samkomulag. Hann var spurður hvort hann vildi fallast á þau tilmæli sem hv. þm. Sverrir Hermannsson bar fram, að forseti ætti fund með formönnum þingflokka að gefnu tilefni. Ég óska eftir því að hæstv. forseti svari þessari einföldu spurningu. Annaðhvort svarar hann játandi með því að fallast á þennan fund eða hann svarar henni neitandi með því að fallast ekki á fundinn. Ég óska eftir því að hann svari spurningunni en ekki út í hött.

[13:46]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti mun koma þeim athugasemdum á framfæri sem hér hafa komið fram.

[13:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta eru auðvitað fráleit viðbrögð sem koma af hálfu stjórnarmeirihlutans. Hv. þm. Sverrir Hermannsson kemur upp og honum finnst grundvallarlega rangt að við séum að ræða þessa þáltill. þar sem hann hafi ekki fengið það umhverfismat sem lög gera ráð fyrir og hann óskar eftir fundi til að ræða málið. Nákvæmlega þetta hefur verið kjarninn í ræðunum í gær og þetta mál er ekkert til vandræða fyrir stjórnarandstöðuna. Þetta mál er til vandræða fyrir stjórnarmeirihlutann. Það er stjórnarmeirihlutinn sem kemur hér og forsrh. sjálfur og hann segir úr þessum ræðustól: Fólkið vill eitthvert umhverfismat, fólkið er ekkert að biðja um neitt lögformlegt. Hér er skýrslan og fólkið fær umhverfismatið sitt.

Það er í raun og veru ekki fyrr en eftir þessar fyrstu ræður í gær sem það verður endanlega ljóst að stjórnarmeirihlutinn var að bera skýrslu hingað inn á Alþingi til að fela alþingismönnum umhverfismat og um þetta ræddum við til klukkan tíu í gærkvöldi. Það er svo einfalt. Það var að renna upp fyrir mönnum í gær, og eftir að það er sagt blákalt úr þessum ræðustól, að það séum við í iðnn. og umhvn. sem eigum að framkvæma umhverfismatið. Ýmsu hef ég nú tekið þátt í en þetta verður alveg nýtt fyrir mér.

Það er ekkert undarlegt við það að hv. þm. Sverrir Hermannsson skuli koma hér og óska eftir fundi með forseta þingsins vegna þess að við höfum staðið að þessu máli alveg eins og óskað var. Það var 540 blaðsíður, það kom fram á föstudaginn, við vissum ekki að það yrði svona umfangsmikið, við báðum um eins dags frest og stóðum við að mæta á þriðjudegi með þetta viðamikla mál.

[13:48]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti lítur þannig á að hv. 18. þm. Reykv., Sverrir Hermannsson, hafi beðið sitjandi forseta um að koma þessum athugasemdum til aðalforseta. Það mun hann leitast við að gera.

[13:49]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Í ágætri umræðu í gær um þetta mál, sem er nú aftur komið til umræðu um stjórn þingsins, þá fannst mér ekki vera dreginn í efa sá réttur sem fyrirtækið Landsvirkjun hefur til þess að fara af stað með framkvæmdir í Jökulsá á Fljótsdal. (**KolH:** Það er rangt.) Sá réttur er ekki dreginn í

efa nema þá hjá einstökum hv. þm. sem hér hafa talað fyrir einn tiltekinn stjórnmálaflokk.

Það liggur hins vegar líka fyrir að þáltill. sem flutt hefur verið á þingi eftir þingi af fyrrv. hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og núv. hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur getur ekki efnislega með nokkrum hætti tekið þann rétt af fyrirtækinu Landsvirkjun sem það hefur, sem Alþingi veitti því 1981. Þetta hefur lengi legið fyrir. Því hefur þessi tillaga alltaf verið sýndarmennska og ekkert annað.

Hins vegar er efnislega rétt fram borið mál um þetta nákvæmlega sama efni sem er frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er fyrsti flm. að. Vegna þess að hann spurði iðnrh., sem eðlilegt var, og fékk skriflegt svar við því, hvaða virkjanaheimildir væru til staðar á grundvelli laganna um raforkuver og hefðu verið veittar og þyrftu þar af leiðandi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum eins og lögin um mat á umhverfisáhrifum standa. Það svar hefur fengist. Hann byggir frv. sitt núna á því að afnema þennan rétt. Með öðrum orðum, Samfylkingin leggur til að réttur sem Landsvirkjun fékk 1981 og til fleiri hluta en bara Jökulsár í Fljótsdal, verði tekinn af fyrirtækinu með lögum. Það er hægt, það er leið, en það kostar a.m.k. 3 milljarða kr. í skaðabætur ef svo á að vera og því verða menn að gera sér grein fyrir.

Um fundarstjórn.

Beiðni um fundarhlé.

[13:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég leyfi mér að beina því til forseta þingsins, sitjandi forseta þingsins, að hann geri hlé á þingfundi og boði til fundar með formönnum þingflokka. Hér eru alvarlegir hlutir að gerast. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir og hæstv. iðnrh. eru að drepa málum á dreif, eru að gera lítið úr þáltill. sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs flutti á sínum tíma og hún er hér skýrð sýndartillaga og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt."

Þetta er engin sýndartillaga, að baki henni búa rök og að baki henni búa landslög. Ef sitt hvað er þáltill. og annað frv. er sitt hvað frummatsrannsókn, annað umhverfismat. Ég ítreka beiðni mína til hæstv. forseta þingsins, sitjandi forseta þingsins, að gert verði hlé á þingfundi og formenn þingflokka boðaðir til fundar til að ræða þessi mál.

[13:53]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti lítur þannig á að hv. málshefjandi í umræðunni áðan, hv. 18. þm. Reykv., Sverrir Hermannsson, hafi fallist á að forseti kæmi þessum athugasemdum til fyrsta forseta þingsins.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil að það komi fram að ég er ekki genginn í Frjálslynda flokkinn. Ég kem sem sjálfstæður þingmaður og legg fram sjálfstæða beiðni sem ég geri reyndar í nafni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Ég ítreka beiðni mína, ég óska eftir því að gert verði hlé á þingfundi og formenn þingflokka komi saman til þess að ræða stjórn þingsins.

[13:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í gær fór fram mikil umræða um dagskrármálið. Það var ekki vefengt að rétt væri að taka málið á dagskrá, ekki í einni einustu ræðu. Það eru margir á mælendaskrá, síðast þegar ég vissi voru um 16 manns á mælendaskrá. Þeir hljóta að bíða eftir því með óþreyju að fá að komast að til að flytja mál sitt. Helmingurinn af þeim er úr stjórnarandstöðunni og helmingurinn af ræðumönnum úr stjórnarliðinu. Ég held því að við ættum að sameinast um að haga fundarstjórn eins og til var ætlast og samkomulag er um, að umræðan haldi áfram. Ég vænti þess að formaður þingflokks vinstri grænna staðfesti það og það sé samkomulag um að umræðan haldi áfram í dag.

Hins vegar er sjálfsagt að beita sér fyrir því að þingflokksformenn hittist síðar í dag en við getum gert það undir umræðum, þurfum ekki að trufla þingsalinn eða halda honum í iðjuleysi á meðan við tölum saman.

[13:54]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að spyrja hæstv. forseta um hver sé fyrsti forseti Alþingis. En ég ætla að spyrja hæstv. forseta að því hvenær hann hyggst koma umræddum tilmælum á framfæri við þann forseta Alþingis sem hann kallar fyrsta forseta og hvenær megi búast við svari og hver muni gefa það svar.

[13:55]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Það vill þannig til að Halldór Blöndal, forseti þingsins, er ekki í þingsal sem stendur. Hann er við önnur störf úti í bæ en um leið og hann kemur í húsið mun ég koma þeim athugasemdum, sem hér hafa komið fram, á framfæri við hann. Vænti ég nú þess að við getum hafið umræðu á nýjan leik.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frh. fyrri umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216.

[13:57]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Í framkvæmdaáætlun umhvrn. til aldamóta — en það er útgefið 1997 — er vitnað í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar við upphaf síðasta kjörtímabils um sjálfbæra þróun og segir þar m.a.:

„Stuðla skal að verndun og endurheimt votlendis og koma í veg fyrir frekari framræslu lands nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum."

Framkvæmdaáætlun þessi var samþykkt í ríkisstjórn 1997 en byggir á samþykktum Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun árið 1992 þar sem þjóðir heims samþykktu að aðlaga þróun efnahagslífsins og samfélagsins að sjónarmiðum umhverfisverndar og undir merkjum sjálfbærrar þróunar. Í íslenskum búnaðarlögum frá 1998 segir m.a., með leyfi forseta:

„Jarðabætur skulu stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga

um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparhátta."

Í grg. með frv. kemur m.a. fram að átt sé við friðun og verndun votlendis. En hvers vegna er ég að gera votlendi að umræðuefni og vitna í stefnuskrá og lög í íslenska lýðveldinu? Jú, það er vegna þess að umrætt Eyjabakkasvæði, sem margoft bar á góma í umræðunni í gær er einmitt slíkt svæði.

Segja má að orðið hafi sinnaskipti hjá stjórnvöldum hvað votlendi áhrærir hin síðustu ár, eins og dæmin hér á undan sýna. Sinnaskiptin lúta að því að ekki skuli raskað votlendi án undangengins mats á umhverfisáhrifum og því ber að fagna. Hins vegar þarf auðvitað að hyggja að því hverjar efndirnar verði. Hvað ætlum við að gera til þess að draga úr mengun í heiminum og öllu því sem Ríó-ráðstefnunni fylgir? Er það helst ekki neitt? Hvernig ætlum við að axla þá ábyrgð að friða og vernda votlendi í samræmi við áðurnefnd markmið og alþjóðlegar skuldbindingar okkar því þær eru fjölmargar?

Vitað er að landbætur verða erfiðari og dýrari eftir því sem ástandi landsins hnignar. Fyrirhyggja og varkárni eru mun betri leið. Í samræmi við það hefur Alþingi Íslendinga sett lög, t.d. margnefnd lög um mat á umhverfisáhrifum en þau voru samþykkt 1993. Í þeim segir m.a. í 1. gr.:

„Markmið laga þessara er að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum, svo og að tryggja að slíkt mat verði fastur liður í gerð skipulagsáætlana."

Gott og vel. Í 5. gr. er tekið fram að vatnsorkuvirkjanir yfir 10 megavöttum falli undir þetta áðurnefnda umhverfismat.

Í 10. gr. er sagt að í mati á umhverfisáhrifum skuli tilgreina á viðeigandi hátt áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi kunni að hafa á menn, samfélag og menningu, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta. Þar skal gera sérstaka grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu.

Öll þessi lög og fleiri til eru sett til að hindra umhverfisspjöll, til þess að náttúran njóti vafans. Einnig er tryggður andmælaréttur almennings og tryggt að sérfróðir aðilar yfirfari málið, sérfróðir óháðir aðilar.

Virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun liggur fyrir og er í gildi. Ég get ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri. Það var því rétt hjá forsrh. sem hann sagði í gær að ekkert knýi á um að leggja þurfi núverandi þáltill. fram en það sé gert til að fá pólitískan stuðning frá Alþingi og til þess að tryggja sem mesta umræðu. Hann spurði einnig hvort ekki væri hægt að koma hreint fram og svara hvort sökkva ætti Eyjabökkum eða ekki, um það snerist málið að hans viti.

Gott og vel hvað umræðu af hálfu þingsins varðar þótt hún hafi því miður verið í heldur miklum upphrópanastíl fyrir minn smekk. Ég gef meira fyrir álit fræðimanna, rannsóknir þeirra og faglega umfjöllun frá Skipulagsstofnun. Ég fagna þó vel unninni skýrslu Landsvirkjunar og veit að margir starfsmenn hennar og aðrir sem að þessu máli hafa komið, einnig frá umhvrn. og iðnrn., hafa lagt sig fram um að vanda sig. Hins vegar erum við alþingismenn, með hraðlestri á nokkrum dögum, ekki dómbærir um þetta mál í heild sinni í líkingu við það sem sérfróðir menn eru, með fullri virðingu fyrir okkur öllum. Það er mat slíkra sérfræðinga á skýrslu Landsvirkjunar sem beðið er um. Lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Pólitískur stuðningur frá Alþingi hefur að sjálfsögðu visst vægi en einungis ef tryggt er að við þingmenn fylgjum sannfæringu okkar eins og við höfum heitið og þorum að láta hana koma fram. Ég er ekki viss um að það sé tryggt nema við getum skoðað málið í nægilega víðu samhengi. Þess vegna þurfa allar upplýsingar að koma fram.

Það er líka rétt sem fram kom í gær að fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir voru mun skaðlegri umhverfinu og umfangsmeiri eins og þær lágu fyrir á fyrri stigum. En þar með er ekki hægt að álykta sem svo að núverandi áætlanir séu réttlætanlegar. Fyrir utan það nægir sú framkvæmd að sökkva Eyjabökkum, eins og fyrir liggur á teikniborðinu núna, ekki í fyrsta áfanga Fljótsdalsvirkjunar. Hún nægir ekki fyrir þeim fyrstu 120 þús. tonnum sem gert er ráð fyrir í fyrsta áfanga álvers á Reyðarfirði.

Séu fyrir því haldbær rök að byggja álver á Reyðarfirði, sem ég dreg þó í efa af ýmsum ástæðum, þá eru fleiri valkostir til en þeir að sökkva verðmætu gróðurlendi á borð við Eyjabakka. Eyjabakkar eru votlendi sem uppfyllir öll þau skilyrði um verndun sem krafist er samkvæmt alþjóðasamningum sem við eigum aðild að. Það eru til aðrir valkostir. Reyndar hefur ekki verið unnið jafnmikið að þeim og því sem á borðinu liggur. Eftir sem áður eru þeir þó fyrir hendi.

Helgi Hallgrímsson hefur bent á, eins og vakin var athygli á í umræðunum í gær, að hægt sé að virkja neðar á svæðinu svo að lónið verði minna og nái ekki svo heitið geti yfir áðurnefnt votlendi.

Kárahnúkavirkjun er annar kostur sem einnig þarf að skoða og ég hef ekki tekið afstöðu til. Þar mætti fá rafmagn fyrir 240 þús. tonna álver á Reyðarfirði, þ.e. fyrir 50% af stærð þess álversins eins og það gæti stærst orðið. En yrði sá virkjunarkostur fyrir hendi þá þarf að fara fram mat á umhverfisáhrifum vegna þess að lög landsins kveða á um það.

Telja menn kannski að það hafi verið mistök að setja lög um mat á umhverfisáhrifum? Þau lög byggja reyndar á tilskipun frá Evrópusambandinu og því var ekki hjá þeim komist sem betur fer. Sú tilskipun hefur verið endurskoðuð m.a. vegna hnökra sem fram hafa komið. Við Íslendingar vorum skuldbundnir til að taka þá tilskipun upp í íslensk lög og breyta lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrir mars 1999 en það höfum við enn ekki gert.

Þegar fjallað er um virkjanir og nýtingu hálendis Íslands skiptir miklu að nota umhverfismatsferlið á jákvæðan hátt til að leggja mat á nýtingarmöguleika tiltekinna svæða og móta heildstæða stefnu um mannvirkjagerð og friðun. Slík stefna þarf samfellda endurskoðun að sjálfsögðu. Því er nokkuð sorglegt að hlusta á menn tala um umhverfismat og mat á umhverfisáhrifum einungis sem einhvers konar lokapunkt í hönnunarferli.

Máli skiptir að þær ákvarðanir sem teknar eru séu í samræmi við markmið íslenskra laga, markmið tilskipunar ESB sem lögin eru byggð á og að sjálfsögðu fjölmörg fyrirliggjandi dómafordæmi EB-dómsins, án þess að ég ætli að fara að leggja mat á þau. Lögin kveða á um og áðurnefndar tilskipanir byggja á, og það er kjarni málsins í mínum huga, að fyrir skuli liggja öll leyfi til þess bærra aðila áður en ráðist er í framkvæmdir sem geta haft veruleg áhrif á umhverfið. Hvaða leyfi eru það samkvæmt íslenskum lögum? Eftir því

sem ég skil það eru það tvenns konar leyfi. Annars vegar er það virkjunarleyfi. Það liggur fyrir og er í gildi eftir því sem mér er tjáð. Hins vegar er um að ræða framkvæmdaleyfi eins og kemur fram í greinargerð með till. til þál. Á bls. 9 stendur skýrum stöfum:

„Samkvæmt þessu liggur ekki fyrir formlegt samþykki Fljótsdalshrepps fyrir frekari framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun en áður greindum aðkomugöngum."

Þetta hlýtur að merkja að framkvæmdaleyfi fyrir þeirri framkvæmd sem hér er ætlað að fara í og veita skal samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, ekki lögum um mat á umhverfisáhrifum heldur skipulags- og byggingarlögum, af þar til bærum yfirvöldum, sem eru sveitarstjórn Fljótsdalshrepps, liggur ekki fyrir. Dagsetning þess leyfis er ekki fyrir setningu laga um mat á umhverfisáhrifum heldur mun það koma á þessum tímapunkti og heyrir því undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Mér finnst þetta skipta mjög miklu máli.

Ég fullyrði ekki að þetta sé sannleikurinn í málinu en þetta er efni lögfræðilegs álits sem ég hef aflað mér og m.a. hefur birst í Morgunblaðinu í viðtali við Aðalheiði Jóhannsdóttur lögmann, sem kom einmitt að því verki að semja lög um mat á umhverfisáhrifum. Hún er í doktorsnámi í umhverfisrétti í Svíþjóð. Mér finnst þetta það veigamikið innlegg í þessa umræðu að ég treysti mér ekki, sitjandi í umhvn. þingsins, að afgreiða þaðan ákvarðanir um framtíð hálendisins, nema þetta álit verði eitt af gögnum málsins og lagt til grundvallar ásamt öðrum upplýsingum.

Áðurnefndur lögmaður dregur í efa réttmæti þess að undanþiggja Fljótsdalsvirkjun formlegu mati á umhverfisáhrifum. Lögmaðurinn telur eðlilegt að skipulagsstjóri, takið eftir, krefjist þess af framkvæmdaaðila, sem í þessu tilfelli er Landsvirkjun, að umhverfisáhrif virkjunarinnar verði metin í samræmi við lögin. Skipulagsstjóri þarf ekki sérstakar heimildir til þess að framfylgja lögum um mat á umhverfisáhrifum. Honum er einfaldlega skylt að framfylgja þeim. Ef skipulagsstjóri er í vafa um hvort framkvæmd sé matsskyld eða ekki þá er bara ein leið til að láta kveða upp úr með það — fyrir dómstólum. Ekki treysti ég mér til að meta það. Þetta er lögfræðilegt álitaefni sem þarf að vera á hreinu, ekki eitthvað sem hægt er að fullyrða um. Það geta hvorki einstakir ráðherrar, hvað þá einstakir þingmenn. Með fullri virðingu fyrir hv. þm. og hinu háa Alþingi þá er önnur leið mörkuð til að kveða upp úr um slík ágreiningsefni.

Þetta er kjarni máls míns, herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að við þingmenn fáum alla fleti málsins á hreint. Ég sagði að ég hefði efasemdir um álver á Reyðarfirði. Það er allt önnur umræða sem ég er alveg tilbúin að taka þátt í en mér finnst lagahliðin skipta það miklu máli að fram hjá henni verði ekki gengið.

[14:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Menn hafa teflt fram ýmsum rökum í umræðu um þetta mál. Náttúruverndarsjónarmið hefur borið hátt. Í öðru lagi hafa menn rætt virkjunarkosti og virkjunarstefnuna. Í þriðja lagi hafa menn rætt efnahagslegar forsendur. Ég ætla að víkja í örstuttu máli að hverjum þessara þátta fyrir sig.

Fyrst tek ég fyrir náttúruverndarsjónarmiðin. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þau en vil vekja athygli á því að borist hefur yfirlýsing frá 14 framkvæmdastjórum World Wildlife Fund For Nature í Evrópu þar sem lagst er á sveif með þeim sem krefjast þess að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat. Ég ætla ekki að fjölyrða nánar um það en finnst þetta mikil tíðindi og sýna hve mikla athygli þetta mál er farið að vekja, ekki aðeins hér innan lands heldur víða um heim. Í ályktun sinni segja þeir að hér séu stór ósnortin víðerni til umfjöllunar, einstök náttúruperla og mikilvægt að um hana sé farið réttum höndum.

Ég held að enginn efist um að það er alvarlegt að ráðast í Fljótsdalsvirkjun, það hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér. Um það deilir enginn, það held ég ekki. Þetta er ráðstöfun sem verður ekki aftur tekin. Þessu verður ekki breytt eftir að við erum búin að virkja og fremja þau spjöll sem þetta hefur í för með sér. (**Iðnrh.:** Það eru heimildir til staðar.) Það eru heimildir. Nú erum við komnir í formsatriðin. Á hæstv. iðnrh. hrína náttúrlega engin rök frekar en fyrri daginn. Hann hefur heimild til að ráðast í þessi spellvirki og þá skal haldið áfram og ekki hlustað á nein rök. Ég ætla að tefla fram nokkrum rökum og það væri gleðilegt að heyra röksemdir og gagnrök hæstv. ráðherra.

Ég efaðist sannast sagna, þar til ég heyrði þessi frammíköll frá fulltrúa ríkisstjórnarinnar, að nokkur maður gerði þetta með glöðu geði. Ég hélt ekki. Ég hélt að flestum væri okkur eftirsjá í Eyjabökkum, ég stóð í þeirri trú. Menn teldu þetta hins vegar illskársta kostinn. Ég stóð í þeirri trú þar til ég heyrði frammíköll hæstv. ráðherra sem segist hafa heimild til að fremja þarna umhverfisspjöll. En við hin, og ég beini orðum mínum til annarra hv. alþingismanna, hlustum vonandi á rök í málinu.

Þá kem ég að öðrum þættinum sem er virkjunarstefnan og þar höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljað skoða þetta í víðu samhengi og spyrja: Hve mikil nýtanleg orka er á Íslandi? Samkvæmt mælieiningu sem er oft notuð, teravattstund, reiknast mönnum til að samanlagt sé hægt að afla bæði af vatnsafli og jarðvarma um 50 teravattstunda. Ef tekið er tillit til umhverfisverndarsjónarmiða sé óhætt að helminga þessa upphæð. Þá erum við komin niður í 25 teravattstundir. Hvað er búið að virkja mikið? Það er búið að virkja upp undir 7 teravattstundir, 6,5, og sú tala á eftir að hækka í u.þ.b. 9 stundir á næstu fáum árum vegna þegar gerðra samninga. Þá erum við komin í 9 teravattstundir, 9 af 25. Orkuspárnefnd gerir ráð fyrir því að 2% vöxtur almennrar raforkunotkunar verði hérlendis fram á miðja næstu öld, fram til um 2050. Það svarar til viðbótar sem nemur um 5,5 stundum frá aldamótum talið. Eftir standa þá 10,5 teravattstundir. Það er mat fróðra manna að þetta nægi tæpast til að framleiða vetni eða annað vistvænt eldsneyti sem geti komið í stað annars eldsneytis. Þetta er mat manna. Með öðrum orðum, við höfum ekki þá orku til ráðstöfunar sem menn ætla að setja í álverið ef við ætlum að verða sjálfum okkur nóg hér innan lands. Þetta er mjög umdeilanlegt út frá þessu sjónarmiði. Álverið, sem stendur til að reisa á Reyðarfirði, tæki til sín tæpar 7 teravattstundir, 6,7. Það samsvarar allri raforku sem framleidd er á Íslandi eða sem nýtt er á Íslandi í dag, bæði til fyrirtækja og heimila. Þetta eru stærðargráðurnar sem við erum að tala um. Út frá þessum sjónarhóli er þetta óhyggilegt. En eftir sem áður vilja menn ráðast í þessa framkvæmd. Hvers vegna? Þá tefla menn fram tvenns konar röksemdum, báðum efnahagslegs og félagslegs eðlis. Menn tala um efnahagslegt mikilvægi þessa og menn tala um byggðasjónarmið. Ég ætla að víkja fyrst að síðara atriðinu, byggðasjónarmiðunum. Í þeim gögnum, sem hér hafa verið reidd fram, kemur fram að þetta sé mikilvægt og lífsnauðsynlegt reyndar fyrir Austurland og menn eru þar

að vísa til svæðis þar sem búa 8.400 manns. Menn eru að tala þar um 10 þéttbýliskjarna, 250 sveitabýli, 8.400 manns. Menn segja í þeim gögnum sem koma frá Nýsi að eðlilegt sé að ætla um 4.000 ársverk í byggð af þessari stærðargráðu. Þetta stóra álver, 480 þús. tonn ef það yrði byggt í fullri stærð, mundi veita einhvers staðar á bilinu 700–1.000 störf, þetta kemur fram í gögnunum, 700–800 ársverk ef ég man rétt. Finnst mönnum þetta vera mjög skynsamlegt og hyggilegt? Ég stóð í þeirri trú að það vantaði fólk á Austfjörðum núna, það er verið að flytja fólk þangað. Menn segja hins vegar að það sem byggðin þurfi á að halda sé fjölbreytni. Þetta er ekki bara spurning um hversu mörg störf er boðið upp á, heldur hvers eðlis þau eru. Þá þyrfti það náttúrlega að gerast að fólk, sem er núna í matvælaframleiðslu, flytti sig yfir í álframleiðslu, þetta gæti gerst. En menn eru að vonast til að annað kunni að gerast, þ.e. að fólk flytji til Austfjarða, að fólk sem er brottflutt, vegna þess að það hefur verið brottflutningur frá Austurlandi á liðnum árum, flytji til baka, komi aftur til Austfjarða. Finnst mönnum líklegt að það gerist að menn flytji aftur til að fá störf í álveri? Ég held ekki. Alla vega hefði ég haldið að það þyrfti að gera athugun á þessu. Hver eru líkleg byggðaáhrif? Hvað gerist varðandi fólksflutninga? Ég hefði haldið að það þyrfti að kanna þetta. Samkvæmt skilningi mínum er verið að setja allt of mörg egg í eina körfu. Í litla, fámenna byggð ætla menn að setja risastóran vinnustað. Ég tel þetta ekki vera hyggilegt út frá byggðalegum forsendum, mjög vanhugsað út frá byggðalegum forsendum.

Þá er að víkja að efnahagslegu forsendunum. Hverjar eru stærðargráðurnar í því dæmi? Hvað kostar að reisa álverið? Ýmsar tölur hafa verið nefndar. Menn hafa talað um 32 milljarða, 30 milljarða, menn hafa fært sig niður í 25 milljarða. Menn eru að tala um stærðargráðuna 30 milljarða króna. Það er fyrsti áfanginn. Hvað skyldi álverið kosta fullbyggt? Þá er verið að tala um 120 milljarða.

Hvað skyldi virkjunin síðan kosta? Menn hafa verið að tala þar um 30 milljarða í fyrsta áfanga. Menn hafa fært sig niður í 25 milljarða, 25–30 milljarða. Þetta eru stærðargráðurnar sem verið er að tala um. Við erum að tala um að verja í fyrsta áfanga um 60 milljörðum króna til virkjunar og álvers. Hvaðan eiga peningarnir að koma? Að ekki sé minnst á stækkunina þegar við erum komin upp í 120 milljarða og miklu meiri fjármuni í virkjanir vegna þess að þetta er fyrsti áfangi, við getum margfaldað þessa 30 milljarða með 4 eða 5 til að virkja nægilega fyrir þessa álverksmiðju. Við erum farin að tala um upphæðir sem nema 200–300 milljörðum króna.

Hvaðan eiga þessir peningar að koma? Upphaflega áttu þeir að koma frá tveimur aðilum, Íslendinum og Norsk Hydro. En annar aðilinn vann heimavinnuna sína. Það er Norsk Hydro. Hann setti þetta í arðsemismat og féll frá þessu. Það var verið að tala um á sínum tíma að Norsk Hydro kæmi líka að virkjuninni, það var rætt um það. Það var rætt um að þeir kæmu líka að virkjuninni. Þeir gerðu arðsemismat og féllu frá því. Það er það sem gerst hefur. Nú er rætt um að þessi fjármögnun verði hér innan lands. Það verði jafnvel fjármagnað með lífeyrissjóðum Íslendinga. Það hefur verið rætt um það. Þetta er slíkt glæfraspil að engin fordæmi eru fyrir slíku. Hafa menn íhugað hvaða afleiðingar þetta mundi hafa á efnahagslíf þjóðarinnar?

Menn eru að tala um það núna að hér hafi verið of mikil þensla í atvinnulífinu við 5% hagvöxt. Hæstv. forsrh. hefur talað um það. Þjóðhagsstofnun hefur talað um að sé nauðsyn að kæla niður. Hvaða áhrif mundi þetta síðan hafa á efnahagslífið ef við færum í þessar framkvæmdir? Hvaða áhrif mundi það hafa? Samkvæmt gögnum sem hafa verið reidd fram má búast við þenslu upp á 7–7,5%. Það liggja gögn fyrir um það. Hvað á þá að kæla niður? Hvað á að setja í frystinn? Menn spyrja: Hvað ætlið þið að koma með í staðinn? Ég spyr á móti: Úr hvaða framkvæmdum öðrum á að draga þegar ráðist verður í þessi risaverkefni? Peningalega er þetta fullkomið glapræði og fullkomið ábyrgðarleysi í efnahagsstjórn í þessu litla samfélagi okkar sem telur 275 þús. manns.

Það er ágætt að hugsa eins og milljónaþjóð. Íslendingar hafa alltaf hugsað eins og milljónaþjóð. Finnst við vera svona 200–300 milljónir og það er ágætt. Það er kostur að hugsa stórt þangað til menn ætla að fara að sjá þessum 200–300 milljónum fyrir atvinnu, þá dugir ekkert minna til en að reisa eitt stærsta álver í heiminum í byggðarlagi sem telur 8.400 manns. Inn í efnahagskerfi sem er svo smátt ætla menn að koma með þessar stærðir, þessar upphæðir, og menn ætla að fara að mjólka lífeyrissjóðina til þess að hafa sitt fram. Tal um byggðastefnu er því ekki á traustum rökum reist að mínum dómi. Þetta er vanhugsuð stefna og efnahagslega er þetta fullkomið ábyrgðarleysi og glapræði.

[14:27]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir utan það að hv. þm. Ögmundur Jónasson er alþingismaður Reykvíkinga þá er hann jafnframt formaður Bandalags ríkis og bæja. Í málflutningi sínum þar og á þeim vettvangi hefur hv. þm. lagt höfuðáherslu á samstöðu í verkalýðshreyfingunni, verið talsmaður þess og ég fagna því og ég held að það sé styrkleiki verkalýðshreyfingarinnar að tala með þeim hætti að hún þurfi að standa saman, hvort sem menn skipast í raðir opinberra starfsmanna eða á hinum almenna vinnumarkaði.

Á 20. þingi Verkamannasambands Íslands var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„20. þing Verkamannasambands Íslands styður eindregið áform um virkjunarframkvæmdir á Austurlandi og nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar í fjórðungnum.

Þingið leggur í þessu sambandi áherslu á eftirfarandi:

Fljótsdalsvirkjun ásamt álveri við Reyðarfjörð eru án efa áhrifamestu aðgerðir til að vinna gegn þeirri miklu byggðaröskun sem átt hefur sér stað mörg undanfarin ár á Austurlandi.

Álver við Reyðarfjörð mun hafa mikil áhrif á íbúa- og efnahagsþróun á Austurlandi auk jákvæðra áhrifa á íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Mikilvægt er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun hefjist að nýju sem fyrst þannig að ekki verði sett í uppnám áform um uppbyggingu álvers við Reyðarfjörð."

Mér finnst einhvern veginn af málflutningi hv. þm. að ekki sé samhljómur í málflutningi hans á Alþingi og þeim hljómi sem kom frá þingi Verkamannasambands Íslands. Þar er ekki verið að tala um að þær framkvæmdir sem verið er að ráðast í séu glæfraspil. Þeir félagar sem þar eru eru líka eigendur að lífeyrissjóðunum í landinu og það verður að vera mat lífeyrissjóðanna í landinu hvort þeir telja að það verkefni sem þarna á að ráðast í sé arðbært eða ekki. (Forseti hringir.) Þess vegna skulum við ekki á þessari stundu vera með fullyrðingar út í loftið um það að ekki sé arður af þeim framkvæmdum sem á að fara í.

[14:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra, að það er ekki samhljómur í málflutningi mínum og í þeirri ályktun sem hann las upp frá Verkamannasambandi Íslands. Ég er ósammála henni og það voru án efa einhverjir á þinginu sem voru henni ósammála. En það sem ég sakna í andsvari hæstv. ráðherra er að hann skuli koma hér upp eftir þær fullyrðingar sem ég hef sett fram og upplýsingar sem ég hef reitt fram og gera enga tilraun til málefnalegrar umræðu. Hann reynir ekki að svara neinum rökum en hann ber samþykktir samtaka fyrir sig. Ég vona að hæstv. ráðherra komi upp aftur og svari þeim röksemdum sem ég setti fram en geri ekki það sem hann hefur reyndar alltaf gert í umræðunni, að reyna að bera einhverja aðra fyrir sig, að drepa málum á dreif.

[14:31]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér gefst tækifæri til þess hér á eftir, síðar við umræðuna, að svara með rökstuddum hætti fullyrðingum hv. þm. sem margar eru rangar og rangt fram settar. Ég hef tekið þær niður og mun svara þeim og gefst þá hv. þm. tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér ef honum finnst illa á sig ráðist í þeim efnum.

En gæti verið að hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sé í andstöðu við þessa samþykkt Verkamannasambandsins sem samþykkt var með 80% greiddra atkvæða, vegna þess að félagar hans hafa aðrar tryggingar fyrir framtíð sinni en það fólk sem þarna kom saman til þings? Það fólk hefur verulegar áhyggjur af framtíð sinni og framtíð atvinnu sinnar á Íslandi vegna þess að það hugsar lengra en bara til morgundagsins.

[14:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég auglýsti eftir rökum og upplýsingum. Ég óskaði eftir upplýstri umræðu. Ég læt menn um að dæma svar hæstv. ráðherra. Mér finnst það dæma sig sjálft.

[14:32]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt um byggðamálaþátt ræðu hv. þm. Hann virðist gera ráð fyrir því að enginn muni geta hugsað sér að flytja til Austurlands. Hann talar um málið út frá myndinni um mann með hjálm eða grímu sem skarar í logandi eld og eimyrju, og leggur út frá því. Það er náttúrlega alrangt. Störf í álverum eru að beytast. Þau eru að verða margþættari. Hann sleppir alveg að minnast á öll þau hliðaráhrif sem yrðu af slíkri framkvæmd. Hann sleppir að minnast á þau áhrif sem yrðu á samgöngur og þjónustu hvers konar og einfaldar myndina við manninn sem er með sköfu að skara í logandi eldinn með hjálm á höfðinu. Þetta finnst mér ekki vera mjög málefnaleg umræða og mér finnst að þetta verði að koma fram hér í framhaldi af ræðu hv. þm.

Það er staðreynd að fólk hefur verið að flytjast frá Austurlandi á liðnum árum. Það er alveg rakalaust að fullyrða það hér í ræðu eftir ræðu að ekkert af því fólki mundi hverfa aftur til Austurlands ef þar yrðu umsvif eins og af þessu munu leiða.

[14:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því fer fjarri að ég trúi því að enginn vilji flytja til Austurlands. Mér finnst Austurland vera sérlega fallegt. Ég segi það fyrir mína parta að ég gæti vel hugsað mér að búa þar. Hvort einhver mundi flytja sérstaklega austur til þess að fá starf í álveri, það læt ég liggja milli hluta. Ég þekki það ekki. En væri ekki ráð að gera á þessu einhverja könnun eða athugun? Og um það snýst öll þessi umræða.

Hæstv. ráðherra kom í ræðustól áðan og sagði að menn ættu ekki að vera að draga lærdóma og ályktanir af þeim tölum sem lægju frammi, það væri ekki ástæða til að gera það nú. Það er einmitt nú sem á að gera það. Það er núna sem verið er að taka ákvörðun um þessa hluti. Það er núna sem við eigum að taka þessa umræðu. Okkar krafa hefur einfaldlega verið sú að gerðar verði kannanir og athuganir — málið er af slíkri stærðargráðu — ekki bara fyrir Austurland, ekki bara fyrir Austfirðinga heldur fyrir allt íslenska efnahagslífið.

Ég er sannfærður um að hér er verið að ráðast í mikið glæfraspil og það er alvarlegt af hve miklu ábyrgðarleysi hæstv. ráðherrar hafa talað um þetta mál. Hv. þm. Jón Kristjánsson var málefnalegur í andsvari sínu. Hann kom með efnisleg rök þótt ég sé ekki honum sammála. En við auglýsum eftir rökum og rökstuddum skoðunum í þessu máli.

[14:36]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ tækifæri til að tala um efnahagslega hlið málsins síðar. Það er náttúrlega alveg ljóst að framkvæmdir af þessu tagi draga til sín fólk. Hvað með framkvæmdir af þessu tagi á suðvesturhorninu, hafa þær ekki dregið til sín fólk? Það hafa þær auðvitað gert. Þess vegna er málið litið jafnlvarlegum augum á Austurlandi og raun ber vitni.

Hér hafa fallið margar ástarjátningar til Austurlands. Sagt er að þar sé fallegt og að menn skilji vanda Austfirðinga. Austfirðingar eru búnir að fá grænar bólur af þessu tali þó að hinir álitlegustu menn fari með þessar ástarjátningar, eins og hv. 13. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Norðurl. e. sem talaði hér í gær. Þeir eru uppfullir af skilningi á vanda Austfirðinga en berjast á móti þessari framkvæmd.

[14:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skyldi þó aldrei vera gagnstætt, þ.e. að menn berjist gegn þessari framkvæmd vegna þess að þeir beri hlýjar tilfinningar til Austfirðinga og vilji taka á íslenskum efnahagsmálum á ábyrgan hátt. Það er þess vegna sem við erum að setja fram þessar miklu efasemdir og mótmæli gegn því að ráðist verði í þessar framkvæmdir.

[14:38]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður ekki af hv. þm. Ögmundi Jónassyni skafið að hann er samkvæmur sjálfum sér. Það er alveg sama að því er virðist um hvaða mál hann talar eða hvaða hliðar þessa máls hann talar um, hann er ætíð á móti. Ætíð skal svartsýnin ráða för. „Byggðasjónarmiðin eru vanhugsuð í þessu máli," sagði hv. þm. Það er í raun í fyrsta sinn sem ég heyri slíka áherslu lagða á að jafnvel sé verið að vinna gegn hagsmunum byggðanna.

En það skal heldur ekki af þingflokki vinstri grænna skafið að ætíð hafa þeir vitið mest á öllum sviðum. Ályktanir ýmissa aðila um byggðaþáttinn í þessu máli eru greinilega vanhugsaðar. Þar er ekki verið að fara með staðreyndir. Og bólur Austfirðinga eru ekki bara grænar, hv. þm. Jón Kristjánsson, þær eru líka rauðar. Þær eru af öllum litum vegna

þess að orð um að það þurfi að hafa vit fyrir Austfirðingum á þessum sviðum eins og öllum öðrum eru orðin nógu mörg. Nú er mál að linni. Nú er mál að við fáum að sjá framkvæmdir sem hafa einhverja möguleika á því að snúa þeirri byggðaþróun við sem við höfum allt of lengi þurft að búa við. Við segjum líka, hv. þm. Ögmundur Jónasson: Hvar eru þessi stóriðjuver sem vantar fólk í vinnu? Hv. þm. sagði að honum þætti ólíklegt að nokkur mundi flytja austur til að vinna í álveri. Þessi fyrirlitning á störfum á ákveðnum vinnustöðum er einnig afar óhugnanleg. Ég vona að það sé misskilningur hjá mér að hv. þm. beri ekki sömu virðingu fyrir störfum í álveri og öðrum störfum.

[14:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram að við hv. þm. Einar Már Sigurðarson erum duglegir að misskilja hvor annan, því hann sakaði mig um slíkt í gær. Ég ber fulla virðingu fyrir störfum í álverum sem annars staðar. Ég sagðist ekki ætla að svara því fyrir mig hvort ég hefði áhuga á að flytja landshornanna á milli til að fá starf í álveri, en var ekki með neinar slíkar fullyrðingar.

Það sem ég vil að við ræðum hér og ræðum það málefnalega þannig menn færi rök fyrir máli sínu, er hvort það sé til gagns fyrir fámenn byggðarlög eins og Austfirði, þar sem búa 8.400 manns núna, þar sem talað er um 4.000 ársverk, að flytja þangað eitt stærsta álver heimsins eða reisa þar eitt stærsta álver heimsins þar sem fjórðungurinn eða fimmtungurinn af öllum íbúunum kæmi til að starfa í tengslum við álverið. Ég er að velta vöngum yfir því hvort við séum ekki að setja of mörg egg í eina körfu og hversu hagstætt þetta sé fyrir byggðirnar. Ég held að ýmsir aðrir kostir séu til í því efni.

Í annan stað hef ég talað um þetta í víðu efnahagslegu samhengi. Við erum að tala um framkvæmdir sem skipta tugum milljarða. Við erum að tala um álver sem kynni að kosta um 120 milljarða kr. fullbyggt, fyrsti áfanginn um 30 milljarða. Við erum að tala um þetta. Við erum að tala um virkjun þar sem fyrsti áfanginn kostar um 30 milljarða, 25–30. Síðan þyrftum við að margfalda þetta með þremur, fjórum eða fimm til þess að fullnægja orkuþörfinni.

Hversu mikið efnahagslegt vit er í þessu? Hafa menn hugleitt hvaða áhrif það hefur á okkar efnahagslíf ef menn ætla síðan að taka hér innan lands alla fjármunina til þess að kosta þetta?

[14:42]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ánægjulegt að ég misskildi hv. þm. Ögmund Jónasson varðandi virðingu starfa. Í raun var varla annað hægt. En hann er búinn að leiðrétta það sem betur fer.

Það er hins vegar athyglisvert þegar hann ræðir um fjárfestingarnar að hann hefur miklar áhyggjur af því þegar fjárfestingar af þessari stærðargráðu eru framkvæmdar á Austurlandi. Ef hann skoðaði nú fjárfestingar á höfuðborgarsvæðinu nokkur ár aftur í tímann, þá er ég hræddur um að hann yrði ekki lengi að komast að svipaðri niðurstöðu í magni vegna þess að fjárfestingar hér hafa verið gífurlegar og þenslan að hluta til á höfuðborgarsvæðinu er að sjálfsögðu vegna þess að stóriðjuver hafa hér verið reist. Það er ábyggilega mikilvægur áfangi til að leysa örlítið þann vanda sem skapast hefur vegna þeirrar þenslu að koma á þó að ekki væri nema örlítilli þenslu í öðrum landshluta.

[14:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eigum við samt ekki að reyna að gera hlutina af einhverju viti? Það er alveg rétt að hluti af þenslunni í efnahagskerfi okkar er vegna dellufjárfestinga á höfuðborgarsvæðinu í verslunarhúsnæði og ýmsu öðru. En ég bið menn að hugleiða eitt: 275 þús. manna þjóð er að ráðast í framkvæmdir sem kynnu að kosta um 200 milljarða kr. Þær upphæðir hafa verið settar fram. Menn ætla að gera þetta á sama tíma og þeir ætla að selja, markaðsvæða og selja Landsvirkjun, Landsbankann, Búnaðarbankann og Landssímann. Hvar ætla menn að taka alla þessa peninga? Ég bara spyr. Halda menn að lífeyrissjóðirnir hrökkvi til? Menn eru að tala um það í alvöru að þeir ætli að leita að þessu fjármagni hér innan lands. Menn kunna að fá eitthvað af þessu fjármagni erlendis frá í sjálft álverið, en virkjanirnar ætla þeir að fjármagna hér innan lands.

[14:44]

Sturla D. Þorsteinsson:

Herra forseti. Margt hefur hér verið sagt og talsvert mikið er um endurtekningar svo ég hef ákveðið að stytta ræðu mína til að tefja ekki fyrir framgangi þessa máls.

Herra forseti. Heimildarlög um virkjun Jökulsár í Fljótsdal voru samþykkt á hinu háa Alþingi Íslendinga 1981. Þessi virkjun felur í sér miðlun á Eyjabökkum. Á grundvelli þessara laga veitti ráðherra virkjunarleyfi 1991. Líklega er hvergi í heiminum jafnlýðræðislega unnið að veitingu leyfa til virkjana og á Íslandi. Slíkt leyfi er aldrei veitt nema með samþykki hins háa Alþingis. Heimildarlögin frá 1981 gilda þangað til Alþingi ákveður annað.

Herra forseti. Undanfarin missiri hefur verið deilt um hvort fórna skuli Eyjabökkum undir uppistöðulón eða ekki. Sumir telja svæðið náttúruperlu en aðrir segja svæðið mýrafláka sem vel megi sökkva undir vatn. Andstæðingar þessara framkvæmda hafa bent á náttúrufegurð svæðisins, gróður og heiðagæsina. Nú er heiðagæsin orðin umhverfisvænn grasbítur. Hvers á blessuð sauðkindin að gjalda, hv. þm. Hjálmar Jónsson?

Í skýrslu Landsvirkjunar eru birtar niðurstöður rannsókna á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar. Þessi skýrsla er bæði ítarleg og vönduð. Ekki finnst mér hlutdrægninni þar fyrir að fara. Í skýrslu Landsvirkjunar kemur fram að Kristinn Haukur Skarphéðinsson fuglafræðingur hefur um árabil rannsakað fuglalíf á Eyjabökkum. Þar kemur fram að svæðið gegnir þýðingarmiklu hlutverki sem fjaðrafellistöð fyrir heiðagæs en fáar gæsir verpa þar. Í niðurstöðum sínum um heiðagæsina segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson að útilokað sé að meta með nokkurri vissu hvaða áhrif uppistöðulón við Eyjabakka kunni að hafa á heiðagæsastofninn.

Í þessu sambandi vil ég minna á að heiðagæsin er býsna klókur fugl og hún kemur örugglega til með að laga sig að breyttum aðstæðum eins og hún hefur gert áður. Einnig má benda á, eins og hefur komið fram við þessa umræðu, að það eru ekki bara virkjanir sem geta haft áhrif á heiðagæsastofninn því 30–40 þúsund heiðagæsir eru skotnar á ári hverju.

Herra forseti. Andstæðingar þessa máls hafa haldið því fram að stjórnarþingmenn liggi undir miklum þrýstingi vegna þess. Það er af og frá. Eini þrýstingurinn sem ég verð fyrir er frá andstæðingum málsins. Mér finnst t.d. andstæðingar málsins gera lítið úr þeirri gífurlegu vinnu sem margir af okkar fremstu vísindamönnum hafa lagt til.

Talsmenn lögformlegs umhverfismats hafa gagnrýnt að almenningur fái ekki að tjá sig um málið. Sú gagnrýni á ekki við rök að styðjast. Hv. formaður iðnn. Hjálmar Árnason hefur lýst því yfir opinberlega að opnað verði fyrir umsagnarferli við þinglega meðferð málsins. Sjálfsagt hafa tækifærin aldrei verið meiri og betri en einmitt nú með tilkomu upplýsingasíðna nefndanna á vef hins háa Alþingis. Gamla sendibréfið er greinilega enn í fullu gildi.

Herra forseti. Þótt einhver röskun verði á svæðinu yfirvinnur hún ekki hinn mikla þjóðhagslega ávinning sem verður af virkjuninni fyrir þjóðina alla, ekki bara Austfirðinga eins og hér hefur komið fram. Virkjun Eyjabakka og álver í Reyðarfirði eru þau atvinnutækifæri sem landsbyggðina sárvantar. Þetta er eitt stærsta byggðamál síðari tíma.

[14:49]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram er um margt mjög athyglisverð. Þátttaka þingmanna í umræðunni er mikil og þegar dagur verður að kveldi kominn hefur væntanlega á fimmta tug þingmanna tekið þátt í þessari umræðu. Það er hugsanlega sönnun á því að hér sé vel að verki staðið hjá ríkisstjórninni með framlagningu þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir í gær.

Alþingi var raunar búið að taka ákvörðun um þessar framkvæmdir áður en það er afar fróðlegt fyrir þingmenn að fá að kynna sér þessi mál. Ég vil sérstaklega hrósa forsvarsmönnum Landsvirkjunar fyrir bókina sem okkur hefur verið afhent. Hún er fróðleg og afar vel unnin. Ég veit að hún er tekin saman af færum vísindamönnum og hefur mikinn fróðleik fram að færa.

Margt hefur verið sagt í þessu máli. Málið var og er eldfimt en þeir eldar hafa dvínað í þessari umræðu. Eftir stendur glóð og það er alls ekki óeðlilegt. Málið er viðkvæmt að því leyti að flestir stjórnmálaflokkar hafa komið að því. Sumir hafa reyndar reynt að þvo hendur sínar af því en gengið mismunandi vel.

Í hugum þingmanna hafa vaknað margar spurningar. Hér spila saman tilfinningar, huglægar og efnislegar forsendur koma hér inn í röksemdafærsluna. Vistvænir þættir, áhugi á umhverfismálum og efnahagsmálum fléttast saman og gera umræðu um þetta mál býsna flókna. Auðvitað spilar flokkspólitíkin inn í og einstaka þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa reyndar skotið sig í fótinn með rökum sínum.

Ég ber mikla virðingu fyrir málflutningi margra þeirra sem láta sig náttúruvernd varða þó öfgakenndur sé á köflum. Þeir eru ekki allir meiri umhverfissinnar sem hér hafa talað á móti virkjun og byggingu stóriðju en við sem viljum halda áfram þeim framkvæmdum. Það er t.d. býsna spaugilegt að hlusta í þessu sambandi á gæsaskyttur og hreindýraskyttur sem auðvitað eru miklir útivistarmenn, en þeir hafa gaman af að drepa þessi dýr. Ég hef ákaflega gaman að fylgjast með fuglum og hreindýrum en hef aldrei skotið dýr. Margir halda því fram að við sem fylgjum því að halda áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun séum umhverfissóðar þannig að öfgarnar ganga í allar áttir í þessari umræðu.

Margir þeirra sem hæst láta búa í manngerðu umhverfi og nýta sér alla þá tækni sem fyrir hendi er. Ég varð vitni að því í fyrradag þegar ég átti erindi í ónefnda verslun í Reykjavík að milli rekkanna var maður einn sem ég hélt að væri að gera verðkönnun. Hann var með spjald og var að biðja fólk um að skrifa á þetta spjald. Þetta var nokkurs konar mótmælaskjal sem þessi ágæti maður ráfaði með um verslunina og hafði væntanlega fullt leyfi verslunareiganda til. En það er heldur sérkennilegt að menn fái að ganga um verslanir til þess að ónáða fólk sem var að versla. Spurningin var einfaldlega sú hvort fólk vildi lögformlegt umhverfismat. (**Gripið fram í:** Þetta hefur ekki verið í kaupfélaginu?) Hv. þm. spyr hvort þetta hafi verið í kaupfélaginu. Jú, en að sjálfsögðu í nútímakaupfélagi Baugs í Reykjavík sem hefur um 70–80% af matvörumarkaðnum hér á svæðinu.

Hér er auðvitað um stórt hagsmunamál fyrir allt landið að ræða. Þetta skiptir efnahag þjóðarinnar miklu máli og er mjög brýnt byggðamál fyrir Austurland.

Á Íslandi er mikið neyslusamfélag. Í raun má segja að það sé neysluæði meðal þjóðarinnar sem birtist okkur í mörgum myndum, t.d. í bifreiðaeign þjóðarinnar, í tölvu- og tæknivæðingu, í íbúðarhúsnæði, húsum og innviðum. Íslendingar búa vel og ferðaþörf landans er mikil, bæði innan lands og utan. En ég velti fyrir mér hvort við séum tilbúin að hægja á okkur í neyslunni, uppbyggingunni, tækniþróuninni og í hinum félagslegu þáttum samfélagsins. Ég tel að þegar við veltum þeim málum fyrir okkur séum við Íslendingar því miður alls ekki tilbúnir til þess. Þess vegna hafa þessar framkvæmdir heilmikil áhrif á efnahagskerfi okkar og reyndar velferðarkerfið. Kerfið er þannig uppbyggt að við verðum að ná fjármagni, meiri peningum inn í ríkisreksturinn til að halda því við. Ég tel nauðsynlegt fyrir okkur að nýta það tækifæri sem hér er til atvinnuuppbyggingar. Það er einn þáttur þess sem hér er rætt um. Þetta er brýnt byggðamál fyrir Austurland.

Í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur í gær fjallaði hún um þá uppbyggingu sem hugsanlega yrði á þessu svæði. Hún talaði um íbúðabyggingar, hafnarframkvæmdir og hún talaði um stálþil. Ég kunni þeirri ræðu betur en sumum öðrum ræðum hv. þm. um þetta mál. Hún hefur mjög gjarnan bent á dauðann og djöfulinn, dæmi um álver í Noregi og Skotlandi sem hafa verið yfirgefin þar sem allt er í rúst. En mér fannst eins og heyra mætti eilítinn sóknar- og vonartón hjá hv. þm. þegar hún var farin að tíunda skipulagsmál og uppbyggingarmál. Ég er því ekki frá því að skoðanir hv. þm. hafi eilítið breyst í þessari umræðu og er það vel.

Einnig er brýnt og eðlilegt að dreifa atvinnutækifærum um allt land. Margir þingmenn hafa gefið í skyn að Austfirðingar hafi setið með hendur í skauti og beðið í 20 ár eftir virkjun og stóriðju. Þetta er auðvitað alrangt. Árið 1981 voru samþykkt lög um Héraðsskóga. Það verkefni er afar mikilvægt og spennandi. Menn hafa staðið sig með miklum ágætum í því. Það má raunar segja að það verkefni hafi blásið nýju lífi í landbúnað á Héraði.

Fiskvinnsla á Austurlandi er hátæknivædd, t.d. á Neskaupstað, Eskifirði og reyndar víðar. Austfirðingar standa mjög framarlega í listmunaframleiðslu. Mér dettur í hug viðurinn, í framhaldi af Héraðsskógaverkefninu, og ýmiss konar listmunir sem hafa verið unnir úr steini. Ferðaþjónusta er mikil og ört vaxandi á þessu svæði. Á svæðinu er einnig talsverð lífræn ræktun sem er spennandi kostur. Einnig er á svæðinu framleidd ýmiss konar hollustuvara þannig að það eru miklar öfgar að segja að Austfirðingar hafi setið með hendur í skauti og beðið eftir álveri. Þeir hafa nýtt sér þau tækifæri sem þeir hafa. Þetta er bara eitt tækifæri til viðbótar.

Með framlagningu þessarar þáltill. erum við að fara að settum leikreglum. Það hafa verið sett lög á Alþingi um þetta

efni. Mjög margir þingmenn bera hér pólitíska ábyrgð. En það er jafnframt hollt fyrir þá þingmenn sem ekki voru í þinginu um það leyti að rifja þessi mál upp. Kratarnir hafa alla tíð verið í fylkingarbrjósti hvað virkjunar- og stóriðjumál varðar þannig að ég veit að í brjóstum þeirra leynist vonarneisti um að úr þessu verði. Flestir eru sammála um að málið er í mun betri farvegi nú en þegar það var samþykkt á sínum tíma í þinginu vegna þess að umhverfisspjöll, ef ég má nota það orð, verða mun minni en annars hefðu orðið.

Þegar ég fór í kynningarferð, að kynna mér staðhætti á Eyjabökkum, Egilsstöðum, Reyðarfirði og víðar nú í haust, opnuðust augu mín fyrir því hve mikilvægt mál þetta er fyrir mannlíf á svæðinu. Við að tala við íbúa á svæðinu kom í ljós að málið brennur mjög á þeim. Menn sögðu að vísu að stóriðja leysti ekki allan vanda en væri kærkomin viðbót eins og einn viðmælandi minn sagði þegar ég tók þátt í skoðunar- og kynnisferðinni um Austurland. Ég tek undir þau orð og vonast til að þessar framkvæmdir verði Austfirðingum og öðrum Íslendingum til góðs þegar upp verður staðið.

[15:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Skoðun mín varðandi áhrif álvers á byggð fyrir austan hefur ekki breyst. Ég veit ekki og hef aldrei sagst vita hvaða áhrif álver kemur til með að hafa á byggð á Austurlandi. Ég hef hins vegar bent á ýmsar aðgengilegar vísbendingar sem hafa gefið það til kynna að brugðið geti til beggja vona. Ég bendi hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni á þetta rit sem heitir Staðarval fyrir orkufrekan iðnað og var gefið út í mars 1983. Þar koma fram ákaflega vel rökstuddar vísbendingar um að svo stór framkvæmd og fjölmennur vinnustaður af þessu tagi í lítilli byggð geti haft afskaplega slæm áhrif.

En í þessu riti eru líka tíunduð dæmi um hið gagnstæða og þess vegna er svo mikilvægt að lögformlegt umhverfismat fari fram. Það er að fara fram núna hvað varðar álverið, en ég legg áherslu á það sem ég sagði í gær, þetta á að meta í heild sinni, virkjanirnar allar, álverið allt, línulagnir og allt annað, vegagerð, brúasmíð og allt hitt sem þessari framkvæmd fylgir.

En varðandi hitt sem hv. þm. talaði um, manninn sem hann hélt að væri að gera vörutalningu, væri kannski athugandi fyrir þingmenn að koma sér upp básum í kaupfélagi Baugs til þess að hleypa almenningi að sér eða hvernig ætlar hv. þm. að útfæra það tæknilega að almenningi verði tryggður aðgangur að þingmönnum meðan þingmenn eru að gera þetta umhverfismat sem nú stendur yfir?

[15:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að gefa orðum mínum gaum, mjög málefnalega auðvitað. Í ræðu minni var ég í fyrsta lagi að vitna í ræðu hv. þm. Ég hef gjarnan hlustað á hv. þm. sem flytur oft athyglisverðar ræður en mér fannst kveða við nýjan tón. Mér fannst hún farin að sjá þetta í blámóðu fjarskans, að byggjast mundu upp aukin atvinnutækifæri á þessu svæði og fleiri hús rísa. Eins og ég sagði í ræðu minni er þetta kærkomið tækifæri til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Ég var sveitarstjóri á Hvolsvelli áður en ég varð þingmaður. Á einu bretti fluttust úr Reykjavík á Hvolsvöll 110 ársverk. Það var heilmikill biti fyrir ekki stærra byggðarlag en Hvolsvöll og Rangárvallasýslu að taka á móti því. En það varð alger bylting. Nú hefur hver hönd, bæði á Hellu og Hvolsvelli, nóg að gera. Auðvitað þykir fólki þetta um margt einhæf störf, það er klárt en þarna hafa sest að fjölmargir háskólamenntaðir menn, sérhæfðir iðnverkamenn, iðnaðarmenn o.s.frv. Þetta skipti sköpum fyrir samfélagið.

Á sama hátt er ég sannfærður um að bygging álvers á Austurlandi muni hleypa lífi í atvinnulífið þar.

Hv. þm. gerði að tillögu sinni að við mundum hleypa almenningi að okkur. Það vill nú þannig til með okkur landsbyggðarþingmenn að við erum mjög gjarnan úti í kjördæmum okkar í góðu sambandi við kjósendur okkar. Á hverjum morgni fer ég í sund í Laugardalnum þar sem þeir sem áhuga hafa ná alltaf sambandi við mig.

[15:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt til þess að vita að hv. þm. Ísólfur Gylfi skuli hafa góðan aðgang að almenningi og almenningur að honum. Ég óttast hins vegar að það verði erfitt fyrir okkur að veita almenningi sama lýðræðislega aðgang að okkur og almenningur kemur til með að fá með formlegum og lýðræðislegum aðgangi að skipulagsstjóra og fræðimönnum hans þegar um lögformlegt mat er að ræða.

En það er annað sem mig langaði til að gera athugasemd við varðandi ræðu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Það lýtur að skýrslu Landsvirkjunar sem ég vil kalla frummatsskýrslu. Ég vil mótmæla þeim orðum þingmannsins að hún sé góð. Ég vék að því í ræðu minni í gær að hún væri ágæt til síns brúks, til að leggja hana fyrir Skipulagsstofnun til umfjöllunar en ég vil benda fólki á að í skýrslunni rekst hvað á annars horn. Nokkur einföld dæmi:

Sums staðar er talað um að álver á Reyðarfirði eigi að hafa 480 þús. tonna afkastagetu. Annars staðar í skýrslunni er talað um að það eigi að hafa 360 þúsund tonna afkastagetu. Sums staðar er talað um að Landsvirkjun hafi lagt í kostnað við undirbúning virkjunarinnar 3,08 milljarða á verðgildi júlí 1999 en annars staðar er talað um að Landsvirkjun hafi lagt í kostnað upp á 3,2 milljarða. Miðlunarlónið á Eyjabökkum er ýmist 43 km eða 44 km . Stundum er áin kölluð Jökulsá á Fljótsdal og stundum Jökulsá í Fljótsdal. Þetta er ekki góð skýrsla, hv. þm.

[15:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Lögin eru auðvitað alveg skýr. Það er búið að taka ákvörðun um þessa framkvæmd og um það verður ekki deilt. Eitt af því sem við þingmenn þurfum að gera er að taka af skarið. Eins og ég sagði í ræðu minni eru í málinu mörg tilfinningamál og sjálfsagt að velta þeim öllum upp. Ég hef velt þeim fyrir mér og er sannfærður um að þetta sé rétt skref.

Hv. þm. gerði að umtalsefni hina ágætu skýrslu sem Landsvirkjun hafði látið fjölmarga vísindamenn vinna. Ég geri í sjálfu sér ekki mikið með það hvort sagt hafi verið Jökulsá á Dal eða í Dal þó svo dagur íslenskrar tungu hafi verið í gær. Það er ekki mikið mál að leiðrétta slík smáatriði.

Hv. þm. talaði líka um misvísanir í skýrslunni. Ég tók eftir því að í ræðu hv. þm. í gær talaði hún alltaf um 480 þús. tonna álver. Við erum ekki alltaf að tala um 480 þús. tonna álver. Við erum fyrst og fremst að tala um fyrsta áfanga sem er 120 þús. tonna álver. Það eru því misvísanir á mörgum sviðum hvað þetta varðar en ég er sammála hv. þm. um að sú skýrsla sem Landsvirkjun lét gera sé ágæt til síns brúks.

[15:09]

Útbýting þingskjals:

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 193. mál, frv. JóhS og ÖS, þskj. 225.

[15:09]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í því stóra og mikla máli sem hér liggur fyrir, þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, vil ég leggja orð í belg ásamt þeim 50 þingmönnum eða fleirum sem ætla að tjá sig um þetta mikla og stóra mál.

Fljótsdalsvirkjun kemur fyrst til í kringum 1954, eftir því sem ég hef lesið. Þó að það sé dálítið skrýtið þá var ég ekki nema rétt um 30 merkur held ég þegar þetta var. Síðan eru komin mörg kíló þannig að umræðan hefur staðið lengi. Ekki þekki ég það hvort ég er 10 kg léttari en hv. þm. Ísólfur Gylfi. Ekki veit ég hvort umræða um álver á Austurlandi er jafngömul.

Það sem ég vildi segja fyrst er að ég er hlynntur brtt. sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar flytja um að framkvæmdin skuli fara í svokallað lögformlegt umhverfismat. Ég er hlynntur því og tel það rétt. Ég vil fara yfir það nokkrum orðum.

Ég er sammála því sem hæstv. fyrrv. umhvrh. lagði til fyrir einu og hálfu ári, að vísu ekki formlega í ríkisstjórn, að hann teldi rétt að Fljótsdalsvirkjun færi í lögformlegt umhverfismat. Ég tel það glataðan tíma sem liðinn er síðan þá hjá hæstv. ríkisstjórn að nota ekki þann tíma. Við værum þá komin á lokasprettinn núna. Þetta segi ég líka vegna þess að við lestur ágætrar skýrslu Landsvirkjunar, sem mér finnst mjög góð og þar birtist mikill fróðleikur fyrir okkur nýja þingmenn, kemur fram að mjög margir fyrir austan hafa hvatt til þess, aðilar sem hafa hagsmuni og hag af virkjun og álveri, að lögformlegt umhverfismat fari fram.

Það er slæmt til þess að vita að þetta aðgerðarleysi hafi orðið til þess að skipta þjóðinni upp í tvær andstæðar fylkingar út af þessu máli og setja það þar með í allt of mikinn hnút að mínu mati. Það lýsir sér í skiptingu og deilum milli höfuðborgarbúa og landsbyggðarbúa. Það er ekki nógu gott að svo sé. Ég sé í gögnum frá fyrrv. hæstv. iðnrh., flokksbróður mínum Jóni Sigurðssyni, virkjanaleyfi sem hann gaf út 1991. Ég velti fyrir mér því sem sagt er um skaðabótaskyldur ríkissjóðs ef þetta verkefni færi í lögformlegt umhverfismat. Talað er um 3 milljarða og margir efast um það. Ég held að það sé ekki svo stór tala í þeim heildarpakka sem þarna á að verða ef hann á allur að kosta um 60 milljarða kr. Það hefði verið gott til þess að vita að þetta mat hefði farið fram til að fullnægja því og koma í veg fyrir þær miklu deilur sem nú standa yfir í þjóðfélaginu út af þessari virkjun og eru til tjóns fyrir framkvæmdina.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að farið var að ræða Fljótsdalsvirkjun, alveg frá 1981 og við virkjanaleyfið 1991, hefur margt breyst í þeirri framkvæmd til batnaðar. Skurðir eru farnir út og göng komin í staðinn, nútímaleg vinnubrögð. Háspennulínur þvert yfir landið eru farnar út og það er gott. Ég get sagt að mér finnst það gott sem landsbyggðarmanni að orkuna eigi að nýta sem næst virkjunum. Auðvitað er það til bóta að ljótar háspennulínur þvert yfir landið skuli ekki lengur koma til greina. Ég get skotið því inn í að ég er ekki andvígur byggingu álvers á Reyðarfirði. Ég get það ekki sem landsbyggðarmaður. Ég hef þurft að horfa upp á það sl. tíu ár að tíu þúsund manns hafa þurft að flytja frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á þeim tíma. (**KHG:** En styður þú það?) Bíddu rólegur, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. (**KHG:** En styður þú það?) Vertu ekki óþolinmóður.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir hv. þm. á að beina orðum sínum til forseta eða fundarins en ekki til einstakra þingmanna.)

Skal gert, virðulegi forseti. Ég segi líka að það mælir með slíkri framkvæmd að ekki eigi að virkja á stórjarðskjálftasvæðinu á höfuðborgarsvæðinu. Eins og ég sagði áðan er til bóta að nýta orkuna sem næst virkjununum og í framkvæmdir úti á landi. En ég tek það skýrt fram, til að fyrirbyggja allan misskilning, að ég er hlynntur því og hef talið langbest fyrir hið háa Alþingi að samþykkja að þetta verk færi í lögformlegt umhverfismat.

Kem ég þá aftur að byggðamálunum. Ég sagði áðan að ég væri ekki andvígur byggingu álvers á Reyðarfirði. Þó að þetta sé stór og mikil framkvæmd, þá get ég ekki sem landsbyggðarmaður, sem gagnrýnt hefur ríkisstjórnina fyrir að setja allar stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðið, andmælt þeirri framkvæmd. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að verið er að skapa 270 ársverk í þessu álveri og rúmlega 500 störf á svæðinu öllu þegar allt er tínt til.

Ég held að það hafi komið skýrt fram áðan svo það fari ekkert milli mála að ég vil horfa á þetta álver og þessa framkvæmd en ég get líka sagt að ef menn væru að tala um að byggja slíkt álver á höfuðborgarsvæðinu þá væri ég andvígur því. Það sem mælir með álveri er að menn ætla að setja það niður á landsbyggðinni.

En það eru aðrar hliðar á því og þetta leysir ekki byggðavanda nema Miðausturlands. Af því að hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., er hér þá vil ég nota tækifærið og spyrja hann: Ef þessi framkvæmd fer í gang, sem ég efast reyndar ekki um að stjórnarmeirihlutinn ætli að ná í gegn, hvernig svo sem það verður gert, og þá er búið að leysa töluverðan vanda þarna, hvernig á þá að leysa vanda annarra svæða, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra og Suðausturlands? Ég spyr t.d. hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh. út í það. Munu menn t.d. vilja að eitthvað verði gert úti á landi, að einhverjar framkvæmdir komist í gang úti á landi? Vilja menn byggja jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar? Og svona aðeins í framhjáhlaupi: Hefur sala Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, sem skilaði ríkissjóði 14 milljörðum að mér skilst, hjálpað til við að komnir séu peningar til að setja í atvinnusköpun í öðrum kjördæmum landsins þar sem við eigum í vök að verjast, t.d. með jarðgöngum þarna á milli? Eða á að bæta við pensluna fyrir austan líka og taka þar ein, tvenn eða þrenn jarðgöng í leiðinni?

Þetta er mikilvægt mál fyrir mig sem nýjan þingmann vegna þess að ég hlustaði með athygli á ræður hv. þingmanna allra og hæstv. ráðherra til þess að mynda mér endanlega skoðun á málinu. Ég viðurkenni hiklaust að það togast á í huga mínum ýmis atriði eins og menn hafa heyrt.

Hæstv. ríkisstjórn hefur lagt ofurkapp á málið sem er upp á 60 milljarða. Þá kemur upp í huga minn að ég hef átt orðastað við hæstv. ráðherra, bæði hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh., út af smámáli en sem þó er stórmál fyrir íbúa landsbyggðarinnar en það er niðurgreiðsla á húshitun. Talið er að 180 milljónir vanti á ári í þrjú ár til þess að setja íbúa landsbyggðarinnar, sem greiða dýrustu húshitun, niður í svokallaðan meðalflokk. Eins er verið að tala um að litlar 67 milljónir vanti til að stíga skref í átt til jöfnunar námskostnaðar fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Ég sé ekki í fjárlagafrv. að það sé á dagskrá. Ég hef gengið eftir svörum en engin

fengið. Ég hef séð skýrslu núna sem verið er að vinna og setja inn hjá fjárln. þar sem verið er að draga úr þessu og allt að því verið að skera þetta niður í ekki neitt.

Þetta gerir málið frekar ótrúverðugt í huga mínum þegar ekki er hægt að stíga þessi skref. Þetta kemur upp í huga minn þegar rætt er um þessa framkvæmd.

Herra forseti. Úr þessum stól hafa verið fluttar margar ræður og á eftir að flytja margar ræður um þetta mikla mál sem er um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Það er sannarlega rétt að framkvæmdir eru þar hafnar, við sjáum það í skýrslu Landsvirkjunar. En ég ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég er hlynntur því og hefði talið það langbest fyrir land og þjóð að þetta færi í lögformlegt umhverfismat og harma það og gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að sá tími er liðinn sem þetta hefði getað verið í gangi og við værum þá komin á lokasprettinn. Ég segi það alveg hiklaust að *ég hefði talið margfalt betra að þessir fullfæru menn* alls staðar í þjóðfélaginu fari í gegnum þetta og gefi álit til Alþingis, hvort sem það er skipulagsstjóri sem endar svo hjá hæstv. umhvrh. með málið.

Hér aðeins í lokin vegna þess að menn greinir mjög á um hvort virkjunarleyfið er í gildi eða ekki í gildi. Ég sá í svari hæstv. iðnrh. við fsp. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að t.d. eitt atriði, Villinganesvirkjun í Skagafirði, sem Landsvirkjun hafði virkjunarleyfi á, var greinilega inni í þessu undanþáguákvæði. En síðan hefur því verið breytt og það er komið til Rariks og þá er orðið skylt að fara í lögformlegt umhverfismat. Ég spyr aðeins út í það að Hitaveita Reykjavíkur hafði leyfi til þess að stækka jarðvarmavirkjun á Nesjavöllum en nú er það komið til Orkuveitu Reykjavíkur. Breytir það öllu í þessu máli að þarna hafi verið skipt um nafn? Ég veit ekki hvort það var skipt um kennitölu en a.m.k. er búið að skipta um nafn. Það var skipt um nafn gagnvart Landsvirkjun til Rariks gagnvart Villinganesvirkjun og þá ber henni að fara í umhverfismat að mati hæstv. iðnrh., hvað með Nesjavelli?

En ég vil svo ítreka það þó að ég viti að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. geti ekki mikið tjáð sig um það hér á eftir, en mig langar að heyra það inn í þá umræðu sem hér er til þess að halda áfram að mynda mér skoðanir á þessu máli: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að stórframkvæmdir ýmsar muni dreifast um allt landið ef Fljótsdalsvirkjun fer í gang og þær miklu framkvæmdir sem verða á Mið-Austurlandi? Munt þú beita þér t.d. fyrir því að jarðgangaframkvæmdir og ýmsar aðrar stórframkvæmdir á landsbyggðinni muni fara í gang eða verða þær allar að bíða vegna þess að þenslan í þjóðfélaginu verður of mikil við það 60 milljarða kr. verk sem þarna á að hefjast?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vill enn minna á að ræðumönnum ber að beina máli sínu til forseta eða fundarins en ekki til einstakra ráðherra eða þingmanna.)

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Fyrst út af þeirri fullyrðingu sem kemur mjög oft fram í máli þingmanna Samfylkingarinnar að lögformlegt umhverfismat hefði verið tafið. Engin töf hefur orðið í málinu. Þær skýrslur, sem liggja núna fyrir, hefðu ekki getað legið fyrir fyrr. Það hefði þá átt að senda þær núna til skipulagsstjóra ríkisins þannig að engin töf hefur orðið í þessu máli.

Það sem við stöndum hins vegar frammi fyrir er: Viljum við tefja málið núna á næstunni þannig að við getum ekki gengið til þeirra samninga sem eru fram undan við Norsk Hydro? Ef þingmenn Samfylkingarinnar vilja senda þetta í lögformlegt umhverfismat, eins og þeir segja hér, þá liggur fyrir að ekki verður gengið til þessara samninga við Norsk Hydro, svo einfalt er málið. Hv. þm. er þá að greiða atkvæði með því en það gerir hv. þm. ekki með því að greiða atkvæði með brtt. við þáltill. Það verður að eiga sér stað breyting á lögum þannig að þessi brtt. við þáltill. er gjörsamlega út í hött. Hins vegar það lagafrv., sem gengur út á að tefja ýmsar aðrar framkvæmdir, m.a. á Suðurnesjum og í Hitaveitu Suðurnesja er aftur á móti eðlilegt frv. og mundi þá loka á það, þó að ég sé andvígur því.

Út af spurningu hv. þm. um byggðaaðgerðir þá verð ég að koma að því í næsta andsvari.

[15:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég trúi því ekki að tíminn frá 1991 hafi verið notaður allur í fullum rykk við það búa til þær skýrslur sem hér hafa komið fram. Ég er nokkuð viss um að einhver tími hefur dottið þar úr og ekkert verið gert. Það getur ekki verið að þetta sé unnið bara rétt svona einu ári eða einu og hálfu ári fyrir eða eftir að menn fá einhverjar meldingar frá erlendum aðilum um að vilja kom inn í stórframkvæmdir sem bygging álvers er.

Varðandi það lagafrv., sem hér var vitnað til og nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt, held ég að það væri til góðs fyrir Alþingi Íslendinga að samþykkja það til að taka af öll tvímæli um það sem þar kemur fram. Ég held að það sé ekki hv. Alþingi til góðs að rífast um það næstu 50 eða 60 ár hvað fólst í einhverju bráðabirgðaákvæði frá 1993.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. í sambandi við aðgerðir á landsbyggðinni vísa ég til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Þar er rætt um jöfnunaraðgerðir að því er varðar húshitun og námskostnað og við ætlum okkur að standa við þau fyrirheit. (Gripið fram í.) Það sem stendur í stjórnarsáttmálanum að sjálfsögðu.

Þar er einnig rætt um aðgerðir í byggðamálum sem tengjast hagnaði af sölu bankanna. Það verður líka staðið við það en það er ekki komin niðurstaða í málið. Þar á meðal eru t.d. framkvæmdir sem hv. þm. nefndi, þ.e. jarðgangaframkvæmdir milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, sem hlýtur að koma í framtíðinni og er mikilvæg aðgerð. En allt það sem við erum að gera, m.a. bæði einkavæðing ríkisbankanna og aðgerðirnar á Austurlandi, eru forsenda framfara í landinu og þar með talið forsenda þess að við getum gert það sem hv. þm. hefur áhuga á. Þess vegna vonaðist ég nú til að styðji þetta ágæta mál sem ég heyri að hann vill gera en einhver er að reyna að stoppa hann.

[15:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef áður gagnrýnt m.a. það að Framsfl. hefur verið við völd undanfarin ár og þeir hafa látið það óátalið að tíu þúsund manns hafa þurft að flytja frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins vegna aðgerðaleysis í byggðamálum. Nú á hins vegar að fara að byrja og gera eitthvað. (**Utanrrh.:** Hvernig var með álverið á Keilisnesi?) Ég spyr þig, hæstv. utanrrh., vegna þess að þú svaraðir ekki spurningunni ... Herra forseti. Þetta er líka spurning um það sem kom fram í þinni ræðu, alveg hárrétt, varðandi jarðgöng

— ekki allt — varðandi jarðgöng. Ég ætlaði að spyrja út í það hvort hæstv. ráðherra telji að jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi eigi að verða samhliða virkjunarframkvæmdum eða hvort það eigi að koma í önnur kjördæmi til þess að taka á byggðavanda þar.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Enn verður forseti að minna hv. þm. á að beina máli sínu ekki til einstakra ráðherra eða þingmanna.)

[15:27]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af þeim tapaða tíma sem hv. þm. minntist á varðandi mat á umhverfisáhrifum og af því að hv. þm. sagðist hafa verið sammála fyrrv. hæstv. umhvrh. þegar hann lýsti því yfir að rétt væri að setja framkvæmdirnar í mat á umhverfisáhrifum þá var Landsvirkjun að fara af stað á nákvæmlega sama tíma með það ferli sem þurfti að fara af stað til undirbúnings matinu. Það hefur þurft þennan tíma sem nú hefur liðið alveg frá því að þessi yfirlýsing kom þar til nú að skýrslan er tilbúin. Það hefur því ekkert tafist, síður en svo, tíminn hefur verið nýttur vel.

En af því að hv. þm. er einlægur byggðastefnumaður að ég heyri og hefur talað hér hvað eftir annað um húshitunarkostnaðinn og niðurgreiðslu á námskostnaðinum, þá hafa komið yfirlýsingar, bæði frá mér og hæstv. forsrh., um að staðið verði við þau fyrirheit sem snúa að lækkun á orkukostnaði heimilanna á köldum svæðum. Það verður gert og þarf ekki að ítreka það hér.

Af því að hv. þm. spurði hvort Orkuveita Reykjavíkur hefði fengið þau réttindi yfir þá var það svo að Orkuveita Reykjavíkur varð til um síðustu áramót. (Forseti hringir.) Bygging Nesjavallavirkjunar var byggð fyrir þann tíma og var byggð af Hitaveitu Reykjavíkur og réttindin fylgdu þar af leiðandi yfir þegar fyrirtækin voru sameinuð.

[15:29]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var um margt athyglisverð ræða hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller. Ég veit að Kristján L. Möller er vel hugsandi maður í byggðamálum og fleiru. En ræða hv. þm. byggðist á þessu: Það hefði verið gott.

Af því ég veit að hann er gamall íþróttamaður þá segja menn gjarnan ef þeir eru að tapa leikjum: Það hefði verið gott að gera þetta svona og hinsegin. Ef ég hefði ekki misstigið mig þá hefði ég skorað o.s.frv. Öll rökin hjá hv. þm. voru þau: Það hefði verið gott.

Hins vegar spyr ég hv. þm.: Ætlar hann að tefja þetta mál með því að láta málið fara í lögformlegt umhverfismat? Er hann tilbúinn að tefja það í tvö ár og missa þannig kannski þetta marktækifæri?

[15:30]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man nú ekki hvenær hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sneri sig síðast á fæti í fótboltaleik en það er annar handleggur. Marktækifærið sem hann talar um að sé núna fyrir hendi er 20% þátttaka Norsk Hydro í þessu stóra verki. Ég er ekki sammála því að Norsk Hydro, sem ætlar að eiga um 20% í þessu fyrirtæki, geti stillt Alþingi og Íslendingum upp við vegg og sagt: Ef þið gerið þetta ekki núna þá gerist ekkert.

[15:30]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson var mun afdráttarlausari í afstöðu sinni. Ég veit að skoðanir þessara tveggja hv. þm. fara saman. Hann segir ekki „það hefði verið gott," heldur segir hann: Við skulum, við skulum! Ég er ekki frá því, af því að hv. þm. hefur gjarnan talað um sálfræðinámskeið framsóknarmanna, að hann, þessi gamli krati, hafi eitthvað ruglast í ríminu þegar hann fór á þerapíunámskeið hjá Samfylkingunni nú í haust.

[15:31]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Kristján L. Möller fjallaði tvisvar sinnum um álver á Reyðarfirði. Í fyrra skiptið sagði hann: Ég er ekki andvígur byggingu álvers. Seinna skiptið sagði hann að það mætti líta á það. Ég er engu nær um það hvort þingmaðurinn er fylgjandi því að nýta álver á Reyðarfirði sem aðgerð til að styrkja byggð á Miðausturlandi. Hv. þm. getur ekki skotið sér á bak við rökfræðikróka sem Samfylkingin hefur komið sér upp til að koma sér undan því að svara hvort þeir eru með okkur í þessu átaki til að styrkja byggð á Austurlandi eða hvort þeir ætla að vera á móti okkur. Ég fer fram á það, herra forseti, að þingmaðurinn svari því skýrt.

[15:32]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hafi komið skýrt fram í minni ræðu. Ég sagðist hlynntur byggingu álvers á Reyðarfirði. Ég lít á það sem lið í byggðaaðgerðum. Ég sagði líka að ég hefði verið andvígur byggingu álvers á höfuðborgarsvæðinu. Er þetta ekki nokkuð skýrt?

[15:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fellst alveg á að þessi ræða var skýr. Nú sagði þingmaðurinn í fyrsta sinn: Ég styð byggingu álvers á Reyðarfirði. Þá vek ég athygli á því að álver á Reyðarfirði verður ekki byggt nema einhver taki að sér að selja álverinu rafmagn. Öðruvísi verður það ekki byggt, öðruvísi verður álverið ekki byggt. Ef álverið verður ekki byggt þá verður virkjun í Fljótsdal ekki byggð. Málið veltur jafnframt á því hvort aðili sem kaupir afurðir álversins er fyrir hendi og við hann nást samningar.

Ég minni á það sem formaður Alþýðuflokksins fyrrverandi sagði í blaðaviðtali fyrir nokkrum árum. Hann var þá enn þingmaður fyrir Alþýðuflokkinn í Reykjaneskjördæmi. Hann sagði, með leyfi forseta, um annað álver sem átti að rísa á Keilisnesi, í tilefni af því deilur voru um það eins og þetta:

„Tækifærin gefast ekki alltaf og alls staðar til að koma á fót iðjuverum af þessu tagi. Tækifærin til að nýta orku fallvatnanna gefast bara stundum og sums staðar og þá verða menn að vera reiðubúnir til að grípa tækifærin."

Þá verða menn að vera reiðubúnir til að grípa tækifærin, sagði fyrrv. formaður Alþýðuflokksins, Kjartan Jóhannsson, og þetta á auðvitað við í dag. Annaðhvort eru menn tilbúnir að grípa tækifærið þegar það gefst, semja og byggja, eða menn fara undan í flæmingi og eru á móti málinu en hafa ekki kjark til að segja það.

[15:35]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð alveg viðurkenna að nú skyldi ég ekki hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, ekki frekar en þegar hann gekk í Framsóknarflokkinn. Ég er sammála því sem kom fram síðustu 20 sekúndurnar hjá honum að það ber að nýta fallvötnin. Þau eru auðvitað auðlind sem ber að nýta og við getum ekkert horft fram hjá því. En við getum nýtt

þessi fallvötn þegar við erum búin að fara að lögum um umhverfismat þar sem fólk getur fengið að segja álit sitt á þessu verki og hæfustu sérfræðingar hafa farið í gegnum málið. (**KHG:** Viltu meina að málið sé í ólöglegu fari?)

[15:36]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla í upphafi að eyða frekari orðum á skýrslu Landsvirkjunar sem hér er til umfjöllunar. Ég kom inn á það í andsvari við hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason áðan. Ég sagði í gær að skýrsla Landsvirkjunar væri í eðli sínu ágætlega til þess fallin að fara í það ferli sem lögin um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir. Hún er að sögn Landsvirkjunar unnin nákvæmlega á sama hátt og verið hefði ef um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum hefði verið að ræða.

Herra forseti. Ég dreg það í efa. Ég dreg í efa að venjuleg frummatsskýrsla hefði nokkru sinni haft þetta fína útlit og þann áróðurskennda blæ sem þessi skýrsla óneitanlega hefur. Því til staðfestingar nefni ég það meðvitaða bragð Landsvirkjunar að taka af sér fallið hvað eftir annað í skýrslunni með því að viðurkenna að mikil verðmæti tapist við framkvæmdina en jafnframt að meira vinnist. Þessi aðferð hefði aldrei verið viðhöfð í venjulegri frummatsskýrslu. Það er engu líkara en að Landsvirkjun sé að bera af sér sakir. Í skýrslunni er komið inn á öll atriði í kæru Náttúruverndarsamtaka Íslands og Landsvirkjun berst fimlega gegn þeim atriðum sem stjórnvöld hafa verið kærð fyrir.

Gott og vel, herra forseti, skýrslan ber öll einkenni áróðursplaggs. Það er kannski ekki aðalatriðið heldur hitt að hún er óumdeilanlega frummatsskýrsla. Hún er ekki umhverfismat. Margir hv. alþm. virðast halda, ef marka má orð þeirra úr ræðustól í gær, að skýrslan sé umhverfismat. En þetta er frummatsskýrsla, hv. þm. Hún liggur hér tilbúin í það ferli sem hæstv. ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður um hljóð í salnum á meðan hv. þm. talar)

Takk, herra forseti. Þetta er frummatsskýrsla sem hér liggur fyrir og hún er tilbúin í það ferli sem henni væri undir öllum eðlilegum kringumstæðum ætlað, ferli undir handleiðslu skipulagsstjóra innan Skipulagsstofnunar hjá þeim sérfræðingum sem sú stofnun hefur á að skipa. Það fólk er hæfast til að framkvæma hið eiginlega mat, ekki alþingismenn. Eða halda menn, herra forseti, að ég eigi eftir að sannfæra hæstv. iðnrh. Finn Ingólfsson eða hv. þm. Kristin H. Gunnarsson um að mín skoðun sé betri en þeirra? Eða þá öfugt. Halda menn að þeir eigi eftir að snúa mér til trúar á stóriðjustefnu? Afsakið, herra forseti, það er ekki mjög líklegt. (**KHG:** Þú færð tækifærið.) Það er nákvæmlega það sem við stóðum í í allan gærdag og höldum áfram í dag, að halda fram af ástríðu mismunandi skoðunum, allt eftir sannfæringu okkar að því er virðist. Við reynum að sannfæra hvert annað um ágæti eigin skoðana, sannfærð um að við höfum rétt fyrir okkur.

En við sannfærum ekki þá sem eru á öndverðum meiði við okkur í þessu máli, herra forseti. Ástæða þess að ég tel að sérfræðingum Skipulagsstofnunar farist betur úr hendi að leggja mat á fyrirliggjandi frummatsskýrslu er sú að þeir eru ekki tilfinningalega tengdir málefninu eins og við stjórnmálamenn óneitanlega og eðlilega erum. Sérfræðingar Skipulagsstofnunar ættu mun auðveldara með að velta upp öllum flötum þessa máls eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnssonar orðaði það hér í umræðunni í gær. Þeir ættu að geta lagt faglegt mat á þær upplýsingar sem skýrslan hefur að geyma. Ég sé ótal staði í skýrslunni þar sem ég býst við að sérfræðingar Skipulagsstofnunar mundu vilja láta framkvæma frekara mat.

Mér finnst það lýðræðislegri framgangsmáti að almenningur eigi formlega aðkomu að málinu eins og hið lögformlega ferli kveður á um og gef lítið fyrir þau orð hæstv. iðnrh., hv. 1. þm. Vestf. og hv. þm. Hjálmars Jónssonar hér í gær, að framgangsmátinn núna hleypi almenningi að málinu á lýðræðislegan hátt. Virðulegi forseti. Hann gerir það ekki. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé firra. Hvernig ætlum við alþingismenn að haga þeim aðgangi almennings að okkur? Eins og ég sagði áðan: Ætlum við að opna viðtalstíma 63 saman og taka á móti þeim tugum eða hundruðum sem vilja tjá sig um málið eins og blaðagreinar um málið undanfarin ár sýna? Hvernig ætlum við að hleypa almenningi lýðræðislega að okkur í þessu máli?

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um það hvernig þingmenn hafa stundað hér í umræðunni að gera lítið úr löggjafarsamkomunni með því að tala um „hið svokallaða lögformlega umhverfismat". Þeir gera með því lítið úr þeim hugmyndum sem að baki liggja. En, herra forseti, hér er um góð og gild lög að ræða. Lög sem samþykkt voru lýðræðislega af lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi á vordögum 1993. Þau heita lög um mat á umhverfisáhrifum. Að baki þeim liggur tilskipun frá Evrópusambandinu, tilskipun sem án efa á sér rætur í breyttum hugsunarhætti, breyttu verðmætamati í hinum vestræna heimi, manna sem bera þessi málefni fyrir brjósti. Má ég minna á, herra forseti, að Bandaríkjamenn hafa metið stórframkvæmdir sínar samkvæmt lögum í u.þ.b. þrjá áratugi á sama hátt og lög um mat á umhverfisáhrifum kveða á um. Það er ekki að ósekju. Maðurinn hefur gengið þannig um jörðina, allt frá iðnbyltingu, að nú stefnum við beint til glötunar ef við sveigjum ekki frá villu okkar vegar.

Lög um mat á umhverfisáhrifum eru liður í að beina okkur inn á þær brautir sem mögulega geta fært mannkyninu farsæla framtíð á jörðinni í sátt við móður jörð.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það eru allt of margir fundir í gangi hér í salnum. Forseti biður þingmenn að sýna ræðumanni þá virðingu að hafa hljótt meðan hann talar.)

Takk, virðulegi forseti.

Herra forseti. Munum að við eigum ekki nema eina jörð og ekki um aðra jörð að velja. Að mínu mati ættu hv. þm. að skammast sín fyrir þá lítilvirðingu sem henni er sýnd, þegar merkileg löggjöf sem sett hefur verið henni til varnar er sögð vera yfirvarp, eins og hv. þm. Ásta Möller sagði hér í gær, eða er nefnd af hroka „svokallað lögformlegt umhverfismat".

Herra forseti. Skoðanakönnun sú sem birt var í fjölmiðlum í gær var fyrirferðarmikil í umræðunni, ekki síst sú niðurstaða sem fram kom þegar fólk var spurt um hvað fólgið væri í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Hv. þm. duttu í þá gildru að gera lítið úr þeim sem ekki gátu svarað spurningunni. Hér var beinlínis gert lítið úr þrem fjórðu hlutum þjóðarinnar, sem margítrekað hafa lýst sig fylgjandi því að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Ég gerðist svo tungulöng í mótmælum mínum í gær að halda því fram að þjóðin tryði á lögformlegt umhverfismat. Ég ætla að standa við þau orð mín með þeim rökum að þjóðin treysti löggjafanum og löggjafarsamkundunni, lögunum. Hún treystir því að lögin hafi verið sett að vel ígrunduðu

máli. Hún treystir því að þau hafi verið sett í því augnamiði að tryggja réttláta og faglega meðferð mála.

Já, herra forseti, ég held því fram að þjóðin treysti löggjafanum fyrir því að hafa sett þarna góð lög. Það ber ekki að álasa nokkrum manni fyrir það að geta ekki svarað því í skoðanakönnunum hvað sé fólgið í þessum eða hinum lagabálknum. Hver gerir þá kröfu til nokkurs manns á götunni að hann geti gert grein fyrir því sem lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins fela í sér, eða upplýsingalöggjöfin eða lögin um ónæmisaðgerðir? Það er alkunna, herra forseti, og hefur verið margprófað í skoðanakönnunum að í hæsta lagi 20% þeirra sem svara geta sagt eitthvað um innihald laga. Það er engin ný frétt. Það tekur ekki frá fólki þann rétt að treysta viðkomandi löggjöf og trúa því að hún hafi verið sett af góðum hug löggjafans og með velferð skjólstæðinga laganna í huga, með velferð landsins og þjóðarinnar í huga. Þannig treystir fólk lögum þessa lands. Það kom fram í þessari skoðanakönnun og ekkert annað. Það er skylda löggjafasamkomunnar, herra forseti, að bregðast ekki því trausti.

Virðulegi forseti. Það kom mér í sannleika sagt nokkuð á óvart í umræðunni í gær að það skyldi vera hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson sem mælti þau orð sem snertu mig hvað mest í ræðum hv. þingmanna sem eru á öndverðum meiði við mig í þessu máli. Það voru orð hæstv. utanrrh. um sjálfbæra þróun sem glöddu mig. Hugsunin að baki þeim var einlæg og hún var heiðarleg. Þau báru í sér þá skoðun ráðherrans að mikilvægt sé að nýta endurnýjanlegar orkulindir okkar og ég er sammála hæstv. utanrrh. En, herra forseti, ég get ekki fallist á að það skipti engu máli hvernig þær eru nýttar. Ég get ekki fellt mig við það að okkar hreina orka sé notuð til mengandi álbræðslu enda efast ég um ávinninginn sem af því hlýst á hnattræna vísu.

Stjórnvöld hafa aldrei getað svarað því hver sé í raun hnattrænn ávinningur af því að knýja 480 þús. tonna álbræðslu með endurnýjanlegri vatnsorku hér á Íslandi á móti sams konar álbræðslu, knúinni með raforku framleiddri með kolum eða olíu. Herra forseti. Mér er kunnugt um að íslensk stjórnvöld lögðu fram svar við spurningunni um hnattrænan ávinning á fundi vísinda- og tækninefndar rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem haldinn var í Bonn fyrr á þessu ári. Þar gerði íslenska sendinefndin ekki einu sinni tilraun til að halda því fram að um hnattrænan ávinning væri að ræða heldur benti hún einungis á þann hlutfallslega ávinning sem væri af nýtingu hreinna orkugjafa.

Herra forseti. Það er ekki hægt að réttlæta stórkostlega eyðingu íslenskra náttúruverðmæta með skírskotun til hnattræns ávinnings fyrir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í heiminum vegna nýtingar vatnsorku hér á landi, talan sem út úr því reikningsdæmi kemur er svo fáránlega lág. Enda þótt öll orka sem framleidd er á Íslandi væri flutt til Evrópu um sæstreng þá væri hún varla nema 1% af allri orkunotkun í álfunni.

Hæstv. utanrrh. finnst vindmyllur ljótar og mér finnst uppistöðulón ljót, sérstaklega þegar ég hugleiði allan þann gróður sem liggur undir þykkum jökulleir á botni þeirra lóna. Þegar ég hugsa til gróðurs eins og þess sem sést hér á þessari mynd sem er eftir Guðmund Pál Ólafsson og tekin á Köldukvíslareyrum í júlí 1998 skömmu áður en vatni var hleypt á miðlunarlón við Hágöngur og Köldukvíslareyrum og Fögruhverum þar með sökkt undir vatn svo aldrei verður aftur tekið.

Herra forseti. Það kom einnig fram í máli hæstv. utanrrh. í gær að það liggi ljóst fyrir að hætt verði við virkjunina ef ekki næst samningar um viðunandi orkuverð. Og hvað er viðunandi orkuverð til stóriðju? Einingin sem gjarnan er notuð, og var notuð meira í gamla daga en nú, heitir mill. Ég minnist þess að forstjóri Landsvirkjunar hefur talað um að 18–24 mill séu ásættanlegar tölur, eða eitthvað í þá áttina, og að því sé stefnt. En ég sé ekki betur en að ársreikningur Landsvirkjunar sýni að stóriðjan sem Landsvirkjun er að selja raforku til í dag borgi 12,6 mill. Forstjóri Landsvirkjunar hefur líka haldið því fram á opinberum vettvangi að hann geri sér vonir um talsvert hærra verð fyrir orkuna í væntanlegum samningum en tölurnar í ársreikningi Landsvirkjunar gefa vísbendingu um. Samkvæmt þessum yfirlýsingum þurfum við kannski bara ekkert að óttast. Það nást kannski bara aldrei samningar um orkuverðið.

Virðulegi forseti. Ég vona að svo verði að þessir samningar takist ekki. Annars er það sorglegt, herra forseti, hvernig íslensk stjórnvöld með Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar í broddi fylkingar hafa falboðið íslenskt vinnuafl og íslenska orku til útlendinga, því í frægum bæklingi sem dreift var víða um lönd stæra íslensk stjórnvöld sig af því lága orkuverði sem erlend stóriðja greiðir fyrir hina hreinu, endurnýjanlegu orku. Og ekki nóg með það heldur stæra þau sig af þeim lágu launum sem greidd eru innlendu vinnuafli. Ég veit ekki betur en að þessar upplýsingar sé enn að finna á heimasíðu sendiráðsins okkar í Washington og, herra forseti, þær eru ekki sæmandi. Þetta stangast sannarlega á við upplýsingarnar sem íslensk stjórnvöld halda á lofti hér heima núna. Samkvæmt þeim verða nánast eintóm hálaunastörf í álbræðslunni á Reyðarfirði.

[15:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því áðan í umræðu um stjórn fundarins að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagðist efast um lagalega stöðu þessa máls. Ég hef svona staðið í þeirri meiningu eftir þessa umræðu að ekki væru miklar efasemdir um full réttindi Landsvirkjunar til að fara af stað með þessar framkvæmdir. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Um hvað efast hv. þm.?

[15:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar mitt við þessari spurningu er að ég efast um að virkjunin geti farið í gegn á bráðabirgðaákvæðinu í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég efast um að það standist lög. Ég efast um að virkjunarleyfið standist lög. Virkjunarleyfið var gefið út fyrir allt aðra virkjun. Sömuleiðis vil ég benda á að Fljótsdalsvirkjun hefur verið breytt talsvert mikið síðan virkjunarleyfið var gefið út. Og samkvæmt því ætti að gefa þetta leyfi út á nýjan leik vegna þess að virkjuninni hefur verið svo mikið breytt og þá ætti hún auðvitað að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Ég efast um að það standist lög að ekki skuli vera búið að endurskoða lögin um mat á umhverfisáhrifum. Ég tel það brjóta gegn tilskipunum EES. Ég bendi á að leyfi frá Fljótsdalshreppi fyrir virkjuninni liggja ekki fyrir. Ég bendi á að aðalskipulag og deiliskipulag svæðisins eru ónunnin. Ég bendi á að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, sem hæstv. iðnrh. setur þó inn í greinargerð með þáltill. sem hér er til umræðu, gerir mjög svo alvarlegan fyrirvara við lón á Eyjabökkum og hæstv. iðnrh. sér ekki ástæðu til

þess að setja þann fyrirvara inn í greinargerðina jafnvel þó að hann sé að vitna í álit samvinnunefndarinnar.

Það eru því ótalmörg atriði, hæstv. forseti, sem ég tel að standist ekki lög í þessu máli. Að lokum tel ég skaðabótakröfuna vera fullkomlega fallna um sjálfa sig.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ásamt fleiri þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar lögðu fram till. til þál. þá var enginn efi í þeirra huga að allar lagaheimildir væru til staðar því að í tillögutexta hv. þingmanna stendur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram mat samkvæmt lögum nr. 63/1993 á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt."

Síðan segir á 3. síðu þessar sömu tillögu:

„Vegna þessa ákvæðis [þ.e. bráðabirgðaákvæðisins] og virkjunarleyfis sem gefið var út 1991 virðist að óbreyttu ekki lagaskylda að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, nema til komi breytingar á virkjunartilhögun."

Málflutningurinn er allur svona, því miður.

[15:55]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Orðalagið sem hæstv. iðnrh. las beint upp úr tillögu okkar gefur til kynna hvert mat okkar var á bráðabirgðaákvæðinu þegar textinn var settur saman. Við tölum um að samkvæmt því „virðist ekki ..." ég undirstrika orðið virðist. Það virðist ekki lagaskylda fyrir því að virkjunin fari í lögformlegt mat.

Hins vegar hafa auðvitað fjöldamörg atriði komið upp í málinu, herra forseti, síðan við skrifuðum þennan texta. Það breytir ekki því að við töldum okkur fullkomlega vera að fara með rétt mál. Við drögum í efa í tillögunni sem hæstv. iðnrh. vitnar í, að þetta bráðabirgðaákvæði standist lög, þ.e. að virkjunin geti farið í gegn á því. Og við segjum í tillögunni: „... þrátt fyrir að virkjunarleyfi hafi verið veitt." Það er ekki stafkrókur um að við teljum þetta virkjunarleyfi vera gilt.

[15:56]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Þjóðin treystir löggjafanum", sagði hv. ræðumaður hér réttilega. (**Gripið fram í:** Ekki lengur.) En ég vildi aðeins benda á og vitna í ræðu hennar, að mér finnst vera gert lítið úr þinglegri meðferð í ræðum þeirra sem mæla gegn þessu máli. Mikið er gert úr sérfræðingum hinnar ágætu Skipulagsstofnunar. Ég er alveg sammála því að þeir hafa ágætu fólki á að skipa. En auðvitað munu þeir koma að hinni þinglegu meðferð málsins. Það er opin leið.

Varðandi aðgang almennings að þingmönnum, þá hefur almenningur aðgang að þingmönnum og hefur alltaf haft. Ég veit ekki hvers konar þingmenn það eru sem almenningur hefur ekki aðgang að. Ætla þeir menn að láta kjósa sig aftur ef almenningur hefur ekki aðgang að þeim? Ég held að of lítið sé gert úr þinglegri meðferð hér. Þingið hefur alla möguleika til þess að fjalla um þetta mál á vandaðan hátt. Það hefur ótal leiðir til þess og þar á meðal að kalla til ráðgjafar við þingnefndir þá ágætu sérfræðinga sem verið er að vitna í hér í umræðunni.

[15:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sannarlega ekki gera lítið úr þinglegri meðferð yfir höfuð. Það vil ég ekki gera. En ég tel þetta mál vera „malplaserað" hér fyrir þinginu. (**Gripið fram í:** Hvað er það?) „Malplaserað", fyrirgefið að ég skuli sletta, þ.e. vitlaust staðsett. Ég tel það betur staðsett þar sem leikreglurnar gera ráð fyrir að það eigi að vera og leikreglurnar gera ráð fyrir að það sé staðsett hjá skipulagsstjóra. Það eru mörg ár síðan við ákváðum þær leikreglur. Og það hefur sýnt sig að fólkið úti í samfélaginu er sátt við þær leikreglur og er sammála því að málið fari í þann farveg. Ég var ekki að gera lítið úr þinglegri meðferð.

[15:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin og ég heyri að við erum sammála um að þingleg meðferð er mikilvæg. (**ÖS:** Þú ert „malplaseraður".) Þakka þér fyrir, hv. þm.

Ég hef í rauninni ekki miklu við það að bæta sem hv. þm. sagði en ég ítreka að þetta mál fer fram eftir þeim leikreglum sem uppi voru þegar virkjunarleyfið var veitt og það hefur komið fram í þessari umræðu. Þingleg meðferð á málinu sem er og getur verið vönduð, er til viðbótar við það ferli sem farið var af stað. Það er svo sannarlega tækifæri til þess að veita málinu vandaða meðferð og ég veit að hv. þm., sem er í málefnalegri umræðu um þessi mál, er tilbúinn til þess að taka þátt í því af fullum heilindum.

[16:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað tek ég þátt í afgreiðslu þessa máls af fullum heilindum. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir að treysta mér til þess. Hins vegar ítreka ég að þessi framgangsmáti er afskaplega erfiður fyrir þingmenn. Það verður erfitt fyrir okkur í umhvn. og hv. þm. í iðnn. að kalla alla færustu sérfræðinga fyrir og hleypa að almenningi sem vill koma athugasemdum á framfæri við okkur.

Hæstv. forseti. Við vitum að nefndirnar geta hist örfáa klukkutíma á viku. Við vitum reyndar að fram undan er nefndavika og við vitum að við ætlum að nota hana vel. En við vitum líka að það eru rök sem hníga að því að þessi málsmeðferð sé röng. Við höfum leikreglur sem eru að okkar mati mjög vel útfærðar, kveða nákvæmlega á um hvernig á að fara að þar sem fólk er í stakk búið, með sínar skrifstofur og vinnur sína 9 tíma á dag, til að taka á móti faglegum athugasemdum.

[16:01]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn á ný verðum við vitni að því að fulltrúi ákveðins þingflokks viti allt betur en aðrir. Fulltrúar þessa þingflokks þekkja ekki aðeins lögin betur en allir aðrir og allir lögspekingar þessa lands og þó víðar væri leitað, heldur vissi hv. þm. líka á hvað þjóðin trúir. Þjóðin trúir að mati hv. þm. á lögformlegt umhverfismat. Rök voru færð fyrir því að skoðanakönnun sem kynnt var í fyrradag hefði verið blekkjandi og gefið í skyn að þeir sem svöruðu hefðu farið í þriðju gráðu yfirheyrslu um hvað fælist í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Til þess að taka af allan vafa vil ég, með leyfi forseta, lesa spurninguna eins og hún var lögð fyrir þátttakendur í könnuninni. Spurningin hljóðar svo:

„Telurðu að þú þekkir mikið, nokkuð, lítið eða ekkert til hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum?"

Niðurstaðan er sú að 20% sem töldu sig vita mikið eða nokkuð um hvað fælist í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þess vegna er það afar merkilegt að hér skuli hv. þm. fullyrða að þjóðin trúi á lögformlegt umhverfismat.

[16:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar til að verja skoðanakönnunina sem framkvæmd var af Félagsvísindastofnun fyrir staðarvalsnefnd fyrir álver á Reyðarfirði. Hann er ástríðufullur stuðningsmaður álvers á Reyðarfirði út frá forsendum sem hann hefur tíundað hér í ræðustól. Ég sé enga ástæðu til að gera lítið úr þeim tilfinningum hans og skoðunum. Ég frábið mér þá hrokafullu afstöðu sem þingmaðurinn gerir mér upp í ræðu sinni rétt áðan um að ég telji mig vita allt best og þingflokk minn, að við teljum okkur fróðari öðrum um lög og annað. Það hefur aldrei mátt lesa úr máli mínu í þessum ræðustól, virðulegi forseti. Ég vil ekki að svona sé talað til mín, að ég hafi þessa hrokafullu afstöðu. Það er ekki hægt að styðja neinum haldbærum rökum.

[16:04]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir og ég bið hana afsökunar ef ég hef misskilið þetta. Því miður fannst mér auðvelt að skilja þetta út frá orðum hv. þm. Vonandi fæ ég þó ekki fleiri dæmi til að draga slíkar ályktanir.

Í þessu ljósi var hins vegar afar merkilegt að heyra hv. þm. tala um og hafa sem rök í máli sínu að hún teldi uppistöðulón ljót. Vissulega ber ég fulla virðingu fyrir þeirri skoðun hv. þm. og get í einstaka tilfellum verið sammála henni um að ákveðin uppistöðulón séu ljót. Ég get hins vegar sagt að mér finnst ekki öll uppistöðulón ljót.

Hins vegar verð ég að segja að orðalag hv. þm. hér í gær um stóriðjuver sem fyrirhugað er að reisa við Reyðarfjörð er hún kallaði álsvershlussu hljóti þó að hafa einhverja merkingu.

[16:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að skoðanir okkar hv. þm. Einars Más fara ekki saman. Ég er á móti stóriðju á Íslandi, það veit hv. þm.

Ég vil hins vegar benda hv. þm. á, virðulegi forseti, að lögformlegt umhverfismat gæti mögulega leitt í ljós að lóni á Eyjabökkum yrði betur fyrir komið annars staðar en samkvæmt fyrirhuguðu plani Landsvirkjunar. Það kann vel að vera að lögformlegt umhverfismat leiddi í ljós að vegna umhverfisáhrifa á Eyjabökkum væri réttara að færa lónið framar, þ.e. þyrma Eyjabökkum, fara að tillögu Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings og setja lónið nær Fljótsdalnum sjálfum. Það kann vel að vera, við vitum það bara ekki. Þess vegna viljum við að lög um lögformlegt mat verði haldin. Ég bendi hv. þm. á að Samfylkingin var að leggja hérna fram í morgun frv. til laga um breytingu á lögum um lögformlegt mat. Samfylkingin vill að lögformlegt mat fari fram, ekki bara á Fljótsdalsvirkjun heldur á fleiri framkvæmdum.

[Fundarhlé. — 16:08]

[18:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það segir í gömlu íslensku máltæki að í upphafi skyldi endinn skoða. Nú er það auðvitað ekki svo að í öllum tilvikum sé alltaf hægt að sjá fyrir endi allra hluta strax við upphaf þeirra. Þó mætti reyna í því tilviki sem hér um ræðir, þ.e. byggingu Fljótsdalsvirkjunar og álvers, sem á að nota frá því orkuna, að átta sig a.m.k. að einhverju leyti á því hvað fram undan gæti verið í málinu. Ég gagnrýni, herra forseti, að þeirrar tilhneigingar hefur greinilega gætt hjá ýmsum aðstandendum málsins að reyna að þegja um stærð þess og hið stærra samhengi þess og láta umræðuna snúast eingöngu um meintan fyrsta áfanga álvers á Reyðarfirði og fyrst og fremst eina virkjun í tengslum við þá framkvæmd, þ.e. Fljótsdalsvirkjun. Nú er það svo að það þarf svo sem engar getgátur til um hið stærra samhengi málsins. Það liggur m.a. fyrir í skjölum, þ.e. viljayfirlýsingu samstarfsaðila, Noral-hópsins svonefnda, hvað þarna er á ferðinni. Á bls. 143 í fskj. VI í þessu þskj., með leyfi forseta, er í fyrsta lagi talað um að Fljótsdalsvirkjun verði byggð og rekin af Landsvirkjun og í eigu Landsvirkjunar og þarf þá ekki frekari blöðum um það að fletta. Síðan segir í 4. tölul.:

„Árleg framleiðslugeta Noral-álversins í upphafi verður 120 þúsund tonn, með möguleika á stækkun í áföngum upp í 480 þúsund tonn."

Nú stendur einmitt þannig á að hjá skipulagsstjóra er til skoðunar mat á umhverfisáhrifum 480 þúsund tonna álvers á Reyðarfirði þannig að það á að útkljá þann þátt málsins strax í byrjun og fá þá væntanlega umhverfismatið afgreitt og starfsleyfi og slíka hluti miðað við stækkunarheimildir alveg upp í þessar stærðir. Auðvitað þýðir ekki, herra forseti, að reyna að ræða þetta mál öðruvísi en í því samhengi sem það er, að hér er verið að taka mjög skuldbindandi ákvarðanir og setja af stað ferli með þennan endapunkt í sjónmáli. Það er alveg ljóst að viðspyrna stjórnvalda, bæði af lagalegum ástæðum vegna þessara fylgiskjala með heimildinni og mjög líklega einnig af efnahagslegum ástæðum verður lítil gagnvart því að bremsa sig af í þessu ferli.

Herra forseti. Aðeins að rifja upp hvernig þetta er orðið með áhættuna í þessu stóra dæmi. Staðreyndin er sú að langheppilegast væri að sleppa Norsk Hydro út úr þessu dæmi og vita hvort ekki er hægt að semja við þá um að hætta með þetta skítti sem þeim er ætlað í verkefninu. Þá ráðum við Íslendingar þessu alfarið sjálfir og einir vegna þess að þessi svokallaði eignarhlutur Norsk Hydro er orðinn svo óverulegur og ómerkilegur í þessu máli að hann skiptir nánast engu. Ef við leikum okkur aðeins með tölur, herra forseti, þá er talað um að samanlagt ætli íslenskir fjárfestar og Hydro Aluminium að eignast meiri hlutann í Noral-álfélaginu. Síðan verði öðrum aðilum á Verðbréfaþingi Íslands boðinn afgangurinn til sölu. Upplýst hefur verið að við það sé miðað að eignarhlutur Norsk Hydro verði 20%. Nú er verið að tala um að fjárfestingin í upphafsáfanganum sé 30 milljarðar króna. Aðilar ætla sér að leggja fram 30% í hlutafé, afgangurinn er lán, 30% af fjárfestingarkostnaðinum verður hlutafjárframlag eigendanna, afgangurinn lán, víkjandi lán og venjuleg lán. 30% af 30 milljörðum eru þá 9 milljarðar, ef ég hef reiknað rétt. Þá er hlutafjárframlagið 9 milljarðar. Af því ætlar Norsk Hydro að eiga 20%, það er 1,8 milljarðar. En þeir ætla ekki einu sinni að leggja þessa 1,8 milljarða í peningum heldur hluta þeirrar fjárhæðar í öðru. Hverju? Jú, væntanlega einhverju sem þeir telja sig hafa lagt af mörkum eða geta reitt fram tækniþekkingu, umsjón, sambönd, markaðskannanir eða aðra slíka hluti. (**Gripið fram í:** Hvar sérðu það?) Ég ímynda mér það. Já, bíðum nú við, við skulum aðeins lesa: „Hydro Aluminium A/S gerir ráð fyrir að

fjármagna hluta af fjárfestingu sinni í hlutabréfum félagsins með framlagi í öðru formi en beinum greiðslum." Á mannamáli heitir þetta annað en peningum. Hvað er þá verið að segja hér? Jú, samkvæmt þessum hugarreikningi hér, sem ég held að sé auðvelt að staðfesta, stefnir peningalegt framlag Norsk Hydro inn í þetta dæmi hraðbyri niður úr þessum 1,8 milljörðum króna. Það er ekki orðin mikil stærð í verkefni þar sem iðjuverið á að kosta 30 milljarða og virkjunin 60. Allur afgangurinn er í raun og veru á herðum Íslendinga sjálfra, ríkisins, sveitarfélaga, banka og annarra aðila sem leggja fjármagn í þetta. Nema þá það sem hugsanlega yrði selt á hlutabréfamörkuðum úti í heimi.

Þessar staðreyndir, herra forseti, hefur vantað að taka inn í umræðuna, sem og stærð málsins í heild sinni. Það er verið að tala um þrisvar sinnum álverið í Straumsvík, það er verið að tala kannski um upp undir fjórðung af óráðstafaðri virkjanlegri vatnsorku í landinu sem samkomulag geti orðið um að virkja á einu bretti ef þetta álver endar í 480 þús. tonnum. Svo gríðarlega stór er þessi ákvörðun.

Í öðru lagi, herra forseti, væri fróðlegt að fá um það upplýsingar frá hæstv. ráðherra hverjar ráðherra telur líkurnar á því vera, góðar eða ekki góðar, að auðvelt reynist að afla þessu verkefni fjármagns í ljósi þess að það gerist æ algengara að fjármálastofnanir, sem taka sjálfar sig alvarlega, krefjist þess að slíkar framkvæmdar hafi lotið lögformlegu mati á umhverfisáhrifum. Ég veit ekki betur en að meira að segja Alþjóðabankinn, sem hefur ekki þótt róttækasta stofnun jarðarinnar en batnandi mönnum er best að lifa, er nú að burðast við að setja slíkar kröfur að stuðla ekki að fjármögnun verkefna nema slíkum lögformlegum og alþjóðlegum skilyrðum varðandi umhverfismál sé fullnægt. Ég hygg að Norræni fjárfestingarbankinn sé á svipaðri leið ef ekki þá þegar búinn að ákveða þetta. Þar hefur verið unnið heilmikið að umhverfismálum. Norræni fjárfestingarbankinn hefur sérstaklega lagt af mörkum vegna umhverfismála, t.d. í Eystrasaltsríkjunum, og núverandi bankastjóri þar er áhugamaður um að bankinn byggi upp og varðveiti góðan orðstír að þessu leyti. Liggur það fyrir að Norræni fjárfestingarbankinn sé tilbúinn að lána í þetta verkefni ef ekki verður farið að nútímalegum vinnubrögðum varðandi mat á umhverfisáhrifum? Hvaða aðrar bankastofnanir, sem vilja taka sig alvarlega, ætla að gera það undir mótmælum, bæði innlendum og erlendum mótmælum, vegna þeirra umhverfisfórna sem þarna á að fara að færa? Ætli menn ættu ekki aðeins að líta á það. Það getur vel verið að það sé hægt í gegnum pólitískan þrýsting að pína flokksvædda íslenska banka og fjármálastofnanir til að taka þátt í því. En mér er til efs að stjórnarflokkarnir, þó valdamiklir séu, hafi slík ítök í hinu alþjóðlega bankakerfi að menn hlýði fyrirmælum af flokkskontórunum þar.

Mig langar einnig að nefna hér, herra forseti, í raun og veru undirrót mikillar ógæfu í þessum málum og það eru tvenn afdrifarík mistök sem gerð voru, annars vegar af framkvæmdarvaldinu og hins vegar af löggjafarvaldinu í aðdraganda þessa máls. Það fyrra er sú ótrúlega niðurstaða fyrrv. iðnrh. að gefa út ótímabært virkjunarleyfi 1991 gegn ráðleggingum orkumálastjóra sem lagði til að það yrði haft tímabundið við fimm ár. Þá væri þessi vandi ekki uppi í dag ef virkjunarleyfi Landsvirkjunar í Fljótsdal frá því 24. apríl 1991 hefði verið tímabundið og þannig úr garði gert að það félli niður hefði verkið ekki verið hafið innan fimm ára. Auðvitað átti að ganga þannig frá málinu og á að gera almennt, eins og gert er t.d. þegar sveitarfélög veita byggingarleyfi. Það er algjörlega út í hött að veita ótímabundnar framkvæmdaheimildir af þessu tagi „ad infinitum" inn í framtíðina og vonandi verður því hætt þannig að sambærilegar aðstæður og þær sem nú eru uppi komi ekki fyrir framvegis.

Seinni mistökin verða að skrifast á þessa stofnun og þau eru hliðstæðs eðlis, að ákvæði til brb. II skyldu ekki vera með sólarlagi þannig að þær framkvæmdir sem á grundvelli þess hefðu ekki hafist, t.d. á næstu tveimur árum eftir setningu laganna þyrftu þá og þar eftir lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Auðvitað átti að ganga þannig frá málinu. Það átti að vera tímabundin aðlögun og heimild til að hefja þegar undirbúnar framkvæmdir en ekki skálkaskjól og afsökun til þess að komast fram hjá þessum lögum, ef Alþingi meinti eitthvað með þeim, þess vegna um aldur og ævi. Þetta er algjör grundvallarmistök í lagasetningu sem allir sjá núna. (**Gripið fram í:** Þarna varst þú.) Ég var að vísu þarna, það er rétt. Er þá ekki bara best að ég eigi $^{1}/_{63}$ af því að þarna voru gerð mistök og ég skammast mín ekki fyrir að viðurkenna þau? Sá er kannski munurinn á því að ... (Gripið fram í.) Er mitt atkvæði svona miklu veigameira en annarra? Ber hv. þm. Kristján Pálsson bara helmingsábyrgð á ákvörðunum hér af því að hann er svona hálfur þingmaður eða hvað? (Gripið fram í.) Var það ekki 1993? Ég er að tala um þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum voru afgreidd hér 1993. Þá var hið margfræga ákvæði til brb. II afgreitt og ég sem þingmaður í þessari stofnun tek að sjálfsögðu á mig minn hluta af þeirri ábyrgð að þetta mál var ekki nógu vel unnið. Ég veit að vísu á því ákveðnar skýringar en þær eru í sjálfu sér engin afsökun. Komið var með þetta á síðasta sólarhring áður en málið var afgreitt, í pati og fumi, af skipulagsstjóra sem hafði áhyggjur af vegaframkvæmdum og brúarframkvæmdum og öðru slíku sem átti að fara fram þetta sumar 1993. En Fljótsdalsvirkjun var þar aldrei nefnd eins og kunnugt er.

Í þriðja lagi, herra forseti, verð ég að segja að einna dapurlegast hefur mér fundist við þessa umræðu, svona af efnislegu þáttunum, nauðhyggjurökseмdafærslan sem veður mjög uppi. Hún er mjög varhugaverð. Það er afar dapurlegt að heyra rætt um byggðamál og byggðavanda á Íslandi, sem er vissulega ærinn, í þeim vonleysisnauðhyggjutón að ef ekki verði þetta álver, sem verði mönnum til bjargar á Austurlandi, þá sé ekki hægt að benda á neitt annað og að það standi sérstaklega upp á þá, sem eru af efnislegum ástæðum andvígir t.d. þessum umhverfisfórnum sem þarna eru, að sýna þá fram á hvað annað geti leyst vandann. Eins og að í þessu sé fólgin sannanleg lausn á honum, sem auðvitað er ekki. Geta menn þá almennt sloppið svona frá sambærilegum aðstæðum að þeir nefni bara eitthvað til sögunnar og spyrji svo þá sem andæfa: Ef þú vilt ekki þetta hvað ætlarðu þá að gera?

Er þetta góð röksemdafærsla almennt? Er það á þennan hátt sem við eigum að reyna að nálgast mál efnislega? Á ég þá að stinga upp á einhverjum fáránlegum hugmyndum um atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra, sem einhverjir verða þá vonandi til að andæfa, en ráðast þá á hina sömu menn og segja: Já, en hvað vilt þú þá gera? Hvað ætlarðu þá að gera? Þú verður að koma með svörin.

Hverjir eru það sem nota þessa röksemdafærslu? Það eru stjórnvöldin sem hafa völdin í landinu og eru í aðstöðu til þess að láta hlutina gerast sjálf. Meira að segja hæstv. forsrh., sem er búinn að fara með byggðamál í á níunda ár, lætur

sér sæma, herra forseti, að ráðast á þá sem andæfa þessum framkvæmdum með efnislegum rökum og skammar þá fyrir að koma þá ekki með lausnirnar í byggðamálum. Hver er það sem gerir það? Það er yfirmaður byggðamála á Íslandi, hæstv. forsrh., sem nálgast hlutina með þessum hætti.

Að síðustu, herra forseti, verð ég að segja alveg eins og er að mestu áhyggjur mínar, svo skrýtið sem það nú er, tengjast því að ekki verði af byggingu þessa álvers. Þykir kannski ýmsum merkilega til orða tekið en þær eru það nú samt. Fari nú svo af einhverjum ástæðum, sem við þurfum ekki að vera með neinar getgátur uppi um hverjar gætu verið, að ekki verði af byggingu þessa álvers og tilheyrandi virkjunum, segjum bara að það verði hinn efnahagslegi þáttur málsins sem strandi því, því að hér hefur þó hver étið upp eftir öðrum að að sjálfsögðu verði ekki byggt álver ef ekki náist t.d. viðunandi samningar um raforkuverð. Gott og vel, segjum svo. Það nást bara því miður ekki viðunandi samningar um raforkuverð. Dæmið er gjörsamlega botnlaust. Hagfræðingarnir, sem hafa verið að vara við því undanfarna daga, reynast hafa rétt fyrir sér. 12 mill, 15 mill, 18 mill nægja ekki. Við þyrftum 24–26 mill til þess að vit sé í því að ráðast í nýjar og dýrar virkjanir og dæmið gangi upp. Hverjir munu þá reynast Austfirðingum bestir ef svo fer? Eru það þeir sem hafa tekið þátt í því að keyra málið upp á þeim forsendum að það sé nauðsynlegt að fórna öllu til að leysa vanda Austfjarða og það réttlæti þær umhverfisfórnir og aðrar fórnir sem þarna á að færa? Hefðu menn ekki mátt hugsa fyrir því fyrr í málflutningi sínum að þetta er ekki í höfn? Gæti þá ekki reynst dýr ferðin utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar á aðalfund Sambands austfirskra sveitarfélaga þegar hann ætlaði að koma með álver, ekki frelsisskrá, heldur álver í föðurhendi?

[18:20]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann vel að fara svo að ekkert verði af þessu verkefni, það hefur alltaf legið fyrir. Það eru engin ný sannindi sem hv. þm. er að færa fram. En auðvitað er hans sterkasta von að svo verði ekki. Ég held hins vegar að það sé ekki sterkasta von Austfirðinga og mjög margra landsmanna.

Þær tölur sem hv. þm. fór með um orkuverð og annað slíkt afgreiddi hann bara með einu orði, þær eru einfaldlega rangar og þar hefur hv. þm. ekkert fyrir sér. Hins vegar er alveg rétt að gert er ráð fyrir í umhverfismati fyrir álver að þar sé um að ræða 480 þús. tonna álver. Hins vegar er það líka svo, hv. þm., að engar skuldbindingar eru í þeirri yfirlýsingu sem er frá Hallormsstað um afhendingu á raforku nema til 120 þús. tonna álvers vegna þess að aðrar framkvæmdir á orkusviðinu verða að fara í mat á umhverfisáhrifum og þær munu líka falla undir þá rammaáætlun sem nú er í undirbúningi af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Varðandi áhættu í verkefninu talar hv. þm. eins og gert sé ráð fyrir að ríkið komi með stórkostlega fjármuni inn í þetta verkefni. Svo er ekki. Gert er ráð fyrir því að þetta verkefni geti orðið að 75–80% hluta í eigu íslenskra fjárfesta til þess að byrja með, 20–25% hluta í eigu norskra aðila eða Norsk Hydro. Þessir aðilar munu ekki taka þá áhættu að setja peninga sína í verkefnið ef ekki verður af því arður fyrir viðkomandi aðila. Það verður hv. þm. að hafa í huga. Fjárfestarnir munu ekki taka áhættuna af verkefninu nema af því verði arður.

Það sem snýr að Landsvirkjun í því er hins vegar fjárfestingin í orkumannvirkinu og þar má hv. þm. ekki reyna, sem hann er auðvitað að, hann veit betur, rugla þessum hlutum tveimur saman, annars vegar álverinu og hins vegar orkuverinu til þess að rugla menn í ríminu í þessu máli. Það er Landsvirkjun sem sér um virkjunina sem slíka. Það kemur síðan í ljós hvort þeir aðilar á markaði, bankar, séu ekki tilbúnir til að taka áhættuna af því að lána í verkefnið sem slíkt. (Forseti hringir.)

Við skulum bara sjá og bíða og athuga hvort það verði ekki niðurstaðan að Landsvirkjun hafi það lánstraust sem hún þarf til að taka þau lán vegna þess að allar lagaheimildir eru til staðar fyrir verkefninu sem slíku.

[18:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn þekkja það á Eyjafjarðarsvæðinu hversu gott er að bíða eftir álveri sem aldrei kemur. Það var ekkert sérstaklega Eyjafjarðarsvæðinu til framdráttar eða upplyftingar að um langt árabil settu menn helst vonir sínar á að það mundi hleypa krafti í atvinnulífið og byggðaþróun á því svæði. Sem betur fer hættu menn því og einbeittu sér að öðrum hlutum og eyddu orku sinni í aðra hluti og það hefur skilað heilmiklum árangri þó hann mætti vissulega vera meiri.

Áhyggjur mínar gagnvart Austurlandi og því hvernig þetta mál hefur verið keyrt upp og rekið sem jafnvel stærsta byggðamál Íslandssögunnar tengjast því að ef illa fer, í þeim skilningi að þarna komi ekkert álver, fyrir hönd þeirra manna sem við það binda vonir, þá fer ekki hjá því með því sem umræðan hefur verið keyrð á þessum nótum, að það verður áfall. Það verður það því miður, jafnvel þó menn reyni að segja að menn séu að gera ýmislegt annað og menn hafi fyrirvara á og menn viti að þetta sé ekki í hendi þá liggur þetta svona.

Ýmsar staðreyndir fyrir varðandi orkuverðið, hæstv. iðnrh., jafnvel þó reynt sé að leyna þeim. Það liggur t.d. fyrir að stóriðjan hefur verið að borga 86–98 aura undanfarin tvö, þrjú ár, eins og álverðið hefur verið, að meðaltali fyrir rafmagnið á sama tíma og Íslandsmenn eru að borga þetta 2,70 og upp í 2,90 kr. á kwst. Þessar staðreyndir tala sínu máli.

Það er líka vitað að þetta lága verð, 12,6 mill, dugar engan veginn fyrir kostnaði í nýrri virkjun. Áhættan er mjög mikil og vandinn við þetta er sá að Ísland, ríkið og eigendahagsmunir þess eða mikilvægir fjárhagslegir hagsmunir í gegnum banka og sjóði eru öllum megin við borðið. Þó að vissulega sé virkjunin í einu hólfi og iðjuverið í öðru, þegar menn eiga í hvoru tveggja þá geta menn alveg séð fyrir sér hvaða þrýstingur verður á að láta þá hluti ganga upp. Það þarf auðvitað ekki að fara frekari orðum um það.

[18:25]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að orkuverð sem væri í kringum 12 mill er allt of lágt orkuverð fyrir álver á Reyðarfirði. Þarna má hv. þm. ekki vera með þann blekkingaleik sem hann er með. Auðvitað hlýtur raforka frá fullafskrifuðum orkuverum, eins og eru á Tungnaár- og Þjórsársvæðinu, að vera miklu ódýrari. Auðvitað var orkan miklu ódýrari þegar samningar voru gerðir fyrir 25 árum. Við erum að tala um það að gera nýjan orkusamning og það liggur fyrir að ekki verður samið við aðilann nema sá arður fáist af þeim samningi sem eigendur fyrirtækisins hafa

gert kröfu til að þetta fyrirtæki, Landsvirkjun, eigi að skila eigendum sínum.

Það er líka rétt að það verður mikið áfall ef þetta verkefni gengur ekki eftir fyrir þá sem hafa bundið mestu vonir við það eins og íbúar á Austurlandi. En það verður mikil gleði í röðum græningja ef það gengur ekki eftir. Þarna fara hagsmunirnir ekki saman, því miður.

Hins vegar höfum við alltaf haft mjög skýra fyrirvara um það að þessir samningar hafa ekki náðst fyrr en þeir hafa verið undirritaðir formlega. Það var ekki fallegur leikur sem ríkisstjórnin sem hv. þm. átti aðild að frá 1988 til ársins 1991 þegar hún fór hring eftir hring í kringum landið til að kynna þau stórkostlegu tækifæri sem væru til staðar í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Ekkert af þeim áformum gekk eftir. Það var til að vekja vonir og væntingar fólks víða um land sem brugðust allar.

En við höfum haft þann skýra fyrirvara að það sé alls ekki víst að þetta mál gangi eftir. Við viljum hins vegar leggja mikið á okkur til þess að það geti gengið, í harðri pólitískri andstöðu við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sem ber þá von heitasta í brjósti að ekkert verði úr þessu eins og af málflutningi hans má dæma í þessari umræðu.

[18:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er andvígur virkjuninni. En ég hef samtímis áhyggjur af stöðu Austfjarða og ég kvíði því hvernig andrúmsloftið verður þar ef ekkert verður af þessum framkvæmdum vegna þeirra væntinga sem kyntar hafa verið upp af heilmörgum í kringum þær.

Það er nú ánægjulegt að heyra — er það ánægjulegt? Ég veit ekki hvaða orð maður á að hafa um það — hæstv. iðnrh., varaformann Framsfl. ráðast með þessum hætti að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl. á þessari tíð. Þar var einnig um borð Halldór Ásgrímsson, núv. hæstv. utanrrh., og stóð einna þéttast við hliðina á Jóni Sigurðssyni iðnrh. í stóriðjumálunum. Ætli það hafi ekki verið sá sem hér talar sem reyndi einna helst að andæfa. Ef menn vilja fara út í þessa sagnfræði verður nú farið að höggva býsna nærri Framsfl. Ætli hæstv. iðnrh. hafi ekki verið ungur maður á uppleið í Framsfl., verið að vinna að því að ryðja Guðmundi G. Þórarinssyni úr sæti einmitt á þessum tíma? Hæstv. iðnrh. er málið skylt.

Varðandi orkuverðið aftur og samhengi hlutanna er það auðvitað ljóst að þegar farið verður að leita fjármögnunar á verkefni eða auglýsa eftir meðeigendum mun raforkusölusamningur væntanlega liggja fyrir. Nú vita menn það. Segjum að dæmið verði mjög tæpt, hvar endar þá þrýstingurinn á því að láta það ganga upp? Menn sem hafa talað af þvílíkum heilagleika um hversu mikilvægt og stórt og ágætt þetta verkefni er, eru þeir sem ráða ferðinni, geta haft áhrif á niðurstöðuna í gegnum eigendahlut sinn í Landsvirkjun og stöðu sína sem iðnrh. o.s.frv. Er þá ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því að menn þrýsti raforkuverðinu niður til að dæmið gangi upp, a.m.k. á pappírnum? Svarið er jú. Þessi samþætting hagsmunanna og áhættunnar í þessu stóra máli er því mjög alvarlegur hlutur. Sporin hræða líka í þessum efnum, herra forseti.

[18:30]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Hv. þm. lætur að því liggja að Austfirðingar sitji með hendur í skauti og bíði eftir álveri og hefur miklar áhyggjur af því ef að það kæmi ekki. Þetta sýnir hvað hann á í miklum vandræðum með að útskýra byggðaþáttinn í þessu máli. Hann segir: „Ég hef áhyggjur af því að ferð Halldórs Ásgrímssonar á fund Sambands sveitarfélaga hafi verið dýr." Eiga menn ekki að segja frá því ef slíkar viðræður fara fram? Eiga menn aldrei að fara í neinar áhættusaman viðræður? Ég vil taka það fram og þess vegna kom ég upp í þetta andsvar, að það er gjörsamlega rangt að nokkurn tímann á nokkru stigi málsins hafi nokkru verið lofað í þessu máli. Það hefur aldrei á neinu stigi málsins verið sagt að málið sé í höfn. Enda er það ekki í höfn. Tvennt getur komið til, þ.e. að ekki semjist og að þeim sem berjast hatrammlega gegn þessu máli á öllum stigum samfélagsins takist að drepa málið. Það getur vissulega komið upp. Ég geri mér alveg grein fyrir því. Og mér þykir einkennilegur tvískinnungur að hamast hér við að reyna að drepa þetta mál og hafa svo stórar áhyggjur af því ef að það tækist.

[18:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svona og svona og hefur komið nokkuð rækilega fram í þessari umræðu hvernig það er að eiga rökræður og skoðanaskipti á eðlilegum grundvelli um þessi mál. Ég held að það sé þó nokkuð síðan að jafnríkulegrar tilhneigingar hafi gætt til þess að snúa út úr fyrir mönnum, leggja þeim orð í munn, gera þeim upp skoðanir og láta hlutina snúast um annað en það sem máli skiptir. (Gripið fram í.) Hér kom ágætt dæmi frá Jóni Kristjánssyni. Hann lagði mér orð í munn, þessi tiltölulega grandvari maður, sem er prýðilega máli farinn og ritfær. Hann á ekki að þurfa að grípa til þess í rökræðum af þessu tagi að leggja mönnum orð í munn. Það voru orð hv. þm. Jóns Kristjánssonar en ekki mín, að Austfirðingar hefðu setið með hendur í skauti. Heyrði einhver annar hér í salnum mig segja það? Nei, það sagði ég ekki. Ég sagði þvert á móti, þó mér sé vel kunnugt um að menn tíundi ýmislegt annað sem verið er að reyna að gera og menn hafa verið að reyna að gera. En smátt og smátt hefur málið þróast þannig, vegna þess hvernig menn hafa kynt upp væntingarnar um að hér sé jafngríðarlegt hagsmunamál á ferðinni og raun ber vitni og ýtt til hliðar öllum efasemdum um að allt hið góða muni ekki ganga eftir, að þannig hefur það lagst í umræðunni. Kannski er það aðallega af sálrænum ástæðum. En slíkir hlutir skipta líka máli í efnahagsmálum, byggðamálum og öðru slíku. Ég óttast að það geti ekki orðið annað en áfall, vonbrigði og bakslag, a.m.k. gagnvart þeim mönnum eystra sem mest hafa trúað á þetta sem frambúðarlausn og mikla lyftistöng. Nú er mér auðvitað ljóst að það er mismunandi hversu sannfærðir menn hafa verið um það. Er eitthvað að því þó að ég segi þetta? Má ég ekki draga athyglina að þessum hluta málsins af þeirri ástæðu að ég hef gagnrýnt virkjanaframkvæmdirnar og er sérstaklega á móti þeim umhverfisfórnum sem þeirri virkjun sem hér er til umræðu, eru samfara? Þetta er efnisleg umfjöllun um eitt atriði þessa máls, eða hvað, herra forseti?

[18:34]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona svo sannarlega að af þessum framkvæmdum verði. Ég hef barist fyrir því og mun halda áfram að berjast fyrir því. En ég vil endurtaka það að við höfum komið algjörlega heiðarlega fram gagnvart Austfirðingum í þessu máli. Við höfum sagt, og mér er kunnugt um að við í Framsóknarflokknum höfum sagt við Austfirðinga: „Þið skulið ekki láta þetta mál koma í veg fyrir aðrar hugmyndir

sem uppi eru. Þetta er landsmál fyrst og fremst. Byggðamálin eru viðbótarkostur í þessu máli, mjög góður kostur að mínu mati. En hann á ekki að koma í veg fyrir neina aðra uppbyggingu, heldur mun þetta hjálpa henni til ef af þessu verður." Austfirðingum hafa aldrei verið gefnar falskar vonir í þessu máli. En ég vona svo sannarlega að þetta mál gangi eftir.

Ég skal taka það aftur ef ég hef snúið út úr fyrir hv. þm. um að hann hafi sagt að Austfirðingar biðu með hendur í skauti. Ég tek það þá aftur og biðst afsökunar á því ef að ég hef snúið út úr orðum hans að því leytinu.

[18:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Falskar vonir nefndi ég heldur ekki á nafn í minni ræðu. Ég vísaði til þess hvernig þessi umræða hefur þróast og það ber sjálfsagt enginn einn sök, heldur hefur það gerst að einhverju leyti að hún hefur jafnvel tekið af mönnum völdin. Umræðan hefur farið að lúta sjálfstæðum lögmálum og lifað í sjálfri sér. En hún hefur þróast í þennan farveg. Þeir menn sem t.d. hafa kallað þetta eitt mesta byggðamál Íslandssögunnar verða auðvitað að bera ábyrgð á þeim orðum sínum, er það ekki? Og aðrir sem hafa dregið upp með mjög sterkum litum og sterkum dráttum ... (**JónK:** Það sagði ég ekki.) Nei, en „stærsta byggðamál síðari tíma", hafa bæði utanrrh. og, ég hygg, forsrh. sagt. Þeir verða að bera ábyrgð á þeim orðum. Sporin hræða líka í þessum efnum. Ég nefndi Eyjafjarðarsvæðið. Við getum líka nefnt Keilisnes. Var það ekki þannig að meira að segja fasteignaverð var farið að hækka þar og sveitarfélagið var komið á fulla ferð að gera ráðstafanir til undirbúnings þeirri gífurlegu uppbyggingu sem þar átti að verða. Það má nefna mörg fleiri slík dæmi sem öll ættu að hvetja menn til hins sama, þ.e. að ganga hægt um gleðinnar dyr og gefa sér ekkert fyrir fram sem niðurstöðu í þessum efnum.

[18:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn á ný kemur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og skýrir sjónarmið sín í þessu máli. Þar sem ég fékk ekki í gær nægilegar skýringar á því hvers vegna afstaða hans hefur breyst frá því 1990, bið ég hv. þm. enn að gera tilraun til þess að skýra fyrir mér hvaða breyting hafi orðið í byggðamálum frá því 1990 og til dagsins í dag. (**Gripið fram í:** 300.000 tonn.)

[18:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvaða próf hv. þm. er að leggja fyrir mig, en ef það er varðandi sjónarmið sem ég setti fram um 1990, sem eru mjög hliðstæð sjónarmiðum sem ég hef líklega talað fyrir bæði fyrr og síðar og allt fram á þennan dag, að óheppilegt væri að bæta stórframkvæmdum í röðum við fólksflutninganna til höfuðborgarsvæðisins, þá er það ekkert nýtt. Það þarf ekkert frekar að nefna árið 1990 en árið 1985 eða árið 1994 þegar menn ræddu stækkun Ísals eða álver á Grundartanga. Ég hef að sjálfsögðu alltaf verið þeirrar skoðunar að heppilegt væri að reyna að halda sem mestu jafnvægi í atvinnuuppbyggingu í landinu. Nema hvað, er það einhver speki? Ég held að hv. þm. ætti frekar að þakka mér fyrir að hafa t.d. nefnt Austurland í því samhengi. Ef einhver iðnaðaruppbygging gæti átt sér stað á Austurlandi þannig að þar væri verið að nýta orku og það væri í góðri sátt við umhverfið í þeim fjórðungi, þá er ég að sjálfsögðu hlynntur því að slíkir kostir séu skoðaðir. Hef ég sagt eitthvað annað? Ég held að hv. þm. ætti frekar að virða það við mig að ég t.d. sagði að ég væri ekki meðmæltur því að menn væru að gera gælur við álver í Eyjafirði, í mínu kjördæmi. Ég hef nefnilega ekki lagst ofan í það hljólfar í þessum málum að taka afstöðu út frá þröngum kjördæmissjónarmiðum og ég gæti kennt hv. þm. heilmikið um það ef hann hefði áhuga á því að afla sér þekkingar á því sviði, hvað það geti kostað að standa í lappirnar gagnvart því mikla návígi sem hagsmunirnir koma mönnum stundum í hvað varðar umhverfismál. Ég skal eyða kvöldstund einhvern tíma með hv. þm. og fara yfir það t.d. með honum hvernig þeir hlutir hafa stundum gengið fyrir sig í henni Mývatnssveit, á Eyjafjarðarsvæðinu eða annars staðar þar sem menn lenda allt í einu í þeirri aðstöðu að þetta er ekki bara eitthvert froðusnakk, heldur alvara og það reynir á það hvort menn meina eitthvað með umhverfisverndarstefnu sinni eða ekki.

[18:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem breyst hefur er greinilega spurningin um það hvort menn standi við það sem þeir segja í umhverfismálum. Það væri auðvitað betra ef hv. þm. kæmi hér og færi örlítið yfir það hvað hann sagði í umhverfismálum árið 1990. Væntanlega hefur það breyst verulega vegna þess að árið 1990 lék enginn vafi á því að hv. þm. studdi álver sem yrði reist á Austurlandi með þeirri orku sem fengist frá Fljótsdalsvirkjun. Það er ljómandi gott að það skuli koma hér fram að hv. þm. hefur breytt um afstöðu og það er lofsvert að hv. þm. skuli viðurkenna slíkt því að því miður hefur skort á að hann hafi viðurkennt að nú séu viðhorf hans í þessum efnum breytt. Það er sem sagt lofsvert og ég þakka hv. þm. það.

[18:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enn sami vandinn við að reyna að eiga einhverjar rökræður um þessi mál. Það var að sjálfsögðu á þessum tíma eins og öðrum að ég hafði á því ótal fyrirvara að af þessum stóriðjuframkvæmdum yrði yfir höfuð og var þó engin Kyoto-bókun komin til sögunnar þá.

Við vorum að ræða á þessum tíma og að gefnu tilefni, staðsetningarþátt þessa máls eingöngu. Ég hafði gagnrýnt það að farið var um landið og mönnum boðið upp á að gerast áskrifendur að álveri sem lítil alvara var á bak við að mínu mati. Af þeim sökum var gerð sérstök samþykkt sem ég hygg að þessi blaðagrein eða blaðaumfjöllun m.a. vitni til, þar sem þingflokkur Alþýðubandalagsins lýsti sig sérstaklega mótfallinn því að þessum stóru framkvæmdum yrði hlaðið niður á suðvesturhornið. Það þýddi ekki að fyrir lægi samkomulag um byggingu álvers á Austurlandi, ó nei, aldeilis ekki. Á sama tíma voru auðvitað uppi miklir fyrirvarar bæði um raforkuverð og umhverfismál og síðan fór það nú svo eins og alþjóð veit að á þetta reyndi aldrei vegna þess að á þessum mánuðum var að verða ljóst að ekki mundi verða af byggingu þessa álvers.

[18:42]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Gamla nytjastefnan er gengin sér til húðar, nytjastefna sem fól í sér að allt væri falt, allt mætti taka, grafa mætti í hvern gíg og gjallhól, skilja eftir opnar námur, opin sár, keyra um ósnortið land, troða niður viðkvæma gróðurþekju, beita hvern blett, virkja hvern foss,

henda sorpi og netadræsum í sjó, sökkva skipshræjum, ofveiða fiskstofna, menga loft og hleypa skolpi óhreinsuðu í opnar fjörur. Þessi skefjalausa og gagnrýnislausa nytjastefna skeytti engu og vissi raunar ekkert um framtíðarhagsmuni þjóðarinnar í umhverfismálum. Hún vissi þaðan af síður um alþjóðlegt samhengi umhverfismála þar sem við Íslendingar erum háðari umhverfisvernd meira en flestir aðrir og dugir þar að minna á vaxandi mengun í norðurhöfum. Þessi sjálfhverfa nytjastefna krafðist alls, hrifsaði allt án þess að greiða nokkuð til náttúrunnar eða fegurðarinnar og allra síst til framtíðarinnar eða þeirra Íslendinga sem á eftir okkur koma. Við getum fyrirgefið forfeðrum okkar sem hvorki höfðu þekkingu né lágmarksefni til þess að hlífa náttúru landsins. En við sem búum við allsnægtir og víðtæka þekkingu getum ekki beðið komandi kynslóðir afsökunar, beðið þær að fyrirgefa okkur þegar við göngum á landið og misgjörum því og náttúru okkar án þess að skeyta um leikreglur sem við höfum sett okkur. En sem betur fer er þessi nytjastefna nú brátt að baki. Það eru breyttir og bjartari tímar. Það sem ég nefndi í upphafi verður fljótt að baki, þ.e. stöðugur ágangur á náttúruna án þess að nokkuð komi þar fyrir. Þessir breyttu og bjartari tímar hafa komið fram í gjörbreyttum viðhorfum almennings. Jafnvel nú á síðustu missirum hafa viðhorf almennings gjörbreyst. Þessir breyttu tímar hafa komið fram í gjörbreyttri löggjöf sem kemur fram í alþjóðlegu samstarfi og hagsmunum Íslendinga þar sem okkar hagsmunir og okkar sjónarmið hafa náð fram að ganga og við höfum eignast víðsýnni stjórnmálamenn.

Ég vil að það komi fram að ríkisstjórnin hefur á þessu kjörtímabili og því síðasta tekið þátt í þessum miklu breytingum af fullri alvöru með umfangsmikilli og vandaðri lagasetningu. Þar nægir að benda á byggingar- og skipulagslögin og síðan náttúruverndarlögin en þessir tveir lagabálkar eru mikilvægustu lagabálkar í náttúruvernd og umhverfismálum hér á landi. Þessir lagabálkar höfðu beðið þing eftir þing en aldrei náð í gegn. En þeir öðluðust gildi í tíð núv. og fyrrv. ríkisstjórnar. Sömuleiðis má nefna lögin um mengun og hollustuhætti, skipulag miðhálendisins og væntanlega endurskoðun laganna um mat á umhverfisáhrifum.

Auk þessa höfum við gert fjölda alþjóðlegra samninga um mengun hafsins. Baráttan við þrávirku lífrænu efnin stendur yfir núna og e.t.v. ná Íslendingar þar markverðum árangri. Þetta hefur tekist undir forustu Framsóknarflokksins og þó að fyrrv. hæstv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason hafi legið hér undir mjög miklum og oft ómaklegum árásum þá urðu þessi tímamót í tíð hans í samræmi við breyttan tíðaranda og breytt viðhorf almennings. Við höfum því smám saman verið að vinna upp 10–20 ára forskot nágrannaþjóða okkar í umhverfismálum.

Inn í þessa gerbreyttu tíma og tiltölulega björtu framtíð dregur ríkisstjórnin núna forneskjulegt verklag með því að ætla að knýja fram virkjun án þess að farið sé að þeim leikreglum sem viðurkennd eru í hugum almennings og í allri löggjöf okkar. Ég viðurkenni þó að ríkisstjórnin hefur margt til síns máls og ýmis rök. Ríkisstjórnin hefur orðið að hörfa með þetta mál og rök þess inn á örlítinn reit, inn á örlítinn neyðarreit, þar sem hún verst öllum rökum, rökum sem lúta að lögum, rökum sem lúta að þjóðarvilja, rökum sem lúta að náttúruverndarsjónarmiðum og öðru sem þykir nú sjálfsagt.

Ég ætla ekki að gera hina drungalegu fortíð Fljótsdalsvirkjunar að umræðuefni, allt það karp um málsmeðferð og hvort hún eigi efnislegan eða lagalegan rétt á sér eða ekki. Það hafa fjölmargir þingmenn gert úr þessum ræðustól síðustu tvo daga og sótt að ríkisstjórninni með margvíslegum rökum, þó ég efist um árangur af því. Ég vil frekar beina sjónum mínum að hinu raunverulega umhverfismáli, þ.e. því að á Eyjabökkum og á öræfum norðaustan við Vatnajökul eru ómetanleg náttúruverðmæti. Þau fara forgörðum með því að ráðist verði í virkjanir á þessu svæði. Ég vil undirstrika það sem öllum er kunnugt, að Fljótsdalsvirkjun mun ekki duga fyrir framtíðaráform um álver, jafnvel þó það stækki ekki með þriðja áfanga. Þarna komum við að kjarna málsins. Hvað sem líður öllu karpi og togi um formsatriði lagasetningar sem ég vil alls ekki gera lítið úr þá stöndum við frammi fyrir náttúru landsins okkar, frammi fyrir gjörðum okkar og frammi fyrir komandi kynslóðum. Viljum við sökkva og spilla landi eins og fyrirhugað er með Fljótsdalsvirkjun án þess að fara að þessum leikreglum, eða viljum við hlífa því?

Við skiptumst hér í tvo hópa að þessu leyti og báðir hóparnir hafa vissulega nokkuð til síns máls. Hér er ekkert eitt fyllilega rétt eða fyllilega rangt. Annars vegar eru þeir sem vilja fórna Eyjabökkum vegna þeirra sjónarmiða sem sett hafa verið fram um byggð og efnahagslíf. Hins vegar segjum við ýmist: Við viljum alls ekki fórna þeim. Eða: Við viljum alls ekki að þeim verði fórnað nema farið sé að settum leikreglum um mat á umhverfisáhrifum. Ég er í síðari hópnum.

Mig langar að það komist a.m.k. í Alþingistíðindi hvaða náttúruverðmæti eru á Eyjabökkum þó að flestum hér í þessum sal sé kunnugt um það.

Í Jökulsá í Fljótsdal eru 15 fossar, þriggja til þrjátíu metra háir á 20 km kafla frá Eyjabökkum að Kleif í Fljótsdal. Þeir eru einstæðir og finnast jafnvel ekki þeirra líkar hér á landi. Verndargildi þeirra er mikið. Samfelld gróðurþekja er frá jökli til sjávar á þessu svæði sem á hvergi sinn líka að því leyti á Íslandi. Eyjabakkar liggja hærra yfir sjó en svipaðar gróðurvinjar við upptök jökuláa hérlendis, þ.e. í 650 m hæð. Í Lónsstað við Eyjabakka eru 30 ferkílómetrar gróins lands, þar af helmingur votlendi. Gróðurfar á Eyjabökkum er afar fjölbreytt. Þar skiptist á votlendi, þurrlendi, bergsvæðisgróður ásamt áreyrum og söndum. Slíkt land er ekki að finna á Íslandi annars staðar, nema þá í Þjórsárverum.

Hraukarnir hafa verið gerðir að umtalsefni hér og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði grein fyrir því að þeir væru jafnvel einstæðir í heiminum. Gróður á Eyjabökkum er sérstakur að því leyti að þar eru bæði hálendis- og láglendisplöntur.

Heiðagæsin verpir ekki mikið á Eyjabökkum, það er hárrétt, en hún fellir þar fjaðrir og fjaðrafellistaðurinn er takmörkuð auðlind, ef við getum orðað svo, fyrir heiðagæsina. Við berum þar ábyrgð, ekki aðeins gagnvart þessum dýrastofni, sjálfum okkur og landinu okkar, heldur gagnvart Evrópu og í samhengi heimskautasvæðanna. Við ætlumst til þess að aðrir virði rétt okkar, hafsvæði okkar og hagsmuni en ætlum að skella skollaeyrum við þeirri ábyrgð sem við berum sjálf.

Hreindýrastofninn á mikið undir Eyjabökkunum og þar halda til um 20% stofnsins eftir því sem næst verður komist. Þá er ótalið að Eyjabakkar eru ekki aðeins sá örlitli blettur sem þeir eru heldur hluti af landslagsheild, heildstæðri fegurð sem er samstæð og byggir á því að litlu eða engu sé þar raskað. Það má ekki horfa, eins og gert er víða í skýrslunni, eingöngu á blettinn Eyjabakka heldur á að skoða þetta í heild sinni. Komi maður á Eyjabakkana utan úr auðninni sér

maður gimstein, fegurð hans og skynjar gildi hans í stærra samhengi. M.a. þetta viljum við vernda.

Lögin um náttúruvernd sem við samþykktum í þessum þingsal fyrir skömmu vitna gegn þessu máli. Svo gera líka alþjóðlegir samningar, Ramsar-sáttmálinn, Bernar-sáttmálinn, EES og Ríó-sáttmálinn svo nokkuð sé talið.

Náttúrufegurðina og náttúruauðæfi þessi get ég ekki hugsað mér að verði lögð undir vatn og virkjanir nema þeim hafi verið sýnd hin fyllsta virðing með þeim leikreglum sem viðurkenndar eru í þessu samfélagi. Við höfum sett lög um mat á umhverfisáhrifum og ég get ekki gert annað en að fara að þeim leikreglum, hvort sem ríkisstjórnin hefur forneskjulegar undanþágur til annarra gjörða eða ekki. Ég vil þó ekki að lítið sé gert úr byggðasjónarmiðum sem vissulega eru fyrir hendi og þeim hagsmunum sem ríkisvaldið hefur.

Virðulegi forseti. Ég get því miður, vegna annarra verkefna, ekki tekið hér til máls öðru sinni. Tíma mínum er hér að ljúka. Ég hefði viljað fá tækifæri til að gagnrýna þá skýrslu sem hér liggur fyrir frá Landsvirkjun. Það hafa fáir gert. Menn hafa lesið skýrsluna, verið glaðir og sagt: Hér er gott verk á ferðinni og nú er ég sannfærður, þökk sé Landsvirkjun og skýrslu hennar.

Þarna er einmitt mergurinn málsins, sá meginmunur á því mati sem við ætlum að gera hér eftir því sem við erum menn til í þessum þingsal og matinu á umhverfisáhrifum, hinu lögformlega mati. Ef þetta hefði farið í hið lögformlega mat samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum þá hefðu ýmsir vankantar skýrslunnar verið sendir aftur til Landsvirkjunar eftir að hafa fengið hlutlausa og sérfræðilega meðferð í lögbundnum stofnunum og hjá skipulagsstjóra. Landsvirkjun hefði getað lagfært þá og síðan hefði málið komið til kynningar hjá almenningi, almenningi sem ég hef margoft lýst hér að eigi alveg að útiloka frá þessu. Ég viðurkenni að það er gott framtak iðnn. að opna tölvuaðgang og þar fram eftir götunum. Andmælaréttinum er hins vegar neitað.

Ég hefði viljað rekja það að skýrslan er ágætis upphafsplagg en hún er vilhöll að mjög mörgu leyti. Hún gengur á svig við frumskýrslur frá vísindamönnum sem lögðu verk sín í hendur Landsvirkjunar. Ég vil benda á að margar af ítarlegustu rannsóknunum sem þarna hafa farið fram á dýralífi og grösum eru 20–25 ára gamlar. Rannsóknirnar á gæsunum og hreindýrunum fara fram hluta úr degi, einu sinni á sumri. Það eru stofnstærðarrannsóknir en ekki atferlisrannsóknir. Í skýrslunni kemur ekkert fram um rannsóknir á beit, hvorki hreindýra né gæsa, svo ég nefni nokkuð af þessu. Rangt er farið með tölur í prósentum um gæsastofninn, þar er munur á upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun og Landsvirkjun.

Ég gæti nefnt fleira en menn ættu að sjá muninn á þessu. Annars vegar tökum við við plaggi sem við getum í engu breytt og getum engra spurninga spurt. Við útilokum almenning frá þessu máli. Ég krefst þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að almenningur fái aðgang að málinu og það fái meðferð sem okkur er samboðinn þannig að við þurfum ekki að skammast okkar fyrir það þegar fram líða stundir.

[18:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða. Þingmaðurinn dró upp mjög skýra mynd af því hve viðkvæmt svæðið er. Ég ætla að vekja athygli á því að í umræðunni hér hafa stjórnarliðar gjarnan sagt við þá sem að krefjast umhverfismats að þeir hljóti að vera á móti virkjunum, álverum og því að nýta vatnsafl. Hins vegar er það staðreynd að í tillögugreininni, virðulegi forseti, segir að á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar skuli þingmenn afgreiða þetta mál. Ég spyr þingmanninn hvort hann telji það að Alþingi eigi að gera þetta mat í stað þess að fara leiðina sem hann lýsti áðan, sé vegna þess að stjórnarflokkarnir gefi sér fyrir fram að umhverfismat yrði neikvætt. Ég spyr sérstaklega vegna þess hve skýra mynd hann dró upp af þessu viðkvæma svæði, Eyjabökkum.

[18:59]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að í öllum málum sem koma til mats samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum þá gefi menn sér ekkert fyrir fram í þeim efnum. Eins og allir vita taka lögin ekki aðeins til náttúrufars heldur líka til byggðar, mannlífs og annarra þátta og er það vel. Reyndar eru þessi lög gölluð, eins og vitum öll hér. Frá hæstv. umhvrh. eru væntanleg ný lög og þau munu taka betur á þessu.

Að sjálfsögðu gefur maður sér niðurstöðuna ekki fyrir fram.

[19:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða þingmannsins gefur náttúrlega tilefni til margra spurninga en okkur er gefinn naumur tími. Fyrr í dag talaði þingmaður Sjálfstfl. og sagði að víðtækur pólitískur ágreiningur væri um þetta mál og þetta væru stórar pólitískar ákvarðanir sem við erum að taka. Setning þingmannsins á í raun við það að taka pólitíska ákvörðun án afstöðunnar til umhverfismats.

Það sem flækir málið á Alþingi er að til viðbótar við álitsgerð um orkuöflun fyrir álver og skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álvers á Alþingi að leggja mat á skýrsluna um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. Ég spyr þess vegna þingmanninn hvort hann sé sammála þingmanni Sjálfstfl. um að hér eigi að taka stóra pólitíska ákvörðun um víðtækt pólitískt ágreiningsefni af því að tillgr. segir allt annað.

[19:01]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lít ekki á þetta mál sem pólitískt mál. Ég lít á þetta mál út frá þeim rökum sem liggja til grundvallar því mati þar sem not okkar og aðgangur að landi og náttúruauðæfum mætir kröfunum og hagsmununum um náttúruvernd. Það er í mínum huga ekki pólitík í strangasta skilningi. Í mínum huga er þarna um að ræða ábyrgð okkar sem erum að horfa hvert í sinn barm. Viljum við fórna þessu? Viljum við ekki fórna þessu? Það eru spurningar sem snúast ekki um pólitík heldur um miklu djúpstæðari mál en að ég vil afgreiða þau með því orði einu þó ég viðurkenni að pólitík er lífæðin og blóðrásin í þjóðfélagi okkar.

[19:02]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni umhvn. fyrir mjög svo heimspekilega ræðu um umhverfismál.

Í framhaldi af heldur drungalegri mynd sem hv. þm. dró upp sem afleiðingu af nytjastefnu mannskepnunnar og hreyfði þar með þekktu máli úr sögunni, þ.e. um árekstra milli manns og náttúru, þá vil ég varpa þeirri spurningu til þingmannsins hvort hann telji manninn hluta af náttúrunni og ef svo er, hvort slíkir árekstrar séu þá óhjákvæmilegir.

Hins vegar þar sem hv. þm. fjallaði um syndir feðranna í umgengni við landið fannst mér vanta nokkuð alþjóðlega sýn í ræðu hans, einkum með hliðsjón af því að umhverfismál hljóta að teljast hnattræn. Með því að hafna aðgangi að vistvænum orkugjöfum, sem eru sannarlega takmarkaðir í veröldinni, erum við að varpa ábyrgðinni frá okkur og yfir til annarra. Mun það ekki hafa áhrif á afkomendur okkar með sama hætti?

[19:03]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Markalínan sem við drögum milli nýtingar og náttúruverndar er að sjálfsögðu alltaf á hreyfingu. Hún byggir á mismunandi mati, mati sem tengist mörgum þáttum, bæði heimspekilegum og ýmsum öðrum þáttum sem of langt er að telja en m.a. því hvort við komumst af hér á jörðinni — svo langt sé seilst. Þessi lína er á hreyfingu. Hún hefur verið að færast til á Íslandi mjög hratt.

Ég get ekki farið á þessum tíma út í það hvar og hvernig hún er dregin en við höfum komið okkur saman um leikreglurnar. Þær er einmitt að finna í mati á umhverfisáhrifum sem menn eru að sniðganga hér.

Varðandi vistræna orkugjafa þá er ég ekki mótfallinn virkjunum og ég vil að þær séu nýttar. Ég er ekki andstæðingur stóriðju en ég er ekki tilbúinn að kaupa það hvaða verði sem er, a.m.k. ekki því að virkjað sé á Eyjabökkum án þess að þar fari fram mat á umhverfisáhrifum.

[19:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hv. þm. formanns umhvn. var á margan hátt merkileg. Hann byrjaði hana á að lýsa svokallaðri nytjastefnu sem hljómaði eins og hann væri að lýsa almennum subbuskap sem ég held að viðgangist ekki hér á landi og vonandi hvergi í svo miklum mæli sem hann lýsti.

Ég vil spyrja hann tveggja spurninga, annars vegar hvort hann treystir því ekki að iðnn. taki fyrir athugasemdir almennings. Iðnn. hefur boðað að almenningur muni fá athugasemdarétt. Hins vegar vil ég spyrja vegna yfirlýsingar hans um að hann væri algerlega á móti því að virkja í Fljótsdal: Hvar telur hann að eigi að virkja? Hvernig eigum við að nýta okkar orkulindir?

[19:06]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég treysti því vel að iðnaðarnefndarmenn séu vel læsir, lesi allt og hugsi hlýtt til athugasemda frá almenningi. Munurinn á því er eingöngu sá að í lögunum um mat á umhverfisáhrifum er gert ráð fyrir kynningu á málinu á almennum vettvangi, meðal almennings. Almenningur getur ekki aðeins lýst skoðunum sínum heldur einnig kært niðurstöðurnar og óskað eftir úrskurði. Það vantar algerlega og er sá reginmunur á því sem iðnn. býður upp á þó ég beri virðingu fyrir henni og framtaki hennar.

Hvar ég vil virkja get ég ómögulega nefnt hér. Ég er tilbúinn til að virkja mjög víða á Íslandi en ég er ekki tilbúinn til að gera það hvað sem það kostar. Ég er ekki tilbúinn til að fórna náttúruperlum á öræfum Íslands án þess að a.m.k. við sýnum þar þeim leikreglum sem ég margoft hef lýst fulla virðingu.

[19:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kannski er rétt að rifja upp að nú þegar hefur málið verið kynnt fyrir almenningi og á sínum tíma bárust átta athugasemdir við málið. Fyrir umhvn. hefur legið þáltill. um að þessi virkjunaráform skuli metin eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum. Gildir það sama um málsmeðferð í umhvn. þegar farið er fram á það að afturkalla virkjunarleyfi til Landsvirkjunar? Við skulum gefa okkur að almenningur geti haft þá skoðun að það beri alls ekki að afturkalla þetta virkjunarleyfi. Gildir þá hið sama um athugasemdarétt almennings til umhvn. eins og iðnn.? Er það mat formanns umhvn. að svo sé? Hefur mat sérfræðinga sem þar eru til kallaðir sama gildi í umhvn. og iðnn.?

[19:09]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Almenningur getur komið skoðunum sínum á framfæri við umhvn. um þáltill. sem liggur þar fyrir um mat á umhverfisáhrifum eins og um öll önnur þingmál. Það þekkir hv. þm. og almenningi er það frjálst eins og allir hér vita.

Umhvn. mun vanda mjög meðferð þessa máls, kalla til marga sérfræðinga, hlusta á og meta rök þeirra og nýta þær umsagnir sem þegar hafa borist. Ég vil láta það koma fram að við munum vinna báðar þessar tillögur af fullum krafti. Vinna er þegar hafin við þáltill. og ég stefni að því að afgreiða báðar þessar þáltill. frá umhvn. núna fyrir jólin.

[19:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Afstaða hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar er afskaplega heiðarleg og skýr. Hann er hnugginn vegna væntanlegra umhverfisfórna. Hann mótmælir því að náttúruverðmætum sé fórnað nema þeim sé sýnd sú tilhlýðilega virðing, eins og hann orðaði það, að senda þau fyrst í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Mér var hugsað til fangans sem fékk sígarettu og brennivínsstaup áður en hann var tekinn af lífi en það er aukaatriði.

Mig langar bara til að benda hv. þm. á að mat á umhverfisáhrifum getur falið í sér að bent verði á aðra kosti og betri sem mögulega lágmarka náttúrufórnirnar, jafnvel bent á betri kosti til landnýtingar, eins og að skynsamlegt og hagkvæmt gæti verið að stofna á svæðinu stóran þjóðgarð.

[19:11]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er maður reglna og samfélagslegra samskiptahátta sem viðurkenndir eru. Þeir samskiptahættir sem við höfum komið okkur saman um eru að sætta okkur við þá niðurstöðu sem kemur frá umhverfismati. Í hjarta mínu ætti ég reyndar mjög erfitt með að sætta mig nokkurn tíma við að þessum náttúruperlum yrði fórnað. Það er persónuleg skoðun mín. En ég sem stjórnmálamaður yrði að sætta mig við þá niðurstöðu sem þar kæmi, væri hún á þann veginn. Það er einungis það sem ég er að kalla eftir en ekki eins og einn þingmaður sagði hér úti í sal: Er þér þá alveg sama um þetta ef það bara fær þennan andlátsyfirlestur?

Varðandi mat á umhverfisáhrifum þá er það hárrétt sem hv. þm. bendir á og ein af rökunum fyrir því að setja þetta í mat á umhverfisáhrifum að fá fram fleiri kosti. (Forseti hringir.) Það er einmitt það sem afvopnar okkur hér. Við stöndum frammi fyrir einum kosti sem við verðum að taka afstöðu til hvort sem okkur líkar betur eða verr.

[19:12]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. var mjög einhliða, þ.e. hér voru eingöngu færð hin umhverfislegu rök í málinu. Út af fyrir sig er ekki ástæða til að gera sérstaka athugasemd við það þar sem hv. þm. er formaður umhvn. Hins vegar hefði verið skemmtilegt að fá að heyra einnig örlítið af hinni hliðinni. Það sem vakti þó sérstaka athygli mína var orðalag hans þegar hann talaði um að sú leið sem farin er útilokaði almenning frá því að koma að málinu. Hér er hv. formaður umhvn. að gefa heldur sérkennilega mynd af störfum umhvn. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. að því hvort hann hafi ekki tekið heldur sterklega til orða.

[19:13]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mætti halda að sá hv. þm. sem talaði hér hafi ekki hugmynd um hvað felst í ferlinu sem lögin um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um. Ég vænti þess ef hann vissi hvað í þeim lögum stendur sæi hann að grundvallarmunur er á aðgangi, áhrifum og möguleikum almennings til að koma að málinu og því sem almenningi er boðið upp á nú af veikum mætti. Það er hörmulegt til þess að vita að við skulum múra okkur hér inni, innan við þessa þykku veggi með þetta mál á þessum neyðarreit, þegar þjóðin, hvort sem það er meiri hluti eða minni hluti, krefst þess að farið verði að leikreglum. Það er hörmulegt.

[19:14]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við spurningu minni en ég vona svo sannarlega að hv. þm. sjái til þess að almenningur hafi möguleika á því að koma athugasemdum sínum á framfæri þó ekki sé nema í gegnum almannasamtök sem mörg hver hafa verið stofnuð á síðustu mánuðum og árum og hafa þar af leiðandi möguleika á því að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Hins vegar er ljóst og ég get tekið undir það með hv. þm. að að sjálfsögðu er þetta ekki hin sama regla og gert er ráð fyrir í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar, vegna þess að mér fannst hv. þm. gefa í skyn að hér væri ekki farið að leikreglum eins og það var orðað, þá taldi ég hann gefa til kynna að hér væri ekki að fullu farið að lögum. En eins og margoft hefur komið fram í umræðum hafa flestir talið að öll lagaákvæði væru til staðar varðandi það mál sem hér er til umræðu.

[19:15]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Óhjákvæmilegt er að vekja athygli hv. þm. á því að það hafa þvert á móti verið sett fram rök um að efast megi um ýmsa lagalega þætti málsins. Ég hef ekki sett það fram. Það hafa aðrir þingmenn gert. Ég vænti þess að hv. þm. hafi kynnt sér þetta.

Það er alveg rétt. Ég hafði ekki langt mál um áhrif á byggðirnar á Austurlandi eða á efnahagslífið. Það hefur verið gert mjög ítarlega. Ég lét þess aðeins getið að ég virði þau sjónarmið og ég skil þau. Þau eiga vissulega rétt á sér. Og ég gerði grein fyrir því að sumir meta þau meira en náttúruna. Ég er þeim ekki sammála. Ég er að færa rök fyrir mínu máli. En ég ber fulla virðingu fyrir hinum sjónarmiðunum sem ég þó met með öðrum hætti en þeir sem þau hafa.

[19:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér hefur verið lögð fram till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Jafnframt tengist þessi umræða fyrirhugaðri byggingu álvers á Reyðarfirði. Fljótsdalsvirkjun og fyrirhugað álver eru risavaxin ráðstöfun á náttúruauðlindum okkar til eins aðila og til eins staðbundins atvinnurekstrar. Hér er ekki einvörðungu verið að lofa orku Fljótsdalsvirkjunar heldur einnig orku annarra stórvirkjana sem fram til þessa hefur ekkert verið fjallað um. Þannig er búið að binda orkuöflun næstu ára til þessarar einu stórverksmiðju.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill leyfa sér að trufla hv. ræðumann andartak þar sem hér dynja á forseta eðlilegar spurningar um framhald umræðunnar í kvöld. Ef hv. þm. vill gefa forseta tækifæri til þess að upplýsa örlítið um það þá tekur það hálfa mínútu.

Ráðgert er að matarhlé verði gert kl. 20.00. Fundi verður fram haldið kl. 20.30 og stefnt að því að fundur standi ekki mikið lengur en til kl. 23.00. Að því er stefnt að ljúka umræðu um þetta dagskrármál á morgun en fundur hefst kl. 10. Þá verður farið í fyrirspurnir sem munu taka tvo til þrjá klukkutíma sem þýðir að umræðu um þetta dagskrármál verður fram haldið upp úr hádegi á morgun og lokið væntanlega seinni hluta dags.

Svona verður þetta í grófum dráttum. Enn á ný biður forseti hv. þm. afsökunar á þessari truflun.)

Herra forseti. Ég fyrirgef þetta fúslega. Hér er ekki einvörðungu verið að lofa orku Fljótsdalsvirkjunar heldur einnig orku annarra stórvirkjana sem fram til þessa hefur ekkert verið fjallað um, eða a.m.k. mjög lítið. Þannig er búið að binda orkuöflun næstu ára til þessarar einu stórverksmiðju og viðbúið er að næstu virkjanir verði því að ganga í einni röð til fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði. Svo mikill er asinn og svo mikið er óðagotið að farið er á svig við lög um umhverfismat og áhöld eru um hvort skipulagslög séu brotin.

Hér er gengið gegn öllum nútímakröfum um vinnubrögð, framtíðarsýn í umgengni við náttúruauðlindir og arðsemismat fjármagns og fjárfestinga.

Herra forseti. Það hryggir mig að segja að í þessu máli hafa stjórnendur landsins asklok fyrir himin.

Hæstv. iðnrh. varð í framsögu sinni mjög tíðrætt um byggðamál, flutning fólks af landsbyggðinni til suðvesturhornsins og þann mikla byggðavanda sem við stöndum nú frammi fyrir. Hann færði þetta bága ástand landsbyggðarinnar og þá sérstaklega Austfirðinga sem ein meginrök fyrir Fljótsdalsvirkjun og álveri á Reyðarfirði.

Herra forseti. Ef ríkisstjórnin er svo áfram um að sýna í verki hug sinn í byggðamálum þá eru tækifærin næg. Fyrir það fyrsta ætti ríkisstjórnin að standa við samþykktir þingsins um aðgerðir í byggðamálum sem full sátt var um og kjósendum var lofað fyrir síðustu kosningar. Lítum aðeins á efndir þáltill. um byggðamál frá því í mars og samþykkt þverpólitískrar þingmannanefndar á vegum forsrh. frá því í vor. Þar var kjósendum lofað jöfnun lífskjara með ýmsum hætti. Þar var landsbyggðarfólki lofað leiðréttingum og stórátaki í jöfnun búsetuskilyrða. Lofað var að jafna námskostnað, en allir eru sammála um þá miklu mismunun sem kostnaður og aðgengi til menntunar hefur í för með sér.

Til þessa mikilvæga málaflokks vantar 77 millj. kr. ef miðað er við gefin fyrirheit og rauntölur fjárlagafrv. næsta árs. Lofað var að jafna húshitunarkostnað en til að standa

við þau fyrirheit vantar enn 160 millj. kr. í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000. Lofað var átaki í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi. Góðar samgöngur eru grundvallaratriði í atvinnuuppbyggingu en samt er vegunum leyft að hverfa í vanhirðu. Þetta átak virðist nú týnt og tröllum gefið, alla vega sést það hvergi í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Til að uppfylla áðurnefnt fyrirheit um sérstaka flýtifjármögnun í vegagerð samkvæmt túlkun Byggðastofnunar vantar 550 millj. kr. samkvæmt frv. til fjárlaga.

Þannig getum við farið í gegnum hvern liðinn á fætur öðrum í áðurnefndri þáltill. en stjórnsýsluleg ábyrgð á framkvæmd hennar er hjá forsrh. Þetta eru efndirnar, hæstv. forseti, á sérstökum samþykktum og tillögum Alþingis í byggðamálum.

Ég dreg þetta fram til þess að sýna fram á hver raunverulegur vilji ríkisstjórnarinnar er í byggðamálinu eða hvernig hann birtist í verki. Þetta títtnefnda álver er auglýst sem ein risavaxin byggðaaðgerð, en þegar því sleppir stendur harla lítið eftir.

Virðulegi forseti. Bygging einnar verksmiðju úti á landi getur ekki talist eitt sér byggðastefna. Það gildir einu þótt mörgum milljörðum sé varið í steypu og járn og öðrum milljörðum varið til þess að sökkva víðlendu landflæmi og náttúruperlum ef við höfum ekki byggðastefnu í höndum okkar.

Byggðastefna getur aðeins falist í því að taka á málum landsbyggðarinnar í heild, jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja úti á landi og síðast en ekki síst jafna lífskjör fólks úti á landi. Það sem við þurfum er efnahagsstefna, markmið og leiðir en ekki blindar fjárfestingar. Þangað til hæstv. iðnrh. getur stigið hér í ræðustól og kynnt fyrir okkur slíka efnahagsstefnu sem miðar að því kerfisbundið að halda jafnvægi í byggð landsins, þá getur hann trauðlega stært sig af heildstæðri byggðastefnu.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði krefjumst þess að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin eru í þáltill. um aðgerðir í byggðamálum frá því í vor. En við gerum okkur jafnframt grein fyrir því að framkvæmd hennar ein sér er engan veginn næg til að snúa byggðaröskuninni við.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði fram á fyrstu dögum þings í haust till. til þál. um sérstakar aðgerðir í byggðamálum sem miða að því að leiðrétta kerfislæga mismunun lífsgæða og efla atvinnulíf með nýsköpun og stórátaki í vegagerð út um land. Við viljum styrkja dreifikerfi raforku um sveitir landsins. Skerðing fjár til styrkingar dreifikerfis raforku í sveitum um 69 millj. kr. úr 150 millj. samkvæmt fram lögðu fjárlagafrv. er í reynd byggðastefna ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist okkur í hnotskurn. Við viljum stórefla framhaldsnám á landsbyggðinni og fjölga framhaldsskólum þar sem því verður við komið og efla starfsmenntun og tækninám heima í héraði. Við viljum styrkja tekjustofna sveitarfélaga og sérstaklega leiðrétta og jafna aðstöðu dreifbýlissveitarfélaga. Við viljum að kannað verði hvernig megi beita skattkerfinu til leiðréttingar og jöfnunar aðseturs- og búsetukostnaði. Við viljum *að auðlindir fiskimiðanna á grunnslóð kringum landið verði* færðar heim í forsjá heimamanna. Við viljum verja álíka upphæð og búseturöskunin er talin kosta þjóðina nú í beinar byggðaaðgerðir sem ná beint og milliliðalaust til einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja á landsbyggðinni. Við trúum því að ef einstaklingar og fyrirtæki út um allt land njóti jafnræðis í samkeppni og lífskjörum, þá muni þeir í krafti hugvits og áræðis byggja upp frjótt og öflugt atvinnu- og menningarlíf sem byggt er á forsendum heimamanna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill efla búsetu- og atvinnulíf um allt land á vistvænum og samfélagslegum forsendum íbúanna á hverjum stað. Við höfum lagt fram mjög ákveðnar tillögur í byggðamálum og óskum eftir því að samþykkt þeirra verði hraðað svo hægt sé að grípa til beinna aðgerða.

Herra forseti. Fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun á að kosta um 30 milljarða kr. og álver á Reyðarfirði á að kosta fullbúið allt að 120 milljarða kr. Til viðbótar þessu þarf nokkrar virkjanir í viðbót svo að álverið fái næga orku. Við erum því að tala um ársverk sem eru svo feiknadýr að talað er um að hvert verk kosti 50–60 millj. En það sem meira er, stór hluti þessarar fjármögnunar á að koma innan lands frá. Þetta þýðir að minna fjármagn stendur eftir fyrir aðrar framkvæmdir í íslensku hagkerfi. Þessi eina framkvæmd sogar til sín svo mikla fjármuni að ný atvinnusköpun, m.a. í hinum dreifðu byggðum, verður í algeru uppnámi.

Herra forseti. Hversu mikið væri ekki hægt að gera fyrir þessa fjármuni í öðrum atvinnurekstri, með öðrum möguleikum? Landsvirkjun gerir aðeins ráð fyrir um 3,9% ávöxtunarkröfu til þess fjár sem bundið er í orkusölu til stóriðju. Ég fullyrði að væri þessi ávöxtunarkrafa til viðmiðunar í fjárfestingum úti á landi þá eru til ógrynni af verkefnum stórum og smáum um allt land sem gætu tekið við þessum fjármunum. *Með því væru sköpuð fleiri störf, áhrifin kæmu* víðar fram um landið og áhættan væri mun minni.

Hafa Austfirðingar verið spurðir hvað þeir gætu gert annað við 30 milljarða, við 60 milljarða, við 100 eða við 200 milljarða í eflingu atvinnulífs og menningarlífs á svæðinu á samfélagslegum forsendum heimamanna? Ég er fylgjandi því að Austfirðingar fái stórar fjárhæðir til eflingar byggð. En þeim hefur verið stillt upp við vegg. Það er annaðhvort þetta eða ekkert.

Herra forseti. Gera hv. þm. sér grein fyrir hversu gífurlega áhættu hér er verið að taka með því að verja svo stórum hluta orkuauðs okkar og svo gífurlegu fjármagni í eitt fyrirtæki og eina áhættusama framleiðslu? Hér er líka allt á reiki. Ekkert liggur enn fyrir um raforkuverð. Ekkert liggur fyrir handfast um arðsemi þessara framkvæmda. En þær hugmyndir sem hafa verið reifaðar af hagfræðingum benda til stórfellds taps af þessum framkvæmdum. Það eina sem liggur fyrir er einlægur vilji ríkisstjórnarinnar að sökkva Eyjabökkum og byggja álver á Reyðarfirði hvað sem það kostar. Við megum ekki láta þessa framkvæmd sigla í gegnum þingið undir því falska flaggi að hér sé um ómissandi byggðaaðgerð að ræða. Þegar tekið er tillit til þess hve mikið fjármagn er ætlað í þetta eina verkefni og mikils fórnarkostnaðar í óbætanlegum náttúruperlum, þá er hér glapræði á ferðinni og ekki síst ef stjórnvöld sjá ekki ástæðu til þess að aðhafast neitt frekar í byggðamálum. Þó þessi framkvæmd komist af stað, stendur lítið eftir í heildstæðum byggðaaðgerðum, meira að segja gagnvart Austfirðingum sem standa nú frammi fyrir þessum eina kosti.

[19:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði á ræðu hv. þm. að hann er að ég hygg einlægur aðdáandi og stuðningsmaður þess að byggja upp landsbyggðina. Það er ég líka og tel það vera mjög mikilvægt. Mér finnst hins vegar gæta mjög mikils misskilnings

í málflutningi hv. þm. þegar hann spyr: „Hafa Austfirðingar verið spurðir að því hvað þeir gætu gert við 60 milljarða kr.?“ Hver er að bjóða fram 60 milljarða kr.? Ég veit ekki til þess að nokkur sé að því. Ríkisstjórnin er ekki að því. Þetta verkefni kostar hugsanlega 60 milljarða kr. Fjárfestar eru hugsanlega tilbúnir til þess að taka þá áhættu að binda sína fjármuni með því að leggja fram eða taka að láni 60 milljarða kr. og ganga í ábyrgðir fyrir það af því að þeir meta það að arður verði af verkefninu. Ef menn gætu bent á önnur verkefni sem vel mundu henta inn í atvinnulíf á Austurlandi og sem bæru annan eins arð og er mat þessara fjárfesta af þessu verkefni, þá væru þeir peningar til reiðu. Á því leikur ekki nokkur einasti vafi. Þessu mega menn ekki rugla saman. Ég hef margoft tekið eftir því, því miður, við þessa umræðu að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að reyna að rugla þjóðina (Forseti hringir.) og hefur tekist að rugla einstaka þingmenn vinstri grænna, því miður. (**Gripið fram í:** Ertu að segja að Jón sé ruglaður?)

[19:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má deila um hver sé ruglaður. Sagan dæmir það. Hluti af því að fara í þessar framkvæmdir er einmitt að fara í það ferli sem mat á umhverfisáhrifum er. Þá yrði líka farið yfir aðra valkosti sem þar eru uppi og þeir metnir. Þetta er því ekki einhlítt. En eins og málin standa nú þá er þetta það eina sem uppi er.

Herra forseti. Sagan dæmir hver er ruglaður.

[19:30]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fólst á engan hátt í orðum mínum að einhver væri ruglaður, langt frá því. Það sem hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er hins vegar að takast er að rugla menn í umræðunni. Það er auðvitað mjög einfalt.

Ef til væru önnur atvinnuskapandi atvinnutækifæri á Austurlandi eða hvar sem er í landinu sem borið gætu sambærilegan eða jafnmikinn arð og þeir fjárfestar sem tilbúnir eru að taka þátt í þessu verkefni meta að fáist ef af því verður, þá væru menn vitanlega tilbúnir að setja fé í slíkt verkefni. Stóra vandamálið sem við stöndum frammi fyrir í byggðamálunum er að önnur verkefni sem bera annan eins arð og þetta eru ekki til reiðu. Ef þau væru til reiðu þá væru fjárfestarnir tilbúnir með peninga í það.

[19:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandinn er stór og margvíslegur. Vandinn liggur líka, eins og ég lýsti áðan, í byggðastefnunni. Vandinn liggur í framkvæmd þessarar þáltill. hér. Hvar sér hennar stoð í fjárlagafrv.? Vandinn liggur í að gera sér grein fyrir í hverju byggðastefna er fólgin. Þessi ríkisstjórn hefur farið með byggðamál í mörg ár. Hvað hefur henni orðið ágengt? Hve mikill hefur fólksflóttinn orðið?

[19:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að falla frá andsvari mínu þegar ég heyrði spurningu hæstv. iðnrh. En ég sé mig tilneydda til að endurtaka þá spurningu. Við henni kom ekki svar.

Ræðumaður velti fyrir sér hvort Austfirðingar hefðu verið spurðir að því hvað annað þeir gætu gert fyrir 60 milljarða. Hver á að reiða fram þá 60 milljarða? Það væri gott að fá svar við því við þessa umræðu.

[19:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á náttúrlega ekki slíkt sparifé í erminni eins og sumir fjármálamenn víða eiga. Ég benti hins vegar á að gert er ráð fyrir að stór hluti þessarar fjármögnunar komi frá innlendum fjárfestum og talað hefur verið um að hálfopinberir sjóðir kæmu þar að, meira og minna.

En ég lýsi eftir stuðningi hv. þm. við þessa þáltill. okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er byggðaáætlun.

[19:33]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég styð allar góðar tillögur í byggðamálum og hef lengi gert. Hitt er annað mál að þeir fjárfestar sem leggja ætla fé í þessar framkvæmdir hafa ekki séð aðra kosti til að leggja fé í framfaramál á Austurlandi. Ef hv. þm. veit um aðra fjárfesta sem eru tilbúnir að leggja 60 milljarða í aðrar fjárfestingar á Austurlandi, þá væri mjög gott að fá fréttir af þeim.

[19:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvaða fjárfestar eru reiðubúnir að leggja fram þessa 60 milljarða nú? Getur hann nefnt einn undir þeirri arðsemiskröfu sem ... (Gripið fram í.) Er einhver sem vill nefna hver er reiðubúinn að leggja þann tékka á borðið? Svo er ekki. Arðsemismat liggur ekki fyrir. Þótt við gengjum eftir því núna, þá gæti enginn labbað inn um dyrnar á hinu háa Alþingi og sagt: Hér er tékkinn.

[19:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist hv. þm. Jón Bjarnason alls ekki hafa áttað sig á um hvað málið snýst, því miður. Þetta mál snýst um að nú er möguleiki á að selja rafmagn til álbræðslu á Austurlandi. (**Gripið fram í:** Gefa það.) Það er ekki víst að það takist. Menn skiptast í tvo hópa með það. Sumir eru mjög bjartsýnir en aðrir eru svartsýnir á það. Ég er fremur svartsýnn á það. En ef það skyldi takast þá er það stórkostlegasta aðgerð til að hjálpa einni byggð á Íslandi, Austfjörðum, sem við höfum átt völ á í áratugi. Um það snýst málið. Ef hv. þm. þykir allt snúast um hvort gert er ráð fyrir framkvæmdum í fjárlögum eða ekki, það sem ætlað er til byggðamála, þá spyr ég hann: Ætlar hann að snúast til fylgis við málið ef fram kæmi í 2. umr. um fjárlög að þessi loforð, það sem ætlað var í þáltill. um byggðamál, væru öll þar? Mundi hann snúast til fylgis við virkjunina?

[19:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þáltill. stendur. Ég vil biðja hv. þm. að lesa þar lið nr. 7:

„Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar“ o.s.frv. Hún endar: „Umhverfissjónarmiða verði gætt í hvívetna.“

En hvar er orkusölusamningurinn? Hvar er orkuverðið? Ég bið, forseti, að það komi þá bara hér upp á borð hvert verðið er.

[19:37]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það á að fara í samninga um orkuver. Ætlun manna er að fara í samninga um að útbúa hér orkuver til að bræða ál. Það er ekki vitað hvort það tekst. Það liggur fyrir að auðvitað ætlar enginn að bræða ál til þess að tapa á því.

Auðvitað ætlar enginn að virkja til að tapa á því. Það verður aldrei gerð nein virkjun nema náðst hafi þeir samningar sem talist gætu þolanlegir fyrir þann sem virkjar. Það hefur alltaf legið fyrir og engum hefur dottið annað í hug. Um þetta snýst málið. Gróðinn hefur hingað til verið ásættanlegur fyrir Landsvirkjun og enginn nokkurn tíma gefið yfirlýsingu um annað.

Þingmaðurinn svaraði mér ekki hvort hann ætlar að snúast til fylgis við þetta mál ef, sem ég fullyrði að verður, við 2. umr. fjárlaga verður staðið við loforð um stuðning við landsbyggðina, eins og sagði í þáltill. frá í vor. Þar mun staðið við þau, ég fullyrði það.

[19:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það hjá hv. þm. og vona að hann beri það inn í stjórnarherbúðirnar að það verði ekki farið í neinar slíkar framkvæmdir fyrr en ljóst er að arður verði af þeim, þær verði ekki til tjóns, hvorki fyrir náttúru né samfélag. Við skulum vera sammála um að framkvæmdir eigi að bera arð, fjárhagslega og samfélagslega. (**EOK:** Ætlarðu að styðja málið?)

[19:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagðist andvígur þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir og reyndi út frá byggðasjónarmiðum að færa rök fyrir þeirri andstöðu sinni. Ég hlustaði grannt og gat ekki betur skilið en ástæðan væri sú að hér var á ferðinni verkefni af þeirri gerð að ekki væri tekið heildstætt á málefnum landsbyggðarinnar heldur mundi eingöngu takmarkað svæði á landinu njóta framkvæmdarinnar.

Ég get á margan hátt skilið hv. þm. sem hafa notað hin umhverfislegu rök gegn framkvæmdinni. Ég verð að segja eins og er, hv. þm., að þetta þykir mér nokkuð langt seilst í andstöðu að engin verk megi framkvæma nema þau nýtist hverjum einasta manni á landsbyggðinni.

[19:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hv. þm. hefur ekki hlustað á ræðu mína. Ég lýsti mig fylgjandi því að veitt yrði fjármagn til Austfirðinga. Í svona stuttri ræðu er hins vegar ekki hægt að taka fyrir nema afmarkaða þætti. Ég lýsti yfir miklum og einlægum stuðningi við að fjármagn færi á Austurland en dró í efa að þetta væri besti kosturinn, að þurfa að standa frammi fyrir þessu einu og engu öðru.

[19:40]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega væri gott ef hv. þm. útdeildi fjármunum til Austfirðinga og þeir gætu leikið sér með þá að vild. Þannig er auðvitað ekki raunveruleikinn. Hann er auðvitað mun flóknari en svo og þessi sérkennilegu rök, hv. þm., hafa ekkert orðið skýrari.

Málið er ósköp einfaldlega það að hér er borið upp eitt stærsta byggðamál sem um getur. Það verður því að segjast eins og er að þegar menn eru að ræða byggðavanda en styðja ekki þetta mál, þá verður trúverðugleikinn býsna lítill.

[19:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef mikla trú á bæði hugviti og frumkvæði Austfirðinga. Ég vildi svo gjarnan að þeir fengju aukin tækifæri til að taka þátt í og meta þá valkosti sem þeir standa frammi fyrir. En aðgerðum í byggðamálum verður að fylgja pólitísk stefna, ekki bara fyrir eitt fyrirtæki á Austurlandi. Þessu máli fylgir engin stefna, það þarf eftirfylgni á fleiri sviðum en í formi steinsteypu og stíflu.

[19:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mig langar til að fá álit forseta á því hvernig bregðast beri við í því tilviki sem ræðumaður hefur lokið tveimur ræðum í þessari umræðu og upp kemur hæstv. iðnrh. í andsvari við annan ræðumann en gerir fyrri ræðumann, í þessu tilviki mig, að aðalumfjöllunarefni þess andsvars. Mér er ekki kostur á að blanda mér inn í þau andsvör og spyr virðulegan forseta: Verður maður að sitja réttlaus undir því eða getur forseti með einhverjum hætti hliðrað til eða greitt götu mína þannig að ég geti borið af mér sakir, sem er þó kannski ekki rétta orðalagið í þessu tilviki. Þarna voru gefin tilefni til að svara, og ég spyr: Er hægt að gefa mér þriðja tækifærið til að tala í þessari umræðu eða getur hæstv. iðnrh. leyst vandann með því að lofa að halda ræðu fljótlega þannig að ég geti farið í andsvar við hann?

[19:43]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna fyrirspurnar hv. þm. er því til að svara að samkvæmt þingsköpum eru lítil tök á að koma til móts við þessar frómu óskir hv. þm. Um þetta fyrirkomulag var samið. Þingsköp segja að menn geti talað tvisvar sinnum og þó hugsanlega verði nefnd nöfn einstakra þingmanna þegar á umræðuna líður þá verður illa við það ráðið. Því miður sér forseti fáar lausnir á vanda hv. þm.

[19:44]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. þm. að ekki væri ástæða fyrir hann að koma upp til að bera af sér sakir sem ég hygg rétt. Á hann voru engar sérstakar sakir bornar. Hins vegar, af því að hv. þm. spurði hvort ég gæti lofað að taka til máls fljótlega eins og hv. þm. orðaði það, vil ég segja: Hér eru mjög margir á mælendaskrá. Ég hef enn tækifæri til að tala og mun gera það síðar við umræðuna. Ég get ekki tímasett það nákvæmlega og þá mun ég m.a. svara hv. þm. ýmsum þeim spurningum sem hann hefur velt upp í umræðunni og er full ástæða til þess að svara. Ég þori hins vegar ekki að tímasetja það nákvæmlega en vildi þó gjarnan að hv. þm. yrði viðstaddur þegar þar að kemur. Ég þykist viss um að hann vilji þá að fá tækifæri til að koma upp í andsvar.

[19:44]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur út af fyrir sig skilning á þessum orðaskiptum hæstv. ráðherra og hv. þm. en sér ekki að þau komi fundarstjórn forseta beinlínis við. (Gripið fram í.) Það er ekki verið að ræða stjórn fundarins heldur fundarstjórn forseta.

[19:45]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun og raunar eru framkvæmdir við þessa ágætu virkjun löngu hafnar. Búið er að gera vegi um allt virkjanasvæðið og byrjað að sprengja munna og annað slíkt. (Gripið fram í.) Það var eitt ágætt fyrirtæki sem gerði það.

Það er ekki spurning um að lagaleg stoð sé fyrir þessum framkvæmdum en samt er það aðalmálflutningur stjórnarandstöðunnar að svo sé ekki og verið er að draga í efa lög sem sumir þingmenn stjórnarandstöðunnar samþykktu á sínum tíma.

Ég er með úrslit í atkvæðagreiðslum, herra forseti, nr. 8981 og 8999, um þetta ágæta frv. sem var samþykkt og ákvæði til bráðabirgða vegna þessarar virkjunar og sama fólk er að koma hér upp og mótmæla því að það sé lagaleg stoð fyrir þessum hlutum.

Það er líka ljóst í þessu máli að ef álver verður byggt á Reyðarfirði og virkjun reist í Fljótsdal er það grunnur efnahagslegra framfara á Íslandi til framtíðar og fyrir framtíðarkynslóð okkar, ég tala ekki um Austfirði og Austfirðinga því að Austfirðingar eru líka fólk.

Úttekt á umhverfisáhrifum hefur verið mjög ítarleg og hafa fá svæði verið eins vel rannsökuð hér á landi. Spurningin snýst um hvort við eigum að virkja fallvötnin okkar eða ekki og hvort við eigum að sleppa því að virkja eitt stærsta vatnasvæðið á Íslandi.

Eitt veigamesta atriðið í umræðunni er að kominn er væntanlegur kaupandi að raforku á Reyðarfirði þó það sé ekki öruggt. Ef hann er látinn bíða í eitt ár, tvö ár eða þrjú ár getur hann verið farinn. Það verður að hamra járnið meðan það er heitt.

Allt hugsandi fólk í landinu vill framfarir, það vill bætt lífskjör og það vill styrka undirstöðu undir velferðarkerfið. Stóriðja er einn þeirra þátta sem stuðlar að þessu. Velferð kemur ekki af sjálfu sér. Hún kemur ekki með orðagjálfri og endalausum athugunum og tillögum.

Afstaða vinstri grænna er klár. Þeir eru flestir á móti virkjunum og einstakir þingmenn hafa lýst sig mótfallna slíkum framkvæmdum og bent í staðinn til atvinnusköpunar, tínslu fjallagrasa, heimilisiðnað, hvort sem það er að prjóna lopapeysur og slíkt, beint flug ferðamanna til Austurlands og þeir sem eru framfarasinnaðastir telja best að virkja bæjarlæki og bergvatnsár eins og einhver þeirra komst að orði.

Öðru máli gildir um þingmenn Samfylkingarinnar. Þeir eru flestir á móti þessu ágæta máli en þeir voru einu sinni meðmæltir þessari framkvæmd. Afstaða Samfylkingarinnar er pólitískur loddaraleikur og einhvern veginn finnst mér að afstaða einstakra þingmanna Samfylkingarinnar sé háð því hvernig þeir haldi að almenningsálitið sé hverju sinni.

Afstaða hv. þm. Sverris Hermannssonar er mér gersamlega óskiljanleg. Það hefur verið rætt mikið um að hér sé verið að vinna skemmdarverk og annað slíkt. Ég vil minna á og benda á að aðgengi og umgengni Landsvirkjunar um þau svæði sem hún hefur virkjað er til mikillar fyrirmyndar og hefur opnað fyrir ferðamennina á þau svæði. Meðal annars var mjög erfitt að komast til Eyjabakka þangað til þessir ágætu vegir voru lagðir. Það var ekki hægt nema með miklum erfiðismunum.

Hér hefur verið karpað um þetta mál fram og aftur og endurtekningar í hámarki. Ég ætla að spara mér að fara mikið í gegnum það en afstaða mín er alveg ljós í þessu máli. Ég styð þessa þáltill.

Ég vil að lokum lesa fyrir hv. þm. reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, nr. 179/1994 af því að ég efast um að allir þingmenn hafi lesið þetta. 5. gr. hljómar svona, með leyfi forseta:

„Í mati á umhverfisáhrifum skal tilgreina á viðeigandi hátt, bein og óbein, jákvæð og neikvæð, skammtíma og langtíma, afturkallanleg og óafturkallanleg áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi, sem þeim fylgir, kunni að hafa á menn, samfélag og menningu, menningararf, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, jarðmyndanir, landslag og samverkan þessara þátta. Þar skal og gera grein fyrir áhrifum framkvæmda á efnisleg verðmæti og því hvaða forsendur liggja til grundvallar matinu."

Svo mörg voru þau orð. Ég vil taka það fram og benda á að hérna er líka talað um fólk. Ég bendi á að í þessum umræðum um mat á umhverfisáhrifum hefur manneskjan verið lítið til umræðu.

[19:51]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls láta það koma skýrt fram að ég tel að sú þáltill. sem er til umræðu sé eitt langþýðingarmesta framlag á síðari árum til að sporna við fólksflótta af landsbyggðinni, einkum þó Austurlandi. En það eru ekki bara Austfirðingar sem munu njóta góðs af þessum fyrirrætlunum, þess mun þjóðin öll njóta þegar stundir líða því eins og komið hefur fram mun fyrirhuguð virkjun í Fljótsdal og orkufrekur iðnaður á Reyðarfirði færa verulegan efnahagslegan ávinning í þjóðarbúið þegar stundir líða.

Austfirðingar mega muna tímana tvenna þegar virkjunarmál eru á dagskrá. Það hafa skipst á skin og þó að sönnu oftar skúrir. Undanfarin 25 ár eða svo hefur ítrekað verið fullyrt að nú væri sú stund að renna upp að óbeisluð orka austfirskra jökulfljóta mundi gagnast þjóðinni til annars en bara augnayndis. Settar hafa verið á laggirnar alls konar nefndir og ráð, staðarvalsnefnd, undirbúningsnefnd, samráðsnefnd, samninganefndir að ógleymdum öllum sérfræðinganefndunum.

Minnisstætt er einnig þegar einn fyrrv. hæstv. iðnrh. í þann tíð, virkjunarsinni og velviljaður orkufrekum iðnaði, fékk fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík til að gera tillögur um skipulag á Reyðarfirði samhliða byggingu iðjuversins. Svo sannfærðir voru menn þá um framgang málsins að stofnfundur undirbúningsfélags var haldinn með pompi og prakt austur þar og vegur lagður að verksmiðjustæði. Vonbrigðin voru því mikil og skiljanleg þegar ekkert varð úr góðum áformum og glæstum vonum. Bjartsýni og framtak sem einkennt hafði síðari hluta áttunda áratugarins breyttist smám saman í vonleysi og vantrú og því fór sem fór. Á þetta raunar víðar við en um Austurland. Er nú svo komið málum samkvæmt opinberum tölum að á degi hverjum yfirgefur að meðaltali einn Austfirðingur landshlutann og flytja væntanlega langflestir hingað suður í sælunnar reit. Hugsið ykkur hvílíka blóðtöku. Tæpar tvær vísitölufjölskyldur í viku hverri hafa undanfarin missiri yfirgefið heimahagana, fjölmargir nauðugir vegna þess að betur er boðið og borgað á höfuðborgarsvæðinu en í heimabyggðinni.

Nú er lag til viðspyrnu. Fólk hefur að nýju öðlast trú á framtíð landshlutans. Mikill meiri hluti íbúa Austurlands eygir sem betur fer á nýjan leik möguleika á að byggðinni verði bjargað þó að á elleftu stundu sé. En því miður eru til öfl í þessu þjóðfélagi sem vilja ekki sjá hlutina gerast með þessum hætti heldur einhvern veginn öðruvísi eins og það er oft orðað og vísar þá einstaka til eflingar ferðaþjónustu en ég kem að því síðar. Þrátt fyrir að kostað hafi verið meiri fjármunum og mannafla til vönduðustu rannsókna á Fljótsdalsheiði og nágrenni en sögur fara af vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda er vísindalegum niðurstöðum vikið

til hliðar og þar með áliti virtra stofnana og fræðimanna og er hér vitaskuld átt við ágæta skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar.

Á hinu háa Alþingi virðist svo sem fylkingar með og móti áformuðum framkvæmdum skiptist í stjórn og stjórnarandstöðu með stöku undantekningum þó. Út af fyrir sig segir þessi skipting allt sem segja þarf en þetta er þeim mun sérkennilegra þegar þess er gætt að kannanir sýna að fylgjendur stjórnarandstöðu virðast að meiri hluta styðja fyrirætlanir stjórnvalda. En fleira sýnist, merkilegt nokk, sameiginlegt þessum andstæðingum framtíðar Austurlands og ég segi andstæðingum framtíðar Austurlands. Sannast hér enn hið fornkveðna að fjórðungi bregður til fósturs. Það virðist nefnilega svo að innbyrðis deilur, illvíg átök og flokkadrættir sem gjarnan hafa einkennt þessa flokka gleymast og stríðsöxin óðar grafin þegar Fljótsdalsvirkjun ber á góma. Þá fyrst fallast fornir fjendur í faðma og lausnarorðið er: Umhverfismat, lögformlegt umhverfismat.

En til eru þeir sem telja sig vita betur og að ekki sé verið að kalla eftir lögformlegu umhverfismati af umhyggju fyrir landinu, gögnum þess og gæðum. Hér liggur fiskur undir steini því að auðvitað vonast þeir sem kjósa að kalla sig umhverfisverndarsinna, og þetta er ekki sagt í neikvæðri merkingu af minni hálfu, að með þessu móti takist að fresta framgangi þessa framfaramáls. Ótímabær frestun virkjunar mundi án efa leiða til þess að samningur við orkukaupanda yrði í uppnámi sem aftur mundi eyðileggja möguleika á orkufrekum iðnaði á Reyðarfirði. Þetta vita menn gjörla, þessi er aðferðafræðin. Það gladdi mig mikið, virðulegur forseti, þegar mér bárust fregnir af því fjarri vettvangi að stofnfundur til styrktar Fljótsdalsvirkjun og orkufrekum iðnaði á Austurlandi, Afl fyrir Austurland, sem auglýstur var með 30 klukkustunda fyrirvara, hafi skilað um 700 manns til fundar á Egilsstöðum í lok ágústmánaðar sl.

En það er fleira sem huga þarf að þegar þessi mál eru rædd. Hvað með öryggisþáttinn? Það er eins og menn hafi gersamlega gleymt því að yfirgnæfandi meiri hluti í orkuöflun í landinu fer fram á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu þar sem náttúruhamfarir geta hvenær sem er valdið stórskaða bæði í bráð og lengd. Væri ekki nærtækara að komast niður á jörðina og taka að nýju tillit til þess að flestallar virkjanir eru byggðar á eldvirkum svæðum þar sem jafnframt er hætta á hörðum jarðskjálftum með tilheyrandi áhættu? Þetta virðist að mestu gleymt í allri þeirri taugaveiklun og æsingi sem hefur einkennt umræðuna undanfarið. Í þessu sambandi minni ég á að þegar slagurinn stóð á milli Blönduvirkjunar og Fljótsdals á sínum tíma, var þessi þáttur málsins, öryggisþátturinn, mjög til umræðu og talinn ein meginröksemd staðsetningar Blönduvirkjunar á sínum tíma.

Virðulegur forseti. Umferð fólks um virkjunarsvæði Fljótsdalsvirkjunar hefur aldrei verið meiri en í sumar og er eflaust aðalástæðan umfjöllun um Eyjabakkalón og aðrar framkvæmdir tilheyrandi. Fullyrða má að umferð hafi ekki verið meiri um þetta svæði frá því að land byggðist og segir það nokkuð um umfjöllun málsins úti í þjóðfélaginu.

En af hverju komust allar þessar þúsundir manna inn á Eyjabakka í sumar? Skýringin er einföld. Vegir hafa verið lagðir um svæðið. Og hverjir hafa framkvæmt þetta? Virkjunaraðilarnir, þessir voðalegu menn að mati virkjunarandstæðinga, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun og hafi þeir heila þökk fyrir. Það væri nefnilega miklum erfiðleikum háð fyrir venjulega ferðamenn að komast að þeirri náttúruparadís sem öræfin norðan og austan Vatnajökuls geyma ef ekki hefðu verið uppi áætlanir um virkjunaráform á svæðinu. Ég er þess sannfærður að ef þessir vegir hefðu ekki verið lagðir á sínum tíma, væri ásýnd landsins allt önnur og verri en nú getur að líta vegna utanvegaaksturs og umhverfisspjalla.

Það er sannarlega trú mín að þegar stundir líða muni allir hagnast á þessari framkvæmd og náttúrusjónarmiða verði gætt svo sem frekast er unnt. Öllum framkvæmdum fylgir óhjákvæmilega nokkurt rask og það ber að lágmarka svo sem hinn nýja virkjunartilhögun býður. Á hitt ber að líta og er ómótmælanlegt að byggðasjónarmið krefjast skjótra aðgerða. Hagkvæmasti og fljótvirkasti möguleikinn í stöðunni felst í því verkefni sem hér er fjallað um. Hér er um þvílíka byggðahagsmuni að tefla að ekki verður aftur snúið nema þá til forneskju, til fortíðar, óbreytts ástands eða jafnvel verra og hver vill það?

Virðulegur forseti. Þegar andstæðingar þessara framkvæmda eru spurðir um hver önnur úrræði þeir sjái, nefna margir eflingu ferðaþjónustu á svæðinu. Þessu er ég hjartanlega sammála enda þess fullviss að hagsmunir ferðaþjónustunnar og fyrirhugaðra framkvæmda geti vel farið saman. Mér er það mál einnig skylt og tel mig þekkja þar nokkuð vel til eftir 25 ára afskipti og störf.

Ég gæti líka rökstutt á hvern hátt ég sé ferðaþjónustu eflast á Austurlandi samhliða virkjun í Fljótsdal og orkufrekum iðnaði á Reyðarfirði. Það ætla ég hins vegar ekki að gera að sinni heldur vísa til bókarinnar um Hrafn heitinn Sveinbjarnarson á Hallormsstað, sem var þekktur maður á sinni tíð og mikill náttúruunnandi og fjallamaður eins og það hét í mínu ungdæmi. Þar getur að líta örstuttan kafla um Eyjabakkana eins og hann sá þá fyrir sér til framtíðar eftir virkjun, með leyfi hæstv. forseta:

„Ofan við hina fyrirhuguðu stíflu verður stöðuvatn álíka og Þingvallavatn að flatarmáli og skal ná inn að Eyjabakkajökli. Þetta verður nokkuð djúpt vatn, og ég hef verið eins og karlinn með ráðagerðirnar í þjóðsögunni að byggja skýjaborgir um atvinnuveg þarna inn frá að mannvirkinu loknu, þ.e. ferðamannaþjónustu á heimsmælikvarða.

Gistihús með sundlaug verður reist við Hafursfell þar sem heitar lindir streyma úr jörð og upphleyptur vegur þangað á ruðningum meðfram aðveituskurðinum." — Að vísu er þessi virkjunartilhögun breytt. Það verða engir aðveituskurðir, guði sé lof. — „Þá verður ferjuskip á Eyjabakkalóni og siglir inn að jökli að sumarlagi en á vetrum verður farið á ís sömu leið. Ferjan leggst að jöklinum og þar verður snjóbíla- og snjósleðaleigustöð og skipulegar ferðir um Vatnajökul — til Kverkfjalla, vestur í Vonarskarð og Nýjadal, suður á Öræfajökul og til Grímsvatna svo ég nefni nokkra staði. Þetta verður sólbaðsland í heiðríkju á sumrin þar sem gestir fá brúnan lit á skrokkinn á skemmri tíma en á sólarströndum, skíðaland árið um kring og upp á Snæfell verður strengd loftbraut svo allir sem vilja, skíðamenn jafnt sem gamalmenni, geti svipast um á kolli fjallsins.

Að sjálfsögðu verður lagður fyrsta flokks vegur vestur í Hrafnkelsdal og opnaður hringvegur til Jökuldals og um heiðar og víðáttur norðan Vatnajökuls.

Skemmtiferðaskip flytja farþega til Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar, en flugvélar til Egilsstaða. Fjöldi fólks fær atvinnu við þennan túrisma." (**Gripið fram í:** Hver skrifar þetta?)

Hér talaði framsýnn maður og djarfhuga, Hrafn á Hallormsstað, fjallamaður. Þessi orð voru rituð á árinu 1986. Þau vil ég gjarnan gera að mínum.

Virðulegi forseti. Það er komið að ögurstund í þessu máli. Hér er um pólitíska ákvörðun að ræða og þýðir einfaldlega ekki að skjóta sér undan ábyrgð með því að vísa til lögformlegs umhverfismats. Það verður að skera á þennan hnút að lokinni umfjöllun hins háa Alþingis nú og vonandi með samþykki þeirrar tillögu sem hér liggur frammi.

[20:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti afskaplega gaman að hlusta á lýsingu hv. þm. frá Hrafni á Hallormsstað um ferðamennsku framtíðarinnar en þó mundi ég frekar vilja ganga á Snæfell en að fara með svifbraut. Mig langar að gera örlitla athugasemd við öryggisþáttinn sem hv. þm. nefndi og minna á að það standa yfir deilur um það hvort Snæfell sé virkt eldfjall eður ei. Það getur allt eins verið það.

Öryggisþátturinn er kannski ekki hvað síst fólginn í þeim athugunum sem eiga mögulega eftir að fara fram, eða þarf að gera opinberar í öllu falli, sem heita á fagmáli hættumat. Mér hefur borist til eyrna að til sé hættumat fyrir Fljótsdalsvirkjun og ég minnist þess að hafa lesið það í einhverju af þeim plöggum sem við höfum lesið undir drep síðustu daga að það hafi verið fjallað um það einhvers staðar að þó að stíflan brysti væri svo mikið viðnám á leiðinni niður í Fljótsdalinn að það yrði alveg hægt að gera fólki á Egilsstöðum viðvart áður en flóðbylgan skylli á þorpinu. Mér fannst þetta satt að segja skelfileg lýsing en þarna sleppti henni og ég bendi á að það á eftir að opinbera hættumat fyrir Egilsstaði. Hvað gerist þegar búið er að bjarga fólkinu undan flóðbylgjunni? Sökkva þá Egilsstaðir?

Stíflur eru ákaflega mikil mannvirki og samkvæmt erlendum rannsóknum, mjög svo umfangsmiklum, hafa jafnvel verið leiddar líkur að því að þær geti átt þátt í að koma af stað jarðskjálftum vegna þess hve þær þrýsta á jarðskorpuna. Þetta mat er eitt af því sem mundi verða lagt fram ef lögformlegu ferli væri fylgt.

[20:05]

Jónas Hallgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur þessar athugasemdir. Það er ekki bara að menn hafi gengið á Snæfell, menn hafa líka riðið upp á Snæfell þannig að ýmsar aðferðir eru notaðar. Ég er sannfærður um að margir mundu njóta útsýnisins af Snæfelli jafnvel þó þeir færu með kláfi upp á fjallið og það þarf ekki að verða þannig að það skaði náttúruna sé það gert á réttan hátt.

Varðandi öryggisþáttinn, sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni að nokkrum hluta, þá var það alla vega þannig þegar ég kom að mest þessum málum á sínum tíma, hjá Samtökum sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, að virkjunin var talin, ég vil segja, á prælöruggu svæði. Það eru þá alveg nýjar upplýsingar sé það ekki svo. Það kann vel að vera að eitthvert hættumat sé til fyrir sveitirnar og þorpin en ég hef ekki heyrt um það getið. Hins vegar getur allt gerst í þessu og ég er ekki að mótmæla því að slíkir hlutir geti átt sér stað. Ég þekki bara einfaldlega ekki til þess.

[Fundarhlé. — 20:07]

[20:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi þáltill. er pólitískur loddaraleikur Samfylkingarinnar, sagði einn hv. þm. stjórnarflokkanna áðan. Ég segi hins vegar: Þessi þáltill. er pólitískur loddaraleikur stjórnarflokkanna því þeir eru að reyna að rétta hlut sinn í umræðunni. Hún er til komin vegna þess að stjórnarliðar kveinka sér undan eðlilegri gagnrýni almennings á að ekki skuli vera staðið eins að undirbúningi þessa máls og gert yrði ef önnur sambærileg virkjun eins og Fljótsdalsvirkjun ætti í hlut.

Ég fagna því að málið skuli koma til umræðu á Alþingi en ég er ósáttur við að það skuli vera gert með þeim hætti sem raun ber vitni. Með því að leggja fram þáltill. eru stjórnarflokkarnir ekki að leggja til að Landsvirkjun fái neinar heimildir sem hún hefur ekki nú þegar. Þeir eru ekki að leggja til að hið raunverulega ágreiningsmál sem er á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar verði lagt fyrir þingið, þ.e. hvort Fljótsdalsvirkjun skuli fara í venjulegt umhverfismat samkvæmt núgildandi lögum. Þeir eru ekki að leggja það fyrir á hv. Alþingi.

Hæstv. umhvrh. sagði að þetta væri tækifæri fyrir þingmenn til að gera hug sinn upp á nýtt og gefa almenningi kost á að koma að málinu. Þetta eru hin mestu öfugmæli. Það er auðséð að engum er gefið tækifæri til að gera hug sinn upp á nýtt í sölum Alþingis því að þumalskrúfurnar eru á stjórnarliðum og enginn þeirra mun bregðast þegar til atkvæðagreiðslu kemur eftir því sem ég get komist næst. Einungis tveir stjórnarliðar hafa látið það koma fram að þeir séu ósammála því atferli sem ríkisstjórnin stendur fyrir í sölum Alþingis.

Ég er líka ósammála málsmeðferðinni sem hér á að viðhafa. Það er verið að gera tilraun til þess að smeygja hinni raunverulegu ákvörðun sem hér á að fara fram, þ.e. að láta nefndir þingsins framkvæma einhvers konar umhverfismat, fram hjá afgreiðslu þingsins. Með því að vísa málinu til nefndar ætla ríkisstjórnarflokkarnir að fá fram þessa vinnu úr nefndum þingsins, þ.e. að nefndirnar framkvæmi umhverfismat. Ekki verður tekin nein ákvörðun um það í sölum Alþingis samkvæmt því sem menn stofna hér til. Hér á einungis að fara fram atkvæðagreiðsla, hæstv. forseti, um það að vísa málinu til nefndar, ekki atkvæðagreiðsla um hvort nefndirnar eigi að leggja vinnu í að láta fara fram umhverfismat á sínum vegum í nefndunum eins og stjórnarliðar eru búnir að segja frá í hverri ræðunni á fætur annarri að eigi að gerast í nefndunum. Ég er afskaplega ósáttur við þennan málatilbúnað en ég geri mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að ef þessi málatilbúnaður verður viðurkenndur í hv. Alþingi, getur stjórnarandstaðan nýtt sér slíkar aðferðir, að vefja verkefni handa nefndum þingsins saman við þær þáltill. sem hér eru lagðar fram og sjá til þess með þeim hætti að nefndirnar vinni verkefni sem Alþingi hefur þá í raun og veru aldrei falið þeim en eru fylgifiskur þáltill. sem lagðar eru fram. Mér finnst þetta nýjung í störfum Alþingis og ég bið hæstv. forseta að velta því fyrir sér hvort svona eigi að standa að málinu og hvort það sé þingleg aðferð sem hér er viðhöfð.

Það er rótgróin venja í hv. Alþingi að vísa málum til þess sem menn kalla þinglegrar meðferðar og það er nánast aldrei að það komi fyrir að mál fái ekki slíka meðferð. Ég tel því að þegar málinu verður vísað til nefndar sé ekki falin í því ákvörðun um að þessar nefndir eigi að vinna að umhverfismati fyrir Fljótsdalsvirkjun. Það hlýtur þá að vera sjálfstæð

ákvörðun viðkomandi nefndar hvort hún tekur að sér að fara í verkefni sem öðrum aðila hefur raunverulega verið falið með lögum, stjórnvaldsaðila í þjóðfélaginu. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ég tel að þarna sé undarlega staðið að verki.

Allt öðru máli mundi gilda ef Alþingi hefði falið nefndum þingsins þetta hlutverk með sérstakri ályktun en þá þarf sú ályktun að fá umræðu í þinginu til þess að hægt sé að taka ákvörðun með eðlilegum hætti.

Samfylkingin hefur talað alveg skýrt. Afstaða hennar kom strax fram í upphafi umræðunnar. Gerð var grein fyrir brtt. við þessa tillgr. og í sjálfu sér getur maður sagt að með því að samþykkja slíka tillögu væri hægt að gefa umfjöllun hv. Alþingi um málið merkingu, þ.e. með því að bæta við þessa tillögu þeirri tillögu okkar að fram fari lögformlegt umhverfismat. Við lýsum líka yfir stuðningi við áform um gerð Fljótsdalsvirkjunar í þessari brtt. enda hafi farið fram umhverfismat með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í lögunum um þessi efni.

Reynt hefur verið að snúa út úr þessu með öllum ráðum í umræðunum og menn hafa haldið því fram að þeir sem vildu standa svona að málum væru að blekkja með þessum málflutningi. Ég get ekki fallist á að rétt sé að líta þannig á. Við sem þetta viljum erum einfaldlega að segja: Við skulum láta þessar aðferðir gilda um allar virkjanir á Íslandi sem eftir er að taka ákvörðun um og við höfum líka lagt fram lagafrv. til að taka af allan vafa í málinu um þær virkjanir sem hafa leyfi núna. Vilja hv. þingmenn stjórnarflokkanna að farið verði í allar þær virkjunarframkvæmdir, þar sem nú er leyfi til að virkja án þess að fram fari umhverfismat, án þess að það fari fram umhverfismat? Ég held að ástæða væri til þess að hv. þingmenn stjórnarflokkanna svöruðu því.

Ég nefni eitt dæmi. Fyrir liggur leyfi til virkjunar í Borgarfirði. Þetta virkjunarleyfi er í miðjum Borgarfirðinum. Halda menn að það yrði því máli til framdráttar að ekki færi fram umhverfismat á þeirri virkjun áður en kæmi þar til framkvæmda? Þetta er í miðjum Borgarfirðinum þar sem er byggt allt í kring. Þetta er á mjög áberandi stað. Halda menn að það yrði málinu til framdráttar ef menn kæmu bara með niðurstöðuna og legðu hana á borðið og segðu: Svona skal þetta vera. Hér eru öll leyfi til staðar. Gerið þið svo vel.

Nei, það er ekki hægt að horfa þannig á málið að það sé alveg sama hve langt er liðið frá því að menn fengu leyfið til þess að virkja og þangað til að framkvæmdum kemur. Það er ekki boðlegur málflutningur að tala með þeim hætti.

Það sem hefur líka verið mikið haft uppi í ræðum hv. þm. er að það sé enginn tími. Þetta tapist allt saman ef menn geti ekki rétt upp höndina núna strax. Ég spyr: Hefur verið gáð að því? Hefur það verið reynt? Enginn hv. þingmanna stjórnarflokkanna og enginn hæstv. ráðherra, sem hafa komið í ræðustól, hefur gert grein fyrir því hvort reynt hafi verið að ná samkomulagi um að taka sér tíma til að láta fara fram umhverfismat með þeim hætti sem hér er talað um. Ég fullyrði að sá aðdragandi sem er að málinu er búinn að vera það langur að ekki er hægt að trúa því fyrir fram að þeir aðilar sem eiga hlut að málinu væru ekki tilbúnir til þess að bera klæði á vopnin og taka þátt í því að sætta sjónarmið með því að láta fara fram umhverfismat fyrir Fljótsdalsvirkjun en hlypu ekki frá málinu vegna þess að það yrði einhver lítils háttar bið á því að menn gætu hafist handa sem enginn veit svo sem um hvort yrði. Það eru einfaldlega vangaveltur sem menn hafa verið með um hve langan tíma kæruferlið tæki og verið að gefa sér að þetta ferli tæki miklu lengri tíma en það sem við höfum séð áður.

Hæstv. umhvrh. nefndi meira að segja að það væri jafnvel ólöglegt að láta fara fram umhverfismat fyrir Fljótsdalsvirkjun. Ég held að fráleitt sé að halda því fram eða var það þá ólöglegt að láta fara fram umhverfismat fyrir Gilsfjarðarbrú? Gilsfjarðarbrú hafði undanþágu eins og hinir virkjunarkostirnir sem hér hafa verið til umræðu og sem betur fer tóku menn þá ákvörðun að láta þá framkvæmd fara í umhverfismat til þess að sætta sjónarmið. Það tókst vel og ég er sannfærður um að það yrði þessu máli til gæfu ef menn sættust á að láta fara fram umhverfismat.

Ég er einn af þeim sem halda því fram að það bráðliggi á því að rammaáætlun um virkjun vatnsafls á Íslandi verði tekin til afgreiðslu á hv. Alþingi og að þannig geti menn raðað upp þessum virkjanakostum í framkvæmdaröð og fengið upp stefnu í landinu til umræðu þar sem menn gætu tekist á um framtíðina og stjórnvöld hefðu þá í hendi sinni stefnu sem hægt væri að vinna eftir þegar kemur að því að ræða um kosti eins og þá sem hér eru til umræðu.

Ég gef lítið fyrir það að menn þurfi að borga skaðabætur til Landsvirkjunar vegna þess að þetta mál verði tekið upp. Ég gef mér að hægt verði að ná samkomulagi við Landsvirkjun og ég gef mér að hægt sé að ná samkomulagi við þá aðila alla sem eiga hlut að þessu máli til að láta fara fram umhverfismat ef vilji væri fyrir hendi. En það hefur komið mjög skýrt fram af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og þeirra sem styðja málið að þessi vilji er alls ekki fyrir hendi og hefur aldrei verið það. Hæstv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason fór fram á að þessi leið yrði farin en hann fékk því ekki framgengt. Síðan eru liðnir langir dagar og nú telja menn að enginn tími sé eftir. Ég er ósammála því og ég tel að það hefði átt að láta reyna á það við samningsaðilana.

Það er líka ömurlegt að sjá að íslensk stjórnvöld eru enn þá einu sinni í þeirri vesældarlegu stöðu að þau eiga allt undir samningsaðilunum sem við er að eiga. Íslenska ríkisstjórnin er búin að tefla þessu máli þannig að hún er í pólitískri nauðhyggju, hún verður að semja um þetta álver og þeir sem munu semja um raforkuverð við hana vita það og munu keyra niður verðið eins og kostur er. Nú setja þeir sitt hald og traust á að Norðurál muni vera tilbúnið að koma inn í þetta spil en það er líka sá eini möguleiki sem gæti orðið til þess að hægt yrði að ná viðunandi raforkuverði. Vonandi tekst það. En því miður er málið í þeim farvegi að ekki er ástæða til að vera mjög bjartsýnn á að verðið verði viðunandi sem fæst fyrir raforkuna.

[20:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið ákaflega fróðleg umræða, málefnaleg og ágæt í alla staði. Ég held að hún hafi verið mjög nauðsynleg í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu. Það er auðvitað skylda okkar að koma því sem skýrast á framfæri hverjir eru átakapunktarnir í málinu. Málið fjallar um að nýta okkar hreinu orkulindir til raforkuframleiðslu. Raforkuframleiðslu sem við munum nýta til þess að bæta efnahag okkar.

Reyndar liggur ljóst fyrir að ef við ætlum að halda lífskjörum okkar í þeim hæðum sem við þekkjum verðum við að fá framkvæmdir inn í efnahagslífið af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Það er einnig verðmæt staðreynd að þessar framkvæmdir fara fram á því svæði landsins sem hefur ekki notið þess uppgangs í efnahagslífinu sem er á allra vitorði að

hafi verið á Íslandi. Með öðrum orðum hefur þenslan ekki sýnt sig á landsbyggðinni og því er nauðsynlegt að jafna framkvæmdir um landið.

Hæstv. forseti. Nokkur umræða hefur verið um arðsemi framkvæmdanna. Vitnað hefur verið í greinar hagfræðinga þess efnis að tugmilljarðatap verði á virkjunarframkvæmdum í Fljótsdal. Ég mun ekki elta ólar við þær forsendur sem notaðar eru í því reikningsdæmi en augljóst er að þær eru í meira lagi vafasamar.

Við getum litið til sögunnar og spurt okkur um afkomutölur Landsvirkjunar. Af hverju er það núna sem menn treysta ekki Landsvirkjun til þess að gera samninga um orkuverð sem skilar arði? Ég skal ekki tilgreina þjóðhagslegan arð eða byggðalegan arð eða arð sem skilar sér í mannlífið. *Ég tala ekki um arð sem skilar sér í ríkiskassann í formi* skatttekna og gæti staðið undir velferðarkerfinu, sjúkrakerfinu og menntakerfinu. Mig undrar reyndar í þessari umræðu hverjir það eru sem vantreysta Landsvirkjun helst til þeirra verka að semja um orkuverð. Það eru þeir hv. þingmenn sem hafa bjargfasta trú á ríkisvæðingu, trú á ríkisfyrirtæki. Nú er svo komið að ríkisfyrirtækið Landsvirkjun hefur ekki lengur tiltrú ríkisvæðingarmanna. Við hljótum því að spyrja um það hvað Landsvirkjun hefur til saka unnið. Eru það fyrri orkusamningar eða afkomutölur fyrirtækisins? Ég held að kominn sé tími til þess að rifja upp lög um ríkisfyrirtækið Landsvirkjun. Í lögum um ríkisfyrirtækið Landsvirkjun eru ákvæði þess efnis að það skuli aðskilja orkusölu til almenningsveitna og orkusölu til stóriðju. Verð til almenningsveitna getur ekki borið uppi orkuverð til stóriðju.

Nú er þessari virkjun þannig komið fyrir að orkan frá henni verður eingöngu seld til stóriðju. Það er því lagaleg skylda Landsvirkjunar að selja orkuna til stóriðjufyrirtækisins þannig að það orkuverð skili arði. Þetta liggur alveg hreint fyrir í lögum um Landsvirkjun og er full ástæða fyrir ríkisvæðingarmenn að skoða þau lög sem gilda um þetta fyrirtæki.

Við þurfum ekki að tíunda þá byggðaþróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og á sér margar og mismunandi ástæður. Hitt er jafnljóst að svo miklar framkvæmdir sem hér um ræðir munu kalla til sín margt fólk og áætlanir gera ráð fyrir að um mikla fjölgun fólks á Austurlandi muni verða að ræða. Þrátt fyrir að talað hafi verið niður til okkar Austfirðinga og við höfum verið sakaðir um aumingjaskap, sagt að við höfum legið í kör og ekki hugsað um að bjarga okkur, þá fullyrði ég samt sem áður að við höfum gert það. Það á jafnt við um okkur Austfirðinga og aðra landsbyggðarmenn. Það er jafnljóst að svo mikill fjöldi fólks mun hafa gífurlega jákvæð áhrif á byggðir austan lands og þeir vannýttu samfélagsinnviðir sem til staðar eru munu nýtast *betur. Þjónustufyrirtæki munu auðvitað eflast og mannlífið* mun auðgast. Menningarlífið mun fá aukna innspýtingu með nýju fólki og svo má lengi telja. Og af því að ferðaþjónustan hefur oft verið til umræðu varðandi þetta mál í heild sinni þá fullyrði ég að hún muni eflast og get fært fyrir því rök margra merkra ferðamálafræðinga.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hér hefur verið minnst á þann öryggisþátt sem mjög nauðsynlegt er að halda á lofti. Það er algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að virkja utan jarðskjálftasvæða og þeirra svæða þar sem hætta er á eldgosum. Það hlýtur að liggja í augum uppi og við eigum að taka þann öryggisþátt inn í þessa umræðu.

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að nú höfum við fengið staðfest í skoðanakönnunum að andstætt fullyrðingu virkjanaandstæðinga, að fleira fólk í þessu landi vill nýta okkar hreinu orkulindir heldur en þeir sem eru andstæðingar þess. Það er einnig ánægjulegt til þess að vita að þrátt fyrir að virkjun í Fljótsdal og álversframkvæmdir í Reyðarfirði skipti okkur Austfirðinga óskaplega miklu máli, þá skiptir það landsmenn alla einnig gífurlega miklu máli að þessar framkvæmdir verði að veruleika til þess að við megum halda uppi okkar góðu lífskjörum.

[21:03]

Útbýting þingskjals:

Íslenskir aðalverktakar, 203. mál, fsp. GunnB, þskj. 236.

[21:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi umræða einkennist af því að menn eru að deila um sjónarmið. Þeir sem vilja ekki virkja og ekki sökkva Eyjabökkum í vatn hafa sitt sjónarmið og þeir horfa eingöngu á það sjónarmið. Þeir hafa ákaflega þröngt sjónarhorn. *Ef við settum þau gleraugu upp varðandi aðrar* framkvæmdir, t.d. breikkun vegar upp Ártúnsbrekkuna í Reykjavík, þá hefði hún aldrei verið framkvæmd. Skolplagnir í Reykjavík hefðu heldur ekki verið lagðar ef menn hefðu haft þetta þrönga sjónarhorn að leiðarljósi. Svo maður tali nú ekki um rafmagn. Við í Reykjavík mundum hafna því að fá rafmagn hingað í borgina ef við hefðum þetta þrönga sjónarmið að líta eingöngu til umhverfissjónarmiða.

Að sjálfsögðu megum við ekki eingöngu líta til umhverfissjónarmiða. Við verðum líka að líta til annarra sjónarmiða svo sem að útrýma fátækt sem sumir tala um að sé til á Íslandi, svo sem eins og að bæta velferðarkerfið, svo sem eins og að auka velmegun og bæta lífskjör. Það eru sjónarmið sem líka þarf að hafa í huga.

Herra forseti. Hv. Alþingi setur lög sem eru rammi um ákveðna hluti, eins og t.d. umhverfismat. Þegar menn setja lög þá þurfa þeir að átta sig á innihaldinu, afleiðingum laganna. Þeir sem fullyrða að Alþingi geti sett lög um innihald, t.d. umhverfismat, en geti ekki fjallað um innihaldið sjálft, átti sig sem sagt ekki á afleiðingu laga sinna, eru í undarlegri stöðu.

Þegar lögin voru sett á sínum tíma þá var byrjað á framkvæmdunum sem við erum að tala um. Framkvæmdir voru hafnar og þess vegna var ekki hægt að setja um það lög, því ekki er hægt að setja lög sem virka aftur fyrir sig. Það er grundvallaratriði. Þess vegna erum við ekkert að fjalla um það hér hvort þessar virkjanir hafi verið heimilaðar, heldur er Landsvirkjun búin að framkvæma ágætis umhverfismat og hv. þingmönnum, og alveg sérstaklega andstæðingum þessara virkjana, er boðið upp á umræðu um málið, um þetta umhverfismat. Þeir eiga að þakka fyrir. Ég hef ekki heyrt enn þá neinn þakka fyrir það að vera boðið upp á þessa umræðu.

Herra forseti. Okkur ber að nýta auðlindir okkar. Það er almennt talið skylda að nýta auðlindir. Flestar íslenskar ár renna óbeislaðar til sjávar ár eftir ár engum til gagns. *Enginn nýtir þessar auðlindir.* (***Gripið fram í:*** Laxveiði.) Að einhverju leyti laxveiði, já. Það er skylda okkar að nýta þessar auðlindir því þær geta malað okkur gull. Við sjáum það á Landsvirkjun sem hefur byggt upp eigið fé upp á fleiri tugi milljarða út úr nánast engu.

Það er ákveðin firring fólgin í því að halda því fram að horfa eigi bara á umhverfissjónarmiðin, eingöngu þau sjón-

armið. Það er svona svipað eins og með Keikó, en sumt fólk heldur að hvalir, sem eru meira að segja einar grimmustu skepnur sem til eru, hafi öðlast mannlega eiginleika eins og í teiknimyndasögu. Þetta er firring. Þetta er nákvæmlega sama firringin og þegar fólk heldur að góð lífskjör komi af sjálfu sér. Það fólk getur ekki litið einu sinni hundrað ár aftur í tímann þegar Íslendingar bjuggu í moldarkofum. Það getur heldur ekki litið í kringum sig í heiminum þar sem helmingur mannkyns þarf að lifa af tveim dollurum á dag og fjórðungur mannkyns á einum dollara á dag. Það er raunveruleikinn sem við horfum á. Það er ekkert sjálfgefið að lífskjörin séu góð. Menn geta ekki leikið sér að því að horfa eingöngu út frá einu sjónarmiði og segja: „Nú virkjum við ekki út af þessu. Við virkjum ekki þarna út af þessu." Það má bara hvergi virkja. Auðvitað þurfum við að líta á öll sjónarmið sem koma til greina.

Það er nánast skylda okkar gagnvart umheiminum að virkja. Þrátt fyrir það höfum við að sjálfsögðu ákveðna staði sem við viljum ekki virkja. Ég gæti t.d. seint fallist á að virkja Gullfoss. En auðvitað ef það yrði hungursneyð í landinu þá kynni að vera að það sjónarmið vægi þyngra, jafnvel þyngra en Gullfoss. (**ÖS:** Ætlar þú að eta rafmagnið?) Rafmagnið er undirstaða ákveðins iðnaðar sem skilar hagnaði og getur gefið manni brauð að borða, eftir ýmsum leiðum sem hv. þm. eru hugsanlega kunnar, verslun og slíku.

Herra forseti. Eyjabakkar hafa mikið verið í umræðunni og menn hafa horft eingöngu á þá. Jeppaeigendur, skotveiðimenn og ferðafélög hafa mótmælt hvað harðast, þ.e. þeir aðilar sem fara verst með aðrar náttúruperlur Íslands, t.d. jeppamenn, keyrandi um allt, skotveiðimenn, keyrandi líka og vaðandi um allar heiðar (**ÖS:** Og skjótandi á allt kvikt.) og skjótandi allt sem kvikt er. Ferðafélögin hafa byggt heilu þorpin inn í Þórsmörk. (**ÖS:** Gangandi út um allt.) Heilu þorpin hafa verið byggð inn í Þórsmörk án umhverfismats. Þar er búið að leggja tröppur upp öll fjöll. Var það einhvern tímann meiningin? Er það ósnortið víðerni? Það eru komnar tröppur upp Valahnjúk í Þórsmörk. Ég bara bíð eftir að það komi rúllustigi. (**Gripið fram í:** Það kemur næst.) Nei, ég held að menn þurfi að horfa á aðrar náttúruperlur í leiðinni og ekki einblína á þessa einu sem allt í einu er uppgötvuð, því hún var ekki til í umræðunni fyrir fimm eða tíu árum. Það bara vissi enginn hvar hún var. Ég vissi það ekki. Ég vissi aftur á móti hvar Þórsmörk var og ég sá hvað er búið að gera í Þórsmörk. Þar eru þrjú þúsund manns um hverja helgi. Jeppastraumurinn liggur þangað inn eftir upp úr klukkan fjögur á föstudögum, heill floti af jeppum. Reyndar er aðgangurinn að Þórsmörk, eins og hv. þm. er kunnugt, takmarkaður við jeppaeign. Þeir sem eiga jeppa komast þangað inn eftir, aðrir ekki. Almenningur kemst þangað með rútum og borgar afar hátt fargjald fyrir 25 km.

Svo eru aðrir að mótmæla þessu, fréttamenn t.d. sem eru flugmenn þess utan. En ef allir Íslendingar mundu fljúga jafnmikið og þeir þá sæist ekki til sólar upp á hálendinu. Þessir menn leyfa sér að nota hálendið dag og nótt, aftur og aftur. En ef allir gerðu það í sama mæli og þeir þá væri hálendið allt orðið ein auðn.

Herra forseti. Hér hefur mikið verið rætt um mengun. Mengun er ekki staðbundin. Mengun er alheimsfyrirbæri. Það sem mengað er í Evrópu kemur hingað og þess vegna er það nánast skylda okkar að nýta okkar hreinu orku til þess að hindra að óhrein orka sé notuð annars staðar. Það er allt að því siðferðileg skylda okkar að virkja sem allra mest til þess að minnka alheimsmengunina, en raforka og ál er víða framleitt með kolum til dæmis.

Herra forseti. Það má líka líta á önnur sjónarmið eins og byggðasjónarmið. Þó ég gefi þeim ekkert ákaflega mikið vægi þá er ekki spurning að þetta álver mun bæta stöðu Austfjarða, þó ekki væri nema sálfræðilega. Það er þekkt fyrirbæri að þegar álverið í Straumsvík var stækkað, þá hækkuðu íbúðir í Hafnarfirði stórlega í verði. Hafnarfjarðarbær nýtur góðs af afar háum greiðslum þessa fyrirtækis. Sama mun gerast á Austfjörðum. Íbúðir munu hækka í verði. Fólkið mun fyllast bjartsýni og sveitarfélögin munu hafa úr meiru að moða, geta veitt betri þjónustu. Þetta er líka sjónarmið sem þarf að horfa á. Það er ekki bara einhver mosi og falleg grös uppi á Eyjabökkum sem menn þurfa að horfa til. Það þarf líka að líta til fólksins sem býr á Austfjörðum. Því virðast sumir alveg hafa gleymt.

Herra forseti. Sumir þeir sem mótmæla þessu hafa af einhverjum undarlegum ástæðum haft áhyggjur af velferð væntanlegra fjárfesta, sem sumir kalla braskara, þar á meðal hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hann hafði miklar áhyggjur af því að aumingja fólkið sem fjárfesti í þessu álveri færi nú að tapa. Öðruvísi mér áður brá. Þeir sem munu fjárfesta þarna eru væntanlega að stórum hluta íslenskir lífeyrissjóðir. Og það vill svo til að hv. þm., sem að vísu er ekki viðstaddur, er í stjórn lífeyrissjóðs og hann treystir ekki kollegunum betur en þetta, félögum sínum í stjórnum lífeyrissjóðanna, að þeir fari illa með fé lífeyrissjóðanna í þessu og kunni ekki að taka fjárfestingarákvarðanir. Ég treysti þeim fullkomlega. Ég treysti því að þeir sem leggja peninga í svona hluti hafi reiknað dæmið alveg til enda. Svo kynnu hv. þm. sem óttast um peningana sína hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins náttúrlega að spyrja sig hvort þeir hafi ekki kosið þá stjórn sem situr þar. (**ÖS:** Þú treystir einmitt ekki stjórnunum. Þess vegna hefur þú verið með ...) Akkúrat já, það skyldi nú ekki vera. En þeir bera bara ábyrgð á því. Þeir skulu bara bera ábyrgð á því. (**ÖS:** Þú ert ekki samkvæmur sjálfum þér.)

Ég hef áhyggjur af einu í þessu sambandi og það er ríkisvæðingin. Þarna er ríkið að virkja. Ríkið er að þenja út anga sína og ég treysti því að hæstv. iðnrh. standi við það sem hann hefur talað um, að koma á samkeppni og einkavæða allt orkukerfið. Ég vona að það standi. Þá yrði Landsvirkjun skipt upp og seld og þar á meðal Fljótsdalsvirkjun hf. sem Austfirðingar og aðrir gætu keypt hlutabréf í. (**Gripið fram í:** Og Eyjabakkana með.) Sokkna, já.

Herra forseti. Mikið hefur verið talað um ferðamenn og ferðamannaiðnað. Samt er sá iðnaður lágtekjuiðnaður nánast alls staðar í heiminum. Hvergi eru borguð há laun fyrir að búa um rúm eða elda mat. Auk þess krefst ferðamannaiðnaður mikillar fjárfestingar og ótryggrar og þessi atvinnugrein er alveg sérdeilis ótrygg. Það þarf ekki nema óhagstæð ummæli einhvers staðar um jarðskjálfta, eldgos eða eitthvað svoleiðis og allt er búið. Þetta er ein ótryggasta atvinnugrein í heimi. Auk lágra launa mengar hún heil ósköp. Það er fullt af rútum um allt, flugvélagnýr og alls konar mengun sem taka þarf afstöðu til. Fyrir utan það er geysilegur átroðningur á náttúruperlum okkar á hálendinu.

Í þá ágætu skýrslu sem við höfum hér til umræðu vantar einn þátt, þ.e. hvernig náttúran breytist og aðlagar sig. Það hefur nefnilega gerst áður hér á Íslandi að stíflast hefur af náttúrulegum ástæðum. Ég sá þegar Skaftá hafði ausið aur og leðju yfir stór svæði. Og hvað gerir náttúran? Hún bregst við. Hið nákvæmlega sama mun hún gera vegna virkjunarinnar.

Hún mun bregðast við. Það koma nýjar lindir, nýjar mýrar og gæsin mun finna nýja staði. Þannig hefur það alltaf verið.

En til viðbótar verða gljúfrin miklu manngeng. Við getum farið að skoða þau. Flest okkar hv. þm. munum væntanlega ekki þora að fara á einhverjum prömmum þarna niður eða fljúga þarna niður ... (**Gripið fram í:** „Rafting".) eða „rafting". Nú getum við farið að skoða þetta. Margir ferðamenn munu skoða þessa virkjun, fallega stíflu og fallegt stöðuvatn nákvæmlega eins og flestir ferðamenn sem koma til landsins skoða manngerð mannvirki eins og Bláa lónið, sem langflestir ferðamenn heimsækja hér á Íslandi. Ég hugsa að áhrif þessarar virkjunar verði frekar jákvæð á ferðamannaiðnað en neikvæð.

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Hún er ágæt. Hún hefur verið góð, nokkuð löng reyndar en sýnir eitt. Hún sýnir að menn eru í skotgröfum. Þetta er spurningin um að tapa eða sigra. Umhverfissinnar hafa verið ákaflega sigurvissir. Allt er tínt til. Einn sagði við mig: Það verður ekkert virkjað þarna. Fyrst ætlum við að fresta þessu og svo fáum við erlend samtök til að hjálpa okkur og komum í veg fyrir að nokkurn tíma verði virkjað þarna. Það er hernaðaráætlun umhverfissinna. Þeir tína allt til. Þeir segja: Það fæst ekki lán í þessa framkvæmd. Nú er komin yfirlýsing um það. Svo senda þeir Norsk Hydro bréf til að hræða þá frá. Allt er reynt. Svo koma meira að segja þau rök að það vanti orku, að virkja þurfi meira. Allt er tínt til.

Það var hárrétt hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að umræðan er um hvort virkjað verði þarna eða ekki. Ef gefið verður eftir í þessu máli þá grafa umhverfisverndarsinnar nýjar skotgrafir. Þeir setja þá aftur í gang og hindra að nokkurn tíma verði virkjað. Það er hernaðaráætlunin. Sumir þeirra ganga jafnvel svo langt að segja að hvergi eigi að virkja.

Þeim sem horfa til fleiri sjónarmiða en náttúruverndarsjónarmiða er því stillt upp við vegg. Þeir neyðast til að samþykkja þetta. Þess vegna styð ég þessa þáltill.

[21:19]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í ræðu minni í gær fór ég nokkrum orðum um þingsköp og afgreiðslu þeirrar þáltill. sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fram um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Til að taka af allan vafa þá finnst mér þessi þáltill. ekkert erindi eiga til afgreiðslu á Alþingi. Enginn hefur dregið í efa að Landsvirkjun hafi virkjunarleyfi Fljótsdalsvirkjunar en það er gagnrýnt að virkjunarleyfi skuli standa í svo mörg ár án þess að farið sé í framkvæmdir. Þetta er atriði sem verður að endurskoða og veita í framtíðinni virkjunarleyfi til ákveðins tíma sem falli úr gildi verði ekki virkjað á tímabilinu. Tækni, viðhorf og kröfur um umhverfisvernd breytast á fáum árum og þá er betra að endurnýja virkjunarleyfi samkvæmt nýjum kröfum.

Að mínu mati er þáltill. lögð fram til að sniðganga þá þáltill. sem þegar hefur verið rædd á Alþingi, um að Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfisáhrifamat eins og lögin um mat á umhverfisáhrifum segja til um. Það er ágreiningur um hvort Fljótsdalsvirkjun sé undanþegin mati. Fullgild rök hafa verið færð fyrir því að virkjunin eigi að fara í umhverfismat, m.a. vegna þess að framkvæmdaleyfi er ekki til staðar. Það vantar hins vegar pólitískan vilja til að láta náttúruna njóta vafans í svo mikilvægu máli. Hér hefur ekki heldur komið fram hvort óskað hafi verið eftir frestun á tímasetningum í Noral-samkomulaginu.

Í umræðunni í gær var nokkrum sinnum vísað til könnunar Félagsvísindastofnunar um skilning almennings á því hvað felst í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt könnuninni eru mjög margir óvissir um hvað í þeim felst. Það kemur mér ekki á óvart að almenningur þekki ekki nákvæmlega lögin og hvernig matsferlið gengur fyrir sig. Það hefur vafist fyrir mörgum sveitarstjórnarmanninum og öðrum þeim sem þurfa að setja sig inn í þessa vinnu. Eins má segja að við, hv. þm. og þá sérstaklega hæstv. iðnrh., höfum verið dugleg við að rugla fólk í ríminu með orðanotkun okkar og málflutningi.

Þeir sem krefjast þess að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum vilja fara eftir þeim lögum sem eiga að vernda náttúruna. Þeir vilja taka tillit til náttúrunnar við allar stórframkvæmdir og þeim er það nóg. Þessir einstaklingar þurfa ekki að þekkja á lögin til hlítar. Það er rétt að endurtaka að allt of margir líta á umhverfisáhrifamat sem ferli til að tefja framkvæmdir og hafa kallað það kæruferlið. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru alltaf bestar en til þess að geta beitt þeim þurfa að liggja fyrir upplýsingar og þekking eins og fæst með umhverfismati og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Stuðningur sveitarstjórnarmanna á Austurlandi við álver á Reyðarfirði er skiljanlegur í ljósi þeirrar íbúaþróunar sem verið hefur. Þeir eru vonlausir um að farið verði í raunhæfar aðgerðir til að styrkja búsetu á landsbyggðinni til að snúa þeirri íbúaþróun við sem verið hefur undanfarin ár. Sveitarstjórnir og heimamenn gera það sem í þeirra valdi stendur til að efla byggðina en svo margir þættir valda ójafnvægi og ójöfnuði milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis að uppbyggingin er erfið úti á landi. Þá þætti verður að jafna svo fólk geti valið sér búsetu á sem líkustum grunni.

Því hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt til í þáltill. að farið verði í sérstakar aðgerðir í byggðamálum. Þar má telja upp nokkra þætti, sérstaklega þar sem fram kemur í máli bæði hv. þm. og hæstv. ráðherra að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem viljum ekki stóriðju til að styrkja byggð á Austurlandi, bendum ekki á neitt annað. Í stað stóriðjunnar viljum við efla atvinnuþróunarfélögin til nýsköpunar og eflingar atvinnulífi eins og hv. þm. Jón Bjarnason nefndi í kvöld. Við viljum styrkja stöðu sveitarfélaganna með hærri tekjustofni og bæta fjárhagslega stöðu þeirra. Auk þess viljum við styrkja fjárhagslega veikburða sveitarfélög til stuðnings félagslegri þjónustu. Við viljum bæta fjarskipti og efla flutningsgetu grunnnetsins og flýta almennum vegaframkvæmdum. Við viljum efla framhaldsnám og tryggja mönnun heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Þetta eru aðeins nokkur atriði sem við getum kallað grunn að meiri jöfnun milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og gætu, ásamt öðrum þeim þáttum sem fram koma í þáltill., snúið byggðaþróuninni við.

Ég vil láta hv. þm. það eftir að lesa þáltill., sérstaklega þeim sem halda því fram að við sem viljum ekki stóriðju komum ekki með annað í staðinn.

Sveitarstjórnarmenn og landsbyggðarmenn almennt eru orðnir þreyttir á úttektum, skýrslum og fyrirheitum án þess að sjá nokkuð raunhæft gerast til að styrkja byggð í landinu. Því er eðlilegt að sveitarstjórnarmenn á Austurlandi sjái mikla möguleika í þeirri uppbyggingu sem verður með virkjanaframkvæmdum og rekstri álvers.

Breytt viðhorf til umhverfismála, bæði hér á landi og í hnattrænum skilningi, kalla á nýja hugsun til atvinnusköpunar og aðferða til að halda uppi þjóðhagslegri hagsæld og

velferð á Íslandi. Krafan um að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum er byggð á nýrri hugsun um hvernig okkur beri að umgangast náttúruna og eftir hvaða leikreglum við eigum að fara þar að lútandi.

Undir þessa kröfu ættu allir sveitarstjórnarmenn að taka þó að þeir vilji stóriðju og stórvirkjanir, ekki síst þegar svo mikið er í húfi fyrir möguleika okkar á að nýta náttúru okkar til annars konar atvinnuuppbyggingar. Sömuleiðis er mikilvægt að kanna enn frekar hugsanleg áhrif svo stórs vinnustaðar á aðrar atvinnugreinar og íbúaþróun, eins og Byggðastofnun hefur bent á í skýrslu sinni.

Hvert er svo umfang málsins sem hér er til umfjöllunar? Þetta mál snýst um meira en að gefa ríkisstjórninni pólitískan styrk til að halda áfram með framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Þetta er grænt ljós á Noral-verkefnið, þ.e. að undirbúa byggingu og rekstur 480 þús. tonna álvers og virkjana í Fljótsdal með uppistöðulónum á Eyjabökkum, við Kárahnjúka og víðar um heiðarnar. Til að fullnægja sjö teravattstunda orkuþörf 480 þúsund tonna fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði þarf fleiri virkjanir.

Þó menn séu hlynntir álveri á Reyðarfirði er mikill munur á því að reisa 120 þús. tonna álver eða 480 þús. tonna álver. Ég hef talað við marga Austfirðinga sem vilja fá álver á Austurland sem fullyrða að álverið verði aldrei stærra en 120 þús. tonna. Hvort þetta fólk hefur verið blekkt veit ég ekki en í þessari viku rennur út sá frestur sem við höfum til að leggja inn umsagnir eða athugasemdir vegna mats á umhverfisáhrifum af 480 þús. tonna álvers á Reyðarfirði. Þar er ekki kallað eftir athugasemdum vegna 120 þús. tonna álvers heldur 480 þús. tonna.

Þegar við, þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, vörum við ýmsum þáttum sem snúa að byggðaþróun og atvinnuuppbyggingu í tengslum við álverið, er það ekki síst vegna fullrar stærðar álversins í svo fámennri byggð sem því miður er á Austurlandi. Vissulega eru jákvæð áhrif af þeim umsvifum sem verða við byggingu álvers og virkjanaframkvæmda og jafnframt við rekstur vinnustaðar sem er hæfilega stór fyrir byggðarlögin. Við gerum ekki lítið úr mikilvægi þeirra en teljum að hægt sé að ná sama árangri í að snúa íbúaþróun á Austurlandi við og byggja upp trausta byggð með öðrum leiðum, án þess að fórna svo mikilvægu svæði sem Eyjabökkum. Sú uppbygging gerist ekki með sama hvelli og ef farið væri í stórframkvæmdir. En e.t.v. yrði sú uppbygging farsælli til lengri tíma og líklegri til að halda jafnvægi í atvinnutækifærum karla og kvenna.

[21:30]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn koma fulltrúar vinstri grænna og fræða oss í máli þessu. Nú var okkur sagt að enginn hefði dregið í efa að Landsvirkjun hefði leyfi til virkjunar í Fljótsdal. Öðruvísi mér áður brá, því hér hafa ýmsir fulltrúar úr sama flokki haldið ýmsu öðru fram. En vonandi er þetta uppgötvun sem gerð hefur verið hér í matarhléi. Það var hins vegar sagt að ágreiningur væri um það hvort virkjunin væri undanþegin svokölluðu lögformlegu umhverfismati. Örlitla áréttingu er rétt að gera vegna þess að þegar hv. þm. Tómas Ingi Olrich mælti fyrir meirihlutaáliti umhvn. 1993, þá lét hann þau orð falla að bráðabirgðaákvæði II, þar sem um þetta undanþáguákvæði er fjallað, væri sett til þess að eyða allri óvissu um það hvernig farið verði með leyfi sem útgefin eru fyrir 1. maí 1994. Þar er því allur vafi af því tekinn. Og í samhengi við það sem hv. þm. sagði, að enginn drægi í efa að Landsvirkjun hefði leyfið, þá hlýtur þessi framsaga hv. þm. að taka allan vafa af því sem hún taldi ágreining um, sérstaklega í ljósi þess að í kjölfar framsöguræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs komu upp hv. þm. sem þá voru í minni hluta og tóku undir álit framsögumannsins. Þar með staðfestu þeir þau orð sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich, hafði um þetta. Hins vegar kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman að hún vildi ekki stóriðju á Austurlandi og því er spurt: Hví skal þá virkjun fara í svokallað lögformlegt umhverfismat ef ekki á reisa stóriðju á Austurlandi? Hver skal þá kaupa orku úr þeirri virkjun?

[21:32]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla á stuttum tíma að fara yfir sem mest af því sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom hér að. Ég vona að áður en þessari umræðu lýkur verði hann búinn að læra að á því er munur hvort virkjunarleyfið sem slíkt sé til staðar eða hvort við drögum í efa að undanþágavarðandi umhverfismatið eigi við um þessa virkjun eða ekki. Það hefur enginn dregið í efa að virkjunarleyfið sé til staðar. Við höfum efast um að það eigi að gilda svo lengi, þ.e. ótímabundið. En hægt er að færa mörg rök fyrir því að það sé ekki undanþegið mati á umhverfisáhrifum.

Varðandi það sem hann spurði um síðar, þ.e. hvers vegna ég teldi að það ætti að fara í mat þar sem ég hefði sagt að ég vildi ekki að yrði virkjað, þá hefur það líka komið fram hér áður. Ég sagði það í fyrri ræðu minni, að ef við hreinlega réðum hér á þingi þá værum við búin að leggja af stóriðjustefnuna. Þá væri þessi virkjun ekki á dagskrá. Okkar stefna er alveg skýr. Við viljum nota þetta svæði til annarra hluta. En ef af þessu verður þá viljum við að farið verði eins varlega og hægt er og það verður ekki gert nema með mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

[21:34]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrra andsvari mínu átti ég eftir að nefna örlítinn hluta af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Enn á ný var reynt að gera skoðanakönnun sem kynnt var fyrir nokkrum dögum tortryggilega og gefið í skyn, enn einu sinni, að spyrjendur hefðu lent í þriðju gráðu yfirheyrslu um hvað fælist í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég tel því nauðsynlegt, svo að hv. þm. heyri, að endurtaka spurningu þá sem lögð var fyrir þátttakendur. Hún hljóðaði svo: „Telur þú að þú þekkir mikið, nokkuð, lítið eða ekkert til hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum?“ Þessari spurningu svöruðu 20% þannig að þeir vissu mikið eða nokkuð, þ.e. 80% vissu hvorki mikið né nokkuð umhvað fælist í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það var engin yfirheyrsla um hvað í þeim fælist heldur hreint og klárt mat hvers og eins hvort hann teldi svo vera eður ei.

[21:35]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt þá hefur hv. þm. Einar Már Sigurðarson komið að þessu hér áður. Ég var ekki að gera lítið úr könnun Félagsvísindastofnunar. Ég var ekki að gera lítið úr þeirri könnun og ég var ekki að tala um neinar yfirheyrslur. Aftur á móti veit ég að maður svarar því hreinskilnislega að maður þekki ekki lög ef maður kann ekki nákvæmlega lagagreinarnar fram og til baka. En það er alveg hægt að hafa fulla tilfinningu fyrir innihaldi laganna þó maður treysti sér ekki til að þylja þau aftur á bak og áfram. Það er réttlætiskennd fólks sem knýr það til þess að

óska eftir því að Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfismat þó að það segi á sama tíma að það þekki ekki lögin út í æsar.

[21:36]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið rætt mikið um hvort Fljótsdalsvirkjun eigi að fara í lögformlegt umhverfismat eða ekki. Ég vil að það komi skýrt fram að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum fylgjandi því að tekin verði ákvörðun um að virkjunin fari í lögformlegt umhverfismat. En ég vil líka taka allan vafa um það að við erum andvíg stóriðjustefnu og ég tel að það hafi komið fram í okkar málflutningi í allan dag að við viljum fara aðrar leiðir.

Virðulegi forseti. Það vekur áhyggjur hjá nýjum mönnum í þinginu að upplifa, kannski í framhaldi af umræðum um daginn um stjórnsýslulög, hversu njörvuð við erum, hv. þingheimur, við hinar praktísku framkvæmdir í þessu samfélagi. Það er óhuggulegt fyrir nýja menn að upplifa það. Ég er ansi hræddur um að Alþingi Íslendinga mundi ræða þessi mál opnar, með meiri framtíðarsýn og á breiðari grunni en nú er gert ef við værum ekki svona bundin af því, eins og ég orðaði það í umræðunum um daginn, að vera framlenging á kansellíinu eða Íslandsráðuneytinu sem að meira eða minna leyti er að vasast í praktískum málum. Er ekki staðreyndin sú, hæstv. forseti, að við erum meira og minna þátttakendur í öllu ferlinu? Iðnrn. og starfsfólkið sem þar vinnur, virkar nánast eins og atvinnuráðgjafar í sveit fyrir þetta kerfi, einblínir á þá hluti sem þeim er uppálagt að einblína á. Þetta er stórgallað og það er stórvarasamt að haga málum á þennan hátt.

Er það ekki þannig að í gegnum okkar fyrirtæki, okkar menn, Landsvirkjun, sem að vísu Akureyri og Reykjavíkurborg eiga á móti ríkinu, þá eigum við þennan þátt líka? Og er það ekki svo, hæstv. forseti, að við erum kannski að vissu leyti búin að spóla okkur föst í farveg sem við eigum mjög erfitt með að koma okkur upp úr.

Ég frábið mér sem þingmaður fyrir vinstri græna að hlusta á þann málflutning sem hefur verið hafður uppi hér í dag af mörgum þingmönnum, að við viljum hverfa aftur til fortíðar, að við séum á móti virkjunum o.s.frv. Þetta er rangtúlkun. Þetta er ekki rétt því að stefna okkar er sannarlega sú að við viljum virkja og nota fallvötn landsins en við erum með spurningar um hvernig eigi að nýta. Er það ekki einmitt sú sýn sem við eigum að vera að fást við hér, þ.e. hvernig við ætlum að horfa á framtíðina, hvernig við ætlum að standa að orkunýtingu. Það er einmitt þess vegna sem við leggjum fram till. til þál. um vistvæna, sjálfbæra orkustefnu. Það er engin goðgá að fara í slíka hluti.

Nýjasta skýrsla Landsvirkjunar sýnir að við erum á mjög hæpnum grunni hér. 60% af raforku landsins gefa 3 milljarða, þ.e. stóriðjudæmið. 40% sem við notum inn á perurnar okkar og til iðnaðar okkar gefa 6 milljarða. Margir hv. þm. hafa í dag gert lítið úr hlutum eins og ferðaþjónustu. En staðreyndin er sú að aukning í ferðaþjónustu, í innkomnum útlendum peningum til landsins í gegnum ferðaþjónustu er tvisvar sinnum salan til stóriðju á síðasta ári, þ.e. 6 milljarða aukning. Það er 3 milljarða orkusala til stóriðju. Hvers vegna í ósköpunum eigum við ekki að stilla okkur út fyrir sviga og skoða þessi mál heildstætt? Hvers vegna eigum við ekki að staldra við núna og skoða hvort það er yfir höfuð rétt stefna fyrir íslenskt samfélag að fara í þessi stóru högg? Hvers vegna gilda ekki sömu lögmál um peningalegt „innpútt" vegna lána frá útlöndum til stórra verkefna hér eins og í öðrum löndum? Hvers vegna geta Íslendingar gapað og tekið á móti öllum þeim stóriðjum sem í boði eru, helst í einu lagi? Er það ekki þannig að menn vildu helst gera meira en gert hefur verið? Menn vildu helst gera meira en gert var í Hvalfirði og þegar stækkað var í Straumsvík. Ef það hefði staðið til boða, þá var þjóðarsálin þannig þenkjandi að því meira þýddi því betra, því meiri þensla, því betra. Er þetta sú framtíðarsýn sem við höfum á málunum? Hefur stóriðjustefnan gefist okkur vel þegar upp er staðið? Hafa menn velt því fyrir sér?

Hér hafa menn talað um landsbyggðarmál. Þetta er ekkert landsbyggðarmál. Það er landsmál að byggja upp og taka lán, að setja svo stóra framkvæmd í gang í svo litlu hagkerfi. Það varðar landið allt. Og menn skulu átta sig á því að nákvæmlega sömu hlutir munu gerast á þeim árum sem það tekur að fjárfesta fyrir 200 milljarða í 480 þús. tonna dæminu og gerst hefur sl. þrjú til fjögur ár. Þeim sem hafa búið úti á landi, þeim sem fylgst hafa með landsbyggðarmálum kom ekkert á óvart hvað gerðist í framhaldi af ákvarðanatöku um auknar virkjanir og stóriðjuframkvæmdir á suðvesturhorninu. Hafandi búið við það að það var mínus upp á 600–700 manns til suðvesturhornsins á tiltölulegu stöðugleikatímabili, þá þurfti enga reiknimeistara til að átta sig á því að þessi tala færi yfir 2.000 miðað við innspýtingu á tugum milljarða til þessara stóru framkvæmda. Þarf nokkra spámenn til? Þetta eru lögmál. Þetta gerist svona. Eru menn þeir einfeldningar að halda þegar litið er á landið í heild, að eitthvað svipað muni ekki gerast? Enda kom það fram í ræðu hjá hæstv. forsrh. að núna væri tími til að taka ákvörðun til þess að þenslan gæti haldið áfram. Það væru líkur á að þetta færi að dala, þ.e. að áhrifin af því sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um færu að dala eftir eitt eða tvö ár. Menn vilja halda Hrunadansinum áfram.

Hæstv. forseti. Það er hingað á þetta svæði sem peningarnir fara ef menn vilja reiða svo hátt til höggs í efnahagsmálum. Það er hér sem er teiknað. Það er hér sem er planað. Efnið er flutt hingað inn til landsins. Áhrifin á landið munu verða nákvæmlega þau sömu og orðið hafa á liðnum tveimur til þremur árum. Ætla menn að horfa fram á þetta? Vilja menn þetta? Vilja menn að þjóðin standi á stöðugu þenslumarki? Er það markmiðið? Það er ekki markmiðið með samfélagsrekstri. Hér hlæja þeir sem eru fulltrúar fyrir verslun og viðskipti og hið frjálsa markaðskerfi. En mönnum er ekki hlátur í huga. Það skal ég segja mönnum, hæstv. forseti, að það að taka svona ákvarðanir er ekkert spaug og ekki einkamál neins svæðis. Þetta gildir fyrir landið allt og það skulum við hafa í huga.

Sjálfbær orkustefna byggir á því að við notum þá orku sem til ráðstöfunar er til að beisla í framtíðinni til að búa í haginn þannig að við getum sjálf horfið frá mengandi orkugjöfum. Svo einfalt er það. Hafi einhverjir misskilið okkur með það þá felur sú stefna í sér mikla uppbyggingu virkjana í takt við þá þróun.

Hér í ræðustólnum hefur verið rætt um að eiginlega borgi sig ekki að nýta orkuna þannig heldur þurfi að taka hana í stórum höggum og selja til stóriðju. Samt voru málin þannig fyrir fjórum árum að þrátt fyrir afgangsorku úr Blönduvirkjun, sem var hægt að selja til innanlandsnota, m.a. til garðyrkjubænda og fyrirtækja, að það ár varð metár í hagnaði Landsvirkjunar, ég veit ekki betur. Og hvað segja menn þá? Ég veit ekki betur en Landsvirkjun hafi tapað peningum

síðan ballið hófst, sem kannski er eðlilegt vegna þess að hún hefur staðið í miklum fjárfestingum.

En þetta eru ekki einföld mál. Ég krefst þess að Alþingi Íslendinga horfi á hlutina heildstætt. Það er gamaldags að hv. þm. fari út um sveitir og borg og bæ og lofi verkefnum á þennan hátt. Okkar hlutverk er að hafa heildarsýn og búa til ramma þannig að þjóðin og félagasamtök standi að uppbyggingu og vinni á heilbrigðum nótum. Það verður ekki unnið á heilbrigðum nótum í þessu landi ef við hlutumst ævinlega til með tugmilljarða innspýtingu í krafti ríkisins á þennan hátt. Við eigum að fara fetið. Ekkert, hæstv. forseti, segir að það sé afturhvarf til moldarkofanna. Það eru útúrsnúningar og þannig málflutningur á engan rétt á sér. Fólk sem talar um nýja sýn og vistvæna stefnu vill taka upp annan lífsstíl. Sá lífsstíll byggir á því að hugsa sinn gang og, eins og við höfum skrifað undir á mörgum stöðum og erum meira að segja komnir með í gang gagnvart sveitarfélögunum, skila þessari plánetu, hóteli okkar, jörðinni, a.m.k. í svipuðu og helst betra ástandi til afkomenda okkar. Þetta er mjög einfalt og skýrt.

Virðulegi forseti. Ég vil aftur koma að landsbyggðarmálunum. Við erum að tala í þvílíkum upphæðum að ég efast um — nú er talað um að almenningur erfitt með að skilja það sem spurt er um í skoðanakönnunum — að nokkur geri sér grein fyrir þeim upphæðum sem um er talað. Ég held að mjög fáir landsmenn átti sig á, það upplifir maður úti í bæ, að hér er um að ræða framkvæmd, 480 þús. tonna álver, sem geti kostað um 200 milljarða. Ég efast um að fólk átti sig almennt á því hvaða upphæðir það eru og setji það í samhengi. Ég efast um að margir átti sig á því að þetta er svipað allri orkuframleiðslu okkar í dag. Þetta eru ótrúlegar tölur. Það sem talað er um til uppbyggingar á landsbyggðinni eru bara smáaurar í samanburði við þetta.

Virðulegi forseti. Ég vona að við getum tekið umræðuna upp á þessum grunni. Landsbyggðin og Ísland þarf ekki á áframhaldandi hráefnisframleiðslustefnu að halda. Unga fólkið í dag, vel menntað, það erum við Íslendingar, vill fjölbreytt atvinnulíf. Við erum að glata möguleikum með þessari stóriðjustefnu á úrvinnslu og fullvinnslu á mörgum sviðum vegna þess að við sjáumst ekki fyrir.

Menn meta það svo að virðisauki í fiskútflutningi gæti, ef vel væri á málum haldið, farið úr 85 milljörðum í svona 120–140 milljarða. Þetta er margra ára verkefni. Það er ekki ólíklegt vegna þess að t.d. Danir frændur okkar veiða 2 milljónir tonna eins og við. Ég veit ekki betur en að þeir geri 130–140 milljarða úr sínum afla. Svona er þetta með flestar atvinnugreinar. Landsbyggðin mun ekki njóta þess og þrífast á að við höldum áfram þessum hráefnisdansi, það er okkar trú.

Þess vegna, virðulegi forseti, fer ég þess á leit að menn opni augun fyrir því sem er nauðsynlegt, hvað svo sem hefur verið gert á undanförnum árum í ákvarðanatöku. Okkar er að taka nýjar ákvarðanir og þetta verkefni verður að fara í lögformlegt umhverfismat. Þá verður væntanlega lagt mat á þau atriði sem ég hef verið að nefna. Í þessu stóra samhengi er það afgerandi varðandi það hvernig við ætlum að lifa í þessu landi.

[21:51]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn bætir í hjá þingflokki vinstri grænna. Nú segir hv. þm.: Við viljum virkja. Því spyr ég: Hvar skal virkja? Má virkja í Bjarnarflagi? Hv. þm. spyr hins vegar: Hvernig á að nýta? Fróðlegt væri að heyra einhver svör við því.

Merkast í ræðu hv. þm. var þó fullyrðing um að þetta væri ekki landsbyggðarmál heldur landsmál. Því er spurt: Hvaða mál eru landsbyggðarmál en ekki landsmál? Hvar eru skilin þar á milli?

Vegna þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat ekki skýrt fyrir mér þær breytingar sem hafa orðið á afstöðu hans varðandi ýmislegt sem hann sagði árið 1990 vil ég gera eina tilraun enn til að fá skýringu. Ég treysti því að hv. þm. sem hér talaði síðast geti gefið mér skýringu eða a.m.k. sagt hvort hann er sammála eða ósammála því sem haft er eftir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þar sem hv. þm. fjallar um afstöðu sína til álvers árið 1990:

„Ég hef fyrst og fremst rekið það á almennum byggðapólitískum forsendum, sem sagt þeim að ef svona fyrirtæki eigi að rísa þá eigi það að gerast utan suðvesturhornsins því annað muni það sannarlega, bæði beint og vegna óbeinna áhrifa, valda enn óhagstæðari hlutföllum milli landsbyggðar og þéttbýlisins við Faxaflóa.“

Er hv. þm. sammála þessu eða hafa slíkar breytingar orðið á að þessi viðhorf eigi ekki lengur við?

[21:54]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst makalaust að hv. þm. skuli láta sér detta í hug að biðja mig að svara fyrir hönd Steingríms J. Sigfússonar. Hann hefur verið þekktur fyrir að geta svarað fyrir sig sjálfur. Ég ætla því ekki að gera það.

En, hvar á að virkja? Ég ætla ekki að falla í þá gryfju að segja hvar á að virkja. Ég er hér til þess að marka stefnu, að ég hélt, og kosinn til þess. Ég ætla heldur ekki að gera tillögur um það hvar eigi að brúa o.s.frv., ef hv. þm. heldur það. Til þess eru aðrir menn ráðnir. Ég hélt að ég væri hingað kjörinn til að marka stefnu um framtíð og þróun þessa samfélags.

Ég fullyrði enn og aftur og stend við að ákvarðanir af þessu tagi, hálfopinberar eða næstum að öllu leyti opinberar, eru auðvitað landsmál. Þetta er ekki landsbyggðarmál. Þetta gildir um allt Ísland og ég hélt að það hefði komið skýrt fram í ræðu minni að ákvörðun um svo stórkostlega innspýtingu í efnahagskerfið, sem þessi verkefni undanfarin ár hafa verið, hefur áhrif á allt landið. Er það ekki landsmál að hingað hafa flust m.a. tvö þúsund fleiri en eðlilegt getur talist?

[21:55]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er hér kominn til að marka stefnu. Gott og vel, það erum við trúlega flest. Við höfum hins vegar leyft okkur að hafa skoðanir á ýmsum framkvæmdum. Ég bað hv. þm. ekki um að nefna eina einstaka virkjun, en gaman hefði verið að heyra hugmyndir um hvar hugsanlega mætti virkja.

En þar sem hv. þm. tilkynnti að hann væri hér til að marka stefnu en ekki að benda á einstakar framkvæmdir væri fróðlegt að heyra frá hv. þm. hvort hann hafi ekki skoðanir t.d. á vegaframkvæmdum í Norðurlandskjördæmi eystra.

[21:56]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað hef ég skoðanir á því eins og á öllum öðrum málum. Ég var að frábiðja mér að þurfa að vera á verklegum fundi hér. Það hæfir ekki vinnu þingsins og hefur kannski verið til trafala um margra áratuga skeið.

Það er skoðun mín eins og glögglega hefur komið fram á undanförnum dögum og vikum. Ég tel að það hafi verið einn af okkar stærstu akkillesarhælum og staðið landinu fyrir þrifum hvað varðar alla stjórnsýslu hve stutt er á milli framkvæmdarvaldsins og þingsins. Þess vegna er varla svaravert hvort maður hafi skoðanir á vegum, auðvitað hef ég þær. En ég teikna ekki brýr.

[21:57]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni um að unga fólkið vill fjölbreytt atvinnulíf. Það á ekki bara við um unga fólkið heldur fólk á öllum aldri. Það kom mjög glöggt fram í ítarlegri könnun sem Stefán Ólafsson prófessor gerði fyrir Byggðastofnun í fyrra að langstærsti orsakavaldurinn að flutningi fólks af landsbyggðinni er einhæfni atvinnulífsins. Þess vegna finnst mér það gríðarlega gott innlegg í að auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni, þ.e. á Austurlandi, að fá stórt og öflugt iðnfyrirtæki á Reyðarfjörð, fyrirtæki með 270 störf og annað eins í tengdri þjónustu. Þetta eru störf fyrir allar gerðir launþega: verkafólk, skrifstofufólk, tæknimenntað fólk o.fl. Síðan þarf náttúrlega þjónustu iðnaðarmanna og fjölmargra annarra þjónustuaðila. Við höfum séð í stóriðjufyrirtækjum hér í kringum okkur að þessu fylgir gríðarleg fjölbreytni í störfum.

Þess vegna held ég að það sé mikil og góð sending að fá þetta fyrirtæki á Austurland. Ég minni á það sem ég sagði í ræðu minni í gær að störf við þessi stóriðjufyrirtæki eru mjög eftirsótt. Ég nefndi sem dæmi að í Sementsverksmiðjunni á Akranesi, sem hefur verið starfrækt á fimmta áratug, hefur stærsti hluti starfsmanna unnið í 20–30 og upp í 40 ár. Í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga hefur stærsti hluti starfsmanna starfað frá því hún var stofnuð fyrir 21 ári. Í álverinu í Straumsvík er meðalstarfsaldur 20 ár. Og þegar Norðurál var stofnað fyrir tveimur árum og auglýst eftir starfsmönnum þá komu ellefu hundruð umsókna. Þetta eru með eftirsóttari störfum í þjóðfélaginu hvort sem mönnum líkar betur eða verr.

[21:59]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Guðjón Guðmundsson erum sammála um að fjölbreytni er þörf. En það gilda ekki önnur lögmál um samfélagið Íslandi en um önnur samfélög. Því verður ekki á móti mælt að sú hraða og mikla uppbygging og mikla innstreymi fjármagns á stuttum tíma hefur valdið hliðarverkunum sem eru ákaflega slæmar, vægast sagt. Við þurfum að hafa yfirlit yfir það. Það er lágmarkskrafa. Ætlum við alltaf að hafa samfélagið alltaf í einhverju uppnámi, svokölluðum uppgangi og loka augunum fyrir hliðarverkunum?

Það vita allir að þenslan á höfuðborgarsvæðinu á rætur að rekja að stórum hluta til þess að þetta er gert óskynsamlega. Það er þessi yfirsýn sem ég krefst að við höfum á hinu háa Alþingi. Ef við höfum þessa yfirsýn og ef við gerum okkur grein fyrir því t.d. að slík ráðstöfun hækki húsaleigu um 40% og við ákveðnum það samt, þá það. En það er rangt að gera það án þess að hafa þessa yfirsýn og meta það. Það er okkar hlutverk að standa þannig að málum að við setjum svona framkvæmdir, svona stór verk, svona stórar ákvarðanir, í lögformlegt umhverfismat, þannig að heildaryfirsýn náist.

[22:00]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á þeim stutta tíma sem við hver og einn höfum hér til ráðstöfunar er ekki möguleiki á að fara nema í nokkur atriði þessa stóra máls.

Hæstv. forsrh., sem ekki er hér viðstaddur frekar en svo oft áður, ásakar Samfylkinguna fyrir að hafa ekki skoðun á framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun hér og nú. Hans eigin ríkisstjórn setti lög um mat á umhverfisáhrifum. Hvert er inntak og erindi þeirra laga? Það er nákvæmlega það að móta ekki endanlega afstöðu til framkvæmda fyrr en umhverfismat hefur farið fram. Þessi lög voru sett af hans eigin ríkisstjórn. Og hafi hann einhverjar sérstakar skyldur sem forsrh. þá eru þær fyrst og fremst að andi þeirra laga sem hann beitti sér fyrir að yrðu sett sé virtur. Þegar hann krefst þess að fólk hafi skoðun á stórframkvæmdum áður en mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir þá er hann að krefjast þess að menn sniðgangi anda þeirra laga sem sett voru af hans eigin ríkisstjórn.

Hann spyr um traust á stjórnmálamönnum. Hvernig öðlast stjórnmálamenn traust? Öðlast þeir traust með því að láta sig engu varða reglur um vinnubrögð sem þeir sjálfir hafa sett þegar þeim sjálfum svo þóknast? Er það þannig sem stjórnmálamenn eiga að öðlast traust? Ef þeim þóknast að virða ekki reglur sem þeir hafa sett, anda laga sem hafa verið sett af þeim sjálfum, skapar það þeim þá traust?

Hæstv. forsrh. hefur líka sagt að málið snúist bara um álit tveggja manna, skipulagsstjóra og umhvrh., og það sé eingöngu það sem Samfylkingin sé að biðja um. Það er algjörlega rangt. Lögin um mat á umhverfisáhrifum tiltaka ákveðið vinnuferli sem skipulagsstjóri hefur verkstjórn með. Það vinnuferli er þess eðlis að hlutlausir sérfræðingar eiga að skoða með gagnrýnum augum frumumhverfismat hagsmunaaðila. Þeir eiga að sinna hlutverki sem alþingismenn eru allsendis ófærir um. Á grundvelli slíks mats hlutlausra sérfræðinga á síðan að komast að niðurstöðu. Þeirri niðurstöðu getur umhvrh. breytt en þá liggur alveg fyrir að hann sé að víkja frá niðurstöðu hlutlausra sérfræðinga í málinu. Það er því ekki verið að spyrja um persónulegt álit skipulagsstjóra eða persónulegt álit umhvrh. heldur er verið að biðja um að hlutlausir sérfræðingar fari yfir frumumhverfisathuganir hagsmunaaðila og gefi sitt álit á þeim. Auk þess er gert ráð fyrir að í þessu ferli fái almenningur andmælarétt.

Virðulegi forseti. Ef niðurstaða slíks mats verður sú að fyrirhuguð framkvæmd brjóti gegn umhverfissjónarmiðum þá á ekki að vinna þá framkvæmd. Ef niðurstaða hinna hlutlausu sérfræðinga verður hins vegar sú, álit þeirra er að framkvæmdin brjóti ekki gegn umhverfissjónarmiðum þá mun ég styðja slíka framkvæmd.

Hæstv. forsrh. hefur sagt að skipulagsstjóri sé vanhæfur til að fjalla um þessi mál. Ef það er rétt eru lögin um mat á umhverfisáhrifum ónýt því að hver annar en hann á þá að fjalla um málið? Það kemur nefnilega í hlut þessa sama einstaklings að verkstýra umfjöllunarferlinu á umhverfismati á álveri við Reyðarfjörð, sem er hinn þáttur þeirra framkvæmda sem hér er verið að ræða um. Þar er verkstjórnin í höndunum á skipulagsstjóra og á að vinnast eins og ég lýsti því hér áðan. Ef sá einstaklingur er ófær um að hafa með höndum verkstjórn á mati á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar þá er hann jafnófær um að hafa með höndum verkstjórn á umhverfismati á áhrifum byggingar álvers við Reyðarfjörð. Forsrh. sem lætur að því liggja að embættis-

maður sé óhæfur til þess að vinna verk sem löggjöfin hefur falið honum að tilhlutan hins sama forsrh., ber þá skylda til að láta gera breytingu á lögunum, a.m.k. þannig að sé óhætt að treysta því að forsrh. treysti þeim embættismönnum sem eiga að framfylgja lögunum. Það hefur hann hins vegar ekki gert.

Ég hef hlustað hér á hvern stjórnarsinnann á fætur öðrum lýsa því að skýrsla Landsvirkjunar um umhverfismál sé fullgild sem frummat á umhverfisáhrifum sem lögin gera ráð fyrir að myndi grundvöll vinnuferlisins. Ég er ekki sérfræðingur á því sviði og því ekki fær um að dæma hvort svo er. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur hins vegar bent á nokkra bresti í þessari umhverfisskýrslu Landsvirkjunar. En tökum orð stjórnarsinnanna gild. Göngum út frá því að rétt sé að frumumhverfismat Landsvirkjunar sé fullgilt. Hvert er þá framhaldsferlið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum?

Þá er framhaldsferlið skv. 10. gr. laganna að skipulagsstjóra ber að birta auglýsingu um niðurstöðu frummatsins innan tveggja vikna frá því að hann fær það í hendur. Hann ætti með öðrum orðum að birta auglýsingu um niðurstöðu þessa frummats í byrjun desembermánaðar nk. Síðan á að skila athugasemdum eigi síðar en fimm vikum eftir birtingu þessarar auglýsingar og einni viku síðar á skipulagsstjóri að birta úrskurð sinn. Heildarferlið frá því hann birtir sína fyrstu auglýsingu tekur sem sé átta vikur samtals þannig að umfjöllunarferli hans ætti að ljúka um mánaðamótin febrúar/mars. Þá hefst kæruferlið sem ákvæði er um í 14. gr. laganna og byrjar það á fjögurra vikna kærufresti. Þegar sá kærufrestur er liðinn skal umhvrh. birta eigi síðar en átta vikum eftir að fresti þeim lýkur úrskurð sinn. Heildarferlið frá fyrstu auglýsingu er sem sé 20 vikur eða fimm mánuðir, vel að merkja séu fullyrðingar stjórnarsinna réttar um að umhverfismat Landsvirkjunar sé fullgilt mat á umhverfisáhrifum. Séu þær fullyrðingar réttar á endanleg niðurstaða ferlisins að liggja fyrir eigi síðar en í lok aprílmánaðar á næsta ári, tveimur til þremur mánuðum áður en í framkvæmdir skal ráðast samkvæmt samkomulaginu við Landsvirkjun. Taki ferlið hins vegar lengri tíma þá er það einfaldlega vegna þess að umhverfismat Landsvirkjunar reyndist ekki vera það fullgilda frummat á umhverfisáhrifum sem stjórnarsinnar fullyrða að það sé og þá eru þeir komnir í mótsögn við sjálfa sig því að þá eru forsendur fyrir málatilbúnaði þeirra á Alþingi fallnar.

Með öðrum orðum, þeir hafa fullyrt að Alþingi geti tekið ákvörðunina á grundvelli þess að skýrsla Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum sé fullgild sem frumgagn þannig að á grundvelli hennar sé hægt að taka afstöðu, það þurfi ekki frekari vitna við. Sé sú fullyrðing rétt þá tekur meðferðarferlið ekki nema 20 vikur. Sé meðferðarferlið lengra þá er það vegna þess að skýrsla Landsvirkjunar er ekki fullnægjandi, það þarf að bæta við athugunarefnum og þá er málatilbúnaðurinn frammi fyrir Alþingi fallinn um sjálfan sig, því að þá er sú skýrsla sem Alþingi er ætlað að taka ákvarðanir samkvæmt ekki fullnægjandi.

Með málatilbúnaðinum núna er líka verið að búa til nýtt ferli til ákvörðunar um framkvæmdir fram hjá gildandi lögum um umhverfismat eins og ljóslega kemur fram í umfjöllun Morgunblaðsins í dag. Með öðrum orðum, eftir að hagsmunaaðili framkvæmda hefur lokið gerð frummats á umhverfisáhrifum verður annaðhvort hægt að leggja það fyrir skipulagsstjóra til framhaldsmeðferðar eins og lögin um umhverfismat gera ráð fyrir eða að senda það sem þingmál inn á Alþingi og láta Alþingi taka við framhaldsmeðferð umhverfismatsins og afgreiða síðan heimild til framkvæmda annaðhvort með einfaldri þingssamþykkt eða með sérlögum líkt og gert var áður en lögin um umhverfismat voru sett. Þessi málsmeðferð stjórnarsinna er sem sé til þess fallin að opna bakdyr fram hjá almennum leikreglum ef ráðherrum þóknast. Verið er að búa til tvenns konar ferli hlið við hlið, annað samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og hitt samkvæmt þeirri siðvenju sem hér er verið að taka upp.

Samfylkingarmönnum, og þá sérstaklega alþýðuflokksmönnum, hefur verið legið á hálsi fyrir að þeim hafi skyndilega snúist hugur í málinu. Það er rangt. Það hefur margkomið fram að Fljótsdalsvirkjun var ekki í huga alþingismanna vorið 1993 þegar undanþáguákvæðið var sett í lögin um umhverfismat, hvað þá heldur allar þær virkjunarframkvæmdir sem fram kom í nýlegu svari iðnrh. við fyrirspurn frá mér, að hann teldi vera undanþegnar ákvæðum um umhverfismat samkvæmt þessu margnefnda undanþáguákvæði. Þau mál voru einfaldlega aldrei skoðuð vorið 1993.

Þegar ljóst var hins vegar að undanþáguákvæðið gæti orðið eins víðtækt og iðnrh. túlkar það nú, var brugðist við af okkar hálfu. Það gerðum við fyrir tveimur árum, en á þinginu 1997–1998 flutti ég ásamt öllum þingmönnum jafnaðarmanna og þingmönnum Kvennalista frv. til laga um eignarhald á virkjunarrétti fallvatna og gjald fyrir nýtingu virkjunarréttar. Í 2. gr. þess frv. var skýrt kveðið á um að þó að einstakir aðilar fengju að halda öllum þeim heimildum til virkjunarframkvæmda sem þeim hefðu verið veittar í áranna rás væri þeim óheimilt að hefja framkvæmdir fyrr en mat á umhverfisáhrifum hefði farið fram lögum samkvæmt.

Tvö ár eru því liðin frá því að jafnaðarmenn á Alþingi brugðust við þeim vanda sem nú er upp kominn vegna víðtækrar túlkunar á undanþáguákvæðum laga um umhverfismat. Sá málatilbúnaður er af okkar hálfu tveggja ára gamall en ekki nýskeð uppákoma eins og stjórnarsinnar halda fram.

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi mjög skýrt fram að okkar tillaga í málinu er sú að anda laga um mat á umhverfisáhrifum verði fylgt um allar meiri háttar framkvæmdir sem kynnu að raska umhverfi okkar Íslendinga. Við teljum að áður en menn gera upp hug sinn til slíkra framkvæmda eigi menn að styðjast við slíkt mat og skiptir þá engu máli í mínum huga hvort menn eru fyrir fram að gera upp hug sinn um að vera með framkvæmdunum eða móti. Það stríðir gegn anda íslenskra laga eins og þau eru nú að gera upp hug sinn til slíkra framkvæmda án þess að hafa fyrst í höndum mat á áhrifum framkvæmdanna á umhverfið.

Ég ítreka að það nær engri átt og ég vona að enginn alþingismaður sé reiðubúinn til að hefja og ljúka slíkum stórframkvæmdum ef mat á umhverfisáhrifum er neikvætt. Ef niðurstaða hlutlausra sérfræðinga sem fjalla eiga um málið er sú að umrædd framkvæmd sé í lagi frá umhverfissjónarmiði og jafnframt hagfelld fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og einstakra landshluta þá á að ráðast í framkvæmdirnar. En mergurinn málsins er að við skulum hafa rétt vinnubrögð í málinu. Við skulum fylgja anda þeirra laga sem við höfum sjálfir sett og ekki marka okkur stefnu um framkvæmdir af þessu tagi fyrr en við höfum fengið þær upplýsingar sem lögin um umhverfisvernd gefa okkur rétt til.

[22:15]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég kem upp eru ummæli hv. þm. um forsrh. Þar sem ég er eini maðurinn í

þingsalnum sem hef verið ráðherra fyrir Sjálfstfl. í þeirri ríkisstjórn sem þá sat þykir mér rétt að upplýsa nokkuð um þau mál sem hv. þm. gerði að umtalsefni.

Fyrst er að segja að sá hv. þm. sem hér stóð hafði uppi mjög háleitar og víðfeðmar hugmyndir í ríkisstjórninni um hvað skyldi virkja. Hann sá fyrir sér að hvert vatnsfallið af öðru yrði virkjað svo hægt væri að flytja rafmagn út með streng til Evrópu. Mér er það sérstaklega minnisstætt að þegar að því kom að virkja Dettifoss þá tók ég fram í ríkisstjórninni: Hingað og ekki lengra. Ég sit ekki í þeirri ríkisstjórn sem virkjar Dettifoss. Þannig var nú andrúmsloftið í þeirri ríkisstjórn.

Þegar talað er um það hverjir fari bak við lög og hverjir vilji ekki standa við þær reglur sem unnið er eftir vil ég minna á að virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun var veitt fjórum dögum eftir kosningarnar 1991, af páv. ráðherra Alþýðuflokksins, Jóni Sigurðssyni, sama manni og gerði það að úrslitaatriði, meðan við reyndum að draga saman í fjármálum ríkisins og spara, að gífurlegu fjármagni yrði varið til hafnarannsóknar á Keilisnesi með stóriðju þar fyrir augum og auðvitað stórvirkjanir á Austurlandi.

Í annan stað vil ég segja að hv. þm. Össur Skarphéðinsson gaf meðan hann var umhvrh. út framkvæmdaleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun. Ég hef það hér í höndum, 20. apríl 1994, þ.e. rétt rúmlega viku innan þess tímafrests sem bráðabirgðaákvæðið náði yfir í umhverfislögum.

[22:18]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú hefur það gerst að hæstv. aðalforseti kemur hingað og fer með fleipur og staðreyndaleysu. Það skiptir ekki meginmáli, heldur skiptir mestu að sá maður sem hefur verið valinn til þeirra trúnaðarstarfa að vera aðalforseti misnotar aðstöðu sína. Hann kemur hingað þegar ég á ekki kost á að svara honum, herra forseti. Hann kemur hér með áburð og gætir þess að koma inn í umræðuna og bera mig sökum þegar hann á að vita, ef hann hefur hundsvit á þingsköpum sem ég dreg í efa að hann hafi, að ég get ekki komið og svarað fyrir mig, herra forseti.

Ég fordæmi þetta og krefst þess að ég fái að koma hingað og bera af mér sakir. Ég vil líka segja það, herra forseti, að hæstv. aðalforseti ætti að skammast sín fyrir að misnota þingsköp með þessum hætti. Ég dreg í efa að hann sé hæfur til að vera forseti fyrst hann kemur svona fram.

[22:19]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri það í þingsölum að verið sé að bera á mann sakir og reyna að draga úr virðingu þingmanns með því að vitna til úrskurðar sem viðkomandi hv. þm. gaf sem ráðherra. Ég er að minna á verk hans á hlutlausan og hógværan hátt en það eiga svo að heita svívirðingar.

[22:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér leikur forvitni á að vita hvað í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar laut að fundarstjórn forseta. Mig langar að vita hvað það var. Ég heyrði ekki betur en að þingmaðurinn væri að gagnrýna hv. þm. Halldór Blöndal fyrir það hvenær hann tæki til máls í umræðunni. Með öðrum orðum gerir hv. þm. Össur Skarphéðinsson kröfu til að menn tali í ákveðinni röð, áður en hann er búinn með sinn málsrétt í umræðunni. Ég spyr, herra forseti, eru einhver ákvæði í þingsköpunum um að hv. þm. Össur Skarphéðinsson fái að ráða því hvenær hv. þm. Halldór Blöndal fær að tala? Ég spyr hæstv. forseta vegna þess að hann lét óátalið að svona dylgjur og reiðilestur, eins og stóð upp úr hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, færi hér fram. Þetta er ekki í takti við umræðuna sem hér hefur farið fram í dag og í gær, hin besta umræða, málefnaleg og góð. Þó að menn hafi haft andstæð sjónarmið þá hefur hún verið málefnaleg, góð og snörp, en þetta innskot var ekki við hæfi, herra forseti.

[22:21]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér þykir það miður að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, skuli telja þetta reiðilestur. En það er rétt hjá hv. þm. að mér rann nokkuð í skap, ekki vegna þess að hér væri vikið að mér eins og hæstv. forseti gerði heldur vegna þess að hér talaði sá hv. þm. sem á að stýra þessari umræðu og gæta þess að menn sýni drengskap í umræðunni.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. kom hingað í andsvar við hv. þm. Sighvat Björgvinsson. Hann kom þá fram með ákveðnar sakir á mig og mistúlkaði ákveðna atburðarás án þess að ég gæti komið inn í umræðuna til að svara því, herra forseti. Það þykir mér auðvitað afskaplega slæmt. Þetta tel ég ódrengilegt. Sá maður sem síst á að gera svona er sá sem valinn hefur verið til þeirra trúnaðarstarfa að gæta þingskapa, líka hinna óskráðu. Forseti þingsins hefur oftar en ekki hefur minnt menn á að gera ekki það sem hv. 1. þm. Norðurl. e. gerir nú afskaplega ódrengilega.

[22:22]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal er besti maður en hins vegar ekki alltaf með á nótunum. Vorið sem lögin um umhverfisvernd voru sett var ég nefnilega heilbrrh. og hafði engin afskipti af orkumálum. Þegar ég tók við orkumálunum og þar til ég hætti afskiptum af þeim vorið 1995, var Fljótsdalsvirkjun aldrei á dagskrá í iðnrn. Á vegum ráðuneytisins og Orkustofnunar var hins vegar tekinn saman listi og gefinn út í bók yfir alla mögulega og ómögulega virkjanakosti á Íslandi, yfir sjálfsagða virkjunarkosti sem og algjörlega fráleita. Bókinni var dreift til alþingismanna og kynnt á ríkisstjórnarfundi. Það er rétt að þegar hv. þm. Halldór Blöndal sá bókina þá sagðist hann vera á móti virkjun á Dettifossi. Ég svaraði honum því að það væri ég líka. Við vorum mjög sammála um það við hv. þm. En sú virkjun var aldrei á dagskrá í iðnrn. fremur en Fljótsdalsvirkjun þannig að svar hv. þm. við ræðu minni hér áðan byggist á því sem oft getur hent þann góða mann. Hann var ekki alveg með á nótunum.

[22:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem gaf út virkjunarleyfi 24. apríl 1991. Hafi ég sagt það þá hafa það verið algjör mismæli og mér líkt að rugla nöfnum. Það gerði páv. iðnrh. Jón Sigurðsson.

Hitt vil ég taka fram, vegna ummæla hv. þm. um að við sjálfstæðismenn vildum ekki fara eftir settum reglum auk þess sem hv. þm. hafði orð á því að umhverfislögin væru alhlít, líka gagnvart Fljótsdalsvirkjun og þeirri línulögn sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gaf leyfi fyrir í umhvrn. 20. apríl 1994, vil ég ítreka það sem ég sagði áðan: Það er auðvitað ekki að fara eftir leikreglum að gefa slíkt leyfi út tíu dögum áður en bráðabirgðaákvæðið fellur niður. Það er ekki í anda þeirra vinnubragða sem formaður Alþýðuflokksins

var að lýsa hér áðan. Um það er ég honum sammála.

[22:26]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun skal ekki skýlaust fara fram samkvæmt ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Andi þeirra laga er hins vegar sá að menn skuli ekki taka ákvarðanir um slíkar framkvæmdir öðruvísi en að slíkt mati fari fram. Þegar lög um mat á umhverfisáhrifum voru sett og undanþáguákvæði var gert þá var engum Fljótdalsvirkjun í huga, hvað þá aðrar virkjunarframkvæmdir sem hæstv. iðnrh. telur heimilar án þess að umhverfismat fari fram.

Tvö ár eru liðin síðan við jafnaðarmenn brugðumst við þessari niðurstöðu með tillöguflutningi hér á Alþingi. Nú síðast fyrir nokkrum dögum lögðum við fram lagafrv. þar sem lagt er bann við því að framkvæmdir, ekki bara við Fljótsdalsvirkjun heldur allar stækkanir og nýjar virkjanir sem heimildir hafa verið gefnar til áður, fari ekki af stað nema umhverfismat fari fram. Það er brot á anda laganna um umhverfismat að ráðamenn í þjóðfélaginu skuli ætla sér að skjóta fyrst og spyrja svo. Þeir ætla sér að taka ákvarðanir um framkvæmd af þessu tagi án þess að uppfylla þau ákvæði um mat á umhverfisáhrifum sem lögin mæla fyrir um. Þeim er það ekki til sóma og heldur ekki að reyna að opna bakdyr hér inn á Alþingi, fram hjá þeim reglum sem settar hafa verið í þessu efni.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[22:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að bera af mér sakir. Hv. 1. þm. Norðurl. e. bar mig eiginlega þremur sökum og stafa sennilega tvær hinar fyrri af því að honum er málið gersamlega ókunnugt. Hann sagði í ræðum sínum hér áðan að ég hefði gefið framkvæmdaleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun og síðan gefið virkjunarleyfi, hvort tveggja er auðvitað rangt. Síðan sagði hann að ég hefði gefið leyfi fyrir, herra forseti, að ég hefði gefið leyfi fyrir Fljótsdalslínu.

Þá er rétt að fara yfir hvernig það mál var, herra forseti. Árið 1991 eða 1992 var gerð tillaga að svokallaðri Fljótsdalslínu. Um hana höfðu verið miklar deilur en skipulagsmeðferðinni allri var lokið árið 1992, ári áður en ég kom í umhvrn. Árið 1994, að öllum líkindum, var komið með þetta til staðfstingar í ráðuneytinu og skipulagsstjóri mælti með því að skipulag línunnar yrði staðfest. Ákveðinn hluti línunnar, sem lá frá Akureyri að Veggjafelli, var algjörlega óumdeildur. Um hann var fjallað sérstaklega í nefnd þar sem allir þingflokkar áttu fulltrúa, m.a. Hjörleifur Guttormsson. Það var búið að fjalla um þennan hluta línunnar í Náttúruverndarráði og enginn gerði athugasemdir við hann.

Herra forseti. Hins vegar stóðu miklar deilur um seinni hluta línunnar. Og hvað gerði ég? Ég staðfesti þann hluta línunnar sem engar deilur voru um. Hvað gerði ég við restina, herra forseti? Ég gaf þau fyrirmæli að hin nýja tillaga, þ.e. af austurhluta línunnar sem eftir var, mundi hljóta umfjöllun samkvæmt lögum, þar á meðal lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Herra forseti. Það sem ég gerði og hv. þm. veit greinilega ekkert um var að ég tók þann hluta línunnar sem umdeildur var og beindi honum í umhverfismat. (**Gripið fram í:** Af hverju ekki alla?) Það voru engar deilur. Allir voru sammála um restina. Það voru allir sammála um þennan hluta frá Akureyri að Veggjafelli, og ég staðfesti hann, en sá hluti sem deilur stóðu um var settur í umhverfismat. Eina ályktunin sem menn geta dregið af því í sambandi við þetta er að auðvitað hefði þessi ríkisstjórn átt að fara nákvæmlega eins að, taka það sem umdeilt er og setja það að sjálfsögðu í umhverfismat.

[22:31]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þá var hann ekki að bera af sér sakir, þannig að rétt hefði verið að taka af honum orðið. Þvert á móti kom hann hér upp til þess að bera á annan þingmann sakir. Ég hef satt að segja aldrei fyrr kynnst hér annarri eins ósvífni enda var málflutningurinn með þeim hætti.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég er hér með í höndum þá auglýsingu sem ég gat um og ég tel mér skylt og rétt að lesa hana upp vegna þeirra ávirðinga sem hér voru bornar fram, með leyfi forseta:

„Auglýsing um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu I, vestari hluta frá Akureyri að Veggjafelli.

Samkvæmt skipulagslögum, nr. 19/1964, hefur ráðuneytið þann 20. apríl 1994 staðfest legu Fljótsdalslínu I frá Akureyri að Veggjafelli.

Uppdráttur fyrir legu háspennulínunnar hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög, nr. 19, 21. maí 1964, mæla fyrir um. Uppdráttinn hefur skipulagsstjórn ríkisins afgreitt til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisráðuneyti, 20. apríl 1994.

Össur Skarphéðinsson. Ingimar Sigurðsson."

Í ákvæði til bráðabirgða II í lögum um mat á umhverfisáhrifum stendur, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 17. gr. laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum."

Það er tíu dögum síðar. Svo geta menn velt fyrir sér hver er að svívirða hvern.

[22:32]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Aðalatriði málsins eru einfaldlega þessi: Skipulagsmeðferðinni var lokið 1992 um þann part línunnar sem engar deilur voru um í sérstaklega skipaðri nefnd þar sem allir þingflokkar áttu fulltrúa. Það staðfesti ég. Það sem deilur voru um setti ég í umhverfismat samkvæmt lögunum. Svo einfalt er það nú.

[22:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér gerist það á þessum þingfundi að forseti þingsins snuprar samforseta sinn í ræðustóli fyrir fundarstjórn hans. Ég ætla að leyfa mér að vekja athygli á því að í nágrannalöndum okkar leggja forsetar þingsins svo mikla áherslu á hlutleysi sitt gagnvart þingmönnum og flokkum að þeir jafnvel hætta að sækja þingflokksfundi í flokkum sínum.

Hér gerist það hjá okkur í hitamáli og pólitísku máli, herra forseti, sem fulltrúar Sjálfstfl. hafa oft nefnt svo í þessari umræðu, að forseti Alþingis stígur úr forsetastóli og fer í andsvör á þann hátt að þingmenn telja sig nauðbeygða að óska eftir að ræða fundarstjórn forseta. Og þegar það hefur verið gert þá kemur forseti Alþingis, aðalforseti Alþingis, og snuprar samforseta sinn. Ég verð að lýsa því, herra forseti,

að þessi uppákoma hér kemur mér svo á óvart að ég óttast að hún eigi eftir að draga dilk á eftir sér.

[22:34]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég heyri að forsetar þingsins megi ekki taka þátt í umræðum. Ég vil minna hv. þm. á jafnbeinskeyttan og rökfastan forseta og Þorvald Garðar Kristjánsson sem var einn af virðulegustu forsetum Alþingis. Aldrei heyrði ég því hreyft hér á þingi að hann mætti ekki hafa sínar skoðanir eða taka til máls í þinginu meðan hann var forseti sameinaðs þings.

[22:35]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég var hérna, skildist mér, áðan í miðju ræðuferli, en ég vil skjóta því að hæstv. forseta hvort ekki væri rétt að fresta bara framhaldinu þangað til á morgun, þ.e. andsvörunum sem eftir eru, svo menn geti haldið áfram að spjalla um fundarstjórnina.

[22:36]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Á haustdögum 1995 náðust samningar og var tekin ákvörðun um að reisa þriðja kerskálann við álverið í Straumsvík. Þar með var rofin u.þ.b. 20 ára kyrrstaða í erlendri fjárfestingu varðandi stóriðju hér á landi. En það er óhætt að segja að á þessum 20 árum hafi mikið verið reynt af hálfu stjórnvalda á Íslandi til þess að laða hingað erlenda fjárfesta í stóriðju. Þrátt fyrir trú okkar á vilja erlendra aðila til þess að fjárfesta í stóriðju á Íslandi var staðreyndin samt sú að kyrrstaða ríkti hér í um 20 ára skeið. Vistvænir orkugjafar okkar Íslendinga reyndust ekki vera jafneftirsóknarverðir og við héldum. Fyrirtæki stóðu ekki í biðröðum til þess að komast hingað að okkar óbeisluðu vatnsorku eða gufuorku.

Við þurfum í þessu sambandi, herra forseti, að hafa í huga að frá fyrstu viðræðum við erlenda aðila hvað varðar virkjanir og stóriðju þá eru óravíddir að samningum og ég tala nú ekki um framkvæmdum. Það þurfa að fara fram rannsóknir, samningar, umræður um verð, fjárfestingu, mannafl, mat o.s.frv. Stóriðja og virkjanir eru með öðrum orðum unnin í langtímaáætlunum og það er einmitt á þeim vettvangi eins og öðrum sem það gildir að það þarf að veita rekstraraðilum ákveðna festu sem er grundvallaratriði í öllu atvinnulífi. En einmitt vegna þess að eðli málsins samkvæmt er unnið í langtímaáætlunum er mikilvægt að gerðir samningar standi.

Herra forseti. Með stækkun álversins í Straumsvík árið 1995 má segja að þess verður minnst sem táknræns fyrir upphaf þess efnahagsbata sem við nú njótum góðs af. Þá fyrst var kyrrstaðan rofin hvað varðar erlenda fjárfestingu og svo virðist sem við höfum fengið aukna trú og bjartsýni varð ríkjandi í íslensku atvinnu- efnahagslífi. Árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa: Vaxandi kaupmáttur, lækkandi skattar, við höfum náð tökum á ríkisfjármálum, vextir hafa lækkað og atvinnuleysinu ekki síst verið útrýmt.

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun liggur fyrir að árið 1997 var ábati íslenska efnahagslífsins af stóriðju 92 milljarðar kr. á 30 ára tímabili. Nú er rétt að spyrja sem svo, herra forseti: Hvernig væri íslenskt efnahagslíf, íslenskt atvinnulíf ef ekki hefði notið þessara 92 milljarða kr. sem með sanni má segja að séu verðmæti af stóriðju okkar hér á Íslandi? Það eru þau verðmæti sem vistvæn orka Íslendinga skapaði.

En þessi verðmæti kostuðu sínar fórnir og þarf ekki annað en líta til þeirra orkuvera sem reist hafa verið á umræddu tímabili og er óþarfi að telja þau hér upp. Þetta eru fórnir sem við höfum þurft að færa til þess að skapa þau verðmæti sem ég gat um. Og það er það mál sem við erum að fjalla um hér í hnotskurn, þ.e. 92 milljarða hagnaður inn í okkar samfélag andspænis ósnortinni náttúru og víðernum landsins. Það er nefnilega svo, herra forseti, að maðurinn er þurftarfrekur og maðurinn er hluti af náttúrunni. Við neyðumst til þess að velja og hafna. Nú stöndum við einmitt frammi fyrir því að við þurfum að velja á milli óhemjufagurs landslags og áframhaldandi fjárfestinga í stóriðju og atvinnuuppbyggingu. Um það snýst þetta mál og ekkert annað. Við þurfum að velja.

Inn í umræðuna hafa blandast orð eins og lögformlegt umhverfismat og á stundum í umræðunni hefur því orðalagi verið hagað þannig að skilja má þannig að verði ekki framkvæmt svonefnt lögformlegt umhverfismat sé alls ekki um neitt umhverfismat að ræða.

Því er auðvitað ekki svo farið, herra forseti. Það má fullyrða að enginn lófastór blettur á landi okkar hafi verið jafnmikið rannsakaður og það svæði sem hér er til umræðu við Eyjabakka og í tengslum við Fljótsdalsvirkjun. Umhverfismat hefur farið fram á því svæði í rauninni allt frá 1960 en þó markvisst síðan 1975. Ég fullyrði það, herra forseti, að það er rangt sem ýmsir hv. þm. hafa haldið fram, að um sé að ræða keypta niðurstöðu.

Við skulum átta okkur á því hverjir hafa unnið að þessu mati. Í fyrsta lagi eru það starfsmenn Orkustofnunar sem eiga engra hagsmuna að gæta. Það er þeirra hlutverk að leggja mat á umhverfið og kosti til virkjunar. Í annan stað eru það a.m.k. þrjú hlutlaus ráðgjafarfyrirtæki sem byggja tilveru sína á því að veita hlutlægt mat. Ég nefni jafnframt ýmsa sérfræðinga á vegum Náttúrufræðistofnunar eða með öðrum orðum, herra forseti: Ýmsir af helstu vísindamönnum landsins hafa komið beint eða óbeint að umhverfismati varðandi Fljótsdalsvirkjun. Þá má bæta við þingnefndum sem hafa heimsótt staðinn, hafa haldið námskeið varðandi Fljótsdalsvirkjun. Um fátt hefur verið skrifað og rætt meira í þjóðfélaginu að undanförnu og í fjölmiðlum en mat á umhverfisáhrifum vegna Fljótsdalsvirkjunar. Með öðrum orðum þá fer fram og hefur farið fram markvisst mat.

Hitt er svo annað mál að í því mati sem fram hefur farið er ekki fylgt út í æsar því sem kallað er lögformlegt umhverfismat, þ.e. kæruleiðinni er sleppt. Aðferðin að öllu leyti er sú sama nema kæruleiðinni er sleppt. Og hvers vegna er kæruleiðin ekki farin?

Ég vil nefna þrjár ástæður fyrir því, herra forseti. Í fyrsta lagi, vegna bráðabirgðaákvæðis laga um umhverfismat þá er rekstrarleyfið til staðar og þar af leiðandi þessi lögformlega kæruleið í rauninni útilokuð. Til marks um það hefur ítrekað verið bent á að framkvæmdir við þessa virkjun hófust, eins og sjá má, fyrir austan.

Í annan stað nefni ég sem ástæðu tilboð til yfirvalda á Íslandi og Landsvirkjunar frá Norsk Hydro, tilboð um að reisa hér álverksmiðju og til þess þarf orku og við þurfum að svara því tilboði á þeim tíma sem viðsemjendur okkar hafa lagt til.

Í þriðja lagi hefur leyfið ekki verið afturkallað þrátt fyrir ýmis tækifæri til þess. Áðan var m.a. nefnt að fyrrv. ríkisstjórn og þáv. hæstv. umhvrh. heimilaði Fljótsdalslínu I. Eins og nafnið bendir til þá byggir Fljótsdalslína I að sjálfsögðu á því að Fljótsdalsvirkjun sé til staðar. Þar gafst

þáv. ríkisstjórn færi á að afturkalla leyfið. Segja má að hv. Alþingi gafst á síðasta vetri tækifæri til þess að afturkalla leyfið þegar veitt var leyfi til virkjunar við Bjarnarflag. Þá fór fram ítarleg umræða hér sem og í hv. iðnn., en hvergi og aldrei í þeirri umræðu kom upp að afturkalla starfsleyfið vegna Fljótsdalsvirkjunar.

Virkjunarleyfið stendur með öðrum orðum og þetta eru þær þrjár ástæður sem ég tel að skipti máli hvað það varðar að kæruleiðin er ekki farin núna.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að Alþingi sýni ákveðna festu. Hér hefur verið nefnt að við þurfum að geta treyst lögum sem sett hafa verið. Og þá þurfa einnig þeir aðilar sem koma að rekstri, viðsemjendur okkar, fyrirtækin, að geta treyst því að þau lög og þeir samningar sem gerðir hafa verið muni standa og gildir það einnig um Fljótsdalsvirkjun.

En af hverju ekki að nýta kærufrestinn? Tíminn leyfir það ekki og til þess þurfum við að taka afstöðu. Viljum við taka áhættu? Hver er ávinningurinn og hver er áhættan?

Við skulum aðeins líta á áhættuna og skoðum þá umsögn frá Náttúruverndarráði. Árið 1981 segir Náttúruverndarráð að vissulega sé um að ræða fallegt landslag en þar þurfi meiri hagsmunir að ganga fyrir minni hagsmunum. Náttúruverndarráð gerir ekki athugasemdir árið 1981. Það staðfestir þessa skoðun sína 1991. Fegurðin er til staðar en byggðahagsmunir og efnahagsleg sjónarmið þurfa að ráða. Fyrir sitt leyti gerir Náttúruverndarráð ekki athugasemd við þetta árið 1991.

Það er rétt, herra forseti, að benda á að í athugasemdum sem bárust Náttúruverndarráði er ekki fjallað um lón við Eyjabakka heldur fyrst og fremst um aðveituskurði og möstur sem áttu að liggja yfir þvert og endilangt landið og m.a. þáv. hæstv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson heimilaði. Þessu hefur verið breytt, möstrin hafa verið felld burt og hinir opnu skurðir einnig verið felldir burt.

Hvað, herra forseti, hefur þá breyst? Ég tel að það sé einkum þrennt.

Í fyrsta lagi hefur tíðarandinn breyst. Árið 1995 var hér atvinnuleysi og stöðnun en atvinnuleysið hefur sem betur fer er horfið. Þar með hefur gildismatið breyst. Hins vegar hafa ýmsir fullyrt að þjóðin vilji lögformlegt umhverfismat. Jafnframt hefur komið fram að í tvígang á tíu ára bili framkvæmdi Félagsvísindastofnun Háskólans skoðanakönnun meðal þjóðarinnar og samkvæmt henni virðist lítið hafa breyst á þeim tíma. Með öðrum orðum eru fullyrðingar um vilja þjóðarinnar mjög hæpnar.

Í öðru lagi hefur það líka breyst að kratar, sem lengst af hafa barist fyrir Fljótsdalsvirkjun og lagt mikið á sig til þess, eru komnir í stjórnarandstöðu.

Í þriðja lagi koma til umhverfisrök sem skipta miklu máli. Sú breyting hefur orðið á að heiðagæsin virðist hafa tekið fasta búsetu við Eyjabakka sem ekki var áður. Árið 1975 voru rétt rúmlega 1.000 pör geldfugla við fellingar þar. Þetta eru þær breytingar sem hafa orðið. Það hefur verið gerð úttekt á hreindýrastofninum og fátt bendir til þess að framkvæmdir muni ógna honum. Gróður telst ekki það sérstakur eða einstakur að honum sé hætta búin. Sama gildir um annað fuglalíf. Tvennt stendur eftir af umhverfisrökum: gæsirnar og hinar sérkennilegu jarðmyndanir, svokallaðir hraukar.

En hver er ávinningurinn, herra forseti, andspænis þessum tveimur þáttum? Eini tilgangurinn með því að virkja þann vistvænasta kost sem til er hvað varðar virkjanir, vatnsorku okkar, er að efla hagsæld í landinu. Ávinningurinn er ferns konar.

Í fyrsta lagi sá að nýta vistvæna orkugjafa eins og hér hefur verið nefnt í ræðum. Það er siðferðileg skylda okkar að nýta vistvæna orkugjafa okkar vegna þess að þeir eru takmarkaðir og valið stendur á milli þess að nýta þá eða kol, olíu eða kjarnorku.

Í annan stað, herra forseti, eru það hin efnahagslegu rök. Það eru mikilvæg efnahagsleg rök að fjölga stoðum efnahagslífsins þannig að sveiflur í efnahagslífi verði minni. Ég nefni þar enn og aftur þann 92 milljarða ágóða sem við höfðum af stóriðju fram til ársins 1997. Þessi framkvæmd er talin auka þjóðarframleiðslu um 1,2% og skiptir miklu máli.

Ég nefni í þriðja lagi byggðaþróunina, sérstöðu Austurlands þar sem meiri frumframleiðsla er en í öðrum landsfjórðungum og er líklega meginástæðan fyrir hinum mikla brottflutningi af Austurlandi. Eins og fram hefur komið í ræðum manna þá eru þetta talin veigamikil rök, að snúa byggðaþróun þar við.

Í fjórða lagi nefni ég öryggisrökin sem hér hafa verið reifuð. Um það bil 40% af nýtanlegri vatnsorku okkar er norðan Vatnajökuls en megnið af raforkuframleiðslu er nú á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Það er óöruggt svæði. Það er ekki mikið öryggi fyrir efnahagskerfi okkar að hafa obbann af raforkuframleiðslunni á sama stað.

Áfram mætti telja en ég sé að tími minn er senn á þrotum. Við stöndum, herra forseti, frammi fyrir því að þetta svæði hefur verið metið meira og minna frá 1975. Leyfið er til staðar og verður ekki afturkallað nema með lögum. Tilboð um að nýta þessa orku í Fljótsdal stendur. Við þurfum að meta manninn, hagsæld efnahagslífs og byggðar í landinu andspænis heiðagæsunum og hraukunum. Það þurfa hv. alþingismenn að gera áður en jólaleyfi hefst.

[22:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rangt hjá hv. þm. að mat hafi farið fram. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að fjöldi rannsókna hefur farið fram. En á þær rannsóknir þarf að leggja mat.

Hæstv. iðnrh., hæstv. utanrrh. og raunar hæstv. forsrh. hafa lýst því yfir að nú sé verkefni Alþingis Íslendinga að leggja mat á þær rannsóknir sem tíundaðar eru í þessum skýrslum. Nú vil ég spyrja hv. formann iðnn.: Hvert eigum við, hv. alþingismenn, að beina óskum okkar um frekari rannsóknir og mat fagaðila á niðurstöðum eða skorti á niðurstöðum úr þeim rannsóknum sem þessi skýrsla hefur tíundað?

Ég vil benda hv. þm. á eitt atriði, virðulegi forseti, í þessari skýrslu sem gefur tilefni til frekari rannsókna. Á bls. 133 í skýrslunni segir um dýralíf, sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu:

„Þrátt fyrir að rannsóknir á dýralífi við Eyjabakka hafi nú staðið yfir í hartnær 30 ár liggja ekki fyrir svör um það hvaða áhrif myndun lóns á Eyjabökkum muni hafa á dýralíf."

[22:52]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé nokkuð ljóst að mat hefur verið lagt á framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Ég ítreka það sem ég nefndi í ræðu minni. Það hefur verið gert allt frá 1975. Hvað gerist þegar sérfræðingar safna upplýsingum? Þeir kynna sér svæðið, leggja mat á það og leggja síðan

skýrslur sínar fyrir Landsvirkjun, fyrir hv. þm. og þannig má áfram telja.

Spurningin er hins vegar hvort við treystum mati þeirra sérfræðinga sem fengnir eru til þess að leggja mat á það svæði sem um ræðir hverju sinni. Ég tel að hv. þm., með fullri virðingu fyrir þeim öllum, hafi ekki þá sérfærðikunnáttu að þeir geti lagt endanlegan dóm á það sem þarf mikla sérfræðikunnáttu til. Hins vegar þurfum við að taka afstöðu til þess mats sem sérfræðingar, óháðir sérfræðingar, leggja fyrir okkur. Það er m.a. það sem hefur verið gert í ágætri skýrslu Landsvirkjunar.

Að lokum við ég segja við hv. þm. að með öllum breytingum á náttúru landsins erum við að feta okkur inn á óvissuslóðir. Það er nú bara einu sinni þannig, hv. þm., að lífið og framtíðin er dálítil óvissa. Spurningin er hvort við erum við tilbúin til að taka þá áhættu sem fylgir óvissunni af þessum framkvæmdum.

[22:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur rétt fyrir sér í því að að mörgu leyti eru komnar niðurstöður sem ekki er flókið að meta. En hann getur þess líka að það þurfi sérfræðinga til þess að meta ákveðna þætti.

Til eru leikreglur í þessu landi sem heita lög um mat á umhverfisáhrifum. Þær kveða skýrt og greinilega á um hvernig mat sérfræðinga skuli fara fram. Í umhverfismati á m.a. að meta byggðaþáttinn. Og við höfum rætt hann hér í dag og í gær. Ég vil benda hv. þm. á að kynna sér skýrslu sem nú liggur fyrir, frummatsskýrslu um álver á Reyðarfirði. Þar er greinargerð frá Byggðastofnun og í henni koma fram ótal spurningar þar sem Byggðastofnun óskar eftir frekari upplýsingum, frekari rannsóknum til að geta séð fyrir áhrifin á byggð og samfélag.

Virðulegi forseti. Við þurfum líka að kynna okkur skýrslu sem liggur fyrir vegna frummats á álveri. Það tengist þessu máli og stór hluti af þáltill. hæstv. iðnrh. er beinlínis um álverið. Ég minni á það að skýrsla Nýsis fylgir í greinargerð með þáltill. Við verðum að hafa alla þætti þessa máls uppi á borðinu. Byggðastofnun hefur staðfest að á byggðaþættinum og samfélagsþættinum eigi eftir að gera margar rannsóknir.

[22:56]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. hvatninguna. Hún þurfti nú ekki að koma því að ég hef lesið þær ágætu skýrslur sem fylgja þáltill. þeirri sem hér er til umræðu.

Varðandi byggðamálin kemur fram í allri þeirri lesningu sem um er að ræða og þm. hv. hefði getað nefnt líka, að við getum byggt á reynslu annarra þjóða. Þar á meðal, eins og fram kemur, reynslu Norðmanna af því að byggja stóriðju í byggðarlögum sem farið var að fjara verulega undan. Við getum séð hvaða breyting hefur orðið í þeim byggðarlögum. Þar hefur orðið mjög jákvæð breyting, þar ríkir bjartsýni, þar hefur orðið fólksfjölgun og þannig má áfram að telja. Það er eitt af því sem við hljótum að skoða og meta þá reynslu.

Ég tel hins vegar rétt að leggja áherslu á að í þessu máli eins og í öllum öðrum er ekki til neinn einn stóridómur, eins og mér finnst stundum ætlað í umræðunni. Það er enginn stóridómur til og enginn einn hefur alfarið rétt fyrir sér. Helstu vísindamenn og sérfræðingar íslensku þjóðarinnar hafa komið að því að rannsaka og, ég ítreka, meta þau áhrif sem breytingar í tengslum við Fljótsdalsvirkjun kunna að hafa á náttúruna. Okkar er síðan að taka afstöðu til þessa mats sérfræðinganna. Á einhverju stigi þurfum við að segja: Við erum ósammála eða við erum sammála. Við erum reiðubúin að taka þá áhættu, láta manninn njóta vafans og fórna einhverju til þess að geta aukið hér efnahag og velsæld.

Á einhverju stigi kemur að því og um það verða ekki allir sammála. Á einhverju stigi þarf að höggva á hnútinn og þá eru einhverjir sammála en aðrir sitja eftir með sárt ennið og segja einfaldlega: Ég varð undir.

Þannig er lýðræðið.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 22:59.

---

28. FUNDUR

fimmtudaginn 18. nóv.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Íslenskar þjóðargersemar erlendis, fsp. JB, 140. mál, þskj. 161.
2. Upplýsingatækni í skólum, fsp. SvanJ, 170. mál, þskj. 196.
3. Netþjónusta við skóla, fsp. SJóh, 171. mál, þskj. 197.
4. Jöfnun námskostnaðar, fsp. KLM, 182. mál, þskj. 211.

Til utanríkisráðherra:

5. Innganga í Alþjóðahvalveiðiráðið, fsp. HjÁ, 87. mál, þskj. 87.
6. Alþjóðlegur sakadómstóll, fsp. ÁMöl, 143. mál, þskj. 164.
7. Afkoma Flugstöðvar og Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli, fsp. ÖJ, 156. mál, þskj. 177.

Til félagsmálaráðherra:

8. Niðurstöður launakönnunar kjararannsóknarnefndar, fsp. SJS, 60. mál, þskj. 60.
9. Fyrirkomulag fasteignagjalda á landsbyggðinni, fsp. EKG, 135. mál, þskj. 156.

Til sjávarútvegsráðherra:

10. Reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða, fsp. HjÁ, 88. mál, þskj. 88.
11. Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu, fsp. JB, 100. mál, þskj. 101.

Til umhverfisráðherra:

12. Náttúruverndarþing, fsp. KolH, 107. mál, þskj. 113.
13. Rjúpnaveiði, fsp. HjálmJ, 116. mál, þskj. 126.
14. Gjald af ferðamönnum á friðlýstum svæðum, fsp. KolH, 131. mál, þskj. 151.
15. Staðardagskrá 21, fsp. KolH, 133. mál, þskj. 153.
16. Notkun á íslensku máli í veðurfréttum, fsp. KPál, 155. mál, þskj. 176.

Til fjármálaráðherra:

17. Fæðingarorlof, fsp. PM, 153. mál, þskj. 174.
18. Endurskoðun skattalöggjafarinnar, fsp. ÁGunn, 157. mál, þskj. 178.

Til iðnaðarráðherra:

19. Frummatsskýrsla um álver á Reyðarfirði, fsp. KolH, 132. mál, þskj. 152.

20. Orkuvinnsla á bújörðum, fsp. DrH, 158. mál, þskj. 179.

21. Samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar, fsp. HjÁ, 177. mál, þskj. 204.

Íslenskar þjóðargersemar erlendis.

Fsp. JB. 140. mál. — Þskj. 161.

[10:01]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Tilefni fyrirspurnar minnar til hæstv. menntmrh. er nauðsyn þess að kannað verði hvað sé til af íslenskum munum, íslenskum fornum gersemum sem hafa verið fluttar úr landi til hinna ýmsu staða, bæði til hins stóra Danaveldis og einnig til annarra landa, þ.e. hvernig sé ástatt með þá.

Við vitum af allmörgum munum. Við vitum af hinum fallega Grundarstóli. Við vitum af fallegum bókaspjöldum gömlum og fínum altarisklæðum. En ég spyr hvað formlega sé vitað um þetta.

Ég minni á að við vorum hluti af Danaveldi og þá voru allmargir munir fluttir bæði til Danmerkur og Svíþjóðar og annarra hluta Danaveldis í nafni samveldis okkar þá. Ekki hefur verið gert neitt formlegt í að innheimta þessa muni annað en það sem gert var fyrir 1930 við Alþingishátíðina þá, eða við þau tímamót. Nú hafa bæði Færeyingar og Grænlendingar leitað eftir samningum og náð samningum við Dani um að kanna hvaða munir eru frá þeirra löndum í Danaveldi og hugsanleg skil á þeim. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hvað er vitað um skráningu íslenskra þjóðargersema á erlendri grundu, svo sem kirkjugripa, forngripa og annarra dýrgripa sem hafa sögulegt og þjóðmenningarlegt gildi fyrir Íslendinga, og hvernig er háttað vörslu þeirra og aðbúnaði?

2. Hefur menntamálaráðuneytið eða ríkisstjórnin uppi hugmyndir eða áætlanir um að leita eftir samningum við viðkomandi erlend stjórnvöld, stofnanir eða einstaklinga sem miða að því að endurheimta umrædda dýrgripi?

[10:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Vegna fyrri fyrirspurnarinnar var leitað umsagnar hjá Þjóðminjasafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Í umsögn þjóðminjavarðar kemur m.a. fram að allir íslenskir gripir í erlendum söfnum muni skráðir í viðkomandi söfn eftir þeim reglum sem þar eru viðhafðar um safngripi.

Þá segir einnig að í Þjóðminjasafni Íslands séu til skrár um íslenska gripi í flestum þeim söfnum þar sem eitthvert umtalsvert magn gripa sé að finna. Þar á meðal eru skrár um gripi í þjóðminjasafni Dana, norræna safninu í Stokkhólmi og þjóðfræðasafninu í Hamborg. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélags hefur verið prentuð skrá um alla útskorna gripi íslenska sem þekktir eru í söfnum erlendis. Þá hafa verið skráðir sérstaklega nokkur hundruð gripir í söfnum og í einkaeigu vestan hafs, gripir sem íslenskir landnemar höfðu með sér vestur á síðustu öld og er stefnt að því að auka þá skrá eftir föngum. Enn fremur segir svo í svari þjóðminjavarðar, með leyfi forseta:

„Í nokkrum erlendum söfnum öðrum eru fáeinir aðrir merkir íslenskir gripir og um þá sem á annað borð eru þekktir eru góðar heimildir hér. Ýmsir gripir eru og í einkaeigu erlendis. Um suma er vitað en aðra ekki. Slíkir gripir koma þó í dagsljósið smám saman. Íslenskir gripir í söfnum ytra eru að því er best er vitað og ætla má, varðveittir við örugg skilyrði á sama hátt og aðrir gripir safnanna."

Þjóðskjalavörður tekur fram í umsögn sinni að í erlendum skjalasöfnum sé bæði að finna íslensk skjöl og skjöl sem varða íslensk málefni og þá samskipti erlendra ríkja, stofnana og fyrirtækja við Íslendinga. Hafi báðir flokkarnir mikið gildi fyrir íslenska sögu.

Um eldri skjöl og handrit í erlendum söfnum eru til útgefnar prentaðar skrár og eru ýmsar þeirra tilgreindar í umsögninni. Þá er bent á að ýmis einkaskjöl Íslendinga sem hafa búið erlendis séu varðveitt í erlendum skjalasöfnum. Allgott yfirlit sé um slík einkaskjalasöfn í dönskum söfnum, en að öðru leyti séu ekki fyrir hendi skrár um yngri einkaskjalasöfn íslensk í erlendum söfnum.

Í umsögn forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi er vísað til ritsins Íslensk bókfræði frá 1990 þar sem m.a. er að finna yfirlit um helstu söfn íslenskra handrita erlendis og skráningu þeirra. Tekur yfirlitið m.a. til handrita í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, á Bretlandseyjum og í Frakklandi. Skrá um handrit í Fiske-safninu í Íþöku í Bandaríkjunum var birt í ritröðinni Islandica 1994. Forstöðumaður Árnastofnunar telur óhætt að fullyrða að vitað sé um allan meginþorra íslenskra handrita erlendis, en þó leynist vafalaust örfá óskráð eða illa skráð handrit í erlendum söfnum sem þörf væri á að afla frekari upplýsinga um. Árnastofnun á allmikið safn ljósmynda af íslenskum handritum í erlendum söfnum en mikið vantar þó á að það safn sé fullkomið og vonast stofnunin til að geta ráðið bót á því á næstu árum.

Varðandi seinni lið fyrirspurnarinnar og það sem hv. þm. vék sérstaklega að, þ.e. hve mikið af dýrgripum íslenskum sé í vörslu Dana og nefndi til sögunnar Færeyinga og Grænlendinga, þá er nauðsynlegt að hafa í huga að Danir afhentu Íslendingum handritin eins og menn vita og við þá samningsgerð var undirritað svohljóðandi samkomulag af hálfu Íslands. Það var undirritað 1. júlí 1965 og fullgilt 1. apríl 1971 og þar segir, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar eru sammála um það að með þeirri skipan sem hér er gerð sé viðurkennt að fullkomlega og endanlega sé útkljáð um allar óskir af íslenskra hálfu varðandi afhendingu hvers konar íslenskra þjóðlegra minja sem í Danmörku eru. Samkvæmt því skal af hálfu íslenska ríkisins eigi unnt í framtíðinni að hefja né styðja kröfur eða óskir um afhendingu slíkra minja úr dönskum skjalasöfnum eða söfnum, opinberum jafnt sem í einkaeign."

Hinn 1. ágúst 1986 var undirrituð bókun á Þingvöllum sem lýtur að framkvæmd samningsins um handritin og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar eru sammála um, skv. 6. gr. sáttmálans frá 1. júlí 1965, að viðurkenna að með þeirri skipan sem tilgreind er í 1. gr. sé fullkomlega og endanlega útkljáð um allar óskir af íslenskra hálfu varðandi afhendingu hvers konar íslenskra þjóðlegra minja sem í Danmörku eru."

Þetta eru þeir samningar sem við höfum gert við Dani um þessi mál og ég er bundinn af þeim eins og aðrir sem starfa undir þessum samningum.

[10:08]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargott yfirlit. Ég vil fyrst taka fram að varðandi samskipti okkar við Dani að þau hafa verið virkilega virðuleg og góð og er alls ekki verið að sneiða að þeim, síður en svo. Þar var mikill heiður á ferðinni.

Samningar eru samningar en engu að síður er það svo að báðir aðilar geta tekið þá upp og tekið einstök atriði þeirra upp ef samkomulag er um og ég vísa til þess.

Ég vil þá einnig benda á að um 1880 var stofnað Nordisk museum í Stokkhólmi sem átti að vera eins konar norrænt safn fyrir öll Norðurlöndin sem við vorum þá aðilar að og var safnað heilmörgum munum héðan á þetta safn. Mér er kunnugt um að þetta Nordiska museum hefur skilað Norðmönnum a.m.k. öllum norskum kirkjugripum sem voru á þessu safni til varðveislu. Mér finnst því að það væri mjög athugandi að ræða við Nordisk museum auk þess að ræða við Dani. Það eru söfn líka í Bretlandi. Í Hans Kuhn-safninu í Hamborg er reyndar þetta stóra safn frá Vestfjörðum, einkum af Hornströndum. Aðeins fáir munir af því svæði eru til hér. Ég ítreka því að ég tel ástæðu til þess, hæstv. forseti, að stjórnvöld kanni hvernig megi endurheimta íslenskar þjóðargersemar erlendis frá og taki upp það mál.

Ég minni á einn góðan grip, kaleik Jóns Arasonar, sem var talinn einn dýrasti gripur á landinu á sínum tíma. Hann var tekinn ófrjálsri hendi í kringum siðaskiptin og fluttur til Danmerkur. Það væri gaman að finna hann aftur.

Við stöndum frammi fyrir 1000 ára afmælinu og þetta væri verðugt verkefni að taka upp.

[10:10]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að vissulega væri æskilegt að fá þessa gripi til Íslands og sjálfsagt að kanna leiðir til þess. En varðandi samskiptin við Dani sem hann hefur gert sérstaklega að umtalsefni, þá liggur fyrir sáttmáli staðfestur tvisvar sinnum af íslenskum stjórnvöldum um þessi efni þannig að það þarf mjög sérstök og góð rök fyrir því að rifta þeim samningi af Íslands hálfu, enda er hann liður í því (Gripið fram í.) mikla samkomulagi sem var gert um heimflutning handritanna. (Gripið fram í.) Mér finnst að það eigi að virða það samkomulag sem þar var gert og þann stórhug sem Danir sýndu okkur í því efni. Þess vegna ber að umgangast þessa samninga af fullri virðingu með hliðsjón af hinu miklu sögulega gildi sem þeir hafa fyrir okkur Íslendinga. (Gripið fram í.)

Upplýsingatækni í skólum.

Fsp. SvanJ, 170. mál. — Þskj. 196.

[10:12]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um upplýsingatækni í skólum en tilefni þessarar fyrirspurnar var sú fyrirætlan hæstv. ráðherra að selja Íslenska menntanetið. Sú sala átti að fara fram í síðustu viku en þá átti að opna tilboðsgögn og menn bundu vonir við að einhverjir yrðu til að bjóða í netið en það varð ekki. Ég hef ekki heyrt að afstaða ráðherrans hvað varðar sölu á netinu hafi breyst þannig að ég held að full ástæða sé til þess að hann greini þingheimi frá þönkum sínum varðandi þetta efni.

Það er fróðlegt að velta því fyrir sér hvaða áhrif þessi sala, ef af henni verður, hefur fyrir íslenskt skólakerfi og kannski síðast en ekki síst hvað verið sé að selja. Ég held að það sé nokkuð ljóst að sá búnaður sem notaður hefur verið er lítils virði. Heitið ismennt.is er e.t.v. einhvers virði og á áttunda þúsund netföng geta verið einhvers virði fyrir þá sem vita til hvers þeir ætla að nota þau. Hugmyndafræðin sem notuð hefur verið er auðvitað einhvers virði. En hvert fer hún ef starfsfólk fylgir ekki með? Efni námskeiða og fleira þess háttar er líka einhvers virði en það er auðvitað sérþekking starfsfólksins á þjónustu við íslenska skólakerfið sem e.t.v. skiptir mestu máli.

Herra forseti. Íslenska menntanetið er afrakstur þróunarvinnu kennara, skólanna í landinu. Það er ekki bara þróunarstarf heldur hefur það líka verið ákveðið samfélag og þjónusta. Kennarar hafa getað rætt og þróað sín mál á netinu og fengið viðeigandi ráðgjöf auk þess sem umfangsmikil fjarkennsla Kennaraháskólans hefur hvílt á netinu.

Herra forseti. Mér skilst að engar sérstakar kröfur hafi verið gerðar til kaupenda samkvæmt útboðsgögnum og maður veltir því fyrir sér hvort Samband sveitarfélaga hafi áttað sig á því að hér gæti verið stigið það skref sem á eftir að mismuna sveitarfélögum og skólum hvað mest þegar kemur að nýtingu hinnar nýju tækni. Ég hef þess vegna lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

1. Er það í samræmi við yfirlýstan vilja ráðherra að efla upplýsingatækni í skólum landsins að selja Menntanetið?

2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja jafnan aðgang allra skóla að námskeiðum og upplýsingum og aðra þátttöku sem er mikilvæg ef skólar eiga að vera virkir í upplýsingabyltingunni?

3. Mun ráðuneytið greiða viðbótarkostnað skóla við tölvumál þegar þeir eru ekki lengur hluti af félagslegu umhverfi Menntanetsins?

Herra forseti. Við þessar spurningar hef ég ekki síst í huga yfirlýsingu sem nokkrir forráðamenn í fræðslumálum sendu frá sér í tilefni af hugsanlegri sölu á íslenska Menntanetinu þar sem þeir telja mjög mikilvægt að starfrækt sé skóla- og menntanet í landinu.

[10:15]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: „Er það í samræmi við yfirlýstan vilja ráðherra til að efla upplýsingatækni í skólum landsins að selja Menntanetið?“

Það er ekki forsenda þess að efla upplýsingatækni í skólum að þjónusta við skóla á þessu sviði sé í höndum ríkisins. Á meðan á uppbyggingu Íslenska menntanetsins stóð og þar til ríkissjóður keypti Menntanetið árið 1996 var það t.d. í eigu einkaaðila. Fyrir frumkvæði og framsýna einstaklinga voru skólar hér í landi nettengdir miklu fyrr en í öðrum löndum þar sem uppbygging nettenginga skóla var í höndum ríkisins. Forsendur í upplýsingatæknimálum hafa gjöbreyst frá því að uppbygging Menntanetsins átti sér stað og nú bjóða mörg einkafyrirtæki þá þjónustu sem Menntanetið hafði frumkvæði að fyrir skóla.

Í stað þess að reka netþjónustu í samkeppni við einkafyrirtæki er skynsamlegra fyrir ríkið að skapa almennar forsendur til þess að skólar geti nýtt upplýsingatækni á greiðan hátt. Ríkið ætti að koma einungis að þeim þáttum þjónustunnar sem nauðsynleg er og fellur beinlínis undir verksvið ríkisins.

Þá er spurt: „Hvernig hyggst ráðherra tryggja jafnan aðgang allra skóla að námskeiðum og upplýsingum og aðra þátttöku sem er mikilvæg ef skólar eiga að vera virkir í upplýsingabyltingunni?“

Í tengslum við átak ríkisstjórnarinnar á sviði upplýsingatækni hefur menntmrn. fengið til ráðstöfunar á fjárlögum þessa árs alls 135 millj. kr. sem að stærstum hluta hefur verið varið til verkefna á sviði menntamála. Fénu hefur verið ráðstafað í samræmi við stefnu ráðuneytisins sem sett var fram í ritinu Í krafti upplýsinga. Stærstur hluti fjárins hefur farið til endurmenntunarnámskeiða fyrir kennara í upplýsingatækni, gerðar kennsluhugbúnaðar og tækjauppbyggingar í skólum. Fjöldi námskeiða í upplýsingatækni hefur verið haldinn fyrir kennara á vegum ýmissa aðila og hefur Íslenska menntanetið að litlu leyti komið að því námskeiðahaldi.

Endurmenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands hefur að mestu séð um námskeið fyrir grunnskólakennara auk þess sem einstaka skólar hafa haldið eigin námskeið fyrir kennara sína. Framhaldsskólakennarar hafa fengið styrki til að sækja námskeið þar sem þeir kjósa, jafnt hjá einkafyrirtækjum og opinberum aðilum. Sú tilhögun að láta kennara sjálfa ráða því hvar þeir sækja námskeið hefur gefist mjög vel og lætur nærri að fjórðungur framhaldsskólakennara hafi sótt námskeið í upplýsingatækni á því hálfu ári sem menntmrn. hefur veitt styrki til slíks. Margir framhaldsskólakennarar hafa sótt slík námskeið hjá einkaaðilum. Sú stefna að veita kennurum styrki til þess að sækja námskeið frekar en ríkið nýti fé til að halda námskeið sjálft hefur því gefið mjög góða raun.

Hvað varðar aðgang að upplýsingum og aðra þátttöku þá hefur Kennaraháskóli Íslands lagt drög að því að byggja upp kennslufræðilega ráðgjöf á sviði upplýsingatækni sem mun að hluta til koma í stað þeirrar þjónustu sem Íslenska menntanetið hefur veitt. Æskilegt kann að vera að aðrir aðilar láti einnig slíka þjónustu í té og ekki er útilokað að einkafyrirtæki geti veitt hana.

Hvað snertir menntavef eða þjónustu við skóla á veraldarvefnum þá ber menntmrn. vissa ábyrgð á innihaldi og uppbyggingu slíks vefs, bæði gagnvart íslenska skólakerfinu og einnig vegna alþjóðlegs samstarfs. Ljóst er að ráðuneytið mun í framtíðinni rækja þessar skyldur hvort sem það verður með samningum við einkaaðila eða með öðrum beinum afskiptum.

Í þriðja lagi er spurt: „Mun ráðuneytið greiða viðbótarkostnað skóla við tölvumál þegar þeir eru ekki lengur hluti af félagslegu umhverfi Menntanetsins?“

Ráðuneytið mun eftir sem áður greiða lögbundinn kostnað skóla við tölvumál og greiða fyrir því að þeir geti nýtt sér upplýsingatækni. Það liggur fyrir og hefur raunar komið fram í þessum þingsal að skólar hafa ekki allir skipt við Íslenska menntanetið. Í sumum sveitarfélögum skipta þeir við þjónustufyrirtæki í heimabyggð þannig að hér er ekki verið að flytja alla skóla frá Íslenska menntanetinu eitthvað annað heldur er verið að flytja þjónustu Íslenska menntanetsins að því er tengingarnar varðar til einkaaðila. Það var birt auglýsing að nýju og óskað eftir tilboðum í Menntanetið. Þau mál eru til umfjöllunar og ég er þess fullviss að öflug fyrirtæki á þessu sviði muni sýna því áhuga að tengjast íslensku skólastarfi með þessum hætti, veita skólunum góða þjónustu og metnaðarfulla. Ég hef því ekki áhyggjur af því að þessi hluti skólakerfisins flytjist í hendur einkaaðila.

[10:20]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig verið sammála hæstv. ráðherra um að ekki skipti höfuðmáli hver veiti þjónustuna svo framarlega sem þjónustan er veitt, allir eigi að henni aðgang og skólum og þar með nemendum sé ekki mismunað. E.t.v. hafa menn áhyggjur af því nú vegna breytinganna að ekki verði séð fyrir öllum þeim þörfum skólakerfisins og að hætta sé á ákveðinni mismunun. Þess vegna er mikilvægt að fram komi hvernig ráðuneytið hyggst bregðast við. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að tilteknir hlutir fái framgang þegar hið opinbera hefur ekki vald á þeim lengur eins og það hefur í dag.

Mig langar að lesa upp það sem forráðamenn í fræðslumálum, sem sendu frá sér yfirlýsingu, töldu mikilvægt að hafa að leiðarljósi og óyggjandi hagsmuni skólastarfsins. Þeir nefna ráðgjöf og aðstoð vegna notkunar kennslu- og hjálparforrita þar sem fyrirsjáanlegt er að þáttur hugbúnaðar í námi og kennslu muni vaxa í náinni framtíð. Þar er bent á ráðgjöf og aðstoð varðandi kennslufræðileg mál. Þeir tiltaka rekstur mennta- og skólavefs þar sem yrði að finna almennar upplýsingar um skólastarf þeirra, námsframboð, möguleika til fjarnáms o.s.frv. Einnig er komið inn á þátttöku í samvinnu um rekstur netstýrikerfa í skólaumhverfi, kynningar á nýjungum sem að þeim lúta og sameiginlega tækniaðstoð. Þeir lögðu áherslu á svæðisbundna þjónustu við staðarnetsskóla í samstarfi við heimamenn og uppsetningu og þróun sérhæfðrar leitarvélar fyrir íslenskt skólaumhverfi. Þeir lögðu líka áherslu á samstarf um þróunarvinnu við smíði gagnagrunns sem gerir skólanum kleift að fylgjast með og skipuleggja skólastarf samkvæmt markmiðum námskrár. Þarna kemur og fleira fram sem lýtur að sérhæfðum þörfum skólanna.

Eðlilega hafa menn áhyggjur af því — kannski töldu menn að þær áhyggjur staðfestar þegar ekkert tilboð kom í netið — að hér sé um að ræða verkefni sem einkaaðilar hafi ekki mikinn áhuga á. Þess vegna er mikilvægt að hér komi skýrt fram hvaða leiðir hæstv. ráðherra vill fara og hvernig hann hyggst mæta þessum þörfum.

[10:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir því hvernig ráðuneytið hefur lagt þetta mál fyrir. Varðandi yfirlýsingu þá sem hv. þm. las ber að hafa í huga að þeir sem að henni stóðu gáfu yfirlýsinguna í tilefni af því að þeir vildu stofna til samstarfs við einkaaðila. Þeir voru í sjálfu sér ekki að andmæla því að Íslenska menntanetið yrði selt heldur gáfu þeir yfirlýsingu um að þeir væru reiðubúnir til samstarfs við þann aðila sem keypti Menntanetið um þá þætti sem hv. þm. rakti úr yfirlýsingu þeirra. Samstarf einkaaðila og skóla, sérstaklega á framhaldsskóla- og háskólastigi hefur þannig stóraukist. Við sjáum það t.d. varðandi fræðslunet, símenntunarmiðstöðvar og alls kyns nýtt framtak sem menn hafa sýnt á sviði menntamála. Þar er um að ræða náið samstarf á milli skóla og fyrirtækja. Hvers vegna skyldi ekki líka verða gott samstarf um þennan faglega þátt sem lýtur að nýtingu upplýsingatækninnar í skólum? Einkafyrirtækin þróast mun hraðar en opinber fyrirtæki geta gert og bregðast fyrr við nýjungum en opinber fyrirtæki gera.

Ég held að lykillinn, í þeirri stöðu sem við erum núna, að því að tryggja skólum sem besta þjónustu á sviði upplýsingatækni sé að fá öfluga einkaaðila til samstarf við skólakerfið

á sömu forsendum og við sölu Íslenska menntanetsins.

Netþjónusta við skóla.

Fsp. SJóh, 171. mál. — Þskj. 197.

[10:24]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Niðurstaða okkar hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur var að eðlilegt væri að þessar fyrirspurnir yrðu samferða í fyrirspurnatíma. Ég tók að mér að mæla fyrir þeim vegna fjarvistar hennar.

Í rauninni er um framhaldsmál að ræða frá þeirri fyrirspurn sem ég bar fram áðan. Hún lýtur að því sem ráðherrann var að tala um síðast og ég hafði komið inn á, þ.e.:

„Hvernig sér ráðherra fyrir sér að sérhæfðri skólaþjónustu verði sinnt eftir að Menntanetið, sem hefur verið eina fyrirtækið/stofnunin í landinu sem hefur sérhæft sig í netþjónustu við skóla og menntastofnanir, hefur verið selt án slíkra skilyrða?"

Forráðamenn í íslenska skólakerfinu sem gáfu yfirlýsinguna sem hér hefur orðið að umtalsefni voru með yfirlýsingu sinni að lýsa yfir vilja en um leið áhyggjum af því hvað yrði um þessa þjónustu eða hvernig hún mundi þróast.

Ég hlýt að líta svo á, miðað við það hvernig hæstv. ráðherra hefur talað um mikilvægi upplýsingatækninnar, að honum sé ekki sama um hvernig þessi þjónusta við skólana þróast. Ef netið er ekki sú söluvara, ef ekki er til sá einkaaðili sem vill við því taka, þá hlýtur að verða að hugsa fyrir því að skólarnir fái ákveðna þjónustu. Þó að einkaaðili vildi taka að sér eitthvað af þessum verkefnum þá telja ég og fleiri að þörf sé á ákveðnum aðgerðum til að halda þeim jöfnuði sem Menntanetið eða aðild að því hefur þó boðið upp á.

Önnur spurning hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur er svohljóðandi:

„Hvaða aðili mun taka við hlutverki Menntanetsins varðandi fjarmenntun KHÍ og VMA?"

Í þriðja lagi:

„Telur ráðherra að fámennir skólar í litlum sveitarfélögum sitji við sama borð og hinir fjölmennari í stærri sveitarfélögunum hvað varðar möguleika og þátttöku þegar búið er að selja Menntanetið án nokkurra kvaða?"

Ég hef, herra forseti, orðið vör við nokkrar áhyggjur af þessu. Menn reikna með því að þegar skólarnir fara út úr því sem kallað hefur verið hið félagslega umhverfi Menntanetsins þá muni stærri skólarnir og stærri sveitarfélögin ráða við að beina viðskiptum sínum í annan farveg og kaupa þá þjónustu öðru verði en þau hafa gert. Það gæti reynst hinum minni skólum og hinum minni sveitarfélögum ofviða.

Spurningin er: Erum við þá að efna til ójafnaðar sem við ætluðum ekki að efna til og viljum ekki sjá? Það er eðlilegt að fólk hafi af þessu áhyggjur. Menn höfðu ákveðnar áhyggjur þegar ríkið keypti netið á sínum tíma. Þá var alveg ljóst af hálfu hæstv. ráðherra að mikilvægt væri að starfsemi þess héldi áfram. Hins vegar er alveg ljóst að verkefnin þurfa að eiga samastað.

[10:28]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: „Hvernig sér ráðherra fyrir sér að sérhæfðri skólaþjónustu verði sinnt eftir að Menntanetið, sem hefur verið eina fyrirtækið/stofnunin í landinu sem hefur sérhæft sig í netþjónustu við skóla og menntastofnanir, hefur verið selt án slíkra skilyrða?"

Taka ber fram að það hefur ekki verið selt án neinna skilyrða því að viðræður fara fram um sölu á netinu. Í apríl árið 1996 tók menntmrn. að sér rekstur Íslenska menntanetsins eftir að ríkissjóður keypti netið og fól það Kennaraháskóla Íslands til umsjónar. Við kaupin réð það sjónarmið miklu að tryggja netþjónustu fyrir skólann. Jafnframt var þess geti að fyrirtækið yrði ekki lengur í ríkiseign en nauðsyn krefði.

Á þeim rúmu þremur árum sem liðin eru hefur orðið ör þróun á þessu sviði og bjóða nú mörg fyrirtæki netþjónustu á samkeppnismarkaði. Að mati sérfróðra hafa einkafyrirtækin nú forsendur til að reka netþjónustu fyrir skóla og geta boðið skólum góða þjónustu á hagstæðari kjörum en áður hefur þekkst. Jafnframt sinna margir framhaldsskólar nú sjálfir þeirri þjónustu sem Íslenska menntanetið veitti áður og nokkur sveitarfélög reka netþjónustu fyrir grunnskóla.

Ég hef beitt mér fyrir úttekt á þörf skóla fyrir nettengingar sem er hluti af úttekt á fjarskiptaþörf sem unnið er að á vegum verkefnisstjórnar ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Niðurstöður þeirrar úttektar eru væntanlegar á næstunni og af þeim mun m.a. ráðast til hvaða ráðstafana verði gripið til að tryggja nettengingar skóla eftir sölu Menntanetsins. Menntmrn. hefur skyldum að gegna við að tryggja að skólar hafi aðgang að þessari þjónustu. Því er hins vegar ekki skylt að reka slíka þjónustu sjálft. Afskipti ráðuneytisins af netþjónustu ættu einungis að vera óbein, t.d. með því að leita hagstæðra heildarsamninga fyrir skóla um slíka þjónustu en hún síðan alfarið falin einkaaðilum. Áform hafa verið um að byggja upp kennslufræðilega ráðgjöf á sviði upplýsingatækni innan Kennaraháskóla Íslands sem mun að hluta til koma í stað þeirrar þjónustu sem Íslenska menntanetið hefur veitt. Æskilegt kann að vera að aðrir aðilar láti einnig slíka þjónustu í té. Ekki er útilokað að einkafyrirtæki geti veitt hana. Hvað varðar menntavef eða þjónustu við skóla á veraldarvefnum þá ber menntmrn. vissa ábyrgð á innihaldi og uppbyggingu slíks vefs, bæði gagnvart íslenska skólakerfinu og einnig vegna alþjóðlegs samstarfs. Er ljóst að ráðuneytið mun í framtíðinni rækja þessar skyldur hvort sem það verður með samningum við einkaaðila eða með öðrum beinum afskiptum.

Þá er spurt: „Hvaða aðili mun taka við hlutverki Menntanetsins varðandi fjarmenntun KHÍ og VMA?"

Sá aðili sem tekur við rekstri Íslenska menntanetsins mun væntanlega sjá um nettengingar nemenda, kennara og skóla sem Menntanetið býður nú nema þeir kjósi að leita annað um þá þjónustu. Bæði KHÍ og VMA reka nú þegar sérhæfða þjónustu fyrir kennara vegna fjarkennslu, fyrir framsetningu kennsluefnis á vef og gerð gagnvirkra prófa. Þeir hafa tekið skref til að þróa þá þjónustu frekar. Kennaraháskólinn hefur t.d. tekið í notkun nýjan fjarkennsluhugbúnað í framhaldi af útboði ráðuneytisins á þeim búnaði fyrr á árinu. Rekstur þess búnaðar er nú á vegum skólans. Skólinn hefur einnig unnið að endurskipulagningu eigin tölvukerfis sem taka mun við eftir að Menntanetið hættir þjónustu við skólann. Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur einnig verið að þróa nýjar leiðir við fjarkennslu sem byggist á sérþekkingu sem fyrir hendi er innan skólans.

Í þriðja lagi er spurt: „Telur ráðherra að fámennir skólar í litlum sveitarfélögum sitji við sama borð og hinir fjölmennari

í stærri sveitarfélögunum hvað varðar möguleika og þátttöku þegar búið er að selja Menntanetið án nokkurra kvaða?"

Aðstaða fámennra skóla í litlum sveitarfélögum fyrir þátttöku í upplýsingasamfélaginu ræðst annars vegar af þeim möguleikum sem þeir hafa til að tengjast netinu og hins vegar hvaða innihaldi þeir hafa aðgang að. Eins og áður segir mun menntmrn. beita sér fyrir því að fyrir hendi sé innihald á menntavef sem sé aðgengilegt öllum. Einnig er fyrir hendi fjarkennsluhugbúnaður sem menntmrn. átti frumkvæði að því að gera og um var samið.

Hvað varðar möguleika smærri og væntanlega afskekktra skóla til greiðra nettenginga þá ræðst aðstaða þeirra á þessu sviði fyrst og fremst af því hvernig tekst til almennt með uppbyggingu fjarskipta og gagnaflutningskerfis í landinu fremur en þjónustu Menntanetsins sem slíks. Einnig mun menntmrn. leita óbeinna leiða til að tryggja öllum skólum viðeigandi þjónustu.

[10:33]

Bergljót Halldórsdóttir:

Herra forseti. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá er mjög mikil áhersla lögð á tölvu- og upplýsingatækni. En nú þegar reynsla er komin af þeim aðgerðum er ljóst að skólar hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að sinna ákvæðum í aðalnámskránni. Kostnaður við tölvunotkun er mikill. Tölvuþjónusta er dýr. Kannski væri spurning hvort menntmrn. þurfi ekki að leggja meiri áherslu á að styrkja skóla um landið til þess að geta framfylgt þessu ákvæði í aðalnámskránni. Þarf ekki bara að styrkja Menntanetið? Það er alveg rétt hjá ráðherra að það er ekkert mál að skipta við hvaða tölvuþjónustu sem er. Reykjavíkurborg getur gert það á einum fundi og það er ekki vandamál að skipta um netföng.

[10:34]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Bergljótu Halldórsdóttur, að það er ekki mikið mál að skipta um nettengingu. En þetta snýst ekki bara um nettengingu. Málið snýst eins og hér kom fram réttilega hjá hæstv. ráðherra um tækni og þar með nettengingar en það er meira, þ.e. innihaldið, sú þróunarvinna og starfið sem unnið hefur verið og sú þjónusta sem skólarnir hafa fengið hjá Menntanetinu sem hefur verið rekið án hagnaðar, ekki með arðsemi að leiðarljósi heldur fyrst og fremst verið ætlað að standa á sléttu. Þar hefur fyrst og fremst verið hugsað um að veita skólum ákveðna þjónustu. Menn hafa áhyggjur af því að ef þessari þjónustu sleppir þá verði það sem í staðinn kemur hinum fámennu sveitarfélögum og skólum ofviða. Menn óttast að þá skilji á milli þeirra sem eru stærri og hafa efni og hinna minni. Það er ekki bara tæknin heldur líka þessir möguleikar. Ég tel rétt að gæta að þessu og reyna að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað.

Íslenska skólakerfið stóð mjög framarlega á þessu sviði fyrir nokkrum árum síðan, 1995, 1996 og árin þar á undan var horft til okkar. Þá þótti það sem hér var að gerast afskaplega merkilegt. Frumkvæði Péturs Þorsteinssonar á Kópaskeri var nánast einsdæmi og menn litu til þess hvernig Íslendingar fóru að, hvernig íslenska skólakerfið þróaðist. Því miður er það ekki lengur þannig, m.a. vegna tækninnar eins og ráðherra nefndi. Víða eru bara módemsambönd. Það vantar bandbreidd, vantar í rauninni menntabrautina inn í fjarskiptakerfi okkar. Kannski yrði möguleiki á að það yrði til ef hið opinbera hefði fyrirtæki sem gæti gert slíka hluti en það er mál annarrar umræðu.

Það hefur hallað undan fæti þannig að við erum ekki framarlega lengur þó við höfum til þess metnað og aðstæður.

[10:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi aðalnámskrána þá gerir hún ekki annað en setja skólunum ákveðið markmið við notkun þeirrar tækni sem fyrir hendi er. Hún leggur ekki nýjar skyldur á skólana varðandi tækjakaup eða annað slíkt. Hún gerir hins vegar ráð fyrir að menn noti þau tæki sem eru fyrir hendi í skólunum mun markvissar en áður. Til þess verða menn að líta og hlýta að fagna því að fyrir liggi áætlanir um hvernig skynsamlegt er að nota tækin og tæknina í öllum greinum náms eins og námskráin gerir ráð fyrir.

Varðandi hinn þáttinn sem hv. fyrirspyrjandi hreyfði, um bandbreiddina og annað slíkt, þá er það ekki á verksviði menntmrn. Eins og ég sagði hefur menntmrn. látið hefja sérstaka úttekt á hvernig þessu er háttað. Við munum í ljósi þess setja fram sjónarmið okkar og kröfur. Við teljum óskynsamlegt að gera það fyrr en fyrir liggur heildarmat sem ekki liggur fyrir núna.

Að draga það í efa að Íslendingar séu í fremstu röð á þessu sviði finnst mér ekki sanngjarnt miðað við að t.d. í Bandaríkjunum tala menn um að gott sé ef 30% af skólum séu nettengdir. Hér eru allir skólar í landinu tengdir inn á netið. Ekkert land í heiminum sem hefur jafnvíðtæka þjónustu við skóla á þessu sviði og við höfum. Það er alls ekki verið að ræða um að draga úr kröfum varðandi þjónustu við skólana, varðandi endurmenntun kennara og annað slíkt við að selja Íslenska menntanetið. Það er ekki tengt Íslenska menntanetinu. Við erum að tala um ákveðinn hluta af þessu kerfi sem er hér fyrir hendi en ekki um að draga úr þeim kröfum sem við gerum varðandi nýtingu á tækninni, endurmenntun kennara og gerð kennsluhugbúnaðar. Fjárframlög til þess hafa einmitt verið stóraukin á þessu ári.

Jöfnun námskostnaðar.

Fsp. KLM, 182. mál. — Þskj. 211.

[10:39]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Hæstv. forsrh. skipaði í september 1997 nefnd samkvæmt tilnefningu allra þáverandi þingflokka til að fjalla m.a. um byggðamál í tengslum við breytingu á kjördæmaskipun. Ég var skipaður í þessa nefnd fyrir þingflokk jafnaðarmanna.

Nefndin skilaði skýrslu sinni í október 1998. Meðal fjölmargra tillagna sem full samstaða var um í nefndinni var eftirfarandi tillaga um jöfnun námskostnaðar, með leyfi forseta:

„Framlög til jöfnunar námskostnaðar verði aukin um helming, þ.e. 230 millj. kr. á næstu þremur árum."

Herra forseti. Hér á hinu háa Alþingi hefur hæstv. forsrh. nokkrum sinnum verið spurður út í framkvæmd þessara tillagna. Í öllum svörum hans hefur komið fram að staðið yrði við að ná þessu takmarki í þremur jöfnum áföngum, í fyrsta sinn á fjárlögum ársins 2000.

Í minnisblaði Byggðastofnunar um námskostnað í dreifbýli sem nýlega var lagt fyrir fjárln. segir m.a. að í fjárlögum

1999 hafi þessi liður verið 228,2 millj. kr. og einungis verið hækkaður um verðlagsbreytingar. Þar segir að samþykkt nefndar forsrh. virðist því ekki hafa komist til skila við fjárlagagerðina. Því er talið nauðsynlegt að þetta verði lagfært í umfjöllun Alþingis um fjárlagafrv. „Ofangreindur fjárlagaliður, jöfnun á námskostnaði, þarf því að hækka um 76,7 millj. kr. þannig að hann verði alls 311,7 millj. kr. á árinu 2000," segir í minnisblaði Byggðastofnunar.

Ég vek athygli þingheims á því að í þessum tölum hefur verið tekið tillit til hækkunar á þessum lið um 68 millj. kr. frá 1998–1999. Tillögur byggðanefndar forsrh. voru með öðrum orðum um viðbót miðað við fjárlög 1999. Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þessara jöfnunargreiðslna fyrir fólk á landsbyggðinni þar sem framhaldsskólar eru ekki. Slíkar jöfnunargreiðslur eru réttlætismál og þær verður að hækka til þess að jafna þennan mismun að fullu.

Fjölmargir nemendur á landsbyggðinni hafa þurft að hætta námi vegna mikils kostnaðar sem því fylgir að sækja skóla fjarri heimabyggð sinni. Einnig er rétt að minna á sérhæfðari framhaldsskóla sem eru e.t.v. einungis reknir á höfuðborgarsvæðinu. Því fylgir aukinn kostnaður. Jöfnun námskostnaðar að fullu er því ekki einungis sanngjarnt réttlætismál heldur einnig nútímaleg byggðastefna. Sérstaklega vil ég leggja áherslu á þetta mál með tilliti til bænda. Þar er vel þekkt að unglingar verða að fara að heiman strax að grunnskólanámi loknu til að reyna að afla sér tekna fyrir framhaldsskólanámi.

Herra forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. menntmrh. og er svohljóðandi:

„Hvernig verður staðið við fyrirheit um að veita 230 millj. kr. til viðbótar til jöfnunar námskostnaðar á næstu þremur árum eins og fram kom í tillögum svokallaðrar byggðanefndar forsætisráðherra sem allir þingflokkar stóðu að á 123. löggjafarþingi 1998–1999?"

[10:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Framlög til jöfnunar á námskostnaði hafa aukist verulega á undanförnum árum eða úr 111,5 millj. kr. árið 1996 í 267,5 millj. kr. samkvæmt frv. til fjárlaga árið 2000. Þarna er um 140% hækkun að ræða.

Árlegar hækkanir hafa átt sér stað með samstilltu átaki ríkisstjórnar og Alþingis. Jafnframt hafa ákvæði laga verið rýmkuð og því hefur þeim fjölgað sem styrksins njóta. Þá hefur einnig verið staðfest ný reglugerð sem tryggja á skilvirkari úthlutun.

Undanfarin ár hefur stöðug viðleitni verið í þá átt að jafna námskostnað með hliðsjón af búsetu. Í þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árið 1998–2001 sem samþykkt var 3. mars 1999 er staðfestur sá vilji Alþingis að bæta skilyrði þeirra sem sækja verða nám utan heimabyggðar sinnar. Raunar er þar ekki tiltekin sérstök upphæð eða nefnd nánari tímamörk í ályktun Alþingis. Fjárhæðin, 230 millj. kr. og þau tímamörk sem nefnd eru í fyrirspurn hv. þm. eru sótt í skýrslu og tillögu nefndar sem forsrh. skipaði samkvæmt tilnefningu allra þingflokka til þess að fjalla um byggðamál í tengslum við breytingu á kjördæmaskipan og setja fram tillögur um starfsaðstöðu þingmanna í breyttum og stærri kjördæmum. Sú skýrsla og þær tillögur verða hafðar til hliðsjónar við áframhaldandi aðgerðir í byggðamálum eins og fram hefur komið. Upphæðin sem veitt verður til þessa fjárlagaliðar hlýtur að taka mið af ýmsum þáttum, námsframboði skólanna á landsbyggðinni, notkun fjarkennslu og búsetuþróun almennt.

Í ljósi þess sem fram hefur komið þarf ekki að draga í efa vilja minn til að nota á næstu árum bæði bein framlög og aðrar aðgerðir til að jafna aðstöðu námsmanna án tillits til búsetu. Hins vegar er það svo að þegar menn skoða meðferð fjárlagafrv. á Alþingi hefur það verið samkomulag á milli ríkisstjórnar, menntmrn. og fjárln. hvernig staðið hefur verið að fjárveitingum til þessa liðar á fjárlögum ár hvert. Ráðuneytið hefur hins vegar beitt sér fyrir því að rýmka ákvæði laga um nýtingu á fjármagninu og einnig höfum við sett nýja reglugerð.

Það var athyglisvert á þingi ungs fólks sem haldið var sl. vor að þegar menntamálanefnd þeirrar samkomu kom á minn fund og fór yfir menntamál sem þar voru til umræðu þá var mjög áberandi krafa frá nemendum um að gerð yrði gangskör að því að tryggja að þessir fjármunir nýttust eins og ætlast er til. Þar var greinilega talið um það að ræða að þeir væru misnotaðir. Þess vegna m.a. beitti ég mér fyrir endurskoðun reglugerðarinnar. Hún hefur nú verið endurskoðuð og birt í Stjórnartíðindum. Þar er vonandi skotið loku fyrir það að menn geti misnotað þessa fjármuni eins og nemendurnir vöktu máls á og ræddu um við mig á þeim fundi. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en þá en þeir töldu að þarna væri ekki allt sem skyldi. Menn verða að líta til þegar opinberu fé er varið á þennan hátt að það nýtist þeim sem á því þurfa að halda og eiga rétt til þess samkvæmt vilja okkar sem hér erum.

Ég tel sem sagt að hér sé hreyft athyglisverðu máli sem við höfum haft mjög í huga. Niðurstaðan ræðst af samkomulagi við lokaafgreiðslu fjárlaga eins og jafnan hefur verið á milli Alþingis og ríkisstjórnar í þessum málum.

Einnig vil ég árétta það sem fyrr var rætt að mikilvægi fjarkennslu er að aukast. Með henni er unnt að veita mun betri þjónustu í menntamálum um landið allt en áður. Við verðum líka að huga að þeim þætti þegar við ræðum um jöfnun á aðstöðumun, hvort sem menn búa í þéttbýli eða dreifbýli eða þá í sveitum landsins. Sú tækni gerir okkur kleift að ná til mun fleiri nemenda en nokkru sinni fyrr sem er mjög brýnt og mikilvægt.

[10:46]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð mikil áhersla á að bæta skilyrði þess fólks sem sækja verður nám utan heimabyggðar sinnar. Það hefur verið töluverð hækkun undanfarin ár á styrk til jöfnunar námskostnaði og er það vel. Ég þekki það af eigin raun. Það er nú einu sinni svo að það er mikill aðstöðumunur hjá fólki við að kosta unglinga til framhaldsnáms. Staða margra bænda t.d. er slík, eins og hv. þm. Kristján Möller kom inn á áðan, að þeim er oft og tíðum nánast ómögulegt að styðja unglinga sína til náms. En ég treysti á að á þessu verði tekið í fjárln. Ég er sannfærð um að hæstv. ráðherra mun fylgja þessu máli vel eftir.

[10:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um afar mikilvægt mál að ræða til leiðréttingar fyrir þá sem þurfa að sækja nám langt að.

Ég vil benda á atriði til viðbótar þeim sem hér hafa komið fram. Síðan kostnaðargrunnurinn var lagður og fyrirheit gefin um þessar 230 millj., hafa orðið stórfelldar húsaleiguhækkanir. Það hafa orðið stórfelldar hækkanir á leigu á húsnæði í Reykjavík. Framhaldsskólar úti á landi í fjárþröng hafa orðið að hækka heimavistargjöld og annan kostnað sem

tengist skólahaldinu. Þessi upphæð er því allt of lág miðað við þau markmið og fyrirheit sem hér á að stefna að.

[10:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu. Það er full ástæða til þess að fylgja þessu máli eftir. Það er eitt af stærstu byggðamálum okkar tíma að möguleikar til þess að stunda nám verði auknir úti á landsbyggðinni. Það er skelfilegur kostnaður fyrir heimili, oft heimili sem hafa ekki allt of miklar tekjur, í sveitum landsins og á svæðum þar sem laun eru lág að senda unglinga í skóla. Það getur kostað upp í kannski 700 þúsund kall yfir veturinn fyrir eitt heimili að halda unglingi uppi í skóla fjarri heimilinu.

Þess vegna er mikil ástæða til þess að standa við þær hugmyndir sem hafa verið kynntar. Ég tel að það eigi að vera kostur á því nú. Og hvenær ef ekki núna í vetur, þegar menn hafa hælt sér af því að til skiptanna sé meiri fjárhæð en nokkru sinni fyrr á fjárlögum Íslendinga?

[10:50]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir frumkvæðið og hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör. Sem betur fer hefur tekist að auka mjög verulega fjárframlög til jöfnunar á námskostnaði á síðustu árum eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra. Eitt af því sem er mikilvægt í því sambandi er að í fyrsta skipti var opnað á möguleika fólks í iðnnámi til að njóta fyrirgreiðslu til jöfnunar á námskostnaði fyrir um það bil tveimur árum. Það skipti gríðarlega miklu máli.

Ég tel alveg sjálfsagt og að það hljóti að vera á verksviði Alþingis að ganga frá því nú við fjárlagagerðina að staðið verði að fullu við þau fyrirheit sem gefin voru og hæstv. ráðherrar hafa lýst stuðningi sínum við. Ég treysti því að um það muni nást víðtæk samstaða á þinginu. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann er áhugasamur um að reynt verði að bæta úr þessu vegna þess að allir sjá að þetta er eitt af stærstu málunum sem við er að etja á landsbyggðinni. Það er nógu erfitt fyrir fólk sem þannig er í sveit sett að þurfa að sjá á bak börnum sínum til náms í fjarlægum landshlutum þó ekki bætist við að þurfa líka að hafa fyrir því að leggja fram mikla peninga umfram það sem þyrfti ef fólk byggi í nágrenni við skólann.

[10:51]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir að taka þetta mál upp. Þó ég komi úr Reykjavík er þetta samt sem áður verulegt áhyggjumál út frá hugsjón um að jafna stöðu barna og ungmenna til náms hvort sem þau búa á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Jafnframt finnst mér ekki nógu gott að fólk þurfi að eiga aukaíbúð í Reykjavík til þess að börnin geti stundað framhaldsnám þar.

Einn hópur þeirra sem búa á landsbyggðinni eru bændur og það er spurning hvort ekki þurfi að kanna hag bænda og barna þeirra því að ég held að alltaf séu að koma fleiri og fleiri vísbendingar um dulda fátækt meðal bænda. Það er því ekki bara nauðsynlegt að skoða hverjir fara til náms og hverjir hætta námi heldur líka hverjir komast ekki til náms.

[10:52]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé afar mikilvægt að staðið sé við þau ákvæði sem fram koma í byggðaáætluninni sem samþykkt var í vor. Í fyrsta lagi er mikilvægt að fjárhagur ráði ekki úrslitum um það hvort ungmenni fara í nám eða ekki og í öðru lagi er mjög mikilvægt að fólk trúi því að raunverulegur vilji sé fyrir því að reyna að snúa byggðaþróunni við. Samþykkt á myndarlegri upphæð til viðbótar þeirri sem þegar er til staðar væri spor í þá átt.

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra segist taka mark á því sem ungmenni á Alþingi unga fólksins sögðu í vor. Ég vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá von að það eigi þá við um ályktun þeirra í menntamálum sem var mjög í anda jöfnuðar. Þar voru ýmis atriði sem væri áhugavert að taka til umfjöllunar á hv. Alþingi.

[10:53]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í þessari umræðu og hæstv. ráðherra fyrir hans svör. Það er alveg hárrétt að framlagið hefur verið hækkað um 140% frá 1996. Þá var meðalúthlutun til nemenda 41 þús. kr. Árið 1999 er meðalúthlutun 74 þús. kr. 74 þús. kr. meðalúthlutun er lítið í þann stóra pott kostnaðar sem er við að senda ungling í framhaldsskóla. Ég vek athygli á því.

Fyrirspurn mín var um tillögu sem byggðanefnd forsrh. lagði til og sem hæstv. forsrh. hefur margoft verið spurður út í hvort ekki yrði staðið við og hann hefur mjög skilmerkilega látið það koma hér fram að staðið verði við þetta að fullu og þá á ég við það sem kom frá nefndinni í þremur jöfnum áföngum. Fyrirspurn mín var ekki um það sem kemur fram í byggðastefnu sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Það er ekki tímasett. Hitt er tímasett. Tillagan er um það — og hún er studd rökum, m.a. frá Byggðastofnun — að 230 millj. vanti til að jafna þennan mismun. Út í það var ég að spyrja hæstv. menntmrh.: Stendur til að einn þriðji, eins og segir í tölum frá Byggðastofnun, um 76 millj. komi inn í þessa tölur, þ.e. í frv. til fjárlaga núna á milli umræðna? Um það snýst málið. Það er hárrétt sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði áðan. Þetta er það sem fólk úti á landi bíður eftir. Það bíður eftir því að fá að sjá áþreifanlega með aðgerðum hvort staðið verði við stefnu í byggðamálum eða hvort þetta séu bara falleg orð á blaði.

Við lifum ekki á skýrslum einum saman eða góðum tillögum. Okkur vantar aðgerðir og ef ekki er lag núna í því góðæri sem gengur yfir ríkissjóð, ef svo má að orði komast, ef ekki er lag núna til að setja 76 millj. í þennan lið, þá spyr ég hvenær það verði. Ég ítreka því við hæstv. menntmrh. um leið og ég þakka honum fyrir svar hans að beðið er eftir þessum tillögum og bið um að þetta verði aukið nú vegna fjárlaga árið 2000. Ég veit að frv. er til umfjöllunar, en ég vona að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir því að þessi upphæð komist inn á fjárlög.

[10:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta neinu við það sem ég sagði um samstarf Alþingis og ríkisstjórnar varðandi lokaafgreiðslu fjárlaga því að reynslan sýnir að þessi liður á fjárlögum hefur hækkað um 140% á liðnum árum og segir það sína sögu. Og það er á þeim árum sem ég hef starfað sem menntmrh. þannig að enginn þarf að draga í efa hug minn í því máli.

Ég skil að sjálfsögðu vel að hv. þm. sem sat í þeirri nefnd sem samdi þessar ágætu tillögur sé annt um að þær nái fram að ganga og að hann standi vörð um þær. Það er ekkert við það að athuga. Að sjálfsögðu tek ég undir með honum og forsrh. að við eigum að framkvæma þessar tillögur. Forsrh. hefur marglýst því yfir, eins og hv. þm. nefndi, þannig að ég þarf ekki að árétta það.

Ég vil aðeins segja að við í menntmrn. höfum m.a. látið vinna þá skýrslu sem menn lögðu til grundvallar. Eins og fram kemur í tillögu nefndarinnar er vísað til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem menntmrn. lét vinna. Þar liggja fyrir mjög haldgóðar upplýsingar um alla einstaka þætti þessa máls sem eru forsendur þess að við getum tekið á þeim og lagt fram tölur eins og þá sem við heyrðum einnig að hv. þingmenn draga í efa að sé nógu há. Vafalaust finnum við aldrei þá fjárhæð í þessu sem menn telja að dugi til þess að ná þeim ágætu markmiðum sem við setjum okkur í þessu efni. En ég ítreka að ég er áhugamaður um að þessi munur verði jafnaður. Ef hægt er að gera það með fjárframlögum þá er það í sjálfu sér gott. En ég held að það þurfi að hafa í huga marga fleiri þætti þegar menn huga að þessu og skilgreina hvernig þeir ætla að bregðast við þeirri þróun á landsbyggðinni sem við sjáum því miður, að áhugi á því að fara þar í framhaldsnám er ekki alltaf nægilega mikill.

Innganga í Alþjóðahvalveiðiráðið.

Fsp. HjÁ, 87. mál. — Þskj. 87.

[10:58]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Í lok síðasta kjörtímabils var samþykkt á hv. Alþingi þáltill., borin fram af hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni og fleirum, þess efnis að Alþingi ályktar að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land. Svo sem menn ugglaust rekur minni til þá var og er enn umræða um þetta viðkvæm og málið er erfitt að mörgu leyti. Umræðan snertir sjálfsákvörðunarrétt þjóða til að nýta auðlindir sínar og sjálfbæra þróun. Hana snerta efnahagsleg rök. Á móti þessu hafa menn bent á m.a. að hvalveiðar kunni að skaða viðkvæma markaði okkar, einkum fiskmarkaði erlendis og kunni að hafa skaðleg áhrif á ferðaþjónustu. En fyrst og fremst snýst þetta um sjálfstæði þjóða.

Á sínum tíma gengu Íslendingar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu þar sem talið var og var mat stjórnvalda á þeim tíma, að rödd Íslands og röksemdir fyrir hvalveiðum væru ekki virtar og því væri tilgangslaust að Ísland sæti áfram í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Síðan er liðinn nokkur tími og sú ákvörðun var að sjálfsögðu umdeild á sínum tíma. En það er óhætt að segja að umræðan á alþjóðavettvangi hafi breyst hvað þetta varðar, ekki síst þar sem umræðan á alþjóðavettvangi hefur færst í vaxandi mæli í það horf að menn virða, að því er virðist, sjálfbæra þróun, sjálfbæra efnahagsstefnu einstakra þjóða.

Herra forseti. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að undirbúa hvalveiðar með því m.a. að kynna málstað og sjónarmið Íslendinga á erlendum vettvangi meðal helstu viðskiptaþjóða. Það kunna því að finnast rök fyrir því að Íslendingar eigi að endurskoða afstöðu sína hvað varðar Alþjóðahvalveiðiráðið. Menn hafa velt þeirri spurningu upp hvort hyggilegt sé að skilja þar eftir fáar þjóðir hlynntar hvalveiðum, t.d. eins og Japani, og hvort ekki sé hyggilegra að Íslendingar láti í sér heyra, ekki síst í ljósi þess að viðhorf á alþjóðavettvangi hafa verið að breytast.

Herra forseti. Þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. utanrrh. hvort hann telji koma til greina að Íslendingar sæki um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu.

[11:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og hv. alþingismönnum er kunnugt gengu Íslendingar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu árið 1992. Þá var þannig komið að ráðið fór í engu eftir þeim tillögum sem komu frá vísindanefnd ráðsins og hafði í reynd breyst í friðarstofnun í stað þess að stjórna nýtingu hvalastofna í samræmi við stofnsamning Alþjóðahvalveiðiráðsins. Við höfðum þá vænst þess að fleiri ríki, sérstaklega Noregur, fylgdu í fótspor okkar og gengju úr ráðinu. Það gekk ekki eftir. Áður höfðu ríki gengið úr ráðinu, þar á meðal Kanada 1982. Nokkur ríki hafa gengið úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og síðan gengið í það aftur. Það mun t.d. eiga við um Brasilíu, Holland og Noreg. Ásamt Norðmönnum, Færeyingum og Grænlendingum stofnuðum við svæðisbundin samtök til nýtingar sjávarspendýra í Norður-Atlantshafi, NAMMCO, Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið. Enda þótt margar þjóðir hafi þar áheyrnarfulltrúa hafa samtökin enn ekki orðið eins öflug og við vonuðumst til þegar við stofnuðum til þessa starfs en þessi samtök vinna ómetanlegt starf á sviði vísinda og rannsókna. Það eru væntingar bundnar við það að Rússar gangi í ráðið og við höfum lagt á það mikla áherslu og það ætti að skýrast áður en langt um líður.

Þótt við höfum gengið úr Alþjóðahvalveiðiráðinu höfum við fylgst vel með fundum þess sem áheyrnarfulltrúar. Vissar vonir eru bundnar við að með fjölgum ríkja í Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem vilja nýta sjávarspendýr með sjálfbærum hætti, megi vænta einhverra breytinga á starfsemi ráðsins. Slíkar væntingar eru t.d. uppi hjá Japönum. Þetta er þó alls ekki sjálfgefið. Meðal annars þess vegna er mikilvægt að efla og styrkja starfsemi NAMMCO og fjölga aðildarríkjum eins og við höfum lagt áherslu á. Það er að mínu mati fráleitt að útiloka aðild okkar að Alþjóðahvalveiðiráðinu að nýju. Aðstæður geta breyst með ýmsum hætti. Eins og reglum er nú t.d. háttað er það forsenda þess að við getum selt öðrum þjóðum, eins og Japönum, hvalaafurðir, að við séum aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu og Japanar hafa staðfest það í samtölum við mig og hæstv. sjútvrh. jafnframt. Því er svarið það að aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu getur mjög vel komið til greina en engin ákvörðun hefur verið tekin þar um.

[11:04]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Meginástæða þess að við sögðum okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á sínum tíma var sú að hvalveiðiráðið braut eigin samþykktir. Þetta er mér mætavel kunnugt um vegna þess að ég var formaður nefndarinnar sem lagði úrsögnina til á sínum tíma. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt hjá okkur að segja okkur úr ráðinu á þeim tíma vegna þess að það þjónaði engum tilgangi að starfa innan þess eins og málum var þar fyrir komið. Ég hef hins vegar aldrei útilokað að Íslendingar gengju aftur inn í Alþjóðahvalveiðiráðið, ekki til þess að hefja þar einhverja tilgangslausa snakkfundi eins og við sátum á árum saman þar sem aldrei var hlustað á nein rök í einu eða neinu, heldur eingöngu til þess að hefja veiðar

og tryggja að við getum selt afurðir okkar. Ég tel, virðulegi forseti, að ef tekin verði um það ákvörðun að ganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið hljótum við að gera það undir þeim formerkjum og á þeim forsendum að það sé til þess gert að við hefjum veiðar, að við getum hafið veiðar strax, alveg eins og Alþingi hefur samþykkt að við gerum. Það er augljóst mál að þegar Alþingi samþykkir að hefja eigi hvalveiðar hið fyrsta þýðir það ekki eftir tvö, þrjú ár, þá þýðir það eigi síðar en á næsta eða þar næsta ári.

[11:05]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeim ummælum hæstv. utanrrh. að aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu geti mjög vel komið til greina og ég vænti þess að ráðherra fylgi þá þeirri skoðun sinni eftir með því að láta kanna ítarlega hvernig það getur gerst. Ég hef í tvígang flutt tillögu þess efnis að aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu verði könnuð, sú tillaga dagaði uppi í þinginu en það er löngu tímabært að farið verði af alvöru í að skoða endurnýjaða aðild. Menn segja það hafi verið tilgangslaust að sitja í ráðinu því það hafi ekki farið að vísindaráðgjöf en niðurstaðan er nú samt sú að eftir að við tókum þessi mál í okkar eigin hendur höfum við ekki heldur farið að vísindaráðgjöf. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að það er ráðleysi að ætla sér að hefja hvalveiðar án þess að vera innan ráðsins. Norðmenn eru innan ráðsins, Japanar eru innan ráðsins, hæstv. ráðherra staðfestir það hér með að við getum ekki selt hvalaafurðir ef við erum ekki innan ráðsins. Því hvet ég til þess að farið verði af einurð og alvöru í að kanna það hvort það borgi sig fyrir okkur og hvort það sé ekki einmitt rétta leiðin að við fáum endurnýjaða aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu.

[11:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna ummælum hæstv. ráðherra og hvet hann til að fylgja þeim eftir og ganga í að sótt verði um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þau rök þarf ég ekki að endurtaka sem hér hafa komið fram um að við þurfum að geta selt hvalaafurðir ef við ætlum okkur að fara að veiða hvali. Ég tók aftur á móti eftir því í ræðu hv. þm. Einars Guðfinnssonar að hann sagði að við gætum kannski hafið hvalveiðar á næsta ári eða þar næsta ári. Síðustu svardagar sem hér heyrði þar á undan voru þeir að menn stefndu að því að það yrði farið að veiða hvali á næsta ári og urðu mjög fyrtnir þegar einhverjir voru að setja út á að það yrði nú kannski ekki líklegt að það yrði ofan á. Nú er farið að tala um þar næsta ár og þannig hefur þetta mál gengið í gegnum tíðina að menn hafa aldrei sagt satt um það að ekki hefur staðið til að fara að veiða hvali og það stendur örugglega ekki til að fara að veiða þá á næsta ári.

[11:08]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég tel að það hafi orkað tvímælis á sínum tíma að ganga úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Til þess lágu ýmis rök og ýmsar ástæður sem virtust þá haldbetri en þær hafa reynst síðan. Það er ljóst að Íslendingum ber skylda til þess að starfa innan alþjóðlegra samtaka um nýtingu sjávarspendýra. Við bundum við það vonir að NAMMCO gæti orðið slíkur vettvangur en komið hefur í ljós að miklar efasemdir eru um að NAMMCO geti nokkurn tímann orðið slíkur vettvangur. Ég tel því skynsamlegt að íhuga að við göngum aftur inn í Alþjóðahvalveiðiráðið sem þann eina vettvang sem kemur okkur að gagni til að ráðast í nýtingu á sjávarspendýrum.

[11:09]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á sínum tíma var ég andvígur því að við segðum okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og var eini þingmaðurinn sem hafði þá afstöðu. Ég tel að það sé brýnt fyrir okkur til þess að koma málstað okkar á framfæri að við séum í þessu ráði og ekki sé við því að búast að nokkur geri það nema við sjálfir. Ég tel þess vegna að við eigum að ganga í ráðið en með fyrirvara um það sem við teljum að við þurfum að gæta þegar við erum þátttakendur í ráðinu og tel að vinna beri markvisst að því að Íslendingar geti sem fyrst gengið í ráðið.

[11:10]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Mér fannst það dálítið merkileg niðurstaða hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að ekki standi til að fara að veiða hvali. Það hefur vonandi ekki farið fram hjá hv. þm. eða öðrum sem hér eru staddir, að það var samþykkt með mjög afgerandi hætti á síðasta vori á Alþingi að hefja hvalveiðar að nýju, með 37 atkvæðum gegn 8, ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Það kom reyndar líka fram þar í nál. meiri hluta sjútvn. að veiðarnar skyldu hefjast á næsta ári, það er rétt. Ég tel að eftir þessa samþykkt Alþingis sé það næsta skref að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið, með fyrirvara eins og hæstv. menntmrh. nefndi, með þeim fyrirvara að við ætlum að hefja veiðarnar því fyrir liggur að Japanar munu kaupa af okkur kjötið ef við verðum innan veggja í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það er næsta skrefið í málinu og auðvitað stefnum við fast og örugglega að því að hefja hvalveiðar á ný eins og Alþingi samþykkti á síðasta vori.

[11:11]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans og eins þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. utanrrh. að opna fyrir þann möguleika að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju og rökin fyrir því hafa verið nefnd í þessari stuttu umræðu. Auðvitað hangir þetta mjög saman við þá ákvörðun hv. Alþingis að hefja hið fyrsta hvalveiðar að nýju, þessi mál hanga mjög saman við aðild okkar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það er mjög mikilvægt að rödd okkar heyrist á alþjóðavettvangi þannig að sjónarmið Íslendinga komi fram. Það höfum við sýnt á öðrum vettvangi svo sem í NAMMCO og má líka taka Bernarsamkomulagið svonefnda. Fyrst ég nefni bæði NAMMCO og Bernarsamkomulagið vekur það athygli að áherslur hvað varðar hvalveiðar eru ólíkar annars vegar hjá NAMMCO og í Bernarsamkomulaginu og hins vegar í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það segir okkur m.a. að hve brýnt það er fyrir okkur sem sjálfstæða þjóð að taka þátt í slíku alþjóðasamstarfi þannig að rödd okkar og rök kunni að heyrast. Ég ítreka líka það sem áður var nefnt að umræðan á alþjóðavettvangi er að breytast þar sem meira tillit er tekið til sjálfbærrar þróunar og sjálfstæðisákvörðunarréttar einstakra þjóða. En ég fagna yfirlýsingu hæstv. utanrrh. og þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni.

[11:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðalatriði í þessu máli er að þjóðir heims taki sig saman um að koma einhverju viti í nýtingu sjávarspendýra og þar eigum við góða bandamenn, sérstaklega í

Noregi og í Japan. Við stóðum þétt með þessum og öðrum þjóðum á sínum tíma í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þessar þjóðir halda því fram að ýmislegt hafi breyst innan veggja þess eða sé líklegt til að breytast í framtíðinni. Ég ætla ekki að leggja endanlegt mat á það. En það er alveg ljóst að þessar samstarfsþjóðir okkar, bæði Japanar og Norðmenn, hvetja okkur til að koma til starfa í Alþjóðahvalveiðiráðinu á nýjan leik. Síðar í dag mun ég mæla fyrir tillögu um að Íslendingar gerist aðilar að CITES og það er m.a. vegna þess að við viljum hefja þar baráttu, að koma þar ýmsum hvalategundum út af friðunarlista en á CITES-listanum eru allar hvalategundir við Ísland friðaðar og viðskipti með þær afurðir bannaðar. Það er mjög mikilvægt að við förum inn í þetta samstarf og ég vænti þess að Alþingi geti samþykkt það. Að mínu mati eru því vaxandi líkur fyrir því að við göngum í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að ekki eru aðstæður til að ganga í Alþjóðahvalveiðiráðið til þess að taka eingöngu þátt í fundum þess, við höfum allt annað að gera. Það verður að vera ákveðinn tilgangur í því, það verður að vera sá tilgangur að nýta hvalastofnana við Ísland og vinna með öðrum þjóðum í heiminum að koma upp á nýjan leik sjálfbærri nýtingu á sjávarspendýrum og reyna að vinna því betri skilning í heiminum en eins og þingheimur veit hefur hann verið afar lítill.

Alþjóðlegur sakadómstóll.

Fsp. ÁMöl, 143. mál. — Þskj. 164.

[11:15]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Í ár heldur alþjóðasamfélagið upp á að 50 ár eru liðin frá undirritun mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna en mannréttindasáttmálinn hefur verið lagður til grundvallar samningum milli þjóða til verndar mannréttindum í ófriði sem á friðartímum.

Þrátt fyrir ótal alþjóðassamninga, sáttmála og yfirlýsingar þar sem reglur eru m.a. settar til varnar borgurum á stríðshrjáðum svæðum og bann við framleiðslu og notkun tiltekinna vopna hefur mannréttindabrotum fjölgað í heiminum. Jafnframt hefur alþjóðasamfélaginu orðið æ ljósari vöntun á aðferðum til að sporna gegn stríðsglæpum og kalla þá sem brjóta á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum til ábyrgðar fyrir dómstólum. Frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari, eftir Nürnberg- og Tókíó-réttarhöldin, hafa Sameinuðu þjóðirnar leitað leiða til að koma á stofn alþjóðlegum sakadómstóli til að lögsækja einstaklinga sem gerast sekir um alvarlega glæpi á ófriðartíma og refsa þeim. Á það má benda að Alþjóðadómstóllinn í Haag tekur eingöngu á málum er varða samskipti milli ríkja en tæki til að taka á stríðsglæpum sem framdir eru af einstaklingum hefur skort.

Á undanförnum áratugum hafa stríðsdómstólar verið settir á laggirnar til að taka á einstökum málum, eins og t.d. í Rúanda og í fyrrum Júgóslavíu, en þeir dómstólar hafa verið settir upp til að taka á þeim tilteknu málum en hafa ekki möguleika að taka á mannréttindabrotum sem eiga sér stað annars staðar né koma í veg fyrir ofbeldi í framtíðinni.

Fyrirhugaður alþjóðlegur sakadómstóll verður ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna og verður stofnaður til frambúðar. Alþjóðlegum sakadómstóli er ætlað að lögsækja einstaklinga sem grunaðir eru um yfirgang, stríðsglæpi, þátttöku í þjóðarmorði eða aðra alvarlega glæpi gegn mannkyni. Til hins síðarnefnda teljast víðtækar og skipulagðar árásir á tiltekinn hóp manna með t.d. morðum, útrýmingu, nauðgunum, kynlífsþrælkun, þröngvuðum þungunum, mannránum eða glæpum vegna aðskilnaðarstefnu.

Herra forseti. Fulltrúar 160 landa tóku þátt í ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um stofnun alþjóðlegs sakadómstóls sem haldin var um miðjan júlí 1998. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, dagsettum 30. júní nú í sumar, hafa 55 þjóðlönd undirritað samninginn um stofnun sakadómstólsins en á þeirri dagsetningu höfðu eingöngu þrjú þeirra fullgilt samninginn. Búist er við að allflest löndin sem tóku þátt í ráðstefnunni muni að lokum fullgilda samninginn. Til þess að alþjóðasakamáladómstóllinn geti tekið til starfa þurfa 60 þjóðlönd að fullgilda hann.

Ísland hefur undirritað samninginn en enn ekki fullgilt hann. Af því tilefni er þessi fyrirspurn lögð hér fram.

[11:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Samþykktin um alþjóðlega sakadómstólinn var var gerð í Róm 17. júlí 1998. Dómstóllinn sem á að hafa aðsetur í Haag hefur það hlutverk að dæma í málum einstaklinga sem eru grunaðir um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði.

Rómarsamþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 26. ágúst 1998. Við vorum því meðal fyrstu þjóða sem undirrituðu þessa samþykkt. Alls hafa 89 ríki undirritað samþykktina en aðeins fjögur ríki: Senegal, Trínídad og Tóbagó, San Marínó og Ítalía hafa fullgilt hana. Þessi samþykkt mun öðlast gildi tveimur mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hann.

Norðurlöndin hafa haft með sér samráð um undirbúning fullgildingar Rómarsamþykktarinnar um alþjóðlega sakadómstólinn enda er málið bæði flókið og umfangsmikið. Samþykktin er alls 128 greinar. Í Noregi er gert ráð fyrir að þáltill. um fullgildingu Rómarsamþykktarinnar verði lögð fram á næstunni og samþykktin verði fullgilt næsta vor. Í Danmörku og Finnlandi er stefnt að því að leggja fram þáltill. næsta vor og gera ráð fyrir fullgildingu síðar á næsta ári. Í Svíþjóð er reiknað með því að þáltill. verði lögð fram haustið 2000 og samþykktin verði fullgilt síðar á því ári eða fyrri hluta árs 2001.

Unnið er að fullgildingu Rómarsamþykktarinnar í utanrrn. Fyrstu drög að íslenskri þýðingu samþykktarinnar liggja fyrir en fram undan er mikli vinna við að fullgera hana, semja og ganga frá till. til þál. um fullgildingu samþykktarinnar. Stefnt er að því að leggja tillöguna fyrir Alþingi á vorþingi. Ég vonast eftir því að við getum gert það en ég get ekki fullyrt það. Fullgilding Rómarsamþykktarinnar kallar síðan á löggjöf um framkvæmd hennar hér á landi og gerð frv. um það efni lýtur samkvæmt venju dómsmrn. en að sjálfsögðu munu utanrrn. og dómsmrn. hafa náið samstarf um þetta mál eins og öll önnur mál sem eru svipaðs eðlis.

[11:21]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir góð svör. Ég hafði reyndar vonast til að fullgilding sáttmálans færi fram fyrr en kom fram í máli hans. Ég vil benda á að á undanförnum mánuðum hafa fjölmörg alþjóðleg samtök hvatt þjóðríki til að fullgilda samninginn sem

allra fyrst. Þar á meðal get ég nefnt Alþjóða rauða krossinn og Alþjóðaþingmannasambandið sem samþykkti ályktun í Berlín nú í október þar sem skorað var á þjóðþing að staðfesta samninginn um stofnun alþjóðlegs sakadómstóls sem allra fyrst.

Ég tel þetta sérstaklega brýnt því að á undanförnum mánuðum höfum við orðið vitni að hryllilegum glæpum bæði í Kosovo og öðrum ríkjum fyrrum Júgóslavíu og nú í fyrrum ríkjum Sovétríkjanna eins og Tsjetsjeníu. Það er mín bjargfasta trú að alþjóðasamfélagið þarfnist tækis sem þessa til þess að sporna gegn glæpum á ófriðartímum og koma lögum yfir stríðsglæpamenn.

Að mati margra er sáttmálinn talinn jafnmikilvægur og mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og hefur Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, m.a. lýst honum sem stórstígu skrefi til að tryggja mannréttindi og lög og rétt í heiminum.

En ég þakka fyrir þessi svör.

[11:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að mikilvægt er að fullgilda þennan samning. Íslendingar eiga að sjálfsögðu að leggja á það mikla áherslu. Þeir atburðir sem orðið hafa að undanförnu, sem eru hörmulegri en búist var við þegar við horfum inn í nýja öld, sanna að mikilvægt er að allir þeir sem fremja stríðsglæpi og voðaverk gegn mannkyninu geti verið vissir um að þeir verði eltir þar til þeim verði náð en komist ekki undan eins og gerst hefur í fjölmörgum tilvikum. Það er fyrirbyggjandi ráðstöfun.

Okkar skylda hlýtur að vera að reyna að fyrirbyggja slík voðaverk. Þeir aðilar sem staðið hafa í þessu hafa í allt of miklum mæli sloppið og þess vegna oft gengið óhikað til verks. Ef þeir vita að þeir eigi von á því að verða dregnir fyrir alþjóðlega dómstóla þá er ég viss um að það mun a.m.k. draga úr voðaverkunum.

Afkoma Flugstöðvar og Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli.

Fsp. ÖJ, 156. mál. — Þskj. 177.

[11:24]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Málefni sem tengjast Flugstöð Leifs Eiríkssonar og þá kannski sérstaklega Fríhöfninni hafa oft verið til umræðu hér á Alþingi enda ekki undarlegt. Fríhöfnin er sérstaklega drjúg tekjulind fyrir ríkissjóð. Flugstöðin hefur hins vegar verið skuldum vafin og þar hefur verið unnið að endurskipulagningu. Það kom m.a. fram í svari hæstv. utanrrh. við fyrirspurn hv. þáv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur um rekstur flugstöðvarinnar. Í svari hæstv. ráðherra segir, með leyfi forseta:

„Viðskiptahættir í stöðinni hafa verið færðir í nútímalegra horf. Með aukinni þjónustu og útboðum eru nú allar horfur á að stöðva megi skuldasöfnun vegna flugstöðvarinnar og byrja að greiða niður skuldir."

Þetta er hið besta mál og kann vel að vera að þetta hafi gengið eftir. Einmitt þess vegna brá mörgum í brún þegar endurskoðaður ríkisreikningur birtist á dögunum. Í kjölfarið fylgdu fréttir í fjölmiðlum þar sem vísað er í breytingar á rekstrarfyrirkomulagi flugstöðvarinnar. Þar kom fram að afkoma Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hefði vissulega batnað milli ára. En þar kom einnig fram að afkoma Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefði versnað umtalsvert á milli ára. Á árinu 1998 hafi hagnaðurinn numið tæpum 260 milljónum og minnkað um 368 milljónir kr. frá árinu áður. Í skýrslu ríkisendurskoðanda segir að auk þess sem sölurými hafi verið boðið út á fríhafnarsvæðinu til að auka leigutekjur hafi verið dregið úr úrvali söluvarnings Fríhafnarinnar. Niðurstaðan er sú að ef afkoma framangreindra tveggja fyrirtækja, þ.e. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar, fyrir fjármagnsliði er lögð saman og samanburður gerður við árið áður þá er ljóst að afkoman hefur versnað á milli ára.

Nú er spurt um skýringar á þessu:

„Hvaða skýringar eru á því að samanlögð afkoma Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur versnað og áætlanir um auknar rekstrartekjur hafa breyst?"

[11:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Fréttir af afkomu flugstöðvarinnar og Fríhafnarinnar hafa verið nokkuð villandi að undanförnu. Það sýnir vel hversu vandasamt verk það er að lesa sannleikann út úr reikningsskilum á hverjum tíma. Ég skal ekki fara nánar út í það hér en ætla að reyna að útskýra hvað þarna hefur gerst.

Sannleikurinn er sá að rekstrartekjur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hafa aukist verulega milli ára og afkoma stöðvarinnar hefur batnað umtalsvert. Áætlanir um rekstrartekjur Fríhafnarinnar undanfarin ár hafa staðist. Fríhöfnin hefur þrátt fyrir umfangsmiklar breytingar á rekstrarumhverfi hennar náð að vaxa og dafna. Á gjaldahlið reksturs Fríhafnarinnar árið 1998 hafa hins vegar orðið verulegar breytingar, sumar fyrirséðar en aðrar ekki. Þessar breytingar hafa leitt til þess að afkoma Fríhafnarinnar verður lakari árið 1998 en vænst var til en allt útlit er fyrir að það sé einungis tímabundið.

Árið 1997 var skipuð nefnd um málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar undir forustu Ólafs Arnar Haraldssonar alþingismanns, þar var varaformaður Einar K. Guðfinnsson alþingismaður og einnig fulltrúar þriggja ráðuneyta. Þessi ágæta nefnd vakti m.a. athygli á því að á sama tíma og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefði árum saman glímt við fjárhagsvanda yrðu til miklar tekjur á flugvellinum sem rynnu annað. Tillögur nefndarinnar gengu m.a. út á að tekjur flugstöðvarinnar af útleigu verslunarhúsnæðis yrðu auknar með því að fjölga útleiguplássum og bjóða þau út. Þar sem Fríhöfnin þyrfti sem ríkisrekin verslun ekki að taka þátt í útboði um verslunarpláss sitt var jafnframt lagt til að leigugjald hennar yrði ákvarðað með tilliti til leiguverðs annarra rekstraraðila í stöðinni að viðbættu sérstöku álagi.

Til að skapa svigrúm fyrir starfsemi einkarekinna verslana í flugstöðinni við hlið ríkisrekinnar fríhafnar var jafnframt ljóst að nokkrar takmarkanir yrði að gera á vöruúrvali Fríhafnarinnar.

Hækkun meðalleiguverðs í flugstöðinni leitar sjálfsögðu til umtalsverðrar hækkunar á þeirri húsaleigu er Fríhöfnin greiðir til flugstöðvarinnar. Hækkun húsaleigu Fríhafnarinnar árið 1998 miðað við árið 1997 nam u.þ.b. 142 millj., en leigutekjur flugstöðvarinnar hækkuðu um 287 millj., þannig að fríhöfnin var að greiða u.þ.b. helming af þeirri hækkun.

Á árinu 1998 hækkaði launakostnaður hjá Fríhöfninni umtalsvert, eða um 18,3%. Það stafar að hluta til af almennum hækkunum launa, hluta til af breyttri vinnutímalöggjöf og einnig af því að þróun í flugumferð kallar á lengri opnunartíma vegna fleiri lendinga með farþega utan hefðbundinna tíma. Sú kostnaðaraukning hefði orðið alveg óháð breytingu á rekstrarfyrirkomulagi.

Á árinu 1998 var gjaldfærð rúmlega 90 millj. kr. lífeyrisskuldbinding hjá Fríhöfninni. Sú fjárhæð er hærri en reiknað var með og stafar að verulegu leyti af villu í útreikningi lífeyrisskuldbindinga ársins á undan. Þetta skekkir að sjálfsögðu samanburð milli þessara tveggja ára. Breytingar á vöruúrvali Fríhafnarinnar leiddu til lækkunar á meðalálagningu, þar sem út fóru vöruflokkar með hárri álagningu. Í allt voru rekstrarútgjöld Fríhafnarinnar u.þ.b. 368 millj. kr. hærri fyrir árið 1998 en áætlanir gerðu ráð fyrir sem skýrir þetta að sjálfsögðu. Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir helstu skýringum á þeirri aukningu á rekstrarútgjöldum Fríhafnarinnar umfram forsendur fjárlaga. Þar vegur mest hækkun á húsaleigu, en eins og áður greinir er þar um að ræða fjármuni sem áfram munu renna til ríkisins. Eftir stendur að Fríhöfnin er þrátt fyrir verulega aukna samkeppni að skila myndarlegum rekstrarafgangi í ríkissjóð. Árið 1998 skilaði Fríhöfnin 400 millj. kr. arði til ríkissjóðs og 190 millj. áfengisgjaldi til ríkissjóðs, samtals 590 millj. Þegar litið er á þróun rekstursins hjá Fríhöfn og flugstöð það sem af er þessu ári, þá hefur staðan batnað frá því á síðasta ári. Samkvæmt níu mánaða uppgjöri Fríhafnarinnar námu rekstrartekjur 2.354 millj., sem er 14% hækkun. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 260 millj. kr., sem er 50 millj. kr. hækkun frá síðasta ári. Fyrir liggur bráðabirgðauppgjör flugstöðvarinnar fyrir fyrstu sex mánuði ársins og þar hefur hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði hækkað úr 189 millj. í 225 millj., sem sagt hækkun upp á 36 millj.

Að lokum vil ég minna á, sem er mest um vert, að hægt verði að tryggja áframhaldandi góða afkomu flugstöðvarinnar og ég tel allar forsendur til þess.

[11:33]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör, því sannast sagna hafa frásagnir og fréttir í fjölmiðlum verið harla mótsagnakenndar. Hér kemur fram að útgjöld Fríhafnarinnar hafa aukist verulega á milli ára og vegur þar þyngst aukinn leigukostnaður, auknar greiðslur til flugstöðvarinnar, leigan hækkar á milli 160 og 170%. Einnig kemur fram í svari hæstv. ráðherra að Fríhöfnin hafi skilað 400 millj. í ríkissjóð. Hann nefnir einnig áfengisgjald, sem hafi verið sett á, sem hann segir hafa verið 190 millj., en samtals séu þetta 590 millj. kr. Og ef húsaleigan er þarna lögð við, þá erum við komin upp í upphæð sem nemur 835 millj. kr. sem á einn eða annan hátt rennur í ríkissjóð. Mér finnst mikilvægt að við séum meðvituð um hve miklar upphæðir hér er að telja, hve mikil og dýrmæt tekjulind þetta er fyrir almannasjóði, fyrir ríkissjóð. Að öðru leyti þá vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Niðurstöður launakönnunar kjararannsóknarnefndar.

Fsp. SJS, 60. mál. — Þskj. 60.

[11:35]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er okkur báðum væntanlega ánægjuefni, mér og hæstv. félmrh., að þessi fyrirspurn, blessuð, kemst nú loksins á dagskrá, en þar er við okkur báða að sakast, við höfum verið í önnum og ekki alltaf náð saman. Það er reyndar nokkuð síðan hún var sýnd hér í þinginu því að ég lagði sambærilega fyrirspurn fram á vorþingi í júnímánuði sl. Þá höfðu nýlega komið fram niðurstöður úr launakönnun sem sýndu allískyggilega hluti og staðfestu að ýmsu leyti að ákveðin þróun eða afturför réttara sagt er í gangi hvað varðar vaxandi launamun í landinu og þó sérstaklega kynbundinn launamun, þar sem staða kvenna er til muna lakari á vinnumarkaði en karla og laun til muna lægri fyrir sambærileg störf. Enn fremur sýna þessar kannanir, svo ekki verður um deilt, mikinn launamun milli svæða, og staðfestist þar enn það sem út af fyrir sig hefur verið vitað að laun víða á landsbyggðinni eru til muna lægri í sambærilegum greinum en á höfuðborgarsvæðinu. Vísbendingar úr þessum könnunum, síðustu launakönnunum kjararannsóknarnefndar og fleiri könnunum reyndar sem gerðar hafa verið á vinnumarkaðnum, sýna allar hreyfingu í sömu átt, þ.e. að þessi launamunur er að aukast, kynbundni launamunurinn er fastur í sessi ef ekki einnig að aukast og launamunur milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis hefur aukist. Það mætti taka þar ýmis dæmi, herra forseti, úr síðustu launakönnun en tímans vegna verður ekki margt til tínt en þar má t.d. nefna þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk. Þar eru meðallaun á höfuðborgarsvæðinu fyrir dagvinnu á fyrsta ársfjórðungi 1999 114.691 kr. en á landsbyggðinni að meðaltali 104.000. Þetta er fyrir karla. Þegar litið er á konurnar þá eru laun kvenna á höfuðborgarsvæðinu í dagvinnu á fyrsta ársfjórðungi 1999 fyrir þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk 97.486 á móti 114.000 karlanna, en konur á landsbyggðinni eru með 85.933 á móti 104.000 karlanna á landsbyggðinni og 114.000 karlanna á höfuðborgarsvæðinu. Ef við berum þennan hóp saman, konur á landsbyggðinni og karla á höfuðborgarsvæðinu, og skoðun þann geigvænlega mun sem þar er á ferðinni þá sjáum við að hann er upp á tæpar 30.000 kr. og launamunur upp á 25–33%, eftir því hvor talan er tekin til viðmiðunar.

Herra forseti. Af þessum ástæðum hef ég lagt fyrir hæstv. félmrh. þessar spurningar:

„Hver eru viðbrögð ráðherra við niðurstöðum nýjustu launakannana kjararannsóknarnefndar sem sýna mikinn launamun milli kynja og landsvæða?

Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar?“

[11:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hefur verið lagt blátt bann við því í lögum í bráðum 40 ár að greiða kynjum misjafnt kaup, þ.e. kynin eiga rétt á sömu launum fyrir sams konar vinnu. Þrátt fyrir það er því miður til staðar kynbundinn launamunur, eins og reyndar alls staðar í kringum okkur. Það er sama vandamál á Norðurlöndum, það er sama vandamál í Evrópusambandinu og í Austur-Evrópu. Þessi vandi er þess eðlis að stjórnvöldum hefur hvarvetna gengið illa að ráða við hann.

Við í félmrn. settum á fót tilraunaverkefni um kynhlutlaust starfsmat og þar var starfsmaður í vinnu í hálft annað ár eða nærri tvö. Starfsmatið var framkvæmt hjá Ríkisspítölunum, Hitaveitu Reykjavíkur og Félagsmálastofnun Reykjavíkur og skýrslu var skilað í maí. Það er sem sagt fundin forskrift að því hvernig hægt er að framkvæma kynhlutlaust starfsmat.

Ég skipaði nefnd 4. júní 1998 til að kanna launamun verkakvenna og verkakarla undir forustu Sigríðar Lillýjar Baldursdóttur skrifstofustjóra. Með henni í nefndinni eru Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ, og Ágúst H. Elíasson frá VSÍ. Sú nefnd er enn að störfum. Við höfum samþykkt framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og við höfum samþykkt áætlun um opinbera fjölskyldustefnu. Í báðum þessum áætlunum er tekið á því að reyna að samræma atvinnulíf og fjölskyldulíf. Samkvæmt athugunum kjararannsóknarnefndar þá virðist þó heldur draga saman með kynjunum. Fjórða ársfjórðung 1997 til fjórða ársfjórðungs 1998 hækka karlar um 6,3% og konur um 6,9%. En frá öðrum ársfjórðungi 1998 til annars ársfjórðungs 1999 þá hækka karlar um 5,3% en konur um 6,2%. Það eru þó hænufet sem miðar í áttina.

Svo við víkjum að launamun milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, þá deili ég áhyggjum með hv. fyrirspyrjanda, eins og reyndar hinu atriðinu líka, út af launamun. Ríkisstjórnin hefur ekki tæki til að koma í veg fyrir yfirborganir eða launaskrið, því miður. Ég sé ekki annað en ráð sem ríkisstjórnin eða stjórnvöld geta gripið til en að reyna að efla atvinnulífið á landsbyggðinni. Nú er okkur kunnugt um áætlun í byggðamálum sem afgreidd var sl. vor og er staðföst ákvörðun ríkisstjórnarinnar að standa við hana. Það er mjög mikilvægt að koma í gang stórframkvæmdum utan höfuðborgarsvæðisins og Fljótsdalsvirkjun og álver á Reyðarfirði, sem menn hafa talað hér um undanfarna daga, er einn þátturinn í því. Við ráðum ekki við launaskriðið, við getum haft takmörkuð áhrif á kjarasamninga á almennum markaði og því miður finnst mér það vera ógæfuleg þróun sem stefnir í núna að Verkamannasambandið gangi klofið til næstu kjarasamninga. Ég tel að það sé mikill skaði og verkalýðshreyfingin þyrfti endilega að þoka sér þéttar saman eins og atvinnurekendur hafa gert. Það er ekki heillavænlegt að verkalýðsfélög á höfuðborgarsvæðinu semji sérstaklega og verkalýðsfélög á landsbyggðinni í öðru lagi.

[11:43]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Launakannanir hafa ítrekað staðfest rótgróinn launamun kynjanna. Í því sambandi vil ég nefna nýlega launakönnun sem Verslunarmannafélag Reykjavíkur birti en hún sýndi að 18% munur væri á launum karla og kvenna sem eru í sambærilegu starfi, með sambærilega ábyrgð, menntun, vinnutíma, starfsaldur og aldur. Sé það sett í annað samhengi þá þýðir þessi 18% launamunur að konan vinnur frítt í tvo mánuði á ári fyrir vinnuveitanda sinn í samanburði við karlinn.

Athugun VR benti jafnframt til þess að launamunur kynjanna er að aukast. Þær aðstæður eru nú í þjóðfélaginu að sérstaklega þarf að gæta að launajafnrétti kynjanna. Þar vil ég nefna tvo þætti. Það er þekkt fyrirbæri að laun karla hækka meira en laun kvenna á þenslutímum og liggja ýmsar ástæður þar að baki. Þá er ákveðin hætta á að nýtt launakerfi, bæði hjá hinu opinbera og á almennum markaði, leiði til aukins launamunar kynjanna þar sem til grundvallar launaákvörðunum er lagt mat á einstaklinga. Það er þekkt fyrirbæri erlendis frá að slíkt launakerfi leiði til aukins misréttis og það er brýn ástæða til þess að vera vel á verði.

[11:45]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta vera hálfráðleysislegt. Það er eins og menn séu bara uppgefnir og standi ráðþrota gagnvart þessum vanda sem hér er við að eiga. Ég held að stjórnvöld verði að taka þessar staðreyndir alvarlega sem birtast okkur endurtekið í könnunum og menn verða að reyna að hafa einhverja meðvitund um það hvaða hlutir eru hér að gerast. Ég lasta ekki þá vinnu sem unnin hefur verið af hálfu hæstv. félmrh. og þar hefur margt verið ágætlega gert í sambandi við könnun á þessum málum og annað slíkt. Það er mér ljóst. En í raun liggja ærið nægar upplýsingar fyrir. Ég minni þar líka á hina miklu skýrslu sem ég hygg að Jafnréttisráð hafi látið gera um kynbundinn launamun sem er tveggja, þriggja ára gömul.

Það sem menn þurfa að líta hér á líka eru þær aðstæður og það umhverfi sem kjarasamningar eru gerðir í og hvernig staða almennra kjarasamninga er í þjóðfélaginu. Það er enginn vafi á því að virkasta aðferðin til að útrýma kynbundnum launamun og reyndar einnig landshlutabundnum, eru almennir, gagnsæir og sterkir kjarasamningar þar sem allir þiggja laun samkvæmt sömu samningum, þ.e. gott grunnkaup fyrir venjulega dagvinnu og sem allra minnstar persónubundnar og óumsamdar sporslur þar ofan á. Það er reynsla allra þjóða. Ég hygg ástæðuna fyrir því t.d. að þessi munur er einna minnstur á byggðu bóli í Svíþjóð vera að þar eru sterkir, almennir, gagnsæir kjarasamningar sem menn taka almennt laun eftir. Þar er lítið um yfirvinnu og lítið um persónubundnar sporslur.

Hvað varðar aðstöðuna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þá er enginn vafi á því að þensluástandið hér á undanförnum missirum er eitt af því sem er þarna að draga í sundur og að því leyti er ég sammála hæstv. félmrh. að svarið við því er að jafna þessar aðstæður. En mér hefði nú fundist betra að hæstv. félmrh. og einu sinni Blönduvirkjunarandstæðingur, hefði betur sleppt því að koma einnig með Fljótsdalsvirkjun sem patentlausn á þessum vanda. Á hún nú að útrýma kynbundnum og svæðabundnum launamun á Íslandi ofan á allt annað?

[11:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu mun Fljótsdalsvirkjun ekki útrýma kynbundnum launamun, síður en svo. En svæðabundinn launamun mun hún að einhverju leyti geta lagað.

Það er staðreynd samkvæmt þessari könnun Verslunarmannafélags Reykjavíkur að svo virðist vera að karlmenn verðleggi sína vinnu hærra en konur. Það er ekki endilega svo að atvinnurekandinn sé að bjóða körlunum hærri laun heldur sækja karlarnir á um hærri laun og atvinnurekandinn passar þá ekki upp á hagsmuni þeirra kvenna sem hjá honum vinna.

Einn þáttur í þessu líka er stéttaskipting. Hin ýmsu störf eru að verða annaðhvort kvennastörf eða karlastörf. Það er því mjög mikilvægt að reyna að blanda þessu saman, þ.e. þannig að annað kynið sé ekki ráðandi í ákveðnum störfum. Það er mikil hætta á að það skapi launamun.

Ég get upplýst að verulegur kynbundinn launamunur er í Svíþjóð. Það vill svo til að fyrir nokkrum dögum sat ég ráðstefnu í Stokkhólmi sem boðað var til af forsætisráðherra

og jafnréttisráðherra Svía þar sem einmitt var til meðferðar kynbundinn launamunur og Svíunum ofbauð sá kynbundni launamunur sem er hjá þeim, sem mér sýnist að sé nú eitthvað svipaður og hjá okkur.

Fyrirkomulag fasteignagjalda á landsbyggðinni.

Fsp. EKG, 135. mál. — Þskj. 156.

[11:49]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Eitt af því sem landsbyggðarfólki sviður mest er það fyrirkomulag sem ríkir núna við innheimtu og álagningu fasteignagjalda. Þannig er mál með vexti að fasteignagjöldin eru ekki reiknuð sem hlutfall af raunverulegu fasteignamati fasteigna úti um landið eða á höfuðborgarsvæðinu heldur er tiltekinn reikningsstuðull lagður við þannig að fasteignagjöldin eru hin sömu alls staðar á landinu burt séð frá því hvert verðmæti eignanna er. Þetta hefur fólk gagnrýnt mjög áberandi víða um landið, eins og ég veit að hv. þingmenn þekkja mætavel.

Ég veit eins og allir aðrir hv. þm. hvernig tildrög þessa máls eru. Þau eru að sveitarfélög töldu eðlilegt að fasteignagjöld miðuðust ekki við verðmæti eða markaðsverð fasteigna heldur væru þau miðuð við aðra þætti. Þetta var liður í því að búa til tekjur fyrir sveitarfélögin og í sjálfu sér ekkert hægt að gagnrýna það sjónarmið út af fyrir sig. Hins vegar verða fasteignagjöldin mjög ankannaleg getum við sagt þegar það blasir við að fasteignaverðið fer lækkandi en fasteignagjöldin fara hækkandi.

Það hefur sérstaklega ýtt við þessari umræðu upp á síðkastið að fréttir hafa borist um að vænta megi 20% hækkunar fasteignagjalda á næsta ári vegna þess að fasteignaverðmæti á höfuðborgarsvæðinu hefur verið að hækka. Hið gagnstæða því miður, virðulegi forseti, hefur verið að gerast víða úti um landið. Mönnum finnst því af eðlilegum ástæðum að það sé að verða himinhrópandi óréttlæti hvernig staðið er að álagningu fasteignagjalda í landinu.

Þess vegna var það mikið fagnaðarefni að við gerð stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstjórnar tókst að ná samkomulagi um það milli ríkisstjórnarflokkanna að endurskoða þetta fyrirkomulag á fasteignagjöldum íbúðar- og atvinnuhúsnæðis þannig að skattstofninn endurspegli betur raunverðmæti fasteigna eins og menn þekkja.

Ég held að þetta mál sé eitt af þeim brýnustu sem við þurfum að taka á. Ég lét reikna það út fyrir mig í vor hvað breyting af þessu taginu mundi þýða í tveimur sjávarplássum á Vestfjörðum, Bolungarvík og Patreksfirði, og þetta þýddi í raun 30% lækkun fasteignagjalda almennings í þeim tilvikum. Það er líka svo að uppi hefur verið mikil og áköf og vaxandi krafa atvinnulífsins, raunar atvinnulífsins í heild, um að þessu fyrirkomulagi yrði breytt. Skemmst er að minnast nýlegrar ályktunar þar að lútandi. Það er líka áberandi að aðilar í ferðaþjónustu hafa mjög þrýst á um að þessu yrði breytt og þetta yrði mjög sterkur liður í því að efla atvinnustarfsemi og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi úti á landi. Ef kostnaðurinn við atvinnuhúsnæði mundi minnka væri það auðvitað hvati fyrir atvinnustarfsemi að setja sig niður þar sem kostnaðurinn við að reka atvinnuhúsnæði væri minni.

Því hef ég leyft mér, virðulegi forseti, á þskj. 156, sem hæstv. félmrh. hefur fyrir framan sig, að spyrja hann í þrennu lagi um þetta mál.

[11:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Eins og hann gat réttilega um er tekið á þessu í stjórnarsáttmálanum og stjórnarflokkarnir hafa samþykkt að unnið skuli að því á kjörtímabilinu að breyta forsendum fyrir álagningu fasteignaskattsins þannig að tekið verði mið af raunverðmæti fasteigna alls staðar á landinu.

Ég skipaði nefnd í byrjun júní sl. og henni er falið að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga með það að markmiði að þeir séu á hverjum tíma í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum er lögskylt að sinna. Nefndinni er einnig ætlað að vinna að heildarendurskoðun á tekjustofnalögunum en síðasta heildarendurskoðun laganna fór fram fyrir tíu árum síðan. Nefndin er sem sagt að störfum og verkefnið er umfangsmikið og miklar væntingar eru gerðar til tillagna nefndarinnar. Það er ljóst að hún mun ekki ná að leggja fram fullmótaðar tillögur fyrr en um mitt næsta ár. Það þýðir að ekki verður hægt að leggja fram frv. á þessu þingi á grundvelli tillagna frá nefndinni.

Hv. fyrirspyrjandi spurði hvernig væri áformað að bæta sveitarfélögum tekjutapið af breyttri innheimtu fasteignagjalda. Ég tel að það sé ekki tímabært á þessu stigi málsins að ræða um aðgerðir til þess að bæta sveitarfélögunum upp þetta tekjutap, en það er vissulega fyrir hendi. Tekjustofnanefndin mun, eins og áður sagði, fjalla um það mál og koma með tillögur þar að lútandi því það er alveg óhjákvæmilegt að bæta sveitarfélögunum einhvern veginn upp það tekjutap sem þau yrðu fyrir. Það má hugsa sér að setja fé til viðbótar í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess að mæta þessu. Það ber líka að hafa í huga að horfur eru á því að hækkun verði, a.m.k. sums staðar á fasteignaskattinum. Hv. þm. nefndi 20%. Ég skal ekki segja hvort það verður rauntala og vek sérstaka athygli á því að þetta er ekki skylda heldur heimild. Sveitarfélögunum er heimilt að hækka um einhverja tiltekna prósentu sem gæti orðið upp undir 20%. En það er ekki víst að þau noti hana. Það eru ekki nema sum sveitarfélögin sem nota sér hámarksálagningu útsvars.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.:

„Hvað má ætla að útgjöld heimila á landsbyggðinni lækki mikið ef fasteignagjöld verða alls staðar sama hlutfall af raunverðmæti fasteignanna?“

Samkvæmt tölulegum upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað hjá Fasteignamati ríkisins lætur nærri að tekjur sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðis í gegnum a-lið fasteignaskatts, þ.e. álagningu á íbúðir, íbúðarhús og jarðeignir, lækki um allt að 380 milljónir miðað við álagningarprósentu sem er í gildi á þessu ári, ef ekki væri um uppreikning fasteignamatsins að ræða. Væri álagningarprósenta samkvæmt a-lið hins vegar fullnýtt hjá þeim sveitarfélögum þar sem stofn til fasteignaskatts er uppreiknaður, þ.e. væri 0,625%, þá lækkuðu tekjur sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins um allt að 700 milljónir. Hér er náttúrlega um tekjurýrnun að ræða fyrir sveitarfélögin utan höfuðborgarsvæðisins sem þau mega ekki við. En að vísu kemur á móti að verulegum álögum er létt af íbúum viðkomandi sveitarfélaga svo ekki sé minnst á álögur á fyrirtæki í þessum sveitarfélögum.

Hér er um mikið vandamál að ræða og það er vandmeðfarið. Það er ósanngjarnt að leggja fasteignaskatt á ímyndaðar eignir, skulum við segja. En á hinn bóginn þarf á það að líta að það verður að vera hægt að reka sveitarfélögin. Þau

verða að geta staðið undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að standa undir. Mörg af þeim eru þannig sett að þau hafa orðið fyrir fólksfækkun að undanförnu. Gjaldendurnir eru færri. Tekjur sveitarfélaga lækka þá þegar af þeirri ástæðu og sums staðar hefur reyndar orðið tekjubrestur eða a.m.k. ekki launaskrið líkt og á höfuðborgarsvæðinu, eins og við vorum að enda við að ræða rétt áðan.

[11:58]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að flytja hér mjög mikilsvert mál og hv. félmrh. fyrir að taka vel undir þessar hugmyndir. Mergurinn málsins er sá að fasteignagjöld úti á landsbyggðinni eru sem hlutfall af markaðsverði, eða raunvirði eignanna miklu hærra en á höfuðborgarsvæðinu og þetta setur atvinnulífinu og lífi einstaklinganna úti á landi mjög þröngar skorður.

Til að lýsa því hve mikilvægt þetta er þá get ég nefnt að í Svíþjóð þar sem fasteignagjöld endurspegla markaðsverð þá er lægra markaðsverð úti á landi hvatning til atvinnulífsins, t.d. í Stokkhólmi til þess að flytja starfsemi sína út á land vegna þess að þar eru aðstæður betri fyrir atvinnulífið skattalega séð en á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna hefur það neikvæð áhrif á byggðaþróun að tengja fasteignagjöldin á þennan hátt við markaðsverð á höfuðborgarsvæðinu. Hér er því um afar mikilvægt mál að ræða og mikilsvert að fundin verði lausn á því.

[11:59]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni fyrir að færa þetta mál hér til umræðu á Alþingi og hæstv. félmrh. fyrir svörin og þann áhuga sem hann sýnir á þessu máli. Það er alveg hárrétt að þetta er eitt af þeim mikilvægu málum landsbyggðar sem mjög brýnt er að taka á og þolir ekki langa bið.

Ég hugsa til þess með hryllingi þegar íbúar margra svæða landsbyggðarinnar fá fasteignagjaldsseðlana sína eftir áramót sem sýna 20% hækkun á fasteignagjöldum vegna þessarar stórhækkunar sem hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu. Ég fagna því líka að í þessari umræðu skuli nefnd fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði og það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði hér áðan frá Svíþjóð. Við þurfum nefnilega að nota skattkerfið og það er mjög auðvelt að nota það og þessi kerfi öll til þess að jafna aðstöðumun íbúa landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðis og líka atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Það er hægt að gera þetta í gegnum skattkerfið. Pólitískan vilja vantar.

[12:00]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er eitt veigamesta hagsmunamál landsbyggðarinnar og landsins alls, þ.e. skattlagning á einstaklinga og fyrirtæki. Fasteignaskattar eins og þeir eru nú eru afar íþyngjandi. Þetta er meint óréttlæti sem íþyngir einstaklingum og fyrirtækjum og ber að leiðrétta. Eins og kom fram fyrr í umræðunni ættu skattarnir frekar að vera á þann veg að þeir hvettu til atvinnurekstrar úti á landi. Þessi skattlagning eins og hún er nú er mjög óréttlát. Hún felst eiginlega í því óréttlæti að taka af þeim sem ekkert eiga og flytja til hinna sem allt eiga.

Auðvitað verður líka að bæta sveitarfélögunum tekjumissinn. Þetta á að leiðrétta, hæstv. forseti, við fjárlagagerð nú í ár, fyrir árið 2000, ekki bíða til næsta árs. Ég hvet hæstv. félmrh. til að fylgja þessu fast eftir eins og ég veit að hann hefur fullan hug til.

[12:01]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og flestöll önnur mál hefur þetta tvær hliðar. Hin hliðin er tekjuöflunarmöguleikar sveitarfélaganna. Auðvitað má segja það mjög óeðlilegt að sveitarfélög úti á landsbyggðinni þar sem fasteignaverð er lágt séu að skattleggja íbúana á sama hátt og gert er þar sem eignir eru í háu verði. En engu að síður er þetta gert. Ef ég man rétt þá var þetta tekið upp að ósk sveitarfélaganna sjálfra, þ.e. þau vildu fá tekjustofn sem færði þeim sambærilegar tekjur og Reykjavíkurborg miðað við fasteignaverð á því svæði.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé ekki rétt með farið, að þessi niðurstaða sem mönnum finnst óeðlileg, hafi fengist m.a. vegna þess að sveitarfélögin óskuðu eftir henni.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. félmrh. og góðar undirtektir hv. þm. sem hér hafa talað. Ég er alveg sammála því sem fram hefur komið að sveitarfélögin á landsbyggðinni mega ekki við því að missa niður tekjur sínar. Staðan er einfaldlega svo alvarleg víða úti á landi þar sem fólksfækkun hefur orðið að sveitarfélögin hafa verið að missa mjög miklar tekjur. Ég þekki dæmi um það hvernig þetta hefur leikið sveitarfélögin ákaflega grátt, m.a. í mínu kjördæmi.

Við verðum því að horfa á það raunsætt að það hækkunartilefni sem núna gefst á næsta ári í fasteignagjöldunum verður notað af sveitarfélögunum einfaldlega vegna þess að þau eru í svo alvarlegri stöðu að þau geta ekki sleppt frá sér tekjustofnum sem þau eiga völ á. Auk þess, þó mér sé ekki alveg kunnugt um það varðandi jöfnunarsjóðinn, þá er það a.m.k. þannig í sumum gjaldstofnum að sveitarfélögin þurfa að nota möguleika sína til að leggja á að fullu til þess að eiga möguleika á því að fá fjármuni úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Allt þetta verður til þess að öll pressan er á sveitarfélögin að ná til sín eins miklum tekjum og þau geta.

Ég hefði talið, virðulegi forseti, að við ættum að reyna að leita leiða til að eyða því hækkunartilefni sem fram undan er, um 20% samkvæmt blaðafréttum sem hafa verið að birtast upp á síðkastið. Þetta væri mjög slæmt fyrir íbúa landsbyggðarinnar og væru að mínu mati mjög vond skilaboð ef það gerist á sama tíma og við erum að reyna að leita leiða til að lækka fasteignagjöldin á landsbyggðinni að fasteignagjöldin byrji á því að hækka um 20%.

Ég held að eðlilegt sé, eins og hæstv. félmrh. hefur gert, að fella þetta mál að öðru leyti inn í nefndarstarf þeirrar nefndar sem er núna að endurskoða tekjustofna sveitarfélaganna og ég veit að sveitarstjórnarmenn binda gríðarlega miklar vonir við það starf og ég fagna því frumkvæði sem hæstv. félmrh. sýndi í þessu máli gagnvart sveitarfélögunum.

[12:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Vestf. að sveitarfélögin óskuðu eftir þessari aðferð, þeirri uppreikningsaðferð sem við erum að reyna að komast út úr núna. Rökin voru þau að það kostaði engu minna að þjóna hverju húsi í dreifbýlissveitarfélögunum eða í þorpunum úti um land heldur en á höfuðborgarsvæðinu.

Það vantar ekki pólitískan vilja til að leiðrétta þetta. Ég held að það hafi komið glögglega í ljós hjá þeim sem hafa

tekið til máls um fyrirspurnina og ég þakka þeim öllum fyrir. Það er sameiginlegur pólitískur vilji allra að reyna að leysa þetta. Það sem vantar er að finna ráð sem dugir til að útvega sveitarfélögunum tekjur í staðinn, því að við erum engu eða litlu bættari jafnvel þótt við gætum lagað þetta óréttlæti og gert kannski meira aðlaðandi fyrir fyrirtæki að staðsetja sig á landsbyggðinni, sem er góðra gjalda vert, ef við á hinn bóginn með sömu aðgerð eyðileggjum fjárhag sveitarfélaganna.

Þetta mál er sem sagt í umræðu og til meðferðar. Ég get látið þess getið að fyrir næstu mánaðamót verður haldinn samráðsfundur sveitarfélaga og fulltrúa ríkisstjórnarinnar og þar kemur þetta mál vafalaust til umræðu.

Náttúruverndarþing.

Fsp. KolH, 107. mál. — Þskj. 113.

[12:07]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Um náttúruverndarþing er getið í lögum um náttúruvernd. Í 10. gr. segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra skal boða til náttúruverndarþings að loknum alþingiskosningum og síðan tveimur árum síðar.

Náttúruverndarþing er vettvangur þeirra sem fjalla um náttúruverndarmál. Á náttúruverndarþingi skulu m.a. eiga sæti Náttúruverndarráð og fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar- og útivistarsamtaka og annarra aðila sem vinna að náttúruvernd, svo og forstjórar stofnana á sviði náttúrufræða. Jafnframt skulu fulltrúar ráðuneyta og þingflokka á Alþingi eiga rétt til setu á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, svo og sviðsstjórar Náttúruverndar ríkisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands og forstöðumenn setra síðarnefndu stofnunarinnar.

Hlutverk náttúruverndarþings er að fjalla um náttúruvernd og kjósa fulltrúa í Náttúruverndarráð. Skal ráðið leggja fyrir þingið skýrslu um störf sín."

Náttúruverndarþing var haldið fyrir tæpum þremur árum í febrúar 1997. En það var einmitt það þing sem samþykkti kröfu um lögformlegt mat á Fljótsdalsvirkjun sem síðan hefur notið víðtæks stuðnings í samfélaginu svo sem kunnugt er. Til þingsins er boðað af umhvrh. og er það helsti lögboðni vettvangur í landinu í hvers kyns umfjöllun um náttúruverndarmál. Aðild að þinginu eiga, eins og fram kom í lögunum, allir stærstu hagsmunaaðilar landsins er sýsla með íslenska náttúru á einn eða annan hátt. Ég fullyrði að náttúruverndarþing er lýðræðislegt tæki sem þjóðin á í náttúruverndarmálum og á náttúruverndarþingi 1997 komu fram skýr tilmæli til ráðamanna þjóðarinnar um vilja þeirra aðila sem best til þekkja og bera hag íslenskrar náttúru fyrir brjósti.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að umhvrh. er skylt að kalla saman náttúruverndarþing samkvæmt lögunum að loknum þingkosningum. Nú eru nokkuð margir mánuðir liðnir frá þingkosningum, sem haldnar voru í maí á sl. vori. Af því tilefni er fyrirspurn mín til umhvrh.:

„Hvenær stendur til að kalla saman náttúruverndarþing?"

[12:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Það er hárrétt sem fram kom í máli hennar að skylt er að kalla saman náttúruverndarþing að afloknum alþingiskosningum.

Undirbúningur að náttúruverndarþingi er nú þegar hafinn og ég hef skipað starfshóp til að sinna þeim undirbúningi. Í honum eru þrír aðilar, þ.e. fulltrúi frá Náttúruverndarráði, fulltrúi frá Náttúruvernd ríkisins auk fulltrúa frá umhvrn.

Til að aðstoða við undirbúning þingsins, sem er nokkuð viðamikill, hefur verið ráðinn sérstakur starfsmaður og sá starfsmaður aðstoðar þennan starfshóp við undirbúning þingsins. Þingið á að halda 28.–29. janúar á næsta ári á Hótel Loftleiðum. Það er nú þegar búið að vinna talsvert í að skipuleggja þingið. Það er nokkuð langur aðdragandi, við þurfum að senda út dagskrá með miklum fyrirvara vegna þess að ferli varðandi fulltrúatilkynningar er talsvert viðamikið, en við stefnum að því að ganga frá dagskránni eftir skamman tíma. Við þurfum að senda þetta út, að mig minnir, í byrjun desember eða lok nóvember.

Búið er að skoða ýmis mál sem hugsanlega væri hægt að taka til umfjöllunar á þessu þingi sem ég boða til. Ég get komið með nokkrar hugmyndir hér þó að það sé að sjálfsögðu ekki búið að ganga endanlega frá þeim. Það var fyrst í gær sem ég fékk fyrstu hugmyndir að efnum sem væri hægt að ræða. Það er ljóst að mjög spennandi væri að ræða t.d. framkvæmd nýju náttúruverndarlaganna sem sett voru nýlega. Þar eru ýmis nýmæli sem vert væri að ræða á þinginu. Náttúruverndaráætlun er þar t.d. eitt atriðið en umhvrh. á að leggja fram náttúruverndaráætlun á árinu 2002, minnir mig. Það er viðamikil áætlun sem Náttúruvernd ríkisins mun halda að mestu leyti utan um og Náttúrufræðistofnun Íslands að sjálfsögðu koma sterkt að með upplýsingum. Það væri líka eðlilegt, tel ég, að menn ræddu hlutverk frjálsra félagasamtaka í náttúruvernd almennt.

Einnig væri vel við hæfi að ræða rammaáætlun ríkisstjórnarinnar varðandi virkjanir þar sem sú áætlun á að beinast bæði að náttúruvernd og efnahagslegum forsendum og byggðaforsendum, en við erum búin að nota hér síðustu tvo daga einmitt í að ræða það mál sérstaklega gagnvart Fljótsdalsvirkjun og er mjög erfitt mál. Það er því hægt að búast við nokkuð góðu og fjörugu þingi.

En eins og ég sagði, virðulegur forseti, þá er undirbúningurinn á fullu og stefnt er að því að halda þetta þing í lok janúar á næsta ári.

[12:13]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. greinargóð svör og get svo sannarlega tekið undir orð ráðherrans varðandi það hversu ærin verkefni eru fram undan. Hún lýsir hér afskaplega spennandi þingi sem fram undan er 28.–29. janúar.

Þetta er allt mjög gott og ljómandi fréttir. En, virðulegi forseti, ég get samt ekki látið hjá líða að segja frá því að ég hef ekki getað varist þeirri hugsun að sá dráttur, sem að mínu mati hefur orðið á því að kalla saman náttúruverndarþing, geti að einhverju leyti tengst umfjöllun þeirri sem nú stendur yfir um Fljótsdalsvirkjun, því eins og ég vék að í máli mínu áðan samþykkti síðasta náttúruverndarþing afskaplega afdráttarlausa yfirlýsingu þar sem það lýsti yfir stuðningi við að virkjunin færi í hið lögformlega ferli. Mér

sýnist, eins og ríkisstjórnin er að reyna að afgreiða málið núna, að mikil áhersla sé lögð á að afgreiða það frá þinginu fyrir jól. Ég get því ekki, virðulegi forseti, varist þeirri hugsun að sá dráttur á að kalla saman náttúruverndarþing tengist að einhverju leyti því máli og sé til þess fallinn að hleypa ekki náttúruverndarþingi í annað sinn að málefnum Fljótsdalsvirkjunar.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. umhvrh. greinargóð svör og hlakka til þingsins.

[12:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er ekki svo að verið sé að draga þetta þing eitthvað sérstaklega út af málefnum Fljótsdalsvirkjunar. Lífið snýst ekki almennt um Fljótsdalsvirkjun. Við viljum vanda til þingsins og fram undan er mikill undirbúningur.

Umhvrh. kom til starfa núna í lok maí en þá var ríkisstjórnin mynduð þannig að ekkert er óeðlilegt að við höldum þetta þing í janúar. Ég get því fullvissað hv. fyrirspyrjanda um að þessi tímasetning tengist Fljótsdalsvirkjun með engum hætti. Eins og ég sagði áðan fyndist mér mjög vel við hæfi að taka þar umræðu um þessa rammaáætlun. Hvort sem þingið væri í dag eða í janúar held ég að umræðan verði álíka fjörug vegna þess að þessi mál eru það snúin og það rekast það miklir hagsmunir á og það mismunandi sjónarmið að ég á von á miklum umræðum um hálendið og framtíð þess á þinginu hvort sem það yrði haldið í janúar eða fyrr.

Rjúpnaveiði.

Fsp. HjálmJ, 116. mál. — Þskj. 126.

[12:16]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Hæstv. forseti. Þegar rjúpnaveiðitímabilið hófst þann 15. október skapaðist hálfgert styrjaldarástand. Veiðistjóra þótti ástæða til að hrósa happi að ekki hefðu orðið slys á mönnum við atganginn fyrstu dagana. Bændur kvörtuðu undan ágangi þar sem aðkomumenn skutu rjúpur í heimalöndum, vitandi ekki nákvæmlega hvar mörkin voru milli heimalanda og hálendis eða óbyggða. Tugþúsundir rjúpna voru skotnar á fyrstu dögunum, jörð var auð og rjúpan komin í vetrarbúning, hvít á auðri jörð og lítt varin fyrir fylkingum byssumanna.

Þá velti ég fyrir mér hvort ekki væru mistök í skipulagi að stefna svo ört vaxandi veiðimannastofni á minnkandi veiðisvæði. Rjúpnaveiði er vinsælt sport margra og ég hygg að flestir veiðimenn gangi vel um landið þótt þeim takist auðvitað ekki að hreinsa upp blýið sem þeir dreifa um hálendið og veiðilendurnar. Þó eru til vandamálamenn með byssur, það eru t.d. þeir sem fara um á vélsleðum og skjóta rjúpur og þeir sem hlíta ekki öðrum reglum um veiðibúnað, eru með of mörg skot í byssunum o.s.frv. Það eru þessir menn sem koma óorði á veiðimennina sem eru að mínum dómi flestir vandir að virðingu sinni.

Eftir fyrstu viku veiðitímabilsins virðist sem jafnvægi hafi komist á en mér þykir eigi að síður ástæða til að spyrja hvort ástæða sé til að stytta tímann og þá með því að taka aftan af veiðitímanum. Eins og ég sagði þá eru rjúpnaskyttur sem fara um á vélsleðum mikið vandamál. Þeir eru nánast atvinnumenn sem skjóta mikið og eru fljótir í förum og geta á tveimur, þremur tímum farið yfir svæði sem gangandi veiðimaður fer á mörgum dögum.

Mér er spurn hvernig hægt sé að verjast þessu, hvernig hægt sé að efla eftirlitið, e.t.v. með því að herða viðurlög við brotum. Er e.t.v. rétt að stytta veiðitímann, ljúka veiðitímanum 1. desember? Þá er komið frost og snjór og rjúpan er orðin gæfari og hún er komin niður í byggð og niður undir vegi. Það má líka hugsa sér að sá hluti stofnsins, sem lifir fram í desemberbyrjun, sé sterkasti hluti stofnsins og sé því líklegur til að lifa af og koma upp ungum að vori.

[12:19]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Jónssyni fyrir þessa fsp. Reynt var á sínum tíma að stytta veiðitímann. Það gerði þáv. hæstv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef skilaði það engum árangri, veiðin minnkaði ekki eins og ætlunin var með styttingu veiðitímans.

Það er rétt sem hér hefur verið dregið fram að á fyrstu dögum veiðitímans var mikið álag. Það er vegna þess að skyttum hefur fjölgað alveg gífurlega. Áður fyrr og hingað til hefur mönnum þótt mjög eðlilegt að menn hafi farið til veiða til að afla sér rjúpna og gæsa í matinn. En nú er svo komið að skyttum hefur fjölgað það mikið að menn hafa áhyggjur. Það er ekki eins sjálfsagt lengur að menn geti farið til veiða, þetta eru að verða takmörkuð gæði.

Ég ákvað núna í haust að takmarka veiðar í rjúpnastofninum og þá í nágrenni höfuðborgarsvæðisins þar sem rannsóknir sýna mikið veiðiálag. Þessi ákvörðun var tekin vegna þess að við höfðum sterkar vísbendingar um ofveiði og svo vildum við gjarnan rannsaka áhrif veiðanna á stofninn. En mikilvæg forsenda þess að hægt sé að meta árangur aðgerða til þess að draga úr veiðum og veiðiálagi á rjúpu er að þekkja stofnstærð rjúpunnar og þá þætti sem áhrif hafa á stofninn, svo sem nýliðun, dánartíðni, náttúruleg afföll og afföll vegna veiða. Það svæði á Suðvesturlandi, sem við friðuðum til þriggja ára, er það svæði sem við þekkjum best með tilliti til þessara þátta.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur frá 1994 stundað rannsóknir á þessu svæði og þær hafa sýnt að allt að 70% rjúpna á lífi í upphafi veiðitíma eru skotnar á fyrstu tveimur vikum veiðitímans þannig að þarna eru gífurleg afföll á fyrstu tveimur vikunum. Ef við ætlum samkvæmt þessu að stytta veiðitímann til að hafa áhrif á skotveiðina þyrftum við væntanlega að stytta hann nokkuð mikið.

Nokkuð lengi hafa verið uppi deilur um hvaða áhrif skotveiðar hafa á rjúpnastofninn. Sumir hafa haft efasemdir um að veiðimenn hafi mikil áhrif og hafa sagt að áhrifin séu svo mikil af náttúrulegum afföllum, þ.e. að það drepist mikið af rjúpu vegna veðurs, fæðuskorts eða afráns og þau rök eru færð fyrir því að veiðimenn hafi ekki svo mikil áhrif vegna þessara náttúrulegu affalla. Við viljum gjarnan reyna að átta okkur á hvort þetta sé rétt af því að vísbendingar eru um annað líka, að það sé ofveiði á rjúpu á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna höfum við ákveðið að fara út í þessa þriggja ára rannsókn og var samþykkt þáltill. um það á síðasta þingi. Rannsóknin nær til þriggja ára og hún á að reyna að svara þessum spurningum, hvaða áhrif veiðimenn hafa á stofninn miðað við náttúruleg afföll. Niðurstöðurnar eiga að styrkja okkur í friðunaraðgerðum og þeim aðgerðum sem við viljum gjarnan fara í til þess að rjúpnastofninn bíði ekki skaða af.

Það er einnig ljóst að hagsmunasamtök veiðimanna mæltu gegn því í samtölum á milli okkar að veiðitíminn yrði styttur. Þeir töldu mun eðlilegra að menn rannsökuðu þetta svæði á suðvesturhorninu þar sem við höfum þó þær upplýsingar sem til eru. Veiðistjóri mælti heldur ekki sérstaklega með því að veiðitíminn yrði styttur. Þegar fyrrv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, stytti veiðitímann sýndi sú reynsla okkur að ekkert kom út úr því. Menn vita ekki hvaða áhrif sú stytting hafði, það var ekkert rannsakað um leið og tölur sýndu að menn veiddu bara meira, þeir bara gerðu það á styttri tíma.

Hins vegar hafa komið nokkuð margar ábendingar upp á síðkastið þegar umræða hefur verið hávær um rjúpuna að e.t.v. væri líka leið til að takmarka veiðar að banna sölu á rjúpu í verslunum. Það mundi draga aðeins úr möguleikum þeirra sem eru kannski hálfgerðir atvinnuveiðimenn á að selja og það mundi þá minnka tilhneigingu þeirra til þess að fara í umfangsmiklar rjúpnaveiðar.

[12:24]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég er einn af þeim sem hafa haft gaman af því að ganga til rjúpna og tel það heilbrigt sport fyrir þá sem stunda það til að veiða sér til matar. Ég tek undir áhyggjur þær sem koma fram hér varðandi of mikið veiðiálag og ég veit að menn hafa verið að brjóta þær reglur sem settar hafa verið um skotvopn og reglan um að hafa einungis þrjú skot í byssum er þverbrotin.

Ég held að það sé fyllilega ástæða til að banna veiðar með byssum sem hafa meira en þrjú skot. Það ætti hreinlega breyta þeim byssum sem eru til þannig að ekki sé hægt að vera með fleiri en þrjú skot í byssunni. Við vitum að ungir menn eru með allt upp í tíu skot í byssu þó svo að þeir eigi bara að vera með þrjú. Ég held að það ætti einnig að endurskoða það að leyfa fjórhjól við veiðar og ég held einnig að það mætti skoða það sérstaklega hvort ætti að setja veiðikvóta á menn fyrir hvern dag.

[12:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er athyglisvert mál sem hér er hreyft og fróðlegar upplýsingar sem komu fram bæði hjá hv. málshefjanda, hæstv. umhvrh. og hv. þm. sem talaði á undan mér.

Ég vil gjarnan fá að vita örlítið meira hjá þeim sem betur vita, hæstv. ráðherra eða þingmönnunum sem hér hafa talað: Hvað með blýið sem fer út í náttúruna? Er eitthvað gert til að koma í veg fyrir þá mengun? Er sú mengun veruleg og hvað er til ráða í þeim efnum? Það er það sem veldur mér örlitlum áhyggjum bara af að hlusta á umræðuna.

[12:26]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin og hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir athugasemdir og ábendingar. Við virðumst öll deila áhyggjum af því að veiðimannastofninn sé að vaxa mjög þannig að þau takmörkuðu gæði sem hæstv. ráðherra nefndi séu að verða mjög takmörkuð vegna veiðiálags eða ég lít svo á.

Hins vegar má einnig velta því fyrir sér hvort ástæða hafi verið til að banna veiðarnar vegna ofveiði í nágrenni höfuðborgarinnar og stefna öllum veiðimönnum inn á veiðisvæði sem eru minna könnuð þannig að ekki sé auðvelt að fylgjast með því hvort um ofveiði er þar að ræða á þeim þremur árum sem veiðarnar eru bannaðar á suðvesturhorninu.

Að öðru leyti þakka ég hjartanlega fyrir svörin. Ég hygg að þessi breyting, af því þetta voru ekki svo stór svæði þar sem veiðar voru bannaðar, hafi meira verið huglæg að allir stefndu út á land til þess að veiða, svona eins og þegar rokið er af stað á útihátíðir vissar helgar yfir sumarið.

Hv. þm. Kristjáni Pálssyni þakka ég einnig fyrir athugasemdir og ég þakka nú guði fyrir að hann var ekki berhöfðaður á fjöllum við upphaf veiðitímabilsins.

Varðandi blýið þá veit ég ekki hvernig það er en ég vona að hæstv. ráðherra svari því hversu mikið magnið er og hversu alvarleg sú mengun kann að vera.

[12:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að í upphafi veiðitímabilsins var engu líkara en menn væru að skunda útihátíð. Við urðum vör við það í ráðuneytinu þegar við vorum að athuga þessar aðgerðir að fjölmargir veiðimenn voru búnir að panta sér t.d. sumarbústaði í upphafi veiðitímans 15. október og höfðu miklar áhyggjur af því að við mundum kannski stytta veiðitímann, þ.e. fresta honum og þá yrðu menn þarna í sumarbústaðnum án þess að geta farið á veiðar. Þetta er auðvitað félagsleg athöfn líka að fara saman á veiðar.

Ég held að menn þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því að veiðimenn taki að skunda út um sveitir vegna friðunaraðgerða hérna á suðvesturhorninu og þar verði gífurleg ofveiði. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af því. Að sjálfsögðu stundum við ekki rannsóknir bara á þessu svæði. Rannsóknir fara fram víðar um landið. Það verður fylgst með rjúpnastofninum almennt. Ef menn sjá rauð ljós blikkandi annars staðar þá þurfum við að sjálfsögðu að grípa í taumana, skyldi niðurstaðan verða sú að ofveiði yrði annars staðar. Auðvitað er hugsanlegt að skotveiðimönnum fjölgi.

Hér komu líka fram ábendingar frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni varðandi fjórhjól, kvóta og annað slíkt. Það er hárrétt að þunginn er meiri. Menn nota önnur tæki og hunda. Það væri hægt að setja einhvers konar kvóta, banna sölu eða hafa svona bakpokakvóta. Menn mættu sem sagt fylla einn bakpoka, veiða tiltekinn fjölda rjúpna eða slíkt. En með því þyrfti gífurlegt eftirlit.

Varðandi blýið þá þarf að skoða það mál sérstaklega. Erlendis hefur verið bannað að nota blý, t.d. á svæðum þar sem er mikið skotið á litlu svæði, í tjörnum t.d. þar sem endurnar hafa tekið upp blýið. Þetta er mál sem við viljum gjarnan skoða í umhvrn. og okkur hefur nýlega verið bent á.

Gjald af ferðamönnum á friðlýstum svæðum.

Fsp. KolH, 131. mál. — Þskj. 151.

[12:31]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. umhvrh. er sprottin af lið í fjárlfrv. sem liggur fyrir Alþingi, 14-205, um Náttúruvernd ríkisins en þar segir m.a.:

„Lagt er til að innheimtur verði aðgangseyrir að friðlýstum svæðum og tekjum verði varið til uppbyggingar þeirra svæða þar sem aðgangseyrir er tekinn. Áætlað er að á árinu 2000 verði innheimtar um 15 millj. kr."

Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra eftirfarandi spurninga:

Hvaða hugmyndir liggja að baki aðgangseyri að friðlýstum svæðum, um hvaða svæði er að ræða?

Hvernig er gert ráð fyrir að innheimtan fari fram?

Hver er ráðgerður kostnaður við framkvæmdina?

Í sannleika sagt þá veldur það manni ákveðnum ugg að hugsa til þess að menn með kaskeiti standi við inngang friðlýstra svæða og krefji ferðamenn um aðgangseyri. Ég er ekki viss um að þetta séu hugmyndirnar sem verið er að ræða. Enn hefur ekki komið fram hvers konar hugmyndir hér eru lagðar til grundvallar. Af orðanna hljóðan má hins vegar ráða að hér sé um beinan aðgangseyri að ræða. Ég hef ákveðnar efasemdir um slíkt og vildi gjarnan heyra hugmyndir ráðherrans um þessi efni.

[12:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er m.a. spurt hvaða hugmyndir liggi að baki aðgangseyri að friðlýstum svæðum sbr. lið 14-205 í fjárlagafrv. fyrir árið 2000. Því er til að svara að hugmyndin að baki þessu eru ný lög. Í nýjum lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sem tóku gildi 1. júní sl. eru heimildir til gjaldtöku á friðlýstum svæðum fyrir þjónustu sem veitt er ferðamönnum sem heimsækja viðkomandi svæði. Hér er um nýja lagasetningu að ræða, nýja heimild sem mönnum þykir vert að skoða hvernig hægt er að nýta sér.

Menn hafa fikrað sig inn á þessa braut í nágrannaríkjum okkar. Þetta er t.d. gert í Bretlandi, þar er seldur aðgangur að friðlýstum svæðum. Sú starfsemi er rekin af English Nature sem er stofnun sambærileg við Náttúruvernd ríkisins. Þetta er gert hjá nokkrum öðrum Evrópuþjóðum, t.d. Svíþjóð og Sviss. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku eru líka innheimt gjöld, væntanlega sinna því menn með kaskeiti eins og hv. þm. orðaði það hér áðan. Þar er talið mjög eðlilegt að taka gjöld fyrir ákveðna þjónustu og vegna reksturs á friðlýstum svæðum.

Rekstur og umsjón með friðlýstum svæðum, þjóðgörðum í Skaftafelli og í Jökulsárgljúfrum t.d., er mjög dýr. Það er ekki óeðlilegt að þeir sem dvelja á viðkomandi svæði greiði einhvern hluta af þjónustu og viðhaldi þar.

Í dag eru rúmlega 80 friðlýst svæði í umsjá Náttúruverndar ríkisins og á undanförnum árum hafa verið veittar af fjárlögum um 4 millj. kr. til merkingar, viðhalds og umsjónar með þessum svæðum. Ferðamálaráð hefur á þessu ári tæplega 15 millj. kr. til viðhalds og uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum. Það gefur augaleið að þessar fjárveitingar hrökkva mjög skammt til að byggja upp salerni og viðhalda þeim, leggja göngustíga, viðhalda þeim, merkja svæði o.s.frv. Því er eðlilegt að reyna að finna nýjar leiðir til þess að nýta þá heimild sem ég gat um í upphafi.

Ljóst er að ferðamönnum mun fjölga alveg gífurlega hér á næstu árum, þeim hefur fjölgað um 15% á milli ára. Í ár verða þeir jafnmargir og íbúar þessa lands. Eftir tíu ár verða þeir sennilega tvöfalt fleiri, eða um 500 þúsund manns. Það er ljóst að við verðum að fara í víðtæka uppbyggingu á náttúruperlum okkar og friðlýstum svæðum. Ég hef nýlega fengið í hendur skýrslu frá Ferðamálaráði, Vegagerðinni og Náttúruvernd ríkisins. Þessir aðilar hafa skoðað hvað það muni kosta að byggja upp svæðin í framtíðinni. Það eru ekki lágar fjárhæðir. Þeir telja að á næstum árum þurfi að leggja hátt í 500 millj. kr. í uppbyggingu þessara svæða, 450–500 millj. Reyndar er ekki forgangsröðun í þessari skýrslu en hún er mjög spennandi. Þeir greina verkefnin niður í svæði og þetta er heildartalan.

Hér á landi hefur gjaldtaka verið stunduð í nokkrum mæli. Algengast er að innheimt sé á tjaldsvæðum en einnig hefur verið innheimt í Höfða í Mývatnssveit svo dæmi sé tekið. Náttúruvernd ríkisins hefur innheimt gjöld af tjaldsvæðum í þjóðgörðum og nýlega var ákveðið að innheimta aðgangseyri að Gestastofu í Skaftafelli, sem var opnuð núna í júlí. Þar er ákveðin þjónusta, menn geta komið og skoðað svæðið í myndrænu formi.

Við fjárlagagerðina var ákveðið að reyna að fara þá leið að skoða hvort þetta væri hægt og hvernig ætti að gera það. Þetta er mjög flókið mál. Settar voru 15 millj. kr. til þessa liðar. En það er inngreiðsla og útgreiðsla þannig að ef þetta tekst, hvort sem helmingurinn næst inn, allt eða hluti þá á það að fara aftur í uppbyggingu þessara svæða. Í nefndinni sitja fulltrúar frá samgrn., fjmrn. og umhvrn.

Ég er ekki með lausnina núna en þessi nefnd mun bráðlega skila til mín tillögum. Ég sé t.d. ekki fyrir mér að reisa megi umfangsmiklar girðingar í náttúru okkar. Hér eru ekki tré til að fela slíkar girðingar. Þær yrðu lýti í landslaginu nema þær yrðu mjög smekklega gerðar. Það er líka kostnaðarsamt að greiða innheimtufólki laun. Spurningin er hvort hægt væri að gera þetta öðruvísi. Er hægt að innheimta gjald af ferðamönnum við komuna til landsins? Það er líka mjög flókið. Sumir ætla inn á hálendið og skoða náttúruna en aðrir ekki. Þetta er ekki einfalt mál. Þess vegna var settur saman hópur til að fara sérstaklega yfir þetta og skila tillögum. En þetta er hugsunin.

Það er gífurlega dýrt að sinna þessu en ferðamennirnir eru mikil tekjulind. Spurningin er hvort ekki eigi að reyna að innheimta gjald fyrir aðgang að viðkvæmum svæðum til þess að byggja upp þjónustu.

[12:38]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég fellst alveg á þá lýsingu sem hæstv. umhvrh. gaf á þeim heimildum sem í núgildandi lögum eru um gjaldtöku. Sú heimild miðast við að gjaldið sé tekið fyrir veitta þjónustu. Í núgildandi lögum, eins og ég les þau, er ekki heimild til að taka gjald af ferðamönnum fyrir það eitt að njóta náttúrunnar. Það er grundvallaratriði í þessum lögum að það er ekki hægt að gera sér náttúruna að féþúfu.

Ég held að rétt væri að við einbeindum okkur að því á komandi missirum og árum að skoða mjög vel inn á hvaða brautir fara skal í þessum efnum. Það kemur til með að hafa áhrif á, ekki einungis hvernig ferðaþjónustan þróast á Íslandi heldur og hvernig við sjálf umgöngumst okkar eigið land og hvernig við þróum afskipti okkar af landinu. Landið er með stærstu lífsgæðunum sem við eigum.

[12:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. þm. Tómasar Inga Olrichs að þetta eru vandmeðfarin mál. Ég vil gera athugasemd við eitt. Það er ekki ágreiningur um heimildir í lögunum en það eru handabakavinnubrögð, hæstv. forseti, að setja tekjuöflunarpóst í fjárlög á mál sem ekki er afgreitt. Það er full ástæða til þess að leggja niður fyrir sér tillögur um hvernig fara eigi í þessi mál. Ég get ímyndað mér að ekki sé ágreiningur um að innheimta gjöld af tjaldsvæðum. En að setja þetta inn áður en það er búið að móta stefnu um hvernig hlutirnir eigi að vera tel ég rangt. Við eigum fyrst að fá tillögur og ræða, komast að samkomulagi um þær og setja þær síðan í framkvæmd.

Hæstv. forseti. Ég tel að málið sé í þeim farvegi að verið sé að rasa um ráð fram.

[12:41]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. afskaplega góð svör. Ég tek undir orð hennar um hve þýðingarmikið mál hér er á ferðinni og heyrist á hæstv. ráðherra að hér sé verið að undirbúa málin af umhyggju. Hins vegar tek ég sömuleiðis undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, sem hefur áhyggjur af því að hér sé rasað um ráð fram. Ég deili þeim áhyggjum. Ég hef af því áhyggjur, ef við eigum að fá 15 millj. til málaflokksins með gjaldtöku á næsta ári, að þá verði ekki komnar niðurstöður úr þeim umræðum sem hæstv. umhvrh. hefur lýst að eigi sér stað í nefnd. Ég hef áhyggjur af því að hér sé unnið af fljótfærni.

Ég legg áherslu á að því meira sem við leggjum í friðlýst svæði okkar því meira fáum við af ferðamönnum. Ég tek undir með hv. þm. Tómasi Inga Olrich sem segir að landið sé grunnurinn að lífsgæðum okkar, með stærstu lífsgæðum okkar. Þess vegna er okkur nauðsyn að fara varlega, semja þessar reglur með fullri meðvitund þegar við erum komin til botns í hvað við ætlum að gera og hverju það á að skila.

[12:42]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er nú ekki um handabakavinnu að ræða. Við erum að að fikra okkur inn á nýja braut. Þessi tala, 15 millj., hefði alveg eins getað verið einhver önnur, hærri eða lægri. Aðalatriðið er að þetta er greiðsla sem á að fara inn en jafnframt út til uppbyggingar svæðanna. Þannig er alls ekki hægt að túlka þetta sem handabakavinnubrögð.

Hins vegar er rétt að við erum ekki með það mótað í dag hvernig eigi að innheimta, hvort farið verður í tilraun á ákveðnu svæði eða hvernig þetta verður gert.

Ég var að reyna að lýsa því hér áðan að það eru kannski tvær eða þrjár leiðir sem koma til greina. Í fyrsta lagi að girða svæði og innheimta við innganginn, hugsanlega á smærri svæðum, t.d. mætti þar nefna Geysi. Kannski væri auðveldast að gera slíkt þar. Það er líka hægt að hugsa sér að innheimta einhvers konar gjöld með sölu minjagripa. Það hefur sums staðar verið gert erlendis. Þá greiða menn ekki gjald þegar þeir koma inn á svæðið en skilja eftir peninga vegna kaupa á minjagripum. Er það hægt? Er hægt að innheimta einhver gjöld af ferðamönnum almennt? Það er líka mjög flókið og allt eru þetta mjög flóknar leiðir.

Mér finnst mjög eðlilegt að skoða hvort ekki er hægt að innheimta gjöld af þeim sem njóta þeirrar uppbyggingar sem við þurfum að sinna. 500 millj. kostar á næstu árum að byggja upp þessa aðstöðu. Á ríkið að borga þetta allt og hafa á sínum herðum eða eiga þeir sem njóta þessarar þjónustu að koma að málinu að einhverju leyti?

Ég er sammála því að hér eigi ekki að greiða fyrir aðgang að náttúrunni sem slíkri. Við erum að tala um greiðslu fyrir þjónustu, uppbyggingu, viðhald og aðra slíka þætti. Ég sé alls ekki fyrir mér að einungis þeir ríku hafi aðgang að náttúrunni. Ég er algjörlega mótfallin slíku en mér finnst eðlilegt að tekin séu væg gjöld fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Staðardagskrá 21.

Fsp. KolH, 133. mál. — Þskj. 153.

[12:45]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín lýtur að upplýsingum sem koma fram í fjárlagafrv. til næsta árs og varða verkefnið Staðardagskrá 21, 18 mánaða samstarfsverkefni Sambands ísl. sveitarfélaga og umhvrn. sem sett var á laggirnar í lok árs 1998. Staðardagskrárverkefnið á rætur að rekja til heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó vorið 1992 og markaði tímamót í alþjóðlegu samstarfi í umhverfismálum. Einn þáttur í niðurstöðum ráðstefnunnar var framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í heiminum, Staðardagskrá 21.

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun hvers samfélags um sig fram á 21. öldina, nokkurs konar forskrift að sjálfbærri þróun eða lýsing á því hvernig samfélagið ætlar að fara að því að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði á jörðinni. Áætlunin snýst ekki eingöngu um umhverfismál heldur er henni einnig ætlað að taka tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta. Eitt aðalatriðið í hugmyndafræðinni sem að baki liggur er að umhverfismál verði aldrei slitin úr samhengi við önnur mál heldur beri að skoða áhrif mannsins á umhverfi sitt í víðu samhengi.

Jafnframt er það lykilatriði að þátttakendur í verkefninu, þ.e. þau sveitarfélög sem skrá sig til þátttöku og eru um þessar mundir 31 hér á landi, njóti handleiðslu verkefnisstjórnar og framkvæmdastjóra verkefnisins þar til því markmiði er náð að þau geti staðið á eigin fótum því vinnu sem þessari verður aldrei lokið. Enda skiptir miklu máli að stuðningi við sveitarfélögin ljúki ekki fyrr en þau eru orðin fær um að halda áfram sjálfkrafa.

Hugmyndin var að verkefnið stæði einungis í um 18 mánuði og þá yrðu þau sveitarfélög sem þátt hafa tekið komin það vel á veg að þau ættu að geta haldið áfram án stuðnings verkefnisstjórnar eða framkvæmdastjóra. En svo er ekki. Það markmið hefur ekki enn náðst. En það er þó ekki langt undan.

Virðulegur forseti. Í fjárlögum ársins í ár, 1999, veitti ríkissjóður 3 millj. kr. til verkefnisins en samkvæmt frv. næsta árs mun sá stuðningur falla niður. Nú spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki sé mögulegt að endurskoða þessa afstöðu og sjá til þess að verkefnið hljóti áframhaldandi stuðning þar til markmiðum þess verður náð.

[12:47]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Þann 12. mars á síðasta ári var undirritaður samstarfssamningur milli umhvrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga um 18 mánaða tilraunaverkefni um Staðardagskrá 21 þannig að þetta var tímabundið verkefni. Verkefnið hófst formlega í byrjun október sama ár með ráðningu verkefnisstjóra þannig að verkefninu á samkvæmt þessum samningi að ljúka í mars á næsta ári, árið 2000. 31 sveitarfélag tekur þátt í verkefninu og heildarkostnaður við það er áætlaður 7,2 millj. kr. og þar af mun umhvrn. leggja til 4,5. Það sem út af stendur, sem eru þá 2,7 millj., lendir á Samband ísl. sveitarfélaga með skrifstofuaðstöðu og ýmsum kostnaði þar sem verkefnisstjórinn er til húsa.

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun hvers samfélags fram í 21. öldina. Hér lýsti fyrirspyrjandinn því verkefni ágætlega og þeirri hugmyndafræði sem er á bak við Staðardagskrá 21, en hún byggir eins og kom fram á því að umhverfismálin eru sameiginlegt mál okkar allra og er því mjög eðlilegt að hver einstaklingur taki þátt í þessari hugmyndafræði til þess að fleyta okkur fram á veginn. Því hafa sveitarfélögin verið þungamiðja má segja í þessu starfi þar sem þau eru það stjórnsýslustig sem er næst hverjum einstaklingi.

Í nágrannalöndum okkar hefur gerð Staðardagskrár 21 verið mikil þungamiðja í öllu starfi stjórnvalda. Þar hafa landssamtök sveitarfélaga og umhverfisráðuneytin með sér samstarf um Staðardagskrá 21 eins og við hér. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessu samstarfi ljúki ekki núna þegar þessu tilraunaverkefni lýkur. Það er alveg ljóst að því lýkur núna í mars og menn geta metið reynsluna af því þá. En ég veit að menn eru ekki komnir alveg eins langt og þeir vildu í þessu verkefni. Ég tel því mjög eðlilegt að við skoðum hvort við getum ekki haldið þessu verkefni áfram. Ég hef reyndar beitt mér fyrir því varðandi fjárlagavinnu næsta árs að ríkið komi áfram inn með fé til þess að viðhalda þessu verkefni og til að aðstoða sveitarfélögin. Sveitarfélög okkar eru fámenn og hafa ekki mjög mikla burði til þess að fara í verkefni þó þau gjarnan vilji það. Þarna er unnið mjög gott starf og þeim finnst þetta spennandi. Ég veit að þetta er ekki komið nógu langt og ég hef verið í viðræðum við fjmrn. um að tryggja fé áfram til þessa verkefnis og ég geri mér góðar vonir um að þetta mál fái jákvæða afgreiðslu við meðferð fjárlaga núna í þinginu.

Ég vil líka ítreka að það er mikilvægt að ábyrgðin á verkefninu verði áfram hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Auðvitað eiga sveitarfélögin að sinna þessu, en vegna þess hve mörg þeirra eru lítil á Íslandi og við vitum öll hvernig fjárhagsstaða sveitarfélaganna er, það er mikið kvartað undan henni um þessar mundir, þá fyndist mér mikill akkur í því ef ríkið gæti haldið áfram að koma að þessu málum.

[12:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka orð hæstv. umhvrh. þar sem hún lýsir áhuga sínum á því að halda þessu verkefni áfram. Þetta er tilraunaverkefni en það getur aldrei orðið það til framtíðar því þetta er framtíðarverkefni.

Það sem þarf að gera núna er að taka ákvörðun um hvernig Staðardagskrá 21 verður haldið áfram, hver eigi að halda utan um hana og hver eigi að greiða kostnaðinn af verkinu. Ég þakka þá vinnu sem hefur verið í gangi. Ekki eru öll sveitarfélögin komin af stað með staðardagskrárverkefnið og þó svo væri þá þarf eftir sem áður ákveðna sérfræðingsaðstoð til þess að styðja sveitarfélögin sem eru komin af stað. Vegna fámennis hér á landi munu sveitarfélögin ekki hafa tök á því í framtíðinni hvert fyrir sig að byggja upp þá sérfræðiþjónustu sem þarf til þess að standa vel að þessu verkefni. Þess vegna er eðlilegt að það sé á einum stað a.m.k. einhver ár fram í tímann.

[12:53]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að vinnan við Staðardagskrá 21 er víða komin af stað í sveitarfélögunum og fólk hefur metnað fyrir þessum málum. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að ríkið fylgi málinu myndarlega eftir þannig að hægt verði að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum atriðum. Ég nefni í því sambandi fráveitumál og ég nefni hollustuverndarmál almennt, sorphirðumál, kynningarmál og menntun.

Virðulegi forseti. Ég tel afar brýnt að af hálfu umhvrn. verði tekinn saman myndarlegur pakki og yfirlit yfir hvernig hv. Alþingi geti komið að þessum málum og myndað þann bakstuðning og eftirfylgni sem nauðsynleg er í málunum núna. Það á ekki síst við kynningar- og menntamálin, en eins og ég sagði þá eru hollustuverndarmálin gríðarlega stór þáttur þarna og þar þarf að taka til hendinni.

[12:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það sem hér er til umræðu er í rauninni mál bæði nútímans og framtíðarinnar. Ég get upplýst að á fundi fjárln. í morgun voru fulltrúar umhvrn. spurðir um hvort þeir ætluðu að fylgja eftir fjármagni til þess arna. Þeir treystu sér ekki til þess að svara því en vísuðu á ráðherrann. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. umhvrh. gaf, að hann mundi beita sér af alefli fyrir því að þetta hlyti áframhaldandi fjárstuðning.

Ég vil samt líka láta í ljós ugg og óánægju með það að stefnt er að því að draga úr framlögum til fráveitumála hjá sveitarfélögunum. Það er ekki í takt við þessa sýn. Ég hvet hæstv. umhvrh. til þess að beita sér einnig í því máli.

[12:55]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Mér þykir afskaplega mikils virði að heyra afstöðu hæstv. umhvrh. til málefna verkefnisins Staðardagskrár 21. Markmiðið er að sveitarfélögin geti staðið á eigin fótum og bjargað sér á sjálfbæran hátt. Það er einn af grundvallarþáttum verkefnisins að þau verði sjálfbær og sjálfstæð í þessu verkefni til framtíðar. Það er ekki verið að tala um að verkefnið sjálft þurfi stuðning til frambúðar. Það er kannski spurning um eitt eða tvö ár þangað til sveitarfélögin treysta sér til að standa á eigin fótum. Þess vegna ríður mest á stuðningi núna og það er núna sem ríður á að fá og er fagnaðarefni að fá yfirlýsingar eins og við fengum frá hæstv. umhvrh. núna. Ég ítreka þakkir mínar og lýsi því yfir að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur einhuga að baki ráðherranum í þessu máli.

[12:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég er mjög sammála því sem hér hefur komið fram að það er einmitt mikilvægt að þessu tilraunaverkefni ljúki ekki núna. Auðvitað gæti ríkið dregið sig út úr þessu með fjárstuðning en þá mundi þetta lenda meira á sveitarfélögunum af því að ég býst við að þau vilji að sjálfsögðu halda þessu áfram. Þau sjá það sama og við sjáum, að það er brýnt að leiðbeina sveitarfélögum núna með faglegri aðstoð eins og verkefnastjórinn Stefán Gíslason hefur gert svo ágætlega. Því er eðlilegt að þetta verkefni haldi áfram og ég vil gjarnan sjá að ríkið komi þar áfram að. Ég mun beita mér af alefli (**Gripið fram í:** Já, flott.) eins og sagt var svo skemmtilega hérna áðan.

Auðvitað erum við að koma að fleiri verkefnum sem tengjast þessu mjög sterklega. Ég vil sérstaklega nefna verkefni sem er á könnu Landverndar, þ.e. svokallað GAP-verkefni, Global Action Plan eða umhverfisvænn lífsstíll eins og ég held að það hafi verið þýtt. Þar höfum við komið

að með fjárstyrk. Það er mjög spennandi verkefni sem snýr að fjölskyldum í landinu, gengur út á sjálfbæra þróun og tengist mjög þessari Staðardagskrá 21 þar sem fjölskyldum er leiðbeint í gegnum ákveðið kerfi um hvernig þær geta breytt sínum lífsstíl þannig að hann verði umhverfisvænn. Og það er ekki eins erfitt og margir halda. Það er eiginlega mjög auðvelt þegar menn læra það og kynna sér það.

Ég get líka sagt hér að á mínu heimili erum við nýbyrjuð að flokka lífrænt sorp, þ.e. matarafganga og annað slíkt. Fyrir fram hélt ég að þetta væri mjög erfitt en svo er ekki.

Notkun á íslensku máli í veðurfréttum.

Fsp. KPál, 155. mál. — Þskj. 176.

[12:58]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Í bók sinni Veðurfræði skýrir Jón Eyþórsson fyrirbærið sem kallað er veður sem hið daglega viðmót náttúrunnar gagnvart mönnum og málleysingjum. Síbreytileiki íslensks veðurfars hefur verið almenningi óþrjótandi umtalsefni og innblástur hagyrðinga. Listaskáldið góða, Jónas Hallgrímsson, orti svo um veðrið, með leyfi forseta:

Veðrið er hvorki vont né gott,
varla kalt og ekki heitt.
Það er hvorki þurrt né vott,
það er svo sem ekki neitt.

Þórður Tómasson frá Vallnatúni birti margar sögur og vísur í bók sinni Veðurfræði Eyfellings sem og orðnotkun í veðurmáli. Ein vísan hljóðar svo, með leyfi forseta:

Útsynningur grettinn, grár,
grimmur í éljaróti.
Landnyrðingur þybbinn, þrár
þessum blæs á móti.

Orðin útsynningur og landnyrðingur eru ekki notuð lengur í daglegu máli. Þau þykja trúlega gamaldags. Breytingin varð þó ekki fyrr en almenningur fer að heyra fréttir í útvarpi og veðurfræði seinni tíma nær yfirhöndinni í notkun íslenskrar tungu við að lýsa veðri.

Það nýjasta hjá okkar nútímalegu veðurfræðingum er að leggja af íslensk orð sem lýsa veðurhæð. Í stað þeirra eru komnir metrar á sekúndu. Í fyrstu veðurfræðibók á íslensku sem gefin var út árið 1882 af Hinu íslenska bókmenntafélagi er talað um stig frá einu og upp í sex þegar vindstyrk er lýst og var t.d. eitt stig andvari og sex stig ofviðri.

Í Veðurfræði Jóns Eyþórssonar er talað um vindstig 0–17. Hverju vindstigi fylgir nákvæm lýsing á því hvað gæti gerst við hvert vindstig. Í Veðurfræði Markúsar Á. Einarssonar er vindhraðinn frá 0–12 stig og lýsing í svipuðum anda og hjá Jóni Eyþórssyni. Sex vindstig eru stinningskaldi eða strekkingur og er lýst þannig, með leyfi forseta:

„Stórar greinar svigna. Hvín í símalínum. Erfitt að nota regnhlífar."

Átta vindstig eru hvassviðri: „Trjágreinar brotna. Erfitt að ganga á móti vindinum."

Tíu vindstig eru rok: „Fremur sjaldgæft í innsveitum. Tré rifna upp með rótum, talsverðar skemmdir á mannvirkjum."

Herra forseti. Hver hefur tilfinningu fyrir því hvað 10 metrar á sekúndu þýða í lýsingu á vindhraða? Sögð var sú gamansaga að engir bátar hefðu farið á sjó fyrstu vikuna eftir þessa breytingu því spáin var norðaustan 10 allan tímann. Það er samt ekki aðalatriðið hvort almennur skilningur er á þessari nýju aðferð við að lýsa veðurhæð. Sá skilningur kemur væntanlega með tímanum. Meiru skiptir í mínum huga að íslenskt mál verður fátækara og málnotkun að þessu leyti rýrari í roðinu. Kári er orðinn útflattur.

Varðveisla íslenskrar tungu er okkur hugleikin sem betur fer og nauðsynlegt að leita allra leiða til að viðhalda fjölbreytileika málsins.

Herra forseti. Ég legg til að Veðurstofan noti í veðurfréttum og veðurspám íslensku orðin logn, hægur andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass, hvass, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri eins og við á, eins og Eggert Lárusson nefnir veðurstyrk í bók sinni. Veðurstofan getur einnig notað metra á sekúndu ef það er talið nauðsynlegt að mati veðurfræðinga. Varðveisla þessara orða er mikilvægari fyrir íslenska tungu en það hvort veðurlýsingin taki 10 sekúndum lengri tíma en ella. Þess vegna ber ég fram þær spurningar sem lagðar hafa verið fram, herra forseti, til hæstv. umhvrh.

[13:02]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Ég hef samt engar vísur fram að færa en kannski má vera að hæstv. forseti geti aðstoðað mig síðar í svari.

Varðandi fyrri spurninguna þá fylgir Veðurstofa Íslands þeirri meginstefnu að umfjöllun um veður og veðurfar sé á góðu og fjölbreyttu máli og á Veðurstofunni er löng hefð fyrir metnaði á þessu sviði. Nægir þar að nefna að margir starfsmenn hennar fyrr og síðar eru þjóðkunnir orðsmiðir og íslenskumenn. Fáar greinar eru alþjóðlegri en veðurfræðin og því mikið um alþjóðleg hugtök og orð sem notuð eru lítt breytt frá einu tungumáli til annars. Þrátt fyrir þetta eru slík orð nánast undantekningarlaust íslenskuð og hafa starfsmenn Veðurstofunnar verið í fararbroddi í því verki.

Varðandi síðari spurninguna sem fjallar um hvaða rök lágu að baki því að Veðurstofan tók upp þetta nýja kerfi, þá eru aðalástæðurnar þrjár:

Í fyrsta lagi. Vindstig eru áætlaður vindstyrkur og vindstyrkur er enn áætlaður á 30 skeytastöðum á landinu. Aftur á móti eru 120 stöðvar á landinu sem mæla vindhraða og þá í metrum á sekúndu. Stefnt er að því á næstu árum að vindhraði verði mældur á öllum stöðum á landinu. Með því að nota vindstig í dag væri verið að breyta nákvæmri mældri stærð í áætlaða með álíka hætti og í að stað kílómetra væri farið að nota dagleið, í stað metra væri farið að nota faðma o.s.frv.

Í öðru lagi. Vindstigakvarðinn dugir alls ekki sem vindeining þegar um mældan vind er að mæla. Vindstig eru aðeins 12 en á vindhraða eru engin skilgreind efri mörk. Þannig er meðalvindhraði ofan við 33 metra á sekúndu talinn 12 vindstig en vindhviða upp á 60 metra á sekúndu hefur enga skírskotun til vindstigakvarðans, það væru bara 12 vindstig.

Í þriðja lagi. Nágrannaþjóðir okkar hafa að undanförnu tekið upp vindhraða í SI-einingakerfinu og var talið rétt til samræmingar að Veðurstofan notaði sama kerfi.

Heiti sem lýsa vindstyrk, svo sem gola, kaldi o.s.frv. eru íslensk nöfn sem menn gáfu vindstigum fyrr á þessari öld eins og fram kom áðan. Veðurstofan notar áfram allhvass, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri í veðurviðvörunum sínum til að leggja áherslu á viðvörunina, bæði með hraðatölum og vindstyrkjaheiti sem margir þekkja. Það

þykir hins vegar ekki ástæða til þess að nota önnur heiti, svo sem andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi og stinningskaldi, enda sum heitin lítið sem ekkert þekkt til að nota sem ákveðinn vindstyrk.

Hv. fyrirspyrjandi spurði: Hver veit hvað 10 metrar á sekúndu er? Hver hefur það á tilfinningunni? Ég get alveg eins spurt: Hver hefur það á tilfinningunni hvað kul er? (**Gripið fram í:** Allir Íslendingar.) Nei, ég stórefa það, virðulegi forseti, að allir Íslendingar hafi á tilfinningunni hvað kul er. Ég veit ekki betur en að í spurningakeppnum t.d. í framhaldsskólum sé einmitt verið að spyrja um þetta. Þá þykir það bara sérstakur mælikvarði á mikla kunnáttu að vita hvað þessi orð þýða. Ég held alla vega að yngri kynslóðin hafi ekki mikla hugmynd um hvað þessi orð þýða. Það er því ekkert óeðlilegt að menn fari yfir í annað kerfi.

Ég veit að það er alltaf erfitt að breyta um kerfi og menn líta kannski með söknuði til þess gamla. Ég held að eftir nokkur ár muni flestir vera sammála um að þetta var breyting til bóta og þá muni ekki nokkur maður skilja þessi gömlu en góðu orð þó, sem við höfum núna yfir vindstyrk. Þetta *nýja kerfi sem við höfum nýlega tekið upp er miklu meira* lýsandi.

[13:06]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. á alla samúð mína að þurfa að lesa upp þetta makalausa svar frá Veðurstofunni og ég er ekki sammála því að eftir örfá ár verði þjóðin búin að sætta sig við þetta, þvert á móti. Ég held að það hafi verið mjög mikil mistök hjá þeim að breyta lýsingu á vindstyrk úr vindstigum í metra á sekúndu í veðurlýsingum og hætta notkun á gömlum góðum íslenskum orðum eins og gola, kaldi og stormur í veðurspám. Ég hef ekki hitt einn einasta mann sem er ánægður með þessa breytingu og er ég búinn að heyra í mörgum, sérstaklega í mínu kjördæmi. Það er sama hvort maður talar við sjómenn, bændur, flutningabílstjóra eða aðra sem fylgjast með veðurspám og veðurlýsingum. Það skilur þetta enginn og menn spyrja: Af hverju var þetta gert og fyrir hvern? Við því eru engin svör.

Ég held að einhver snillingur hafi talið sig vera að fá þarna snilldarhugmynd og geti svo bara ekki bakkað með þetta en auðvitað er það það sem Veðurstofan á að gera. Hún á að bakka með þetta, taka aftur upp gömlu góðu vindstigin og þessi góðu orð sem íslensk tunga á yfir vindstyrk svo sem gola, kaldi, stormur, stinningskaldi og fleiri góð orð. Það er það sem á að gera og hætta þessari makalausu vitleysu og viðurkenna að þetta voru mistök.

[13:07]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svar hennar og ég þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni sérstaklega fyrir innlegg hans sem mér fannst alveg vera talað frá mínu hjarta.

Ég er dálítið hissa á hæstv. umhvrh. að segja að enginn hafi tilfinningu fyrir íslensku orðunum eins og kul, hægur og þeim orðum sem ná yfir vindstyrk sem er undir hvassviðri. *Ég er dálítið hissa að heyra þetta og ég minni bara á að við* erum nýbúin að vera með dag hinnar íslensku tungu og sá dagur var á forræði íslensku ríkisstjórnarinnar eftir því sem ég best veit. Ég tel það ekki gott innlegg inn í þá umræðu að reyna að varðveita íslenska tungu, að telja það henni helst til framdráttar að hlaupa eftir einhverjum tískubylgjum og afneita gömlum íslenskum orðum sem þjóðin hefur alið með sér í árhundruð. Ef yngri kynslóðin þekkir ekki þessi orð lengur, þá er það vegna þess að við erum hætt að nota þau og höfum vanrækt að kenna unga fólkinu að nýta sér þessi orð til að lýsa veðurfari.

Hver talar um tvo til þrjá metra á sekúndu þegar hann ætlar að lýsa kuli? Gerir það einhver? Ég veit ekki hver hefur tilfinningu fyrir metrum á sekúndu eins og hæstv. ráðherra telur að menn hafi allt í einu í dag. Ég veit ekki um einn einasta mann sem hefur tilfinningu fyrir metrum á sekúndu nema þá hæstv. umhvrh.

Ég vona svo sannarlega að umhvrh. endurskoði afstöðu sína að þessu leyti og láti af þeirri villu að telja að þetta sé einhver bót. Ég vil bara ítreka það að ef veðurfræðingar telja nauðsynlegt að hafa metra á sekúndu með, þá er sjálfsagt að gera það en nýta líka gömlu íslensku orðin til að viðhalda þeim í málinu. Það er mikilvægast af þessu öllu.

[13:10]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt ef menn telja að þeir hafi ekki fengið svör hér, eins og ég heyrði að hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði, *en ég fór einmitt yfir það í þremur* liðum af hverju menn hefðu farið út í þessa breytingu.

Það er alls ekki svo að ég sé að gefa í skyn að ég vilji að við afneitum orðum í tungu okkar, alls ekki. Það er hins vegar skoðun mín að fólk og sérstaklega ungt fólk átti sig ekki á muninum á andvara, kuli, golu, stinningsgolu, kalda og stinningskalda almennt. Menn hafa að sjálfsögðu tilfinningu fyrir því að þetta sé minna en rok og hvassviðri en ég held að menn geti ekki flett þessu upp skipulega í huganum nákvæmlega hvað þetta þýðir. Það geta menn miklu frekar með tölunum en gömlu og góðu orðunum. Ég er sannfærð um að almennt hefur t.d. ungt fólk ekki tilfinningu fyrir þessu. Ég veit að það er erfitt að breyta til en það er mín trú að eftir nokkur ár þegar menn eru orðnir vanir þessu, þá dettur þeim ekki í hug að fara til baka. Þá munu menn hafa tilfinningu fyrir 10 metrum á sekúndu t.d. Ég veit að í dag hafa menn enga sérstaka tilfinningu fyrir því en það er vegna þess að við erum nýlega búin að breyta þessu þannig að ég tel að við eigum að halda áfram á þessari braut og sjá hvort þessi tilfinning jafni sig ekki, sem ég heyri að hv. fyrirspyrjandi hefur ekki.

Út af dagskrá voru tekin 10.–11. og 17.–21. mál.

Fundi slitið kl. 13:12.

---

29. FUNDUR

fimmtudaginn 18. nóv.,
að loknum 28. fundi.

Dagskrá:

1. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216. — Frh. fyrri umr.

2. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjtill., 195. mál, þskj. 227. — Fyrri umr.

3. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 119. — 1. umr.

4. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 120. — 1. umr.
5. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 187. — 1. umr.
6. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 188. — 1. umr.
7. Rafræn eignaskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 189. — 1. umr.
8. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231. — 1. umr.
9. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 199. mál, þskj. 232. — 1. umr.
10. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 233. — 1. umr.
11. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 118. mál, þskj. 130. — Fyrri umr.
12. Stjórn fiskveiða, frv., 144. mál, þskj. 165. — 1. umr.
13. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), fyrri umr.

Stjtill., 195. mál. — Þskj. 227.

[13:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að Ísland gerist aðili að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, þ.e. CITES-samningnum sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum sem gerðar voru á honum í Bonn 22. júní 1979 og í Gaborone 30. apríl 1983. Samningur þessi öðlaðist gildi 1. júlí 1975 og aðildarríki hans eru nú um 145 talsins.

Markmið CITES-samningsins er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Hann nær bæði til viðskipta með lifandi dýr og dauð og með plöntur. Samningurinn er því í eðli sínu alþjóðlegur viðskiptasamningur. Í honum eru reglur um innflutning, útflutning og endurútflutning dýra og plantna sem skráð eru í viðaukum við samninginn, svo og um aðflutning þeirra frá hafsvæðum utan lögsögu ríkja. Dýr og plöntur, sem falla undir samninginn, eru talin upp og flokkuð í þrjá viðauka eftir því hvaða reglur gilda um alþjóðaverslun með þau, sbr. 2.–5. gr. samningsins.

Með aðild að samningnum tekur Ísland þátt í alþjóðlegu samstarfi um vernd dýra og plantna í útrýmingarhættu. Með aðild getur Ísland og haft áhrif á það hvaða tegundir eru skráðar í viðauka við samninginn.

Er þetta mikilvægt í ljósi vaxandi umfjöllunar á vettvangi CITES-samningins um skráningu fisktegunda í viðaukann. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þótt ýmsar fisktegundir séu ofveiddar í sumum heimshlutum kunna stofnar þeirra annars staðar að vera í góðu ástandi og fjarri því að vera í hættu.

Í I. viðauka eru tegundir sem eru í útrýmingarhættu og viðskipti hafa eða geta haft áhrif á. Það þarf samt ekki að þýða að þessar tegundir séu í útrýmingarhættu þótt þær séu skráðar þarna. Það er stundum tóm vitleysa.

Skv. 3. gr. er alþjóðaverslun með þessar tegundir háð mjög ströngum reglum og er aðeins heimiluð í undantekningartilvikum og með því skilyrði að tilskilin innflutnings-, útflutnings- og/eða endurútflutningsleyfi viðkomandi landa, eða vottorð vegna aðflutnings úr sjó, séu fyrir hendi.

Í II. viðauka eru tegundir sem kunna að verða í útrýmingarhættu ef ekki er höfð stjórn á alþjóðaverslun með þær. Skv. 4. gr. er alþjóðaverslun með þessar tegundir heimiluð með því skilyrði að tilskilin útflutnings- og/eða endurútflutningsleyfi viðkomandi landa, eða vottorð vegna aðflutnings úr sjó, séu fyrir hendi.

Síðast í III. viðauka eru skráðar tegundir sem verndaðar eru í einstökum aðildarríkjum og skráðar í viðaukann af þeim í þeim tilgangi að önnur aðildarríki aðstoði þau við að hafa eftirlit með verslun með þær. Skv. 5. gr. er alþjóðaverslun með þessar tegundir háð leyfi frá útflutningslandi þeirra ef upprunalandið hefur skráð tegundina í III. viðauka.

Óheimilt er að gera almenna fyrirvara við ákvæði CITES-samningsins. Hins vegar getur aðildarríki gert fyrirvara að því er varðar sérhverja tegund sem tilgreind er í I., II. eða III. viðauka þegar það gerist aðili að honum, svo og vegna breytinga á viðaukunum síðar. Ekki eru settar takmarkanir á fjölda þeirra tegunda, sem fyrirvari nær til, en altækur eða mjög víðtækur fyrirvari sem stæði í lengri tíma yrði vart talinn samrýmast verndunarmarkmiðum samningsins er koma fram í inngangsorðum hans.

Nokkrar hvalategundir, sem eru algengar hér við land, eru skráðar í I. og II. viðauka þótt þær séu hvorki í útrýmingarhættu né væru í slíkri hættu þótt ekki giltu reglur um verslun með þær. Rétt þykir að gerðir verði fyrirvarar af Íslands hálfu að því er skráningu þessara tegunda í viðaukana varðar. Fyrirvararnir eru prentaðir sem fylgiskjal III með þingsályktunartillögu þessari.

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum samningsins. Ber þeim m.a. að banna verslun með eintök dýra eða plantna sem brýtur í bága við ákvæði samningsins, gera verslun með og eign á slíkum eintökum refsiverða og sjá til þess að slík eintök séu gerð upptæk eða þau flutt aftur til útflutningslandsins. Þetta kallar á lagasetningu og nánari útfærslu í reglugerð um framkvæmd samningsins hér á landi.

Aðildarríki CITES-samningsins skulu tilnefna eitt eða fleiri stjórnvöld sem eru bær til að veita leyfi eða vottorð fyrir þess hönd og eitt eða fleiri stjórnvöld sem fara með vísindalegt ákvörðunarvald. Rétt þykir að sjútvrn. verði það stjórnvald er veitir leyfi eða vottorð að því er nytjastofna sjávar varðar en umhvrn. varðar varðandi aðrar tegundir og/eða Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands fari með hið vísindalega ákvörðunarvald. Tilkynna beri vörsluaðila samningsins um það stjórnvald sem fengið hefur umboð til þess að hafa samband við önnur aðildarríki og við skrifstofu samningsins. Rétt þykir að utanríkisráðuneytið verði slíkt stjórnvald hér á landi.

Herra forseti. Það hefur lengi verið í umræðu hér á landi að Íslendingar gerðust aðilar að þessum samningi. Niðurstaðan hefur oftast orðið sú að ekki væri rétt að gera það vegna þess að skráðar hefðu verið ýmsar tegundir, sérstaklega fisktegundir, hvalategundir og sjávarspendýrategundir í verndunarkafla samningsins sem væru alls ekki í útrýmingarhættu.

Sem betur fer hefur ýmislegt breyst í þessum efnum. Ég tel nauðsynlegt að Íslendingar taki þátt í alþjóðlegu samstarfi um verndun tegunda, verndun lífríkis jarðarinnar. Það er líka mikilvægt að við berjumst fyrir því að tegundir séu teknar út af skrá sem eiga ekki heima þar eins og ýmsar hvalategundir

og við sjáum ýmsa möguleika á því að það geti tekist í samstarfi við aðrar þjóðir því að þær þjóðir sem hafa með engum rökum verið að berjast fyrir því að þessar tegundir kæmu þarna inn eiga sem betur fer nokkuð undir högg að sækja vegna þess að þær hafa farið offari og skemmt fyrir sannri náttúruvernd í heiminum.

Það er líka mikilvægt að Íslendingar séu á þessum vettvangi til að stuðla að því að aðeins þær tegundir fari inn á þessar skrár sem eru í raunverulegri útrýmingarhættu og ber að vernda. Við eigum að sjálfsögðu að taka þátt í því að vernda náttúru og dýralíf í heiminum en við eigum líka að vera þar á vettvangi til að koma í veg fyrir að menn undir merkjum umhverfisverndar ráðist gegn eðlilegum lifnaðarháttum í heiminum, sambands manns og náttúru. Þess vegna er það niðurstaða íslenskra stjórnvalda að rétt sé að við gerumst aðilar að þessum samningi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði till. *vísað til hv. utanrmn.*

[13:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega þessar till. til þál. um aðild að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna, sem eru í útrýmingarhættu, og tel að það sé í raun löngu tímabært að Ísland gerist aðili að CITES-sáttmálanum, fyrst og fremst til að auka möguleika okkar til þess að hafa áhrif á samninginn og viðauka hans út frá stöðu einstakra dýrategunda og plantna hér á landi en möguleikar okkar til þess utan samningsins eru litlir sem engir. Það er ekki í verkahring okkar á hv. Alþingi að standa því að ræða um einstakar tegundir sem ættu heima eða ekki heima á hverjum stað í samningnum. Það er þeirra sem fara með vörslu hans og framkvæmd þegar þar að kemur og sjálfsagt rætt eitthvað í nefnd við umfjöllun á samningnum en ég legg áherslu á að Alþingi afgreiði þetta mál sem allra fyrst og tel eins og ég sagði áðan löngu tímabært að Íslendingar gerist aðilar að samningnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frh. fyrri umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216.

[13:24]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Undanfarna daga hafa farið fram athyglisverðar umræður um Fljótsdalsvirkjun og framkvæmdir við þá virkjun ásamt umræðum um umhverfismál almennt og tengsl virkjanaframkvæmda við umhverfismál. Þar sem þessar umræður hafa ekki aðeins fjallað um þessa einu virkjun heldur að mjög verulegu leyti um afstöðu manna til þess hvernig við eigum að nýta landið, hvernig við eigum að umgangast það, að hve miklu leyti við eigum að vernda það fyrir framkvæmdum, finnst mér rétt að fjalla stuttlega í máli mínu um lagalega stöðu Fljótsdalsvirkjunar, um tengsl þessarar virkjunar við lög um mat á umhverfisáhrifum en fara einnig nokkrum orðum almennt um þá umræðu sem hefur farið fram um umhverfisvernd og þær hugleiðingar sem menn hafa haft um nýtingu landsins almennt. Ég hefði óskað eftir því að *tveir af þeim þingmönnum sem hafa fjallað að sumu leyti* mest um þessa almennu afstöðu okkar til nýtingar landsins gæða væru viðstaddir umræðuna. Ég nefni þar sérstaklega til leiks hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson og vil spyrja um hvort forseti geti athugað hvort þessir virðulegu þingmenn geti verið viðstaddir umræðuna.

Fyrir það fyrsta, herra forseti, er alveg ljóst ef menn lesa vel þá greinargerð sem fylgir þáltill. að lagaleg staða Fljótsdalsvirkjunar er mjög sterk. Ljóst er að búið er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir virkjuninni og virkjunarleyfið var dags. í aprílmánuði 1991. Ljóst er að það leyfi byggðist á sterkum lagalegum grundvelli og er reyndar hægt að finna þann grundvöll í heimildarákvæði í lögum frá 1981 fyrir ríkisvaldið að semja við Landsvirkjun um framkvæmdaröð í orkumálum.

Staðan er sú að ekkert er því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Mikið hefur verið rætt um tengsl þessarar virkjunar við lög um mat á umhverfisáhrifum eins og þau voru samþykkt á árinu 1993 og þá alveg sérstaklega í tengslum við svokallað bráðabirgðaákvæði sem er að sjálfsögðu sá lagabókstafur sem stuðst er við þegar rætt er um að lagalegar forsendur séu fyrir virkjuninni.

Nú er það svo að sá sem hér stendur var framsögumaður fyrir hv. umhvn. þegar þessi lög voru kynnt í þinginu eftir að unnið hafði verið að þeim í nefndinni. En það vildi svo til að lagafrv. var breytt í grundvallaratriðum þegar umhvrn. vann við það. Þar kemur fram alveg skýrt og skorinort að þær virkjanir sem hafa leyfi sem gefin hafa verið út fyrir 1. maí 1994, ef ég man þetta allt saman, falla ekki undir lögin. Nú kann að vera að einhverjir álykti sem svo að menn hafi hugsað um eitthvað annað en Fljótsdalsvirkjun þegar slíkt bráðabirgðaákvæði var sett í lögin en það hefur að sjálfsögðu lagalegan grundvöll eins og önnur lög. Bráðabirgðaákvæði eru lög. Það var ekki svo að menn hafi hugsað um einhverja vegarspotta eins og mig minnir að hafi verið minnst á í þingræðu. Að sjálfsögðu gengu menn með galopin augun að því hvernig þetta bráðabirgðaákvæði yrði notað. Allur vafi var tekinn af um það með þessu ákvæði, allir voru í fullri vissu um það hvernig farið yrði með leyfi sem hafa verið útgefin fyrir 1. maí 1994.

Er nú líklegt að menn hafi þá á þessum tíma verið að hugsa um eitthvað annað en hin miklu áform norðan Vatnajökuls? Er líklegt að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni hafi yfirsést þessi virkjun þegar þessi mál voru til umræðu á Alþingi? Það er frekar ósennilegt. Að sjálfsögðu gengu menn með galopin augun að þessu. Það sem vekur mesta athygli í allri þessari umræðu nú er það hvað menn voru að hugsa frá því að þessi lög voru sett með bráðabirgðaákvæðinu og fram til þess dags í dag þegar menn rísa nú upp og krefjast þess að lögformlegt umhverfismat verði framkvæmt. Hvers vegna komu þessar kröfur ekki fram fyrr?

Eftir að lögin voru sett og eftir að þau tóku gildi var deginum ljósara að þessi virkjun mundi ekki falla undir lögin. Ef menn voru á annað borð óánægðir með það, hvers vegna kom sú ósk þá ekki fram strax? Það verður að skýra það því að mjög margir af þeim þingmönnum sem sitja á þingi í dag voru þingmenn á þessum tíma, tóku þátt í þessari umræðu, samþykktu þessi lög með bráðabirgðaákvæðunum og vissu fullvel að hverju þeir gengu. Það vill nefnilega svo til að það er hægt að krefjast þess af mönnum að þeir sýni samkvæmni í skoðunum sínum frá einu ári til annars og yfir langan tíma og það á ekki síst við í sambandi við *virkjunaráform eins og þessi vegna þess að virkjunaráformin*

er þess eðlis að þau fela í sér gífurlegar fjárskuldbindingar, áætlanagerð til margra ára og því er nauðsynlegt fyrir þá sem starfa að virkjunarframkvæmdum að sjá nokkurn veginn fram í tímann hvaða leikreglur gilda um fjárfestinguna og um rannsóknirnar. Þess vegna verður að standa mjög fast vörð um að þeir verði ekki sviknir sem ganga fram í góðri trú um að þær reglur gildi sem samþykktar hafa verið.

Það fór sem sagt ekki milli mála að þarna var verið að búa til ákvæði sem heimiladi að Fljótsdalsvirkjun yrði framkvæmd. Í þessum efnum gengum við þó lengra en tilskipun Evrópusambandsins, en samkvæmt henni hefði verið heimilt að leyfa framkvæmdir þar sem aðeins hefði verið farið fram á að fá virkjunarleyfi. Við gengum lengra. Við sögðum: „Það eru einungis þær framkvæmdir sem hafa fengið virkjunarleyfi fyrir 1. maí 1994 sem þetta á við um." Því er með öllu óviðunandi að því sé haldið fram hér og nú að ekki séu lagalegar forsendur fyrir því að í þessa virkjun sé ráðist. Ef menn voru á annað borð ósammála því að lögin um mat á umhverfisáhrifum væru í því formi sem þau voru samþykkt 1993, þá hefðu þær raddir átt að heyrast þá þegar, enda hefði þá gefist tími til þess að skoða þessi mál nánar.

Herra forseti. Hér hafa farið fram mjög athyglisverðar umræður um umhverfismál, um sjálfbæra þróun, um svokallaða varúðarreglu og um það almennt hvernig við eigum að nýta þetta land okkur til hagsældar. Þetta eru mjög erfið álitaefni og Fljótsdalsvirkjun kemur inn í þessa umræðu á mjög athyglisverðan hátt.

Það er ekki nokkur vafi á því að ef við virkjum við Eyjabakkana, búum til miðlunarlón við Eyjabakkana og byggjum virkjun sem byggist á þeirri miðlun, þá erum við að fórna náttúrulegum verðmætum. Það liggur ljóst fyrir. Ég mundi aldrei ganga svo langt að halda því fram að þessi verðmæti sem við erum að tala um að fórna séu ekki mikils virði. Þvert á móti tel ég að þau séu mikils virði. Það er einu sinni þannig að við getum ekki rekið samfélag eins og hið íslenska samfélag öðruvísi en ganga á verðmæti náttúrunnar.

Það vill nefnilega svo til að þessi þjóð er með einna hæsta lífsstíl og af öllum þjóðum heimsins. Það vill svo til að þegnar þessa þjóðfélags, og það á við um alþingismenn líka, eyða einna mest allra þjóða í heiminum. Eyðslustíll þessarar þjóðar setur í raun met. Því vil ég spyrja þingmenn, þegar þeir fara í þá miklu umræðu sem hér hefur átt sér stað um sjálfbæra þróun, hvort þeir séu í raun og veru þess umkomnir að lifa í samræmi við eigin hugsjónir. Við skulum taka sem dæmi hugsjónina um sjálfbæra þróun og varúðarregluna svo kölluðu. Ef þessum reglum, sem eru hluti af því sem við viðurkennum á alþjóðlegum vettvangi, er fylgt út í ystu æsar, hvað þýða þær t.d. fyrir lífskjörin hér á Íslandi? Það er ljóst að það er ágreiningur um hversu staðföst ráðgjöf okkar um sjávarútvegsmál er. Það er ekki víst að við séum í raun, menn eru ekki sammála um það, að við séum að nýta sjávarauðlind okkar á sjálfbæran hátt. Og á þá ekki náttúran að njóta vafans? Ef náttúran á að njóta vafans, eigum við þá ekki skera niður aflaheimildirnar og skerða lífskjör á Íslandi?

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur gert sig á þinginu mikinn talsmann umhverfismála og umhverfisverndar. Það er gott að eiga slíka talsmenn hér á þingi en það er líka eðlilegt að við ætlumst til þess að þeir séu sjálfum sér samkvæmir. Hún talaði um að hún væri á móti álverum. Er þingmaðurinn á móti álbræðslum eða vill hún hafa álbræðslurnar annars staðar?

Það vill t.d. svo til að ál er eitt af þýðingarmestu framleiðsluvörum í sambandi við flugvélaiðnað. Á flugvélaiðnaðinum lifir ferðaþjónusta Íslendinga. Hún væri óhugsandi öðruvísi en að við gætum nýtt okkur þessa framleiðslu í flugvélaiðnaði. Er þá sem sagt bara í lagi ef við stundum ekki þennan áliðnað þó aðrar þjóðir geri það? Og hvernig er áliðnaður þeirra? Hann er ekki stundaður með umhverfisvænum orkulindum heldur með brennslu jarðefna. Er það svo í raun og veru að það sé bara allt í lagi að Íslendingar taki ekki þátt í því að vinna orku frekar með umhverfisvænum aðferðum af því að okkar litla framlag til orkuframleiðslu heimsins mundi aðeins nægja til þess, eins og kom hér fram í ræðu, að uppfylla 1% af orkuþörf Evrópu? Ef allar þjóðir heimsins hugsuðu eins og hv. þm. og segðu bara: „Við erum svo lítil að okkur ber ekki að taka þátt í þessu", þá held ég að illa væri fyrir okkur komið.

Það vill nefnilega svo til að við erum í hópi orkufrekustu þjóða heimsins og við lifum við lífsstíl sem er með þeim hæsta í heiminum og ég hef ekki orðið var við það, satt best að segja, að neinir þingmenn í þessum þingsal ætli sér að afneita þessum lífsstíl. Ég hef ekki orðið var við að menn ætli sér að gíra niður lífsstílinn á Íslandi. En á hverju byggist þessi lífsstíll? Hann byggist á mikilli þungaframleiðslu og þar á meðal á framleiðslu áls. Ætlum við þá að segja sem svo: „Gott og vel. Við erum það heilög að við ætlum öðrum þjóðum að framleiða þetta. Við ætlum þeim að framleiða þetta með brennslu jarðefna og það skiptir ekki máli hvar útblásturinn verður. Hann verður alla vega ekki hér."

Er það svo að umhverfismál séu ekki hnattræn í eðli sínu? Er það svo? Ég hef getið þess áður að mér finnst vanta mjög mikla dýpt í umræðuna um umhverfismál. Það sem vantar í þessa umræðu er að menn séu sjálfum sér samkvæmir.

Umhverfissamtök, eins og ég hef getið um áður, berjast gegn því að menn noti kjarnorkuna til orkuframleiðslu. Hver er hinn kosturinn? Hann er brennsla jarðefna. Sömu þjóðir og hafa mælt með því að draga úr raforkuframleiðslu með kjarnorku stefna að því að auka brennslu jarðefna til að framleiða raforku. En samt sem áður eru þau aðilar að Kyoto-bókuninni. Það er þessi mikla ósamkvæmni í málflutningi þingmanna, sem neita sér um að skoða þetta í heild, sem ég vil gera athugasemdir við.

Ég vil nefna það sérstaklega, þó að ég sakni þess að sjá ekki hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson í þingsalnum, að fáir einstaklingar hafa tamið sér annan eins lífsstíl og sá ágæti þingmaður sem fór á suðurskautið, ekki satt, til þess að skemmta sér. Hvað þýðir þetta? (**Gripið fram í:** Hvað kemur það málinu við?) (**GÁS:** Þetta er ... í ríkisstjórnarsamstarfið.) Má ég spyrja, hv. þingmenn: Hvað þýðir þetta í lífsstíl? Gera menn sér grein fyrir því að Íslendingar eyða almennt u.þ.b. þúsund sinnum því sem einstaklingur í Tsjad eyðir? Við erum með eyðslufrekustu þjóðum og með hæsta lífsstíl í heiminum og samt eru menn að tala um það hér í alvöru og ætlast til þess að þeir séu teknir alvarlega að við getum horft fram hjá því að nota okkar eigin orkulindir okkur til framdráttar. Ég vil taka það skýrt fram að ég hef talið mig vera umhverfissinnaðan mann en ég held að við getum ekki rekið umhverfisstefnu sem byggist á því að við eigum hér friðland og gætum hér friðlands fyrir aðrar þjóðir. Við þurfum að nýta þetta land og á þeirri grundvallarhugsum eigum við að byggja stefnu okkar.

[13:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich gerir það að umtalsefni að Íslendingar séu miklar eyðsluklær. Hann er að hvetja okkur til að sýna skynsemi í þeim efnum og vill að við séum sjálfum okkur samkvæm ofar öllu. Nú er hann að leggja til að við samþykkjum þáltill. sem felur í sér að við ráðumst í framkvæmdir, eyðslu sem í fyrsta áfanga er upp á 60 milljarða kr. Menn ætla að fjármagna þetta með innlendum sjóðum. Á sama tíma styður hann ríkisstjórn sem ætlar að selja smásjoppur á borð við Landsvirkjun, Landsbankann, Búnaðarbankann og Landssímann. Vill hv. þm. Tómas Ingi Olrich gera okkur ögn nánar grein fyrir á hverju hans skynsemishugsun er reist?

[13:41]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef setið á þingi með hv. þm. Ögmundi Jónassyni alllengi og ég hef ekki orðið var við annað en hann óski eftir því manna helst, manna mest, manna háværast af öllum þingmönnum, að við aukum útgjöld til allra mála, til heilsugæslumála, til velferðar, til menntamála og svo mætti lengi telja. Ég gæti kannski bætt við þetta að við þurfum að auka verulega útgjöld okkar til byggðamála.

Ég tel að við getum ekki staðið undir þeim væntingum sem við sjálfir höfum skapað öðruvísi en að nýta náttúruna og þar á meðal er orkan í fallvötnum landsins. Ég vil halda því fram að við getum ekki mætt þessum óskum sem hv. þm. hefur sjálfur tekið þátt í að búa til á þessu þingi öðruvísi en að nýta til þess þá náttúru sem við byggjum hér.

[13:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var gott svo langt sem það náði. En það náði ekki mjög langt. Ég var minntur á að ég væri talsmaður samneyslu og velferðarþjónustu. Ég er líka talsmaður skatta og réttlátra skatta. En ég ítreka spurningu mína sem ég bar fram við hv. þm., þ.e. að hann gerði okkur ögn betur grein fyrir á hverju hans skynsemistal væri reist. Hann er að hvetja okkur til að samþykkja þáltill. sem felur í sér útgjöld í fyrsta áfanga upp á 60 milljarða. Hann ætlar að fjármagna þetta innan lands úr íslenskum sjóðum. Á sama tíma ætlar hann að einkavæða út og suður, selja öll stærstu fyrirtæki þjóðarinnar. Hvar ætlar hann að taka þessa peninga og hvað finnst hv. þm. um varnaðarorð Þjóðhagsstofnunar sem er með rauðblikkandi ljós uppi núna í 5% hagvexti? Samkvæmt þeim útreikningum sem hagfræðingar hafa gert vegna þessara áforma spá menn hagvexti upp á 7–8%. Ég óska eftir því að okkur sé gerð grein fyrir því í hverju skynsemi hv. þm. er fólgin.

[13:44]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. hefur ekki fyllilega skilið ræðu mína áðan þar sem ég fór fram á að menn sýndu fram á samkvæmni í kröfum sínu til umhverfismála og til þess lífsstíls sem við höfum tamið okkur hér. Ég vil hins vegar taka það fram í sambandi við spurningu þingmannsins um hvernig eigi að fjármagna þær framkvæmdir sem hér er talað um, að ef hann skoðar það fjármagn sem verður til í íslenska efnahagskerfinu á hverju ári, m.a. í gegnum lífeyrissjóðina, þá verður honum sennilega ljóst að það er ekki skortur á fjármagni sem við búum við hér á Íslandi. (Gripið fram í.)

[13:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek áskorun hv. þm. Tómasar Inga Olrichs að koma upp í andsvar fyrst og fremst vegna þeirra orða hans að hann hvetur okkur sem höfum talað fyrir náttúruverndarsjónarmiðunum að vera sjálfum okkur samkvæm.

Virðulegi forseti. Ég hef talað fyrir náttúruvernd og ég legg mig fram um að vera sjálfri mér samkvæm, líka í lífsstíl. Ég er ekki á móti virkjunum, virðulegi forseti. Það hef ég ekki sagt. Ég er hins vegar á móti því að við notum okkar vistvænu orku til mengandi álbræðslu.

Ég bendi hv. þm. Tómasi Inga Olrich jafnframt á það, virðulegi forseti, að Ísland er ekki eina landið sem hefur á að skipa vatnsorkuvirkjunum. Þær eru víða í heiminum. Ég mæli ekki bót álbræðslum sem eru knúnar með raforku sem framleidd er með gasi, olíu eða kolum. Það geri ég ekki. Ég hvet hins vegar til þess að við eflum rannsóknir á vistvænum orkugjöfum og vistvænum framleiðsluferlum.

[13:46]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög ánægður með að geta skipst á skoðunum við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um þessi mál.

Ég vil aðeins geta þess hér í örstuttu svari að mengandi álbræðsla er hluti af lífsstíl hv. þm. Hún ekur um í bílum sem væntanlega eru með vél úr áli til að gera bílana léttari svo þeir brenni minna eldsneyti. Ál er alls staðar í lífsstíl þingmannsins. Er hún að segja að það sé allt í lagi en álið eigi bara að framleiða annars staðar?

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nýti ál, ég viðurkenni það, eins og allir sem búa í vestrænu samfélagi. Ég tel það hins vegar ekki vera okkur til neinna málsbóta. Ég teldi viturlegra að við legðum okkar lóð á vogarskálarnar við að afskaffa álið og gerðum okkar til að efla rannsóknir á öðrum aðferðum við að búa til flugvélar og bíla. Ég bendi hv. þm., virðulegi forseti, á að það standa yfir tilraunir í heiminum með bíla og flugvélar úr plasti, gleri og alls kyns öðrum efnum en áli.

Ég geri það sem ég get til að breyta lífsstíl mínum. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í ræðustól fyrir tveimur dögum og bendi hv. þm. Tómasi Inga Olrich á að hafa það í huga, ég sagði: Við verðum að þróa nýjan lífsstíl með nýjum framleiðsluaðferðum og neyslumynstri, lífsstíl sem gerður er til að endast. Virðulegi forseti, ég legg mig fram um að breyta lífsstíl mínum til hins betra.

[13:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert því til fyrirstöðu að menn taki upp nýjan lífsstíl strax á morgun. Lífsstíll okkar Íslendinga, eins og við höfum mótað hann og mér sýnist menn vilja lifa þannig hér, byggist á mikilli eyðslu og m.a. á málmum. Það er vart hægt að hugsa sér hann öðruvísi.

Ég vil vara við því að menn reki mál sitt eins og þeir lifi í öðrum heimi en þessum eyðsluheimi. Ég legg áherslu á að þeir þingmenn sem hér tala um umhverfismál séu sjálfum sér samkvæmir og geri sér grein fyrir því hvernig þeirra eiginn lífsstíll hefur áhrif á umhverfið.

[13:48]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Forseti. Mig langar að gera athugasemdir við tvö atriði í ræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Þingmaðurinn virðist

ekki hafa fylgst með umræðunum hér, t.d. í gær. Þar kom mjög skýrt fram í ræðu minni að lagaleg staða Fljótsdalsvirkjunar væri óviss. Ég færði fyrir því ítarleg rök. Þetta lýtur bæði að íslenskum lögum en einnig að alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að.

Þingmaðurinn fullyrti hér í ræðu sinni að fyrir Fljótsdalsvirkjun lægi framkvæmdaleyfi. Ég hygg að hann hafi mismælt sig. Virkjunarleyfið liggur fyrir en vegna þess að framkvæmdaleyfi liggur ekki fyrir er lagaleg staða virkjunarinnar óviss. Á það benti ég í ræðu minni hér í gær.

[13:49]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að sá sem hér stendur átti við virkjunarleyfið og nefndi sérstaklega að það hefði verið gefið út í apríl 1991. Það eru engar lagalegar hindranir fyrir því. Ég nefndi sérstaklega í ræðu minni að virkjunarleyfið hafi verið byggt á lagaákvæðum og á heimildum til samninga sem má rekja til ársins 1981.

[13:49]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir að taka þessum rökum. Það var annað atriði sem ég vildi líka nefna. Það er um frægt bráðabirgðaákvæði II, sem svo er kallað, í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Á fyrri stigum umræðunnar um Fljótsdalsvirkjun í október sagði ég frá því hér í ræðustól að ég hefði farið yfir öll gögn málsins. Ég benti á að hvergi í gögnum umhvn. frá þeim tíma né í umræðum hér í Alþingi hafi komið fram eitt einasta orð eða stafkrókur um að margumrætt ákvæði ætti við Fljótsdalsvirkjun eða nokkra aðra virkjun.

Ég tel því að hv. þm. hafi ekkert máli sínu til sönnunar um að allir í nefndinni hafi vitað um hvað ákvæðið snerist. Það kemur hvergi fram í umræðum eða skjölum málsins.

[13:51]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má heita mjög sérkennilegt ef slíkt bráðabirgðaákvæði hefur verið samþykkt af þingheimi og menn hafa ekki gert sér grein fyrir því hvað það þýddi. Vegna þess að það kom ekki fram í þingræðum að ákvæðið ætti við eina virkjun frekar en aðrar sem leyfi er fyrir þá er ekki þar með sagt að menn hafi ekki áttað sig á þessu.

Ég verð nú að segja að ég held að þingmaðurinn geri frekar lítið úr nefndarmönnum sem sumir hverjir voru afskaplega vel upplýstir. Sumir þeirra hafa setið hér undir gagnrýni að vísu, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, en aldrei fyrir að vera ekki vel að sér eða vel pappírum búnir.

[13:51]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich fór mörgum orðum um að Fljótsdalsvirkjun og framkvæmd hennar væri lögleg án frekari umsvifa og ég er sammála. Enginn þrætir um það. Þótt engar undanþágur hefðu verið gerðar við setningu laganna um umhverfismat þá hefði hún verið lögleg og framkvæmanleg vegna þes að lög virka ekki aftur fyrir sig.

En við, þingmenn í dag, erum bundnir af lögum um umhverfismat og höfum svarið þess skriflegan eið að hlýða öllu slíku. Nú er lögð fram tillaga þar sem okkur er gert að taka afstöðu til að leyfa að slík framkvæmd fari fram. Það getum við ekki gert nema hrundið verði í framkvæmd löggiltu umhverfismati. Þess vegna er þessi þáltill. í besta falli markleysa, óþingleg og líklega þingsafglöp. Ríkisstjórnin á um tvennt að velja, annað hvort að kalla hana til baka eða gerast sek um afglöp og lögbrot á okkur þingmönnum með framgangi hennar.

[13:53]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Sverri Hermannssyni um að fyllilega sé staðið við lagaákvæði um þetta mál. Það hefur að vísu verið dregið í efa hér í umræðum á þinginu að svo sé en ég er sammála hv. þm. um að lögin heimili þessa virkjun.

Að því er varðar lög um mat á umhverfisáhrifum þá eru það gildandi lög. Í dag eru lögin sem sett voru hér 1993 gild. Bráðabirgðaákvæðið er þar af leiðandi gildandi lagaákvæði. Því er ljóst að samkvæmt gildandi lögum þarf ekki að setja þessa virkjun í lögformlegt umhverfismat. Hins vegar er alveg ljóst að hæstv. ráðherra hefur heimild til þess að krefjast þess en það hefur ekki verið gert. Ástæðan fyrir því að menn standa hér nú og ræða þetta er að það er óskað eftir því að Alþingi staðfesti þann vilja sinn að ráðast í þessa virkjun.

[13:54]

Sverrir Hermannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherra hefur leyfið. En hér er farið fram á að hið háa Alþingi lýsi yfir stuðningi við framkvæmdina. Það getum við ekki gert með neinu móti nema fullnægt sé því að umhverfismatið fari fram.

Afgreiðsla þessarar þáltill. mundi alls enga þýðingu hafa í þessu sambandi, aðeins upplýsa að handjárnin í stjórnarflokkunum hafi haldið öllum nema þá tveimur.

[13:55]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson hélt því fram að við gætum í raun ekki lýst yfir stuðningi við þessar virkjanaframkvæmdir nema málið færi í lögformlegt umhverfismat. (**SvH:** Ekki nema hafa forsendur.) Herra forseti, forsendurnar eru gildandi lög. Má ég spyrja þingheim: Er þingheimi kunnugt um að einhverjar aðrar lagalegar forsendur séu hér en íslensk lög? Eigum við að ganga jafnlangt og hv. þm. sem hér talaði í gær og taldi að við þyrftum að sækja lögformlegar heimildir okkar til Evrópusambandsins?

[13:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagðist telja að ekki mætti svíkja þá sem fengið hefðu undanþágu frá ákvæðunum um lögformlegt umhverfismat. Í málinu sem hér er til umræðu er stuðst við lög frá 1983 og við höfum hér a.m.k. í einu tilfelli heimild frá árinu 1977. Telur hv. þm. að í því tilfelli, þar sem Kljáfoss í Hvítá yrði virkjaður, gildi jafnframt að ekki eigi að fara fram umhverfismat, um þá virkjun sem á að vera í miðjum Borgarfirðinum? Telur hv. þm. að þessar undanþágur eigi að vera endalaust í gildi? Telur hann að ef málið sem nú er til umræðu hefði komið upp eftir 10–15 ár þá væri hann sömu skoðunar og í dag?

[13:57]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einhver misskilningur í gangi hjá hv. þm., síðasta ræðumanni, að ég hafi sagt að ekki mætti svíkja það sem fengið hefði undanþágu. Hafi ég sagt það þá

er það ekki rétt að orði komist. Þeir aðilar sem hér er um að ræða, þ.e. Landsvirkjun, hafa ekki neinar undanþágur. Þeir hafa lögum samkvæmt fengið virkjunarheimild. Sú virkjunarheimild stenst lög um mat á umhverfisáhrifum og því þarf ekki að veita þeim neina undanþágu í þessu sambandi.

Hins vegar get ég tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á hér, að það er ekki sólarlagsákvæði í þessu bráðabirgðaákvæði, það er alveg hárrétt hjá honum.

[13:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg nú að hv. þm. hafi alveg skilið hvað ég var að segja þó ég hafi kallað þetta undanþágu. Þessir aðilar hafa virkjunarleyfi og eru þess vegna undanþegnir lögunum um umhverfismat samkvæmt þeim skilningi sem hér hefur verið lagður í það. Ég spyr: Telur hv. þm. að þetta eigi að gilda um aldur og eilífð?

[13:58]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta atriði get ég svarað mjög skýrt og skorinort. Ég tel að á lögunum sem samþykkt voru 1993 hafi verið nokkrir meinbugir. Þar á meðal sá að það var ekki sólarlagsákvæði í þessu bráðabirgðaákvæði. Það er alveg ljóst, af því að sá sem hér stendur hefur unnið að endurskoðun laganna, að þeir sem þar hafa starfað gera allir ráð fyrir að inn í lögin komi sólarlagsákvæði að því er þetta bráðabirgðaákvæði varðar.

[13:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í marsmánuði 1983 var sá sem hér stendur í framboði fyrir Alþfl. á Austurlandi. Eitt þeirra stóru mála sem þar voru hvað efst á baugi á framboðsfundum, m.a. á miðfjörðum Austurlands, voru fyrirætlanir stjórnvalda um að reist skyldi stóriðja á Reyðarfirði, kísilmálmvinnsla sem átti að verða vítamínssprauta í tiltölulega einhæft atvinnulíf þar eystra. Tilheyrandi virkjanir fylgdu vitaskuld. Þessi verksmiðja frá því 1983, eins og allar fyrr og síðar, þurfti á talsverðu rafmagni að halda til framleiðslunnar.

Það var enginn ágreiningur um þetta mál á framboðsfundum þar eystra fyrir þessar kosningar, árið 1983, fyrir tæpum 17 árum síðan. Þeir lofuðu Austfirðingum öllu fögru í þessum efnum; Jón Kristjánsson var þarna, Hjörleifur Guttormsson var þarna, Halldór Ásgrímsson var þarna, Sverrir Hermannsson var þarna. Þeir eru hér enn. Þar voru aðrir sem ekki eru hér lengur.

Nú, 20 árum síðar, eru þessir menn enn þá á svipuðu róli. Enn þá er stóriðju lofað. Hvað hefur gerst í millitíðinni? Hvers vegna hafa ekki hin gömlu loforð verið uppfyllt um vítamínsprautur í atvinnu- og mannlíf þar eystra? Eða ef því er að skipta annars staðar í hinum dreifðu byggðum landsins? Förum aðeins yfir hvað hefur í raun gerst gagnvart heimamönnum þar eystra. Það var kísilmálmvinnsla á árunum 1982 til ársins 1985 eða 1986, þá dó sú tilraun út. Álverksmiðju bar þá á góma nokkrum árum síðar, slípiefnavinnslu enn síðar og síðan álverksmiðju aftur dags dato.

Það hefur sennilega eftir allt saman verið kraftur þeirra og áhugi, langlundargeð og þrautseigja austanmanna sem hefur haldið fyrirheitunum gangandi og loforðunum á lífi. Þeir stjórnmálamenn, sem ég nefndi til sögunnar og hafa farið með völdin, hafa haft áhrifin á þessum tæpu 20 árum eða svo, hafa ekki skilað því sem þeir lofuðu. Hér eru þeir enn og lofa. Við skulum hafa þessa mynd nokkuð skýra og glögga. Hverjir hafa farið með landstjórnina á þessum 20 árum, frá 1979 til ársins í ár? Framsóknarflokkurinn hefur verið hinn stóri flokkur þar eystra en hefur verið við landstjórnina í 17 ár af þessum 20. Það er Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur einnig verið með landstjórnina í 17 ár af þessum 20. Til að halda öllu til haga hefur Alþýðubandalagið verið við landstjórnina í sjö ár á þessu tímabili og Alþýðuflokkurinn í átta ár. Núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa því meira og minna haft tögl og hagldir og öll tækifæri til þess að skila þessum fyrirheitum um eflingu atvinnulífs, um það að snúa vörn í sókn í hinum dreifðu byggðum landsins. Hverjar eru efndirnar? Þær blasa við okkur í dag, enn er lofað og enn er engum málum þannig til haga haldið að menn sjái fyrir endann á þessum loforðum, að menn sjái fram á að efndirnar komi nú loks í kringum aldahvörf. Það er ekki vegna þess, herra forseti, að á þessum 20 árum hafi verið svo miklar deilur um það viðfangsefni sem við ræðum hér, virkjunarframkvæmdir á Norðausturlandi. Nei, þvert á móti, það hefur verið tiltölulega góð sátt um það allt til síðari tíma, að fara í þær virkjunarframkvæmdir. Það hefur líka verið tiltölulega góð sátt um það á þessum 20 árum að stóriðja gæti átt heima í fallegum Reyðarfirði. Það er ekki fyrr en á síðari tímum sem að andófs hefur orðið vart í þeim efnum. Þeir stjórnmálamenn og þeir stjórnmálaflokkar sem nú fara með völdin í þessu landi geta því ekki einu sinni skotið sér bak við það að það hafi verið erfið rimma við einhverja hugsanlega stjórnmálaflokka sem aðrar skoðanir hefðu, ellegar þá almenning í landinu sem réttlætir það að þeir hafa ekki staðið við hin stóru orð sem þeir hafa hamrað á, aftur og aftur, á þessu 20 ára tímabili.

Þessu fylgir auðvitað fleira og rétt að halda því til haga í þessu samhengi. Það er ekki eingöngu á þessum vettvangi, í þessum eina firði, á þessu eina landshorni, að þessir ríkisstjórnarflokkar hafa ekki staðið við hin stóru orð, hafa ekki skilað loforðunum til raunveruleikans, heldur getum við horft á fleiri þætti eins og flutning ríkisstofnana sem þeir tala um en gera aldrei neitt í, Rarik, Byggðastofnun. Við getum talað um fiskveiðistjórnarkerfið sem þeir hafa oftar en einu sinni á réttum dögum, einatt fyrir kosningar, rætt um að þurfi að breyta til þess að það hætti að þurrka upp sjávarbyggðirnar hringinn í kringum landið.

Ég hef lengi haldið þannig áfram og það er engin tilviljun að oddviti þessarar ríkisstjórnar er jafnframt byggðamálaráðherrann í landinu, hefur verið það samfellt síðustu átta og hálft ár og er að gefast upp á því verkefni sínu og ætlar að færa það í hendur þess manns sem ber þetta mál hér fram í þeim búningi sem blasir við okkur, í bullandi ágreiningi, þegar allar eðlilegar kringumstæður og allur aðdragandi málsins ætti að vera með þeim hætti að hér ætti að ríkja tiltölulega góð sátt um þessi áform. Þannig hafa þessir menn, þessir stjórnmálaflokkar, spilað þessu máli út í horn. Þeirra er ábyrgðin og hún er mikil. Hins vegar er eftirtektarvert í þessu samhengi og það þekki ég býsna vel frá heimabyggð minni að oftar en ekki, þegar umræður og áform hafa gengið eftir varðandi uppbyggingu stóriðju, hefur deilan einatt ekki snúist um virkjunarþáttinn heldur fyrst og fremst verksmiðjuþáttinn og útblástur frá þeim. Straumsvík er gott dæmi um það, Norðurál sömuleiðis og svo mætti lengi telja. Hér er það hins vegar minni háttar mál í þessari stóru umræðu og það er út af fyrir sig gott og vel. Hitt er ástæða til að hafa í huga og menn hafa komið inn á það í framhjáhlaupi að það eru auðvitað mörg atriði sem er rétt að gaumgæfa

í því. Ég tek hins vegar eftir því í skýrslum sem hafa ekki verið vefengdar að útblástur frá þessari verksmiðju þegar fram líða stundir verður með þeim hætti að til fyrirmyndar er gagnvart öðrum stóriðjuverum hér á landi. Þá er ég að tala um blauthreinsunina sem er bylting fyrir okkur Íslendinga. Það er fagnaðarefni.

Það verður talsverð breyting á byggðamynstri þar eystra, ég held að ástæðulaust sé að draga fjöður yfir það og að einhverju leyti mun byggðin þar, ef af verður, þróast í þá veru að um aukna kjarnabyggð verður að ræða, fólksflutning frá suðurfjörðum í Fjarðarbyggð. Kannski er ekkert að því, það er í þá veruna sem við höfum stundum verið að ræða hér að brýnt sé í okkar byggðamálum. Hins vegar er hægt að gefa sér það nokkurn veginn að hálftíma, 40 mínútna, 50 mínútna akstur til og frá vinnustað sé ekki fráleitt og eðlilegt undir öllum kringumstæðum, það þekkjum við á þessu svæði og finnst engum mikið að menn sæki vinnu til að mynda í álverið í Straumsvík héðan úr vesturbyggðum Reykjavíkur. Þetta eru líka þættir sem vert er að halda til haga og nefna hér þó að þeir hafi ekki farið hátt í umræðunni.

Vandi þessa máls er sá sem ég drap á áðan að stjórnvöld sjálf koma með málið í fullkomnu uppnámi inn á hið háa Alþingi. Undirskriftasafnanir með eða á móti í fullum gangi. Átök um málið á hinu háa Alþingi. Deilt um formsatriði málsins og formsatriði sem lúta að umhverfismati og nauðsyn þess að grípa til þess við þær aðstæður sem hér eru. Þetta eru eingöngu örfá þeirra atriða sem eru ofarlega á baugi og gera málið jafnsnúið og erfitt viðureignar og raun ber vitni.

Nokkur meginatriði í þessum efnum. Ríkisstjórnin átti auðvitað að fara með þetta mál í umhverfismat fyrir mörgum missirum þegar kröfur komu upp um slíkt enda þótt undanþáguákvæði frá 1993 væru í fullu gildi. Ég dreg enga dul á það að lög standa til þess og ríkisstjórnin getur sagt sem svo að undanþáguákvæði frá 1993 eigi hér við. Ég dreg enga dul á það. Ég hefði hins vegar talið málinu happadrýgra að gera þetta undir þeim formerkjum sem lög standa til í dag og fara í umhverfismat en að þurfa að vera í því hlutskipti að bera við tímaskorti og að málið sé svo klemmt í tíma að ekki gefist ráðrúm til slíks. Við erum að tala um mál sem hefur verið karpað um í 20 ár og hér koma menn og bera fyrir sig tímaskorti. Hver er þessi tímaskortur? Er það svo að samningar við væntanlega byggjendur álvers á Reyðarfirði hafi þegar gengið fram? Liggur ljóst fyrir hvaða verð eigi að vera á þessu rafmagni sem framleiða á í Fljótsdalsvirkjun? Nei, það eru líka mál sem eru óútkláð. Ég vona sannarlega það besta, að menn nái samningum við þessa fjárfesta, erlenda og innlenda. Það er að vísu allrar athygli vert að nú allt í einu er það svo að 80% fjárfestanna eru Íslendingar og öðruvísi mér áður brá þegar að það þótti meginatriði, a.m.k. af hálfu Sjálfstæðisflokks, að allir sem legðu í þann áhættusama rekstur sem álversrekstur er, þyrftu að vera útlendingar og koma erlendis frá til þess að koma í veg fyrir sveifluáhrif í íslensku efnahagslífi. En þetta er breyting og út af fyrir sig geri ég ekki athugasemdir við það.

Það er líka dálítið sérkennilegt, herra forseti, að málið skuli koma til kasta Alþingis undir þeim kringumstæðum sem hér eru. Öðruvísi mér áður brá, að þessi ríkisstjórn af öllum teldi sig þurfa eða teldi æskilegt að færa mál hér inn á borð þingmanna, fremur hefur þróunin verið sú að ríkisstjórnin hefur sótt eftir umboði þingsins til þess að ljúka sínum málum sjálf. Það undirstrikar auðvitað staðreynd og veruleika málsins að ríkisstjórnin er með pólitískan vanda í höndum og vill að þingið skeri sig niður úr þeirri snöru sem að stjórnvöld sjálf hafa smeygt um háls sér. Það er athyglisvert og það er líka athyglisvert varðandi fyrirkomulag þeirrar tillögu sem hér er og lýtur að þáltill. til staðfestingar á áður gerðum ákvörðunum sem byggðar eru á lögum. Ég velti því eilítið upp, herra forseti, hvernig það liti við formlega ef svo færi að þingið samþykkti ekki tillöguna. Hvar væri hæstv. iðnrh. staddur þá og engar lagabreytingar verið gerðar? Gæti hann lögum samkvæmt haldið sínu striki, gætu mál haldið fram eins og framkvæmdarvaldið hafði gert ráð fyrir? Eða hvað? Hafa menn skoðað þennan enda málsins? Ég held ekki. Það er nefnilega ákaflega sértækt og ég man satt að segja ekki til þess að menn hafi gengið til verks með þeim hætti sem hér um ræðir. Auðvitað er það þannig, herra forseti, að þegar að ríkisstjórnin kemur sjálf hér og opnar málið upp á gátt með þessari þáltill. hlýtur hún að eiga von á því að aðrir þættir þess opnist líka og þá á ég auðvitað við kröfuna um umhverfismat. Menn geta ekki bara opnað ákveðna þætti og haldið öðrum lokuðum heldur er málið í heild og breidd til umræðu og pólitískrar ákvörðunar á hinu háa Alþingi hvað sem öllum formsatriðum viðvíkur.

Herra forseti. Ég ætla að lyktum að undirstrika nokkra þætti málsins eins og þeir snúa við mér. Ég var sammála virkjun Fljótsdals á sínum tíma og Eyjabakka og er það enn og hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum. Ég hef hins vegar kallað eftir því og hef ævinlega gert það, vegna þess að ég er umhverfissinni, ég er hins vegar lýðræðissinni og ég er framkvæmdasinni, að menn gangi til verka á þann hátt sem leikreglur segja til um. Þess vegna fagna ég út af fyrir sig þeim gögnum sem hér er að finna á borðum þingmanna. Þau eru góð svo langt sem þau ná. Ég dreg hins vegar enga dul á það heldur, þótt til lögformlegs umhverfismats hefði komið, að það skapar ekki alþingismönnum neina fjarvistarsönnun frá því að mynda sér skoðun og taka afstöðu til málsins, hvort heldur það mundi enda hér að forminu til á borði umhvrh. eða skipulagsstjóra. Eftir sem áður er skylda okkar sem stjórnmálamanna að taka afstöðu og undan henni ætla ég ekki að víkjast þó að stjórnarliðar skjóti sér gjarnan bak við þessa æruverðugu ríkisstjórn. Ég studdi með öðrum orðum stóriðju á Austurlandi á sínum tíma og styð hana enn. Ég lýsi hins vegar ábyrgð á hendur þessari ríkisstjórn með þessa afleitu stöðu málsins út og suður, að hafa skipað málum þannig að hér er það komið í fullkominni ósátt við allt og alla. Ég er því viðbúinn hinu versta en vona hið besta.

[14:14]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykn. fyrir ræðuna sem hann hélt. Hún var eiginlega nokkuð góð að flestu leyti. Það var eitt atriði sem ég vildi undirstrika varðandi byggðamálaþáttinn. En ég endurtek að ræðan fór síbatnandi eftir því sem leið á hana og vantaði ekki mikið upp á í lokin að við gætum verið fullkomlega sammála.

Hvað varðar byggðamálaþáttinn, þá urðu þáttaskil í málinu þegar ákveðið var að bjóða fram einn stað, Reyðarfjörð, undir stóriðju. Það voru þáttaskilin í byggðamálum. Ég þekki alla þá umræðu sem hv. ræðumaður rakti. En það var aldrei í hendi að það yrði nema þá kísilmálmverksmiðjan á sínum tíma, sem stoppaði á því að krafa var um að Íslendingar ættu meiri hluta, sem var náttúrlega tóm vitleysa. Á þeim tíma var ekkert hægt að koma því í kring. Hins vegar hafa fjármál skipast þannig núna, sem betur fer, að íslenskir fjárfestar eru

þess umkomnir að taka slíkar ákvarðanir. Slík hefur þróunin verið síðustu árin.

En þegar Alþfl. fór með þetta mál þá var staðurinn á uppboði. Þessu vildi ég koma á framfæri. Að öðru leyti þakka ég fyrir ágæta ræðu að flestu leyti.

[14:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á því að hv. þm. komi hér fullur auðmýktar og þakki. Ég rakti það hins vegar eins og það blasti við, ekki mér, að hv. þm. hefur samkvæmt staðreyndum verið þingmaður Austurlands fyrir Framsfl. í um 17–18 ár og stærstan hluta þess tíma hefur hann verið í ríkisstjórn og landstjórninni einkum og sér í lagi með Sjálfstfl. en með góðum undantekningum þó.

Niðurstaðan er bara þessi. Ég held að hv. þm. sé nú með eilítinn útúrsnúning og aumt yfirklór þegar hann ræðir um að það hafi verið vandamál að finna þessu stað á Austurlandi. Reyðarfjörður hefur verið einasti staðurinn sem nefndur hefur verið til sögunnar öll þessi ár í þessum efnum. Það hefur því ekki verið vandmálið.

Einnig er það einkar athyglisvert, og ég nefndi það sérstaklega í ræðu minni, að nú telst það mjög happadrjúgt að íslenskir fjárfestar eigi stóran meiri hluta í þessari verksmiðju. En það var banabiti áformanna í hægri stjórninni þeirri sömu 1983–1987 eins og hv. þm. rakti varðandi málmblendiverksmiðjuna forðum daga. Bara kortið er eins og það er. Þetta er bara skrifað á vegginn. Nú 20 árum síðar eru þeir enn að reyna að selja þessa hugmynd, því miður ekki fullklárða. Þess vegna sagðist ég vona svo sannarlega að Austfirðingar verði ekki sviknir í tryggðum enn og aftur, nóg er nú samt.

[14:18]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram misskilningur í ræðu hv. þm. Það hefur aldrei verið neitt deilt um það að stóriðja á Austurlandi mundi rísa á Reyðarfirði, það hefur aldrei verið neinn annar staður í umræðunni þar. Þeir staðir sem í voru umræðunni var staður í kjördæmi hv. þm. við Keilisnes og þangað átti að leiða orkuna með línu þvert yfir hálendið, eins og var rakið í gær. Þær ákvarðanir voru uppi á þeim árum.

Það er einnig svolítill misskilningur í því að það hafi verið Framsfl. sem fór með þessi mál þegar kísilmálmverksmiðjan var í umræðunni. Það var hæstv. iðnrh. á þeim tíma, Hjörleifur Guttormsson, sem vann að því máli. En það gekk því miður ekki upp. Ég hef rakið þátt okkar þingmanna Austurlands í þessu máli, við höfum aldrei lofað neinu í þessum efnum og gerum það ekki enn. Þetta eru verkefni sem við erum að vinna að og vinnum að þeim af heilindum og viljum ljúka þeim ef það er mögulegt. En við getum ekki ábyrgst að það muni takast vegna orkusamninga og vegna þess að vel getur verið að það takist að koma í veg fyrir þetta með einhverju allsherjaruppnámi í samfélaginu. Það hefur verið reynt allt sem menn hafa getað til þess, og sú vinna er í fullum gangi enn þá. Menn ganga meira að segja svo langt að segja að undirskriftasafnanir séu þjóðaratkvæði og taka sér í munn alls konar slíkar firrur.

[14:20]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, margt er heimilisbölið. Menn ganga jafnvel svo langt að segja undirskriftasafnanir vera þjóðaratkvæði. Það var hæstv. fyrrum forsrh. og formaður Framsfl. sem viðhafði þessi orð, Steingrímur Hermannsson, sem hefur nú gjarnan verið andlegur leiðtogi hv. þm. Jóns Kristjánssonar fram undir það síðasta a.m.k. Það er margt heimilisbölið.

Við höfum aldrei lofað neinu og gerum ekki enn. Og orkusamningar hafa ekki verið kláraðir og við vitum ekkert hvernig þeir enda. Og meira að segja er málið þannig komið í þjóðfélaginu að það er í algjöru uppnámi. Þetta eru orð hv. þm. Jóns Kristjánssonar nú 20 árum síðar. Er það furða þótt hans heimamenn og kjósendur horfi með forundran á þessa forustuflokka í kjördæminu og á landinu öllu og spyrji hvað dvelji orminn langa, hvernig á því standi að eftir allan þennan áhuga og allar þær yfirlýsingar og öll þessi gefnu fyrirheit skuli málin vera í þessu formi.

Þess vegna sagði ég það, herra forseti, og hlýt að undirstrika það og árétta í andsvari, eftir að hv. þm. hefur staðfest þá lýsingu sem ég gaf í ræðu minni, að ábyrgð ríkisstjórnarinnar á stöðu málsins í heild, umhverfisþætti þess hvað samninga við fjárfesta áhrærir, hvað málinu öllu viðvíkur er auðvitað mikil og verður ekkert undan dregin í stöðu þess. Mér fannst hv. þm. í raun lýsa þessu máli og taka vel undir ástandslýsingu mína og ferli málsins frá a til ö. Menn ganga langt í yfirlýsingum um þetta mál en ég er hræddur um að hv. þm. verði að eiga við sitt heimafólk áður en hann kemur hér til þess að kvarta og kveina. Hann getur vafalaust fengið hjálp frá flokksbræðrum sínum og systrum hér í þessu æruverðuga húsi, en svo langt er málið komið að Steingrímur Hermannsson er farinn að leggjast á hinar ýmsu sveifar.

[14:22]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir mjög ágæta sögulega yfirferð og sögulega skoðun á síðustu 20 árum í íslenskum stjórnmálum. Ég deili þeirri skoðun þingmannsins að það sé ljótur leikur að byggja upp væntingar og valda í kjölfarið miklum vonbrigðum.

Mér fannst hins vegar vera örlítil göt í sögulegri yfirferð hv. þm. á síðustu 20 árum þegar hann fjallaði um ríkisstjórnir, aðallega þó vondar ríkisstjórnir að hans mati, að mér fannst hann gleyma einum stjórnmálaflokki í ríkisstjórnarþátttöku á síðustu 20 árum, nefnilega Alþfl. Eftir að hafa bætt honum inn í þessa 20 ára söguskoðun hv. þm. og deila með honum þeirri skoðun að það sé ljótur leikur að skapa væntingar og í ljósi þess að hv. þm. kemur úr Reykjanesi, eins og við báðir reyndar, þá held ég að það sé ágætt að rifja upp mestu væntingar sem hafa verið byggðar upp fyrir nokkrar kosningar líklega í sögu lýðveldisins, þegar farið var fram af miklum krafti og lofað, og ég endurtek, lofað álveri á Keilisnesi, sem er eins og hv. þm. veit, á Reykjanesi. Væntingar voru gífurlega miklar á Reykjanesi.

Að sama skapi urðu vonbrigðin gífurleg rétt eftir kosningar þegar í ljós kom að þetta álver kæmi aldrei á Keilisnes. Þess vegna spyr ég hv. þm.:

Hvaðan átti rafmagnið að koma í Keilisnes?

Úr hvaða stjórnmálaflokki kom sá iðnrh. sem rak það mál af svo miklum skörungsskap?

[14:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er það mikil ánægja að uppfræða hv. þm. Hjálmar Árnason og kenna honum aðeins um stjórnmálasöguna síðustu 20 árin. Ég veit að á fyrri hluta þess tímabils sá hann þessi mál í eilítið öðru ljósi en hann gerir í dag og slæmar og góðar ríkisstjórnir tóku kannski á sig aðrar myndir þá heldur en þær gera í dag, eingöngu vegna þess

að hv. þm. var þá í öðrum stjórnmálaflokki, studdi önnur sjónarmið og viðhafði aðrar áherslur í stjórnmálum. En allt gott um það.

Það er ekkert launungarmál, herra forseti, að því miður er það ekki í fyrsta skipti sem stjórnmálamenn hafa uppi stór orð og áform sem þeir geta ekki staðið við. Ég dreg því enga dul á að það urðu mér og flokksmönnum mínum jafnmikil vonbrigði og langflestum eða öllum hygg ég kjósendum í Reykjaneskjördæmi að ekki gekk saman með fjárfestum í Alumax-hópnum á sínum tíma. Það var hins vegar ekki við neina út af fyrir sig að sakast í þeim efnum. Hinir erlendu fjárfestar kipptu að sér höndum á síðasta stigi málsins. Það olli mér miklum vonbrigðum. Það var Jón Sigurðsson sem fór fyrir því máli og ég held að enginn hafi látið sér til hugar koma, hvorki þá né nú, að áfellast hann fyrir áhugaleysi eða slaka verkstjórn á þeim málum heldur þvert á móti. Ég held að allir hafi á þeim tíma í stjórn og stjórnarandstöðu lokið lofsyrði á störf hans.

Það liggur alveg ljóst fyrir líka að rafmagnið átti að koma að austan, svo ég svari nú þeirri spurningu. En það breytir hins vegar ekki því sem við erum að takast á við í dag, að menn eru hér að reyna að efna 20 ára gamalt loforð með málið jafnlaust í lúkunum og raun ber vitni um. Það er hinn kaldi og napri veruleiki málsins, herra forseti, og ég held að hv. þm. hljóti að deila þeim skoðunum með mér á því ástandi í þessum efnum.

[14:26]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessar upplýsingar. Ég minnist þess mjög vel frá þeim árum þegar ég bjó á Suðurnesjum hvernig þáv. hæstv. iðnrh., Jón Sigurðsson, beinlínis lofaði ítrekað í blaðagreinum og á fundum meðal kjósenda í Reykjanesi álveri á Keilisnesi. Og það er reginmunur á þeim vinnubrögðum að lofa einhverju sem jafnvel er vitað að ekki er hægt að standa við eða þeirri kynningu sem hæstv. iðnrh. ávallt hefur leitt núna, þ.e. að það á eftir að semja, en verið er að skapa ákveðinn grundvöll til þess. Og það er þess vegna sem um málið er fjallað á hv. Alþingi núna.

Ég ítreka þakklæti til hv. þm. og ég tek undir það með hv. þm. Jóni Kristjánssyni að mér fannst ræða þingmannsins fara batnandi eftir því sem á leið og í lokin var ég orðinn mjög sammála. Ég deili því með hv. þm. að vera umhverfissinni og framkvæmdamaður. Og því spyr ég hv. þm. Mun hann styðja þá þáltill. sem hér er til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu á þessu hv. þingi?

[14:28]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki miklu við þessar sögulegu skýringar að bæta nema því að hæstv. iðnrh. á þeim tíma, Jón Sigurðsson, hafði gengið frá öllum endum hérlendis, það stóð ekki á einu eða neinu. Það var hægt að skrifa undir samdægurs vegna þess að allar heimildir stóðu klárar og kvittar og það eina sem eftir var að það sæist í hið erlenda fé, hina erlendu fjárfesta. Þeir sýndu hins vegar á sér skósólana þegar til kastanna kom. Það er meginkjarni málsins og það er mismunurinn á þeirri stöðu sem við erum takast á við í dag og var þá. Íslenskir aðilar höfðu klárað heimavinnuna sína. En menn lögðu kannski of mikið kapp á hina erlendu fjölþjóðasamsteypu sem hafði rennt sér saman til að takast á við þetta stóra verkefni.

Ég ætla hins vegar ekkert að segja um það að hv. þm. er búinn að lofa því í fjögur eða fimm ár oft á dag að tvöfalda Reykjanesbrautina. Enn þá er hún einföld og hún verður sennilega ekki tvöfölduð samkvæmt langtímavegáætlun fyrr en 2007, en samt lofar hann því á hverjum einasta degi að þetta gerist á morgun eða hinn. Svona er þetta nú hjá þeim framsóknarmönnum.

En hvað varðar kjarna málsins, það viðfangsefni sem við okkur blasir og við tökumst nú á við, þá sagði ég áðan að það er ákaflega sérkennilegt að þurfa að takast á við þetta mál hér í því formi sem það kemur. Ég kastaði þeirri spurningu fram hvað mundi gerast að forminu til ef þetta yrði ekki samþykkt. Það væri dálítið fróðlegt að heyra svör iðnrh. við því þegar hann súmmerar að lokinni þessari umræðu. Hver er hin formlega staða málsins? Ég sagði áðan að ég styddi þetta mál, hefði stutt það á sínum tíma. Ég hef ekkert breytt um skoðun og það stendur auðvitað. Ef hv. þm. skilur það ekki þá skilur hann ekki neitt.

[14:30]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér varð nú á að brosa þegar hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, ágætur varaformaður Alþýðuflokksins, lýsti fjálglega því mikla árangursleysi sem orðið hefði af samstjórnum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hvað varðaði nýja stóriðju. Þá varð mér hugsað til þess, og það fékk mig til að brosa, að ég er búin að vera tvö kjörtímabil á þingi. Fyrra kjörtímabilið vorum við sjálfstæðismenn í ríkisstjórn með Alþýðuflokknum og það var alltaf gríðarlega mikið að gerast í stóriðjumálum. Ágætur iðnrh. Alþýðuflokksins geystist um heiminn, fór hverja sigurförina á fætur annarri og kom síðan í Alþingi og hélt miklar ræður um að nú væri stóriðja handan við hornið. Og þingið trúði þessu lengi vel. Hann fór líka í fjölmiðlana. Það voru ágæt viðtöl við hann í sjónvarpinu og þjóðin trúði þessu líka lengi vel. En þegar leið á kjörtímabilið voru menn hættir að trúa þessu og sáu að þetta var bara stormur í vatnsglasi og ekkert að marka. Seinna kjörtímabilið, þ.e. það síðasta, þá vorum við sjálfstæðismenn í ríkisstjórn með Framsóknarflokknum sem hv. þm. var að tala um að hefði ekki borið neinn árangur. Og hver er árangurinn? Nýtt álver á Grundartanga, stækkun á álverinu í Straumsvík, stækkun á járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, mörg hundruð ný störf í þessum fyrirtækjum og annað eins eða meira af afleiddum störfum, þ.e. störfum við þjónustu við þessi fyrirtæki. Þetta er munurinn, hv. þm., á samstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks varðandi stóriðjumál og samstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Það er sama hvað menn halda hér langar og miklar ræður um það. Þetta eru bara staðreyndirnar.

[14:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var býsna merkileg ástarjátning hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni. Ég átti satt að segja ekki von á jafninnilegum ástarjátningum af hans hálfu í garð þeirra framsóknarmanna því að stundum hefur mér fundist hvína í einmitt af hans hálfu þegar að þeim hefur komið. Þögn hans hefur oftar en ekki sagt meira um til að mynda hjartnæman stuðning hans við hæstv. heilbrrh. sem er nú sveitungi hans. En allt um það. Þetta fannst mér býsna merkileg yfirlýsing. Hitt veit hv. þm. hins vegar jafn vel og ég að á þeim árum sem hann vitnaði til, 1991–1995, vorum við í bullandi mótstreymi efnahagslega. Hann var að vísu ekki kominn hér til þings. Ég bið afsökunar. Hann var auðvitað mættur hér

til þings og lagði þessu viðnámi gegn kreppunni gott lið og vékst þar ekki undan. Nú hins vegar blæs vel og kringumstæður eru allt aðrar. Ég skildi hann hins vegar ekki þannig — hann leiðréttir mig þá — að hann drægi í efa einbeittan vilja Alþýðuflokksins til að byggja upp á þessum vettvangi eins og öðrum. Eða var hann að gefa til kynna að allt hafi þetta verið sýndarmennska og yfirborð eða er það svo að hans víðsýni og réttsýni hafi týnst einhvers staðar á leið í hinu innilega faðmlagi við Framsóknarflokkinn?

[14:33]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti nú ekki von á að þetta væri svo viðkvæmt hjá hv. þm. að hann færi að reiðast. Það er mikill misskilningur að hér sé um einhverjar ástarjátningar að ræða þó maður segi sannleikann þegar kallað er eftir honum. Málið er bara ekki flóknara en það. Það þýðir ekki endilega að ég sé sammála öllu sem Framsóknarflokkurinn er eða hefur verið að gera. En okkar ágæti samstarfsflokkur hefur staðið sig vel í þessum málum og það má alveg koma fram af munni sjálfstæðismanna. Ég var alls ekkert að gefa í skyn að Alþýðuflokkurinn hefði ekki verið heill í þessum málum. En það náðist ekki árangur á þessu kjörtímabili, þessi fjögur ár sem við vorum saman. Þáverandi iðnrh. var endalaust að gefa í skyn að eitthvað mikið væri að gerast, (**RG:** Algjör skepnuskapur.) sem því miður var ekki. Það er ekki rétt hv. þm. Það er enginn að gefa til kynna neinn skepnuskap. Það náðist bara ekki árangur. Sá er munurinn. Þetta er ekki flóknara en það.

[14:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær gerast nú alltaf merkilegri yfirlýsingarnar því að nú kemur í ljós að það skiptir mestu máli hver vinnur með Sjálfstæðisflokknum, ekki hvað hann gerir sjálfur. Hann var greinilega algert aukahjól undir þessum vagni þá jafnt sem nú.

[14:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við höfum nú teygt lopann nokkuð lengi yfir þessu máli og kannski eðlilega eins og til þess er stofnað af hendi stjórnarflokkanna. Ég var spurður einhvern tímann fyrr í umræðunni fyrir margt löngu hvort afstaða mín til virkjunarinnar væri sams konar og til álvers og ég ætla ekki að víkjast undan að svara því. Álverið fer í umhverfismat samkvæmt þeim lögum sem um það gilda. Enginn hefur dregið það mál inn til Alþingis á neinn hátt. Ég veit ekki til þess að neinir flokkar ætli sér að draga það með lögformlegum hætti hér inn í þingið. Það eru einfaldlega til reglur um framleiðslu af þessu tagi og uppfylli þau fyrirtæki sem ætla sér að koma slíku af stað þær reglur, þá fá þau starfsleyfi.

Auðvitað vitum við að það verður ekki virkjað í Fljótsdal nú ef ekki verður hægt að selja rafmagnið. Ég tel þess vegna að þeir sem lýsa yfir stuðningi við að virkjað verði í Fljótsdal ef jákvæð niðurstaða fæst um umhverfismat, séu líka að lýsa yfir stuðningi við að þessi álverksmiðja verði byggð. Þannig lít ég a.m.k. á það sem ég er að segja um þetta mál, þannig að það sé alveg skýrt. Ég er líka á þeirri skoðun, og ég vil segja það fyrst, að ég vonast til þess að umhverfismat leiði í ljós að hægt verði að virkja þarna. Ég vona það. Ég er ekki viss um það. Ég segi til viðbótar að verði það niðurstaðan að virkja þarna, hvort sem það verður eftir umhverfismat eða eftir þessa skemmri skírn sem hér á að fara fram samkvæmt vilja stjórnarflokkanna, þá geri menn það þannig að stíflan verði þá líka hækkuð þannig að menn fái allt það rafmagn sem til álversins þarf með einni framkvæmd. Ég held að það liggi fyrir nokkuð skýrt að það er skynsamlegasta leiðin og ég vonast þá til þess að menn fari hana.

Ég vil endurtaka að sú staða skelfir mig sem stjórnarflokkarnir eru búnir að koma sér í aftur gagnvart erlendum aðilum til að semja um raforkuverð. Það er staða sem Íslendingar virðast ætla að koma sér í nánast ævinlega þegar á að semja um raforkuverð við útlendinga til stóriðju. Þeir eru búnir að binda sig þannig pólitískt í málinu að það er nánast ekki hægt að bakka út úr því nema að fara út á ystu nöf. Eina vonin sem menn hafa núna er að einn aðili, þ.e. Norðurál, gæti hugsanlega haft áhuga á því reisa hér upp álver líka. Á það er nú vonin hengd, því miður. Það er gífurleg fjárhagsleg áhætta í þessu máli vegna þess hve það er stórt og vegna þess hve efnahagskerfi okkar er lítið. Ég tel það fyrirkvíðanlegt ef aðilar hér á Íslandi, lífeyrissjóðir og aðrir, ætla að leggja eggin sín svona mörg í eina körfu eins og þessa. Ég tel að það hljóti að verða að skoðast bókstaflega út frá hagsmununum og áhættunni hvort það komi nokkuð til greina að menn gangi svo langt í því sem hér hefur heyrst, þ.e. að lífeyrissjóðirnir eigi að leggja svo gífurlega fjármuni inn í eitt mál. Það þarf að skoða mjög nákvæmlega.

Ég vonast til þess að umhverfismatið fari fram að lokum og þá verði umhverfisþáttur málsins skoðaður með öllu málinu ásamt byggðaþættinum, eins og á auðvitað að gera en verður ekki gert eins og þó ætti að gera þegar málið verður meðhöndlað í Alþingi og af nefndum þingsins, vegna þess að ekki er tími eða aðstaða til þess. Ég geri ekki ráð fyrir því að ríkisstjórnarliðar ætlist til þess að nefndir þingsins taki sér þann tíma og leggi þá vinnu í þetta mál sem hefði verið lögð í það ef það hefði verið meðhöndlað eins og á að meðhöndla slík mál að dómi Alþingis.

Ég fór um Austurland í haust. Ég var svo heppinn að geta fengið að fara með iðnn. og umhvn. um þetta svæði. Við ókum þarna um óbyggðirnar. Þar lágu vegir til allra átta. Við fundum tvo græna bletti. Á þeim báðum á að virkja. Það leiðir auðvitað hugann að því að virkjanir eru nú einu sinni þannig að þær taka frá náttúrunni. Ég fyrir mitt leyti komst að þeirri niðurstöðu að það hefði verið mun betra að virkja við Kárahnúka en Fljótsdalsvirkjun. Það var ekki vísindaleg niðurstaða heldur bara mat manns sem kemur einn dag og skoðar þessa tvo staði. En það slær mig að væru menn að meta á eðlilegan hátt virkjunarmöguleika á þessu svæði í dag og væru ekki hengdir upp á málinu eins og það er núna, þá hefðu menn örugglega valið þann kost á undan Fljótsdalsvirkjun, þ.e. að virkja við Kárahnúka.

Forsrh. hæstv. hóf hér umræðuna með eftirminnilegum hætti. Hann gaf upp boltann fyrir stjórnarliðana. Hann hélt því fram að Samfylkingin vissi ekkert hvað hún vildi í þessu máli og hefði enga skoðun á því. Svoleiðis orðaði hann það. Við höfum sett það mjög skýrt fram hvaða skoðun við höfum á þessu máli. Við viljum fá þetta umhverfismat og vonumst til þess að það leiði í ljós að hægt verði að virkja þarna fyrir austan. Hann hélt því fram að það að koma með málið inn á Alþingi væri algjörlega umfram nauðsyn og væri einhvers konar greiði við Alþingi, skyldist mér helst. Ég get ekki litið á það sem greiða við Alþingi að láta fara fram umræðu um málið með þessum hætti. Það eina sem gæti gert þetta mál jákvætt í mínum augum væri að brtt. okkar yrði samþykkt og niðurstaðan yrði sú að þetta mál yrði til þess að alþingismenn fengju tækifæri til þess að greiða atkvæði

um það sem deilan snýst um, þ.e. greiða atkvæði um hvort fara eigi fram umhverfismat vegna þessarar virkjunar eða ekki. Þannig getur þetta mál öðlast tilgang. (**KHG:** Það er komið fram frv. um það.) Það er komið fram frv. um það, já. Við höfum lagt hér fram tillögu líka til þess að tryggja að atkvæðagreiðsla fáist um þetta mál ef það skyldi nú verða einhvers konar slys í nefndum þannig að hitt málið yrði á eftir þáltill. ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forsrh. sagði líka að við ættum að taka ákvarðanirnar sjálfir en ekki að víkja okkur undan þeim. Þessi hnúta var send okkur í stjórnarandstöðunni af því að við vildum að umhverfismat færi fram. Til hvers eru lögin um umhverfismat ef menn hafa þá afstöðu í sölum Alþingis að þeir eigi ekki að víkja sér undan að taka á svona málum? Er þá ekki bara rétt að leggja þau af þannig að Alþingi standi í þessu sjálft og að öll mál komi hér inn? Ég bara spyr. Mér finnst að það örli ekki lítið á þeirri afstöðu hér í hverri ræðunni á fætur annarri. Hæstv. forsrh. fagnaði sem ráðherra byggðamála, nú væri byggðinni borgið fyrir austan, mátti lesa út úr ræðu fara hans. Hann var kotroskinn og þó að seta hans sem ráðherra byggðamála hafi verið samfellt niðurlægingartímabil á landsbyggðinni, þá talaði hann eins og það væri einhvern veginn öðruvísi. Hann endaði svo á því að segja að þeir hlytu traust sem ættu það skilið. Sérkennilega fannst mér það kaldhæðið í samhengi við byggðamálin.

Er tilgangur forsrh. kannski öðrum þræði að ljúka ferli sínum sem ráðherra byggðamála með þessari þáltill., svo hann geti varið sig með einhverju þegar menn rifja upp feril hans og þá eyðibyggðastefnu sem ríkt hefur á hans dögum í embætti ráðherra byggðamála? Hann hefur ekki margt til að skreyta sig með. Það skyldi þó ekki vera að hann vonist til að þessi framkvæmd og tillaga Alþingis verði honum til varnar þegar menn rifja upp feril hans?

Mikið hefur verið rætt um byggðamál í tengslum við þetta mál hér. Ég efast ekki um að þetta mál skiptir miklu fyrir byggðir Austurlands ef af þeim framkvæmdum verður. Ég tel hins vegar að umræðan eigi fyrst og fremst að fara fram um deilumálin. Þess vegna hef ég fyrst og fremst rætt um þau, um deiluna milli alþingismanna. Sú deila snýst um hvort fara eigi fram mat á umhverfisáhrifum. Hún hefur tekið mesta rýmið í þessari umræðu.

Ef við ætlum síðan að fara að ræða um byggðamál þá er býsna margt sem þarf að tala um. Hæstv. ríkisstjórn sem nú situr hefur ekki af mörgu að státa hvað það varðar. Hún hefur látið síga á ógæfuhliðina án þess að aðhafast í byggðamálum þann tíma sem hún hefur setið. Hún hefur látið það viðgangast að byggðirnar tapi endalaust frá sér lífsmöguleikunum. Fiskveiðistjórnarkerfið sem nú er í gildi gerir þetta að verkum. Menn hafa ekki aðhafst neitt til að koma í veg fyrir að sú þróun haldi áfram. Ég segi: Þeir menn sem tala um byggðamál eins og hv. stjórnarliðar gera, án þess að taka afstöðu til þess máls sem ég var nú að nefna, eru ekki trúverðugir í umræðunni. Á meðan fiskveiðistjórnarkerfið grefur undan sjávarútvegsbyggðunum allt í kringum landið þá eru menn ekki trúverðugir þegar þeir tala um að leysa byggðavandann á Íslandi með því að byggja álver á Austfjörðum þó að það geti leyst byggðavandann á því svæði.

Þess vegna tel ég að byggðaumræðan eigi ekki að vera aðalatriði þeirrar umræðu sem hér fer fram heldur fyrst og fremst umhverfismatið sem er hér deilt um milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

[14:48]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Nú sígur á seinni hluta þessarar umræðu sem ég vil þakka fyrir að hefur verið mjög málefnaleg og nokkuð upplýsandi. Þó er því ekki að neita að um málið eru tiltölulega skiptar skoðanir. Sem betur fer eru þær skiptu skoðanir ekki einvörðungu milli stjórnar og stjórnarandstöðu, þar af leiðandi er málið nánast þverflokkspólitískt.

Það sem menn hafa lagt sérstaka áherslu á í þessari umræðu er fyrst og fremst að velta því upp hvað eftir annað, og hafa þá farið langt aftur í tímann, hvað hafi breyst frá því að Alþingi veitti árið 1981 heimild til að virkja Jökulsá í Fljótsdal. Þar vil ég tína til nokkur atriði og kannski sérstaklega þau fjögur sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í þessari umræðu.

Í fyrsta lagi held ég að við séum sammála um að frá upphaflegum áformum hafi orðið allveruleg breyting á náttúruvernd. Í þeim hugmyndum sem nú liggja fyrir um byggingu Fljótsdalsvirkjunar er miklu frekar hugað að náttúruverndarsjónarmiðunum en áður var. Nær helmingi minna af grónu landi fer undir vatn en upphafleg áform gerðu ráð fyrir. Einnig er gert ráð fyrir því að skurðir sem rista átti þvert og endilangt um alla Fljótsdalsheiði, eins og fram kemur í frummatsskýrslu Landsvirkjunar, hefðu haft veruleg áhrif á dýralíf á svæðinu. Þau áform eru ekki lengur uppi heldur er gert ráð fyrir að leiða vatnið í gegnum göng, 32 km leið úr miðlínunni niður í stöðvarhúsið. Þetta held ég að menn séu nokkuð sammála um.

Í öðru lagi hefur verið deilt um hvort framkvæmdir sem þessar, hvort sem það eru virkjunarframkvæmdirnar eða bygging álversins á Reyðarfirði, séu í raun mikið byggðamál og um það eru skiptar skoðanir. Ég tel framkvæmdirnar mikilvægt byggðamál og að mikilvægi þeirra hafi ekkert minnkað, kannski aukist, frá því að menn lögðu upphaflega af stað með virkjanaáform og hugmyndir um uppbyggingu stóriðju á Austurlandi. Hér hefur verið farið rækilega yfir þau mál og ég ætla ekki að endurtaka umræðuna um allar þær vonir og væntingar sem bundnar hafa verið við einstök verkefni, bæði fyrir austan og sunnan, en því miður hefur allt of lítið komið út úr því.

Í þriðja lagi hafa þjóðhagsleg áhrif af þessu ekki verið dregin í efa. Þau eru jafnmikilvæg ef ekki mikilvægari en þegar menn lögðu af stað í upphafi.

Það sem fyrst og fremst hefur breyst eru viðhorfin til umhverfismála. Þau hafa ekki aðeins breyst á síðustu 25 árum, heldur fyrst og fremst á síðustu árum, kannski fjórum eða fimm árum. Þá þurfa menn að velta því fyrir sér af hverju þessi viðhorf hafa breyst. Það er full ástæða til að taka tillit, eftir því sem hægt er, til breyttra viðhorfa í þessum efnum.

Viðhorfin hafa breyst vegna þess að ástandið í þjóðfélaginu er allt annað en fyrir fjórum árum. Ég veit að þeir hv. þm. sem hér eru vita að ástandið er mun betra en þá. Á þeim tíma, árið 1995, þegar atvinnuleysið var í algleymingi, kaupmáttarhrunið var í algleymingi, skattahækkanirnar voru í algleymingi og fjárlagahallinn var upp á tugi milljarða kr., þá var hér um algert kreppuástand að ræða. Við þær kringumstæður voru menn tilbúnir til að stíga hvaða skref sem var til að komast úr kreppunni.

Fyrir tilverknað uppbyggingar orkufreks iðnaðar tókst þetta á síðustu árum, árunum 1995–1999, með augljósum árangri. Árið 1994 vorum við í 1. sæti af þeim þjóðum sem skapa þegnum sínum bestu lífsgæðin. Í dag, fjórum árum

síðar, erum við í fimmta sæti yfir þær þjóðir heims sem skapa þegnum sínum bestu lífsgæðin. Við höfum náð þessum árangri sem enginn dregur í efa að við höfum náð m.a. fyrir tilstuðlan þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað í orkufrekum iðnaði.

Við búum alveg örugglega við mesta kaupmátt í sögu lýðveldisins. Spurningin er hvort við ætlum að halda áfram á þessari braut eða hvort við erum tilbúin að stöðva hjól atvinnulífsins og hugsanlega ganga nokkur skref til baka. Þeir sem hugsa styst segja að engin hætta sé á þessu, þetta sé allt í fínu lagi, við þurfum engar áhyggjur að hafa, allt sé hér í góðu lagi og muni halda áfram að verða svo. Það er mikil tálsýn ef menn halda að svo sé.

Þá ályktun dreg ég út frá því að hagvöxturinn byggist á fjárfestingum og atvinnustigið byggist á hagvextinum og fjárfestingunni. Þetta hangir allt saman. Fjárfesting í orkufrekum iðnaði mun minnka mjög á næstu árum. Ég vil nefna sem dæmi:

Árið 1998 var fjárfesting í orkufrekum iðnaði 24,8 milljarðar kr. Á þessu ári verður hún 16,8 milljarðar. Þá geng ég út frá því að þetta sé fjárfesting miðað við þá samninga sem búið er að gera um orkufrekan iðnað á Austurlandi. Á næsta ári mun hún fara niður í 9,2 milljarða, árið 2001 niður í 400 milljónir og árið 2002 niður í 200 milljónir.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að ef ekkert verður að gert myndast hér aftur hætta á svipuðu ástandi í efnahags- og atvinnumálum og í upphafi þessa áratugar. Ef hins vegar þessar framkvæmdir ganga eftir þá munum við vera með fjárfestingarstig í kringum 20 milljarða kr. frá árinu 2000 og fram til ársins 2003.

Nú kunna einhverjir að segja að ekki sé endilega víst að allt fari á þessa leið þó að orkufrekur iðnaður dragist saman. Aðrir kunna að spyrja: Þurfum við endalaust og alltaf að vera með í gangi framkvæmdir í orkufrekum iðnaði upp á 20 milljarða kr. í fjárfestingu árlega? Nei, svo er ekki vegna þess að með þeim framkvæmdum sem við höfum lokið og þeim fyrirtækjum sem farin eru af stað, eftir því sem þeim fjölgar meir, því styrkari stoðum skjótum við undir efnahagslífið með varanlegri aukningu landsframleiðslu og útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Við verðum hægt og bítandi betur í stakk búin til þess að takast á við kreppuna þegar hún kemur. En við erum ekki það vel í stakk búin að við séum örugg í þeim efnum.

En það eru nokkrir sem hafa áhyggjur af þessu. Og hverjir eru það? Það eru þeir sem hafa kannski mestra hagsmuna að gæta í þessum efnum. Það er fólk sem veit og skilur að launakjör þess og atvinnustig getur ráðist af því í hvaða framkvæmdir verður ráðist á þessu stigi. Samþykkt Verkamannasambands Íslands sem gerð var á 20. þingi ber þess glögg merki. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hana:

„Fljótsdalsvirkjun ásamt álveri við Reyðarfjörð eru án efa áhrifamestu aðgerðir til að vinna gegn þeirri miklu byggðaröskun sem átt hefur sér stað mörg undanfarin ár á Austurlandi.

Álver við Reyðarfjörð mun hafa mikil áhrif á íbúa- og efnahagsþróun á Austurlandi auk jákvæðra áhrifa á íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

Mikilvægt er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun hefjist að nýju sem fyrst þannig að ekki verði sett í uppnám áform um uppbyggingu álvers við Reyðarfjörð."

Þetta þing Verkamannasambandsins, þeir sem þar voru saman komnir vita að launakjörin, ráðstöfunartekjur þessa fólks, atvinnustigið og atvinna getur m.a. hangið á því hvort þarna tekst vel til. Við erum í tiltölulega öruggum störfum, a.m.k. næstu þrjú eða fjögur árin á meðan ekki er kosið, erum með ríkistryggingu á launum okkar og þurfum kannski ekki að hafa miklar áhyggjur af. En þetta fólk byggir kannski alla sína afkomu á því að nóg sé að gera. Það hefur áhyggjur og við skulum hlusta á orð þess.

Þá ætla ég að koma að einstökum spurningum hv. þingmanna. Hér hafa ekki verið bornar fram margar spurningar en þó eru þær nokkrar. Um leið ætla ég að fá að leiðrétta nokkrar rangar fullyrðingar sem slegið hefur verið fram við þessa umræðu.

Því er haldið fram að stórtap verði á orkusölunni og vitnað er í hagfræðinga sem hafa sent frá sér lærðar greinar í þeim efnum. Hagfræðingur sem hér hefur oft verið vitnað í er Sigurður Jóhannesson. Í útvarpsþætti þar sem forstjóri Landsvirkjunar og nefndur Sigurður mættu ekki alls fyrir löngu var farið nákvæmlega yfir einstaka þætti útreikninga Sigurðar. Það efast enginn um að Sigurður reiknar hárrétt og það geta allir reiknað rétt. En útkoman ræðst af því hvaða forsendur menn gefa sér í dæminu. Ég vona að menn skilji það. Í þessum þætti var farið yfir þrjá meginþættina sem skipta máli í útreikningunum, í fyrsta lagi raforkuverðið, í öðru lagi afkastageta Fljótsdalsvirkjunar og í þriðja lagi reiknivextirnir. Og forsendurnar sem Sigurður gaf sér, og reiknaði enginn með öðru en að hann væri að reikna rétt, eru allar rangar. Og þá er von á því að útkoman verði röng. Raforkuverðið er allt of lágt því að hagfræðingurinn gefur sér að orkuverð verði það sem stóriðjan er að borga í dag. Það hefur aldrei nokkurn tímann staðið til að semja um orkuverð úr nýrri virkjun eins og um orkuverð væri að ræða sem verið er að selja úr 25 eða 30 ára gömlum virkjunum sem eru að fullu afskrifaðar. Það hefur aldrei staðið til og hefur komið skýrt fram, en þegar menn gefa sér þetta og álverð á heimsmarkaði með því lægsta sem þekkist, þá verður útkoman auðvitað skökk. Í öðru lagi gaf Sigurður sér að afkastageta Fljótsdalsvirkjunar væri 1.250 gígavattstundir á ári. Það er líka rangt. Menn þurfa ekki annað en að lesa gögnin hér á borðunum. Gert er ráð fyrir því að afkastageta verði 1.400 gígavattstundir á ári. Og er nema von að niðurstaðan sé vitlaus. Í þriðja lagi eru reiknivextirnir líka allt of háir. Það er gert ráð fyrir 6% í staðinn fyrir 5,5% raunvöxtum, eins og t.d. allar alþjóðastofnanir miða við og ekki raunvexti, heldur nafnvexti, sem eru þá enn þá lægri en þetta. En við gerum þó ráð fyrir 5,5% raunvöxtum. Og þegar þetta er allt tekið saman er mjög auðvelt að sýna fram á að það sé stórtap, en forsendurnar eru vitlausar eins og ég hef farið hér yfir.

Eitt af því sem líka hefur verið gert mikið úr er áhættan af framkvæmdunum sem þarna er verið að ráðast í og að menn taki svo mikla áhættu. Málið er allt saman sett upp með þeim hætti eins og það sé ríkið sem taki áhættuna, þetta séu allt saman peningar frá skattborgurunum sem komi inn í fyrirtækið. Það er af og frá. Það er gert ráð fyrir því að einstaklingar, fyrirtæki og lífeyrissjóðir verði fjárfestarnir í fyrirtækinu. Það eru þeir aðilar sem eiga að bera ábyrgð á því hvort þeir vilji taka þátt í byggingu álversins á Reyðarfirði, það eru þeir sem eiga að bera ábyrgð á því. Auðvitað veit ég, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem situr í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að hann mun ekki taka ákvörðun um slíka framkvæmd nema vera algjörlega sannfærður um að góður arður sé af því verkefni fyrir sjóðfélaga viðkomandi sjóðs til framtíðar litið. Ég ætla honum ekki

að gera annað og það er ekki hægt að ætlast til annars af nokkrum manni sem situr í stjórn þessara sjóða en að hann geri það. Og þannig munu þessir menn vinna, þeir munu taka ákvarðanir á grundvelli þessa.

Ýmist er talað um að álverið sé of stórt eða of lítið. Reynslan er þessi: Lítið álver, 60 þús. tonna álver á Grundartanga — við erum að tala um helmingi stærra álver fyrir austan — er mjög vel rekið og gengur vel, þannig að það er ekki of lítið. Ef það er of stórt ... (**Gripið fram í:** Við erum að tala um 480 þús. tonna álver.) 480 þús. tonna álver erum við að tala um að hugsanlega geti risið á Reyðarfirði, 180 þús. tonn á Grundartanga, en lítið álver á Grundartanga gengur vel.

[15:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja að nú erum við farin að ræða hlutina á þeim nótum sem ég tel að eigi að ræða þá, að reiða fram rök og tölur eins og hæstv. ráðherra er að byrja að gera. Hann gerir að umtalsefni sérstaklega þá hagfræðinga sem hafa gagnrýnt þessar fyrirhuguðu framkvæmdir og gagnrýnir þá fyrir að leggja rangar forsendur til grundvallar sínum útreikningum. Staðreyndin er sú að þær forsendur sem þeir leggja til grundvallar eru teknar úr veruleikanum og það er þennan veruleika sem við þurfum að ræða en byggja ekki á óskhyggju. Það hefur stundum verið sagt að ég sé ríkisforsjármaður og það er alveg rétt. Ég vil efla almannavaldið og vil geta treyst handhöfum þess valds. En ef farið væri að ræða þessi mál út frá viðskiptasjónarmiðum með arðsemi í huga, þá er ég hræddur um að ríkisstjórnin í heild sinni og þeir sem komið hafa að málum fyrir hennar hönd yrðu allir reknir á stundinni.

[15:06]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vonast til þess að hv. þm. hafi hlustað á framsöguræðu mína með málinu þar sem ég fór nákvæmlega yfir alla þessa þætti, þjóðhagslegu áhrifin, byggðalegu áhrifin og umhverfislegu áhrifin. Þær tölur sem ég er að koma fram með núna eru ekki tölur sem ég var með í þeirri ræðu, en af því að nákvæmlega var spurt um einstaka þætti, þá bar ég þær hér fram. Ég er ekki að draga þessa hagfræðinga hér upp og gera þá að mínum leiðsögumönnum í þessum efnum, það kom fram m.a. hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni hér í umræðunni. Ég er hins vegar að leiðrétta þær forsendur sem viðkomandi menn gáfu sér en undirstrika það að þessir menn reiknuðu hárrétt. Forsendurnar voru rangar. Og ég ítreka það sem ég sagði áðan, þarna er um sjálfstætt verkefni að ræða sem einstaklingar, fyrirtæki og lífeyrissjóðir munu eignast í, sem er álverið ef af verður. Þessir aðilar taka ákvarðanir sínar á grundvelli arðsemissjónarmiða og ekki neins annars.

[15:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að tala um framkvæmdir þar sem fyrsti áfanginn kostar 60 milljarða króna, álverið fullbyggt 120 milljarða, virkjanirnar sennilega eitthvað svipað. Hæstv. ráðherra talar um það núna að ríkið taki ekki ábyrgð á þessu, það séu einstaklingar, fyrirtæki og sjóðir. Hann er að tala um íslensku þjóðina engu að síður. Þetta ætlar hann að gera til þess að örva atvinnulíf á Austurlandi þar sem búa 8.000–9.000 manns á atvinnusvæðinu samkvæmt þeim skýrslum sem hér eru reiddar fram. Þetta er slíkt efnahagslegt glapræði að ég held að leitun sé að öðru eins í sögu lýðveldisins.

[15:08]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þær tölur sem hv. þm. talar um, þ.e. 60 milljarðar króna í virkjun og álveri, eru 20 milljarða króna fjárfesting á ári að meðaltali á þeim tíma sem framkvæmdirnar standa yfir. Og það eru þær upphæðir sem við þurfum á ári til að viðhalda fjárfestingunni í landinu, til að halda sama atvinnustigi, til að halda sama hagvexti, til að halda kannski sömu lífskjörum. Það er nákvæmlega það sem um er að ræða. Og þegar við tölum um 480 þús. tonna álver, þá erum við að tala um að taka það á mun lengri tíma. Við erum kannski að tala um að taka síðasta áfanga þess í notkun árið 2010. Ef öll þessi áform gengju eftir, þá værum við að tala um að geta verið með samfellda fjárfestingu í orkufrekum iðnaði fram til ársins 2010 upp á 20 milljarða króna á ári. Það er sú fjárfesting sem við þurfum á að halda til að halda atvinnustiginu og hagvextinum og lífskjörum í landinu sem ég var að vonast til að verkalýðsleiðtoginn vildi berjast fyrir að væru há og góð.

[15:09]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem hæstv. ráðherra kemur fram í síðari ræðu sinni til að bregðast við þeim athugasemdum sem komið hafa fram í umræðunni, þá vil ég benda á tvennt. Í ræðu sinni benti hv. þm. Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, á að sú frummatsskýrsla sem Landsvirkjun hefur látið vinna og fer ekki í mat sérfræðinga og Alþingi er ætlað að taka og við og byggja á, er ekki nægilega góð hvað náttúrufarskaflann varðar og kom þar með mjög skýrar ábendingar sem hæstv. ráðherra bregst í engu við en ég hafði átt von á að hann kæmi inn á. Hann rakti jafnframt að ekki væri unnt að skrifa þá 3 milljarða sem þegar væri útlagður kostnaður Landsvirkjunar eingöngu á Fljótsdalsvirkjun og skipti upp kostnaðinum miðað við upplýsingar sem var að finna í gögnum okkar og ég tel eðlilegt að hæstv. ráðherra komi með viðbrögð við þessu tvennu.

[15:10]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi þær athugasemdir sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði við skýrslu Landsvirkjunar, þá er það alveg rétt að þær komu fram í máli hv. þm. og fannst mér vera mjög vel gert. Ég hef setið undir allri þessari umræðu og það eru tveir hv. þm. sem hafa á einhvern gagnrýninn hátt farið ofan í frummatsskýrslu Landsvirkjunar. Ég átti von á því að þeir hv. þm. sem telja sig vera í fylkingarbrjósti fyrir náttúruvernd í landinu og hér sitja, og hafa boðið fram sérstaklega í þeim efnum, færu krítískt ofan í þá hluti. Nei, það eru tveir hv. þingmenn, Össur Skarphéðinsson og Ólafur Örn Haraldsson, sem hafa gert þetta að sérstöku umtalsefni. Ég tek undir þær áhyggjur að vissu leyti sem fram komu í athugasemdum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. En þær eru ekki þess eðlis í mínum huga að þær geri útslagið um að ekki sé óhætt að ráðast í þessar framkvæmdir. Þetta voru athugasemdir sem ég hafði tekið eftir.

Varðandi hinn þátt málsins, sem eru 3 milljarðarnir, þá ætla ég að fá að svara því í seinna andsvarinu.

[15:12]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar ráðherrans dregur það fram sem við höfum verið að ræða um hver vandi þingmönnum

er á höndum að fá slíka skýrslu til þess að meta. Við höfum fyrst og fremst verið að ræða það í þessari umræðu hve ósátt við erum við að Alþingi fái þær skýrslur sem áttu að fara aðra leið samkvæmt lögum sem Alþingi hefur sett, að mál sé gripið úr því ferli og fært hingað inn í þing með þeim hætti sem gert hefur verið. Þess vegna skiptir mjög miklu máli að ráðherrann hefur staðfest að gallar eru á skýrslunni en hins vegar er ég ekki með þessum orðum mínum að vekja athygli á því að endilega sé rökrétt að allir þingmenn leggist ofan í að fara yfir efnisatriði skýrslunnar þó að ég hafi reyndar þaullesið hana.

[15:13]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. má ekki túlka orð mín þannig að ég sé að segja að skýrsla Landsvirkjunar sé gölluð. Ég er hins vegar að segja að það eru auðvitað atriði í þessari skýrslu sem vert er að staldra við og hugsa um. Og nú gefst iðnn. og umhvn. þingsins tækifæri til að kalla alla þá sérfræðinga sem þingmenn vilja til fundar við sig til að fá skýringar á einstökum atriðum og þáttum sem þar koma fram. Síðan verða hv. þm. að gera það upp við sig hvort þeir treysta sér til, á grundvelli þeirra upplýsinga, að leggja mat á málið með atkvæðagreiðslu hér í þinginu.

Varðandi 3 milljarðana sem hér hafa líka verið til umræðu og dregið hefur verið í efa að séu réttir, þá er langeðlilegasta leiðin í því — ég segi bara einfaldlega, þetta er rétt upphæð sem þarna er um að ræða, við höfum gengið úr skugga um það. Það sem á hins vegar að gera er að kallað verður í Landsvirkjun til fundar við iðnn. þar sem Landsvirkjun verður krafin um skýringu á hvernig þessi upphæð er saman sett. Og til þess er slík umfjöllun í þingnefndunum, það á að gefa almenningi kost á því, eins og hér hefur verið kynnt í dag á blaðamannafundi, að vera í beinu sambandi við iðnn. þingsins og þannig verða líka embættismenn og framkvæmdastjórar fyrirtækjanna kallaðir til fundar og þeir krafnir skýringa.

[15:14]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli þeim orðum hæstv. iðnrh. að einungis tveir hv. þm. hafi gert athugasemdir við þessa skýrslu sem hér liggur fyrir. Ég hef bæði í ræðum mínum og andsvörum nefnt atriði, konkret atriði úr skýrslunni sem ég geri athugasemdir við. Hvað hefur breyst? spyr hæstv. ráðherra. Það hefur eitt og annað breyst í tilhögun stíflunnar. Ég hef líka getið um það í ræðum mínum fyrr í umræðunni. Margt hefur breyst til batnaðar og við erum sammála um það. Það breytir því ekki að breytingar kalla á lögformlegt mat á umhverfisáhrifum, hvort sem þær eru til góðs eða ills. Breytingar krefja okkur um að skoða málið betur. Þó að margir skurðir hafi farið í burtu þá eru samt eftir 5,6 km af skurðum og það eru eftir níu stíflur auk Eyjabakkastíflu sem á að reisa til þess að hjálpa bergvatni að fara inn í miðlunarlónið. Skurðirnir eru 5,6 km að lengd. Ég frábið mér því að ég hafi ekki gert efnislegar athugasemdir við þessa skýrslu og ég geri þær enn.

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt að það hefur farið fram hjá mér í umræðunni, sem ég tel mig hafa setið þokkalega vel yfir, að hv. þm. gerði athugasemdir við einstök efnisatriði skýrslunnar. Það er gott og ég vonast til að hv. þm. fái tækifæri til að fylgja þeim athugasemdum sínum eftir þegar kemur að nefndarstarfinu.

Það er ekki nokkur vafi á að hægt er að rannsaka meira. Ég get sagt hv. þm. að ég er eiginlega sannfærður um að ef menn færu af stað með þessa virkjun t.d. árið 2050 þá mundi hún líta einhvern veginn allt öðruvísi út en hún kemur til með að líta út í dag. Við getum haldið áfram að rannsaka, grafa og skoða hlutina alveg endalaust. Út úr því kemur ekki nokkur skapaður hlutur í auknum verðmætum fyrir þjóðina, ekki í auknum verðmætum til að standa undir bættum lífskjörum til framtíðar. Við getum skoðað þetta í hundrað ár enn og aldrei gert nokkurn skapaðan hlut. Af því yrði enginn árangur.

[15:16]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Mig langar að spyrja ráðherrann um útkomuna úr dæminu hjá honum. Ef hagfræðingarnir sem vitnað hefur verið til hér gefa sér rangar forsendur þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða forsendur gefur hann sér? Hvaða orkuverð, hvaða raunvaxtastig og hver er þá útkoman úr hans dæmi?

Varðandi 3 milljarðana sem margoft hefur verið rætt um og eru stundum 3,2 milljarðar í skýrslu hæstv. ráðherra sem fylgir þáltill. og stundum 3,08 milljarðar, þá vil ég benda þingheimi á, hæstv. forseti, að í ársreikningi Landsvirkjunar, í efnahagsreikningnum er færð til bókar eign vegna Fljótsdalsvirkjunar, vegna stækkunar Búrfells og fleiri atriða upp á 1.416.462.123 kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er þetta eignin sem nú er metin í skýrslum upp á 3 milljarða? Ég trúi því ekki að Landsvirkjun geti farið fram á hærri upphæð í skaðabætur en þá sem hún færir sér til eignar í bókum sínum.

[15:18]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa bara til þess að ég tel mikilvægt að þetta mál verði sérstaklega skoðað. Ég veit að Landsvirkjun getur fært rök fyrir þessu. Það er auðvitað ekki hægt að minnast hér á bókfærða eign miðað við Búrfellsvirkjun og Sigölduvirkjun sem eru á allt öðru virkjanasvæði, að tala um það í samhengi við Fljótsdalsvirkjun. Það er bara allt annar staður. (**KolH:** Eignin er vegna Fljótsdalsvirkjunar og fleiri virkjana.) Það er nákvæmlega skilgreint í þáltill. hvernig þessi kostnaður er, annars vegar 3 milljarðar og 80 millj. kr. og síðan uppreiknað með vöxtum upp í 3,2 milljarða kr.

Svar mitt við spurningu hv. þm.: Hvernig kemur mitt dæmi út? Það kemur þannig út að þær kröfur eru gerðar til stjórnenda Landsvirkjunar, bæði af eigendum, Reykjavíkurborg, ríkinu og Akureyri að 5,5% arður sé að lágmarki af eigin fé fyrirtækisins og enginn samningur verði gerður undir því til þess að hægt sé að lækka orkuverð til landsmanna um 2–3% að raunvirði á fyrsta áratug næstu aldar. Ef okkur tekst að gera þessa samninga þá getum við haldið áfram að láta þennan samning skila enn þá lægra orkuverði til allra landsmanna. (Gripið fram í.) Ef þetta gengur eftir mun orkuverð lækka um 20–30% á fyrsta áratug næstu aldar.

[15:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði vonast eftir því að hæstv. ráðherra kæmi inn á a.m.k. tvö atriði í lokaræðu sinni við fyrri umræðu um ... (**KHG:** Hann á eina eftir.) Ég biðst velvirðingar á því, ég taldi að þetta væri síðasta ræða hæstv. ráðherra.

Ég ætla engu að síður, herra forseti, að kalla eftir áliti hæstv. ráðherra á þeirri skoðun Aðalheiðar Jóhannsdóttur

lögfræðings að sú ótvíræða skylda hvíli á íslenskum stjórnvöldum að láta fara fram formlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við lög. Þetta atriði hefur komið fram í ræðum nokkurra þingmanna hér í umræðunni en ég hef ekki heyrt nokkurn stjórnarliða taka það upp eða sýna með neinum rökum fram á að álit hennar standist ekki. Það álit hennar að stjórnvöldum beri samkvæmt lögum að láta fara fram lögformlegt umhverfismat.

[15:20]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hef ég 58 sekúndur til þess að svara þessu. Þetta er stórt deilumál og ég mun koma inn á það í lokaræðu minni. Á meðan hv. þm. bíður eftir svari mínu hér í lokaræðunni, því ég þarf meiri tíma heldur en 58 sekúndur til að svara því, þá bið ég hv. þm. að lesa í greinargerð þáltill. á bls. 15 og bls. 16 þar sem færð eru rök fyrir því að það er bjargföst skoðun okkar og trú að við höfum allar lagalegar heimildir til að halda áfram með þær framkvæmdir sem í var ráðist á sínum tíma.

[15:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun bíða seinni ræðu hæstv. ráðherra. En það er annað sem ég hefði einnig viljað fá svar við og a.m.k. var spurt um í tvígang hér í umræðunni. Það var hvort áform séu uppi um að hækka stífluna við Eyjabakka eða í Fljótsdalsvirkjun um 3–4 metra eftir að framkvæmdir eru hafnar. Verður, til þess að losna við að láta virkjuna fara í umhverfismat nú, sú ákvörðun tekin á síðari stigum framkvæmda? Þetta var reyndar útskýrt nánar í lengra máli í a.m.k. tveimur ræðum hér á undan.

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get svarað þessu. Nei, það eru engin áform um það. Væru uppi áform um slíkt þá mundi ég leggjast gegn slíku. Það er einfaldlega vegna þess að þeim sem hafa farið um svæðið, horft yfir svæðið og séð hvað þarna er í húfi er ljóst að talsverður hluti af grónu vatni fer undir vatn. Ég geri mér grein fyrir því og með því að hækka stífluna þá færi enn stærri hluti gróins lands undir vatn. Fyrir utan það tel ég að brot úr bökkum Snæfells yrði enn meira en ella. Mér fyndist það vera lýti og mikil náttúruröskun ef farið væri í að hækka stífluna frá því sem nú er. Ég mundi fyrir mitt leyti leggjast gegn slíku og það eru ekki nein áform uppi um að gera slíkt.

[15:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta hefur verið býsna athyglisverð umræða sem staðið hefur nú á þriðja dag. Ég hygg að í henni hafi tekið þátt um 50 þingmenn. Ég held ég fari ekki með rangt mál þegar ég held því fram að almennari og meiri þátttaka hafi verið í þessari umræðu en nokkru öðru þingmáli síðan ég koma á Alþingi árið 1991. Ég hygg að fleiri þingmenn hafi tekið til máls nú en árið 1992 þegar menn ræddu samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Auðvitað eru eðlilegar skýringar á þessu. Annars vegar er málið mjög umdeilt og margir hafa mjög ákveðnar skoðanir á því. Hitt tel ég líka liggja á bak við, þó að menn hafi ekki nefnt það í þessari umræðu, að miklir pólitískir umhleypingar eru um þessar mundir. Það eru umbrot í hinu stjórnmálalega skipulagi og gömul og ný stjórnmálaöfl takast á í þessari umræðu og marka sér sérstöðu hvert gagnvart öðru. Þess vegna held ég að svona margir hafi tekið þátt í umræðunni og lagt svona mikið af mörkum af skoðunum og upplýsingum.

Um málið vil ég í fyrsta lagi segja að lagalegur grundvöllur málsins er algerlega klár. Það að koma á fót orkufrekum iðnaði á Austurlandi með tilheyrandi virkjunum til að gera það kleift hvílir á algerlega klárum lagagrundvelli frá árinu 1981. Að auki hefur mönnum kannski yfirsést til þessa, það sem réttilega kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, fyrrv. ráðherra Alþfl., að í tíð Alþfl. lágu fyrir allar lagalegar heimildir, m.a. í lögum um breytingu á lögum um raforkuver frá í maímánuði 1990, þar sem samþykkt var að heimila Landsvirkjun, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að verja allt að 300 millj. kr. á árinu 1990 til undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar og stofnlína til að unnt væri að sjá nýju álveri fyrir raforku árið 1994. Eins var heimilt taka að láni fjárhæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt. Allar lagaheimildir fyrir málinu voru veittar í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem sat árið 1988–1991. Þá var núv. formaður vinstri grænna samgrh.

Ég hef farið yfir þetta mál og það er dálítið fróðlegt, bara til þess að halda því til haga, að það var enginn ágreiningur um málið í stjórnarflokkunum á þeim tíma að undanskildu því að hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson stóð ekki að samþykkt þeirra heimilda. Allir aðrir þingmenn stjórnarliðsins veittu heimild til að hefja framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun með sérstökum lögum.

Meðal þeirra sem tóku þátt í þinglegri meðferð málsins og mæltu með því að það yrði samþykkt voru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir með undirskrift sinni á nál. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að allar lagalegar heimildir voru fyrir hendi og þær eru það enn í dag. Þegar menn settu lög um umhverfismat árið 1993 var þess sérstaklega gætt, eins og ævinlega við svokölluð lagaskil þegar ný lög taka við af eldri lögum, að nýju lögin virki ekki aftur fyrir sig. Það eru engin dæmi um það, herra forseti, að Alþingi ástundi þá lagasetningu að ný lög virki aftur fyrir sig. Í þessu tilviki var þess gætt að nýju lögin, sem sett voru 1993 virkuðu eftir gildistöku laganna en ekki gagnvart því sem leyft var fyrir gildistöku þeirra. Það er alveg ljóst. Allar lagalegar heimildir eru fyrir hendi og hefur ekki verið um það deilt fyrr en núna nýlega.

Ég vil minna á að á síðasta ári, 26. ágúst, segir svo í leiðara Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Strangt tekið er Fljótsdalsvirkjun undanþegin lögunum um umhverfismat, þar eð virkjunarleyfi hennar var gefið út árið 1991, skömmu áður en lögin tóku gildi."

Þannig að Morgunblaðið vefengir ekki þetta.

Í leiðara Dagblaðsins/Vísis 18. maí 1998 segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar var þá einnig samþykkt bráðabirgðaákvæði um að framkvæmdir sem leyfðar voru fyrir samþykkt laganna þyrftu ekki slíkt mat. Löggjafinn greip til þess ráðs að skapa ekki óvissu um stórframkvæmdir sem væru á döfinni."

Hver skyldi hafa verið ritstjóri DV og skrifað þennan leiðara? Það var hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem á síðasta ári skrifaði þetta og vefengdi ekki að svonefnt bráðabirgðaákvæði gætti þess að lögin giltu ekki aftur fyrir sig.

Í þriðja lagi liggur fyrir nýlegt bréf frá skipulagsstjóra ríkisins þar sem hann kveður upp úr með það af sinni hálfu að enginn vafi leiki á því að Fljótsdalsvirkjun sé undanþegin ákvæðum laga um umhverfismat.

Á þeim fundi þegar það bréf var kynnt í umhvn. — ég vil leyfa mér að upplýsa það — tók einn hv. þm. formlega til máls til þess að afturkalla fyrri skoðun sína sem fram hafði komið hér í þingsalnum, þar sem sú skoðun var að vefengja að virkjunin hefði þessa lagalegu stöðu. Það var hv. þm. Katrín Fjeldsted sem tók formlega aftur þær efasemdir sem hún hafði látið í ljósi um þessa stöðu.

Einnig vil ég nefna að þó að lögin um umhverfismat hafi ekki verið sett fyrr en 1993 þá giltu önnur lög á undan. Það var ekki svo að virkjunarframkvæmdir eða stóriðjuframkvæmdir sem ráðist var í fyrir gildistöku þeirra laga færu ekki fram eftir neinum settum reglum. Það var nú öðru nær. Það voru ákvæði um hvernig fara ætti að með slíkar framkvæmdir og m.a. ákvæði sem tryggðu aðgang almennings að málinu á umsagnarferli þess áður en ákvörðun var tekin. Þannig vil ég nefna með Fljótsdalsvirkjun að það var auglýst og óskað eftir athugasemdum frá almenningi og öðrum sem vildu láta málið sig varða og það bárust athugasemdir. Það bárust átta athugasemdir.

Ég vil líka nefna að svonefnd Fljótsdalslína frá Veggjafelli að Akureyri sem reisa átti til að flytja rafmagnið frá Fljótsdalsvirkjun og frá Austurlandi skulum við segja, fór ekki í svonefnt umhverfismat samkvæmt lögunum frá 1993. Hún fór í ferli samkvæmt eldri lögum sem þá giltu. Engu að síður var það auglýst, eins og þá var skylt samkvæmt lögum, og það bárust 1.179 athugasemdir. Svo láta menn hér í veðri vaka að þó að ekki sé farið eftir nýju lögunum þá hafi þess ekki verið gætt að almenningur hefði aðkomu að málinu. Öðru nær, þess hefur verið gætt. Það hefur verið farið að öllum lögum og reglum.

Í fjórða lagi vil ég nefna að þrátt fyrir mikla umræðu um þessar virkjunarframkvæmdir þá hefur afstaða fólks til stóriðju nánast ekkert breyst frá árinu 1990. Þá gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun um afstöðu til þess að reisa álver og þá kom í ljós að 67% voru því hlynnt. Nýlega var birt skoðanakönnun frá sömu stofnun þar sem spurt var hvort menn væru jákvæðir gagnvart stóriðju eða ekki og þá voru 63% eða 64% jákvæð. Afstaðan til þessa máls hefur því nánast ekkert breyst á þessum níu árum sem liðin eru. Stuðningurinn við málið er nánast jafnmikill og hann var og reyndar hefur andstæðingum fækkað þannig að fullyrðingar um mikla viðhorfsbreytingu almennings í málinu á þessum áratug hafa ekki sýnt sig í afstöðu þessa sama almennings til stóriðju.

Ég vil líka nefna að það fór fram atkvæðagreiðsla um þetta mál ásamt öðrum í síðustu alþingiskosningum. Stjórnarflokkarnir tveir höfðu mjög skýra stefnu í þessu. Hún lá alveg klár fyrir. Og það lá líka fyrir hvað stjórnarandstaðan vildi í þessu máli. Það var tekist á um málið í kosningunum. Það var kosningamál. Stjórnarflokkarnir fengu 98 þús. atkvæði. Það er nokkuð góð atkvæðagreiðsla. Það má kalla það þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og er eitthvað annað en þessi kennitölusöfnun sem menn hafa hrint af stokkunum nú. Þeir eru svo aumir sem eru að safna undirskriftum að þeir gefast upp á því að safna undirskriftum. Þetta er ekki lengur undirskriftasöfnun. En undirskriftasöfnun felur í sér að menn geta sannað stuðning ákveðinnar persónu við tiltekinn málstað með því að sýna undirskrift undir ákveðinn texta. Menn hafa gefist upp á þessu. Nú safna menn kennitölum. Menn hringja í síma og stimpla inn kennitölu. Það er engin leið að vita hver stimplaði inn kennitöluna. Þetta er kennitölubix, herra forseti. Mér finnst að menn eigi ekki að taka svona sprell alvarlega jafnvel þó að víðfrægur sprellari leiði málið.

Herra forseti. Ég vil segja að það er greinileg breyting í málflutningi stjórnarandstöðunnar frá því sem var þegar álversmálið var til umræðu fyrir nærri tíu árum, eða á árunum 1988–1992, frá því sem nú er. Breytingin er sú að þá var enginn ágreiningur um virkjun. Allir studdu Fljótsdalsvirkjun, allir flokkar og allir þingmenn. En menn höfðu mismunandi skoðun á álverinu. Núna ræða menn um virkjunina en menn segja ekkert voðalega mikið um álverið. Þá töluðu menn um byggðamál og sögðu að þetta væri atvinnuuppbyggingarmál á landsbyggðinni sem yrði að koma til til að stöðva þróunina sem þá var hafin. Núna gera menn lítið úr áhrifum stóriðju á atvinnuuppbyggingu og íbúaþróun þar sem hún er staðsett.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, segir m.a.: „Hvaða ávinning hafa Vestfirðingar af álveri á Austurlandi?“ Og hann hristir sig allan. Það er alveg satt. Það hefur ekki mikil áhrif á byggðarlög á Vestfjörðum þó menn byggi álver á Austurlandi. En það hefur áhrif á byggðarlög á Austurlandi, herra forseti. Og þegar menn fara að lýsa yfir andstöðu við álver á Austurlandi af því að það hefur ekki áhrif á byggðarlög á Vestfjörðum þá eru menn búnir að koma sér upp pottþéttri afsökun fyrir því að vera á móti öllu alltaf, því það er ekki til ein einasta aðgerð sem stjórnmálamenn kunna að grípa til sem hefur áhrif alls staðar jafnmikið.

Þá er líka sagt að hér sé um of mikla fjárhagslega áhættu að ræða. Við skulum bara rifja upp hvaða fyrirvara efasemdarmenn um álver höfðu á sínum tíma, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og fleiri. Þeir sögðu: „Við styðjum álver ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt, skilyrði um að meiri hluti sé í eigu Íslendinga, að álverið lúti íslenskum skattalögum, og að það sé byggt á landsbyggðinni. Það er höfuðmál og úrslitamál að það sé byggt á landsbyggðinni.“

Allir þessir þættir eru jákvæðir að þessu sinni þannig að þeir sem þá studdu byggingu álvers með þessum skilyrðum geta ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en að styðja álver á Austurlandi, nema þá að þeir hafi algerlega skipt um skoðun í málinu. Og það er það sem þeir hafa gert. Vintri grænir eru nýr stjórnmálaflokkur og þeir hafa ákveðið að vera fullkomlega á móti þessari atvinnuuppbyggingu. Það er út af fyrir sig skoðun en þá verða menn líka að geta þolað að minnt sé á að þeir hafi einhvern tíma haft aðra skoðun áður og þeir verða að geta útskýrt fyrir okkur af hverju þeir eru núna á móti byggingu álvers á Austurlandi þegar þeir voru mjög fylgjandi því 1990 og töldu það úrslitaatriði að svo yrði.

[15:39]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að ég hélt því fram í ræðu minni um miðjan október þegar fjallað var um málefni Fljótsdalsvirkjunar að bráðabirgðaákvæði II í lögum um mat á umhverfisáhrifum hefði annað vægi en ég tel í dag. Ég lét vita af þeirri skoðun minni á fundi umhvn. nýlega. Ég hef rætt þetta nokkuð ítarlega síðan hér í ræðustól og vakið mjög skýra athygli, að því er ég tel sjálf, á þeirri lagalegu óvissu sem ríkir um málið. En það byggir ekki á þessu bráðabirgðaákvæði og það byggir ekki á neinum efasemdum um afturvirkni laganna heldur á allt öðrum þáttum. Það byggir á því að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins, sem þessi lög eru grundvölluð á, er ætlast til þess að fyrir liggi öll leyfi til þess bærra aðila til að hægt sé að fara í framkvæmdir af þessu tagi.

Samkvæmt íslenskum lögum þarf tvö leyfi til og ég fór mjög ítarlega yfir það í máli mínu hér í gær. Annað leyfið heitir virkjunarleyfi. Það liggur fyrir og ég dreg ekki í efa að það sé í gildi. Hitt leyfið sem til þarf samkvæmt íslenskum lögum heitir framkvæmdaleyfi. Frá sveitarstjórninni, frá Fljótsdalshreppi, liggur ekki fyrir framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fyrir þeim framkvæmdum sem nú eru fyrirhugaðar. Um þetta ríkir þess vegna lagaleg óvissa og það þarf að fá úr henni skorið. Ég tel langlíklegast að úr henni verði ekki skorið nema fyrir dómstólum.

[15:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrri hluti andsvarsins er þannig að ég er fullkomlega ósammála því. Íslensk lög eru sett á Alþingi þannig að einu gildir hvað stendur í tilskipunum Evrópusambandsins. Það eru ekki lög á Íslandi nema viðkomandi tilskipun eða efni hennar hafi farið í gegnum afgreiðslu Alþingis og verið gerð að lögum. Ég vænti þess að hv. þm. sé mér sammála um það að við höfum ekki flutt Alþingi Íslendinga til Brussel.

Í öðru lagi hefur það legið fyrir og kemur fram í skjölum málsins, m.a. í ræðu hæstv. umhvrh., að sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þarf að veita tiltekin leyfi. Hún þurfti þess á sínum tíma og hún fékk beiðni um það og afgreiddi það að hluta og að hluta til er það óafgreitt. Það breytir engu um að málið hefur fullkomlega skýra lagalega stöðu. Það er fullkomlega órökrétt að halda því fram að þó að það mál sé ekki afgreitt, að þá séu aðrir hlutir í uppnámi. Því fer fjarri. Málið hefur fullkomlega skýra stöðu og allar lagalegar heimildir.

[15:42]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Nú er hvorugt okkar löglært, hvorki ég né hv. þm. Kristinn Gunnarsson og mér finnst alveg með ólíkindum að hann telji að við getum kveðið upp úr um það ef fróðir lögfræðingar telja að um lagalega óvissu sé að ræða. Ég ætla mér ekki að hafa meiri þekkingu en slíkir sérfræðingar.

Það sem sveitarstjórnin fyrir austan hefur heimilað skilst mér að hafi þegar verið framkvæmt. Það sem eftir á að framkvæma hefur ekki verið heimilað samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli að menn átti sig á.

Það er rétt hjá þingmanninum að íslensk lög eru sett á Alþingi. En lög um mat á umhverfisáhrifum eru sett vegna þess að fyrir lá tilskipun frá Evrópusambandinu og lögin eru samin í samræmi við þá tilskipun og eru eiginlega samhljóða þeirri tilskipun. Það er einnig miðað við markmið laga, markmið þessarar ákveðnu tilskipunar og sömuleiðis þau dómafordæmi sem margoft hefur reynt á.

(**Forseti** (HBl): Þingmenn skulu gæta þingskapa og segja herra forseti í upphafi ræðu sinnar.)

[15:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara árétta að það skiptir engu máli hvað stendur í tilskipun Evrópusambandsins. Það skiptir engu máli hvaða hugsun er þar á bak við. Það sem skiptir máli er hvernig íslenskur lagatexti er. Það er það sem skiptir máli. Og það leikur enginn vafi á því, herra forseti, að hann er skýr og kveður ekki á um afturvirkni þeirra laga.

Ég vil hins vegar minna hv. þm. á, af því hann er að vitna til þessarar tilskipunar, að við höfum ekki gengið eins langt í að hafa rúmar lagaheimildir og þar er kveðið á um. Þar er m.a. tekið fram að nægjanlegt sé að hafa sótt um leyfi við gildistöku laganna til þess að vera undanþeginn ákvæðum þeirra. Ef við hefðum tekið þá afstöðu eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópusambandsins þá væri umrætt leyfi gagnvart Fljótsdalshreppi fullkomlega undanþegið lögunum skýrt og klárt. (**Gripið fram í:** En það er það ekki.) Það er það jú.

[15:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða hefur snúist mjög mikið um náttúruvernd. Það er skiljanlegt vegna þess að hér er gert ráð fyrir að eyðileggja náttúruperlur, þetta eru ráðstafanir sem verður ekki snúið aftur með.

Það er hins vegar rangt sem fram kom í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að lítið hafi verið gert úr öðrum þáttum þessara mála, atvinnuþróun og hinum efnahagslegu stærðum. Ég hef lagt áherslu á að ég telji þetta vera efnahagslegt glæfraspil og mjög vanhugsaða byggðastefnu, menn séu að setja of mörg egg í eina körfu, menn geri ráð fyrir því samkvæmt þeim gögnum sem hér hafa verið reidd fram að fjórði eða fimmti hver maður á Austurlandi vinni annaðhvort í álverinu eða í atvinnustarfsemi sem tengist því. Þetta er mikil áhætta sem verið er að taka, ég tel þetta vera mjög vafasama ráðagerð. Þegar farið er að rýna í hinar efnahagslegu forsendur á sama hátt og aðilar á borð við Norsk Hydro gerðu hverfa menn frá þessu ráðslagi. Það gerði það fyrirtæki sem á sínum tíma íhugaði að taka þátt bæði í kostnaði við álver og virkjanaframkvæmdina.

[15:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæða er til að undirstrika að eigendur Landsvirkjunar gera ekki samning um sölu á orku nema fá langtímasamning sem þeir trúa á að tryggi það að hann feli í sér greiðslur til að greiða þann kostnað sem fyrirtækið leggur út vegna virkjunarframkvæmda. Þannig hefur það verið í þeim samningum sem gerðir hafa verið á síðasta kjörtímabili.

Ég tek eftir því að þingmenn vinstri grænna hafa skipt um takt í umræðunni eftir hrakfarir þeirra í umræðunni í fyrradag. Í stað þess að ræða um Fljótsdalsvirkjun leggja þeir höfuðkapp á að gera álverið tortryggilegt, að gera nýtingu orkunnar til atvinnuuppbyggingar tortryggilega með því að tala um fjárhagslegt glæfraspil og það sé of fátt fólk á Austurlandi o.s.frv. Allur þessi málflutningur hefur þann eina tilgang að grafa undan trúverðugleika framkvæmdanna vegna þess að þingmenn þessa flokks eru á móti málinu. Þeir hafa ekki séð neitt jákvætt við málið í öllum sínum hundrað ræðum sem þeir hafa flutt á Alþingi. Þeir hafa aðeins séð það sem getur verið á verri veginn. Þeir hafa aðeins séð hætturnar og áhættuna og allt það sem er ómögulegt og draga allt í efa og vefengja. Það er þeirra málflutningur. Þeir eru á móti stjórnarflokkunum sem eru staðráðnir í því að styrkja stoðir íslensks efnahagslífs og koma í veg fyrir kreppu eins og hér var á árunum 1993–96, með tilheyrandi atvinnuleysi um land allt, og halda áfram að nýta íslenskar auðlindir til að skapa hér atvinnu og tekjur.

[15:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að sá þingflokkur sem ég er í er á móti Fljótsdalsvirkjun, það er rétt. Ég hef

hins vegar ekki skipt um neinn takt í umræðunni. Þetta eru sömu áherslur og ég hef verið með áður.

Hitt er alveg rétt að það er að renna upp fyrir mér og mörgum fleirum hvílíkt efnahagslegt glæfraspil er hér á ferðinni og hve vanhugsað þetta er út frá arðsemissjónarmiðum, hve vanhugsuð þessi ráðstöfun öll er. Ég vil vekja athygli á því að þeir hagfræðingar sem við höfum verið að vitna í eru ekki á sömu pólitísku skoðun og við, síður en svo. Hér eru á ferðinni margir virtir hagfræðingar sem koma víðs vegar að úr stjórnmálunum, margir eindregnir hægri menn, frjálshyggjumenn, menn sem kunna að hugsa upp á bisnessvísu.

Auðvitað ber að taka röksemdir þeirra alvarlega þegar þeir vara okkur við því að verið sé að tefla efnahagslífi þjóðarinnar í alvarlega hættu.

[15:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er tekist á um grundvallaratriði. Eru stjórnmálaflokkar reiðubúnir að beita sér fyrir því að byggja upp efnahagslíf á Íslandi eða eru þeir á móti því? Það er alveg ljóst að skoðanir okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar eru andstæðar. Ég tel að við eigum að nýta auðlindir okkar til þess að skapa atvinnu og skapa auð sem rennur um þjóðfélagið og kemur öllum til góða með einum eða öðrum hætti. Ég trúi því að með því móti komum við í veg fyrir atvinnuleysi og með því móti komum við í veg fyrir byggðaröskun eins og við höfum mátt upplifa á undanförnum áratugum.

En hv. þm. Ögmundur Jónasson er á móti því. Staðreyndin er nefnilega sú að það eru þeir sem fjárfesta, sem fjármagna framkvæmdir sem þessa, sem meta áhættuna. Það eru þeir sem gera það. Þetta eru viðskipti og þau komast á ef báðir aðilar sem standa að viðskiptunum sjá hag sínum vel borgið. Það er það sem við trúum að muni gerast í þessu máli.

[15:51]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið nokkuð fróðlegt að fylgjast með þessari umræðu sem hefur að stórum hluta snúist um það hvað menn sögðu og gerðu og ákváðu fyrir tíu árum.

Vissulega er eðlilegt að menn taki fortíðina inn í alla umræðuna og aðdraganda þess að stefnt er að því að fara í virkjunarframkvæmdir með þeim hætti sem nú er gert. Menn verða samt sem áður að hafa það í huga að mjög margt breytist í aðstæðum okkar á heilum tíu árum. Við settum lög fyrir tíu árum á Alþingi Íslendinga sem búið er að breyta síðan þá vegna þess að aðstæður hafa breyst. Framkvæmdir hafa úrelst, hönnun hefur breyst, aðrar kröfur eru gerðar til allrar atvinnustarfsemi í dag vegna þess að í dag eru gerðar miklu meiri kröfur um umhverfis- og mengunarvarnir. Á þeim forsendum er verið að fara fram á að lögum um umhverfismat sé beitt á þessa tilteknu framkvæmd.

Það er mjög erfitt fyrir alla að horfa upp á það að verið er að skipta þjóðinni í tvær fylkingar. Ef farið hefði verið í mat á umhverfisáhrifum á sínum tíma eða fyrir svona tveimur árum, einu og hálfu, þá hefði hugsanlega verið hægt að samræma sjónarmið og niðurstöðu þessara tveggja fylkinga vegna þess að mat á umhverfisáhrifum gerir ráð fyrir að við tökum inn í byggðasjónarmiðin efnahagsleg sjónarmið sem mönnum er mjög tíðrætt um — en líka sjónarmið umhverfisverndar og hvernig náttúran sjálf fer út úr framkvæmdinni.

Þess vegna finnst mér á köflum að umræðan snúist kannski ekki um meginatriði máls miðað við stöðuna eins og hún er í dag.

[15:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna því að talsmaður Samfylkingarinnar hefur rofið hina löngu þögn sína um málið. Kjarni málsins er þessi: Alþingi hefur ákveðið hvernig með skuli fara í framtíðinni um virkjanir og aðrar slíkar framkvæmdir. Það er alveg klárt. Það er eining um það hvernig það á að vera og það verður í framtíðinni. En Alþingi getur ekki ákveðið nú frekar en áður að hafa lög afturvirk.

Menn segja því: Við skulum taka þessa einstöku framkvæmd og gera lögin afturvirk gagnvart henni. Vera má að menn gætu gert það ef menn hefðu nógan tíma. En málið er ekki í þeirri stöðu, herra forseti. Málið er í þeirri stöðu að við höfum aðila sem við erum að semja við, aðila sem er tilbúinn að kaupa raforkuna sem virkjunin á að framleiða og reisa iðjuver til að vinna úr henni. Í slíkum viðræðum er ekki hægt að setja þær í uppnám með því að taka málið úr þeim farvegi sem það er í og setja það í annan farveg þar sem er viðbúið að það tæki langan tíma og yrði mikið — þeir sem eru andstæðingar þessa máls mundu örugglega beita sér af fyllsta krafti á móti málinu og nýta þann farveg til að spilla fyrir framgangi þess.

Það er nefnilega alveg rétt sem fyrrv. formaður Alþfl., Kjartan Jóhannsson, sagði á sínum tíma: Tækifæri eins og þessi gefast bara stundum og þegar þau gefast þá eiga menn að grípa þau. Þeir sem hafa kjark til að nota tækifærin til atvinnuuppbyggingar verða ofan á. Hinir sem þora ekki bera einhverju við. Þeir bera einhverju við eins og Samfylkingin hefur gert. Það er vegna þess að hún þorir ekki að taka á málinu, hún ætlar að skjóta sér frá því og hún ætlar að eyðileggja það. Það er það sem mun gerast ef farið verður að tillögu Samfylkingarinnar í þessu máli.

[15:55]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það heitir ekki að skjóta sér undan því að taka afstöðu þegar lagðar eru fram mjög skýrar tillögur eins og Samfylkingin hefur gert. Hver setti málið í uppnám? Hvers sök er það að málið er í uppnámi? Það er einfaldlega vegna þess að við höfum ekki staðið rétt að. Við höfum ekki staðið rétt að og þá kannski fyrst og fremst ríkisstjórnin með því að fara rétta leið með málið í mat á umhverfisáhrifum eins og við höfum þó flutt margar ræður um að sé nauðsynlegt með allar meiri háttar ákvarðanir. Ég spyr: Ef alþingismenn hv. eru ekki færir um að breyta lögum eða fara að lögum eru þeir þá færir um að framkvæma mat á umhverfisáhrifum? Telur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sig vera það vel að sér í þeim efnum að hann geti framkvæmt hér mat á umhverfisáhrifum?

[15:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er reginmisskilningur hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að málið sé í uppnámi. Það er málið alls ekki. Málið er í traustum farvegi. En okkur þótti rétt og þykir rétt að taka málið fyrir á Alþingi þannig að þeir sem eru annarrar skoðunar geti haft vettvang til að glíma við okkur á, og það höfum við gert undanfarna þrjá daga. Niðurstaðan úr þessari umræðu liggur fyrir, að þeir sem fara á handahlaupum undan sannfæringu sinni hafa farið verst út úr málinu því að þeir eru engum trúir. Þeir bera kápuna

á báðum öxlum eins og liðssveit Samfylkingarinnar gerir í þessu máli þar sem hún veit ekki hvort hún á að vera með eða hvort hún á að vera á móti. Hún segir: Við ætlum að vera stundum með og stundum á móti, kannski með og kannski á móti. Það er niðurstaða umræðunnar, Samfylkingin hefur beðið málefnalegt afhroð í þessu máli. Málið er í traustum höndum stjórnarliðsins, það er traustur meiri hluti fyrir því og það mun ná fram að ganga alveg eins og ætlað er.

[15:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í lok ræðu sinnar fyrir hálfri stundu nefndi hæstv. iðnrh. blaðamannafund iðnn. máli sínu til stuðnings þegar hann var að ræða um það mat sem Alþingi ætti að leggja á þetta mál og við höfum gagnrýnt.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að Alþingi hefur verið að þróa starfsemi sína og starfshætti á liðnum árum. Aðstaða þingmanna hefur verið bætt, við höfum tölvuvætt bæði skrifstofur og þing, sjónvarpsvætt skrifstofur, breytt þingsköpum, gert umræðuna snarpari með andsvörum og samið um ræðutíma o.s.frv. sem gerir þessa umræðu góða. Nefndir þingsins hafa fengið þyngra vægi í störfum þess og þar hafa líka verið þróuð faglegri vinnubrögð en nokkru sinni fyrr. Vel menntað starfsfólk nefndasviðs styrkir nefndastörfin sem þingmennirnir vinna og þetta er mikilvægt. Þetta er mjög mikilvægt og hefur gert þingið öflugt.

Við höfum ákveðið að efla nefndirnar. Við höfum rætt um að opna nefndarfundi en reyndar hefur ekki náðst sátt um það enn þá. Hins vegar er núna verið að taka tæknina í auknum mæli í þjónustu nefndasviðs, m.a. vefsíðu. Allar nefndir þingsins munu vera með vefsíðu héðan í frá og það mun gera fólki og félagasamtökum og öðrum þeim sem vilja koma sjónarmiðum á framfæri varðandi þau mál sem þingið er að fjalla um kleift að gera það eftir þessari leið.

Þess vegna átti ég von á því að þessar framfarir á nefndasviði yrðu kynntar af forsn. sem eitt af framfaraskrefum þingsins. En það var ekki þannig. Það er iðnn. sem heldur blaðamannafund og notar þær framfarir sem við erum að taka í þágu nefndanna allra í blekkingavef stjórnarliðanna um að Alþingi sé til þess bært að vera hér með umhverfismat sem fólk fái aðgang að. Þetta gagnrýni ég harðlega. Það er ekki forsn. sem er að kynna þjónustu, það eru ekki formenn allra nefnda sem eru að kynna aðkomu almennings og möguleika á að koma ábendingum til allra nefnda. Nei, en á sama tíma og við erum að ræða þetta stóra mál er tækifærið notað af iðnn. eða réttara sagt meiri hluta hennar til að gefa það til kynna að ekkert þurfi að gera með andmælarétt, kæruleiðir, sérfræðivinnuna og annað sem lög um mat á umhverfisáhrifum gera ráð fyrir. Virðulegi forseti. Þessu vil ég andmæla og ég gagnrýni þetta harðlega.

Hins vegar ætla ég að segja um umræðuna sjálfa, sem senn er lokið, að hún hefur verið góð. Það er ekki nokkur maður sem segir um þá umræðu, sem nú hefur átt sér stað í þrjá daga á Alþingi, að hún hafi verið málþóf. Það er trúlega vegna þess að hér hefur ekki hallast á hvort stjórnarliðarnir eða stjórnarandstæðingarnir hafa talað oftar eða meira. Og þá finnst stjórnarliðunum umræðan svo fagleg og góð og þá er hún ekki kölluð málþóf vegna þess að þá eru allir að tala. Ef það hefði verið svo að stjórnarliðar hefðu bara setið hér en stjórnarandstæðingar hefðu lagt áherslu á hversu stórt mál þetta væri, verið í faglegri umræðu á sama hátt og hér hefur farið fram, þá hefði þetta hugsanlega verið kallað málþóf. Ekki segi ég þetta til að vera með ólund út af því hversu góð umræðan hefur verið heldur til þess að við lærum af þessu þann sannleik að öflug umræða á Alþingi Íslendinga er af hinu góða og varpar ljósi á það mál sem er til umfjöllunar og við eigum ekki að harma hana.

En það er ýmislegt, herra forseti, sem ég ætla að drepa á. Ég ætla ekki að kafa djúpt í þá umræðu sem átt hefur sér stað, það eru ekki efni til þess, en það eru nokkur atriði sem ég vil koma inn á. Það fyrsta er hæstv. forsrh. og ræða hans. Hún var nú reyndar alveg dæmalaus en ég ætla ekki inn í þann dæmalausa þátt forsrh. hvernig hann notaði tíma sinn til að ræða um Samfylkinguna heldur ætla ég að fjalla um það sem skiptir máli og það er að í þessu máli kom hæstv. forsrh. út úr skápnum. Það er nefnilega þannig að hæstv. forsrh. hefur vanið sig á að tjá sig ekki um viðkvæm mál í ríkisstjórninni en viðkvæmu málin í ríkisstjórninni eru mjög oft á forræði Framsfl. Og meðan þau eru viðkvæm og óvíst er hvernig þau muni falla almenningi og hvernig sjónarmið almennings skella á ríkisstjórninni og þar með Framsfl. þar sem viðkvæmu málin eru oftast, þá heldur hæstv. forsrh. sig til hlés. Þá hef ég á tilfinningunni að hæstv. forsrh. sé feginn að enginn muni að hann ber höfuðábyrgð á málinu. Við vitum að ef tækifæri gefst og hann metur þjóð sína þannig þá mun hann koma fram og segja: Svona gera menn ekki.

Satt best að segja átti ég von á því í þessu viðkvæma máli að þegar svo miklar undirskriftir landsmanna höfðu farið fram og viðkvæmni málsins var orðin áberandi gagnvart þjóðinni, þá hefði forsrh. komið fram og sagt: Svona höldum við ekki áfram með þetta mál, það er mjög mikilvægt að fara að þjóðarviljanum og framkvæma umhverfismat og þess vegna mun ég taka málið í mínar hendur og sjá til þess að það fái þá faglegu leið sem lög hafa ætlað því. Og þá hefði Framsfl., það duglega fólk eins og lýst var fjálglega í dag, sem hafði nú náð því fram sem Alþfl. í dugleysi sínu náði ekki fram á síðasta kjörtímabili — og er ég nú, herra forseti, að vísa í ræður manna hér fyrr í dag — staðið eftir einn á vettvangi eins og svo oft hefur gerst. Og hver hefði þá hirt bæði stuðninginn, athyglina og klappið? Það hefði verið hæstv. forsrh.

Þess vegna segi ég að eitt af því sem hefur gerst í þessari umræðu er að hæstv. forsrh. kom út úr skápnum. Hann lýsti yfir að hann væri í forsvari fyrir þetta mál, hann tók á sig þá ábyrgð sem honum ber í málinu og ábyrgðin er hans líka, hæstv. forseti, ef sá dagur rennur upp á næstunni að málið verður verulega erfitt og þjóðin fer að verða mjög aðgangshörð.

Herra forseti. Þetta er það sem mér finnst ekki síst athyglisvert í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram sem reyndar ekki allir hafa skilið um hvað snýst. Hún hefur nefnilega ekki snúist um álverið á Reyðarfirði og hún hefur heldur ekki snúist um að virkja eða ekki virkja, hún hefur snúist um að fara að lögum sem Alþingi hefur sett og láta fara fram umhverfismat áður en lokaákvörðun er tekin.

Herra forseti. Einmitt í ljósi þess hve margir hafa komið inn á álversþáttinn og byggðamálin og af því að ég skil Austfirðingana svo vel sem hafa verið dregnir á asnaeyrunum í áratug eða áratugi, ég skil þeirra sterku vonir um breytingar í heimabyggðum, þá geri ég mér grein fyrir að hvaða stórframkvæmd sem er, ekki síst á framkvæmdatíma, hefur áhrif á byggðarlag eða byggðarlög. Ég geri mér alveg grein fyrir að ekki síst á byggingartíma mun þessi stóra framkvæmd, ef af verður, hafa áhrif heima í héraði.

Mig langaði hins vegar að vita hvernig þetta er með álver úti í heimi í dag þar sem sá aðili sem allt málið snýst um og heitir Norsk Hydro á heima. Ég er svo heppin að ég á afskaplega góðan vin, hann er framsóknarmaður og er búinn að vera í aldarfjórðung í sveitarstjórn í byggðarlagi sem hefur byggt allt sitt á álveri. Þetta byggðarlag heitir Sunndalsøra. Þar var byggt álver, virðulegi forseti, 1954 og stækkað síðar. Um helgina hringdi ég í þennan góða vin minn og sagði: Segðu mér allt um hvernig byggðamál þetta var og hvernig byggðamál þetta er í dag. Og í örstuttu máli ætla ég að skila því til hv. Alþingis.

Fyrir 10–15 árum þótti slíku byggðarlagi framtíðin tryggð ef menn fengju vinnu í álverinu. Álverið hélt ungu fólki heima um hríð. Í dag heldur það ungu fólki heima að hluta til en allir sem mennta sig í öðrum störfum en málmiðnaði mennta sig til starfa annars staðar. Álverið hefur ekki sama aðdráttarafl fyrir þessa kynslóð og þá á undan, en fyrir þá kynslóð hafði álverið gífurlega þýðingu. 4.000 manns bjuggu í byggðarlaginu þegar álverið kom og íbúatalan fór í 8.000, hún tvöfaldaðist. Íbúaþróun hefur síðan sveiflast með álverinu.

Nú kaupir álverið þjónustu utan að frá ýmsum stöðum, jafnvel langt í burtu eins og unnt er í dag. Stöðugildin hafa farið úr 1.300 niður í 800 og búið er að segja frá því að þeim muni fækka á næstu árum. 30% íbúanna vinna hins vegar enn þá í álverinu. Nútímavæðingin gerir það að verkum að störfum fækkar en það verða áfram störf.

Ég er, herra forseti, ákveðin í að skila þessari umræðu og upplýsingum mjög efnislega. Hún er um ýmislegt jákvæð og neikvæð og sumir mundu líta á þetta sem meðmæli, aðrir ekki.

Því hefur verið lofað af Norsk Hydro að nútímavæða eða byggja nýtt álver í tíu ár en umræðan er að hvarfla frá Noregi til Íslands. Það vinna ekki margar konur í álverinu. Sveitarfélagið er háð álverinu og telst einhæft sveitarfélag. Búist er við að eftir 10–15 ár sæki ungt fólk annað til vinnu. Í dag er breyting frá fyrri ára pólitík í Noregi varðandi stóriðju og álver. Þá var álverunum stýrt til sveitarfélaganna til atvinnuuppbyggingar, eins og nú á að gera hjá okkur. Í dag sækir fyrirtækið þangað sem ódýrt vinnuafl er og ódýr orka. Í dag er álver ekki notað til atvinnuuppbyggingar. — Ég er að lýsa upplýsingum frá afskaplega góðum og öflugum framsóknarmanni í Noregi. — Það er mikill munur frá atvinnusjónarmiðum og byggðasjónarmiðum sjötta áratugarins. Hydro hefur keypt meirihlutastöðuna sem ríkið átti áður og ríkið á bara minni hluta í álverinu. Síðan þá ráða afkomusjónarmið hjá fyrirtækinu. Það er alveg ljóst að þangað sem Hydro kemur, þegar það kemur á einhvern stað, þá kemur það eingöngu út frá viðskiptasjónarmiðum.

Og að lokum þetta, herra forseti. Í Noregi eru umhverfisrannsóknir og mat forsenda allra framkvæmda frá 1993 og mikil umræða hefur verið um vatnsaflsvirkjanir frá árunum milli 1982 og 1991 en eftir það fóru sjónarmið að breytast.

Mér fannst merkilegt að segja frá þessu vegna þess að þarna fékk ég upplýsingar frá einstaklingi sem gerir sér grein fyrir gífurlegri þýðingu slíkra framkvæmda fyrir sitt byggðarlag og hvaða þýðingu þær hafa. Ég segi frá þessum upplýsingum til að menn geri sér grein fyrir að það sem við erum að tala um hér er ekki umræða um svart og hvítt. Það hefur verið reynt að leiða umræðuna eins og hún sé svart/hvít en hún er það ekki.

Herra forseti. Ég gerði mjög vel grein fyrir því í upphafsræðu minni hversu margir þættir framkvæmdarinnar væru umhverfismatsskyldir. Það er álverið, það er höfnin, það er raflínan og það er virkjun í Bjarnarflagi, og hvað það væri sterkt að ríkisstjórnin héldi sig við það að setja virkjunina sjálfa í umhverfismat. Hér hafa margir, ekki síst frá Samfylkingunni, flutt mjög góðar ræður og skýrt mjög vel vegna hvers Samfylkingin hefur sett fram sínar tillögur, annars vegar brtt. við álvktunargreinina, að stuðningur sé við byggingu virkjunarinnar, og um það snýst málið hér, að undangengnu umhverfismati og hins vegar að allar framkvæmdir eigi að fara í umhverfismat sem ekki hafa fallið undir það hingað til. Þetta er skýr stefna og afdráttarlaus. Herra forseti, ég hef kosið að hafa seinni ræðu mína í sama anda og þá fyrri, eins faglega og mér er unnt miðað við þau gögn sem mér hafa verið færð en er jafnsannfærð um að stjórnarflokkarnir eru að gera mjög afdrifaríka hluti með því að færa málið inn á þann hátt sem þeir hafa gert.

[16:13]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af heldur undarlegum upphafsorðum í ræðu hv. þm. vil ég gera örstutta athugasemd.

Eins og líklega hefur ekki farið fram hjá neinum hv. þm. þá hefur verið að ryðja sér til rúms ný tækni, svokölluð fjarskiptatækni sem opnar óendanlega möguleika á öllum sviðum, þar á meðal fyrir hv. þm. að ná sambandi við kjósendur sína. Það er m.a. þess vegna sem það var rætt í hv. iðnn. þingsins, ekki síst í ljósi þess að þá stefndi í að sú ágæta hv. nefnd fengi til umfjöllunar stórt og viðamikið mál, hvort hv. iðnn. ætti ekki að koma sér upp eigin heimasíðu og reyna að notfæra sér þá nútímatækni sem getur eflt lýðræði í landinu.

Viðbrögð í nefndinni voru jákvæð og engar athugasemdir aðrar en jákvæðar, þar á meðal frá hv. síðasta ræðumanni. Í framhaldi af því sneri ég mér sem formaður hv. nefndar til starfsmanna þingsins og óskaði eftir þessu. Og þá kemur í ljós að nefndasvið og tölvusvið eru langt komin með að móta heimasíður fyrir allar nefndir þingsins og sýna í því, eins og áður, að Alþingi Íslendinga er í fremstu röð hvað varðar tölvutækni. Við stöndum þar fremst af öllum þjóðþingum og það er fagnaðarefni.

15. nóvember sl. er send fréttatilkynning frá hv. Alþingi um þessar heimasíður. Og það er fyrst í dag sem boðað er til blaðamannafundar af hv. iðnn. til þess einmitt að kynna hina nýju tækni. Það er ekkert óeðlilegt við það. Það er hins vegar óeðlilegt að hv. þm. skuli reyna að gera þetta tortryggilegt. Ég tel að það lýsi kannski frekar en allt annað þeim vanda sem Samfylkingin á í vegna tvískinnungs í þessu máli í ljósi sögunnar og umræðunnar hér.

[16:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem þingmaðurinn sagði er nákvæmlega það sama og ég hef sagt sjálf. Á þeim fundi sem hann vísar til í iðnn. kom fram að verið væri að búa til heimasíður fyrir allar nefndir þingsins. Það vissi ég. Ég fór af þeim fundi nærri því beint á þingflokksfund og tilkynnti mínum þingmönnum það. Sumir vissu það um sína nefnd þá þegar. Ég staðfesti að mér finnst þetta jákvæð vinnubrögð. Þannig á það að vera, að Alþingi sé með eins öflugt og tæknivætt umhverfi og unnt er.

Ég legg hins vegar áherslu á að þegar opnaðar eru heimasíður fyrir allar nefndir þingsins þá eigi að sjálfsögðu ann-

aðhvort forsn. eða formenn nefndanna að kynna það. En hvernig var það gert?

Í umræðunni hér, í þessu viðkvæma deilumáli er farið af stað af hálfu iðnn. til að gefa þá mynd að iðnn. geti nú tekið við því hlutverki sem stjórnarmeirihlutinn er að færa iðnn., að gera það viðkvæma mat sem lögin um umhverfismat fela allt öðrum aðilum. Þetta höfum við gagnrýnt allan tímann. Þetta gagnrýni ég enn og læt ekki af þeirri gagnrýni minni. Þetta atferli iðnn. í dag er liður í því sem ég hef lýst. Það er óviðeigandi og ég er því ósammála.

[16:17]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að iðnn. eða einhver önnur nefnd kynni áhuga sinn á að fá umsagnir almennings og vekji athygli á nýrri leið fyrir almenning til að koma sjónarmiðum á framfæri. Við það er ekkert óeðlilegt. Það er ekkert óeðlilegt við að almenningi sé gefinn kostur á að hafa beint samband við nefndina.

Hins vegar er óeðlilegt að hv. þm. skuli gera það tortryggilegt að ein nefnd, í tilefni þessa mikilvæga máls sem hér er til umræðu, veki sérstaka athygli á því til að efla tengsl við almenning og efla þannig lýðræðið í landinu. Það er óeðlilegt af hálfu hv. þm. að gera þetta tortryggilegt.

Ég velti því enn og aftur upp: Hvað fær hv. þm. til að fara í þessa undarlegu stellingu og gera jafneðlilegt mál tortryggilegt? Það gæti verið frammistaða Jóns Sigurðssonar sem gekk mjög vasklega fram í því að reyna að koma hér á stóriðju og hafði uppi mikinn blekkingaleik. Það gæti verið frammistaða hæstv. fyrrv. umhvrh. Össurar Skarphéðinssonar sem gaf út starfsleyfi fyrir Fljótsdalslínu I með góðum stuðningi og hvatningu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem örfáum árum síðar telur málið vera í óeðlilegum farvegi. Það er von, herra forseti, að hv. þm. skuli vilja gera málið tortryggilegt og grípa til gamalkunnugra aðferða til að slá ryki í augu kjósenda.

[16:19]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um fyrrum ráðherra er barnaleg vegna þess að það hefur fyrir löngu verið leitt í ljós hvernig allt það ferli gekk fyrir sig, ekki síst hvaða ártöl búa að baki þeim lögum sem við erum að fjalla um hér. Menn geta ekki hlaupið frá því þó þeir reyni það.

En, herra forseti, ég hef bara einu við að bæta. Ég spyr forseta, ég get spurt alþingismenn og alla þá sem hugsanlega til mín heyra: Af hverju var það ekki félmn., allshn. eða heilbr.- og trn., með þessi viðkvæmu svið sem snerta hag alls almennings, sem héldu blaðamannafund í dag? Svari hver fyrir sig.

[16:20]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni í fyrradag fjallaði ég um ýmsar hliðar málsins sem hér er á dagskrá. Ég gat örlítið um þá leiksýningu sem virkjunarandstæðingar hafa nú haldi uppi um nokkurt skeið og einnig um fóðurgjöf stjórnvalda í þeirra garð. Þá nefndi ég skoðanakönnun sem kynnt var fyrir nokkrum dögum og einnig ónefnda undirskriftasöfnun þar sem margt bendir til að fólk sé að skrifa undir óútfyllta víxla.

Frá þessari ræðu hefur ýmislegt gerst, m.a. það að einn fjölmiðill hefur gert tilraun til að uppfræða almenning um það sem felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta tókst því miður ekki betur en svo að strax í dag — kennslan hófst í gær — þurfti fjölmiðillinn að leiðrétta hluta af þeim fullyrðingum sem fram komu í gær. Ég tel að þetta muni ekki upplýsa málið frekar en ýmislegt annað sem gert hefur verið ef áframhald verður á öllu því rugli sem því miður hefur orðið í þessum efnum.

Framkvæmdastjóri fyrrnefndrar undirskriftasöfnunar hefur einnig tilkynnt að sett verði upp á heimasíðu söfnunarinnar tilraun til þess að upplýsa um það sem lög um mat á umhverfisáhrifum fela í sér. Vonandi er að vel takist til og fólk verði upplýstara um þessi annars ágætu lög.

Í fyrri ræðu minni kom ég einnig inn á hina lagalegu hlið málanna. Töluvert hefur verið um það fjallað síðan og sérstaklega hér fyrr í dag þegar hv. þm. Tómas Ingi Olrich fjallaði um títtnefnt undanþáguákvæði. Ég vil nota tækifærið og vekja athygli á að með orðum hv. þm. hafa bæði formaður og varaformaður þeirrar umhvn. sem starfaði árið 1993, þegar títtnefnd lög voru samþykkt hér í þingsölum, gefið yfirlýsingu um að það hafi ekki farið fram hjá þeim og þeir trúi vart að það hafi farið fram hjá nokkrum öðrum nefndarmönnum í umhvn. á þessum tíma, hvað í þessu undanþáguákvæði fólst.

Herra forseti. Um hvað fjallar þetta mál? Í einfaldleika sínum fjallar þetta mál um það hvort við erum tilbúin að nýta það tækifæri sem nú gefst til þess að virkja til að byggja upp atvinnulíf á Austurlandi. Þó þetta mál sé í raun svo einfalt hafa umræður í þingsal valdið róti í huga margra Austfirðinga. Margir hafa lítið skilið af því sem komið hefur fram í ýmsum ræðum en hafa þó af mörgum þeirra dregið niðurstöður. Herra forseti, ég held að það sé nauðsynlegt að stikla hér á stóru í sögu þessa máls.

Upplýst hefur verið að Landsvirkjun hafi varið um 3 milljörðum kr. í virkjunarrannsóknir og undirbúning vegna Fljótsdalsvirkjunar. Áhrif á lífríki og náttúrufar norðan Vatnajökuls hafa verið könnuð í aldarfjórðung. Fullyrða má að á fáum ef nokkrum öðrum virkjunarsvæðum hérlendis hafi verið gerðar jafnmiklar umhverfisrannsóknir. Hugmynd að Fljótsdalsvirkjun er síður en svo ný af nálinni. Þróunarsögu virkjunarinnar má rekja nærri hálfa öld aftur í tímann eða til ársins 1954 þegar fyrsta hugmyndin var kynnt.

Vettvangsrannsóknir vegna virkjunarinnar hófust árið 1975 og hafa staðið nær óslitið síðan eða í aldarfjórðung. Árið 1981 fjallaði Náttúruverndarráð um fyrirhugaða virkjun að undangengnum rannsóknum á áhrifum framkvæmda á umhverfið. Náttúruverndarráð samþykkti að leggjast ekki gegn framkvæmdum. Sama ár samþykkti Alþingi lög um raforkuver þar sem veitt var heimild fyrir Fljótsdalsvirkjun.

Þessar framkvæmdir miðuðust við að grafnir væru opnir áveituskurðir um Fljótsdalsheiði þar sem vatni yrði veitt í nýtt miðlunarlón á heiðinni. Á næstu árum var fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun endurhönnuð og stórlega dregið úr áhrifum hennar á umhverfið. Fallið var frá hugmyndum um að opna áveituskurði og ákveðið að veita vatni gegnum jarðgöng. Við þessa ákvörðun var ekki lengur þörf á miðlunarlóni á Fljótsdalsheiði og land sem fer undir vatn minnkar frá 82 í 42 km .

Náttúruverndarráð fjallaði að nýju um títtnefnda virkjun árið 1991 og fagnaði þeim breytingum sem gerðar höfðu verið. Ráðið sá ekki ástæðu til að leggjast gegn framkvæmdum. Iðnrh. gaf út virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun í apríl árið 1991. Í framhaldi af því voru framkvæmdir kynntar með auglýsingum. Alls bárust níu athugasemdir og engar þeirra beindust að Eyjabökkum.

Framkvæmdir hófust síðan vorið 1991. Herra forseti. Það er ástæða til að leggja áherslu á að framkvæmdir hófust árið 1991. En í lok þess árs var framkvæmdum frestað vegna markaðsaðstæðna. Framkvæmdirnar sem hófust árið 1991 gerðu ráð fyrir því að orkan yrði flutt með línum sem lagðar yrðu þvert yfir hálendið að Keilisnesi. Nú hefur verið fallið frá því og væntanleg háspennulína verður lögð niður í Reyðarfjörð.

Herra forseti. Það er augljóst að verulega hefur verið dregið úr skaða á umhverfi með þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Annað ekki síður mikilvægt hefur breyst og er ekki síður mikilvægt. Nú ætla menn að reisa álver við Reyðarfjörð, ekki við Keilisnes. Það er ástæða til að vekja athygli á því að ýmsir hv. þm. sem studdu að reist yrði álver við Keilisnes virðast nú í vafa um það að reisa álver við Reyðarfjörð.

Ég sagði áðan að í einfaldleika sínum snerist þetta mál um hvort við vildum nýta tækifærið nú. Öllum er ljóst að það verður ekki virkjað nema orkukaupandi sé til staðar. Þess vegna verðum við að sjálfsögðu að líta bæði til virkjunar og álvers þegar málið er skoðað. Auðvitað er ljóst að það eru átök í þessu máli milli umhverfissjónarmiða annars vegar og hins vegar atvinnu- og byggðasjónarmiða. Í umræðunum hefur verið bent á margt sem tengist umhverfissjónarmiðum og vissulega einnig byggðarsjónarmiðum.

Einu vil ég þó bæta við það sem bent hefur verið á varðandi umhverfissjónarmiðin. Ég tel afar mikilvægt að sérstaklega hv. umhvn. skoði vel það sem snýr að mótvægisaðgerðum sem að sjálfsögðu eru nauðsynlegar og mikilvægt grípa til. Á bls. 134 í umhverfismatsskýrslu Landsvirkjunar segir, með leyfi forseta:

„Veigamestu mótvægisaðgerðirnar verða vegna gróðureyðingar á Eyjabökkum. Er lagt til að átak verði gert í uppgræðslu og ræktun annarra svæða, þó ekki nauðsynlega í næsta nágrenni virkjunarsvæðisins heldur þar sem slík uppgræðsla er talin skila mestum árangri."

Hér er afar mikilvægur þáttur í málinu og ég endurtek að afar mikilvægt er að umhvn. vandi sig við þennan þátt málsins.

Ég sagði áðan að hér væri tekist á um umhverfissjónarmið og atvinnu- og byggðasjónarmið. Í því samhengi er rétt að rifja upp að fyrir nokkrum árum var fyrir hönd Byggðastofnunar gerð nokkuð viðamikil rannsókn á þeim vanda sem við er að glíma í byggðamálum. Þar kom m.a. í ljós að eitt af því sem þarf að grípa til ef árangur á að nást er að skapa meiri fjölbreytni í atvinnulífi. Ljóst er að á landsbyggðinni hefur störfum fækkað í frumvinnslugreinum og því miður hefur allt of lítið verið gert til þess að bæta fyrir slíkt. Eins er ljóst að þessi þróun mun að öllum líkindum halda áfram. Þetta segir okkur aðeins hversu mikilvægt er að gripið sé til einhverra ráða til að hafa áhrif á byggðaþróun.

Það er hins vegar ljóst að það mun ekki duga eitt og sér að reisa álver eins og ýmsir andstæðingar þeirra framkvæmda, sem hér er verið að fjalla um, hafa sagt, þ.e að álverið eigi öllu að bjarga. Að sjálfsögðu hugsar enginn þannig og síst á Austfjörðum vegna þess að það liggur ljóst fyrir að álverið eitt mun ekki breyta öllu heldur er afar mikilvægt að það tækifæri verði nýtt til þess að snúa þróun við. Það er ljóst að álverið mun ekki gefa stjórnvöldum frí í byggðamálum og er nýsamþykkt þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir 1999–2001 mikilvægt plagg í þeim efnum. Vissulega hefði margt fleira mátt þar vera en ástæða er til að minna á að sú samþykkt liggur fyrir og fylgst verður með því af fullri einurð að stjórnarflokkarnir standi við það sem þar var samþykkt.

Það hafa ýmsir, herra forseti, samþykkt ályktanir varðandi þetta mál. Ég minni á ályktun sem samþykkt var á þingi Verkamannasambandsins og hér hefur verið lesin. Ég tel nauðsynlegt að tryggja að inn í þinggögn fari ályktun sem gerð var á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi 26. og 27. ágúst sl. Ég vil því fá að lesa þá ályktun, með leyfi forseta:

„Aðalfundur SSA, haldinn í Brúarásskóla á Norður-Héraði dagana 26. og 27. ágúst 1999, ítrekar þá stefnu sambandsins að styðja eindregið áform um virkjanaframkvæmdir á Austurlandi og nýtingu orkunnar í fjórðungnum. Leggur fundurinn áherslu á eftirfarandi í þessu sambandi:

Lög í landinu heimila að ráðist verði í byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

Ekkert virkjunarsvæði hefur verið eins ítarlega rannsakað og virkjunarsvæði Fljótsdalsvirkjunar enda mikilvægt að mat á umhverfisáhrifum slíks mannvirkis sé vandlega unnið.

Brýnt er að félagsleg áhrif og umhverfisáhrif virkjunar og iðjuvers á Austurlandi verði vandlega kynnt, sérstaklega verði vandað til kynningar á þeirri skýrslu á umhverfisáhrifum virkjunar sem væntanlega verður lögð fram á næstunni.

Mikilvægt er að framkvæmdir við virkjun og orkufrekan iðnað hefjist hið fyrsta enda hafa áform um slíkt verið uppi á Austurlandi í um 20 ár.

Úttektir sýna að tilkoma orkufreks iðjuvers mun hafa mjög jákvæð áhrif á íbúa- og efnahagsþróun á Austurlandi.

Virkjun og orkufrekur iðnaður á Austurlandi mun án efa verða áhrifamesta byggðaaðgerð sem stjórnvöld eiga kost á að stuðla að um þessar mundir."

Herra forseti. Í fylgigögnum með þeirri þáltill. sem hér er rædd eru ýmis rök færð fyrir því að væntanlegar framkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á byggðamál á Austurlandi. Ég vil að lokum, herra forseti, tína til nokkur atriði, sérstaklega í ljósi þeirra orða sem nokkrir hv. þm. hafa látið falla um að þetta séu vanhugsaðar byggðaaðgerðir. Ég vil þó áður en ég tíni til rök Nýsis hf., sem fram koma í skjölum sem fylgja tillögunni, geta þess að ljóst er að á ýmsu þarf að taka í þeim sveitarfélögum sem næst verða álveri. Það er hins vegar ljóst að í fararbroddi þeirra sveitarfélaga er atorkufólk sem ekki mun bugast við þau verkefni sem bíða heldur taka á þeim af fullri einurð. Ég er sannfærður um að það mun standast allar þær prófraunir sem á það verða lagðar.

Rökin sem koma fram í samantekt Nýsis eru eftirfarandi, herra forseti: Engar líkur eru á að atvinnulíf á svæðinu skaðist af tilkomu álversins og tengdrar starfsemi. Fólki hefur fækkað í nær öllum byggðarlögum á fjörðunum og í sveitunum sl. 10–15 ár. Þessi byggðarlög geta því auðveldlega tekið við nokkurri fólksfjölgun en í nokkrum þeirra þarf að byggja íbúðarhúsnæði. Hagvöxtur eykst á svæðinu, atvinnutekjur aukast og viðskipti sömuleiðis. Álverið stuðlar að því að ungt, menntað fólk í fjórðungnum fái vinnu við hæfi. Þannig er unnið gegn brottflutningi fólks af svæðinu og meira jafnvægi næst í aldurskiptingu íbúanna. Álver og tengd starfsemi leiða til umbóta í samgöngumálum á Austurlandi og bættrar grunnþjónustu við íbúana. Betri afkoma fólks og fjölgun íbúa leiðir til öflugra menningar- og félagslífs á svæðinu.

Herra forseti. Ef slík byggðarrök duga ekki til stuðnings í þessu máli ræður annað för en hagsmunir fólks í landinu.

[16:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson segir að annars vegar vegist á náttúruverndarsjónarmið og hins vegar atvinnu- og byggðasjónarmið. Að mínum dómi er málið ekki svona einfalt vegna þess að menn greinir á um hvort hér sé í reynd hyggileg byggðastefna á ferðinni. Ég tel að mjög margt bendi til þess að þetta sé ekki aðeins vanhugsað heldur mjög varhugavert. Menn eru að setja allt of mörg egg í eina körfu.

Hefur hv. þm. Einar Már Sigurðarson engar áhyggjur af því að fram undan blasir við okkur sú mynd, ef þessi áform verða að veruleika, að fjórði hver vinnandi maður á Austfjörðum starfar í álveri eða í atvinnustarfsemi henni tengdri? Og er hv. þm. kunnugt um að jafnvel álver geta lagt upp laupana?

[16:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn kemur hv. þm. Ögmundur Jónasson og ber kvíðboga fyrir framtíðinni. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að mannfjöldi á Miðausturlandi var 1. desember 1998 8.350 manns. Var hins vegar árið 1990 9.215 manns og hefur fækkað að meðaltali um 1% á ári. Þessi hraði hefur því miður aukist í seinni tíð.

Hins vegar mun álver upp á 120 þús. tonn rétt duga til þess að bæta þann skaða í mannfjölda sem orðið hefur á þessum tíma. Því hef ég, herra forseti, ekki áhyggjur af því sem hv. þm. spurði mig um.

[16:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber engan kvíðboga fyrir framtíðinni að öðru leyti en því að það er að renna upp fyrir mér hvílíkir peningalegir fúskarar stýra þessum málum, hvílíkt peningalegt fúsk er á ferðinni. Þetta er smám saman að renna upp fyrir þjóðinni, hagfræðingar eru núna að koma fram á sjónarsviðið með grein eftir grein þar sem þeir færa fram rök fyrir því að þetta er peningalegt fúsk. Það er verið að setja efnahagslíf þjóðarinnar allt á spil. Menn eru að tala um framkvæmdir sem nema yfir 200 milljörðum kr. á næstu árum, menn eru að tala um þetta.

Á sama tíma eru þessir sömu aðilar að tala um að selja allar eignir þjóðarinnar, Landsvirkjun, Landsbankann, Búnaðarbankann, Landssímann. Hvar ætla þeir að taka þá peninga? Og allt þetta á að fjármagna úr innlendum sjóðum, lífeyrissjóðum landsmanna. Það er lausnarorðið núna. Síðan á að leysa atvinnumál á Austurlandi með því að koma fjórða hverjum vinnandi manni inn í álver.

[16:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. bætir enn í. Nú er talað um peningalegt fúsk. Hv. þm. Pétur Blöndal vakti athygli á því í gær að hv. þm. Ögmundur Jónasson væri nú farinn að hafa hinar mestu áhyggjur af bröskurum þessa lands. Það verður að segjast eins og er að það er ágætt á meðan áhyggjur hv. þm. beinast í þá átt. Ég vona að þær áhyggjur muni ekki reynast á rökum reistar.

Lykilatriðið í málinu er að fjárfestar virðast hafa trú á þessari tilraun. (**ÖJ:** Það er rangt.) Herra forseti, hv. þm. er ekki að því mér er kunnugt mesti sérfræðingur þjóðarinnar í fjárfestingum, en hv. þm. getur að vísu leynt á sér og það getur vel verið að hann sé meiri sérfræðingur á því sviði en við aðrir hv. þingmenn höfum kynnst. (**ÖJ:** Það væri kannski rétt að láta málið í mat.)

[16:40]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við þau orð hv. þm. sem féllu hér áðan. Hann vitnaði reyndar í grg. með þáltill. þar sem fjallað er um að græða upp land í stað þess sem sökkt er. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er talið að til að bæta fyrir náttúrulegt votlendi sem raskað er þurfi jafnvel tvisvar til þrisvar sinnum stærra flatarmál en það sem fórnað er. Þetta álit kemur reyndar frá líffræðingum í Bandaríkjunum og er notað til viðmiðunar af vísindamönnum. Það er vegna þess að náttúrulegt votlendi er miklu dýrmætara en það sem skapað er af manninum.

Ef þarf tvisvar til þrisvar sinnum stærra flatarmál, þá erum við að tala um 54–81 km lands sem menn ætla að rækta upp á móti. Ég vil spyrja hv. þm. hvar hann ætli að finna það land.

[16:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tekur hér upp mál sem ég benti á að mér þætti vera veikleiki í skýrslunni og lagði þess vegna mikla áherslu á að hv. umhvn. færi vandlega yfir það mál og skoðaði vel hvernig hægt væri að bæta fyrir og leitað yrði bestu lausnar sem hægt væri í þeim efnum. Ég vona, herra forseti, þar sem hv. þm. á sæti í nefndinni að hv. þm. leggi sig alla fram við að gera sem best úr þessu máli þannig að þessi þáttur verði sem sterkastur þegar upp verður staðið.

[16:42]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá vil ég hryggja þingmanninn og þingheim allan með því að ég tel mjög ólíklegt að umhvn. takist að finna land til að bæta þennan skaða. Það er ein af ástæðum þess að mér finnst mjög mikilvægt að fram fari mat á umhverfisáhrifum, eins og ég hef margskýrt.

[16:42]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli hv. þm. á því, svo að hv. umhvn. geti leitað til ýmissa stofnana sér til aðstoðar, að á sömu blaðsíðu í títtnefndri skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Verður það gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og e.t.v. fleiri aðila."

Herra forseti. Ég vona að umhvn. leiti til allra þeirra aðila sem geta orðið nefndinni til aðstoðar í þessu máli.

[16:43]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur söguna á hreinu, eins og fram kom í málflutningi hans í sambandi við virkjunarframkvæmdir í Fljótsdal. En ég vil spyrja hann, af því hann er svona sannfærður og byggir þetta á sögunni og sannfæringarkrafti: Hvers vegna má ekki viðhafa nútímalegar vinnuaðferðir og fara í lögformlegt umhverfismat?

Einnig hefur borið á því hjá hv. þm. að lýðræðisleg réttindi fólks fara mjög í skapið á honum, þ.e. að láta álit sitt í ljós t.d. með því að hafa skoðanakannanir eða undirskriftasafnanir. Ég verð að segja eins og er að ég gladdist og hafði engar athugasemdir við það þegar sveitungar hans að austan

komu með bunka af undirskriftum varðandi stuðning við málstaðinn og fannst það eðlilegur réttur þeirra.

[16:44]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur nú nokkrum sinnum komið fram í þessum umræðum hvers vegna ekki er hægt að fara í það ferli sem gert er ráð fyrir í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það er ósköp einfaldlega þannig að þá er málið allt í uppnámi. Ég hef áður sagt það, herra forseti, að lykilatriði þess að ástæða sé til þess að virkja er einhver orkukaupandi. Það er því gjörsamlega út í hött að ætla að fara í virkjun án þess að tryggja slíkt.

Ég hef hins vegar ekki, herra forseti, haft af því áhyggjur þó að skoðanakannanir séu gerðar. Ég notaði að sjálfsögðu skoðanakönnun í máli mínu til að færa rök fyrir því sem ég hef haldið fram, að því miður hafi ekki tekist að upplýsa almenning nægjanlega vel um innihald þessara laga. Ég hef einnig fært rök fyrir því að andstæðingar virkjana hafa því miður nýtt sér slíkt í áróðri sínum.

[16:45]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur margsinnis komið fram að um framkvæmdir Íslandssögunnar er að ræða. Það er verið að byrja á 200 milljarða dæmi. Telur hv. þm. Einar Már Sigurðarson að þetta verði kannski í síðasta skipti sem við viðhöfum gamaldags vinnubrögð og skellum okkur á magann með tunguna út án þess að taka heildstætt á málum með lögformlegu umhverfismati og að eftirleiðis verði lögformlegt umhverfismat viðhaft við öll stærri verkefni?

[16:46]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gamaldags vinnubrögð? Já, það er að sjálfsögðu von mín og ósk að við getum lagt öll gamaldags vinnubrögð til hliðar (Gripið fram í.) nákvæmlega eins og ég vona það að við getum lagt flest gamaldags viðhorf líka til hliðar. (Gripið fram í.) Við horfum með björtum augum til framtíðarinnar. Ævintýri Íslandssögunnar í framkvæmdum verða á Austurlandi vegna þess, herra forseti, að Austfirðingar eru reiðubúnir til þess að taka þátt í slíku ævintýri og þeir munu ekki bregðast þjóðinni í því að það ævintýri muni berast um landið allt.

[16:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi það sem hv. þm. heldur fram um endurheimt gróðurs. Ég bendi honum á síðu 72 í skýrslunni sem hér liggur fyrir þar sem segir:

„Allur gróður á svæði Eyjabakkalóns mun líða undir lok. ... Erfitt er að bæta fyrir þennan missi gróðurlendis með uppgræðslu annars staðar á virkjunarsvæðinu, auk þess sem þar yrði um annars konar gróðurlendi að ræða.

Viðræður eru fyrirhugaðar milli Landsvirkjunar og Fljótsdalshrepps og Landgræðslu ríkisins um það hvernig bæta megi fyrir þennan gróður sem tapast." En samkvæmt þessari skýrslu er allsendis óvíst að nokkuð sé hægt að bæta í þeim efnum. Hér er frekari rannsókna þörf, hæstv. forseti.

Varðandi byggðaþáttinn þá bendi ég á að skýrsla Nýsis sem fylgir þessari tillögu er bull. Skýrslan sem hv. þm. vitnar í er rakalaust bull vegna þess að í henni kemur fram að upplýsingarnar sem byggt er á komu fram í árslok 1997 og í ársbyrjun 1998 og miðast við aðrar forsendur um stærð álversins og framkvæmdatíma en nú eru uppi. Skýrslan var endurskoðuð seinni hluta (Forseti hringir.) sumars 1999 miðað við breyttar forsendur og ekki reyndust á reiðum höndum nýjar upplýsingar nema um vissa efnisþætti (Forseti hringir.) og hefði það kostað mikla vinnu og seinkað verkinu verulega ef ákveðið hefði verið að endurvinna allan upplýsingagrunninn.

[16:48]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að það verði mælt hvort hér hafi verið slegið hraðamet vegna þess að hér voru mörg orð sögð á skömmum tíma. (Gripið fram í.) Ég reikna með að fáir hafi a.m.k. numið allt. En ég held að innihald sé nokkuð skýrt. Að minnsta kosti barst í mín eyru hið merka orð bull, og minnti það mig mjög á fyrri orð hv. þm., samanber þegar virðulegur væntanlegur vinnustaður við Reyðarfjörð var kallaður álvershlussa. Hér er greinilegt að orðalag er notað og miðað við skoðanir og það er ekki farið dult með.

Herra forseti. Ég sé að nefndarmenn í umhvn. hafa almennt áhyggjur af því sem ég benti á. Ég fagna því sem slíku vegna þess að það ætti að tryggja að nefndin skoði þetta atriði sérstaklega vel. (**Gripið fram í:** Fær hún nægan tíma?)

[16:50]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti mun ekki hraðamæla þingmenn en samúð hans liggur hjá ræðuriturum þingsins.

[16:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á þessum hraða. En við vitum að um styttan ræðutíma er að ræða og ég þarf að koma miklu að og vil í því sambandi benda hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni á skýrslu Byggðastofnunar sem fylgir stóru frummatsskýrslunni um álver við Reyðarfjörð.

Ég ætla að vitna í örfá orð, ekki heilar setningar, úr þessari skýrslu sem sanna það að hér þarf frekari rannsókna við varðandi byggðaþáttinn. Þar stendur, m.a.: Hér þarf frekari rannsókna við. Afla þarf nánari upplýsinga. Í heild má segja að búsetuþættirnir séu ekki hagstæðir álverinu. Hér þarf að leggja á frekara mat. Allir þessi þættir þarfnast nánari skoðunar. Meta þarf áhrif betur. Gera viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við á jákvæðan hátt.

Og að lokum:

„Ýmsar nákvæmari rannsóknir eru nauðsynlegar ef mat á áhrifum á að vera marktækt. Eðlilegt er að Byggðastofnun komi að þeim rannsóknum."

Byggðastofnun gefur óyggjandi yfirlýsingu í þessu plaggi um að hér þarf frekari rannsókna við. Byggðaþátturinn er afskaplega óviss í þessu máli.

[16:51]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka að nú hefur verið hægt nokkuð á þannig að auðveldara var orð að nema. Vegna þess að hv. þm. var að fjalla um áhrifin af álversbyggingu vil ég vekja athygli á því að það mál og þeir pappírar sem hv. þm. var að vitna til eru í eðlilegum farvegi. Nú eru þær skýrslur sem lagðar hafa verið fram vegna álversins hjá Skipulagsstofnun. Það er verið að bíða eftir athugasemdum og ég trúi því, herra forseti, að hv. þm. muni koma þessum athugasemdum sínum á framfæri við rétta aðila (**KolH:** Vissulega.) þannig að hægt verði að rannsaka og skoða eins og kostur er vegna þess að vissulega er mikilvægt að við getum verið sem best undir það búin þegar við fáum þetta álver við Reyðarfjörð. Og ég

endurtek, herra forseti, að ég treysti því að það fólk sem þar er við stjórnvöl muni bregðast við eins og nauðsynlegt er og það verði til þess að efla byggðir um Austurland allt.

[16:52]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég heyri hér utan að mér talað um málþóf. Það er nú ætíð svo þegar við stjórnarliðar dirfumst að taka til máls í einhverju máli að þá er talað um málþóf því yfirleitt eigum við að þegja. Ég ætla ekki að þegja í þessu máli. Þessari umræðu fer nú væntanlega að ljúka en hún hefur verið um margt athyglisverð. Hér hafa tekist á ýmis sjónarmið. Sumir hafa talað út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Aðrir hafa talað út frá efnahagslegum sjónarmiðum. Sumir hafa talað út frá formi, lögum og lagasetningu. Ég ætla að byrja á því að nefna og endurtaka mitt álit á náttúruverndarkaflanum í málinu.

Það er því miður svo að Fljótsdalsvirkjun verður ekki reist á hagkvæman hátt nema til komi lón á Eyjabökkum. Það er staðreynd. Ég tók það fram í fyrri ræðu minni að auðvitað væri best ef hægt væri að komast hjá því en hjá því verður ekki komist. Það er ljóst af þeim rannsóknum sem hafa farið fram í tvo áratugi. Hugmynd Helga Hallgrímssonar, sem er hinn besti maður, er óaðgengileg. Hann hefur rætt þessi mál af miklum heilindum og lagt margt athyglisvert inn í þessa umræðu enda gagnkunnugur á þessum slóðum og vísindamaður ágætur. En því miður hafa tillögur hans um lón annars staðar ekki reynst aðgengilegar. Því er alveg ljóst að það verður að færa þessa fórn sem ég kalla.

Þá er komið að hinum efnahagslegu sjónarmiðum. Hv. 13. þm. Reykv. hefur tekið að sér að tala fyrir þeim og hv. 6. þm. Norðurl. e. kom einnig að þeim í gær. Þeir félagar hafa tekið það að sér fyrir hönd þingflokks vinstri grænna að tala fyrir þeim sjónarmiðum og gera lítið úr efnahagslegum þætti málsins, gera lítið úr því að þetta sé efnahagslegt mál fyrir þjóðina. Þeir telja þetta peningalegt fúsk, ef ég hef tekið rétt niður eftir 13. þm. Reykv.

Á þetta mál er auðvitað lagt fjárhagslegt mat. Einhver talaði um það hér áðan hvort ekki ætti að leggja mat á hina fjárhagslegu hlið. Auðvitað leggja þeir fjárfestar sem eiga að taka þátt í þessu og ætla sér að taka þátt í þessu, fjárhagslegt mat á þetta. Sem betur fer hefur málum verið svo stýrt hér á landi undanfarin ár að fjárfestingar innlendra aðila, sem þóttu óhugsandi fyrir nokkrum árum, eru vel hugsanlegar nú. Hér hefur peningamarkaðurinn gjörbreyst á fáum árum. Þegar talað var um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og meirihlutaeign Íslendinga í henni þá datt engum í hug að íslenskir fjárfestar ættu að eiga meiri hlutann í þeirri verksmiðju. Nei, það var ríkið sem átti að leggja fram þá peninga. Nú er það ekki svo. Nú er þetta mál metið eftir efnahagslegum rökum en pólitískar ákvarðanir koma þar ekki að.

Talað var um að tekjurnar af orkusölunni væru 3 milljarðar. Tekið til samanburðar þá eru viðbótartekjur af ferðaþjónustu á yfirstandandi ári 6 milljarðar, ef ég hef tekið þessar tölur rétt niður. En því var sleppt, og það sýnir hvernig málflutningurinn er, að útflutningstekjurnar af stóriðju nú þegar eru hvorki 3 eða 6 milljarðar. Þær eru 21 milljarður kr. og mundu aukast um 13–15 milljarða kr. við fyrsta áfanga álvers á Reyðarfirði. Þetta eru hin efnahagslegu rök í málinu. Síðan halda menn áfram og segja: „Ja, þetta er bara fyrir Austfirðinga, nokkur þúsund manns á Austurlandi sem hafa hag af þessu." Og það er sagt: „Þetta er ekki fyrir þjóðina. Þetta er bara fyrir Austfirðinga." Austfirðingar eru nú hluti af þjóðinni og þetta er fyrir íslenskt efnahagslíf til þess m.a. að við höfum tækifæri til að gera margt sem okkur langar til þess að gera á öðrum sviðum, t.d. öðrum sviðum byggðamála. Ef við þurfum að leggja fé í það þá þurfum við atvinnulíf til að standa undir því.

Hv. 5. þm. Austurl. ræddi um það í gær að efla ætti atvinnuþróunarfélögin og það væri ráð í atvinnumálum. Ég er alveg sammála því, það á að efla þau. Það er hið besta mál. Þingmaðurinn taldi líka upp að gera ætti nokkur góðverk í félagslega kerfinu, í í félagsmálum, fræðslumálum o.s.frv. Jú, ég alveg sammála öllu sem þingmaðurinn sagði í því. En við þurfum atvinnulíf til að standa undir því sem við ætlum að gera.

Nokkuð hefur verið rætt um meðferð málsins á Alþingi. Ég endurtek að mér finnst margir hv. þm. sem hér hafa talað gera mjög lítið úr þinglegri meðferð mála. Þingið hefur góða möguleika til vandaðrar umfjöllunar um þetta mál. Það er ekki alltaf sem þingið fær til sín skýrslur um mál sem byggðar eru á rannsóknum í 20 ár og hefur tækifæri til að kalla á sérfræðinga til að fjalla um þær skýrslur í tveimur þingnefndum. Ég held að þingið ætti að fagna því að fá að fjalla um þetta mál. Þingmenn ættu að fagna því að fá að fjalla um málið og kalla til sérfræðinga til að fjalla um þau atriði sem þeir eru í vafa um.

Það var undarlegt að heyra hv. 4. þm. Reykn. fárast yfir því áðan að iðnn. hafi opnað heimasíðu, þegar iðnn. er að fást við eitt stærsta mál sem komið hefur fyrir þingið, að formaður þingflokks Samfylkingarinnar skuli fárast yfir því að heimasíða sé opnuð til þess að gefa almenningi kost á því að hafa samband við þingið. Þetta er eitt af því allra furðulegasta sem ég hef heyrt í þessari umræðu. Maður verður náttúrlega alveg rothissa að heyra svona. Í öðru orðinu er kvartað yfir því að almenningur hafi ekki aðgang að þinginu en síðan er fárast yfir því að heimasíða sé opnuð á einhverjum vitlausum degi. (**Gripið fram í:** Þetta er útúrsnúningur.) Þetta er enginn útúrsnúningur. Það var umræða um þetta hér áðan.

Hér hefur verið rætt um umhverfismat og verið lagt út frá því. Einnig hefur verið lagt út frá því að hér sé meira í spilunum, fleiri stórframkvæmdir. Því hefur verið svarað að ekki hafi verið lofað orku nema sem svarar til 120 þús. tonna álvers á Reyðarfirði. Kárahnúkavirkjun og virkjun í Jökuslá á Fjöllum, ef hún rís sem ég er nú ekki trúaður á, fara í umhverfismat samkvæmt núgildandi lögum. Það er í núgildandi lögum og allar stórframkvæmdir hér eftir verða að fara í umhverfismat, þau lög eru hins vegar ekki afturvirk hér á landi og þess vegna er þessi umræða. Hins vegar skil ég ekki hvers vegna hér kemur þingmaður eftir þingmann frá þingflokki vinstri grænna og lýsir yfir að þeir séu bara alfarið á móti álveri. Hv. 13. þm. Reykv. lýsti því yfir áðan að hann væri á móti álveri. Það hafa fleiri gert. (**Gripið fram í:** Á móti?) Á móti þessari framkvæmd. (**Gripið fram í:** Já, 480 þús. tonna álveri.) Já, 120 þús. tonna álveri. (**Gripið fram í:** 120?) 120. (**Gripið fram í:** 480 samkvæmt þessari þáltill.) 480 þúsund, gott og vel. Hvers vegna erum við þá hér í maraþonumræðum um umhverfismat? Af hverju tala ekki hv. þm. á þeim forsendum að þeir séu á móti álveri eins og þingflokkurinn er að berjst fyrir? (**ÖJ:** Ég hef alltaf gert það.) (**KolH:** Gerum það.) Já, hvers vegna er þá talað um umhverfismat? (**ÖJ:** Af því að það eru landslög.) Af því að það eru landslög um nýjar framkvæmdir. (**ÖJ:** Alveg rétt,

sem verið er að fjalla um hér.) Já, en það hagar öðruvísi til um þessa framkvæmd og menn eru sammála um það. Hins vegar ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. þm. að gefa ræðumanni næði til að tala.)

Hins vegar skil ég ekki (**Gripið fram í:** Er verið að efna til ófriðar?) tvískinnunginn í þessu máli. Það er ætíð svo að ef hv. þm. stjórnarandstöðunnar er svarað þá er verið að efna til ófriðar. Ég hef málfrelsi í þessu máli og ætla að notfæra mér það. Ég vona að umfjöllun þingsins um þetta mál verði vönduð. Ég veit það reyndar og er t.d. viss um að umhvn. mun finna votlendi, land sem hægt er að gera að votlendi. Ég get veitt hv. 14. þm. Reykv. svolitla leiðsögn í því og kannski boðið henni í ferð til Austurlands á nokkra staði sem að kæmu til greina. Það tilboð stendur. En ég vona að umfjöllun um þetta mál verði vönduð og leiði til farsællar niðurstöðu.

[17:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á tvennt: náttúruverndarsjónarmið og hin efnahagslegu rök. Það er rétt að við höfum lagt aukinn þunga á hin efnalagslegu rök þegar það rennur betur og betur upp fyrir okkur hvílíkt efnahagslegt og fjárhagslegt glapræði er hér á ferðinni. Það er rangt sem fram kom í máli hv. þm. að við gerum lítið úr efnahagslegum þætti málsins, þvert á móti leggjum við áherslu á hann. Við höfum vakið athygli á greinarskrifum virtra hagfræðinga í Frjálsri verslun, þar sem Sigurður Jóhannesson telur að 13 milljarða króna tap verði af Fljótsdalsvirkjun. Ég beini þeirri spurningu til hv. þm.: Hefur hann ekki áhyggjur af því (Forseti hringir.) að hann sé að skapa Austfirðingum valkost sem býður upp á að fjórði hver vinnandi maður á Austfjörðum vinni í álveri eða starfsemi henni tengdri?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. verða að virða tímamörkin því það eru margir sem vilja veita andsvör.)

[17:08]

Jón Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég held mig við spurninguna, tímans vegna. Ég hef ekki miklar áhyggjur af því að skapa nýja atvinnugrein á Austurlandi. Það eru til fyrirtæki, jafnvel í sveitarfélaginu þar sem þetta fyrirtæki á að rísa, jafnstór og þetta fyrirtæki á að vera sem hafa jafnmarga innan sinna vébanda. Það á ekki að reisa þetta fyrirtæki úti á eyðieyju heldur í öflugu sveitarfélagi þar sem það yrði ein stoð til viðbótar undir atvinnulífið.

[17:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef vægast sagt áhyggjur af ábyrgðarleysi stjórnarsinna í þessu máli. Ég hef áhyggjur af því að menn skuli setja svona mörg egg í eina körfu, ekki aðeins gagnvart Austfirðingum. Þetta er ekki aðeins óábyrg stefna gagnvart Austurlandi og Austfirðingum. Þetta er engin byggðastefna. (**Gripið fram í:** Jú.) Nei, hér eru menn að þjóna allt öðrum hagsmunum.

Einnig gagnvart íslensku þjóðinni er verið að setja of mörg egg í eina körfu. Menn ætla á örskömmum tíma að taka, ekki bara tugi milljarða út úr hagkerfinu og beina því inn í þennan farveg heldur er rætt um á þriðja hundrað milljarða. Menn eru að tala um slíkar upphæðir. Fullbúið álverið mun kosta um 120 milljarða og fyrsti áfangi virkjunarinnar um 30 milljarða. Það er óhætt að margfalda það með þremur eða fjórum til að sinna þeirri orkuþörf sem hér er verið að ráðast í. Þetta er fullkomið ábyrgðarleysi.

[17:10]

Jón Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ef það er ekki byggðastefna að nýta orkulindir landshlutans í landshlutanum sjálfum þá bið ég ykkur að segja mér: Hvað er byggðastefna? Auðvitað er það byggðastefna og ekkert annað.

[17:10]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson vitnaði í ræðu mína frá því í gær þar sem ég bar saman hvað við fengjum fyrir orkusölu til stóriðju og hvað við þyrftum að borga sjálf. Þar kom fram að 3 milljarðar fást fyrir 60% orkunnar til stóriðju og 6 milljarðar fyrir okkar notkun. Ég tel ekki við hæfi, hæstv. forseti, að stilla hlutum upp þannig að 3 milljarðarnir sem fara til stóriðju skapi 21 milljarð en minnast ekki á sama tíma á 6 milljarðana sem við notum standa fyrir öllum okkar heimilisrekstri og iðjurekstri fyrir utan þann sem notar svartolíu vegna þess að raforkuverð er of hátt.

[17:11]

Jón Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Auðvitað er það alveg ósambærilegt. Ég gæti svarað því ef ég hefði lengri tíma til að bera saman orkusölu til stóriðju og orkusölu á almennan markað. Það er ólíkt þegar orkan er afhent við stöðvarvegg á orkuveri til álverksmiðju eins og er hér t.d. í Straumsvík og hefur verið um árabil. Þetta er algjörlega ósambærilegt en þennan blekkingaleik er búið að leika í áraraðir. Til hans er alltaf gripið þegar í harðbakkann slær.

[17:12]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)***:**

Er það blekkingaleikur að horfast í augu við staðreyndir? Staðreyndin er sú að mörg fyrirtæki í landinu eru að færa sig úr íslenskri orku og yfir í innflutta orku, gjarnan svartolíu. Það er að gerast núna þegar við erum að losna við svokallaða umframorku til stóriðju. Ég veit ekki betur en að á þeim tíma sem við áttum afgangsorku, bara fyrir fjórum árum síðan, hafi Landsvirkjun skilað methagnaði.

Það er greinilegt að það skiptir máli hvort maður lítur á þessa hluti í stóru samhengi eða ekki. Okkar málflutningur hefur einmitt byggst á að horfa eigi á þessi mál í stóru samhengi, þjóðfélagslegu samhengi, en ekki á einangruð fyrirbæri.

[17:13]

Jón Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í iðnrn. hefur verið unnið að mjög róttækum skipulagsbreytingum í orkugeiranum sem eiga að miða að því að lækka raforku til almenningsnota, sem full þörf er á. Það breytir hins vegar engu um þennan samanburð sem ætíð hefur verið út í hött eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu.

[17:15]

Þuríður Backman *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson beindi orðum sínum til mín og nefndi að stóriðjan skilaði arði sem við gætum síðan notað til þess að byggja upp. Jú, ég nefndi annað en stóriðju til að byggja upp atvinnulíf. Ég nefndi að það ætti að styrkja atvinnuþróunarfélögin sem mundu styrkja og koma á fót annarri starfsemi sem einnig mundi skila arði og atvinnu inn í fjórðunginn. Ég trúi því að atvinnuþróunarfélögin styðji

ekki fyrirtæki öðruvísi en að þau séu arðvænleg og fleiri og smærri fyrirtæki inn í fjórðunginn eru ekki síður heppileg en ein stór álverksmiðja.

Ég nefndi líka að það bæri að styrkja framhaldsnám. Framhaldsnám skilar sér inn í atvinnulífið og styrkir atvinnulífið. Ég tala nú ekki um háskólanám. Það styrkir líka atvinnulífið og skapar störf á svæðinu.

[17:15]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í sjálfu sér alveg sammála hv. 5. þm. Austurl. nema að því leyti til að þó að atvinnuþróunarfélög séu alls góðs makleg — við höfum eitt slíkt með ágætum starfsmönnum á Austurlandi sem hafa unnið gott starf — þá gerist ekki öll atvinnuuppbygging á skrifborðum í atvinnuþróunarfélögum. Þau eru ráðgjafarstofnanir. Fyrirtækin eru undirstaðan og það þarf að fá umsvif inn í landshlutann, umsvif sem hafa t.d. reynst þessum landshluta hér mjög öflug. Eins ég sagði í fyrstu ræðu minni þá höfum við langa reynslu af þeim umsvifum á þessu svæði og þau hafa reynst drjúg í byggðaþróuninni í landinu.

[17:16]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði, að það gerist ekki allt á skrifborðinu. Þaðan kemur ráðgjöfin til margra og ekki veitir af. Til þess að gera fyrirtækjunum kleift að hefja starfsemi og verða arðbær þurfa ýmis skilyrði að vera til staðar, þ.e. ýmis almenn skilyrði. Það eru skilyrði sem sveitarfélögin geta búið fyrirtækjunum, það eru ýmis skilyrði sem snúa að skattlagningu og ýmis almenn skilyrði sem koma fyrirtækjum til góða svo ég tali ekki um bættar vegasamgöngur og fjarskiptabúnað og annað af þeim toga sem styður alla atvinnustarfsemi.

[17:17]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á í þessu sambandi að það er eins og hv. þm. sé þeirrar skoðunar að með því að fá þetta fyrirtæki inn í fjórðunginn þá muni verða allsherjardauði á öllum öðrum sviðum, (**ÞBack:** Nei.) að menn muni ekki gera nokkurn skapaðan hlut meira, það muni ekki verða byggð upp menntun eða nokkur skapaður hlutur og menn muni ekki skipta við atvinnuþróunarfélagið. Auðvitað mun þetta fyrirtæki efla þá starfsemi sem fyrir er í fjórðungnum sem er mjög fjölbreytt. Margt er þar vel gert. Ég er sannfærður um að þessi starfsemi mun hleypa lífi í margar hliðargreinar vegna umsvifanna sem fylgja henni. Við erum ekki sammála um þetta en við þingmenn Austurlands erum vissulega sammála um markmiðin í menntamálum og félagsmálum. Okkur greinir ekkert á um þau.

[17:18]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni styð ég framfarir í störfum þingsins. Ég styð aukna þjónustu. Ég studdi tölvuvæðingu, studdi sjónvarpsvæðingu. Ég styð veðsíður nefndanna af fullum krafti. Ég vil gera meira. Ég vil opna nefndirnar. Ég vil hafa möguleika á opnum fundum og jafnvel fundum þar sem fjölmiðlum er hleypt að. En ég styð ekki þegar við erum að opna vefsíður fyrir allar nefndir að þá sé það ekki forsn. sem kynnir það, ekki nefndasviðið, ekki formenn nefndanna, heldur að gefið sé til kynna með því að iðnn. haldi blaðamannafundinn um vefsíðu iðnn., að verið sé að opna leið fyrir almenning til að koma með sjónarmið sitt til þingsins, þ.e. réttlæting á því að verið sé að fá þinginu verkefni sem á að vera annars staðar samkvæmt lögum sem þingið hefur sett.

[17:19]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil alveg hvað hv. þm. er að fara. Hún vildi bara fína kynningu frá forsn. En hún vill ekki kynningu þar sem menn geta séð að það á að nota síðuna til einhverra ákveðinna hluta, til að fjalla um ákveðið mál sem er hjá nefndinni. Forsn. hefði átt að kynna síðurnar með einhverju huggulegu boði og tala almennt um þær. En þarna er heimasíðan kynnt á ákveðnu augnabliki þannig að fólk viti að það getur notað síðuna til að koma á framfæri umsögnum sínum um ákveðið mál. Það er þetta sem ég skil ekki.

[17:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn veit nákvæmlega hvað ég er að segja. Ég ætla að gera það fyrir hann að segja það einu sinni enn: Það er verið að nota þetta mál, þetta góða mál í þinginu, sem snýr að öllum nefndum, í blekkingavef stjórnarliðanna. Það er það sem verið er að gera og ég mun ekki orða það meir.

[17:21]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þjóðin hefur margt að segja um þetta stóra mál og því er verið að koma því á framfæri að iðnn. hefur opnað heimasíðu þar sem fólk hefur beinan aðgang að iðnn. og getur komið sjónarmiðum sínum á framfæri um þetta stóra mál sem er til umfjöllunnar í nefndinni. Ég er mjög hissa á því ef að þingmenn líta á það sem einhvern vondan hlut.

[17:21]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. Jón Kristjánsson sé stoltur og ánægður yfir því að nefndasviðið skuli vera búið að taka tæknina í sína þjónustu. Við erum öll heldur ánægð. Á bls. 2 þess þingskjals sem að við erum að fjalla um, þ.e. athugasemdir við tillögugreinina, segir, með leyfi forseta:

„Þá er og á þennan hátt tryggð aðkoma almennings að málinu því að almenningi gefst nú kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingnefndina við hina þinglegu meðferð málsins.“

Þess vegna vil ég spyrja hv. þm.: Er auglýsing iðnn. á netfanginu sínu til þess að almenningur geti pantað tíma hjá nefndinni svo hann geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri, samanber það sem segir hér í greinargerðinni?

[17:23]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir ótrúlegt að iðnn. taki 265.000 viðtöl við þjóðina (Gripið fram í.) Hins vegar getur þjóðin — ef ég má fá hljóð — notað þessa heimasíðu til þess að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við nefndina. Ég kalla það að almenningur hafi aðgang að nefndinni. Stjórnarandstaðan getur kallað það hvað sem hún vill en ég tel þetta aðgang í samræmi við nútímatækni og samræmi við nútímasamskiptamáta. Fjöldinn allur af fólki hefur samband t.d. við mig sem þingmann á netinu og ég svara þeim fyrirspurnum sem koma. Það er nútímalegt.

[17:24]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst í rauninni undravert hversu þingmaðurinn telur þjóðina áhugasama um málið. Hann reiknar þá með að öll þjóðin biðji um viðtal. Ég er reyndar nokkuð viss um að ef opnað verður á viðtöl eins og greinargerðin gefur til kynna, muni verða býsna langar biðraðir eftir slíkum viðtölum. Ég kýs að líta svo á að það hljóti að vera svo að menn geti ekki einskorðað vinnubrögðin við það að einungis þeir sem hafi aðgang að tölvu fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Aðrir hljóta að hafa einhvern rétt líka og af því að hv. þm. nefndi að viðtöl ætti að taka með nútímatækni, má þá e.t.v. reikna með því héðan í frá að nefndir fái ekki heimsóknir, heldur sitjum við með tölvurnar okkar á nefndarfundum og skoðum hverjir hafi sent inn athugasemdir?

[17:25]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þessi umræða vera komin dálítið út í móa ef svo má segja. Það er náttúrlega alveg ljóst að þingnefndir hafa ekki tekið einstaklinga til viðtals í stórum stíl. Það vita hv. þm. sem hafa verið á þingi. Hins vegar hefur almenningur í landinu aðgang að þingmönnum og það er til fleiri samskiptamátar en tölvur. Þeir sem hafa ekki tölvu og hafa áhuga á því að koma málum á framfæri geta væntanlega skrifað bréf. Sú leið er enn í fullu gildi. Margs konar samskiptamátar eru til fyrir almenning til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við Alþingi. Það er alveg nýtt (**Gripið fram í:** Við nefndina.) ef það er alveg útilokað fyrir almenning í landinu að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við þingnefndir. Hvenær varð það? Hvenær var múrað á milli þingnefnda og almennings í landinu eða þingmanna og almennings í landinu? Ég kannast ekki við það.

[17:26]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 204. mál, frv. BH o.fl., þskj. 238.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 205. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 239.

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 206. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 240.

Útvarpslög, 207. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 241.

[17:27]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vona að öllum sé ljóst að ekkert vandamál er stærra á Íslandi en sú mikla byggðaröskun sem við stöndum frammi fyrir, sú mikla byggðaröskun sem átt hefur sér stað áratugum saman, sú mikla byggðaröskun sem allar ríkisstjórnir hafa reynt að sporna gegn en fæstum tekist. (Gripið fram í.) Núna uppi á síðkastið hefur okkur gengið sérlega illa og fólksstraumurinn til Reykjavíkur hefur aldrei verið meiri. Það er mikið áhyggjuefni, ekki síður fyrir stjórnvöld hér, bæjarstjórnir og borgarstjórn, hvernig eigi að taka við þessum mikla mannfjölda. Við sjáum fram á gríðarlegan kostnað fyrir þjóðfélagið við að taka á móti honum. Við sjáum fyrir gríðarlegt tjón við að skilja eftir hús, samgöngumannvirki og þjónustuver, alls kyns opinbera þjónustu sem nýtist ekki. Það er því ekkert í efnahagsmálum okkar sem okkur ríður jafnmikið á að reyna að vinna að eins og að sporna gegn þessu. Gríðarlegir fjármunir eru í veði fyrir þessa kynslóð og þá næstu við það að okkur takist þetta.

Eins og ég sagði áðan hafa allar eða flestar tilraunir til þessa mistekist. Þó skulum við ætla að við höfum unnið oft varnarsigra og ekki gera lítið úr því sem gert hefur verið. Þetta mál snýst um að virkja norðan Vatnajökuls. Það er er nú ekkert nýtilkomið að menn frétti af vatnsafli norðan Vatnajökuls. Menn hafa vitað ansi lengi að þetta afl væri til. Því er nokkuð undarlegt þegar menn koma hér, herra forseti, og tilkynna að það sé hreinn glannaskapur að ætla að virkja þetta vatnsafl og nýta það fyrir íslenska þjóð því þetta sé svo rosalega mikið vatnsafl og svo gríðarlega mikla peninga þurfi til þess að nýta það. Þetta eru alveg skelfilegar ræður. (**Gripið fram í:** Glæfralegt.) Glæfralegt skulum við nota, herra forseti, það er réttara. En ég held nú að það hafi legið fyrir lengi að íslensk þjóð yrði að fara út í þann glæfraskap að nýta þetta vatnsafl á Íslandi, bæði norðan Vatnajökuls svo og annars staðar. Þjórsár- og Tungnársvæðið er stærsta og mesta vatnasvæði Íslands. Þar reikna menn með því að geta virkjað 1.400 megavött. Það eru glæfralegir peningar ef við förum að taka það allt saman hvað kosti nú að virkja þar og hvað kosti að byggja þau álver og verksmiðjur sem þarf til að nýta það.

En í því er framtíð Íslands fólgin ef við getum nýtt þetta. Að það sé glæfralegt að nýta vatnið norðan Vatnajökuls, til hvers? Til þess að nota það í iðjuver á Austfjörðum. Hv. 13. þm. Reykv. lýsti yfir gríðarlegum áhyggjum af því, finnst mönnum það ekki hryllilegt eða voðaleg sýn ef fjórðungur íbúa Austfjarða fer að vinna í álveri sagði hann. Hann tók það margsinnis fram. Værum við betur settir ef einn fjórði af vinnufæru fólki á Austfjörðum flyttist til Reykjavíkur og færi að vinna þar í verksmiðjum eins og þróunin hefur verið á undanförnum áratugum, liði þá hv. þm. betur? Værum við þá betur komnir ef fylgt væri þeim ráðum sem átti að fylgja, að virkja fyrir austan en flytja rafmagnið suður á Keilisnes? Það væri ekki sama ógnin sem stafaði af því þá. Hvernig á að skilja þennan málflutning?

Það sama kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Hún sagði okkur frá því að voða góður vinur í Noregi, voða góður vinur, hefði gert henni grein fyrir því að þetta væri ekkert voðalega mikið eða gott að fá svona álver. Hún þekkti svona vin. En ég minni nú á það að þessi hv. þm. var stjórnarþingmaður 1988–1991, hann var stjórnarþingmaður 1991–1995, m.a. á þeim tíma hæstv. ráðherra og studdi þá öll þau áform sem uppi voru að virkja fyrir norðan og flytja rafmagnið suður. Það er kannski ekkert voðalega gott að fá svona álver, það er svona fólk í járniðnaði sem vinnur þar. Þetta er nú hugguleg umræða. Bara svona fólk í járniðnaði. Ég hélt að menn gerðu sér grein fyrir því að ef hægt er að ná raforkusamningum, sem ég vona sannarlega, þá hefur það gríðarlega þýðingu fyrir þessar byggðir vegna þess að það er í fyrsta skipti sem við getum notað hátækni og mikið fjármagn til að reyna að sporna við þessari byggðaþróun. Það er í fyrsta skipti sem við höfum tækifæri til þess. Það er gríðarlega mikið í húfi.

Hér var líka spurt: Hvað varðar það Vestfirði þótt Austfirðir byggist? Hvað varðar það Vestfirði? Það varðar Vestfirði mjög miklu. Það varðar þá mjög miklu að Austfirðir byggist. Við sem elskum okkar heimahaga við getum alveg skilið Austfirðinga og við stöndum þess vegna heils hugar með þeim og fögnum því ef tekst að snúa byggðaþróuninni þar við. Okkur varðar það mjög miklu. Það er gríðarlega

mikils um vert.

Eitt af því alundarlegasta, herra forseti, er það að þeir menn sem hafa árum saman komið upp, eins og hjartað væri rifið úr brjósti þeirra í hvert sinn sem nokkurt fyrirtæki var einkavætt vegna þess að þeir treystu ekki hinu alþjóðlega kapítali hafa nú hinar mestu áhyggjur af því að nú ætli opinber fyrirtæki að fara sér að voða. Þeir benda á það að lærðir og frægir hagfræðingar, jafnvel frjálshyggjumenn, hafi reiknað það út að tapið væri svo og svo mikið, jafnvel 13 milljarðar hefur einhver reiknað út. Hvernig fór þessi lærði mikli hagfræðingur sem er jafnvel frjálshyggjumaður að reikna þetta? Veit einhver til þess að samningur hafi verið gerður um álverið, veit einhver til þess að það hafi verið gerður samningur um raforku? Hvernig gat hann reiknað það ef enginn veit tekjuhliðina? (Gripið fram í.) Það var gert við Blöndu, hv. þm., við ætlum ekki að endurtaka það aftur, það var nú nóg, það gerum við ekki aftur, það var gert þá og við skulum vona að það endurtaki sig nú ekki. (Gripið fram í.) Það veit enginn tekjuhliðina, það er það sem þetta stendur um, það stendur um það að fara í viðræður til þess að tryggja að það náist samningar um það raforkuverð sem dugar til að standa undir þessari virkjun. Við vitum það ekki enn þá. Vonandi tekst það því íslenskt efnahagslíf á mjög mikið undir því að það takist. Það er sérlega mikilvægt og sérlega ánægjulegt ef það tekst vegna þess að það kemur landsbyggðinni til góða, það kemur Austfjörðum til góða, það kemur landshluta sem hefur verið í mjög mikilli vörn lengi til góða. Það gefur okkur nýja von um að við getum fundið viðspyrnu gegn þeirri miklu vá sem steðjar að Íslandi þegar við horfum til þeirra fólksflutninga sem við höfum ekki ráðið við.

Margir hafa haft á orði þá þrjá daga sem þessi umræða hefur staðið að hún væri óþörf. Sérstaklega hafa nú stjórnarandstæðingar talað nokkrum sinnum um það. Vissulega er það rétt, herra forseti, að það er engin lagaleg skylda vegna þess að það var öllum lagalegum atriðum fullnægt til að fara í þessa virkjun en það var pólitískt talið rétt til þess að það kæmi fram hver væri vilji Alþingis. (**RG:** Nei, af því að menn eru hræddir.) Ég vil nú segja það hér, svo geta menn dæmt um það hver hefur músar- eða ljónshjarta í þessu máli. Ég vil segja það að ég fagna umræðunni mjög, hún hefur verið til mjög góðs, ég hefði ekki séð eftir því að nota næstu viku í að ræða þetta líka. Ég verð að viðurkenna það, herra forseti, að ég skil ekki stjórnmálaflokk sem kemur og lýsir því yfir að það sé stefna hans við ættum ekki að nýta fallvötn Íslands, vatnsafl Íslands. Kemur og lýsir því yfir. Ég skil það ekki og ætla ekki að reyna að skilja það. Þeir verða að reyna að botna í sjálfum sér. Ég harma það hins vegar að hinn stjórnarandstöðuflokkurinn sem stóð að þessum hlutum frá 1988–1995, stóð að þeim öllum, að því einu breyttu að það átti að reisa verksmiðjuna á Keilisnesi í kjördæmi hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Þar hefðu járniðnaðarmenn getað unnið. Ég harma að þeir hafa farið í þann kattarþvott, sumir eru með og aðrir vita ekki hvar þeir eru, en þeir vilja þetta umhverfismat. Við vitum það öll að kannski eru tækifæri til að semja núna. Þess vegna ætlum við að reyna að nýta það. Ef við færum að tefja þetta mál og allt tal um umhverfismat er bara til að tefja það. Ég vona að öllum sé það orðið ljóst eftir þessa þriggja daga tal, það er bara til að tefja málið. Þá gætum við misst af þessu tækifæri og það væri ófyrirgefanlegt fyrir byggðir Íslands, fyrir íslenskt efnahagsmál ef við færum að rata í þá hluti.

[17:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjásson er gamansamur maður en ekki var hann ábyrgur í þessari ræðu. Nú er ég farinn að skilja hvers vegna ríkisstjórnin kemst fram með þetta mál með stjórnarmeirihlutann að að baki sér eins óábyrgur og hann er. Virkjum, virkjum, virkjum, það er framtíðin. Þetta var boðskapur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Við höfum fært rök fyrir því að þetta sé óráðlegt vegna þess að við séum ekki aflögufær ef við ætlum að verða sjálfum okkur nóg um orku. Ég get fært rök fyrir því að þetta sé óráðlegt af þeim orsökum. Við höfum bent á að þjóðhagslega sé þetta óráðlegt og við höfum leitt til vitnis fjölda hagfræðinga, fjölda fræðimanna, sem að hafa sýnt fram á miklar líkur séu á því að það verði tap, milljarðatap, af þeirri virkjum sem við erum að tala um hér. Við höfum einnig fært rök fyrir því að óráðlegt sé að taka eins mikla fjármuni og hér er gert ráð fyrir að taka út úr efnahagslífinu og beina þeim inn í þennan farveg. Í fyrsta áfanga á að taka 60 milljarða króna. Álverið allt á að kosta 120 milljarða króna og sennilega munu virkjanirnar sem þarf til að knýja það kosta annað eins. Ég hef áhyggjur af því ef að hv. alþingismenn ætla að taka á þessari rökræðu á eins léttúðugan hátt og óábyrgan eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson leyfði sér að gera hér.

[17:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn eru svo rökþrota að þeir eiga ekki annað að tala um en að pólitískir andstæðingar þeirra séu gamansamir, séu óábyrgir, taki þessu af léttúð, þá er það þeirra mál. (**RG:** Það er þingmaðurinn sjálfur sem gerir það í sinni ræðu.) Það kann að vera að sumir séu gamansamari en aðrir. Það liggur fyrir hvernig fjárfestingar hafa verið í íslenskum stóriðnaði síðustu þrjátíu árin. Það liggur allt fyrir að það hafi skilað mjög miklum arði, liggur alls staðar fyrir á öllum skýrslum og það hefur enginn vefengt það. Það hefur orðið Íslandi og íslensku efnahagslífi til mikillar gæfu þó enginn hafi haldið því fram að það væri kannski mestu og bestu viðskipti sem við gætum nokkurn tímann haft. Það voru mjög ábyrgir menn sem stóðu fyrir þeirri tæknivæðingu og þeim virkjunarframkvæmdum. Það var ekki af léttúð eða gamansemi sem við fórum af stað með stóriðju og það er ekki heldur verið að gera það af léttúð og gamansemi í dag. Þó menn komist ekki hjá því að brosa stundum yfir hjákátlegum málflutningi þeirra sem hafa gegnum ár og tíð barist fyrir opinberum rekstri en treysta svo ekki fyrirtæki eins og Landsvirkjun til þess að geta fjárfest og samið um raforkuverð. Það hefur enginn samið um raforkuverð enn þá. Við vitum ekkert hvernig þeir samningar fara, það gæti farið svo að við næðum ekki samningum. Það hefur engum manni dottið í hug að fara að virkja eða byggja álver án þess að við fyndum rekstrargrundvöll fyrir því. Ekki nokkrum einasta manni. Landsvirkjun mun aldrei byggja þessa virkjun nema hún geti selt raforkuna á verði sem hægt er að sætta sig við, það hefur aldrei staðið til, allir reikningar um að þetta séu 13 eða 10 eða 14 milljarða tap, það er bara út í loftið, bara vitleysa. Menn eru bara að gefa sér staðreyndir sem þeir vita ekkert um. Það er fullkomlega ábyrgt af mönnum að fara út í samninga um raforkuverð og leita allra leiða til þess að gera vatnsaflið arðbært.

[17:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður tíðrætt um raforkuverð. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur segir í grein í Frjálsri verslun nýlega að rafmagnsverð til stóriðju þurfi að hækka um tæp 60% frá meðalverði ársins 1998 ef virkjunin eigi að bera sig. Annar hagfræðingur heldur því fram að tap Landsvirkjunar af stóriðju hafi numið tæpum 26 milljörðum króna á árunum 1996–1997. Síðan getum við deilt um það hvaða áhrif þetta hafi haft í þjóðarbúið. Það er önnur saga. En ég vek athygli á þessu að gefnu tilefni, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að enginn hefði vefengt þetta, að stóriðja og virkjanir í þágu stóriðju hefðu skilað þjóðinni hagnaði. Ég er að vitna í tvær greinar sem ég hef hér við höndina núna, en ef málflutningurinn er reistur á rökum af þessu tagi þá er undirstaðan veik og þá skil ég það að menn þurfi að hafa hátt.

[17:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þarflítið að ræða það hvort virkjanir síðustu þrjátíu, fjörutíu árin hafa skilað íslensku þjóðarbúi jákvæðum árangri eða ekki. Ef það eru einhverjir sem vilja trúa hinu að svo hafi ekki verið verða þeir að lifa í þeirri trú. (**Gripið fram í:** Hvað sagðir þú sjálfur um Blöndu áðan?) Við byggðum Blöndu vegna þess að Alþingi samþykkti það samhljóða og hún þurfti þess vegna að bíða í þrjú ár eftir að fá samning eða fjögur þar til gátum farið að nota hana.

Þetta er dæmi um það þegar alþingismenn taka fram fyrir hendurnar á þeim sem eiga fjárfestingarnar. Allir eru sammála um að við gerðum rangt með að fara í Blönduvirkjun án þess að hafa gert samninga um orkusölu. Um það eru allir sammála. Við getum deilt á þá flokka sem að því stóðu, allir stjórnmálaflokkar Íslands stóðu að því á sínum tíma. Við ætlum ekki að endurtaka það. Aðalatriði þessa máls er að við erum þess fullviss að raforkan í landinu mun halda áfram að skila okkur miklum arði og við ætlum að vinna að því af fullri einurð.

[17:46]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að menn greini ekki á um að þjóðhagsleg hagkvæmt hafi verið að virkja og byggja verksmiðjur. En menn greinir á um hagkvæmni virkjananna einna og sér. Í því sambandi væri fróðlegt að menn rifjuðu upp hver arðurinn hefur verið af Landsvirkjun undanfarna áratugi. Spurningin er þessi: Hvaða kröfur þarf að gera, hvað þarf rafmagnið að kosta? Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi hér áðan ákveðið verð, veit hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson eitthvað meira?

Eins og hv. þm. lýsir því tók Alþingi ákvörðun um Blönduvirkjun án þess að hafa nægilega öruggar upplýsingar í höndunum. Mér sýnist að hér eigi Alþingi að taka ákvörðun um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun án þess að hafa nokkuð í höndunum. Það liggur nákvæmlega þannig fyrir og út á það gengur þessi tillaga. Ef hv. þm. veit meira en þegar er fram komið um niðurstöðuna, þá mundi það nú strax upplýsa málið nokkuð.

Síðan er líka spurning um við hverja gera eigi þessa samninga. Við hverja á að semja? Norsk Hydro er talið verða með 20–25% eignaraðild að virkjuninni. Hverja aðra á að semja við? Við sjáum ekki þann hóp enn þá. Þar er líka eitthvað óljóst. Samt er gerð krafa um að Alþingi samþykki framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Getur hv. þm. upplýst betur um þessa þætti sem vefjast fyrir býsna mörgum?

[17:47]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þáltill. er hugsuð sem pólitískur stuðningur við mál sem fyrir löngu hefur verið ákveðið og allar lagalegar forsendur eru fyrir. Tillagan er bara viðbót. Fyrir liggur að það er mismunandi hvernig ber að reikna arðsemina af framkvæmdunum. Við vitum ekki nákvæmlega hvers er von í því. Það fer líka eftir því hvaða forsendur menn gefa sér. Það er mismunandi hvað menn ætla að taka sem vexti af eigin fé, hvaða kosti menn eiga til að taka erlend lán o.s.frv. Einnig er þetta spurning um hvernig fjármögnuninni verður hagað.

Það má líka reikna þetta eftir því hvort menn ætla að taka inn gamlar afskriftir, gera eina virkjun og nýta hana og láta hana standa undir álveri eða láta fyrirtækið í heild standa undir því. Ætla menn þá að taka inn í dæmið afskrifaðar virkjanir o.s.frv.? Þetta er mjög flókið mál og ekkert liggur fyrir um hvernig það verður reiknað. Það er líka mjög flókið mál að semja um álver og raforkuverð. Það liggur heldur ekki fyrir að við getum náð neinum slíkum samningum. Það er alveg ljóst. Ég sagði það hér í gær og í fyrradag við umræður að ég væri í þeim hópi sem væri frekar svartsýnn á að okkur tækist það.

En það er svo mikið í húfi fyrir íslenskt efnahagslíf, svo mikið í húfi fyrir íslenskar byggðir að það væri fásinna, ófyrirgefanlegt glapræði ef við nýttum ekki alla þá möguleika sem við höfum til að reyna að ná samningum. Það er einnar messu virði að reyna að ná þeim, það fer þá ekki lengra. Við munum standa að þessari þáltill. og styðja vilja og tilraun ríkisstjórnarinnar til þess að ná samningum. Við munum skapa grundvöll fyrir að fara í þessa virkjun ef þess er nokkur kostur. Um það snýst þetta mál, herra forseti.

[17:49]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér á að veita pólitískan stuðning við framhald framkvæmda án þess að vitað sé við hvern á að semja og um hvað. Þetta er býsna traustvekjandi. Ég tók eftir því að í umræðum og fyrirspurnum manna um þær niðurstöður sem einhverjir hagfræðingar hafa komist að, um að þetta væri ekki hagkvæm virkjun, að hæstv. iðnrh. svaraði því til að fjárfestar mundu meta það. En hver er fjárfestir í þessari virkjun? Hann er bara einn. Það er Landsvirkjun. Svona svör eru ekki boðleg og ég verð að segja, herra forseti, að þau svör sem menn hafa borið á borð varðandi arðsemi eru ekki þess eðlis að þau geri þessa samþykkt meira traustvekjandi en hún hefur verið. Auðvitað hlýtur Landsvirkjun að krefjast vaxta af eigin fé svipað og aðrir fjárfestar mundu gera. Eða hvað? Gefur hún afslátt af slíku, krefst hún annars? Í þeim dæmum sem ég hef séð hafa menn gefið sér mismunandi forsendur en flestar leiða því miður til þess að þetta verði ekki arðbært. Af því hljótum við að hafa áhyggjur.

[17:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög sennilegt ef menn ætla að gera eina vatnsaflsvirkjun og ætla henni að standa undir sér þá þurfi orkuverðið í dag að hækka verulega. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir. Ég skal ekki segja nákvæmlega hve mörg mill það yrðu, þau gæti verið 17, 18 eða 19. Ég þekki

það ekki og skal ekki fullyrða neitt um það. Hins vegar liggur það fyrir að við eigum afskrifaðar virkjanir og að við höfum farið út í virkjanir við Þjórsá og erum að byrja að byggja núna við Vatnsfell. Við ætlum okkur einnig að fara í virkjun við Búðarháls. Við ætlun að byggja þessar virkjanir. Við erum að nýta þessa raforku og ætlum að nýta Ísland allt. Það er í framtíðinni sem arðsemin kemur fram. Það getur verið fórnarkostnaður í mörg, mörg ár þar til menn fá arðinn. Þessar framkvæmdir skipta máli til lengri tíma, fyrir Íslendinga, borna sem óborna. Þannig vonumst við til að geta staðið að málinu.

[17:52]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um gildi stóriðju, stóriðjustefnu og orkuvinnslu fyrir landsbyggðina. Enginn hefur talað um að ekki ætti að virkja. Spurningin er um hvernig, hvenær og til hvers menn eigi að virkja. Ég vil spyrja hv. þm. af því að hann gerir sér svo vel grein fyrir afleiðingum slíkra fjárfestinga fyrir byggðirnar: Hve stóran þátt telur hann að ákvörðun um gífurlega uppbyggingu á stóriðjusviði á suðvesturhorninu hafi átt í flutningi manna suður? Eru það 1.000 eða 1.200 manns af þeim sem hafa flutt sem eru í allt á þriðja þúsund? Hver er afleiddur kostnaður? Hér á höfuðborgarsvæði tala menn um afleiddan kostnað upp á tugi milljarða. Talað er um 10, 15 milljarða á einu ári, þetta er erfitt að reikna. Eru menn að hugsa málið í þessum dúr? Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, ég vil beina spurningum mínum til hans, virðulegi forseti: Hvernig verður málum háttað varðandi þessa framkvæmd? Er það ekki svo að allt þetta fjármagn leggur sig hér í stjórnsýslunni þar sem hönnunin fer fram, innkaupin á efni, stjórnsýslan o.s.frv.? Ég held að það sé ekkert í hendi sem bendi til að þetta muni styrkja íslenskar byggðir. Ég held þvert á móti, og það hefur komið fram í mínum málflutningi, að svo stór högg skaði landið og byggðaþróunina.

[17:54]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um hvort ég skildi hv. þm. Það var dálítið erfitt. Ég veit hins vegar, herra forseti, að hingað til hafa byggðir landsins verið í varnarstöðu. Íbúum hefur farið fækkandi þar, á Norðurlandi öllu, á Austfjörðum, Vesturlandi og Vestfjörðum. Ég get ekkert fullyrt um hvaða áhrif það hefur að leggja í svo mikla fjárfestingu. Ég hef hins vegar mikla ástæðu til þess að vona, vegna þess sem gerst hefur annars staðar, að mikil og öflug fjárfesting, t.d. á Austfjörðum, gæti haft verulega þýðingu fyrir framtíðarþróun þeirra byggða.

Úr því að fólk getur flutt að norðan og suður þá geta menn alveg eins flutt austur. Það er alveg hugsanlegt og ekkert voðalegt til þess að vita að Austfirðingum fari að fjölga. Það þarf hvort sem er að byggja skóla, vegi og barnaheimili. Þjóðfélagsþegnum fjölgar og ekki er verra að það gerist á Austfjörðum en í öðrum landshlutum. Ég veit þetta og er bjartsýnn þó ég viti að þetta mun ekki leysa öll vandamál byggðarinnar. Ég er fullur bjartsýni á að þessar aðgerðir gefi þessum landshluta nýja von og möguleika sem ég veit að þá sárvantar. Þess vegna vona ég að þetta hafi þann farsæla endi að við náum samningum um raforkuverð. Við getum hafið byggingar, séð Austfirði dafna og fólki fjölga þar. Menn hafa trú á mikilli og stöðugri byggð þar í framtíðinni.

[17:56]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Væri það gott fyrir landið og fyrir byggðaþróun þó það fjölgaði um 500, 600 manns á Austurlandi vegna slíkra fjárfestinga ef það fækkaði um 3.000 áfram annars staðar í landinu? Ég er að tala um það. Hvað er svona sérstakt við íslenskt efnahagskerfi og gerir það að verkum að við getum farið út í stórfjárfestingar í þeim skala sem hér er um að ræða? Aðrar þjóðir þora ekki að gera hið sama. Aðrar þjóðir sem farið hafa í stórfjárfestingar, t.d. Danir varðandi brúargerð o.fl., hafa vandað sig mikið og meira að segja dregið framkvæmdir á langinn til þess að þenja ekki efnahagskerfið og skapa ekki það „búmm" sem við Íslendingar virðumst, samkvæmt því sem maður hefur tilfinningu fyrir hér í þingsalnum, elska út af lífinu. Því meira því betra. Því meiri óstöðugleiki, rask og flutningar því betra.

[17:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að allar þær þjóðir sem best hefur farnast hafa lagt gríðarlega á sig til þess að stuðla að jafnvægi byggðar. Norðmenn hafa gert það með mjög góðum árangri, Finnar gera það og Svíar leggja sig nú æ meira fram vegna þess að fólksflóttinn að norðan og suður verður alltaf meiri og meiri. Bandaríkjamenn eru fremstir allra þjóða í að byggja upp og gæta þess að raska ekki byggðum. Þeir eru með stórframkvæmdir og standa að því með einkaveðingu, með áhættufjármagni og setja upp verksmiðjur, flókinn iðnað, einmitt á þeim svæðum sem standa tæpt. Þeir vita hve mikil þjóðhagsleg nauðsyn er fólgin í að halda sem mestu jafnvægi. Menn geta svo deilt um hvort fjölgun um nokkur hundruð manns á Austfjörðum komi að gagni. Er uppgjöfin virkilega orðin svo mikil í mönnum að þeir gefi sér fyrir fram að þetta sé allt saman vonlaust? Ég vona, herra forseti, að svo sé ekki vegna þess að það er sannarlega von. Við eigum að leggja okkur fram til að láta það rætast.

[17:58]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Nú þegar kemur að lokum þessarar umræðu vil ég aftur ítreka þakkir fyrir ágætlega málefnalega umræðu. En af því mér gafst ekki tími í fyrri ræðu minni að svara öllum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint þá ætla ég að fara í nokkur atriði sem einstakir þingmenn hafa spurt um.

Ég ætla fyrst að koma að því sem fram kom áðan í andsvari hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Það var einfaldlega rangt. Ef hún hefði hlustað á umræðuna áðan þá hefði hún ekki farið með fleipur. (Gripið fram í.) Ég sagði einfaldlega að fjárfestarnir tækju ákvörðun um arðsemina af álverinu en Landsvirkjun tæki ákvörðun um fjárfestingaráformin varðandi virkjanirnar og þar væru kröfur af okkar hálfu, sem erum eigendur og förum með eignarumboð þjóðarinnar í þessu fyrirtæki, um 5–6% arð af eigin fé af þeim orkusölusamningum sem gerðir eru.

Í öðru lagi vildi ég halda því til haga sem ég sagði hér áðan, varðandi það sem oft hefur fram komið hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og snýr að útreikningum sem benda til þess að tap verði af framkvæmdunum. Hann vitnar hér í hagfræðinginn Sigurð Jóhannesson en í þeim útreikningum er raforkuverðið of lágt, afkastageta Fljótsdalsvirkjunar of lágt metin og reiknivextirnir sem fram koma of háir. Þessu

hefur verið haldið til haga við umræðuna og ég ítreka það hér.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði mikið úr því að hvert starf í stóriðju væri kostnaðarsamt í samanburði við ferðaþjónustuna. Það er alveg rétt. Hvert starf í stóriðju er kostnaðarsamt, þ.e. fjárfestingin í hverju starfi er mjög kostnaðarsöm miðað við ferðaþjónustu. En það er ekki það sem menn eiga að horfa á, það sem menn eiga að horfa á í því samhengi eru þær tekjur sem einstaklingarnir hafa af hverju starfi. Og þegar við skoðum hagskýrslu Þjóðhagsstofnunar og berum saman launakostnað per ársverk, annars vegar í stóriðjunni og hins vegar í ferðaþjónustunni og tek ég þar hótel- og veitingaþjónustuna, þá eru laun fyrir hvert ársverk í stóriðjunni 2,4 millj. á meðan laun á hvert ársverk í ferðaþjónustunni eru 1,1 millj. Það er helmingsmunur og meira en það. Það eru því greidd helmingi hærri laun í stóriðjunni en í hótel- og veitingastarfsemi.

Hv. þm. kom inn á rammaáætlun ríkisstjórnarinnar sem verið er að vinna að og hv. 17. þm. Reykv., Kolbrún Halldórsdóttir, kom einnig inn á og fagnaði því að slíkt væri farið af stað og það er gott að heyra vegna þess að við erum fyrr á ferðinni en nokkrir aðrir. Norðmenn fóru af stað með slíka rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma í Noregi þegar þeir voru búnir að nota 67% af orkulindunum. Við erum að fara á stað með sambærilega rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til langs tíma þegar við erum búin að nýta 12% af auðlindum okkar, þannig að við erum framsýnni en margar aðrar þjóðir á þessu sviði.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurði um skoðun mína á viðtali við Aðalheiði Jóhannesdóttur sem birtist í Morgunblaðinu. Þar vísaði ég til svars í grg. með þáltill. og svo þeirra bréfa sem hafa gengið milli iðnrn. og umhvrn., sem eru ljósrit á bls. 155 í þáltill. Þar segir, þar sem iðnrn. skrifaði umhvrn. og var að ganga eftir skilningi á lagaheimildum og hvort leyfi iðnrh. þyrfti að liggja fyrir útgefið leyfi til Fljótsdalsvirkjunar í skilningi bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. við óskuðum staðfestingar á að þetta væri réttur skilningur og „jafnframt er óskað staðfestingar umhvrn. á þeim skilningi iðnrn. að samkvæmt þessu sé ekki skylt að lögum að fram fari mat á umhverfisáhrifum áður en gefin eru út leyfi sveitarstjórnar á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997."

Þessu bréfi er svarað þannig að sá skilningur iðnrn. sé klár. Þess vegna er alveg ljóst að allar lagaheimildir eru til staðar nú þegar í skilningi laganna um mat á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Ég held að segja megi að niðurstaða þessarar umræðu sé sú að öll lagaleg skilyrði málsins eru klár og þau eru ekki dregin í efa nema af sárafáum þingmönnum.

Í öðru lagi er ekki efast um þjóðhagslegan ávinning af þessum framkvæmdum.

Í þriðja lagi erum við, held ég, sammála um, hvernig svo sem menn líta á málið, að hér er um gríðarlega stórt byggðamál að ræða.

Í fjórða lagi eykur þessi starfsemi fjölbreytni í atvinnulífinu frá því sem nú er. Því hefur ekkert komið fram, að mínu mati við þessar umræður, sem breytir afstöðu ríkisstjórnarinnar til þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir, þ.e. að hinn mikli þjóðhagslegi ávinningur sem af þessum framkvæmdum er yfirvinni þann skaða sem verður á náttúrunni við þær framkvæmdir sem farið er í.

En ég vil ítreka það í lokin, og undirstrika, að það hefur enn ekki verið samið um þetta verkefni og auðvitað munu framkvæmdirnar ráðast af þeim samningum, hvort þeir takast eða ekki.

[18:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. talaði um þann skaða sem verið væri að vinna á náttúrunni. Það er gott að heyra hann viðurkenna þetta því að hann hefur ekki alltaf gert það. Með öðrum orðum, röksemdin gengur út á það að minni hagsmunir, þ.e. náttúran, víki fyrir meiri hagsmunum. Hverjir eru þessir meiri hagsmunir að mati hæstv. ráðherra? Það eru hin efnahagslegu rök, hin þjóðhagslegu rök og byggðastefnan og byggðamál fyrir Austfirðinga. Ég hef fært rök fyrir því í máli mínu og leitt til vitnis fjölda hagfræðinga, ekki einvörðungu Sigurð Jóhannesson, sem hæstv. ráðherra vitnaði til, heldur aðra hagfræðinga einnig, sem hafa sýnt fram á að hinar efnahagslegu forsendur sem þessar ráðagerðir eru reistar á eru afar veikar og miklar líkur fyrir því að fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun muni leiða yfir okkur stórfellt tap. Og það sem er smám saman að renna upp fyrir þjóðinni er hvílíkt efnahagslegt glæfraspil er hér á ferðinni. Þegar menn leyfa sér að tala um þetta sem byggðastefnu fyrir Austfirðinga, að þetta verði Austfirðingum til góðs, þá leyfi ég mér stórlega að efast um það. Menn eru að leggja til framkvæmd sem hefði það í för með sér að fjórði hver Austfirðingur kæmi til með að vinna við álverið eða í starfsemi því tengdu. Ég hef vakið athygli á því og ítrekað það enn og aftur, að jafnvel álver geta lagt upp laupana og mér finnst það óábyrgt þegar stjórnvöld hafa forgöngu um ráðagerðir sem byggja á því að setja nánast öll eggin í sömu körfuna.

[18:06]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur alltaf legið fyrir og ég hef aldrei dregið það í efa að auðvitað bíður náttúran einhvern skaða af þeim framkvæmdum sem þarna verður farið í, ég hef aldrei dregið dul á það. Það hefur verið minn skilningur og mín sýn á þetta mál frá upphafi. Það er alveg sama hvaða framkvæmdir við ráðumst í sem snerta náttúruna, náttúran verður alltaf fyrir einhverjum skaða. Þess vegna verða minni hagsmunir að víkja fyrir meiri hagsmunum í þessu máli. Í sambandi við þann skaða sem þarna verður við uppbyggingu þessara stórframkvæmda verðum við að hafa hagsmuni fólksins í landinu að leiðarljósi en ekki hreindýra og gæsa sem þarna eru til staðar. Þarna eru það hagsmunir fólksins sem verða að sitja í fyrirrúmi vegna þess að þessar framkvæmdir leggja grunn að varanlegum lífskjarabótum á Íslandi. Ekki bara á Austurlandi heldur á landinu öllu.

[18:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að leggja áherslu á að gagnrýni hæstv. ráðherra á forsendur þeirra hagfræðinga sem hér hafa verið leiddir til vitnis í málinu er órökstudd. Þær forsendur sem hagfræðingarnir byggja á eru sóttar í raunveruleikann, þær eru teknar úr raunveruleikanum. Það er hæstv. ráðherra sem er hér með eitthvert óskhyggjutal og við erum að krefjast þess og höfum gert það í umræðunni að menn reyni að nálgast þessi mál af raunsæi. Og ég furða mig á hvílíkt fúsk hér er á ferðinni, hvílíkt peningalegt og efnahagslegt fúsk. Menn ætla að taka á fáeinum árum eða áratugum á þriðja hundrað milljarða króna í þessa ráðagerð, taka það út úr efnahagslífinu, tæta það upp úr lífeyrissjóðum landsmanna, taka það frá einstökum fjárfestum og út úr íslenska þjóðarbúinu, á sama tíma segjast þeir ætla að selja aðrar verðmætar eignir

okkar. Landsvirkjun er komin í útsölu. Þeir segjast ætla að selja Landsvirkjun, þeir segjast ætla að selja Landsbankann, þeir ætla að selja Landssímann, þeir ætla að selja Búnaðarbankann. Hvers konar efnahagslegt rugl er þetta eiginlega? Svo þykjast menn vera að bjarga byggðum á Austurlandi með því að setja fjórða hvern vinnandi mann þar inn í álver. Þetta er með slíkum endemum að ég á eftir að trúa því að þetta hljóti samþykki hér á Alþingi.

[18:09]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Setjum þetta efnahagslega rugl, eins og hv. þm. orðar það, aðeins í það samhengi sem við erum að upplifa þessa stundina. Það er reyndar svo að upphæðin sem á að fara í fjárfestinguna hækkar með hverri ræðunni sem hv. þm. flytur hér í þinginu. Nú er það komið talsvert yfir tvö hundruð milljarðana, það var svona rétt tæpir tvö hundruð milljarðar fyrir tveimur eða þremur ræðum síðan. (**ÖJ:** Fullbúið álver 120 millj.) Við erum að tala um fjárfestingu fyrir 480 þús. tonna álver sem gæti kostað í kringum 200 milljarða kr. og það er verið að tala um að byggja það á tíu árum. Það þýðir 20 milljarða kr. fjárfesting á ári. Það þýðir að það er sama fjárfesting og við höfum verið með í atvinnulífinu á undangengnum fimm árum að meðaltali á ári. (**ÖJ:** Það er enn hærri upphæð en ég nefndi.) Þar af leiðandi erum við að tala um að halda þeim efnahagslega stöðugleika í landinu í gangi sem við höfum verið með, að halda áfram að skapa fólkinu í landinu góð lífskjör, sambærileg lífskjör og fólkið í löndunum í kringum okkur býr við. Ég trúi því ekki að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé ekki tilbúinn til þess að taka þátt í þeirri baráttu sem fyrir höndum er þ.e. að tryggja lífskjörin í landinu. (**ÖJ:** Það er verið að grafa undan þeim.) Þetta byggist á því, hv. þm.

[18:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú stendur yfir vinna við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um mat á virkjanakostum og forgangsröðun þeirra til framtíðar.

Virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. iðnrh. — eflum nú trú þjóðarinnar á því starfi og fellum Fljótsdalsvirkjun undir rammaáætlunina.

Virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. iðnrh. — mörkum þjóðinni sjálfbæra orkustefnu. Frummatsskýrsla um 480 þús. tonna álver á Reyðarfirði liggur nú fyrir. Frestur til að skila athugasemdum rennur út á morgun.

Virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir því að sá frestur verði lengdur. Stutt er í að frummatsskýrsla vegna línulagna Fljótsdalsvirkjunar verði tilbúin til kynningar.

Virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. iðnrh. að bíða eftir henni og ég skora á hæstv. iðnrh. að sjá til þess að öll þessi stóra framkvæmd fari saman í einum pakka í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

[18:12]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið gegnumgangandi í þessari umræðu og ekki síst hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að hún hefur efast um hina lagalegu stöðu málsins, ein af fáum þingmönnum. Það hefur komið skýrt fram að hún efast um lagalega stöðu málsins. Allar þær áskoranir á iðnrh. sem hér komu fram hjá hv. þm. ganga út á að iðnrh. brjóti lög. (**KolH:** Breyti lögum). Þetta er misskilningur, hv. þm. Iðnrh. getur ekki breytt lögum. Það er þessi samkoma sem við erum nákvæmlega stödd á í dag, sem er löggjafarsamkoma þjóðarinnar. (**KolH:** Breytum lögum.) Og þess vegna hef ég margoft sagt að það er ekki iðnrh. eða ríkisstjórnar að ákveða hvort þessi framkvæmd á að fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Það er Alþingi eitt sem getur tekið ákvörðun um það. Hér hefur komið fram lagafrv. frá Samfylkingunni um að svo skuli gert, að taka þessi réttindi af Landsvirkjun, Hitaveitu Suðurnesja, Rarik og fleiri aðilum sem hafa þessi réttindi í dag. Pólitískur stuðningur ríkisstjórnarflokkanna er ekki við það mál. Þáltill. sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var 1. flm. að breytir engu um þau réttindi sem Landsvirkjun hefur að öðru leyti en að það gæti verið pólitísk yfirlýsing þingsins um hvað ætti að gera. Nákvæmlega eins og með þessari þáltill. sem hér liggur fyrir er ríkisstjórnin að ganga eftir því og kanna hver sé hinn pólitíski vilji Alþingis til þessara framkvæmda. Það mun síðan koma fram við atkvæðagreiðslu eftir síðari umræðu málsins.

[18:14]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kenning mín að ríkisstjórnin hafi lagt fram þessa þáltill. til þess að þæfa málið, en ekki skýra. Mér sýnist að ríkisstjórninni hafi legið það á hjarta að blekkja almenning og forðast lýðræðislega umfjöllun um þetta mál, sem þjóðin hefur þó í skoðanakönnunum ítrekað látið í sér heyra að hún vilji að verði viðhöfð.

Virðulegi forseti. Ég vona í hjarta mínu og mér sýnist það reyndar úti í samfélaginu að tilraun ríkisstjórnarinnar til að rugla almenning í ríminu sé að fara út um þúfur.

[18:15]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi, og það hefur reyndar margoft komið fram, er ekki síst sá eins og hv. þm. benti á að uppfræða almenning um stöðu málsins, þ.e. skapa pólitíska umræðu um þær framkvæmdir sem deilt er um úti í þjóðfélaginu. Við lögðum okkur fram um að draga saman í þessu þingskjali ásamt þeim gögnum sem Landsvirkjun leggur fram fyrir þingið, sem er skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fyrir Fljótsdalsvirkjun, í þeim tilgangi að þingmenn geti tekið afstöðu til málsins, skapað pólitíska umræðu um málið og gefið almenningi tækifæri til þess að hafa beint samband við þingið og koma skoðunum sínum á framfæri í gegnum nefndastarf iðnn. Þetta tel ég vera mikilvægt.

Auðvitað erum við um leið að leita eftir því hvort vilji Alþingis hafi breyst frá því að ákvörðun var tekin 1981 á löggjafarsamkomunni að afhenda Landsvirkjun þann rétt sem fyrirtækið hefur. Nú munum við ganga úr skugga um það. Er pólitísk breyting á því? Er ekki enn þá stuðningur Alþingis við að fyrirtækið hafi þessi réttindi? Það kemur fram í atkvæðagreiðslu.

En af því að þetta er síðasta andsvar við hv. þm. og ég held að ég sé síðastur á mælendaskrá vil ég þakka fyrir þátttökuna í umræðunni sem ég tel að hafi verið málefnaleg og býsna góð og um margt mjög upplýsandi líka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 161. mál (lausafé lánastofnana). — Þskj. 187. [18:17]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, sem er 161. mál þingsins.

Með frv. þessu er lagt til að fellt verði út ákvæði um skilgreiningu á lausu fé í 8. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Samkvæmt ákvæðinu er með lausu fé átt við peninga í sjóði, óbundnar peningainnstæður í innlendum og erlendum lánastofnunum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar nettóeignir með skemmri binditíma en 90 daga.

Forsaga þessa máls er sú að Seðlabankinn setti reglur um laust fé innlánsstofnana í mars sl. í því skyni að bæta lausafjárstöðu þeirra. Forsvarsmenn ýmissa lánastofnana voru ósáttir við reglurnar og töldu þær í ósamræmi við sjónarmið sem væru almennt lögð til grundvallar í lausafjárstýringu lánastofnana. Þannig mætti nefna að lánastofnanir ættu eignir sem féllu utan reglnanna en með sanngjörnum hætti mætti telja til lauss fjár. Þá tækju reglurnar ekki til lausafjárskuldbindinga lánastofnana. Einnig mætti nefna þá gagnrýni að sama lausafjárhlutfall gilti hjá öllum lánastofnunum óháð eðli viðskipta þeirra. Seðlabankanum var ljóst við setningu reglnanna að þær væru ekki nútímalegar en aðstæður á fjármagnsmarkaði höguðu því svo til að nauðsynlegt þótti að sporna gegn rýrnun lauss fjár hjá lánastofnunum. Bankinn bauð hins vegar lánastofnunum og Fjármálaeftirliti til samstarfs um undirbúning nýrra reglna sem væru meira í takt við nútímaleg og alþjóðleg sjónarmið. Ljóst er að nýjar reglur hliðstæðar þeim sem settar hafa verið í nágrannalöndunum eða eru í mótun á vegum BIS og ESB verða ekki settar hér á landi á grundvelli gildandi laga um Seðlabankann. Til þess er skilgreining laganna um laust fé of þröng. Til að veita Seðlabankanum heimild til þess að setja viðhlítandi lausafjárreglur er því lagt til að skilgreining á lausu fé í lögum um Seðlabankann verði felld úr gildi.

Seðlabanki Íslands hefur að undanförnu fylgst með þróun reglna um laust fé í nágrannalöndunum og á vegum alþjóðastofnana, svo sem Alþjóðagreiðslubankans í Basel (BIS). Til þeirra var einnig horft við undirbúning nýrra reglna sem er nánast lokið. Þær byggjast á hugmyndum sem þróaðar hafa verið í öðrum löndum. Samkvæmt þeim færi fram almennt lausafjáruppgjör þar sem litið væri á alla liði innan og utan efnahags og metið hver væru lausafjáreinkenni þeirra, en miðað við ákveðin fyrir fram skilgreind tímabelti.

Lausafjárstaða lána stofnana yrði með öðrum orðum metin með því að greina áhrif allra eigna og skuldaliða lánastofnana á lausafjárstöðuna, þ.e. innstreymi og útstreymi fjár á komandi mánuðum hverju sinni. Lagt yrði mat á líkur þess að lánastofnun, sem skortir laust fé, gæti gengið að einstökum eignum til skamms tíma og hversu líklegt væri að einstakar skuldir lánastofnunar kæmu til greiðslu á komandi mánuðum. Endanleg krafa í reglunum yrði sú að lausafjárkröfur stofnana væru meiri en sem svaraði til lausafjárskulda þeirra. Þessar reglur ættu að tryggja betur öryggi og heilbrigði í rekstri þeirra stofnana sem þeim er ætlað að ná til.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. að aflokinni umræðunni.

[18:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða að fella út úr lögum um Seðlabanka grein þar sem kveðið er á um hvernig reglur skulu settar um laust fé. Áður hefur komið upp umræða um að nauðsyn væri á að breyta reglunum og í sjálfu sér er ekkert við það að athuga. Það sem ég hef þó áhyggjur af er að efh.- og viðskn., sem á sínum tíma fjallaði um gildandi reglur, þ.e. í núverandi lögum um Seðlabankann, og setti þær eftir samtöl við bankastofnanir og alla þá sem gáfu umsagnir á sínum tíma, hefur með því að fella þetta algerlega út ekki neina aðkomu að málinu, getur ekki metið hvort reglurnar eru ásættanlegar eða sanngjarnar eða að sanngjarnar kröfur séu gerðar til lánastofnana. Mér fyndist eðlilegt að þarna væri einhvers staðar í lögunum ákvæði þess efnis að þær reglur sem settar eru yrðu kynntar fyrir efh.- og viðskn. eða nefndin hefði einhverja möguleika á aðkomu að málinu þó að að sjálfsögðu sé það Seðlabankans að setja þær reglur og samræma þær þeim nágrannalöndum og þeim þjóðum sem við berum okkur gjarnan saman við og sjálfsagt eðlilegt, miðað við þá þróun sem verið hefur á fjármagnsmarkaðnum hjá lánastofnunum, að breyta gildandi reglum. Þetta er það sem ég vildi benda á við 1. umr. að þarna er verið að fella úr gildi möguleika Alþingis til að koma með einhverjum hætti að því hvaða reglur eru settar um laust fé í lánastofnunum og ég tel það frekar miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldeyrismál, 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur). — Þskj. 188. [18:23]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 188 sem er 162. mál þingsins, um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Frv. þetta er samið til þess að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997, um peningayfirfærslur milli landa. Skv. 11. gr. tilskipunarinnar átti þeirri aðlögun að vera lokið eigi síðar en 14. ágúst sl. Mikilvægt er því að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi.

Markmið frv. er að bæta þjónustu við viðskiptamenn þegar peningar eru færðir á milli viðskiptareikninga á milli aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins en slíkar yfirfærslur eru umtalsverður hluti af greiðslum milli landa, bæði að umfangi og verðgildi. Það er mikilvægt fyrir einstaklinga og fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór, að geta yfirfært fé á skjótan, áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta efnahagssvæðisins til annars. Frv. hefur ekki áhrif á lög nr. 80/1993, um aðgerðir gegn peningaþvætti. Helstu ákvæði tilskipunarinnar eru sem hér segir og upp eru talin í frv.:

Sú viðskiptastofnun sem annast yfirfærslu fyrir hönd viðskiptamanns er skyldug til að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar um þjónustuna, þar á meðal um upplýsingar um skilyrði fyrir yfirfærslu og kostnað vegna hennar og upplýsingar um að yfirfærslu sé lokið.

Viðskiptastofnunin skal fara að fyrirmælum viðskiptamanns við yfirfærsluna.

Viðskiptastofnunin skal annast yfirfærsluna innan umsamins frests eða innan fimm daga hafi ekki verið samið um annan frest.

Viðskiptastofnunin skal annast yfirfærsluna innan tilskilins tímafrests, ella bæta það tjón sem viðskiptavinurinn kann að verða fyrir af þeim sökum.

Viðskiptastofnunin skal endurgreiða þeim sem óskar yfirfærslu ef hún fer ekki fram.

Sé viðskiptastofnunin þátttakandi í yfirfærslu sem milliliður hvílir á henni sama skylda og á öðrum viðskiptastofnunum sem að viðskiptavinum koma.

Allar peningamillifærslur að fjárhæð 50.000 evrur eða jafngildi þeirrar upphæðar í innlendri eða erlendri mynt, eru háðar ákvæðum tilskipunarinnar. Í samræmi við íslenska lagavenju hefur verið farin sú leið í frv. að umreikna skuldbindingarnar í íslenskar krónur og binda gengi evru. Ljóst er að frv. er fyrst og fremst ætla að tryggja hagsmuni minni viðskiptamanna þeirra aðila sem taka sér að annast yfirfærslu fyrir hönd viðskiptamanna. Reikna má með að þeir sem stunda viðameiri viðskipti en þau sem hér um ræðir hafi bolmagn til þess að sækja rétt sinn á hendur viðskiptastofnunum án tilskilinna ákvæða.

Í reglugerð sem verið er að undirbúa verður gert ráð fyrir, auk þess sem þegar hefur komið fram, ákvæðum um bætur ef yfirfærsla hefur ekki verið gerð í samræmi við beiðni eða samkvæmt almennum reglum sem settar kunna verða. Einnig verður þar kveðið á um undanþágur frá skuldbindingum samkvæmt tilskipuninni, m.a. vegna óviðráðanlegra utanaðkomandi atburða, svo og um lausn deilumála sem upp geta komið.

Þá verður útfært í reglugerðinni hvernig standa skal að útreikningi vaxta og aðkomu milliliða að viðskiptunum. Til þess að tryggja skjóta úrlausn deilumála sem upp geta komið á milli viðskiptamanns og þess aðila sem hefur annast yfirfærsluna er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstök kærunefnd eða önnur þau úrræði sem tryggja viðskiptamönnum rétt þann. Í dag eru starfandi tvær úrskurðarnefndir á fjármagnsmarkaði. Standa Neytendasamtökin, viðskrn. og hagsmunasamtök fyrirtækja á fjármagnsmarkaði að nefndum þessum. Verði samkomulag um það á milli þeirra er standa að úrskurðarnefndum um viðskipti og fjármálafyrirtækja má fela þeirri nefnd að vera þessi vettvangur.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni umræðunni.

[18:27]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er auðséð að hv. þm. hafa ekki jafnmikinn áhuga á þeim málum sem eru nú til umræðu og því sem var fyrr á dagskrá. Þó er þetta angi af máli sem getur haft veruleg áhrif á stöðu Íslands í framtíðinni vegna þess að þetta tengist samræmingaraðgerðum sem eru innan Evrópusambandsins í Efnahags- og myntbandalaginu og upptöku sameiginlegrar myntar.

Það er alveg klárt að án þess að vera þátttakendur í Efnahags- og myntbandalaginu munum við þurfa að lögtaka ekki bara þessa tilskipun heldur ýmsar sem á undan eru komnar og jafnvel aðrar sem á eftir munu koma þrátt fyrir að við höfum mjög litla möguleika til að hafa áhrif á þróun þessara tilskipana og innihald þeirra. Það er afar erfitt fyrir mig að lesa þetta frv. og reyna að meta hvort innihaldið er gott eða slæmt. Umræðan um þetta mál og ýmis önnur hlýtur alltaf að verða mjög ófullnægjandi hér í þingsalnum og byggð á lítilli þekkingu einfaldlega vegna þess að umræða hefur ekki átt sér stað um stöðu Íslands innan Evrópu og gagnvart Evrópumyntinni sem tekin er upp og það virðist bara ekki mega ræða það hér.

Ef farið er fram á að farið sé yfir þessi mál, skýrslum skilað og Alþingi taki upp ítarlega umræðu um stöðu Íslands innan Evrópu og í Evrópusamstarfinu og gagnvart þessari sameiginlegu mynt, þá nálgast það landráð, virðulegi forseti, ef marka má orð ýmissa hv. þm.

Engu að síður er það svo að við erum með um 80% af löggjöf Evrópusambandsins hér sem við þurfum að lögtaka og þessi tilskipun sem hér er komin í frv. til laga er bara ein af þeim. Forsendurnar til þess að meta frv., meta lögin og virkni þeirra innan lands og milli landa er afar takmörkuð vegna þess að undirbúningurinn hefur ekki verið nægjanlegur af okkar hálfu. Við hljótum að fara fram á það að hæstv. viðskrh. skili Alþingi skýrslu um stöðuna gagnvart Evrópumyntinni og Efnahags- og myntbandalaginu, — skýrslur hafa verið unnar en engin endanleg niðurstaða er fengin sem sett hefur verið fram — og Alþingi hlýtur a.m.k. að leggja fram þá kröfu að hæstv. viðskrh. skili okkur munnlegri eða skriflegri skýrslu um stöðuna.

Það hefur verið ákveðinn styrkur fólginn í því fyrir okkur að Norðurlandaþjóðirnar hafa staðið saman utan þessa bandalags. En nú hafa þær fréttir verið birtar í Financial Times og síðan var það tekið upp í DV í dag, að forsætisráðherra Svíþjóðar er þeirrar skoðunar að Svíar eigi að ganga strax í Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Hann orðar það þannig, með leyfi forseta, ef marka má blaðafregnir:

„Hann sagði að í stöðunni væru tveir möguleikar: „Annaðhvort göngum við núna í EMU eða við göngum síðar í EMU.““

Eftir að hann lét þessi ummæli falla styrktist sænska krónan verulega og ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði. En verði þetta að veruleika sem verður kannski ekki alveg á næstu vikum eða næstu mánuðum, þá hljóta Danir að velta fyrir sér hver þeirra staða er og hvað þeir eigi að gera og þá þrengist heldur hagur Noregs og Íslands. Burt séð frá þessu erum við í þeirri stöðu að við erum að afgreiða þessi frv. til laga, tilskipanir Evrópusambandsins, án þess að mínu mati að hafa til þess nægjanlega þekkingu og rök.

Frv. sjálft er vel úr garði gert og getur sannarlega haft áhrif fyrir þau fyrirtæki sem eru í viðskiptum innan Evrópu. Eitt af því sem við þurfum reyndar að hugsa um er að þessar samræmdu reglur hljóta að koma þeim fyrirtækjum sem eiga viðskipti á Evrópumarkaði til góða og vera nauðsynlegar að því leyti. Ef staðan er sú að stór hluti okkar fyrirtækja — þar sem við eigum mjög mikil viðskipti við fyrirtæki innan Evrópu sem er fullkomlega eðlilegt — er farinn að vera með viðskipti sín að fullu í evrunni og staðan jafnvel þannig að allar greiðslur munu eiga sér stað í þessari mynt nema hugsanlega launagreiðslur þá er þetta framtíð sem við hljótum að þurfa að velta fyrir okkur, þ.e. hvernig við bregðumst við og hvaða skref við þurfum að stíga.

Þessi umræða á að fara fram með hagsmuni heildarinnar í huga, með hagsmuni atvinnulífsins í huga. Nú er kannski hvorki staður né stund — en þó hvorki betri né verri heldur en önnur — að taka þessa umræðu upp hér og sannarlega sakna ég þess að ekki eru fleiri hv. þingmenn í salnum. Það verður að rannsaka heildstætt stöðu Íslands. Hæstv. utanrrh. hefur boðað að hann sé að láta taka saman hlutlausa skýrslu um stöðu okkar gagnvart Evrópu á vegum ráðuneytisins. En

áður en frv. er afgreitt, þá tel ég mjög nauðsynlegt að við fáum frá hæstv. viðskrh. a.m.k. yfirlit yfir stöðu okkar, um það hvert stefni og þær viðræður sem hafa átt sér stað. Hver er aðkoma okkar að því að móta þá stefnu sem felst t.d. í frv.? Vafalaust er það svo að þetta verður fyrirtækjum að einhverju leyti til góða. En hver verður aðkoma þeirra eða möguleikar okkar til þess að hafa áhrif á þessa umræðu? Ég trúi því ekki að nokkur hv. þm. mótmæli því af sannfæringu ef farið er fram á þessa umræðu um stöðu okkar og á þróun sem getur haft veruleg áhrif á allt íslenskt samfélag núna á næstunni. Við erum búin að ræða byggðamál í allan dag og í gær og fyrradag og vissulega er byggðavandinn mjög mikill innan lands. Vissulega er hann það. En við megum heldur ekki haga okkur þannig að byggðavandi framtíðarinnar gæti hugsanlega orðið staða Íslands í samfélagi þjóðanna og staða okkar sérstaklega í samstarfi innan Evrópu. Ef stærstur hluti okkar viðskipta er við þær þjóðir sem eru að taka upp myntina, þ.e. ef Svíar taka ákvörðun um að ganga í Efnahags- og myntbandalagið og Danir hugsanlega á eftir, þá verðum við náttúrlega að vera undir það búin að móta afstöðu okkar. Við verðum að vera búin að ræða þessi mál. Skoða þá möguleika sem eru í stöðunni og hvert þeir munu leiða okkur og þá um leið hvað sé best fyrir íslensku þjóðina og heildarhagsmuni hennar. Og það að óska eftir umræðu til þess að geta tekið afstöðu til einstakra mála út frá þekkingu og að ræða þau út frá skynsamlegum rökum, eru ekki landráð. Það er einmitt gert af umhyggju fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar og atvinnulífs hér með hagsmuni heildarinnar í huga.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma þessu til skila þar sem við erum enn einu sinni að taka til umræðu tilskipun, tilskipun sem við höfum hugsanlega ekki haft mikla aðstöðu til að móta og hefur orðið til vegna þess að Evrópuþjóðir þær sem eru í Efnahags- og myntbandalaginu eru að samræma reglur sínar. Við megum bara ekki fljóta sofandi inn í þetta samstarf þannig að niðurstaðan verði sú að okkur sé ævinlega og ávallt stillt upp við vegg. Það er kominn tími til að við vöknum upp af þessum þyrnirósarsvefni og ræðum af alvöru stöðu okkar innan Evrópusambandsins og mótum afstöðuna í sameiningu. Þetta segi ég ekki síst í ljósi þess að íslenska þjóðin hefur áður klofnað í tvennt vegna utanríkismála. Sá klofningur varð þvert á stjórnmálaflokka, þvert á félagasamtök, fjölskyldur og vinahópa. Menn stóðu gráir fyrir járnum í þeirri umræðu. Við megum ekki láta það henda gagnvart þessum þætti utanríkismálanna og þess vegna verðum við að standa þarna afar vel að verki. Við í efh.- og viðskn. munum að sjálfsögðu fara í málefnalega umræðu um innihald frv. En þetta er samt sem áður allt saman angi af sama meiði.

[18:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um gjaldeyrismál. Í máli hæstv. viðskrh. kom fram að markmið frv. sé að bæta þjónustu við viðskiptamenn þegar fjármunir eru færðir á milli viðskiptareikninga, á milli aðildarríkja innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta mál mun nú ganga til þingnefndar þar sem það fær umfjöllun og skoðun.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. á þessu stigi. Ég á einfaldlega eftir að kynna mér innihald þess betur. En mig langar til að leggja örfá orð í belg, ekki síst í tilefni orða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur.

Ég er alveg sammála því að það er mjög mikilvægt að ræða hin svokölluðu Evrópumál og að hér sé jafnan upplýst umræða um það efni. Nú er efst á baugi að fjalla um evruna og þjóðir Evrópu velta því fyrir sér hvort þær eigi að gerast aðilar að Evrópumyntinni. Sumar hafa tekið ákvörðun um það. Aðrar hafa ekki gert það. En ég vil mótmæla því að þessi umræða hafi ekki farið fram. Ég minni á að starfandi var nefnd á vegum forsrn. sem fjallaði sérstaklega um sameiginlegan evrópskan gjaldmiðil og ekki alls fyrir löngu birti Seðlabanki Íslands mjög ítarlega og fróðlega skýrslu um evruna.

Ég held hins vegar að það sé mikilvægt að við höldum upplýstri umræðu um þetta áfram. Evran, hin sameiginlega mynt, gengur út á það að við undirgöngumst stjórn evrópsks seðlabanka, að við undirgöngumst það að evrópskur seðlabanki stýri genginu. (**Viðskrh.:** Það er í Evrópusambandinu.) Já, forsenda þess er náttúrlega að menn séu í Evrópusambandinu. En sá kostur sem við höfum tekið er að reyna að laga okkur að þeim skilyrðum og skilmálum sem sett hafa verið til að fá aðild að evrunni. Reyndar var það nú svo að Íslendingar voru einna fyrstir þjóða til að uppfylla þessi skilyrði, t.d. varðandi skuldahlutfall hins opinbera sem var lægra hér og held ég í Lúxemborg en víðast hvar annars staðar. Við vorum og höfum verið með stöðugt verðlag líka. Það var helst á sviði vaxtamálanna sem við uppfylltum ekki tilskildar kvaðir.

Nú er ég því fylgjandi að menn reyni að halda gengi stöðugu í einu landi. Ég er því fylgjandi. Ég minnist að síðasta árið sem gengið var fellt verulega mun hafa verið árið 1989. Ef ég man rétt þá var gengið fellt á því ári um 30%. Það var ávísun á 15% kaupmáttarhrap hjá launafólki og ekki vil ég slíka tíma aftur. En við hinu vil ég vara, að undirgangast stjórn evrópska seðlabankans vegna þess að við búum við önnur skilyrði en mörg önnur efnahagssvæði gera að ýmsu leyti, sérstaklega tvennu. Í fyrsta lagi eru sveiflur meiri hér á landi en gerast víða í Evrópu. Í annan stað er það staðreynd að vinnuaflið er ekki eins hreyfanlegt hér og gerist annars staðar, einfaldlega vegna þess að við búum á eyju langt norður í hafi. Ef sú stefna er tekin að halda gengi stöðugu þá er áföllum mætt eða sveiflum í efnahagslífinu með atvinnuleysi og reynt að stuðla að því að vinnuaflið streymi eftir atvinnutækifærunum. Þessir tveir þættir, sveiflur í íslenska hagkerfinu og einangrun landsins valda því að ég teldi óráðlegt að tengjast evrunni þótt, eins og hæstv. viðskrh. benti á í framsíkalli, að forsenda fyrir slíku væri að sjálfsögðu aðild að Evrópusambandinu. Þetta vildi ég láta koma fram.

Ég vil leggja áherslu á að mér finnst mikilvægt að ræða Evrópumálin. Sjálfur hef ég oft tekið þátt í slíkri umræðu. Ég hef fylgst af athygli með því sem fram hefur komið um evruna t.d. á vegum forsrn. í þeirri nefnd sem skipuð var til að fjalla sérstaklega um hana, í skýrslugerðum Seðlabankans, mjög athyglisverðum skýrslum, og ég hef fyrir mitt leyti og við höfum gert það í okkar flokki, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, tekið afstöðu til málsins. Við teljum ráðlegt að þróa samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði í átt að tvíhliða samkomulagi, láta á það reyna hvort okkur tekst að ná samningi um tvíhliða samning á svipuðum nótum og Svisslendingar hafa. Ýmsir gagnrýna það fyrirkomulag. Ég sé ýmsa bjarta bletti á því. Þeir hafa lagað sig á marga lund að þessu samkomulagi en þó ekki svo að það sé skuldbindandi. Ég fæ því ekki séð annað en þessi umræða um Evrópumálin sé við lýði, sé kraftmikil, hafi verið það og eigi að vera það

áfram. Síðan hlýtur maður að spyrja á hvern hátt stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar mynda sér afstöðu í málinu.

[18:45]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Var það rétt skilið hjá mér að hv. þm. teldi að fram færi kraftmikil umræða um Evrópumálin í sölum Alþingis og þá um leið að sú umræða sem fer fram um þær tilskipanir sem koma frá Evrópu sé byggð á mikilli þekkingu hv. þingmanna?

[18:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé allur gangur á því. Ég var að gera grein fyrir því að ég fyrir mitt leyti hefði sett mig nokkuð vel inn í það sem frá stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðar hefur komið um Evrópumálin, t.d. evruna. Og ég var að gera grein fyrir hvaða afstöðu ég hefði mótað mér og hvaða afstöðu flokkur okkar og þingflokkur hefði mótað sér á grundvelli þeirrar þekkingar og upplýsingar sem fram hefði verið reidd.

Ég vil líka vekja athygli á öðru. Þegar menn eru að tala um það hvort Evrópumál séu á dagskrá eða ekki, hvað eiga þeir þá við? Að sjálfsögðu erum við stöðugt að taka þátt í umræðu af þessu tagi. Mér finnst nægilegar upplýsingar og staðreyndir liggja á borðinu til þess að hægt sé að móta sér afstöðu. Mér finnst það. En í stjórnmálum temja menn sér merkjasendingar, orðalag sem byggir á merkjasendingum. Það að taka Evrópumálin á dagskrá hefur öðlast þá þýðingu að menn vilji sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ef menn eru að spyrja um það þá er ég eindregið andvígur því.

Ég held hins vegar varðandi það hvort fólk sé upplýst um Evrópumálin eða þau mál sem snerta hið Evrópska efnahagssvæði, að allur gangur sé á því. Í sumum tilvikum er um að ræða mál sem eru sérfræðilegs eðlis. Um hin stórpólitísku mál sem t.d. snerta þá fjötra sem mér finnst Evrópusambandið og hið Evrópska efnahagssvæði hafa sett á okkur, þá finnst mér liggja alveg ljóst fyrir hverjir þeir eru og ég hef tekið afstöðu til þeirra.

[18:47]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það að taka Evrópumálin á dagskrá þýðir að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu, þá hefur það öðlast þá merkingu vegna þess að slík beiðni er túlkuð af mjög mörgum á afar ómerkilegan hátt.

[18:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort átt var við mín orð í þessu sambandi og veit sannast sagna ekki hverju ég er að svara. Ég var að reiða fram rök og svör við spurningum. Og svona við nánari umhugsun hefði ég kannski ekki átt að koma upp í ræðustól. Ég læt því máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:48]

Útbýting þingskjala:

Tollalög, 209. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 243.

Útskrift nemenda úr framhaldsskóla, 138. mál, svar menntmrh., þskj. 237.

Verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni, 208. mál, fsp. KF, þskj. 242.

Fjármálaeftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 232.

[18:49]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit. Þar er 199. mál þingsins á þskj. 232.

Með setningu laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, var ákveðið að sameina opinbert eftirlit í einni stofnun, Fjármálaeftirlitinu. Í lögunum fólst hins vegar ekki endurskoðun á valdheimildum og úrræðum í opinberu eftirliti heldur var byggt á þeim grunni sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitið höfðu áður staðið á. Breytingar á valdheimildum og úrræðum átti að móta síðar með hliðsjón af reynslu Fjármálaeftirlitsins og breyttum starfsháttum á fjármagnsmarkaði.

Síðustu mánuði hafa sjónir manna beinst að stöðu og styrk Fjármálaeftirlitsins. Að mati viðskiptaráðuneytisins er tilefni til að gera nú breytingar á lögum um Fjármálaeftirlitið í því skyni að styrkja starfsheimildir þess og stuðla að því að starfsemi þess skili tilætluðum árangri.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þessar:

1. Leitast er við að gera ákvæði um starfsemi og starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins markvissari. Í þessu skyni eru gerðar breytingar á III. kafla laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. Styrktar verði heimildir Fjármálaeftirlitsins til að kalla eftir upplýsingum frá aðilum sem standa að eða eru tengdir eftirlitsskyldum aðila, þegar upplýsingarnar skipta máli í eftirliti með hinum eftirlitsskylda aðila. Hér er einkum átt við aðgang að upplýsingum frá þeim sem fara með eignarhlut í viðkomandi fyrirtæki og upplýsingum um dótturfyrirtæki og hlutdeildarfyrirtæki eftirlitsskyldra aðila.

3. Styrkt verði úrræði Fjármálaeftirlitsins til að knýja á um skil á upplýsingum og úrbætur á grundvelli krafna og tilmæla sem sett hafa verið fram. Í þessu efni verður að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að beita dagsektum. Núgildandi ákvæði um dagsektir eru veik og geta aldrei þjónað þessum tilgangi á fullnægjandi hátt. Jafnframt er lagt til að Fjármálaeftirlitið fái sambærilegar heimildir og Samkeppnisstofnun til þess að gera leit og leggja hald á muni og upplýsingar.

4. Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að leggja stjórnvaldssektir á eftirlitsskylda aðila sem vanrækja að virða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins.

5. Fjármálaeftirlitið hafi skýrari heimildir til eftirlits með fjármálastarfsemi á vegum viðskiptabanka og sparisjóða sem stunduð er utan viðkomandi fyrirtækis. Hér er átt við starfsemi sem viðkomandi eftirlitsskyldum aðila er heimilt að stunda en fellur utan starfsleyfisskyldrar starfsemi. Jafnframt er leitast við að styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins með því að leyfisskyld fjármálastarfsemi sé ekki stunduð án tilskilinna leyfa.

Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. eru ekki tæmandi og er ljóst að áfram er nauðsynlegt að vinna að skýrari löggjöf um fjármagnsmarkað og styrkari umgjörð eftirlits.

Rétt er að leggja áherslu á að eftirlit með starfsemi á fjármagnsmarkaði er ekki og má ekki vera einvörðungu á

vegum og á ábyrgð stjórnvalda. Meginábyrgð á eftirlitinu á að vera á hendi eftirlitsskyldra aðila sjálfra. Það er á ábyrgð stjórnenda fjármálafyrirtækja að skipuleggja starfsemi sína þannig að fyrir hendi sé virk áhættustýring, innra eftirlit og eftirfylgni við lög og reglur. Af hálfu Fjármálaeftirlitsins hefur einmitt verið lögð áhersla á að eitt meginverkefna þess sé að hafa eftirlit með því að innra skipulag og innra eftirlit fjármálafyrirtækja sé í góðu horfi.

Verði frv. að lögum verða breytingar á sjö lögum um fjármagnsmarkaðinn. Mestu breytingarnar eru á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, en einnig eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum sem lúta að eftirliti í sex lögum um einstakar tegundir fjármálafyrirtækja. Ég mun hér á eftir leitast við að gera grein fyrir nokkrum meginbreytingum á einstökum greinum frv.

Til að stytta mál mitt ætla ég að vísa til þeirra skýringa sem eru í frumvarpstextanum og eru um leið skýringar með einstökum greinum frv. Ég sé að hv. þm. sem hér eru og bíða eftir að taka þátt í umræðunni kinka kolli og fallast á það. Því ætla ég að fá að gera það, með leyfi forseta, og snúa mér að öðrum þætti sem ég tel mjög mikilvægt að koma hér að við umræðu málsins.

Þá vil ég að endingu beina því til efh.- og viðskn. — ég veit að hér eru komnir saman þingmenn sem sitja í efh.- og viðskn. — að hún kanni sérstaklega ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins með tilliti til upplýsingagjafanna. Þetta er mjög mikilvægt atriði og einn af hornsteinum skilvirks eftirlits með fjármálastarfsemi er að fullt traust geti ríkt milli Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsskyldra aðila um meðferð trúnaðarupplýsinga. Nauðsynlegt er að veita Fjármálaeftirlitinu svigrúm til athugunar á tilteknum málefnum án þess að því verði gert að veita upplýsingar um ferlið eða tiltekna þætti málsins jafnvel þótt viðkomandi upplýsingar verði ekki taldar háðar þagnarskyldu. Þessu er ætlað að vernda tvenns konar hagsmuni, annars vegar augljósa hagsmuni Fjármálaeftirlitsins þannig að stofnuninni sé gert kleift að upplýsa mál sem til athugunar eru og stuðla að farsælli úrlausn þeirra og hins vegar hagsmuni eftirlitsskyldra aðila, viðskiptamanna þeirra og tengsl almennings við það sama. Nýlegir dómar úrskurðarnefndar um upplýsingamál þar sem Fjármálaeftirlitinu hefur verið gert að afhenda gögn í máli á vinnslustigi sýna mjög greinilega þann vanda sem eftirlitið á við að etja þrátt fyrir hið sérstaka þagnarskylduákvæði 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þetta bið ég hv. þm. í efh.- og viðskn. að huga sérstaklega að í meðförum málsins. Skýr ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins með tilliti til upplýsingalaga er ekki að finna í frv. Þessar breytingar eru vandasamar og eðlilegt að löggjafinn taki málið til meðferðar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[18:55]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram frv. fyrir ekki svo löngu síðan um mjög svipað efni þó að það væri ekki að öllu leyti eins. Ég tel eðlilegt að hv. efh.- og viðskn. ræði þessi mál saman þannig að málin bæti hvort annað upp.

Þó að ekki sé langur tími liðinn frá því að lög um Fjármálaeftirlitið voru samþykkt, þá hefur þegar komið í ljós að breyta þarf gildandi lögum. Þar var ekki um annað að ræða en samræmingu, eins og hér kom fram áðan, á bankaeftirliti Seðlabankans og Vátryggingaeftirlitinu án þess að tekið væri sértakt tillit til þeirrar þróunar sem átti sér stað á fjármagnsmarkaðnum á þeim tíma. Ég held að flestir sem tóku þátt í umræðum á sínum tíma um Fjármálaeftirlitið hafi gert sér grein fyrir því að það liði ekki mjög langur tími þar til endurskoða þyrfti lögin og skilgreina með skýrari hætti verkefni Fjármálaeftirlitsins og auka heimildir þess frá því sem nú er.

Það hefur sýnt sig að á þessum stutta tíma hafa komið í ljós ákveðnir hnökrar á þessum lögum. Mér virðist við fyrstu sýn að í flestum tilvikum sé tekið á þeim ágöllum sem hafa komið í ljós í frv. því sem hæstv. ráðherra mælti fyrir. Við í Samfylkingunni leggjum hins vegar til breytingar á nokkrum ákveðnum atriðum sem ekki er að finna í frv. ráðherra.

Í fyrsta lagi — það er ekki í frv. hæstv. ráðherra — lögðum við til að skýrar yrði kveðið á um stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins þannig að Fjármálaeftirlitið yrði sjálfstæð og óháð ríkisstofnun sem lyti sérstakri stjórn.

Í frv. sem lagt var fram á sínum tíma um eftirlit með fjármálastarfsemi var inni ákvæði svipaðs efnis, en í meðförum nefndarinnar var það fellt út vegna þess að menn töldu að ekki væri bein ástæða til þess að kveða sérstaklega á um sjálfstæði stofnunarinnar. Nú hefur það ekki verið svo að um bein afskipti núv. hæstv. viðskrh. af störfum Fjármálaeftirlitsins hafi verið að ræða. Engu að síður teljum við að það þurfi að koma ótvírætt fram að Fjármálaeftirlitið sé sjálfstæð stofnun og sækjum fyrirmyndina til annarra laga sem fjalla um aðrar stofnanir innan ríkiskerfisins.

Þá lögðum við til að heimildir Fjármálaeftirlitsins yrðu víðtækari og við gerðum ráð fyrir því að eftirlit hefði almenna heimild til að kalla fyrir sig aðila til skýrslugjafar líkt og gildir við skattrannsóknir. Einnig lögðum við til að Fjármálaeftirlitið hefði almenna heimild til að leggja hald á gögn í samræmi við lög um meðferð opinberra mála.

Í þriðja lagi lögðum við til að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að leggja á dagsektir yrðu styrktar. Í greininni fólst m.a. að ef aðili vanrækti að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar með tilkynningu samkvæmt lögum, geti það knúið fram upplýsingar með beitingu dagsekta. Hins vegar gerum við ráð fyrir því að hæstv. viðskrh. setti reglugerð í samráði við Fjármálaeftirlitið þar sem kveðið yrði nánar á um ákvörðun dagsekta, m.a. fjárhæðirnar. Þetta frv. gerir hins vegar ráð fyrir ákveðnum fjárhæðum þó að þær séu á mjög breiðu bili og eigi að taka tillit til fjárhagsstöðu fyrirtækja og umsvifa og er það að mörgu leyti eðlilegt.

Í fjórða lagi lögðum við til að viðskrh. væri ætlað að gefa Alþingi skýrslu á hverju ári um starfsemi Fjármálaeftirlitsins og ég held að það sé ekki í því frv. sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram.

Í fimmta lagi lögðum við til að viðurlög við brotum á lögum verði hert og svipaði því ákvæði til viðurlagaákvæðis XIII. kafla samkeppnislaga og mér sýnist að það sé mjög svipað hér.

Í sjötta lagi lögðum við til bráðabirgðaákvæði sem skyldaði hæstv. viðskrh. til að leggja fram frv. sem styrkti enn frekar stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins.

Í fljótu bragði sýnist mér að flestir þessir þættir hafi verið teknir inn í frv. en þó sé töluverð vinna eftir eins og fram kemur á bls. 8 í frv. þar sem fjallað er um athugasemdir við lagafrv. og er verkefni í þremur liðum sem vísað er til nefndar og mun eiga að leysa á næstu mánuðum. Ég tel eðlilegt ef einhverjar ábendingar koma fram við umræðu í

efh.- og viðskn. varðandi þau atriði sem þarna eru talin upp að þá komi efh.- og viðskn. eða fulltrúar frá henni að því að móta þær reglur sem síðan yrðu lagðar fram eða það frv. sem síðan yrði lagt fram.

Varðandi 2. gr. vildi ég aðeins beina ákveðnum spurningum til hæstv. viðskrh. þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að skipa sérstakan fulltrúa inn í fyrirtæki sem getur tekið sæti og möguleika hans til þess að stýra fundum. Þetta eru ákvæði sem mér finnst geta verið beggja blands nema í ákveðnum tilvikum þegar viðkomandi fulltrúi boðar fund út af sérstökum tilteknum málefnum sem snúa beint að Fjármálaeftirlitinu en ekki þannig að fulltrúi Fjármálaeftirlits geti gengið inn á alla stjórnarfundi, stýrt þeim og haft þar málfrelsi og tillögurétt, þó hann hafi ekki atkvæðisrétt. Ég tel ekki eðlilegt að allir stjórnarfundir sem viðkomandi fyrirtæki boðar séu háðir því að ef fulltrúi Fjármálaeftirlits óskar að koma inn geti hann jafnframt tekið sæti og stýrt fundum en tel það þó eðlilegt í þeim tilvikum sem fulltrúi Fjármálaeftirlitsins boðar stjórnina á fund til þess að ræða þau málefni sem lúta beint að eftirlitinu.

Í 4. gr., 3.–5. mgr., þar sem er að finna ákvæði um dagsektir segir á 11. síðu í greinargerðinni:

„M.a. er kveðið á um að óinnheimtar dagsektir falli ekki niður þó að eftirlitsskyldir aðilar verði síðar við kröfum, sbr. það sem fram kom í upphafi þessarar umfjöllunar."

Ég vildi beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvort ekki sé eðlilegt, í ljósi þess að dagsektir hafa fallið niður þegar úrbætur hafa verið gerðar samkvæmt ábendingum Fjármálaeftirlitsins, að hafa inni í þessari grein ákveðinn tiltekinn dagafjölda, að eigi úrbætur sér ekki stað innan ákveðins tiltekins tíma þá yrði dagsektum haldið til streitu en verði hins vegar orðið við kröfum innan ákveðins tíma, þá sé heimilt að fella þær niður.

Í umsögn um þetta frv. kemur fram að ekki sé fyrir séð að útgjöld ríkissjóðs aukist og miðað við það frv. sem hér á að ræða á eftir, þá er það líklega rétt, en hins vegar hlýtur þessi breyting að hafa í för með sér ákveðinn fjölda stöðugilda og heimilda til þess að ráða starfskrafta tímabundið þannig að útgjöldin munu vissulega aukast að einhverju marki en um það er fjallað um í öðru frv. sem liggur fyrir samhliða og verður rætt á eftir. Ég vildi þá jafnframt spyrja hæstv. ráðherra af hvaða ástæðum sé talið betra að leggja það fram sem sérstakt lagafrv. en ekki sem hluta eða kafla í því frv. sem er til umræðu.

Ég fagna þessu frv. og innihaldi þess og tel að það sé verulega til bóta og í samræmi við það sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt áherslu á, þá verði heimildir Fjármálaeftirlitsins styrktar og það sé hlutverk ríkisins að setja leikreglur og sjá til þess að eftir þeim sé farið og við eigum að ganga þannig frá málum að þau hafi til þess allar heimildir sem þarf. Komið hefur í ljós að svo hefur ekki verið. Ég fagna frv. og miðað við umræðu sem hefur átt sér stað á undanförnum vikum og mánuðum og sérstaklega í aðdraganda þess að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var seldur hlýtur það að vera þannig að Alþingi flýti afgreiðslu þessa frv.

[19:06]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er einkum tvennt eða öllu heldur þrennt sem ég skal reyna að svara sem hv. þm. spurði um. Fyrst af hverju útgjalda- eða tekjuöflunarþátturinn, sem er í sérfrv., væri ekki inni í þessu frv. Meginástæðan er sú að við teljum mikilvægt að skapa öryggi í kringum Fjármálaeftirlitið. Þar af leiðandi er óæskilegt að lögum um Fjármálaeftirlitið verði breytt á hverju ári en miðað er við að gjaldtöku verði breytt með lögum frá þinginu hverju sinni. Þess vegna fannst okkur betra að hafa það í sérstöku frv. þannig að það væri öruggara og væri ljóst að menn ætluðu að breyta slíku frv. á hverju ári.

Varðandi dagsektirnar þá finnst mér rétt að skoða það sem hv. þm. bendir á í þeim efnum og tala hins vegar fyrir þeim sjónarmiðum að ef sektir sem þessar eiga að hafa áhrif þá þurfa þær að vera svolítið beittar og hvassar þannig að menn forðist að lenda í slíku.

Í þriðja lagi varðandi heimildir til að setja menn inn í fyrirtækin, er það þannig í gildandi lögum að Fjármálaeftirlit eða bankaeftirlitið gat sett menn frá sér til starfa inni í viðkomandi fyrirtækjum. Þar af leiðandi væri Fjármálaeftirlitið að vissu leyti farið að bera ábyrgð á rekstri viðkomandi fyrirtækis en væri jafnframt og um leið eftirlitsaðili sem væri að okkar mati heldur óhentugt og óeðlilegt vegna þess að þá væri eftirlitsaðilinn kominn inn til að reka fyrirtækið og þá væri farið að rugla saman rekstrarhlutverkinu og hins vegar framkvæmdahlutverkinu sem sneri beint að rekstrinum. Þess vegna er gert ráð fyrir því að hægt sé að setja inn í fyrirtækið óháðan aðila sem lúti um leið þeirri eftirlitsskyldu sem hvílir á Fjármálaeftirlitinu og þar af leiðandi er fyrirtækið óháð þó svo að Fjármálaeftirlitið hafi sett viðkomandi aðila inn en hann sé ekki háður Fjármálaeftirlitinu sem slíku. Það er meginhugsunin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 200. mál. — Þskj. 233.

[19:09]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem er 200. mál þingsins og er á þskj. 233.

Þeir aðilar sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins standa nú straum af kostnaði við rekstur stofnunarinnar og greiða sérstakt eftirlitsgjald skv. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. og sérstaka reglugerð um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Kveðið er á um lágmarksálagningu á hvern eftirlitsskyldan aðila og auk þess hámarksálagningu á hvern flokk eftirlitsskyldra aðila, en ráðherra ætlað að ákveða álagningu hvers árs innan þess hámarks. Innbyrðis skipting eftirlitsgjalds á hvern flokk á að endurspegla skiptingu starfsins á sömu aðila, byggt á reynslu fyrri ára.

Við framkvæmd þessa ákvæðis og reglugerðar um sama efni koma ýmis atriði til skoðunar sem að mati viðskrn. er rétt að fjalla um á vettvangi löggjafans. Þar má nefna að verulegum vandkvæðum er bundið að tryggja nægileg efnisleg tengsl milli eftirlits gjaldsins og þeirrar „þjónustu" sem Fjármálaeftirlitið veitir.

Núgildandi fyrirkomulag, að heimila álagningu innan tiltekins hámarks, er einnig erfitt í framkvæmd, ekki síst þegar litið er til hagsmuna eftirlitsskyldra aðila.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til í þessu frv. að gjaldtökunni verði breytt á þann veg að tryggt sé að eftirlitsgjaldið uppfylli á hverjum tíma skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýðir m.a. að festa þarf álagningarhlutföll í lögum, í stað þess að nú er kveðið á um hámark álagningar, auk þess sem kveða þarf nánar á um skattstofn, innheimtu o.fl.

Í frv. er gert ráð fyrir að þess verði gætt að nokkurt samræmi sé á milli álagningar á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila og þess eftirlits sem haft er með þeim. Sömu sjónarmið verði því áfram höfð að leiðarljósi og nú er byggt á.

Rétt þykir að kveða á um eftirlitsgjaldið í sérstökum lögum í stað þess að bæta inn nýjum kafla í lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Mikilvægt er að halda eftirlitsgjaldinu og öðrum þáttum er varða stöðu Fjármálaeftirlitsins aðgreindum. Kynni það að skapa óstöðugleika í starfi Fjármálaeftirlitsins og starfsheimildum ef lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi yrðu opnuð á hverju ári.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að þetta tækifæri verði notað til að festa álagningu þessa árs í lögum en það er hægt að gera með því að birta efni auglýsingar nr. 5/1999.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[19:12]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins til þess að lýsa yfir stuðningi við þá aðferð sem hér er beitt og eftir skýringar hæstv. ráðherra á því hvers vegna gjaldtakan er sett í sérstakt frv.

Ég viðurkenni að ég hef ekki haft tíma til þess að fara í gegnum alla greinargerðina. Hvað ef um óreiðu er að ræða og farið er í eftirlitsaðgerðir sem kosta töluvert umfram þetta reglubundna gjald og stjórn Fjármálaeftirlits getur þá ákveðið skv. 7. gr. „að viðkomandi eftirlitsskyldum aðila verði gert að greiða samkvæmt reikningi fyrir nauðsynlegt umframeftirlit"?

Ef í kjölfar þess þar sem fyrirtæki hættir störfum og um er að ræða verulegar fjárhæðir sem Fjármálaeftirlitið hefur þurft að leggja út sjálft af fjármagni sínu, er kröfuréttur í þrotabú eða gjaldþrota fyrirtæki? Það má vera að þetta sé mjög skýrt í frv. en ég hef bara ekki tekið eftir því. Ég hef ekki lesið þetta vel í gegn en ég tel það eðlilega og góða stefnu að þeir sem eru eftirlitsskyldir þurfi að greiða fyrir eftirlitið.

[19:13]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af spurningu hv. þm. held ég að mér sé óhætt að fullyrða að þar mun verða til almenn krafa væri um gjaldþrot að ræða eða eitthvað slíkt eða aðrar ástæður sem lægju að baki því að viðkomandi fyrirtæki hætti, þá væri þar um almenna kröfu að ræða.

Hvernig farið yrði með ef ekki væri til fyrir þeirri kröfu þegar upp væri staðið og búið væri gert upp? Ég þori ekki alveg að segja til um hver framvinda málsins yrði en þá held ég að segja yrði að eitthvað hefði mönnum orðið á í messunni í eftirlitinu ef svo illa væri komið.

[19:14]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að þá hefði mönnum orðið á í messunni. Hins vegar getur það alltaf gerst og spurningin er hvort ekki þarf að vera í frv. einhver baktrygging Fjármálaeftirlits ef til þess kemur að það ber verulegan skaða af eftirlitsstarfseminni því það má ekki gerast að það dragi úr eftirliti eða starfsemi Fjármálaeftirlitsins vegna fjárvöntunar.

Að öðru leyti þakka ég enn og aftur fyrir, virðulegi forseti, þau tvö góðu mál sem hægt er að ræða af þekkingu í þingsölum.

[19:15]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að þetta séu hárréttar ábendingar og rétt sé að málið verði skoðað sérstaklega. Ég skal láta skoða þessar ábendingar og spurningar hv. þm. áður en málið verður tekið til formlegrar umfjöllunar í nefndinni. Ég mun reyna að hafa svör við þeim þegar þeir menn sem hafa unnið að undirbúningi málsins verða kallaðir fyrir í nefndastarfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–4., 7.–8. og 11.–13. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

---

30. FUNDUR

mánudaginn 22. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 187. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 188. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), stjtill., 195. mál, þskj. 227. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 199. mál, þskj. 232. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 233. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 176. mál, þskj. 203. — 1. umr.
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 173. mál, þskj. 200. — 1. umr.
9. Framleiðsluráð landbúnaðarins, stjfrv., 205. mál, þskj. 239. — 1. umr.
10. Útvarpslög, stjfrv., 207. mál, þskj. 241. — 1. umr.
11. Stjórn fiskveiða, frv., 144. mál, þskj. 165. — 1. umr.
12. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.
13. Meðferð opinberra mála, frv., 185. mál, þskj. 215. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,

Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá íbúasamtökum Grafarvogs.

[15:00]

Útbýting þingskjals:
Starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 246.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 161. mál (lausafé lánastofnana). — Þskj. 187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Gjaldeyrismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur). — Þskj. 188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frh. fyrri umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Till. vísað til síðari umr. með 40:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BergH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HGJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, ÓI, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, SÞ, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: SvH.

22 þm. (ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JHall, KolH, KLM, LMR, MF, RG, SJóh, SJS, StB, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

[15:03]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu um að þessi till. til þál. verði látin ganga til umhvn. en ekki til iðnn. Þessi tillaga ber heitið Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Það er skoðun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að Fljótsdalsvirkjun eigi að fara í lögformlegt umhverfismat og þingflokkurinn hefur lagt fram tillögu þess efnis. Henni hefur verið vísað til umhvn. Alþingis og er þar til umfjöllunar og í vinnslu og það er eðlilegt að þessari tillögu verði einnig vísað þangað. Síðan gæti umhvn. leitað álits iðnn. eftir atvikum.

Mál þetta er flóknara en svo að það verði afgreitt með þessum hætti. Enda þótt skírskotað sé til Fljótsdalsvirkjunar í heiti tillögunnar, þá er hér um að ræða miklu viðameiri og umfangsmeiri framkvæmdir en segir til um í heiti tillögunnar. Reyndar hefur verið fullyrt á Alþingi að þessi þáltill. sé ekki þinghæf. En það er frumskilyrði, herra forseti, að umhvn. Alþingis fái þetta mál til umfjöllunar og þess vegna er tillagan flutt.

[15:05]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Í 23. gr. þingskapa stendur um vísun til nefndar:

„Til fastanefnda getur þingið vísað þeim þingmálum sem lögð eru fram og þörf þykir að nefnd íhugi. Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Það leikur enginn vafi á því og getur ekki farið á milli mála að efni þeirrar þáltill. sem hér um ræðir á að ræðast í umhvn. enda er fremst í tillögunni vísað til umhverfisskýrslu sem fylgir henni sem megingagn. Aðalágreiningurinn um þetta mál á hv. Alþingi snýst um hvort fram skuli fara umhverfismat samkvæmt núgildandi reglum og lögum eða ekki.

Hæstv. forseti. Ég fer fram á að atkvæðagreiðsla verði um þetta mál og ég tek undir með hv. þm. sem talaði hér á undan um að þessari tillögu verði vísað til umhvn. Ég tel reyndar fráleitt að hægt sé að vista hana til umfjöllunar annars staðar heldur en hjá umhvn. Umhvn. getur síðan leitað eftir áliti iðnn. um þetta mál. Það er verið að snúa hlutunum gjörsamlega á haus með því að vísa málefnum umhvn., sem heyra undir hana samkvæmt skilgreiningum sem hafa verið samþykktar í hv. Alþingi, til annarra nefnda.

[15:06]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Við fyrri umr. málsins í lok framsögu minnar gerð ég tillögu um að þessu máli yrði vísað til hv. iðnn. þingsins. Í ágætri þriggja daga umræðu sem stóð yfir sleitulaust komu engar athugasemdir fram hjá hv. þingmönnuum að þetta væri ekki eðlileg málsmeðferð. **(Gripið fram í:** Það er rangt.) Því miður hef ég misst af þeim ágætu tillögum við umræðuna.

Hins vegar las hv. þm. Jóhann Ársælsson upp úr þingsköpunum og ég held að hann hafi akkúrat svarað þeirri spurningu sem hann spurði sjálfan sig. Það á að vísa málum til nefnda með hliðsjón af skiptingu verkefna í Stjórnarráðinu. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm. að iðnrh. flutti þetta mál í þinginu. Þess vegna er þetta eðlilegt. Málið fjallar um orkuframkvæmdir og orkuframkvæmdir falla undir iðnrn. og ef menn ætla að vera trúir því sem í þingsköpunum stendur að hafa skiptingu Stjórnarráðsins að leiðarljósi við vísun mála til þingnefnda, þá er þetta eðlileg málsmeðferð.

[15:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun kveður á um það að halda áfram framkvæmdum. Það er augljóslega virkjunarmál og fellur undir iðnrh., enda flutti hann málið.

Rök um annað þingmál sem fjallar um önnur efnistök á sama stað eða sömu framkvæmd veikja ekki þetta. Það er eðlilegt að því þingmáli sé vísað til umhvn. því að það mál fjallar um að líta á lögin um umhverfismat. En það breytir því ekki að stjtill. gerir einmitt ekki ráð fyrir því og er iðnaðar- og virkjunarmál. Rök hv. þm. Ögmundar Jónassonar eru því þannig að ég get ekki fallist á þau.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er í fyrsta lagi rangt hjá hæstv. iðnrh. að ekki hafi hér í umræðum um málið verið rætt um þá þinglegu stöðu sem uppi væri. Ég minnti ítrekað (**Iðnrh.**: Engin tillaga.) á þá tillögu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem er í umhvn. og lýsti því sjónarmiði mínu að þar ætti forræði þessa máls að vera og að þá tillögu ætti að afgreiða á undan þeirri sýndartillögu sem hér er á dagskrá. En það hefur þá farið fram hjá hæstv. iðnrh.

Herra forseti. Í öðru lagi er það svo að þingið þarf að huga að samræmi í sínum vinnubrögðum. Í umhvn. er endurflutt, reyndar ítrekað endurflutt og nokkurn veginn fullunnin hygg ég, tillaga um að einmitt þessar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun með miðlunarlóni á Eyjabökkum sæti mati á umhverfisáhrifum samkvæmt gildandi lögum. Þar af leiðandi hefur sjálf grundvallarákvörðunin um það verið í vinnslu í umhvn. þingsins. Þegar þetta mál um svona stimpil Alþingis á framhaldi þessara framkvæmda kemur svo fram, er því augljóslega eðlilegast að umhvn. haldi áfram því verki og samræmi það. Hún getur eftir atvikum leitað til iðnn. um vinnu við þann þátt málsins ef svo ber undir eins og alsiða er.

Þá getur og umhvn., hún ein, tryggt að afgreiðsla þessara mála í heild sinni verði í samræmi og samsíða eða samhliða, allt eftir því hvernig nefndin telur heppilegast.

Það vill svo vel til að í tillögugrein hæstv. iðnrh. er einmitt tekinn sérstaklega útgangspunktur í umhverfishlið málsins. Tillagan hefst á eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar ...“

Í þingsköpunum er efni máls talið upp á undan verkaskiptingu Stjórnarráðsins og eitt skal hæstv. iðnrh. hafa algjörlega á hreinu, herra forseti, hafi hæstv. ráðherra ekki áttað sig á því fyrr. Alþingi er ekki bundið af því hvaða ráðherrar flytja mál eða hvernig þeir flytja það hingað inn. Alþingi ræður því sjálft hvernig það skipar sínum verkum, þar með talið til hvaða nefnda það kýs að vísa málum. Fyrir því eru mörg fordæmi að Alþingi hefur snúið tillögum við sem komið hafa frá framkvæmdarvaldinu um slíka hluti. Öll efnisrök, herra forseti, og ekki síst þau sem lúta að sjálfstæði og myndugleika Alþingis í þessu máli hníga því að því að þessari tillögu beri að vísa til umhvn. Verði það ekki gert, þá er það auðvitað til marks um það þingræðislega ofbeldi sem hér á að framkvæma.

[15:12]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt að um sé að ræða flókið mál. En ég hafna þeirri röksemdafærslu sem fram kom hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að það, þ.e. sú staðreynd að þetta væri flókið mál, væri rök fyrir því að málið skyldi ekki fara til hv. iðnn. Ég hafna því alfarið og vísa því heim til föðurhúsanna. Málið er hins vegar flókið. Það snertir virkjunarmál, tæknimál, efnahagsmál, byggðamál og þannig má áfram telja. En það snertir líka umhverfismál og því lýsi ég þeirri skoðun minni yfir sem formaður iðnn. að komi málið til hv. iðnn., þá munum við af virðingu við umhvn. vísa umhverfisþættinum til afgreiðslu og umsagnar hjá hv. umhvn. þingsins. Verði sú leið farin mun umsögnin og sú vinna síðan berast til iðnn. sem þar með á kost á því að skoða málið í heild sinni. Að lokum standa svo hv. nefndarmenn iðnn. og þingið í heild frammi fyrir því að þurfa að taka afstöðu í málinu.

[15:13]

Sigríður A. Þórðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Tillagan um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun sem hér á að greiða atkvæði um í hvaða nefnd skuli fara er flutt af iðnrh. og það er í fyllsta samræmi við þingvenjur að tillögunni sé vísað til iðnn. Iðnn. getur síðan óskað eftir umsögn frá umhvn. þannig að ég tel mjög eðlilegt að tillagan fari til iðnn. og í engu ósamræmi við efni hennar, síður en svo.

[15:14]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að segja að hv. formaður iðnn. þarf ekki að hafa áhyggjur af því að ég vilji að þetta mál fari til umhvn. vegna þess að iðnn. væri ekki treystandi fyrir svona flóknu máli. Það voru ekki mín orð og ekki heldur mín meining. (**Gripið fram í**: Það hlýtur bara að vera.) Ég lít hins vegar þannig á að í hv. Alþingi eigi menn að vera samkvæmir sjálfum sér. Þegar það hefur verið sett í þingsköp Alþingis að málum skuli velja samastað eftir efni þeirra, þá eiga menn að halda sig við þá skilgreiningu. Mér finnst alveg fáránlegt að það skuli verða pólitísk niðurstaða hjá stjórnarflokkunum að láta mál fara í aðra nefnd en það á að fara í samkvæmt þingsköpum. Ég mótmæli því og ég skora á hæstv. forseta að hlutast til um að hér fari mál að þingsköpum. Mér finnst að það ætti að vera tillaga hans að farið verði eftir þingsköpum en ekki að farið verði gegn anda þeirra eins og hér á að gera.

Það er líka alveg ótrúlegt að sjá að þeir sem sömdu tillöguna hafa samt ákveðið, og þá áður en tillagan kom til afgreiðslu í þinginu, að setja fremst í tillöguna tilvitnun í skýrslu um umhverfisáhrif. Upphaf tillögunnar gengur út á það að Alþingi eigi að styðjast við skýrslu um umhverfisáhrif sem er aðalgagnið með þessari þáltill. Og að aðalgagnið skuli ekki ráða því hvert málið fer síðan til umfjöllunar á hv. Alþingi í nefndum þingsins, finnst mér fráleitt, þ.e. að það skuli ekki ráða niðurstöðunni. Ég skora á hv. þingmenn að vera samkvæma sjálfum sér og senda þetta mál þangað sem það á að vera. Umhvn. mun auðvitað vísa málinu til umsagnar iðnn. þannig að iðnn. geti fjallað um þau málefni sem sannarlega tilheyra iðnn. hvað þetta mál varðar.

[15:17]

Jón Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að efni tillögu ætti að ráða því hvert henni væri vísað og ég er alveg sammála því. Efni þessarar tillögu er það að iðnrh. ber fram þáltill. um að halda áfram virkjunarframkvæmdum. Þetta er vissulega iðnaðarmál. En það er alveg rétt að gögnin sem fylgja tillögunni varða umhverfismál og vissulega verður þeim þáttum vísað til umhvn. En efni tillögunnar fer ekkert á milli mála, það er um að halda áfram virkjunarframvæmdum. Um það fjallar tillagan. Þess vegna styð ég það að tillagan fari til iðnn.

[15:18]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég ætla að lesa upphaf þessarar till. til þál. sem við erum að deila um. Hér segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun ..."

Í þeirri skýrslu sem hér er vísað til og er mikil að vöxtum er ekki einvörðungu verið að tala um Fljótsdalsvirkjun. Það er ekki einvörðungu verið að tala um álver upp á 120 þús. tonn, heldur 480 þúsund. Til þess að fullnægja orkuþörf þess þarf miklu fleiri og stærri virkjanir en Fljótsdalsvirkjun eina. Um það deilir enginn, hélt ég, að þær þurfa að fara í umhverfismat.

Það er á þeirri forsendu sem hv. þm. Sverrir Hermannsson vakti máls á því um daginn í þingsal að þessi þáltill. væri ekki þinghæf. Og ég tek undir það.

En það er grundvallarskilyrði, ef þingið ætlar að samþykkja eða meiri hluti þess að vísa málinu áfram til vinnslu í þinginu, að það gangi fyrst til umhvn. Mér finnst það grundvallarskilyrði að svo verði gert.

[15:20]

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við skulum gera okkur grein fyrir því hvernig þetta mál hefur verið lagt fyrir Alþingi. Kynnt hefur verið á Alþingi skýrsla um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar sem Landsvirkjun hefur unnið og hún hefur verið kynnt fyrir okkur þingmönnum sem fullnægjandi frummat á umhverfisáhrifum. Hæstv. iðnrh. hefur því um tvær leiðir að velja, þ.e. annars vegar að senda skýrsluna áfram til skipulagsstjóra til umhverfismats, eins og samgrh. gerði með Gilsfjarðarbrú sem þó var ekki skylt að fara í það ferli, hins vegar að leggja þessa frummatsskýrslu fyrir Alþingi og óska eftir því að Alþingi taki að sér það vinnuferli sem skipulagsstjóri hefði ella átt að stýra. Og þannig var málið kynnt, virðulegi forseti, fyrir Alþingi.

Hæstv. forsrh. sagði, ef ég man rétt, t.d. að alþingimenn væru ekkert ófærari um að leggja mat á frummatsskýrslu um umhverfisáhrif en skipulagsstjóri ríkisins. Hann lagði því það mál þannig fyrir Alþingi að hér væri Alþingi að taka að sér verk sem umhverfisaðilar ættu ella að vinna, þ.e. að leggja mat á frummatsskýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar.

Og hver á þá að vinna það umhverfismat hér á Alþingi? Á iðnn. að gera það, kannski fjárln.? Af hverju ekki sú nefnd þingsins sem fjallar um nákvæmlega þennan málaflokk sem verið er að biðja hæstv. Alþingi um að vinna? Eins og málið er lagt fyrir Alþingi, herra forseti, þar sem beðið er um að Alþingi taki við umhverfismatsferlinu, þá er náttúrlega eðlilegt að sú nefnd Alþings sem fjallar um þau mál taki við verkstjórn verksins. Annað er í mótsögn við málflutning þeirra ráðherra sem hafa kynnt þessa till. til þál. fyrir Alþingi.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég held að aftur sé nauðsynlegt að undirstrika að framkvæmdarvaldið segir ekki Alþingi fyrir verkum hvað varðar skipulag þingstarfanna. Og það er nærtækt að taka sem dæmi að ef forsrh. ákveður að gera breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands og færa þar til málaflokka, þá er Alþingi ekki sjálfkrafa þar með skuldbundið af því að breyta tilhögun um skipan þingstarfanna. Það hljóta allir að sjá í hendi sér. Enda eru þess fjölmörg dæmi að breytingar séu gerðar og jafnvel í atkvæðagreiðslum hér hvað varðar tillögur um hvernig mál skuli ganga til nefnda. (**Gripið fram í:** Getur þú nefnt dæmi?)

Í öðru lagi liggur það fyrir, herra forseti, að vísað er til umhverfisþáttarins í upphafi þessarar tillögu. Í þriðja lagi er það svo að allir þættir tillögunnar og uppistaðan í öllum fylgiskjölum með henni, að undanskildum orkusöluþættinum einum, eru nákvæmlega sömu matsþættirnir og skipulagsstjóra er uppálagt að leggja mat á samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. umhverfisþátturinn, félagslegi þátturinn, byggðaþátturinn o.s.frv. Enda — eins og hér kom réttilega fram hjá síðasta ræðumanni — hefur verið látið að því liggja af hálfu hæstv. ráðherra að í reynd felist í þessari málsmeðferð nokkurn veginn jafngildi lögformlegs mats á umhverfisáhrifum. Menn hafa sagt að Alþingi sé ekki verr til þess fallið að taka ákvörðun í svona erfiðu máli en skipulagsstjóri. Þá hlýtur að sama skapi að vera sjálfgefið að verkstjórnin hvað þetta varðar sé á hendi umhvn., en undir umhvn. heyra lögin um mat á umhverfisáhrifum og umhvrh.

Hæstv. iðnrh. gerði mjög mikið úr því í fjölmiðlum í aðdraganda þess að tillaga hans kom hér fram á þinginu að málið væri í reynd að fá breiða og víða skoðun og talaði fjálglega um að hér fengju allir að koma sínum sjónarmiðum að o.s.frv. Það liggur alveg ljóst fyrir hver skurðpunktur þessa máls er nú. Hann er spurningin um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Það er sú grundvallarákvörðun sem Alþingi þarf fyrst að taka í þessu máli. Að breyttu breytanda eiga þessar framkvæmdir að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum eða ekki og þá ræðst framhald málsins sjálfkrafa af þeirri ákvörðun Alþingis ef svo væri.

Öll rök, herra forseti, hníga því til þess að þessi tillaga gangi til umhvn. Og ég bið um einhver haldbær rök fyrir hinu gagnstæða önnur en þau að það sé þá í valdi hæstv. iðnrh. að segja Alþingi að þessu leyti fyrir verkum. Því hafna ég og umfram allt annað hafna ég því að staða Alþingis í svona tilvikum, herra forseti, — og er þá nærtækt að beina sjónum til hæstv. forseta sem á að vera sómi vor, sverð og skjöldur þegar (Forseti hringir.) virðing Alþingis á í hlut — að hlutskipti okkar sé það eitt að taka við „dírektífum" frá iðnrn. hvað svona varðar.

(**Forseti** (HBl)**:** Ef hv. þm. var að beina fyrirspurn til forseta þá svarar hann henni þannig að þingmenn verða sjálfir að svara því í atkvæðagreiðslu hvert sé vald þeirra og hvaðan þeir taki fyrirmælin.)

[15:26]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg skýlaust og hefur verið í öllum aðdraganda þessa máls að hér er um umhverfismál að ræða. Landsvirkjun hefur látið vinna frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Hún heitir Umhverfi og umhverfisáhrif. Það er undirtitill skýrslunnar. Hún hefur í aðdraganda málsins ætíð verið kynnt sem svo að hún sé unnin samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það hefur forstjóri Landsvirkjunar staðfest og það hefur hæstv. iðnrh. staðfest.

Hv. þm. Hjálmar Árnason kemur hér og segir að af virðingu við umhvn. ætli hv. iðnn. að láta þáltill. hæstv. iðnrh. í umsagnarferli til umhvn. Ég skora á hv. Alþingi, af virðingu

við íslenska þjóð sem margoft hefur lýst því í skoðanakönnum að hún óski þess að virkjunin fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum, að það setji þessa þáttill. í hendur hv. umhvn. til umfjöllunar.

[15:27]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert hvernig einstakir þingmenn nálgast málið og auðvitað ræðst það af þeirri forsendu sem menn gefa sér. Það hefur komið fram í mjög ágætri og málefnalegri umræðu að við erum ekki einungis að ræða um umhverfismál. Við erum líka að ræða um byggðamál, atvinnumál, efnahagsmál og áfram má telja. Það er því ekki eðlilegt að taka eina af þessum forsendum og einblína á hana.

Mér fannst hins vegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hæstv. fyrrv. iðnrh., vera afskaplega fimlegur í röksemdafærslu sinni þar sem hann gaf sér ákveðna forsendu í málinu. Mér finnst að hv. þm. hefði í rauninni allt eins getað komið hér upp og ætlað að sanna að tunglið væri úr osti og það sem er merkilegra, herra forseti, að miðað við sínar forsendur þá nánast tókst hv. fyrrv. iðnrh. það.

Herra forseti. Aðalatriðið er að við erum að fjalla um mál sem á sér ólíkar forsendur, en það byggir á lögum. Það byggir á bráðabirgðarákvæði laga sem sett voru árið 1993 og þau hafa ekki verið numin úr gildi. Það byggir jafnframt á þeirri hefð að viðkomandi fagráðherra beinir málum til sambærilegrar fagnefndar. Það eru enn fremur fjölmörg dæmi þess að fagnefndir taki upp samstarf þannig að málið er að öllu leyti í eðlilegum farvegi.

En ég ítreka að það breytir ekki því að þingmenn munu að lokum þurfa að gera upp við samvisku sína hver skoðun þeirra er á málinu út frá öllum forsendum og leggja mat á það.

[15:29]

Sighvatur Björgvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ekki skal ég deila við hv. formann iðnn. um það að spurningin um hvort tunglið sé úr osti eða ekki er sennilega viðfangsefni nefndar hans. Hins vegar finnst mér það nokkuð merkilegt þegar formaður þeirrar nefndar lýsir því yfir úr ræðustól að málið sé of flókið fyrir flokksbróður sinn, sem er formaður umhvn., og væri gaman að heyra hann rökstyðja hvað sé svona flókið að formaður umhvn. skuli ekki ráða við það sem hann telur sjálfum sér vel henta.

En það er kannski ekki meginerindið hingað upp heldur að spyrjast fyrir um það, ef möguleiki væri að fá við því svar, hvað formaður iðnn. ætli sér að gefa umhvn. langan tíma til að fjalla um þetta mál. Ætlar iðnn. að gefa umhvn. þann tíma sem umhvn. telur sig þurfa til að geta framkvæmt þá vinnu sem samkvæmt lögum um umhverfisáhrif á að vinna af skipulagsstjóra og er nú verið að vísa til iðnn.? Ætlar iðnn. að sjá til þess að umhvn. geti gegnt þeirri þingskyldu sem verið er að leggja á hana, m.a. að sjá svo um að umhvn. hafi ráðrúm til að leita eftir umsögn almennings og ráðfæra sig við þá sem nefndin þarf að ráðfæra sig við til þess að geta lokið störfum? Hvaða tíma ætlar sá maður sem heldur því fram að málið í heild sé of flókið fyrir umhvn., að gefa nefndinni til þess að vinna þetta flókna verk?

Till. vísað til iðnn. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

nei: ÁSJ, BH, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (KF, ÓÖH) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BergH, DO, GE, HGJ, HjálmJ, JHall, KLM, LMR, MF, RG, SighB, SJóh, TIO) fjarstaddir.

[Forseti gat þess að ÁRJ, GE og SighB hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætluðu að segja nei.]

Fjármálaeftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 200. mál. — Þskj. 233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (umsýsluþóknun). — Þskj. 203.

[15:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 1989, sbr. lög nr. 47 1990. Frv. þetta er unnið í umhvrn. í samvinnu við Endurvinnsluna hf. Ástæðan fyrir því að frv. þetta er lagt fram er sú að tryggja þarf Endurvinnslunni hf. rekstrargrundvöll þannig að félagið geti staðið undir kostnaði við þau verkefni sem það hefur tekið að sér lögum samkvæmt.

Á undanförnum árum hafa efnisleg skilyrði til endurvinnslu einstakra umbúðategunda drykkjarvara raskast verulega eins og ég mun gera grein fyrir. Endurvinnslan hf. var stofnuð á árinu 1989 á grundvelli laga nr. 52/1989 og hefur ríkissjóður átt aðild að félaginu og fulltrúa í stjórn þess frá upphafi. Af hálfu Endurvinnslunnar hf. hefur komið fram að fyrirsjáanlegt tap verði á rekstri félagsins og að engar horfur séu á að ástandið muni breytast að óbreyttum lögum. Tekjur Endurvinnslunnar eru samkvæmt lögum nr. 52/1989 annars vegar af skilagjaldi vegna þeirra umbúða drykkjarvara sem ekki er skilað til Endurvinnslunnar hf., en skilagjald ber að leggja á allar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málmi, gleri og plastefni hvort sem þær eru innfluttar eða framleiddar eða átappaðar hér á landi. Hins vegar fær Endurvinnslan tekjur af umsýsluþóknun en hún er lögð á framangreindar

drykkjarvörur til viðbótar skilagjaldi og er fjárhæð hennar 5% af skilagjaldi í dag.

Helstu breytingar sem gerðar eru tillögur um í frv. þessu er hækkun umsýsluþóknunar á umbúðir úr stáli, gleri og plastefni en lækkun á umbúðir úr áli. Einnig að tekið verði upp það fyrirkomulag að hafa mismunandi fjárhæð umsýsluþóknunar eftir tegund einnota umbúða. Ástæður fyrir því að þessar breytingar eru lagðar til eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi var á undirbúningstíma fyrir setningu laga nr. 52/1989 reiknað með miklum tekjum af sölu áldósa. Álverð var hátt á síðari hluta níunda áratugarins en hefur síðan verið mjög sveiflukennt. Á undanförnum árum hefur álverð verið lágt. Tekjur Endurvinnslunnar hf. af áldósum hafa verið allmiklar öll árin sem félagið hefur verið í rekstri en þó langt frá því að vera jafnmiklar og traustar og reiknað var með þegar forsendur reksturs félagsins voru metnar í upphafi.

Í öðru lagi gefa plastflöskur litlar tekjur nú. Horfur á verðþróun eru slæmar vegna ástands á heimsmarkaði.

Í þriðja lagi hefur samsetning umbúðategunda breyst verulega frá því að lögin voru sett. Upphaflega var gert ráð fyrir að hlutfall áldósa af seldum einnota drykkjarvöruumbúðum yrði 70–80%, en þá var ekki reiknað með söfnun og endurvinnslu eða eyðingu glerja. Hefur hlutfall áls reynst mun lægra en búist var við og hafa einkum plastflöskurnar aukið verulega hlut sinn á markaðinum á kostnað áldósanna. Gera má ráð fyrir því að sú þróun haldi áfram.

Í fjórða lagi hafa skil umbúða miðað við sölu verið mun meiri en búist var við, eða 84–86% síðustu ár.

Í fimmta lagi hefur Endurvinnslan hf. beitt sér fyrir aukinni þjónustu á höfuðborgarsvæðinu til að auðvelda og auka skil umbúða. Gerður var samstarfssamningur við Sorpu haustið 1998 um móttöku skilagjaldsskyldra umbúða á öllum átta móttökustöðum Sorpu á höfuðborgarsvæðinu.

Framangreind atriði hafa verulega breytt rekstrarforsendum Endurvinnslunnar hf. miðað við það sem upphaflega var gert ráð fyrir og einnig miðað við reksturinn undanfarin ár. Rekstraráætlun fyrir árið 1999 gerir ráð fyrir verulegu tapi og ekki eru horfur á að ástandið muni batna að óbreyttri löggjöf. Það þykir því einsýnt að umsýsluþóknun þurfi að hækka frá því sem lög nr. 52/1989 kveða á um til að tryggja Endurvinnslunni hf. rekstrargrundvöll. Samkvæmt frv. er lagt til að við hækkunina verði umsýsluþóknunin mishá eftir tegundum umbúða eins og gert er á Norðurlöndunum.

Byggist þessi tillaga á tvenns konar sjónarmiðum. Í fyrsta lagi er tekið mið af gjöldum og tekjum sem leiða af söfnun og endurvinnslu eða eyðingu hverrar umbúðartegundar fyrir sig þannig að umsýsluþóknun fyrir óhagkvæmari tegundirnar verði hærri. Í öðru lagi er ýtt undir notkun vistvænna umbúðategunda með því að hækka umsýsluþóknun umbúðategunda sem erfitt er að endurvinna en það ætti að draga úr notkun þeirra. Lagt er til að umsýsluþóknun hækki frá því sem gildandi lög kveða á um nema umsýsluþóknun fyrir umbúðir úr áli sem lækkar.

Ef frv. þetta verður að lögum mun umsýsluþóknun ekki lengur verða prósenta af skilagjaldi heldur ákveðin sjálfstætt fyrir hverja umbúðategund.

Í frv. er lagt til að gjaldtaka vegna skilagjalds verði fastákveðin krónutala eða sú fjárhæð sem skilagjald nemur í dag á einnota umbúðir úr áli, gleri og plasti sem er 5,63 kr. án virðisaukaskatts. Verði frv. þetta að lögum mun fjárhæð skilagjalds vegna stálumbúða hins vegar lækka úr 8 kr. í 5,63 kr. Rétt þykir að skilagjald sé það sama fyrir allar tegundir umbúða en umsýsluþóknun mishá eftir tegund umbúða.

Jafnframt er lagt til að fjárhæð skilagjalds verði ekki lengur tengd við breytingar á verði drykkjarvara heldur við breytingar á vísitölu neysluverðs. Drykkjarvörumarkaðurinn lýtur sérstökum lögmálum, t.d. lækkaði almennt verð drykkjarvara verulega fyrstu árin eftir að lög nr. 52/1989 voru samþykkt. Ekki þykja rök fyrir því að tengja þróun skilagjalds eingöngu við verð drykkjarvara.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir helstu breytingar sem fram koma í frv. Ég legg áherslu á að markmiðið með frv. þessu er m.a. að stuðla að notkun vistvænna umbúðategunda. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[15:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er öllum kunnugt að síðan lög um skilagjald voru samþykkt á Alþingi hefur skilum á umbúðum í raun verið í mjög miklum mæli vísað til endurvinnslustöðva þannig að öllum hlýtur að vera ljóst að þetta eru góð lög og það að setja skilagjald á einnota umbúðir er vopn og tæki sem stendur fyrir sínu og hefur í baráttunni við mengun af þessum umbúðum skilað ákveðnum árangri. Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra eru skil á einnota umbúðum hér á landi nú um 84–86%. Þetta er góður árangur og við verðum að halda áfram að halda vel á málum. Bendi ég þá sérstaklega á að það hefur viljað brenna við sýnist mér að auglýsing á þessari þjónustu sé af skornum skammti og kynning ekki nægilega góð. Kannski kann það að stafa af samvinnu ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum. Sveitarfélögin hafa viljað halda að sér höndum með auglýsingar á þjónustunni vegna þess að það er afskaplega dýrt að reka endurvinnslustöðvar.

Eins og kom fram í máli hæstv. umhvrh. hafa endurvinnslustöðvarnar átt fullt í fangi með að standa undir kostnaði. Ég tel því alveg ljóst að hér þurfi að taka vel á málum og sjá til þess að umsýslan sé í samræmi við það sem þjónustan kostar. Mér sýnist hins vegar á þessu frv. að hér sé kannski fullflókin leið farin og vildi gjarnan spyrja hæstv. umhvrh. hvort einföldun hefði ekki verið til bóta, hvort grundvallaratriðið, þ.e. að ná inn þessum umbúðum og leggja á þær sanngjarnt skilagjald sem getur staðið undir rekstri umsýslunnar, geti ekki verið einfaldara en hér er lýst. Vissulega á þetta eftir að koma til nefndar og ég sem nefndarmaður í hv. umhvn. kem auðvitað til með að fara betur ofan í saumana á frv. þar, og óska eftir ákveðnum heimsóknum hvað það varðar.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að hér er um afskaplega gott mál að ræða og þarft að skoða löggjöfina um skilagjald. Kjarni málsins er að hér er um mál að ræða sem virðist vera að skila sér, mál sem virðist vera að breyta lífsstíl fólks til hins betra og það er auðvitað af hinu góða. En ég vil líka ítreka það að hér þarf að halda þannig á málum að hlutir séu gegnsæir og einfaldir svo fólk skilji þá vel.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Skilagjöld af því tagi sem við erum ræða um eru partur um umhverfisskattastefnu. Ég hefði talið að það væri e.t.v. fróðlegt fyrir okkur sem sitjum í umhvn. þingsins að nota þetta tækifæri til að fá vitneskju hjá hæstv. ráðherra um það hvort hún hyggist beita sér í einhverjum mæli fyrir því að umhverfisskattar verði teknir upp víðar en bara á þessu sviði. Ég vísa til þess, herra forseti, að á

heimasíðu ráðuneytisins sem hæstv. ráðherra veitir forstöðu er að finna afskaplega fína skýrslu um umhverfisskatta þar sem m.a. er lagt til að farin verði sú leið að taka þá upp á öðrum sviðum. Sér í lagi vek ég athygli á því að þar er beinlínis lagt til af hálfu skýrsluhöfunda að hæstv. umhvrh. beiti sér fyrir því að þær fjórar tegundir gjalda sem lagðar eru á eldsneyti verði sameinaðar í eitt. Þar kemur líka fram sú niðurstaða skýrsluhöfunda að ólíklegt sé að það leiði til þess að heildarálögur á þá sem nota ökutæki sem knúin eru af þessum eldsneytisgjöfum muni aukast. Þetta hefur stundum komið upp í umræðum í þinginu og fyrst við erum á annað borð að ræða skilagjöld og þar með umhverfisskatta væri fróðlegt ef hæstv. umhvrh. mundi nota ferðina og greina okkur frá þessu.

Það mál sem hæstv. ráðherra beinir nú til okkar er ekki jafneinfalt og það lítur út fyrir í fyrstu. Það er mjög viðkvæmt þegar komið er til þingsins og það beðið um að hækka tekjur fyrirtækis sem býr við lögbundna einokun. Það er það sem er í rauninni að gerast í þessu máli. Ég tek alveg undir með hæstv. ráðherra og hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að þetta fyrirtæki hefur staðið fyrir afskaplega þarfri hreinsunarherferð á landinu og óhætt er að fullyrða að umgengni við landið hefur tekið stakkaskiptum eftir að það varð að veruleika. Við sjáum ekki lengur tómar dósir og umbúðir af þeim toga sem fellur undir starfssvið fyrirtækisins á heiðum uppi og í miklu minni mæli á fjörum en áður og það er auðvitað vel. En í eðli sínu er málið þannig að í rauninni er verið að biðja um að fyrirtæki sem býr við lögbundna einokun fái heimild í lögum til að auka tekjur sínar og þá verða menn auðvitað að staldra við og kanna mjög rækilega áður en fallist er á það. Það mun umhvn. þingsins auðvitað gera.

Ég tók eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra gat um það í framsögu sinni að þetta stafaði af því að breyting hefði orðið á samsetningu þeirrar vöru sem veltur í gegnum fyrirtækið. Ég spyr þá hæstv. ráðherra: Hvenær hófst sú þróun?

Hæstv. ráðherra sagði jafnframt að rekja mætti aukinn kostnað til þess að farið hefði verið í sérstakt átak í samvinnu við Sorpu á höfuðborgarsvæðinu. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er þá ekki sanngjarnt, ef um er að ræða hreinsunarátak sem virðist hafa verið gert í samvinnu við borgarfyrirtæki, að Reykjavíkurborg komi með einhverjum hætti að þessu máli? Ég velti því bara upp, herra forseti.

Í þriðja lagi spyr ég hvort það tap sem nú er fyrirséð af rekstraráætlun fyrirtækisins sé fyrst að verða til núna eða hvort það hafi verið undangengin ár, hvort um sé að ræða halla sem er uppsafnaður.

Í fjórða lagi, herra forseti, velti ég því fyrir mér hvort ekki hafi komið til umræðu innan ráðuneytisins eða eftir atvikum í stjórn fyrirtækisins að reyna að bæta stöðu fyrirtækisins með því að víkka út svið þess. Ég á við, herra forseti, að víkka út ramma þessara laga þannig að hann nái til fleiri umbúða en þeirra sem núna fara í gegnum fyrirtækið. Það eru ýmiss konar umbúðir sem tengjast ýmsum afbrigðum mjólkurvarnings sem eru kannski að þreyta okkur stundum, sem erum að puða á heiðum uppi. Hafa menn velt því fyrir sér að auka veltu fyrirtækisins og auka þar með heildartekjurnar með því að láta það sýsla með fleiri tegundir af varningi? Ég held að það hljóti að vera leið sem menn velta fyrir sér áður en þeir ákveða með hraði að hækka þarna gjöld sem munu að sjálfsögðu leiða til þess að sú þjónusta sem almenningur er að greiða fyrir, því vissulega er þetta þjónusta, mun hækka.

Mér finnst sem sagt, herra forseti, að þetta sé ekki að öllu leyti algjörlega sjálfgefið. Ég man ekki lengur hversu mikið ríkið á í þessu fyrirtæki en mig langar að nota ferðina, herra forseti, og spyrja hæstv. umhvrh. hvort ekki sé kominn tími til að velta því fyrir sér hvort rétt sé að ríkið losi sig við eignarhlutinn í þessu fyrirtæki. Og spyr hæstv. ráðherra líka hvort uppi séu einhvers konar möguleikar og vangaveltur af hálfu ríkisstjórnarinnar, þ.e. hæstv. umhvrh., að reyna með einhverju móti að koma upp samkeppni í þessari grein. Ef svo væri þá hygg ég að leiða mætti rök að því að e.t.v. mundi hún leiða til þess að umsýslugjaldið þyrfti ekki að hækka í framtíðinni.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta gagnmerka mál, sem ég heyrði ábyggilega rétt að lagt er til að vísað verði til umhvn., verðskuldar alla athygli. Það er auðvitað angi af stærra samhengi sem er spurningin um umgengni okkar um og við landið og hvernig við reynum að stuðla að því að þróun samfélagsins verði í rétta átt þó kannski í litlu sé, mundi einhver segja, þar sem eru þessar einnota umbúðir. En þær eru þó býsna mikill skaðvaldur ef illa er með þær farið og þeim dreift út um hvippinn og hvappinn eins og við þekkjum.

Í fyrsta lagi vil ég segja að það er vissulega ánægjulegt að rekstrarvandi Endurvinnslunnar er til kominn m.a. vegna þess að skil á einnota umbúðum eru svo góð að þau eru meiri en gert var ráð fyrir og þar af leiðandi skapar það tekjubrest hjá Endurvinnslunni að meira er endurgreitt af gjaldinu en reiknað var með í upphaflegum forsendum laganna eða talsvert umfram þá $^{3}/_{4}$ sem þar mun hafa verið miðað við.

Gallinn á málinu er hins vegar sá að við erum að tala um einnota umbúðir, og ég vil nota tækifærið, herra forseti, og koma því sjónarmiði að að ég a.m.k. hef aldrei sætt mig alveg við að menn skrifi um aldur og ævi upp á það fyrirkomulag að daglegum neysluvörum eins og drykkjarvöru, sem hér á í hlut fyrst og fremst, sé eingöngu dreift í einnota umbúðum og menn gefist upp við að hafa þar fjölnot í huga sem valkost eða möguleika. Staðreyndin er sú að að mínu mati var allt of lauslega farið yfir það, bæði hér á landi og víðar, þegar menn stóðu frammi fyrir ákveðnu vali vegna tæknibreytinga og þróunar á markaðnum, hvort gefa ætti eftir varðandi einnota umbúðir og gera það með nánast einni undantekningu sem ég þekki til af Vesturlöndum. En menn gáfu eftir, gáfust upp og aðlöguðu kerfi, lög og reglur, gjaldskrár og annað því um líkt að því að uppistöðunni af slíkum varningi er nú dreift í einnota umbúðum. Undantekningin eru Danir sem þrjóskuðust við af alkunnri snilld og neituðu einnota umbúðum, t.d. í dreifingu á áfengu öli og jafnvel fleiri tengdum vörum.

Á sínum tíma voru ýmsir reikningar færðir fram fyrir því að einnota umbúðirnar væru þrátt fyrir allt, þegar upp væri staðið, jafnvel skárri fyrir umhverfið, þ.e. að því tilskildu að þær væru endurunnar vegna þess að í dreifingu t.d. glerumbúða og endurnotkun eða fjölnýtingu glerumbúða væri fólginn of mikill flutningskostnaður og með þvotti og afföllum og öðru slíku yrði það ferli verra ef eitthvað væri.

Síðan hafa farið að leita á menn ýmsar efasemdir og þær hafa aðallega gert það vegna þess að menn gleymdu heilmiklu í dæminu hinum megin. Það hefur auðvitað komið smátt og smátt á daginn að endurvinnslan er að ýmsu leyti meiri erfiðleikum bundin og dýrari en menn höfðu reiknað með þegar gerður var samanburður á fjölnota og einnota umbúðum af þessu tagi. Nú koma á daginn ýmiss konar

erfiðleikar. Það er jafnvel verið að flytja þessar einnota umbúðir milli landa til förgunar. Það gleymdist að gera ráð fyrir ýmiss konar efnum sem þarna eru á ferðinni og fleira í þeim dúr.

Þessu tengt, herra forseti, eru skemmtilegar vangaveltur sem ég hef komist yfir og tengjast samanburði á einstökum efnum í þessu sambandi, eins og áli og plasti. Fljótt á litið telja margir að ál, og ég hef heyrt það sagt í umræðum á Íslandi, sé alveg sérstaklega umhverfisvæn vara. Ríkisstjórnin er t.d. þeirrar skoðunar að ál sé alveg einstaklega umhverfisvænt og sérstaklega er það umhverfisvænt þegar það er framleitt í stóriðjufyrirtækjum á Íslandi með rafmagni úr fallvötnum. En staðreyndin er náttúrlega sú að ál er langt frá því að vera mjög umhverfisvæn vara. Það er leitun að efni í heiminum sem krefst jafnmikillar orku í umbreytingu eins og vinnsla áls. Að framleiða ál, hrámálminn, til iðnaðarnota er geysilega orkufrekt ferli. Og séð frá sjónarhóli orkubúskapar heimsins eru eiginlega flest efni betri en ál. Plast er t.d. til muna skárra í því tilliti að það krefst ekki eins mikillar orku á hverja einingu.

Eins má segja með glerið, sem er að uppistöðu til úr einhverju algengasta frumefni jarðarinnar, að það er náttúrlega ákaflega handhægt að nota það. Ef menn hafa umhverfisvæna orku til að annaðhvort framleiða eða endurvinna, þá má færa fyrir því rök að glerið sé mjög gott. Að því leyti ætti ekki að hlífa álinu við skattlagningu ef menn í alvöru eru á þeim nótum sem kemur hér fram í forsendu málsins, og er vissulega gott, að þeir ætli að fara út á þá braut í gjaldskrá hvað varðar skilagjald eða umsýsluþóknun öllu heldur, sem ég held að eigi nú að vera stýritækið og skilagjaldið eitt og hið sama, að reyna að ýta undir notkun þeirra efna í þessu tilviki sem teljast skást á hverjum tíma. Það er hið besta mál og ég fagna þeirri áherslu. En þá um leið gerir maður líka þær kröfur að grundvöllurinn sem byggt er á sé mjög vandaður og það liggi bestu fáanlegar rannsóknir og upplýsingar að baki því hvaða efni eru, þegar upp er staðið, skást í þessum efnum og menn gefi sér ekki neitt fyrir fram og taki ekki allt sem sannleik sem framreitt er. Reynslan hefur kennt okkur að mönnum yfirsést oft ýmislegt í slíkum útreikningum og ástæða getur verið til að endurmeta hlutina.

Ef til vill eigum við eftir að komast að því að langumhverfisvænasta kerfið var gamla, góða kerfið með glerflöskunum þar sem gosdrykkjum og mjólk var dreift í sterkum fjölnota umbúðum sem hægt var að nota kannski að meðaltali allt upp í hundrað sinnum, eins og mér skilst að menn hafi getað þegar sterkar mjólkurflöskur áttu í hlut, og við hverfum aftur til þeirra tíma, og hafna einnota umbúðunum og koma á skilvirku kerfi fjölnota umbúða. Ég er ekki endilega að gefa mér að það verði niðurstaðan en það er svo sannarlega ástæða til að afskrifa ekki slíkan möguleika.

Ég notaði þetta tækifæri, herra forseti, þar sem umræða var hér upp hafin um ýmsa þætti þessara mála til að viðra þessi sjónarmið og ég tek undir það að lokum sem kom fram hjá fyrri ræðumönnum, að ástæða er til að hvetja umhvrh. og stjórnvöld í þessum málaflokki til þess að vinna að þessum málum. Við Íslendingar erum eða höfum að ýmsu leyti verið alllangt á eftir hvað varðar uppbyggingu á flokkun og skilum efna og þar á meðal einnota umbúða. Verslunin á Íslandi er t.d. afar skammt á veg komin hvað það varðar að fólk geti afsett þar umbúðir utan um vöru. Mjög víða erlendis er það þannig að verslun sem selur varning í umbúðum er skyldug til að taka við umbúðunum og kúnninn getur tekið vöruna en skilið umbúðirnar eftir og/eða skilað þeim aftur til verslunarinnar. Það er hluti af því að sjá um eðlilega dreifingu og eðlilegt ferli á því sviði sem í hlut á. Að ýmsum slíkum hlutum, svo maður tali nú ekki um umhverfisskattlagninguna almennt sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni, er svo sannarlega þörf á að vinna hér.

[15:59]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun, sem hæstv. umhvrh. hefur lagt fram. Ég vil samt gera fyrirvara varðandi upphæðina, 5,63 kr., sem gjaldið skal vera á innfluttar drykkjarvörur og einnota umbúðir úr stáli, áli og gleri. Þetta er fast verð sem einnig á að leggja á vörur sem framleiddar eru hér á landi.

Ég hef engar forsendur til að meta þessa upphæð og af þeirri ástæðu geri ég fyrirvara um upphæðina. Ég vil líka taka undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi að það er spurning hvort það sé ekki flókið að hafa þetta tvíþætt. En hér er þó verið að reyna að stýra neyslunni inn á þá braut að notaðar séu umbúðir sem ódýrara er að farga. Þetta er umhverfisskattur, þ.e. sá greiðir sem mengar. Ég tek undir þessa stefnu og hvet umhvrh. að halda áfram að vinna frekar í þessum málaflokki.

Það er bráðnauðsynlegt að kalla inn í sorpflokkun allar þær tegundir sem hægt er að endurvinna eða farga öðruvísi en að urða. Urðunin er best úrræðið sem við nú höfum. En hún er að mörgu leyti óheppileg vegna mengunar, bæði loftmengunar og mengunar í vatn og allt of rúmmálsfrek miðað við það rúmmál sem gæti verið ef við flokkuðum betur. Það kostar fjármuni að urða og því er frekari flokkun nauðsynleg. Eins og ég sagði áðan þá hvet ég umhvrh. til að halda áfram þessari vinnu.

Þá vil ég nefna verkefnið Staðardagskrá 21. Mörg sveitarfélög hafa hafið þá vinnu, þ.e. staðardagskrárvinnuna, að stuðla að flokkun sorps og endurvinnslu en stranda síðan á úrvinnslunni, þ.e. hvað eigi að gera við sorpið þegar búið er að flokka. Það að öllu leyti óeðlilegt að kenna fólki að flokka en setja svo það sem kemur úr mismunandi gámum þar sem timbrið er sér, járnið sér og plastið sér, allt í sömu urðunina. Það verða að vera ráð til þess að ljúka dæminu. Vissulega er það okkur dýrt að koma förguninni frá okkur, ef endurvinnslan fer fram erlendis, en það er kannski ekki síður einmitt þess vegna nauðsynlegt að setja á slíka skatta þannig að sá greiðir sem mengar.

Við þurfum að halda áfram að vinna að frekari flokkun og vísa ég þar til þess sem gert er víða erlendis. Við endurvinnum t.d. ekki glerílát, en við getum mjög vel tekið allar glerumbúðir sem falla til og flokkað þær sérstaklega með tilliti til þess að þær verði muldar og þá er hægt að nota þær sem urðunarefni, rétt eins og möl, í stað þess að láta þær taka mikið pláss á urðunarstað. Það er sem sé hægt að nýta glerið sem uppfyllingarefni. Ef þetta er gert skipulega þá er þetta einn liður í því að nýta sorp. Fyrir utan það að stefna að betri urðun og umhverfisgjaldi eða umhverfisskatti á allar einnota umbúðir, þá er auðvitað langódýrast að stuðla að þjóðfélagi sem notar ekki svona mikið af einnota umbúðum. Við getum vel án plastumbúða og einnota umbúða verið án þess að auka hættu á sýkingu eða smitleiðum. Nú er allt of mikil notkun, eiginlega ofnotkun á einnota vörum. Við setjum vörur í einar umbúðir, þær umbúðir fara í aðrar plastumbúðir og í þriðja lagi fer þetta svo í plastpokana sem við rogumst með

heim. Við lifum orðið í plastpokaþjóðfélagi. Hluti af þeirri umhverfisstefnu sem við ættum öll að styðja er að draga úr notkun á plastpokum og einnota umbúðum. Þar með erum við þá að minnka förgunina.

Það er til fyrirmyndar — ég held að ég hafi nefnt það áður í ræðustól — að gera eins og Kaupfélag Héraðsbúa hefur gert, þ.e. að láta framleiða góða, sterka og stóra innkaupapoka sem hvert heimili hefur fengið og sem við notum til þess að bera vörurnar heim og draga úr plastpokanotkuninni. Ég vil láta þetta koma fram því að sveitarfélög og einstaklingar eru að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að minni umbúðamengun.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir fyrir þetta frv. og óska ráðherra góðs gengis með málið.

[16:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta mál. Nokkrum spurningum var beint til mín og ég mun leitast við að svara þeim.

Aðalhugmyndin að baki frv. er sú að núna byggja tekjur Endurvinnslunnar á því að ákveðið skilagjald er af umbúðunum, þ.e. ákveðin krónutala og hún er sú sama fyrir allar umbúðirnar nema fyrir stálið. Þar er hún hærri. Umsýsluþóknunin er ákveðin prósentutala, 5% af þessu skilagjaldi. Þetta er innkoman í dag.

Það sem við leggjum til með frv. er að skilagjaldið verði ákveðin krónutala á allar vörurnar eða allar umbúðirnar — það sama fyrir stálið, plastið, glerið o.s.frv. — en að umsýsluþóknunin verði breytileg, hún verði ekki 5% gjald, heldur breytileg krónutala og fari eftir því hvað erfitt er fyrir Endurvinnsluna að losa sig við umbúðirnar, þ.e. hve dýrt er að losna við þær þannig að gjaldið endurspegli raunkostnaðinn betur. Það er einmitt almennt umhverfissjónarmið að menn fari út í að stýra með hagrænum hvötum. Segja má að þetta sé hagrænn hvati og hann sé enn þá nær raunveruleikanum núna en hann hefur verið.

Spurt var hvort hægt væri að einfalda þetta. Ég sé það ekki í fljótu bragði en það má vera að umhvn. finni einhverja leið til þess. Ég held að eðli málsins samkvæmt sé þetta flókið af því að þetta eru nokkrar vörur. Þetta er plast, ál, stál og gler og ef það á að vera sjónarmið að láta verðið endurspegla kostnaðinn við að losna við umbúðirnar þá hlýtur þetta að verða svolítið flókið. Ég tel eðlilegt að umhvn. skoði hvort hægt er að einfalda þetta að einhverju leyti. En ég efast um að það sé hægt vegna eðlis málsins.

Einnig var spurt almennt um umhverfisskattastefnu og hagræn stjórntæki. Það er alveg rétt að skilagjald er hagrænt stjórntæki til þess að hafa áhrif á skil. Það má minna á að við erum að taka svipuð gjöld í gegnum spilliefnanefndina. Það eru sett ákveðin gjöld á spilliefni. En það er einnig til skoðunar núna að útvíkka þetta enn frekar í umhvrn. Verið er að skoða landbúnaðarplastið og skilagjöld á bíla. Það er ekki komið til framkvæmda og ekki inn í þingið en þetta er til skoðunar. Ég held að þróunin á Íslandi sem og í nágrannalöndunum sé almennt sú að menn munu fikra sig inn á þær brautir að nota hagræn stjórntæki í meiri mæli í framtíðinni en við gerum núna til þess að hafa áhrif á samfélagið þannig að það verði umhverfisvænna. Ég tel að við munum ganga inn í þá veröld í framtíðinni.

Hér var líka spurt um hvenær þessi þróun hófst varðandi breytingar á starfsumhverfi Endurvinnslunnar. Þessar breytingar hafa átt sér stað meira eða minna frá því að lögin tóku gildi árið 1989. Álverðið var hátt á síðari hluta níunda áratugarins. Síðan hefur það verið sveiflukennt. Við höfum líka séð mjög miklar breytingar t.d. á hlutfalli áldósa. Í upphafi var reiknað með að það yrði 70–80% af því sem kæmi inn til Endurvinnslunnar en það gekk ekki eftir. Nú er þetta hlutfall 39% á meðan plastið hefur verið að vinna mjög mikið á. Það var varla inni í myndinni í upphafi. Þetta eru því forsendur sem eru að breytast hjá Endurvinnslunni hægt og sígandi.

Einnig var spurt um þá þjónustu sem Endurvinnslan er að bjóða upp á í gegnum Sorpu og hvort Reykjavíkurborg gæti komið eitthvað að þessum málum. Endurvinnslan gerði þjónustusamning við gámastöðvarnar til þess að geta boðið upp á góða þjónustu, til að auka skil þannig að menn þyrftu ekki allir að fara inn í Endurvinnsluna til að losa sig við umbúðirnar heldur gætu farið á hverfastöðvarnar. Endurvinnslan er að greiða fyrir þessa þjónustu þannig að Reykjavíkurborg kemur ekki beint að því nema þannig að Sorpa gerði þennan þjónustusamning. Ég held að þetta sé mjög gott skref og mikil framtakssemi hjá Endurvinnslunni að fara út í þetta.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið dregið fram um Staðardagskrá 21 að við munum fikra okkur inn á meiri og meiri endurvinnslu. Ef maður horfir til framtíðar þá væri best ef allt rusl sem maður flokkaði sjálfur væri einfaldlega sótt heim til manns og síðan fengi maður einhvers konar greiðslur til baka. Þetta er ekkert á næsta leyti en ég sé fram á að þannig verði þetta í framtíðinni, að þá muni menn flokka saman dagblöð, umbúðir, lífrænan úrgang o.s.frv. og síðan verði þetta sótt heim til fólks. Þetta er auðvitað auðveldara í stærri samfélögum þar sem menn búa þétt og flóknara í okkar litla samfélagi, en þetta er örugglega framtíðin.

Varðandi tapið, þá var líka spurt: „Hvenær kom tapið fram? Er þetta uppsafnaður vandi?“ Þetta er nýr vandi. Þetta er þetta uppsafnaður vandi? Það var hvorki tap á Endurvinnslunni árin 1997 né 1998 en það er tap á þessu ári. Þetta er því nýtt vandamál sem við erum að taka á. Það verður að koma til lagabreyting til að snúa þessu við. Ég vil sérstaklega lesa upp úr 4. gr. laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, en þar segir, með leyfi forseta:

„Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.“

Þessi hóflegi arði er 10% arður sem Endurvinnslan hefur verið að greiða sínu hluthöfum. En það er alveg ljóst að ef við breytum ekki lögunum þá mun Endurvinnslan stefna í meira og meira tap miðað við þær forsendur sem nú ríkja.

Ríkið á 17,83% í Endurvinnslunni og það eru engin áform hjá ríkinu um að draga sig út úr rekstri hennar. Það eru engin áform um það. Ég sé satt að segja ekki fyrir mér að þetta form á innheimtu af drykkjarumbúðum fari í nokkurs konar samkeppni á næstunni. Ég efast um að það yrði bót að því að setja þetta á samkeppnismarkað. Ég sé ekki alveg hver ætti að vilja fara út í það þar sem ekki er neinn sérstakur hagnaður á þessari starfsemi. Endurvinnslan hefur staðið sig afburða vel, náð afar góðum árangri. Okkar kerfi hefur sýnt betri árangur en þau kerfi sem eru við lýði í nágrannalöndum okkar. Við innheimtum 80–90% af umbúðum. Það hefur enginn náð slíkum árangri nema við þannig að ég tel að við séum með mjög gott kerfi þó við þurfum að breyta því til þess að það standi undir sér.

Að lokum vil ég koma aðeins inn á það sem einn hv. þm. sagði um þessar einnota umbúðir, þ.e. að það hefði verið rangt hjá okkur að fara inn á þessa braut. En ég vil benda á það varðandi glerflöskurnar sem eru fjölnota, að einungis Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. innheimtir eða kaupir aftur þær bjórflöskur sem þeir tappa á þannig að allar aðrar glerflöskur eru muldar niður og notaðar eins og hér kom fram hjá einum hv. þm., í fyllingarefni á sorphauga og er reyndar mjög gott sem slíkt. Gler nýtist ágætlega en er nánast ekkert endurnýtt.

[16:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir mjög skýr svör við flestum þeim spurningum sem ég a.m.k. lagði fram. Það kom fram að hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að engar sérstakar ástæður séu fyrir hið opinbera að draga sig út úr rekstri Endurvinnslunnar hf. En ég velti því samt fyrir mér án þess að það skipti meginmáli, er einhver sérstök ástæða fyrir því að ríkið eigi áfram þennan hlut ef hægt er að losa ríkið við hann? Menn veltu því fyrir sér fyrir nokkrum árum að selja hlut ríkisins, þá var það ekki hægt vegna þess að ákveðin málaferli voru í gangi sem þurfti að ganga frá út af tilteknum atriðum sem vörðuðu Endurvinnsluna. En hvað er það, herra forseti, sem veldur því að hæstv. ráðherra telur að við þurfum endilega að eiga þetta? Út af fyrir sig væri fróðlegt að fá svör við því þó að ég muni ekki ganga sérstaklega harkalega eftir þeim. Það sem mér þótti merkilegt við ræðu hæstv. ráðherra er að hún upplýsir að ekki hefur verið neitt tap á rekstri Endurvinnslunnar, eins og ég skildi hæstv. ráðherra, en rekstraráætlunin gerir ráð fyrir að ef ekki verður gripið í taumana með lagasetningu þá sé líklegt að tap verði á rekstrinum á næsta ári. Herra forseti, hvað gerist þegar fyrirtæki í venjulegu innlendu samkeppnisumhverfi standa andspænis því að líklegt verði að tap verði á rekstrinum? Þau geta yfirleitt ekki hlaupið til ríkisins og beðið ríkið um að setja lög sem hækka tekjurnar. Þau verða að hagræða í rekstri. Ég spyr því, herra forseti, er með einhverju móti búið að ganga úr skugga um að Endurvinnslan geti ekki hagrætt í rekstri? Ég fæ satt að segja pínulítinn hroll þegar ég stend andspænis þeirri staðreynd að um leið og við blasir að endar muni ekki ná saman í rekstrinum, þá er hlaupið til okkar og við beðin um að breyta lögum til að tekjurnar hækki. Áður en það er gert finnst mér að það þurfi að liggja kristaltært fyrir að ekki sé með nokkru móti hægt að hagræða í rekstri þessa fyrirtækis til að auka tekjurnar.

[16:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fyrra atriðið, þ.e. hvort að ríkið eigi að eiga hlut í Endurvinnslunni eða ekki, þá hef ég engar sterkar skoðanir á því. Það er ekkert sáluhjálparatriði fyrir mig að ríkið eigi þarna hlut eða ekki. Hins vegar hefur þetta fyrirtæki gengið vel. Það er hugsanlegt að í byrjun hafi ríkið viljað eiga hlut í fyrirtækinu til að geta aðstoðað það við að komast á laggirnar og vera með í ráðum, en það má vel vera að rök séu fyrir því að endurskoða það. En við gerum engar tillögur um það hér og nú, það er mál sem þyrfti miklu meiri skoðunar við.

Hvað varðar tapið þá kemur fram í geinargerð með frv. að Endurvinnslan hf. hefur hagrætt verulega hjá sér að undanförnu og ég tel eðlilegt að umhvn. leiti sér upplýsinga þar um þegar hún fer yfir málið, en alla vega er það mat ráðuneytisins, miðað við þær viðræður sem við höfum átt við Endurvinnsluna, að búið væri að hagræða þar eins mikið og hægt væri. En það er fyrirsjáanlegt tap hjá þeim ef menn breyta ekki þessari tekjuöflun. Eins og hér er búið að draga fram í umræðunni eru forsendurnar fyrir rekstrinum brostnar ef við breytum ekki þeim gjöldum og tekjum sem Endurvinnslan fær, vegna þess að allar forsendurnar hafa brostið, hlutfall áls hefur lækkað, hlutfall plasts hefur hækkað o.s.frv. Ef þetta væri fyrirtæki á samkeppnismarkaði þá mundu þeir væntanlega bara hækka gjöldin til að geta staðið undir rekstri. En í þessu tilviki vegna þess að þetta er ekki fyrirtæki á samkeppnismarkaði þá þurfum við að koma með lagabreytingar til að fyrirtækið standi undir sér og ég tel það eðlilegt af því það væri mikill skaði ef fyrirtækið færi í verulegt tap og þyrfti að leggja upp laupana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraða, 1. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 200.

[16:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um málefni aldraða.

Frv. er samið í samræmi við ákvæði í núgildandi lögum um málefni aldraða, nr. 82/1989, sem kveður á um að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Samstarfsnefnd um málefni aldraða hóf endurskoðun á lögunum og lagði fram drög að frv. Drögin voru send ýmsum samtökum aldraða til umsagnar, fagfélögum og stjórnvöldum sem fara með málefni aldraða. Bárust umsagnir frá 19 aðilum. Skipuð var nefnd embættismanna og sérfræðinga til að fara yfir umsagnirnar og endurskoða frv. Í framhaldi af því lagði ég fram frv. í febrúar sl., en það náði ekki fram að ganga.

Frumvarpið hefur enn verið endurskoðað og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á textanum. Aðalbreytingin er að ákvæði um að heilbr.- og trmrh. skuli eiga fulltrúa í stjórn stofnana fyrir aldraða hefur verið fellt út. Aðrar breytingar eru smávægilegar lagfæringar á orðalagi.

Í frv. er gert ráð fyrir breyttri framsetningu laganna, markmið gerð einföld og skýr og tiltekin hugtök skilgreind. Sem dæmi má nefna að orðið aldraður er skilgreint í frv. sem einstaklingur sem er orðinn 67 ára gamall. Hugtak þetta er ekki skilgreint í núgildandi lögum og hefur það leitt til óskýrleika í framkvæmd. Er stuðst við aldursmark ákvæða almannatryggingalaga um ellilífeyri. Í frv. er einnig skilgreint hugtakið öldrunarmál, en það eru þau mál sem varða aldraða og heyra undir yfirstjórn heilbr.- og trmrh. Lögð er mikil áhersla á þátttöku aldraðra í ákvörðun um eigin málefni og reynt að einfalda ákvarðanatöku og framkvæmd.

Ein mikilvægasta breytingin frá núgildandi lögum er að gert er ráð fyrir fjölgun fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni aldraða og að skipun nefndarmanna fari fram að loknum alþingiskosningum en ekki sveitarstjórnarkosningum. Samkvæmt núgildandi lögum sitja þrír fulltrúar í nefndinni skipaðir af heilbr.- og trmrh., einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands, annar tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sá þriðji án tilnefningar. Tveir fulltrúar bætast við samkvæmt frv., einn tilnefndur af Landssambandi eldri borgara og annar án tilnefningar. Fulltrúar án tilnefningar verða því

tveir og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra.

Rökin fyrir því að stækka samstarfsnefndina eru fyrst og fremst mikilvægi hennar. Nefndin fer með stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra en árlegt ráðstöfunarfé hans er um hálfur milljarður króna. Nefndin ber því mikla ábyrgð og þótti rétt að dreifa henni á fleiri hendur. Það er einnig í samræmi við nútímastjórnsýsluhætti að hafa fulltrúa sérhópa með í ráðum þegar hlutast er til um mál varðandi þá. Samkvæmt núgildandi lögum sjá þrír aðilar um þjónustu við aldraða, þ.e. öldrunarnefndir, öldrunarmálaráð og þjónustuhópar aldraðra. Það gefur augaleið að slíkt fyrirkomulag er ekki hagkvæmt, sérstaklega í fámennum byggðarlögum.

Frv. gerir ráð fyrir því að öldrunarnefndir og öldrunarmálaráð verði lögð niður og að þjónustuhópar aldraðra verði styrktir. Þjónustuhópar aldraðra hafa verið virkastir af þeim hópum sem starfa samkvæmt núgildandi lögum og með því að efla þá er verið að taka mið af reynslu og einnig er það til hagræðis og einföldunar.

Frv. gerir ráð fyrir að þjónustuhópar aldraðra verði skipaðir með formlegri hætti en nú er, að fjölgað verði úr fjórum í fimm fulltrúa og að þjónustuhópur verði í hverju heilsugæsluumdæmi. Sveitarstjórnir í umdæmi heilsugæslustöðva skipa fulltrúa í þjónustuhópa aldraðra, en samkvæmt núgildandi lögum er það öldrunarnefnd sem kveður menn til starfa í þjónustuhóp. Það er óbreytt að í hópum sitji læknir og hjúkrunarfræðingur, en nýmæli að þau séu tilnefnd af héraðslækni. Tveir fulltrúar í þjónustuhópi eru án tilnefningar og einn fulltrúi tilnefndur af samtökum eldri borgara á svæðinu. Skipun fulltrúa sem tilnefndur er af samtökum eldri borgara er nýmæli og því enn verið að leggja áherslu á þátttöku aldraðra í ákvörðunum um eigin málefni. Mjög mikilvægt er að skýrar reglur gildi um skipun og verkefni þjónustuhópa aldraðra þar sem þeir gegna afar þýðingarmiklu starfi. Þeir eiga á starfssvæði sínu að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu. Þeir eiga jafnframt að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæðinu og leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna þeim þá kosti sem í boði eru. Þeir hafa einnig það mikilvæga starf að meta þörf aldraðra fyrir vistun á stofnunum.

Framkvæmdasjóður aldraðra mun áfram hafa það hlutverk sem hann hefur samkvæmt núgildandi lögum, þ.e. hann á að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt. Í því felst að sjóðurinn fjármagnar byggingu þjónustumiðstöðva, dagvista og stofnana fyrir aldraða. Einnig fjármagnar sjóðurinn rekstur og stofnanaþjónustu fyrir aldraða í sérstökum tilvikum. Þess má sérstaklega geta að endurbætur á stofnunum teljast vera hluti af rekstri þeirra. Ákvæði í núgildandi lögum um tekjur sjóðsins eru óbreytt í frv.

Nauðsynlegt er að bæta þekkingu á öldrunarmálum í þjóðfélaginu þar sem öldruðum á eftir að fjölga verulega næstu áratugina. Það þarf að kynna málefni aldraðra fyrir almenningi til að auka skilning á aðstæðum þeirra og aðbúnaði. Í frv. er það nýmæli að Framkvæmdasjóður aldraðra veitir fjármagn til að styrkja kennslu og kynningu á öldrunarmálum. Þá er heimilt að styrkja minni háttar rannsóknir og kannanir sem koma öldruðum til góða. Einnig styrkir sjóðurinn starf þeirra nefnda í ráðuneytinu sem vinna lögum og reglugerðum samkvæmt að framgangi öldrunarmála.

Virðulegi forseti. Málefni aldraðra hafa verið mjög til umræðu að undanförnu og m.a. verið bent á að endurskoðun á lögum um málefni aldraðra sé bæði tímabær og mikilvæg. Því er það fagnaðarefni að þessari endurskoðun er lokið. Frv. einfaldar og skýrir lögin og síðast en ekki síst eykur það verulega þátttöku aldraðra í ákvörðunum um eigin málefni. Slík þátttaka er mikilvæg þar sem meiri hluti eftirlaunafólks er við góða heilsu og getur tekið ákvarðanir um eigin málefni. Aldraðir eru ekki einsleitur hópur heldur hópur þjóðfélagsþegna með ólíkar þarfir og lífssýn.

Ég tel mikilvægt að á því ári sem Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað öldruðum takist að afgreiða frv. frá hinu háa Alþingi. Ár aldraðra hefur orðið til þess að fólk, aldraðir og ungir, hefur velt fyrir sér á nýjan hátt heilbrigðis-, félags- og fjármálum aldraðra hér á landi, enda hefur öflugt starf verið unnið á vegum nefnda. Dagur aldraðra er einmitt setningardagur þingsins, 1. október, svo það er mjög við hæfi að mál aldraðra fái brautargengi á þessu þingi.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[16:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er vissulega ánægjuefni að lokið hefur verið við endurskoðun á lögum um málefni aldraðra. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra ber samkvæmt lögum að endurskoða lög um málefni aldraðra á fimm ára fresti. Nú eru liðin tíu ár frá því að þau lög voru sett sem nú eru í gildi, þannig að þetta er vissulega tímabært. Ég fagna því að þeirri vinnu er lokið.

Mig langar við 1. umr. um frv. að grípa niður í nokkra þætti í frv. og vil byrja á að minnast aðeins á eitt atriðið sem hæstv. ráðherra nefndi í framsögu sinni, þ.e. að skilgreiningin á orðinu aldraðir væri miðuð við það þegar menn byrja að taka ellilífeyri frá Tryggingastofnun. Ég vil benda á að það er nokkuð stór hópur fólks hér á landi sem hefur töku ellilífeyris fyrr, en það eru sjómenn. Ellilífeyrisaldur þeirra er sextíu ár en samkvæmt þessum lögum teljast þeir ekki aldraðir, þó að þeir séu komnir á ellilífeyri, fyrr en sjö árum eftir að þeir hefja töku ellilífeyris. Reyndar hefur það verið svo að eldri borgarar hafa yfirleitt miðað við sextíu ára aldurinn í sambandi við félagsþátttöku sína. Ég ætla nú ekki að gera neinar sérstakar athugasemdir við þetta en vil benda á þetta atriði.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að ráðherra skipi fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra fyrir hverjar almennar alþingiskosningar og í 5. gr. er tiltekið hver verkefni þessarar samstarfsnefndar um málefni aldraðra skuli vera. Ég verð nú að segja eins og er að ég hef áhyggjur af því að þarna sé verið, eftir því sem reynslan sýnir, að tala um verkefni sem eru meira í orði en á borði, a.m.k. hvað varðar 1. gr. þar sem talað er um að samstarfsnefnd um málefni aldraðra skuli vera heilbr.- og trmrh. og ríkisstjórninni til ráðuneytis um málefni aldraðra. Ég vil í því tilliti benda á svar við fyrirspurn sem ég lagði fram til hæstv. ráðherra á dögunum þar sem ég spurðist fyrir um hvernig samráðsnefnd aldraðra hefði komið að þeim málum sem verið hafa til framkvæmda á ári aldraðra. Svari við þeirri fyrirspurn var dreift í þinginu í síðustu viku. Spurningarnar sem ég lagði fram til hæstv. ráðherra eru: Hvað hefur verið gert á vegum ráðuneytisins sérstaklega í málefnum eldri borgara á ári aldraðra? Hefur verið haft samráð við samráðsnefnd aldraðra? Ef svo er, hvenær og af hvaða tilefni?

Í svari hæstv. ráðherra kemur í ljós að samráðsnefnd stjórnvalda og samtaka aldraðra hefur ekki verið kölluð til

fundar með framkvæmdanefnd árs aldraðra. Og það er einn og hálfur mánuður eftir af ári aldraðra. Samkvæmt þessu svari hefur samráðsnefndin aldrei verið kölluð saman til skrafs og ráðagerða, eða leitað álits hjá henni um það sem gera skuli á ári aldraðra. Hér er ætlunin að setja í lög að samstarfsnefnd um málefni aldraðra skuli vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra. Ég spyr, ef þetta er reynslan, er þá mikil ástæða til að ætla að leitað verði ráða hjá þessari samráðsnefnd í framtíðinni ef svona hefur verið staðið að málum á ári aldraðra? Ég hef ákveðnar efasemdir um það og óttast satt að segja að þarna séu sem sagt ætlanir stjórnvalda, a.m.k. þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr, meira í orði en á borði. Þó að nefndin sé með mjög mikilvæg verkefni, og ég tek undir það með hæstv. ráðherra að þetta eru verulega stór mál sem nefndinni er ætlað að vinna þar sem er Framkvæmdasjóður aldraðra og tillögur um úthlutanir úr sjóðnum, það eru ekkert smáverkefni, þá hef ég áhyggjur af því að nefndin verði notuð sem nokkurs konar stuðpúði, þ.e. aldraðir sem hafa haft greiðan aðgang að stjórnvöldum, t.d. baráttuhópar aldraðra eins og aðgerðarhópurinn og önnur samtök aldraðra sem hafa haft greiðan aðgang að stjórnvöldum, þingmönnum og þeim sem fara með málefni aldraðra, að farið verði að ýta þeim sem vilja koma baráttumálum á framfæri til samstarfsnefndarinnar og hún verði notuð sem stuðpúði. Þetta er ákveðið áhyggjuefni sem ég deili með ýmsum forsvarsmönnum aldraðra sem hafa skoðað þetta frv. Ég vonast nú til að svo verði ekki og að stjórnvöld geti ekki skýlt sér á bak við þessa samráðsnefnd í ákveðnum málum. Herra forseti. Þetta er áhyggjuefni sem ég vil koma hér á framfæri við þessa umræðu.

Af því að í 9. gr. er fjallað um framkvæmdasjóðinn, þá langar mig til að geta þess að undanfarið hafa fjármunir sjóðsins farið æ meira í rekstur stofnana. Ég er hér með yfirlit yfir undanfarin fjögur ár og þar kemur fram að sjóðurinn hefur haft um 500 millj. til ráðstöfunar og hefur meiri hluti þess fjármagns farið í rekstur þó að tæpur helmingur hafi farið í uppbyggingu. Ég hef áhyggjur af því, sérstaklega vegna þess hvernig ástandið í hjúkrunarmálum aldraðra er í Reykjavík og hefði ég viljað sjá meiri fjármuni fara í uppbyggingu en nú er. Samkvæmt upplýsingum sem við fengum í heilbr.- og trn. um ástandið á öldrunardeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, þá bíða í nóvember 50 sjúklingar á öldrunarsviði eftir plássi á hjúkrunarheimili, 50 sjúklingar sem teppa sjúkrarúm á öldrunarsviði Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna þess að þeir komast ekki á hjúkrunarheimili. Aftur á móti bíða 32 sjúklingar á bráðadeildum Sjúkrahúss Reykjavíkur eftir því að komast inn á öldrunarsviðið og einnig bíða 72 sjúklingar í heimahúsum. Þetta eru tölur bara frá því í þessum mánuði. Og það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því og skoða það þar sem við erum að ræða um málefni aldraðra og framkvæmdasjóðinn, hvort ekki beri að setja aukið fjármagn í að byggja upp hjúkrunarheimili þannig að þessi vandi sjúkrahúsanna verði leystur, þ.e. að geta flutt sjúklingana yfir í rúm sem henta betur, bæði heilsu og umönnunarþörf slíkra sjúklinga.

Á fundi með fulltrúum frá sjúkrahúsunum í síðustu viku, þar sem fulltrúar í heilbr.- og trn. hittu þá til að fá upplýsingar um málefni sjúkrahúsanna kom fram að ekki er samræmi á milli þeirrar þjónustu sem veitt er utan sjúkrahúsanna og þeirrar þjónustu sem þarf að veita á sjúkrahúsunum sjálfum, þ.e. þjónustan utan spítalanna í sambandi við heimaþjónustuna er ekki orðin í takt við þá þjónustu sem sjúkrahúsin veita. Og það er nú eitt af því sem verulega þarf að huga að, og komið er að því í 13. gr. frv. um málefni aldraðra þar sem fjallað er um öldrunarþjónustuna.

Ég ætla nú að hlaupa á nokkrum greinum en ég mun náttúrlega koma að þessu máli í hv. heilbr.- og trn. þegar að það kemur þangað. Mig langar til að nefna hér eitt atriði. Ég er með þingmálið eins og það var lagt fyrir þingið á síðasta vetri, þ.e. 123. löggjafarþingi. Ég sé að í 22. gr. kemur fram að vistmenn á öldrunarstofnunum skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða ef þeir hafa tekjur umfram 12.053 kr. Þetta er í frv. eins og það var lagt fyrir í vetur. Aftur á móti sé ég, og fagna því vissulega, að í þessu frv. hafa viðmiðunarmörkin verið hækkuð úr 12.000 kr. rúmum upp í 29.217 kr. Vissulega var þörf á að hækka þetta því það var náttúrlega fyrir neðan allar hellur hvað viðmiðunarmörkin voru lág. Og fær maður margar kvartanir þeirra sjúklinga sem eru á stofnunum og hafa ekki meiri ráðstöfunartekjur en hér eru nefndar. Aftur á móti hefði ég gjarnan viljað fá að vita hjá hæstv. ráðherra við hvað 29.217 kr. eru miðaðar. Ég hefði talið að fjárhæðin þyrfti að vera hærri sem menn mættu hafa áður en þeir þyrftu að fara að greiða fyrir vist á stofnun, og er það reyndar í takt við þær niðurstöður sem komu fram hjá Stefáni Ólafssyni á föstudaginn var þar sem hann kynnti skýrslu eða bók Tryggingastofnunar um Íslensku leiðina. Þar kemur fram því miður að viðmiðunarmörkin eru allt of lág og farið er að skerða bætur allt of snemma og menn eru látnir greiða fyrir þjónustu, t.d. þjónustu við aldraða þó að þeir hafi ekki nema smánarlegar greiðslur í tekjur.

Herra forseti. Ég held að það sé nú ekki mikið fleira sem ég vil gera athugasemdir við í 1. umr. um þingmálið sem vissulega er löngu tímabært að komi hér til þingsins og fái umfjöllun. Ég vil bara geta þess vegna umræðu um málefni aldraðra að það er kannski ekki þessi rammi sem er áhyggjuefni manna og aðaláhyggjuefni mitt heldur er aðaláhyggjuefni mitt það, og hefur verið lengi í málefnum aldraðra, hvernig velferðarkerfi okkar rís ekki undir nafni. Það rís ekki undir nafni sem raunverulegt velferðarkerfi vegna þess hvað aldraðir og öryrkjar fá miklu minni stuðning og miklu lægri bætur en aldraðir og öryrkjar fá í nágrannalöndum okkar. Á þetta hefur auðvitað margoft verið bent og ég fagna því að fagleg úttekt skuli vera komin, eins og gerð var hjá Félagsvísindastofnun að tilhlutan Tryggingastofnunar um þetta mál, sem sýnir fram á að þær staðhæfingar sem við höfum haldið á lofti hér í þingsölum ár eftir ár um ástandið í velferðarkerfinu eru réttar. Og þarna þarf verulega að taka á, hæstv. ráðherra. Og ég býst við að þau mál verði rædd hér frekar. Við munum skoða þetta frv. í hv. heilbr.- og trn. og þá munum við fara nánar út í hina ýmsu þætti en ég fagna því að málið skuli vera komið hingað og ég býst við að það fái faglega umræðu í nefndinni.

[16:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um málefni aldraðra og það er vel því að það þarf að gæta vel að hag aldraðra. Staða aldraðra er afskaplega misjöfn og búa sennilega fáir hópar í þjóðfélaginu við eins mismunandi kjör. Sumir eru heilsugóðir og sprækir alveg fram undir áttrætt, nírætt. Aðrir eru sjúklingar og afar þreyttir. Sumir eru stóreignamenn og aðrir eiga ekki neitt. Þá eru sumir hátekjumenn með lífeyri upp á fleiri hundruð þúsund á mánuði en aðrir hafa litlar

eða engar tekjur úr lífeyrissjóði og hafa ekkert til framfærslu nema úr almannatryggingum.

Að þessum síðasta hóp þarf sérstaklega að gæta, þ.e. þeim sem ekki hafa neinar tekjur nema úr almannatryggingum. Lífeyrissjóðirnir eru þáttur í velferðarkerfinu vegna þess að hið háa Alþingi setti lög árið 1974 sem skyldaði alla launamenn að greiða í lífeyrissjóð og eiga aðild að lífeyrissjóði. Með þeirri lagasetningu urðu lífeyrissjóðirnir ein af meginstoðum velferðarkerfisins. Með lagasetningu 1980 var þetta enn aukið þannig að allir Íslendingar sem hafa tekjur af vinnu sinni eiga að greiða í lífeyrissjóð af þeim tekjum.

Það er svo aftur framkvæmdin sem hefur staðið á sér. Mjög margir hafa ekki greitt í lífeyrissjóð og sumir af ásettu ráði, herra forseti. Þeir hafa komið sér hjá því að greiða í lífeyrissjóð og eru þar af leiðandi núna tekjulausir vegna þess að þeir hafa ekki greitt í lífeyrissjóð. Þeir eru hugsanlega orðnir öryrkjar og fá engar bætur úr lífeyrissjóði þar sem þeir greiddu ekki í lífeyrissjóð, en áttu að gera það, og væru ella með myndarlegan örorkulífeyri úr lífeyrissjóðunum, sérstaklega í þeim sjóðum sem framreikna. Náttúrlega ekki í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þar er ekki framreikningur. Hann er með mjög lélegan örorkulífeyri af ákveðnum ástæðum. En allir aðrir lífeyrissjóðir framreikna og þeir sem hafa borgað í lífeyrissjóð einhvern tíma á starfsævinni eru þar af leiðandi með annaðhvort sæmilegan ellilífeyri eða mjög góðan örorkulífeyri. Þessir lífeyrissjóðir hafa nú starfað í 20–25 ár. Það hefur verið skylda að borga í lífeyrissjóð í 20–25 ár þannig að fólk ætti að vera komið með svona þriðjung af launum sem ellilífeyri nú, þ.e. þeir sem fara á lífeyri núna.

Svo er líka fólk sem aldrei fer á vinnumarkaðinn. Um það bil 3% fólks fer aldrei á vinnumarkað. Þetta er fólk sem hefur verið fatlað frá æsku, öryrkjar sem geta aldrei unnið og að þessum hóp sérstaklega þarf að gæta, herra forseti.

Í kosningabaráttunni síðast hitti ég uppi í Grafarvogi sprækan gamlan karl. Hann er níræður og kom þarna kjagandi út úr stórmarkaðnum með tvo poka og hafði verið að kaupa inn. Ég spurði hann svona eins og ég spyr yfirleitt: Hverju mundir þú vilja breyta ef þú réðir? Þá sagði karlinn: „Ég mundi eiginlega ekki vilja breyta neinu. Ég hef það bara mjög gott. Ég hef ágætislífeyri, eftirlaun úr lífeyrissjóði. Svo vinn ég pínulítið líka", sagði hann. „Ég vinn pínulítið við bókband og það gefur mér pínulitlar í tekjur. En það er verst með alla vini mína. Þeir eru allir að drepast. En þið gerið víst ekkert í því", sagði hann. Ég samþykkti að við gætum ekki breytt því.

Þarna kom hann inn á ákveðið vandamál sem þetta frv. leysir ekki, þ.e. félagsleg einangrun ellilífeyrisþega og sambandsleysi þeirra við fjölskyldu sína.

Herra forseti. Fyrirliggjandi frv. tryggir enn frekar stöðu aldraðra. Það tekur á fjárhagslegri og þjónustulegri stöðu þeirra og það er vel. Það er reynt að tryggja eins og mögulegt er að gamla fólkið hafi það nú gott. (**Gripið fram í:** Er tekið á fjárhagsstöðunni?) Ég sagði fjárhagslegri stöðu, já. En getur verið að þar með fáum við öll afsökun fyrir því að heimsækja ekki ömmu og afa, mömmu og pabba á elliheimilið? Þar sem ég hef talað við gamalt fólk, þá er þetta aðalvandinn. Aðalvandinn er sá að það er félagslega einangrað frá fjölskyldu sinni.

Við höfum öll svo ósköp mikið að gera alla daga og það er séð svo vel um gamla fólkið á elliheimilunum. Ég þekki gamla konu á elliheimili. Það er komið inn á kvöldin — þetta er virkilega góð þjónusta — og spurt: „Hvernig hefur þú það", o.s.frv. Enda segir sú kona og ég á að skila því til hv. þingheims — hún er margbúin að biðja mig um það — að hún hafi það bara ósköp gott, hafi aldrei haft það svona gott á ævinni og henni leiðist að heyra þennan bölsýnistón um stöðu aldraðra sem hér kemur sífellt fram. En það sem ég heyri mest kvartað undan er þessi félagslega einangrun. Það kemur bara enginn að heimsækja fólkið.

Í kjördæmavikunni hef ég haft fyrir sið að heimsækja fyrirtæki í Reykjavík. Ég fer í símaskrána og fletti upp. Núna valdi ég þannig að ég valdi fyrirtæki sem áttu afmæli þennan ákveðna dag og lenti þar af leiðandi á einu hjúkrunarheimili. Þangað fór ég í heimsókn. Ég talaði við forstöðukonuna um vandamál heimilisins, föst fjárlög og það að standa við fjárlög — en maður fær enga aukningu á fjárveitingu næst ef maður heldur sig innan ramma fjárlaganna — og við fórum í þá umræðu alla. Svo talaði ég um kjör starfsmannanna og allt það. En svo fórum við að tala um hvernig gamla fólkið hefði það. Þá sagði hún þetta sama, að það er oft sem enginn kemur í heimsókn. Sumir fá jú heimsóknir reglulega, einu sinni í mánuði eða eitthvað svoleiðis, jafnvel í viku hverri. En aðrir fá aldrei heimsóknir. Sumir fá heimsóknir um jól og páska, svona endrum og eins. Hún nefndi sérstaklega til sögunnar gamlan mann sem hafði fengið einhvern tíma heimsóknir um jól, en það var nú dottið upp fyrir. Síðan kemur símhringing og honum er boðið í giftingu í fjölskyldunni og þá var nú aldeilis mikið að gera hjá gamla manninum. Nú átti að setja fötin í hreinsun og nú átti að gera þetta og hitt. Svo kemur dagurinn mikli. Þá er snemma vaknað og maðurinn dubbaður upp í sín fínustu föt. Hann fer niður og bíður eftir því að vera sóttur. Svo sagðist forstöðukonan hafa komið niður fjórum tímum seinna. Þá sat gamli maðurinn enn þá þarna hágrátandi. Hvað hafði gerst? Hún hringdi í ofboði í fólkið. Það hafði gleymst að ná í gamla manninn. Það hafði hreinlega gleymst. Og sú sem svaraði, einhver ung stúlka, sagði: „Við komum bara seinna." Og það var spurt hvort ekki væri hægt að fara með gamla manninn í veisluna. „Nei, nei, hún er eiginlega að verða búin."

Þetta er vandinn, herra forseti. Hvernig breytum við þessu?

[16:53]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég fagna fram komnu frv. til laga um málefni aldraðra, þ.e. endurskoðun á lögum. Það ber að endurskoða þessi lög á fimm ára fresti. Eins og hér hefur komið fram þá hefur það dregist og það er vel að endurskoðunin dragist ekki lengur. Það er von mín að við náum að afgreiða frv. á þessu þingi þannig að við getum verið svolítið hnarreist og sagt að við höfum samþykkt endurskoðun á lögum um málefni aldraðra á ári aldraðra. Okkur yrði það töluverð hneisa ef við næðum ekki að koma þessu í gegn í ár.

Ég vil í heild lýsa ánægju minni með þær breytingar sem hér koma fram í endurskoðun laganna. Markmiðin eru orðin skýr. Það er mín von að við getum staðið við þessi markmið. En til þess þarf töluvert aukið fjármagn inn í þessa þjónustu og það á ýmsum sviðum til að geta uppfyllt þessi lög. Ég mun aðeins fara yfir það hér á eftir, hæstv. forseti.

Það eru líka komnar skilgreiningar á hugtökum. Við munum ræða það í heilbr.- og trn., t.d. skilgreininguna hver sé aldraður. Hér er gerð tillaga um að það sé sá sem hafi náð 67 ára aldri og færð fyrir því rök. Það er í sjálfu sér eðlileg

tillaga í frv., en ég held að rétt sé að skoða þann þátt aðeins betur.

Varðandi stjórn öldrunarmála og skipulag öldrunarþjónustu, þá er tillaga um að fjölgað verði í samstarfsnefndinni um tvo og þar inn komi fulltrúi aldraðra, að einn nefndarmaður verði tilnefndur af Landssambandi eldri borgara og einn af Öldrunarráði Íslands. Þetta er vel því að okkur ber að hafa viðkomandi fulltrúa, þ.e. hina öldruðu, með í ráðum þegar við erum að fjalla um þeirra málefni. Ég fagna því þessari breytingu. Það er alveg skýrt hvert starfssvið samstarfsnefndarinnar er. Þetta er ráðgjafarnefnd fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. Vonandi verður þessi samstarfsnefnd virkari en núverandi samstarfsnefnd hefur verið, og þá út í frá, ekki bara fyrir ráðherra.

Hvað þjónustuhóp aldraðra varðar þá tekur hann yfir störf öldrunarnefnda og öldrunarmálaráðs og því fagna ég alveg sérstaklega. Eins og fyrirkomulagið var, þá var þetta nokkuð þvælið og vafðist fyrir mörgum hvað hvor hópur átti að gera. Það tafði oft málin. Þetta er orðið miklu einfaldara og ég trúi því að miklu betra verði að vinna eftir lögunum eftir þessa breytingu. Þjónustuhópur aldraðra hefur ærin verkefni og skyldur og til þess að geta uppfyllt þessar skyldur þarf alveg örugglega að leggja fram meira fjármagn og vinnu í þennan málaflokk á mörgum sviðum.

Framkvæmdasjóður aldraðra hefur einnig mörgum skyldum að gegna og á að fjármagna byggingu þjónustumiðstöðva áfram. En eins og fram kom hér í máli þingmanns áðan, þá hefur það hlutfall af framkvæmdasjóðnum sem hefur farið í rekstur stofnananna sífellt aukist. Það er auðvitað áhyggjuefni að það skuli vera þróunin því að sannarlega vantar áframhaldandi uppbyggingu á þessum stofnunum. Eins og alls staðar kemur fram þar sem sjúkrahús eru rekin þá vantar heilbrigðisstofnanir sem ekki bjóða jafnsérhæfða þjónustu og Ríkisspítalarnir eða fjórðungssjúkrahúsin, til þess að annast hjúkrun aldraðra og það meiri hjúkrun en fer fram inni á dvalarheimilisstofnunum. Með hækkandi aldri og fjölgun aldraðra hér á landi er nauðsynlegt að halda áfram og huga að áframhaldandi byggingu hjúkrunarheimila.

Ég fagna því að Framkvæmdasjóður aldraðra eigi einnig að sinna rannsóknum og kennslu og kynningu á öldrunarmálum. En þá þarf örugglega líka að hugsa til frekara fjármagns í þennan málaflokk.

Þegar við lítum á IV. kaflann um öldrunarþjónustu og opna öldrunarþjónustu eins og segir í 13. gr. þá er alveg greinilegt að það á að auka mjög heimaþjónustuna. Hún skal veitt um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Um þetta hnaut ég þegar ég las yfir frv., þ.e. hvernig sveitarfélögin eiga að geta staðið við þessi skilyrði. Þarna kemur örugglega til þess að sveitarfélögin þurfa aukið fjármagn til þess að geta staðið við þetta.

Ég nefndi dvalar- og hjúkrunarheimili sem þyrfti að halda áfram að byggja upp. Þetta er kannski það helsta sem ég vildi nefna en í 22. gr. kemur fram sú upphæð sem miða skal við þegar meta á hvort einstaklingur eigi að taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða. Þetta eru 29.217 kr. á mánuði sem viðkomandi má hafa í tekjur. Að mínu mati er þetta of lág tala. Að mínu mati þarf að sjá til þess að aldraðir hafi meira en rétt svo vasapening. Mér finnst rétt að þessi tala verði skoðuð í hv. heilbr.- og trn.

Það er ekki fleira sem ég vildi nefna að sinni en við munum ræða þetta í nefndinni. Ég vildi óska þess að við næðum að afgreiða frv. nú fyrir jólin því að í því felast margar og góðar breytingar.

[17:02]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Sitt sýnist hverjum um hvað hér er á ferðinni og um ágæti þessa frv. Ég held að við séum öll sammála um að í grundvallaratriðum er meginhugsun frv. gagnvart málefnum aldraðra allra góðra gjalda verð. Hún er líka fullkomlega tímabær. Það hefur komið hér fram.

Það eru þó nokkur atriði sem ég vildi koma inn á og fyrst það sem menn hafa verið að ræða, þ.e. fjárhagslega stöðu aldraðra á Íslandi, einkum þeirra sem búa á hjúkrunarheimilum. Það er dálítið merkilegt að líta til nágrannalandanna og menn vitna til þess að Íslendingar standi ekki jafnfætis nágrannaþjóðunum, öðrum Norðurlandaþjóðum, hvað þetta áhrærir. Við höfum hins vegar sótt mikla þekkingu og reynslu til þeirra við uppbyggingu hjúkrunarheimila, notað það besta sem við höfum séð frá fjölmörgum löndum, bæði Norðurlöndum og öðrum Evrópulöndum.

Danir hafa farið nokkra hringi í þessu máli. Þeir hafa t.d. ætlað sér að leggja af eða stórminnka þjónustu við aldraða í formi þess að vera með hjúkrunarheimili og ætla að leggja alfarið alla áherslu á heimaþjónustu, en hafa lent í hreinum ógöngum með það mál. Nú eru þeir á þeirri línu sem Íslendingar hafa haldið sig við, þ.e. að byggja upp hjúkrunarheimili og dvalarheimili og stýra meginþjónustunni í þá átt þótt nú sé bryddað á því í þessu frv. að höfða enn frekar til heimaþjónustunnar en gert hefur verið. Menn hafa mikið rætt um fjármál og talið að þær upphæðir sem hér eru nefndar séu allt of lágar fyrir einstaklinga til að hafa milli handanna innan þessara heimila. Í sumum tilfellum er það rétt og það er eins með þetta og margt annað að auðvitað er fjölbreytileiki aðstæðna manna jafnmikill og fjöldi þeirra er.

Það er t.d. algengt á heimilum í Danmörku að greidd er ákveðin upphæð fyrir það nánast að fá að hafa pláss í húsnæði. Síðan koma sérreikningar sem einstaklingarnir sjálfir þurfa að borga, svo sem fyrir lyf og læknishjálp, mat og jafnvel þjónustu eins og þvott og ef menn þurfa að fara frá heimilinu á aðra staði, þá verða þeir að greiða sérstaklega fyrir aksturinn. Þegar við segjum hér að þessir fjármunir sem tilteknir eru í þessu frv. séu allt of lágir, þá skulu menn hafa í huga að sá sem kemur inn á öldrunarstofnun — eða öldrunarheimili eins og ég vil miklu frekar kalla það hvort sem það er vistheimili eða hjúkrunarheimili — þá greiðir hann ekkert fyrir þá þjónustu sem hann fær, hvorki lyf, læknishjálp né aðra þjónustu ef frá er talin hágreiðsla og fótsnyrting. Allt annað er frítt. Þegar menn gera samanburð á því sem hér á landi tíðkast og annars staðar, þá skulu þeir taka tillit til þeirra dæma sem fyrir liggja í þessu efni og hin mismunandi greiðsluform sem eru jafnvel eftir löndum. Í Bandaríkjunum þurfa menn t.d. að borga nokkra tugi þúsunda bara sem lykilgjald eða aðgöngufé að þjónustunni, að heimili aldraðra. Ég er ekki að segja að það sé til fyrirmyndar. Auk þess þurfa menn síðan að greiða fyrir alla þá þjónustu sem sótt er um, hvort sem það er fæði, þvottur eða lyf og læknishjálp þannig að miðað við mörg önnur lönd stöndum við ágætlega að vígi.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, og beini þeim orðum mínum sérstaklega til hæstv. heilbr.- og trmrh., þá er ég er sammála því og segi að í frv. felst í grundvallaratriðum sú meginhugun sem ég held að við séum öll sammála um að nauðsynlegt sé að koma á.

Í fyrsta lagi vildi ég gera athugasemd við að í gegnum árin hef ég orðið var við að Framkvæmdasjóður aldraða hefur í sívaxandi mæli tekið þátt í rekstri og nú er enn verið að bæta við, sem ég held að sé kannski ekkert alvont mál, þ.e. að hann eigi að taka þátt í frekari rannsóknum og fleira sem lýtur að málefnum aldraðra. En ég spyr hæstv. ráðherra, virðulegi forseti: Er það eðlilegt að ráðuneytið hafi um hálfan milljarð á hverju ári til úthlutunar og við úthlutunarborðið sitji fimm manna nefnd sem geri — vel að merkja, takið eftir orðalagi frv. — sem geri tillögu til ráðherra. Það er ekkert skilyrt, hvorki að farið verði eftir tillögunum né að það sé skylda ráðherrans að fara eftir þeim. Ég tel, þar sem Alþingi hefur verið að móta nýja stefnu til framtíðar litið, að eðlilegt sé að fjárln. komi einhvers staðar að þessu máli. Ég tel þessa uppsetningu í hæsta máta óeðlilega, þ.e. að hér séu ákveðnir skattar af hálfu hins háa Alþingis, nefskattar sem gefa um hálfan milljarð í tekur á ári og síðan geri nefnd uppi í heilbrrn. tillögur um útdeilingu og það ekki einu sinni skilyrt að ráðherra þurfi að fara eftir þeim.

Í annan stað er fjallað um öldrunarþjónustuna. Ég hef lengi gagnrýnt það að ráðuneytið skuli ekki hafa frekara eftirlit en raun ber vitni í dag með þeim þjónustustofnunum sem fyrir eru og veita öldruðum þjónustu í formi þess að þar er um vistheimili eða hjúkrunarheimili að ræða. Ráðuneytið stendur skýrt og skilmerkilega fyrir þeim greiðslum sem eiga að berast til þessara heimila en fylgist ekkert með því hvers konar þjónusta þar er veitt. Það tel ég ekki eðlilegt. Ég tel að ráðuneytinu beri að senda sína fulltrúa á þessi heimili til að fylgjast með hvernig á þessum málum er haldið. Það er ekki langt síðan hér var mikið og illa tekist á um að ýmis hjálpartæki væru ekki til staðar á hjúkrunarheimilum öðruvísi en svo að fólkið þyrfti sjálft að kaupa þau. Þegar betur var að gáð átti þetta við nokkur rök að styðjast en var þó ekki einhlítt því að allmörg heimili og hjúkrunarheimili lögðu til öll þessi hjálpartæki á sama tíma og önnur heimili komust upp með að hafa þau ekki til staðar. Það segir okkur að það er nokkur brotalöm í þessu sem ég held þó að í þessu frv. sé verið að reyna að taka á.

Í 13. gr. frv. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í þjónustuíbúð fyrir aldraða skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi.“

Er það nauðsynlegt í dag að hafa annars lags öryggiskerfi en bruna- og þjófavarnarkerfi? Ef svo er, þá erum við að tala um þannig öryggiskerfi að hægt væri að hringja á læknavakt eða hjúkrunarfræðing sem ætti þá að starfa í viðkomandi húsi og þýðir það að lágmarki um 25–50 þús. kr. aukalega greiðslu á ári fyrir þá öldruðu ef þetta á skilyrðislaust að vera. Það er líka dálítið sérkennilegt að sjá að ekki hefur verið tekið frekar á málum varðandi þjónustuíbúðir fyrir aldraða, eins og almennu aðgengi í íbúðinni. Hvernig eiga t.d. salerni að vera í svona íbúðum? Við þekkjum það vel sem höfum fylgst með þessu á umliðnum árum að byggingaraðilar hafa verið að selja íbúðir sem þeir kalla þjónustuíbúðir fyrir aldraða en það húsnæði sem fólkið flytur í er ekkert öðruvísi en það flutti úr að undanskildu því að engir þröskuldar eru í hinum nýju íbúðum, svo eitthvert dæmi sé nefnt. Því er margs að gæta þegar á að fara að setja einhver lög eða ramma um það hvernig þjónustuíbúðir skuli vera úr garði gerðar. Það er miklu meira mál en aðeins það að bjöllukerfi sé til staðar sem annaðhvort skuli þjóna sem brunavarnarkerfi og þjófavarnarkerfi eða hvort hér er verið að tala um bjöllukerfi þar sem á öllum tímum sólarhringsins skuli vera hægt að kalla á aðstoð.

Síðan er eitt sem ég tel að þurfi frekari skýringar við. Ég var að fjalla um 13. gr. en síðan kemur að 14. gr. þar sem talað er um stofnanir fyrir aldraða. Í 2. mgr. 14. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum, sbr. 1. tölul. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkenni. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtímavistunar, sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi.“

Ég held að allir leggi upp úr því að hafa þær stofnanir sem hér eru títt nefndar og ég vil kalla heimili þannig úr garði gerð að ekki sé mikill munur á þótt erfitt reynist á stundum að láta fólk finna fyrir hinum heimilislega þætti þegar það er komið á hjúkrunarheimili eða dvalarheimili. Það að skikka þessa aðila til þess að láta alla hafa sérherbergi er auðvitað af hinu góða en þó er það svo í tilfellum sem hér hefur verið komið inn á, t.d. varðandi rekstur heimila svo og þegar heilabilaðir eiga í hlut, að stundum getur þótt betra að tveir deili með sér herbergi en að skilyrðislaust skuli hver og einn hafa sérherbergi, enda lít ég svo á að hér sé ætlanin sú.

Í 15. gr. er mál sem ég vildi fá frekari kýringar við. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraða meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði.“

Hvernig ætla menn að leysa það ef það er rétt sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir sagði, að allverulegur skortur á rými væri nú þessa stundina og að það hefði komið fram í heilbr.- og trn. að mjög brýn þörf væri á að koma öldruðum í á annað hundrað rými, bæði þeim sem biðu í heimahúsum og líka þeim er tækju upp rými á Sjúkrahúsi Reykjavíkur?

Í 17. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. og lög um heilbrigðisþjónustu.“

Ég kem aftur að því að það vantar enn frekari skilgreiningu á því hvernig eigi að haga þessum málum.

Af því ég var að vitnaði til Danmerkur þá er mjög athyglisvert að á stóru heimili, ámóta stóru og Hrafnistuheimilið, þykir ekki ástæða til að vera með nema einn hjúkrunarfræðing og hann er hjúkrunarforstjóri. Annað starfsfólk hefur farið í starf þeirra sem núna eru sjúkraliðar og lært í áföngum þjónustu við aldraða og áfangarnir hafa verið þannig að þegar menntunin hefur náð lengst þá hafa þessir aðilar náð því menntunarstigi að mega gefa meðul og sprauta. Hér erum við því á talsvert öðru plani en t.d. Danir sem við erum þó svo mjög gjörn á að líta til, þ.e. ef „betur“ er þar á haldið en hér.

Síðan kemur 18. gr. Ég lýsi ánægju minni yfir því að þar skuli vera búið að taka þar út ákvæði um að ráðuneytið skipi mann í stjórn. En ég verð að segja að þó ákvæðin séu óbreytt eins og þau standa enn þá, þ.e. að starfsmannaráð

tilnefni einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar stofnunar fyrir aldraða með málfrelsi og tillögurétti og sama gildi um vistmannaráð, þá er það svo að vistmannaráð, þar sem þau eru til staðar, hafa greiðan aðgang bæði að stjórn og stjórnendum heimilanna. Ég veit að þar sem vel er á málum haldið er venjulega fundur a.m.k. einu sinni í mánuði með vistmannaráðum. Ég tel að það sé eðlilegt að ábyrgðin sé þeirra sem eiga og reka þessar stofnanir og að ekki eigi að hafa ákvæði í lögunum eins og þetta hér.

Í 26. gr. segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m.a. um húsnæði, búnað stofnana fyrir aldraða og aðbúnað og þjónustu fyrir vistmenn, svo og starfsfólk stofnana eftir starfsemi þeirra."

Ég tel að það sé af hinu góða og ekkert við það að athuga að það sé gert með tilvísun til þess sem ég gat um áðan, þ.e. hvernig ætti að ganga frá hinum svokölluðu þjónustuíbúðum. En ég tel líka að full ástæða sé til þess að jafnhliða sé þá horft til þessara þjónustuíbúða varðandi það hvernig þær eigi að vera úr garði gerðar til þess að þær geti kallast þjónustubúðir þegar einstaklingar eða byggingaraðilar eru að selja þessar íbúðir, svonefndar sérstakar þjónustuíbúðir fyrir aldraða, á frjálsum markaði.

Ég sat í heilbr.- og trn. á síðasta kjörtímabili og þá komu fram ýmsar athugasemdir frá félagsmálaráði Reykjavíkurborgar, t.d. um hinn stjórnunarlega þátt sem hér er vitnað til. Í 6., 7. og 8. gr. er verið að rugla saman annars vegar faglegri nefnd og svo hins vegar þeirri pólitísku nefnd sem fjallar um málefni aldraða eins og t.d. hér í Reykjavík. En ég sé ekki að nein breyting hafi orðið á því til þeirrar áttar sem þá var rætt um.

Að öðru leyti endurtek ég að ég veit og er sannfærður um að með góðum ásetningi heilbr.- og trn., hæstv. ráðherra og hans starfsfólks sem auðvitað er lagt upp með hér, verði hægt að búa til gott frv. til laga um málefni aldraða sem muni bæta réttarstöðu þeirra og vissulega gera um leið þá kröfu til þeirra sem sinna öldruðum að eitt skuli yfir alla ganga.

[17:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af umfjöllun hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um þá upphæð sem vistmenn hafa til ráðstöfunar eftir að þeir fara að greiða fyrir sína vist á öldrunarstofnunum og af því að hann sagði að þessir sjúklingar eða vistmenn greiði ekki fyrir nein lyf eða læknishjálp, þá verð ég að segja að vissulega eru þessir vistmenn að greiða fyrir vistina því að þeir missa sínar lífeyrisgreiðslur. Þeir halda eftir ákveðinni upphæð sem nefnd er í frv. og fara allar aðrar lífeyrisgreiðslur í að greiða fyrir þessa þjónustu. Fyrir utan það verða þeir að greiða fyrir, eins og hv. þm. nefndi, hárgreiðslu, fótsnyrtingu og þvott sums staðar, nema að því hafi verið nýhætt. Það getur verið að því hafi verið nýhætt að láta greiða fyrir þvottinn. En það tíðkaðist til skamms tíma því aðstandendur hjúkrunarsjúklinga hafa komið til mín með nótur um greiðslu á þvotti, þegar þeir hafa þurft að senda í þvott af vistmanni í þvottahús. En það getur verið að það hafi verið aflagt

Engu að síður geta vistmenn sem halda ekki eftir nema svona lágum upphæðum nánast ekki tekið þátt í samfélaginu. Þeir geta ekki gefið barnabörnunum sínum afmælisgjafir, jólagjafir, fermingargjafir, brúðkaupsgjafir eða hvað það er með þessari smánarlegu upphæð sem gert var ráð fyrir. Ég vil því benda á að það er verið að taka af þeim stóran hluta af lífeyrisgreiðslunum til þess að borga fyrir vistina, til að borga fyrir hjúkrunina, til að borga fyrir lyfin á þeirri stofnun sem þeir dvelja á.

Aftur á móti get ég tekið undir það, herra forseti, að ég hefði talið að ráðuneytið ætti að vera með meira eftirlit með þessum stofnunum. Ég kem að því aftur á eftir í síðara andsvari mínu.

[17:24]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því ef ég hef tekið svo klaufalega til orða að segja að þeir öldruðu borguðu ekki neitt. Ég biðst afsökunar á því. Auðvitað greiða þeir, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, allháar upphæðir, sumir hverjir, til þessara stofnana. En ég var að vitna til þess að í Danmörku er það víða svo að þar borgar fólk, eins og ég sagði, sérstaklega fyrir fæðið, sérstaklega fyrir alla þjónustu.

Ef við lítum á hvað kostar kostar að búa á hjúkrunarheimili og hvað kostar að búa á dvalarheimili þá er náttúrlega um mjög háar upphæðir að ræða. Við erum að tala um að kostnaður vegna einstaklings á þessum heimilum sé á bilinu 150–300 þús. kr. En ég er ekkert að segja að það sé of í lagt fyrir þá sem eru á þessum heimilum og hafa lagt grunn að góðu þjóðfélagi og því velferðarþjóðfélagi sem við búum í. Þökk sé þeim. En ég var aðeins að nefna þetta af því að stundum, og of oft kannski, er verið að vitna til annarra Norðurlanda þegar mönnum finnst ástandið bágt hér. Þá hefur það ekki komið fram í umræðunni að við erum þó að gera hér nokkuð betri hluti en þar eru gerðir í málefnum aldraða.

[17:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur leiðrétt það sem hann sagði. En ég skrifaði niður eftir honum að þeir borguðu ekki fyrir neitt. Það er auðvitað rangt. Þeir eru auðvitað að borga fyrir þessa þjónustu með sínum lífeyri. Það má kannski geta þess og láta það koma fram í þessari umræðu að sumir vistmenn á öldrunarstofnunum borga á annað hundrað þúsund kr. fyrir sína vist. Aldraðir eru í rauninni þeir einu í heilbrigðiskerfinu sem greiða fyrir sína heilbrigðisþjónustu og sína sjúkrahúsvist nánast því að eftir að aldraðir sjúklingar hafa verið á stofnun í fjóra mánuði á tveimur árum þá missa þeir sínar lífeyrisgreiðslur og þurfa að fara að greiða. Við skulum halda því til haga.

Varðandi eftirlit með þjónustu á stofnunum þá tek ég undir með hv. þm. að ráðuneytið þyrfti að hafa eftirlit með þeirri þjónustu. Ég geri ráð fyrir því að ráðuneytið geri það. Sérstaklega núna þegar menn eru að fikra sig áfram með nýjar leiðir í rekstri öldrunarstofnana þá þarf eftirlitið að vera meira og ég geri ráð fyrir að það verði meira með veittri þjónustu þannig að samræmi verði í þjónustunni sem veitt er öldruðum vistmönnum á þeim ýmsu stofnunum sem þeir dvelja á.

[17:27]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru alltaf a.m.k. tvær hliðar á hverju máli. Ég vildi velta því upp og spyrja hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur hvort hún telji að það eigi að afnema allar greiðslur aldraðra vegna dvalar á vistheimili eða hjúkrunarheimili. (Gripið fram í.) Þá kemur aftur upp hin hliðin á málinu. Hvers þeir eiga að gjalda sem ekki komast inn á

vistheimili eða hjúkrunarheimili, búa úti í bæ og þurfa að greiða fyrir sitt daglega brauð?

Ég held að við getum aldrei komist hjá því að finna einhvern meðalveg í þátttöku aldraðra í þessari þjónustu, bæði með það að leiðarljósi að reyna að byggja hana betur upp en nú er — við getum alltaf gert góða hluti enn betri — og líka með því að reyna að jafna stöðu manna. Ég get alveg tekið undir að auðvitað er alltaf umdeilanlegt hve mikið eigi að borga fyrir þessa þjónustu.

Ég ítreka það aftur og segi það enn hér að auðvitað hafa þeir öldruðu Íslendingar sem nú eru komnir að sólsetri síns lífs lagt okkur til fagurt og gott land. Þökk sé þeim. Líklega munum við aldrei gera nógsamlega gott við þá í þökk við það brautryðjendastarf sem þeir hafa unnið að velferðarkerfi okkar.

[17:29]

Útbýting þingskjala:

Flutningur eldsneytis á Reykjanesbraut, 212. mál, fsp. HjÁ, þskj. 250.

Kjör einstæðra foreldra, 19. mál, skýrsla félmrh., þskj. 251.

Starfsemi Ratsjárstofnunar, 211. mál, fsp. EKG, þskj. 248.

Öryggi greiðslufyrirmæla, 23. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 249.

[17:30]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir góða greinargerð þegar hún fylgdi frv. úr hlaði. Bent hefur verið á ýmislegt en mig langar aðeins að fara yfir örfáa þætti og byrja á samstarfsnefndinni um málefni aldraðra. Mjög mikilvægt og gott að sjá að búið er að fjölga í þeirri nefnd, hún er orðin fjölmennari og í hana eru komið fólk frá fleiri aðilum.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi að Framkvæmdasjóður aldraðra gerir tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum. Ráðherra gæti kannski skýrt 11. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn sjóðsins, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þegar nefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í henni."

Af hverju er ekki einhver fulltrúi frá Alþingi, sem jafnframt er í fjárln., tilnefndur strax í þennan samstarfshóp? Mér finnst mjög óeðlilegt að kalla hann til þegar komið er að úthlutun. Annaðhvort er þessum hópi treyst fyrir þeim tillögum sem þar eru inni eða ekki.

Jafnframt hefur verið gagnrýnt að svo stór hluti af framkvæmdasjóðnum skuli fara í rekstur, ekki bara í uppbyggingu. Þetta er gömul umræða og flest okkar sem höfum komið að þessum málaflokki þekkja hana. Í rekstrarþáttinn fer sífellt meira af fé framkvæmdasjóðsins og mér finnst það ekki nógu gott. Úr því að þetta er hlutur sem við erum öll að leggja til er þetta spurning um uppbygginguna og þá er spurningin hvort ríkisvaldið beri þá ábyrgð á þeirri þjónustu sem hún er í rauninni að samþykkja að fari í gang með því að byggja upp ákveðnar stofnanir. Þetta er eitthvað sem við ættum að skoða.

Ég veit að þjónustuhópur aldraðra hefur virkað mjög vel en ég þekki náttúrlega aðallega til í Reykjavík. Í 6. gr. segir um hann, með leyfi forseta:

„Í hverju heilsugæsluumdæmi, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, skal starfa þjónustuhópur aldraðra."

Í aths. um 6. gr. segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þjónustuhópar aldraðra taki við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða samkvæmt núgildandi lögum."

Vel getur verið að ég sé að misskilja eitthvað. Ég vil ekki fara að oftúlka eitthvað en erum við að tala um að taka öldrunarmálin út úr félagsþjónustulögunum og þar með taka þau af sveitarfélögunum sem bera ábyrgð á heimaþjónustunni, dagvistinni, þjónustuíbúðunum? Er verið að tala um að taka þessi verkefni frá félagsmálanefndum sveitarfélaganna, eins og ég þekki í Reykjavík, og setja þetta allt yfir í þennan þjónustuhóp? Ég vona ekki. Það hlýtur líka að vera þar sem það fjármagn er afmarkað sem þarf að fara í málaflokkinn hjá sveitarfélögunum hverju sinni. Ég er að vona að ég sé eitthvað að misskilja þetta. En svona las ég þetta, kannski þarf eitthvað að laga þetta ef þetta er ekki þannig.

Það sem mér finnst mjög áhugavert við öldrunarþjónustukaflann um opna öldrunarþjónustu, sem er það áhugamál sem mér finnst vera lagt upp eins og ég vildi gjarnan sjá þetta, er áherslan á að minnka þörfina fyrir stofnanaþjónustu. Eldra fólk er farið að óska eftir því að vera heima hjá sér sem lengst með góða aðstoð allan sólarhringinn. Reykjavík var það sveitarfélag sem var með það sem tilraunaverkefni að prófa sólarhringsvaktir og kvöld- og helgarþjónustu með mat og annað. Það hefur eflaust dregið úr umsóknum aldraða um vist á hjúkrunarheimilum. Þetta hefur líka létt undir með ættingjum og er náttúrlega fyrst og fremst vegna óska aldraðra. Hjúkrunarheimilin yrðu þá betur nýtt í þessa raunverulegu hjúkrun eins og við tölum stundum um. Þjónusta á mörgum stigum sparar auðvitað þegar fram í sækir með því að byggja ekki of mikið af hjúkrunarheimilum.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson talaði jafnframt um stofnanir aldraðra og ræddi um dvalarheimili, sambýli og íbúðir og síðan hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými. Í 14. gr. 2. lið segir: „Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtímavistunar, sé þess þörf."

Ég fagna sérstaklega þessu ákvæði um hvíldarinnlagnir. Það er mjög brýnt mál á meðan ekki allir fá hjúkrun við hæfi enda er spurning hvenær það verður svo sem. Síðan er spurning hvort ekki þurfi að vera með einhverja forsögn — eins og þarf náttúrlega að vera með hvert það hjúkrunarheimili, dvalarheimili eða sambýli sem byggt er — einhvern ramma um þann aðbúnað sem þarf að vera fyrir aldraða sem fara á stofnun. Á því atriði mætti taka í greinargerð.

Það var mjög áhugavert sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi um leið Dana til þess að minnka kostnað við starfsmannahaldið að hluta en samt þannig að öryggi sé í fyrirrúmi með sérhæfðum sjúkraliðum sem bæta sífellt við menntun sína. Danir eru mjög þróaðir í þessu og hafa deilt þessu niður á ýmis svið, bæði varðandi heimaþjónustu, hjúkrunarheimili, sambýli o.s.frv.

Áðan var rætt um 22. gr. sem er um tekjurnar sem eiga að vera eftir. Auðvitað er það þannig að allir þurfa að leggja sitt af mörkum og mér finnst það sjálfsagt mál. Hins vegar getur verið ágreiningur um það hversu mikið það á að vera. Við skulum ekki gleyma því að sá hópur sem fer e.t.v. á hjúkrunarheimili eftir 20 ár er kannski efnaðasti hópurinn í þessu samfélagi — er nýbúinn að erfa sína foreldra og er kannski búin að lifa tvær kynslóðir. Þetta er tiltölulega vel

stæður hópur fjárhagslega og e.t.v. ekki langt þar til hann vill fara að sækja um vistun.

Hins vegar hefði ég gjarnan viljað sjá breytingu á vasapeningakerfinu sem er talað um í 23. gr. Ég hefði gjarnan viljað sjá einhverja nýja hugsun í þeim efnum. En ég veit að það er áhugamál mjög margra að hækka upphæð vasapeninga þannig að það séu ekki lengur þessar 5.000 kr. á mánuði. Þó svo við viljum að allir hætti að reykja þá er samt sem áður sú kynslóð inni á þessum stofnunum sem enn reykti og þekkti kannski annað en er nú.

Ég fagna þessu frv. Það verður mjög gaman að sjá hvernig það kemur úr meðförum nefndar og þá fáum við líka tækifæri til þess að ræða það öðru sinni.

[17:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. til laga um málefni aldraðra sem er ekki að koma fyrir þingið í fyrsta sinni. Ég tók þátt í störfum heilbr.- og trn. þingsins á síðasta kjörtímabili sem áheyrnarfulltrúi og þá kom þetta frv. fyrir. Þá voru nokkur atriði gagnrýnd og sum þeirra sýnist mér hafa verið lagfærð þótt um minni háttar atriði kunni þar að vera að ræða.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um mikilvægi þess að samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 4. gr. frv. sé virk en komi ekki til með að verða eins konar stuðpúði á milli þjóðarinnar og stjórnvalda. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vakti athygli á því að hún hefði spurt sl. haust hvort samráð hefði verið haft við samráðsnefnd aldraðra sem þá starfaði. Þá kom fram í svari sem hæstv. heilbr.- og trmrh. veitti við fyrirspurn þingmannsins 14. október að svo hefði ekki verið á ári aldraðra. Ég vil taka undir ábendingu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um 4. gr.

Öldrunarþjónustan er skilgreind í 13. gr. frv. í fjórum liðum. Nú er það svo að í frv. er að finna skilgreiningar á hugtökum og í þessu tilviki skilgreiningar á þjónustu. Stundum er erfitt að greina á milli annars vegar skilgreiningarinnar og hins vegar þeirrar lagaskyldu sem verið er að festa í sessi. Ég vildi beina því til hæstv. heilbrrh. að ráðherrann skýrði ögn innihaldið, hvað hér er átt við. Í 13. gr. segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Til opinnar öldrunarþjónustu samkvæmt lögum þessum telst:

1. Heimaþjónusta veitt öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar. Þjónustan er tvíþætt. Annars vegar er heilbrigðisþáttur heimaþjónustu sem er í höndum starfsfólks heilsugæslustöðva, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Hins vegar er félagslegur þáttur heimaþjónustu viðkomandi sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög semja við, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Veita skal heimaþjónustu um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf. Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða og árangursmarkmið að leiðarljósi."

Hér er annars vegar að finna óljóst orðaðar setningar þar sem segir að leitast skuli við að veita tiltekna þjónustu og síðan er líka afdráttarlaust sagt að veita skuli heimaþjónustuna um kvöld, nætur og helgar þegar þess er þörf.

Í 2. lið segir:

„Þjónustumiðstöðvar aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta."

Hér er ekki verið að tala um lagaskyldu heldur skilgreiningu. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra skýrði ögn þennan mun, annars vegar á skilgreiningu og innihaldinu hins vegar.

Í 3. lið segir:

„Dagvist aldraðra sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima." Síðan er þetta skýrt nánar.

Í 4. lið er fjallað um þjónustuíbúðir. Hér segir í síðari málsgrein:

„Í þjónustuíbúð fyrir aldraða skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi. Um greiðslu fyrir veitta þjónustu fer skv. 20. gr. Íbúar þjónustuíbúða skulu eiga rétt á sömu heima- og vaktþjónustu og aðrir íbúar sveitarfélagsins."

Hér erum við aftur að fjalla um skilgreiningu en ekki lagaákvæði enda iðulega vísað til íbúða á frjálsum markaði. Ég tek undir það sem segir í aths. um þessa grein að mjög mikilvægt er að íbúðir sem fá þann gæðastimpil að vera þjónustuíbúðir fyrir aldraða standi undir nafni. Ég tek undir þetta. Hins vegar er ljóst að hér eru mörg góð orð á ferðinni en þegar gaumgæft er hvað á að greiða fyrir kemur í ljós samkvæmt fyrrnefndri 20. gr.:

„Íbúar í þjónustuíbúðum, sbr. 4. tölul. 13. gr.," — það var það sem ég vitnaði til — „greiða sjálfir þá þjónustu sem þar er veitt, aðra en heimaþjónustu, sbr. 24. gr., samkvæmt ákvörðun rekstraraðila."

Hver greiðir fyrir heimaþjónustuna? Það mun vera sveitarfélagið. Ég tel undir þau sjónarmið og ábendingar sem fram komu í máli hv. þm. Þuríðar Backman, að mjög mikilvægt er að sjá til þess að nægilegt fjármagn sé til staðar til að standa undir þessari þjónustu. Ég skal fúslega viðurkenna að þetta er allt að því ruglingslegur málflutningur, en það sem ég vildi gjarnan fá fram er að hæstv. ráðherra geri nánar grein fyrir þeirri lagaskyldu sem hér er verið að festa í sessi. Ég geri mér grein fyrir að annars vegar erum við með skilgreiningar á hugtökum og orðum, t.d. þjónustuíbúð. Ég tek undir það að mikilvægt er að þær skilgreiningar séu skýrar og festar í lög. En hins vegar er kveðið á um inntak laganna. Ég vildi fá skýringar hæstv. ráðherra á þessu.

Eitt af því sem er breytt frá því að frv. var til umfjöllunar á síðasta þingi, ef ég man rétt, er í 18. gr. Í henni var kveðið á um að fulltrúi ráðuneytisins væri í stjórn stofnananna, ef ég man rétt, og ýmsar stofnanir sem hlut áttu að máli mótmæltu þessu mjög kröftuglega. Ég skal viðurkenna að ég fyrir mitt leyti var svolítið tvíátta í afstöðu til þessarar greinar. Annars vegar skildi ég það sjónarmið ráðuneytisins eða hæstv. heilbrrh. sem flutti frv., að mikilvægt væri í stofnunum og starfsemi sem að verulegu leyti væri rekin af hinu opinbera að fulltrúi fjárveitingaaðilans ætti sæti í stjórn stofnunarinnar og hefði sem bestar upplýsingar um starfsemina og ráðstöfun fjármuna. Hins vegar skil ég það líka að þetta kunni að orka tvímælis, þetta geti í sjálfu sér gert ráðuneytið samábyrgt í ákvörðunum sem það á þó ekki nema að litlum hluta þátt í. Það var aðeins verið að tala um einn fulltrúa af mörgum og hugsanlegt að eðlilegra sé að koma við eftirliti óðruvísi en með beinni stjórnaraðild. En ég man að þetta var mjög til umræðu á sínum tíma.

Þá vil ég taka undir það sjónarmið sem fram kom í máli hv. þm. Þuríðar Backman og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jó-

hannesdóttur og eflaust fleiri, að sú upphæð sem kveðið er á um í 22. gr. laganna er að mínum dómi of lág og þyrfti að hækka. Þetta voru þau sjónarmið sem ég ætlaði að láta getið.

Að lokum þetta. Ég held að mjög mikilvægt sé að efla þjónustu við aldraða og ég er alveg sammála því að mikilvægt sé að efla heimaþjónustuna. Mér finnst þau rök sannfærandi sem fram hafa komið um að þetta lagafrv. sé að gera réttarstöðu fólks skýrari þótt mér finnist hún enn óskýr um margt. En varðandi réttindi hins aldraða, sem ég vil að fái sem allra besta þjónustu heima við, þá finnst mér að hinu megum við heldur ekki gleyma, þ.e. nauðsyn þess að aðrir kostir bjóðist. Ef heimilisaðstæður eru þannig að viðkomandi hefur ekki tök á að vera heima og þiggja aðstoðina þar, þá eigi fólk kost á því að leita inn á stofnanir sem geta veitt þeim betri aðhlynningu og betra líf.

[17:50]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um málefni aldraðra sem hefur verið í vinnslu hjá ráðuneytinu um allnokkurt skeið. Eins og kemur fram í athugasemdum með frv. átti að endurskoða þessi lög fyrir 1994 þar sem þau voru síðast samþykkt 1989. Ég fagna því að frv. er nú komið fram og með því að lesa það yfir get ég séð að það er vel unnið og ber vott um skýra yfirsýn á málefnum aldraðra, enda ekki við öðru að búast, og staðfestir í ýmsu það fyrirkomulag sem hefur verið viðhaft í skipulagi öldrunarþjónustu á undanförnum árum og það skipulag sett í fastara form og ég fagna því.

Ég fór yfir frv. meðan það var enn þá sem drög sem voru send til umsagnar fagfélaga á árinu 1997. Ég sé að margt af því sem ég gagnrýndi á þeim tíma er farið út og er það til bóta. Í frv. er á mjög greinargóðan máta lýst þeim úrræðum sem eiga að vera til stuðnings öldruðum þegar ekki er hægt að ná því markmiði laganna sem kemur fram í 1. gr., þ.e. að þeir geti búið heima við eðlilegt heimilislíf. Þau úrræði eru vel skilgreind og eru skýr.

Það eru þó nokkur atriði sem mig langar aðeins að benda á. Vísa ég fyrst til 13. gr. hvað varðar heimaþjónustu veitta öldruðum sem búa heima. Þar vil ég sérstaklega vekja athygli á síðasta málslið 1. mgr. 13. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Leitast skal við að skipuleggja og samhæfa heilbrigðis- og félagslega þætti heimaþjónustunnar með velferð og þarfir hins aldraða og árangursmarkmið að leiðarljósi."

Það er afskaplega mikilvægt að heilbrigðis- og félagslegir þættir séu samhæfðir og þyrfti í framtíðinni að taka enn meira á en hingað til hefur verið gert. Þarna rekast á tvö kerfi, félagslega kerfið annars vegar og heilbrigðiskerfið hins vegar, sem virðist í gegnum tíðina hafa verið erfitt að samræma. Þetta er sá þáttur sem sérstaklega þarf að skoða, þ.e. hvort ekki þurfi að færa þessa þætti undir einn hatt eins og t.d. hefur verið gerð tilraun með á Akureyri með því að heimaþjónusta, bæði hin félagslega og heilbrigðisþjónustan hefur verið sett undir einn hatt. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hvor hatturinn það á að vera, en hingað til hef ég þó haldið því fram að það ætti að vera undir heilbrigðishattinum. Þetta held að þurfi að skoða sérstaklega vel í framtíðinni.

Hvað varðar þann þátt sem snýr að beinni heilbrigðisþjónustu þar sem krafist er hjúkrunar- og læknisfræðilegrar þjónustu, þá á ég við þá þætti sem falla undir dagvist aldraðra og hjúkrunarheimili og að sumu leyti undir dvalarheimili, þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvaða hugmyndir hún hefur um það atriði sem ég gagnrýndi einna mest í þeim drögum sem komu fram árið 1997. Í þeim drögum komu fram þau viðhorf að óþarfi væri að faglega forsjá heilbrigðisstarfsmanna væri fyrir þessum stofnunum, þ.e. þar kom fram það sjónarmið að ekki þyrfti yfirlækni og hjúkrunarforstjóra á slíkar stofnanir. Svar mitt á þeim tíma var — mig langar að heyra svar ráðherrans á eftir — að engan veginn mætti setja hlutina þannig fram að þar sem virkilega væri þörf á faglegri þjónustu, sem er á hjúkrunarheimilum, væri ekki þörf á faglegri forsjá slíkra fagaðila sem veita heilbrigðisþjónustunni forstöðu að öllu jöfnu.

Mig langar að nefna eitt atriði í viðbót úr 13. gr. varðandi þjónustuíbúðir aldraðra. Í þeirri grein kemur fram að í þjónustuíbúð fyrir aldraða skal vera öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti og þrifum, og aðgangur að félagsstarfi o.s.frv. Ég tel afskaplega mikilvægt að slík skilgreining komi fram í þessari grein og því sé fylgt eftir. Ég hef nefnilega orðið vitni að því og komið nálægt málum þar sem fólki hefur verið lofað með auglýsingu ákveðinni tiltekinni þjónustu sem síðan ekki hefur verið staðið við. Það verður að vera alveg ljóst þegar framkvæmdaaðilar sækja um framkvæmdaleyfi til að reka slíkar stofnanir að fyrir liggi hvers konar þjónusta standi til boða og að gengið sé eftir því að sú þjónusta sé síðan veitt því að allt of oft hefur fólki verið lofuð þjónusta sem ekki hefur verið staðið við.

Þetta var í fljótu bragði það sem ég vildi segja um frv. Ég fagna því og tel það vera til bóta. Það er vel unnið, vel skilgreint og ég hlakka til að fjalla um það í heilbrn.

[17:57]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af því að hv. þm. Ásta Möller var fjarstödd þegar ég flutti mál mitt áðan þá vildi ég aðeins koma að því sem hún sagði um hjúkrunar- og læknaþátt þessara hjúkrunarheimila. Ég verð að viðurkenna að ég hef spurt sjálfan mig þeirrar spurningar hvort við séum föst í einhverjum ákveðnum fasa eða viðjum vanans t.d. þegar litið er til Danmerkur. Þegar fólk þar flyst inn á hjúkrunarheimili eða heimili fyrir aldraða þá er til staðar einn hjúkrunarforstjóri. Annað fagfólk er sjúkraliðar sem eru misvel menntaðir. Sumir eru komnir á það stig að þeir megi sprauta og gefa lyf, aðrir hafa minni menntun en sinna þó öldruðum.

Fylgjum við alveg réttri stefnu núna? Þegar litið er til Danmerkur, eins og ég var að vitna til, þá er mjög algengt þegar aldraðir koma inn á slík heimili að heimilislæknir fylgi þeim áfram ef fjarlægðir eru ekki of miklar. Ég velti líka vöngum yfir því hvers vegna megi ekki setja upp heilsugæslu á dvalarheimili eins og t.d. Hrafnistu þar sem eru á annað hundrað þjónustuíbúðir með líklega á þriðja hundrað manns, til að þjónusta þetta fólk. En það virðist vera lögum samkvæmt ekki leyfilegt. Þess vegna þarf að fara um langan veg til að sækja viðkomandi heilsugæslu.

Ég tel að við séum í ákveðnum föstum venjum sem við þurfum að fara að horfa aðeins á til að geta veitt þessa þjónustu. Á sama tíma og við erum í stórkostlegum vanda með hjúkrunarfræðinga þá er eins og aðrir megi ekki koma að. Ég tel að full ástæða sé til að efla enn frekar menntun sjúkraliða til að geta sinnt og mætt þeim kröfum sem gerðar eru til slíkra heimila.

[17:59]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara í nokkrum orðum því sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson beindi til mín. Ég vil benda á það að ástæðan fyrir því að fólk fer á hjúkrunarheimili er sú að það þarfnast hjúkrunar. Og það er alveg augljóst að fagmenntað fólk þarf til þess að meta þörf aldraðra sem þarfnast hjúkrunar fyrir hjúkrun og hvernig eigi að skipuleggja þá hjúkrun.

Ef þarfirnar eru einhvers staðar flóknar, hjá einhverjum hópi einstaklinga, þá er það hjá öldruðum því að þar tvinnast mjög margir þættir saman, sjúkdómar, félagslegar aðstæður og ýmilegt slíkt. Ég tel því mikla ástæðu til þess að leggja ríka áherslu á þá faglegu þjónustu sem þarf að vera á hjúkrunarheimilum og sem ég veit að er þar, t.d. á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, af því að þú, hv. þm., nefndir það hér áðan.

Hv. þm. nefndi jafnframt sjúkraliða í þessu sambandi. Það er alveg ljóst að sjúkraliðar hafa afskaplega miklu hlutverki að gegna í öldrunarþjónustu. Þeir þurfa að koma inn á öldrunarstofnanir í mun meira mæli en hefur verið hingað til.

Varðandi það að Hrafnista geti rekið heilsugæslu fyrir dvalarheimili sitt. Mér finnst, og nú tala ég fyrir sjálfa mig, að það eigi að skoða hverja einingu fyrir sig. Ég sé t.d. ekkert á móti því þó að Hrafnista tæki að sér alla heilbrigðisþjónustu fyrir dvalarheimilisbúa sína og fyrir einstaklinga sína úti í þjónustuíbúðum. Mér fyndist það hið besta mál. Það yrði þá gert með samningum við heilbrrn. En ég er ekki heilbrrh. Heilbrrh. þyrfti að svara þessu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill að gefnu tilefni geta þess að orðið þú er nánast bannorð á hinu háa Alþingi. (Gripið fram í.) Forseti varð þess var að hv. þm. er meðvitaður um það.)

[18:01]

Útbýting þingskjals:

Störf nefnda um jarðskjálftavá, 97. mál, svar umhvrh., þskj. 244.

[18:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem orðið hefur um frv. sem hér liggur fyrir. Það komu fram ýmsar spurningar en umræðan hefur verið mjög jákvæð og mér sýnist að hv. heilbr.- og trn. verði ekki lengi að afgreiða þetta miðað við þá umræðu sem hér hefur orðið.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom inn á það áðan að misræmi væri í því að skilgreina fólk aldrað 67 ára og miða þar við töku lífeyris en svo tækju sjómenn lífeyri sextugir en teldust ekki aldraðir. Þetta er mjög gömul hefð og þessari hefð breytum við ekki.

Síðan minntist hún á að fram hefði komið í svari mínu að samstarfsnefndin hafi ekki verið til kölluð vegna nefndarstarfa framkvæmdanefndar árs aldraðra. Ég ætla því að segja hv. þm. það að formaðurinn í samstarfsnefndinni var líka formaður í framkvæmdanefnd um ár aldraðra og starfsmaður samstarfsnefndarinnar var líka starfsmaður í framkvæmdanefnd um ár aldraðra. Fulltrúi Landssambands aldraðra var fulltrúi líka í þessari framkvæmdanefnd um ár aldraðra. Þarna komu því margir að enda hefði þetta ár ekki orðið eins litríkt og raun ber vitni nema af því svo margir komu að því.

Svo vil ég líka geta þess sérstaklega að ríkisstjórnin eða hluti ríkisstjórnarinnar, þ.e. heilbrrh., félmrh., forsrh. og fjmrh., hefur tekið upp þann sið að hafa reglulega fundi með Landssambandi aldraðra. Það er því mikið samstarf og getur eiginlega ekki verið meira en það er í dag eða a.m.k. ekki meiri fundarhöld á milli þessara aðila eða samvinna þó að menn séu eflaust ekki sammála um alla hluti.

Varðandi aðra þætti vil ég minna á það að á þessu ári hækkuðu vasapeningar til þeirra sem dveljast á stofnunum um nánast helming og það held ég að hafi verið gott framfaraspor. Hér var talað um tekjutengingar og þá vil ég minna á að hvorki sú ríkisstjórn sem situr í dag né ríkisstjórnin sem sat þar á undan hefur aukið við tekjutengingu heldur þvert á móti minnkað tekjutengingar þannig að við höfum verið á réttri leið hvað það varðar.

Sagt var að sífellt meira fjármagn fari til rekstrar í öldrunarstofnunum. Ég vil minna á að meira hefur farið til framkvæmda nú upp á síðkastið en áður. En á tíu ára tímabili er það alveg rétt að framkvæmdasjóðurinn hefur lagt verulegt fjármagn til rekstrar. Rekstrarþátturinn er auðvitað að verða sífellt stærri og þyngri, eðlilega vegna þess að við erum sífellt að fjölga hjúkrunarrýmum. Um þessar mundir erum við að fjölga í Garðabænum öðru hvorum megin við áramót um a.m.k. 25 rými. Víðines opnaði 25 rými á þessu ári og við erum að undirbúa, eins og þingheimi er kunnugt, 60 rúma hjúkrunarheimili. Það er því mikil uppbygging í gangi.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom inn á ýmislegt, þekkir til mála afar vel. Hann var með vissar vangaveltur, ef svo má segja, um hvernig framkvæmdasjóðurinn væri samansettur, en hann er ráðgefandi aðili fyrir ríkisstjórn eins og fram kemur í lögum. Við erum búin að velta þessu mikið fyrir okkur eins og hv. þm. og niðurstaðan er sú að samsetningin er mjög skynsamleg eins og hún er. Þarna koma menn víða að með mismunandi sjónarmið. Þetta er ekki endanleg ákvörðun heldur eru þetta tillögur til ríkisstjórnarinnar og það er undantekning ef miklar breytingar verða á tillögunum og *því sem síðar er ákveðið af ríkisstjórn.*

Þá kem ég inn á það sem hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir sagði áðan einmitt varðandi þennan þátt. Hún hafði áhyggjur af því að verið væri að rugla saman heilbrigðisþættinum og félagsmálaþættinum. Í þessu frv. erum við eingöngu að fjalla um heilbrigðisþáttinn. En það kom réttilega fram hjá 19. þm. Reykv. varðandi Akureyri sem er reynslusveitarfélag og hefur haft þetta verkefni með höndum, að okkur sýnist þetta í ljósi reynslunnar koma mjög vel út þar sem þetta er þróað saman. En frv. gerir ekki ráð fyrir því.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom líka inn á marga þætti og vildi fá betri skilgreiningu á heimaþjónustu sem ætti að veita um helgar, nætur og kvöld. Honum fannst ekki nægilega skýrt að orði kveðið. Við höfum verið að efla þennan þátt heilsugæslunnar verulega á undanförnum árum og erum sífellt að fjölga þeim hjúkrunarfræðingum sem sjá um þessa þjónustu. En það er ekki hægt að kveða skýrar á um þetta vegna þess að víðast hvar í dreifbýlinu getum við ekki fullnægt þessu þó við fegin vildum því að við höfum ekki mannafla til þess. Þess vegna er ekki hægt að kveða skýrar á um þetta en við gerum þarna.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Ásta Möller komu bæði inn á þjónustuíbúðirnar. Það er alveg hárrétt sem þau bæði sögðu að það er náttúrlega alveg ófyrirgefanlegt að selja fólki svokallaðar þjónustuíbúðir með fölsku öryggi. Þess vegna kveður ýmislegt í frv. skýrar á um það hvaða

þjónustu eigi að veita í þjónustuíbúðunum til að þær standi undir nafni.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vildi fá betri skýringar á því hvernig stæði á því að ríkið væri ekki með fulltrúa í stjórnum eins og var gert ráð fyrir í fyrri drögum. Það er einfaldlega vegna þess að þarna er um sjálfseignarstofnun að ræða eins og DAS og Grund. Þó að það sé nú þannig að ríkið sjái algjörlega um fjárhagslegan rekstur þá þykir mönnum þetta vera mikið inngrip inn í sjálfseignarstofnanir. Það varð einfaldlega ekki samkomulag um það þannig að niðurstaðan er þessi.

Hv. þm. Ásta Möller talaði um að mikilvægt væri að fagleg forsjá varðandi heilbrigðisstofnanir væri skýr og svaraði sér eiginlega sjálf. Það fer að sjálfsögðu eftir eðli stofnananna hvaða kröfur eru gerðar, hvaða þjónustu við ætlum að veita á viðkomandi stað. Við veitum mikla heilbrigðisþjónustu á hjúkrunarheimilum og höfum gert þar strangar kröfur til fagmála.

Varðandi annað sem komið hefur fram þá langar mig að segja að við erum sífellt að vinna að því að bæta og breyta varðandi hagi þessa fólks sem hér um ræðir. Við höfum á þessu ári verið að hækka frítekjumörk tekjutrygginga. Við höfum verið að hækka vasapeninga þeirra sem dvelja á stofnunum. Við höfum verið að endurskipuleggja endurhæfingarmál fyrir þennan aldurshóp og við höfum verið að auka réttindi aldraða vegna tannlækninga svo eitthvað sé nefnt. Ég tel að við séum á réttri leið og ég held að þetta frv. sé liður í því.

[18:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðherra um þær efasemdir mínar að menn vildu hafa samráð við aldraða með samráðsnefnd, að það væri meira í orði en á borði að þá vil ég bara benda á svar hæstv. ráðherra sem ég vitnaði í í máli mínu. Ég spurði hvort það hafi verið haft samráð við samráðsnefnd aldraðra um aðgerðir á ári aldraðra. Og það kemur fram í svarinu að samráðsnefnd stjórnvalda og samtaka aldraðra hefur ekki verið kölluð til fundar með framkvæmdanefnd árs aldraðra. Reynar kemur fram að ýmsir aðilar, bæði formaður Landssambands eldri borgara og fleiri eigi sæti í framkvæmdastjórninni en engu að síður hefur samráðsnefndin ekki verið kölluð til fundar. Þess vegna hafði ég ákveðnar efasemdir um að hugur væri að baki þessu verkefni samráðsnefndarinnar.

Aftur á móti vegna ummæla um Framkvæmdasjóð aldraðra þá er ég hérna með yfirlit yfir fjögur ár og þar er alls staðar hærri upphæð í rekstur en í önnur lögbundin verkefni, bara til að hafa það á hreinu.

Svo langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um þá upphæð sem miðað er við áður en vistmaður fer á öldrunarstofnun fer að greiða fyrir sinn dvalarkostnað, þ.e. 29.217 kr. eins og það er í frv. Ég hefði gjarnan viljað vita við hvað sé miðað, hvar þessi tala sé fundin og fá álit hæstv. ráðherra á því hvort hann telji þetta vera viðunandi upphæð til þess að miða við áður en viðkomandi fer að greiða fyrir dvalarkostnað sinn að fullu eða hluta.

[18:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þá fjármuni sem gert er ráð fyrir að miðað sé við þá liggur svo sem enginn vísindalegur útreikningur þar að baki. Þetta varð niðurstaðan eftir mjög vandaða umfjöllun. Margir komu að þessari ákvörðun og alltaf má deila um hvort upphæðin sé of há eða lág. En þetta er niðurstaða sem menn hafa fengið og hún birtist hér.

Varðandi hitt atriðið, þ.e. efasemdirnar um samráðið, þá held ég að þær séu óþarfar í þessu sambandi. Þó að hægt sé að lesa þetta út úr svari mínu við fyrirspurn hv. þm. sem hún las hér áðan, þá sjáum við það öll sem hér viljum sjá það a.m.k. að þar sem sama fólkið situr í báðum framkvæmdanefndum að þá hlýtur það að hafa eitthvert samráð við sjálft sig.

[18:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona að menn hafi yfirleitt svolítið samráð við sjálfa sig í því sem þeir gera. Engu að síður hafa aðilar í þessari samráðsnefnd ekki verið kallaðir þarna til.

En aftur að viðmiðunarupphæðinni sem er 29.217 kr., 217 kr. Það er viðmiðunarupphæðin. Maður veltir fyrir sér hvernig menn finna þessa upphæð. Hvað gerir gæfumuninn í þessum efnum, 17 kr. eða 200 kr.? Hvernig er þessi upphæð fundin?

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort aðrar viðmiðunarupphæðir muni falla út sem nú eru í reglugerðum og eru mismunandi eftir eðli dvalar og eftir því hvaðan þeir peningar koma sem viðkomandi vistmaður hefur í tekjur. Falla þær viðmiðunarupphæðir út sem eru í reglugerðunum í dag og mun verða miðað við 29.217 kr. í framtíðinni? Úr því mundi ég gjarnan vilja fá skorið vegna þess að miðað hefur verið við fleiri en eina upphæð í reglugerðunum.

[18:15]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Hvað varðar þær hárnákvæmu tölur sem hv. þm. benti á þá kemur þetta vegna vísitöluhækkana og þess vegna verða þessar tölur kannski svolítið sérkennilegar á blaði.

Varðandi hinn þáttinn sem hv. þm. spurði um, hvort aðrar greiðslur breyttust, þá er ég ekki tilbúin að svara því vegna þess að það er ekkert ákveðið um það á þessari stundu. En af því að búið er að spyrja mig þráfaldlega um þetta samstarf þá langar mig að spyrja hv. þm. hvort það sé einhver sérstök kvörtun sem hv. þm. vill bera fram varðandi samstarfið, hvort það sé einhver sérstök einstök kvörtun því það er þá ágætt að vita af því, það er þá kannski tilefni til að bæta úr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 205. mál. — Þskj. 239.

[18:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Frv. þetta er flutt á þskj. 239 og er 205. mál þingsins.

Frv. þetta er flutt til að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum í þeim tilgangi að stuðla að hagræðingu í starfsemi stofnana landbúnaðarins með því að hætta starfsemi Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fela öðrum aðilum framkvæmd verkefna sem Framleiðsluráð annast í dag samkvæmt þeim lögum sem lagt er til að taki breytingum með þessu frv.

Á undafönum árum hefur átt sér stað umræða um starfsvettang Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna ýmissa breytinga á lögum sem leitt hafa til breytinga á verkefnum ráðsins. Má þar nefna að ráðið hefur hætt afskiptum af innflutningi landbúnaðarvara, verðskráningu ýmissa landbúnaðarafurða, þar á meðal kindakjöts, hefur verið hætt. Afurðum hefur fækkað sem hafa opinberlega skráð verð. Þá hefur innheimta sjóðagjalda í landbúnaði verið færð til ríkisins og fer fram með innheimtu opinberra gjalda. Einnig má minna á að innheimta kjarnfóðurgjalds var færð til landbrn. árið 1996 en Framleiðsluráð landbúnaðarins annaðist þá innheimtu áður. Af þessum sökum hafa Bændasamtökin ásamt Framleiðsluráði landbúnaðarins staðið fyrir athugun á vistun verkefna sem Framleiðsluráð landbúnaðarins annast í dag með það í huga að leita leiða til hagræðingar og sparnaðar er af kynni að leiða.

Á búnaðarþingi árið 1998 var tekin ákvörðun um að stofna til tveggja vinnuhópa á vegum bænda sem hefðu það verkefni að fjalla um skipulag og uppbyggingu stofnana landbúnaðarins og leggja fram tillögur um breytingar ef þyrfti. Niðurstaða þeirrar athugunar var að leggja til við landbrh. að færa verkefni Framleiðsluráðs til Bændasamtaka Íslands eftir því sem við gæti átt og að hætta starfsemi Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Í febrúar 1999, í framhaldi af þessari könnun Bændasamtakanna, skipaði páv. landbrh. nefnd samkvæmt tilmælum þeirra til að gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar til að færa starfsemi Framleiðsluráðs til Bændasamtaka Íslands eftir því sem við gæti átt. Nefndin skilaði tillögum sínum í formi frv. til breytinga á eftirfarandi lögum:

Í fyrsta lagi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1964, með síðari breytingum, í öðru lagi jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum, í þriðja lagi lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl., nr. 46/1991, með síðari breytingum, í fjórða lagi lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum, og í fimmta lagi lögum um búnaðargjald, nr. 84/1997.

Það frv. sem mælt er fyrir er samkvæmt tillögum áðurnefndrar nefndar. Það felur í sér að meginhluti verkefna Framleiðsluráðs verður færður til Bændasamtaka Íslands sem er með lagabreytingunni fengið í hendur opinbert vald sem er í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Þau tilvik þar sem verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins eru færð til annarra en Bændasamtaka Íslands eru:

Framkvæmdanefnd búvörusamninga er falið að taka afstöðu til þess hvort afsetja eigi umframframleiðslu mjólkur innan lands eða utan. Framkvæmdanefnd búsvörusamninga gerir tillögur til landbrh. um heildargreiðslumark mjólkur. Landbrn. er ætlað að fylgjast með að reglum sé fylgt við sölu framleiðenda á eigin búvörum.

Með þeim lagabreytingum sem lagðar eru til með þessu frv. verður mikil breyting á stofnanakerfi landbúnaðarins. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur starfað allt frá því árið 1947 er sett voru lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl. Ráðið var upphaflega skipað þannig að fimm menn voru kosnir af Stéttarsambandi bænda og fjórir skipaðir eftir tilnefningu frá Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúum utan mjólkursvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga. Í reynd komu fulltrúar afurðastöðva í mjólkuriðnaði þannig frá Mjólkursamsölusvæðinu, sem var nefnt fyrsta verðlagssvæði, og frá mjólkurbúum utan þess, sem var nefnt annað verðlagssvæði, og frá stærstu afurðasölufyrirtækjum bænda sem önnuðust slátrun og markaðssetningu sláturafurða.

Árið 1985 var gerð veruleg breyting á samsetningu Framleiðsluráðs við að fulltrúum í því var fjölgað í 15 sem er skipan þess í dag. Af þeim eru fjórir skipaðir af Bændasamtökum Íslands án tilnefningar, átta eru skipaðir samkvæmt tilnefningu einstakra búgreina, einn samkvæmt tilnefningu Landssamtaka sláturleyfishafa, einn samkvæmt tilnefningu mjólkuriðnaðarins og landbrh. skipar einn fulltrúa í ráðið.

Með þeirri lagabreytingu sem gerð var árið 1985 var dregið úr áhrifum afurðastöðva í landbúnaði innan ráðsins en vægi framleiðenda aukið auk þess sem landbrh. fékk fulltrúa innan þess til að skapa tengsl á milli þess og landbrn.

Starfsemi Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefur verið kostuð af lögboðnum gjöldum af búvörum, þóknunum vegna innheimtu, vörslu og ráðstöfun ýmissa sjóða með afmörkuð verkefni og umsýsluþóknun vegna lögboðinna verkefna sem ráðið hefur annast. Fjárhagur þess hefur verið sjálfstæður allt frá því að það var stofnað árið 1947 og fram á þennan dag.

Með lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, voru gerðar verulegar breytingar á framsetningu frv. til fjárlaga við að frv. er sett fram á rekstrargrunni auk þess sem það skal sýna greiðsluhreyfingar ríkissjóðs. Framsetning þessi leiðir það af sér að í fjárlögum skal sýna rekstur aðila sem er fjármagnaður að einhverju leyti með hlutdeild í ríkistekjum, ef lögboðin gjöld eiga að renna til aðila. Í samræmi við þessa breytingu voru lögbundin framlög til Framleiðsluráðs landbúnaðarins tekin í ríkisreikning árið 1998. Á þessu ári eru þau áætluð 116 millj. kr.

Meðal breytinga á lögum sem lagðar eru til með frv. er breyting á lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Lagt er til að lækka búnaðargjald úr 2,65% af gjaldstofni, sem er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum, í 2,55%. Þetta mun lækka gjaldtökuna um 17 millj. kr. á ári samkvæmt áætlun miðað við verðlag í dag. Það er gert með tilliti til þess sparnaðar sem ætlað er að leiði af því að Bændasamtökin yfirtaki rekstur Framleiðsluráðs og að búgreinafélög njóti ekki svo sem verið hefur stuðnings af tekjum Framleiðsluráðs. Sparnaður við að færa verkefni Framleiðsluráðs til Bændasamtakanna að meginhluta er hins vegar áætlaður nokkuð meiri eða 32 millj. kr. á ársgrundvelli.

Með frv. er gert ráð fyrir að peningalegar eignir Framleiðsluráðs verði lagðar í sjóð sem fylgi þeim verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem Bændasamtökin taka yfir og að ávöxtun þeirra verði varið til að standa undir hluta af framkvæmd þeirra. Áætlað er að peningalegar eignir Framleiðsluráðsins nemi um 190 millj. kr. í árslok 1999.

Hæstv. forseti. Ég hef vikið að þeim veigamestu breytingum sem frv. þetta leiðir af sér. Ég mun ekki fara í að skýra þær breytingar sem felast í einstökum greinum frv. en vísa í athugasemdir um einstakar greinar þess. Að lokum legg ég til að að þessari umræðu lokinni verði frv. vísað til hv. landbn. og til 2. umr.

[18:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í athugasemdum með frv., um 24.–26. gr., kemur fram að samkvæmt áætlun muni verkefnin sem

flytjast frá Framleiðsluráði landbúnaðarins til Bændasamtaka Íslands kosta um 40 millj. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvaða verkefni það eru sem flytjast frá Framsleiðsluráði til Bændasamtaka Íslands og kosta íslenska bændur 40 millj. á ári, eða 8.000 kr. á hvern bónda.

[18:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal spyr um þau verkefni sem muni færast til Bændasamtakanna með þessari breytingu. Ég fór nú nokkuð yfir það í ræðu minni áðan hvað yrði um þessi verkefni og einnig hvað yrði um önnur verkefni sem færast til við þessa breytingu. Ég hef þetta ekki alveg á takteinum en mun rekja það aftur í síðari ræðu minni. Ég þarf að leita uppi í ræðunni, en andsvarið er stutt.

[18:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft máli sem leiðir til hagræðingar að sögn hæstv. landbrh. og í fljótu bragði virðist margt renna stoðum undir þá fullyrðingu hans. Ég vek hins vegar athygli á því, herra forseti, að því miður er þetta mál tiltölulega seint fram komið á hinu háa Alþingi því að gildistaka þeirrar nýsköpunar sem frv. gerir ráð fyrir er 1. janúar nk., eftir rétt rúman mánuð, og hefði eðli máls samkvæmt því verið heppilegra að fá málið til umfjöllunar og afgreiðslu á hinu háa Alþingi fyrr á þessu haustþingi.

Ég hygg hins vegar að í hv. landbn. sé vilji til þess að ganga rösklega til verks og reyna að afgreiða málið á einn eða annan veg fyrir tilskilinn tíma. Eftir því sem mér skilst eiga þarna í hlut, eins og venja er til þegar skipulagsbreytingar af þessum toga eru á ferðinni, einstaklingar og starfsmenn sem munu að langmestu leyti flytjast frá einum vinnuveitanda til annars, þ.e. frá Framleiðsluráðinu til Bændasamtakanna.

Ég vil hins vegar nota þessa ferð og spyrja hæstv. ráðherra hversu margir starfsmenn hafa starfað hjá Framleiðsluráðinu og munu þá eðli málsins samkvæmt í einhverjum tilfellum og vafalaust flestum færast til Bændasamtakanna. Að vísu er getið um það í athugasemdum fjárlagaskrifstofu að eingöngu verði hagræðing hvað mannahald varðar um einn starfsmann. Því veltir maður eilítið vöngum yfir því annars vegar og svo aftur hinu er um getur í athugasemdum með 24. og 26. gr. frv. þar sem kveðið er á um að sparnaður af breytingunni nemi 32 millj. kr. á ársgrunni. Það getur auðvitað sá eini starfsmaður ekki kostað þannig að þar hlýtur þá einnig að vera um það að ræða að tilskilin verkefni fari ekki öll frá Framleiðsluráðinu yfir til Bændasamtakanna heldur einhver önnur sem kostnaður er af og þá hugsanlega til ríkissjóðs eða landbrn. Þess vegna spyr ég í hverju þessi peningalega hagræðing liggi fyrst og síðast.

Það vekur líka athygli mína í þessu samhengi að tölur í fjárlagafrv. komandi árs, þ.e. framlag úr ríkissjóði eru upp á 51 millj. kr. og hafa farið lækkandi ár frá ári, 1998 voru þær 82 millj. og hækkuðu síðan á yfirstandandi ári í 116 og fara síðan niður í 51,3 og í athugasemdum við fjárlagafrv. er gerð grein fyrir ástæðum þessa. Ég velti því þess vegna fyrir mér í ljósi þeirra skipulagsbreytinga sem hér eru á ferðinni hvort umfang þessara verkefna dragist sömuleiðis saman með þessum tilflutningi.

Í athugasemdum fjárlagaskrifstofu er einnig á það bent að hægt er að nýta húsnæði í Bændahöllinni betur en verið hefur. Eftir því sem ég veit best hafa þessar tvær stofnanir eða stofnun og samtök, þ.e. Bændasamtökin og Framleiðsluráð, verið á sömu hæðinni í Bændahöllinni. Maður veltir fyrir sér hvers konar aukin hagræðing geti legið á bak við það að fækka um einn starfsmann þegar um er að ræða samliggjandi skrifstofur eins og sakir standa.

Einnig er rétt að staldra aðeins við það og það vekur nokkra athygli og sumpart ánægju að eignir Framleiðsluráðsins, þrátt fyrir mismunandi afkomu landbúnaðarins frá einu ári til annars, eru þannig að Framleiðsluráðið liggur inni með 190 millj. kr. Gert er ráð fyrir því í frv. að þessar eignir verði lagðar í sjóð, einhvers konar baktrygging fyrir því að Bændasamtökin geti innt þær skyldur af hendi sem frv. kveður á um án þess að þurfa að bera skarðan hlut frá borði. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er upplegg fjárlaga og hin peningalega skipan mála með þeim hætti að Bændasamtökin hafi af því einhvern peningalegan halla á ári hverju og að gert sé fyrir því að þau þurfi að leita í þennan sjóð og það megi reikna með að hann verði uppurinn eftir fimm, tíu eða tólf ár eða hvað það nú er? Eða er þetta bara varasjóður sem Bændasamtökin geta haft sem baktryggingu ef í nauðir rekur? Rétt er að fá það skýrar fram en frv. greinir okkur frá.

Í fljótu bragði sé ég margt sem mælir með því að fækka aðilum sem hafa umsýslu af ýmsum toga í landbúnaðargeiranum og sumpart eru Bændasamtökin prýðilega hæf til þess að gegna henni þó á hinn bóginn megi velta dálítið vöngum yfir því hve langt eigi að ganga í því að fela stéttarsambandi, þ.e. frjálsum samtökum atvinnurekenda og launþega eins og bændur þessa lands eru, stjórnsýslu af því tagi sem við höfum þekkt og er verið að gera í enn ríkari mæli í þessu frv. Þess er réttilega getið í athugasemdum með frv. að samtökin hafa nánast ígildi opinberrar stofnunar þegar kemur að ákvæðum upplýsingalaga og þegar kemur að réttindum til handa samtökunum til að innheimta gjöld og annað því um líkt, þau lúta raunar ákvæðum stjórnsýslulaga í þessu samhengi. Maður veltir eilítið vöngum yfir því hversu eðlilegt og skynsamlegt það er og í hversu ríkum mæli. Nú er ég ekki fyrir fram að gera mér upp neinar skoðanir í þeim efnum en ég held að okkur væri hollt að velta aðeins vöngum yfir því. Á hinn bóginn er sýnt að minni hyggju að Framleiðsluráðið var mestan part undirdeild Bændasamtakanna í ljósi þess að af þeim 15 sem sátu í Framleiðsluráðinu komu 14 frá Bændasamtökunum og landbrh. skipaði einn þannig að skylt er skeggið hökunni í þessum efnum.

Herra forseti. Það er eitt lítið atriði sem mig langaði líka að drepa hér á og vakti sérstaka athygli mína í athugasemdum með 9. gr. frv. um framsal ákveðinna tiltekinna verkefna. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Samkvæmt orðum ákvæðisins er stjórn Bændasamtaka Íslands veitt heimild til að fela öðrum verkefni og er því framkvæmdastjórn samtakanna eða framkvæmdastjóra ekki heimilt að taka þá ákvörðun."

Ég velti fyrir mér ástæðum þess að þetta þarf að taka alveg sérstakleg fram, hvort það sé af einhverju gefnu tilefni að þetta þurfi að undirstrika með þessum hætti því ákveði frv. er alveg skýrt og maður sér í fljótu bragði ekki sérstakar ástæður til þess að taka það skýrt fram í athugasemdum að átt sé við stjórn en ekki framkvæmdastjóra. Þetta er að sönnu ekki stórvægilegt atriði en rétt að halda til haga.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna að svo komnu máli. Ég undirstrika að ég er jákvæður fyrir þeim markmiðum sem lagt er upp með af hálfu hæstv. ráðherra í þessu frv., að stefna að hagræðingu og einföldun þessa kerfis. Ég mun reyna að vinna vel að þessu máli í landbn. undir þeim

formerkjum. Hins vegar er nauðsynlegt að fá ýmsa þætti sem ég nefndi og hugsanlega einhverja aðra betur og gleggri upp á borð og ég er handviss um að í góðu samkomulagi í landbn. munu menn ná landi og skýrum upplýsingum við meðferð málsins.

[18:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hæstv. landbrh. fyrir það frv. sem við ræðum. Hér er verið að fækka þeim sjóðum og minnka þann kostnað sem hefur lagst á íslenska bændur með ofurþunga og gert stöðu þeirra þannig að lífskjör þeirra eru sennilega með þeim verstu meðal íslenskra stétta.

Mig langar til að skoða fyrst, herra forseti, hvaðan þetta frv. kemur. Á bls. 5 stendur svo, með leyfi herra forseta:

„Á vettvangi samtaka bænda hefur um nokkurt skeið verið fjallað um skipulag og uppbyggingu samtaka og stofnana landbúnaðarins."

Svo segir hér áfram: „1999 var málið komið það langt í vinnslu að stjórn Bændasamtaka Íslands samþykkti á fundi sínum að leita eftir því, í samráði við Framleiðsluráð landbúnaðarins, að landbúnaðarráðherra skipaði nefnd til endurskoða lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ..."

Það er því þannig að þetta frv. kemur frá samtökum bænda þar sem þeir eru að garfa í eigin málum, um uppbyggingu samtaka bænda og það er stjórn Bændasamtakanna sem vinnur að þessu frv. Þá er kannski ekki skrýtið þó að fram komi í bráðabirgðaákvæði frv. að peningalegar eignir Framleiðsluráðs landbúnaðarins renni til Bændasamtaka Íslands en það eru 190 milljónir eða u.þ.b. 40 þús. kr. á hvern íslenskan bónda.

Nú hefði ég talið, herra forseti, að þessar eignir væru eign bænda, ef ekki neytenda því þetta er tekið af búvöruverði. Þó hallast ég nú frekar að því að þetta sé eign bænda. Ég hefði reynt að leita leiða til þess að koma þessu til bænda með einhverjum hætti. (**Gripið fram í:** Í lífeyrissjóðinn?) Til dæmis í lífeyrissjóðinn eða með því að lækka þetta búvörugjald sem leggst með ofurþunga á alla bændur, ríka sem fátæka og alveg sérstaklega þá sem eru fátækir og það kem ég inn á núna á eftir.

Hluti af gjaldinu, eins og við ræddum á sínum tíma þegar þetta gjald var lagt á og einfaldað sem var mjög jákvætt og allt gott um það að segja, rennur nefnilega til Lánasjóðs landbúnaðarins, þ.e. 1,15% af öllum tekjum bænda, fátækra sem ríkra. Þetta eru um 200 millj. kr. eða 40 þús. kr. á hvern bónda. Að meðaltali eru teknar 40 þús. kr. af hverjum bónda, fátæka bóndanum sem stundar sauðfjárrækt með 200 ærgildin sín og á varla til hnífs og skeiðar, náttúrlega er tekið minna frá honum, en hittir hann harðar.

Hverjum er lánað úr þessum sjóði? Þeim sem eiga eignir til veðsetningar. Eins og ég gat um þegar við ræddum um þetta gjald fyrir nokkrum árum þá var þetta afskaplega ófélagslegt. Tekið er af fátæka bóndanum til þess að lána ríka bóndanum. Ég skora á hæstv. landbrh. að lækka þetta gjald enn frekar og hætta þessari millifærslu inn í Lánasjóð landbúnaðarins sem er gjörsamlega óþarfur þegar allt er yfirfljótandi í peningum í þjóðfélaginu og fullt af sjóðum og stofnunum sem eru tilbúin til að lána þeim sem eiga eignir á annað borð og geta greitt lánið til baka.

Þessi hluti frv. er enn þá neikvæður og ég skora á hæstv. landbrh. að láta ekki hér við sitja. Þetta er gott skref, búvörugjaldið lækkar um 0,1% og það ber að þakka það, það eru 17 milljónir. Vel getur verið að einhvern bónda muni um það, ég reikna með því. En enn er þetta allt of mikið og ég skora á hæstv. landbrh. að láta ekki hér við sitja heldur halda áfram að létta álögum af íslenskum bændum þannig að þeir geti farið að rísa upp eins og aðrar stéttir og hafa sínar tekjur.

Herra forseti. Það er eitt smáræði sem ég vildi gjarnan benda á og það er nafnið á þessu frv. „Frumvarp til laga um breytingu á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins". Þegar ég var í síld þá þýddi niðurlagning eitthvað allt annað. Þetta er ákveðin nafnorðasýki. Ég mundi leggja til að þetta héti bara frumvarp til laga um breytingu á lögum til að leggja niður Framleiðsluráð landbúnaðarins.

[18:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum og ég vísa svo varðandi framhald til hv. síðasta ræðumanns, Péturs H. Blöndals og get að vísu tekið undir athugasemdir hans varðandi heiti frv.

En málaflokkurinn sem þarna er verið að taka og tilgangur þessara breytinga er ábyggilega til mikilla bóta. Verið er að létta á hálfgerðu skriffinnskukerfi sem verið hefur um þessi mál varðandi landbúnaðinn. Tilgangurinn með að einfalda og færa saman, færa til verkefnin er tvímælalaust til bóta og jafnframt sá sparnaður sem ætlunin er að ná við þessa hagræðingu.

Herra forseti. Það eru hérna örfá atriði sem ég vil drepa á. Það er fjallað um að færa verkefni til framkvæmdanefndar búvörusamninga. Í þessu lagafrv. er síðan hvergi skýrt nánar hvað þessi framkvæmdanefnd búvörusamninga er og hver sé stjórnsýsluleg staða þeirrar nefndar, þ.e. hvert sé hlutverk hennar, hver beri ábyrgð á henni og hver stjórnsýslustaða hennar er þannig að það megi fela henni verkefni. Mér finnst reyndar að það beri að skoða í umfjöllun um þetta frv. hvort ekki megi einfalda þetta enn meir og hvort ekki beri að skoða þá verkaskiptingu sem þarna er lögð til, þ.e. hvort hægt sé að einfalda hana og gera hana skýrari, hvað sé á forræði Bændasamtakanna og hvað á forræði landbrn. og hvað sé síðan á forræði einstakra nefnda sem starfa á vegum annaðhvort landbrn. eða Bændasamtakanna, svo sem virðist vera með þessa framkvæmdanefnd búvörusamninga og eins líka um svokallaða verðlagsnefnd. Mér finnst að skoða beri þetta mjög vandlega í nefnd þegar farið er yfir þetta mál.

Ég vil líka vekja athygli á því að í umsögn fjmrn. og fjárlagaskrifstofunnar um þessa ráðstöfun, eða þær peningalegu eignir Framleiðsluráðs að upphæð 190 millj. kr. sem færast til Bændasamtaka Íslands, ætti að gera nánari grein fyrir því hver ætlunin er með þessu fé og hvernig því verður varið. Mér finnst þarna of einfalt tekið til orða.

Það er mjög lofsvert að geta dregið úr eða létt á innheimtu búnaðargjaldsins og það lækkað. Við slíka lækkun veltir maður því fyrir sér hversu ítarlega reiknislegar forsendur hafa verið útreiknaðar í sambandi við lækkunina eða þann kostnað sem Bændasamtökin eru talin verða fyrir við að taka á sig þessi verkefni Framleiðnisjóðs. Mér finnst ástæða til þess að farið verði ítarlega í gegnum það í nefnd svo að kanna megi hvort ekki megi lækka þessi gjöld enn meir og vekja þar með enn meiri fögnuð í húsum bænda.

Það eru ýmsar aðrar greinar í lögunum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem mér virðist að ekki hafi verið felld úr gildi eða ekki öll leiðrétt. Ég nefni t.d. 35.

gr. laganna um aðlögun búvöruframleiðslunnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður skal leggja fram fjármagn til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Fjármagni þessu skal varið til eflingar nýrra búgreina, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Fjármagnið skal renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem úthlutar því samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur."

Mér er ekki kunnugt um að þessi frumvarpsgrein hafi verið felld út. Ég legg því áherslu á það, herra forseti, að farið verði mjög vandlega í gegnum þetta merka mál í landbn. og allir þættir þess kannaðir þar, þannig að þetta góða markmið sem sett er og menn ætla sér að ná með einföldun og sparnaði og að færa valdið til þeirra sem standa næst framkvæmdinni, nái fram að ganga. Mér finnst þetta hið besta mál hvað það varðar.

[18:49]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þetta er mál sem horfir til bóta fyrir landbúnaðinn, þ.e. lagt er upp með sparnað og einföldun á lagaumhverfi landbúnaðar. Það er gott mál og margar ábendingar hafa komið hér fram í þessari umræðu. Það er vissulega rétt sem bent hefur verið á að talað er um sparnað upp á 32 millj. á ári, samt eru allir endurráðnir nema einn. Varla kostaði sá starfsmaður 32 millj. Hvaða kostnaður minnkar svona með því að hafa sama starfsfólk, sama húsnæði og nánast sömu verkefni? Skýringin kann að liggja í því að 190 millj. færast frá Framleiðsluráði landbúnaðarins yfir til Bændasamtaka Íslands, þeim ætlað að mynda þar sjóð og ég hygg að vextir af þeim sjóði verði nýttir til að greiða niður kostnað. Það hefur komið fram að hugsanlegt væri að verja þessum fjármunum öðruvísi, þetta eru auðvitað peningar sem bændur eiga. Það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan og fyllilega athugandi að lífeyrissjóðurinn njóti þeirra. Hitt er annað mál að hagur lífeyrissjóðsins og þar með hagur þeirra bænda sem hætta búskap og ætla að lifa á lífeyrisgreiðslum og eftirlaunum er svo, að þrátt fyrir að þessar 200 millj. kæmu inn í lífeyrissjóðinn yrðu þær eingöngu til þess að minnka örlítið tekjutryggingargreiðslurnar frá ríkinu. Svo slappur og bágur er Lífeyrissjóður bænda og ekki er vansalaust hvernig þeim málum er háttað.

Við munum fara vandlega yfir þetta mál í hv. landbn. og ég vænti þess að þar verði málið sem allra fyrst til lykta leitt. Meiningin er að frv. verði að lögum og taki gildi frá 1. janúar árið 2000. Við þurfum því að hafa hraðar hendur og ég vona að það takist og heiti á hv. nefndarmenn í landbn. að vinna vel að því.

Hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan að nóg væri af lánastofnunum fyrir bændur eða fyrir menn sem ættu eignir til að veita lán. Ég veit hins vegar að ýmsar lánastofnanir eru ekki óðfúsar að lána bændum út á fasteignir í sveitum og telja þær sumar helst ekki veðhæfar. Ákveðið var að fara þá leið að stofna Lánasjóð landbúnaðarins upp úr Stofnlánadeild landbúnaðarins vegna þess að þar voru 2 milljarðar sem höfðu myndast af viðskiptum við bændur og voru eign bænda. Því var ákveðið að hafa þennan hluta ekki með í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins heldur stofna sérstakan lánasjóð fyrir landbúnaðinn. Það má auðvitað deila um slíkt, en það eru önnur lög sem gilda um Lánasjóð landbúnaðarins og ástæða til að skoða það bara í öðru samhengi hvernig þeim málum verður fyrir komið, en ég þakka fyrir ágætar umræður.

[18:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstvirtur forseti. Ég vil þakka málefnalegar umræður um frv. og ágætar undirtektir. Hv. þm. hafa komið inn á mörg atriði sem skipta máli. Það er mjög mikilvægt að landbn. þingsins grandskoði þetta mál og fari yfir það.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn., kom inn á það í ræðu sinni að frv. kæmi seint fram en til stæði að afgreiða það um áramót. Ég get tekið undir það með hv. þm. og harma í rauninni að það skyldi ekki koma fyrr til þingsins, en því miður er þetta staðan. Ég vona eigi að síður að landbn. gefi sér góðan tíma nú í þinghléi og fari yfir málið. Ég hygg að góð samstaða sé um málið og margir hafa komið að því að móta það, þannig að ég á ekki von á mikill ágreiningur sé um það en harma eigi að síður að það skyldi ekki komast fyrr til umræðu vegna vinnu í kringum frv.

Hv. þm. spurði hversu margir starfsmenn mundu sparast. Ég hygg að hjá Framleiðsluráðinu séu starfandi sjö til átta manns, sex til sjö störf færast þá með verkefnunum yfir til Bændasamtakanna. Það eru ekki mörg störf í sjálfu sér sem sparast, en ég held að sparnaðurinn liggi samt í mörgum atriðum. Mikill kostnaður mun sparast við húsnæði sem verður endurskipulagt í framhaldi af þessu, þar liggur mikill sparnaður.

Hv. þm. og fleiri hafa spurt um þennan sjóð, 190 millj. sem færast með verkefninu. Sjóðurinn er eingöngu tengdur þeim verkefnum sem Framleiðsluráðið fer með og aðrir yfirtaka nú. En auðvitað mun þessi sjóður — og það skilur kannski best hv. þm. Pétur Blöndal sem hér talaði, að stundum er dýrmætt að eignast digra sjóði. Þessi sjóður er vel ávaxtaður og hagnaður eða vextir af honum koma til með að standa undir rekstri þeirra verkefna sem Bændasamtökunum er falið og um leið spara gjöld sem bændur verða að borga af afurðum sínum og stuðla að lægra verði til neytenda. Þetta er því allt saman af því góða.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal fór yfir frv. og spurði hvaða verkefni það væru sem færðust yfir til Bændasamtakanna. Það er auðvitað fyrst og fremst „.... að Bændasamtök Íslands taki við því verkefni Framleiðsluráðs landbúnaðarins að annast verðmiðlun. Í a-lið 9. gr. er kveðið á um heimild Bændasamtaka Íslands til að fela afurðastöðvum verkefni samkvæmt sérstökum samningi þar um sem skal staðfestur af ráðherra. Þá er kveðið á um að Bændasamtök Íslands hafi eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt slíkum samningi og að afurðastöðvum beri að veita samtökunum upplýsingar um þær ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt slíkum samningi. Er slíku fyrirkomulagi ætlað að tryggja réttaröryggi þeirra einstaklinga og lögaðila sem þessi verkefni varða."

Það eru auðvitað margar hliðar á þessu máli og mörg verkefni sem þar færast yfir. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni sem minntist á það atriði að það kann að vera spurning hvað stéttarsamtök eiga að taka að sér mikil verkefni í stjórnsýslunni. Það er ákvörðun sem bæði stjórnmálamenn verða að íhuga og ekki síður þeir sem fara fyrir í stéttarbaráttu fyrir grein sína. En þetta er niðurstaða sem menn hafa komist að.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal minntist á fleira í ræðu sinni og fór út fyrir efnið og ræddi um Lánasjóð landbúnaðarins sem hann fann allt til foráttu og taldi að þar væru fyrst og fremst þeir ríku að taka gjald af þeim fátæku. Ég er nú sannfærður

um það eftir að hafa starfað lengi í Lánasjóði landbúnaðarins og Stofnlánadeildinni áður, að þetta er mikilvægur sjóður sem treystir mjög kynslóðaskipti í sveitum, gefur ungu fólki færi á að kaupa sér jarðir. Þar eru vextir lágir, eða 3% í dag, það gerist ekki lægra á markaðnum. Það hefur margoft verið farið yfir það bæði af stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins, af Bændasamtökunum og fleirum að Lánasjóður landbúnaðarins er mjög hagstæður sjóður, ekki síst fyrir byrjendur í sveitum, hann er félagslegt afl. En ég skil það ósköp vel þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal skilji ekki mikið í félagshyggju, þá er ég nú sannfærður um að þessi sjóður er að gera verulegt gagn í að stuðla að því að ungt fólk sest að í sveitum og getur byggt upp atvinnutækifæri sín og er að því sem betur fer. Þessi sjóður er mikilvægur liður í því.

En ég skal taka undir það með hv. þm. og fleirum að það er auðvitað mjög mikilvægt að horfa á allar leiðir til sparnaðar í sjóðagjöldum og hagræðingar í því flókna kerfi sem við búum við í landbúnaðinum. Þar þurfum við auðvitað að huga að miklum sparnaði til þess að sem mest af tekjunum geti orðið tekjur bænda og þeir svo aftur með sínu góða hráefni skilað ódýrri vöru til neytendanna.

Hér er verið að stíga skref sem síðan mun kannski skila af sér fleiri atriðum í þá átt að menn hagræði, skýri og skerpi línur og dragi úr kostnaði hvað rekstur á flóknu kerfi í kringum landbúnaðinn varðar. Að minnsta kosti vill sá sem nú starfar sem landbrh. taka undir að þar er mikilvægt að horfa á með nýjum gleraugum framtíðarinnar.

Hv. þm. Jón Bjarnason tók undir þetta frv. og taldi það gott skref til að einfalda. Hann ræddi að vísu um hver væri staða framkvæmdanefndar búvörusamninga. Auðvitað er hún vörðuð í ákvæðum laga um búvörusamninga o.fl. og þar koma margir aðilar að. Ég held því að sú staða sé mjög sterk og framkvæmdanefndin hafi fullan rétt til að taka við verkefnum sem henni verða falin.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson ræddi frv. og talaði um í hverju þessi sparnaður þá lægi, sem í heildina er þó einar 32 millj., því eins og ég sagði áður hefur Framleiðsluráðið verið rekið með halla og í þessu er fólginn heilmikill sparnaður, ekki síst í húsnæði eins og ég gat um. Síðan má geta þess að það hlýtur að vera töluverður sparnaður í því að færa þetta til nefnda og ráða sem eru til og leggja niður 15 manna stjórn Framleiðsluráðsins, en Framleiðsluráð hefur verið skipað 15 manns. Það eru launaðar stöður og það sjá allir að heilmikill kostnaður er að kalla saman svo stórt þing reglulega, þannig að þar í liggur líka heilmikill sparnaður og hagræðing að fara þá leið.

Að lokum vil ég taka undir með hv. þm. að lífeyrissjóðsmál bænda eru í alvarlegri stöðu og sjóðurinn á að því leyti erfitt. Hann er yngstur allra sjóða, hefur fengið skamman tíma, stéttin er fullorðin og koma færri inn en í margar aðrar greinar. Þar er vissulega framtíðarverkefni sem við þurfum að huga að, þ.e. hvernig hægt væri bæði að bæta stöðu þeirra sem hætta störfum í landbúnaðinum og styrkja lífeyrissjóðinn til þeirra hluta en það er annað og þyngra verkefni sem við munum setjast yfir, vona ég.

Ég held að ég hafi þá komið inn á flest þau atriði sem hér hefur verið minnst á og þakka enn og aftur þessa ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vona að hv. landbn. fyrirgefi hæstv. landbrh. að málið skyldi ekki komast fyrr inn en bretti nú upp ermar og skoði hvort ekki sé þrátt fyrir það hægt að afgreiða það með nokkrum hraða.

[19:04]

Útbýting þingskjals:

Tekjustofnar í stað söfnunarkassa, 213. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 252.

[19:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra tók þannig til orða þegar hann var að tala um þann sjóð sem verið er að leggja til að verði stofnaður utan um þessar 190 millj. sem þarna eru til staðar að þessir peningar ættu að tengjast þeim verkefnum sem Framleiðsluráðið hafði. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram í umræðunni að Lífeyrissjóður bænda gæti líka komið til greina til að njóta einhvers af þeim fjármunum sem þarna er um að ræða. Ég get ekki séð að það liggi neitt beint við að myndaður sé sjóður á þann hátt sem þarna er talað um til þess að greiða einhver verkefni til framtíðar af þessu tagi.

Ég held að það sé hægt að rökstyðja það líka að þeir bændur sem hafa verið að greiða til þessara verkefna á undanförnum árum séu ekkert endilega þeir bændur sem muni njóta niðurgreiðslna úr þeim sjóði sem þarna verður til og þess vegna sé full ástæða til þess að skoða með jákvæðum hætti hjá hv. nefnd hvort Lífeyrissjóður bænda eigi ekki að koma þarna til líka. Ég hvet til þess og spyr hæstv. ráðherra: Var hann að útiloka þá leið með orðum sínum áðan eða telur hann koma til greina að skoðaðar verði leiðir til að lífeyrissjóðurinn fái hlut í þessum fjármunum?

[19:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að þetta frv. er ekki að leggja til að lífeyrissjóðurinn fái neitt og ég get sem ráðherra útilokað þá leið. Það verður þá að breyta lögum því það eru sérstök lög sem snúa að lífeyrissjóðum.

Þeir peningar sem þarna hafa safnast upp eru eign sem er að skila arði. Þeir munu fylgja þessum verkefnum, þetta er bara ákveðinn sterkur sjóður sem fylgir verkefnunum, sparar bændum og neytendum peninga til framtíðar litið. Það er ekki um neinar niðurgreiðslur að ræða í þessu verkefni heldur mun ágóðinn af þessum sjóði skila því að kostnaðurinn eða gjaldtakan af landbúnaðarvörunum verður minni í staðinn, þannig að þetta kerfi og sá sjóður sem fylgir þessum verkefnum er auðvitað að skila bændum samtímans og neytendum því að þarna eru þó til peningar og þarf ekki að taka ný gjöld. Sjóðurinn á sem sé að standa undir rekstri hins nýja kerfis og hlýtur að vera mjög eðlilegt að leggja til að þessar peningalegu eignir fylgi hinu nýja kerfi. Þær urðu til í því gamla sem verið er að leggja niður og skila arði til samtímans áfram.

[19:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um þetta mál. Ég tel að sterkari séu rök fyrir því að segja að þeir sem hafa verið í búskap undanfarin ár, bændur fortíðarinnar og nútíðarinnar, hafa greitt þessi gjöld og þeim peningum hefur ekki verið eytt, þeir liggja ónotaðir. Nú eiga bændur framtíðarinnar og nútíðarinnar að fá þessa peninga samkvæmt þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir, en það eru fyrst og fremst þeir sem hafa verið að greiða til þessara mála í fortíðinni sem hafa greitt þessa peninga.

Mér finnst það ekki liggja beint við að svona eigi að fara að þessu. Ég tel að annað eins hafi verið gert og að breyta

lögum hér á hv. Alþingi til að koma peningum í þann farveg sem eðlilegra er að þeir fari í og ég hvet til þess að þetta mál verði skoðað vandlega í hv. nefnd.

[19:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sumir félagshyggjumenn eru þannig gerðir að þeir virðast vilja eyða öllum sjóðum upp og skipta þeim út og taka síðan fullt gjald af framtíðinni. Þær 190 millj. sem þarna eru til eru stofn til þess að spara gjaldtöku af landbúnaðarframleiðslu framtíðarinnar og nýtast því þeirri kynslóð sem nú starfar. Ég held að það væri mjög óeðlilegt að fara að deila þessum peningum út á persónuleg nöfn manna ef hv. þm. er að leggja það til, sem ég veit ekki, ég held að það væri flókin aðferð.

Ég er því sannfærður um að sú leið, að nýta þennan sjóð með hinum nýju verkefnum og spara um leið gjaldtöku, er heppileg fyrir starfandi bændur dagsins. Hitt vandamálið sem hér er svo rætt um, þ.e. lífeyrissjóðurinn og staða bænda gagnvart lífeyrissjóði, er allt annað mál. Þar hef ég eins og margir aðrir áhyggjur og gat um það áðan að það verðum við að skoða sérstaklega og með öðrum hætti en að blanda því inn í þau verkefni sem hér er verið að ræða um.

[19:11]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varðandi þessar 190 millj. Það er kannski óþarfi að við deilum sérstaklega um það atriði. Ég hygg að vandinn sé sá að lífeyrissjóðurinn er svo lélegur að þó að þessar 190 millj. kæmu inn þá mundu bændur ekki finna nokkurn mun á því heldur eingöngu ríkið. Það er svo sem gott að ríkið fyndi svolítinn mun á því, því að greiðslur ríkisins mundu lækka vegna tekjutryggingar vegna þess að bóndi sem búinn er að greiða í lífeyrissjóðinn, við skulum segja góður meðalbóndi, er samt sem áður langt fyrir neðan tekjutryggingu í greiðslum úr lífeyrissjóði. Það er, eins og hæstv. ráðherra sagði, áhyggjuefni.

Ég vil spyrja ráðherrann hvort þetta sé ekki réttur skilningur. Af því að hæstv. ráðherra bað um fyrirgefningu landbn. á því hversu seint málið er fram komið, og það er rétt að þetta er seint fram komið og gerir okkur óhægt um vik, þá vil ég segja, ekki síst vegna þess að ráðherrann er nýkominn af fundi páfa, að af hálfu landbn. og sem formaður hennar þá er honum hjartanlega fyrirgefið.

[19:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Skilningur hv. þm. er réttur eins og oft áður. Fyrirgefningin er kærkomin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 1. umr.

Stjfrv., 207. mál. — Þskj. 241.

[19:12]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frv. þetta er samið á vegum menntmrn. og var það lagt fram á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Fyrir framlagningu nú hefur það verið endurskoðað í ljósi athugasemda sem menntmn. Alþingis bárust og nokkrar breytingar gerðar á frv. Nefndinni bárust allmargar umsagnir um frv. og áður en það var lagt fram á síðasta þingi hafði ráðuneytið sent drög að því fjölmörgum aðilum til umsagnar.

Frá því að frv. var til umræðu hér á þingi sl. vetur hefur ráðuneytið breytt því í nokkrum atriðum og þau eru þessi:

Samkvæmt ábendingu Barnaverndarstofu er ekki talað um börn og ungmenni í frv. heldur einungis börn, samanber orðalagsbreytingu sem gerð er á a-lið 5. gr.

Samkvæmt ábendingu Póst- og fjarskiptastofnunar er tekið sérstaklega fram að Póst- og fjarskiptastofnun skuli hafa eftirlit með tæknilegum eiginleikum útsendinga enda úthlutar sú stofnun senditíðni.

Með hliðsjón af umræðum um útvarpslagafrumvarpið í menntmn. sl. vor, um almennar menningarlegar skyldur útvarpsstöðva, er lagt til að til viðbótar þeim skyldum útvarpsstöðva að stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu skuli þær enn fremur leggja rækt við sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þá er enn fremur lagt til að hinar sérstöku skyldur um að kosta skuli kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu taki einungis til sjónvarpsstöðva en ekki bæði til hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.

Þá er lagt til þar sem lagt er bann við kostun fréttaútsendinga og fréttatengds efnis að þeirri málsgrein verði breytt á þann veg að felld eru niður dæmi um slíka dagskrárliði svo sem veðurfréttir og íþróttafréttir og ákvæðið verði orðað eins og samsvarandi ákvæði tilskipunar ESB um sjónvarpsþjónustu.

Í 23 gr. frv. er ákvæði sem hefur það að markmiði að tryggja almenningi sem bestan aðgang að útsendingum frá þýðingarmiklum viðburðum.

Í frv. er lagt til að útvarpsréttarnefnd úrskurði um ágreining um endurgjald fyrir þann rétt sem einkaréttarhafinn lætur af hendi til þess að tryggja svo sem kostur er að ákvörðun endurgjaldsins verði sanngjörn.

Að tillögu umboðsmanns barna er tekið fram að það varði refsingu að sýna efni þar sem er að finna tilefnislaust ofbeldi eða klámfengnar myndir á þeim tíma og með þeim hætti að að börn sjái.

Að lokum er lagt til að tekið sé fram um lok starfstíma núverandi stjórnar Menningarsjóðs útvarpsstöðva í ákv. til brb.

Frumvarp þetta skiptist í ellefu kafla. Í I. kafla er að finna skilgreiningar á hugtökum og orðum sem notuð eru í lagatextanum. II. kafli snýst um lögsögu, þ.e. til hvaða sjónvarpsstöðva reglur útvarpslaga taki. Í III. kafla er greint frá skilyrðum fyrir því að veitt sé leyfi til útvarps. Í IV. kafla eru skyldur útvarpstöðva mótaðar, í V. kafla er mælt fyrir um tekjustofna útvarpsstöðva, í VI. kafla er fjallað um auglýsingar, fjarsölu og kostun, í VII. kafla aðgang að almennum fjarskiptanetum. VIII. kafli frv. er um takmörkun á einkarétti til útsendinga frá þýðingarmiklum viðburðum og IX. kafli um ábyrgð á útvarpsefni. Í X. kafla er að finna viðurlög og í hinum síðasta eru ýmis ákvæði.

Frv. er alls 36 greinar auk ákvæða til brb. Sumar greinarnar eru langar og ítarlegar, sömu sögu er að segja um greinargerð frv. og athugasemdir. Vænti ég að þingmenn kunni að meta hve mikil vinna hefur verið lögð í að draga saman viðamiklar upplýsingar til skýringa á frv. í heild og einstökum greinum þess.

Að stofni til byggist frumvarp þetta á núgildandi útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum.

Helstu breytingarnar frá núgildandi löggjöf eru þessar:

Frumvarpinu er ætlað að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Ekki er þar gert ráð fyrir sérákvæðum um Ríkisútvarpið eins og eru nú í útvarpslögum heldur er miðað við að um Ríkisútvarpið gildi sérlög, þó þannig að almenn ákvæði útvarpslaga gildi um Ríkisútvarpið nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Hið beina tilefni endurskoðunar útvarpslaga nú er setning nýrra reglna með endurskoðaðri tilskipun Evrópusambandsins um sjónvarpsþjónustu. Ber okkur Íslendingum að bregðast við hinni nýju tilskipun samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Hin nýja tilskipun Evrópusambandsins hefur meðal annars í för með sér eftirfandi breytingar á íslenskri útvarpslöggjöf:

Það er skýrt til hvaða sjónvarpssendinga íslensk lögsaga nær, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Ákvæði um þetta efni eru ekki í lögum nú. Lögsögureglur tilskipunarinnar byggjast á tveimur grundvallarsjónarmiðum: Í fyrsta lagi frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis EES til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja og í öðru lagi að sjónvarpsútsendingar eru heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem útsending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins sem á lokaorðið um það.

Það nýmæli tilskipunar ESB sem hvað mesta athygli hefur vakið er heimildin í 3. gr. a fyrir hvert aðildarríki EES til þess að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skal út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum. Í reynd mun heimild þessi, a.m.k. að sinni, fyrst og fremst geta átt við meiri háttar íþróttaviðburði, innlenda og fjölþjóðlega, svo sem landskeppni, Ólympíuleika, heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu og handknattleik. Er gert ráð fyrir heimild til þess að setja reglugerð um þetta efni í 23. gr. frumvarpsins. Í athugasemdum kemur fram að gert er ráð fyrir að sjónvarpsstöð uppfylli það skilyrði að hún nái til meginhluta þjóðarinnar ef hin tiltekna útsending nær til a.m.k. 90% allra landsmanna. Gerir þetta að verkum að allar þrjár helstu sjónvarpsstöðvar landsins uppfylla þetta skilyrði, svo framarlega sem útsendingar þeirra eru opnar. Með þessu móti eru afskipti af samkeppni á sjónvarpsmarkaði í lágmarki. Auk þess verða það tiltölulega fáir viðburðir sem skráin um viðburðina getur náð til. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er hugmyndin um upplýsingaþjóðfélagið. Íslenska ríkinu er ekki skylt samkvæmt tilskipuninni að nýta þessa heimild, en rétt þykir að tryggður sé í lögum möguleikinn á að gera það vegna hins mikla áhuga sem ríkir hér á landi á sjónvarpsefni frá meiri háttar íþróttaviðburðum.

Á Norðurlöndum hefur slíkur listi yfir viðburði aðeins verið saminn og lögformlega birtur í Danmörku. Í ljós hefur komið að mjög erfitt hefur reynst að framfylgja honum og telur menningarmálaráðherra Dana nauðsynlegt að endurskoða ákvæðið í tilskipun ESB um þetta efni. Ég mun ekki nýta heimildina til að semja slíkan lista nema eftir nákvæmt mat á framkvæmd þessa ákvæðis í tilskipun Evrópusambandsins í öðrum löndum Evrópska efnahagssvæðisins.

Í beinum tengslum við ákvæði 23. gr. frumvarpsins er ákvæði 24. gr. sem gerir íslenskum sjónvarpsstöðvum skylt að nýta einkaréttindi sín til sjónvarps frá viðburðum, sem ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur ákveðið að teljist hafa verulega þýðingu í því þjóðfélagi, á þann hátt að meginhluti íbúanna í viðkomandi ríki eigi þess kost að fylgjast með viðburðunum. Ákvæði í þessa átt er skylt að leiða í íslensk lög samkvæmt tilskipun ESB.

Tekin er upp regla þess efnis að sjónvarpsstöðvar skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til gerðar evrópskra verka, þar á meðal íslenskra verka, sem framleidd eru af sjálfstæðum framleiðendum. Þetta ákvæði er fyrst um sinn aðallega stefnuyfirlýsing, en með því að Menningarsjóður útvarpsstöðva verður lagður niður verður sjónvarpsstöðvum gert auðveldara að fara eftir þessu ákvæði.

Reglur um auglýsingar og kostun eru gerðar nokkru skýrari en verið hefur. Auk þess er bætt inn ákvæðum um fjarsölu og fjarsöluinnskot, og gilda í meginatriðum sömu reglur um þessi efni og gilda um auglýsingar.

Tekin eru upp ákvæði um vernd barna gegn óheimilu efni sem eiga að styrkja gildandi íslensk lög um það efni, sem og um vernd barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum og er þeim ákvæðum ætlað að vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga.

Þá er það nýmæli í frumvarpinu að menntamálaráðherra er heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Stafrænt útvarp, sjónvarp og hljóðvarp er nú hafið í nágrannalöndunum eða er að hefjast, a.m.k. á tilraunastigi. Hin stafræna tækni gefur mikla möguleika til betri nýtingar tíðnisviðsins en nú og er þannig m.a. meginforsenda þess að fleiri eigi þess kost að hefja raunverulega samkeppni, sérstaklega í sjónvarpi, auk víðtækari nota af tíðnisviðinu.

Þar sem öll nýting VHF-tíðnisviðsins er nú í raun og veru aðeins í höndum tveggja aðila, Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagsins hf., komast fleiri aðilar ekki að þar.

Ætlunin er að ákvæðin um leyfi til útvarps séu gerð fyllri í lögunum en þau hafa verið. Eru tekin upp í frumvarpið ýmis ákvæði um þetta efni sem verið hafa í reglugerð en réttara þykir að mæla fyrir um í lögum.

Hlutverk útvarpsréttarnefndar er aukið frá því sem verið hefur. Skal útvarpsréttarnefnd fylgjast með því að reglum samkvæmt útvarpsleyfum sé fylgt, eins og verið hefur, og hafa að öðru leyti eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu, einnig Ríkisútvarpsins. Gert er ráð fyrir að nokkur viðbótarkostnaður verði vegna aukins verksviðs nefndarinnar.

Tekið er upp ákvæði sem tryggir útvarpsstöðvum aðgang að almennum fjarskiptanetum sem hagnýtt eru til útvarpssendinga. Hefur þótt skorta ákvæði í útvarpslög um rétt útvarpsstöðva til aðgangs að kapalkerfum, og er úr því bætt með þessu ákvæði. Meðal annars er ætlunin að tryggja útvarpsstöðvum aðgang að breiðbandi Landssímans. Um aðgang útvarpsstöðva að fjarskiptanetum fer að öðru leyti samkvæmt fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, þar á meðal um ákvörðun endurgjalds fyrir aðganginn.

Ekki er lengur gert ráð fyrir að leyfi útvarpsréttarnefndar þurfi til endurvarps frá erlendum sjónvarpsstöðvum, heldur verði það Póst- og fjarskiptastofnun sem úthlutar rásum fyrir endurvarp.

Lagt er til að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður. Sjóðurinn hefur verið mjög umdeildur, sérstaklega fjármögnun sjóðsins og ráðstöfun á fé hans en hún hefur í raun og veru aðeins falist í því að færa fé á milli útvarpsstöðva. Þar sem í gildandi ákvæðum um Menningarsjóðinn

er gert ráð fyrir að hlutur Ríkisútvarpsins af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands greiðist af framlagi Ríkisútvarpsins til sjóðsins þarf að huga sérstaklega að fjáröflun til rekstrar hljómsveitarinnar í tengslum við rekstur Ríkisútvarpsins.

Lagt er til að felld verði brott úr útvarpslögum nokkur ákvæði er varða tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga.

Herra forseti. Ég hef hér að framan gert grein fyrir helstu nýmælum í frv. til nýrra útvarpslaga. Margoft hefur verið gerð tilraun til að endurskoða gildandi útvarpslög frá grunni frá því að þau tóku gildi árið 1985. Hefur sú skylda hvílt á öllum menntamálaráðherrum sem síðan hafa starfað.

Í frv. þessu er ekki tekið á ákvæðum sem snerta Ríkisútvarpið sérstaklega en nokkrar umræður hafa orðið um þá mikilvægu stofnun hér á Alþingi á þessu hausti. Hinn 20. okt. sl. sagði ég m.a. í svari við fsp.:

„Á vettvangi menntmrn. hefur verið unnið að því að útfæra hugmyndina um Ríkisútvarpið sem hlutafélag í eigu ríkisins. Hafa verið samin drög að frv. og þau kynnt forráðamönnum Ríkisútvarpsins. Málið er enn á vinnslustigi innan ráðuneytisins og ræðst af pólitísku mati hvort það verður lagt fyrir Alþingi eða ekki.

Ég hef hvað eftir annað lýst þeirri skoðun minni að um breytingar á Ríkisútvarpinu verði að ríkja víðtæk pólitísk sátt. Það stafar af eðli stofnunarinnar. Ég hef einnig sagt oftar en einu sinni að kröfur einkarekstrar verði að fá að njóta sín meira í starfsemi Ríkisútvarpsins. Raunar er auðvelt að færa fyrir því rök að andstæðingar breytinga á Ríkisútvarpinu séu að ganga erinda keppinauta þess."

Síðan þessi orð féllu hafa formenn stjórnarflokkanna rætt um stöðu Ríkisútvarpsins. Í Viðskiptablaðinu í síðustu viku var rætt við hæstv. forsrh. Þar segir hann að innheimta afnotagjalda Ríkisútvarpsins geti vart staðist þar sem það eigi ekki að gera það að skilyrði fyrir því að menn geti nýtt sér þjónustu fyrirtækja úti í bæ, að þeir geri fyrst upp við ríkisfyrirtæki. Er þá vísað til þess að menn geta samkvæmt lögum ekki horft á útsendingar einkarekinna sjónvarpsstöðva án þess að greiða fyrst afnotagjald til Ríkisútvarpsins.

Í Morgunblaðinu hinn 7. nóv. sl. er haft eftir hæstv. utanrrh. að vel mætti hugsa sér að Ríkisútvarpið fengi rekstrarfé sitt beint af fjárlögum ríkisins. Jafnframt sagði ráðherrann samkvæmt Morgunblaðinu að gera þyrfti ákveðnar grundvallarbreytingar á stjórnskipulagi Ríkisútvarpsins og losa stofnunina undan því flokkspólitíska stjórnvaldi sem því hefði fram til þessa verið stýrt af. Í öðru lagi yrði að tryggja Ríkisútvarpinu þær tekjur að það gæti rækt lögbundnar skyldur sínar með sóma.

Ég nefni þessi ummæli flokksformannanna hér til að árétta að ekki verður undan því vikist að endurskoða ákvæði laga um Ríkisútvarpið.

Herra forseti. Hér er flutt frv. sem snertir mikilvægan þátt í þjóðlífinu. Nauðsynlegt er að búa þannig um hnúta að útvarpsstöðvar á Íslandi starfi við sömu réttindi og skyldur og sambærileg fyrirtæki annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta frv. tryggir það.

Ég óska eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[19:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. vitanði hér í ummæli flokksformannanna tveggja sem hann nefndi svo, formanns Sjálfstfl. og formanns Framsfl. Hann vitnaði í ummæli formanns Framsfl. um að nauðsynlegt væri að losa Ríkisútvarpið undan flokkspólitísku forræði. Í framhaldi ályktaði hæstv. menntmrh. svo að ekki yrði lengur vikist undan því að grípa til ráðstafana. Þetta var óljóst orðað en þetta er mikilvæg pólitísk yfirlýsing sem væri vert að heyra hæstv. menntmrh. útlista nánar fyrir Alþingi. Hvað á hann við?

[19:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég átti við kom raunar fram í máli mínu fyrr í ræðunni, að vinna yrði að því að breyta lögunum um Ríkisútvarpið eins og við erum að breyta hinum almennu útvarpslagaákvæðum. Þá yrði ekki lengur undan því vikist að gera nýtt frv. um Ríkisútvarpið. Ég hef oftar en einu sinni áður í umræðum á Alþingi reifað þá hugmynd að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Það er ein leið. Aðrar leiðir eru einnig fyrir hendi.

Einnig hefur gagnrýni á innheimtu afnotagjalda Ríkisútvarpsins aukist. Eins og hæstv. forsrh. hefur áréttað oftar en einu sinni undanfarna daga og vikur þá telur hann að innheimtukerfi fyrir Ríkisútvarpið standist ekki lengur og það verði að taka til endurskoðunar.

[19:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginmáli finnst mér skipta að fjárhagur Ríkisútvarpsins sé traustur. Ég tel mikilvægt að sjálfstæði Ríkisútvarpsins verði tryggt. Mat þeirra sem stýra ekki aðeins Ríkisútvarpinu hér landi heldur samsvarandi stofnunum á Norðurlöndum og víðar, t.d. á Bretlandi, er að þær eigi að fá rekstrarfé sitt með afnotagjöldum, enda hafa þessar stofnanir ekki góða reynslu af öðru.

Varðandi hin pólitísku afskipti þá talar hæstv. ráðherra hér um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Eins og sakir standa eiga öll stjórnmálaöfl í landinu, sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúa í stjórn stofnunarinnar. Með hlutafélagavæðingunni yrði það aðeins eitt afl, í þessu tilviki Sjálfstfl. Sá sem færi með hlutabréfið í hans nafni og stýrði stofnuninni heitir Björn Bjarnason hæstv. ráðherra og málshefjandi hér. Þannig að ráðherrann hæstv. er að tala um breytingar sem kæmu til með að herða pólitísk tök hans á stofnuninni. Ég held að fáa fýsi að svo verði gert.

[19:32]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er töluverð reynsla komin á hvernig menn fara með slíkt vald fái þeir á annað borð í hendur að ráðstafa hlutafé ríkisins og velja menn í stjórnir. Ég held að sú reynsla bendi ekki til þess að menn vinni þar eftir flokkspólitískum sjónarmiðum. Þvert á móti held ég að reynslan sýni annað.

Ef mér yrði treyst fyrir slíku af hinu háa Alþingi, að fara með slíkt vald gagnvart Ríkisútvarpinu, mundi ég að sjálfsögðu ekki misbeita því valdi frekar en öðrum trúnaði sem Alþingi hefur sýnt mér.

[19:32]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Frv. til útvarpslaga sem við ræðum hér er að sönnu viðamikið og útskýringar og efnistök ítarleg eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra. Frv. þetta var til meðferðar hjá hv. menntmn. á 123. löggjafarþingi. Þar náðist ekki að vinna frv. til enda, ef svo má að orði komast. Nefndin skilaði því ekki af sér eftir 1. umr. vegna þess hve viðamikið það var og að mörgu leyti tæknilegt. Ljóst var að þeir sem þá skipuðu

hv. nefnd voru meðvitaðir um mikilvægi þess að átta sig vel á þeirri nýju tækni sem um er að ræða og kröfum sem gerðar eru vegna aðildar okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Þeir sem setið hafa í hv. nefnd koma því ekki að nýju máli.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að gerðar hafi verið breytingar á frv. frá því að það var í meðförum nefndarinnar. Mér heyrðist á því yfirliti sem hann gaf að flestar mundu þær vera til bóta. Hins vegar eru nokkur atriði í frv. sem ástæða er til að vekja athygli á þó að hæstv. ráðherra hafi minnst á þau. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þeim, sumum vegna þess að þau skipta miklu máli og öðrum vegna þess að þau eru álitamál. Vera kann að tekist verði á um álitamálin vegna þess að málið var aldrei til skoðunar í nefnd nema eftir 1. umr. og náðist þá ekki að vinna það til enda.

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég nefna hin auknu völd útvarpsréttarnefndar. Þegar maður fer yfir það efni í frv. þá fær maður á tilfinninguna að verið sé að móta eins konar útvarpsráð allra útvarpsstöðva. Það samræmist reyndar viðhorfi sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra til endurskoðunar á gildandi lögum um Ríkisútvarpið og hugsanlega breytingu þess í hlutafélag. Þá væri útvarpsráð úr sögunni og útvarpsréttarnefnd mundi virka gagnvart Ríkisútvarpinu eins og gagnvart öðrum stöðvum. Hið útvíkkaða vald hennar mundi virka eins og eitt allsherjarútvarpsráð allra stöðva. Á þessu stigi ætla ég ekki að ræða um það sem ráðherra vék að síðast í ræðu sinni, ég kem að því í lokin. En mér sýnist, herra forseti, að hér eigi sér stað hluti af þeim breytingum sem stefnt er að með auknum völdum útvarpsréttarnefndar.

Það hefur einnig verið álitamál hér að Menningarsjóður útvarpsstöðva skuli lagður niður. Ég flutti tillögur þess efnis að Menningarsjóðurinn yrði lagður niður. Á þeim tíma var hæstv. menntmrh. mótfallinn því. Nú geri ég ráð fyrir því að hann hafi skipt um skoðun fyrst hann kemur hér með frv. sem gerir ráð fyrir slíku. Sannarlega hafa menn ekki verið á einu máli um Menningarsjóðinn, um hvernig honum hafi verið stýrt eða hver afrakstur hafi orðið af þeim hugmyndum sem urðu til þess að sjóðurinn var settur á laggirnar.

Herra forseti. Ég vil nefna að til mikilla bóta eru ákvæði 14. gr. um vernd barna. Ég held að það sem þar er lagt til sé mjög til bóta:

„Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út efni, þar á meðal auglýsingar, um tilefnislaust ofbeldi með trúverðugum blæ eða með klámfengnum myndum á þeim dagskrártíma og á þann hátt að öðru leyti að á því sé veruleg hætta að börn sjái viðkomandi efni."

Enn fremur er fjallað um hvernig vernda eigi börn í frv. og í greinargerð þess. Þarna er um að ræða skerpingu á þeirri vernd sem börn hafa í gildandi lögum og ég tel að það sé mjög til góða að á þessum málum sé tekið.

Þegar málið barst til umfjöllunar í hv. nefnd fóru þar fram umræður um mikilvægi þess að börn væru raunverulega vernduð fyrir auglýsingum. Rætt var um hvers konar auglýsingar með barnaefni sjónvarps og voru margir á því máli að býsna langt væri gengið í að auglýsa og reyna að hafa áhrif á börn þvert á það sem segir í þessu frv. að megi gera.

Ráðherra gat um þá breytingu sem hér er lögð til og er það nýmæli — eins og hér segir — „sem hvað mesta athygli hefur vakið, er heimildin í 3. gr. a fyrir hvert aðildarríki EES til þess að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skal út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum."

Þetta er auðvitað ákvæði sem hlýtur að vekja athygli og umræðu. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hann hyggst ekki gera slíka skrá, a.m.k. ekki að svo stöddu, þar sem aðstæður okkar kalla e.t.v. ekki á slíkt. Sannarlega er hér um að ræða efnisatriði sem hlýtur að vekja nokkra athygli.

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra um eitt mál vegna þess að það kom fram í ræðu hans að frv. sem unnið var með á 123. þingi hafi verið endurskoðað í ljósi þeirra athugasemda sem komu til hv. nefndar. Í nefndinni var fjallað um ákvæði í 3. mgr. 17. gr., b-lið, þar sem fram kemur um útsendingu kvikmynda, þar á meðal kvikmynda sem gerðar eru fyrir sjónvarp, að þær megi rjúfa einu sinni með 45 mínútna bili. Hér er sem sé ákvæði þess efnis að ef þetta frv. verður að lögum þá megi þaðan í frá rjúfa kvikmyndir í sjónvarpi til þess að setja inn auglýsingar.

Menn hrökkva eðlilega við þegar þeir sjá þetta ákvæði vegna þess að við höfum talið sjónvarpi okkar, hvort sem það er þá ríkissjónvarpið eða annað sjónvarp, til tekna að menn fengju óáreittir að horfa á kvikmyndir til enda án þess að vera truflaðir af auglýsingum. Þess vegna beindi hv. nefnd þeirri fyrirspurn til ráðgjafa sinna á þessu sviði, þeirra Björns Friðfinnssonar og Harðar Einarssonar, hvort það ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins, eins og henni hafði verið breytt með annarri tilskipun, væri ófrávíkjanlegt eða fylgja yrði ákvæði tilskipunarinnar óbreyttu eins og gert væri í 3. mgr. 17. gr. frv. Þeir létu, á þeim fundi sem þeir komu fyrir nefndina, í ljós það álit að lögleiða bæri atriðið efnislega óbreytt. En síðan segir hér í bréfi sem þeir rituðu formanni nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Eftir fundinn með menntamálanefnd könnuðum við þetta atriði sérstaklega, þar á meðal það, hvort heimild væri til þess í tilskipuninni að víkja frá ákvæðinu.

Í 20. gr. tilskipunarinnar er tekið fram að aðildarríkin (og þá einnig EFTA-ríkin í EES) geti „að teknu tilhlýðilegu tilliti til laga bandalagsins, mælt fyrir um önnur skilyrði en þau sem kveðið er á um ... varðandi útsendingar sem einungis eru ætlaðar yfirráðasvæði ríkisins og ekki er hægt að taka á móti í öðru aðildarríki eða ríkjum"."

Áfram segir í bréfinu:

„Í hinni tilvitnuðu tilskipanagrein eru sett þrjú skilyrði fyrir því, að í landslögum verði mælt fyrir um önnur skilyrði en þau sem kveðið er á um m.a. í 3. mgr. 11. gr. hennar:

1. Að skilyrðið brjóti ekki gegn ákvæðum Evrópuréttarins að öðru leyti ...

2. Að útsendingin sé einungis ætluð yfirráðasvæði ríkisins,

3. Að ekki sé hægt að taka á móti útsendingu í öðrum aðildarríkjum."

Þeir félagar halda síðan áfram:

„Okkur virðist nokkuð einsýnt að víkja megi frá ákvæði 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar hér á landi án þess að talið yrði um að ræða brot gegn 1. og 3. skilyrðinu. Sjálfsagt hafa íslenskar sjónvarpsstöðvar ekki tekið beina ákvörðun um það, að útsendingar þeirra á kvikmyndaefni séu einungis ætlaðar til móttöku á Íslandi. Þá ákvörðun hefur ekki þurft að taka vegna legu landsins og tæknilegra eiginleika útsendinga. Þessi ákvörðun er nokkuð sjálftekin, og virðist okkur því sem 2. skilyrðið sé í reynd einnig uppfyllt.

Með vísan til ofangreinds er það álit okkar, að ákvæði 3. mgr. 11. gr. tilskipunarinnar verði að teljast frávíkjanlegt á Íslandi, en sú niðurstaða er þó vissulega ekki alveg vafalaus."

Og svo ljúka þeir sínu bréfi með því að segja:

„Förum við undirritaðir þess á leit við yður að þér komið þessu endurskoðaða áliti okkar á framfæri við menntamálanefnd Alþingis."

Þar með lýkur tilvitnun í bréf þeirra Björns Friðfinnssonar og Harðar Einarssonar.

Herra forseti. Mér finnst það skipta máli hvort hæstv. ráðherra og ráðuneytið hafi fengið þetta erindi til skoðunar. Var því ekki komið á framfæri við ráðuneytið eða þótti ekki ástæða til að taka tillit til þess að það er ekki afdráttarlaus skylda að taka inn í lögin ákvæði þess efnis að rjúfa megi kvikmyndir í sjónvarpi til að skjóta inn auglýsingum? Mér finnst það skipta máli og ég held að flestum finnist það skipta máli að við getum verið laus við, vil ég leyfa mér að segja, þá hvimleiðu aðferð sem beitt er víða, að rjúfa kvikmyndir í sjónvarpi reglulega með auglýsingum.

Ég held að sjónvarpsáhorfendur á Íslandi hafi ekki áhuga á því að slíkir hættir verði teknir upp og ég veit ekki til þess að sjónvarpsstöðvar hafi beðið um að slíkt yrði tekið upp. Það er hins vegar hugsanlegt ef þetta ákvæði frv. verður að lögum að ákvæðið verði notað. Ég er aftur á móti nokkuð viss um, herra forseti, að ef ákvæðið fer ekki inn í lögin þá muni sjónarpsstöðvarnar ekki sækjast eftir því að þetta ákvæði verði lögfest á Íslandi vegna þess að ég hygg að forsvarsmenn þeirra séu meðvitaðir um að vilji sjónvarpsáhorfenda á Íslandi stendur ekki til þess að kvikmyndir verði rofnar reglulega með innskoti auglýsinga. Mér finnst því skipta máli af hverju ekki var tekið tillit til þess sem segir í áliti þeirra Björns Friðfinnssonar og Harðar Einarssonar að líta verði svo á að þessi ákvæði tilskipunarinnar teljist frávíkjanleg fyrir Ísland.

Í lokin, herra forseti, vil ég víkja að þeirri umfjöllun sem hæstv. ráðherra var með um Ríkisútvarpið. Það er alveg rétt sem hann segir að víðtæk sátt þarf að ríkja í samfélaginu um þær breytingar sem gerðar eru á lögum um Ríkisútvarpið. Hann segir okkur að verið sé að endurskoða gildandi lög og það hefur verið gert áður. Nefndir hafa starfað sem hafa gert tillögur og ég held að a.m.k. einu sinni hafi frumvarp verið sýnt hér á Alþingi um breytingar á útvarpslögum. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að breyta þyrfti lögunum um Ríkisútvarp til þess að víðtækari sátt næðist í samfélaginu um það. Það er því miður rétt sem fram kemur að talsvert ósætti er um það fyrirkomulag á innheimtu afnotagjalda sem viðhaft er og ég tel að menn eigi að reyna að finna leiðir sem meiri sátt getur verið um til þess að tryggja fjárhag Ríkisútvarpsins. Ég held líka að það skipti verulegu máli að menn hafi það ekki á tilfinningunni að Ríkisútvarpið sé undir flokkspólitískri stýringu.

Þó að það sé rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan að í núverandi útvarpsráði eigi allir flokkar sem nú sitja eða allir þeir þingflokkar — það er reyndar ekki rétt að þeir eigi það allir — en fjórir þeirra eigi fulltrúa inni í útvarpsráði, þá tryggir það ekki að ekki sé flokkspólitísk stýring á Ríkisútvarpinu. Það vill nefnilega þannig til að það er líka ákveðinn meiri hluti innan útvarpsráðs og innan þess meiri hluta er líka meiri hluti. Og það er alveg ljóst hver ræður, og það kemur ítrekað í ljós þegar til átaka kemur í útvarpsráði að það er auðvitað flokkur hæstv. menntmrh. sem ræður Ríkisútvarpinu, enda kemur það ítrekað fram í umfjöllun fólks um Ríkisútvarpið að menn þykjast vita og kunna um það dæmi hvernig því valdi hafi verið beitt. Það er flokkspólitísk stýring á Ríkisútvarpinu í dag.

Mér finnst mjög mikilvægt að Ríkisútvarpið sé yfir slíkt hafið og ég vil gjarnan taka þátt í því að leita leiða til þess að við getum átt ríkisútvarp sem er hafið yfir gagnrýni af því tagi. Hlutafélag er að mínu mati ekki leiðin. Ég held að það sé ekki gott fyrir Ríkisútvarpið að breyta því í hlutafélag. Það að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag hefur hjá okkur venjulega verið ávísun á það að félagið hefur síðan verið einkavætt með einhverjum hætti.

Ég vil líka halda því fram að Ríkisútvarpið sé þess háttar fyrirtæki eða stofnun að hlutafélag henti því ekki. Hlutafélagaformið getur hentað ýmsum fyrirtækjum en ég held að það henti ekki Ríkisútvarpinu vegna þess sérstaka eðlis sem það hefur. En það þýðir ekki, herra forseti, að ég sé ekki tilbúin til að skoða möguleika á annars konar rekstrarformi en því sem er í dag. Ég held að við eigum að gera það af því að mikilvægt er að meiri sátt náist um Ríkisútvarpið en er í dag.

Þau rök sem menn hafa fært fram fyrir hlutafélagi eru ekki sannfærandi, ég vil endurtaka það, og allra síst í því ljósi að það hefur verið svo að þegar ríkisfyrirtæki eða ríkisstofnanir hafa verið hlutafélagavæddar þá hefur það verið ávísun á einakvæðingu. Þess vegna held ég líka að það sé ekki trúverðugt að fara þá leið. Ég skora á hæstv. menntmrh. að hann láti skoða aðra valkosti. Ég er handviss um að menn eru tilbúnir til að fara í þann leiðangur með honum að leita að formi fyrir Ríkisútvarpið sem getur tryggt meira hlutleysi og meiri trúverðugleik en það form sem við höfum í dag og það form sem hlutafélagavæðing byði upp á. Einnig hitt að leita leiða til að finna tekjustofn sem gæti reynst Ríkisútvarpinu traustur en hefði ekki í för með sér þau átök sem hafa verið um afnotagjöldin, vegna þess að mikilvægt er að um þá sameign þjóðarinnar standi ekki sá styr sem annað veifið hefur staðið. Ég held að það sé rétt pólitískt mat að landsmenn eru ekki tilbúnir til að einkavæða þetta mikilvæga menningartæki sem Ríkisútvarpið er og hefur verið og þarf að vera og þess vegna er okkur mikilvægt að finna leiðir sem skapa um það meiri sátt.

[19:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála flestu því sem fram kom í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, hugleiðingum hennar um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins, því sem hún sagði um auglýsingamennsku og breytingar á því fyrirkomulagi sem við höfum búið við.

En mig langar aðeins til að víkja að hugrenningum hennar um útvarpsráð og stjórnun útvarpsins. Mér finnst skipta mjög miklu máli hvernig útvarpsráð beitir sér hverju sinni. Það er alveg rétt að þar er pólitískur meiri hluti og ekki hef ég alltaf verið sáttur við þann pólitíska meiri hluta, hvorki nú né á öðrum tímum þegar aðrar ríkisstjórnir hafa setið, það hef ég ekki alltaf verið. En ég vil bara vekja athygli á því að flestir menn eru nú pólitískir og það eru líka embættismenn. Og oft þegar vísað er til fagmanna og fagmennsku, þetta hafa menn oft gert í sambandi við einkavæðingu bankanna, þá er breytingin sú að í stað þess að í bankaráðin komið aðilar úr öllum pólitískum húsum, þá eru fagmennirnir núna komnir úr einu slíku húsi, reyndar tveimur, Sjálfsfl. og Framsfl.

En ég er að vekja athygli á því að þrátt fyrir allt býður útvarpsráð, eins og það er núna, upp á ákveðið gagnsæi.

Og ekki nóg með það, ákvarðanir útvarpsráðs fá umræðu á Alþingi. Við fáum aldrei umræðu um Stöð 2. Halda menn að ekki sé pólitík á ferðinni á Stöð 2? Halda menn það virkilega? Við fáum hins vegar umræðu, lýðræðislega umræðu um Ríkisútvarpið og það er vel.

[19:54]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að hefðir okkar séu þannig og kannski fámenni einnig að við komumst aldrei undan því að stjórn eins og Ríkisútvarpsins sé með einhverjum hætti pólitísk, og þá er ég að tala um flokkspólitísk. Ég er sammála því sem kemur fram hjá hv. þm. að pólitík er í flestum ef ekki öllum hlutum en spurning er um flokkspólitík og líka spurning um hversu þröng hún er.

Ef til vill er það svo að hefðir okkar séu þannig að við komumst ekki frá því og að við þurfum þá að búa við það fyrirkomulag að pólitískir flokkar kjósi fulltrúa í stjórnir eins og Ríkisútvarps en sannarlega vildi ég sjá það öðruvísi. Sannarlega vildi ég að þeir menn sem eru kosnir í slík ráð og nefndir væru ekki með hið flokkspólitíska veganesti þangað inn heldur eitthvað annað. Og ég eins og fleiri hef auðvitað horft til þess hvernig útvörp eins og BBC hafa náð að byggja sig faglega upp allt öðruvísi en Ríkisútvarpið okkar. En ég endurtek, kannski komumst við ekki undan okkar hefðum, a.m.k. ekki á mjög stuttum tíma. Það þarf kannski langan þróunarferil til að við náum þangað sem Bretar hafa náð með sitt ríkisútvarp.

[19:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst flokkspólitík geta verið fagleg pólitík, sanngjörn pólitík og fagleg. Mér finnst að við göngum stundum of langt í að bannfæra allt það sem pólitískt er. Það þarf ekki að felast nein spilling í því að halda fram pólitísku sjónarmiðum sínum eða að mismuna fólki á ranglátan máta.

En aðeins að lokum það sem varðar fjármögnun Ríkisútvarpsins. Við þurfum að ná meiri og víðtækari sátt um það. Ég held að staðreyndin sé sú að það eru ekki allir í þjóðfélaginu sáttir við að hafa ríkisútvarp og að ríkið fjármagni útvarp, það er staðreynd málsins. Ég hef trú á því að það sé yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sem er á því máli. En sú leið sem við förum í fjármögnun, þ.e. afnotagjöldin, gerir þessa fjármögnun gagnsæja, hún er uppi á borði. Ef við erum á því máli að við ætlum að láta þessa peninga renna til Ríkisútvarpsins í gegnum skattheimtu þá er nákvæmlega sami hluturinn á ferðinni nema hann er bara dulinn og hann er falinn. Ég held að þetta sé mergurinn málsins.

Ég hef alltaf verið tilbúinn að skoða það að fara aðrar leiðir í að fjármagna Ríkisútvarpið en ég hef staðnæmst við ábendingar sem hafa komið frá Ríkisútvarpinu sjálfu og frá samsvarandi stofnunum á Norðurlöndum og í Bretlandi þar sem þær segja að þetta sé þó traustasta leiðin til að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart framkvæmdarvaldinu.

[19:58]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að ekki finnist önnur leið betri en sjálfsagt er að fara í þann leiðangur að leita og ugglaust má gera hlutina öðruvísi en gert er í dag að einhverju leyti þannig að meiri sátt ríki um.

Ég er alveg sammála hv. þm. um að flokkspólitík þarf ekki alltaf að vera ávísun á spillingu eða eitthvað vont í sjálfu sér, það er langt í frá. Þetta er sú aðferð sem við höfum ákveðið að viðhafa til að ná lýðræðislegri niðurstöðu í málum og er sjálfsögð, eðlileg og jákvæð og hluti af okkar stjórnkerfi.

Ég er hins vegar ekkert viss um að flokkspólitík eigi erindi inn í stjórnir eins og stjórnir Ríkisútvarps, það er það sem ég var að segja. Í því felst ekki áfellisdómur um flokkspólitík, í því felst einungis ósk um að mál geti ráðist á þeim vettvangi án þess að menn séu þar með sína flokkspólitísku pinkla uppi á borði. Ég er kannski að biðja um faglegra útvarp og útvarp þar sem menn og málefni eru hvorki tekin inn sérstaklega eða útilokuð sérstaklega af flokkspólitískum ástæðum.

[19:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mig langar til að gera 6. gr. frv. til útvarpslaga að umtalsefni. Sú grein lýtur að leyfi til útvarps. Í 3. lið stendur, með leyfi forseta:

„Útvarpsréttarnefnd getur veitt lögaðilum og einstaklingum tímabundið leyfi til útvarps. Leyfi til hljóðvarps má lengst veita til fimm ára í senn en til sjónvarps lengst til sjö ára í senn. Nánari ákvæði um gildistíma útvarpsleyfa skulu sett í reglugerð. Heimilt er að binda leyfi við afmörkuð svæði."

Í greinargerð með þessum lið er „orðuð sú regla að heimilt sé að binda útvarpsleyfi við afmörkuð svæði. Í 1. mgr. 3. gr. gildandi útvarpslaga er gert ráð fyrir því að leyfi sé aðeins gefið út til útvarps á afmörkuðum svæðum. Hefur regla þessi valdið nokkrum erfiðleikum í framkvæmd, og hefur t.d. þurft að veita ný útvarpsleyfi til útvarpsstöðva eftir því sem þær hafa náð að auka útbreiðslu sína. Verður að telja þetta óþarft umstang svo að gert er ráð fyrir að útvarpsleyfi nái almennt til landsins alls. Rétt þykir þó að gera ráð fyrir þeim möguleika að útvarpsleyfi nái aðeins til afmarkaðra svæða, t.d. vegna óska umsækjanda sjálfs."

Þarna virðist aðeins gert ráð fyrir að annar aðilinn geri kröfur. Ég velti fyrir mér hvort ekki sé líka hægt að binda í lögum að gera megi þjónustukröfur, þ.e. kröfur til þess sem fær leyfi til útvarps eða sjónvarps þannig að honum sé skylt að veita ákveðna þjónustu, að útsendingar nái svo og svo vítt um landið eða til svo og svo margra hlustenda og honum beri síðan að uppfylla þær kröfur. Í sjálfu sér er það ekki sama þjónusta ef veitt eru leyfi til útvarpsstöðva sem síðan útvarpa aðeins á afmörkuðum hluta landsins, kannski þeim þéttbýlasta eins og hér á Reykjavíkursvæðinu og þykjast svo geta krafist réttar síns í krafti samkeppninnar. Við verðum að taka tillit til þjónustusvæðisins og samkeppnisstöðu þeirra sem veita þjónustu sína um landið allt. Mér finnst þess vegna ansi frjálslegt að segja: „vegna óska umsækjanda sjálfs".

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. menntmrh. hvort ekki sé ástæða til að gefa hreinlega heimild til að krefjast ákveðins þjónustustigs og þess að útsendingar nái til ákveðinna svæða. Við stöndum frammi fyrir því að í krafti hinna ýmsu samkeppnishugmynda fá hinir og þessir þennan rétt til að afla sér tekna og setja þá jafnframt öðrum skorður. Ég horfi þarna til okkar ágæta Ríkisútvarps sem hefur skyldur um allt land. Hvað eftir annað er vegið að Ríkisútvarpinu og því haldið fram að það sé ekki rekið á samkeppnisgrunni. Sá grunnur verður þá að vera sanngjarn þannig að þjónusta þeirra sem sækja að Ríkisútvarpinu nái til alls landsins, að þeir hafi sama þjónustustig og við gerum almennt kröfu um.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að mun sterkar verði kveðið á um hvaða kröfur um þjónustustig séu gerðar til útvarpsstöðva og þá sé ljóst hver samkeppnisrammi þeirra er, að hann sé ekki ímyndaður eins og við stöndum nú oft frammi fyrir í umræðunni.

Varðandi þá umræðu sem hæstv. ráðherra kom inn á um Ríkisútvarpið, sem er honum afar hugleikið, þá mundi ég nú heldur hvetja hann til að ganga til verks með okkur hinum og styrkja virkilega samkeppnisstöðu Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins. Ég hvet hæstv. ráðherra til að gera það virkilega myndarlega svo það fái þá stöðu sem því ber og nauðsyn er.

Ég lærði það í hagfræðinni, herra forseti, að ef maður stofnar hlutafélag þá er það til að geta selt hlut í því. Það væri engin sérstök ástæða til þess að stofna hlutafélag ef ekki væri möguleikinn á að selja hlut eða koma á markað þannig að hægt væri að reikna arðsemi félagsins o.s.frv. Í mínum huga er Ríkisútvarpið ekki atvinnufyrirtæki í þeirri merkingu að það eigi fyrst og fremst að skaffa eigendum sínum arð. Því ber fremur að veita þjónustu. Sjáum t.d. Landssímann og Íslandspóst, þar er meiri áhersla lögð á arðsemina en þjónustustigið. Það vil ég ógjarnan þurfa að upplifa með okkar ágæta útvarp. Ég vil að umræðan gagnvart Ríkisútvarpinu hætti að vera á svona neikvæðum nótum. Fremur ætti að taka myndarlega á því að styðja stofnunina þannig að hún fái risið undir þeim væntingum og þeirri tiltrú sem við berum til hennar.

[20:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og ég hef vikið að í þessum ræðustól áður þá er ég þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið sé ein þeirra stofnana sem ber hvað mesta ábyrgð á menningu þjóðar vorrar ásamt stofnunum eins og Þjóðleikhúsi, Þjóðminjasafni, Þjóðarbókhlöðu og Sinfóníuhljómsveit svo eitthvað sé nefnt. Ég læt mér því afskaplega umhugað um málefni Ríkisútvarpsins og um að því sé gert kleift að rækja hið menningarlega hlutverk sitt.

Ég hef þennan inngang að máli mínu vegna þess að ég sé ástæðu til að gera athugasemd við málsmeðferðina hér, að við séum að ræða frv. til nýrra útvarpslaga sem að einhverju leyti tekur á málefnum Ríkisútvarpsins, og þó er alls ekki ljóst að hvaða leyti. Ákveðin ákvæði í þessu frv. eiga að gilda um Ríkisútvarpið en ég hefði að því skoðuðu talið að við þyrftum að líta á málið heildstætt og jafnframt með hliðsjón af nýju frv. til laga um Ríkisútvarp. Mér þykir erfitt að gera mér grein fyrir sambandi þessa lagabálks við væntanleg ný lög um Ríkisútvarp.

Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna verksvið útvarpsréttarnefndar. Mér finnst útvarpsréttarnefnd hafa talsverð völd samkvæmt þessu frv. en þó ekki nægilega vel skilgreind til að valdsvið nefndarinnar sé fyllilega ljóst. Hvaða völd fær útvarpsréttarnefnd t.d. yfir Ríkisútvarpinu? Þetta er ein af grundvallarspurningunum sem ég held að við verðum að svara í tengslum við þetta frv.

Sömuleiðis varðandi stafrænt útvarp: Hvernig tengjast ákvæðin um starfrænt útvarp í þessu frv. Ríkisútvarpinu? Nú er vitað að Ríkisútvarpið hefur lagt í talsverðan kostnað í gegnum tíðina sem hefur nýst einkastöðvunum jafnframt. Ég vil nefna sem dæmi að í þessum töluðu orðum stendur Ríkisútvarpið straum af kostnaði við að setja upp búnað í útvarpssenda á þjóðleiðinni til Akureyrar sem gerir mönnum kleift eða útvörpunum í bílunum okkar kleift að skipta á milli senditíðna án þess að hafa alltaf puttana á takkanum. Þetta er búnaður sem Ríkisútvarpið er að reisa en nýtist jafnframt einkastöðvunum. Þarna skarast verksvið. (**Menntmrh.:** Það er rangt.) Er það rangt? Þá eru mínar upplýsingar rangar og ég bið afsökunar.

Engu að síður held ég að það sé hollt að skoða þetta frv. í ljósi hlutverks Ríkisútvarpsins. Ég hef fulla þörf fyrir að ræða þetta hér saman. Mér finnst líka óljóst hvað tekur við í samskiptum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands ef Menningarsjóður útvarpsstöðva er lagður niður. Ég mæli ekki gegn því en mér finnst óljóst hvernig Sinfóníuhljómsveitin stendur þá að vígi varðandi fjármögnun.

Ég vil líka gera að umtalsefni ákveðna þætti í dagskrárstjórnun. Nú kemur fram í frv. að ákveðnar skyldur eru lagðar á herðar útvarps- og sjónvarpsstöðva samkvæmt þessu frv. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir gerði sérstaklega að umtalsefni hlut barna í ræðu sinni áðan. Ég vil taka undir orð hennar í því sambandi og hnykkja enn frekar á með því að segja að í gildandi lögum höfum við ákvæði um vernd barna, t.d. varðandi auglýsingar sem eiga að höfða til barna. Við höfum í reglum ákvæði um að ekki sé heimilt að setja slíkar auglýsingar ofan í barnaefni, en það er gert. Í sjónvarps- og útvarpsrekstri er afskaplega margt praktíserað sem stríðir gegn þeim reglum sem við búum við í samfélaginu. Ég vil nefna bann við auglýsingum á áfengi. Við búum við slíkt bann. Engu að síður eru auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi sem er afskaplega vafasamt að setja út á öldur ljósvakans vegna þess banns sem þó er ríkjandi.

Sömuleiðis ríkja í landinu reglur bann við auglýsingum í fréttum og fréttatengdu efni. Við búum við það að sjónvarpsstöðvar tvískipta fréttatímum sínum og sýna auglýsingar í miðjum fréttatíma. Ég hefði gaman af að heyra ráðherrann fjalla um það hvernig við eigum að framfylgja reglum af þessu tagi. Það er greinilegt, samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir, að það á að setja faglegar kröfur um að útvarpsstöðvar og sjónvarpsstöðvar fari eftir ákveðnum reglum. Í því sambandi vil ég nefna 7. gr. þar sem sagt er að útvarpsstöðvar skuli stuðla að almennri menningarþróun, efla íslenska tungu og leggja rækt við sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Mig langar að spyrja ráðherrann hvert mat hans er á þeim útvarpsstöðvum sem útvarpa í dag. Eru útvarpsstöðvar í dag að sinna þeim almennu skyldum sem hér er krafist af þeim?

Sömuleiðis varðandi sjónvarpsstöðvar. Í 7. gr. er rætt um að sjónvarpsstöðvar skuli kosta kapps um að meiri hluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Við höfum í dag aðgang að sjónvarpsstöðvum þar sem meiri hluti dagskrárinnar er ameríska afþreyingarefni. Ég hefði því talið hollt að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra um hvernig þessu verður best framfylgt. Mér finnst þetta frv. ekki kannski gefa okkur tilefni til að ætla að það verði svo einfalt mál.

Einnig langar mig að minnast á kostun. Við vitum að í gildandi reglum er ekki gert ráð fyrir að kosta megi fréttatengda þætti. Við vitum að það er brotið. Gerir hæstv. ráðherra sér vonir um að stöðvarnar standi almennt við 7. gr. í þessu frv.?

Mig langar til að nefna sérstaklega happdrættis- og skjáleiki í sjónvarpi. Mér sýnist þetta frv. ekki taka á slíku en ég er þeirrar skoðunar að þar séum við inni á afskaplega óheillavænlegri braut. Ég sé ekkert sem mælir með því að Ríkisútvarpið eða aðrar stöðvar geri sér leik að því að egna fyrir áhorfendur með gylliboðum og vinningum, að hvetja fólk til að hringja í símafyrirtæki sem selja mínútuna á 70

kr. — eða guð veit hve hátt verðið er. Mér finnst t.d. þetta vera þáttur sem frv. þyrfti að taka á af einhverri meðvitund.

Mig langar að koma örlítið inn á hið lýðræðislega hlutverk útvarpsstöðva. Samkvæmt þessu frv. á útvarpsréttarnefnd að geta haft áhrif á dagskrárinnihald ljósvakafjölmiðlanna. Í greinargerð með frv. er talað um að skyldur ríkisvaldsins í afskiptum af rekstri fjölmiðla séu til að treysta tjáningarfrelsi, fjölbreytni í upplýsingum og skoðunum og menningu samfélagsins. Samt segir í 9. gr., með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þeim ber að virða tjáningarfrelsi og stuðla að því að fram komi í dagskrá rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum. Þó skal útvarpsstöð, sem fengið hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað, vera óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar."

Ég þarf nánari útlistun frá hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, á þessari grein. Er hér átt við að t.d. stjórnmálaflokkur geti farið að útvarpa eða einhver samtök sem hafa fyrir einum málstað að berjast geti stofnað útvarpsstöð sem sé ekki gert að standa við þessa lýðræðislegu reglu að margar skoðanir eða allar skoðanir málsins fái að njóta sín? Mér sýnist 9. gr. opna fyrir ansi mikla einstefnu í þessum málum. Þannig er þessi lýðræðisregla sem mér sýnist vera í anda laganna líka gerð veikari að því mér sýnist í 9. gr. Mér finnst sjálfsagt að einkastöðvarnar eigi rétt á sér en ég held að mjög þýðingarmikið sé fyrir okkur að setja skýrar lýðræðisreglur um slíkar stöðvar og skerpa þær frekar en að afnema þær eða fela þessum einkastöðvum sjálfdæmi um það hvernig þær sinna lýðræðisskyldunni.

Ég tek undir orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur og hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem töluðu á undan mér um að finna þyrfti leiðir til að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins og efla það að því leyti að það geti staðið af myndugleik undir sínu menningarhlutverki. Nú er málefnum Ríkisútvarpsins svo komið, virðulegi forseti, að ansi mikið hefur dregið úr tekjum þess á síðustu árum. Ekki hafa fengist þær hækkanir á afnotagjöldum sem óskað hefur verið eftir. Reynt hefur verið að hagræða í rekstri er mér kunnugt um og mér sýnist það hafa gengið ágætlega eftir því sem ég þekki. En mér finnst komið núna að einhverjum mörkum í þeim efnum. Mér finnst orðið tímabært að Alþingi Íslendinga taki myndarlega á málefnum Ríkisútvarpsins og á málefnum fjölmiðlunar í landinu og tryggi það að þó svo að einkaleyfi sé viðhaft til sjónvarps- og útvarpsrekstrar sé þó ein stofnun sem ber ábyrgð og skyldur umfram aðrar, stofnun sem eðli málsins samkvæmt er gert að bera höfuð og herðar yfir aðrar stofnanir af sama tagi. Það þarf að standa af myndugleik við bakið á Ríkisútvarpinu til að tryggja að það geti áfram gegnt sínu menningarlega hlutverki, verið einn af máttarstólpum menningar íslensku þjóðarinnar.

[20:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka ágætar umræður um þetta mikilvæga málefni. Það hafa komið fram nokkrar spurningar til mín. Hv. síðasti ræðumaður var að vísu með mat á dagskrám einstakra stöðva og spurði mig um álit á þeim. Ég ætla ekki að fara út í slíkt hér. Ég tel að það sé að verulegu leyti smekkur fólks sem ræður því hvort þeim líkar þessi stöðin eða hin. Við erum heldur ekki að fjalla um frv. til laga sem á að vera eins konar ritstjórnarplagg fyrir útvarpsstöðvar. Settar eru fram meginreglur en ekki gerðar kröfur um hvernig dagskrá einstakra stöðva er háttað og menn geta, eins og ég segi, haft mjög mismunandi skoðanir á því. Hv. þm. taldi það t.d. mikinn vansa hér á dögunum að popppætti hefði verið frestað í dagskrá Rásar 2 o.s.frv. Menn geta haft sín áhugamál varðandi einstaka dagskrárþætti og lagt mismunandi mat á mikilvægi þeirra en ég ætla ekki að fara út í slíkar vangaveltur í ræðu minni.

Ég ætla að taka fram að leikreglurnar sem við erum að móta með þessu frv. eru almennar leikreglur fyrir allar útvarpsstöðvar, hvort sem þær eru í ríkiseign eða ekki. Þess vegna ná þær líka til Ríkisútvarpsins og það er í samræmi við þær leikreglur sem gilda almennt á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er ekkert hér sem vegur að Ríkisútvarpinu, hvorki í starfsháttum útvarpsréttarnefndar eða með öðru móti að ástæða sé til þess að hafa uppi andstöðu við frv. vegna þess að verið sé að þrengja að Ríkisútvarpinu, þvert á móti er verið að skapa því nýjar og almennar leikreglur með frv.

Ég mótmælti því áðan þegar því var haldið fram að Ríkisútvarpið væri að þjóna einkastöðvum með því að bæta dreifikerfi sitt. Það er ljóst að þessi þáttur í dreifikerfi Ríkisútvarpsins er kominn til framkvæmda. Víða um land geta menn ekið í bílum sínum ef þeir hafa slík móttökutæki og fylgst með því að þau fylgja sendistöðvum Ríkisútvarpsins sem þau gera ekki gagnvart sendistöðvum annarra stöðva. Ég hef a.m.k. ekki orðið var við að þessi þjónusta Ríkisútvarpsins væri þjónusta fyrir aðrar útvarpsstöðvar.

Hitt er annað mál og snertir ýmislegt af því sem hér hefur komið fram, m.a. það sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar um 6. gr., að þar er fyrst og fremst um það að ræða hvernig dreifikerfi stöðvarnar búa við. Í 22. gr. frv. er fjallað um það að óski útvarpsstöð eftir að fá aðgang að kapalkerfi eða öðru almennu fjarskiptaneti sem hagnýtt er til útvarpssendinga, þar á meðal breiðbandi, skuli fara með málið svo sem fyrir er mælt í fjarskiptalögum. Þar er spurningin um aðgang að þessum grunndreifikerfum sem stöðvar eiga að fá rétt til að nýta. Ef menn ætla að setja það í þessi lög að krefjast þess að allir þeir sem fá útvarpsleyfi hér á landi verði að ná til landsins alls þá verður væntanlega gerð krafa til þess að ríkið og Alþingi standi að uppbyggingu dreifikerfis sem geri mönnum kleift að ná til landsins alls sama hvaða stöð þeir reka. Hér er líka um það að ræða að menn eru að fá leyfi hjá útvarpsréttarnefnd til þess að starfrækja stöðvar í skólum, staðbundnar stöðvar á ýmsum stöðum. En ef gerð yrði sú krafa í þessu frv. að menn fái ekki leyfi nema þeir tryggi að ákveðinn hundraðshluti þjóðarinnar geti hlustað á þeirra stöðvar, væri þar með verið að útiloka menn frá því að nýta sér þennan rétt. Menn verða að líta á það að verið er að skapa rétt til útvarpsstarfsemi og sjónvarpsstarfsemi sem tekur mikið mið af þeim rétti sem menn hafa til að gefa út blöð.

Hv. þm. segir að óeðlilegt sé að hafa það ákvæði í 9. gr. frv. að útvarpsstöð sem hafi fengið útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað sé óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar. Það er ekki hægt að skylda blaðaútgefanda sem gefur út blað til að birta efni sem er alveg andstætt stefnu blaðsins, tökum blað eins og Veru eða eitthvað slíkt málgagn sem er gefið út til þess að þjóna ákveðnum málstað. Eða skylda stöð eins og Omega til að birta efni sem er algjörlega andstætt markmiðum stöðvarinnar, kristilegrar stöðvar, sem gengur í berhögg við hinn yfirlýsta tilgang stöðvarinnar. Þetta er það sem verið er að tala um í greininni, að menn hafi rétt til að

stofna útvarpsstöðvar í ákveðnum tilgangi, eins og að gefa út blöð í ákveðnum tilgangi. Og ætla að skylda það fólk eða þá aðila til að flytja efni sem gengur þvert á lífskoðun eða markmið þeirra í lífinu finnst mér fráleitt. Því að það er líka lýðræðislegt frelsi að fá að starfrækja eitthvað í friði og koma boðskap sínum á framfæri án þess að löggjafinn sé að skylda menn til að taka við einhverju efni sem gengur þvert á skoðanir þeirra. Ef við hefðum þetta varðandi blaðaútgáfu þá mætti segja að eðlilegt væri að hafa það líka varðandi útvarpsstarfsemi, en við höfum ritfrelsi sem byggist á því að menn geta gefið það út sem þeir vilja og eru ekki skyldaðir til að gefa neitt út sem nær til landsins alls. Ef menn gæfu út héraðsblöð og opinbert leyfi þyrfti til að gefa út héraðsblöð á þeirri forsendu að það yrði að ná til landsins alls þá sjá menn að við værum komin í óefni.

Menn verða aðeins að hugsa um að það er tæknilegur munur en ekki eðlismunur á því að fá tækifæri til að nýta sér ljósvakann eða dreifikerfi sem nú eru fyrir hendi til að koma skoðunum sínum á framfæri með þeim hætti. Það er verið að setja slíkar almennar leikreglur, en ekki verið að leggja stein í götu þeirra sem vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri, fyrir utan að allar slíkar hömlur eru næsta hlálegar þegar menn hugsa til internetsins og þeirra kosta sem við höfum til að koma skoðunum okkar á framfæri. Hér erum við ekki að fjalla um það heldur útvarpsstöðvar. Þetta vildi ég segja almennt um það þegar menn eru að finna að því að við höfum þetta frjálslegt og setjum ekki of miklar skyldur á þá sem leyfin fá. Það er verið að skapa sem flestum tækifæri til að nýta sér þessa tækni en ekki að leggja stein í götu manna.

Ef menn lesa umsögn um frv. frá fjmrn. þá sést að tekið er á fjárhagslegum tengslum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það er alls ekki verið að stofna fjárhag Sinfóníuhljómsveitarinnar í voða með þessu en hins vegar þarf að breyta samskiptum Ríkisútvarpsins og hljómsveitarinnar, ekki að láta peningana renna í gegnum Menningarsjóðinn heldur beint til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ég veit að Ríkisútvarpið og stjórnendur hljómsveitarinnar hafa rætt málið og ég óttast ekki að þessi breyting eigi eftir að veikja samband á milli þessara tveggja meginstoða í menningarlífi okkar.

Ég hef alla tíð verið á móti því að Menningarsjóður útvarpsstöðva starfaði. Ég hef hins vegar ekki verið tilbúinn til að leggja Menningarsjóðinn niður án þess að það væri gert í stærra samhengi og það er gert með þessu frv.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vék að b-lið 17. gr. Það er alveg rétt að nefndin fékk þetta álit frá lögfræðingum og Hörður Einarsson hæstaréttarlögmaður er aðalhöfundur þessa frv. Hann er því sá maður sem menn geta helst leitað til og veit hvaða reglur gilda um þetta. En þrátt fyrir þær reglur setjum við þessa tillögu fram í frv. Ef menn vilja nota sér undanþágur sem þeir telja að finna megi frá þessum reglum og hv. menntmn. vill ræða það og skoða, þá er það alveg eins á hennar valdi og mínu að taka afstöðu til þess og vega það og meta. Ég tel hins vegar með hliðsjón af því frelsi sem ég vil að ríki í þessu þá finnst mér að bannreglur sem koma í veg fyrir að sjónvarpsstöðvar geti nýtt sér þennan rétt eigi þar ekki heima. Mér finnst að það eigi að vera undir stöðvunum sjálfum komið. Ef þetta er svo óvinsælt hjá áhorfendum að það fæli þá frá að horfa á þær stöðvar, þá missir stöðin áhorfið á þeirri forsendu að hún hafi auglýsingar í kvikmyndum. Mér finnst það frekar undir stöðvunum komið að meta það heldur en okkur stjórnmálamönnunum að leggja slíkar reglur. Það er mitt almenna mat í þessu þegar um þetta er spurt. Þess vegna er ég ekki áhugamaður í sjálfu sér um að þessi regla sé afnumin eða menn hafi ekki þetta frelsi. Hins vegar verða menn sjálfir að ráða því hvernig þeir nýta það frelsi sem þeir fá.

Þetta eru þau aðalatriði sem fram komu varðandi frv. í þessum umræðum. Það er alveg nauðsynlegt fyrir hv. nefnd að ræða málið gaumgæfilega. Þetta er flókið mál og mörg atriði í frv. er nauðsynlegt að ræða til þess að skilja. Þarna er verið að taka á tæknilegum atriðum og sumar lagareglurnar eru tæknilega flóknar þegar þær eru lesnar en ég er viss um að hv. nefnd mun leita eftir umsögnum manna og kalla til sín sérfræðinga og ég efast ekki um að vilji er til þess í nefndinni að afgreiða frv. eins og raunar hefur komið fram. Ég tel brýnt að við gerum það vegna skyldna okkar sem aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Mér þóttu umræðurnar svolítið skondnar um að stjórnmálamenn séu óttaslegnir yfir því að einhver pólitísk áhrif séu í stofnunum. Ég hef oftar en einu sinni hvatt til þess að á þessum vettvangi geri menn sem minnst af því að telja að afskipti stjórnmálaflokka eða stjórnmálamanna séu af hinu illa. Við eigum auðvitað að geta haft afskipti af málum. Okkur er trúað fyrir ákveðnum hlutum og við eigum að geta beitt okkur og kosið fulltrúa til þess að koma fram fyrir okkar hönd í stjórnum eða nefndum eða hvaðeina sem við nefnum til að áhrif stjórnmálaflokka fái notið sín. Á Alþingi eiga menn ekki að óttast það að flokkspólitísk áhrif hafi eitthvað að segja eða komi til sögunnar. Ef við værum þannig að við vildum ekki hafa flokkspólitík neins staðar, þá ættum við ekki að vera hér í þessum sal, þá ættum við að vera einhvers staðar annars staðar því að við bjóðum okkur fram til þess að berjast fyrir ákveðnum pólitískum skoðunum. En að sjálfsögðu ber að fara með allt vald af þeirri hógværð og þeirri virðingu fyrir málefnum sem um er að ræða en það á ekki að útiloka stjórnmál, hvorki frá umræðum um útvarp né afskiptum af því í sjálfu sér. Enda er það ekki gert í þeim stöðvum sem menn eru að hæla eins og BBC.

Ég var einmitt fyrr í dag að lesa viðtal við formann stjórnar BBC sem er yfirlýstur stuðningsmaður Íhaldsflokksins og það er nýbúið að ráða þar forstjóra, mann sem er yfirlýstur stuðningsmaður Verkamannaflokksins. Þeir fara ekkert í grafgötur með sínar stjórnmálaskoðanir, þessir menn. Þeir eru ráðnir á ákveðnum forsendum. (Gripið fram í.) Formaður stjórnarinnar var ráðinn á sínum tíma af Íhaldsflokknum og nú hefur verið ráðinn forstjóri fyrir BBC sem er náinn vinur Blairs forsætisráðherra Breta og það fer enginn í launkofa með þetta og menn komast ekki hjá því að hafa sínar pólitísku skoðanir. Aðalatriðið ... (Gripið fram í.) Á milli þessara manna? Það er þitt mat. Þú horfir á þetta svo langt frá vinstri. Ég kemst ekki svo langt þannig að ég get ekki áttað mig á því. Þegar fjarlægðin er svona mikil þá verður kannski allt eins. En frá mínum bæjardyrum séð er það ekki eins og ágreiningur er á milli þessara manna um ýmis málefni þó að þeir séu sammála um margt.

Í þessu viðtali við stjórnarformann BBC spyr blaðamaðurinn einmitt: „Hvað haldið þér, herra formaður, að afnotagjöldin verði lengi við lýði í Bretlandi? Hvað haldið þér að fólk muni lengi sætta sig við það hér í Bretlandi að borga 101 pund til þess að fá að horfa á aðrar sjónvarpsstöðvar en BBC?“ Maðurinn bregst ekki vel við frekar en aðrir málsvarar þessa innheimtukerfis og segir: „Ég held a.m.k. í tíu ár, kannski 20 ár.“ En ef það er svo að stjórnendur

BBC eru farnir að tala um það að kannski endist afnotagjaldakerfið þar í tíu ár, í því ríki sem allir flokkar hafa þó staðið miklu meiri vörð um ríkisútvarp og ríkissjónvarp en nokkurs staðar annars staðar, þá sjá menn að málsvarar þessarar afnotagjaldastefnu hverfa smátt og smátt.

Ég vil líka vekja athygli á því að í landi eins og Noregi voru það vinstri menn og sósíalistar sem beittu sér fyrir því að ríkisútvarpinu var breytt í hlutafélag. Að halda því fram að það sé einhver stefna til þess að grafa undan eða eyðileggja þetta fyrirtæki, að breyta rekstrarformi þess á þennan veg stenst ekki að mínu mati enda hafa stjórnendur Ríkisútvarpsins lagt það til í bréfi við mig að útvarpinu verði breytt í hlutafélag. Það er sjálfstæð ákvörðun hvort það hlutafélag verður síðan selt eða fært til einhverra annarra. En menn geta ekki kallað það guðlast eða aðför að þessum stofnunum að tala um að breyta þeim í hlutafélög. Ef menn hafa aðrar skoðanir þá er ekki við því að búast að ég komi fram með skoðanir fyrir þá eða lausnir ef þeir vilja aðrar lausnir. Það hefur komið fram að menn telja að það þurfi að bregðast við og það þurfi að gera eitthvað en þeir geta ekki beðið mig um að koma fram með svörin við þeim spurningum sem þeir eiga að svara sjálfir og koma þá með tillögur. Ég er fús til að taka við öllum skynsamlegum tillögum um framtíð Ríkisútvarpsins því að eins og ég segi og endurtek aftur, ég hef þá skoðun að þeir sem vilja ekki breytingar á Ríkisútvarpinu og standa gegn þeim séu helstu málsvarar keppinautarins.

[20:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra um Sinfóníuhljómsveitina og tryggingu þess að þar verði vel *á málum haldið. En mig langar til að koma aðeins inn á* hið lýðræðislega hlutverk ríkisútvarps eða útvarps almennt og benda á að eðli útvarps er að sjálfsögðu annað en eðli prentmiðla. Mig langar í því sambandi að vitna til bandarísku útvarpslaganna en í þeim segir, með leyfi forseta — og það er land frelsisins sem hér talar — að frá því í upphafi hafi kröfur stjórnvalda til ljósvakamiðla miðast við það að varðveita grundvallarþarfir bandarískra stjórnmála og menningar umfram það sem hægt er að ætlast til af markaðnum. Stjórnvaldsreglur um ljósvakamiðla stefna að betur upplýstri þjóð, aukinni almennri umræðu, fjölbreyttri tjáningu, betur menntuðum landsmönnum, sterkara menningarlega fjölbreyttu samfélagi í hvívetna.

Skyldur af þessu tagi eru í nágrannalöndum okkar lagðar á herðar útvarpsstöðvunum og ákveðið apparat fylgist með því að slíkt sé gert. Það þarf líka hér.

[20:34]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála öllu því sem hv. þm. hafði úr bandarískum gögnum og að sjálfsögðu er það líka grunnregla í þessum lögum okkar að útvarpsstöðvar eiga að gæta þessara grunnréttinda. En ef menn stofna útvarpsstöð í þeim tilgangi að flytja íþróttafréttir, á þá að skylda þá með lögum til þess að gera eitthvað annað? Er hv. þm. að tala um það? Um það snýst þessi grein. Hún segir að ef menn stofna útvarpsstöð í ákveðnum tilgangi, þá sé ekki hægt að skylda þá til að taka inn í dagskrána annað efni þannig að þetta snýst um það. Það snýst ekkert um að vera andvígur lýðræði. Þetta er til að tryggja að þeir sem fá leyfi til að reka stöð undir ákveðnum formerkjum geti gert það þannig að enginn geti komið og sagt við þá: „Þið eigið að sýna eitthvert annað efni.“

[20:35]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega þörf fyrir okkur að skiptast á skoðunum um þetta. En ég vil meina að útvarp þurfi að vera í almannaþágu. Það er alveg sama hvers konar útvarpsstöð eða sjónvarpsstöð er rekin. Hún þarf að hafa skilgreint hlutverk að einhverju leyti sem varðar almannaþágu. Almenningur á þá kröfu á fjölmiðilinn að þar sé upplýst umræða í gangi. Ef t.d. mjög svo einstrengingslegum skoðunum er útvarpað um allt land af útvarpsstöð, þá finnst mér að við þurfum að sjá fyrir því í löggjöf að almenningur hafi þá möguleika á einhverju lýðræðislegu tæki sem segir við fjölmiðla að öfgafullar skoðanir, mögulega meiðandi eins og við þekkjum — það kemur fyrir í fjölmiðlum að haldið er fram meiðandi og einstrengingslegum skoðunum. Þá þarf löggjafinn að tryggja að slíkt sé ekki fullkomlega löglegt en siðlaust, eins og frægur maður sagði, heldur þarf löggjöfin að vera viðbúin því að hægt sé að tryggja lýðræðislega umfjöllun um það sem stöðvarnar senda frá sér.

[20:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákvæði um þetta er að finna í IX. kafla um ábyrgð á útvarpsefni. Þar eru gerðar kröfur til manna um ábyrgð á því efni sem þeir flytja.

Við höfum eitt dæmi núna þótt um Ríkisútvarpið sé. Þar telja menn að þeir fái ekki andmælarétt. Það hefur verið fluttur þáttur í útvarp og þeir sem telja sig eiga undir högg að sækja vegna þess útvarpsþáttar vilja fá jafnlangan tíma til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri þannig að það er alls ekki tryggt þó um ríkisútvarp sé að ræða að allir komist að með sín sjónarmið. Það verður fróðlegt að sjá hvernig útvarpsráð bregst við þeirri ósk að menn geti núna vegna tiltekins máls, sem uppi er í þjóðfélaginu, fengið að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, þ.e. hvort þeir fái jafnlangan tíma og sá sem þeir telja að hafi ráðist á sig.

[20:37]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi annaðhvort misskilið það sem ég sagði eða ekki alveg skilið það til fulls. Það sem ég lagði áherslu á var að þegar veitt er leyfi til útvarpsreksturs eða sjónvarpsreksturs, þá sé ljóst hvaða þjónustustig viðkomandi ætlar að veita og þá um leið ákvarðaður samkeppnisramminn. Það þýðir ekki að ekki megi vera útvarpsstöðvar takmarkaðar í skólum eða á Alþingi eða hvar sem er, heldur að ljóst sé hvar samkeppnisramminn er. Stöð sem sendir t.d. aðeins út á Reykjavíkursvæðinu getur ekki sagt að hún sé í samkeppni við Ríkisútvarpið og þess vegna beri henni þessi og þessi kjör og þessi skilyrði. Um það snýst málið, þ.e. að ljóst sé hver samkeppnisramminn er þegar starfsleyfið er veitt.

Hann vakti líka athygli á öðru. Hann vakti athygli á að þörf væri á að lesa þessi lög saman við ný lög um fjarskipti og ég bendi hæstv. menntmn. á að gera það.

[20:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það reyni á það fyrir Samkeppnisstofnun, kannski fyrr en síðar, að komist verði að niðurstöðu um hvernig samkeppni er háttað hér á landi á

milli útvarpsstöðva. Í 4. tölul. og síðan 5. tölul. þeirrar greinar sem hv. þm. vitnaði til er nánar útlistað hvaða skilyrði menn þurfi að uppfylla. En það er rétt hjá hv. þm. að ekki er gerð krafa um að þeir nái með sínum stöðvum til ákveðins fjölda manna í landinu. Sú krafa er ekki uppi í þessu frv.

[20:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ábending mín er sú að ljóst eigi að vera hvert þjónustustigið skuli vera sem ætlast er til, ekki hvort það nái til allra. Auðvitað viljum við helst að það mundi ná til sem flestra. En það á að vera alveg ljóst til hverra ætlunin sé að ná og það skilgreint því að um leið er þá ákvarðaður bæði starfs- og samkeppnisrammi. Samkeppnisstofnun getur ekki heldur farið að öðru en ákvæðum laga meðan þau eru gildandi. Á meðan þetta er ekki skýrt þá er ekki heldur skýrt hvernig samkeppni er háttað á milli slíkra stofnana þegar þjónustustigið er ekki ákveðið.

[20:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek þetta sem málsvörn fyrir Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) Ríkisútvarpið hefur algera sérstöðu í landinu. Það hefur verið byggt upp á löngu árabili og naut einokunar til ársins 1985 og hefur síðan notið algerrar sérstöðu við uppbyggingu á sínu dreifikerfi. Mér finnst alveg fráleitt að krefjast þess að einkaaðilar sem eru að hefja störf sýni fram á það í umsókn sinni hvernig þeir ætli keppa við Ríkisútvarpið. Mér finnst að ekki sé hægt að gera þá kröfu. Þeir eru að leggja af stað á allt öðrum forsendum en Ríkisútvarpið sem hefur starfað hér í nánast 70 ár, þ.e. eftir eitt ár, 69 ár á þessu ári, með þeirri sérstöðu sem Ríkisútvarpið hefur notið. Að ætla síðan að segja að menn geti ekki kvartað undan samkeppni við Ríkisútvarpið af því að þeir hafi ekki 60–70 ára reynslu á bak við sig og alla þá aðstöðu sem Ríkisútvarpið hefur getað aflað sér á þessu langa árabili finnst mér alveg fráleitt.

[20:41]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ber að skilja það svo að ákvæði sem eftir á að hyggja virðist hafa slysast fyrir misskilning inn í frv. sé nú orðið frelsið, að frelsið felist í því að mega skjóta auglýsingum á 45 mínútna fresti inn í kvikmyndir? Það mátti ráða af orðum hæstv. ráðherra áðan að þetta væri svo mikilvægt frelsisins vegna.

Ég vildi gjarnan fá frekari útskýringar á þessu vegna þess að mér fannst vera hægt að lesa það út úr bréfi Björns Friðfinnssonar og Harðar Einarssonar að ekki væri þörf á þessu ákvæði, að við þyrftum í rauninni ekki að vera með þetta ákvæði. Þess vegna vil ég fá skýrt svar við því. Er það virkilega svo að hæstv. ráðherra finnist að þetta ákvæði verði að vera af því að í því felist frelsið?

[20:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta ákvæði er hið almenna ákvæði sem gildir alls staðar í Evrópu. Það sem hv. þm. er að benda á er að þessir ágætu menn sem leitað var til hafa komist að þeirri niðurstöðu að hugsanlegt væri fyrir okkur Íslendinga að við þyrftum ekki að hafa þetta ákvæði í okkar lögum þótt það sé hið almenna ákvæði sem gildir á öllu svæðinu, þ.e. af því að við erum svo fjarlægir öðrum þjóðum, eins og ég skildi það, og höfum þá sérstöðu að búa í eylandi og erum ekki með stöðvar sem senda út til alls svæðisins. Þannig skil ég þetta.

Mér finnst hins vegar að það eigi ekki af þeim ástæðum að setja íslenskum stöðvum þessar skorður. En ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, þá er það ekki — mér finnst þetta ekkert höfuðatriði í frv. Þetta er ákveðin regla sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu sem ég tel að eigi að gilda hér fyrir þá sem reka hér útvarpsstöðvar eins og þar. En ef unnt er með einhverjum sérstökum skýringumn eins og fram hefur komið að undanskilja okkur þessari reglu, þá er það mál sem mér finnst nefndin þurfa að fjalla um.

[20:43]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessu svari hæstv. ráðherra, einkum því að ef nefndinni eða meiri hluta nefndarinnar sýnist að sérstaða Íslands sé slík að við eigum að notfæra okkur það að þetta er ekki ófrávíkjanlegt, þá geti það orðið niðurstaðan. Ég held nefnilega að það sé ekkert með þetta ákvæði að gera annað en að með þessu er verið að búa til ný viðmið og nýjan ramma. Auðvitað er það svo að löggjöfin gerir það en spurningin er hvort við viljum það ef við komumst hjá því. Viljum við leiða hér í lög að heimilt sé að rjúfa kvikmyndir á 45 mínútna fresti? Nei, ég held að við viljum það ekki. Ég held að flestir þingmenn vilji það ekki. Þar af leiðandi sýnist mér að við gætum jafnvel horft til þeirrar niðurstöðu að þetta ákvæði verði ekki inni í lögunum þegar þar að kemur.

[20:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er rétt mat að við viljum þetta ekki, þá er sama hvort það er í lögum eða ekki, því þá mun engin sjónvarpsstöð nýta sér þetta og þá mun enginn auglýsandi vilja auglýsa í þessum tíma því að enginn áhorfandi mundi líta á þær auglýsingar. Þess vegna tel ég að þá mundu þeir sem fengju þetta frelsi ekki nýta sér það af því að þeir vissu að það bryti í bága við vilja alls þorra áheyrenda sem þeir þurfa að höfða til. Þetta er nefnilega munurinn á stjórnlyndi og frelsi, þ.e. að vera með þá skoðun sem hv. þm. var með þar en hún telur að allir vilji þetta ekki, því eigum við að lögfesta það. Af hverju má ekki láta þeim það eftir sem reka stöðvarnar að ákveða þetta og meta það sjálfir og finna þá fyrir því ef enginn vill horfa á þetta?

[20:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engar nýjar fréttir fyrir Alþingi að hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason langi til að einkavæða Ríkisútvarpið og gera það að hlutafélagi. (**Menntmrh.:** Ég hef aldrei sagt að ég vildi einkavæða Ríkisútvarpið.) Hann vildi ekki einkavæða. Þá er nefnilega annað tveggja sem vakir fyrir hæstv. ráðherra með því að gera það að hlutafélagi. Það er að selja hlutina, hann segist ekki vilja gera það. Hinn kosturinn er þá fyrir hendi að hlutabréfið sé á hendi eins manns. Sá maður heitir Björn Bjarnason og er hæstv. menntmrh. Hvorugur kosturinn finnst mér góður og mér finnst þetta vera ólýðræðislegt. Þegar hæstv. ráðherra bendir á að forsvarsmenn Ríkisútvarpsins hafi óskað eftir því að Ríkisútvarpið verði gert að hlutafélagi vil ég víkka sjóndeildarhringinn ögn meira og horfa til starfsmanna þessarar stofnunar almennt. Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins hafa lagst mjög eindregið gegn þessari hugsun. Þegar menn eru að tala um fólk sem vilji ekki breytingar og er þá væntanlega verið að vísa til okkar, sem höfum uppi þann málflutning sem ég hef uppi, vil ég að það komi fram að ég er fylgjandi ýmsum breytingum á Ríkisútvarpinu. (Forseti hringir.)

Ég skal nefna þær ef ég fæ tækifæri til að koma aftur upp í andsvari.

[20:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða þróast lítið því að alltaf er verið að segja það sama. Það er alltaf verið að fullyrða að breyting á Ríkisútvarpinu í hlutafélag jafngildi því að það verði selt eða þá að gefa til kynna að ég sem menntmrh. muni misfara með hlutabréf ríkisins í félaginu.

Hvað sem því líður og hvað sem líður afstöðu formanns Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins liggur það fyrir að stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa sent mér bréf og mælst til þess að ég sem menntmrh. beitti mér fyrir því að Ríkisútvarpinu yrði breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Þessu verður ekki mótmælt og ef þeir eru að gera það til þess að ég fái þar aukin völd þá er vel. Þeir eru ekki að gera það til þess að Ríkisútvarpið verði selt enda hef ég ekki verið talsmaður þess að Ríkisútvarpið verði selt. Þeir eru að gera það til þess að styrkja stöðu fyrirtækisins í harðnandi samkeppni.

[20:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera því skóna að hæstv. menntmrh. misbeiti valdi sínu. En við tökum eftir því hverjir eru fulltrúar hæstv. ráðherra þegar hann hefur tækifæri til að skipa fulltrúa. Hann skipaði t.d. fulltrúa almennings, mannsins á götunni, í háskólaráð. Hver skyldi það hafa verið? Það er forstjóri Eimskipafélagsins. Að sjálfsögðu er það forstjóri Eimskipafélagsins. Þetta er fulltrúi mannsins á götunni sem hæstv. ráðherra skipar.

Við viljum mörg sjá þá breytingu á Ríkisútvarpinu að úthýsa þeirri markaðshyggju sem er farin að ráða þar lögum og lofum. Mér finnst það afskaplega hvimleitt, svo að ég taki dæmi, að hlusta á spjallþátt í sunnudagseftirmiðdögum í kaffitímanum í boði Kaffibrennslu Akureyrar. Nú er kominn nýr þáttur, ég held að hann heiti Sunnudagslærið. Hver skyldi kosta það? Goði. Þetta er Ríkisútvarpið og ég hefði áhuga á að heyra álit hæstv. menntmrh. íslenska lýðveldisins á þessari þróun.

[20:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði frekar áhuga á að heyra hvers lags stofnun þessir ágætu menn vildu að Ríkisútvarpið væri og hvar ætti að setja mörkin við þróun þess, hvenær hefði átt að stöðva klukkuna og hvenær hefði átt að fara að snúa henni til baka.

Svo er hitt líka. Það er náttúrlega mikið álitamál þegar þessir hv. þm. eru að tala. Hvers vegna gerast þeir ekki málsvarar þess að Ríkisútvarpið selji t.d. Rás 2? Þetta er Rás 2 sem fer svo mikið í taugarnar á þeim og það sem er að gerast á Rás 2. Ég held að þessir hv. þm. hljóti að fara að tala um það í hv. þingsalnum að ... (**ÖJ:** Er það markmiðið?) Mér heyrðist það á hv. þm. Þeir finni svo mikið að dagskrá Rásar 2 og telja það óvirðingu við hlustendur Ríkisútvarpsins hvernig hún stendur að málum að þeir hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að hún eigi að einkavæðast.

Hins vegar er ég með úrklippu úr norsku blaði, Aftenposten, þar sem norska Stórþingið er að samþykkja núna að rýmka heimildir norska ríkisútvarpsins til kostunar, gefa norska ríkisútvarpinu aukið frelsi til kostunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 185. mál. — Þskj. 215.

[20:51]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Flutningsmenn ásamt mér eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, Gunnar Ólafsson, sem sat á Alþingi í fjarveru hv. þm. Þuríðar Backman þegar frv. var lagt fram, hv. þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Frv. er svohljóðandi:

„Við 6. mgr. 59. gr. laganna [sem vísað var til] bætist nýr málsliður er orðast svo: Þessi ákvörðun dómara skal ekki hafa áhrif á mat á sannleiksgildi skýrslu vitnis."

Nú ætla ég að sýna hvert samhengi hlutanna er. Staðreyndin er sú að samkvæmt meginreglu er sá háttur hafður á við réttarhöld að sá sem ákærður er er viðstaddur skýrslutöku dómara af vitnum í opinberum málum sem höfðuð eru gegn honum. Þetta er almenna reglan. En samkvæmt þeirri lagagrein sem við erum að gera tillögu um að verði breytt getur dómari „ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin, ef þess er krafist, og dómari telur að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess."

Hér vitnaði ég beint til lagagreinarinnar og við erum að gera tillögu um það að á eftir þessari setningu komi fyrrgreind lagabreyting: „Þessi ákvörðun dómara skal ekki hafa áhrif á mat á sannleiksgildi skýrslu vitnis."

Nokkur orð um málsatvik eða ástæður þess að við leggjum til þessa lagabreytingu. Nýlega féll í Hæstarétti dómur nr. 286/1999 í kynferðisbrotamáli þar sem ákærði var sýknaður af kæru um kynferðisbrot gegn dóttur sinni. Málið hafði í tvígang verið til meðferðar í héraðsdómi en eftir fyrri meðferð þess þar þótti Hæstarétti að fleiri gögn skorti í málið og ómerkti því dóm héraðsdóms. Í báðum tilvikum þegar héraðsdómur fjallaði um málið var ákærði látinn víkja úr þinghöldum meðan kærandi gaf skýrslur sínar fyrir dóminum og var sú ákvörðun byggð á fyrrgreindri 6. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Fyrri ákvörðun héraðsdóms um að ákærði viki úr dómnum meðan kærandi gæfi skýrslu kærði verjandi ákærða til Hæstaréttar. Hann krafðist þess að þessi ákvörðun héraðsdóms yrði felld úr gildi. Hæstiréttur staðfesti ákvörðun dómara í dómi sínum 12. nóvember 1997 og í þessum dómi Hæstaréttar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Af hálfu ákæruvaldsins hefur fyrir Hæstarétti verið tekið undir ósk vitnisins um að varnaraðili verði látinn víkja af dómþingi á meðan það gefur skýrslu. Með því er látið í ljós, að ákæruvaldið sé reiðubúið að axla byrðina af því að sönnunargildi skýrslunnar kunni ekki að verða hið sama og ef hún væri gefin að varnaraðila viðstöddum."

Þetta er að finna á bls. 3234 í hæstaréttardómi nr. 449/1997. Með öðrum orðum er viðkomandi látinn víkja en þar með dregur úr vægi vitnisburðar brotaþolans. Sú túlkun á lagaákvæðinu sem hér um ræðir er endurtekinn í dómi Hæstaréttar nr. 286/1999 í sama máli. Það er þessi skilningur Hæstaréttar, þ.e. að notkun framangreinds heimilarákvæðis kunni að rýra sönnunargildi skýrslu vitnis sem er tilefni þess að frv. til laga um breytingu á lögunum um meðferð opinberra mála er flutt.

Ætla verður að löggjafarvaldið hafi við setningu þessa heimildarákvæðis viljað tryggja að nærvera sakbornings hefði hvorki áhrif á framburð vitnis né íþyngdi því svo að það gæti ekki sagt satt og rétt frá málavöxtum. Sömuleiðis verður að ætla að vilji löggjafans hafi verið sá að þessi háttur á meðferð máls yrði ekki til að rýra sannleiksgildi framburðar vitnis við mat á sönnunarfærslu í málinu.

En síðan kemur á daginn samkvæmt tilvitnuðum hæstaréttardómi að dómurinn leggur annan skilning í þetta og lítur svo á að viðkomandi hafi þar með axlað þá ábyrgð eða verði að sætta sig við það að vitnsburðurinn vegi ekki eins þungt og ella hefði verið.

Umrætt heimildarákvæði hefur einkum verið notað í kynferðisbrotamálum. Eðli þeirra er að þolendur þeirra hafa mátt sæta mikilli valdníðslu og andlegu og stundum líkamlegu ofbeldi af hendi ákærða. Umrætt heimildarákvæði skiptir því sérstaklega miklu máli fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Sá skilningur Hæstaréttar að fjarvera hins ákærða þegar vitnið sem jafnframt þolandi meints ofbeldis gefur skýrslu sína í dómssal kunni að rýra sannleiksgildi framburðar þess getur jafnvel leitt til þess að þolendur treysti sér enn síður að kæra kynferðisbrotamál en nú er.

Frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála sem hér er lagt fram er ætlað að tryggja að þegar 6. mgr. 59. gr. laganna er breytt rýri það á engan hátt sönnunargildi framburðar vitnis þó skýrsla þess sé gefin að ákæranda fjarverandi.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umræðu vísað til umfjöllunar í allshn. Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 11. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 20:58.

---

31. FUNDUR

þriðjudaginn 23. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), stjtill., 195. mál, þskj. 227. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 173. mál, þskj. 200. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 176. mál, þskj. 203. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð opinberra mála, frv., 185. mál, þskj. 215. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Framleiðsluráð landbúnaðarins, stjfrv., 205. mál, þskj. 239. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Útvarpslög, stjfrv., 207. mál, þskj. 241. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Öryggi greiðslufyrirmæla, stjfrv., 23. mál, þskj. 224, brtt. 249. — 3. umr.
8. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 219. — 1. umr.
9. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231. — 1. umr.
10. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243. — 1. umr.
11. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 120. mál, þskj. 133. — Fyrri umr.
12. Stjórn fiskveiða, frv., 144. mál, þskj. 165. — 1. umr.
13. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.
14. Afnotaréttur nytjastofna á Íslandsmiðum, þáltill., 172. mál, þskj. 198. — Fyrri umr.
15. Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, þáltill., 174. mál, þskj. 201. — Fyrri umr.
16. Svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins, þáltill., 183. mál, þskj. 213. — Fyrri umr.
17. Málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála, þáltill., 184. mál, þskj. 214. — Fyrri umr.
18. Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, þáltill., 187. mál, þskj. 217. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Helga Guðrún Jónasdóttir, 5. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sturla D. Þorsteinsson, 11. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:30]

Útbýting þingskjals:
Seðlabanki Íslands, 214. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 253.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), frh. fyrri umr.

Stjtill., 195. mál. — Þskj. 227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 176. mál (umsýsluþóknun). — Þskj. 203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 185. mál. — Þskj. 215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 205. mál. — Þskj. 239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 207. mál. — Þskj. 241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Öryggi greiðslufyrirmæla, 3. umr.

Stjfrv., 23. mál (EES-reglur). — Þskj. 224, brtt. 249.

[13:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum frá efh.- og viðskn. Málið hafði komið til umfjöllunar í nefndinni milli 1. og 2. umr. Á því hafa verið gerðar breytingar í 2. umr. en við yfirlestur á nefndasviði Alþingis komu í ljós smágallar á frv. tæknilegs eðlis og eru brtt. fluttar til þess að bæta úr því.

Þessar brtt. eru í fjórum liðum:

Við 2. gr. Orðin „og framkvæmdastjórnar EB" í 1. tölul. falli brott. Ástæðan er sú að eingöngu þarf að tilkynna til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Við 7. gr. Í stað orðanna „þess ríkis sem gildir" komi: sem gilda.

9. gr. er endurorðuð ... (**GÁS:** Vill þingmaðurinn tala hærra og skýrar?) 9. gr. er endurorðuð til þess að efni hennar sé skýrara en kemur fram í greininni eins og hún stendur.

Þá vil ég sérstaklega vekja athygli hv. þm. sem óskaði eftir að hærra væri talað að gert er ráð fyrir að 14. gr., sem kveður á um að lög þessi öðlist þegar gildi, verði 1. mgr. 13. gr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Brtt. 249,1–4 samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BergH, BBj, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KHG, KPál, MF, ÓI, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
24 þm. (ÁMM, BH, DO, DrH, EOK, FI, GHH, HGJ, IP, JHall, KF, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PP, RG, SighB, SJóh, SP, SÞ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 266).

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, 1. umr.

Stjfrv., 189. mál (heildarlög). — Þskj. 219.

[13:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta. Frv. er samið af sérstökum starfshópi með fulltrúum frá samgrn., menntmrn., Siglingastofnun Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Vélskóla Íslands og Slysavarnaskóla sjómanna. Starfshópurinn átti mjög nána samvinnu við hagsmunaðila sem að málinu koma, en það er einkum Samband ísl. kaupskipaútgerða, Samtök atvinnulífsins, Vélstjórafélag Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands. Fullyrða má að sátt ríki um efni þessa frv. meðal hagsmunaaðila.

Starfshópurinn sem samdi frv. var skipaður af samgrh. 8. maí 1998 en hópnum var falið að undirbúa framkvæmd og gera tillögur um nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar vegna fullgildingar Íslands á alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, svokölluð STCW-samþykkt sem er að stofni til frá 1978 en var breytt í verulegum atriðum árið 1995.

Starfshópnum var jafnframt ætlað að gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tilskipunar frá Evrópusambandinu um lágmarksþjálfun sjómanna frá 1974. Sú tilskipun er hluti þeirra gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins.

Megintilgangur frv. er því að tryggja að íslenskir sjómannaskólar og menntun íslenskra sjómanna uppfylli alþjóðlegar kröfur með því að aðlaga íslenska löggjöf að fyrrnefndri alþjóðasamþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna og að tilskipun Evrópusambandsins um lágmarksþjálfun sjómanna. Með því á að tryggja

að menntun og atvinnuskírteini íslenskra sjómanna verði viðurkennd annars staðar en hér á landi.

Alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna var samþykkt á allsherjarþingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sumarið 1978. Hún öðlaðist gildi 28. apríl 1984 þegar hún hafði verið fullgilt af 25 ríkjum sem áttu meira en helming af samanlögðum kaupskipaflota heimsins. Samþykktin var fyrsta tilraun þjóða heims til að setja alþjóðlegar lágmarkskröfur um þjálfun og menntun áhafna kaupskipa. Hún er talin ein mikilvægasta alþjóðasamþykkt sem gerð hefur verið til að auka öryggi sjómanna.

Tilefni samþykktarinnar var í upphafi ekki síst að mikils misræmis hafði gætt um menntunar- og þjálfunarkröfur sjómanna á flutninga- og farþegaskipum í einstökum aðildarríkjum IMO. Áður hafði hvert ríki sett eigin kröfur í þessum efnum og engir alþjóðastaðlar voru til um útgáfu atvinnuskírteina til handa skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum á flutninga- og farþegaskipum. Brýnt var því að samræma þessar kröfur til að auka öryggi skipa og áhafna.

Í samþykktinni er kveðið á um lágmarksstaðla sem samningsaðilum er skylt að uppfylla en þeir mega þó setja strangari kröfur og ganga sum ríki lengra í námskröfum sínum til atvinnuréttinda. Með gildistöku samþykktarinnar átti hún því að hafa þau heildaráhrif að auka hæfniskröfur til sjómanna um heim allan.

Ísland varð fullgildur aðili að samþykktinni 21. júní 1995 og voru þá sett lög um áhafnir íslenskra kaupskipa og lögum um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna breytt til samræmis við kröfur samþykktarinnar.

Seint á níunda áratugnum kom í ljós að samþykktin náði ekki í öllum tilvikum tilgangi sínum þótt stuðningur við hana væri orðinn mjög víðtækur, en hinn 1. júlí 1995 höfðu 113 ríki sem áttu 94,6% af skipastóli heims fullgilt hana. Meginorsök þessa virtist vera að aðilar samþykktarinnar höfðu ekki samræmda túlkun á framkvæmd hennar. Mörg ríki vanræktu að tryggja að farið væri með fullnægjandi hætti að kröfum hennar. Af þeim sökum var ekki lengur hægt að treysta á STCW-skírteini til sönnunar á hæfni. Með því að dró úr trúverðugleika samþykktarinnar og stjórnmálamenn og almenningur höfðu af því áhyggjur að sjóslys voru í auknum mæli rakin til mistaka jókst gagnrýni á samþykktina og IMO.

Af fyrrgreindum ástæðum var ákveðið að gera grundvallarbreytingar á samþykktinni. Meginmál hennar var óbreytt en nýr viðauki var tekinn inn í stað þess gamla auk þess sem svokallaður STCW-bálkur, kóði, var tekinn inn í hana. Í meginmáli og viðauka eru lagalegar kröfur en þær eru nánar útlistaðar í bálknum. Hin endurskoðaða alþjóðasamþykkt var undirrituð 7. júlí 1995 af 71 aðildarríki, þar á meðal Íslandi, og tók gildi 1. febrúar 1997. Fram til 1. febrúar 2002 mega samningsaðilar þó gefa út og viðurkenna skírteini sem giltu fyrir þann dag og varða sjómenn sem hófu nám eða byrjuðu að safna siglingatíma fyrir 1. ágúst 1998. Í ársbyrjun 2002 eiga allir skipstjórnar- og vélstjórnarmenn á flutningaskipum og farþegaskipum að hafa fengið í hendur skírteini gefin út samkvæmt samþykktinni. Nýju skírteinin eiga að tryggja að lögmætir handhafar þeirra hafi þá þekkingu og hæfni sem kveðið er á um í samþykktinni. Önnur skírteini verða ekki viðurkennd og þar með er komið í veg fyrir að skipstjórnar- og vélstjórnarmenn gegni ábyrgðarstöðum um borð í flutninga- og farþegaskipum án löglegra skírteina.

Almennt hefur verið talið að menntun íslenskra sjómanna sé í samræmi við þær lágmarkskröfur sem samþykktin kveður á um enda hafa íslenskir stýrimenn og vélstjórar vandkvæðalaust fengið atvinnuskírteini sín viðurkennd í öðrum löndum. Íslensku sjómannaskólarnir hafa lagað nám og námskrár sínar að samþykktinni. Með frv. þessu eru gerðar nauðsynlegar breytingar til samræmis við endurskoðuðu samþykktina. Engin bein úttekt hefur verið gerð af hálfu IMO á menntun sjómanna á Íslandi en í endurskoðuðu samþykktinni er kveðið á um að samningsaðilar skuli senda IMO gögn um framkvæmd hennar innan lands og hvernig menntun og þjálfun sé háttað. Starfshópur sá sem fyrr er nefndur vann og tók saman ítarleg gögn á ensku um framkvæmd menntunar og þjálfunar sjómanna á Íslandi, sem höfðu m.a. að geyma námskrár Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands, gildandi atvinnuréttindalög og ýmsar reglugerðir því tengdar og voru þau gögn send til IMO í lok júlí 1998. Þessi gögn er nú verið að meta innan IMO af þar til kvöddum sérfræðingum. Í framhaldi af því verður gefinn út svokallaður hvítlisti sem er skrá yfir þau ríki sem að mati IMO uppfylla ákvæði samþykktarinnar. Mjög mikilvægt er að Ísland komist á þennan hvítlista til þess að menntun og skírteini íslenskra sjómanna verði viðurkennd á alþjóðavettvangi.

Ef Ísland kæmist ekki á listann yrðu afleiðingarnar m.a. þær að skírteini okkar manna yrðu litin hornauga og íslensk skip jafnvel stöðvuð í erlendum höfnum. Þannig kynnum við að verða settir í hóp með vanþróuðum þjóðum á sviði siglinga. Stýrimenn og vélstjórar með íslensk skírteini kynnu að eiga erfitt með að fá störf um borð í erlendum skipum en þeir íslensku skipstjórnar- og vélstjórnarmenn sem eru við störf erlendis núna ættu á hættu að missa störf sín.

Afhending ofannefndra gagna er nauðsynlegt aðhald fyrir samningsaðila til að tryggja að þeir hrindi ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd. Eftir 1. ágúst 1998 var þess krafist að kennsla í öllum viðurkenndum sjómannaskólum yrði í samræmi við endurskoðuðu samþykktina. Sjómenn sem hófu nám í viðurkenndum sjómannaskólum eftir áðurnefndan dag og standast próf verða þar af leiðandi að uppfylla kröfur um fræðilegt nám. Auk þess er krafist tiltekins siglingatíma.

Í 1. gr. frv. er fjallað um gildissvið laganna. Lögunum er ætlað að taka til allra þeirra sem starfa um borð í íslenskum flutninga- og farþegaskipum og eru skráð samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.

Jafnframt er miðað við að frv., verði það að lögum, gildi um farþegabáta og skemmtibáta eftir því sem við á og nánar er tilgreint. Um farþegabáta er fjallað í 6. gr. frv., þ.e. um skírteini sem krafist er til að starfa um borð í farþegabátum og um mönnun farþegabáta. Um skemmtibáta er fjallað í 7. gr. frv.

Gildissviðið er heldur rýmra en alþjóðasamþykktin en hún miðast við að einstök ríki geti sett reglur sem gilda aðeins á skýldum hafsvæðum og strandsiglingum. Alþjóðasamþykktin tekur aðeins til skipa sem sigla á opnu hafi og undir hana falla ekki herskip, fiskiskip, skemmtibátar eða tréskip af frumstæðri gerð.

Í 2. gr. frv. fjallað um orðskýringar. Hér eru einstök orð sem notuð eru í frv. skilgreind. Byggt er á sömu skilgreiningum og notaðar eru í alþjóðasamþykktinni og þeim skilgreiningum sem koma fram í gildandi atvinnuréttindalögum, sbr. 2. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, nr. 112/1984, og 1. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984.

Nokkur ný hugtök eru skilgreind sem ekki hafa verið skilgreind eða notuð í íslenskri löggjöf áður, t.d. farþegabátur,

námsstig, fjarskiptamaður, skýld hafsvæði, öryggismönnun, sjómannaskóli, ábyrgðarsvið, stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið.

Hugtakið skírteini er skilgreint sem viðeigandi staðfesting er nær bæði til skírteina sem eru útgefin af viðkomandi yfirvaldi og áritana í samræmi við ákvæði laganna og alþjóðasamþykktarinnar. Tekið er fram að skírteini eða áritun á skírteini nái til ábyrgðarsviðs sem tilgreint er, til ákveðinnar tegundar skipa, t.d. olíu- og efnaflutningaskipa, eða ákveðinna vélagerða, t.d. eimvéla eða gastúrbínuvéla og svo dísilvéla.

Hugtakið sjómannaskóli er skilgreint sem menntastofnun sem viðurkennd er af menntamálaráðherra eða samgönguráðherra, en það er með tilliti til þess að Slysavarnaskóli sjómanna heyrir undir samgönguráðuneytið samkvæmt lögum nr. 33/1991.

Í 3. gr. er gerð krafa um að allir skólar sem annast menntun og þjálfun áhafna skipa sem frv. tekur til skuli uppfylla kröfur laganna, alþjóðasamþykktarinnar og skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er miðað við að Starfsgreinaráð sjávarútvegs og siglinga geri tillögur til menntamálaráðherra um námskrár framhaldsskóla, þ.e. sjómannaskóla, þar með talið menntun og þjálfun áhafna flutninga- og farþegaskipa. Miðað er við að Starfsgreinaráð leiti umsagnar Siglingastofnunar Íslands um efni slíkra námskráa enda ber Siglingastofnun Íslands ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktarinnar gagnvart IMO sem setur reglur um menntun og þjálfun áhafna skipa á alþjóðavettvangi.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991. Skólinn fellur undir samgönguráðuneytið og er því miðað við að samgönguráðherra staðfesti námskrá skólans hvað varðar menntun og þjálfun sjómanna.

Miðað er við að menntamálaráðuneytið og Siglingastofnun Íslands hafi eftirlit með því að kröfum skv. 1 mgr. sé fullnægt.

Í 4. gr. er fjallað um útgáfu og skilyrði fyrir skírteinum. Samkvæmt gildandi lögum eru skírteini til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna gefin út af sýslumönnum úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík, sbr. 13. gr. laga nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, og 9. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Í 1. mgr. er miðað við óbreytt fyrirkomulag í þeim efnum. Hins vegar er lagt til að sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík hafi samráð við Siglingastofnun Íslands við útgáfu þeirra til að tryggja að samræmi verði í útgáfu skírteinanna hjá öllum embættum sem hafa slíka útgáfu með höndum.

Í 2. mgr. er lagt til að Siglingastofnun Íslands gefi út alþjóðleg skírteini samkvæmt lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og er það ekki breyting frá því sem ákveðið var árið 1995, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum og 5. mgr. 9. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum. Þykir sú skipan nauðsynleg til að tryggja samræmda útgáfu skírteinanna þar sem um verður að ræða alþjóðleg skírteini sem geta veitt réttindi til starfa á öllum flutninga- og farþegaskipum sem skráð eru í ríkjum sem aðilar eru að alþjóðasamþykktinni en þau eru núna um 130 talsins.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hver sem fær útgefið skírteini verði að uppfylla kröfur um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun og þjálfun, hæfni og próf. Um þessi skilyrði á að fjalla nánar í reglugerð, sbr. 17. gr. frv. Ákvæði þetta er í samræmi við gildandi atvinnuréttindalög.

Í 4. mgr. er kveðið á um að skipstjóri á íslensku skipi skuli ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Hins vegar er gert ráð fyrir því að ríkisborgarar á EES-svæðinu geti starfað sem skipstjórar á íslenskum flutninga- og farþegaskipum hafi þeir nauðsynlega þekkingu í íslensku tal- og ritmáli. Þessi regla er í samræmi við reglur annarra ríkja á EES-svæðinu þar sem einstök lönd gera kröfu um að skipstjóri á skipum þess séu innlendir.

Í 5. mgr. er kveðið á um að yfirmenn á stjórnunarsviði sem þar eru taldir upp skuli hafa þekkingu á íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og að þeir geti tjáð sig innbyrðis á sama tungumáli um starfssvið sitt.

Í 6. mgr. er gerð krafa um að frumrit skírteinis skuli vera um borð í skipinu sem skírteinishafi starfar á. Þetta ákvæði er í samræmi við alþjóðasamþykktina og gildandi atvinnuréttindalög, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 113/1984, með síðari breytingum. Þessi krafa er nauðsynleg vegna alþjóðlegs hafnarríkiseftirlits.

Í 7. mgr. er miðað við að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir öll útgefin skírteini.

Í 5. gr. eru talin upp þau skírteini sem krafist er til starfa um borð í flutningaskipum og farþegaskipum og eru þau flokkuð eftir því hvaða ábyrgðarsviði starfið tilheyrir, þ.e. stjórnunarsvið, rekstrarsvið og stoðsvið. Þessi flokkun og heiti skírteina byggist alfarið á alþjóðasamþykktinni. Jafnframt er miðað við það að í reglugerð verði kveðið á um önnur skírteini, t.d. skírteini sem taka sérstaklega til ekjufarþegaskipa og efnaflutningaskipa.

6. gr. fjallar um farþegabáta en skv. 2. gr. frv. er farþegabátur hvert það skip minna en 500 brúttótonn í strandsiglingum eða í siglingum innan skýldra hafsvæða og á stöðuvötnum sem siglir með farþega í atvinnuskyni, t.d. í stuttar skoðunar- eða veiðiferðir, og samþykkt er sem slíkt af Siglingastofnun Íslands.

Í 7. gr. er hins vegar fjallað um skemmtibáta, en skv. 2. gr. frv. er skemmtibátur hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga óháð þeirri orku sem knýr skipið. Skv. 1. gr. frv. tekur það aðeins til skemmtibáta sem skráðir eru á skipaskrá. Samkvæmt lögum um skráningu skipa á að skrá skip á skipaskrá sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna. Núna eru á íslenskri skipaskrá um 230 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn. Þetta er í fyrsta sinn sem fjallað er sérstaklega um skemmtibáta í lögum og krafist skírteinis til að stjórna slíkum skipum. Erlendis hafa í mörg ár gilt ítarleg ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibát hafa hins vegar aflað sér menntunar á þessu sviði.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibáti eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem um svæðið sigla og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Þeir þurfa að geta sannað þekkingu sína með einhverjum hætti. Stjórnendur skemmtibáta verða að kunna að haga sér í samræmi við siglingareglurnar á umferðarleiðum til að tryggja öryggi bátsins og manna um borð og annarra sem á sjó sigla. Þeir þurfa einnig að geta

staðsett bátinn og komist aftur til lands þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig verða þeir að geta brugðist rétt við hættum á neyðarstundu. Aukin hætta er á mistökum ef kunnáttan er lítil. Mistök og vanþekking getur valdið tjóni, jafnt á skemmtibátnum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki. Það tjón sem hlýst af mistökum eða vanþekkingu ber síðan tryggingafélag bátsins.

Með hliðsjón af þessu er eðlilegt að gerðar séu kröfur til að mega stjórna skemmtibátum á sama hátt og gert er um önnur farartæki. Í reglugerð verður nánar kveðið á um þær námskröfur sem gerðar eru til þeirra sem óska eftir að fá skírteini til að stjórna skemmtibát og miðar frv. við að svokallað 30 brúttórúmlesta námskeið sé fullnægjandi, en tekið verður upp heitið 50 brúttótonna námskeið eftir gildistöku þessa frv., verði það að lögum.

Í 18. gr. frv. er lagt til að ákvæði 7. gr. taki gildi 1. janúar 2002, þ.e. ákvæðið sem snýr að skemmtibátunum þannig að enn er nokkur umþóttunartími. Eftir þann tíma verða allir sem sigla skemmtibátum að hafa aflað sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar og hafa fengið útgefið skírteini sem 7. gr. gerir kröfu um.

Í 8. gr. er fjallað um viðurkenningu erlendra skírteina. Megintilgangur með alþjóðasamþykktinni er eins og fyrr hefur komið fram að gera samræmdar kröfur um menntun og þjálfun sjómanna á flutninga- og farþegaskipum. Í þeim tilgangi gátu aðildarríki samþykktarinnar fyrir 1. ágúst 1998 sent IMO gögn um menntun og þjálfun sjómanna í sínu heimalandi. Um 90 ríki sendu slík gögn og á undanförnum mánuðum hafa fulltrúar á vegum IMO farið yfir þau gögn og metið hvort ríkin uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar. Í maí næstkomandi stefnir IMO að því að gefa út svokallaðan hvítlista, sem er listi yfir þau ríki sem hafa uppfyllt ákvæði samþykktarinnar að mati IMO.

Meginreglan er sú að ekki er heimilt að viðurkenna skírteini sem gefin eru út af ríki sem ekki er aðili að samþykktinni eða af ríkjum sem eru aðilar að samþykktinni en hafa ekki uppfyllt ákvæði hennar. Á grundvelli alþjóðasamþykktarinnar er Siglingastofnun heimilt að viðurkenna skírteini frá ríkjum sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni og er lagt til að gerðar verði sömu menntunarkröfur til erlendra ríkisborgara og innlendra.

Tilskipun ráðsins 89/48/EBE fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár. Tilskipun ráðsins 92/51/EBE, sem vísað er til í lagagreininni, fjallar hins vegar um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun sem fyrrnefnda tilskipunin tekur ekki til og ekki er fjallað um í sérstökum tilskipunum. Í tilskipuninni er gerð grein fyrir hvernig farið skuli með umsóknir um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun. Almennt er miðað við að hafi umsækjandi fengið útgefið prófskírteini í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki unnt að synja honum um heimild til að starfa í viðkomandi starfsgrein með sömu skilyrðum og ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Þrátt fyrir þetta getur gistiríkið gert vissar ráðstafanir, ef verulegur munur er á menntun umsækjanda og þeirri menntun sem gerð er krafa um í gistiríkinu. Hér má nefna að í slíkum tilvikum getur gistiríkið gert kröfu um að umsækjandinn ljúki tilteknum aðlögunartíma eða taki hæfnispróf.

Í tilskipun Evrópusambandsins, sem jafnframt gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, um lágmarksþjálfun sjómanna 94/58/EB, sbr. breytingu 98/35/EB, er fjallað um hvernig standa eigi að viðurkenningu á skírteinum ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 9.–10. gr. er kveðið á um undanþágunefnd sem starfar samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laganna um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 8. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, fjalli einnig um undanþágur til starfa á flutningaskipum eða farþegaskipum. Miða skal við að fulltrúar útgerða og stéttarfélaga eigi sæti í nefndinni eftir því á hvaða tegundum skipa og til hvaða starfa undanþágur eru til umfjöllunar hverju sinni. T.d. fulltrúi útgerðar eftir flokkun skipa og fulltrúa stéttarfélaga eftir því hvaða félagi sá sem óskar eftir undanþágu.

Um undanþágur skv. 6. og 7. gr. sem taka til farþegabáta og skemmtibáta ákveður Siglingastofnun eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Í 10. gr. er kveðið á um hvernig með skuli fara ef veita á undanþágu til að gegna tilteknu starfi um borð í skipi. Ákvæði greinarinnar byggjast alfarið á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar.

Í 11. gr. er gert ráð fyrir að þeir sem hafa skírteini fyrir gildistöku frv., það er nauðsynlegt að undirstrika það, verði það að lögum, haldi sínum réttindum óskertum, enda fullnægi þeir öðrum kröfum frv. t.d. um endurnýjun skírteina og viðhald skírteina. Við gildistöku frv., verði það að lögum, er þessum aðilum heimilt að fá gefin út ný skírteini þó gildistími þeirra sé ekki runninn út.

Í 2. mgr. er miðað við að svokölluð 30 brúttórúmlestanámskeið, hið svokallaða pungapróf, verði hér eftir nefnt 50 brúttótonnanámskeið í samræmi við breyttar mælireglur skipa. Miðað er við að þeir sem hafa lokið 30 brúttórúmlestanámskeiðinu við gildistöku frv., verði það að lögum, fái samsvarandi réttindi á skip sem eru 50 brúttótonn og minni. Til þess að fá réttindi til að vera skipstjóri eða stýrimaður á farþegabát verður viðkomandi enn fremur að sækja sérstakt námskeið sem Sjómannaskólinn skipuleggur í samráði við Siglingastofnun Íslands og er miðað við að það námskeið varði atriði sem snúa sérstaklega að farþegaflutningum og viðbrögðum yfirmanna á hættustundu gagnvart farþegum.

Í 3. mgr. er miðað við að þeir sem hafa lokið 1. stigi Stýrimannaskóla við gildistöku frv. verði það að lögum fái réttindi til að verða skipstjóri eða stýrimaður á farþegabáti minni en 500 brúttótonn í strandsiglingum þegar viðkomandi hefur sótt og staðist sérstakt námskeið sem sjómannaskóli skipuleggur í samráði við Siglingamálastofnun Íslands. Miðað er við að það námskeið varði atriði sem snúi sérstaklega að farþegaflutningum og viðbrögðum yfirmanna á hættustundu gagnvart farþegum.

Í 4. mgr. er miðað við að breyttar mælingareglur eigi ekki að leiða til þess að skírteinishafi missi réttindi til starfa á skipi ef stærð skipsins mælist svo í brúttótonnum að skírteinishafi hafi ekki lengur réttindi til að starfa á því skipi sem hann hafði áður samkvæmt brúttórúmlestastærð skipsins.

Ákvæði 12. gr. frv. byggjast alfarið á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Við það er miðað að í reglugerð verði nánar kveðið á um vaktstöðu þeirra sem standa vaktir. Þessar reglur eru þær fyrstu sem settar hafa verið í íslensk lög um vaktstöðu á íslenskum skipum. Ríki sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni hafa tekið þau ákvæði orðrétt úr henni. Hér er því um samræmdar alþjóðareglur að ræða

en vaktreglur alþjóðasamþykktarinnar hafa verið kenndar í íslenskum sjómannaskólum síðan 1981. Þessar vaktreglur IMO voru endurskoðaðar ásamt alþjóðasamþykktinni árið 1995 og hafa verið þýddar í heild á íslensku og munu birtast í væntanlegri reglugerð.

Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sett reglur um hvíldartíma og vinnutíma sjómanna á flutninga- og farþegaskipum en Ísland hefur ekki enn fullgilt þær reglur. Í undirbúningi eru innan Evrópusambandsins tilskipanir um vinnutíma og hvíldartíma sem taka m.a. til flutninga- og farþegaskipa og munu þær væntanlega taka gildi innan fárra ára á EES-svæðinu.

Í 1. mgr. 13. gr. er kveðið á um skipan mönnunarnefndar flutningaskipa. Þessi grein er efnislega samhljóða 10. gr. laganna um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995. Samkvæmt gildandi lögum eiga Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna að tilnefna hvort sinn fulltrúa í nefndina en þau hafa sameinast og er því lagt til að samtök atvinnulífsins tilnefni tvo.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnunin ákveði mönnum farþegaskipa og farþegabáta og er það í samræmi við lög nr. 75/98, sem kváðu á um breytingar á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1995, í þessa átt.

Í 14. gr. er kveðið á um hvernig ákveða skuli mönnun flutninga og farþegaskipa. Meginreglan er sú að sérhvert flutninga- og farþegaskip skuli mannað á öruggan hátt þannig að öryggi áhafnar skips og mannslífa á sjó sé tryggt. Miðað er við að Siglingamálastofnun Íslands gefi út öryggismönnunarskírteini fyrir hvert flutningaskip og farþegaskip þar sem kveðið er á um lágmarksmönnun, samsetningu áhafna og skírteini fyrir einstakar stöður.

Í 17. gr. frv. er miðað við að samgrn. setji reglugerð á grundvelli laganna í samráði við menntmrn. þar sem kveðið er á um ýmis atriði er varða gerð námskrár og kennslu í sjómannaskólum og eftirlit með að fullnægt sé kröfum laga og reglugerða í því sambandi. (Forseti hringir.) Þessi reglugerð mun liggja frammi þegar hv. samgn. fær frv. til meðferðar.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til hv. samgn. og til 2. umr.

[14:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er á ferðinni viðamikið frv. sem stefnir m.a. að því að auka hæfniskröfur áhafna og sjómanna og fram kemur í máli hæstv. ráðherra að um frv. ríki sátt við samtök sjómanna. Gott er ef svo er. Staðreyndin er hins vegar sú að raunveruleikinn er því miður ekki alltaf í samræmi við lög eða ásetning stjórnvalda og það hefur færst í vöxt að íslensk skipafélög leigi skip þar sem ekki eru virtar lágmarkskröfur og samningar, ekki íslenskir samningar eða íslensk lög og ekki heldur það sem fram er sett af hálfu Alþjóðasambands flutningaverkamanna.

Eitt slíkt skip er nú í Reykjavíkurhöfn. Nordheim heitir það og er í leigu Eimskipafélags Íslands. Það hefur komið fram hjá talsmönnum Alþjóðasambands flutningaverkamanna að þar fari samningar niður í allt að 160 dollara á mánuði, um 12 þús. kr. Þetta er skýlaust brot á öllum reglum og öllum kjarasamningum. Farið er fram á auknar hæfniskröfur og því spyr ég hæstv. ráðherra sem nú er að flytja frv. sem á að bæta stöðu sjómanna: Hvað ætlar hæstv. ráðherra og hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að sjá til þess að það sé samræmi á milli laganna og veruleikans?

[14:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu minni fjallar frv. annars vegar um að uppfylla alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að og svo hins vegar að skapa ramma sem tryggir sem best öryggi sjómanna og réttindi þeirra, í rauninni hvar sem er í heiminum. Út á þetta gengur frv. Við getum ekki með íslenskri löggjöf sett kvaðir á eigendur sem gera út skip frá öðrum löndum. Það liggur nokkuð ljóst fyrir þannig að varðandi það tilvik sem hv. þm. nefndi getur þessi löggjöf ekki náð til vandamála sem snúa að útgerðum skipa sem eru gerð út frá öðrum löndum. Það liggur alveg ljóst fyrir þannig að við erum fyrst og fremst að tryggja að réttindi sjómanna okkar séu örugg og þekkingin sé sem mest og alls öryggis sé gætt í hvívetna.

[14:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekki um góðan ásetning hæstv. ráðherra. Ég er hins vegar að vekja athygli á því að lög eru sett lög á Alþingi en síðan er veruleikinn sá að íslensk skipafélög taka á leigu skip með áhöfnum þar sem slíkar grundvallarreglur um réttindi og kjör eru ekki virtar. Mér finnst illa komið fyrir Íslendingum ef ekki er unnt að sinna vöruflutningum til og frá Íslandi á skipum undir íslenskum fána þar sem kjör og aðbúnaður er í samræmi við íslenska kjarasamninga.

Mér finnst það vera umhugsunarefni fyrir Alþingi og fyrir stjórnvöld og fyrir ríkisstjórnina nú, ekki síst þar sem í íslenskri höfn er skip sem brýtur þessar grundvallarreglur, að við skulum vera að setja lög og stuðla að réttindum sem eru síðan ekki virt. Ég spyr enn og aftur: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í þessu tiltekna máli sem við stöndum frammi fyrir í Reykjavíkurhöfn? Mér finnst það umhugsunarefni nú á sama tíma og við erum að ræða um kjör og réttindi sjómanna.

[14:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að það komi fram hér vegna fyrirspurnar hv. þm. að ríkisstjórnin blandar sér ekki í kjaradeilur. Að því er virðist standa deilur um kjör starfsmanna. Ég hef ekki séð að það væru nokkur lög brotin. Að minnsta kosti hefur það ekki komið á mitt borð en þarna eru deilur og stjórnvöld munu ekki geta blandað sér í þær deilur sem snúast um kjarasamninga, hvort sem þar er um að ræða samninga innlendra eða erlendra aðila. (**ÖJ:** Það er verið að grafa undan íslenskum lögum sem við erum að ræða hér.)

Ég endurtek að okkar besta og mesta trygging er að við gerumst sem fyrst, eða réttara sagt við uppfyllum þá skilmála sem við höfum tekið þátt í að gera til þess að tryggja sem best siglingar, öryggi sjófarenda og réttindi sjómanna. Við Íslendingar eigum mjög mikið undir því að réttindi sjómanna okkar séu örugglega tryggð hvar sem þeir sigla.

[14:15]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu vil ég taka fyrir þrjú atriði og beina þeim til hæstv. samgrh. Það er nokkuð mótsagnakennt að hér skuli vera lagt fram frv. sem kveður á um mönnun kaupskipa þegar haft er í huga að í gildi eru kjarasamningar milli sjómannafélaganna og útgerðar sem varða ákvæði um mönnun og fjölda háseta. Hér er gert ráð fyrir því að mönnunarnefnd flutningaskipa ákveði hvernig með skuli fara. Ég hlýt því að spyrja: Getur verið að Alþingi

ætli sér að breyta gildandi kjarasamningum Sjómannafélags Reykjavíkur við kaupskipaútgerðir með þessum hætti? Ég hef ekki trú á að það sé ásetningur samgrh. að grípa inn í gildandi kjarasamning.

Í annan stað vildi ég spyrja um 9. og 10. gr. Þar stangast nokkuð á þar sem í 9. gr. er talað um undanþágunefnd og hvernig hún eigi að starfa o.s.frv. Í 10. gr. er svo ákvæði um hvernig með skuli fara ef veita á undanþágu til að gegna tilteknu starfi um borð í skipi. Þess er sérstaklega getið að ákvæði greinarinnar byggist alfarið á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Er þá hin undanþágunefndin sérískenskt fyrirbrigði? Það lýtur auðvitað að menntun íslensku sjómannastéttarinnar, hve oft, þ.e. æ ofan í æ, verið er að veita undanþágur. Og gleggsta dæmið um það er kannski lítil aðsókn að sjómannaskóla okkar Íslendinga.

[14:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna andsvars hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þá er í einhverjum tilvikum auðvitað nauðsynlegt fyrir okkur að hafa sérískenskt ákvæði.

En hvað varðar 13. gr. og mönnunarnefnd flutningaskipa þá byggir hún á 10. gr. laga um áhafnir íslenskra kaupskipa frá 1995 þannig að þarna er verið að aðlaga og samræma það sem viðgengist hefur og við undirbúning þessa frv. varð ég ekki var við að gerðar væru athugasemdir við það.

Hins vegar er afar mikilvægt að það komi alveg skýrt fram að með þessu frv. er alls ekki verið að seilast inn í kjarasamninga. Það verður að liggja alveg ljóst fyrir. Við erum að setja tilteknar reglur, leikreglur um hvernig staðið skuli að þessum hlutum. En auðvitað verður það síðan jafnan svo að sjómenn og útgerðarmenn verða að komast að samkomulagi um þátt kjarasamninganna í þessu. Þetta er allsherjarrammi sem m.a. byggist á þeim alþjóðasamþykktum sem við erum aðilar að.

[14:19]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. hæstv. samgrh. sem að mörgu leyti tekur á réttindamálum íslenskra sjómanna með menntun úr sjómannaskóla og tryggir að réttindi þeirra á alþjóðavísu séu gild. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt og löngu tímabært og ég fagna því að það skuli gert hér og við sjáum fram á að skírteini verða gefin út sem alþjóðaskírteini.

Að sjálfsögðu hefur margt í þessu frv. komið fram af hálfu hæstv. ráðherra og ekki er ástæða til þess að vera að fara ofan í það. Mig langaði samt aðeins að tæpa á nokkrum atriðum sem koma þessu frv. við og kannski koma því við hvernig mál hafa þróast í menntun og þjálfun starfsmanna til sjós og yfirmanna til sjós, en á því er tekið í 3. gr. frv.

Þar langar mig til að taka til eitt sérstakt atriði sem varðar þá sem bera ábyrgð á menntun og þjálfun sjómanna. Þar er annars vegar um að ræða menntmrn. eða menntmrh. sem er yfirmaður Sjómannaskólans en síðan er annar skóli sem heitir Slysavarnaskóli sjómanna og hann heyrir undir samgrh. Ég hef oft velt því fyrir mér hvers vegna þessir tveir skólar sem eru svo nátengdir og í mínum huga óaðskiljanlegir skuli vera hvor undir sínu ráðuneytinu og reknir alveg án nokkurra innbyrðis tengsla því að maður sér ekki fyrir sér að menntun og öryggismál geti verið það óskyld að það þurfi að reka þau í sitt hvorum skólanum. Ég veit að þróunin er dálítið sérstök. Slysavarnaskóli sjómanna hefur þróast sér á parti vegna áhuga Slysavarnafélags Íslands og núna Slysavarnafélagsins Landsbjargar og afskaplega kraftmiklir menn hafa rekið það mál áfram og gert þetta með miklum sóma. En það segir mér ekki að nauðsynlegt sé að hafa þetta svona. Maður veltir líka fyrir sér stöðu Sjómannaskólans í dag sem hefur komið fram hér í andsvörum.

Sjómannaskólinn er í þeirri stöðu nú að ekki einn einasti nemandi er á öðru stigi í Stýrimannaskólanum, þ.e. í fiskimannadeildinni, og í farmannadeildinni var enginn í fyrra. Þó eru nokkrir í ár. Þessi þróun gæti hugsanlega leitt til þess að Sjómannaskólinn sem slíkur verði ekki starfræktur vegna þess að það vantar fólk í skólann.

Hvers vegna vantar fólk í sjómannaskóla í landi eins og Íslandi, sem er eyja eins og allir vita og þjóðin lifir að langstærstum hluta á fiskveiðum?

Herra forseti. Að sjálfsögðu getur margt orsakað þessa stöðu. Ég hygg að bæði sé það svo að flotinn hafi breyst afskaplega mikið. Á undanförnum 10–15 árum hefur hann gjörbreyst. Síðan hafa alls konar breytingar orðið t.d. vegna undanþáguákvæða, getum við sagt, sem hafa heimilað að menn geta verið um borð í skipum sem eiga að uppfylla ákveðnar menntunarkröfur, þ.e. að undanþáguheimildir gildi jafnvel árum saman, séu endurnýjaðar árum saman fyrir sama fólkið. Nú hefur verið tekið á sumum þessara atriða en eigi að síður urðu t.d. undanþágur í stýrimanna- og vélstjóraplássum um borð í fiskiskipum við landið um 1.170 á sl. ári. Ég hygg að fyrir fjórum, fimm árum hafi þetta verið um 750 undanþágur. Það sem af er þessu ári eru komnar 1.274 undanþágur fyrir stýrimenn og vélstjóra um borð í skipum við Ísland. Af þessum undanþágum eru um það bil 75% vegna vélstjóramenntaðra manna og 25% vegna stýrimanna um borð í skipum.

Sívaxandi fjöldi undanþágna hlýtur að leiða hugann að því hvort ekki sé verið að lengja sífellt í þeirri kröfu að menn sæki sér menntun sem samkvæmt lögum er almennt talin nauðsynleg og við hæfi um borð í skipum. Ég vildi gjarnan beina því til hæstv. samgrh. að hann skoðaði þetta. Ég veit að það er alltaf verið að skoða þetta en eigi að síður eru alltaf veittar fleiri og fleiri undanþágur þó svo að meiningin sé að fækka þeim.

Að mínu viti hefur fleira breytt þessu og kannski einna mest, þ.e. samsetning íslenska fiskiskipaflotans. Íslenski fiskiskipaflotinn var að uppistöðu til á síðustu áratugum svokölluð vertíðaskip. Það voru skip um og yfir 100 tonnum, svona frá 50 og upp í 200 tonn. Þessi skip voru mönnuð fimm mönnum og upp í sex og jafnvel fleiri eftir því í hvers konar veiðiskap menn voru, allt upp í 10–11 menn. Á síðustu árum hefur þetta breyst svo mikið að þessi floti er að hverfa og í staðinn eru komnir krókabátar. Um tíma, fyrir tveim, þrem árum síðan, voru hérna yfir þúsund krókabátar og á þessa krókabáta þarf í sjálfu sér engin „réttindi“, við skulum segja innan gæsalappa, því að það þarf reyndar pungapróf á þessa báta sem eru undir 30 tonnum og pungaprófi er hægt að ná upp úr grunnskólum með námskeiði úr 10. bekk.

Á þessar þúsund trillur sem eru á veiðum þurfa menn sem sagt ekki nein önnur réttindi en þau að hafa tekið námskeið í grunnskóla. Þessir bátar eru margir hverjir að gera nákvæmlega sömu hluti og vertíðabátarnir voru að gera hér á árum áður. Þeir fiska jafnmikið. Þeir fara margfalt hraðar um sjóinn. Þeir hafa svipaða möguleika. Þó að burðargetan sé náttúrlega minni þá eru þeir eigi að síður svo vel tækjum búnir að þeir geta sinnt hlutverki vertíðabáta eins og þeir voru hér áður fyrr þar sem um borð voru fimm, sex menn.

Að sjálfsögðu er þetta tækni nútímans og ekkert við því að segja. En ég held nú samt að sú breyting að pungaprófið er nánast orðin algild regla um borð í fiskiskipum frekar en undantekning, hljóti að vekja menn til umhugsunar um hvað sé að gerast. Herra forseti. Ég tel a.m.k. að við eigum að endurskoða þessi mál frá grunni og til þess þyrfti að skipa kunnáttumenn og reyna að átta sig á því hvert stefnir því að með sama áframhaldi verður enginn stýrimannaskóli rekinn hér á þessu landi og menn sækja þá væntanlega réttindi sín eitthvert annað.

Auðvitað er líka til önnur leið sem farin hefur verið erlendis. Menn hafa viðurkennt þar að sjómannamenntunin er ekki menntun sem menn sækja sér til að hafa atvinnu af einvörðungu til lífstíðar heldur hugsa flestir til þess að stunda sjómennsku einungis skamman tíma til að sækja sér góð laun en hverfa síðan til annarra starfa í landi. Stýrimannamenntunin hefur gagnast illa til starfa í landi þannig að ef menn komast hjá því að mennta sig til sjómennsku þá gera þeir það og sækja því menntun til annarra starfa. Þetta þyrfti að reyna að samræma þannig að sjómannamenntunin tengdist annarri menntun. Þjóðverjar og fleiri Evrópuþjóðir hafa viðurkennt þá staðreynd að sjómannamenntunin er skammtímamenntun, hana þarf því að tengja öðru starfi sem gæti nýst í landi.

Í þeirri grein sem snýr að pungaprófinu er verið að breyta skilgreiningum sem notaðar eru um þau réttindi. Í dag duga svokölluð pungaprófsréttindi fyrir um 30 brúttórúmlesta skip og minni en með þessu frv. er gert ráð fyrir því að þessi réttindi gildi fyrir 50 brúttótonna skip og minni. Í augum flestra mundi þetta þýða að pungaprófið gilti á stærri skip, um 20 tonn, en þó mun svo ekki vera í flestum tilfellum því að 50 brúttótonn eru nokkurn veginn hið sama og 30 brúttórúmlestir, mismunandi samt eftir skipum. Þetta getur þýtt einhverja aukningu en í flestum tilfellum er þetta það sama. Út af fyrir sig geri ég því ekki athugasemd við að þetta sé orðað þannig þar sem hér er í sjálfu sér ekki um verulega breytingu að ræða.

Ég vildi, herra forseti, gera athugasemd við eitt og spyrja hæstv. samgrh. atriði í 5. gr. Þar er talað um stjórnunarsvið, þ.e. um 3. stigs yfirstýrimenn og skipstjóra og svo aftur yfirstýrimenn og skipstjóra. Annars vegar er talað um að þetta stig takmarkist við minna en 3 þús. brúttótonn og hins vegar virðist þar gert ráð fyrir engum takmörkum. Ég velti því fyrir mér til hvers er verið að telja upp yfirstýrimenn og skipstjóra tvisvar sinnum. Ég átta mig ekki á muninum. Það væri ágætt ef hæstv. ráðherra vildi skýra þennan mun.

Ég vil að lokum, herra forseti, varðandi þá umræðu sem fór fram áðan í andsvari um erlent flutningaskip í höfninni, benda á að þetta er eitt af því sem er að koma betur og betur upp á yfirborðið. Íslensk flutningaskip eru nánast að hverfa úr skipaflota landsmanna. Íslensk flutningafyrirtæki leigja til sín erlend skip með erlendri áhöfn. Ég ætla ekki að fara út í hvort þau fylgi samningsbundnum kröfum um laun. Ég ætla rétt að vona að þau geri það. (**ÖJ:** Þau gera það ekki.) Ég hef ekki farið ofan í það mál sérstaklega.

Við vitum að skipafélög eins og t.d. Eimskipafélag Íslands hefur verið með allt niður í eitt skip undir íslensku flaggi með íslenskri áhöfn. Hvort það er með tvö eða þrjú slík í dag skal ég ekki segja. Svo er komið fyrir langstærsta skipafélagi landsins sem á sínum tíma hafði þann mikla metnað að sigla eingöngu á eigin skipum með íslenskri áhöfn. Nú er þetta liðin tíð.

Afleiðingin er sú að örfáir útskrifast sem farmenn úr Sjómannaskólanum. Það er ekki hægt að reka deild farmanna á hverju ári vegna þess að eftirspurnin á Íslandi er engin. Þar erum við komnir í þá stöðu sem íslenskir fiskimenn gætu lent í síðar. Íslenskum farmönnum hefur fækkað mjög og í framtíðinni verðum við hugsanlega að sækja alla flutninga okkar til erlendra aðila sem muni sjá um þessi mál fyrir okkur. Mér finnst þessi uggvænlega þróun áhyggjuefni og held, herra forseti, að þar sem þessi menntun og þjálfun heyrir undir samgrh. jafnt og menntmrh. sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherrar taki á þessu máli.

[14:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem frv. hefur fengið við þessa umræðu. Ég vænti þess að hv. samgn. fái gott tækifæri til að fara rækilega yfir m.a. þær athyglisverðu ábendingar sem fram komu í ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar, þ.e. það sem snýr að stöðu sjómannastéttarinnar og eftirspurn eftir þeirri menntun. Það er auðvitað visst áhyggjuefni.

Almennt tel ég að út af fyrir sig muni þær reglur sem hér er verið að setja í löggjöf á engan hátt letja Íslendinga í að sækja nám í Sjómannaskólanum eða vélskólum. Frv. gerir ráð fyrir því að tryggja mjög vel og vandlega réttindi þeirra og það skiptir miklu máli að lagaramminn og reglurnar séu skýrar og tryggi hagsmuni viðkomandi stétta. Við eigum mjög mikð undir því. Þær verða einnig að tryggja að fyllsta öryggis sé gætt.

Hins vegar er það staðreynd að Sjómannaskólinn er rekinn á vegum menntmrn. annars vegar og hins vegar Slysavarnaskóli sjómanna á vegum samgrn. Þessi leið hefur verið valin og hún hefur reynst býsna vel. Að starfsemi Slysavarnaskólans koma slysavarnasamtökin í landinu. Það er mikill fengur að hafa fengið þau að þessu starfi eins og fram kom hjá hv. þm. Um allt sem snýr að reglum og námskröfum er hins vegar fjallað í menntmrn. Síðan er gert ráð fyrir að Siglingastofnun fjalli um það. Reynt er að tryggja sem best að faglega sé að verki staðið og reglur séu settar með tilliti til þeirra aðstæðna sem þetta nám krefst.

Það er auðvitað mikið áhyggjuefni að svo margar undanþágur þurfi að gefa til þeirra sem stunda þessi störf á sjó. Það er nauðsynlegt að skoða það og ég er reiðubúinn til að gera mitt til að úr því megi draga. Ég sé hins vegar ekki leiðirnar til þess á þessari stundu. Auðvitað þarf umfram allt að gera sjómannsstarfið sem aðgengilegast.

Hvað varðar töflurnar í 5. gr. frv. þá verð ég að viðurkenna að ég er ekki mikill sérfræðingur í uppsetningu þeirra reglna sem þar eru. Þetta er algerlega byggt á alþjóðasamþykktum, STCW-reglum. Þarna eru skýrð takmörk og gildissvið einstakra námsstiga. Reglurnar eru settar upp samkvæmt alþjóðareglum og eru partur af alþjóðasamningum sem við höfum undirgengist. Ég verð þannig að vísa til þess. Hins vegar er sjálfsagt er að hv. samgn. kalli til sérfræðinga sem þekkja þetta út og inn. Ég mun að sjálfsögðu stuðla að því að sem allra mest verði upplýst um baksvið þessara reglna.

Ég vil endurtaka þakkir fyrir undirtektir og vænti þess að frv. hljóti sem fyrst afgreiðslu í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 243.

[14:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. sem er sáraeinfalt bæði að efni og formi.

Í frv. þessu er lagt til að framlengdur verði um eitt ár sá frestur sem aðilar sem stunda inn- og útflutning í atvinnuskyni hafa til að taka upp tölvuvædda tollafgreiðsluhætti.

Með lögum nr. 69/1996 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á ákvæðum tollalaga. Meðal annars voru lögfest ákvæði um tölvuvædda tollafgreiðslu sem í lögunum er nefnd SMT-tollafgreiðsla.

Í þeim lögum voru áskildir tilteknir frestir. M.a. var aðilum veittur frestur til 1. janúar árið 2000, þ.e. 1. janúar nk. til að skila tollskýrslum á tölvutæku formi eins og ákveðið var í lögunum.

Nú er lagt til að þessi frestur verði framlengdur um eitt ár. Ástæðan fyrir því er tvíþætt. Í fyrsta lagi þykir ekki heppilegt að stuðla að miklu álagi á kerfið í kringum næstu áramót, 1. janúar árið 2000, vegna hins svokallaða 2000-vanda sem þó verður vonandi ekki mikill. Það er hins vegar ekki aðalástæðan. Aðalástæðan er sú að upp hafa komið nýir möguleikar í tölvuheiminum til að greiða fyrir því að inn- og útflytjendur geti fullnægt þeim skyldum sem á þá eru lagðar. Þar er um að ræða möguleika einkum fyrir lítil fyrirtæki til að taka upp SMT-tollafgreiðslu með aðstoð internetsins en slík afgreiðsla hefði væntanlega minni tilkostnað í för með sér fyrir alla aðila.

Hér er lagt til að veittur verði ársfrestur til viðbótar til að taka upp töluvædda tollafgreiðsluhætti og talið er að sá tími verði nægilegur fyrir alla aðila til þess að kanna þessa breyttu möguleika sem ég gat um, þ.e. að nota internetið í stað hefðbundinnar tölvuafgreiðslu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki athugasemd við það að menn hafi áttað sig á því að 1. janúar árið 2000 kynni að vera óheppilegur upphafsdagur fyrir gildistöku þessara ákvæða, að frá og með þeim tíma skyldu allir geta annast tollafgreiðslu skjala sinna á tölvuformi. En vegna þess að vísað er til möguleika sem minni fyrirtæki og einyrkjar á þessu sviði kunni að hafa með notkun netsins, þá vil ég af þessu tilefni spyrja hæstv. fjmrh. hvað líði vinnu fjmrn. við að kortleggja möguleika pappírslausra viðskipta og jafnvel greiðslumiðlunar á netinu. Hver er staða fjmrn. sem fer með tollamál, skattamál og aðra slíka hluti í þeim efnum?

Mér er kunnugt um að víða er unnið að því að undirbúa að slík viðskipti færist yfir á pappírslaust form og má t.d. nefna starf OECD á því sviði. Að því hlýtur að draga hér á Íslandi eins og annars staðar að menn taki þessa tækni í gagnið. Þá er það ábyggilega rétt sem fram kemur í sambandi við þetta mál að það eru einkum og ekki síst minni aðilar sem gætu átt möguleika á að einfalda sér tilveruna með því að hagnýta sér slík viðskipti.

Þá kemur auðvitað að því að fullnægjandi öryggi sé fyrir hendi, að hlutir eins og lög og reglur um tolla- og skattamál og annað slíkt sé lagað að þeim þörfum. Ég vil leyfa mér að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra hvað líði vinnu að slíku í fjmrn.

[14:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rafræn greiðslumiðlun er nú ekki á verksviði fjmrn. en mér er þó kunnugt um að það er víða unnið að þessum málum. Meðal annars er ætlunin að taka í notkun rafræna skráningu verðbréfa á næsta ári sem án efa verður mikil framför.

Hvað varðar pappírslaus viðskipti og samskipti á vettvangi fjmrn. þá er þar að sjálfsögðu víða unnið að því að innleiða slíka tækni, m.a. í skattkerfinu eins og hafist var handa um í upphafi þessa árs þegar aðilum var gefinn kostur á að telja fram í gegnum tölvur, þ.e. á internetinu með aðstoð sérstakra skráningarnúmera sem hver og einn hafði. Það er hluti af því öryggisverki sem hv. fyrirspyrjandi nefndi.

Í öðrum atriðum er þetta mál dæmi um tollasviðið þar sem menn eru reyndar komnir mjög langt í þessu efni og stóð til að gera það að skyldu að allir teldu fram sinn inn- og útflutning í atvinnuskyni á tölvutæku formi. Nú erum við að fresta því vegna þess að það hafa komið upp hugsanlegir nýir og enn nútímalegri möguleikar í gegnum sjálft netið þannig að menn þurfi ekki að leggja í þann kostnað sem fylgir beinni tölvutengingu við tollstjóraembættið. Það eru sérstaklega lítil fyrirtæki og einstaklingar sem hafa hag af því.

Hér eru því ótrúlega miklir möguleikar fram undan og ástæða til að hafa augu og öll skilningarvit opin fyrir þeim möguleikum sem eru á þessu sviði.

[14:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Ég er svo sem ekki að ætlast til þess að í stuttu andsvari komi einhver tæmandi skýrsla um það með hvaða hætti fjmrn. er að vinna að þessum málum. En það er alveg tilefni til að spyrja þegar gefið er í skyn að í vændum sé hugsanlega að leyfa mönnum að hverfa frá því að eiga þessi samskipti með beinlínutengingum við tollstjóraembættið en nota sér netið í staðinn. Þá koma umsvifalaust upp ýmsar spurningar sem varða öryggi í þeim viðskiptum og eiga eftir að vakna og vaka á mjög mörgum öðrum sviðum ef menn fara út á þá braut eða þegar, skulum við segja, menn fara út á þá braut að láta þessi viðskipti gerast um netið. Fjmrn. hlýtur að koma mjög að þeim málum. Allt sem lýtur að tollum og sköttum og skattlagningu viðskipta sem þarna fara fram hlýtur auðvitað að komast til skoðunar. Það er alveg ljóst mál að viðskipti fara nú mjög ört vaxandi á netinu, viðskipti sem mundu vera skattskyld með ýmsum hætti ef þau færu fram eftir hefðbundnum leiðum. Menn hafa ekki enn mér vitanlega náð almennilega utan um það hvernig þeir ætla t.d. að haga virðisaukaskattstöku af viðskiptum sem í raun og veru ættu að bera slíkan skatt ef þau færu fram á hefðbundnu formi en eiga sér nú stað í á netinu og án þess að stjórnvöld komi þar neinni skattlagningu við.

Án þess að orðlengja þetta frekar, herra forseti, þá hvet ég bara hæstv. fjmrh. til að setja vinnu í þessi mál sem ugglaust er verið að gera, en gera jafnframt Alþingi grein fyrir því hvaða framtíð menn sjá fyrir sér á þessum bæ. Ég held að það sé ljóst mál að á komandi missirum og árum munu þessir aðilar, ráðuneytin og Alþingi, þurfa að eyða tíma í þessi mál hvað varðar löggjöf og reglur og starfa saman að því að

undirbúa íslenskt viðskiptaumhverfi fyrir þá framtíð.

[14:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það sem hv. þm. sagði um þessi efni. Við vitum t.d. hvernig bankaviðskipti eru í ríkum mæli að færast yfir á netið og alls kyns smásala. Það er auðvitað rétt sem hann sagði að þar eru hlutir sem þarf að huga að í sambandi við framkvæmd, t.d. að því er varðar álagningu virðisaukaskatts og ýmissa þess konar eftirlitsatriða.

En enginn fær held ég stöðvað þessa þróun sem hafin er að því er varðar hagnýtingu netsins og tölvuvæddra viðskipta. Aðalatriðið að mínum dómi er það að menn nýti sér þá tækni í sína þágu, í þágu efnahagslífsins, atvinnulífsins og hins opinbera með eins jákvæðum hætti og hægt er en reyni ekki að sporna við þróuninni eða hefta hana heldur að beisla hana. Þetta litla frv. sem hérna er mælt fyrir er vissulega dæmi um þessa þróun en ætti held ég að öðru leyti ekki að vefjast fyrir þingmönnum að taka afstöðu til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 120. mál. — Þskj. 133.

[14:51]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Þetta er 120. mál þingsins á þskj. 133. Flm. að þessari tillögu er ásamt mér hv. þm. 13. þm. Reykv. Ögmundur Jónasson.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka undir forustu formanns, sem utanríkisráðherra skipar án tilnefningar, til að ganga til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Stefnt skal að niðurstöðu áður en gildandi samkomulag við bandarísk stjórnvöld um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli rennur út. Nefndin skal að undangenginni athugun og könnunarviðræðum við bandarísk stjórnvöld skila áfangaskýrslu til Alþingis eigi síðar en í febrúarlok árið 2000 þannig að tími gefist til samninga um málið áður en uppsagnarákvæði núgildandi bókunar um umfang starfseminnar á Keflavíkurflugvelli verður virkt eða rennur út.“

Rétt er að upplýsa það í byrjun, herra forseti, að tilvitnuð bókun er undirrituð af hæstv. utanrrh., Halldóri Ásgrímssyni, og aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna sem þá var og er jafnvel enn, Walter B. Slocombe. Hún var undirrituð í Reykjavík 9. apríl 1996 og gildistími hennar er til apríl árið 2001 en bókunin er með uppsagnarákvæði sem getur orðið virkt ef annar hvor samningsaðila svo kýs þegar í apríl árið 2000.

Þessi tillaga, herra forseti, er reyndar endurflutt nokkurn veginn óbreytt frá síðasta kjörtímabili. Þá var hún flutt í tvígang og reyndar afgreidd í hið síðara sinni og felld í nokkuð svo sögulegri atkvæðagreiðslu á Alþingi á sl. vetri. Hún er endurflutt af því að nú er hafið nýtt kjörtímabil og ástæða er til að láta á það reyna hver hugur Alþingis þess sem nú situr er til þessa máls, auk þess sem tillöguflutningurinn þjónar að sjálfsögðu þeim tilgangi að hafa þetta mál hér á dagskrá og skapa um það umræður og vekja athygli á þeirri staðreynd að að því hlýtur að draga að íslensk og bandarísk stjórnvöld þurfi með einhverjum hætti að koma sér niður á framhald þessara samskipta ef þau eiga að vera í svipuðum farvegi og undanfarið hefur verið, þ.e. að um umfang starfseminnar eða minnkað umfang eða ekkert umfang hennar sé gert samkomulag af því tagi sem bókanir, núgildandi og áður gildandi bókanir milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda hafa verið.

Sú fyrsta þeirrar tegundar var gerð á árinu 1994 af páv. utanrrh., Jóni Baldvini Hannibalssyni, og síðan er núgildandi bókun sem áður var nefnd.

Ýmislegt kallar einnig á það, herra forseti, bæði það sem nýlega hefur gerst á sviði utanríkis- og alþjóðamála og einnig aðrir sígildari hlutir að við Íslendingar tökum þessa hluti til umræðu og veltum fyrir okkur hver framtíðarsýn okkar er í þessum efnum. Er það orðin niðurstaða manna að horfa til þeirrar framtíðar að um ókomin ár verði hér erlendur her í landinu eða er möguleiki á því að skapa samstöðu um það sem áður var a.m.k. í orði kveðnu þjóðarsamstaða um, að hér skyldi ekki vera erlent herlið á svonefndum friðartímum?

Af nýliðnum atburðum má nefna, án þess að fara út í þá nánar, stóra atburði á sviði utanríkismála og alþjóðamála eins og styrjaldarátökin á Balkanskaga, hernað NATO í Kosovo. Það má nefna hinn ógeðfellda hernað Rússa í Tsjetsjeníu og má ekki á milli sjá hvort er dapurlegra ef litið er til friðsamlegrar lausnar deilumála eða framtíðar friðar og öryggis í heiminum, þeir hlutir sem þar hafa verið að gerast á undanförnum mánuðum.

Ég nefni í þriðja lagi, herra forseti, nýja hermálastefnu Atlantshafsbandalagsins, svonefnda utansvæðisstefnu, ef ég má leyfa mér að þýða hugtakið „out of area“ þannig, sem einn mjög alvarlegan atburð sem við þurfum að taka til umræðu og ótrúlega lítið hefur verið fjallað um á Íslandi, þ.e. þá ákvörðun forustu Atlantshafsbandalagsins að Atlantshafsbandalagið, NATO, geri í raun og veru allan heiminn að sínu áhrifasvæði eða sínum vígvelli, ef maður notar það orðalag, með því að hverfa algjörlega frá því eða snúa í raun við fyrri stefnu sem miðaði að því að Atlantshafsbandalagið eða NATO sem slíkt skipti sér eingöngu af málum innan bandalagssvæðisins og þá er það mál einstakra aðildarríkja þess ef um íhlutun utan svæðisins væri að ræða.

Þetta ásamt þeirri staðreynd að NATO og Bandaríkin einhliða, hvorir tveggja aðila áskilja sér rétt til að beita kjarnorkuvopnum að fyrra bragði, svonefnd First use policy. Þetta og sú stefna að neita hvorki né játa tilvist kjarnorkuherafla hlýtur að hafa áhrif á og koma til skoðunar þegar við erum að meta það hvaða stöðu við viljum hafa í framtíðinni í þessum efnum.

Allra síðast af nýliðnum atburðum, herra forseti, nefni ég auðvitað þann dapurlega atburð að Bandaríkjaþing felldi staðfestingarfrumvarp samningsins um bann við tilraunum með kjarnavopn. Það hefur síðan aftur leitt til þess að spenna hefur skapast. Rússar hafa hótað því að hverfa frá því að virða eða fullgilda START-samningana um samdrátt í hefðbundnum kjarnorkuvígbúnaði og miklu meiri óvissa hefur á ýmsan hátt skapast á nýjan leik, því miður, að þessu leyti. Við þurfum því auðvitað að átta okkur á því í þessu nýja

samhengi hverjar aðstæður verða þegar Íslendingar fara að velta fyrir sér stöðu sinni á nýjan leik.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, herra forseti, að þetta hefur verið mikið deilumál í íslenskum stjórnmálum um áratuga skeið, vera erlends herliðs í landinu og er ekki að undra því að fæstar þjóðir hafa sér það nú sem sérstakt markmið eða áhugamál að halda erlendan her í sínu landi. Þvert á móti er það mjög víða þannig og nánast reglan en ekki undantekningin að menn bygga á þeirri stefnu að vilja ekki hafa erlent herlið að staðaldri í sínu landi. Það er stefna nánast allra nágrannaríkjanna fyrir utan Bretland og Þýskaland og löndin á meginlandi Evrópu þar sem erlendur her situr sem arfleifð frá seinni heilmsstyrjöld. En við getum t.d. tekið hin Norðurlöndin sem byggja á þessari stefnu.

Herra forseti. Af þeim sökum er ljóst að það er ekki endilega við því að búast að þó að menn færu sameiginlega til slíkra viðræðna við bandarísk stjórnvöld, þá væri auðvelt að ná þar fram sameiginlegri niðurstöðu. En á það reynir auðvitað ekki nema menn sýni viljann í verki. Ég held að það sé lýðræðisleg og sanngjörn krafa, herra forseti, að fulltrúar allra þingflokka sem eiga fulltrúa á hinu háa Alþingi komi á jafnréttisgrundvelli að þessu borði og geti tekið þátt í umræðum um þessa hluti. Menn keppast við það að lýsa því yfir að kalda stríðinu sé lokið og arfleifð þess tíma eigi ekki lengur við, að menn séu í ofan í skotgröfum með fyrir fram sannfæringar í þessum efnum til eða frá. Mér hefur hins vegar þótt nokkuð skorta á að sú staðreynd, ef staðreynd er að kalda stríðinu sé lokið, væri þá virt og í verki sýnd, t.d. í umræðum á hinu háa Alþingi eða í framkvæmd þessara mála. Ég held að það væri ánægjuleg tilbreyting og ánægjuleg breyting frá því sem verið hefur ef menn nálguðust mál af þessu tagi á þann hátt að stofna þverpólitíska viðræðunefnd sem væri með stjórnvöldum og þá utanrrn. eða utanrrh. í þessu tilviki, sem óumdeilanlega fer með stjórnvaldið gagnvart hinum erlendu aðilum, til þess að ræða framtíðina í þessum efnum.

Margt þarf auðvitað að koma til skoðunar þegar brottflutningur erlends hers af landinu er á dagskrá, þar á meðal þau áhrif sem vera hans í landinu um áratuga skeið hefur haft í efnahagslegu tilliti og hvaða áhrif brottför hans mundi hafa, hvaða aðlögun að þeim breyttu aðstæðum þyrfti að koma til og þá er enginn vafi á því að eðlilegt er að gera þá kröfu á hendur hinum erlenda aðila að hann taki þátt í því að byggja upp í staðinn og bæta fyrir þá röskun sem vera hans hér hefur valdið. Ég nefni í því sambandi sérstaklega umhverfismálin og ástand á þeim svæðum sem hersetin hafa verið. Það er opinbert leyndarmál þó hljótt fari að umtalsverð mengun og umtalsverð umhverfisspjöll hafa orðið af hersetunni hér eins og reyndar víðast hvar annars staðar þar sem sambærilega háttar til. Það þarf auðvitað að taka á því hvernig Bandaríkjamenn taka þátt í að bera þann kostnað sem hreinsun slíkra svæða er samfara. Jafnvel þó ekki kæmi til breyting á stöðu hersins hér þá sýnist ærin ástæða til þess að skoða það vegna þeirra svæða sem nú þegar hafa verið yfirgefin eða ekki hefur verið skilað þó hætt sé að nota af þeim sökum að deila virðist vera um hvernig eigi að fara með þá mengun sem þar er. Mér er nær að halda að svæðið neðan vegar milli Keflavíkur og vegarins upp að flugstöð, sem þar er autt og yfirgefið en afgirt, sé eitt af slíkum svæðum, eitt vandræðabarnið þar sem umtalsverð jarðvegsmengun hefur orðið og ekkert virðist gerast ár eftir ár hvað það varðar að hreinsa svæðið eða skila því aftur til borgaralegra nota. Menn þekkja söguna af mikilli mengun á Gunnólfsvíkurfjalli og fleiri dæmi mætti taka til.

Erlendis hefur það verið að gerast í vaxandi mæli að miklir fjármunir hafa verið settir í að hreinsa upp svæði, fjarlægja menguð efni af svæðum sem hafa verið hersetin. Þannig hafa Bandaríkjamenn í Þýskalandi greitt háar fjárhæðir til þess að hreinsa til á svæðum sem þeir hafa yfirgefið og það hlýtur á sama hátt að koma til skoðunar ér á landi.

Ef eitthvað annað er uppi á teningnum, eins og t.d. það að íslensk stjórnvöld hafi með einhverjum ævintýralegum hætti samið þann rétt af Íslendingum að hinn erlendi her hreinsi til eftir sig sjálfur, þá eru það einnig hlutir sem þurfa að koma upp á yfirborðið.

Herra forseti. Ástæða væri til þess, og sá sem hér talar hefur reyndar oft hugleitt að leggja það til, að gerð verði sérstök úttekt á því hvaða mengun og röskun hefur orðið af erlendri hersetu hér í landinu þannig að menn átti sig betur á stærð þess máls og hvað til þarf til þess að bæta úr því eftir því sem hægt er. En nú er að sjálfsögðu ekki hægt að fullyrða að óathuguðu máli að sumt verði nokkurn tíma bætt sem þar hefur gerst og getur tekið áratugi eða árhundruð að jafna sig, t.d. þar sem orðið hefur alvarleg grunnvatnsmengun.

Herra forseti. Ég hef ekki um þetta fleiri orð en legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til seinni umræðu og hv. utanrmn. sem ég vona að vinni jafnröggsamlega að þessu máli nú eins og sú gerði sem sat á síðasta kjörtímabili og afgreiddi málið því að það er að sjálfsögðu betra en að það deyi drottni sínum óafgreitt í þingnefnd.

[15:05]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 66. mál, nál. allshn., þskj. 254.

Geðsjúk börn á nýja barnaspítalanum, 217. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 257.

Langtímameðferð fyrir geðsjúk börn, 218. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 258.

Neyðarmóttaka fyrir geðsjúk börn, 216. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 256.

Þjónusta við geðsjúk börn, 215. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 255.

[15:06]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. frá vinstri grænum. Eins og komið hefur fram eru þetta hugmyndir um brottför hersins og flutt hér í annað sinn af þeim stjórnmálasamtökum.

Það er náttúrlega búið að ræða þetta mál fram og til baka. Mig langar þó aðeins til þess að tjá mig um þetta. Ég velti því t.d. fyrir mér þegar verið er að ræða um svo viðamikil mál eins og að semja um að herinn fari frá landinu, að ætla sér að ganga til samninga um það við bandarísk stjórnvöld að rifta eða segja upp samningi sem staðið hefur í rúma hálfa öld og gera það á nokkrum vikum, finnst mér alveg ótrúlegt af samtökum sem telja sig ábyrg, þ.e. að telja að það sé einhver leið að ná niðurstöðu á svo örskömmum tíma.

Mig langaði til þess að spyrja frummælanda að því hvort í þessari þáltill. felist viðurkenning á veru Íslands í NATO fyrst einungis er talað um brottför hersins en ekki að Ísland segi sig úr NATO jafnhliða.

Herra forseti. Í greinargerðinni segir og það er ein ástæða fyrir þessum tillöguflutningi eina ferðina enn, að nýlega hafi orðið umræður um að í Keflavíkurstöðinni hafi hugsanlega verið geymd kjarnavopn. Ég hélt að það væri ekki hægt að

blanda þeirri frétt inn í svona þáltill. sem einhverjum rökum vegna þess að þetta mál var rekið svo eftirminnilega ofan í þá sem komu með það inn á þingið, þ.e. Samfylkinguna á sínum tíma. En vinstri grænir fylgdu fast á eftir. Þar var nákvæmlega rakið af bandarískum stjórnvöldum að sá listi sem birtur var ætti alls ekki við um Ísland. Það kom mjög greinilega fram og var í rauninni tímamótayfirlýsing frá bandarískum stjórnvöldum um hvar kjarnorkuvopn væru og hvar ekki því að þeir lýstu því beinlínis yfir að það yfirstrikaða nafn sem menn töldu að væri Ísland, væri ekki Ísland. Það fullyrtu bandarísk stjórnvöld. Þannig að nota þetta sem einhverja röksemd í því að tortryggja Bandaríkjamenn er náttúrlega af og frá.

Reynt var með ýmsu móti að tengja þetta málinu sem kom upp á Grænlandi varðandi Thule-stöðina, þ.e. að bandarísk stjórnvöld hefðu þar logið að Dönum. En að sjálfsögðu lugu dönsk yfirvöld sjálf að þjóð sinni því að þau vissu allan tímann að kjarnorkuvopn væru í Thule-stöðinni en héldu því leyndu. Síðan hefur þeirri villu verið haldið að Íslendingum og fleirum að þetta sé merki um hversu illa sé hægt að treysta Bandaríkjamönnum. En að sjálfsögðu var það ekki og þess vegna er alveg ótrúlegt að reyna að nota þetta sem rökstuðning í þessu máli.

Ég vil aðeins nefna varðandi það sem stendur í greinargerðinni um að núverandi samningur renni út árið 2001 og uppsagnarákvæði séu í honum frá apríl á næsta ári, að ekkert hefur komið fram af hálfu bandarískra stjórnvalda að hugmyndir séu um að samningum um herinn og varnarstöðina hér verði sagt upp. Þvert á móti hefur komið fram hjá Bandaríkjamönnum að þeir hafa ekki hugsað sér neinar breytingar á starfsemi varnarliðsins hér eða veru þess á Íslandi og sama má segja um hug íslenskra stjórnvalda að báðir aðilar hafa lýst yfir áhuga sínum á því að þetta samstarf haldi áfram. Þó svo að samningarnir séu tímabundnir þá er löngu ljóst að þeir verða framlengdir og því er alveg ástæðulaust að skipa sérstaka nefnd þess vegna.

Mig langaði aðeins til þess að forvitnast um það, herra forseti, hjá hv. flutningsmönnum hvaðan þeir hafi það að hafnar séu sérstakar áætlanir um mikla atvinnusköpun á Suðurnesjum til að mæta þá væntanlega miklum vanda sem yrði ef herinn færi skyndilega. Það eru um 2.000 manns sem vinna hjá hernum og það þyrfti talsvert mikla atvinnusköpun til að taka við því fólki öllu saman. Ég velti því fyrir mér hvað sé meint með þessari setningu í greinargerð flutningsmanna og hvaðan þeir hafi það að verið sé að vinna að atvinnusköpun fyrir 2.000 manna starfslið sem nú er uppi á velli.

Herra forseti. Ég vil að lokum bara segja um NATO almennt að allir vita sem vilja vita það að þetta eru orðin friðarsamtök, öryggissamtök sem hafa stuðlað að friði í heiminum. Síðustu dæmin eru þau að sjálfsögðu þegar náðist að stilla til friðar í Kosovo. Þar fyrir utan hefur verið unnið mikið starf við að ná saman þeim þjóðarbrotum sem hafa barist í Júgóslavíu og þeim ríkjum sem hafa staðið í illdeilum á undanförnum árum og engir hafa getað komið að því máli með neinum árangri aðrir en NATO því að Evrópuþjóðirnar einar og sér hafa ekki haft burði til þess að stilla til friðar í sinni eigin álfu, því er nú verr og miður.

Öllum er samt ljóst að Evrópuþjóðirnar hafa mikinn áhuga á því að þetta breytist þannig að þær geti sjálfar tekið á því máli. Þess vegna standa fyrir dyrum breytingar sem lúta að því að Vestur-Evrópusambandið verði innlimað í Evrópusambandið og þessi Evrópuarmur NATO verði hluti af Evrópusambandinu. Það er hlutur Evrópuþjóðanna til að geta tekið á þeim vandamálum með herstyrk og mætti NATO til að halda friði í sinni eigin álfu.

Það er reyndar langt ferli fram undan hvað það varðar hvernig þessum samruna verður háttað. En umræðan er þegar hafin og hún er komin nokkuð á veg þannig að það er eitt af þeim málum sem menn eiga eftir að ræða í hv. Alþingi.

[15:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. þar sem fyrsti flm. er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en ég er meðflutningsmaður. Hún fjallar um að fram fari viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Þetta er í samræmi við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem vill að Ísland verði herlaust land og standi utan hernaðarbandalaga.

Mönnum verður tíðrætt um nýja öld og nauðsynjar á nýsköpun í pólitík en þegar kemur að því að hyggja að slíkri nýsköpun hvað útlandið snertir er ljóst að þar hafa menn staðnað í mjög gömlu og fornu fari, fari kalda stríðsins.

Ég átti kost á því fyrir tveimur árum að sitja þing Sameinuðu þjóðanna sem fulltrúi Alþingis og þá þótti mér athyglisvert að sjá á hvern hátt þar voru myndaðar blokkir á grundvelli gamla kalda stríðsins og fulltrúar Íslands skipuðu sér þar á bekk.

Í utanríkisstefnu okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, leggjum við áherslu á að efla starf okkar innan Sameinuðu þjóðanna og leggja okkar af mörkum til að þau alþjóðasamtök þjóða heimsins starfi á lýðræðislegan hátt. Forsenda þess að svo geti orðið er að hver þjóð reyni að varðveita hlutleysi sitt og fari þar fram samkvæmt sinni bestu sannfæringu en láti ekki teyma sig af hernaðarstórveldunum. Þetta er forsenda þess að okkur takist að stuðla að nýsköpun í alþjóðasamfélaginu.

Samkvæmt þessari tillögu leggjum við til að kosin verði nefnd sem skipuð yrði fulltrúum allra þingflokka sem gengi til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Við viljum að áfangaskýrslu verði skilað til Alþingis og það gerist snemma á næsta ári. Eins og fram hefur komið, þá rennur núgildandi samkomulag milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda út í aprílmánuði árið 2001 en uppsagnarákvæðin telja frá því í apríl á næsta ári. Við leggjum til að áður en að þeim tíma kemur liggi fyrir áfangaskýrsla frá nefndinni og á grundvelli hennar taki menn síðan afstöðu.

Ég ætla ekki að ræða ítarlega einstök efnisatriði en vek þó athygli á ummælum hv. þm. Kristjáns Pálssonar og vil setja nokkuð mörg og stór spurningarmerki aftan við það sem hann sagði og gerði. Þar fannst mér gæta málflutnings í anda kalda stríðsins þar sem menn reyna að hvítþvo stórveldin og vilja ekki sjá, í tilviki hans, nokkurn hvítan blett á Bandaríkjamönnum sem eru algóðir og ljúga aldrei og hafa aldrei logið og hann vísaði í því sambandi til Balkanskagastríðsins.

Það er nú svo að ekki alls fyrir löngu komu ritstjórar nokkurra helstu fjölmiðla í heiminum saman til að ræða þetta sama Balkanskagaslys og í kjölfarið birtist athyglisverður leiðari í DV. Það var Jónas Kristjánsson ritstjóri þess blaðs sem skrifaði þann leiðara. Hann vakti athygli á þeim lygum sem fram hefðu verið bornar í kjölfar stríðsins. Hann minnti m.a. á að upphaflega hefðu verið getgátur um það

af hálfu talsmanna Atlantshafsbandalagsins að Serbar hefðu myrt um 100 þúsund Kosovo-Albani. Síðan var þessi tala komin niður. Það voru Bretar sem komu með aðra tölu, 10 þúsund. Nú er að koma á daginn að um var að ræða um 2.000 fórnarlömb. Það er tveimur þúsundum of mikið en það er svipuð tala og NATO-herirnir myrtu í loftárásum sínum. Þar hafa verið menn að tala um fórnarlömb á bilinu 1.400–2.000 manns sem NATO-herirnir myrtu í loftárásum sínum á sjúkrahús, skóla, samgöngutæki í hryllilegum árásum á þessum tíma. Mér finnst ömurlegt til þess að vita að menn séu á Alþingi Íslendinga að reyna að hvítþvo stórveldin af þessum atburðum. Reyndar eigum við þar hlut að máli vegna þess að Ísland er hluti af NATO og við tókum þess vegna þátt í þessum árásum og kannski eðlilegt að stjórnarmeirihlutinn eða fylgismenn NATO reyni að réttlæta gerðir sínar því að þetta eru okkar gerðir, því miður. En þetta færir okkur heim sanninn um hvernig stórveldin koma fram og hvernig NATO hefur komið fram.

Þetta er engin ný saga. Ég hef rifjað það upp áður þegar ég var fréttamður í erlendum fréttum á sjónvarpinu á dögum Falklandseyjastríðsins. Meira að segja hvernig breska útvarpið BBC varð uppvíst að því að flytja lygafréttir úr stríðinu. Þetta eru því miður hlutir sem gerast. En mér finnst lágmarkskrafa sem við setjum fram í umræðum á Alþingi að við reynum að fara rétt með. Mér fyndist kominn tími til þess og okkur finnst tími til þess að Ísland fari að hefja stoltari fána að húni en við siglum undir nú.

Þess vegna setjum við fram þessa tillögu um að þegar í stað verði hafnar viðræður eða undirbúningur að viðræðum fyrir því að NATO-herinn hverfi af landi brott. Við vekjum sérstaka athygli á því að í tengslum við þetta þurfi að taka sérstaklega á atvinnumálum á Suðurnesjum. Það er mjög brýnt að svo verði gert og við förum um það allítarlegum orðum í greinargerð okkar og teljum mikilvægt að í þessu undirbúningsstarfi verði sérstaklega tekið á þeim málum.

[15:23]

Útbýting þingskjals:

Bifreiðagjald, 219. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 259.

[15:23]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að Serbar hefðu ekki myrt nema 2.000 manns sem honum fannst afskaplega lítið miðað við að hefðu það verið 200 þúsund. Ég ætla ekki að fara út í þessa talnafræði og hef ekki forsendur til þess að ákveða það en það segir mér heldur ekkert um það hvað Serbar hefðu drepið marga til viðbótar ef þeir hefðu fengið frið til þess. Það var náttúrlega augljóst hvert þeir stefndu í útrýmingarherferð sinni. Ég held að hv. þm. ætti að tala varlega um þetta mál. Öllum heiminum var ljóst að þeir slátrarar sem þar réðu ferðinni höfðu ekki nokkra samúð með einum né neinum. NATO kom ekki inn í málið fyrr en þessi slátrunarherferð var búin að ganga yfir í langan tíma og engar siðmenntaðar þjóðir gátu horft upp á það lengur að það væri gengið svo á fólk eins og þarna hafði upplýst og árangurinn hefur verið sá að það náðist að stilla til friðar. En því miður kostar það líka mannslíf þegar þarf að stilla til friðar en því miður eru stríð með þeim hætti.

Ég held að hv. þm. sé að kasta steini úr glerhúsi þegar hann er að tala um að ég eigi að fara rétt með. Ég held að hv. þm. ætti að athuga eigin málflutning.

Ég tók eftir því, herra forseti, að þingmaðurinn hafði ekkert fram að færa varðandi atvinnumál á Suðurnesjum í því tilviki ef herinn færi, enda ekki nema von, það þyrfti meira en lítið að gerast til þess að skapa öllu því fólki sem þar vinnur önnur störf.

[15:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vakti athygli á því að í greinargerð með þáltill. leggjum við sérstaka áherslu á atvinnumál á Suðurnesjum og að á þeim málum verði tekið.

Varðandi hryðjuverkin á Balkanskaga í vor vil ég leggja áherslu á það að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gagnrýndum og fordæmum harðlega hryðjuverk Serba. Að sjálfsögðu hörmum við þá atburði sem þar gerðust og förum ekki í manngreinarálit um hver stóð þar að baki. Ég er einvörðungu að tala um trúverðugleika stórveldanna. Það er það sem ég var að gera að umræðuefni hér, ekki annað. Það gerði ég af því tilefni að hv. þm. Kristján Pálsson kaus sér það hlutskipti að standa upp á Alþingi til að reyna að hvítþvo Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið sem hann segir reyndar að sé friðarbandalag. Gerðist þingmaðurinn nokkuð gamansamur þar, en þetta var samhengi hlutanna í málflutningi mínum.

[15:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð að hv. þm. sé með einhverjum ráðum að leysa úr vandamálum Suðurnesjamanna ef þessi tillaga þeirra yrði að veruleika með því að leggja þarna fram í texta einhverjar tvær setningar. Það leysir ekki nokkurn einasta vanda. Það tæpir kannski á því hvaða vandi mundi koma upp ef sú staða kæmi sem þeir óska eftir. Ég hygg að hv. málflytjendur viti afskaplega lítið hvað mundi gerast í atvinnumálum Suðurnesjamanna ef slík tillaga yrði samþykkt.

Ég sakna þess að fyrst vinstri grænir sáu sérstaka ástæðu til að mótmæla því hvernig NATO reyndi að stilla til friðar í Serbíu og Kosovo á sl. ári og í vetur, að þeir skyldu ekki hafa mómælt hernaði Rússa í Tsjetsjeníu sem mér skilst að sé með dálítið sérstökum hætti. Fyrst þeir hafa sérstaklega illan bifur á stórveldum. Ef við lítum á stórveldi eins og Bandaríkjamenn eru þeir að sjálfsögðu ekki hvítþvegnir en aftur á móti held ég að trúverðugleiki þeirra sé miklu meiri og meira mark takandi á því sem þeir segja en t.d. Rússar. Ef við ætlum að bera þetta saman þá geta Bandaríkjamenn þess vegna verið hvítir.

[15:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þágu sagnfræðinnar og í þágu upplýsingarinnar langar mig til að segja hv. þm. Kristjáni Pálssyni að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi, sem á fulltrúa á Alþingi, sem hefur mótmælt hernaðarofbeldi Rússa í Tsjetsjeníu og krafist þess að utanrrh. Íslands kallaði á fund sinn sendiherra Rússlands í Reykjavík til þess að mótmæla þessu ofbeldi. Mér finnst ömurlegt til þess að vita að ríkisstjórnin hefur ekki þorað að hreyfa andmælum gegn þessu og beðið þess að Clinton eða aðrir herrar láti í sér heyra.

Varðandi atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum vil ég vekja athygli á því að ábyrgir aðilar þar hafa verið þeirrar skoðunar sem við erum að flytja í greinargerð þessarar þáltill. Ég nefni þar t.d. Verslunarmannafélag Suðurnesja sem hefur um árabil lagt áherslu á nauðsyn þess að flétta saman

brottför hersins, og ég legg áherslu á brottför hersins, og atvinnuuppbyggingu. Við erum að taka undir þessar kröfur og þær hugmyndir sem hafa komið frá verkalýðshreyfingunni á Suðurnesjum um þetta efni. Það er ábyrg afstaða og við styðjum hana.

[15:30]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta, svo það liggi rétt fyrir, að þessi tillaga hefur ekki áður verið flutt af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Hreyfing okkar er ekki það gömul. Hins vegar var sambærileg tillaga flutt hér á síðasta þingi, ef við sleppum vorþinginu, af þingmönnum úr þremur þingflokkum sem hér sátu þá. Ég sem 1. flm. var úr þingflokki óháðra og þáv. hv. þm. Ragnar Arnalds, úr þingflokki Alþýðubandalagsins, og Kristín Halldórsdóttir, þingflokki Samtaka um kvennalista, vorum flutningsmenn þessarar tillögu á síðasta þingi.

Varðandi það sem hv. þm. Kristján Pálsson nefndi síðan, að hér væri skammur tími ætlaður til verka, þá er það út af fyrir sig rétt. Ég minni þó á að þegar talað er um febrúarlok árið 2000 er kveðið á um bráðabirgðaskilagrein, einhvers konar athugun og könnun sem síðar verði grundvöllur frekari viðræðna um málið. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að hafa þarna öllu lengri frest er einfaldlega sú að ef menn vilja taka málið alvarlega þá eru uppsagnarákvæði í núgildandi bókun milli bandarískra og íslenskra stjórnvalda virk frá og með aprílmánuði 2000. Vilji Alþingi koma að málinu og fara yfir þessa stöðu, þá þarf það að gerast á allra næstu mánuðum. Síðan væri væntanlega einhver tími til stefnu til frekara framhalds málsins.

Vel að merkja þá er mér ljóst og enginn ruglingur í þeim efnum, samanber greinargerð og fylgiskjöl, að hér er eingöngu um að ræða bókun sem í gildi er milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda. Varnarsamningurinn sjálfur er að sjálfsögðu ekki tímabundinn og gildir öðru máli um hann. En sá misskilningur komst á flot á sl. hausti að sjálfur varnarsamningurinn væri að renna úr gildi. Svo er ekki, því miður hlýt ég auðvitað að segja.

Það að hér er eingöngu fjallað um brottför hersins en ekki vikið orðum að NATO, þýðir það viðurkenningu okkar á aðildinni að NATO? Svarið er: Nei. Það kemur skýrt fram í greinargerð að við sjáum framtíðina þannig fyrir okkur að Ísland verði utan hernaðarbandalaga. Við leggjum áherslu á uppbyggingu lýðræðislegra fjölþjóða- eða alþjóðastofnana eins og ÖSE, stofnunarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, og Sameinuðu þjóðanna. Það er miður hvernig ýmsir atburðir á alþjóðavettvangi á undanförnum missirum hafa orðið til að veikja þessar stoðir þar sem allar þjóðir eiga aðild með lýðræðislegri aðkomu að þessum málum.

Það er enginn vafi á því að Bandaríkjamenn, sérstaklega repúblikanar á Bandaríkjaþingi, hafa markvisst unnið að því að veikja Sameinuðu þjóðirnar og stöðu þeirra. Framganga NATO hefur einnig orðið til þess að veikja stöðu stofnunarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu svo mjög að forsvarsmenn þar hafa orðið að bera hönd fyrir höfuð sér í þeim efnum. Ég get upplýst að ég átti sem nefndarmaður í Evrópunefnd Norðurlandsþings sæti á fundi með Knut Vollebæk, sem fór með formennsku í ÖSE á sl. kjörtímabili þeirrar stofnunar. Þó að sá ákaflega hógværi maður væri varkár í orðum þá neitaði hann því ekki að vaxandi áhyggjur væru innan stofnunarinnar um öryggi og samvinnu í Evrópu af skörun verkefna vegna þess hlutverks sem NATO hefur tekið sér sjálfdæmi um í þessum efnum. Við sjáum fyrir okkur að lýðræðislega uppbyggðar fjölþjóða- og alþjóðastofnanir af því tagi leysi hin gömlu og úreltu hernaðarbandalög af hólmi. Auðvitað er hverjum hugsandi manni ljóst að sjálftaka mesta hernaðarstórveldis veraldarinnar og þess klúbbs sem það hefur í kringum sig, á valdi og verkefnum í heiminum er skelfileg þróun. Því miður hefur það markað yfirbragð alþjóðamála æ meira á undangengnum missirum, þ.e. fádæma hroki Bandaríkjamanna og sjálfdæmi þeirra um hvað þeir kjósa að aðhafast í alþjóðamálum.

Hv. þm. vísaði til þess sem segir í upphafi greinargerðar um nýlega atburði og umræður. Ég fór nú yfir þá atburði og nefndi í framsöguræðu minni. Að öðru leyti vísa ég þarna almennt til umræðna um hvernig Keflavíkurstöðin og viðbúnaður Bandaríkjamanna hér hafi verið og sé hlekkur í kjarnorkuvígbúnaðarstefnu Bandaríkjanna og NATO. Því verður ekki á móti mælt þó menn geti og muni halda áfram að deila um hvort hér hafi verið lengur eða skemur kjarnorkuvopn eða ekki. Hitt er ljóst og óumdeilt að Keflavíkurstöðin hefur með ýmsum hætti verið skipulagsbundinn hluti af kjarnorkuvígbúnaðaruppbyggingu Bandaríkjanna og NATO, fyrir því eru óhrekjandi sannanir í skjölum. Fyrir hafa legið plön um að flytja hingað kjarnorkuvopn og nota aðstöðuna hér með ýmsum hætti í kjarnorkuvígbúnaði. Viðbúnaðurinn hér hefur gagngert verið hluti af kjarnorkuvígbúnaðarvörnum, samanber hlustunarkerfi, kafbátaleitarflugvélar o.fl. í þeim dúr.

Síðan er rétt að hafa í huga að vafasamt hefur reynst að treysta yfirlýsingum stórvelda um vígbúnað sinn, bæði fyrr og nú, eins og m.a. kom fram hér í orðaskiptum áðan. Vestrænir fjölmiðlar standa berrassaðir með það á bakinu að hafa hlaupið apríl og birt skefjalausan áróður í miðjum styrjaldarátökum, gagnrýnislaust að mestu leyti. Svo langt hefur gengið að ýmsir sómakærir fjölmiðlamenn hafa opinberlega beðið íbúa Vesturlanda afsökunar á að hafa látið hafa sig að ginningarfíflum í þeim efnum.

Ég, herra forseti, ætla áfram að hafa þá framtíðarsýn að Ísland verði herlaust land, óhersetið land. Við hljótum að eiga okkur þann draum í brjósti, allir Íslendingar, að geta búið í landinu án þess að hér sé erlendur her. Menn geta sjálfsagt og munu sjálfsagt, því miður, halda áfram að deila um hvort forsendur séu til þess. Hvaða afleiðingar það hins vegar hefði að herinn hyrfi úr landinu er bæði þarft og skylt að ræða. Mér finnst eðlilegt að hv. þm. Kristján Pálsson nefni það hér til sögunnar að hann hefur áhyggjur af atvinnumálum á því svæði sem sérstaklega hefur orðið fyrir áhrifum af dvöl hersins hér.

Í fyrsta lagi er að því að hyggja að mikilvægi hersins sem gjaldeyrisskapanda og vinnuveitanda hefur sem betur fer farið hratt minnkandi á undanförnum árum. Það er af tveimur ástæðum, vegna samdráttar í umsvifum og vegna þess að önnur gjaldeyrissköpun hefur aukist. Í fylgiskjali með þessari tillögu er birt tafla sem sýnir hvernig nettótekjur í gjaldeyri af veru varnarliðsins, sem hluta af landsframleiðslu, hafa mjög farið lækkandi, frá því að þær voru hátt á fjórða prósent þegar mest var í kringum 1983 og kannski einnig á fyrstu árum hersetunnar, ég hef ekki gögn yfir það. Þær voru komnar niður í 1,9% árið 1995 og hafa farið lækkandi síðan. Ég hef ekki handbærar tölur um það en veit að þær hafa farið lækkandi bæði með vaxandi útflutningi og áframhaldandi samdrætti í umsvifum hersins.

Íslenskum starfsmönnum hefur fækkað hjá varnarliðinu. Sá fjöldi hefur dregist saman um líklega um tvö hundruð starfsmenn núna á fáeinum árum. Þeir voru árið 1990 tæp 1.100 en voru um 880 í janúarlok 1997 og hefur væntanlega heldur fækkað en hitt. Alls störfuðu á þeim tíma um 1.660 Íslendingar á Keflavíkurflugvelli. Þeir sem þarna starfa umfram þá tæplega 900 sem starfa hjá varnarliðinu eru starfsmenn verktaka og opinberra stofnana, íslenskra stofnana á vellinum. Þessi tala hefur væntanlega ekki breyst mikið vegna þess að starfsmönnum íslenskra stofnana hefur væntanlega fjölgað en starfsmönnum sem vinna hjá varnarliðinu og verktökum hefur fækkað. Auk þess hefur sú breyting orðið á að verktakar sem þarna voru nær einvörðungu í verkefnum fyrir herinn eru nú komnir út á almennan markað og ekki lengur hægt að telja þá starfsmenn eingöngu með atvinnu af dvöl hersins hér. Að síðustu minni ég á að um þriðjungur af starfsmönnum þarna er af Reykjavíkursvæðinu en ekki af Suðurnesjum. Ef við lítum á hlut Suðurnesjanna sem slíkra þá er hann væntanlega ekki nema tveir þriðju af þessum tölum, þeim hlutföllum sem ég sá síðast um þetta.

Atvinnuástandið hér er eins og raun ber vitni, þensla á vinnumarkaði og umframeftirspurn eftir vinnuafli, þannig að það ætti ekki að valda langvarandi erfiðleikum að þetta starfsfólk fyndi sér á einhverju aðlögunartímabili verkefni við annað.

Þá er að því að hyggja að mjög víða hafa sambærilegar breytingar orðið, t.d. bæði í Bretlandi og Þýskalandi. Ég þekki dæmi frá allmörgum yfirgefnum herflugvöllum þar sem mikil mannvirki voru yfirgefin og færð yfir til borgaralegra nota. Þar hefur víða, öfugt við það sem menn óttuðust, hlaupið stóraukinn kraftur í atvinnustarfsemi svæðanna við breytingarnar. Það er einfaldlega vegna þess að þegar her pakkar niður, dregur saman umsvif sín og hverfur brott af svæðinu þá hafa þeir sem búa á svæðinu fengið að reyna samdrátt og daufa tíma. En það hefur reynst mikil eftirspurn eftir slíkri aðstöðu til annarra nota, t.d. í Bretlandi. Menn þekkja kannski dæmin, m.a. af Flugfélaginu Atlanta sem ég hygg að sé að einhverju leyti með starfsemi á slíku svæði.

Víðar er það svo að t.d. flugrekendur hafa sóst eftir því að fá aðstöðu þar sem hægt er að hafa afnot af flugbrautum og flughlöðum, yfirgefnum mannvirkjum sem áður voru til hernaðarlegra nota. Þeir sem stunda flugrekstur, m.a. viðhald flugvéla, birgðahald og varahlutalager hafa reynst áhugasamir um að nota aðstöðuna og ýmiss konar smáiðnaður sem getur blómstrað í tengslum við þær greiðu samgöngur sem nálægð við alþjóðaflugvöll býður upp á. Ég er þess vegna, herra forseti, alveg sannfærður um að það fælust miklir möguleikar í því fyrir einmitt Suðurnesin að blómstra sem aldrei fyrr, með yfirtöku þessarar aðstöðu og mannvirkja til borgaralegra nota og almennrar atvinnustarfsemi. Að sjálfsögðu væri eðlilegt að leggja af mörkum fjármuni til slíkrar aðlögunar.

Þegar til lengri tíma er litið er ég sannfærður um að það mundi verða atvinnulífi og byggð á þessu svæði til verulegrar blessunar að ganga í gegnum slíkar breytingar. Það yrði á allan hátt heilbrigðara en það ástand sem menn hafa þarna búið við. Það er þekkt úr atvinnusögu margra byggðarlaga og við sambærilegar aðstæður, hvort sem eini stóri vinnuveitandinn er her eða einhver annar slíkur aðili, að það er veruleg hætta á stöðnum og að doði færist yfir ef menn ganga að öruggri atvinnu vísri hjá aðila sem hefur ekki miklar skuldbindingar við svæðið og er þar ekki rótfastur. Ég gæti alveg farið yfir það með hv. þm. við tækifæri hversu mikil blessun það var, t.d. í mínu heimabyggðarlagi, að þar var byggð upp herstöð á sjötta áratugnum og hún síðan allt í einu lögð niður einn góðan veðurdag um 1970. Þá sátu heimamenn eftir með sárt ennið. Þeir voru vanir því að treysta á atvinnuna og umsvifin sem þarna voru og hugðu ekki að því sem skyldi að byggja upp eigin atvinnugreinar.

Allra síðast, herra forseti, nokkur orð í lokin um friðarhreyfinguna NATO sem að hv. þm. Kristján Pálsson gerði hér að umtalsefni. Ég held að það eina sem hægt sé að segja að hafi verið jákvætt við hina hörmulegu atburði á Balkanskaganum og framgöngu NATO þar hafi verið að kjaftæðið um NATO sem friðarbandalag afhjúpaðist. Það afhjúpaðist auðvitað rækilega. Það var búið að reyna að segja okkur í umræðunni undanfarin missiri að þetta væri eins konar friðarklúbbur, eins og huggulegt teboð og ætti ekkert orðið skylt við hernað, styrjaldarátök eða mannfall.

En hvað kom á daginn? Annað kom jú á daginn. Nú held ég að umræðan sé þó að því leyti raunsærri en áður var. Þarna var auðvitað grímulaus vígbúnaðar- og árásarhyggjan á ferð. Það hefur auðvitað ekki staðið á því að aðrir vísi til þessa fordæmis. Bæði Indverjar og Pakistanar sögðu við Vesturlönd: Hvað eruð þið að ibba gogg þó að við kunnum að fara hérna í smá stríð? Hugsið bara um ykkar Kosovo. Og til hvers vísa Rússar núna í Tsjetsjeníu? Hvers vegna eru Vesturlönd jafnhölt og raun ber vitni þegar kemur að því ástandi? Það er vegna fordæmisins frá Kosovo.

[15:45]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Allar bollaleggingar um það hvernig atvinna geti byggst upp að nýju á Suðurnesjum ef herinn færi skyndilega eru náttúrlega í sjálfu sér mjög auðveldar hér inni í þingsölum. Það er hægt að segja að þar gæti komið til smáiðnaður, þar gæti Atlanta komið og þarna gæti orðið eitthvert viðhald á flugvélum o.s.frv. Auðvitað gæti þetta hugsanlega allt gerst. En við höfum ekki nokkra vissu fyrir því. Við vitum aftur á móti að viðhaldsskýli Flugleiða er starfrækt innan girðingar og gengur vel. Hvort það þarf að vera miklu meira heldur en það er svo önnur saga. Suðurnesjamenn hafa miklar áhyggjur af því ef það gerðist skyndilega sem hér er lagt til. Þeir hafa í rauninni lengi getað búist við því að einhverjar breytingar yrðu á starfsemi hersins. Þær breytingar sem hafa orðið hafa Suðurnesjamenn náð að leysa farsællega og atvinnuástand þar er sem betur fer gott, eins og hv. þm. sagði. Ég vil nú mótmæla því að stöðnun ríki á Suðurnesjum vegna þess að herinn hafi verið þarna mjög lengi. Ég held að sjaldan hafi verið meiri gróska á Suðurnesjum en einmitt núna og við getum tekið á þeim vandamálum sem koma upp í atvinnumálum.

Hér er um miklu meira en atvinnumál að ræða, það er um að ræða bandalag, tvíhliða samning við Bandaríkin og veru okkar í NATO sem er okkur mjög mikils virði og meira virði en svo að menn hendi því frá sér bara út af einhverjum hugleiðingum um að það gæti hugsanlega verið betra. Hvað það varðar að það sé kjaftæði að bandalagið NATO sé friðarbandalag, þá er það alltaf spurning hvernig þessi hugtök eru skilgreind. En að sjálfsögðu urðu þeir að beita hörku til þess að berja niður yfirgang Serba.

[15:47]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það samrýmist ekki minni málvitund að bandalag sem áskilur sér rétt til þess að beita kjarnorkuvopn-

um að fyrra bragði og bandalag sem fer í árásaraðgerðir sem m.a. bitna á óbreyttum borgurum eins og raun bar vitni í Kosovo, sé friðarbandalag. Og ekki meira um það.

Það voru ekki mín orð að Suðurnesjamenn hefðu seti með hendur í skauti eða að þar hafi ríkt doði í atvinnumálum. Ég vísa til greinargerðarinnar í þeim efnum. Þar er þvert á móti tekið fram að vænlegar horfi í atvinnumálum á Suðurnesjum en áður hafi gert um skeið. Ég hef fylgst ágætlega með atvinnumálum á Suðurnesjum, átti þar m.a. fund með forustumönnum ekki fyrir löngu síðan og þar kom margt áhugavert fram um það hvernig einmitt Suðurnesjamenn hafa verið að sækja fram í atvinnumálum á nýjan leik, en eftir alllangt erfiðleikatímabil. Ég hygg að það mætti frekar segja að á áttunda og níunda áratugnum hafi kannski frekar verið ástæða til að velta fyrir sér þessu samhengi hlutanna, samanber t.d. þá miklu erfiðleika sem sjávarútvegur á Suðurnesjum gekk þá í gegnum. Þá gekk á hans hlut og margir voru að leita skýringa á því hvers vegna Suðurnesjamenn með sína ágætu aðstöðu að því leyti létu undan síga í þeim efnum. Þar heyrði maður oft þá skýringu — ég er ekki að gera hana að minni — en maður heyrði oft þá skýringu að kannski kynni nábýlið við herinn að hafa verið þeim takmörkuð blessun í þessum efnum.

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á tvennt í þessu efni. Þjóðhagslega er það orðið mikið minna mál en það áður var fyrir Íslendinga að aðlaga sig því að herinn hverfi úr landi. Það sem hann leggur af mörkum í gjaldeyrissköpun eða þjóðarframleiðslu er svo miklu minna hlutfall en áður var að það er langt innan þeirra sveiflna sem við erum oft að taka á okkur bara vegna breytinga á erlendum mörkuðum eða aflabragða eða slíkra hluta. Í öðru lagi er eðlilegt að Suðurnesjamenn hafi áhyggjur af sinni stöðu. En það er jafnsjálfsagður hlutur að leggja af mörkum til þess að þeir geti komist í gegnum slíkar breytingar með sem minnstum skakkaföllum. Ég er alveg sannfærður um að á því yrði ríkur skilningur og til þess yrði vilji þegar til slíkra breytinga kemur.

[15:50]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið meira. Ég held þegar upp er staðið að við séum í sjálfu sér að tala um það hvort að við eigum að vera í hernaðarbandalagi og vera í hernaðarsamstarfi og varnarsamstarfi við Bandaríkin. Þar greinir okkur á og það er út af fyrir sig allt gott við það að línur séu skýrar og það verður að segjast um vinstri græna, að þeirra stefna er skýr. Þeir vilja herinn burt. Aftur á móti veit Samfylkingin ekki enn hvort hún vill herinn burt eða ekki og það hefur ekkert heyrst meira um það frá þeim samtökum hvorum megin hryggjar þeir vilja vera í þessum málum. Ég virði því skoðanir vinstri grænna þó að ég sé þeim mjög ósammála.

Ég vil svo aðeins að lokum nefna að hv. þm. Ögmundur Jónasson leiðrétti mig áðan varðandi yfirlýsingar um innrás Rússa í Tsjetsjeníu. Þeir hafa sagt hér á Alþingi að þeir mótmæltu innrás Rússa í Tsjetsjeníu. Það hafa þeir sagt í umræðum á Alþingi en ekki beinlínis lagt fram um það tillögu. Það er ágætt að það komi fram. Eigi að síður þá hafa Rússar gert þetta á allt annan hátt en allt það sem gert var af hálfu NATO-ríkjanna á Balkanskaganum, þar sem opinber umræða og fréttaflutningur af málinu var mjög opinn í raun. Fréttaflutningur um ástandið í Tsjetsjeníu þar sem að Rússar hafa gert innrás er hins vegar lokaður öllum og enginn veit neitt hvað er að gerast. Á þessu er gríðarlegur munur og sýnir hvernig vesturveldin undir forustu NATO vinna til að upplýsa fólk um gang mála.

[15:52]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að það sé á hreinu, þá hefur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert formlega samþykkt á fundi sem var send fjölmiðlum þar sem við mótmæltum framgöngu Rússa í Tsjetsjeníu. Ég held að við höfum orðið fyrstir íslenskra aðila og því miður sennilega nokkurn veginn einir til þess enn þá að mótmæla því opinberlega. Í framhaldi krafðist hv. þm. Ögmundur Jónasson þess hér í fyrirspurnatíma að utanrrh. kallaði a.m.k. sendiherra Rússa fyrir og mótmælti þessu við hann. En það var hæstv. utanrrh. því miður ekki fáanlegur til að gera.

Varðandi lygaþvæluna sem var hellt yfir heiminn um atburðina í Kosovo þá tekur það auðvitað engu tali. Það hefur komið í ljós eftir á að það voru eyðilögð fleiri sjúkrahús heldur en skriðdrekar. Þeir voru víst ekki nema þrír en a.m.k. fjögur sjúkrahús voru eyðilögð eða stórskemmd, og þar fram eftir götunum. Hv. þm. er því afar óheppinn þegar hann velur sér það sem sérstakt efni til að hrósa Vesturlöndum eða herjum þeirra fyrir hvernig upplýsingamiðlun úr Kosovostríðinu var háttað. Það er óhrekjanlegt að varnarmálaráðherra Bandaríkjanna færði það fram sem rök fyrir því að nauðsynlegt væri að hefja loftárásirnar, að talið var að Serbar væru búnir að myrða allt að 100 þúsund manns í Kosovo. Sem betur fer er að koma á daginn að sú tala var auðvitað stórlega ofmetin. Menn eru að gera sér vonir um að þar verði kannski, þegar upp er staðið, mannfallið í þeim hluta harmleiksins innan við tvö þúsund manns, sem er svipuð tala og tala þeirra sem féllu í loftárásum NATO. Af þessum tvö þúsund sem féllu var talsvert af Serbum. Það voru ekki bara Kosovo-Albanar eða Albanar, heldur líka Serbar sem að þannig féllu.

Herra forseti. Að öðru leyti þá snerist þessi tillaga nú um að herinn færi úr landi og að við undirbyggjum okkur undir þær breytingar sem því væru samfara. Ég er sannfærður um að það eigi eftir að gerast og mér finnst mikilvægt að við förum að ræða það opinskátt og hreinskilnislega hvernig það gæti gerst. Ég er viss um að smátt og smátt muni sá þjóðarvilji verða til að hafa ekki erlendan her í landi okkar um aldur og ævi. Það getur tæplega verið draunsýn eða framtíðarmarkmið að hafa það þannig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 144. mál (aflaheimildir Byggðastofnunar). — Þskj. 165.

[15:55]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir að frv. eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Jóhann Ársælsson og Lúðvík Bergvinsson.

Frv. er stutt. Það er einungis tvær greinar. Sú fyrri lýtur að breytingu á ákvæði til bráðabirgða í lögunum um stjórn fiskveiða. Í lögunum um stjórn fiskveiða er bráðabirgðaákvæði

nr. XXVI sem kom inn í lögin fyrri hluta árs 1999. Þetta bráðabirgðaákvæði er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á fiskveiðiárunum 1999/2000 til og með fiskveiðiársins 2005/2006 hefur Byggðastofnun árlega til ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 1.500 þorskígildislestum, miðað við óslægðan fisk, til að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít og ufsa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við óslægðan fisk og skulu þær dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeildar."

Sú breyting sem hér er lögð til er að setningin sem lýtur að því að úthlutað skuli í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir hljóði svo, með leyfi forseta:

„Skal þeim úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir sem geta ákveðið að aflaheimildirnar verði boðnar út, enda renni andvirði þeirra til uppbyggingar atvinnumála í viðkomandi sveitarfélagi."

Það er sem sagt vilji okkar sem að þessu frv. stöndum að þær breytingar verði gerðar á þessu ákvæði að sveitarstjórnirnar geti ákveðið að aflaheimildirnar sem koma í þeirra hlut samkvæmt þeim reglum sem settar eru verði unnt að bjóða út og andvirðið renni þá til uppbyggingar atvinnumála í viðkomandi sveitarfélagi.

Herra forseti. Aflaheimildum Byggðastofnunar samkvæmt þessu bráðabirgðaákvæði var öllum ráðstafað fyrir yfirstandandi fiskveiðiár og raunar til næstu fimm ára, og skiptust þær sem hér segir:

Ísafjarðarbær fékk 387 tonn, Breiðdalsvík 181, Fáskrúðsfjörður 113, Stöðvarfjörður 94, Vesturbyggð 205, Seyðisfjörður 67, Kaldrananeshreppur 63, Hofsós 114, Grímsey 92, Bakkafjörður 72, Borgarfjörður eystri 112, alls 1.500 tonn.

Það sem réði því, herra forseti, hvaða sveitarfélög komu til álita og fengu úthlutun, voru reglur sem Byggðastofnun setti.

Meginatriði þeirra voru þessi:

1. Litið var til kvótataps viðkomandi sveitarfélags síðustu fimm ár. 5% kvótatap reiknaðist sem tveir punktar. Það gátu mest orðið 30 punktar út úr þessum hluta reglnanna og mátti kvóti ársins 1998 ekki vera meiri en 4.000 tonn. Kvótaaukning mátti ekki vera meiri en 800 tonn sl. fimm ár og ekki miklar aðrar breytingar í veiðum og vinnslu á tímabilinu. Steinbítur var ekki talinn með.

2. Litið var til hlutar fiskveiða og fiskvinnslu í atvinnulífi staðarins. 2% hlutur reiknast sem einn punktur og gátu mest orðið 20 punktar. Einungis staðir með hærra hlutfall en 20% komu til greina við úthlutun. Þar skyldi bolfiskvinnsla vera við upphaf úthlutunartímabils.

3. Litið var til fækkunar ársverka í fiskvinnslu og veiðum á fimm ára tímabili frá 1991–1996. 2% fækkun reiknaðist sem einn punktur og gátu sveitarfélög fengið mest 15 punkta.

4. Litið var til fráviks meðaltekna á íbúa frá landsmeðaltali. 2% frávik reiknaðist sem einn punktur og gátu mest orðið 15 punktar fyrir sveitarfélag.

5. Litið var til fólksfækkunar síðastliðin fimm ár og voru hver 3% reiknuð sem einn punktur og gátu þetta samtals mest orðið tíu punktar.

6. Litið var til íbúafjölda þar sem 100 íbúar reiknuðust sem einn punktur og gátu þar mest orðið tíu punktar.

Kvótanum var úthlutað til fimm ára og skulu forsendur skoðaðar árlega. Þá var kvótanum úthlutað til byggðarlaga á atvinnuþróunarsvæðum 1 og 2 á grundvelli skýrslu Byggðastofnunar um skiptingu landsins í atvinnuþróunarsvæði. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun var úthlutun kvótans hugsuð til að treysta bæði veiðar og vinnslu og til að auka aflahlutdeild þessara byggðarlaga. Þá setti Byggðastofnun reglur um meðferð úthlutaðs kvóta þar sem segir m.a. að aflaheimildir skuli bundnar við vinnslu í viðkomandi byggðarlagi og „eftir því sem við verður komið og hagkvæmt kann að teljast, veiddar af skipum í þeim byggðarlögum sem um ræðir. Þær eru afhentar án endurgjalds og má ekki selja eða leigja milli byggðarlaga ... Það skip sem fær úthlutað kvóta frá sínu heimabyggðarlagi skal landa eins miklum hluta afla síns og mögulegt er í viðkomandi byggðarlagi á umræddu fiskveiðiári. Það skip sem fær úthlutað byggðakvóta frá sínu heimabyggðarlagi skal skuldbinda sig til að selja hvorki né leigja frá sér aflaheimildir í viðkomandi tegundum út fyrir byggðarlagið á því fiskveiðiári.

Herra forseti. Það virðist vera svo að menn hafi ekki allir verið jafnsáttir á þessa reglu og ég vil af því tilefni lesa hér upp bókun eins stjórnarmanns í Byggðastofnun vegna reglunnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Skv. 5. málsgrein eru það einungis skip frá heimabyggðarlagi sem eru skuldbundin til að selja hvorki né leigja frá sér aflaheimildir í viðkomandi tegundum út fyrir byggðarlagið.

Sé samið við skip utan heimabyggðar getur útgerð skipsins móttekið byggðakvóta og leigt eða selt frá sér eigin kvóta á móti. Þessu er ég andvígur og tel að skip úr heimabyggð hafi lakari samningsstöðu en aðkomuskip. ...

Ég tel að það eigi að vera ófrávíkjanleg regla að skip sem fær úthlutað byggðakvóta leigi ekki eða selji frá sér annan kvóta á því fiskveiðiári sem um ræðir."

Þessu vildi ég skjóta hér inn, herra forseti, vegna þess að ég held að það sé ástæða til þess að menn velti aðeins fyrir sér hvernig þessar reglur virka og í rauninni hvernig það er að vinna við lögin um stjórn fiskveiða þó að menn vilji takast á við vanda eins og þann sem menn eru hér að reyna að glíma við.

Tillögur sveitarfélaganna um úthlutun hafa verið mismunandi og hafa ráðist af þeim aðstæðum sem eru á hverjum stað. Skemmst er frá því að segja að mikil viðbrögð hafa orðið, bæði við úthlutun Byggðastofnunar og einnig því hvernig sveitarfélögin hafa lagt til að farið yrði með þessar aflaheimildir. Sjútvrn. sendi frá sér minnisblað vegna úthlutunar Byggðastofnunar. Þar segir m.a.:

„Ráðuneytið telur einsýnt að Byggðastofnun beri að taka afstöðu til úthlutunar aflaheimildanna, á hverju fiskveiðiári næstu sjö árin, enda ljóst að á þeim tíma getur ýmislegt gerst sem getur haft áhrif á stöðu einstakra byggðarlaga í sjávarútvegi."

Hér er, herra forseti, í rauninni verið taka á þeirri staðreynd að Byggðastofnun úthlutaði þessum kvóta til fimm ára enda þótt hann eigi að vera endurskoðanlegur á hverju ári. En eitt þeirra sveitarfélaga sem hafa lent í vanda með tillögur um hverjir ættu að fá úthlutað þeim takmörkuðu gæðum sem felast í aflaheimildum er Vesturbyggð. Niðurstaða sveitarstjórnarinnar þar var sú að leggja til við Byggðastofnun að Vesturbyggð yrði heimilt að leigja byggðakvótann samkvæmt tillögum sem bæjarstjórn samþykkti en þær voru eftirfarandi:

„I. Kvótinn verði leigður hæstbjóðanda.

II. Leigugjald kvótans renni í Atvinnuþróunarsjóð Vesturbyggðar sem yrði stofnaður fáist heimild Byggðastofnunar fyrir framangreindri málsmeðferð.

III. Rétt til þess að fá kvóta leigðan hafa allir bátar í aflamarks- og aflahámarkskerfi sem skráðir eru í Vesturbyggð og hafa veiðileyfi en aðrir bátar ekki.

IV. Skilyrt er að leigutaki landi eða hafi landað á fiskveiðiárinu a.m.k. jafnmiklu magni af eigin kvóta eða öðrum leigukvóta er að leigu byggðakvóta kemur.

V. Afla úr byggðakvóta ásamt skilyrtri tvöföldun skal landað til vinnslu í Vesturbyggð.

VI. Byggðastofnun gerir samning við fiskvinnslustöðvar í Vesturbyggð um móttöku aflans. Leitast skal við að skipta aflanum milli þeirra fiskvinnslustöðva sem starfandi eru í sveitarfélaginu.

VII. Bæjarstjórn beinir því til Byggðastofnunar að taka tillit til vilja þeirra íbúa í Vesturbyggð sem samkvæmt undirskriftalista óska þess að kvótanum verði skipt milli Bíldudals og Patreksfjarðar í tilteknu hlutfalli."

Svo mikið um þessar reglur bæjarstjórnar Vesturbyggðar en eins og glöggt má merkja að þá eru þær sniðnar að reglum Byggðastofnunar hvað varðar úthlutun og hverjir geta fengið úthlutað, samanber skilyrði um jafnmikið magn af eigin kvóta af öðrum leigukvóta, vinnslu á staðnum o.s.frv. Það eina sem greinir að í rauninni er spurningin um það hvort bæjarstjórnin getur óskað eftir tilboðum í kvótann en í tilfelli Vesturbyggðar voru hátt í þrjátíu aðilar búnir að lýsa yfir áhuga á því að fá að veiða þennan kvóta og í öðru lagi það að leigugjald kvótans rynni í Atvinnuþróunarsjóð Vesturbyggðar, þar sem áhugi var fyrir því að nýta þessa fjármuni sem fengjust til þess að breikka atvinnugrundvöll sveitarfélagsins eins og fram kemur í greinargerð sem fylgdi samþykkt bæjarstjórnarinnar. Þar kemur m.a. fram að sveitarstjórnarmenn hafi ekki farið varhluta af því að úthlutun byggðakvóta væri viðkvæmt mál enda um að ræða fá tonn eins og menn heyrðu þegar ég las upp áðan hversu mikið kom í hlut hvers sveitarfélags. Það er um að ræða fá tonn í hlut þeirra sem fengu en töluverð fjárhagsleg hlunnindi sem margir vildu hlotið hafa. Sveitarstjórnin eða bæjarstjórn Vesturbyggðar telur að afkoma sveitarfélags af slíkri úthlutun sé vart til annars fallin að veikja innri stoðir sveitarfélaga og í einhverjum tilvikum að ala á tortryggni á milli þeirra sem úthlutun hljóti og hinna sem ekkert fá. Bæjarstjórnin telur þá leið sem hún leggur til vera þá farsælustu fyrir sveitarfélagið og að nauðsynlegt sé að við meðferð byggðakvótans að taka tillit til aðstæðna í hverju sveitarfélagi fyrir sig og njörva ekki úthlutunarreglur með sama hætti hringinn í kringum landið enda aðstæður mjög misjafnar og óvíst að það henti á einum stað sem sé þeim næsta fyrir bestu.

Svo mikið um tillögur Vesturbyggðar. Það er augljóst að vegna þeirrar ásóknar sem þar var í kvótann veigraði sveitarstjórnin sér við því að fara í það að úthluta enda hefði lítið komið í hlut hvers aðila, eins og ég sagði sóttu hátt í þrjátíu aðilar um að fá að veiða en einungis rétt rúmlega tvö hundruð tonn sem komu í hlut sveitarfélagsins.

Við þetta má bæta, herra forseti, sem rökstuðning í því máli að sveitarfélögum verði heimilt að bjóða þessar veiðiheimildir út að við setningu aðalfundar Landssambands smábátaeigenda þá hvatti Örn Pálsson, framkvæmdastjóri félagsins, félaga sína til að fylkja sér um sameiginlega lausn á úthlutun byggðakvótans. Sagði hann að við úthlutunina ætti að fara að dæmi Vesturbyggðar og úthluta veiðiheimildum til útgerða sem gerðar væru út frá viðkomandi stöðum og óska eftir tilboðum frá þeim. Það ætti ekki að búa til reglur um úthlutun því slíkt mundi ávallt vekja upp öfund, gremju og sundurlyndi í byggðarlögunum. Sagði Örn ekkert athugavert við það að veiðiheimildum væri úthlutað þannig að sem mestar tekjur rynnu til viðkomandi sveitarfélags enda væri tilgangurinn að efla byggðina.

Herra forseti. Þrátt fyrir þetta er staðan sú að tillögu Vesturbyggðar hefur verið hafnað af hálfu formanns stjórnar Byggðastofnunar og hefur stofnunin nú sjálf tekið það í sínar hendur að gera tillögu um úthlutun kvótans án atbeina bæjarstjórnar Vesturbyggðar. Eftir því sem ég veit best hefur niðurstaða formanns stjórnar og sú ákvörðun stofnunarinnar að taka málið sjálf í sínar hendur ekki verið rædd í stjórn stofnunarinnar. Eigi að síður er staðan þessi núna og enn þá hefur byggðakvóta Vesturbyggðar ekki verið úthlutað. Það er reyndar ekki einsdæmi, svo mun vera um þrjú önnur byggðarlög þar sem ekki hefur tekist að ganga frá úthlutun.

Það er mat flutningsmanna þessarar tillögu eins og fram hefur komið, að heimila eigi sveitarfélögunum að bjóða veiðiheimildirnar út og að sveitarfélögin fái þá andvirði þeirra til uppbyggingar atvinnumála í sveitarfélaginu. Það er alveg ljóst að afstaða byggðarlaga og afstaða sveitarstjórnanna um landið er mjög mismunandi þegar kemur að tillögugerð um úthlutun kvótans. Vissulega er vandaverk að úthluta hlunnindum, eins og ókeypis kvóta, án þess að það veki upp tortryggni og einhverjar deilur. Til þess eru hagsmunir manna einfaldlega of stórir. Það er því rétt að mati flutningsmanna að sveitarstjórnir eigi þann möguleika að bjóða kvótana út enda útboð löngu viðurkennd aðferð þegar vinna þarf tiltekið verk eða deila út takmörkuðum gæðum. Því er lögð til sú breyting að sveitarfélögin geti ákveðið að aflaheimildir verði boðnar út enda renni andvirði þeirra til uppbyggingar atvinnumála í viðkomandi sveitarfélagi.

Herra forseti. Það má rökstyðja og er mjög auðvelt að rökstyðja nauðsyn þess að sveitarfélög með fábreytt atvinnulíf fái með þessum hætti stuðning til þess að byggja sig upp á öðrum sviðum. Ekki síst í ljósi þess að m.a. vegna tæknibreytinga hefur störfum í fiskvinnslu verið að fækka á undanförnum árum og er gert ráð fyrir að sú fækkun haldi áfram á næstu árum. Þeim stöðum sem í meginatriðum hafa byggt á sjávarútvegi er því nauðsynlegt að breikka atvinnugrundvöll sinn, ef þau eiga að halda í fólkið og veita því góð lífskjör. Mér er sagt, herra forseti, að í Alaska, þar sem menn eru að þróa byggðakvóta, sé reglan sú að helmingur þess fjár sem komi í hlut sveitarfélaganna fyrir kvótana sé veitt til menntamála. Að því fé sé veitt til þess að mennta fólkið í viðkomandi byggðum til þess að takast á við þær breytingar sem eru að verða og hafa orðið eða eru fyrirsjáanlegar í umhverfi þeirra. Mér finnst ekki skrítið þó að íslenskir sveitarstjórnarmenn horfi til þess hvað hægt væri að gera annað en það sem hefðbundið er. Byggðastofnun hefur verið gagnrýnd fyrir það að halda sig fyrst og fremst við það sem hefðbundið er, einkum og sér í lagi átti það við á árum áður. Það er mat okkar að það sé eðlilegt og sjálfsagt að þegar sveitarfélög vilja fara aðrar leiðir og gera þá ráðstafanir til þess að geta tekist betur á við þá framtíð sem þau sjá fyrir að þá sé opnað á þann möguleika.

Herra forseti. Ég hafði efasemdir þegar þetta ákvæði um byggðakvóta var sett inn í lögin og það voru ýmsir fleiri sem höfðu þær efasemdir. Þær efasemdir voru m.a. vegna þeirrar reynslu sem að menn höfðu af fyrri „byggðastofnun-

arpotti", fimm hundruð tonna pottinum sem settur var inn árið 1995. Sá pottur entist í tvö ár en þá var megninu af þeim veiðiheimildum úthlutað varanlega til báta frá þeim byggðarlögum sem höfðu í því tilfelli verið skilgreind sem verðug byggðarlög til að fá úthlutað ókeypis kvóta. Það var ekki bara þessi reynsla sem gerði það að verkum að ég hafði mínar efasemdir, heldur líka hitt að ég þóttist sjá fyrir að það yrði ákveðnum erfiðleikum bundið að takast á við þessa úthlutun. Ef menn yrðu harðir á því eins og virðist hafa verið og heldur enn að þennan kvóta ætti að afhenda án endurgjalds, að þá hlyti það að leiða af sér að jafnræðisregla yrði brotin, að það kæmi upp tortryggni, óeining, að menn yrðu ekki sáttir á þá niðurstöðu sem fengist og jafnvel að ráðstöfunin kæmi óorði á þá hugmynd sem ýmsir hafa verið með að hægt væri að þróa hugmynd í þá veru að byggðarlögin hefðu ákveðinn rétt þegar kæmi að úthlutun kvóta.

Það er sjálfsagt fyrst að þetta ákvæði er inni og ekkert sem bendir til þess að meiri hluti sé fyrir því að það fari út að Byggðastofnun geri reglur sínar liprari. Það hlýtur hún að gera í ljósi þeirrar reynslu sem komin er af þeim reglum sem nú hefur verið unnið eftir. En það er jafnsjálfsagt líka að Alþingi leggi sitt af mörkum með breytingum á því ákvæði laganna sem lýtur að byggðakvótanum svokallaða og þess vegna er þetta mál lagt fram.

[16:15]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér eru á dagskránni í röð þrjú mjög veigamikil mál er varða stjórnkerfi fiskveiða, hvert öðru stærra. Umræðan fer fram um þessi mál án þess að hæstv. sjútvrh. sjái sér fært að vera viðstaddur og meira að segja án þess að formaður sjútvn. Alþingis sjái sér fært að vera viðstaddur.

Það mál sem hér um ræðir tengist því að í Vesturbyggð hefur náðst sátt milli annars vegar allra bæjarstjórnarmanna í meiri og minni hluta og í öllum flokkum og hins vegar sjómanna og útgerðarmanna á staðnum um ákveðna lausn á kvótamálum sem eru allir sáttir við en lög sem sett voru að tilhlutan hæstv. sjútvrh. standa í vegi fyrir því að sú sátt geti náð fram að ganga. Nú hefur hæstv. ráðherra skipað nefnd sem falið er það sérstaka verkefni að ná sáttum um stjórn fiskveiða og hann hefur lýst því yfir hvað eftir annað að hann vilji beita sér fyrir því að slík sátt geti náðst, herra forseti. Þarna er um að ræða ákveðinn þátt málsins þar sem sátt liggur á borðinu. Allir flokkar í sveitarstjórn og allir útgerðaraðilar eru sáttir við þessa lausn og ekki er hægt að ná í hæstv. sjútvrh. til að spyrja hann að því hvort hann vilji eftir allt sáttatalið stuðla að því að þessi sátt nái fram að ganga. Það eru ákvæði í lögum sem hann setti sjálfur sem koma í veg fyrir að þessi sátt nái fram.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að gert verði örstutt hlé á fundinum og leitast við að ná í hæstv. sjútvrh. svo hann geti verið viðstaddur í umræðunni og hægt sé að leggja slíka spurningu fyrir hæstv. ráðherra eins og ég hef lagt fram hér. Verði það ekki unnt, virðulegi forseti, sé ég satt að segja fulla ástæðu til að fresta umræðu um þessi mál þangað til hæstv. sjútvrh. getur verið viðstaddur. Það er í algeru ósamræmi við orð hans sjálfs, virðulegi forseti, að ekki sé hægt að ná til hans með svo mikið sem einni spurningu þegar þrjú mál eru á dagskrá eins og sama fundar hvert öðru veigameira um sjávarútvegsmál.

[16:18]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur þegar undir umræðunni um fundarstjórn forseta gert ráðstafanir til þess að hafa upp á hæstv. sjútvrh. og freistar þess að hann geti komið hingað til umræðunnar. Forseti hefur ekki fengið úrlausn þeirra mála. Forseti skildi hv. þm. þannig þar sem hann er næstur á mælendaskrá að hann óskaði þess eindregið að ráðherrann yrði viðstaddur undir ræðu hans. Einn annar hv. þm. er á mælendaskrá, hv. 4. þm. Vestf., og forseti spyr hvort sá hv. þm. sé tilbúinn til þess að hefja ræðu sína án hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Nei.

[16:19]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það er náttúrlega ekki boðlegt að hér fari fram umræður um þrjú mikilsverð málefni hvað varðar stjórn fiskveiða og hæstv. sjútvrh. sé ekki viðstaddur og að formaður hv. sjútvn. sé ekki heldur hérna. Um leið og ég óska eftir því að hæstv. forseti setji mig á mælendaskrá fer ég fram á að ég þurfi ekki að flytja ræðu mína fyrr en hæstv. ráðherra og hv. formaður sjútvn. eiga kost á því að vera við umræðuna.

Ég ætla ekki að fara neitt yfir þau mál sem hér bíða úrlausnar en þau varða sum hver og reyndar öll grundvöll þess stjórnkerfis sem hér er viðhaft við stjórn fiskveiða. Mér finnst þinginu og þingmönnum ekki vera veitt sú virðing sem þeir eiga skilið með mál sín ef ekki er hægt að fá viðveru hæstv. ráðherra og hv. formanns sjútvn. við umræðu þessara mála.

[16:21]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú hafa borist ill tíðindi því að hæstv. ráðherra er ekki á landinu. Hann er erlendis og verður því tæpast viðstaddur umræðuna á næstu mínútum.

[16:21]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en óskað eftir því að umræðan bíði þangað til hæstv. sjútvrh. getur verið viðstaddur því að ég hef eins og hér hefur komið fram ákveðna spurningu til hans sem byggist á því sem hæstv. ráðherra hefur sjálfur lýst yfir að eigi að vera þau vinnubrögð sem hann beiti í málinu. Þarna er um að ræða fullkomna sátt í heilu byggðarlagi milli pólitískra aðila og hagsmunaaðila um tiltekna lausn. Þetta byggðarlag er í kjördæmi formanns sjútvn. og hann lætur sig hafa að vera fjarverandi þegar ræða á málið til viðbótar við ráðherrann.

Virðulegi forseti. Ég fer þess eindregið á leit ef flutningsmenn málanna andmæla því ekki að umræða um þau sé látin bíða þangað til hæstv. sjútvrh. getur verið við og beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forseta að það verði séð um að þeim verði það vel fyrir komið á dagskrá fundar að eðlileg mæting sé í þingsölum af þeim sem hafa mætingarskyldu og að menn sæti því ekki eins og hv. flm. þriðja málsins af þessum þremur dagskrármálum, hv. þm. Pétur Blöndal, að mál af því tagi sem hann flytur séu alltaf síðust á dagskrá allra þingfunda.

[16:22]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get mjög tekið undir og styð raunar þá ósk sem hefur komið fram um að málinu verði frestað þar til hæstv. ráðherra getur verið viðstaddur umræðuna og tekið

þátt í henni. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að auðvitað er verið að ræða grundvallarmál sem tengjast þeirri umræðu og eru hluti þeirrar umræðu sem eru í gangi um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfi okkar. Það er því mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra bæði heyri þau sjónarmið sem fram koma og geti eftir atvikum komið inn í umræðu, svarað spurningum eða haft skoðun á þeim álitamálum sem reifuð kunna að verða. Ég styð því tillöguna sem fyrsti flm. og tek undir óskir þar að lútandi að málinu verði frestað þar til hæstv. ráðherra getur verið viðstaddur.

[16:23]

Pétur H. Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það frv. sem ég ætla að flytja og ræða á eftir er afskaplega viðamikið. Það er um grundvallaratriði og mikil vinna hefur verið lögð í það. Mér þykir mjög miður ef hæstv. sjútvrh. getur ekki verið viðstaddur eða hv. formaður sjútvn. vegna þess að hér er hreyft grundvallaratriðum. Það er hálfdapurlegt, eins og kom fram áðan, ég held að ég fari rétt með að öll mál mín hafa alltaf verið síðast á dagskrá og átti svo að gerast um daginn en ég neitaði því þannig að nú er það ekki síðast á dagskrá.

Hins vegar er hvorki hæstv. sjútvrh. né hv. formaður sjútvn. viðstaddur þannig að ég tek undir þá beiðni að umræðunni verði frestað þar til þeir sjái sér fært að vera viðstaddir fundinn en það er lagaskylda þingmanna að sitja fundi þingsins.

[16:25]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlustað á óskir hv. þm. sem eru flutningsmenn þeirra frv. sem lúta að sjávarútvegsmálum. Hann hefur skilning á óskum þeirra og mun koma til móts við þær og mun í því ljósi taka 12., 13. og 14. mál út af dagskrá þessa fundar.

Áður en hann gerir það vill forseti gefa hv. 4. þm. Vestf. kost á að halda sína ræðu því forseta er kunnugt um að hún víkur af þingi á morgun.

[16:25]

Bergljót Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þar sem þetta er síðasti dagur minn á þingi og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson mun væntanlega taka málið upp aftur þegar hann kemur, ætla ég að nota tækifærið og koma sjónarmiði mínu á framfæri núna.

Fyrst byggðakvóti var á annað borð settur á er Frjálslyndi flokkurinn sammála því sjónarmiði að honum skuli úthlutað til fiskiskipa sem gerð eru út frá viðkomandi sveitarfélögum. Einnig er rétt að útgerðir þeirra fiskiskipa sem litlar aflaheimildir hafa fái forgang enda leggi þær útgerðir fram aflaheimildir á móti og semji við fiskvinnslu á svæðinu um kaup og vinnslu á þeim afla sem þær skuldbinda sig til að landa til fiskvinnslu innan sveitarfélagsins. Ekki er hægt að nota þennan kvóta sem einhvern gjaldmiðil. Þetta virðist vera orðinn nýr gjaldmiðill á Íslandi svona eins og gullið í Fort Knox í Ameríku. Það yrði náttúrlega slæmt ef það tæki sig síðan til og flytti sig sjálft af landi brott og ekkert yrði eftir.

Í núverandi kvótabraskskerfi eru þeir sem þegar hafa komið sér fyrir í braskinu með mun betri fjárhagslega stöðu til að bjóða í leigu aflaheimilda og þeir stærstu geta boðið hæsta verðið. Nýliðum er þetta kerfi næstum lokað á því ofurverði sem sægreifunum, sem kvótann fengu afhentan, tekst að halda uppi vegna þess að samkeppnisstaða kvótalítilla útgerða er allt önnur en þeirra sem hafa um árabil verið vinningshafar í ríkislottóinu því að annað er ekki hægt að kalla þetta gjafakvótakerfi. Er ekki hægt að mæla með þeirri aðferð að hæstbjóðandi fái notið aðgangs að byggðakvótanum.

Þetta bráðabirgðaákvæði um byggðakvótann, sem er einungis plástur á núverandi kerfi, er tilkomið vegna þess að kvóti sem var í raun atvinnuréttur fólks í viðkomandi byggðarlögum var seldur í burtu. Það hefur valdið samdrætti í sjávarútvegi og erfiðleikum í mjög mörgum byggðarlögum. Ef sú regla hefði verið mörkuð að þeir sem búsettir eru í sveitarfélaginu og hefðu stofnað til útgerða þar og hefðu minni aflaheimildir en t.d. 50 þorskígildi fengju forgang þá væri í raun verið að stuðla að því að nýliðum gæfist kostur á að koma undir sig fótunum.

Sveitarfélögin þurfa á því að halda að stuðlað verði að festu í sjávarbyggðunum á nýjan leik með því að festa þar kvóta sem jafngildi atvinnuréttar. Markmið með bráðabirgðaákvæði í lögunum er að gera íbúum í sjávarplássum landsbyggðarinnar kleift að nýta áfram þá auðlind sem er grundvöllur byggðarinnar, þ.e. fiskimiðin úti fyrir ströndinni. Leikreglur þurfa að vera þannig að dugmiklir menn geti hafið atvinnurekstur og náð árangri og þannig geti atvinnulíf blómstrað á nýjan leik. Með ákvæðinu um byggðakvóta, sem er eins og áður var sagt plástur á núverandi kerfi, ætti að leitast við að styrkja stöðu minni flotans í landinu og styrkja stöðu byggðarlaganna sem hafa um langa hríð byggt atvinnu sína á sjávarafla.

Það liggur ljóst fyrir að frjálst kvótabrasksútboð, þar sem þeir stóru hafa forgang, er ekki sú lausn sem Frjálslyndi flokkurinn vill standa að. Þar fá núverandi sægreifar ráðið allri verðmyndun og þar með algeran forgang umfram nýliða í útgerð.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 16:31]

Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 187. mál. — Þskj. 217.

[16:34]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um stuðning stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn en flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Páll Magnússon og Hjálmar Árnason. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa í samráði við landbúnaðarráðherra starfshóp er fái það hlutverk að gera tillögur um hvernig stjórnvöld geti stutt íslenska matreiðslumenn í þeirri viðleitni að auka útflutning á þekkingu þeirra og matargerðarlist en auka um leið útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum, svo sem kjöti, grænmeti og mjólkurafurðum, en einnig fiski og fiskafurðum og fullunnum matvælum. Verkefni starfshópsins verði að:

1. Leggja mat á árangur sem íslenskir matreiðslumenn hafa þegar náð á erlendri grund og hvernig hann hefur náðst.

2. Leggja mat á hvort stjórnvöld geta stuðlað að frekari árangri á þessu sviði og gera tillögur um hvernig auka má útflutning á þekkingu og færni íslenskra matreiðslumanna.

3. Gera tillögur um hvernig auka megi útflutning íslensks hráefnis og fullunninna matvæla í tengslum við framangreint.

Hópurinn skili ráðherra niðurstöðum sínum í skýrslu eigi síðar en 15. apríl 2000."

Íslenskir matreiðslumenn eru fagmenn á heimsmælikvarða. Það sýnir fjöldi verðlauna og viðurkenninga sem þeir hafa fengið heima og erlendis. Matreiðsla er því í raun ekki lengur iðngrein heldur listgrein. Starf íslenskra matreiðslumeistara hefur mjög mikið landkynningargildi og það sýna störf matreiðslumeistara en þeir hafa verið í fararbroddi á þessum sviðum.

Hluti af nútímaferðamennsku og ferðaþjónustu felst m.a. í kynningu á matvælum. Flestir ferðamenn hafa áhuga á því að kynnast þjóðarréttum, sérréttum og öðru því sem tengist viðkomandi landi. Þróun veitingastaða á höfuðborgarsvæðinu og reyndar um allt land er skýrt dæmi um þessa framþróun þar sem t.d. er hægt að benda á að ýmsir fiskréttir eða fiskur sem áður var ekki nýttur til manneldis þykir nú herramannsmatur og má fá á mörgum veitingastöðum.

Auk þess má benda á sérstaka rétti á ákveðnum landsvæðum. Hver kannast t.d. ekki við bleikjuna frá Kirkjubæjarklaustri, lundann úr Vestmannaeyjum, skelfiskinn úr Breiðafirðinum, nautakjötið frá Þorvaldseyri, hákarlinn frá Bjarnarhöfn, svo einhver dæmi séu nefnd?

Íslenskir matreiðslumenn hafa lagt grunn að nýjum landvinningum í útflutningi matvæla frá Íslandi og geta gert enn betur ef rétt er á málum haldið. Íslenskar landbúnaðarvörur eru auðvitað gæðavörur. Hér eru miklir möguleikar ekki síst í útflutningi á lambakjöti sem er einstakt að gæðum. Það má líka nefna hið heilnæma íslenska grænmeti sem hér er framleitt, mjólkurafurðir sem sífellt meira er neytt af hér á landi. Síðan má nefna fisk og fiskafurðir.

Þegar hráefni er meðhöndlað af snilld eins og íslenskir matreiðslumenn gera margfaldast gildi þess. Nágrannaþjóðir eins og Norðmenn hafa nýtt sér matreiðslumeistara í þessu skyni, þ.e. þeir nýta matreiðslumeistara til að kynna norskan fisk og fiskafurðir.

Þar sem ég var að tala áðan um heilnæmi grænmetis, þá fékk ég þær upplýsingar frá Hollustuvernd að nú ekki alls fyrir löngu var verið að gera könnun á spænskum paprikum sem hingað hafa verið fluttar til landsins og kom í ljós að ákveðin varnarefni sem sprautað er yfir þær og auka líftíma þeirra eru langt yfir leyfilegum mörkum samkvæmt reglugerðum. Þess vegna þurfum við að gæta mjög að því að passað sé vel upp á okkar heilnæma hráefni.

Það er dálítið merkilegt með okkur Íslendinga að við veltum gjarnan fyrir okkur verði á matvörum en við vitum ekki alltaf hvað við erum að borða. Við erum tilbúin að greiða mikla peninga fyrir merkjavörur t.d. þegar við erum að kaupa okkur bíla, föt, hljómtæki eða þess háttar en þegar kemur að matvörunni þá horfa menn allt of mikið á verðlagningu en minna á þau gæði sem í boði eru.

Það má líka benda á að í raun er of lítil samkeppni milli sömu kjöttegunda. Hins vegar þegar líða tekur að jólum fara menn að auglýsa Húsavíkurhangikjöt, birkireykt SS-hangikjöt, KEA-hangikjöt, Sambandshangikjöt og Goðahangikjöt, svo einhver dæmi séu nefnd. Þetta getum við gert með miklu fleiri vörutegundir og er þetta jákvætt dæmi um hvað hægt er að gera með fleiri vörutegundir. Ég vil sjá í framtíðinni upprunavottorð vöru þar sem fram kemur hvaðan hráefnið er og hver er framleiðandinn, hvaða afurðastöðvar hafa unnið hráefnið o.s.frv. Ég vil líka sjá í framtíðinni verðmerkingar þannig að neytandinn sjái hvernig verðmætamyndunin er, þannig að fram komi hver hlutur framleiðandans eða bóndans er í rauninni, hver er hluti ríkisins, hver er hluti milliliðanna, afurðastöðvanna og síðan söluaðilanna. Þetta er gert t.d. í Frakklandi. Með því móti sjáum við best hverjir eru hinir sönnu vinir neytandans. Þetta nefni ég og mér finnst það nauðsynlegt þar sem fram hefur komið gríðarleg fákeppni í dagvöruverslun, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og í raun í landinu öllu.

Starf matreiðslumeistara getur haft verulegt uppeldislegt gildi, svo sem forvarnagildi. Það má benda á að íslenskir matreiðslumenn voru með merkilega sjónvarpsþætti þar sem verið var að kenna unga fólkinu að meðhöndla íslenskt hráefni og elda. Íslenskir matreiðslumenn geta bent á hollustugildi vörunnar og næringar- og orkugildi þannig að það er sjálfsagt að benda á það uppeldislega hlutverk sem þeir geta haft.

Það má einnig benda á mikilvægt starf bænda í þessum efnum og samvinnu þeirra við matreiðslumenn við framleiðslu á landbúnaðarvörum, hvort heldur er við hefðbundna framleiðslu, vistvæna framleiðslu eða lífræna framleiðslu. Einstaka bændur hafa sýnt þessari þáttill. minni mikinn áhuga og fyrir það er ég afar þakklátur og ég er einnig þakklátur fyrir hve matreiðslumeistarar hafa sýnt tillögunni mikinn áhuga.

Fram undan er ein virtasta matreiðslukeppni í heimi. Það er svokölluð Bocuse d'Or keppni í Lyon í Frakklandi sem verður haldin árið 2001. Þetta er í annað sinn sem íslenskum matreiðslumönnum er boðið í slíka keppni. Á síðasta ári keppti Sturla Birgisson matreiðslumeistari í Bocuse d'Or keppninni og hann mun einnig keppa árið 2001.

Það hefur einnig verið ákveðið í þessari keppni að lambakjöt eigi að vera aðalhráefni keppninnar. Hér er því komið gullið tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að koma íslensku lambakjöti á framfæri á bestu veitingastöðum heims vegna þess að þeir kokkar sem þarna keppa koma einmitt frá fremstu veitingastöðum í heimi.

Þess má geta að hver keppandi í Bocuse d'Or keppninni notar hvorki meira né minna en 40 lambaskrokka. Heildarmagn í keppninni er því um 800 skrokkar. Flutningsmenn þessarar tillögu hvetja stjórnvöld, framleiðendur, afurðasölufyrirtæki og alla þá er þetta mál varðar að kynna sér þetta vegna þess að hér er um mjög mikilvægt málefni að ræða sem vert er að gefa gaum. Með þáltill. þessari eru fylgiskjöl frá Gissuri Guðmundssyni matreiðslumeistara en hann er einmitt gjaldkeri Klúbbs matreiðslumeistara. Í fylgiskjölunum er m.a. starfsáætlun Klúbbs matreiðslumeistara en þeir munu m.a. taka þátt í keppni er tengist menningarborgum Evrópu árið 2000 þar sem fram fer m.a. kynning á fiski og fiskafurðum. Þar kemur líka við sögu félag, sem heitir Matvís, sem er heildarsamtök þeirra sem fást við mál sem tengjast matvælaframleiðslu.

Einnig kemur fram í þessum fylgiskjölum efling varðandi útflutning á íslenskum afurðum. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er starf Klúbbs matreiðslumeistara mjög merkilegt starf sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn. Á fundi sem ég var á ekki alls fyrir löngu sagði forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, þegar hann talaði um störf Klúbbs matreiðslumeistara og matreiðslumeistara á Íslandi að hér væru í raun komnir nýir sendiherrar Íslands. Ég tek heils hugar undir þau orð og hvet þingmenn til að kynna sér þessa tillögu og ég vænti þess að hún hljóti brautargengi í

þinginu og að okkur takist það ætlunarverk að koma íslensku lambakjöti á framfæri í hinni frægu frönsku alheimskeppni, sem ég sagði frá áðan, og þá er ég viss um að þar opnast nýjar leiðir við að framleiða lambakjöt og koma á heimsmarkað.

[16:46]

Ólafía Ingólfsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að flytja þessa tillögu og vekja þar með athygli á þessum hópi manna sem hefur unnið mikið og gott starf eins og kom fram í hans máli. Hér er um fagmenn að ræða og við eigum að nýta krafta þeirra til að koma á auknum útflutningi og kynningu á íslenskum matvörum, þ.e. landbúnaðarvörum og fiski og ekki hvað síst á fullunnum matvælum og auka þannig vöruþróun á því sviði. Við vitum að íslenskt hráefni er í sérflokki hvort sem um er að ræða hefðbundna, vistvæna eða lífræna afurð.

Ég minnist einnig sjónvarpsþáttanna sem minnst var á áðan í ríkissjónvarpinu fyrir fáum árum þar sem ungu fólki var kennd matreiðsla og ég er alveg sannfærð um að þessir þættir voru ekki bara vinsælir hjá ungu fólki. Það mætti hugsa sér að einhver samvinna væri á milli þessara aðila og grunnskólans í þessum málum. Þá hafa þessir aðilar sannað og komið á framfæri að ket er ekki bara feitt ket þó að það hafi haldið lífinu í Íslendingum á árum áður. Miklar breytingar hafa átt sér stað í þjóðfélagi okkar og hraði nútímans kallar á skjóta afgreiðslu þegar að matseld kemur.

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með flutningsmönnum þessarar þáltill., að lambakjötið sem verður notað sem aðalréttur í keppninni í Frakklandi árið 2001 verði íslenskt því að þar er kjörið tækifæri að koma okkar ágætu afurð á framfæri.

[16:48]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ólafíu Ingólfsdóttur fyrir þær undirtektir sem við fáum við þessari þáltill. Sjálf þekkir þingmaðurinn býsna vel til landbúnaðar þar sem hún er bóndi og ég vonast svo sannarlega til þess að fleiri bændur þessa lands taki við sér í þessu máli. Enn og aftur hvet ég þingmenn og ráðamenn sem geta haft áhrif á það að íslenskt lambakjöt verði notað í Bocuse d'Or keppninni í Frakklandi 2001. Ef okkur tekst það er ég viss um að íslenskt lambakjöt verður enn þekktara en það er, okkur gangi betur að selja það og við getum selt það sem dýra lúxusvöru. Að þessu skulum við keppa og ég þakka þingmönnum enn og aftur fyrir undirtektirnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Fjarvera ráðherra.

[16:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Samkvæmt þeirri dagskrá sem þingmenn hafa fyrir framan sig eru 18 mál á dagskrá þessa fundar. Þar af eru átta þingmannamál. Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að helminginn af þessum átta þingmannamálum, eða fjögur mál, hefur forseti þurft að taka út af dagskrá fundarins vegna fjarveru ráðherra. Þar sem ég á eitt af þessum málum sem tekið hefur verið út af dagskrá sá ég ástæðu til að vekja athygli á því vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, þ.e. bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, sem ég tel afar brýnt að komist hér á dagskrá en ekki er hægt að taka á dagskrá vegna þess að hæstv. dómsmrh. sá sér ekki fært að vera við þessa umræðu. Sama gilti um þrjú önnur mál sem snerta sjávarútvegsmál, en þau þurfti að taka út af dagskrá vegna fjarveru hæstv. sjútvrh.

Við hv. þingmenn erum því vissulega vanir að þunnskipað sé á ráðherrabekkjunum þegar þingmannamál eru á dagskrá. Það er auðvitað mjög miður og mér finnst, herra forseti, full ástæða til þess þegar þingmannamál eru á dagskrá að viðveruskylda ráðherra verði tekin sérstaklega upp í forsn., ekki síst þegar þess hefur sérstaklega verið óskað að ráðherrarnir séu viðstaddir umræðu um þingmannamál.

Nú er að hefjast svokölluð nefndavika. Þá eru þingfundir ekki haldnir heldur starfa þingmenn í nefndum þannig að það fer að verða þröngt um, ef ég þekki þingið rétt, að taka þingmannamál á dagskrá fyrir jólin. Þess vegna er það mjög slæmt þegar við höfum svigrúm til, að ekki sé hægt að ræða þessi þingmannamál, sem þingmenn telja auðvitað mjög brýn, vegna fjarveru ráðherranna.

Ég vildi vekja athygli á þessu, herra forseti. Ég hafði beðið um að hæstv. dómsmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu þegar ákveðið var að taka þetta mál á dagskrá. Dómsmrh. tjáði mér í gær að hún ætti erfitt með að vera við þessa umræðu. Þar sem ég sá að málið yrði seint á dagskránni þá ítrekaði ég það í morgun við ritara hæstv. dómsmrh. hvort hæstv. ráðherra gæti ekki séð sér fært að vera viðstödd þar sem málið yrði seint tekið á dagskrá á þessum degi. Ég hef ekkert heyrt enn þá frá dómsmrn., dómsmrh. eða ritara hæstv. ráðherra um það mál.

Á þessu vildi ég vekja athygli um leið og ég minni á að hæstv. ráðherrar hafa hér viðveruskyldu líka, ekki síst þegar kallað er eftir þeim við umræður um þingmannamál. Ég óska eftir því að fjarvera ráðherranna, þegar óskað er eftir því að þeir séu viðstaddir, verði tekin fyrir í forsn.

[16:53]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlustað með athygli á skoðanir og tilmæli hv. þm. Raunar ber svo vel í veiði að fjórir af fimm forsetum þingsins voru viðstaddir þessa ræðu hennar. Í því ljósi er einsýnt að málið verður tekið til umræðu á vettvangi forsn.

[16:53]

Útbýting þingskjala:

Samhengi milli sölu veiðiheimilda og verðbólgu, 220. mál, fsp. BergH, þskj. 262.

Skattlagning í sjávarútvegi, 222. mál, fsp. BergH, þskj. 264.

Verðmæti seldra veiðiheimilda, 221. mál, fsp. BergH, þskj. 263.

Út af dagskrá voru tekin 9. og 13.–17. mál.

Fundi slitið kl. 16:54.

32. FUNDUR

miðvikudaginn 24. nóv.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 219. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, þáltill., 120. mál, þskj. 133. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, þáltill., 187. mál, þskj. 217. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Guðni Ágústsson landbrh.

Fjarvistarleyfi:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla D. Þorsteinsson, 11. þm. Reykn.

[13:01]

Útbýting þingskjala:

Byggðastofnun, 224. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 267.

Erlend fjárfesting, 165. mál, svar viðskrh., þskj. 247.

Fjáröflun til vegagerðar, 223. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 265.

Grunnskólar, 226. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 271.

Jarðalög, 227. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 272.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 225. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 268.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 273. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 273.

Athugasemdir um störf þingsins.

Tillaga Samfylkingarinnar um opna nefndarfundi.

[13:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég bað ekki um orðið vegna fjarvistarskráa. Hæstv. forseti tók greinilega eftir því þegar ég bað um orðið. Ég vil að það liggi fyrir.

Ég var staddur á fundi í hv. iðnn. í morgun og þar lögðum við fram tillögu, fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sem þar er aðalfulltrúi og undirritaður. Þetta er tillaga frá þingflokki Samfylkingarinnar þess efnis að með vísan til 19. gr. þingskapa Alþingis leggja fulltrúar Samfylkingarinnar í iðnn. til að fundir iðnn. Alþingis um þáltill. iðnrh. um Fljótsdalsvirkjun verði haldnir í heyranda hljóði. Einnig er lagt til að almenningi, hópum og samtökum verði gefinn kostur á að koma á fund nefndarinnar til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum við hina þinglegu meðferð málsins. Þetta er í fullkomnu samræmi við það sem kemur fram í grg. með þáltill. hæstv. iðnrh. Þar segir eitthvað á þá leið að gefa eigi almenningi kost á að koma að þinglegri meðferð málsins.

Það kom fram í umræðum um þessa tillögu í nefndinni að formaður nefndarinnar og aðrir þar treystu sér ekki til þess að samþykkja hana. Það var ekki vegna þess að þeir væru á móti henni, þar kom fram að menn væru sammála því að gott væri að fara þessa leið og það hefur einnig verið haft eftir formanni nefndarinnar í fjölmiðlum. Hins vegar var talið að nefndin hefði ekki fjármuni til að taka þannig á málinu. Þess vegna teljum við að halda þurfi fund í forsn. sem allra fyrst nú þegar vinna er hafin við málið á vegum hv. nefndar. Nauðsynlegt er að fá niðurstöðu í þetta svo hægt sé að fara að vilja ráðherra og þess anda sem ég tel að svífi hér yfir vötnunum, að almenningi verði gefinn kostur á að koma að þessu máli sem svo sérkennilega meðferð fær á vegum hv. Alþingis.

[13:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá ósk hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að forsn. komi saman og ræði þetta mál þannig að aðkoma almennings að málinu verði tryggð eins og við leggjum til, að fundir iðnn. um þáltill. um Fljótsdalsvirkjun verði haldnir í heyranda hljóði. Einnig yrði almenningi, hópum og samtökum gefinn kostur á að koma á fund nefndarinnar, panta tíma hjá nefndinni til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum. Á þann hátt erum við að uppfylla það sem margoft kom fram í umræðunni um þessa þáltill. í þingsölum að almenningi skyldi tryggð aðkoma að málinu svo hann komi sjónarmiðum sínum á framfæri. Varðandi þá tilhögun að menn geti sent nefndinni tölvupóst og athugasemdir þá er það góðra gjalda vert en við teljum að almenningur fái betur fylgst með málinu með þeim leiðum sem við leggjum hér til.

Þar sem hv. formaður iðnn. treysti sér ekki til að taka afstöðu til málsins, þó hann tæki vel í þessar hugmyndir og vísi því til forsn. vegna þess að þetta gæti haft kostnað í för með sér, þá förum við þess á leit við hæstv. forseta að hann kalli forsætisnefndina saman og ráði bót á þessu þannig að við getum fjallað um málið með aðkomu almennings.

[13:08]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Þetta er í rauninni alveg ótrúleg uppákoma sem hér á sér stað. Ég verð að segja, herra forseti, að hún er ekki til þess fallin að auka virðingu Alþingis. Ég held að þetta upphlaup sýni hversu mikilvægt er að vinna af festu en ekki með tilviljanakenndum upphlaupum.

Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé að fara aðeins yfir þetta mál. Í gær hélt hv. iðnn. reglulegan fund sinn sem hófst kl. 10.15 eins og verið hefur allt þetta þing, það er fastur fundartími nefndarinnar. Þar lá fyrir að fjallað yrði um þá þáltill. sem er tilefni þessarar umræðu. Þar var rætt um vinnulagið og málsmeðferð þá sem nefndin vildi hafa á málinu.

Nefndin komst að einróma niðurstöðu en, herra forseti, á þeim fundi var enginn fulltrúi frá Samfylkinguni. Hvorugur nefndarmanna Samfylkingarinnar í iðnn. sat þar. Ugglaust hafa hv. þm. haft sínar ástæður fyrir því að vera fjarverandi. Frá málsmeðferðinni var gengið á þessum fundi nefndarinnar athugasemdalaust. Á þeim grundvelli hafa vinnudagar nefndarinnar verið skipulagðir en í morgun koma hv. fulltrúar Samfylkingarinnar með þessa tillögu sem mér hafði reyndar fyrst verið kynnt af fréttamanni. Hvorki hv. fulltrúar Samfylkingarinnar né hæstv. forseti sýndu mér tillöguna. Það er fréttamaður sem færir okkur þessi stórtíðindi Samfylkingarinnar.

Þetta vinnulag er fyrir neðan allar hellur, herra forseti, og sýnir svo ekki verður um villst að mikilvægt er að hafa hér festu til að halda niðri upphlaupi og ófaglegum vinnubrögðum. Þess vegna er rétt að vísa málinu til hv. forsn.

[13:10]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Við vorum einmitt að biðja um að málið færi til forsn. sem héldi um það fund sem allra fyrst. Það að við lögðum ekki þessa tillögu fram í gærmorgun á sína skýringu. Við komum því til skila að við ætluðum að flytja þessa tillögu. Þingflokkurinn samþykkti þessa tillögu, hún var samþykkt á þingflokksfundi og við sendum hana út sem fréttatilkynningu frá þingflokksfundi. Tillagan var síðan flutt í nefndinni í morgun og stóð ekki til að flytja hana fyrr.

Mér finnst æðilangt gengið að kalla þetta þeim nöfnum sem hv. þm. gerði hér. Nú er vinnuferlið rétt að hefjast. Ef menn meina eitthvað með því sem þeir hafa sagt í þessari umræðu um að leyfa eigi almenningi að koma að þessu máli við nefndina þá hljóta menn að vilja taka jákvætt á því. Ég held að það væri betra en að hnotabítast út af þessu máli, að enda það með því að hv. forsn. komi saman, taki á þessu og geri nefndinni kleift að vinna í þeim anda sem hæstv. iðnrh. bauð upp á með ræðu sinni á hv. Alþingi þegar hann fór yfir málið. Hann vildi að almenningur fengi kost á því að koma að máli við nefndina.

[13:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mér finnst ástæðulaust að vera með belging út af þessu máli og tína til hverjir mæta á hvaða nefndarfundi. Það er iðulega þannig að frekar sé verr mætt af stjórnarliði á nefndarfundi en stjórnarandstöðu þó að forföll hjá okkur hafi orðið í gær. Aftur á móti vil ég benda á efni málsins. Hér er verið að leggja til, með vísun til 19. gr. þingskapa, að nefndin fjalli á annan hátt um málið, þ.e. opni fundi sína. Ég vitna hér í Morgunblaðið í morgun, með leyfi herra forseta. Þar segir formaður nefndarinnar, hv. þm. Hjálmar Árnason:

„Mér finnst eðlilegt að með slík mál fari forsætisnefnd. Mér hugnast hugmyndin mjög vel en bendi hins vegar á að við höfum reynt að opna okkur svolítið fyrir almenningi með því að hvetja til þess að fólk hafi samband við okkur í gegnum heimasíðuna og það stendur ekki á viðbrögðum þar, við fáum töluverð viðbrögð við því.

Mér hugnast sem sagt hugmyndin um að opna fundi nefndar en ég tel að hvað það áhrærir eigi forsætisnefndin að taka prinsippákvörðun. Það þarf auðvitað að vera stjórn á störfum þingsins og til þess er forsætisnefndin, að gæta samræmingar, og ég mundi ekki taka það upp að fara fram úr forsætisnefnd, ... Ég tek sem sagt undir hugmyndina en vísa því að öðru leyti til forsætisnefndar."

Við förum fram á það, herra forseti, að forsn. taki á málinu og opni fyrir aðgang almennings að umræðu um þetta mál eins og lagt er til í greinargerð með þingmálinu og hvað eftir annað kom fram í umræðunum að gert yrði. Við bendum á leið til þess að almenningur geti komið að málinu.

Nú fer ég fram á það, herra forseti, að forsætisnefndin komi saman og taki ákvörðun um það úr því að formaður iðnn. treystir sér ekki til þess.

[13:14]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka það fram að gefnu tilefni að forsn. hefur ekki borist skriflegt erindi eða með formlegum hætti fengið umrædda tillögu í hendur.

[13:15]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil bara leiðrétta þann misskilning sem kom fram hjá hv. ræðumanni Jóhanni Ársælssyni, að menn hafi verið sammála þessu í iðnn. Ég vil láta það koma fram að ég var ekki sammála þessu. Ég hef alltaf haft miklar efasemdir um það að opna nefndastarfið í Alþingi fyrir fjölmiðlum og almenningi. Þetta kom stundum til tals á síðasta kjörtímabili og það er mín skoðun að það sé ekki til þess að bæta starf nefndanna að innleiða þar þann leikaraskap sem oft er í umræðum í þingsölum Alþingis. Það er yfirleitt mjög vel unnið í nefndunum og ég held að það væri ekki til að bæta það starf að opna það fyrir umræðum eins og stundum eru í þessum ágæta sal.

Ég vil líka taka undir það með formanni nefndarinnar, ef hv. þm. gætu haft hljóð rétt á meðan, að ég var mjög undrandi yfir atburðum gærdagsins. Iðnn. kom saman á sínum fasta fundartíma kl. 10.15 í gærmorgun. Það er reglubundinn fundartími iðnn. á þriðjudögum. Það var ákveðið og allir vissu að á þeim fundi átti að leggja línurnar um starfið varðandi vinnu nefndarinnar við Fljótsdalsvirkjun. Á þennan fund mætti hvorugur fulltrúi Samfylkingarinnar. Á því geta auðvitað verið skýringar. Síðan kveikir maður á sjónvarpsfréttunum í gærkvöldi og sér þetta sama fólk koma með tillögu um að opna nefndarstarfið í iðnn. (Gripið fram í.)

Svona vinnubrögð segja manni að það er engin alvara á bak við þetta. Þetta er eitthvert „show" fyrir fjölmiðla og til að slá um sig með. Ef menn hefðu meint eitthvað með þessu þá hefðu þeir auðvitað mætt á nefndarfundinn og ef þeir gátu það ekki, kynnt þetta formanni og öðrum nefndarmönnum öðruvísi en í ríkissjónvarpinu.

[13:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni finnst mér ástæða til að undirstrika það að við erum hér að ræða málsmeðferð og það er engin ástæða til þess að fara út um víðan völl og dramatísera einhverja atburðarás. Við skulum bara koma að kjarna málsins. Er vilji fyrir því hér inni að opna nefndarstarf eins og tillaga er um? Nálgumst það viðfangsefni. Það er auðvitað ekki tillaga sem er ný af nálinni. Hún hefur komið fram oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í gegnum árin eins og hér hefur komið fram. Ég held að ég geti fullyrt að slíkum hugmyndum hefur vaxið ásmegin í seinni tíð. Við þekkjum sviplíka aðferðafræði úr nálægum þingum. Ég held að þetta væri merkt skref fyrir Alþingi að taka og heimildir eru um það í þingsköpum að opna nefndarstarf eins og hér er gert ráð fyrir.

Þess vegna fagnaði ég því alveg sérstaklega þegar ég las Morgunblaðið í morgun að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., sem hér á hlut að máli tók mjög undir þessa hugmynd og lýsti því að honum hugnaðist hún og leitaði atbeina forsn. til þess að hún gæti gengið fram. Ég vil bara láta það koma fram fyrir mitt leyti að það stendur ekki á mér sem einum af forsetum þingsins að funda um þetta mál nú strax á eftir og taka þessa beiðni fyrir og afgreiða hana á einn eða annan veg. Ég lít á það sem tillögu frá hluta nefndarinnar að

svona verði gengið frá málinu og svona verði starfsaðferðum háttað og vil auðvitað reyna að svara því eftir bestu getu.

Ég fagna því undirtektum við málið og legg áherslu á það, herra forseti, að menn ræði efnisatriði málsins en missi sig ekki í einhverjum uppákomum.

[13:18]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna ummæla hv. þm. vil ég taka það fram, eins og ég sagði áðan, að það er nokkuð óvenjulegt að boða fund í forsn. Alþingis áður en forseti hefur fengið í hendur þá tillögu sem óskað er eftir fundi um.

[13:19]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að koma því hérna að að það hefur iðulega verið rætt undanfarin ár að opna nefndarfundi. Þess vegna kemur mér það mjög á óvart þegar ýmsir nefndarmenn í iðnn. upplifa það sem svo, og nú meira að segja hæstv. forseti Alþingis, að það sé vaðið inn á þá á skítugum skónum með þessari tillögu frá Samfylkingunni.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að ég hef ekki talað um að vaðið sé inn á skítugum skónum í húsakynni Alþingis eða nefndarmanna.)

Það er gott, hæstv. forseti. Ég þakka þessa yfirlýsingu. Hún var mjög tímabær eftir umræðuna sem hér hefur farið fram.

Sérstaklega hefur það komið á óvart í þessari umræðu að hv. formaður nefndarinnar sem stærsta dagblað þjóðarinnar átti viðtal við, lýsti því þar hvað hann væri í raun hlynntur því að opna fundi nefndarinnar, en er nú manna hneykslaðastur yfir þessari ósvinnu að fara fram á opnun funda nefndarinnar. Ég verð að segja að mér finnst það bara eins og dr. Jekyll og mr. Hyde að hlusta á ræðu hv. formanns iðnn. áðan og lesa viðtalið við hann í Morgunblaðinu, stærsta dagblaði þjóðarinnar, í dag. Ég vil vekja athygli hv. alþingismanna á þessari málsmeðferð.

[13:21]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Málsmeðferðin er hér til umræðu og ekkert annað og það hefur komið ítrekað fram að málsmeðferð Samfylkingarinnar er í alla staði óeðlileg. Hún er óeðlileg að því leytinu til að málið er ekki tekið upp á reglulegum fundi nefndarinnar þegar er verið að skipuleggja málsmeðferðina. Hún er líka óeðlileg í því hvernig nefndarstörfin í morgun eru túlkuð úr þessum virðulega ræðustól. Hún er líka óeðlileg þegar verið er að vitna í blaðagrein, í hluta blaðagreinar, þar sem er m.a. vitnað í viðtal við þann sem hér stendur.

Hér er því borið við að það sé eingöngu af fjárhagsástæðum sem ýmsir í iðnn. hafi lýst sig andsnúna því að opna bara rétt sisvona þegar Samfylkingunni þóknaðist í morgun. Jafnframt er vitnað til þess að forsn. fari með yfirstjórn á starfsháttum þingsins og því er málinu vísað þangað. Það á að halda því til haga. Við erum nefnilega, herra forseti, að fjalla hér um málsmeðferð og gagnrýna óeðlilega málsmeðferð Samfylkingarinnar í þessu máli eins og kannski stundum öðrum. Það kom fram í gær — það kemur fram í því að efna til utandagskrárumræðu í dag, sem ég sé ekki að sé tilefni til, m.a. í morgun á fundi hv. nefndar er ætlast til þess jafnvel að nefndin fari að panta sér samkomusali úti í bæ í dag eða í morgun, rétt sisvona. Ég kalla það óvönduð vinnubrögð.

Herra forseti. Ef þingmaðurinn gæti setið kyrr í sæti sínu og hamið æsing sinn þá mun ég ljúka ræðu minni senn. Það hefur komið fram að mikilvægt sé að opna nefndarfundi fyrir almenning. Undir það sjónarmið hef ég tekið. Ég hef líka bent á það að iðnn. hefur hvatt almenning til þess að láta í sér heyra í gegnum internetið og við höfum til allrar hamingju fengið afskaplega mikil viðbrögð við því. Ég skil ekki þetta tal um einangrun þingmanna. Ég vona að hv. þm. Samfylkingarinnar hafi gott samband (Forseti hringir.) við almenning og spyr, herra forseti, að lokum — það var nú stolið af mér nokkrum sekúndum í truflunum — af því að Samfylkingin hefur gert heimasíðuna tortryggilega: Verður Samfylkingarinnar (Forseti hringir.) minnst í aldarlok fyrir að hafa lagst gegn internetinu eins og þegar (Forseti hringir.) bændur mótmæltu símanum í upphafi aldar?

[13:24]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Þetta er auðvitað mjög sérkennileg uppákoma í þinginu út af þessu máli. Í morgun gekk ég á fund forseta m.a. til að spyrjast fyrir um það hvort komið hefði beiðni frá Samfylkingunni um að opna þessa fundi. Að sjálfsögðu höfðu þeir ekki fyrir því að tilkynna þetta til forseta þingsins. Hins vegar lásu menn um þetta í blöðum og sáu í fréttum.

Í gær héldu menn, eins og komið hefur fram hér, fund í iðnn. þar sem lögð voru drög að því hvernig dagskrá þessarar nefndarviku yrði. Þar var því miður enginn fulltrúi Samfylkingarinnar til þess þá að kynna önnur vinnubrögð. Í morgun höfum við haldið afar fróðlegan og góðan fund og við getum vonandi haldið þeim áfram. Forsn. hefur beitt sér fyrir því að almenningur geti komið að þessu máli og mörgum öðrum málum í gegnum internetið sem er ný og afar góð leið fyrir almenning til þess að koma að nefndarstörfum þingsins og ég hvet auðvitað almenning til þess að notfæra sér það. Ég tel að það bæti ekki störf okkar að svo komnu máli að opna nefndafundi á Alþingi. Þetta eru fyrst og fremst vinnufundir hjá okkur sem skipta okkur mjög miklu máli og miðað við hvernig okkur hefur gengið í morgun þá er það í raun og veru hinn rétti og góði tónn. Ég er alveg klár á því að við eigum að halda því áfram, en ekki vera með svona uppákomur eins og hér eru.

[13:25]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fyrst langar mig að ræða um það hvort eigi að opna nefndarfundi. Ég er í sjálfu sér hlynntur því en geri mér grein fyrir bæði kostum og göllum þess.

Kostirnir eru þeir að almenningur kemst þá frekar í tengsl við nefndina, en hann á í sjálfu sér aðgang að þingmönnum hvort sem er. Gallarnir eru þeir að nefndarstarfið mun gjörbreytast. Sérstaklega í svona umdeildu máli þarf náttúrlega mjög stórt pláss og það þarf að panta einhvers staðar sal, jafnvel Hótel Sögu. Og það gerist ekki sisvona. Auk þess þarf að gera slíkt tímanlega þannig að allur almenningur geti átt kost á því að koma á slíka fundi en ekki bara útvaldir.

Svo er það formið. Það er afskaplega skrýtið að heyra það í fréttum að nefnd sem maður á sjálfur sæti í sé búin að fá tillögu um eitthvað. Í morgun var svo þessi tillaga borin upp en ekki formlega afgreidd. Það var ekki staðið að því að þessi tillaga yrði afgreidd. Hún liggur enn þá fyrir nefndinni og það er enn þá nefndarfundur. Honum verður fram haldið á eftir og þá vænti ég þess að fulltrúar Samfylkingarinnar muni standa að því að þessi tillaga verði afgreidd. En hún hefur ekki enn þá verið afgreidd úr nefndinni. Þetta er dæmigert fyrir allan þennan málatilbúnaðinn.

Mér finnst sjálfsagt að ræða um þessa tillögu, kosti hennar og galla, og jafnvel ef mönnum sýnist svo að opna starfið. En menn þurfa þá að gera sér grein fyrir því að starfið gjörbreytist og að kannski verði meira um upphrópanir og uppákomur eins þá sem við erum að upplifa hérna, en ekki þá málefnalegu vinnu sem oft og tíðum á sér stað í nefndunum, og yfirleitt.

Um fundarstjórn.

Beiðni um fund forsætisnefndar.

[13:28]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur staðið í 20 mínútur og ég hef ekki enn komist að niðurstöðu um það hvort hæstv. forseti telur að eigi að taka málið fyrir í forsn. Hins vegar finnst mér líka afar undarlegt að menn skulu kalla það upphlaup þegar farið er ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að óheimilt er að láta athugasemdir um störf þingsins standa lengur en 20 mínútur í upphafi fundar. Ég vil jafnframt vekja athygli hv. þm. á að hann kvaddi sér hljóðs um störf forseta en ekki um þau ummæli sem einstakir þingmenn hafa látið falla í umræðunum í dag. Ég óska eftir því að hv. þm. haldi sig við það málefni sem hann kvaddi sér hljóðs um.)

Hæstv. forseti. Það sem ég vildi fá fram var eingöngu það hvort hæstv. forseti væri búinn að hugsa sig um og kominn að þeirri niðurstöðu að hægt væri að halda fund í forsn. um þetta mál sem rætt var undir liðnum sem var áðan til umræðu. Ég ætla ekki að notfæra mér tíma minn til þess að tala um málið þó full ástæða væri til þess að bera til baka ýmislegt sem hefur verið sagt hér og er rangt. Hins vegar vil ég helst ekki að umræðunni ljúki öðruvísi en við vitum hvert framhald verður á málinu, hvort það verður afgreitt í forsn. þingsins þannig að ljóst sé hvernig eigi að nýta þann nauma tíma sem menn virðast ætla að taka sér í þetta stóra mál, sem ég hef heyrt sagt að eigi að ljúka fyrir 6. desember, þannig að almenningur í landinu fái tækifæri til að koma að málinu eins og margoft hefur komið fram að sé vilji hæstv. ráðherra sem talaði fyrir málinu.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að þessu gefna tilefni er rétt að það komi fram að hv. þm. lagði upp á borð hjá mér þá tillögu sem hefur verið rætt um og held ég á henni í höndum. Það vakti athygli mína, það kom fram hjá einum hv. nefndarmanni, Pétri H. Blöndal, að málið væri ekki afgreitt í iðnn. Ég lít svo á að með ósk flutningsmanna í þingsalnum, hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, hafi málið verið tekið úr höndum iðnn. að frumkvæði þeirra og lagt fyrir forsn. sem mun þá fjalla um málið og er ekkert því til fyrirstöðu að kalla saman fund í forsn. í dag. Ég mundi kjósa að það gæti orðið þegar að loknum þessum fundi þar sem ég hafði ætlað mér norður í land. Mér er ekki kunnugt um hvernig aðstæður einstakra forsætisnefndarmanna eru þar sem flutningsmenn höfðu ekki óskað eftir því að fundurinn yrði haldinn á þessum tíma fyrr en nú.

[13:32]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér kemur ákaflega á óvart og spánskt fyrir sjónir að þetta mál skuli vera lagt fyrir virðulegan hæstv. forseta þingsins þar sem í 19. gr. laga um þingsköp Alþingis segir svo, með leyfi forseta:

„Fundir nefnda skulu lokaðir öðrum en nefndarmönnum og starfsmönnum þeirra nema nefnd ákveði annað.“ (Gripið fram í.)

Er þetta ekki mál nefndarinnar? Það er ekki forseta að fjalla um það. Það hlýtur að vera nefndarinnar sjálfrar að ákveða hvort fundir verði opnir eða ekki.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. þm. var að gagnrýna ummæli forseta ef það hefur farið fram hjá hv. þingmönnum.

Eins og ég sagði verður boðað til fundar í forsn. þegar að loknum þessum fundi. Ég vil vekja athygli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar á að skv. 8. gr. þingskapa ber forseta að hafa umsjón með starfi þingnefnda, sbr. II. kafla. Ekki er óeðlilegt að mál af þessu tagi komi til forsn. þar sem hér er um mikið mál að ræða sem fjallað verður um í forsn.

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 189. mál (heildarlög). — Þskj. 219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 209. mál. — Þskj. 243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Brottför hersins og yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 120. mál. — Þskj. 133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, KF, KolH, KHG, KLM, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SÞ, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (KPál) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, FI, GE, GÁ, GunnB, HGJ, IP, JóhS, JónK, JHall, LMR, LB, MF, RG, SighB, SF, SJS, StB, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 187. mál. — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:35.

---

33. FUNDUR

þriðjudaginn 30. nóv.,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.
[18:00]

Útbýting þingskjala:
Aðgangur nemenda að klám- og ofbeldisefni á netinu, 137. mál, svar menntmrh., þskj. 277.

Auglýsingagerð fyrir Lánasýslu ríkisins, 119. mál, svar fjmrh., þskj. 270.

Ábúðarlög, 239. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 291.

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, 241. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 293.

Grunnskólar, 81. mál, nál. menntmn., þskj. 282.

Meðferð einkamála, 64. mál, nál. allshn., þskj. 279.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, 233. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 284.

Póst- og fjarskiptastofnun, 240. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 292.

Rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar og Íbúðalánasjóðs, 232. mál, fsp. RG, þskj. 283.

Rekstur Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum, 234. mál, fsp. ÍGP, þskj. 285.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 236. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 288.

Sláturkostnaður, 129. mál, svar landbrh., þskj. 269.

Stjórn fiskveiða, 229. mál, frv. GAK, þskj. 275.

Stjórn fiskveiða, 230. mál, frv. GAK, þskj. 276.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 235. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 287.

Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, 238. mál, þáltill. GAK, þskj. 290.

Vöruhappdrætti SÍBS, 65. mál, nál. allshn., þskj. 280; brtt. allshn., þskj. 281.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, 237. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 289.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 231. mál, frv. EKG og EOK, þskj. 278.

Þörf á byggingu leiguíbúða, 99. mál, svar félmrh., þskj. 274.

Ættleiðingar einhleypra, 168. mál, svar dómsmrh., þskj. 260.

Fundi slitið kl. 18:03.

---

34. FUNDUR

fimmtudaginn 2. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267. — 1. umr.
2. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 214. mál, þskj. 253. — 1. umr.
3. Jarðalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 272. — 1. umr.
4. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273. — 1. umr.
5. Meðferð einkamála, stjfrv., 64. mál, þskj. 64, nál. 279. — 2. umr.
6. Vöruhappdrætti SÍBS, stjfrv., 65. mál, þskj. 65, nál. 280, brtt. 281. — 2. umr.
7. Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 66. mál, þskj. 66, nál. 254. — 2. umr.
8. Sæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins, þáltill., 183. mál, þskj. 213. — Fyrri umr.
9. Málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála, þáltill., 184. mál, þskj. 214. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 1. desember 1999.

Þar sem undirritaður getur ekki gegnt þingmennsku næstu tvær vikur af einkaástæðum óskar hann eftir því með vísan til 53. gr. þingskapa að 1. varamaður Frjálslynda flokksins í Reykjavíkurkjördæmi, Gunnar Ingi Gunnarsson, verði kvaddur til þingsetu í hans stað frá og með 2. desember.

Virðingarfyllst,
Sverrir Hermannsson."

Kjörbréf Gunnars Inga Gunnarssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Gunnar Ingi Gunnarsson, 18. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Gunnar Ingi Gunnarsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vinna umhvn. við skýrslu Landsvirkjunar og yfirlýsing Norsk Hydro.

[10:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Nú er það svo að hv. umhvn. þingsins er að vinna við að skoða frummatsskýrslu Landsvirkjunar, Umhverfi og umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. Mikill tími hefur farið í þá vinnu og mjög mikil pressa er á nefndinni. Við höfum fengið afskaplega marga gesti til okkar með mjög skömmum fyrirvara og margir þeirra kvarta undan því að fyrirvarinn sé of skammur og hafa jafnvel beðist undan því að koma til nefndarinnar á þeirri forsendu að þeir hafi ekki nógan tíma til að undirbúa sig.

Virðulegi forseti. Mig langar í ljósi yfirlýsinga frá Norsk Hydro síðustu daga að óska eftir því við virðulegan forseta að leiða verði leitað á því að fresturinn sem iðnn. gaf umhvn. til að skila af sér málinu, þ.e. til 6. desember, verði lengdur. Það er alveg ljóst að umhvn. hefur nóg að gera við að fara yfir skýrsluna og taka á móti gestum og afla þeirra upplýsinga sem þarf. Þess vegna er það ósk mín, virðulegi forseti, að frestur umhvn. til að hafa þetta mál hjá sér verði lengdur, ekki síst í ljósi yfirlýsinga Norsk Hydro þess efnis að þeir muni ekki missa áhugann á því að reisa álver þótt Alþingi ákvæði að fram skyldi fara lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Og þó að komið hafi önnur yfirlýsing frá Norsk Hydro sem er efnislega eilítið öðruvísi, þá tekur hún samt sem áður ekki til baka yfirlýsinguna sem kom í fyrradag.

[10:33]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Af því að hér voru gerðar að umræðuefni þær yfirlýsingar sem hafa komið frá Norsk Hydro að undanförnu og talið að á grundvelli þeirra væri engin ástæða til annars en að tefja örlítið afgreiðslu málsins í þinginu, þá held ég að ekki sé ástæða til þess ef menn hafa í huga hvað sagt hefur verið um þetta mál alla tíð.

Í fyrsta lagi hefur því verið haldið fram að báðir aðilar vildu standa við það samkomulag sem gert var á Hallormsstað 29. júní, þ.e. samstarfsyfirlýsinguna milli þessara þriggja aðila, Norsk Hydro, Landsvirkjunar og íslenskra stjórnvalda.

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram og sagt fullum fetum af öllum aðilum að dráttur á því að þetta verkefni kæmist til framkvæmda og tafir á því að verkefnið yrði unnið af þeim hraða sem samstarfsyfirlýsingin gerir ráð fyrir gæti sett verkefnið í hættu, að það yrði að veruleika. Í þeirri yfirlýsingu sem kom fram í gær frá Norsk Hydro eru bæði þessi atriði undirstrikuð að menn ætla og vilja og leggja áherslu á að standa við yfirlýsinguna sem undirrituð var á Hallormsstað 29. júní. Ef það verður ekki gert, af hvaða sökum sem drátturinn stafar, þá er ljóst að mikil hætta er á því að þetta verkefni verði ekki að veruleika. Það er þetta sem við höfum lagt höfuðáherslu á allan tímann. Við teljum að það sé mikil hætta ef Alþingi ætlar nú að reyna að tefja málið með einhverjum hætti eða einhverjir aðilar sem vilja leggjast á þær árar að tefja málið í þeim tilgangi að koma

í veg fyrir að þetta geti orðið að veruleika, þá erum við að setja málið í mikla hættu.

[10:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að taka undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um að gefinn yrði rýmri tími til vinnu í þinginu. Reynt hefur verið að skapa þá ímynd að vinna þingsins með þá þáltill. sem hér hefur verið lögð fram megi leggja að jöfnu við mat á umhverfisáhrifum eins og það er sett fram í lögum. Það er auðvitað fráleitt, eins og ég hef áður sagt, að ætla Alþingi að framkvæma umhverfismat.

Hins vegar gefa orð hæstv. ráðherra tilefni til að fara örfáum orðum um það sem er að gerast í yfirlýsingum frá Norsk Hydro og þetta er satt að segja að verða heldur neyðarlegt mál. Það blasir nefnilega við að ríkisstjórnin er að nota meinta afstöðu Norsk Hydro til að skjóta sér á bak við hana í þeim vilja sínum að framkvæma ekki mat á umhverfisáhrifum. Það er alveg kýrskýrt að ríkisstjórnin hefur aldrei haft áhuga á því að kanna hug Norsk Hydro gagnvart hugsanlegri töf framkvæmda. Þegar það nú gerist að Norsk Hydro tjáir sig um málið opinberlega og orð forráðamanna Norsk Hydro birtast okkur í fjölmiðlum og þeir vilja virða fagleg vinnubrögð á Íslandi, þá verður hér uppi fótur og fit. Það er satt að segja fremur nöturlegt að heyra viðbrögð ráðherrans um að hanga á yfirlýsingunni vegna þess að hana má svo sannarlega túlka. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Það standa enn þá eftir 16 sekúndur af tíma mínum hér.

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli hv. þm. á að það er verið að ræða störf þingsins.)

Ég er að ræða störf þingsins og það sem þinginu er ætlað hér og að gagnrýna viðbrögð við því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur farið fram á. Og þar með er tíma mínum lokið, herra forseti.

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli á því að það eru störf þingsins sem hér eru til umræðu.)

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til að mótmæla þeim ummælum hæstv. iðnrh. að ef þessum tillögum verði ekki ruslað út og þær afgreiddar á fáeinum dögum þá séu mann að tefja málið. Er það sem sagt orðið þannig að hæstv. ráðherrar geti sagt þinginu fyrir verkum, skammtað því örfáa daga og komið svo með skæting um að ef Alþingi vinnur (Forseti hringir.) ekki samkvæmt þeirra forskrift, herra forseti, þá séu það bara óeðlilegar tafir í meðferð mála? Það liggur fyrir að þingnefndunum hefur verið skammtaður allt of þröngur tímarammi. Gestafjöldinn er gífurlegur og menn hafa setið á fundum myrkranna á milli og rúmlega það. Þar af leiðandi, herra forseti, eru þær óskir sem hafa verið fram bornar um að þingnefndunum séu skammtaðar og skapaðar eðlilegar aðstæður til að vinna að þessum málum fullkomlega eðlilegar. Auðvitað er alveg ljóst að sú yfirlýsing sem hæstv. iðnrh. grét út úr Norsk Hydro í gær breytir engu. Fyrri yfirlýsing Norsk Hydro stendur og það var einmitt vísað til þess að fyrirtækið mundi að sjálfsögðu sætta sig við þá niðurstöðu sem tekin yrði, m.a. á hinu háa Alþingi, herra forseti.

Ég fer því fram á það og tek undir þær óskir að hæstv. forseti beiti sér fyrir því með samtölum við formenn viðkomandi þingnefnda að þessi tímarammi verði tekinn til endurskoðunar. Það eru öll tilefni til þess og í rauninni ekkert nema þrjóska af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. iðnrh. að viðurkenna ekki að hin heimatilbúna tímanauð sem mönnum var talin trú um að málið væri í er blekking sem er nú afhjúpuð. Hin heimatilbúna tímanauð er engin, hún er heimatilbúin. Fyrirtækið mun að sjálfsögðu ekki gera athugasemdir við það þó að málsmeðferðin hér á þingi sé eðlileg og taki þann tíma sem þarf.

[10:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að mótmæla orðum hæstv. iðnrh. um að ég sé hér einungis í því augnamiði að tefja störf þingsins. Það er ekki rétt. Ég er hér í því augnamiði að umhvn. fái það ráðrúm að hún geti innt vinnu sína eins vel af hendi og henni er frekast unnt. Ég fullyrði að nefndin hefur unnið af stakri natni. Þrátt fyrir mótmæli stjórnarandstöðunnar í upphafi við þessa málsmeðferð, hafa allir stjórnarandstöðuþingmenn a.m.k. einhent sér í málið. Hins vegar hefur verið erfiðara fyrir þingmenn stjórnarliða að mæta á fundi nefndarinnar en það er alveg ljóst að hér er verið að tala um vönduð vinnubrögð umhvn. Þetta er umhverfismál. Umhvn. er öll af vilja gerð. Hún hefur unnið baki brotnu í marga daga. Við erum tilbúin að vinna í fleiri daga en við erum ekki, hæstv. forseti, tilbúin að skila af okkur áliti til iðnn. þann 6. desember. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er bitamunur en ekki fjár í þessum yfirlýsingum frá Norsk Hydro. Hæstv. iðnrh. leggur áherslu á að möguleg frestun málsins frá Alþingi gæti þýtt það að ekkert yrði af framkvæmdum en í yfirlýsingum Norsk Hydro er einungis getið um að það muni auka áhættuna á því að ekkert verði úr framkvæmdum en eftir stendur að breyting á tímasetningunum mun ekki leiða til þess að fyrirtækið missi áhugann á verkinu.

[10:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Burt séð frá því hvernig yfirlýsingar Norsk Hydro hafa gengið síðustu daga og eru klárlega talsvert misvísandi þá er alveg ljóst að við í hv. umhvn. þurfum frekari tíma til þess að vinna þetta mál. Ég tek þess vegna algerlega undir málflutning hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Við höfum farið af stakri natni í málið og ekki er hægt að ásaka stjórnarandstöðuna í nefndinni fyrir að hafa ekki tekið þátt í störfum hennar eða reynt að tefja tímann eða reynt að koma í veg fyrir að fundir verði haldnir.

Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að hver vísindamaðurinn á fætur öðrum í þjónustu ríkisins kemur og hefur mjög alvarlegar aðfinnslur við þá skýrslu sem liggur fyrir til umræðu. Ef við eigum að reyna að vinna þetta starf eins og hæstv. ríkisstjórn vill að við gerum það, ef við eigum að reyna að gera það af alvöru og ábyrgð, þurfum við einfaldlega frekari tíma. Til að mynda, herra forseti, af því að við erum að ræða um störf þingsins, hefur komið fram hjá yfirmanni einnar ríkisstofnunar að alvarlegar gloppur séu á skýrslunni en hann telur eigi að síður að upplýsingarnar sem þarf til þess að fylla í þær gloppur liggi fyrir. Hann getur bent á það og það er verið að vinna slíka lista fyrir okkur en þeir verða ekki til fyrr en um helgina. Við þurfum tíma, herra forseti, til að komast yfir þetta. Það er algerlega út í hött að halda því fram að við getum lokið vinnunni þannig að einhver mynd sé á henni á þeim tímaramma sem okkur er settur. Það er ekki mögulegt. Ég mundi telja að við þyrftum

a.m.k. nokkra daga til viðbótar til þess að geta slegið einhvern málamyndarbotn í vinnuna en það er útilokað að við getum sinnt því verki sem hæstv. iðnrh. hefur sagt að væri óskandi að við gætum gert nema við fáum meiri tíma. Það er einfaldlega staðreynd, herra forseti.

[10:43]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fyrst í tilefni af ummælum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, er rétt að taka fram að hér er ekki eingöngu um umhverfismál að ræða. Miklu fleiri þættir koma að þessu máli og m.a. þess vegna óskaði iðnn. eftir því að hv. umhvn. tæki náttúrufarsþáttinn einan og sér til skoðunar og veitti umsögn um hann. Aðra þætti hefur iðnn. síðan unnið.

Ég tek undir það og efa það ekki að í hv. umhvn. sem og í iðnn. er málið unnið af mikilli natni. Þannig hefur það í rauninni verið frá því í haust þegar báðar nefndirnar, hv. umhvn. og iðnn., fóru saman á Austfirði í tveggja daga seminar um þetta ágæta mál. Ég tel það vera mjög góðan grunn að því starfi sem hefur farið fram síðan þó að það sé ekki með formlegum hætti fyrr en það kemur hér inn í þingið.

Herra forseti. Forsendur eru óbreyttar. Það hefur komið fram í máli gesta iðnn., m.a. fulltrúa innlendra fjárfesta, fulltrúa Landsvirkjunar, sem eru viðsemjendur Norsk Hydro, að mjög mikilvægt sé að taka ákvörðun þannig að í byrjun ársins 2000, sem er ekki langt undan, verði hægt að ganga frá samningum ef á að ráðast í þessa framkvæmd. Forsendur hafa ekkert breyst og það kemur fram í hinni formlegu yfirlýsingu frá höfuðstöðvum Norsk Hydro í gær.

Á einhvern innanhússvanda hjá því fyrirtæki er ekki hægt að leggja dóm en það er hin formlega yfirlýsing frá höfuðstöðvum Norsk Hydro sem liggur fyrir þannig að forsendur hafa ekkert breyst. Þetta er stórt mál og það þarf að sjálfsögðu mikinn tíma til þess en nú nálgast einfaldlega það að taka ákvörðun í málinu og vitaskuld er hún erfið, en ákvörðun þarf að taka.

[10:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi ósk okkar stafar líka af því að hægt er að færa full rök fyrir því að stjórn þingsins, yfirstjórn þingsins hefur í rauninni ekki skapað nægileg skilyrði í umhvn. til að hægt sé að vinna vinnuna á þeim tíma sem hv. þm. Hjálmar Árnason hefur óskað eftir sem formaður nefndarinnar.

Við erum nýbúin að ljúka nefndaviku og í þeirri viku, þar sem ég taldi að væru aðallega tvær nefndir sem mestu skipti að fengju tíma, þ.e. hv. iðnn. og umhvn., þá fékk umhvn. ekki nema tvo daga. Ef við hefðum haft miklu betra næði í nefndavikunni til að fara í þetta horfði málið einfaldlega öðruvísi við. En við fengum ekki nema tvo daga, við höfum setið allan þann tíma sem okkur var úthlutaður og það er einfaldlega ekki nóg, herra forseti.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að það eru ekki bara talsmenn einhverra sjálfstæðra félagasamtaka sem eru að vinna gegn því að þessi virkjun verði reist sem hafa komið og sett fram alvarlegar athugasemdir. Það eru sérfræðingar í þjónustu ríkisins sem hafa komið með meitluðustu gagnrýnina. Og ég verð að segja, herra forseti, að eftir þá yfirferð sem núna er lokið í nefndinni má heita að í einstökum köflum skýrslunnar standi vart steinn yfir steini. Sumir eru ágætir en það er alveg ljóst að ef einhver mynd á að vera þeirri yfirferð af okkar hálfu þá þarf frekari upplýsingar til að fylla upp í þá mynd.

Herra forseti. Einnig hefur komið fram af hálfu ríkisstofnunar að ljóst er að þrátt fyrir þau leyfi sem liggja fyrir gagnvart þessari framkvæmd þá er það ekki formlegt framkvæmdaleyfi sem ríkir síðan 1991. Þar af leiðir að þessi framkvæmd er háð gildandi, nýendurskoðuðum lögum um skipulagsmál og þar af leiðir að hún þarf að fara í ákveðið ferli án tillits til umhverfismatsins sem menn deila um. Það verður þess vegna aldrei fyrr en í fyrsta lagi í júlí sem menn geta lokið því ferli og málið farið til ákvörðunar. Við höfum sem sagt nógan tíma.

[10:48]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil taka undir athugasemdir vegna starfa þingsins og þess vinnuálags sem er á tveimur nefndum þingsins, umhvn. og iðnn. Það er fyrirsjáanlegt að þessar nefndir geta ekki með nokkru móti unnið þá vinnu sem þeim er ætlað að sinna hér á þinginu eftir þeirri málsmeðferð sem þáltill. um áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun krefur nefndirnar um.

Forsendur eru breyttar. Yfirlýsingar Norsk Hydro um að þeir telji að bíða megi eftir frekari athugun á umhverfisþætti þessa stóra máls breytir auðvitað þessari pressu sem er búin að vera, hefur verið og er hér á þingstörfum. Ég hef ekki orðið vör við að það hafi komið nein yfirlýsing frá íslenskum stjórnvöldum þess efnis að reynt hafi verið að breyta þeirri tímaáætlun sem sett var niður í því samkomulagi sem gert var á Hallormsstað sl. sumar.

Það hefur sem sé ekki verið leitað eftir samkomulagi við Norsk Hydro um breytingar. Og eftir þær yfirlýsingar sem hafa komið, alla vega frá hluta Norsk Hydro — það verður náttúrlega að vera alveg ljóst hver er þar að tala, á hvern við eigum að hlusta — þá er ljóst að það er lag að óska eftir breytingu á þessum tímaáætlunum. Það er ekki bara að umhverfisþætti málsins sé alfarið vísað til umhvn. og iðnn., það er möguleiki á því að vísa umhverfisþætti málsins til Skipulagsstofnunar og í það mat sem þetta mál ætti að vera í.

[10:50]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tel vinnulagið og málsmeðferð í alla staði eðlilega og ítreka að forsendur hafa ekkert breyst. Hins vegar í tilefni af ummælum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, þar sem hann telur að heildarmyndin sé nokkuð óljós, þá er ég ekki sammála því, ég tel myndina nokkuð skýra. En þar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er fyrrv. umhvrh. þá hefði ég talið að sá hv. þm. og fyrrv. umhvrh. hefði nokkuð skýra mynd af þessu máli, ekki síst þar sem það er fyrrv. umhvrh. sem gaf út leyfi til Landsvirkjunar vegna Fljótsdalslínu 1. Fljótsdalslína 1 á upptök sín í Fljótsdalsvirkjun. Og þegar þáv. hæstv. umhvrh. gefur út slíkt leyfi þá hlýtur fyrrv. ráðherra að hafa kynnt sér heildarmynd málsins.

(**Forseti** (HBl): Störf þingsins eru hér til umræðu.)

[10:51]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í umhvn. og hef tekið þátt í þeirri umræðu sem þar hefur farið fram. Það er ekki eins og við séum að kynna okkur þetta mál í fyrsta sinn þessa dagana. Við höfum verið að skoða þetta mál allt frá því í vor og ég er viss um að ég er ekki eini þingmaðurinn sem lá yfir þessum plöggum meira og minna í fleiri vikur í allt sumar. Við kynntum okkur málið fyrir austan, höfum fjallað

um þáltill. um mat á umhverfisáhrifum og síðan þáltill. um Fljótsdalsvirkjun.

Þeir gestir sem hafa komið á fund okkar, sem hafa verið hátt í eitt hundrað manns undanfarna daga, hafa fyllt upp í þá mynd sem við höfum haft í höndunum fram til þessa. Skýrsla Landsvirkjunar er ákveðið undirstöðuplagg, þáltill. iðnrh. er ákveðið undirstöðuplagg og aðrar upplýsingar bæði fyrr og síðar hafa fyllt upp í þessa mynd.

Ég sé enga ástæðu til annars en að umhvn. geti afgreitt þetta mál á mánudaginn.

[10:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti hefur tekið eftir því sem sagt hefur verið, að vel hefur verið unnið í umhvn. og iðnn. Hann hefur ekki ástæðu til að vefengja þær starfs- og tímaáætlanir sem þær nefndir hafa sett sér.

Byggðastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 267.

[10:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Byggðastofnun. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í vor kom fram að ríkisstjórnin mundi vinna að endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefna þeirra, þar sem hliðsjón yrði höfð af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Fyrsta verkefnið á þessu sviði er að færa Byggðastofnun undir iðnrn. og sameina atvinnuþróunarstarfsemi á þess vegum.

Í þessu skyni skipaði hæstv. iðnrh. nefnd sem í haust hefur unnið að því að yfirfara hlutverk, skipulag og starfsemi Byggðastofnunar. Jafnframt var nefndinni sérstaklega falið að haga endurskoðun sinni í samræmi við þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem Alþingi samþykkti á 123. löggjafarþingi, hinn 3. mars sl. Nefnd þessi hefur nú lokið störfum og sett tillögur sínar fram í formi frv. til nýrra heildarlaga um Byggðastofnun sem lagt er óbreytt fyrir Alþingi.

Í frv. eru lagðar til ýmsar breytingar frá gildandi lögum um Byggðastofnun sem eru að stofni til frá árinu 1985. Markmið breytinganna er annars vegar að laga löggjöf um Byggðastofnun að þeirri þróun sem orðið hefur í starfsemi stofnunarinnar á síðustu árum og hins vegar að efla frumkvæði stofnunarinnar á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar á landsbyggðinni.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að Byggðastofnun heyri undir iðnrh. og að komið verði á beinu stjórnsýslusambandi milli stofnunarinnar og iðnrn. Er tillaga um það m.a. gerð í samræmi við niðurstöðu stjórnsýsluendurskoðunar á Byggðastofnun sem birtist í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1996. Þar kom m.a. fram að eðlilegt væri að stjórnsýsluleg staða Byggðastofnunar yrði tekin til athugunar og komið yrði á stjórnsýslusambandi milli ráðherra og stofnunarinnar. Samkvæmt frv. er því lögð til sú breyting á stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar að iðnrh. fari með yfirstjórn Byggðastofnunar og að stofnunin og stjórn hennar beri ábyrgð á störfum sínum gagnvart ráðherra. Með þessu móti verður ráðherra jafnframt ábyrgur á málefnum stofnunarinnar, bæði á grundvelli laga um ráðherraábyrgð og gagnvart Alþingi, en fram til þessa hefur lagastaðan verið sú að enginn hefur borið slíka ábyrgð gagnvart þinginu. Það hefur því ekki heldur sjálft getað haldið uppi því eftirliti sem stjórnskipunin gerir almennt ráð fyrir að þingið hafi með stjórnvöldum. Jafnframt gefst þá kostur á að skjóta ágreiningi um ákvarðanir stofnunarinnar til ráðherra sem æðra stjórnvalds en slík kæruleið hefur ekki verið fyrir hendi. Í samræmi við þetta er lagt til að stjórn stofnunarinnar þiggi umboð sitt frá ráðherra í stað Alþingis, enda er það sú skipan sem íslensk stjórnskipan gerir almennt ráð fyrir og nauðsynlegt að haga því svo eigi ráðherra að geta borið ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar gagnvart þinginu.

Hvað aðsetur Byggðastofnunar varðar er í frv. lagt til að iðnrh. verði heimilt, að fenginni tillögu stjórnar, að ákveða staðsetningu stofnunarinnar en hluti starfsemi hennar er nú starfræktur á Sauðárkróki. Er ákvæði um þetta að meginstefnu til í samræmi við það ákvæði sem ég hef lagt til að tekið verði í lög um Stjórnarráð Íslands.

Í frv. er lagt til að tekin verði upp sú nýbreytni að haldinn verði ársfundur Byggðastofnunar ár hvert. Með þessu fyrirkomulagi verður til nýr vettvangur til að fjalla um byggðamál, atvinnuþróun og nýsköpun. Á ársfundi gefst jafnframt kostur á að fjalla um stefnu stjórnvalda í byggða- og atvinnumálum og aðgerðir sem því tengjast. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd ársfunda, t.d. um hverjir skuli sitja slíka fundi. Það að halda sérstakan ársfund Byggðastofnunar er leið til að halda uppi opinni og faglegri umræðu um byggða- og atvinnumál. Jafnframt er í frv. gert ráð fyrir því að iðnrh. gefi Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar eins og verið hefur.

Í frv. er lögð aukin áhersla á að Byggðastofnun stundi rannsóknir á sviði atvinnu- og byggðaþróunar. Jafnframt er lagt til að Byggðastofnun taki þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á starfssviði stofnunarinnar í þeim löndum þar sem aðstæður eru svipaðar og hér á landi, t.d. í Noregi, Skotlandi, Írlandi og á austurströnd Kanada. Í þessu sambandi má einnig nefna norrænt samstarf og rannsóknaráætlanir Evrópusambandsins en Ísland er aðili að mörgum slíkum áætlunum á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Á undanförnum árum hefur aukið fjármagn Byggðastofnunar runnið til atvinnuþróunarfélaga og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Þessi þróun hefur verið farsæl og miðað að því að færa frumkvæði í atvinnumálum heim í hérað. Í frv. er lagt til að þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar haldi áfram og verði jafnvel efldur frá því sem nú er. Byggðastofnun getur haft veigamiklu hlutverki að gegna við samhæfingu atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Í því sambandi má nefna atvinnuvegabundna ráðgjafarstarfsemi, t.d. í ferðaþjónustu og landbúnaði. Þá getur Byggðastofnun einnig gegnt veigamiklu hlutverki á sviði fræðslu og endurmenntunar þeirra sem starfa við atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni.

Í frv. er lögð áhersla á að Byggðastofnun hafi meira frumkvæði að uppbyggingu atvinnulífsins og nýsköpun á landsbyggðinni en verið hefur og er gert ráð fyrir því að stofnunin komi af stað verkefnum sem miði að því að auka fjölbreytni í atvinnulífi. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna og að áliti fjölmargra aðila er aukin fjölbreytni atvinnulífs einn mikilvægasti þáttur þess að styrkja og efla byggðir landsins og felur frv. í sér auknar áherslur í þeim efnum. Byggðastofnun getur haft meira frumkvæði að því að hrinda verkefnum í framkvæmd og leita eftir samstarfi við aðra um

fjármögnun þeirra. Er hér fyrst og fremst átt við rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, Nýsköpunarsjóð og aðra þá sem áhuga hafa á samstarfi við Byggðastofnun. Er þetta m.a. í samræmi við þær áherslur sem fram komu í þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

Undanfarin ár hefur af og til komið upp umræða um það hvort rétt sé og eðlilegt að Byggðastofnun reki lánastarfsemi og í því sambandi hefur m.a. verið vísað til þeirra breytinga sem orðið hafa á síðustu árum á fjármagnsmarkaði, sem m.a. hefur leitt til betra aðgengis að fjármagni. Við undirbúning frv. kom fram að lánastarfsemi Byggðastofnunar hafi enn um sinn mikilvægu hlutverki að gegna í þjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki á landsbyggðinni. Gerir frv. ráð fyrir að Byggðastofnun haldi þeirri starfsemi áfram og er það jafnframt í samræmi við þál. um stefnu í byggðamálum.

Í frv. er kveðið á um reikningslegan aðskilnað á milli lánastarfseminnar og annarrar starfsemi stofnunarinnar. Þá er lánastarfseminni sett fjárhagslegt markmið sem er að eigið fé stofnunarinnar verði varðveitt að raungildi. Í frv. er gert ráð fyrir að stjórn Byggðastofnunar setji reglur um lánveitingar stofnunarinnar. Er m.a. lagt til að stjórnin geti falið forstjóra að taka ákvarðanir um lánveitingar að hluta eða öllu leyti. Með því að fela forstjóra að taka ákvarðanir, t.d. um um minni háttar lánveitingar, er hægt að auka skilvirkni og hraða afgreiðslu á erindum viðskiptavina stofnunarinnar. Þá er í frv. gert ráð fyrir að stjórn Byggðastofnunar geti tekið ákvörðun um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að iðnrh. hafi frumkvæði að gerð stefnumótandi byggðaáætlunar til fjögurra ára sem verði unnin í samvinnu við Byggðastofnun og í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og aðra. Iðnrh. leggur síðan stefnumótandi byggðaáætlun fyrir Alþingi í formi þáltill. Áætlunin lýsir markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Fram komi áætlanir um aðgerðir og tengsl byggðastefnu við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum og áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir helstu breytingum frá gildandi lögum um Byggðastofnun sem lagðar eru til í frv. þessu. Þegar rætt er um starfsemi Byggðastofnunar er rétt að hafa hugfast að starfsemi hennar er einungis eitt af mörgum tækjum sem beitt er á sviði atvinnu- og byggðamála í landinu. Ljóst er að Byggðastofnun ein og sér getur ekki leyst af hendi öll þau mál er lúta að byggða- og atvinnumálum á landsbyggðinni. Byggðamálin eru margþættur málaflokkur sem nær nánast til allra sviða samfélagsins. Þannig snerta byggðamál öll ráðuneyti og stofnanir.

Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á stefnumótandi byggðaáætlun að undanförnu hefur tekist að samhæfa betur en áður aðgerðir einstakra ráðuneyta í þessum málaflokki. Á sama hátt þarf að samhæfa aðgerðir í atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á landsbyggðinni. Þar hefur Byggðastofnun verk að vinna í samstarfi við aðra.

Á síðustu árum hafa orðið ýmsar breytingar á starfsemi og skipulagi Byggðastofnunar. Þeirri þróun hefur miðað í rétta átt og um allt land hefur verið unnið að uppbyggingu atvinnuþróunarfélaga sem víða hafa skilað góðum árangri. Einnig hefur Byggðastofnun beitt sér fyrir stofnun eignarhaldsfélaga með það að markmiði að treysta atvinnulífið á landsbyggðinni og stuðla að aukinni fjölbreytni. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á lögum um Byggðastofnun miða að því að styrkja þessa þróun og halda áfram á sömu braut.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:02]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Við erum hér að ræða um lagaramma vegna einhvers umfangsmesta vandamáls sem hrjáir okkur Íslendinga um þessar mundir, hins mikla fólksflótta úr hinum dreifðu byggðum landsins. Ef fram heldur sem horfir verða stór landsvæði komin í algera auðn innan tiltölulega fárra ára.

Nú vill svo til að nokkurn veginn sama dag og þessi umræða hefst er kynnt skýrsla unnin að tilhlutan Byggðastofnunar en að undirlagi Alþingis og hæstv. forsrh. Skýrslan fjallar um vandamál í byggðaþróun og hvernig hægt er að bregðast við þeim. Það er eðlilegt og sjálfsagt að þessi athyglisverða skýrsla sem kynnt var í fréttum fyrir nokkrum klukkustundum sé til hliðsjónar þegar umræður fara fram á Alþingi um þann lagaramma sem skapa á þeirri stofnun og þeirri starfsemi sem taka skal á þessu vandamáli. Mér finnst óæskilegt að 1. umr. fari fram um þetta frv. án þess að alþingismönnum hafi gefist kostur á að kynna sér þessa vönduðu og ítarlegu skýrslu. Efni hennar, úttekt og niðurstöður, hljóta að hafa áhrif á lagarammann sem hér er verið að skapa. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta og hæstv. forsrh. hvort ekki sé mögulegt að ná samkomulagi um að 1. umr. ljúki ekki í dag heldur að loknum ræðum fulltrúa þingflokka á Alþingi, þ.e. fyrstu ræðum þeirra. Er mögulegt að þá verði umræðunni frestað um einhvern tíma, t.d. fram yfir helgi, svo að mönnum gefist kostur á að kynna sér þá ítarlegu skýrslu um byggðamál sem unnin hefur verið m.a. að tilhlutan flutningsmanns þessa frv., hæstv. forsrh? Mér finnst óeðlilegt og í hæsta máta óæskilegt að Alþingi gangi til og ljúki 1. umr. málsins án þess að alþingismönnum gefist kostur á að kynna sér efni skýrslunnar.

Ég ítreka ósk mína til hæstv. forseta og hæstv. forsrh., hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um að umræðunni ljúki ekki fyrr en alþingismönnum hefur gefist kostur á að kynna sér þessa skýrslu.

Vík ég þá að efni þessa frv. Þá er eðlilegt að fyrst sé spurt: Hver er ástæða þess, hæstv. forseti, að talið er rétt að flytja stofnun eins og Byggðastofnun frá forsrh. til eins af þremur ráðherrum atvinnumála í ríkisstjórninni, þ.e. hæstv. iðnrh.? Nú vill svo til að forsrh. hefur sérstaklega tveimur hlutverkum að gegna í hæstv. ríkisstjórn. Í fyrsta lagi er hann ráðherra efnahagsmála og í öðru lagi fer hann með samræmingu starfa ráðherra í ríkisstjórninni. Hann er nokkurs konar samræmingarráðherra.

Þá er spurningin þessi: Hvernig stendur á því að nauðsynlegt er talið að flytja málaflokk eins og byggðamál úr umsjá ráðherra sem fer með efnahagsmál í ríkisstjórn og samræmingu á störfum annarra ráðherra til eins af atvinnumálaráðherrunum? Eru byggðamál þá ekki efnahagsmál? Eru byggðamál þá ekki mál sem varða því sem næst alla málaflokka sem allir ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn fara með? Hver er eðlilegri umsjármaður slíks verkefnis en hæstv. forsrh.? Ég spyr hæstv. forsrh. um rök fyrir því að starfsemi af þessu tagi sé flutt úr umsjá hans í umsjá iðnrh.?

Ég geri ekki lítið úr iðnrn. eða iðnrh. Ég hallast frekar til að gera meira en minna úr viðfangsefnum þess ráðherra og ráðuneytis hans. Ég fæ hins vegar ekki séð hvaða rök eru fyrir því að einmitt hann eigi að hafa yfirumsjón með störfum að byggðamálum. Ef velja á einhvern tiltekinn ráðherra annan

en forsrh., einhvern atvinnumálaráðherra til að fara með yfirumsjón byggðamála, hvers vegna er það þá ekki annaðhvort sjútvrh. eða landbrh., annar hvor ráðherra þeirra málaflokka sem eru aðalundirstaðan í atvinnulífi landsbyggðarinnar? Eins og öllum er kunnugt eru þeir annars vegar sjávarútvegur og hins vegar landbúnaður. Hvernig stendur á að iðnrh. verður fyrir valinu? Hver eru rökin fyrir því?

Að vísu er mér ljóst að Iðntæknistofnun sem heyrir undir iðnrh. fer með ákveðna þætti sem Byggðastofnun hefur líka látið sig varða, þ.e. atvinnuráðgjöf og nýsköpun. Ég veit hins vegar ekki betur en ágætt samstarf hafi verið á milli starfsmanna Iðntæknistofnunar og starfsmanna Byggðastofnunar um þau mál. Það eitt út af fyrir sig eru engin rök fyrir því að færa byggðamálin undir þann atvinnumálaráðherrann sem hér um ræðir.

Mig skortir, herra forseti, rökin fyrir því að flytja málefni af þessu tagi frá ráðherra efnahagsmála, frá samræmingarráðherranum í ríkisstjórninni yfir til iðnrh. Ég lýsi eftir þeim rökum. Þau skyldu þó ekki vera önnur en að hér sé um hnífakaup að ræða, þ.e. helmingaskiptaregluna á milli Framsfl. og Sjálfstfl.? Er gjaldið fyrir það að iðnrh. fallist á að forsrh., ráðherra efnahagsmála, fái yfirumsjón með Seðlabankanum það að hæstv. forsrh. verði að hafa við hann hnífakaup og láta eitthvað frá sér í staðinn? Þar sem verkstjórnin í ríkisstjórninni er auðvitað ekki hnífur í þessum skilningi er væntanlega nærtækast að iðnrh. taki Byggðastofnun. Eru það einu rökin, að iðnrn. þurfi á Byggðastofnun að halda til að skipta á sléttu milli Framsfl. og Sjálfstfl.? Eru það einu rökin í málinu?

Þá er athyglisvert, herra forseti, hvernig gengið er til verka í málinu. Lögin um Byggðastofnun eru endurskoðuð og hverjir skyldu endurskoða lögin? Komu starfsmenn forsrn., sem hefur haft með byggðamál að gera síðan Byggðastofnun var stofnuð, eitthvað nálægt því verki? Menn úr ráðuneyti hæstv. forsrh. sem hafa reynslu af því að starfa með þessa stofnun? Nei. Þeir komu þar hvergi nálægt. Komu starfsmenn Byggðastofnunar, sem þekkingu hafa á þeim málum frá annarri hlið, eitthvað að þeirri endurskoðun? Nei. Hverjir endurskoðuðu lögin um Byggðastofnun? Það voru fulltrúar iðnrh. og þar á meðal skrifstofustjóri í iðnrn., þ.e. því ráðuneyti sem á að taka við byggðamálum af hæstv. forsrh. Fulltrúar iðnrh. endurskoða lögin um Byggðastofnun sem hafa verið í umsjá forsrn. frá því að lögin um Byggðastofnun voru sett, starfsmenn forsrn. koma þar hvergi nærri. Hvers konar hnífakaup eru þetta? Hvers konar starfshættir eru þetta? Það bætir ekki úr sök þó að tveir alþingismenn sem komið hafa nálægt byggðamálum hafi setið í endurskoðunarnefndinni. Þar eru hnífakaupin á sléttu, þau hin sömu. Eitt stykki sjálfstæðismaður og eitt stykki framsóknarmaður — búið.

Umhugsunarvert er, herra forseti, að í frv. sem hér er lagt fram er ekki gert ráð fyrir að Byggðastofnun hafi neinn tekjustofn. Það er ekki gert ráð fyrir því að hún hafi úr neinum föstum fjármunum að spila. Ákvæði um tekjur Byggðastofnunar eru takmarkaðar í 14. gr. Hennar einustu tekjur eru í fyrsta lagi framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni og í öðru lagi fjármagnstekjur. Ég spyr: Á að trúa því að þetta sé svarið við þeirri úttekt, þeirri niðurstöðu að alvarlega horfi í byggðamálum, sem kynnt var af forráðamönnum Byggðastofnunar og sagt var frá í útvarpi og sjónvarpi fyrir nokkrum klukkustundum? Eru þetta viðbrögð við þeirri niðurstöðu, að Byggðastofnun fái engan tekjustofn úr að spila heldur megi eiga von á, eins og verið hefur á undanförnum árum, að ráðstöfunarfé stofnunarinnar verði skert með lægri framlögum á fjárlögum? Er þetta svarið við þeirri greiningu sem fram hefur farið á vegum Byggðastofnunar á atvinnusvæðunum þremur og þörf landsbyggðarinnar til að brugðist verði við hinu alvarlega atvinnuástandi nú þegar? Er svarið við þeirri úttekt að taka úr gildandi lögum ákvæði um að Byggðastofnun geti brugðist við með sértækum aðgerðum þegar alvarlegir atvinnuerfiðleikar koma upp í tilteknum landshlutum?

Eru þetta eðlileg viðbrögð við úttekt sem Byggðastofnun hefur verið að kynna á atvinnuerfiðleikum landsbyggðarinnar? Er ástæðulaust að ég skuli óska eftir því að 1. umr. um þetta frv. ljúki ekki fyrr en mönnum hefur gefist kostur á að kynna sér þá alvarlegu váboða sem koma fram í þessari skýrslu Byggðastofnunar? Þessi viðbrögð iðnrn. í frv. til laga um Byggðastofnun — ég segi þessi viðbrögð iðnrn. því að frv. er samið á þess vegum en ekki á vegum ráðherrans sem flytur málið — eru ekki til vitnis um að það ráðuneyti búi yfir miklum upplýsingum um vanda landsbyggðarinnar. Sá vandi kemur fram í úttekt Byggðastofnunar sem kynntur hefur verið alþingismönnum og almenningi í fréttum fjölmiðla að undanförnu.

Um þetta er ekki við hæstv. forsrh. að sakast, eins og eðlilegt væri, því hann er flutningsmaður málsins. En ekki er við hann að sakast því hann tekur við þessu plaggi úr iðnrn. Flutningsmaður málsins er ekki ábyrgur fyrir málinu sem hann flytur. Hann er svona „stand in" fyrir annan ráðherra, tekur við plaggi sem hefur verið samið af öðrum ráðherra og er að flytja það á sína ábyrgð í þinginu. Þetta er alveg fráleitt. Auðvitað hefði þetta verk átt að vinna að frumkvæði forsrh. sjálfs og af hans mönnum því hann er enn þá ráðherra byggðamála á Íslandi. Það er hann sem leggur þetta frv. fram. Það hefði átt að vinnast af honum og hans fólki en hann hefði ekki átt að taka við ljósriti úr iðnrn. og flytja það sem sitt mál. Það er ekki hægt að gera hæstv. forsrh. ábyrgan fyrir málflutningnum. Þetta er ekki hans mál. Þetta er ekki hans frv. Þetta er frv. annars ráðherra sem ekki einu sinni er viðstaddur hér.

Það er mjög eðlilegt að hæstv. félmrh., Páll Pétursson, sé ekkert óskaplega hress með það að taka við stjórnarformennsku í þeirri stofnun sem hér á að verða til. Hvers vegna ekki? M.a. vegna þess, eins og hefur komið hér fram, að í frv. er ekkert brugðist við þeim vanda landsbyggðarinnar sem nýleg úttekt Byggðastofnunar á þeim vanda hefur sýnt. Í öðru lagi vegna þess að ekki er gert ráð fyrir því að það megi treysta á neitt fjármagn af hálfu hins opinbera til að takast á við þennan vanda. Og í þriðja lagi vegna þess að það er verið að gera þá miklu breytingu á stjórn Byggðastofnunar að stjórnin, sem hefur verið nokkuð sjálfstæð, er gerð að húskarlasveit eins af atvinnuvegaráðherrunum, þ.e. iðnrh. Hún heyrir beint undir hann og hann hefur vald til þess samkvæmt frv. að taka fram fyrir hendur stjórnarinnar og fella úrskurð sem gengur þvert á þá niðurstöðu sem stjórnin hefur komist að.

Það vill svo til að þó að deilt hafi verið um mörg mál hér á Alþingi þá hefur oftast nær ríkt friður um stjórn Byggðastofnunar. Það er vegna þess að hún hefur verið þverpólitísk og menn hafa meira og minna fundið til ábyrgðarkenndar gagnvart því starfi sem þar hefur farið fram. Og þó hæstv. forsrh. sé og hafi verið yfirmaður Byggðastofnunar og þar á meðal yfirmaður stjórnarinnar, hefur honum aldrei komið til hugar að segja stjórn Byggðastofnunar fyrir verkum eða

breyta ákvörðun sem stjórn Byggðastofnunar hefur tekið, eins og fram hefur komið m.a. í nýlegum blaðagreinum frá núverandi formanni stjórnar Byggðastofnunar. Vissulega hefur hæstv. forsrh. áhrif, getur komið tilmælum á framfæri, getur komið skoðunum á framfæri við sína menn í Byggðastofnun. En hann hefur aldrei litið á sig sem höfuð Byggðastofnunar sem eigi að taka ákvarðanir og geti fellt úrskurði um samþykktir stjórnar Byggðastofnunar um t.d. lánafyrirgreiðslur o.fl. Nú er verið að breyta þessu. Nú er verið að taka þá ákvörðun að stjórn Byggðastofnunar eigi ekki lengur eða þurfi ekki lengur að vera þverpólitískt skipuð eins og verið hefur í gegnum árin þar sem menn hafa reynt að ná samkomulagi um lausn mála án tillits til þess hverjir setið hafa í Stjórnarráðinu hverju sinni, heldur er gengið út frá því sem gefnu að einn ráðherra í ríkisstjórninni, ekki forsrh. heldur iðnrh., skipi alla stjórnarmenn stofnunarinnar sjálfur og að þeir séu allir ábyrgir gagnvart honum einum sem einstaklingi og að hann geti skipað þeim fyrir verkum vegna þess að hann hafi úrskurðarvald og æðsta vald í málefnum stofnunarinnar og geti breytt niðurstöðu og ákvörðunum stjórnar.

Það er mjög eðlilegt að hæstv. félmrh. kæri sig ekki um að verða húskarl iðnrh. með þessum hætti, ekki bara að taka við veitingum úr hans hendi heldur bera ábyrgð gagnvart honum og eiga að una því að ef iðnrh. — iðnrh. af öllum ráðherrum — er ósáttur við niðurstöðu stjórnarinnar í einstökum málum þá geti hann gert sér lítið fyrir og bara breytt þeim með einhliða ákvörðun.

Síðan eru þau furðulegu ákvæði í þessu frv. að byggðaþróunaráætlun, ef ég man rétt, til fjögurra ára eigi að gerast af iðnrh. Það er ekki stjórn stofnunarinnar sem á að gera þessa áætlun. Það er ekki Byggðastofnun sem á að gera hana heldur iðnrh. Iðnrh. á að gera byggðaáætlun til fjögurra ára og hann á að hafa samráð við Byggðastofnun. Hann á að hafa samráð við sveitarstjórnir og aðra ráðherra. (Gripið fram í.) Iðnrh. er orðinn samræmingarráðherra í byggðamálum í ríkisstjórninni. Hann á að leggja fram byggðaáætlun. Hvers konar rugl er þetta? Hvaða ráðherra á eðlilega að hafa svona verkefni með höndum, að gera slíkar áætlanir þar sem leita þarf til allra fagráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála, allra ráðherra atvinnumála, félmrh. o.s.frv.? Herra forseti. Hann situr þarna. Það er forsrh. sem á að gera þetta.

Virðulegi forseti. Það situr síst á þeim sem hér stendur að gera hæstv. forsrh. hærra undir höfði en ástæða er til. En þá ákvörðun að flytja Byggðastofnun frá hans ráðuneyti tel ég vera ranga.

[11:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir mitt leyti get ég fallist á hvaða aðferð sem er við að taka þá skýrslu sem hv. þm. nefndi til umræðu, hvort sem við mundum gera það í sérstakri umræðu eða eins og hv. þm. nefndi, í tengslum við þessa umræðu. Þó að þarna sé um formbreytingu að ræða þá get ég út af fyrir sig fallist á það, ef menn telja það skynsamlegt, að fulltrúar flokkanna tjái sig hér og síðan verði málinu frestað. Ef þetta verður raunin þá vænti ég þess að það hafi ekki áhrif á framgöngu málsins sem slíks, fyrir áramót. En ég get fallist á hvora aðferðina sem er, að klára þessa umræðu og hafa síðan aðra umræðu, sérstaka umræðu um þessa skýrslu sem er athyglisverð eða með þeim hætti sem hv. þm. leggur til.

[11:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. jákvæð viðbrögð. Ég held að málið sé einfaldlega að reyna að meta hvort sé hagstæðara fyrir framgang málsins á þinginu, að efna til sérstakrar umræðu um þessa skýrslu eða ræða hana undir þessum dagskrárlið. Fljótt á litið sýndist mér að það yrði einfaldlega tímasparnaður að efna ekki til sérstakrar umræðu um málið en ég læt það að sjálfsögðu í vald hæstv. forseta, e.t.v. í samráði við hæstv. forsrh. og formenn þingflokka, að dæma um það.

[11:25]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór nokkrum orðum um skipan þeirrar nefndar sem samdi drögin að frv. og komst einhvern veginn þannig að orði að þetta hefði verið samið af starfsmönnum iðnrn. Hann bætti því svo reyndar við að þarna hefðu verið tveir þingmenn en þeir hefðu verið úr hnífakaupaflokkunum, þ.e. stjórnarþingmenn. Hann gleymdi reyndar að geta fimmta nefndarmannsins, þess ágæta og mæta manns Sigfúsar Jónssonar, sem mér skilst reyndar að sé flokksbróðir hv. þm., en hann kom með mjög góð innlegg í þessa nefndarvinnu.

Þess verður að geta í leiðinni, af því talað er um að þetta sé samið af ráðuneytismönnum, að meiri hluti þessarar nefndar voru menn sem hafa starfað árum saman í stjórn Byggðastofnunar og hljóta að hafa einhverja þekkingu á starfsemi stofnunarinnar sem slíkir.

Hv. þm. nefndi að í þessu frv. væri ekki svigrúm til að grípa inn í vanda í einstökum landshlutum. Þannig held ég að hann hafi orðað það. Ég held að 10. gr. frv. dekki það ágætlega og að þetta sé bara misskilningur.

Hann vitnaði síðan í formann stjórnar Byggðastofnunar sem hafði sagt að það væri verið að veikja stofnunina. Ég hlustaði á langt og ítarlegt viðtal við þann ágæta formann og vin minn Egil Jónsson á Bylgjunni í fyrradag. Ég held að það hafi verið kortersviðtal og þar sagði hann þetta reyndar, að verið væri að veikja stofnunina. En hann nefndi ekki eitt einasta dæmi í þessu langa viðtali því til stuðnings. Hann talaði hins vegar um að þá sem hefðu samið þetta skorti yfirsýn og þekkingu og eitthvað fleira í þeim dúr. En hann gleymdi því náttúrlega að meiri hluti nefndarinnar voru stjórnarmenn úr Byggðastofnun, bæði núverandi og fyrrverandi. Mér fannst það vanta í þetta ágæta viðtal að formaður stjórnar Byggðastofnunar nefndi dæmi máli sínu til stuðnings.

[11:27]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gerir núverandi formaður stjórnar Byggðastofnunar í grein í Morgunblaðinu í dag og í grein í Morgunblaðinu í gær.

Ég er ánægður með að hv. þm. skuli samsinna því að í nefndinni hafi verið tveir þingmenn úr hnífakaupaflokkunum. Það er gott út af fyrir sig og ekki ætla ég að lasta það hvaða einstaklingar það voru eða draga hæfni þeirra í efa á nokkurn hátt. En það breytir ekki því að það frv. sem hæstv. forsrh. er hér að flytja er ekki unnið að fyrirlagi þess ráðherra sem fer með byggðamál í ríkisstjórninni í dag og flytur málið hér inn á Alþingi.

Hv. þm. sem talaði áðan var í þessari vinnu sinni kaupamaður ráðherra sem varðar málið ekki, a.m.k. ekki fyrr en Alþingi er búið að samþykkja breytingu á gildandi lögum og

það finnst mér afskaplega óeðlilegt, þ.e. að mál af þessu tagi skuli flutt og skuli unnið af öðrum ráðherra en þeim sem fer með forræði málsins í núverandi ríkisstjórn.

Ég hefði nú hugsað mig tvisvar um í sporum hv. þm. áður en ég hefði komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að flytja mál af þessu tagi úr forræði þess ráðherra í ríkisstjórninni sem fer með efnahagmsál og samræmingu milli ráðuneyta yfir á forræði eins af þremur atvinnumálaráðherrum í ríkisstjórninni. Það er ekki gæfuspor en það eru hnífakaup.

[11:29]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum náttúrlega deilt um það endalaust hvort þessi nefndarskipan hafi verið rétt eða röng. Það er eins og það er. Þegar verið er að skipa nefndir þá getur menn greint á um það hvernig þær eigi að vera skipaðar. Ég held að þessi nefnd hafi verið ágætlega skipuð og ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Nánast eina gagnrýnin sem ég hef heyrt á þessa breytingu á skipan mála er sú að Byggðastofnun sé að missa eitthvert sjálfstæði. Ég hef eiginlega aldrei skilið þetta tal um sjálfstæði Byggðastofnunar. Það stendur reyndar í 1. gr. núgildandi laga að Byggðastofnun sé sjálfstæð stofnun. En hvers virði er þetta sjálfstæði? Á Byggðastofnun að vera eitthvert ríki í ríkinu og hvað gerir Byggðastofnun án þess að vera í öflugu sambandi við stjórnvöldin í landinu? Það er gert ráð fyrir því með þessu frv. að þar sé mikil tenging á milli. Ég hef aldrei getað skilið það að Byggðastofnun geri einhver kraftaverk upp á sitt eindæmi. Byggðastofnun hefur verið að gera að mínu mati ágæta hluti á síðustu fjórum árum undir stjórnarformennsku Egils Jónssonar. En þær breytingar hefðu ekki náð fram nema vegna þess að stjórnin hafði mjög öflugan stuðning frá og öflugt samband við hæstv. forsrh. sem var ráðherra byggðamála. Mér hefur því alltaf fundist þetta tal um sjálfstæði Byggðastofnunar ósköp lítils virði.

[11:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sér hv. þm. virkilega engan mun á núverandi skipan stjórnar Byggðastofnunar, þverpólitískri skipan þar sem ráðherra, jafnvel forsrh. sjálfur, hefur ekki boðvald yfir stjórninni, og hinni skipaninni þar sem allir stjórnarmenn í stofnuninni eru fulltrúar eins ráðherra sem skipar þá alla, þeir eru allir ábyrgir gagnvart honum og ráðherra hefur boðvald yfir þeim? Hann hefur vald til að skipa þeim fyrir verkum og hann hefur vald til að breyta niðurstöðu þeirra.

Hv. þm. segist hafa setið sjálfur í stjórn Byggðastofnunar og ekki efa ég það. Þá ætti hann að vita hversu mikil eðlisbreyting þetta er. Ég spyr hv. þm. — hann getur nú að vísu ekki svarað fyrir sig — en ég kasta þessari spurningu fram engu að síður: Er það reynsla hv. þm. úr stjórn Byggðastofnunar að nauðsynlegt sé að gera þá breytingu á starfsemi hennar að ráðherra hafi boðvald yfir henni? Saknaði hann þess á meðan hann sat í stjórn Byggðastofnunar að hæstv. forsrh. gæti ekki tekið fram fyrir hendurnar á honum? Var það helsta vandamálið? Var það líka vandamál að hans mati þegar hann sat í stjórn Byggðastofnunar að það skyldi hafa verið forsrh. sem var ráðherra stofnunarinnar? Er þetta dómur reynslu hans sem hann er að flytja hér? Að reynsla hans sé sú að forsrh. eigi að víkja, iðnrh. eigi að taka við og iðnrh. eigi að fá boðvald yfir stjórnmálamönnum? Er þetta lærdómurinn af þeirri reynslu sem hann fékk þegar hann sat sjálfur í stjórn stofnunarinnar?

[11:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það lofar ekki góðu um framtíð fyrir hönd byggðamála í landinu og framtíð þeirra að hæstv. iðnrh., sem var hér í morgun og rauk í ræðustólinn til varnar því hugarfóstri sínu að þröngva tillögum um Fljótsdalsvirkjun og álver í gegn fyrir áramót, því hann spýttist svo burtu úr þingsalnum þegar þetta frv. kom hér á dagskrá, mál sem á þó að færast til ráðuneytis hans um áramótin ef mál ganga fram með þeim hætti sem ríkisstjórnin ætlar sér. Áhugi hæstv. iðnrh. var sem sagt ekki meiri en þetta á málinu að hann forðaði sér úr þingsalnum um leið og byggðamálin voru tekin á dagskrá. Það væri fróðlegt að vita hvaða skyldur eru svo ríkar á dagskrá hæstv. iðnrh. í dag að hann megi ekki koma því við að sinna þingskyldum sínum og er honum þó málið býsna skylt þó að það eigi að heita svo að forsrh. flytji þetta frv. að nafninu til. Hæstv. forsrh. hefur tekið að sér það hlutverk að vera eins konar sendisveinn, póstur með þetta frv. úr iðnrn. og hingað inn í þingið. Það er nú hlutverk hæstv. forsrh. í málinu og er satt best að segja ýmislegt harla sérkennilegt í kringum þetta mál.

Ég held, herra forseti, að hrossakaup stjórnarflokkanna um Seðlabankann og Byggðastofnun séu einhver verstu og vitlausustu hrossakaup og óheppilegustu fyrir þjóðina sem lengi hafa farið fram. Eða hvort við köllum þetta hnífakaup, alla vega eru þetta þá hnífakaup að óséðu því að ég trúi því ekki að hæstv. forsrh. hefði sjáandi keypt þann hníf sem hann er að fá frá hæstv. iðnrh. í þessu máli.

Staðreyndin er nefnilega sú að helmingur kaupskaparins, þ.e. að færa Seðlabankann til forsrh., er fullkomlega eðlileg ráðstöfun, fyrir því eru mörg rök, enda hefur það sjónarmið oft komið fram á undanförnum árum að Seðlabankinn væri betur vistaður hjá annaðhvort forsrh. eða jafnvel fjmrh. fremur en þar sem hann er í dag. En hinn hluti málsins, þessi dæmalausa meðferð á Byggðastofnun og byggðamálunum er auðvitað algjört hneyksli. Ég ætlaði satt best að segja, herra forseti, ekki að trúa því að þessi pappír væri eins og raun ber vitni fyrr en ég fékk hann í hendur og las hann. Maður hafði að vísu illan grun um hvað væri í vændum þegar fram höfðu komið viðbrögð manna eins og hæstv. félmrh. og seinna Egils Jónssonar, núv. stjórnarformanns Byggðastofnunar. En ef eitthvað er, þá er málið allt saman verra og hraklegra en við mátti búast, jafnvel út frá viðbrögðum þessara manna.

Tilurð þessa frv. er mjög merkileg, eins og reyndar var gert hér ágætlega að umfjöllunarefni hjá hv. síðasta ræðumanni. Ekki tók það nú langan tíma að hrófla þessu saman. Nefndin var skipuð 16. september sl. og 11. nóvember skilar nefndin af sér. Enda augljóslega um að ræða sýndarmennskustörf, hreina sýndarmennsku, leyfi ég mér að kalla það. Samsetningin er líka þannig að það er varla við góðu að búast.

Hvers vegna í ósköpunum er iðnrn. látið stýra þessari vinnu? Hvers vegna í ósköpunum er það gert? Þetta er auðvitað þannig að það eru framsóknarmenn og ráðuneytismenn sem hafa kokkað þetta saman. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson fékk að vísu að vera þarna með en ég veit ekki hvaða tilgangi það hefur í raun og veru þjónað, alla vega ef maður lítur á útkomuna.

Í nefndinni var Kristinn H. Gunnarsson, sem eins og kunnugt er hefur á undraskömmum tíma orðið einn mesti

framsóknarmaður norðan Alpafjalla og þarf enginn að efast um hvaða erindi hann hefur átt inn í þetta starf. Síðan var skrifstofustjóri iðn.- og viðskrn. í nefndinni. Hver var ritari nefndarinnar? Jú, það var hann Magnús okkar Stefánsson, og ætli hann sé nú ekki eitthvað tengdur Framsfl., sem hefur nýlega orðið svo stálheppinn að vera valinn úr hópi umsækjenda um framkvæmdastjórastöðu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Og hver aðstoðaði við lögfræðileg atriði? Það var lögfræðingur í iðn.- og viðskrn. Þetta var hópurinn sem hélt utan um málið. (**Gripið fram í:** Ekki gleyma Sigfúsi.) Sigfús er ágætur hlaupari og mikill landfræðingur en ég held að ekki sé rétt að hengja þetta um of hvorki á hann né hv. þm. Guðjón Guðmundsson því að þeir hafa augljóslega verið settir inn í þetta verk bara til þess að það liti betur út á pappírnum. En það er alveg augljóst mál hverjir hafa ráðið hér ferðinni, hver hefur vélað um þetta. Það hefur iðnrh. gert með sínum mönnum, flokksbræðrum sínum og starfsmönnum sínum í ráðuneytinu. Það liggur þannig. Þetta er ámælisvert og langt frá því að bera það yfirbragð á nokkurn hátt sem maður hlýtur að ætlast til þegar um alvörumál af þessu tagi er að ræða.

Út af fyrir sig er það umhugsunarefni, herra forseti, og að nokkru leyti aðdáunarvert að Framsfl. skuli treysta sér til að taka við byggðamálunum. Ég hef sagt það áður opinberlega að það sé til marks um klókindi og refsskap hæstv. forsrh. að koma þessari heitu kartöflu yfir í hendurnar á framsóknarmönnum. Hæstv. forsrh. skilar eins og allir vita mjög vondu búi í byggðamálum. Ef ætti að greina það þá býst ég við að hæstv. forsrh. hljóti sjálfur að verða að viðurkenna að þetta sé einn sá málaflokkur, hvað sem öðru líður, þar sem hæstv. ráðherra hefur ekki sinnt vel um. Hæstv. forsrh. hefur borið ábyrgð á byggðamálum í hátt á níunda ár og útkoman er eins og raun ber vitni, nánast samfelld afturför á því sviði. Frá og með árinu 1993 að telja hefur fólksstraumurinn af landsbyggðinni aukist nánast árlega.

Það er kannski vegna þess að hæstv. forsrh. er orðinn úrkula vonar um að honum muni takast að snúa þarna nokkru við, að breyta nokkru, að þessu vandamáli er ruslað yfir í Framsókn og Framsókn tekur við. Og það er athyglisvert. Hvort það er einhver sjálfseyðingarhvöt sem drífur þá áfram í að taka við þessum vandamálaverkefnum öllum skal ósagt látið. En hitt er ljóst að búið er ekki gott.

Hvernig bregðast menn síðan við þeirri stöðu sem við blasir í byggðamálum? Jú, það á að gera það með því að veikja enn Byggðastofnun að mati þeirra manna sem ættu nú að hafa sæmilega aðstöðu til að leggja þar dóm á, núverandi stjórnarformanns og hæstv. félmrh., þeir hafa báðir úttalað sig opinberlega um það. Og það á að flokksvæða stofnunina. Framsfl. á að fá þennan málaflokk og það á að flokksvæða hana algjörlega. Framsóknarmenn, hæstv. iðnrh. á að fá vald til að skipa með eigin hendi sjö manna stjórn Byggðastofnunar og sjö menn til vara. Fjórtán framsóknarmenn komast þannig fyrir undir þessum hatti. Fjórtán framsóknarmenn geta tekið við þessu upp úr áramótum, verði þetta gert að lögum með þessu móti.

Er nokkur ástæða til að ætla annað en að það verði þannig? Nei, svarið er það. Kannski verður hafður þarna einn sjálfstæðismaður, svona til þess að hafa fjarvistarsönnun frá því að þetta sé 100% flokksvæðing, en þá verður það a.m.k. um 85% flokksvæðing. Öll sporin hræða mjög í þeim efnum. Þetta er furðuleg ráðstöfun, leyfi ég mér að segja, að leggja til að þingkjörin stjórn og þverpólitísk stjórn þessa málaflokks í formi stjórnar Byggðastofnunar, verði slegin af og þetta sett undir flokksvald eins ráðherra og þá iðnrh.

Hvers vegna í ósköpunum iðnrh.? Hver eru rökin önnur en þau að iðnrh. heitir Finnur Ingólfsson og er framsóknarmaður? Það eru engin önnur rök, engin. Það hafa engin rök verið færð fram fyrir því að það sé stjórnskipulega eða pólitískt skynsamlegt að vista stofnunina sérstaklega þarna. Ég sé mjög margt sem mælir gegn því.

Ef færa ætti stofnunina til á annað borð, þá held ég að ein þrjú ráðuneyti önnur hefðu átt að koma til skoðunar á undan iðnrn. og viðskrn. Það er í fyrsta lagi félmrn. Það væru ýmis rök fyrir því að hafa byggðamálin hjá félmrn. sem fer með málefni sveitarfélaganna og það væri að mörgu leyti handhægt að flétta það saman. Eða þá að það væru frekar þau atvinnuvegaráðuneyti sem fara með höfuðatvinnugreinar landsbyggðarinnar, sjútvrn. eða landbrn. Fyrir því gætu verið ýmis rök þó að það sé ekki heldur að öllu leyti heppilegt. En iðnrn. er að mörgu leyti mjög fjarlægur kostur í þessum efnum. Af hverju ekki bara kirkjumrn.? Það er ekki framsóknarmaður í því ráðuneyti, það eru auðvitað aðalrökin gegn því. En framsóknarmenn fara nú með félmrn. og ef það var verkefnið að jafna á klyfjunum milli stjórnarflokkanna, þá hefði verið nær að færa þetta annað en í iðnrn. að mínu mati.

Herra forseti. Aðeins um stöðu stofnunarinnar sem út úr þessu öllu kemur. Það er mjög athyglisvert að bera saman 1. gr. gildandi laga um Byggðastofnun og síðan 1. gr. þessa frv. 1. gr. gildandi laga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Byggðastofnun er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra."

Þessu er snúið yfir í:

„Byggðastofnun er sérstök stofnun ..." — Og það má til sanns vegar færa, þetta verður afar sérstök stofnun ef þessar breytingar verða gerðar. — „Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra".

Þarna er vikið við tveimur orðum, þ.e. öðru bætt við og hinu breytt. Þetta verður „sérstök" stofnun í staðinn fyrir „sjálfstæð" stofnun, en síðan er skotið inn orðinu „yfirstjórn" á eftir „heyrir undir". Og þarna er a.m.k. með táknrænum hætti, hversu mikið sem menn vilja leggja upp úr efnisbreytingunum, verið að undirstrika vald iðnrh. með því að taka það fram að þetta heyri undir yfirstjórn hans, en þetta er ekki hefðbundið orðalag á vistun sjálfstæðrar stofnunar með því að segja eingöngu að stofnunin eða starfsemin heyri undir ráðherra. Nei, heyrir undir yfirstjórn iðnrh. þurfti það að vera, og það hefur þeim framsóknarmönnunum dottið í hug að læða inn, og síðan á þetta að vera sérstök stofnun í staðinn fyrir sjálfstæð stofnun.

En langmesta breytingin er þó hin furðulega skipan stjórnar stofnunarinnar og það er ljóst að eins og þetta er fléttað saman með ákvæðum 1. gr., með ákvæðum 3. gr. um skipan stjórnar og á einum 10–20 stöðum öðrum, þar sem vald iðnrh. er sett inn í mismunandi greinar frv. Ég hef ekki talið það saman en það er ábyggilega milli 10 og 20 sinnum sem iðnrh. er sérstaklega talinn upp á ólíklegustu stöðum. Það á meira að segja að ákveða staðsetninguna samkvæmt þessari nýju formúlu, að það sé geðþóttaákvörðun ráðherra hvernig þeir ráðskast með hugsanlega vistun ríkisstofnana, og er mikil speki eða hitt þó heldur.

Það er nærtækt, herra forseti, að vitna til tveggja manna sem hafa tjáð sig opinberlega um þetta mál. Fyrst hæstv.

félmrh. Hvað segir hæstv. félmrh.? Ekki getur verið að hann styðji þetta frv.? Það hlýtur að liggja ljóst fyrir að þó um stjórnarfrv. sé að ræða þá er a.m.k. nokkuð öruggt að einn stjórnarþingmaður styður ekki málið, þ.e. hæstv. félmrh. Hann hefur talað sig frá því opinberlega, áður en það var flutt. (**Forsrh.:** Hann styður málið.) Hann styður málið segir hæstv. forsrh. Handjárnunum hefur aldeilis verið komið á hann.

Í viðtali í Degi, fimmtudaginn 25. nóv., segir hæstv. félmrh. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í vor var um það talað að setja upp öflugt batterí sem ætti að valda straumhvörfum í byggðamálum. Ég vildi gjarnan leggja hönd að því. Nú er komið fram frumvarp um að færa Byggðastofnun til iðnrn. og Seðlabankann til forsrn. Sú Byggðastofnun sem út úr þessu kemur er veikari ef nokkuð er. Ákveðið sjálfstæði er skert, sem Byggðastofnun hefur þó búið við þrátt fyrir allt. Þetta er ekki með þeim hætti sem um var talað í vor og ég tel mig ekki bundinn af neinu samkomulagi þar um. Ég hef ekki áhuga á að taka að mér þetta verk undir þessum formerkjum. Ég var búinn að binda vonir við þetta en lýsi yfir vonbrigðum mínum, bæði í ríkisstjórn og þingflokki."

Svo mörg voru þau orð. Það er nú erfitt að lesa út úr þessu stuðning við málið hjá hæstv. félmrh.

Síðan hefur formaður stjórnar Byggðastofnunar og fyrrv. hv. þm., Egill Jónsson, talað nokkuð skorinort um þetta mál, m.a. í grein í Morgunblaðinu í dag. Hann dæmir þetta mjög svipað og hæstv. félmrh. Hann telur að verið sé að veikja stofnunina en ekki styrkja og hann fullyrðir að þess sjáist hvergi stað í þessu máli að reyna eigi að gera alvöru úr því átaki í byggðamálum sem menn hafi verið að tala um. Hann telur þetta fyrst og fremst aðferð til að færa iðnrh. málaflokkinn, talar um að leikurinn sé nú léttur fyrir „ráðherravald" og „stofnanaforræði" að klófesta byggðamálin.

Enn fremur segir Egill:

„Það dylst ekki að í frumvarpi um byggðamál er ekki að finna neinar þær áherslur sem treysta stöðu og afkomu landsbyggðarinnar nema síður sé."

Eins og hæstv. félmrh. telur formaður stjórnar Byggðastofnunar þetta vera afturför, veikja stofnunina, vera til hins verra.

Herra forseti. Hv. fyrrv. þm., Egill Jónsson, núv. stjórnarformaður Byggðastofnunar, notar þarna býsna sterk orð. Hann lýsir eftir hinum dularfulla, margumtalaða milljarði og telur að samþykktir á miðstjórnarfundum Framsfl. dugi ekki einar til í þessum efnum.

Í greininni segir einnig, með leyfi forseta:

„Það sem er þó ógeðfelldast í þessari umræðu og sérstaklega ber að vara við er hvernig hún tengist orðið embættaskipan innan Framsóknarflokksins og hvað hún er náin fyrirmynd þeirrar skipunar þessara mála hjá Framkvæmdastofnun ríkisins sem átti grundvöll sinn í peningum og völdum. Þannig á nú að leysa innbyrðis vanda Framsóknarflokksins í valdaskipan flokksins. Hér er því um arf að ræða frá gamalli tíð, raunar vondan arf eins og í upphafi þessarar greinar var lýst. Umræða um málefni landsbyggðarinnar hefur beðið hnekki og hún er sár og móðgandi fyrir alla þá sem eru þátttakendur í umfjöllun um byggðamál. Innanflokksmálefni Framsóknarflokksins eru gjörsamlega óháð byggðamálum. Þau mál verður flokkurinn að leysa af eiginn rammleik, til þess hefur hann góða reynslu og umfram allt verða málefni dreifðra byggða á Íslandi að vera í friði fyrir innbyrðis vanda Framsóknarflokksins." Við þetta mætti bæta: ... og helmingaskiptum stjórnarflokkanna. Það er í raun og veru það eina sem vantar inn í þessa grein til þess að um sé að ræða nokkurn veginn fullkomna lýsingu á þeim skrípaleik sem í gangi er.

Það er dapurlegt, herra forseti, við þær aðstæður að byggðavandi í landinu hefur aldrei verið meira brennandi en einmitt um þessar mundir þá skuli orka stjórnarflokkanna fara í hrossakaup af þessu tagi og málaflokkurinn líða fyrir. Það gerir hann augljóslega.

Hér eru ekki á ferðinni úrræði, fjármunir eða aðgerðir til að snúa vörn í sókn í byggðamálum. Nei, hér eru á ferðinni hrossakaup stjórnarflokkanna, hrókeringar þeirra í milli sem tengjast samningum um myndun síðustu ríkisstjórnar. Þetta eru ógeðfelld hrossakaup þar sem blandað er saman óskyldum hlutum sem ætti að halda aðgreindum. Annars vegar því að færa Seðlabankann undir forsrn., sem að mörgu leyti er eðlilegt mál og sá sem hér talar gæti vel hugsað sér að styðja, en ekki hluta af kaupskap af þessu tagi. Sú meðferð byggðamála og Byggðastofnunar sem hér er á ferðinni er hreint hneyksli. Ég er algerlega andvígur þessum breytingum. Ég tel þær stórlega til skaða fyrir málaflokkinn og hvet menn til þess að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að málið nái fram að ganga.

Ég spyr mig: Er það virkilega svo að allir þingmenn Sjálfstfl. hafi skrifað upp á þetta og samþykkt? Var málið afgreitt fyrirvaralaust úr þingflokki sjálfstæðismanna? Hafa menn skuldbundið sig til að styðja þessi ósköp eins og þau eru hér fram borin?

Eitt er að færa stofnunina og það er hægt að gera á annan hátt en þennan. Það væri strax mikill munur ef menn létu vera að gera þær breytingar, t.d. á skipan stjórnar sem frv. felur í sér þó svo að hún — illu heilli að mínu mati — færi undir iðnrn.

Svo er nauðsynlegt að spyrja, herra forseti: Er eitthvað fleira hér á ferðinni? Hangir fleira á spýtunni? Stendur til að breyta iðnrn. aftan frá í einhvers konar atvinnuvegaráðuneyti? Er eitthvað hæft í sögum um að til sé leyniplagg sem geri ráð fyrir því að færa allar rannsóknarstofnanir atvinnuveganna undir iðnrn., undir hatti Iðntæknistofnunar? Eru einhverjir slíkir hlutir á döfinni? Þetta mál er svo torkennilegt og svo sérkennilegt hvernig það ber að að það vekur grunsemdir um að enn hafi ekki öll sagan verið sögð.

Að lokum, herra forseti, tel ég fráleitt að stjórnarflokkarnir ætli sér að knýja þetta mál í gegn, stórpólitískt deilumál sem er umdeilt bæði innan veggja þingsins og einnig úti í þjóðfélaginu. Hér hefur verið vitnað til afstöðu núv. stjórnarformanns Byggðastofnunar og hæstv. félmrh. Það er fráleitt að mæla fyrir þessu frv. hér 2. des. þegar nokkrir virkir dagar eru eftir fram að jólaleyfi og tala um að það nái hér afgreiðslu. Enda breytir engu þó að málið bíði fram yfir áramót.

[11:52]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki mikið álit á þessu frv. Ég læt það nú allt vera, en miðað við það hve sterkt hann tók til orða þótti mér hann nefna ansi fá dæmi um það sem mætti betur fara. Hann nefndi tvö, þrjú dæmi en mér fannst hann taka fullsterkt til orða. En það er önnur saga.

Það sem kallaði mig hér upp er tilvitnun hv. þm. í hæstv. félmrh., um að hann hefði ekki mikið álit á þessu og segði sig frá málinu. Ég las einmitt viðtal við hæstv. félmrh. Eina

dæmið sem hann nefndi til stuðnings máli sínu var að hann sæi hvergi milljarð sem einhver hafði gefið honum fyrirheit um í vor að fylgja mundi með færslunni. Okkar skoðun var sú að það ætti ekki heima í lagafrv. um Byggðastofnun. Það er verið að setja lög um starfsemi Byggðastofnunar til framtíðar. Þar eiga ekki heima einstakar fjárveitingar. Þær koma á fjárlögum og eiga alls ekki heima í þessu frv.

[11:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal nefna nokkur dæmi í viðbót fyrir hv. þm. Ég tel í fyrsta lagi algjörlega misráðið að færa þennan málaflokk undir iðnrn. Það skortir öll rök fyrir því önnur en þau að iðnrh. heitir Finnur Ingólfsson og er varaformaður Framsfl. Í öðru lagi tel ég að þessi skipan á stjórn Byggðastofnunar muni veikja hana, muni skapa um hana pólitískar deilur og hún muni ekki hafa það þverpólitíska bakland sem hún hafði áður. Í þriðja lagi er tekjugrundvöllur stofnunarinnar ekki tryggður, það er allt í lausu lofti. Í fjórða lagi tel ég að ganga þurfi skýrar frá aðild Byggðastofnunar að fjármögnun verkefna, t.d. varðandi það sem segir í 12. gr. frv. Það er allt í lausu lofti. Um það á iðnrh. að setja reglur og þar segir að slík starfsemi skuli einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði. Þetta er allt í lausu lofti.

Og varðandi milljarðinn er eðlilegt að menn séu tortryggnir þegar hér kemur fram fjárlagafrv. þar sem algjörlega vantar fjármuni til að standa við samkomulag flokkanna um aðgerðir í byggðamálum frá sl. vori. Er nema von að menn verði þá tortryggnir og spyrji: Bíddu, hvað með efndir á þessu?

Það er svo furðulegt að það er eins og framsóknarmenn kunni bara eina tölu þegar þeir gefa loforð. Það er milljarður. Þeir lofa milljarði í alla skapaða hluti, oft sama milljarðinum í margt í einu. Þeir lofuðu milljarði í fíkniefnavarnir. Þeir lofa milljarði í byggðamál. Svo heyrði ég um daginn að búið væri að lofa sama milljarði til að efla rannsóknir í landinu og menn væru að tala um að taka 20% af sölu ákveðinna ríkisfyrirtækja og nota í mörg verkefni í einu. Þetta er allt í lausu lofti og það er von að spurt sé.

Ég held að hv. þm. Guðjón Guðmundsson geti ekki verið mjög stoltur af aðild sinni að þessu máli.

[11:56]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir þær ræður sem hér hafa verið fluttar virðist mér að menn séu aðallega að gagnrýna eitt, þ.e. stjórnarkjörið og reyndar færsluna milli ráðuneyta. Allt þetta tal um fjármögnun á ekki við rök að styðjast. Það er ekkert verið að veikja það frá því sem verið hefur. Byggðastofnun hefur alltaf verið háð fjárveitingu á fjárlögum. Það er engin breyting á því. Þetta tal um sjálfstæði stofnunarinnar, eins og ég nefndi hér áðan, finnst mér ekki mikils virði. Þar er sjálfstæðið bara orð. Byggðastofnun getur ekki verið ríki í ríkinu. Það hlýtur að vera styrkur Byggðastofnunar að vera í sem allra bestu sambandi við stjórnvöld. Að verið sé að draga úr möguleikum stofnunarinnar er alveg út í hött.

Í öðru orðinu segja menn að það hafi verið svo rosalegur flutningur af landsbyggðinni á undanförnum árum. Það er alveg rétt. En svo má alls ekki breyta starfsemi Byggðastofnunar. Árangurinn hefur nú ekki verið meiri en svo að fólki hefur fækkað jafnt og þétt á landsbyggðinni. Það er ekki mikið samræmi í þessu.

[11:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem menn vildu sjá voru vísbendingar um að menn ætluðu að efla stofnunina og leggja henni til þá fjármuni sem hún þarf til vera nothæft tæki, a.m.k. að hluta til í þessum efnum. Engu slíku er fyrir að fara þarna í þessu frv. Í þessu máli er ekkert sem hægt er að túlka sem jákvæða breytingu í þágu þessa málaflokks. Hins vegar er þar margt neikvætt eins og komið hefur fram.

Það er athyglisvert, herra forseti, að framsóknarmenn sem eiga nú að fá þennan málaflokk eru fjarverandi. Þeir eru ekki hér. Sjálfstæðismenn hlaupa hér upp í vörninni fyrir þá. Það er vel gert hjá þeim, vel gert hjá vandalausum, liggur mér við að segja, að hlaupa þannig upp til varnar þessu móverki framsóknarmanna.

Auðvitað hafa byggðamálin alltaf verið háð þeim fjármunum sem þar eru til skipta. En ætli það veiti af pólitískri samstöðu í þessum málaflokki, einmitt til að tryggja að sæmileg samstaða sé um að leggja meiri fjármuni til málaflokksins? Gera menn það með því að flokksvæða Byggðastofnun og láta einn pólitískan ráðherra skipa henni stjórn með þessum hætti? Það er fullkomlega óeðlilegt.

Að svo miklu leyti sem þetta á að vera tæki til áætlunargerðar og stefnumótunar þá er það líka óeðlilegt. Stofnunin fer ekki með heföbundið framkvæmdarvaldshlutverk. Þetta er öðruvísi stofnun eða á a.m.k. að vera það. Hvernig sem á málið er litið, hvort sem það varðar stuðning við stofnunina, bakland hennar í stjórnmálunum eða verkefnið sem slíkt, er óeðlilega að því staðið. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að allir stjórnarþingmenn hafi látið handjárna sig til að styðja þessi ósköp.

[11:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu um færslu Byggðastofnunar frá forsrn. til iðnrn. tel ég vera mistök. Ég er algjörlega andvígur því að færa þennan málaflokk frá forsrn. og til annarra ráðuneyta. Í því sambandi get ég tekið undir margt sem fram hefur komið í máli þeirra hv. þm. sem talað hafa í morgun.

Byggðastofnun hefur verið, eins og það er orðað, þverpólitísk stofnun, stofnun þar sem allir þingflokkar hafa átt fulltrúa og hún hefur heyrt undir forsrn. Ég held að byggðamálum sé þannig farið og þróun byggðar og búsetu fólks á okkar landi nú um stundir að það sé engin ástæða nema síður sé til þess að færa þennan málaflokk undan þeim manni sem á að hafa forustu fyrir ríkisstjórn hverju sinni. Þar af leiðandi er ég algjörlega andvígur því að stofnunin verði færð undan forsrn. og enn frekar andvígur því að hún verði færð undir iðnrn. Þar á hún alls ekki heima. Ég tel að stofnun eins og Byggðastofnun og það hlutverk sem henni hefur verið ætlað eigi heima undir forsrn. og það sé fyrst og fremst verkstjóri ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh., sem eigi að hafa þennan málaflokk á sinni hendi.

Ég tek undir þau ummæli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar í morgun að þessari umræðu verði ekki lokið hér og nú fáum við að halda umræðunni áfram eftir helgi. Í hólfum þingmanna í morgun var skýrsla samin af Byggðastofnun um byggðavandann og þau vandamál sem helst virðast blasa við í þróun byggðar og búsetuhögum fólks vítt um land. Ég sá í Morgunblaðinu í morgun að þar var gerður örstuttur útdráttur úr þessari skýrslu og þar kom greinilega fram að í skýrslunni sem við höfum reyndar ekki enn þá haft tækifæri

til að lesa yfir, þ.e. ef rétt er eftir haft í Morgunblaðinu, sem ég dreg ekki í efa, er alveg sérstaklega vikið að málefnum eins og sjávarútvegsmálunum, eins og færslu kvótanna úr byggðinni, veikari trú fólks á því að byggðin haldi velli í þeim farvegi sem atvinnuhættir eru með núverandi löggjöf um fiskveiðistjórn. Ég held að það sem talið var upp í Morgunblaðsgreininni, þau atriði sem þar voru rakin, sé í raun það sama og ég a.m.k. hef varað við í mörg ár hvert mundi leiða okkur og er þá sama í hvaða flokki ég hef verið.

Ég hef varað við því í mörg ár hvert núverandi stjórnkerfi fiskveiða með algjörlega opnu framsali, gjörsamlega stýringarlaust mundi leiða okkur, hvaða vandamál það mundi færa okkur og bent á hvaða réttleysi fólk á við að búa. Þetta birtist í alls konar tilbrigðum. Það sem kannski er mest nú í fréttum er ákveðið fyrirtæki vestur á Ísafirði sem heitir Básafell. Ég get varla fjallað svo um þau mál öðruvísi en að kalla hlutina réttum nöfnum. Ég vil kalla það sem er að gerast á Vestfjörðum í dag kvótaþvætti. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu, kvóta ...?) Kvótaþvætti, svipað og peningaþvætti. Þar er verið að gera ákveðna hluti og það er verið að færa rétt fólksins til atvinnu sinnar burt úr byggðarlaginu. Það stefnir allt í það. Mér sýnist allt stefna í að Básafellsdæmið verði nákvæmlega nýtt Bolungarvíkurdæmi, nýtt Þorbjarnar-Bakkadæmi, þaðan sem atvinnurétturinn fer og þar sem fólkið hefur ekkert um það að segja, hæstv. forsrh., ekkert. Það er algjörlega réttlaust.

Það er gjörsamlega óþolandi hvernig þessi mál eru í dag og það getur enginn borið ábyrgð á því fyrir hönd ríkisstjórnar annar en forsrh. hvernig þessi mál hafa þróast. Þess vegna ítreka ég það enn og aftur að ég er algjörlega andvígur því að Byggðastofnun fari undan forsrn. Ég tel að þar eigi hún að vera.

Þess utan er ég andvígur mörgu sem kemur fram í frv. Ég er t.d. algjörlega andvígur 3. gr. um að iðnrh. eigi að skipa stjórn stofnunarinnar og raða þar upp mönnum.

Ég vil mælast til þess að sú umræða sem þarf að fara fram í hv. Alþingi um byggðamál verði fram haldið í næstu viku þannig að okkur hv. þm. gefist kostur á að fara yfir þær tillögur sem hafa birst í nýlegri skýrslu Byggðastofnunar. Auðvitað vita allir þingmenn starfandi á Alþingi hvers konar vandi er í byggðum landsins og hann á ekki bara við í sjávarútvegsmálum. Hann á líka við í hinum dreifðu byggðum landsins þar sem bændamenning og búskapur hefur haldið uppi mannlífi og atvinnulífi. Það er eigi minni vandi víða um landið en er í sjávarútvegsþorpunum.

Þetta eru auðvitað þeir tveir málaflokkar sem hafa haldið uppi atvinnu og tryggt búsetu á landinu eins og hún hefur verið. Það er alvarlegt mál, herra forseti, ef svo heldur fram sem átt hefur sér stað á undanförnum árum að fólki á landsbyggðinni heldur áfram að fækka. Það verður að mínu viti að snúa þessari þróun við.

Ég tel að verkstjóri ríkisstjórnarinnar, þ.e. forsrh. eigi að hafa byggðamálin á sinni hendi og eigi að móta stefnu um það hvernig eigi að halda landinu í byggð þar sem það er talið skynsamlegt og hagkvæmt. Mín hugsun í því máli er einfaldlega sú að ég tel að almennt sé hagkvæmt að halda landinu í byggð þó að vafalaust muni byggðin gefa eftir á einstaka stöðum. Þegar til framtíðar er litið held ég að það sé hagkvæmt að viðhalda byggð. Það er hagkvæmt vegna ferðamála. Það er hagkvæmt vegna landnýtingar okkar. Það er hagkvæmt vegna sögu okkar og það er hagkvæmt vegna þess að landið á að vera í byggð. Í framtíðinni eiga ekki að myndast stór óbyggð landsvæði. Það er a.m.k. ekki sú sýn sem ég vil hafa á þróun byggðar í þessu landi.

Ég get alveg tekið undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann talar um framsóknarflokksvæðingu byggðarmála. Ég held að þetta frv. beri nokkurn keim af hrossakaupum og ég er algjörlega andvígur efni þess eins og komið hefur fram í máli mínu.

Að þessu sinni ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég held að ég hafi talað algjörlega skýrt um hvaða skoðun ég hef á frv.

[12:08]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Með frv. er að mínu áliti verið að leggja mjög aukna áherslu á hlutverk Byggðastofnunar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í landinu. Það er grunntónninn í þessu frv. Það er lögð áhersla á að Byggðastofnun reyni eftir föngum að fjármagna verkefni í samstarf við aðra, sem ég held að sé mikilsvert. Það er lögð mikil áhersla á að stofnunin styðji áfram atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni og vinni að samræmingu og eflingu þeirrar starfsemi. Þar hefur orðið mikil grundvallarbreyting á undanförnum árum. Atvinnuþróunin hefur verið færð út á landið til heimaaðila. Byggðastofnun veitir á næsta ári yfir 100 millj. til starfsemi sem er á forræði heimamanna. Í stað þess að áður sóttu menn um einhverja styrki til Byggðastofnunar, hvert og eitt sveitarfélag eða atvinnuþróunarfélag, sem meira og minna varð svo ekkert úr, þá eru komin núna öflug atvinnuþróunarfélög í öllum kjördæmum landsins og lögð er áhersla á það í þessu frv. að þeirri starfsemi verði haldið áfram og hún verði tengd öðru atvinnuþróunarstarfi.

Síðast en ekki síst er gert ráð fyrir að festa í lög að Byggðastofnun geti haft frumkvæði að því að setja af stað verkefni á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar og leita eftir samstarfi við aðra um fjármögnun þeirra. Þetta er svipað og verið var að gera á Þingeyri og ég veit að hv. þm. þekkir vel. Ég held að þar hafi tekist vel til og að stofnunin eigi að gera meira af slíku. Þar var farið út í samstarf við mjög sterka aðila og stofnað öflugt hlutafélag með miklu hlutafé. Það fyrirtæki hefur farið mjög vel af stað og stofnunin á að gera meira af þessu. Hér er verið að festa það í lög að hún hafi heimild til þess, en einhverjir vildu meina þegar þetta var gert á Þingeyri að svo væri ekki. Hér er sem sagt verið að gera það fyllilega löglegt.

Umræðu frestað.

[12:11]

Útbýting þingskjala:

Brunavarnir og brunamál, 244. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 299.

Bygging þjóðarleikvanga, 154. mál, svar menntmrh., þskj. 294.

Sjónvarpssendar á öll heimili á Íslandi, 242. mál, þáltill. HjálmJ o.fl., þskj. 295.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (breyting ýmissa laga, yfirstjórn). — Þskj. 253.

[12:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir máli sem boðað var í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í vor og felst í flutningi yfirstjórnar Seðlabanka Íslands frá viðskrn. til forsrn. sem er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingu, og fleiri lögum.

Þegar litið er til hlutverks forsrn. í pólitísku samhengi vegur þungt að forsrh. fer með heildaryfirstjórn ýmissa mikilvægra efnahagsmála og samræmingu á því sviði. Forsrh. fer þannig með stefnumörkun í efnahagsmálum og leggur fram þjóðhagsáætlun og hann fer með samráð stjórnvalda við samtök launafólks og sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Af þessum sökum heyrir Þjóðhagsstofnun til að mynda beint undir forsrh., en meðal verkefna hennar er að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

Lögum samkvæmt er Seðlabanka Íslands ætlað að vera einn helsti ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um mótun stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Ákvörðun um að flytja yfirstjórn bankans til forsrn. er því liður í að styrkja framangreint hlutverk þess sem ráðuneytis efnahagsmála. Þetta meginefni frv. kemur fram í 4. gr. þess og í athugasemdum við það ákvæði er aðkomu ráðherra að stjórn bankans lýst.

Rétt er að taka fram að frv. þetta gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á þessum heimildum ráðherra gagnvart bankanum. Eðli máls samkvæmt er sjálfstæði Seðlabankans varið með þeim hætti að yfirstjórn ráðherra er ekki ætlað að hafa mikil áhrif á daglega starfsemi hans.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 4. gr. frv. er ráðherra fyrst og fremst ætlað að sjá til þess að stjórn bankans sé skipuð og sé starfhæf og að velja mann til forustu í bankaráði, skipa bankanum sjálfstæðan endurskoðanda o.s.frv. Viðskrh. verður hins vegar áfram með mál er varða innlendar lánastofnanir, fjármagnsmarkað og erlendar fjárfestingar í atvinnurekstri, en það eru allt mál sem skipað er með öðrum lögum en lögum um Seðlabanka.

Með tilliti til hlutverks Seðlabankans við hagstjórn og stefnumótun í efnahagsmálum þykir eðlilegt að mál er varða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn heyri undir þann ráðherra er fer með yfirstjórn bankans, en breytingar á 1. og 3. gr. eru tilkomnar af þeim sökum.

Að þessu sögðu er að lokum ástæða til að leggja enn áherslu á að frv. þetta hreyfir ekki með neinu móti við hlutverki Seðlabankans, starfsemi hans eða stjórnskipulagi, þar með töldu hlutverki bankaráðs, að öðru leyti en því sem ég hef þegar greint frá. Með því að frv. lýtur þannig einungis að breytingum á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins legg ég einnig til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu frestað.

Jarðalög, 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (lögræðisaldur). — Þskj. 272.

[12:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir litlu frv. á þskj. 272, 227. máli þingsins. Það er frv. til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„B-liður 47. gr. laganna hljóðar svo: Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 18 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali."

2. gr. er um að lögin öðlist þegar gildi.

Í athugasemdum við frv. segir:

„Með setningu lögræðislaga, nr. 71 28. maí 1997, sem tóku gildi 1. janúar 1998 var sjálfræðisaldur hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Lagaskoðunarnefnd hefur farið yfir ákvæði sem þarfnast breytinga eftir lögtöku lögræðislaganna til að samræmis sé gætt og eru jarðalögin ein af þeim."

Þetta er ástæðan fyrir því að þetta frv. er hér flutt.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

[12:17]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þetta er lítið frv. sem ástæðulaust er að gera athugasemdir við enda ætla ég ekki að gera það. En í tilefni þess að þetta frv. er flutt langar mig til að beina spurningu til hæstv. landbrh.

Jarðalögin sem við nú búum við eru meira en barn síns tíma. Þau eru arfur frá gömlum viðhorfum sem ekki hafa átt við um áratuga skeið. Tilgangur laganna var að halda í hefðbundnum landbúnaði öllum þeim bújörðum sem voru í hefðbundnum landbúnaði í byrjun áttunda áratugarins, ef ég man rétt árin 1972–1974. Þar eru alls konar kvaðir settir til að koma í veg fyrir að bændur gætu ráðstafað jarðeignum sínum til annarra nota. Meðal annars eru kvaðir á því að bændur geti ekki ráðstafað jarðeignum sínum til erfingja sinna nema að uppfylltum ströngum skilyrðum. Jarðalögin eru þannig úr garði gerð að svokallaðar jarðanefndir, skipaðar sveitungum viðkomandi bónda, geta tekið af honum frelsi til viðskipta með jörð sína og jafnvel uppálagt honum að selja jörð sína öðrum en þeim sem hann óskar sjálfur. Þeir geta komið í veg fyrir eðlileg samskipti bónda bæði við börn sín og samsveitunga eða komið í veg fyrir að bóndi geti nýtt sér jörð sína eðlilega til annars en hefðbundins búskapar.

Nú eru tvö ár síðan ég flutti frv. til laga um breytingu á þessum lögum. Ég man eftir því að núv. hæstv. landbrh., sem þá var óbreyttur þingmaður og formaður landbn., tók þeim tillögum vel. Páv. landbrh. lýsti því yfir að jarðalögin væru til endurskoðunar í landbrn., einmitt í þá átt sem ég hafði lagt fram frv. um. Nú eru meira en tvö ár liðin, herra forseti, síðan það var og ég átti nú satt að segja von á því að sjá víðtækari breytingar á jarðalögunum í frumvarpsformi frá hæstv. landbrh. en liggja hér í dag.

Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. landbrh. hvort ekki sé komið að því að hann leggi fram á næstu dögum, helst fyrir jól, frv. til laga um breytingu á jarðalögunum til að gera bændum landsins kleift að ráðstafa jarðeignum eðlilega, hvort heldur með sölu til annars aðila, með arfskiptum til barna sinna eða til annars en hefðbundins búskapar. Eða leggur hæstv. landbrh. til, eins og hann lagði til í fyrra þegar

hann var óbreyttur þingmaður, að ég endurflytji frv.?

[12:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að breytingarnar á þessum lögum eru óverulegar. Frv. sem við ræðum hér fjallar eingöngu um aldursmörk barna eigenda jarða sem á að breyta í óðalsjörð. Um það er svo sem lítið að segja, það er rökrétt afleiðing af breytingum á sjálfræðisaldri.

En lögin sem breytingin er gerð á eru með ólíkindum. Það er ótrúlegt að bændur landsins skuli á sínum tíma hafa sætt sig við ákvæði laganna. Við getum t.d. lesið 6. gr. laganna. Þar segir að við aðilaskipti að réttindum yfir fasteign eða stofnun slíkra réttinda, svo sem fyrir kaup, gjöf, skipti o.s.frv., sé jafnan skylt að tilkynna það sveitarstjórn og jarðanefnd, sem er skipuð sveitungum viðkomandi bónda, og afla samþykkis þeirra til ráðstöfunarinnar. Sveitunginn, bóndinn á næsta bæ, á að samþykkja, ætli bóndinn að gefa einhverjum jörðina sína. (**Gripið fram í:** Meira að segja barninu sínu.) Meira að segja barninu sínu eða einhverjum sem honum er hjartkær og vill taka við jörðinni. Þeir geta hafnað slíkri ráðstöfun.

Þessi lög taka í reynd eignarréttinn af öllum bændum landsins. Það er með ólíkindum að fulltrúar bænda hafi yfirleitt lagt þetta til og samþykkt þessi lög á sínum tíma, sem er reyndar fyrir nokkuð löngu. Ég skora á hæstv. landbrh. að gæta nú hagsmuna bænda í þessu máli og afnema þessi lög.

[12:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ræður þeirra þó þær snúi að öðru efni en þetta frv. fjallar um. Ég get að mörgu leyti tekið undir með þeim. Jarðalögin og ýmis ákvæði í þeim voru eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér áðan, barn síns tíma. Þau þarf að endurskoða. Að því er unnið og ég vona að ég nái því sem fyrst að leggja fram frv. þess efnis fyrir þingið og við getum breytt þeim lögum.

Ég get tekið undir að forkaupsréttarákvæði í jarðalögunum sem stundum hefur verið beitt, en þó æ sjaldnar ... (**Gripið fram í:** Og stundum misbeitt.) og stundum misbeitt, eins og hv. þm. segir, gildir ekki lengur. Við þurfum ekki allar jarðir undir ær og kýr eins og hugsunin var þegar lögin voru sett. Eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar er auðvitað gríðarlega sterkt. Það hefur vegið þyngra og margir úrskurðir verið felldir og forkaupsréttur felldur úr gildi þar sem honum hefur verið beitt.

Ég held að mikilvægt sé að reyna að hraða þessu máli og ég mun beita mér fyrir því. Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, er nefnd að störfum og ég vona að þetta mál geti komið hér inn í þingið í vetur.

[12:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. sagði að úrskurði um forkaupsrétt hefði verið hafnað með vísan til eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar. Er hæstv. landbrh. þar með að segja að jarðalögin brjóti í bága við stjórnarskrána?

Í öðru lagi sagði hæstv. landbrh. að hann væri að vinna að breytingum á jarðalögum. Nú vil ég spyrja hann: Hverjir vinna að þeim breytingum? Eru það bændur sjálfir eða fulltrúar bænda, bændasamtök og aðrir slíkir? Ég geri mikinn mun þar á og bendi á að svokallaðir fulltrúar bænda í bændasamtökunum hafa t.d. lífeyrisréttindi eins og opinberir starfsmenn en eru ekki með sambærilegan rétt og bændur sjálfir hafa. Þeir eru komnir ákaflega langt frá umbjóðendum sínum, þeim sem þeir eiga að gæta hagsmuna fyrir. Ég vil benda hæstv. landbrh. á að reyna að gæta hagsmuna hins einstaka bónda. Staða bænda er ekkert sérstaklega góð í kjölfar áratuga ofstjórnunar í landbúnaði.

[12:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef jarðalögunum er misbeitt, eins og sagt var áðan, þá vegur ákvæði stjórnarskrárinnar að þyngra. Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, hafa margir úrskurðir verið felldir úr gildi á seinni árum. Annaðhvort hefur ekki verið rétt að staðið eða sveitarstjórnir beitt valdi til að velja sér ábúendur á jarðir o.s.frv. Þetta er því ákvæði sem ekki gengur upp og þarf að skoða.

Hverjir skipa þessa nefnd? Forveri minn í starfi skipaði í þessa nefnd. Hún kemur að einhverju leyti frá landbúnaðinum. Í þessari nefnd eru hv. alþingismenn, þar er fulltrúi frá bændasamtökunum. Ég kann ekki að telja upp nöfnin á þessari stundu en Jón Höskuldsson lögfræðingur hefur leitt starf nefndarinnar. Ég hygg að í henni sitji hv. þm. Jón Kristjánsson og Einar Kr. Guðfinnsson. Þessum þremur nöfnum man ég eftir í svipinn, hæstv. forseti.

[12:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í kjölfar þessa svars spyrja hæstv. ráðherra hvort til greina komi að fella þessi lög hreinlega úr gildi eins og þau leggja sig og hafa ekki sérákvæði um eignir bænda umfram eignir annars fólks.

[12:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Ég tel rétt, hæstv. forseti, að bíða þess að nefndin skili af sér og frv. líti dagsins ljós. Ég mun ekki beita mér fyrir því að fella lögin úr gildi. Enda hygg ég, eins og ég sagði áður, að þessu sé æ minna beitt. Þörfin er ekki eins brýn og sveitarstjórnir fara sér hægar í þessu efni.

Ég legg til að við bíðum eftir nýju frv.

[12:29]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram í umræðu um þessi mál er hér um að ræða arf frá fornu fari sem enn er í lögum á Íslandi. Takmark jarðalaganna er að koma í veg fyrir að hægt sé að taka bújarðir á Íslandi til annarra nota en hefðbundins búskapar. Til þess að reyna að tryggja það eru í gildandi lögum ákvæði sem koma í veg fyrir það að bændur geti nýtt eignir sínar eins og þeim sjálfum er hagkvæmast hverju sinni.

Það er m.a., ef ég man rétt, ákvæði sem bannar bónda að koma upp ferðaþjónustu á jörð sinni nema með leyfi jarðanefndar. Það eru ekki bara skipulagsyfirvöld sem þurfa að fjalla um það heldur þurfa aðrir bændur í sveitinni að veita heimild til þess að viðkomandi jörð geti sinnt ferðaþjónustu að einhverju marki. Að maður tali nú ekki um kvaðirnar sem settar eru á bændur landsins um að þeir megi ekki nema með leyfi samsveitunga sinna ráðstafa jörðum sínum til barna sinna sem vilja taka við þeim til nýtingar. Þetta er einn af þeim fjötrum frá gamalli tíð sem hefur gert bændur að fátækustu stétt á Íslandi því að þeim einum hefur verið gert að sæta því að mega ekki ráðstafa eignum sínum eins og þeir vilja. Það eru tveir flokkar hér á þingi sem bera ábyrgð á þessu, sem hafa sett þessi lög og hafa spyrnt við

fótum fram að þessu að þeim yrði breytt. Afleiðingin er sú að fátækt er föst fylgikona bændastéttarinnar. Það gleður mig mjög að heyra að hæstv. landbrh. er sömu skoðunar eftir að hann kom til landbrn. eins og hann var á meðan hann var formaður landbn., þ.e. að þessum lögum þurfi að breyta og helst afnema. Engu að síður held ég að það sé tryggara að ég endurflytji þær gömlu breytingar sem hæstv. ráðherra var vinsamlegur fyrir á sínum tíma og vona að sú vinsemd hafi enst honum í stólaskiptunum líka.

[12:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst sjálfsagt að hv. þm. leggi frv. sitt fram og fylgi eftir hugsjón sinni. Það skaðar ekkert, hvorki þingið né það sem verið er að gera, það herðir kannski á vinnunni. En ég vil segja við hv. þm., af því að ég hygg að hann sé kominn með Evrópuvírusinn, að ég var í Danmörku á dögunum og hitti þar landbúnaðarráðherra Norðurlanda og síðan bændur í Danmörku. Of þeir eru alveg að gefast upp vegna þess að lög og reglur Evrópusambandsins og alls konar kvaðir sem eru settar á þá eru að steindrepa þá. Þeir eru að gefast upp fyrir pappírnum, skriffinnskunni og reglugerðafárinu. Íslenskir bændur eru því að þessu leyti miklu frjálsari menn en bændur í Evrópu því að þar tekur kerfið á hverju einasta skrefi og setur þeim nýjar og svæsnar reglur á hverjum degi. Þessir bændur voru orðnir lúnir yfir því reglugerðafári sem þeir sögðu að mundi há þeim mjög.

[12:32]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hæstv. landbrh. ætlar að ganga úr skugga um að breytingar yrðu á kjörum íslenskra bænda við að Ísland gerðist aðili að Evrópusambandinu, þá ætti hann að tala við sinn eigin Evrópuvírus í stóli hæstv. utanrrh. Ég er ansi hræddur um að sá ágæti ráðherra mundi upplýsa hann um það að allar þessar reglur Evrópusambandsins mundu ekki setja þær kvaðir á íslenska bændur að þeir mættu ekki ráðstafa eignum sínum til jafns við aðrar stéttir.

Það er hins vegar ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að reglur eða skilyrði um samþykki jarðanefndar og möguleika hennar á að rifta kaupsamningi bónda og skipa honum að eiga viðskipti við annan aðila um sölu á bújörð sinni en honum sjálfum þóknast, sé eitthvað sem heyrir sögunni til. Ég held að ekki sé lengra síðan en rétt tæp tvö ár að slíkt mál kom upp þar sem afskipti af slíkum viðskiptum voru talin óærleg.

[12:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að foringi minn, hæstv. utanrrh., hafi sýn heimsins undir og viti að hið Evrópska efnahagssvæði er að renna sitt skeið og Íslendingar þurfa auðvitað í henni veröld að tryggja stöðu sína viðskiptalega og hagsmunalega þannig að við það er ekkert að athuga.

Ég held að ég sé ekki að hafa fleiri orð um þetta. Við sem höfum talað í þessari umræðu erum í meginatriðum sammála um að mjög mikilvægt er að hraða endurskoðun jarðalaganna — og hér er einn fulltrúinn kominn í salinn sem skipar nefndina, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Ég mun því ýta á eftir því að þau verði endurskoðuð.

Nú kann það að vera út frá ýmsum öðrum sjónarmiðum að eitthvert forkaupsréttarákvæði þurfi að vera, kannski út af náttúruperlum eða einhverju slíku. Ég ætla ekki að útiloka neitt slíkt, en ég tek undir með hv. þm. að bændur þurfa að vera frjálsir með eignir sínar. En ég vek þó athygli á því að eitt stærsta vandamál sem margar fjölskyldur standa frammi fyrir í þeim þrengingum sem landbúnaðurinn hefur gengið í gegnum, er að losna ekki við eignir sínar og ekki fyrir ásættanlegt verð. Það er kannski sú heljarstaða sem við stöndum frammi fyrir í byggðamálum að menn komast ekki frá eignum sínum en hafa þar ekki næga framfærslu, því miður. Ég vek athygli á því að bændur eru ekki að selja jarðir sínar alla daga, og margir þeirra eru í miklum þrengingum, því miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:36]

Útbýting þingskjals:

Fjárreiður ríkisins, 243. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 298.

Meðferð einkamála, 2. umr.

Stjfrv., 64. mál (EES-reglur, málskostnaðartrygging). — Þskj. 64, nál. 279.

[12:36]

Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 279 um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust.

Í frv. er lögð til breyting á reglum um málskostnaðartryggingu í 133. gr. laganna.

Forsaga málsins er sú að fyrr á þessu ári var sent bréf til íslenskra stjórnvalda frá Eftirlitsstofnun EFTA þar sem því er haldið fram að umrætt ákvæði geri stöðu aðila sem höfðar mál hér á landi og er búsettur erlendis lakari en þeirra sem búsettir eru hér. Telur stofnunin að ákvæðið samrýmist ekki 4. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um bann við hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs.

Af þessari ástæðu er lagt til í frv. að gerðar verði breytingar á þann veg að staða manna verði sú sama að þessu leyti án tillits til þess hvar þeir búa á Evrópska efnahagssvæðinu og mælir hv. allshn. með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vöruhappdrætti SÍBS, 2. umr.

Stjfrv., 65. mál (gildistími). — Þskj. 65, nál. 280, brtt. 281.

[12:38]

Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 280 um frv. til laga um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust. Í frv. er lögð til framlenging um átta ár á heimild Sambands ísl. berklasjúklinga til að reka vöruhappdrætti. Nefndin leggur einnig til breytingar á lagatextanum en ástæða þess er m.a. úrelt nafnanotkun. Sambandið heitir í dag Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga og er lögð til breyting til samræmis við það. Þá hefur nafni

vinnuheimilisins Reykjalundar verið breytt og heitir í dag Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð. Breytingartillagan lýtur einnig að því.

Einnig er brtt. sem lýtur að nafni happdrættisins en orðið vöruhappdrætti þykir nokkuð óþjált og er lagt til að það verði einfaldlega kallað happdrætti, enda að jafnaði vísað til þess í daglegu máli og mun því heita Happdrætti SÍBS. Með þessari breytingu er ekki verið að breyta heimildum eða tilhögun á happdrættinu.

Allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem ég nú hef rakið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 2. umr.

Stjfrv., 66. mál (Fjarðabyggð, Kjalarneshreppur). — Þskj. 66, nál. 254.

[12:40]

Frsm. allshn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 254 um frv. til laga um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir þær umsagnir sem bárust.

Í frv. er lagt til að embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður og með því fækki stjórnsýsluumdæmum sýslumanna úr 27 í 26. Er samhliða þessu gert ráð fyrir að stjórnsýsluumdæmi sýslumannsins á Eskifirði verði stækkað sem þessu nemur með breytingu á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna.

Herra forseti. Hv. allshn. lítur svo á að með þessari breytingu sé ekki verið að skerða þjónustu við íbúa Neskaupstaðar og bendir á að fram komi í grg. að þótt embætti sýslumannsins í Neskaupstað verði lagt niður er gert ráð fyrir að þar verði áfram rekin skrifstofa sýslumanns og útibú lögreglu. Hins vegar verður ávinningur eða sparnaður af þessari framkvæmd eða breytingu. Hann er m.a. fyrirhugað að nýta með því að bæta stöðu löglærðs fulltrúa hjá embætti sýslumannsins á Eskifirði og yrði hann búsettur í Fjarðabyggð.

Þá er einnig lagt til í frv. að lögunum verði breytt til samræmis við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur og það skýrir sig sjálft.

Hv. allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir álitið rita, eins og hin tvö sem áður voru rakin, allir hv. nefndarmenn í allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:42]

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (breyting ýmissa laga, yfirstjórn. — Þskj. 253.

[13:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í morgun fjölluðum við um frv. til laga um Byggðastofnun og nú er tekið á dagskrá frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Raunar má segja að tilgangur beggja þeirra frv. sem tekin eru fyrir í dag sé sá að leysa innanbúðarvanda framsóknarmanna. Þetta frv. gæti alveg eins borið slíkt heiti. Ég man ekki eftir, og hef ég nú verið nokkuð lengi á þingi, að svo mikið hafi þurft við að Alþingi hafi þurft að taka fyrir tvö stjfrv. til að leysa innanbúðarvandamál eins stjórnmálaflokks og að verið sé að búa raunverulega til stöðu fyrir einstakling sem þarf að skipta út í ríkisstjórn vegna innanbúðarvandamáls annars stjórnarflokksins. Það er mjög sérkennilegt.

Ekki síst er þetta líka alvarlegt þegar svo ber við, eins og við ræddum í morgun, að t.d. með frv. um Byggðastofnun er verið að veikja stöðu Byggðastofnunar. Raunverulega má segja slíkt hið sama varðandi Seðlabankann.

Ég held, herra forseti, að það frv. sem við tökum á dagskrá þar sem verið er að breyta um yfirstjórn í Seðlabankanum, taka það úr höndum hæstv. viðskrh. og fela það hæstv. forsrh., sé í sjálfu sér ekki mikil breyting. Þó er hægt að segja að þarna er verið að færa málefni Seðlabankans undir ráðherra sem fer með efnahagsmál og af því er hægt að draga þá ályktun að með þessu sé verið að auka pólitísk afskipti af Seðlabankanum og verið sé í rauninni að styrkja tengslin milli hins pólitíska valds og Seðlabankans, sem ég held að sé þveröfugt við þá þróun sem er í gangi í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Þar gengur umræðan út á það að auka sjálfstæði seðlabanka. Það er það sem við ættum að vera að ræða varðandi það frv. sem hér er á dagskrá, þ.e. að auka sjálfstæði Seðlabankans og styrkja stöðu hans í stjórnkerfinu.

Ég ætla að vitna í ágæta grein eftir Má Guðmundsson, aðalhagfræðing Seðlabanka Íslands, sem birtist í Vísbendingu um hlutverk og skipulag nútímaseðlabanka. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Nokkuð skortir á að Seðlabanki Íslands hafi sams konar lagalegt sjálfstæði og best gerist í þróuðum iðnríkjum.“ — Ég hygg að nokkuð sé til í því.

Þegar ég segi að við hefðum frekar átt að vera að fjalla um frv. til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands til að styrkja sjálfstæði bankans, þá má segja að lögin eins og þau eru núna eru orðin mjög úrelt og ekki í samræmi við þá þróun sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. 4. gr. laganna um Seðlabanka Íslands kallar raunverulega á breytingu en þar segir, með leyfi forseta:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.“

Þessi grein er orðin úrelt að mínu viti og kallar á breytingar og í þá veru að auka sjálfstæði Seðlabankans.

Ég ætla aftur að vitna í þessa grein í Vísbendingu eftir Má Guðmundsson þar sem hann einmitt fer yfir hlutverk og skipulag sem hann kallar hjá nútímaseðlabanka og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Á allra síðustu áratugum hafa átt sér stað nánast byltingarkenndar breytingar á hagfræðikenningum um markmið, verklag og skipulag seðlabanka. ... Þetta á einkum við peningastjórn en sams konar bylting er nú hafin varðandi það

hlutverk Seðlabanka að varðveita stöðugleika fjármálakerfisins. Í þessari grein verður sjónum einkum beint að mótun og framkvæmd peningastefnu."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn peningamála felur í sér aðgerðir seðlabanka til að hafa áhrif á peningamagn í umferð og/eða vexti á peningamarkaði með tiltekin þjóðhagsleg markmið að leiðarljósi, svo sem stöðugt verðlag, stöðugt gengi, viðunandi atvinnustig eða hagvöxt."

Í þessari ágætu grein segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Það eykur árangur við stjórn peningamála ef seðlabankar hafa fullt sjálfstæði til þess að beita stjórntækjum sínum til að ná markmiði um verðstöðugleika. Það eiga hins vegar að vera stjórnvöld sem skilgreina markmið seðlabanka en ekki þeir sjálfir." — Það á auðvitað að gera með lögum frá þinginu.

Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Hin hliðin á sjálfstæði seðlabanka er að þeir standi reikningsskil gerða sinna í tvíþættri merkingu, þ.e. að þeir séu gerðir ábyrgir fyrir að ná þeim markmiðum sem þeim hafa verið sett og að þeir útskýri stefnuna í peningamálum fyrir stjórnvöldum og almenningi."

Ég get tekið undir þau sjónarmið sem þarna koma fram og ég held að þau stangist nokkuð á við 4. gr., sem ég var að lesa áðan, þar sem fram kemur, eins og segir í þessari grein, að það sé eitt meginhlutverk Seðlabankans að vinna að því að sú stefna sem ríkisstjórnin markar nái tilgangi sínum. Það sýnir ekki mikið sjálfstæði hjá Seðlabankanum þegar lög sem Seðlabankinn vinnur eftir innihalda slík ákvæði.

Það er einn kafli í grein Más Guðmundssonar sem fjallar um sjálfstæði seðlabanka alveg sérstaklega. Þar segir, með leyfi forseta:

„Margvísleg rök hafa verið færð fyrir því að seðlabankar séu sjálfráðir að beita stjórntækjum sínu til að ná þeim markmiðum sem stjórnvöld setja þeim. Þetta er auðvitað að því tilskildu að markmiðin séu á valdi þeirra, þ.e. séu markmið eins og stöðugt verðlag, tiltekin lág verðbólga eða stöðugt gengi. Skilyrði þess að seðlabanki geti talist sjálfstæður í ofangreindri merkingu er að hann ákveði sjálfur beitingu stjórntækja sinna, að honum sé óheimilt að taka við fyrirmælum frá stjórnvöldum nema að undangengnu ákveðnu ferli, að bann sé við beinum lánveitingum hans til ríkissjóðs og að hann þurfi ekki að vinna að öðrum markmiðum nema að svo miklu leyti sem þau samræmast meginmarkmiði bankans."

Síðan segir:

„Sjálfstæður seðlabanki getur hins vegar náð betri árangri hvað verðbólgu varðar án þess að það sé til lengdar á kostnað atvinnustigs. Hin hagnýtu rök fyrir seðlabankasjálfstæði felast hins vegar í því sem ég sagði hér að framan um tímatafir og ákvörðunartöku við skilyrði óvissu. Ákvarðanir í peningamálum krefjast mats á ástandi og horfum í efnahagsmálum og að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi."

Síðar í greininni segir, með leyfi forseta:

„Hvað iðnríki varðar virðast þær [þ.e. tilraunir] benda til þess að aukið lagalegt seðlabankasjálfstæði fari með tölfræðilega marktækum hætti saman við lægri verðbólgu ..."

Þetta eru náttúrlega veigamikil rök fyrir því sem ég hef verið að segja, þ.e. að auka eigi sjálfstæði Seðlabankans.

Aðalhagfræðingur Seðlabankans heldur því fram, eins og ég vitnaði til áðan, að nokkuð skorti á „að Seðlabanki Íslands hafi sams konar lagalegt sjálfstæði og best gerist í þróuðum iðnríkjum. Bankinn hefur ekki eitt skýrt markmið með peningastjórn sinni heldur skal hann bæði stuðla að því að „verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt"."

Í lokin ætla ég að vitna til þess sem hann segir hér, með leyfi forseta: „Komi upp ágreiningur á milli Seðlabanka og ríkisstjórnar skal bankinn að lokum fylgja stefnu ríkisstjórnarinnar, jafnvel þótt það stangist á við markmið um stöðugt verðlag."

Þannig er túlkun aðalhagfræðingsins á lögunum um Seðlabankann.

Og síðan segir: „Bankastjórn Seðlabanka Íslands ákvarðar hins vegar stýrivexti bankans. Það er þó innan þess ramma sem sameiginleg stefnumörkun ríkisstjórnar og Seðlabankans í gengismálum setur."

Mér finnst þetta vera athyglisverð grein og þetta er einmitt það sem við ættum að vera að fjalla um, þ.e. fagleg umræða um stöðu Seðlabankans og hvernig við getum aukið sjálfstæði hans. Hæstv. forsrh. fór ekkert inn á það í sínu stutta máli áðan þegar hann mælti fyrir frv. sem ég hélt reyndar að væri í verkahring hæstv. viðskrh. og kom mér nokkuð á óvart að hæstv. forsrh. væri að mæla fyrir þessu frv. vegna þess að enn er nú yfirstjórn Seðlabanka Íslands í höndum hæstv. viðskrh.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki að til greina komi að fara í það verkefni að styrkja meira sjálfstæði Seðlabankans en er í lögum um Seðlabanka Íslands og hvort hann geti ekki verið sammála mér og því sem kemur fram hjá Má Guðmundssyni, að töluvert skorti á það að Seðlabanki Íslands hafi sams konar lagalegt sjálfstæði og best gerist í þróuðum iðnríkjum og hvort hann telji þá ekki tímabært að taka á því máli og auka sjálfstæði Seðlabankans. Við þyrftum líka að fara í þá umræðu, og ég spyr hæstv. ráðherra um það hvort hann telji ekki rétt og eðlilegt að það sé bara einn bankastjóri í Seðlabankanum en ekki þrír eins og nú er. Reyndar virðist Seðlabankanum ganga alveg ágætlega þó að um nokkurn tíma hafi bara verið tveir bankastjórar í Seðlabankanum. Ég spyr hæstv. ráðherra um það líka hvort hann sjái einhver rök fyrir því, miðað við verkefni Seðlabankans, að þarna séu þrír bankastjórar, og hvort það sé ekki eðlilegra og í samræmi við nútímastjórnun að það sé bara einn bankastjóri ábyrgur í Seðlabankanum með líkum hætti og gert hefur verið í Landsbankanum, en þar er einn bankastjóri sem ber ábyrgð.

Síðan ætti sjálfstæði Seðlabankans að vera með þeim hætti að það ætti ekki að vera ráðherra sem skipar bankastjóra. Ég held að það séu líka úreltir stjórnunarhættir að ráðherra geri það. Ég tel að það ætti að vera bankaráðið sem skipi bankastjóra og væri fróðlegt að fá álit hæstv. forsrh. á því.

Ég vil segja það í lokin, herra forseti, að mér kom sú tillaga hæstv. forsrh. um að leggja til að málið færi í allshn. mjög á óvart. Við erum að fjalla um Seðlabankann og þó að eingöngu sé verið að fjalla um yfirstjórnarþáttinn í Seðlabankanum þá hafa lög um Seðlabankann farið í efh.- og viðskn. Ég er sannfærð um að efh.- og viðskn. vildi gjarnan fá tækifæri til þess í tengslum við þetta frv. að ræða frekar um aukið sjálfstæði Seðlabankans og hvort ekki væri þá tímabært að taka upp samhliða þeirri breytingu sem við ræðum, hugmyndir um breytingar á lögunum í þá veru sem ég hef talað fyrir. Þess vegna legg ég til, herra forseti, að þetta frv. fari til efh.- og viðskn. og tel það miklu eðlilegra en tillögu hæstv. forsrh.

Herra forseti. Það hefur komið mér á óvart á þessum degi, og það geta verið lokaorð mín, að fáir þingmenn Framsfl. hafa séð ástæðu til að vera viðstaddir umræðuna, bæði um Byggðastofnun í morgun og um Seðlabankann hér og nú, af því að tilgangur beggja þessara frv. er að leysa innanbúðarvandamál hjá Framsfl.

Hæstv. viðskrh. kom núna við umræðuna eftir hádegi af því að hann var kallaður til þess og eini framsóknarmaðurinn hér inni er bundinn í forsetastól. Það er því mjög sérstakt að þeir sjá ekki ástæðu til þess að vera við umræðuna. Kannski er hlálegast af öllu þar sem þessi frv. hafa þann tilgang að leysa innanbúðarvanda hjá Framsfl. að þau virðast ekki gera það. Þessi frv. virðast ekki leysa þennan vanda. (**SJS:** Hætta við þetta bara.) Já, best er að hætta bara við það. Það fyndist mér koma vel til greina vegna þess að vandamálið sem á að leysa — hæstv. félmrh. hefur lýst því yfir að hann sé mjög ósáttur við (Gripið fram í.) þá stöðu sem honum er búin í öllum þessum hrossakaupum á milli stjórnarflokkanna.

Ég hef lagt fram ákveðnar spurningar fyrir hæstv. forsrh. sem ég vænti að hann svari við umræðuna og ítreka tillögu mína um að málið gangi til efh.- og viðskn.

[13:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að forsrh. flytur frv. en ekki fagráðherrann er sú að frv. lýtur eingöngu að breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Það er engin raunveruleg efnisbreyting á lögum um Seðlabankann. Frv. lýtur *eingöngu að verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.* Yfir þetta var farið af sérfræðingum ráðuneytisins og niðurstaða þeirra varð sú að forsrh. bæri vegna þessa eðlis, verkaskiptingar innan Stjórnarráðsins, að flytja málið. Reyndar hef ég flutt slíkar breytingar fyrr í þessum sal þó að fagráðherra hafi komið að málinu.

Sú er einnig skýringin á því að mál þetta skuli ganga til allshn. en ekki hv. efh.- og viðskn., þ.e. vegna þess að hér er eingöngu um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins að ræða.

Varðandi spurninguna um sjálfstæði Seðlabanka er ég til að mynda ekki þeirrar skoðunar að Seðlabankinn eigi að vera einhvers konar ríki í ríkinu og það eigi að stofna til deilna og átaka milli Seðlabanka og ríkisstjórnar á hverjum tíma. Ég held að það sé ekki hollt og ég held reyndar að það sé hvergi gert. Sjálfstæði sumra seðlabanka úti í heimi, sem verið er að vitna til í samanburði við okkar Seðlabanka, hefur ekki verið svo afgerandi meira en er hér, til að mynda hið fræga sjálfstæði þýska Seðlabankans en í stjórn þess banka eru fjölmargir pólitískir fulltrúar sem hafa áhrif á niðurstöður bankans eins og menn þekkja.

Á hinn bóginn má segja að við höfum breytt svolítið sjálfstæði Seðlabankans á sínum tíma með því að heimila ráðherra að ráða bankastjóra til allt að fimm ára þannig að hann getur ráðið bankastjóra til eins árs, tveggja ára, þriggja ára eða fjögurra ára og þannig haft bankastjórann eða bankastjóra nokkuð í hendi sér.

Varðandi spurninguna um fjölda bankastjóra tel ég ekki að bankastjóri eigi að vera einn í Seðlabanka eins og í viðskiptabanka. Viðskiptabanki er í eðli sínu fyrirtæki. Seðlabankinn er efnahagspólitískt stjórntæki eins og menn þekkja og í Svíþjóð var nýlega verið að fjölga seðlabankastjórum úr þremur í sex.

[13:49]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að svör hæstv. forsrh. valda mér miklum vonbrigðum. Hæstv. forsrh. telur enga ástæðu til að taka undir að það þurfi að auka sjálfstæði Seðlabankans þrátt fyrir þau rök sem hér hafa veri sett fram. Það hlýtur að skerða mjög sjálfstæði Seðlabankans eins og lögin eru úr garði gerð og ekki síst þegar t.d. kemur fram hjá aðalhagfræðingi Seðlabankans að ef komi upp ágreiningur á milli Seðlabanka og ríkisstjórnar skuli bankinn að lokum fylgja stefnu ríkisstjórnarinnar jafnvel þó að það stangist á við markmið um stöðugt verðlag. Mér finnst þetta svolítið alvarlegt ef stýritækið Seðlabankinn hefur ekki meira svigrúm en það að hann er knúinn til að fylgja stefnu ríkisstjórnarinnar jafnvel þó að það stangist á við markmið um stöðugt verðlag. Við þurfum auðvitað að skoða, vonandi í efh.- og viðskn., þær fullyrðingar sem hæstv. forsrh. setur fram, að ekki sé mikill munur á því sjálfstæði sem íslenski Seðlabankinn *býr við og það sem gerist annars staðar.* Aðalhagfræðingur Seðlabankans heldur því fram að það skorti á að Seðlabanki Íslands hafi sams konar lagalegt sjálfstæði og best gerist í þróuðum iðnríkjum. Við þurfum auðvitað að skoða það mjög vel í umfjöllun einmitt um þetta mál í efh.- og viðskn.

Ég óska eftir því að forsn. skoði hvort ekki sé eðlilegra að þetta mál fari til efh.- og viðskn. með þeim rökum sem ég hef sett fram. Við erum ekki að ræða frv. til laga um breytingu á Stjórnarráði Íslands heldur breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands sem fer yfirleitt til umfjöllunar og meðferðar til efh.- og viðskn. Mörgum spurningum er ósvarað sem efh.- og viðskn. mundi þurfa að skoða í tengslum við þetta mál.

Í lokin voru vonbrigði mín mikil við að heyra að engar undirtektir eru hjá þeim sem eiga nú að fara með yfirstjórnina í Seðlabankanum um að það verði einn bankastjóri í Seðlabankanum.

[13:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki forsn. að ákveða til hvaða fagnefndar þetta mál fari. Það er flutningsmanna að gera tillögur um slíkt og ef fram koma fleiri tillögur en ein, þá er þingsins að skera úr um það og ekkert á móti því í sjálfu sér.

Ég var ekki að þvertaka fyrir að endurskoða mætti lög um Seðlabanka til að efla sjálfstæði hans að einhverju marki. Ég nefndi dæmi um það þar sem nokkuð kynni að skorta á í þeim efnum. Ég sagði hins vegar að ég vildi ekki eins og sumir — ég hef því miður ekki lesið þá grein sem hv. þm. vitnar til — en sumir fræðimenn hafa nánast viljað gera Seðlabankann að ríki í ríkinu. Ég er lýðræðissinni og ég vil að stjórnvöld á hverjum tíma og þingið hafi úrslitaáhrif en ekki Seðlabankinn sem almenningur nær ekki til ef það kemur upp deila þar. Þá vil ég frekar að sá aðili sem almenningur nær til hafi úrslitaáhrif en friðhelgur seðlabankastjóri eða seðlabankastjórar. Og þótt talað sé um ábyrgð í grein þessa ágæta hagfræðings, þá veit ég ekki nákvæmlega hvernig sú ábyrgð á að lýsa sér. Við stjórnmálamennirnir þurfum sæta ábyrgð í kosningum, ábyrgð gagnvart þinginu o.s.frv. en stundum sér maður ekki þessar stofnanir bera neina ábyrgð þegar upp er staðið. Menn sitja þar lon og don áratugum saman hvernig sem allt ruggar og veltist en það verður þó ekki sagt um okkur hér. Við þurfum að sækjast eftir nýju umboði á fjögurra ára fresti.

Sem lýðræðissinni vil ég frekar að úrslitaáhrifinn liggi hjá ríkisstjórn sem þarf að svara til saka gagnvart Alþingi og síðan kjósendum en háfriðhelgum seðlabankastjórum eða seðlabankastjóra með fullri virðingu fyrir þeim.

Ég tel að þótt í framhaldinu sé sjálfsagt að fara yfir það og skoða, ekki við meðferð þessa frv. sem er hreint formsatriðisfrumvarp, þá sé sjálfsagt að setja á laggirnar athugun á því hvernig við gætum farið yfir lög um Seðlabanka og ég er tilbúinn að standa að því.

[13:54]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að tala um að Seðlabankinn verði neitt ríki í ríkinu þó að ég sé að tala fyrir auknu sjálfstæði Seðlabankans. Nokkrar stofnanir í þjóðfélaginu eru þess eðlis og eru með þau verkefni á sinni hendi að þau eiga ekki að lúta boðvaldi ráðherra. Ég talaði t.d. um Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann en mér finnst eðlilegt að þau lúti ekki boðvaldi ráðherra og hafi það sjálfstæði sem ég hef verið að tala fyrir.

Þetta var skrýtin ræða, að tala eitthvað um friðhelgi seðlabankastjóra, hann væri þá ábyrgur gagnvart bankaráðinu sem er þá kosið af Alþingi, enda væri það bankaráðsins ef þetta væri sjálfstæði að móta þá stefnu sem við erum að tala um. Mér fannst þessi ræða mjög sérkennileg. Ég tel mig vera alveg eins mikinn lýðræðissinna og hæstv. forsrh. þó að ég tali fyrir auknu sjálfstæði Seðlabankans.

Mér fannst koma fram í síðari ræðu hæstv. forsrh. að hann væri tilbúinn til að við mundum skoða aukið sjálfstæði Seðlabankans og nú er tækifærið til þess. Þetta mál er til meðferðar og umfjöllunar á Alþingi og viðbótarrök fyrir því, herra forseti, að málið gangi til efh.- og viðskn.

[13:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að játa að ég er í nokkrum vanda hvað varðar afstöðu til þessa frv. Þannig er mál með vexti að ég er að mörgu leyti jákvæður í garð þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til. Þetta samhengi málsins fer hins vegar óskaplega í taugarnar á mér, að þetta dæmalausa mál um breytingar á Byggðastofnun sem hér var rætt fyrir hádegið og svo aftur þetta mál um Seðlabankann, skulu vera á dagskrá eins og einhverjir tvílembingar. Sönnun þessara hrossakaupa birtist m.a. í því að þau eru flutt og rædd hlið við hlið og greinilega ætlunin af hálfu stjórnarflokkanna að þau fylgist að. Kannski er traustið þrátt fyrir allt ekki meira en svo að menn þora ekki að rugga bátnum og samkomulaginu. Þess vegna sé nauðsynlegt að spyrða málin svona saman.

Hins vegar er fullkomlega óefnislegt og ófaglegt að blanda þessu tvennu svona saman og dapurlegt upp á það að horfa að kaupskapur af því tagi birtist mönnum nakinn í framlagningu mála.

Eins og ég segi eru að mörgu leyti rök fyrir því að færa Seðlabankann undir forsrn. og verður mönnum þá fyrst fyrir að nefna að samkvæmt verkaskiptingu í Stjórnarráðinu fer forsrn. með yfirstjórn efnahagsmála, er yfirefnahagsmálaráðuneyti og kemur í stað þess sem sums staðar er í stærri ríkjum að þar er sjálfstætt efnahagsráðuneyti.

Í öðru lagi tel ég vera ákveðin rök að margt mælir gegn því að Seðlabankinn sé hjá því ráðuneyti sem fer með málefni viðskiptabankanna og Fjármálaeftirlit og aðra slíka hluti. Það getur vel verið og að mörgu leyti heppilegra að Seðlabankinn hafi sem allra sjálfstæðasta stöðu gagnvart þeim aðilum og þar á meðal sé vistaður hjá öðrum aðila. Það má færa ýmis sömu rökin fram í þessu sambandi og menn gerðu á sínum tíma, t.d. þegar Ríkisendurskoðun var flutt um set. Þó að það sé auðvitað ekki fráleitt og gæti vel hugsast að Seðlabankinn starfaði í skjóli Alþingis, þá er ég kannski ekki endilega að leggja það til. Hann er þó nær framkvæmdarvaldinu eða framkvæmdahlið mála en að mörgu leyti slík stofnun en að sumu leyti eiga sömu röksemdir við að þessu leyti. Alþingi kýs bankaráðið og það er sem betur fer ekki lagt til að breyta því í þessu frv. og þar af leiðandi kemur Alþingi að málinu með þeim hætti að það kýs bankastjórn.

Herra forseti. Í sjálfu sér er með ýmsum hætti hægt að hugsa sér að koma þessu fyrir. Eftir því sem Seðlabankinn er sjálfstæðari og starfar óháðari öðrum má kannski segja að það skipti minna máli að þessu leyti til hvernig honum er fundin vistun, hvort það er undir forsrn., hann starfaði í skjóli Alþingis eða með einhverjum öðrum slíkum hætti, þannig að ég get vel fellt mig við þá tilhögun sem frv. gerir ráð fyrir.

Það vekur reyndar nokkra athygli þó að hæstv. forsrh. hafi reyndar sagt að frv. sé flutt sem hreint verkaskiptingarfrv., þ.e. það sé alls ekki farið inn á efnisþætti þeirra laga sem þessi bandormur breytir heldur sé þetta eingöngu tengt færslunni, þá er ekki hróflað við ákvæðum 22. gr. um skipan bankastjórnarinnar. Af því tilefni er óhjákvæmilegt að spyrja — og ber nú vel í veiði ef svo má að orði komast að hér eru bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. — um þá sérkennilegu stöðu sem uppi er og hefur verið alllengi í Seðlabankanum, að þar eru aðeins tvær af þremur bankastjórastöðum skipaðar.

Úr því að hér er á annað borð á ferðinni frv. til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands þá hlýtur maður að ætla að ef til stæði að breyta því fyrirkomulagi í fyrirsjáanlegri framtíð þá hefði tækifærið verið notað nú og það lagt til hér.

Ég vil því í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra, og þeir mega gjarnan svara báðir: Er þetta staðfesting á því að ríkisstjórnin fyrirhugi ekki á næstu árum að leggja til breytingu varðandi þríeykið sem leiða skal Seðlabankann?

Í öðru lagi. Hvers vegna hefur staða seðlabankastjóra ekki verið auglýst og ráðið í það starf? Ég tel fullkomlega óeðlilegt að framkvæma ekki lögin eins og þau liggja fyrir. Ég sé ekki að þær aðstæður séu sem hægt sé að færa fram sem rök fyrir því að manna ekki bankastjórn Seðlabankans að fullu. Það er komið talsvert á annað ár, ef ég man rétt, frá því að seðlabankastjóri lét af störfum sökum aldurs. Mig minnir að það hafi verið um mitt ár 1998 sem Steingrímur Hermannsson, fyrrv. hæstv. forsrh., tók saman föggur sínar í Seðlabankanum og hefur síðan sýslað við annað eins og kunnugt er.

Herra forseti. Í 22. gr. laganna um Seðlabanka Íslands segir í 3. mgr., með leyfi forseta:

„Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað."

Er hægt að túlka þann anda sem þarna birtist öðruvísi en svo að lögin gangi út frá því að bankastjórnin sé fullmönnuð á hverjum tíma? Það er meira að segja sett inn sérstakt heimildarákvæði í viðkomandi lagagrein, sem byrjar á að mæla fyrir um að bankastjórarnir skuli vera þrír, sem gerir ráðherra kleift að setja mann tímabundið í stað þess sem kann að forfallast úr bankastjórninni. Er löggjafinn ekki að segja að tryggja eigi að þarna sé aldrei skarð til lengri tíma? Ef bankastjóri forfallast tímabundið, t.d. sökum vanheilsu, þurfi hann að fara frá í langa aðgerð eða eitthvað því um líkt, þá er hægt að setja mann tímabundið í hans stað.

Það að menn framkvæmi ekki lögin svo árum skipti, án þess að ástæður séu til annars, er mjög torkennilegt. Hvað er þar á ferðinni, herra forseti? Þurfa ekki hæstv. ráðherrar að gefa okkur skýringu á því? Hvers vegna hefur ekki verið ráðið í bankastjórastöðuna úr því að það stendur ekki til að fækka bankastjórnunum? Hæstv. forsrh. sagði áðan að hann væri ekki þeirrar skoðunar að þeim ætti að fækka. Hann nefndi jafnvel dæmi frá Svíþjóð þar sem þeim hefði nýlega verið fjölgað.

Það geta verið rök fyrir hvoru tveggja. Ég hef verið hallari undir að hér væri heppilegast að hafa einn aðalbankastjóra í Seðlabankanum eins og í öðrum bönkum. Ég held að þetta þríeykiskerfi hafi fleiri galla en kosti. Þar fyrir utan hefur þetta fyrirkomulag verið misnotað. Það er arfur frá tíð sem ég hélt að við værum að reyna að losna við, þessir stólar flokkanna inni í bankastjórnum. Mér finnst yfirgengilegt að nokkrum sekúndum fyrir aldahvörfin á séu aðstæður á Íslandi þannig að flokkspólitískt þriðjungaskiptakerfi ríki enn í þessum efnum. Það kerfi er auðvitað ástæðan fyrir þessum þremur bankastjórum sem voru í ríkisviðskiptabönkunum og hafa verið í Seðlabankanum. Á bara að halda því áfram. (Gripið fram í.)

Nei, í fyrsta lagi, hv. þm. Hjálmar Árnason, hefði ég viljað sjá að menn kæmust frá þessum vonda arfi og tækju upp faglegri ráðningu á þessum mönnum. Þá viðgengjust ekki þeir hörmungar brandarar sem verið hafa á síðari árum þegar að nafninu til er auglýst í þessar stöður en öll þjóðin veit að löngu áður er ákveðið hver fær hana. Ég hef sjaldan séð dapurlegri atburð en þegar ónefndur bankastjóri, sem hvarf úr stjórnmálum og yfir í þennan geira um stundarsakir, játaði fyrir þjóðinni að hann hefði að vísu sótt um bankastjórastöðu en væri í fullkominni óvissu um hvort hann mundi fá hana, það væru svo margir hæfir umsækjendur. Þá varð nú ýmsum á að hlæja.

Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherrar skýri hvernig á því stendur að staða bankastjóra Seðlabankans hefur staðið ómönnuð á annað ár. Hver er ætlanin í þeim efnum? Verður ráðið í þessa stöðu úr því að ekki stendur til að nota tækifærið og fækka bankastjórastólunum niður í einn? Verður það gert af hálfu núv. hæstv. ráðherra sem fer með málin eða verður það geymt þangað til forræðið hefur færst yfir til hæstv. forsrh.? Mér finnst að hæstv. ráðherrar geti ekki ætlast til að Alþingi fjalli um þetta mál öðruvísi en að hreinar línur fáist í þetta og skýr svör komi hvað þetta varðar.

Ég hefði talið freistandi að kanna við þessi tímamót hvort breyta mætti lögunum þannig að framvegis yrði um einn aðalbankastjóra að ræða. Hægt væri að hugsa sér að bankastjórnin væri áfram fjölskipuð en að lögum væri sérstaklega ráðinn tiltekinn aðalbankastjóri. Það stendur þannig á að það eru ekki nema tveir þarna í starfi og styttist trúlega í starfstíma a.m.k. annars þeirra sökum aldurs. Með bráðabirgðaákvæði mætti að sjálfsögðu tryggja að ekki yrði hróflað við stöðu þeirra manna sem ráðnir eru miðað við gildandi ráðningarreglur en þá bæri vel í veiði — svo ég noti aftur það orðalag — að nota þetta tækifæri til að undirbúa þá framtíð.

Eigi hins vegar ekki að gera það hljóta menn að spyrja hvers vegna í ósköpunum hafi ekki verið ráðið í lausu stöðuna. Til hvers er verið að geyma hana og handa hverjum? Hvaða skollaleikur er þar á ferðinni? Er það hluti af þeim kaupskaparmálum öllum sem flokkarnir hafa opinberað svo nakið sem raun ber vitni?

Nokkur orð, herra forseti, í lokin um stöðu Seðlabankans, sjálfstæði hans og samskipti hans og ríkisstjórnar sem hér var gert að umræðuefni af síðasta hv. ræðumanni, 5. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur og varð tilefni orðaskipta milli hv. þm. og hæstv. forsrh. Að mörgu leyti er sjálfsagt æskileg þróun að við eins og aðrir reynum að styrkja stöðu miðbanka okkar eða Seðlabanka og gera honum sem best kleift að rækja sitt mikilvæga hlutverk. Það deilir auðvitað enginn um að Seðlabankinn hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna. Fyrir ákveðnu sjálfstæði hans eru auðvitað veigamikil rök.

Hitt er annað mál að ég hef aldrei fallið sérstaklega fyrir þeirri stefnu að seðlabankar eigi að verða algjörlega ríki í ríkinu. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að bjóða upp á að aðstæður geti skapast sem feli í sér langvarandi togstreitu og ágreining Seðlabanka og ríkisstjórnar um efnahagsmál. Það er ekki heppilegt. Það þarf að vera hægt að útkljá það ef upp kemur ágreiningur þar um meginlínur í stjórn efnahagsmála. Ég held að það sé þeim mun mikilvægara fyrir okkur sem búum við minna hagkerfi og megum síður við að slíkur ágreiningur dragi kjarkinn úr mönnum.

Ég tel þar af leiðandi að að mörgu leyti sé fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í 4. gr. núgildandi laga um Seðlabankann skynsamlegt. Það þarf að vera nokkuð ljóst hvernig fara skuli með mál ef uppi er ágreiningur og hvernig eigi að útkljá hann. Ég held að Seðlabanki Íslands, a.m.k. er það svo í mínum huga, eigi langt í land með að verða þannig stofnun og það öflugur að hann geti rekið sjálfstæða línu sem að einhverju leyti væri í andstöðu við stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum og varið í krafti eigin afls. Það er auðvitað í eigin styrk sem sjálfstæðir, sterkir seðlabankar sækja sjálfstæði sitt að verulegu leyti. Þeir eru ósköp einfaldlega svo öflugar stofnanir að þeir geta rekið sjálfstæða stefnu og hafa fjárhagslega burði til. Þeir eru þar af leiðandi nógu sterkir af sjálfu sér, t.d. til að verja gengi gjaldmiðla eða annað í þeim dúr. Þar er ég ekki bara að tala um stærð í einum skilningi heldur líka hlutfallslega.

Seðlabankarnir eru mjög missterkir ef litið er til hlutfallslegs styrks þeirra miðað við stærð hagkerfisins. Norski seðlabankinn hefur t.d. haft nokkra sérstöðu á Norðurlöndum. Hann hefur hlutfallslega verið langöflugastur og ríkastur af norrænu seðlabönkunum. Enda megnaði hann einn að verja gengi norsku krónunnar fyrir þremur, fjórum árum síðan þegar hart var sótt að gjaldmiðlum ýmissa Norðurlandaþjóða, þeir urðu undan að láta, bæði í Svíþjóð og Danmörku en norski bankinn hafði burði til að verja norsku krónuna. Þar naut hann náttúrlega styrks norsks efnahagslífs einnig.

Þarna vil ég hafa vissan fyrirvara á þó ég sé almennt jákvæður gagnvart því að Seðlabankinn sé sjálfstæð og öflug stofnun og vel í stakk búin til að sinna hlutverki sínu. Það geta verið rök fyrir því að huga að ákveðnum breytingum en þær eiga ekki að beinast að því að Seðlabankinn verði algjörlega ríki í ríkinu. Ef útkljá þarf ágreining sem upp kemur um meginleiðir í efnahagsmálum þá er ég þeirrar skoðunar að endanlega valdið sé betur komið hjá lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum en í seðlabanka sem sé algjört ríki í ríkinu. Það gæti boðið upp á togstreitu og ástand sem væri ekki neinum til framdráttar, ekki heldur Seðlabankanum sem stofnun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð en vonast til að hæstv. ráðherrar geti svarað spurningum mínum um mannaráðningar í Seðlabankanum, hvenær þar verði hafist handa. Hver mun sjá um það og hverjar eru

skýringarnar á því að ráðningin hefur tafist eins og raun ber vitni?

[14:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég svipaðrar skoðunar og hv. síðasti ræðumaður á stöðu Seðlabankans. Ég er opinn fyrir breytingum eins og ég sagði áðan en tel að við eigum ekki að ganga skrefið til hins ýtrasta skipulags sem sumir hafa mælt fyrir, t.d. ýmsir fræðimenn hér á landi. Ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um það eins og kemur fram í frv. þessu, og ætla sér ekki að breyta því með öðrum frumvörpum, að rétt sé að seðlabankastjórarnir verði þrír áfram og veigamikil rök mæli með þeirri skipan mála.

Ég tel að lög standi nú til þess að seðlabankastjórastaða verði auglýst. Ég er reyndar ekki þeirrar skoðunar að þannig eigi það að vera. Ég tel að til greina komi að breyta lögum um að seðlabankastjórastaða sé auglýst, vegna þess að eins og hv. þm. nefndi, þá er iðulega verið að plata fólk með slíkum auglýsingum. Ég sé ekki að það sé skynsamlegt, ég tel betra að koma hreint fram og segja frá því fyrir fram hvað til standi en ekki plata fólk, jafnvel heilu menntaskólana, til að sækja um stöður af þessu tagi. Það er betra að fara beint framan að mönnum í þeim efnum og segja hver sé vilji ráðningarvaldsins.

Núna lít ég hins vegar þannig á að lög standi til þess að slík staða sé auglýst. Því má gjarnan breyta síðar meir. Ég geri ráð fyrir að staða sú sem ómönnuð hefur verið, af ýmsum ástæðum, um skeið verði auglýst nú á allra næstu dögum. Ég geri því frekar ráð fyrir að það komi í hlut hæstv. viðskrh. að manna stöðuna fremur en þess sem síðan fer með forsvar bankans.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá verður nú að hafa hratt á hæli ef flýtiafgreiðsla þessara frumvarpa í gegnum þingið á að vera eins og ríkisstjórnin hefur nú óskað eftir og þetta á að vera jóla- eða áramótagjöf handa stjórnarflokkunum, að ná fram kaupskapnum. Það þarf ef núv. hæstv. viðskrh. á að endast tími til að auglýsa stöðuna, velja úr hópi hæfra umsækjenda, sem örugglega verða margir og ómögulegt að vita fyrir fram hver verður hæfastur, er það ekki? Ef ganga á frá öllu þessu fyrir áramót þá þarf að vinna vasklega og bretta upp ermar.

Og maður spyr: Hvers vegna í ósköpunum hefur tíminn ekki verið notaður betur? Af hverju eru menn fyrst að uppgötva það núna í ríkisstjórninni að Steingrímur Hermannsson sé hættur?

Nei, herra forseti, auðvitað er þetta mál allt hið sérkennilegasta og það verður að segjast alveg eins og er. Ég hefði að mörgu leyti talið að úr því sem komið er væri eðlilegra að beðið yrði með þetta fram yfir þessa lagabreytingu og þetta yrði þá hluti af fyrstu verkum þess ráðherra sem við tæki sem tengdust bankanum fremur en að fráfarandi yfirmaður bankans negli þar inn mann, jafnvel til frambúðar. Mér finnst það vera algjörlega öfug röð úr því að þetta hefur dregist svo lengi. Það teldust varla miklu alvarlegri vanefndir á lögunum en nú þegar eru orðnar uppi. En ég er reyndar þeirrar skoðunar, herra forseti, og ég minni aftur á 3. mgr. 22. gr. laga um Seðlabankann, að það sé fullkomin vanræksla í starfi að hafa ekki ráðið í stöðuna eða lagt til lagabreytingar ella. Að mínu mati, herra forseti, var það embættisskylda hæstv. viðskrh. að ráða í stöðuna, auglýsa hana strax eftir að hún losnaði og það lá reyndar fyrir hvenær sá bankastjóri sem hætti mundi láta af störfum sökum aldurs. Þess vegna hefði verið hægt að auglýsa stöðuna áður og ganga frá málinu þannig að ekkert skarð hefði myndast. Þetta er heldur slök frammistaða, herra forseti, sem við stöndum frammi fyrir.

[14:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að segja ákveðið fyrir um að það yrði endilega viðskrh. sem færi með ráðninguna, ég var að gera ráð fyrir því að það gæti orðið. Ég geri ekki mun á því í hvers hlut það kemur, en staðan verður auglýst mjög fljótlega og ef það næst ekki að viðskrh. klári málið mun það koma í hlut forsrh. að klára það mál.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og kannski er ekki ástæða til að gera frekari athugasemdir við það þó að þessi óvissa sé enn uppi og ekki virðist frá því gengið hvernig farið verði með þetta mál. Mig fýsir mjög að heyra svör hæstv. viðskrh. og þá útskýringar á því hvers vegna þetta hefur dregist svo sem raun ber vitni, hverjar eru ástæðurnar, hvaða rök standa til þess og telur hæstv. viðskrh. að hann hafi efnt embættisskyldur sínar eins og vera ber með hliðsjón af ákvæðum 22. gr. laga um Seðlabankann, að hafa vanefnt það á annað ár að fylla í það skarð sem þarna myndaðist? Hefði þá ekki, þó grípið hefði verið til heimildar 3. mgr., a.m.k. verið rétt að ráða mann tímabundið þarna til starfa þó að fyrir því séu svo sem engin sérstök rök og ekkert sem mælir með neinu öðru en því að um venjubundna hefðbundna ráðningu yrði að ræða í stað þess sem lét af störfum. Ég hef hvorki komið auga á né heyrt neitt koma fram í þessu máli sem réttlætir þær vanefndir sem á þessu hafa orðið. Kannski kann hæstv. viðskrh. einhverjar skýringar á því sem hann getur látið hér uppi.

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. áðan er samkomulag milli stjórnarflokkanna um að þrír bankastjórar verði starfandi við bankann og það birtist og er undirstrikað í því frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur áður gerst að dregist hafi að skipaður væri bankastjóri við bankann. Það er ekki til sérstakrar eftirbreytni en þær aðstæður geta verið uppi að það taki tíma að ganga frá slíkum hlutum. Það hefur reyndar dregist óvenjulengi að þessu sinni. Margar ástæður liggja þar að baki sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér sérstaklega. Hins vegar liggur líka fyrir að á næstu dögum mun verða gengið frá því að staðan verði auglýst og það skiptir þá ekki höfuðmáli hvort það verður viðskhrh. eða forsrh. sem skipar í stöðuna, ætli það verði ekki að ráðast svolítið af því hvernig framvinda þessa máls verður í þinginu, og ef hv. þm. leggur mikla áherslu á að það verði forsrh. sem það muni gera, þá væri ágætt að hraða málinu í gegnum þingið.

[14:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Fróðlegt væri að vita hversu gamalt samkomulag stjórnarflokkanna er um að það skuli vera þrír bankastjórar. Hversu gamalt er það samkomulag? Er það frá stjórnarmyndun í vor? Er það frá síðasta kjörtímabili eða er það frá því núna í aðdraganda þess að þetta frv. var lagt fram? Ef það samkomulag er gamalt og hefur legið fyrir allan tímann eru náttúrlega enn síður nokkur rök fyrir því að vanefna það að ráða í hina lausu stöðu. Frv. gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á þeim ákvæðum gildandi

laga um Seðlabankann. Í raun og veru er afgreiðsla þessa frv. algjörlega óháð því hvernig skipan mannaráðninga inn í bankastjórn Seðlabankans er, það er alls ekki opnað neitt fyrir þá grein laganna. Að því leyti til gætu menn gert það strax eða síðar, breytir engu um það. Auðvitað er ósköp dapurleg röksemdafærsla hjá hæstv. viðskrh. að koma og segja: Það hefur áður gerst að það hafi ekki verið ráðið strax þegar losna stöður, það er að vísu ekki til fyrirmyndar, en það hefur áður gerst. Ýmsar ástæður liggja þar að baki, sagði hæstv. viðskrh., sem ég ætla ekki að tíunda hér. Jahá, hverjar eru þessar ýmsu ástæður? Er það feimnismál? Er það nefnilega þannig að þar sé komið að hinum viðkvæma bletti í málinu? Auðvitað er það svo. Það er spurningin um það hver fær stólinn og hvernig það kemur inn í hrossakaup stjórnarflokkanna, kaupskap stjórnarflokkanna, þar er komið að vanda málsins, kjarnanum í þessu öllu saman. Þetta er hluti af öllum þessum víðtæku viðskiptum, hrossakaupum eða hnífakaupum eða hvað menn kjósa að kalla það, og hafa verið valdar ýmsar nafngiftir og þetta er hluti af því. Þess vegna hefur það gerst að menn hafa vanefnt lögin um Seðlabankann talsvert á annað ár. Nei, hæstv. viðskrh., það er sko ekki til fyrirmyndar.

[14:21]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að enginn hv. þm. hafi komið jafnoft í þennan ræðustól og hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, sem hefur útbúið hverja pólitísku fléttuna um hrossakaup stjórnarflokkanna á fætur annarri. Ekki þarf að fara langt aftur í tímann til að minnast mikilla og langra ræðna sem voru misjafnlega skemmtilegar og merkilegar hjá hv. þm., um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Landsbankann, Búnaðarbankann og um Seðlabankann, þar sem hv. þm. hefur stillt hverjum einstaklingnum í samfélaginu upp á fætur öðrum sem ættu að fara í þessa og hina stöðuna sem stjórnarflokkarnir ætluðu að manna. Þannig væri lengi hægt að telja en það hefur komið á daginn að hv. þm. hefur ekki reynst sannspár í neinu af því sem hann hefur haldið fram og í raun og veru undirstrikar sá málflutningur sem hv. þm. hefur viðhaft raunverulega allan málflutning hv. þm. hér á Alþingi, það er ekkert að marka þær myndir sem hv. þm. dregur upp.

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var stórbrotið og efnislegt svar hjá hæstv. viðskrh. og greinilegt að ég kom við snöggan blett á sálinni þegar ég nefndi að þetta væri hluti af þessum kaupskap stjórnarflokkanna og þann vandræðagang allan með þennan lausa bankastjórastól. Vandi stjórnarflokkanna er sá að öll þjóðin horfir upp á þetta og hlær að þessu og stjórnarflokkarnir hafa, og það mega þeir eiga, í raun og veru opinberað svo berlega kaupskap sinn í þessum tvílembingum, með þessum tvílembingsfrumvörpum sem eru spyrt saman og eiga að fara saman í gegnum þingið af því að það er yfirlýst samkomulag stjórnarflokkanna um þessa verslun að forsrh. fær Seðlabankann og Framsókn fær Byggðastofnun. Þetta blasir við hverjum manni. Hæstv. viðskrh. getur því komið hér og reynt að gera lítið úr málflutningi mínum en það mun engu breyta um þá mynd sem blasir við þjóðinni í þessum efnum, og ráðningarnar undanfarin ár tala líka sínu skýra máli. Það vita allir hluti af hvaða vandræðagangi þetta mál er og alveg sérstaklega hjá Framsóknarflokknum og er ánægjulegt að framsóknarmaður hefur nú í fyrsta skipti hafst upp í ræðustólinn í umræðunni, um Byggðastofnun og Seðlabankann, og það í þessu rismikla andsvari sem hæstv. viðskrh. flutti áðan. Ég held að ekki þurfi að hafa fleiri orð um þetta, þessi ósköp tala fyrir sig sjálf, þessi málatilbúnaður stjórnarflokkanna eins og hann birtist okkur, og er þeim sjálfum til mestrar vansæmdar sem fyrir honum standa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (gjald fyrir veiðikort). — Þskj. 273.

[14:25]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Með frv. því sem ég mæli fyrir, um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er ætlunin að lögbinda gjald fyrir veiðikort og afla frekari fjár til rannsókna á rjúpum og öðrum villtum fuglum og villtum spendýrum. Auk þess er lagt til í frv. að lögfest verði sú skylda að verðandi veiðimenn standist próf áður en þeir fá veiðikort útgefið í fyrsta sinn en ákvæði þar um er að finna í reglugerð nr. 291/1995, um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna, sem styðst við ákvæði 4. mgr. 11. gr. laganna þar sem ráðherra er veitt heimild til að ákveða í reglugerð að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða.

Í haust hófst rannsókn á vetrarafföllum og áhrifum skotveiða á rjúpnastofninn sem er m.a. gerð til að uppfylla ályktun Alþingis um rannsóknir á vetrarafföllum rjúpu sem samþykkt var á 123. löggjafarþingi. Undanfarin ár hefur Náttúrufræðistofnun Íslands aflað gagna um ástand rjúpnastofnsins og verið umhvrn. til ráðgjafar um nýtingu á rjúpu. Vöktunin hefur leitt í ljós að þörf var á könnuð væru áhrif veiðiálags á rjúpnastofninn. Er þörfin fyrir slíkar upplýsingar brýn að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem sýnt hefur verið fram á að 70% rjúpna á lífi í upphafi veiðitíma féllu fyrir hendi veiðimanna. Ríkisstjórnin hefur nú þegar veitt 1 millj. kr. til þessa rannsóknarverkefnis núna í haust og gert er ráð fyrir enn frekari fjárframlögum á næsta ári og er fjárln. með tillögur þar að lútandi til meðferðar. Rannsóknir sem þessar eru kostnaðarsamar og er gert ráð fyrir að hlutur þess kostnaðar verði greiddur úr veiðikortasjóði.

Veiðikortasjóður var stofnaður samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laganna og skal fé hans nýtt til rannsóknar og stýringar á stofnum villtra dýra auk þess að kosta útgáfu veiðikortanna. Í veiðikortasjóðinn hafa safnast um 12–13 millj. kr. á ári, eftir að kostnaður vegna útgáfu veiðikorta hefur verið greiddur, sem renna til ýmissa rannsókna. Hefur Náttúrufræðistofnun Íslands fengið stærsta hlut úr sjóðnum vegna rannsókna á rjúpnastofninum og rannsóknir á öndum og gæsum. Þau stóru verkefni sem veiðikortasjóðurinn hefur styrkt eru viðvarandi og verður því ekki úthlutað úr sjóðnum til annarra stórra verkefna á næstunni að óbreyttu gjaldi fyrir veiðikort. Í lögunum er gjald vegna veiðikorts ákveðið 1.500 kr. á ári. Lögin heimila síðan hækkun gjaldsins í samræmi við hækkun framfærsluvísitölu. Árið 1997 var gjald vegna veiðikorts hækkað í samræmi við hækkun lánskjaravísitölu upp í

1.600 kr. Í samræmi við hækkun vísitölunnar er heimilt að hækka gjald fyrir veiðikortin árið 1999 um 100 kr., eða upp í 1.700 kr. Lögð er til 200 kr. hækkun á gjaldi fyrir veiðikort til að standa að hluta til straum af kostnaði við rannsóknir á rjúpnastofninum. Þegar rannsóknum á rjúpnastofninum er lokið, munu þessir fjármunir nýtast til rannsókna á öðrum villtum dýrum, en mikilvægt er að auka rannsóknir á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Í b-lið 1. gr. frv. er lagt til að lögfest verði að verðandi veiðimenn þurfi að taka hæfnispróf áður en þeir fá veiðikort úthlutað í fyrsta sinn. Eftir að veiðimaður hefur staðist hæfnispróf þarf hann ekki að undirgangast það aftur, þó svo að hann endurnýi veiðikort sitt ekki reglulega. Í dag er þessi skylda í reglugerð um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna, nr. 291/1995, og byggist á heimildarákvæði í lögunum, en rétt þykir að kveða á um þessa skyldu í þeim. Einnig er í frv. lagt til að veiðistjóra sé skylt að halda hæfnisnámskeið fyrir verðandi veiðimenn. Verðandi veiðimenn mundu þá eiga þess kost að sækja námskeið til að undirbúa sig til að taka hæfnispróf, en ekki yrði skylda að sækja slíkt námskeið. Rétt þykir að mæla fyrir um skyldu veiðistjóra til að halda þessi námskeið enda nauðsynlegt að tryggja að veiðimenn hafi yfir að ráða þekkingu er lýtur að veiðum, veiðiaðferðum og dýravernd.

Að síðustu er í frv. þessu lagt til að heimilt verði að taka upp þjónustugjald vegna kostnaðar við hæfnispróf og hæfnisnámskeið.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[14:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sem lætur svo sem ekki mikið yfir sér. Það er aðeins tvær greinar. Um seinni hluta 1. gr., þar sem fjallað er um námskeið fyrir þá sem stunda veiðar á villtum dýrum, að þeir skuli hafa lokið prófi sem sanni hæfni þeirra, er í raun allt gott að segja. En fyrri hluti 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Gjald fyrir veiðikort skal vera 1.900 kr. á ári."

Þá er búið að breyta grein sem áður hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Gjald fyrir veiðikort skal notað til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra, auk þess að kosta útgáfu kortanna. Umhverfisráðherra ákveður gjald fyrir veiðikort og skal það að hámarki nema 1.500 kr. á ári og taka breytingum í samræmi við framfærsluvísitölu, sbr. lög nr. 5/1984."

Þessi grein var samþykkt hér 19. maí 1994. Síðan þá má segja að þetta 1.500 kr. gjald sé komið upp í 1.600 miðað við það að það hafi tekið eðlilegum breytingum í takt við framfærsluvísitölu. Því er um hækkun að ræða frá því sem var um 300 kr. Það er reiknað með því að 100 kr. af því gjaldi séu í takt við framfærsluvísitölu og síðan muni 200 kr. fara til rannsókna á rjúpnastofninum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar þess efnis að 4 millj. verði lagðar til rannsókna á rjúpnastofninum á næstu tveimur árum.

Frá því að lögin um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum voru samþykkt og sett voru á þessi veiðikort og gjaldtaka fyrir þau, þá hafa komið inn í veiðikortasjóð á hverju ári verulegar fjárhæðir. Árið 1995 voru greidd kort 11.208, innkoma 17 millj. kr. Rekstur á sjóðnum þá, þ.e. veiðistjóraembættinu eða sem sagt það sem notað er í rekstur beint af þessu er um 7,1 millj. og í veiðikortasjóði er þá afgangurinn upp á 9,9 millj. kr. Árið 1996 eru greidd kort 12.496, innkoman 18,7 millj., reksturinn 6,9 millj. og í veiðikortasjóð fara 11,8 millj. kr. Á árinu 1997 eru greidd kort 11.202, innkoman 16,9 millj., reksturinn það árið er 6,3 millj. og 10,6 millj. fara í veiðikortasjóð. Árið 1998 eru greidd kort 10.556, innkoma 16,8 millj., reksturinn 4,7 millj. Í veiðikortasjóð það árið fara 12,1 millj. kr. Þarna er því um verulegar fjárhæðir að ræða sem áttu samkvæmt umræðunni sem var 1994 um þessa 11. gr. að fara nær eingöngu til rannsókna á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í umræðunni kom mjög skýrt fram að þáverandi framlög til rjúpnarannsókna sem voru 3–4 millj. á ári, yrðu ekki skorin niður. Þrátt fyrir að þarna væri um að ræða væntanlega viðbót þá yrðu ekki skorin niður þau framlög sem fyrir voru. En það var nú samt gert fljótlega, ég held bara strax á næsta ári ef litið er til þess að til rannsókna fara úr þessum sjóði á árinu 1995 9,4 millj., innkoman er 17 millj., árið 1996 fara 6,8 millj. til rannsókna og þá er innkoman 18,7. Árið 1997 fara til rannsókna 16,3 millj., en 16,9 millj. er innkoman og 1998 fara 13,8 millj. til rannsóknaverkefna ýmissa, eins og hægt er að fá uppgefið frá veiðistjóra, en á árinu 1998 er innkoman 16,8 millj. Í öllum tilvikum er innkoman töluvert miklu meiri en það sem fer til rannsókna. En vel að merkja, þá eru teknar þarna misháar fjárhæðir í rekstur milli ára og reyndar munar þar töluverðu, þannig að 1995 fara 7,1 millj. kr. í rekstur en 1998 4,7. Árið 1999 er ekki komin tala um útgefin kort eða greidd kort þannig að innkoman er ekki ljós.

Þáltill. sem hér var samþykkt um auknar áherslur á rannsóknir á rjúpnastofninum var samþykkt þannig að ég held að flestir þeir þingmenn sem voru í salnum hafi stutt tillöguna. En af hverju þarf að hækka gjald fyrir veiðikortin til þess að geta staðið við þessar 4 millj. þegar yfir 4 millj. kr. á undanförnum fjórum árum, þ.e. 1995–1998, hafa samkvæmt upplýsingum frá veiðistjóra farið til rjúpnarannsókna á hverju einasta ári? Engu að síður virðist það vera þannig að hækkunina á þessu gjaldi eigi að nota eingöngu til þess að kosta þessar rjúpnarannsóknir sem samþykktar voru með þessari þáltill. Ég verð að segja að þetta kemur mér mjög á óvart ekki síst vegna þess að í gegnum tíðina höfum við rætt svolítið um veiðikortin, um veiðisjóðinn og hlutverk þessa veiðikortasjóðs. Það var gert í fjárln. og í umhvn. og það hefur verið beðið um að fá reglur sem farið er eftir við úthlutun úr þessum sjóði. Hins vegar hefur verið mjög erfitt að nálgast þær. Ráðherra á að setja reglur um úthlutun úr þessum sjóði og það hefur ekki verið sett nein sérstök reglugerð eða sérstakar reglur hvað það varðar, a.m.k. hef ég ekki fengið upplýsingar um það. Þær eru eingöngu í reglugerð sem gefin var út 1995 af þáv. umhvrh., Guðmundi Bjarnasyni. Þar segir í 6. gr., með leyfi forseta:

„Árlegt gjald fyrir veiðikort skal vera fimmtánhundruð krónur. Gjald þetta skal taka breytingum í samræmi við framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands eins og hún er 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 5/1984.

Gjald fyrir veiðikort skal renna í sjóð sem notaður skal til að greiða fyrir umsýslu á veiðikortum, rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra. Umhverfisráðherra ákveður hvernig sjóðnum skuli varið."

Ég hef ekki fengið upplýsingar um það hvaða reglur gilda nákvæmlega um þau verkefni sem valin eru á hverju ári og eru talin styrkhæf af hæstv. ráðherra. En eins og ég segi þá hafa þessir styrkir verið allt upp í 16,3 millj. kr. Þeir fara hæst 1997 upp í 16,3 millj. en eru 1995 9,4, 1996 6,8 og 13,8 1998. Innkoman í sjóðinn er veruleg þannig að mér

sýnist að það hefði verið hægt að dekka, ef svo má orða það, þann kostnað sem að hlýst af samþykkt tillögunnar um áframhaldandi rannsóknir á rjúpunni og efla þær rannsóknir sem verið hafa, innan þess útgjaldaramma sem sjóðurinn hefur.

Virðulegi forseti. Mér kemur á óvart að það skuli þurfa að hækka gjaldið á veiðikortunum, ekki síst í ljósi þess að árið 1994 þegar frv. var samþykkt og ákveðið var að standa mjög vel að rjúpnarannsóknum, því þær voru þá mjög mikið ræddar, kom fram hjá páv. hæstv. umhvrh., Össuri Skarphéðinssyni, að þau framlög sem hefðu verið til rjúpnarannsókna yrðu ekki skert, það yrði um hreina viðbót að ræða hvað varðar þennan veiðisjóð. Þá var um að ræða 3–4 millj. kr. framlag til rjúpnarannsókna á ári hverju áður. Því kemur mér verulega á óvart, miðað við innkomu í þennan sjóð og nýtingu hans, þetta gjald sem hér er lagt á samkvæmt þessu frv., þ.e. þessi 200 kr. viðbót vegna rjúpnarannsókna. Þegar ég fer yfir þær rannsóknir sem hafa verið styrktar á undanförnum árum þá sýnist mér ágætt svigrúm til þess að mæta kostnaði af þessari þáltill. innan þess ramma sem sjóðurinn hefur í dag.

[14:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að það er mjög mikið hagsmunamál fyrir veiðimenn að rjúpnarannsóknir verði efldar. Veiðimenn hafa lagt mjög mikla áherslu á það við umhvrn. Þeir fögnuðu því mjög þegar Alþingi samþykkti þáltill. á síðasta þingi um að rannsaka vetraraföll rjúpu. Sú rannsókn kostaði um 11 millj. kr. og það á að deila henni, að mig minnir, á u.þ.b. þrjú ár. Hún hófst nú í haust með 1 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði. Á næsta ári er áætlað að um 4 millj. kr. fari í þessa rannsókn. Hækkunin á veiðikortunum núna er 200 kr. út af rannsókninni en 100 kr. út af vísitölunni, þ.e. 200 kr. út af rannsókninni á hvert veiðikort á að standa undir hluta af þessari rannsókn. Þessi hækkun dekkar hana ekki alla. Það koma einungis 2 millj. í heild inn í veiðikortasjóðinn í gegnum þessa 200 kr. hækkun. Því vantar áfram þessar 2 millj. sem eftir standa og mér er kunnugt um að fjárln. er að skoða þetta í sinni vinnu.

Það stendur ekki til að minnka fjárframlög til rjúpnarannsókna eins og mér fannst að mætti skilja af máli síðasta ræðumanns heldur stendur einmitt til að stórauka framlög til rjúpnarannsókna á næstu árum vegna þessarar mikilvægu rannsóknar okkar á vetraraföllunum. Hún er, eins og menn hafa heyrt hér áður og nýlega, gerð til þess að reyna að sanna hver vetraraföllin eru og hvað skotveiðimenn hafa mikil áhrif á rjúpnastofninn með veiðum sínum. Ég vil bara ítreka að þessi rannsókn er umfangsmikil og það stendur alls ekki til að lækka gjöld til rjúpnarannsókna heldur þvert á móti að hækka þau.

Hins vegar er það rétt sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að það væri æskilegt að setja sterkari reglur um úthlutun úr sjóðnum. Þessi mál hafa verið kynnt fyrir mér í ráðuneytinu og það er alveg ljóst að nánast allur sjóðurinn er bundinn í verkefnum sem hafa tekið nokkurn tíma. Þar eru t.d. rjúpnarannsóknir með 4,6 millj. kr. ef ég tek bara yfirstandandi ár. Í endur og gæsir fara aðrar 4, að þá eru komnar 8,6 millj. í þessar rannsóknir. Síðan er verið að rannsaka refi, minka og hreindýr o.fl. Þetta eru verkefni sem taka nokkur ár þannig að fé sjóðsins er mjög bundið.

Hins vegar hafa ekki verið settar skýrar reglur um úthlutun úr veiðikortasjóði. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur fengið meginhlutann í rannsóknir sínar. Mig minnir að einungis einu sinni hafi verið auglýst eftir umsóknum í veiðikortasjóðinn. Það var í tíð síðasta umhvrh. hæstv., Guðmundar Bjarnasonar. Mig minnir að aðeins einu sinni hafi verið auglýst eftir umsóknum og síðan verið úthlutað. Ýmsir hafa bent á að æskilegt væri að setja reglur til að úthluta eftir úr veiðikortasjóði. Það er til skoðunar núna í ráðuneytinu. Við höfum reyndar beðið um tillögur þar að lútandi og væntanlega getum við sett skýrari reglur um úthlutun á næstunni. Það er mjög mikilvægt að ekki skapist tortryggni gagnvart þessari úthlutun og engin ástæða til þess. Ég tel að afar vel sé farið með þetta fé sem nú er í veiðikortasjóði og hann sé mjög mikilvægur.

[14:46]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli taka undir það að nauðsynlegt sé að setja reglur sem kveðið var á um árið 1994 að yrðu settar og núna er árið 1999. Núv. hæstv. umhvrh. mun örugglega, miðað við málflutning hennar, hafa meiri áhuga á að setja skýrar reglur um úthlutun úr sjóðnum en fyrirrennari hæstv. ráðherra í embætti. Ég fagna því vegna þess að það er ekki eins og þetta hafi ekki verið tekið upp. Nánast á hverju ári hefur verið kallað eftir því í umhvn. eða í fjárln. að skýrar reglur giltu um úthlutun úr þessum sjóði. Innkoman er veruleg á ári hverju og mun aukast ef frv. til laga sem hér er til umræðu verður samþykkt.

Ég verð, virðulegi forseti, í þessu stutta andsvari að biðja ráðherra um nánari skýringar á hverjar þessar stórauknu fjárveitingar til rjúpnarannsókna eru. Er verið að tala um fjárveitingu til viðbótar við þær 4,6 millj. sem veittar hafa verið á ári hverju síðan sjóðurinn hóf starfsemi árið 1995 og 3–4 millj. árlega á árunum þar á undan? Er þá verið að tala um að á næsta ári verði varið til rjúpnarannsókna 8,6 millj. miðað við 4 millj. núna í samræmi við þessa tillögu? Ef svo er ekki þá er verið að draga úr frá því 1998 þegar rjúpnarannsóknir fengu 4,6 millj. Öðruvísi get ég ekki skilið þetta. Þegar lagðar eru til 4 millj. þá er það minna nema það sé lagt við það sem áður var.

[14:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum að hækka veiðikortið núna um 200 kr. til að fara út í þessa vetraraffallarannsókn. Hún kostar 11 millj. kr. á næstu árum og nú þegar er búið að borga 1 millj. sem greidd var í haust, eftir standa 10 millj. og meiningin er að afla þeirra á næstu árum, m.a. úr veiðikortasjóði. Á næsta ári, eins og ég hef skilið fjárlagagerðina og miðað við þá fjármuni sem til eru, er ekki unnt að taka allt það fé úr veiðikortasjóði heldur verður að taka 2 millj. með því að hækka kortið. Síðan þyrfti að koma viðbótarfé úr ríkissjóði. Í fjárlagagerðinni er unnið að tillögum sem lúta að hvort ekki sé hægt að koma enn frekar að málinu.

[14:50]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er það svo að frá árinu 1998 er verið að lækka framlög úr veiðisjóði til rjúpnarannsókna. Rannsóknir á vetraraföllum munu fá um 4 millj. kr. á ári miðað við áætlun. Áður hafa verið veittar frá 4,5 og upp í 5 millj. á árunum 1995–1998 til rjúpnarannsókna og reyndar meira. Árið 1995 voru veittar 4,5 millj. og síðan 250 þús. kr. til að rannsaka sníkjudýr í rjúpu. Ég skil þetta þá þannig að

hin stórkostlega viðbót til rjúpnarannsókna sé í raun niðurskurður frá því sem verið hefur á undanförnum árum, nema að sá hluti veiðikortasjóðsins til rjúpnarannsókna haldist og hitt sé hrein viðbót.

[14:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Viðurlegur forseti. Ég er að reyna að átta mig á því hvert hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er að fara. Varðandi þá fjármuni sem núna fara úr veiðikortasjóði til rannsókna á rjúpum þá er mér ekki kunnugt hvenær því sleppir, ef hv. þm. er að leita eftir því. Það er alla vega ljóst að við erum að fara út í nýja rannsókn á vetraraföllum sem kosta mun 11 millj. kr. á næstunni og þess vegna erum við að hækka veiðikortið um helminginn af upphæðinni sem á að fara í þetta á næsta ári. Við erum að vonast til að geta útvegað meira fé til þess í gegnum fjárlagavinnuna.

[14:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það líður varla sú vika að við ræðum ekki um sjóði, um eitthvert gjald í einhvern sjóð sem á að hækka, endalaust og stöðugt. Það eru alltaf einhverjir hér á hv. Alþingi sem hafa vit á þessum sjóðum, einn og einn þingmaður, flestir aðrir vita ekkert um þetta. Í grg. með frv. segir um veiðikortasjóð: „Fjármunir sjóðsins hafa þó ekki dugað til rannsókna á öllu sem nauðsynlegt er að rannsaka til þess að hægt sé að segja með vissu fyrir um ástand stofna villtra dýra og meta veiðiþol þeirra."

Hver ákveður hvað er nauðsynlegt? Hver segir að þörf sé á þessum rannsóknum? Hver segir að rannsóknarstofnanir ríkisins, Háskólinn og aðrir slíkir, eigi ekki að rannsaka þetta? Hver segir að það séu veiðimenn sem eigi að borga rannsóknirnar? Hvar er kostnaðareftirlitið? Hver gætir að því að rannsóknirnar séu eins ódýrar og hægt er? Enginn. Það hefur enginn áhuga á þessu. Það á bara að hækka gjaldið um 300 kr. Það er nú ekki neitt í þetta skiptið, það er hækkað um 300 hér og 300 þar. Svona gengur þetta stöðugt. Svo er búið til kerfi utan um þetta. Ég geri ráð fyrir að til sé sjóðstjórn yfir þessum sjóði, hún er væntanlega með stjórnarlaun o.s.frv. Svona er kerfið blásið út, hægt og rólega, hér og þar, daglega hér á hv. Alþingi. Ég vara við þessari þróun, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:54]

Útbýting þingskjals:

Fjarvinnslustörf í Ólafsfirði, 245. mál, fsp. SvanJ, þskj. 300.

Svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins, fyrri umr.

Þáltill. HGJ o.fl., 183. mál. — Þskj. 213.

[14:54]

Flm. (Helga Guðrún Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Skipulagsmál eru einn veigamesti þáttur opinberrar stjórnsýslu, sannkölluð slagæð hins viðkvæma þjóðarlíkama. Markmið þeirrar þáltill. sem hér er flutt er tvíþætt, annars vegar að beina athygli stjórnvalda að því mikla og nána sambandi sem er á milli skipulagsmála og byggða og atvinnuþróunar. Hins vegar er það von okkar flm. að með því að koma á fót samræmdu svæðisskipulagi fyrir Suðvesturland sem og aðra einstaka landshluta, megi nýta mun betur það verulega fjármagn sem árlega er varið til skipulagsmála á báðum stjórnsýslustigum, þ.e. á vegum sveitarfélaga og ríkisvalds.

Skipulagsmálum er í einföldum dráttum þannig háttað að hvert einstakt sveitarfélag annast þau. Á undanförnum árum hefur færst í vöxt að sveitarfélög sem mynda eðlilega skipulagsheild taki höndum saman um gerð svæðisskipulags. Með bættum samgöngum og stækkandi atvinnusvæðum hafa slíkar heildir vaxið. Nærtækustu dæmi þessa er samvinna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi.

Margt ýtir undir aukna samvinnu sveitarfélaga í skipulagsmálum. Ég vek athygli á því að nánari athugun á þeirri þróun leiðir berlega í ljós þörfina á að stjórnvöld greiði sem best þau mega fyrir samvinnu sveitarfélaganna. Af mörgu er að taka. Ég nefni sem dæmi að lögboðnum verkefnum sveitarfélaga fer fjölgandi og sér hvergi fyrir endann á því. Við bætist að ör efnahagsþróun síðustu áratuga kallar á sífellt markvissari og hraðari uppbyggingu helstu grunnþátta samfélagsgerðarinnar. Sveitarfélög munu því í auknum mæli leita eftir hlutdeild í hinum stærri skipulagsheildum, fyrst og fremst með það fyrir augum að atvinnu- og byggðamál innan vébanda þeirra breytist ekki til hins verra. Á einföldu máli þýðir þetta að þjóðfélagsþróunin er smám saman að sprengja utan af sér þann ramma sem löggjafinn hefur látið einstökum sveitarfélögum í té utan um skipulagsvinnu sína.

Virðulegi forseti. Þáltill. gerir ráð fyrir að stækka þann landfræðilega ramma sem sveitarfélögin hafa í dag utan um skipulagsgerð. Með stærra skipulagi má skjóta styrkari stoðum undir svæðisbundna hagþróun sem og efnahagsþróunina í heild sinni. Slíkt víkkað svæðisskipulag opnar mönnum nýjar leiðir í atvinnu- og þróunarmálum, óháð því til hvaða hluta landsins er litið. Þetta má e.t.v. kalla landshlutaskipulag en í eldri lögum er stuðst við það heiti. Landshlutaskipulag eða samræmt svæðisskipulag, eins og það er nefnt í þáltill., felur þrennt í sér:

Í fyrsta lagi felur slíkt skipulag í sér nægilegt svigrúm fyrir langtímahugsun í skipulagsmálum. Framtíðarsýn er frumforsenda þess að afrakstur skipulagsvinnunnar sé í samræmi við þær væntingar og þarfir sem til staðar eru hverju sinni. Í þessu samhengi langar mig að nefna sem dæmi umræður um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Þar hafa tvær lausnir eða leiðir borið hæst, annars vegar svonefnd „suðurleið" og hins vegar „norðurleið". Hér eru, virðulegi forseti, mikilvægar ákvarðanir í deiglunni um það í hvora áttina höfuðborgin skuli stækka. Niðurstaða þeirra umræðna mun hafa veruleg langtímaáhrif á aðkomuleiðir dreifbýlisins að höfuðborgarsvæðinu sem og margar aðrar stórar skipulagsákvarðanir í framtíðinni. Við hljótum að spyrja hvernig skynsamlegasta leiðin verði fundin með tilliti til þeirrar gífurlegu fjárfestinga sem í húfi eru svo að ekki sé minnst á þá eignatilfærslu og byggðaröskun sem röng ákvörðun mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.

Í öðru lagi getur landshlutaskipulag gert mönnum kleift að samræma eða samtvinna samgönguáætlanir með það fyrir augum að samgöngur í viðkomandi landshluta, í lofti, á láði eða legi, myndi samverkandi heild. Það mun stuðla að betri nýtingu þeirra fjármuna sem við verjum til samgöngumála á ári hverju. Þeir fjármunir eru, eins og hv. þm. vita, ekki litlir. Jafnframt munu samræmdar samgönguáætlanir hafa í för með sér almennt hagræði fyrir einstaklinga jafnt

sem fyrirtæki og stofnanir. Margfeldisáhrifin yrðu þó einna sýnilegust í atvinnulífinu. Það er, virðulegi forseti, ótrúlegt að samgönguáætlanir hafi ekki verið samræmdar fyrir löngu. E.t.v. má rekja það beint eða óbeint til þess að of smá sveitarfélög hafa frá fornu farið myndað grunn allrar skipulagsvinnu í landinu. Færa má sterk rök fyrir því að sú þrískipting sem ríkt hefur í gerð samgönguáætlana hafi ýtt undir óhagræði sem atvinnuvegir jafnt sem launþegar hafa mátt standa straum af. Í sumum tilvikum er ekki óvarlegt að álykta að það hafi orðið atvinnu- og byggðaþróun tiltekinna svæða um megn að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem slíkt óhagræði hefur í för með sér.

Þrískipting samgöngumála í hafnarmál, flugmál og vegamál, á sér ekki eðlilega uppsprettu að mínu mati. Hér er við nokkurs konar stofnanatæknilega verkaskiptingu að etja, ef svo má að orði komast, virðulegi forseti, sem ýtir undir innbyrðis togstreitu hlutaðeigandi um það takmarkaða fjármagn sem til skiptanna er. Samgöngur verður að skoða sem heild miðað við það umhverfi sem þær eiga að þjóna og það fjármagn sem handbært er. Hér er mikið í húfi samanber þau verulegu áhrif sem umbætur í samgöngumálum hafa haft á byggðamálin eins og Reykjanesbrautin eða Hvalfjarðargöngin eru skýrt dæmi um. Sterka skipulagsvinnu með skýra framtíðarsýn þarf til að staðið sé rétt að ákvörðunum um svo fjárfrekar framkvæmdir og mannvirkin byggð á réttum tíma. Þá geta nýir áfangar í vegagerð sparað fjárfestingar í höfnum og flugvöllum svo að enn eitt dæmi sé tekið. Hvert sveitarfélag verður að fylgjast vel með á þessu sviði því engin sveit, ekkert hérað, ekkert hagkerfi er öflugra en samgöngukerfið segir til um.

Virðulegi forseti. Þegar öll kurl eru komin til grafar sést að markviss skipulagsvinna á grunni einstakra landshluta er líklegasta leiðin til að skila varanlegum árangri á sviði byggðaþróunar.

Í þriðja lagi langar mig, virðulegi forseti, að vekja athygli hv. þm. á meginmarkmiði landshlutaskipulags eða samræmds svæðisskipulags en það er að auka hámarksnýtingu fjármuna hvað framkvæmdir og sjálfa skipulagsvinnuna snertir sem og að gera tiltekin svæði sjálfbær í atvinnulegu og þróunarlegu tilliti, landsvæði sem eru oftast með um 50–70 km radíus. Landfræðileg stærð hvers skipulagssvæðis verður vitaskuld háð ákvörðunum um fjölda þeirra og þykir mér ekki ólíkleg niðurstaða að landshlutaskipulagssvæðin á Íslandi verði um það bil 5 talsins. Miðað við þann fjölda verður ekki um að ræða svæði sem þykja sérlega umfangsmikil á mælistiku skipulagsfræðinnar. Svæðisskipulag fyrir einstaka landshluta getur á hinn bóginn skipt afkomu viðkomandi svæðis höfuðmáli hvað varðar nýtingu fjárfestinga og mannauðs á svæðinu.

Ef litið er til suðvesturhluta landsins munu fjárfestingar og mannauður alls svæðisins mynda eina heild. Það má draga úr umframfjárfestingum í mannvirkjum, atvinnutækjum og íbúðarhúsnæði auk þess sem mennta- og þekkingarstig svæðisins nýtist betur.

Sem dæmi um mikilvægi landshlutaskipulags má nefna að ákvörðunum í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins um suðurþróun þess þýddi að styttra yrði fyrir marga suður á Keflavíkurflugvöll og eins yrði styttra fyrir Suðurnesjamenn að sækja ýmsa þjónustu til höfuðborgarsvæðisins. Norðurþróun höfuðborgarsvæðisins þýddi hins vegar t.d. að auðveldara yrði að nýta hafnirnar á Akranesi eða Hvalfirði til þjónustu við höfuðborgarsvæðið. Að stækka skipulagssvæði höfuðborgarsvæðisins upp á Hvalfjarðarströnd til Reykjaness sem og til Selfoss mun greiða mjög fyrir ákvarðanatöku um hvort þróa eigi byggð á höfuðborgarsvæðinu til suðurs eða norðurs. Greiðari svör fást við spurningum þar að lútandi þegar sjónarmið sveitarfélaganna fyrir sunnan, fyrir norðan og fyrir austan koma að þessari þýðingarmiklu vinnu.

Fleira hangir þó á spýtunni en aukið hagræði á sviði fjárfestingar og skipulagsgerðar. Mikilvægt er að skoðanir og áherslur forustumanna sveitarfélaganna varðandi lausnir á sameiginlegum verkefnum í samgöngumálum, umhverfismálum og byggðaþróunarmálum fái meira vægi gagnvart stofnunum ríkisvaldsins en nú er mögulegt. Ef ekki verða tekin álíka skref og hér er lýst til að breikka grunn skipulagsvinnunnar er hætt við að sveitarfélög grípi þegar til lausna eða aðgerða sem ná einvörðungu til þeirra eigin skipulagssvæðis. Það er óheppileg niðurstaða með hliðsjón af því að það er í senn ódýrara og skilvirkara að leysa málin á sameiginlegum vettvangi. Það sem hér er lagt til stefnir að því marki að auðvelda framgang slíkra sameiginlegra lausna og greiða fyrir samstarfi milli sveitarfélaga og viðkomandi fagráðuneyta um slíkar lausnir.

Mig langar að lokum til að árétta, virðulegi forseti, að þáltill. er vísað til ríkisstjórnar. Ástæða þess er sú að þrjú ef ekki fjögur ráðuneyti koma að þessu gagnmerka máli. Jafnframt er talsvert starf fram undan við að finna gerð landshlutaskipulags viðeigandi farveg innan stjórnsýslunnar. Ástæða er til að taka skýrt fram að við undirbúning þáltill. var leitað álits fjölda sveitarstjórnarmanna sem og embættismanna sveitarstjórna á suðvesturhluta landsins. Er skemmst frá því að segja að nær allir eða 99% þeirra sem leitað var álits hjá töldu að um brýnt framfaramál væri að ræða enda er með tillögunni stefnt að breiðara samráði um skipulagsmál en unnt er að ná innan ramma núverandi samstarfsnefnda sveitarfélaga á sviði skipulags.

[15:05]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem er til umfjöllunar er að mínu mati athygli verð og ég þakka hv. þm. fyrir að flytja hana. Maður hlýtur þó að staldra við formið, þ.e. hver á að hafa frumkvæði, hver á að borga og hver á að gera hvað í slíku samhengi. Hér er verið að tala um suðvesturhornið, en ég bendi á að auðvitað er verið að vinna svæðisskipulag út um allt land fyrir kjördæmi og efnahagsheildir þar sem sveitarfélögin hafa frumkvæði.

Ég held að það sé ákaflega mikilvægt í þessu samhengi að gæta þess að frumkvæði svæðisheildanna sé styrkt og menn vinni saman. Það er viss hætta í því ef hið opinbera gengur beint inn að menn líti á það sem hlutverk ríkisins og telji sig þá stikkfrí gagnvart þeirri vinnu sem er nauðsynleg.

Ég held að allir hv. þm. séu sammála um að bráð nauðsyn sé á skipulagi landsins út frá skipulögum sveitarfélaga, svæðisskipulögum og síðan kannski landsskipulag, sem hér er verið að tala um og gæti verið framhaldið.

Í framsögu hjá hv. þm. var bent á flugmálin, hafnirnar og samgöngur á landi og sjó. Allt þetta eru hlutir sem við þurfum virkilega að velta fyrir okkur, nú síðast átökin og umræðurnar um Reykjavíkurflugvöll, hvernig landsbyggð er þjónað á höfuðborgarsvæði. Við höfum verið með stórmál í umræðu á þinginu að því er ég tel. Við sitjum uppi með uppbyggingu samgöngukerfis á sviði sérleyfa sem hefur fyrir löngu sýnt sig að vera úrelt. Það eru ferðir kvölds og morgna sem þjóna ekki nútímafólki. Fyrsta stig varðandi nýja hugsun í því

efni var þáltill. sem flutt var um almenningssamgöngukerfi í Eyjafirði. Ég flutti þetta mál og gat þess í framsöguræðu minni að ég teldi að nauðsynlegt væri að slík hugsun gilti fyrir landið í heild. Ég get því tekið undir að það er nauðsynlegt að fara í þessi skipulagsmál og ég tel að út frá umræðunni, t.d. um byggðamál, Byggðastofnun og mörg fleiri mál sem hafa verið til umfjöllunar í þinginu, um vanda landsbyggðar o.s.frv., geti þessi hugsun um heildarskipulagsvinnu nýst á öllum sviðum. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er bráðnauðsynlegt að öll ráðuneyti komi að. Í raun og veru varðar þetta alla og getur lagt grunninn að heildarhugsun og skipulagsvinnu og markvissum ákvarðanatökum sem geta komið landinu öllu til góða.

Það eru þessi meginatriði sem ég vildi koma að og ég tel að þessi vinna sé tímabær. En ég vil koma því sterkt fram að ég tel að formið á því hvernig komið er að þessu, hvernig opinberir aðilar, hvernig ríkið ýtir undir þessa vinnu, er vandmeðfarið mál. Ég tel að e.t.v. ætti ríkið og hið opinbera fyrst og fremst að koma að sem samræmingar- og samhæfingaraðili til að missa ekki það út úr höndunum að svæðisbundin yfirvöld hafi frumkvæði í málunum. Það held ég að sé meginatriði.

Ég ætla ekki að hafa langa ræðu heldur aðeins tjá mig um þessa meginlínu í málinu. Ég tel að þetta sé allrar athygli vert en bendi á að ég held að nauðsynlegt sé að þetta sé ekki bara bundið við höfuðborgarsvæðið. Þetta þurfi að gilda og samhæfa fyrir landið allt enda er efni til þess eins og ég gat um áðan vegna þess að á langflestum stöðum og víða er svæðisskipulag komið mjög langt eins og Eyjafjarðarsvæðið þar sem nú er verið að vinna, ég held að ég fari rétt með, í annað skipti að upptöku á svæðisskipulagi fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið, það er stór hluti með yfir 21 þúsund manns á svæðinu frá Ólafsfirði að Grenivík við Eyjafjörð. Efnislega held ég að við eigum að skoða þetta mál mjög gaumgæfilega og hafa það í huga að hér getum við komið okkur upp tæki sem nýtist okkur til heilla í ákvarðanatöku um framtíð margra málaflokka og kannski flestra málaflokka sem gilda um farsæla uppbyggingu þessa lands.

[15:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér liggur á borðum athyglisverð till. til þál. um samræmt svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins og eins og fram kom í máli hv. 1. flm., Helgu Guðrúnar Jónasdóttur, eru markmið tillögunnar afskaplega skýr og þau eru göfug og virkilega verðugt umhugsunarefni fyrir okkur sem berum hag skipulagsmála á landinu fyrir brjósti. Þau fara algerlega saman með markmiðum skipulags- og byggingarlaga sem voru samþykkt 28. maí 1997 en þar er einmitt getið um áætlun um landnotkun á landsvísu. Það er af því tilefni, virðulegi forseti, sem ég held að sé rétt að staldra aðeins við í umræðunni um tillöguna að eins og ég skil skipulags- og byggingarlögin er áætlun um landnotkun á landsvísu í gangi og í undirbúningi. Eftir því sem ég man þegar frv. til þessara laga var til umfjöllunar var mikið talað um það sem kallað var landsskipulag og kom inn á nákvæmlega sömu hluti og hv. flm. þessarar tillögu koma inn á hér og bera fyrir brjósti og þær umræður sem um þetta spunnust enduðu í 11. gr. laganna sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun skal afla gagna, hafa aðgang að og varðveita áætlanir annarra opinberra aðila um landnotkun er varða landið allt, svo sem um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki og náttúruvernd.

Komi í ljós ósamræmi eða aðrir hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana getur umhverfisráðherra að höfðu samráði við forsætisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögur um samræmingu viðkomandi áætlana. Að fenginni niðurstöðu nefndarinnar getur umhverfisráðherra lagt fyrir sveitarstjórnir að þær niðurstöður verði felldar að skipulagsáætlunum, sbr. 12. og 16. gr.“

Mér sýnist því vera alveg skýrt í lögunum að það er gert ráð fyrir að þessi áætlun sé búin til og hún inniber samræmt svæðisskipulag ákveðinna svæða. Mér sýnist því vera rasað örlítið um ráð fram og sú þáltill. sem hér liggur fyrir grípi fram í fyrir því ferli sem er í gangi því eins og við vitum er í gangi vinna við svæðisskipulag á Suðvesturlandi. Nú þegar er búið að samþykkja svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar og raunar norðan líka. Það er í gangi vinna við skipulag Ölfuss, Þingvallahrepps og Grafningssvæðisins. Höfuðborgarsvæðið er í vinnslu eins og við segjum þannig að þetta er allt að gerast í þeirri röð sem ég tel eðlilegt að þetta gerist. Við vitum af rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um virkjunarkosti og slíkt, hún kæmi inn í þessa áætlun um landnotkun á landsvísu. Við vitum um vegáætlun. Hún er líka hluti af þessari áætlun um landnotkun á landsvísu. Fagráðuneytin eru nú þegar að safna upplýsingum sem koma inn í þennan pott allan. En að ætla að fara að samþykkja hér og nú þáltill. til ríkisstjórnarinnar um að Suðvesturland skuli hafa einhvern forgang umfram önnur landsvæði þar sem líka er þörf á samræmdu svæðisskipulagi held ég að séu ekki nægilega viturleg vinnubrögð, virðulegi forseti, en engu að síður ítreka ég að ég er sannarlega sátt við anda þeirra hugmynda sem hér er talað fyrir.

[15:14]

Flm. (Helga Guðrún Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst af öllu til að þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þessi þáltill. hefur hlotið. Það eru kannski örfá atriði sem mig langar að tæpa á og það er þá fyrst og fremst sá misskilningur sem gætir um forgang suðvesturhluta landsins. Eins og ég kom inn á í ræðu minni liggja fyrir á höfuðborgarsvæðinu mjög stórar ákvarðanir, innan svæðisskipulagsins þar, sem varða aðgengi alls dreifbýlisins að höfuðborgarsvæðinu. Í raun og veru er verið að leggja þessa áherslu á suðvesturhluta landsins vegna þess að þar liggja fyrir ákveðnar ákvarðanir sem við flm. teljum að stærra svæði þurfi að koma að, þ.e. ákvarðanatökunni.

Jafnframt er eins og kemur fram í greinargerð þáltill. gert ráð fyrir að sams konar landshlutaskipulag verði gert fyrir aðra landshluta. Mig langar bara til að árétta það, virðulegi forseti, að frá mínum bæjardyrum séð er þetta eitt stærsta byggðamál allra tíma, þ.e. hvernig við höndlum skipulagsmálin einmitt hér og nú vegna þess að það eru í pípunum mjög stórar ákvarðanir sem varða sérstaklega landsbyggðina. Ég er því ekki sammála þeirri skoðun að hér sé á einhvern hátt verið að rasa um ráð fram eða að hér sé verið að veita Suðvesturlandi einhverja forgöngu eða sérréttindi, þvert á móti.

Ég tek jafnframt undir það sem kom fram að mjög mikilvægt er að sveitarfélögin haldi óskertu frumkvæði enda er tekið fram í greinargerð með þáltill. að þessi vinna fari fram í fullu samstarfi við sveitarfélögin og í fullri sátt við þau. Að öðrum kosti gengur þetta ekki upp. En lykilatriðið hér er kannski það, eins og hefur líka komið fram, að það eru mjög mörg sveitarfélög að vinna saman svæðisskipulög sín hér og

þar og gífurlegir fjármunir fara í svæðisskipulagsvinnuna á höfuðborgarsvæðinu, á Reykjanesinu o.s.frv.

Það er spurning hvort við séum að nýta fjármagnið í skipulagsvinnunni nógu vel og hvort ekki sé lag núna að skoða málið heildstætt og athuga hvort og hvernig við finnum farveg fyrir allt það góða framtak sem er að eiga sér stað með stærri heild í huga. Við verðum að stækka rammann til að fá það svigrúm sem við þurfum til að nýta fjármagnið betur og taka líka ákvarðanir sem nýtast heildinni betur.

[15:17]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta það í framhaldi af orðum síðasta ræðumanns, hv. þm. Helgu Guðrúnar Jónasdóttur, að auðvitað er skynsamlegt að nýta þetta fjármagn eins vel og hugsast getur og kostur er. En það að fara að búa til samræmt svæðisskipulag yfir suðvesturhornið núna er ekki tímabært af því að ekki er búið að vinna þær smærri einingar sem undir samræmt svæðisskipulag mundu falla. Ég lít því svo á að Skipulagsstofnun sé með áætlun á borðinu sem gerir henni heimilt og kleift að gera samræmt svæðisskipulag út um allt landið í þeim einingum sem talið verður á endanum hagkvæmast að gera. En það fríar okkur ekki þeirri ábyrgð að vinna hinar smærri einingar fyrst.

Ég er ekki á því að verið sé að nýta fjármagnið illa í þessum málum. Mér sýnist vera mjög mikil vinna í gangi. Það er afskaplega spennandi að fylgjast með henni. Hún er opin og mjög aðgengileg fyrir almenning og þess vegna held ég að aukinn áhugi almennings á skipulagsmálum sé að verða til og hluti af þeim áhuga er kannski þessi þáltill. sem hér liggur fyrir. Ég held að hún sé ákveðið frumhlaup, hún sé ekki alveg tímabær og við ættum aðeins að doka við, skoða hvað kemur út úr þessum smærri svæðum þar sem verið er að vinna að svæðisskipulagi núna og svo kemur hitt. Hvort Suðvesturlandið verður fyrst, annað eða þriðja í röðinni skiptir ekki meginmáli.

[15:19]

Flm. (Helga Guðrún Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér greinir konur bersýnilega á. Ég er þeirrar skoðunar að ef ekki verður farið af stað með slíkt svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins geti það dregið dilk á eftir sér varðandi það sem ég kalla aðgengi dreifbýlisins. Ég held að við verðum að gera þetta nákvæmlega núna og þess vegna er það sem ég beini sjónum mínum fyrst og fremst að Suðvesturlandinu.

Ég vil taka undir það að í sjálfu sér hefði ekki skipt máli hvar við hefðum byrjað. Það er ekki punkturinn.

Ég vil líka taka fram að ég hef rætt við mikinn fjölda sveitarstjórnarmanna á undanförnum vikum og mönnum ber nánast öllum saman um að hér sé um mikið framfaramál að ræða sem sé afskaplega tímabært. Á grundvelli þeirra samtala hef ég dregið þá ályktun að ekki sé verið að rasa um ráð fram.

[15:20]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að fá að spyrja hv. 1. flm. þáltill. hvort hún telji ekki þurfa að klára þær svæðiseiningar sem eru í gangi áður en hægt er að búa til samræmt svæðisskipulag yfir þær einingar. Sumar þeirra hafa ekki fengið neitt svæðisskipulag, á sumum er alls ekki byrjað en aðrar eru komnar ansi langt. Þurfum við ekki að taka þetta í röð, hv. þm., að gera fyrst þær einingar klárar sem eru í vinnslu áður en farið er að búa til samræmt svæðisskipulag fyrir stærra landsvæði?

[15:21]

Flm. (Helga Guðrún Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óttast að við séum ekki að tala um alveg sama hlutinn, ég og hv. fyrri ræðumaður. Með samræmdu svæðisskipulagi er í raun og veru verið að vísa til þeirrar nauðsynjar að samræma samgöngumál á viðkomandi svæði eða landshluta. Sem dæmi um hve samgönguhlutinn vegur í raun og veru þungt þarna, þá hafa flm. lagt til að þáltill. færi í samgn., þannig að samræmt er að vísa í samgöngumálin.

Spurt var hvort ekki væri nauðsynlegt að skoða litlu svæðin fyrst. Nei, ég held að langmikilvægast sé að menn komi sér saman um hvernig þeir ætli að láta heildina líta út og fari ekki að finna sömu hjólin upp mörgum sinnum hver í sínu lagi og lenda síðan í einhverjum gríðarlegum árekstri og togstreitu um hvernig grunnskipulagið eigi að vera. Það er miklu eðlilegra að menn setjist fyrst niður, ræði grunnskipulagið og fari síðan í smærri skipulagsvinnu hver heima hjá sér. Það er grunnhugsunin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála, fyrri umr.

Þáltill. HGJ o.fl., 184. mál. — Þskj. 214.

[15:22]

Flm. (Helga Guðrún Jónasdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessa þáltill. sem fjallar um nefnd sem mundi taka á málefnum ungs fólks á sviði jafnréttismála. Ef hv. þingmenn skoða tillöguna þá skýrir hún sig nánast sjálf.

Mig langar þó engu að síður til að nefna tvennt. Í fyrsta lagi stöndum við frammi fyrir því að ekki verður gengið lengra á sviði lagasetningar varðandi það að bæta eða jafna stöðu kynjanna. Í annan stað held ég að reynsla okkar af karlanefnd Jafnréttisráðs hafi sýnt að þar er öflugt tæki til að taka á þeim viðhorfum og kannski til að hreyfa við viðhorfum, en það er kannski einmitt það sem við þurfum að gera. Eins og ég sagði áðan verður ekki lengra gengið á sviði lagasetningar. Við erum fyrst og fremst að fást við viðhorfsbundin mál og að mínu viti er langfarsælast að setja upp ákveðinn vettvang þar sem menn geta komið af stað ákveðinni umræðu og þar með ýtt við þeim viðhorfum sem ég held að við séum langflest sammála um að séu þröskuldurinn í afstöðu kynjanna.

[15:24]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft afskaplega mikilvægu máli. Það er rétt hjá hv. 1. flm. að við erum búin að fínkemba öll lög og allar reglur í leit að mismunun kynjanna og ég hygg að nánast sé hvergi lengur að finna neitt sem mismunar kynjunum með lögum eða reglum.

Engu að síður sýna kannanir að t.d. launamunur kynjanna er enn verulegur og því miður, herra forseti, þrátt fyrir starf Kvennalistans og aukna umræðu um þessi mál, þá virðist sem launamunur kynjanna fari frekar vaxandi en hitt. Ég held að menn þurfi virkilega að fara að spyrja sig hvernig

standi á því. Ég hef margoft sagt að það er hreint hagsmunamál þjóðarinnar að jafnrétti kynjanna komist á og ég hef gengið lengra. Ég hef talað um að jafnrétti fólks komist á vegna þess að ef ekki er jafnrétti fólks, þá er þjóðin ekki að nýta hæfileika hvers einstaklings eins og skyldi. Ef ráðinn er í stöðu lakari einstaklingur í stað hæfileikaríkari, þá er ekki verið að nýta hæfileika þjóðarinnar til fullnustu og það kemur niður á lífskjörum hennar. Þannig að jafnréttismál eru um leið spurning um lífskjör.

Sú þróun að launamunurinn virðist frekar fara vaxandi segir mér að eitthvað sé að. Það getur verið að eitthvað sé að baráttunni sjálfri. Kannski einblínum við of mikið á afleiðingar misréttis fólks sem birtist í misrétti kynjanna en gleymum að athuga af hverju misrétti fólks stafar. Ég hef áður nefnt að misrétti fólks stafar sennilega að töluverðu leyti, fyrir utan náttúrlega fordóma og annað slíkt, af því að ekki er gerð arðsemiskrafa í atvinnulífinu. Hvorki hjá einkafyrirtækjum og alls ekki hjá opinberum fyrirtækjum. Vöxtur hins opinbera þar sem ekki er gerð krafa um arðsemi alveg sérstaklega veldur því að sífellt færri launþegar falla undir arðsemiskröfuna, þ.e. þá kröfu að fyrirtækjum sé nauðsyn að ráða hæfasta einstaklinginn og þar af leiðandi geti vöxtur hins opinbera valdið því að misrétti vex og launamisrétti kynjanna vex. Ég bendi á það aftur að launamisrétti kynjanna er ekkert annað en afleiðing af launamisrétti fólks, þ.e. að hæfari karlmaður fær ekki stöðu en óhæfari karlmaður fær hana, sem er sama hliðin á þessum vanda.

Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við ræðum sérstaklega um afstöðu ungs fólks til jafnréttismála því mér sýnist, því miður, herra forseti, að afstaða ungs fólks og alveg sérstaklega ungra pilta til jafnréttismála sé heldur að hraka í þeim skilningi að þeir vilji ekki viðhafa jafnrétti á heimilum sínum. Ég hef stundum mæður þeirra grunaðar um að hafa ekki kennt þeim nægilega vel um jöfn vinnubrögð inni á heimilinu, jöfn vinnubrögð beggja kynja.

Það er á hreinu að það þýðir ekkert að breyta þjóðfélaginu með lögum þegar misréttið er á heimilunum sjálfum. Því verður að breyta með afstöðu til hlutverka kynjanna og hér er einmitt hreyft því að setja á fót nefnd sem fjalli um málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála. Sem sagt að ræða um afstöðu ungs fólks til jafnréttismála.

Þess vegna tel ég, herra forseti, að þessi till. til þál. leyni á sér. Hún er dýpri en þátttaka í umræðunni og þátttaka í þingsal segir mér. Hún nær miklu dýpra og ég legg til að hún fái gott brautargengi þegar hún verður rædd í nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 15:29.

---

35. FUNDUR

föstudaginn 3. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 214. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Jarðalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 272. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð einkamála, stjfrv., 64. mál, þskj. 64, nál. 279. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Vöruhappdrætti SÍBS, stjfrv., 65. mál, þskj. 65, nál. 280, brtt. 281. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 66. mál, þskj. 66, nál. 254. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Sæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins, þáltill., 183. mál, þskj. 213. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála, þáltill., 184. mál, þskj. 214. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Bifreiðagjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 259. — 1. umr.
10. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 223. mál, þskj. 265. — 1. umr.
11. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — 1. umr.
12. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 235. mál, þskj. 287. — 1. umr.
13. Grunnskólar, stjfrv., 81. mál, þskj. 81, nál. 282. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Um kl. 1.30 miðdegis fer fram utandagskrárumræða um fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Málshefjandi er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Hæstv. félmrh., Páll Pétursson, verður til andsvara.

Þá vill forseti tilkynna að kl. tvö, að lokinni utandagskrárumræðu, verða atkvæðagreiðslur um fyrstu átta málin.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (gjaldskylda, innheimta). — Þskj. 259. [10:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um bifreiðagjald. Í frv. eru tvær meginefnisbreytingar. Annars vegar er um það að ræða að lagt er til að flytja forsjá þessa gjalds frá núverandi innheimtumanni ríkissjóðs, þ.e. tollstjóranum í Reykjavík til ríkisskattstjóra, enda þykir óeðlilegt að innheimtumaðurinn annist bæði álagningu og innheimtu eins og verið hefur í þessu tilfelli.

Í öðru lagi er um það að ræða að flytja úr reglugerð nokkrar heimildir sem veittar hafa verið ráðherra og taka þær beint upp í lögin sjálf, eins og eðlilegt er og eins og núgildandi ákvæði stjórnarskrár gera ráð fyrir.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi vekja athygli á, herra forseti, að því er varðar þetta mál en að öðru leyti er ekki um stórar efnisbreytingar að ræða og ekki heldur um að ræða breytingar á gjaldtöku þeirri sem felst í þessu gjaldi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 265. [10:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir lýtur að lögunum um fjáröflun til vegagerðar en þó eingöngu þeim ákvæðum sem lúta að innheimtu þungaskatts. Aðdragandi þess að frv. er flutt hér er orðinn býsna langur eins og flestir þingmenn þekkja, enda hafa lagaákvæði um þungaskatt verið til meðferðar í Alþingi á hverju þingi undanfarin tvö, þrjú ár og hefur gengið misjafnlega að finna niðurstöðu að því er varðar þessa skattlagningu sem allir aðilar geta bærilega við unað.

Aðdragandi þess að hafin var endurskoðun á kerfinu sjálfu í sambandi við þungaskatt var sá að Samkeppnisstofnun barst kæra fyrir nokkrum missirum eða tveim, þrem árum frá hagsmunaaðila á þessu sviði sem taldi að þágildandi afsláttarkerfi í þungaskatti ylli óeðlilegri mismunun milli samkeppnisaðila í þessari grein, þ.e í þungaflutningum á vegum úti eða annars konar sambærilegri starfsemi. Á þessar röksemdir féllst Samkeppnisstofnun og í kjölfarið lagði forveri minn fram frv. á þinginu 1997–1998 þar sem gerð var tillaga um að hverfa frá afsláttarkerfinu í þáverandi mynd.

Eftir mikla umfjöllun í Alþingi og í efh.- og viðskn. var búið til nýtt kerfi og tillögum fjmrh. á þeim tíma nokkuð breytt, m.a. tekið upp fast 100.000 kr. gjald á bíla yfir 14 tonn en að auki var kílómetragjaldið lækkað sérstaklega og með öðrum hætti reynt að ná sömu markmiðum og áður var í afsláttarkerfinu, þ.e. að íþyngja ekki um of þeim sem aka á lengstu leiðunum. Síðan var þessu kerfi breytt á nýjan leik á síðasta þingi og upp var tekinn sá möguleiki að bifreiðaeigendur ættu val um það hvort þeir greiddu gjald fyrir hvern ekinn kílómetra eftir mæli eða veldu sér að miða við 95.000 km fast gjald. Þannig var staðan þegar síðast var gengið frá lagabreytingum á Alþingi um þetta mál.

Nú hefur mál þetta á ný hlotið umfjöllun á vegum samkeppnisyfirvalda og niðurstaðan er sú að það kerfi sem búið var til í fyrra standist ekki heldur þær kröfur sem samkeppnisyfirvöld gera á þessu sviði. Með öðrum orðum er niðurstaðan sú að valmöguleikinn sem lýtur að því að velja 95.000 km fast gjald standist ekki vegna þess að í honum felist í raun að allur akstur umfram 95.000 km sé með 100% afslætti á gjaldinu og það er vissulega alveg hárrétt. Þannig er kerfið í dag.

Þessi skipan mála hefur síðan leitt til þess að ýmsir aðilar í þungaflutningum hafa endurskipulagt starfsemi sína, reyna að koma sem flestum ökutækjum yfir þetta 95.000 km mark til að geta notið hámarkshagræðis af þessu kerfi og notið þess afsláttar til fulls sem kerfið í núverandi mynd gefur færi á. Þeir sem þekkja til í flutningum víða um land hafa auðvitað séð þessa breytingu þegar tækin eru fullnýtt meira og minna allan sólarhringinn í vaktavinnu sem ýmsir stórir aðilar geta vissulega gert, en á móti hefur þetta hugsanlega haft óheppilegar afleiðingar að því er varðar samkeppnislega stöðu hinna minni aðila í flutningum. Það hefur einnig haft þau áhrif að sjóflutningar af ýmsu tagi, til að mynda með útflutningsafurðir, hafa minnkað og þeim hefur verið komið fyrir úti á vegunum í staðinn. Að sjálfsögðu hefur þetta síðan haft áhrif á tekjur hafnarsjóða o.s.frv.

Það mátti í sjálfu sér sjá fyrir að slík þróun yrði af því kerfi sem hér var komið á á sínum tíma. Þegar niðurstaða Samkeppnisstofnunar að því er þetta atriði varðaði lá fyrir var jafnframt ljóst að við þessu þurfti að bregðast, enda segir í áliti stofnunarinnar að hún beini því til fjmrh. að hann beiti sér fyrir því að leiðrétta þá samkeppnislegu mismunun sem fólgin er í núgildandi ákvæðum þungaskattslaga, þ.e. laga nr. 3/1984, um fjáröflun til vegagerðar.

Það frv. sem liggur nú fyrir er viðleitni til þess af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar að bregðast við þessari nýju stöðu. Frv. gerir ráð fyrir því að fellt verði niður hið sérstaka 100.000 kr. gjald á öll ökutæki yfir 14 tonn, að kílómetragjaldið hækki til samræmis til að vega upp á móti því tekjutapi sem þeirri niðurfellingu fylgir og að afslátturinn sem er umfram 95.000 km, ef menn velja þá leið í núverandi kerfi, falli brott. Þetta eru tillögurnar sem felast í frv. og ég vek athygli á því að 100.000 kr. gjaldið sem nú er lagt á öll tæki óháð notkun, svo fremi þau séu 14 tonn eða þyngri, er vissulega í mörgum tilfellum mjög ranglátt gjald vegna þess að þess eru mýmörg dæmi að menn eigi vörubíla eða önnur tæki sem falla undir ákvæði þessara laga sem raunverulega standa ónotuð stóran hluta ársins. Þess eru dæmi úr sveitum landsins að þar séu vörubílar sem eingöngu eru notaðir að sumarlagi, þess eru dæmi í höfnum landsins að þar séu stór og þung tæki sem lítið eru keyrð en þurfa eigi að síður að bera þennan 100.000 kr. skatt og þannig mætti lengi telja. 100.000 kr. gjaldið kom sem sagt mjög misjafnlega niður og var af mörgum talið ranglátt, lenti illa á ýmsum einyrkjum í þessari grein og hefur bakað mönnum veruleg óþægindi og sums staðar útgjöld sem hafa sett strik í reikninginn í rekstri og jafnvel heimilishaldi einstakra aðila.

Síðast þegar ég flutti frv. um þessi efni var lagt til að styttur yrði sá frestur sem þá var í lögum og nam að mig minnir þremur mánuðum sem var skilyrði þess að menn gætu lagt inn bílnúmer sín og notið niðurfellingar á móti í þessari gjaldtöku. Átti það við bæði um þungaskatt og bifreiðagald. Í þeirri breytingu sem þá var gerð var lagt til að frestur inn styttist í 15 daga og að menn gætu lagt inn númer sín, eftir

að samkomulag hefði verið gert við Íslandspóst, á næsta pósthús og þyrftu ekki að skila því til næsta sýslumanns, sem er auðvitað verulegt hagræði með tilliti til vegalengda í þessum efnum. Að sjálfsögðu var þetta nokkur hagsbót fyrir þá sem hlut eiga að máli og eru ekki með tæki sín í notkun allan ársins hring. Í þessu frv. er gerð tillaga um að sá frestur verði styttur enn meir, þ.e. að menn fái bara niðurfellingu á þessum gjöldum miðað við þann dagafjölda sem númerin liggja inni. Ef menn leggja inn númerið sitt í þrjá daga, þá fá þeir ívilnun sem því nemur, í tíu daga sem því nemur, í lengri tíma í hlutfalli við þann dagafjölda sem um er að ræða. Þetta er líka ívilnun og þetta er hægt að gera núna vegna þess að tölvukerfi viðkomandi stofnana geta haldið utan um þennan þátt málsins. Þetta vildi ég líka nefna, herra forseti.

Ég hygg að það hafi ekki farið fram hjá neinum sem fylgjast með þessu máli að í því togast á hagsmunir ýmissa sem starfa í greininni sem þessi skattur bitnar fyrst og fremst á, þ.e. flutningastarfsemi. Það hefur komið mjög skýrt fram, til að mynda í viðtölum við fjölmiðla, að viðhorf annars vegar vörubifreiðastjóra og hins vegar þeirra sem stunda vöruflutninga á lengri leiðum eru ekki þau sömu, hvorki sjónarmið þeirra né hagsmunir. Af þeim sökum hefur m.a. verið mjög erfitt að finna á málinu flöt sem allir gætu sætt sig við án þess að það bryti í bága við þær kröfur sem nú til dags eru gerðar um samkeppnisstöðu mismunandi fyrirtækja á sama markaði.

Ég á því von á að í efh.- og viðskn., sem bíður það verkefni að fara í gegnum þetta mál, muni koma fram mjög ólík viðhorf og sjónarmið í þessu. Ég vænti þess að nefndin muni í starfi sínu, hér eftir sem hingað til, reyna að sætta þessi sjónarmið eftir fremsta megni. Ég hef á undanförnum missirum átt marga ágæta fundi með öllum þessum aðilum. Í þetta sinn er frv. flutt án þess að nokkur aðili úr þeim geira sem hér á hlut að máli hafi upp á það skrifað. Enginn er ábyrgur fyrir frv. annar en fjmrh. og ráðuneyti hans og vel má vera að það komi fram góðar og gagnlegar tillögur frá ýmsum við vinnslu málsins í þingnefndinni. Auðvitað er sjálfsagt að hlusta á það.

Ýmsir hafa haft áhyggjur af því að hér væri á ferðinni íþyngjandi sem bitnaði sérstaklega á landsbyggðinni og á vöruverði úti á landi. Í því sambandi vil ég nefna skýrslu sem unnin var á mínum vegum samkvæmt tillögu Alþingis og útbýtt hér í fyrrahaust. Þar var farið nákvæmlega í saumana á þessu atriði, hversu mikið hver prósenta í breytingum á þungaskatti hefði á vöruna, komna á áfangastað úti á landi. Niðurstaðan í þeim útreikningum er að á hverja selda einingu sé um mjög lítil áhrif að ræða, minni en menn hafa talað um. Þau eru í raun það lítil að við sáum ekki ástæðu til þess að gera sérstakar tillögur um ráðstafanir um það í þessu frv.

Frv. gerir ráð fyrir því að kerfið verði einfaldað á nýjan leik. Ljóst er að það er til hagsbóta fyrir marga sem greiða þungaskattinn í dag. Það er líka ljóst að þeir sem hafa nýtt sér þá afsláttarmöguleika sem fyrir hendi eru í núverandi kerfi munu að óbreyttu skipulagi á rekstri þeirra greiða meira en nú er. Innan núverandi fjárhagsramma er verið að hliðra til þessari gjaldtöku. Hér er um að ræða endurdreifingu á þessari gjaldtöku eins og frv. útskýrir sjálft. Skatttekjur ríkissjóðs haldast eigi að síður óbreyttar. Einhverjir munu þurfa að greiða meira en aðrir munu þurfa að greiða minna.

Þannig er málið í hnotskurn, herra forseti. Ég hef verið inntur eftir því á þinginu fyrr í haust hvað þessu máli líði. Ekki hygg ég að allir sem um það hafa spurt hafi óskað eftir frv. í þessari mynd. Eins og ég hef þegar sagt er erfitt, reyndar ómögulegt að gera öllum til hæfis í þessari gjaldtöku. Hér er enn einu sinni gerð heiðarleg tilraun til að komast til botns í málinu, komast að niðurstöðu sem hægt er að una við án þess að brjóta samkeppnisreglur en þó þannig að þessi mikilvægi tekjustofn skili sér til ríkissjóðs.

Auðvitað mætti segja sem svo að best af öllu væri að losna við þennan skatt. Tilraun til þess var gerð fyrir nokkrum árum. Það voru lögfest ákvæði um að taka upp sérstakt olíugjald þar sem þessi skattur yrði tekinn í olíuverðinu sjálfu eins og tíðkast með sambærilega gjaldtöku af bensíni. Þeir sem ekki hafa velt þessum málum mikið fyrir sér spyrja náttúrlega af hverju það sé ekki gert. Af hverju hefur það ekki verið gert í öll þessi ár? Það er að sjálfsögðu vegna þess að atvinnurekstur af ýmsu tagi notar sama eldsneyti og hægt er að nota á ökutæki sem aka á vegum úti, fiskiskipaflotinn, vinnuvélar og margt fleira. Þess vegna þarf að gera ráð fyrir að um einhvers konar ívilnun geti verið að ræða ef farið yrði út í olíugjald, ívilnun til atvinnureksturs. Þar hefur málið strandað.

Við munum að fyrir nokkrum árum þegar þetta mál var lögfest, olíugjaldið, þá var gert ráð fyrir endurgreiðslu til slíkra aðila. Það kom á daginn að sú endurgreiðsla er óframkvæmanleg með tilliti til kostnaðar og umstangs. Einu sinni var talað um að lita sérstaklega olíu til atvinnurekstraraðila. Margt fleira hefur komið upp í þessu sambandi. Lagaákvæði um olíugjald voru afnumin, eftir að hafa verið frestað í nokkur skipti, fyrir einu og hálfu ári síðan og þar stoppaði málið. Þá var talið að upptaka olíugjalds mundi kalla á tvöfalt dreifingarkerfi, mikinn ónauðsynlegan kostnað. Í því efni höfðu menn fyrir sér útreikninga og röksemdir olíufélaganna fyrst og fremst.

Ég tel hins vegar að þeirri spurningu sé ekki svarað þannig að fullnægjandi sé hvers vegna ekki er hægt að taka upp slíkt kerfi hér á Íslandi og losna undan þeim erfiðleikum sem við höfum ævinlega lent í með þungaskattinn sem þetta frv. lýtur að. Þess vegna hef ég ekki gefið möguleikann á einhvers konar olíugjaldi alveg frá mér en það mál er ekki innan seilingar, það mál er ekki í neinum þeim búningi að hægt sé að ræða það á hinu háa Alþingi sem þingmál. Þess vegna verður það að bíða seinni tíma ef af yrði, að taka þá umræðu.

Þess vegna erum við sem sagt enn að glíma við þungaskattinn. Þess vegna erum við enn að leita leiða til þess að gera þá gjaldtöku ásættanlega þannig að ekki fari í bága við samkeppnisreglur. Þess vegna erum við alltaf í sömu sporunum í þessu máli, ríkisstjórnin, fjmrn., þingnefndin og Alþingi sjálft.

Ég ætla að ljúka máli mínu með því að leggja til að málið fari til 2. umr. og til efh.- og viðskn. og óska síðan efh.- og viðskn. góðs gengis í að glíma við þetta mál. Ég heiti þeim fullri samvinnu af minni hálfu og starfsmanna fjmrn.

[10:55]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þungaskatturin er að verða frekar vandræðalegt mál hér á Alþingi. Ég held að málið hafi verið meira og minna á dagskrá á hverju þingi frá því að ég kom á þing. Nú er enn á ný verið að breyta, afnema skylduna til að greiða fast árgjald, sameina gjaldskrár og færa gjaldið inn í kílómetrana.

Við fjölluðum lengi um það sem ráðherrann hæstv. nefndi hér, að setja þungaskattinn á olíuna og tryggja ákveðna notkun með litarefnum. Það gekk ekki eftir eins og hæstv. ráðherra nefndi sjálfur. Sú staðreynd liggur fyrir að hin mikla bensínnotkun hér á landi er mikið umhverfismál. Þessi mikla notkun veldur mengun og oft heyrist rætt um hversu miklu umhverfisvænni olían er. Þess vegna spyr ég ráðherrann tveggja spurninga:

Hver er mismunurinn á gjaldi fyrir þungabíla og venjulega jeppa þegar upp er staðið, hvort heldur miðað er við 50.000 km akstur eða 100.000 km? Það er einfaldara fyrir okkur að skilja dæmið með þeim samanburði.

Spurning númer tvö er: Áformar ráðherrann frekari breytingar sem hvetja mundu fólk til að nota frekar bifreiðar með dísilvélum þar sem fyrir liggur að það er umhverfisvænna og væri mjög stórt mál hér?

Spurningarnar eru sem sagt tvær, um muninn á olíugjaldinu fyrir þungabíl miðað við jeppa og ætlar ráðherrann að skoða aukna notkun almennings á olíu?

[10:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég er hræddur um að ég geti ekki farið með allar tölur í sambandi við þessi mál svona upp úr mér, gjaldtöku á einstakar tegundir bíla. Hins vegar er ljóst að eigendur lítilla dísilbíla, bíla sem eru undir 4 tonnum að þyngd — í þeim flokki eru flestir jeppar sem almenningur á og notar — geta valið sér að greiða fast gjald, óháð notkun. Að sjálfsögðu fer það eftir notkun viðkomandi bíls hvernig það kemur út. Ég býst við að miðað við venjulega notkun, 20.000 km eða svo, breyti litlu hvort menn borga fastagjaldið eða kílómetragjaldið. Þá hagnast menn, keyri þeir minna en það, á að borga á hvern kílómetra. Ef þeir keyra meira þá hagnast þeir á því að borga fastagjaldið. Einhvers staðar er sem sagt skurðpunktur í þessu sem ég þori ekki alveg að fullyrða hvar liggur.

Varðandi síðara atriðið er þar um að ræða mjög stórt mál en sannleikurinn er sá að tækniþróun í sambandi við gerð bílvéla er mjög ör. Fram á sjónarsviðið eru að koma miklu hreinni bílvélar sem brenna minna eldsneyti og menga minna, að ég hygg bæði bensín- og dísilvélar. Auðvitað er sjálfsagt að fylgjast vel með þeirri þróun. Ég hygg að væntanlegir séu á markað tiltölulega fljótlega, jafnvel hér á Íslandi, bílar með búnaði sem mengar minna en nú tíðkast. Vissulega verður fróðlegt að fylgjast með þeirri þróun þar sem eru jafnvel bílar sem geta notað sér tvenns konar orkugjafa án mikilla tilfæringa.

[10:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlast ekki til að ráðherrann kunni allar tölur. En mér hefði ekki þótt ólíklegt, þegar verið er að færa þetta inn í kílómetrum, að hægt væri að leggja mat á mismuninn til þess að við getum áttað okkur á hvað felist í lögunum sem við erum að setja. Væntanlega verður það þá skoðað í efh.- og viðskn.

Alþingi hefur sett ívilnandi lög, ef ég man rétt, um rafmagnsknúna bíla til þess að hvetja til notkunar þeirra. Það er umhverfisvæn aðgerð. Ég hvet ráðherrann eindregið til að gera það eitt af stóru málunum í ráðuneyti sínu að skoða þessa orkugjafa og bregðast við með lagasetningu um bifreiðargjöld þannig að sem hagstæðast verði frá umhverfissjónarmiði.

[11:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar fyrra atriðið þá munum við að sjálfsögðu láta efh.- og viðskn. í té alla þá útreikninga og upplýsingar sem þessu máli tilheyra og þeir eru vissulega viðamiklir. Þar kemur í ljós nákvæmlega miðað við bílflokka, akstursvegalengdir á ári hverju, þyngd o.fl., þ.e. hvernig hver og einn flokkur tækja kemur út miðað við þá breytingu sem hér er lögð til.

Um síðara atriðið er það að segja að þar er vissulega ástæða til þess að hafa augun opin. Það eru að koma á markað svokallaðir tvíorkubílar og við höfum það til skoðunar í ráðuneytinu hvernig við getum komið til móts við þá þróun. En þar er þó ekki um að ræða þennan skatt, þungaskattinn, og heldur ekki bifreiðagjaldið sem fyrirspyrjandi nefndi — það er auðvelt að rugla þessum gjöldum öllum saman — heldur er þar um að ræða vörugjald á ökutæki við innflutning, en ekki á notkunina sem við erum að líta sérstaklega á.

Í fyrra málinu í dag vorum við að tala um bifreiðagjald. Nú erum við að tala um þungaskatt og nú er ég farinn að tala um vörugjöldin til viðbótar sem sýnir náttúrlega hvað þessi gjaldtaka er öll sömul flókin.

[11:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stærðfræðinni þekkjum við vandamál sem menn hafa verið að glíma við í gegnum aldir og síðan hefur verið sannað að það er óleysanlegt. Við erum hérna að glíma við svipað. Við erum að glíma við landsbyggðarstyrk, að styrkja landsbyggðina og jafnframt að leggja á skatt sem á ekki að trufla samkeppni. Þetta gengur ekki upp. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh. hvort það sé rétt að blanda saman sköttum og félagslegri hjálp eins og við erum að reyna að gera hér en gengur aldrei upp.

Frv. sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir rétt áðan er nefnilega dæmi um það þegar verið að tala um öryrkja og umönnunargreiðslur og annað slíkt í skattalögum. Við erum með fullt af þessu hér á Íslandi. Við erum að blanda saman skattalögum og félagslegri hjálp og það gengur yfirleitt ekki upp. Spurning mín er hvort hæstv. fjmrh. gæti ekki hugsað sér að hafa félagslega hjálp til landsbyggðarinnar inni í félagslegum lögum og hafa síðan skattaákvæðin inni í skattalögum. Ég tel eðlilegast að menn borgi fyrir notkun á vegum miðað við hvernig þeir slíta þeim og það ætti þá að vera háð þyngd eins og hér er reyndar lagt til þannig að það sé eins konar þjónustugjald. Síðan mætti hugsanlega taka inn í umhverfissjónarmið með því að leggja skatt á það efni sem er brennt, bensín eða olíu.

[11:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því að skattaákvæðin eiga að vera í skattalögunum. En ég held hins vegar ekki að hægt sé að bera það upp á þetta frv. að í því felist mikil félagsleg aðstoð. Þvert á móti held ég að það verði gagnrýnt að slík sjónarmið muni jafnvel skorta í frv. því að afsláttarkerfið er tekið út. Eins og þingmaðurinn sagði munu menn greiða nákvæmlega fyrir þá notkun sína og þar með það slit sem þeir eru ábyrgir fyrir á vegunum. Það er auðvitað réttmætt sjónarmið að menn eigi að gera það. Það er alveg ljóst að þessir þungu bílar sem aka um vegina slíta vegum mun meira en aðrir og minni bílar og gera það reyndar, af því að fyrirspyrjandi vitnaði hér í stærðfræðilögmálin, í ákveðnu veldi sem er hlutfall af sjálfu sér, „exponential“ veldi, miðað

við aðra bíla. Þar er náttúrlega um að ræða sérstaka hlið á þessu máli.

Ég held að við séum að reyna að gera þetta frv. og þessi lög eins hrein og hægt er. Það má kannski spyrja: Er þá réttmætt samkvæmt þessum sjónarmiðum að vera með fast gjald fyrir bíla undir 4 tonnum? Er ekki verið að veita einhverjum afslátt þar? Það mætti spyrja sig að því. En ég legg til að nefndin kanni það líka með sama hætti og önnur atriði í frv.

[11:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég saknaði þess í framsögunni að hann tæki af skarið um að félagsleg hjálp eigi ekki að vera í skattalögum. Ég held að það sé stefna sem eigi að stefna að alls staðar. Það á mjög illa við að skattstjórar séu jafnframt að veita félagslega hjálp eins og við þekkjum. Frægasta dæmið er 66. gr. tekjuskattslaganna. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann væri til í að huga að því að taka félagslega hjálp út úr skattalögum almennt og setja hana inn í lög um félagslega hjálp.

[11:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er almennt séð sammála þingmanninum um að skattalögin eiga að vera hrein, undanþágulítil, helst undanþágulaus eftir því sem fært er og að önnur markmið sem menn vilja ná með lagasetningu á Alþingi eigi að vera gegnsæ og ekki falin endilega í skattalögum heldur annars staðar þar sem þau eiga betur heima. Ég get tekið undir það sem almennt viðhorf.

Ég tel ekki að þessi umræða eigi beint rétt á sér að því er varðar þetta frv. vegna þess að það er ekki verið að gera slíka hluti í þessu tiltekna máli (Gripið fram í.) sem ég hef mælt hér fyrir. (**Gripið fram í:** Það er verið að afnema það.) Það mætti frekar halda því fram að verið væri að afnema slíkt.

[11:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst um olíugjaldið. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra orðaði það þannig að hann hefði ekki gefið það frá sér að tekist yrði á við olíugjaldið. Nú þekkja þingmenn það að fyrirrennari hans í starfi gerði margar ítrekaðar tilraunir til að breyta þessu kerfi og gaf margar yfirlýsingar um það á ferli sínum að hann ætlaði sér það. En það varð aldrei af neinum efndum hvað þetta varðaði.

Mér finnst ekki nógu skýrt að heyra það hjá hæstv. ráðherra að hann hafi ekki gefið þetta frá sér. Ég óska eftir því að hann svari því hvort hann ætlar sér að láta vinna málið og koma með það inn í Alþingi og hvenær hann stefnir þá að því að það komi til umfjöllunar í hv. Alþingi. Ég held að full ástæða sé til að taka á þessu og einfalda þessi mál og koma þeim þannig fyrir að einhver sanngirni sé í því hvernig þessir skattar koma niður.

Annað sem hæstv. ráðherra nefndi rétt áðan var spurningin um eigendur þeirra bíla sem eiga samt sem áður að fá möguleika á því að velja um fast gjald. Er ekki um það að ræða að atvinnubílstjórar sem nýta sér slíka bíla muni þá kæra þetta fyrirkomulag í beinu framhaldi af því sem hér hefur verið gert vegna þess að mönnum hefur ekki líkað sú mismunun sem var í stóru bílunum? Og hefur þá nokkra þýðingu að koma með málið enn einu sinni hér í gegn og eiga von á því að það verði kært til Samkeppnisstofnunar þannig að menn fái þetta í hausinn aftur?

Síðan langar mig að segja að þó að hæstv. ráðherra hafi sagt hér áðan að það að þetta gjald kæmi á með þessum hætti mundi ekki hafa neina verulega hækkun í för með sér, þá er enginn vafi á því að það mun hafa í för með sér verulega hækkun á einstökum stöðum úti á landsbyggðinni.

[11:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessu síðasta sem þingmaðurinn nefndi þá liggja fyrir tölur af hálfu okkar í framhaldi af athugun sem á þessu var gerð í fyrra og það er sjálfsagt að leggja hana fram — hún er reyndar tiltæk sem þskj. — í vinnu nefndarinnar og þá geta þingmenn velt því fyrir sér. Ég dreg sem sagt í efa þá fullyrðingu sem fram kom í lokin í máli þingmannsins. Ég tel að hann geri of mikið úr þessu atriði.

Þingmaðurinn nefndi tvö önnur atriði. Hann spurði hvort von væri á kæru út af fasta gjaldinu í neðri enda skalans að því er varðar þyngd bíla, að því er varðar bíla léttari en 4 tonn að þyngd. Það er alveg hugsanlegt að einhverjir muni telja á sér brotið með því. Ég veit það ekki. En ég tel ólíklegt að það verði atvinnubílstjórar því að þeir hafa væntanlega hag af því að borga fast gjald ef þeir eiga bíla af þessu tagi og munu væntanlega nota þá meira en hinn almenni borgari.

Ég skal ekkert um það segja hvort slíkt gæti verið í uppsiglingu. En ég beindi því áðan til þingnefndarinnar að hún liti sérstaklega á þennan þátt og óskaði jafnvel eftir því við Samkeppnisstofnun að hún skýrði sjónarmið sín að því er þetta varðar.

Þá um olíugjaldið. Það er ekki rétt að forveri minn hafi ekkert aðhafst. Hann fékk samþykkt hér lög með gildistöku á ákveðnu tímabili. Gildistökunni var síðan frestað. En að endingu var hætt við málið og lögin afnumin. Þetta kom aldrei til framkvæmda. Það er rétt.

Ég get ekki svarað því hvort ég muni flytja þingmál um olíugjald. Ég reyndi að upplýsa það eins vel og mér var unnt áðan að ég hef hug á því að láta rannsaka það einn einu sinni hvort þetta er framkvæmanlegt fyrirbæri á Íslandi. Ég hef ekki talið mig hafa fengið nógu sannfærandi rök fyrir því að það sé ekki hægt. Ég er með þetta ásamt starfsfólki mínu í ráðuneytinu til athugunar. Ég get ekkert sagt um það hver niðurstaðan úr því verður eða hvort það endar með því að hingað komi nýtt þingmál. Því miður verðum við bara að bíða og una við þetta þungaskattskerfi þangað til einhver slík niðurstaða liggur fyrir. Ég veit ekki á hvorn veginn það mundi verða.

[11:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem hæstv. ráðherra sagði. Ég skil það svo að hann hafi fullan hug á því að vinna að þessu máli. Ég hvet til þess að það verði gert. Ég tel að það þurfi að taka á þessum málum og að það sé langt frá því fullreynt að hægt sé að finna betra kerfi en er nú við lýði.

Það sem ég átti við áðan þegar ég sagði að þessi breyting sem núna er að ganga í garð, ef þetta verður samþykkt sem hér liggur fyrir, hefði veruleg áhrif á einstaka staði þá liggur það að mínu viti í augum uppi. Þetta mun hafa mjög lítil áhrif ef menn skoða heildaráhrifin. En ekki er vafi á því að þetta hefur mikil áhrif á afkomu einstakra atvinnurekenda í þessari grein sem keyra á ákveðna staði og nýta sér og hafa

nýtt sér verulega mikið þennan afslátt vegna þess hve mikið þeir keyra yfir árið. Á einstökum stöðum mun því verða veruleg hækkun á flutningsgjaldi vegna þess að þeir þurfa auðvitað að bæta sér það upp.

[11:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var vægt til orða tekið hjá hæstv. fjmrh. að meðferð þessa máls hvað varðar álagningu þungaskatts sé orðin að nokkurri raunasögu og sífellt skrifast nýir kaflar í þetta mikla ritverk með nokkuð árvissri umfjöllun um málið á hinu háa Alþingi og tilheyrandi kvalræði nefndarmanna í efh.- og viðskn. sem yfir þessu hafa setið löngum stundum á undanförnum þingum. Í raun og veru er það orðið þannig að ekki er hægt að kalla það annað en hringl hvernig gengið hefur með þessi mál. En þar bera vissulega margir ábyrgð. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. að það vantar ekki að menn hafi verið að glíma við þetta, bæði ráðuneytismenn og þeir sem undirbúið hafa frumvörp sem komið hafa fyrir þingið, sem og þingnefndin sjálf og þingmenn.

Það hefur vissulega líka verið ófriðlegt í kringum þetta mál og ýmsir hafa þar verið að ota sínum tota eða reka hagsmuni sína ef svo má að orði komast. Ég tel t.d. að ekki sé hægt annað en að horfast í augu við það að olíufélögin í landinu hafa haldið uppi hörðum andróðri gegn því að þungaskatturinn yrði færður yfir í olíuna. Út af fyrir sig getur maður alveg sagt að maður skilji það. Það er ekki hagsmunamál þeirra sérstaklega og þægilegra fyrir þau að vera laus við að standa í þeirri breytingu sem það hefði haft í för með sér. En það eru auðvitað ekki réttmæt og fullnægjandi rök ein og sér til þess að hverfa frá slíku þó að framkvæmdin kynni að kosta aðila af því tagi einhverja fyrirhöfn. Slíkt má ekki ráða niðurstöðu til langframa um tilhögun skattlagningar í mikilvægum málaflokki eins og þessum.

Sú uppgjöf sem að lokum varð hér með breytingum á árinu 1998, hygg ég, að hverfa frá því og fella úr gildi lög um upptöku olíugjalds eða færslu þungaskatts yfir í olíuna — slík lög höfðu þá um árabil verið í gildi en gildistöku þeirra frestað ár frá ári — var í raun mjög slæm og það var ein af ástæðum þess að ég treysti mér ekki til að standa að þeim breytingum á þungaskattsinnheimtunni sem þá voru ákveðnar né síðari tilraunum til að lappa upp á það móverk hér á þingi.

Ég sé mjög eftir því að menn skyldu gefast upp við að útfæra olíugjald, jafnvel einhverja blandaða leið sem hefði að hluta til falið í sér olíugjald, einfaldlega vegna þess að því eru samfara miklir kostir. Það er engin spurning að í umhverfislegu tilliti er æskilegt að hafa gjaldtökuna á eldsneytinu og hvetja þar með til orkusparnaðar. Ég held að það hafi líka í skattalegu tilliti fleiri kosti en galla, þó að þeir séu vissulega fyrir hendi hvað það varðar að skattleggja eingöngu olíuna. Á það er bent að akstursleiðirnar séu mismunandi að þessu leyti, sumar leiðir krefjist meiri orkunotkunar en aðrar o.s.frv. En auðvitað er það alltaf þannig að allar slíkar leiðir hafa í sér fólgna einhverja ágalla. Ég fagna því þar af leiðandi, þó að yfirlýsingar sem komu hér frá hæstv. fjmrh. væru nú óskaplega varfærnislegar um að það mál sé í sjálfu sér ekki úr sögunni, þ.e. að ráðuneytið eða hæstv. ráðherra hafi fullan hug á að halda því vakandi, þó að ég skilji það út af fyrir sig sömuleiðis að menn vilji ekki gefa of mikið undir fótinn með að það mál fari af stað á nýjan leik því að auðvitað verður að vera einhver pínulítil kjölfesta í þessu. Það er ekki hægt að vera hringlandi með þetta endalaust. Út af fyrir sig má segja að jafnvel þó maður hafi hug á því að olíugjaldsfyrirkomulagið verði skoðað þá má ekki bara fara út í það af tómu alvöruleysi. Það verður að gera einhverja alvöru tilraun til þess að gera áhlaup á það á nýjan leik.

Herra forseti. Ég held að það sé mikilvægt í þessu sambandi að fylgjast með þróuninni í þessum efnum í nágrannalöndunum. Mjög misvísandi og skrýtnar fréttir komu af því t.d. að búið væri að hætta með alla mælanotkun og að við værum ein eftir í heiminum með ökumæla. Svo reyndist það ekki alveg rétt og nýju ökuritarnir eru sums staðar nýttir í þessu sambandi. Lengi var verið að segja sögur af því að alveg handan við hornið væru nýjar tæknilegar lausnir hvað varðaði litun olíunnar í dælu sem hefði í för með sér þá kosti að ekki þyrfti að burðast með margfalt dreifikerfi o.s.frv. En svo reyndist það nú láta á sér standa og fleira í þeim dúr hefur haft áhrif á þetta. En eftir sem áður er ástæða til þess að fylgjast með því hvernig þessu er hagað annars staðar og hvernig tækninni fleygir fram í þessu efni.

Herra forseti. Ég vil í öðru lagi leyfa mér að gagnrýna aðeins hvernig málið er fram sett. Það fer pínulítið í taugarnar á mér þegar menn vinna ekki almennilega heimavinnuna sína. Ég vil leyfa mér að segja að hið háa ráðuneyti geri það ekki nógu vel. Hér birtist í 2. gr. frv. tafla sem sýnir þá gjaldskrá sem nú á að taka gildi með þessum lögum. En þegar kemur svo að umfjöllun um 2. gr. eða yfirferð um málið í greinargerð þá er enginn samanburður við núgildandi gjaldskrá. Það eru ekki einu sinni nefndar prósentuhækkanir sem dæmi um einstaka flokka heldur er sagt — og maður ræður það af lestrinum svona þegar maður er búinn að rýna í þetta — að þetta á að skila ríkissjóði óbreyttum tekjum. Það kemur svo sem ekki óskaplega á óvart. En að öðru leyti er málið ekkert útskýrt nánar. Í umsögn um 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að breyting verði gerð á kílómetragjaldi hvers þyngdarflokks ökutækja þannig að ekki komi til tekjurýrnunar og að gjaldið skili þeim tekjum sem fjárlög gera ráð fyrir."

Með öðrum orðum, það verða gerðar einhverjar þær breytingar á gjaldskrárflokkunum sem þýða að menn fá þær tekjur, bæta sér upp þær tekjur sem niðurfelling 100 þúsund kallsins hefur í för með sér og þegar upp er staðið heldur Vegasjóður sínu. Hann fær sína tvo milljarða rúma. En enginn samanburður er gerður á gildandi gjaldskrá og þeirri sem á að taka upp samkvæmt frv.

Ég tel að þegar svona mál er lagt fram eigi að liggja fyrir í fylgiskjali tafla sem sýni þennan samanburð þannig að hægt sé að átta sig strax á því hvað þessar breytingar þýði fyrir hvern einstakan flokk.

Herra forseti. Staðreyndin er einnig sú að sjálfur skalinn eða sjálfur stiginn skiptir þarna líka miklu máli, þ.e. hvernig hann er upphugsaður og hvaða vísindi liggja á bak við álagningu gjaldsins á hvern þyngdarflokk ökutækis. Ég veit ekki hvort Samkeppnisstofnun og aðrir ætli almennt að gerast svo heilagir að það verði að vera sama krónutala eða sömu aurar á hvert kíló járns sem er í ökutækinu, eða hvernig hugsa menn þetta? Hversu heilagir og kaþólskir ætla menn að verða í þessum efnum?

Ein leið sem þarna getur skipt máli er útfærsla gjaldskrárstigans, þ.e. hvernig hún er úr garði gerð. En í öllu falli væri æskilegt að til samanburðar væru betri eða gleggri upplýsingar strax þegar málið er fram lagt.

Herra forseti. Meginrökin sem hæstv. fjmrh. færði fram fyrir því að fella niður þann valkvæða möguleika að menn gætu ákveðið að greiða miðað við 95 þús. km akstur og að í raun væri fast gjald miðað við upphæð sem akstur upp að 95 þús. km skilaði væri í boði, eru samkeppnisrökin, þ.e. að það sé allt í þágu hinnar frjálsu samkeppni að fletja þetta út á þennan hátt.

Hv. þm. Pétur Blöndal talaði um að það ætti að hætta félagslegri hjálp sem hefði verið fólgin í þessu kerfi. Ég verð nú að segja alveg eins og er að ég held að það komi ýmsum spánskt fyrir sjónir sem hafa búið við hæsta vöruverðið, verstu vegina og lengstu aðdrættina hvað varðar neysluvörur sínar og gjarnan framleiðsluvörur á markað einnig, að þeir hafi notið sérstakrar félagslegrar hjálpar, sérstakrar ölmusu af hálfu hinna göfugu skattyfirvalda á undanförnum árum. Ætli það sé alveg sérstök félagsleg hjálp fólgin í því t.d. að þurfa að flytja allar neysluvörur inn í Norður-Þingeyjarsýslu og síðan framleiðsluvörur svæðisins að stórum hluta til aftur út úr sýslunni eftir nokkur hundruð kílómetra malarvegum sem taka m.a á sig þungatakmarkanir margar vikur á ári hverju og borga samt fullan þungaskatt af vegunum eins og þeir eru úr garði gerðir þar, eða til Vestfjarða og svo má dæmi taka? Ég held að menn ættu aðeins að gá að sér áður en þeir koma með svona fullyrðingar og átta sig á því í hvernig landi við lifum.

Ég held að það megi þvert á móti færa rök fyrir hinu gagnstæða, að í raun hafi skattlagningin á þessum lengstu leiðum verið óhófleg, m.a. í ljósi ástands veganna og m.a. í ljósi þess hvernig flutningar hafa þróast í landinu, þ.e. að sjósamgöngur eða strandflutningar á sjó hafa að mestu leyti lagst af og flutningarnir færst upp á land og yfir á vegakerfi sem er á engan hátt í stakk búið til þess að taka við þeim, ekki á nokkurn hátt. Samt hafa menn mátt borga af þessu fullan þungaskatt eða þann þungaskatt sem menn hafa gert að undanförnu.

Þetta er svipað og þegar menn eru látnir borga fullt afnotagjald af sjónvarpi þó að það sé eins og rýna í stórhríð að reyna að horfa í sjónvarpstækin í sumum byggðarlögum landsins. Þannig eru nú móttökuskilyrðin. En það hefur ekki komið í veg fyrir það að menn rukki inn fullt áskriftargjald.

Staðreyndin er auðvitað sú, herra forseti, að menn eru í mjög miklum vanda staddir og það held ég að hæstv. fjmrh. verði að horfast í augu við og viðurkenna eins og við öll hin. Það eru vissulega ákveðin sjónarmið og rök fram færð af hálfu þeirra sem beitt fyrir sig samkeppnislögum og kært og haft sitt fram í þessum efnum. Það verður að viðurkennast að auðvitað eru þau sjónarmið gild og það verður að skoða þau þó að ég telji reyndar að menn séu þar orðnir býsna kaþólskir. Spurningin er hvort menn ættu þá ekki líka að líta á fleiri þætti sem varða þetta samkeppnisumhverfi. Er t.d. þungaskatturinn stærra mál í því sambandi en sú hringamyndun sem hefur verið að eiga sér stað í þessu flutningakerfi? Þyrfti ekki að líta aðeins á það og samkeppnisstöðu aðila í því samhengi, ekki bara hvað varðar skattlagninguna? En segjum að þarna séu ákveðin sjónarmið sem ekki þýði að horfa alveg fram hjá. Hinu verður ekki á móti mælt að það er auðvitað gífurleg íþynging fólgin í því að falla alveg frá þeim afsláttum sem voru innbyggðir í kerfið alveg frá upptöku mælakerfisins á sjöunda áratugnum. Þegar mælakerfið var tekið upp var algjört samkomulag um að ekki kæmi annað til greina en að taka mið af sérstöðu landflutninganna og í raun var í upphafi hugmyndin sú að hafa það algjörlega sérstakan skattflokk. Svo hurfu menn frá því og settu eitt kerfi á alla vöruflutningabíla hvort sem það voru efnisflutningar eða hefðbundnir vöruflutningar, almennar vörur á landi.

En þá var innbyggður í kerfið mjög brattur stigi, ef svo má að orði komast, hvað varðaði stighækkandi afslætti með vaxandi akstri. Gjaldskráin var sem sagt þannig að eftir ársakstri vöruflutningabifreiðanna fór skalinn stiglækkandi frá 10–20 og upp í 50% miðað við 25, 35 og 45 þús. km akstur á ári. Þá sjá menn hversu mikill þessi afsláttur var í kerfinu eins og það var sett í gang í byrjun. Rökin voru auðvitað þau að þarna yrði að líta til allra þeirra þátta sem máli skiptu, ekki væri aðeins unnt að miða gjaldskrána við raunþyngd flutningabifreiðanna, það yrði að líta til ástands veganna, til flutningaleiðanna, á lengstu leiðunum þyrfti að nota þyngstu og kraftmestu tækin og oftast væri lítill flutningur til baka þannig að önnur leiðin væri illa nýtt o.s.frv.

Sömu sjónarmið gilda að miklu leyti enn þann dag í dag. Eitt af því sem gerist með þessum breytingum, nái þær fram að ganga, og gerðist líka að hluta til með breytingunum 1998 var að mikill tilflutningur á skattbyrði varð milli hópa innan kerfisins. Þá ég ekki bara við stóra bíla og litla og þá sem aka langt eða skammt. Það var tilflutningur á skattbyrði frá efnisflutningaaðilum yfir á landflutninga og langflutningaleiðirnar. Landvari áætlar að sá tilflutningur hafi numið 300 millj. kr. Einhver borgar það að lokum. Það gufar ekki upp. Það þýðir ekkert að reiða fram einhverja skýrslur sem ég hef fulla fyrirvara á, sem sýni að í almennu vöruverði á landsbyggðinni þá vegi þetta ekki mjög þungt.

Þar er að mjög mörgu að hyggja, í fyrsta lagi að þetta kemur mjög misjafnt út eftir byggðarlögum og þetta kemur misjafnt út eftir vöruflokkum. Það er t.d. ljóst að þungavaran og stykkjavaran tekur á sig mikla hækkun vegna slíkra gjaldskrárbreytinga. Það er alveg óhjákvæmilegt. Það væri hægt að nefna dæmi. Ég gæti nefnt hið fræga dæmi um skítadreifarann sem átti að kosta 40 þús. kr. að flytja frá Húsavík norður á Þórshöfn. Skatturinn hefur þarna mikil áhrif. Það verður ekkert fram hjá því horft.

Landvari áætlar að þarna gæti orðið um 200 millj. kr. flutningur á skattbyrði í viðbót ef þessar breytingar nú ná fram að ganga. Þá er þetta orðinn um hálfur milljarður kr. sem þarna hefur verið færður til og þess mun sjá stað. Það þýðir ekki að láta sem það komi hvergi við. Það er alveg augljóst, herra forseti.

Hvað er þá hægt að gera? Er engin önnur leið en sú að beygja sig í duftið fyrir þessum samkeppnisrökum og hverfa frá öllum möguleikum sem fela í sér einhverja valmöguleika, einhverja ívilnun á akstri þeirra sem lengstu leiðirnar aka? Er það svo? Er ekki hægt að beita neins konar gjaldskrá, fastagjöldum eða neinum slíkum hlutum? Er það bannað? Er það orðið þannig?

Er það þá t.d. þannig að jafnvel þó að viðskiptaleg rök eða samgönguleg rök væru fyrir því að hafa gjaldtökuna mismunandi þá sé það samt ekki hægt? Má t.d. ekki veita afslætti af þungaskatti vegna lélegra vega? Er það svo? Getur Samkeppnisstofnun bannað Alþingi að veita afslætti af þungaskatti á malarvegum? Það tel ég fráleitt. Ég kaupi ekki slíkt og ég tel að slíkt ætti þá að fara alla leið fyrir dómstóla, alveg á endastöð.

Ég fullyrði að ef Alþingi ákveður að hafa sérstaka afslætti inni í kerfinu vegna þess að hluti af flutningaleiðunum er á meira og minna ónýtum vegum þá hljóti það að vera hægt.

Er algjörlega útilokað og bannað að veita nokkuð sem væri í viðskiptalegu samhengi einhvers konar ígildi magnafsláttar? Er það svo? Má ríkið þá ekki veita stærstu kúnnum sínum neinn afslátt, þ.e. þeim sem aka lengst og borga mest?

Hvar endar þessi röksemdafærsla? Endar hún ekki þannig að gjaldskráin verður þá að alfarið að taka mið af því hvernig menn slíta vegunum? Og hvernig halda menn að gjaldskráin líti þá út? Auðvitað verðum við að viðurkenna að það er langt í frá að þau gjaldstig sem hér eru upp sett séu í fullkomnu samræmi við það sem rannsóknir sýna að sé álagið á vegina, milli t.d. smábíla og stórra og þungra flutningatækja. Það liggur alveg ljóst fyrir samanber stærðfræðiformúlurnar sem hæstv. ráðherra fór hér með.

Herra forseti. Ég hallast að því að það séu fyrst og fremst *tvær leiðir mögulegar ef menn verða að beygja sig alfarið* í duftið fyrir þessum samkeppnisrökum sem ég geri ekki og ég vísa til þess sem ég áður sagði. Sú fyrri er að taka upp sérstakan gjaldflokk fyrir landflutninga, vöruflutninga á landi, aðskilja skattlagninguna á efnisflutninga og almennar vörubifreiðar og síðan aftur landflutningaaðila. Það verður að gera með einhverri skráningu þeirra. Þeir verða að uppfylla viss skilyrði og geta að sjálfsögðu þurft að afsala sér ákveðnum réttindum á móti þannig að slík tæki gætu t.d. alfarið og eingöngu verið notuð til langflutninga á vörum á landi sem menn skrá sig til að gera og þá sé komið yfir í annan og sérstakan gjaldskrárflokk. Það er ein leið sem ég tel að verði að skoða í þessum efnum.

Hin leiðin er ósköp einfaldlega sú að taka þessu eins og hverju öðru hundsbiti þannig að þetta verði allt einn samræmdur gjaldflokkur en grípa þá til gagnráðstafana á móti. Það hlýtur Alþingi að mega gera — það verður kannski að tilkynna það til Brussel samanber fréttirnar í morgun — en gera það þá og segja: Vegna þess að þetta mundi að óbreyttu þýða mikla vöruverðshækkun í fjölmörgum byggðarlögum fjarlægum Reykjavík þá verður gripið til þeirra gagnráðstafana að endurgreiða eða koma á einhvern hátt inn í verðmyndunina í flutningagjöldunum og vöruverðinu sem ella mundi óumflýjanlega hækka.

Herra forseti. Menn verða að skoða einhverjar slíkar leiðir í þessum efnum. Ég trúi því ekki að óreyndu að ofan í allt það sem segja má um ástand byggðamálanna á Íslandi í dag þá ætli Alþingi að senda afskekktustu byggðarlögunum þá jólakveðju sem að óbreyttu fælist í afgreiðslu þessa frv.

[11:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom hér með sjónarmið sem eiga rétt á sér ein sér. En ef maður horfir til annarra sjónarmiða þá hafa þau ekki rétt á sér. Hann segir að fyrirtæki í Þingeyjarsýslunni þurfi að flytja afurðir sínar um langan veg til Reykjavíkur til að flytja þær þaðan til útlanda og öfugt þegar þeir flytja inn. Hann telur að þetta kosti fyrirtækin mjög mikið, það sé óréttlátt og eigi að reyna að laga.

Vandinn liggur í því að öllu atvinnulífinu er miðstýrt frá Reykjavík. Það er bara vandi sem við stöndum frammi fyrir. Það er spurningin um staðsetningu fyrirtækja, þ.e. staðarval þeirra. Það sem mér heyrist þingmaðurinn í raun vilja gera er að stytta vegi með lögum. Bara hreinlega að stytta vegi með lögum. Gera einhverjar ráðstafanir til að láta það sem þjóðhagslega er óskynsamlegt verða skynsamlegt fyrir fyrirtækin. Ég held að það sé bara alls ekki hægt. Það borgar sig ekki þjóðhagslega. Við höfum reyndar gert það í mjög miklum mæli. Við erum með alls konar jöfnunargjöld, flutningsjöfnun fyrir sement og olíu og mjólk o.fl., sem skekkir alla hagkvæmni í rekstri. Það eru stofnsett mjólkurbú austur í Skaftárhreppi vegna þess að ekki skiptir máli fyrir flutninga út af flutningsjöfnuninni hvar mjólkin er framleidd. En þjóðhagslega er það ekki skynsamlegt.

Við megum ekki ganga svo langt í þessum réttlætissjónarmiðum að gera hluti sem eru þjóðhagslega óskynsamlegir. Síðan getum við rætt um hvort gott sé að Reykjavík sé miðstöð alls efnahagslífs. En það er önnur spurning.

[11:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Langhelst vildi ég leysa þennan vanda samkvæmt hinni stórsnjöllu uppástungu hv. þm. Péturs Blöndals, að stytta vegina með lögum, ef það væri nú hægt. Bara að það væri hægt þá mundi það ekki vefjast fyrir okkur að gera það. Auðvitað væri hægt að gera það sem stundum er kallað Egilsstaðasamþykktir, þ.e. í anda þess að þar komu menn saman fyrr á öldinni og samþykktu að ríkissjóður skyldi vera skuldlaus. Auðvitað er slíkt frómar óskir.

En það er hægt að stytta vegina með öðrum aðferðum en lögum. Það er hægt að stytta þá með framkvæmdum. Hvalfjarðargöngin styttu leiðirnar og það er hægt að stytta leiðir og gera greiðari með því að byggja upp beina og góða vegi. Það er hægt að ná miklum árangri í því. Það var ekki síst það sem ég var að reyna að koma hér inn í þessa umræðu. Menn skulu muna eftir því við hvaða samgönguástand fjölmörg byggðarlög landsins búa enn þá. Menn reyna að stunda þessa flutninga á mörg hundruð kílómetra malarvegum og borga af þeim fullan þungaskatt. Þar hallar þó a.m.k. á menn og það er fjandakornið ekki félagsleg aðstoð að skrölta á þeim eða hvað?

Ég tek ekki undir það og deili ekki þeim sjónarmiðum með hv. þingmanni að það sé þjóðhagslega óskynsamlegt að að styðja t.d. við byggð á Vestfjörðum eða á Norðausturlandi. Það er þvert á móti gríðarlega hagkvæmt þjóðhagslega að hafa þá byggð. Hefur hv. þm. Pétur Blöndal t.d. kynnt sér hvað þessi svæði leggja til gjaldeyrisöflunar þjóðarbúsins, *hversu margfalt hærri útflutningstekjurnar eru á hvern íbúa í* Norður-Þingeyjarsýslu en hér í Reykjavík, þar sem þeim er að vísu að mestu leyti eytt?

[11:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að samgöngubætur eru sennilega besta byggðamálið. Samgöngubætur stytta vegi í raun, en ekki með lögum. Þær stytta vegi með framkvæmdum.

Varðandi það að fiskur sé framleiddur einhvers staðar. Þetta er ótrúleg fullyrðing sem maður heyrir aftur og aftur. Fiskur er algjörlega verðlaus á einhverjum stað úti á landi, segjum á Þórshöfn, ef enginn selur hann, enginn flytur hann og enginn verkar hann. Kerfið allt byggir á því að fiskurinn öðlast verðmæti. Það eru ekki síst söluaðilarnir sem vegna miðstýringar íslensks efnahagslífs eru staðsettir í Reykjavík, sem eiga mestan þátt í því að auka verðmæti þess fisks sem veiddur er frá Þórshöfn. Menn mega ekki gleyma því að öll keðjan frá byrjun til enda er jafngild í því efni. Og sölumaðurinn sem hækkar verðið í Bandaríkjunum um hálft prósent er ekki síður mikilvægur, kannski mikilvægastur í

þessu efni, en sjómaðurinn sem upphaflega dró fiskinn úr sjó.

Ef það er svona hagkvæmt að veiða fiskinn og verka hann úti á landi, sem ég trúi alveg, þá á hann að sjálfsögðu að vera verkaður þar og hann mun verða verkaður og unninn úti á landi. Ef við hættum allri þeirri miðstýringu, sérstaklega í gegnum fjármálakerfið, sem við höfum við haft hérna í áratugi þá hef ég trú á því að atvinnulífið úti á landi blómstri þar sem margt hefur fullan rétt á sér, t.d. fiskveiðar og annað slíkt.

[11:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú bregður svo við að við erum eiginlega orðnir algjörlega sammála ég og hv. þm. Ef við hefðum eina tilraun enn þá yrðum við sennilega algjörlega sammála í þriðja andsvarinu.

Ég er sammála hv. þm. um að þessi mikla miðstýring og miðlægni, bæði sölukerfisins og flutningakerfisins reyndar einnig og þeirra fyrirtækja sem eru stærst á þeim sviðum, er mjög mótdræg landsbyggðinni. Það væri stórkostlegt framfaraskref ef menn gætu orðið sjálfstæðari þar í sölumálum sínum og náð að hafa meira af arðinum í eigin höndum frá upphafi til enda keðjunnar, allt frá veiðum og vinnslu í gegnum flutninga og sölu o.s.frv. Það sem ég veit að hv. þm. kallar stundum á slæmri íslensku „profit center" viðskiptanna yrði í byggðarlögunum þar sem aflinn kemur að landi og hann er verkaður.

Hitt er alveg ljóst, hvað sem líður allri sölumennsku og öllum flutningum, að það yrði skarð fyrir skildi í íslenskum þjóðarbúskap ef t.d. allur rækjuiðnaðurinn á Vestfjörðum legði ekki til þjóðarbúsins eða allar uppsjávarveiðar á Norðausturlandi og Austfjörðum. Það er erfitt að stunda þennan atvinnurekstur öðruvísi en að hafa fólk og byggð á þessum svæðum. Það verður ansi snúið fyrir þjóðarbúið að setja upp verstöðvar á vetrarvertíðunum á hverju ári t.d. í loðnu og síld í janúar, febrúar og mars. Ætli það mundi nú ekki ganga alla vega að höndla þau verðmæti ef ekki væri til staðar aðstaðan sem er á ströndinni hringinn í kringum landið í þessu sambandi?

Samgöngubæturnar eru auðvitað algjört lykilmál þarna. Ef við værum að ræða, ekki um hækkaðan þungaskatt á lengstu flutningaleiðir landsins heldur um nokkra milljarða í viðbót í vegaframkvæmdir á næstu árum þá væri gaman að lifa. Það væri meiri sómi fyrir hæstv. fjmrh. að mæla fyrir því að settir yrðu nokkrir milljarðar í viðbót í rækilegt samgönguátak. Þá hefðu ýmsir glaðst hér í salnum. (**Fjmrh.:** Bíddu bara rólegur.)

[11:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar. Þær breytingar sem hér eru einkum lagðar til eru að fellt verði niður þetta fastagjald sem var komið á. Ég tek alveg undir það í sjálfu sér að þetta fastagjald, þessi hundrað þúsund kall á litlar vörubifreiðir og fast gjald á tæki sem lítið eru notuð á vegum landsins, var afar óréttlátt. Þeim sem þarna áttu hlut að máli fannst hreinlega sem verið væri að refsa þeim fyrir að eiga slík tæki og nota þau heima við þó svo þau væru ekki nýtt til langaksturs á vegum. Í sjálfu sér fagna ég því þessari breytingu.

Þetta var mjög til umræðu í vor og í vetur. Afar margir létu í ljós óánægju sína og færðu til þess sterk rök. Með vísan til umræðu hér fyrr í haust um frv. um bifreiðagjöld sem hæstv. fjmrh. flutti — þá kom þessi hundrað þúsund kall til umræðu — tel ég að hann hafi bara brugðist nokkuð snöggt við.

Samt eru fleiri hliðar á þessu máli, þ.e. almenna skattlagningin, skattlagning á flutninga, á bíla og á vegi. Ljóst er að bílanotkun landsmanna er afar hátt skattlögð. Við erum að tala þar um tugi milljarða sem teknir eru í formi skattheimtu, annars vegar á bifreiðainnflutninginn og bifreiðaeignina sjálfa og hins vegar á notkunina.

Mig minnir að Þjóðhagsstofnun hafi athugað hvernig þessi skattlagning dreifðist á íbúa landsins. Þá kom í ljós að hún lagðist með 40% meiri þunga á einstaklinga utan höfuðborgarsvæðisins en þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu sjálfu. Þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað um að þessi skattlagning, almenn skattlagning á bifreiðar og bifreiðanotkun, sé nokkurs konar félagshjálp, er algjörlega vísað á bug. Það er frekar á hinn veginn ef eitthvað er, eins og úttektir hafa sýnt fram á.

En það er þessi forsenda sem hér er dregin upp til þessara breytinga, þessi forsenda sem er vísað til í samkeppnislögunum. Þá fer maður að velta því fyrir sér hvers konar lög þessi samkeppnislög eru. Ná þau bara til afmarkaðra einstakra þátta sem við þjóðfélagsþegnar landsins búum við? Eru þetta einhverjir afmarkaðir þættir sem samkeppnislögin ná til?

Þungaskatturinn er, eins og hér hefur komið fram, lagður jafnt á kílómetra sama við hvaða aðstæður ekið er. En er það ekki brot á samkeppnislögum að við öll skulum ekki búa við sams konar vegi? Mundi hv. þm. Pétur H. Blöndal ekki vera frekar skúffaður yfir að greiða sama verð fyrir skemmt kjötlæri og nýtt vegna þess að þau væru jöfn að þunga? Þegar við erum að greiða skatta og gjöld sem tengd eru ákveðinni notkun eða ákveðinni þjónustu, þá hljótum við að gera þá kröfu að það gjald sem við greiðum sé þá fyrir sömu gæði þjónustu eða notkunar. En það er síður en svo raunin. Gætum við því ekki á Norðurlandi, Vesturlandi og Austurlandi kært til Samkeppnisstofnunar að vegir skuli vera svona misjafnir og slæmir? Og gætum við þá ekki, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, bara ákveðið með lögum að allir vegir skuli vera góðir og þar af leiðandi yrði sama skattheimta fyrir ekinn kílómetra eftir gæðum og stytting vega.

Mér fannst það ekki alveg sannfærandi hjá hæstv. fjmrh. að hækkun á þungaskatti og þungaskattur hefði ekki áhrif á vöruverð úti á landi. Skattlagning á bifreiðar og bifreiðanotkun almennt hefur það og ekki síst margfeldisáhrifin, því þegar skatturinn og aksturskostnaður allur er kominn inn í vöruverðið, þá kemur virðisaukaskattur ofan á það. Því hærri sem stofninn er, því hærra verður það gjald. Þetta er líka skattur til samneyslunnar, til ríkisins og leggst þar af leiðandi líka með misjöfnum þunga á íbúa landsins eftir því hvar þeir búa, bæði á neysluvörur, vörur og þjónustu sem flutt er til þeirra, og einnig á samkeppni þessara aðila til að koma vörum sínum á markað til höfuðborgarinnar, sem þeir höfðu engin ráð á að ákveða að varð hér. Hér varð meginmarkaðurinn og meginútflutningurinn þannig að öll slík skattheimta og margföldun hennar hefur áhrif.

Ég hef, eins og komið hefur fram hjá öðrum ræðumönnum, áhyggjur af því hvaða áhrif þetta hefur á flutninga lengra til og tek undir gagnrýni eða ábendingar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að veruleg glöggvun hefði verið af því að fá jafnframt að sjá hvernig gjaldbreytingin legðist á þá flokkun bifreiða sem núna er lögð til.

Herra forseti. Þessi umræða leiðir hugann að vegamálum og vegagerðinni. Ég hef minnst á gæði veganna og það gjald sem við greiðum fyrir notkun þeirra sem er tvímælalaust brot á eða misjöfnun og leiðir til skertrar samkeppnisstöðu. Það hefði verið mjög myndarlegt að heyra hér um stóraukin framlög til vegamála, styttingu vega, tillögur um fjármögnun á jarðgöngum, tillögur um fjármögnun til að styrkja stofnvegi, safnvegi, tengivegi, sýsluvegina, fjallvegina og reiðvegina og allt saman sem við viljum líka fá að njóta. Það hefði verið myndarlegra. Ég verð að lýsa áhyggjum mínum yfir því að í fjárlagafrv. *næsta árs* eru engar tillögur um að auka fé til framkvæmda á þessu sviði. Þar eru engar tillögur um aukið fjármagn til jarðgangagerðar sem er þó tvímælalaust afar mikilvægt og er á stefnuskrá og lögð mikil áhersla á það í byggðaáætlun og enn fremur til stórátaks í vegamálum, ekki síst úti um hinar dreifðu byggðir landsins sem allir vita að er hið brýnasta sanngirnismál og raunveruleg aðgerð til að jafna samkeppnisaðstöðuna.

Herra forseti. Þó að þetta sé góð leiðrétting, svo langt sem hún nær, á því misrétti sem þarna er í gangi, þá sjáum við ekki hvaða áhrif hún hefur síðan á flutningana á lengri leiðum. En ég hefði gjarnan viljað sjá það hér sem tengist þessari umræðu og tengist vitund fólksins, þeirri afstöðu og þeirri umræðu sem fólk almennt úti um land hefur til skattlagningar í vegamálum, skattlagningar á notkun bifreiða og skattlagningar á flutninga, að auðvitað tengist þessi umræða beint framkvæmdum í vegamálum, gæði vega og öryggi samgangna. Þetta verður ekki slitið í sundur í umræðunni.

Herra forseti. Ég fagna 1. lið, þeim lið um að fella niður þetta fastagjald. Ég lýsi fyrirvara um það hvernig þetta kemur niður við kostnað á flutninga til og frá landsbyggðinni á lengri leiðum og ítreka áhyggjur mínar, bæði yfir hinni skertu samkeppnisstöðu dreifbýlisins til og frá aðalmörkuðum landsins og einnig yfir því að ekki skuli enn vera komnar fram neinar áætlanir eða hugmyndir um stóraukið fjármagn til samgöngu- og vegamála í landinu eins og hefur verið lofað eða gefið fyrirheit um í stefnu ríkisstjórnarinnar og Alþingis í byggðamálum.

[11:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég vil nefna. Ég tel ekki að það kalli á viðbrögð af hálfu þingmannsins en hann kvartaði undan einu atriði sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafði sömuleiðis kvartað undan, og ég tel að það sé réttmæt ábending eins og hún var fram sett, þ.e. að frv. að því er varðar framsetningu á kílómetragjaldstöflunni sé ekki nógu skýrt. Þetta hefði maður átt að sjá sjálfur. Það hefði verið eðlilegt að hafa þarna samanburðartöflu til þess að auðvelda mönnum að átta sig á þessu. Reyndar eru svona breytingafrumvörp oft mjög snúin vegna þess að lagatextinn segir kannski: 3. mgr. b-liðar fellur brott. Það er því ekki óalgengt að frumvörp líti þannig út og þá leita menn í skýringarnar. En þarna hefði mátt gera betur að því er varðar þessa töflu. Ég tek undir það og tel að þetta sé réttmæt gagnrýni og mun beita mér fyrir betrumbót á því síðar næst, sem vonandi verður ekki í sambandi við þennan skatt.

Ég vek athygli á því sem ég sagði áðan að til eru margs konar upplýsingar um þetta, töflur og annað sem við munum að sjálfsögðu leggja fyrir efh.- og viðskn. í þessu starfi.

[11:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var spurning hjá hv. þm. um það hvort ég vildi frekar borða skemmt kjöt eða nýtt kjöt, þ.e. keyra á ónýtum vegum eða góðum vegum. Ég vil að sjálfsögðu kaupa nýtt kjöt og þess vegna bý ég í Reykjavík. En það er ýmislegt sem hefur áhrif á það hvar fólk velur sér búsetu. Ég vil nefna nokkur dæmi, t.d. hávaðamengun, glæpamengun og umferðarstreitu. Ég nefni vandamál með bílastæði. Ég nefni dýrt húsnæði. Svo eru aftur kostir eins og leikhús, kaffihús og annað slíkt. Einnig koma til góðir vegir eða slæmir vegir. Þegar fólk vegur þetta og metur allt saman þá ákveður það hvar það býr.

Það er svo merkilegt, herra forseti, að miklu fleiri íbúar Reykjavíkur mundu vilja búa úti á landi heldur en íbúar landsbyggðarinnar sem mundu vilja búa í Reykjavík.

[11:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg heils hugar undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að mjög margir kostir eru við það að búa úti á landi og ég heyri að hann gæti jafnvel íhugað að flytja þangað ef vegirnir væru góðir og hann gæti alltaf fengið nýtt kjöt. Það væri nú hægt að sjá til þess. En það eru ákveðnir grunnþættir sem við viljum þó eiga hliðstæðan aðgang að, heilbrigðisþjónustu, menntun og samgöngum.

Ég skil orð hans svo, eins og hefur komið fyrr fram í umræðunni, að sennilega væri bara rétt að festa það með lögum að allir skuli hafa góða vegi og við sameinumst um það.

[11:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú komum við aftur að skynseminni og þessum leiðinlegu staðreyndum lífsins. Það getur verið afskaplega dýrt að leggja flottan og góðan veg að bæ lengst inni í afdal. Það getur verið svo dýrt að það borgaði sig frekar fyrir ríkið að kaupa viðkomandi bæ af bóndanum gegn því að leggja ekki veginn. Við verðum því að gæta okkar pínulítið á því hvað er skynsamlegt fyrir þjóðina í heild.

Hins vegar get ég huggað hv. þm. með því að ég sé miklar og bjartar væntingar fyrir landsbyggðina sem felast einmitt í fjarnámi og fjarvinnslu sem þegar er komin í gang og ég minntist á fyrir tveim, þrem árum. Þessi nýja bylting í upplýsingatækni og fjarvinnslu mun gagnast landsbyggðinni miklu meira en margt annað. Ég er mjög hlynntur því að stuðlað sé að því. En ég er ekki hlynntur því að allir vegir á landinu verði jafngóðir með lögum. Það gæti orðið afskaplega dýrt fyrir þjóðina og það skilja bændur best að ekki borgar sig að gera hluti sem skila tapi.

[11:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal setur málið aðeins á dreif. Ég tel ekki að Ísafjörður, Siglufjörður Þórshöfn, Akureyri, Raufarhöfn séu slíkir afdalabæir að ekki sé á stefnuskrá okkar allra og þjóðarinnar að koma góðum vegum til þeirra. Ég mótmæli því að þetta séu einhverjir afdalir og vil alls ekki tala illa um neina afdali. Það eru hugarfarslegir afdalir hjá hv. þm. sem geta verið erfiðastir við að fást í þessum efnum og það á kannski við víða um þjóðfélagið í heild sinni.

[11:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar. Ég þarf því ekki að hafa mörg orð um frv. þó að út af fyrir sig gefi efni þess tilefni til að halda langa ræðu.

Vissulega er hægt að taka undir það sem fram hefur komið hjá ýmsum sem hafa stigið í ræðustól, að fyrirkomulag þungaskattskerfisins er orðið þinginu til vansa því að það er orðið árlegt umfjöllunarefni á þingi og virðist raunar aldrei hægt að taka þannig á málinu að það endist eitthvað til framtíðar.

Þegar skoðaðar eru þær breytingar sem hafa verið gerðar þá hafa þær yfirleitt miðast við að lappa upp á og plástra þungaskattskerfið í stað þess að koma með nýja hugsun og nýjar leiðir. Ég held raunar að allsherjaruppstokkun á þessu kerfi sé leiðin sem við þurfum að skoða. Ég held að nauðsynlegt sé að efh.- og viðskn. fari mjög vandlega yfir frv. og gefi sér þann tíma sem þarf þannig að hægt sé að vonast til þess að við getum afgreitt málið sem lög frá Alþingi í þeim búningi að það þurfi ekki strax aftur að koma fyrir þingið.

Þetta mál kom fyrir þingið á sama tíma fyrir ári síðan. Þá skilaði minni hlutinn séráliti, en sæti í honum áttu hv. þm. Ágúst Einarsson, Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon. Við umræðuna fyrir ári síðan kom einmitt fram hjá Ágústi Einarssyni að hann spáði því að yrði frv. þá að lögum mundi ekki líða á löngu áður en nýtt frv. um endurbætur á því yrði lagt fram. Sannarlega reyndist þingmaðurinn Ágúst Einsson sannspár því nú ári síðar erum við að fjalla um þetta sama mál.

Ég held að við stöndum frammi fyrir þeirri þróun að stóru flutningsaðilarnir eins og skipafélögin hafa fengið sífelld stærri hlut af landflutningunum. Það er mikilvægt að tryggja betur samkeppnisstöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga í vöruflutningum en gert hefur verið. Spurning er hvaða leið eigi að fara í því efni. Sú skýrsla sem hæstv. ráðherra vísaði til og lögð var fyrir 123. löggjafarþing fjallaði um áhrif á breytingar á lögum um gjöld af bifreiðum og fjallaði auðvitað m.a. um þungskattskerfið. Þar var dregin saman ákveðin niðurstaða. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Að öllu þessu virtu má vera ljóst að ekki er unnt að búa til þungaskattskerfi, sem í senn uppfyllir kröfur samkeppnisyfirvalda um niðurfellingu afsláttar, og kemur til móts við þá sem aka mikið án þess að íþyngja þeim sem aka lítið. Þungaskattskerfi með afsláttarfyrirkomulagi mismunaði gjaldendum þannig að þótti samkeppnishamlandi. Þungaskattskerfi með föstu árgjaldi mismunar gjaldendum eftir akstri og þykir koma illa niður á þeim sem aka lítið. Til að koma á kerfi sem mismunar gjaldendum sem minnst og þar sem skattlagningin miðast við notkun virðast einu raunhæfu leiðirnar að hafa þungaskatt sem kílómetragjald án fasts gjalds og afsláttar eða færa gjaldtökuna inn í eldsneytisnotkunina."

Það er greinilega fyrri leiðin sem hér er bent á sem hæstv. ráðherra leggur nú fyrir þingið, þ.e. að hafa þungaskatt sem kílómetragjald án fasts gjalds og afsláttar. Hin leiðin, að færa gjaldtökuna inn í eldsneytisnotkunina, er ekki lögð til. Það er aðferð sem ég held að við eigum ekki að gefast upp við fyrir fram og eigum nokkuð að glíma við.

Í nefndaráliti sem minni hluti efh.- og viðskn. lagði fram fyrir ári síðan er lögð til sú leið að taka upp olíugjald í stað eldra kerfis. Í áliti minni hlutans segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn telur besta kostinn að taka upp einfalt olíugjaldskerfi og leggja alveg af mælagjald þungaskatts. Slík skattlagning á eldsneytisnotkun, eins og olíugjaldið er, væri tvímælalaust jákvæð með tilliti til umhverfismála. Slíkt ætti að verka hvetjandi til orkusparnaðar og þar með auðvelda Íslendingum að standa við alþjóðlegar skuldbindingar á því sviði.

Það kom fram í umsögnum í fyrra að langflestir vildu olíugjald í stað eldra kerfis."

Ég held að þetta munum við þurfa að ræða í efh.- og viðskn., þ.e. hvort ekki sé hægt að skoða þessa leið. Þrátt fyrir úrtölur olíufélaganna sem hér hefur verið bent á held ég engu að síður að við eigum að skoða hvort þessi leið sé ekki fær. Við hljótum að stefna að því að fara þá leið.

Herra forseti. Ég vil segja að það er mjög slæmt að frv. er lagt fram eins og hér er gert, án þess að við sjáum áhrifin af þessari breytingu á ýmsa þætti eins og hér hefur verið bent á. Það vantar alveg að sjá áhrifin af þessari breytingu á afkomu þeirra sem við eiga að búa, flutningabílstjórana. Það þarf að skoða áhrifin á flutningsgjaldið, hvort þetta leiðir til hækkunar á vöruverði. Því hefur verið haldið fram hér að það muni gerast. Auðvitað er ekki hægt að afgreiða þetta mál frá efh.- og viðskn. nema skoða slíkar tölur, hvort áhrifin séu þau að þetta leiði til hærra vöruverðs úti á landi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi ákveðna leið, þ.e. að taka upp sérstakan gjaldflokk fyrir vöruflutninga úti á landi eða langflutninga eins og hann nefndi. Og ef ekki er samkomulag um að fara aðra leið en þá sem hæstv. ráðherra leggur til í megindráttum þá er auðvitað sjálfsagt að skoða það.

Hæstv. ráðherra hefur sagt hér í ræðustól að hann muni reiða fram allar þær upplýsingar sem hv. efh.- og viðskn. kallar eftir og ég vænti þess að þær upplýsingar sem ég hef nefnt verði þá lagðar fyrir nefndina. En auðvitað hefði það átt að vera hér sem fskj. með þessu frv. þannig að við 1. umr. málsins væri hægt að ræða efnislega áhrifin sem þessi breyting mun hafa.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hverjir hafi komið að vinnu og samningu þessa frv. Liggur það fyrir t.d. að stéttarfélag atvinnubílstjóra, þ.e. þeir sem við eiga að búa, séu sammála þessari leið? Var þetta borið undir þá? Var haft samráð við þá um breytinguna sem hér er lögð til? Var haft samráð við FÍB svo dæmi sé nefnt eða Samkeppnisstofnun, vegna þess að frv. er ekki síst flutt vegna athugasemda sem samkeppnisráð hefur ítrekað gert við breytingar sem Alþingi hefur gert á þungaskatti? Vafalaust eru samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun sátt við þessar breytingar þegar búið er að taka út afsláttarfyrirkomulagið. Ég spyr sérstaklega um þá sem við þetta eiga að búa, en auðvitað hafa allar slíkar breytingar áhrif á afkomu atvinnubílstjóranna.

Eins og ég sagði mun ég fjalla um þetta mál í efh.- og viðskn. og mér skilst á þeim sem hafa fjallað um það áður í efh.- og viðskn. að það sé mikið tilhlökkunarefni að glíma við þetta. Ekki ætla ég að skorast undan því. En ég vildi gjarnan, af því ég hef ekki komið að þessu máli áður í nefnd, skoða hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um einhverjar leiðir sem halda til frambúðar. Eftir að hafa skoðað málið og farið aðeins yfir það þá held ég að olíugjaldsleiðin hljóti að vera eitthvað sem við eigum að stefna að.

Ég vil líka spyrja ráðherrann hvort hann og ríkisstjórnin leggi áherslu á að málið verði afgreitt fyrir jól. Mér finnst málið svo mikilvægt og stórt að við hljótum að þurfa að taka

okkur ákveðinn tíma í efh.- og viðskn. til að fjalla um það. Þá væri ágætt nú strax við 1. umr. að fá skoðun hæstv. ráðherra á því.

[12:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nefna tvö atriði. Í fyrsta lagi spurninguna um það hvort aðilar utan ráðuneytisins hafi komið að samningu þessa frv. Ég lét þess getið í framsöguræðu minni að svo er ekki. Frv. er samið á mína ábyrgð eingöngu og hjá starfsmönnum fjmrn. Við höfum að vísu í öllu þessu ferli ítrekað rætt við hagsmunaaðilana. Það hafa verið mjög góðir og gagnlegir og upplýsandi fundir fyrir mig. Við höfum hins vegar ekki kosið að óska eftir því að þeir gæfu upp viðhorf sitt til þessa frv. núna fyrir fram. Afstaða einstakra samtaka liggur reyndar nokkuð fyrir enda hefur það margkomið fram og náttúrlega er jafnframt ljóst hvar hagsmunir aðilanna liggja í þessu. Því var sú leið farin núna að leggja frv. fram án þess en auðvitað í trausti þess að þingnefndin leiti álits þessara aðila og kanni þeirra viðhorf. Ég tel að það hefði ekki bætt neinu í sjálfu sér við vinnsluna að gera það öðruvísi að þessu sinni.

Það er rétt sem þingmaðurinn sagði að þarna var valin sú leið að fella niður afsláttinn og fara fyrri leiðina af þeim tveimur sem fram koma í skýrslu minni frá því í fyrra að mundu vera tiltækar að sama marki vegna þess að olíugjaldsleiðin er ekki framkvæmanleg eins og sakir standa.

Um hitt atriðið, þ.e. hvort afgreiða þurfi þetta mál fyrir jól. Mitt svar við því er að ég legg það algjörlega í vald nefndarinnar hvenær hún telur sig til þess búna að afgreiða málið. Ég legg ekki sérstaklega áherslu á að það verði fyrir þinghlé. Ég bendi á að næsti gjalddagi þungaskatts er 11. febrúar. Það væri auðvitað gott að koma þessu máli í gegn fyrir þann tíma.

Ég bendi á að mínar skyldur í þessu eru að leggja frv. fyrir þingið. Það hef ég gert. En að öðru leyti hefur ríkissjóður ekki sérstakra hagsmuna að gæta vegna þess að tekjuöflun hans er tryggð hvort sem núverandi kerfi heldur áfram eða þetta kerfi tekur við. Þess vegna bera fyrst og fremst aðrir skaðann af því ef þetta mál nær ekki fram að ganga.

[12:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tel það miður fyrir umfjöllun og framgang þessa máls í þinginu að ekki hafi verið haft samráð við hagsmunaaðila eða leitað umsagna þeirra um þá útfærslu sem hæstv. ráðherra komst endanlega að áður en málið var lagt fyrir þingið. Ég held að það sé eðlilegt og rétt að viðhafa þau vinnubrögð að hagsmunaaðilar og þeir sem eiga að búa við þessa löggjöf eigi þess kost að segja álit á málinu áður en það kemur fyrir þingið. Vissulega er eðlilegt að þingið sendi málið til umsagnar. En það á auðvitað að vera óháð því hvort ráðherrann hafi haft samráð við hagsmunaaðila eða ekki. Ég tel það bara rétt og eðlilegt.

Ráðherrann svaraði því ekki hvort haft hefði verið samráð við Samkeppnisstofnun sem ítrekað hefur gert athugasemdir við útfærsluna á þungaskattskerfinu og hvort ráðherrann geti staðfest hér að þingið muni þá ekki eiga von á því að fá athugasemdir frá Samkeppnisstofnun eða samkeppnisráði verði þessi leið valin og hún gerð að lögum.

Varðandi afgreiðslu málsins þá er gott að fá að vita við 1. umr. að ráðherrann leggur ekki sérstaka áherslu á að fá málið afgreitt fyrir jól. Ég held að það sé skynsamlegra allra hluta vegna því efh.- og viðskn. er með mörg mál til umfjöllunar, að við gefum okkur aðeins rýmri tíma en fram að jólum til að fjalla um málið. Hér er svo stórt mál á ferðinni og það er hreinlega orðið þinginu til skammar hvernig það hefur alltaf verið afgreitt þannig að það þarf síendurtekið að koma til kasta þingsins aftur. Ég held að við ættum að gefa okkur þann tíma sem þarf til þess að skoða málið og afgreiða það í þeim búningi að það geti staðið til einhverrar frambúðar.

[12:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að þetta mál sé Alþingi til skammar. Alþingi hefur reynt að gera nokkrar tilraunir til að sætta ósamrýmanleg sjónarmið. Það hefur augljóslega ekki tekist frekar en vænta mátti kannski.

Að því er varðar samráð mitt við hagsmunaaðila í þessu máli þá hefur það verið mjög mikið síðastliðið eitt og hálft ár. Ég held að ég hafi tæpast eytt meiri tíma í að tala við hópa og hagsmunaaðila en þá sem koma að þessu máli með ýmsum hætti, þ.e. langflutningamenn, vörubílstjóra, sérleyfishafa og útgerðarmenn rútubíla af ýmsu tagi o.fl. sem starfa að þessum málum, m.a. innan samtaka landflutningamanna. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt hvernig að þessu hefur verið staðið og ekkert undan því að kvarta.

Að því er Samkeppnistofnun varðar þá hefur þetta mál ekkert verið borið undir hana. Hennar niðurstaða liggur alveg fyrir. Hún sendir ráðuneytinu þau tilmæli að við flytjum um þetta nýtt þingmál, eins og nú hefur verið gert. Ég tel að þetta þingmál sé í fyllsta samræmi við ábendingar hennar. En við hefðum auðvitað líka getað látið það eiga sig og tekið þá áhættu af því að einhver hefði hugsanlega farið í dómsmál. Það er náttúrlega hægt að gera það, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á. Menn geta auðvitað látið á þessa hluti reyna fyrir dómstólum. En ég tel hins vegar að þetta sé í alveg eðlilegum farvegi gagnvart Samkeppnisstofnun. Þó ítreka ég það sem ég sagði áðan, að það er ekki óeðlilegt að þingnefndin kanni hvaða augum Samkeppnisstofnun lítur það fastagjald sem eigendur bíla undir 4 tonnum að þyngd eiga kost á að velja sér, með tilliti til afstöðu stofnunarinnar til fastagjalds sem miðaðist við 95 þús. km. Ég tel eðlilegt að nefndin afli þeirra upplýsinga.

[12:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mig langar að nefna nokkur atriði sem varða þetta mál. Samkeppnisstofnun gerði athugasemd við núgildandi lög og því er þetta frv. komið fram. Samkeppnisstofnun tekur hins vegar eingöngu tillit til reksturs bifreiðanna, tekur ekki til annarra þátta sem við á hinu háa Alþingi þurfum að horfa á líka. Eins og komið hefur fram er ekki nóg að horfa á kílómetramælinn og lesa af honum. Vegirnir sem ekið er eftir skipta líka máli. Þegar talað er um jafnrétti og jafna stöðu þá verður einnig að horfa til veganna, samgönguæðanna í landi okkar. Það er ekki hið sama að reka bíl sem ekið er á malbikuðum vegum og þann sem fer langar leiðir á misjafnlega góðum malarvegum. Hvernig sem við finnum leið til að jafna aðstöðu manna, ekki bara varðandi kílómetrafjöldann sem ekinn er heldur einnig að til að reka bíl við mismunandi aðstæður þá verðum við að skoða þessi mál virkilega vel.

Ég er ekki undrandi á því að þessi skattur hafi verið tekinn til umfjöllunar í þinginu hvað eftir annað og mönnum hafi reynst erfitt að finna hinn gullna meðalveg. Í málinu

stangast hagsmunir aðila svo sannarlega á og hér á hv. efh.- og viðskn. erfitt verk fyrir höndum. Ég tek undir að rétt sé að kalla eftir þeim gögnum sem geta varpað skýrari ljósi á málið, m.a. gögn sem hugsanlega geta sýnt hvort sú breyting sem hér er lögð til hafi áhrif á vöruverð á landsbyggðinni. Það skiptir miklu máli að breytingar sem gerðar eru á skatti af þungaflutningum bitni ekki á vöruverði úti á landi.

Hér hefur komið fram að það er munur á vöruflutningum, landflutningum, og þungaflutningum eins og malarflutningum. Hvort hægt er að greina milli mismunandi flutninga í lögunum efast ég um miðað við reglur Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Þegar við tökum ákvarðanir um þetta mál verður að hafa í huga að það er mikill munur á landflutningum með nauðsynjavörur og malarflutningum. Þróunin hefur orðið þannig að allar vörur eru fluttar landleiðina. Flutningur sjóleiðina hefur nær lagst af.

Það má kannski segja, þó það falli ekki undir þessi lög, að e.t.v. væri sterkasta jöfnunaraðgerðin, sem jafnframt mundi fullnægja reglum samkeppnisráðs, að einhenda sér í stórátak í vegagerð, ljúka við að byggja upp hringveginn og malbika, ganga frá vegakerfi landsins þannig að flutningar séu sambærilegir milli byggðarlaga.

[12:20]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Vandræðin með framkvæmd þungaskattsins sem Alþingi hefur tekið til umfjöllunar hvað eftir annað eiga rætur sínar að rekja til fyrri og vanhugsaðra ákvarðana Alþingis. Alþingismenn sáu þá ekki fram á hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra mundu hafa. Á sínum tíma var tekin ákvörðun um að notendur dísilbíla, þ.e. almenningur og þeir sem keyra sendi- og vöruflutningabíla um tiltölulega skammar vegalengdir, skyldu greiða niður kostnaðinn við þungaflutninga og landflutninga um langa vegu. Allur almenningur sem á dísilbíla og keyrir á þeim, sendibílstjórar og aðrir slíkir, greiða niður kostnað landflutningabíla sem eiga um langan veg að fara og flytja þungt æki. Þessi ákvörðun varð þess valdandi á sínum tíma að sú flutningastefna sem búið var að móta fyrir landsbyggðina var brotin niður.

Stefnan sem mótuð hafði verið fyrir landsbyggðina var á þann veg að öruggast og hagkvæmast væri að stunda tíða sjóflutninga frá Reykjavík í nokkrar aðaluppskipunarhafnir á landsbyggðinni. Þar tækju síðan flutningabifreiðar við fraktinni og flyttu heim til hvers og eins, vegakerfið skyldi byggja upp í samræmi við það, þ.e. leggja mesta áherslu á uppbyggingu innanhéraðsvega þannig að flutningarnir gætu gengið greiðlega fyrir sig. Niðurgreiðslur sem ákveðnar voru til langflutningabílanna og þeirra fyrirtækja gerðu það hins vegar að verkum að þeim tókst að brjóta niður þessa skynsamlegu stefnu. Landflutningar fóru í samkeppni við sjóflutninga á þeirri forsendu að geta boðið niðurgreidd kjör og brutu þannig sjóflutningana á bak aftur. Mér er sem ég sæi álit Samkeppnisstofnunar ef hún hefði verið starfandi við þær aðstæður.

Niðurstaðan er sú að sjóflutningar eru ekki lengur stundaðir og ekki er hægt að gera þær skynsamlegu breytingar á þungaskattsinnheimtunni sem Alþingi hefur talið nauðsynlegar, þ.e. breyta frá kerfi þungaskattsinnheimtu yfir í kerfi olíugjalds. Þá kemur fyrst í ljós hver hinn raunverulegi kostnaður við landflutningana er og verður auðvitað ljóst, eins og hér hefur komið fram, að landflutningafyrirtækin standa ekki undir þeim kostnaði. Fólkið úti á landsbyggðinni yrði að borga miklu hærri flutningataxta en eru í dag. Þetta er afleiðing af þeirri ákvörðun sem Alþingi tók á sínum tíma um framkvæmd þungaskattsinnheimtunnar. Alþingi og hæstv. ráðherra eru nú í vandræðum út af þeirri gömlu ákvörðun. Í núverandi kerfi, hvorki innan kerfis þungaskatts né olíugjalds, er hægt að taka skynsamlega ákvörðun um breytingar á þessu óréttláta kerfi. Landflutningarnir hvíla bókstaflega á því að aðrir eigendur dísilbíla niðurgreiði fyrir þá flutningskostnaðinn.

Ég vil þó skjóta fram spurningu til hæstv. ráðherra um hvort hann sé ekki reiðubúinn til þess að huga að einni aðferð sem er skynsamleg og mundi leysa þetta vandamál. Ég vitna til þess að fyrir síðustu kosningar hafði Samfylkingin á oddinum hugmyndir um að taka upp mengunargjöld í staðinn fyrir hefðbundnari skattheimtu.

Aðferðin er að sjálfsögðu sú að innheimta olíugjaldið, þ.e. skattleggja dísilolíu í staðinn fyrir að innheimta þungaskatt, með því að leggja á hvern seldan dísillítra ákveðna fjárhæð í formi mengunarskatts. Það gengi yfir alla notendur dísilolíu, ekki bara þá notendur dísilolíu sem brenna henni á landi heldur líka þá sem brenna henni á sjó. Auðvitað stafar jafnmikil mengun af dísilolíu sem brennt er í landflutningum, dísilolíu sem brennt er í sjóflutningum og dísilolíu sem er brennt á fiskiskipum.

Þungaskattsinnheimtan er að verða óleysanlegt vandamál vegna þess að Samkeppnisstofnun mun örugglega gera athugasemdir við nærfellt hvaða aðferð sem felst í að einn notandi dísilolíu greiði niður kostnað fyrir annan til þess að skapa óeðlilega verðmyndun. Í stað kerfis sem aldrei gengur almennilega upp þarf að taka upp kerfi mengunargjalds sem ná mundi til allra notenda dísilolíu. Af því að það nær til allra notenda dísilolíu þá væri hér um að ræða nokkurra aura gjald á hvern dísillítra. Það mundi ekki með nokkru móti há þeim notendum dísilolíu sem nú þurfa að flytja vörur um langan veg. Auðvitað er alveg ljóst ef miðað er við að ríkissjóður tapi ekki fé frá núverandi tekjum af þungaskatti þá yrði gjald á hvern lítra af seldri dísilolíu sem næði til allra notenda slíkrar olíu mjög lágt, örfáir aurar eða eftir því sem ég man rétt innan við 20 aurar á hvern dísilolíulítra. Er það ekki sanngjarnari skattheimta og eðlilegri og meira jafnræðis og jafnréttis gætt en með gjöldum sem nú eru lögð á notendur dísilolíu í landflutningum með þungaskattsinnheimtunni? Ef hv. efh.- og viðskn. fær nægan tíma til að skoða málið þá hefði ég áhuga á að vita hvort hæstv. fjmrh. mundi ekki vilja beita sér fyrir að þessi framkvæmd yrði athuguð ásamt öðrum hugmyndum sem upp kynnu að koma við athugun nefndarinnar á málinu.

[12:27]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að skoða allar góðar hugmyndir í þessu efni. En ég sé strax verulega meinbugi á þeirri hugmynd sem hér hefur verið hreyft af hálfu þingmannsins. Menn mega ekki gleyma því að lögin sem hér um ræðir heita lög um fjáröflun til vegagerðar og þungaskattstekjur renna í þann farveg. Ég hygg að það mundi þykja óeðlilegt að skattleggja til að mynda fiskiskipaflotann eins og þingmaðurinn nefndi, þó ekki sé nema um hugsanlega 20 aura á hvern lítra, og láta það fjármagn renna beint til vegagerðar. Það má vel vera að taka þyrfti upp allt kerfi markaðra tekjustofna í þessu sambandi að því er varðar vegamálin, ég skal ekki segja um það. Ég er hræddur um að ýmsum þætti þetta óeðlilegt.

Við höfum nokkrum sinnum á haustþinginu rætt um umhverfis- og mengungargjöld. Ég ætla ekki að taka þá

umræðu upp á nýtt. Ég vek hins vegar athygli á því sem ég sagði fyrr í umræðunni. Það er auðvitað mjög mikil framþróun í framleiðslu véla sem nota bensín og dísileldsneyti til að takmarka þá mengun sem vélarnar skila frá sér. Þarna er um að ræða mjög öra framþróun sem stefnir að því að minnka þessa mengun og gera starfsemina hreinni en hún er í dag. Það er að sjálfsögðu hið besta mál, tækniþróun mun að sjálfsögðu skipta miklu fyrir umhverfisþátt málsins.

[12:29]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sannfærður um að ef gerð yrði athugun á því hvort næmi hærri fjárhæð, tekjur sem þungaflutningar um þjóðvegi landsins færa Vegasjóði í formi þungaskatts eða útgjöldin sem sjóðurinn hefur af þeirri sömu umferð þá mundi tapið vera meiri en hagnaðurinn. Hver og einn af þessum þungu bílum með aftanívagni er talinn slíta vegunum á einni ferð eins og 10.000 fólksbílar. Á þessum veiku vegum úti á landsbyggðinni, t.d. þar sem ekki er varanlegt slitlag, nægir að einn slíkur bíll aki um þá vegi í rigningartíð til þess að þeir séu á eftir næstum ófærir venjulegum fólksbifreiðum. Ég er sannfærður um að ef þessi mál væru gerð upp þá kosti hinir niðurgreiddu landflutningar Vegasjóð meira en nemur tekjunum af þeim.

Það vandamál sem hæstv. fjmrh. ræddi um, að ekki þætti eðlilegt að tekjur af innheimtu dísil- eða olíugjalds af öðru en umferð um vegi yrði notuð í Vegasjóð, er harla auðvelt að leysa. Það má einfaldlega gera með því að fella niður þennan fasta tekjustofn Vegasjóðs og taka í staðinn upp innheimtu slíkra gjalda beint í ríkissjóð. Síðan tækju ríkisstjórnin, Alþingi og fjárln. ákvörðun um að hve miklu leyti Vegasjóði yrðu bættar þær tekjur. Það skiptir ósköp litlu máli hvort peningarnir renna í hægri vasann á jakka hæstv. fjmrh., í vinstri vasann eða í brjóstvasann. Þetta endar allt saman í sama jakkanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 235. mál. — Þskj. 287.

[12:32]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem er 235. mál þingsins á þskj. 287.

Með frv. þessu er lagt til að Alþingi heimili viðskrh. að selja af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. 15% hlut í hvorum banka fyrir sig.

Ríkið á nú um 85% hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka en nýtt hlutafé í bönkunum að verðmæti um 15% af heildarhlutafé hvors banka var boðið almenningi til kaups síðari hluta ársins 1998. Verði 15% hlutafjár ríkissjóðs í bönkunum selt mun ríkið eiga um 72% í bönkunum eftir söluna. Verðmæti 15% hlutafjár ríkisins er 5,6 milljarðar kr. miðað við núverandi gengi hlutabréfa bankanna.

Verði frv. að lögum á haustþingi er stefnt að því að nýta heimildina til sölu hlutafjár strax fyrir áramót. Stefnt er að því að selja meiri hluta þess hlutafjár sem í boði er til almennings en minni hluta í tilboðssölu. Tekið verður mið af reynslu fyrri útboða og lögð áhersla á dreifða eignaraðild. Viðskiptaráðherra tekur ákvörðun um útfærslu sölunnar að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Frv. er lagt fram í því skyni að tryggja að a.m.k. 25% af heildarhlutafé Landsbanka og Búnaðarbanka verði í eigu annarra en ríkisins. Í 9. gr. reglna Verðbréfaþings Íslands um skráningu verðbréfa á þinginu segir að dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem sótt er um skráningu á skuli vera þannig að a.m.k. 25% hlutabréfanna og atkvæðisréttar sé í eigu almennra fjárfesta. Þegar stjórn Verðbréfaþings Íslands samþykkti að skrá hlutabréf Landsbanka og Búnaðarbanka á aðallista þingsins var veitt undanþága frá þessu skilyrði um dreifða eign. Undanþágan var veitt með hliðsjón af því að viðskiptaráðherra hafði lýst því yfir að það væri liður í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutafjár í bönkunum að dreifing hlutafjár í samræmi við reglur Verðbréfaþingsins væri tryggð eigi síðar en 1. júní árið 2000.

Hagstætt árferði á hlutabréfamarkaði gerir það að verkum að ástæða er til að tryggja framangreinda dreifingu hlutafjárins nú þegar. Með dreifðri sölu til almennings í hlutafélagabönkunum tveimur er hvatt til aukins sparnaðar heimilanna, hlutabréfamarkaður efldur og verðmyndun hlutabréfa í bönkunum treyst. Almenningi gefst jafnframt kostur á að nýta sér kaup hlutabréfa í bönkunum til skattafsláttar í samræmi við reglur ríkisskattstjóra. Markmiðin með sölunni eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 1999.

Samkvæmt lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, getur viðskiptaráðherra heimilað útboð á nýju hlutafé í bönkunum. Samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanum um sig. Þessi heimild hefur verið nýtt að hluta. Hægt væri að uppfylla skilyrði Verðbréfaþingsins um dreifingu hlutafjár með því að heimila útboð á nýju hlutafé. Slík ráðstöfun er hins vegar talin óæskileg í ljósi mikils vaxtar í þjóðarbúskapnum að undanförnu. Því er í frv. lagt til að viðskiptaráðherra fái heimild til sölu hlutafjár.

Ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að jafna aðstæður á milli ríkis og einkaaðila og draga úr hlutverki ríkisins í starfsemi sem einkaaðilar geta stundað og þar sem samkeppni þrífst. Þetta á ekki hvað síst við um fjármagnsmarkaðinn. Vel heppnuð breyting á rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og sameining fjárfestingarlánasjóða í einn öflugan fjárfestingarbanka og einn nýsköpunarsjóð gekk í gildi 1. janúar 1998. Þá urðu Landsbankinn og Búnaðarbankinn að hlutafélögum og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins stofnaðir úr fjórum fjárfestingarlánasjóðum í eigu ríkisins. Með þessu fyrsta skrefi var almenn fjármálastarfsemi ríkisins sett í sama form og fjármálafyrirtæki á samkeppnismarkaði, en hlutverk ríkisins í nýsköpun staðfest.

Árangurinn af þessum aðgerðum hefur þegar komið í ljós. Rekstur Landsbankans og Búnaðarbankans hefur gengið vel og er hagnaður þeirra meiri en áður í sögu bankanna þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað verulega. Samanlagður hagnaður bankanna var nærri 1.600 millj. kr. á árinu 1998 og um 1.300 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs. Áhyggjur sem m.a. komu fram í grg. með frv. því sem varð að lögum nr. 50/1997 um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar

áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár ríkissjóðs hafa ekki átt við rök að styðjast. Aðlögunarhæfni bankanna hefur verið góð, svo sem meðal annars sést á hagnaði þeirra og lægri lántökukostnaði á nýjum lánum þrátt fyrir afnám ríkisábyrgðar.

Herra forseti. Rekstur bankanna hefur gengið vel og staða þeirra er traust. Í bönkunum tveimur eru um 36 þús. hluthafar sem notið hafa góðs af miklum hagnaði þeirra og hagstæðari gengisþróun. Frv. þetta miðar að því að styrkja bankana enn frekar og fá almenning til að taka þátt í uppbyggingu þeirra. Ríkið mun samt sem áður enn eiga vel yfir $^2/_3$ hlutafjár í bönkunum.

Markmið ríkisstjórnarinnar er að eignarhald í Landsbanka og Búnaðarbanka verði dreift líkt og eignarhaldið í bönkum í einkaeigu sem skráðir eru á markaði, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Íslandsbanka. Þessi sala stuðlar einmitt að því markmiði.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[12:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. hæstv. viðskrh. þar sem óskað er eftir heimild Alþingis til að ríkissjóður geti selt um 15% hlut í Landsbanka og Búnaðarbanka. Af því sem fram kemur í grg. með þessu frv. virðist mikið liggja á að koma þessum 15% í sölu og er reiknað með að það geti gerst í þessum mánuði, þ.e. sama mánuði og hæstv. ráðherra leggur frv. fyrir þingið.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þetta nokkuð stórt mál. Ég tel það lítilsvirðingu við þingið að ætla því örfáa daga til þess að afgreiða málið. Maður hlýtur að ætla að nokkurn undirbúning þurfi og tíma til fyrirhugaðar sölu eftir að málið hefur verið afgreitt sem lög frá þinginu. Ráðherrann ætlar væntanlega þinginu örfáa daga til að afgreiða það.

Ég vil byrja á því af því að í fjölmiðlum hefur komið fram að hæstv. ráðherra telur — það er sögð ein ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt nú — að þetta muni slá verulega á þensluna. Vissulega er mikil þensla í þjóðfélaginu, verðbólgan komin á skrið og ástæða til að taka á því máli en ég er ekki viss um að ráðherrann sé hér að fara þá leið sem þarf í því efni. Ég held að ákaflega hæpið sé að halda því fram að þessi leið slái á þensluna. Ef það sem ráðherrann er að tala um gengur eftir þá þurfa einhverjir neytendur að draga úr neyslu sinni til að kaupa hlutabréf eða fyrirtæki að draga úr fjárfestingu. Ég held að miklu fremur sé hægt að ályktа að andvirði sölunnar komi að mestu í stað annars sparnaðar sem ella hefði orðið. Það er kannski líka rökréttast við mat á áhrifunum að ætla að almenningur taki lán fyrir kaupunum í von um hagnað og aukin lántaka er ekki það sem við þurfum á að halda núna.

Gerist það að þeir sem ætla sér kaup á þessum hlutabréfum taki lán í miklum mæli þá ýtir það undir þensluna í þjóðfélaginu, ekki síst ef þeir innleysa fljótlega hugsanlegan hagnað sem síðan yrði notaður til meiri einkaneyslu. Síðan er líka spurningin hvernig ríkisstjórnin ætlar að ráðstafa andvirðinu. Það skiptir miklu máli. Ég spyr hæstv. ráðherra um það. Við erum að tala um 5–6 milljarða. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að ráðstafa andvirði þessa hlutar? Það skiptir miklu máli. Á að greiða niður frekari skuldir? Á að nota það til þess að minnka hallann á fjárlögum eða á að nota andvirðið í eyðslu? Við þurfum auðvitað að fá það upp við þessa umræðu.

Einnig er spurning hvort þessi tímasetning sem hér er að stefnt sé rétt, þ.e. að selja hlutabréfin í þessum mánuði. Ég spyr hæstv. ráðherra: Var haft samráð við aðila á fjármálamarkaði eða Seðlabankann um þessa tímasetningu til að kanna hvort hún væri rétt? Sumir hafa í því sambandi, þegar verið er að ræða hvort tímasetningin sé rétt, bent á hugsanlegan 2000-vanda á fjármálamarkaði svo dæmi sé tekið. Það virðist regla fremur en undantekning þegar farið er fram á sölu á hlut úr fjármálastofnunum sem ríkið á, að lítið liggur fyrir hjá hæstv. ráðherra um áhrifin af sölu á hlutabréfanna. Þó er það grunnforsenda fyrir því að hægt sé að taka ákvörðun um hvort rétt sé að fara í slíka sölu. Ég spyr: Hefur yfirleitt farið fram úttekt á almennum áhrifum þessarar sölu á fjármagnsmarkaðinn? Á vaxtastigið, á samþjöppun valds á fjármálastofnunum o.s.frv.

Ég held að staðreyndin sé sú að stefnumörkun um fjármálamarkaðinn vanti og um einkavæðinguna almennt. Ég spyr: Hvaða áætlanir liggja fyrir um einkavæðingu banka og annarra fjármálastofnana? Liggur fyrir einhver áætlun um það? Ég held að það sé óhætt að segja að allt of mikið sé um að handahófskenndar ákvarðanir hafi ráðið sölu á fjármálastofnunum án þess að heildstæð stefnumótun hafi verið gerð fyrir fjármagnsmarkaðinn í heild eða leikreglur settar sem hann á að lúta. Við höfum nú farið yfir það í haust að nauðsynlegt sé að setja fjármálamarkaðnum leikreglur.

Við þekkjum það að fjárfestar hafa á rúmu ári hagnast á ríkiseignum við sölu á fjármálastofnunum um rúma 30 milljarða með kaupum á hlutabréfum í FBA, Landsbanka og Búnaðarbanka. Nýlega kom fram að fjárfestar sem keyptu 51% hlut ríkisins í FBA hefðu hagnast um 1.265 millj. á tíu dögum. Maður veltir auðvitað fyrir sér, þegar svona stórtækar breytingar verða, að hagnaður af þessum bönkum er um 30 milljarðar á ári, hvort bankarnir hafi verið seldir á undirverði. Liggja fyrir einhverjar fyrir fram mótaðar áætlanir um sölu á ríkisbönkunum? Ég held að þær liggi ekki fyrir. Ráðherrann svarar því þá hér á eftir.

Þrátt fyrir allt á að keyra í gegnum Alþingi á skömmum tíma sölu á 15% hlut í Landsbankanum og Búnaðarbankanum fyrir um 6 milljarða kr. Maður spyr: Af hverju liggur svona mikið á? Liggur að baki þessu einhver ákvörðun eða samkomulag milli stjórnarflokkanna? Hafa þeir náð saman um að skipta bönkunum á milli sín með sameiningu Landsbanka og Íslandsbanka annars vegar og Búnaðarbanka og Fjárfestingarbankans hins vegar? Um þetta er talað og við köllum auðvitað eftir upplýsingum um það hér á þinginu. Mér kæmi ekki á óvart að undirliggjandi í þessu væri að stjórnarflokkarnir hafi komið sér saman um hvernig brjóta eigi niður ríkisbankana þannig að þeir passi í ginið á kolkrabbanum, svo vitnað sé í orð sem hæstv. viðskrh., þá óbreyttur þingmaður, viðhafði 1992. Þá var hann greinilega á móti öllu því sem hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson aðhefst nú í ráðherrastól. Loksins þegar bankarnir skila hagnaði, en í grg. með frv. er sagt að samanlagður hagnaður bankanna hafi verið 1.600 millj. 1998 og 1.300 millj. á fyrri hluta þessa árs, á að selja þá. Þegar þeir eru farnir að skila talsvert miklum hagnaði í ríkissjóð og fyrir skattgreiðendur þá liggur mikið á að koma þeim í hendur kolkrabbans og smokkfisksins.

Ég spyr: Hvert var meðlagið með Landsbankanum sem skattgreiðendur þurftu að standa undir fyrir nokkrum árum þegar illa gekk í þeim banka? Þá var Landsbankinn á fram-

færi skattgreiðenda. Það er auðvitað eftir öðru að þegar kýrin er farin að mjólka þá á að selja hana, þjóðnýta tapið og einkavæða gróðann. Þannig fer þessi ríkisstjórn að, hún vill þjóðnýta tapið og einkavæða gróðann.

Þegar ríkisviðskiptabönkunum var breytt í hlutafélag í maí 1997 sagði viðskrh. orðrétt:

„Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

Enn vantar eitt og hálft ár upp á þennan tíma. Engar áætlanir liggja fyrir um framkvæmd á einkavæðingu bankanna og engin heildstæð stefnumótun liggur fyrir um fjármagnsmarkaðinn eða leikreglur sem hann á að lúta. Ekkert liggur fyrir um hvernig ríkið hyggst selja afganginn af hlutabréfum sínum í Landsbanka og Búnaðarbanka. Ég spyr: Er stefnan sú að selja allan hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka? Ef svo er, hvaða áætlanir liggja fyrir um söluna? Á henni að vera lokið á einu ári, tveimur árum, þremur árum, á kjörtímabilinu? Hvers getum við vænst í þessu efni? Þetta eru allt eðlilegar spurningar sem nauðsynlegt er að þingmenn fái svör við nú við umfjöllun þessa máls á þinginu.

Þegar rætt er um heildstæða stefnumörkun fyrir fjármálamarkaðinn þá veltir maður fyrir sér: Hvað er rétt, eðlilegt og skynsamlegt að gera varðandi þróunina á fjármálamarkaðinum? Er t.d. rétt að ríkið eigi um einhvern tíma áfram meiri hlutann í a.m.k. einum bankanum? Þetta er nokkuð sem menn þurfa að velta fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt og eðlilegt. Erum við ekki, með sölu t.d. á bönkunum að fullu, að missa þetta í hendurnar á voldugum aðilum og stuðla að mikilli samþjöppun valds og fjármagns. Það væri mjög slæmt vegna þess að við þekkjum að mikil samþjöppun á valdi og fjármagni hefur átt sér stað í stórum atvinnugreinum, hjá tryggingarfélögunum, olíufélögunum og í flutningastarfsemi. Það væri í hæsta máta óeðlilegt ef þeir sömu og búa nú þegar við mikla samþjöppun valds yrðu ráðandi í bankastofnunum. Það hlýtur að vera mjög óheilbrigt fyrir allan fjármálamarkaðinn. Þetta er spurning sem hlýtur að koma upp og ég spyr ráðherrann hvort hann hafi mótað afstöðu sína til þess.

Er það ekki eðlilegt, meðan við sjáum hvernig þróunin á markaðnum verður vegna þess að fjármálamarkaðurinn hefur tekið miklum breytingum á skömmum tíma, að við stöldrum aðeins og höldum a.m.k. öðrum bankanum í meirihlutaríkiseign um eitthvert árabil? Reyndar þarf ég varla að hugsa mig um. Ég tel það rétt, eðlilegt og skynsamlegt. Ég vil fara hægar í þessu efni. Með aðvörunarorðum mínum er ég alls ekki að segja að ég sé á móti því að selja hluti úr bönkunum. En ég vil fara varlega, fá áætlanir og fá að meta áhrifin. Ég tel það skynsamlegt og a.m.k. annar bankinn á að vera í meirihlutaríkiseign um einhvern tíma.

Ég spyr líka: Hver er afstaða hæstv. viðskrh. til sameiningar banka eins og t.d. Íslandsbanka og Landsbanka? Það væri mjög gott að fá það fram. Ég held, miðað við hvernig staðið er að sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins, að opnað sé fyrir þann möguleika að bankakerfið komist allt í hendur fjársterkra aðila í þjóðfélaginu á skömmum tíma. Mér sýnist á vinnubrögðum ráðherrans hingað til að hann hafi ekki mjög miklar áhyggjur af valdasamþjöppun hjá fjármálastofnunum.

Ég tel að ráðherrann þurfi að svara því hvort fyrir liggi drög að útboðslýsingu, hve mikið á að selja almenningi af þessum 15% hlut? Hve mikið á að fara í tilboðssölu? (**Viðskrh.:** Ég sagði frá því.) Fyrirgefðu, þá hefur það farið framhjá mér. Getur ráðherrann svarað því hér úr sætinu? (**Viðskrh.:** $^1/_3$ í tilboði, $^2/_3$ í áskrift.) Þá liggur það fyrir, $^1/_3$ í tilboðssölu og $^2/_3$ í áskrift. Hvaða markmið á að setja um hámarkskaup hvers og eins? Liggur það líka fyrir?

Í grg. kemur fram að viðskrh. taki ákvörðun um útfærslu sölunnar að fengnum tillögum framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Liggja þær ákvarðanir allar fyrir sem þurfa að liggja fyrir áður en til sölunnar kemur? Og ef ekki, munu þær liggja fyrir áður en frv. verður afgreitt frá Alþingi?

Ég vil verja þeim mínútum sem ég á eftir til þess að ræða aðeins um það sem ráðherrann hefur rætt um og ég kom að í upphafi máls míns, þ.e. útlánastefnu bankanna og þensluna. Það liggur ljóst fyrir og ráðherrann getur varla mótmælt því að 35% aukning á hlutafé í Landsbanka og Búnaðarbanka á sl. ári átti mikinn þátt í gífurlegri útlánaaukningu hjá bönkunum. Útlánaaukning hjá bönkunum er mjög mikil vegna þess að samkvæmt svari sem ég hef fengið frá ráðherra (Gripið fram í.) var hlutafjáraukning á sínum tíma ... (Gripið fram í.) Var hún 15%? Akkúrat, það hefur átt mikinn þátt í útlánaaukningu hjá bönkunum. Útlán innlánsstofnana hafa tvöfaldast hjá einstaklingum frá árinu 1995 fram í september 1999, aukist úr 62 milljörðum í 122 milljarða. Hjá fyrirtækjum hafa þau aukist úr 122 milljörðum í 243 milljarða. Þetta er tvöföldun á útlánum. Hefur ráðherrann engar áhyggjur af þessu? Á sama tíma og þessi gífurlega útlánaaukning á sér stað dregst eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sparisjóða saman. Á sama tíma og bankarnir eru á blússandi ferð í útlánunum sem ýtir undir þenslu á verðbólgu dregst eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sparisjóða saman. Þannig hefur eiginfjárhlutfall viðskiptabanka og sex stærstu sparisjóðanna lækkað úr 10,6% árið 1995 í 9,3% í júní 1999.

Þáttur víkjandi lána hefur einnig verið að aukast en eiginfjárhlutfall án víkjandi lána var 9,4% hjá viðskiptabönkum og sex stærstu sparisjóðunum árið 1995 en var komið í 6,9% í júní á þessu ári. Samkvæmt lögum er miðað við að eigið fé fari ekki undir 8% á móti skilgreindum áhættugrunni. Ég tel að þessi þróun sé mjög áhættusöm og veiki stoðir bankakerfisins meira en hætta er á takandi. Ég tel að það eigi tafarlaust að herða reglur um hlutfall eigin fjár og gefa Fjármálaeftirlitinu svigrúm með lögum til að ákveða eiginfjárhlutfall banka og sparisjóða.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn að beita sér fyrir því að sett verði í lög að Fjármálaeftirlitið fái heimild til þess að ákveða eiginfjárhlutfall hjá bönkunum, sem getur verið mismunandi eftir bönkum, sparisjóðum o.s.frv.? (**Viðskrh.:** Já.) Svarið er já. Ég fagna þessu mjög og þá spyr ég: Eigum við von á frv. sem gefur Fjármálaeftirlitinu þessa heimild? Er ráðherrann tilbúinn til þess að beita sér fyrir breytingu á eiginfjárhlutfallinu? Hvenær megum við vænta þess að fá slíkt frv. inn í þingið? Ég fagna mjög þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra.

Síðan vil ég fara aðeins inn á hlutabréfaeignina. Hún hefur heldur betur aukist hjá landsmönnum. Við erum að tala um að frá 1995 hafi hlutabréfaeign aukist úr 63 milljörðum í 209 milljarða. Frá 1994, þá er hlutabréfaeign um 43 milljarðar eða tæplega 44 en í árslok 1998 209 milljarðar á verðlagi ársins 1998, hefur hlutabréfaeignin fimmfaldast. Ég held að það sé ástæða til að fá mat á áhrifum þessa öra vaxtar í hlutabréfaeign. Hverju getum við búist við varðandi gengi á hlutabréfunum? Ég tel ástæðu til þess að skoða það.

Það er líka ástæða til þess, herra forseti, að draga inn í þessa umræðu skuldir heimilanna. Framsfl. hafði miklar áhyggjur af skuldum heimilanna þegar hann var utan ríkisstjórnar á árunum 1992–1995 og vildi iðulega fá utandagskrárumræðu um það málefni. Skuldir heimilanna hafa aukist um 144 milljarða kr. frá 1995 og eru núna 477 milljarðar. Það eru sem sagt 7,2 millj. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Í niðursveiflunni á árunum 1988–1992, þegar Framsfl. var að býsnast yfir skuldum heimilanna, á því fjögurra ára tímabili var aukningin þó ekki nema 118 milljarðar. Frá árinu 1995 hafa skuldir heimilanna hafa aukist um 144 milljarða. Það eru 44%, þ.e. um mitt þetta ár eru það 44% umfram áætlaðar ráðstöfunartekjur heimilanna á þessu ári. Ég spyr hæstv. viðskrh. og mér finnst eðlilegt að hann svari því í þessari umræðu: Hefur hann engar áhyggjur af þessari miklu þenslu og skuldastöðu heimilanna? Það er mikið framboð af peningum og skilmálarnir eru þannig að fólk þarf, ef það kaupir bíl o.s.frv., ekkert að leggja fram. Menn fá bílana lánaða til átta ára. Hið athyglisverða við skuldir heimilanna er að eignaaukning heimilanna varð helmingi minni en skuldir frá árinu 1995 eða um 62 milljarðar. Þar af varð eignaaukningin meiri í bílum en íbúðum. Af þessari 62 milljarða kr. eignaaukningu frá 1995 voru 34 milljarðar í bílaeign og 28 milljarðar í íbúðum. Á hvaða ferð erum við í þessu þjóðfélagi? Hæstv. ráðherra hlýtur að verða að ræða þessa stöðu við þessa umræðu ásamt því að svara þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hann og lúta beint að því frv. sem hér er til umræðu.

[12:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að hér er um stórt mál að ræða. Málið mun ráðast mjög af því hverjar viðtökur þingsins verða, hve hratt það fer í gegnum þingið. Ég geri mér algerlega grein fyrir því.

Það er ekki oft sem ég og hv. þm. erum sammála í bankamálum, það hefur umræða undangenginna ára kannski staðfest, en ég var alveg hjartanlega sammála ræðu hv. þm. hér áðan og deili áhyggjum hennar hiklaust yfir þeirri miklu þenslu sem er. Það er alveg klárt og rétt hjá hv. þm. að bankarnir eiga þar mjög mikla sök, ég dreg ekkert úr því. Við horfum á útlánaaukninguna í bankakerfinu sem orðið hefur og hún er m.a. til komin vegna þess að ríkisviðskiptabankarnir tveir sem svo voru kallaðir, bæði Landsbanki og Búnaðarbanki, fengu rúmar heimildir frá Alþingi á sínum tíma þegar við tókum þá ákvörðun að auka hlutafé í bönkunum um 15% til þess að þeir gætu stækkað. Sú aukning fór að stórum hluta til, ef ekki að langstærstum hluta til, í viðbótarútlán bankanna til þess að þeir mundu stækka.

Eins og hér kom fram hefur viðskrh. heimild til að auka enn frekar hlutafé í bönkunum, allt upp í 35%, og þarf ekki heimild Alþingis til þess. Þess vegna kemur þetta frv. hér fram af því að ég hef þær áhyggjur og ríkisstjórnin einnig, að við viljum ekki fara þá leið að auka hlutaféð til þess að gefa bönkunum tækifæri til að stækka heldur viljum við selja af hlut ríkisins til að draga úr þenslunni með því að fólk bindi peningana sína, vonandi til lengri tíma, í þessum fyrirtækjum. Gangi það eftir erum við að ná árangri á þessu sviði.

Varðandi það hvort samráð hafi verið haft við aðila á markaði um þetta, þá var það formlega séð ekki haft, en við vitum að markaðurinn bíður eftir því að fá ný hlutabréf í sölu.

[13:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að við fáum frekari umræðu af hálfu hæstv. viðskrh. um þensluna og stöðuna almennt í þjóðfélaginu en fram kom í stuttu andsvari. Maður getur auðvitað ekki látið bjóða sér að láta það nægja.

En út af fyrir sig ber að fagna því sem fram kom í andsvarinu og ég er sammála því að ef við stæðum frammi fyrir tveimur valkostum, að selja hlut úr bankanum eða að auka hlutafé, þá er þessi leið skynsamlegri. En af hverju liggur svona mikið á? Hæstv. ráðherra sagði hér fyrir tveimur og hálfu ári að ekki væri áformuð nein sala fyrr en eftir a.m.k. fjögur ár. Og það er enn eitt og hálft ár í það. Af hverju liggur svona mikið á að selja akkúrat núna? Þetta allt vekur tortyggni.

Mér finnst mjög gott að hér liggi fyrir yfirlýsing frá hæstv. ráðherra um að hann viðurkenni að þær rúmu heimildir sem bönkunum voru gefnar fyrir rúmu ári síðan, um 35% aukningu á hlutafé og sala á 15% af því, hafi m.a. átt mikinn þátt í þeirri þenslu sem við stöndum nú frammi fyrir. Það er mjög gott að hún liggi fyrir vegna þess að það gefur okkur betra svigrúm til að fá heildarmynd af öllu dæminu.

Og það kallar enn frekar á það sem ég hef áður sagt, að við þurfum að fá mat Seðlabanka og fjármálamarkaðarins á þeirri stöðu sem uppi er núna á fjármálamarkaðnum, hvort eðlilegt sé að fara í þessa sölu núna, hvort þetta sé rétti tíminn og hvaða áhrif þetta hefur almennt. Það lá svo mikið á fyrir ári síðan að fá þessa heimild til hlutafjáraukningar að ekki gafst tími til að skoða þetta almennilega og þess vegna hefur það haft þessi áhrif á þensluna og það á auðvitað að verða víti til varnaðar. Við eigum því að gefa okkur góðan tíma í að skoða þetta frv. og áhrifin af því.

[13:03]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, jú, það er auðvitað alveg sjálfsagt. Hv. þm. hefur spurt hér fjölda spurninga og ég mun reyna að svara þeim öllum og ég vonast til að hafa svör við þeim. En það kann vel að vera að okkur greini á um hver þau svör nákvæmlega eru.

Til að svara þeirri spurningu nú, af hverju liggi svona mikið á, þá vil ég segja að þegar við buðum út á sínum tíma og settum bankana á verðbréfamarkaðinn var gert ráð fyrir að 25% hlutafé bankanna yrði að vera í eigu annarra aðila en ríkissjóðs fyrir 1. júní árið 2000 til að uppfylla þær kröfur sem Verðbréfaþingið gerir. Nú er ekkert óskaplega langur tími í það og ég sé ekki fram á að eitthvert lát verði á þeirri þenslu sem núna er svo um muni fyrir mitt næsta ár. Þess vegna þarf heimildir frá þinginu ef við erum sammála um að betra sé að selja en að auka hlutafé. Og tækifærið og tíminn er akkúrat núna og þrjár ástæður fyrir því.

Í fyrsta lagi held ég að hægt sé að fá hærra verð en nokkru sinni fyrr fyrir bréfin. Í öðru lagi vitum við að einmitt þessa stundina er frekar fátæklegt framboð á bréfum á markaðnum eins og staðan er. Ég undirstrika að við leituðum ekki formlega til nokkurs aðila. Af því hv. þm. spurði um Seðlabankann í þeim efnum, þá spurðum við ekki Seðlabankann. Við töluðum óformlega við Verðbréfaþingið og fengum það þá á tilfinninguna og það staðfest að ekki væru nein stór útboð fram undan, þess vegna gæti þetta gengið og hentað í sjálfu sér mjög vel að fá þessi bréf á markaðinn akkúrat núna. Því er þessi tími valinn og því liggur svo mikið á, en auðvitað vil ég að málið sé skoðað af mikilli vandvirkni.

Ég skal svara því á eftir hvaða áherslur ríkisstjórnin er með um frekari sölu, sem engin áform eru uppi um. Ég tel að komið sé að hagræðingaraðgerðum á markaði sem eigi að geta skapað fólki og fyrirtækjum í landinu sambærilegan kostnað á fjármagnsmarkaði og fólk og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur býr við. Ég skal svara þessu öllu frekar á eftir.

[13:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. En það er tvennt sem vekur athygli mína núna í svari hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi að ríkisstjórnin telji enga ástæðu eða hafi ekki talið ástæðu til þess áður en málið kom til þingsins að leita til Seðlabankans um að fá mat bankans á þessu sem á þó að vera aðalráðgjafi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Það vekur furðu mína.

Í öðru lagi hvað varðar Verðbréfaþing og kröfu Verðbréfaþings um að þetta sé sett fram út af kröfu Verðbréfaþings um 25%, ef ég skil rétt, sem þurfi að vera í dreifðri eign, þá spyr ég: Var þingið leynt þessu á sínum tíma, fyrir ári síðan? Ég man ekki eftir að þetta hafi komið fram í umræðunni. (**Viðskrh.:** Þetta er í útboðslýsingunni.) Ég man ekki eftir að það hafi nokkuð komið fram í umræðunni þegar við vorum að ræða þetta mál fyrir rúmu ári síðan, að það væri krafa sem þessu fylgdi um að það yrði að vera búið að selja á svona stuttum tíma, einu eða einu og hálfu ári, því sem nemur 25% og að það færi í dreifða eignaraðild. Ég man ekki eftir að um það hafi verið rætt heldur stóð það í frv. ráðherrans, ef ég man rétt og ætla þá bara að athuga það, að engin áform væru um að selja úr bankanum á næstu fjórum árum. Um það var rætt og það var það sem stóð upp úr.

Þess vegna þarf að skoða það vandlega hvort þingið hafi verið leynt þessum upplýsingum sem nú eru að koma fram og eru ástæðan fyrir því að svo mikið liggur á að selja þennan hlut úr bankanum.

[13:07]

Útbýting þingskjals:

Mannshvörf síðan 1944, 142. mál, svar dómsmrh., þskj. 286.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:08]

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga.

[13:31]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hún hefur verið sérkennileg umræðan um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna nú á haustdögum, einkum vegna himinhrópandi skilningsleysis ríkisstjórnarinnar, en lengst hefur þó hæstv. forsrh. gengið og það langt að sveitarstjórnarmenn hafa fundið sig knúna til að álykta sérstaklega um ummæli hans.

Staðan er þessi: Sveitarfélögin hafa á undanförnum árum skuldsett sig vegna lagaskyldu um einsetningu grunnskóla og lögbundin verkefni hafa verið að taka til sín meira fé, einkum félagsþjónusta og umhverfismál. Á sama tíma er það sameiginlegt mat fulltrúa ríkisins og sveitarfélaganna að tekjuskerðing sveitarfélaganna vegna skattabreytinga sé rúmir 2 milljarðar á ári. Og byggðaþróunin sem ríkisstjórnin getur ekki vikið sér undan ábyrgð á, hefur mikil áhrif á stöðu sveitarfélaganna, bæði þeirra sem eru að taka við nýjum íbúum og þurfa að fjárfesta þess vegna og ekki síður hinna þar sem íbúum og jafnvel fyrirtækjum er að fækka og tekjurnar að minnka að sama skapi. Sveitarfélög hafa verið að sameinast til að geta betur tekist á við verkefnin og sums staðar er verið að reyna að bregðast við fólksfækkun og bresti í byggðinni, því hvert er svigrúm fámennra sveitarfélaga? Það er ekki fyrir hendi nema þau segi sig frá sínum lögboðnu verkefnum. Það er hinn grimmi veruleiki víða um landið.

Svo koma sendingarnar um hina slælegu fjármálastjórn frá þeim sem ríða á öldufaldi aukinna veltuskatta og viðskiptahalla. Og nú þegar fasteignamatið hækkar, m.a. vegna byggðaþróunarinnar, þá tekur ríkið til sín álíka miklar tekjur út á það og sveitarfélögin eiga kost á. En sá er þó vandi sveitarfélaganna að ríkið hefur með óábyrgum hætti byggt upp þær væntingar hjá fólki víða um land að fasteignaskattar þess hækki ekki heldur verði samræmdir raunverulegu mati eignanna. Þannig grefur ríkisstjórnin undan möguleikum sveitarfélaganna á að nýta tekjustofna sína. Eða á hún svör handa þessu fólki, svör sem ekki skerða þá tekjur sveitarfélaganna?

Herra forseti. Pólitísk heift forsrh. gagnvart Reykjavíkurlistanum virðist byrgja ríkisstjórninni svo gjörsamlega sýn að hún aðhefst hvorki né gengst við ábyrgð sinni. Þannig talar hæstv. forsrh. í viðtali við Viðskiptablaðið um sveitarfélögin sem langstærsta efnahagsvandamálið í dag og saknar þess hve stjórnendur stærri sveitarfélaga, „einkum þess stærsta“, segir hann, séu skyni skroppnir í þessum efnum. En á sama tíma birtir tímaritið Vísbending sína árvissu einkunnagjöf um efnahagsstjórn sveitarfélaganna og þá vill svo til að höfuðborgin er í öðru sæti af 32, og er að sækja í sig veðrið, herra forseti, enda segir greinarhöfundur Vísbendingar að pólitíkin fari forsrh. stundum betur en hagfræðin.

En það er hörmulegt að þessi viðhorf sem ég hef hér verið að lýsa virðast ráða afstöðu ríkisstjórnarinnar til sveitarfélaganna. Það er ástæða til að óttst að sú neikvæða umræða sem efnt hefur verið til um stöðu þeirra sé síst til þess fallin að styrkja byggðina um landið.

Nei, það væri nær að ræða hlutverk sveitarfélaganna og möguleika á að veita fólkinu þá mikilvægu þjónustu sem þau hafa tekist á hendur, bæði vegna lagaskyldu og líka til að mæta væntingum og þörfum íbúanna. Sterk sveitarfélög með aukin verkefni og trausta tekjustofna gætu nefnilega verið öflugasta tækið til að ná jafnvægi í byggð landsins. En byggðavandinn, herra forseti, er klárlega efnahagsvandi sem ríkisstjórnin ætti að vera uppteknari af.

Það eru rýr skilaboð að vísa svörum inn í framtíðina, inn í tekjustofnanefndina. Ef ríkið greiddi strax á næsta ári þá rúmu 2 milljarða sem fulltrúar ríkis og sveitarfélaga eru sammála um að hafi hallað á sveitarfélögin þá mætti vænta þess að sveitarfélögin yrðu með hallalausan rekstur.

Vill ríkisstjórnin leysa vanda eða vill hún bara tala um vanda? Hvaða vilja er ríkisstjórnin tilbúin til að sýna? Það er tímabært, herra forseti, að þessi mál séu rædd á Alþingi. Margir alþingismenn eru eða hafa verið sveitarstjórnarmenn og skilja mætavel þann vanda sem við er að etja og það er mikilvægt að héðan komi önnur skilaboð en þau sem hæstv. forsrh. hefur verið að færa sveitarstjórnarmönnum og íbúum landsins að undanförnu.

[13:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hefja máls á þessu umræðuefni. Því miður eru nokkur sveitarfélög í miklum vanda stödd. Ég vil taka það fram að flest eru þau í bærilegu standi og stærsta sveitarfélagið, Reykjavík, vegur auðvitað mjög þungt í því efni (Gripið fram í.) þar sem hlutirnir virðast vera í býsna góðu lagi. (Gripið fram í.) Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var rædd í gærkvöldi og hafi ég tekið rétt eftir þá hugsar Reykjavíkurborg sér á næsta ári að greiða niður skuldir um 2 milljarða og verja til þess svipuðu hlutfalli eða sama hlutfalli hreinna skatttekna og gengur til að borga niður skuldir hjá ríkinu.

Þetta breytir því ekki að nokkur sveitarfélög eru í þröng. Sum þeirra eiga verðmætar eignir, t.d. hlutabréf sem þau geta lagað skuldastöðu sína með því að selja, en sum ekki. Ný sveitarstjórnarlög, eða fjármálakafli þeirra, á að skapa sveitarfélögunum skilvirkara umhverfi til að fylgjast með þróun fjármála sinna og eftirlitsnefnd sem sett var upp í samræmi við þau lög er tekin til starfa og er að athuga efnahag sveitarfélaga sem eru komin í krítíska stöðu.

Herra forseti. Ég lít svo á að langstærsta efnahagsvandamálið í þjóðfélaginu séu þjóðflutningarnir hér innan lands. Það er náttúrlega ógurleg blóðtaka fyrir sveitarfélögin sem fólkið er að flýja þegar fækkun er um eða yfir 10% á einu eða tveimur árum og hús standa auð, vannýttar þjónustubyggingar, hálftómir skólar. En þjónustan er jafndýr. Snjómoksturinn er ekkert minni þó að fækki í sveitarfélaginu og færri séu til að borga.

En það er líka dýrt fyrir viðtökusveitarfélögin að búa við þessa þjóðflutninga. Þjóðhagsstofnun sló á það í fyrra að hver einasti einstaklingur kostaði viðtökusveitarfélögin 3–5 milljónir, og það er bara kostnaður sveitarfélagsins, ekki kostnaður fjölskyldnanna af því að koma sér upp húsnæði. Ef við færum nú milliveginn, lékum okkur að tölum og segðum að það kostaði 4 milljónir að taka við hverjum einstaklingi þá yrðu þetta svona 8 milljarðar fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að taka við þessum árlega skammti upp á 2.000 manns.

En sagan er ekki öll sögð með því því að þar fyrir utan er kostnaður fjölskyldnanna og 2.000 manns á höfuðborgarsvæðið á ári útheimta líklega eins og tvær nýjar íbúðir á hverjum einasta degi ársins. Það verður auðvitað til þess að sprengja upp húsnæðiskostnað og húsnæðiskostnaður í Reykjavík stendur að baki þriðjungi af vísitöluhækkun undanfarinna mánaða. Og vísitalan spennir upp skuldir sveitarfélaga og skuldir heimila.

Fasteignamatið hækkaði í Reykjavík sem ekkert er við að segja og sjálfsagt réttilega, en 1994 báðu sveitarfélögin um að reikningsstuðull Reykjavíkur yrði heimilaður um allt land. Stjórnarsáttmálinn gefur fyrirheit og í stjórnarsáttmála núverandi stjórnar er ákvæði um að breyta þessu óréttlæti. En sveitarfélögin á landsbyggðinni þurfa tekjur í staðinn. Tekjustofnanefndin er að störfum og hún á að finna lausn á þessum vanda. Jöfnunarsjóður þarf auknar tekjur. Það er hægt að hugsa sér að hækka þjónustuframlagið eða taka upp fólksfækkunarframlag en sveitarfélögin verða að fá tekjur í staðinn. Þau komast ekki af annars.

Nefnd kannaði áhrif skattbreytinga á fjárhag sveitarfélaga við upptöku fjármagnstekjuskatts, tryggingagjalds, breytinga á skattfrádrætti lífeyris og skattfrelsi hlutabréfa og það kom í ljós að sveitarfélögin hefðu fengið meiri tekjur að óbreyttum lögum. (Forseti hringir.) Ég er að verða búinn, herra forseti.

Á hitt ber að líta að sveitarfélögin hafa hagnast á góðri efnahagsstjórn í landinu. 1997 voru bókfærðar skatttekjur sveitarfélaganna og (Forseti hringir.) jöfnunarsjóðs 40,5 milljarðar og 1999 (Forseti hringir.) er áætlað að þær verði 49 milljarðar.

(**Forseti** (ÍGP): Ég vil minna hæstv. ráðherra og þingmenn að virða tímamörk.)

[13:41]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Samkvæmt tillögum til fjárlaga á ríkissjóður að skila 15 milljarða kr. rekstrarafgangi á næsta ári. En á sama tíma eru sveitarfélögin að safna skuldum. Í miklum uppgangi í efnahagslífinu er eðlilegt að ríkissjóður skili tekjuafgangi en það er ólíklegt að 15 milljarðarnir standi eftir ef tekið verður tillit til margra vanáætlaðra þátta, svo sem reksturs heilbrigðisstofnana og fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Áhrif skattbreytinga á árunum 1995–1997 hafa haft verulega áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélaganna eins og fram kemur í þeirri greinargerð sem hæstv. félmrh. vísaði til hér áðan. Þessar skattbreytingar hafa leitt til þess að sveitarfélögin hafa orðið af útsvarstekjum og leitt til skerðingar á tekjustofnum sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa tekið á sig aukin verkefni, bæði yfirtekið rekstur sem áður var í höndum ríkisins og eins ný verkefni sem koma með auknum kröfum á sviði umhverfismála og félagslegrar þjónustu.

Yfirtaka grunnskólans er með stærri rekstrarliðum sveitarfélaganna og hefur orðið þeim dýrari en framlög til málaflokksins standa undir af ástæðum sem eru vel þekktar, þ.e. launahækkunum og einsetningu skólanna. Í þeim vanda sem mörg sveitarfélögin standa frammi fyrir nú varðandi íbúaþróun og flutning fólks af landsbyggðinni er skiljanlegt að lögð sé áhersla á bætta félagslega þjónustu og fjárfestingar sem auka líkur á því að fólk búi áfram í sveitarfélaginu.

Herra forseti. Það er einfaldlega vitlaust gefið í tekjum annars vegar og verkefnum hins vegar á milli ríkis og sveitarfélaga. Það á að hvetja til aðhalds hjá ríki, sveitarfélögum og einstaklingum, en það verður að vera rétt gefið og því verður að flýta endurskoðun á tekjustofnakerfi sveitarfélaganna.

[13:44]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég er ánægður með að þessi umræða skyldi fara hér fram. Margir alþingismenn eru fyrrverandi og núverandi sveitarstjórnarmenn. Mér virðist sem sumir þeirra hafi gleymt uppruna sínum en einhver er nú að vakna af dvalanum þar sem mér finnst að á hinu háa Alþingi hafi ekki verið hafðir í heiðri hagsmunir sveitarfélaganna hingað til.

Ég hef sagt það hér áður í þessum stól að það þurfi að setjast niður og nefnd er í gangi sem er að ganga frá tekjustofnum sveitarfélaga og semja um þá. Það er náttúrlega mál að linni. Það er alveg rétt að þessi halli er 2 milljarðar á ári og það þarf að ganga frá málinu. Hvað menn svo gera í framtíðinni, þá er ég mjög á móti því að ríkið sé ofan í þessu og skammti sveitarfélögunum úr hnefa. Ég tel að frekar megi hugsa sér að sveitarfélögin sjálf ákveði þetta og þá stjórna menn náttúrlega eftir því og veldur hver á heldur í þeim málum.

Varðandi fasteignamatið sem hefur hækkað gífurlega núna, ber þess að geta að á undanförnum árum hefur fasteignamatið hækkað mjög lítið. Fasteignamat á að endur-

spegla verðmat eigna hverju sinni. Það gerir það hér á höfuðborgarsvæðinu en það gerir það ekki úti á landi. Það er alveg ljóst og þarf að taka á því máli sérstaklega.

Varðandi það sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir kom hér með um Vísbendingu og einkunnagjöf þess ágæta tímarits þá getur það verið tvíbent sem stendur þar, varðandi t.d. borgina en áhöld eru um úr hvaða vasa menn slá lánin og borga svo niður hinum megin. En ég er sammála hæstv. ráðherra Páli Péturssyni að eitt mesta verkefnið í þessu og erfiðasta eru hinir miklu búferlaflutningar sem eiga sér stað. En allt um það að svo erfitt sé að fá nýja íbúa og þá spyr ég á móti: Ætli það hafi bara nokkurn tíma borgað sig að stofna sveitarfélag á landinu yfir höfuð? Sveitarfélög eru þannig (Forseti hringir.) að til þess að þar fjölgi þá þurfa íbúar að koma þar inn. En það gerist kannski heldur hratt núna þessa dagana.

[13:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. ætti auðvitað að vera hér. Hann lauk ferli sínum sem borgarstjóri í Reykjavík með því að byggja Ráðhúsið og Perluna og steypa með því Reykjavíkurborg í stórkostlegar skuldir. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.) Hann gekk svo út úr Ráðhúsinu yfir í Stjórnarráðið og tók tekjustofnana af borginni og öðrum sveitarfélögum með því að leggja af aðstöðugjaldið. Hann hefur líklega gleymt uppruna sínum.

Nú sendir sá sem byggði monthúsin borginni sérstaklega en öðrum sveitarfélögum líka tóninn fyrir lélega fjármálastjórn. Úr glerhúsi er þarna grjótinu kastað því að almennt hefur hæstv. forsrh. ekkert fyrir sér í því að gagnrýna sveitarfélögin fyrir lélega fjármálastjórn. En í tíð hæstv. forsrh. hafa sveitarfélög tekið við miklum og afar dýrum verkefnum frá ríkinu og önnur verkefni þeirra hafa vaxið vegna þess að þjóðfélagið gerir auknar kröfur. Það hefur verið pólitísk samstaða í landinu um það að sveitarfélögin taki að sér auknar skyldur.

Stjórnvöld í landinu hafa í orði og verki staðið að því að auka hlut þeirra hvað verkefnin snertir. En því fleira sem ríkið hefur fært af verkefnum yfir á sveitarfélögin því meira hefur sigið á ógæfuhliðina hjá þeim hvað fjárhagsstöðuna varðar. Þau vantar tekjustofna. Og skuldir sveitarfélaganna hafa meira en fjórfaldast í tíð hæstv. forsrh. Þær fóru úr 6,9 milljörðum árið 1991 upp í 28,5 milljarða á árinu 1998. Eiga sveitarfélögin í landinu að hefja nýtt árþúsund með áframhaldandi skuldasöfnun?

Hæstv. forseti. Í fremstu röð, heitir stefnuplagg hæstv. ríkisstjórnar. Þar stendur á einum stað:

„Endurskoðað verði fyrirkomulag fasteignagjalda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni þannig að skattstofninn endurspegli betur raunverðmæti fasteigna."

Á ekki að standa við þetta fyrirheit núna? Íbúar á landsbyggðinni hafa verið að borga upp í þrefalt fasteignagjald miðað við verðmæti eigna sinna og sambærilegra eigna á höfuðborgarsvæðinu og ríkið er að hirða til sín milljarða á hverju ári í ýmis gjöld sem eru byggð á þessari fáránlegu vitleysu. Eiga íbúar á landsbyggðinni að borga þennan skatt áfram líka?

[13:48]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur verið nefnd á nafn nefnd um tekjustofna sveitarfélaga sem vinnur að því að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga með því fororði að kanna hvort tekjur sveitarfélaga séu nægilegar til þess að sinna þeirra lögbundnu verkefnum. Það hefur verið unnið að þessu núna síðustu vikurnar. Í þessari nefnd eiga sæti fulltrúar frá sveitarfélögunum og það starf sem hefur verið unnið þar er í góðri sátt. Þetta er yfirgripsmikið og flókið verkefni sem nefndin hefur með höndum og þess er ekki að vænta að því ljúki fyrr en á næsta ári.

Við höfum kannað sérstaklega t.d. útsvarið sem er megintekjustofn sveitarfélaganna. Nefndin hefur velt því fyrir sér hvort aflétta ætti þaki af útsvarinu og gefa það bara frjálst til sveitarfélaganna, þær ákvarðanir. En þá er sá hængurinn á að við höfum viljað skoða stjórnarskrárákvæði í því sambandi því að samkvæmt stjórnarskránni hefur ríkið skattlagningarvaldið þannig að það er að ýmsu að hyggja í þessu.

Nefndin mun starfa að þessum málum af fullum krafti og þar á meðal fasteignaskattsmálinu sem er á hennar herðum en ekki er að vænta álits nefndarinnar fyrr en á næsta ári. Vonandi verður það fyrr en síðar og við setjum okkur það mark að ljúka störfum okkar á þessum vetri.

Varðandi (Forseti hringir.) tekjur sveitarfélaganna þá er ljóst að sveitarfélögin hafa fengið tekjur af útsvarinu vegna hækkaðra launa. En það eru þau fjölmennustu og sterkustu (Forseti hringir.) sem hafa notið þess, þar sem spennan er mest í atvinnulífinu. Það er eitt af þeim vandamálum (Forseti hringir.) sem við stöndum frammi fyrir.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Enn minni ég hv. þingmenn á að virða tímamörk.)

[13:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Rógburður ráðherra í hæstv. ríkisstjórn um slælega fjármálastjórn sveitarfélaga er að verða nokkuð árviss atburður. Menn minnast framgöngu hæstv. félmrh. og þáv. hæstv. fjmrh. á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaga fyrir rúmu ári síðan og núna kom hið dæmalausa viðtal við hæstv. forsrh. í Viðskiptablaðinu þar sem mjög kveður við sama tón. Ég verð að segja, herra forseti, að ég undrast langlundargeð forustumanna sveitarfélaganna í landinu að nenna að standa í samskiptum við ríkisstjórnina og ríkisvaldið ár eftir ár á þessum grundvelli. Ég undrast það. Og enn eru menn tilbúnir til að taka við auknum verkefnum út á fyrirheit um svokallaða fullnægjandi tekjustofna á móti, svokallaða, því inn í þetta dæmi virðist ævinlega gleymast að reikna þær væntingar eða beinlínis áform um umbætur og aukin útgjöld á viðkomandi sviði sem menn taka í raun í arf með verkefnunum. Auðvitað er það það sem komið hefur í ljós í sambandi við yfirfærslu grunnskólans að þar var um stórfellt vanmat að ræða hvað varðaði það sem var í pípunum og fram undan í formi aukinna útgjalda á því sviði.

Það gengur ekkert í löngu tímabærri uppstokkun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og þau mál virðast öll vera í hinni mestu útideyfu. Sama má segja um niðurstöðu í því máli að hvaða leyti ríkið kemur inn í þátttöku á kostnaði vegna skuldbindinga sveitarfélaganna í félagslegu íbúðarhúsnæði.

Herra forseti. Ég held að það eigi að taka það hér upp til umræðu að koma þessum samskiptum í annan farveg. Og ég held að millilíðalaust samstarf sveitarstjórnarstigsins og Alþingis eigi að koma til, enda er það hér sem skattlagningarvaldið og lagavaldið liggur en ekki í ráðuneytunum. Einhvers konar samstarfsvettvangur Alþingis og sveitarfélaganna þarf að koma til sögunnar þar sem menn setja (Forseti hringir.)

ramma um þetta samstarf og tekjuleg samskipti en sveitarfélögin fá svo talsvert sjálfræði innan þeirra marka sem þar eru.

[13:53]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Áhyggjur sveitarstjórnarmanna af stöðu fjármála sveitarsjóða sinna eru miklar og það er eðlilegt. Skuldasöfnun sveitarfélaganna er hættulega mikil og við verðum að vera sífellt vakandi yfir stöðu sveitarfélaganna.

Það er hins vegar ljóst að sveitarfélögin eins og aðrir hafa notið aukinna tekna vegna hins almenna góðæris sem ríkir nú í landinu. Sveitarfélögin eru ekki eins stór hluti hins opinbera fjármálakerfis og víða gerist erlendis en það er hins vegar ljóst að sveitarfélögin gegna miklu hlutverki í því kerfi og það er hlutverk þeirra að líta til almennra efnahagslegra markmiða sem reynt er að ná við stjórn landsins, eins og ríkisins. Við hljótum þá sérstaklega að vísa til ábyrgðar stærri sveitarfélaganna.

Hlutur sveitarfélaganna í hinum opinbera rekstri er núna 27% og hefur verið að aukast frá því 1996 þegar hann var 22,7%. Sveitarfélögin eiga að hafa sjálfstæði en eðli málsins samkvæmt er mikilvægt að ríki og sveitarfélög hafi samráð um megináherslur og efnahagsleg markmið og það gera ríki og sveitarfélög.

Í starfshópi þeim sem hefur verið nefndur hér um mat tiltekinna skattalagabreytinga kom fram að ýmsar breytingar hafa haft neikvæð áhrif á sveitarfélögin en hitt er óumdeilt að það hafa einnig orðið jákvæð áhrif. Jákvæðu áhrifin orsökuðust af auknum stöðugleika í efnahagslífinu og uppsveiflunni sem varð í samfélaginu sem tvímælalaust hefur komið sér vel fyrir sveitarfélögin. Dæmið er því ekki svo einfalt að það nægi að greiða í einu lagi þessa 2 milljarða sem hér voru nefndir og þar með sé dæmið gert upp. Þannig er ekki hægt að leysa þessi mál og þess vegna var þessi nefnd sett á stofn, tekjustofnanefndin, sem hefur það hlutverk m.a. að taka fyrir fasteignagjöldin sem hér hafa verið nefnd og það munum við gera í þeirri nefnd sem nú starfar.

[13:56]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það var ánægjulegt að heyra hjá hæstv. félmrh. að hans mat á því hvað er stærsti efnahagsvandi þjóðarinnar er ekki samhljóma hæstv. forsrh. Ég vil taka undir með hæstv. félmrh. að hinir miklu þjóðflutningar innan lands eru að sjálfsögðu ein meginorsök þess vanda sem hér er um rætt varðandi tekjur sveitarfélaga.

Hins vegar er mikilvægt að rifja upp í þessu samhengi að undirritaðar hafa verið yfirlýsingar sameiginlega af sveitarfélögunum og ríkisstjórninni, af hæstv. félmrh. og fjmrh., fyrst árið 1996, um að bætt yrði fyrir þá tekjuskerðingu sem orðið hefur vegna breyttra skattalaga. Og aftur árið 1997 var undirrituð hliðstæð yfirlýsing sömu aðila þar sem umræddu mati var frestað og jafnframt ákveðið að meta fleiri skattalagabreytingar sem þá höfðu komið til framkvæmda, m.a. skattfrelsi lífeyrisiðgjalda.

Herra forseti. Engir fyrirvarar voru í þessum yfirlýsingum um að þessi tekjuskerðing yrði ekki bætt ef hagvöxturinn næði tilteknu marki. Sameiginleg nefnd ríkis og sveitarfélaga komst að þeirri niðurstöðu 16. ágúst sl. að breytingarnar hefðu leitt til þess að sveitarfélögin verða árlega af tekjum sem nema um 2 milljörðum kr. vegna umræddra skattalagabreytinga.

Herra forseti. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur m.a. látið þess getið að það verði prófraun á samstarf ríkis og sveitarfélaga að við þessar yfirlýsingar verði staðið. Þess vegna vil ég vitna til formanns Sambands ísl. sveitarfélaga sem segir m.a., meðd leyfi forseta:

„Niðurstaða í því máli“ — þ.e. að þetta verði greitt — „er í raun prófsteinn á það hvort samskipti ríkis og sveitarfélaga verða með eðlilegum hætti á næstu missirum.“

[13:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að það komi fram, m.a. í ljósi ummæla síðasta ræðumanns og einnig framsögumanns, að það er engin sameiginleg niðurstaða að sú fjárhæð sem þarna er um að ræða sé einhverjir 2 milljarðar. Niðurstaðan er sú að það hafi hallað á sveitarfélögin. En það liggur ekkert fyrir og það er mjög umdeilt og umdeilanlegt hvernig slíkt er metið. Svo segir ekkert um það í þessum tilvitnuðu yfirlýsingum sem hv. þm. nefndi að það eigi að bæta þetta með fjárframlögum úr ríkissjóði. Það stendur ekki. Það er hægt að auka tekjumöguleika sveitarfélaganna án þess að þær tekjur komi úr ríkissjóði.

Að því er varðar eignarskatta þá lét framsögumaður þess getið að ríkissjóður væri nú að ganga á lagið og heimta inn jafnháa fjárhæð í eignarsköttum og sveitarfélögin eru að gera með hækkun fasteignamats. Þetta er algjör misskilningur. Eins og þingmaðurinn veit náttúrlega þá er eignaskattsstofninn hrein eign en ekki lagður á með sama hætti og fasteignagjöld sveitarfélaganna, nettóeign sem sagt, og þar við bætist að inn í það spilar ónýttur persónuafsláttur og fleiri slík atriði sem gera það að verkum að ekkert er um það að tala að ríkissjóður fái einhverjar óeðlilegar breytingar á þessu umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Að því er varðar fasteignaskattsmálið að öðru leyti þá er það rétt sem fram kemur að við höfum gefið fyrirheit í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að gera þar breytingu á kjörtímabilinu. Það mál er nú í höndum tekjustofnanefndarinnar. Ég vona að tillögur komi þaðan á næsta ári þegar hún lýkur sínum störfum. Það er ekki raunhæft að gera ráð fyrir því og var auðvitað aldrei raunhæft að gera ráð fyrir því, enda gerði það enginn okkar í stjórnarliðinu, að slík breyting gæti tekið gildi núna um áramótin.

Herra forseti. Að öðru leyti vil ég segja að kominn er tími til, held ég, að gera nokkuð róttækar breytingar á þessum tekjustofnamálum sveitarfélaganna og það á að rýmka að mínum dómi frelsi þeirra til þess að ákveða sín eigin gjöld verulega frá því sem nú er. Sveitarstjórnarmenn eru kjörnir af almenningi eins og við þingmenn. Þeir eiga sjálfir að eiga völina og kvölina í þeim efnum.

[14:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Ég held að hún hafi verið upplýsandi að ýmsu leyti, bæði varðandi það hve margvíslegur vandinn er og víðfeðmur. Hér hafa lagt orð í belg ýmsir sveitarstjórnarmenn sem gerst mega til þekkja. En það var líka upplýsandi, herra forseti, að heyra orð hæstv. fjmrh. og átta sig á hvernig annars vegar ríkið og hins vegar sveitarfélögin tala í austur og vestur þegar kemur að tekjustofnum. Ljóst er að þarna þarf einhvern afruglara á milli. Menn eru einfaldlega ekki að tala um sömu hlutina.

Það fengust því miður engin svör, herra forseti, til þeirra sem hafa vænst þess að fasteignagjöldin yrðu í samræmi við

matið á eignum þeirra. Það voru engir tímafyrirvarar inni í þessu loforði ríkisstjórnarinnar, aðeins kynt undir væntingunum. Því munu sveitarfélögin, vegna þess þrýstings sem kominn er á málin, í mörgum tilfellum verða af tekjum. Þau munu lækka álagningarstuðla sína. Það kemur í þeirra hlut að mæta væntingum fólksins en ekki ríkisstjórnarinnar. Þetta er vítahringur, herra forseti.

Ég tók eftir því að hæstv. félmrh. hefur aðrar áherslur heldur en hæstv. forsrh. og það er vel. Félmrh. hæstv. hefur skilning á því hvernig byggðavandinn hefur afgerandi áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og er því, eins og hann sagði réttilega, stærsti vandinn sem við er að eiga.

Herra forseti. Þann vanda verða menn að leysa með því að tala saman, ekki með því að misskilja hver annan viljandi eða óviljandi og tala svo hver í sína áttina svo engin leið er að heyra að þeir hafi nokkru sinni rætt um málið.

[14:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Það er ekki rétt að ríkið hafi ekki staðið við samninga sína við sveitarfélögin varðandi yfirtöku grunnskólans. Samkvæmt útreikningum sveitarfélaganna sjálfra, hagdeilar Sambands ísl. sveitarfélaga, hefur á fyrstu fjórum árunum eftir að sveitarfélögin tóku við grunnskólanum fylgt með honum frá ríkinu milljarði meira en um var samið. Hitt er svo annað mál að sveitarfélögin hafa tekið við grunnskólanum með miklum metnaði og varið í hann meiri peningum en lagaleg skylda bauð.

Það er ekki rétt að segja að ríkið hafi skert tekjustofna sveitarfélaganna. Það er réttara að segja að tekjur sveitarfélaganna hefðu vaxið enn þá meira en um þessa 8,5 milljarða síðan 1997 ef lagabreytingar hefðu ekki komið til. Það er mergurinn málsins.

Skattlagningarvaldið er hjá Alþingi. Það má ekki leggja á skatta nema með heimild Alþingis og útsvarsprósentan er ekki alls staðar fullnýtt. Ég hef talað fyrir því síðan ég kom í félmrn. að sveitarfélögin notuðu heimilaða útsvarsprósentu fremur en þau séu rekin með halla. Ég tel að það sé farsælla. Tekjustofnanefndin er að störfum og ég ber fyllsta traust til hennar. Þar eiga þingmenn sæti og einn reyndasti sveitarstjórnarmaður stjórnarandstöðunnar á m.a. sæti í þeirri ágætu nefnd.

Varðandi væntingarnar þá geta sveitarfélögin auðvitað ekki uppfyllt væntingar allra. Sveitarfélögin þurfa að sjálfsögðu að sýna ábyrgð og sem betur fer gera þau það flest. Það er heimilt að leggja á fasteignaskatt samkvæmt þessari uppreiknireglu en það er ekki skylda.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (breyting ýmissa laga, yfirstjórn. — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

[14:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, áður en atkvæðagreiðsla fer fram um hvert vísa á frv. um Seðlabanka Íslands, að í 23. gr. þingskapa stendur:

„Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands þá heyrir Seðlabankinn undir viðskrh. og gerir enn þar til þetta frv. er orðið að lögum. Við erum ekki að fjalla um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, sem fjallar um verkaskiptingu milli ráðuneyta, heldur erum við að fjalla um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Þess vegna er eðlilegt að þetta mál, eins og öll önnur sem fjalla um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, fari til meðferðar í hv. efh.- og viðskn.

[14:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta mál er flutt af forsrh. vegna þess að um verkaskiptingarmál er að ræða, ella hefði málið verið flutt af hæstv. viðsrkh. Ef um efnislega breytingu hefði verið að ræða þá hefði málið að sjálfsögðu gengið til efh.- og viðskn. Hér er eingöngu um að ræða verkaskiptingarbreytingu. Þess vegna var málið flutt af forsrh. og þess vegna á málið að ganga til allshn.

Frv. vísað til allshn. með 23:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, FI, GHH, GHall, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PP, PHB, SAÞ, StB, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, EMS, JÁ, JóhS, JB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack.

2 þm. (GÖ, GIG) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 227. mál (lögræðisaldur). — Þskj. 272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (gjald fyrir veiðikort). — Þskj. 273.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Meðferð einkamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 64. mál (EES-reglur, málskostnaðartrygging). — Þskj. 64, nál. 279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, JÁ, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Vöruhappdrætti SÍBS, frh. 2. umr.

Stjfrv., 65. mál (gildistími). — Þskj. 65, nál. 280, brtt. 281.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Brtt. 281,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 281,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, SvanJ, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 281,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, TIO, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 66. mál (Fjarðabyggð, Kjalarneshreppur). — Þskj. 66, nál. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, ÞBack.
1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, SvanJ, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.
1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.
1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KF, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Svæðisskipulag fyrir suðvesturhluta landsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. HGJ o.fl., 183. mál. — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, VS, ÞBack.
1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, SvanJ, TIO, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Málefni ungs fólks á sviði jafnréttismála, frh. fyrri umr.

Þáltill. HGJ o.fl., 184. mál. — Þskj. 214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.
1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Bifreiðagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 219. mál (gjaldskylda, innheimta). — Þskj. 259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, VS, ÞBack.
1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, TIO, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 223. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 265.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, EMS, FI, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞBack.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HBl, IP, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 235. mál (sala á 15 prósenta hlut). — Þskj. 287. [14:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er komið að næsta kafla í einkavæðingarsögu ríkisviðskiptabankanna sem hv. ríkisstjórn hefur hrint af stað eins og kunnugt er. Nú á að selja 15% fyrir jólin. Einhverjir eiga að fá í skóinn sinn fyrir jólin frá hæstv. ríkisstjórn. Ríkissjóður á að fá í skóinn. Boðað er að þetta mál þurfi að drífa af, afgreiða þetta ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þm. að gefa hljóð í salnum.)

Ég held að sé nú best að þeir drífi sig út sem ætla ekki að vera hérna. Þá verður friður fyrir okkur hin sem eftir verðum.

Ríkisstjórnin hefur látið þann boðskap út ganga nú í byrjun jólaföstunnar að hún ætli að kippa í gegn frv. um sölu á 15% eignarhlut ríkisins í ríkisviðskiptabönkunum tveimur. Hún ætlar hinu háa Alþingi um tvær vikur til að ljúka því máli, eða jafnvel skemmri tíma, þannig að tími gefist til að auglýsa kjörin og gefa mönnum kost á nokkrum dögum til að skila inn tilboðum sínum eða áskriftum. Eigi allt þetta að ganga eftir og salan að fara fram fyrir áramót að ósk ríkisstjórnarinnar þá þurfa hlutirnir að ganga býsna hratt fyrir sig, herra forseti. En kannski þykir engum þetta tiltökumál lengur. Það er kannski orðið slíkt smámál að henda út 6–8 milljörðum af eigum almennings með þessum hætti að ekki þykir tiltökumál að rúlla því í gegnum Alþingi á nokkrum sólarhringum, ofan á allt annríkið sem hér ætti að vera við afgreiðslu fjárlaga.

Þessi vinnubrögð, herra forseti, hneyksla mig. Mér finnst það fyrir neðan við allar hellur að hæstv. viðskrh., sami ráðherra og ætlar að böðla í gegnum þingið sýndarmennskutillögu sinni um Fljótsdalsvirkjun, dæli nú inn hverju ágreiningsmálinu á fætur öðru til viðbótar, þar á meðal máli eins og þessu. Við alþingismenn fréttum það utan úr bæ að frv. sé væntanlegt í þingið og eigi að afgreiðast fyrir jólaleyfið, sem á að hefjast 19. desember ef ég man rétt. Í dag er 3. desember og þeir virku dagar sem eftir eru af fyrirhuguðum starfstíma Alþingis eru hér um bil teljandi á fingrum beggja handa. Þetta þykir smámál, að selja 15% af beinni eign ríkisins í ríkisviðskiptabönkunum tveimur.

Herra forseti. Einkavæðingarherleiðingin sem gengið hefur yfir Ísland síðan 1991, fyrst í ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. og síðan núna í ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., er einkum brennd af tvennu. Það fyrra er kreddan — trúarbragðastíllinn sem á þessu öllu er. Kenningar eru settar fram án þess að þær þurfi að rökstyðja, því meiri einkavæðing því betra. Alltaf er talið af hinu góða að koma hlutunum úr eigu ríkisins án tillits til aðstæðna eða hver á í hlut. Þannig er þetta mál rekið. Enginn greinarmunur er gerður á fyrirtæki í samkeppni, prentsmiðju eða ferðaskrifstofu, sem ríkið seldi hér á árum áður og var að mörgu leyti eðlilegur hlutur, eða hvort komið er að undirstöðufjármálastofnunum þjóðarinnar, fjarskiptastofnunum eða jafnvel stofnunum í mennta- og heilbrigðiskerfinu. Þetta er kredda, ofstæki ættað úr smiðju Margrétar Thatcher og hennar líkra.

Herra forseti. Hið seinna sem opinberast m.a. í þessu máli er að það er aldrei neitt að marka þær yfirlýsingar sem fylgja svona frv. þegar þau eru lögð fram á Alþingi. Loforð einkavæðingarsinna eru einskis virði þegar þeir koma málum í gegnum þingið og fá heimildir til að falbjóða eignir almennings, oftar en ekki á undirverði. Loforð um að breyting á fyrirtækjum ríkisins í hlutafélög sé einföld formbreyting og ekki verði farið í að einkavæða eða selja frekar hafa reynst einskis virði. Þetta mál er til sönnunar þess.

Í fylgiskjölum með frv. um breytingu á ríkisviðskiptabönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, í hlutafélög var því lofað, í grg. með sjálfum stjórnarfrv. á sínum tíma, að ekki yrði um beina sölu á eignarhlut ríkisins að ræða fyrstu fjögur árin. Því var lofað. Það stendur þar og það á að vera hægt að taka mark á slíkum gögnum, grundavallargögnum. Hverju er að treysta ef fylgiskjöl og grg. með stjórnarfrv. sem lögð eru fram á Alþingi reynast ekki pappírsins virði?

Ég skal nefna annað dæmi. Hæstv. þáv. samgrh., Halldór Blöndal, fór með svardaga héðan úr þessum ræðustóli þegar hann beitti sér fyrir því að „háeffa" Póst og síma. Hann sagði ekki standa til að selja eignarhlut ríkisins í því fyrirtæki. Til sannindamerkis sagði hæstv. þáv. ráðherra, núv. hæstv. forseti, að hlutabréfið yrði bara eitt og menn hlytu að sjá að ekki yrði selt af því, það væri erfitt. Það yrði bara gefið út eitt hlutabréf sagði hann. Hann var að vísu spurður að því hvort það yrði úr stáli þannig að erfiðara yrði að hluta það sundur. En þetta átti að vera sönnun þeirrar yfirlýsingar ráðherrans að ekki yrði farið í að einkavæða frekar. Innan tveggja ára stóð sami maður hér og talaði fyrir nauðsyn þess að drífa í að hefja sölu á eignarhlut ríkisins. Núv. hæstv. samgrh. lýsir svipuðum viðhorfum.

Enginn greinarmunur er gerður á því þó í hlut eigi undirstöðufjármálastofnanir í samfélaginu eða fjarskiptastofnun sem í raun er með einokunaraðstöðu að stórum hluta til. Þannig hefur þetta gengið, herra forseti, það er ástæða til að rifja þetta upp hér úr fylgiskjölum með stjórnarfrv. á sínum tíma svona rétt til þess að menn hafi það á hreinu hvernig andinn var í grg. stjfrv. á sínum tíma. Hann var allur á þá leið að róa menn niður og fullvissa um að farið yrði varlega í sakirnar, ekki yrði farið út í beina sölu. Hann sagði þar, með leyfi forseta, um breytingar á eignarhaldi:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að óheimilt verði að að selja eignarhluti ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., nema með samþykki Alþingis. Þannig er beinlínis tekið fram í 6. gr. frumvarpsins að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur verði ekki selt, nema með samþykki Alþingis.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hinum nýju hlutafélagsbönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðinum. Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við

erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

Það vantar þó nokkuð upp á að sá tími sé kominn en hins vegar er í grg. rætt um að heimila útboð á nýju hlutafé. Því eru þó sett þau mörk að samanlagt gæti eignarhluti annarra aðila en ríkissjóðs, á grundvelli útboðs nýs hlutafjár, aldrei orðið hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig.

Herra forseti. Þarna er afdráttarlaust tekið fram að ekki standi til að selja eignarhlut fyrstu fjögur árin. Víðar í greinargerðinni er komið inn á þetta með sama hætti. Þannig sagði framar í greinargerðinni um breytingu á ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, með leyfi forseta:

„Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert ráð fyrir í þessu frumvarpi."

Hvað var verið að gefa í skyn þarna og víðar í þessum texta? Það var verið að fullvissa menn um að þetta væri fyrst og fremst formbreyting og að ekki yrði farið út í beina sölu. Svo geta menn látið eins og þeir séu lausir allra mála með því að segja að þetta hafi gengið nokkuð vel, að hagstæðar aðstæður séu á hlutafélagamarkaði og nú eigi að grípa tækifærið og slá á þensluna sem ég ætla að koma aðeins inn á. Er það þá mikilvægara en hitt að eitthvað sé að marka yfirlýsingar af þessu tagi? Svari hver fyrir sig.

Eitt er víst og það er að ekki verður mikið gefið fyrir sambærilega texta sem munu væntanlega birtast hér í frv. þegar ætlunin verður að læða hlutunum í gegnum þingið með sama hætti og gert hefur verið hingað til. Það er auðvitað afar ámælisvert, herra forseti, þegar menn eru staðnir að því að koma ekki hreint til dyranna eins og þeir eru klæddir. Það er aumingjadómur og kjarkleysi og það er óheiðarlegt af mönnum ef það hefur verið svo að ætlunin hafi verið allan tímann að taka þetta í áföngum, pakka þessu inn á þennan hátt og róa þá sem höfðu efasemdir niður með því að fullvissa þá um það í fylgiskjölum með frv. að svona yrði farið að hlutunum, ef aldrei stóð til að efna það, herra forseti.

Ég ætla svo sem ekki að segja að ég hafi haft alveg sérstaka tilhneigingu til að trúa öllum þeim textum sem koma frá hæstv. iðn.- og viðskrh., svo er ekki, en maður ætlast þó til og gerir vissar kröfur til þess að lögskýringargögn, fylgiskjöl með stjfrv. á Alþingi, séu tekin alvarlega. Ég tel að það ætti auðvitað að vera stjórnvöldum, ríkisstjórn og ráðherrum sem leggja slíka hluti fyrir metnaðarmál og þeir ættu að líta á það sem grundvallaratriði að slíkir hlutir stæðust. Og jafnvel þó að það kostaði að þeir yrðu að bíða þangað til a.m.k. þeim tímamörkum væri náð sem þarna voru sett upp, þá teldi ég tvímælalaust að menn ættu að láta það hafa forgang.

Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. í þessu sambandi: Liggur það í forsendum málsins að 15% heimildin sem hér á að fara fram á til beinnar sölu á eignarhlut ríkisins sé hrein viðbót við þá 35% heimild sem veitt var í formi hlutafjáraukningar á sínum tíma þannig að hægt væri að nýta hvort tveggja og til fulls? Lítur hæstv. viðskrh. svo á að það sem nú stendur eftir ónýtt af hlutafjáraukningarheimildinni haldi áfram þannig að til viðbótar þeim 35% sem með þeim hætti var samkvæmt orðanna hljóðan heimilt að koma í eigu annarra verði til viðbótar þeim 15% sem beina salan getur fært þarna yfir, þannig að rétt um helmingur af ríkisviðskiptabönkunum geti með þeim hætti komist í eigu annarra en ríkissjóðs? Eða lítur hæstv. ráðherra svo á að þetta skerði sambærilega þá 35% heimild sem fyrir var?

Um dreifða eignaraðild í þessu sambandi, herra forseti, væri ástæða til að fara nokkrum orðum eins og sá farsi allur saman er orðinn hjá hæstv. ríkisstjórn. Eitt atriðið sem átti að nota til að róa menn niður var að það yrði að sjálfsögðu tryggt og séð fyrir því að eignaraðildin yrði mjög dreifð. Síðan er það gert þannig að farið er í æfingar af því tagi sem *útboðin og áskriftirnar á undanförnum missirum hafa sýnt* sig vera, kennitölufár og safnanir og annað slíkt. En áfram er haldið og ríkisstjórnin lætur sem ekkert sé. Það er að vísu að farið með venjulegu svardagana og yfirlýsingarnar um hve mikilvægt sé að tryggja dreifða eignaraðild en það eru engar ráðstafanir gerðar sem hægt er að segja að séu marktækar til að tryggja það. Hér liggur í þinginu óafgreitt frv. sem hæstv. forsrh. hvatti mjög til að efh.- og viðskn. Alþingis skoðaði ofan í kjölinn um að setja í lög ákvæði sem tryggi dreifða eignaraðild varanlega en ekki bara í frumsölu. En það á djöfla þessu í gegn, herra forseti, fyrirgefið orðbragðið, án þess að nokkur niðurstaða fáist í því af hálfu Alþingis eða þá hjá hæstv. ríkisstjórn, hver stefnan verður í þessum efnum. Þetta eru algjörlega ótæk vinnubrögð, herra forseti. Það er fráleitt að ætla Alþingi að afgreiða þessa heimild til viðbótar hinu án þess að þau mál komist fyrst á hreint. Og ég mótmæli því og ég mun berjast gegn því eins og ég mögulega get að þetta frv. nái fram að ganga áður en fengin er niðurstaða í það mál hvort vilji er til þess í öllu falli að setja í lög ákvæði sem tryggja varanlega dreifða eignaraðild. Það hefur víða komið fram stuðningur við það sjónarmið og það er ekki oft sem ræðumaður og leiðarahöfundar Morgunblaðsins eru nokkurn veginn algjörlega sammála og gætu skrifað textana hvor fyrir annan. En þannig er það nú. Ég minni t.d. á leiðara Morgunblaðsins í gær eða fyrradag einmitt um þetta efni, að ætli ríkisstjórnin sér að halda áfram frekari einkavæðingu á bönkunum, þá eigi fyrst að fá niðurstöðu í það hvort sett verða í lög ákvæði til að tryggja varanlega dreifingu á eignaraðildinni. Það þýðir ekkert að bera það fyrir sig að um áskriftarkerfi eða tilboð með hámarksfjárhæðum verði að ræða í frumsölu bréfanna, því allir sjá það sem í gangi er á eftirmarkaði. Menn vita hvernig kennitölunum var sópað saman og hversu mjög hefur fækkað í þeim hópi sem upphaflega skráði sig fyrir bréfum í bönkunum. Hæstv. ráðherra getur notað þau stórkostlegu rök sem ég heyrði höfð eftir honum í því sambandi að það sé svo óskynsamlegt fyrir fólk að selja aftur eignarhlut sinn eða áskriftarhlutinn vegna þess að hann muni hækka svo mikið í verði. Ég heyrði það haft eftir hæstv. ráðherra í fjölmiðlum fyrir nokkrum dögum. Lítur hæstv. ráðherra þá þannig á að það sé innbyggð hækkun á gengi bankanna í gegnum þessi einkavæðingarferli? Er það hluti af málinu að skrúfa það upp? (**Viðskrh.:** Betri rekstur.) Betri rekstur, já. Hann batnar svona stórkostlega við að þessi 15% færist yfir. (**Viðskrh.:** Hann hefur batnað.) Ég gef nú lítið fyrir það, herra forseti. Ætli það séu ekki aðallega aðrar ástæður sem skýra það, eða varð svona eðlisbreyting t.d. á stjórnendum Búnaðarbankans sem allir eru sömu mennirnir og höfðu rekið hann árin á undan með ágætum sem hreinan ríkisbanka. Hvers konar kjaftæði þetta? Auðvitað varð engin breyting á þeim Stefáni Pálssyni og Co. þó að sett hafi verið „háeff" aftan við Búnaðarbankann. Þeir héldu áfram að reka sinn banka vel eins og þeir höfðu gert árin þar á undan. Og þarf maður að hlusta á svona rugl? Nei, auðvitað er það

hvernig bankarnir deila kjörum í atvinnu- og efnahagslífinu almennt sem hefur þýtt að rekstur þeirra hefur stórbatnað, nema hvað? Eða hvernig var hann hérna árin á undan? Er það það sem menn eru að bera saman, þegar bakarnir voru í grenjandi tapi og það þurfti að hlaupa undir bagga með þeim, og það var ekki því að kenna sérstaklega að þeir væru ríkisviðskiptabankar? Eða tapaði ekki Íslandsbanki einhverjum slatta, hvernig var það, hv. þm. Pétur Blöndal? Það skyldi nú ekki vera. Og stóð ekki „háeff" aftan við allan tímann sem hann stórtapaði fé á árabili? Þarf endilega að ræða þetta á svona barnalegum nótum eða eru menn virkilega fastir í þessum frösum og þar á meðal hæstv. viðskrh.?

Herra forseti. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, þýðir þetta það að heimildin er upp á 15% í hvorum bankanum fyrir sig, að það sé ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að einkavæða báða ríkisviðskiptabankana jafnt og selja þá úr eigu ríkisins í sömu skrefum og jafnt? Eða kemur til greina að þar verði hugsanlega gerður greinarmunur á? Jafngildir þetta ákvörðunum um að ríkið ætli út úr báðum bönkunum samtímis? Er einhver framtíðarstefna mótuð eða er hún í mótun hvað þetta varðar? Verða bankarnir einkavæddir að fullu? Ætlar ríkissjóður sér út úr þeim alveg eða kemur til greina að ríkið haldi einhverjum ráðandi hlut í öðrum hvorum eða báðum bönkunum? Fari t.d. þá leið sem menn hafa valið að fara í Noregi í þessum efnum, þar sem sæmileg samstaða er um að ríkið haldi stórum eignarhlut í mikilvægustu bönkum Noregs og það er m.a. vegna þess að reynslan hefur kennt mönnum ýmislegt í Noregi. Þar er munurinn sá á mönnum og hér að menn eru menn til þess að læra af reynslunni hvort sem þeir koma frá hægri eða vinstri í stjórnmálunum og þar setja menn ekki kreddurnar fyrir sig með sama hætti og þeir gera hér. Og það er auðvitað nöturlegt að Framsóknarflokkurinn skuli vera hafður á undan, honum stefnt fyrir kerruna í þessum efnum, að draga einkavæðingarofstækiskerruhlass íhaldsins áfram í gegnum íslensk stjórnmál ár eftir ár. En það er hlutskipti vikapiltanna í Framsóknarflokknum sem þeir með glöðu geði tóku í arf frá þeim sem voru í húsmennskunni áður, þ.e. þingmönnum og ráðherrum Alþýðuflokksins á þarsíðasta kjörtímabili.

Það væri fróðlegt fyrir einkavæðingarpostulana hér að kynna sér svolítið úrslitin í þingkosningunum á Nýja-Sjálandi um síðustu helgi. Og hvers vegna mið- og vinstri flokkarnir á Nýja-Sjálandi unnu þar aftur meiri hluta. Jú, það var með því að lofa afturhvarfi til félagslegra stjórnarhátta og félagslegri stjórnarstefnu en þar hafði verið rekin um árabil. Ég held að áhugavert væri fyrir menn að kynna sér hvernig viðhorfin hafa breyst í því þjóðfélagi eftir að hafa verið tilraunastofa fyrir nýfrjálshyggjuna í ein 12–14 ár.

Frasarnir og ræðuhöldin sem standa upp úr einkavæðingarpostulunum á Íslandi 12–15 árum síðar eiga ekki mjög upp á pallborðið þar. Það virðist ætla að verða okkar ógæfa enn á ný í þessu máli eins og fleirum að við erum að framkvæma 10–15 árum á eftir öðrum hluti sem menn eru búnir að afskrifa annars staðar og yfirleitt snúnir frá. En mesta einkavæðingarofstækið er gengið um garð víða í þeim löndum þar sem að það geisaði eins og fár fyrir 10, 15 eða 20 árum. Þar hafa menn lært ýmislegt af þeim mistökum sem voru gerð og þar hafa menn m.a. viðurkennt að einkavæðing á fákeppnis- og einokunarfyrirtækjum og mörgum mikilvægum þjónustustofnunum af því tagi sem hér á nú að fara út í að einkavæða, var mistök. Það reyndist illa þó að það gæti gefist ágætlega að ríkið drægi sig út úr ýmiss konar samkeppnisiðnaði og öðru slíku.

Ég, herra forseti, tel það algjörlega fráleitt að ríkisstjórnin ætli að stilla Alþingi upp við vegg og afgreiða þetta mál núna á þeim örfáu dögum sem eftir eru fram að jólaleyfi. Mér blöskrar að fyrstu dagana í desembermánuði skuli vera komið með hvert stórpólitíska ágreiningsmálið á fætur öðru. Öll koma þau inn með sama formálanum, að ríkisstjórnin ætli að fá þau afgreidd fyrir jólaleyfi. Þetta eru vinnubrögð, herra forseti, sem er óhjákvæmilegt að mótmæla og ég treysti því að forsn. þingsins standi með okkur þingmönnum í því að láta ekki beita menn ofbeldi af því tagi.

[14:41]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist vera alveg sama hvaða mál kemur hér inn í þingið, málflutningurinn hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni er allur á sama veg. Það er ekki haft fyrir því að lesa þingskjölin. Það er ekki haft fyrir því að hlusta á framsöguræðurnar með málunum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði getað svarað flestum af þeim spurningum sem hann spurði ef hann hefði aðeins lesið þingskjölin áður en hann steig í þennan ræðustól. En það þarf ekki lengri tíma en andsvarið til að svara hv. þm. Gert er ráð fyrir að viðskrh. hafi heimild til að auka hlutafé og það fékkst með lögum þegar gerð var formbreyting á ríkisviðskiptabönkunum. Þá var gert ráð fyrir því að viðskrh. væri heimilt að auka hlutafé í bönkunum allt að 35%. Búið er að nýta 15% af þeirri heimild. En af því að enginn þingmaður hefur talað jafnhátt og jafnlengi og hv. þm. um þær ofboðslegu hættur sem fram undan eru í efnahagsmálum og gert sig mjög digran í efnahagsumræðunni um að að sporna verði við þenslunni, þá liggur líka fyrir að eitt af því sem valdið hefur þenslunni eru þeir möguleikar sem bankarnir hafa haft til þess að stækka, og með því að veita þeim viðbótarheimild til þess að auka hlutafé sitt, sem viðskrh. gæti gert, þá mundu þeir stækka og þá væri hætta á að útlánaþensla mundi aukast. En með því að velja þá leið að selja hlutabréfin þá erum við að draga úr þenslunni.

Það er alveg rétt að fyrirheit voru veitt af hálfu stjórnvalda gagnvart starfsmönnum bankanna m.a. og þinginu að auka hlutafé. Um þetta mál hefur núna verið haft samráð við starfsmannafélög beggja bankanna og líka Samband íslenskra viðskiptabanka og Samband íslenskra bankamanna og starfsmenn látnir vita hvað stæði til, það væru forsendubreytingar frá því sem áður var og málið útskýrt. Og það er skilningur hjá þessum mönnum, enda er þetta fólk samkvæmt sjálfu sér.

[14:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að vísu lesið í gegnum þessi fskj. með frv. og hlustaði á ræðu hæstv. ráðherra. En það væri alveg fyrirgefanlegt einstaka þingmanni þó að hann kæmist ekki yfir að lesa öll þau frv. sem koma núna frá ríkisstjórninni á færibandi þegar komið er fram í desembermánuð, eða ætlar hæstv. ráðherra að halda því fram að þetta sé mjög vel að verki staðið hjá hæstv. ríkisstjórn að vera að koma fyrst nú málum frá sér af þessu tagi, ef ríkisstjórnin hefur ætlað sér að fá þetta afgreitt á eðlilegan hátt fyrir jólahlé? Ég veit að hæstv. ráðherra er þó það þingreyndur maður að hann reynir ekki að halda því fram að þetta sé til einhverrar fyrirmyndar í vinnubrögðum. Og hæstv. ráðherra þarf ekki að hafa áhyggjur af því að ég sé sérstaklega eftirbátur annarra þingmanna í því að sinna þingskyldum mínum eða lesa

þingskjöl. Ég hygg að sagan hafi sannað annað, herra forseti, þannig að það þarf ekkert skítkast úr þeirri átt í þeim efnum.

Mér finnst hæstv. ráðherra vera í raun að segja að viðbótarhlutafjárútboð hafi á sínum tíma verið hrein og klár mistök vegna þess að það hafi aukið þenslu. Er þá ekki eðlilegt að ráðherra viðurkenni það? Að það hafi kannski verið óráð að fara út í það á þeim tíma sem það var gert og í ljósi aðstæðna eins og þær eru núna. Það að slík sala á eignarhlut ríkissjóðs slái mikið á þenslu fer auðvitað að langmestu leyti eftir því hvernig það er gert. Gerist það þannig að aðilar í þjóðfélaginu keppist við að lána almenningi allt kaupverðið eins og ástæða er til að ætla og almenningur geti síðan án nokkurra tímamarka innleyst hlutinn aftur og jafnvel með einhverri gengishækkun, þá má færa rök fyrir því að fé í umferð aukist en minnki ekki við aðgerðir af þessu tagi. Sérstaklega ef niðurstaðan reynist sú að gengið skrúfast upp út á einhverjar væntingar sem menn spila og kynda undir í þessu máli eins og þar á meðal hæstv. viðskrh. hefur gert. Hvað þýðir skilningur Sambands bankamanna og starfsmannafélaga bankanna á því að loforðin sem þeim voru gefin um einkasölu fyrstu fjögur árin eru nú svikin. Er hægt að fá nánari útskýringar á því?

[14:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt — ég tek undir það með hv. þm. — að það er ekki til fyrirmyndar að koma með mál svo seint inn í þing eins og þetta og hefði verið betra ef hægt hefði verið að gera það fyrr. Það er hins vegar svo að við teljum að þær aðstæður sem uppi eru núna séu mjög hentugar til þess að fara af stað með þessa sölu og því kemur málið inn með þetta skömmum fyrirvara. Ég hef líka fullan skilning á því að einstakir hv. þm. komist ekki yfir að lesa öll þau þingskjöl sem á borð þeirra eru lögð, ekki síst þegar svona annir eru eins og núna. En þá verður líka að gera kröfu til þeirra hv. þm. að þeir tali ekki eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði hér áðan og þá eiga menn að viðurkenna það. (Gripið fram í.) Hv. þm. vissi bara ekkert um hvað hann var að tala. Hann talaði hér af algjörri fáfræði um mál sem hann er með allar upplýsingar um fyrir framan sig og er að spyrja spurninga um það sem í því þingmáli er. Hv. þm. talaði eins og hann vissi ekkert um hvað málið snerist. Það er gagnrýnivert. En ég gagnrýni það ekki að menn komist ekki yfir að lesa. Ég bið þá menn að tala í samræmi við það hversu vel þeir hafa lesið heima.

[14:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sýnt hæstv. ráðherra greinargerð frv. ef hann vill á eftir og sýnt honum undirstrikanir með gulu sem ég gerði þegar ég fór hér yfir málið og las það. Ég frábið mér skæting af þessu tagi sem kemur frá hæstv. iðnrh. Ég held, hvað sem hver segir, að sá sem eitthvað fylgist með þingstörfunum megi vel fara í samanburð á því hvor okkar hefur staðið sig betur í þeim efnum. Það að ég hafi talað um þetta mál eins og ég viti ekkert um hvað það snýst, því mótmæli ég einnig. Ég er hins vegar ósammála hæstv. ráðherra og getur hæstv. ráðherra vinsamlegast gert greinarmun á því, en menn geta verið ósammála um mál þó þeir séu bærilega heima í þeim hvor um sig. Satt best að segja efast ég um það, með fullri virðingu fyrir hæstv. viðskrh. Finni Ingólfssyni, að hann geti kennt mér einhver ósköp í þessum efnum. Ég hef setið í efh.- og viðskn. Alþingis núna undanfarin átta ár þangað til á þessu vori og þekki þessa sögu nokkuð vel, hef komið að vinnu við hverja einustu löggjöf um bankamál sem farið hefur í gegnum Alþingi núna í næstum áratug þannig að ég þarf enga heimastíla frá hæstv. viðskrh. í þessum efnum. Og enn minni áhuga hef ég á því að eiga hann að læriföður eða fyrirmynd í þessum efnum eða öðrum.

[14:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem oft áður þá hefur hv. þm. ekki gert mjög mikinn greinarmun á mismunandi lífssýn þingmanna. Hann talar um kreddur án rökstuðnings þegar um er að ræða árekstur tveggja hugsjónaheima, þ.e. heims þeirra sem trúa á sameignarstefnu og að allt eigi að vera í sameign og svo hinna sem trúa á einstaklinginn og framtak hans. Ég er ekki að segja að skoðanir hv. þm. séu rangar eða vitlausar. Ég kalla þær heldur ekki kreddur. En ég geri kröfu til þess að hann kalli heldur ekki skoðanir okkar hinna kreddur.

Sú einkavæðing sem átt hefur sér stað, sérstaklega í bönkunum og hlutafjárvæðing, hefur kallað fram mikinn hagnað og það var einmitt einkenni á Íslandsbanka, því hv. þm. nefndi hann, að þar var mikið tap sem varð til þess að margir litlir hluthafar sameinuðust um að koma einum manni inn í stjórn þar og síðan hefur ekki verið tap á þeim banka. Það veitti þáverandi stjórn það mikið aðhald að hún hefur gætt þess að sýna mjög góðan hagnað. Það hefur ekki verið á kostnað starfsmannanna því mér skilst að launin séu ekkert slæm hjá þeim. Það hefur heldur ekki verið á kostnað lántakenda því vaxtamunur hefur farið minnkandi. Þessu er eingöngu náð fram með stórkostlega bættri stjórnun. Og þetta mun gerast hjá ríkisbönkunum líka, jafnt Búnaðarbankanum sem Landsbankanum. Landsbankinn og Búnaðarbankinn hafa þegar náð góðum árangri í stjórnun og það er vegna þrýstings, vegna þess að það stendur fyrir dyrum að einkavæða. Þeir vita það þessir herrar og þeir verða að standa sig í stjórnuninni. Það er því trú okkar sem aðhyllumst trú á einstaklinginn og frumkvæði hans að einkavæðing leiði til betri rekstrar. Og enn hefur ekkert komið í ljós sem afsannar það.

[14:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu alltaf yndi af því að ræða hugmyndafræðilegan ágreining við hv. þm. Pétur Blöndal. En ég held að þetta mál snúist í sjálfu sér ekki um grundvallarafstöðu manna til einstaklingsfrelsis eða einstaklingshyggju og samfélagshyggju. Ég held það sé ekki nema hluti málsins a.m.k. Þetta er miklu nær okkur og snýst um praktískari hluti en það að mínu mati. Ég set það ekki endilega í það stóra samhengi. Mér finnst þetta vera stóra spurningin um nýfrjálshyggjuviðhorfin og ofstækið sem þar hefur verið á ferðinni hjá þeim sem gengið hafa lengst þar, eða viljað ganga lengst, eða varkárari sjónarmið sem m.a. byggja á því, burt séð frá hugmyndafræðilegum ágreiningi sem ég hélt að væri hægt að ræða, og hvort heppilegt eða æskilegt sé að taka af því áhættu að eignarhald í mikilvægustu fjármálastofnunum þjóðarinnar safnist á fáar hendur og verði til þess að auka enn á samþjöppun, fákeppni og einokun í íslensku viðskiptalífi. Það þarf ekki sósíalistann sem hér stendur til þess að færa fram rök fyrir slíkum hlutum. Lesi menn Morgunblaðið. Þetta sjónarmið á sér líka víða stuðning ósköp einfaldlega, burt séð frá pólitískum hugsjónum manna, út frá því hvað sé heilbrigt og heppilegt rekstrarumhverfi í landinu. Og er ekki hægt að fá um það málefnalega umræðu hér, eða á að þegja það út af borðinu af því að

menn eru einhvers staðar á bak við tjöldin búnir að ákveða að gera þetta á einhvern tiltekinn hátt? Og hvers vegna er það þá? Er virkilega ekki hægt að ýta hugmyndafræðilega grundvallarágreiningnum aðeins til hliðar um sinn og ræða framkvæmd málsins? Ég minni á frv. okkar Ögmundar Jónassonar um það að þrátt fyrir ólíkar skoðanir á því hvað væri kannski heppilegast að gera varðandi þetta eignarhald, þá sameinist menn þó a.m.k. um að reyna að finna skynsamlegar leikreglur.

[14:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir þá einkavæðingarhrinu sem yfir hefur gengið er það svo að fleiri tugir þúsunda einstaklinga eiga núna í þessum bönkum sem hafa verið einkavæddir. Þrátt fyrir það að þeim hafi fækkað úr kannski 120 þús. — ég veit ekki hvað það var nákvæmlega — þá eiga enn þá fleiri tugir þúsunda einstaklinga í þessum bönkum og munu væntanlega eiga áfram. Ég sé því enga hættu í þessari dreifðu eignaraðild. Svo er það ákaflega óskynsamlegt, eins og ég hef áður nefnt, að eiga t.d. 10% í banka sem er 20 milljarða virði, að setja 2 milljarða, 2 þús. millj. af eignum einstaklings í einn banka. Það væri ákaflega óskynsamlegt því það væri að sjálfsögðu gert með lánsfé og það væri mjög mikil áhætta fyrir viðkomandi einstakling og andstætt allri áhættudreifingu sem að menn eru að ráðleggja. Ég sé því ekki að svona stórar stofnanir geti yfirleitt safnast á fáar hendur nema ef vera skyldu lífeyrissjóðirnir. Og þar komum við að öðrum þætti sem snýr kannski ekki beint að þessu, þ.e. eignarhaldinu og lýðræðinu í lífeyrissjóðunum, á því mikla fé.

En varðandi það að einkavæðingin sé framkvæmd án þess að menn hugsi sig um, þá gengur hún afskaplega hægt. Hún gengur svo hægt jafnvel að ég tel að við höfum ekki undan að einkavæða, að ríkisvæðingin sé meiri en einkavæðingin. Allar þær virkjanir sem hafa verið byggðar að undanförnu, jarðgöng og annað, er allt í eigu ríkisins. Ég nefni flugstöðina. Þetta er allt í eigu ríkisins. Og ég er nærri viss um að á undanförnum fjórum, fimm árum hafi miðað aftur á bak í einkavæðingu, og að ríkisvæðingin sé miklu meiri en einkavæðingin.

[14:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta síðasta þá fer það nú allt eftir því hvernig menn kjósa að stilla dæminu upp. Þó það séu áfram framkvæmdir á þeim sviðum sem ríkið hefur enn með höndum, eins og í samgöngumálum, þá held ég að það sé fráleitt að tala um það sem nýja ríkisvæðingu. Í raun og veru er það bara eðlilegt framhald af þeirri starfsemi sem ríkið hefur haft með höndum, eins og í undirstöðumannvirkjum á sviði samgöngumála. Einkavæðingin á fyrirtækjum og stofnunum er hins vegar breyting frá því sem verið hefur. Það er auðvitað hún sem er hið pólitíska átakamál samtímans. Og þar er stefnan öll í eina átt. Það getur vel verið að hv. þm. finnist hægt ganga. Ég þykist reyndar vita að hann vildi sjá ríkið að mestu leyti lagt niður. Þá yrði hv. þm. Pétur Blöndal hamingjusamastur ef það væri svona nokkurn veginn hægt að leggja ríkið niður, nema fánann. Ég vil líka segja að mér finnst það dálítil hugkvæmni að tala um einstaklinga sem ættu ekki að taka þá áhættu að eiga 2 milljarða í banka. Ég þekki nú ekki marga sem jafnvel þó þeir hafi talsvert lánstraust væru líklegir til þess og ég held að áhyggjur manna séu nú ekki aðallega bundnar af því að einstaklingar í krafti eigin fjár nái þarna undirtökunum í heilum ríkisviðskiptabönkum. Það hins vegar að það fari að verka fælandi gagnvart öðrum að fjársterk fyrirtæki eða hópar tengdra fyrirtækja sem að virka sem ein heild nái þannig undirtökunum með uppkaupum á eftirmarkaði, er möguleiki sem menn hljóta að þurfa að hafa í huga. Það þarf ekkert hugmyndaflug til. Það liggur fyrir að aðilar í þjóðfélaginu hafa á undanförnum missirum verið að skoða möguleikana á því að ná undirtökunum í slíkum fjármálastofnunum. Er þá ekki rétt að menn hafi það í huga að það gæti orðið útkoman? Það er ekkert víst að það gerist. Að sjálfsögðu tek ég undir það. Það er sjálfsagt ekki hægt að sjá fyrir hvað gerist á markaðnum. En mér finnst skynsamlegt að setja leikreglurnar fyrir fram ef vilji er til þess að tryggja í reynd dreifða eignaraðild og ég tel að það eigi að reyna á það áður en Alþingi lýkur afgreiðslu þessara mála.

[14:56]

Útbýting þingskjals:

Kjör forræðislausra foreldra, 246. mál, beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 302.

[14:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er eins og oft áður þegar hér hefur verið rætt um einkavæðingu eða breytingu á rekstrarfyrirkomulagi fyrirtækja sem hafa verið í ríkiseign í mörg ár, að þá fer umræðan að snúast um það hvort fyrirtækið eða stofnunin yrði betur rekin sem einkastofnun eða ríkisstofnun. Í mínum huga er þetta alrangur málflutningur vegna þess að málið snýst ekki um það, t.d. hvort heldur lýtur að bönkunum eða öðrum ríkisstofnunum, að það eitt og sér að einkavæða stofnun geri það að verkum að hún verði miklu betur rekin þó að jafnvel sömu stjórnendur haldi um stjórnvölinn. Svo er ekki. Stjórnendur ríkisfyrirtækja eru mjög hæfir. Rekstrarumhverfi ríkisfyrirtækja er hins vegar allt annað en það sem fyrirtæki á einkamarkaði búa við. Þó á ekki það sama við um bankana og aðrar ríkisstofnanir vegna þess að flestar ríkisstofnanir búa við það að geta gert mjög takmarkaðar áætlanir, hugsanlega til eins árs í senn, vegna þess að fjárlög eru ákveðin til eins árs í senn. Það er ekki einu sinni gengið frá rammafjárlögum til þriggja ára þannig að stofnanir geti séð fyrir fram úr hverju þær hafi að spila og geti þess vegna gert áætlanir í samræmi við það. Ef illa gengur er ævinlega farið hér upp í ræðustól á hv. Alþingi að tala um slæma stjórnendur. Ég efast um að nokkur sé öfundsverður af að taka að sér að stjórna ríkisfyrirtæki í hvaða geira sem er miðað við þær aðstæður sem þeim eru búnar. Við megum ekki láta umræðu um mál eins þetta snúast um það að bara við að einkavæða banka megi tryggja að hann verði betur rekinn. Bankarnir okkar hafa verið vel reknir miðað við þær aðstæður sem oft hafa verið. T.d. hefur það oftar en ekki gerst að þegar verið er að velja stjórnendur bankanna þá hafa hæfniskröfur eða faglegar kröfur ekki verið gerðar, heldur hefur verið um pólitískar ráðningar bankastjóra að ræða, hvort heldur Seðlabankinn, Landsbankinn eða Búnaðarbanki hafa átt í hlut. Það er hins vegar gagnrýni vert.

Á þessu varð vissulega breyting þegar nýr bankastjóri Landsbankans var ráðinn fyrir rúmu ári síðan og mér fannst þar vera stigið skref í rétta átt. Við eigum auðvitað að standa þannig að verki við ráðningu starfsmanna, yfirmanna ríkisstofnana. Hvort sem það eru bankar eða aðrar stofnanir sem ríkið rekur og á að meiri hluta þá eigum við auðvitað að standa faglega að ráðningu þess fólks sem fer með þau fyrirtæki.

Því miður er það ekki gert og enn þann dag í dag erum við að sjá að eftir stjórnmálamönnum sem hafa lokið störfum sínum á hv. Alþingi bíða störf eða búnar eru til stofnanir eða fyrirkomulagi þeirra eða skipulagi breytt til að búa til störf fyrir stjórnmálamenn. Auðvitað verða þeir að eiga greiðan aðgang að atvinnumarkaðnum eftir að þeir ljúka störfum hér, en það verður að meta þá á faglegum forsendum eins og aðra sem sækja um störf. Slík vinnubrögð eigum við að viðhafa.

Það er erfitt að fá svona stórt mál og hafa mjög lítinn tíma til að fjalla um það, þ.e. söluna á 15% hlutafé í Landsbanka og Búnaðarbanka. Þótt ekki sé um það að ræða að selja meiri hluta hlutafjár í þessum bönkum þá eru þarna um 15% í hvorum banka. Þetta er mjög stórt mál og um það eru skiptar skoðanir og við eigum að ræða það út frá þeim forsendum einum hvert sé hlutverk ríkisins. Hvert er hlutverk ríkisins? Hvaða rekstur er það sem ríkið á að sjá um eða standa fyrir í breyttu umhverfi? Það eru þær forsendur sem eiga að liggja til grundvallar þeirri umræðu sem hér á sér stað, en ekki að fullyrða að um miklu betri rekstur verði að ræða bara við það eitt að einkavæða ríkisstofnanir.

Við hljótum að þurfa að fara í gegnum þá umræðu, og kannski verður það gert í næstu viku þegar 2. umr. fjárlaga á sér stað, a.m.k. ætti sú umræða vel heima þar, hvert hlutverk ríkisins er í mjög breyttu umhverfi, bæði hér innan lands og utan, og miða ríkisreksturinn við það. Ef tekin er ákvörðun af Alþingi að selja 15% í ríkisfyrirtækjum eins og Búnaðarbanka og Landsbanka eða fyrirtækjum í eign ríkisins, þá hljótum við auðvitað að þurfa að svara þeim spurningum, ef þessi sala skilar okkur 5–6 milljörðum kr., til hvers við ætlum að nota söluhagnaðinn. Á að nota hann til að greiða niður erlendar skuldir eða innlendar? Hvaða áhrif hefur það? Eða ætlum við að nota þetta fyrst og fremst til að styrkja þá þætti sem Alþingi væri búið að ákveða að væri samfélagsins að sjá um? Það er umræða sem við höfum bara alls ekki gengið í gegnum, og alls ekki sinnt því hlutverki okkar hér á hv. Alþingi að taka þá umræðu til enda og móta stefnu ríkisins um hver séu hin eiginlegu verkefni samfélagsins og hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga. Ég er ekkert sannfærð um að það sé rétt að ríkið reki tvo ríkisbanka, að það sé rétt í mjög breyttu umhverfi. Þó að það hafi á sínum tíma verið rétt ákvörðun miðað við þær aðstæður sem þá voru uppi, þá er ég ekkert sannfærð um að það sé rétt stefna í dag að vera með tvo ríkisbanka. Spurningin er hins vegar, væri rétt að hafa einn ríkisbanka eða ætlar Alþingi að taka þá ákvörðun að einkavæða þá báða, að ríkið eigi ekki neinn banka?

Sú umræða hefur aldrei átt sér stað af alvöru á Alþingi. Stefna ríkisstjórnarinnar liggur fyrir, en það hefur ekki verið farið í þá umræðu. Ef það hefði hins vegar verið gert væri auðveldara að koma með svo stór mál sem hér um ræðir og afgreiða á stuttum tíma, ef við hefðum unnið heimavinnuna og grunnvinnuna áður á hv. Alþingi, sem við höfum ekki gert. Ástæðurnar fyrir því að frv. er lagt fram núna hafa komið fram í umræðum, bæði í fjölmiðlum og í framsögu hæstv. ráðherra, þar sem m.a. hafa verið dregin fram þau rök að þetta sé til þess að slá á þenslu. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er allsendis óvíst að sala á hlutafé í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands á þessum tíma muni verða til þess að slá á þenslu. Við vitum ekki hvernig á að standa nákvæmlega að sölunni, þó hlýtur að vera búið að útfæra það, því ef frv. yrði samþykkt innan þeirra tímamarka sem hæstv. ráðherra virðist gera sér vonir um, þá hlýtur að vera búið að útfæra þær reglur sem eiga að gilda varðandi söluna á hlutafénu, því þetta þarf að gerast mjög hratt eigi það að nást fyrir áramót.

Þær ástæður sem gefnar eru upp í athugasemdum við lagafrv. eru í fyrsta lagi að þetta hvetji til aukins sparnaðar heimilanna, ég dreg það verulega í efa, að hlutabréfamarkaðurinn verði efldur, það má færa rök fyrir því, en aðalástæðan hlýtur að vera sú þriðja sem þar er nefnd, þ.e. að verðmyndun hlutabréfa í bönkunum verði treyst og einnig það að verðmyndun hlutabréfa í bönkunum er kannski sérstaklega hagstæð nú um stundir, eftir söluna á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, og þess vegna, býst ég við, að það sé ástæðan fyrir því að sú ákvörðun var tekin með svo stuttum fyrirvara að leggja frv. fram. Það er mikil vinna sem liggur fyrir hjá í efh.- og viðskn. að fara yfir frv. og kalla eftir öllum þeim upplýsingum sem við þurfum að fá og áliti þeirra aðila sem koma að þessu máli. Við þurfum líka að fá álit frá Seðlabankanum á þeim atriðum sem hæstv. ráðherra telur upp í grg. að liggi að baki því að þetta frv. er lagt fram með svo stuttum fyrirvara. Við þurfum að ræða við Fjármálaeftirlitið og við þurfum að ræða við aðila fjármagnsmarkaðarins og nýtt öflugt stéttarfélag, sem mér skilst að sé að verða til, félag fjárfesta og innstæðueigenda sem stefnt er að verði öflugt stéttarfélag í framtíðinni. Við þurfum að kalla til fulltrúa allra þessara aðila á fund efh.- og viðskn. Nú hefur mér hins vegar skilist, og ég held að það sé rétt, að þrír eða fjórir fulltrúar í efh.- og viðskn. séu erlendis að sinna störfum þar á vegum þingsins og í þeim hópi er formaður efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Ekki var fyrirhugað að hafa fund fyrr en á fimmtudagsmorgun í næstu viku. Miðað við þau tímamörk sem hér er um að ræða þarf mun meiri tíma en við virðumst hafa því að við hljótum öll að gera okkur grein fyrir hvaða tíma þarf til þess að fylgja frv. eftir verði það að lögum fyrir áramót og sé það vilji Alþingis að setja hlutabréfin á sölu fyrir áramót.

Einnig kemur fram í grg. með frv. þar sem raktar eru þær breytingar sem gerðar voru á sínum tíma á Landsbanka og Búnaðarbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, að þróunin hafi verið mun hraðari en menn höfðu gert sér grein fyrir eða áttað sig á við þessar breytingar, þar sem menn gáfu sér fjögur ár til að undirbúa sölu á hlutafé í Landsbanka og Búnaðarbanka, en ástæða þyki til að flýta því þannig að salan verði á dagskrá tæpum tveimur árum fyrr en áætlað var. Segja má að það sé að vissu leyti eðlilegt vegna þess að þróunin á fjármagnsmarkaði hefur verið miklum mun örari en Alþingi gerði sér grein fyrir og sérstaklega ef við lítum til þeirra reglna sem við samþykktum á sínum tíma um Fjármálaeftirlitið og samkeppnislögin. Það sýnir í raun að hv. alþingismenn hafa ekki gert sér grein fyrir hve hröð þessi þróun yrði. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til að samhliða þessu frv., ég tala nú ekki um verði það að lögum fyrir áramót, sé gengið frá mun hertari reglum samkeppnislaga en eru í gildi í dag, og einnig um Fjármálaeftirlitið. Þ.e. að hertar verði reglur um samkeppni og Fjármálaeftirlitið. Ég tel það mjög nauðsynlegt í ljósi þeirrar þróunar sem er að eiga sér stað og yfirlýstan vilja ríkisstjórnarinnar að flýta sölu á hlutafé í Landsbanka og Búnaðarbanka, þá sé ástæða til þess að taka samkeppnislögin til endurskoðunar og ég bendi á að Samfylkingin hefur lagt fram frv. sem felur í sér verulega hertar reglur og víðtækari heimildir samkeppnisyfirvalda til að taka á málum. Við hljótum að spyrja hvort hæstv. ráðherra sé þá ekki tilbúinn til að afgreiða þessi mál samhliða út, þ.e. Fjármálaeftirlitið,

samkeppnislögin og síðan hugsanlega það frv. sem hér er á ferðinni. Ég tel að nauðsynlegt sé, ef farið verður í þessa sölu, að leikreglurnar sem verða settar séu mjög skýrar en þar vantar verulega á, bæði hvað varðar samkeppnislög og Fjármálaeftirlitið.

En fyrst og síðast hlýtur umræða eins og þessi að snúast um hvert eigi að vera hlutverk ríkisins. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom aðeins inn á það áðan að þetta frv. ásamt ýmsum öðrum málum sem hæstv. ríkisstjórn hefur flutt, stórmálum sem hún hefur komið fram með, væri kannski ekki í anda félagslegra stjórnarhátta. Ég dreg í efa að það falli endilega undir félagslega stjórnarhætti að reka banka eða bankastarfsemi. Ég tel að Alþingi verði hins vegar að fara að gera það nákvæmlega upp við sig hvaða verkefni það eru sem falla undir það og ég nefni menntamál, heilbrigðismál og félagsmálin almennt. Og þegar við höfum skilgreint hlutverk ríkisins verður umræðan um það sem á eftir kemur, hvernig við ætlum að standa undir þeim kostnaði sem af rekstri þeirra málaflokka hlýst, öll auðveldari þegar við höfum tekið afgerandi ákvarðanir um það hvert skuli vera hlutverk ríkisins. Um það á þessi umræða að snúast en ekki um hvort viðkomandi bankar verði betur eða verr reknir fyrir eða eftir einkavæðingu. Hæfir stjórnendur eru hjá ríkisfyrirtækjum og þar eiga fagleg vinnubrögð að ráða ferðinni. Ég heyrði í gær, virðulegi forseti, að hæstv. forsrh. sagði að brátt yrði auglýst eftir nýjum bankastjóra Seðlabankans og ég leyfi mér að vona að við ráðningu seðlabankastjóra verði viðhöfð fagleg vinnubrögð, þar verði ekki um pólitíska ráðningu eingöngu að ræða, heldur fyrst og fremst verði nýr bankastjóri Seðlabankans ráðinn á faglegum forsendum. Þannig eigum við að standa að þeim rekstri sem ríkið hefur með höndum og fara í umræðu um það hér hvert skuli vera hlutverk ríkisins og um það snýst þetta frv. fyrst og fremst.

[15:13]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágæta umræðu. Þær athugasemdir og spurningar sem komu fram, bæði frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímannsdóttur snúa nokkuð að sama efni þannig að ég ætla að fá að svara þeim ... (**MF:** Enda erum við í sama flokki.) Já, já, og á ekki að koma á óvart að spurningarnar séu svipaðar.

Í fyrsta lagi er spurt um hvað liggi á. Það er von að spurt sé um það vegna þess að málið ber nokkuð brátt að. Ég reyndi í andsvari áðan að skýra það. Þannig er að viðskrh. hefur heimild til að auka hlutafé í bönkunum um 35%. Sú krafa er á okkur að vera búin að koma 25% af eignarhlut ríkisins í báðum bönkunum í eigu annarra aðila en ríkisins fyrir 1. júní árið 2000. Eins og ég sagði áðan sé ég ekki fram á að sú breyting sé að verða í íslensku efnahagslífi að svo hratt sé að draga úr þenslunni að við teljum rétt að veita bönkunum þessa heimild til að auka hlutafé sitt. Þess vegna er sú leið valin sem hér er uppi að selja í staðinn fyrir að auka hlutafé. Ef ég hefði valið þá leið að auka hlutafé hefði ég ekki þurft að hafa neitt samráð við Alþingi um það vegna þess að lagalegar heimildir eru til staðar. En ég taldi ekki rétt við þær aðstæður sem uppi eru í efnahagsmálum að fara þá leið heldur að nota tímann núna og selja.

Í fyrsta lagi tel ég betri aðstæður á markaði til að tryggja hátt verð fyrir þessi bréf sem komi allri þjóðinni til góða. Við sem förum með þetta umboð eigum að hafa það að leiðarljósi að fá sem hæst verð fyrir bréf ríkisins í þessum fyrirtækjum.

Í öðru lagi kemur þetta þjóðinni til góða með því að ef við náum þessu fyrir áramót þá er mikil eftirspurn hjá almenningi eftir hlutabréfum milli jóla og nýárs til að nýta með eins lítilli fjárbindingu og kostur er svigrúm í skattalögum til skattafsláttar. Það tækifæri gefst á þessum tíma, milli jóla og nýárs. Það gefst auðvitað hvenær sem er og menn binda peningana í tiltölulega skamman tíma með því að nýta sér þetta tækifæri. Þetta eru meginástæðurnar fyrir því að þetta kemur svona seint inn. Mér þykir miður hversu seint málið kemur inn í þingið en bið jafnframt um að horft verði til þessara sjónarmiða þegar þingmenn í efh.- og viðskn. taka málið til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Í öðru lagi er spurt hvernig standa eigi að sölunni. Ég lýsti því tiltölulega gróft í framsögu minni, þannig að $^1/_3$ af sölunni fer í tilboðssölu og $^2/_3$ í áskriftarsölu, þ.e. áskriftarsalan er svipað fyrirkomulag og þegar farið var í fyrsta útboðið á sínum tíma, 15% útboðið. Almenningur mundi skrá sig fyrir ákveðnum hluta en tilboðssalan er þannig að menn gera tilboð. Þessar reglur eru útfærðar og uppi hugmyndir um hvernig skuli gera þetta. En ég get því miður ekki sagt frá því akkúrat á þessari stundu, einfaldlega vegna þess að Verðbréfaþingið er opið. Ef ég ætti að segja nákvæmlega til um það hér í dag hvernig þetta á að gerast þá ætti ég að tilkynna slíkt fyrst til Verðbréfaþingsins. (**JóhS:** En hugmynd um hámarks ...) Það get ég ekki. Ég vil ekki lýsa þessu nákvæmlega en strax eftir helgi, um leið og málið fer í efh.- og viðskn. til umfjöllunar, fær nefndin þessar upplýsingar. Þá munum við tilkynna Verðbréfaþingi hvaða leið við viljum fara með þeim fyrirvara að hún fái samþykki þingsins. Þetta er grundvallaratriðið í leikreglunum og þær setja mér skorður í þessum efnum. Við 2. umr. málsins mun liggja fyrir nákvæmlega hvernig að þessu verður staðið og ég veit að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir verður ekki fyrir vonbrigðum með þær reglur sem þarna verða settar.

Í þriðja lagi spurðu hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir hvaða áhrif þetta hefði á þensluna. Ég hef lýst því að aukningin hefði leitt til að bankarnir gætu stækkað en með þessu erum við að gera tilraun til að binda fjármunina. Við erum að gera tilraun til þess að binda fjármuni. Sú afstaða mín er skýr að ég tel að bankarnir eigi ekki að veita sérstök vildarkjör til þess að lána út á þessi hlutabréfakaup.

Af því að fáir þekkja þennan markað betur, eftir því sem hv. þm. lýsti sjálfur, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, þá vantaði eitt í röksemdarfærslu hans hér áðan. Það hefur nú sjálfsagt bara gleymst en það var þetta: Um leið og bankarnir fá ekki heimild til að auka hlutafé sitt, það er vitað að eiginfjárhlutfall banka hefur verið að lækka að undanförnu, þá eru þeim einfaldlega settar skorður í útlánastarfsemi sinni með því að CAD-hlutfallið er komið það neðarlega. Það vantaði bara þetta inn í röksemdarfærsluna sem var þó grundvallaratriði í því sem hv. þm. var að halda fram hér áðan.

Tíminn er knappur, ég geri mér alveg grein fyrir því en tel þó hægt í góðri samvinnu við þingið að koma málinu í gegn. Það vantar bréf á markaðinn, það liggur fyrir. Það er ekki mikil fjölbreytni í markaðnum þessa stundina. Það var ekki haft formlegt samband eða samráð þá aðila eins og ég lýsti hér áðan. Af því að spurt var um Seðlabankann þá var ekki haft formlegt samband við hann. En þetta er aðgerð sem dregur úr þenslu og Seðlabankinn hvetur til þess og ég þykist viss um það að Seðlabankinn muni taka þessu máli fagnandi. Við ræddum við Verðbréfaþing Íslands og sögðum þeim frá

því að þetta stæði til. Í þeim viðtölum, án þess að þar væri um formlegt samráð að ræða, kom fram að það væri skortur á bréfum á markaði, ekki væri vitað til þess að nein stór útboð ættu sér stað á markaðnum fyrir áramót.

Svo það sé alveg skýrt þá áttum við formlega fundi á mánudagsmorgun bæði með starfsmannafélagi Landsbankans og starfsmannafélagi Búnaðarbankans. Þar gerðum við grein fyrir þeim form- og efnisbreytingum sem á hefðu orðið. Mér fannst fullur skilningur fulltrúa starfsmanna á að þarna væri farin eðlilegri leið. Þeir spurðu ýmissa spurninga m.a. um fyrirkomulag útboðsins og annað slíkt sem við gátum ekki svarað á þeirri stundu. Í kjölfar þess fékk ég bréf frá starfsmannafélagi Landsbankans þar sem því var lýst yfir að félagið vildi fá örlítinn tíma til að skoða málið. Það er auðvitað alveg eðlilegt. Við ræddum síðan líka við Samband íslenskra bankamanna og gerðum þeim grein fyrir málinu. Reyndar hefur margoft komið fram hjá bæði Sambandi íslenskra bankamanna, síðast í blaðaviðtali við formann þess fyrir stuttu í Bankablaðinu, og fulltrúum starfsmannafélaganna, sérstök ánægja með hversu náið og gott samráð hefur verið haft við þann hóp um öll skref í átt að breytingu á bönkunum. Ég fagna því að okkur skuli hafa tekist það og það skuli vera metið.

Í fjórða lagi er spurt hvernig eigi að ráðstafa þessu. Það á ekki að setja þessa peninga í eyðslu, ekki í rekstur. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun, ég bendi mönnum á að lesa stjórnarsáttmálann, um hvernig eigi að ráðstafa söluhagnaði af ríkiseignum. Það á að nota þetta í sparnað, í fjárfestingu í víðtækum skilningi.

Hvernig verður svo framhaldið? Fyrst og fremst erum við að uppfylla skilyrði sem Verðbréfaþingið segir að við verðum að uppfylla og við gengumst undir að uppfylla fyrir 1. júní árið 2000, þ.e. að 25% sé í eigu annarra aðila en ríkisins fyrir 1. júní. Mér hefur hins vegar ekki fundist liggja á frekari söluáformum, tek undir það. Forgangsverkefnið á íslenskum fjármagnsmarkaði núna er hagræðing. Hagræðingin á að felast í því að íslenskir bankar geti þjónað sístækkandi íslenskum fyrirtækjum.

Ég tek dæmi: Þegar SÍF og Íslenskar sjávarafurðir voru sameinuð í eitt fyrirtæki þá kom fram að Landsbankinn átti í erfiðleikum með að veita hinu nýja fyrirtæki þjónustu vegna þess hve stór hluti af eigin fé Landsbankans var bundinn í lánum til þess. Þetta hlutfall er 40% í dag. Nýjar alþjóðlegar kröfur verðum við að taka upp eins og aðrir. Árið 2001 verður þetta hlutfall komið niður í 25%. Með öðrum orðum munu alþjóðlegar kröfur á næstu árum setja okkur skorður í þeim efnum að geta veitt íslenskum fyrirtækjum þá þjónustu og lánafyrirgreiðslu sem annars þyrfti á að halda. Þetta eigum við að hafa númer eitt.

Í öðru lagi eigum við að miða við að draga eins og kostur er úr rekstrarkostnaði í bankakerfinu. Því náum við með stærri einingum. Ef mér gefst tími til þá fer ég aðeins ofan í það hér í lokin.

Í þriðja lagi eigum við að hafa það að markmiði að lækka vaxtakostnað í landinu eins og nokkur kostur er þannig að fólk og fyrirtæki á Íslandi búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og fólk og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur býr við. Við erum í eilífum samanburði. Við heimtum sömu kjör og þetta fólk, viljum og eigum að hafa þau en þá þurfum við að skapa þær aðstæður að það sé hægt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom í lok ræðu sinnar áðan inn á heimild viðskrh. upp á 35% um aukningu. Ég geri mér grein fyrir því að hún er ekki dregin til baka með þessu frv. Þannig er 15% heimildin sem nú er leitað eftir til að selja til viðbótar. Þingið gæti því sagt að með öðrum orðum sé verið að heimila allt að 50% eignaraðild annarra aðila en ríkisins að bönkunum, án atbeina Alþingis í þeim efnum. Ég hef skilning á þessu. Þess vegna finnst mér ekkert að því, til að undirstrika að engin frekari áform eru uppi í þeim efnum og til að koma í veg fyrir tortryggni, að samhliða verði eitthvað dregið úr þessari heimild upp á 35%. Mér finnst hins vegar ekki að það eigi að vera alveg sama hlutfall. Það þyrfti að vera hæfilegt svigrúm ef eitthvað kæmi upp og þingið væri ekki að störfum eða annað slíkt. Þá þurfa einhverjar heimildir að vera til staðar. Ég er hins vegar á engan hátt að leita eftir 50% sölu á bönkunum, svo það sé skýrt.

Ég legg á það áherslu og það hefur verið skrifað inn í frv. að að baki þessa máls er full alvara. Ég vil hafa fullt samráð við þingið um alla þessa sölu og allar þessar eignabreytingar og vil að þingið taki tillit til þess. Auðvitað væri hægt að gagnrýna það að taka þessi 15% og stinga þeim inn í fjárlagafrv. Ég hef gagnrýnt það og hefur ekki fundist það til fyrirmyndar við sölu ríkiseigna. Þess vegna vildi ég miklu frekar hafa þetta sér frv. þannig að þingið gæti fjallað skýrt og efnislega um málið. Ég tel það eðlilegan framgang málsins.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði um reglur um samkeppnismál. Frv. sem snýr að endurskoðun á samkeppnismálum er nú í vinnslu í ráðuneytinu. Ég hafði vonað að það kæmi fyrir þingið fyrir jól en er ekki viss um að það muni gerast. Það er í vinnslu í ráðuneytinu á grundvelli þeirra tillagna sem búið er að skila til mín. Það verður örugglega ekki að lögum fyrir jól og við munum ekki stefna að því. Ég held að um það mál muni skapast tiltölulega góð sátt. Mér virðist tiltölulega góð sátt um þau frv. sem liggja fyrir um breytingar á Fjármálaeftirlitinu, bæði stjfrv. og frv. sem Samfylkingin hefur lagt fram. Efnislega eru þau ekki nákvæmlega samhljóma en mjög margt er svipað í þeim frv. Ég tel að um þau mál sé tiltölulega góð pólitísk samstaða. Mér finnst að við ættum að leggja áherslu á að ná því máli í gegn fyrir jól en það þarf ekki breyta neinu um þetta mál vegna þess að samkeppnisreglurnar eru alveg skýrar í þessum efnum. Mér gefst kannski tækifæri til að skýra það betur síðar.

Varðandi árangurinn sem menn hafa náð á þessum markaði á undanförnum árum þá þurfa menn ekki annað en líta á bls. 6 í grg. með þessu frv. og sjá hvernig dregið hefur úr rekstrarkostnaði bankanna á undanförnum árum frá 1995–1998. Allan þennan tíma hefur afkoma í atvinnulífinu verið góð þannig að rök hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér áðan um að þetta sé allt tilkomið út af góðri afkomu í atvinnulífinu standast ekki. Menn þurfa að horfa á að allan tímann hefur verið sívaxandi árangur, það er sívaxandi árangur. Hvergi verður hann eins skýr og þegar formi ríkisviðskiptabankanna er breytt. Þá fer arðsemi eigin fjár bankanna úr á bilinu 3–5% í Landsbankanum í 12,4% og í Búnaðarbankanum í 14,6%. Rekstrarkostnaðurinn í báðum þessum bönkum hefur snarlækkað. Þessi tafla sýnir árangurinn betur en margt annað. Auðvitað vilja menn túlka þetta á annan hátt og finna skýringar sem þeim finnst best henta hverju sinni. Aðalatriðið er að við erum að ná þessum árangri og við eigum að halda áfram á þeirri braut til þess að geta skapað fólki og fyrirtækjum á Íslandi sambærileg samkeppnisskilyrði við þau sem ríkja í löndunum í kringum okkur.

[15:28]

Útbýting þingskjals:

Útlán hjá tryggingafélögum og eignarleigum, 247. mál, fsp. JóhS, þskj. 303.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Við verðum sjálfsagt seint sammála um það, ég og hæstv. viðskrh., hver sé aðalskýringin á batnandi afkomu bankanna. Úr því að hæstv. ráðherra er orðinn svo sannfærður einkavæðingarsinni að hann talar eins og útgáfa af Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni þá reikna ég ekki með því að við munum eiga samleið í þessum efnum. Ég hygg þó að opinberar tölur og staðreyndir liggi nú fyrir í þeim efnum og sýni m.a. að þessi afkomubati bankanna er nokkurn veginn í öfugu hlutfalli við minnkandi afskriftaþörf þeirra vegna áfalla í atvinnulífinu frá undangengnum árum. Það tók bankana nokkur ár að ná sér upp úr þeim öldudal, að jafna sig á þeim áföllum sem þeir urðu fyrir vegna mikilla afskrifta og þrenginga eins og kunnugt er þegar íslenskt efnahagslíf gekk í gegnum mikinn öldudal frá árunum 1988–1994. Þetta taldi ég nokkuð viðurkenndar staðreyndir. Auðvitað, ef það þjónar pólitískum markmiðum manna að láta líta svo út sem þetta hafi allt gerst með tilkomu „háeffunarinnar", þá mega menn svo sem reyna það fyrir mér.

Í öðru lagi fannst mér hæstv. ráðherra færa hér ágæt rök, að vísu alveg óvart, fyrir því að skynsamlegasta aðgerðin í þessum efnum hefði verið sú að sameina ríkisbankana. Þegar hæstv. ráðherra fór hér með ræðurnar um að það væri nauðsynlegt að þeir stækkuðu til þess að geta veitt íslenskum fyrirtækjum og stórum íslenskum fyrirtækjum nógu góða þjónustu, þau væru orðin svo stór sum hver og væntanlegar alþjóðlegar kröfur um strangari eiginfjárhlutföll, eða CAD-reglur, gerðu það að verkum að við þyrftum að undirbúa okkur undir þessa framtíð, hvers vegna tók þá hæstv. ráðherra ekki undir þau sjónarmið okkar sem vildum að það yrði skoðað á sínum tíma að úr því að menn fóru út í að breyta bönkunum á annað borð þá sameinuðu menn þá til þess að búa til einn stóran og sterkan banka sem m.a. gæti betur rækt þetta hlutverk, þ.e. að veita stærstu aðilunum í íslensku viðskiptalífi betri þjónustu?

Herra forseti. Að lokum sé ég ekki að nein rök hafi komi fram í þessu máli sem geri það að verkum að menn séu í einhverri tímanauð með að hamast með þetta mál hér í gegnum þingið fyrir jól. Ég tel þær röksemdafærslur a.m.k. ekki sannfærandi.

[15:31]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má endalaust deila um það hver ástæðan sé fyrir árangri sem menn ná og hver og einn vill auðvitað reyna að haga sínu máli og sínum rökum í samræmi við það sem hann telur best þjóna sínum pólitísku hagsmunum. Hins vegar verður því ekkert á móti mælt að árangurinn blasir við og þess vegna mótmælir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki. Árangurinn blasir við. Ég ætla ekkert að neita því að batnandi afkoma í atvinnulífinu á þar stóran hlut að máli. En af hverju er hún til komin? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur skapað annað og betra umhverfi í íslensku atvinnulífi en áður hefur þekkst. Það er m.a. ástæðan. En ég vil líka tína til tvær aðrar. Það er búið að breyta skipulagi og rekstrarfyrirkomulagi beggja þessara banka, beinlínis fyrir tilstuðlan þess þegar formbreytingin átti sér stað. Gerðar voru kröfur af hálfu viðskrn. í þeim efnum um hvernig það gengi eftir, með skýrum samningum við yfirstjórnendur bankanna, með skýrum reglum um risnu, með skýrum reglum um ferðakostnað. Þetta var gert og hefur ekki lítið að segja. En kannski skiptir þó mestu máli sá agi sem Verðbréfaþingið veitir þessum fyrirtækjum með þeim hætti að árangur þeirra frá degi til dags er mældur eftir því hvernig þau eru vegin og metin á Verðbréfaþinginu. Og það skiptir kannski meginmáli. Sameining Landsbanka og Búnaðarbanka á þeim tíma sem hv. þm. var að tala um hefði verið óðs manns æði vegna þess að menn hefðu engum árangri náð þá. Það á þó ekki að útiloka nú. Ég ætla hins vegar ekki að vera með nein skilaboð frá eigandanum um hvað sé skynsamlegast að gera í þeim efnum. Þar vil ég að skilaboðin komi frá markaðnum, frá þeim sem best þekkja til á þessum markaði og eru að vinna og vita nákvæmlega hvernig rekstur fyrirtækjanna gengur og að þeir sjái sér ákveðin sóknarfæri í því hvernig þeir nái fram samleiðaráhrifum með rekstri bankanna.

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í samræmi við sína markaðshyggju vill hæstv. viðskrh. selja allt vald í hendur hinum alvitra, óskeikula markaði og það er eðlilegt sjónarmið út frá þeirri hugmyndafræði sem hann virðist nú orðið ganga aðallega fyrir. Vissulega mátti ýmislegt betur fara í íslenska bankakerfinu. Ég ætla síðastur manna að tala fyrir öðru en því að þar hafi mátt stokka ýmislegt upp og hagræða. Og ef við lítum t.d. 10–12 ár aftur í tímann, áður en Íslandsbanki varð til og á þá mynd sem við okkur blasti á þeim tíma, þá held ég að allir séu sammála um að það var ekki mjög hagkvæmt kerfi. Sömuleiðis voru ríkisviðskiptabankarnir að mörgu leyti kannski dálítið staðnaðar stofnanir. En það þurfti enga „háeffun" í sjálfu sér til til þess að gera þar ýmsar úrbætur. Það er hægt að hagræða og standa myndarlega og vel að rekstri með fleiri aðferðum en þeim einum að skeyta þessu hf. aftan við sem oftast hefur svo í kjölfarið þær afleiðingar að menn fara að segja upp fólki og hagræðingin bitnar aðallega á mannahaldinu o.s.frv. eins og kunnugt er. En ég a.m.k. trúi ekki á þennan töframátt bókstafanna hf. Það er alveg á hreinu.

[15:34]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski einmitt nákvæmlega í því sem hv. þm. byrjaði á að tala um í sínu andsvari sem skilur að. Ég hef trú á því að markaðsöflin geti og muni leiða okkur til farsælli niðurstöðu og ég tel að reynsla þjóða almennt sýni að svo er og að markaðsöflin skili neytendum í landinu, fólkinu í landinu, betri lífskjörum en þessar beinu tilskipanir ofan frá, þetta gamla sovéska kerfi. Ég veit að enginn vill hoppa fimmtán ár aftur í tímann og innleiða hér sovéskt skipulag, (Gripið fram í.) nema þá ef vinstri sósíalistar á Alþingi Íslendinga vilji gera það. (**Gripið fram í:** Þetta er varhugavert.)

[15:35]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki hægt annað en að grípa þetta síðasta sem hæstv. ráðherra segir vegna þess að hér var verið að ræða nýtt frv. til laga um Byggðastofnun og ef einhvers staðar má sjá sovéskt fyrirkomulag og vald sem á að koma ofan frá, þá sýnist mér að það sé þar. En það voru nú ekki spurningarnar heldur hitt að það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það vantaði bréf á markaðinn, að skortur væri á bréfum á markaðnum í dag og þess vegna væri m.a. hagstætt

að setja hlutabréf í bönkunum á sölu. Er hluti þeirrar ástæðu að bréf vantar á markaðinn sá að fyrirtækin sem að eru að undirbúa sölu á hlutabréfum, m.a. með tilliti til skattafsláttar og af því að tíðin hefur verið söluvæn í desember, hafa haldið að sér höndum um tíma, m.a. til þess að ná upp verði og móta þessar hagstæðu aðstæður á markaðnum til þess að geta síðan komið inn á hann núna, sem sagt eftir miðjan desember? Er hugsanlegt að það að bréf frá Landsbanka og Búnaðarbanka komi inn á markaðinn um leið rýri möguleika þeirra fyrirtækja á sölu?

Hin spurningin er hvort hæstv. ráðherra mundi vera tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að frumvörpin tvö um Fjármálaeftirlitið, annars vegar frá Samfylkingunni og hins vegar frá hæstv. ríkisstjórn, verði rædd samhliða og afgreidd. Mér finnst það skipta verulegu máli.

Síðan er það spurning sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði en ekki fékkst svar við: Er þetta liður í hugsanlegri sameiningu eða samruna banka, t.d. Landsbanka og Íslandsbanka?

[15:37]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi Byggðastofnun. Öll viljum við taka mikið mark á Ríkisendurskoðun og viljum hafa hana að leiðarljósi í öllu því sem við gerum. Það fyrirkomulag sem kynnt er í þessu frv. um Byggðastofnun, þ.e um hvernig stjórnsýslusamband skuli vera milli þess sem skipar stjórn viðkomandi stofnunar og þess ráðherra sem fer með yfirstjórn þeirra mála, er nákvæmlega í samræmi við það sem Ríkisendurskoðun er að leggja til og er til þess fallið að auka ábyrgð í stjórnsýslunni.

Önnur spurning hv. þm., hvort það gæti verið að skyndilega kæmi, eins og mátti skilja það, svona án þess að menn vissu nákvæmlega, aukið framboð bréfa inn á markaðinn, þá hef ég ekki trú á því. Ég þekki það ekki. Ég get ekki svarað því. Þetta er eitt af því sem mér finnst að efh.- og viðskn. ætti að spyrja Verðbréfaþingið um. Ég held hins vegar að ef svo væri þá vissu menn það nú þegar ef slíkt væri yfirvofandi.

Í þriðja lagi ítrekaði hv. þm. spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem ég komst ekki til að svara áðan, um hvort þetta væri liður í undirbúningi að einhverri frekari sölu í bönkunum. Nei, síður en svo. Þetta gengur í aðra átt. Þetta er ekki til að sameina, heldur gengur þetta í þá átt að dreifa eignarhaldinu enn frekar. Það sem ég var að segja áðan þegar ég var að tala um að kannski sé rétt að takmarka enn frekar, ef þinginu sýnist svo, heimildir viðskrh. til auka hlutafé í bönkunum, þá finnst mér það koma til greina og sé ekki partur af því að vera með frekari söluáform uppi. Hins vegar vil ég ekkert útiloka að þær óskir og kröfur geti ekki fram komið frá þeim sem á markaðnum eru ef menn vilja fara út í einhverjar hagræðingaraðgerðir. Þá vil ég setja þau markmið fram, sem ég lýsti hér áðan, sem höfuðatriði í því og ég vona að hv. þm. geti fallist á að það sé skynsamlegt. En það eru engin áform af hálfu ríkisstjórnarinnar uppi í þeim efnum eins og staðan er.

[15:40]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spyr nú aðeins um þetta með bréfin á markaðnum vegna þess að það hefur komið fram aðeins í umræðu í fjölmiðlum að undanförnu. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það gerist að skortur er á bréfum á markaði um mánaðamótin nóvember/desember og þá m.a. vegna þess að verið er að undirbúa það að fyrirtæki ætla sér inn á hlutabréfamarkaðinn í aðdraganda þess að sala glæðist oft rétt fyrir áramót. Þau eru að undirbúa það fyrst og fremst. En ég vildi aðeins segja að það getur verið liður í hugsanlegri sameiningu eða samruna banka að fara með hluta af Landsbanka eða Búnaðarbanka í dreifða eignaraðild, það getur verið liður í því að liðka fyrir samruna banka og eins og heyrst hefur að einhverjar viðræður séu í gangi sem kannski eru ekki opinberar enn.

[15:41]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að undirstrika það þá veit ég ekki til þess að neinar viðræður séu í gangi. Ég hef ekki heyrt af þeim og ef þær eru í gangi þá ættu þær auðvitað að vera opinberar vegna þess að þessi fyrirtæki eru á Verðbréfaþinginu. Ég held hins vegar að aukið framboð bréfa í báðum þessum fyrirtækjum — það er mjög takmarkað framboð bréfa á markaði þegar við erum bara með 15% af bönkunum á markaðnum sem slíkum — muni dýpka markaðinn sem slíkan og um leið verðmeta fyrirtækin á annan hátt en þau eru nákvæmlega verðmetin í dag, þ.e. verðmyndunin á fyrirtækjunum yrði að mínu viti eðlilegri en hún er í dag vegna þess að framboðið væri meira og lögmálið um framboð og eftirspurn réði frekar en hið takmarkaða framboð sem er og kannski er eftirspurnin mjög virk út af þeirri umræðu sem hv. þm. er að lýsa og ég hef auðvitað eins og aðrir heyrt um. En ég undirstrika að hún er ekki tilkomin af okkar hálfu.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er afar mikilvægt ef það á að greiða fyrir þessari umræðu að hæstv. viðskrh. svari þeim fyrirspurnum sem til hans er beint. Það vantaði töluvert mikið upp á það þannig að mér nægði ekki að fara í andsvar við ráðherrann eftir að hann taldi sig hafa svarað þeim spurningum sem hann fékk við umræðuna.

Í fyrsta lagi svaraði ráðherrann afar óljóst þegar hann var spurður um það hvernig ætti að ráðstafa andvirðinu af bönkunum. Hann vísaði bara í stjórnarsáttmálann og sagði að þetta ætti ekki að fara í eyðslu. Annaðhvort er það sparnaður eða fjárfesting. Og það munar bara ansi miklu hvort þetta eigi að fara í sparnað og afgang á fjárlögum, að greiða niður skuldir, eða hvort þetta eigi að fara í fjárfestingar vegna þess að ef þetta fer í fjárfestingar — það er skiptir náttúrlega máli hvers konar fjárfestingar það eru — þá eykur það á þensluna. Það er því mjög óþægilegt að fá ekki skýrari svör hjá ráðherranum að því er þennan mikilvæga þátt varðar vegna þess að við erum að tala um 5–6 milljarða sem þetta á að gefa.

Mér fannst hæstv. ráðherra líka skauta afar léttilega yfir það sem við höfum haldið hérna fram og gengur þvert á það sem ráðherrann sagði um áhrifin á þensluna. Ég tel mig hafa fært góð og gild rök fyrir því að þetta gæti haft veruleg áhrif, öfug áhrif á við það sem ráðherra nefndi, þ.e. að þetta gæti aukið á þensluna. Það gæti nefnilega farið svo að margir einstaklingar hefðu áhuga á að fara í þessa fjárfestingu, en eiga kannski ekki handbært fé til þess og þurfa að taka lán í bönkunum til þess að geta tekið þátt í þessu hlutafjárútboði. Það hlýtur að auka þensluna og ekki síst ef fólk leysir strax út þessi bréf í von um einhvern ágóða. Á þessu öllu þurfum við að fá mat, t.d. hjá Seðlabanka. Og mér kemur það bara afskaplega mikið á óvart að hér sé farið fram með þetta mikla sölu, upp á 5–6 milljarða, án þess að fyrir liggi mat frá markaðnum hvaða áhrif þetta hefur, eða t.d. frá Seðlabanka.

Ekkert formlegt samráð var haft, eins og ráðherrann nefndi það.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra — og það er nú vont þegar hann er svona ókyrr að hann helst ekki hér í salnum — um það hvort hann telji að engin hætta sé á að þetta geti haft þau áhrif að hér verði nýtt kennitölufár eins og var fyrir ári síðan. Hæstv. ráðherra hefur ekkert farið yfir það. Ég heyrði haft eftir hæstv. ráðherra í fréttum að ekki væri ástæða til þess að ætla að kennitölufárið mundi endurtaka sig vegna þess að fólk hlyti að hafa lært af þessu þar sem þeir sem héldu bréfunum hefðu grætt svo mikið. En það eru bara ekki allir sem að geta haldið bréfunum. Við þekkjum það að hlutabréfin fóru aldrei um hendur margra þeirra einstaklinga sem tóku þátt í kennitölufárinu fyrir ári síðan. Bankarnir buðu að kaupa eða fá lánaðar kennitölur þeirra og fólk fór bara í bankann til þess að hirða mismuninn sem bankarnir buðu. Hlutabréfin fóru aldrei í hendurnar á fólkinu. Þetta kennitölufár gæti því vissulega endurtekið sig. Og með hvaða afleiðingum? Við þekkjum hverjar afleiðingarnar voru þrátt fyrir að ráðherrarnir hæstv. héldu því margoft fram að kennitölufárið mundi ekki hafa nein áhrif. Ég vakti athygli á því, einmitt á sama tíma í fyrra í umræðunni um Fjárfestingarbankann þegar átti að selja það sem eftir var úr honum, hvort ekki væri ástæða til einhverra viðbragða út af þessu kennitölufári. Hæstv. ráðherra taldi ekki neina ástæðu til neinna viðbragða þá. Nú hefur meira að segja hæstv. forsrh. talað um að kennitölufárið hafi haft þau áhrif t.d. að Kaupþing og sparisjóðirnir eignuðust miklu stærri hlut en ríkisstjórnin hafði sett sér að markmiði. Ég spyr: Er engin ástæða til þess að óttast að þessi kennitöluleikur endurtaki sig? Þau rök ráðherrans eru ekki boðleg að segja að fólk hlyti að hafa lært af þessu og hlyti því að halda bréfunum, vegna þess að kaupin gerðust bara þannig á eyrinni, eins og ég var að lýsa, að fólk fékk aldrei þessi bréf í hendur heldur fór bara og sótti ákveðinn gengismismun sem bankarnir höfðu boðið. Þetta vil ég að komi fram.

Síðan vil ég spyrja um starfsmennina sem mér láðist að spyrja um áðan: Fá þeir svigrúm eins og þeir fengu síðast til þess að kaupa ákveðinn hlut af þessum bréfum á einhverju öðru gengi en verður almennt í sölunni?

Þá vil ég aðeins ræða um það sem ég tel að þurfi að fá svör við en ráðherrann svaraði ekki. Er eðlilegt að hefja sölu á bönkunum án þess að fyrir liggi stefnumótun um fjármálamarkaðinn og um söluna á bönkunum almennt, á þessum fjármálastofnunum sem eru í eigu ríkisins? Er ekki æskilegt á meðan fjármálamarkaðurinn er að þróast betur að t.d. Landsbankinn og Búnaðarbankinn verði áfram í meirihlutaeign ríkisins? Við fengum engin svör frá ráðherranum um hvort að hann hefði einhverja skoðun á þessu sem er auðvitað stórmál, þ.e. hvaða stefnumótun við þyrftum að hafa almennt varðandi fjármálamarkaðinn og sölu á ríkisbönkunum. Það er afar óþægilegt, herra forseti, að skilja þannig við umræðuna að ráðherrann svari ekki þeim spurningum. Ég vil nefna það hér varðandi hlutabréfamarkaðinn sem hefur þróast alveg gífurlega hratt, að þegar við fjölluðum um hlutafélagavæðingu bankanna á sínum tíma, árið 1997, kom minnisblað frá viðskrn. til efh.- og viðskn. vegna fyrirspurnar sem ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson höfðum lagt fram um áhrif breytinga á ríkisviðskiptabönkunum. Þar var verið að tala um hlutabréfamarkaðinn og þar sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Aukning viðskipta milli ára er gríðarleg og þátttaka almennings í hlutabréfaviðskiptum er víðtæk. Velta á íslenska fjármálamarkaðnum rúmlega þrefaldaðist á síðasta ári, fór úr rúmum 7 milljörðum í 24,6 milljarða."

Þetta þótti alveg gífurlega mikið fyrir tveimur árum síðan. Nú er ég hérna með frá Seðlabanka lauslegt mat á hlutabréfaeign og hún er í árslok 1998 209 milljarðar. Mönnum þótti mjög mikið þegar verið var að tala um 24,6 milljarða á árinu 1997. Ég velti því fyrir mér, og það þarf örugglega hagfræðiþekkingu til þess og betri þekkingu en ég hef almennt á fjármálamarkaðnum, hvaða áhrif svona gríðarlegur vöxtur á hlutabréfamarkaðnum hafi eins og hér um ræðir. Ég vil fá almennt mat á því hvaða áhrif þetta hefur vegna þess að við erum ekki að tala um neinar smáfjárhæðir í því sambandi.

Síðan vildi ég gjarnan að ráðherrann svaraði öðru úr ræðustól. Ég fór aðeins yfir eiginfjárhlutfall í bönkunum. Eiginfjárstaða bankanna er slík að eiginfjárhlutfallið hefur minnkað á síðustu árum og hlutur víkjandi lána hefur orðið stærri. Ég kastaði fram þeirri spurningu hvort ekki væri rétt að breyta reglunum um eiginfjárhlutfallið til að styrkja stöðu bankanna og hvort ekki væri rétt að Fjármálaeftirlitið fengi heimildir sjálft til þess að ákvarða þetta eiginfjárhlutfall. Mér fannst ráðherrann vera því samþykkur hér úti í sal. Mér fannst hann kinka kolli. En ég vildi gjarnan að hann svaraði þessu hér úr ræðustólnum. Ef hann er sammála því að Fjármálaeftirlitið fái slíka heimild, eigum við þá von á frv. á næstunni þar sem fram kemur að Fjármálaeftirlitið fái slíka heimild, og hverjar eru hugmyndir ráðherrans um það hvar við eigum að staðnæmast að því er varðar eiginfjárhlutfallið í bönkunum?

Hæstv. ráðherra nefndi það hér sem ég var mjög ánægð með, að hann er opinn fyrir því að efh.- og viðskn. og þingið fjalli um að dregið verði úr þeirri heimild sem ráðherrann hefur til hlutafjáraukningar á móti því sem að hann er hér að leggja til. Mér finnst að efh.- og viðskn. eigi að skoða það af fullri alvöru að það verði gert. Ég fagna því líka að ráðherrann upplýsir að við í efh.- og viðskn. munum strax eftir helgi fá allar upplýsingar um útboðslýsinguna og ég vænti þess þá að við fáum upplýsingar um að hverju er stefnt að því er varðar hámarkshlut einnig sem ráðherrann segist ekki vera tilbúinn að upplýsa hér og ég alveg virði.

Herra forseti. Mér finnst mjög nauðsynlegt að fá fram þessar upplýsingar sem ég hef kallað eftir. Reyndar mun ég þurfa að setja fram töluvert margar spurningar um efnahagsstofnanirnar hér, Þjóðahagsstofnun, Seðlabanka, samband viðskiptabanka, verðbréfafyrirtækja og samtök fjárfesta. Þær hef ég sett á blað og þarf að fá svar við þeim áður en málið kemur til 2. umr.

[15:52]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Mér þykir miður ef svona mörgum spurningum er ósvarað. Þar hefur valdið þar mestu tímaskortur í annarri ræðu minni. Varðandi ráðstöfun peninganna þá sagði ég: Þetta á ekki að fara í eyðslu. Og ég vona að hv. þm. sé mér sammála (**JóhS:** Í fjárfestingu.) í þeim efnum. Þetta getur farið í fjárfestingu, einhverja fjárfestingu sem pólitísk samstaða yrði um í þinginu. Í öðru lagi getur þetta farið til að greiða niður skuldir. En það hefur einfaldlega ekki verið tekin ákvörðun um það nákvæmlega hvernig þessu skuli ráðstafað. Ég get því ekki svarað því nákvæmar heldur en þetta.

Hvað varðar áhrifin á þensluna og mat í þeim efnum og vitnað er í Seðlabankann sem slíkan, þ.e. að við höfum ekki haft beint samráð við hann um þetta. En ef maður les ársskýrslu Seðlabankans og þessa ársfjórðungsskýrslu sem kom út þá hefur það verið áhersluatriði Seðlabankans að þessir eignarhlutir í bönkunum væru seldir sem allra fyrst í þeim tilgangi að slá á þensluna. Ég býst því við að Seðlabankinn verði þessu mati okkar sammála þegar upp er staðið, en sjálfsagt er að ræða það í efh.- og viðskn.

En af hverju er tíminn svona mikilvægur? Ég vil bæta einu atriði við í þeim efnum. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að viss hætta er fólgin í því að ef að salan fer fram núna og bankarnir lána kannski 100% fyrir sölunni og síðan verði selt með ábata, sem við skulum vona að allir geti, þá mundi það auka fjármagn í umferð. En ef við gerum þetta núna og þeir sem kaupa nýta sér þetta tækifæri til langtímafjárfestingar — hlutabréfakaup eru langtímafjárfesting — nýta kaupin sem langtímafjárfestingu og nýta sér skattafsláttinn sem slíkan, þá er búið samkvæmt þeim reglum að binda menn í fimm ár. (**JóhS:** En kennitölufárið?) Ég kem að því seinna. Þetta vildi ég bara skýra að þess vegna er svo mikilvægt að nýta þennan tíma þannig að menn séu bundnir í fimm ár. Við missum það tækifæri frá okkur eftir áramótin.

Þá kem ég að kennitölufárinu eins og hv. þm. nefndi það. Mér fannst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki mikið gera úr skýringu minni á því að ég tel að það sé liðið hjá, en reynslan var sú að þeir sem skráðu sig eða létu skrá nöfn sín til þátttöku í hlutabréfakaupum eða afsöluðu sér kennitölu sinni til annarra og fengu síðan greitt fast verð í sölunni fyrir það sem selt var til baka, þ.e. sömdu um það fyrir fram, urðu fyrir skaða. Þeir höfðu ekki jafnmikinn ábata út úr sínum viðskiptum og þeir sem gerðu þetta á eigin forsendum. Það liggur fyrir vegna þess að verðmæti viðkomandi fyrirtækja fór langt umfram það sem þarna var um að ræða.

Kaupverð til starfsmanna var það fyrsta sem starfsmennirnir spurðu um á þessum fundi á mánudagsmorguninn. Skýrt svar var að svo er ekki. Þeir fengu mjög góðan ávinning á sínum tíma af þessu. Það er regla einkavæðingarnefndarinnar, og staðið hefur verið við hana, að í annarri umferð eða þegar til frekari sölu komi séu ekki nein sérkjör til starfsmanna.

Hv. þm. spurði einnig um eiginfjárstöðuna. Þar er velt upp mjög mikilvægum hlut. Ég er nú reyndar ekki þeirrar skoðunar að við eigum að afhenda Fjármálaeftirlitinu fullt og óskorað vald í þeim efnum. Við þurfum í fyrsta lagi að fara að alþjóðlegum skuldbindingum í þessum efnum, þ.e. að til íslenskra banka séu að lágmarki gerðar sömu kröfur og gerðar eru til annarra fjármálastofnana í heiminum í þeim efnum, þ.e. hvaða kröfur eru gerðar um eiginfjárhlutfall. Ég tel hins vegar að við getum gert stífari kröfur og eigum jafnvel að gera stífari kröfur. Ég tek undir þær hugmyndir sem uppi hafa verið og ég hef heyrt frá Fjármálaeftirlitinu í þeim efnum. En það er ekki þar með sagt að við eigum að taka það út úr lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Við eigum ekki að afhenda það Fjármálaeftirlitinu. Við getum vel sett stífari kröfur í þeim efnum og það er alveg óvitlaust að hugsa það miðað við lítinn, þröngan markað eins og er á Íslandi, hvort við eigum, til að tryggja öryggið enn frekar, að gera harðari kröfur. En um leið og við gerum það þá skulum við líka gera okkur grein fyrir því að við værum að vissu leyti að leggja aðrar kvaðir á íslenskar fjármálastofnanir en fjármálastofnanir í löndunum í kringum okkur búa við.

Nú vonast ég til að ég hafi svarað öllum spurningum (**JóhS:** Nei.) hv. þm. Ef eitthvað er eftir þá gefst mér enn eitt tækifæri til að koma upp í andsvari til að fylla enn frekar út í myndina.

[15:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er margbúin að kalla eftir þessu en hæstv. ráðherra virðist aldrei heyra það. Það sem er kannski meginmálið í mínum málflutningi er að það er verið að hefja sölu á hlutafé úr bönkunum áður en stefnumótun um fjármálamarkaðinn liggur almennt fyrir. Hún liggur ekki fyrir að því er ég best veit. Og hvernig á að haga sölunni á þessum bönkum? Eftir því hefur margsinnis verið kallað og hvort fyrir liggi nokkur ákvörðun um það. Liggja t.d. fyrir áform um að allur hluturinn úr þessum bönkum verði ekki seldur á þessu kjörtímabili? Hefur einhver afstaða verið tekin í því efni? Við þessu vildi ég gjarnan fá svar.

Mér fannst hæstv. ráðherra skauta mjög létt yfir þetta kennitölufár vegna þess að fullt af fólki á ekki peninga og getur ekki tekið lán. En tilboð sem það fékk frá bönkunum um að það þyrfti ekkert að leggja fram, ekki eina krónu, heldur bara koma í bankann og sækja mismun á gengi sem mig minnir að hafi verið um 18 þús. kr. á þessum hámarkshlut sem mátti kaupa, án þess að taka lán, án þess að leggja fram krónu, er bara mjög freistandi. Þannig gátu Kaupþing og fleiri aðilar safnað miklu hærri hlut en ríkisstjórnin taldi æskilegt. Þetta finnst mér mikilvægt að láta koma hér fram vegna þess að ég óttast að þessi leikur muni endurtaka sig.

Svo fagna ég því að hæstv. ráðherra tekur undir það — hann mun þá væntanlega beita sér fyrir því og leggja fram frv. um það — að setja stífari kröfur um eiginfjárhlutfallið.

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi kennitölufárið þá er alveg rétt að ég skautaði hratt yfir það enda er ekkert meira um það fár að segja að mér finnst. Það var bara bylgja sem gekk hér yfir á sínum tíma. Ég er sannfærður um að sú bylgja muni ekki ganga aftur yfir. Þetta er eins og hver önnur flensa sem kemur hér á hverju hausti, og af því ég sé hér hv. þm. Gunnar Inga Gunnarsson, þá veit ég að hann gæti bólusett fyrir slíku ef svo bæri undir.

Varðandi stefnumótunina, þá er alveg skýr afstaða og skýr stefnumótun í gangi. Lögin um viðskiptabanka og sparisjóði leggja grunn að þeirri stefnumótun sem er í gangi. Lög um fjármálaeftirlit eru partur af þeirri stefnumótun, tiltölulega ný lög. Við erum með breytingar á þeim núna. Lög um samkeppnismál leggja grunn að stefnumótun eins og þessari. Mér finnst því ekki skorta neitt á í stefnumótuninni sem slíkri. En ég veit hvað hv. þm. er að spyrja um. Á að selja meira og hvenær á að gera það? Ég hef sagt og sagði það hér áðan að ég tel það ekki vera forgangsatriði að halda áfram sölu. Ef þetta gengur fram þá erum við búin að uppfylla 25% skilyrðið sem við settum okkur og Verðbréfaþingið setti okkur. En fyrst og fremst tel ég að núna eigi að vera forgangsverkefni að fara út í hagræðingaraðgerðir og í hagræðingaraðgerðunum þarf ekki að felast sala. Eftir að menn væru búnir að ná fram hagræðingu á markaðnum, sem menn telja vera skynsamlegt, þá tel ég það ekki vera neitt áhersluatriði hjá ríkinu að fara út með einhverjum óskaplegum hraða. Hvað eigum við að gera? Við eigum að mínu viti fyrst og fremst að horfa á það hvenær við fáum mest fyrir þá eignarhluta sem ríkið á í þessum fyrirtækjum. Nákvæmlega þannig hugsa ég þetta

núna. Nú er tækifæri. Framboð bréfa er takmarkað. Nýtum okkur tækifærið til að fá gott verð þannig að þjóðin fái sem mestan ábata af þessu. Sama gildir þegar hagræðingin hefur gengið í gegn, þá munu bréfin hækka í þessum fyrirtækjum sem ríkið á. Nýtum svo markaðsaðstæðurnar á hverjum tíma til þess að fá sem mest fyrir þau. Þetta tel ég að við eigum að hafa að leiðarljósi. Og ef hv. þm. spyr um stefnu, þá er þetta mín stefna.

[16:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hæstv. viðskrh. staðfestir raunverulega það sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Þetta eru handahófskennd vinnubrögð hjá ríkisstjórninni varðandi einkavæðinguna og söluna á fjármálastofnunum. Þetta er ferð án fyrirheita, það veit enginn hvert hæstv. ríkisstjórn er að fara í þessum efnum. Það mundi örugglega auðvelda málið í þinginu ef við vissum hvaða áætlun ríkisstjórnin hefði varðandi sölu á fjármálastofnunum sem eru í meiri hluta í ríkiseign, ef við vissum hvað ríkisstjórnin ætlaði sér fyrir á kjörtímabilinu í þessum efnum. Ef við vissum að það væri áform ríkisstjórnarinnar að selja nú ekki meira en þau 15% sem hér eru lögð til og ríkisstjórnin hefði markað þá stefnu að eðlilegt væri miðað við þann gríðarlega vöxt sem hefur verið á hlutabréfamarkaðnum að láta hann þróast í einhver ár áður en farið er út í svona stórar ákvarðanir um að selja báða bankana. Um það vitum við ekkert þegar við erum núna að fara að samþykkja 15% sölu á bönkunum. Það er þetta sem ég hef kallað handahófskennd vinnubrögð og það mun örugglega ekki flýta eða greiða fyrir málinu í þinginu þegar ekkert er vitað um áætlanir eða áform ríkisstjórnarinnar í þessu efni í framhaldi af því að hún hefur fengið þessa heimild frá þinginu.

[16:03]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fellst ekki á það sjónarmið hv. þm. að þetta sé handahófskennt. Ég er búinn að lýsa því nákvæmlega hvaða meginmarkmið ríkisstjórnin vill leggja, þ.e. stærri og öflugri fjármálastofnanir til að geta eflt og þjónað vaxandi íslenskum fyrirtækjum, draga úr kostnaði í bankakerfinu þannig að hægt sé að lækka vexti og draga úr almennum kostnaði í rekstri bankanna svo að Íslendingar geti notið sömu kjara á íslenskum fjármagnsmarkaði eins og fólk og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur nýtur. Þetta er meginmarkmiðið.

Í öðru lagi er með þessari 15% sölu verið að uppfylla 25%-markmiðið sem við settum okkur fyrir 1. júní árið 2000. Ég tel að engin ástæða sé til að fara neitt hraðar. Það þýðir ekki að við ætlum aldrei að selja neitt meira. Aukum verðmæti þjóðarinnar í þessum fyrirtækjum og veljum síðan tímann til að fá sem mest fyrir þau verðmæti. Ekki er hægt að segja að það eigi að verða þennan eða hinn daginn, það getur maður ekki séð fyrir. En ég vonast til að hv. þm. sjái að þarna er skýr hugsun í gangi um að hverju menn vilja stefna. (**JóhS:** Það er nú erfitt að koma auga á hana.)

[16:05]

Útbýting þingskjals:

Loftskeytastöðin á Siglufirði, 248. mál, fsp. KLM, þskj. 304.

[16:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki áformað að taka til máls við þessa umræðu. Mér gengur hins vegar hálfilla að skilja af hverju þetta mál er fram komið af því sem hæstv. ráðherra hefur verið að segja hér í dag. Mig langar til að fara örfáum orðum um það sem ég tel helst þarfnast skýringa.

Mér finnst að málið beri að eins og um þetta hafi verið tekin ákvörðun í miklu flaustri. Það liggur fyrir að stefnumótun af þessu tagi fer fram í ráðherranefnd um einkavæðingu og í henni sitja forsrh., utanrrh., fjmrh. og viðskrh. Þeir virðast hafa komið á fundi og þar hafi það komið upp að bréf vanti inn á markaðinn og við því þurfi snarlega að bregðast. Þetta hefur komið fram í umræðunni hvað eftir annað í dag að bréf vanti á markaðinn, það sé ein aðalástæðan fyrir því að menn eru komnir af stað með þetta.

Það hefur verið spurt mikið eftir stefnumótuninni og hæstv. ráðherra hefur verið að útskýra frá sínum sjónarhóli hvernig hann líti á þau mál. En fram að þessu hefur engan veginn verið hægt að átta sig á því hvort ríkisstjórnarflokkarnir vilja standa að einhvers konar hagræðingu í bankakerfinu eða ekki. Ég tel að þau ummæli sem komið hafa fram hvað eftir annað um að slá eigi á þensluna með þessu séu ekki nægjanlega vel rökstudd.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að þetta væri gert til þess að koma til móts við þá sem vildu kaupa bréf með lítilli fjárbindingu rétt fyrir áramótin. Hvað þýðir það? Það þýðir væntanlega að þeir sem kaupa bréfin taka lán fyrir þeim. Síðan sagði hæstv. ráðherra að bankarnir ættu ekki að veita vildarkjör til að kaupa bréf í bönkunum. Mér finnst þetta rekast hvað á annars horn. Annars vegar eru menn að bjóða fram bréf til að koma til móts við einhverjar þarfir og hins vegar einhver skilaboð um að bankarnir eigi ekki að veita vildarkjör á sama tíma og menn eru að bregðast við skilaboðum sem þeir telja sig hafa fengið frá markaðnum.

Mér finnst líka full ástæða til þess að mótmæla því sem hæstv. ráðherra lætur ævinlega koma fram þegar hann heldur þessar ræður sínar um breytingu bankanna og formbreytinguna sérstaklega, að einhver ævintýraleg breyting hafi orðið á afkomu bankanna við formbreytinguna. Sannleikurinn er sá að í ríkisbönkunum var kominn verulegur hagnaður sem kom ekki í ljós sem hagnaður á reikningum bankanna einfaldlega vegna þess að menn voru að greiða niður gífurlegar skuldir sem höfðu safnast á bankana vegna tapa aftur í tímann. Það er ekki mikill munur á hagnaði Landsbankans og Búnaðarbankans aftur í tímann ef menn skoða það þó að skoðað væri töluvert langt aftur fyrir þann tíma sem „háeffið" kom á þá. Ég vil að því sé a.m.k. ekki ómótmælt að ekki hefur orðið sú ævintýralega breyting sem hæstv. ráðherra er alltaf að tala um.

Hv. þm. Pétur Blöndal er ekki hér, en ég get ekki annað en minnst á það sem hann nefndi að hér væri komin svo hröð ríkisvæðing að menn hefðu ekki undan af því að ríkið væri alltaf að bæta við í nýjum eignum og nýrri starfsemi í þjóðfélaginu og það hefðist ekki undan að einkavæða. Sannleikurinn er sá að ég vildi helst nefna þá stóru þjóðnýtingu sem sú ríkisstjórn sem nú situr fór í. Ég held að ég hafi ekki séð hana stærri en þá sem fór fram á þessu ári, þ.e. þegar ríkið, hið opinbera hirti allar eignir þeirra sem áttu FBA. Það voru sannarlega eignir þeirra sem þar höfðu lagt inn, ekki bara af þeim lánum sem borguðu hagnað til þess banka heldur framlög hvert einasta ár alveg á meðan þetta fyrirbrigði starfaði, bæði Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður. Þetta hirti ríki allt saman og þetta var stór þjóðnýting og á að heita það og í mínum huga er það svo.

Hér hefur ekkert verið talað um dreifða eignaraðild. Ég hef a.m.k. misst af því ef það hefur verið. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Er hæstv. forsrh. alveg búinn að gleyma því að hann vildi gera eitthvað í því að fá fram dreifða eignaraðild? Er það úr sögunni, orðið samkomulag um það í einkavæðingarnefndinni og ríkisstjórninni að ekki væri talað um það meir?

Aðalástæðan fyrir því að ég tek hér til máls er sú að fjalla um þá hagræðingu sem hæstv. ráðherra varð tíðrætt um. Það hafa greinilega verið einhvers konar væntingar um samlegðaráhrif á markaðnum. Hlutabréfin í ríkisbönkunum hafa verið að hækka. Ýmsir hafa sagt mér að það væri vegna þess að menn væru farnir að gera ráð fyrir einhvers konar hagræðingu í bankakerfinu sem ekki er talað um upphátt og hæstv. ráðherra hefur ekki fært í orð hér þannig að maður fái skilið. Mér hefur helst fundist af því að hlusta á það sem farið hefur fram í dag að menn væru komnir með einhverjar hugmyndir um hvað ætti að gerast eftir áramótin og ástæðan fyrir því að menn vilji selja hlutafé í ríkisbönkunum núna sé sú að þeir hjá ríkisstjórninni telji það heppilegra að fleiri eigendur verði komnir að bankanum áður en menn taka ákvarðanir í því efni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að með þessari breytingu sé hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn komin í þá stöðu að hún telji að allir hagræðingarkostir sem bestir eru taldir á þessum fjármálamarkaði geti þá komið til greina og að báðir bankarnir, bæði Búnaðarbankinn og Landsbankinn geti þá verið til skoðunar í þessu efni strax eftir áramótin?

Ég held að ekki sé vafi á því að hækkun bréfa í bönkunum undanfarið sé skýr vísbending um það að á markaðnum telji menn að þetta sé að fara að gerast. Það er a.m.k. ekki hægt að finna ástæðuna í því að bankarnir hafi haft svo gífurlegan gróða, enda hefði átt að koma miklu meiri hækkun fram á Íslandsbanka en á hinum bönkunum og þess vegna tel ég að menn séu miklu frekar að spá í einhver framlegðaráhrif en hagnað af starfsemi viðkomandi stofnana. Ég vildi þess vegna segja að það er ekki mín skoðun að það sé út af fyrir sig ástæða til að setja sig gegn því að þetta mál fái framgang á hv. Alþingi. En mér finnst hins vegar að nokkuð skorti á að búið sé að segja allt sem segja þarf til þess að maður skilji af hverju málið kom hingað inn. Ég er alveg sannfærður um að það mun skýrast fljótlega þegar líður á árið 2000.

[16:14]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að málið ber tiltölulega brátt að og kemur inn í þingið með litlum fyrirvara. Ekki ætla ég að segja að það hafi gengið svona nákvæmlega fyrir sig á þeim fundi sem hv. þm. setti á svið þegar þeir ráðherrar sem fara með einkavæðingarmálin hafi hist, að þeim hafi allt í einu dottið í hug að nú væri rétt að setja bréf á markað. Það lá hins vegar fyrir að framboðið er takmarkað og þess vegna töldu menn með tiltölulega skömmum fyrirvara að skynsamlegt væri að nýta það svigrúm til að fá sem hæst verð fyrir þessi bréf.

Það sem ég átti við með lítilli fjárbindingu var að menn gætu núna farið úr ákveðnu sparnaðarformi sem menn eru kannski með peningana sína í yfir í annað þar sem þeir telja að þeir fái meiri arð og horfi á þetta sem langtímafjárfestingu í ljósi þess að nýta skattafsláttinn í þeim efnum.

Varðandi dreifðu eignaraðildina þá er engin breyting á afstöðu manna í þeim efnum. Viðræður eru í gangi og vinna í viðskrn. Ég hef leitað leiða í þeim efnum, kannað hvernig þeim hlutum er fyrir komið hjá öðrum þjóðum. Forsrh. heldur því mjög vel til haga og ég veit að hann er mjög einarður stuðningsmaður þess að farið verði í slíkt. Við erum að vega og meta hvað það þýðir og það eru hlutir sem munu verða teknir til frekari umfjöllunar í ríkisstjórn.

Hv. þm. þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að þetta sé undirbúningur að einhverri frekari sameiningu banka á markaði. Þetta gengur þvert í þá átt. Það er verið að gefa fleirum tækifæri til að koma að. Ég vil hins vegar ekki útiloka að það geti gerst, en hef sagt að þau skilaboð vil ég að komi frá markaðnum. Ég ætla ekki að leggja línur í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 2. umr.

Stjfrv., 81. mál (einsetning, samræmd lokapróf). — Þskj. 81, nál. 282.

[16:17]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum, frá menntmn.

Markmið með lagafrumvarpi þessu er tvíþætt. Í fyrsta lagi að koma á auknu valfrelsi í 9. og 10. bekk grunnskóla þannig að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla 1999.

Jafnframt er horfið frá því að skylda alla til að fara í samræmd lokapróf 10. bekkjar. Í stað þess geta nemendur sjálfir valið hvaða samræmd lokapróf þeir þreyta.

Í öðru lagi er í frumvarpinu lagt til að frestur til einsetningar grunnskóla verði framlengdur til 1. september 2004 í samræmi við óskir Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir nál. með fyrirvara.

[16:19]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hv. formaður menntmn. tók réttilega fram þá skrifuðum við í minni hluta hv. menntmn. undir frv. með fyrirvara. Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir í hverju fyrirvari minn er fólginn.

Í 1. gr. frv. er það gert valkvætt hvort nemendur þreyta samræmt próf eða ganga upp í framhaldsskóla án þess. Þeir munu þá væntanlega geta hafið nám í almennum deildum svokölluðum. Þó hefur fulltrúi framhaldsskóladeildar menntmrn. gert grein fyrir því í menntmn. að ef nemendur hafi mjög góðar einkunnir á skólaprófum þá geti þeir fengið aðgang að þeim áföngum í framhaldsskóla sem leiða til stúdentsprófs. Ég hef allt gott um þetta að segja.

Á undanförnum árum hefur reynst erfitt að skylda alla nemendur til að þreyta samræmt próf, líka þá sem kennarar og aðstandendur vita að eru illa undir það búnir og vitað er að muni kannski fá 1 eða 2 í einkunn úr slíku prófi. Allir hafa verið settir í prófið. Á undanförnum árum hefur þetta leitt til þess, vegna aukinnar samkeppni skóla um niðurstöður í samræmdum prófum, að skólarnir hafa í auknum mæli hvatt

nememdur til að mæta ekki í prófið, tilkynna sig veika eða slíkt svo þeir lækki ekki mikið meðaleinkunnina í skólanum. Auðvitað er þetta ekki samboðið neinu menntakerfi. Þess vegna tel ég að þessi grein um valfrelsi sé mjög til bóta.

Í grg. með frv. er tekið fram að þetta sé gert til að stuðla að því að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu. Það er í sjálfu sér gott markmið en einnig er sagt að samkvæmt aðalnámskrá sé gert ráð fyrir að um það bil 30% kennslutímans geti verið valfrjáls í 9. og 10. bekk grunnskóla. Um það gildir hið sama og um annað í þessu frv., markmiðið er gott en ég vil vekja athygli á því að aukið valfrelsi leiðir til aukins kostnaðar sveitarfélaga sem hefur ekki alltaf reynst auðvelt að fá tekið tillit til í samningum við ríkisvaldið um kostnaðarskiptingu. Ég tel eins gott að menn samþykki þetta frv. með opin augun í þeim efnum. Þetta aukna valfrelsi hlýtur að leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin. Aðeins örfáir skólar eru það stórir að þeir geti boðið upp á aukið valfrelsi án þess að það leiði til mikillar kostnaðaraukningar.

Ef nemendur eiga að geta valið það sjálfir hvort þeir taka samræmt próf eftir eitt ár eða tvö ár þá mun það örugglega leiða til þess að gerðar verði kröfur um að slíkir bekkir verði starfræktir í grunnskólum, úrvalsbekkir fyrir þá nemendur sem ætla sér að ljúka slíku prófi á einu ári. Ég tel að skólarnir séu skyldugir til að verða við því og það verður ábyggilega erfitt sums staðar. Ég tel að ef ekki verði orðið við þessu þá muni það leiða til þess að einkaaðilar muni bregða undir sig betri fætinum og bjóða upp á slíkt ársnám. Ég hef ekki verið fylgjandi því hingað til að einkaskólum verði gert sérlega hátt undir höfði. Það er ábyggilegt að breytingin kallar á að boðið verði upp á sérúrræði. Ef það verður ekki gert þá kemur einkageirinn með þau sérúrræði. Auðvitað geta ekki aðrir farið í það nám en þeir sem hafa efni á að borga. Þar er ekki spurt um námsgetu.

Inntökuskilyrði í framhaldsskóla eru skilgeind í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla og þau segja til um lágmarksárangur sem þarf í lykilgreinum einstakra brauta. Í þessu sambandi vil ég minna á hversu mikilvægt það er í sambandi við aukið valfrelsi að boðið verði upp á aukna námsráðgjöf í skólunum. Það er gríðarlega mikilvæg ákvörðun sem nemendur taka þegar þeir ákveða að þreyta ekki samræmt próf heldur ætli þeir að setjast í almenna deild. Eins og málin blasa við núna hefur brautin ekki verið nægilega vel mörkuð þannig að tilgreindar hafi verið opnar leiðir úr almennum brautum sem leiða til einhvers konar starfsréttinda eða stúdentsprófs, sem vel getur hugsast. Ég tel að þarna sé um svo afdrifaríka ákvörðun að ræða að það sé skilyrði að námsráðgjöf í grunnskólum verði aukin til nemenda sem standa frammi fyrir því að ákveða hvort þeir ætla að taka samræmt próf eða ekki.

Þá er lagt til að í stað þess að nemendur verði skyldaðir til að taka samræmd lokapróf í a.m.k. fjórum námsgreinum geti þeir átt kost á að þreyta lokapróf í allt að 6 námsgreinum. Eins og með margt í þessu geta verið tvær hliðar á málinu. Það fer raunar allt eftir framkvæmdinni, hvernig hún verður úti í hinum einstöku grunnskólum. En ég minni á það að þessi samræmdu próf, eins og þau hafa verið í fjórum námsgreinum hingað til, hafa haft gríðarlega stýrandi áhrif á allt skólastarfið. Einstakir skólar hafa bókstaflega ekki getað hugsað um önnur markmið í skólastarfinu í 10. bekk en að útkoman á samræmdu prófum verði þokkaleg. Öllu náminu hefur verið stýrt inn á það. Það hefur verið mjög óviðeigandi og óviðunandi. Auðvitað er kennt í mikilvægum fögum öðrum en þeim sem lýkur með samræmdu prófi.

Ég tel eina sérstaklega jákvæða hlið á því að nemendur geti valið milli þess að taka samræmt próf eða ekki. Ég held að birtingar á útkomu skólanna hljóti að leggjast niður og í framhaldi af því opinber samkeppni um meðaltalsniðurstöðu á samræmdum prófum sem í sjálfu sér hefur ekki haft mikið að segja. Ég vil minna á það að samræmt próf er auðvitað gríðarlega mikilvægt fyrir kennara sem hjálpartæki við að skipuleggja skólastarf og mikilvægt sem viðmiðun í skólaþróun. En samræmt próf er ekki algott og ekki óskeikult. Ég vil minna á samþykkt frá 8. fulltrúaþingi Kennarasambands Íslands, með leyfi herra forseta:

„8. fulltrúaþing Kennarasambands Íslands harmar þau mistök sem Rannsóknastofnum uppeldis- og menntamála gerir ár eftir ár við samningu og framkvæmd samræmdra prófa í 10. bekk grunnskóla.

Það er neikvætt veganesti nemenda eftir 10 ára skólagöngu að fá niðurstöður úr pófum sem vegna mistaka í framkvæmd sýna ekki raunverulega getu þeirra í ákveðnum námsgreinum.

Kennarasamband Íslands beinir því til framhaldsskóla að líta ekki á niðurstöður samræmdra prófa sem einhliða mælistiku við inntöku nemenda í framhaldsnám."

Einmitt það er gert með þessu frv. Því er beint til framhaldsskóla að líta frekar á meðaltal sem auðvitað er mjög jákvætt. En þessi tilvitnun sýnir svo ekki verður um villst að það er alla vega mat sérstakra sérfræðinga Kennarasambandsins í skólastarfi að þessi próf hafi ekki verið óskeikul. Þess vegna er mjög leitt til þess að vita að svokölluðum meðaltalsárangri hafi verið slegið upp sem einhverju óskeikulu. Heilu byggðarlögin eru með höfuðið undir hendinni út af niðurstöðum sem úr prófum sem að mati þeirra sem helst ættu að vita sýna ekki raunverulega getu nemenda.

Að síðustu langar mig aðeins að benda á að fjmrn. telur að fjölgun samræmdra prófa auki útgjöld. Þar er talið að prófunum fjölgi miðað við að hliðstætt hlutfall muni þreyta þau eins og undanfarin ár. Ég held reyndar að það sé ekki tiltakanleg hætta á því. Hv. fjmrn. hefur hins vegar ekki hugleitt að það blasir náttúrlega við að þetta frv. mun hafa aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin í för með sér. Vonandi gleymist það ekki við umfjöllun um fjármál sveitarfélaga í nefnd um kostnaðarskiptingu sem títt hefur verið nefnd í dag.

[16:32]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi bregðast við sem fram komu í máli hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur. Varðandi aukið valfrelsi sem mundi leiða til kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin vil ég segja að þarna er ekki um nýtt ákvæði að ræða því að þetta hefur verið í lögum frá 1995 og var þá tekið inn í kostnaðarmat þegar það var reiknað út á sínum tíma hvað yfirfærslan til sveitarfélaganna kostaði.

Hvað varðar valfrelsi til að þreyta samræmd próf, þá tel ég að það sé mjög mikilvægt ákvæði og ég trúi því að það muni ekki endilega leiða til þess að mjög margir nemendur veldu það að þreyta ekki samræmd próf. Þetta hefur þau áhrif að nemendurnir þurfa að vera mjög meðvitaðir um það í hvaða samræmd próf þeir ætla. Búið er að ákveða að þau verði sex, þ.e. íslenska, enska, danska, stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsgreinar. Þetta kallar í rauninni á að nemendurnir séu miklu meðvitaðri en kannski áður hefur verið um í hvaða nám þeir hyggjast halda í framhaldsskólanum. Ég tel því að

þetta sé mjög af hinu góða og kalli á það að ungt fólk geri sér grein fyrir því hvert það ætlar að stefna.

Hvað varðar einkunnabirtinguna þá hef ég talið að það hafi verið gott að birta einkunnir. Ég veit að ýmsir skólar sem hafa komið illa út í samanburði við aðra hafa gert átak í því að lagfæra það sem þeir hafa talið að leitt hafi til þess að útkoman var ekki eins góð og æskilegt hefði verið. Ég tel því að það sé af hinu góða. En ef menn ætla að halda áfram að birta einkunnir, þá verður líka að geta þess hve margir nemendur þreyta ekki samræmd próf.

[16:34]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir segir að þarna sé hvergi gert ráð fyrir auknu valfrelsi í 9.–10. bekk. Ég vil meina að hér sé hnykkt á því valfrelsi sem vissulega hefur átt að vera samkvæmt aðalnámskrá frá 1995, minnir mig, en það er alveg skýrt að því valfrelsi hefur ekki verið framfylgt alls staðar, m.a. vegna þess að það hefur verið svo dýrt. Í mörgum skólum hefur það verið þannig að í rauninni hafa kennarar eða aðstandendur skólans valið fyrir nemendur. Það hefur ekki verið unnt að veita þetta valfrelsi sem hefur verið tilgangurinn í lögum. Ég a.m.k. hef skilið það svo að með þessu frv. sé hnykkt á að þetta valfrelsi verði til staðar.

Ég er ekkert hissa á því að hv. formaður menntmn. skuli vera sammála mér um að nemendur þurfi að vera mjög meðvitaðir um þá ákvörðun í hvaða samræmd próf þeir fara. Ég var líka að reyna að segja það í máli mínu áðan. Það hefur kannski ekki verið nógu skýrt hjá mér en ég taldi einmitt að þetta kallaði á það að efla þyrfti mjög námsráðgjöf bæði til nemenda og foreldra í grunnskólum varðandi slíka ákvörðun vegna þess að þetta er í rauninni svo afdrifaríkt.

Það þyrfti líka að huga að því, sem ég veit reyndar að verið er að hugleiða, að opna almennu deildirnar frekar inn á framhaldsnám til þess að nemendur geti stefnt að ákveðnum markmiðum sem gefa starfsréttindi.

[16:37]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað snertir aukið valfrelsi í 9. og 10. bekk grunnskólans, þá eru ákvæði um það í 32. gr. gildandi laga. Það er hins vegar rétt að halda því til haga að það tók nokkur ár að endurskoða aðalnámskrána, alveg fram til 1998 er gerð aðalnámskrár lauk. Það er því eðlilegt að hnykkt er enn frekar einmitt á þessu atriði en það var alltaf vitað að aukið valfrelsi ætti að vera í 9. og 10. bekk frá því að lögin voru sett 1995 og var tekið inn í kostnaðarútreikninga þegar yfirfærslan átti sér stað.

[16:38]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrra andsvari sínu gerði hv. formaður menntmn., Sigríður Anna Þórðardóttir, athugasemdir við ummæli sem ég hafði viðhaft um einkunnabirtingu og það eru svo sem engin ný sannindi, hvorki fyrir þingheim né aðra að við höfum lengi verið ósammála um einkunnabirtingu.

Ég tel að einkunnabirting sé eitt það versta nýmæli sem tekið hefur verið upp í sambandi við skólastarf á Íslandi á liðnum árum. Ég tel hins vegar mjög gott fyrir kennara og skólafólk og jafnvel foreldra að vita niðurstöðu barna á samræmdum prófum og geta notað það til að bæta stöðuna fyrir hvert og eitt barn. En þessar meðaltalseinkunnir sem eru reiknaðar út fyrir hvern og einn skóla og birtar án tillits til þess hvort þeir eru með 12 nemendur í samræmdum prófum eða 240 gefa ekki rétta mynd. Mismunurinn milli ára getur verið svo gríðarlegur bara út af einum nemanda í fámennum skólum, t.d. í þorpunum úti á landi sem mörg hafa farið ákaflega illa út úr slíkum birtingum og það hefur hreinlega verið áfall fyrir sjálfsmynd fólks á þessum stöðum og að ástæðulausu því að þetta er ekki óskeikult. Og ég tel að það allra jákvæðasta við þessa lagasetningu sem við erum að tala um í dag sé að væntanlega komi það út úr henni að ekki verði lengur hægt að birta einkunnir einstakra skóla.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, formanns menntmn. Alþingis, skrifa ég undir þetta nál. sem hér liggur fyrir með fyrirvara. Ég geri í eftirfarandi orðum grein fyrir þeim fyrirvara.

Hér er um að ræða mál sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir að gagnist þeim nemendum sem eru vel á vegi staddir í námi og að sjálfsögðu er ekkert nema gott um það að segja. Þeir nemendur eiga rétt á námi og námsferli við sitt hæfi. Á hitt ber að líta að framkvæmd þessara laga gæti orðið flókin og þung í vöfum nema til komi stóraukið fjármagn til rekstrar skólanna og ég vil í því sambandi gera það að forsendu álits míns að til komi verulega aukin námsaðstoð við þá nemendur sem eiga erfitt með að gangast undir samræmd próf.

Þegar skoðaðar eru umsagnir sem nefndinni bárust um frv. þá vil ég vitna til tveggja umsagna. Sú fyrri er frá Kennarasambandi Íslands og Hinu íslenska kennarafélagi og þar segir um greinina er tekur á samræmdu lokaprófunum í 9. bekk, með leyfi forseta:

„Kennarafélögin telja þó að ekki verði um raunverulegt val að ræða nema til komi stóraukin námsráðgjöf og öllum nemendum sé það fullkomlega ljóst hvaða möguleikar opnast eða lokast við það að taka tiltekin próf eða sleppa þeim.“

Herra forseti. Hér kemur fram að aukin námsráðgjöf er forsenda þess að um alvöruval verði að ræða. Þá erum við kannski komin að því að ríkisvaldið sem lofaði skólunum tekjustofnum til að mæta kostnaði sveitarfélaganna við yfirtökuna á skólarekstrinum er hér á að setja lög sem ég tel vera til bóta og af hinu góða en skuldbinda sveitarfélögin til enn frekari fjárútláta vegna skólamála. Að sjálfsögðu vona ég að þessi lagabreyting eigi eftir að skapa frjóa og almenna umræðu um hvernig við tökum þá á málum í 9. bekk þar sem börn geta samkvæmt þessu valið mjög ólíkar leiðir. Verið er að tala um fjölgun á samræmdum prófum upp í sex. Það hefur hingað til ekki verið um svo mikinn fjölda að ræða til lokaprófs úr 10. bekk grunnskóla.

Mig langar til að vitna til annarrar umsagnar sem nefndinni barst út af þessu máli en það er umsögn frá Landssamtökunum Heimili og skóla. Um þennan þátt frv. segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Stjórn samtakanna styður báðar þær breytingar sem ákvæðið felur í sér, þá að próftaka í lok grunnskóla verði réttur nemenda en ekki skylda og nemandi geti þannig valið hvort og þá hvaða samræmd próf hann tekur og að greinum á samræmdum prófum verði fjölgað úr fjórum í sex.“

Samtökin Heimili og skóli leyfa sér sömuleiðis í umræddri umsögn að benda á það að samræmdu prófin þjóni eftir sem áður þeim megintilgangi að flokka börn í hópa og þá út frá því hvort þau ráða vel eða illa við sitt nám og benda á þá hættu sem ég hef talað um, að það sé möguleiki á því að sá stóri hópur sem Heimili og skóli telja í umsögn

sinni að geti verið allt upp í 30% í hverjum árgangi nái ekki þeim tilskilda árangri að uppfylla skilyrði fyrir inngöngu í nokkurn framhaldsskóla, en að þessir nemendur eigi jafnan rétt og aðrir á því að mat sé lagt á árangur þeirra miðað við hæfileika og getu og til að njóta sín á þeim sviðum þar sem styrkur þeirra liggur svo mannauður þeirra sem annarra fái ávaxtast. Ég deili þeim áhyggjum Landssamtakanna Heimilis og skóla vegna þess að ég þekki aðeins til þessa veruleika sem er í 9. bekk og samkvæmt þessum lögum er gert ráð fyrir að börnin geri upp hug sinn um námslok í 8. bekk. Ég bendi á að hér erum við að fjalla um 13 ára börn í 8. bekk grunnskóla.

Ég skil fagra hugsun sem liggur að baki því að nemendur þurfi að taka aukna ábyrgð á vali sínu og að auka þurfi valfrelsi þeirra og sjá til þess að þau af meðvitund geti tekið ákvarðanir sínar og stjórnað námi sínu. Ég skil allar þær hugsanir. En veruleikinn í þessum bekkjum er sá að þetta eru börn sem hafa mismikið bakland í foreldrum sínum og fjölskyldum og mér finnst ekki auðvelt að horfa fram á það eða ekki einfalt að álykta að börn á þessum aldri geti af þessari miklu meðvitund tekið þá ábyrgð og notið þessa vals. Það er ekki einasta að þau börn sem eiga í námserfiðleikum þurfi aukinn stuðning við þessa breytingu heldur þurfa þau börn sem eru vel á vegi stödd líka stuðning við ákvarðanatöku sína.

Niðurstaða mín er sem sagt sú að þetta sé góð breyting en það þurfi að koma til aukin meðvitund um þá miklu námsaðstoð sem ég tel að þessi breyting útheimti.

Varðandi hitt atriðið í frv., þ.e. það að menntmrh. sé heimilt að veita sveitarfélögum sem þess óska frest til 1. september 2004 til að framkvæma ákvæði 3. gr. um einsetningu grunnskóla, þá vil ég sömuleiðis vitna til þessara tveggja umsagna sem nefndinni hafa borist um málið og aftur vitna ég í umsögn Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags. Þar segir um einsetninguna, með leyfi forseta:

„Ef til vill var óraunhæft að ætla að hún kæmist til framkvæmda á svo skömmum tíma. Því til staðfestingar má benda á ófullnægjandi skólahúsnæði og viðvarandi skort á grunnskólakennurum. Sumar þeirra bygginga eða skúra sem nemendum og kennurum er gert að starfa í rísa varla undir því nafni að kallast skóli. Þessi staða blasti við þegar árið 1996 og hefði átt að gera ráð fyrir henni þegar ríki og sveitarfélög gerðu samning um kostnaðinn við yfirfærsluna ..."

Þar með lýk ég tilvitnun í umsögn Kennarasambands Íslands og Hins íslenska kennarafélags og verð að segja, herra forseti, að hér staðfestist í raun og veru það álit þeirra sem höfðu hæst varnaðarorð uppi um yfirfærsluna á sínum tíma. Sveitarfélögin eru og hafa verið afskaplega misjafnlega í stakk búin til að taka á sig það hlutverk að standa ábyrg við rekstur grunnskólanna. Það er nú að koma í ljós að á fámennum sveitarfélögum eru verulegir erfiðleikar. Þetta var eitthvað sem bent var á að gæti komið upp og ég tel að okkur sé nauðsynlegt að taka á því máli núna og ræða algerlega ofan í kjölinn sérstaklega málefni minni skólanna í ljósi þess að þar er verið að kenna við óviðunandi aðstæður. Við sjáum það á töflu sem menntmn. hefur haft í fórum sínum um einsetningu skólanna að oft hefur reynst erfitt í smærri eða fámennari sveitarfélögum að standa við einsetninguna þó að það sé alls ekki einhlítt því það er sömuleiðis uppi á teningnum í stærri sveitarfélögunum.

Varðandi þetta atriði langar mig einnig að vitna til umsagnar Heimilis og skóla en þar segir um einsetninguna, með leyfi forseta:

„Samtökin geta ekki verið fylgjandi því að sá frestur sem sveitarfélögin hafa til að ljúka einsetningu grunnskólanna verði lengdur enda er með því verið að brjóta á jafnræði nemenda auk þess sem ekki verður séð hvernig unnt verður víða í tvísetnum skólum að koma við því tímamagni sem lögboðin viðmiðunarstundaskrá kveður á um."

Sannarlega deili ég þessum áhyggjum Heimilis og skóla en tel samt rétt í ljósi veruleikans hjá sveitarfélögunum að samþykkja lagagreinina eins og hún er lögð til í frv.

Að öllu þessu sögðu, herra forseti, er niðurstaða mín sú að ég samþykki frv. en treysti því jafnframt að öflugur stuðningur verði veittur þeim nemendum sem eiga við námserfiðleika að stríða sem þýðir þá um leið að kennurum verði gert kleift að kenna öllum nemendum 9. bekkjar þar sem nemendur eru á ólíkum brautum og á ólíkum hraða í sínu námi.

[16:50]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þóttist heyra að hv. síðasta ræðumaður hafi haldið því fram að þetta frv. kæmi eingöngu þeim nemendum til góða sem vel standa í námi. (Gripið fram í.) Það hefur kannski verið misheyrn hjá mér en ég vildi reyndar halda því fram að þetta frv. kæmi líka til góða þeim nemendum sem standa höllum fæti. Þeir hafa verið neyddir til að fara í samræmd próf hvort sem þeir hafa nokkra getu til þess eða ekki. Í þessu frv. er því komið til móts við þá nemendur. Oft hefur verið mjög erfitt fyrir nemendur sem standa höllum fæti í skólakerfinu að þurfa að fara í gegnum samræmd próf og að því leyti tel ég að þetta sé afskaplega jákvætt skref, að gera samræmdu prófin valkvæð.

Ég vil hnykkja sérstaklega á því að gert er ráð fyrir því að 30% af kennslutímanum geti verið valfrjáls í 9. og 10. bekk. Það er ekki skylda. Það er sem sagt gert ráð fyrir að hægt sé að hafa allt að 30% af kennslutímanum valfrjálsan.

Þar sem hv. þm. fjallaði frekar neikvætt um yfirfærslu grunnskólans, að mér fannst, vil ég segja að mér finnst sveitarfélögin hafa tekið af miklum metnaði á málefnum grunnskólans. Ég er alls ekki sammála því að lítil sveitarfélög séu í vandræðum með einsetninguna. Þvert á móti voru mörg þeirra fyrir löngu búin að einsetja grunnskóla sína áður en grunnskólalögin voru sett árið 1995. Þetta er kannski fyrst og fremst vandamál hjá stærri sveitarfélögunum þar sem fólksfjölgunin er mest.

[16:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi einsetninguna. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég var efins um yfirfærsluna á sínum tíma. Ég hafði þá í huga varnaðarorð t.d. Finna í þeim efnum. Mér sýnist líka ýmislegt vera að koma á daginn sem við vorum vöruð við á þeim tíma.

Ég viðurkenni, eins og ég benti reyndar á í ræðu minni, að það er ekki einhlítt að smærri sveitarfélögin eigi í þessum erfiðleikum. Hins vegar veit ég að smærri sveitarfélögin keyra sig svo hart í skólamálunum að aðrir málaflokkar líða jafnvel fyrir. Það hef ég heyrt á ferðum mínum um landið þegar ég hef talað við sveitarstjórnarmenn í smærri sveitarfélögunum um þessi mál. En ég viðurkenni að það er ekki einhlítt.

Varðandi hitt, að þeir nemendur sem erfitt eiga með nám hafi líka gagn af þessari lagagrein þá fer það allt eftir því

hvernig skólunum tekst að halda á málum. Við vitum að þeir nemendur sem valið hafa að taka samræmdu prófin þurfa virkilega á orku kennarans að halda til að koma sér í gegnum undanfara hinna samræmdu prófa. Við það vill það gerast að hinir sem eiga erfiðara með nám dragast aftur úr og geta ekki fylgt eftir kröfum kennarans. Kennslan miðast við að koma þeim sem völdu samræmdu prófin í gegnum þau. Þess vegna sem er mikil þörf á því að samhliða þessari ákvörðun komi aukinn stuðningur inn í bekkina, stuðningur við kennara og þá nemendur sem ekki eru á leið í samræmd próf þannig að enginn beri skarðan hlut frá borði í þessu máli.

[16:54]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir minntist á reynslu Finna í þessum málum. Það er bara alls ekki sambærilegt hvernig Finnar fóru að því að færa grunnskólann til sveitarfélaganna. Hjá okkur er þetta gert með því að hækka tekjustofninn þannig að skattprósentan verður hærri hjá sveitarfélögunum. Finnar gerðu það með framlögum frá ríkinu og því er ekki hægt að bera þetta saman. Þeir eiga það undir ríkinu á hverju ári hve hátt framlag fer í grunnskólana. Að að því leyti er okkar aðferð margfalt betri og einmitt eins og sveitarfélögin vildu að þetta væri gert.

Einnig er gott að minna á að vilji sveitarfélaganna var að fá yfir til sín grunnskólann. Ég ítreka að mér finnst þessi breyting hafa tekist mjög vel og þó að upp hafi komið vandamál einhvers staðar þá er það eðlilegt miðað hversu stórt verkefni um er að ræða. Ég tel að grunnskólinn sé betur kominn hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu og það hefur þegar sýnt sig.

Varðandi þau atriði sem við ræddum um fyrr, t.d. vanda nemenda sem eiga í erfiðleikum í námi, þá tek ég heils hugar undir það að námsráðgjöf er mjög nauðsynleg. Hana er verið að efla í grunnskólunum.

[16:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um að hv. formaður menntmn. veit meira um yfirtöku sveitarfélaganna á skólamálunum heldur en ég. Ég beygi mig alveg fyrir því. Hins vegar var ég, eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, efins á sínum tíma. Ég kann ekki að fara nægilega vel út í þau tæknilegu atriði og læt því staðar numið um þau mál.

Varðandi þau börn sem eiga örðugt með nám þá held ég að við þurfum ekki að eyða fleiri orðum á að við berum öll hag nemenda í grunnskólanum fyrir brjósti. Ég held að það sé alveg rétt sem fram hefur komið í þessum umræðum hjá okkur þremur sem hér höfum talað að þessu máli verði fylgt eftir í hv. menntmn. Um það munu skapast umræður sem vonandi leiða af sér aukna námsráðgjöf og á endanum það sem við öll stefnum að, betri grunnskóla.

[16:57]

Sturla D. Þorsteinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að taka undir þetta með námsráðgjöfina. Hún hefur aukist gífurlega í skólum landsins á síðustu árum. Ég tel að hún eigi eftir að aukast enn frekar því að ég skynja að nánast allir skólastjórnendur í landinu átta sig á mikilvægi námsráðgjafar.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafði áhyggjur vegna valsins í lok 8. bekkjar eða í byrjun þess 9. Í því sambandi vil ég benda á að aðilar innan skólanna, þeirra sem ekki hafa námsráðgjafa, eru tilbúnir að aðstoða nemandann við þetta val. Ég minni á mikilvægi umsjónarkennarans sem alltaf verður meira og meira. Að lokum vil ég segja að það er trú mín hvað þetta mál varðar að þetta komi til með að auka enn frekar samstarf heimilis og skóla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 16:59.

---

36. FUNDUR

mánudaginn 6. des.,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Kjör forræðislausra foreldra, beiðni um skýrslu, 246. mál, þskj. 302. *Hvort leyfð skuli.*
3. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 235. mál, þskj. 287. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Grunnskólar, stjfrv., 81. mál, þskj. 81, nál. 282. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Meðferð einkamála, stjfrv., 64. mál, þskj. 64. — 3. umr.
6. Vöruhappdrætti SÍBS, stjfrv., 65. mál, þskj. 306. — 3. umr.
7. Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, stjfrv., 66. mál, þskj. 66. — 3. umr.
8. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267. — Frh. 1. umr.
9. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 292. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá nemendum í íslensku við Manitoba-háskóla.

[14:04]

Útbýting þingskjala:

Loftferðir, 250. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 307.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 251. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 308.

Stjórn fiskveiða, 249. mál, frv. GHall og GuðjG, þskj. 305.

Vöruhappdrætti SÍBS, 65. mál, þskj. 306.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Kaupin á FBA og yfirlýsingar forsvarsmanna Kaupþings.

[14:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hver eru viðbrögð forsrh. við ásökunum forsvarsmanna Kaupþings og sparisjóðanna þar sem þeir héldu því fram að forsrh. hafi í utandagskrárumræðum á Alþingi um einkavæðingu FBA farið með rangt mál? Þetta kom fram í yfirlýsingu forstjóra og stjórnarformanns Kaupþings sem þeir sendu frá sér 17. nóvember sl. Þar er hæstv. forsrh. sagður hafa farið með rangt mál og vísað á bug fullyrðingum hæstv. forsrh. þess efnis að Kaupþing og sparisjóðirnir hafi gert með sér baksamning eða leynisamning við Orca-hópinn til að ná fram meiri hluta í FBA. Jafnframt kemur fram í ályktun Kaupþingsmanna að fullyrðing forsrh. og Alþingis er líka röng um að sparisjóðirnir og Kaupþing hafi einungis verið tilbúnir til að greiða 8 milljarða fyrir allt hlutafé í FBA, en í yfirlýsingu þeirra segir að þeir hafi verið tilbúnir til að greiða áþekka fjárhæð og fékkst fyrir hana í útboðinu sé hún framreiknuð til dagsins í dag, eða rúma 14 milljarða kr. en ekki 8,5 milljarða kr. eins og hæstv. forsrh. hélt fram á Alþingi í utandagskrárumræðunum.

Það eru alvarlegar ásakanir þegar hæstv. forsrh. er brigslað um að hafa farið með rangt mál á Alþingi. Því er spurt: Getur hæstv. forsrh. sannreynt ummæli sín í utandagskrárumræðunni, bæði um leynisamninginn og þá fjárhæð sem Kaupþing og sparisjóðirnir voru tilbúnir að greiða fyrir bankann á sínum tíma?

[14:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þessi yfirlýsing sem hv. þm. vitnaði til er afar sérstök vegna þess að í henni er því haldið fram að tiltekin atriði sem ég nefndi hafi ekki staðist, en svo þegar yfirlýsingin er lesin, þá eru öll atriðin í yfirlýsingunni staðfesting á því sem ég hélt fram.

Forsvarsmenn sparisjóðanna og Kaupþings komu á fund allmargra manna í forsrn. og óskuðu eftir því að fá að kaupa allan Fjárfestingarbankann og sögðust vera tilbúnir til að greiða fyrir hann 8,5 milljarða kr. og bættu svo við á þeim fundi í fjölda manna viðurvist: „Slíkt kauptilboð fáið þið aldrei aftur.“ Núna segja þeir að þeir hafi hins vegar verið tilbúnir til að greiða sama verð og við seldum fyrir. Þeir sögðu bara ekki nokkrum lifandi manni frá því. Nú segja þeir að þeir hafi verið tilbúnir að gera það þrátt fyrir yfirlýsingu sína við ríkisstjórnina um allt aðra hluti. Það lá fyrir.

Varðandi leynisamninginn, þá er það enn þá skemmtilegra og merkilegra sem fram kemur í þessari furðulegu yfirlýsingu Kaupþings. Því var haldið fram að í samningnum væru ákvæði um það þessir tveir aðilar, Kaupþing og Orca-hópurinn, hefðu gert baksamning um að sameinast um að kaupa áfram hlutabréf á markaði til þess að geta náð 50% eignarhaldi á bankanum. Þessu var hafnað af hálfu Kaupþings. Því var neitað af hálfu Kaupþings að slíkir samningar væru til. Ég fékk það hins vegar upplýst frá aðilum sem ég treysti fullkomlega að svona væri þetta. Og í yfirlýsingunni segir svo allt í einu núna: „Það að samningurinn innihéldi ákvæði um frekari hlutabréfakaup samningsaðila, reyndist slíkt unnt, með því markmiði að sameina Kaupþing og FBA, þarf ekki að koma neinum á óvart.“ Það kom bara öllum á óvart því að þeir neituðu því að svona heimild væri fyrir hendi þannig að það eina sem þessi makalausa yfirlýsing gerir er að staðfesta allt sem þessir menn segja að hafi ekki verið satt.

[14:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að það hafi verið alveg nauðsynlegt að gefa hæstv. forsrh. þetta svigrúm á Alþingi til að bera af sér sakir varðandi ásakanir Kaupþingsmanna en staðan núna eftir að hæstv. forsrh. hefur tjáð sig í málinu er að fullyrðing stendur gegn fullyrðingu. Þetta er auðvitað spurning um trúverðugleika og heiður forsrh. sem ég ber svo sem ekkert sérstaklega fyrir brjósti. En mér er umhugað um heiður og virðingu þingsins og að ráðherrar fari ekki fram með rangar upplýsingar á Alþingi.

Hæstv. ráðherra segir að þessi leynisamningur eða baksamningur sé til. Ég spyr: Er hægt með einhverjum ráðum að fá þennan baksamning fram í dagsins ljós til þess að sannreyna hvor hafi rétt fyrir sér, Kaupþing eða hæstv. ráðherra? Eftir stendur síðan fullyrðingin sem ég veit ekki hvernig á að sanna en sem mér finnst nauðsynlegt að sanna vegna trúverðugleika hæstv. forsrh. til þess að sannreyna að hann hafi farið með rétt mál á þinginu. Var það virkilega svo að Kaupþingsmenn buðu bara 8,5 milljarða eða var um að ræða 14 milljarða boð eins og þeir halda fram? Þeirri spurningu er ósvarað.

[14:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki lesið yfirlýsingu þeirra í Kaupþingi nægilega vel. Það kemur fram í yfirlýsingunni að þeir hafi síðar verið tilbúnir að greiða þetta verð. Þeir hafa bara ekki sagt neinum manni frá því í rauninni. Í annan stað liggur fyrir að þessir menn sögðu að enginn slíkur samningur væri í gildi um að þeir ætluðu að halda áfram samvinnu við að kaupa bréf ríkisins, raka þeim saman. Þess vegna heimtuðu þessir menn að þetta yrði selt í dreifðri eignaraðild áfram. Þeir héldu því fram að samningur um þetta efni væri ekki til. En þeir staðfesta það hér í þessari yfirlýsingu sinni.

Að vísu er ég náttúrlega þakklátur eins og aðrir valdamenn landsins að fá aukið svigrúm í öllu tilliti, en ég tel að ég þurfi ekki á því að halda sérstaklega í sjálfu sér vegna þess að hér kemur þetta allt saman fram. Hér segir, með leyfi forseta:

„Það að samningurinn innihéldi ákvæði um frekari hlutabréfakaup samningsaðila, reyndist slíkt unnt, með það að markmiði að sameina Kaupþing og FBA þarf ekki að koma neinum á óvart.“

Því gátu þessir menn ekki viðurkennt það fyrr en með þessari yfirlýsingu? Þetta var það sem ég hélt fram að væri fyrir hendi og hafði um það öruggar, traustar og ábyggilegar upplýsingar og þær upplýsingar reyndust réttar.

[14:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Af því að hæstv. forsrh. heldur því hér fram að Kaupþingsmenn hafi síðar sagt að þeir væru tilbúnir til að greiða meira en 8,5 milljarða, þá segir í yfirlýsingu þeirra orðrétt:

„Sjálfsagt er hins vegar að upplýsa að sú fjárhæð, sem sparisjóðirnir og Kaupþing voru tilbúnir að greiða á sínum tíma, framreiknuð til dagsins í dag, er áþekk þeirri fjárhæð

sem ríkissjóður fékk að lokum við sölu bankans.“ (**Forsrh.:** Þeir sögðu engum frá þessu.)

Þar er um að ræða 14 milljarða kr. og það er voðalega slæmt, herra forseti, að eftir þessa umræðu hér standi fullyrðing gegn fullyrðingu varðandi þetta atriði.

Það væri náttúrlega mjög gott líka ef það kæmi fram við þessa umræðu hvort hæstv. forsrh. væri með einhverju móti tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að þessi baksamningur eða leynisamningur kæmi fram í dagsljósið til þess að staðreyna hið rétta í málinu.

[14:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það hefur enn farið fram hjá þingmanninum að þeir nefndu hvergi þessa 14–15 milljarða sem þeir nefna hér, aldrei við ríkið, aldrei við nokkurn mann. Það er ekki fyrr en í þessari yfirlýsingu sem þeir nefna þá tölu. En hina yfirlýsinguna gáfu þeir og á þeim fundi var fjöldi heiðursmanna sem ég treysti — þó að ég treysti ekki öllum mönnum sem undir þessa yfirlýsingu skrifa — sem voru vitni að þessari yfirlýsingu. Ef þeir vilja birta samninginn þá er það það einfaldasta í heimi. (**JóhS:** Ef forsrh. leggur ...) Ég þarf þess ekki. Hér liggur fyrir að allt sem ég sagði um málið var rétt. Þannig er málið. (**SJS:** Er þetta ekki innan skekkjumarka, 4–6 milljarðar?) Nei, 8,5 milljarðar voru boðnir, ekkert meira. „Og þið fáið aldrei annað eins tilboð“, var sagt. En við höfum hins vegar fengið það nú, eftir að búið er að selja bankann er hið nýja tilboð nefnt. Það er dálítið seint í ákveðinn líkamshluta gripið.

Yfirlýsingar bankastjóra Landsbankans um sameiningu banka.

[14:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í Morgunblaðinu í gær komu fram afar athyglisverðar yfirlýsingar frá bankastjóra Landsbankans og formanni bankaráðs sama banka. Í þessari frétt á baksíðu Morgunblaðsins segir m.a., með leyfi forseta:

„Bankastjóri Landsbanka Íslands telur að stærstu einingarnar á markaðnum, það er að segja Landsbankinn og Íslandsbanki, ættu að koma fyrst til skoðunar við mat á hagræðingarkostum í bankarekstri.“

Síðar í sömu frétt segir:

„Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir að stærstu einingarnar á markaðnum ættu að koma fyrst til skoðunar, það sé hagur hluthafanna. Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs, telur líklegt að mesti sparnaðurinn náist með því móti. Viðræður eru ekki hafnar milli bankanna en Halldór segist reikna með tíðindum af þessum markaði á árinu 2000.“

Herra forseti. Einnig er í þessari frétt vitnað í hæstv. viðskrh. en hann talaði eins og véfrétt og talar um að bíða eftir skilaboðum frá markaðnum.

Herra forseti. Hér tala ekki hverjir sem er. Hér tala tveir sérstakir trúnaðarmenn og menn handgengnir hæstv. viðskrh. Það verður að ætla að þeir tali ekki svo án nokkurs samráðs né í trássi við sinn leiðtoga, þ.e. hæstv. viðskrh. Og vegna þess að engar upplýsingar um að slíkir hlutir væru í farvatninu komu fram þegar umræða um sölu á eignarhlut ríkisins í ríkisviðskiptabönkunum fór fram sl. föstudag, þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. viðskrh.: Hvað er hér á ferðinni? Hvað veldur því að nú úttala þessir sérstöku trúnaðarmenn ráðherrans sig með þessum hætti? Er hér verið að undirbúa þennan mikla kipp í bankaheiminum sem þarna er í raun verið að ýja að, þ.e. að sameina tvo stærstu banka landsins og búa til yfirgnæfandi stóran aðila á þessum markaði? Hvaða upplýsingar getur hæstv. viðskrh. veitt okkur í þessu sambandi og í framhaldi af þessari frétt frá því á sunnudaginn?

[14:15]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég las úttekt Morgunblaðsins eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Reyndar átti ég von á henni vegna þess að Morgunblaðið hafði tekið viðtal við mig og spurst fyrir um þessa hluti.

Á föstudaginn þegar umræða fór fram um 15% sölu á eignarhlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka kom skýrt fram að ég taldi að þegar náð væri skilyrðum sem reglur Verðbréfaþingsins gera ráð fyrir, um 25% eignarhlut annarra en ríkisins í bönkunum, væri ekki ástæða til að halda eins hratt áfram í eignarsölu og áður hefur verið gert. Ég taldi að næsta skref sem við ættum að beita okkur fyrir á íslenskum fjármagnsmarkaði væri að leita eftir frekari hagræðingu í bankakerfinu. Sú hagræðing getur m.a. falist í að sameina fjármálafyrirtæki, auka samstarf þeirra, leita eftir samstarfi við erlend fjármálafyrirtæki á íslenskum fjármagnsmarkaði og þar fram eftir götunum með það að meginmarkmiði að lækka vaxtakostnað og draga úr rekstrarkostnaði bankanna þannig að íslensk fyrirtæki og fólk í landinu búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og löndin í kringum okkur.

Ég sagði hins vegar að ég ætla ekki að beita mér fyrir slíkum breytingum. Ég vil að frumkvæðið komi frá markaðnum. Ég vona að hv. þm. hafi verið staddur í þingsalnum þegar þessi umræða fór fram. Hann var reyndar ef ég man rétt á dálitlum hlaupum út og inn en þetta kom margoft fram í máli mínu. Ég gef hv. þm. nákvæmlega sömu svör nú. Það kann vel að vera að markaðurinn sé að taka við sér í þeim efnum en þessar breytingar verða ekki gerðar nema með tilstyrk Alþingis. Það liggur fyrir.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég var að sjálfsögðu viðstaddur umræðuna sl. föstudag. En ég verð að segja að af ummælum hæstv. viðskrh. bæði þá og ekki síður nú er ég harla litlu nær. Hér er talað í miklum véfréttastíl og allt látið standa opið, rætt um sameiningu fjármálastofnana, óskilgreint og síðan hitt að þetta muni allt fara mjög rólega og jafnvel ekki ástæða til að aðhafast neitt frekar en að selja þennan 15% hlut.

Nú vill svo til að bankastjóri Landsbankans, Halldór J. Kristjánsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri í iðnrn. sem talin er vera bærilega „på talefod“ við hæstv. ráðherra, að hann búist við tíðindum af þessum málum á næsta ári. Formaður bankaráðs Landsbankans, Helgi S. Guðmundsson, sömuleiðis maður handgenginn ráðherranum, tekur undir það að slíkt geti orðið. Þá er ástæða til að biðja um skýrari svör en hér hafa verið fram reidd. Hvað stendur til?

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það liggur fyrir eins og fram kom í umræðunum á föstudaginn að engar ákvarðanir hafa verið teknar í þessum efnum. Það að eitthvað gerist á árinu 2000, það getur svo margt gerst á því ári og útilokað að segja til um það í árslok 1999 hvað muni gerast á íslenskum fjármagnsmarkaði

á þeim 365 dögum sem fram undan eru. Í þeim efnum er útilokað að fullyrða nokkuð.

Ég vonast til að ég og hv. þm. séum sammála um að það sem skiptir meginmáli er að ná fram hagræðingu í bankakerfinu sem hefur það að meginmarkmiði að draga úr kostnaði og lækka vexti í landinu þannig að við getum boðið landsmönnum og fyrirtækjunum í landinu sambærilega fjármálaþjónustu og fólk og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur býr við.

[14:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hvaða svar er þetta? Að koma aftur og aftur í ræðustólinn og segja: Það liggur fyrir að það hafa engar ákvarðanir verið teknar. Það er efnislegt og mikið svar og segja svo: Það getur svo margt gerst á árinu 2000. Það eru heilir 365 dagar í árinu. Það upplýsir þá að það er væntanlega ekki hlaupár.

Að öðru leyti eru menn engu nær. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að Alþingi afgreiði aftur og aftur blankó heimildir til að selja verðmæt fyrirtæki landsmanna, ríkisfyrirtæki eða bjóða út hlutafé o.s.frv. þegar stjórnvöld möndla með þau að eigin geðþótta og gefa aldrei nein svör hér á Alþingi, á löggjafarsamkomunni, um hvað til stendur. Það er ástæða til að hafa fyrirvara á þegar í hlut eiga menn sem láta sér detta það í hug einn góðan veðurdag að selja ráðandi eignarhlut t.d. í stærsta banka landsins til útlanda, eins og hæstv. ráðherra fékk flugu um í fyrrasumar að selja Enskilda bankanum stóran hlut o.s.frv.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að skýrari svör fáist í þessum efnum áður en hæstv. ríkisstjórn fær frekari heimildir í hendur.

[14:21]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. skilji að á meðan engar ákvarðanir hafa verið teknar og enginn slíkur undirbúningur er í gangi, eins og hv. þm. hefur verið að gera að umræðuefni, þá er auðvitað ekki hægt að gefa önnur svör en að engin ákvörðun hafi verið tekin í þessum efnum. Hvað er hv. þm. að biðja um? Er hv. þm. að biðja um svör við öðru en því sem rétt og satt er?

Aðgerðir gegn ofbeldi og ránum.

[14:21]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Gömul kona var myrt á hrottalegan hátt í íbúð sinni í borginni sl. föstudag. Tveir menn með lambhúshettur fyrir andlitinu og kylfur í höndum rændu sjoppu í gær. Rán og ofbeldi virðist daglegt brauð. Ungir menn ganga að eldra fólki og hrækja á það.

Þetta er ófögur lýsing en sönn, herra forseti, á ástandinu eins og það er í dag. Fíkniefnalýður gengur laus í hópum og virðist lítið við ráðið. Þeir viðurkenna brot sín og sleppa jafnharðan út nema þá harðsvíraðir morðingjar.

Ég hef heyrt að sumir þessara manna gangi með skammbyssur á sér. Á sama tíma og þessir ofbeldismenn ganga lausir og valda ótta og öryggisleysi hjá saklausum borgurum eru fangelsi landsins að tæmast. Ég spyr því hæstv. dómsmrh.: Eru einhverjar sérstakar aðgerðir í gangi eða í undirbúningi til þess að sporna gegn sívaxandi glæpum og ofbeldi?

Þetta er harður dómur, herra forseti, og hörð ummæli en ég held að enginn geti horft á það sem er að gerast í þessu landi öðruvísi en að taka það alvarlega.

[14:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa ábendingu og deili að sjálfsögðu áhyggjum hans af þessari óheillaþróun varðandi fíkniefnavandann. Alveg óhætt er að segja að þessi mál eru tekin mjög alvarlega. Þannig var mótuð ákveðin stefna í fíkniefnamálum á síðasta kjörtímabili og raunar í fyrsta skipti sem ríkisstjórn mótaði slíka stefnu og henni var fylgt mjög ákveðið eftir.

Það breytir þó ekki því að taka þarf enn betur á. Þetta er margþætt vandamál þar sem inn koma áhyggjur bæði út af löggæslumálum, heilbrigðismálum og félagsmálum. Hins vegar er alveg óhætt að segja að ríkisstjórnin vinnur nú að heildstæðum tillögum til úrbóta á þessu sviði og auknum fjárveitingum til þessa málaflokks.

Rétt er að hv. þm. átti sig á því að það er ekkert nýtt að alvarleg afbrot eins og manndráp tengist ofneyslu áfengis og fíkniefna. Því miður er það algengara. Löggæsla vegna fíkniefnabrota hefur stóraukist á síðustu árum eins og sjá má á stórum málum sem nú eru til rannsóknar hjá lögreglu. Hins vegar má benda á að það getur skapað ákveðið vandamál. Við stóraukna löggæslu eykst vandi fíkniefnaneytenda enn frekar vegna þess að framboð efna á markaðnum minnkar, verðið hækkar og fjárþörfin eykst þar með hjá fíkniefnaneytendum.

Það er svo sannarlega ástæða til að taka enn ákveðnar á þessum málum. Ég bendi á, vegna þess að talað var um gæsluvarðhald, að ég er á þeirri skoðun að í auknum mæli eigi að fá heimildir til þess að óska eftir gæsluvarðhaldi yfir mönnum sem stunda síbrot og hafa langan lista af uppsöfnuðum afbrotum. Slík síbrotagæsla leysir hins vegar ekki öll vandamál heldur aðeins afmarkaðan hluta.

[14:25]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir hennar svör. Ég veit að það er ekki vandalaust að taka á svona málum. Ég held samt, herra forseti, að allt of mikil linka sé sýnd gagnvart þeim sem ræna og rupla í verslunum trekk í trekk, jafnvel sömu mennirnir, án þess að tekið sé á því með viðeigandi hætti þannig að fólk sem býr hér sé tiltölulega óhult.

Ég þekki nokkuð vel til þar sem þetta ódæði var framið fyrir helgina. Ég veit að þar hafði ýmislegt gerst sem benti til þess að eitthvað óeðlilegt væri á ferðinni. Oft er erfitt að grípa inn í slík mál. En þetta er svo alvarlegt mál, herra forseti, að ég taldi nauðsynlegt að taka það upp á hinu háa Alþingi.

[14:26]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og segja að ég er ekki sammála hv. þm. um að sýnd sé allt of mikil linka. Ég held að lögreglan hafi staðið sig mjög vel og eftirlit hefur verið stóraukið. Ég minni á það sem ég sagði áðan. Gripið hefur verið til margháttaðra ráðstafana til að gera betur í baráttunni gegn fíkniefnavandanum en auðvitað má alltaf betur gera. Ég er auðvitað sammála hv. þm. um að við þurfum að fylgjast mjög grannt með þróun mála. Þegar almenningur er farinn að hafa áhyggjur af öryggi sínu þarf að bregðast við því. Þessi dæmi sem hann nefndi áðan eru auðvitað mjög alvarlegs eðlis.

[14:27]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Allt sem þarf að segja verður náttúrlega aldrei sagt í þessum ræðustól á einni mínútu eða svo. Eins og við þekkjum þá kemur ekki upp á yfirborðið nema lítill hluti af því sem er að gerast í þjóðfélagi okkar. Þegar fíkniefnavandinn er orðinn jafngríðarlegur og hann er þá gefur það nokkurn veginn augaleið.

Auðvitað er verið að vinna vel á mörgum sviðum í þessu máli. Ég tek undir það með hæstv. dómsmrh. að margt gott hefur verið gert. En ég held að það sem birtist okkur núna bendi einmitt til að við þurfum að gera miklu meira. Það þarf að setja á fót miklu öflugri deildir sem geta tekið á þessum málum. Þessir ólánsmenn fara í meðferð og koma svo til baka. Þá á allt að vera klappað og klárt, það er bara ekki þannig. Þessir menn eru stórhættulegir margir hverjir og kannski þarf að endurskoða þessi mál frá grunni.

Hætta á olíumengun í grunnvatni við Reykjanesbraut.

[14:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á Reykjanesi háttar svo til að skaginn er eins og götóttur ostur. Efst af mörgum vatnslögum er neysluvatnið. Og neysluvatnið virðist vera sama filman undir nánast öllum skaganum. Þannig virðast alla vega mjög greiðir gagnvegir á milli þannig að það sem fer niður á einum stað smitar allt neysluvatnið á skaganum. Það sannaðist fyrir nokkrum árum þegar loðnuflutningabíll valt, á Grindavíkurvegi að mig minnir, og í langan tíma á eftir smitaðist allt neysluvatnið af farminum.

Mér kemur þetta stundum í hug þegar ég mætti á tíðum ferðum mínum um Reykjanesbrautina endalausum flutningabílum á ferð með olíu og bensín upp á Keflavíkurflugvöll utan úr Skerjafirði. Hvað ef eitthvert af þessum gríðarlegu tækjum með marga aftanívagna mundi nú velta á þessari leið, farmurinn færi í jarðveginn og eyðilegði þar með allar neysluvatnsbirgðir á Reykjanesi? Hver væri ábyrgur? Er olíufélagið sem er bótaskylt í slíku tilfelli? Hafa tryggingafélögin tryggt olíufélögin fyrir slysum af því tagi? Eða mundi ríkissjóður takast á við þann gríðarlega vanda sem af þessu mundi hljótast?

[14:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég deili áhyggjum mínum með síðasta ræðumanni um þetta mál. Það má líka nefna fleiri staði sem eru viðkvæmir. En þar sem við erum með Reykjanesbrautina á þessu svæði, þá geta auðvitað orðið slys þar eins og víða annars staðar. Ég hef hins vegar ekki svör hér við þeirri spurningu hver sé ábyrgur. Ég býst við því að það skipti máli hvernig slys hefði borið að, þ.e. hvort þar væri um að kenna vítaverðu gáleysi bílstjóra eða einhverjum öðrum ástæðum þannig að ég hef ekki svör við því hér. En það er alveg rétt að það mundi geta orðið talsvert umhverfisslys ef bíll með stóran olíufarm mundi velta á hliðina þannig að olían læki út í hraunið á viðkvæmum stað. Ég deili því áhyggjum hv. fyrirspyrjanda vegna þessa máls.

[14:32]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það fór eins og mig reyndar grunaði að hæstv. umhvrh. hafði a.m.k. ekki á hraðbergi upplýsingar um hver væri ábyrgur fyrir slíku slysi. Ég óttast að það hafi kannski aldrei farið fram alvarleg athugun á því hver yrði ábyrgur í slíku tilfelli.

Ég veit að þessi hætta er víða til staðar. En hún er kannski sérstaklega mikil þarna af jarðfræðilegum ástæðum og líka vegna þess að flutningar, t.d. á eldsneyti, á þessari leið eru miklu meiri en annars staðar a.m.k. þar sem ég þekki til. Og ég vil leggja á það áherslu að ég tel að þessi mál þurfi að skýrast, þ.e. hver er ábyrgur ef slíkt slys yrði, vegna þess að það liggur í augum uppi að það yrði gríðarlegt fjárhagstjón ef slíkt mundi gerast.

[14:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að ég hef engin sérstök svör við því hver yrði ábyrgur. Ég býst við því að það gætu verið ýmsir aðilar. En það væri vel við hæfi að kanna það sérstaklega og þá er rétt að kanna það hjá olíuflutningsfyrirtækjunum, hugsanlega hjá tryggingafélögunum. Ég held að það sé ekki mjög erfitt að fá þessar upplýsingar en ég hef þær ekki á takteinum hér. Ég býst við því að það mundi verða nokkurt innlegg í umræðuna um ábyrgðina ef slys mundi bera að.

[14:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. hversu vel hún tekur þessu máli og skynsamlega og ég treysti því að í framhaldi af þessum orðaskiptum fari fram athugun á því hver yrði ábyrgur í slíkum tilfellum. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að það liggi fyrir. Ég hef grun um að það sé mjög óklárt. Ef tjón kynni að verða þarna, ef t.d. flutningabíll af þeirri gerð sem ég nefndi áðan ylti með flugvélabensínfarm, þá gæti það orðið svo mikið að tryggingafélög, a.m.k. innlend, gætu varla bætt það nema þau hefðu baktryggt sig sérstaklega erlendis. En ég treysti því að þetta verði kannað í framhaldi af þessari umræðu.

Umfjöllun um hagræðingu í heilbrigðiskerfinu í skýrslu OECD.

[14:35]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Spurning mín er um hlut fjmrn. og afstöðu hæstv. fjmrh. til skýrslu OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar um íslensk efnahagsmál 1999–2000. Skýrsla þessi er þess eðlis að óhjákvæmilegt er að mínum dómi annað en hæstv. fjmrh. geri grein fyrir afstöðu sinni.

Í niðurstöðu skýrslunnar er lýst áhyggjum yfir því að verðbólga fari vaxandi og að mikill halli á viðskiptum við útlönd sé hjá Íslendingum, en þetta séu augljós merki um ofþenslu. Þar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Augljós merki eru um ofþenslu þar sem atvinnuleysi er nú undir 2%."

Þessi dæmalausa afstaða til atvinnuleysisins, sem er hér efnahagsleg stærð en ekki þjóðfélagsböl eins og Íslendingar hafa litið á það, þarfnast skýringa af hálfu hæstv. fjmrh.

Það eru ekki síður aldraðir sem fá sitt í þessari skýrslu. Hér eru settar fram hugmyndir um stórauknar álögur á aldrað fólk. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hægt væri að takmarka kostnað ríkissjóðs vegna umönnunar aldraða með því að leggja á hærri þjónustugjöld."

Og síðar segir:

„Svigrúm er til að auka þjónustugjöld með því að lækka þann hluta af lífeyrisgreiðslum sem einstaklingar á hjúkrunarheimilum halda eftir. En í ljósi eigna aldraðra ættu stjórnvöld að íhuga að fara fram á að hluti þeirra eigna verði notaður til að greiða fyrir dvölina á hjúkrunarheimilum þótt ekki væri nema í því formi að safna skuld við ríkissjóð sem yrði greidd að lokum. Í þessu ljósi yrði að setja reglur sem takmörkuðu hættuna á því að einstaklingar neyttu eigna sinna snemma eða ánöfnuðu þeim til barna sinna.“

Þetta er alvarleg yfirlýsing og við þurfum að heyra afstöðu fjmrh. til hennar.

[14:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er svo að ýmsir alþjóðlegir aðilar hafa tekið að sér að gera úttekt á efnahagsmálum á Íslandi fyrr og síðar. Þar á meðal er Efnahags- og framfarastofnunin í París, OECD.

Á undanförnum mánuðum og missirum hef ég þóst greina merki þess að stjórnarandstaðan teldi sig að jafnaði vera komna með mikinn happafeng í hendur þegar slíkar skýrslur berast vegna þess að þá væri aldeilis hægt að fara að berja á ríkisstjórninni. Maður hefur heyrt það úr herbúðum Samfylkingarinnar m.a. og frá ýmsum öðrum. Reyndar er það nú svo að úttektir þessara aðila hafa gefið til kynna mjög skýrt að efnahagsmál á Íslandi eru í mjög góðu lagi og það er auðvitað heildarniðurstaðan og það sem máli skiptir í úttekt OECD að efnahagsmál á Íslandi eru í góðu lagi þegar á heildina er litið þó vissulega gæti um þessar mundir nokkurra einkenna ofþenslu. Þetta tel ég að sé meginmálið í skýrslunni.

Síðan hafa skýrsluhöfundar tekið sig til og farið að velta fyrir sér nokkrum atriðum sem varða einstaka þætti í þjóðfélagi okkar. Þeir taka sér það fyrir hendur að skoða fiskveiðimálin, umönnunarmál aldraðra og fleiri slíka þætti. Ég verð að segja það, herra forseti, að ég tel að í þeirri umfjöllun gæti verulega skorts á innsýni og skilningi á gerð íslensks þjóðfélags. Það segir okkur auðvitað að menn sem vinna á skrifstofum úti í heimi, hvort sem það er úti í París eins og þessir aðilar eða annars staðar, eru ekki endilega alltaf þeir sem geta sagt okkur best til í sambandi við efnahagsmál eða aðra hluti.

Ég treysti mér ekki til þess að svara fyrir þessar skoðanir. Ég treysti mér heldur ekki til þess að ræða þær ítarlega og efnislega hér í óundirbúinni fyrirspurn. Ég tel að það sé heldur ekki eðlileg krafa að fara fram á slíkt. En ég tel eitt og annað í þessari skýrslu, að því er varðar aldraða, að því er varðar viðhorfið til atvinnuleysis, að því er varðar fiskveiðimálin o.fl. bera vott um að þessir menn þyrftu kannski að koma hér oftar en þeir gera og setja sig rækilega inn í þær forsendur sem við starfrækjum okkar þjóðfélag á.

[14:40]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að við þurfum að fá nánar fram og skýrari afstöðu hæstv. fjmrh. til þessa máls. Ég spyr: Komu sérfræðingar fjmrn. að samningu þessarar skýrslu? Yfirleitt eru skýrslur OECD unnar í samráði við sérfræðinga viðkomandi lands. Komu sérfræðingar fjmrn. að þessari skýrslu?

Þetta eru engar vangaveltur út í loftið. Núna er verið að bjóða út elliheimilin í landinu á grundvelli svokallaðrar einkaframkvæmdar. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar er talað um aukin þjónustugjöld þar sem einkaframkvæmd er við lýði. Þetta eru engar vangaveltur. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar. Og það er aumt ef hún neitar að gangast við stefnu sinni.

Ég óska eftir skýrari svörum og skýrari afstöðu hæstv. fjmrh. til þessa máls.

[14:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það eru takmörk fyrir því hverju hægt er að gera ríkisstjórnina ábyrga fyrir. OECD er sjálf sem stofnun ábyrg fyrir sínum skrifum. Þeir koma hér reglulega, eiga viðtöl við fjölda manna hér á hinum ýmsu stofnunum, þar á meðal í fjmrn., og búa svo til sína eigin skýrslu. Þannig gengur þetta fyrir sig. Mér dettur ekki í hug að gera tillögur stofnunarinnar eða ábendingar endilega að mínum. Það er af og frá og það er fáránleg kenning að íslensk stjórnvöld séu ábyrg fyrir því sem fram kemur í skýrslum sem þessum, jafnvel þó við séum aðilar að þessari stofnun.

En það má líka undarlegt heita ef ekki má koma fram gagnrýni frá aðilum sem þessum án þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson rjúki upp til handa og fóta og fari síðan að blanda þessu saman við allt annað mál sem er ekki verið að tala um hér, þ.e. hugsanlega einkaframkvæmd á ýmsum sviðum þar sem hægt er að koma verkefnum frá opinberum aðilum yfir til aðila á einkamarkaði. Það er allt annað mál eins og við höfum margrætt í þessum sal.

[14:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hefur komið fram að sérfræðingar OECD hafa leitað upplýsinga hjá sérfræðingum hæstv. ráðherra, Geirs H. Haarde. Eftir þá umræðu leyfa þeir sér að segja að það sé svigrúm til að auka þjónustugjöld með því að lækka þann hluta af lífeyrisgreiðslum sem einstaklingar á hjúkrunarheimilum halda eftir. Það er verið að leggja til, eftir þessar viðræður við sérfræðinga ríkisstjórnarinnar, að það eigi að skerða kjör aldraðra.

Ég spyr: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að afneita einhverju því sem er að finna í þessari skýrslu? Þá vísa ég sérstaklega til þess sem er ekkert annað en mannréttindabrot, þ.e. það sem ég vitnaði hér áðan og mun endurtaka, með leyfi forseta:

„Í þessu ljósi yrði að setja reglur sem takmörkuðu hættuna á því að einstaklingar neyttu eigna sinna snemma eða ánöfnuðu þeim til barna sinna.“

Hér er verið að hvetja til mannréttindabrota á öldruðu fólki og ég spyr hæstv. fjmrh.: Er hann tilbúinn að afneita þessum boðskap?

[14:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég skil nú ekki hvað þessi öskur eiga að þýða hérna í salnum. Það er algerlega af og frá að reyna að gera ríkisstjórnina, einstaka ráðherra eða starfsmenn ráðuneyta, ábyrga fyrir þeim skoðunum sem þarna koma fram. Hvað á það eiginlega að þýða? Hvað á það eiginlega að þýða að vera að gera stofnanir íslenska ríkisins ábyrgar fyrir þessu? Vita menn ekki hvernig svona lagað gengur fyrir sig? Er það allt í einu orðið eitthvert hneyksli að eiga viðræður við þessa aðila? (**ÖJ:** Þessi boðskapur er hneyksli.) Þingmaðurinn heldur því fram að þetta hafi komið inn í skýrsluna eftir viðræður við starfslið fjmrn. Hvers lags öfugmæli eru þetta? (**ÖJ:** Afneitar ráðherra þessu?) Á að neita að tala við sérfræðinga frá OECD sem hingað koma til að gera úttektir á íslenskum efnahagsmálum? Er þingmaðurinn að halda því fram að við eigum að neita því? Vill þingmaðurinn ekki að

við séum í þessum samtökum eða eigum samstarf við þessa aðila?

Ég geri ekki þessar tillögur að mínum. Ég hef ekki tekið undir þessar tillögur. Ég hef ekki einu sinni lesið þær allar saman. Ég hef meira og margt merkilegra að gera við minn tíma en að lesa allar skýrslur sem koma af þessu tagi frá útlöndum og það er alveg ástæðulaust að gera slíkt veður út af þessu sem þingmaðurinn hefur hér gert. (**ÖJ:** En þið eru að ...) Það er allt annað mál. Þingmaðurinn er enn einu sinni að rugla saman málum. Hann er með einkaframkvæmd og einkavæðingu á heilanum. Hann kemur ekki hér í umræðu um eitt einasta þingmál (Forseti hringir.) án þess að tala um það og er að blanda því hér inn í allsendis óskylt mál. (Gripið fram í.) Hins vegar er mjög athyglisvert (Forseti hringir.) ef ekki er lengur hægt að nota OECD til að berja á ríkisstjórninni. Það er þá alveg nýtt og mættu kannski einhverjir í Samfylkingunni taka (Forseti hringir.) eftir því. (Gripið fram í.)

[14:45]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti getur ekki tekið undir með þingmönnum að ástæða hafi verið til sérstakrar ókyrrðar út af orðum og ummælum hæstv. ráðherra og vill biðja hv. þingmenn að stilla sig í framtíðinni.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 235. mál (sala á 15

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 81. mál (einsetning, samræmd lokapróf). — Þskj. 81, nál. 282.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Meðferð einkamála, 3. umr.

Stjfrv., 64. mál (EES-reglur, málskostnaðartrygging). — Þskj. 64.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JHall, KolH, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GÁS, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KLM, LB, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 313).

Vöruhappdrætti SÍBS, 3. umr.

Stjfrv., 65. mál (gildistími). — Þskj. 306.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JHall, KolH, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
20 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KLM, LB, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 314).

Framkvæmdarvald ríkisins í héraði, 3. umr.

Stjfrv., 66. mál (Fjarðabyggð, Kjalarneshreppur). — Þskj. 66.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GIG, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JHall, KolH, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
20 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GE, GÁS, GÖ, GunnB, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KLM, LB, ÓÖH, SighB, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 315).

Byggðastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 267.

[14:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Byggðastofnun. Frv. fjallar um vistun, skipulag, stjórnsýslulega stöðu og verkefni nýrrar Byggðastofnunar. Það er því ekki úr vegi að fara aðeins yfir helstu mál varðandi byggðamálin og aðgerðir í byggðamálum á undanförnum árum.

Við erum búin að hafa hverja byggðaáætlunina á fætur annarri. Árið 1993 kom áætlun um stefnumörkun í byggðamálum og á sl. vori var enn ein áætlunin samþykkt um aðgerðir í byggðamálum. Þess á milli og allt um kring hafa verið samþykktar, unnar og kynntar margar tillögur, margar úttektir á stöðu byggðarmála og síðan talað og talað.

Það eina sem byggðirnar sjálfar standa eftir með er að árlega fækkar um nokkur þúsund manns. Fólkið flytur af landsbyggðinni og á meðan er bara talað. Og nú, herra forseti, upplifum við að umræðan um byggðamál er ekki bara orðin skýrslur og tal heldur er hún farin að snúast meira um hrókeringar á einstaka mönnum, jafnvel á því að finna störf fyrir einstaka menn í ákveðnum flokkum. Með því er hinni raunverulegu umræðu um byggðamál og aðgerðir í byggðamálum drepið á dreif og menn ræða meira um hrókeringar.

En það er kannski ástæða til að hrókera. Hvaða flokkur hefur farið með byggðamálin á undanförnum árum? Árlega hefur fækkað milli tvö og þrjú þúsund manns á landsbyggðinni og þeir sem eftir sitja eða eftir eru í sveitarfélögunum eiga æ erfiðara með að veita félagslega þjónustu og halda uppi því mannlífi sem eðlilegt er.

Nú vitum við öll sem komum af landsbyggðinni að auðvitað er þar margt gott og gott að búa þar. En því miður verða þau sjónarmið ekki alltaf ofan á og það er nú svo að aðgengi að öðrum lífsgæðum þarf að fylgja með til þess að við sættum okkur við að búa þar.

Þessi nýju lög um Byggðastofnun, herra forseti, eru kannski söguleg staðfesting á uppgjöf Sjálfstfl. í byggðamálum. Þau eru ákveðin jarðarför stefnu og vinnu, hinnar atorkusömu vinnu Sjálfstfl. í byggðamálum á undanförnum árum sem ekki hefur hlotið neinar vinsældir því ekkert hefur náðst fram þar eða a.m.k. afar takmarkað gerst þar. Þess vegna er nauðsynlegt að færa þau mál. Það er hörmulegt, herra forseti, að vita hvernig öll undanfarin ár hafa farið forgörðum. Ekki hefur vantað úttektirnar og áætlanirnar en ekkert hefur gerst.

Ef við lítum aðeins á þær áherslur sem hæstv. ríkisstjórn hefur í byggðamálum, þá er gott að líta á þær tillögur sem liggja fyrir í fjárlagafrv. og bera þær saman við till. til þál. um aðgerðir í byggðamálum sem voru samþykktar á sl. vori og var flaggað af miklum krafti í síðustu kosningabaráttu. Nú ætluðu Framsfl. og Sjálfstfl. að fara að hefja stórátak í byggðamálum — og sögðu kjósendum sínum frá því — en allt öðruvísi en þeir höfðu gert á undanförnum árum þó svo þeir hafi líka sagt það þá.

Boðað var stórátak í vegamálum, vegagerð og samgöngumálum dreifbýlisins. Allir vita að samgöngumálin eru undirstaða þess að byggja upp þjónustu, vænt og gott mannlíf og þau eru mikilvæg fyrir alla atvinnustarfsemi. Boðað var stórátak í samgöngumálum. Hvað er það sem við upplifum? Niðurskurður til vegamála.

En lítum á hafnamálin. Hafnamálin í hinum dreifðu byggðum landsins eru grunnur þess að hægt sé að stunda þar öruggt útræði, sjávarútveg, viðskipti og að skip geti komið með og sótt vörur. En hvað segir fjárlagafrv. okkur? Jú, það er pólitísk stefna ríkisstjórnarinnar að skera niður í hafnamálum. Það eru þá byggðaaðgerðirnar.

Hvernig er staða bænda, hvernig er staða sauðfjárbænda? Samkvæmt nýrri skýrslu um byggðir á Íslandi, sem var að koma út af hálfu væntanlega fráfarandi Byggðastofnunar, segir að sú staða hafi aldrei verið verri og þær aðgerðir sem einhvern tíma var ætlunin að gera hafi aldrei verið gerðar. Þetta eru þær aðgerðir sem við horfum fram á í fjárlagafrv. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar finnst ekki orð um það hvernig á að taka á þessum málum.

Megum við minna á raforkumál dreifbýlisins? Við vitum að það er afar þýðingarmikið að fá öruggt og gott rafmagn úti um land, á bæi, í þéttbýli og dreifbýli og styrkja ekki aðeins almennt dreifikerfi heldur líka að koma iðnaðarrafmagni eða þriggja fasa rafmagni sem víðast þannig að samkeppnisaðstaðan geti verið jöfnuð.

Það litla framlag sem var tryggt í fjárlögum og fjárlagafrv. er nú skorið niður samkvæmt sérstöku átaki ríkisstjórnarinnar í því að draga úr verðbólgu eða hefta þenslu. Þá þótti nauðsynlegt að skera þennan lið niður. Þetta eru, herra forseti, hinar talandi aðgerðir í byggðamálum. Það þarf ekkert að segja okkur hvort það er framsóknarmaður eða sjálfstæðismaður sem er í forsvari. Þetta er það sem fólkið í landinu sér, mætir og eðlilega skilur.

Víkjum aðeins að frv. Þar er gert ráð fyrir að flytja byggðamálin yfir til iðnrn. Herra forseti, við erum með atvinnuvegaráðuneyti. Við erum með landbrn. sem fer með málefni landbúnaðarins. Við erum líka með stærðarapparat sem heitir Bændasamtök Íslands og búnaðarsamböndin vítt og breitt um landið sem fara einnig með stóran hluta í þróunarstarfi landbúnaðarins. Er nú á bætandi að fara að setja eitt ráðuneytið enn inn í þennan málaflokk?

Við erum með sjútvrn. og sjávarútvegurinn er mikilvægur fyrir hinar dreifðu byggðir landsins. Á kannski að taka verkefni sjútvrn. og setja undir þetta nýja ráðuneyti?

Menntamálin í hinum dreifðu byggðum landsins, þekkingariðnaðurinn sem er svo mikilvægt að byggja upp en við höfum farið varhluta af slíkri uppbyggingu. Fram sett fjárlagafrv. sýnir enga breytingu þar á. Er ástæða til að fara að taka menntamálin og setja þau undir iðnrn.? Því fátt er mikilvægara úti í hinum dreifðu byggðum en einmitt skýr stefna og framkvæmd í menntamálum.

Lítum á félagsmálin, þá úlfakreppu sem sveitarfélögunum úti um land er haldið í sem verða að bera það að flytji fólk af svæðinu og sé það búið að flytja lögheimili sitt fyrir 1. desember þá fara öll útsvörin til hins nýja sveitarfélags.

Herra forseti. Tæplega 3.000 manns flytja lögheimili sitt fyrir 1. desember á suðvesturhornið og taka með sér öll sín útsvör þangað þó svo að þetta fólk hafi kannski sótt almenna þjónustu í heimasveitarfélögum sínum langt fram til þess tíma. Er þetta eitthvert réttlæti? En það er ekki tekið á þessu. Nei, það er mikilvægara að setja ný lög um að gera Byggðastofnun að skrifstofu í iðnrn., koma nokkrum vel völdum mönnum þar í stjórn, reyndar áhrifalausum, og að ráða þar síðan framkvæmdastjóra, reyndar án ábyrgðar, hann þarf ekki að bera neina ábyrgð, en þó er hægt að koma þarna nokkrum mönnum fyrir. Þetta láta meira að segja sjálfstæðismenn hafa sig út í í uppgjöf sinni í byggðamálum. Kannski

væri þetta leið til að leggja Byggðastofnun þá hreinlega niður og gera hana formlega að skrifstofu í iðnrn. eins og þarna er verið að leggja til.

Margt er skrýtið í sambandi við þau verkefnin sem stofnuninni er ætlað að sinna. Lögð er áhersla á að hin nýja Byggðastofnun eigi að takast á hendur rannsóknir, vera nokkurs konar rannsóknarstofnun. Ég hélt, herra forseti, að töluvert margar rannsóknarstofnanir væri þegar starfandi. Við erum með háskólastofnanir, háskóla í Reykjavík, á Akureyri og á Hvanneyri. Við erum með stofnanir víða um land sem fást við rannsóknir og við erum með rannsóknarstofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Þannig að síst væri nú þörf á að fara að búa til nýja rannsóknarstofnun. Það er svo sem eðlilegt að Byggðastofnun láti vinna fyrir sig verkefni, en að hún fari að reka rannsóknarstofnun á eigin vegum, eins og þarna er látið að liggja, á ég bágt með að sjá nokkurt einasta vit í. Eða liggur kannski eitthvað annað undir? Er, herra forseti, verið að laumast aftan að stjórnsýslunni, aftan að stjórnskipuninni? Er þarna verið að vinna einhverja forvinnu til að leggja niður atvinnuvegaráðuneytin? Á að leggja landbrn. undir iðnrn., sjútvrn. undir iðnrn. og félmrn. undir iðnrn.? Á að leggja rannsóknarstofnanir atvinnuveganna undir iðnrn.? Kannski er það þetta sem vakir fyrir mönnum.

Þær forsendur og þau verkefni sem hér eru dregin upp varðandi þetta nýja frv. gefa lítið tilefni til væntinga um að taka eigi sérstaklega á byggðamálum umfram það sem hingað til hefur verið gert.

Það má þó Byggðastofnun eiga að tiltölulega góð sátt hefur verið um stjórn hennar og stjórnsýslu, þó svo hún hafi síðan reynst vanmáttug í að koma málum áfram því hana hefur skort fjármagn. En um stöðu hennar hefur annars verið þokkaleg sátt. Ég sé ekki að sú breyting, að gera þetta að einhverri gæðingadeild innan iðnrn., sé breyting sem skapi trúverðugleika í þjóðfélaginu. Það er af og frá, herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja að hér sé um alvarlegt glapræði að ræða. Þetta er hrein vanvirða gagnvart sveitunum og byggðunum að ráðskast svona með þetta. Við erum með atvinnuvegaráðuneyti. Iðnrn., með fullri virðingu fyrir öllum þeim góðu verkefnum þar, er kannski síðasta ráðuneytið sem ætti að fela þetta. Það væri nær að hugsa sér félmrn. Því veitti ekki af að átta sig betur á hver raunveruleg staða og fjárhagsstaða sveitarfélaganna er, og verkefnaleg staða. Það væri nær að það fengi þetta verkefni því það kemur inn á flesta þá þætti.

Nei, herra forseti, hér er ekki verið að fjalla um byggðamál. Hér er annars vegar verið að fjalla um ákveðna uppgjöf Sjálfstfl. í byggðamálum. Hann hefur gefist upp á byggðamálunum, finnst þau sennilega leiðinleg, og hins vegar er verið að færa þetta yfir á framsóknarmenn. Og hvort sem þeir verða feitir af því eða ekki þá er ljóst að það skapar störf — virðingarstöður fyrir nokkra menn. Á meðan gerist ekkert raunhæft í byggðamálum, samanber tillögur í fyrirliggjandi fjárlagafrv.

Herra forseti. Þetta er alveg hörmulegt innlegg í byggðaumræðuna.

[15:05]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um að verið væri að færa byggðamálin frá Sjálfstfl. til Framsfl. Nú býst ég ekki við því, því miður, að forsrn. verði endalaust í vörslu Sjálfstfl. þó betur færi, og enn síður að iðnrn. verði alltaf í höndum framsóknarmanna.

Það hefur verið dálítið merkilegt að fylgjast með gagnrýni á frv. hér á Alþingi og reyndar í fjölmiðlum líka. Gagnrýnin er aðallega á það hvernig eigi að velja menn til stjórnarsetu í Byggðastofnun og hvaða ráðuneyti verði yfir stofnuninni. Þetta er sérstaklega athyglisvert fyrir okkur í nefndinni sem samdi drögin að frv. því við hittum gríðarlega marga menn að máli. Við fengum á fundi okkar tugi manna úr hinum ýmsu þáttum þjóðlífsins sem snúa að byggðamálum. Við fórum í heimsókn í Iðntæknistofnun, Háskólann á Akureyri og heimsóttum ársfund iðnráðgjafa o.fl. Við hittum trúlega á annað hundrað manns. Ekki einn einasti, ekki einn af þessum mönnum nefndi að máli skipti hvernig væri valið í stjórn eða hvaða ráðuneyti hefði með þessi mál að gera. Það sem stóð upp úr hjá öllu þessu fólki var hið sama, það lagði áherslu á að samhæfingu skorti í stoðkerfum atvinnulífsins og nýta þyrfti betur það fjármagn sem varið er til þessara mála. Og það kom líka fram að mikill vilji er til að vinna markvisst að því að ná fram auknu samstarfi og aukinni samhæfingu atvinnuþróunarstarfsins. Menn sögðu sem svo, við erum með Byggðastofnun, Iðntæknistofnun, Nýsköpunarsjóð, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og hvað þetta heitir allt saman, og við erum að setja peninga í þetta allt, hvert í sínu lagi. Það eru allir að verja sína landhelgi. Þessar stofnanir eiga að starfa saman, þannig nýtist þetta fé best. Svo koma menn hér á Alþingi og tala um hvernig eigi að velja í stjórn eins og það sé mál málanna.

[15:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ætti að lesa stjórnskipun þessarar stofnunar. Þetta er hrein og klár stjórnsýsluleg ríkisstofnun sem verið er að setja upp. Hún heyrir undir ráðherra, hún fær málamyndastjórn, hún fær málamyndaframkvæmdastjóra en málaflokkurinn sem slíkur heyrir undir ráðherra. Hún fær nákvæmlega sömu stöðu og aðrar ríkisstofnanir. Ég sé ekki annað en að verið sé að búa til eina stofnunina enn sem muni kljást um eigin tilveru og eigin stöðu frekar en málaflokkinn, eins og hv. þm. var að drótta að öðrum stofnunum sem hafa hliðstæða stjórnsýslulega stöðu innan ráðuneytanna. Og það er ekkert til bóta, herra forseti.

[15:07]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á að lesa skýrslu sem Ríkisendurskoðun gerði, stjórnsýsluúttekt á Byggðastofnun, sem var gerð á árinu 1996. Í þeirri skýrslu hvetur Ríkisendurskoðun til þess að farið verði með þessum hætti með Byggðastofnun, að hún verði tengd betur stjórnkerfinu eins og hér er verið að leggja til. Það væri gagnlegt fyrir alþingismenn að skoða þessa skýrslu. Ég get vel skilið að menn sem ekki sátu á þingi á þessum árum hafi ekki séð hana, en ég ráðlegg hv. þm. sem ég veit að vill hafa það sem sannara reynist að skoða þá skýrslu.

[15:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að ræða um Byggðastofnun sem nú er. Það má ábyggilega margt að hennar stjórnsýslulegu stöðu finna eða ræða. Hin nýja Byggðastofnun er hins vegar ekkert annað en áhrifalaus lítil stofnun sem sett er inn í ráðuneytið og á að lúta öllum þeim lögum og reglum sem stofnanir á vegum ráðuneyta lúta. (**Gripið fram í:** Ábending Ríkisendurskoðunar.) Ríkisendurskoðun er bara Ríkisendurskoðun — við höfum löggjafarvaldið. Þessi stofnun er að fá nákvæmlega sömu stöðu.

Herra forseti. Frómt frá sagt er með þessu frv. verið að leggja Byggðastofnun niður, sem menn geta síðan haft sína eigin skoðun á hvort sé gott eða rétt, og búa til skrifstofu í ráðuneytinu hvort sem mönnum síðan finnst það betra eða verra. En á meðan gerist ekkert í byggðamálum, herra forseti. Það er það sem er hið alvarlega.

[15:09]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Fyrir samhengi málsins vil ég aðeins fá að rifja það upp að á sínum tíma þegar sú ákvörðun var tekin við myndun núv. hæstv. ríkisstjórnar að færa stjórnskipulega stöðu Byggðastofnunar frá forsrn. til iðnrn., þá mótmælti ég þeim hugmyndum, talaði gegn þeim í mínum þingflokki og lét það koma fram opinberlega. Þetta varð hins vegar niðurstaðan í þeim umræðum og viðræðum sem fóru fram, það varð niðurstaðan við myndun ríkisstjórnarinnar að þannig skyldi þetta verða. Ég samþykkti þessa stjórnarmyndun og mun að sjálfsögðu þess vegna lúta því að þetta varð niðurstaða málsins, þrátt fyrir að ég hafi haft efasemdir og athugasemdir og lýst andstöðu við það á sínum tíma, þá get ég að sjálfsögðu ekki annað en fylgt því eftir sem ég sjálfur hef samþykkt á fyrri vettvangi. Og þó svo að ég hafi lýst þessum efasemdum mínum, þá stend ég að þeirri hugmynd að færa stjórnskipulega stöðu Byggðastofnunar yfir til iðnrn.

Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að nauðsynlegt sé að vekja athygli á því að frv. felur í sér annað og meira en bara það að flytja stofnunina frá einu ráðuneyti til annars. Það er líka verið að breyta stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar að því leytinu til að hún er í dag svokölluð sjálfstæð stofnun, sem er að vísu mjög óalgengt með aðrar ríkisstofnanir og verður samkvæmt orðanna hljóðan í 1. gr. frv. sérstök stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnrh. og er þess vegna miklu líkari mörgum öðrum stofnunum sem starfa núna sem ríkisstofnanir. Ég er hins vegar alveg ósammála því sem hér hefur verið sagt, m.a. af hv. síðasta ræðumanni, að þar með sé stofnunin orðin ónýt stofnun og þar með sé hún ekki líkleg til að geta tekið á nokkrum sköpuðum hlut. Það held ég sé algjörlega ofmælt. Með því værum við að segja að þetta ætti við um til að mynda Flugmálstjórn sem er samkvæmt stjórnskipulegri stöðu sérstök ríkisstofnun og heyrir undir samgrh. Við skulum ekki tala með þeim hætti að stofnanir sem ekki eru sjálfstæðar séu um leið ónýtar stofnanir sem ekki er hægt að brúka til þeirra verkefna sem við ætlumst til af þeim. Engu að síður breytist stofnunin. Möguleikar þeirra sem þar starfa hvort sem það eru stjórnarmenn, starfsmenn eða forustumenn til að taka ákvarðanir af þeim toga sem teknar hafa verið á vettvangi Byggðastofnunar minnka sem þessu nemur. Það er eðli sjálfstæðra ríkisstofnana að niðurstöðum þeirra verður ekki áfrýjað til æðra stjórnvalds, það er einfaldlega þannig. Þess vegna hefur stofnunin haft mikið sjálfstæði. Hún hefur lagt fram tillögur og ábendingar í raun og veru án þess að hæstv. forsrh., sem hefur verið hinn stjórnskipulegi yfirmaður stofnunarinnar, hafi endilega haft mikið með það að gera. Þannig hefur t.d. byggðaáætlunin verið unnin að frumkvæði og algjörlega á ábyrgð stjórnar Byggðastofnunar. Byggðaáætlunin hefur síðan verið lögð fyrir hæstv. forsrh. sem hefur flutt hana, oft að undangengnum einhverjum breytingum, en engu að síður er það ljóst að forræði málsins hefur alltaf verið hjá Byggðastofnun.

Ég tel að það sé galli á frv. að gert er ráð fyrir að þessi þáttur málsins, þ.e. stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára, flytjist til, þ.e. forræðið eða vinnan að því máli flytjist að mestu leyti til iðnrn. og það hafi ekki annað hlutverk gagnvart Byggðastofnun en að bera þetta undir stofnunina. Þetta tel ég vera mjög óskynsamlega aðferð. Við höfum sérfræðilega stofnun, sem Byggðastofnun vissulega er, og það er að mínu mati miklu eðlilegra að gangur málsins sé sá að Byggðastofnun vinni að undirbúningi þessarar stefnumótandi áætlunar en sé síðan flutt inn í þingið af þeim ráðherra sem hefur með stjórnskipulegt vald eða hefur hina stjórnskipulegu stöðu að vera yfirmaður stofnunarinnar. Þetta hefur að mínu mati gefist vel. Hins vegar má deila endalaust um þessar almennu byggðaáætlanir sem gerðar hafa verið og eru gerðar. Stjórn Byggðastofnunar hefur unnið að því nýmæli, ef við getum sagt sem svo, að fylgja eftir þessari áætlun með skýrslu þeirri sem hv. þm. hafa nú undir höndum, Byggðir á Íslandi, og má segja sem svo að sé á vissan hátt eftirfylgni þeirrar byggðaáætlunar sem núna er í gildi og var að mínu mati tímamótaplagg í byggðaumræðunni hér á landi.

Ég tel að við ættum í meðförum þingsins að skoða hvernig við getum styrkt stofnunina. Það er mjög mikilvægt að hún sé sterk. Hún þarf auðvitað að sinna því mikla hlutverki að hringja viðvörunarbjöllum, hafa áhrif, sýna frumkvæði, taka af skarið, miðla nýjum upplýsingum og freista þess að móta nýja stefnu vegna þess að mjög margt er að brjótast um í stefnumótun á sviði byggðamála úti um allan heim. Það hefur verið ljóður á umræðunni hér á landi hversu einangruð hún hefur verið. Umræðan um þessi mál hefur ekki verið á sama stigi og úti í heimi. Ég held, virðulegi forseti, að skynsamlegt væri að nefndin sem tekur þetta mál að sér skoðaði þann þátt málsins. Í annan stað tel ég að það yrði til þess að styrkja og auka sjálfstæði stofnunarinnar ef öðruvísi yrði valið í stjórn hennar. Ég er alveg sammála því sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði. Auðvitað er þetta ekki aðalatriði málsins en yrði ásamt öðru til að styrkja sjálfstæði stofnunarinnar.

Ég tek heils hugar undir að það hefur verið mikill galli á atvinnuþróunarstarfi í landinu hversu dreift það er. Við sjáum á mörgum sviðum að í raun er mikið fjármagn til ráðstöfunar til atvinnuþróunarstarfsemi víða í landinu. Eins og hv. 4. þm. Vesturl. vakti alveg réttilega athygli á fer mikið af peningum t.d. í gegnum hendur hæstv. iðnrh. sem maður mundi ætla að rynnu hér eftir í gegnum Byggðastofnun. Hæstv. ráðherra hefur fengið til úthlutunar að mig minnir 80 millj. kr. á ári hverju undanfarin ár vegna þess sem kallað hefur verið arðgreiðslur Landsvirkjunar. Síðan hefur auðvitað verið unnið margs konar atvinnuþróunar- og styrktarstarf á vegum Iðntæknistofnunar. Það er alveg hárrétt að mikilvægt er að reyna að samþætta þessa starfsemi.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á að Byggðastofnun hefur mótað, fylgt eftir og hrint í framkvæmd nýrri stefnu fyrir atvinnuþróunarstarf í landinu. Í raun er það ekki lengur þannig að atvinnuþróunarstarfsemi sé á sviði Byggðastofnunar heldur hefur Byggðastofnun falið atvinnuþróunarfélögum á landsbygðinni að vinna þetta verk. Stofnunin hefur varið til þeirra talsvert miklum fjármunum í þessu skyni. Nú er á forræði, ábyrgð og að frumkvæði heimamanna hvernig til tekst. Ég held að þetta sé mjög skynsamlegt. Við erum ekki lengur með þessa miðstýrðu hugsun í atvinnuþróunarstarfi heldur er það lagt upp í hendurnar á heimamönnum. Ég vildi sjá, virðulegi forseti, áframhald á þessari þróun. Ég tel raunar fullt tilefni og mikla möguleika til, í breyttu skipulagi Byggðastofnunar sem nú heyrir undir iðnrh., að færa starfsemi af þessu tagi meira út á landsbyggðina. Ég vek í þessu

sambandi athygli á starfsemi sem núna fer fram af hálfu Iðntæknistofnunar á þessu sviði sem augljóst er að flytja á eins mikið og hægt er, nema kannski grunnrannsóknirnar, út í atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Ég vil, virðulegi forseti, árétta að mikilvægt er að unnið verði á þessu sviði.

Í því sambandi vil ég vekja athygli á því að í 11. gr., síðustu málsgrein þessa frv., er athyglisverð stefnumótun sem ég tel nauðsynlegt að fylgja eftir. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar."

Segja mætti að þarna séu opnaðir möguleikar á hagræðingu og því að flytja verkefni út á landsbyggðina. Auðvitað er ekki sama hvernig þetta er gert. Það er t.d. ljóst mál að stóru bankarnir, Íslandsbanki, Búnaðarbanki og Landsbankinn, hafa fyrst og fremst verið að efla starfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu og dregið úr henni á landsbyggðinni. Þeir færa t.d. alls konar fjármálalega þjónustu, bókhald og þess háttar frá stofnunum úti á landi og til Reykjavíkur. Þetta er auðvitað gagnstætt stefnumótun Alþingis, þrátt fyrir að þarna sé um að ræða ríkisbanka. Ég tel að þarna séu opnaðir möguleikar á að færa verkefni af þessu tagi út á land í fjármálastofnanir dreifbýlisins til að vinna úr. Það væri mjög í samræmi við þá stefnumótun sem unnið hefur verið að innan Byggðastofnunar fram að þessu.

Ég er hins vegar ósammála því sem fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. v. að óeðlilegt sé að Byggðastofnun vinni að rannsóknar- og þróunarverkefnum. Þvert á móti tel ég að það sé eitt af því skársta sem gert hefur verið í byggðamálum á undanförnum árum að efla þá starfsemi. Hér ætlaði allt vitlaust að verða, m.a. í nafni starfsöryggis starfsmanna Byggðastofnunar, þegar sú sjálfsagða og eðlilega ákvörðun var tekin að færa verkefni þróunarsviðs Byggðastofnunar út á land, norður á Sauðárkrók. Þetta hefur tekist mjög vel. Þar starfar nú ungt, áhugasamt og vel menntað háskólafólk sem m.a. hefur sótt þekkingu sína í erlenda háskóla. Það kann vel við sig í starfi í þessu norður í Skagafirði, eins og eðlilegt er. Þessi starfsemi hefur tekist mjög vel. Fyrir þessa starfsemi hefur það gerst að umræðan um byggðamál í landinu hefur gerbreyst. Það er úr sögunni að menn komist upp með að halda áfram þessari umræðu í upphrópunarstíl. Þróunar- og rannsóknarvinnan hefur haft það í för með sér að umræðan er upplýstari og hægt að svara með rökum á grundvelli þekkingar sem þetta fólk hefur aflað, m.a. í samstarfi við háskólana í landinu, bæði á Akureyri og hér í Reykjavík.

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika nauðsyn þess að efla þennan þátt málsins og Byggðastofnun á að hafa frumkvæði í þessu, að færa þessa miklu þekkingu inn í landið og miðla henni áfram. Ég vil vekja athygli á því að skýrslan sem við erum öðrum þræði að ræða í dag, um byggðir á Íslandi, byggist á viðurhlutamikilli rannsóknarstarfsemi og athugunum fólks sem hefur aflað sér sérþekkingar á þessu sviði. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að þennan þátt stofnunarinnar þurfi að efla.

Loks vil ég, virðulegi forseti, vekja athygli á einu varðandi starfsemi Byggðastofnunar. Stundum hefur verið rætt hvort ekki væri eðlilegt að fella niður heimildir stofnunarinnar til að annast lánastarfsemi. Sú þróun sem verið hefur, m.a. á fjármálamarkaðnum á undanförnum árum, hefur leitt til þess að meiri þörf er á því núna en nokkru sinni fyrr, a.m.k. frá því að ég fór að fylgjast með þessu máli, að lánastarfsemi Byggðastofnunar haldi áfram og verði efld. Sannleikurinn er sá og ég þekki það af reynslu sem stjórnarmaður stofnunarinnar að fyrirtæki utan af landsbyggðinni hafa staðið frammi fyrir því að hið nýja fjármálaumhverfi sem hefur að langmestu leyti orðið til góðs í þjóðfélagi okkar hefur hins vegar mjög takmarkaðan skilning á þörfum einstakra fyrirtækja á landsbyggðinni. Ég fullyrði að víða er ekki einu sinni til staðar sú nauðsynlega sérþekking sem þarf til þess að taka þessar ákvarðanir. Byggðastofnun hefur þar með þurft að koma að málum sem hún þurfti ekki að skipta sér mikið af hér áður.

Í gamla daga lánaði t.d. Fiskveiðasjóður Íslands sjálfvirkt til fyrirtækja í sjávarútvegi út á 1. veðrétt þeirra. Síðan komu aðrar lánastofnanir og hjálpuðu upp á sakirnar eins og efni stóðu til. Arftaki þessarar stofnunar, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, vinnur ekki svona. Ég er ekki að gagnrýna það út frá forsendum bankans. Þetta er einfaldlega staðreynd og mat margra lánastofnana á eignum á landsbyggðinni er þannig að Byggðastofnun hefur orðið að koma þar inn öflugar en áður. Þess vegna vil ég segja, virðulegi forseti, að ég tel að styrkja þurfi lánadeild Byggðastofnunar og efla. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að mörg verkefni úti á landi eru í eðli sínu áhættusöm og getur farið svo að stofnunin þurfi á sérstökum styrk að halda til að geta stutt þá starfsemi. Ég vil að þetta komi glögglega fram.

Virðulegi forseti. Þetta voru fremur almennar hugleiðingar um þessa stofnun í upphafi máls. Ég tel að mjög margt hafi orðið til bóta í starfi stofnunarinnar á undanförnum árum, sérstaklega með frumkvæði stofnunarinnar, ekki síst stjórn hennar sem hefur unnið að því að færa verkefni eftir föngum út á land. Þar með hefur hún aukið ábyrgðina hjá einstaklingunum sem þar búa svo hægt sé að laða fram frumkvæðið sem þarf sem er forsenda hinnar nauðsynlegu endurreisnar atvinnulífsins á landsbyggðinni. Ég tel mikilvægt að unnið sé í þeim anda. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að þeir þættir frv. sem lúta að t.d. gerð byggðaáætlana og sjálfstæði stofnunarinnar séu efldir til að stofnunin geti tekið á í þeim erfiðu málum sem víða er við að glíma á landsbyggðinni. Við þurfum að bregðast við þeim vegna þess að það er þjóðfélagslega óhagkvæmt fyrir okkur að sú byggðaþróun haldi áfram sem hefur verið á undanförnum árum.

[15:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa einlægan vilja hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar í byggðamálum. Ég harma það eitt að honum skuli ekki verða meira ágengt í þeim málum innan flokks síns og meiri hluta ríkisstjórnarinnar. Áranguinn fær a.m.k. ekki að sjá dagsins ljós í fjárlagafrv. eða í ríkisfjármálunum sem eru hin eina pólitíska yfirlýsing í raun.

Varðandi það sem hv. þm. gat um í sambandi við 11. gr., um veitingu lána og ábyrgða, vil ég leyfa ég mér, herra forseti, að spyrja hvort ekki sé ástæða til að fá lagalega umsögn og ráðgjöf frá lögfræðingum eða Ríkisendurskoðun um það hvort þessi stofnun, eins og hún er byggð upp hér, hafi stjórnsýslulega heimild til þess að veita lán. Hún er deild í ráðuneytinu samkvæmt því sem þarna segir og fyrirsögnin er breytt frá því sem áður var. Byggðastofnun er sérstök stofnun en hét áður sjálfstæð stofnun. Hún er látin heyra beint undir framkvæmdarvaldið og hefur í raun ekki sjálfstæði til aðgerða. Þess vegna leyfi ég mér að draga í efa

a.m.k. stjórnsýslulegan rétt hennar til að veita lán. Hann tel ég reistan á mjög veikum grunni.

[15:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek að því leyti undir mál hv. þm. að nauðsynlegt sé að nefndin sem fær málið til meðhöndlunar fari mjög vel yfir það og kalli eftir þeim upplýsingum sem hún telur sig þurfa til að taka ákvarðanir í framtíðinni.

Ég hef engar efasemdir um að stofnunin hefur skv. frv. alveg heimild til að veita lán. Ég vek athygli á því að í lögunum er einmitt kveðið á um hvernig það skuli fara fram. Í því sambandi tel ég mikilvægt að vekja athygli á að það er óbreytt frá gildandi lögum að stjórnin tekur ákvarðanir og setur reglur um lán og ábyrgðarveitingar. Hún hefur síðan heimild til að framselja hluta af því valdi sínu til forstjóra. Ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að vefengja þetta. Ég mundi ekki gera nokkra athugasemd, nema síður sé, við að menn leituðu frekari upplýsinga og staðfestingar á því. Það er nauðsynlegt, eins og hv. þm. víkur að, að stofnunin hafi skýrar leikreglur til að vinna eftir þannig að hún geti brugðist við eins og henni ber.

[15:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að stjórnin starfar ekki á eigin ábyrgð heldur á ábyrgð iðnrh. Þess vegna er mikilvægt að einmitt þessi réttur hennar sé ljós. Hún getur ekki tekið þennan rétt af ráðherranum frekar en annan rétt.

Herra forseti. Annars er það svo skoðun út af fyrir sig hvort ekki eigi að leggja Byggðastofnun algerlega niður frekar en fara í þennan skollaleik. Ætti fremur að gera harðari kröfur á fagráðuneytin sem þessir málaflokkar allir saman heyra undir til skiptis, um að þau standi sína plikt og geri það sem ætlast er til af þeim í stað þess að koma upp eftirlitsstofnun á framkvæmd fagráðuneytanna.

[15:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í þessu sambandi minna á að ég hygg að stjórnskipuleg staða nokkurra annarra sjóða sé svipuð, eins og t.d. Lánasjóðs landbúnaðarins og Ferðamálasjóðs og e.t.v. einhverra fleiri. Mig minnir að hæstv. landbrh. til að mynda skipi í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins þannig að það kæmi mér afar mikið á óvart ef það kæmi nú allt í einu í ljós að þessi sjóður hefði ekki heimild til þess að lána út peninga. Ég held að þetta hljóti að vera einhver misskilningur. En ég held að það sé bara til bóta fyrir málið að leitað sé eftir umsögnum um það þannig að menn hafi það þá svart á hvítu.

Ég er hins vegar algjörlega ósammála hv. þm. um að það væri best af öllu, úr því að breyta á lögum um Byggðastofnun, að leggja þá stofnun niður. Ég held að þvert á móti að hún hafi miklu hlutverki að gegna, bæði til þess að samþætta atvinnuþróunarstarf eins og sem hún hefur gert og til þess að efla þróunarvinnu og rannsóknir eins og hún hefur verið að gera norður á Sauðárkróki með mjög góðum árangri. Og síðast en ekki síst að sinna því hlutverki að lána peninga til atvinnulífs á landsbyggðinni sem þarf á því að halda þegar aðstæður eru eins og ég var að lýsa í ræðu minni áðan.

[15:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór mikinn í því að réttlæta tilveru Byggðastofnunar. Hann sagði m.a. að takmarkaður skilningur væri á stöðu fyrirtækja úti á landi og þá væntanlega af hendi lánastofnana í Reykjavík. Nú er það svo að allt er yfirfljótandi í peningum og lánastofnanir í Reykjavík og alls staðar á landinu leita með logandi ljósi að góðum skuldurum. Getur þá verið að þessi fyrirtæki úti á landi séu ekki góðir skuldarar? Er Byggðastofnun að taka að sér lélega skuldara með þessum hætti?

Hv. þm. sagði að Byggðastofnun væri ætlað að laða fram frumkvæði. Því vil ég spyrja: Hefur hann þá trú að opinberir starfsmenn séu best til þess fallnir að laða fram frumkvæði? En starfsmenn Byggðastofnunar eru væntanlega opinberir starfsmenn eftir því sem ég veit best.

Nú er það svo að byggðaröskun hefur aldrei verið meiri en eftir að Byggðastofnun var sett á laggirnar og verður því verri sem hún starfar lengur. Hins vegar hefur verðbréfamarkaðurinn skutlað miklu meiri peningum út á land en nokkurn tímann Byggðastofnun og vil ég þar nefna Neskaupstað, Eskifjörð og svo núna Reyðarfjörð sem á að fá tugi milljarða fram hjá Byggðastofnun. Getur ekki verið að Byggðastofnun sé tímaskekkja, úrræði sem löngu er úrelt og ætti þar af leiðandi að leggja niður?

[15:33]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þetta með góðu og vondu skuldarana. Við skulum reyna að átta okkur aðeins á því hvernig við getum mælt þetta. Nú vill svo til að hin merka stofnun, Byggðastofnun, hefur reynt að gera það. Hún gerði það þannig að hún fór í það að rannsaka hvar útlánatöpin höfðu helst orðið, í hvaða atvinnugreinum og á hvaða landsvæðum. Niðurstaðan er dálítið sláandi. Hún er sú að þessar frægu greinar, sjávarútvegur og landbúnaður, eru ábyrgar fyrir hvað minnstum gjaldþrotum hlutfallslega í landinu. Og í öðru lagi að gjaldþrotin hafa orðið hvað stærst og mest á höfuðborgarsvæðinu í þjónustugreinum og fleiri greinum sem þar eru til staðar. Við getum því sagt sem svo að ef menn skoðuðu þetta hlutlaust og lánastofnanir ætluðu að skoða það með þeim hætti, þá ættu þær auðvitað að sækjast mjög eftir því að skipta við sjávarútvegsfyrirtæki, landbúnaðarfyrirtæki og fyrirtæki á landsbyggðinni. En veruleikinn er bara sá að svo er ekki og þess vegna hefur Byggðastofnun orðið að sinna viðurhlutameira lánahlutverki en menn höfðu gert ráð fyrir.

Hv. þm. spurði líka hvort ég teldi sennilegt að opinberir starfsmenn löðuðu fram frumkvæði. Ég held að það sé miklu líklegra að frumkvæðið sé laðað fram úti á landsbyggðinni hjá fólkinu sjálfu og þess vegna hefur Byggðastofnun, kannski ein fárra ríkisstofnana, verið að draga úr eigin umfangi og fært þessi verkefni og þessa fjármuni út á land til fólksins sjálfs til þess að hægt sé vinna á þeim forsendum sem það telur skynsamlegast. Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. um að verðbréfamarkaðurinn hefur í mörgum tilvikum skilað mikum fjármunum út á land sem betur fer, eins og hann hefur almennt orðið til góðs í landinu. En það breytir því ekki að millistór og minni fyrirtæki á landsbyggðinni hafa lent í þessari stöðu sem ég var að lýsa áðan og þess vegna hefur lánastarfsemi Byggðastofnunar orðið veigameiri en mig t.d. óraði fyrir fyrir ekki löngu síðan.

[15:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gaf það eiginlega í skyn að verðbréfamarkaðurinn hefði fordóma gagnvart landsbyggðinni, að hann leitaði ekki þangað sem útlánatöpin væru minnst samkvæmt rannsókn Byggðastofnunar. En getur ekki verið

að einmitt sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn séu það vel tryggðir í bak og fyrir með ríkistryggingu að þar verði bara ekki gjaldþrot, að alltaf sé séð til þess að þeim verði reddað? Og getur ekki verið að verðbréfamarkaðurinn hreinlega viti þetta og viti jafnframt að ef hann færi að lána til þessara sömu fyrirtækja, þá yrði ekki lengur bjargað eins og þegar Byggðastofnun er að lána, þannig að þetta séu ekki fordómar heldur hreinlega reynsla þessara aðila af lánveitingum út á land?

En hv. þm. svaraði ekki spurningunni um það hvernig stæði á því að flóttinn af landsbyggðinni sem ég held að allir hafi áhyggjur af, hafi ekki stöðvast þrátt fyrir starf Byggðastofnunar í áratugi.

[15:36]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi nú aldrei notað orðið fordómar varðandi verðbréfafyrirtækin. Ég var einfaldlega að vekja athygli á þeirri staðreynd að meðalstór og minni fyrirtæki eru í þessari stöðu sem ég var að lýsa hér vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á fjármálamarkaðnum. Hitt er að það er engin spurning um það að verðbréfafyrirtæki og lánafyrirtæki hafa verið að lána í stórum stíl til fyrirtækja á landsbyggðinni. Það er enginn að draga neitt úr því. Ég er bara einfaldlega að vekja athygli á því að þessi breyting hefur haft það í för með sér sem ég var að segja um minni fyrirtækin. Það er þó ekki aðalatriði málsins.

Hv. þm. spurði mig líka um flóttann frá landsbyggðinni. Ég er alveg sammála hv. þm. um að þetta er mjög alvarlegt mál. Ég vil hins vegar segja um það að þetta er flókið mál sem á sér mjög margar ástæður. Þó að Byggðastofnun, lítil stofnun suður í Reykjavík, sé að reyna að puða eitthvað í þessum efnum þá toga auðvitað aðrir kraftar miklu fastar á móti. Við þurfum m.a. ekki annað en lesa í gegnum fjárlagafrv. til þess að sjá hvernig fjármunum er beinlínis stýrt í gegnum fjárlögin til þess að byggja upp þjónustu, fjárfestingu og annað þess háttar á höfuðborgarsvæðinu. Og enn eitt annað sem Byggðastofnun hefur verið að vekja athygli á er hvernig þessi fjármunatilfærsla í landinu hefur verið að draga til sín fólk og þjónustu suður á höfuðborgarsvæðið. Ég held að það sé einmitt þetta hlutverk stofnunarinnar, að vekja athygli á þróun af þessu tagi, sem gerir það að verkum ásamt öðru að hægt er að réttlæta starfsemi hennar, þ.e. vegna þess að hún hefur þetta nauðsynlega hlutverk að reyna að benda á þessa alvarlegu þróun sem kostar þjóðfélag okkar marga milljarða á ári í ónauðsynlegum fjárfestingum og skilur eftir vannýttar fjárfestingar á landsbyggðinni sem hægt væri að nýta miklu betur ef íbúastraumurinn væri með öðrum hætti.

[15:39]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Byggðastofnun. Það verður að segjast eins og er að tilgangur frv. er kannski ekki sá sem hann hefði þurft að vera, þ.e. að hér værum við að fjalla um frv. til laga um Byggðastofnun sem hefði það í för með sér að verið væri að efla og styrkja þá stofnun. Því miður bendir ýmislegt til þess að svo sé ekki og því sé jafnvel þveröfugt farið. Það er í raun einfalt að átta sig á því hver tilgangurinn er. Hann er að sjálfsögðu stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar þar sem um það var samið að þessi málaflokkur mundi færast milli ráðuneyta og að hæstv. félmrh. fengi annað starf en hann hefur í dag. Það er mjög athyglisvert í þessu samhengi að fylgjast með viðbrögðum hæstv. félmrh. við þessu frv. og þeim ummælum sem hann hefur haft um málaflokkinn og þeim viðbrögðum að hann hefur ei áhuga á því lengur að taka við því sem starfi sem honum var ætlað. Það segir að sjálfsögðu miklu mun meira en ýmislegt annað um það hvaða leið er hér verið að fara. Í því ljósi að stjórnarflokkarnir komu sér saman um að færa þennan málaflokk af forræði Sjálfstfl. yfir á forræði Framsfl. er einnig býsna athyglisvert að taka eftir því að enginn hv. þm. Framsfl. hefur tekið þátt í umræðunni og hafa því ekki sýnt þessu máli meiri áhuga en sjá má af þeirri framgöngu. Það er ekki til þess fallið að styrkja okkur í þeirri trú að hér sé verið að fara rétta leið. Þess vegna voru athyglisverðar þær áhyggjur sem fram komu í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar af þeirri leið sem hér er verið að fara. Ég tek undir með hv. þm. að það er afar mikilvægt að sú nefnd sem um þetta mál fjallar leiti allra þeirra leiða sem finna má til þess að reyna að bjarga því sem bjargað verður í þessu máli því ekki er hægt að ætlast til þess að stjórnarsáttmála verði breytt, en hugsanlega má gera bragarbót á því frv. sem hér liggur fyrir og bjarga því sem bjargað verður.

Herra forseti. Það er sorglegt að við skulum ræða frv. til laga um Byggðastofnun án þess að leita leiða til þess að styrkja stofnunina og án þess að leita leiða til þess að bæta fyrir þann þjóðarvanda sem búsetuþróunin hefur verið nú um allt of langan tíma. Það er hins vegar máski skiljanlegt í hugum margra að tími sé kominn til þess að færa þennan málaflokk af forræði Sjálfstfl. vegna þess að auðvitað hefur árangur í tíð forræðis Sjálfstfl. á málaflokknum verið slíkur að eðlilegt má telja að flokkurinn vilji losna úr þeirri prísund. Það er hins vegar lýst eftir fleiri viðbrögðum þingmanna Sjálfstfl. á landsbyggðinni sem margir hverjir hafa verið ötulir talsmenn þess að efla þurfi stofnunina og að til margvíslegra ráða þurfi að grípa til þess að vinna bug á þeirri búsetuþróun sem allt of lengi hefur staðið og þeirri óheillaþróun sem við höfum því miður þurft að horfa upp á.

Það er auðvitað ljóst og rétt að hafa það í huga í þessari umfjöllun að vissulega hefur á margan hátt orðið jákvæð þróun í störfum Byggðastofnunar undanfarin ár. Rannsóknir og skýrslur sem gefnar hafa verið út á vegum stofnunarinnar hafa vaxið mjög og þær hafa vissulega haft jákvæð áhrif á þá umræðu sem átt hefur sér stað um þennan mikla þjóðarvanda. Það er einnig athyglisvert að skoða málið í því samhengi að í vor var samþykkt í sölum Alþingis þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 og einnig að skoða það í samhengi við niðurstöðu nefndar forsrh. um byggðamál, en þar er að sjálfsögðu einkennandi, eins og í flestum þeim skýrslum sem gerðar hafa verið um málið, að það snýst ekki eingöngu um atvinnumál heldur er vandinn miklu mun flóknari og ber að horfa til miklu fleiri þátta en eingöngu atvinnuþáttanna. En því miður virðist ýmislegt benda til þess að með því frv. sem hér er til umræðu sé í raun verið að þrengja verksvið stofnunarinnar og leggja að mínu mati of mikla áherslu á atvinnuþátt málsins.

Herra forseti. Því er augljóst að meginskýringin á frumvarpsflutningnum er því miður hrossakaup stjórnarflokkanna og kannski ef nánar er að gætt, fyrst og fremst innanflokksvandi Framsfl. Því verður að segja, herra forseti, að þetta mál er miklu mikilvægara en svo að það megi í raun blanda því við þann vanda sem ég var að nefna.

Það er nauðsynlegt að horfa til viðbragða fleiri en hæstv. félmrh. vegna þess að stjórnarformaður Byggðastofnunar

hefur einnig brugðist mjög markvisst við þessu frv. og því sem er að gerast á þessu sviði.

Stjórnarformaðurinn hefur m.a. ritað tvær greinar í Morgunblaðið, þann 1. og 2. desember sl. Ég vil, herra forseti, byrja á því að vitna í stjórnarformanninn þar sem hann fjallar um viðbrögð Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors vegna beiðni Byggðastofnunar, þar sem óskað er eftir áliti hans hver breyting á skipan þessara mála yrði samkvæmt frv. Það er, herra forseti, nauðsynlegt í þessu samhengi þar sem það kemur mjög skýrt fram hjá prófessornum hver niðurstaða hans er og í samhengi við það sem hér hefur verið fjallað um er eðlilegt að vitnað sé til þess. Í niðurstöðu Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors segir, með leyfi forseta:

„Vissulega fela þessar breytingar í sér að ráðherra fær mun meira vald varðandi innri málefni stofnunarinnar og ákvarðanir hennar í einstökum málum heldur en gildandi lög gera ráð fyrir. Á sama hátt er afnumið sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart ráðherra. Frá sjónarmiði stjórnsýsluréttarins er um að ræða grundvallarbreytingu á stöðu stofnunarinnar í stjórnkerfinu."

Herra forseti. Hér er í raun kjarni málsins. Það er verið að veikja stofnunina í stjórnkerfinu og til frekari áréttingar er í 3. gr. frv. ákvæði um að iðnrh. skipi sjö manna stjórn Byggðastofnunar. Þar með er einnig tekið af Alþingi það vald sem það hefur haft gagnvart stjórn Byggðastofnunar, þ.e. að kjósa hana og er þetta í raun liður í því að minnka sjálfstæði stofnunarinnar.

Herra forseti. Stjórnarformaður Byggðastofnunar segir fleira í þeim greinum sem ég nefndi áðan. Í grein sinni þann 2. desember segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Sáttmáli núverandi ríkisstjórnar talar skýru máli um til hvaða horfs eigi að færa skipulag byggðamála. Þar segir: „Fyrsta verkefnið á þessu sviði er að færa Byggðastofnun undir iðnaðarráðuneytið og sameina atvinnuþróunarstarfsemi á þess vegum." — Stjórnarformaður bætir síðan við: „Hér er talað tæpitungulaust um þann ásetning að færa atvinnuþróunarstarfsemina úti á landi undir Iðntæknistofnun Íslands og treysta þannig hlut stofnanaveldisins í Reykjavík."

Herra forseti. Hér er býsna alvarleg ábending sem ég tel nauðsynlegt að þingnefnd sú sem um frv. fjallar skoði sérstaklega vegna þess að hér er gefið til kynna að í stað þess sem lögð hefur verið áhersla á að efla ýmsa slíka starfsemi úti um land eigi að fara öfuga leið og færa þetta hingað til höfuðborgarsvæðisins og er það nú ekki á bætandi sem fyrir er í þeim efnum. Nær hefði verið að reyna að styrkja og efla þær stofnanir sem eru í hinni dreifðu byggð og leita nýrra leiða til þess að færa stofnanir burtu af höfuðborgarsvæðinu og út á land. Í þessu samhengi er rétt að vitna í 1. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar."

Herra forseti. Það væri býsna fróðlegt að heyra hugrenningar hæstv. iðnrh. um það hvort hann hafi í hyggju að nýta sér þetta ákvæði á einhvern hátt, þ.e. að velta því fyrir sér eða láta skoða það hvort ekki megi flytja Byggðastofnun út á land. En það er að sjálfsögðu ekki við því að búast, herra forseti, að við fáum svör við því í þessari umræðu þar sem hv. þm. Framsfl. virðast ekki hafa, eins og ég sagði áðan, meiri áhuga á umræðunni en svo að þeir taka ekki þátt í henni.

Herra forseti. Hér er um býsna alvarlegt mál að ræða sem nauðsynlegt er að skoða í víðtæku samhengi. Í umræðunni hefur verið bent á að þrátt fyrir hina samþykktu þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sér þess ákaflega lítinn stað í fjárlagafrv. að ríkisstjórnarflokkarnir hafi mikinn áhuga á að uppfylla þau skilyrði sem þar koma fram varðandi árið 2000. Það er hægt að rifja það upp fyrir okkur sem eigum sæti í fjárln. að Byggðastofnun hefur sent erindi þar inn sem bendir til þess að á þeim bæ sé grannt fylgst með því hvernig þessi samþykkt verður framkvæmd og þar af leiðandi er beðið eftir því hvernig stjórnarmeirihlutinn muni bregðast við þeim erindum þegar fjárlagafrv. verður til 2. og 3. umr.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með enn einni tilvitnuninni í stjórnarformann Byggðastofnunar. Hann endar grein sínna þann 2. desember á þennan hátt, með leyfi forseta:

„Vaxandi skilningur meðal almennings er á að byggðavandinn sé þjóðarmein. Umræðan um byggðamál verður því að komast til ráðs að nýju. Fyrsti kapítulinn væri að breyta frumvarpi iðnaðarráðherra frá pólitískri forsjárhyggju til forustu þess fólks sem byggir dreifðar byggðir landsins. Þar á forustan að vera eins og þróunin stefnir og vinnufriður fáist um málefni landsbyggðarinnar."

Herra forseti. Ég vil gera þessi orð stjórnarformannsins að mínum.

[15:50]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af því að hv. þm. vitnaði í viðbrögð hæstv. félmrh. við þessu frv., þá snerist sú gagnrýni sem ég sá frá hæstv. ráðherra eingöngu um það að þessu frv. fylgdi ekki einhver milljarður í peningum sem hann taldi að hefði átt að fylgja færslu Byggðastofnunar. Þessi milljarður, eða hvaða tala sem er, á auðvitað ekki heima í þessu frv. Þetta er frv. um stjórnsýslu Byggðastofnunar. Allar fjárveitingar til stofnunarinnar koma að sjálfsögðu á fjárlögum og eiga ekki heima í þessu frv.

Hv. þm. talaði eins og fleiri um að verið sé að færa málaflokkinn frá Sjálfstfl. til Framsfl. Samfylkingin er kannski búin að sætta sig við að þessir flokkar stjórni landinu um alla framtíð og best væri það auðvitað fyrir landsmenn. Ég er ekki alveg svona bjartsýnn, en vonandi verður það.

Hann taldi líka að ekki væri verið að leita leiða til að styrkja stofnunina. Ég er ósammála því. Það er verið að leggja höfuðáherslu á að styrkja atvinnuþátt stofnunarinnar og ég gat um það hér áðan að allir viðmælendur þeirrar nefndar sem samdi þetta frv., líklega á annað hundrað manns, nánast allir lögðu áherslu á að þetta væri mál málanna, ekki hvernig kosið yrði í stjórn stofnunarinnar eða hvaða ráðuneyti hún væri vistuð í, heldur að það yrði að styrkja þennan þátt í starfseminni, samhæfa atvinnuþróunarstarfið í landinu og koma á tengingu. Hér er vitnað í stjórnarformann Byggðastofnunar, að hann óttist það að Iðntæknistofnun ætli eitthvað að fara að rassakastast í atvinnuráðgjöfunum á landsbyggðinni. Ég segi bara, auðvitað á að vera sem allra mest og best samband þar á milli. Það styrkir bara atvinnuráðgjafana ef þeir eru í góðu sambandi við Iðntæknistofnun því að við eigum ekki að líta á Iðntæknistofnun sem neinn óvin Byggðastofnunar. Iðntæknistofnun er að gera marga stórkostlega góða hluti og það mun bara styrkja þetta starf ef hún kemur þar að málum. Það er náttúrlega alveg út í hött að halda því fram að til standi að færa atvinnuþróunarstarfið af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Byggðastofnun er búin að breyta þessari áherslu þannig að atvinnuþróunarstarfið er allt komið í hendur heimamanna. Það verða settar á annað hundrað millj. í

atvinnuþróunarstarfið á landsbyggðinni á næsta ári sem allt verður á forræði heimamanna.

Ég hef víst ekki tíma til að nefna fleiri atriði núna. Ég kem aftur á eftir.

[15:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að nokkrar deilur eru uppi milli stjórnarflokkanna og greinilegt er að áherslur eru a.m.k. *mismunandi meðal ýmissa þingmanna Sjálfstfl.* Það er rétt hjá hv. þm. að þau viðbrögð félmrh. sem birtust voru fyrst og fremst varðandi milljarðinn, en eins og bent hefur verið á í þessum umræðum þá virðist hinn ágæti Framsfl. helst tala í milljörðum. Það tel ég að hluta til hafa skýrt þessi ummæli hæstv. félmrh. En því miður bendir það auðvitað til þess að hæstv. félmrh. hafi grunsemdir um að eitthvað fleira hangi á spýtunni. Ég er út af fyrir sig sammála hv. þm. um að milljarðurinn sem slíkur hefur ekkert með þetta frv. að gera. En þetta virðist benda til þess að hæstv. félmrh. sé í töluvert miklum vafa um hvort eigi að standa við nokkuð af því sem a.m.k. var gefið í skyn við hann þegar stjórnarsáttmálinn var saminn.

Það er ekki svo, hv. þm., að við samfylkingarþingmenn teljum að þeir stjórnarflokkar sem nú eru eigi að eilífu að sitja við stjórnvölinn. Því fer víðs fjarri. Það er hins vegar ljóst, eins og okkur öllum er kunnugt, að með þessu frv. er, miðað við stöðuna í dag, verið að færa á milli flokkanna og um það var samið í stjórnarsáttmálanum. Stjórnarsáttmáli þessara flokka nær að sjálfsögðu ekki lengra en til þess tíma sem þeir sitja saman í stjórn.

Það er einnig rétt hjá hv. þm. að atvinnuþátturinn er afar mikilvægur og það er mjög mikilvægt að atvinnuráðgjöfin og Iðntæknistofnun séu í mjög góðu sambandi og Byggðastofnun og Iðntæknistofnun. Það leysir hins vegar ekki þann fjölbreytta og flókna vanda sem um er að ræða í þessum málaflokki og þess vegna er afar mikilvægt að ekki sé bara horft til atvinnuþáttarins eða að hann sé yfirgnæfandi heldur að hinir þættirnir komi einnig við sögu og á það var ég að benda í máli mínu áðan.

[15:55]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki náttúrlega ekki hvað hæstv. ráðherra félagsmála eða aðrir hv. þingmenn hafa haldið að hengi á spýtunni. Menn eiga að lesa frv. og sjá hvað verið er að gera. Ég fullyrði að það er alls ekki verið að veikja þessa stofnun. Það er misskilningur.

Varðandi þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á að stofnunin sé ekki lengur sjálfstæð og að hún eigi að vera á forræði einhvers ráðuneytis, þá er einfaldlega verið að vinna eftir þeim tillögum eða ábendingum sem komu frá ríkisendurskoðanda fyrir þremur árum þegar hann gerði stjórnsýsluúttekt á þessari stofnun. Þá lagði ríkisendurskoðandi til að stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar yrði breytt þannig að stjórnsýslusambandi yrði komið á milli ráðherra og stofnunarinnar. Það er einfaldlega verið að gera það og þetta tal um sjálfstæði Byggðastofnunar er bara út í hött að mínu viti því að Byggðastofnun getur ekki verið neitt sjálfstætt apparat, eitthvert ríki í ríkinu. Hún verður auðvitað að vinna í nánu sambandi við stjórnvöld. Öðruvísi nær hún engum árangri.

Hér var aðeins rætt um staðsetningu Byggðastofnunar. Það er tekið fram í frv. að ráðherra geti ákveðið það. Það er vegna þess að uppi hefur verið ágreiningur þegar ríkisstofnanir hafa verið fluttar út á land, hvort það væri heimilt. Þegar við fluttum t.d. þróunarsvið Byggðastofnunar til Sauðárkróks, þá var það gagnrýnt og sagt að það stæðist ekki lög. Hér er einfaldlega verið að setja í lög að það megi.

Ég vil svo fagna þessum áhuga nýs þingmanns Samfylkingarinnar á byggðamálunum. Samfylkingin hefur skilað auðu í byggðamálum frá því að hún varð til á síðasta vetri. Ég minni á að þegar þál. um byggðamál var samþykkt í vor, *sem flestir telja að sé einhver merkilegasta tilraun sem gerð* hefur verið á þingi í háa herrans tíð til að snúa þróuninni við, þá skilaði Samfylkingin auðu. Ekki einn einasti þingmaður hennar samþykkti þessa tillögu heldur sátu þeir hjá. Sama virðist vera að gerast núna varðandi Fljótsdalsvirkjun sem flestir telja að sé stærsta hagsmunamál landsbyggðarinnar eða einstaks landshluta í háa herrans tíð og verði til þess að lyfta Austurlandi upp úr þeim lágu launum sem þar eru og fólksflóttanum. Hvað er að gerast þar? Þingmenn Samfylkingarinnar tala út og suður og maður áttar sig ekkert á því hvað þeir ætla að gera. Helst skilst mér að þeir ætli að sitja hjá. Að vísu hefur þessi ágæti hv. þm. sagt annað og ég sé bara ekki að hann eigi heima í Samfylkingunni með þær áherslur sem hann hefur í byggðamálum.

[15:57]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get létt áhyggjum af hv. þm. Það er ekkert vafamál að í Samfylkingunni á ég vel heima með áherslur mínar í byggðamálum og það er eins og fram kom í fögnuði hv. þm. að *áhugi minn á byggðamálum er mikill*, hefur verið það lengi og mun verða það um ókomna framtíð.

Það er einnig ljóst að ég er sammála hv. þm. um áhersluna í Fljótsdalsvirkjun og tengi það verkefni beint við byggðamál og tel mig hafa fært nokkur rök fyrir því í þeirri umræðu sem átti sér stað um það mál.

Það er líka vonandi að hv. þm. hafi rétt fyrir sér í því að ekki sé verið að veikja Byggðastofnun. Ég vona að satt reynist en ítreka enn óskir mínar til þingnefndarinnar um að það verði skoðað sérstaklega vegna þeirra varnaðarorða sem ýmsir hafa látið falla í þá átt.

Síðan er vitnað til úttektar Ríkisendurskoðunar um að nauðsynlegt sé að koma á stjórnsýslutengslum milli ráðherra stofnunarinnar. Ég hef óljósan grun um að þar hljóti að hafa verið rætt um hæstv. forsrh. Það er því afar mikilvægt að við áttum okkur á því að nú er þarna færsla á milli og hér er um fagráðuneyti að ræða sem nú mun taka við stofnuninni, en áður var að hluta til væntanlega ætlast til þess að hæstv. forsrh. stundaði margs konar samræmingu milli ráðuneyta sem auðvitað er mjög mikilvægt í þessum málaflokki.

Einnig er athyglisvert að hlusta á túlkun hv. þm. á því ákvæði að hæstv. iðnrh. fari með það vald að ákveða staðsetningu Byggðastofnunar. Ég vona að gott á viti og hæstv. iðnrh. skoði það mjög gaumgæfilega hvort ekki sé tími til þess kominn að kanna hvort Byggðastofnun eigi ekki heima í hinum dreifðu byggðum.

[15:59]

Útbýting þingskjala:

Kortlagning ósnortinna víðerna, 252. mál, fsp. KolH, þskj. 311.

Siglingalög, 253. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 312.

[15:59]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. sem hér er til umræðu veldur mér miklum áhyggjum. Framtíð þeirrar stofnunar sem frv. fjallar

um, Byggðastofnunar, skiptir miklu máli í þeim gífurlega mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir í þróun byggðar í landinu. Því má ekkert fara úrskeiðis við þá stofnun sem mest hlutverk hefur varðandi það að snúa við þeirri óheillaþróun sem við nú stöndum frammi fyrir. Skýrsla Byggðastofnunar, Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum, sem kom út fyrir helgi segir mikla sögu í þessu efni.

Á undanförnum árum höfum við séð gerbreytingar á störfum Byggðastofnunar. Áður snerist starf Byggðastofnunar mikið um að bregðast við í einstökum vandamálum í sjávarútvegsfyrirtækjum. Starfsmenn hennar höfðu það hlutverk að vera eins konar slökkvilið sem brygðist við þegar vandinn blossaði upp vítt og breitt um landið.

Á seinustu árum hefur stofnunin getað snúið sér að þróunarmálum eins og er eðlilegt hlutverk slíkrar stofnunar. Vil ég þá sérstaklega benda á stofnun hins nýja þróunarsviðs Byggðastofnunar á Sauðárkróki sem ég tel að þrátt fyrir ungan aldur hafi sannað gildi sitt og hefur haft afgerandi áhrif við störf stofnunarinnar.

Ég vil einnig nefna aukið hlutverk atvinnuþróunarfélaganna úti um land í byggðaverkefnum. Til þeirra hafa verið flutt verkefni og fjármagn til þess að takast á við verkefni í næsta umhverfi sínu. Þetta er ákaflega mikilvægt, þ.e. að heimamenn fái nokkru um það ráðið hvernig þróunarvinnan sem á sér stað fer fram á hverju svæði. Það er grátlegt, hæstv. forseti, að hugsa til þess að þegar ný vinnubrögð hafa verið tekin upp muni hugsanlega verða skellt í bakkgír eða hægt mjög á þeirri vinnu sem komin er af stað við að breyta þeirri þróun sem stýrir fólksflutningum í landinu.

Eins og fram kemur í skýrslu Byggðastofnunar er víða þörf á bráðaaðgerðum. Það er því mjög nauðsynlegt að ekkert trufli vinnu við byggðamálin á þessari stundu. Stjórnsýslubreytingar þurfa því að ganga í gegn með sem minnstu brambolti og óöryggi varðandi stöðu Byggðastofnunar.

Hæstv. forseti. Það eru nokkur ákvæði í frv. sem ég hef sérstakar áhyggjur af en mun einungis nefna þrennt. Það er í fyrsta lagi í 7. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun."

Dr. Bjarki Jóhannesson og hans lið hefur eflt sig mjög til að vinna að slíkum byggðaáætlunum og ég tel það vera afturför ef á að fara að vinna þessar áætlanir í ráðuneytinu, hugsanlega þó í samvinnu við Byggðastofnun og aðra þá aðila sem að málinu koma. Að forræðið sé algerlega í hendi ráðuneytisins tel ég ekki vera gott. En eins og þetta hefur verið, þá hefur Byggðastofnun unnið þessar byggðaáætlanir í samráði og samvinnu við ýmsar stofnanir. Hún hefur kallað til rannsóknastofnanir Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri og ýmsar aðrar stofnanir til þess að vinna ákveðin verk varðandi gerð byggðaáætlana. Ég tel það sem sagt mjög mikilvægt að þetta verði áfram á forræði Byggðastofnunar.

Ég vil einnig nefna lánamálin. Því miður held ég að hlutverk Byggðastofnunar verði áfram nokkurt varðandi lánamálin. Lánastofnanir í landinu eru að þróast á þann veg að ekki er jafneinfalt fyrir þá atvinnuvegi sem áður áttu sína atvinnuvegasjóði að leita til lánastofnana. Þess vegna er hlutverk Byggðastofnunar enn þá nokkurt varðandi lánamálin.

Í þriðja lagi tel ég það vera grundvallaratriði að stjórn stofnunarinnar verði kosin af Alþingi. Ég vil nefna tvennt því til stuðnings. Málaflokkurinn er þess eðlis að þeir sem um hann fjalla þurfa að hafa breiðan pólitískan bakgrunn. Við megum ekki láta byggðamálin falla í þann farveg að þau verði pólitískt bitbein manna á milli. Hitt er að sjálfstæði stofnunarinnar er nauðsynlegt til þess að hún geti brugðist við einstaka verkefnum sem upp koma án samráðs við iðnrn. og einnig á grundvelli sjálfstæðis síns valið sér starfsvettvang.

Ég vil, hæstv. forseti, vitna í prófessor Davíð Þór Björgvinsson sem hefur tekið út stjórnsýslulega stöðu Byggðastofnunar frá lögfræðilegu sjónarmiði. Það er mat hans að eins og stofnunin er núna hafi stjórn stofnunarinnar æðsta vald í málefnum hennar og ákvarðanir stjórnar eru endanlegar og þeim verður ekki skotið til æðra stjórnvalds til endurskoðunar. Af því leiðir jafnframt að ákvörðunum stjórnar verður ekki breytt nema af henni sjálfri nema að því marki sem lög leyfa.

Varðandi frv. sem nú liggur fyrir þá hefur einnig verið leitað til prófessorsins um þessa lögfræðilegu stöðu stofnunarinnar ef af þessum breytingum verður og hann segir, með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. 1. gr. frv. er lagt til að Byggðastofnun verði undir yfirstjórn iðnrh. Þá er í 2. mgr. 3. gr. gert ráð fyrir að iðnrh. skipi stjórn Byggðastofnunar. Í almennum athugasemdum í greinargerð með frv. segir beinlínis, að sú breyting sem hér sé lögð til á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar feli í sér að iðnrh. fari með yfirstjórn Byggðastofnunar og að stofnunin og stjórn hennar beri ábyrgð á sínum störfum gagnvart ráðherra. Með þessu móti gefist kostur á að skjóta ákvörðunum stjórnar til ráðherra sem æðra stjórnvalds til endurskoðunar. Í greinargerð kemur enn fremur fram að þetta sé í samræmi við hið almenna fyrirkomulag í íslenskri stjórnsýslu.

Vissulega fela þessar breytingar í sér að ráðherra fær mun meira vald varðandi innri málefni stofnunarinnar og ákvarðanir hennar í einstökum málum heldur en gildandi lög gera ráð fyrir. Á sama hátt er afnumið sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart ráðherra. Frá sjónarmiði stjórnsýsluréttarins er um að ræða grundvallarbreytingu á stöðu stofnunarinnar í stjórnkerfinu."

Þetta er varðandi lögfræðilega matið á því hver staðan er en ég tel að það hafi einnig byggðapólitískar afleiðingar að breyta þessu á þennan hátt. Eins og ég nefndi er mjög nauðsynlegt að friður skapist um störf þessarar stofnunar.

Ég legg því eindregið til að vald stofnunarinnar verði óbreytt frá því sem nú er og stjórnin verði þingkjörin. Byggðamálin eiga sem sagt að vera viðfangsefni allra stjórnmálaflokka.

Vegna hins víðtæka verkefnasviðs sem Byggðastofnun verður að hafa hér á landi umfram sams konar stofnanir á Norðurlöndunum og í Evrópu þá hef ég miklar áhyggjur af því hvernig til takist við að flytja stofnunina á milli ráðuneyta. Augljóst er að það er mjög vandasamt. Það er nauðsynlegt að sterkt samband sé á milli Byggðastofnunar og flestallra annarra ráðuneyta.

Það kom m.a. sterkt fram í rannsókn Stefáns Ólafssonar fyrir Byggðastofnun sem gerð var 1998, að mig minnir, að það er margt annað en atvinnumál sem hefur áhrif á byggðaþróun. Það má nefna menntun og menningu, samgöngumál, heilbrigðismál og atvinnumál sem heyra undir önnur atvinnuráðuneyti en iðnrn. eins og t.d. sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál. Þetta er reyndar línan sem fram kemur í þál. um stefnu í byggðamálum sem unnin var af Byggðastofnun. Hún var lögð fram á Alþingi af forsrh. og samþykkt á Alþingi 3. mars sl. Stefnan þar er mjög skýr og hún tekur á fjórum meginþáttum, þ.e. nýsköpun í atvinnumálum, í öðru

lagi menntun, þekking og menntamálum, í þriðja lagi jöfnun lífskjara og í fjórða lagi á bættri umgengni við landið.

Það gefur augaleið að svo fjölbreytt stefnumörkun tekur til málaflokka og stofnana sem heyra undir nánast öll ráðuneyti. Því hlýtur að vera auðveldara að fást við þau efni þegar stofnunin heyrir undir forsrn. að ná samstarfi við fagráðuneyti og stofnanir. Augljóst er að iðnrn. getur aldrei haft boðvald yfir öðrum ráðuneytum en það er grundvallaratriði að hægt sé að vinna með þeim hætti að samráð og samstarf sé á milli stofnunarinnar og ráðuneyta.

Hæstv. forseti. Ég vil óska eftir því við hv. allshn. að hún skoði sérstaklega stjórnsýslulega stöðu Byggðastofnunar. Eins og ákvæði eru nú í frv. á ég erfitt með að styðja ákvæðið eins og það kemur fram í 3. gr. Ég tel þessa áherslu hafa grundvallarþýðingu hvert bakland stofnunarinnar er.

Eins og ég var að rekja áðan bryni ég hv. allshn. að skoða það sérstaklega hvernig samvinna milli ráðuneyta getur farið fram, samvinna ráðuneyta og stofnana og ég tel auðvitað að á því finnist lausn en það er afskaplega mikilvægt að lögð verði í það vinna og það verði mjög skýrt hvernig á að vinna þvert á stofnanir og ráðuneyti og engin óvissa verði í því varðandi starf að byggðamálum.

[16:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að meginatriðið væri að stjórn Byggðastofnunar yrði kosin áfram af Alþingi. Ég vil spyrja hv. þm. að því hvernig Alþingi geti gagnrýnt stjórn sem það hefur sjálft kosið. Er ekki miklu eðlilegra að stjórnin sé kosin af ráðherra eða skipuð af ráðherra og þá hafi Alþingi frjálsar hendur með að gagnrýna þær ákvarðanir sem stjórnin gerir og tekur.

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. um eftirfarandi: Nýsköpunarsjóður, Þróunarfélagið og margir aðrir aðilar stuðla að og hafa að markmiði að veita fé til nýsköpunar, bæði í formi hlutafjár, stofnfjár og lána. Síðan er lánamarkaðurinn að sjálfsögðu með sína starfsemi. Ráðgjafarstofur eru margar víða um land og spurning mín er sú: Hvaða verkefni Byggðastofnunar geta einkaaðilar ekki framkvæmt?

[16:13]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi að nauðsynlegt væri að stjórnin væri skipuð af ráðherra til þess að hana mætti gagnrýna. Ég held að það sé viðtekin venja að menn geti rætt málefni einstakra stofnana og það hefur verið gert sem betur fer, m.a. Byggðastofnunar, þrátt fyrir að stjórnin sé skipuð af Alþingi. Hins vegar tel ég augljóst að þegar breiður pólitískur bakgrunnur er á bak við stjórn slíkrar stofnunar þá skapist um hana meiri friður og menn geti með það pólitíska bakland sem stjórnin hefur unnið að þeim áherslum sem þeir hafa í málaflokknum. Ég held að það sé ekkert sérstaklega vænlegt til árangurs að einn ráðherra pikki út — það hefur stundum verið nefnt að handvelja — stjórnarmenn til að stjórna slíkri stofnun. Menn hljóta þá að spyrja hvort ekki sé jafngott að hafa þá ráðuneytisstarfsmenn í því starfi.

Varðandi það hvaða verkefni einkaaðilar geta ekki unnið, þá er það auðvitað margt. Ég vil óska eftir því hins vegar að þessir sjóðir sem hv. þm. nefndi, Nýsköpunarsjóður og Þróunarfélagið, fari að skipta sér af sem flestum atvinnumálum á landsbyggðinni. Það væri mjög góð þróun. En það er raunar margt í samræmingarstarfi ráðuneyta sem slík stofnun þarf að benda á og skoða (Forseti hringir.) og ég mun, hæstv. forseti, klára að svara þessu á eftir ef ég fæ tækifæri til þess.

[16:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það væri meiri friður með aðgerðir stjórnarinnar. Það kynni þó ekki að vera að það væri enginn til að spyrja vegna þess að þingmenn sitja og hafa setið í stjórn Byggðastofnunar. Það hefir enginn spurt hvert starf Byggðastofnunar hefur verið í áratugi. Hverju hefur hún áorkað? Hefur fólksflutningur utan af landi verið stöðvaður? Er fólk farið að flytja út á land aftur?

Hefur einhver spurt þessara grundvallarspurninga? Það hefur ekki verið gert enda er mikill friður um stjórn Byggðastofnunar og allir eru voða ánægðir, dunda sér við að gera skýrslur o.s.frv. og halda uppi umræðum á Alþingi.

Varðandi það að þessir sjóðir sem ég nefndi, Nýsköpunarsjóður, Þróunarfélagið o.fl., sinntu ekki landsbyggðinni nægilega í sínum lánveitingum. Það skyldi þó ekki vera að samkeppni við Byggðastofnun sé vonlaus, að ekki sé hægt að keppa við hana sem alltaf getur farið út í hvaða verkefni sem er, sama hversu vitlaust það er? Það skyldi þó ekki vera að þessir sjóðir gefist hreinlega upp í þeirri samkeppni að veita styrki og hlutafé út á landsbyggðina þar sem alltaf eru reist við fyrirtæki sem eru alveg vonlaus í samkeppni við almennileg fyrirtæki sem þessir sjóðir mundu vilja taka þátt í?

[16:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. þm. Pétur Blöndal óski ekki aðeins eftir stanslausum ófriði. (**Gripið fram í:** Leggja stofnunina niður.) Ég notaði orðið friður. Auðvitað eru málefni Byggðastofnunar og byggðamálin rædd á Alþingi sem betur fer því ekki veitir af. Mönnum hefur ekki tekist að ná utan um þá þróun sem orðið hefur í byggðamálum hér og annars staðar. Þeir hafa kannski ekki lagt nægilega mikið á sig. En ég tel, eins og ég rakti í máli mínu, að menn hafi breytt mjög um áherslur í Byggðastofnun og að verið sé að færa málin til þess vegar að árangur náist frekar, enda hefur verið lagt í rannsóknir sem sýna að fleira en atvinnumál skipta máli í þessu sambandi og Byggðastofnun hefur einmitt verið að leggja áherslu á það að undanförnu.

Varðandi lánastarfsemi Byggðastofnunar og styrki þá eru þetta afskaplega litlir fjármunir ef menn líta á það í heild hvað fer í styrki.

Það eru kannski 1.300 millj. kr. á ári sem Byggðastofnun hefur til þess að lána. Og ætli þessir stóru sjóðir, Nýsköpunarsjóður, Þróunarfélagið og margir fleiri — ég tala nú ekki um allar lánastofnanir landsins — hafi nú ekki dálítið meiri peninga til þess að lána og ættu þess vegna að vera færir um að keppa við þetta litla fjármagn sem Byggðastofnun hefur úr að spila? En menn tala alltaf eins og það sé að velta öllu og skipti öllu máli í atvinnumálum úti á landi. Sem betur fer þá koma nú bankarnir eitthvað til móts við þetta en ekki nægilega mikið, því miður.

[16:19]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi það í upphafi ræðu sinnar að hún hefði áhyggjur af þessu frv. Ég veit að hún vill vel í byggðamálunum og vill ekki að menn séu að gera neinar vitleysur. Hún nefndi nokkur dæmi í því sambandi og minntist m.a. á lánamálin. Það er alls ekkert verið að veikja þann þátt í starfsemi stofnunarinnar. Ég hef nefnt hér áður alla

þá fjölmörgu aðila sem nefndin sem samdi frv. hitti. Flestir þeirra lögðu mikla áherslu á að stofnunin héldi áfram lánastarfsemi. Það er reyndar orðið svo að stærri fyrirtækin taka ekki lán í Byggðastofnun því þau geta fengið þau hagstæðari annars staðar. En minni og meðalstór fyrirtæki sækja mjög í þetta því að lánastofnanirnar leggja sig ekki eftir að skipta við þau fyrirtæki.

Hv. þm. nefndi, eins og fleiri hafa reyndar gert, að nauðsynlegt sé að Alþingi kjósi stjórnina og væri þá meiri friður um stofnunina. Ég efast um að það skipti öllu máli hvað varðar frið um stofnunina hvernig stjórnin er saman sett eða til orðin og býst við að þó að ráðherra skipi hana þá verði stuðst við styrkleikahlutföllin hér á þingi eftir sem áður. Í sjálfu sér finnst mér það ekkert heilagt að þetta sé endilega gert á þennan hátt og má auðvitað skoða það í meðferð Alþingis á málinu.

Hv. þm. vitnaði einnig í Davíð Þór Björgvinsson prófessor eins og fleiri þingmenn hafa gert og ályktun hans um stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar og þær breytingar sem verða á henni við þetta og allt er þetta rétt. En ég minni enn einu sinni á stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar sem gerð var 1996, stjórnsýsluúttekt á Byggðastofnun þar sem Ríkisendurskoðun taldi eðlilegt að breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar yrðu teknar til athugunar þannig að stjórnsýslusambandi yrði komið á milli ráðherra og stofnunarinnar. Og það er einmitt verið að gera.

Ég vil svo segja að ég er sammála hv. þm. um að framtíð Byggðastofnunar skiptir miklu máli en ég fullyrði að alls ekki er verið að veikja hana með þeirri breytingu sem hér er í farvatninu, þvert á móti.

[16:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að þau orð hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar reynist rétt að ekki sé ástæða til þess að hafa áhyggjur af því hvernig þetta frv. muni breyta Byggðastofnun. Hugsanlega tekst samt sem áður samkomulag um einhverjar breytingar í vinnslu hér í þinginu en við deilum þeim áhyggjum að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af byggðamálum og það sé nauðsynlegt að Byggðastofnun sem slík hafi sterka stöðu. Ég held að það sé nú meginmálið að við virðumst þegar vera komin nokkuð á skrið — það er mín skoðun — með því hvernig unnið hefur verið að undanförnu — ég held að þakka megi stjórn Byggðastofnunar fyrir það en þar á hv. þm. nú m.a. sæti og á sinn hlut að máli — þ.e. að hafa ráðið óháða aðila til þess að gera úttekt á byggðamálunum og vinna upp úr henni tillögur til þess að bera fyrir Alþingi. Ég held að þessi vinnubrögð séu mjög til fyrirmyndar.

Þar kemur fram, eins og hér hefur verið nefnt, að byggðamálin snúa að fleiri málaflokkum en atvinnumálunum og það skiptir mjög miklu máli að unnið sé á þessum sviðum öllum. Það eru ekki eingöngu atvinnumálin sem reka fólkið frá landsbyggðinni. Það er margt fleira. Þess vegna er nauðsynlegt að ýta á þær stofnanir sem hér eru flestar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og þau ráðuneyti sem hér eru og fara með þessa málaflokka eins og heilbrigðismál og menntamál, þannig að þeim málum verði fylgt eftir varðandi landsbyggðina.

[16:24]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með viðbrögðum við þessu frv. um Byggðastofnun, bæði viðbrögðum á Alþingi og eins í blaðagreinum og viðtölum. Þeir sem hafa tjáð sig, sem eru reyndar ekki mjög margir, halda því flestir fram að verið sé að veikja Byggðastofnun mjög með þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir. En þetta er fjarri lagi enda náttúrlega fráleitt að nokkrum manni detti í hug að veikja Byggðastofnun mitt í allri þeirri miklu umræðu sem er um byggðavandann jafnt á Alþingi og meðal þjóðarinnar.

Ég hef reynt að fylgjast með hvað það er sem menn nota til rökstuðnings fullyrðingum um að það eigi að veikja Byggðastofnun. Það sem helst er nefnt er hvaða fyrirkomulag verður haft við val á stjórn stofnunarinnar, hvaða ráðuneyti fer með byggðamálin, að sjálfstæði stofnunarinnar muni minnka og að ekki sé minnst á nýjar fjárveitingar í þessu frv., og er þá gjarnan nefndur til sögunnar einn milljarður.

Ég sat í þeirri nefnd sem undirbjó frv. og ég tók reyndar eftir því í umræðunum hér á fimmtudaginn að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði heldur lítið úr störfum þessarar nefndar og fann henni það m.a. til foráttu að hafa ekki þurft nema tæpa tvo mánuði til að ljúka verkefni sínu. Það fannst hv. þm. bera vott um sýndarmennskustörf auk þess sem hann gat þess af alkunnri hógværð að aðild okkar Sigfúsar Jónssonar að nefndarstarfinu hefði nú ekki verið mikils virði.

Það er nýtt fyrir mér að það sé gagnrýnisvert að nefndir vinni hratt og vel en það gerði þessi nefnd einmitt. Hún hélt mjög marga fundi og fór í vettvangskannanir og vann vel að mínu mati. Álit hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á mér og Sigfúsi Jónssyni læt ég mér nú í léttu rúmi liggja og það heldur ekki fyrir mér vöku. En þessi nefnd hélt á annan tug funda og kallaði til sín mikinn fjölda fólks frá hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins sem tengist byggðamálum, atvinnuþróun og nýsköpun. Nefndin heimsótti Iðntæknistofnun og fundaði með forsvarsmönnum hennar. Einnig var Háskólinn á Akureyri heimsóttur. Þar var rætt við rektor og menn úr atvinnulífinu á Akureyri, auk þess sem nefndin fundaði með tugum nemenda skólans og ræddi við þá um hvaða sýn þau hefðu á málefni landsbyggðarinnar á komandi árum. Það var sérstaklega skemmtilegur fundur. Þetta voru mest ungmenni af landsbyggðinni og það var mjög fróðlegt fyrir okkur að heyra hvernig þau sjá framtíðina fyrir sér og hvað þeim fannst að þyrfti að gerast á landsbyggðinni til að þau ættu möguleika á að halda heim aftur að námi loknu.

Loks heimsótti nefndin ársfund starfsmanna atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni sem var haldinn í Eyjafjarðarsveit og skiptist þar á skoðunum við fundarmenn sem þekkja flestum betur þau vandamál sem við er að glíma á landsbyggðinni. Nefndin ræddi því við mjög marga aðila sem við töldum að hefðu eitthvað fram að leggja í þessari umræðu. Skemmst er frá því að segja, eins og ég hef nefnt áður, að ekki einn einasti þessara viðmælenda okkar nefndi þessi atriði sem eru aðalatriði umræðunnar á Alþingi og í fjölmiðlum, þ.e. hvernig staðið verði að vali manna í stjórn Byggðastofnunar eða hvaða ráðuneyti hún tilheyri, hvort stofnunin teljist sjálfstæð eða hvort einhver milljarður fljóti með.

Það sem þessir viðmælendur okkar lögðu mesta áherslu á var að talsvert skorti á samhæfingu í stoðkerfum atvinnulífsins og að það þyrfti að nýta betur og markvissar það mikla fjármagn sem varið er til þessara mála. Það kom einnig fram mikill vilji til að vinna markvisst að því að ná fram auknu samstarfi og aukinni samhæfingu atvinnuþróunarstarfsins í landinu og mikið rætt um það einmitt að margir

væru að vasast í því sama án nokkurrar tengingar á milli, t.d. Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og e.t.v. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Menn töluðu um að Nýsköpunarsjóður ætti að koma að þessu líka og voru mjög uppteknir af þessu og töldu að þegar samið yrði nýtt frv. um Byggðastofnun þá ætti fyrst og fremst að leggja áherslu á þetta. En ég held að þeim hafi verið alveg sama hvernig valið yrði í stjórn.

Nefndin sem samdi frv. var sammála um að Byggðastofnun hafi verk að vinna á þessu sviði og reyndi að miða tillögugerð sína við það. Ég ætla að nefna hérna örfá atriði úr þessu frv. sem ég tel að skipti máli.

Í fyrsta lagi að lögð er aukin áhersla á hlutverk Byggðastofnunar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og jafnframt að stofnunin styðji áfram við atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni og vinni að samræmingu og eflingu þeirrar starfsemi. Sú breyting sem Byggðastofnun beitti sér fyrir á síðasta kjörtímabili, að stórefla atvinnuþróunarstarfið úti á landi og færa það alfarið í hendur heimamanna með öflugum fjárstuðningi, hefur gefist vel og hér er gert ráð fyrir að þessi þáttur í starfsemi Byggðastofnunar haldi áfram og verði jafnvel efldur, m.a. með samhæfingu atvinnuráðgjafar eins og margir viðmælendur okkar lögðu áherslu á.

Þar má t.d. nefna atvinnuvegabundna ráðgjafarstarfsemi í landbúnaði og ferðaþjónustu. Einnig teljum við að Byggðastofnun geti gegnt veigamiklu hlutverki varðandi fræðslu og endurmenntun þeirra sem starfa við atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni. Reynslan hefur verið sú að menn endast einhverra hluta vegna ekki mjög lengi í þessum störfum. Við teljum að það gæti orðið til þess að menn entust betur ef þeir fengju endurmenntun og fræðslu með reglulegu millibili. Þannig hyrfu þeir ekki til annarra starfa. Reyndar er mjög algengt að þessir menn séu yfirboðnir af þeim sem skipta við þá. Ef þeir standa sig vel í starfi þá bjóða fyrirtækin þeim gjarnan hærri laun og fá þá til starfa. Það er að sumu leyti ágætt en er náttúrlega vont fyrir starfsemi félaganna.

Í öðru lagi vil ég nefna þá áherslu sem lögð er á að Byggðastofnun hafi frumkvæði að uppbyggingu atvinnulífs og nýsköpunar á landsbyggðinni og heimild til að leita eftir samstarfi við aðra um fjármögnun. Þessi breyting er í samræmi við þál. um byggðamál sem samþykkt var á Alþingi í vor. Segja má að Byggðastofnun hafi riðið á vaðið með slíkt samstarf sl. sumar þegar stofnunin beitti sér fyrir því að stofnað var fiskvinnslufyrirtæki á Þingeyri. Það hefur núna tekið til starfa. Þegar unnið var að því í sumar komu fram efasemdir um að stofnunin hefði heimild til slíkrar starfsemi. Í nýjum lögum um Byggðastofnun er gert ráð fyrir að stofnunin hafi heimild til þess.

Í þriðja lagi bendi ég á að meiri áhersla er lögð á að stofnunin stundi rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun en gert er í gildandi lögum og þá jafnframt að samstarf verði aukið við erlenda aðila á sama starfssviði í löndum þar sem aðstæður eru svipaðar og hérna, t.d. í Skotlandi, Noregi, Írlandi og austurströnd Kanada, undir það fellur jafnframt aukið norrænt samstarf og samstarf á Evrópuvettvangi.

Í fjórða lagi vil ég nefna að stjórn Byggðastofnunar verður heimilt að fela forstjóra að ákvarða lánveitingar Byggðastofnunar samkvæmt reglum sem stjórnin mun setja. Ég tel þetta til bóta og hef lengi verið þeirrar skoðunar að venjulegar lánsumsóknir eigi að afgreiðast sem fyrst af forstjóra og forstöðumanni lánasviðs en lán yfir ákveðinum áhættumörkum fari til nánari umfjöllunar í stjórn. Mér finnst ósköp gamaldags að pottþéttur umsækjandi um nokkurra milljóna kr. lán skuli þurfi að bíða vikum og jafnvel mánuðum saman eftir svari við umsókn sinni. Einnig er gert ráð fyrir að stjórn Byggðastofnunar geti falið fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar. Með þessu er Byggðastofnun skapaður sveigjanleiki til að laga rekstur sinn að breyttum aðstæðum. Mér sýnist upplagt að fela fjármálastofnunum úti á landi þessa umsýslu og skapa með því ný störf á landsbyggðinni.

Talandi um lánastarfsemi og fjármálaumsýslu má nefna að nokkuð skiptar skoðanir hafa á undanförnum árum verið um hvort Byggðastofnun eigi yfir höfuð að reka lánastarfsemi eða ekki. Nefndin sem samdi þetta frv. bar það undir flesta viðmælendur sína og þeir voru undantekningarlítið þeirrar skoðunar að lánastarfsemin hafi mikilvægu hlutverki að gegna í þjónustu við atvinnulífið á landsbyggðinni. Margir nefndu einnig, eins og kom fram hér í ræðu hv. 1. þm. Vestf. fyrr í dag, að lánastarfsemin væri ekki síst nauðsynleg vegna þess að bankakerfið væri neikvæðara í garð landsbyggðarinnar en áður.

Í fimmta lagi má nefna að í þessu frv. segir að ráðherra ákveði staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa þetta á hreinu í lögum með tilliti til þess gauragangs sem varð þegar stjórn Byggðastofnunar ákvað að flytja þróunarsvið stofnunarinnar til Sauðárkróks. Ýmsir drógu í efa að fyrir því væri lagaheimild. Með þessu er ég ekki að segja að til standi að flytja stofnunina frá Reykjavík þó sumir segi reyndar að skrýtið sé að staðsetja hana á eina blettinum á Íslandi sem ekki er á starfsvæði Byggðastofnunar. Það er sem kunnugt er allt landið að undanskildu höfuðborgarsvæðinu.

Ég nefndi fyrr þá gagnrýni sem helst hefur komið fram á þetta frv. Mér finnst hún heldur léttvæg. Varðandi val á stjórn þá finnst mér eðlilegt að stjórnin spegli nokkuð styrkleika stjórnmálaflokkanna í landinu. Aðferðin sem notuð er við það val er ekki stórt atriði og mér væri að meinalausu að það ákvæði frv. breyttist í meðförum þingnefndar.

Gagnrýnt hefur verið að í þessu frv. skuli ekki standa að Byggðastofnun sé sjálfstæð. Í því sambandi má minna á að þegar Ríkisendurskoðun gerði stjórnsýsluendurskoðun á Byggðastofnun árið 1996 þá taldi Ríkisendurskoðun eðlilegt að breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar yrðu teknar til athugunar með það fyrir augum að stjórnsýslusambandi yrði komið á milli ráðherra og stofnunarinnar. Ég hef reyndar aldrei komið auga á mikilvægi þessa sjálfstæðis. Byggðastofnun verður aldrei og á ekki að vera ríki í ríkinu. Ég tel að best sé fyrir Byggðastofnun að vera í sem mestu og bestu sambandi við stjórnvöld því að án þess næst enginn árangur.

Gagnrýni á að ekki skuli gert ráð fyrir sérstökum framlögum til Byggðastofnunar við þessa lagasetningu finnst mér á misskilningi byggð. Hér er verið að setja lög um almenna starfsemi stofnunarinnar en fjárveitingar ríkisins til hennar eru að sjálfsögðu ákveðnar á fjárlögum og eiga ekki heima í þessu lagafrv.

Varðandi ákvörðun sem tekin var í vor um að færa byggðamálin frá forsrh. til iðnrh. þá hafði ég á þeim tíma efasemdir um að það væri rétt. Ég sé þó þann kost við þá tilhögun að þar er stærstur hluti atvinnuþróunarstarfsemi ríkisvaldsins kominn í tengsl við eitt og sama ráðuneytið. Ég hef reyndar lengi verið þeirrar skoðunar að þessi starfsemi eigi að vera í nánari tengslum við ríkisvaldið en verið hefur til þessa. Ég tel að Byggðastofnun, Iðntæknistofn-

un, Nýsköpunarsjóður, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og kannski fleiri stofnanir eigi að vera í meira samstarfi um atvinnuþróun á landsbyggðinni en verið hefur.

Það kom t.d. fram hjá forstjóra Nýsköpunarsjóðs í viðræðum við okkur nefndarmenn að ekkert samstarf hefði verið milli Nýsköpunarsjóðs og Byggðastofnunar. Reyndar má líka segja það um Byggðastofnun og Iðntæknistofnun að síðarnefnda stofnunin hefur verið þar á milli. Mér finnst það óeðlilegt. Þetta er afskaplega tengd starfsemi og báðar þessar stofnanir vinna mjög mörg og góð verkefni fyrir landsbyggðina. Þær eiga auðvitað að vinna saman. Þannig nýtist best það fé sem ríkið leggur til þessara mála.

Mér finnst allt of algeng, reyndar í fjölmargri starfsemi ríkisins og ekki bara á þessu sviði, sú tilhneiging ríkisstofnana að verja túngarð sinn, passa að aðrar stofnanir komist ekki inn í landhelgina hjá sér. Auðvitað eiga skyldar stofnanir að vinna saman þannig að það fé sem lagt er til þessara mál nýtist sem best. Ég tel að með þessu frv. sé stefnt í þá átt.

Mér hefur líka fundist sérkennilegt að iðnrh. skuli hafa verið að deila út arðinum af Landsvirkjun, 80 millj. kr. á ári. Nú mun það fé renna til Byggðastofnunar sem er auðvitað eðlilegt.

Varðandi samstarf stofnana má nefna að einnig væri jákvætt að tengja saman lánastarfsemi Byggðastofnunar, Lánasjóðs landbúnaðarins og Ferðamálasjóðs. Þessar lánastofnanir eru oft að sinna sömu málum. Þeir sem kunna á kerfið gera kannski út á alla sjóðina í einu. Auðvitað eiga þessir sjóðir að vinna meira saman. Ég tel að frv. og sú breyting sem ráðgerð er á Byggðastofnun stefni öll í þá átt. Ég tel það af hinu góða. Ég er sannfærður um að samstarf og samvinna þessara stofnana sem ég hef nefnt og kannski fleiri muni aukast eftir þessa breytingu, til hagsbóta fyrir landsbyggðina.

Byggðastofnun sendi í síðustu viku frá sér skýrsluna Byggðir á Íslandi sem er unnin af starfsmönnum þróunarsviðs. Ég tel að þessi skýrsla skilgreini vel þann vanda sem við er að glíma á landsbyggðinni. Hún hefur það fram yfir margar aðrar skýrslur að henni fylgja tillögur þróunarsviðs Byggðastofnunar, tillögur um aðgerðir til úrbóta á fjölmörgum sviðum. Ég tel skýrsluna afskaplega vel unna og staðfesta það sem ég hef áður sagt hér á Alþingi um starfsemi þróunarsviðisins á Sauðárkróki sem hefur farið afskaplega vel af stað.

Þær tillögur sem þarna eru settar fram hafa reyndar þegar vakið nokkur viðbrögð. Menn eru ýmist með eða á móti einstökum tillögum sem eðlilegt er. Ég tel tillögurnar gott innlegg í þær aðgerðir sem fram undan eru en ég held að byggðamálin verði tvímælalaust eitt af höfuðviðfangsefnum stjórnvalda á næstunni. Menn tala hér eins og þetta sé auðvelt viðfangs en þannig er það auðvitað ekki. Við verðum að athuga að störfum hefur fækkað alveg gríðarlega í höfuðatvinnuvegum landsbyggðarinnar, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Reyndar er þeirri þróun spáð áfram. Fækkunin í fiskvinnslunni er alveg geysilega mikil sem skapast náttúrlega af því að menn hafa verið að tæknivæða þessi störf. Það er ekki endilega bein fækkun á störfum heldur eru störfin að flytjast til. Fólkinu sem vinnur í frystihúsunum og fiskvinnslustöðvunum fækkar en á móti fjölgar störfum í tæknifyrirtækjum og fyrirtækjum sem framleiða tæknibúnað. Þau störf eru yfirleitt á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna flytjast störfin suður. Þannig flytjast þau frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar og ef ekki finnast ný störf í staðinn þá er auðvitað vandi á höndum. Fólkið flytur enda reynist erfitt að finna starfsemi í stað þeirra starfa sem tapast í fámennum byggðarlögum.

Alþingi samþykkti mjög góða ályktun um byggðamál sl. vor. Nú þegar hefur sumu af því sem þar er lagt til verið hrint í framkvæmd. Annað er í undirbúningi. Ég tel að hin nýja skýrsla Byggðastofnunar um stöðu byggðanna á Íslandi sé mjög gott innlegg í þessar aðgerðir. Hins vegar er ekki nóg að gera skýrslu, það þarf að fylgja því eftir sem gera þarf. Ég held samt að bæði þessi skýrsla og margar aðrar skýrslur Byggðastofnunar síðustu tvö eða þrjú árin, skýrsla Stefáns Ólafssonar, skýrsla Háskólans á Akureyri, skýrsla Haraldar Líndals Haraldssonar og nú þessi skýrsla skilgreini betur en áður þann vanda sem við er að etja. Í nýjustu skýrslunni koma fram tillögur til úrbóta og nú ríður á að menn fylgi því eftir og taki hraustlega á þessum málum.

[16:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að þannig háttar til að hv. þm. Guðjón Guðmundsson á sæti í stjórn Byggðastofnunar og sat einnig í nefndinni sem samdi frv. sem hér er til umræðu þá langar mig að spyrja hann, í tilefni af þessari skýrslu sem kom út fyrir helgi: Hvernig lítur hann á það að ný stofnun með nýja skipan og undir nýju ráðuneyti, að stjórn hennar geti haft svo miklar skoðanir á m.a. sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum eins og fram kemur í þessari skýrslu?

Ég reikna fastlega með því að þetta hafi verið rætt í nefndinni sem samdi frv. Mér þætti vænt um að það kæmi fram hvernig stjórnin á að geta haft miklar skoðanir á málefnum annarra ráðuneyta.

[16:44]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki þessa spurningu eða meininguna með henni. Þó stjórn Byggðastofnunar verði valin eins og hér er gert ráð fyrir, verður hún auðvitað stjórn Byggðastofnunar eftir sem áður. Hún gerir úttektir og tillögur í öllum þeim málum sem lúta að vanda landsbyggðarinnar. Á því verður auðvitað engin breyting þó að stofnunin tengist iðnrn. Það er alls ekki gert ráð fyrir því að þessi stjórn verði einhver deild í iðnrn. eða senditík þaðan. Alls ekki. Ég lít þannig á að þessi stjórn muni ekki vinna á nokkurn annan hátt en sú stjórn sem núna situr. Sú stjórn hefur að mínu áliti verið að gera ágæta hluti þó að ég eigi kannski ekki að segja margt um það þar sem ég sit í henni sjálfur.

[16:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef kannski ekki orðað þetta nægilega skýrt, en í þessari ágætu skýrslu, og ég tek fram að mér þykir hún merkileg á marga vegu, eru m.a. mjög skýrar tillögur varðandi breytingar á landbúnaðarmálum, sauðfjárrækt og fiskveiðimálum. Með tilliti til þess að stjórnarmenn eru undirsátar iðnrh., eins og skýrt kemur fram í frv., væri þá eðlilegt í nýju skipulagi að stjórnin hefði svona miklar skoðanir á því hvaða úrbætur þurfi að gera á einstökum lögum og einstökum málaflokkum sem heyra undir önnur atvinnuvegaráðuneyti?

[16:46]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það kæmi skýrt fram í þessu frv. að stjórnarmenn stofnunarinnar yrðu undirsátar

hæstv. iðnrh. Ég er nú bara ekki sammála þessu, ég er algjörlega ósammála þessu. Ég skil ekki hvar í ósköpunum hv. þm. getur lesið þetta út úr frv. (**ArnbS:** Undir yfirstjórn iðnrh.) Það stendur hér skýrum stöfum, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða."

Þetta er nú það sem segir um stjórnina. Og ég sé ekki hvernig menn lesa út úr þessu að þeir séu einhverjir undirsátar iðnrh.

Ég lít þannig á, og það var skoðun okkar í þeirri nefnd sem samdi frv., að það yrði engin breyting á starfsháttum stjórnarinnar þó að þetta yrði svona, alls ekki.

[16:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi tekið rétt eftir því í máli hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að hann hafi sagt að þetta væru tillögur þróunarsviðs Byggðastofnunar sem eru í þessari skýrslu hérna. Á 2. bls þessarar skýrslu stendur hins vegar: „Settar eru fram tillögur stjórnar stofnunarinnar ..." Stjórnar Byggðastofnunar, geri ég ráð fyrir. Þess vegna vil ég segja að ég hef litið svo á að tillögurnar í skýrslunni Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum, sem við höfum verið að kynna okkur undanfarna daga, væru settar fram í nafni stjórnar Byggðastofnunar, þó að ég sé ekki sammála þeim öllum og því hvernig áherslurnar eru.

[16:48]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það má vel vera að þetta hafi ekki verið nógu nákvæmlega orðað hjá mér. Það sem ég átti við var að þessi skýrsla er að uppistöðu samin af þróunarsviðinu, starfsmönnum þróunarsviðs Byggðastofnunar. En það er hárrétt hjá hv. þm. að stjórn Byggðastofnunar lagði blessun sína yfir þetta plagg og sendir það frá sér sem slíkt þannig að ég hefði kannski átt að orða það svo. En það sem ég var að reyna að gera var að þakka starfsmönnum Byggðastofnunar fyrir þetta ágæta verk sem þeir unnu. Ég tel að þeir hafi gert það mjög vel. En það er rétt að stjórnin lagði síðan blessun sína yfir skýrsluna.

[16:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli mína við umræðuna hér um frv. til laga um Byggðastofnun að í gegnum umræðuna hafa engir framsóknarmenn verið viðstaddir að undanteknum hæstv. forseta og það finnst mér einkennilegt. Menn halda kannski að þetta sé afgreitt mál vegna mikils stjórnarmeirihluta enda er því stillt upp þannig að hér er um það að ræða að verið er að uppfylla stjórnarsáttmála með því að skapa fráfarandi ráðherra nýtt djobb.

Þetta frv. til laga vekur mikil vonbrigði vægast sagt. Ég hélt að menn vildu upphefja umræðuna um vanda landsbyggðarinnar á nýtt plan en í mínum augum þá er hér bara um að ræða gamlar lummur úr legnu mjöli án rúsína. Það er verið að færa Byggðastofnun yfir í fagráðuenyti, eitt ráðuneyti sem í grundvallaratriðum er alröng aðferð. Það á ekki að nálgast málið á þann hátt. Það bendir til þess að menn líti á vanda landsbyggðarinnar sem uppbyggingarvandamál, að átaka sé þörf í uppbyggingu, og þá væntanlega á iðnaðarsviði ef menn ætla að tengja þetta við iðnaðarmálin. En það er nú öðru nær í samfélaginu á Íslandi árið 1999. Það sem við þurfum á að halda er fjölþætt yfirsýn á vanda landsbyggðarinnar og þess vegna veldur miklum vonbrigðum að menn skuli ekki hafa notað tækifærið einmitt núna þegar frv. um Byggðastofnun var smíðað að reyna að upphefja nýja sýn og finna nýjar leiðir til þess að ganga í þessi mál og leysa úr vandanum.

Vandi landsbyggðarinnar er nefnilega fjölþættur. Hann er að stærstum hluta í mínum huga afleiðing miðstýringar, miðstýringar sem við framköllum sjálf með stjórnsýslulegum athöfnum. Það má segja að fólksflóttinn af landsbyggðinni hafi fyrst hafist fyrir alvöru með þátttöku hins opinbera, Alþingis Íslendinga og ríkisstjórnar, í massífri uppbyggingu með Breiðholtsáætlun. Og síðan koll af kolli þar sem menn fara í og framkvæma og taka ákvörðun um stórkostlegar framkvæmdir á vegum hins opinbera, stofnana hins opinbera og síðan í iðnaðaruppbyggingu. Þetta eru stóru málin í hnotskurn.

Það er ekki bara samfélagið Ísland sem hefur uppskorið ávextina af slíkum ráðahag. Þetta má finna um allan heim. Þjóðir, sérdeilis nýfrjálsar þjóðir, hafa mjög gjarnan lent í þessum vanda. Þó að það sé ekki sambærilegt þá sjáum við þetta hjá nýfrjálsum þjóðum niður alla Afríku og jafnvel Suður-Afríku þar sem mönnum hefur láðst að endurskoða stjórnkerfið á sama tíma og þeir öðluðust sjálfstæði. Það hefur mjög víða leitt til miðstýringar, miðstýringar sem við erum að uppskera ávextina af.

Það er ergilegt til þess að vita að við skulum ekki horfa á þessa hluti í því ljósi heldur ætlum við að beita sömu gömlu aðferðunum sem við vitum fullvel að hafa ekki skilað árangri. Við höfum áratuga reynslu af innspýtingu fjármagns í gegnum Byggðastofnun en þó hefur sérdeilis kannski kastað tólfunum á síðasta áratug vegna þess að landsbyggðin með stuðningi Byggðastofnunar hefur tapað í áróðursstríði sem grundvallaðist á því að landsbyggðarfyrirtæki fengu gjarnan peninga lánaða í gegnum Byggðastofnun en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum fengu peninga lánaða úr bönkum og sparisjóðum á hinum frjálsa markaði.

Hvernig var svo svanasöngurinn við útlánatöpin eftir mikla efnahagslega lægð? Hvernig var svanasöngurinn? Það var alltaf verið að punda opinberu fé og tapa opinberu fé úti á landi. En það var ekkert rætt um að við vorum að tapa milljörðum og milljarðatugum vegna þess að fyrirtæki fóru á hausinn einnig á höfuðborgarsvæðinu og nægir þar að nefna mjög mikil gjaldþrot, t.d. í byggingariðnaði og stórkostleg gjaldþrot vegna uppbygginga á hótelum.

Þetta áróðursstríð er tapað vegna þess að því er klínt á landsbyggðina að vegna milligöngu Byggðastofnunar um lán þá sé þetta opinbert fé sem er tapað. En ætli það sé nú ekki þannig að í raun höfum við, þjóðin, borgað þessi töp að jöfnu, hvort sem þetta hefur verið lánað á vegum Byggðastofnunar eða lánað á vegum bankakerfisins? Það er staðreynd málsins. Og þetta áróðursstríð, þessi áróður hefur verið landsbyggðinni ákaflega andstæður og þorri almennings gerir sér ekki nokkra grein fyrir því að útlánatöpin hér á þessu svæði voru stórkostlegri og miklu stærri en nokkurn tíma úti á landi. Enda sýna skýrslur frá þróunarsviði Byggðastofnunar svart á hvítu, sem hefur unnið mjög gott verk á mörgum sviðum við að kortleggja hluti, að svona eru málin í raun og veru.

En hvers vegna eru þau öfl sem hér inni tala fyrir einkavæðingu ríkisbankanna núna, hörð á því að til hliðar þurfi að vera nánast opinber ríkisbanki í formi Byggðastofnunar til

þess að lána út á landsbyggðina? Hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, taldi það algjöra nauðsyn að Byggðastofnun lánaði beint út vegna þess að aðrir vildu ekki koma að því. Sömu öfl eru á sama augnablikinu á fullu við að einkavæða ríkisbankana og vilja helst selja bæði Landsbanka og Búnaðarbanka. Þetta er aðferðafræði sem gengur engan veginn upp. Það er ekki fyrir hvítan mann að skilja hvert menn eru að fara með þessu.

Ég held að staðreyndin sé sú að menn eru fastir í gömlum aðferðum og þeir komast ekki upp úr fari sem þeir innst inni viðurkenna að hefur ekki skilað þeim árangri sem ætlast var til og þess vegna er um að gera og alveg nauðsynlegt að finna nýjar aðferðir.

Til þess að gæta hagsmuna landsbyggðarinnar er lykilatriði í mínum huga að efla frumkvæði heimamanna. Stjórnsýslan hér hefur oft sloppið mjög billega frá hlutum með því að fela Byggðastofnun umsýslu vandamálaverkefna úti á landi. Ég held að það sé úrelt aðferð sem ekki skili árangri til frambúðar. Við eigum að koma beint inn og styrkja atvinnuþróunarfélög heimamanna þannig að þeir hafi frumkvæði og áræði heima fyrir til þess að fara í hlutina. Það er mjög einfalt að gera með beinum framlögum ríkisins á fjárlögum og þarf enga milligöngu til. Ég er með öðrum orðum þeirrar skoðunar að það form á Byggðastofnun sem við erum með í dag og það áframhald sem þetta frv. til laga á að leiða af sér sé úrelt fyrirbæri. Við eigum að vera með opinn huga og finna nýjar leiðir til þess að ná árangri.

Í atvinnuþróunarfélögunum skortir ekki viljann. Þar skortir oftast fjármuni. Með beinum stuðningi við atvinnuþróunarfélögin er hægt að lyfta grettistaki úti á landi. En hverjar eru lausnirnar? Ég tel að lausnirnar séu fyrst og fremst fólgnar í því að kaupa sér ekki frið með því að halda að vandamál landsbyggðarinnar verði leyst með framkvæmdum, en það er að mínu mati undirtónn þess að setja Byggðastofnun undir iðnrn. Í fjölbreyttu margbreytilegu nútímasamfélagi þarf að taka á öllum málum, leysa öll mál og hafa hugann við öll mál hvað varðar stöðu og þróun landsbyggðarinnar. Það dugar ekki eitt og sér að koma með atvinnutækifæri eða verksmiðjur. Það vita allir í dag. Þetta gildir fyrir öll ráðuneyti. Það verður að fara í alla þætti, félagsmálin o.s.frv.

Ég nefndi áðan miðstýringuna. Ríkisstjórnin fékk sérstakar aðgerðir í byggðamálum samþykktar í góðu samkomulagi á síðasta ári. Þar er tekið margþætt á málum sem ég tel að allflestir aðilar hafi verið sammála um að gætu skilað verulegum árangri. Þetta eru fjölþættar aðgerðir. En fjárlög ársins í ár eins og þau eru að þróast tala sínu máli. Þar eru lykilatriði skorin niður hvað varðar stöðu og mátt og framtíðarþróun landsbyggðarinnar, t.d. til vegamála. Þar eru lykilþættir skornir niður eins og hafnamál. Þar eru skornir niður hlutir eins og rafvæðing sveita með þrífasa rafmagni. Framlög til hitaveitna á köldum svæðum eru skorin niður frá því sem var og ekki eru uppfylltar kröfur um greiðslur til þeirra sem sannarlega hafa hafið framkvæmdir eða eru í þann mund hefja þær, aðstoð við námsmenn, og svona mætti lengi telja.

Lausnir í byggðamálum þurfa í mínum huga að byggjast á miklu róttækari hugmyndum. Ég tel að þróunarsvið Byggðastofnunar, eins og það hefur unnið síðustu ár, hafi lyft grettistaki. En ég er sannfærður um að við þessa lánaútdeilingu eða lánaumsýslu Byggðastofnunar má setja mjög stórt spurningarmerki því að staðreyndin er nefnilega sú að endurlán Byggðastofnunar eru alls ekkert hagstæð lán. Reynslan sýnir það. Byggðastofnun hefur verið að lána með hærri vöxtum en tíðkast á hinum almenna markaði.

Við svona endurlánamál eykst hættulega þungi áróðursstríðsins gegn landsbyggðinni. Hvað heldur t.d. hinn almenni borgari þegar fréttir berast af því að 100 milljónir hafi verið lánaðar til uppbyggingar á hóteli á Seyðisfirði? Þorri almennings í landinu heldur að Byggðastofnun láni þetta alfarið og framlagið fari með beinum eða óbeinum hætti til Seyðisfjarðar. Lendi þetta hótel í vandræðum þá verður söngurinn hér: Við þurfum að borga.

Atriði eins og þetta eru mikilvæg í umræðunni og það verður að taka tillit til þeirra. Það verður að fara nýjar leiðir í þessum dúr, fjármagna og örva til framþróunar með öðrum meðulum en hingað til hafa verið notuð. Þar nefni ég sem lykilatriði bein framlög og styrkingu til atvinnuþróunarfélaganna. Það er ekki ósanngjarnt, atvinnuþróunarfélög um allt land hafa fengið sáralítil framlög.

Hvernig vinnur stóra atvinnuþróunarfélag höfuðborgarsvæðisins? Hver borgar það? Hver borgar áratugavinnu í iðnrn. við að finna stóriðjutækifæri? Hvar hefur stóriðjan lent og hin stóru högg í uppbyggingu? Er það ekki hér? Í raun má segja að iðnrn. og umsýslan í kringum það, öll vinnan við að fá hingað t.d. stóriðju og orkufrekan iðnað sé hið eina og sanna atvinnuþróunarfélag höfuðborgarsvæðisins.

Með þessum rökum má með sanni segja að réttlætanlegt sé að styrkja þessa pósta beint. Ég sá fyrir mér minni háttar breytingu á Byggðastofnun. Ég tel að þurft hefði að efla þróunarsviðsvinnuna sem auðvitað gæti áfram verið á Sauðárkróki. Ég held að það hefði engin goðgá verið að þessi þáttur hefði áfram heyrt undir forsrn., sem innanríkisráðuneyti. Ég hafði séð fyrir mér og beini því til þeirra sem fjalla um málið í nefndum að það verði skoðað hvort þróunarsviðið eigi ekki að gefa tóninn til ráðuneytanna, vera vaktari þess að farið sé að stjórnsýslulögum og kröfum hins háa Alþingis á ráðuneytin. Ég veit ekki betur en að á undanförnum árum hafi stjórnsýslan unnið þvert á það sem hið háa Alþingi hefur ákvarðað.

Hvernig var þróunin á síðasta ári varðandi fjölgun á opinberum störfum í stofnunum og ráðuneytum? Hún var þveröfug við það sem Alþingi ályktaði. Hér á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði þeim störfum um 400 meðan þeim fækkaði um 200 úti á landsbyggðinni, öfugt við stefnuna. Byggðastofnun sem slík ætti, kannski með breyttu nafni, að heyra undir forsrn. Þróunarsviðið verði eflt til að gefa tóninn inn í öll ráðuneytin og finna út af hverju vilji Alþingis gengur ekki eftir. Erum við ekki sammála um það, alla vega þegar við tölum úti á göngum, að þetta sé mylla sem vinni bara sjálfstætt og á móti því sem við erum að tala um? Ég get nefnt mýmörg dæmi þar sem slíkt er uppi.

Byggðamál þurfa nýja hugsun. Það þarf upplýsingar eins og fram hefur komið hjá mörgum hv. þingmönnum. Ég er sammála því og tel að þróunarsviðsvinnan sé ágætt innlegg í það. Ég vil nota tækifærið hér til að hrósa þeim hafa sem settu fram þessar grunnupplýsingar á mjög skilmerkilegan hátt. Það er okkar, hv. þingmenn, að vinna úr því. Það er óásættanlegt að bera fram gamla lummu eins og hér er, úr legnu mjöli án rúsína. Þetta verður ekki það verkfæri sem þarf því að hugsunin er röng og þar skortir yfirsýn. Hugsunin er sú að reisa verksmiðjur, koma eins og jólasveinn og skaffa eitt stykki hér og eitt stykki þar, vera ánægður yfir og stæra sig af því.

Að stjórna margbreytilegu nútímasamfélagi krefst yfirsýnar. Þessi þrenging er röng og skilar ekki árangri. Ég ætlast til þess, hæstv. forseti, að menn taki rökum í þessu máli, að frv. til laga um Byggðastofnun verði stokkað upp og hugsað að nýju frá grunni. Það er eina leiðin til að ná árangri í stað þess að hjakka í sama farinu, yppta öxlum ár eftir ár og furða sig á því að við skulum ekki ná árangri við að hægja á fólksflóttanum, hvað þá að stöðva hann.

Þetta er meginmálið, virðulegi forseti. Ég læt hv. nefnd það eftir að taka róttækt á þessum málum og búa til nýtt frv. til laga um Byggðastofnun sem hafi þá yfirsýn til að bera sem nauðsynleg er í þessum málum.

[17:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var farið vítt og breitt eins og vera ber í þessari umræðu. Hv. þm. sagði að Byggðastofnun væri úrelt fyrirbrigði og gamalt far og helst mátti skilja á máli hans að það áróðursstríð sem landsbyggðin væri nú að tapa væri allt fyrir tilstilli Byggðastofnunar og hennar vondu verka.

Í hinu orðinu talaði hann um hve þróunarsvið Byggðastofnunar hefði unnið vel og lyft grettistaki. Þar er ég hjartanlega sammála honum. Eftir endurskipulagningu þá sem átti sér stað fyrir fáum árum síðan á Byggðastofnun var auðvitað breytt um kúrs og farið að vinna eftir öðrum leiðum. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að þetta vinnulag eigi að reyna betur. Ég hef þá trú að þar sé unnið gott starf.

Á máli hv. þm. mátti skilja að helst ætti að færa alla lánastarfsemi landsins inn í einkavæddar bankastofnanir sem nú eru helst í tísku. Ég tel auðvitað að það sé vel en er það rétt skilið að áliti hv. þm. eigi að flytja allar lánveitingar, hverju nafni sem þær nefnast, til einkageirans?

[17:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi spurningar hv. þm. um bankastarfsemina: Nei, ég vildi bara að menn töluðu hreint út. Ef þeir vilja ríkisbanka eins og ég og flokkur minn viljum gjarnan halda í þá eiga menn að sýna lit og samþykkja það.

Ég tók mér ekki þau orð í munn að Byggðastofnun væri úrelt fyrirbrigði. Ég sagði bara að ég teldi að flest værum við sammála um að við hefðum ekki náð þeim árangri sem við sækjumst eftir í þróun byggðamála. Ég held að hverjum manni hér ætti að vera ljóst hve vandinn er gríðarlegur. Þá er að horfa ískalt á málin og velta því upp hvort ekki eigi að fara aðrar, nýjar og betri leiðir. Það er bara staðreynd sem ég vil horfast í augu við. Ég hef fengið þær upplýsingar, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, að þessi endurlán Byggðastofnunar væru ekki hagstæðustu lán sem hægt er að fá. Að því leyti er ég samþykkur því. Ef um atvinnuuppbyggingu er að ræða úti á landi þá á að reyna að fá sem hagstæðust lán með þeirri aðstoð, sérfræðiþekkingu og hjálp sem nauðsynleg er þeim sem ætla að stofna fyrirtæki. Að að því leyti erum við ekki ósammála. Ég er aðallega að koma því á framfæri að þessi aðferð gagnast ekki stjórnkerfinu. Við eigum þess vegna að fara aðrar leiðir. Allir eru sammála um að upplýsingaleiðin, þ.e. þróunarvinnan sé góð aðferð og það sem þar hefur verið sett í gang. Hún er tiltölulega nýtilkomin og ekki margra ára gömul.

[17:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt að, eins og ég tók fram í máli mínu áðan, að nýlega var breytt um kúrs og stofnað þróunarsvið norður á Sauðárkróki sem hefur unnið mjög vel. Ég held við getum öll verið sammála um að þessi stofnun á að hafa þróunarmál á sinni könnu.

Varðandi lánamál Byggðastofnunar þá er rétt að þetta eru ekki hagstæðustu lán sem fyrirfinnast á markaðnum. Hins vegar hafa lítil fyrirtæki á landsbyggðinni ekki fengið þessi hagstæðu lán og kannski ekki lítil fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu heldur, það þekki ég ekki. Hagstæðustu lán sem hér hafa almennt staðið til boða í lánastofnunum hafa ekki boðist fyrirtækjum á landsbyggðinni. Stærri fyrirtækin hafa auðvitað fengið þau í einhverjum mæli en ekki þau minni en undir þeim hatti eru m.a. þróunarfyrirtæki. Þau eru að byggja sig upp og þurfa að leita á náðir Byggðastofnunar. Byggðastofnun þarf samkvæmt lögum að reka lánasvið sitt með hagnaði. Stofnuninni er gert að hafa lánamál sín þannig að gert sé ráð fyrir ákveðinni áhættu. Ég held að við viljum ekki að hvetja til þess að lánasviðið komist í óefni. Að mínu áliti þarf lánastarfsemin að vera fyrir hendi.

[17:11]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Meginatriði innleggs míns í málið er að við getum ekki farið með þetta frv. sem mál eins ráðuneytis. Vandi landsbyggðarinnar er ekki spurning um það. Ég held að menn séu að vaða reyk og hafi tekið rangan kúrs hvað þetta varðar. Vandamál landsbyggðarinnar er ekki bara spurning um að byggja verksmiðjur og framleiðslutæki. Vandamálin tilheyra öllum ráðuneytum og þarfnast sýnar yfir allt sviðið.

Byggðarvandinn tengist rekstri sjúkrastofnana og vegamálum. Hann snertir öll ráðuneytin. Það er svo mikil hætta á því að bindingin við eitt ráðuneyti leiði af sér þá grunnhugsun að spurningin sé fyrst og fremst um að byggja upp grunnatvinnu en snúist t.d. ekki um þjónustusviðið. Þar liggur stór hluti af vanda landsbyggðarinnar eins og fjárlögin og fjáraukalögin sýna. Hér er tekið á stórkostlegum málum, framúrkeyrslu í heilbrigðiskerfi og víðar.

Það verður að ganga í málin á þessum nótum. Það er megininnlegg mitt. Ég vonast til þess, hæstv. forseti, að nefndin sem fjallar um þetta fari róttækt í þessi mál með nýja hugsun að leiðarljósi.

[17:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi umræða um frv. til laga um Byggðastofnun er orðin allítarleg. Í þessari umræðu hefur komið fram að flestir vilja efla Byggðastofnun með það fyrir augum að efla byggðastefnuna í landinu.

Mikilvægi þess að efla stefnuna á fjölþættum grunni hefur komið fram í máli flestra nú síðast í máli hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar sem sagði að það væri tímaskekkja og löngu liðin tíð að menn einblíndu á einn þátt atvinnuuppbyggingar. Við höfum ekki farið varhluta af því í umræðu um atvinnumál á undanförnum dögum og vikum. Þar vísa ég til umræðunnar um Fljótsdalsvirkjun þar sem menn hafa einblínt á einn þátt atvinnumála og vilja leysa vanda 8.400 manna byggðar með því að staðsetja þar eitt stærsta álver heimsbyggðarinnar.

Nei, menn verða að horfa á málið frá víðu sjónarhorni og skoða alla þætti þess. Þetta þarf jafnframt að endurspeglast í skipulagi þeirra stofnana sem taka eiga á þessum málum. Hvernig má best gera það?

Að vissu leyti höfum við búið við ákjósanlegt skipulag í þessu efni þar sem Byggðastofnun hefur heyrt undir forsrn. En veigamesta breytingin sem verið er að gera stjórnsýslulega séð er einmitt sú að Byggðastofnun sem hefur verið

skilgreind sem sjálfstæð stofnun verði nú sérstök stofnun og heyri undir yfirstjórn iðnrh. Þetta hefur verið gagnrýnt og ég tek undir þá gagnrýni.

Reyndar hefur það komið fram í máli sumra þeirra alþingismanna sem hafa varið þetta frv., þar á meðal hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, sem benti á að stærstur hluti af atvinnuþróunarstarfsemi í landinu væri að færast undir iðnrn. Það má vel vera að sú kunni að verða framtíðin að við stefnum í þá áttina. En þá þarf líka að taka um það ákvörðun en sú ákvörðun hefur ekki verið tekin. Á Alþingi hefur verið rætt um þessi mál, m.a. í tengslum við lög um þingsköp. Við höfum rætt það hvernig eigi að skipuleggja nefndastarf á Alþingi. Menn hafa rætt kosti þess og galla að færa atvinnumálin undir eina allsherjar efnahagsnefnd, atvinnumálanefnd, og þar hefur legið að baki sama hugsun og ég er að leggja áherslu á að menn líti heildstætt á þessi mál. En sú ákvörðun hefur einfaldlega ekki verið tekin að stíga það skref sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson segir að sé í vændum að stigið verði.

Annað sem ég vildi gagnrýna varðandi stjórnsýsluna eða stjórnskipunina er sú takmörkun á lýðræðislegu valdi sem á sér stað með frv. Eins og málum er háttað nú kýs Alþingi stjórn Byggðastofnunar, Alþingi kýs sjö manna stjórn yfir Byggðastofnun, en nú skal gerð breyting á þessu. Í 3. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Iðnaðarráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar."

Í greinargerð með frv. um 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að horfið verði frá þeirri skipan mála að Alþingi kjósi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar að afloknum þingkosningum. Þess í stað skipi iðnaðarráðherra sjö manna stjórn Byggðastofnunar á ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí ár hvert. Einnig er lagt til að iðnaðarráðherra skipi formann og varaformann stjórnar."

Ráðherra er síðan veitt heimild til þess að kveða nánar um atriði er lúta að ársfundi í reglugerð. Að öðru leyti, og um skýringar á breytingunni, er vísað til umfjöllunar í almennum athugasemdum um stjórnsýslulega stöðu Byggðastofnunar.

Það er svo sannarlega gert og er þá vísað í skýrslu sem Ríkisendurskoðun mun hafa gert árið 1996. Þar hafi komið fram að nauðsynlegt væri að koma á milli ráðherra og stofnunar stjórnsýslusambandi, eða eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Taldi Ríkisendurskoðun eðlilegt að breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar yrðu teknar til athugunar þannig að stjórnsýslusambandi yrði komið á milli ráðherra og stofnunarinnar. Sú breyting sem hér er lögð til á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar felur í sér að iðnaðarráðherra fari með yfirstjórn Byggðastofnunar en að stofnunin og stjórn hennar beri ábyrgð á sínum störfum gagnvart ráðherra."

Hér er verið að færa vald sem áður var á Alþingi undir einn ráðherra, þ.e. iðnrh.

Herra forseti. Ég hef ekki sannfærst um ágæti þess að gera slíkar breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar. Margt af því sem tekið er á í frv. virðist mér hins vegar vera til góðs, vera skref fram á við. Það er alveg greinilegt að ýmislegt í starfi Byggðastofnunar á undanförnum árum hefur verið ágætt og sannarlega skref fram á við. En það sem hér er verið að gera, að taka stofnunina undan Alþingi og færa hana undir einn fagráðherra, finnst mér vera óhyggilegt. Ég hefði talið að við ættum að gefa okkur betri tíma og Alþingi alla vega yrði gerð grein fyrir þeirri framtíðarsýn sem menn byggja tillögur sínar á. Megingagnrýni mín á frv. lýtur að stjórnsýslunni og að skipun í stjórn stofnunarinnar, þótt ýmislegt annað í frv. kunni að vera skref fram á við.

[17:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem við ræðum hér ásamt skýrslunni um Byggðastofnun, sem heitir Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum og ég vék að í andsvari mínu áðan er að mörgu leyti athyglisvert. Ég ætla hins vegar ekki að hafa mjög langt mál um frv. Ég var búinn að lýsa því yfir í fyrri umræðu að ég er andvígur því. Ég tel að verk Byggðastofnunar eigi að heyra undir forsrn. og hef ekki breytt um skoðun við það að lesa þá skýrslu sem Byggðastofnun hefur nýverið gefið út.

Byggðastofnun er stofnun sem fæst við öll málefni er varða hagsmuni byggða. Ég verð að segja alveg eins og er, eftir að hafa skoðað gildandi lög um stofnunina og tilheyrandi reglugerð um Byggðastofnun, að ég sé í rauninni ekkert í þeim lögum og reglugerð sem kemur í veg fyrir að Byggðastofnun eða stjórn Byggðastofnunar geti tekið upp samstarf við hinar ýmsu stofnanir í þjóðfélaginu. Ég sé ekkert í núverandi lögum sem takmarkar það að taka upp samstarf við aðrar stofnanir eða félög eða stefna að nýsköpun. Ég kem ekki auga á það. Ég tel að í rauninni hafi Byggðastofnun á síðustu missirum verið að móta starf sem sé okkur til framdráttar og að sú upplýsingavinna sem Byggðastofnun hefur látið vinna varpi mun skýrara ljósi á það hvað þurfi að takast á við á næstu missirum.

Það er hins vegar ýmislegt í tillögum skýrslunnar sem ég ætla að víkja að og mun gera það á eftir. Það sem ég ætla að segja í bili um frv. er að samkvæmt því á iðnrh. að vera stefnumótandi í byggðamálum, ég fæ ekki annað séð eins og frv. er úr garði gert. Hann á að hafa yfirstjórn byggðamálanna. Hann er sama sem formaður stjórnar nýrrar Byggðastofnunar ef hún verður færð undir iðnrn. Stjórnin verður 14 manna, þ.e. sjö menn og sjö til vara, skipaðir af iðnrh. og hann er sama sem forstjóri yfir stofnuninni. Mér sýnist þetta vera í stuttu máli það sem iðnrh. er ætlað.

Ég tel, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að byggðamálin séu þannig vaxin að þau eigi að vera undir verkstjórn forsrh. hverju sinni. Það er ekkert í núverandi lögum sem hamlar því að Byggðastofnun geti tekið upp aukið samstarf eða unnið að styrkingu atvinnuþróunarfélaga sem hefur verið á stefnu Byggðastofnunar.

Í skýrslunni er vikið að sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum, skógrækt og landnýtingu. Það er vikið að menntun og menningu, samgöngum og ferðaþjónustu. Ég tel að þetta séu þannig málefni að þau hljóti í heild sinni að heyra undir forsrn. Ég mælist til þess að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar skoði það virkilega vel og vandlega hvort málunum sé ekki betur borgið undir verkstjórn forsrn., sem á að hafa yfirsýn yfir stöðu mála almennt hér á landi, en ekki að færa þetta til einstaks fagráðuneytis.

Hér var rætt um lánastarfsemi Byggðastofnunar og mig langar aðeins til að koma inn á það. Ég held að minni fyrirtæki úti á landsbyggðinni hafi ekki almennt átt völ á betri lánum eða hagstæðari lánum en þau hafa átt aðgang að hjá Byggðastofnun. Að minnsta kosti þar sem ég þekki til hefur mér sýnst að minni fyrirtæki í hvaða atvinnugrein sem er

hafi oft og tíðum orðið að leita til Byggðastofnunar með lánafyrirgreiðslu og fengið hana þar. Ég hef ekki séð að þau kjör væru áberandi lakari en í bönkum almennt, fyrir utan það að bankastofnanir úti á landi hafa ekki verið sérlega opnar fyrir því að lána fé í atvinnurekstur.

Ég ætla aðeins að víkja að skýrslunni Byggðir á Íslandi – aðgerðir í byggðamálum. Eftir að hafa farið yfir nokkra kafla, ég held bara allflesta, þá finnst mér að vinnan við að greina vandann hafi verið nokkuð góð, bæði í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum. Mér er hins vegar spurn hvers vegna kaflinn um landbúnaðarmál byrjar á því að telja upp öll útgjöld landbúnaðarins. Hvers vegna í ósköpunum eru þá öll útgjöld í sjávarútvegi ekki talin upp undir kaflanum um sjávarútvegsmál? Af hverju er ekki til samræmis ráðuneyti sjávarútvegsmála þá talið upp sem kostnaður við sjávarútveginn? Hér er t.d. skógrækt og stjórnun landbrn. allt talið sem kostnaður við landbúnaðinn, heildarútgjöld hins opinbera til landbúnaðar. Ég held að rétt hefði verið að setja þetta upp í samræmi og vera með sjávarútveginn eins upp settan og draga þá fram hvaða kostnaður því er samfara að stjórna sjávarútvegi hér á landi. Mér finnst að það hefði verið rétt úr því að kaflinn um landbúnað var settur svona upp.

Þegar talað er um landbúnað þá virðist allt sem honum tengist skrifað sem kostnaður við landbúnaðinn, sem beinn styrkur við bændur. Hvers vegna er ekki sama framsetning viðhöfð í sjávarútvegsgeiranum? Af hverju er kostnaður við Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Fiskistofu, sjútvrn., Siglingastofnun að hluta, Landhelgisgæslu og svo mætti lengi telja, ekki settur fram á sama hátt? Af hverju skilgreinum við ekki mál sjávarútvegsins svipað og við skilgreinum málefni landbúnaðarins?

Mér finnst eins og ævinlega sé ýjað að því að bændur séu á framfæri íslensku þjóðarinnar. Því vil ég leyfa mér að mótmæla. Ég tel að íslenskir bændur hafi eftir atvikum staðið sig vel í búrekstri sínum. Þeir hafa tekið á sig miklar byrðar á undanförnum árum sem þjóðin má ekki vanþakka. Þeir áttu stóran þátt í að ná niður verðbólgu með lækkun á matvöru. Ég tel að íslenska þjóðin skuldi bændum talsvert og að þá beri að styrkja til að komast út úr vandræðum sínum. Þeir hafa mjög lágar tekjur.

Mig langar að víkja að tillögum í sjávarútvegsmálum í skýrslunni. Eftir að komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að vandinn sé m.a. sá að aflaheimildir hafi í umtalsverðum mæli verið seldar eða fluttar burt frá sjávarútvegsbyggðunum og úrvinnsla sjávarafla flutt til annarra staða eða út á sjó, er lagt til að gripið verði til þeirra ráða að sveitarfélögin komi meira inn í kvótaverslunina en verið hefur. Ég skil hugsunina en sveitarfélögin hafa mjög veika fjárhagslega stöðu. Þau munu eiga erfitt með að kaupa þorskígildi á 1.000 kr. kílóið. Sama má segja með fiskvinnslurnar, þær eiga að fá rétt til eignarheimildar á kvóta. 80% fiskvinnslu og útgerðar eru í eigu sömu aðila hér á landi. Ég held að það mundi ekki breyta málinu mikið. Aðalatriðið er að mér finnst tillögurnar um aðgerðir í byggðamálum sem fram koma í skýrslunni ekki nógu markvissar til að leysa vandann.

[17:33]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti nú húmor í nafna mínum, hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, þegar hann sagði að hæstv. iðnrh. yrði eiginlega stjórnarformaður í Byggðastofnun. Hv. þm. bætti svo um betur, sagði að hann yrði sama sem forstjóri. Þetta held ég að sé mikil oftúlkun. Ég sit reyndar í einni stjórn sem valin er af hæstv. iðnrh. og hann hefur aldrei skipt sér neitt af störfum þeirrar stjórnar. Menn mega ekki mála skrattann á vegginn.

Talið um stjórnarkjörið er ofarlega í mönnum. Ég hef áður sagt að af öllum þeim tugum, líklega hundrað viðmælendum sem nefndin ræddi við um þetta frv. og framtíð Byggðastofnunar, þá minntist enginn á stjórnarkjörið. Enginn hafði áhuga á því. Ég held að kannski sé það aðallega hér á Alþingi sem menn hafa áhyggjur af því. Ef þetta stendur upp úr í umræðunum og veldur mönnum angri má einfaldlega breyta því í meðförum þingnefndar.

Hv. þm. talaði líka um tillögurnar, að þessi stofnun mundi ekki geta gert tillögur um hina ýmsu málaflokka eftir að hún væri komin inn á eitt atvinnuvegaráðuneyti. Auðvitað mun stjórn Byggðastofnunar vinna nákvæmlega eins eftir sem áður og gera tillögur um allt sem lýtur að málefnum landsbyggðarinnar. Ég held að það breytist ekkert þó að hún færist á milli ráðherra.

Ég tek undir það sem hv. þm. sagði um lánastarfsemi Byggðastofnunar. Ég hef orðið var við almenna ánægju með hana og það kom mjög skýrt fram hjá þeim fjölda sem við töluðum við í nefndarstarfinu. Menn vildu alls ekki að bakkað yrði með þá starfsemi og töldu að hún hefði gert mikið gagn á landsbyggðinni, sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru einfaldlega út undan hjá bankakerfinu í dag. Stóru fyrirtækin á landsbyggðinni virðast geta gengið að góðri bankafyrirgreiðslu en hin ekki. Þau þurfa á því að halda að Byggðastofnun haldi velli í lánastarfseminni. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm., nafni minn Guðjón Guðmundsson, hafi ekki tekið eftir því sem ég sagði. Ég sagði eitthvað á þá leið að ég sæi ekkert í núverandi lögum sem kæmi í veg fyrir að stjórn Byggðastofnunar gæti tekið upp samstarf þar sem hún vildi því við koma. Ég hverf hins vegar ekki frá þeirri skoðun minni að ég tel að málaflokkurinn sé betur kominn hjá forsrn. og einnig að stjórn stofnunarinnar eigi að vera skipuð af Alþingi.

Mig langar hins vegar að víkja aðeins að þeim lausnum sem vikið er að í skýrslu Byggðastofnunar. Ég vék að því áðan að sveitarfélög hefðu litla fjármuni, væru í erfiðri stöðu til þess að fara í samkeppni um kvótann með því verðlagi sem er á honum í dag. Ég held að það sé þannig og kannski rétt að benda á nokkrar staðreyndir.

Vísitala kvótans, hver skyldi hún hafa verið á því tímabili sem miðað er við í skýrslu Byggðastofnunar? Jú, leiga á þorskkvóta var á tíu krónur í lok ársins 1987 en er núna í 110 kr. Á svipuðu tímabili hefur kaupmáttur launa hækkað um 14,8% nema hjá bændum þar sem hann hefur dregist saman um 20%.

Það verður að segjast að kvótakerfið sem við búum við er gjörsamlega óþolandi. Það er undarlegt að stofnun sem sér vandann og kortleggur skuli koma með tillögur í þá veru að auka kvótakaup.

[17:37]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1999, 117. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 309; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 310.

[17:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér hefur farið fram athyglisverð umræða um byggðamál og í raun er fátt svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Þetta óhræsis mál sem hér er á ferðinni hefur þó haft það í för með sér að hér hefur orðið nokkur senna um stöðu byggðamála sem eðlilegt er, að hluta almenns eðlis sem er vel. En auðvitað þarf meira til en fögur orð og frómar óskir á hinu háa Alþingi, þess þarf að sjá stað í efndum og aðgerðum að einhver hugur sé á bak við yfirlýsingar nánast hvers einasta manns sem tjáir sig um þessa hluti upp á síðkastið. Menn eru almennt sammála um að þetta sé stærsta vandamál og meinsemd þjóðarinnar, sem það sannarlega er.

Í umræðum fyrir nokkru kom hæstv. félmrh. í ræðustól af öðru tilefni, þ.e. um fjárhagsstöðu sveitarfélaga, og lýsti þjóðflutningunum, eins og hann kallaði það, sem mesta efnahagsvanda á Íslandi. Ég hef tekið svipað til orða. Ég tel að þetta sé stærsta meinsemdin í okkar þjóðlífi um þessar mundir. Þetta er eitt af stórfelldustu efnahagsvandamálum þjóðarinnar og hefur félagslegar og efnahagslegar afleiðingar sem tvímælalaust eru af slíkri stærðargráðu.

Maður hefði því, herra forseti, vonað að meiri reisn væri yfir málatilbúnaðinum í þessum efnum en raun ber vitni. Það er heldur dapurlegt að hér skuli tímanum eytt í málflutning og tillöguflutning hæstv. ríkisstjórnar sem fyrst og fremst snýst um forræði þessa málaflokks, um hrossakaup stjórnarflokkanna í þeim efnum. Enginn maður hefur, svo ég hafi heyrt, reynt að telja mönnum trú með sannfærandi rökum um að í þessu frv. um Byggðastofnun fælust lausnir eða úrbætur í sjálfu sér. Ætla menn kannski að segja að iðnrh. sé svo mikið betri ráðherra en hæstv. forsrh. að þetta muni lagast með því einu að flytja málið búferlum? Þá væri málið auðvitað orðið nokkuð sérkennilegt, ef það skiptir máli hvorum megin við Arnarhólinn fjallað er um þessi mál. Hvort það er í gamla fangelsinu við Lækjargötu eða hinum megin við Arnarhólinn, í Arnarhvoli sjálfum.

Það er einnig athyglisvert, herra forseti, hvernig umræðan hefur þróast og hverjir hafa tekið þátt í henni. Það er mjög sérkennilegt hvernig Framsfl. hefur fríað sig því að taka þátt í þessari umræðu. Hæstv. iðnrh. sem taka á við málaflokknum hefur t.d. ekki sést hér í umræðunni. Hæstv. iðnrh. var hér við upphaf umræðunnar, forðaði sér úr salnum þegar málið var tekið á dagskrá og hefur ekki sést síðan. Það hefur farið heldur lítið fyrir framsóknarmönnum í þessari umræðu. Þó skyldi maður ætla að þeir hefðu eitthvað til málanna að leggja fyrst þeir ætla að taka við málaflokknum. Hæstv. forsrh. sem flytur málið að nafninu til — ég hef orðað það svo að hann sé sendisveinn fyrir þennan pappír sem unninn var í iðnrn. eins og kunnugt er — hefur forðað sér líka og skilið hv. þm. Guðjón Guðmundsson einan eftir í vörninni fyrir þetta plagg. Hv. þm. má eiga að hann hefur af stakri þolinmæði og elju reynt að bera í bætifláka fyrir þetta. (**HjÁ:** Hann hefur verið í sókninni en ekki vörninni.) Það hefur vörn, hv. þm. Hjálmar Árnason. Það hefur verið mikil vörn og meira að segja vörn gegn eigin flokkssystkinum sem hér hafa komið og tekið undir gagnrýnina á þetta mál.

Meginatriði þessa máls, herra forseti, eru í fyrsta lagi þær fáheyrðu breytingar sem hér á að gera á stjórnsýslu stofnunarinnar. Þær eru auðvitað alveg yfirgengilegar. Stjórnsýsla þessarar stofnunar, stefnumótandi stofnunar og framkvæmdastofnunar á sviði byggðamála og byggðaþróunar í landinu, á að vera þannig að iðnrh. skipar sjö manna stjórn og skipar síðan forstjóra að fengnum tillögum sömu stjórnar og hann hefur skipað. Það er hárrétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að auðvitað er iðnrh. hinn eiginlegi yfirmaður og stjórn þessarar stofnunar. Það liggur algjörlega í hlutarins eðli að hann getur ráðið henni frá upphafi til enda. Að sjálfsögðu getur hann gengið frá því við stjórnarmenn sína hvern hann ætlar síðan að gera að forstjóra og prógrammerað þannig fyrir fram. Þetta er auðvitað ákaflega ógeðfellt, herra forseti, svo ekki sé meira sagt.

Í öðru lagi er með þessu, herra forseti, stofnunin gerð ósjálfstæðari. Táknrænt fyrir þá breytingu hverfa orðin „sjálfstæð stofnun" úr lögunum en í staðinn kemur „sérstök stofnun". Sérstaklega er tekið fram að hún skuli nú heyra undir yfirstjórn iðnrh. Orðinu „yfirstjórn" er þar skotið inn í en svo var ekki þegar lýst var stjórnskipulegri stöðu stofnunarinnar og tengslum hennar við forsrh. og forsrn.

Staðreyndin er því sú, herra forseti, að í þessu felst lýðræðisleg og þingræðisleg afturför. Þetta fráleit stjórnsýsla að mínu mati fyrir stofnun af þessu tagi. Í raun væri alveg eins gott að leggja stofnunina niður og gera málaflokkinn að viðfangsefni ráðuneytis fyrst ganga á í þá átt. Til viðbótar er gallinn sá að þetta er hjá vitlausu ráðuneyti, þ.e. ekki því ráðuneyti sem eðlilegast væri að færi með þennan málaflokk. Ég dreg hitt til baka að ráðuneytið sé vitlaust.

Sé þetta ekki hjá forsrh. þá eru frekari rök fyrir því að færa þetta til félmrn. Ég hef reyndar hallast að því að það gæti verið kostur sem við hefðum átt að skoða, að gera félmrn. að einhvers konar innanríkisráðuneyti sem færi með málefni sveitarfélaganna, með byggðamál, byggðaþróun og jafnvel fleiri verkefni sem þá yrðu sameinuð þar. Staðreyndin er auðvitað sú að að manni læðist sá grunur að þrátt fyrir allt þá vanti okkur ráðuneyti sem fari með hin hefðbundnu innanríkismál eins og víða er erlendis.

En fyrir þessari skipan mála eru satt best að segja fátækleg rök. Það er vægt til orða tekið. Það eru fátækleg rök sem mæla með því að fela iðnrn. á Íslandi — Ísland hefur nú ekki haft orð á sér fyrir að vera sérstaklega iðnvætt samfélag — byggðamál með því sem þarna á fylgja. Ég spyr, herra forseti, af þessum sökum og þá er skaði að enginn skuli vera viðstaddur hér sem ber ábyrgð á umræðunni nema þá hv. þm. Guðjón Guðmundsson og ég óska nú eftir því að ráðherrar sem fara með þessi mál verði aðvaraðir. Ég hefði viljað fá svar við eftirfarandi spurningu: Er ekki ljóst að með þessu er ekki bara verið að flytja Byggðastofnun heldur er verið að flytja byggðamálaflokkinn sem viðfangsefni innan Stjórnarráðsins til iðnrn.? Þetta þarf að vera alveg skýrt. Það er ekki sjálfgefið að þó að Byggðastofnun flytjist þá flytjist viðfangsefnið í heild sinni sem slíkt til sama ráðuneytis, þó það sé auðvitað eðlilegast að það sé vistað þar. Þýðir þetta þá að framvegis þegar hér koma mál sem varða byggðamál, þá verði þeim vísað til iðnn. þingsins? Er það það sem þetta þýðir? Er það meiningin? Og er það þá skipan sem allir eru tilbúnir til að kyngja, skrifa upp á, ef koma almennar tillögur um aðgerðir í byggðamálum eða einhverja hluti því tengda að þá skuli það vera unnið hér á Alþingi af iðnn.? (**SighB:** Það segir sjálft. Iðnrh. flytur það.) Segir sig sjálft, já. Við skulum nú segja að þingmenn flyttu mál sem vörðuðu byggðamál o.s.frv. Er sem sagt ljóst að það er verið að flytja þennan málaflokk í heild sinni þarna til og að Alþingi verði þá í framhaldinu að bregðast þannig við að það fari að vísa slíkum hlutum til iðnn.?

Hvar er hæstv. iðnrh.? Getur hann ekki séð sóma sinn í því að vera hér viðstaddur? Er hann svo upptekinn af því að reyna að koma bönkunum af þjóðinni, að hafa þá af landsmönnum, að hann má ekki vera að því að sinna þessu? Verður þetta svona hobbí framvegis hjá hæstv. iðnrh. sem hefur ekki sýnt áhuga á því að vera hér viðstaddur? (**Gripið fram í:** Hann er að panta bréf frá ...) Það er trúlegt. Hann er alltaf að panta bréfin og það er margt bréfið.

Að lokum, herra forseti, af því að það hefur aðeins verið nefnt þá vil ég taka undir það sem hér hefur líka komið fram: Að mörgu leyti er ljóst, það er niðurstaðan af útkomu byggðaaðgerða undanfarinna ára, að við erum þar að hluta til ekki með réttar aðgerðir í gangi. Við höfum þar einblínt allt of mikið á stóru lausnirnar í atvinnumálum. En við höfum vanrækt að líta á hið félagslega og efnislega umhverfi mannsins í heild sinni, líta á félagslega þáttinn, félagslegar meginundirstöður samfélagsins þar sem hlutir eins og menntun, afþreying, félagsleg þjónusta og annað slíkt kemur til sögunnar. Og við höfum líka vanrækt að beina kröftunum hvað varðar atvinnuþróunina að grasrótinni og styðja vaxtarbroddana og smáfyrirtækin. Það er alveg ljóst. Það eru nýlega komnar tölur frá Bandaríkjunum þar sem menn stæra sig af því, þ.e. menn Clintons, að til hafi orðið 30 milljónir nýrra starfa undanfarin sjö ár í Bandaríkjunum í embættistíð Clintons. Af þeim hafa tveir þriðju hlutar hlutar orðið til í smáfyrirtækjum, tíu manna fyrirtækjum eða minni.

[17:50]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af hugleiðingum hv. þm. um hvert byggðamálum sem berast Alþingi framvegis verður vísað, þá ætla ég ekki að svara því. Það er rétt að viðkomandi ráðherra svari því. Þetta frv. og starf þessarar nefndar sneri eingöngu að starfsemi Byggðastofnunar.

En aðeins einu sinni enn um stjórnsýsluþáttinn. Af því að menn deila talsvert á þann þátt þá vil ég enn vitna í stjórnsýsluendurskoðun sem Ríkisendurskoðun gerði á Byggðastofnun 1996. Þar kom skýrt fram — það var talsverð gagnrýni í þessari skýrslu — að Ríkisendurskoðun taldi eðlilegt að breytingar á stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar yrðu teknar til athugunar þannig að stjórnsýslusambandi yrði komið á milli ráðherra og stofnunarinnar. Þetta var mjög afdráttarlaust í skýrslunni. Og það er reyndar verið að gera það núna með þessu frv.

Varðandi stjórnarkjörið þá finnst mér, eins og ég sagði hér fyrr í dag, að gagnrýnin á það sé mest í sölum Alþingis. Ég hef nefnt það að nefndin sem samdi frv. hitti mjög marga aðila úr hinum ýmsu þáttum þjóðlífsins sem snúa að byggðamálum, heimsótti stofnanir eins og Iðntæknistofnun og Háskólann á Akureyri, sat ársfund atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni, en ekkert af þessu fólki var upptekið af því hvernig ætti að skipa í stjórn stofnunarinnar og heldur ekki undir hvaða ráðuneyti hún heyrði. Aðaláherslan var á að auka atvinnuþróunina og samstarf þeirra sem vinna að verkefnum fyrir landsbyggðina.

Ég er sammála hv. þm. í því að það þarf að styðja vaxtarbroddana og smáfyrirtækin og það hefur Byggðastofnun verið að gera. Ég tel að margt af því sem Byggðastofnun hefur verið að gera á því sviði, með aðstoð og úttektum, styrkjum og lánveitingum, hafi skilað sér á landsbyggðinni. Ég hef reyndar orðið var við það á ferðum mínum um landið með stjórn Byggðastofnunar að margt af þessu hefur skilað sér afskaplega vel, sumt ekki eins og gengur. Ég held að Byggðastofnun þurfi að sinna þessum þætti af sama krafti áfram og fyrir því er gert ráð í frv.

[17:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel, þó að hv. þm. sé hér iðinn í vörninni, að hann vilji ekki taka að sér að svara fyrir ráðherra og ég geri engar kröfur um það. Málið snýst ósköp einfaldlega um að fá því svarað hvort ekki sé ljóst að í framhaldi af þessari lagabreytingu mun forsrh. gera breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands þar sem skýrt kæmi fram sú breytta verkaskipan í Stjórnarráðinu að byggðamál, málaflokkurinn sem heild, heyrði undir iðnrh. Það er það sem mér finnst þurfa að vera skýrt og ég hef gefið mér að væri, en ég tel að eigi að vera skýrt í umfjöllun um þessi mál.

Í öðru lagi hvað það varðar sem Ríkisendurskoðun segir um stjórnskipulega stöðu Byggðastofnunar þá er það nú enginn hæstaréttardómur nema síður sé. Það er nú svo að Ríkisendurskoðun þyrfti kannski pínulítið að gæta sín stundum, sinna því sem hún á að sinna og vera ekki að blanda sér í aðra hluti. Það er spurning um pólitík og ekkert annað en pólitík hvernig gengið er frá þeim málum. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi bastarður, þessi kynblendingur, er að mínu mati einhver versta útgáfan sem búin er til. Að mörgu leyti vil ég miklu frekar að um hreina stjórnsýslustofnun sé að ræða sem heyri undir ráðherrann beint og punktur, og engin stjórn. Það er að mörgu leyti miklu eðlilegra en þessi bastarður. Annaðhvort á að vera sjálfstæð og sterk þverpólitísk þingkjörin stjórn fyrir svona stofnun, og það er eðlilegt tel ég vera vegna þess hvernig verkefnin eru, eða að þetta sé stofnun sem er alfarið á ábyrgð viðkomandi ráðherra, heyrir beint undir hann. Þá er þetta bara hrein stjórnsýslustofnun, framlenging af armi framkvæmdarvaldsins eins og t.d. og Fiskistofa sem heyrir undir sjútvrh. og þar er engin stjórn yfir. Þar er aðeins ráðherrann fyrir ofan og ber ábyrgðina. Það er önnur tilhögun sem kemur vel til greina að skoða. En þessi millileið með 14 framsóknarmönnum í stjórn, skipuðum af ráðherra, sem taka svo við fyrirmælum um það hvaða forstjóra eigi að ráða, er versta útgáfan af öllu.

[17:53]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að ég vitnaði í stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar á Byggðastofnun þá var ég alls ekki að halda því fram að Ríkisendurskoðun ætti að stjórna eða ráða þessum málum. Ég er alveg sammála hv. þm. í því að það er auðvitað tekin pólitísk ákvörðun um það. En það þarf að koma fram við þessa umræðu að þetta var ein af ábendingum Ríkisendurskoðunar og ein af þeim athugasemdum sem hún gerði við starfsemi og störf Byggðastofnunar.

Varðandi stjórnsýslulega stöðu þá hef ég aldrei skilið þessa miklu áherslu sem menn vilja leggja á sjálfstæði Byggðastofnunar. Ég hef ekki orðið var við það í þessi fjögur, fimm ár sem ég hef verið þar í stjórn að neitt reyndi á það eða það hefði neitt að segja. Þetta er bara orð í núverandi lögum sem skiptir ekki nokkru einasta máli því að Byggðastofnun verður aldrei neitt ríki í ríkinu og getur ekki neitt nema að vera í öflugu og góðu sambandi við stjórnvöldin í landinu. Ég held að það sjái allir að þetta er eitt af þeim verkfærum sem stjórnvöld hafa í þessum málaflokki. Hvort það stendur í lagatexta að þetta sé sjálfstæð stofnun eða sérstök stofnun skiptir ekki nokkru einasta máli.

Ég er svo að sjálfsögðu gjörsamlega ósammála því að frv. sé nokkur bastarður. Ég held að þetta sé bara hið ágætasta frv. og ég er sannfærður um að verið er að efla Byggðastofnun en ekki veikja hana með þessari breytingu.

[17:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel að staða Byggðastofnunar og byggðamálanna undanfarin ár hafi ekki verið góð. Ég er ekki að andæfa gegn þessum breytingum hér með þeim rökum sérstaklega að það sem fyrir var hafi verið fullkomið eða gallalaust. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að að mörgu leyti hafi veik staða Byggðastofnunar og vanmáttur hennar til að sinna þeim miklu og erfiðu verkefnum sem ástand í byggðamálum hefur í raun boðið upp á verið okkur fjötur um fót að þessu leyti undanfarin ár vegna þess að menn hafa eftir sem áður notað Byggðastofnun sem skálkaskjól. Menn hafa vísað vandamálunum þangað og stjórnvöld hafa þvegið hendur sínar, af því að það var sent bréf eða tilmæli til Byggðastofnunar og málið var komið þangað. Svo voru auðvitað möguleikar Byggðastofnunar og úrræði og fjárhagslegt bolmagn mjög takmarkað til að gera nokkuð raunhæft í málunum þar sem meira og minna öll landsbyggðin á Íslandi átti undir.

Ég tel því að þetta ástand hafi ekki verið gott og í raun hafi Byggðastofnun frá og með upp úr 1990 að mörgu leyti verið í úlfakreppu og það sé hluti af því hve lítið okkur hefur miðað undanfarin ár. Ég held aftur á móti að annað hvort fyrirkomulagið væri betra, þ.e. mun öflugri og sjálfstæðari Byggðastofnun sem væri þeim verkefnum vaxin sem til hennar er vísað eða að hún væri beint á pólitíska ábyrgð framkvæmdarvaldsins, heyrði milliliðalaust og án nokkurrar stjórnar undir þann ráðherra sem fer með málaflokkinn. Þá er þó a.m.k. hægt að draga athyglina að hinni pólitísku ábyrgð sem menn bera á hverjum tíma.

Af því að svo vel ber í veiði að hæstv. forsrh. er kominn hér þá vil ég leyfa mér að nota nokkrar sekúndur, herra forseti, til að beina til hans eftirfarandi spurningu: Er ekki ljóst að þetta þýðir flutning á málaflokknum sem slíkum í heild sinni og mun þetta þá í framhaldi af lagabreytingunni fela í sér að hæstv. forsrh. gefi út nýja reglugerð um Stjórnarráð Íslands þar sem skýrt kemur fram að byggðamál, sem málaflokkur og í heild, heyri undir iðnrh.?

[17:57]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum nú er lagt fram á Alþingi svona hálfmunaðarlaust. Hæstv. forsrh. er í hlutverki hins góða nágranna sem fer með barnið fyrsta skóladaginn í skólann. Hann á ekkert í því. Hann þekkir afskaplega lítið til þess en verður samt sem áður að standa í forsvari gagnvart okkur hinum og svara fyrir slíkt afkvæmi. Og hv. þm. Guðjón Guðmundsson er eins konar skírnarvottur að þessu, þ.e. hann er einn af þeim sem komu nálægt því að ausa afkvæmið vatni og mætir hér sem eins konar skírnarvottur til þess að svara fyrir þetta munaðarlausa afkvæmi. En þeir sem bera ábyrgð á málinu eru víðs fjarri.

Hvar er hæstv. iðnrh. sem bar ábyrgðina á og lét semja frv.? Hvar er hann staddur? Alþingismenn geta engum spurningum til hans beint, mannsins sem samdi frv. og á að taka við framkvæmd þess.

Og það voru fleiri en einn skírnarvottur sem komu að málinu. Formaður þingflokks Framsfl. er skírnarvottur nákvæmlega eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Hvar hefur hann verið allar þessar umræður? Það er eins og Framsfl. sé ekki til, flokkurinn sem ber ábyrgð á þessu máli. En við verðum að sjálfsögðu að láta okkur nægja að beina spurningum til þeirra sem eru forráðamenn málsins formlega hér á Alþingi þó svo að þeir séu ekki feður eða mæður þessa munaðarlausa afkvæmis.

Ég vil nota tækifærið til að spyrja hæstv. forsrh. hvaða rök séu fyrir því að færa þennan málaflokk, Byggðastofnun og þau mál sem hún sinnir, undan forræði hæstv. forsrh. sem er í senn efnahagsmálaráðherra ríkisstjórnarinnar og samræmingarráðherra, yfir til fagráðherra. Hvernig getur það, eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði áðan, styrkt stöðu Byggðastofnunar að gera þá breytingu? Hvaða rök eru fyrir því að fela hæstv. iðnrh., einum af þremur fagráðherrum í hæstv. ríkisstjórn, að skipa alla 14 stjórnarmenn stofnunarinnar í staðinn fyrir að þeir séu mynd af hinu þverpólitíska ástandi í landinu, kosnir af Alþingi, eins og verið hefur? Hvernig getur það styrkt stofnunina að 14 framsóknarmenn setjist þar til valda? Er hún sterkari stofnun eftir en áður?

Hvers vegna er gert ráð fyrir að valdið til að semja byggðaþróunaráætlanir sé tekið af Byggðastofnun? Það er eitt af því merkilegasta sem hún hefur sinnt, þær áætlanir sem hún hefur gert í byggðamálum. Í gildandi lögum hefur ekki einu sinni forsrh. það verk með höndum að vinna byggðaþróunaráætlanir heldur Byggðastofnun. Hvernig getur það styrkt Byggðastofnun að taka þetta af henni og fela það í hendur iðnrh.? Að ráðherrann eigi að gera byggðaþróunaráætlanir í samvinnu m.a. við ýmis önnur ráðuneyti og Byggðastofnun, hvernig getur það styrkt stöðu Byggðastofnunar?

Hvernig getur það styrkt stöðu Byggðastofnunar, herra forseti, að taka ákvörðun um að fella niður öll ákvæði úr gildandi lögum sem gera ráð fyrir að Byggðastofnun geti brugðist við og gripið til sértækra aðgerða vegna vanda í byggðamálum og fella út alla möguleika hennar á föstum tekjustofnum til ráðstöfunar?

Í ákvæðunum um starfsemi hinnar nýju Byggðastofnunar sem á að setja á fót samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að tekjuöflunarleiðir Byggðastofnunar séu aðeins tvær, í fyrsta lagi fjármagnstekjur og í öðru lagi framlög á fjárlögum Alþingis hverju sinni. Fjármagnstekjur Byggðastofnunar eru 250 millj. kr. á ári ef ég man rétt. Þar af þarf hún að leggja u.þ.b. 150 milljónir í afskriftasjóð. Síðan þarf hún að leggja til hliðar vegna eftirlaunaskuldbindinga starfsmanna, þá þarf hún að greiða af þessum tekjustofni rekstur og því er nánast ekkert eftir af hinum eina fasta tekjustofni Byggðastofnunar þegar tekið hefur verið tillit til þessa. Þá hefur hún ekki úr neinum fjármunum að spila nema því sem Alþingi leggur Byggðastofnun til hverju sinni, sem hafa verið eitthver hundruð milljóna.

Eins og sakir standa gæti ég trúað því að óhafin lánsloforð sem Byggðastofnun hefur gefið út séu í kringum 500 millj. kr. og jafnvel meira. Með öðrum orðum er Byggðastofnun sennilega tveimur árum á eftir með að borga út lánsloforð miðað við þær tekjur sem hún hefur til ráðstöfunar. Hvernig getur það styrkt stöðu Byggðastofnunar að ganga þannig frá málum að hún sé svipt föstum tekjustofni sínum? Það skil ég ekki.

Ég ætla nú ekki að leggja allar þessar spurningar fyrir hæstv. forsrh. Það er ekki hans að svara fyrir þessi mál. Það eina sem hann þarf að leggja fram eru rökin fyrir því hvers vegna talið var rétt að flytja Byggðastofnun úr umsjá forsrh. yfir í umsjá iðnrh. Hver eru rökin fyrir því önnur en

rök helmingaskiptanna, hnífakaupanna, þau rök að hæstv. forsrh. þurfi að borga Framsfl. eitthvað fyrir það að fá til sín Seðlabanka, þó að forsrh. sé efnahagsráðherra hverrar ríkisstjórnar? Vilji fá að borga fyrir það, hníf í stað hnífs. Hann hefur lítið til þess að borga með annað en Byggðastofnun.

Ég vil nota þetta tækifæri af því að hæstv. forsrh. féllst á að fresta þessari umræðu þangað til að hægt væri að taka til skoðunar skýrslu Byggðastofnunar um aðgerðir í byggðamálum, Byggðir á Íslandi. Ég vek athygli hæstv. ráðherra á því að þar er á bls. 6 tekið fram að til þess að bregðast við vanda landsbyggðarinnar þurfi að grípa til sérstakra aðgerða á ákveðnum svæðum. Bent er á að ekkert sé að finna í íslenskum lögum eða alþjóðasamningum sem hindri sértækar aðgerðir á þessum svæðum. Nú spyr ég: Hvað í núverandi lögum gerir Byggðastofnun fært að grípa til þessara sérstöku aðgerða sem hún sjálf hvetur til á þeim atvinnuþróunarsvæðum sem verst eru stödd? Hvað í fjármögnun Byggðastofnunar gerir henni fært að grípa þannig til ráðstafana?

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að gripið verði til tiltekinna aðgerða í þeim málaflokkum sem varða landsbyggðina mestu, þ.e. sjávarútvegsmálum og landbúnaðarmálum. T.d. er lagt til að hefja markaðsátak í landbúnaðarmálum og að varið verði til verkefnisins 200 millj. kr. Ég spyr: Hvernig er Byggðastofnun fær um að láta út slíka fjármuni miðað við þá fjáröflunarkosti sem stofnunin hefur í lögum? Ég spyr hæstv. forsrh., sem er ráðherra byggðamála enn sem komið er hvort hann styður þessa aðgerð.

Gert er ráð fyrir því að Byggðastofnun fái sérstaka fjárveitingu upp á 50 millj. kr. til að vinna að sértækum svæðisbundnum aðgerðum á jaðarsvæðum þar sem hefðbundinn landbúnaður er stundaður. Ég spyr hæstv. forsrh., af því að hann er ráðherra byggðamála enn sem komið er: Tekur hann undir þessa tillögu? Hvernig ætlar hann að sjá til þess, ef honum finnst tillagan jákvæð, að Byggðastofnun fái fjármuni til að geta gert þetta? Hún hefur ekki þessa fjármuni eins og frá málinu er gengið í frv. sem nú er fyrir okkur lagt. Hvernig hyggst hæstv. forsrh. stuðla að því að gera Byggðastofnun fært að hrinda þessu áætlunarverkefni í framkvæmd?

Á bls. 14 í þessari sömu skýrslu eru lagðar til aðgerðir til eflingar sjávarbyggðum. Byggðastofnun kemst að þeirri niðurstöðu að þær séu nú í mestri hættu allra byggða bóla á Íslandi, sjávarbyggðir með 200–1.000 íbúa. Þar er lagt til að heimila forkaupsrétt sveitarfélaga á skipum sem selja á í viðkomandi byggðarlagi og tillaga um byggðakvóta. Þar er lagt til að fiskvinnslur fái rétt til eignarheimilda á kvóta sem þýðir breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Þar er lögð til aðstoð við smáfyrirtæki í sjávarútvegi á jaðarsvæðum o.fl. Margar þessar tillögur kalla á breytingar á öðrum lögum, m.a. breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. um afstöðu til þessara tillagna.

Styður hæstv. ráðherra að gerðar séu þær breytingar sem þarna eru lagðar til, m.a. á lögum um stjórn fiskveiða, til að bjarga sjávarbyggðunum, byggðunum með 200–1.000 íbúa, sem Byggðastofnun telur nú í mestri hættu á að leggjast í auðn?

[18:07]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega bara brandari að segja að hæstv. iðnrh. hafi samið þetta frv. Ég veit að hv. þm. trúir því ekki einu sinni sjálfur. En það er svo sem allt í lagi að segja brandara svona þegar líður á daginn.

Hins vegar er það útúrsnúningur að ég hafi sagt að það styrkti Byggðastofnun að færa hana undir iðnrh. Ég sagði það ekki, ég sagði að þær breytingar sem þetta frv. gerði ráð fyrir mundu styrkja Byggðastofnun. Þá var ég að tala um þá auknu áherslu sem lögð er á atvinnuþróun og nýsköpun á landsbyggðinni, heimild til samstarfs við aðra um atvinnuuppbyggingu, líkt og á Þingeyri í sumar og menn efuðust um að væri lagastoð fyrir og fleira í þeim dúr. Nánast allir viðmælendur nefndarinnar sem samdi frv. lögðu einmitt áherslu á þetta. Við töluðum við fólk úr öllum greinum atvinnulífsins, atvinnuráðgjafana á landsbyggðinni, Háskólann á Akureyri, Iðntæknistofnun o.fl. Alls staðar stóð þetta upp úr. Menn höfðu engar áhyggjur af því hvernig kjósa ætti í stjórn eða í hvaða ráðuneyti þetta ætti að vera. Allir lögðu áherslu á þessi atriði og þess vegna segi ég að það styrki Byggðastofnun að leggja á þetta áherslu.

Varðandi fjárveitingarnar þá er þar bara engin breyting. Byggðastofnun verður hér eftir sem hingað til á fjárlögum, fær tekjur sínar af fjárlögum frá ríkinu og með þessu frv. er engin breyting á því.

Varðandi tillögunar í skýrslunni um 200 milljónir í markaðsátak þá er ekki verið að gera tillögur um að Byggðastofnun borgi það sem lagt er til í skýrslunni. Þetta eru ábendingar til stjórnvalda um hvað gera þurfi í einstökum málaflokkum og kostar náttúrlega miklu meira en 200 milljónir ef það ætti að gera það allt saman. En þetta eru fyrst og fremst ábendingar en ekki hugmyndir um að Byggðastofnun greiði þetta úr sínum litlu sjóðum.

[18:09]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn er hv. skírnarvottur að bera í bætiflákana fyrir þetta frv.

Í greinargerðinni stendur að þann 16. september sl. hafi hæstv. iðnrh. skipað nefnd til að vinna að undirbúningi þess að flytja starfsemi Byggðastofnunar undir iðnrn. Þessi nefnd var skipuð fimm einstaklingum og þar af tveimur skrifstofustjórum úr iðnrn. Þessi nefnd vann frv. á vegum iðnrh. en ekki forsrh. Þannig er alveg rétt með farið að þetta frv. kemur frá iðnrh. og engum öðrum þó að forsrh. fylgi því úr hlaði.

Það er hreinn dónaskapur við þingið, virðulegi forseti, að umræður um þetta mál skuli hafa staðið hér í tvo daga án þess að iðnrh. hæstv., sem ber ábyrgð á samningu málsins, sjái sóma sinn í að vera viðstaddur og láti Sjálfstfl. eftir að halda uppi vörnum fyrir málið. Meira að segja formaður þingflokks framsóknarmanna, sem var annar skírnarvotturinn af tveimur að þessu frv. sést hér ekki. (**Gripið fram í:** Hann er erlendis.) Hann er erlendis. Já, það getur vel verið en hann hefði kannski getað falið einhverjum af 14 þingmönnum Framsfl. að leggjast á árina með sér.

Í öðru lagi er kjarni þessa frv. ekki að breyta lögum um Byggðastofnun til að gera henni fært að eiga samvinnu við aðra um atvinnuþróunarverkefni. Ef það er eina breytingin sem hv. þm. sem hér talaði áðan leggur áherslu á þá hefði verið hægt að gera hana með einfaldri lagabreytingu. Meginatriði þessa frv. er að flytja Byggðastofnun úr umsjá forsrh. í umsjá iðnrh. Hvernig styrkir það stofnunina, hæstv. forseti? Það skil ég ekki.

[18:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það tekur því varla að eltast við að svara málflutningi hv. þm. Hann slítur allt úr samhengi, tekur eina

og eina setningu og býr til úr þeim grýlur. Það er náttúrlega bara tímasóun að ræða mál á þessum nótum.

Út af því að hæstv. iðnrh. hafi samið frumvarpið af því að tveir skrifstofustjórar frá honum voru í nefndinni þá minni ég á meiri hluti nefndarinnar var skipaður núverandi og fyrrverandi stjórnarmönnum í Byggðastofnun. Ég býst við að allir geti verið sammála um að þeir hafi einhverja þekkingu á starfsemi stofnunarinnar og hvernig henni sé best fyrir komið. Þar var m.a. Sigfús Jónsson sem átti sæti í fyrstu stjórn stofnunarinnar. Hann kom með afskaplega góð innlegg í þetta mál og aðrir nefndarmenn líka. Þannig varð nú þetta frv. til.

Í lokin hlýtur maður bara að fagna þessum skyndilega áhuga Samfylkingarinnar á landsbyggðarmálum. Samfylkingin hefur skilað auðu í landsbyggðarmálunum síðan hún fæddist með harmkvælum síðasta vetur. Hún skilaði auðu þegar hér var rædd og afgreidd þáltill. hæstv. forsrh. um aðgerðir í byggðamálum á síðasta vori. Þó held ég að flestir séu sammála um að í þeirri tillögu sé tekið skýrar en oftast áður á því hvað er til bóta á landsbyggðinni og hvað skuli til varnar verða. Menn eru held ég allir sammála um að þetta hafi verið mjög merkilegt plagg. Hvað gerði Samfylkingin? Ekki einn einasti þeirra þingmanna greiddi atkvæði með þessu. Þeir skiluðu auðu eða mættu ekki eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Sama er að gerast nú varðandi Fljótsdalsvirkjun. Hvernig hafa umræðurnar verið þar? Hér hefur komið hver samfylkingarmaðurinn af öðrum og talað út og suður. Þeir hafa hins vegar ekki hugmynd um hvort þeir ætli að styðja þetta mál eða ekki. Það hefur að vísu komið fram að einn eða tveir þingmenn muni styðja það. Manni heyrist þó á málflutningi þeirra að hinir ætli að sitja hjá og halda áfram að skila auðu í byggðamálum. Það er von að hv. formaður Alþfl. haldi hér lærðar ræður um hve aðrir standi sig illa í byggðamálum.

[18:13]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fljótsdalsvirkjun er nú ekki á dagskrá hér. Þær lagareglur eru í gildi á Íslandi í dag að menn eigi ekki að taka endanlega ákvörðun um að styðja eða styðja ekki framkvæmdir fyrr en að fengnu umhverfismati. Þetta eru þau lög sem gilda í landinu. Við samfylkingarmenn viljum einfaldlega að alþingismenn beiti sér fyrir því að þeim lögum sé fylgt.

Virðulegi forseti Við skulum telja upp höfuðatriði þessa frv. Það er að flytja Byggðastofnun frá forsrh. til iðnrh. Er það til að styrkja stofnunina? Í stað þess að kosin verði þverpólitísk nefnd á Alþingi til að stjórna stofnuninni, spegilmynd af styrk flokka hér á Alþingi, þá skipi iðnrh. hana einn. Er það til að styrkja stofnunina?

Gert er ráð fyrir því að heimild Byggðastofnunar til að vinna byggðaþróunaráætlun verði tekin af henni. Hún verði sett í hendurnar á iðnrh. og hann eigi síðan að hafa samráð við Byggðastofnun og önnur ráðuneyti um vinnu að þessum málum. Er það til að styrkja stofnunina? Gert er ráð fyrir að fella út öll ákvæði gildandi laga um heimild stofnunarinnar til að grípa til sértækra aðgerða til að bregðast við aðkallandi vanda. Er það til að styrkja hana?

Virðulegi forseti. Ég er ekki að segja að ekki sé eitt og annað í þessu lagafrv. sem bætt geti stöðu Byggðastofnunar frá því sem er. En ég tel ekkert af meginatriðum frv., sem ég hef talið hér upp, vera til þess fallið að styrkja hana. Ég skil ekki hvers vegna sjálfstæðismenn ganga fram fyrir skjöldu til að verja það að þýðingarmikil stofnun af þessu tagi sé tekin úr höndunum á þeim og færð Framsfl. Ég skil ekki hvernig stendur á því og framsóknarmennirnir sjálfir mæta ekki einu sinni til að halda uppi rökum fyrir þeirri breytingu.

[18:15]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér hefur farið fram allítarleg umræða um það sem mörgum finnst vera eitt stærsta og brýnasta úrlausnarefni okkar í dag, þ.e. byggðavandann svokallaða, og tilefnið er frv. til laga um Byggðastofnun. Ég tel umræðuna að mestu leyti hafa verið málefnalega hjá flestum hv. þm., þó með einni og einni undantekningu þar sem menn hafa leyft sér að skemmta sér með það sem kalla má útúrsnúninga ellegar þá vanþekkingu á því sem fram kemur í greinargerð og plöggum fylgjandi þessu frv.

Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um það hvar Byggðastofnun verði vistuð, þ.e. í iðnrn., og nokkru púðri hefur verið eytt í þá umræðu. Það er í rauninni einkennilegt að menn skuli vekja þá umræðu upp núna, ekki síst í ljósi þess að sú tillaga byggir alfarið á stjórnsýsluúttekt og tillögum frá Ríkisendurskoðun. Sú tillaga var birt og hefði þá mátt ætla að af því tilefni hefði verið ástæða til þess að vekja upp málefnalega umræðu um það hvort sú tillaga væri rétt eða verjanleg. Að því leytinu til er einkennilegt að sú umræða skuli koma upp núna en ekki þegar Ríkisendurskoðun vann þessa stjórnsýsluúttekt fyrir alþingismenn.

Þá er rétt að velta því aðeins upp hvers vegna mælt er með þessu. Hvers vegna mælir Ríkisendurskoðun og sú nefnd sem hefur verið að störfum og unnið afskaplega gott starf, með því að Byggðastofnun skuli vistuð í iðnrn.? Það skyldi þó aldrei vera af þeirri einföldu ástæðu að menn vilji horfa á byggðamálin út frá atvinnumálum og leggja þau til grundvallar? Í því samhengi er rétt að vara við því að menn festist í hinum hefðbundnu atvinnugreinum, einkum sjávarútvegi og landbúnaði, þó vissulega eigi þær atvinnugreinar eftir að gegna áfram mikilvægu hlutverki í atvinnu- og efnahagslífi okkar. En fram hjá hinu verður ekki litið að mannfrekustu atvinnugreinar í atvinnulífi okkar í dag eru utan þessara hefðbundnu, gömlu atvinnugreina, ekki síst á sviði þjónustu af ýmsu tagi og vart hefur farið fram hjá mönnum umræðan um sóknarfæri í nýjum atvinnugreinum svo sem í upplýsingatækninni.

Þá er rétt að hafa í huga að undir iðnrn. heyra ýmsar ýmsar stofnanir og vil ég þar sérstaklega nefna Iðntæknistofnun sem hefur lagt þunga áherslu á að styðja við frumkvöðlastarf, styðja við hugvitsmenn og styðja við nýja sprota í atvinnulífi á viðkvæmasta stigi. Að því leyti til kann það að vera hyggilegt — sú hugsun býr væntanlega að baki — að tengja með þessum hætti saman Byggðastofnun og hlutverk hennar við þær aðrar stofnanir sem heyra undir iðnrn. og eru að sinna þessum mikilvæga þætti, þ.e. nýsköpun og ekki síst í smáfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Þá er rétt að hafa í huga að Byggðastofnun hefur á síðustu árum eflt mjög samstarfið við atvinnuþróunarfélög úti í hinum einstöku byggðum landsins. Ég tel að það hafi verið mikið gæfuspor hjá Byggðastofnun og hafi skilað verulega góðum árangri sem byggir e.t.v. ekki síst á því að færa ákvarðanatökuna nær vettvangi og láta heimamenn sækja fram á eigin forsendum. En það hefur einnig komið fram hjá þeim atvinnuþróunarfélögum sem Byggðastofnun hefur beinlínis

stutt við bakið á að þar hefur stundum orðið skörun og myndast eins konar grá svæði, má segja, á milli Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og annarra stofnana sem vinna að nýsköpun. En ég ítreka að reynslan af atvinnuþróunarfélögunum er afskaplega mikilvæg vegna þess að þar er ákvarðanatakan færð nær vettvangi. Mér þykir mjög skynsamleg ákvörðun að færa þetta undir eina stjórnsýslu og ítreka að þetta byggir á úttekt og tillögum Ríkisendurskoðunar.

Herra forseti. Hins vegar er mikið umhugsunarefni hversu margar rannsóknarstofnanir við höfum orðið í okkar þjóðfélagi og spurning hvort ekki þurfi í rauninni að sumu leyti að stokka þær upp til að dreifa ekki kröftunum um of. Þó er mjög gott samstarf á milli þeirra eins og við þekkjum m.a. frá Keldnaholti þar sem nokkrar rannsóknarstofnanir eru og þar á meðal a.m.k. tvær stofnanir sem heyra undir iðnrn.

Herra forseti. Ég tel að það sé skynsamleg stefna sem kynnt er í frv. hvað varðar lánastarfsemina þar sem mælt er með því að fyrst um sinn a.m.k. verði Byggðastofnun ætlað áframhaldandi hlutverk í lánastarfsemi. Það hefur að mörgu leyti gefist vel eins og fram hefur komið, m.a. í ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar sem er stjórnarmaður í Byggðastofnun og kom að undirbúningi þessa frv. Með því að færa lánastarfsemina strax til bankastofnana er hættan auðvitað sú að arðsemissjónarmið verði um of ráðandi og vil ég í því sambandi m.a. benda á hvernig Nýsköpunarsjóður hefur þróast og kannski þroskast, en að mörgu leyti held ég að megi færa rök fyrir því að hann hafi ekki náð að gegna því hlutverki sem honum var ætlað og fram kemur í nafni hans. Ég tel þess vegna hyggilegt að fara þar varlega og halda þessum þætti áfram innan Byggðastofnunar meðan hún er að stíga þau nýju skref sem lögð eru til með frv.

Herra forseti. Hér hefur nokkuð verið gert að umtalsefni vald forstjóra og jafnvel vald ráðherra sem ítrekað hefur verið dregið hér inn og hefur komið fram í ræðum manna sá skilningur ýmissa hv. þingmanna að hæstv. iðnrh. eigi nánast að gegna hlutverki drottins allsherjar í þessu. Sumir hafa nefnt hér að hann sé stjórnin, hann sé stjórnarformaður og hann sé forstjóri. En þá verða menn auðvitað að hafa í huga að með frv. er verið að leggja til að Byggðastofnun heyri stjórnsýslulega undir iðnrh. og að sjálfsögðu ber þá hæstv. ráðherra, hver sem hann er hverju sinni, ábyrgð á þessari stofnun.

En það er rétt að draga hér fram það sem ég tel afskaplega hyggilegt með þessu frv., þ.e. markmiðið er að auka sveigjanleika með því að stjórn setji leikreglur og feli síðan forstjóra að starfa eftir þeim leikreglum til þess að geta brugðist við verkefnum jafnóðum þau koma upp en þurfa ekki að bíða eftir stjórnarfundi. Ég tel það vera afskaplega hyggilegt og auka á skilvirkni í starfi stofnunarinnar, en það kann að vera ein ástæða þess að menn grípa til þessara ráða að Byggðastofnun hefur stundum verið gagnrýnd fyrir það að ákvarðanatakan þar er ekki mjög fljót.

Þá er athyglisvert í sambandi við stjórn og stjórnsýsluna, þ.e. að Byggðastofnun skuli vera færð undir iðnrn. og hæstv. iðnrh., hversu margir hv. stjórnarandstæðingar hafa að því er virðist gefið sér að Sjálfstfl. og Framsfl. muni sitja í ríkisstjórn áfram því að í umræðum hefur ítrekað komið fram hjá nokkrum hv. stjórnarandstæðingum að ekki muni aðrir en framsóknarmenn verða í stjórn hinnar nýju Byggðastofnunar og að Framsfl. muni sitja í iðnrn. Auðvitað fagna ég þeirri trú sem kemur þar fram á mínum ágæta flokki. Ég held hins vegar að þetta sé ekki mjög raunhæft. Eins og stjórnmálasagan sýnir þá verða breytingar í stjórnmálum. Hér er auðvitað verið að ræða um iðnrn. og iðnrh. hverju sinni.

Ég vil taka undir það sem hefur verið nefnt hér að Byggðastofnun hefur unnið að mörgu leyti afskaplega þarft og gott starf og má benda á mýmörg dæmi úti á landsbyggðinni um lítil fyrirtæki sem sprottið hafa upp beinlínis vegna tilstyrks og stuðnings frá Byggðastofnun. Með frv. er verið að skerpa enn frekar á hlutverki og starfi Byggðastofnunar enda tóku nokkrir núv. og fyrrv. stjórnarmanna þátt í að semja það eins og fram hefur komið.

Herra forseti. Byggðavandinn er, eins og ítrekað hefur komið fram, eitt aðalúrlausnarefni samfélagsins. Við þurfum að leggjast á eitt í þeim lífróðri sem róinn er til þess að snúa þeirri þróun við sem orðið hefur á síðustu árum. Ég vil enn og aftur nefna það sem komið hefur fram í umræðum um þessi mál hér á hv. Alþingi, að þjóðir Evrópu telja það orðið alvarlegt vandamál þegar 25–35% þjóðar býr í kringum höfuðborg. Þetta hefur m.a. verið rætt í tvígang á síðustu fimm árum á vettvangi Evrópuráðsins. Menn telja það alvarlegt vandamál þegar þetta hlutfall er 25–35%. En nú stöndum við hér frammi fyrir u.þ.b. 65% þannig að af því einu sést hve mikill vandinn er.

Byggð í landinu og byggðaþróun ræðst að sjálfsögðu af atvinnuháttum. Áherslan með þessu frv. er einmitt að efla Byggðastofnun, ekki síst í gegnum atvinnulífið, og ég ítreka það sem ég nefndi áðan, þ.e. mikilvægi þess að festast ekki í hinum hefðbundnu atvinnugreinum heldur að horfa einnig til nýrra sóknarfæra. Í tengslum við það vil ég einmitt nefna aðeins eitt dæmi, ágætt frv. sem liggur fyrir hv. Alþingi um fjarskipti sem felur líklega í sér meiri sóknarfæri en margan grunar, ekki síst hvað það varðar að efla störf, fjarstörf og ýmis störf á upplýsingahraðbrautinni. Grundvöllur að því er einmitt lagður með fjarskiptafrv. sem er til meðferðar á hv. Alþingi.

En það er auðvitað ekki bara atvinnulífið sem ræður byggðaþróun eins og fram hefur komið í umræðunni. Það gerir líka gildismatið sem að mörgu leyti hefur verið að breytast, en auðvitað skiptir atvinnan þar afskaplega miklu máli því ungt fólk sækir sér menntun en hefur síðan ekki störf við hæfi til þess að hverfa að í sinni heimabyggð. Þá koma til ýmsir menningarlegir og félagslegir þættir sem snerta byggðaþróunina og líklega í vaxandi mæli núna á síðustu árum.

Ég hef grun um að frá 1995 hafi gildismat okkar breyst allverulega, frá 1995 þegar atvinnuleysi og kyrrstaða í atvinnulífi var ráðandi og svartsýn. En nú hafa þær aðstæður breyst mjög svo til batnaðar og um leið má segja að gildismatið hafi breyst og ekki síst þá beinst meira að hinum félagslegu og menningarlegu þáttum. Ég tel, eins og fram kemur í greinargerð með frv., að Byggðastofnun eigi ekki síður að sinna þeim þætti og henni er ætlað að sinna honum.

Herra forseti. Ég vil benda á það sem hér er tekið fram um árlegan aðalfund Byggðastofnunar. Ég tel afskaplega mikilvægt að hafa fastan vettvang þar sem staðan í byggðamálum er metin markvisst og faglega a.m.k. einu sinni á ári og í framhaldi af því birtar lausnir til bóta. Ég tel það afskaplega mikilvægan þátt í frv.

Að þessu sögðu, herra forseti, ítreka ég að ég tel frv. vera til þess fallið að skerpa Byggðastofnun og gera hana skilvirkari sem verkfæri ríkisvaldsins til þess að hafa áhrif á byggðaþróun. Ég vænti þess að líflegar og ekki síst faglegar

umræður um frv. verði í nefndinni eftir að því hefur verið vísað þangað.

[18:31]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, það var nú aldeilis ekki til ónýtis að hv. þm. Framsfl. rauf loks þögn flokksins um þetta mál því hann sýndi þá einstöku hógværð að fullvissa okkur alþingismenn um að flokkurinn ætlaði ekki að taka Byggðastofnun með sér út úr ráðuneytinu þegar hann hætti og róar það að sjálfsögðu mjög alla þá sem á þá merkilegu yfirlýsingu hlýddu að hann ætlaði ekki að ganga svo langt.

Hins vegar vantar mig þá bara eina skýringu og ég spyr eftir henni: Hvaða rök eru fyrir því að flytja þessa stofnun frá forsrn. til iðnrn. fyrst Framsfl. ætlar ekki að taka stofnunina með sér þegar hann fer úr ráðuneytinu?

[18:32]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá loksins þegar Framsfl. rýfur þögnina er slæmt að hv. formaður Alþfl. skuli hafa dregið fyrir eyru sín og ekki hlustað því að í ræðu minni reyndi ég einmitt að draga þau rök fram, þ.e. atvinnurökin. Ég ætla ekki að endurtaka það en vísa hv. þm. á þingtíðindin þegar þau koma. En af því að hv. þm. hefur látið sér einstaklega annt um Framsfl. í umræðunni, þá er þetta mál flutt af hæstv. forsrh., eins og hv. þm. veit, jafnreyndur og hann er, og venjan er sú að sá ráðherra fylgi sínu máli eftir. Og af því að hv. þm. saknaði formanns þingflokks Framsfl., þá er rétt að upplýsa hv. þm. um það að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er á vegum þingsins á fundi EFTA. Ég hygg að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi vitað af því.

[18:33]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það vissi ég ekki vegna þess að ég sá að formaður sendinefndar Íslands hjá EFTA, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, er kominn heim. (**Forsrh.:** Hann er kominn heim að ósk minni út af ...) Að sjálfsögðu gerði hann það, þ.e. að ósk hæstv. forsrh. vegna mikilvægs máls sem er til afgreiðslu hér í þinginu og ég hélt að það sama gæti kannski gilt um formann þingflokks Framsfl., að hann mundi mæta til leiks þegar mikilvægt mál er hann varðaði væri til meðferðar í þinginu.

Annars verð ég að segja að ég hef oft heyrt það frá hv. þm. áður að hann vísar þeim mönnum sem ekki hafa heyrt hvað hann sagði eða ekki náð því sem hann ætlaði að segja á að lesa ræður sínar. Ég hef oft gert það en ég hef aldrei orðið neins vísari.

Að lokum tók ég eftir því að hann gerði mín orð að sínum því að hann beindi spurningunni um rökin fyrir því að flytja þessa stofnun til iðnrh. frá forsrh., til hæstv. forsrh. Hann benti á að hann væri flutningsmaður málsins og því eðlilegt að hann svaraði þeirri spurningu þannig að það eru ekki bara við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem höfum lagt þessa spurningu fyrir hæstv. forsrh. heldur hv. þm. Hjálmar Árnason líka.

[18:35]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í rauninni þarf ekki að svara þessum athugasemdum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Þær dæma sig sjálfar. Þær lýsa sér sjálfar og dæma sig sjálfar. Ég vil þó ítreka að ég reyndi að færa rök fyrir því hvaða kosti ég sæi við að Byggðastofnun færi undir iðnrh. og tengja það atvinnuuppbyggingu. Ég get hins vegar ekkert að því gert þó hv. þm. eigi í erfiðleikum með að skilja mig. Hugsanlega tala ég óskýrt. Hugsanlega hlustar hv. þm. ekki þegar aðrir flytja ræður. En það er hins vegar ekki góður siður að ætlast til þess að maður endurtaki hluti.

[18:35]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór sem mig grunaði að af ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar má ráða að menn líti svo á að það eigi að hefja iðnaðaruppbyggingu og efla iðntækifæri. Ég spyr hv. þm. hvort hann telji ekki að nauðsynlegt sé að hafa yfirlit yfir allan hinn opinbera rekstur allra ráðuneytanna þar sem fram kemur í hverri skýrsluni á fætur annarri að einhæfni sé andstæð landsbyggðarstefnunni og að fjölbreytni sé lykill að framförum og uppgangi úti á landi.

[18:36]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess í ræðu minni að mannfrekasta atvinnugrein á Íslandi í dag er þjónusta ýmiss konar.

Ég gerði líka að umtalsefni upplýsingahraðbrautina og nefndi í því samhengi fjarskiptalögin og þau sóknarfæri sem þau fela í sér. Það flokkast ekki undir iðnað.

Hins vegar er iðnaður afskaplega mikilvægur, hv. þm., iðnaður eins og aðrar greinar. Rétt er að benda á það sem ég vék að í ræðu minni, m.a. þau störf sem unnin eru á vegum Iðntæknistofnunar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Ég nefni t.d. átak í atvinnusköpun kvenna og er þar langur listi sem Iðntæknistofnun hefur verið að vinna að og til þess vísaði ég.

Hitt er svo annað mál að án samvinnu verða aldrei framfarir í byggðamálum né öðrum málum. Þó að þetta sé vistað í atvinnuráðuneytinu iðnrn. þá segir sig sjálft að önnur ráðuneyti hljóta að koma óbeint að málinu.

[18:38]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að iðnaður er ákaflega mikilvægur. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um þessa breytingu sem hefur það að leiðarljósi að menn einspora sig og mér er það óskiljanlegt að lagt skuli til að hverfa frá þeirri yfirsýn sem Byggðastofnun þó hefur með þessari kerfisbreytingu vegna þess að allir eru sammála um að einhæfni er það versta sem hugsast getur fyrir landsbyggðina og að til eru fjöldamargir aðrir þættir. Ég spyr hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér um að aðrir hliðarþættir sem koma inn á starfsemi allra ráðuneyta séu jafnmikilvægir fyrir landsbyggðina og viðgang hennar.

[18:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé ágreiningur um það að fjölbreytni í atvinnulífi er afskaplega mikilvæg. Um það snýst málið og það hefur komið fram ítrekað að það er meginmarkmiðið, þ.e. að efla fjölbreytni í atvinnulífi, ekki bara úti á landsbyggðinni heldur í landinu í heild. (Gripið fram í.) Fjölbreytni í atvinnulífi er það sem máli skiptir og að sækja fram á sem flestum sviðum til þess m.a. að draga úr sveiflum í atvinnulífi.

Það er líka vert að árétta það sem fram hefur komið ítrekað í umræðunni, að frv. byggir m.a. á tillögum frá Ríkisendurskoðun. Það kom fram í ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar að við undirbúning þessa máls hlaut hugmyndin stuðning atvinnuráðgjafa og þeirra sem hafa verið

að vinna með nýsköpun, ekki síst úti á landsbyggðinni.

[18:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason hvort hann sé sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni þegar hann sagði í ræðu sinni áðan að engin breyting yrði á stofnuninni sem slíkri, stjórn hennar væri í sömu stöðu og áður með þeirri aðferð sem nú er meiningin að hafa, þ.e. að ráðherra skipi alla stjórnarmenn Byggðastofnunar. Ég hef þá reynslu af því þegar þessi hæstv. ráðherra sem á að skipa þessa stjórn, er að skipa menn í stjórnir stofnana, að þá kallar hann þá á sinn fund og gerir þeim fullkomlega grein fyrir því að þeir séu ekki fulltrúar utan úr bæ, heldur séu þeir hans fulltrúar í þessum stofnunum og eigi að hugsa og tala og vinna eins og þeir væru hans fulltrúar.

[18:41]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi eitthvað misskilið ræðu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar. Í ræðu sinni lýsti hv. þm. Guðjón Guðmundsson m.a. reynslu sinni af því að starfa í nefnd á vegum iðnrn. og lýsti einmitt ánægju sinni með það svigrúm og frelsi sem nefndarmenn höfðu til þess að vinna. Ég skil því ekki hvað býr að baki þessari spurningar hv. þm. Sjálfur get ég vitnað um svipaða reynslu og hv. þm. Guðjón Guðmundsson lýsti hér ágætlega.

Hitt er svo annað mál að eitt af markmiðum frv. er að skerpa á skilvirkni með því að stjórn setji leikreglur og forstjóra verði síðan ætlað að bregðast við og vinna innan þess ramma sem honum er settur.

Enn þykir mér ástæða til þess að minna á það að hér er um frv. að ræða og ef það verður samþykkt munu lögin sennilega endast lengur en eitt kjörtímabil þannig að það er ekki mjög málefnalegt að perónugera þetta.

[18:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. svaraði ekki því sem ég spurði hann um. Ég var að spyrja hann hvort hann væri sammála hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni í þessu, þar sem ég skildi hans orð svona. En aðalatriði spurningar minnar var að ég lýsti því að ég hef sjálfur orðið þess aðnjótandi að ganga á fund þessa hæstv. ráðherra þar sem hann gerði mér grein fyrir því að ef ég tæki sæti í viðkomandi stjórn þá væri ég hans fulltrúi, ég væri ekki fulltrúi utan úr bæ, ég væri ekki fulltrúi Alþb., ég væri ekki fulltrúi Alþingis, ég væri fulltrúi iðnrh., þ.e. bankamálaráðherra í því tilfelli. Ég þykist vita að hann muni ekki hafa önnur tök á þeim sem verða skipaðir í Byggðastofnun. Hann mun líta þá sömu augum og hann hefur litið þá sem hann hefur skipað í aðrar stofnanir, a.m.k. þar sem ég þekki til. Ég veit reyndar fleiri dæmi um það að svona hafi hæstv. ráðherra staðið að málum. Þetta er ekki að persónugera. Hæstv. ráðherra er núna í þessum ráðherrastóli og ég reikna bara með því að hann hafi ekki önnur tök á þessu en ég er að lýsa .

[18:43]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu fólst ekki bein spurning og ég held að óþarfi sé að bregðast við lífsreynslusögum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég vil líta á þetta sem almenna lýsingu hans og lífsreynslu. Það er fróðlegt að heyra þetta en ég hef allt aðra lífsreynslu en hv. þm. til allrar hamingju.

[18:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka mönnum þessa umræðu alla sem hefur verið fróðleg og nauðsynleg og sjálfsögð náttúrlega. Ég get sagt fyrst vegna þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi, að lögfræðingar töldu mögulegt að það mundi standast, þrátt fyrir lagaákvæði, að flytja þessar stofnanir á milli, bæði Seðlabanka eftir atvikum og þessa stofnun, með því að breyta stjórnarráðsreglugerð. En bæði vegna þess að hér er um töluvert umfang að ræða og einnig vegna þess að í tilfelli Byggðastofnunar er auðvitað gert meira en bara að færa forræðið á milli, þá hefði það ekki gengið hvað það varðar. Hvað Seðlabankann varðar þar sem eingöngu er um tæknilegar breytingar að ræða sem lúta eingöngu að forsvari stofnunarinnar, þá hefði verið hægt að gera það með reglugerðarbreytingu. En þetta er ekki lakari aðferð og gefur okkur tækifæri til þess að ræða málin hér. Auðvitað verður þessu síðan fylgt eftir með reglugerðarbreytingu, svo að spurningunni sé svarað beint.

Það er rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur nefnt. Nefndin sem samdi þetta frv. gerði það að fyrirlagi iðnrh., ekki forsrh. Þannig var ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að forsrh. sæi um að undirbúa frv. um Seðlabankann þó að það mál heyrði undir viðskrh. Jafnframt var ákveðið að iðnrh. sæi um þetta frv. vegna þess að best færi á því að þeir sem fengjust við málin í framtíðinni kæmu að hvoru málinu fyrir sig. Hins vegar var ákveðið að forsrh. flytti bæði málin vegna þess að um verkefnaskiptingu er að ræða. Þetta tel ég ekkert óeðlilegt.

Hins vegar er það hárrétt sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson, sem verið hefur í forsvari fyrir nefndina og gert með miklum ágætum, sagði. Nefndin og sú reynsla sem nefndarmenn hafa af störfum sínum við Byggðastofnun og í stjórn Byggðastofnunar bæði fyrr og síðar hafði mest um það að segja hvernig frv. var samið. Iðnrh., ríkisstjórnin sem heild og ég, með því að vera flutningsmaður, berum hins vegar ábyrgð á niðurstöðunni þó að vinnan, hugmyndirnar og megingerðin hafi verið verk ágætra nefndarmanna sem komu að málinu.

Ég leitaðist í fyrstu ræðu minni við að leiða fram rökin í málinu. Síðan hafa hv. þm. Guðjón Guðmundsson og hv. þm. Hjámar Árnason stutt þennan flutning góðum rökum. Ég hlustaði á ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar og ég heyrði að hann leitaðist við að gera góða grein fyrir rökunum sem þarna er um að ræða. Það er undantekning en ekki regla að forsrh. fari með forræði þessarar stofnunar. Það er ekki svo í þeim löndum sem ég þekki til að þetta mál sé fellt undir forræði forsætisráðherra heldur er það á forræði fagráðherra.

Ég geri líka ráð fyrir því að ef hér væri atvinnuvegaráðuneyti, sem menn hafa stundum talað um og m.a. hafði fyrrv. hæstv. sjútvrh. áhuga á að hér væri eitt atvinnuvegaráðuneyti þar sem sjútvrn., iðnrn. og landbrn. kæmu saman undir einum hatti, þá þætti engum illa fyrir séð að fella Byggðastofnun undir það ráðuneyti. Ég býst við að mönnum mundi þykja það eðlilegt.

Þegar leitast er við að skýra byggðamálin og þá þróun sem orðið hefur á undanförnum áratugum þá hefur komið á daginn að héðbundnar atvinnugreinar sem landsbyggðin studdist við, sjávarútvegur og landbúnaður, þarfnast minni mannafla þó að mikilvægi hans sé auðvitað mjög mikið enn

þá. Ný tækni og vinnsluaðferðir o.s.frv. hafa gert það að verkum, hér á landi sem annars staðar, að mannskap í slíkri vinnu hefur fækkað mjög. Það hefur leitt til búseturöskunar og enn er þróunin í þá átt. Því fer kannski ekki illa á því að við breytinguna taki við ráðuneyti á borð við iðnrn. sem hefur á sínum vegum atvinnuþróunarstarfsemi og sameini kraftana við starfsemi Byggðastofnunar í þessum efnum. Rökin gegn þessari færslu eru fyrir hendi. Rökin um að í þessu litla landi sé gott að hafa málið á könnu forsrh. hverju sinni, hver sem hann er, eru líka fyrir hendi. Ég geri ekki lítið úr þeim. Þau hafa heilmikið vægi en rökin fyrir þessum flutningi eru einnig fyrir hendi.

Að vísu hafa menn við þessi tímamót notað tækifærið til að gefa þeim sem hér stendur einkunn í byggðamálum. Stjórnarandstaðan hefur orðið að leita ansi langt niður eftir einkunnaskalanum til þess að gefa honum hæfilega einkunn. Ég held að ég hafi ekki fengið lægri einkunn frá því að ég fékk lægstu einkunn í þýsku sem lengi hafði verið gefin í menntaskóla. (**Gripið fram í:** Hjá ÓMÓ?) Nei, það var hjá öðrum ágætum kennara sem Kjartan heitir. Þetta rifjar upp gamlar minningar í þeim fræðum. Ég held að vísu að einkunnin sem ég fékk í þýsku hafi verið sanngjörn, eðlileg og réttmæt. En ég vil leyfa mér að halda því fram að hún sé ekki alveg sanngjörn, eðlileg og réttmæt hvað byggðamálin varðar. Nú er ég ekki að halda því fram að hægt sé að sýna fram á það með tölum að mér eða öðrum sem að byggðamálum hafa komið á þessum tíma hafi tekist að stöðva þá þróun sem þar hefur orðið. Því fer auðvitað fjarri. En ég hygg einnig að ef af sanngirni er litið á málin hafi enginn gert ráð fyrir að neinni byggðastofnun undir forustu nokkurs manns hefði tekist að standa af sér þann straum. Það er ekki á valdi Byggðastofnunar, hvorki í þessu landi né öðrum, að stöðva slíka þróun.

Hér hafa komið fram skýringar á því hvers vegna svona hefur farið á undanförnum árum. Til að mynda hefur hv. 4. þm. Vestf. haft sínar skýringar á því. Þó ég sé ekki sammála öllum hans skýringum þá er ljóst að miklar breytingar á vettvangi sjávarútvegs hafi þarna haft mjög mikið að segja. Ég tel þó, án þess að færa mér það til tekna, að Byggðastofnun, stjórn hennar og starfsmönnum hafi, ekki síst upp á síðustu árum, tekist að vinna afar vel til mótvægis við þá þróun. Með sanngirni má færa fram mjög álitleg rök fyrir því hún hafi staðið sig í stykkinu. Enginn heldur því fram, á móti öllum staðreyndum, að þróunin hafi verið stöðvuð. Ég er ekki í vafa um að staðan væri mun lakari fyrir fjölmargar byggðir landsins og kannski flestar, ef Byggðastofnunar hefði ekki notið við. Það munar um viðnámsvilja og verk stofnunarinnar. Ég vil segja það hér og nú. Ég fæ kannski tækifæri til þess síðar að þakka Byggðastofnun, stjórn hennar og starfsmönnum fyrir viðleitni sína og verk við mjög erfiðar aðstæður. Ég held að þar hafi margur unnið mjög gott starf.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur nokkuð oft nefnt að hér væru eingöngu í gangi helmingaskipti og hnífakaup, eins og hann hefur kallað það. Það hefur verið sagt og ekki í fyrsta sinn að einkennin á ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. séu helmingaskipti af þessu tagi. Ég var í ríkisstjórn með Alþfl. og átti þar ágætt samstarf. Sú ríkisstjórn náði ágætum árangri. (**Gripið fram í:** Voru stunduð hnífakaup þar?) Ja, ég vil halda því fram að á þeim bæ hafi menn oft horft til helminga. Ég vek athygli á því að þó að stærðarmunur flokkanna hafi verið töluverður þá voru þeir með jafnmarga ráðherra. Það hafa kannski verið hnífakaup eða helmingaskipti. Menn geta kallað það hvað sem þeir vilja. En af hverju var það gert? Það var gert til að skapa traust á milli manna og flokka þrátt fyrir stærðarmun flokkanna, til að sýna að annar flokkurinn væri ekki að reyna að beita hinn afli í samstarfinu. Ég held að það hafi virkað vel. Í flokki mínum var ég hins vegar gagnrýndur fyrir að gera slíka samninga.

Ég var á sama hátt gagnrýndur í mínum flokki nú, árið 1999, fyrir að gera slíka samninga við Framsfl. þegar hallaði á hann í kosningum gagnvart okkur. Mönnum þótti ég vera lélegur samningamaður fyrir flokkinn, að standa þannig að málum og bera ekki meira úr býtum. Það má vel vera en ég hygg samt sem áður að helmingaskipti, þó menn tali um það í niðrandi tón í tveggja flokka samstarfi, sé jafnaðarstefna, ekki satt? Ég hélt að formaður Alþfl. væri jafnaðarmaður. Það er dálítið merkilegt að ég sem formaður Sjálfstfl. skuli lúta þeirri jafnaðarstefnu en vera síðan skammaður af formanni Alþfl. hér í salnum. En svona er þetta. Menn verða að taka öllu saman vel, bæði ég, fylgdarmaðurinn og skírnarvotturinn sem nú er hér, hæstv. forseti í forsetastóli.

Varðandi hitt sem hv. þm. nefndi, ég held nú reyndar að hann sé farinn úr salnum loksins þegar kom að mér að svara. Varðandi skýrsluna sem Byggðastofnun birti nýverið þá held ég að sú skýrsla þurfi ekki að koma á óvart. Byggðastofnun hefur áður í meginlínum gert mun á svæðum hvað þetta varðar. Þarna er stofnunin annars vegar að horfa á langtímasjónarmið sem byggðaáætlun sú sem samþykkt hefur verið snýr að og hins vegar til skemmri tíma. Ég tel að margt af því sem þarna er lagt fram sé athyglisvert og hljóti að koma til skoðunar hér. Margar tillögur sem þarna eru á ferðinni hljóta að koma til ítarlegrar skoðunar í þeirri nefnd sem nú fjallar um skipulagsmál í sjávarútvegi. Menn geta þar skoðað tillögur sem lúta að því að heimila að skrá kvóta á vinnslustöðvar. Þetta eru athyglisverðar tillögur sem menn eiga að skoða nákvæmlega og alls ekki að hafna án þess að hafa farið mjög vandlega yfir þær.

Hluti tillagnanna lýtur að því að nú við gerð samninga við bændur um sauðfjárrækt eigi menn að horfa til sjónarmiða í skýrslunni. Ég tel tímabært að fá þessar ábendingar og ályktanir Byggðastofnunar inn í þá umræðu. Ég tel þessa skýrslu mjög jákvæða og gott að Byggðastofnun hafi látið vinna hana. Það kemur okkur að gagni á næstu missirum þegar við förum yfir þessi mikilvægu mál.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara nánar út í einstök atriði. Eins og ég sagði áðan hefur hv. 4. þm. Vesturl. af hálfu nefndarinnar svarað spurningum og ábendingum sem fram hafa komið. Ég er honum þakklátur fyrir það enda er hann í betri færum til þess en ég eftir að hafa setið í nefndinni. Ég vona að það hafi orðið til góðrar upplýsingar um frv. auk þess sem frv. fær nú hina venjulegu meðferð í þingnefndinni. Þar hljóta athugasemdir einstakra þingmanna að verða skoðaðar.

Að svo mæltu vil ég, herra forseti, leyfa mér að þakka enn á ný umræðuna, þær ábendingar og þau sjónarmið sem fram hafa komið. Ég gerði ekki ráð fyrir því að stjórnarandstaðan mundi taka þessum tillögum fagnandi. Ég hafði ekki ástæðu til að ætla það að óreyndu. Ég get út af fyrir sig skilið allmargar þær athugasemdir sem hér koma fram. Eins og ég sagði er hægt að færa sanngjörn rök með og á móti þeirri skipan sem var og þeirri skipan sem verður.

[18:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans varðandi stöðu þessa máls gagnvart reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Það liggur skýrt fyrir eftir yfirferð hæstv. forsrh. að hér er um flutning á málaflokknum og málaflokkunum sem slíkum að ræða. Ég er sammála því að heppilegra sé að gera slíkt með lagabreytingu en láta ekki reyna á þanþol heimildar til að skipta verkum með breytingum á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Ljóst er og við getum öll tekið undir það að glíman við byggðaröskunina undanfarin ár hefur verið erfið, jafnvel erfiðari en að taka próf í þýsku. Þó að einkunn sú sem hæstv. forsrh. er hér stundum gefin sé heldur slök, neðarlega á skalanum, þá er ekki þar með sagt að við viðurkennum ekki að hæstv. ráðherra sé nokkur vorkunn og sömuleiðis Byggðastofnun. Ég held að sé allrar sanngirni gætt þá geti menn ekki bara skellt skuldinni á slíka aðila og sagt að það sé þeim alfarið að kenna að öllu hafi ekki verið snúið til betri vegar. Menn þekkja og vita að við ramman reip er að draga.

Hitt er ljóst að menn leggja ákveðið mat á frammistöðuna og viðleitnina. Hún hefur sannarlega, því miður, ekki skilað miklum árangri.

Rétt er einnig að það mun ekki algengt að byggðamál heyri undir forsrn. Nánast alls staðar eru forsrn. hrein yfirráðuneyti og hafa ekki framkvæmdarvaldshlutverk með höndum í neinum mæli. Ég hef einmitt gagnrýnt það að á köflum hafi menn lent of mikið í því hér að forsrn. hafi verið blandað inn í framkvæmdarmál sem er ekki heppilegt. Enn skortir mig rökin fyrir því að heppilegt sé að vista þennan málaflokk hjá iðnrn. Jafnvel þó að til yrði atvinnuvegaráðuneyti með sameiningu atvinnuráðuneytanna er ég ekki heldur sannfærður um að byggðamál eigi að vera þar. Þau eru annað og meira en bara atvinnumál.

[19:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það að fari svo að frv. verði að lögum og byggðamálin færist frá forsrn. þá sé ég ekki faglega að annað einstakt fagráðuneyti komi fremur til álita um að taka þetta að sér en iðnrn. eitt og sér. Ég horfi yfir þetta svið og ég sé ekki annað fagráðuneyti að forsrn. til hliðar settu í dæminu sem mundi betur fallið til að taka við þessu máli en iðnrn.

[19:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá erum við hæstv. forsrh. einfaldlega ósammála um það. Ég hef nefnt félmrn. sem fyrsta kost og með þeim rökum að undir félmrn. heyri málefni sveitarfélaganna og sveitarstjórnarmál og það lægi að ýmsu leyti vel við að styrkja þá stöðu félmrn. sem ráðuneytis þess málaflokks og í raun þá að nokkru leyti sem ígildi innanríkisráðuneytis.

Mér kæmu einnig fyrr í hug önnur atvinnuvegaráðuneyti meðan þau eru aðskilin en iðnrn. Ef við lítum á byggðamálin og byggðavandann að stærstum hluta til hvað þolendurna snertir sem vandamál dreifbýlisins og landsbyggðarinnar, þá eru bæði sjútvrn. og landbrn. fyrirferðarmeiri í raun og veru sem afgerandi fagráðuneyti þeirra atvinnugreina sem skipta sköpum á þeim svæðum en iðnrn. fer frekar með hina stóru iðnaðarkosti og almennan iðnað sem ekki er uppistaðan í atvinnulífi þeirra svæða sem eiga mest undir högg að sækja. Ef menn líta til atvinnuvegaráðuneytis, þá gæti ég mjög vel rökstutt önnur ráðuneyti en iðnrn. fyrr þó ég teldi heppilegra að horfa t.d. til félmrn. ef menn endilega vilja koma þessu frá forsrn. með þeim rökum sem ég sagði áðan um málefni sveitarfélaganna o.s.frv.

Það mætti jafnvel velta fyrir sér hvort umhvrn. sem menn völdu að færa skipulags- og byggingarlög undir gæti ekki alveg eins komið til greina sem samræmingaraðili þessa málaflokks eins og iðnrn. Ég verð að segja ósköp einfaldlega með fullri virðingu fyrir því ágæta ráðuneyti, iðn.- og viðskrn. sem nú er orðið samtvinnað, að mér finnst það ekkert sjálfgefið að færa málaflokkinn þangað og áskil mér allan rétt til þess að hafa á því skoðun framvegis og beita mér jafnvel fyrir því að þetta fyrirkomulag verði ekki endilega til frambúðar.

[19:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að miklu meiri hætta yrði á hagsmunaárekstrum ef umhvrn. færi með þessi mál en að hafa það í höndum iðn.- og viðskrn.

Í annan stað tók ég eftir því að hv. þm. nefndi saman landbrn. og sjútvrn. og vó það á móti iðnrn. en það er einmitt vandamálið. Það er að velja annað hvort þessara tveggja ráðuneyta til að fara með byggðamálin. Það mundi vefjast fyrir mér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 292.

[19:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem er á þskj. 292. Frv. er lagt fram sem fylgifrv. með frv. til laga um fjarskipti sem ég mælti fyrir á Alþingi 11. nóvember sl.

Póst- og fjarskiptastofnun hóf starfsemi sína 1. apríl 1997 og tók þá við almennu stjórnsýsluhlutverki á sviði fjarskipta og póstmála. Viðamiklar breytingar á fyrirkomulagi þessara mála, ekki síst afnám einkaréttar á sviði fjarskipta, leiddu til þess að nauðsynlegt var að koma á fót sjálfstæðri eftirlitsstofnun á þessu sviði. Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar voru áður ýmist hjá samgrn., Póst- og símamálastofnun eða fjarskiptaeftirliti ríkisins.

Eins og ég fjallaði um í framsöguræðu minni með frv. til laga um fjarskipti er orðið nauðsynlegt að breyta þeim þó aðeins séu liðin tæp þrjú ár frá setningu laganna. Fyrir því eru ýmsar ástæður og nefndi ég þá t.d. miklar breytingar á fjarskiptatækni og fjarskiptaþjónustu. Á sama hátt má segja að sú reynsla sem fengin er af fjarskiptamarkaðnum í kjölfar samkeppninnar kalli á breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun fyrst og fremst í þeim tilgangi að styrkja stofnunina til að takast á við breytt fjarskiptalög og nýtt viðskiptaumhverfi.

Með hinu nýja frv. til fjarskiptalaga eru lagðar til miklar breytingar á möguleikum fyrirtækja til að starfa á fjarskiptamarkaðnum, t.d. með því að aðgangur fjarskiptafyrirtækja að heimtaug einstakra notenda verður nú mögulegur. Einnig er gert ráð fyrir því að rekstrarleyfishafar á sviði farsímaþjónustu geti í sérstökum tilvikum krafist íhlutunar Póst-

og fjarskiptastofnunar við gerð reikisamninga á milli fyrirtækja. Jafnframt gera lögin ráð fyrir umfangsmikilli þátttöku stofnunarinnar í úrlausn deilumála um samtengingu og opinn aðgang að netum.

Þessu til viðbótar má nefna að stofnuninni er ætlað veigamikið hlutverk við framkvæmd reglna um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu og númeramál.

Þessi þrjú mál, opinn aðgangur að netum, samtenging og alþjónusta, eru helstu viðfangsefni Póst- og fjarskiptastofnunar. Jafnframt eru opinn netaðgangur og samtenging þeir málaflokkar sem valda flestum deilum á milli samkeppnisaðila. Er lausn þeirra og ákvarðanir þar að lútandi ört vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar, enda er fjöldi fyrirtækja sem bjóða fjarskiptaþjónustu þegar orðinn meiri en reiknað var með.

Nefna má aðra þætti í starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar eins og tíðnimál sem eru vaxandi að umfangi og markaðseftirlit með þráðlausum búnaði og notendabúnaður sem mun að ákveðnu marki breyta gildandi reglum um innflutning og sölu fjarskiptabúnaðar.

Í frv. er leitast við að skerpa á úrræðum stofnunarinnar til að afla upplýsinga frá einstökum póst- og fjarskiptafyrirtækjum á markaðinum í heild hvort heldur það eru upplýsingar í sambandi við einstök mál eða tölfræðilegar upplýsingar um markaðinn. Að mínu mati eru eftirtaldar breytingar nauðsynlegar til að Póst- og fjarskiptastofnun geti rækt hlutverk sitt samkvæmt frv. til nýrra fjarskiptalaga. Í fyrsta lagi eru viðfangsefni Póst- og fjarskiptastofnunar mjög sérstaks eðlis vegna sérstöðu fjarskipta og þeirrar staðreyndar að langstærsti hluti almenna fjarskiptanetsins er í höndum eins aðila. Það er því nauðsynlegt að styrkja stofnunina og auka við þau úrræði sem hún getur gripið til við úrlausn mála.

Í öðru lagi tel ég nauðsynlegt að stofnunin fái heimild til að taka ákvarðanir til bráðabirgða þegar aðstæður krefjast þess og dráttur á niðurstöðu máls er til þess fallinn að valda verulegu fjártjóni.

Í þriðja lagi tel ég nauðsynlegt að vinna gegn óvissu um valdmörk á milli Póst- og fjarskiptastofnunar og samkeppnisyfirvalda. Í því sambandi vil ég taka sérstaklega fram að frv. er ekki ætlað að ganga inn á verksvið samkeppnisyfirvalda og samkeppnisyfirvöld munu að sjálfsögðu hafa eftirlit með fyrirtækjum á fjarskipta- og póstmarkaði á grundvelli samkeppnislaga hér eftir sem hingað til. Þetta atriði er sérstaklega áréttað í greinargerð með frv. Í frv. sjálfu eru ákvæði um að þessar tvær stofnanir setji sameiginlega leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga. Þessi tillaga er unnin í samráði og samvinnu mín og iðn.- og viðskrh. og er nauðsynlegt að taka það sérstaklega fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. Eins og ég hef getið um er það nátengt frv. um fjarskipti sem er til meðferðar í samgn. um þessar mundir.

Að lokinni þessari umræðu geri ég það að tillögu minni að málinu verði vísað til hv. samgn.

[19:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kom inn á það og réttilega að eitt af því sem markaði starfsaðstæður Póst- og fjarskiptastofnunarinnar og gerði þær aðstæður sérstakar væri sú staðreynd að einn aðili í samkeppni hefði yfir að ráða yfirgnæfandi aðstöðu hvað varðar grunnfjarskiptanetið, þ.e. Landssímann sem hefur yfir þeim samböndum að ráða, ljósleiðurum og örbylgjusamböndum. Þetta og sú staðreynd að menn eru að fikra sig áfram í átt til aukinnar samkeppni á þessu sviði kallar auðvitað á það að niðurstaða fáist í sjálft grundvallaratriði þessa máls og það er með hvaða hætti ætla menn sér í þessu nýja umhverfi að fara með þetta mál, þ.e. með eignarhald og forræði yfir grunnnetinu.

Ég spái því, herra forseti, að það muni baka mönnum ómæld vandræði og leiða til endalausra árekstra svo lengi sem menn ekki aðskilja þetta á skýran hátt og ganga frá því að ríkið sem eigandi og ábyrgðaraðili grunnnetsins tryggi öllum jafnan aðgang að því. Ég held að allar aðrar leiðir séu ófærar. Ef menn vilja fara út á þá braut, sem menn reyndar þegar eru lagðir af stað út á, að opna þetta fyrir samkeppni og þar erum við að sjálfsögðu einnig samningsbundin af ýmsum ákvæðum, en ég tala nú ekki um ef það er einnig hugur hæstv. ráðherra sem ég hef grun um og rekur minni til að hæstv. ráðherra hafi gefið yfirlýsingar um, að hraða síðan einkavæðingu Landssímans. Þess þá heldur verður að fást botn í það hvernig menn ætla að hafa þetta til frambúðar. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann getur veitt einhverjar upplýsingar um það hér. Er vinna í gangi hvað þetta snertir? Eða er Alþingi ætlað eins og í fleiri tilvikum, t.d. bankafrv., að afgreiða hér heimildir og vinna með lagafrv. af þessu tagi blankó hvað það varðar að vita eitthvað um framtíðina í þessum efnum?

[19:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög gott að þessi spurning komi fram frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þó að hún snúi ekki beint að frv. út af fyrir sig að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun gangi í milli ef ágreiningur og deilur koma upp.

Breytingin sem felst í nýja frv. um fjarskipti gengur út á að tryggja öðrum aðgang að kerfum hjá einstökum símafélögum, alveg sama hver á, hvort það er ríkið sem á grunnnetið eða einstök net sem rekin eru eða einkafyrirtæki. Það er hinn rauði þráður sem gengur í gegnum fjarskiptalagafrv. að tryggja samkeppni, tryggja aðgang að öllum netkerfunum og það er aðalatriði málsins til þess að hægt sé að koma á raunverulegri samkeppni.

Menn óttast sumir og einkum þeir sem hafa tröllatrú á ríkisrekstri að nauðsynlegt sé að ríkið reki hið svokallaða grunnkerfi. Það er kannski athyglisvert að um þessar mundir koma miklar athugasemdir, óskir og ábendingar til samgrn. um að þetta grunnkerfi fullnægi ekki kröfum dagsins, fullnægi ekki kröfum þeirra sem eru úti á landi sérstaklega og þurfa á tölvuvinnslu að halda. Það hlýtur að vekja upp spurningar um það hvers virði í raun og veru þetta kerfi er óendurbætt. Það tel ég að sé mikilvægasta verkefnið og eigi að vera sameiginlegt verkefni okkar þingmanna um þessar mundir að ganga þannig frá málum að við uppfyllum kröfur dagsins um getu þessa grunnkerfis til að sinna slíkri þjónustu.

[19:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er eitt allra brýnasta og stærsta mál t.d. fyrir dreifbýlið og strjálbýlið í landinu að gert verði stórátak í þeim efnum. En guð minn almáttugur hjálpi mér. Heldur hæstv. ráðherra að einkaaðilar verði aðalhjálpræðið í því t.d. að bæta flutningsgetuna til Broddanesskóla á Ströndum þannig að hann geti fengið stuðning í formi fjarkennslu frá Akureyri? Það verður

ekki þannig. Það verður á grundvelli þess að byggja upp sameiginlegt net sem nær yfir landið allt og það munu ekki aðrir gera ótilneyddir en hið opinbera. Það getur vel verið að menn með flókinni lagasetningu og regluverki um alþjónustu og um aðgengi allra að netum hver sem á þau og reikisamningum og öllu þessu fíniríi nái þarna einhverjum árangri, en ég óttast að það verði mjög torsótt leið ef menn ekki fara þá leið eins og menn ræða t.d. núna þegar vangaveltur eru uppi um breytingar í orkukerfinu, að aðskilja grundvallardreifimannvirkin og reka þau sérstaklega. Síðan geti menn keppt um sölu, flutning og þjónustu á því sameiginlega neti með svipuðum hætti og menn keppa á þjóðvegunum um flutninga á einu þjóðvegakerfi sem það opinbera á og rekur. Ég nenni ekki að ræða þetta á þeim forsendum að þetta sé spurning um einhver heimsviðhorf um ríkisrekstur eða einkarekstur. Þetta er praktískt úrlausnarefni fyrst og fremst í mínum huga þó að ég geti alveg tekið hugmyndafræðiumræðurispu við hæstv. ráðherra við tækifæri. Þetta snýst um það hvernig við gerum þetta best við okkar íslensku aðstæður og reynum að rífa okkur upp úr því að vera að pexa um þetta eitthvað pólitískt og horfum á veruleikann eins og hann er. Hvernig verður þetta skást gert? Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til að huga vandlega að því að gera þennan aðskilnað ef á að halda áfram að einkavæða Landssímann því að það mun aldrei verða annað en ófriður um að einn samkeppnisaðili af mörgum í fjarskiptasþjónustu eigi þetta net og síðan verður eitthvert flókið reglugerðarverk sem tryggir öðrum aðgang að því o.s.frv.

[19:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli hv. þm. á því, vegna andsvars hans, að grunnnetið er í eigu ríkisins í dag. Það uppfyllir ekki þær óskir og kröfur sem markaðurinn gerir til þess þrátt fyrir að ríkið eigi það algerlega. Það er vandinn sem blasir við okkur núna.

Fjarskiptalagafrv. gerir ráð fyrir því að alþjónustan feli í sér kröfu um hátt þjónustustig, að tölvuvæðingin geti orðið um allt land. Þess vegna er inni í fjarskiptalagafrv. krafa um ISDN-þjónustu eða ígildi þeirrar tækni á öll byggð ból. Við stöndum frammi fyrir því að vinna sameiginlega að því mikilvæga verkefni.

Ég sagði í umræðunni um fjarskiptalagafrv. að eðlilegt væri að menn veltu fyrir sér hvernig við tryggðum þetta best, ekki síst í beinu framhaldi af byggðaumræðunni áðan. Hvernig tryggjum við að þessi þjónusta sé um allt land? Gerum við það með því að slíta grunnkerfið frá tæknibúnaðinum sem er í símstöðvunum og þekkingunni sem er hjá fólkinu? Það er verið að einkavæða þessi fyrirtæki út um allar jarðir í Evrópu og ekkert ríki hefur valið þann kost að slíta grunnnetið frá tölvu- og tæknibúnaðinum hjá fyrirtækjunum. Þetta ætti að vera okkur Íslendingum til umhugsunar áður en við hugleiðum þann kost að ríkisreka koparinn og ljósleiðarann áfram einir þjóða.

[19:19]

Útbýting þingskjala:

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 25. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 317; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 318; brtt. JóhS o.fl., þskj. 319.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 19:21.

---

37. FUNDUR

þriðjudaginn 7. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kjör forræðislausra foreldra, beiðni um skýrslu, 246. mál, þskj. 302. *Hvort leyfð skuli.*
2. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 1999, stjfrv., 117. mál, þskj. 128, nál. 309, brtt. 310. — 2. umr.
4. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 292. — Frh. 1. umr.
5. Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 206. mál, þskj. 240. — Fyrri umr.
6. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 236. mál, þskj. 288. — 1. umr.
7. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, stjfrv., 237. mál, þskj. 289. — 1. umr.
8. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 291. — 1. umr.
9. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.
10. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — 1. umr.
11. Grunnskólar, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Í upphafi fundar að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um íslenska velferðarkerfið. Málshefjandi er Ásta R. Jóhannesdóttir. Heilbr.- og trmrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa en samið hefur verið um ræðutíma, sbr. 72. gr. þingskapa.

Fyrirkomulag umræðunnar er þannig að málshefjandi og heilbr.- og trmrh. hafa átta mínútur hvor í fyrra sinn en þrjár mínútur hvor við lok umræðunnar. Talsmenn annarra þingflokka en flokks Ástu R. Jóhannesdóttur og heilbr.- og trmrh. hafa fimm mínútur, aðrir þingmenn og ráðherrar

þrjár mínútur. Sjö eða átta þingmenn komast á mælendaskrá. Umræðan stendur í um það bil klukkustund.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), 257. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 324.

Gjald fyrir ökupróf, ökuskírteini og vegabréf, 128. mál, svar dómsmrh., þskj. 245.

Hjúskaparlög, 255. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 321.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 25. mál, brtt. PHB, þskj. 320.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ósk um viðræður við fulltrúa Norsk Hydro.

[13:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Í morgun var í iðnn. tekið fyrir erindi mitt þar sem farið er fram á að iðnn. kalli til sín fulltrúa frá Norsk Hydro vegna umfjöllunar nefndarinnar um áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Í stuttu máli sagt, virðulegi forseti, felldi stjórnarmeirihlutinn þessa tillögu. Ég tel að við í minni hlutanum höfum verið beitt miklu ofbeldi og harðræði af hálfu stjórnarmeirihlutans í nefndinni og ég vil benda þinginu á eftirfarandi:

Ég hef heyrt, þó að ég hafi ekki langa þingreynslu, að það sé einsdæmi að mönnum sé neitað um að kvaddir séu til menn eða sérfræðingar inn í nefndir. Það er fordæmi fyrir því að kvaddir hafi verið til erlendir aðilar inn í nefndir vegna fyrri framkvæmda við uppbyggingu á álbræðslum. Þetta erindi átti sérstaklega erindi til nefndarinnar í ljósi þess að nú hefur umhvn. skilað af sér áliti þar sem fram kemur að fimm af sjö fulltrúum nefndarinnar eru hlynntir því að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat. Þess vegna er það óskiljanlegt af minni hálfu að stjórnarmeirihluti í iðnn. skuli ekki verða við þeirri sjálfsögðu kröfu í ljósi nýrra aðstæðna, í ljósi niðurstöðu þeirrar sem komin er fram í umhvn., að kalla til þá aðila sem hafa sýnt málinu áhuga á hinun endanum, þ.e. Norsk Hydro, og fá álit þeirra beint inn í nefndina til þess að við getum fjallað um þetta á hlutlausum grunni og í framhaldi af afgerandi og afdráttarlausu áliti umhvn. um að verkefnið skuli fara í lögformlegt umhverfismat.

Virðulegi forseti. Ég krefst þess að iðnn. endurskoði afstöðu sína og í ljósi umfjöllunar umhvn. verði fulltrúar Norsk Hydro boðaðir á iðnaðarnefndarfund ekki seinna en nk. föstudag.

[13:34]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Af þessu gefna tilefni er rétt að rifja það upp að þegar hv. iðnn. tók þetta mál formlega til vinnslu var lögð upp áætlun um málsmeðferðina og ég rifja það upp enn einu sinni að engar athugasemdir voru gerðar um þá málsmeðferð. Á þeim fundi nefndarinnar kom jafnframt fram beiðni um gesti sem hv. nefndarmenn vildu kalla til nefndarinnar og orðið hefur verið við beiðni um að kalla alla þá gesti til nefndarinnar.

Það er síðan í morgun sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson óskar eftir því, með stuðningi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að fulltrúar Norsk Hydro verði kallaðir til nefndarinnar. Við teljum að forsendur hafi ekki breyst. Það liggur í fyrsta lagi fyrir skrifleg yfirlýsing frá því í júní sl., undirrituð á Hallormsstað, þar sem samkomulag er um að stefna að því að ef samkomulag náist, þá þurfi það að liggja fyrir um áramót. Að öðrum kosti sé málið í uppnámi og í óvissu.

Herra forseti. Sú forsenda hefur ekkert breyst og ég tel þess vegna afskaplega óheppilegt og í rauninni ekki sæmandi að fara bónleið til Norðmanna í störfum þingnefndar.

Af því að hv. þm. talaði um ofbeldi, þá er það nú einu sinni þannig, herra forseti, að lýðræðið byggir á því að tekin er afstaða og þarna voru afdráttarlaust sex gegn þremur. Sex nefndarmenn höfnuðu þessari beiðni. Þetta eru eðlileg málslok í lýðræði sem eiga ekkert skylt við ofbeldi.

[13:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta eru fáheyrð vinnubrögð og það er alls ekki hægt að halda því fram að ekkert hafi breyst frá því að menn hófu að skoða þetta mál í nefndum þingsins. Það hafa komið fram tvær mismunandi yfirlýsingar frá Norsk Hydro, önnur um að þeir hefðu svo sem ekkert við það að athuga að fram færi lögformlegt umhverfismat og mundu hafa sama áhuga áfram. Hin var um að það gæti sett málið úr skorðum. Er nema eðlilegt að nefnd þingsins, sem á að fjalla um þetta mál og hefur verið falið það af hendi stjórnarmeirihlutans með þessari þáltill., leiti upplýsinga hjá þeim sem er einn stærsti aðili að þessu máli, kalli hann til þannig menn fái botn í það hvaða umhverfisstefnu þessi aðili hafi áður en tekin verður afstaða til þess á hv. Alþingi hvort lögformlegt umhverfismat um þessa framkvæmd eigi að fara fram eður ei? Ég spyr bara. Það er nógur tími til stefnu núna til að fá þessa aðila á fund nefndarinnar. Alþingi hefur verið sett undir mikla tímapressu í þessu máli. Umhvn. þingsins var rekin áfram þannig að hún gat ekki unnið sitt verk eins og hún vildi. Iðnn. hefur möguleika á að kalla þessa aðila á sinn fund þrátt fyrir allt. Það er nógur tími til þess. En það á ekki að gera. Hér er verið að beita brögðum, mér finnst bolabrögðum, í þessu máli af hendi stjórnarmeirihlutans með þeim hætti að það er Alþingi ekki til sóma. Ég tel að menn ættu a.m.k. að fallast á að það sé eðlilegt að einn aðalaðili málsins komi til viðræðu við iðnn. um þetta mál.

[13:39]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þetta er afskaplega óskynsamleg málsmeðferð sem meiri hlutinn í iðnn. hefur valið. Í fyrsta lagi liggur fyrir vilji meiri hluta umhvn. til þess að þetta sé gert. Það mun koma fram í nefndaráliti meiri hlutans að þar er hvatt til þess að kallað sé á Norsk Hydro til viðræðna um málið vegna þess hve gagnstæðar yfirlýsingar hafi borist frá þeim.

Hv. umhvn. voru hins vegar settar svo þröngar skorður að hún kom því ekki við að gera þetta sjálf en mælir með við hv. iðnn. að þetta sé gert. Það er algjörlega óafsakanlegt af formanni iðnn. að láta eins og hann hafi ekki vitað um málið fyrr en fyrir örfáum klukkustundum vegna þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom með tillögu að þessu lútandi fyrir nokkru síðan og sunnudaginn 5. des. sl. skrifar Morgunblaðið leiðara um þetta og segir, með leyfi forseta, um þessa tillögu:

„Þetta er skynsamleg tillaga. Í ljósi þess að Alþingi hefur raunverulega ákveðið að taka í sínar hendur mat á því hver niðurstaðan verði varðandi Fljótsdalsvirkjun er eðlilegt að Alþingi eigi bein og milliliðalaus samskipti við fulltrúa

Norsk Hydro og alþingismenn fái tækifæri til að spyrja þá beint um afstöðu þeirra til byggingar álvers á Reyðarfirði og um tímasetningar í því sambandi. Fram að þessu hafa þau samskipti farið fram með milligöngu framkvæmdarvaldsins en í ljósi yfirlýsinga fulltrúa Norsk Hydro er eðlilegt að fulltrúar fyrirtækisins lýsi afstöðu þess beint og millilíðalaust gagnvart Alþingi.

Varla getur nokkur alþingismaður verið andvígur þessari ágætu tillögu þingmannsins."

Við þessi orð Morgunblaðsins er engu að bæta, herra forseti.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er í fyrsta lagi alveg ósæmilegt hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni að láta líta svo út að um meðferð þessara mála hér í þinginu sem ríkisstjórnin hefur ákveðið úti í bæ, ríki eitthvert samkomulag. Í öðru lagi er staðan gjörbreytt vegna yfirlýsinga og misvísandi yfirlýsinga Norsk Hydro sem fram hafa komið frá því að málin hófu göngu sína í þinginu. Í þriðja lagi, herra forseti, harma ég þessi vinnubrögð forustumanna stjórnarliðsins og ég tel þau ákaflega óskynsamleg. Öll þjóðin hefur horft upp á það að Norsk Hydro, sem borið hefur verið fyrir því að ekki væri tími til að fara í lögformlegt umhverfismat, hefur svarað óðruvísi og svo í ákaflega vandræðalegri (Forseti hringir.) yfirlýsingu númer tvö ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vek athygli hv. þm. á að þetta eru ekki efnislegar umræður heldur um störf þingsins.)

Ég er að rökstyðja það, herra forseti, að það hafi verið óskynsamlegt af formanni iðnn. að hafna þeirri beiðni sem fram var sett í nefndinni í morgun um að kalla tiltekna aðila til viðtals við nefndina. Og ef það er ekki um störf þingsins, þá veit (Forseti hringir.) ég ekki hvað eru störf þingsins.

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti sá ástæðu til þess að minna hv. þm. á að halda sig við þingsköp.)

Herra forseti. Mér leiðist þessi bjöllugangur að ástæðulausu fyrir aftan mig þegar ég er í ræðustól. (Forseti hringir.) Það er hægt að áminna mig, herra forseti, þegar ég hef lokið mínum tveimur mínútum ef ég hef farið út fyrir efnið. En ég óska eftir því að forseti bíði þangað til.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég áminni hv. þm. um að gæta hófsemi í orðum.)

Segjum tveir.

Herra forseti. Ég tel það mjög óskynsamlega niðurstöðu af hálfu formanns iðnn. að hafna þessari réttmætu og rökstuddu ósk og mér er til efs að nokkur dæmi finnist í þingsögunni um það að í tvígang hafi ekki verið hægt að verða við óskum um að gestir kæmu til þingnefndar. Ég bið menn að nefna dæmin og ég bið menn að rökstyðja það að Norsk Hydro sé ekki aðili að þessu máli með þeim hætti að eðlilegt sé að kalla þá þarna fyrir. En út af fyrir sig held ég að þessi málsmeðferð, þetta ofbeldi, sé stjórnarsinnum sjálfum verst (Forseti hringir.) og þeir mega svo sem skjóta undan sér lappirnar mín vegna, herra forseti.

[13:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í hv. iðnn. var búið að ræða við alla þá gesti sem óskað hafði verið eftir og beðið var eftir áliti frá umhvn. Þess vegna er mjög óeðlilegt að fram komi beiðni um enn einn gestinn þegar svo er komið og má jafnvel líta á það sem töf.

Fyrir liggur undirrituð viljayfirlýsing af Norsk Hydro og innlendum aðilum frá því í sumar. Ef annar aðilinn, þ.e. innlendu aðilarnir, hvika frá forsendum þeirrar viljayfirlýsingar, þá er hinn aðilinn, þ.e. Norsk Hydro, laus undan skuldbindingu vegna þeirrar viljayfirlýsingar ef hann vill. En innlendir aðilar eru bundnir. Því er mjög hættulegt í mjög breytilegum heimi eins og þeim sem við lifum í — spár um álverð breytast dag frá degi — og mjög vafasamt að gefa það færi á sér að Norsk Hydro sé laust en Íslendingar ekki.

Í ljósi þessa var samþykkt í iðnn. með sex atkvæðum gegn þremur að fella þá beiðni sem fram kom og ef minni hlutinn getur ekki sætt sig við ákvarðanir meiri hlutans, þá er hann í rauninni að segja að hann vilji ekki lýðræði.

[13:45]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Með fullri virðingu fyrir frændum okkar Norðmönnum þá finnst mér hv. þingmenn gera þeim heldur hátt undir höfði ætli þeir að biðja Norðmenn að taka afstöðu fyrir okkur í þessu máli, eins og mér virðist á þessari beiðni. Mér finnst athyglisvert að beiðnin komi frá fulltrúa vinstri grænna á hv. Alþingi sem helst vilja ekki hafa mikil samskipti (**SJS:** Forseti, er þetta ekki örugglega um störf þingsins?) og samstarf við aðrar þjóðir. Það er verið að kalla eftir yfirþjóðlegu valdi í þessu máli. (**SJS:** ... um fundarstjórn hérna.)

Hv. 3. þm. Norðurl. e. er eitthvað taugaóstyrkur. Ég skil það í sjálfu sér vel þar sem hann er formaður þess stjórnmálaflokks sem hefur frumkvæði að því að leggja fram þessa ósk. Að mínu mati er hún ekki vel rökstudd vegna þess að þetta fyrirtæki er ekki aðili að virkjuninni. (Gripið fram í.)

Ég ætla að endurtaka það, hæstv. forseti, að Norsk Hydro er ekki aðili að virkjunarframkvæmdunum. Þar af leiðandi er í meira lagi óviðeigandi að fá fulltrúa slíks fyrirtækis til viðræðu við iðnn. út af virkjunarframkvæmdum. Mér finnst það sýna geysilega mikið hugmyndaflug hjá hv. þingmönnum í nefndinni að setja þessa ósk fram en ég er ákaflega þakklát fyrir að meiri hlutinn skuli ekki hafa samþykkt hana. Ég hefði ekki getað sætt mig við að biðja Norðmenn að taka afstöðu fyrir hönd Íslendinga.

[13:47]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég greiddi atkvæði gegn því í iðnn. í morgun að kalla fulltrúa Norsk Hydro frá Noregi til viðtals við nefndina. Mér fannst nefndin ekkert eiga vantalað við þann fulltrúa. Ég lít þannig á að þingmálið snúi að því hvort Alþingi ætlar að standa við fyrri samþykktir eða ekki. Alþingi samþykkti lög um Fljótsdalsvirkjun. Í framhaldi af því var Landsvirkjun veitt virkjanaleyfi. Landsvirkjun greiddi þá 1,5 milljarða til ríkissjóðs fyrir þær rannsóknir sem fram höfðu farið, hóf framkvæmdir við virkjunina, það má ekki gleymast, og hefur varið öðrum 1,5 milljörðum í framkvæmdir og frekari undirbúning.

Í lögum um umhverfismat sem sett voru árið 1993 er þessi framkvæmd undanþegin vegna þess að framkvæmdir voru hafnar áður. Það er skýrt, þannig að Alþingi getur ekki komið í dag og sagt: Þetta er allt í plati.

Það þarf líka að koma fram, af því að verið er að tala um Norsk Hydro, að hjá viðmælendum iðnn. hefur komið fram að fleiri hafa áhuga á að komast að í viðskiptum við þessa virkjun en Norsk Hydro. Nefnt hefur verið Columbia Ventures sem rekur Norðurál á Grundartanga. Fleiri hafa ver-

ið nefndir og mér hefur skilist á viðmælendum nefndarinnar að biðröð sé eftir að komast að. Það er náttúrlega augljóst að Landsvirkjun mun ekki hefja þessar framkvæmdir nema kaupandi finnist að orkunni. Ég tel að Alþingi eigi að standa við fyrri samþykktir sínar og sé enga ástæðu til að kalla til fulltrúa Norsk Hydro, hversu mikið sem menn lesa upp úr Morgunblaðinu.

[13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það verður að ítreka hér að því var hafnað í umhvn. að kalla fyrir háttsetta embættismenn innan fyrirtækisins Norsk Hydro. Því var hafnað á laugardaginn var og þess vegna er tillagan fram komin í hv. iðnn. núna. Hv. iðnn. hefur þó þessa viku til að vinna sín mál og mér þykir það í hæsta máta óeðlilegt, herra forseti, að iðnn. skuli hafa svo harðlæstan gestalista að ekki skuli hægt að hnika neinu til þegar um er að ræða aðila sem gegna lykilstöðu í þessu máli. Það verður að hafa í huga, virðulegi forseti, að í meðferð þessa þingmáls eru tvenn meginrök.

Önnur rökin eru þau að á okkur hvíli tímapressa sem haldið sé úti af fyrirtækinu Norsk Hydro. Við höfum fengið misvísandi yfirlýsingar frá þessu ágæta fyrirtæki. Það er ein skynsöm og skilvirk leið til að taka af allan vafa, herra forseti, að kalla fyrir nefndir þingsins fulltrúa frá Norsk Hydro. Ég minni á, herra forseti, að ef ekki er tímapressa á Alþingi við afgreiðslu þessa máls þá er hægt að fara að hlutum með gát, taka skynsamlegri ákvarðanir en virðast nú í farvatninu. Við sjáum þá betur fótum okkar forráð. Það skiptir meginmáli að við tökum meðvituð, yfirveguð skref á upplýstan hátt, herra forseti.

Ég minni á að því hefur verið hafnað að nefndirnar fái opinn fund. Það var óskað eftir því bréflega í síðustu viku, vikunni þar áður reyndar líka. Núna á mánudaginn barst bréflegt svar frá yður, hæstv. forseti, um að því hefði endanlega verið hafnað í forsætisnefnd að við fengjum að hafa opinn fund þar sem almenningur fengi skýringar nefndanna á hvernig málið stæði og hver rökin væru í málinu. Það er í hæsta máta ósæmilegt, virðulegi forseti, að hér skuli lýðræðisins ekki gætt.

[13:51]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil upplýsa að í umhvn. var það rætt hvort reyna ætti að fá fulltrúa Norsk Hydro til fundar við nefndina og engin afstaða tekin til þess máls. (**KolH:** Því var hafnað vegna tímapressu.) Það var ekki tekin nein formleg afstaða til þess máls. (**KolH:** Nú?) Að sjálfsögðu voru skiptar skoðanir um (**KolH:** Þetta er rangt ...) hvort það væri yfirleitt tími til þess eða ástæða til þess. Það var engin formleg afstaða tekin til þess þótt málið hefði komið inn í nefndina.

Ég vil svo einnig upplýsa hv. þm. Árna Steinar um það að í umhvn. sitja 9 fulltrúar. Frá þeirri nefnd hafa komið þrjú álit. Þar af er eitt álit með fjórum fulltrúum, eitt með tveimur fulltrúum og þrír eru á áliti sem hefur enga skoðun. Út af fyrir sig er ekki nein spurning um hvaða álit af þessum þremur er meirihlutaálit, ef á það er litið sem meirihlutaálit. Það er að sjálfsögðu álit þeirra fjögurra sem sendu inn fullgilt álit til hv. iðnn. Álit sem segja ditto eru álit án skoðunar.

Kjör forræðislausra foreldra.

Beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, 246. mál. — Þskj. 302.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Byggðastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Íslenska velferðarkerfið.

[13:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála eru langtum minni á Íslandi en hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Á undanförnum áratugum hefur íslenska almannatryggingakerfið dregist verulega aftur úr sambærilegum kerfum nágrannaþjóðanna og er nú ekki nema hálfdrættingur á við þau. Bætur eru lægri, fátækt meiri, afkoma launafólks lakari og tekjur almennt ójafnari. Höfum við ekki heyrt þetta áður? Jú, en nú verða menn að staldra við. Þetta eru niðurstöður faglegrar úttektar á íslenska velferðarkerfinu sem dr. Stefán Ólafsson prófessor annaðist á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

Það er geysilega mikilvægt og ber að þakka að farið var í þessa vinnu „svo stjórnvöld og almenningur eigi auðveldara með að skilja kjarnann frá hisminu og sækja fram til úrbóta," eins og segir í formála bókarinnar um Íslensku leiðina.

Nú er tími úrbóta runninn upp. Staðreyndirnar eru æpandi. Þó við búum við hagstætt og skynsamlegt lífeyrissjóðakerfi sem taka mun yfir hluta almannatrygginga þá kemur það stórum hópi lífeyrisþega ekki til góða. Það færir reyndar nýjum eftirlaunaþegum meiri réttindi en þeim sem fyrir eru í sjóðunum en fjöldi lífeyrisþega náði aldrei að safna sér réttindum í lífeyrissjóði áður en hann komst á lífeyrisaldur. Því er fátækt hjá öldruðum enn veruleg hér á landi.

Sama á við um öryrkja. 43% öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðum og þurfa að lifa á tryggingabótum einum. Þessum hópum hafa stjórnvöld gjörsamlega brugðist. Frá árinu 1993 hafa grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað helmingi minna en lágmarkslaun, frítekjumarkið vegna atvinnutekna hækkað helmingi minna en launavísitala og skattleysismörkin þróast þannig að lífeyrisþegi á tryggingabótunum einum er frá árinu 1995 að greiða 40 þús. kr. árlega í skatt af þeirri hungurlús. Þetta hefur ekki gerst fyrr, ekki fyrr en nú, í tíð hæstv. heilbrrh. Ingibjargar Pálmadóttur í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Þann 15. október sl. fengu þingmenn bréf frá fjögurra barna föður í hjónabandi sem varð öryrki í vinnuslysi árið 1995. Hann leggur fjármál fjölskyldu sinnar á borðið fyrir okkur. Niðurstaða hans er: Eina leiðin úr vandanum

er hjónaskilnaður. Hann bendir á stöðu barna öryrkja og hvernig öryrki sé baggi á maka og börnum, hve stefna stjórnvalda sé niðurlægjandi, sér í lagi fyrir börnin sem ekki geta fylgt jafnöldrum sínum í íþróttum og öðru tómstundastarfi. Peningar fyrir íþróttafatnaði, íþróttaskóm og þátttökugjaldi eru ekki til. Börn öryrkja verða út undan í samfélaginu. Í ömurlegri fjárhagsstöðu öryrkja spilar lágur grunnlífeyrir og tekjutrygging stóran þátt og ekki síst tengingin við tekjur maka. Að höfða þurfi mál á hendur stjórnvöldum vegna þessarar skerðingarreglu árið 1999 er að gera okkur sem þjóð að athlægi á alþjóðavettvangi.

Stefán Ólafsson bendir á að þessi regla sé arfleifð gömlu fátækraaðstoðarinnar frá fyrri öldum. Þetta er afdönkuð, úrelt hugmyndafræði fortíðar þar sem öryrkjar hafa ekki fullan borgararétt. Vestrænar siðmenntaðar þjóðir hafa lagt af slíkar tekjutengingar fyrir áratugum ef ekki öldum. „Framkvæmd hennar hér á landi rýrir mjög kjör þeirra öryrkja sem fyrir verða en félagsleg og sálræn áhrif hennar eru þó alvarlegri. Öryrki í slíkri stöðu er rændur sjálfstæði sínu og mannlegri reisn." Þetta segir Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Fyrir síðustu kosningar stigu stjórnvöld smáskref í að minnka tenginguna við tekjur maka. Herra forseti. Hvenær á að stíga skrefið til fulls og afnema þessa forneskju? Við getum ekki verið þekkt fyrir að beita aðferðum fátækraaðstoðarinnar frá 19. öldinni. 21. öldin er að ganga í garð og þessa reglu ber að afnema nú þegar. Við höfum efni á því, herra forseti.

Ég spyr hæstv. forsrh., herra forseti, hvort hann dragi í efa niðurstöður Félagsvísindastofnunar. Ég spyr í ljósi ummæla hans á landsfundi Sjálfstfl. í mars sl. þar sem hann sagði að ráðstöfunartekjur öryrkja á Íslandi væru almennt hagstæðar samanborið við hin Norðurlöndin. Í dæmigerðu tilviki væru þær hærri nema ef vera skyldi í Danmörku. Einnig spyr ég vegna ummæla hans í síðasta áramótaávarpi þar sem hann sagði að jöfnuður væri hvergi meiri en á Íslandi. Þessar staðhæfingar hæstv. forsrh. eru rangar samkvæmt faglegri úttekt Félagsvísindastofnunar.

Hvernig býr svo hið svokallaða velferðarkerfi okkar að sjúkum sem misst hafa atvinnutekjur í veikindum? Jú, á meðan nágrannaþjóðir okkar greiða 70–100% atvinnutekna í sjúkradagpeninga greiðum við 20% af almennum verkamannalaunum. Hinn sjúki þarf að draga fram lífið á rúmum 20 þús. kr. á mánuði. Ef hann hefur verið í hlutastarfi eða húsmóðurstörfum þá lækkar upphæðin um helming, í rúmar 10 þús. kr. Sé sjúklingurinn með barn á framfæri sínu fær hann 182 kr. á dag í sjúkradagpeninga til að fæða barnið og klæða. Það dugar ekki einu sinni fyrir einni skyrdós út úr búð, hvað þá einhverju út á það.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvaða áform séu uppi um úrbætur á sjúkradagpeningum þannig að þeir þjóni tilgangi sínum. Hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við svo að íslenska velferðarkerfið standist samanburð við velferðarkerfi hinna Norðurlandanna. Nú þarf ekki að skipa nefndir. Staðreyndirnar liggja fyrir. Aðgerða er þörf strax. Við eigum ekki að láta viðgangast að stórir hópar í samfélaginu þurfi að leita til líknarfélaga og hjálparstofnana til að þrauka.

Yfir 83% skjólstæðinga Hjálparstofnunar kirkjunnar í ár eru öryrkjar og atvinnulausir. Það segir sína sögu. Fagleg úttekt Háskóla Íslands hefur tekið af öll tvímæli um að möskvarnir í öryggisneti okkar hafa gliðnað svo að þeir halda ekki lengur. Það er siðferðisskylda okkar að bæta úr því nú þegar. Sterkefnuð þjóð á ekki að láta það viðgangast að óvinnufært fólk, sjúkir, aldraðir og öryrkjar, lifi í örbirgð, fátækt og neyð. Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar, að bæta úr þessu ástandi, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar sem gumar af góðæri. Við erum hálfdrættingar á við aðrar siðmenntaðar þjóðir í framlögum til velferðarmála, aðrar þjóðir með sambærilegar þjóðartekjur. Krafan á stjórnvöld er: Endurreisn velferðarkerfisins strax. Líðum ekki fátækt í okkar ríka samfélagi. Þetta er spurning um mannréttindi og siðferði.

[14:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Efnislegar eða hugmyndafræðilegar umræður um íslenska velferðarkerfið eru fátíðar. Það er von mín að sú bók sem Tryggingastofnun lét vinna, Íslenska leiðin, hvetji til umræðna um framtíðina á grundvelli þeirrar úttektar á fortíðinni sem er að finna í bókinni. Umræða um þessi viðkvæmu mál þarf að vera á grundvelli staðreynda en ekki upphrópana eins og oftsinnis gerist.

Helstu niðurstöður í þessari samantekt Stefáns Ólafssonar koma síður en svo á óvart. Lokaorð bókarinnar eru að Íslendingar komi mjög vel út úr öllum samanburði á lífskjörum og lífsgæðum, bæði gagnvart hinum Norðurlöndunum og öðrum vestrænum þjóðum.

Ísland hefur alltaf haft sérstöðu hvað varðar útgjöld og uppbyggingu velferðarkerfisins. Þetta er undirstrikað í bókinni. Það hefur legið ljóst fyrir að velferðarkerfið þjónar ekki öllum hópum jafn vel. Vandi tiltekinna sérstakra hópa er vandi íslenska velferðarkerfisins og við verðum að hafa þroska til að viðurkenna það.

Ég minni á í þessu sambandi að á fjölmörgum fundum sem haldnir voru á vegum árs aldraðra um landið hef ég jafnan vísað á bug almennum kröfum sumra talsmanna aldraðra sem felast í því að hækka grunnlífeyri fyrir alla. Skýrslan sýnir einmitt að almennt nær almannatryggingakerfið tilgangi sínum vel en þjóðfélagið verður að sameinast um að bæta stöðu afmarkaðra hópa sem verst eru á vegi staddir.

Almennar hækkanir leysa ekki vanda þessa tiltekna hóps sem velferðarkerfið nær ekki nógu vel til. Það þarf sérstakar ráðstafanir. Ég hef lagt höfuðáherslu á að bæta mest kjör þeirra hópa sem standa höllum fæti. Í skýrslunni eru nýjustu tölur frá 1997 eins og eðlilegt er en síðan hefur margt gerst, einmitt til að koma til móts við þessa hópa. Í ársbyrjun var frítekjumark tekjutryggingar hækkað verulega. Vasapeningar vistmanna voru hækkaðir um 35%. Öryrkjar sem búa með börnum sínum eiga nú rétt á heimilisuppbót. Bætur voru sérstaklega hækkaðar í apríl. Staða foreldra langveikra barna hefur verið bætt, fæðingarorlof aukið, endurhæfing öryrkja stóraukin sem og vinnusamningar og svona mætti áfram telja.

Niðurstaða alþjóðastofnana er sú að Íslendingar séu í tiltölulega góðri stöðu hvað varðar þau vandamál velferðarkerfisins sem íþyngja flestum vestrænum þjóðum nú þegar, og svigrúmið til að bregðast við fjölgun aldraðra á næstu áratugum er miklu meira hér en annars staðar. Þetta er staðfest í Íslensku leiðinni.

Virðulegi forseti. Fjármögnun og uppbygging íslenska velferðarkerfisins er öðruvísi en annars staðar á Norðurlöndum. Meginniðurstaða Stefáns Ólafssonar þegar hann ber saman kjör aldraðra á Norðurlöndum er t.d. sú að lífskjör eldri borgara á Íslandi séu fyllilega sambærileg við það sem best gerist annars staðar á Norðurlöndum, eða eins og segir í

Íslensku leiðinni, að ráðstöfunartekjur para í hópi eftirlaunafólks eru hæstar á Íslandi. Þetta er ekki slæm einkunn.

Í þessu sambandi langar mig til að benda á að í kjölfar aðalfundar Tryggingastofnunar urðu einhverjir til þess að stilla saman yfirlýsingum hæstv. forsrh. fyrir kosningar, skýrslunni og túlkun hagsmunaaðila á skýrslunni. Hér var ómaklega vegið að hæstv. forsrh. Engar efnislegar röksemdir er að finna í Íslensku leiðinni sem réttlætir málflutning af þessu tagi. Ég ætlast til að menn leggi flokkspólitíkina niður eða til hliðar og ræði þessi mál á grundvelli staðreynda.

Virðulegi forseti. Fyrir skemmstu heyrði ég viðtal við einn starfsmann kirkjunnar í útvarpi þar sem hann var að uppfræða hlustendur um hve illa hið opinbera stæði sig gagnvart þeim sem höllum fæti standa. Hann tók dæmi um einstæða móður sem mátti sæta bótaskerðingum þegar hún eignaðist barn. Það eru margir mánuðir frá því að þessi eldgamla regla var numin úr gildi. Ég hef ekki heyrt starfsmann kirkjunnar taka aftur ummæli sín. En ég nefni þetta hér til að undirstrika að það þjónar ekki hagsmunum þeirra sem höllum fæti standa að byggja málflutning sinn á missögnum og misskilningi.

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi beindi til mín þremur spurningum. Í fyrsta lagi er það rangt hjá þingmanninum að íslenska velferðarkerfið standist ekki samanburð við velferðarkerfi hinna Norðurlandanna. Í heildina stenst kerfið fyllilega samanburð eins og sést í lokaorðum bókarinnar að Íslendingar koma mjög vel út úr öllum samanburði á lífskjörum og lífsgæðum, bæði gagnvart öðrum Norðurlandaþjóðum og öðrum vestrænum þjóðum. Til þess að koma Íslendingum í efsta sæti þarf hins vegar að bregðast við ákveðnum vanda afmarkaðra hópa.

Það hefur verið stefna mín og áhersla að á þessu ári var bætt sérstaklega við 1 milljarði kr. í sérstakar aðgerðir. Þessari stefnu mun ég halda. Það er nauðsynlegt að ná samstöðu stjórnmálaflokka um að leggja áhersluna á þá sem verst standa og því til viðbótar að það svigrúm sem sterkir lífeyrissjóðir munu gefa almannatryggingakerfinu á næstu árum verði nýtt sérstaklega til hagsbóta þeim sem eingöngu treysta á almannatryggingakerfið.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um tengingu örorkulífeyrisins við tekjur maka. Yfirlýsing skýrslunnar um að fátítt sé að bætur séu skertar vegna tekna maka er líklega of víðtæk. Annars staðar á Norðurlöndum er lífeyrir skertur vegna tekna maka. Í Noregi og öllum Norðurlöndunum er lífeyrir með einhverjum hætti skertur til lífeyrisþega sem eru í sambúð. Í þessu samhengi má reyndar minna á að heimild til að færa persónuafslátt milli maka er einstök fyrir Ísland og sýnir það hversu oft er erfitt að bera saman á milli landa. En í þessu efni hefur fyrsta skrefið verið stigið en megináhersla mín verður sem fyrr að bæta hag þeirra hópa sem lakast standa.

Ég mun ljúka við svarið í seinni ræðu minni.

[14:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mikil þörf er á almennri umræðu og þekkingu á almannatryggingakerfinu og því ber að fagna að rannsóknir og kennsla í þeim fræðum fer nú fram við Háskóla Íslands. Í framhaldi af því rannsóknarstarfi kom nýlega út bók eftir dr. Stefán Ólafsson sem ber nafnið Íslenska leiðin, almannatrygging og velferð í fjölþjóðlegum samanburði. Og er hún tilefni umræðnanna í dag.

Niðurstaða úttektar á íslenskum aðstæðum og samanburður við erlendar þjóðir er að mörgu leyti áhyggjuefni og staðfestir með meiri heildarsvip það sem margir þjóðfélagshópar hafa haldið fram hver í sínu lagi að á Íslandi ríki skammarlega mikil fátækt í allri hagsældinni eða hjá um 7% íslensku þjóðarinnar. Lífskjör alls þorra almennings telst vera góður en í samanburði við aðrar Norðurlandaþjóðir er fátækt hér meiri og tekjuskipting ójafnari. Við viljum geta borið okkur saman við Norðurlandaþjóðirnar en ekki þær þjóðir sem þekktar eru fyrir mikla misskiptingu auðs og borgaralegra réttinda.

Það eru sérstaklega kjör hinna lægst launuðu og þeirra sem verst standa í íslensku samfélagi nú á dögum sem halda okkur niðri í samanburði við nágrannalönd okkar. Við úttektina kemur í ljós að með starfsemi almannatrygginga og félagslegrar þjónustu eru lífskjör þjóða gerð jafnari en þau væru annars. Það skiptir því miklu máli að almannatryggingakerfið sé það öflugt að greiðslur grunnlífeyris standi undir meðalframfærslukostnaði á hverjum tíma. Grunnlífeyrir hefur ekki hækkað í hlutfalli við launavísitöluna á undanförnum árum og er í engu samhengi við framfærslukostnað einstaklinga og fjölskyldna. Félagsþjónusta sveitarfélaganna hefur eflst á síðasta áratug en fjárhagsstaða margra sveitarfélaga leyfir ekki þann félagslega stuðning sem þörf væri á. Það eru ákveðnar aðstæður sem auka líkurnar á því að lenda í fátækrahópnum. Það er ekki leti og aumingjaskapur, heldur kynferði, aldur, atvinna, fötlun og veikindi og það eru konur sem fylla hóp einstæðra foreldra að mestu. Þetta er fjömennasti hópurinn sem er með ráðstöfunartekjur undir fátæktarmörkum. Þessi hópur á auk þess mjög erfitt með að komast upp úr baslinu og leyfa sér það sem mörgum öðrum þykir sjálfsagt í daglegu lífi. Konur þurfa oftar en karlar að reiða sig alfarið á bætur almannatrygginga og lenda því oftar í lægsta tekjuhópnum.

Staða atvinnulausra er oft mjög alvarleg um langan tíma þar sem erfitt getur reynst að komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir að hafa einu sinni misst atvinnuna og atvinnuleysisbætur duga engan veginn fyrir framfærslukostnaði. Hinn íslenski vinnumarkaður er þannig í dag að lægstu launataxtar duga ekki fyrir framfærslu launþeganna hvað þá þegar um stórar fjölskyldur er að ræða.

Staða öryrkja og sjúklinga er í raun smánarblettur á íslenska velferðarkerfinu og hafa þessir hópar ítrekað bent stjórnvöldum á þætti sem halda öryrkjum og sjúklingum undir fátæktarmörkum auk þess sem mikið vantar upp á jafnrétti á við heilbrigða til að taka þátt í lífi og starfi í samfélaginu. Og það eru ekki allir jafnduglegir við að láta heyra frá sér og gera réttlátar kröfur til samfélagsþjónustunnar.

Bændur eru ekki hávær kröfugerðarhópur en samkvæmt upplýsingum og skýrslu Byggðastofnunar er ljóst að um 26% þeirra eru undir fátæktarmörkum. Búgreinarnar standa mjög vel en það er staða sauðfjárbænda sem er hvað alvarlegust. Staða kvenna í bændastétt er í dag ekkert síður erfið en fyrr á tímum. Þær vinna mjög langan vinnudag til að halda uppi framfærslutekjum, vinna oft bæði á og utan búsins en bændur geta ekki sótt með sama hætti og aðrir um atvinnuleysisbætur svo staða margra er því mjög erfið. Alvarlegust og um leið mesti smánarblettur fyrir íslenskt velferðarkerfi er sú staða að margir bændur treysta sér ekki til þess að kosta börn sín til framhaldsnáms eða frekari menntunar eftir grunnskóla. Þetta er staða sem er staðreynd en fer ekki hátt.

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa bók og þá úttekt og samanburð sem fram kemur í henni. Það er bráðnauðsynlegt að hraða endurskoðun á lögum um almannatryggingar og í

framhaldi af því lögum um félagslega þjónustu m.a. til að bæta hag þeirra tekjuminnstu.

Herra forseti. Þessi úttekt á velferðarkerfinu ætti að hjálpa okkur til að sníða af vankantana sem augljóslega eru innbyggðir í núverandi kerfi svo við getum staðið jafnfætis frændum okkar á Norðurlöndunum. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum styrkja velferðarkerfið með margvíslegu móti og stuðla að frekara jafnrétti og jöfnuði meðal okkar, sér í lagi með hagsmuni barna okkar að leiðarljósi.

[14:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki alltaf á því undir framsöguræðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur hvort hún byggðist í raun og veru á bókinni Íslenska leiðin. Ég kannaðist illa við þær dramatísku lýsingar sem þar var að finna á ómannúðlegu ástandi. Reyndar var það svo þegar bók þessi kom út þá gerðist það einnig að óprúttinn áróðursmaður var fenginn til þess að útlista hvað í bókinni stóð og því fór kynning á bókinni öll í handaskol.

Herra forseti. Eitt fyrsta atriði sem allir rekast á, sem skoða íslenskt almannatryggingakerfi, er að það er ætlað þeim sem minnst hafa úr að spila. Það er með öðrum orðum lítið um almennar greiðslur sem fólk fær óháð efnahag. Af þessari ástæðu er það ekki fyrir neina tilviljun eða slysni að við Íslendingar verjum minna til þess sem kallað er velferðarmál en til að mynda Svíar og aðrar Norðurlandaþjóðir og ýmsar aðrar Evrópuþjóðir. Grunnhugsunin er víða annars staðar sú að allir þjóðfélagsþegnar fái stuðning af velferðarkerfinu jafnvel þó að baki því liggi ekki fjárhagsleg þörf, ólíkt hugmyndafræði okkar kerfis.

Ástæðurnar fyrir lægri útgjöldum okkar Íslendinga eru reyndar mun fleiri. Til að mynda má nefna að hlutfall aldraðra er hér mun lægra, t.d. allt að helmingi lægra en annars staðar á Norðurlöndum. Eins eru skilgreindir öryrkjar hér mun færri en í Skandinavíu. Þá er blessunarlega nær ekkert atvinnuleysi hér eins og víða hefur skotið djúpum rótum. Ef það væri 10% eða 12% þá mundi tala okkar til útgjalda velferðarmála aukast verulega, viljum við borga það því verði.

Á hinn bóginn er rétt, herra forseti, að taka til skoðunar réttmætar ábendingar um fyrirkomulag ýmissa bótagreiðslna sem komið hafa fram í þessari umdeildu bók. Vissulega er ekki sama hvernig sú meginhugsun er útfærð að þeir sem þurfi aðstoð fái aðstoð en hinir sem ekki þurfi hana fái hana ekki. Þessi hugmynd getur leitt til þess að illa borgi sig fyrir sumt fólk að leggja á sig vinnu, að jaðaráhrifin verði afar brött á ákveðnum köflum.

Við þessu er verið að bregðast í mörgum skrefum. Má þar nefna minnkun á tilliti til tekna maka, læknisfræðilegrar forsendu við mat á örorku en ekki vinnugetu eins og áður var, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga skerðir ekki lengur bætur almannatrygginga, frítekjumörk í almannatryggingakerfnu voru nýlega hækkuð verulega, grunnlífeyrir almannatryggingakerfa var hækkaður sérstaklega sl. vor og þannig mætti áfram telja. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir enn fremur að skoða eigi samspil skatta og bótakerfis og hefur nú verið sett á laggirnar nefnd sem m.a. mun skoða jaðaráhrif af samspili tekjutengingar og skatta. Við getum hins vegar verið stolt af því að kerfi okkar byggir á traustum hagrænum grunni. Ef ekkert verður að gert munu almannatryggingakerfi ýmissa þjóða í kringum okkur, m.a. hjá sumum Norðurlandaþjóðanna, verða gjaldþrota fljótlega á næstu öld. Efnahagsstofnanir leggja einmitt til við þessar þjóðir að þær beiti tekjutengingu, sjálfstæðum söfnunarsjóðum í stað gegnumstreymissjóða og öðru því sem við þekkjum einmitt hér á landi til að komast út úr sínum vanda. Þess vegna finnst mér alltaf jafnundarlegt þegar það er harmað alveg sérstaklega í þessum ræðustól að við skulum ekki notast við gjaldþrota velferðarkerfi annarra Norðurlanda.

Herra forseti. Í bók Stefáns Ólafssonar og oft í umræðu opinberlega er talað um hugtakið fátækt og hv. málshefjandi fór mikinn þegar það bar á góma. Fátæktarmörk, og það er rétt að menn hugsi þetta dæmi, eru í bókinni og reyndar víðar skilgreind sem 50% af miðgildi fjölskyldutekna. Mörk þessi byggjast því eingöngu á innbyrðis tekjudreifingu en ekki því hvort sá sem telst undir fátæktarmörkum búi við skort. Ef allir Íslendingar mundu á morgun tvöfalda eða tífalda tekjur sínar væru því nákvæmlega jafnmargir undir fátæktarmörkum og þeir eru í dag. Þannig er formúlan. (Gripið fram í.) Þannig er formúlan. Þó að þeir mundu tífalda tekjur sínar væru jafnmargir menn undir fátæktarmörkum og í dag. Það sýnir hvers konar formúlu menn eru að styðjast við.

Í upphafi aldarinnar var Ísland þróunarríki og minnsti hluti þjóðarinnar bjó við það sem við mundum kalla í dag einföldustu lífsgæði. Samkvæmt þeirri fátæktarviðmiðun, sem hér er notuð, var samt lægra hlutfall Íslendinga undir fátæktarmörkum þá en nú þar sem nær allir voru jafnfátækir í þeirri tíð. Og á Kúbu, þar sem formaður eða talsmaður Samfylkingarinnar þekkir vel til, er í dag ekki nokkur einasti maður undir fátæktarmörkum sem svo eru mæld. Því þar eru allir jafnsælir, með einhvers staðar í kringum 15 dollara á mánuði eða 1.000 kr. og enginn undir fátæktarmörkum. Að vísu er kannski sumir með meira en 1.000, kannski Castro og fleiri af þeim mönnum sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hitti. En ég verð að viðurkenna að mér finnst þessi mæling á fátækt henta afar illa sem grundvöllur pólitískrar stefnumörkunar. En sem betur fer batna kjör fólks í landinu um þessar mundir. Kaupmáttur bóta tók stökkbreytingum á síðasta kjörtímabili þegar Samfylkingin var í stjórn eins og menn þekkja hrundi kaupmáttur launa bótafólks.

[14:22]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Það eru alvarlegar brotalamir á íslenska velferðarkerfinu, eins og hér hefur þegar komið fram.

Bók Stefáns Ólafssonar staðfestir að svo sé enda afhjúpar bókin þær þekktu gloppur í öryggisneti velferðarþjónustunnar sem hafa leitt fjölda Íslendinga í alvarlega fjárhagserfiðleika og jafnvel niðurlægjandi fátækt á undanförnum árum með tilheyrandi tjóni á andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu.

Í bókinni koma meðal annars fram skýringar á því hvers vegna öryrkjar eru yfir 51% þeirra, sem hafa neyðst til að sækja aðstoð Hjálparstofnunar íslensku kirkjunnar fyrir jólin eins og kannanir hafa áður staðfest.

Í þessari umræðu gefst auðvitað ekki tími til að fara nákvæmlega í saumana á því alvarlega máli sem hér er til umfjöllunar en til að gefa háttvirtum þingmönnum raunsanna mynd af augljósum göllum í íslenska velferðarkerfinu ætla ég að leyfa mér að nefna dæmi sem ég tek úr starfi mínu sem læknir.

Fyrra dæmið er um 100% öryrkja sem býr einn og á aðeins þann rétt til lífeyris sem greiddur er úr almannatryggingakerfinu. Þessi öryrki fær greiddar um 68.000 kr. á mánuði

sem eru hámarksgreiðslur. Þótt hámarksgreiðslan dugi alls ekki fyrir nauðþurftum er samt tekinn af henni tekjuskattur.

Mánaðarlega borgar öryrkinn um 25.000 kr. í húsaleigu og annan húsnæðiskostnað og eftir heldur hann því um 40.000 kr. á mánuði.

Þessi maður býr augljóslega við fátækt og getur þar ansi litlu um breytt, því þótt hann hefði heilsu til að vinna sér inn aukapening færi viðbótin að meginhluta til í skatta vegna hinna alkunnu tekjutenginga.

Seinna dæmið er um ungan mann, ókvæntan og barnlausan, sem býr í leiguhúsnæði. Þessi ungi maður var nýkominn á vinnumarkaðinn, þegar hann veikist og verður óvinnufær. Hann átti ekki rétt til launa í veikindum og hann hafði heldur ekki eignast rétt í eigin lífeyrissjóði og átti því einungis rétt á sjúkradagpeningum úr almannatryggingakerfinu, en þeir eru nú um 671 kr. á dag eða um 20.800 kr. á mánuði.

Herra forseti. Þessi ungi maður fær þarna aðeins táknræna aðstoð því 20.800 kr. eru auðvitað aðeins brot af því sem hann þarf til framfærslu á mánuði svo hann neyðist til að sækja um framfærslustyrk til sveitarfélagsins og steypa sér í yfirdráttarskuldir í banka. Hver er svo hin fjárhagslega framtíðarsýn þessa unga manns? Hún er því miður dökk ef marka má drög að fjárlögum næsta árs því þar eru dagpeningar hans aðeins hækkaðir um 3–4%.

Auðvitað dettur mér ekki í hug að halda því fram að sú hæstv. ríkisstjórn, sem nú situr, hafi smíðað alla þá ágalla sem enn er að finna í öryggisneti íslenska velferðarkerfisins. En ég fullyrði hins vegar að hæstv. ríkisstjórn hafi lítið sem ekkert gert til að lagfæra það skammarlega óréttlæti sem verður svo hróplegt í góðærinu mikla sem allir eru tala um.

Nú er mikið lagt upp úr því að skila góðum afgangi á fjárlögum næsta árs. Það markmið er í sjálfu sér gott og blessað. En forsendur afgangsins á fjárlögum eru því miður alrangar á meðan ekki er reiknað með lagfæringu á stöðu þeirra lífeyrisþega sem hafa misst af hinu íslenska góðæri. Hjá þeirri leiðréttingu verður ekki komist. Enda getur varla nokkur þjóð leyft sér að flagga hagstæðu bókhaldi, svona út á við, á sama tíma og margir veikustu og minnstu bræður þjóðarheimilisins eru skildir eftir í sárri fátækt

Hér erum við því að tala um algjör forgangsatriði á verkefnalista hv. þingmanna, forgangsatriði sem þola enga bið

Að lokum þetta, herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn lýsti þessum ágöllum velferðarkerfisins fyrir rúmu ári og kynnti stefnu sína til úrbóta á þeim. Þingmenn flokksins hafa nú lagt fram fyrstu tillögur sínar til lausnar á hluta þess vanda sem hér hefur verið rætt um og við ætlumst auðvitað til þess að tillögur okkar fái jákvæðar viðtökur hjá hv. þingmönnum og viðunandi afgreiðslu

[14:27]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri skýrslu sem er hér rædd. Ég vil jafnframt fagna þeirri framsýni sem felst í því samstarfi sem Tryggingastofnun ríkisins hefur átt við Háskóla Íslands með þeirri rannsókn sem gerð hefur verið. Það þarf nefnilega talsverðan kjark til þess að þora að skoða þau kerfi sem við höfum búið við og búið til og það er nauðsynlegt að gera úttekt á þeim. Við höfum ekki búið við slíkar hefðir hér á landi en það hafa grannþjóðir okkar gert og þær hafa skoðað kerfi sín reglulega til fjölda ára. Ekki er nægilegt að gera slíka rannsókn einu sinni heldur þarf að fylgja henni eftir. Jafnframt gefur hún tilefni til nýrra rannsókna og skoðunar á einstaka þáttum, svo og skoðun og tengingar við önnur kerfi eins og t.d. félagsþjónustu sveitarfélaga. En sveitarfélögin hafa orðið að mæta því fólki með viðbótarstuðningi sem tryggingakerfið gagnast ekki nema að hluta til til framfærslu.

Tryggingakerfið er auðvitað barn síns tíma og margar breytingar hafa verið gerðar. Það er því erfitt fyrir þann sem þarf að nýta sér kerfið og hina ýmsu bótaflokka þess að átta sig á hvaða möguleikar eru til staðar og hvernig kerfin virka með öðrum þegar komið er að þeim tímapunkti að það þarf að nota þau. Jafnframt er flókið hvernig kerfin virka hvað varðar skattgreiðslur, svo og skerðingu á ýmsum bótum innbyrðis, tengingar við tekjur maka o.s.frv.

Ég er ein af þeim sem hafa unnið mjög lengi með þau lög og reglur sem hér er verið að skoða. Ég hef reynt að miðla upplýsingum um þau fyrir þá sem þurfa á að halda og ég þekki vel þau göt sem eru á kerfinu og þau vandamál sem eru uppi á borði hjá þeim sem eru að reyna að leiðbeina fólki í gegnum þennan frumskóg á hverjum degi. Við þekkjum öll þá umræðu og ábendingar sem verið hafa í deiglunni ár eftir ár. Við þekkjum stöðu stórs hóps öryrkja. Hún er afar slæm og mér dettur stundum í hug hvort það sé innbyggt í kerfið að þeir skuli ekki komast upp fyrir ákveðið mark öðruvísi en bætur skerðist. Þeir skuli ekki hafa meiri tekjur en það lágmark hvað sem það kostar.

Við þekkjum líka stöðu langveikra barna og foreldra þeirra, hvernig fjölskyldur hafa þurft að lifa á fátæktarmörkum við slíkar kringumstæður sem skyldi einmitt ekki vera þegar mikil veikindi steðja að. Það er ekki einungis verið að hugsa um veikindi barnsins heldur er fjölskyldan undirlögð af því að láta enda ná saman. Hvernig eiga manneskjur að eiga afgangsorku til að slást og kljást við kerfið þegar aðstæður eru slíkar?

Allir hér þekkja líka umræðu um stöðu ellilífeyrisþega og tekjutengingar maka. Við þekkjum líka hvernig staða þeirra er sem einungis hafa sjúkradagpeninga sem er þá síðasta hálmstráið eftir að sjúkrasjóði lýkur, af því að hér kom innkall þingmanns áðan þar sem bent var á sjúkrasjóðinn. Staða þeirra er sýnu verst og sýnu verst líka í skýrslunni, þegar fólk er skikkað til að lifa á 20–25 þús. kr. á mánuði og fá síðan andvirði tveggja mjólkurlítra á dag fyrir hvert barn sem er á þeirra framfæri. Af hverju ekki að horfast í augu við þá staðreynd að sjúkradagpeningakerfið er gengið sér til húðar og það þarf að skoða það upp á nýtt?

Ég get því miður ekki klárað ræðu mína en ég vil benda á að allir þingmenn ættu að fá þessa skýrslu senda, bæði í nefndum og persónulega, en því hefðu þingmenn verulega gott af.

[14:30]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir að bók prófessors Stefáns Ólafssonar er eitt athyglisverðasta plagg sem fram hefur komið og afskaplega góður grunnur að málefnalegri og faglegri umræðu um velferðarkerfið. Nafnið vekur lesandann strax til umhugsunar, Íslenska leiðin. Með nafninu er einmitt gefið til kynna, sem er ein af meginniðurstöðum úttektarinnar, að Íslendingar hafi farið aðrar leiðir hvað varðar velferðarkerfið en margar aðrar þjóðir Evrópu. Ég vil nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi er staðfest í þessari úttekt að tilteknir hópar í íslensku samfélagi hafi dregist aftur úr hvað varðar ráðstöfunartekjur. Það eru einkum þeir hópar sem eingöngu hafa

tekjur úr almannatryggingasjóðum, hinum opinberu sjóðum. Það er ein af meginniðurstöðum skýrslunnar, eins og fram hefur komið. Það er með öðrum orðum veikleikinn á okkar kerfi og eins og fram hefur komið í ræðum manna er það vilji líklega allra stjórnmálaflokka að einblína á þá hópa til að draga úr þeim veikleika.

Í öðru lagi, herra forseti, er e.t.v. meginniðurstaðan í þessari úttekt sú að í grundvallaratriðum og í heild sinni hafi almannatryggingakerfi okkar staðist frá 1946. En jafnframt er fjallað um breyttar áherslur og framtíðarhlutverk almannatryggingakerfisins. Meðal annars er það tengt almennari atvinnuþátttöku í dag en var fyrir nokkrum áratugum. Með almennri þátttöku launþega og almennings í sjálfstæðum lífeyrissjóðum, með viðbótarsparnaði og séreignasjóðum ýmiss konar eru færðar líkur fyrir því að innan 10–15 ára muni stór hluti landsmanna fara í rauninni út úr almannatryggingakerfinu. Af því er hægt að draga augljósa ályktun að þar með skapast meira svigrúm til að koma til móts við þá hópa sem bent er á að hafi dregist aftur úr.

Í þriðja lagi, herra forseti, hlýtur þessi lesning að leiða hugann að hugmyndafræðinni á bak við almannatryggingakerfi okkar. Íslenska leiðin, sem er önnur leið en almennt er farin hjá ríkjum OECD, felur það m.a. í sér eða vekur a.m.k. upp spurningar um hvort þessi hugmyndafræði sé rétt. Og það vekur athygli að á Norðurlöndum eins og víðar í Evrópu hefur verið farin sú meginstefna, við getum orðað það þannig, að gera allt fyrir alla í stað þess að einblína meira á tiltekna hópa og það eru sósíaldemókratar í Evrópu sem bera mesta pólitíska ábyrgð á því.

Ástandið eins og það birtist okkur víða í Evrópu núna bendir til þess að sú leið sé að bíða pólitískt gjaldþrot.

[14:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér hafa margir fagnað þessari skýrslu, Íslensku leiðinni. Ég ætla hins vegar að harma viðbrögð ráðherra ríkisstjórnarinnar, bæði hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh. sem svaraði gagnrýni á mjög hrokafullan hátt að mínum dómi. Hér talaði forsrh. þjóðar þar sem fjöldi fólks, stórir hópar þurfa að treysta á almannatryggingar og þurfa að leita til hjálparstofnana til viðurværis. Boðskapurinn sem við fengum úr stjórnarherbúðum var þessi: Það á að halda áfram að tala, halda áfram að skoða en það á ekkert að gera.

Hæstv. heilbrrh. sagði að við skyldum halda okkur við staðreyndir og ég skal gera það. Ég skal halda mig t.d. við þá staðreynd sem ríkisstjórnin segir vera helsta vandann sem við stöndum frammi fyrir núna, að binda fjármagn sem er að safnast upp í þjóðfélaginu þannig að þeir sem hafa peninga geti ávaxtað sitt pund á ábyrgan hátt. Þess vegna þurfi að selja þjóðareignir. Þess vegna þurfi að selja ríkisbankana.

Við vitum að þetta eru fráleit efnahagsleg rök, en látum það liggja milli hluta. Spyrjum um hitt: Hvernig hafa þessir fjármunir safnast upp? Hvers vegna eru að verða til digrir sjóðir hjá efnafólki í landinu og hjá verðbréfasjóðum? Það er vegna þess að miklir fjármunir hafa verið fluttir til allan þennan áratug. Þannig hafa peningar verið teknir sem voru ætlaðir fátæku fólki til húsnæðiskaupa, til uppbyggingar verkamannabústaðakerfis. Fólk hefur verið svipt þeim tekjustofnum. Þeir peningar hafa verið settir út á markað og gamla fólkið, aldraðir og öryrkjar hafa líka verið sviptir tekjum.

Staðreynd er að skattleysismörkin hafa verið lækkuð allan þennan áratug. Frítekjumark vegna atvinnutekna hefur hækkað helmingi minna en launavísitala síðan árið 1993 og þannig hefur verið farið með aðrar stærðir í almannatryggingakerfinu, grunnlífeyri og tekjutryggingunа. Frá þessu fólki hafa peningar verið teknir og færðir yfir til efnafólksins. Og að menn leyfi sér að koma núna fram á Alþingi og segja að setja þurfi á fót enn eina nefndina, enn eina skoðunina, því þeir viti ekki hvað eigi að gera. Þetta eru svör sem Alþingi getur ekki sætt sig við. Þetta eru svör sem þjóðin getur ekki sætt sig við. Þetta eru svör sem Íslendingar mega aldrei sætta sig við. Við krefjumst úrbóta þegar í stað.

[14:37]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Tilefni utandagskrárumræðna í dag er nýútkomin bók Tryggingastofnunar ríkisins þar sem gerð er grein fyrir stöðu íslenska velferðarríkisins í samanburði við önnur lönd. Ég fagna útkomu þeirrar bókar og lofa Tryggingastofnun fyrir framtakið. Þótt bókin sé gefin út af Tryggingastofnun ríkisins sem sér um þann þátt velferðarkerfisins sem snýr að almannatryggingakerfinu hefur bókarhöfundur, dr. Stefán Ólafsson prófessor, ekki einskorðað sig við umfjöllun um það kerfi heldur skoðað velferðarkerfið frá víðum sjónarhóli.

Í ljósi þess að það er yfirlýst stefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að fram fari heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu er mikill fengur að þessari bók og vænti ég þess að hún verði mikilvægt gagn í þeirri endurskoðun sem fram undan er. Ég hvet til þess að vinna við endurskoðun laganna fari fram sem allra fyrst þar sem um afar viðamikið og mikilvægt verkefni er að ræða.

Af fjölmiðlaumræðu í kjölfar útkomu bókarinnar hefði mátt ráða að íslenska velferðarkerfið stæði höllum fæti, væri gersamlega ómögulegt og stæði velferðarkerfi nágrannalandanna langt að baki. Við lestur bókarinnar kemur hins vegar allt önnur mynd í ljós og fær það í heildina góða einkunn.

Virðulegi forseti. Í bókinni kemur fram að styrkleikar íslenska velferðarkerfisins eru margir. Íslenska velferðarkerfið byggir á þeirri meginreglu að allir þegnar njóta almennra lágmarksréttinda og öryggis vegna afkomu, óháð starfsferli. Aðgangur almennings að heilbrigðisþjónustu og menntakerfi er óháður greiðslugetu og miðað við að þeir hafi aðgang að hágæðaþjónustu. Atvinnustig er hátt og atvinnuþátttaka eldra fólks er með því mesta sem þekkist í veröldinni og þátttaka þeirra í atvinnulífi viðurkennd sem eðlilegur þáttur í samfélaginu öfugt við mörg vestræn ríki þar sem atvinnuleysi er viðvarandi. Lífeyriskerfi landsmanna sem byggst hefur upp á undanförnum áratugum er tekin sem fyrirmynd annarra þjóða og mun á næstu 10–15 árum tryggja lífeyrisþegum góð kjör. Skattar hér á landi eru lágir í samanburði við önnur lönd og að öllu samanlögðu segir bókarhöfundur að Íslendingar hafi að jafnaði álíka ráðstöfunartekjur og það sem best gerist á Norðurlöndum að teknu tilliti til mismunandi kaupmáttar. Bókarhöfundur bendir á að vafasamt sé að nokkur verkalýðsstétt búi almennt í betra húsnæði og við meiri efnaleg gæði í lífi sínu en sú íslenska.

Í bókinni er gerð ítarleg grein fyrir umræðu um velferðarkerfi á Vesturlöndum og kemur þar fram að mörg þau vandamál sem þróuð OECD-ríki standa frammi fyrir í dag vegna útgjalda til velferðarmála séu að sliga þau. Fæst þessara vandamála eiga Íslendingar við að etja.

Veikleikar íslenska velferðarkerfisins eru þekktir og viðurkenndir og vel skýrðir í bókinni og það er ljóst að þeir hópar sem sérstaklega þarf að huga að við endurskoðun laga almannatrygginganna eru þeir sem alfarið þurfa að reiða sig á lífeyri almannatrygginga og hafa af ýmsum ástæðum ekki nægilegar tryggingar gegnum lífeyrissjóðina. Þetta eru ákveðnir hópar eldri borgara, öryrkja, atvinnulausra svo og þeir sem eiga við langvinn veikindi að stríða.

[14:41]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það sem hlýtur að vera markmið allra stjórnmálaflokka er að öllum íbúum séu tryggð grundvallarréttindi í gegnum almannatryggingakerfi landsmanna. Þessi réttindi eru allvel tryggð hér á landi þó svo alltaf sé hægt að gera betur, eins og hæstv. heilbrrh. hefur sagt og að því er unnið. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að lífeyrir skuli vera tekjutengdur þar sem hér er fyrst og fremst um skyldur þjóðfélagsins að ræða gagnvart þeim sem þurfa á því að halda. Ekki getur falist í því réttlæti að allir fái sömu greiðslurnar án tillits til þess hversu háar upphæðir þeir fá greiddar úr lífeyrissjóðum. Fyrrv. sjómaður eða bóndi hlýtur að hafa meiri þörf fyrir greiðslur frá samfélaginu en t.d. fyrrv. ráðherra eða bankastjóri. Að þessu leyti erum við Íslendingar að mínu mati með réttar áherslur og í kaflanum um velferðarríkisvanda OECD-ríkja kemur fram að Íslendingar séu að mörgu leyti í öfundsverðri stöðu í dag.

Langflest hinna stóru vandamála sem hrjá velferðarríki OECD-ríkjanna eru lítil vandamál hér á landi. Hér á landi er fjölgun aldraða og fækkun yngri á vinnumarkaði ekki eins mikið vandamál og í mörgum öðrum ríkjum. Að hluta til er þetta vegna þess að hér á landi er lítið atvinnuleysi og lífeyristökualdurinn er mun hærri en tíðkast í nokkru öðru vestrænu landi. Vandinn sem grannríkin standa frammi fyrir er skipulagsvandi lífeyriskerfanna. Íslenska lífeyriskerfið er samsett á þann hátt sem þar er hvað hagstæðast til lengri tíma, þ.e. þriggja þrepa kerfi með stóru hlutverki fyrir söfnunarsjóði við hlið hins opinbera kerfis almennra trygginga. Síðan bætist við þriðja stigið í formi einstaklingsbundins viðbótarlífeyrissparnaðar sem stjórnvöld styðja með skattaívilnunum. Það er ljóst að þetta kerfi mun skila allflestum vinnandi mönnum góðum lífeyri þegar kerfið hefur náð fullum þroska, þ.e. eftir 10–15 ár. En spurningin er: Getum við lyft hinu svokallaða öryggisneti samfélagsins.

Þeir sem fyrst og fremst hafa lífeyri almannatrygginga til að lifa af búa við þröngan kost. Þetta er vitað. Það er hins vegar rangt sem kom fram hjá frummælanda að við Íslendingar höfum dregist verulega aftur úr í samanburði við aðrar þjóðir. Það kemur bókstaflega fram í skýrslunni að við Íslendingar séum að mörgu leyti í öfundsverðri stöðu í dag. Það þurfi hins vegar að taka á vandamálum sérhópa. Stefán telur að þetta sé ekki stór hluti þjóðarinnar og allar líkur eru á að um það ríki nokkuð góð sátt í þjóðfélaginu að bæta þjónustu við aldraða og taka á málum er varða ellilífeyri, örorkulífeyri og sjúkrapeninga.

[14:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræða og þá fyrst og fremst hv. frummælanda fyrir að óska eftir henni. Ég vil einnig taka undir þakkir þeirra þingmanna sem hér hafa talað og sérstaklega talað um að þakkarvert væri það rit sem Stefán Ólafsson gaf út og getur leiðbeint okkur verulega á þeirri braut sem fram undan er að marka stefnuna hvað varðar íslenska velferðarkerfið.

Ég verð hins vegar að segja að ég var ósátt við svör hæstv. ráðherra heilbrigðismála þar sem að ég gat ekki skilið hana öðruvísi en að skýrslan ætti fyrst og fremst að hvetja til umræðna um niðurstöðuna. Niðurstöðurnar kæmu að vísu ekki á óvart og þakka skyldi hæstv. ráðherra þar sem Öryrkjabandalagið og hagsmunasamtök þeirra aðila sem fyrst og fremst er verið að fjalla um í þessari umræðu hafa ítrekað vakið athygli ráðuneytis og hv. þingmanna á bágum kjörum mjög margra í hópi öryrkja, aldraðra og svo láglaunafólks í landinu. Það hefur ekki einungis verið gert með blaðagreinum, ræðuhöldum og skrifum, heldur og ekki síður með því að senda hv. þingmönnum, ráðuneyti og hæstv. ráðherra erindi þannig að sannarlega koma niðurstöðurnar ekki á óvart. Það er hins vegar kominn tími til að taka sérstaklega á hvað varðar þessa hópa. Mig minnir að um 20% þjóðarinnar falli undir þá skilgreiningu sem hér hefur fyrst og fremst verið rædd, þ.e. aldraðir og öryrkjar og svo láglaunafólkið, þeir sem eru í lægstu tekjuhópunum, og það er staðreynd að þeir búa við verri kjör en sambærilegir eða sömu hópar á Norðurlöndunum. Það er ekki rangt að íslenska velferðarkerfið standist ekki samanburð við kerfi hinna Norðurlandanna. Það kemur mjög skýrt fram varðandi ákveðna hópa þjóðfélagsþegna sem hafa það hvað verst hér, að kjör sambærilegra hópa á Norðurlöndunum eru miklu betri. Það segir skýrslan. Vissulega stöndum við okkur vel á ákveðnum sviðum og þakka skyldi okkur þar sem að við erum í hópi ríkustu þjóða heims, fámenn þjóð, og ekkert ríki sem við berum okkur saman við hefur í raun sömu möguleika og við til þess að grípa til aðgerða sem stuðla að jöfnuði.

Hæstv. forsrh. fór mikinn og vitnaði hér sérstaklega í ákveðinn þjóðarleiðtoga, Fidel Castro á Kúbu, þar sem að fátæktin væri algjör en jöfnuður væri þó algjör. Fidel Castro hefur þann sið að koma fram öðru hverju og segja þjóð sinni að hún sé hamingjusöm og hafi það bara harla gott í samanburði við aðrar þjóðir. Ég þekki vel annan leiðtoga, í ríkisstjórn Íslands, sem hefur tekið upp nákvæmlega þennan sama sið.

[14:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til, eins og fleiri reyndar, að þakka fyrir þessa skýrslu í upphafi, þakka Tryggingastofnun fyrir að láta gera hana og sérstaklega Stefáni Ólafssyni og hans fólki fyrir vandaða vinnu. Skýrslan leiðir í ljós, að segja má, bæði veikleika og styrkleika í íslenska kerfinu. Meðal styrkleika má segja að sé vaxandi sjóðamyndun í lífeyrissjóðakerfinu sem vissulega mun koma okkur til góða í æ ríkari mæli á komandi árum. Veikleikar kerfisins eru tvímælalaust lágtekjuviðmiðunin, óhófleg tekjutenging og ósköp einfaldlega of lágar ráðstöfunartekjur allt of fjölmenns hóps, aldraðra og öryrkja einkum og sér í lagi. Sennilega er staða öryrkja, t.d. ungs fólks sem fatlast, alverst og í raun smánarblettur á okkar samfélagi og þá sérstaklega hin niðurlægjandi tenging öryrkjans við tekjur maka. Staða aldraðra sem ekki hafa umtalsverðar lífeyristekjur eða aðrar tekjur er auðvitað sömuleiðis mjög slæm. Þetta heitir fátækt, herra forseti, á mannamáli. A.m.k. er ljóst að hlutfallsleg fátækt er hér mjög mikil og það er hugtak sem hæstv. forsrh. þarf að kynna sér. Hann hefur greinilega ekki áttað sig á að lífskjör einstaklinga verður að bera saman við framfærslukostnað og það þjóðfélag almennt sem þeir búa í. Það er ekki hægt að

bera lífskjör Íslendinga saman við það sem gerist á Kúbu eða Indlandi o.s.frv.

Í þriðja lagi er ljóst að breytingar á kerfinu frá 1991 hafa gert það að verkum að við höfum dregist aftur úr hinum Norðurlandaþjóðunum. Það er alveg ljóst að hinar óhóflegu tekjutengingar á árunum milli 1991 og 1995 hafa fært okkur þarna áratugi aftur í tímann. Ræðumaður tók þátt í starfi á vegum Norðurlandaráðs um tveggja ára skeið í starfshópi sem hét því góða ágæta nafni Norræna velferðarkerfið og framtíðarhorfur þess. Það starf leiddi skýrt í ljós veikleika íslenska velferðarkerfisins og að nokkru leyti þess finnska, borið saman við velferðarkerfi hinna Norðurlandanna þriggja, þ.e. Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs. Og það var þessi fátæktarframfærsluhugsun og lágtekjuviðmiðun sem greindi íslenska kerfið frá kerfum hinna landanna.

Herra forseti. Skýrslan er að mínu mati ágætur grunnur til sóknar í þessum efnum. Hún leiðir í ljós þá veikleika sem að þarna þarf að takast á við og bæta úr. Það er ömurlegt að einmitt við þessar aðstæður, á þessum dögum, skuli frjálshyggjustrákahyskið frá OECD koma með skýrslu sem gengur út á það að reyna að reyta meira af öldruðum en haft er af þeim í dag. Hvar er nú skynsemin í því þegar við höfum á sama tíma ágætt gagn eins og þetta hér í höndunum? Og það á að vera okkar markmið að mínu mati, herra forseti, að bæta kerfið, ekki með hugarfari hæstv. heilbrrh. að vandinn snúist um bág kjör örfámennra hópa, heldur með almennum ráðstöfunum.

[14:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Á Íslandi er almenn sátt um mikilvægi velferðarkerfisins. En menn þurfa jafnframt að gera sér grein fyrir því að einhverjir greiða og flestir átta sig á því. Oft er tekið úr einum vasa og sett í annan og það er ekkert voðalega skynsamlegt. Svo getur líka verið að kerfið drepi niður dugnað og frumkvæði einstaklinga, ali á svikum, bæði tryggingasvikum og skattsvikum og blási upp siðleysi. Þess vegna er mjög vandasamt að byggja upp velferðarkerfi þannig að ekki sé drepið niður frumkvæði og að þjóðin í heild sinni hagnist á því. Því höfum við einmitt náð hér á Íslandi að einhverju leyti. Það er ekki af tilviljun að Ísland er í hópi ríkustu þjóða í heimi. Hér er t.d. mjög lítið atvinnuleysi sem ég tel mjög jákvætt.

Herra forseti. Íslenska velferðarkerfið er afskaplega flókið. Hér er 50 lífeyrissjóðir. Svo eru hér sjúkrasjóðir. Hv. frummælandi gleymdi að geta þess — hann kannski vissi það ekki — að hér er fjöldi sjúkrasjóða stéttarfélaganna sem borga dagpeninga ofan á bætur Tryggingastofnunar. (**Gripið fram í:** Þeir sem ekki vinna?) En þeir sem eru á vinnumarkaði eru með rétt í sjúkrasjóðunum þannig að ég veit ekki um hvað hv. frummælandi er að tala. Síðan erum við með almannatryggingar sem eru með 130 tegundir bóta. Við erum með sveitarfélögin sem bæta líka og eru með fjöldann allan af bótum. Við erum með skattalög sem fela í sér félagslegar bætur, þ.e. barnabætur og vaxtabætur og við erum með 66. gr. skattalaganna um niðurfellingu skatta. Þetta er orðin óskaplega flókin og stagbætt flík og það er mjög mikilvægt að taka hana í gegn. Hún er með mikið af vantryggingum eins og hér hefur verið nefnt, en það er líka mikið um oftryggingar. Umræðan er mjög góð. Þess vegna er sú skýrsla sem hér liggur fyrir mjög gott innlegg í þessa umræðu.

Hér hefur verið nefnt að íslenska kerfið byggir á mjög góðum grunni, en spurningin sem kemur upp er: Hvernig metum við velferðarkerfið? Getum við metið það með peningum, efnislegum þáttum, eða metum við það t.d. með ánægjunni? Það kemur einmitt fram í skýrslunni að við Íslendingar trónum efstir á ánægjuskalanum, sérstaklega konur, verkamenn og alveg sérstaklega eftirlaunaþegar. Og hvað mælir gott velferðarkerfi annað en ánægja fólksins sem lifir við það? (Gripið fram í.) Niðurstaðan í þessari skýrslu er einmitt ánægjan með kerfið sem er alveg sérstaklega áberandi hér á landi. Önnur kerfi úti um heim skapa ekki sömu ánægju og það er rökstutt í þessari skýrslu af hverju svo er. Það er langlífi, heilsa, þátttaka í atvinnulífi og sterkari fjölskyldutengsl. En það sem gleymist í skýrslunni er að menn halda kannski meiru eftir í buddunni hér á landi en í öðrum löndum.

[14:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og þeim sem hafa tekið þátt í henni. Við höfum verið að ræða íslenska velferðarkerfið og höfum notað í þeirri umræðu tilvitnanir í bók Stefáns Ólafssonar. En umræðan var íslenska velferðarkerfið. Vissulega hvetur bók Stefáns Ólafssonar til umræðu. En það er búið að tala nóg, hæstv. ráðherra. Við þurfum aðgerðir. Við erum ekki að ræða hér hvað hafi verið gert á síðustu árum. Málið snýst um hvað þurfi að gera, hvað menn muni aðhafast í kjölfarið, því þó að íslenska velferðarkerfið hafi ákveðna kosti, þá stenst það ekki samanburð við kerfi nágrannaríkjanna. Það stendur hér alveg svart á hvítu í þessari bók. Hér eru bætur lægri, fátækt meiri, afkoma launafólks lakari og tekjur almennt ójafnari.

Vegna umræðunnar um sjúkradagpeningana þá vil ég segja að fjöldi fólks á ekki rétt í sjúkrasjóðunum. Það veit hv. þm. Pétur Blöndal vel. Á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins kom fram að á þremur mánuðum, frá ágúst og fram í október, þurftu á fimmta hundrað manns að lifa á þessum smánargreiðslum, þ.e. sjúkradagpeningum almannatryggingganna. Á fimmta hundrað manns þurftu, á þremur mánuðum, að lifa á 10 þús. kr. á mánuði eða 20 þús. og barnið á 182 kr. á dag. Það er nú bara staðreyndin. Hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera í sambandi við sjúkradagpeningana þannig að þeir standi undir nafni? Og vegna þess að menn efuðust um að ég væri að vitna rétt í umtalaða bók Stefáns Ólafssonar um íslensku leiðina þegar ég ræddi hér um tekjutengingu við tekjur maka, þá var allt það sem ég sagði tekið af bls. 273 úr skýrslunni þar sem segir nákvæmlega hvernig þessi úrelta skerðingarregla er ættuð frá fátækraaðstoð 19. aldar og það segir hér að vestrænar þjóðir hafi horfið frá slíkri framkvæmd. Það er því ekki rétt sem hæstv. ráðherra hélt hér fram að það væri verið að tekjutengja á þennan hátt, enda er bara hlegið að okkur erlendis þegar sagt er frá því að við þurfum að vera að kæra út af þessari skerðingarreglu núna í lok aldarinnar.

Það getur ekki verið að gallarnir og ástandið í velferðarkerfinu hafi farið fram hjá hæstv. heilbrrh. sem er búin að vera yfir þessum málaflokki í hálfan áratug. Henni hlýtur að vera það ljóst, herra forseti. Og hvað hyggst hæstv. ráðherra gera? Hvernig ætlar hún að rétta hlut þeirra sem bera skarðan hlut frá borði? Nú þarf að láta verkin tala. Við erum búin að fá nóg af nefndum. Aðgerða er þörf. Ég treysti því, herra forseti, að hæstv. ráðherra muni í seinni ræðutíma sínum svara spurningum mínum til hennar og segja okkur hvað hún hyggst aðhafast þannig að velferðarkerfið standist sam-

anburð við nágrannaþjóðir, við þær þjóðir sem við berum okkur saman við.

[14:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá málefnalegu umræðu sem hér hefur farið fram. Við berum okkur gjarnan saman við Norðurlandaþjóðirnar og við Íslendingar sættum okkur aldrei við annað en að vera í fremstu röð. En þegar við berum okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir, þá verðum við líka að skoða hvað liggur að baki. Hér hefur komið fram, og það er alveg nauðsynlegt að rifja það upp, að þegar Norðurlandaþjóðir eru að tala um sitt velferðarkerfi, þá er það allt öðruvísi upp byggt. Hér vinnur fólk yfirleitt til sjötugs. Annars staðar á Norðurlöndum hættir fólk að vinna um sextugt. Þetta sparar auðvitað íslenska kerfinu geysilega mikið. Hér á fólk í 90% tilvika sínar húseignir sjálft og þess vegna erum við ekki að borga í húsaleigubætur eins og þjóðirnar í kring. Hér er atvinnuleysi 2%. Hjá nágrannaþjóðunum er það allt upp í 10–14% og þeir eru að borga stórar upphæðir í tengslum við þetta atriði. Annars staðar á Norðurlöndunum er verið að borga mjög stórar upphæðir til flóttafólks. Svo er ekki hér. Það bætist því við þeirra velferðarkerfi. Þetta reiknast með þegar að menn ræða hér um þessi kerfi.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram, ég hef alltaf viðurkennt það, að hópar í okkar þjóðfélagi hafa það ekki nægilega gott og við erum sífellt að reyna að leita leiða til að koma til móts við þá. Ég taldi hér upp þær aðgerðir sem við höfum t.d. gripið til frá 1997. (**ÁRJ:** Hvað ætlar ráðherrann að gera?) Bætur hafa hækkað meira en launavísitala á undanförnum árum. Við munum ekki sætta okkur við annað en að þetta fólk búi við sómasamlegar aðstæður. Við eigum möguleika á því og sú íslenska leið sem hér liggur á borði þingmanna sýnir okkur að við eigum meiri möguleika á því en nokkur nágrannaþjóða okkar.

[15:00]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 1999, 117. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 323.

Fjáraukalög 1999, 2. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 128, nál. 309 og 323, brtt. 310.

[15:01]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir.

Meiri hluti fjárln. gerir 80 brtt. við frv. sem samtals nema 2.410,4 millj. kr. til hækkunar. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Í breytingartillögu er lögð til tæplega tveggja milljarða króna hækkun á framlögum til sjúkrastofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið og kemur sú fjárhæð til viðbótar tæplega tveimur milljörðum sem þegar hafa verið lagðir til í frumvarpinu. Einnig verður farið fram á svipaða fjárhæð í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2000, til viðbótar tæplega tveggja milljarða króna aukningu sem þar er til reksturs sjúkrastofnana. Framlögunum er ætlað að koma til móts við áætlaðan uppsafnaðan halla sjúkrastofnana til ársloka 1999 og koma rekstri flestra stofnana á réttan kjöl árið 2000. Ljóst er að stjórnendur nokkurra stofnana þurfa að taka verulega á í fjármálastjórn til að reksturinn verði í jafnvægi.

Á liðnu vori var orðið ljóst að rekstur sjúkrastofnana stefndi talsvert fram úr fjárlögum þrátt fyrir að gerðar hafi verið ráðstafanir í lok síðasta árs til að greiða uppsafnaðan halla þeirra og leiðrétta rekstrargrunninn. Voru þær aðgerðir í samræmi við álit svonefnds faghóps heilbrigðisráðuneytisins sem um málið fjallaði. Ekki var brugðist við hallarekstrinum á árinu þrátt fyrir skriflega áréttingu heilbrigðisráðuneytisins um nauðsyn þess að stofnanir haldi útgjöldum sínum innan fjárheimilda. Ríkisendurskoðun var á haustdögum fengin til að fara yfir vandann og greina umfang hans fyrir afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga nú í lok ársins.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er að rekstrarhalli stofnana hafi verið gerður upp í árslok 1998 en að á þessu ári hafi aftur sigið á ógæfuhliðina og rekstur stofnana farið langt umfram heimildir fjárlaga. Nú er svo komið að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana í árslok 1999 er áætlaður tæplega 4,2 milljarðar króna og þar af eru um 3,6 milljarðar vegna halla sem myndast hefur á þessu ári. Skiptist hallinn á launakostnað og önnur rekstrargjöld í svipuðum hlutföllum og þessi gjöld vega í heildarútgjöldum sjúkrastofnana. Meginskýringin á umframútgjöldum á launalið er að útfærsla kjarasamninga í mörgum stofnunum virðist hvorki hafa verið í samræmi við þau fyrirmæli og leiðbeiningar sem gefnar voru út né fyrirliggjandi fjárheimildir.

Í tillögunum er verulegum viðbótarfjármunum varið til reksturs sjúkrastofnana. Það eru fjármunir sem fara í kostnaðarhækkanir sem þegar eru áfallnar. Ljóst er að bæta má fjármálastjórn stofnana heilbrigðisráðuneytisins og gera hana skilvirkari en hún er nú. Það er mjög brýnt að ná tökum á þeim vanda og leita í því sambandi allra hugsanlegra leiða svo að þessar stofnanir fari að fjárlögum í framtíðinni. Þannig verði einnig tryggt að nýtt fé fari til að ná fram stefnumiðum stjórnvalda en ekki verði um leiðréttingar eftir á að ræða. Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana.

Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlög eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið.

Ríkisendurskoðun mun gefa ráðuneytum og Alþingi skýrslu um framgang málsins á næsta ári. Samhliða verður komið í veg fyrir að stjórnendur stofni til skulda í lánastofnunum og safni upp óeðlilegum viðskiptaskuldum. Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega.

Kannað verður hvort breyta þurfi lögum um heilbrigðisþjónustu og staða framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda skýrð. Jafnframt verður á næsta ári ráðist í að ákvarða framlög til stofnana með hlutlægum hætti og reiknilíkönum beitt við skiptingu fjárveitinga á stofnanir í fjárlögum árið 2001. Markmiðið verður eins og fram hefur komið að tryggja að

stofnanir verði reknar innan fjárheimilda og að stjórnendur beri ábyrgð á sama hátt og í öðrum atvinnurekstri.

Ég vík nú að skýringum við einstakar brtt.

Við æðstu stjórn ríkisins er gerð ein brtt., þ.e. um 8,8 millj. kr. aukafjárveitingu til Ríkisendurskoðunar til að standa straum af útgjöldum sem stofnað var til vegna beiðni ríkisstjórnarinnar um könnun á ólögmætum hugbúnaði í notkun hjá ríkisaðilum.

Óskað er eftir 2 millj. kr. aukafjárveitingu til að endurnýja þjónustubifreið í forsrn.

Undir liðnum Ýmis verkefni í forsrn. er farið fram á 21,5 millj. kr. hækkun. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 16 millj. kr. aukafjárveitingu á viðfangsefninu Vesturfarasetrið á Hofsósi en samkvæmt samningi milli forsrn. og Vesturfaraseturs á Hofsósi mun ríkissjóður leggja setrinu til 12 millj. kr. á ári í fimm ár, í fyrsta skipti árið 1999, til að byggja upp gamla þorpskjarnann á Hofsósi með það að markmiði að sérhæfa gamla hluta þorpsins til þjónustu og afþreyingar fyrir fólk af íslenskum ættum sem býr í Norður-Ameríku. Einnig er farið fram á 4 millj. kr. fjárheimild vegna flotbryggju við setrið. Framlag sem óskað er eftir í fjáraukalögum 1999 vegna þessa nemur því alls 16 millj. kr.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 6,5 millj. kr. aukafjárveitingu til auðlindanefndar. Sýnt þykir að kostnaður við kaup á sérfræðiráðgjöf fyrir nefndina verði meiri en gert hafði verið ráð fyrir í fjáraukalögum 1998.

Loks er gerð er tillaga um að færa 1 millj. kr. sem sértekjur á viðfangsefninu Grænlandssjóður undir þessum fjárlagalið.

Gert er ráð fyrir að millifæra 32 millj. kr. fjárveitingu vegna byggingar þjónustuhúss við Almannagjá af viðfangsefni fyrir viðhaldskostnað á viðfangsefni fyrir stofnkostnað undir þessum fjárlagalið en fjárveiting til verkefnisins verður óbreytt.

Undir menntmrn. er lagt til að aukafjárveiting til Háskólans á Akureyri hækki um 27 millj. kr. til að koma til móts við fyrirsjáanlegan 20 millj. kr. rekstrarhalla árið 1999 og hluta af rekstrarhalla frá 1998. Ástæður hallans eru fyrst og fremst launahækkanir til starfsmanna og fjölgun nemenda.

Óskað er eftir 8 millj. kr. framlagi undir liðnum Framhaldsskólar, almennt, til kennslu vistmanna á stofnunum á vegum Barnaverndarstofu. Breyting verður á kennslu vistmanna eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 í 18 ár.

Gerð er tillaga um 10 millj. kr. aukaframlag til að kaupa Íslendingasögur á ensku til að gefa á bókasöfn og stofnanir erlendis í tilefni af afmæli landafunda Leifs Eiríkssonar.

Undir utanrrn. er gerð ein brtt. Sótt er um 15 millj. kr. aukafjárveitingu vegna fyrirsjáanlegs rekstrarhalla embættisins á árinu 1999. Gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun í tillögu við 2. umr. frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000. Með þessari auknu fjármögnun verður rekstur embættisins í jafnvægi í lok þessa árs.

Undir landbrn. er lagt til að Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri fái 10 millj. kr. framlag vegna uppsafnaðs rekstrarhalla. Rekstrarhallinn stafar af minnkandi tekjum af búrekstri og launahækkunum í kjölfar aðlögunarsamninga.

Lagt er til að breyta heiti fjárlagaliðar. Hann heitir nú Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal til samræmis við lagabreytingar við skólann.

Undir sjútvrn. er sótt um 19,9 millj. kr. aukafjárveitingu til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins til að mæta rekstrarvanda stofnunarinnar. Nýjar áætlanir gera ráð fyrir að tap ársins 1999 verði á bilinu 23–25 millj. kr. Gert er ráð fyrir þessari niðurstöðu þrátt fyrir að stofnunin hafi gripið til aðgerða 1. október sl. sem m.a. fólu í sér uppsagnir á starfsfólki. Þess er vænst að árangur aðgerðanna verði að fullu kominn fram á næsta ári. Þar sem tap áranna 1997 og 1998 var samtals um 14 millj. kr. má gera ráð fyrir að uppsafnað tap verði alls um 40 millj. kr. í árslok verði ekkert að gert. Stofnunin áætlar að með aukafjárveitingunni og eigin aðgerðum, sem áætlað er að skili 20 millj. kr. í hagræðingu, verði vandi stofnunarinnar leystur til frambúðar.

Undir dóms- og kirkjumrn. er gerð tillaga um fjárveitingu til ríkislögreglustjóra um 8,6 millj. kr. til að standa undir kostnaði við vinnu fíkniefnastofu, efnahagsbrotadeildar og sérsveitar að rannsókn á tveimur umfangsmiklum fíkniefnamálum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Farið er fram á 14,6 millj. kr. vegna vinnu að rannsókn á tveimur umfangsmiklum fíkniefnamálum.

Undir Áfengis- og fíkniefnamál. Lagt er til að veittur verði 3,5 millj. kr. styrkur til alþjóðlegs forvarnaverkefnis, Pallas Aþena. Markmið er að virkja ungt fólk í baráttunni gegn fíkniefnum á þeirra eigin forsendum. Í fjáraukalögum fyrir árið 1998 var veitt 1,5 millj. kr. til verkefnisins.

Undir félmrn. er tillaga um að svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vestfjörðum fái 1,2 millj. kr. aukafjárveitingu fyrir skammtímavistun sem opnuð var sl. haust í Vesturbyggð vegna brýnnar þarfar.

Undir liðnum Vinnumál er farið fram á 3,3 millj. kr. fjárveitingu til að greiða hlut ráðuneytisins í verkefninu „Handverk og hönnun". Í ágúst sl. skipaði forsrh. nefnd til að fjalla um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar. Nefndin hefur lokið störfum og leggur til að verkefni undir nafninu Handverk og hönnun verði haldið áfram á vegum forsrn. með þátttöku félmrn. og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Markmið verkefnisins er að stuðla að viðvarandi vexti handverks, að bæta menntun og þekkingu handverksfólks og efla gæðavitund í greininni.

Gerð er tillaga um að veita Foreldra- og kennarfélagi Öskjuhlíðarskóla 3 millj. kr. framlag til rekstrar félagsins á sumardvöl fyrir nemendur skólans, en halli hefur verið á rekstrinum síðustu tvö ár.

Undir heilbr.- og trmrn. er liðurinn Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Lögð er til 110 millj. kr. lækkun á framlögum á þessum lið. Það er í samræmi við endurskoðaða útgjaldaáætlun miðað við fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Í fyrsta lagi er lagt til að framlög til endurhæfingarlífeyris lækki um 30 millj. kr., í öðru lagi að framlög til heimilisuppbótar lækki um 50 millj. kr. Í þriðja lagi er gerð tillaga um að framlög til uppbóta lækki um 30 millj. kr.

Lífeyristryggingar. Gerð er tillaga um að framlög til tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 50 millj. kr. og að framlög til fæðingarorlofs lækki um 50 millj. kr. í samræmi við endurskoðaða útgjaldaáætlun miðað við fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Alls lækkar þessi liður því um 100 millj. kr.

Á liðnum Sjúkratryggingar er farið fram á 255 millj. kr. hækkun fjárveitingar í samræmi við endurskoðaða útgjaldaáætlun miðað við fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Farið er fram á 50 millj. kr. hækkun fjárveitingar á viðfangsefninu Lækniskostnaður, 120 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Lyf, 30 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Hjálpartæki og

85 millj. kr. á viðfangsefninu Þjálfun. Loks er lagt til að framlög til brýnnar meðferðar erlendis lækki um 30 millj. kr.

Þá er komið að liðnum Sjúkrastofnanir. Lagt er til að veitt verði tæplega tveggja milljarða króna hækkun á framlögum til sjúkrastofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið vegna áætlunar um uppsafnaðan rekstrarhalla í árslok 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Nánar er fjallað um þetta í inngangi. Í nál., sem liggur frammi á þskj., er listi yfir stofnanir og framlag til sérhverrar þeirra. Mun ég ekki rekja þann lista en hann liggur fyrir á þskj. 309.

Þá er komið að liðnum Sjúkrahús, óskipt. Lagt er til að veitt verði 316,6 millj. kr. fjárheimild til að bæta rekstrarstöðu sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Framlögum verður ráðstafað í samræmi við nánari skoðun á þeim stofnunum sem falla hér undir. Fyrirhugað er að heilbrigðisráðuneyti ásamt fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fari nánar yfir fjármál einstakra stofnana. Ráðuneytin munu síðan leggja fyrir fjárlaganefnd skiptingu á framlaginu. Afgangsheimildir á þessum lið verða felldar niður. Í eftirfarandi yfirliti er greint frá hámarksfjárveitingum til einstakra stofnana og sá listi fylgir á þskj. 309 og liggur frammi og ég mun ekki lesa hann upp.

Þá er liðurinn Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Óskað er eftir 5 millj. kr. viðbótarfjárheimild fyrir Krýsuvíkursamtökin en þau hafa tekist á hendur erfiðari verkefni á yfirstandandi ári en hingað til. Fangelsisyfirvöld, félagsmálayfirvöld, svæðisskrifstofa fatlaðra og fleiri aðilar leita í vaxandi mæli úrlausna fyrir skjólstæðinga sína í Krýsuvík.

Þá er komið að liðnum Daggjaldastofnanir. Lagt er til að veitt verði 221,8 millj. kr. aukafjárveiting til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila. Framlögum verður ráðstafað í samræmi við nánari skoðun á þeim stofnunum sem falla hér undir. Fyrirhugað er að heilbrigðisráðuneyti ásamt fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fari nánar yfir fjármál einstakra stofnana. Síðan munu ráðuneytin leggja fyrir fjárlaganefnd skiptingu á framlaginu. Afgangsheimildir á þessum lið verða felldar niður.

Þá er komið að fjármálaráðuneyti og að liðnum Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Hér er gerð tillaga um 55 millj. kr. fjárveitingu á tveimur nýjum viðfangsefnum undir þessum fjárlagalið. Við breytta framsetningu á fjárlögum fyrir árið 1998 í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkisins féllu þessar greiðslur út í áætlanagerð um nýja sundurliðun lífeyrisskuldbindinga og -greiðslna. Tillögunni er ætlað að laga fjárheimildir liðarins að endurskoðaðri áætlanagerð í samræmi við breytta framsetningu fjárlaganna. Annars vegar er um 45 millj. kr. fjárveitingu að ræða á viðfangsefninu Eftirlaun hæstaréttardómara. Hins vegar er tillaga um 10 millj. kr. á viðfangsefninu 1.91 Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun og er þar einkum um að ræða lífeyrisgreiðslur til ekkna og ekkla og ljósmæðra.

Þá eru Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gerð er tillaga um 18,2 millj. kr. framlag til uppgjörs á skuldum nokkurra lítilla hitaveitna við ríkissjóð. Vorið 1997 skipaði iðnaðarráðherra nefnd um orkukostnað smærri hitaveitna og hvernig mætti leysa úr fjárhagsvanda þeirra. Í framhaldi af þeirri umfjöllun samþykkti Alþingi að veita 3,4 millj. kr. framlag í fjáraukalögum ársins 1997 til að bæta stöðu þessara hitaveitna en áður hafði verið veitt 5 millj. kr. fjárveiting vegna málsins á árinu 1996. Eftir stóðu þá enn þá talsverðar skuldir hitaveitnanna. Hér er lagt til að veitt verði framlag í samræmi við lið 8.19 í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999 þar sem kveðið er á um að fjármálaráðherra sé heimilt að semja um lokauppgjör á skuldum lítilla hitaveitna við ríkissjóðs.

Í samgönguráðuneyti er óskað er eftir 22 millj. kr. aukafjárveitingu til lokauppgjörs á skuldum Djúpbátsins hf. Fjárveitingin er háð þeim skilyrðum að rekstri ferjunnar Fagranessins verði hætt. Ferjan verður varaferja fyrir Vestmannaeyjaferjuna Herjólf og Breiðafjarðarferjuna Baldur. Fyrirhugað er að Fagranesið verði staðsett á Ísafirði yfir vetrartímann.

Þá er það Vegagerðin. Endurskoðuð áætlun um markaðar tekjur til vegamála bendir til að þær verði 70 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Lagt er til að heimilað verði að ráðstafa viðbótartekjunum á árinu 1999 en fyrirhugað er að þeim verði varið til að mæta kostnaði við vatnaskemmdir á vegum.

Þá að Siglingamálastofnun. Óskað er eftir 38 millj. kr. aukafjárveitingu og er hún af tvennum toga. Annars vegar er farið fram á 25 millj. kr. aukafjárveitingu vegna dýpkunar hafnarinnar í Vopnafirði. Í framhaldi af líkanatilraunum Siglingastofnunar, sem lauk í mars sl., varð ljóst að kostnaður við dýpkun hafnarinnar í Vopnafirði ykist um 34,3 millj. kr. frá því sem hafnaáætlun gerði ráð fyrir. Hlutur ríkisins í þessum aukna kostnaði er 25 millj. kr. Hins vegar er óskað eftir 13 millj. kr. aukafjárveitingu til smíði á flotbryggju í Búðardal vegna landafundaafmælis. Framkvæmdir við höfnina verða að hefjast í ár til að hægt verði að ljúka þeim fyrir júní á næsta ári þegar hátíðahöld vegna landafundanna hefjast. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 23 millj. kr. Hlutur ríkisins í kostnaðinum er 17 millj. kr. Í hafnaáætlun er gert ráð fyrir 4 millj. kr. fjárveitingu á næsta ári. Þá er farið er fram á 10 millj. kr. aukafjárveitingu til Ferðamálaráðs vegna stóraukinna umsvifa í markaðsmálum í Þýskalandi og Bandaríkjunum.

Í viðskiptaráðuneyti er farið er fram á 3,5 millj. kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við undirbúning að starfsemi Fjármálaeftirlits. Þegar bankaeftirlit Seðlabanka og Vátryggingareftirlit voru sameinuð í byrjun þessa árs og Fjármálaeftirlitið stofnað var kveðið svo á um að undirbúningskostnaður skyldi greiddur af ríkissjóði, enda standa eftirlitsskyldir aðilar síðan undir kostnaði við starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Þá er komið að umhverfisráðuneyti. Þar er óskað er eftir 4,5 millj. kr. framlagi til að mæta auknum rekstrarkostnaði úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál.

Farið er fram á 3,5 millj. kr. fjárveitingu til veiðistjóra. Annars vegar 1,5 millj. kr. til að mæta endurgreiðslukostnaði vegna aukinna minkaveiða á árinu 1999. Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir veiðum á 6.000 minkum en veiðin stefnir í mun hærri tölu. Hins vegar er óskað eftir 2 millj. kr. fjárheimild til að mæta kostnaði af auknum refaveiðum. Ríkissjóði er heimilt að endurgreiða allt að helming kostnaðar við veiðar á ref. Gert var ráð fyrir endurgreiðslum á 3.000 veiddum refum á þessu ári en veiðin stefnir í rúmlega 4.000 dýr.

Þá eru það Landmælingar Íslands. Óskað er eftir 7 millj. kr. til að standa undir útgjöldum við starfslokasamninga 11 starfsmanna. Er þetta lokauppgjör stofnunarinnar vegna slíkra samninga.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt. fjárln. og þeim útgjaldaauka sem þær hafa í för með sér. Það má skipta þessum útgjaldaauka í nokkra málaflokka.

Í fyrsta lagi eru tillögur í fjáraukalagafrv. sem gera ráð fyrir hækkun á tryggingabótum og ákvörðunum ríkisstjórn-

arinnar í því efni. Í öðru lagi eru hækkanir til heilbrigðismála sem ég hef þegar gert grein fyrir. Í þriðja lagi er í frv. og brtt. hækkanir til löggæslu og ýmissa mála sem tengjast fíkniefnum. Í fjórða lagi eru í frv. ýmis mál sem tengjast menntamálum og afkomu skólakerfisins í landinu.

Þessi verkefni eru öll brýn en hér er um mikinn útgjaldaauka að ræða, það vil ég undirstrika. Það er ljóst að samkvæmt þeim áætlunum sem liggja fyrir um tekjur á árinu, ef þær standast, þá mun tekjuauki standa undir þessum útgjaldaauka vegna þess að það hefur verið kraftur í atvinnu- og efnahagslífi. Þrátt fyrir það þá má ekki missa sjónar af þeim efnahagslegu markmiðum að leggja hluta af þeim tekjuauka til þess að lagfæra afkomu ríkissjóðs og greiða niður skuldir ríkissjóðs. Hins vegar eru í fjáraukalagafrv. og brtt. mál sem hafa farið fram úr áætlun okkar í fjárlögum, en stefnumörkunin í ríkisfjármálum kemur vissulega fram í fjárlögum fyrir árið 2000 sem verða til umræðu síðar í vikunni. Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma heldur vil ég að lokum segja örfá orð um þann lagaramma sem við störfum eftir í ríkisfjármálunum.

Svo sem menn rekur minni til mæltu lögin um fjárreiður ríkisins, sem komu til framkvæmda við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1998, fyrir um margvíslegar breytingar á framsetningu og uppbyggingu fjárlaga. Eitt meginmarkmiðið með þessum breytingum var að samræma og skapa um leið nauðsynlega festu í áætlanagerð ríkisins. Jafnframt þessu er í fjárreiðulögum bæði að finna sérstaka kafla um framkvæmd fjárlaga og sérstaka kafla um frv. til fjáraukalaga. Fram að gildistöku fjárreiðulaga var í lögum aðeins að finna fábrotin og brotakennd fyrirmæli um þessa þætti í fjárreiðum ríkisins. Með þessum ákvæðum fjárreiðulaganna var því á margan hátt brotið í blað í sögu fjármálastjórnar hjá ríkinu.

Í kaflanum um framkvæmd fjárlaga í fjárreiðulögum er kveðið á með skýrum hætti um heimildir framkvæmdarvalds til að ráðstafa fjármunum ríkisins á grundvelli ákvæða í fjárlögum. Þar er ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum m.a. sniðinn mjög þröngur stakkur þegar kemur að heimildum þeirra að víkja frá veittum fjárheimildum í fjárlögum. Rauði þráðurinn í þessum lagafyrirmælum er sá að koma á virku aðhaldi og almennum aga í fjárstjórn ríkisins og ríkisstofnana. Í þessu sambandi er vert að rifja upp grundvallarregluna í þessum efnum sem hér eftir sem hingað til er að finna í 41. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir að eigi megi greiða gjald úr ríkissjóði, nema með heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Segja má að með framangreindum hætti fjárreiðulaganna hafi verið settur nauðsynlegur og löngu tímabær lagarammi um heimildir framkvæmdarvaldsins í þessu efni. Við setningu þessa lagaramma var að sjálfsögðu höfð hliðsjón af þeim takmörkum sem stjórnarskráin mælir fyrir um í þessu efni. Í stuttu máli er ríkisstofnunum óheimilt að stofna til frekari fjárskuldbindinga en fjárlög hverju sinni leyfa. Þetta á bæði við um hefðbundin ríkisútgjöld og stofnkostnað. Ábyrgð forstöðumanna og stjórnar ríkisstofnana í þessu er skýr samkvæmt fjárreiðulögunum. Í 49. gr. þeirra er sérstaklega tekið fram að þessir aðilar beri ábyrgð á því að fjárhagsráðstafanir þeirra stofnana og fyrirtækja er undir þá heyra séu í samræmi við fjárheimildir.

Þá tel ég rétt að rifja það upp hér og nú að í fjárreiðulögunum var mörkuð skýr stefna um efni fjárlaga og fjáraukalaga og lokafjáraukalaga. Þannig gera lögin ráð fyrir því að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum. Í fjáraukalögum innan hvers fjárlagaárs ber hins vegar að fjalla fyrst og fremst um þær fjárráðstafanir sem var ekki hægt að sjá fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hlutverk fjáraukalaga er að þessu leyti nokkuð skýrt, þ.e. þeim er ekki ætlað að snúast um rekstrarvanda einstakra ríkisstofnana, heldur fyrst og fremst um ófyrirséð atvik eða málefni.

Ég tel hollt að rifja upp þessi ákvæði fjárreiðulaga og markmið þeirra upp nú er við fjöllum um fjáraukalög fyrir árið 1999. Ég geri mér fulla grein fyrir því að ýmsar spurningar hljóta að vakna um hvernig tekist hefur til í þessum efnum. Það þarf að bæta fjármálastjórn hjá mörgum stofnunum og gera hana skilvirkari. Fram hjá því er ekki hægt að líta að meginskýringin á umframútgjöldum í heilbrigðisgeiranum er að finna við útfærslu kjarasamninga í mörgum stofnunum, sem hvorki var í samræmi við fyrirmæli eða leiðbeiningar stjórnvalda né fyrirliggjandi fjárheimildir. Ég tel blasa við að átaks sé þörf á þessu sviði og mjög brýnt að þessi mál verði tekin föstum tökum ef tryggja á að markmið fjárlaga og yfirlýst stefna stjórnvalda náist.

Ég hef nú lokið máli mínu, en meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem að ég hef gert grein fyrir og skýrðar hafa verið framsöguræðu minni og í því nál. sem liggur fyrir og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján Pálsson.

[15:31]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, 256. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 322.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, 67. mál, nál. allshn., þskj. 325.

Notkun olíu í stað rafmagns, 136. mál, svar iðnrh., þskj. 297.

Orkuverð til stóriðju, fiskvinnslufyrirtækja og garðyrkjubænda, 76. mál, svar iðnrh., þskj. 296.

[15:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tillögu hv. fjárln., brtt. við fjáraukalögin, koma fram margar tölur og ég vil beina kastljósinu að stærstu tölunni, sem er Ríkisspítalarnir. Í fjárlögum er byggt á áætlunum viðkomandi stofnunar. Síðan var sú áætlun rædd í fjárln. og lögð mikil vinna í það. Svo komu brtt. við fjárlög sem voru samþykktar rétt fyrir síðustu jól. Það er ekki komið ár síðan. Þar var áætlun stofnunarinnar um fjárútlát og rekstur á árinu 1999. Síðan kemur fram frv. til fjáraukalaga sem var dreift núna í byrjun þings og þar kemur í ljós að 488 millj. vantar hjá þeirri stofnun. Fjárln. fjallar síðan um málið og enn sígur á ógæfuhliðina því hún leggur til 378 millj. til viðbótar, þannig að þetta er komið upp í 867 millj., eða 6 þús. kr. á hvern vinnandi Íslending, sem þessi eina stofnun hefur farið fram úr þeim áætlunum sem hún sjálf hafði lagt til fyrir árið 1999, fyrir ekki einu ári.

Spurning mín til hv. þm., formanns fjárln., Jóns Kristjánssonar, er: Hvaða skilaboð erum við að senda út til opinberra fyrirtækja? Þau sem standa í skilum minnka og minnka, en þau sem halda sig ekki við fjárlögin, fara ekki að lögum, vaxa og vaxa. Hvar er ábyrgð forsvarsmanna slíkra fyrirtækja?

[15:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinna fjárln. við þetta ákveðna mál sem hv. þm. tiltekur fólst í að ræða úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárþörf þessa spítala. Ég rakti það í ræðu minni að hún væri tilkomin vegna launahækkana og að $^3/_4$ vegna hækkana á rekstrarkostnaði af því sem út af stóð. Það er alveg rétt að sú framvinda sem verið hefur hjá þessari stofnun og öðrum og samskipti þeirra við fjárveitingavaldið — við þurfum að fá betri viðmiðanir og betri áætlanir í upphafi árs um fjárþörf þeirra og að því höfum við einsett okkur að vinna. Við höfum einsett okkur að stuðla að því að gert verði reiknilíkan fyrir þessar stofnanir þannig að ljóst sé hvaða þjónustu er verið að veita, hvað sú þjónusta kostar og að fjárveitingar séu byggðar á því og áætlunum sem þær stofnanir gera í upphafi árs. Við erum með þeim viðbótarframlögum sem lögð eru fram að reyna að ná utan um þennan vanda, því að það er alveg ljóst að við erum þarna í vanda sem við þurfum að ná utan um.

[15:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Forstöðumenn eru yfirleitt með hærri laun en ræstingakonur og það er vegna þess að þeir bera ábyrgð. Hvar er ábyrgð þeirra sem kemur fram í þessum dæmum? Væri ekki rétt að þeir færu bara á laun ræstingakvenna fyrir sl. ár, aftur í tímann, þegar þeir geta ekki staðið betur við ábyrgð sína en þessi dæmi sýna? Eða er jafnvel hugsanlegt að einhver þeirra standi alls ekki undir ábyrgðinni? Þá á bara að biðja þann mann eða konu vinsamlega um að ljúka störfum.

Ég kann ekki við að fjárlögin séu samin annars staðar en á Alþingi. Ég kann ekki við að stofnanir úti í bæ séu að semja fjárlög fyrir Alþingi Íslendinga og útdeila peningum skattgreiðenda með þessum hætti. En það er það sem er að gerast. Ég vil fá miklu meiri aga í þetta kerfi og ég vil að hv. fjárln. standi við það að menn beri ábyrgð.

[15:37]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu að bæta við það svar sem ég fór með áðan í framhaldi af ræðu hv. þm. Ég gerði grein fyrir því hvernig fjárln. eða meiri hluti hennar hygðist vinna að þessu máli.

Inntakið í seinni ræðu hv. þm. var að e.t.v. þyrfti að reka forstöðumenn stofnana. Ég ætla ekki að hafa nein orð um það á þessu stigi því að þessi vinna mun halda áfram og ég hef engu við það að bæta sem ég sagði áðan að skýra þyrfti ábyrgð forstöðumanna stofnana. Það tók ég fram í framsöguræðu minni. Ég ætla engar líkur að leiða að því hvort einhverjir forstöðumenn verði látnir hætta störfum eða ekki eða verði settir á laun ræstingakvenna. Við höfum einsett okkur að ná betri viðmiðum í fjárlagatillögum okkar þannig að ljóst sé að það sé ætlast til þess að stofnanir haldi sig innan þeirra og staðið verði hart á því.

[15:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu formanns fjárln., hv. þm. Jóns Kristjánssonar, kom fram það sem hér er verið að ræða og það sem fyrirspurn hv. þm. Péturs H. Blöndal beindist að. Ég ætla þess vegna ekki að gera Ríkisspítalana að umræðuefni, en mig langar til að spyrja vegna þeirrar töflu sem birtist á bls. 6 í nál. meiri hlutans, hvort það hafi verið kannað af fjárln. að þær stofnanir sem hafa haldið sig nokkurn veginn innan fjárlagarammans, eins og t.d. stofnanir í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Hólmavík, eða Vopnafirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Djúpavogi, hafi þá greitt lægri laun til starfsfólksins eða með hvaða aðferðum hafa þær stofnanir haldið sig innan rammans eða mjög nærri rammanum? Við sjáum t.d. að heilbrigðisstofnanirnar á Egilsstöðum, Seyðisfirði og í Neskaupstað fara samanlagt í tæplega 165 millj. fram úr fjárlögum. Allar stofnanir fá þá að keyra fram úr. Ég held að athugandi væri að fara að snúa þessu dæmi við og verðlauna þá sem að standa sig í rekstrinum og þess vegna spyr ég: Var það kannað hvernig forstöðumenn stofnana sem stóðu sig vel, stóðu að þeim rekstri?

[15:41]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um það atriði sem að hv. þm. spyr um voru miklar umræður í fjárln. og við eyddum miklum tíma í að ræða einmitt þetta mál. Tillögurnar í fjáraukalögum miða að því að komast á nokkurn veginn sléttan sjó á þessu ári. Hins vegar er til önnur aðferðafræði sem verður lögð til í frv. til fjárlaga þar sem ætlunin er að þeir sem fóru ekki fram úr fjárlögum á árinu 1999 njóti þess á árinu 2000 í framlögum og hafi þá svigrúm til þess, ef vera skyldi að einhverjir kjarasamningir væru eftir sem þegar hafa verið gerðir á öðrum stofnunum sem hafa hækkað launakostnað, og þær stofnanir sem hafa staðið sig munu í fjárlagatillögum okkar fyrir árið 2000 njóta þess að hafa ekki farið fram úr fjárlögum.

[15:43]

Frsm. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Mér þótti hv. þm. Jón Kristjánsson vakur þegar hann geystist yfir völlinn rétt eins og hann vildi flýta sér heim. Það mundi ég líka gera í hans sporum, herra forseti, ef ég væri hér staddur sem formaður fjárln. að flytja þann boðskap sem er að finna í fjáraukalagafrv. og brtt. meiri hlutans. Á sama tíma og hver einasti hagfræðingur sem eitthvað hefur til sín kemur fram og segir að nauðsynlegt sé að draga úr útgjöldum ríkisins, á sama tíma og Seðlabankinn gefur frá sér sérstakt rit þar sem það sama segir á 1. bls., á sama tíma og Þjóðhagsstofnun ítrekar nauðsyn þess að draga úr útgjöldum, hvað gerist þá hér á hinu háa Alþingi? Þá kemur meiri hluti fjárln. f.h. ríkisstjórnarinnar og leggur til að útgjöld ríkisins aukist um 7,9 milljarða á fjáraukalögum. Þetta er auðvitað fáheyrt við þessar aðstæður, herra forseti, og það er engu líkara en að allar fyrirstöður hafi brostið. Það sést einmitt á þeim málaflokki sem lítillega var til umræðu í andsvörum áðan, þ.e. heilbrigðismálin, vegna þess að þar sannanlega hafa allar fyrirstöður brostið. Það eru engar varnir lengur af hálfu ríkisstjórnarinnar og meiri hluta fjárln. Þar er gert ráð fyrir að samtals 5,1 milljarður komi til viðbótar. Ég skil því vel, herra forseti, að hv. þm., Jón Kristjánsson, geysist vakur yfir völlinn óðfús að komast frá þessu vegna þess að þetta er engum til sóma, hvorki meiri hluta fjárln., ríkisstjórninni né okkur sem sitjum í hv. fjárln. En mér þótti líka, herra forseti, hv. þm. Jón Kristjánsson væri giska hugrakkur þegar hann lauk tölu sinni á því að fara hér með litla umvöndunarræðu um það hvernig ætti að umgangast fjárlögin, vísaði til fjárreiðulaganna sem samþykkt voru 1997, herra forseti.

Að sönnu er það hjá hv. þm. að þar var brotið í blað eins og hann sagði. Hann vísaði til þess sjálfur að með þeim lögum hefðu menn verið að skapa nauðsynlega festu í ríkisfjármálunum. Hann vísaði til sérstaks kafla um fjáraukalögin og talaði um að það væri eitthvað annað en áður fyrr

þegar einungis brotakennd fyrirmæli var að finna í lögum um hvernig ætti að fara með fjáraukalög. Guð láti gott á vita, herra forseti. Af ágætum kynnum af meiri hlutanum í störfum mínum á þessu hausti í fjárln. tel ég ekki útilokað að hann komist til vits og ára í þessum efnum. En ég verð að segja það að ef maður lítur á þetta frá sjónarhóli bókstafstrúar gagnvart lögum þá hefur meiri hlutinn, og kannski fyrst og fremst ríkisstjórnin, kolfallið á því prófi sem sett eru í fjárreiðulögunum. Af því að hv. þm. nefndi að nauðsynlegt væri að skýra og skerpa ábyrgð og hlutverk forstöðumanna ríkisstofnana í tengslum við yfirferð hans um heilbrigðisþáttinn, þá vek ég eftirtekt á því að einmitt í fjárreiðulögunum er þessi ábyrgð skýr.

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. heilbrrh. er í húsi.

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. heilbrrh. er í húsi, ég skal gera ráðstafanir til að ...)

Herra forseti. Ég ætla ekki að krefjast þess að hún verði flutt með valdi í salinn strax en þegar líður á ræðu mína þætti mér vænt um að hún vildi hlýða örlítið á hana.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég þykist hafa orðið var við það áður að hæstv. heilbrrh. hafi orðið ljúfmannlega við beiðni þingmannsins og vona að svo verði eftirleiðis.)

Ég mun þá bíða ljúfmannlega, herra forseti, og halda áfram að eiga orðastað við þingheim út af því sem að hv. þm., Jón Kristjánsson, sagði um fjáraukalögin. Við sem erum í minni hluta í fjárln. viljum nefnilega nota tækifærið til þess að undirstrika sérstaklega að það eru skýr ákvæði í fjárreiðulögunum um það hvernig eigi að standa að fjáraukalögum. Það má segja að við stöndum á sérstökum tímapunkti núna, þetta er fyrsta árið sem fyrir liggur ríkisreikningur sem er gerður upp á grundvelli fjárreiðulaganna. Af því tilefni finnst mér einmitt mikilvægt að við sem vélum um fjármál ríkisins í fjárln. gerum það sem hægt er til að fara eftir bókstafnum. Ég þykist nefnilega sjá það í fjáraukalagafrv., herra forseti, og ekki bara ég heldur líka við öll sem erum í minni hlutanum, að það er ótrúlega kærulaus umgengni af hálfu ríkisstjórnarinnar um þetta fjáraukalagafrv. Þar er að finna gríðarlega mikið af útgjaldatillögum sem eiga ekkert heima þar, herra forseti. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að við í fjárln., og ekki síst meiri hlutinn skerpi á vinnubrögðum sínum og þeim reglum sem eiga að gilda um þessi frv. Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa til þess að í V. kafla fjárreiðulaganna er almennt fjallað um frv. til fjáraukalaga og þar er gerð mjög skörp skilgreining á því hvers konar tillögur eiga heima þar inni. Í 44. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga."

Það er með öðrum orðum þrennt sem veldur því að þarna er hægt að réttlæta tilefni til nýrra útgjalda af völdum ríkisins. Það er í fyrsta lagi ófyrirséð atvik og það eru kjarasamningar eða ný löggjöf. Öðrum óskum en þeim sem beinlínis falla undir þessa þrjá þætti, herra forseti, ber jafnan að vísa til ákvörðunar Alþingis og þá í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Varla er hægt að deila um það, herra forseti, að í frv. sem liggur fyrir er sótt um viðbótarfjárheimildir vegna ákvarðana eða atvika sem er með engu móti hægt að fella undir ófyrirséð atvik, nýja löggjöf eða kjarasamninga. Ég bendi til að mynda á það, herra forseti, að við erum núna að ræða tillögur meiri hlutans þar sem gert er ráð fyrir því að uppsafnaður rekstrarhalli hátt á annað hundrað stofnana verði bættur í fjáraukalögum. Í langflestum tilvikum er um að ræða vanda sem hefur orðið til, ekki á þessu ári, heldur á undangengnum árum, með öðrum orðum hann var fyrirséður. Þess vegna, herra forseti, er ég þeirrar skoðunar að mjög erfitt sé að halda því fram með rökum að slík tilefni eigi heima á fjáraukalögum. Ég held að þegar maður lítur yfir þessi fjáraukalög og gerir úttekt á því af hvaða tilefni tillögur eru þarna, eins og við í minni hlutanum höfum gert, kemur það í ljós að 50% af því sem að þar er að finna í samtölu og niðurstöðutölu fjáraukalaganna fellur undir rekstrarhalla. Samþykktir ríkisstjórnarinnar eru ekki nema 14% og ýmislegt annað er 30%. Ég held því fram að það sé hægt að rökstyðja eftir atvikum að frá 50–80% af útgjöldunum sem þarna eru, eru virkilega útgjöld sem vissulega eiga rétt á sér en þau eiga ekki heima þarna. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að meiri hluti fjárln. þurfi að skoða alvarlega vinnubrögðin varðandi þetta. Ég held að þetta sé óheppilegt, ég held líka að þetta sé misnotað af hæstv. ríkisstjórn. Hægt er að benda á fjöldann allan af útgjöldum sem er að finna í þessu fjáraukalagafrv. sem eiga alls ekkert heima þar. Þess vegna get ég ekki greitt atkvæði með ýmsum fjárveitingum sem þar er að finna af þeim sökum, ég tel að þau séu einfaldlega á röngum stað. Ég er líka þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé næsta furðulegt að við skulum svo að segja á sama tímapunkti vera að rökræða í þinginu bæði fjáraukalög og fjárlög. Það væri miklu eðlilegra, og sér í lagi með vísan til þess hversu veik undirstaða útgjaldatilefnanna er eins og ég hef rakið, að þessu væri slegið saman. Við erum líka þeirrar skoðunar í minni hluta fjárln. að heppilegra væri að taka upp önnur vinnubrögð um fjáraukalög, hafa t.d. til reiðu fjáraukalagafrv. frá hendi ríkisstjórnarinnar þegar þingið kemur saman að hausti og afgreiða þau þá eða að fara þá leið sem farin er í ýmsum nágrannalöndum, eins og ég held í Svíþjóð. Ég held að félagar mínir í meiri hlutanum hafi upplýst mig um það að í Svíþjóð eða einhverju Norðurlandanna sé kerfið með þeim hætti að að vori til taka menn fyrir fjáraukalagafrv. og afgreiða það. Það er miklu skynsamlegra að gera það þannig, herra forseti. Ég tel sem sagt að þetta sé dæmi um agaleysi. Nú er ég þeirrar skoðunar að agaleysið í fjármálum ríkisins sé miklu ríkara hjá ríkisstjórninni, miklu meira áberandi hjá ríkisstjórninni en hjá þinginu. Ég tel að meiri hluti og minni hluti fjárln. eigi að taka höndum saman um að breyta þessu.

Það er líka ýmis önnur tiltekt sem mér finnst að eigi að fara fram á fjáraukalagafrv. Ég vek eftirtekt þingheims á því að í fjáraukalagafrv. og brtt. við það er gjarnan sótt um viðbótarheimild vegna ýmissa safnliða þrátt fyrir að staða fjárlagaliðarins gefi ekkert tilefni til þess. Ég get sem dæmi um þetta, herra forseti, nefnt fjárlagaliðinn 02-969 sem er Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Við létum kanna þennan lið fyrir okkur í minni hlutanum og það kemur í ljós að í lok nóvember námu útgjöld úr þessum lið 381 millj. kr. Fjárheimildin var hins vegar 482 millj. kr. Auk þess nemur eigið fé frá fyrra ári 212 millj. kr., herra forseti. Samt sem áður er á fjáraukalögum sótt um fjárveitingu sem nemur 13,5 millj. Þetta stappar nærri því að vera sóðaskapur í meðferð fjármuna ríkisins, herra forseti. Það er ekki hægt að verja vinnubrögð af þessu tagi og þarna þarf að hreinsa til, sér í lagi vegna þess að fjárlög okkar eru rekin á grundvelli hugtaksins „rammafjárlög", með öðrum orðum er um að ræða að sérhvert ráðuneyti hefur ákveðinn ramma til

að fylla út í og það er viðkomandi yfirmanni, þ.e. ráðherra málaflokksins, nokkuð í sjálfsvald sett hvernig hann fyllir út í þennan ramma. Þess vegna finnst mér ekki hægt þegar um er að ræða skiptan lið, jafnvel þótt um safnlið sé að ræða, að óska eftir tiltekinni aukinni fjárveitingu þegar ljóst er að það er nóg af peningum undir safnliðnum. Þá hlýtur það, herra forseti, að vera á valdi viðkomandi ráðherra að deila honum með öðrum hætti. Hins vegar hentar þetta ráðuneytunum afskaplega vel, herra forseti, vegna þess að þegar fjárreiður ráðuneytanna eru gerðar upp í lok hvers starfsárs er það náttúrlega svo að ef um er að ræða ónýttar fjárveitingar, er það alveg klárt að þetta bætir hina endanlegu stöðu viðkomandi ráðuneytis.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé ákaflega erfitt fyrir ríkisstjórnina að standa frammi fyrir því að vera í andstöðu við nánast alla þá sem hafa eitthvert vit á ríkisfjármálum, að leggja til alveg gríðarlega útgjaldaaukningu af hálfu ríkisins. Það eru eins og ég sagði mistök að við skulum þurfa að standa frammi fyrir þessu. Ég held, herra forseti, að þetta beri vott um ákveðið agaleysi sem ég hef áður gert að umræðuefni, raunar við 1. umr. þessa frv. Þá nefndi ég nokkur dæmi. Ég nefndi t.d. sérstakt dæmi sem varðaði hæstv. fjmrh. sjálfan, þ.e. að fjmrn., sem á auðvitað að vera hreint í fjáraukalögum, á að sýna öðrum fordæmi, fjmrn. sækir sjálft um, ef ég man rétt, eitthvað um 115 millj. sem það þarf vegna aukins kostnaðar sem hefur safnast upp á síðustu árum vegna skattvinnslukerfa. Það hefur komið fram að þetta er vegna þess m.a. að taxtahækkanir SKÝRR, sem býr við lögbundna einokunaraðstöðu, hafa verið úr hófi fram á síðustu árum. Það er ekki hægt, herra forseti, að segja að þetta sé ófyrirséð atvik. Það er ekki með nokkru móti hægt að rökstyðja það. Þarna er dæmi um það hvar hæstv. fjmrh. hefur ekki beitt sjálfan sig nægilegum aga. Eftir höfðinu dansa limirnir, ef hæstv. ráðherra gerir það ekki, er þess þá að vænta að aðrar stofnanir ríkisins geri það?

Herra forseti. Ég vakti líka máls á því við 1. umr. þessa frv. að tiltekin ríkisstofnun fjármagnaði sjálfa sig að nokkrum hluta með erlendum styrkjum, hún hafði sótt um erlenda styrki en hún hafði ekki fengið þá, hún hafði hins vegar hafið framkvæmd eins og hún hefði fengið styrkina. Þetta tel ég auðvitað vera glapræði og ég er viss um það að ef hv. þm. Pétur Blöndal heyrði mál mitt væri hann mér fullkomlega sammála um það að yfirmanni stofnunar af þessu tagi bæri auðvitað að veita tiltal og leiða honum fyrir sjónir að svona gera menn ekki. Hvað gerði ríkið, herra forseti? Það er að sjálfsögðu lögð af hálfu viðkomandi fagráðherra fram tillaga um að hinn erlendi styrkur, sem kom ekki, verði bættur með ávísun frá skattborgurum. Að vísu ekki ógurlega hárri upphæð en eigi að síður nemur það 4 millj. kr. Ég tek þessa litlu upphæð sem dæmi, herra forseti, um það sem ég kalla fádæma agaleysi af hálfu ríkisins. Ég gæti haldið áfram, herra forseti.

Ég nefndi það sérstaklega og spurðist fyrir um það og fékk lítil svör, hversu stæði á tilteknum lið sem er undir dómsmrh. og varðar einmitt viðhald á húsnæði sýslumannsins á Selfossi. Allar götur síðan sú umræða var hef ég reynt að afla mér upplýsinga um það hvernig sú tiltekna framkvæmd kom til, hver veitti leyfi til hennar og hvernig hún var ákveðin og hvernig henni hefur undið fram. Það var alveg makalaus saga, herra forseti.

Þannig var að veitt var heimild með fjárlögum 1997 og síðan endurnýjun 1998 til þess að láta andvirði sölu á tilteknum hlutabréfum renna til viðhalds og stofnkostnaðar. Með einhverjum hætti var ákveðið að þessi liður, þ.e. viðhald á þessu tiltekna húsnæði sýslumanns á Selfossi, fengi ef ég man rétt 32 millj. kr. og jafnframt var ákveðið að láta 5 millj. kr. renna til sama verkefnis á sérstökum lið í dómsmrn. Þarna var sem sagt búið að ákveða 38 millj. eftir einhverjum „dúbíus" leiðum, bakdyraaðferðum sem ég kalla, og það eitt og sér er ekki til eftirbreytni. En hvað gerist síðan? Það gerði einhver áætlun sem stóðst bersýnilega ekki og átti að varða endurbætur á tiltekinni tengibyggingu. Þegar upp var staðið varð auðvitað að fara að framkvæma miklu meira án þess að nokkru sinni hefði verið veitt heimild til þess. Þegar upp var staðið reyndist nauðsynlegt að leggja fram tillögu núna á fjáraukalagafrv. um 22,7 millj. til viðbótar. Með öðrum orðum, það sprettur upp stjórnlaust tilefni til útgjalda, ekki útgjöld sem ríða ríki eða ráðuneytinu á slig en eru dæmi um að þarna í þessu tiltekna dæmi var um algjört stjórnleysi að ræða.

Annað dæmi hef ég líka leyft mér að nefna, herra forseti. Það er tillaga um að greiða skammtímaskuldir sem orðið hafa vegna byggingar tilraunagróðurhúss hjá Garðyrkjuskóla ríkisins. Það er hinn besti skóli og alveg prýðilegt að byggja tilraunagróðurhús en það gengur ekki að hafa engin bönd á framkvæmdinni. Skyndilega eru orðnar til skammtímaskuldir upp á 17 millj. kr. Það er ekki hægt að reka ríkið með þessum hætti, herra forseti.

Við erum að véla um peninga skattborgaranna og við eigum að fara vel með þá. Þessi meðferð er ekki góð og ekki til eftirbreytni. Ég tek þessi dæmi til að sýna fram á, herra forseti, að í fyrsta lagi standa stofnanir ríkisins sig ekki nægilega vel í að halda sig innan fjárlaga. Í öðru lagi stendur sá sem á að ganga á undan með besta fordæminu, hæstv. fjmrh., sig ekki heldur nægilega vel. Í þriðja lagi sýnir fjárln. ekki heldur gott fordæmi vegna þess að hún leggst ekki gegn þessu. Með því að samþykkja tillöguflutning af þessu tagi og leggja fyrir þingið með meðmælum sínum er fjárln. að senda ákveðin skilaboð sem ekki eru jákvæð.

Þetta held ég, herra forseti, að sé þáttur sem meiri hluti og minni hluti fjárln. hljóta að þurfa að ræða og velta fyrir sér hvort ekki væri ráðlegt að breyta. Hlutverk okkar í fjárln. er m.a. að stemma stigu við eðlilegum útgjaldatilhneigingum ráðuneytanna. Ráðuneytin eru öll því marki brennd að vera stjórnað af dug- og kraftmiklu fólki sem auðvitað vill láta merki sín sjást. Það þýðir jafnan að menn vilja byggja, auka við verkefni, framkvæma meira og láta samþykkja lög sem öll hafa í för með sér útgjöld. Það er okkar í þinginu að reyna að vera varðhundar skattborgaranna og koma í veg fyrir að útgjöldin gangi fram úr hófi, herra forseti.

Þá kem ég, herra forseti, að því sem auðvitað stendur upp úr í fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu. Það er sú útgjaldasprenging sem orðið hefur í heilbrigðiskerfinu. Það er ekki hægt að kalla það annað en harmleik. Annað er ekki hægt að kalla það þegar stórt ráðuneyti fer svo langt út fyrir þann ramma sem því er settur. Harmleikurinn felst kannski ekki í því heldur í þeirri staðreynd að menn sáu atburðarásina fyrir. Það kemur fram í vandaðri úttekt sem Ríkisendurskoðun hefur gert á þessari útgjaldasprengingu heilbrrn. að menn skynjuðu atburðarásina snemma árs og strax í maí vissu menn af þessu. Þær aðgerðir sem gripið var til virðast hins vegar ekki hafa skilað neinu. Ég held að ég fari ekki með rangt mál þegar ég held því fram að nánast hver einasta stofnun heilbrrn. hafi farið fram úr fjárlögum. Það

er auðvitað ekki viðunandi, herra forseti. Það er óviðunandi sér í lagi vegna þess að búið var að hreinsa borðið. Þeir vita það best, hv. formaður og varaformaður fjárln. sem tóku þátt í því ásamt framkvæmdarvaldinu að gera tillögur um hvernig ganga ætti frá halla á rekstri heilbrigðisstofnana. Því er a.m.k. haldið fram af meiri hlutanum að í upphafi ársins hafi þessar stofnanir setið við hreint borð.

Ég er annarrar skoðunar. Minni hlutinn í fjárln. var í fyrra annarrar skoðunar. Hvað sem því líður þá blasir við að menn gripu ekki til þeirra ráða sem þurfti, herra forseti. Það kemur fram í frv. sem við erum að ræða að viðbótarþörfin hjá heilbrigðisstofnunum nam, þegar menn settu frv. fram, 3 milljörðum kr. Þá var því haldið fram, ekki síst af talsmönnum minni hlutans í fjárln., að hallinn væri meiri. Ég tel nauðsynlegt að rifja upp að hv. þm. Gísli S. Einarsson var í þessum stóli sproksettur af talsmönnum stjórnarliðsins í umræðum fyrr á þessu ári fyrir að halda því fram að halli stofnananna væri meiri. Það kemur í ljós að hvert einasta orð sem hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði reyndist vera rétt. Hallinn var ekki bara þessir 3 milljarðar heldur 60% meiri. Þegar upp er staðið og Ríkisendurskoðun hefur safnað saman öllum þeim gögnum sem hægt er að draga saman um þetta mál, hvað kemur þá í ljós? Það þarf 2,1 milljarð til viðbótar.

Þar fyrir utan, herra forseti, held ég að einnig megi halda því fram að kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninga hópa, sem að mestu leyti á að vera búið að ganga frá, séu ekki allar komnar fram. Ég held að það sé meira í pípunum, til að mynda varðandi aðlögunar- og framgangssamninga hjá hjúkrunarfræðingum og við erum sífellt að sjá aukin útgjöld vegna sérfræðilækna.

Þar að auki, herra forseti, vill svo til að kjarasamningar á Íslandi snúast um samanburðarfræði. Stórir og mikilvægir hópar innan heilbrigðisgeirans hafa enn ekki samið. Þeir munu að sjálfsögðu gera útgangspunkt sinna samninga þær tölur sem nú liggja fyrir um hækkanir til hjúkrunarfræðinga og lækna. Það er fullkomlega eðlilegt. Herra forseti. Ég tel að hópar innan Alþýðusambands Íslands sem vinna hjá hinu opinbera innan heilbrigðisgeirans og sjúkraliðar muni að sjálfsögðu koma fram með kröfur um viðlíka hækkanir á næstunni. Það er í hæsta máta eðlilegt. Ég held því fram, herra forseti, að fjárþörf heilbrigðiskerfisins eigi enn eftir að aukast verulega.

Þegar ég tala um útgjaldasprengingu hjá heilbrrn., herra forseti, þá speglast það m.a. í því að hækkun gjalda á liðum þess er um 63,5% af heildarhækkuninni meðan hlutfall ráðuneytisins á fjárlögum ársins var ívið meiri en 35% af heildargjöldum. Þarna hefur augljóslega eitthvað gerst án þess að menn hafi náð að grípa í taumana. Voru þetta ófyrirséð atvik? Um það má deila, herra forseti. Hins vegar er ljóst að þegar kom fram í maí þá vissu menn af þessum vanda. Þá þegar voru haldnir fundir innan heilbrrn. Bréf voru send út til forstöðumannanna en því var ekkert fylgt eftir, herra forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur einmitt fram að forstöðumenn kvarta yfir því að hafa ekki fengið fyrirmæli eða aðstoð innan ráðuneytisins. Ég vitna til þess að í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir á bls. 11, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að fyrirliggjandi upplýsingar um afkomu stofnana sýni umtalsverðan tekjuhalla í ár er ljóst að flestar þeirra hafa ekki gripið til sérstakra aðgerða til að mæta honum."

Þarna er það staðfest sem ég hef verið að segja, herra forseti. Það er mat Ríkisendurskoðunar að hæstv. heilbrrh. hafi ekki gripið til nauðsynlegra aðgerða sem æðsti yfirmaður heilbrigðismála. Í þessu sambandi verður að koma fram að með lagabreytingum sem hæstv. ráðherra beitti sér fyrir fyrir par árum breyttust boðleiðir milli hans og yfirmanna heilbrigðisstofnana að því leyti til að stjórnir stofnananna eru ekki lengur hinir formlegu yfirmenn sem geta skipað forstöðumönnunum heldur er boðvaldið beint á milli hæstv. ráðherra og þeirra. Ábyrgð hæstv. ráðherra er því meiri fyrir vikið.

Í skýrslunni segir jafnframt, herra forseti:

„Við nánari eftirgrennslan kom fram að forstöðumenn kvörtuðu yfir því að þrátt fyrir að þeir hafi sent þessar upplýsingar til heilbrigðisráðuneytisins hafi þeim ekki borist fyrirmæli um aðgerðir til að mæta vandanum."

Herra forseti. Það er ekki hægt að túlka orð ríkisendurskoðanda öðruvísi en svo að hæstv. heilbrrh. hafi sofið á verðinum. Hæstv. heilbrrh. svaf á verðinum á meðan 5,1 milljarður kr. af skattfé ríkisborgaranna lak í burtu. Á heilu ári var ekki gripið til neinna sérstakra ráðstafana fyrir utan þær að senda bréf til forstöðumanna og kalla þá á fund.

Eða, herra forseti, var gripið til einhverra annarra ráðstafana? Ef svo er þá vænti ég þess að hæstv. heilbrrh. tjái þingheimi frá þeim. En á fundi sem fjárln. átti í morgun með hæstv. heilbrrh. þá var þetta niðurstaðan.

Einnig liggur fyrir að kjarasamningar valda stærstum hluta þessarar gríðarlegu útafkeyrslu í fjármálum heilbrrn. Útfærsla þeirra og eðli var allt annað árið 1997 en áður hafði verið. Þá mæddi meira á forstöðumönnunum og ráðuneytinu sjálfu, sér í lagi forstöðumönnunum, en áður. Forstöðumennirnir leituðu eftir aðstoð og leiðbeiningum frá hæstv. heilbrrh. og hvernig gekk það, herra forseti? Hver voru viðbrögð hæstv. heilbrrh.? Um það segir ríkisendurskoðandi:

„Í viðræðum við forstöðumenn heilbrigðisstofnunar kvörtuðu þeir yfir að ekki hefði verið til staðar nægjanlegur stuðningur stjórnvalda um samræmda framkvæmd kjarasamninga."

Herra forseti. Þetta er þungur áfellisdómur yfir hæstv. heilbrrh. Ríkisendurskoðandi kemur eins og múrsteinn í hausinn á ráðuneytinu. Hann segir í fyrsta lagi að skort hafi leiðsögn af hálfu hæstv. heilbrrh. til forstöðumanna stofnana. Í öðru lagi segir hann að þegar leitað var eftir stuðningi frá ráðuneytinu þá barst sá stuðningur ekki. Hann segir í þriðja lagi: Þegar leitað var eftir fyrirmælum um það hvernig taka ætti á þeim vanda sem forstöðumennirnir voru búnir að gera sér grein fyrir, þá kom ekkert frá heilbrrn. Svarið var þögn. Engin fyrirmæli um aðgerðir, enginn stuðningur við það hvernig útfæra ætti kjarasamningana.

Herra forseti. Í þessum sölum er ekki hægt að fá alvarlegri falleinkunn en hæstv. heilbrrh. hefur fengið með þessari skýrslu. Hverjar eru varnir hæstv. heilbrrh. í málinu? Við stöndum í þeim sporum að við verðum að reyna að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur. Þetta er í annað eða þriðja skiptið sem fjárln. og ríkisvald grípa inn í málin þegar allt er komið úr böndunum. Þó hafa vandamálin aldrei verið eins og núna.

Hæstv. heilbrrh. tjáði fjárln. í morgun að henni hefði verið ljóst í byrjun maí að um það bil 100 stofnanir væru á bullandi siglingu fram úr fjárlögum. Hún vissi þetta. Þess vegna kom henni niðurstaða Ríkisendurskoðunar ekki á óvart. Varnir í málinu voru ansi litlar, herra forseti. Bent var á að þrír samningar hefðu verið gerðir við lækna sem allir fóru úr böndunum að mati hæstv. heilbrrh. Vörnin í málinu var

hins vegar sú að stóri samningurinn við lækna var gerður algerlega á ábyrgð fjmrn. Hæstv. heilbrrh. vísar a.m.k. hluta þessarar ábyrgðar yfir á aðgerðaleysi hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. verður því að gera okkur grein fyrir því hvernig samningunum vatt fram og hver ábyrgð hans og ráðuneytis hans er á því.

Hæstv. heilbrrh. tjáði okkur að ráðuneytið hefði gert hæstv. fjmrh. grein fyrir því í bréfi að innan heilbrrn. væri ekki kunnátta til þess að segja mönnum til við útfærslu kjarasamninga. Ekki var hægt að meta þetta öðruvísi en að viðbrögð hæstv. fjmrh. hefðu engin verið, herra forseti. Með öðrum orðum liggur fyrir að hæstv. heilbrrh. taldi heilbrrn. ekki geta brugðist við vandanum og leitaði til hæstv. fjmrh. Þaðan virðast engin viðbrögð hafa komið. Herra forseti, þarna virðist sem hæstv. fjmrh. hafi brugðist. Það er ljóst. Þrátt fyrir þann áfellisdóm sem hér er að finna í greinargerðinni frá ríkisendurskoðanda um rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 1999, áfellisdóminn yfir hæstv. heilbrrh., þá er ljóst að hluti ábyrgðarinnar hvílir á hæstv. fjmrh.

Það skiptir víst litlu máli upp á framtíðina þó að menn séu dregnir til ábyrgðar í dag en við þurfum að reyna að læra af þessu. Hér er um svo gríðarlega fjármuni að tefla að þetta má ekki koma fyrir aftur. En hæstv. ríkisstjórn, fyrir atbeina meiri hluta fjárln., leggur hreinlega til að þessum vanda verði mætt með því að skattborgararnir kokgleypi reikninginn. Lagt er til að allur þessi slóði verði klipptur aftan af heilbrrn. og allt verði greitt nema hvað tveggja vikna greiðslur verði dregnar frá.

Herra forseti. Ég verð líka að segja að ég er ósammála þessari aðferð, því að með henni er verið að umbuna skussunum. Það er verið að verðlauna skussana, verðlauna þá sem ekki fóru eftir lögunum, verðlauna þá sem ekki stóðu undir ábyrgðinni sem fjárreiðulögin setja á herðar þeirra en verið að refsa þeim sem í gegnum allt árið hafa reynt að sýna virka fjárstjórn, reynt að standast fjárlög, reynt með ærnu erfiði gagnvart starfsmönnum og neytendum að draga úr þjónustu til að mæta ákvæðum laganna. Þetta, herra forseti, er ekki aðferð sem er heillavænleg.

Hvaða skilaboð felast í þessu, herra forseti, til forstöðumanna stofnana? Skilaboðin eru þessi: Ekki fara eftir fjárlögum. Ekki fara eftir fyrirmælum Alþingis. Skapið þið bara sem mestar skuldir og síðan kemur Alþingi og borgar hallann með ávísun frá skattborgurum. Á þetta er ekki hægt að fallast, herra forseti.

Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort hann telji virkilega að þetta séu skilaboðin sem við þurfum að senda til yfirmanna stofnana á sama tíma og við erum síðan líka að koma hér, eins og hv. þm. Jón Kristjánsson, og segja: Við þurfum að skerpa ábyrgð forstöðumannanna. Á annan kantinn segjum við: Við borgum þetta þegar ykkur verða á mistök og verið endilega ekkert að fara eftir fjárlögum. Á hinn kantinn komum við og segjum: Þið verðið að standa ykkur betur. Þetta eru skitsofren-viðbrögð. Þetta eru geðklofaskilaboð sem ekki er hægt að ætlast til að ríkisstofnanirnar skilji. Og auðvitað er þeim vorkunn sem þurfa að starfa í andrúmslofti þar sem hið opinbera getur ekki tjáð sig með skilvísari hætti, herra forseti.

Það liggur fyrir að innan fjárln. gera menn þetta nauðugir, eins og væntanlega mun koma fram í umræðunni í dag. Það liggur fyrir að það er ekki með mikilli gleði sem menn í fyrsta lagi fara í þessa aðgerð, í öðru lagi horfa framan í aðgerðaleysið og í þriðja lagi fortíðina sem sýnir að þegar þetta hefur verið gert, þá hefur það ekki dugað. Það er þess vegna herra forseti sem það skiptir öllu máli upp á framtíðina að menn læri af reynslunni. Hver er reynslan þegar heilbrrn. hefur komið með bros á vör og sagt: Við ætlum að gera betur?

Ég tek dæmið, herra forseti, af lyfjamálunum sem eru að gerast þessa dagana eins og í fyrra, herra forseti. Eins og menn muna átti samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum að spara 300 millj. í lyfjakostnaði. Þegar upp var staðið og við byrjuðum fjáraukalaga- og fjárlagavinnuna í vetur, þá jókst sá kostnaður um 300 millj. Hann var að lokum orðinn 457 millj. og í gær eða fyrradag kom nýr reikningur frá heilbrrn. upp á 150 millj. Ef maður les saman forsendur fjáraukalaga og fjárlaganna frá því í fyrra, þá kemur í ljós að gert er ráð fyrir 12% hækkun á milli ára og hvað þýðir það? Að öllu óbreyttu ætti lyfjakostnaður á næsta ári að stappa nærri 5 milljörðum kr. og það gengur auðvitað ekki. Hvað gerir þá hæstv. heilbrrh.? Hún kemur með bros á vör og sendimenn hennar og segja: Við ætlum að lækka þetta um milljarð. Hvernig? Með einhverjum aðgerðum. Hvaða aðgerðum? Þær eru ekki skilgreindar. Og það er nákvæmlega sama aðferð sem á að nota núna til að réttlæta það að menn koma og skera ráðuneytið niður úr snörunni. Það á að bregðast við vandanum í framtíðinni með því að setja upp sérstakar viðmiðunarreglur. Hvaða viðmiðunarreglur, herra forseti? Ég veit það ekki. Hæstv. ráðherra var spurð að því í morgun hvaða viðmiðunarreglur þetta væru. Þær liggja ekkert fyrir. Það var líka sagt eins og hv. þm. Jón Kristjánsson sagði: Það þarf að skerpa ábyrgð forstöðumannanna. Ég hef sagt það nú þegar, herra forseti, hvernig á að skerpa ábyrgð og hlutverk forstöðumanna þegar þeim er sagt nánast með þessu fjáraukalagafrv. að það sé allt í lagi þó að þeir fari fram úr.

Þar að auki bendi ég á, herra forseti, að fjárreiðulögin setja mönnum auðvitað skýr skilaboð. En ég spyr líka: Hvernig á að skerpa þessa ábyrgð? Og mér finnst ekki hægt, herra forseti, að við ljúkum þessari umræðu án þess að bæði hæstv. heilbrrh. og fjmrh. geri okkur grein fyrir því hvernig á að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur. Hverjar eru þessar viðmiðunarreglur og hver eru reiknilíkönin sem greinir frá í áliti meiri hluta fjárln.?

Ég held, herra forseti, að aðgerðin sem við erum að fara í núna sé svo gagnrýniverð og svo umdeilanleg að meiri hluti fjárln., sem sannarlega ber virðingu fyrir sínu starfi, geti ekki gert það og geti ekki gengið út úr þessum sal nema vera búinn að fá skýr svör um hvernig á að tryggja að þetta endurtaki sig ekki eins og gerðist eftir síðustu hreinsanir.

[16:20]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 258. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 326.

Þróun aflamarks, 48. mál, svar sjútvrh., þskj. 261.

[16:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var efnismikil ræða hjá hv. þm. Ég ætla bara að spyrja hann einnar spurningar vegna þess að hann var að tala um forstöðumenn og framkvæmdastjóra sjúkrahúsanna og að sérstaklega sé verið að verðlauna þá, og hann kallaði þá skussa. Telur hv. þm. að forstjóri stóru sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu sé skussi?

[16:21]

Frsm. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að Magnús Pétursson, yfirmaður sjúkrahúsanna í Reykjavík, sé ekki skussi. Ég tel að hann sé mesti happafengur sem hefur komið á færið hjá hæstv. heilbrrh. og ég vek athygli á því að þær aðgerðir sem hann er að grípa til eru snöggt um skárri en menn gripu til á þeim bæ á síðustu árum.

Þegar ég tala um skussana, þá er það ekki ég einn sem nefni það, herra forseti. Það er þá bara rétt að hérna komi fram að við fengum þær upplýsingar í fjárln. fyrr á þessu hausti að nákvæmlega væri vitað hverjir skussarnir væru. Það var sagt að af 100 og eitthvað forstöðumönnum væru 22 þeirra í sérstökum hópi, þeir væru alverstir. Vandamálahópurinn er því þekktur og hvers vegna er þá ekki beitt sérstökum aðgerðum gagnvart honum?

Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að í greinargerð Ríkisendurskoðunar kemur fram að þar sem beitt er öflugri og virkri fjárstjórn er hallinn miklu minni. Hvað þýðir það, herra forseti? Það er verið að segja að þar sem eru forstöðumenn sem ráðast að sjálfsögðu í erfiðar aðgerðir og mæta alls konar mótlæti vegna þeirra, þar eru útlát skattborgaranna minni. Það er það sem skiptir miklu máli. Við verðum að geta treyst því að þeir sem veljast til ábyrgðarstarfa af þessu tagi standi undir þeirri ábyrgð alveg eins og við verðum að geta treyst því að þeir sem veljast til að vera yfirmenn málaflokka eins og heilbrigðismála standi undir þeirri ábyrgð.

Ég spyr hv. þingmenn: Er það að standa undir þeirri ábyrgð þegar ráðuneytið bregst ekki við neyðarópum úr kerfinu?

[16:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að draga til baka þau stóru orð sem hann hafði uppi áðan. En mig langar aðeins að koma inn á annan hlut og spyrja hv. þm. að öðru. Hann talaði mikið um geðklofa áðan. Ég ætla að vita hvort hv. þm. muni ekkert eftir því sem hann sjálfur sagði í þingsalnum. Sagði hann ekki að hækka þyrfti laun hjúkrunarfræðinga? Sagði hann ekki að hækka þyrfti laun lækna? Sagði hann ekki að við værum í bullandi samkeppni við útlönd og við værum að missa þessa aðila burt úr landinu? Er hann búinn að gleyma því? Ég spyr: Hver er geðklofi í þessu máli?

[16:23]

Frsm. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki verið í hópi þeirra sem hafa komið í ræðustól Alþingis og heimtað aukin laun fyrir hina og þessa hópa í þjóðfélaginu. Ég minnist þess þó að ég kom hingað og taldi að nauðsynlegt væri að hækka laun unglækna til að tapa þeim ekki burtu. Ég vísa því á bug að ég hafi verið með stóryrði gagnvart einhverjum sem ekki verðskulduðu það. Ég sagði aldrei að Magnús Pétursson væri skussi og hef gengið fram með svardögum um að hann sé það ekki. Ég hef kannski farið hættulega nærri því að segja að hæstv. heilbrrh. væri skussi en ég gerði það þó ekki, herra forseti. (**Heilbrrh.:** Þú hefur tækifæri núna.)

Við erum hér, herra forseti, að ræða eitt alvarlegasta málið í ríkisfjármálunum og hæstv. heilbrrh. lætur bara eins og þetta sé eitthvert flím og grín. Hvað mundu menn gera í alvöruþjóðfélögum þegar ráðherra kæmi fram með allt svona niður um sig í fjármálalegu efni? Halda þingmenn að sá ráðherra yrði klappaður upp í þinginu? Ætlar þetta þing að gera það?

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að í staðinn fyrir að hæstv. ráðherra komi hérna með einhvern skæting og útúrsnúning, þá komi hún með málefnalegt tillegg og segi okkur frá því hvernig hún ætlar að varðveita hag skattborgaranna. Hvernig ætlar hún að koma í veg fyrir að það sem við erum að gera núna bregðist í þriðja sinnið á þremur árum?

[16:24]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði og varð tíðrætt um hvernig hægt væri að verja það að ýmsar stofnanir færu fram úr heimildum, á annað hundrað stofnanir í heilbrigðiskerfinu sem hann gerði sérstaklega að umtalsefni. Svarið er að annaðhvort leysum við þetta mál eða lokum stofnununum. Að sjálfsögðu er ekki hægt að loka svo mörgum stofnunum, það liggur í augum uppi. Það er hins vegar ljóst að stjórnendur stofnana hafa farið afar frjálslega með umboð sitt.

Hitt get ég sagt að þetta verður í síðasta skipti sem fjáraukalögin munu líta út með þessum hætti. Í nál. meiri hluta fjárln. er býsna mikið sagt og þar eru skilaboðin sem hv. þm. hefur verið að kalla eftir. Það er nánast gjörgæsla eða réttara sagt lögregluefti rlit á því að farið verði að fjárlögum og menn virði lög en brjóti þau ekki.

Í nál. frá meiri hluta fjárln. segir svo:

„Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlög eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið.“ — Einnig segir hér: — „Kannað verður hvort breyta þurfi lögum um heilbrigðisþjónustu og staða framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda skýrð.“

Meiningin er að taka á þessu með fullum þunga.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna á að samkvæmt 58. gr. þingskapa má eigi nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál.)

[16:27]

Frsm. minni hluta fjárln. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Hjálmari Jónssyni að hér er meiri hluti fjárln. að stíga ákveðið skref. Ég sagði hins vegar í ræðu minni áðan að það vantar að fylla út þennan víxil. Það vantar að gera skýra grein fyrir því hvernig á að tryggja þessi markmið. Hverjir geta skýrt það út? Varla við sem erum í fjárln. Við þurfum að fá hugmyndir og tillögur frá hæstv. heilbrrh. og frá hæstv. fjmrh. Ég lýsi eftir svari við því hvernig þeir ætla að útfylla þann víxil sem hérna liggur fyrir framan okkur.

Ég hef áður í þessari umræðu bent á að hæstv. heilbrrh. hefur stundum komið með góð orð og bros á vör og lofað bót og betrun en það hafa engar efndir orðið. Reynslan er dapurleg og við eigum að læra af henni. Það dugar ekki lengur að taka bara orðin. Við þurfum að sjá efndir og þess vegna finnst mér ekki hægt að ljúka umræðunni fyrr en það

liggur fyrir hvernig á að gera þetta. Það liggur ekki nægilega skýrt fyrir, herra forseti.

Það sem skipti þó mestu máli í ræðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar var að hann hafði dug til að segja það sem er að gerast hérna. Það er búið að taka heilbrrn. í fjárhagslega gjörgæslu. Staðan er þannig að þó að sjúklingnum sé hugað líf, þá þarf hann verulega aðhlynningu og það er það sem hæstv. fjmrh. með tilstilli fjárln. er að reyna að gera. Fréttin er sú og mér þykir vænt um að heyra það að hv. þm. Hjálmar Jónsson skuli skilja áður en skellur í tönnum og lýsa því einfaldlega yfir að búið sé að taka hæstv. ráðherra í gjörgæslu.

[16:28]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki sagði ég að hæstv. heilbrrh. þyrfti að fara í gjörgæslu. Hins vegar þyrfti ráðherrann að fara í rúmið aftur því að hún er með flensu og við megum ekki ganga of hart að hæstv. ráðherra um þessar mundir.

Hitt er annað mál að það verður skýrt á næstu dögum hvaða tækjum verður beitt til þess að farið verði að lögum í heilbrigðisstofnunum á næsta ári. Það gilda lög í landinu og það eru viðurlög við lögbrotum. Til dæmis veit hv. þm. Össur Skarphéðinsson að ef hann keyrir of hratt þá er hann sektaður og fær punkta. Ef hann er tekinn nógu oft þá missir hann ökuleyfið. Það verður að láta það sama ganga yfir alla og menn verða látnir sæta ábyrgð sem fara ekki að lögum á Íslandi.

[16:30]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er fjáraukalagafrv. til 2. umr. Ég vil í upphafi vísa til nefndarálits minni hlutans sem hefur verið dreift og nefndarálits meiri hlutans.

Herra forseti. Ég vil líka í upphafi víkja að umræðu sem varð þegar fjáraukalagafrv. var lagt fram í haust, þegar hæstv. fjmrh. mælti fyrir frv. um fjáraukalög. Þá var reyndar aðeins mælt fyrir 5–6 milljarða halla eða til aukinna útgjalda frá fjárlögunum. Ég vék að því í ræðu minni þá að þessi meðferð á fjárlögum, þar sem efnt væri til útgjalda og síðan leitað heimilda eftir á, væri þingræðislega hæpin aðgerð því það liggur fyrir að meginhluti þess fjár sem hér er verið að mæla fyrir hefur þegar verið eytt eða ráðstafað. Og á ábyrgð hverra? Jú, því hefur verið ráðstafað á ábyrgð framkvæmdarvaldsins vegna þess að löggjafarvaldið hefur ekki enn fjallað um það. Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa upp úr lögum um fjárreiður ríkisins um það hvernig beri að nota fjáraukalög við stjórn fjármála ríkisins:

„Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga."

Þetta eru í rauninni hin skýru ákvæði.

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann muni enn taka svo til orða eins og þegar hann mælti fyrir frv. til fjáraukalaga. Þegar ég gerði alvarlegar athugasemdir við það að þarna væri í rauninni verið að brjóta þingræðislega meðferð, að þarna væri verið að fara á svig við lög um fjárreiður ríkisins þá svaraði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Því miður er það þannig í okkar stjórnkerfi að menn verða að geta stjórnað landinu og ríkisstjórnin starfar í skjóli þingmeirihlutans. Hún verður oft og tíðum að taka ákvarðanir sem kalla á útgjöld fyrirvaralítið, en getur auðvitað gert það vegna þess að hún hefur stuðning þingmeirihlutans á bak við sig og getur gengið að því vísu að hún hafi stuðning fyrir þessum aðgerðum á Alþingi. Ef það kemur í ljós að svo væri nú ekki með eitthvert tiltekið atriði þá þyrftu menn auðvitað að hugsa mjög sinn gang, í það minnsta þeir menn sem ábyrgð bæru á því."

Herra forseti. Í umræðum um þetta frv. til fjáraukalaga hefur það líka komið fram að meginhluti þess sem þar er lagt til eru fjárveitingar sem ekki falla undir þessa skilgreiningu fjáraukalaga samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins. Þetta eru ekki skyndilegar aðgerðir sem reynst hafa nauðsynlegar af þeim ástæðum sem ég gat um áðan, heldur er þetta fyrirsjáanlegur rekstrarhalli, uppsafnaður rekstrarhalli að langmestum hluta og svo einstakar ákvarðanir sem ekki var endilega brýnt að taka á þessu ári og gátu beðið afgreiðslu fjárlaga.

Herra forseti. Þegar framkvæmdarvaldið fer svo með löggjafarvaldið þá er vissulega umhugsunarefni hvaða traust er hægt að bera til þess og reyndar líka hvaða skilaboð er verið að senda út í þjóðfélagið, út til undirstofnana ráðuneytanna, því að eftir höfðinu dansa limirnir og menn geta ekki búist við því endilega að undirsátar séu yfirmönnum sína þarna í öllu fremri. Það er búið að stofna til þessara útgjalda og án nokkurrar brýnnar nauðsynjar á að leggja það þarna fram. Vafalaust eru þetta allt hin verðugustu verkefni. En vinnubrögðin eru ekki eins og lög kveða á um. Í lögum um fjárreiður ríkisins er líka heimild til þess að færa á milli ára, þ.e. færa á fjárlög næsta árs, hafi þurft að grípa til skyndilegra útgjalda sem hafi þótt hagkvæmt að gera.

Herra forseti. Ég tel að þessi fjáraukalög, eins og við hér erum að vinna þau, séu alls ekki í takt við það sem okkur beri að gera. Fjáraukalög eiga að vera til þess að taka á ófyrirsjáanlegum eða aðsteðjandi vanda eftir að fjárlög hafa verið samþykkt. Mér fyndist miklu nær, eins og víða er gert í öðrum löndum, að leggja fjáraukalög fyrir vorþing þannig að þeim yrði lokið í mars, apríl eða maí, því þá væri ljóst hvað gæti verið á ferðinni, nýir kjarasamningar eða annar kostnaður sem gæti komið upp og væri þá hægt að taka á því lögum samkvæmt og Alþingi gæti fjallað um það.

Herra forseti. Við stöndum nú frammi fyrir því að meginhluti þessarar gjaldaaukningar snýr að einum málaflokki og jafnframt er því lýst yfir að þegar leysa á vanda eða greiða upp skuldir þessa málaflokks, þá eigi líka að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða, til stjórnunaraðgerða, til verklagsaðgerða o.s.frv., en til engra slíkra aðgerða hefur verið gripið enn. Það liggur ekki fyrir sundurliðað í verkáætlun hvernig eigi að veita ráðherrum og ráðuneytum það aðhald sem þeir greinilega þurfa, né heldur hvernig eigi veita forstöðumönnum hinna ýmsu stofnana það aðhald sem þeir þurfa. Það væri miklu eðlilegra að þessar verklagsreglur allar og ráðstafanir lægju fyrir þegar við göngum frá jafnmikilvægum málaflokkum og hér eru. Þess vegna gætum við frestað því að ganga frá fjáraukalögunum þangað til þessar reglur væru komnar og þá samþykkt, hvort heldur það væri í febrúar eða mars. Þetta eru hvort eð er útgjöld sem búið er að efna til að langmestu leyti. Við ætlum ekki að stöðva heilbrigðiskerfið, síður en svo. En við viljum að þetta gangi eðlilega fyrir sig þannig að við þurfum ekki stöðugt að ganga á svig við lög til að dæmið gangi upp.

Hér er ákveðið að leysa að meginhluta uppsafnaðan rekstrarvanda heilbrigðisstofnananna og öll viljum við að

heilbrigðisstofnanirnar gangi og þeirra störf og þeirra verkefni séu sem best unnin. En, herra forseti: Hvað með allar aðrar stofnanir? Hvers konar skilaboð eru þetta til samfélagsins, til verkefna og stofnana ríkisins? Hvers konar skilaboð eru það þegar við hyglum sumum barna okkar, gefum þeim allt, bæði gull og gersemar og greiðum allan þeirra vanda en segjum svo við hin börnin sem eru alveg jafnmikilvæg þjóðfélaginu: „Nei, þið eruð ekki í náðinni og þess vegna fáið þið ekki neitt.“ — Hvers konar stjórnviska er þetta og hvernig uppeldi er þetta innan ríkisins?

Herra forseti. Ég held að ein af aðgerðunum í ríkisfjármálunum ætti að felast í því að senda handhafa framkvæmdarvaldsins á námskeið í uppeldisfræðum um það hvernig þeir eigi að umgangast nágrannana, umgangast sína eigin fjölskyldu þannig að meiri líkur á sátt gætu orði.

Hvaða réttlæti er í þessu? Tökum sem dæmi stofnun eins og Vegagerðina. Öll viljum fá miklu betri vegi og fyrir liggja þáltill. ríkisstjórnar og þingmanna og fjölmargar aðrar ályktanir um stórkostlegar vegabætur. Við vitum að vegabætur eru eitt það besta sem við getum gert fyrir landsbyggðina. Af hverju fór Vegagerðin ekki 1 milljarð kr. fram úr og lagði góða vegi? Hvers vegna? Hvers vegna gerði hún það ekki líka? Þá hefðum við bara bætt það upp núna og látið hana svo hafa annan milljarð til viðbótar á næsta ári til þess að gefa henni svolitla viðurkenningu fyrir framtakið. Þetta erum við að gera, herra forseti.

Ég nefndi Vegagerðina og ég vil einnig nefna byggðamálin. Um fátt hefur verið meira talað á þessu ári en vanda landsbyggðarinnar. Í kosningum var þetta eitt aðalmálið. Eitt aðalmálið var ekki rekstur heilbrigðisstofnana, ekki aldeilis. Nei, hver einasti frambjóðandi talaði um byggðamál og þá háu skuld sem þjóðfélagið og ríkisvaldið ætti ógreidda gagnvart landsbyggðinni. Hefði ekki verið nærtækara að taka þessa alvarlegu skuld og að greiða hana upp? Hún hefur safnast upp á mörgum árum, ekki bara á einu ári eins og það sem hér er verið að taka á hjá heilbrigðisstofnunum.

Hluti vanda okkar í ríkisfjármálunum á þessu ári er líka það að útlán Íbúðalánasjóðs fóru 7 eða 8 milljörðum fram úr því sem Íbúðalánasjóði var ætlað þannig að hann þarf að leita heimilda til aukinnar lántöku. Og fyrir hverja var verið að byggja íbúðarhús? Jú, að stórum hluta fyrir það fólk sem flutti af landsbyggðinni til þéttbýlisins. Þessi þróun er hluti af þeirri þenslu sem hér ríkir. Ég er viss um það, herra forseti, að ef okkur hefði tekist að slá á þessa búferlaflutninga, þó ekki væri nema um helming, þá hefðum við sparað ríkissjóði og þjóðfélaginu milljarða kr. Af hverju er ekki tekið á þessu þegar stofnunum og þjóðfélagshópum eru gefnar syndakvittanir?

Herra forseti. Þegar við ætlum að gefa út svona syndakvittanir og hvítþvo okkur hvers vegna er þá ekki tekið á vanda elli- og örorkulífeyrisþega? Af hverju eiga þeir að gjalda þessa góðæris? Þeim tókst ekki að fara fram úr áætlun. Ekki gátu þeir sem sáu um að greiða þeim bætur farið fram úr áætlun og sagt: „Hérna, þið hafið virkilega þörf fyrir þetta. Við vitum það og þess vegna skulum við láta ykkur hafa meiri peninga.“ Nei, svona vinnubrögð og svona uppeldi innan ríkiskerfisins eru alveg furðuleg og með endemum.

Þá vík ég aftur að kaflanum um heilbrigðismálin af því hann hefur verið sérstaklega til meðferðar. Þar hefur verið dregið fram að stór hluti vandans hafi verið vegna kjarasamninga, aðlögunarsamninga og framgangssamninga. Ég fór í gegnum hliðstæða kjarasamninga og aðlögunarsamninga þegar ég starfaði við mína stofnun og veit þess vegna um hvað málið snýst, a.m.k. hvað hana varðar.

Það hefur komið fram hjá mörgum aðilum, fulltrúum stofnana sem komu til fjárln., að þeir voru algerlega vanbúnir að takast á við þau verkefni sem þeim voru falin. Engu máli skipti þó að þeim hafi verið sendur bunki af bréfum og pappír frá fjmrn. um það hvernig ætti að gera þessa samninga. Ég veit að þau bréf voru ekki einu sinni eins frá viku til viku. Stöðugt var ágreiningur á milli forustu stéttarfélaganna og fjmrn. hvernig bæri að túlka hin og þessi atriði. Gögnin sem forstöðumenn stofnana voru að fá í hendur gátu verið býsna misvísandi þannig að það var alls ekki svo einfalt mál. Þar fyrir utan lágu forstöðumennirnir ekkert á því, hvorki gagnvart fagráðuneyti sínu né fjmrn. að þeir væru ekki í stakk búnir til að gera þetta. Hver var þá ábyrgð ráðuneytanna? Stofnanirnar og forstöðumennirnir vinna á ábyrgð ráðuneyta sinna, ganga þangað inn til þess að leita aðstoðar. Í flestum tilvikum var svarið að því miður væri ekki aðstoð að fá, menn yrðu bara að klára sig. Svona afstaða bæði fjmrn. og fagráðuneyta, sem hér hefur komið fram, er óábyrg. Menn eiga að axla ábyrgð sína en ekki að kenna alltaf öðrum um.

Herra forseti. Formaður fjárln. og framsögumaður sagði að það hefði verið brotið í blað við setningu fjárreiðulaganna. Það er ábyggilega mjög gott en það er alveg hörmulegt til þess að vita að á fyrsta alvörustarfsári þess skuli þau vera brotin sjálf. Batnandi mönnum er best að lifa og við vonum að framvegis verði hægt að taka á þessum málum með réttum tökum. En þó, herra forseti, verð ég að láta í ljós að ég er vantrúaður á það. Við erum með nákvæmlega sömu ráðherra og ríkisstjórn sem hefur borið ábyrgð á þessum málum hingað til. Þar er engin breyting á. Þegar við höfum verið að ganga eftir verklagsreglum, sem á að vinna eftir, hafa ekki komið um það svör. Það hafa komið viljayfirlýsingar um það sem okkur langar til en um það snýst ekki málið.

Ég tek reyndar undir það sem hæstv. heilbrrh. sagði á fundi með fjárln. í morgun. Þessar reglur eiga ekki aðeins að gilda um forstöðumenn og rekstur heilbrigðisstofnana. Það eiga ekki að gilda neinar sérreglur um þær frekar en aðrar stofnanir. Í flestum tilvikum eru þessar reglur til. En eðlilega á að gilda það sama yfir alla stjórnsýsluna og þá ekki síst ráðuneytin sjálf. Þegar við flettum í gegnum fjáraukalagafrv. rekum við okkur hvað eftir annað á að sótt er um heimild til að greiða uppsafnaðan rekstrarhalla eða rekstrarhalla á aðalskrifstofu ráðuneytanna. Hver er þar ábyrgur verkstjóri? Fleiri slík dæmi heyra beint undir þá skrifstofu og undir framkvæmdarvaldið þar. Meðan ekki er tekið á þessu af fullum krafti og þunga þarf ekki að búast við að ná árangri annars staðar.

Ég legg áherslu á að áður en fjárlög verða afgreidd fyrir árið 2000 liggi miklu ítarlegri greinargerð og verklagsreglur um það hvernig ætlunin er að vinna með stofnunum og ráðuneytum af hálfu Alþingis í að framkvæma fjárlögin því eins og við nú stöndum frammi fyrir er fjárlagagerðin svo ómarkviss í ákveðnum málaflokkum að það gegnir alveg hreinni furðu.

Herra forseti. Ég legg því til að í þeirri endurskoðun sem verið er að boða í vinnu við fjárlagagerð eigi í alvöru að skoða það að fjáraukalög séu gefin út fyrir mitt ár þannig að þau séu bæði samtímis eftirlits- og stýritæki og spegli sannanlega vilja Alþingis á hverjum tíma til þeirra útgjalda sem það vill stofna til en ekki að taka á móti þessu eins og hefur tíðkast.

[16:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður ræddi um aðrar stofnanir ríkisins og uppeldisáhrif tillagna okkar á þær og tengsl við byggðamál, af hverjum við tækjum ekki á byggðamálum í fjáraukalögum. Ég verð að segja að það er náttúrlega ekki sama hvaða tegund stofnana er. Þarna er að glíma við ákveðinn vanda. Við megum náttúrlega ekki gleyma því varðandi heilbrigðismál að þar erum við með ákveðna þjónustu sem er mjög viðkvæm. Þess vegna er þessi vandi erfiður og okkur hefur gengið illa að eiga við hann í gegnum tíðina. Stefnumótun okkar í byggðamálum á ekki að koma fram í fjáraukalögum. Hún á að koma fram í fjárlögum og mun gera það í þeim fjárlögum sem við erum að fara að ræða síðar í vikunni.

Ég vildi að þetta kæmi fram og það eru engin skilaboð í þessari afgreiðslu til annarra ríkisstofnana að það verði látið afskiptalaust að fara fram úr fjárlögum. Þarna er ákveðinn vandi sem við erum að glíma við en það er auðvitað mikið byggðamál að koma rekstri heilbrigðisstofnana á réttan kjöl og halda þeim innan ramma fjárlaga og tryggja rekstur þeirra. Það er auðvitað byggðamál. En þetta er sértækur vandi sem við erum að fást við í þessum fjáraukalögum.

[16:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Svona hugsa líka allir foreldrar sem eru stundum að spilla börnum sínum. Auðvitað hljóta aðrar ríkisstofnanir að horfa til hvað gert er óháð því hvort ég eða hv. formaður fjárln., viljum draga fram þennan málaflokk umfram aðra, þá hlýtur það að gerast. Ég bendi á að tekið var á halla þessara stofnana fyrir ári og þá voru ábyggilega sögð sterk orð í þá veruna að þetta væri í síðasta sinn.

Ég dró byggðamálin fram vegna þess að þar er líka skuld að gjalda en ekki það að ég vilji að hún fari að fara inn á fjáraukalög. Ég hefði helst viljað að allt þetta hefði farið inn á fjárlög.

[16:54]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Hér liggja fyrir tvö nál., meiri hluta og minni hluta fjárln., um þetta frv. til fjáraukalaga. Meiri hlutinn leggur til verulegar breytingar og mikla hækkun á þessum fjáraukalögum og það er sannarlega rétt að það er mjög alvarlegur hlutur. Það er mjög alvarlegur hlutur þegar þannig stendur á að við þurfum að leggja til svo mikla hækkun sem raun ber vitni. Við skulum þess vegna umgangast þetta og ræða þetta af mikilli alvöru. Það er alveg rétt, sumt af því sem fram hefur komið hjá stjórnarandstöðunni, að okkur ber að stefna að því að Alþingi komi ekki að gerðum hlutum svo framarlega sem þess er nokkur kostur. Við verðum því að vanda fjárlagagerðina hverju sinni, gera mikla kröfu til framkvæmdarinnar og reyna af fremsta megni að standa ekki frammi fyrir svo háum fjárhæðum eins og raun ber vitni núna á þessu hausti.

Við höfum rætt þennan vanda töluvert áður, bæði við 1. umr. fjárlaga, svo og 1. umr. fjáraukalaga og um þá miklu kostnaðaraukningu sem hefur orðið í hinum opinbera geira og sérstaklega í heilbrigðiskerfinu. Ég held að það sé þó rétt, herra forseti, að fara enn einu sinni yfir það hvað um er að ræða og hver þessi vandi er vegna þess að við verðum að reyna að taka á honum. Við verðum að reyna að koma okkur út úr því vandamáli að kostnaðurinn vaxi svo gríðarlega eins og hann hefur gert á þessu ári.

Ég fór yfir það við 1. umr. um fjáraukalagafrv. að auðsætt væri að skýringanna væri að leita í nýju launakerfi ríkisins sem tók gildi 1997. Ég fór þá yfir hvað það væri í því launakerfi sem ég hefði miklar efasemdir um og hvers vegna það væri sem ég teldi að það hefði farið svo mjög úr böndunum eins og raun ber vitni.

Í umræðum í dag hefur komið fram að menn vilja meina að aðferðafræðinni, sem menn höfðu við að koma þessu nýja launakerfi til forstöðumanna ríkisstofnananna, hafi verið töluvert ábótavant og reyndar hefur það margsinnis komið fram í störfum okkar í fjárln. á þessu hausti. Ég tel það þó ekki aðalatriði málsins. Ef það væri bara þannig að við værum í vandræðum gagnvart aðferðafræðinni, þ.e. að koma þessu til skila, værum við í miklu auðveldari málum, því þá gætum við kippt því í liðinn. Ég held að þetta sé því miður enn þá alvarlegra en það. Ég held að það sé ekki eingöngu aðferðafræðin sem þarna er að heldur sjálf hugmyndafræðin.

Ég ætla að fara í þriðja skipti í haust yfir þessi mál því að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að átta sig á þessu, það sé grunnþátturinn í því ef okkur á að geta tekist betur. Það er ekki nema eðlilegt í markaðssamfélagi eins og okkar þar sem við erum farin að láta markaðinn ráða miklu meira en áður, hverfa frá handstýringu í efnahagsmálum, að almennir samningar á launamarkaði verði meira og meira fyrirtækjatengdir. Allt í lagi með það, allt gott um það. Viðleitni ríkisvaldsins 1997 til þess að breyta þessu líka hjá hinu opinbera er líka vel hugsuð. Það er allt í lagi með þá hugmyndafræði svo framarlega sem forsendur hennar eru til staðar. Á markaðnum er það hinn ískaldi veruleiki samkeppninnar og hinn harði agi hluthafanna sem tryggja að við getum farið út í markaðs- og fyrirtækjasamninga. Ef við hefðum sams konar ramma og sams konar aga hjá ríkisvaldinu væri það líka hægt. Þá gengi það alveg eins upp hjá ríkinu eins og hinum frjálsa markaði. En það er ekki svo. Það vantar þessar forsendur. Það er ekki sá agi í ríkisfjármálunum sem er forsenda þess að slíkir samningar geti gengið. Reynslan sýnir okkar það. Fyrirtækin þola ekki álagið. Við höfum þetta fyrir framan okkur.

Þess vegna segi ég, herra forseti, og það er mín persónulega skoðun — ég veit ekki hver afstaða ríkisstjórnarinnar verður — að núna eigum við aðeins tveggja kosta völ og það er ekkert þar á milli. Annaðhvort tekst okkur að koma hlutunum þannig fyrir að fjárlögin séu virt af öllum þannig að enginn komist upp með að virða þau ekki og komast fram hjá þeim. Við eigum þennan kost eða hinn sem margir líta á sem mjög slæman líka, þ.e. að hverfa aftur til mjög miðstýrðra samninga á vegum hins opinbera. Ef við náum ekki þeim árangri að aga okkur að fjármálunum, þá verðum við að snúa aftur til miðstýringar. Ég veit að mönnum þykir kannski hvorugur þessi kostur góður en þetta er það sem við verðum að gera. Við getum ekki, megum ekki og aðrir munu ekki leyfa okkur það, launþegar og aðilar vinnumarkaðarins, að það sé öðruvísi. Mönnum mun ekki leyfast það. Ég vil því meina, herra forseti, að það beri að taka textann í nál. meiri hluta fjárln. mjög alvarlega og ég vil undirstrika orð formanns fjárln. um ábyrgð stjórnenda og að við skulum virða í hvívetna fjárreiðulögin því ef við virðum þau ekki þá erum við í svo slæmum málum — ég veit að það er alveg samstaða í þinginu, að ekki er munur á afstöðu manna hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu — að við erum að vinna okkur gríðarlegt ógagn og koma í veg fyrir þá farsæld sem þetta þjóðfélag gæti átt kost á ella.

Ég held einmitt að um það sé heilmikil samstaða, herra forseti, í fjárln. milli stjórnarsinna og stjórnarandstöðunnar um að menn verða að vanda sig verulega og það verði að standa þannig að þessum hlutum að við getum treyst fjárlögunumm.

Ég bið menn samt að gæta sín töluvert í þessari umræðu. Við getum ekki afgreitt þetta eins og hv. þm. Jón Bjarnason gerði áðan þegar hann spurði á þá leið að úr því að við ætlum að borga sjúkrahúsunum, af hverju við leyfum þá ekki Vegagerðinni að keyra fram úr um 1 milljarð o.s.frv. Það er náttúrlega fjarstæða að bera þetta saman. Rekstur heilbrigðiskerfanna er almennt vandamál í allri Vestur-Evrópu. Sumum ríkjum Vestur-Evrópu hefur tekist betur en öðrum að hemja útgjöldin og halda utan um þau og allar þjóðir eru að reyna það með ýmsu móti.

Þessi stjórn, ríkisstjórn Íslands, verður oft fyrir miklu aðkasti í þingsalnum einmitt frá stjórnarandstöðunni fyrir það að ekki sé nógu vel gert í þessu máli eða hinu, að við þurfum að auka, efla, bæta, stækka og hækka allt sem að heilbrigðismálum lýtur. Sannleikurinn er sá að það er staðið mjög vel að heilbrigðismálum á Íslandi þó að maður heyri oft öðru haldið fram í þessum sal. Við erum að eyða verulega miklum fjármunum til heilbrigðismála. Við höfum verið að nota til þeirra hluta um 6,7% af vergri landsframleiðslu á undanförnum árum og allt bendir til þess að á þessu ári verði það ekki lægra hlutfall þrátt fyrir gríðarlegan hagvöxt, sem sýnir að við erum að auka verulega fjármunina í heilbrigðismálum. Það að geta ekki ráðið við þetta og geta ekki stjórnað þessum fjármunum er vandamál sem við verðum að horfast í augu við því við getum ekki látið þetta ganga svona áfram.

Ég vil rifja það upp hvernig staðið var að fjárlögum fyrir ári síðan, fyrir 1999. Grundvöllur fjárlaga 1999 var tillögur sérstaks faghóps á vegum heilbrrn. og þó svo einhver kunni nú að koma og segja: „Það var vitlaust gefið. Þetta hefði ekki átt að vera svona heldur hinsegin", þá liggur líka fyrir, herra forseti, að engin efnisleg gagnrýni var á störf þessarar nefndar, engin. Í fyrrahaust um þetta leyti bar enginn fram hlutlæga gagnrýni á störf þessarar nefndar og það hefur enginn borið hana fram enn. Við sem stóðum að þessu, þ.e. Alþingi fyrir einu ári síðan var því sannarlega að vanda sig, var sannarlega að reyna að gera það besta þó að við stöndum núna frammi fyrir því að kostnaðurinn varð allt annar.

Það gerðist ýmislegt á árinu. Ýmislegt í launastrúktúrnum breyttist. Það eru ekki eingöngu þessir samningar frá 1997 sem hafa haldið áfram að þróast innan spítalanna. Það var líka gerður samningur af samningaráði Tryggingastofnunarinnar við sérfræðilækna. Við höfum fengið hér bæði úrskurði kjaranefndar og Kjaradóms og ég tel einmitt að samningur Tryggingastofnunarinnar við sérfræðilækna hafi haft veruleg áhrif á báðar þær niðurstöður.

Við stóðum líka frammi fyrir því að það hefur verið gagnrýnt hér á undanförnum árum að við yrðum að standa betur að launakerfi heilbrigðisstétta til þess að tryggja að þær störfuðu í landinu þannig að það er auðveldara um að tala en í að komast. Hins vegar eru kröfurnar í þjóðfélagi okkar og kröfurnar í þjóðfélögunum í kringum okkur líka allar á þann veg að menn krefjast meiri og betri þjónustu. Það eru örar og mjög dýrar tækniframfarir. Það eru örar og mjög dýrar breytingar í lyfjum. Almenningur gerir þessa kröfu þannig að ríkisvaldið er ekki í einföldum málum að standa gegn þessu. Þetta er ekkert einfalt mál. Það er líka þess vegna sem þjóðir Vestur-Evrópu standa allar frammi fyrir þessu sama vandamáli.

Hins vegar er það svo gagnvart störfum fjárln. að við erum að fjalla þar um gríðarlega háar upphæðir sem fara í heilbrigðismálin og vandamál okkar sem vinnum í svona nefnd — við erum að afgreiða 32–35 þús. millj. í þennan málaflokk — er að vissulega er mjög margt af þessu í hálfgerðu limbói. Það er voðalega erfitt að festa hönd á þessu. Þetta liggur ekki fyrir í neinu hlutlægu formi. Við höfum ekki heldur neina aðstöðu til, enda hefur það aldrei staðið til, að við í fjárln. Alþingis værum einhverjir rekstrarráðgjafar, hvorki fyrir hundrað fyrirtæki í heilbrigðiskerfinu eða mörg hundruð önnur fyrirtæki. Það sem við höfum verið að velta fyrir okkur og það sem við höfum verið að tala fyrir og segja að væri mjög brýnt er að við yrðum að koma þessu fjárstreymi ríkisins til heilbrigðisstofnana í eitthvert annað form en það er í dag, koma því í hlutlægt form, ekkert endilega til að tryggja að ekki verði yfirkeyrt eða aukning til heilbrigðismála heldur til þess að geta fjallað hlutlægt um hvað sé að gerast, hvert peningarnir streymi. Í dag vantar okkur mjög mikið upp á að geta fjallað um þetta hlutlægt. Menn koma og segja: „Okkur vantar 10 millj., 50 millj., 100 millj. eða 500 millj." Og svo eru menn að tosast á um þetta.

Herra forseti. Þessi vandamál okkar að halda utan um þetta hafa verið rætt í meira en áratug, nærri tvo áratugi hér í þinginu og mér finnst mikill óvilji einhvers staðar í kerfinu til þess að setja þetta inn í hlutlæg módel. Mig grunar að einhverjir vilji hafa þetta í þessu limbói, enda er reynsluheimur þeirra sem reka spítala og heilbrigðiskerfi einfaldlega sá að það er bara spurning um hvaða ár menn fá alla peningana sem þeir eyða. Það er akkúrat niðurstaðan. Þessu verðum við að breyta. Við verðum að geta hætt að þjarka um það hvort vitlaust sé gefið eða ekki. Það er eilíft skálkaskjól þeirra sem eru að biðja um meiri peninga. Það getur vel verið að það sé vitlaust gefið en við höfum ekkert efnislegt í höndunum til þess að dæma um það. Það er vandamálið.

Ég held að við höfum engar patentlausnir í heilbrigðismálunum til að geta staðið gegn aukningu á kostnaði. Þjóðin er að eldast og það er viðbúið að það eitt kalli á meiri kostnað í komandi framtíð. Við vitum það. Hins vegar verðum við að geta stjórnað fjárstreyminu betur. Við verðum að geta gert það og ég tel að það sé hægt. Það hefur verið sýnt fram á að menn hafa getað náð árangri. Það er hægt að halda betur utan um þetta og ég held að það mundi vera ómaksins vert að eyða verulegum fjármunum, tugum milljóna — það mundi sparast til lengri tíma litið — í að smíða módel fyrir heilbrigðisstofnanir þó að það sé ekkert einfalt, þó að við getum aldrei fengið það alveg nákvæmt. Það skiptir heldur ekki meginmáli. Við verðum að fá að vita þetta nokkurn veginn. Við verðum þá að vita hvað er að gerast. Felst kostnaðurinn í því að færa heilbrigðiskerfið allt til hátækni? Erum við kannski að vanrækja fyrirbyggjandi starfið eða grunnþjónustuna? Við höfum ekkert í höndunum til þess að fjalla um það, en það er okkur lífsnauðsynlegt.

Ég nefndi aðeins áðan nál. minni hlutans og sagði að ég gæti alveg verið sammála sumu sem þar segir. Ég tel mig skynja það í starfi fjárln. að ákveðin lausung er svífandi yfir vötnunum í þjóðfélaginu almennt og það er stórhættulegt fyrir okkur. Einfaldasta leiðin til að missa stjórn á einu þjóðfélagi og koma í veg fyrir að við náum hagstæðasta árangri sem umhverfið býður okkur, er að missa stjórn á ríkisfjármálunum. Og ef yfir vötnunum svífur einhver viðmiðun um

að þetta sé allt í lagi og að við getum umgengist þau af léttúð, þá erum við að vinna okkur ógagn. Við verðum að reyna að leggja okkur öll fram til þess að menn skilji og skynji að ríkisfjármálin eru alvarlegur hlutur. Það ber að virða fjárlögin og við verðum að leggja okkur öll fram til þess að svo sé gert.

Í nefndarálitinu eru nokkur atriði sem ég get alveg tekið undir. Í nefndarálitið er gerð að umtalsefni sú aðferð sem notuð er í tillögum okkar til þess að greiða upp halla á heilbrigðisstofnunum. Ég ræddi það við 1. umr. fjáraukalaga að við höfum í gegnum tíðina beitt þeirri aðferð að verðlauna menn sem eyddu en veita hinum skammarverðlaunin. Þetta er það sem hefur verið gert. Við erum að gera þetta enn. Það er hægt að gera þetta öðruvísi. Það er hægt að gera þetta á margan annan hátt en þetta var niðurstaðan og við berum öll ábyrgð á því og við flytjum þessa tillögu. En ég vil vekja athygli á því að í brtt. sem koma til umræðu eftir tvo daga við fjárlögin 2000, er þessari aðferð ekki beitt heldur er um framreikning að ræða frá 1999 þannig að þar kemur þetta öðruvísi út. Þannig er ekki verið að refsa þeim sem hafa haldið betur á spöðunum en aðrir, enda líka mjög mikil og brýn nauðsyn á því. Menn eru mismunandi vel á vegi staddir í launaþróuninni. Það liggur fyrir. Menn hafa líka hert mismunandi að sér í viðhaldi, tækjakaupum og öðru slíku þannig að nauðsynlegt er að peningastreymið frá 1999–2000 sé sem jafnast og þannig verða tillögurnar sem verða lagðar hér fram eftir tvo daga, og koma þá heilmikið til móts við það sem verið er að gera, að mínum dómi. Já, ég tek alveg undir það. Það er heilmikið ranglæti í þessu.

Ég er búinn að fara áður yfir það sem þeir segja um launaþróunina og vitna þá í þá ágætu stofnun Ríkisendurskoðun sem gerir mikið úr því að skort hafi leiðsögn af hálfu ráðuneytanna og ég ætla að fara yfir það aftur. Ég er ekki sammála Ríkisendurskoðun um þetta. Hefði bara verið um það eitt að ræða þá hefðum við staðið betur. Ríkisendurskoðun stóð sig ekkert vel í að framkvæma þessa launasamninga heldur. Varla hefur nú vantað á leiðsögnina til þeirra.

Mér finnst hins vegar líka rangt það sem þeir segja í stjórnarandstöðunni að svo rosalega stórt hlutfall af fjáraukalögunum hefði verið fyrirsjáanlegt. Ég tel það alrangt hjá þeim. Launasamningarnir voru ekkert fyrirsjáanlegir. Er menn stóðu í þessum sal fyrir ári gátu þeir ekki gert sér grein fyrir því að þetta mundi ganga svona fram, það er bara rangt. Við verðum að átta okkur á því þegar við erum að ræða um laun að þetta eru mjög viðkvæmir hlutir. Við getum ekki og megum aldrei nokkurn tíma segja að einhver hafi fengið of mikið í sinn hlut o.s.frv. Þetta verður að umgangast með mikilli varfærni þannig að það er rangt að við hefðum getað séð þetta svo stórlega fyrir þó að það sé rétt sem hefur komið fram í ræðum þeirra að þarna eru atriði sem var vissulega hægt að sjá fyrir og það er hægt að vanda sig meira en kemur þarna fram í öllum stöðum.

Mér finnst hugleiðingar um efnahagsmál í fyrri hluta nál. mjög athyglisverðar og ég vil gera það aðeins að umræðuefni, herra forseti. Ekki það að ég sé svo mjög ósammála þeim heldur finnst mér athyglisvert að þeir skrifi þennan texta. Á bls. 1 í nál. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Lækkanir á tekjuskatti leiða til þess að almenningur hefur að öðru jöfnu meira fé til ráðstöfunar. Þar af leiðandi eykur tekjuskattslækkun kaupmátt og þar með einkaneyslu. Sé tekjuskattsstigið lækkað í miklu góðæri herðir það á þessu ferli. Viðskiptahallinn verður þá meiri og verðbólguþrýstingur líka. Ábyrg stjórnvöld lækka því ekki tekjuskatt hjá öllum þorra landsmanna á tímum mikils góðæris og vaxandi viðskiptahalla.“

Svo mörg eru þau orð. Ég vil minna á það að ríkisstjórnin stóð fyrir tekjuskattslækkun með samningum við launþega Íslands, samningum við Alþýðusambands Íslands. Ég var sannfærður um það, herra forseti, þó kannski einhverjir aðrir efist um það, að sú tekjuskattslækkun, hvort sem hún var rétt eða röng, var lykillinn að mjög farsælum samningum sem gerðir voru og hefur tryggt mikinn vinnufrið. Menn skyldu fara varlega þegar þeir fordæma tekjuskattslækkanir eins og þær sem framkvæmdar voru af ríkisstjórninni á árunum 1997–1999.

Hins vegar finnst mér, herra forseti, að þessi texti í nál. gefi manni tækifæri til þess að spyrja nefndarmennina, þ.e. fulltrúa stjórnarandstöðunnar, sósíaldemókratana sem þar eru: Er þetta þá yfirlýsing þeirra um að þeir séu tilbúnir að standa að skattahækkunum ef menn teldu þess þörf, ef efnahagslífið væri þannig? Er þetta yfirlýsing frá þeirra hálfu að þeir teldu það kannski skynsamlega efnahagsráðstöfun að auka skyldusparnað eða auka þvingaðan sparnað? Þetta er bein yfirlýsing um það. Ég tel það mjög gott og merkt innlegg í efnahagsmál okkar gagnvart þeim viðfangsefnum sem við kunnum að standa frammi fyrir á næstu missirum og næstu árum.

Í næsta kafla, lið 2, segir á nál., með leyfi herra forseta:

„Viðnám gegn verðbólgu og viðskiptahalla felst m.a. í að takmarka aukningu útlána og peningamagns í umferð. Það er hægt með því að takmarka svigrúm banka til að lána fjármagn og draga þannig úr útstreymi peninga frá þeim.“

Ég er nákvæmlega sammála þessu. Hins vegar liggur það fyrir að bankar, peningastofnanir í landinu, starfa bara samkvæmt þeirri umgjörð sem lögin gefa þeim á hverjum tíma. Þeim ber að græða peninga og þess vegna eru þeir að starfa til að græða peninga. Þessi yfirlýsing stjórnarandstöðunnar er þá bein yfirlýsing um það að ef við teljum að við þyrftum að takmarka starfsemi banka núna eða á næstunni að stjórnarandstaðan er t.d. tilbúin að styðja aðgerð eins og að auka bindiskyldu. Þetta hlýtur að vera yfirlýsing um það. Það er merkilegt innlegg í það hvers við eigum að vænta á næstu vikum, mánuðum og missirum í umræðu okkar um þau efnahagsmál og þá þenslu sem við erum að glíma við. Mér finnst það mjög þakkarvert og virðingarvert þegar stjórnarandstaðan skrifar svo skýra og ábyrga texta.

Herra forseti. Ég vil ítreka enn einu sinni ummæli formanns nefndarinnar, hv. þm. Jóns Kristjánssonar, að gríðarleg þörf er á því að það verði ekki misskilið á neinn hátt í þjóðfélaginu þó að við séum að leggja mikla peninga inn í fjáraukalög. Það varð niðurstaðan að það yrði að borga það sem væri búið að stofna til, yrði að borga skuldir heilbrigðisstofnananna, það væri búið að stofna til þeirra og það væri ábyrgðarleysi annað en að borga þær. Þetta var niðurstaðan og við sem stöndum að þessu nál. berum alla ábyrgð á því og stöndum fyrir því.

Hins vegar er það svo í þjóðfélagi eins og okkar að eins og staðan er í efnahagsmálum er gríðarlega nauðsynlegt, og við verðum að undirstrika það með öllum ráðum, að það er full meining og full alvara ríkisstjórnarinnar að við verðum að umgangast efnahagsmálin af mikilli varfærni núna því við erum sannarlega á hálu svelli. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að enginn misskilji það. Enginn má líta á þessar aðgerðir, að greiða upp skuldir heilbrigðisstofnana, sem ein-

hverja léttúð af hálfu stjórnvalda. Við erum á mjög hálu svelli þegar við erum með svo mikinn viðskiptahalla, með svo mikinn vaxtamun á breytilegum vöxtum. Þá verðum við að gæta þess að allir skilji það rétt að menn ætla að leggja sig alla fram um aga í ríkisfjármálunum.

Við getum að sjálfsögðu ekki staðið hér og lofað því að aldrei verði halli aftur á fjárlögum ríkisins, það getum við ekki. Við getum ekki heldur sagt að fjáraukalögin muni alltaf koma fram á hverju hausti en við þurfum að leggja okkur alla fram til þess að koma í veg fyrir að það verði um svo mikinn halla ræða eins og raun ber vitni núna því það má ekki endurtaka sig.

[17:23]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hann talaði um að það væru eflaust einhverjir sem vildu vera áfram með málið í „limbói" eins og það hefur verið á umliðnum árum. Málið er það að margar heilbrigðisstofnanir hafa varað við þessari þróun allar götur frá 1990 þegar svokölluð daggjaldanefnd var nánast tekin úr sambandi. Þá gerist það merkilega í þessu að ríkisvaldið, sem er kaupandi þessarar þjónustu, ákveður sjálft hvað það ætlar að borga fyrir hana. Það er ekki farið í neinar innri skoðanir hvorki varðandi þjónustuþáttinn, hvaða þjónustu þessar öldrunarstofnanir eiga að veita eða ætla að veita, heldur er gengið út frá ákveðnum daggjöldum þessara stofnana sem taka síðan engum breytingum í samræmi við það sem gerist í umhverfinu, hvorki hvað áhrærir hækkanir ýmissa þjónustugjalda og jafnvel skattalegra álagna ríkissjóðs, hvað þá heldur þá miklu launaþróun sem varð.

Svo ég taki sérstaklega heimili aldraðra liggur ljóst fyrir að allar götur frá 1990 hafa þessar öldrunarstofnanir, verið á undanhaldi á milli 8% og 9% núna í mörg ár, þ.e. að ríkið hefur ekki hækkað daggjöld í samræmi við launa- og verðlagsþróun. Þess vegna er það líka mjög miður að menn skuli koma upp í ræðustól og segja að það sé rétt að taka duglega í afturendann á stjórnendum þessara heimila því að þeir hafi ekki haldið á málum sem skyldi.

Málið hefur einfaldlega verið það að þróun þessara mála hefur bara verið á einn veg, það er ríkið sem hefur ákveðið hvað það ætlar að greiða. Ég er alveg sannfærður um það að ég og Einar Oddur Kristjánsson, flokksbróðir minn, erum aldeilis ekki á því máli að þegar kaupandi og seljandi semja um vöru sé það bara annar aðilinn sem ákveður verð. Það hlýtur alltaf að þurfa a.m.k. tvo til.

Þetta er sagan á bak við þær ógöngur sem flest heimili og þeir sem eru að veita öldruðum þjónustu í dag eru komnir í. Það er ekki vegna þess að þar hafi menn almennt haldið mjög illa á spilum.

[17:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekkert um að það að forstjórar ríkisfyrirtækja héldu illa á spöðunum. Það voru einhverjir aðrir sem ræddu um það. Við höfum ekkert í höndunum til mæla það. Það er nefnilega mjög nauðsynlegt að koma okkur upp fleiri mælitækjum en við höfum.

Hins vegar er mér vel kunnugt um að það er mjög mikið misræmi í öldrunarstofnunum. Sumar þeirra eru á daggjöldum, og það hefur verið dálítið einkennilegt að fara í gegnum það, aðrar slíkar stofnanir eru á föstum fjárlögum. Það eru alls ekki sömu lögin og sömu reglurnar sem gilda.

Hins vegar er það svo, herra forseti, að í dag er verið að vinna og er búið að undirbúa það mjög vel að þessu verði breytt. Það er verið að setja þetta inn í amerískt kerfi sem metur hjúkrunarþyngdina. Ég veit að það verða kannski erfiðleikar fyrstu árin að samræma það og gera það íslenskt en það er verið að vinna a.m.k. í mikilli alvöru að því að reyna að samræma þetta til þess að það rosalega misvægi sem er núna á stofnunum hverfi. Það er verið að vinna að því af mikilli alvöru. Mér er sagt að menn trúi því að á næstu einu til tveimur árum geti það orðið raunveruleiki og það er verið að flokka það núna í fyrsta skipti inn í þetta samkvæmt fjárlögunum 2000.

Ég er því alveg sammála hv. þm. að hér er um heilmikið vandamál að ræða, þetta hefur verið mjög á flökti. En það verður að bæta þetta og þetta er liður í því líka að koma þessu í fastara form þannig að við getum vitað meira en við gerum í dag hvað við erum með í höndunum þegar við erum að fjalla um kostnaðarþróun heilbrigðisþjónustunnar.

[17:27]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða síðasta ræðumanns talaði ég um það sem hann kom að í ræðu sinni að það væru eflaust einhverjir sem vildu halda þessum málum í óljósri stöðu eða eins og hann sjálfur tók til orða, vildu hafa þetta í einhverju limbói áfram. Ég held að það séu engir hugsandi menn í heilbrigðisþjónustunni sem vilja hafa þetta þannig. Menn vilja auðvitað vinna að þessu af heilindum og hafa einhverja greiðsluviðmiðun, einhverja reglustiku, eins og hv. þm. kom inn á. Það er sjálfsagt og eðlilegt og átti náttúrlega fyrir löngu að taka upp að það væri einhver mælieining á því hvað á að greiða fyrir þjónustuna. Það er líka spurning þeirra sem njóta þjónustunnar, ekki eingöngu ríkisins, heldur þeirra sem eru vistmenn á þessum heimilum aldraðra, hvaða þjónustu þeir eigi að fá fyrir það fé sem þeir greiða á mánuði til viðkomandi öldrunarheimilis. Það er eitt sem vantar líka. Það er ekki nóg að það sé bara mælistika af ríkisins hálfu hvað þeir ætla að borga heldur þarf líka að setja upp hvaða þjónustu á þá að veita á þessum heimilum. Það vantar.

Það er líka mjög miður að þetta skuli hafa farið út í að það sé tvöfalt kerfi í gangi, annars vegar hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum og svo daggjaldastofnanir. Þá hafa menn löngum leikið þann leik þegar illa hefur árað og ekki hefur verið til fjármagn til þess að reka hjúkrunarheimili á föstum fjárlögum að vistmönnum hefur jafnvel verið fækkað til þess að mæta auknum kröfum eða auknum útgjöldum.

Að lokum þetta, herra forseti. Ég tel auðvitað að þau fyrirheit sem hér er stigið á stokk með séu af hinu góða. Hér eru heit strengd um að það skuli haldið þannig á þessum málum að aðilar þurfi ekki að koma ár eftir ár vegna þess að það sé bara annar aðilinn sem ákveður hversu mikið á að greiða fyrir þjónustuna. Það er vonandi að það verði nú stigið gott limbó á milli ríkisvalds og þeirra aðila sem eru að veita þessa þjónustu þannig að allir megi nokkuð sáttir við una.

[17:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vonandi er það röng ágiskun hjá mér að einhver öfl í heilbrigðisþjónustunni séu á móti því að koma þessu inn í módel og í stærðfræðilegt form. Það eru ein 15 ár síðan Alþingi hóf fyrst að ræða þetta, fór að setja heilmikla peninga í upplýsingaöflun í heilbrigðiskerfinu og menn hafa

aftur og aftur verið að ræða að við yrðum að breyta því fjárstreymi sem um væri að ræða þannig að við gætum fjallað um þetta hlutlægt.

Svo ótrúlega lítið hefur gerst og það hefur gerst hægt. Þess vegna grunar mig að einhver andstaða sé gegn því. Ég veit að mikið af þessari statistík og upplýsingum eru til, óhemjumikið en er bara ekki notað. En upplýsingar og statistík er til að nota, til að stjórna, ekki til að stinga upp í hillu.

Þess vegna óttast ég að einhver andstaða sé gegn því. Komi hins vegar í ljós að engin andstaða sé gegn því þá er það hið besta mál.

[17:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka að auk þess að taka upp markvissari aðgerðir í að fylgja eftir framkvæmd fjárlaga er nauðsynlegt að taka upp markvissari aðgerðir við gerð fjárlaga. Þær forsendur sem fjárlagagerðin byggir á, verkefni einstakra stofnana, þurfa að vera í takt við það sem við viljum. Ég veit að það hefur oft á tíðum skort. Áætlanir þurfa að standast en ekki með því að senda lögregluhunda á forstöðumenn. Það er engin lausn.

Svo er annað, herra forseti. Mér brá þegar ég heyrði hv. þm. nefna amerísku aðferðina í heilbrigðiskerfinu. Hvað á hann við með amerísku aðferðinni? Á að ameríkansera heilbrigðiskerfið hér? Má ég heldur biðja um hina vestfirsku samhjálp, herra forseti. Ég bið hann að standa með mér í því.

Varðandi hitt sem hann minntist á, viðskiptahallann sem er eitt alvarlegasta mál okkar í dag, hallinn á rekstri þjóðarbúsins sem byggir á neyslu og neysluaukningu. Við erum ekki að byggja eða styrkja frumþættina, þetta er bara neysla. Af því höfum við áhyggjur. Við höfum áhyggjur af því að fjárlögin sem nú er unnið að taki ekki á þessu. Það er ekki bara neysla ríkisins heldur líka einkageirans, einkaneyslan. Þenslan þar er jafnhættuleg fjármálum þjóðarbúskaparins og ríkisfjármálin.

[17:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur alls ekki tekið eftir hvað ég var að segja. Ég sagði að í undirbúningi væri að meta öldrunarstofnanir samkvæmt kerfi um hjúkrunarþyngd. Það kerfi er ameríkst. Það er til fullt af öðrum slíkum kerfum. Það segir ekkert um að við ætlum að snúa við heilbrigðiskerfinu á Íslandi.

Það er mikil samstaða um það á Norðurlöndum, Englandi og mjög víða í Evrópu að standa þannig að fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, þ.e. að láta hið opinbera fjármagna heilbrigðisþjónustuna. Um það er samstaða og ég veit ekki til þess að um það séu nokkrar deilur t.d. á Íslandi, í Bretlandi eða á Norðurlöndum. Bæði vinstri og hægri menn standa saman um þetta. Við erum allir sammála um þetta. Meiningar um að menn vilji fara aðrar leiðir eru ekki réttar.

Ég vil taka dæmi frá Englandi. Margrét Thatcher barðist aldrei fyrir því að taka upp ameríska aðferðir við heilbrigðisþjónustuna. Hún var samsinna Íhaldsflokknum og Verkamannaflokknum um að fjármagna heilbrigðiskerfið af hinu opinbera. Það sem hún var að berjast fyrir var að menn ættu að setja heilbrigðiskerfið í viðskiptalegt umhverfi til að aga það. Það er bara allt annar hlutur.

Enginn Íslendingur eða pólitíkus hefur nokkurn tíma talað um að hverfa af þeirri braut sem við höfum verið á hér á Íslandi. Þeirrar skoðunar er enginn og það hefur aldrei komið fram. Ég hef hvergi orðið var við slíkt, hvorki í ræðu né riti. Hv. þm. þarf því ekki að vera svo viðkvæmur þó að mælikerfi á hjúkrunarþyngd hafi upphaflega verið smíðað í Bandaríkjunum.

[17:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. vill standa vörð um heilbrigðiskerfið. Það gerum við saman. Ég vona að hann geri það í anda hinnar vestfirsku samhjálpar en ekki amerískra aðferða eða thatcherisma. Ég vona að í þeim aðgerðum sem farið verður út í þá stöndum við saman um það, herra forseti.

[17:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fer að nálgast það að vera mjög göfug umræða. Samhjálpin er bæði úr okkar kristna grunni sem og hinum germanska grunni, langt aftur í aldir. Ég er sannfærður um að við stöndum öll saman að henni, í öllum flokkum Íslands.

[17:35]

Útbýting þingskjala:

Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, 112. mál, nál. utanrmn., þskj. 327.

Samningur um flutning dæmdra manna, 113. mál, nál. utanrmn., þskj. 328.

[17:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir hlýleg orð í garð okkar minnihlutamanna og sérstaklega fyrir það hve hrifinn hann var af fyrri hluta nál. okkar. Það er ástæða til að leggja áherslu á að álit okkar tekur að sjálfsögðu mið af því sem gerst hefur og af áhyggjum okkar af því að hið svokallaða góðæri sé nýtt af heldur mikilli lausung og kæruleysi.

Við höfum af því áhyggjur þetta geti sett í gang verðbólgu enn á ný, í þær hæðir sem við viljum ekki sjá en voru hér á árum áður. Því miður bendir ýmislegt til þess að góðærið hafi haft þau áhrif á hæstv. ríkisstjórn að hún hafi ekki talið ástæðu til að sýna nægilegt aðhald á ýmsum sviðum. Þess vegna höfum við lagt á það áherslu í nál. okkar að fara almennum orðum um þær áhyggjur. Í áliti okkar höfum við einnig bent sérstaklega á t.d. lög um fjárreiður ríkisins. Við teljum að taka eigi mið af þeim lagatexta sem gildir hverju sinni. Við vörum við að í því frv. sem hér liggur fyrir um fjáraukalög sé ekki farið nægjanlega eftir þeim lögum. Við höfum bent á ákveðin ákvæði í þeim lagatexta og fært fyrir því rök að ekki sé nægjanlega nálægt þeim orðum farið. Vegna orða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hann sé ekki sammála þeim niðurstöðum sem við höfum komist að, þ.e. að 75–80% af þessum útgjaldatillögum eigi ekki að vera í fjáraukalögum, þá held ég að nauðsynlegt sé að í áframhaldandi vinnu fjárln. um fjárlagafrv. verði það skoðað nánar. Við í minni hlutanum höfum látið taka saman fyrir okkur yfirlit sem sýnir hvernig þessi útgjöld skiptast. Samkvæmt því eru þessar tölur varlega áætlaðar. Hins vegar viljum við ekki sverja fyrir að einhver mistök gætu hafa átt sér stað og því er nauðsynlegt að í vinnu nefndarinnar verði farið nánar í þau mál. Ég trúi því að meiri hluti nefndarinnar deili því með okkur að vilja nálgast texta laga um fjárreiður ríkisins eins mikið og kostur er.

Í nál. okkar setjum við þetta í samhengi við það sem við köllum agaleysi og jafnvel kæruleysi ríkisstjórnarinnar. Eins

og ég sagði áðan höfum við af því áhyggjur að þjóðin fái þau skilaboð. Við teljum það ekki við hæfi og geta valdið meiri vanda en þörf er á.

Við leggjum mikla áherslu á það í nál. okkar að fjalla sérstaklega um fjárþörf heilbrigðiskerfisins. Að sjálfsögðu er það ekki að ástæðulausu. Af þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað virðast þær áhyggjur flestum sameiginlegar. Menn virðast sammála um að skoða þurfi nákvæmlega hvað þar hafi gerst og reyna að koma í veg fyrir að þar eigi sér stað endurtekning.

Við höfum nýtt okkur skýrslu sem fjmrn. og heilbrrn. báðu Ríkisendurskoðun að taka saman. Þar er farið yfir heilbrigðisstofnanir í landinu, niðurstöður hennar hafa verið margkynntar og tillögur meiri hluta fjárln. byggjast í raun á þeirri skýrslu.

Það er töluvert áhyggjuefni að miðað við þær upplýsingar sem við höfum fengið, jafnt í viðtölum sem eftir öðrum leiðum, virðist skorta mjög á það að upplýsingar berist eðlilega á milli aðila. T.d. er athyglisvert að sjá framkvæmd kjarasamninga þar sem ferlið virðast ekki stemma við fullyrðingar sem m.a. komu fram hjá fjmrn. um að leiðsögn hafi verið veitt um hvernig standa ætti að kjarasamningum. Forstöðumenn og jafnvel fulltrúar heilbrrn. virðast ekki hafa meðtekið þann boðskap sem sendur var frá fjmrn. og á stundum kannast þeir ekki við hann. Hér er greinilega um mjög alvarlega hluti að ræða sem fara þarf sérstaklega í gegnum og tryggja að endurtaki sig ekki.

Í þessu samhengi er býsna athyglisvert að skoða hinn svokallaða verkefnavísi fjmrn. þar sem birt er yfirlitstafla um skil einstakra ráðuneyta varðandi verkefni einstakra stofnana. Það er sláandi að ráðuneytið sem hér kemur við sögu og mestir fjármunir eru ætlaðir til í fjáraukalögum er með langlægsta hlutfall þeirra stofnana sem skilað hafa inn í verkefnavísinn. Þar munar ekki örfáum prósentum frá því ráðuneyti til annarra ráðuneyta heldur liggur mér við að segja að himinn og haf sé þar á milli.

Hér er vísbending sem ég ætla ekki að fullyrða að segi okkur að skortur sé á upplýsingastreymi milli stofnana til ráðuneytis, en þetta er enn eitt atriðið sem nauðsynlegt er að skoða.

Athyglisvert er að það virðist einkenna flestar heilbrigðisstofnanir að skortur er á að markmið hverrar stofnunar fyrir sig séu skilgreind nægilega. Þar hlýtur ábyrgð ráðuneytis að vera mikil. Þegar skoðað verður hvernig menn ætla að reyna að tryggja að í þetta sinn verði ekki endurtekning á því sem gerst hefur hin fyrri ár kemur í ljós að ekki liggja fyrir skilgreindir samningar eða markmið um það hvernig og hvað hver stofnun eigi að gera. Þetta segir okkur að sjálfsögðu að býsna mikill vandi hljóti að vera, fyrir forstöðumenn og hið ágæta starfsfólk stofnananna, að reyna að halda sér innan þess fjárhagsramma sem þeim er settur. Ekki síst í því samhengi, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, að jafnvel er kvartað yfir því að ráðuneytið hafi ekki svarað umbeðnum upplýsingum um hvernig eigi að bregðast við vandanum.

Ljóst er að ábyrgð forstöðumanna er mikil. En ábyrgð ráðuneytis hlýtur einnig að vera mikil og oft og tíðum meiri. Ef ráðuneytið hefði komist að því að einhver þessara forstöðumanna hefði í raun ekki staðið sig í starfi þá eru öll lagaákvæði til að veita þeim áminningu. Mér er ekki kunnugt um það að einn einasti forstöðumaður í heilbrigðisstofnunum á landinu hafi fengið slíkar áminningar. Meðan svo er ekki þá hlýtur ábyrgðin að liggja annars staðar en hjá þeim starfsmönnum.

Auk þess að þessa samninga skorti, eins og ég sagði áðan, virðast engar viðmiðunarreglur heldur vera til í kerfinu. Í fjárln. er okkur sagt að nú eigi að fara að setja slíkar reglur svo hægt sé að miða við eitthvað og gera eigi þessar viðmiðunarreglur fyrir áramót. Ég tel að okkur sé alveg ljóst, okkur flestum a.m.k. í fjárln., að nauðsynlegt er að þessar viðmiðunarreglur verði tilbúnar áður en frv. verður afgreitt frá nefndinni. Það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir þingheim að hafa fyrir því eins mikla tryggingu og kostur er að fyrri mistök endurtaki sig ekki.

Það hefur áður komið fram í umræðunum að hæstv. heilbrrh. kom á fund fjárln. í morgun. Um þessi mál var rætt vítt og breitt og þar kom ýmislegt fram. Það verður að segjast og er rétt að þakka hæstv. ráðherra fyrir þá hreinskilni sem kom fram í þeim umræðum og ekki ástæða til þess í smáatriðum að fara yfir þá umræðu alla. Þó eru nokkur atriði sem nauðsynlegt er að komi fram.

Það er t.d. alveg ljóst, vegna þess að ekki bárust tilhlýðileg svör að mínu mati frá fulltrúum ráðuneytisins sem á fundi okkar voru, að svo virðist að ekki liggi fyrir nákvæm úttekt á því hvað í raun og veru er ókomið af þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir við starfsfólk í heilbrigðiskerfinu. Þar að auki liggur fyrir að um 30% þeirra starfsmanna sem þar vinna eru með lausa samninga á næsta ári og að sjálfsögðu verður að telja eðlilegt að þeir starfsmenn taki viðmið af þeim samningum sem gerðir hafa verið í kerfinu. Þess vegna virðist ýmislegt benda til þess að þær áætlanir sem gerðar eru fyrir næsta ár muni að einhverju leyti — það er alla vega hætta á því skulum við segja — ekki standast.

Það kom einnig fram á fundi fjárln. í morgun að heilbrrn. hafi í raun haft á tilfinningunni, eins og það var orðað, þá niðurstöðu sem Ríkisendurkoðun komst að með skýrslu sinni. Það segir okkur að í raun hafi verið vitneskja um það í heilbrrn. að tölurnar væru jafnháar og raun bar vitni. En, svo ég nefni enn upplýsingastreymið, þær upplýsingar hafa þá væntanlega ekki borist til fjmrn. og er það auðvitað áhyggjuefni.

Það kom einnig fram, a.m.k. mátti skilja það á orðum hæstv. heilbrrh., að fjmrn. hefði á ýmsum stigum málsins verið látið vita af alvarleikanum en það var heldur ekki hægt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að ráðherrann upplifði málið þannig að ekki hefðu borist að þeirra mati viðunandi leiðbeiningar úr fjmrn. varðandi þann vanda sem fyrir hendi var. Þess vegna hljótum við að velta því enn einu sinni fyrir okkur hvernig samskiptum þessara annars ágætu ráðuneyta er háttað.

Herra forseti. Það kom fram áðan í ræðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar að í rauninni væri búið að setja heilbrrn. í gjörgæslu. Það er auðvitað margt sem bendir til þess að full þörf sé á slíku. Ég vil í þessu sambandi, herra forseti, vitna til nál. meiri hluta fjárln. en þar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að bæta má fjármálastjórn stofnana heilbrrn. og gera hana skilvirkari en hún er nú. Það er mjög brýnt að ná tökum á þeim vanda og leita í því sambandi allra hugsanlegra leiða svo að þessar stofnanir fari að fjárlögum í framtíðinni. Þannig verði einnig tryggt að nýtt fé fari til að ná fram stefnumiðum stjórnvalda en ekki verði um leiðréttingar eftir á að ræða. Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana.“

Hér er á margan hátt býsna skýrt frá sagt. Það er greinilegt að það er vilji meiri hluta fjárln. að sá vandi sem við er að etja verði ekki eins að ári. Ég trúi því að þær væntingar eigum við í minni hlutanum sameiginlegar með meiri hlutanum.

Herra forseti. Í nál. meiri hluta fjárln. segir áfram, og er nú ekki dregið úr skýrleikanum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlög eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið."

Hér er enn á ný býsna skýrlega mælt. Það er hins vegar og vekur sérstaka athygli að þörf skuli vera á því nú á árinu 1999 að setja slík ákvæði inn í texta meiri hluta fjárln. Það er ekki að sjá annað en að þetta séu allt sjálfsagðir hlutir og hefðu löngu átt að vera komnir til framkvæmda. Enn er bætt við í nál. meiri hluta fjárln. og segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun mun gefa ráðuneytum og Alþingi skýrslu um framgang málsins á næsta ári. Samhliða verður komið í veg fyrir að stjórnendur stofni til skulda í lánastofnunum og safni upp óeðlilegum viðskiptaskuldum. Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega."

Hér er gjörgæsluskýringin í rauninni komin fram. Ríkisendurskoðun í nafni Alþingis mun nákvæmlega fylgjast með því hvernig þessum málum muni fram vinda. Það er hins vegar ekki síður athyglisvert sem segir í síðustu setningunni þar sem gerð er krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega. Hvað er hér verið að segja? Er verið að segja að talnaefni úr launabókhaldi berist mjög óreglulega? Og hver er þá ástæðan fyrir því að upplýsingar úr launabókhaldi berst ekki reglulega? Hér eru mjög alvarlegir hlutir á ferðinni. Það skyldi þó ekki vera að ýmislegt sem hér segir sé kannski ein meginskýringin á þeim vanda sem við er að kljást og frv. til laga um fjáraukalög ber akkúrat merki um, og ég tala nú ekki um þær brtt. sem nú liggja fyrir frá meiri hluta fjárln.?

Nokkuð hefur verið rætt um ábyrgð varðandi þann vanda sem við fjöllum um. Bent hefur verið á af sumum að ábyrgðin liggi hjá forstöðumönnum. Einnig hefur verið bent á að ábyrgð þeirra takmarkist af ýmsum hlutum. Hins vegar hefur líka verið bent á að ábyrgð heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. hlýtur að vera mjög mikil. En það er einnig ljóst að ábyrgð hæstv. fjmrh. hlýtur vissulega að vera mjög mikil. Og það er nauðsynlegt fyrir okkur í fjárln. að fara yfir þann ábyrgðarþátt mjög nákvæmlega vegna þess að ég trúi því að það sé sameiginlegt markmið okkar allra þar, eins og kom svo ágætlega fram í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, að við viljum ná árangri í þeim efnum og við viljum að þessir hlutir verði bættir á komandi árum.

[17:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég taka undir nál. minni hluta fjárln. sem hér hefur verið gert grein fyrir. Ég mun ekki fara neitt frekar yfir það, nema ég vil taka út nokkur atriði sem sérstaklega hefur verið bent á.

Það eru ný lög, tveggja ára gömul, fjárreiðulög sem segja til um ábyrgð stjórnenda ríkisstofnana og stjórnendum ber að halda rekstri innan fjárlaga. Ég ætla að rifja upp þennan texta, með leyfi forseta:

„Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlög eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið."

Hér var vitnað til nál. meiri hluta fjárln. vegna fjáraukalaga 1999 um ábyrgð stjórnenda. Í þessari tilvitnun segir ekkert til um ábyrgð ríkisstjórnar eða gerð fjárlaganna sjálfra um ábyrgð varðandi þjónustu stofnunarinnar sjálfrar. Það er eingöngu verið að tala um þá fjárhagslegu ábyrgð sem stjórnendur stofnana verða að gæta að sé framfylgt. Það segir ekkert til um hver sé ábyrgð framkvæmdastjóra um að stofnanirnar uppfylli þau lög sem þeim ber að fara eftir varðandi þjónustu stofnunarinnar.

Þar sem sérstaklega er verið að fjalla um heilbrigðisstofnanir þá er það nú svo að mjög erfitt er fyrir margar stofnanir að halda sig innan fjárlagarammans vegna þess að starfsemin er breytileg. Það falla til aukin verkefni sem eru ekki alltaf fyrirsjáanleg. Starfsemi stofnana breytist, dvalarheimili verða að hluta til hjúkrunarheimili, hjúkrunarheimili breytast að því leytinu að þau eru að hluta rekin sem sjúkrahús því að hjúkrunarþyngdin verður mikil og til kemur breytt rekstrarform stofnana, samanber Heilbrigðisstofnun Austurlands þar sem ein stofnun varð úr mörgum og er nú heilbrigðisstofnun fyrir svæðið allt frá Bakkafirði til Djúpavogs.

Allar þessar breytingar varðandi þjónustuframlag stofnana koma ekki fram í texta fjárreiðulaganna. Mér finnst að öllu leyti óeðlilegt að þetta sé bara á annan veginn þar sem stofnanirnar hafa ekki neitt til að fara eftir annað en lög um heilbrigðisþjónsutu, og þar segir til um hvaða þjónustu eigi almennt að veita. Starfsmenn og stjórnir stofnananna vilja auðvitað og eru skyldug til að uppfylla lögin en geta það oft og tíðum ekki innan þess fjárhagsramma sem þeim er ætlaður. Auk þess hefur svona þröngur rammi hindrað bæði þróunarstarf og aukna og bætta þjónustu innan hverrar stofnunar.

Það er búið að grandskoða hverja einustu stofnun og fara niður í hvern einasta rekstrarlið allt frá launaliðunum og alveg niður í innkaup á sápu. Ég get fullyrt það að hver einasta heilbrigðisstofnun hefur gert það sem hún hefur getað gert til að draga úr rekstrarkostnaði og það verður ekki lengra gengið í þeim efnum án þess að það bitni þá á heilsufari fólksins sem á að þiggja þjónustuna. Auk þess hefur starfsfólk tekið á sig ótrúlega mikla vinnu og aukið álag til að sjúklingum, skjólstæðingum þeirra líði áfram vel og líði ekki fyrir þann sparnað sem öllum er uppálagt að framfylgja. En í þessu kerfi okkar er innbyggð keðjuverkun sem eykur þunga á stóru sjúkrahúsin. Þegar eingöngu er horft á peningahliðina þá er eina svarið sem forstöðumenn heilbrigðisstofnana hafa fengið frá heilbrrn., að til þess að spara verði að lækka launakostnað og draga úr starfsemi. Það er eini stuðningurinn sem forstöðumenn hafa fengið þegar

þeir hafa leitað til ráðuneytisins um hvað þeim beri að gera og til hvaða úrræða þeir geti gripið þegar þeir sjá fram á erfiðleika í rekstrinum. Það er eingöngu þetta.

Þess vegna verður að koma til ábyrgð beggja aðila, bæði heilbrrn. og stofnananna. Það verður að gera þjónustusamning við hverja stofnun þannig að það sé alveg skýrt hvað stofnuninni beri að gera og framkvæma fyrir þá fjármuni sem hún fær. Það er ekki hægt annað. Ef verkefnin aukast eða breytast þá er orðið tilefni til að endurskoða fjárframlögin, bæði til að auka þau eða minnka ef dregur úr þjónustunni. Þetta verður að vera á ábyrgð beggja aðila.

Varðandi forstöðumenn stofnananna, þá sýnist mér að hér sé allt að því verið að bregða hengingaról um háls þeirra. En með því að setja þessa umgjörð, aðlögunarsamningana frá 1997, þá er verið að gefa út ávísun á áframhaldandi óvissu með rekstrarkostnað á ríkisstofnunum því að samningarnir eru þannig uppbyggðir. Þeir eru ekki gagnsæir. Þeir eru einstaklingsbundnir. Reynum að setja okkur í spor þeirra forstöðumanna sem standa frammi fyrir því að halda uppi þjónustu samkvæmt lögum, vera með starfsfólk sem þeir verða að halda í til þess að halda uppi þessari þjónustu, oftast gott starfsfólk, og vera svo í þeirri stöðu að eiga að halda sig innan fjárlagarammans. Þeir hafa ekkert í höndunum sem þeir geta bent á um að þeir verði að uppfylla ákveðinn þjónustusamning. Þeir eru settir í stöðu sem þeir geta ekki ráðið við öðruvísi en að segja upp fólki og skera niður þjónustuna. Og ég trúi því ekki að það hafi verið markmiðið með þessum aðlögunarsamningum þegar þeir voru gerðir. Mér finnst óréttlátt að bregða þessari snöru um háls forstöðumannanna. Þetta verður að vera sameiginleg ábyrgð heilbrrn. og stjórna og forstöðumanna stofnananna.

Forstöðumenn stofnana verða líka að geta fengið betri stuðning frá heilbrrn. hvað varðar reksturinn en verið hefur fram að þessu. Í þjónustusamninga er hægt að setja mat á hjúkrunarþyngd. Nú er hægt að meta hjúkrunarþyngdina og það er rétt að hafa þær mælingar inni í þessum samningum. Hluti af rekstrarerfiðleikum Ríkisspítalanna er að þar inni liggur aldrað fólk sem gæti verið á hjúkrunarheimilum. Hjúkrunarheimilin eru ekki nægilega mörg og dvalarheimilin ekki heldur þannig að hjúkrunarþyngdin verður oft meiri á hjúkrunarheimilunum en eðlilegt er. Á hjúkrunarheimilin eru oft sjúklingar sem ættu að vera á fjórðungssjúkrahúsunum eða sérhæfðari sjúkrahúsum. Flæðið þarf að geta verið betra þarna á milli.

Ef við erum að tala um sparnað í ríkisrekstri þá er það á ábyrgð hverrar ríkisstjórnar að standa að þeim sparnaði. Og það verður ekki gert með fjárlögunum eins og mér virðast þau vera upp byggð núna varðandi heilbrigðisstofnanirnar, þ.e. að farið er að kröfum hverrar stofnunar, heldur verður það gert með því langtímamarkmiði að breyta áherslum, að leggja áherslu á grunnþjónustuna, á heilsugæsluna og efla hana og þær stofnanir sem eru ódýrar í rekstri en ættu að geta farið allt upp í það að taka um 70% af fjárframlögum til heilbrigðisstofnana. Málið er sem sé heilsugæslan, forvarnir og að fyrirbyggja, í stað þess að leggja svo þunga áherslu á rekstur sérhæfðra sjúkrahúsa.

Þetta er það sem mundi skila okkur því að útgjöld til heilbrigðisþjónustu mundu ekki hækka í þeim takti sem verið hefur. Til framtíðar litið eigum við að leggja áherslur á að byggja upp þá þjónustu sem tekur mið af aldursdreifingu þjóðarinnar í nánustu framtíð og tekur einnig tillit til sjúkdómaspáa, þ.e. til spár um sjúkdómatíðni. Samkvæmt spám um aldursdreifingu mun hlutfall aldraðra hér aukast og því er mjög brýnt að leggja meiri áherslu á að byggja upp hjúkrunarheimili og dvalarheimili og að styrkja félagslegu þjónustuna þannig að fólk geti búið lengur heima hjá sér. Þetta er í nánustu framtíð sú hjúkrunarþyngd sem leggst á heilbrigðiskerfið. Og ef við lítum til framtíðarspáa um sjúkdóma og fyrirbyggjandi aðgerða og forvarna varðandi þá sjúkdóma þá ættum við að leggja ríka áherslu á að halda áfram að draga úr tóbaksnotkun og helst að reyna að koma alveg í veg fyrir tóbaksneyslu. Það eitt mundi skila okkur mestu. Það sama á við aðra sjúkdóma en krabbamein sem rekja má til tóbaksnotkunar. Forvarnir sem felast í fræðslu um mataræði munu hafa áhrif á tíðni sjúkdóma eins og krabbameins, hjartasjúkdóma og offitu, en þetta eru þeir sjúkdómar sem munu í framtíðinni vega hvað þyngst í rekstri heilbrigðiskerfisins.

[18:07]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. kom inn á það í ræðu sinni að stofnanir störfuðu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og í öðru lagi nauðsyn þjónustusamninga. Ég vil taka undir það að mikil nauðsyn er á því, og það er einn af þeim þáttum sem vinna ber áfram í heilbrigðiskerfinu, að gera þjónustusamninga við stofnanir og skilgreina hlutverk þeirra. Lögin um heilbrigðisþjónustu eru mjög opin um hlutverkið. Það á að veita þá bestu þjónustu sem völ er á og því er nauðsynlegt að skilgreina með verkaskiptingu stofnana hvernig við ætlum að gera það.

Til eru æði miklar upplýsingar og undirbúningsgögn í að gera þjónustusamninga við stofnanir og við höfum lagt áherslu á, og gerum það í umræðunni um fjárlögin, að vinna áfram að því. Það er grundvallaratriði að fyrir liggi gögn um hvað hin ýmsu störf á heilbrigðisstofnunum kosta og hvaða þjónustu við ætlum að veita þar. Það er grundvöllur þess að við getum uppfyllt skilyrði laganna um heilbrigðisþjónustu á viðunandi hátt og séum ekki í þeim dansi sem við höfum því miður verið í síðustu árin um fjárframlög til þessara stofnana.

[18:08]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir þessar undirtektir því það er alveg bráðnauðsynlegt að þetta verði gert þannig að stofnanirnar viti hvaða kröfur eru gerðar til þeirra svo ekki myndist þessi spenna sem er á stofnununum í dag því lögin um heilbrigðisþjónustuna segja að hver einasti Íslendingur eigi kröfu eða eigi rétt á fullkominni heilbrigðisþjónustu. Það er mjög erfitt fyrir starfsfólkið að standa undir þessu og hafa svo ekki fjármagn til þess að vinna faglega eins og það mundi vilja vinna og standa svo í niðurskurði.

Ef starfsemi ýmissa stofnana yrði skilgreind þá kæmi t.d. í ljós hvort fjórðungssjúkrahúsin eigi að starfa áfram sem fjórðungssjúkrahús með öllum þeim skyldum sem fjórðungssjúkrahúsum eru lagðar á herðar eða hvort þau eigi að vera heilsugæslusjúkrahús eins og fjárlögin segja í raun til um í dag.

[18:10]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta að bæta. Einu atriði vil ég þó bæta við. Það er áríðandi þegar fjallað er um verkaskiptingu sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana að til séu úrræði sem henta hjúkrunarþyngdinni, t.d. að

fólk liggi ekki á dýrari stofnunum en þörf er á og síðan öfugt. Þetta þarf að skilgreina betur en við höfum gert til þessa. Ég vildi undirstrika það í þessu seinna andsvari mínu.

[18:11]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Hallarekstur sjúkrastofnana hér á landi er hefðbundinn. Það eina sem virkilega sker sig úr núna er að hallinn er meiri en áður hefur þekkst. Við erum því að tala um gamlan, þekktan vanda sem hefur aukist. Ef við ætlum að leysa vandann þá verðum við að skilgreina hann og við verðum að vera klár á því að skilgreiningin sé rétt, annars getum við ekki fundið viðunandi lausn.

Það má segja að ég hafi kynnst þessari hlið rekstrarvanda heilbrigðisþjónustunnar fyrst þegar ég var í stjórn Ríkisspítala í nokkur ár og ég ætla að leyfa mér að segja frá minni reynslu og lýsa því hvernig ég upplifði það og upplifi enn hvernig hallarekstur sjúkrastofnana í heilbrigðisþjónustunni kemur til.

Í fyrsta lagi, árum saman á þrengingartímum var fyrirskipaður flatur niðurskurður á sjúkrastofnunum heilbrigðisþjónustunnar um allt land. Þá var ekkert spurt að því hvað færi fram á stofnununum né hvernig starfsemin væri rekin heldur kom fyrirskipun um að skera niður þjónustuna eða reksturinn og bæði starfsfólk og stjórnendur þurftu að laga sig að því. Þetta var ekki bara einu sinni, eitt ár, heldur ár eftir ár. Og ég varð vitni að því á þessum tíma hversu erfitt það var að reka heilbrigðisþjónustu undir þessum formerkjum og áttaði mig fljótlega á því að þetta fyrirkomulag fjármögnunar, skipulags og rekstrar gat ekki gengið upp. Þess vegna hefur ekki neitt af því sem hér hefur verið rætt komið mér á óvart.

Flatur niðurskurður á þrengingartímum gerir ekkert annað en að skapa uppsafnað vandamál sem verður að taka á síðar meir. Og það sem við erum að horfa á núna er afleiðing af ástandi sem ríkti á því tímabili ásamt ýmsu öðru. Það er því fyrst og fremst skýringin á því hvers vegna hallinn er óvenju mikill fyrir utan annað sem ég kem inn á á eftir.

Rétt er að minna hv. þingmenn á að árum saman var rætt um það sem stórvandamál á sjúkrastofnunum á Íslandi að laun væru það lág, m.a. laun hjúkrunarfræðinga, að ekki væri hægt að manna stofnanir og þar með ekki hægt að reka þær. Smátt og smátt skapaðist sá skilningur milli fagráðuneytis og fjmrn. að hækka þyrfti laun verulega. Það leggst ofan á uppsafnaðan vanda vegna niðurskurðar ár eftir ár.

Við alla þessa vandamálasúpu bætist stjórnskipulagsvandi á sjúkrastofnunum sem á einnig sögu langt aftur í tímann. Eins og hv. þingmenn vita kannski þá var það praktíserað að þrír voru við stjórnvölinn samkvæmt lögum, læknir, hjúkrunarfræðingur og framkvæmdastjóri. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvernig gengið hefur að skipuleggja stjórnsýslu í rekstri með því að hafa þrjá hausa út um gluggann á stýrishúsinu, gefandi fyrirskipanir. Auðvitað hefur sú stjórnsýsla aldrei gengið upp. Innri skipulags- og stjórnunarvandi á sjúkrastofnunum á Íslandi er þekkt staðreynd.

Auk þess hefur fjármögnunarfyrirkomulagið, eins og hér hefur áður verið rætt um, einnig útilokað það að reka sjúkrastofnanir á Íslandi með vitrænum hætti. Ég get nefnt dæmi um það. Ég varð vitni að því æ ofan í æ á Ríkisspítölunum að ekki var hægt að koma á hagræðingu á skurðdeildum með því að auka afköst, fjölga aðgerðum og minnka þannig kostnað við sérhverja aðgerð. Hvers vegna ekki? Vegna þess að einnota hlutir og ýmislegt annað fóru út fyrir þann ramma sem settur hafði verið. Það skapaði rekstrarhalla á þeirri einingu þannig að menn völdu oftast þann kostinn að hafa framleiðnina á deildinni óbreytta til að auka ekki kostnað t.d. af einnota vörum.

Niðurstaðan er auðvitað sú, og það var augljóst fyrir mörgum árum síðan, að nýtt fyrirkomulag þarf fyrir fjármögnun þessara stofnana. Þess vegna er fagnaðarefni að nú skuli loks vera rætt um að gera það sem hefði átt að gera fyrir mörgum árum, að gera þjónustusamning þar sem fyrir fram er skilgreint hverju stofnunin á að skila, hvers konar þjónustu, hve mikilli o.fl. í þeim dúr. Þannig er hægt að hafa eins klárt og mögulegt er í svona efnum hvað stofnanirnar eigi að kaupa inn á ársgrundvelli, fyrir ákveðna upphæð.

Í ofanálag við öll þessi atriði þá hef ég orðið vitni að því hvernig fjmrn. hefur í raun orpið vandræðaeggjum sínum í hreiður heilbrigðisþjónustunnar, skilið þau eftir og látið heilbrigðisþjónustuna sitja uppi með kostnaðarauka óbættan, t.d. að gera samninga við starfsfólk um launahækkanir sem ekki eru bættir. Þetta hefur verið praktíserað árum saman. Ég hef fylgst með því og séð hvernig sjúkrastofnanir hafa verið látnar sitja uppi með vandamál sem skapast hafa á öðrum stöðum og þær hafa í raun ekki borið ábyrgð á. Það er ekki fyrr en hið nýja form kemur til, að samningarnir eru færðir út í sjúkrastofnanirnar að þær bera einhverja ábyrgð með fjmrn. á þessum hluta vandans.

Launamálin eru hluti af vandanum sem hér er til umræðu. Hægri hönd hæstv. fjmrh. gerir samning við starfsfólkið um kaup. Ef samningurinn er mistök eða annað kemur upp sem ekki hefði átt að gerast þá liggur ábyrgðin náttúrlega hjá fjmrn. Það er þó ekki aðalatriði málsins. Ég held að aðalatriðið sé uppsafnaður vandi í launa- og rekstrarmálum sem menn sáu ekki fyrir þegar samningar voru gerðir. Kostnaðaraukinn varð meiri heldur en menn áttu von á og því fór sem fór.

Hér hefur verið rætt um, m.a. kom hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson inn á það, að hægt þyrfti að vera að mæla framleiðni stofnananna. Mig langar að taka dæmi um hversu fráleitt fyrirkomulagið er í rekstri heilbrigðisþjónustunnar þar sem menn telja það þó einna skást. Það er í heilsugæslunni. Í framhaldi af spurningunni um mælingu þá getur heilsugæslulæknir, eins og fyrirkomulagið er núna, virst vinna heilmikið starf með því að taka á móti mörgum sjúklingum á klukkutíma. Hann getur látið þá fara í gegn með miklum hraða þannig að þeir fari annað og stofni til kostnaðar annars staðar í kerfinu. Enginn getur fylgst með eða mælt þetta, m.a vegna þess að það má ekki koma á tilvísanakerfi. Þó er það eina leiðin til að fylgjast með hvort heilsugæslan skili í raun einhverju á staðnum.

Menn hafa ekki viljað leita þessara lausna vegna andstöðu innan læknastéttarinnar og víðar. Hingað til hafa menn ekki fengist til að ræða hvernig skipuleggja eigi hlutina, hvernig eigi að haga rekstrarfyrirkomulaginu þannig að þjónustan, sem í heild sinni er viðunandi á Íslandi, verði hagkvæm og starfsfólk í heilbrigðisgeiranum uni við kjör sín. Í staðinn fyrir það að vinna skynsamlega hefur hingað til, eins og ég hef rakið, starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar fengið skömm í hattinn frá ráðuneytum með reglulegu millibili fyrir að hlutirnir gangi illa, hallarekstur sé árlegur viðburður og annað í þeim dúr. Þeir sem skila mikilli vinnu á þessum stofnunum hafa þó ekki fengið annað en skömm í hattinn fyrir.

Fyrir utan þetta langar mig að minnast á brtt. við frv. til fjáraukalaga sem liggja hér fyrir. Sérstaklega vil ég ræða um hugmynd sem mér finnst vera fráleit. Menn láta sér detta það í hug að lækka tekjutryggingarþátt ellilífeyrisþega um 50 milljónir. Ég verð að segja eins og er, hv. þingmenn, að ég trúði ekki mínum augum þegar ég sá þetta. Umræðan í þjóðfélaginu hefur undanfarið einmitt snúist um fólkið sem byggir afkomu sína á almannatryggingakerfinu, sem hefur í hámark 68 þús. kr. á mánuði í ellilífeyri eins og flestir vita.

Það var boðið upp á 7% hækkun á grunnlífeyri fyrir nokkrum missirum. Látið var í það skína að þetta væri til þess að bæta hag þessa fólks. Ef við skoðum þann þátt kemur í ljós að 7% hækkun varð á u.þ.b. 24% hluta heildargreiðslna til ellilífeyrisþega. Upphæðin hækkaði þá um þúsund kr. og þegar skatturinn hafði höndlað þessar þúsund kr. þá sat fólk uppi með um 318 kr. nettó. Það var sú hækkun sem ríkisstjórnin hæstv. bauð ellilífeyris- og örorkuþegum hér á landi. Nú er ætlunin að draga úr þessum greiðslum á sama tíma og við vitum að hækka þarf heildargreiðslur til þessa fólks um 18–20% til að fylgja þeim breytingum sem orðið hafa í launaþróun hér á landi. Til þess að ná þeirri tölu þyrfti að hækka tekjutryggingarþáttinn um 50% eins og við höfum reyndar lagt til og fram kemur í gögnum sem dreift hefur verið hér á hinu háa Alþingi. Það þurfum við að gera en ekki hitt að höggva í þennan hluta velferðarkerfisins. Hann má ekki við því og að mínu mati kemur það ekki til greina.

Staða lífeyrismála á Íslandi er góð á heildina er litið, afskaplega góð. Það byggist ekki á því að almannatryggingakerfið sé gott. Hið góða er að finna í lífeyrissjóðamálum landsmanna. Það byggist annars vegar á aldursskiptingunni hér á landi og hins vegar starfsgreinalífeyrissjóðakerfinu sem kemur til bjargar í því lamaða almannatryggingakerfi sem við höfum.

Ef við lítum á það sem einkennir þessi mál hér á landi þá getum við vel skilið það hvers vegna þessir erfiðleikar eru. Það hefur komið fram áður á hinu háa Alþingi í dag. Í fyrsta lagi verjum við minnstum hluta þjóðartekna í velferðarmál í samanburði við viðmiðunarþjóðirnar. Það ætti öllum að vera ljóst. Samkvæmt því er á Íslandi lágur lífeyrir í almannatryggingakerfinu. Það ættu allir að geta viðurkennt og auk þess eru tekjutengingarnar mjög áberandi í íslenska kerfinu.

Einnig er ljóst að stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi er minni en annars staðar á Norðurlöndum. Við vitum líka að sjúkradagpeningar hér á landi eru u.þ.b. 20% af verkamannalaunum. Í samanburðarlöndunum eru það 70–100% (**Gripið fram í:** Í alvöru?) af verkamannalaunum. Í því tilliti er fátækt meiri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum þegar mælt er með viðurkenndum stöðlum.

Ef menn telja sig af einhverjum ástæðum hafa eitthvað afgangs undir liðnum fyrir tekjutryggingu ellilífeyrisþega þá höfum við nóg við þann pening að gera annars staðar undir þeim lið. Því er alveg fráleitt að hafa hlutina með þessu móti.

Herra forseti. Eins og ég kom inn á áðan ætla ég að segja frá því að lokum að sá sem hér stendur og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hafa lagt fram fyrstu tillögu sína í þá átt að betrumbæta stöðu ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega hér á landi með því einmitt að bæta þeim þann missi sem þeir hafa orðið fyrir undanfarin ár. Þeir hafa farið alveg á skjön við hið svokallaða góðæri. Til þess hefur okkur reiknast til að þurfi að hækka tekjutryggingarþáttinn um 4.565 milljónir svo að þessir hópar nái jöfnuði við aðra í þjóðfélaginu. Þá fyrst væri hægt að segja að þetta fólk hafi fengið að njóta svipaðra ávaxta af því sem hefur gerst í hagkerfi landsins eins og aðrir. Í framhaldi af þessari þáltill. munum við leggja fram tillögur um það hvernig að þessu verði staðið. En auk þess munum við leggja til að sjúkradagpeningakerfinu verði þannig breytt hér á landi að fyrirkomulagið standi undir nafni svo að fólk geti yfirleitt lifað af sjúkradagpeningum í stað þess að sjúkradagpeningagreiðslur verði einhvers konar táknræn summa eins og er og hefur verið.

[18:33]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að í fjárlagafrv. er ekki verið að breyta bótafjárhæðum né prósentum heldur er um afstemmingar að ræða miðað við nýja útgjaldaáætlun Tryggingastofnunar sem byggist á því að lengra er liðið á árið og betri upplýsingar til um útgjöld. Ef þessar fjárhæðir veita svigrúm til að auka við í tryggingakerfinu yrði það að gerast með sérstakri ákvörðun og þau mál eru ætíð til skoðunar. Fjáraukalagafrv. sjálft felur í sér ákvarðanir sem voru teknar fyrr á árinu. Ég vildi að það kæmi fram við umræðuna að ekki er verið að lækka fjárhæðir sem snúa að einstaklingum heldur er verið að endurskoða heildaráætlunina um útgjöld ársins á grundvelli upplýsinga sem liggja nú fyrir en lágu ekki fyrir fyrr á árinu.

[18:34]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerði því skóna og jafnvel fullyrti að hluti af þeim mikla sjúkrahúspakka sem við erum að borga núna væri uppsafnaður vandi. Það fær ekki staðist. Við borguðum upp allar skuldir sjúkrahúsanna í fyrra. Samkvæmt uppgjöri Ríkisendurskoðunar, sem liggur núna fyrir, er alveg ljóst að það sem allar sjúkrastofnanirnar skulduðu og var ekki gert upp árið 1998 var ekki nema 580 milljónir þannig að það eru bara hlutir sem eru mjög nálægt því að vera eðlilegir. Þetta getur því ekki verið skýringin.

Við höfum verið að setja inn í heilbrigðismálin á undanförnum árum mjög svipað hlutfall af þjóðartekjum og áður eða 6,7% þrátt fyrir gríðarlegan hagvöxt. Sjúkrahúsin eða heilbrigðismálin hafa því fylgt þessum mikla hagvexti upp. Það hefur því sannarlega verið veruleg raunaukning í peningum inn í heilbrigðiskerfið þannig að niðurskurður hefur enginn verið í ein 5–6 ár.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að það sem er að gerast hjá okkur er að við erum að auka þjónustu, hvort sem er nú þörf á því eða ekki, ég ætla ekkert að dæma um það. Við erum að auka vinnu, við erum að auka reksturskostnað. Það liggur alveg fyrir og þetta er það sem við erum að fást við og tilhneigingin er þessi, alveg eins og í Vestur-Evrópu. Við verðum að horfa á það sem slíkt og reyna að greina vandamálið. Þetta er það, þetta er að vaxa og vex mikið.

[18:36]

Gunnar Ingi Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg augljóst þrátt fyrir ábendingar hv. þm. að þetta er uppsafnaður vandi að hluta til. Það er m.a. vegna þess að þegar flatur niðurskurður var fyrirskipaður varð framleiðniaukning á sama tíma, fjölgun sjúklinga þrátt fyrir óbreyttar tölur á bak við reksturinn á sumum deildum. Á sama tíma og þetta viðgekkst var öll endurnýjun á tækjum stöðvuð, allt viðhald stöðvað og annað það sem var geymt til betri tíma. Það er náttúrlega alls ekki rétt að ekki hafi safnast upp vandi, það veit ég. Það merkilega var að á sama tíma og niðurskurðurinn var í gangi tókst samt

mörgum stofnunum að auka starfsemi sína en það var fyrir þær sakir að fólk lagði á sig meiri vinnu, keyrði sig út einmitt til að reyna að standa sig. Sumt af þessu fólki hefur upplifað framlag sitt þannig að það hafi fyrir þetta fyrst og fremst fengið skömm í hattinn og gagnrýni fyrir það síðar meir að hafa farið fram úr áætlun. En ég fullyrði að vandi safnaðist upp árum saman og ég varð vitni að því sjálfur á sjúkrastofnunum að svo var.

[18:38]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við sjáum þróunina í þessu best í OECD-skýrslunum. Við höfum verið í verulegum hagvexti alveg síðan 1994 og hlutfallið sem hefur farið í heilbrigðisgeirann hefur verið óbreytt í prósentum þrátt fyrir vöxtinn. Það eru þá fimm ár síðan og mér finnst það mjög ótrúlegt miðað við skýrsluna sem kom frá Ríkisendurskoðun um daginn að það geti verið nokkuð uppsafnað, það er löngu búið að jafna þetta út.

En þetta er í sjálfu sér vandamálið í hnotskurn sem gerist í samfélagi eins og okkar þar sem menn taka undir kröfu um meiri og betri læknaþjónustu. Þegar þjóðfélagið er í hagvexti fylgir þjónustustigið hagvextinum. Svo verðum við fyrir einhverjum áföllum, það fiskast minna eða eitthvað hefur lækkað verð o.s.frv., hagvöxturinn verður minni eða fer jafnvel niður eins og hann gerði hjá okkur á fyrstu árum þessa áratugar, 1993, þá verður þarna árekstur. Við höfum stefnt upp á við í þjónustustiginu og hagvöxturinn fylgir ekki eftir og þá gerðist þetta mikla slys. Það er þetta sem við þurfum að átta okkur á núna, það er mjög mikill vöxtur í allri opinberri þjónustu, það fylgir hagvextinum. Ef það skyldi verða lát á honum, sem ég vona nú að verði ekki, eigum við svo erfitt með að aðlaga okkur því.

Ég er alveg viss um að við erum að auka þjónustuna, við erum að gera það og það er kannski bara gott mál, ég ætla ekkert að segja til um það. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að vandamálið — eða ekki vandamál — er bara glíman sem við eigum við, þ.e. peningaglíman, hún liggur í því að við erum að auka þjónustuna.

[18:41]

Útbýting þingskjals:

Réttarstaða örorku- og ellilífeyrisþega, 259. mál, þáltill. GIG og GAK, þskj. 329.

[18:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Umræðan um frv. til fjáraukalaga er þegar orðin allítarleg og ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um þetta frv. en víkja að örfáum atriðum þó. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að auka útgjöld ríkisins um tæpa 8 milljarða kr. eða 7,9 milljarða frá því sem ráðgert var í fjárlögum fyrir þetta ár.

Drýgstur hluti þessa fjár rennur til heilbrigðiskerfisins en skiptingin er að öðru leyti sú að samkvæmt frv. eins og það var lagt fyrir var gert ráð fyrir 5,5 milljarða aukningu en síðan komu hækkunartillögur frá fjárln. til viðbótar upp á 2,4 milljarða. Menn hafa nokkuð deilt um það hvort þetta hafi verið fyrirséð á sínum tíma og ég held að það sé kannski erfitt að alhæfa um það efni. Menn hafa einnig tengt umræðu um þetta frv. vangaveltum um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar almennt. Komið hefur fram gagnrýni á að hún hafi ekki verið nægilega ábyrg, hún hafi gripið til aðgerða sem hafi verið þensluhvetjandi, orðið til þess að ofhita efnahagskerfið. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vitnaði í álit frá minni hluta fjárln. hvað þetta snertir og vék sérstaklega að eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Lækkanir á tekjuskatti leiða til þess að almenningur hefur að öðru jöfnu meira fé til ráðstöfunar. Þar af leiðandi eykur tekjuskattslækkun kaupmátt og þar með einkaneyslu. Sé tekjuskattsstigið lækkað í miklu góðæri herðir það á þessu ferli. Viðskiptahallinn verður þá meiri og verðbólguþrýstingur líka. Ábyrg stjórnvöld lækka því ekki tekjuskatt hjá öllum þorra landsmanna á tímum mikils góðæris og vaxandi viðskiptahalla."

Þetta var tilvitnun sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði að umtalsefni í ræðu sinni. Hann var í reynd ekki að gagnrýna það sem hér var sagt en vakti athygli á því að þessar ráðstafanir hefðu verið gerðar í samningum við verkalýðshreyfinguna. Ég sé ástæðu til að leiðrétta þetta.

Það er alveg rétt að tillögur þessa efnis komu fram frá hluta verkalýðshreyfingarinnar, nokkrum stórum samböndum, en þegar sest var yfir málin og menn höfðu mótað tillögur sínar þar á bæ innan Alþýðusambandins, innan BSRB, þá voru þarna uppi aðrar áherslur. Menn vildu fara aðrar leiðir. Sú stefna verkalýðshreyfingarinnar hefur verið áréttuð í ítarlegri skýrslu sem nýlega var gefin út af hálfu ASÍ og BSRB.

Sú leið sem verkalýðshreyfingin vildi skoða var að auka þrepaskiptingu innan tekjuskattskerfisins. Menn vildu bæta hag barnafólks með því að láta meira fjármagn renna til barnabóta og menn vildu að skattleysismörk yrðu látin fylgja launaþróun. Þetta eru þær áherslur sem koma fram í umræddri skýrslu og þær áherslur voru einnig uppi á þeim tíma og ástæða til að leiðrétta að þetta var ekki gert í kjarasamningum. Þar voru hins vegar kröfur sem höfðu komið fram hjá ákveðnum samböndum innan Alþýðusambandsins en verkalýðshreyfingin stóð ekki öll að þeim. Þær voru aðrar en hér er getið um.

Hvers vegna hafa menn áhyggjur af þenslu í efnahagskerfinu? Það er augljóst að fyrir það fólk sem er bundið á kauptaxta og nýtur ekki launaskriðs, þá segir það sig sjálft að auknar hækkanir í þjóðfélaginu, hækkun á vöru og þjónustu veldur kjararýrnun hjá því. Þeir einstaklingar og hópar sem njóta ekki launaskriðs eru jafnframt lágtekjuhóparnir í þjóðfélaginu þannig að þetta er varasamt að því leyti. Annað sem menn gagnrýna varðandi þensluna er að ekki sé til innstæða fyrir því sem við erum að eyða og þess vegna hafa menn verið að vara við hinum mikla viðskiptahalla sem hefur hrjáð þjóðarbúið og búskapinn á undanförnum tveimur árum sérstaklega og nemur um 30 milljörðum á ári.

Varðandi þá spurningu hvað hafi verið fyrirséð og hvað ekki, þá er náttúrlega eitt sem var augljóslega fyrirséð og það var að breytingar sem ráðist var í á húsnæðiskerfinu mundu valda stóraukinni eftirspurn eftir lánum. Staðreyndin er sú að greiðslumati var breytt í húsnæðiskerfinu þannig að fleiri áttu kost á að fá húsbréfalán en áður, enda hefur komið á daginn að samþykktar umsóknir um lán til kaupa á notuðum íbúðum eru nú 45% fleiri en á sama tíma í fyrra og 27% fleiri til nýbygginga. Afleiðingin af þessu er sú að útlán húsbréfadeildar fóru ríflega 7.000 millj. kr. fram úr heimildum fjárlaga. Þetta var allt saman fyrirséð.

Það var hugsanlega einnig fyrir séð að nokkru leyti að tekjur ríkissjóðs kynnu að vera heldur rýmri en menn höfðu gert ráð fyrir en ég held að fæsta hefði grunað þær yrðu 10 milljörðum hærri, þær yrðu svo miklu hærri. En það voru þó nokkrar líkur til að við værum að stefna inn í aukna þenslu.

Þá kemur að því sem margir hafa verið að velta fyrir sér í þessari umræðu og það eru útgjöldin til heilbrigðismála og þá sérstaklega launaþáttinn þar. Staðreyndin er sú að áður en við komum verðbólgunni niður í það stig sem hún hefur verið á undanförnum árum, þá var ríkið og sveitarfélög í stakk búin til þess að mæta þenslu á almennum markaði með samningskerfi sem lengi hafði verið við lýði. Þá var samið í heildarsamningum um kaup og kjör. Síðan fengu einstök aðildarfélög innan heildarsamtaka færi á því að gera sérkjarasamninga en auk þess voru starfandi svokallaðar samstarfsnefndir sem voru að taka á launamynduninni öllum stundum. Þannig var það. Þannig gat ríki og sveitarfélög brugðist við þegar þensla var á markaðnum. Við skulum ekki gleyma þessu. Það er ekki einvörðungu hjá ríki og sveitarfélögum sem þensla er á launamarkaði, sem er launaskrið. Það er mikið launaskrið á almennum markaði. Menn einblína um of að mínum dómi á það sem er að gerast hjá ríkinu í þessu efni. Og stundum þegar við viljum sýna ábyrgð, sem við eigum að gera, þá gleymum við því sem er að gerast á almennum markaði.

Við tókum ákvörðun um það á Alþingi að fresta nýbyggingu Alþingishússins. Ég studdi það fyrir mitt leyti þótt ég sjái eftir því að geta ekki fengið fyrr bætta aðstöðu fyrir fatlaða sem mundi fylgja þessari nýbyggingu. En ég studdi þetta. En á sama tíma var verið að ráðast í stórstækkun Kringlunnar og það á að fara að byggja í Smáranum og þar fram eftir götunum. Þessu viljum við stundum gleyma þegar við erum að skoða þjóðarbúið og þá þróun sem á sér stað innan þess.

En það sem ég vildi sagt hafa er að fyrr á tíð þegar verðbólga var viðvarandi og miklu meiri, þá hafði ríki og sveitarfélög þessa mekanisma til að laga launakerfin hjá sér að því sem var að gerast á markaði. Síðan er þessu breytt. Þessu er breytt þegar verðbólgunni er náð niður og þá er allt sett inn í frystikisturnar. Það er út úr þessu kerfi sem menn ætla síðan að reyna að losa sig með svokölluðum aðlögunarnefndum og aðlögunarsamningum. Menn ætluðu hins vegar að ganga lengra í því efni. Menn ætluðu og ætla að innleiða hjá hinu opinbera markaðskerfi, markaðshugsun á öllum sviðum. Þessar breytingar sem voru gerðar á launakerfunum og öllu skipulagi hins opinbera hafa verið mjög umdeildar og voru mjög umdeildar t.d. innan verkalýðshreyfingarinnar. Þær hafa verið umdeildar innan stærstu heildarsamtaka opinberra starfsmanna, innan BHM, innan BSRB. Það hafa verið skiptar skoðanir um ágæti þessa.

Ástæðan fyrir því að ég var andvígur þessum breytingum var sú að ég óttaðist að þetta kerfi eins og það er hugsað mundi ganga upp. Það hefur ekki alveg gengið upp. Út á það gengur gagnrýnin. Ég óttaðist að kerfið mundi ganga upp vegna þess að kerfisbreytingarnar eru hugsaðar sem eins konar niðurskurðarhnífur. Hugsunin er sú að sett er ákveðin fjárupphæð til stofnunarinnar og innan hennar er síðan tekin ákvörðun um launamyndun. Þar með er kominn þrýstingur til fækkunar starfsfólks vegna þess að ef tekst að hagræða og fækka starfsfólki, þá er meira á milli handanna til launahækkana fyrir þá sem eftir eru starfandi.

Það var annað sem ég hef óttast líka og hefur gengið eftir. Það er að þeir sem hafa „markaðsvirði" innan stofnunarinnar, þeir sem hafa sterka stöðu á markaði njóta þessa kerfis í ríkari mæli en hinir sem hafa ekki slíka sterka stöðu. Þetta er einnig að breytast í þessa veru.

Annað sem við sem gagnrýndum þetta vöruðum líka við og tengist þessu síðasta atriði er að launamunur á milli kynja mundi aukast. Einnig þetta er að ganga eftir. Þess vegna hefur manni þótt það stundum kostulegt þegar ráðist er í kerfisbreytingar sem sannanlega, sýnilega og augljóslega munu valda auknum launamun kynjanna, allt samþykkt með miklum „bravör" og síðan er tekin á dagskrá umræða um hvernig draga eigi úr launamun kynjanna og að innleiða þurfi mikil prógrömm í því skyni. Menn eru því oft í mótsögn við sjálfa sig.

Mér fannst hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flytja mjög góða ræðu og ég er mjög sammála honum um margt. Ég heyrði líka á honum að hann er andvígur því að innleiða um of markaðsmekanisma í velferðarþjónustuna. Hann segir það og ég trúi því. Hann talar ekki á þeim nótum að hann vilji innleiða samkeppni þar innan. En hann vill engu að síður innleiða markaðslögmálin í einhverjum mæli inn í velferðarstofnanir. Sama var uppi í orðum hæstv. fjmrh. í gær. Hann sagðist vilja, eða það lá í orðum hans, varðveita þá hugsun sem við höfum reist velferðarþjónustu okkar á og sagði að það væri sýnilegt, að gefnu tilefni, að þeir sem hefðu gert skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál 1999–2000, og kom til umræðu á Alþingi í gær, hefðu ekki mikið innsæi í íslenskan veruleika. Mér heyrðist á hæstv. ráðherra að hann vildi segja sig frá þessari skýrslu eða þeirri hugsun sem þar kom fram. En engu að síður þrátt fyrir allar þessar yfirlýsingar, yfirlýsingar hæstv. fjmrh. og kristlegar yfirlýsingar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þá er verið að framkvæma í aðra átt. Það er þetta sem mér finnst svo undarlegt þegar menn hætta að kannast við eigin verk.

Ég ætla aðeins að rifja upp hvað stóð í skýrslu OECD og ég gerði að umtalsefni í ræðustól í gær. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hægt væri að takmarka kostnað ríkissjóðs vegna umönnunar aldraðra með því að leggja á hærri þjónustugjöld." Síðan segir: „Svigrúm er til að auka þjónustugjöld með því að lækka þann hluta af lífeyrisgreiðslum sem einstaklingar á hjúkrunarheimilum halda eftir. En í ljósi eigna aldraðra ættu stjórnvöld að íhuga að fara fram á að hluti þeirra eigna verði notaður til að greiða fyrir dvölina á hjúkrunarheimilum þótt ekki væri nema í því formi að safna skuld við ríkissjóð sem yrði greidd að lokum. Í þessu ljósi yrði að setja reglur sem takmörkuðu hættuna á því að einstaklingar neyttu eigna sinna snemma eða ánöfnuðu þeim til barna sinna."

Þetta segir í skýrslunni. Ég trúi því mjög vel að hvorki hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson né hæstv. ráðherra Geir H. Haarde vilji ganga svona langt. Ég trúi því vel að þeir vilji ekki setja slíkar reglur sem skerða mannréttindi aldraðs fólks og koma í veg fyrir að aldrað fólk geti ráðstafað eignum sínum að vild. Ég trúi því vel að ríkisstjórnin vilji ekki ganga svo langt eins og þessi frjálshyggjuhópur OECD. En það er engu að síður hjá þessum hópi OECD sem ríkisstjórnin hefur fengið hugmyndir sínar um kerfisbreytingar á undanförnum árum í launakerfunum, í skipulagi hins opinbera. Þar hafa reglurnar verið settar. Þegar við síðan förum að skoða hvað ríkisstjórnin er að gera í reynd, þá er hún í alvöru að bjóða út elliheimilin. Það er Securitas og gott ef ekki Ístak einnig sem búið er að bjóða í að reisa og reka elliheimili hér á landi. Slíkir aðilar eiga að reka sjúkrastofnanir og öldrunarheimili. Það er það sem þessi ríkisstjórn er að gera og segist síðan starfa í kristilegum og vestfirskum anda og vilji ekki ameríkansera kerfið. (**Gripið fram í:** Germanskir menn.) Þetta er

eflaust frá Brussel og víðar ættað en þetta er það sem er að gerast í alvöru.

Eins og ég hef áður rakið hér segir um þetta fyrirkomulag, einkaframkvæmdina, í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum."

Hvað þýðir það? Það þýðir sjúkragjöld og aukin gjöld fyrir aldraða á elliheimilum væntanlega. Það er verið að tala um einkaframkvæmd. Einkaframkvæmdin er komin til framkvæmda í einum skóla í Hafnarfirði, iðnskólanum, og hún er núna í bígerð með elliheimilin. Það sem ríkisstjórnin er að framkvæma og segja að hún ætli að gera er nákvæmlega það sama og stendur í skýrslu OECD, hugsanlega að undanskildu því að sett verði lög sem skerða mannréttindi aldraðs fólks til að ráðstafa eignum sínum. Þetta er það sem ríkisstjórnin er að gera. Slíkar kerfisbreytingar þurfum við að ræða. Ég er búinn að halda uppi umræðu um þetta í mörg missiri, mörg ár. Hæstv. fjmrh. finnst nóg um og segir að menn séu komnir með þetta á heilann. En þetta er hin stóra pólitíska barátta í samfélagi okkar. Þetta er sjálfur grundvöllurinn að því hvernig við ætlum að skipuleggja samfélagið. Og það er í þessum anda sem ríkisstjórnin starfar, nákvæmlega. Við ræðum núna afleiðingar þeirrar stefnu. Við erum að ræða hvaða afleiðingar það hefur haft að breyta húsnæðiskerfinu. Við erum að ræða hvaða afleiðingar það hefur haft að fara með allt húsnæðiskerfið út á hinn frjálsa markað. Í stað þess að verja fjármunum og beina fjármagni inn í félagslegt húsnæði, þá er því beint núna í auknum mæli út á hinn frjálsa markað. Eitt af því sem er til umfjöllunar í þessum fjáraukalögum er einmitt þetta, að auka lánsheimild Íbúðalánasjóðs um 7.000 millj. kr. Þetta eru afleiðingar af þeirri stefnu.

Hér á sínum tíma var um þetta rætt nákvæmlega í þessu ljósi, en öllu alltaf vísað á bug. Núna verða menn bara reiðir þegar verið er að bera upp á þá að þeir fylgi þessum ráðleggingum OECD. Þeir menn þekkja ekki til innviða íslensks samfélags, er viðkvæðið. En síðan eru þeir sjálfir að framkvæma þessa stefnu hér. Þeir eru að bjóða út elliheimilin og boða aukin gjöld á aldraða fólkið. Það eru þeir að gera. Og mér finnst það hugleysi að vilja ekki kannast við eigin verk og eigin stefnu heldur er viðkvæðið alltaf hið sama. Skref fyrir skref, að segja ósatt um hvert förinni er heitið. Það var gert þegar síminn var gerður að hlutafélagi á sínum tíma, það átti aldrei að selja hann. Að sjálfsögðu átti ekki að selja hann. Það átti ekki að selja bankana heldur.

Það er verið að boða til fundar í kvöld til að reyna að rífa úr nefnd frv. um sölu á bönkunum. Það eru þessi ósannindi, það er að vilja ekki og þora ekki að kannast við eigin verk og eigin stefnu sem mér finnst vesælast í stefnu þessarar ríkisstjórnar.

[19:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór viðurkenningarorðum um nál. minni hlutans áðan þar sem þeir ræða um áhrif skattkerfisins á kaupmátt launa. Mér fannst það mjög virðingarvert af þeim að skrifa þetta niður. Það skiptir engu máli hvort samstaða var meðal verkalýðshreyfingarinnar eða mismunandi túlkun um hvernig þessi skattalækkun átti að vera. Hún hefur nákvæmlega sömu áhrif, það skiptir engu máli hvaða útfærsla væri á því. Það var líka deilan um útfærsluna á því, ekki um skattalækkunina sjálfa sem var grundvöllurinn að þessum samningi.

Í öðru lagi vil ég gera athugasemd við það að hér sé verið að stefna til einhverrar einkavæðingar í heilbrigðismálum. Það er alger samstaða um að fjármagna heilbrigðiskerfið af hinu opinbera. Það hefur ekkert lát verið á því. Ísland er í hópi þriggja, fjögurra þjóða sem borga mest af opinberu fé til heilbrigðiskerfisins. Það er enginn jafnhár okkur, nema Svíar, Bandaríkjamenn og stundum Norðmenn ef við tökum tímann fyrir 10 árum. Við erum að fjármagna það fyrst og fremst með opinberu fé. Hins vegar eru Íslendingar sjálfir að borga tiltölulega lítið fé í heilbrigðiskerfið, mun minna en OECD- og ESB-löndin. Það hefur tíðkast hér áratugum saman að elliheimili væru í eigu alls konar stofnana. Það er ekkert nýtt í því. Einmitt þegar verið er að reyna að mæla hjúkrunarþyngdina til að tryggja að greiðslurnar séu nær sanni, og segja að það sé einhver vitnisburður um að við ætlum að fara að hverfa frá ævafornum íslenskum hefðum um heilbrigðismál er fjarstæða, bull og vitleysa.

[19:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég vakti máls á þessu með skattana áðan er sú að ég var að leiðrétta hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem sagði að þessar breytingar hefðu verið gerðar í samningum við verkalýðshreyfinguna. Það er rangt. Ég leiðrétti það. Þetta voru hugmyndir sem upphaflega komu frá nokkrum samböndum innan Alþýðusambandsins, en um þessar hugmyndir var ekki samstaða og þær hafa verið gagnrýndar síðan.

Það skiptir máli hvernig skattbreytingar eru gerðar. Það skiptir máli upp á neyslu þjóðarinnar, hverjir hafa peninga á milli handa og hvernig þeim peningum er varið. Það skiptir máli til hvaða skattaráðstafana er gripið.

Einkavæðing er ekki á dagskrá, segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hvar hefur hv. þm. haldið sig? Les hann ekki blöðin? Hefur hann ekki fylgst með umræðu um einkaframkvæmd? Er honum ekki kunnugt um að verið er að bjóða út elliheimili á Reykjavíkursvæðinu? Leggur hv. þm. að jöfnu Dvalarheimili aldraðra sjómanna, rekstur sjómannasamtaka eða berklasjúklinga á heilbrigðisþjónustu og Securitas eða Ístak? Skilur hann ekki muninn á því sem er að gerast núna með þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað um að gera velferðarþjónustuna að atvinnurekstri sem menn hafi arð af? Ég verð að segja, herra forseti, að á meðan menn skilja ekki þessi grundvallaratriði og gera sig bera að annarri eins fáfræði og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerir um þá þróun sem hér er að eiga sér stað, þá ætla ég bara að biðja fyrir okkur.

[19:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bænagerðir koma sér yfirleitt vel. Ríkisvaldið stendur fyrir því að fjármagna heilbrigðiskerfið með almennum sköttum. Það er sú stefna sem er við lýði á Norðurlöndum og mestmegnis um alla Vestur-Evrópu. Það eru engar deilur um hvernig við fjármögnum heilbrigðiskerfið. Það er enginn að halda því fram að við ætlum að fara að breyta því eða gera það öðruvísi.

Það að koma einhverri starfsemi inn í viðskiptalegt umhverfi er engin breyting á slíkri stefnu. Auðvitað reynum við að framkvæma þjónustuna í heilbrigðiskerfinu á sem hagkvæmastan hátt rétt eins og hverja aðra þjónustu.

Það er mjög mikill misskilningur hjá hv. þm. að biðja þurfi fyrir mér eða ég sé að gera mig sekan um fávisku um það sem er að gerast. Ég held að hann eigi heldur að

klóra í sínum eigin kolli og átta sig á því að þetta eru hin eðlilegu viðbrögð í öllum samfélögum þ.e. að reyna að veita þá þjónustu á eins ódýran hátt og kostur er, enda gerum við líka kröfur um hvaða þjónustustig þetta er. Við erum að gera faglegar kröfur til heilbrigðisþjónustunnar og félagsþjónustunnar, við erum að gera það á öllum sviðum. Það hefur aldrei staðið til að gefa neitt eftir í því. Síðan hrópa menn hér eitthvað um, mér heyrðist hv. þm. segja Securitas, hvort þeir væru einhverjir vondir menn eða góðir. Það er eðlilegt og sjálfsagt að menn bjóði í ákveðin verkefni hvort sem það eru skúringar, matseld eða hvað sem það er. Það gengur í hinum vestrænu þjóðfélögum. Og fordæmingar hv. þm. á því eiga bara ekkert skylt við þetta. Við stöndum sameiginlega að því að fjármagna heilbrigðiskerfið, það er samstaða um það. Það hefur aldrei staðið til að breyta því. Það er það sem skiptir máli. Hitt er bara tilbúningur.

[19:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá ætla ég að snúa mér að tilbúningnum. Hann er búinn til, sá tilbúningur, af hæstv. fjmrh. og þeirri ríkisstjórn sem hér fer með völdin og hann er á þessa leið, með leyfi forseta, við erum að fjalla um einkaframkvæmd, og heilbrigðisþjónustuna sem á að bjóða út og hefur þegar verið boðin út og skólakerfið sem á að bjóða út og hefur þegar verið boðið út. Hér segir, með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum."

Það er enginn að halda því fram, segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að fjármagna eigi þetta á annan hátt en með sköttum eða frá ríki að sveitarfélögum. En hér stendur hið gagnstæða í texta sem kemur frá þeirri ríkisstjórn sem hann styður.

Nú vildi ég gjarnan að hv. þm. kæmi aftur upp (**EOK:** Ég hef ekki leyfi til þess.) Það er hægt að biðja um orðið. Hv. þm. er ekki búinn að tæma rétt sinn til að taka þátt í þessari umræðu. Mér finnst að hann þurfi að skýra nánar hvað hann á við þegar yfirlýsingar hans ganga þvert á það sem verið er að framkvæma og þvert á þá texta sem koma frá ríkisstjórninni um stefnu hennar í velferðarmálum og skipulagi velferðarþjónustunnar. Mér finnst að við þurfum að fá nánari skýringar á þessu frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni.

[19:13]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég fór yfir það áðan að hlutdeild einstaklinga í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi er með því lægsta sem til er í heiminum. Í OECD-ríkjunum borga þeir um 2,1% af vergri landsframleiðslu, í ESB-löndunum borga þeir um 2%, á Íslandi borga þeir 1,2%. Hér er því verulegur munur á. Við göngum lengst allra þjóða í að fjármagna heilbrigðiskerfið með opinberum sköttum. Sú þjóð sem eyðir mestum peningum í heilbrigðismál eru Bandaríkin. Það kerfi Bandaríkjanna er mjög gagnrýnt. Þeir eyða um 14% af landsframleiðslu sinni í heilbrigðismál en framlög ríkisins til heilbrigðismála í Bandaríkjunum er mjög svipuð tala og á Íslandi. Liggur á milli 6,6 og 6,8%. Hitt er borgað af tryggingafélögum, einstaklingum og er kannski of langt mál að fara ofan í það. Það er allt annað kerfi. Þar þurfa þeir líka að borga mjög mikil tryggingagjöld þannig að það er ekkert sambærilegt.

Þessari stefnu Evrópuríkjanna, þessari stefnu Íslendinga, þessari stefnu Breta hefur ekki verið breytt neitt þó að menn haldi því réttilega fram eins og hefur komið fram í mörgum gögnum að það væri mjög hættulegt að engin kostnaðarvitund sé til. Við gætum gengið of langt í þessu þannig að kröfurnar yrðu allt of miklar. Þess vegna hafa menn verið að ræða um það, bæði hér á landi og á Norðurlöndunum og í Evrópu að við yrðum að passa upp á einhverja þátttöku fólks í landinu til að tryggja kostnaðarþátttöku bæði gagnvart sjúkrastofnunum, gagnvart lyfjum o.s.frv.

Við erum samt lægstir allra, við greiðum ekki nema helminginn af því sem Norðurlandaþjóðirnar gera. Þær greiða um 2% af vergri landsframleiðslu einstaklingsins, við bara 1%. Það er þessi viðleitni til að halda við kostnaðarvitund fólks svo að við missum ekki þennan kostnað upp úr öllu valdi sem um er að ræða. Það er þetta sem um er að ræða. Þess vegna ættum við að auka þátttöku sjúklinga í lyfjum. Við viljum taka inn sama prógramm og er í Svíþjóð. Það er þetta sem um er að ræða.

Í Bretlandi á áttunda áratugnum var einmitt mjög mikil umræða um þetta. Það var svokallaður thatcherismi. Margrét Thatcher ræddi mjög mikið um kostnaðinn við heilbrigðisþjónustuna og að við yrðum að passa okkur á því að missa kostnaðinn ekki upp úr öllu valdi. Hún lagði aldrei fram tillögur um að það ætti að hætta að fjármagna bresku heilbrigðisþjónustuna með sköttum, aldrei nokkurn tíma. Það var ekki gert. Það hafa aldrei verið deilur milli Íhaldsflokksins breska og Verkamannaflokksins breska um að það ætti að fjármagna heilbrigðiskerfið með sköttum.

Hins vegar lagði hún mikla áherslu á að koma heilbrigðisgeiranum í viðskiptalegt umhverfi. Það er sá árangur sem Bretar hafa náð einmitt í að halda utan um kostnaðarþáttinn í heilbrigðisþjónustunni þannig að menn vissu hvað þeir væru að kaupa og hvað þeir væru að selja, menn sætu ekki báðum megin við borðið. Þess vegna náði hún árangri og ég hef minnst á það áður í þingræðum, og við ættum að skoða það mjög vandlega, hvort það væri ekki réttara hjá okkur að stofna stór og sterk sjúkrasamlög sem hafa miklu meira aðhald að þessum kostnaði en við erum að ná, samanber umræðu okkar í dag þegar við stöndum frammi fyrir því hversu linir við erum, hversu illa okkur tekst til að fylgjast með. Við stígum að vísu á stokk og strengjum þess heit að gera þetta betur og vonandi tekst okkur það því að mikil þörf er á því.

En hitt held ég að sé réttara að við komum þessu aftur yfir í sjúkrasamlögin til að tryggja að við fylgjumst með þessu. Við höfum þess vegna verið að segja: Við eigum að auka hlutdeild sjúklinga til þess að tryggja kostnaðarvitund. Það er ekkert að því að við förum í sama farið og Norðurlandaþjóðirnar, það er alls ekkert að því, afturhvarf eða fráhvarf frá því að við ætlum að halda uppi heilbrigðiskerfinu, því besta í heimi, á opinberum sköttum, eru bara draumar. Það er martröð sem menn hafa fengið. Menn mega ekki rugla þessu saman.

[19:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hugtak „kostnaðarvitund sjúklinga" er gamall kunningi frá því í byrjun þessa áratugar. Í reynd hefur verið reynt að innleiða þessa hugsun allan þennan áratug og um þetta hafa staðið miklar deilur í þjóðfélaginu. Sem betur fer tókst lengst af að hrinda þessari aðför að velferðarþjónustunni að mestu leyti. Þess vegna er staðreyndin sú, sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson bendir á, að við búum enn við trausta velferðarþjónustu og mjög gott heilbrigðiskerfi, eitt það besta í víðri veröld. Þessi heilbrigðisþjónusta er rekin á mjög hagkvæman hátt. Ég held að það hafi komið fram meira

að segja í skýrslum OECD einhvern tíma að hlutfallslega fáum við meira fyrir peningana en flestar aðrar þjóðir. Það er staðreynd.

Hitt er jafnljóst að núna er verið að fara inn á þessar brautir, það er verið að boða þessar breytingar. Það er ekki aðeins verið að gera það hér á landi heldur víða annars staðar, t.d. í Bretlandi.

Hvernig skyldi standa á því — og ég vona að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heyri til mín — hvernig skyldi standa á því að einhver mesti aðdáandi Tonys Blair forsrh. Bretlands og formanns hins nýja breska verkamannaflokksins heitir Margrét Thatcher? Það er vegna þess að hann hefur tekið upp stefnu hennar á ýmsum sviðum, þar á meðal á þessu sviði. Það er gegn þessu sem ég er að vara. Mér er alveg sama hvað flokkarnir heita eða foringjarnir, ég vara við þessari stefnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 292.

[19:22]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að það frv. sem hér liggur fyrir um Póst- og fjarskiptastofnun er komið fram. Eins og menn sögðu í umræðum um fjarskiptafrv. hefði verið eðlilegt að þetta frv. hefði komið fram fyrr þannig að hægt hefði verið að ræða þau samhliða. Það var það sem fulltrúar Samfylkingarinnar gagnrýndu og ber að fagna því að þetta skuli vera komið fram.

Með þessu frv. sýnist mér að verið sé að styrkja Póst- og fjarskiptastofnun nokkuð mikið frá fyrri lögum enda ekki óeðlilegt þar sem stofnunin þarf að geta sinnt hlutverki sínu betur enda hefur hlutverkið aukist það mikið á síðustu árum á tímum ört vaxandi fjarskipta. Ég er sem sagt sammála því að styrkja Póst- og fjarskiptastofnun eins og gert er með þessu frv. Frv. er eðlilegt framhald af fjarskiptafrv. og fátt eitt sem kemur þar á óvart.

Í sambandi við samkeppniseftirlit og það allt saman og Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun var ekki kveðið nógu skýrt á um valdamörk milli þessara stofnana, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar. Í þessu frv. eru tekin af að mér sýnist öll tvímæli um þetta enda segir svo í 3. gr. lið 22, með leyfi forseta:

„Póst- og fjarskiptastofnun skal framfylgja lögum um fjarskipti og póstþjónustu og tryggja að markmið laganna náist. Skal það gert m.a. með því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta. Stofnunin skal taka til meðferðar mál sem upp koma vegna starfsemi fjarskiptafyrirtækja, póstrekenda og rekstrarleyfishafa. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga.“

Í athugasemdum með þessu frv. á bls. 9 er einnig kveðið mjög fast á um þetta atriði, um skil milli þessara stofnana og ber auðvitað að fagna því að þetta komi svo skilmerkilega fram. Þetta var eitt af þeim atriðum sem fulltrúar Samfylkingarinnar gagnrýndu en hér sýnist okkur að þetta komi skýrt fram um þessi valdamörk.

Þetta frv. ber vott um það að hæstv. samgrh. leggi áherslu á að hann er ráðherra allra á fjarskiptamarkaðnum, ekki bara stóra risans, Landssímans.

Herra forseti. Mér sýnist að þingmenn Samfylkingarinnar geti stutt þetta mál. Við munum leggja okkar fram í nefnd við að vinna þetta mál en okkur sýnist að þetta frv. sé verulega til bóta í þessum málaflokki.

[19:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta frv. um Póst- og fjarskiptastofnun er eins konar tvíburafrv. við frv. um fjarskipti sem hefur verið rætt í fyrri umræðu. Þetta var svo sem allt saman fyrirséð þegar ráðist var í að gera Póst- og símamálastofnun að hlutafélagi að þá mundi hið sama eiga sér stað á Íslandi og hefur gerst annars staðar. Reyndar tekur þessi þróun mið af því sem ákveðið er í Evrópu, af Evrópusambandinu, en það sem var fyrirsjáanlegt er þetta: Menn koma á samkeppni á þessu sviði og síðan blása menn eftirlitsiðnaðinn út. Þetta er það sem var fyrirséð. Eins og við vitum eru eftirlitsstofnanirnar, sem þenjast út í sovéskum stíl, kröftugasti atvinnuvegur núna á meginlandi Evrópu, og við erum einnig að byrja að fá smjörþefinn af þessari þróun.

Það sem ég vildi segja í tengslum við umræðuna er fyrst og fremst að það skiptir miklu máli að horfa til framtíðar, að við höfum mjög skýra framtíðarsýn varðandi skipulag Póst- og símaþjónustunnar í landinu. Nú kann vel að vera að það tengist ekki þessum frumvörpum beint eða þessari lagasmíð sérstaklega hvað við gerum með sjálft grunnnetið, sem ég skal játa að ég átta mig ekki alveg fyllilega á hvernig beri að skilgreina, þ.e. hvað er raunverulega átt við með grunnneti. Hugsanlega er það loðið og teygjanlegt eins og einhvern tíma var komist að orði.

Hugsun mín er sú að ég skil það sjónarmið að unnt sé að hafa samkeppni á netinu, að netið sé í eigu almennings, í eigu ríkisins en síðan geti farið fram samkeppni á því. Við gætum hugsað okkur járnbrautakerfið í Bretlandi, að teinarnir væru í eigu ríkisins en síðan færi fram samkeppni ofan á þessum teinum. Undarlegt þótti mér einmitt þegar ákvörðun var tekin um það í London á sínum tíma að einkavæða allt í einum pakka, teinana og lestirnar einnig og var þá komin til sögunnar einokun. Maður hlýtur að hugsa líka um það hver framtíðarsýnin er að þessu leyti varðandi netið.

Nú kann vel að vera að hægt sé að hugsa sér ákveðna tryggingu í því að stærsta og öflugasta fyrirtækið hafi ákveðnar skyldur við landsmenn lögum samkvæmt, hafi þetta grunnnet á sinni hendi og eigi að sinna grunnþjónustu við landsins þegna, ég skil þá hugsun. Við erum bara að fara inn í annað og mjög svo breytt alþjóðlegt umhverfi. Svo kann að fara að Landssíminn verði ekki sá sterki aðili í landinu sem hann er núna. Þar kunna aðrir að koma til greina.

Mér finnst rökrétt að huga að því að grunnnetið sé á hendi almennings, ríkisins, en síðan fari fram samkeppni á þessu neti. Þetta var hugmyndin sem ég vildi koma á framfæri áður en þessi frv. fara til frekari vinnslu. Ég geri mér grein fyrir því að hægt væri að ráðast í þær breytingar sem ég hef talað fyrir, að taka grunnnetið frá Landssímanum á síðari stigum og óháð þessum lögum.

Að öðru leyti vil ég segja að mér finnst við einnig þurfa að taka til rækilegrar umræðu, til hverra svonefnd alþjónusta

eigi að ná. Samkvæmt þeim hugmyndum sem nú eru uppi á hún að ná til talsímans, að allir landsmenn eiga að hafa aðgang að honum og einnig að gagnaflutningum. Það er hið besta mál en spurningin er hins vegar: Hvað um sjómennina? Þeir hafa notið þjónustunnar og eiga að mínum dómi að gera það. Þeir eru undanskildir alþjónustu en ég hefði talið æskilegt að sjómennirnir og flotinn væru skilgreindir þannig að þeir hafi rétt til þessarar þjónustu.

Ég skal játa að ég á talsvert ólært í þessum frv. og í þeim kerfisbreytingum sem hér er verið að leggja til. Mig langaði á þessu stigi til að koma þessum vangaveltum á framfæri, einkum og sér í lagi vegna þess að hæstv. samgrh. hefur marglýst því yfir opinberlega, m.a. hér á Alþingi, að hann sjái ekki ástæðu til þess skilja grunnnetið frá Landssímanum áður en hann yrði seldur. Ég hvet hæstv. ráðherra til að gefa þessari hugsun frekari gaum með hliðsjón af því sem líklegt er að gerist í framtíðinni.

[19:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson benti hér á áðan. Það ber að huga að því hver á grunnnetið, eins og hann kallar það, samskiptanetið. Að vísu fer sífellt meira af fjarskiptaþjónustu fram um alls konar örbylgjulínur. Tæknin mun vafalaust halda áfram að þróast í þá átt að ekki verði endilega nauðsynlegt að leggja línur landshorna á milli til að hafa samskipti.

Fjarskiptakerfið er hins vegar líka mjög mikilvægt öryggiskerfi. Við búum í landi þar sem veðurfar er afar breytilegt og hér geta oft orðið stórviðri eins og allir Íslendingar vita. Það kunna að koma upp spurningar um hvernig eigi að tryggja þennan öryggisþátt, hvernig eigi að tryggja viðhald fjarskiptanna og öryggisþáttinn almennt. Það nær auðvitað líka til sjómanna á fiskimiðum og þess vegna þarf að huga alveg sérstaklega að þessum fjarskiptum í framtíðinni. Ég lít svo á að hið opinbera þurfi að huga vel að því hvernig slíku verði fyrir komið.

Eins og ég hef áður sagt er tæknin að breyta samskiptum m.a. sjómanna við fólk í landi en það breytir hins vegar ekki því að þeir sem nýta þjónustuna greiða fyrir hana. Fyrir sjómenn er öryggisþátturinn vissulega einnig stórt atriði.

Ég vil beina því til hæstv. samgrh. að sérstaklega verði hugað að þessum málum við þá breytingu sem vissulega á sér stað í fjarskiptakerfum hér á landi eins og annars staðar í veröldinni.

[19:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem fram hafa komið frá hv. þingmönnum við frv. Það eru mjög jákvæð viðbrögð. Það skiptir okkur miklu máli að ná bærilegri sátt um þetta frv. sem snýst um að tryggja framkvæmd gildandi fjarskiptalaga í landinu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur það hlutverk að vera eftirlitsaðili á þeim vettvangi.

Hér hafa komið fram vangaveltur og þá sérstaklega, eins og oft áður í þessari umræðu, um grunnnetið. Menn hafa velt fyrir sér hvort eðlilegt sé að skipta upp því kerfi sem rekstur Landssíma Íslands hefur byggst á, annars vegar í það sem kallast grunnnet og hins vegar í annan búnað og starfsemi. Auðvitað er nauðsynlegt að átta sig rækilega á þessu en frv. um Póst- og fjarskiptastofnun fjallar ekki sérstaklega um það heldur fyrst og fremst um það regluverk sem við viljum hafa um eftirlit með rekstri í póstþjónustu annars vegar og hins vegar með fjarskiptaþjónustu.

Ég hef ekki legið á skoðun minni hvað þetta varðar og það er ástæða til að árétta hana vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ég tel allt benda til þess að hagstæðast sé fyrir okkur Íslendinga að fara eins að og gert hefur verið hjá öllum nágrannaþjóðum okkar sem einkavætt hafa símafyrirtækin, að brjóta ekki reksturinn upp en tryggja samkeppni. Ég tel að tryggja eigi með fjarskiptalagafrv. að símafyrirtækin eigi greiðan aðgang að grunnnetinu á grundvelli samninga. Þetta eru sjónarmið mín í þessari umræðu.

Nauðsynlegt er að minna á að ef við brytum upp Landssímann þannig að grunnnetið yrði skilið frá, hvernig sem það yrði skilgreint — það er út af fyrir sig flókið mál — þá værum við þeir einu sem veldum þann kost. Ég tel því að affarasælast fyrir okkur að hafa þetta eins og hægt er á grundvelli fjarskiptalöggjafarinnar.

Þegar að því kemur að fjalla um sölu á Landssímanum þá kann hins vegar að vera að þessar spurningar verði enn áleitnari. Þá þurfum við auðvitað að svara þeim. Ef frv. verða hins vegar að lögum, bæði frv. um fjarskipti og frv. um Póst- og fjarskiptastofnun, þá bindur það okkur ekki við að velja eina leið fremur en aðra.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að miklu máli skiptir að fjarskiptin tryggi öryggi, ekki síst sjófarenda. Um þá þjónustu er fjallað í sérstökum kafla. Hún mun verða þannig að greiða verður með henni. Öryggisþjónusta er þannig. Ég vil ekki segja að hún sé óarðbær, öryggisþjónusta er vissulega arðbær og skiptir miklu máli, en hún er ekki seld. Þess vegna koma ekki þjónustutekjur fyrir hana. Þess í stað er sá kostur valinn að ríkisvaldið leggi þar nokkuð til. Það skiptir mjög miklu að tryggilega verði gengið frá þeim hlutum.

En um þetta verður væntanlega fjallað mjög nákvæmlega í hv. samgn. Ég vænti þess að þetta frv., eins og fjarskiptalagafrv., eigi greiða leið í gegnum þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:42]

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, fyrri umr.

Stjtill., 206. mál. — Þskj. 240.

[22:13]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það hefur orðið samkomulag um að hver þingflokkur hafi 15 mínútna ræðutíma í fyrstu umferð en að öðru leyti verði ræðutími samkvæmt þingsköpum.

[22:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli forseta á því að klukkan er farin að ganga ellefu og vil láta í ljós óánægju með að menn skuli vera að hefja umræðu á þessum tíma sólarhrings um stórmál og það ekki færra en þrjú þingmál sem hér eru á ferðinni, ef ræða á allan Schengen-pakkann í kvöld eða í nótt. Mér finnst ekki mjög lánlega að verki staðið með skipulag þinghaldsins að hefja umræðu um þetta mál á þessum tíma sólarhrings.

Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð en ég vil koma þessari óánægju minni á framfæri.

(**Forseti** (GuðjG): Þau skilaboð eru móttekin.)

[22:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heimild Alþingis handa ríkisstjórninni til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna sem undirritaður var í Brussel 18. maí 1999.

Einn af hornsteinum hins norræna samstarfs hefur rúma síðustu fjóra áratugi verið hið norræna vegabréfasamstarf er felur í sér að Norðurlandabúar geta ferðast á milli Norðurlandanna án persónueftirlits. Það var sameiginlegt mat ríkisstjórna allra Norðurlandanna við síðustu stækkun ESB að leita bæri allra leiða til að koma í veg fyrir að aðild Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands að Schengen-samstarfinu hefði í för með sér afturhvarf til persónueftirlits gagnvart Íslandi og Noregi. Að mínu mati var það skylda stjórnmálamanna að bregðast við þessu og finna á því lausn, ekki síst með tilliti til hagsmuna hins almenna borgara.

Í framhaldi af þessu gerðu Norðurlöndin þrjú í aðildarumsóknum sínum fyrirvara um að unnt yrði að viðhalda norræna vegabréfasambandinu, þ.e. að fullnægjandi lausn fyndist á stöðu Íslands og Noregs.

Með hliðsjón af þessu lýstu forsætisráðherrar Norðurlandanna því yfir hér í Reykjavík í febrúar 1995 að það þjónaði best hagsmunum norræna vegabréfasambandsins að Norðurlöndin hefðu sameiginlega jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Aðildarríki Schengen féllust á að taka upp viðræður við Norðurlöndin á framangreindum forsendum og lauk þeim með undirritun aðildarsamninga Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar auk undirritunar samstarfssamnings við Ísland og Noreg þann 19. desember 1996. Frá 1. maí 1996 höfðu Norðurlöndin hins vegar áheyrnaraðild að Schengen.

Við síðustu endurskoðun stofnsáttmála ESB náðu leiðtogar aðildarríkjanna samkomulagi um að sameina Schengen-samstarfið ESB og halda áfram framkvæmd þess og frekari þróun á grunni sáttmála sambandsins. Í breyttum sáttmála ESB var sérstaklega kveðið á um áframhaldandi samstarf við Ísland og Noreg sem skyldi byggjast á samstarfssamningnum frá 1996. Þörf var þó á að endursemja um þátttöku Íslands og Noregs í Schengen.

Samningaviðræðum milli Íslands og Noregs og ESB lauk í desember 1998 og voru samningar undirritaðir 18. maí 1999 og er nú leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samninginn sem kenndur er við Brussel. Af hálfu Íslands voru markmiðin með samningsgerðinni að viðhalda þeim árangri er náðst hafði með fyrri samstarfssamningi. Samningsniðurstaðan, eins og hún er lögð fyrir Alþingi, felur að mati ríkisstjórnarinnar í sér að meginmarkmið Íslands hafi náðst.

Með fyrri samstarfssamningum var Íslandi og Noregi tryggð full aðild að ákvarðanaferli Schengen að undanskildum atkvæðagreiðslum. Ísland og Noregur urðu ekki bundin af ákvörðunum sem teknar voru en ríkin tóku hverju sinni sjálfstæða ákvörðun um hvort þau samþykktu niðurstöðuna. Með samningnum var tilvist norræna vegabréfasambandsins varin en það byggir á sömu grundvallarsjónarmiðum og Schengen-samstarfið. Samningurinn tryggði áframhaldandi ferða- og vegabréfafrelsi milli Norðurlandanna, þátttöku í stærsta ferðafrelsissvæði í Evrópu, þátttöku í aukinni lögreglusamvinnu Evrópuríkja í baráttu gegn fíkniefnum og alþjóðlegri afbrotastarfsemi, þátttöku í víðtæku samstarfi varðandi baráttu gegn ferðum ólöglegra innflytjenda.

Með Brussel-samninginum við ESB var áframhaldandi þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu tryggð og um leið tilvist norræna vegabréfasambandsins. Samningurinn leysir fyrri samning af hólmi og kveður fyrst og fremst á um stofnanalegt fyrirkomulag þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu.

Meginákerslur Íslands í samningaviðræðunum voru annars vegar að þátttaka Íslands og Noregs væri tryggð við mótun ákvarðana og rekstur samningsins og hins vegar að nýr samningur héldi öllum einkennum almenns þjóðréttarsamnings án þátta sem kallast mættu yfirþjóðlegir. Með Brussel-samningnum hefur náðst ásættanleg niðurstaða hvað varðar þjóðréttarlega stöðu samstarfsins. Í samningnum er hvorki gert ráð fyrir íþyngjandi eftirlitshlutverki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins né dómsvaldi Evrópusambandsdómstólsins gagnvart Íslandi og Noregi.

Brussel-samningurinn kveður á um að komið sé á laggirnar samsettri nefnd sem kemur saman á stigi sérfræðinga, háttsettra embættismanna og ráðherra. Ráðgert er að allur undirbúningur nýrra Schengen-reglna fari fram í nefndinni en einungis hin formlega ákvarðanataka um Schengen-málefni verði í nefndum ESB. Nefndinni er ætlað að taka á öllum þeim málum sem falla undir samninginn og tryggja að sjónarmið Íslands og Noregs fái tilhlýðilega umfjöllun. Ísland og Noregur taka sem fyrr sjálfstæða ákvörðun hvort fyrir sig hvort þau kjósi að undangenginni þátttöku sinni í undirbúningi ákvarðana að bindast þeim og taka þær upp í löggjöf sína á grundvelli eigin stjórnskipunarlaga. Enn fremur er áréttuð nauðsyn þess að allir aðilar, þar með talið Ísland og Noregur, taki á viðeigandi hátt, á hvaða vettvangi sem er, þátt í umræðum um beitingu Schengen-reglna, framkvæmd þeirra og undirbúningi að frekari þróun þeirra. Samsetta nefndin er því virkur samstarfsvettvangur Íslands, Noregs og aðildarríkja Evrópusambandsins.

Af þeirri reynslu sem orðin er af framkvæmd samningsins má ráða að ESB hyggist framkvæma þennan hluta samningsins á traustvekjandi hátt. Þegar hafa verið haldnir fundir á vettvangi háttsettra embættismanna og ráðherra. Formennska á þessum vettvangi hefur á síðari hluta hvers árs verið í höndum Íslands eða Noregs og kom það í hlut Íslands að sitja í forsæti síðari hluta þessa árs.

Ekki verður fram hjá því litið að í þessu efni hefur ESB gengið lengra í að hleypa þriðju ríkjum að starfsemi sinni, en áður er dæmi um. Í því samhengi má minna á að ekki var orðið við kröfu EFTA-ríkjanna í EES-viðræðunum um formbundinn aðgang að starfsemi ráðherraráðs ESB. Er þessi staðreynd að mínu mati mjög mikilvæg þar sem með þessu er tryggður vettvangur fyrir náið pólitískt samráð.

Ísland og Noregur skuldbinda sig svipað og ráð var fyrir gert í fyrri samningum, að taka upp og framkvæma reglur Schengen eins og þær eru tilgreindar í sérstökum viðaukum sem í raun afmarka efnissvið samvinnunnar. Nýjar Schengen-reglur sem Ísland og Noregur hafa tekið þátt í að undirbúa innan samsettu nefndarinnar verða fyrst samþykktar af viðeigandi stofnun ESB en síðar taka Ísland og Noregur hvort um sig sjálfstæða ákvörðun um aðild að þeim.

Það er auðvitað svo í þessu tilfelli sem mörgum öðrum þegar kemur að samstarfi við ESB að spurningar vakna um hversu langt verði gengið að teknu tilliti til ákvæða stjórnarskrár. Þess vegna kaus ríkisstjórnin að kalla til ráðgjafar sérfræðinga á því sviði. Unnu þeir sérstakt álit á stöðu mála áður en samningaviðræður hófust auk þess sem þeir voru samningamönnum Íslands til ráðgjafar meðan á viðræðum stóð og hafa nú lagt mat á lokaniðurstöðu samninganna. Fylgja álit þeirra tillögu þessari þar sem þeir komast að þeirri niðurstöðu að samningsniðurstaðan fari ekki gegn gildandi stjórnskipunarlögum.

Herra forseti. Svo sem kunnugt er felur Schengen-samstarfið í sér að persónueftirlit við för yfir landamæri aðildarríkjanna verður afnumið. Þessi grunnhugsun er okkur ekki ókunn þar sem norræna vegabréfasamstarfið hefur að geyma sömu meginmarkmið. Almennt séð má telja það jákvæða þróun í samskiptum ríkja þegar þau hafa náð að byggja upp slíkt traust sín í milli að þau telja sig geta aflétt eftirliti á landamærum sínum eins og hér um ræðir. Það er mitt álit að til lengri tíma litið geti íslensk ferðaþjónusta nýtt sér þetta í markaðssetningu sinni á hinum ört stækkandi evrópska markaði.

Einn helsti vandi í baráttunni gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi er sú staðreynd að lögsaga ríkja er bundin við landamæri. Glæpastarfsemi gengur hins vegar þvert á lögsögu ríkja. Það er mikilvægt vegna alþjóðlegs eðlis brota af þessu tagi að Ísland taki þátt í sterku alþjóðlegu samstarfi. Þar gegnir Schengen-samstarfið mikilvægu hlutverki enda hafa aðildarríkin orðið ásátt um ýmsar aðgerðir til að styrkja innra öryggi sitt samhliða því að persónueftirlit á innri landamærum er afnumið.

Svo vel vildi til þegar fyrir lá að Íslendingar mundu sækjast eftir þátttöku í Schengen-samstarfinu að ljóst var að ráðast þyrfti í verulega stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar til að mæta aukinni umferð farþega. Við hönnun vegna stækkunarinnar hefur því verið hægt að taka tillit til breyttra aðstæðna vegna persónueftirlits eftir Schengen-reglum. Áætlaður byggingarkostnaður stækkunarframkvæmda flugstöðvarinnar 1998–2001 nemur um 3.600 millj. kr. Burt séð frá þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu hefði við stækkun flugstöðvarinnar þurft að gera ráð fyrir verulega bættri starfsaðstöðu fyrir persónueftirlit en persónueftirlit á Keflavíkurflugvelli hefur undanfarin ár liðið fyrir óhentugan aðbúnað og þrengsli.

Ekki liggur fyrir heildarkostnaðaruttekt á þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu enda er þar við nokkurn vanda að etja þar sem erfitt er að aðgreina Schengen-kostnað frá öðrum kostnaði er fyrirsjáanlega hefði fallið til í náinni framtíð og til þess þyrfti að sjálfsögðu að skilgreina nákvæmlega og betur hvaða annar kostur er þar til staðar og hvaða kostnaður felst í honum.

Áætlað er að aukinn rekstrarkostnaður sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli vegna fyrirhugaðra breytinga verði 46,5 millj. á ári. Á næsta ári er þó áætlað að kostnaðurinn verði rúmlega 21 millj. kr.

Ríkislögreglustjórinn mun annast hluta Íslands í upplýsingakerfi Schengen. Um kostnað í þessu sambandi er vísað til frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið sem hæstv. dómsmrh. mun mæla fyrir hér síðar.

Fram hjá því verður ekki litið að við lifum í veröld þar sem mörk milli þjóðríkja verða sífellt óljósari. Þessi þróun eru viðbrögð við auknum kröfum fólks um að losað sé um hömlur og höft af ýmsu tagi sem áður voru talin nauðsynleg í ýmsu tilliti, oft sögulegu. Það er skylda íslenskra stjórnmálamanna að svara kalli tímans í þessu efni jafnframt því að tryggja um leið að slíkt frelsi sé ekki misnotað til skaða fyrir þann stóra meiri hluta sem nýtir kosti þess í lögmætum tilgangi. Þessi þróun og þessum kröfum tel ég að íslensk stjórnvöld svari m.a. með þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Það verður að hafa hugfast í þessu sambandi hver staðan kann að verða ef kosið er að standa utan þessa samstarfs. Ljóst er m.a. að engin trygging yrði fyrir því að íslenskir ferðamenn nytu til framtíðar sérstakrar meðferðar við eftirlit á flugvöllum á svæðinu. Jafnframt yrðu þeir sömu af þeim kostum sem óneitanlega felast í því að geta farið hindrunarlaust um landamæri einstakra ríkja. Einnig er ljóst að íslensk lögregluyfirvöld ættu hvorki kost á þeim beinu samskiptum við lögregluyfirvöld Schengen-ríkjanna sem tryggð eru með samningnum né hefðu aðgang að þeim upplýsingum sem er að finna í upplýsingakerfi Schengen. Einnig er í mínum huga ljós sú hætta að verði staðið utan þessa samstarfs þá verði það til skaða fyrir mikilvæga þætti lögreglusamvinnu við erlend ríki, þar með talin Norðurlöndin, þar sem áhersla lögregluyfirvalda annarra ríkja beinist í auknum mæli í átt að ESB og Schengen. Gæti slíkt m.a. leitt til þess að Norðurlöndin gætu ekki í sama mæli og með sama hætti og í dag unnið með íslenskum lögregluyfirvöldum að rannsókn og meðferð afbrotamála.

Herra forseti. Það er heildarniðurstaða mín að í öllum meginatriðum hafi Ísland náð þeim markmiðum sem það hefur sett sér í þessu máli og með því tryggt áframhaldandi tilvist norræna vegabréfasambandsins auk þess sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur leitt til þess að alþjóðlegt samstarf í baráttunni gegn fíkniefnum og skipulagðri afbrotastarfsemi hefur verið styrkt verulega.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. utanrmn.

[22:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur nú mælt fyrir þáltill. um Schengen-samstarfið en framkvæmd þess hvílir að stórum hluta á dómsmrn. og undirstofnun þess. Í því ljósi tel ég rétt að fjalla sérstaklega um tillöguna og áhrif hennar.

Íslendingar eru í auknum mæli þjóð á ferðalagi. Það er ekki einungis að Íslendingar ferðist í auknum mæli til annarra ríkja heldur fara tekjur Íslands af ferðaþjónustu vaxandi. Að mínu mati yrði það til hagsbóta fyrir íslenska ferðamenn og íslenska ferðaþjónustu ef við getum í auknum mæli aflétt hömlum á umferð farþega. Þannig er afnám persónueftirlits líklegt til að hafa jákvæð áhrif á viðskipti við Evrópuríki og ferðir viðskiptamanna sem og ferðir almennings hingað til landsins. Þá má benda á að umferð innan Schengen-svæðisins í flugi fær bestu aðstöðu á flugvöllum og skiptir það sérstaklega máli í sambandi við tengiflug og þann tíma sem líða má frá áætlaðri komu til flugvallar og brottfarar tengiflugs. Því má ætla að þátttaka okkar í Schengen-samstarfinu sé til hagsbóta fyrir alla landsmenn, ferðaþjónustuna og viðskiptalífið í heild sinni.

Eins og hæstv. utanrrh. hefur þegar getið um þá býr meira að baki Schengen-samstarfinu en það að persónueftirlit á innri landamærum aðildarríkjanna er afnumið. Ég hef leyft mér að kalla þátttöku okkar í Schengen-samstarfinu hinn

nýja varnarsamning, nú gegn allt öðrum öflum en sá varnarsamningur sem við þekkjum manna best. Að þessu sinni eru það ekki hernaðaröfl sem ógna öryggi okkar heldur skipulagðir hópar afbrotamanna sem einskis svífast til að koma ár sinni fyrir borð í ríkjum innan sem utan ESB.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, herra forseti, að í auknum mæli verði í samfélagi okkar vart við það sem almennt má fella undir skipulagða afbrotastarfsemi og ber í mörgum tilvikum svip alþjóðlegrar afbrotastarfsemi. Má í því sambandi nefna fíkniefnasmygl og peningaþvætti. Einnig er svo komið að hér á landi þrífst orðið starfsemi sem er oft talin vera eitt einkenni skipulagðrar alþjóðlegrar afbrotastarfsemi og starfsemi af þessu tagi á sér langa sögu í aðildarríkjum Schengen og hafa ríkin í auknum mæli tekið upp samstarf í því skyni að spyrna á móti þessari þróun. Sýnir þetta í hnotskurn að afbrotastarfsemi virðir engin landamæri jafnvel þó landamæra sé gætt. Engin landamæri dagsins í dag stöðva afbrotamanninn í ætlunarverki sínu.

Með þátttöku í Schengen-samstarfinu opnast íslenskum yfirvöldum ýmsar dyr að samstarfi aðildarríkjanna sem er ætlað að berjast gegn þeim vágesti sem afbrotastarfsemi af þessu tagi er. Auk þess er það trú mín að eftir að hafa styrkt lögregluna innan lands með þeim hætti sem gert hefur verið undanfarin missiri og framhald verður á beri að stefna að víðtækri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi sem beinist að baráttu gegn afbrotum. Íslensk stjórnvöld geta ekki með nokkru móti varið að sérstaða okkar sé þvílík að alþjóðlegt samstarf í víðtækum skilningi komi ekki til góða í þeirri baráttu sem nánast er háð á hverjum degi hér á landi gegn afbrotastarfsemi í ýmsum myndum.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að nýlega átti ég kost á að sitja fund með kvendómsmálaráðherrum frá ýmsum ríkjum og var það samdóma álit þeirra að aukin alþjóðleg samvinna væri grundvöllur að hertri baráttu gegn afbrotum. Í sömu ferð átti ég þess einnig kost að eiga fund með dómsmrh. Bandaríkjanna og ræddum við nauðsyn þess að efla gagnkvæma aðstoð og samvinnu og miðlun upplýsinga milli landanna. Þótti henni fyrirhugað samstarf okkar við Evrópusambandsríkin á þessu sviði vera mjög athyglisvert.

Þátttaka í Schengen-samstarfinu er einn af þeim þáttum sem koma til með að styrkja okkur í þeirri viðleitni okkar að berjast gegn afbrotum með öllum tiltækum ráðum. Grípa aðildarríkin, samhliða því að afnema persónueftirlit á innri landamærum sínum, til ýmissa aðgerða til að styrkja innra öryggi. Rétt er þó að taka fram að þrátt fyrir afnám persónueftirlits verður tollgæsla á bæði ytri og innri landamærum óbreytt.

Varðandi aðgerðir til að styðja og styrkja innra öryggi ber fyrst að telja að aðildarríkin taka upp nánara samstarf milli lögregluyfirvalda. Skuldbinda aðildarríkin sig til að vinna almennt náið saman á þessum vettvangi auk þess sem þau hafa orðið ásátt um tilteknar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir og upplýsa afbrot. Í því sambandi má nefna heimildir lögreglu til aðgerða á landsvæði annars aðildarríkis að uppfylltum ströngum skilyrðum og með ákveðnum takmörkunum. Hér ber að nefna tilvist Schengen-upplýsingakerfisins sem nefnt hefur verið SIS eða Schengen Information System sem er mikilvægt tæki í að hafa uppi á afbrotamönnum hvar sem þeir eru staddir á Schengen-svæðinu og til að hindra að ætlaðir afbrotamenn komist inn á svæðið. Til að styrkja þetta samstarf enn frekar er komið á beinum samskiptum milli lögregluyfirvalda aðildarríkjanna sem tryggja greiða upplýsingamiðlun og skjót viðbrögð þegar á þarf að halda. Norðurlöndin hafa verið í sérstöku samstarfi um upplýsingakerfið og m.a. farið í sameiginlegt útboð til uppsetningar á því.

Nú er verið að undirbúa hér á landi stofnsetningu SIRENE-skrifstofu hjá ríkislögreglustjóra, sem annast mun upplýsingaskipti og starfsrækslu Schengen-upplýsingakerfisins hér á landi. Einnig má nefna að komið verður á fót Vision-upplýsingakerfi hjá Útlendingaeftirlitinu sem tengist samráði og sameiginlegum reglum um útgáfu vegabréfsáritana.

Í þessu sambandi er og rétt að nefna að aðildarríki ESB hafa innbyrðis gengið lengra á sviði lögreglusamstarfs, m.a. með því að setja á stofn EUROPOL þar sem fram fer náið samstarf milli aðildarríkja við rannsókn á tilteknum afbrotum. Gert er ráð fyrir því að EUROPOL gangi til samninga um samstarf við ríki sem eru utan ESB. Af Íslands hálfu hefur þegar verið með formlegum hætti lýst yfir áhuga á gerð slíks samnings og er ástæða til að ætla að þátttaka okkar í Schengen komi til með að verða til þess að Ísland verði meðal fyrstu ríkjanna til að gera slíkan samning. Það er samdóma álit íslenskra sérfræðinga sem hafa kynnt sér starfsemi EUROPOL að fengur muni verða að þessu samstarfi þegar kemur að málum er varða alþjóðlega afbrotastarfsemi. Samstarfið veitir okkur aukinn slagkraft í baráttu gegn skipulögðum afbrotahópum er hafa tengst við aðildarríki ESB eða þau ríki sem kunna að gera samstarfssamning við EUROPOL.

Ekki er síður mikilvægt í þessu sambandi að náið samstarf sé á milli aðildarríkjanna þegar kemur að því að grípa til nauðsynlegra aðgerða í tilefni afbrota. Innan Schengen-samstarfsins er að finna reglur er ganga lengra en þeir samningar sem Ísland á aðild að í dag til að tryggja bein og greiðari samskipti milli yfirvalda aðildarríkjanna á sviði réttarsamvinnu og gagnkvæmrar réttaraðstoðar í sakamálum. Er þar m.a. átt við bein samskipti í því skyni að leita eftir framsali sakamanna og rannsóknaraðgerðir í sakamálum. Einnig má nefna ákvæði um afhendingu undir eftirlit, bein upplýsingaskipti o.fl. Þetta eru allt mjög mikilvæg atriði og er ástæða til að ætla að þau muni styrkja mjög lögreglu hér á landi í baráttunni gegn skipulegri brotastarfsemi og gera henni í auknum mæli kleift að bregðast fyrr og markvissar við málum er teygja anga sína út fyrir landsteinana. Þekkjum við vel mikilvægi atriða af þessu tagi úr norrænu samstarfi þar sem úrræði sem þessi hafa verið til staðar um áratuga skeið og í dag er einmitt haldinn í Reykjavík samráðsfundur norrænna lögreglustjóra og tollgæslu. Á undanförnum vikum og mánuðum höfum við séð glögg dæmi þess að samvinna við önnur lönd hefur skilað okkur mjög góðum árangri í baráttunni gegn fíkniefnum.

Ýmislegt bendir til þess að koma ólöglegra innflytjenda til landsins fari vaxandi. Aðildarríkjum Schengen var ljóst að samfara afnámi persónueftirlits á innri landamærum yrði að styrkja eftirlit gegn straumi ólöglegra innflytjenda. Ríkin hafa með sér náið samstarf á því sviði sem annars vegar beinist að því að styrkja eftirlit á ytri landamærum svæðisins auk þess sem samstarf innan svæðisins er aukið í því skyni að koma í veg fyrir umferð ólöglegra innflytjenda innan þess og bregðast eftir atvikum við slíkri umferð. Er þannig gert ráð fyrir að Ísland taki þátt í samstarfi ESB sem tryggi öryggi Íslands að þessu leyti. Munu sérstakar samningaviðræður um þátttöku Íslands í svonefndu Dyflinnarsamkomulagi hefjast

innan tíðar auk þess sem gert er ráð fyrir að tekið verði þátt í svonefndu EURODAC-kerfi um fingrafaraskráningu og sem nánari grein er gerð fyrir í fyrirliggjandi tillögu. Auk þess mun Ísland taka þátt í frekara samstarfi við aðildarríki ESB sem ætlað er að tryggja öryggi að þessu leyti og eftir atvikum tryggja að fólki verði snúið til baka komi það hingað með ólöglegum hætti frá öðrum aðildarríkjum á svæðinu.

Herra forseti. Það verður ekki fram hjá því litið að með samstarfi við ESB á þeim sviðum sem hér um ræðir hefur Ísland fikrað sig inn á nýjar brautir í samstarfi við sambandið. Það er óneitanlega ekki einfalt að finna samstarfi við ESB farveg sem fullnægt getur kröfum stjórnskipunar Íslands með hliðsjón af uppbyggingu sambandsins sjálfs. Á hinn bóginn hefur að mínu mati tekist vel til í þessum samningi þar sem þátttaka Íslands í mótun ákvarðana er tryggð án þess að stofnunum ESB sé fengið úrlausnarvald gagnvart Íslandi.

Það er hins vegar einnig mikilvægt í samstarfi af þessu tagi að tryggt sé að ráðherrar aðildarríkjanna geti formlega átt með sér pólitískt samráð um samstarfið. Í þessu efni hefur einnig vel tekist til í samningnum. Fer ég með formennsku í samsettu nefndinni á vettvangi ráðherra fram til áramóta. Hafa tveir fundir farið fram undir stjórn Íslands þar sem saman voru komnir ráðherrar aðildarríkja ESB auk Íslands og Noregs. Á þessum fundum hef ég vakið athygli á að Ísland og Noregur leggja pólitíska áherslu á sem víðtækasta nálgun landanna að Schengen-samstarfinu, m.a. með tillit til aukinnar lögreglusamvinnu. Þá vil ég geta þess að á síðari fundinum var gert samkomulag um að Grikkland muni hefja fulla framkvæmd Schengen-samningsins eigi síðar en 26. mars nk. Verða Schengen-ríkin þá orðin tíu, Norðurlöndin eru nú öll að undirbúa þátttöku í samstarfinu og Bretland mun innan tíðar hefja þátttöku í þeim hlutum samstarfsins sem ekki krefjast þess að persónueftirlit á innri landamærum verði afnumið. Þannig munu þau ríki sem taka þátt í Schengen-samstarfinu verða fleiri.

Er ljóst eftir reynslu undanfarinna mánaða að með þessu fyrirkomulagi hefur verið skapaður virkur vettvangur til pólitísks samráðs milli Íslands og aðildarríkja ESB á sviði sem á eftir að ganga í gegnum öra þróun á næstu missirum.

Herra forseti. Ég vil fá að nota þetta tækifæri og gera í stuttu máli grein fyrir nauðsynlegum lagabreytingum svo unnt verði að fullnægja þeim skuldbindingum sem leiða af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Í dag mun ég mæla fyrir tveimur frv. sem varða þetta atriði og ber þar fyrst að nefna frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið. Upplýsingakerfið er meðal þeirra mikilvægu tækja sem lögreglu verða fengin til að styrkja baráttuna gegn afbrotum.

Í öðru lagi mun ég mæla fyrir frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum sem nauðsynlegt er að gera í tengslum við þátttöku í samstarfinu. Auk þess mun ég fljótlega mæla fyrir frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en það frv. miðar m.a. að því að Ísland fullnægi skuldbindingum sem felast í þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Að lokum er gert ráð fyrir að leggja fram fljótlega á nýju ári frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum þar sem tekið verður á ýmsum þeim þáttum er snúa að landamæraeftirliti, dvalarleyfum og vegabréfsáritunum.

Herra forseti. Það er staðföst trú mín að þátttaka okkar í Schengen-samstarfinu skili ekki bara jákvæðum áhrifum fyrir íslenska ferðamenn og ferðaþjónustu. Ljóst er að þátttaka okkar styrkir okkar eigið landamæraeftirlit en mun ekki síður færa okkur í hendur nánara alþjóðlegt samstarf sem mun styrkja yfirvöld hér á landi í baráttunni gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi. Það er skylda okkar að bregðast við þeirri óheillaþróun sem við verðum vitni að þessa dagana á ýmsum sviðum. Þátttaka í Schengen er mikilvægur þáttur þeirra viðbragða.

[22:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Eitt af aðaleinkennum hnattvæðingarinnar, sem svo er nefnd, er að samvinna þjóða eykst jafnt og þétt á alþjóðlegum vettvangi. Slík samvinna á best við og ber í sér mesta von um árangur þegar fengist er við alþjóðleg verkefni eða vanda sem virðir engin landamæri. Umhverfismálin eru líklega besta dæmið um slík sameiginleg verkefni, um hnattrænt verkefni, og það er líka baráttan gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi sem er m.a. viðfangsefni þess samnings sem hér er til umræðu.

Kjarni Schengen-samstarfsins er, eins og segir í till. til þál., með leyfi forseta:

„... annars vegar að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar að styrkja baráttu samstarfsríkjanna gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi, ekki síst ólöglegum innflutningi fíkniefna."

Nú er það svo, herra forseti, að í almennri umræðu hér á landi um innihald samningsins á liðnum missirum hefur líklega mest púður farið í umfjöllun um hvernig mætti viðhalda ferða- og vegabréfafrelsi innan Norðurlandanna. En Schengen-samstarfið snýst ekki bara um það að Íslendingar losni við að bíða í biðröðum, hvort heldur það er á flugstöðinni í Kastrup eða einhvers staðar annars staðar í Evrópu. Hér er verið að ræða um frjálsa för fólks innan aðildarríkjanna og samstarf lögreglu og yfirvalda í aðildarríkjunum sem er í raun, eða a.m.k. í mínum huga, veigamesti þáttur samningsins. Eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh. veitir þessi samningur lögregluyfirvöldum á Íslandi aðgang að upplýsingum sem annars fengjust ekki.

En það er í samstarfi sem þessu sem einnig þarf að gæta að því að ýtrustu persónuverndar sé gætt í öllum þáttum þess. Í framsögu hæstv. dómsmrh. kom fram að hæstv. dómsmrh. væntir mikils af því samstarfi sem fæst með því að skiptast á upplýsingum um glæpamenn eða aðra þá sem grunaðir eru um refsivert athæfi. En mig langar samt að vekja athygli á því hvernig þetta er orðað í frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi. Að mínu áliti eru þetta býsna opin ákvæði en nokkuð sem ég hef ekki lagalega þekkingu á, best að taka það fram strax, en hins vegar nokkuð sem ég hygg að muni verða skoðað mjög vandlega af fulltrúum Samfylkingarinnar í þeim þingnefndum sem fjalla um þetta mál.

Í 6. gr. frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið er talað um að heimilt sé að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í eftirfarandi tilvikum. Þar er tekið fram undir b-lið, með leyfi forseta:

„þegar meina á útlendingi landgöngu vegna þess að:

1. Hann hefur verið dæmdur hér á landi eða erlendis í fangelsi í a.m.k. eitt ár eða ætla má af öðrum ástæðum að hann muni fremja refsiverðan verknað á Schengen-svæðinu eða

2. ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengen-svæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingarstarfsemi ..."

Það má vel vera að fákunnáttu minni um þessi mál sé um að kenna en mér þykja þetta nokkuð opnar heimildir, herra forseti, og ég vona að vönduð umfjöllun um þetta mál í þingnefndum og í umræðum í þingsal muni leiða í ljós hvað í þessu raunverulega felst.

Hér er líka verið að fjalla um hælisleitendur og eftirlit með ólöglegum innflytjendum. Allt eru þetta mjög viðamikil og flókin verkefni. Ég fagna því að það skuli eiga að gera gangskör að því að tryggja eða styrkja réttara sagt réttarstöðu þeirra sem sækja um hæli á samningssvæðinu þannig að hælisleitendum sé tryggð sama meðferð, sama hvar þeir æskja hælis. Þetta er nokkuð sem ég tel fela í sér mikilsverða réttarbót.

En mig langar kannski svona rétt að lokum, herra forseti, að vekja athygli á því að í frv. til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu segir í 12. gr. VI. kafla sem heitir Gildistaka, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra ákveður hvenær lög þessi eða einstakir kaflar þeirra öðlast gildi."

Það má vera að þetta sé nokkuð sem tíðkist við lagasetningu. Ég er samt ekki alveg viss um það og mér þætti vænt um að fá svar við því frá hæstv. dómsmrh. hvers vegna ákvæðið er svona. Ég hef nú reyndar lesið 12. gr. líka en ég sé ekki alveg ástæðu þess að þetta sé svona galopið.

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar munu vinna vandlega að framgangi þessa máls á vettvangi þeirra þingnefnda sem um það fjalla. Önnur atriði sem kunna að orka tvímælis í þeim málum sem hér hafa verið lögð fram munum við skoða mjög vandlega í starfi þingnefndanna og í öðrum umræðum á hinu háa Alþingi.

[22:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir málefnalega ræðu í þessu máli. Ég ætla ekki að fara út í þau frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur ekki enn þá mælt hér fyrir.

Ég vildi aðeins segja varðandi persónuupplýsingar að lágmarksreglur í þessu sambandi eru reglur samkvæmt Evrópusamningnum um vernd persónuupplýsinga. Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli við meðferð málsins að fara ofan í það. En það gilda mjög strangar reglur um vernd persónuupplýsinga í Schengen-samningnum. Auk þess verður að benda á að tölvunefnd mun jafnframt koma að þessu máli. En þetta er að sjálfsögðu mál, eins og hv. þm. tók fram, sem nauðsynlegt er að hv. nefnd fari vel ofan í því að ýmis atriði þessa máls eru að sjálfsögðu yfirgripsmikil og flókin og því eðlilegt að mjög góð umræða fari fram um það í meðferð nefndarinnar.

[22:50]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þessa ábendingu og vil bara ítreka það hér að farið verði mjög vandlega einmitt yfir efnisatriði Evrópusamningsins um vernd persónuupplýsinga. Ég vil reyndar taka það fram að aldrei er of varlega farið í þeim efnum. En ég treysti því að þetta atriði eins og önnur í þessum samningi fái vandlega umfjöllun.

[22:51]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar ábendingar. Reyndar er það svo að við erum ekki enn þá komin í efnislega umræðu um frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið. Engu að síður finnst mér rétt að geta þess að það mál fer ásamt öðrum sem mælt verður hér fyrir til allshn. og ég vænti þess að nefndin muni fara vandlega yfir þessi frv. og gæta að þeim ákvæðum sem hv. þm. nefndi hér sérstaklega.

En ég vil taka það fram um 20. gr. sem var spurt um, þ.e. gildistökuna, að í greinargerð og skýringu við þá grein stendur, með leyfi herra forseta:

„Fyrirhugað er að Norðurlöndin hefji þátttöku í Schengen-samstarfinu haustið 2000. Miðað við hvernig undirbúningi miðar gæti þó verið nauðsynlegt að fresta þátttökunni. Því er lagt til að ráðherra ákveði hvenær lögin öðlast gildi."

Það er auðvitað ekkert algengt að svona gildistökuákvæði komi fram heldur er almennt miðað við ákveðna tímasetningu. Þó eru fyrir þessu ákveðin fordæmi. Ég vildi bara láta þetta koma fram hér, hæstv. forseti.

[22:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég hygg að gerðar verði athugasemdir við gildistökuákvæðið í hv. allshn. Eins og ég sagði áðan þá hafði ég 12. gr. til hliðsjónar. En þó svo að nauðsynlegt sé að fresta þátttökunni þá sé ég ekki beinlínis nauðsyn þess að hafa gildistökuákvæðið með þessum hætti. En það verður bara tekið á því í nánari umfjöllun um málið.

[22:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, talsmaður Samfylkingar, talaði hér endurtekið áðan um ferðafrelsi og frjálsa för. Ég held að það sé mjög mikill misskilningur að leggja hlutina þannig upp að í þessu frv. felist einhver breyting hvað varðar frelsi ferðamanna t.d. til að ferðast um Evrópu. Málið er hins vegar í áróðursskyni gjarnan sett þannig fram. Hér eiga í öllum tilvikum í hlut lönd sem hafa afnumið skyldu til vegabréfsáritunar sín í milli og för ferðamanna t.d. milli Bretlands sem verður utan Schengen-svæðisins, a.m.k. í byrjun, og meginlands Evrópu verður að sjálfsögðu jafnfrjáls og hún hefur verið.

Málið snýst ekki um þetta. Það snýst um að fella niður heimildir ríkja til þess að halda yfir höfuð uppi landamæraeftirliti og persónulegri skoðun á skilríkjum eða vegabréfum, eftirliti sem reyndar er þegar búið að fella niður í mjög miklum mæli á meginlandi Evrópu, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir veit sjálfsagt.

Að öðru leyti finnst mér það hins vegar skiljanlegt að þeir hv. þm. sem hafa á sinni stefnuskrá að Ísland gangi í Evrópusambandið séu jákvæðir og hrifnir af aðild Íslands að þessum samningi. Það er rökrétt, af því að búið er að innlima hann í Evrópusambandið. Og ég hef grun um að hv. 12. þm. Reykn., Þórunn Sveinbjarnardóttir, sé í hópi áhugamanna um það mál. Annars ætla ég ekki að gera henni upp skoðanir.

Herra forseti. Í öðru lagi verð ég að segja alveg eins og er að mér hefur fundist forleikur hæstv. dómsmrh. í þessu máli nokkuð sérkennilegur undanfarna daga. Hæstv. dómsmrh. hefur farið hamförum í fjölmiðlum, oft í viðtölum við tiltekna fréttamenn, og verið í svona sérstöku fyrirframáróðursstríði fyrir ágæti þessa máls sem hefur beðið umræðu á hinu háa Alþingi. Og mér hefur fundist málflutningur hæstv. dómsmrh. ótrúlega einhliða. Sama verð ég að segja um ræðu hennar hér áðan. Hún var ótrúlega einhliða gylling á kostum og því góða sem vel má vera að verði samfara þessu máli, a.m.k. að einhverju leyti. En hæstv. dómsmrh. minnst ekki einu einasta orði í ræðu sinni á þær áhyggjur sem menn mjög víða hafa, efasemdir og gagnrýni sem þetta

mál hefur fengið úr ýmsum áttum, m.a. frá kollegum hæstv. ráðherra í öðrum löndum eða lögreglu og tollayfirvöldum í mörgum af aðildarríkjunum, t.d. í Noregi, Frakklandi og Svíþjóð. Ég verð að segja að ræða hæstv. utanrrh. var þó að þessu leyti í mun betra jafnvægi því að hæstv. ráðherra var á fremur hógværum nótum þegar hann var að rökstyðja hér ágæti málsins sem hann taldi þó meira en ... (**Gripið fram í:** Röddin er líka léleg.) Já, rödd hæstv. utanrrh. er að vísu lítil. En það þyrfti nú ekki endilega að breyta innihaldi ræðunnar, eða hvað, þó að hún sé flutt á lágværum nótum?

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja aðeins upp hver aðdragandi þessa máls er. Hver er aðdragandinn? Hann er sá að snemma á níunda áratugnum fara nokkur ríki á meginlandi Evrópu, Benelúxlöndin og nokkur fleiri ríki, að ræða sín í milli um það að fella niður í áföngum það landamæraeftirlit sem að nafninu til hafði þá verið haldið þar uppi um árabil. Þannig byrjar þetta nú. Það er auðvitað fullkomlega eðlilegur og skiljanlegur hlutur að þessi lönd, eins og Benelúxlöndin, sem meira og minna bjuggu við sameiginlegan vinnumarkað o.s.frv. og þar sem landamæraeftirlitið var orðið mjög lítið, vildu ganga frá því máli. Þannig fer þessi snjóbolti af stað. Síðan bætast fleiri í hópinn. Gefin er út sérstök yfirlýsing 1990, Schengen-samkomulagið er undirritað og kennt við staðinn og síðan kemur samningurinn til framkvæmda 1995 og þá eru tíu ríki orðin þátttakendur. En þetta er algjörlega sjálfstæður samningur meginlandsríkjanna sem þarna fer af stað. Og það er ekki fyrr en það verður ofan á að fella hann inn í Evrópusambandsréttinn með Amsterdam-samningnum á árinu 1997 sem hann kemur í það samhengi sem nú ber raun vitni.

Herra forseti. Þetta held ég að menn þurfi að hafa í huga þegar þeir ræða síðan spurninguna um tengsl ríkja eins og Íslands, Noregs eða þess vegna Bretlands sem ekki hefur ákveðið að ganga þarna inn, við þetta samkomulag sem í grunninn er hugsað upp af meginlandsþjóðunum og sniðið að þeim aðstæðum sem þar ríkja, og er auðvitað mjög skiljanlegt í því ljósi.

Síðan kemur að því, herra forseti, í öðru lagi að hvað sem menn segja um kosti eða galla þess að gerast aðilar að þessu samstarfi með einhverjum hætti, þá er þetta orðið að innra máli Evrópusambandsins. Það tengist þar af leiðandi spurningunni um það hvernig menn hugsa tengsl sín við Evrópusambandið almennt. Það er ekki hægt að aðskilja þetta mál spurningunni um það hvernig Ísland hyggst á komandi árum og í almennu samhengi búa um sín samskipti við þetta mál. Á það að verða lausnin í öllum tilvikum að við tökum þetta upp svona eiginlega aftan frá, ef svo má að orði komast, með einhverri sérkennilegri aukaaðild að þeim fyrirbærum sem þarna eru á ferðinni eða hugsa menn sér að ganga einhvern veginn öðruvísi frá þessu?

Herra forseti. Þá er líka dálítið sérkennilegt að heyra, þar á meðal hæstv. dómsmrh., ræða um þetta eins og að menn séu að finna hér upp hjólið hvað varðar samstarf lögregluyfirvalda í Evrópulöndum eða þess vegna í heiminum. Hæstv. ráðherra mærði þetta mjög í fyrirframsöguræðu sinni fyrir þeim málum sem undir hæstv. dómsmrh. heyra.

En það sem er að gerast í aðalatriðum er að slíkt samstarf löggæsluyfirvalda er að flytjast frá Interpol til Europol. Þetta er liður í þeirri breytingu að búa til sambandsríki í Evrópu sem er að taka upp gjaldmiðil, sameiginlega löggæslu, sameiginlega varnarstefnu og allt sem þarna er á ferðinni. Mér finnst að menn séu að rugla hérna saman algjörlega tveimur hlutum, þ.e. því hvort löggæsluyfirvöld eiga með sér samstarf, sem þau hafa gert í gegnum alþjóðalögregluna Interpol, eða hvort við eigum að færa slíkt samstarf inn í Evrópulögregluna sem þarna er að verða til sem hluti af stofnunum Evrópusambandsins í raun og veru.

Mikið hefur verið gert út á norræna vegabréfasambandið í þessu máli og ekkert lítið. Ég hef áður komið inn á það að mér finnst menn hafa farið aftan að mönnum í framhaldi af yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna í Reykjavík í febrúar 1995 þegar menn gáfu út drengaskaparyfirlýsingu um að það yrði einn fyrir alla og allir fyrir einn. Hún var skilin og túlkuð þá af öllum sem slík að öll Norðurlöndin væru tilbúin til þess að standa utan við samkomulagið alveg eins og að fara inn í það ef lausnin fæli það í sér. Það hélt auðvitað ekki lengi eins og kunnugt er.

En hvað felur þetta svo í sér, herra forseti? Jú, þetta felur í sér afnám innra landamæraeftirlits á öllu þessu stóra samningssvæði en hert ytra eftirlit. Þetta er hluti af þeirri blokkarmyndun í raun og veru sem Evrópusambandið í mjög miklum mæli byggir á, að vísu gjarnan í nafni frjálsrar samkeppni, frelsis, ferðafrelsis og guð má vita hvað, en í reynd er það það sem hangir á spýtunni. Hugsunin er sú að fella niður allt landamæraeftirlit innan svæðisins en herða það á ytri landamærunum. Og Ísland á að verða ytri landamæri þessa stóra svæðis, t.d. til vesturs, með þessum breytingum.

Þetta þýðir líka að þau ríki sem þó hafa enn þá rétt til að halda uppi tollaeftirliti innan svæðisins, eins og Ísland og Noregur, geta ekki lengur tengt það saman við vegabréfaeftirlit vegna þess að það verður fellt niður. Þetta þýðir einnig mikla söfnun persónuupplýsinga sem að hluta til verða geymdar í miðlægum gagnagrunni í Strassborg.

Herra forseti. Ég hlýt að segja það hér að ég tel að afar illa hafi verið staðið að undirbúningi íslenskra stjórnvalda undir þetta mál. Hér hefur verið flutt á Alþingi Íslendinga endurtekið þáltill. um úttekt á áhrifum Schengen-aðildar, ekki síst hvað varðaði stöðu Íslands til að halda uppi vörnum gegn fíkniefnum. Meiri hlutinn á Alþingi hefur komið í veg fyrir að slík úttekt fengi að fara fram og hefur þó verið tekið undir það, m.a. af tollgæslu- og löggæsluyfirvöldum eða háttsettum mönnum úr þeim röðum, að þörf væri á slíkri úttekt. Og standa menn nú ekki svolítið berskjaldaðir rétt fyrir aldamótin eftir að hafa haft nógan tíma til að gera slíka úttekt frá því að slík tillaga var fyrst flutt, m.a. vegna þess hvernig málið hefur tafist? Hefði ekki verið skynsamlegt að hér hefði verið í gangi vandaður undirbúningur með aðild allra helstu framkvæmdaraðila málsins á grundvelli ályktunar frá Alþingi sem hefði sett málið í farveg um að gera slíka úttekt? Ég gagnrýni það að slíkt hafi ekki gerst og tillaga um það hefur ekki fengist afgreidd jafnvel þó í umsögnum um hana hafi falist meðmæli með því frá ýmsum aðilum.

Herra forseti. Sérkennilegastur finnst mér þó sá mærðaráróður sem haldið er uppi um þetta mál í sambandi við það sem lið í vörnum gegn alþjóðlegum glæpum og fíkniefnasmygli, þegar fyrir liggur, a.m.k. alls staðar annars staðar en á Íslandi, að helstu áhyggjur manna í sambandi við þetta mál eru bundnar alveg nákvæmlega við þetta. Löggæsluyfirvöld í Noregi, Svíþjóð, svo ekki sé nú minnst á Frakka sem drógu það í lengstu lög, eins lengi og þeir gátu, með vísan til neyðarréttarákvæða Evrópusamningsins, að fullgilda þetta fyrir sitt leyti. Og hvers vegna? Vegna þess að þeir hafa miklar áhyggjur af því, eins og tollgæslu- og löggæsluyfirvöld mjög víða, að eiturlyfin muni flæða yfir Evrópu sem aldrei fyrr

vegna þess að þær girðingar sem þó hafa verið fólgnar í landamæraeftirlitinu innan svæðisins hverfa. Það efni sem einu sinni kemst inn á svæðið á greiða leið um alla Evrópu og innan alls svæðisins eftir að það er einu sinni komið þangað. Og það efni sem á uppruna sinn innan svæðisins, eins og heróín framleitt á Ítalíu, er þar með komið inn fyrir þessar varnir. Það vita allir að varnirnar á sunnanverðu svæðinu og kannski að einhverju leyti á austanverðu svæðinu í framtíðinni eru mjög veikar og þar grasserar smyglið sem aldrei fyrr.

Geta menn virkilega komið hér og talað eins og þeir hafi ekki hugmynd um að slíkar áhyggjur séu uppi? Er það sæmandi hæstv. dómsmrh. að láta eins og þetta mál sé 100% pottþétt og það fyrirfinnist engin rök og engar áhyggjur um að þarna séu minnstu efasemdir uppi? Það finnst mér satt best að segja ekki mjög balanseraður málflutningur, herra forseti.

Að lokum, herra forseti, er rétt að muna eftir því að þetta er ekki alveg ókeypis. Gullið og grænu skógarnir sem hæstv. dómsmrh. og að einhverju leyti hæstv. utanrrh. sáu m.a. í stóraukinni ferðaþjónustu — sem þeir hafa ekki áttað sig á í Bretlandi, þeir ætla greinilega að leggja sína ferðaþjónustu í rúst með því að vera ekki aðilar að Schengen ef marka má þennan málflutning — kostar nú líka sitt. Ljóst er að það mun kosta mikið mannahald. Það kostar mikið í húsnæði og rekstri fyrir land eins og Ísland, sem hefur talsverða umferð í gegnum landið til viðbótar sinni eigin umferð, að taka þetta allt á sig og sér þó ekki að mínu mati fyrir endann á því. Búið er að ráða 10–15 viðbótartollverði í Keflavík og ljóst er að byggingarkostnaður við stækkun flugstöðvarinnar verður til muna meiri en hann hefði þurft að vera vegna þessa máls, þó hann vissulega hefði orðið einhver vegna nauðsynlegrar stækkunar. Ég vil þó taka fram að kostnaðurinn í þessu efni, þó að hann kunni að reynast drjúgur, er ekki aðalatriðið í mínum huga. Langafdrifaríkast er að mínu mati hvort áhyggjur manna hvað varðar fíkniefni og glæpaflæðið um álfuna koma til með að reynast á rökum reistar. Slíkar áhyggjur hafa verið settar fram og eru býsna vel rökstuddar, því miður að ég tel, af hálfu margra.

Hliðarspor í þessu er hin sérstaka staða sem uppi er í flugsamgöngum Íslendinga, þ.e. að hér er byggt á svonefndri skiptistöð eða höfn, eins og það heitir víst á vondu flugmáli, og hér skiptir mikill fjöldi farþega um flugvélar og fer yfir landamæri á mjög skömmum tíma, einu sinni til tvisvar á sólarhring. Allir vita sem til þekkja að afar lítið má út af bera og afar litlar tafir mega verða til að það kerfi fari í klessu, eins og sannast oft og tíðum ef smávægilegar tafir verða vegna veðurs eða annarra slíkra hluta. Þegar hundruðir farþega, jafnvel þúsundir, þurfa á u.þ.b. þremur korterum að fara yfir þessi landamæri, koma yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins og skipta síðan um flugvél í framhaldinu, þá má ekki mikið út af bera og ekki miklar tafir verða. Menn munu sjálfsagt reyna að leysa það með viðbótarmannafla og viðbótarhúsnæði og það mun þá kosta sitt. Þannig að það er síður en svo á borði að gullið og grænu skógarnir séu ókeypis, að menn séu að fá hér allt fyrir ekkert. (**VS:** Bara heimsendir.) Það eru nú orð hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að þetta sé heimsendir. Eða heyrði einhver ræðumanninn taka þannig til orða? Nei, en þetta er ofarlega í huga einu sinni tilvonandi ráðherra, hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. (**Gripið fram í:** Ekkert einu sinni.) Fyrirgefðu, ég biðst afsökunar, þetta var mismæli.

Ég sagði ekki að þetta væri heimsendir. Ég hef verið að reyna að tala hérna málefnalega fyrir þeim sjónarmiðum sem ég hef í þessu máli, það fer greinilega í taugarnar á hv. þm. og það verður bara að hafa það. Ég get bókstaflega ekkert að því gert þó að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir eigi bágt þessa daga og þoli illa að heyra málflutning sem er henni ekki að skapi.

[23:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði mikið um áróður þeirra sem vildu fara inn í þetta samstarf og sagði að menn töluðu um ferðafrelsi. Ég vil gera athugasemdir við málflutning hv. þm. þegar hann talar um ferðafrelsi, hann talar eins og þetta hafi bara engin áhrif. Það skipti engu máli vegna þess að menn komist jú inn í löndin hvort eð er. Það er rétt, menn komast inn í löndin en menn þurfa að gera það með öðrum hætti, það tekur lengri tíma og menn verða fyrir meiri óþægindum. Það verður að hafa það með í þessu, hv. þm.

Hann talar um að ferðaþjónustan fari bara í rúst, menn tali þannig, ef við stöndum utan við þetta. En ég spyr á móti: Hver er ástæðan fyrir því að verið er að stækka flugstöðina í Zurich? Sviss er ekki með í þessu samstarfi. En í þeirri stækkun er gert ráð fyrir því að Sviss fari inn í þetta samstarf, stækkun flugstöðvarinnar er byggð með það fyrir augum að svo verði. Og hver er ástæðan fyrir því að Bretland og Írland eru komin með aðrar áherslur en áður var? Ætli það sé ekki m.a. vegna þess að þeir reikna með að vera með í þessu í framtíðinni? En þrátt fyrir það vill hv. þm. standa utan við þetta og að Ísland verði væntanlega ein Evrópuþjóða utan við þetta samstarf.

Einnig vil ég gera athugasemdir við það sem hv. þm. sagði að menn hafi samþykkt að standa að málinu að því er varðar norræna vegabréfasamstarfið — einn fyrir alla og allir fyrir einn. Það er ekki rétt, það var aldrei samþykkt að menn hefðu þar neitunarvald. Það var gengið út frá því að ef tækist að ná viðunandi samningsniðurstöðu þá væru Norðurlandaþjóðirnar reiðubúnar að standa að því. En hv. þm. talar núna og hefur oft talað þannig áður eins og allar þjóðirnar hefðu haft þar neitunarvald.

[23:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi ekki neitunarvald. En í yfirlýsingunni stendur að eitt skuli ganga yfir öll Norðurlönd sameiginlega, þannig var hún orðuð. Menn lögðu í það ákveðinn skilning og það var túlkað á þann veg án mótmæla að þetta þýddi að hvorug niðurstaðan sem var gæti komið út úr því, enda var þá ekkert ríkjanna, nema Danir með áheyrnaraðild, orðnir aðilar að samningnum.

Um ferðafrelsi þá endurtek ég að ég sé ekki hvaða áhrif þetta hefur á það ferðafrelsi sem er innan Evrópu eða milli Evrópu og nálægra ríkja, t.d. þegar í hlut eiga lönd sem hafa þegar afnumið vegabréfaáritunarskyldu. Eða eru menn virkilega að tala þannig að ef Ísland verður ekki þarna með þá bíði okkar miklar hremmingar við að ferðast til Evrópu í framtíðinni? Og verður það þá ekki sama sem gildir um Bandaríkjamenn og Asíumenn o.s.frv.? Ég held að menn eigi nú aðeins að vara sig áður en þeir fara að draga upp einhverja hrollvekju eða heimsendamynd af þessu.

Auðvitað verður það ekki þannig. Þó að umferðin verði með öðrum hætti þá gef ég mér það að Evrópa muni áfram reyna að hafa greiðan veg fyrir ferðamenn frá öðrum löndum inn á svæðið. Ísland er síðan í annarri og sérstakri stöðu.

Sviss og þess vegna jafnvel Bretland, sem er orðið tengt með lestum o.s.frv., eru auðvitað í annarri stöðu en eyjan Ísland úti í miðju Atlantshafi praktískt séð. Það skapar og mun skapa okkur allt önnur og miklu minni vandamál, þó að við héldum við okkar heimild til vegabréfaskoðunar. Við þyrftum ekki að framkvæma það vegabréfaeftirlit öðruvísi en við vildum.

Það sem menn verða að átta sig á er að hér er verið að tala um að afnema heimildir ríkjanna til að halda úti eftirliti yfir höfuð. Þeim er og hefur verið í sjálfsvald sett að hve miklu leyti þau beita því, eins og þeir þekkja sem hafa ferðast innan Evrópu. Menn eiga því ekki að dramatísera breytingarnar eða áhrifin sem af því þyrftu að leiða þó að menn stæðu þarna utan við með sérstökum samningum.

[23:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn að dramatísera málið nema hv. þm. Hann verður að taka tillit til þess að auðvitað er þarna um mismunandi aðstæður að ræða, hvort við erum í Schengen eða ekki. En það kemur ekki í veg fyrir að fólk geti farið milli landa, það er að sjálfsögðu rétt hjá honum.

En það er líka rangt hjá hv. þm. þegar hann talaði áðan eins og fíkniefni gætu flætt um allt. Það er ekki rétt. Hér er verið að tala um að afnema eftirlit með persónum en ekki með varningi. Það er nauðsynlegt að hv. þm. taki það skýrt fram því að í þeim áróðri sem hefur verið hafður uppi gegn þessu máli þá tala menn gjarnan þannig eins og allt eftirlit með fíkniefnum verði bara lagt niður. Það er nú ekki aldeilis svo. Ég fullyrði að með þessum samningi verður það stóreflt.

Að því er varðar samkomulag Norðurlandanna þá fagna ég því að hv. þm. segir að hann hafi ekki talað um neitunarvald. En ég hef skilið orð hans svo og málflutning á öðrum vettvangi, m.a. á vettvangi Norðurlandaráðs, að hann og félagar hans þar hefðu gengið út frá því að hver þjóð hefði þar neitunarvald. Nú vill svo til að þeir flokkar sem voru mest á móti Schengen-samkomulaginu í Noregi og voru skoðanabræður hv. þm. í þessu máli eru þeir flokkar sem beita sér fyrir því að Noregur gerist nú aðili að þessum samningi. Þeir hafa því séð það með því að kynna sér málið enn betur að ekki væri hægt fyrir Noreg að standa utan við málið. Ég hvet hv. þm. að tala við þetta ágæta fólk sem hefur komist að þeirri skynsamlegu niðurstöðu.

[23:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. utanrrh. ætti nú að fara varlega í að gera út á ríkisstjórn Kjells Magne Bondevik og þá sérstöku stöðu sem uppi var og er í norskum stjórnmálum. Sú stjórn tók þennan samning í arf, þ.e. eldri útgáfu hans og valdi þann kost, að vísu eftir miklar innantökur eins og ég þykist vita að hæstv. utanrrh. sé kunnugt frá flokksbræðrum sínum í Noregi. Af tvennu illu var valið að baksast áfram með þennan samning og það hefur verið dálítið aðhlátursefni í Noregi og í norskum stjórnmálum, sú heldur vandræðalega staða sem upp hefur komið hjá þeim miðflokksmönnum, kristilegum og hvað þeir nú heita þar, sálufélagar hæstv. utanrrh. í norskum stjórnmálum.

Yfirlýsing forsætisráðherranna segir ósköp einfaldlega samkvæmt orðanna hljóðan að eitt skuli yfir öll Norðurlöndin ganga, að þau skuli finna sameiginlega lausn á málinu. Ég hef bent á að það var þannig túlkað af mönnum eftir þá yfirlýsingu að niðurstaðan gæti orðið á hvorn veginn sem væri. Þegar frá líður leggja menn af þá túlkun og segja: Nú er orðið ljóst að Danmörk, Svíþjóð og Finnland fara inn og þar með snýst þetta um lausn fyrir Ísland og Noreg. Í byrjun var látið í veðri vaka að niðurstaðan gæti orðið á hvorn veginn sem væri.

Mér er ljóst að það er ekki verið að leggja niður heimildir til almennrar löggæslu, þar á meðal að leita í bílum eða eitthvað slíkt innan Schengen-svæðisins. Mér er það ljóst, hæstv. utanrrh. Var einhver vafi á að svo væri? (**Utanrrh.:** Já.) Já, það er ekki bara röddin heldur heyrnin sem eitthvað er döpur hjá hæstv. utanrrh. í kvöld. Hitt er ljóst að það verður ekki heimilt að gera stikkprufur á landamærum eins og norræna vegabréfasambandið leyfði. Það verður með öllu óheimilt að bera saman upplýsingar um persónur og þann varning sem er á ferðinni. Þetta er mikil breyting sem mjög margir hafa miklar áhyggjur af í þessu sambandi.

[23:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hvarflar ekki að mér að undrast afstöðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar til þessa máls þar sem um er að ræða aukið frjálsræði og nánara samstarf við önnur ríki. En ég undrast hins vegar lýsingar hans á ræðu minni hér áðan sem hann nefndi „fyrirframáróðursstríð".

Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan. Ísland hefur farið með formennsku í samsettu nefndinni undanfarna mánuði og ég hef fyrir hönd Íslands stýrt tveimur fundum og efni þeirra hefur verið talið fréttnæmt. (Gripið fram í.) Og varla telst það gagnrýnisvert, hv. þm. Efni Schengen-samstarfsins vekur athygli á þörfinni fyrir aukið alþjóðlegt samstarf. Breyttar aðstæður í heiminum í dag, hrun Sovétríkjanna og fleiri landfræðilegar og þjóðfélagslegar breytingar hafa einmitt opnað nýjar leiðir fyrir fíkniefnasmygl og alþjóðleg glæpasamtök sem teygja anga sína hingað til lands. Við Íslendingar höfum svo sannarlega ekki farið varhluta af þessari þróun eins og öllum er kunnugt og vafalaust hv. þm. líka.

Þess vegna tel ég það skyldu okkar að gera allt sem í okkar valdi stendur til að efla baráttuna gegn þessum afbrotum. Ég trúi því að Schengen-samstarfið sé mikilvægt í því sambandi.

[23:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stend við orð mín. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi verið með áróður fyrir Schengen-samstarfinu í fjölmiðlum hér undanfarna daga og hafi gengið langt í þeim efnum. Það kom meira að segja furðufrétt um að Schengen-samstarfinu væri að þakka að á Spáni uppgötvuðust fíkniefni á leið til Íslands. Ég veit nú ekki hvorum misskilningurinn er að kenna, hæstv. ráðherra eða fréttamanninum. Þetta var svo dregið til baka sem betur fer. Þetta er auðvitað ekki fréttaflutningur sem mikill sómi er að.

Ég endurtek það að mér hefur fundist hæstv. ráðherra ákaflega einhliða, ræða bara jákvæðu hliðina á þessum málum, láta eins og þar beri engan skugga á og að engar áhyggjur þurfi að hafa.

Í umsögn til allshn. Alþingis sagði lögreglustjórinn í Reykjavík 23. nóv. 1988 m.a. um áhrif Schengen-aðildar:

„Með því [þ.e. Schengen-samkomulaginu] verður tollaeftirliti ekki haldið uppi með sama hætti og áður, m.a. leit að fíkniefnum. Eftirlit með fíkniefnanotkun og dreifingu fíkniefna er víða slakt innan svæðisins og sums staðar eru uppi allt önnur viðhorf til fíkniefna og baráttunnar gegn þeim en

hérlendis og annars staðar á Norðurlöndum. Í sex af aðildarríkjum Schengen hafa t.d. verið felldar niður refsingar gegn því að hafa undir höndum umtalsvert magn fíkniefna til eigin nota. Reynslan sýnir að takmörkuð landamæravarsla hefur slæm áhrif t.d. í Svíþjóð og Danmörku að mati hlutaðeigandi aðila.“

Svo mælti lögreglustjórinn í Reykjavík í umsögn til þingnefndar. Síðan kemur hæstv. dómsmrh. hér og lætur eins og svona sjónarmið séu ekki til. Þarna þurfi ekki að hafa áhyggjur af. Ég legg til að hæstv. ráðherra kalli lögreglustjórann á teppið og skammi hann fyrir þessa gömlu umsögn. Það er í tísku núna að straffa menn ef þeir leyfa sér að hafa skoðanir sem ganga gegn háyfirvöldunum, eins og við höfum orðið vitni að. Mér fyndist það í stíl að hæstv. ráðherra tæki lögreglustjórann á beinið eins og sagt var í Menntaskólanum á Akureyri.

[23:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ljóst er að það eru ýmsar hliðar á þessu máli. Um þær er alveg sjálfsagt að ræða. En þegar talað er um einhliða áróðursstríð þá vísar það alveg eins til hv. þm. Ég tel að orð hans hér áðan séu byggð á misskilningi eða þá að hann sé að reyna að villa um fyrir fólki í þessu máli.

Það er alveg ljóst að reglur um vöruflutninga falla ekki undir gildissvið Schengen-samningsins og aðild Íslands að Schengen kemur ekki til með að hafa áhrif á framkvæmd tollaeftirlits á landamærum. Það hefur verið ítrekað hér að aðildin kemur til með að styrkja lögreglu og tollayfirvöld í baráttunni gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi, m.a. gagnvart innflutningi fíkniefna. Aðildin mun að auki leiða til nánari samvinnu milli íslenskra lögregluyfirvalda og lögreglu í aðildarríkjum Schengen og upplýsingastreymi milli þeirra verður einfaldara og greiðara en nú er.

Þetta er bara grundvallaratriði, hv. þm., og mun hjálpa íslenskum lögregluyfirvöldum enn frekar gegn þessum vandamálum sem við okkur blasir. Því miður hefur orðið aukning á innflutningi á fíkniefnum og annarri afbrotastarfsemi og við þurfum svo sannarlega að bregðast við því máli.

[23:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. dómsmrh. og um það getum við orðið sammála, að ég eyddi ekki miklum tíma í að gylla þennan samning. Enda eru nógu margir aðrir búnir að því. Ég taldi þörf á því frekar en hitt að fram kæmu önnur sjónarmið sem ég tel að eigi rétt á sér inn í umræðunni. Ætli það sé nú ekki heldur til bóta að vitnað sé til þess sem ábyrgir og málsmetandi menn, bæði hér heima og erlendis, hafa sett fram í þessum efnum en hæstv. ráðherrum tókst að þegja vandlega yfir í framsögum sínum og létu eins og allt væri slétt og fellt og bæri hvergi nokkurs staðar skugga á?

Auðvitað hefur mjög margt áhrif í glímunni við fíkniefni og hvernig barist verði gegn flæði þeirra um lönd og álfur, skipulagðri glæpastarfsemi o.s.frv. En menn hljóta náttúrlega að þurfa að færa fram býsna sterk rök fyrir því að að breyttu breytanda geti verið til bóta að draga úr þeim hindrunum, því eftirliti sem þó hefur verið haldið uppi og hefur stoppað heilmikið af þessari vöru. Landamæraeftirlit og eftirlit með fólki hefur sannarlega komið í veg fyrir smygl. Gleymum því ekki að eiturlyfjum er m.a. smyglað innan í fólki þannig að það að hafa eftirlit með fólkinu en ekki bara vörunni skiptir miklu máli, að geta fylgst með ferðum þeirra einstaklinga sem komnir eru á skrá.

Hvernig uppgötvast obbinn af þeim smyglvarningi sem hér finnst? Það er með því að lögreglan þekkir til, fylgist með tilteknu fólki og hefur ábendingar þar um. M.a. þetta eftirlit hverfur. Maður sem kominn er inn á Schengen-svæðið er innan þess og ekki hægt að halda uppi persónueftirliti á neinum landamærum. Heimildir til þess eru alfarið afnumdar. Það er ekki einu sinni hægt að gera stikkprufur nema að fá til þess sérstaka heimild á grundvelli neyðarréttar eða allsherjarreglu. Það er einasta ákvæðið þar um.

Ég held, herra forseti, að þegar við lítum til stærðar svæðisins frá suðri til norðurs þá sjáum við að verið er að leggja niður landamæri milli svæða þar sem ólík viðhorf ríkja.

[23:25]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Málið sem við ræðum hér hefur á sér ýmsar hliðar. Ég tel rétt að velta því aðeins fyrir sér frá þeim sjónarhóli sem við höfum gjarnan horft af þegar Evrópumál hafa almennt verið rædd. Í raun tengist þessi hugmynd um Schengen-samstarfið grundvallarspurningum að baki Evrópuhugsjóninni sem mér sýnast aðallega vera tvær. Annars vegar um hina pólitísku hlið málsins og hins vegar um hina efnahagslegu hlið.

Það er ekki vafi á því að Evrópuhugsjónin var og er glæst hugsjón, fóstruð í skugga átaka sem áttu sér stað fyrr á öldinni. Þar liggur til grundvallar sá vilji að reyna að eyða tortryggni milli þjóða með því að svipta landamærum burtu á milli þeirra að mestu leyti þannig að tengslin verði nánari. Þetta er sú glæsta Evrópuhugsjón sem mörg okkar höfum aðhyllst og talað fyrir. Þetta lá m.a. til grundvallar þeirri hugmynd sem seinna varð Evrópska efnahagssvæðið og við Íslendingar erum aðilar að.

Evrópuhugsjónin á sér líka aðra hlið. Það er hin efnahagslega hlið. Ég held að hún hafi vegið þungt þegar menn tóku ákvörðun um aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði. Menn sáu í hendi sér að Evrópska efnahagssvæðið hlyti að hafa í för með sér batnandi hag fyrir íbúa þeirra landa sem þar ættu aðild. Menn sýndu fram á það í lærðum greinum og úttektum að með því að ryðja úr vegi alls konar tollahindrunum og efnahagslegum hindrunum, auka skilvirkni og draga úr kostnaði í viðskiptum þá yrði Evrópusamstarfið til að bæta lífskjörin í heiminum.

Ég held að megingallinn, a.m.k. sú spurning sem mest leitar á mig varðandi Schengen-sáttmálann sé þessi efnahagslega hlið. Ég held að þar skilji á milli hinnar fornu, eðlilegu og skynsömu Evrópuhugsjónar og Schengen-sáttmálans. Það liggur a.m.k. ekki fyrir að sáttmálinn færi aðildarríkjunum þann efnahagslega ávinning sem Evrópusamstarfið vissulega hafði. Það er í þessum efnum sem ég set fram stærstu spurningarnar varðandi þetta mál.

Þegar við skoðum málin þá liggur fyrir að kostnaður af ýmsu tagi mun aukast. Það er t.d. alveg ljóst að hluti af þeim fjárfestingum sem núna verður ráðist í í Flugstöð Leifs Eiríkssonar er vegna þess að við ætlum að gerast aðilar að Schengen. Kostnaður við endurbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eykst vegna þess að við þurfum að byggja upp nánast tvöfalt. Við þurfum annars vegar að hafa rými fyrir þá sem eru Schengen-farþegar og síðan fyrir hina sem ekki eru Schengen-farþegar. Með öðrum orðum: Til að byggja upp þessa nauðsynlegu framkvæmd þá þurfum við að leggja

í meiri kostnað. Síðan getum við velt því fyrir okkur hver greiðir þennan kostnað að lokum. Í fyrsta lagi getur ríkissjóður lagt til með flugstöðinni fjármagn eða þá að notendur flugstöðvarinnar greiða kostnaðinn, farþegarnir og atvinnulífið.

Mér sýnist því augljóst að til þess að standa straum af þessari fjárfestingu verður auðvitað að bera einhvers staðar niður, hjá ríkissjóði eða fyrirtækjunum og notendunum með öðrum hætti.

Það er líka ljóst mál að ýmis kostnaður við reksturinn á þessu Schengen-fyrirkomulagi er talsverður svo ekki sé meira sagt. Að vísu er ýmislegt í þessum efnum er óljóst og það er kannski stóra vandamálið við að ræða þetta mál á þessu stigi. Alveg eins og hæstv. utanrrh. benti á er sumt af því sem við ræðum hér þess eðlis að kannski er erfitt að gera greinarmun á því hvað er kostnaður sem fellur til vegna Schengen-aðildarinnar og hvað er kostnaður sem kemur sjálfkrafa af því að byggja upp flugstöðina. En það liggur a.m.k. fyrir að til fellur kostnaður, bæði stofnkostnaður og einnig rekstrarkostnaður og því verður einhvern veginn að mæta.

Virðulegi forseti. Ég hef þess vegna haft nokkrar efasemdir um þetta mál. Ég tel hins vegar að á þessu stigi sé ekki hægt að slá neinu föstu um, þegar kostir og gallar þessa máls eru vegnir saman, hvort skynsamlegt sé að fallast á Schengen-aðild. En ég tel hins vegar að það þurfi að skoða þessi mál mjög vel, það þurfi að fara mjög vel ofan í mjög marga þessara þátta.

Í fyrsta lagi blasir það við að það þarf að fara mjög rækilega ofan í áhrifin af Schengen-aðildinni á ferðaþjónustuna. Þau rök eru að vísu sett fram að það sé líklegt til þess að efla ferðaþjónustuna og laða hingað ferðamenn að þeir þurfi ekki að veifa passa. Ég hef að vísu miklar efasemdir um að þetta muni hafa grundvallarþýðingu þegar fólk kýs sér áfangastað í ferðalögum. En það er ljóst að kostnaðurinn við það að reka þetta batterí allt saman mun á einhvern hátt koma niður á þeim sem nýta sér þessa þjónustu, að meðtaldri ferðaþjónustunni. Ég held að það þurfi að fara rækilega ofan í þetta mál.

Það liggur líka fyrir að það þarf að grípa til einhvers viðbúnaðar víðar í landinu. Við erum með alþjóðlega flughöfn á Egilsstöðum sem er varaflugvöllur okkar. Við búumst líka við mörgum farþegum um ýmsar hafnir landsins. Það liggur því fyrir að við þurfum að skoða nákvæmlega hvað þessi kostnaður hefur í för með sér. (**Gripið fram í:** Hvað með Þingeyri?) Þingeyri, virðulegi þingmaður, er nú ekki alþjóðleg flughöfn enn þá. En það gæti auðvitað breyst. Og þá þarf auðvitað að taka ákvarðanir um það út frá því hvort við verðum orðnir aðilar að Schengen eða ekki. Þetta er skarplega athugað, hv. þm., mjög skarplega athugað eins og vænta mátti.

Síðan liggur fyrir að þetta landamæraeftirlit verður mjög viðurhlutamikið, m.a. vegna landfræðilegrar sérstöðu og stöðu okkar að öðru leyti eins og til að mynda hv. 3. þm. Norðurl. e. rakti hér áðan, m.a. út af tengiflugi og þess háttar. Það liggur fyrir að landamæraeftirlit okkar verður býsna viðurhlutamikið og menn þurfa að átta sig á því hver þessi kostnaður er, hvernig hann mun skiptast, hvar hann mun lenda o.s.frv.

Það er alveg ljóst að við hefðum getað farið í sjálfu sér aðrar leiðir í þessum efnum. Bretar eru að fara aðra leið. Írar eru að fara aðra leið. Þeir eru eyþjóðir eins og við og þeir eru þjóðir sem eru samt aðilar að hinu evrópska samstarfi. Þeir eru aðilar að Evrópusambandinu raunar og þeir fara þarna aðrar leiðir.

Að lokum vil ég segja að við þurfum að ganga rækilega úr skugga um það hvernig landamæraeftirliti verður háttar í öðrum ríkjum. Ég las t.d. fyrir einu eða tveimur árum síðan afar athyglisverða úttekt í breska blaðinu European þar sem lýst var yfir miklum áhyggjum og þar komu fram miklar áhyggjur Evrópuþjóðanna vegna þess að landamæraeftirliti væri víða áfátt, t.d. á Ítalíu sem verður þá landamærastöð fyrir okkur Íslendinga. Þetta eru allt þættir sem við þurfum að fara betur ofan í. Ég tel að það þurfi að spyrja þessara gagnrýnu spurninga og það verður auðvitað gert. Það þarf að skoða þetta mál m.a. með hliðsjón af kostnaði og hvernig hægt verður að halda uppi virku landamæraeftirliti.

[23:34]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er alltaf ágætt að hafa efasemdir um hlutina. En að mínu mati fannst mér hann hugsa þetta heldur þröngt.

Mér finnst málið snúast að verulegu leyti um það hvar við ætlum að skipa okkur í samstarfi þjóðanna. Að mínu mati er nánast ómögulegt fyrir okkur Íslendinga að standa utan við þetta samstarf, þó svo að það hafi hugsanlega einhverja galla. Ég ætla ekkert að útiloka það.

Ég hef tekið þátt í samstarfi Norðurlandanna og vegabréfasambandið sem þar hefur verið við lýði er um 40 ára gamalt og hefur verið mjög farsælt. Mér finnst að hv. þm. hafi ekki komið inn á það í ræðu sinni hvernig við Íslendingar ættum að leysa það mál ef við hefðum orðið ein Norðurlandanna utan Schengen.

Hann talaði um að veifa passa, að þetta væri bara spurning um það hvort við mundum þurfa að veifa passa eða ekki. Ég lít á þetta sem miklu víðtækara samstarf en að sýna passa. Auðvitað kostar þetta einhverja peninga og það er kannski það eina sem ég sé að gæti hugsanlega verið neikvætt. En það er ekki séð fyrir endann á því. Ég get ekki fellt mig við þá skoðun sem kemur fram hjá hv. þm. að vegna þess að þetta kosti okkur Íslendinga einhverja peninga að þá eigum við að standa utan við þetta samstarf, því að kostirnir eru svo miklu fleiri.

[23:36]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talaði um að ég hugsaði þröngt. Og hverjar voru þessar þröngu hugsanir mínar? Þær voru að ég hafði töluverðar áhyggjur af því að þetta gæti haft neikvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs. Ég hafði líka talsverðar áhyggjur af því að þetta gæti haft neikvæð áhrif á einn helsta vaxtarbroddinn í atvinnulífi okkar, þ.e. ferðaþjónustuna. (Gripið fram í.) Ég hafði líka töluverðar áhyggjur af því að þetta gæti velt kostnaði yfir á allan almenning sem væri að ferðast á milli landa héðan frá Íslandi. Mér finnst þetta ekkert voðalega þröngar hugsanir.

Þvert á móti held ég að þetta séu bara viðbárur sem nauðsynlegt er að líti hér dagsins ljós. (Gripið fram í.) Ég held líka að við þurfum að velta fyrir okkur spurningum eins og þessari: Hvernig verður landamæraeftirliti háttað sem við erum hér með að afsala okkur í hendur annarra þjóða? Ég spurði spurninga eins og þessarar: Er tryggt að þetta landamæraeftirlit sé þannig að við teljum það fullnægjandi? Við höfum

verið að gera miklar kröfur í þessum efnum og er ljóst að þeim kröfum verði fullnægt innan skipulags Schengen?

Hv. þm. spurði hvar í sveit við mundum þá skipa okkur. Mér er ljóst að ef við hefðum kosið einir Norðurlandaþjóða að standa utan Schengen-samstarfsins þá hefði verið úti um passasamstarf og vegabréfasamstarf Norðurlandaþjóðanna. Það gefur augaleið. Þá hefði staða okkar verið sú að við hefðum verið í hópi með ekki lakari ríkjum en Bretum og Írum á hinu Evrópska efnahagssvæði. Við hefðum líka síðan verið í góðum hópi fólks frá Norður-Ameríku og Asíu og hinum víðáttumikla heimi. Ég held því að út af fyrir sig hefði ekkert farið mjög illa um okkur í þessum hópi.

Ég er hins vegar ekkert á þessari stundu að segja að það hefði þurft að vera endanlega niðurstaðan og fyrir utan það að þannig var lagt upp með þetta mál að við ákváðum að fara inn í þennan fasa og því varð ekki til baka snúið ef menn ætluðu að reyna að verja norræna vegabréfasambandið sem menn geta þó haft deildar meiningar um.

[23:38]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það eru rök gegn þessu máli að það kosti peninga, að það hafi neikvæð áhrif á stöðu ríkissjóðs, eins og hv. þm. orðaði það, eigum við þá ekki að velta því fyrir okkur líka hvort ástæða sé til þess yfirleitt að taka þátt í samstarfi þjóðanna, hvort það borgi sig að vera að reka sendiráð í mörgum löndum ef það eru rök gegn því samstarfi að það hafi neikvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs? Ég lít þannig á þetta mál.

Þegar hv. þm. talar um að það hafi neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna að taka þátt í Schengen þá er ég honum algjörlega ósammála hvað það varðar. Ég tel að það hafi jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna að geta ferðast til Íslands frá nánast öllum Evrópuþjóðum án þess að eiga vegabréf. Það getur vel verið að fólki fari að finnast það nokkurt fyrirtæki að koma sér yfirleitt upp vegabréfi og margir eiga ekki slíkt.

Hv. þm. talaði um kostnað almennings. Ég tala fyrst og fremst um það sem þægindi fyrir almenning að við Íslendingar verðum með í Schengen-samstarfinu. Það eru þægindi að geta gengið um flughafnir í allri Evrópu — eftir nokkur ár, segi ég, í allri Evrópu — án þess að þurfa að standa í biðröðum. Það eru þægindi.

Ég fullyrði að Bretar og Írar verða einnig komnir í Schengen eftir örfá ár og eins og kom fram í orðum hæstv. utanrrh. þá eru Svisslendingar nú þegar farnir að gera ráðstafanir við uppbyggingu á sinni flughöfn sem bendir til þess að þeir reikni með að verða með í Schengen-samstarfinu.

[23:40]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú ótrúlega langt seilst hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. að reyna að snúa út úr með því að segja að þar sem ég viðri efasemdir um kostnað sem fellur til vegna þessa fyrirhugaða Schengen-samstarfs þá megi draga þá ályktun að ég hafi líka efasemdir um að við eigum yfir höfuð að taka þátt í samfélagi þjóðanna. Ekkert í máli mínu gaf hv. þm. tilefni til að draga þessa ályktun. Þvert á móti talaði ég mjög ákveðið fyrir því í upphafi míns máls að við ættum sem nánast samstarf við Evrópuþjóðirnar og ég sá mikla kosti við það pólitíska samstarf sem hefur tekist á milli Evrópuþjóðanna, en ég var alveg eindreginn stuðningsmaður þess allt frá upphafi.

Ég vakti hins vegar athygli á því að þetta samstarf Evrópuþjóðanna væri öðru marki brennt, það einkenndist af því að af þessu hlytist kostnaður, bæði fyrir ríkissjóð og líka aðra aðila að málinu, svo sem atvinnulífið og þá sem notuðu flughafnirnar og nýttu sér ferðaþjónustuna í heiminum. Það var einfaldlega þetta sem ég dró hérna fram og ég held að við þurfum að fara miklu nánar ofan í vegna þess að í þeim gögnum sem liggja fyrir og við erum að ræða á grundvelli þessarar tillögu kemur þetta ekki nægilega skýrt fram. Ég held að það þurfi að kalla mjög eftir t.d. viðhorfi þeirra sem starfa í ferðaþjónustunni, t.d. hvaða augum Flugleiðir líti þetta mál. Það væri líka mjög fróðlegt fyrir okkur að vita hvaða augum rekstraraðilar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar líta þetta mál. Það væri mjög fróðlegt að heyra sjónarmið þeirra sem hafa fjárfest gífurlega í verslunarplássi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. hvernig það horfi við þeim að vera skyndilega í þeirri stöðu að þurfa að setja upp verslunarpláss á tvöfalt fleiri stöðum en þeir gerðu ráð fyrir í upphafi.

Allt þetta þurfum við auðvitað að fara ofan í. Þetta gefur ekkert tilefni til að segja að ég hafi efasemdir um það á fjárhagslegum grundvelli hvort við eigum að taka þátt í samstarfi þjóðanna, Sameinuðu þjóðanna eða sendiráðum úti um allan heim. Það er fráleitt að álykta þannig.

[23:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef ferðast talsvert um Evrópu, eins og eflaust flestir hér, og reyndar til annarra ríkja einnig. Ég man ekki eftir því að hafa þurft að standa í lögnum biðröðum til að komast inn til Evrópuríkjanna. Alla vega veit ég að ég hef þurft að bíða lengur eftir farangrinum. Hitt veit ég enn betur að aldrei hef ég fundið til þeirrar frelsisskerðingar sem mér heyrist að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafi verið undirseld því að hún segir að eftir að Schengen komi til sögunnar þá geti hún gengið frjáls um alla Evrópu. (Gripið fram í.) Ég held að við gerum það flest. Ég held að hún hafi sagt þetta, hv. þm. Það kann að vera að mér hafi misheyrst.

Mér finnst ekkert óeðlilegt við það að ríki vilji ekki hafa landamæri innan eigins landsvæðis. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það. Þegar menn voru að sameina ríki í Evrópu á 19. öldinni, eins og í Þýskalandi t.d., þá lögðu menn mikið upp úr því í upphafi að brjóta niður alla tollamúra og losa sig við landamæri. Þetta gerðu þýsku líberalarnir t.d. fyrir miðja 19. öld áður en Þýskaland var sameinað.

Hið sama er upp á teningnum nú í Evrópu. Það er eðlilegt og það er fullkomlega rökrétt að Evrópusambandið, sem er smám saman að þróast í eitt ríki, vilji ekki landamæri innan eigin landsvæðis. Ég held að fáir deili um að þróunin í Evrópu er í þessa átt, í átt til eins ríkis, sem er að fá sameiginlegan gjaldmiðil, sem er komið með sameiginlegt þing, sem er að fá aukin áhrif og aukin völd eftir því sem árin líða. Það er að draga úr áhrifum einstakra ríkja innan Evrópusambandsins, neitunarvaldið er að minnka, það er óðum verið að takmarka það og þróunin er öll í þessa átt. Þess vegna er það rökrétt skref sem nú er verið að stíga. Að losa sig við landamærin innan evrópska ríkisins. Það er líka rökrétt að þeir sem fylgja þessari þróun, sem vilja stuðla að þessari þróun, fallist á þær tillögur og fagni þeim tillögum sem hér liggja fyrir og finni til nýrrar frelsistilfinningar innan Evrópu. Hins vegar hefur þetta ekkert með frjálsræði og frelsi að gera þar sem menn losi sig við tolleftirlit eða vegabréfaeftirlit þegar á heildina er litið. Það er ekki verið að tala um slíkt gagnvart öðrum ríkjum heimsins en þessum litla kjálka Evrópu. Það er ekki

verið að tala um þetta gagnvart Bandaríkjunum eða Japan eða Kína eða rómönsku Ameríku eða Afríkuríkjum, þetta hefur ekkert með slíkt að gera. Það er verið að tala um að afnema toll- og vegabréfaeftirlit innan Evrópusambandsins. Ísland og Noregur eru ekki enn hluti af Evrópusambandinu þannig að tolleftirlit verður hér eftir sem áður um sinn, hvað sem síðar verður. En hitt er ljóst að tolleftirlitið mun ekki hafa stuðning af vegabréfaeftirlitinu. En til að vega upp á móti afnámi innra eftirlits með ferðum fólks innan svæðisins á að herða mjög eftirlit á ytri landamærum þess. Liður í því er stofnun Schengen-upplýsingakerfisins, Schengen Information System. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem flutti áðan athyglisverða ræðu um þetta efni, vakti athygli á kostnaðinum við þetta kerfi. Það kemur fram í umsögn um eitt af þessum frv. í þessari þriggja frv. og þáltill. spyrðu, að stofnkostnaðurinn við eftirlitskerfið verður á árinu 2001 kominn í fjórðung af milljarði, fjórðung af milljarði í stofnkostnað á árinu 2001. Síðan kemur að sjálfsögðu til sögunnar rekstrarkostnaður sem hleypur á tugum millj. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vakti athygli á því að þegar fram líða stundir megi gera ráð fyrir enn meiri kostnaði og hann vakti líka athygli á því að þær breytingar sem verið er að ráðast í á flughöfninni okkar eiga rót að rekja til þessara ákvarðana. En ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að þetta er kannski ekki stærsta atriðið þótt eðlilegt sé að gefa því gaum eins hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gerði réttilega í sannfærandi ræðu sinni.

En ég vil víkja að öðru atriði sem annar hv. þm., Þórunn Sveinbjarnardóttir, vakti máls á í ræðu sinni og það lýtur að skráningunni og álitamálum sem þar koma upp. Markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins er samkvæmt Schengen-samningnum að veita upplýsingar í þeim tilgangi að viðhalda allsherjarreglu og öryggi, þar með talið öryggi ríkisins, og auðvelda framkvæmd samningsins um ferðalög á landsvæðum samningsaðila. Þá kem ég að athugasemd hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Hún vakti athygli okkar á 6. gr. frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi í 2. lið þar sem fjallað er um heimild til að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í eftirfarandi tilvikum. Hér segir, með leyfi forseta:

„... ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengensvæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingarstarfsemi ...“

Þetta er afskaplega opin heimild sem á að setja í opin lög. Við erum annars vegar að byggja á samningi þar sem vísað er í öryggi ríkisins og hins vegar á hvaða forsendum megi fylgjast með einstaklingum til að framfylgja slíku. Ég tek undir varnaðarorð hv. þm. hvað þetta varðar og ég tel að þetta þurfi ítarlegrar skoðunar við. Ef ég hefði haft meiri tíma til ráðstöfunar hefði ég viljað víkja að þeim þætti þessa máls, sem vegur e.t.v. þyngst, og það er fíkniefnavandinn og sú hætta sem felst í því að dregið verði stórlega úr möguleikum okkar til að hafa eftirlit með innflutningi fíkniefna til landsins og það er mjög alvarlegur hlutur.

[23:52]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þetta er svolítið sérkennileg umræða, hún minnir mig á EES-umræðuna hér um árið. (**ÖJ:** Kannski er þetta sama umræðan.) Kannski er þetta sama umræðan. Eitt er víst að sumir ræðumennirnir eru þeir sömu og málflutningurinn sömuleiðis. En kjarni málsins er sá að við tökum að okkur að vera útvörður Evrópu sem Evrópuþjóð. Það eftirlit verður eflt og samræmt við önnur lönd á hinum ytri landamærum, hvað innra eftirlitið varðar, þ.e. innan Schengen-svæðisins, þá verður tekin upp umfangsmikil samvinna á sviði löggæslu, hins vegar verður óbreytt tollgæsla. Það er eins og menn vari sig ekki alveg á því að Schengensamstarfið hefur engin áhrif á tollgæslu, hvorki hvað varðar eftirlit innri né ytri landamæra Schengen. Tolleftirlitið verður í engu minnkað en Schengen-samstarfið gerir ráð fyrir ýmsum aðgerðum til að uppræta glæpastarfsemi, komið verður á gagnkvæmri réttaraðstoð og miðlun upplýsinga um Schengen-upplýsingakerfið sem verður mælt fyrir á eftir varðandi afbrotamenn og tengd málefni. Það má líka spyrja hversu mikið af fíkniefnum hafi fundist í vegabréfalúgunni í Keflavík, ætli það sé ekki harla lítið. Að sjálfsögðu finnst það niðri í tollskoðuninni, að vísu það sem finnst. En hvaða hræðsla skyldi þetta vera við samstarf við aðrar þjóðir? Ég svo sem trúði þessu fyrir fram upp á vinstri græna, mér kom hins vegar á óvart málflutningur hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. (**Gripið fram í:** Hann er hægri grænn.) Hann er hægri grænn er kallað hér fram í, en sennilega eru vinstri grænir á móti öllu alþjóðlegu samstarfi nema kannski við Færeyinga á sviði íþróttamála.

NATO, EFTA, EES og nú Schengen — ef menn hefðu fylgt einangrunarstefnu og alltaf farið eftir þessu sem forveri vinstri grænna, Alþýðubandalagið, hafði uppi málflutning um, hvar stæði Ísland þá í dag? Utan alls þessa samstarfs? Þetta sem hefur skilað Íslandi og samstarfsþjóðunum verulegum árangri hvert á sínu sviði og það sama gerist örugglega nú. Væru Norðurlandaþjóðirnar og nánast allar Evrópuþjóðir að sameinast um þetta, ef það væri tóm vitleysa og ef ekki fylgdu samstarfinu ótvíræðir hagsmunir? Ég er viss um að svo er. Það er líka svo að Bretar eru að þokast í þessa áttina, þeir vilja taka þátt í ákveðnum þáttum samstarfsins fylgjast með því og vera aðilar að því. (**GÁS:** Ekki breski Íhaldsflokkurinn.) Hugsanlega einnig.

Herra forseti. Aðalmagnið af fíkniefnum, og það er kannski stærsta málið í þessu, kemur orðið inn í gámum en fíkniefni finnast yfirleitt vegna samstarfs yfirvalda frekar en við tilviljanakennda leit í Keflavík. Það er þessi árangur sem Schengen-samstarfið er að tryggja að yfirvöld hafa samráð sín á milli til þess að upplýsa um slík mál og það skiptir okkur mestu máli og þetta mun skila okkur miklum árangri.

[23:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki fannst mér þessar sendingar í garð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sæmandi og kemur mér nokkuð á óvart úr munni hv. þm. Hjálmars Jónssonar. Hann staðhæfði að Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri á móti öllu og svo taldi hann upp ýmislegt sem honum þótti mikilvægt og göfugt í tilverunni — NATO og síðan að sjálfsögðu þetta Schengen. Síðan komu röksemdirnar og þær eru þessar: Ef Evrópuríkin eru að gera þetta getur þetta þá verið tóm vitleysa? Já, já, hv. þm., ég vara við hóphyggju, múghyggju af þessu tagi, ég vara við henni. Ég hvet til þess að Íslendingar sýni sjálfstæði og sýni dómgreind í verki og við tölum um þetta með rökum. Rökum var beitt í umræðunni af okkar hálfu og þar með var t.d. vísað í menn sem hafa kynnt sér þessi mál. Það var vísað í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík, sem byggir væntanlega umsögn sína á þekkingu þeirra sem fjalla um þessi mál, og þar segir hann eins og

kom fram í máli annars þingmanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs:

„Með Schengen-aðild verður tolleftirliti ekki haldið uppi með sama hætti og áður, m.a. leit að fíkniefnum." Og gæti það nú verið svo, hv. þm. Hjálmar Jónsson, að fíkniefni hafi fundist í gegnum vegabréfalúguna í flughöfnum, ég held nefnilega að svo sé. Þess vegna er mikilvægt að viðhalda samspili, vegabréfaeftirlits og tolleftirlitsins. Þetta er a.m.k. mat lögregluyfirvalda, þeirra aðila sem gjört þekkja til þessara mála.

[23:58]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tollgæsla hefur aðgang að öllum upplýsingum, a.m.k. til jafns við það sem verið hefur. Hv. þm. varar við hóphyggju, ég vara hann einnig við hóphyggju og ég vil líka — (**Gripið fram í:** Hróphyggju.) já, jafnvel hróphyggju því ég skil ekki alltaf hrópin í hv. þm. hér í stólnum. En ég varð ekki var við að röksemdir Evrópuríkjanna eða þeirra hugsjóna og skoðana sem eru á bak við Schengen-samstarfið hryndu við þetta andsvar hv. þm. Ég vil svo líka benda honum á það að lögreglustjórinn í Reykjavík, svo ágætur sem hann er, stýrir ekki miklu landamæraeftirliti.

[23:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst alveg óþarfi af fulltrúum ríkisstjórnarmeirihlutans að gera lítið úr umsögnum lögreglustjóraembættisins í Reykjavík um þennan samning. Ég fer fram á það eitt að menn færi rök fyrir máli sínu en forðist sleggjudóma af því tagi sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar.

[00:00]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að gera lítið úr umsögn lögreglustjórans í Reykjavík. Hins vegar er hv. þm. Ögmundur Jónasson að gera ansi mikið úr þeirri umsögn. Varðandi sleggjudóma þá koma þeir nú ansi margir hér úr þessum stóli og ekki síður frá vinstri grænum en öðrum hv. þm.

[00:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég er í hópi efasemdarmanna í þessum sal varðandi aðild okkar að Schengen. Mig langar að hefja ræðu mína á því að rifja upp þáltill. sem lögð var fyrir síðasta þing og þingið áður líka. Þar lagði hv. þáv. þm. Hjörleifur Guttormsson til að Alþingi ályktaði að fela dómsmrh. að beita sér fyrir því að gera vandaða úttekt á líklegum áhrifum Schengen-aðildar á ólöglegan innflutning fíkniefna til landsins í samvinnu við önnur ráðuneyti og samtök sem berjast gegn fíkniefnum. Samkvæmt þessari þáltill., herra forseti, var óskað eftir því að Alþingi yrði gefin skýrsla um málið.

Ég verð að segja að mikið stæðum við nú betur að vígi í þessari umræðu ef þessari þáltill. hefði verið sinnt og skýrslan lægi hér fyrir sem grundvöllur í málflutningi okkar. Hæstv. utanrrh. lagði á það áherslu í máli sínu áðan að Norðmenn hefðu skipt um skoðun, að orðið hefðu sinnaskipti í röðum stjórnmálamanna í Noregi. Þeir hefðu í eina tíð barist gegn aðild að Schengen en hefðu nú snúist. Hvers vegna? Eins og hæstv. utanrrh. sagði er það vegna þess að þeir hafi verið upplýstir, vegna þess að farið hefur fram upplýst umræða um málið í Noregi. Upplýsta umræðu um þetta mál skortir, herra forseti, hér á Íslandi. Við eigum eftir að ræða við almenning, við fagaðila, stofnanir og önnur ráðuneyti. Þess vegna segi ég að það væri vel ef að hér lægi fyrir skýrsla með faglegri úttekt á mögulegum áhrifum af aðild okkar að Schengen-samkomulaginu.

Hér hefur verið vitnað í lögreglustjóra. Mig langar að vitna í tollvörð, fyrrv. deildarstjóra, Kristján Pétursson, sem skrifaði í Morgunblaðið 18. jan. 1997 um innflutning á fíkniefnum til landsins, með leyfi forseta. Í greininni segir Kristján Pétursson:

„Í langflestum tilvikum þegar fíkniefni finnast hjá farþegum við komu til landsins liggur að baki mikil og oft flókin upplýsingaöflun tollgæslu og fíkniefnadeildar lögreglunnar. Svo hægt sé að hafa hendur í hári grunsamlegra komufarþega, innlendra sem erlendra, verður að skoða skilríki þeirra, þar sem oftast er um að ræða ókunna aðila (burðardýr). Eftir að vegabréfaskoðun Schengen-farþega verður lögð af, er ekki lengur fyrir hendi nein aðstaða til slíks eftirlits í flugstöðinni."

Herra forseti. Það verður ekki lengur heimild fyrir því að gera stikkprufur af þessu tagi. Jafnvel þó að upplýsingar berist sem gætu gefið ástæðu til að óska eftir vegabréfaskoðun í einhverjum tilfellum þá væri það ekki heimilt. Mér sýnist, herra forseti, að hér megi með réttu hafa áhyggjur. Þær eru fullkomlega á rökum reistar og við höfum stutt áhyggjur okkar með tilvitnunum, bæði í lögreglu og tollgæslu. Ég held að ástæða sé til að hafa áhyggjur því eins og fram hefur komið í umræðunni núna er ljóst að það á ekki að fylgjast með persónum, heldur varningi. Með þeim aðferðum sem fíkniefnasmyglarar hafa beitt síðustu árin í að smygla inn fíkniefnum milli landa hefur oft verið harla erfitt að greina á milli persónunnar og varningsins. Hér eru sannarlega ástæður til að hafa áhyggjur.

Einnig er ástæða til að athuga að við yrðum útvörður, landamærastöð fyrir Vesturheim, Ísland með sínar 30 hafnir og 17 flughafnir sem þyrftu í raun og veru allar að gera einhverjar ráðstafanir. Erlend skip koma víðar að landinu en í Reykjavík. Eitthvað kemur það til með að gera að hafa hafnir og flughafnir í stakk búnar að taka við þessu hlutverki. Ég verð því að segja, herra forseti, að ég deili áhyggjum hv. 1. þm. Vestf. af kostnaðinum í þessu máli. Í því sambandi má geta þess að fyrst er farið var að ræða um þetta mál á hv. Alþingi þá var talað um kostnaðaráætlun vegna breytinga á Leifsstöð upp á 1,1 milljarð. Nú eru þær kostnaðaráætlanir komnar í 3,5–4 milljarða. Á tveimur árum hefur kostnaðaráætlunin bara varðandi Leifsstöð hækkað úr 1,1 milljarði í 3,5–4 milljarða.

Mikið er talað um þægindin af því að geta ferðast vegabréfalaust á milli landa. Ég sé ekki, herra forseti, að tæknin og framfarir í ferðaþjónustu nú til dags komi til með að búa til svo langar biðraðir fyrir segjum þær 10 millj. Bandaríkjamanna sem ferðast til Evrópu á hverju einasta ári. Það er ótrúlegur fjöldi Bandaríkjamanna sem ferðast og Japanar. Ekki yrðu þeir innan Schengen. Stæðu þá allir Bandaríkjamenn og Japanar í biðröðum á öllum flughöfnum heimsins á meðan að Schengen-farþegar fengju að fljúga á rósrauðu Schengen-skýi í gegn? Auðvitað ekki, herra forseti. Auðvitað eru framfarir í þessu eins og öðru. Ég geri ekki svo mikið úr þessum þægindum.

Ég hef meiri áhyggjur af því öryggi sem ógnað er með því að innleiða þetta samkomulag um alla álfuna. Varnirnar í austanverðri og sunnanverðri Evrópu eru ákaflega slælegar. Nú vofir yfir stækkun Evrópusambandsins. Hvernig ætlum

við t.d. að fara að þegar Tyrkland verður orðið aðili að Evrópusambandinu? Af því sprettur ótti við innflutning, hugsa ég. Við sjáum það, herra forseti, að hér eru margar hættur sem sannarlega er þörf á að vara við og fara ofan í saumana á. Ég ítreka að mikið væri gott ef Alþingi hefði verið það viturt fyrir ári síðan eða tveimur að láta gera skýrslu um möguleg áhrif Schengen-samkomulagsins.

Í lok ræðu minnar langar mig að benda á, herra forseti, að hæstv. dómsmrh. hélt því fram í gær í umræðum utan dagskrár að stóraukin löggæsla hefði aukið vanda fíkniefnaneytenda og þar af leiðandi væru fíkniefnaafbrot svo tíð núorðið. Hún sagði þau vera tíðari vegna þess að löggæslan væri svo stóraukin. Herra forseti. Ég efast um að þetta sé alveg rétt. Ég heyri úr röðum lögreglumanna áhyggjur af því að enn skorti fé til löggæslu og þeir geti ekki einu sinni annast eðlilega löggæslu í miðbæ Reykjavíkur um helgar.

[00:09]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég ítreka að í svörum mínum við fsp. í gær taldi ég að það gæti verið hugsanleg skýring á málinu, að þegar t.d. ránum fjölgar og alvarlegum ofbeldisverkum þá gæti hugsanlega verið orsakasamband þar á milli. Ég fullyrti ekkert um þau efni.

Ég er sammála hv. þm. um að fram þurfi að fara upplýst umræða um Schengen-samstarfið. Ég teldi það fagnaðarefni að rætt yrði vel og vandlega um málið á hinu háa Alþingi. Það er nauðsynlegt að fræða einnig almenning um þetta mál. Ég treysti því að þær þingnefndir sem fá þessi mál til meðferðar muni skoða það vandlega.

Mig langar til þess að koma að því varðandi persónueftirlitið að nýjum starfsaðferðum yrði beitt við það eftirlit. Það mun að sjálfsögðu kalla á að lögreglumenn hljóti fræðslu og þjálfun um Schengen-reglur og að aðstaða, tækjabúnaður og annar aðbúnaður til persónueftirlits verði fullnægjandi á öllum landamærastöðvum. Langstærstur hluti þeirra einstaklinga sem samkvæmt þessu mun þurfa að sæta persónulegu eftirliti við brottför og komu fer hins vegar um Keflavíkurflugvöll.

Stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, til þess að mæta aukinni umferð farþega um stöðina, tengist þessu máli að sjálfsögðu en hins vegar held ég að öllum sé ljóst að stækka þarf flugstöðina og flugvöllinn vegna stóraukinnar umferðar. Ég vil líka taka það fram að þátttaka í Schengen hefur engin áhrif á öryggiskröfur á flugvöllum. Einstaklingar geta þurft að sýna persónuskilríki. Eftirlit með einstaklingum sem fara frá Íslandi til ríkja innan Schengen er viðhaldið. Þar verður krafist vegabréfs.

[00:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að leggja hæstv. dómsmrh. orð í munn varðandi umræðurnar í gær. Ég biðst afsökunar hafi ég tekið of djúpt í árinni.

Mig langar til að ítreka, í sambandi við þessi fíkniefnamál, það sem ég hef mestar áhyggjur af varðandi hið afnumda eftirlit með persónum, þ.e. hversu gífurlega mikið við þurfum að auka allt okkar eftirlit. Ég þekki það af eigin raun hvernig tollverðir úti á landi hafa ekki getað sinnt skyldum sínum hingað til.

Ég sé ekki að íslenska ríkisvaldið hafi sýnt slíka ofrausn í að sjá lögreglunni fyrir því fjármagni sem lögreglan telur sig þurfa til að halda uppi löggæslu og tollgæslunni, fyrir því fjármagni sem hún hefur talið sig þurfa í málefni tollgæslunnar. Ég sé ekki að við komum til að standa að því með rausn á næstunni úr því okkur hefur ekki tekist betur til upp á síðkastið. Ég minni enn á miðbæ Reykjavíkur sem er nánast löggæslulaus heilu og hálfu næturnar. Þeir tveir, þrír eða fjórir, eða hvað þeir eru margir lögregluþjónarnir, vilja frekar mæla hraða á Kleppsvegi en að hætta sér inn í skrílslætin í miðbænum. Það þyrfti að auka gæslu, bæði í borginni og um allt land.

[00:13]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili vissulega áhyggjum með hv. þm. af aukinn tíðni afbrota í íslensku þjóðfélagi, ekki síst vegna fíkniefnavandans. Það hefur verið lögð áhersla á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að styðja vel við bakið á íslensku lögreglunni. Það mun gert áfram, ég get fullvissað hv. þm. um það þó auðvitað megi alltaf betur gera. Áherslan á eflingu löggæslunnar verður aukin og það mál tengist einmitt, herra forseti, Schengen-samstarfinu.

Það er ljóst að fjölga verður þeim sem starfa að persónueftirliti, t.d. við komu og brottför á Keflavíkurflugvelli. Það þarf að styrkja nauðsynlegt persónueftirlit þar sem smygl á fólki til Íslands, jafnt sem annarra Evrópuríkja, er að verða ábatasamur iðnaður alþjóðlegra glæpasamtaka. Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli vinnur nú að útfærslu á því hvernig staðið verði að auknu eftirliti og hvar hagræða megi í rekstri til að takmarka þá viðbót á mannafla sem breytingarnar munu krefjast. Ljóst er að auka verður í mannafla til þess að takast á við aukið eftirlit. Ég held að það muni hjálpa til í baráttu okkar gegn fíkniefnavandanum.

[00:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað deilum við þessum áhyggjum varðandi löggæsluna og hversu vanmegnug hún virðist oft vera í þessu samfélagi sem stöðugt leitar meira í átt til glæpasamfélags, vil ég segja. Maður fylgist ekki með því hversu hratt þessar breytingar eiga sér stað. Og þegar maður allt í einu vaknar upp þá er það eins og af vondum draumi því það hafa átt sér stað svo skelfilegar breytingar á svo skelfilega skömmum tíma. Og við getum ekki annað en horfst í augu við það að við erum orðin hluti af þessu harða samfélagi sem maður vonaði fyrir kannski tveimur eða þremur árum að okkur tækist að standa gegn. Ég held því að höfuðmáli skipti að við gerum okkur fulla grein fyrir því að hér getum við verið að bjóða hættunni heim og við hljótum að verða að hafa þéttriðið öryggisnet og standa, eins og hæstv. dómsmrh. segir, þétt við bakið á allri okkar löggæslu og öryggisgæslu. Auðvitað verður að sinna þessu máli af þvílíkum dug og það kemur til með að kosta formúu. Það kemur til með að kosta mikinn mannafla, mjög mikinn. Ef við ætlum að fara út í þetta samstarf og standa þar vel að málum, þá á það eftir að kosta okkur drjúgan skilding og við verðum að gera okkur grein fyrir því núna. Við verðum að sjá fyrir hversu langt þetta á eftir að leiða okkur í útgjöldum og hversu langt þetta á eftir að leiða okkur í mannaflaþörf. Alla þessa þætti þarf að greina til að þessi umræða geti farið fram út í samfélaginu þannig að við getum virkilega gert upp hug okkar og fundið og tekið þá bestu ákvörðun sem hugsast getur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 1. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 288.

og

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, 1. umr.

Stjfrv., 237. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 289.

[00:17]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstvirtur forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur frv., annars vegar frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi og hins vegar frv. til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Mun ég byrja á að ræða hér efni fyrra frv. sérstaklega.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og er frumvarpið eitt af fleiri frumvörpum sem flutt verða á Alþingi af þessu tilefni.

Kjarninn í Schengen-samstarfinu má segja að sé tvíþættur og felist annars vegar í að tryggja frjálsa för fólks um innri landamæri samstarfsríkjanna og hins vegar að efla baráttu ríkjanna gegn alþjóðlegri brotastarfsemi, ekki síst ólöglegum flutningi fíkniefna. Markmiðið með starfrækslu Schengen-upplýsingakerfisins lýtur að síðastnefnda atriðinu og er því ætlað að auka samvinnu lögregluyfirvalda ríkjanna til að koma í veg fyrir og uppræta brotastarfsemi. Tilgangurinn með starfrækslu upplýsingakerfisins er einnig að treysta eftirlit á ytri landamærum ríkjanna.

Einn af mikilvægustu þáttum Schengen-samstarfsins er starfræksla Schengen-upplýsingakerfisins. Með Schengen-upplýsingakerfinu er átt við rafrænt gagnasafn upplýsinga frá þátttökuríkjunum til notkunar á öllu Schengen-svæðinu. Með starfrækslu gagnasafnsins er upplýsingum miðlað á skilvirkan og öruggan hátt milli samstarfsríkjanna. Rekstur gagnasafnsins hófst í mars 1995 og hefur það bætt löggæslu þeirra ríkja sem nú þegar taka þátt í Schengen-samstarfinu og samvinnu þeirra á milli.

Um Schengen-upplýsingakerfið er fjallað í IV. bálki Schengen-samningsins og til glöggvunar er sá hluti samningsins birtur sem fylgiskjal með frv. Schengen-upplýsingakerfið greinist annars vegar í staðbundinn hluta kerfisins sem starfræktur er í hverju þátttökuríkjanna og hins vegar miðlægan hluta þess sem staðsettur er í Strassborg í Frakklandi.

Þetta frv. tekur til íslenska hluta upplýsingakerfisins og eru ákvæði þess um rekstur kerfisins í samræmi við reglur Schengen-samningsins.

Einnig vil ég nefna að frv. hefur að geyma ákvæði um persónuvernd við skráningu og meðferð upplýsinga í gagnasafninu. Það atriði er mjög mikilvægt og ég vil leggja ríka áherslu á að persónuverndar verði í hvívetna gætt við starfrækslu upplýsingakerfisins.

Herra forseti. Ég mun nú gera grein fyrir helstu ákvæðum frv. og meginefni þess.

Í 2. gr. frv. er lagt til að ríkislögreglustjóri reki og beri ábyrgð á upplýsingakerfinu. Gert er ráð fyrir að einungis starfsmenn þess embættis annist skráningu í kerfið og ríkislögreglustjóri leggi mat á hvort skilyrði séu til að skrá upplýsingar í kerfið. Í ákvæðinu er sérstaklega áréttað að þess skuli gætt við skráningu að upplýsingar séu réttar og áreiðanlegar og að fullnægt sé skilyrðum laga fyrir skráningu.

Í 3. gr. frv. er síðan að finna ákvæði um innra eftirlit með upplýsingakerfinu sem ríkislögreglustjóri og sá sem annast tölvuþjónustu á hans vegum skulu annast.

Þá er gert ráð fyrir í 18. gr. frv. að tölvunefnd hafi einnig eftirlit með að upplýsingakerfið sé starfrækt í samræmi við ákvæði frv. og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Lagt er til í 19. gr. að nánari reglur um innra eftirlit og eftirlit tölvunefndar verði settar með reglugerð.

Í 4.–8. gr. frv. er að finna ákvæði um skráningu í upplýsingakerfið. Samkvæmt þessum greinum eru nákvæmlega tilgreindar þær upplýsingar sem heimilt er að skrá í kerfið. Einnig er gerður sá áskilnaður að skráning upplýsinga sé nauðsynleg með hliðsjón af tilgangi skráningar. Þannig er einungis heimilt að skrá upplýsingar í fyrir fram ákveðnum tilgangi svo sem nánar er rakið í 6.–8. gr. frv.

Í 6. gr. frv. er að finna heimild til að skrá upplýsingar um einstaklinga vegna beiðni um að eftirlýstur maður verði handtekinn og framseldur, þegar meina á útlendingi um landgöngu, vegna leitar að horfnum manni eða þegar taka á mann í gæslu tímabundið vegna eigin öryggis eða annarra. Einnig er lagt til að heimilt verði að skrá upplýsingar um einstaklinga vegna eftirgrennslana um búsetu eða dvalarstað vitnis, sakbornings sem hefur verið ákærður og koma þarf fyrir dóm, eða manns sem birta á dóm fyrir í opinberu máli eða boða til afplánunar refsingar.

Í 7. gr. frv. er að finna heimild til að skrá upplýsingar um einstaklinga og ökutæki í upplýsingakerfið til að fram fari *eftirlit* með leynd, *leit*, *líkamsleit* eða *líkamsrannsókn*, enda sé fullnægt tilteknum ströngum skilyrðum fyrir slíkri skráningu.

Þá er í 8. gr. frv. að finna heimild til að skrá upplýsingar um hluti sem leitað er í þeim tilgangi að leggja á þá hald eða nota sem sönnunargagn í opinberu máli.

Ég vil vekja á því athygli, virðulegi forseti, að í frv. er gert ráð fyrir að upplýsingar verði ekki skráðar í kerfið nema nægjanlega brýnt tilefni sé til skráningar. Þannig verður að athuga nauðsyn skráningar í hverju tilviki fyrir sig og því verða upplýsingar ekki skráðar sjálfkrafa í kerfið.

Loks vil ég geta þess að skv. 9. gr. frv. verða upplýsingar sem skráðar eru í ákveðnu skyni almennt ekki nýttar í öðrum tilgangi.

Í 10. og 11. gr. frv. er að finna ákvæði um aðgang að upplýsingakerfinu. Samkvæmt 10. gr. er lagt til að lögregla, útlendingaeftirlit og skráningarstofa ökutækja verði beinlínutengd við upplýsingakerfið. Þessi aðgangur sætir þó þeim takmörkunum að hann verði ekki víðtækari en nauðsyn krefur með hliðsjón af þeim verkefnum sem þessi stjórnvöld sinna. Í 11. gr. frv. er einnig að finna heimild til aðgangs að skráðum upplýsingum fyrir tollgæslu, Landhelgisgæsluna og dómsmrn. að því marki sem nauðsynlegt er vegna nánar tilgreindra verkefna þessara stjórnvalda. Þessi aðgangur er frábrugðinn aðgangi skv. 10. gr. þar sem hann er ekki beinn, heldur verður aðgangur aðeins veittur fyrir milligöngu ríkislögreglustjóra sem metur hvort lagaskilyrði séu fyrir hendi til að veita umbeðnar upplýsingar.

Samkvæmt 13. gr. frv. á hver sá sem skráður er í upplýsingakerfið rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar um

sig í kerfinu. Þessi réttur sætir þó takmörkum ef nauðsynlegt er að halda upplýsingum leyndum til að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu eða vegna hagsmuna annarra. Hér má nefna sem dæmi að þetta ætti væntanlega við ef upplýsingar eru skráðar um mann til að hann verði handtekinn eða framseldur.

Þá er í 14. gr. að finna ákvæði um að ríkislögreglustjóri skuli eftir beiðni eða að eigin frumkvæði sjá til þess að rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar, eða upplýsingar sem skráðar hafa verið án tilskilinnar heimildar, verði leiðréttar, afmáðar eða við þær aukið.

Í 16. gr. frv. er að finna ákvæði um bótaskyldu ríkissjóðs ef maður hefur orðið fyrir tjóni vegna skráningar eða notkunar á upplýsingum úr upplýsingakerfinu sem andstæð er reglum um kerfið. Einnig skal greiða bætur þótt upplýsingar hafi verið skráðar í öðru ríki, ef þær hafa verið notaðar hér á landi. Eftir atvikum gæti þó íslenska ríkið endurkrafið viðkomandi ríki sem skráð hefur upplýsingar, en gert er ráð fyrir því í 2. mgr. 116. gr. Schengen-samningsins. Lagt er til að bótaábyrgðin verði hlutlæg þannig að bætur verði greiddar án tillits til sakar. En þó er gert ráð fyrir því að fella megi niður bætur eða lækka þær ef tjónþoli hefur stuðlað að því að upplýsingar væru skráðar eða notaðar.

Loks er í 17. gr. frv. að finna ákvæði um hvenær upplýsingar verða afmáðar úr upplýsingakerfinu. Varðandi upplýsingar um einstaklinga er gert ráð fyrir að þær standi ekki lengur en þörf krefur með hliðsjón af tilgangi skráningar og að skráning sé endurmetin, ýmist á eins eða þriggja ára fresti. Þegar upplýsingar eru skráðar um hluti er gert ráð fyrir að þær geti staðið skráðar í þrjú, fimm eða tíu ár, eftir því um hvaða hluti er að ræða.

Herra forseti. Ég mun nú snúa mér að síðara frv. sem felur í sér nauðsynlegar breytingar á lögum til að Ísland geti fullnægt þeim skuldbindingum sem leiðir af þátttöku í samstarfi Schengen-ríkjanna.

Í frv. eru lagðar til breytingar á fimm lagabálkum og mun ég nú gera nánari grein fyrir efni frv. í einstökum atriðum.

Í I. kafla frv. eru lagðar til breytingar á 8. gr. a almennra hegningarlaga, en það ákvæði fjallar um svokölluð neikvæð réttaráhrif refsidóma. Í því felst að maður verður ekki dæmdur eða látinn taka út refsingu oftar en einu sinni fyrir sama verknað. Þetta er þó bundið við að refsidómur hafi verið kveðinn upp í ríki sem er aðili að samningi um alþjóðlegt gildi refsidóma frá 28. maí 1970. Lagt er til að ákvæðinu verði breytt þannig að það taki einnig til ríkja sem taka þátt í Schengen-samstarfinu.

Í II. kafla frv. eru lagðar til breytingar á lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum, nr. 13/1984.

Í 2. gr. frv. er lagt til að með samningi við önnur ríki megi ákveða að tiltekin brot skuli ekki talin stjórnmálaafbrot. Þetta er til samræmis við yfirlýsingu sem Ísland og Noregur gáfu við gerð samstarfssamnings við Evrópusambandið frá 18. maí 1999, um að fyrirvara varðandi stjórnmálaafbrot við Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum yrði ekki beitt gagnvart Schengen-ríkjum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að þegar beiðni um framsal berst frá Schengen-ríki gildi lög þess um rof fyrningarfrests á sök eða dæmdri refsingu. Þetta er til samræmis við 62. gr. Schengen-samningsins.

Í 4. gr. frv. er lagt til ákvæðið um samþykki manns fyrir framsali. En þegar samþykki liggur fyrir er gert ráð fyrir einfaldari málsmeðferð.

Í 5. gr. frv. er lögð til rýmkuð heimild til að veita Schengen-ríkjum réttaraðstoð vegna opinberra mála í samræmi við 51. gr. Schengen-samningsins.

III. kafli frv. hefur að geyma tillögur að breytingum á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma, nr. 56/1993. Þessar breytingar miða að því að fullnægja skuldbindingu samkvæmt 67.–69. gr. Schengen-samningsins og að unnt verði að fullgilda viðbótarsamning við Evrópusamning um flutning dæmdra manna frá árinu 1997. Megintillagan í þessum ákvæðum frv. er að heimilt verður að fullnusta dóm hér á landi án tillits til samþykkis dómstóla ef maður hefur komið sér hjá fullnustu með því að flýja til landsins.

Í IV. kafla frv. er lögð til sú breyting á lögreglulögum að heimilt verður að skipa lögreglumann til að sinna landamæravörslu án þess að hann hafi lokið prófi frá Lögregluskólanum. Þessi í stað er lagt til að viðkomandi þurfi að hafa lokið sérstöku prófi fyrir landamæraverði. Þetta tekur mið af því að ráða þarf lögreglumenn í hlutastörf til að sinna landamæraeftirliti og ástæðulaust er að slíkir starfskraftar þurfi að fullnægja öllum þeim kröfum sem gerðar eru til lögreglumanna. Þessir starfskraftar geta á hinn bóginn ekki sinnt öðrum löggæslustörfum en landamæraeftirliti.

Loks er í V. kafla frv. lagt til að heimilt verði að ákveða með reglugerð hvar og hvenær íslenskir ríkisborgarar skuli bera og sýna vegabréf. Þessi heimild var í eldri lögum um vegabréf en féll niður með gildandi vegabréfalögum. Heimildin er m.a. nauðsynleg til að Ísland geti fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru til landamæraeftirlits á Schengen-svæðinu.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að mæla fyrir þessum tveim frv. sem hér eru til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þeim vísað til 2. umr. og hv. allshn. sem ég er sannfærð um að mun fara vandlega yfir þessi mál.

[00:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur verið fjallað um frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið og frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslendinga í Schengen-samkomulaginu. Schengen-upplýsingakerfið byggir á Schengen-samningnum þar sem segir m.a. að markmiðið með rekstri upplýsingakerfisins sé að veita upplýsingar í þeim tilgangi að viðhalda allsherjarreglu og öryggi, þar með talið öryggi ríkisins og auðvelda framkvæmd samningsins um ferðalög á landsvæðum samningsaðila. Þetta atriði varðandi öryggi ríkisins er síðan ætlunin að festa í lög með 4. gr. frv.

Hæstv. ráðherra sagði að tilgreint væri mjög rækilega hvað og hverja mætti skrá í þetta kerfi. Ég gagnrýndi það í fyrri ræðu minni hér í kvöld að þetta væri ekki gert. Þar vitnaði ég til 6. gr. frv. þar sem segir:

„Heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið í eftirfarandi tilvikum:“

Skv. 2. tölul. er það heimilt ef „ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengen-svæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingarstarfsemi“.

Ef ætla má að einstaklingur sé líklegur til þessa. Til hvers er þetta? Til að tryggja öryggi ríkisins. Er þetta ekki farið að hljóða svolítið kunnuglega, úr allt öðrum heimshluta frá fyrri tíð? Ég tók eftir því í framsöguræðu hæstv. ráðherra að hún hljóp yfir þennan lið, ég heyrði ekki betur en hæstv.

ráðherra sleppti einmitt þessum lið og útleggingu á honum. Ég óska eftir nánari skýringum á því hvað hér er átt við.

[00:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Já, virðulegi forseti. Ég verð nú að segja að ég átta mig ekki alveg á þessari gagnrýni frá hv. þm. Ég held að ég hafi farið nokkuð rækilega yfir helstu greinar í frv. En frv. er 20 greinar og þar eru mörg atriði sem er ekki er hægt að fjalla um í einni framsögu.

Í athugasemdum með 4. gr. í frv. segir t.d.:

„Í 1. mgr. segir að skráning í upplýsingakerfið skuli miða að því að tryggja almannaöryggi og allsherjarreglu, þar með talið öryggi ríkisins. Rétt þykir að þessi tilgangur upplýsingakerfisins, sem kemur fram í 93. gr. Schengen-samningsins, verði beinlínis tilgreindur í lögunum."

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég sé ekkert athugavert við að hafa þessi ákvæði skilmerkileg í lögum, eins og þau eru sett fram hér í þessu frv. Ég tel þvert á móti að ákjósanlegt sé að gæta að almannaheill og öryggi ríkisins. Ég er ekki eins vel upplýst og hv. þm. og átta mig ekki á til hvaða ríkja hann er vitna. Hann getur kannski frætt mig um þau og hvaða reglur gilda þar.

[00:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að vitna til lögregluríkja, þar sem eftirlit er haft með einstaklingum sem ætla má, af fyrri hegðun þeirra, að séu líklegir til að trufla öryggi ríkisins. Mér finnst ástæða til, þegar við erum að taka frv. til lögfestingar, að fá ítarlega umfjöllun um þessi atriði. Það var vakin athygli á þessu hér fyrr í umræðunni og sérstaklega óskað eftir nánari skýringu og mátti búast við því reyndar að ráðherrann fjallaði sérstaklega um þessi mál.

Ég vil vekja athygli á öðru atriði sem fram kom í máli hæstv. ráðherra í framsögu með fyrra frv., þ.e. um breytingu á lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þar segir í 10. gr. að gert sé ráð fyrir breytingu á lögreglulögum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til að sinna landamæravörslu getur ríkislögreglustjóri skipað mann til fimm ára í senn sem ekki hefur lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins ..."

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því fráviki sem hér er lagt til, frá því sem gildir í lögreglulögum um að lögreglumenn skuli hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Ég óska eftir nánari útleggingu á þessu.

[00:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekkert að skýra það neitt nánar. Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan. Það er talað um að heimilt verði að ráða lögreglumenn til að sinna landamæraeftirliti án þess að þeir hafi lokið prófi úr lögregluskóla vegna þess að þar eru gerðar mjög strangar kröfur á mörgum sviðum. Það er ekki talin ástæða til þess að sá lögreglumaður sem sinnir landamæravörslu þurfi að uppfylla öll þau ströngu skilyrði sem skólinn gerir. Þetta er einungis heimildarákvæði.

Varðandi þau atriði er hv. þm. nefndi fyrr, þá hefur hann væntanlega verið að tala um 6. gr. frv. um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi. Það er athyglisvert að atriðin sem þar eru talin upp eru einmitt í núgildandi lögum um útlendinga. Þar segir m.a. í 6. tölul. 10. gr. laga nr. 45/1965, að meina beri útlendingi landgöngu:

„Ef ætla má af fyrri hegðun hans eða af öðrum ástæðum, að tilgangur hans með komu hingað til lands eða til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi."

Þessi ákvæði eru því ekki ný af nálinni.

[00:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kaus að gera ekki athugasemdir við að þessi tvö frv. væru rædd samtímis. En ég minni á það sem ég sagði hér áður í kvöld, að ég get ekki fagnað því sérstaklega að þurfa að standa í að ræða þessi stóru mál við þær aðstæður sem boðið er upp á hér á næturfundi. Í raun eru þessi frv. um tvö aðskilin mál. Annað þeirra fjallar um Schengen-upplýsingakerfið, lögfestingu þess á Íslandi og starfrækslu. Hitt er síðan um breytingu á ýmsum lögum, bandormsfrv. um breytingu á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. En gott og vel. Ég get svo sem vel fallist á að ræða þetta sameiginlega. Út af fyrir sig má segja að öll þessi mál og reyndar fleiri lagabreytingar sem hér eru fyrirhugaðar í framhaldinu og þurfa að koma til, t.d. lög um útlendinga, séu samhangandi mál. Það sýnir í leiðinni, herra forseti, umfang þessa máls. Hér er í raun ekkert smámál á ferðinni og kostar umtalsverðar lagabreytingar að lögfesta það.

Herra forseti. Varðandi frv. um Schengen-upplýsingakerfið þá liggur þegar fyrir að af þessu hlýst umtalsverður kostnaður, stofnkostnaður talsvert á þriðja hundrað millj. kr. og síðan rekstrarkostnaður sem hlýtur að mælast í nokkrum tugum millj. á ári hverju, ef ekki meir. Þó er veruleg ástæða til að ætla að ekki sjái fyrir endann á því að öllu leyti enn þá. Ég vona að það þyki ekki sérstaklega þröngsýnt, eins og það er orðið í munni framsóknarmanna, að nefna kostnaðinn í þessu sambandi. Ef menn ætla að stilla reikningsdæminu upp og hafa af þessu allt það gagn sem talið er að í felist, þá verða menn þó að muna eftir frádráttarliðunum líka. Það þykir ekki merkileg stærðfræði, alla vegana þar sem ég lærði hana, að tína bara til plúsliðina í dæminu en gleyma mínusunum.

Kostnaðurinn verður umtalsverður bara við starfrækslu upplýsingakerfisins, skráningar í það, vörslu þess og keyrslu út og inn úr kerfinu o.s.frv. Þar til viðbótar er svo allur sá kostnaður sem fellur til á landamærunum, landamærastöðvunum, í flugstöðvum, höfnum og annars staðar. Upphæðin verður væntanlega hærri þegar þetta leggst allt saman og reiknað hefur verið með öllu. Sjálfsagt þarf talsvert samráð um starfrækslu kerfisins. Eitthvað þarf af fundahöldum og eitthvað af fínum ferðum, sjálfsagt skipuð Schengen-nefnd, Schengen-ráð og gott ef ekki verður kominn Schengen-þingmannavængur áður en varir. Allt þetta fínirí og skilirí verður farið að kosta sitt ef að líkum lætur.

Embætti ríkislögreglustjóra tekur að mínu mati þó nokkrum breytingum með tilkomu þessa ef af verður. Það læðist að manni sá grunur að í reynd sé að vissu leyti verið að breyta ríkislögreglustjóraembættinu í einhvers konar leyniþjónustu, vísi að innlendri leyniþjónustu m.a. með þessum breytingum. Það hefur svo sem örlað á slíku í fleiri tilvikum. Maður spyr sig hvort Ísland sé hægt og hljóðlega að þróast yfir í átt að lögregluríki að því marki sem við höfum blessunarlega getað verið laus við að mestu. A.m.k. telur almenningur svo vera og upplýst hefur verið að hér hafi ekki

verið rekin leyniþjónustustarfsemi í neinum umtalsverðum mæli. En þarna verður safnað saman miklum persónulegum upplýsingum og um þær gilda vissulega tilteknar reglur. Þær verða í vörslu þessa embættis og það verður í höndum embættisins að meta allt sem lýtur að skráningu í kerfið o.s.frv.

Herra forseti. Þá verður að skoða skráninguna sem þarna á að fara fram. Ég vísa til þess sem áður hefur verið sagt, m.a. í umræðu um persónuvernd og annað slíkt, það verður auðvitað að skoða hana í samræmi við fyrirhuguð afnot af skráningunni. Til hvers er verið að skrá þessar upplýsingar og hvernig á að nota þær? Jú, það er vegna þess að leggja á niður innra landamæraeftirlit á svæðinu, í staðinn á að herða ytra landamæraeftirlit. Þegar jákvæðu áhrifin eru tíunduð hér og að þetta geti nýst mönnum í glímunni við eiturlyfjasmygl og alþjóðlega glæpastarfsemi þá er í raun og veru verið að vísa til hins herta eftirlits á ytri landamærum Schengen-svæðisins. Þar á að nota þessar persónulegu upplýsingar.

Þá kemur náttúrlega að spurningunni: Hvað felur þetta fyrirkomulag í sér fyrir þá sem taka á sig þetta ytra landamæraeftirlit? Þetta er ósköp þægilegt fyrir Belga og Lúxemborg, sem liggja langt inni í miðri Evrópu og þurfa rétt að hyggja að þeirri litlu beinu flugumferð sem kemur frá löndum utan Schengen-svæðisins til þeirra. En þetta getur orðið býsna mikið mál fyrir þau ríki sem eru á ytri landamærum Schengen. Það er auðvitað alveg ljóst. Það mun mæða á þeim sem taka á móti straumnum inn á svæðið umfram önnur lönd. Þar kemur að því að Ísland á samkvæmt þessum samningi að taka að sér landamæravörslu Evrópusambandsins á sínu svæði. Það er ljóst. Við verðum landamæravarsla, hlið fyrir umferð inn á svæði Evrópusambandsins úr vestri. Hvað kostar það og hvaða skuldbindingar erum við þar að taka á okkur?

Það er auðvitað að nokkru leyti fyrirséð í formi þeirrar umferðar sem hér er í dag og lýtur út fyrir að verða á komandi árum. Það er ljóst að hér fer talsverð umferð í gegn án þess að stoppa á Íslandi og við munum þurfa að vera þessi landamæravarsla Evrópusambandsins fyrir hana. Að öðru leyti er þetta ekki fyrirséð því að ýmislegt getur í þróun samgangna, einkum flugsamgangna, átt eftir að hafa áhrif á það hversu mikil slík umferð verður og hvaða vandamál henni verða samferða. Það er tiltölulega óútreiknanlegt hvaða leiðir t.d. glæpastarfsemi, eiturlyfjasmygl eða flóttamannasmygl, mansal, vændisklámiðnaðurinn o.s.frv., finnur sér og velur sér. Ísland getur út af fyrir sig ekki, hvort sem það er með eða ekki í þessu samstarfi, gefið sér neitt í þeim efnum hvernig við verðum á vegi stödd eða verðum fyrir slíku á komandi árum og áratugum. En eitt er ljóst og það er að við öxlum þarna heilmiklar skuldbindingar umfram það sem snýr að okkur sjálfum með því að taka að okkur þessa vörslu. Ég efast stórlega um að menn hafi séð fyrir öllu sem þar getur átt eftir að koma upp, enda hefur satt best að segja heimavinnan hér verið ákaflega fátækleg í þessum efnum eins og þegar hefur komið fram og stjórnvöld staðið hrapallega að málum. Einkum ber að gagnrýna fyrri ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta á síðasta kjörtímabili sem kom í veg fyrir að tillaga á Alþingi um sérstaka úttekt á áhrifum aðildar að þessu kerfi næði fram að ganga.

Eitt sem hér hefur lítið borið á góma enn þá í umræðunni en er nátengt spurningum um fíkniefnasmygl og skipulagða alþjóðlega glæpaastarfsemi er spurningin um flóttamannastraum. Við tökum á okkur, einnig í því tilliti, að vera ytri landamæri Evrópusambandsins hvað varðar móttöku flóttamanna eða tilraunir til ólöglegs innflutnings eða ólöglegra flutninga inn á svæðið. Við tökum líka að okkur í raun og veru að samræma okkar lög og reglur þar með þeirri pólitík sem rekin er í þessum efnum. Það leiðir af sjálfu að samræmd flóttamannapólitík verður að gilda á öllu svæðinu því annars mundi þetta brotna niður. Ég er heldur ekki viss um að menn hafi róið fyrir hverja vík í þeim efnum hér né að umræðan hafi nokkuð komist á nægjanlega upplýst plan um hvað því geti fylgt af okkar hálfu í þessu tilliti.

Herra forseti. Að mínu mati er því margt en ekki fátt óséð í þessum efnum og gerir það að verkum að ástæða hefði verið til þess fyrir okkur Íslendinga að fara þarna mjög varlega. Ég held, því miður, að þeir sem hafa ráðið ferðinni í þessum efnum hafi nálgast þetta viðfangsefni með fyrirframsannfæringu. Hæstv. utanrrh. og núv. og sérstaklega fyrrv. ríkisstjórn, nálguðust þetta mál með þeirri fyrirframsannfæringu að við ættum að verða þarna aðilar og það ætti bara að finna lausnir á þeim vandamálum sem því gætu verið samfara. En niðurstaðan var gefin fyrir fram í staðinn fyrir að menn kæmu að málinu með opnum huga og skoðuðu bæði kost og löst þess að við Íslendingar værum þarna aðilar eða reyndum að ná fram samkomulagi um að tengjast þessu með öðrum hætti, t.d. í svipuðum dúr og Bretar og Írar hafa valið sér a.m.k. sem tímabundna ráðstöfun, þ.e. að vera þátttakendur í upplýsingasamstarfinu að einhverju leyti og geta eftir atvikum skipst á upplýsingum, en halda eftir réttinum til landamæravörslu, þó þannig að sjálfsögðu að þeim er í sjálfsvald sett að hve miklu leyti þeir halda því uppi. Sama gátum við gert. Hefðum við getað samið um slíka millileið þá var okkur að sjálfsögðu í sjálfsvald sett að hve miklu leyti við héldum uppi stífri landamæravörslu t.d. þegar umferð var að koma frá meginlandi Evrópu inn til Íslands. Reyndar er það nú svo, og það er alþekkt, að eftirlitið er talsvert mismunandi eftir því hvort ástæða þykir til að hafa sérstakar áhyggjur af viðkomandi umferð. Ætli flestir kannist ekki við það að flugvélasamgöngur t.d. við Holland, þ.e. flug frá Amsterdam, hafi á köflum verið skoðað betur og aflað meiri upplýsinga um það en frá öðrum stöðum, ósköp einfaldlega vegna þeirrar miðstöðvar sem Amsterdam og Holland hefur verið í fíkniefnadreifingu í norðanverðri Evrópu á köflum og vegna þeirrar frjálslyndu stefnu sem þar ríkir í þeim efnum og er allt önnur en sú sem hér og á hinum Norðurlöndunum hefur verið rekin.

Öllu þessu er ýtt til hliðar. Ekkert af þessu tagi hefur náð inn fyrir þykkar hljóðhimnur ráðamanna. Menn hafa nálgast þetta mál með þeirri fyrirframsannfæringu að Ísland ætti bara að vera þarna með.

Herra forseti. Ég vil aðeins koma betur að skráningarreglunum. Ég staldraði sérstaklega við tvennt. Það fyrra er ákvæði 9. gr. frv. um Schengen-upplýsingakerfið. Þar er ákvæði sem ég leitaði strax uppi til þess að geta áttað mig á því hvernig ætti að tryggja að þær upplýsingar sem þar væru yrðu ekki misnotaðar með samkeyrslu við aðra gagnagrunna eða samkeyrslu þeirra upplýsinga í óskyldum tilgangi. Jú, í 9. gr. frv. segir, með leyfi forseta, að:

„Upplýsingar sem skráðar eru í upplýsingakerfið verða ekki nýttar á annan veg en leiðir af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr.“ — þ.e. megintilgangi upplýsingasöfnunarinnar. En svo koma þau ákvæði sem takmarka þetta:

Með samþykki ríkis sem skráð hefur upplýsingar verður vikið frá 1. mgr. og þær nýttar í öðrum tilgangi skv. 6.–8. gr. þegar þannig stendur á:

a. til að koma í veg fyrir alvarlega og bráða ógnun við almannaöryggi og allsherjarreglu,

b. mikilvægir öryggishagsmunir ríkisins mæla með því,

c. til að koma í veg fyrir alvarleg afbrot.

Hér er aftur opnað með mjög túlkanlegum hætti fyrir samkeyrslu þessara upplýsinga og út fyrir tilgang laganna.

Á fleiri stöðum er búið svipað um hnútana. Við fyrstu sýn verkar þetta mjög vandað og mjög traust. En síðan eru undanþágur, síðan er réttur manna takmarkaður. Hæstv. ráðherra nefndi hitt tilvikið sem ég ætla að gera að umtalsefni. Það eru ákvæði 13. gr. Þar kemur það sjálfsagða ákvæði að manni finnst að hver sá sem skráður er í upplýsingakerfið eigi rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar um sig í kerfinu. Gott og vel. Það er orðinn almennur réttur hér á landi t.d. að menn eiga heimtingu á þeim upplýsingum nánast hvar sem þær liggja sem varða þá sjálfa í stjórnkerfinu. Svo kemur hins vegar takmörkunin, með leyfi forseta:

„Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef nauðsynlegt er að halda upplýsingunum leyndum til að ná því markmiði sem stefnt er að með skráningu eða vegna hagsmuna annarra. Þegar eftirlit með leynd skv. 7. gr. stendur yfir á hinn skráði ekki rétt á að fá vitneskju um skráðar upplýsingar."

Þetta er einnig mjög túlkanlegt og opið í hendi þess sem hefur framkvæmdina með höndum. Þetta virðist þýða að hægt væri að neita einstaklingum, jafnvel til langframa, um upplýsingar um sjálfa sig, ef þeir sem annast um framkvæmd málsins ákveða að þarna skuli ríkja leynd. Er þetta þá allt jafnpottþétt og það virðist vera kannski við fyrstu sýn? Og hafa þá áhyggjur mjög margra e.t.v. ekki við rök að styðjast sem risið hafa um að þarna geti verið stutt á milli þess að þetta líti allt saman út sem jákvæð og göfug viðleitni í glímunni við fíkniefnavá og alþjóðlega glæpastarfsemi og yfir í hitt að þarna sé komið skjól fyrir mjög víðtæka söfnun persónuupplýsinga og skráningu sem byggi á mjög rúmum heimildum til túlkana sem yfirvöld hafa í höndum sér hverju sinni og geti þýtt að á öllu þessu stóra svæði geti menn farið að skiptast á upplýsingum um einstaklinga í mun ríkari mæli en tíðkast hefur hingað til og við færumst þannig í stórum skrefum í átt til meira lögregluríkis á þessu svæði en verið hefur, þ.e. að hér sé í uppsiglingu innanríkislögreglan eða leyniþjónusta hins nýja væntanlega stórríkis Evrópu? Það er ósköp eðlilegt að menn spyrji slíkra spurninga. Þeir sem gerst þekkja til þróunarinnar í samrunaferlinu í Evrópu benda á þetta sem eitt af nokkrum lykilatriðum þeirrar þróunar sem gefi Evrópusambandinu í æ ríkari mæli yfirbragð sambandsríkis eða stórríkis.

Herra forseti. Þá verð ég að segja að mér finnast gildistökuákvæði frv. afar sérkennileg. Hæstv. ráðherra viðurkenndi það að vísu í framsöguræðu sinni að um óvenjulegan frágang væri að ræða og en taldi að fordæmi væru fyrir slíku. Ég bið um þau fordæmi. Ég kannast að vísu við úr um það bil sautján ára þingsögu minni eitt eða tvö tilvik, afar umdeild tilvik, um skilyrta gildistöku laga. En það var í öllum tilvikum þeim sem ég þekki skilyrt gildistaka og þótti ekki góð latína, þótti ekki góð lögfræði, þótti ekki góður „ius". En það var þó bundið þeim skilyrðum að tilteknir hlutir hefðu gengið eftir og þá skyldu lög taka gildi svo og svo. En ég minnist þess ekki nokkurn tímann að hafa séð algjörlega galopið framsal til ráðherra til að ákveða, án nokkurra fyrirmæla, án nokkurrar takmörkunar eða skilyrða eða leiðsagnar, hvenær lög skuli taka gildi. Hæstv. ráðherra skríður bara undir sæng og veltir þessu fyrir sér svona í rólegheitum: „Á ég að láta þetta taka gildi 2001 eða 2011?" Það er alfarið í valdi hæstv. ráðherra. Væri greinin þannig að þarna væri lýst tilteknum undangengnum skilyrðum — lögin gætu þá öðlast gildi — væri þetta strax orðið aðeins takmarkaðra. En þetta er alveg með ólíkindum verð ég að segja, algjörlega með ólíkindum. Ég tel að í öðrum, að mörgu leyti sambærilegum tilvikum þar sem hliðstæður vandi var uppi, hafi menn ekki farið þessa leið. Ég minni á að reglum um sameignlegt gæðaeftirlit á matvælum í Evrópu sem við vorum aðilar að sem EES-aðili á sviði sjávarútvegs, þurftu menn að fresta aftur og aftur og af því að tímasteningar sem þeir höfðu sett sér gengu ekki eftir. En mönnum datt aldrei í hug að setja í hendur sjútvrh. galopna heimild til að ákveða hvenær lögin skyldu taka gildi. Nei, menn komu ósköp einfaldlega til Alþingis og báðu um heimild til að fresta gildistöku laganna um hálft ár eða níu mánuði o.s.frv. þangað til að þetta loksins small saman. Ég hefði talið eðlilegra að setja hér inn tímasetningu, t.d. eitt, eitt og hálft ár eða hvað sem teldist best við núverandi mat á því að ætla mætti að þetta gengi eftir, og koma svo hér frekar með breytingu á gildistökuákvæðum í formi venjulegs frv. Það er nánast sóðalegt, herra forseti, að afgreiða hlutina svona. Það er alveg sérlega dapurlegt að það skuli vera hæstv. dómsmrh., löglærð manneskja, sem beitir sér fyrir þessu svona. Ég get ekki hrósað því.

En þetta er nú kannski ekki stærsta málið í þessu sambandi heldur meira fagurfræðilegt eða „prinsipíelt", þ.e. spurningin um það hvernig við göngum frá okkar löggjöf að forminu til og um það eigum við að geta rætt hér á málefnalegum nótum þó að við kunnum að takast á um efnið eða innihaldið. Um það erum við hæstv. dómsmrh. ekki sammála. En það er dapurlegt ef menn þurfa líka að vera í ágreiningi um að ganga svona afbrigðilega frá hlutum eins og gildistöku málsins.

Herra forseti. Að lokum teldi ég skynsamlegast varðandi þessi mál að Íslendingar tækju sér nokkurra ára umþóttunartíma til þess að skoða stöðu sína rækilega í þessum efnum. Ég tek þar undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það væri skynsamlegasti leikurinn í stöðunni eins og hún blasir við núna.

[00:58]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ýmsar ábendingar sem hér komu fram hjá hv. þm. Það er auðvitað rétt hjá honum að margar hliðar eru á þessu máli. Ég vil taka fram að ég er sammála honum um að auðvitað er sjálfsagt að skoða kostnaðarhliðina. Reyndar bendi ég á að það kemur fram í umsögn frá fjmrn., aftast í frv. um Schengen-upplýsingakerfið. Ég tel því rétt að hv. þm. kynni sér það.

Varðandi athugasemdir hans um 9. gr. þá vil ég taka skýrt fram og ítreka það sem ég sagði í framsögu minni áðan, að ég tel að leggja verði ríka áherslu á persónuvernd í tengslum við þetta mál. Ég bendi m.a. á eftirlit tölvunefndar í því sambandi. Þar að auki er tekið fram í athugasemdum við 9. gr. að í 2. mgr. þeirrar greinar sé að finna þrönga heimild til að víkja frá meginreglunni í 1. mgr. Því er ekki verið að tala hér um rúmar heimildir, né má túlka það á þann veg, heldur er hér um undantekningar að ræða og þetta kemur enn skýrar fram þegar litið er á 102. gr. Schengen-samningsins, samanber bls. 21 í þessu frv.

Varðandi gildistökuákvæðið í 20. gr. þá er reyndar alþekkt á Norðurlöndum að beita slíku ákvæði. Ég upplýsti það hins vegar áðan að það væri ekki eins algengt á Íslandi. Þó eru til ákveðin fordæmi, m.a. lög um norræna vitnaskyldu. Þetta er ekki opin heimild til ráðherra, heldur er hún bundin ákveðnum takmörkunum. Það er sem sé miðað við það hvenær þessi samningur tekur gildi, því ekki er ástæða til að gera þær breytingar sem frv. mæla fyrir fyrr en Schengen-samningurinn tekur gildi. Það er auðvitað sjálfsagt að allshn. athugi þetta ákvæði. En ég bendi á að það er allt í lagi með þetta ákvæði. Það stenst alla lögfræði og stjórnskipun á Íslandi.

[01:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skyldi nú vera að þetta væri alveg í samræmi við stjórnskipun landsins, eða a.m.k. hefðina. Hefðin er sú í framhaldi af því að Alþingi hefur löggjafarvaldið, að Alþingi ákveður líka þann hluta lagasetningarinnar sem felst í því hvenær lögin taka gildi. Þannig hefur rétturinn verið hér. Þannig hefur þessi stofnun starfað. Ég leyfi mér að biðja aftur um fordæmi þess að gildistökuheimild algjörlega óskilyrt og án nokkurrar leiðsagnar hafi verið sett í hendur ráðherra. Ég man ekki eftir því. Það kann að vera. Þau fordæmi sem ég man og ganga eitthvað í svipaða átt eru af þeim toga sem ég lýsti hér áðan. Þá var um skilyrt gildistökuákvæði að ræða. Ákveðnir hlutir þyrftu að ganga eftir. Það kann vel að vera að þetta sé alsiða á hinum Norðurlöndunum eða þekkist þar, gott og vel, og e.t.v. eru hér einhver fordæmi. Hitt er alveg ljóst og það er að þetta er afar óvenjulegt. Ég get ekki mælt með því að menn fari lengra út á þessa braut.

Herra forseti. Ég hef kynnt mér þau ákvæði sem hæstv. ráðherra vitnaði í um kostnaðarmat fjmrn., 244 millj. kr. í áfallinn stofnkostnað, 64 millj. í fjárlagafrumvarpi næsta árs og þar af 25 millj. í sérstakan kostnað á því ári. Ef maður dregur þetta saman, sem er að vísu ekki gert í umsögninni — hún er heldur flausturslega unnin — þá má finna út úr því að þetta eigi að kosta 40 millj. kr. á ári í rekstrarkostnað. En þetta er ekki mjög vönduð úttekt að ég tel. Ég hef miklar efasemdir um að þarna séu öll kurl komin til grafar.

Það er ánægjulegt að hæstv. ráðherra staðfestir að túlka beri þröngt undanþáguheimildir 9. gr. og vonandi einnig 13. gr. En eftir stendur að svona er frá þessu gengið í frv. og því er a.m.k. ástæða til þess að lögskýringargögn sem fylgja afgreiðslu þessa máls hér eyði óvissu ef einhver er og hér verði þá veitt einhver leiðsögn af hálfu Alþingis um það hvernig menn kjósa að túlka þetta.

[01:03]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg rétt og sjálfsagt að athuga þetta mál vel og vandlega eins og vanalega er gert hér. Það er svo sannarlega ekki ætlun mín að draga úr löggjafarvaldi á hinu háa Alþingi með 20. gr. frv. sem hér er rætt um.

Ég er komin hér aftur upp í ræðustól með lagasafnið til þess að vitna til þess að það er nákvæmlega orðrétt fordæmi til í lögum á Íslandi. Þannig segir í 20. gr. frv., með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra ákveður hvenær lög þessi öðlast gildi.“

Nákvæmlega sama ákvæði og orðalag er í 13. gr. laga nr. 82/1976, sem eru lög um norræna vitnaskyldu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi taka gildi. Ákveða má, að lög þessi taki einungis gildi gagnvart einu eða fleirum þeirra landa, sem upp eru talin í 1. gr.“

Virðulegi forseti. Ég taldi rétt að upplýsa þetta atriði.

[01:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir. Það ástæða er til að hrósa hæstv. ráðherra og aðstoðarmanni hæstv. ráðherra fyrir kunnáttuna í lagasafninu að ná á þessum skamma tíma að draga fram eitt dæmi, að vísu rúmlega 20 ára gamalt dæmi. Ég gratúlera með árangurinn. En ég hygg nú að þarna hafi verið um kannski dálítið sérstakt tilvik að ræða þar sem ljóst var að gildistakan var háð því hvernig gengi í öðrum löndum og gat þurft að vera mismunandi eftir því hvernig á stæði hjá hverju og einu landi fyrir sig. Við slíkar aðstæður, ef menn vilja á annað borð hafa slíka gildistökuheimild opna, þá finnst mér að hún eigi að vera nokkuð vandlega skilgreind og það eigi að vera leiðsögn í viðkomandi lagagrein sem útskýrir þá í samhengi við hvaða forsendur eða aðstæður heimildinni er beitt, því ef menn gera það ekki og opna inn á þetta þannig að það færi að þróast yfir í venju að gildistökuheimildir laga væru almennt í höndum ráðherra en ekki settar af Alþingi, þá væru menn á mikilli háskabraut. Það sjá allir. Enginn getur mælt með því að menn fari að þróa hlutina í þá átt. Þess vegna held ég að samkomulag hljóti að geta verið um það, ef menn yfir höfuð ganga svona frá málum og ef svo rík nauðsyn krefur að þetta sé gert svona en ekki samkvæmt venju, að menn fallist á að gera það þá a.m.k. með eins miklum takmörkunum, eins vel skilgreint, og nokkur kostur er. Annað finnst mér vera heldur sóðalegt, satt best að segja, herra forseti.

Það er svo sem ekki ástæða til að rökræða um þetta frekar. En ég treysti því að þetta verði eitt af þeim atriðum sem hv. þingnefnd skoðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 01:07.

---

38. FUNDUR

miðvikudaginn 8. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kjör forræðislausra foreldra, beiðni um skýrslu, 246. mál, þskj. 302. *Hvort leyfð skuli.*

2. Fjáraukalög 1999, stjfrv., 117. mál, þskj. 128, nál. 309 og 323, brtt. 310. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 292. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 206. mál, þskj. 240. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 236. mál, þskj. 288. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, stjfrv., 237. mál, þskj. 289. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 251. mál, þskj. 308. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Vesturl., Dóra Líndal Hjartardóttir tónmenntakennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jóhann Ársælsson,
varformaður þingflokks Samfylkingarinnar."

Kjörbréf Dóru Líndal Hjartardóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Dóra Líndal Hjaltadóttir, 5. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Dóra Líndal Hjartardóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 330.

Úthlutun listamannalauna, 126. mál, svar menntmrh., þskj. 301.

Kjör forræðislausra foreldra.

Beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, 246. mál. — Þskj. 302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Beiðni leyfð til félmrh. með 40 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 128, nál. 309 og 323, brtt. 310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Sundurliðun 1 (tekjur í A-hluta) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE, ÞBack.

14 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÖ, GIG, KolH, KLM, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, EOK, FI, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni teljum að ríkisstjórninni hafi orðið á margvísleg mistök við stjórn ríkisfjármála. Má segja að ríkisstjórnin sé ölvuð af góðærinu og þess sjást glögg merki á þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Hér er lagt til að 8.000 millj. verði aukið við ríkisútgjöldin á sama tíma og Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn hafa lagt til að dregið verði úr ríkisútgjöldum. Ríkisstjórnin verður sjálf að bera ábyrgð á því og þess vegna munum við sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[13:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi afgreiðslu fjáraukalaga sem liggja fyrir fyrir árið 1999 vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð benda á þær miklu breytingar sem hafa orðið á heildarfjárlögum ársins frá því að fjárlög voru samþykkt fyrir tæpu ári þar sem bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa verið stórlega vanáætluð og sú staðreynd, herra forseti, sem við stöndum frammi fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga til 3. umr. hlýtur að kalla á stórbætt vinnubrögð við sjálfa fjárlagagerðna og aukna stjórnsýslulega ábyrgð framkvæmdarvaldsins.

Við fögnum því að vísu að tekið sé á ákveðnum rekstrarvanda ákveðinna liða og verkefna ríkissjóðs en það er meiri hluti Alþingis og ríkisstjórn sem ber ábyrgð á gerðum framkvæmdarvaldsins og þar á meðal líka undirbúningi þessara fjáraukalaga og því mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Brtt. 310,1–17 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÖ, GIG, JB, KolH, KLM, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BBj, FI, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 310,18–70 samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK,

JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

nei: GAK, GIG.

15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÖ, JB, KolH, KLM, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að veita 5 milljarða til viðbótar við það sem þegar liggur fyrir að greitt verði vegna heilbrigðisþjónustu og það er auðvitað ekki hægt að leggjast gegn því og leggja þannig í rauninni til að þessar stofnanir verði stöðvaðar. Hins vegar liggur fyrir skýrsla frá ríkisendurskoðanda sem er einn samfelldur áfellisdómur yfir stjórn þessa málaflokks. Það liggur fyrir samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar að í maí sl. vissu menn hvert stefndi. Þá stefndi í grófa framúrkeyrslu meira en 100 stofnana og það var aldrei brugðist við, herra forseti. Þess vegna verður ríkisstjórnin sjálf að bera ábyrgð á þessu. Við sitjum hjá við þessa liði.

[13:38]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er lögð til veruleg lækkun á framlagi til ellilífeyrisþega samanber 19. lið a. Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa hins vegar þegar lagt fram tillögu um verulega hækkun á tekjutryggingarhluta ellilífeyrisþega og því segi ég nei.

[13:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um stóraukin framlög að ræða til heilbrigðismála og heilbrigðisstofnana í landinu, bæði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Í sjálfu sér fögnum við því að komið skuli vera til móts við þann vanda sem þessar stofnanir standa frammi fyrir og sem reyndar var einnig fyrirséður við gerð fjárlaga á síðasta ári fyrir þetta ár.

Við teljum, herra forseti, að þessi vinnubrögð eigi í sjálfu sér að vera miklu skilvirkari en við vísum allri ábyrgð á ríkisstjórnina í þessu máli og sitjum hjá en að sjálfsögðu fögnum við því að tekið er á vanda þessara stofnana.

Brtt. 310,71–80 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JB, KolH, KLM, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JB, KolH, KLM, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JB, KolH, KLM, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BH, FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JB, KolH, KLM, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JB, KolH, KLM, LB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

Séryfirlit 1–4 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SÞ, VS, VE.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JB, KolH, KLM, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DLH, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁSJ, EKG, FI, GÁS, GÁ, GunnB, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JHall, LMR, MF, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:42]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú á tímum þenslu hafa verið samþykkt 8 milljarða kr. aukaútgjöld í ríkissjóði og ýmislegt bendir til þess að ekki séu öll kurl komin til grafar og jafnvel eigi á milli umræðna eftir að bæta örlítið í. Þrátt fyrir þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar af hálfu Samfylkingarinnar, bæði í umræðum og nú við atkvæðagreiðslu, munu þingmenn Samfylkingarinnar ekki hindra framgang málsins og munu að sjálfsögðu greiða atkvæði með því að málinu verði vísað til 3. umr.

[13:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum benda á að enn eru ekki öll þau atriði komin fram sem geta komið inn í fjáraukalögin endanlega. Við viljum benda á að ekki hefur verið fjallað um alla kafla þess, svo sem lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir og fleiri atriði hafa ekki endanlega verið útkljáð. Við viljum því benda á það við þessa afgreiðslu.

Við viljum í sjálfu sér ekki tefja framgang málsins og leggjum til að þessu verði vísað til 3. umr.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 206. mál. — Þskj. 240.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 237. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur). — Þskj. 308.

[13:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Frv. er í sex greinum.

1. gr. frv. kemur til af því að Liechtenstein hefur ekki yfirtekið gerðir Evrópusambandsins um innflutning sjávarafurða. Í 1. gr. er því kveðið á um að um innflutning sjávarafurða frá Liechtenstein skuli fara eins og frá þriðju ríkjum.

Í 2. og 3. gr. er birtingarháttur á listum um starfsstöðvar í þriðju ríkjum sem innflutningur er heimilaður frá einfaldaður. Í stað þess að birta listann í Stjórnartíðindum er í frv. gert ráð fyrir að Fiskistofa sjái um skrána og birti hana m.a. á heimasíðu sinni á vefnum.

4. gr. frv. gerir ráð fyrir að unnt verði að innheimta gjald fyrir eftirlit sem beri að hafa með afla frystiskipa frá þriðju ríkjum. Breytingin er nauðsynleg til að Ísland uppfylli skyldur sínar samkvæmt viðauka I við EES-samninginn.

Í 5. gr. frv. er lagt til að gildandi bráðabirgðaákvæði um innflutning lifandi sjávardýra verði framlengt til 30. júní 2001. Sótt hefur verið um viðbótarvernd gegn tilteknum fisksjúkdómum til Eftirlisstofnunar EFTA. Viðbótarvernd mundi gera Íslandi kleift að banna innflutning lifandi sjávardýra frá starfsstöðvum þar sem viðkomandi fisksjúkdómar finnast.

Þar til tekin hefur verið ákvörðun um viðbótarvernd þykir nauðsynlegt að tryggja áfram fullt eftirlit með innflutningi lifandi sjávardýra, enda var gert ráð fyrir því í upphafi að það yrði gert áður en núgildandi bráðabirgðaákvæði féllu úr gildi.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögin taki þegar gildi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:48.

39. FUNDUR

miðvikudaginn 8. des.,
að loknum 38. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Starfsemi Ratsjárstofnunar, fsp. EKG, 211. mál, þskj. 248.

Til sjávarútvegsráðherra:

2. Reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða, fsp. HjÁ, 88. mál, þskj. 88.

3. Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu, fsp. JB, 100. mál, þskj. 101.

Til iðnaðarráðherra:

4. Frummatsskýrsla um álver á Reyðarfirði, fsp. KolH, 132. mál, þskj. 152.

5. Orkuvinnsla á bújörðum, fsp. DrH, 158. mál, þskj. 179.

6. Samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar, fsp. HjÁ, 177. mál, þskj. 204.

7. Smíði skipa, fsp. JÁ, 178. mál, þskj. 205.

Til fjármálaráðherra:

8. Fæðingarorlof, fsp. PM, 153. mál, þskj. 174.

9. Endurskoðun skattalöggjafarinnar, fsp. ÁGunn, 157. mál, þskj. 178.

Til dómsmálaráðherra:

10. Framsal Háskóla Íslands á einkaleyfi til peningahappdrættis, fsp. ÖJ, 166. mál, þskj. 192.

11. Kynferðisleg misnotkun á börnum, fsp. JóhS, 167. mál, þskj. 193.

Til heilbrigðisráðherra:

12. Beinþynning, fsp. SvanJ, 180. mál, þskj. 209.

13. Söfnun lífsýna, fsp. ÖJ, 191. mál, þskj. 221.

14. Þjónusta við geðsjúk börn, fsp. ÁRJ, 215. mál, þskj. 255.

15. Neyðarmóttaka fyrir geðsjúk börn, fsp. ÁRJ, 216. mál, þskj. 256.

16. Geðsjúk börn á nýja barnaspítalanum, fsp. ÁRJ, 217. mál, þskj. 257.

17. Langtímameðferð fyrir geðsjúk börn, fsp. ÁRJ, 218. mál, þskj. 258.

Til samgönguráðherra:

18. Almenningssamgöngur á landsbyggðinni, fsp. ÞBack, 194. mál, þskj. 226.

19. Þolmörk ferðamannastaða á hálendinu, fsp. PHB, 201. mál, þskj. 234.

Til umhverfisráðherra:

20. Verndun náttúruperlna, fsp. PHB, 202. mál, þskj. 235.

21. Verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni, fsp. KF, 208. mál, þskj. 242.

Reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða.

Fsp. HjÁ, 88. mál. — Þskj. 88.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Það má segja eins og oft hefur komið fram í umræðum að ein mesta gæfa Íslendinga hafi verið hvernig fiskstofnar okkar fóru, hrundu nánast, því nú þegar þeir eru að dafna og hressast eru Íslendingar sem veiðiþjóð að koma reynslunni ríkari upp úr þeim öldudal. Sú reynsla hefur verið nýtt til þess að auka verðmæti sjávarfangsins og nýta betur sjávarafla. Sumir vilja segja að með þessu höfum við í rauninni verið að fara úr frumframleiðslu og yfir á hærra tæknistig sem leiðir svo til aukinnar verðmætasköpunar.

Eitt af því sem okkur hefur lærst á þessum þroskaferli, má segja, er að nýta stærri hluta af sjávarfangi, nýta betur hvern hluta af þeim fiski sem dreginn er úr sjó og skapa úr því verðmæti, skapa verðmæti úr því sem áður var hent og ekki var litið á sem verðmæti. En betur má ef duga skal og eins og kunnugt er þá er vitað að enn er hent hluta af fiski, einkum á vinnsluskipum en við höfum hins vegar ánægjuleg dæmi um fyrirtæki sem eru að laga sig að þessum afskurði í landi. Ég nefni fyrirtæki eins og Laugafisk, Skinnfisk og fleiri slík fiskfyrirtæki sem hafa verið að vinna úr þessum afskurði og náð ágætum markaði fyrir afurðir sínar og eru sannarlega að auka verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið.

Hins vegar heyrist frá aðstandendum þessara fyrirtækja og annarra að nokkur skortur sé á hráefni og kvartað undan því að geta ekki náð til hráefnisins, m.a. vegna þess að því sé hent. Þá hefur, herra forseti, í umræðunni um sjávarútveg oft verið rætt um aðstöðumun landvinnslu annars vegar og fullvinnslu á sjó hins vegar, sjóvinnslunnar, og m.a. sá þáttur sem hér er gerður að umtalsefni verið dreginn fram í umræðunni.

Þá hefur og í umræðunni, herra forseti, í vaxandi mæli verið kallað eftir því að fiskiskip og bátar séu skylduð til að koma með allan afla að landi og því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. hvort til standi að beita sér fyrir einhverjum slíkum aðgerðum.

[13:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ekki veit ég hve mikil gæfa er fólgin í því að fiskstofnarnir hrynji en eflaust má læra af allri reynslu sem þjóðin lendir í. Vafalaust eiga þau orð sem hv. fyrirspyrjandi kom með, minn gamli lærifaðir í íslensku, rót sína að rekja í einhverjum af gullkornum íslenskra bókmennta.

Ég tek hins vegar undir með hv. fyrirspyrjanda að það er nauðsynlegt að við nýtum þann afla sem við drögum úr sjó sem allra best. Það hefur þess vegna komið til umræðu að endurskoða reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða. Hins vegar eru að störfum á vegum ráðuneytisins þrjár nefndir sem allar snerta þetta mál, bæði beint og óbeint. Það er annars vegar nefnd um stöðu fiskvinnslunnar, hins vegar nefnd um meðferð sjávarafla og í þriðja lagi nefnd sem skoðar aðstöðumun sjóvinnslu og landvinnslu. Það er því hugsanlegt og jafnvel líklegt að hjá þessum nefndum, einhverri eða öllum, komi fram einhver þau mál eða einhverjar þær hugmyndir sem leitt gætu til breytinga á reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða. Því hef ég hugsað mér að taka ekki beinlínis afstöðu til þess hvort reglugerðinni verði breytt eða hún fari í formlega endurskoðun fyrr en eitthvað liggur fyrir um störf þessara þriggja tilteknu nefnda. En ég deili í grundvallaratriðum þeim hugmyndum hv. fyrirspyrjanda að okkur beri að nýta sem allra best þann fisk sem við drögum úr sjó.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin og rétt til áréttingar að ekki var ég að boða það sem almennt fagnaðarerindi að fiskstofnar hrynji heldur að vísa til þess hvernig við Íslendingar lærðum af þeirri biturri reynslu sem

við urðum fyrir þegar við fengum þennan slæma afturkipp. Ég tel það hafa verið gæfuspor að við lærðum af þeirri reynslu.

Ég ítreka það sem áðan var nefnt og átti svo sem ekki von á öðru en að við værum sammála, ég og hæstv. sjútvrh., um mikilvægi þess að auka verðmætasköpun á sjávarfangi vegna atvinnulífsins. Það hefur oft verið nefnt varðandi fullvinnsluskip að þau kasti fyrir borð drjúgum hluta af fiski, að það sé ekki arðbært, það sé of dýrt að koma með þær afurðir að landi. Í því sambandi hljóta menn að spyrja: Dýrt fyrir hvern? Fyrir einstakar útgerðir eða þjóðarbúið í heild sinni þegar í landi bíða fyrirtæki, eins og þau sem hér hafa verið nefnd, eftir hráefninu og telja sig geta fengið viðunandi verð fyrir það? Þarna er auðvitað vandratað meðalhófið.

Það sem ég var e.t.v. að leita eftir og er ástæða fyrirspurnarinnar var að draga athygli að þessum þætti og ég bind auðvitað miklar vonir við þær þrjár nefndir sem hæstv. ráðherra nefndi en hefði kannski viljað spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver skilaboð séu frá hæstv. ráðherra til nefndarmanna. Í rauninni má segja að því hafi þegar verið svarað, að ráðherra vilji ekki trufla nefndarstörf með skilaboðum frá sér en bregðast við þegar nefndin skilar af sér.

[13:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að ég vil gefa þessum nefndum svigrúm til að vinna sitt verk. Þegar þær hafa lokið störfum met ég það og hvaða áhrif það hefur á þetta mál sem hér er verið að ræða og hvað sé nauðsynlegt að gera í framhaldi af því.

Könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.

Fsp. JB, 100. mál. — Þskj. 101.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég leyfi mér að beina fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um hvað líður framkvæmd ályktunar sem var samþykkt á Alþingi 7. maí 1997, en hafði þá verið endurflutt, varðandi hagkvæmni kalkþörungavinnslu bæði á Húnaflóa og Arnarfirði. Við rannsóknir sem gerðar voru á þessu svæði, sem eru reyndar nokkuð gamlar, frá því fyrir 1980, fundust víðáttumiklar breiður af kalkþörungaseti bæði á Húnaflóa og í Arnarfirði. Í rannsóknarskýrslu, sem unnin var af Kjartani Thors og Guðrúnu Helgadóttur á vegum Hafrannsóknastofnunar, segir, með leyfi forseta:

„Af framangreindri athugun virðist ljóst að við sunnanverðan Húnaflóa, þ.e. í Miðfirði, Hrútafirði og Bitrufirði utanverðum, eru víðáttumiklar breiður af kalkþörungaseti. Ekki er unnt að segja til um þykkt þess sets en hin mikla útbreiðsla þess sýnir að um mikið magn er að ræða. Kalkþörungasetið er á litlu dýpi og því aðgengilegt til dælingar eða moksturs á hafsbotni.

Kalkþörungar hafa verið nýttir öldum saman til áburðarframleiðslu, t.d. í Frakklandi, og þykja, m.a. vegna efnasamsetningar sinnar, mjög heppilegir til slíks. Því sýnist okkur eðlilegast að beina athyglinni að kalkþörungabreiðunum í sunnanverðum flóanum."

Hliðstæðar rannsóknir voru gerðar nokkru fyrr á kalkþörungum í Arnarfirði þar sem fundust einnig allmörg set.

Herra forseti. Það er mjög eðlilegt að byggðir vítt og breitt um landið vilji láta kanna náttúruauðlindir sínar og möguleika á að nýta þær með sjálfbærum hætti eða kanna hagkvæmni nýtingar þeirra. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvað líður framkvæmd þessarar ályktunar um tilraunavinnslu á kalkþörungum á Húnaflóa og Arnarfirði?

[14:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Innan ráðuneytisins og á vegum stofnana ráðuneytisins hafa verið gerðar kostnaðaráætlanir á því hve mikið það mundi kosta að gera rannsóknir í þá veru sem hv. fyrirspyrjandi er að leita svara eftir. Hins vegar hefur ekki farið fram nein rannsókn á þessu efni enn þá en ég hef lagt á það áherslu við forstöðumenn stofnananna að á næsta ári fari fram forathugun á því hvort um sé að ræða hagkvæma kosti nýtingar fyrir okkur og að þær athuganir verði gerðar innan þeirra fjárhagslegu ramma sem stofnanirnar munu væntanlega búa við á næsta ári.

[14:01]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég kem til að þakka hv. fyrirspyrjanda, Jóni Bjarnasyni, fyrir að hreyfa þessu máli og eins til að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Þetta er vissulega, eins og hv. fyrirspyrjandi segir, mikilvægt mál í vissum byggðum landsins og sjálfsagt að fara að kanna fleiri stoðir í byggðamálunum.

Ég lýsi stuðningi við þetta og vonast til að við getum á grundvelli svara hæstv. sjútvrh. hafið þessar rannsóknir eða byrjað á þeim á næsta ári.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir jákvæðar undirtektir við þetta mál og sömuleiðis þakka ég hv. þm. Hjálmari Jónssyni fyrir undirtektir hans.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að séð verði til þess að veitt verði fjármagn til að gera þessa forathugun og forkönnun bæði á tilvist þessara kalkþörungaseta og nýtingarmöguleikum. Að sjálfsögðu verði þá líka haft í huga við þær rannsóknir sjálfbær nýting þeirra og vistvæn umgengni þannig að þetta allt verði haft í huga þegar þessar athuganir verða gerðar. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að stefnt verði að því að það komi sérmerktar fjárveitingar til þessa verkefnis á fjárlögum næsta árs þannig að ekki þurfi að eiga það undir ákvörðunum einstakra stofnana sem eru að ráðstafa fjármagni sínu sem er kannski þegar ráðstafað að miklu leyti þannig að ljóst sé að tekist verði á við að kanna þessa auðlind með þeim hætti sem ég hef nefnt.

Verndun náttúruperlna.

Fsp. PHB, 202. mál. — Þskj. 235.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Undanfarið hefur verið mikil umræða um náttúruperlur og hefur kastljósinu aðallega verið beint að einni þeirra, þ.e. Eyjabökkum. En við Íslendingar eigum fleiri náttúruperlur. Við eigum Þórsmörk, við eigum Landmannalaugar og margar fleiri, Gullfoss, Geysi o.s.frv. og mér finnst athyglin hafa dregist frá þessum stöðum.

Menn hafa talað um ósnortin víðerni án þess að skilgreina nákvæmlega hvað er átt við, hvort átt er við víðerni

þar sem aldrei hefur stigið mannsfótur og upp koma spurningar. Hversu lengi eru ósnortin víðerni ósnortin? Ef einn maður stígur fæti á þau, eru þau þá lengur ósnortin? Er það ekki mótsögn að ætla sér að nota ósnortin víðerni til þess að laða að ferðamenn? Vegna þess að um leið og við löðum að ferðamenn eru þau ekki lengur ósnortin. Menn spyrja sig: Hvað má gera við ósnortin víðerni? Má t.d. leggja göngustíga? Má byggja göngubrýr? Má leggja vegi? Má leggja flugvelli? Má t.d. hafa rúllustiga upp fjöll ef svo bæri við? Spurningar mínar til hæstv. ráðherra eru:

1. Hvernig hyggst ráðherra vernda náttúruperlur eins og Þórsmörk, Dimmuborgir og Landmannalaugar fyrir átroðslu sívaxandi fjölda gangandi og akandi vegfarenda? Hefur verið mörkuð stefna um hvort leggja eigi göngustíga, gera tröppur upp fjöll, reisa brýr og vegi og leggja skólplagnir til að hindra varanlegar skemmdir? Og einnig hvort takmarka eigi aðgang með aðgangseyri, happdrætti eða ítölu? Ég sé reyndar ekki fleiri leiðir til þess að takmarka aðganginn.

2. Hvernig hyggst ráðherra koma í veg fyrir sjón- og hávaðamengun af umferð fólksbifreiða, jeppa, langferðabifreiða og flugvéla við og yfir náttúruperlur á hálendinu auk venjulegrar mengunar?

Í þessu sambandi vil ég geta þess að ástandið er slíkt í Þórsmörk að leiðin niður Kattarhrygg er orðin eitt svað af göngu þeirra sem fara yfir Fimmvörðuháls. Þar er ástandið þannig að um helgar á sumrin eru 3.000 manns í Básum og jeppaumferðin eins og á Laugaveginum í Reykjavík. Þar fljúga yfir flugvélar með fréttamenn og aðra sem eru að skoða náttúruna þannig að það er langt í frá að þarna sé friður og ró eins og menn eru að sækjast eftir í ósnortnu víðerni.

[14:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir fyrirspurnina. Verndun náttúruperlna fyrir átroðslu sívaxandi fjölda vegfarenda er mun stærra mál en svo að hægt sé að greina frá því út frá aðgerðum á þessum þremur svæðum sem fyrirspyrjandi nefnir í fyrirspurninni.

Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með flestum vinsælum viðkomustöðum ferðamanna þar sem flestir þeirra eru friðlýstir en þeir sem ekki hafa verið friðlýstir eru yfirleitt á náttúruminjaskrá. Stofnunin hefur því miður ekki haft nægar fjárveitingar til að grípa til nauðsynlegra aðgerða vegna ágangs ferðamanna á síðustu árum og hefur bent á að það þurfi að leggja til þess verulega auknar fjárhæðir til að bæta aðstöðu og koma í veg fyrir skemmdir. Það er lauslegt mat stofnunarinnar að það vanti allt að 400 millj. kr. á næstu árum til að bæta úr brýnustu þörfinni á 100 vinsælustu ferðamannastöðum landsins. Stofnunin telur mikilvægt að bæta aðgengi með því að leggja og bæta göngustíga sem fyrir eru og leggja nýja göngustíga, göngubrýr og vegi, veita fræðslu og leiðbeiningar, bæta salernisaðstöðu og með því að draga úr hættu á skemmdum svo að eitthvað sé nefnt.

Síðan 1996 hefur verið í lögum um náttúruvernd ákvæði um að Náttúruvernd ríkisins skuli hafa umsjón með gerð verndaráætlana fyrir náttúruverndarsvæði en fram að þessu hefur tekist að taka tvö slík svæði og vinna að náttúruverndaráætlun fyrir þau, þ.e. þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum og verndaða svæðið á Breiðafirði.

Í verndaráætlunum skal m.a. greina frá þeim atriðum sem spurt er um í í fyrri lið fyrstu spurningar, þ.e. aðgerðum til þess að vernda viðkomandi svæði.

Náttúruvernd ríkisins hefur umsjón með tveimur þessara svæða, þ.e. Landmannalaugum og Dimmuborgum í Mývatnssveit, þar sem þau eru friðlýst en stofnunin hefur ekki mikil afskipti af Þórsmörk þótt svæðið hafi um árabil verið á náttúruminjaskrá. Í Dimmuborgum hafa landverðir reynt að viðhalda göngustígum, merkja gönguleiðir og veita fræðslu um svæðið og í Landmannalaugum hefur verið gerður samningur við Ferðafélag Íslands og heimamenn um umsjón með svæðinu sem felur m.a. í sér eftirlit og vernd, aðgerðir til að vernda svæðin.

Undanfarið hefur samstarfshópur Náttúruverndar ríkisins, Vegagerðar ríkisins og Ferðamálaráðs tekið saman áætlun um aðgerðir til úrbóta á náttúruverndarsvæðum og vinsælum ferðamannastöðum og tillagna hópsins er að vænta á næstunni um hvað beri að gera. Þar verða líka upphæðir nefndar til sögunnar, hvað þarf að kosta til.

Hvað varðar aðgangseyri og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu á þessum svæðum þá er nefnd að störfum sem skipuð var nýlega til að skoða þau mál og gera tillögur en nefndarstörfum er ekki lokið en þeim mun væntanlega ljúka bráðlega þar sem við fáum þá tillögur um hvernig á að innheimta aðgangseyri ef það er tillaga nefndarinnar.

Hvað varðar sjón- og hávaðamengun er erfitt að takmarka umferð á vegum landsins til að draga úr slíkum áhrifum. Það er rétt að ítreka að með nýjum náttúruverndarlögum hefur akstur utan vega klárlega verið bannaður en hins vegar þarf að skilgreina betur en gert er í dag hvað telst vegur og hvað ekki. Það er ekki mjög skýrt í dag þannig að menn eru að keyra þvers og kruss um hálendið. Á þetta hefur Náttúruvernd ríkisins bent og við erum að undirbúa aðgerðir eða vinnu til þess að eyða þessari óvissu til að bæta úr því ófremdarástandi sem ríkir á hálendinu varðandi keyrslu utan vega. En að sjálfsögðu getur lögreglan ekki tekið menn fyrir akstur utan vega ef það er ekki mjög skýrt hvað er vegur og hvað ekki.

Að sjálfsögðu þarf jafnframt að huga að flugi yfir vinsæla ferðamannastaði og þjóðgarða landsins í þeim tilgangi að auka friðsæld þessara staða. Sjálfsagt er að skoða þau mál til framtíðar hvernig má standa að því en við höfum fengið eitthvað af kvörtunum þegar menn hafa verið að stunda æfingaflug, t.d. sem eru tengd heræfingum, þar sem menn hafa kvartað undan hávaða á hálendinu vegna þess.

[14:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta er virkilega athyglisverð fyrirspurn sem hér liggur fyrir og henni var vel fylgt úr hlaði af hv. fyrirspyrjanda, Pétri H. Blöndal. Ég hegg eftir því að í svari hæstv. umhvrh. kemur í ljós að Náttúruvernd ríkisins er með lista yfir fjárþörf sína þar sem kemur fram að 400 millj. kr. sé þörf til að gera eftir því sem mér skilst lágmarksúrbætur á 100 fjölförnustu stöðunum sem heyra undir náttúruvernd. Það kemur fram í máli hæstv. ráðherra að starfshópur sé líka í gangi sem ætli sér að gera tillögur til úrbóta og nefnd er í gangi sem á að skoða þessi mál varðandi mögulegan aðgangseyri en ég minni á að það eru 15 millj. sem gert er ráð fyrir að komi inn í aðgangseyri af friðlýstum svæðum á næsta ári samkvæmt fjárlögum.

Í máli hæstv. ráðherra kemur hins vegar ekkert fram hver skoðun hennar er varðandi þetta, hvernig við eigum að standa betur að málum þarna því að 400 millj., herra forseti, er ekki lítil upphæð.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hennar. Þau voru reyndar ekki alveg fullnægjandi að mínu mati. Í fyrsta lagi spurði ég hvort mörkuð hefði verið stefna um hvað mikið eigi að gera við þessar náttúruperlur. Ljóst er að ef gert er of mikið, þá afskræmast þær. Ef t.d. verður malbikaður vegur inn í Þórsmörk og tröppur verða þar upp fjöll eins og nú þegar er byrjað að gera, er það afskræming á náttúrunni. Það er afskræming á því sem við viljum sjá á hálendinu. Þarna þarf að marka stefnu um hvað á að gera mikið og aðallega hvað á að gera lítið þannig að ég er ekki alveg ánægður með svör hæstv. ráðherra.

Þeir hópar sem hafa látið hæst undanfarið í sambandi við Eyjabakka eru einmitt þeir hópar sem kannski fara verst með náttúruna núna, með þessar perlur. Það er jeppafólkið sem er keyrandi um allt í Þórsmörk, það eru ferðafélögin sem hafa verið að reisa heilu þorpin í Þórsmörk sem dæmi, eða í Landmannalaugum. Í Básum í Þórsmörk er komið heilt þorp og þar eru komnar tröppur upp fjöll. Þetta er ekki sú náttúra sem ég vil sjá.

Þá kem ég að seinni liðnum sem var um það hvort takmarka eigi aðgang, ekki til þess að ná fram þjónustu eða nokkrum tekjum heldur til þess að takmarka aðganginn. Það er ljóst að ef svo heldur áfram sem hingað til, með tíföldun ferðamanna á 15 ára fresti, verður bara hreinlega allt komið í rúst, allar perlur landsins, nema menn takmarki aðganginn með einhverjum hætti. Það er ekki verið að tala um gjaldtöku til þess að standa undir þjónustu heldur til þess að takmarka aðganginn. Þá er spurningin: Eigum við að hafa happdrætti eða ítölu? Sá sem sækir um í dag fær að fara inn í Þórsmörk eftir fjögur ár en sú fjölskylda sem dregur vinninginn í dag má fara í Þórsmörk í ár en aðrar ekki, eða sá sem vill borga 150 þús. kr. fær að fara inn í Þórsmörk. Einhvern veginn þannig verða menn að takmarka aðganginn því að það er takmarkað framboð af náttúruperlum en ótakmörkuð eftirspurn.

[14:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil ítreka að það kom fram í máli mínu áðan að Náttúruvernd ríkisins hefur gert lauslega áætlun um þann kostnað sem við þurfum að fara í til þess að viðhalda og vernda okkar fjölförnu ferðamannastaði. Ég nefndi töluna 400 millj. Ég vil ítreka að þetta er lausleg áætlun. En það er nefnd á vegum okkar sem í eru fulltrúar Náttúruverndar ríkisins, Vegagerðar ríkisins og Ferðamálaráðs. Hún er að skoða þessi mál mjög náið núna. Hún er að fara yfir öll svæði landsins og reyna að verðleggja hvaða *brýnustu úrbóta er þörf til þess að mæta sívaxandi átroðningi* ferðamanna. Stefnumótunin er því í fullum gangi. Ég vænti þess að fá þessa skýrslu í hendur vonandi bráðlega þannig að hægt verði að ákveða næstu skref.

Það er rétt sem hér var dregið fram að þær 15 millj. sem eru í ákveðnum lið fjárlagafrv. og eiga að renna til fjölfarinna staða eða friðaðra svæða duga engan veginn til þess að sinna þessu til langs tíma, alls ekki. Það er ekki upp í nös á ketti. En ég bíð einnig eftir tillögum frá þeirri nefnd sem er að skoða það og ég nefndi það í fyrra svari mínu að ég sé ekki fyrir mér að menn girði af svæði á hálendinu eða á fjölsóttum ferðamannastöðum til þess að innheimta gjald. Ég hefði gjarnan viljað sjá menn taka inn einhvers konar þjónustugjald af ferðamönnum sem fara hér í gegn, þ.e. almennt gjald. Og það mun hlaupa á miklu hærri upphæðum sem vonandi geta komið til mós við þessi hundruð millj. sem við þurfum að setja í fjölfarna ferðamannastaði. Ég sé ekki fyrir mér að við takmörkum aðgengi að ferðamannastöðum með gjaldtöku. Ég vil ekki sjá svimandi háar upphæðir í gangi þannig að menn geti ekki komist að þessum svæðum nema borga mjög háar upphæðir. Ég sé ekki heldur fyrir mér neitt happdrætti. Ég held að við séum alls ekki komin að því stigi að átroðningurinn sé svo mikill að menn þurfi að velta fyrir sér slíkum leiðum.

Kynferðisleg misnotkun á börnum.

Fsp. JóhS, 167. mál. — Þskj. 193.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn þessi er lögð fram vegna eins umdeildasta sýknudóms síðari ára sem vægast sagt hefur vakið mjög margar spurningar, einkum varðandi starfshætti dómstóla, refsiúrræði, meðferð kynferðisbrotamála almennt í kerfinu og refsiúrræði. Hefur Hæstiréttur m.a. verið sakaður um að valda ekki hlutverkinu en sjö af ellefu dómurum sem fóru með málið í héraðsdómi og Hæstarétti vildu dæma ákærða en ekki sýkna hann. Það sýnir vel hve dómurinn er umdeildur að fjögur kærumál eru í gangi vegna hans.

Kynferðisbrot gegn börnum eru í augum þjóðarinnar einn alvarlegasti glæpur sem framinn er enda ljóst að sá glæpur getur eyðilagt líf þolenda um alla framtíð. Fyrir liggur samkvæmt svari sem ég fékk á Alþingi fyrir 2–3 árum að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465 sem kærð voru á fjögurra ára tímabili eða um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fá til meðferðar. Það ásamt þessum mjög svo umdeilda sýknudómi sýnir okkur að alvarleg brotalöm er í réttarfarinu sem kallar á ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og raunar öllu kæruferli í réttar- og dómskerfinu frá því kæra berst og þar til úrskurður dómstóla liggur fyrir. Þetta kallar líka á endurskoðun laga um meðferð opinberra mála, svo sem varðandi rannsóknaraðferðir, sönnunarkröfur og mat á sönnunargögnum þegar kynferðisbrotamál eiga í hlut, ekki síst gagnvart börnum og raunar á heildarendurskoðun á lagaákvæðum varðandi starfshætti dómstóla. En um það er spurt í þessari fyrirspurn.

Það er líka spurt hvort ekki eigi að vera skylda að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu á sviði kynferðisbrota þegar dómstólar fjalla um kynferðislega misnotkun á börnum. Mikilvægt er að fá fram afstöðu hæstv. dómsmrh. *í þessu máli og því er spurt hvort ráðherra telji ástæðu til* viðbragða vegna þessa sýknudóms, einnig hvort hæstv. ráðherra telji ekki rétt að ákvæði 3. mgr. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála um munnlega sönnunarfærslu hefði átt að beita í umræddu dómsmáli.

Virtur prófessor, Eiríkur Tómasson, hefur látið hafa eftir sér að vafi leiki á því í þessu dómsmáli hvort Hæstiréttur hafi virt viðurkennda grundvallarreglu um jafnræði aðila fyrir dómi og það er áleitin spurning hvort ekki komi að því að krafist verði endurupptöku þessa sýknudóms.

Vissulega er líka ástæða til að velta fyrir sér hvort reglur um sönnunarfærslu séu nægjanlega hlutlægar og það vekur furðu þegar lögmaður ákveður að leggja fram ný gögn í málinu fyrir Hæstarétt, af hverju ákæruvaldinu eða þeim

sérfræðingum sem gáfu skýslur í héraðsdómi var ekki gefinn kostur á munnlegri sönnunarfærslu og að mæta fyrir dómi, sérstaklega þegar Hæstiréttur virðist hafa byggt úrskurð sinn að miklu leyti á þeim gögnum.

Í fyrirspurninni er líka leitað álits hæstv. ráðherra á því hvort herða eigi viðurlög við kynferðisbrotum gagnvart börnum.

[14:20]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Varðandi fyrstu spurninguna þá vísa ég til þess að hér á landi sem og annars staðar í heimshluta okkar gildir reglan um þrígreiningu ríkisvaldsins. Í samræmi við það segir í 2. gr. stjórnarskrárinnar að dómendur fari með dómsvaldið, dómum verði því ekki skotið til löggjafarvaldsins eða framkvæmdarvaldsins til endurskoðunar. Í þessu máli er það reyndar álitaefni hvort færð hefði verið lögfull sönnun fyrir sök ákærða og taldi meiri hluti Hæstaréttar að svo væri ekki.

Mat á sönnun getur verið margslungið og ekki óeðlilegt að sitt sýnist hverjum í þeim efnum. Ég tel hins vegar engan veginn eðlilegt að ég tjái mig um þetta mál í einstökum atriðum.

Ég tel að sú umræða sem fram hefur farið að undanförnu gefi tilefni til þess að almenningi sé kynnt betur það mikilvæga starf sem fram fer í dómstólum landsins. Þess er nauðsynlegt að gæta að jafnan sé byggt upp traust almennings á dómstólum. Kynning og uppfræðsla um starfsemi dómstólanna, ekki síst fyrir upprennandi kynslóðir, getur verið mjög þýðingarmikil í þessum efnum. Ég hef þegar fært þetta í tal við dómstólaráð og vakti máls á þessu á nýafstöðnu dómsmálaþingi.

Sem svar við annarri spurningu um ákvæði 3. mgr. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála þá hefur Hæstiréttur aldrei beitt því ákvæði.

Varðandi þriðju spurninguna vil ég vekja athygli á því að dómsmrh. skipaði nefnd árið 1998 og fól henni að rannsaka ákvörðun refsinga, svo sem samhengi viðurlagaákvæða og dóma þegar um tiltekna brotaflokka væri að ræða, en þar á meðal eru kynferðisafbrot. Nefnd þessi var skipuð í samræmi við ályktun Alþingis frá því ári. Nefndin er nú að störfum og ég vænti þess að niðurstöður hennar muni liggja fyrir snemma á næsta ári.

Að þeim fengnum er ástæða til að huga að refsimörkum vegna kynferðisbrota og ýmissa annarra brota og hvort ástæða er til að gera breytingar á þeim. Ég minni þó á að nýlega, eða árið 1992, var allur kynferðisafbrotakafli almennra hegningarlaga endurskoðaður.

Varðandi lágmarksrefsingar vegna kynferðisafbrota á börnum vil ég vekja athygli á því að almennt hefur verið talið rétt að nema úr lögum ákvæði um lágmarksrefsingar. Þykir eðlilegt að eftirláta dómstólunum refsimatið auk þess sem fyrirmæli laga um lágmarksrefsingu getur í einstaka tilvikum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Ef ákveðið verður að mæla fyrir um lágmarksrefsingar í frekari mæli en nú er tel ég að það komi fyrst og fremst til álita þegar kynferðisafbrot eru framin gegn börnum. Ég tel rétt að skoðað verði sérstaklega hvort tilefni sé til slíkra breytinga á hegningarlögunum og mun ég láta kanna það þegar fyrrgreind rannsókn á viðurlögum við afbrotum liggur fyrir á næsta ári.

Varðandi fjórðu spurningu vek ég athygli á því að lög um meðferð opinberra mála voru endurskoðuð árið 1991, en frá þeim tíma hafa verið gerðar á þeim allnokkrar breytingar. Þótt þessi lög séu nýleg er heildarendurskoðun á þeim fyrirhuguð og við hana munu öll efnisatriði laganna koma til athugunar, þar á meðal ákvæði um meðdómendur með sérfræðikunnáttu. Slík heildarendurskoðun er hins vegar mjög viðamikil og mun fyrirsjáanlega taka allnokkurn tíma.

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að gera stutta grein fyrir því sem á síðustu árum hefur verið gert til að bæta stöðu brotaþola og þá sérstaklega barna sem hafa orðið þolendur kynferðisafbrota. Árið 1995 tóku gildi lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Á þessu þingi hef ég mælt fyrir frv. til laga um breytingu á þessum lögum þar sem lagt er til að lögfest verði heimild til að víkja frá skilyrðum laganna fyrir greiðslu bóta þegar veigamikil rök mæla með. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. er þessi heimild fyrst og fremst hugsuð vegna kynferðisafbrota gegn börnum og er ætluð til þess að rýmka bótarétt þeirra.

Með lögum nr. 63/1998 var gerð sú breyting á ákvæðum almennra hegningarlaga að fyrningarfrestur byrjar ekki að líða fyrr en brotaþoli nær 14 ára aldri þegar um er að ræða kynferðisafbrot. Þetta tekur mið af því að aðstæður barna til að kæra eru oft takmarkaðar auk þess sem ekki er rétt að gera ráð fyrir að þau hafi þroska og skilning til að gera sér grein fyrir því að þau hafi orðið þolendur afbrots.

Að lokum vil ég geta þess að á síðasta þingi var gerð viðamikil breyting á lögum um meðferð opinberra mála og m.a. mælt fyrir um skyldu til að tilnefna börnum réttargæslumann ef um kynferðisafbrot gegn börnum er að ræða. Jafnframt hafa vinnubrögð og aðstaða við yfirheyrslur verið bætt mikið.

Ljóst er að sá málaflokkur sem hér er til umræðu hefur hlotið verðskuldaða athygli undanfarin ár og mikil vinna verið lögð í úrbætur á lagaumgjörð og málsmeðferð. Hins vegar er jafnframt ljóst að mál af þessum toga eru vandasöm og viðkvæm og krefjast þess að við höldum vöku okkar og skirrumst ekki við að grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á.

Um langan aldur lágu kynferðisafbrot gegn börnum í þagnargildi. Þögnin hefur nú verið rofin og mikið hefur verið gert til þess að rétta hlut þeirra sem mátt hafa þola misgjörðir. Á þeirri braut verður haldið áfram.

[14:25]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Við vitum að þegar fjallað er um jafnalvarleg og viðkvæm mál og kynferðisafbrot gagnvart börnum eru þá er þverfagleg samvinna allra — og þá meina ég allra — lykilatriði, þ.e. barnaverndarnefnda, lækna, lögreglu, lögfræðinga, saksóknara og dómstóla. Nauðsynlegt er að koma á samstarfi milli héraðsdóms og Barnahússins því að það er ekki bara skýrslutakan sjálf sem er aðalatriðið heldur líka það að tryggja sérhæfð vinnubrögð, þ.e. fagþekkingu og málsmeðferð sem tekur tillit til þarfa barna og tryggir hagsmuni þeirra.

Við höfum sérúrræði þar sem Barnahúsið er og því er mikilvægt að samhæfa þessa krafta við vinnu héraðsdóms þannig að ekkert fari úrskeiðis og hag barnanna sé best borgið.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en ég get ekki annað sagt en að þau ollu mér nokkrum vonbrigðum. Ég taldi að í ljósi þessa dóms og þeirrar staðreyndar sem við höfum fyrir framan okkur, að ekki nema 10% þeirra mála sem kærð eru koma til kasta kerfisins, að ráðherrann gæti

tekið undir það að fara þyrfti í heildarendurskoðun á þessum málum í kerfinu alveg frá því að kæra berst og þar til dómsniðurstaða liggur fyrir, að fara þyrfti yfir allan þennan feril til að sjá úr hverju þurfi að bæta vegna þess að það er ljóst að mikil brotalöm er í réttarkerfinu og alveg bráðnauðsynlegt reyndar að samþykkja þá till. sem liggur fyrir til þál. um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota.

Hæstv. síðasti dómsmrh. var miklu afdráttarlausari en núv. dómsmrh. að því er varðar refsirammann. Núna er lágmarksrefsing í nauðgunarmálum en það er engin lágmarksrefsing þegar um er að ræða kynferðisbrot gegn börnum. Þarna er auðvitað mikið misræmi á ferðinni og bæði í Noregi og Svíþjóð er lágmarksrefsing eitt og tvö ár. Ráðherrann vísar bara á framtíðina og einhverja nefnd sem muni skila af sér einhvern tíma í framtíðinni hvað þetta varðar. Ég var að leita eftir afstöðu hæstv. ráðherrans sjálfs til þessa máls. Auðvitað var ég ekki að ætlast til þess að ráðherrann mundi tjá sig um einstök atriði þessa sýknudóms og auðvitað vita allir, og þarf ekki að taka það fram, að dómi verður ekki skotið til framkvæmdarvaldsins. Engu að síður er mjög nauðsynlegt að endurskoða alla starfshætti dómstólanna. Og þetta með munnlegu sönnunarfærsluna og að það sé skylda að kveðja til meðdómendur með sérfræðikunnáttu á sviði kynferðisbrota, ætti auðvitað að vera alveg sjálfsagt mál. Ég var að leita eftir skoðun ráðherrans á því máli en ekki að biðja ráðherrann að fara efnislega ofan í skoðun hæstv. ráðherra dómnum sjálfum. Þess vegna verð ég að segja að svörin valda mér ákveðnum vonbrigðum af því að ég álít að hér sé svo stórt mál á ferðinni að það krefjist tafarlausra úrbóta, en sé ekki ávísað á framtíðina eins og ráðherrann gerði.

[14:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. má ég til með að upplýsa að ég var einmitt formaður allshn. þegar fyrir þá nefnd kom stjfrv. um breytingu á þessum kafla almennra hegningarlaga þar sem m.a. er fjallað um nauðgunarákvæðið. Þar var gert ráð fyrir að lágmarksrefsing yrði felld úr lögunum. Ég var ósammála því ásamt öðrum nefndarmönnum þannig að við breyttum stjfrv. Þess vegna er þetta ákvæði enn þá við lýði, hv. þm.

Engum blöðum er hins vegar um það að fletta að hér í dag er fjallað um einn vandasamasta málaflokk sem íslenskir dómstólar fást við. Hér er um að ræða alvarleg afbrot sem eiga sér stað fyrir luktum dyrum og koma því miður oftast ekki til kasta dómstóla fyrr en mörgum árum eftir að afbrotin hafa átt sér stað. Það segir sig sjálft að sönnunarfærsla getur af þessum sökum verið vandkvæðum bundin. Kynferðisafbrot gagnvart börnum hafa mikil tilfinningaleg áhrif og vekja skiljanlega óhug almennings. Þetta eru alvarleg mál sem taka verður á af festu og nærgætni við þolendur og við verðum sífellt að vera vakandi fyrir nauðsynlegum umbótum í málsmeðferð.

Hér á landi er byggt á þeirri reglu að sérhver skuli saklaus uns sekt er sönnuð, eins og gert er í öðrum siðuðum ríkjum. Í stjórnarskrá lýðeldisins er skýrlega kveðið á um þetta og sambærilegt ákvæði er einnig að finna í mannréttindasáttmála Evrópu. Sönnun um sekt verður að fara fram í valdbærum dómstólum sem eiga að vera óháðir og sjálfstæðir og mat dómstólanna á að vera endanlegt. Samkvæmt stjórnskipan okkar verður sönnunarmat í einstökum dómsmálum hvorki tekið til endurskoðunar af dómsmrn. né Alþingi.

Einstakir dómar geta verið umdeildir og íslenskir dómstólar eiga vitaskuld ekki að vera yfir gagnrýni hafnir. En sú grundvallarregla að dómstólar skuli vera sjálfstæðir er óumdeild. Hins vegar ítreka ég að um vandasöm mál er að ræða og það er nauðsynlegt að við höldum öll vöku okkar.

Framsal Háskóla Íslands á einkaleyfi til peningahappdrættis.

Fsp. ÖJ, 166. mál. — Þskj. 192.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Í landinu eru við lýði lög um Happdrætti Háskóla Íslands frá 1973 og lög um söfnunarkassa. Í 3. mgr. laga um Háskóla Íslands segir að dómsmrh. geti heimilað að notaðar séu sérstakar happdrættisvélar þannig að þátttaka og ákvörðun um greiðslu af honum fari fram vélrænt og samstundis og enn fremur að slíkar happdrættisvélar séu samtengdar, einstakar vélar og á milli sölustaða.

Í lögunum er ekkert að finna um að Háskóli Íslands geti framselt þetta einkaleyfi sitt. Í lista á netinu yfir reglugerðir dómsmrh. sem varða happdrætti er ekki að finna neina reglugerð við lög um Happdrætti Háskóla Íslands, bara um Íslenska getspá, DAS og einstök happdrætti sem einstök félög, t.d. hestamannafélagið Sleipnir, reka.

Samkvæmt símaskránni eru reknar fjórar spilastöðvar undir nafninu Háspenna: Á Laugavegi, í Hafnarstræti, í Kringlunni og á Skólavörðustíg í Reykjavík. Í lista á netinu yfir íslensk fyrirtæki er fyrirtæki undir nafninu Háspenna ekki að finna.

Nú hef ég fyrir því upplýsingar, þó að þær séu ekki fyllilega staðfestar, að Háspenna fái prósentur af veltu spilakassa í eigu Háskóla Íslands. Ef þetta er rétt þá hefur háskólinn framselt fyrirtækinu einkaleyfi sitt til happdrættisrekstrar og þess vegna er hæstv. dómsmrh. spurð: Hvaða eftirlit er haft með því þegar Háskóli Íslands framselur til einkafyrirtækis einkaleyfi sitt til að reka peningahappdrætti?

[14:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Sem svar við fyrirspurninni þá veit ég ekki til né ráðuneytið að Happdrætti Háskóla Íslands hafi framselt einkaleyfi sitt til peningahappdrættis til einkafyrirtækja. Í tilefni af fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Happdrætti Háskóla Íslands um hana. Í svarbréfi sem er dagsett 17. nóvember sl. er fullyrt að Háskóli Íslands hafi hvorki framselt einkaleyfi sitt né hafi komið til álita að hann framseldi það.

Einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands er bundið í lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973. Óheimilt er að framselja leyfið. Dómsmrn. hefur eftirlit með happdrættisrekstrinum að hann sé í samræmi við lög og reglugerðir um það. Einkafyrirtækjum hefur ekki verið framselt einkaleyfi háskólans en ráðuneytið mundi vissulega taka til athugunar ef grunur væri um það.

Eftirlit með fjármálum Háskóla Íslands hefur endurskoðandi háskólans og Ríkisendurskoðun svo sem er um aðrar ríkisstofnanir. Ég tel að í þessu sambandi sé rétt að gera nokkra grein fyrir umboðum sem happdrætti veita tilteknum aðilum til að koma fram í nafni happdrættanna svo að hægt

sé að sinna þjónustu fyrir happdrættin um land allt. Umboðsmenn reka fyrir hönd umbjóðanda síns, hver svo sem hann er, á hans ábyrgð og fyrir hans reikning tiltekið verkefni og geta þegið fyrir það þóknun. Í því felst ekki framsal réttinda. Í hugtakinu happdrætti felst m.a. að fjármunir þeir sem spilað er fyrir renna til þess sem rekur happdrættið og greiðir happdrættið vinninga sem hlutfall af þeim fjármunum. Ljóst er að aðalskrifstofa Happdrættis Háskóla Íslands í Reykjavík getur ekki sinnt sölu happdrættismiða um allt land. Þess vegna hafa starfað í happdrættinu sérstakir umboðsmenn allt frá árinu 1934. Koma þeir fram í nafni Happdrættis Háskóla Íslands og innheimta andvirði seldra miða, greiða vinninga sem á þá kunna að falla og þiggja fyrir þá þóknun sem er hlutfall af upphæð viðskiptanna. Hér er ekki um framsal á réttindum eða skyldum happdrættisins að ræða svo sem tilgreint er í lögum nr. 13/1973.

Síðustu árin hafa átt sér stað nokkrar breytingar á þeirri tækni sem notuð er við happdrættisrekstur og við að veita viðskiptamönnum þjónustu. Í samræmi við það hafa nýir sölu- og umboðsaðilar bæst við þá 95 aðila sem eru umboðsmenn fyrir flokkahappdrættið. Þar má nefna um 500 aðila sem hafa með höndum sölu happaþrennu og eru það einkum verslanir og söluturnar. Á sama hátt þiggja þessir söluaðilar þóknun í hlutfalli við sölu. Söluaðilar Gullnámunnar eru 49 talsins, einkum veitingahús en auk þess þrír háspennusalir. Vélarnar og allt kerfi þeirra er í höndum Happdrættis Háskóla Íslands á sama hátt og sölukerfi annarra happdrættistegunda happdrættisins. Umboðsaðilar sjá hins vegar um að fylgt sé öðrum reglum í tengslum við vélarnar, þrífa þær og passa að aðgengi að þeim sé í samræmi við lög og reglugerðir, svo sem um aldurstakmark. Þiggja þeir þóknun fyrir þjónustuna sem er ákveðin prósenta af rekstri vélanna á sama hátt og aðrir umboðsmenn fá þóknun í samræmi við sölu miða.

Ráðuneytið hefur ekki gert athugasemdir við hin lögbundnu happdrætti að þau hafi umboðsmenn í þjónustu sinni víðs vegar um land, enda hefur það verið talinn eðlilegur þáttur í starfsrækslu happdrættanna eigi að vera unnt að reka þau á landsvísu.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið. Ég verð að viðurkenna að ég á ofurlítið erfitt með að átta mig á því. Í máli hæstv. ráðherra kemur fram að bannað sé að framselja einkaleyfið. Síðan kemur skilgreining á einkaleyfinu. Það byggir á því að ágóðinn af happdrættinu eða happdrættisvélunum ef því er að skipta renni til einkaleyfishafans. Síðan segir hæstv. ráðherra að einkaleyfishafinn geti gert samning, ekki um framsal, ég veit ekki hvaða orð við eigum að nota um það, þar sem sá sem rekur kassann hagnist á þeim um vissa hlutfallstölu, fái ákveðna prósentu af hagnaðinum. Ef þetta er ekki framsal á einkaleyfisrétti, þá vildi ég gjarnan fá nánari skýringu á því hvað felst í því einkaleyfi. Ég leyfi mér að óska eftir því við hæstv. dómsmrh. að þessi mál verði könnuð nánar.

Mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir öðru og það snýr að reglugerðarsmíð í sambandi við þessa kassa. Það kveður beinlínis á um það í lögum að setja beri reglugerð um rekstur slíkra kassa. Eftir því sem ég fæ best séð og eftir leit í opinberum gögnum hefur sú reglugerð enn ekki verið sett, enda kom það fram í álitsgerð nefndar sem sérstaklega fjallaði um þessi mál.

Ég óska sem sagt eftir því, herra forseti, að hæstv. dómsmrh. upplýsi okkur nánar um hvað felst í þessu einkaleyfi. Í öðru lagi hvort hæstv. ráðherra er tilbúin að verða við þeirri ósk minni að þau mál verði athuguð nánar og þinginu verði síðan gerð grein fyrir niðurstöðu af þeirri rannsókn og að lokum spurningin um greinargerðina.

[14:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég tel að ég hafi svarað fyrirspurn hv. þm. skýrt. Það hefur komið fram að ekki er rétt að Happdrætti Háskóla Íslands framselji einkaleyfi sitt til reksturs peningahappdrættis til einkafyrirtækja. Það er hins vegar bæði rétt og skylt fyrir dómsmrn. að fylgjast með þessum málum og grípa inn í ef ástæða þykir til. Happdrættið veitir hins vegar aðilum víðs vegar um land umboð gegn þóknun til að selja miða happdrættisins og sinna öðrum verkefnum tengdum þeirri sölu, svo og umboð til að sjá um daglegan rekstur happdrættisvéla sem tengdar eru miðlægu tölvukerfi happdrættisins í aðalumboði þess.

Happdrætti hafa lengi verið við lýði hér á landi sem annars staðar. Það er vitað að happdrættisstarfsemi og spilastarfsemi hvers konar getur haft í för með sér að þátttakendur leiðist til svokallaðrar spilafíknar. Hv. þm. hefur einmitt gert það að sérstöku umtalsefni á hinu háa Alþingi og það er vissulega áhyggjuefni sem hafa þarf vakandi auga með. En þessi starfsemi er viðamikill og flókinn málaflokkur sem hingað til hefur náðst samstaða um á Alþingi hvernig skuli skipa, bæði málefnum Happdrættis Háskóla Íslands sem og málefnum annarra lögbundinna happdrætta. Hefur starfsemi Happdrættis Háskóla Íslands verið mikilvægur þáttur í rekstri háskólans, enda tilgangurinn með rekstri happdrættisins að fjármagna byggingar háskólans og viðhald þeirra, sem og að styrkja tækjakaup Háskóla Íslands.

Frummatsskýrsla um álver á Reyðarfirði.

Fsp. KolH, 132. mál. — Þskj. 152.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Nú er til athugunar hjá skipulagsstjóra frummatsskýrsla vegna fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði og skýrsla sú er lögð fram af fyrirtæki sem heitir Eignarhaldsfélagið Hraun ehf. og kemur fyrirtækið fram fyrir óstofnað hlutafélag um álver við Reyðarfjörð.

Ekkert í frummatsskýrslunni bendir til að nefnt félag hyggist hefja framkvæmdir við álver á Reyðarfirði og ekkert umboð eða beiðni kemur fram í skýrslunni frá neinum sem gæti talist framkvæmdaraðili í skilningi laganna. Í lögunum um mat á umhverfisáhrifum segir í 7. gr., með leyfi forseta:

„Áður en hafist er handa um framkvæmdir sem lög þessi eða reglugerð samkvæmt þeim taka til skal framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða framkvæmd þar sem fram kemur lýsing á framkvæmdinni, ráðgerðri hönnun og hugsanlegri umhverfisröskun og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að draga úr henni og aðrar upplýsingar sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar.“

Þetta er hin svokallaða frummatsskýrsla, herra forseti, og þarna kemur fram að það er framkvæmdaraðili sem skal annast hana. Í sömu lögum um mat á umhverfisáhrifum segir í 2. gr. um framkvæmdaraðila, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaraðili: Ríki, sveitarfélag, stofnun eða fyrirtæki í eigu slíkra aðila að nokkru eða hluta, lögaðili eða einstaklingur er hyggst hefja framkvæmdir sem lög þessi taka til.“

Hraun ehf. virðist vera staðgengill fyrir óstofnað hlutafélag en mér sýnist hæpið að telja Hraun ehf. framkvæmdaraðila að lögum. Eitthvað kostar svona skýrslugerð því að hér er um afskaplega viðamikla skýrslu að ræða sem gefin er út í þremur stórum plastmöppum með mjög mörgum kortum og virðist vera vandað til gerðar skýrslunnar á flestan hátt. Spurning mín í framhaldi af þessu til hæstv. iðnrh. er svohljóðandi:

Hver hefur borið kostnaðinn af gerð frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers sem kynnt var 14. október 1999 í nafni eignarhaldsfélagsins Hrauns ehf.?

Hvað kostaði gerð skýrslunnar?

[14:44]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 152 ber hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Hver hefur borið kostnaðinn af gerð frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers sem kynnt var 14. október 1999 í nafni eignarhaldsfélagsins Hrauns ehf.?“

Allt frá upphafi 8. áratugarins þegar staðarvalsnefnd um iðnrekstur hóf störf hafa farið fram margháttaðar rannsóknir á náttúrulegum aðstæðum til uppbyggingar stóriðjurekstrs á Reyðarfirði. Á vegum Kísilmálmverksmiðjunnar hf. sem stofnuð var af íslenska ríkinu 1982 fyrir tilstuðlan Hjörleifs Guttormssonar og í kjölfar athugana staðarvalsnefndar fóru fram víðtækar rannsóknir á Hrauni og nágrenni Hrauns vegna áforma sem þá voru uppi um byggingu kísilmálmvinnslu. Þessar rannsóknir voru allar kostaðar af iðnrn. á sínum tíma, ýmist með beinum framlögum eða í gegnum hlutafjárframlög ríkisins til Kísilmálmvinnslunnar hf.

Eftir að Markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar var stofnuð árið 1988 var haldið áfram athugunum á aðstæðum til stóriðjuuppbyggingar við Reyðarfjörð eftir því sem efni og ástæður voru til. Í tengslum við fyrirhugaða byggingu Atlantal-álversins í kringum 1990 — þá fyrir tilstuðlan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar, en í henni voru eins og menn þekkja og ekki þarf að rifja upp margir ágætir þingmenn sem nú sitja á Alþingi, m.a. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, landbrh. í þáv. ríkisstjórn — komu peningar bæði af almennu ráðstöfunarfé markaðsskrifstofunnar, sem eins og kunnugt er er í eigu Landsvirkjunar og iðnrn. og af sérfjárveitingum frá iðnrn.

Árið 1997 var efnt til formlegs samstarfs við orku- og stóriðjunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi en markaðsskrifstofan hafði átt farsælt samstarf við nefndina og sveitarfélög á Miðausturlandi mörg ár þar á undan. Inn í þennan samning gekk árið 1998 nýstofnað sveitarfélag, Fjarðabyggð. Hefur rannsóknum síðan verið haldið áfram á vegum verkefnisstjórnar STAR, eða samstarfsnefndar um staðarvalsathuganir iðnaðarsvæða á Reyðarfirði. Fjármagn sem STAR hefur haft til ráðstöfunar hefur einkum komið af almennu ráðstöfunarfé Fjárfestingarstofunnar – orkusviðs og sérframlögum frá iðnrn. en einnig frá öðrum þátttakendum í STAR-hópnum. Í tengslum við viðræður við Hydro Aluminium hefur það fyrirtæki einnig lagt fram fjármagn í þessar rannsóknir sl. tvö ár. Það er því ljóst að enginn einn aðili hefur borið kostnað af gerð frummatsskýrslunnar heldur allir þeir sem ég hef hér nefnt.

Af framansögðu má ljóst vera að erfitt er að gefa í einni tölu kostnað við gerð frummatsskýrslunnar. Við gerð hennar hafa allar tiltækar upplýsingar verið notaðar og margvíslegar athuganir gerðar. Einnig kemur til að vegna væntanlegra umsókna um umhverfisstarfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins hafa sumar rannsóknirnar verið ítarlegri en ætla má að nauðsynlegt hafi verið að gera ef eingöngu hefði staðið til að gera skýrslu um frummat á umhverfisáhrifum álversins. Þá er frummatsferlinu ekki lokið. Það er þó ljóst að kostnaðurinn við gerð frummatsskýrslunnar verður mun hærri en áður hefur þekkst í hliðstæðum dæmum, enda svæðið meira rannsakað en nokkurt annað svæði á Íslandi til þess að byggja upp stóriðju.

Þannig hefur kostnaður sem Fjárfestingarstofan – orkusvið hefur greitt vegna vinnu STAR og ráðunauta við gerð frummatsskýrslunnar á árunum 1998 og 1999 og áætluð útgjöld til nk. áramóta numið samtals 50,5 millj. kr. Í þeirri upphæð er innifalið það fjármagn sem Hydro Aluminium hefur lagt fram til verkefnisins og rétt er að geta þess að gengið er út frá því að endanlegur framkvæmdaraðili að byggingu álversins muni greiða þennan kostnað þegar þar að kemur. Þegar upp verður staðið verður því kostnaðurinn borinn af framkvæmdaraðilanum en ekki ríkinu. Hydro Aluminium hefur nú þegar farið að ráðstafa peningum til að taka þátt í þessu verkefni og með því er undirstrikað hversu mikill vilji og alvara er af hálfu fyrirtækisins að halda verkefninu áfram og um leið er það skiljanlegt af þeirra hálfu að þeir leggi höfuðáherslu á að við alla framkvæmdaáætlunina um samstarfsyfirlýsinguna, sem gefin var á Hallormsstað, sé staðið til þess að þeir fjármunir sem fyrirtækið nú þegar er farið að ráðstafa nýtist sem best.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. greinargóð svör og afskaplega ítarleg. Ég lýsi yfir ánægju minni með að það skuli koma fram í yfirlýsingu hæstv. ráðherra að væntanlegur framkvæmdaraðili beri á endanum þennan kostnað.

Á hitt er að líta að ég vona að það liggi fyrir innan tíðar hversu stór kostnaðarliður þessi skýrsla er í heildina því að eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra eru 50,5 millj. einungis hluti iðnrn. og þar er innifalið það fé sem Norsk Hydro hefur lagt til málsins.

Herra forseti. Þá vil ég líka þakka hæstv. iðnrh. fyrir að ramma það svo inn í sinni ræðu að Norsk Hydro sé með og þurfi og ætli að vera með og að það sé afskaplega mikilvægt fyrir Norsk Hydro að þetta haldi allt saman áætlun.

Enn fremur vil ég líka þakka hæstv. ráðherra fyrir að fræða mig um kísilmálmverksmiðjuna og það hvernig farið var fram þegar Atlantal-hópurinn var á sínum tíma að vinna sambærileg mál og sérstaklega þá kannski fyrir að vekja athygli mína á því að hv. þingmenn og varaþingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skuli hafa komið að því máli.

Varðandi eitt atriði sem hæstv. iðnrh. nefndi í sinni ræðu, þ.e. starfsleyfið, sem er greinilega í undirbúningi þá gagnrýni ég það, herra forseti, að starfsleyfið skuli ekki hafa legið fyrir á sama tíma og frummatsskýrslan er til skoðunar. Það vekur miklar spurningar að starfsleyfið skuli ekki vera til staðar núna þegar verksmiðjan er auglýst í þetta matsferli á umhverfisáhrifum. Ég hefði talið það til mikilla bóta fyrir

málið í heild, þegar það er metið, að starfsleyfið væri til staðar þegar frummatsskýrslan er metin. Ég tel okkur vera með mikinn tvíverknað og undarlega röð á hlutunum þegar það er ekki á þann veg.

[14:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við svarinu. Ég átti svo sem ekki von á öðru. En það er mjög mikilvægt þegar spurningum sem þessum er svarað að öllu sé til skila haldið, hinum sögulegu staðreyndum eins og þeirri samtíð sem menn upplifa akkúrat núna þessa stundina og það vildi ég gera í svari mínu hér.

Varðandi ábendingu hv. þm. um starfsleyfið, þá finnst mér það í sjálfu sér vera vel skoðandi, þ.e. að starfsleyfið liggi fyrir á sama tíma og skýrslan um mat á umhverfisáhrifum er til sérstakrar skoðunar. Mér finnst það vera sérstaklega umhugsunarvert í ljósi þess að ég tel að það þurfi að stytta þetta ferli eins og nokkur kostur er, en samt ekki að fórna því sem mikilvægast er, aðgangi almennings og þeirra sem að þurfa að koma. En ég segi: Þetta er ferlið í dag og starfsleyfið sem verður gefið út, vonandi fyrir þetta fyrirtæki sem þarna fer af stað, mun byggja á matinu á umhverfisáhrifum og þeirri skýrslu, m.a. öll viðmið við losun og þar fram eftir götunum sem verða að koma fram í því leyfi. Eins og af frummatsskýrslunni má sjá telur framkvæmdaraðilinn sig, sem verður vonandi þetta fyrirtæki sem við höfum stofnað um álverið, ekki í neinum vandræðum með að standa við öll þau mörk sem fram eru sett í frummatsskýrslunni og rúmlega það og það finnst mér vera sérstakt fagnaðarefni að menn treysti sér til að gera það. Þar af leiðandi munu menn setja mjög strangar og harðar kröfur í starfsleyfið þannig að þar af leiðandi er tryggt að af þessu hljótist eins lítil neikvæð umhverfisáhrif og nokkur kostur er.

Orkuvinnsla á bújörðum.

Fsp. DrH, 158. mál. — Þskj. 179.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt hefur mikil byggðaröskun orðið síðustu ár og allir eru því sammála að vinna þarf ötullega að því að snúa dæminu við. En til þess að það gerist þarf að beita nýjum og öflugri aðferðum en gert hefur verið hingað til og nota alla þá nútímatækni sem til er að styrkja byggðina.

Í nýútkominni skýrslu Byggðastofnunar, Byggðir á Íslandi, er birt niðurstaða greiningar stofnunarinnar á ástandi búsetu í landinu. Þar er m.a. fjallað um aukinn hluta þekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks. Þessir þættir hafa á síðari árum leitt til brottflutnings fólks af landsbyggðinni en bjóða jafnframt upp á ýmsa möguleika til atvinnusóknar og eflingar búsetu. Horfa verður til möguleika sem svæðin hafa og einbeita sér að því sem getur talist styrkleiki þeirra.

Eitt allra stærsta viðfangsefnið hlýtur að vera að efla samkeppnishæfni landsbyggðarinnar og markmiðið að ný störf verði til í vaxtargreinum atvinnulífsins í stað þeirra sem hverfa með almennri hagræðingu og breyttum atvinnuháttum. Landbúnaður á Íslandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár, breytingar sem hafa orðið til þess að bændur hafa hagrætt í búrekstri sínum. Búin hafa stækkað og þeim hefur fækkað.

Þegar rætt er um nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífinu þá verðum við að huga að þeim möguleikum sem geta falist á bújörðum meðfram hefðbundnum búskap til þess að styrkja hann eða til nýrra atvinnutækifæra. Einn af þeim vaxtarbroddum í landbúnaði tel ég vera fólginn í meiri og öfugri nýtingu á jarðvarma og virkjun vatnsafls til raforku sem er vissulega vannýtt enn sem komið er. Því þarf að huga vel að slíkum möguleikum og sóknarfærum.

Til að treysta þessi markmið þarf að leita samstarfs við háskóla og rannsóknarstofnanir. Ég er sannfærð um að margir aðilar sem hafa aðgang að vatnsfalli væru tilbúnir að virkja ef skilyrði yrðu sköpuð til þess af hálfu stjórnvalda. Það er ljóst að hér er um atvinnusköpun og verðmæti að ræða sem kæmu sér vel í hinum dreifðu byggðum landsins og þetta hefur bein áhrif á byggðaþróun og búsetu. Þeim jarðeigendum sem eiga þess kost, og ef það telst hagkvæmt, þarf að gera kleift að ráðast í virkjanir. Margir aðilar sem hafa aðgang að vatnsfalli væru tilbúnir til þess ef skilyrði væru fyrir hendi og því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hvernig hefur iðnaðarráðuneytið stutt þá sem vilja nýta heitt vatn á jörðum sínum? Hefur ráðuneytið stutt jarðeigendur sem vilja reisa litlar vatnsaflsvirkjanir?

[14:57]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 179 ber hv. þm. Drífa Hjartardóttir fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Hvernig hefur iðnaðarráðuneytið stutt þá sem vilja nýta heitt vatn á jörðum sínum? Hefur ráðuneytið stutt jarðeigendur sem vilja reisa smáar vatnsaflsvirkjanir?“

Í maí á síðasta ári undirrituðu iðnrn., Orkusjóður og Byggðastofnun samkomulag um að leita sérstaklega að jarðhita á svæðum þar sem ekki eru hitaveitur en hugsanlegt er að hagkvæmt geti verið að nýta jarðhita til húshitunar. Þetta átak, sem tekur til áranna 1998 og 1999, hefur til ráðstöfunar 60 millj. kr. og er framlag iðnrn. til þess 25 millj., Orkusjóðs 25 millj. og Byggðasjóðs eða Byggðastofnunar 10 millj. Gert er ráð fyrir því að mótframlag frá sveitarfélögum eða orkufyrirtækjum sé a.m.k. 50% af heildarkostnaði. Þetta verkefni hefur m.a. stuðlað að jarðhitaleit í grennd við þéttbýlisstaði og einnig komið bændum og landeigendum til góða. Alls bárust um 50 umsóknir um stuðning og voru 30 verkefni styrkt.

Árangur jarðhitaleitar á þessum svæðum hefur eðlilega verið mismunandi enda eru flest þeirra a.m.k. svæði sem talin hafa verið til kaldari svæða. Nokkur þeirra hafa nú þegar skilað góðum árangri.

Á árinu 1996 var hlutverki Orkusjóðs breytt nokkuð frá því sem var og í vor voru sett ný lög um sjóðinn. Samkvæmt lögunum er Orkusjóði m.a heimilt að veita opinberum aðilum, félögum og einstaklingum lán til að leita og afla jarðvarma með jarðvísindalegum forrannsóknum, jarðborunum og vinnslurannsóknum til að meta árangur borananna. Ef borun sem lánað er til á grundvelli þessarar heimildar reynist árangurslaus eða árangur mun lakari en gert var ráð fyrir eða kostnaður óeðlilega hár og ávinningur borunar minni en upphaflega var gert ráð fyrir og fjárhagslegri afkomu lántakenda stefnt í hættu af þessum sökum, þá er ráðherra heimilt að fenginni tillögu orkuráðs að fella niður að hluta

eða öllu leyti endurgreiðslu lántaka þannig að þarna erum við í raun að ræða áhættulán hvað þetta snertir.

Leitast er við að meta áhættuna bæði tæknilega og markaðslega fyrir fram og er það fjármagn sem veitt er á fjárlögum sett í sjóði til að mæta þeirri áhættu. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru 6 millj. kr. í þessu skyni, þ.e. bara til þessara þátta og sama fjárhæð er í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000. Miðað við áhættumat sem lagt hefur verið til grundvallar svarar þetta til þess að unnt sé að lána um 30 millj. kr. á ári til þessara verkefna. Talsvert er um að bændur og aðrir jarðeigendur sæki um og fái slík lán.

Varðandi seinni spurninguna þar sem spurt er: „Hefur ráðuneytið stutt jarðeigendur sem vilja reisa smáar vatnsaflsvirkjanir?"

Fyrr á árum veitti Orkusjóður bændum lán til að reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota. Sú heimild var felld úr gildi árið 1996 enda höfðu slík lán ekki verið veitt um langt árabil og ekkert fé verið veitt í þessu skyni á fjárlögum. Þá var hinni eiginlegu sveitarafvæðingu lokið og heita má að allir sveitabæir hafi aðgang að rafmagni frá raforkukerfi landsins. Í þessu sambandi má þó geta þess að samkvæmt gildandi lögum um Orkusjóð er orkuráði heimilt að veita fyrirtækjum eða einstaklingum styrki eða áhættulán til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar sem ætla má að leiði til þess að dregið verði úr orkunotkun og notkun á jarðefnaeldsneyti. En það verður að hafa í huga að reglunum var breytt 1996 í þeim tilgangi að nota fjármuni sjóðsins betur til annarra hluta vegna þess að ekki hafði verið sérstaklega sótt um það að fá af bændum eða landeigendum lán til þessara hluta. Ástæðan er fyrst og fremst sú að við erum með heildstætt raforkukerfi fyrir landið allt og einstaklingar, sveitarfélög eða landeigendur geta í sjálfu sér ekki framleitt inn á það kerfi eins og nú er nema með sérstökum samningum. Hins vegar standa fyrir dyrum, og það hef ég boðað, róttækar skipulagsbreytingar á raforkukerfinu sem ganga út á það að innleiða samkeppni og þáltill. um það efni hef ég lagt hér fyrir og vonandi kemur frv. til laga um gjörbreytt skipulag orkumála eftir áramót sem þá og í ljósi þess mun skapa landeigendum og þeim sem ráða yfir vatnsafli eða jarðvarma hugsanlega tækifæri til þess að framleiða inn á Íslandsnetið, þ.e. flutningskerfi landsmanna sem svo er nefnt að vinnuheiti.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það er mjög mikilvægt að verið er að vinna af fullum krafti í þessum málum.

Það er rétt að geta þess að á Íslandi eru nú um 300 lítil orkuver, flest á bújörðum. En fyrr á árum voru þau mun fleiri. Í Félagi raforkubænda eru nú milli 60 og 70 manns. Mikill áhugi er á þessum málum og margir hafa gefið sig fram sem hafa tæknikunnáttu og má þar nefna vélsmiðjur, verktaka, smiði og söluaðila vélbúnaðar. Í samtölum mínum við bændur hefur komið fram að stuðningur ríkisins við smærri rafmagnsframleiðendur er lítill sem enginn, frekar megi tala um höft þar sem greiða þarf afar hátt gjald, eða um 2 millj., til að mega selja rafmagn inn á kerfið.

Norðmenn lögðu af slíkt gjald um síðustu áramót. Um 100–200 stöðvar sem eru starfræktar nú eru að framleiða umframrafmagn sem ekki er hægt að koma í verð í dag. Tenging inn á kerfi frá litlu rafstöðvunum er einfalt og þar sem mikið rafmagnstap er í dreifikerfi landsins er talið mjög æskilegt að fá inn rafmagn hér og þar til að vega upp á móti tapi.

Herra forseti. Víða eru umtalsverð hlunnindi á bújörðum og er jarðvarmi og vatnsafl til raforkuframleiðslu hluti af þeim. Það er mjög mikilvægt að opinberir aðilar styðji áform bænda með fjármagni og miðlun þekkingar og með markaðsstarf í huga. Nauðsynlegt er að þeir sem vilja og hafa tök á að fara í virkjanir fái til þess fyrirgreiðslu hjá Lánasjóði landbúnaðarins og Orkusjóði. Byggðastefnan á að efla bjartsýni og kraft til að takast á við margvísleg verkefni og nýta þarf þau fjölmörgu tækifæri sem eru fyrir hendi.

[15:04]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég tek í sjálfu sér undir þessi orð hv. fyrirspyrjanda og tel að þarna séu til staðar, ekki síst kannski á mörgum bújörðum, veruleg tækifæri á þessu sviði. Ég lýsti því áðan að við stöndum frammi fyrir fyrirkomulagi sem gerir mönnum það ekki kleift í dag að framleiða inn á raforkukerfið nema með sérstöku samkomulagi við þá sem njóta einkaréttar í þeim efnum, þ.e. Landsvirkjun. Hvort sem það eru dreifiveitur eða framleiðendur þá þarf að gera samrekstrarsamning til þess að slíkt sé hægt. Þessu fyrirkomulagi hef ég lýst yfir að ég vilji breyta. Ég vil sjá aukna samkeppni sem á að leiða til þess að lækka raforkuverð til landsmanna þegar fram líða stundir og ég trúi því að með aukinni samkeppni muni það takast.

Ég veit um áhuga raforkubænda í þessum efnum og ég fagna því frumkvæði sem hefur komið frá þeim um að þeir hafi skipulagt sig til að vera í stakk búnir þegar að þessari samkeppni kemur og tækifærin gefast. Ég held að sá undirbúningur sé til fyrirmyndar.

Ég hef líka óskað eftir því að það verði kannað, og ætla mér að setja á fót nefnd til þess að fara sérstaklega í þau mál, þ.e. hvernig hægt sé einmitt að aðstoða bændur í þessum efnum og þar tel ég að til eigi að koma samstarf Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, gömlu stofnlánadeildarinnar eða Búnaðarsjóðsins, og hef óskað eftir því að formaður iðnn., sem er jafnframt formaður Búnaðarsjóðsins, verði formaður þeirrar nefndar til þess einmitt að leiða þessa hluti saman. Þessi nefnd verður skipuð á næstu dögum með þetta meginmarkmið þannig að ég tek undir með hv. þm. að þetta er mjög mikilvægt skref sem þarna er hægt að stíga til undirbúnings því þegar að samkeppninni kemur. En alveg er ég nú viss um að þær raddir eru hér innan dyra sem engu vilja breyta í því eins og svo mörgu öðru. Það er alveg sama hverju á að breyta, menn eru alltaf á móti því. Hins vegar held ég að þetta sé mjög mikilvægt tæki til þess að lækka raforkuverð til landsmanna.

Samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Fsp. HjÁ, 177. mál. — Þskj. 204.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Framfarir á öllum sviðum og nýsköpun verða í gegnum rannsóknir. Nýsköpun er forsenda framfara og nýsköpun byggir einatt á rannsóknum. Þannig hafa mestar framfarir orðið á eiginlega öllum sviðum þjóðfélagsins nú á síðustu áratugum.

Hins vegar er ljóst að rannsóknir kosta fé og sá kostnaður skilar sér ekki endilega alltaf í arði til baka. Það er eðli rannsókna. Nú ber þess að gæta að Ísland er lítið og þess vegna mikilvægara fyrir okkur sem smáþjóð að nýta hverja krónu betur heldur en hjá stærri þjóðum.

Herra forseti. Það hefur jafnframt komið fram í úttekt á vegum OECD að Íslendingar verja minni fjármunum til rannsókna en almennt gengur og gerist meðal þjóða OECD og á ég þar við fjármuni til rannsókna og þróunarstarfs. Það gildir bæði um opinbera geirann og ekki síður um einkageirann. Þetta kom m.a. fram í skýrslu sem birt var fyrir tveimur árum og á ráðstefnu á dögunum á vegum Rannís, Rannsóknarráðs Íslands.

Það segir sig sjálft að á þessu þarf að vinna bót því að enginn vill vinna gegn framförum. Frá Rannsóknarráði Íslands hafa m.a. komið tillögur um breytingar á skattkerfinu sem gætu stuðlað að því að fyrirtæki í einkaeigu verji meiri fjármunum til rannsókna. En hvað varðar opinbera geirann, og vil ég þá árétta það sem ég nefndi áðan að við erum lítil þjóð og þurfum að velta hverri krónu vel fyrir okkur og nýta hverja krónu mjög vel, þá eru stundaðar rannsóknir og nýsköpun mjög víða í opinbera geiranum. Nægir þar að nefna Nýsköpunarsjóð sem ég hygg reyndar að standi naumast undir því nafni, Rannsóknarráð Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, háskólann, Iðntæknistofnun, sumt af fjárveitingum einstakra ráðherra, Byggðastofnun, einstök atvinnuþróunarfélög og þannig má áfram telja. Það er sem sagt ljóst, herra forseti, að rannsóknum er mjög dreift í hinar ýmsu stofnanir á vegum hins opinbera og það sem meira er, svolítil hætta er á að rannsóknirnar lokist inni í þeim stofnunum.

Að þessu sögðu, herra forseti, beini ég þeirri spurningu til hæstv. iðnrh. vegna þess að margar af þessum rannsóknastofnunum heyra undir ráðuneyti hans, hvort hann hafi í hyggju að sameina einhverjar af þessum stofnunum, auka samstarf þeirra eða breyta fyrirkomulagi á einhvern hátt.

[15:10]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason spyr:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir samruna, sameiningu eða frekara samstarfi stofnana og sjóða hjá hinu opinbera á sviði rannsókna og nýsköpunar?“

Samruni, sameining og samstarf stofnana og sjóða hjá hinu opinbera snýst um hagræðingu og meiri árangur. Ég tek undir það sem fram kom í framsögu hv. þm. Í þessu felst betri nýting fjármagns, húsnæðis og búnaðar en ekki síst hámarksnýting þekkingarinnar, þ.e. mannauðsins. Vinna af þessum toga er viðvarandi verkefni og hefur verið viðvarandi verkefni í iðnrn. þó svo að rannsóknastofnanirnar sem slíkar eða Rannsóknarráð sem slíkt heyri ekki undir iðnrn. heldur menntmrn. og gott samstarf hefur verið milli ráðuneyta um að gera þar bragarbót á.

Í hnotskurn snýst verkefnið ekki um hvort heldur hvernig þessu verður komið við. Umræðan um skipulagningu opinberra rannsókna fyrir atvinnulífið á sér margra áratuga sögu og hefur verið breytt nokkrum sinnum. Þær breytingar voru eðlilegar á sínum tíma í ljósi þeirra aðstæðna sem ríktu hér á landi og í nágrannalöndunum. Núverandi fyrirkomulag er fest í sessi með lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, og er það því komið nokkuð til ára sinna. Í lögunum er kveðið á um að á vegum ríkisins skyldu starfræktar fimm rannsóknastofnanir sem fengju afmarkað verkefni er tengdist höfuðatvinnugreinunum þremur, landbúnaði, iðnaði og sjávarútvegi.

Hin síðari ár hefur þróun vísinda og tækni ekki fylgt þeirri skipan sem þarna var komið á. Augljósustu dæmin um þetta er tilkoma nýrra atvinnugreina eins og upplýsingatækninnar og líftækninnar. Báðar þessar greinar eru þverfaglegar í hefðbundnum skilningi þess orðs, en í því felst að þær falla ekki innan eins tiltekins atvinnusviðs heldur eru jafnmikið iðnaðarmál eins og landbúnaðarmál eða sjávarútvgsmál.

Þegar þróun atvinnulífsins er eins ör og hún er nú og hefur verið hin síðari ár er í sjálfu sér við því að búast að framsýni manna sé bundin við tiltekna og viðurkennda sérhagsmuni atvinnugreinatengdra rannsóknarhagsmuna. Þetta býður þeirri hættu heim að tækifæri til nýsköpunar tapist og má leiða að því líkur að það hafi gerst í allmörgum tilvikum. Við þessu hefur verið brugðist með því að efla samstarf stofnana fremur en að sameina þær. Þessi þróun hefur gengið hægt og í raun mun hægar en æskilegt er. Ástæður þessa eru nokkrar og liggur rót þeirra flestra sennilega í atvinnugreinaskiptingu Stjórnarráðsins.

Af öðrum ástæðum má nefna að hagsmunagæsla atvinnugreinasambandanna og ólíkir efnahagslegir hagsmunir atvinnugreinanna vega mikið og þá þvælast hagsmunir einstakra stofnana einnig fyrir. Fyrir fjórum til fimm árum var ráðuneytisstjórunum falið að gera tillögur um sameiningu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Það tókst þeim ekki og hefur ekki tekist en Rannís var fengið verkefnið og er að vinna að málinu nú innan frá og í samráði við stofnanirnar.

Þetta þýðir þó ekki að ekkert hafi áunnist. Mikilvægast hefur verið samstarf Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Matvælarannsóknir og efnagreiningar þeirra hafa verið sameinaðar undir heitinu Matvælarannsóknir Keldnaholti annars vegar og Efnagreiningar Keldnaholti hins vegar. Nú er þriðja sameiginlega sviðið í uppsiglingu og er það kallað Líftækni Keldnaholti.

Iðnrn. og Iðntæknistofnun hafa markað þá stefnu að sinna þörfum alls atvinnulífsins. Í þessu felst að Iðntæknistofnun mun eftir því sem efni leyfa, sinna öllum þeim þörfum atvinnulífsins sem aðrir sinna ekki. Í þessum tilgangi er hjá Iðntæknistofnun rekin þjónustumiðstöð fyrir atvinnulífið er nefnist Impra. Impra tók til starfa í mars sl. og rekur fjölmörg verkefni fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Hjá Impru geta einstakingar og fyrirtæki leitað eftir leiðsögn og handleiðslu sem m.a. tengist stofnun fyrirtækja, vöruþróun og öllu er lýtur að rekstri og erlendum samskiptum og samvinnu. Þetta er sennilega mikilvægasta skref sem stigið hefur verið til þess að vinna þvert á hina hefðbundu skiptingu í atvinnurannsóknabatteríinu. Nýjum verkefnum sem tengjast atvinnuþátttöku kvenna hefur þar einnig verið komið fyrir.

Ég vil undirstrika þá skoðun mína, og það verða niðurlagsorð mín, að breytinga er þörf á stuðningskerfi nýsköpunar og rannsókna í landinu. Til þess þarf víðtæka samstöðu sem enn hefur ekki tekist að skapa. Hversu lengi dugir að lappa upp á núverandi fyrirkomulag veit ég ekki en ljóst má vera að það dugir ekki lengi.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svarið sem ég tel afskaplega athyglisvert. Þar kom margt merkilegt fram. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra um að margt gott hefur

að sjálfsögðu verið unnið í rannsóknum hér á landi. En betur má ef duga skal.

Ég tel eins og hæstv. ráðherra að starf á borð við það sem unnið er hjá Impru sé afskaplega mikilvægt, fyrst og fremst þar sem það er þverfaglegt. Ég tek jafnframt undir það að líklega er höfuðgallin í rannsóknum, uppbyggingu og framförum hjá okkur fólginn í því hvernig við höfum læst okkur í höfuðatvinnuvegunum, m.a. eins og fram kemur í skiptingu ráðuneyta og ekki síður hagsmunagæslu einstakra stofnana og samtaka. Það er kannski mesti dragbíturinn á framfarir í samfélaginu. Fyrir vikið kunnum við að hafa tapað mörgum sóknarfærum á nýjum sviðum, t.d. í upplýsingatækni og ferðaþjónustu sem hafa í sjálfu sér ekki verið vistaðar á ákveðnum stöðum, m.a. vegna þessara hefðbundnu skiptinga. Þess vegna er mikilvægt að stokka upp núverandi rannsóknarkerfi með nýrri hugsun, þeirri hugsun sem mér fannst hæstv. ráðherra boða hér, þar sem litið er þverfaglega á mál til framtíðar en ekki fortíðar. Ég vara jafnframt við þeirri hættu að rannsóknir kunni að daga uppi inni á stofnunum, séu ekki kynntar og þar af leiðandi sé þeim ekki hrint í framkvæmd. Ég bendi jafnframt á nauðsyn þess að taka á skattamálum til þess að örva framlög einkageirans á sviði rannsókna og nýsköpunar og stuðla þannig að framförum. Ég hvet hæstv. ráðherra til að hraða því sem nú er í vinnslu og hæstv. ráðherra sagði hér frá.

[15:17]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Hjálmari Árnasyni og í sjálfu sér þarf það ekki að koma á óvart. Hins vegar lagði ég áherslu á það í svari mínu hér áðan að ég tel að menn þurfi að taka þetta skref fyrir skref. Ég held að þetta gerist ekki með byltingu. Ég held að menn hafi fært þetta stuðningsumhverfi í rétta átt að undanförnu. Ég bind mjög miklar vonir við það starf sem nú er unnið á vegum Rannís við að vinna málið innan frá varðandi rannsóknastofnanir.

Ég er sannfærður um að tugir milljóna kr. liggja ónýttir í rekstrarumhverfi viðkomandi stofnana. Ég tel að þá fjármuni sem rannsóknastofnanir hafa til ráðstöfunar mætti nýta mun betur með aukinni samvinnu, jafnvel með sameiningu. Peningana sem spöruðust þannig mætti nýta beint í rannsóknarverkefnin sem slík. Þetta hef ég lagt áherslu á síðan 1995. Ég tel að við verðum innan tíðar að stíga skref í þeim efnum. Ég er sannfærður um að það er ekki spurning hvort heldur hvenær þessar breytingar muni eiga sér stað. Þær verða þá leiddar fram af menntmrh. þegar þar að kemur. En alveg er ég viss um að heilu stjórnmálaflokkarnir á Alþingi verða á móti þessu eins og mörgu öðru.

[15:19]

Útbýting þingskjals:

Atvinnuréttindi útlendinga, 261. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 331.

Söfnun lífsýna.

Fsp. ÖJ, 191. mál. — Þskj. 221.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Nú er vitað að eitt mesta hitamál okkar samfélags er svokallaður gagnagrunnur á heilbrigðissviði og áform yfirvalda um að fela tilteknu fyrirtæki heilbrigðisupplýsingar íslensku þjóðarinnar til að stunda viðskipti með. Almennt er þetta hitamál með þjóðinni og eru læknar þar ekki undanskildir.

Fyrir þinginu liggja fyrirspurnir frá mér um viðskiptasamninga sem læknar á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum landsins kunna að hafa gert við Íslenska erfðagreiningu eða fyrirtæki sem henni tengjast. Ekki eru allir læknar á þessu máli. Sumir eru mjög gagnrýnir á fyrirhugaða viðskiptasamninga sem ríkið hefur forgöngu um. Nú berast þær fréttir að þeim læknum fjölgi sem hafa hreinlega hætt að nota tölvuskráningu upplýsinga vegna kaupa Íslenskrar erfðagreiningar á Gagnalind og sjúkraforritinu Sögu. Reyndar bárust um það fregnir í morgun að menn séu að færa þar til einhver nöfn til að fá á þetta fegurra yfirbragð.

Það eru ekki aðeins læknarnir sem hafa um þetta efasemdir heldur sjúklingarnir líka. Þeir eru oft í sambandi við lækna sem eru ákafir talsmenn þessa fyrirtækis og hafa hugsanlega gert við það viðskiptasamninga. Ég hef mörg dæmi um að sjúklingar forðist að segja lækni sínum frá því að þeir hafi sagt sig úr gagnagrunninum til að spilla ekki sambandinu. Margir hafa efasemdir um að heppilegt sé að halda sambandi við sinn lækni.

Ég hef einnig fengið vísbendingar og upplýsingar um að læknar hafi hvatt fólk til að ganga inn í smærri rannsóknir, t.d. geðsjúklinga, á þeirri forsendu að þeir séu að stuðla að framförum og megi ekki standa í vegi fyrir þeim. Þannig er óbeinum þvingunaraðgerðum beitt ef satt reynist. Þess vegna beini ég þessum tveimur spurningum til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

„1. Hafa borist kvartanir til heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins yfir aðgangshörku rannsakenda við sjúklinga um lífsýni?

2. Er sjúklingum gefinn raunhæfur kostur á að taka ekki þátt í rannsóknum, kjósi þeir það, eða er gefið í skyn að með því minnki þeir möguleika sína eða ættingja til bata?"

[15:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson beinir til mín tveimur spurningum. Við þeirri fyrri er svarið: Nei, engar slíkar kvartanir hafa borist ráðuneytinu. Leitað var upplýsinga um hvort kvartanir um þetta efni hefðu borist landlæknisembættinu sem fer með kvartanir og kærur varðandi heilbrigðisþjónustu. Svo reyndist ekki vera.

Í öðru lagi spyr hv. þm.:

„Er sjúklingum gefinn raunhæfur kostur á að taka ekki þátt í rannsóknum, kjósi þeir það, eða er gefið í skyn að með því minnki þeir möguleika sína eða ættingja til bata?"

Sjúklingum er tryggður réttur til að taka ekki þátt í rannsóknum kjósi þeir svo. Í reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Sjúklingur skal fyrir fram samþykkja með formlegum hætti þátttöku í vísindarannsókn. Áður en slíkt samþykki er veitt skal gefa honum ítarlegar upplýsingar um vísindarannsóknina, áhættu sem henni kann að fylgja og hugsanlegan ávinning og í hverju þátttakan er fólgin. Upplýsingarnar skulu gefnar á þann hátt að þátttakandi geti skilið þær. Sjúklingi skal gerð grein fyrir því að hann geti hafnað þátttöku í vísindarannsókn og hann geti hvenær sem er hætt þátttöku eftir að hún er hafin."

Virðulegi forseti. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um nein tilvik þar sem sjúklingum er gefið til kynna að þeir minnki möguleika sína eða ættingja sinna til bata ef þeir taki ekki þátt í rannsóknum. Hið sama gildir um landlæknisembættið er við spurðum sérstaklega um þetta atriði.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að fullyrða að af hálfu margra lækna er mjög ágengur málflutningur af því tagi sem ég lýsti hér áðan, gylliboð og nokkuð sem ég vil kalla óbeinar þvinganir. Mér finnst áhyggjuefni að hér skuli upplýst að engar kvartanir hafi borist heilbrrn. eða landlæknisembættinu. Því miður finnst mér það ekki gefa ráðuneytinu eða landlæknisembættinu þá einkunn sem ég vildi að þessar stofnanir hefðu hlotið. Við sem höfum gagnrýnt þetta fyrirkomulag höfum fengið ótal kvartanir inn til okkar. Mér finnst þetta áhyggjuefni fyrir hæstv. heilbrrh. og landlæknisembættið.

Hæstv. ráðherra vísar í lög og reglugerðir. Í fyrirspurn minni og í málflutningi er ég að segja hvað hugsanlega kunni að liggja á milli línanna, hver veruleikinn er. Ég vil vita hvort ráðuneytið og hæstv. ráðherra sé reiðubúinn að beita sér í þessu máli. Staðreyndin er sú að það er verið að lokka fólk til samþykkis eða egna fyrir það gylliboð. Þetta eru staðreyndir.

Þegar hæstv. ráðherra fullyrðir að fólk geti hvenær sem er sagt sig úr þessu þá hefur það iðulega látið af hendi lífsýni sem hafna inni í þessu tiltekna fyrirtæki. Ég upplýsti í fyrri ræðu minni um þetta mál að fyrirtæki hefði reynt að fá lífsýni úr sjúklingum á geðdeild við sjúkrahús á Íslandi. Sem betur fer var því hafnað af hálfu yfirmanna þeirrar stofnunar. Þetta er í gangi. Þetta er að gerast og við verðum að taka það alvarlega.

Ég segi að lokum, herra forseti, að áður en gengið verður frá samningum við Íslenska erfðagreiningu vil ég fá þær upplýsingar sem ég hef spurt um hér á Alþingi um þá samninga sem þegar hafa verið gerðir.

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við samþykktum á hinu háa Alþingi ekki alls fyrir löngu lög um réttindi sjúklinga. Við vorum í fararbroddi landanna í kringum okkur þegar við samþykktum þessi lög. Hv. þm. telur að fólk viti ekki nákvæmlega hver sá réttur er. Ég tel að það sé rétt hjá hv. þm. og því höfum við tekið þá ákvörðun að senda bækling um réttindi sjúklinga á öll heimili landsins þannig að fólk sé upplýst um rétt sinn. Þessi bæklingur er kominn í prentsmiðju og ég vona að hann verði tilbúinn fyrir jól. Ég tel þetta einmitt mjög mikilvægt til þess að fólk geti staðið á rétti sínum.

Ég vil einnig minna á að við sýndum frv. í fyrravor um lífsýnasöfn. Nú er þetta frv. á borðum æðimargra til umsagnar. Við bíðum eftir því að fá umsagnirnar til okkar aftur. Þá verður frv. aftur lagt fram á Alþingi. Ég tel því að við séum með ýmsu móti að koma í veg fyrir það sem hv. þm. varaði við.

Beinþynning.

Fsp. SvanJ, 180. mál. — Þskj. 209.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég hef lagt fsp. fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. um beinþynningu, fyrirspurn sem lýtur annars vegar að rannsóknum og hins vegar forvörnum vegna þessa vaxandi vandamáls í vestrænum löndum.

Fram hefur komið að beinþynning herjar í ríkari mæli á konur en karla og að um helmingslíkur eru á því að fimmtug kona eigi eftir að hljóta framhandleggsbrot, hryggsúlubrot eða mjaðmarbrot, eitt eða fleiri. Beinbrot af völdum beinþynningar verða við lítinn eða engan áverka sem gerist ekki með eðlileg bein. Brot af þessu tagi eru fátíðari meðal karlmanna en þeim fer fjölgandi. Menn hafa velt því fyrir sér hverjar helstu orsakirnar eru, það hefur að einhverju leyti verið rannsakað en væntanlega mun hæstv. ráðherra geta upplýst okkur betur um það hér á eftir. Þó er nokkuð ljóst að einhver blanda af mataræði, hormónabreytingum og lifnaðarháttum almennt liggi þar að baki.

Talið er að um 1.000 Íslendingar beinbrotni á ári hverju af völdum beinþynningar. Eins og fram kom, virðulegi forseti, verða þessi slys við tiltölulega lítið álag vegna þess hve bein þeirra sem hafa þennan sjúkdóm þola lítið, viðnám þeirra er lítið.

Það eru ýmsar alvarlegar hliðar á þessu máli. Ljóst er að þeir sem brotna illa þurfa að leggjast inn á sjúkrahús og liggja lengi. Bein sem skemmd eru af beinþynningu eru lengur að gróa. Það er ljóst að það er ekki bara um mikla erfiðleika og sársauka að ræða fyrir þá sem beinbrotna heldur einnig mikinn kostnað fyrir heilbrigðiskerfið. Ég hef því, herra forseti, lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. heilbrrh.:

„1. Hvaða rannsóknir hafa farið fram á beinþynningu hér á landi og hverjar hafa verið meginniðurstöður þeirra? Hversu útbreiddur er þessi heilbrigðisvandi? Hefur ráðuneytið staðið að rannsóknum á beinþynningu?

2. Hvernig er unnið að forvörnum gegn beinþynningu og hver hefur þáttur ráðuneytisins verið í þeim?

3. Er áformuð þátttaka Tryggingastofnunar í kostnaði við beinþéttnimælingar?“

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þetta eru viðamiklar spurningar sem lagðar eru fyrir mig og ég ætla að reyna að svara þeim í sem stystu máli.

Margvíslegar rannsóknir hafa verið framkvæmdar hér á landi á síðustu árum með tilliti til beinþynningar, m.a. á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Akureyri og víðar, um beinbrot og beinþynningu. Þessar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á ýmsum aldurshópum, einkum meðal kvenna sem verða mun fremur fyrir barðinu á þessum sjúkdómi en karlar eins og hv. þm. benti á.

Rannsóknir þessar hafa aðallega snúist um mælingar á beinþéttni og ýmsum næringarþáttum eins og kalki og D-vítamíni og einnig líkamlegum þáttum eins og líkamsáreynslu. Aldurshópar kvenna, 16–25 ára, voru kannaðir en á því aldursbili nær beinmagnið hámarki og reynt var að meta hvaða þættir kynnu að hafa þar áhrif á. Góð líkamleg þjálfun fyrir tvítugt með skólaleikfimi og íþróttum virtist tengjast hærri beinþéttni meðal stúlkna og gæti því bent til mikilvægis líkamlegrar hreyfingar á vaxtarárunum 10–20

ára. Áberandi var að talsverður hópur stúlkna á þessum aldri tók ekki aukalega D-vítamín að vetrinum, svo og að sumar þeirra voru nálægt mörkum D-vítamínsskorts. Þetta kynni að koma niður á beinþéttni þeirra og beinstyrkleika síðar á ævinni.

Ályktun af þessum rannsóknum var m.a. að mælt var með að D-vítamínbæta mjólk og mjólkurafurðir að vetrinum. Sjötugar reykvískar konur hafa verið kannaðar á svipaðan hátt með beinþéttnimælingum og mataræðiskönnunum og athyglisvert að 80% þeirra taka lýsi eða D-vítamín aukalega. Þessi rannsókn á sjötugum konum er hluti af samnorrænni rannsókn, en verið er að vinna úr þeirri rannsókn einmitt núna. Kalkneysla hefur verið könnuð á ýmsum aldurshópum sem hluti af þessum rannsóknum í samvinnu við manneldisráð. Í heild virðist kalkneysla góð hér á landi miðað við flestar aðrar þjóðir, en þó virðast hópar fólks hérlendis neyta minna magns af kalki en mælt er með og það kynni að koma niður á beinþéttni þeirra til lengdar. Mataræðiskönnun sú sem fyrirhuguð er á vegum manneldisráðs á næsta ári kynni að gefa hér veigamiklar viðbótarupplýsingar um næringarástand mismunandi aldurshópa með tilliti til kalks, D-vítamíns og fleira.

Í gangi er víðtæk rannsókn á erfðum beinþynningar á Íslandi í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu en erfðir virðast skipta miklu máli í sambandi við beinþynningu. Þörf er á fyllri upplýsingum um brotatíðni hér á landi og upplýsingum um við hvaða aðstæður þau brot verða. Væntanlega mun hinn miðlægi gagnagrunur geta gefið mikilvægar upplýsingar sem ekki liggja fyrir í dag nema að hluta. Við verðum því að álykta út frá erlendum tölum að fjöldi beinbrota sem verða við lítinn áverka og tengjast því væntanlega beinþynningu sé um það bil 1.000 brot hérlendis á ári hverju. Hér hefur verið talið upp hver eru algengustu brotin og ég ætla ekki að telja það upp aftur en talið er að hvert brot kosti íslenska heilbrigðiskerfið 1,5 millj. kr.

Síðan er spurt um forvarnaþáttinn. Beinþéttnimælingar skipta miklu máli í sambandi við mat á greiningu á beinþynningu. Þær hafa verið framkvæmdar á Sjúkrahúsi Reykjavíkur á sl. fimm árum og hafa yfir 9.000 einstaklingar verið mældir á þessu tímabili. Sams konar aðstaða er nú komin á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Tæki til mælingar á hælbeini eru einnig fyrir hendi á Landspítala. Beinþéttnimælingar hafa einnig verið framkvæmdar á vegum röntgenstofunnar í Domus Medica.

Heilbrrn. hefur staðið fyrir því að gigtarannsóknarstofa hefur verið opnuð á Landspítalanum og samþykkt svokallaða landsáætlun um gigtarvarnir og það nýjasta sem Gigtarfélagið er að gera er að þeir hafa opnað svokallaða gigtarlínu sem er hægt að hringja í alls staðar að af landinu og fá upplýsingar er varða þessi mál. Einnig er til sérstakt félag sem Ólafur Ólafsson, fyrrv. landlæknir, er formaður fyrir. Beinvernd heitir það félag og það ásamt Gigtarfélaginu er að gera mjög marga hluti til fræðslu og forvarna.

Svo er spurt um kostnaðarhlutann, hvort Tryggingastofnun muni greiða hluta af kostnaðinum við rannsóknir á beinþynningu. Tryggingastofnun kemur þar ekki inn í heldur er búið að gera samning við stofnunina og í dag borgar fólk eins og fyrir röntgenrannsókn þegar það fer í þessa rannsókn, eða 1.000 kr. Það hefur því lækkað verulega.

[15:37]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda Svanfríði Jónasdóttur fyrir að vekja máls á beinþynningu sem er mjög alvarleg og verður víst einn alvarlegasti sjúkdómur 21. aldarinnar eftir því sem sagt er.

Mig langar að geta þess að Kvenfélagasamband Íslands átti þátt í stofnun félagsins Beinverndar og styrkti rannsóknir á beinþynningu fyrir nokkrum árum. Það er þó eitt víst að gott fæði fyrstu ár ævinnar hefur mest að segja, og vil ég minna á okkar góðu mjólkurafurðir og lýsið sem skiptir þarna miklu máli ásamt hreyfingu. Og eitt sem fólk ætti að varast, sem ekki vill fá beinþynningu, er að byrja aldrei að reykja. Það er nauðsynlegt að hafa sem mesta fræðslu varðandi beinþynningu og vil ég minna á að félagið Beinvernd sér um það og gerir það afar vel.

[15:38]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakklæti til fyrirspyrjanda að koma þessu máli á dagskrá og minna á fyrirspurn sem ég lagði fram í vor einmitt um þátttöku ráðuneytisins í kostnaði við beinþéttnimælingar.

Herra forseti. Þetta vandamál, beinþynning, er gríðarlegt heilsufarsvandamál á Íslandi. Þar eru sterkustu orsakaþættirnir eins og komið hefur fram erfðir, næring, hreyfing, reykingar og hormónabúskapur. En ég ætla að undirstrika eitt til viðbótar áður en ég lýk máli mínu. Það býr lengi að fyrstu gerð og ungar stúlkur sem verða fyrir því að fá anorexíu eða átröskun eru í sérstökum áhættuhópi og það er einn af fylgifiskum anorexíu, herra forseti, að fá beinþynningu á unga aldri.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hér komu fram sem voru að mörgu leyti afar upplýsandi. Jafnframt tel ég að aðrir hv. þingmenn sem hér hafa komið inn í umræðuna hafi lagt mjög gott til þessara mála. Ég held að það skipti verulegu máli, eins og hér hefur komið fram hjá hv. þingmönnum, að forvarnir og upplýsing sé með þeim hætti að fólk viti af þessum vágesti, að fólk viti hvað það getur gert til að koma í veg fyrir að það verði fyrir slysum af völdum beinþynningar.

Það hefur verið talað um beinþynningu sem faraldur 21. aldarinnar og þegar menn tala þannig hljótum við að álykta að fyrst þetta er faraldur næstu aldar þá sé eitthvað í lifnaðarháttum okkar núna og þeirrar kynslóðar sem er að alast upp sem er ekki sem skyldi. Þess vegna eru rannsóknir, upplýsing og forvarnir svo mikilvægar vegna þess að það er fráleitt í rauninni að horfa fram hjá sjúkdómi sem þessum sem er svo alvarlegur sem raun ber vitni og er svo kostnaðarsamur eins og hér kom fram hjá hæstv. ráðherra, ef hvert brot kostar að jafnaði um 1,5 millj. í beinhörðum peningum og við erum jafnvel að tala um þúsund brot á ári.

En ég vil þakka hæstv. ráðherra og ég vænti þess að fyrirspurnin og þau svör og þær upplýsingar sem hér hafa komið fram verði til þess að vekja okkur öll til frekari umhugsunar um þennan heilbrigðisvanda og verði þar með til þess að auka bæði umfjöllun og í framhaldinu forvarnir.

[15:42]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa undanþágu sem var gerð og eins vil ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja

máls á þessu vandamáli sem við höfum í dag sem verður meira vandamál í framtíðinni. Ég vil vekja athygli á því að beinþéttnimælingar fara fram í Reykjavík og á Akureyri.

Nú veit ég ekki hvað þessi tæki eru dýr. Þau eru misjöfn og mælingarnar eru misjafnar en til þess að halda uppi skimun er nauðsynlegt að beinþéttnimælingar geti farið fram a.m.k. í hverjum landsfjórðungi og helst á hverri heilsugæslustöð í framtíðinni. Þetta verði sem sagt hluti af forvarnastarfi og heilsuvernd og að á ákveðnum tímabilum ævinnar fari maður í gegnum þetta, sérstaklega þar sem erfðir koma inn. Það er sterk fylgni í erfðaþáttum og eins eftir holdarfari. Þær konur sem eru í mestri áhættu ættu því að hafa möguleika á að fara í mælingu.

[15:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem hér hefur farið fram. Ég ætla að segja frá því að ég sem stjórnarandstæðingur fyrir nokkuð mörgum árum lagði fram þáltill. um einmitt auknar gigtarrannsóknir, forvarnir og fræðslu hvað þetta varðar. Sú þáltill. var samþykkt á Alþingi þrátt fyrir að ég væri stjórnarandstæðingur og síðar fékk ég það fyrsta verkefni í heilbrrn. að fylgja þeirri landsáætlun um gigtarvarnir eftir. Það hef ég svo sannarlega reynt að gera. Eins og hér hefur komið fram stöndum við frammi fyrir aukinni tíðni beinþynningar og ástæðan er ekki bara sú að við hreyfum okkur ekki nóg og borðum ekki rétt fæði heldur líka að við verðum sífellt eldri. Það er náttúrlega stærsti þátturinn í þessu. Það er því mjög mikilvægt að stuðla að auknum rannsóknum og auknum forvörnum því að það skilar vissulega framtíðinni miklu.

Almenningssamgöngur á landsbyggðinni.

Fsp. ÞBack, 194. mál. — Þskj. 226.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Fyrirspurn mín er til samgrh. og varðar almenningssamgöngur á landsbyggðinni. Fyrirspurnin var lögð fram fyrir a.m.k. einum og hálfum mánuði en af ýmsum ástæðum hefur hún ekki komist á dagskrá fyrr en núna. En það breytir ekki því að trúlega er ástandið svipað nú og var fyrir einum og hálfum mánuði og ætla ég því að gera grein fyrir ástæðu fyrirspurnarinnar.

Á undanförnum áratug hefur rekstrarstaða sérleyfishafa versnað jafnt og þétt og stefnir í að þessi þjónusta leggist alfarið niður ef ekki koma til einhvers konar aðgerðir til að tryggja reksturinn. Það væri alvarleg staða ef almenningssamgöngur legðust niður, sérstaklega í tengslum við flugsamgöngur og ferjusiglingar.

Fjögur ár eru síðan samgrh. fékk Háskólann á Akureyri til að gera úttekt á rekstri sérleyfishafa. Frummatsskýrsla var unnin og í framhaldi af því var ráðinn starfsmaður til að gera ítarlega úttekt á rekstrarkostnaði. Á þeim tíma sem liðið hefur hafa nokkrir sérleyfishafar hætt vegna erfiðleika í rekstri, gefist upp og ekki treyst sér til að bíða eftir úrlausn. Sérleyfishafar hafa þennan tíma vonast eftir breytingum í sambandi við innskatt, þ.e. endurgreiðslu á virðisaukaskattinum.

Margt hefur breyst varðandi flutninga sérleyfishafanna en á þeim tíma sem póstur var fluttur með sérleyfishöfunum skiptust flutningarnir gróflega þannig að $^1/_3$ voru fólksflutningar, $^1/_3$ póstur og $^1/_3$ frakt. Nú er bæði fraktin og pósturinn kominn yfir á aðra þannig að rekstur þessara aðila er mjög erfiður og því eru spurningarnar eftirfarandi:

1. Hver var afkoma sérleyfishafa sem annast ferðir á landsbyggðinni á síðasta ári og það sem af er þessu ári?

2. Hver er staða sérleyfisrekstrar á Austurlandi, m.a. til og frá Hornafjarðarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli?

3. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu ráðuneytisins til að treysta almenningssamgöngur á landsbyggðinni?

[15:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefur gert grein fyrir fyrirspurn sinni og mun ég nú svara henni.

Fyrsta spurningin er hver afkoma sérleyfishafa sem annast ferðir á landsbyggðinni á síðasta ári hafi verið og einnig það sem af er þessu ári. Það skal strax tekið fram að engar tiltækar áreiðanlegar tölur eru fyrirliggjandi um afkomu allra sérleyfishafa, hvorki á síðasta ári né það sem af er þessu ári. Skýringin á því er e.t.v. sú að rekstur þessi er mjög breytilegur og blandaður.

Í fyrsta lagi er um að ræða einyrkja með tvær til þrjár bifreiðar sem sinna akstri á tiltölulega stuttum leiðum og upp í tiltölulega stór fyrirtæki sem velta á annað hundrað millj. kr. og annast akstur í heilum landshlutum. Öll eiga þessi fyrirtæki það þó sameiginlegt að stunda einnig annan akstur og þá helst hópferðaflutninga á opnum samkeppnismarkaði.

Sérleyfishafar hafa hins vegar margir lýst því yfir að afkoman fari sífellt versnandi og að staða margra sé orðin óviðunandi vegna tapreksturs. Ég held að flestir sem að þessu máli hafa komið séu sammála um að mat sérleyfishafanna sé rétt og ég hef enga ástæðu til að ætla að annað sé.

Þá er spurt: „Hver er staða sérleyfisrekstrar á Austurlandi, m.a. til og frá Hornafjarðarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli?"

Ég verð að byrja á að vitna til svars míns við fyrstu spurningunni því ekki liggur fyrir greinargott yfirlit um afkomu sérleyfishafa á Austurlandi frekar en annarra sérleyfishafa. Það sem ég get þó sagt er að á Austurlandi eru starfandi sjö sérleyfishafar sem annast akstur innan svæðisins. Tveir þessara aðila aka einungis á sumrin. Öll eru þessi fyrirtæki frekar lítil. Þrír sérleyfishafanna, þ.e. Sérleyfisbílar suðurfjarða, Austfjarðaleið og Hjörtur Ásgeirsson á Djúpavogi, hafa lýst því yfir að rekstur sérleyfisaksturs þeirra standi engan veginn undir sér og því tímaspursmál hvenær þeir neyðist til þess að hætta rekstrinum. Hjörtur Ásgeirsson hætti reyndar tímabundið akstri í haust vegna þessa óvissuástands. Ég vil taka það skýrt fram að þessir þrír áðurnefndu austfirsku sérleyfishafar hafa fengið sérstaka styrki umfram hefðbundna styrki til allra sérleyfishafa á landinu undanfarin ár. Umframstyrkur þessi er í námunda við 1 millj. á hvern sérleyfishafa.

Þá er spurt: „Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu ráðuneytisins til að treysta almenningssamgöngur á landsbyggðinni?"

Mér er vel ljós sá vandi sem almenningssamgöngur á landsbyggðinni eiga við að glíma og þeir sem þær stunda eins og fram hefur komið hér á undan. Það er þó ekki hægt að taka á vandanum nema fyrir liggi nægar upplýsingar. Upplýsingar um styrki til sérleyfishafa eru fyrir hendi. Á fjárlögum er 51 millj. kr. sem er undir lið Vegagerðarinnar sem er áætlun um endurgreiðslur á þungaskatti. Endurgreiðslur þessar

taka mið af ekinni vegalengd miðað við ákveðna stærð á fólksflutningabíl hjá sérleyfishöfum á landsbyggðinni. Til viðbótar á þessum sama fjárlagalið eru 3 millj. kr. sem eru styrkir til verst stöddu sérleyfishafanna. Undanfarið hafa þessar 3 millj. kr. allar runnið til sérleyfishafa á Austurlandi. Undir liðnum Vetrarsamgöngur hjá samgrn. eru til viðbótar 1,8 millj. kr. sem renna einnig allar til sérleyfishafa á Austurlandi.

Við þetta er að bæta að strætisvagnar í þéttbýli fá einnig styrki beint í formi eftirgjafar á þungaskatti. Hér er um að ræða strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Ísafirði og örfáum öðrum minni stöðum. Langstærsti hlutinn er þó vegna höfuðborgarsvæðisins. Eftirgjöf þessi er áætlað að nemi 64 millj. kr. á þessu ári. Styrkir til almenningssamgangna á landi frá ríkinu er því samtals um 120 millj. kr. Þetta eru töluverðir fjármunir þó að sumir telji þá ekki nægа. Ég vil taka sérstaklega fram að almenningssamgöngur í þéttbýli eru styrktar á líkan hátt og á landsbyggðinni þótt forsvarsmenn sumra sveitarfélaga geri lítið úr því.

Til þess að bæta úr var samið við Háskóla Íslands um sérstaka úttekt á þessum málum, þ.e. almenningssamgöngum á landsbyggðinni. Fyrir liggur skýrsla núna í samgrn. sem ég mun nota til þess að leggja á ráðin um endurskipulagningu og breytingar á almenningssamgöngum á landsbyggðinni.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég vona að skýrsla Háskóla Íslands sem nú liggur fyrir sé á þann veg að hægt verði að fara í úrbætur þegar í stað. Ég get ekki svarað fyrir hvern og einn en ég veit alla vega að staða rekstraraðila á Austurlandi, þeirra sem núna eru í rekstri, er mjög alvarleg og þeir hafa sagt að þeir muni hætta ef ekkert kemur inn í reksturinn til lengri tíma sem þeir geta treyst á að muni standa. Það er ekki hægt að reka fyrirtæki á lánum. Þeir hafa gert það í þeirri von að einhverjar úrbætur verði, því það er hreint og beint krafa okkar sem búum úti á landi að hafa slíka þjónustu. Það er ekki bara þjónusta við áætlunarflugið, að komast á leiðarenda heldur varðar þjónustan ekki síður börn sem eru í skóla, að þau komist heim um helgar, og að tryggt verði að fólk komist á milli staða án þess að verða að treysta á einkabíla.

Ég heiti á hæstv. samgrh. að taka skýrslu Háskóla Íslands til afgreiðslu og viðunandi lausn finnist til framtíðar þannig að þessir rekstraraðilar geti greitt upp skuldir sínar og rekið fyrirtæki sín áfram.

[15:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þess sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er nauðsynlegt að undirstrika og taka fram að skuldir einstakra rekstraraðila hljóta að vera á ábyrgð þeirra. Það er því ekki hægt að gera almenna kröfu um ábyrgð annarra á þeim en þeirra sem til slíkra skulda hafa stofnað.

Ég vil í lok umræðunnar í fyrsta lagi segja að margt bendir til þess að skipulag sérleyfa á landsbyggðinni sé orðið úrelt og ekki lagað að þeim aðstæðum sem ríkja og þurfa að ríkja í dag. Augljóst er einnig að vegna skorts á fjármunum, rekstrarfjármunum og að eiginfjárstaðan er slök er vandinn viðvarandi. Í öðru lagi bendir margt til þess að of mörg fyrirtæki sem stunda akstur séu of smá og veikburða til að geta staðið í slíkum rekstri, það virðist liggja fyrir. Í þriðja lagi hefur þessi þjónusta stöðugt þurft að láta undan síga í samkeppni við einkabílinn eins og reyndar víðar. Í fjórða lagi tel ég að ábyrgð sveitarfélaganna á landsbyggðinni á þessum samgöngum sé of lítil og ekki nægjanlega skilgreind.

Í ljósi allra þessara staðreynda liggur fyrir að endurskipuleggja þurfi slíka starfsemi og það er vilji minn að nýta þá úttekt sem unnin hefur verið á vegum Háskóla Íslands og leggja á ráðin um nýtt skipulag sem gæti leitt til betri þjónustu og gæti leitt til þess að fyrirtækin sem taka að sér slíkan rekstur geti staðið í honum með sæmilegu móti.

[15:58]

Útbýting þingskjals:

Innheimtusvið tollstjórans í Reykjavík, 254. mál, skýrsla efh.- og viðskn., þskj. 316.

Þolmörk ferðamannastaða á hálendinu.

Fsp. PHB, 201. mál. — Þskj. 234.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Mikil aukning hefur orðið á fjölda ferðamanna til landsins og ef litið er til erlendra ferðamanna sem koma til landsins, þá hefur fjöldi þeirra tvöfaldast á 12 árum og tífaldast á 35 árum. Eingöngu á árinu 1998 fjölgaði erlendum ferðamönnum um 31 þúsund. Þeir eru núna tæplega 250 þúsund á ári.

Ef litið er til framtíðar í þessu máli, þá hljóta menn að sjá að slík aukning þýðir mikla ánauð á innlendum náttúruperlum og hálendi Íslands og því er mikilvægt að menn athugi hvernig eigi að markaðssetja Ísland sem ferðamannaland og horfa þá til 20–30 ára. Ég held að mjög mikilvægt sé að breyta áherslum í ferðamannaiðnaðinum á þann veg að hingað komi ferðamenn sem búi dýrar og gefi meira af sér. Þá stefnu eða þróun sem átt hefur sér stað með bændagistingu og annarri gistingu sem er mjög ódýr og gefur þess utan mjög lág laun, þarf að endurskoða og þá alveg sérstaklega með tilliti til þess að hálendið þolir varla miklu fleiri ferðamenn.

Þá kemur inn í þetta mál spurning um vegagerð, brúagerð, flugvallagerð og annað slíkt inn á hálendið. Til að átta sig á þessu er ég með eftirfarandi spurningar til hæstv. samgrh.:

1. Hver er áætlaður árlegur fjöldi erlendra og innlendra ferðamanna inn á hálendið,
   a. núna,
   b. eftir 10 ár,
   c. eftir 25 ár?
2. Þola náttúruperlur landsins meiri umferð gangandi, ríðandi, akandi og fljúgandi ferðamanna en nú er?

[16:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir þær fyrirspurnir sem hann hefur borið upp til mín og vil svara þeim með eftirfarandi hætti.

Fyrst er spurt um hver sé áætlaður fjöldi erlendra og innlendra ferðamanna inn á hálendið eins og nú er, eftir 10 ár og eftir 25 ár. Mjög erfitt er að svara þessari spurningu af nokkurri nákvæmni. Í fyrsta lagi hefur hálendið sem slíkt aldrei verið skilgreint og því álitamál hvaða ferðamannastaðir teljast á hálendinu, á jaðri þess eða utan þess. Í öðru lagi er ekki um neina eiginlega talningu að ræða á fjölda gesta sem

heimsækja einstaka staði á landinu, hvort sem er á hálendinu eða utan þess. Eina samræmda talningin er talning gistinátta sem Hagstofan hefur umsjón með. Hagstofan hefur allt til ársins 1997 gefið út tölur um fjölda gistinátta á því sem kallað er miðhálendi. Frá og með árinu 1998 hefur því svæði verið skipt og er nú talið með viðkomandi landshlutum í talningu gistinátta.

Gistinætur gefa eðlilega vísbendingu um fjölda gesta sem dvelja á ákveðnum svæðum en gefa ekki upplýsingar um daggesti. Þróunin virðist vera sú að gistinóttum, til að mynda í Herðubreiðarlindum og Landmannalaugum, fækki en það þarf ekki að þýða færri ferðamenn þar sem bættir vegir og betri gisting á jaðri svæðanna gera ferðafólki kleift að heimsækja þessar náttúruperlur í dagsferðum þó gist sé annars staðar. Að öllu framansögðu er ekki hægt að gefa nákvæmar upplýsingar um fjölda gesta á hálendinu núna en gerðar hafa verið kannanir meðal erlendra ferðamanna og af þeim má ætla að rúmlega 50 þúsund erlendir gestir fari á þetta svæði árlega. Af gistináttatalningunni má ætla að álíka margir einstaklingar heimsæki svæðið.

Varðandi það hvað gerist eftir tíu ár þá vil ég segja að gert hefur verið ráð fyrir að fjölgun erlendra gesta sem hingað koma verði að meðaltali 6–7% á næstu tíu árum. Samhliða er gert ráð fyrir að framhald verði á þeirri þróun að meiri hluti þeirrar aukningar verði utan þess tíma sem hálendisvegir eru opnir. Gangi það eftir og verði hlutfall erlendra gesta sem fara á hálendið hliðstætt því sem nú er, þá eru erlendir gestir þar um 50% fleiri en nú eru að tíu árum liðnum.

Þá er það spurningin um hvað gerist eftir 25 ár. Útilokað er að gera sér grein fyrir því með nokkurri vissu hve margir erlendir eða innlendir ferðamenn heimsækja hálendið eftir 25 ár eða árið 2024. Engar áætlanir liggja fyrir um hvernig uppbyggingu verður hagað með tilliti til ferðaþjónustu á þessu svæði til svo langs tíma litið.

Annar liður fyrirspurnarinnar var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þola náttúruperlur landsins meiri umferð gangandi, ríðandi, akandi og fljúgandi ferða manna en nú?“

Því er til að svara að lengi hefur verið talað um að með vaxandi ferðalögum Íslendinga um eigið land og auknum fjölda erlendra ferðamanna þá sé hætta á að náttúruperlur beri skaða af því. Við þessu hefur verið brugðist á marga vegu. Lögð hefur verið áhersla á frekari dreifingu ferðamanna yfir árið og nú er svo komið að fleiri erlendir gestir koma á þeim tíma sem aðgengi að fjölda hálendisstaða er takmarkað eða ekkert. Á sama hátt hefur með stórbættum samgöngum verið lögð áhersla á að gera ferðafólki kleift að kynnast nýjum svæðum og minnka þannig álagið á önnur. Byggð hefur verið upp ferðaþjónusta á nýjum svæðum á síðustu árum og álaginu þannig dreift.

Það sem hér hefur verið sagt breytir að sjálfsögðu ekki því að við verðum stöðugt að gæta þess að ofbjóða ekki einstökum náttúruperlum sem draga að fjölda gesta árlega.

Árið 1995 kom út skýrsla á vegum samgrn. um nauðsynlegar úrbætur á fjölförnum ferðamannastöðum. Í framhaldi af því var aukið fjármagn veitt til umræddra úrbóta. Þessir fjármunir hafa verið nýttir víða um land og hefur Ferðamálaráð á þessum áratugi unnið fyrir rúmar 100 millj kr. við úrbætur og fyrirbyggjandi aðgerðir á ferðamannastöðum. Auk þess hafa ýmsar aðrar stofnanir og einstakir aðilar komið að þessu verki. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir að stórauka þetta fjármagn.

Herra forseti. Tímans vegna farið get ég því miður ekki farið nánar út í þetta en gæti bætt ögn við í síðari ræðutíma mínum.

[16:06]

Fyrirspyrjandi (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svörin. Reyndar ollu nokkur atriði í svörunum mér vonbrigðum, t.d. að ekkert mat hafi farið fram á því hversu margir heimsækja hálendið og að hálendið hefur ekki einu sinni verið skilgreint sem ég held þó að brýnt sé að gera. Einnig held ég að brýnt sé að reyna að átta sig á því hve margir fara inn á hálendið til að sjá jafnframt hversu margir geta farið inn á hálendið án þess að skaða þessar náttúruperlur.

Ég er ánægður með það svar hæstv. ráðherra að ferðamannatíminn sé að dreifast yfir árið. Það jafnar álagið auk þess sem álagið á náttúruperlur okkar er miklu minna þegar menn ferðast um þær á snjó, t.d. á snjósleðum. Hins vegar verð ég að setja spurningarmerki við það sem hæstv. ráðherra sagði um bættar samgöngur vegna þess að það getur aukið álagið á þessum stöðum enn meira ef samgöngur eru bættar. Varasamt getur verið að fara þá leið.

Ég held að við Íslendingar stöndum eftir sem áður frammi fyrir þeim vanda að hér eru náttúruperlur og við verðum því einhvern veginn að takmarka aðgang fólks, bæði innlendra og erlendra ferðamanna, á þessa staði.

[16:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það hefur lengi verið rætt um að allar grunnrannsóknir skorti í ferðaþjónustu. Síðastliðinn vetur var samþykkt í Alþingi breyting á lögum um skipulag ferðamála sem gerir ráð fyrir því að Ferðamálaráð sinni rannsóknum og kanni allt er varðar ferðaþjónustuna.

Ferðamálaráð leiðir nú rannsókn á þolmörkum ferðamannastaða á Íslandi. Verkefnið er unnið í samvinnu við Náttúruvernd ríkisins, Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Verkefnið nýtur stuðnings frá Rannsóknaráði. Alls er áætlað að rannsaka níu ferðamannastaði á Íslandi á þremur árum.

Markmið verkefnisins er að leiða í ljós hve mikinn ágang ferðamannastaðir á Íslandi þola. Sumarið 2000 verður lagt í fyrsta áfangann þar sem þrír ferðamannastaðir verða teknir út. Þeir staðir eru Lónsöræfi, Skaftafell og Landmannalaugar. Niðurstöður verkefnisins að loknum fyrsta áfanga liggja fyrir í nóvember á næsta ári og munu þær nýtast til skipulags ferðamennsku á þeim stöðum sem rannsakaðir eru.

Útilokað er að svara á einfaldan hátt spurningunni sem hv. fyrirspyrjandi bar upp í síðasta lið, þ.e. um hvort náttúruperlur landsins þoli meiri umferð í heild en nú er. Það er eðlilega mjög breytilegt eftir því hverjar þessar perlur eru þar sem um sumar þeirra er nú engin umferð en um aðrar er geysilega mikil umferð. Heildarniðurstaðan er hins vegar sú að við þurfum að sinna þessu betur, rannsaka nánar og á öruggari hátt umferðina um hálendið. Ég vil eindregið hvetja menn til þess að veita ferðamannaþjónustunni stuðning til þess að sinna þessu. Ég vænti þess að hv. þm. muni gera það á þeim vettvangi sem þeir hafa tök á því. Það skiptir mjög miklu máli og það er mikill vilji til þess, bæði í samgrn. og hjá Ferðamálaráði.

Verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni.

Fsp. KF, 208. mál. — Þskj. 242.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Í fyrirspurn minni til umhvrh. er ég að fjalla um verndarsvæði samkvæmt svokallaðri Ramsar-samþykkt, en Ramsar er bær í Íran nálægt Kaspíahafi. Þaðan kemur þetta sérkennilega nafn.

Ramsar-samningurinn eða samþykktin tók gildi 2. febrúar 1971 en á Íslandi tók hún ekki gildi fyrr en 2. apríl 1978 í ráðherratíð Eysteins Jónssonar. Á þeim tíma var gengið frá megninu af þeim friðlýsingum sem átt hafa sér stað á votlendi á Íslandi í samræmi við samninginn.

Vitað er að stór hluti mýrlendis á Íslandi hefur verið þurrkaður upp á nokkrum áratugum. Það er meira að segja talið að helmingur votlendis í byggð hér á landi hafi verið skertur. Menn telja að grafnir hafi verið um það bil 33 þús. km af skurðum á landinu. Til mótvægis hefur verið mokað ofan í innan við 10 km, sumir segja kannski bara tvo eða þrjá. Ég hef ekki nákvæmari tölu en þetta.

Sagt er að til mótvægis við það að raska áður ósnortnu votlendi þurfi jafnvel tvisvar til þrisvar sinnum stærra landsvæði að flatarmáli, en hafi landinu verið raskað áður þarf nokkru minna til mótvægis. Við vitum öll hversu mikið vandamál gróðureyðing hefur verið á Íslandi. Við vitum að skógur sem áður var milli fjalls og fjöru þekur nú e.t.v. 1% af landinu. Þannig hefur gróðurlendið verið skert í aldanna rás. Þar sem við erum aðilar að alþjóðlegum samningum þá veltir maður því fyrir sér hvernig okkur tekst að uppfylla þá. Spurningar þær sem ég legg fyrir ráðherrann lúta að þessu:

„1. Hve mörg svæði hérlendis hafa verið útnefnd verndarsvæði samkvæmt Ramsar-samþykktinni um vernd votlendis, sem samþykkt var á Alþingi 5. maí 1977, og hvenær voru þau útnefnd? Hafa borist rökstuddar ábendingar um að fjölga þeim?

2. Hvaða áhrif hefur samþykktin haft á verndun votlendis hér á landi?

3. Hvernig er mikilvægi votlendissvæða metið?

4. Hvaða áhrif mun það hafa á verndun votlendis á Íslandi að síðastliðið vor var sett fram það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæði orðin tvö þúsund, en þau munu nú vera um eitt þúsund talsins?“

[16:13]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir þessa ágætu fyrirspurn. Samkvæmt Ramsar-samningnum er aðildarlöndum skylt að tilnefna eitt svæði á skrána. Það eru skuldbindingarnar. Ísland hefur hins vegar gert gott betur og tilnefnt þrjú svæði á skrá Ramsar-samþykktarinnar um vernd votlendis. Íslensku Ramsar-svæðin eru Mývatn og Laxársvæðið sem fyrst var tilnefnt á skrána þegar Ísland gerðist aðili að samþykktinni árið 1978. Síðan þá höfum við Íslendingar bætt við á skrá um Ramsar-svæði bæði Þjórsárverum og Grunnafirði í Borgarfirði. Þá hefur verið í athugun að tilnefna hið friðaða svæði á Breiðafirði á skrána en um það hefur ekki enn þá verið tekin ákvörðun. Upp á síðkastið hefur einnig verið talsverð umræða um annað svæði, þ.e. Eyjabakkasvæðið.

Áhrif af aðild Íslands að samþykktinni hafa hingað til fyrst og fremst komið fram í betri vitund og aukinni vernd þeirra svæða sem tilkynnt hafa verið á skrána. Þannig hefur tilnefning Mývatns, Laxár, Þjórsárvera auk Grunnafjarðar styrkt vernd þessara svæða og njóta þau núna betri og meiri virðingar sem Ramsar-svæði.

Breiðafjörður er svæði sem vert er að skoða, en eins og menn vita hér manna best, þá er búið að ákveða að nýta Eyjabakkana í annað og var það gert fyrir talsverðum tíma síðan.

Gagnvart öðrum votlendissvæðum hefur samþykktin haft þau áhrif að nú er búið að setja inn í náttúruverndarlög ákvæði sem kveða m.a. á um sérstaka vernd stöðuvatna og tjarna sem eru þúsund fermetrar að stærð eða stærri og mýra og flóa sem eru þrír hektarar eða stærri. Jafnframt hefur í samvinnu umhvrn. og landbrn. verið sett á laggirnar sérstök votlendisnefnd til að stuðla að endurheimt votlendis, en það er ein af áherslum í starfi Ramsar-samþykktarinnar. Og það er hárrétt sem fram kom í máli fyrirspyrjanda að margar mýrar hafa verið ræstar fram á síðustu árum og á votlendisnefndin einmitt að stuðla að því að þær verði endurheimtar.

Reglur til að meta mikilvægi votlendissvæða sem aðildarríkin geta haft til hliðsjónar við val á nýjum Ramsar-svæðum voru samþykktar á aðildarfundi samningsins árið 1990, en á aðildarfundi samningsins árið 1996 var vísindanefnd samningsins falið að yfirfara og endurskoða reglurnar frá 1990. Tillögur þessarar vísindanefndar voru síðan lagðar fram til umfjöllunar á síðasta aðildarríkjafundi samningsins á Costa Rica í maí sl. og samkvæmt þeim eru votlendissvæði m.a. álitin mikilvæg ef þau uppfylla eftirfarandi þrjú skilyrði:

1. Fóstra reglulega plöntu- eða dýrategundir á viðkvæmu stigi lífsferils eða veita athvarf frá erfiðum skilyrðum.

2. Fóstra reglulega 20 þúsund votlendisfugla.

3. Fóstra reglulega 1% af einstaklingum stofns einnar tegundar eða deilitegundar.

Þetta á við um svæði þar sem upplýsingar eru tiltækar.

Í stefnu Ramsar sem samþykkt var á aðildarþingnu í vor var samþykkt það markmið að árið 2005 verði Ramsar-svæðin í heiminum orðin 2000 að tölu. Í dag eru þau 1009. En Íran hefur nýverið tilnefnt nýtt Ramsar-svæði. Hvíta-Rússland gerðist aðili að samningnum og tilnefndi eitt svæði og Filippseyjar tilnefndu í síðustu viku tvö ný svæði á skrá samningsins. Þá er samanlögð stærð þessara Ramsar-svæða heimsins orðin tæpir 72 millj. hektara.

Framkvæmd Ramsar-samþykktarinnar hér á landi er í höndum Náttúruverndar ríkisins og í kjölfar aðildarríkjaþingsins í vor og í tengslum við vinnslu náttúruverndaráætlunar verður hugað að því hvernig Ísland getur stuðlað að því að þetta markmið samningsins náist, en samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í nýjum náttúruverndarlögum ber umhvrh. að leggja náttúruverndaráætlun í fyrsta sinn fyrir Alþingi árið 2002. Þannig mun Alþingi væntanlega gefast kostur á að fjalla um þetta mál sérstaklega þegar þar að kemur og áætlunin verður hér til umfjöllunar.

[16:18]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka ráðherranum skýr svör og þó að ég hafi ekki sérstaklega minnst á Eyjabakka í máli mínu er að sjálfsögðu ljóst að lýsingin á því sem uppfyllir Ramsar-sáttmálann á auðvitað mjög vel við það svæði.

En meining mín var sú að vekja athygli á stöðu votlendis á Íslandi. Ég fékk nýlega í hendurnar bók sem heitir Íslensk votlendi. Henni er ritstýrt af Jóni S. Ólafssyni og hún er afar vönduð. Margir höfundar koma þar inn á þetta merka mál

og ég hvet menn til að verða sér úti um bókina og kynna sér hana.

Ég hef áhyggjur af því að við höfum kannski ekki lagt á okkur nóg til að uppfylla þessa samþykkt. Ég tel að það hvernig við stöndum að alþjóðasamningum sé hluti af þeirri ímynd sem við höfum meðal þjóðanna. Frumkvæðið í þessu máli, eins og ég skil það, er ráðherrans og ég hvet ráðherrann þar með til þess að fela Náttúruvernd ríkisins að vinna ítarlega að málinu svo tryggt verði að við uppfyllum betur samninga af þessu tagi í framtíðinni. Við þurfum að koma okkur upp okkar votlendispólitík. Við þurfum að hafa yfirsýn yfir votlendi á Íslandi og setja okkur þau markmið að uppfylla Ramsar-sáttmálann með eins miklu stolti og við getum og horfa framan í heiminn með góðri samvisku hvað þetta snertir.

[16:20]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er svo sannarlega rétt að vernd votlendissvæða er mikilvægt mál. Það er ljóst að með tilkomu nýrra náttúruverndarlaga er sérstaklega tekið á því þar og samkvæmt bráðabirgðaákvæði í þeim lögum á að vinna náttúruverndaráætlun fyrir Ísland. Það er algert nýmæli. Það hefur ekki verið gert heildstætt áður og við erum einmitt að undirbúa þá vinnu, sérstaklega hjá Náttúruvernd ríkisins, en fleiri aðilar munu koma að henni með gagnavinnslu, t.d. Náttúrufræðistofnun Íslands. En í þeirri náttúruverndaráætlun, sem mun örugglega vera umfangsmikið plagg eins og gefur að skilja, munum við sjá einhver skýrari ákvæði um það hvernig við viljum stuðla að aukinni vernd votlendissvæða. Nefndin um aukna vernd votlendissvæða, sem er undir hatti landb.- og umhvrn., er einnig starfandi og hefur hún sinnt því starfi af miklu ágætum upp á síðkastið og mun taka enn frekari skref á næstunni. Það er því alveg hárrétt sem hér hefur komið fram að þau mál hafa kannski ekki verið í mjög góðum farvegi í sambandi við framræsingu, þegar menn hafa verið að ræsa fram mýrar, en nú sjáum við að það eru mörg sóknarfæri í stöðunni.

Út af dagskrá voru tekin 1., 7.–9. og 14.–17. mál.

Fundi slitið kl. 16:22.

---

40. FUNDUR

miðvikudaginn 8. des.,
að loknum 39. fundi.

Dagskrá:

1. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — 1. umr.
2. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — 1. umr.
3. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.

[Fundarhlé. — 16:23]

[18:30]

Útbýting þingskjals:

Almenn hegningarlög, 89. mál, nál. allshn., þskj. 333.

Brunavarnir og brunamál, 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 299.

[18:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum. Frv. þetta er lagt fram þar sem ákveðið var að leggja ekki fram sérstakt frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, svo kallaðan bandorm, samhliða framlagningu frv. til fjárlaga en sl. ár hafa tekjur til Brunamálastofnunar af brunavarnagjaldi verið skertar með ákvæði í bandormi.

Frv. þetta er í samræmi við áform í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 um að tekjur af brunavarnagjaldi umfram 87 millj. kr. renni í ríkissjóð. Samkvæmt lögum nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, má brunavarnagjald nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga, fasteigna og lausafjár. Ekki er þó innheimt brunavarnagjald af viðlagatryggingu og brunatryggingu skipa og flugvéla. Brunavarnagjald nemur í dag 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga.

Samkvæmt frv. þessu er lagt til að tekjur, sem eru innheimtar að fjárhæð 87 millj. kr., renni til Brunamálastofnunar ríkisins en þær tekjur sem eru umfram þá upphæð renni til ríkissjóðs og er áætlað að sú upphæð nemi 13 millj. kr. fyrir árið 2000.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir þá breytingu sem frv. þetta mælir fyrir um og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[18:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni nokkuð árviss kunningi sem kemur yfirleitt í tengslum við fjárlagafrv. þar sem verið er að skerða tekjur af brunavarnagjaldi. Í þetta sinn er verið að skerða tekjurnar sem eiga að vera, ef brunavarnagjaldið skilar sér, um 100 millj. kr. en samkvæmt frv. er lagt til að það verði einungis 87 millj. sem renni til Brunamálastofnunar af þessu brunavarnagjaldi.

Lítið hefur farið fyrir umræðu um þetta mál þegar það hefur komið fyrir þingið en ég velti fyrir mér hvort ekki sé ástæða til að staldra örlítið við varðandi þessa skerðingu vegna þess að fram hafa komið og komu fram fyrir nokkrum vikum, mig minnir að það hafi verið síðla sumars, ýmsar aðvaranir frá Brunamálastofnun um stöðuna að því er varðar brunavarnir. Ég held að þetta sé ekki svo mikill sparnaður fyrir ríkissjóð þegar við erum að tala um 13 millj. en gæti haft verulega að segja til að styrkja brunavarnir í landinu ef gjaldið fengi að skila sér að öllu leyti til brunavarna.

Ég minni á í þessu sambandi að í sumar kom fram það mat Brunamálastofnunar að brunavörnun í skólum hér á landi væri verulega áfátt og í skýrslu sem stofnunin lét vinna um brunavarnir í grunnskólum á landsbyggðinni kom fram að ástandið væri aðeins gott í 7–8% skólanna, sæmilegt í 41% og slæmt í 49% og óviðunandi í 2% tilvika. Brunamálastofnun hefur því sett út á eldvarnir í skólum og

Brunamálastofnun gaf út skýrslu um brunavarnir þar sem hefur komið fram að tveir af hverjum þremur skólum hefðu ófullnægjandi brunavarnir.

Einnig kom fram að Eldvarnaeftirlitið segir ekki gerlegt að framfylgja athugasemdum stofnunarinnar þar sem ekki sé tekið tillit til bygginga sem reistar eru fyrir tíma brunareglugerða, eins og þar stendur. Mér finnst ástæða til að spyrja hæstv. umhvrh. við þessa umræðu hvort hún hafi eitthvað kynnt sér skýrslu Brunamálastofnunar og hvert sé þá álit hennar á því sem þar kemur fram og hvort hæstv. ráðherra hyggist bregðast við því sem kemur fram hjá brunamálastjóra um að brunavörnum sé verulega áfátt.

Síðan mætti spyrja ef hæstv. ráðherra hefur kynnt sér málið eða ráðuneyti hennar hvort eitthvað liggi fyrir um kostnaðinn við að koma brunavörnum í skólum í viðeigandi horf samkvæmt lögum og reglugerðum þar að lútandi. Eins vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvort það liggi þá fyrir að gerð hafi verið úttekt á brunavörnum í leikskólum og ef svo er, hverjar þær niðurstöður eru.

Mér fannst ástæða til að fá fram afstöðu hæstv. ráðherra við umræðuna þegar við erum að ræða frv. þar sem er verið að skerða, ekki mikið að vísu, tekjur til brunavarna og sem ég ítreka, herra forseti, að mundi muna verulega um til að styrkja brunavarnir í landinu en álit Brunamálastofnunar, eftirlitsaðilans, liggur fyrir um að brunavörnum sé verulega áfátt í skólum landsins.

[18:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er mjög óvanalegt þegar þingmenn standa upp og beina ákveðnum spurningum til hæstv. ráðherra um mikilvæg mál sem þeir telja nauðsynlegt að fá svar við, að ráðherra svari ekki. Við erum að fjalla um mjög alvarlegt mál sem er um að brunavörnum í skólum sé áfátt. Það gengur auðvitað ekki að yfirmaður brunamála í landinu sitji bara kyrr í sínum ráðherrastól og telji enga ástæðu til að svara því eða hafa skoðun á málinu. Ég mundi vissulega skilja það mætavel ef hæstv. ráðherra kæmi í þennan ræðustól og segðist ekki hafa kynnt sér umrædda skýrslu en hyggist gera það og gefa Alþingi þá svör síðar. En það er lágmark, herra forseti, að hæstv. ráðherra sýni þinginu þá virðingu að svara þeim spurningum sem til hennar er beint. Mér þykir verra að hafa eytt seinni ræðutíma mínum í það að draga hæstv. ráðherra hingað upp í ræðustól, ef ýmislegt kæmi nú markvert fram í máli hæstv. ráðherra því að ég sé að hún hefur beðið um orðið.

[18:38]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er um einhvern misskilning að ræða, tel ég, þar sem ég hafði ætlað mér að svara þessum spurningum í ræðu þar sem ég tel þær það umfangsmiklar að mér takist það ekki í stuttu andsvari og ég hafði mig alla við við að skrifa niður spurningarnar. Það var því alls ekki meiningin að reyna að koma mér hjá þessum umræðum. Ég taldi hins vegar að fleiri mundu taka til máls. Ég hafði fengið upplýsingar um það og bjóst við að einhver mundi gefa það til kynna, en það var alls ekki meiningin að koma sér hjá því að svara þessum spurningum.

Varðandi þá skýrslu sem hér var spurt um, þá hef ég reynt á síðustu dögum að kynna mér hana. Það er rétt að gerð var skýrsla á vegum Brunamálastofnunar ríkisins 1998 og hún fjallar um könnun á ástandi brunavarna í grunnskólum í Reykjavík, í nágrenni og á Akureyri. Framkvæmdin var með því sniði að gerðar voru úttektir í góðri samvinnu við slökkviliðin á hverjum stað. Skoðaðir voru 63 skólar og það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að úttektin sýndi að talsverð brotalöm var á brunavörnum víða í skólum.

Þar er helst til að telja að fimm skólar töldust vera með óviðunandi brunavarnir. Þar af voru tveir skólar í Hafnarfirði, tveir á Akureyri og einn á Seltjarnarnesi. Brunamálastofnun gerir úttektir af þessu tagi en Brunamálastofnun fer hins vegar ekki í að framkvæma úrbæturnar. Það eru sveitarfélögin á hverjum stað sem sjá um það. Það er því ekki hægt að segja þó að við séum að taka 13 millj. kr. inn í ríkissjóð í tengslum við fjárlagavinnuna, að það sé eitthvað sem verið er að taka af úrbótum í talsverð brotalöm var á brunavörnum víða í skólum.

Þar er helst til að telja að fimm skólar töldust vera með óviðunandi brunavarnir. Þar af voru tveir skólar í Hafnarfirði, tveir á Akureyri og einn á Seltjarnarnesi. Brunamálastofnun gerir úttektir af þessu tagi en Brunamálastofnun fer hins vegar ekki í að framkvæma úrbæturnar. Það eru sveitarfélögin á hverjum stað sem sjá um það. Það er því ekki hægt að segja þó að við séum að taka 13 millj. kr. inn í ríkissjóð í tengslum við fjárlagavinnuna, að það sé eitthvað sem verið er að taka af úrbótum í brunavörnum heldur ber sveitarfélögunum skylda til að bæta úr því.

Við könnuðum það sérstaklega í gær hjá þeim sveitarfélögum sem hér um ræðir og fengu verstu einkunnina, ef svo má segja, í þessari úttekt, að ljóst er að viðbrögð þeirra allra eru jákvæð við þessari skýrslu. Á Seltjarnarnesi er búið að koma upp viðvörunarkerfi í báðum skólunum þar. Það er alveg nýtt. Verið er að vinna við að setja upp brunahólf í skólunum og þeir eru með áætlun um hvernig þeir ætla að ná því að hafa þau mál í góðu lagi sem slökkviliðsstjóri krafðist, að mér skilst.

Í Hafnarfirði eru þeir einnig að bæta úr sínum málum. Þeir eru ekki búnir. Þeir eru ekki komnir á lokapunkt í þeirri vinnu en þar hefur sveitarfélagið brugðist vel við.

Á Akureyri er einnig verið að vinna við talsverðar úrbætur. Þessi skýrsla ýtti því við sveitarfélögum þannig að þau eru að bæta ástand brunavarna á hverjum stað eins og þau eiga að gera.

Þeirri spurningu var einnig beint til mín hvort verið væri að gera eitthvað sambærilegt á leikskólunum. Samkvæmt upplýsingum mínum er Brunamálastofnun að gera úttekt á leikskólum. Hún er tiltölulega nýfarin af stað þannig að væntanlega mun Brunamálastofnun taka niðurstöðurnar af þeirri vinnu í skýrsluform og þá getum við í framhaldinu kynnt okkur þá niðurstöðu Brunamálastofnunar um leikskólana.

Ég vil ítreka, virðulegur forseti, að það fjármagn sem hér á að renna inn í ríkissjóð umfram 87 millj. kr. af brunavarnagjaldinu er ekkert nýmæli. Þetta var gert og hefur verið gert. Reyndar var þessi upphæð 11 millj. á yfirstandandi ári en verður 13 millj. á næsta ári og tengist ekki með neinum hætti því að verið sé að klípa af sveitarfélögum. Þau eiga að sjá um brunavarnir á hverjum stað.

[18:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Það sem er veigamest í því sem fram kemur í svörum hæstv. ráðherra er að verið er að vinna í samræmi við þá úttekt sem gerð var á skólum og verið er að fara eftir þeim ábendingum sem Brunamálastofnun hefur sett fram. Það sem skiptir máli

er þegar svona úttektir liggja fyrir, svona alvarlegar úttektir, að þær séu ekki bara settar ofan í skúffu og ekkert með þær gert heldur séu viðkomandi aðilar sem bera þarna ábyrgð, eins og sveitarfélögin í þessu tilviki, að vinna að úrbótum í þessu efni. Það hefur komið skýrt fram hjá ráðherranum og ég fagna því og ég vona að hæstv. ráðherra fylgi því máli eftir.

Ég fagna því einnig að í gangi er úttekt á leikskólum. Vænti ég þess að hæstv. ráðherra muni þá fylgja því fast eftir ef fram kemur einhver brotalöm og þar vanti að ganga til verks að bæta úr, að ráðherrann fylgi því eftir að það verði gert hjá sveitarfélögunum.

Ég vil líka benda á að þetta var á fleiri stöðum og sá ég það í dag að kvartað hefur verið yfir brunavörnum sjúkrahúsa á Akranesi og þar virðist vera krafist að brunavarnir sjúkrahúsa verði teknar til alvarlegrar skoðunar og framkvæmdir hefjist eins fljótt og auðið er. Það virðist því víða vera brotalöm í þessu efni og alveg ljóst að mjög mikilvægt er að ráðherrann sé þarna á verði og fylgist með því að réttir aðilar sem þarna eiga að bera ábyrgð sinni því verkefni sínu að bæta þar úr.

[18:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Brunamálastofnun gerir úttektir af þessu tagi og síðan bera slökkviliðsstjórar á hverjum stað boðin áfram og fylgast með því að farið sé í úrbætur. Ef það er ekki gert hefur Brunamálastofnun ákveðin úrræði samkvæmt lögum til að grípa inn í og ýta á eftir aðgerðum þannig að það kemur ekki til kasta umhvrh. nema mál fari verulega úrskeiðis. Samkvæmt lögum fer ákveðið ferli í gang. Ef menn standa sig ekki gagnvart úrbótum þá eru það slökkviliðsstjórarnir á hverjum stað, í næstversta falli Brunamálastofnun og í versta falli þá ráðuneytið, sem þarf að taka á málunum.

Eins og ég sagði í ræðu minni áðan var skýrsla Brunamálastofnunar ekki mjög upplífgandi. En unnið er að verulegum úrbótum í þeim sveitarfélögum sem við náðum að kynna okkur ástandið hjá núna í gær.

[18:46]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka upplýsingarnar sem fram komu hjá hæstv. umhvrh. sem mér fannst í fyrstu ætla að skjóta sér hjá því að taka þátt í umræðunni. Kvaðst hæstv. ráðherra hafa búist við því að fleiri þingmenn mundu kveðja sér hljóðs um þetta efni.

Ég er þeirrar skoðunar að við 1. umr. þingmála sé það hlutverk þeirra sem leggja frumvörpin fram að gera ítarlega grein fyrir máli sínu og þeim rökum sem liggja að baki frumvörpum eða þáltill. sem fram eru settar.

Þetta frv. fjallar um að skerða tekjur Brunamálastofnunar ríkisins. Peningar umfram 87 millj. skulu renna í ríkissjóð samkvæmt þessu frv. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur veitir ekki af fjármagni til brunavarna í landinu og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði í skýrslu sem Brunamálastofnun sendi frá sér um eldvarnir í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu þar sem kom fram að tveir af hverjum þremur skólum hefðu ófullnægjandi brunavarnir og að Eldvarnaeftirlitið segði að ekki væri gerlegt að framfylgja athugasemdum stofnunarinnar þar sem ekki sé tekið tillit til bygginga sem reistar eru fyrir tíma brunareglugerðar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði einnig í kvartanir yfir brunavörnum sjúkrahússins á Akranesi. Ég ætla að leyfa mér að bæta örlitlu í þennan pott vegna þess að á undanförnum mánuðum hafa komið fram mjög alvarlegar athugasemdir og alvarleg gagnrýni á brunavarnir í landinu almennt. Formaður Bændasamtaka Íslands lýsti því yfir ekki alls fyrir löngu að hann hefði af því þungar áhyggjur hvernig komið væri í sveitum landsins, á bændabýlum. Rafverktakar víða um land hafa einnig lýst áhyggjum vegna þessara mála og tengja það þeim skipulagsbreytingum sem ríkisstjórnin gekkst fyrir um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Eins og menn rekur eflaust minni til gekkst ríkisstjórnin fyrir róttækum breytingum á því sviði. Áður hafði sá háttur verið hafður á að starfsmenn rafveitna önnuðust eftirlit með rafmagnslögnum og var gerð úttekt á hverri einustu íbúð í landinu, hverjum einasta vinnustað, hverjum einasta sumarbústað, hverju einasta bændabýli, hvað þetta snertir. Ríkisstjórnin gekkst fyrir lagabreytingu á þessu sviði og hugmyndafræðin var sú að hér eftir skyldi einvörðungu vera um úrtaksskoðun að ræða. Hugsunin var þessi: Reynum að búa svo um hnútana að þeir sem vinna verkin, rafverktakarnir, ræki skyldur sínar mjög vel og þeir eiga að vinna eftir ákveðnum stöðlum sem Löggildingarstofan setur.

Til þess að tryggja að þeir geri það í raun skyldi framkvæmd úrtaksskoðun og þessi úrtaksskoðun nemur 10–20%, tíunda til tuttugasta hver íbúð er athuguð að þessu leyti. En að sjálfsögðu er þetta háð því að inn komi tilkynningar um nýjar veitur sem svo eru nefndar og er þá skírskotað til bæði íbúða og vinnustaða. En það eru mjög mikil brögð að því að þetta sé ekki gert. Þess vegna komu fram yfirlýsingar af hálfu aðila á borð við Bændasamtök Íslands sem hafa lýst áhyggjum yfir þessu. Í mín eyru hafa margir rafverktakar, ekki síst á landsbyggðinni, haft af þessu áhyggjur. Það má skjóta því inn í þessa röksemdafærslu að þær breytingar sem ríkisstjórnin gekkst fyrir hafi orðið til að veikja og grafa undan byggðastefnu. Þeir sem sinntu eftirlitinu áður bjuggu víðs vegar um landið, voru starfsmenn rafveitnanna. Skoðunarstofurnar sem fengu nú þetta hlutverk eru hins vegar allar í Reykjavík. Þær eru ekkert mjög margar. Ætli þær sé ekki tvær, þrjár talsins. Ég veit ekki hversu margar þær eru núna. Þær senda síðan liðsmenn sína út á landsbyggðina til þess að framkvæma þetta eftirlit, að sjálfsögðu fyrir ærinn pening.

Greint var frá því í austfirsku dagblaði fyrir nokkrum mánuðum að ein slík för Reykvíkinga austur á land til að taka út nokkrar veitur, nokkrar íbúðir, hefði kostað um 1 millj. kr. Eftir mikla gagnrýni, m.a. frá mér, um þetta mál var ráðist í skýrslugerð og athugun á því í sumar. Fenginn var prófessor við Háskóla Íslands til að veita nefnd sem fjallaði um þetta forustu og síðan tóku þátt í þessu starfi tveir aðilar til viðbótar. Þessi nefnd skilaði frá sér áliti sem var ófullnægjandi að mínum dómi. Nefndin klofnaði. Í minnihlutaáliti kom fram gagnýni á þetta nýja fyrirkomulag. Meiri hlutinn taldi ekki ástæðu til að óttast þessar breytingar og taldi að þegar fram liðu stundir, mundi þetta færast í viðunandi horf. Ég er hins vegar ekki sannfærður um það.

Hæstv. forseti. Ég vildi vekja athygli á málinu vegna þess að þetta tengist brunavörnum í landinu. Full ástæða er til að taka undir varnaðarorð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í þessu efni og full ástæða er til að staldra við þegar ríkisstjórnin kemur nú með frv. þar sem gert er ráð fyrir því að skerða framlag til brunavarnamála í landinu, full ástæða til að staldra við og íhuga hvað sé eiginlega á seyði.

Á þessu vildi ég vekja athygli, hæstv. forseti. Ég kann að óska eftir orðinu að nýju, en mun meta það í ljósi þeirrar umræðu sem nú fer í hönd um þetta efni.

Umræðu frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 225. mál. — Þskj. 268.

[18:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 268. Það lýtur að breytingu á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986. Lagt er til í frv. að við lögin bætist í 4. gr. svohljóðandi málsgrein, með leyfi forseta:

„Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla."

Herra forseti. Hér er sem sagt lagt til að bætt verði við lögin þessum tveimur setningum og fyrir því eru ýmsar ástæður sem ég hygg að þingmenn og aðrir þekki mætavel. Það hefur iðulega reynt á það á undanförnum árum og frá því að þessi lög tóku gildi að gripið hefur verið til aðgerða sem að margra dómi hefur mátt jafna til verkfalla án þess þó að með þær hafi verið farið sem slíkar. Þannig hefur friðarskylda verið rofin og menn knúð fram markmið sín með aðgerðum sem verður að telja óeðlilegar í samskiptum aðila á vinnumarkaði. Hér er sem sagt lagt til að slíkum aðgerðum verði jafnað til verkfalla og er þá kannski sérstaklega verið að hafa í huga svokallaðar fjöldauppsagnir sem eru þekkt fyrirbæri, ekki síst á undanförnum missirum.

Í nýlegu máli af því tagi reyndi á gildandi lagaákvæði fyrir Félagsdómi. Félagsdómur féllst ekki á það að gildandi lagaákvæði væru fullnægjandi til þess að flokka fjöldauppsagnir með þeim hætti sem deilt var um og eins og haldið var fram af sveitarfélaginu Árborg í því máli. Félagsdómur taldi ekki unnt án skýrra lagaákvæða, eins og dómurinn orðaði það, að taka af skarið með þeim hætti sem krafist var í því máli.

Það sem hér er verið að leggja til, virðulegi forseti, er að sett verði skýr lagaákvæði um þetta atriði. Það hygg ég að sé nauðsynlegt og það hygg ég að sé öllum aðilum sem að þessum málum koma fyrir bestu vegna þess að mjög nauðsynlegt er að um málefni á vinnumarkaði gildi alveg skýrar leikreglur og það hefur ekki verið að þessu leyti til.

Í undirbúningi þessa frv. var höfð hliðsjón af því lagaákvæði sem gildir um sambærilega hluti á hinum almenna vinnumarkaði og farið í smiðju í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur eins og þau gilda núna og ákvæðið tekið þaðan óbreytt, þó með þeirri breytingu sem leiðir af því að opinberir vinnuveitendur hafi ekki verkfallsbannsrétt eins og gildir á hinum almenna vinnumarkaði.

Það leiðir hugann að því hvort vera megi að önnur ákvæði í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur gætu átt við hinn opinbera vinnumarkað í ríkari mæli en er að finna í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Vel má vera að svo sé. Ég tel þó augljóst að ekki er hægt að taka þau lög óbreytt upp sem fyrirmynd í kjarasamningamálum opinberra starfsmanna enda um eðlisólíka starfsemi að ræða og oft á tíðum mjög viðkvæma þjónustu sem hið opinbera veitir t.d. á sjúkrastofnunum.

Hins vegar kann að vera að í einhverjum mæli sé skynsamlegt og rétt að breyta gildindi lögum um kjarasamninga opinberra strfsmanna með tilliti til almennra kjarasamningalaga. Ábendingar þar að lútandi hafa vissulega borist frá hagsmunasamtökum opinberra starfsmanna, frá stéttarfélögum þeirra.

Ég vil þó taka fram að sú breyting sem hér er lögð til er ekki afrakstur af samkomulagi eða viðræðum við þau samtök. Þeim hefur að vísu verið kynnt þessi fyrirhugaða lagabreyting en það var ekki farið fram á að þau skrifuðu upp á hana eða bæru ábyrgð á þessu frv. að öðru leyti. Ég tel reyndar að ekki sé hægt að ætlast til þess að stéttarfélög opinberra starfsmanna skrifi upp á frv. af þessu tagi. Eigi að síður er þessi breyting að mínum dómi nauðsynleg. Ég held reyndar að hún styrki stéttarfélögin í starfsemi þeirra og forustumenn þeirra sem semja við ríkisvaldið. Aðgerðir eins og þær sem vikið er að í þessu frv. eru til þess fallnar að grafa undan forustumönnum stéttarfélaganna, samningum þeirra og forustuhlutverki á þessu sviði.

Ég vil að það komi skýrt fram að enda þótt ég hafi kynnt málið fyrir forustumönnum BSRB, BHM og Kennarasambandsins þá var þetta mál ekki liður í neinu samkomulagi við þau samtök. Ég geri ráð fyrir því að þau séu málinu andvíg.

Hins vegar hef ég áréttað við forustumenn þeirra samtaka og það hefur reyndar komið fram hjá þeim sjálfum við önnur tækifæri, að e.t.v. væri skynsamlegt að huga að heildarendurskoðun laga nr. 94 frá 1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og reyna e.t.v. að finna því máli farveg svipað og gert var 1986. Frv. sem þá varð að lögum var unnið í samstarfi viðkomandi aðila og lagt fram að loknu því sem kalla mætti samningaviðræður milli ríkisins og þessara samtaka. Það var síðan lögfest óbreytt að þeirri niðurstöðu fenginni. Ég hef sagt forustumönnum opinberra starfsmanna að ég sé tilbúinn að beita mér fyrir þessu í góðu samstarfi við þá.

Þó getur ekki verið um það að ræða að löggjafinn afsali sér löggjafarvaldinu beint eða óbeint til hagsmunasamtaka eins og hér um ræðir. Auðvitað getur ekki verið um það að ræða. Slík samtök geta ekki haft neitunarvald, t.d. um hvort frv. eins og þetta er flutt. Alþingi verður sjálft að ákveða hvort það vilji setja ákvæði sem þetta í lög. Ég tel hins vegar að sjálfsagt sé að hafa samráð og helst gott samstarf við samtök opinberra starfsmanna. Ég tel það farsælast og líklegast til þess að leiða til góðrar niðurstöðu að gera út um málin í góðu samstarfi þessara aðila. Að mínum dómi er þá líklegra að Alþingi fallist á niðurstöðuna.

Ég hyggst ekki fara fleiri orðum um þetta frv., virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[19:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði réttilega að stéttarfélögin, samtök launafólks, ættu ekki að hafa neitunarvald gagnvart Alþingi þegar lagasmíð væri annars vegar. Það er alveg rétt. Hér er löggjafinn. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar fjallað var um kjaramál eða málefni sem snerta launafólk sérstaklega þá hefur skapast sú hefð að leita sátta um niðurstöðuna. Alltaf þegar þetta hefur verið reynt, þegar sú leið hefur verið farin þá hefur árangurinn orðið eftir

því. Þegar við náðum sátt á síðasta kjörtímabili um niðurstöðu í lífeyrismálum var árangurinn slíkur. En sérstaklega á þetta við þegar fjallað er um samskiptareglur þessara aðila. Á þessum lögum og samskiptareglum er verið að gera breytingar.

Þessar samskiptareglur voru festar í lög árið 1986. Þær urðu til eftir mikla samninga á milli ríkisvaldsins og heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Um þessar reglur ríkti sæmileg sátt, ekki endilega vegna þess að menn væru sammála öllu því sem í lögunum stendur heldur vegna hins, að menn höfðu komið að þessum lögum í samkomulagi. Þeir töldu sig skuldbundna til að fylgja þeim og ef menn vildu fá á þeim breytingar þá yrði leitað eftir samkomulagi um þær.

Nú vísar hæstv. ráðherra til þess að dómur hafi fallið atvinnurekandanum í óhag, að því er skilja má á máli hans, og þess vegna þurfi nú að breyta lögunum. Hann bætir því við að lagabreyting sú er hér um ræðir gagnist einnig stéttarfélögunum vegna þess að hópuppsagnir, sem nú á að kveða niður, grafi undan þeim.

Ég er alveg sammála því. Ég hef margoft gagnrýnt hópuppsagnir sem tæki í kjarabaráttu. Talsmenn heildarsamtaka opinberra starfsmanna hafa gert hið sama þótt menn hafi reynt að forðast alhæfingar og sleggjudóma og setja allar slíkar aðgerðir undir einn hatt því að það er rangt. Menn verða að spyrja hvers vegna slíkar aðgerðir eru til komnar. Ástæðurnar geta verið af ýmsum toga. Nú féll dómur atvinnurekandanum í óhag og þá á að breyta lögunum. Það sem meira er er að í grg. með frv. er vísað til umrædds dóms, með leyfi forseta:

„Niðurstaða dómsins kallar á að ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði breytt að þessu leyti til samræmis við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, enda standa engin rök til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna."

Engin rök standa til þess að mismunandi reglur gildi um opinbera starfsmenn og annað launafólk á vinnumarkaði hvað friðarskylduna snertir. En í þessari umræðu hefur ítrekað verið hamrað á nauðsyn þess að samræma lögin. Um það hafa heyrst raddir og kröfur frá aðilum á vinnumarkaði. En í hverju liggur meginmunurinn á lögum um opinbera starfsmenn annars vegar og vinnumarkaðinn að öðru leyti?

Í fyrsta lagi eru stórir hópar opinberra starfsmanna án verkfallsréttar. Það á t.d. við um lögreglumenn og um tollverði. Í öðru lagi býr verulegur hluti opinberra starfsmanna við takmarkaðan verkfallsrétt, t.d. starfsfólk heilbrigðisstofnana, þar sem skylt er að tryggja nauðsynlega þjónustu komi til verkfalls. Í þriðja lagi er stjórnvöldum óskylt að verða við lausnarbeiðni ríkisstarfsmanns eða að samþykkja uppsögn hans ef svo margir leita lausnar samtímis að til auðnar horfi um starfsrækslu viðkomandi stofnunar. Með öðrum orðum er hægt að framlengja ráðningu starfsmannsins ef til auðnar horfir í starfsstéttinni. Engar sambærilegar reglur takmarka rétt starfsmanna á almennum vinnumarkaði til að segja upp störfum sínum eða boða til verkfalla.

Því er furðulegt að menn skuli tala um þessi atriði á þann hátt sem gert hefur verið. Við þurfum að samræma þessar reglur en taka síðan á mjög afmörkuðum hluta þeirra. Út á það hefur gagnrýni samtaka opinberra starfsmanna gengið. Þeir vísa í fleiri atriði, ólík því sem eru á almennum vinnumarkaði. Það er t.d. mun torveldara fyrir opinbera starfsmenn að efna til verkfalls þar sem yfir 50% hlutaðeigandi þurfa að samþykkja slíkt á móti 20% á almennum vinnumarkaði. Ég er ekki að mæla gegn því að yfir helmingur félagsmanna greiði atkvæði með verkfalli. Mér fyndist fráleitt að ráðast í svo alvarlega aðgerð án þess að yfirgnæfandi meiri hluti væri þar að baki. En ég nefni þetta sem dæmi um hve mismunandi reglur eru hér við lýði og hve rangt og ósanngjarnt er að tala um Jón og séra Jón eins og stundum hefur verið gert og líkja stöðu opinberra starfsmanna við stöðu forréttindahópa. Það er rangt.

Þegar ljós varð sá ásetningur ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. að fara fram með þessa lagabreytingu leituðu fulltrúar samtaka opinberra starfsmanna eftir því við ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh. um að ná samkomulagi um frekari breytingar á þessari reglugerðarsmíð í samræmingarátt, að gengið yrði inn á þá braut sem lagt er til í grg. með þessu frv. þar sem segir að engin rök séu til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna. Hér er væntanlega verið að tala um þær reglur sem gilda um stríð og frið, hvaða reglur skuli gilda um átök um kaup og kjör á vinnumarkaði. Hugmyndir um hvernig væri hægt að ná samkomulagi voru settar fram en því var öllu hafnað. Því var hafnað vegna þess að ríkisstjórninni lá á að keyra þessa afmörkuðu breytingu í gegn.

Hvað sem mönnum finnst um þessi lög eða þessa lagasmíð þá held ég að allir sanngjarnir menn hljóti að vera sammála um að hér sé ekki eðlilega að verki staðið. Þegar samtök launafólks óska eftir samstarfi um endurskoðun á þessum lögum, fallast jafnvel á að þessi breyting verði gerð núna en í samhengi við aðrar breytingar, þá er öllu vísað á bug. Þetta eru vinnubrögð, herra forseti, sem ekki ganga og eru mjög ámælisverð. Ég hef trú á því að ýmsir eigi eftir að tjá sig um þessa lagasmíð bæði á Alþingi og annars staðar, enda ber að skoða hana í því ljósi.

Ég held að það sé ekki leiðin til að tryggja samskipti á vinnumarkaði að ætla lögunum og reglugerðunum og löggregluvaldinu framkvæmdina og mótun farvegsins. Ég held að til þess að reglur af þessu tagi gangi upp, þá verði þær að byggjast á samkomulagi og að mönnum finnist farið fram af sanngirni þannig að menn vilji láta reglugerðarsmíðina og lögin ganga upp. Og það er mjög mikilvægt að þannig sé staðið að málum þegar smíðuð eru lög um verkföll og vinnudeilur.

Ég mun koma aftur að þessu máli í síðari ræðu minni, en læt máli mínu lokið að sinni.

[19:17]

Útbýting þingskjals:

Stöður yfirmanna á íslenskum fiskiskipum, 262. mál, fsp. GHall, þskj. 332.

[19:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það má segja að innihald frv. sem hér er verið að ræða og lagt var fram fyrir nokkru síðan komi í sjálfu sér ekki á óvart einfaldlega vegna þess að á undanförnum vikum og mánuðum, reyndar allt undanfarið ár hefur átt sér stað mjög mikil umræða um svokallaða friðarskyldu sem ríkir á almenna vinnumarkaðnum, ákvæði sem ekki er í lögum sem varða opinbera starfsmenn. Það hefur gerst þó nokkrum sinnum að fjöldi starfsmanna hefur sagt upp störfum og notað það til þess m.a. að knýja fram úrbætur á kjarasamningum eða betri laun en samið hafði verið um.

Það að fara í hópuppsagnir til að knýja fram betri laun en stéttarfélag hefur samið um og félagsmenn hafa samþykkt, ef samningarnir hafa á annað borð tekið gildi, er ekki

góður samskiptamáti milli launafólks og atvinnurekenda. En það er heldur ekki góður samskiptamálti að banna fólki að segja upp vegna óánægju með laun sín, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða hópa. Það er mikil nauðsyn að um þetta ríki mjög góð samstaða og að samræmdar reglur gildi á öllum vinnumarkaðnum sem lúta að þessu svokallaða friðarskylduákvæði og það sé þá auðvitað virt á báða bóga.

Þetta hefur líka með það að gera að opinberir starfsmenn hafa í raun ekki sömu möguleika heldur til þess að beita verkfallsvopninu, þ.e. það sem vantar á ákvæði í lög. Það er mjög misjafnt hve mikill þungi er í uppsögnum fólks. Annars vegar er um að ræða sérmenntað fólk sem hefur á undanförnum mánuðum beitt svokölluðum hópuppsögnum án þess þó að það sé viðurkennt til þess að knýja fram betri samninga, þó að flestir hafi gengið til vinnu sinnar aftur eftir að hafa náð fram kjarasamningum og þá við sveitarfélögin í þó nokkuð mörgum tilvikum eða aðra vinnuveitendur. En ófaglært starfsfólk BSRB hefur ekki getað beitt þessu vopni líkt og hinar sérmenntuðu stéttir hafa gert.

Það hefur sætt verulegri gagnrýni að ekki gildi sömu reglur varðandi friðarskyldu um opinbera starfsmenn og á almennum vinnumarkaði. Ég tek undir þá gagnrýni að þarna eigi í raun að gilda sambærileg lög um allt launafólk í landinu, hvaða stéttarfélagi sem það tilheyrir. Mér finnst virðingarvert að BSRB, BHM og Kennarasambandið hafa sýnt ákveðið frumkvæði með því að ganga á fund fjmrh. og bjóða það fram að hefja vinnu við að samræma lög og reglur sem gilda um launafólk.

Hins vegar finnst mér það sýna að viljinn sé kannski ekki til staðar því að ekkert samráð var t.d. við ASÍ áður en þessar viðræður voru boðnar. Mér er kunnugt um að ekkert var leitað eftir samstarfi við ASÍ um að ganga á fund ríkisvaldsins eða hæstv. fjmrh. til þess að leita eftir þessari samræmingu.

Það er grundvallaratriði gagnvart launafólki, hvort sem það starfar á almenna vinnumarkaðnum eða hjá hinu opinbera, að eins mikil sátt og mögulegt er ríki um þau lög er þessar starfsstéttir varða. Þess vegna er mjög erfitt að horfa upp á það að hér er komið fram enn eitt frv. í tíð þessarar og síðustu ríkisstjórnar er varðar kjör og réttindi launafólks þar sem ekki hefur verið reynt til hlítar að ná fram samningum á milli ríkisvalds annars vegar og launafólks hins vegar. Skemmst að minnast þeirra frv. og laga sem voru samþykkt á síðasta kjörtímabili. Það vekur eðlilega upp reiði þeirra stéttarfélaga og samtaka launafólks sem hafa boðið fram sáttarhönd. Það kemur m.a. fram í frétt í Degi, miðvikudaginn 1. desember, að skýrt er frá því að BSRB, BHM og kennarafélögin hafi gengið á fund hæstv. fjmrh. til þess að bjóða fram vinnukrafta sína við að samræma lög um opinbera starfsmenn og lög um stéttarfélög og vinnudeilur á almenna vinnumarkaðnum en því var ekki svarað. Þetta kemur fram í fréttinni og er haft eftir hv. þm. Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB. En það er mikil nauðsyn á því að þessi samræmingarvinna eigi sér stað og að þar komi allir hópar að.

Frumvarpið sjálft er aðeins ein grein fyrir utan gildistökuákvæðið og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir ...“

Ég býst við að þessar aðrar sambærilegar aðgerðir séu þar sem um hópuppsagnir er að ræða en vil þó fá skýringar frá hæstv. fjmrh. hvort þessi orð, þ.e. „sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna“, sé nokkuð hægt að teygja umfram það að þarna sé eingöngu um hópuppsagnir að ræða.

Ríkisstjórnin brást fljótt við þegar sveitarfélögin kölluðu eftir því að þarna yrði tekið sérstaklega á þar sem heildarkjarasamningar sem gerðir höfðu verið giltu, að mati sveitarstjórnarmanna og fulltrúa í launanefnd sveitarfélaga, ekki lengur þar sem einstakar stéttir sem áður höfðu samþykkt heildarkjarasamning drógu sig út með þeim hætti að segja upp störfum sínum til þess að knýja fram betri launakjör. Það hafði gerst í mörgum tilvikum áður þegar síðan var gripið til þess ráðs að fara með málið fyrir í Félagsdóm. Félagsdómur úrskurðaði á grundvelli gildandi laga að ekki væri hægt að meðhöndla málið á sama hátt og ef um væri að ræða að það ákvæði, sem hér er lagt til að fari inn í lögin, hefði verið til staðar. Eftir það býst ég við að viðræður hafi hafist af hálfu sveitarfélaga og ríkisvalds um að þarna þyrfti að eiga sér stað ákveðin samræming. Óskir hafa einnig komið fram af hálfu ASÍ og núna frá BSRB, BHM og Kennarasambandinu um heildarsamræmingu þeirra laga sem í gildi eru. Það er nauðsynlegt að verða við þeirri ósk og ég tel mjög mikilvægt að sú vinna hefjist sem allra fyrst.

En það er ekki brugðist eins við ef við snúum ferlinu við, þ.e. þegar atvinnurekendur grípa til hópuppsagna án þess að fara að gildandi lögum og reglum. Í skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 1999 er m.a. fjallað um framkvæmd laga um hópuppsagnir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrri hluta ársins 1999 átti sér stað hrina uppsagna á Suðurlandi, Norðurlandi og á Vestfjörðum. Í framhaldinu hrinti Alþýðusamband Íslands af stað könnun meðal verkalýðsfélaga og trúnaðarmanna á þeim stöðum þar sem hópuppsagnir höfðu átt sér stað og beindist hún að samráðsferli við trúnaðarmenn áður en til uppsagna kom, samráðsferli við stéttarfélag áður en til uppsagna kom, ef ekki hafði verið haft samráð við trúnaðarmenn og atburðum eftir að uppsagnir komu fram.

Á tímabilinu 10. júní til 17. ágúst 1999 var tíu verkalýðsfélögum sendur spurningalisti. Svör bárust frá átta þeirra. Samkvæmt þeim var alls 408 starfsmönnum sagt upp með hópuppsögnum á framangreindu tímabili, þar af voru 271 kona og 137 karlar.

Í einu tilviki hafði verið haft samráð við trúnaðarmenn áður en til uppsagna kom. Það samráð fór fram að því er virðist til málamynda eða sama dag eða dagana áður en uppsögnum var hrint í framkvæmd. Jafnframt var ekki leitað samráðs um allt það sem leita átti samráðs um eða veittar þær upplýsingar sem veita átti en um hvort tveggja eru ítarleg ákvæði í lögum. Í einu tilviki var haft samráð við viðkomandi stéttarfélag með aðkomu trúnaðarmanna áður en til uppsagna kom og var það með líku sniði og greinir hér að framan. Í einu tilviki var haft samráð við stéttarfélag án aðkomu trúnaðarmanna en það verklag samrýmist ekki lögum. Í þremur tilvikum er vitað fyrir víst að tilkynning um hópuppsögn hafi verið send vinnumiðlun á svæðinu. Afrit tveggja bárust trúnaðarmönnum og afrit þriggja bárust viðkomandi stéttarfélögum. Í öllum þremur tilvikum voru ekki veittar réttar eða fullnægjandi upplýsingar um þau atriði sem lög kveða á um.

Af framangreindri könnum var dregin sú ályktun að þær hópuppsagnir sem skoðaðar voru og sem beindust að 408 félagsmönnum ASÍ hafi verið framkvæmdar með ólögmætum hætti og um hafi verið að ræða gróf brot á gildandi reglum.

Þessar niðurstöður voru kynntar Vinnumálastofnun og óskað ítarlegra upplýsinga frá stofnuninni um framkvæmd þeirra hópuppsagna sem skoðaðar voru. Afrit var sent félagsmálaráðuneytinu ásamt tilmælum um viðræður um breytingar á lögunum um hópuppsagnir. Þegar skýrsla þessi er skrifuð hafa svör ekki borist frá ráðuneytinu en á vinnuréttarsviði ASÍ eru í smíðum tillögur sem sendar verða ráðuneytinu samhliða kröfu um breytingar á gildandi lögum hópuppsagnir."

Við erum svo heppin hér að hafa í salnum hæstv. félmrh. sem gæti kannski svarað því hvers vegna stjórnvöld hafa ekki brugðist við þegar atvinnurekendur í svo mörgum tilvikum beita verkafólk óréttri samkvæmt þeim niðurstöðum sem sendar hafa verið Vinnumálastofnun. Ekkert bólar á neinum breytingum eða tillögum frá hæstv. félmrh. í því efni til þess að styrkja rétt launafólksins. En í þeim tilvikum sem um hópuppsagnir af hálfu launafólks er að ræða, sem vissulega eru umdeilanlegar, þá höfum við fengið viðbrögð strax þar sem er auðvitað gengið á rétt mjög stórs hóps launafólks.

Eins og ég hef sagt hér þá er ég hlynnt því að sömu reglur gildi á vinnumarkaðnum hvort sem um er að ræða opinbera starfsmenn eða fólk á almenna vinnumarkaðnum. Það eiga að sjálfsögðu að gilda sömu reglur. En áður þurfa að eiga sér stað viðræður milli stéttarfélaga við ríkisvald og einnig atvinnurekendur svo að þessi samræming geti átt sér stað. Og það þarf að gerast á fleiri sviðum.

Vissulega er verkfallsréttur á almenna vinnumarkaðnum rýmri og meðfærilegri á margan hátt og margir opinberir starfsmenn búa við mjög skerta möguleika til þess að beita honum sem vopni í kjarabaráttu. En það er líka mjög margt í lögum opinberra starfsmanna sem gefur þeim rétt umfram það sem gerist á almenna vinnumarkaðnum. Það vitum við öll og nægir að nefna t.d. fæðingarorlof og lífeyrisréttindi og marga aðra þætti sem eru í samningum opinberra starfsmanna. En fyrst og síðast þá hlýtur þetta alltaf að vera samningsatriði og við vildum gjarnan sjá fólk á vinnumarkaði standa saman sem einn hóp þannig að sömu reglur gildi um alla.

Virðulegi forseti. Forseti ASÍ fjallaði í skýrslu sinni um hópuppsagnir af hálfu launafólks. Og þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna fjöldauppsagna opinberra starfsmanna urðu mikil blaðaskrif. Starfsmenn ASÍ tóku nokkurn þátt í þeim. Þar var því meðal annars haldið fram fjöldauppsagnir ýmissa hópa á opinberum vinnumarkaði til þess að þvinga fram breytingar á kjarasamningum undir friðarskyldu, ógni réttindum alls launafólks og samskiptareglum á vinnumarkaði sem þó væru nógu slæmar fyrir. Öllum bæri ótvíræð skylda til að virða lög og reglur um samskipti á vinnumarkaði. Ef launafólk sjálft virti ekki þær skyldur sem á það væru lagðar gæti verkalýðshreyfingin ekki krafist þess að atvinnurekendur virtu sínar, m.a. annars þær skyldur sem þeir hafa við framkvæmd hópuppsagna. Því var haldið fram að í lögunum um framkvæmd hópuppsagna fælust grundvallarréttindi sem tilheyrðu bæði ráðningarréttindum hvers og eins og ekki síður almennum félagslegum réttindum launafólks, en að þessi réttindi hefðu atvinnurekendur ítrekað brotið. Svo virtist einnig að stjórnvöld litu á þessi lögbrot sem óviðráðanlegar markaðshamfarir sem þau réðu ekkert við. Síðan væri það allrar athygli vert að ráðherrum, sveitarstjórnarforkólfum og atvinnurekendum væri hvorki afskipta eða orða vant þegar launafólk undir friðarskyldu leggi hópum saman inn uppsagnir til að þvinga fram launahækkanir með ólögmætum hætti. Þá væri hótað lagabreytingum, lögsókn og refsiaðgerðum og ekki látið sitja við orðin tóm."

Virðulegi forseti. Þarna er forseti ASÍ að draga fram mismuninn á því hver viðbrögð stjórnvalda eru þegar að launafólk beitir hópuppsögnum annars vegar og hins vegar þegar atvinnurekandinn beitir hópuppsögnum og fer ekki að lögum, en þá eru viðbrögðin ekki hin sömu.

Virðulegi forseti. Það er alltaf ámælisvert þegar fram koma frv. þar verið er að fjalla um kjarasamninga eða rétt launafólks þegar að ekki hefur farið fram eðlilegt samráð við þær stéttir sem hlut eiga að máli. Ég tek undir efni frv. vegna þess að það er í samræmingarátt fyrir allt launafólk. En við hljótum jafnframt að fara fram á það við hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn að eðlilegt samráð sé haft við launafólk á vinnumarkaði og að ekki sé verið að leggja fram lagabreytingar þar sem eingöngu er verið að ganga á réttindi en um leið sé ekki tekið á ýmsum þáttum þessara laga sem og annarra sem bæta réttindi launafólks. Það hefur verið mjög erfitt að fylgjast með þeirri þróun sem hefur átt sér stað varðandi samninga á opinbera vinnumarkaðnum, hjá opinberum starfsmönnum, og líka þeirri mismunun sem er milli einstakra stétta innan opinbera geirans, ef svo má orða það, til þess að knýja fram launabreytingar eða leiðréttingar á sínum kjörum. Það er ekki hægt að jafna saman réttindum ófaglærða verkafólksins sem vinnur hjá hinu opinbera og því faglærða. Það er ekki hægt að líkja því saman. Og kjarasamningar sem gengið hafa til atkvæða í stéttarfélögum og stéttarfélög hafa samþykkt eiga auðvitað og eðli máls samkvæmt að gilda út samningstímabil. Annað veikir þessar stéttir þegar til lengri tíma er litið.

En ég vil eindregið hvetja hæstv. ráðherra til þess, og þannig mun nefndin örugglega vinna að þessu máli, að sjónarmið þeirra sem þarna eiga hlut að máli, hvort sem um er að ræða opinbera starfsmenn eða á almenna vinnumarkaðnum, fái að koma fram. Örugglega verða lagðar fram margar brtt. í átt til samræmingar, ekki bara til að skerða réttinn heldur einnig til að auka þau réttindi sem fyrir eru.

[19:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar er fjallað um sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla. Þarna getur ekki verið um annað að ræða en hópuppsagnir.

BSRB og önnur stór stéttarfélög hafa óskað eftir og mælst til þess að samræmdar verði reglur og réttindi allra á vinnumarkaðnum um verkfallsrétt og önnur réttindi. BSRB hefur m.a. alltaf talað gegn hópuppsögnum. Það er ekki rétt leið í kjarabaráttu. En jafnframt því hefur BSRB hvatt til þess að gerðar verði breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem rýmka réttindi þeirra þannig að þeir búi eigi við lakara réttindakerfi en gerist á almennum vinnumarkaði því mikill munur er á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna og þeirra sem eru á almenna vinnumarkaðnum. Það þarf að samræma reglur.

Hvenær eru uppsagnir manna hópuppsagnir? Það þarf að skilgreina. Ég tek sem dæmi heilbrigðisstofnanir þar sem starfsmenn hafa mjög takmarkaðan verkfallsrétt þegar hugsanlega er búið að semja um aðalkjarasamning eða grunn og komið er að aðlögunarsamningum. Þegar ekki næst samningar — þetta eru kannski vinnustaðir með 5–15 manna

hjúkrunarliði, ef sú stétt er tekin sem dæmi — og starfsmenn gefast upp á að reyna að ná samningum og hætta án þess að það séu samræmdar aðgerðir, hvað þarf þá marga til þess að það sé túlkað sem hópuppsagnir? Það þarf ekki stóran vinnustað. Að vísu geta þessar heilbrigðisstofnanir af öryggisástæðum komið í veg fyrir að fólk fái að segja upp. Ég vil draga það inn í þessa umræðu að það þarf að fá skilgreiningu á því hvað hópuppsagnir eru. Hver eru mörkin? Það er ekki sama hvort um er að ræða 100 eða 200 manna vinnustað. Ef t.d. 50–70 manns segja þar upp þá er hægt að kalla það hópuppsagnir. Annað á við á litlum vinnustöðum sem eru út um allt land og sinna miklu öryggishlutverki.

Það þarf að fara mjög vandlega yfir þetta mál. Það má ekki taka réttindi af fólki án þess að horfa á heildarpakkann og leita eftir samræmingu við félög á hinum almenna vinnumarkaði, þ.e. að það komi þá annað á móti. Það hefur enginn mælt með hópuppsögnum. Því miður hefur það þó kannski verið síðasta hálmstráið sem menn hafa gripið til. En stéttarfélög eða verkalýðsfélög hafa aldrei mælt með þessari aðgerð.

Ég vildi draga sérstaklega inn í umræðuna að þetta er mál sem má ekki flýta sér með. Það verður að ná sáttum um þessa lagagerð og bæta þá réttarstöðu opinberra starfsmanna á öðrum sviðum til þess að ná þarna einhverju jafnræði.

[19:41]

Útbýting þingskjals:

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 235. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 336.

[19:41]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna þar sem lagt er til að ný málsgrein sem fjallar um skilgreiningu á verkföllum bætist við 14. gr. laganna. Jafnframt er lagt til að sambærilegar aðgerðir sem jafna má til verkfalls falli undir skilgreiningu verkfalla. Ætlunin með þessari lagabreytingu er að samræma ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, og lög um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, þar sem kveðið er á um verkföll og skilgreining á verkföllum útvíkkuð í þeim lögum sem frv. tekur til.

Tilefni þessa frv. er sem kunnugt er og fram hefur komið, nýlegur félagsdómur í máli leikskólakennara hjá sveitarfélaginu Árborg þar sem deilt var um hvort uppsagnir tiltekins hóps opinberra starfsmanna á sama tíma fæli í sér brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings. Niðurstaða dómsins var að svo væri ekki enda tækju lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ekki á sama máta á þessum aðstæðum og lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ég vil hér fyrst fjalla í nokkrum orðum um ástæður þess að einstaklingar taka ákvörðun um að segja upp störfum sínum vegna óánægju með launakjör og má taka framangreint mál sem dæmi. Uppsagnir hafa verið örþrifaráð einstaklinga sem hafa gert sér grein fyrir með samræðum sín á milli og samanburði á launakjörum sínum við einstaklinga annarra stétta með sambærilega menntun, ábyrgð og reynslu að þeir hafi borið skarðan hlut frá borði sem oft munar tugum prósenta í launum. Í flestum tilvikum hefur verið um að ræða einstaklinga sem tilheyra svokölluðum kvennastéttum sem hafa langa sérmenntun að baki. Uppsagnirnar hafa knúið fram umræðu um stöðu launamála og vakið athygli á því óréttlæti sem viðkomandi hópur telur sig vera beittan. Jafnframt hefur óánægja með það mat á störfum sem birtist í launaumslaginu verið leidd í ljós og áhrif þess á sjálfsvirðingu og sjálfsmat viðkomandi einstaklinga og stéttar.

Það er athyglisvert að þær stéttir sem hafa gripið til þessara örþrifaráða hafa í flestum tilvikum verið hefðbundnar kvennastéttir. Í launamálum stétta þar sem mikill meiri hluti er konur birtist launamunur kynjanna í sínu hráasta formi. Þar birtist almennt vanmat á framlagi hefðbundinna kvennastarfa til þjóðfélagsins þrátt fyrir þá staðreynd að mikil menntun liggi að baki faginu, í mörgum tilvikum margra ára háskólamenntun og í engu lakari að magni eða gæðum en menntun hefðbundinna karlastétta. Nefni ég hér annars vegar hjúkrunarfræðinga og verkfræðinga með fjögurra ára grunnnám í háskóla að baki og hins vegar ljósmóður og lækna með sex ára grunnnám í háskóla að baki.

Því hefur verið haldið fram að kynbundinn launamunur hér á landi sé á bilinu 11–15%. Ég vil þó benda á að athuganir sem liggja þar að baki skoða í flestum tilvikum kynbundinn launamun kvenna og karla í sömu störfum eða innan sömu stéttar, en í undantekningartilvikum hefur verið skoðuð og borin saman launamyndun og launamunur hefðbundinna karlastétta annars vegar og hefðbundinna kvennastétta hins vegar. Ég tel að slíkar rannsóknir muni leiða í ljós meiri launamun kynjanna en hingað til hefur verið talið.

Launamisréttið sem að framan er lýst hefur vegið verulega að sjálfsvirðingu einstaklinga og hópsins innan viðkomandi stéttar og í mörgum tilvikum verið hvatinn að því að einstaklingarnir hafa tekið ákvörðun um að segja upp störfum sínum. Stéttarfélögum hefur yfirleitt verið fullkomlega ljóst að þau geta á engan hátt tengst uppsögnum eða öðrum aðgerðum félagsmanna sinna sem leiða til vinnustöðvunar á gildistíma kjarasamnings viðkomandi stéttarfélags enda væri slíkt ólöglegt og félögin skaðabótaskyld ef á þau sannast slík aðild. Það er skoðun mín að stéttarfélög þeirra einstaklinga sem sagt hafa upp störfum sínum með hópuppsögnum vegna óánægju með launakjör sín hafi verið mjög meðvituð um þetta atriði og hafi velflest lagt sig í líma við að gera félagsmönnum sínum grein fyrir hvað felst í ákvörðun margra einstaklinga sömu starfsstéttar að segja upp störfum sínum á sama tíma og gert þeim grein fyrir að stéttarfélagið geti ekki stutt þá, hvorki félagslega né fjárhagslega. Í mörgum tilvikum hefur þessi staða og afstaða stéttarfélagsins leitt til erfiðs ágreinings milli stéttarfélags og félagsmanna sem oft og tíðum hefur verið erfitt að leysa úr.

Virðulegi forseti. Það er von mín að viðhorf gagnvart jafnréttismálum í þjóðfélaginu séu að taka þeim breytingum að í framtíðinni þurfi kvennastéttir, sem telja sig órétti beittar eða konur yfirleitt, ekki að grípa til örþrifaráða til að vekja athygli á málum sínum.

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna þar sem tekið er á einum þætti og hann samræmdur við vinnulöggjöf sem gildir á almenna markaðnum. Ég hefði kosið að í stað þess að taka eitt atriði út hefði verið ráðist í heildarendurskoðun á lögunum. Það er löngu tímabært og nauðsynlegt að samræma vinnulöggjöf opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á svokölluðum almennum markaði. Máli mínu til stuðnings vil ég nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi er verkfallsréttur margra hópa opinberra starfsmanna afar takmarkaður. Vil ég í því sambandi sér-

staklega benda á takmarkaðan verkfallsrétt þeirra sem falla undir þá skilgreiningu að starfa við nauðsynlegustu öryggis- og heilbrigðisþjónustu, en í ýmsum starfshópum er jafnvel miklum meiri hluta starfsmanna einnar stéttar gert skylt að gegna störfum í verkfalli að ónefndum þeim sem eru yfirleitt ekki með verkfallsrétt.

Í öðru lagi gangast þeir sem yfirleitt hafa verkfallsrétt undir regluna allt eða ekkert. Þá á ég við, svo ég taki dæmi af heilbrigðisstéttum, að ein stétt opinberra starfsmanna sem sér enga aðra leið til að knýja fram samning við fjmrh. en með verkfalli, þarf samkvæmt núgildandi lögum að boða verkfall sem nær til allra heilbrigðisstofnana landsins sem reknar eru af ríkinu, sem eru svo til öll sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í landinu. Slíkt verkfall yrði afar yfirgripsmikið og erfitt viðureignar fyrir alla aðila.

Í þessu sambandi vil ég benda á að í síðasta stóra verkfalli heilbrigðisstétta voru stóru sjúkrahúsin í Reykjavík rekin af tveimur aðilum, annars vegar ríki og hins vegar Reykjavíkurborg. Það voru því tveir samningsaðilar, en í dag eru sjúkrahúsin rekin af ríkinu eingöngu. Hægt var að boða verkfall gagnvart öðrum aðilanum en ekki hinum, en sá möguleiki er ekki fyrir hendi í dag.

Væri verkfallsréttur opinberra starfsmanna í líkingu við verkfallsrétt á almenna markaðnum og í líkingu við verkfallsrétt opinberra starfsmanna á öðrum Norðurlöndum gæti stéttarfélag boðað verkfall sem beindist gegn tilteknum stofnunum eða jafnvel tilteknum einingum innan stofnana.

Í þriðja lagi hafa mörkin milli þeirra sem starfa hjá hinu opinbera og þeirra sem starfa á almennum markaði á síðustu árum orðið óskýrari, ekki síst við flutning verkefna frá ríki, m.a. með sölu ríkisfyrirtækja og hugsanlega í framtíðinni með einkaframkvæmd og þjónustusamningum.

Í fjórða lagi hefur á undanförnum árum verið markvisst unnið að því að samræma starfsumhverfi opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almenna markaðnum og bendi ég þar á lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, en jafnframt einnig nýtt launakerfi ríkisins.

Í fimmta lagi leiða breytingar á launakerfi stórra hópa opinberra starfsmanna sem gerðar voru á árinu 1997 þar sem hluti samningsgerðarinnar er fluttur til einstakra stofnana, til þess að huga þarf að breytingum á samnings- og verkfallsrétti opinberra starfsmanna. Það er íhugunarefni að verkfallsréttur er svo þröngur og miðstýrður sem raun ber vitni á sama tíma og kjör eru í meira mæli ákvörðuð í dreifistýrðum samningum inni á einstökum stofnunum.

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram að samtök opinberra starfsmanna eru afar ósátt við að breyting verði gerð á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna án þess að litið sé á lagasetninguna í heild og að slík heildarendurskoðun fari fram í nánu samstarfi við þá. Í því sambandi vil ég benda á að þegar núgildandi lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru samþykkt á Alþingi á árinu 1986 voru þau niðurstaða af löngu undirbúningsstarfi milli aðila og var samkomulag milli fjmrn. og BHM, BSRB og kennarafélaganna um þá breytingu. En þrátt fyrir að samtökin hafi lýst andstöðu við aðferðafræðina í þessu máli þá hafa þau lýst því yfir að þau geri ekki efnislegar athugasemdir við þá breytingu sem hér er verið að leggja til á lögunum.

Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem notuð eru sem fyrirmynd að þeirri breytingu sem lögð er til í því frv. sem hér er til umfjöllunar, er í 70. gr. tekið fram að ábyrgð einstaklinga vegna aðildar að aðgerðum sem jafna má til vinnustöðvunar, með vísan í 2. mgr. 8. gr. laganna, varði ekki sektum. Sambærilegt ákvæði er ekki til staðar í því frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég vil því beina því til efh.- og viðskn. að skoða þetta atriði. Að öðrum kosti er ekki bara verkfallsréttur opinberra starfsmanna takmarkaðri en á almenna markaðnum heldur einnig tekið harðar á brotum.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég leggja ríka áherslu á að hið fyrsta verði skipuð nefnd fulltrúa fjmrh. og samtaka opinberra starfsmanna til að vinna að endurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna með það að markmiði að samræma vinnulöggjöf í landinu. Þar liggja sameiginlegir hagsmunir stéttarfélaganna. Því fagna ég sérstaklega yfirlýsingu fjmrh. í framsöguræðu hans þar sem hann tilkynnti að endurskoðun fari fram innan tíðar í náinni samvinnu við þau samtök sem ég hef nefnt.

[19:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Kjarasamningur er gagnkvæmissamningur tveggja aðila, annars vegar stéttarfélags eða samtaka stéttarfélaga og hins vegar fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja. Þarna mætast tveir aðilar og friðarskyldan sem um er rætt felst einfaldlega í því að menn lofa að standa við undirskrift sína á samningstímanum. Það er nú ekki flóknara en það. Menn lofa sem sagt að standa við undirskriftina. Það er eitthvað að marka undirskriftina undir samningnum.

Dómur Félagsdóms frá því nýlega ógilti undirskrift fulltrúa opinberra starfsmanna. Dómurinn sagði einfaldlega: „Þessi undirskrift er einskis virði. Hana er ekkert að marka. Það er ekki friðarskylda. Samningurinn sem þið skrifuðuð undir gildir bara ekki út samningstímann."

Í ljósi þess átti ég von á því að samtök opinberra starfsmanna rykju upp til handa og fóta og krefðust þess eins og skot að ríkisvaldið bætti úr þessu með nýrri lagasetningu, þeim lögum sem hér liggja fyrir, þannig að eitthvað yrði að marka undirskrift þeirra.

En það gerðist ekki. Þeir segja að þetta sé reyndar slæmt o.s.frv. en huga þurfi að heildarendurskoðun og allt svoleiðis. Það á því að tefja þetta. Áfram á sem sagt ekkert að marka það sem þeir skrifa undir. Það er gert lítið úr þeim.

Ég geri mikinn mun á hópuppsögnum og uppsögnum þar sem menn segja upp til þess að ráða sig annars staðar vegna þess að þar eru í boði hærri laun. Ég geri líka mikinn mun á hópuppsögnum og uppsögnum fyrirtækja þar sem ekki stendur til að ráða fólkið aftur með lægri laun heldur vegna þess að fyrirtækið þarf af einhverjum ástæðum að minnka við sig og segja upp. Það ræður ekki lengur við þann rekstur sem það er með af því að launin eru orðin of há eða verð á framleiðslunni hefur lækkað eða eitthvað slíkt.

En þegar menn segja upp til þess að fá aftur vinnu hjá sama vinnuveitanda með hærri laun eða ef fyrirtæki segir upp starfsmönnum til þess að ráða þá aftur með lægri laun, þá er það brot á friðarskyldunni og um það vorum við einmitt að ræða.

Menn tala um vinnumarkað. En þeir átta sig ekkert á því að í orðinu felst „markaður" sem þýðir framboð og eftirspurn, þ.e. framboð á vinnuafli og eftirspurn eftir vinnuafli. Þetta framboð og eftirspurn endurspeglast í verðinu sem eru launin. Við erum alltaf að tala um markaðslaun. Þegar atvinnuleysið var sem mest hallaði verulega á launþegana. Menn vita hvernig það var þegar það var 6% atvinnuleysi og sumir atvinnurekendur urðu mjög leiðinlegir og beittu allt að

því kúgunum. Þetta er þekkt um alla Evrópu þar sem er 10% atvinnuleysi, þar sem atvinnurekendur kúga launþegana til þess að sætta sig við lægri laun, lengri vinnutíma o.s.frv.

Það öfuga gerist þegar atvinnuleysið minnkar. Þá gerist þetta nefnilega öfugt. Þá fara einstakir launþegar að beita kúgun og það er ósköp eðlilegt. Hvort tveggja er ósköp eðlilegt. Nú erum við í þeirri stöðu að alls staðar vantar fólk og þá fara launþegarnir að beita kúgunum. Ef friðarskyldan á ekki að gilda þá getur þetta haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir launþega ef atvinnuleysi skyldi aukast aftur, sem guð gefi að gerist ekki því ég tel að það sé mjög mikilvægt að atvinnuleysi sé lítið. Kannski er það mesta kjarabót fyrir láglaunafólk í þessu landi að atvinnuleysið er nánast horfið.

Ef ekki eiga að gilda þær reglur sem hér er verið að leggja til að settar verði í lög, ef ekki eiga að gilda reglur um það, þá getur nefnilega nákvæmlega það sama gerst í atvinnuleysi þegar hvergi er hægt að fá vinnu. Þá getur það gerst að atvinnurekendur, opinberir atvinnurekendur, spítalar og aðrir, segi upp öllum starfsmönnum sínum til þess að knýja þá til lægri launa. Það gerist alveg nákvæmlega eins ef friðarskyldan á ekki að gilda. Menn þurfa að átta sig á þessu.

Ég held því að sú breyting sem hér er verið að gera sé mjög mikilvæg. Hún gildir til hagsbóta fyrir bæði launþega og fyrirtæki og hún segir eiginlega ekkert annað en að undirskrift aðila á kjarasamningum eigi að gilda.

[19:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um að undirskriftir eigi að vera marktækar. En gerir hv. þm. sér grein fyrir því að í mörgum tilvikum eru hópuppsagnir til komnar vegna þess að starfsfólkið telur að ekki hafi verið staðið við kjarasamninga, að kjarasamningar hafa ekki verið fullnustaðir? Það eru þessar alhæfingar sem ég ætla að leyfa mér að vara við, þ.e. að menn setji allar aðgerðir af þessu tagi undir einn hatt.

En hinu er ég alveg sammála hv. þm., að menn eiga að taka undirskriftir alvarlega og menn eiga líka að taka heiðursmannasamkomulag alvarlega. Þegar samtök launafólks gera samkomulag við ríkisvaldið, eins og gert var árið 1986 um þau lög sem einhliða er ráðist í að breyta hér með valdi og offorsi, á að þvinga hér í gegnum þingið, þá er verið að brjóta samninga eða samning. Eða eigum við að kalla það samkomulag? Þótt það sé alveg rétt sem hér hefur komið fram að afmarkað skoðað séu menn reiðubúnir að ræða þessa lagaklásúlu þá er þetta hið efnislega samhengi hlutanna.

Þess vegna mótmælum við því eindregið að þessi lög verði keyrð í gegnum þingið.

[19:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef annar aðili að kjarasamningi kemst upp með að standa ekki við undirskrift sína og standa ekki við kjarasamninginn þá er það vegna þess að kjarasamningurinn er illa gerður af hinum aðilanum. Hann hefur þá ekki sett ákvæði í kjarasamninginn sem hélt absalútt. Það eiga menn að taka upp í viðræðum og það er til ákvæði um það. Ef samningar eru brotnir þá geta menn að sjálfsögðu kært það o.s.frv.

En það er ekki rétt að hópuppsagnir séu vegna þess að ekki er staðið við kjarasamninga. Hópuppsagnir eru aðallega vegna þess að opinberir starfsmenn eru að bera sig saman við fólk á almennum vinnumarkaði. Þeir bera sig saman við laun annars staðar í þjóðfélaginu sem hafa hækkað umtalsvert vegna aukinnar eftirspurnar og gleyma þá gjarnan lífeyrisréttindum og öðrum réttindum sem opinberir starfsmenn hafa og ég hugsa að megi meta til svona 8–15% af launum.

Varðandi það að þetta frv. sé ekki þáttur í heiðursmannasamkomulagi þá vissi ég ekki til þess að hv. Alþingi sem löggjafarsamkunda stæði í kjarasamningum.

[20:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði betur hlustað á hæstv. fjmrh. sem lýsti sjálfur í framsögu sinni tilurð þessara laga og vitnaði þar í samkomulag sem gert var á sínum tíma af hálfu fjmrn. við samtök opinberra starfsmanna. Ég vil ítreka það að ég tel mikilvægt að menn virði samninga og um það fjallar þessi umræða hér. (**Gripið fram í:** Sá samningur var ... 1986.) Sá samningur var gerður árið 1986 (**Gripið fram í:** Og staðfestur á Alþingi.) Og staðfestur á Alþingi eftir að aðilar höfðu náð um það samkomulagi. En kjarasamningar og framkvæmd kjarasamninga verða ekki keyrð áfram með lögregluvaldi. Hún verður ekki gerð með þeim hætti.

Það á að vera siðaðra manna háttur að komast að samkomulagi um þær leikreglur sem eiga að gilda. Fram á þetta er farið hér, einvörðungu og ekkert annað. Þess vegna vil ég hvetja til þess að frv. verði sett til hliðar og í staðinn verði þess freistað að ná heildarsamkomulagi um breytingar á þessum lögum sem löngu er tímabært að gera og allir eru sammála um að þurfi að gera. Ég vara því við alhæfingum að því tagi sem við heyrðum áðan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

[20:02]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þekki af eigin raun vandamálið við hópuppsagnir. Ég skil vel að finna þurfi lausn á því vandamáli. En hópuppsagnir í sjálfu sér eru einkenni á vanda. Til þeirra er gripið í neyð af einhverri ástæðu. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að gera sér grein fyrir því.

Frv. sem við erum að fjalla um stefnir að því að skilgreina hópuppsagnirnar sem ólöglegt verkfall. Spurningin er hvort að það sé lausn. Ef við göngum út frá því að það sé rétt skilið hjá mér að þetta sé einkenni á vanda, þá er spurning sú hvort lausnin felist í því að fara gegn einkennunum.

Þegar ég lít til baka þá man ég vel eftir því hvernig óánægjan safnaðist upp ár frá ári í þeim geira sem ég þekki til, í heilbrigðisþjónustunni, óánægja með starfskjör og óánægja vegna manneklu á sjúkrastofnunum sem einnig stafaði af lélegum kjörum. Þetta leiddi af sér lokanir deilda og smátt og smátt skapaðist slíkt ástand, eftir áralangar tilraunir til að ná samkomulagi við samninganefnd ríkisins um lagfæringu á starfskjörum, að menn fóru að hugsa til neyðarúrræða.

Ég veit ekki hversu margir af hv. þm. hafa tekið þátt í þeim ósköpum að segja upp starfi sínu til að reyna að lagfæra starfskjör. Hér hefur komið fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að standa skuli við samninga. Það held ég að allir séu sammála um. En ég veit ekki hversu oft hv. þm. Pétur Blöndal hefur í samningaviðræðum þurft að benda mótaðilunum á það ár eftir ár að ekki hafi verið staðið við bókanir og stefnu samnings. Þetta er ekki það einfalt. Þegar veik samningsstaða veldur því að menn verða að taka við því sem þeim er rétt, ár eftir ár, þá skapast sú neyðarstaða að menn fara að hugsa aðrar leiðir. Og hópuppsagnir er ekkert sem fólk grípur til

vegna þess að því finnist það vera skynsamleg og þægileg leið.

Ekki nóg með það heldur leiða hópuppsagnir af sér alls konar vandamál. Hópuppsagnir hafa leitt til þess að fólk hefur hætt störfum endanlega. Það telur að því hafi verið misboðið með því að neyðast til að grípa til slíkra úrræða. Það kemur ekki aftur til starfa. Þeir sem hefja störf að nýju aftur hafa sumir hverjir borið gremju í brjósti vegna þess arna. Þetta skemmir út frá sér. Hópuppsagnir eru í sjálfu sér eitthvað sem ég mundi aldrei geta mælt með. Hópuppsagnir eru neyðarúrræði sem ég mundi vilja sjá hverfa algjörlega úr samskiptum launþega og viðsemjenda. En reynsla heilsugæslulækna af þessum vanda sem komið hefur upp aftur og aftur leiddi til þess að þeir völdu að koma sér úr þeirri neyð að þurfa með vissu millibili að standa í þeirri veiku stöðu að neyðast til að fara í uppsagnir. Þeir völdu því þann kostinn og það er líka neyðarúrræði að koma sér undan samningum, komast undir kjaranefnd. Það er kannski fyrst og fremst til að neyðast ekki til að fara í uppsagnir. Ég get hins vegar fyrir mitt leyti alveg fallist á frv. sem þetta ef því fylgir sú trygging að sú neyð sem leiðir til uppsagna komi ekki upp aftur.

[20:09]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég innti hæstv. forseta þingsins eftir því áðan hvenær gert yrði matarhlé á fundi til þess að menn gætu nærst. Hér hefur staðið þingfundur í allan dag. Í morgun voru nefndafundir og ekki gert neitt matarhlé á fundum. Ég leyfi mér að óska eftir því að svo verði gert núna. Þegar ég innti forseta þingsins eftir því hvenær gert yrði hlé, fyrir tæpum hálftíma síðan, þá var mér sagt að gert yrði hlé á fundinum eftir u.þ.b. hálfa klukkustund. Ég tók það gilt, annars hefði ég gert við þetta athugasemd á þeirri stundu. Ég óska eftir svörum um hvenær gert verði hlé á fundinum. Búið er að boða til funda í nefndum þingsins klukkan hálf níu og sýnt að þá verður ekki fram haldið þingfundi hér. Ég óska eftir því að gert verði hlé á fundinum núna fyrir matarhlé.

[20:11]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Með tilliti til þess að nefndafundir hefjast eftir tæplega tuttugu mínútur verður forseti við þessari ósk. Verður umræðu um þetta mál frestað.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 20:12.

---

41. FUNDUR

fimmtudaginn 9. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 235. mál, þskj. 287, nál. 336, 339 og 341. — 2. umr.

2. Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), stjtill., 257. mál, þskj. 324. — Fyrri umr.

3. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr.

4. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — Frh. 1. umr.

5. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.

6. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 326. — 1. umr.

7. Grunnskólar, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — 3. umr.

8. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 317, brtt. 318, 319 og 320. — 2. umr.

9. Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, stjfrv., 67. mál, þskj. 67, nál. 325. — 2. umr.

10. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 333. — 2. umr.

11. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122, nál. 327. — Síðari umr.

12. Samningur um flutning dæmdra manna, stjtill., 113. mál, þskj. 123, nál. 328. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 235. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 339; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 341.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 235. mál (sala á 15 prósenta hlut). — Þskj. 287, nál. 336, 339 og 341.

[10:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í nefndinni. Málið bar nokkuð brátt að en nefndin hefur á skömmum tíma lagt töluvert mikla vinnu í það. Hún hefur fengið til sín allmarga sem taldir eru upp í nál. og viðað að sér ýmsum skriflegum athugasemdum um málið. Ég vil sérstaklega þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf við að afgreiða frv. á svo stuttum tíma sem raun ber vitni.

Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um að frv. verði samþykkt óbreytt enda frv. sjálft ekki mikið að vöxtum, einungis tvær greinar. Þar af er önnur greinin að sjálfsögðu gildistökugrein. Málið er nokkuð einfalt. Það snýst um að

selja 15% af hlutafé ríkissjóðs í hvorum bankanum um sig, Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Það stóð alltaf til að aðrir aðilar en ríkið eignuðust drjúgan hlut í bönkunum. Við hlutafélagavæðingu bankanna var gert ráð fyrir því að bönkunum yrði heimilt að bjóða út hlutafé með samþykki viðskrh. þannig að aðrir en ríkið ættu allt að 35% í heildarhlutafé hvors bankans um sig.

Báðir bankarnir buðu út hlutafé sem samsvaraði 15% eignarhlut annarra aðila en ríkisins. Það tókst mjög vel þannig að í báðum bönkunum eru nú þúsundir hluthafa og eignarhald þeirra á þessum 15% hlutum er mjög dreift.

Nú standa menn helst frammi fyrir því að ákveða hvort fara eigi þá leið að uppfylla kröfur Verðbréfaþingsins með því að bjóða meira út, þ.e. hvort bæta eigi við hlutafé í bönkunum þannig að hægt sé að uppfylla kröfur Verðbréfaþingsins eða hvort gera eigi þá stefnubreytingu að selja af hlut ríkissjóðs sem reyndar var ekki reiknað með að gert yrði þegar frv. voru samþykkt.

Meiri hluti nefndarinnar telur að sú ákvörðun sé skynsamleg, að selja frekar af hlut ríkissjóðs heldur en bjóða út nýtt hlutafé. Ástæðan er sú að bankarnir standa báðir mjög vel efnahagslega og með því að uppfylla þessar kröfur Verðbréfaþingsins með því að bjóða út nýtt hlutafé mundu þeir væntanlega báðir leitast við að stækka efnahagsreikninga sína og auka útlán sín. Það væri kannski ekki það heppilegasta fyrir atvinnulíf landsins í dag þar sem menn tala flestir hverjir um að ástæða sé til að draga úr þenslu frekar en hitt. Í því árferði sem við búum nú við, þeirri miklu eftirspurn sem er í hagkerfinu er því tvímælalaust betra að selja frekar af hlut ríkissjóðs til að ná því markmiði að bankarnir uppfylli kröfur Verðbréfaþings sem skráningu þar.

Síðan urðu töluverðar umræður í nefndinni um hvort sú aðgerð að selja af hlutafé ríkissjóðs væri til þess fallin að draga úr þenslu eða ekki. Allir eru sammála um að það sé líklegra til að hamla gegn þenslu að selja frekar úr hlut ríkissjóðs en bæta við hlutafé. Um það var ekki deilt. Töluverða akademísk umræða fór fram um hvort sala hlutafjár ríkissjóðs drægi úr þenslu eða ekki. Tilfellið er að það er hægt að búa til ýmsar áætlanir um viðbrögð fólks, einstaklinga, stofnana og fyrirtækja. Mismunandi viðbrögð bæði kaupenda og seljenda hafa mismunandi áhrif á eftirspurn í þjóðfélaginu. Þannig má segja að ef hluturinn væri fyrst og fremst seldur til stofnanafjárfesta, ef fyrst og fremst yrðu höfð skipti á eignum og ríkissjóður gerði sjálfur lítið til að hafa áhrif á eftirspurn með þeim peningum sem hann fær í sínar hendur, þá mundu áhrifin á þenslu til eða frá vera hverfandi. Ef ríkissjóður notar ekki fjármunina sem hann fær til að hafa áhrif á eftirspurn í þjóðfélaginu og eins ef almenningur eignast stærri hlut í bankanum þá er líklegra að áhrifin til að draga úr eftirspurn verði meiri. Ég tel meiri líkur á því að sparnaður aukist eftir því sem þátttaka almennings í fyrirhugaðri sölu verður meiri.

Ég tel að þetta mál sé afar gott á allan hátt. Að sjálfsögðu tel ég nauðsynlegt fyrir þessi fyrirtæki, Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., að uppfylla kröfur Verðbréfaþings um skráningu á þinginu. Því er nauðsynlegt að ríkið fari niður fyrir 75% eignarhlut í bankanum eins og alla tíð stóð til. Við núverandi aðstæður er betra að ná því markmiði með því að selja af hlut ríkissjóðs fremur en að bjóða út nýtt hlutafé. Þetta eru meginröksemdirnar fyrir því að meiri hluti nefndarinnar telur sjálfsagt að afgreiða þetta frv. óbreytt.

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég hef heyrt efnismeiri framsöguræður fyrir máli af þessari stærðargráðu. Mér fannst hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., ræða um þetta eins og spurningin væri um að selja tvo poka af kartöflum. Svo var fabúlerað svolítið um þetta í almennu samhengi og búið. Ekki var minnst einu orði á það samhengi sem þetta mál er í miðað við fyrri loforð og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Ekki var minnst einu orði á umræður í þjóðfélaginu um mögulega stórsameiningu bankastofnana og það fór afar lítið fyrir rökstuðningi um málið að öðru leyti. Menn skjóta sér á bak við að nauðsynlegt sé að uppfylla kröfur Verðbréfaþingsins sem menn hafa sjálfir búið sér til með því að ákveða að hefja sölu á eignarhlut í bönkunum og fara inn á þingið sem þó var ekki sjálfgefið að ríkisviðskiptabankarnir, þó hlutafélög væru, þyrftu að gera strax í byrjun.

Þaðan af síður minntist hv. þm. einu orði á svik ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á eigin loforðum um að hefja ekki beina sölu á eignarhlut í bankanum fyrstu fjögur árin eftir að þeir væru gerðir að hlutafélögum. Þetta er því heldur bágborin röksemdafærsla hjá hv. þm.

Ég þakka þó hv. þm. fyrir hreinskilnina, að viðurkenna í byrjun að málið beri, eins og hv. þm. orðaði það, nokkuð brátt að. Nokkuð brátt að, sagði hv. þm. og má hann gerst um vita. Hann mun hafa þurft að snúa pínulítið við plönum sínum, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sökum þess að málið bar nokkuð brátt að.

Sömuleiðis tók hann þannig til orða að hv. efh.- og viðskn. hefði lagt í þetta mál töluverða vinnu. Ég tel að það sé einnig mjög hógvært orðalag. Nei, herra forseti. Ég held að mikið vanti upp á að þetta mál hafi fengið þá umfjöllun og því hafi verið sýnd sú alvara sem stærð þess og allar aðstæður fela í sér.

[10:42]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að framsaga mín fyrir þessu máli væri yfir meðallagi miðað við þær sem ég hef yfirleitt fyrir málum. Ég hefði örugglega haft þessa framsögu töluvert lengri ef ég hefði haft hinn minnsta grun um að ég gæti sannfært hv. þm. um ágæti málsins. Ég hafði hins vegar ekki mikla von um að hann mundi skipta um skoðun né aðrir af hans flokksbræðrum og ákvað því að fara ekki mjög langt yfir meðaltalslengd framsagna minna um nál.

Varðandi það að hér sé stefnubreyting þá er það rétt hjá hv. þm. að þegar lögin um stofnun Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. voru samþykkt var gengið út frá því að aðrir aðilar en ríkið mundu koma inn í bankann í gegnum aukningu á hlutafé en það yrði ekki selt af hlut ríkissjóðs.

Hins vegar, við þær aðstæður sem nú eru í efnahagslífinu, er það einfaldlega skynsamlegra út frá öllum efnahagslegum forsendum að breyta þarna um stefnu og selja af hlut ríkissjóðs fremur en bjóða út nýtt hlutafé. Það er málið og þess vegna kemur þetta hér inn.

[10:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra vísu. Það er að sönnu rétt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur tamið sér mjög stuttar framsöguræður, enda

maðurinn önnum kafinn og hefur mörgum störfum og miklum skyldum að gegna. Auðvitað hefur hver sinn stíl, sinn smekk og sinn metnað í þingstörfunum.

En það er t.d. athyglisvert að bera saman framsöguræðu fyrir þessu máli hér áðan sem flutt var á nokkrum mínútum og framsöguræðu formanns fjárln. fyrir brtt. við fjáraukalög við 2. umr. í gær. Svo getur hver dæmt fyrir sig um hvað er við hæfi í þessum efnum.

Hv. þm. ætti líka að leiða hugann að því að málflutningur úr ræðustól á Alþingi snýst ekki bara um tilraunir til að snúa mönnum á sitt mál í þingsalnum, um að við hv. þm. sannfærum hver annan. Þetta er líka fundur í heyranda hljóði sem sendur er út í þjóðfélagið. Hér fer fram rökstuðningur fyrir pólitískum sjónarmiðum. Hér eiga að fara fram pólitískar rökræður sem eiga sér samsvörun í þjóðfélaginu og í því ljósi er framsöguræða hv. þm. Vilhjálms Egilssonar að sjálfsögðu einnig mæld.

Staðreyndin er sú að þessi skilyrði Verðbréfaþingsins eru skálkaskjól ríkisstjórnarinnar og afsökun til þess að rjúka til og hefja beina sölu á ríkisbönkunum núna fyrir hádegi, í óðagoti eins og raun ber vitni. Í fyrsta lagi hafa menn tíma fram í júní á næsta ári til þess að uppfylla þessi ákvæði. Í öðru lagi gætu menn að sjálfsögðu rætt við Verðbréfaþingið um lengri aðlögun að skilmálum þess. Úr því að hægt var að gefa mönnum þennan frest á sínum tíma, er þá ekki hægt að semja þarna um lengri aðlögun? Í þriðja lagi geta menn velt því fyrir sér hvort einhver héraðsbrestur yrði þótt bankarnir hyrfu tímabundið út af þinginu ef ekki væri hægt að ná samkomulagi við þingið um annað. Viðskipti með þau væru þá á tilboðsmarkaði. Hér er um frekar ódýra afsökun að ræða fyrir því að þjösna þessu máli í gegn með þessum hætti.

[10:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi komið í framsögu minni, þótt knöpp væri, inn á meginatriði þessa máls sem liggur í því að það er skynsamlegra út frá öllum efnahagslegum forsendum að uppfylla skilyrði Verðbréfaþings með því að selja úr hlut ríkissjóðs fremur en að bjóða út nýtt hlutafé. Ef hins vegar á að taka upp umræðu um það hvort yfirleitt sé rétt að hafa bankana skráða á þinginu eða hvort fara eigi fram á fram lengri aðlögunartíma, svo maður tali ekki um að taka bankana af skrá, þá er náttúrlega verið að tala um allt aðra hluti sem breyta þeim forsendum sem fólk, sem hefur verið að fjárfesta í bönkunum, hefur gert slíkar ráðstafanir á. Ég tel að það væri mikið alvörumál ef þingheimur ætlaði að taka sér það fyrir hendur að rýra verðgildi þeirra hluta sem eru í bankanum, hvort sem þeir hlutar eru í eigu almennings, stofnana, fyrirtækja eða ríkissjóðs með því að hringla með skráningu bankans á Verðbréfaþinginu. Ég tel að það sé alveg einsýnt ef bankarnir vilja standa undir nafni og koma fram eins og önnur fyrirtæki á Verðbréfaþingi og vera góðir fjárfestingarkostir sé það ekki gert með því að verið sé að hringla með skráningu þeirra eða skilyrði til skráningar á þinginu. Það á að uppfylla þetta einn, tveir og þrír, eftir að búið er að fá frestinn og eftir að bankarnir eru farnir að starfa á verðbréfamarkaði eins og önnur fyrirtæki.

[10:48]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er tekið til 2. umr. frv. hæstv. viðskrh. um breytingu á lögum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem felur í sér að kalla eftir heimild þingsins til að selja hlutafé ríkissjóðs í bönkunum að 15% hlut í hvorum banka fyrir sig. Hér er á ferðinni nokkuð stórt mál og full ástæða til að hæstv. viðskrh. sýni þinginu þann sóma að vera viðstaddur þá umræðu sem hér fer fram og kalla ég eftir því við hæstv. forseta að leitað verði til ráðherrans um þessa ósk.

(**Forseti** (HBl)**:** Mér hefur verið sagt að hæstv. viðskrh. sé á leiðinni en vil á hinn bóginn vekja athygli á að Alþingi þarf ekki á ráðherrum að halda þegar mál eru tekin til 2. umr. (**SJS:** Eins og sést í dag. Þeir þurfa ekki að sinna þingskyldum eins og sést hefur í dag.) Hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, hefur orðið. Rétt að benda hv. 3. þm. Norðurl. e. á það.)

Herra forseti. Mér fannst þetta nokkuð sérkennileg viðbrögð úr ræðustól frá hæstv. forseta að ráðherrar hafi engum skyldum að gegna við 2. umr. stjórnarfrumvarpa. Þetta hef ég aldrei heyrt fyrr á þinginu vegna þess að þeir hljóta að hafa viðveruskyldu eins og aðrir þingmenn og ekki síst þegar fjallað er um mál þeirra. (Gripið fram í.) Ég vil nú næstum taka undir það að þetta sé einsdæmi, ég hef ekki heyrt þetta áður. Auðvitað er það svo að við meðferð mála í nefndum hefur ýmislegt komið fram sem hafa ekki fengist svör við vegna þess að hæstv. ráðherrann mætir eðlilega ekki á fundi nefndarinnar. Þess vegna þurfa þingmenn kannski að spyrja ráðherrann ýmissa spurninga af því sem fram hefur komið þannig að mér fannst það nokkuð sérstök ummæli, hjá hæstv. forseta.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þm. á að það var rangt haft eftir að ég hefði sagt að hæstv. ráðherra hefði ekki skyldum að gegna á Alþingi.)

Eins og þingheimur veit hefur þetta mál haft mjög stuttan aðdraganda og stutta viðveru í þinginu og efh.- og viðskn. hefur haft mjög stuttan tíma til að fjalla um það. Það hefur verið rætt raunverulega á stífum fundum í nefndinni frá 1. umr. á tveimur dögum og full ástæða er til að gagnrýna slík vinnubrögð, ekki síst þegar hæstv. ráðherra sá ekki til þess sjálfur að með þessu frv. fylgdu gögn sem nauðsynleg voru til að nefndin gæti skoðað málið eðlilega en þau gögn snerta áhrif sölunnar á fjármagnsmarkaðinn og almenn efnahagsleg áhrif af þessari sölu. Það kom því í hlut stjórnarandstöðunnar við umfjöllun málsins í hæstv. efh.- og viðskn. að kalla eftir þeim gögnum og ýmsum áhrifum sem þetta frv. hefur en það er alveg ljóst að ekkert formlegt samráð var haft við fjármála- eða efnahagsstofnanir þjóðarinnar um söluna sem hefur greinilega borið nokkuð brátt að.

Ég held að það sé alveg ljóst eftir þessa umfjöllun, og var raunverulega vitað fyrir, að engin stefnumótun liggur fyrir eða fyrir fram mótaðar áætlanir um æskilega framtíðarþróun á fjármálamarkaði né tímasettar áætlanir gerðar um hvernig framhald verður á sölu bankanna. Ég held að flestir sem komu til umræðu við nefndina hafi tekið undir að það væri mjög nauðsynlegt að slík stefnumótun og fyrir fram mótaðar áætlananir lægju fyrir áður en að sala á hlut úr bönkunum fer fram.

Auðvitað liggur í hlutarins eðli að enginn tími gafst til að senda málið til formlegrar umsagnar. Þeir sem mættu á

fund nefndarinnar höfðu mjög nauman tíma til að kynna sér málið og koma fram með afstöðu sína, en við fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni kölluðum eftir ýmsum skriflegum athugasemdum um ýmis álitaefni, frá Seðlabanka, Þjóðhagsstofnun, Fjármálaeftirliti, Verðbréfaþingi, Samkeppnisstofnun, Samtökum verðbréfafyrirtækja, sem þessir aðilar létu nefndinni skriflega í té og þau fylgja með nál. 1. minni hluta sem ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir stöndum að.

Það er alveg rétt sem fram kom í máli framsögumanns nefndarinnar að ef menn standa frammi fyrir þessum tveim kostum, að selja hlut úr bönkunum eða að nýta heimild til útboða á nýju hlutafé, er þetta auðvitað skynsamlegri kostur sem ríkisstjórnin hefur valið til þess að uppfylla skilyrði Verðbréfaþings um dreifingu hlutafjár. Þó ber að halda því til haga að frestur til að uppfylla þessar reglur rennur ekki út fyrr en um mitt næsta ár en nefndinni voru, eins og ég sagði, ætlaðir tveir dagar til þess að afgreiða þetta mál í miklum flýti. Jafnvel þótt sá kostur sé valinn að selja hlutabréf úr bankanum er nokkuð hæpið að halda því fram að þessi sala leiði ekki til einhverrar þenslu en það ræðst fyrst og fremst af hegðun kaupenda hlutafjárins og hvort líklegt sé að fjárfesting í þessum hlutabréfum komi í stað annars sparnaðar og síðan hvort þeir sem ætla út í þessi kaup taki lán fyrir kaupunum í von um hagnað. Þá ýtir það undir þenslu í þjóðfélaginu, ekki síst ef þeir innleysa fljótlega hugsanlegan hagnað sem er síðan notaður til einkaneyslu. Það sem skiptir einnig máli um áhrifin er hvernig ráðstafa á söluandvirðinu.

Þá kem ég að hæstv. viðskrh., vegna þess að nokkuð var gengið eftir því við 1. umr. málsins, hvernig ætti að ráðstafa söluandvirðinu. Það eina sem fram kom hjá hæstv. ráðherra var að söluandvirðinu yrði annaðhvort ráðstafað til sparnaðar eða fjárfestingar. Þeir aðilar sem komu á fund nefndarinnar, eins og Seðlabanki og Þjóðhagsstofnun, vara við því að andvirðinu sé ráðstafað til fjárfestingar. En um það sagði Seðlabankinn að ef fjárfesting hins opinbera á komandi ári ykist sem því næmi, mundi það auka eftirspurn og verðbólgu. Í sama streng tekur Þjóðhagsstofnun, en í áliti þeirra kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta: „Frá sjónarmiði hagstjórnar er æskilegt við núverandi aðstæður að ríkið auki ekki útgjöld sín, þar með talið fjárfestingar. Slíkt yki eftirspurn og verðbólguhættu.“ Einnig sagði í skriflegu svari Seðlabankans að áhrifin af fyrirhugaðri sölu hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka á innlenda eftirspurn á fjármálamarkaði muni ráðast af þremur þáttum, þ.e. í fyrsta lagi eins og ég nefndi áðan hegðun fjárfesta varðandi neyslu, frestun og heildarsparnað og fjármögnun kaupanna, í öðru lagi af söluverði bréfanna í hlutfalli við markaðsverð og í þriðja lagi af því hvernig ríkissjóður ráðstafar andvirði sölunnar. Nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh. að því hvort hann muni upplýsa það frekar við umræður um þetta mál hvernig ríkisstjórnin áformar að verja andvirði af sölunni sem ég held að sé mjög mikilvægt að kallað sé eftir á þinginu.

Ég tel að það sé nokkuð stórt grundvallaratriði í málinu að fyrir liggi skýr stefnumótun og fyrir fram mótaðar áætlanir um framtíðarþróun á fjármálamarkaði, þar með talið hvort heppilegt sé að einkavæða bankastofnanir að fullu og þá tímaáætlanir um hvernig að því verður staðið. Á t.d. annar hvor bankinn að vera um einhvern tíma í meirihlutaeign ríkisins? Um þetta eru vissulega deildar meiningar og það hefur komið fram í umfjöllun málsins í nefnd að sú óvissa sem er núna á fjármálamarkaðnum hafi veruleg áhrif á markaðsvirði hlutabréfanna og líka á markaðsvirði þeirra bréfa sem eiga nú að fara í sölu. Það var nokkuð athyglisvert að fulltrúi verðbréfafyrirtækjanna, sem mætti fyrir nefndinni, nefndi það að þessi óvissa ætti að leiða til ákveðins afsláttar af markaðsvirði bréfa sem færu nú í sölu, og nefndi í því sambandi 10–15%, sem ætti þá að selja bréfin undir markaðsvirði vegna þeirrar óvissu sem er og að ekki séu til fyrir fram mótaðar áætlanir um framtíðarþróun á fjármálamarkaði eða tímasettar áætlanir hjá ríkisstjórninni um hvernig hún ætlar að standa að þessari sölu úr bönkunum. Þeir aðilar sem tóku undir það að nauðsynlegt væri að slíkar áætlanir lægju fyrir voru Seðlabanki, Verðbréfaþing, Samtök verðbréfafyrirtækja og Samtök bankamanna og fulltrúar starfsmannafélaga bankanna sem tóku undir það sem fram kemur hér og 1. minni hluti leggur áherslu á að fyrir liggi skýr stefnumótun og fyrir fram mótaðar áætlanir um framtíðarþróun á fjármálamarkaði og tímasettar áætlanir um áform ríkisstjórnarinnar varðandi sölu á bönkunum. Seðlabankinn bendir á að þegar viðskipti með hlutabréf eiga sér stað á almennum markaði sé jafnan talið æskilegt að fyrir liggi sem bestar upplýsingar um mikilvæg atriði sem varðað geta verð- og áhættumat markaðarins á bréfunum. Afstaða bankans er einnig sú að betra sé að sala ríkisfyrirtækja sé boðuð með góðum fyrirvara í því skyni að gefa sem flestum kost á þátttöku. Slík vinnubrögð auki eftirspurn sem að öðru jöfnu eykur verðgildi hlutar ríkissjóðs. Orðrétt segir Seðlabankinn: „Sá fyrirvari sem nú er viðhafður telst tæplega „góður“ í þessu sambandi.“

Formaður Sambands bankamanna og formenn starfsmannafélaga bankanna beina þeim eindregnu tilmælum til Alþingis og hæstv. viðskrh. að áætlanir um framtíð bankanna, sölu þeirra eða sameiningu verði mótaðar og kynntar starfsmönnum og öðrum hluthöfum bankanna hið fyrsta.

Það alveg ljóst að áætlanir og áform ríkisstjórnarinnar eru nokkuð óljós í þessu efni. Þess vegna er álit 1. minni hluta nokkuð ítarlegt því við erum að kalla eftir því að fá fram þessa stefnumörkun. Þó þingflokkur Samfylkingarinnar telji jákvætt að fara í þá sölu á hlutafé í bönkum sem hér er lögð til ber auðvitað að vara við því hvernig staðið hefur verið að undirbúningi málsins enda ýmis álitaefni og vafamál uppi eins og fram kemur í þessu nál. Þetta hlýtur að kalla á nokkra umræðu í þinginu. Það sem er uppi og væntingar eru um á markaðnum er sameining bankanna.

Um það var skrifuð nokkuð ítarleg grein í Morgunblaðið um síðustu helgi sem er mjög athyglisverð og varpar nokkru ljósi á stöðuna í þessum málum. En það er alveg ljóst, sem menn verða auðvitað að gera sér grein fyrir, að þegar þessi sala úr bankanum á 15% hlut er yfirstaðin og komi til einhver sameining hjá Íslandsbanka og Landsbanka eru hlutföllin þannig að ríkið sem rúmlega 70% eigandi í Landsbankanum er komið í minni hluta í slíkri sameiningu. Teljum við það æskilegt í þeirri þróun sem virðist núna vera á fullri ferð?

Það kemur fram í Morgunblaðsgreininni að ríkið mundi við þær aðstæður, ef af þessari sameiningu yrði, eiga um 40% í hinum sameinaða banka og núverandi hluthafar Íslandsbanka yrðu með heldur stærri hlut eða tæp 44% samkvæmt núverandi markaðsgengi. Við getum líka velt fyrir okkur hvort þetta sé æskileg þróun. Um það er mjög erfitt að segja vegna þess að menn hafa ekkert farið í að skoða áhrifin af þessu.

Það er nokkuð fróðlegt að bera þetta saman við þróunina í Evrópu, þ.e. ef af sameiningu á þessum bankarisa yrði,

en það orð notaði hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson í blaði í morgun um sameiningu á Íslandsbanka og Landsbanka. Hann varar reyndar við henni þannig að það er ljóst að ef þessi áform ganga eftir er greinilega ekki eining um þetta í ríkisstjórninni.

En ef við berum saman hvernig þetta er í Evrópu þá er ég með yfirlit yfir eina 20 banka í Evrópu. Þar er gerður samanburður á hlut fimm stærstu bankanna í þessum löndum og hlutdeild þeirra á markaðnum. Þar kemur fram að í 7 af um 20 löndum eru fimm stærstu bankarnir með svipaða hlutdeild og Íslandsbanki og Landsbanki yrði ef þessi áform gengju eftir sem ýmsir virðast hafa hug á. Við erum að tala um að markaðshlutdeild Íslandsbanka og Landsbanka yrði um 60–65% eftir slíka sameiningu þar sem Íslandsbanki yrði í meiri hluta á móti ríkinu. Í ýmsum löndum er mjög lítil markaðshlutdeild miðað við þetta. Þetta eru að vísu tölur frá 1995. Við getum nefnt Þýskaland, þar er markaðshlutdeild fimm stærstu bankanna, við vorum að líta á það, ekki nema um 12%, í Bretlandi 24%, í Lúxemborg 22% og enn minna á Ítalíu, Austurríki og Spáni. Portúgal er með 49%. Þetta er markaðshlutdeild svona bankarisa og það er miklu sjaldgæfara að finna þá í þessum löndum en t.d. í Hollandi og Sviþjóð og Grikklandi. Þar er markaðshlutdeild fimm stærstu bankanna — við verðum að líta til þess að við erum að tala um fimm stærstu bankana — á bilinu 60–80%. Þessu finnst mér rétt að halda til haga í umræðunni.

Síðan kemur fram í greininni hvert markmiðið er af því að við verðum að meta áhrifin af þessu. Við stefnum auðvitað að hagræðingu í bankarekstri. En þá er spurning: Eru hagræðing og samkeppni óásættanleg sjónarmið, að samruninn í bankakerfinu stuðli að samkeppni en leiði ekki til fákeppni? Valdasamþjöppun hjá fjármálastofnunum er nokkuð sem ég óttast.

Í Morgunblaðsgreininni er vitnað til þess og haft eftir bankastjóra Íslandsbanka að verði af þessari sameiningu muni það hafa í för með sér mikla hagræðingu og er talað um 15–20% eða meira, jafnvel yfir 25% og er talað um að þetta leiði til 1,5–2 milljarða sparnaðar. Ef hagræðingin nær 25–30% þá er verið að tala um sparnað upp á 2,5–3 milljarða. Auðvitað er mikilvægt að stefna að slíkri hagræðingu.

En þá er spurning: Hverju mun hún skila? Mun hún skila sér í lækkun á þjónustugjöldum eða mun hún skila sér fyrst og fremst í aukinni arðsemi til eigenda? Ég hygg að það verði alveg örugglega þannig hjá þessum aðilum, að ef af sameiningunni verður þá hafi aukin arðsemi til eigenda meiri forgang en að það skili sér í lækkuðum þjónustugjöldum til viðskiptavina bankanna. Við verðum líka að hafa í huga, vegna þess að við verðum að skoða þetta í samhengi, að þessi sameining mundi örugglega leiða til verulegrar fækkunar á starfsmönnum. Talað er um að slík hagræðing, sem skilar lækkun útgjalda upp á kannski 15–20%, mundi fækka starfsfólki um 200–300 manns. Það er verið að tala um fækkun á útibúum um 20–30.

Nú er alveg örugglega nauðsynlegt mál að skoða hagræðingu með fækkun útibúa en við verðum þó alltaf að hafa í huga að það skili sér þó þannig að landsbyggðin fái eðlilega bankaþjónustu og að ekki dragi úr henni.

Þegar maður skoðar hvert þetta skilar sér og skoðar þá hagræðingu sem hefur verið að ganga yfir á undanförnum árum og skoðar það í þeirri kennitölu sem þjónustugjöldin eru að þá er það svo athyglisvert að Íslandsbanki, sem er einkabanki, er með hæstu þjónustugjöldin. Sem hlutfall af efnahagsreikningi voru þjónustugjöldin í Íslandsbanka 1,99% árið 1995 en er 1,82% 1998, hlutdeildin hefur sem sagt lækkað, en hún er a.m.k. hærri en bæði hjá Landsbanka og Búnaðarbanka en er lægst hjá sparisjóðunum. Íslandsbanki, þessi einkarekni banki virðist því tregari til þess að lækka þjónustugjöld. Á móti kemur hagræðingin væntanlega út í aukinni arðsemi til eigendanna. Þetta er spurning um hvaða markmiðum menn vilja ná.

Skoðun mín er sú að við eigum auðvitað að nýta okkur kosti markaðarins eins og hægt er. En við verðum þá a.m.k. að halda þannig á málum að það skili sér til almennings í aukinni þjónustu og lækkuðum gjöldum.

Þegar við horfum á þessa sameiningu, ef hún gengur eftir, hafa margir miklar athugasemdir við þetta. Svo ég vitni aftur í greinina kemur athugasemd um þá yfirburðastöðu sem þessir bankar mundu hafa í samkeppninni og frá forsvarsmönnum Búnaðarbanka og sparisjóða koma fram athugasemdir. Vitnað er í ónafngreindan bankamann og þar segir orðrétt:

„Það sér hver maður í hendi sér, að með því yrði samkeppnismarkaðurinn eyðilagður. Við verðum að gera það upp við okkur hvernig þjóðfélag við viljum skapa. Við höfum búið við frjálst hagkerfi þar sem semkeppnin hefur ráðið. Því yrði stefnt í voða," segir einn af forustumönnum sparisjóðanna. Bendir hann á að sameinaður Lands- og Íslandsbanki hefði yfirburðastöðu, nefnir reyndar allt að 65% markaðshlutdeild, og réði yfir 70–80% af gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar. „Aðrir aðilar á markaðnum mundu ekki geta átt frjáls viðskipti, verðmyndun krónunnar færi fram innan veggja þessa banka. Ég stórefa það að nokkur þjóð sé tilbúin að afhenda einum viðskiptabanka vald til að ráða gengi gjaldmiðilsins." — Þetta segir þessi forustumaður í sparisjóðunum.

Síðan kemur fram, sem ég tel nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari og ekki síst í tilefni af því sem fram kom í Degi í morgun, en þar nefnir hæstv. landbrh., Guðni Ágústsson, að það þurfi að styrkja Búnaðarbankann. Ég vitna orðrétt í Dag, með leyfi forseta:

„Guðni Ágústsson, fyrrum formaður bankaráðs Búnaðarbankans, segir að ef menn ætli að sameina Íslands- og Landsbanka verði að styrkja Búnaðarbankann til að gæta mótvægis á markaðnum. Hann hafnar sameiningu Búnaðarbanka og sparisjóða."

Síðan eru ákveðnar leiðir nefndar til þess að styrkja hann. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því, þar sem bæði kemur fram hér hjá Guðna Ágústssyni og einnig kemur fram í þessari Morgunblaðsgrein að hugmyndin „... um sölu Landsbankans á eignarhlutnum í VÍS gæti fallið að þessu," — þ.e. því sjónarmiði að styrkja Búnaðarbankann — „og þá sérstaklega ef núverandi meðeigendur Landsbankans að fyrirtækinu keyptu hlut bankans og tryggingafélagið sameinaðist síðan Búnaðarbankanum. Mundu núverandi helmingseigendur VÍS/LÍFÍS ná með því ráðandi hlut í Búnaðarbankanum ..."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því, sem er reyndar erfitt að halda hér í salnum, og ég vona að hann heyri spurningu mína: Kemur þetta til greina, er hæstv. ráðherra þessu meðmæltur að eignarhluti í VÍS yrði notaður til þess að styrkja Búnaðarbankann og skapa meira jafnræði milli bankanna?

Ég held, með tilliti til alls þessa sem hér hefur verið sagt, að áður en farið yrði í frekari einkavæðingu væri a.m.k. æskilegt að fram færi úttekt á áhrifum frekari einkavæðing-

ar á fjármálamarkaðnum, sérstaklega ef á að ráðast í slík bankaviðskipti. Þá er ég að tala um áhrifin á markaðsvexti, á hlutabréfamarkaðinn, á erlend lánskjör, markaðshlutdeild innlendra banka, lánastefnu og áhrif á byggð og atvinnuvegi, þjónustu við viðskiptavini, starfsöryggi og atvinnustig í bankakerfinu, öryggi innstæðna og stöðu tryggingarsjóðs og líkur á hagkvæmari rekstri bankanna og bættri samkeppnisstöðu, auk mats á fákeppni og/eða einokunartilhneigingum í bankakerfinu og á fjármálamarkaði. Samkvæmt upplýsingum samkeppnisyfirvalda hefur ekki verið lagt mat á samkeppnisaðstæður á markaðnum fyrir innlánsstofnanir og hvaða þróun sé æskilegust í því tilefni til að sporna gegn valdasamþjöppun og fákeppni. Telja verður að það sé afar óheppilegt með tilliti til hugsanlegs samruna innlánsstofnana sem ýmsir ætla að geti orðið þegar á næsta ári.

Allt þetta rökstyður það sjónarmið mitt að vinnubrögðin við sölu hlutabréfa í fjármálastofnunum séu ómarkviss og handahófskennd sem eykur á óvissuna á fjármálamarkaðnum, m.a. um verð- og áhættumat á hlutabréfum og starfsöryggi bankastarfsmanna.

Auðvitað sjá allir í hendi sér að mjög mikil óvissa er varðandi starfsöryggi bankastarfsmanna þegar fram kemur hjá forsvarsmönnum Íslandsbanka að ef af sameiningu bankanna yrði þá gæti það leitt til þess að starfsmönnum fækkaði um 200–300. Ég held að hagræðingin sem orðið hefur og verið hefur nauðsynleg hafi fyrst og fremst falist í fækkun starfsmanna í bönkunum. Við höfum ekki svo mikið af henni í lækkun á þjónustugjöldum.

Maður hlýtur líka að velta fyrir sér hvort hér stefni í mikla valdasamþjöppun og fákeppni. Margt bendir til að salan á hlutafé í bönkunum nú sé undanfari samruna í bankakerfinu á næstunni sem gæti leitt til mikillar og óæskilegrar valdasamþjöppunar í bankakerfinu ef ekki er rétt staðið að málum. Auðvitað er nauðsynlegt að Alþingi samþykki leikreglur fyrir fjármálamarkaðinn sem stuðla að dreifðri eignaraðild og gera eftirlitsstofnunum eins og Fjármálaeftirliti og Samkeppnisstofnun kleift að sinna eftirlitsskyldu sinni. Ég vil í því sambandi minna á frumvörp sem Samfylkingin hefur lagt fram á þingi sem eru mjög nauðsynleg til þess að skapa eðlilegar og réttar leikreglur á fjármálamarkaðnum. Þar á ég við frv. um Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlitið, auk þingsályktunartillögu er varðar viðskiptasiðferði. Ríkisstjórnin hefur reyndar líka lagt fram frumvarp til að styrkja Fjármálaeftirlitið en það er ekki á forgangslista hennar að afgreiða málið fyrir jól. Það er miður vegna þess að við í Samfylkingunni hefðum gjarnan viljað sjá, samfara sölunni, þessi frv. verða að lögum.

Ég vona, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé nú einhvers staðar tiltækur til þess a.m.k. að hlýða á þær spurningar sem ég legg fyrir hann. Ég geri ekki meiri körfur til ráðherrans en að hann hlýði á þær spurningar sem fyrir hann eru lagðar.

(**Forseti** (HBl): Forseti tekur undir með hv. þm. Ráðherra á að vera kunnugt um ítrekaðar óskir um að hann sé viðstaddur.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir.

Ég beindi áðan einni spurningu til ráðherrans — nú hef ég spurt tveggja spurninga og vona að hann haldi þeim til haga — um ráðstöfun söluandvirðisins. Hvaða skoðun hefur hann á því að styrkja Búnaðarbankann? Flokksbróðir hans og hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson leggur til að styrkja þurfi bankann með þeim hlut sem Landsbankinn á í VÍS. Ég tel nauðsynlegt að fá að vita hvort ráðherrann hafi þá skoðun að t.d. þurfi að styrkja Búnaðarbankann með þessum hætti.

Við í Samfylkingunni höfum lagt á það áherslu að brýnt sé að fram fari könnun á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi og á fjármálamarkaði. Undir forustu Sighvats Björgvinssonar höfum við lagt fram skýrslubeiðni, beiðni um að Samkeppnisstofnun verði falið að gera könnun á stjórnunar- og eignatengslum frá árinu 1994, þegar það var síðast gert af hálfu Samkeppnisstofnunar. Sú stofnun hefur upplýst nefndina um að þeirri vinnu muni ekki ljúka fyrr en síðla næsta árs.

Verra er og því beini ég til ráðherra: Stofnunin hefur ekki enn fengið beiðni um þessa úttekt þrátt fyrir að skýrslubeiðni Samfylkingarinnar hafi verið samþykkt á Alþingi fyrir rúmum tveimur mánuðum. Raunar á ráðherra að vera búinn að leggja fram svar við skýrslubeiðninni. Það er náttúrlega ekki hægt að búa við að hæstv. ráðherra hafi ekki einu sinni framsent beiðnina til Samkeppnisstofnunar svo hún geti farið að vinna þetta mál.

Ég vona að hæstv. forseti taki eftir þessu. Samkvæmt þingsköpum Alþingis sem við eigum að vinna eftir, líka ráðherrarnir, á að vera búið að svara þessari skýrslubeiðni. Hún hefur hins vegar ekki enn verið send Samkeppnisstofnun formlega. Þetta eru vinnubrögð sem átelja ber harðlega. Í þeirri miklu umræðu sem nú fer fram um sameiningu banka, hvort hún ýti undir fákeppni eða stuðli að samkeppni, væri auðvitað mikilvægt ef Samkeppnisstofnun hefði ráðist í að skoða stjórnunar- og eignatengsl á fjármálamarkaði. Samkeppnisstofnun hefur ekki farið í það mál og ekki lagt mat á samkeppnisaðstæður á markaðnum fyrir innlánsstofnanir. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki nauðsynlegt, áður bankastofnanir yrðu sameinaðar sem menn eru að gera skóna að verði þegar á næsta ári, að þessi úttekt Samkeppnisstofnunar liggi fyrir.

Ég vil aðeins víkja að stöðunni á hlutabréfamarkaðnum. Það sem einnig kallar á skýra stefnumótun á fjármálamarkaði er ört vaxandi hlutabréfaeign landsmanna. Áætlað er að 79 þús. einstaklingar og lögaðilar eigi nú hlutabréf en ekki liggja fyrir upplýsingar um heildarmarkaðsvirði þeirra, þar skortir vitneskju um þau fyrirtæki sem ekki eru á skráðum hlutabréfamarkaði. Heildarmarkaðsvirði skráðra hlutafélaga á Verðbréfaþingi Íslands er án hlutabréfasjóða um 318 milljarðar kr. Hlutabréfaeignin hefur sjöfaldast frá árinu 1995, en þá var hún um 45 milljarðar kr. Í áliti Verðbréfaþings kemur fram að framboð á hlutabréfum á næstu vikum verði um 5,1 milljarður kr. vegna bankanna og um 800 millj. kr. vegna útboðs á öðrum hlutabréfum og stofnbréfum sparisjóða. Þar af er 732 millj. kr. beint til núverandi hluthafa félaganna eða forgangsréttarhafa. Auk þess er bent á útboð hlutabréfasjóða sem selja hvað mest í desember. Í áliti Seðlabankans kemur fram að ýmis hlutafélög munu hafa áformað útgáfu hlutabréfa nú í desember en að sala hlutafjár á vegum ríkissjóðs í bönkunum kunni að raska markaðsstöðu þessara aðila og rýra sölumöguleika þeirra.

Nú veit ég út af fyrir sig ekki hvort þetta er rétt. Fróðlegt væri að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra í því efni.

Næst langar mig að koma að álitaefnum í útboðslýsingunni. Eins og einkavæðingarnefnd hefur lagt fyrir hæstv. ráðherra og mér skilst að ráðherra hafi samþykkt — ef ég skil málið rétt þá er ég ekki að upplýsa neinum leyndarmálum varðandi útboðslýsinguna — verður fyrirkomulagið á þessari sölu kynnt opinberlega í dag. Mér finnst full ástæða

til að hafa af því nokkrar áhyggjur hvernig sölunni skuli háttað.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur lagt til við viðskrh. að gengi á bréfunum verði ákveðið 7% undir meðalgengi í bönkunum síðustu sjö daga og 9% lægra en meðalgengi bréfanna síðustu 30 daga. Þannig gæti 15% hlutafé í bönkunum verið selt 350–400 millj. kr. undir markaðsvirði miðað við þennan mun á markaðs- og tilboðsgengi þegar salan fer fram. Svo mikið frávik frá markaðsvirði er ótækt.

Það má vel vera að einhver frávik séu nauðsynleg með tilliti til þeirrar óvissu sem er á markaðnum núna og ýmsir aðilar sem komu á fund nefndarinnar bentu á en svo mikil frávik eru óásættanleg. Þeir sem komu á fund efh.- og viðskn. vöruðu við þessum áformum. Þarna er verið að selja ríkiseign, hluta úr bankanum, langt undir markaðsvirði ef þannig færi á söludegi, sem enginn veit þó af því að gengið sveiflast upp og niður. En frávikið sem ríkisstjórnin áformar hér er allt of mikið.

Fulltrúar Seðlabankans bentu á að ef selt er á undirverði sé hugsanlegt að salan virki eftirspurnarhvetjandi og líklegra að leitað yrði í skammtímagróða. Þannig er líklegt að freistingum til að taka lán til hlutabréfakaupa fjölgi þar sem markmiðið væri að selja fljótt aftur í von um gróða. Þetta eykur líkur á að kennitölufárið endurtaki sig og er þensluhvetjandi.

Forsvarsmenn starfsmanna í bönkunum, formaður Samtaka bankamanna og fulltrúar starfsmannafélaga, töldu óeðlilegt að bréfin væru seld undir markaðsvirði. Þjóðhagsstofnun benti á að eðlilegt væri að útboðsgengi viki ekki langt frá markaðsgengi sem gæti haft óæskileg áhrif á markaðinn. Hugsanlegt væri að það truflaði verðmyndun hlutabréfa bankanna sem fyrir eru á markaði, a.m.k. til skamms tíma. Ég tel að þegar útboðslýsingin verður birt víki útboðsgengið mjög langt frá markaðsgengi.

Athyglisvert var að þeir einu sem mæltu með að hlutabréfin yrðu seld undir markaðsvirði voru fulltrúar verðbréfafyrirtækjanna. Rök þeirra voru m.a. að engin stefnumótun lægi fyrir um framtíðaráform um fjármálamarkaðinn eða sölu hlutabréfa í bönkum eða ríkisfyrirtækjum. Slíka óvissu þyrfti að verðleggja með afslætti sem þeir töldu ekki óeðlilegt að kæmi fram í 10–15% lægra gengi á bréfunum við sölu.

Ég ætla að halda til haga öðru sem mér athyglisvert í máli fulltrúa verðbréfafyrirtækjanna. Þeir töldu að ætla mætti að a.m.k. helmingur af hækkun á gengi bréfa Landsbankans á síðustu mánuðum væri vegna væntinga um sameiningu Landsbanka og Íslandsbanka. Þetta segir nokkra sögu um hlutabréfamarkaðinn og þá miklu óvissu sem ríkir á honum, um væntingar margra og ekki síst ýmissa sem tengjast kolkrabbanum fræga. Þess er vænst að af þessari sameiningu verði vegna þess að þá ná þeir til sín meiri hluta í sameinuðum Íslandsbanka og Landsbanka umfram ríkið.

Í útboðslýsingunni eru ekki settar reglur sem skilgreini skilyrði um skyldleika og/eða tengsl aðila sem kaupa hlutabréf í bönkunum í tilboðssölu líkt og gert var við söluna á eignarhluta ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þar taldi ríkisstjórnin ástæðu til þess að skilgreina skilyrði um skyldleika og tengsl aðila sem kaupa hlutabréf í bönkunum í tilboðssölu, væntanlega af því að hæstv. forsrh. var þá hræddur um að aðilar sem ekki voru honum að skapi eignuðust allan Fjárfestingarbankann. Hér er ekki talin ástæða til að skilgreina skilyrði um skyldleika eða tengsl aðila sem kaupa hlutabréf í bönkunum. Sé það ekki gert eykur það hættu á samþjöppun valds og gengur gegn markmiðum um dreifða eignaraðild.

Í fyrirkomulagi á tilboðssölunni er einungis kveðið á um að sett verði hámark á hvað hver kaupandi megi kaupa og skal miðað við að hver aðili megi kaupa að hámarki 1% af hlutafé bankans. Þannig getur hver kaupandi gert tilboð í 370 millj. kr. hlut í báðum bönkum eða 150 millj. kr. í Búnaðarbanka og 220 millj. kr. í Landsbanka, miðað við núverandi gengi. Heildarmarkaðsvirði tilboðshlutans í sölunni er miðað við núverandi gengi um 1.850 millj. kr. Þar sem engar reglur eru settar eða skilyrði um skyldleika og/eða tengsl kaupenda er ljóst að möguleikar eru á því strax í frumsölunni að tengdir aðilar geti náð til sín öllu hlutafénu sem selt verður í tilboðssölunni. Þannig getur eitt stórt fyrirtæki og kannski þrjú dótturfyrirtæki þess tekið til sín allan tilboðshlutann, sem er á núverandi gengi um 1.850 millj. kr.

Það vekur furðu og það er jafnframt tortryggilegt að ríkisstjórnin sem í orði kveðnu talar um dreifða eignaraðild fjármálastofnana skuli standa að sölunni með þessum hætti.

Herra forseti. Nú vantar mig enn hæstv. ráðherra sem er mjög órór og helst ekki við í salnum, vegna þess að ég hef eina viðbótarspurningu sem verður hugsanlega lokaspurningin til ráðherrans.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég tek undir með hv. þm. um að menn ættu helst að hafa lokið morgungöngu sinni áður en þeir koma í þingsali.)

Ég get vel tekið undir það með hæstv. forseta. Það þarf með einhverjum hætti að líma ráðherrann við stólinn svo hann haldist hér og geti svarað spurningum. Mér finnst það nú betra því það flýtir fyrir umræðunni og þá þarf ég ekki að endurtaka það sem ég er hér að segja þannig að mér finnst það nú betra.

Það er engin ástæða, svo það sé nú skýrt tekið fram, til þess að tefja framgang þessa máls á neinn hátt. Ég vil bara fá svör við eðlilegum spurningum sem vakna við umfjöllun málsins.

(**Forseti** (HBl)**:** Þau skilaboð hafa borist að von er á hæstv. ráðherra fljótlega.)

Herra forseti. Takk fyrir. Ég bíð alveg róleg eftir því. Ég get alveg staðið í stólnum nokkrar mínútur þegjandi. Mig munar lítið um það.

Herra forseti. Nú gengur hæstv. ráðherra í salinn. Hæstv. viðskrh. hefur lagt ofurkapp á samvinnu við okkur stjórnarandstæðinga um hraða afgreiðslu málsins á þingi. Þegar svo er á hæstv. ráðherra auðvitað sjálfur að reyna að greiða fyrir þingstörfum með því að vera viðstaddur umræðuna og hlífa okkur við þeim óróleika sem einkennir allt fas hans núna. Við í Samfylkingunni höfum svo sannarlega greitt fyrir þingstörfum og verið mjög samvinnufús við ráðherra varðandi þetta mál þó að það sé stórt og ýmis álitaefni uppi.

Af því að ég var að tala um útboðslýsinguna þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra í fyrsta lagi um gengið á bréfunum. Tilboðsgengið víkur verulega frá markaðsgenginu eins og það er núna. Síðan nefndi ég að ekki eru skilgreind nein skilyrði um skyldleika og/eða tengsl aðila sem kaupa hlutabréf í bönkunum með líkum hætti og var gert mjög skilmerkilega þegar sala fór fram á hlut ríkisins í FBA. Þá kom það mjög vel fram í fjórum liðum hvað átt væri við með hugtakinu „skyldir aðilar og/eða fjárhagslega tengdir“, vegna þess að þá var ríkisstjórnin að reyna að ná þeim markmiðum að stuðla að dreifðri eignaraðild. Þess vegna vekur það furðu

af hverju þetta er ekki gert núna í útboðslýsingunni. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé nú tilbúinn til samstarfs um það að þessu verði bætt inn í útboðslýsinguna, að þannig verði reynt að stuðla að sem dreifðastri eignaraðild og að sú áhætta verði ekki tekin að allur hlutinn, sem er upp undir tveir milljarðar kr., lendi í vasa eins aðila.

Við skulum segja að Íslandsbanki og aðilar honum tengdir hefðu áhuga á að ná til sín þessum hlut í tilboðssölunni til þess að styrkja kannski samningsstöðuna í viðræðunum við Landsbankann. Er það æskilegt, af því að við erum nú að hugsa líka um hagsmuni ríkissjóðs og skattgreiðenda við þessa sölu? Þess vegna spyr ég: Er hæstv. ráðherra reiðubúinn til samstarfs við okkur um að bæta þessu í útboðslýsinguna?

Ég get fljótlega farið að ljúka máli mínu, herra forseti, en nokkrum atriðum vil ég vekja athygli á og spyrja hæstv. ráðherra um eitt eða tvö til viðbótar. Það vakti athygli mína í morgun í einu dagblaðanna, Degi, að vísað er í stjórnmálavef Sambands ungra framsóknarmanna. Ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra hafi lesið það svo ég ætla að lesa það orðrétt upp og spyrja hæstv. ráðherrann hvort hann sé sammála þessu. Þar er verið að tala um áform um sameiningu Íslandsbanka og Landsbanka sem ungir framsóknarmenn eru greinilega mjög mikið á móti. Þeir segja á þessum vef sem heitir Maddaman, með leyfi forseta:

„Eini rétti leikur ríkisins í þessari stöðu er að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann, ná þannig fram hagræðingu og skapa verðamætari eign sem síðan yrði seld. *Tilgangurinn yrði tvíþættur.* Í fyrsta lagi að *fá sem mesta* fjármuni fyrir þessar eigur landmanna og í öðru lagi að ríkisvaldið léti markaðinn sjálfan um hagræðingu í bankakerfinu með sölu á nýja stóra ríkisbankanum í stað þess að hjálpa einni bankastofnun í einkaeigu umfram aðra að ná yfirburðarstöðu á íslenskum bankamarkaði.

Maddaman segir: Fótumtroðum sérhagsmuni, stöndum vörð um almannahagsmuni."

Þetta er eins og talað út úr mínu hjarta. Ég spyr því varaformann Framsfl. og hæstv. viðskrh. hvort hann sé sammála ungum framsóknarmönnum sem hafa þessa framtíðarsýn um bankakerfið, að það beri að fara þá leið að fótumtroða sérhagsmuni og standa vörð um almannahagsmuni.

Þeir benda á þá leið að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann. Það er svo merkilegt að þegar það var í umræðunni, þá kom fram mikil vandlæting hjá Íslandsbankamönnum sem sögðu að þetta yrði nú allt of stór eining á markaðnum, mundi stuðla að fákeppni og aðilar á markaðnum gætu ekki keppt við svona bankarisa. En það heyrist ekkert slíkt frá þeim þegar í umræðunni er að sameina Landsbanka og Íslandsbanka.

Ég spyr því hæstv. ráðherra sem sagði árið 1993 að koma ætti í veg fyrir að bankakerfið yrði brotið niður þannig að það passaði í ginið á kolkrabbanum — ég kann þetta nú orðið utan að — hvort hann sé sammála þessari leið. Nú er ég ekki að segja að ég sé endilega sammála henni. En fróðlegt væri að vita hvort hann sé sammála ungum framsóknarmönnum að því er varðar þessa sýn á samrunaferli í ... (**VE:** Það væri nokkuð merkileg sameining ef þeir sameinuðust, ungir jafnaðarmenn og ungir framsóknarmenn.) Það væri nú enn nærtækara í mínum huga að sameiningin ætti sér stað hjá Sjálfstfl. og Framsfl. sem ég sé orðið engan mun á. Það er nú nærtækari sameining. Datt ekki einhverjum sjálfstæðismanni í hug í hug að það væri æskileg staða í stjórnmálunum? (**Gripið fram í:** Prófessor í stjórnmálafræði við háskólann.) (**VE:** Þetta eru miklir samfylkingartímar.)

Síðan hefur eitt vakið athygli mína sem fram kemur í gögnum frá iðn.- og viðskrn. og lagt var fram í efh.- og viðskn. Þar var spurt um útlánatöp Landsbanka og Búnaðarbanka árið 1998. Fyrir tveimur árum fengum við útlánatöpin í bönkunum, Landsbanka og Íslandsbanka, sem voru nú mjög mikil. En hér kemur fram um útlánatöp Búnaðarbankans, eða það sem kemur fram á afskriftareikningi, að á milli áranna 1997 og 1998 var á afskriftareikningi í Búnaðarbankanum 399 millj. kr., 1998 eru það 678 milljónir. Hver er skýringin á þessari miklu aukningu á afskriftareikningi? Þetta vakti forvitni mína og ég held að það væri mjög gott að fá þetta fram. Ég veit að þessi umræða mun kannski standa nokkuð fram eftir degi þannig að ráðherrann hefur tíma til þess að afla sér þessara upplýsinga. Mér finnst fróðlegt að fá það fram.

Ég vil líka nefna í sambandi við áform um sameiningu á bönkunum, hugsanlega á næsta ári, að fulltrúar starfsfólks sem komu á fund nefndarinnar komu fram með mjög mikilvægar upplýsingar sem við hljótum að velta fyrir okkur í þeirri stöðu sem bankakerfið er í núna og þeirri hagræðingu sem fer þar fram. Hjá bönkunum í Danmörku, Svíþjóð og Noregi sem þeir nefndu sem dæmi og hafa verið hlutafélagavæddir og einkavæddir, eiga fulltrúar starfsmanna sæti í bankaráði. Þar er sem sagt atvinnulýðræðið greinilega virkt vegna þess að þar eiga starfsmenn fulltrúa í starfsmannaráði. Og ekki bara einn, heldur eru þeir tveir í Danmörku, tveir í Svíþjóð og sá sem þetta upplýsti, formaður Samtaka bankamanna, vissi ekki hvort þeir eru einn til tveir í Noregi.

Herra forseti. Kemur ekki til greina að slíkt verði hér líka? Hvert er mat ráðherrans á því? Ráðherrann hafði öll tök á málinu meðan bankarnir höfðu ekki verið hlutafélagavæddir. Það er verra um vik núna. Að vísu er bankinn enn í meirihlutaeign ríkisins þannig að ráðherrann hefur þar viss ítök og hann skipar bankaráðið. Telur hann ekki koma til greina að starfsmennirnir eigi fulltrúa í bankaráðinu? Ég veit ekki annað en það hafi reynst mjög vel hjá þessum þjóðum, Danmörku, Svíþjóð og Noregi, að starfsmennirnir ættu fulltrúa í bönkunum.

Þeir nefndu eitt, að þessi órói í bönkunum væri vegna þess að mikið væri ýtt á fólk sem orðið er 60 ára að gera starfslokasamninga og stundum gegn vilja þess til að fækka í bönkunum. Það er mikið áhyggjuefni í bönkunum núna hver framtíðin á bankamarkaðnum og fjármálastofnunum verður vegna þess að spurning er um starfsöryggi starfsfólksins.

Ég held, herra forseti, að ég láti hér staðar numið og láti máli mínu lokið. Ég taldi nauðsynlegt að fara nokkuð ítarlega yfir álitaefni og hnökra í vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Ég tel að það hljóti að vera grundvallaratriði að vönduð vinnubrögð séu viðhöfð við sölu á eignum ríkissjóðs, hvort sem um er að ræða banka eða ríkisfyrirtæki vegna þess að áhrifin af slíkri sölu eru margvísleg og þingmönnum er nauðsynlegt að hafa heildarmyndina fyrir framan sig þegar verið er að ráðast í einkavæðingu og sölu á hlut ríkisins eins og í bönkunum. Slík vinnubrögð vill ríkisstjórnin greinilega ekki viðhafa vegna þess að hún gerði lítið í því að kanna áhrifin af þessari sölu, eins og ég kom að í upphafi máls míns. Og það sem verra er, að ef við erum að fara út í stóra samruna í bankakerfinu núna kannski á næstu mánuðum, þá er það grundvallaratriði í mínum huga að menn hafi skoðað ítarlega og til hlítar öll áhrifin af slíkum samruna. Vegna

þess að það getur ekki verið æskilegt ef þannig er stuðlað að málum að mikil valdasamþjöppun verði í bankakerfinu og hjá lánastofnunum og þannig verði haldið á málum að við séum að ganga þar inn í mikla fákeppni. Það er ekki til hagsbóta fyrir almenning. Með því erum við ekki að stuðla að því að styrkja almannahagsmuni eins og ungir framsóknarmenn vilja gera, heldur erum við þar að stuðla að og vernda sérhagsmuni. Það er ekki æskileg þróun í samrunaferlinu ef stórir aðilar sem eiga markaðsráðandi hlut í atvinnugreinum eins og olíufélögum, tryggingafélögum og flutningastarfsemi eigi síðan meiri hlutann í fjármálastofnunum. Það bara gengur ekki upp í mínum huga og gengur gegn öllu því sem mér finnst að eigi að vinna að í stjórnmálum, þ.e. að vinna að almannahagsmunum og gegn sérhagsmunum.

Það er þess vegna, herra forseti, sem ég hef haft langt mál um frv., ekki af því að ég sé endilega á móti sölunni á þeim hlut sem hér fer fram, heldur er ég að kalla eftir vönduðum vinnubrögðum og upplýsingum um áhrifin af sölunni og þeim áformum sem fram undan eru.

Það skulu vera lokaorð mín hér, herra forseti, að þetta frv. er á margan hátt jákvætt, þ.e. fyrirhuguð sala, en það vantar að vega og meta áhrifin og fá fram nauðsynleg gögn og upplýsingar og að móta framtíðaráætlanir um stefnuna til að eyða þeirri óvissu sem er á fjármálamarkaðinum.

[11:49]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Lagabreytingin er ekki mikil að vöxtum en þar segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að selja af hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. 15% hlut í hvorum banka fyrir sig. Frekari sala á hlutafé í eigu ríkissjóðs í hlutafélagabönkunum er óheimil án samþykkis Alþingis."

Svo mörg voru þau orð en 2. gr. frv. kveður á um að lög þessi skuli öðlast þegar gildi.

Hvers vegna skyldi liggja svo mikið á að keyra frv. í gegnum Alþingi? Jú, það eru að koma jól. Fólk fer að kaupa jólagjafir og það getur fengið skattafslátt um áramótin og þess vegna verður að flýta þessu fyrir hátíðar. Þetta eru í alvöru talað rökin sem ríkisstjórn Íslands færir fram fyrir því að selja hlut almennings í þessum tveimur ríkisbönkum, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Það eru að koma jól. (**Viðskrh.:** Og gefa sparnað í jólagjöf.) Að gefa sparnað í jólagjöf, segir hæstv. iðn.- og viðskrh. og staðfestir hér með þá röksemd sem margir hafa án efa tekið sem grín en er alvara málsins, vegna þess að það er ekkert sem knýr á um þessa sölu núna annað en þetta.

Samkvæmt reglum sem gilda á Verðbréfaþingi yrði að vera búið að ganga frá því að ríkið losaði sig við 25% hluta í ríkisbönkunum fyrir 1. júní, fyrir mitt næsta ár. Ef ríkisstjórnin ætlaði að verða við þessu þá er það að sönnu rétt að ráðast þyrfti í þessar breytingar fyrir þann tíma en ekki núna fyrir áramót. Reyndar er ég því andvígur að yfir höfuð verði ráðist í þessar breytingar, hvað sem viðkemur reglum sem gilda á Verðbréfaþinginu. Ég held að hagsmunir þjóðarinnar allrar eigi að vega hér þyngra.

Að undanförnu hefur farið fram í þjóðfélaginu mikil umræða um fjármálastofnanir landsins, um bankana, og þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar í þessari umræðu hafa verið harla misvísandi. Hæstv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, hefur talað mjög í véfréttastíl. En þó var hann afdráttarlaus um eitt atriði í viðtali sem Morgunblaðið átti við hann um síðustu helgi undir fyrirsögninni Bankar í tilhugalífi. Þar segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ég vil engin skilaboð senda um einn sameiningarkost umfram annan. Ég vil að þau boð komi frá markaðnum."

Þetta var yfirlýsing hæstv. ráðherra varðandi þá umræðu sem nú fer fram í heimi fjármálanna um hugsanlega hagræðingu í bankaheiminum, hugsanlega sameiningu banka, en sú umræða er sprottin af áformum ríkisstjórnarinnar nú um sölu á 15% hlut í ríkisbönkunum.

Fyrir nokkrum árum ritaði hagfræðingur, prófessor við Princeton-háskólann í Bandaríkjunum grein fremur en bók, ég held það hafi verið grein, sem bar heitið „Is Government too Political?", er ríkisvaldið of pólitískt? Þessi grein fjallaði um afskipti fulltrúa almannavaldsins af fjármálalífinu og hvort eðlilegt væri að pólitískra áhrifa gætti, t.d. í seðlabönkum eða í bankakerfinu almennt. Þetta var frjálshyggjuviðhorf sem byggði á því að almannahagsmunir og almannasjónarmið ættu að víkja fyrir hagsmunum peninganna, gróðahagsmunum.

Þetta er sú stefna sem Framsfl. hefur nú tekið upp undir forustu hæstv. viðskrh., Finns Ingólfssonar. Hann segir að boðin eigi að koma frá markaðnum. Hann ætli ekki að hafa skoðun á þessum málum. Þetta sagði hæstv. viðskrh. í viðtali við Morgunblaðið um síðustu helgi.

En á markaðnum hafa komið ýmis skilaboð og þau hafa ekki öll verið á einn veg. Kristján Ragnarsson, formaður bankaráðs Íslandsbanka, sagði í viðtali við Morgunblaðið sl. sunnudag að stjórnendur bankans hafi mætt miklu meiri skilningi í þessu máli — og þá er hann að tala um hugsanlega sameiningu banka og verið var að fjalla um hvort ráðlegra væri að sameina ríkisbankana eða sameina Íslandsbanka öðrum hvorum ríkisbankanna, Landsbanka eða Búnaðarbanka — hjá stjórnendum Landsbankans en Búnaðarbankans.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, er að vísu varkár í viðtali við Morgunblaðið en segir að eftir áramótin eigi stærstu einingarnar á markaðnum, þ.e. Íslandsbanki og Landsbanki, að koma fyrst til skoðunar þegar farið verður að hagræða í bankakerfinu.

Yfirlýsingar af þessu tagi hafa enn kynt undir umræðunni. Í fréttum Ríkisútvarpsins í gær segir, með leyfi forseta:

„Spenna ríkir á verðbréfamarkaðnum vegna hreyfinga á hlutabréfum í viðskiptabönkunum."

Síðan eru þessar yfirlýsingar raktar og ummæli forsvarsmanna bankanna.

Og ekki er lát á viðbrögðum vegna þessa. Í fjölmiðlum í dag er talsverð umfjöllun um þessi efni. Einn ráðherra ríkisstjórnarinnar og samflokksmaður hæstv. viðskrh., Guðni Ágústsson, hæstv. landbrh., segir í Degi í dag, með leyfi forseta:

„Það má ekki líta fram hjá því að sameinaðir Íslands- og Landsbanki yrðu með 60–70% hlutdeild af bankamarkaðnum."

Hann segir enn fremur í þessu sama viðtali, með leyfi forseta:

„Landsbankinn er afar verðmætt fyrirtæki, fólkið í landinu á hann og það verður að vera tryggt að þjóðin tapi ekki eign sinni heldur verði hún efld."

Þetta eru ummæli hæstv. landbrh., Guðna Ágústssonar, og samflokksmanns hæstv. viðskrh.

Í sömu fréttaumfjöllun í Degi er vitnað í Guðmund Hauksson, sparisjóðsstjóra í SPRON. Hann sagðist í samtali við Dag sjá ýmsa annmarka á því út frá samkeppnissjónarmiðum að Íslandsbanki og Landsbanki sameinuðust. Hæstv. viðskrh. lýsti því hins vegar yfir í Morgunblaðinu, eins og ég vitnaði til, að hann hefði enga skoðun á þessum málum. Markaðurinn ætti að ráða og hann biði eftir boðum frá markaðnum.

Þessi skilaboð hafa borist upp á síðkastið og vakið gremju, óánægju og óróa, t.d. hjá ungum framsóknarmönnum. Þeir hafa af þessu þungar áhyggjur. Á stjórnmálavef Sambands ungra framsóknarmanna var í gær fjallað um hugmyndir um að Íslandsbanki fái Landsbankann til sín. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ og stjórnarformaður Íslandsbanka, sagðist í viðtali í kvöldfréttum sjónvarpsins í gær fagna því mjög að Íslandsbanki fengi að yfirtaka Landsbankann. Enda fór hann ekki leynt með þá ánægju sína að slíkum stórbanka yrði stjórnað af þeim Íslandsbankamönnum í krafti stærri eignarhluta eftir sameiningu. Í mikilli fréttaskýringu um bankamálin í Mogganum sl. sunnudag kemur fram að eftir boðaða sölu ríkisins á hlutafé sínum í bankanum á næstu vikum mundi ríkið eiga um 40% í hinum sameinaða stórbanka, en núverandi hlutahafar Íslandsbanka 44%. Það sjá það því aðrir en Kristján Ragnarsson hvað þeir Íslandsbankamenn kæmust í feitt ef þessi sameiningarkostur yrði ofan á. Einn af forustumönnum sparisjóðanna segir í fréttaskýringunni:

„Það sér hver maður í hendi sér, að með því yrði samkeppnismarkaðurinn eyðilagður. Við verðum að gera það upp við okkur hvernig þjóðfélag við viljum skapa. Við höfum búið við frjálst hagkerfi þar sem samkeppnin hefur ráðið. Því yrði stefnt í voða."

Þetta segir talsmaður sparisjóðanna, sem ekki vill láta nafn síns getið af skiljanlegum ástæðum. Þau eru hins vegar afar skiljanleg í ljósi þess að sameiginleg hlutdeild Landsbanka og Íslandsbanka á íslenska bankamarkaðinum yrði rétt um 60%, eða nærri þrefalt meiri en keppinautanna Búnaðarbankans og sparisjóðanna."

Þetta sagði á vefsíðu ungra framsóknarmanna í gær.

En ég legg við hlustir þegar talsmenn bankamanna, starfsmanna bankanna tjá sig um þessi mál. Í viðtali við Friðbert Traustason, formann Sambands ísl. bankamanna, í Degi í dag segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Persónulega mundi ég telja það vænlegri leið að sameina ríkisbankana tvo. Með því yrði meira úr eign landsmanna og það mundi skila meiri arði til þjóðarinnar. Þegar sameining Landsbanka og Búnaðarbanka var rædd á sínum tíma þótti eigendum Íslandsbanka það alveg útilokað, vegna þess hve sú eining yrði stór. Nú þykir þeim hins vegar alveg sjálfsagt að búa til enn stærri einingu með sameiningu Landsbanka og Íslandsbanka en sá banki hefði 65% hlutdeild á almennum bankamarkaði. Hver skilur þessa röksemdafærslu?"

Þannig spyr formaður Sambands ísl. bankamanna í blaðaviðtali sem birt er í Degi í dag.

Þetta eru umræðurnar sem nú kvikna í þjóðfélaginu. Um þetta hefur verið fjallað ítarlega í öðrum fjölmiðlum einnig. Morgunblaðið hefur tekið afstöðu með þessari sölu í leiðara. Í leiðara Morgunblaðsins sem birtist miðvikudaginn 1. des. segir, með leyfi forseta:

„Það er áreiðanlega skynsamleg ákvörðun hjá ríkisstjórninni að selja 15% af hlut ríkisins bæði í Landsbanka og Búnaðarbanka á næstu vikum."

Þetta er upphaf leiðarans. Ég er ósammála þessari afstöðu en verð hugsi þegar ég les niðurlag leiðarans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sölu hlutabréfanna í Landsbanka og Búnaðarbanka mun leiða til opinberra umræðna um þessa þróun alla og ekki við öðru að búast en þær umræður verði töluvert fyrirferðarmiklar á næstu mánuðum."

Að mínum dómi er spurningin um á hvaða forsendum þessi umræða eigi að fara fram. Á hún að fara fram áður en ráðist er í aukna sölu á hlut ríkisins í bönkunum, eða eftir? (**Viðskrh.:** Samhliða.) Samhliða, segir hæstv. ráðherra. Hann er að ræða um lög sem hann vill fá staðfest helst fyrir miðnætti, samhliða.

Ég er að vitna í yfirlýsingar úr íslenskum fjármálaheimi, í íslenskum fjölmiðlum. Ég vek athygli á því hve misvísandi upplýsingar og yfirlýsingar koma fram. Ég bendi á hve misjafnar skoðanir á manna eru á þessum málum. Hve augljóst er að umræðan er rétt að hefjast. Þá segir ráðherra: Hún á að fara fram samhliða, þessi umræða. Hann er þá að vísa til næstu tíu, tólf tímanna væntanlega.

Ég hefði haldið að hyggilegra að taka undir með formanni bankaráðs Landsbankans, Helga S. Guðmundssyni, sem eftirfarandi er haft eftir í umfjöllun Morgunblaðsins, sunnudaginn 5. des., undir fyrirsögninni Bankar í tilhugalífi, með leyfi forseta:

„Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, kveðst mjög jákvæður fyrir sameiningu fyrirtækja á fjármálamarkaðnum en telur skynsamlegt að stjórnendur bankans gefi sér góðan tíma til að skoða málið."

Hann fær ekki þennan tíma. Menn fá ekki þennan tíma vegna þess að ríkisstjórnin ætlar, helst á næstu klukkutímum, að þröngva þessu frv. fram. Sannast sagna bíð ég spenntur eftir því að hér fari fram umræða þaðtill. frá Frjálslynda flokknum um vinnulag sem mér er betur að skapi. Þar er kveðið á um að beina þessari vinnu inn í annan og skynsamlegri farveg.

Þetta vildi ég hafa, herra forseti, sem eins konar formála að ræðu minni um frv. ríkisstjórnarinnar sem kveður á um að selja 15% hlut í ríkisbönkunum. Með þessum frv., þeim lagabreytingum sem þeim fylgja er verið að setja allt fjármálakerfið í uppnám. Þetta eru afar óskynsamleg og óvönduð vinnubrögð. Það er ekkert nýtt frá hendi þessarar ríkisstjórnar en að mínum dómi er alvarlegt að svona skuli staðið að málum til þess eins að geta auðveldað fólki að kaupa jólagjafir. Ég leyfi mér að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð.

Þá vil ég koma inn á sjálft frv. og þá afstöðu sem við höfum tekið til þess í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að beita sér fyrir sölu á 15% hlut í ríkisbönkunum, Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á sér nokkurn aðdraganda. Löngu er vitað um áhuga fjármálamanna á því að einkavæða ríkisbankana sem og aðrar eignir ríkisins. Einnig hefur verið ljóst allan þennan áratug að þær ríkisstjórnir sem setið hafa undir forsæti Sjálfstæðisflokksins hafa verið hallar undir sjónarmið af þessu tagi. Hins vegar hafa raunveruleg áform sjaldnast verið opinberuð fyrr en að afloknum kosningum og má ætla að skýringin sé sú að andstaða gegn einkavæðingunni er mikil. Í þessu ljósi má eflaust skýra þá aðferðafræði sem notuð hefur verið við einkavæðinguna. Ákvarðanir hafa verið teknar skref fyrir skref og jafnan hefur verið haft á

orði að nauðsynlegt sé að fara varlega í sakirnar; í mörgum tilvikum hefur því jafnvel verið lýst yfir að ekki standi til að selja við komandi ríkiseignir, einungis sé ráðgert að koma á breyttu rekstrarformi.

Við munum yfirlýsingar af þessu tagi þegar rekstrarformi Landssímans, Pósts og síma var breytt á sínum tíma. Þá lýstu fulltrúar ríkisstjórnarinnar því yfir að ekki stæði til að selja hlut ríkisins. Reyndar var það líka með Skýrsluvélar hf., Skýrr. Þá komu reyndar ekki yfirlýsingar um að ekki stæði til að selja en gefinn ákveðinn tímafrestur sem síðan var ekki virtur af hálfu eigenda Skýrr. En þetta hefur jafnan verið viðkvæðið: Við erum einvörðungu að breyta rekstrarforminu. Ekki stendur til að selja. Enn eitt dæmið er á leiðinni núna, áhugi ríkisstjórnarinnar eða Sjálfstfl. alla vega, á því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi hefur verið opinberaður. Þá vitum við sem er að næsta skref er að sjálfsögðu að selja. Yfirlýsingar af þessum toga voru viðhafðar þegar fyrst voru viðraðar hugmyndir um að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum í upphafi stjórnarsamstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 1995. Nokkru síðar kom svo annað hljóð í strokkinn.

Enn kvað þó við þennan tón þegar frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbankann og Búnaðarbankann var lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþinginu 1996–1997. Í greinar gerð með frumvarpinu segir eftirfarandi, með leyfi forseta: „Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi. Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Nefna má að í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ríkið býður öðrum til samstarfs um atvinnurekstur er því hlutafélagsformið sérstaklega viðeigandi. Með því að reka viðskiptabanka í hlutafélagsformi verður reksturinn einnig sveigjanlegri. Þá veldur fjárhagsleg uppbygging fyrirtækis því að mjög æskilegt er að reka fyrir tæki í eign ríkisins í hlutafélagsformi."

Litlu síðar er áréttað í greinargerðinni að bankarnir verði áfram í eign ríkisins því þar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að óheimilt verði að selja eignarhluti ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., nema með samþykki Alþingis. Þannig er beinlínis tekið fram í 6. gr. frumvarpsins að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur verði ekki selt, nema með samþykki Alþingis. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að hinum nýju hlutafélagsbönkum verði gefið nokkurt svigrúm til að fóta sig á markaðinum. Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

Hvað er verið að segja hér? Það er verið að segja að lögbundið sé að hlutur ríkisins verði ekki seldur næstu fjögur árin, og einnig var sagt að aðalástæðan fyrir að ráðist var í þessar lagabreytingar árið 1997 væri sú að hlutafélagsform væri heppilegt rekstrarform. Það var meginröksemdafærslan fyrir þeirri breytingu. Það átti ekkert að selja, það var meira að segja bundið í lög að það skyldi ekkert selt. Þar að auki ef slíkt vekti fyrir mönnum þá þyrfti að skapa festu í rekstrarumhverfinu og þess vegna var ákveðið og staðhæft í greinargerð með þessu stjórnarfrv. að sala færi ekki fram á næstu fjórum árum, eða frá 1. jan. 1998. Þetta voru fyrirheit og þetta voru loforð.

Eru fjögur ár liðin? Nei, það eru engin fjögur ár liðin. Er þá ekki verið að svíkja fyrirheit og loforð? Jú, það er verið að gera það.

En auðvitað var framtíðarlandið alltaf í huga stýrimanna ríkisstjórnarinnar. Að sjálfsögðu voru þetta bara blekkingar. Að sjálfsögðu átti að svíkja þetta allt. Það var bara verið að plata þjóðina eins og gert hefur verið með aðra hlutafélagavæðingu, eins og gert var með Landssíma, Póst og síma, og önnur fyrirtæki og stofnanir sem hafa verið einkavæddar og síðan seldar. En framtíðarlandið var alltaf í huga.

Í 6. gr. frv. sem ég er að ræða um núna frá 1997 þar sem bankarnir, Landsbankinn og Búnaðarbanki, voru gerðir að hlutafélögum, kemur fram að óheimilt sé að selja hlut ríkisins í bönkunum án samþykkis Alþingis. Engu að síður segir að ráðherra geti, og nú vitna ég, með leyfi forseta: „til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé".

Herra forseti. Ég sakna þess að viðskrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðuna. Hann hefur áður gerst sekur um að tefja þingstörfin og ég óska eftir því að hann verði viðstaddur alla umræðuna, því að ég ætla að vitna í ummæli sem hann hefur viðhaft hér á Alþingi. En þar sem viðskrh. missti af þeim hluta ræðu minnar þar sem ég fjallaði um frv. ríkisstjórnarinnar frá 1997, um að gera ríkisbankana að hlutafélögum, þá ætla ég að stikla á því í örfáum orðum.

Ég vitnaði í þær lagagreinar þar sem segir að ekki sé heimilt að selja hlut ríkisins í bönkunum, Búnaðarbanka og Landsbanka, nema með samþykki Alþingis. Síðan var kveðið á um það í greinargerð með því stjórnarfrv. að ekki yrði seldur hlutur ríkisins á næstu fjórum árum frá 1. janúar 1998. Nú er desember 1999. Það eru engin fjögur ár liðin. Samt er verið að selja.

En hvernig skyldi standa á því að þrátt fyrir þessi fyrirheit og þrátt fyrir þessi lög sem kveða á um að bannað sé að selja hlut ríkisins nema með samþykki Alþingis, þá er 15% hlutur þegar kominn í eign annarra. Hvernig skyldi standa á því?

Jú, það er vegna þess að fyrirheitna landið, einkavæðingin, var náttúrlega alltaf í huga stýrimanna ríkisstjórnarinnar, að sjálfsögðu. Ég var kominn þar sögu að ég vakti athygli á því að í 6. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að óheimilt sé að selja hlut ríkisins í bönkunum án samþykkis Alþingis, segir engu að síður að ráðherra geti, — og hér vitna ég, með leyfi forseta: „til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé". Með öðrum orðum inn í lögin var þessi klásúla sett, að ríkisstjórnin gæti heimilað útboð á nýju hlutafé. Útboði á hlutafé eru þó sett þau takmörk með þessum lögum að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs megi ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig. Hér hafði sú snilldarlega aðferðafræði verið fundin upp að bann var sett við því að selja ríkisbankana án samþykkis Alþingis en hins vegar gat ráðherra gripið til þess ráðs að styrkja eiginfjárstöðu þeirra með aukningu hlutafjár. Þess vegna er sú staða komin upp nú þegar lagt er fyrir Alþingi frv. um heimild Alþingis til að selja 15% hlut ríkisins í bönkunum tveimur að — og nú vitna ég, með leyfi forseta: „ríkið á ... um 85% hlutafjár í Landsbanka og Búnaðarbanka". Ég

vitnaði til greinargerðar þess frv. sem við erum nú að fjalla um því að „nýtt hlutafé í bönkunum að verðmæti um 15% af heildarhlutafé hvors banka var boðið almenningi til kaups síðari hluta ársins 1998".

Bragðið gekk upp. Þjóðinni var sagt að það ætti ekkert að selja, Alþingi var sagt að það kæmi til kasta þess áður en ákvörðun yrði tekin um sölu á eignarhluta ríkisins.

Og ég minnist þess, herra forseti, að eiga hér orðastað við hæstv. viðskrh. um þessi efni í þingsal, þar sem hann kom upp í andsvar við ræðu sem ég flutti um einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar, þar sem ég gagnrýndi að hlutur ríkisbankanna hefði verið seldur. Hann vildi leiðrétta mig og sagði að þetta væri alrangt, engin sala hefði farið fram. Einvörðungu hefði verið um að ræða aukningu á hlutafé.

En niðurstaðan er nákvæmlega sú sama. Niðurstaðan er sú sama þegar hlutfélagaskráin er skoðuð. (**Viðskrh.:** Formið er annað.) Formið er annað, segir hæstv. viðskrh., en niðurstaðan sú sama.

Eitt af því sem menn hafa verið að fjalla um í efh.- og viðskn. þingsins, þegar þessi mál hefur borið á góma, er einmitt þetta, hvert er heppilegast form í því að afsala hlut ríkisins í bönkunum. Er skynsamlegra að fara þá leið að auka hlutafé bankanna eða á að selja hlut bankanna beint? Niðurstaðan er nákvæmlega sú sama hvað eignarhaldi viðkemur. Efnahagslegar afleiðingar þessa eru hins vegar mismunandi eins og ég kem að síðar í minni ræðu.

En þetta eru svo grófar blekkingar sem hér hafa verið viðhafðar að það eitt kallar á að menn staldri við. Það er augljóst að í öllum áformum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum þurfa menn alltaf að lesa smáa letrið. Ég hefði haldið að við gætum ekki haldið þessari umræðu áfram í reynd nema við fáum mjög skýr svör frá hæstv. ráðherra um hver framtíðaráform hann sér á sviði fjármálamarkaðar á Íslandi. Það gagnar ekki að svara eins og hann gerði í Morgunblaðinu um síðustu helgi að hann ætlaði ekki að hafa neina skoðun, beðið væri eftir boðum markaðarins.

Það er ljóst að um þetta frv. og um þessi mál þarf að fara fram mikil og ítarleg umræða, ekki aðeins hér í þingsal — við munum reyna að sjá til þess að svo verði gert — heldur í þjóðfélaginu öllu. Það þarf að fara fram ítarleg umræða í þjóðfélaginu öllu áður en ráðist verður í þessar breytingar. Það dugar ekki að koma til Alþingis og segja, við verðum að samþykkja þetta með hraði vegna þess að jólin séu að koma. Þetta eru menn að segja í fullri alvöru. Og þá er verið að höfða til þess að fólk geti fengið skattameðgjöf. Þetta eru náttúrlega ekki boðleg rök á nokkurn hátt.

En hvers vegna vill ríkisstjórnin selja bankana? Ástæður fyrir ákvörðun ríkisstjórnarinnar að selja bankana hafa verið færðar í margvíslegan búning. Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að jafna aðstæður á milli ríkis og einkaaðila og draga úr hlutverki ríkisins í starfsemi sem einkaaðilar geta stundað og þar sem samkeppni þrífst. Þetta á ekki hvað síst við um fjármagnsmarkaðinn."

Hér er lýst pólitískri stefnu. Að sjálfsögðu er reynt að leiða rök að því að það sé til mikilla hagsbóta að fylgja þeirri stefnu og selja ríkisbankana; til lengri tíma þjóni það markaðsviðskiptum, til skemmri tíma sé á það að líta að salan færi ríkissjóði tekjur, en jafnframt hefur því sjónarmiði nokkuð verið haldið á lofti að nú þegar þenslumerkja gætir í efnahagslífinu sé sala á ríkiseignum til þess fallin að draga úr þenslunni því að með því móti sé bundið fjármagn sem að öðrum kosti færi til neyslu.

Hin pólitísku rök fyrir því að einkavæða bankana ber að sjálfsögðu að taka alvarlega. Í greinargerð með frv. er velsæld bankanna rakin til þess að þeir voru gerðir að hlutafélögum. Og þetta eru sjónarmið sem við höfum heyrt hér í umræðum á Alþingi undanfarna daga, bæði um bankana og aðrar stofnanir sem hafa verið einkavæddar. En í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Árangurinn af þessum aðgerðum hefur þegar komið í ljós." Hér er vísað til hlutafélagavæðingarinnar. „Rekstur Landsbankans og Búnaðarbankans hefur gengið vel og er hagnaður þeirra meiri en áður í sögu bankanna þrátt fyrir að vaxtamunur hafi lækkað verulega. Samanlagður hagnaður bankanna var nærri 1.600 millj. kr. á árinu 1998 og um 1.300 millj. kr. á fyrri hluta þessa árs. Áhyggjur manna um að bankarnir þyrftu langan tíma til aðlögunar áður en hægt væri að hefja sölu hlutafjár ríkissjóðs hafa ekki átt við rök að styðjast. Aðlögunarhæfni bankanna er góð, svo sem meðal annars sést á hagnaði þeirra og lægri lántökukostnaði á nýjum lánum þrátt fyrir afnám ríkisábyrgðar."

Hér kemur fram að hagsæld bankanna er rakin til þess að þeir voru gerðir að hlutafélögum fyrir fáeinum missirum en ekki til hins að á undanförnum árum hefur betur aflast en dæmi eru um í Íslandssögunni. Markaðir fyrir afurðir okkar hafa verið hagstæðir og öll ytri skilyrði ákjósanleg. Af þessu ástandi hafa bankarnir að sjálfsögðu notið góðs. Fyrirtæki hafa verið aflögufær og þannig hefur dregið úr afskriftum og arðsemi fjár hefur verið mikil. Þetta eru staðreyndir málsins. En síðan leyfir einkavæðingarnefndin og frjálshyggjuliðið og þeir aðilar sem tala fyrir einkavæðingu og sölu á almanna-eignum að heimfæra þessa hagsæld í þjóðarbúinu sem verður til vegna hagstæðra ytri skilyrða vegna þess að bankarnir hafi verið gerðir að hlutafélögum. Þetta ætla menn að setja fram sem boðlegan rökstuðning. Það er það náttúrlega ekki. Þetta er ekki boðlegur rökstuðningur.

Í umræðu um ríkisbankana hefur því verið haldið mjög á loft að fyrr á árum hafi þeir verið óábyrgir með afbrigðum, lánað til áhættusamrar útgerðar og fyrirtækja vítt og breitt um landið og síðan þurft að súpa seyðið af afleiðingunum þegar hefur kreppt að í efnahagslífinu. Mér finnst mjög varasamt að fordæma allar slíkar lánveitingar til stuðnings atvinnulífi þótt það sé vissulega ánægjuleg þróun að lánastofnanir sýni ábyrgð í lánveitingum og láni þeim sem öruggt má heita að geti endurgoldið skuldir sínar. Þá kann það engu að síður stundum að vera landsmönnum til góðs að lánastofnanir láti ekki stjórnast af ágóðavoninni einnig heldur sýni einnig félagslega ábyrgð á ögurstundu þegar kreppir að í atvinnulífi byggðarlaga. Pólitísk stefnumörkun ríkisstjórnarinnar er hins vegar þrengri en svo að hún rúmi slíka samfélagssýn.

Ég minnist þess nú frá því fyrir nokkrum mánuðum þegar samdráttur varð mikill á Vestfjörðum, kvóti var fluttur frá því byggðarlagi, fyrirtæki urðu gjaldþrota, urðu að segja upp fólki og einstaklingar sem urðu fjárvana fyrir vikið leituðu eftir lánafyrirgreiðslu í bönkunum, líka til ríkisbankanna og var meinað um slíkt. Þá komu þær röksemdir að veðin dygðu ekki. Bisnessrökin voru komin fram og þetta er sú hugsun sem er farin að gegnsýra allt okkar huglíf. En fólkið fyrir vestan brást ókvæða við og reiddist þessu og spurði hvort það ætti ekki rétt á lánum og aðstoð. Ég tók undir það í hjarta mínu og hefði ekki fundist það neitt óeðlilegt eða óábyrgt að gera slíkt. En þessi hugsunarháttur er víkjandi og

hæstv. viðskrh. og Framsfl. gengur fram fyrir skjöldu til að víkja þessum hugsunarhætti út úr þjóðlífi okkar. Mér finnst þetta ekki vera til góðs. En ný sjónarmið og nýir menn eru komnir til sögunnar. Mönnum brá pínulítið fyrst í stað þegar peningafólkið fór að sýna niður í gullkisturnar, hverju þar hefur verið safnað á undanförnum árum, þegar einstaklingur reiddi fram litlar 700 millj. til kaupa á lóð á höfuðborgarsvæðinu og síðan þegar matadorinn með bankana byrjaði fyrir alvöru og menn fóru að tala í milljörðum. Enn brá mönnum svolítið í brún fyrst í stað en nú er þjóðin að venjast þessu. Þetta er hugsunarhátturinn, þetta eru einstaklingarnir og þetta eru öflin, markaðsöflin sem hæstv. viðskrh. og Framsfl. vill leiða til vegs og virðingar í íslensku þjóðfélagi. Fátækt fólk á Vestfjörðum, sem missir vinnu sína, á ekki að fá lán, það er ekki borgunarfólk. En hinir sem hafa aðgengi að bönkunum og fjármálaheiminum njóta allrar fyrirgreiðslu og þeir eiga að njóta allrar fyrirgreiðslu. Ég hlusta á það sem markaðurinn segir. Þetta var viðkvæðið hjá hæstv. viðskrh. í blaðaviðtölum um helgina.

Hvað hefur verið að breytast í bönkunum? Hvað er að breytast í ríkisbönkunum? Hvers vegna er þessi breytti hugsunarháttur þar? Vissulega má til sanns vegar færa að þessi hugsunarháttur eigi að einhverju leyti rætur í tíðarandanum. Þetta er þjóðfélag sem hugsar mjög á viðskiptavísu en það er ekki bara það. Í ríkisbönkunum hefur verið þrengt mjög að lýðræðislegri hugsun og lýðræðislegri stjórnun. Stjórnarfyrirkomulag ríkisbankanna hefur verið með þeim hætti að reynt hefur verið að tryggja að sjónarmið úr sem flestum áttum í samfélaginu komist að og hefur það verið gert með því að kjósa bankaráð ríkisbankanna á Alþingi. Með hlutafélagsvæðingunni var þetta fyrir bí og tilnefningarvaldið fært undir viðskrh. einan.

Þegar bankarnir hafa verið seldir að fullu eins og ríkisstjórnin hefur áform um í fyllingu tímans þá koma stjórnendur bankanna allir úr heimi fjármálanna og með það sjónarhorn á tilveruna sem þar er við lýði. Við vinnslu þessa frv. var leitað til margra aðila á fjármálamarkaði og kom berlega í ljós að sjónarhornið var harla einsleitt og er hugsjóninni um hámarksarðsemi haldið hátt á loft. Sannast sagna fannst mér það vera umhugsunarefni í vinnslu frv. í efh.- og viðskn. þar sem staðið var ágætlega að verki og orðið við öllum óskum um fulltrúa sem kæmu með sjónarmið sín að þessari vinnu, ekkert yfir því að klaga. En mér finnst það umhugsunarefni þegar saman koma fulltrúar fjármálalífsins á Íslandi, fulltrúar bankanna, Seðlabankans, Þjóðhagsstofnunar, Fjármálaeftirlits, allra þessara aðila, hversu einsleit sjónarmiðin eru og hversu þröngt sjónarhornið er orðið. Það er einmitt gegn þessari hugsun, þessari markaðshyggju, þessari þröngu gróðahugsun sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð reis. Þess vegna varð hún til.

Við viljum berjast fyrir öðru sjónarhorni í íslensku þjóðlífi, öðrum hugsunarhætti. Við viljum gerast málsvarar skynseminnar og sanngirninnar, skynsemi og sanngirni. Við erum málsvarar þess og alveg óhrædd að segja það að íslenskur þjóðbanki á að sýna ábyrgð í lánveitingum til byggðarlaga á Íslandi þegar kreppir að, þegar fólki er sagt upp störfum í stórum hópum, þegar fólk missir vinnu sína og atvinnurekstur inn lendir í erfiðleikum, þá er ekkert óeðlilegt við það að lánastofnanir sýni ábyrgð og hugsi ekki á þann þröngan hátt sem verið að þvinga alla hugsun inn í.

Í umræðunum um sölu á ríkisbönkunum er ítrekað haft á orði að ríkið eigi ekki að vera að rekast í því sem einkaaðilar geta stundað, eins og þar segir. Reyndar er gengið lengra og fullyrt að einstaklingar geti starfað á hagkvæmari máta en stofnanir sem lúti almannastjórn. Sagan, reynslan talar hins vegar öðru máli. Vitað er að þegar einkabankar hafa lent í kröggum eins og gerðist víða um lönd á síðasta áratug, það gerðist í Bandaríkjunum, það gerðist í Kanada, það gerðist í Svíþjóð, það gerðist í Noregi. Í öllum þessum tilvikum hljóp ríkið undir bagga því að það var mat manna að ella hefði blasað við efnahagslegt hrun í þessum löndum.

Í Noregi veitti norska ríkið um 50 milljarða norskra króna, 500 milljarða íslenskra króna, til að endurreisa banka sem höfðu verið einkavæddir og síðan hrunið. Sú spurning vaknaði í kjölfarið hvort ekki væri eðlilegt að fulltrúar þessa sama almannavalds, sem kom til aðstoðar á ögurstundu, ættu ekki einnig að hafa hönd í bagga þegar betur áraði. Afleiðingin af þessu varð sú að viðhorfin breyttust mjög hvað þetta varðar í Noregi og þannig varð það viðhorf ríkjandi að eðlilegt væri að ríkið, að almenningur ætti afgerandi eignarhluta í nokkrum stærstu bönkum landsins. Norðmenn voru brenndir af reynslunni. Nú er það svo í Noregi að norska Stórþingið mótar stefnuna í þessu tilliti, ekki ríkisstjórnin eins og hér er. Reyndar er það ekki einu sinni ríkisstjórnin því að það er markaðurinn eins og hæstv. viðskrh. segir. Ég hlusta bara á markaðinn. Ég hlusta bara á hvað peningamennirnir segja. Ég hlusta bara á hvað gróðaöflin vilja að ég geri. Ég framkvæmi eins og þau biðja mig um. Þetta er ömurlegur vitnisburður.

Þess má geta til áréttingar að fyrir nokkrum dögum var Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, spurður út í stefnu sína í bankamálum og hann vísaði til stefnu norska Stórþingsins. Þar er viðurkennt að þingið eigi að móta þessa stefnu. Hér er það ekki einu sinni svo. Það er ekki einu sinni ríkisstjórnin. Hún tekur bara við fyrirskipunum utan úr bæ og framkvæmir síðan, einkavæðir og selur fyrir jólin. Hún segir það alveg blákalt að hún sé að gefa jólagjafir. Ég er alveg viss um að einhver hefur haldið að ég væri að grínast í upphafi þegar ég sagði að þessu hafi verið beitt sem röksemdum en eftir að hæstv. viðskrh. kallaði fram í og staðfesti þetta, þá sjá menn að þetta er ekki grín. Þetta er alvara málsins. Menn eru að gefa jólagjafir. Þess vegna segir hæstv. viðskrh. og hv. formaður efh.- og viðskn. að það verði að klára þetta mál fyrir vikulok svo menn geti farið að versla fyrir jólin. Við erum að tala um ríkisbankana á Íslandi og það er gengið í málið af þessari léttúð.

Samkvæmt pólitískum kokkabókum ríkisstjórnarinnar er mikið lagt upp úr söluhagnaði einkavæðingarinnar. Það er hins vegar ástæða til að leggja áherslu á að varast ber að leggja mat á söluna á annan hátt en með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Hér eru skammtímahagsmunir varasamir. Aldrei hafa það þótt mikil búhyggindi að selja mjólkurkýrnar fyrir skammtímagróða. Þá er vert að hafa í huga að þótt ríkisstjórnin telji sig geta hagnast um 6 milljarða kr. á sölu 15% hlutar miðað við gengi hlutabréfa bankanna um miðjan nóvember eins og haldið er fram af talsmönnum hennar skal þess minnst að ætla má að nokkur meðgjöf af opinberri hálfu verði með sölunni.

Þá kem ég aftur að því sem ég sagði um skattafsláttinn fyrir jólin. Erfitt er að gera sér grein fyrir hve mikill afsláttarinn verður, hve mikið ríkissjóður, skattborgarinn, greiðir í meðgjöf til þeirra sem ætla að kaupa hlut í ríkisbönkunum. Ég leitaði til fjmrn. eftir upplýsingum um þetta efni. Þar var réttilega bent á að erfitt væri að áætla þetta vegna margra

óvissuþátta. En ég fékk hins vegar upplýsingar um umfang skattafsláttar af hlutafjárkaupum frá árinu 1991. Þar kemur fram að við erum að tala um háar upphæðir.

Á árinu 1991 nam skattafslátturinn, þessi meðgjöf úr ríkissjóði með hlutabréfakaupum meira en hálfum milljarði kr., reyndar drjúgt það, 664 millj. Á þessu ári, fyrir árið 1999, er upphæðin komin í yfir 800 millj. Þannig erum við að tala um umtalsverða peninga. Ég minni á, þegar menn segja að þetta sé almenningur og eðlilegt sé að stuðla að viðskiptum á þessu sviði, umræðu þá er fram fór fyrir nokkrum dögum um stöðu öryrkja. Ég minni á að fljótlega tökum við til afgreiðslu fjárlög þar sem ljóst er að ríkisstjórnin ætlar að standa gegn beiðnum ýmissa heilbrigðisstofnana og félagssamtaka, líknarfélaga sem sinna aðkallandi verkefnum. Við skulum hafa þessa upphæð í huga þegar ríkisstjórnin kynnir okkur stefnu sína gagnvart hópum sem standa höllum fæti. Þetta eru upphæðirnar þegar við erum tala um skattafslátt. Þetta eru upphæðirnar í heild sinni sem segja þó ákaflega lítið um þær upphæðir sem hér er um að tefla. Eins og við vitum getur þessi skattafsláttur, þessi jólagjöf skattborgarans til hlutabréfakaupenda, numið 60 þús. á heimili. Auðvitað vitum við að kaupendur að þessum 15% hlut eru miklu stærri aðilar.

Í fyrirkomulagi á tilboðssölunni er einungis kveðið á um að sett verði hámark á hvað hver kaupandi megi kaupa og skal miðað við að hver aðili megi kaupa að hámarki 1% af hlutafé bankans. Þannig getur hver kaupandi gert tilboð í 370 millj. kr. í báðum bönkunum eða 150 millj. í Búnaðarbanka og 220 millj. kr. í Landsbanka, miðað við núverandi gengi. Við erum að tala um háar upphæðir sem hver einstakur kaupandi geti keypt. Auðvitað geta menn brosað að tali mínu um skattafsláttinn og meðgjöfina. Það er náttúrlega fyrir einstaklinga sem kaupa fyrir tiltölulega litlar upphæðir. Stóru jólagjafirnar sem ríkisstjórnin er að hugsa um eru til miklu öflugri aðila. Það eru til aðilar sem hæstv. viðskrh. hlustar á og tekur við skilaboðum frá þegar hann segist hlusta á markaðinn, aðspurður hver stefna ríkisstjórnarinnar sé gagnvart samruna og hagræðingu í fjármálaheiminum.

Í grg. með frv. ríkisstjórnarinnar er gerð grein fyrir eignum viðskiptabanka og ríkisbanka en samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir viðskiptabanka og sparisjóða alls um 446 milljarðar kr. í lok árs 1998, vaxtatekjur þeirra námu 32,6 milljörðum kr. og starfsmenn voru um 2.700 talsins. Miðað við þessa mælikvarða er Landsbankinn stærsti banki landsins með 32–35% hlutdeild, þá kemur Íslandsbanki með 24–26%, næst sparisjóðirnir með 21–23% og að lokum Búnaðarbankinn með 20–21%. Staðreyndin er sú að almannasjóðir sjá ekki fram á tap af ríkisbönkunum. Ljóst er að öll þróun hefur verið í hagnaðarátt á undanförnum árum og ekki merki um annað en að sú þróun sé einnig fram undan.

Nú hafa verið birtar töflur um gengi bankanna á undanförnum árum. Þegar litið er sérstaklega á Landsbankann og Búnaðarbankann sést að stefnan er í mjög jákvæða átt. Það er að draga úr vaxtamun. Vaxtamunur hjá Landsbankanum var 4,22% árið 1995 en er kominn niður í 3,16% árið 1998. Afskriftir fara minnkandi, eru 1,33% árið 1995, 1,16% 1996 og fara niður í 0,40% 1997 og eru 0,67% 1998. Hagnaður í milljörðum kr. er 0,2 árið 1995 en er komið upp í tæpan milljarð 1998. Eins og ég lýsti áðan er gert ráð fyrir að samanlagður hagnaður bankanna verði mikill á þessu ári. Hann var nærri 1.600 millj. á árinu 1998 en er um 1.300 millj. á fyrri hluta þessa árs. Það því er alveg rétt sem kemur fram í máli hæstv. landbrh. Guðna Ágústssonar í Degi í dag. Landsbankinn er mjög verðmæt almannaeign og það á við um Búnaðarbankann líka, sem ríkisstjórnin er að fara að gefa í jólagjöf. Þetta eru mjög verðmætar eignir. Tölurnar sýna okkur að það gengur mjög í rekstri þessara stofnana.

Arðsemi eigin fjár hjá Landsbankanum var 3% árið 1995 en er kominn upp í 12,4% 1998. Það er von að menn geti ekki beðið eftir jólasveininum. Að sjálfsögðu sjá þeir sem eiga möguleika á að komast yfir þessar eignir mikla kosti við þessa sölu. Ef litið er á samsvarandi tölur fyrir Búnaðarbankann þá var vaxtamunur árið 1995 4,69% hjá Búnaðarbankanum en en var kominn niður í 3,73% 1998. Afskriftatölurnar voru 1,07% árið 1995 en eru komnar niður í 0,87% 1998. Arðsemi eigin fjár var 5,7% árið 1995 en er komin upp í 14,6% 1998. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn segja í grg. með frv. sínu að þetta sé allt að þakka því að bankarnir voru gerðir að hlutafélögum.

Það getur vel verið að ríkisbankarnir séu orðnir aðgangsharðari við fólk. Þeir lána kannski síður þeim sem illa er hægt að treysta á að geti endurgoldið skuldir sínar, t.d. atvinnulausu fólki, fólki sem missir vinnu sína vestur á fjörðum eða annars staðar eins og gerðist fyrir fáeinum mánuðum. Það má vel vera að þetta skili meiri arðsemi þó ég gagnrýni þá breyttu stefnu. Ég hef ákveðnar efasemdir um þetta. Ég vil víðara sjónarhorn.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti hyggst gera hlé á fundinum frá kl. 1–1.30 og spyr hv. þm. hvort hann sé kominn að lokum ræðu sinnar eða hvort hann óskar eftir að gera hlé á máli sínu.)

Ég óska eftir að gera hlé á máli mínu. Ég á talsvert eftir.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Þá höldum við áfram í svona tvær mínútur en gerum síðan matarhlé.)

Ég var að ræða um hve vel gengur með rekstur bankanna. Ég hef ákveðnar efasemdir um að hörð peningahyggja skili okkur þeim þjóðfélagslega ávinningi sem margir vilja ætla. Ég hef ákveðnar efasemdir um það og gagnrýni það. Hins vegar fagna ég því að sjálfsögðu að bankarnir skuli vera reknir vel. Ég fagna því að bönkunum, eins og öðrum stórum fyrirtækjum og stofnunum í þjóðfélagi okkar skuli ganga vel og enda er augljóst af hverju það er. Við höfum búið við góðæri á Íslandi, hagstæð ytri skilyrði. Það hefur gengið vel í efnahagslífi okkar þrátt fyrir óstjórn, þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem hér hefur því miður haldið illa á málum að ýmsu leyti. Ytri skilyrði hafa skilað Íslendingum mikilli hagsæld sem þjóðarheild. Hagsældinni er hins vegar mjög misskipt eins og við fengum að vita fyrir fáeinum dögum í umræðu um kjör öryrkja og aldraða annars vegar og hins vegar efnafólks, skjólstæðinga hæstv. viðskrh. eða var það öfugt.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. þm. að gera hlé á máli sínu. Fundinum verður frestað til kl. 13.30.)

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) (frh.)**:**

Herra forseti. Mig langar að spyrjast fyrir um það í upphafi hvort hæstv. viðskrh. hyggst ekki vera viðstaddur umræðuna. Ég hef áður óskað eftir því að hann verði viðstaddur umræðuna og vildi gjarnan fá svör við því.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. iðnrh. er staddur í húsinu og er væntanlegur á hverri stundu.)

Ég mun hefja mál mitt, herra forseti, þegar hæstv. viðskrh. er kominn til þingsalarins.

Þá er hæstv. viðskrh. kominn til þingfundarins og ástæða til að halda honum áfram. Hins vegar þótti mér fara vel á því að gera hádegisverðarhlé á þessum tíma, ekki einungis til þess að menn gætu nært sig heldur einnig vegna hins að í hádegisverðarhléinu á þessum tíma efndu listamenn til ljóðaupplesturs á Austurvelli eins og þeir hafa gert í allan vetur til varnar Eyjabökkunum. Það fer ágætlega á því að þetta sé gert núna þegar hæstv. viðskrh. er á Alþingi því að hann er jafnframt iðnrh. landsins og fer með málefni hugsanlegrar Fljótsdalsvirkjunar, sem við vonum að verði ekki af, þótt þar komi einnig við sögu annar ráðherra, hæstv. umhvrh. og reyndar ríkisstjórnin öll.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vekur athygli á að hér er til umræðu stofnun hlutafélaga um Landsbankann og Búnaðarbankann.)

Hæstv. forseti. Ég vildi gera þetta að umræðuefni í upphafi þingfundar. Hins vegar má vel færa rök fyrir því að hægt sé að tengja þessa atburði saman, hvað er að gerast í fjármálalífi þjóðarinnar, hvernig fjármunum er ... (**VE:** Það er ekki víst að það yrði skáldum jafnmikið yrkisefni.) Það er svo aftur rétt að það er hugsanlegt að það verði ekki skáldum sama tilefni til ljóðagerðar. Hitt er annað mál að þessi mál eru öll saman nátengd og snúast um það hvernig við varðveitum verðmæti þjóðarinnar og hvernig við ráðstöfum sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar. Það frv. sem hér er til umfjöllunar snýst einmitt um þetta. Það fjallar um að selja hluta ríkisbankanna, 15% eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar stendur til að einkavæða þessa banka þegar fram líða stundir.

Ég gerði það einmitt að umtalsefni í upphafi máls míns og áður en ég sneri mér að eiginlegri framsöguræðu að vekja athygli á því hvaða áhrif þessi lagabreyting hefur þegar haft og ýmsar yfirlýsingar sem henni tengjast. Ég vakti sérstaklega athygli á því að hæstv. viðskrh. lætur hafa eftir sér í fjölmiðlum þegar hann er spurður um afstöðu sína til framhaldsins, til hagræðingar í heimi fjármálastofnana, hugsanlegrar sameiningar banka, að hann hafi engin svör. Hann ætli að gera það eitt að leggja við eyrun, leggja við hlustir og hlusta á sína menn eða eins og hann orðaði það sjálfur, þá kvaðst hann munu hlýða á boð sem komi frá markaðnum. (**Viðskrh.:** Það er þjóðarsálin.) Hæstv. ráðherra leiðréttir mig og segir að í raun sé það þjóðarsálin, hann hlusti á rödd þjóðarsálarinnar. Hvernig skyldi hv. þm. Finnur Ingólfsson skilgreina þjóðarsálina? Það eru þeir sem hafa efni á því að kaupa banka á Íslandi. Það er þjóðarsálin. Það er fjármálaheimurinn sem hæstv. ráðherra setur samasemmerki við þjóðarsálina.

Þegar rætt er um það í alvöru að þetta eigi að vera jólagjöfin í ár, hlutur úr Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka, þá fer maður að velta fyrir sér hvernig þeir menn sem stýra landinu skilgreina þessa þjóð. Hvaða fólk er það sem er aflögufært um mörg hundruð þús. kr., jafnvel milljón, jafnvel tugi milljóna? Vegna þess að í þessari sölu er að sönnu hægt að kaupa smáa hluti en menn eru engu að síður líka að tala um að hámark skuli vera 1% af hlutafé bankans. Þannig geti hver kaupandi gert tilboð í 370 millj. kr. í báðum bönkum eða 150 millj. kr. í Búnaðarbanka og 220 millj. kr. í Landsbanka. Einhverjir smærri kaupendur kunna að rúmast innan þjóðar Finns Ingólfssonar og ríkisstjórnarinnar en þetta er þeirra þjóð og þjóðarsálin er það sem gerist innra með þessum mönnum og á boðin þaðan segist hæstv. viðskrh. ætla að hlusta.

Ég vakti athygli á því að þessar ráðstafanir, þessar lagabreytingar, hafa valdið miklum óróa á fjármálamarkaði og þess var sérstaklega getið í ítarlegri umfjöllun fjölmiðla, þar á meðal Ríkisútvarpsins í gær sem orðaði það svo að spenna ríkti á verðbréfamarkaðnum í kjölfar yfirlýsinga og þeirra atburða sem fylgdu samfara þeim.

Ég vitnaði einnig í yfirlýsingar sem hafa komið frá fulltrúum bankanna, Búnaðarbankans, Landsbankans, Íslandsbanka og frá þingmönnum og ráðherrum í ríkisstjórninni, þar á meðal hæstv. landbrh., Guðna Ágústssyni, sem hafði uppi mjög alvarleg varnaðarorð og minnti okkur á hve dýrmætar eignir ríkisbankarnir væru og hversu vel við þyrftum að vanda til verkanna ef við ætluðum að gera breytingar á eignarformi þeirra.

Síðan rakti ég aðdraganda þessa máls og minnti á að það sem nú er að gerast ætti sér alllangan aðdraganda, minnti á lagasetningu frá 1997 þegar bankarnir voru gerðir að hlutafélögum. Ég minnti á loforð og fyrirheit sem þá voru gefin um að ekki stæði til að selja hlut ríkisins í bönkunum. Það stæði ekki til að selja hlut ríkisins í bönkunum í fjögur ár, frá 1. janúar 1998 og ég minnti á að nú værum við stödd í desember 1999 og við værum að fjalla um frv. þar sem kveðið er á um sölu á eignarhluta ríkisins í báðum þessum bönkum. Þetta eru svik. Menn eru að svíkja fyrirheit, loforð sem gefin voru. Eða telja menn það einskis virði sem sagt er í greinargerð með stjórnarfrv.? Ég vil taka það alvarlega.

Það getur vel verið að menn geti með orðaleikjum réttlætt það sem gerðist á árinu 1998 þegar einkaaðilum var hleypt inn í eignarhlut ríkisbankanna með aukningu hlutafjár vegna þess að opnað var fyrir þessa smugu í lögunum frá 1997. Það var heimild til hlutafjáraukningar, til að styrkja stöðu bankanna ef ráðherra teldi að á því væri þörf. En auðvitað er þetta bara orðaleikur. Þetta er önnur leið til að ná sama markmiði til að dreifa eignarhaldinu á bönkunum til einkaaðila og þetta kalla menn reyndar að tryggja dreifða eignaraðild þegar þessar stofnanir sem eru í eigu 275 þúsund Íslendinga eru færðar fámennum hópi til eignar. Þá kalla menn þetta að dreifa eignaraðildinni. Þetta eru nú hálfgerð öfugmæli.

Ég rakti hvers vegna ríkisstjórnin vildi selja bankana og sýndi fram á að það væru fyrst og fremst pólitísk markmið sem lægju þar á bak við, það væri pólitísk stefna sem menn væru að fylgja. Að sjálfsögðu telja menn að sín pólitík sé góðra gjalda verð og til hagsbóta fyrir einhverja í þjóðfélaginu og ég hef verið að skilgreina hverjir það eru sem verið er að hugnast og hæstv. viðskrh. hefur ítrekað kallað fram í hér að hann hlusti á þjóðarsálina og við fengjum staðfestingu á því í Morgunblaðinu um helgina hver sú þjóðarsál er. Það er fjármagnsmarkaðurinn. Það er á hann sem ég hlusta, sagði hæstv. viðskrh. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig þó ég sé ekki sammála því sjálfur.

Ég vakti athygli á því hve verðmætar eignir þetta væru og ég tek undir með hæstv. landbrh. sem hefur greinilega miklar efasemdir um alla þessa ráðstöfun og þessa þróun þegar hann minnir okkur á það í dagblöðum í dag að hér er um veruleg verðmæti að ræða enda minnti ég á að samanlagður hagnaður þessara banka á árinu 1998 var rúmlega 1,5 milljarðar kr. Það er ljóst að hann verður miklu meiri á þessu komandi ári því að á fyrri hluta þessa árs nam þessi hagnaður

þegar 1.300 millj. kr., næstum hálfum öðrum milljarði kr. og fyrirsjáanlegt að hann verður miklu meiri þegar upp er staðið.

Eins og við vitum reynir ríkisstjórnin og áhugamenn um einkavæðingu að réttlæta hagnaðinn í bankakerfinu og skýra hann í ljósi kerfisbreytinga í bönkunum að þeir hafi verið gerðir að hlutafélögum og þetta skýri hagnaðinn. Vill þá gleymast að öll ytri skilyrði í íslensku þjóðarbúi hafa verið mjög ákjósanleg, hafi verið mjög góð síðustu ár. (**Gripið fram í:** Vegna stefnu ríkisstjórnarinnar.) Þrátt fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar hafa þau verið mjög góð, ekki vegna stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er ekki vegna stefnu ríkisstjórnarinnar að vel hefur fiskast. Það er ekki vegna stefnu ríkisstjórnarinnar, hæstv. viðskrh., að markaðir erlendis hafa verið hagstæðir, það er ekki vegna stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er þrátt fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur haldið mjög óhyggilega á málum. Það hefur hún gert í skattapólitík sinni, mjög óhyggilega á málum. Hún hefur þrengt að almennu launafólki. Hún hefur neitað að láta skattleysismörk fylgja almennri launaþróun. Hún hefur neitað því að láta viðmiðunarmörk barnabóta fylgja almennri launaþróun og skert þannig barnabæturnar. Þær eru lægri í krónum talið ár frá ári þannig að hlutfallslega dregur úr vægi þeirra og mikilvægi þeirra en á móti hefur verið gert vel við fyrirtækin og sérstaklega stór fyrirtæki sem hafa hagnast vel.

Sé litið til áratugarins alls er um verulegar upphæðir að ræða. Við minnumst þess þegar aðstöðugjaldið var lækkað á sínum tíma. Við það vænkaðist hagur fyrirtækjanna um 5–6 milljarða kr. Síðan hefur tekjuskatturinn sem var yfir 50% í upphafi áratugarins verið færður stórlega niður, um rúm 20 prósentustig. Þá kom til sögunnar fjármagnstekjuskatturinn en þegar hann var settur var skattur af arði færður úr tekjuskattsprósentustiginu niður í 10%. Þetta færði eignafólki mikla peninga, sumum milljónir króna. Ef menn halda að þetta hafi verið til að örva atvinnulíf og hagsæld í landinu þá er það mikill misskilningur. Þetta er stefna sem oft var kennd við Ronald Reagan á sínum tíma og kölluð Reaganomics. Hún hefur stundum verið kölluð „brauðmolahagfræði" vegna þess að hún byggðist á því að gefa efnafólki svigrúm til að baka stóru brauðin sín. Við það mundu bitar og molar hrjóta af borðum þeirra til hinna sem minna hefðu og allt mundi þetta verða efnahagslífinu til góðs. Crumble down economics eða ... (**VE:** Trickle down economics.) Trickle down economics hefur þetta verið kallað. (**VE:** Það er miklu eldra en Reaganomics.) Já, sem er eldra en Reganomics enda má rekja þetta aftur til frumstæðustu kenninga frá 18. öld um markaðsviðskipti. Það eru þær kenningar sem menn taka upp núna og sigla hraðbyri inn í fortíðina. Þetta hefur verið að gerast á undanförnum árum. Það er alrangt að hagur bankanna hafi vænkast á undanförnum árum vegna þess að þeir hafi verið gerðir að hlutafélögum. Þetta eru svo barnalegar fullyrðingar að þær taka engu tali.

Ég hef líka sett spurningarmerki við það þegar menn eru með þunga áfellisdóma yfir ríkisbönkunum og sjá þeim allt til foráttu. Það er rétt að hugsunarhátturinn hefur breyst í þjóðfélaginu og að mörgu leyti til góðs. Menn eru hræddir við aukna skuldsetningu og vilja halda hyggilegar á málum. Bankarnir vilja lána þannig að fólk geti endurgoldið skuldir sínar. Það er gott en hins vegar getur þetta viðhorf leitt til mikillar þröngsýni. Ég minnti á það sem gerðist á Vestfjörðum sl. haust, þegar kvótinn var fluttur úr byggðarlögum og fólk missti atvinnu í stórum stíl. Þar urðu menn fjárþurfi og leituðu til lánastofnana. Þá var sagt að veðin dygðu ekki fyrir lánum og ekki þýddi að leita til aðila á borð við Landsbankann, held ég að það hafi verið í því tilviki. Ég tel það að þrengja sjónarhorn sitt með þessum hætti ekki hið sama og að halda á málum af ábyrgð.

Þegar litið er til uppbyggingar íslensks samfélags allt frá lokum seinna stríðs er ljóst að hún hefur kostað miklar lántökur. Henni fylgdi önnur hugsun. Í uphafi aldarinnar sagði Skúli Thoroddsen, síðar ritstjóri og alþingismaður, að menn ættu að reyna að komast út úr stöðnuðu samfélagi samtímans, taka lán og láta kapítölin ávaxta sig. Hann sagði að menn ættu að taka lán til að byggja brýr, gera vegi, reisa hús og verksmiðjur. Þetta mundi síðan skila okkur hagnaði inn í þjóðarbúið. Á þeirri hugsun byggðu Íslendingar í langan tíma og gengu hugsanlega of langt. Síðan hafa menn viljað stíga af meiri varfærni til jarðar. En ég vara við mjög einstrengislegri afstöðu og þungum sleggjudómum yfir öllu sem gert hefur verið hér á liðnum áratugum.

Það var þannig að stjórnarfyrirkomulag bankanna tryggði aðkomu fulltrúa úr mismunandi áttum þjóðlífsins, úr ólíkum pólitískum áttum, einfaldlega með því að kjósa fulltrúa í bankaráðin hér á Alþingi. Það tryggði að innan í þessara fjármálastofnana heyrðust mismunandi raddir. Ég held að það hafi verið til góðs. En með hlutafélagavæðingunni var þetta vald fært til eins aðila. Sá aðili sem hefur þetta vald heitir núna Finnur Ingólfsson, hæstv. viðskrh. Nú vilja menn ganga enn þá lengra og færa ákvörðunarvaldið yfir í þjóðarsálina sem hæstv. viðskrh. nefnir svo þegar hann vísar til ráðgjafa sinna í íslensku þjóðfélagi, þ.e. fjármagnsaflanna. Í Morgunblaðinu um helgina segist hann helst vilja leita til þeirra um ráðgjöf í hvert stefna skuli í skipulagningu íslensks fjármagnsmarkaðar. Ég er mjög andvígur þessari hugsun.

Ég velti því fyrir mér í fyrri hluta ræðu minnar hvort þjóðfélagið, sem þegar til kastanna kemur ber ábyrgð á þessu kerfi, eigi ekki rétt á því að hafa hönd í bagga. Ég minnti á hrun banka í Bandaríkjunum, í Kanada, Svíþjóð, Noregi. Ég nefndi það að í Noregi þurfti ríkið að greiða 50 milljarða norskra króna, 500 milljarða íslenskra króna til að reisa við banka sem orðið höfðu gjaldþrota. Menn gerðu sér grein fyrir því að ella blasti við hrun í efnahagslífinu sem segja mundi til sín inni á heimilum og inni í fyrirtækjum. Ríkið varð að koma til sögunnar. Það breytti afstöðu manna í Noregi í þá átt að nú telja Norðmenn hyggilegt að ríkið eigi afgerandi hlut í stærstu bönkunum og þingið er mótandi aðili. Ekki eins og hér þar sem hæstv. viðskrh. stýrir för fyrir hönd fjármagnsmarkaðarins. Hann sagðist helst hlusta á hann. Ég hlusta á þjóðarsálina kallaði hann fram í áðan og vísaði til hans.

Mér finnst illa komið fyrir Framsfl. sem einhvern tíma vildi temja sér að hugsa á félagslega vísu þegar þessi viðhorf ríkja. Mér finnst illa komið fyrir Framsfl.

Þá velti ég einnig fyrir mér meðgjöfinni sem ég vil þó ekki gera mikið úr í þessu tilviki. Margir munu fá skattafslátt um jólin, enda er talað um þetta sem jólagjöf. En jólagjöfin er náttúrlega ekki fyrst og fremst til hinna smáu, hún er til hinna stóru. Hún er til þeirra sem vilja komast yfir þær verðmætu eignir þjóðarinnar sem skila hagnaði, arði sem er talinn í milljörðum króna. Menn líta á það sem sérstakt forgangsverkefni að losa þjóðina við þessar eignir sínar. (**Gripið fram í:** Stórar jólagjafir í góðærinu.) Stórar jólagjafir í góðærinu, það er rétt, um það er að tefla.

Ég rakti hvernig arðsemi eigin fjár þessara banka hefur aukist síðustu ár. Arðsemi eigin fjár var í Landsbankanum 3% árið 1995, komin í 12,4% 1998. Í Búnaðarbankanum var hún 5,7% 1995 og komin í 14,6% 1998. Þetta er þróunin í þessum verðmætu stofnunum sem hæstv. landbrh. nefnir svo í Degi í dag, sem ríkisstjórnin er áköf í að losa sig við vegna þess að hún fær um það boð frá markaðnum sem nú vill koma höndum yfir þessar eignir.

En nú má spyrja: Gæti verið að eitthvert annað fyrirkomulag sé heppilegra en framtíðarland hæstv. viðskrh. Finns Ingólfssonar? Gætu verið rök fyrir því að hér starfaði öflugur þjóðbanki, gæti það verið? Gætu menn fallist á það, jafnvel þeir sem eru andvígir miklum ríkisafskiptum? Gætu þeir fallist á það þó að þeir, þegar til kastanna kemur, telji eðlilegra að fjármálastofnanir á samkeppnismarkaði séu í einkaeign og lúti lögmálum markaðarins? Getur verið að einhver rök séu fyrir því að hér sé starfandi þjóðbanki í ríkiseign? Ég held að það séu rök fyrir því og þau eru þessi:

Í íslensku efnahagslífi, í þessu litla hagkerfi okkar á sér nú stað mikil samþjöppun á valdi og peningum. Það er að gerast í sjávarútvegi með ógnvekjandi hraða, í flutningageiranum og á sviði tryggínga. Þetta er að gerast í olíuverslun. (**Gripið fram í:** Það er ekkert nýtt í flutningageiranum.) Það er ekki nýtt, nei. En þessi tilhneiging er að aukast. Þetta er hraðvaxandi þróun í verslun þar sem stór samsteypa er komin með um 60% af markaðnum. Þá spyr ég: Getur það verið ef þessar stóru samsteypur yrðu líka ráðandi í bankaheiminum — við skulum ekki gleyma að varnaðarorðin í morgun og í gær, í blöðum, útvarpi og sjónvarpi lúta einmitt að þessu — þá verði til viðskiptarisar sem stuðli að einokun og útrými samkeppninni? Um það eru menn að tala.

Hvað ef þessar stóru eignasamsteypur á markaði ná líka eignarhaldi á banka sem er orðinn ráðandi, hvað gæti það haft í för með sér? Við skulum ekki gleyma því að við erum að tala um mjög smátt hagkerfi. Það gæti haft það í för með sér að markaðslögmálin hættu að virka. Með þessu móti gætu hinir nýju eignaraðilar farið að hygla sjálfum sér og misbeita valdi sínu. Þetta gæti gerst. Ég bið talsmenn markaðshyggjunnar, þá sem vilja stuðla að frjálsri samkeppni, að hugleiða þetta. Ég vil biðja hv. þm. Pétur H. Blöndal (**PHB:** Ég er búinn að hugleiða það.) sem er einarður talsmaður samkeppni og markaðshyggju að hugleiða hvort þetta verði til að takmarka samkeppni og stuðli að einokun. Er ekki vænlegra, við slíkar aðstæður, að hafa öflugan þjóðbanka sem lýtur almannastjórn en ekki bara fulltrúum eins manns? Nei, þar þyrftu að vera fulltrúar helst allra sjónarmiða sem eru við lýði í stjórnmálum, mismunandi skoðana þar sem eru mismunandi áherslur.

Að umfjöllun um þetta frv. hafa komið fulltrúar fjármálakerfisins, þeir sem koma til með að stýra þessum stofnunum. Sjónarhorn þeirra er mjög þröngt. Það er svona 10 sm. Það er ekki mikið meira. Þar er ekki horft til allra átta, ekki horft til vanda þeirra Vestfirðinga sem eru að missa vinnu sína eða hafa þegar misst hana. Þar er spurningin aðeins ein: Geturðu borgað? Ekkert annað. Þar er engin félagsleg sýn, engin félagsleg ábyrgð, ekki til í dæminu. (**PHB:** En lífeyrissjóðirnir?) Hv. þm. Pétur H. Blöndal spyr um lífeyrissjóðina og ég fagna því að hann vill örva þessa umræðu og lengja. Ég skal ekki láta mitt eftir liggja í því efni. Hann spyr: Hvað með lífeyrissjóðina? Hafa þeir pólitíska eða félagslega ábyrgð?

Með lögum sem sett voru um lífeyrissjóði á síðasta kjörtímabili fyrir tilstuðlan ríkisstjórnar sjálfstæðis- og framsóknarmanna var lífeyrissjóðunum lögum samkvæmt meinað að lána nema samkvæmt hæstu mögulegu ávöxtun. Það stendur í lögunum. Ég hef oft minnt á það í þessum ræðustól að fyrir fáeinum árum var bannað að okra í landinu. Nú er bannað að okra ekki. Þessi ríkisstjórn stóð fyrir því að þau lög voru sett. Þessi hugsun er ríkjandi í samfélaginu og er á sumum sviðum lögfest.

Munið þið þá tíð er rætt var um, aðeins fyrir örfáum árum, að fjármálafyrirtæki og þeir sem tök hefðu á að stýra vöxtum ættu að sýna ábyrgð og reyna að ná fjármagnskostnaði niður? Á sama hátt var sagt við launafólk: Sýnið hógværð og biðlund meðan við náum verðbólgunni niður? Á sama hátt var reynt að höfða til allra í samfélaginu, til allra sem stýra verði á vöru og þjónustu, með að sýna ábyrgð. Nú er verið að banna þetta með lögum. Markaðshyggjan og markaðslögmálin eru innleidd í lög landsins. Þetta er svo yfirgengilegt að því verður vart trúað. En þetta er staðreynd málsins, svona er þetta. Frammíkall hv. þm. Péturs H. Blöndals um lífeyrissjóðina er út í hött, út í loftið. Hann stóð sjálfur fyrir lagasetningu sem miðaði að því að takmarka svigrúm lífeyrissjóðanna. Þannig er þetta að verða í fjármálakerfinu almennt. Ég vil hvetja þá sem eru talsmenn markaðshyggju og samkeppni að hugsa sinn gang, sjá hvort ekki sé rétt að staldra ögn við.

Hvað með þá staðhæfingu ríkisstjórnarinnar að sala á hlutabréfum ríkisins slái á þenslu? Því hefur verið haldið fram. Vissulega má til sanns vegar færa að sá er munur á sölu fyrir tilstilli hlutafjáraukningar annars vegar og beinni sölu hlutafjár hins vegar að fyrri kosturinn eykur augljóslega fjármagn í umferð en hinn síðari er líklegri til að binda það og þar með slá á þenslu. Þó er þetta háð því hvar peningarnir eru teknir og einnig hinu hvernig þeim er varið af hálfu þess aðila sem fær þá í hendur. Það sjónarmið hefur víða komið fram að enda þótt augljóslega mæli margt með því að selja ríkiseignir, sem á annað borð á að selja, á þenslutímum en ekki þegar samdráttur er í efnahagslífinu sé hér um svo lágar upphæðir að ræða hlutfallslega með tillti til efnahagskerfisins í heild að áhrifin verði vart teljandi. Þetta sögðu okkar sérfræðingar í efh.- og viðskn. Þeir vildu halda þessu fram.

Ég vil að það komi þó fram að ég tel að nokkur fótur sé fyrir þessu. Ég gagnrýndi það á sínum tíma þegar ráðist var í einkavæðingu á samdráttartímum. Ég taldi mjög óhyggilegt að gera það þá. Slík ráðstöfun bindur fjármagnið í stað þess að örva gangverk efnahagskerfisins. Hins vegar er ég sammála því að hvað þetta snertir, þá er þessi tímasetning rétt. Það eru ýmis þenslumerki í hagkerfinu og eðlilegt að gripið sé til ráðstafana af þessu tagi ef á annað borð á að grípa til þeirra á slíkum stundum. Ég vil að þetta komi fram til að ljóst sé að ég sé alveg sjálfum mér samkvæmur hvað þetta snertir.

Í álitsgerð Seðlabanka Íslands, svari við spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Áhrifin af fyrirhugaðri sölu hlutafjár í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. á innlenda eftirspurn og fjármálamarkaði mun einkum ráðast af þremur þáttum. Í fyrsta lagi af hegðun fjárfesta varðandi neyslufrestun, heildarsparnað eða fjármögnum kaupanna með eignasölu eða lántöku, þar með talið hvort kaupin eru fjármögnuð með erlendu lánsfé. Í öðru lagi af söluverði bréfanna í hlutfalli við markaðsverð. Í þriðja lagi af því hvernig ríkissjóður ráðstafar andvirði sölunnar. Samspil þessara þátta mun hafa áhrif á hvort salan virkar eftirspurnarletjandi eða hvetjandi og hvort áhrif verða á gengi krónunnar til hækkunar eða lækkunar.

Ljóst er að áhrifin verða minnst á eftirspurn og innlenda fjármálamarkaði ef hlutaféð er selt innlendum aðilum og þeir minnka eign sína á ríkisskuldabréfum á móti. Ef selt er á undirverði er hugsanlegt að salan virki eftirspurnarhvetjandi og öfugt ef selt er á yfirverði. Kaup erlendra aðila á bréfunum eða fjármögnun innlendra aðila með erlendum lánum mun stuðla að hærra gengi en ráðstöfun andvirðis til niðurgreiðslu erlendra lána mun hafa öfug áhrif."

Þetta er úr svari Seðlabankans við spurningu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til hans og reyndar Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sem hafa með fjármálaumsýslu að gera í þjóðfélaginu. Þegar á heildina er litið er það mat þeirra aðila, sérstaklega talsmanns Seðlabankans ef ég man rétt, að þessi áhrif verði að líkindum ekki mikil. Því til stuðnings var vísað til umfangsins, að það væri ekki það mikið þegar litið væri á efnahagskerfið í heild sinni. Hins vegar var talið augljóst að þessi aðferð við sölu bankanna væri heppilegri en sú aðferð sem hæstv. viðskrh. beitti sér fyrir á árinu 1998, þ.e. að ráðstafa hlut ríkisins í bönkunum með hlutafjáraukningu. Þetta er talinn skynsamlegri kostur á þenslutímum (**Viðskrh.:** Sammála.) og ég tek undir það. (**Viðskrh.:** Þetta er í lagi.) Þá er það í lagi. Það er einhvern ljósan blett að finna, það er rétt og hæstv. viðskrh. gleðst að sjálfsögðu mjög yfir því. En ég held því miður að þessi ákvörðun í heild sinni sé röng.

Hvaða leið viljum við þá fara? Hvaða leið viljum við fara í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði? Í fyrsta lagi höfum við lagt til að komið verði á traustum þjóðbanka. Það hefur margoft komið fram í málflutningi þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hér á þingi. Við viljum skoða alla kosti í því efni og gefa okkur góðan tíma til þess. Sjálfum hefur mér fundist það skynsamlegt að íhuga sameiningu ríkisbankanna tveggja, Landsbankans og Búnaðarbankans. Hvað það snertir tek ég undir með Friðberti Traustasyni, formanni Sambands ísl. bankamanna. Hann segist í blaðaviðtali í dag telja það vænlegri leið að sameina ríkisbankana tvo heldur en hitt, að sameina t.d. Landsbanka og Íslandsbanka sem nokkuð hefur verið til umræðu að undanförnu.

Þetta er fyrsta atriðið sem við höfum lagt áherslu á, að íhuga það að koma á fót traustum þjóðbanka. Við erum með trausta ríkisbanka, Búnaðarbankann og Landsbankann. Ég hef sýnt fram á að hagur þeirra er mjög góður. Þetta eru mjög verðmætar stofnanir sem skila miklum og sívaxandi arði. Við eigum að huga að þessu. Ég held það sé líka til hagsbóta ekki aðeins fyrir samfélagið allt, félagsleg sjónarmið og lýðræðisleg, heldur líka í þágu samkeppninnar. Ég hef trú á því.

Í öðru lagi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð eða þingflokkur hreyfingarinnar hér á Alþingi lagt fram þáltill. þar sem lagt er til að öll einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar verði tekin til endurskoðunar. Í ljósi þeirra atburða sem átt hafa sér stað í efnahagskerfinu að undanförnu, í ljósi þeirrar samþjöppunar á valdi og fjármunum sem ég gerði að umtalsefni hér áðan, held ég að enn ríkari ástæða sé til að taka þessi mál öll til endurskoðunar. Í greinargerð þáltill. sem við fluttum um þetta efni segir m.a., með leyfi forseta:

„Afar brýnt er að breytingar sem gerðar eru á grundvallarþáttum samfélagsins séu vel ígrundaðar, byggist á traustum rökum og haldgóðum upplýsingum en ekki framkvæmdar af handahófi. Þá er nauðsynlegt að breytingar séu gerðar með framtíðarsýn á hlutverk hins opinbera í huga þar sem skýrt komi fram hvaða verkefni eigi að vera á vegum ríkis og hvar skuli koma til kasta fyrirtækja á markaði."

Þetta segir í niðurlagi greinargerðar með þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þess efnis að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka til að yfirfara áform um einkavæðingu. (Gripið fram í.) Það finnst hæstv. viðskrh. alveg út í hött, að ræða málin. (**Viðskrh.:** Nei, nei, alls ekki.) að skoða rökin, að reyna að læra af reynslu annarra. Alls ekki? Af hverju gerum við þetta ekki þá? (**Viðskrh.:** ... nefnd fram á miðja næstu öld.) Má ekki hafa það í nefnd sem starfaði fram á næstu öld? Ákvarðanirnar sem hér um ræðir snerta kannski komandi kynslóðir miklu fremur en okkar. Það er rétt sem hæstv. viðskrh. leggur hér til málanna í þessari umræðu. Hann veltir því fyrir sér hvort það heyri ekki til næstu aldar að fjalla um þessi mál. Það mun gera það. Komandi kynslóðir næstu aldar munu þurfa að súpa seyðið af ákvörðunum ríkisstjórnarinnar núna. Ég skal nefna dæmi.

Það hefur verið ákveðið að ráðast í svokallaða einkaframkvæmd í sambandi við elliheimili og skóla og kominn er einn skóli inn í það fyrirkomulag, Iðnskólinn í Hafnarfirði (**Viðskrh.:** Gengur vel.) og gengur vel, segir hæstv. ráðherra. Þetta er hin barnslega bjartsýni ríkisstjórnarinnar að þetta sé allt svona góðra gjalda vert. Búið er að reisa skólann og engar skuldir. Nú á að fara að bjóða út og búið að bjóða út þrjú elliheimili. Þar eru fyrirtæki að taka að sér að reisa og reka þau, ég veit ekki hvort búið er að taka ákvörðun um hvort það er Securitas eða Ístak sem reisir þau elliheimili en þau er á meðal fyrirtækjanna sem eiga hlut að máli.

Hið góða sem hæstv. viðskrh. finnst vera í þessu er að það eru engar skuldir. Skuldirnar hvíla hjá fyrirtækinu sem reisir og rekur en almenningur mun borga. Hann mun borga í formi skatta eða í formi notendagjalda. Einu skuldbindingarnar sem ríkisstjórnin gefur þessum fyrirtækjum er að sjá þeim fyrir kúnnum, skólanemum í Hafnarfirði eða gamalmennum, öldruðu fólki á elliheimilum. Þetta eru skuldbindingarnar. Þess vegna koma ekki fram neinar skuldir ríkissjóðs þegar ráðist er í þetta. Þetta eru skuldbindingarnar. Þær eru eingöngu í formi samninga af þessu tagi. En reikninginn þarf að borga og það verður gert annaðhvort, eins og ég segi með hærri sköttum eða notendagjöldum. Ríkisstjórnin segist vilja fara inn á braut notendagjalda og þar blasa við skólagjöldin og elliheimilagjöldin, eins og OECD er að ráðleggja að við tökum upp og tekur þar undir með ríkisstjórninni sem hefur birt stefnu sína í bæklingi um einkaframkvæmd og gefinn var út á síðasta ári. Þessi stefna kemur náttúrlega komandi kynslóðum við. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. viðskrh. Þess vegna er mikil skammsýni að hugsa ekki fram í tímann, heldur hugsa bara frá degi til dags. Nú er meira að segja skammtímahugsunin orðin svo aðþrengd að ekki er hugsað lengur en til jólanna. Það þarf að lögfesta þetta frv. til að fólk geti keypt jólagjafir. Það er von að hæstv. viðskrh. hlæi. Honum finnst þetta fyndið. Mér fannst þetta fyndið fyrst, ég hélt að það væri brandari þegar menn voru að tala um það í efh.- og viðskn. að hraða þyrfti þessu til að fólk gæti farið að ráðast í jólainnkaup, en þetta er bara staðreynd. Þetta er talið örva fólk til að leita eftir skattafslætti fyrir áramótin (**Viðskrh.:** Og spara.) og spara, segir hæstv. ráðherra, og svo eru náttúrlega stóru jólagjafirnar hjá félögum hæstv. ráðherra. Þetta var annað atriðið sem við vildum gera.

Síðan er eitt enn. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram frv. um dreifða eignaraðild fjármálastofnana.

Þetta var gert með það í huga að ef sjónarmið okkar yrðu ofurliði borin sem er harla líklegt, því miður, þá höfum við viljað koma með tillögur um hvernig best yrði staðið að þessum breytingum. Við höfum viljað leggja okkar af mörkum til að finna leiðir til að tryggja dreifða eignaraðild. Við lögðum fram frv. þess efnis á Alþingi og það er til umfjöllunar nú í efh.- og viðskn. Því miður liggur það þar og sefur svefninum, vonandi ekki hinum langa, en sefur enn. Í greinargerð með frv. um dreifða eignaraðild segir m.a., með leyfi forseta:

„Óþarfi er að fara mörgum orðum um tilefni þessa frumvarps. Mikil umræða hefur verið um sölu á eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og reyndar einnig áður um stofnun þess banka og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Mikið vantar á að vandað hafi verið til vinnubragða í þessu sambandi þó svo að horft sé fram hjá pólitískum ágreiningi um þessar breytingar sem slíkar. Leikreglur og nauðsynlegar lagabreytingar voru ekki undirbúnar og gerðar fyrir fram. Nú, þegar fyrstu skref í einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna með hlutafjárútboðum hafa verið stigin, tæpur helmingur af eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur verið seldur" — og vatn hefur runnið til sjávar síðan þetta var sett á blað — „og sala á hinum helmingnum er í fullum gangi, blossar upp síðbúin umræða um nauðsyn þess að tryggja dreifða eignaraðild að bönkunum."

Í greinargerðinni er vikið að yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum og í framhaldinu segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Óhjákvæmilegt er að Alþingi taki af skarið í þessu máli og láti á það reyna hvaða innstæður eru fyrir fullyrðingum um nauðsyn þess að dreifa eignaraðild og sporna við samþjöppun á eignarhaldi í mikilvægum innlendum fjármálastofnunum. Viðbúið er að um setningu slíkra reglna geti orðið pólitískar deilur en því verður varla á móti mælt að skynsamlegt sé fyrir okkur Íslendinga að fara varlega í þessum efnum. Slíkar takmarkanir eða reglur er alltaf hægt að rýmka síðar meir ef áhyggjur af samþjöppun og fákeppni reynast ástæðulausar. Varla getur sakað að hafa vaðið fyrir neðan sig. Eins kæmi til greina að skoða rýmri mörk hvað hámarkseign í fjármálastofnun snertir þegar í hlut eiga viðskiptabankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir. Gæti það einkum átt við ef bankar eða aðrar lánastofnanir vildu starfrækja þjónustufyrirtæki á fjármálasviði sem hefði starfsleyfi sem lánastofnun. Þær reglur sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru einfaldar en að mati flutningsmanna fullnægjandi til að setja hámarkshlutafjáreign og ítökum einstakra aðila í viðskiptabönkum og öðrum mikilvægum lánastofnunum takmörk."

Hér var vitnað til greinargerðar með frv. sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs lagði fram á Alþingi um dreifða eignaraðild í fjármálastofnunum. Eins og við munum varð talsverð umræða um dreifða eignaraðild í sumar. Hæstv. viðskrh. hefur margoft sagt sjálfur að hann sé því hlynntur að dreifð eignaraðild sé tryggð í stærstu fjármálastofnunum landsins. Hann hefur talað um mikilvægi þess hverjir haldi um eignarhaldið, gerði það upphaflega þegar farið var að ræða um einkavæðingu bankanna og hæstv. forsrh. hefur hugsanlega gengið enn lengra í þessu efni. Hæstv. viðskrh. hefur lagt meiri áherslu á hverjir það væru sem kæmu þarna að máli og hefur t.d. nefnt lífeyrissjóði í því efni. Hæstv. forsrh. hefur hins vegar lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að sem flestir aðilar komi að máli. Hann hefur ekki viljað ganga svo langt að halda þeim í eigu þjóðarinnar allrar sem eru dreifðust eignaraðild, dreifðari gerist hún ekki. En hann hefur engu að síður lagt áherslu á þetta. Ég minnist þess að þegar þetta frv. kom til umræðu á Alþingi, þá tók m.a. Pétur H. Blöndal mjög í sama streng og sagði að þetta væru ahyglisverðar tillögur.

Ég hef hreyft því ítrekað í efh.- og viðskn. að þetta frv. verði tekið til umfjöllunar samhliða hugmyndum um sölu á eignarhlut ríkisins í ríkisbönkunum. Þessu hefur verið hafnað, því miður. Þegar þetta var rætt á allra síðustu dögum var bent á og réttilega að um flókið mál væri að ræða, það er alveg rétt. Þetta er mál sem þarf að skoða mjög gaumgæfilega og ekki skal standa á mér að taka þátt í slíkri vinnu. Ég geri ekki lítið úr því að þetta þurfi að skoða rækilega. En það hefði verið hægur vandinn að ráðast í þá vinnu í haust og framkvæma hana samhliða því sem þetta frv. eða önnur ámóta væru tekin til umfjöllunar. Það hefði verið hægur vandinn ef vilji hefði verið fyrir hendi.

Það frv. sem hér er til umfjöllunar kom til þingsins fyrir aðeins fáeinum dögum og menn eru í alvöru, ef ég á að trúa því, að tala um að afgreiða þetta frv. fyrir vikulok. Því hefur verið haldið fram að ríkisstjórnin krefjist þess að málið, sem kom til kasta þingsins fyrir nánast nokkrum klukkutímum, verði afgreitt á nokkrum dögum, fyrir vikulok. Fyrir vikulok á að vera búið að taka um það ákvörðun og festa í lög sölu á 15% hluta í ríkisbönkunum. (**Viðskrh.:** Það eru alveg að verða vikulok.) Það eru alveg að verða vikulok, segir hæstv. viðskrh. réttilega, glöggur maður. Þetta eru náttúrlega ekki boðleg vinnubrögð. En það var sem sagt ekki fallist á að verða við ósk um að vinna þessi mál samhliða og því fór sem fór að frv. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um dreifða eignaraðild í fjármálastofnunum sefur enn í efh.- og viðskn. en á meðan er verið að reyna að keyra þetta makalausa frv. í gegnum þingið. Það er í þessu ljósi sem ég legg til að frv. ríkisstjórnarinnar um sölu á eignarhluta í Landsbanka og Búnaðarbanka verði vísað frá.

Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Ég er svo ljónheppinn að eiga þess kost að taka þátt í ítarlegri umræðu um frv. í dag og á næstu dögum og í næstu viku ef því er að skipta ef ekki verður fallist á tillögu okkar að vísa þessu máli frá og afgreiða síðan samhliða frv. af þessu tagi og frv. okkar um dreifða eignaraðild. Þá kæmi í ljós hver raunverulegur vilji ráðamanna er, hvort þeir meina eitthvað með þeim yfirlýsingum sínum að þeir vilji tryggja dreifða eignaraðild í fjármálastofnunum landsins. Hins vegar hefur það komið vel og rækilega fram í máli mínu að ég er mjög andvígur því að ráðist verði í þessa sölu yfir höfuð, hvenær sem það yrði gert. Ég er andvígur því og fyndist eðlilegra og tek undir með forsvarsmönnum Sambands ísl. bankamanna að eðlilegra væri að huga að sameiningu banka, þess vegna ríkisbankanna en vísa tillögu um einkavæðingu þeirra frá.

[14:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hann er þar með fulltrúi okkar þingmanna í þeim lífeyrissjóði. Við höfum reyndar aldrei kosið hann frekar en aðrir sjóðfélagar í þeim sjóði sem eru þar nauðbeygðir samkvæmt lögum. Hann ráðstafar 2–3 milljörðum á ári og er þar af leiðandi einn af fáum kapítalist-

um á þingi, sennilega sá eini, og hefur þar af leiðandi mikið vit á þessum málum.

Hann talar um að hér sé um að ræða gjöf til stórkapítalista og það kom fram hjá hæstv. viðskrh. að boð kæmi frá markaðnum, þjóðarsálinni, sem ákveði verðið. Nú geri ég ráð fyrir að LSR geri tilboð til hagsbóta fyrir sjóðfélaga sína til þess að græða á því. Er það ekki rétt að hv. þm. muni í stjórn LSR leggja til að lífeyrissjóðurinn geri tilboð í þessi 5% til þess að græða á öllu saman?

Í öðru lagi er LSR stór hluti markaðarins og sendi því boð til hæstv. ráðherra eins og hér kom fram, boð frá markaðnum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Er hann ekki þá sú þjóð sem hæstv. ráðherra er að tala um sem þátttakanda í markaðnum?

Í þriðja lagi grætur hv. þm. mjög gamla tíma þegar bankar gátu gefið fé til vildarvina og talar um það í samhengi við lífeyrissjóðina sem eru skyldaðir til að lána núna með skynsamlegum kjörum, það sé ekki hægt að gefa fé. En vill hv. þm. gefa eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til skuldara, t.d. illa rekinna fyrirtækja sem ekki standa í skilum?

[14:31]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal hrósið. Hann telur að ég hafi mikið vit á þessum málum. Ég vona að það sé verðskuldað. (Gripið fram í.) Hins vegar er það því miður ekki rétt að ég tilheyri þeirri þjóðarsál sem hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson hlustar á. Ég held að hann taki afskaplega lítið tillit til þeirra sjónarmiða sem ég hef fram að færa.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal spyr um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, þar á meðal fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ég fór yfir það í mjög ítarlegu máli hér áðan inn í hvaða farveg lífeyrissjóðunum hefur verið beint með lagasetningu. Þeir eru nauðbeygðir lögum samkvæmt, þeir eiga lögum samkvæmt jafnan að leita eftir bestu ávöxtun. Þetta er þeim gert að gera lögum samkvæmt og (**Gripið fram í:** Vera á markaðnum.) vera á markaðinum og hyggja ... (Gripið fram í.) Já, það er það sem að þeim er gert að gera og ég var mjög andvígur þessu, enda greiddi ég atkvæði gegn þessari lagasetningu.

Hv. þm. segir að ég gráti þá gömlu tíma þegar lánað var á óábyrgan hátt, lá í orðum hans, eða þannig skildi ég þau. Ég var hér áðan að vara við sleggjudómum gagnvart því sem liðið er og ég var að reyna að skoða þessi mál í sögulegu ljósi, segja að við ættum að fara varlega í því að segja að allar lánveitingar til byggðarlaga sem voru í kröggum, til atvinnulífs, fyrirtækja og einstaklinga í byggðarlögum í kröggum, hefðu verið af hinu illa. Ég vakti máls á því sem gerðist hér í haust þegar samdráttur varð á Vestfjörðum, þegar kvóti var fluttur þaðan og fjöldi manns missti atvinnu sína. Mér þótti slæmt hvernig bankarnir tóku á málum þeirra sem þá voru þurfandi.

[14:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagðist reikna með því að hv. þm. hefði vit á fjármálum. Ég ætla að vona að hann hafi það. Hann er í stjórn einnar stærstu fjármálastofnunar landsins, tilnefndur til þess að gæta hagsmuna yfir tuttugu þúsund sjóðsfélaga, opinberra starfsmanna sem eiga þarna í sjóðnum fleiri tugi milljarða. Hv. þm. ráðstafar 2–3 milljörðum á ári. Ég ætla að vona að hann hafi vit á fjármálum.

Hann sagðist vera andvígur því að leita þurfi bestu ávöxtunar. Heyrði ég rétt? Ætlar hv. þm. sem fulltrúi opinberra starfsmanna í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ekki að leita að bestu ávöxtun fyrir sjóðinn?

[14:35]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt við þessu sem ég er að vara, þessu eina auga í miðju enni sem er ómögulegt að sjá til beggja átta. Skilur hv. þm. ekki að efnahagskerfið er flóknara en svo að það sé hægt að afgreiða það á þennan hátt? Flutningur á miklum arði frá fyrirtækjum og fólki, frá framleiðslunni yfir til fjármagnseiganda, hvort sem það heita lífeyrissjóðir eða aðrir fjármagnseigendur, getur verið varasamur og komið þeim í koll sem aðild eiga að lífeyrissjóðunum og njóta góðs af fjármálastofnunum. Þetta er allt samhangandi. Þetta er ein heild og það verður að gæta að jafnvægi hlutanna. Ég er einmitt að vara við þessari einsýnu gróðahugsun sem virðist knýja hv. þm. Pétur H. Blöndal áfram. Sem betur fer eru ekki allir á þessu máli. En það er verið að reyna að beina þjóðfélaginu inn í þennan farveg. En ég fagna þessari umræðu. Ég mun taka þátt í henni betur þegar ég kem að nýju til hennar síðar í dag.

[14:36]

Útbýting þingskjals:

Sameining ríkisbanka áður en þeir verða seldir, 265. mál, þáltill. GAK og GIG, þskj. 342.

[14:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum hér að ræða mjög merkilegt mál þó að frv. sem um það fjallar sé stutt. Við erum í raun að ræða það hvernig eignarhald ríkisins, þjóðarinnar, verði í framtíðinni á peningastofnunum þessa lands, hvort ríkið eigi að hafa þar eignatök og vera ráðandi aðili eða ekki.

Þegar fjárfestingarsjóðirnir voru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins lýsti ég þeirri skoðun minni að ég teldi að þarna væri verið að stíga rangt skref, ég teldi að íslenska ríkið ætti að eiga sterkan fjárfestingarbanka. Ég var reyndar á þeirri skoðun að það fyrsta sem hefði átt að gera væri að einkavæða þá sjóði sem urðu síðan stofninn að FBA og halda eignarhaldi þeirra hjá ríkinu í hlutafélagsformi. Rök mín fyrir þessu á sínum tíma voru þau og eru enn að það koma alltaf þeir tímar í íslensku þjóðfélagi sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vék hér að áðan, að það verður niðursveifla í íslensku efnahagslífi og það þarf að gera ákveðnar ráðstafanir til þess að hjálpa atvinnuvegunum, atvinnutækjunum og efnahagslífinu að rétta við. Þetta sá ég iðulega þegar ég var stjórnarmaður í Fiskveiðasjóði fyrir hönd minna samtaka í sjávarútvegi sem ég var þá forustumaður fyrir. Það þurfti iðulega að grípa til aðgerða til að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum þegar hann átti í tímabundnum erfiðleikum með ýmsum aðgerðum sem ég tel að sé ekki svo auðvelt að grípa til í dag þar sem fjárfestingarlánasjóðirnir eru komnir yfir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Það er kannski nær en margur hyggur, að við munum standa frammi fyrir slíkum vanda. Ég veit ekki hvort þingmenn almennt hafa veitt því athygli að maður sem oft hefur verið nefndur hér í þessari umræðu, stjórnarformaður Íslandsbanka, Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, hefur vikið að því að fyrirtæki í sjávarútvegi, einkum þau sem eiga hagsmuni sína í uppsjávarveiðum og uppsjávarfiski, hefðu orðið fyrir talsverðum skakkaföllum á þessu ári og einkum í haust. Mér er nær

að halda að mörg af fyrirtækjum á Austfjörðum sem eiga mesta hagsmuni undir því að uppsjávarfiskur veiðist og tekjur komi inn af þeim hluta aflans til þeirra fyrirtækja, muni standa frammi fyrir mjög miklum vanda þegar áramótauppgjör þeirra birtist. Hygg ég að þar muni þá koma fram að jafnvel mjög sterk fyrirtæki sem hafa verið í virkilegri uppsveiflu á undanförnum árum á hlutabréfamarkaði séu bara ekkert í allt of góðum málum með sinn rekstur. Það tekur í hjá fyrirtækjum, stórum fyrirtækjum sem eiga nánast alla sína afkomu undir loðnuveiðum og síld, þegar lítið fiskast af slíkum tegundum, einkum kannski þegar fyrirtæki hafa tekið sér það fyrir hendur að reyna að endurbyggja flotann og endurbyggja verksmiðjur og farið að gera út á kolmunna af miklum krafti, reyndar í þeirri einu von að það eigi að úthluta þeim kvóta, úthluta þeim verðmætum, þ.e. að byggja þar upp fyrir framtíðina. Auðvitað er það rétt að hluta til að við erum að byggja upp rétt Íslendinga fyrir framtíðina með þátttöku í kolmunnaveiðunum.

Því segi ég þetta að það skyldi þó ekki vera og það mjög fljótlega, samanber þá viðvörun sem Kristján Ragnarsson formaður LÍÚ og núverandi stjórnarformaður Íslandsbanka ýjaði að, að fyrirtæki í sjávarútvegi sem eiga mikla hagsmuni í uppsjávarfiski mundu jafnvel þurfa á einhvers konar eftirgjöf að halda, skuldbreytingum eða lánalengingum til þess að rétta sig af. Sem betur fer eru sum af þessum fyrirtækjum mjög sterk og hafa verið í mikilli uppsveiflu á undanförnum árum og kannski þola þau niðursveiflu í nokkra mánuði þó að þau komi út með taprekstri í ársreikningum sínum á þessu ári.

En því vek ég athygli á þessu að þegar að kemur að því að það þarf að gera ráðstafanir í kannski heilli veiðigrein, yfir alla útgerð á landinu í heilli veiðigrein, þá vil ég a.m.k. sjá hvaða afgreiðslu slík erindi fá í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem nú hefur verið algjörlega einkavæddur. Hvernig verður þar að verki staðið ef á það þarf að reyna að þarna þurfi að vera eftirgjöf af vöxtum, lánalengingar, skuldbreytingar og annað slíkt? Þetta gátu menn gert í lánasjóðum atvinnulífsins meðan ríkið hafði þar eignatökin og þetta var iðulega gert, þ.e. að gefa jafnvel afborgunarleysi í langan tíma og fella niður vexti eða semja um sérstaka fyrirgreiðslu til þess að halda þessum atvinnugreinum gangandi. Ég er ekkert viss um að það sé íslenskri þjóð til hagsbóta að hin hörðu sjónarmið ávöxtunar af fé séu algild og að á þeim sé eingöngu keyrt. Ég held að það sé alveg rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vék hér að að þeir tímar geta komið að taka þurfi tillit til þess hvernig efnahagslífið er í stakk búið til að halda þessari þjóð uppi. Það er nú svo að þrátt fyrir að hér séu fyrirhugaðar stórvirkjanir, álver og ýmislegt slíkt, þá er íslenskur sjávarútvegur undirstaða efnahags þessarar þjóðar að stærstum hluta eins og málum er komið enn þá. Það er íslenskur sjávarútvegur þrátt fyrir kvótakerfið sem allir hafa trú á að sé hin eina festa í þessu þjóðfélagi — svo virðist a.m.k. vera — nema kannski örfáir einstaklingar sem vonandi eru að öðlast dýpri skilning á því vandamáli að kvótinn einn og sér býr ekki til fé. Og ég spái því að fleiri og fleiri Íslendingar séu að átta sig á því að svo er ekki og muni kveikja á því á næstu mánuðum og missirum.

Á það hefur verið treyst að fyrirtæki gætu fjármagnað sig og byggt á þeirri eign sinni í íslenskri auðlind. Nú er þessi íslenska auðlind orðin svo, eins og hún sýnir okkur, að hvorki veiðist loðna né síld svo neinu nemur. Við munum eftir niðursveiflunni í rækjunni þegar menn stóðu allt í einu frammi fyrir því að veðsetningar í bönkum í rækjukvóta gjörsamlega hrundu úr því að vera veðsetning á 70 þúsund tonnum, og aflahlutdeildin í samræmi við það, niður í það að sjútvrn. ákvað að aflinn væri 20 þús. tonn í úthafsrækjunni. Og hvað varð þá um veðsetningar íslenskra banka? Menn stóðu allt í einu frammi fyrir því að þau skip þar sem veðin og tryggingarnar samanstóðu í íslenskum úthafsrækjukvóta voru nánast einskis virði. Menn lentu í að þurfa að selja ný skip, sem nýbúið var að kaupa til landsins og átti að nota til veiða á úthafsrækju, hið snarasta úr landi til að bjarga því sem bjargað varð.

Þetta er ég að draga fram í umræðunni vegna þess að ég held að ríkið ætti að skoða það mjög vel og vandlega. Og hverjir eru ríkið? Það er íslenska þjóðin. Fyrir hönd íslensku þjóðarinnar fer ríkisstjórnin með framkvæmdarvaldið og Alþingi með löggjafarvaldið. Ég held að menn ættu að skoða það mjög vandlega hvort ástæða sé til að ríkið eigi fjármálastofnanir.

Ég var á þeirri skoðun, og hef ekki breytt henni neitt þrátt fyrir að búið sé að einkavæða FBA, að ríkið hefði átt að eiga fjárfestingarsjóðina og hefði þar af leiðandi getað leyft sér meira frjálsræði í því að einkavæða hina almennu banka. En nú er málum hins vegar þannig komið að búið er að einkavæða Fjárfestingarbankann. Og þá finnst mér mjög athugandi að það sé skoðað ofan í kjölinn hvort við séum á réttri leið með því að stefna til þess að einkavæða báða ríkisbankana.

Ég vil vekja athygli á því að við þingmenn Frjálslynda flokksins höfðum samið þáltill. sem var útbýtt í morgun en hefur auðvitað ekki verið rædd enn þá, sem víkur að því að menn skoði hvernig að slíkum málum verði staðið, þ.e. einkavæðingu bankanna, og því verði virkilega velt upp hvort þjóðin sé að fá hámarksverð fyrir þessar bankastofnanir eins og fyrirhugað er að selja þær í dag. Skilaboð markaðarins sem þeir hv. þm. Ögmundur Jónasson og hæstv. viðskrh. skiptust á skoðunum um hvernig væru til komin, hvort þau væru komin frá fjármálamarkaðinum eða hvort þau væru komin úr þjóðarsálinni. Ég heyrði að hv. þm. Ögmundur Jónasson reyndi að sannfæra ráðherrann um að þetta væru ekki orð þjóðarsálarinnar. Ég hygg að það sé alveg rétt hjá honum, ég tek a.m.k. undir það sjónarmið að þetta hafi ekki verið orð þjóðarsálarinnar. Ég held að þetta hafi verið orð markaðarins sem hæstv. viðskrh. lagði eyrun við. Og ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson ætti nú ekki að gera meira af því að vera að eyðileggja trú hæstv. viðskrh. og leyfa honum að halda þeirri trú sinni að hann sé að hlusta á þjóðarsálina. Því að við megum nú ekki eyðileggja það að hæstv. ráðherrar hafi þá trú að þeir séu að vinna að hag og heill þjóðarinnar, þó að ég sé á sömu skoðun og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að menn séu í ríkisstjórninni núna að hlusta á hag og áherslur markaðarins fyrst og fremst, þeirra sem vilja koma fyrir peningum og fjárfesta.

Hvers vegna draga þeir þá ályktun að nú sé rétt að rjúka til og búa til það sem hæstv. viðskrh. nefndi hér jólagjafapakka fyrir íslenska þjóð? Það skyldi þó ekki vera þannig að jafnvel í vaxandi niðursveiflu í sjávarútvegi séu menn á fullri ferð að ná peningum út úr sjávarútveginum?

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að íslenskum stofnunum eins og Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka hefur ekki tekist að gera grein fyrir rúmum 30 milljörðum sem streymt hafa út úr íslenskum sjávarútvegi og orðið þar til að auka skuldsetningu hans um yfir 50 milljarða á fjórum árum. Og

hvar skyldu þeir peningar hafa verið á ferðalagi? Jú, það er alveg öruggt að eitthvað af þeim peningum fór í að kaupa hlutabréf í FBA, það er alveg klárt, eitthvað af þessum 30 milljörðum lenti þar. Og ég hygg að eitthvað af þessum 30 milljörðum hafi líka lent í knattspyrnufélaginu Stoke í Englandi.

Það er nú samt einhver slatti eftir af þessum 30 milljörðum. Það skyldi nú ekki vera að það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson heldur að séu skilaboð markaðarins en viðskrh. heldur að sé þjóðarsálin, sé að segja mönnum að finna þurfi pláss fyrir peninga í íslensku þjóðfélagi? Þá rjúka menn upp til handa og fóta og mér er næst að taka mér þau orð í munn að mönnum verði brátt í brók og vilja fara að selja hluti í þeim fjármálastofnunum sem ríkið á enn þá, Búnaðarbanka og Landsbanka. Hér birtist frv. einn, tveir og þrír og það á að afgreiða á stuttum fundum og verða helst orðið að lögum fyrir vikulok. Ég held að menn ættu að flýta sér hægt.

Sú þáltill. sem við í Frjálslynda flokknum fáum vonandi að mæla fyrir sem fyrst gengur í rauninni út á það að við óskum eftir að ríkisstjórninni verði falið að kanna hagkvæmni þess að sameina fyrst Búnaðarbanka og Landsbanka og a.m.k. að tryggja að íslensk þjóð fái sem mest verðmæti út úr því sem hún ætlar að fara að selja. Því að við gerum okkur auðvitað grein fyrir því í þingflokki Frjálslynda flokksins, sem er nú reyndar aðeins tveir menn og ég held að ég muni það rétt að sjálfur hæstv. viðskrh. hafi einhvern tíma í haust kallað þennan litla þingflokk „örflokkinn", þá gerum við okkur samt grein fyrir því, þó litlir séum, að ef það er vilji hinnar öflugu ríkisstjórnar þessa lands með sinn mikla þingmeirihluta að selja þessar bankastofnanir, Landsbanka og Búnaðarbanka, þá muni ríkisstjórnin sjálfsagt ná fram þeim vilja sínum sennilega fyrir jól. En við ætlum hins vegar að leggja það til að menn staldri aðeins við og hugsi sinn gang í þessum málum og velti því virkilega upp, ef það er svona eindreginn vilji manna að selja þessar bankastofnanir og ef menn álíta það sérstaka jólagjöf fyrir íslenska launþega að geta fjárfest í hlutabréfum í þessum bönkum, hvort við ættum ekki a.m.k. að tryggja það að íslenska ríkið fái hámarksverð fyrir bankana og þar með íslenska þjóðin.

Ég held að ég muni það rétt úr Hólamessu forsrh. að hann hélt því fram að menn væru að reyna að ná til sín FBA fyrir smánarlega lítið verð. Fyrir örfáum dögum hélt hann ræðu og skýrði það út fyrir þingheimi hversu gæfulegt það hefði verið að hinkra aðeins við og ná 14 milljörðum fyrir FBA. Við getum út af fyrir sig verið sammála honum um það að úr því að FBA var seldur þá var miklu skynsamlegra að menn fengju fyrir hann 14 milljarða en 8 milljarða. Það skyldi þó ekki svipað sjónarmið eiga við varðandi bankastofnanir eins og Búnaðarbanka og Landsbanka, að skynsamlegt sé, ef það er eindreginn vilji ríkisstjórnarinnar að selja þessa banka, að menn reyni að fá fyrir þá hámarksverð en séu ekki að gefa sérstakar gjafir, jafnvel þó fyrir jól sé og þær hugsaðar sem sérstakur jólagjafapakki. Það verði sem sagt tryggt að íslenska þjóðin fái réttvirði fyrir þessi 15% sem ákveðið er að selja. Í öðru lagi að það verði jafnvel skoðað hvort ekki þurfi að gera eins og hæstv. forsrh. sagði í sumar, að setja þyrfti einhverjar reglur um hvernig ætti að tryggja dreifða eignaraðild.

Ég held að það væri allt í lagi að menn stöldruðu við þessi tvö atriði og veltu þeim fyrir sér. Þau eru alla vega í samræmi við það eins og ég heyrði hæstv. forsrh. segja á sumardögum. Það getur vel verið að vetrarnætur hafi breytt skoðunum hans, en svona voru orð hans fyrr á þessu ári. Ég tel að full ástæða sé til þess að sú þáltill. sem við höfum fengið dreift hér á borðin fái að koma til umræðu sem allra fyrst þannig að hægt sé að velta upp þeim möguleika hér í salnum annars vegar og hins vegar við lokaafgreiðslu hvort menn séu tilbúnir að staldra við þá þáltill. og velta því fyrir sér hvort ekki sé verið að hafa af þjóðinni umtalsverða fjármuni með því að standa svona að málum.

Þess vegna vil ég nefna það úr þessum ræðustól, hæstv. forseti, hvort hugsanlegt sé, þó að þessari þáltill. hafi aðeins verið dreift hér í morgun, að fyrir henni fáist mælt eftir að þessari 2. umr. lýkur um sölu á hlutafé í Búnaðarbankanum og Landsbankanum. Ég vil mælast til þess við forseta að hann hugleiði hvort hann geti leyft að við fáum að mæla fyrir þáltill. okkar svo menn geti skoðað hana. Reyndar er hún þannig úr garði gerð að jafnvel þó að menn stígi þetta ógæfuskref núna í eintómum flýti, þá heldur tillagan gildi sínu vegna þess að enn þá á ríkið eftir 72–73% í hvorum banka fyrir sig og hefur vissulega vald á því að sameina þá banka áður en þeir verða endanlega seldir. Málið er svo sem ekki alveg dottið um sjálft sig þó svo að ekki verði fallist á það af stjórn þingsins að þetta mál fái að koma hér til umræðu. En það væri vissulega betra ef það fengi að komast til umræðu áður en menn færu í endanlega afgreiðslu á þessu máli við 3. umr.

Það hafa komið hin og þessi skilaboð frá því sem hæstv. viðskrh. kallar markaðinn og þjóðarsálina. Fyrir ekki alllöngu síðan tók ég eftir ummælum formanns stjórnar Íslandsbanka, Kristjáns Ragnarssonar þar sem hann lýsti því yfir að hann teldi að bestu sameiningarmöguleikarnir og þeir sem lægju í raun og veru á borðinu undir stjórn Íslandsbanka, yrði sameining Landsbanka og Íslandsbanka, ef af yrði í framtíðinni, eftir að bankastofnanir sem ríkið á núna væru einkavæddar. Ég minnist hins vegar orða hans og langar að rifja þau hér upp þegar það kom til tals fyrir um það bil einu og hálfu ári eða tveimur árum að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka, þá held ég að ég muni það alveg rétt, þó það sé ekki orðrétt, að hann sagði eitthvað á þá leið að óráð væri að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka. Hvers vegna? Vegna þess að þá yrði til viðskiptarisi í bankaheiminum.

Núna talar hann hins vegar ekkert um það. Hann telur mjög eðlilegt að Íslandsbanki hafi forustu um að sameinast Landsbankanum. Þá óttast aðrir aðilar að til verði risi, þ.e. sparisjóðirnir og Búnaðarbankinn. Ég endurtek hins vegar að eðli málsins samkvæmt þyrfti, með hagsmuni íslensku þjóðarinnar sem á þessar bankastofnanir að leiðarljósi, að skoða hvort ekki bæri að sameina þessar tvær bankastofnanir áður en meira hlutafé yrði selt í þeim. Ég hygg að fólkið í landinu og ríkissjóður fengi meira fyrir eign sína ef sú sameining ætti sé stað áður en ráðstafað yrði meira af hlutafé í þessum bönkum. Ekki síst ef sú stefna yrði tekin að flýta endanlegri einkavæðingu. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að það muni ekki gerast á næstu fjórum árum þá getur, miðað við þann flýti sem er á þessu máli, farið svo að menn ákveði að stíga skrefið til fulls.

Ég held að það væri gæfuspor að staldra aðeins við. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá formanni Sambands íslenskra bankamanna að eðlilegt væri og sjálfsagt að skoða sameiningu Búnaðarbanka og Landsbanka.

Ég hef tekið eftir að í þeim skjölum sem fylgja álitum þeirra sem starfa í efh.- og viðskn., en þar á Frjálslyndi flokkurinn ekki fulltrúa, hafa verið dregnar fram ýmsar

upplýsingar. Í efh.- og viðskn. lagði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir langan fyrirspurnalista m.a. fyrir Fjármálaeftirlitið. Þar var m.a. spurt hvort leikreglur um fjármálamarkaðinn, m.a. löggjöf um Samkeppnisstofnun, væru nægilega traustar til að fyrirbyggja eins og kostur er valdasamþjöppun á fjármagnsmarkaði og tryggja dreifða eignaraðild. Því svaraði Fjármálaeftirlitið skriflega og segir að með bréfi til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 9. nóvember, hafi Fjármálaeftirlitið gefið umsögn m.a. um eignaraðild í viðskiptabönkunum og öðrum lánastofnunum. Í umsögninni tekur Fjármálaeftirlitið ekki beina afstöðu til þeirrar almennu spurningar hvort tryggja beri dreifða eignaraðild að íslenskum viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum með lagaákvæðum um hámarkseign eða atkvæðisrétt. Í umsögninni eru hins vegar raktar reglur um eftirlit með eignarhaldi sem kveðið er á um í tilskipun um Evrópska efnahagssvæðið. Þar er fjallað um útfærslu þeirra á svæðinu og rakin umræða um málið í Noregi. Í umsögninni kemur fram að unnt sé, að mati Fjármálaeftirlitsins, að styrkja núgildandi ákvæði um eignaraðild og tryggja með því þá hagsmuni sem lúta að öryggi fjármagnsmarkaðarins. Enn fremur er vikið að nokkrum atriðum sem hafa ber í huga, sé það vilji löggjafans að setja lög um ákvæði um dreifða eignaraðild að lánastofnunum.

Ég skildi þær umræður sem fram fóru um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þannig að mikill vilji væri til þess hjá hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að slíkar reglur yrðu settar.

Mig langar, áður en ég lýk máli mínu, að beina þeirri spurningu til viðskrh. hvort hægt sé að vænta þess í nánustu framtíð að ríkisstjórnin eða viðskrh. beiti sér fyrir því að slíkar reglur verði settar.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 5. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 343; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 344.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að mér verði það fyrst fyrir, herra forseti, að ræða dálítið um vinnubrögð og þær vinnuaðstæður sem okkur þingmönnum er boðið upp á í þessu máli. Ég hygg að ég muni það rétt, herra forseti, að þetta frv. hafi komið fram í síðustu viku. A.m.k. kom það hér til umræðu fyrst 3. desember sl. Það er ekki ýkja langt síðan. Ég sagði þá strax og endurtek hér að mér finnast þetta fráleitar aðstæður sem hæstv. ríkisstjórn ætlar þingmönnum og þinginu í vinnu að stórmáli af þessu tagi. Það er ekki boðlegt, herra forseti, að við stöndum frammi fyrir slíku hér á Alþingi trekk í trekk. Það virðist færast í vöxt að hæstv. ríkisstjórn líti svo á að hún hafi alfarið í valdi sínu og til ákvörðunar úti í bæ að skipa Alþingi fyrir verkum og ákveða hvernig málum skuli rúllað hér í gegn. Við fáum um það tilskipanir utan úr bæ að þetta eða hitt málið skuli afgreitt á fimm dögum, tíu dögum eða þremur vikum, að ríkisstjórnin hafi ákveðið að þetta eða hitt verði afgreitt fyrir jól, fyrir páskaleyfi eða hvað það nú er. Þannig er með þetta mál.

Svo virðist sem skyndiákvörðun ríkisstjórnarinnar um að henda út 15% af eignarhlut almennings í Landsbanka og Búnaðarbanka sé tilefni þess að frv. er tekið hér til 1. umr. þegar komið er fram í desembermánuð. Það er ekki eins og það sé bara nóg að afgreiða málið fyrir áramót. Nei, málið þarf helst að afgreiða í gær þannig að hægt sé að selja bankana í dag. Þannig er það. Ríkisstjórn og ráðherrum finnst sjálfsagt að Alþingi hlýði, að menn bukki sig hér og beygi fyrir ákvörðunum ríkisstjórnarinnar úti í bæ og málunum sé rúllað í gegn. Allur þessi aðdragandi málsins, herra forseti, er til vitnis um það að þetta mál er sáralítið undirbúið af hálfu ríkisstjórnar. Hér er um skyndiákvörðun að ræða. Hún er liður í leikfimisæfingum ríkisstjórnarinnar sem eiga að heita til þess fallnar að slá á þenslu. Ríkisstjórnin er í nokkrum vanda með ýmis ofhitunareinkenni í efnahagslífinu og margt hefur reynst með öðrum brag og í raunar í lakara standi en hæstv. ríkisstjórn taldi þjóðinni trú um fyrir kosningar. Góðærið er sem sagt ekki jafnfast í sessi og ríkisstjórnin vildi láta þegar hér var allt í himnalagi fyrir kosningar. Þess vegna þarf að grípa til æfinga eins og þeirra sem ríkisstjórnin hefur verið að gera í kringum afgreiðslu fjárlagafrv. og nú þeirrar, að það sé mikið snjallræði að selja hlut í ríkisbönkunum til að slá á þenslu. Það réttlætir það að hverfa frá öllum fyrri yfirlýsingum og loforðum. Menn telja sig lausa allra mála af því að þeir fundu þessa miklu afsökun, að slá á þensluna.

Það er í lagi að hér komi fram, herra forseti, að svo mikið lá við að drífa þessa sölu bankanna af að hv. formaður viðskn., Vilhjálmur Egilsson, var kallaður heim frá útlöndum. Hann mátti taka töskur sínar, troða ofan í þær pjönkum sínum og drífa sig heim þar sem hann var staddur í mikilvægum erindagjörðum Alþingis á erlendri grund. Hann varð að stytta för sína um einhverja sólarhringa. Verkefnið er þetta, að pína frv. í gegnum efh.- og viðskn. á svo sem eins og einum til tveim sólarhringum. Að sjálfsögðu lét hv. þm. sig hafa það enda ýmsu vanur eins og kunnugt er. (**JóhS:** Hann vinnur nú alla vikuna.) Rétt, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er einn allra ötulasti vinnumaður ríkisstjórnarinnar í gegnum árin við að troða í gegn hverju sem vera skal hafi það verið ákveðið af hinni háu ríkisstjórn. Ég er alveg viss um það að ef enn væru við lýði þau verðlaun sem Búnaðarfélag Íslands veitti fyrr á öldinni dyggustu vinnumönnum í sveitum landsins, þá ætti hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þann prís skilinn. Hann ætti að fá þann bikar sem Búnaðarfélagið úthlutaði hér fyrr á öldinni, við þær aðstæður sem þá voru, duglegustu vinnumönnum. Þá var valinn vinnumaður ársins. Ég legg til að þó seint sé fái nú hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þann titil, vinnumaður ársins. Hann hefur svo sannarlega verið ríkisstjórninni og ríkisstjórnum á undangegnum kjörtímabilum betri en enginn þegar þurft hefur að troða í gegn svona ákvörðunum, stimpluðum úti í bæ. Þar með hefur fyrir hönd Alþingis verið ákveðið að þetta skuli fram ganga og verða að lögum. (**Gripið fram í:** Og gegnir öðru starfi með.) Svo ekki sé nú minnst á það.

En hv. þm. Vilhjálmur Egilsson má eiga það að hann hefur það fram yfir ýmsa aðra nefndarformenn að þegar beita þarf ofbeldinu þá gerir hann það af nokkurri lagni. Það vill nú svo til að ræðumaður þekkir þetta af nokkuð langri sambúð við hv. þm. í efh.- og viðskn., sem hæstv. forseti kallar stundum fjárhags- og viðskiptanefnd af sögulegum ástæðum. Það sem ég á við og vil hrósa hv. þm. fyrir þrátt fyrir allt, þó mér finnist hann stundum leggjast lágt í þessum vinnumannsstörfum, er að ég minnist þess ekki að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., hafi nokkurn tímann neitað bón um að fá t.d. gesti fyrir nefndina. Ég hef alla vega ekki orðið fyrir því og hef ég þó kallað býsna marga fyrir efh.- og viðskn. á sl. átta árum eða svo.

Þetta hefur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fram yfir starfsbróður sinn, hv. þm. Hjálmar Jónsson, sem komst á spjöld þingsögunnar í gær eða fyrradag fyrir framgöngu sína sem

formaður í annarri þingnefnd með því að hafna því að kalla fyrir þingnefndina einn aðalaðila málsins, í því tilviki fyrirtækið Norsk Hydro. (**Gripið fram í:** Hjálmar Árnason.) Já, hv. þm. Hjálmar Árnason, sem er formaður iðnn. Já, mikil ósköp. Þar var fjallað um byggingu álvers á Reyðarfirði og virkjunar á Eyjabökkum. Slíkt hefði hv. þm. Vilhjálmur Egilsson aldrei gert því að hann beitir þeirri aðferð að kvelja menn með endalausum fundum og bregst yfirleitt heldur vel við öllum beiðnum um viðmælendur þar til menn þrýtur krafta og þá er málunum ruslað út.

En þannig er, herra forseti, að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson varð fyrir þessum hremmingum og varð að færa þær fórnir að gera heldur snautlega og stutta för sína sem formanns EFTA/EES-sendinefndar *íslenska þjóðþingsins. Sennilega* hefur ekki verið mikil reisn yfir því hvernig þátttöku Íslendinga í fundahaldinu lauk að þessu sinni eða hvernig það fjaraði út með ótímabærri heimferð ákveðinna þátttakenda vegna þess að fyrirmæli komu frá æðstu stöðum í ríkisstjórninni, ég hygg frá sjálfum hæstv. forsrh., um að nú þyrfti að kalla vinnumanninn heim til verka.

Hér er frv. komið, greinilega eftir afar flausturslega skoðun. Þeim mun hallærislegra er það fyrir hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hlutann í efh.- og viðskn. að í þjóðfélaginu gýs upp mikil umræða um þetta mál. Áhrifamiklir fjölmiðlar hafa skrifað um að óhjákvæmilegt sé að fram fari um þessi mál umræða um framtíðarstefnuna og grunnatriðin í þessum efnum, m.a. um hugmyndir manna í þjóðfélaginu um stórfellda bankasameiningu og annað í þeim dúr. Ég kem betur að því síðar í ræðu minni.

Herra forseti. Ég held að næst sé rétt að rifja aðeins upp vissa þætti úr sögulegum aðdraganda þessa máls. Staðreyndin er sú að á árinu 1997 voru hér til umfjöllunar á hinu háa Alþingi frumvörp eða frumvarp sem varaði einkavæðingu eða háeffun ríkisviðskiptabankanna. Þá voru uppi, eins og ég vitnaði til við 1. umr. þessa máls, miklir svardagar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar um að ekki yrði um beina sölu á eignahlut ríkisins að ræða í ríkisviðskiptabönkunum fyrstu fjögur árin. Nú gekk það eftir að Búnaðarbankinn og Landsbankinn breyttust í hlutafélög um áramót 1997/1998 þannig að í raun er sá tími ekki uppi fyrr en í árslok 2001. Þetta var tekið skýrt fram í greinargerð frv. á sínum tíma. Þetta var undirstrikað í ræðum hæstv. viðskrh. Hæstv. viðskrh. tók þetta enn fram í svörum við fyrirspurnum á Alþingi á þessum tíma og á ýmsan hátt annan, en þetta hefur verið margítrekað og svarið t.d. í yfirlýsingum við starfsmenn, starfsmannafélög bankanna og Samband bankamanna.

Svo kemur hér hæstv. viðskrh. og telur sig lausan allra mála með því einu að segja að nú séu aðstæðurnar þannig að það sé skynsamlegra að gera þetta svona heldur en að auka hlutafé, eins og þá sé hann laus allra mála, þar með *skuli* orð ekki *standa, þar með geti menn* gefið lönd og leið lögskýringargögn og yfirlýsingar sem gefnar voru hér á Alþingi og lagðar fram í þinggögnum fyrir ekki lengri tíma síðan en raun ber vitni, tveimur árum rúmum eða svo.

Er þetta þá þannig? Er það þá þannig að einhverjar æfingar af þessu tagi leysi menn undan loforðum, stefnuyfirlýsingum, lögskýringargögnum, yfirlýsingum við samtök starfsmanna á viðkomandi sviði o.s.frv.? Og ef svarið er já, þá er það það sama og að segja: „Það er aldrei neitt að marka slíkar yfirlýsingar"? Þær eru ævinlega einskis virði vegna þess að það er auðvitað ævinlega hægt að bera við svona hlutum, ævinlega. Og er það vilji ríkisstjórnarinnar? Er það þá þannig sem þeir telja að hlutirnir eigi að vera, þ.e. að afsala í raun og veru stjórnvöldum þeim möguleika að geta gefið einhverjar bindandi skuldbindingar, loforð eða fyrirheit sem haldi?

Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera neinar sérstakar kröfur til þess að hæstv. iðn.- og viðskrh. gerist gæslumaður virðingarverðra grundvallarsjónarmiða og prinsippa hér í sambandi við lagasetningu og þingstörf. Það væri til of mikils mælst. En ég ætla að segja það hér að aðrir menn með meiri metnað hefðu nú einhvern tíma haft það að ófrávíkjanlegri grundvallarreglu að orð skyldu standa. Og þeir hefðu þá — þrátt fyrir það að eitthvað kallaði kannski á og þeir hefðu gjarnan viljað vera lausir loforða sinna og skuldbindinga — staðið *við þau samt til þess að það fornkveðna ætti við að orð* skyldu standa. Það er athyglisvert að sjá menn svona viljuga við að gera sig að ómerkingum. Ég minnist þess varla að hafa séð hæstv. ráðherra í annan tíma jafnviljugan, sporléttan, þegar hann er að gera sjálfan sig að ómerkingi eins og hæstv. iðn.- og viðskrh. Það liggur við að hæstv. ráðherra sé glaðhlakkalegur þegar hann kemur hér og afhjúpar það að hann er að gera að engu þau fyrirheit sem hann gaf, stóð fyrir að gefa hér við afgreiðslu málsins á sínum tíma þegar bönkunum var breytt í hlutafélög. Auðvitað verður það, eins og ég segi, að vera hans eigin ákvörðun, hæstv. ráðherrans, en það er athyglisvert að sjá hversu lítill metnaður manna sem fara með ráðherraembætti á Íslandi er orðinn á þessum síðustu tímum. Einu sinni var sú tíð að mönnum var fátt kærara en mannorð sitt og alveg sérstaklega það að þeir væru orðheldnir menn, þeirra orðum væri að treysta og þeir legðu mikið á sig jafnvel til að það stæði, tóku á sig ýmiss konar vandkvæði til þess að geta verið menn fyrir því að standa við orð sín. Það á ekki við um hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. augljóslega eins og þetta dæmi sýnir. Og það sem meira er, svo undarlega virðist bera til að hæstv. ráðherra er viljugur og þess óðfús að láta hlutina ganga þannig fram hér að þeir geri hann sjálfkrafa að ómerkingi orða sinna.

Herra forseti. Í þriðja lagi þá held ég að það sé athyglisvert og ástæða til að ræða hér stefnuleysi hvað varðar framkvæmd og markmið sem einkennir allt þetta ferli. Í raun vil ég lýsa nokkrum vonbrigðum með það hvernig þessi mál eru og hafa verið að þróast hvað varðar breytingu á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og svo framhaldinu og reyndar fleira sem varðar, má segja, einkavæðingu og æfingar hæstv. ríkisstjórnar á því sviði. Það er að vísu svo að ljóst er að að einu leyti er leiðin vörðuð og skýr, þ.e. með því að einkavæða. Hún er sú. Það er alveg ljóst. Einhvern veginn skal haldið áfram þessari einkavæðingu. En það er augljóslega þannig að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki lagt niður neinar línur hvorki hvað varðar vinnubrögð né áfanga eða markmið í þessum efnum að öðru leyti.

*Hvað varðar meðferð þessara mála í tilviki fjármálastofn*ananna þá er þetta auðvitað svo ljóst vegna þess að þar hafa menn hringlað með framkvæmdina. Ég fullyrði það hér, herra forseti, að í ekki eitt einasta skipti, hvorki þegar byrjað var að einkavæða eða selja Fjárfestingarbankann, þegar því verki var lokið, þegar æfingarnar hófust með Landsbankann og Búnaðarbankann né heldur nú í framhaldinu, er beitt sömu vinnuaðferðum. Það er ævinlega spilað af fingrum fram og búin til einhver ný aðferðafræði í hvert sinn. Þannig hefur það verið. Í hvert einasta skipti er farið út í einhverjar svona nýjar æfingar og þær rökstuddar eða kynntar eða seldar með ýmsum æfingum.

Til að nefna nokkur dæmi þá má náttúrlega í fyrsta lagi vísa í þær mismunandi aðferðir sem notaðar voru við söluna. Þegar hlutafélð í ríkisviðskiptabönkunum var boðið út þá var ein aðferð notuð. Þegar 49% í Fjárfestingarbankanum voru seld þá var önnur aðferð notuð og þegar afgangurinn var seldur þá var þriðja aðferðin notuð. Og nú er verið að afgreiða þetta hér án þess að neitt liggi fyrir um það hvernig farið verður með eignarhlut ríkisins, þessi 15% í hvorum banka fyrir sig.

Þá má nefna það að einu sinni var sú stefna sett fram að engin bein sala á eignarhlut ríkisins í bönkunum skyldi fara fram næstu fjögur árin eða fyrstu fjögur árin sem þeir væru reknir sem hlutafélög. Það er einn hluturinn sem nú er verið að hverfa frá. Enn er verið að breyta um kúrs, breyta stefnu.

Ég nefni í þriðja lagi hugmyndirnar sem gusu upp í fyrrasumar algjörlega þvert ofan í t.d. loforðin um enga sölu, þ.e. að selja allt í einu stóran og í raun ráðandi hlut í Landsbankanum til útlanda. Hæstv. iðn.- og viðskrh., auðvitað þvert ofan í eigin loforð og yfirlýsingar, var kominn á fulla ferð með sínum húskörlum í það mál. Hann var kominn á bólakaf í viðræður við Enskilda bankann um að selja honum drjúgan hlut af Landsbankanum. Svo var það nú stoppað og ráðin tekin af hæstv. ráðherra. En það sýnir samt hringlið, stefnuleysið og í raun og veru ósvífnina í þessum málum. Þá sem fyrr og síðar var þessi sami einkennilegi vilji á ferðinni hjá hæstv. viðskrh. að gera sjálfan sig að ómerkingi því þá var enn styttra um liðið frá því að loforðin um að selja ekkert voru gefin.

Í fjórða lagi, herra forseti, mætti nefna þá aðgerð sem hæstv. iðn.- og viðskrh. hafði forgöngu um, að rjúka til og bjóða út nýtt hlutafé í báðum ríkisviðskiptabönkunum á sínum tíma. Í raun er það þannig að allt sem síðan hefur gerst og meira að segja hæstv. ráðherra sjálfur með málflutningi sínum nú og þenslutali, segir að það hafi verið mjög óskynsamleg aðgerð. Voru einhver sérstök rök fyrir því t.d. að þyrfti að styrkja eiginfjárstöðu bankanna út af fyrir sig? Var Búnaðarbankinn illa á vegi staddur? Skorti hann meira eigið fé? Nei. Menn geta sagt sem svo að á þeim tíma hafi menn viljað stækka efnahagsreikning bankanna og auka svigrúm þeirra til að þjónusta stóra viðskiptavini. En þá voru menn líka um leið að segja að þeir vildu að bankarnir gætu að breyttu breytanda verið þátttakendur í þeirri útlánaþenslu sem menn líta nú á sem vandamál og segja að sé eitt það efnahagsvandamál sem menn séu að glíma við. Og nú kemur hæstv. viðskrh. hér og segir að það væri óskynsamlegt að auka hlutafé bankanna því það mundi auka þenslu og þess vegna verðum við að gera þetta svona, að selja beint.

Þetta er sami maðurinn og fyrir ekki löngu síðan stóð einmitt fyrir því að bjóða út aukið hlutafé og stækka bankana, stækka efnahagsreikning bankanna sem auðveldaði þeim aftur aukin útlán o.s.frv. Hér rekst eitt á annars horn og niðurstaðan í málinu er sú sem blasir við og er staðreynd, að ríkisstjórnin hefur ekki haft neina heildstæða, skýra stefnumörkun uppi í þessum efnum. Þetta er spilað af fingrum fram og það er eins og menn séu að selja kartöflupoka eða nokkur kíló af hveiti eða eitthvað slíkt. Það er farið með þessa hluti af þvílíku kæruleysi að það mætti ætla að ekki væru miklir hagsmunir í húfi. Og það er auðvitað mjög ámælisvert, herra forseti.

Er það virkilega orðið þannig að hæstv. ríkisstjórn líti svo á að eignir almennings, opinber fyrirtæki og stofnanir, séu bara svona eins og spilafé eða vasapeningur sem krakkar fá og geta leikið sér með og gert við hvað sem þeim sýnist, að menn getið tekið í skyndi einhverjar geðþóttaákvarðanir og farið með þetta að vild, svona einn daginn og hinsegin annan daginn? Það er auðvitað athyglisvert, herra forseti, hvernig ábyrgð menn sýna eða öllu heldur sýna ekki í umgengni um þessa hluti.

Herra forseti. Það er einnig athyglisvert og ástæða til þess að fá á því skýringar, hvers vegna ríkisstjórnin velur að láta báða ríkisviðskiptabankana fylgjast algjörlega að í þessum efnum, bjóða út nýtt hlutafé í þeim báðum með svipuðum hætti og nú selja 15% af eignarhlut ríkisins í þeim báðum samtímis. Hvaða rök eru sérstaklega fyrir því að meðhöndla báða ríkisviðskiptabankana nákvæmlega eins að þessu leyti? Eru þeir algjörlega eins? Er efnahagsleg staða þeirra og viðskiptaumhverfi þannig að það kalli á að þeir séu meðhöndlaðir nákvæmlega eins? Ég frábið mér röksemdafærsluna um skilyrðin frá Verðbréfaþingi Íslands því ég kannast ekki við að Alþingi Íslendinga sem á að móta stefnuna í þessum málum og fer með valdið í reynd — eða ætti að fara með það ef hér væri eðlilegt þingræði í landinu — hafi framselt Verðbréfaþingi Íslands vald til þess að ráðskast með það hvernig farið verði með eignarhlut bankanna. Það var framkvæmdarvaldsaðgerð sem var ekki borin undir Alþingi svo mér sé kunnugt um að gangast inn á þessa skilmála til þess að fá bankana skráða á Verðbréfaþinginu og þennan aðlögunartíma sem er þó fram í júní eða júlí á næsta ári og gerir það m.a. að verkum að Alþingi gæti tekið sér tíma fram á vor til þess að skoða vandlega og ákveða hvernig frá þessu yrði gengið.

En af hverju 15% í báðum bönkunum? Jafngildir það ákvörðun eða tillögu um að báða ríkisviðskiptabankana skuli einkavæða í sömu skrefum og láta þá báða hverfa yfir til einkamarkaðarins með sama hætti, eða hvað? Eða eru rökin bara þau að menn vilji ekki gera upp á milli þeirra? Auðvitað er staðreyndin sú að að mörgu leyti er staða bankanna ólík, bæði hvað varðar efnahagslega stöðu þeirra, hlutfallslegt eigið fé miðað við útlán og stærð þeirra á markaðnum og fleira mætti þar til telja. Ef maður lítur á þá hlið mála væru ýmis rök sem virðast benda til þess og mæla með því að einmitt gæti verið ástæða til að meðhöndla þá ólíkt og nýta með mismunandi hætti, t.d. heimildir til hlutafjáraukningar og/eða sölu. En það er ekki lagt til, þvert á móti er þetta spyrt saman með þessum hætti. Þýðir þetta líka að ríkisstjórnin ætli sér, hafi sett sér, að ríkið skuli sem eigandi hverfa út úr báðum bönkunum og ekki komi til greina t.d. að halda eignarhlut í öðrum bankanum, stærri eða alfarið? Er þetta t.d. til marks um það að ríkisstjórnin hafi alfarið hafnað þeim möguleika að fara hér hvað varðar eignarhald í bönkunum það sem við höfum stundum kallað í þessari umræðu „norsku leiðina“, að ríkið eigi drjúgan hlut í mikilvægustu viðskiptabönkunum sem það hefur af sögulegum ástæðum átt eða átt aðild að, a.m.k. öðrum þeirra, er búið að hafna því? Er hægt að fá einhver svör við því eða verður svarið eins og venjulega, þetta verður allt metið eftir aðstæðum og er niðurstaðan sú að það verði spilað af fingrum fram af geðþótta ríkisstjórnarinnar og teknar um það skyndiákvarðanir sem síðan verði hent inn í Alþingi til þess að stimpla?

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er ekki sérlega upprifinn yfir framgöngu hæstv. ríkisstjórnar og hvernig þetta birtist hér og verð að láta í ljós að ég hef afar takmarkaða samúð með því sem hæstv. viðskrh. beitir sér fyrir og hæstv. ríkisstjórn er væntanlega á bak við hann.

Það er líka ákaflega athyglisvert, herra forseti, og liggur við að vera skemmtilegt í pólitísku sögulegu samhengi að það skuli vera Framsfl. og hæstv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, sem eru nú aðalverkamennirnir í víngarði drottins í þessum efnum ef svo má að orði komast. Sú var tíðin að hæstv. viðskrh. var ungur maður á uppleið í Framsfl., var í stjórnarandstöðu á Alþingi og hafði flest á hornum sér vegna þeirrar einkavæðingar sem var þá í undirbúningi eða í gangi í tíð þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem þá sat, þ.e. ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. Væri auðvitað hægt að draga fram í dagsljósið ýmis gullkorn, m.a. úr ræðum hv. þm. á þeirri tíð, Finns Ingólfssonar, núv. hæstv. viðskrh. Þetta er líka athyglisvert vegna þess að ekki er langt síðan, herra forseti, að sá flokkur sem hæstv. viðskrh. er varaformaður fyrir, hafði uppi allt aðrar áherslur í þessum efnum. Það eru orðin býsna merkileg vatnaskil í þessari umræðu pólitískt séð þegar það birtist okkur nú að Framsfl. er með öllu horfinn úr hópi þeirra sem hafa einhverjar efasemdir uppi hvað varðar nýfrjálshyggjuna og allsherjarmarkaðsvæðingu samfélagsins. En það er ekki hægt að fá aðra niðurstöðu af því sem er raunverulega að gerast og hefur verið að gerast síðustu missiri en þá, að Framsfl. er genginn í raðir nýfrjálshyggjuflokkanna og það sem meira er, hann er tiltölulega ötull í framkvæmdinni og hefur þar í raun og veru enga fyrirvara á. Það er svo skemmtilegt, herra forseti, að á köflum hafa í umræðum um þessi mál talsmenn Framsfl. verið meiri markaðshyggjumenn, hægri sinnaðri og gaddfreðnari, eins og ég hef stundum komist að orði um þá nýfrjálshyggjumenn, en talsmenn Sjálfstfl.

Það var t.d. afar skemmtilegt þegar umræða hófst nú í haust um möguleikann á því að setja lög og reglur sem tryggðu dreifða eignaraðild einmitt að fjármálstofnunum. Hæstv. forsrh. blandaði sér mjög í þá umræðu og taldi að slíkt kynni að reynast nauðsynlegt, hann hefði að vísu heldur, sagði hæstv. forsrh., kosið að óskráðar reglur dygðu, en ef á því væri vafi þá væri óumflýjanlegt að setja slíkar reglur. Hverjir komu þá fram og andmæltu því og töldu það óheppilegt inngrip í markaðinn? Var það Hannes Hólmsteinn sem kemst víst á spjöld sögunnar sem einn af tíu umdeildustu stjórnmálamönnunum, Íslendingunum, af því hann hefur þótt eða þótti á sinni tíð mestur frjálshyggjumanna norðan Alpafjalla, fyrir utan kannski Milton Friedman? Nei, það var ekki Hannes Hólmsteinn, það var ekki Heimdallur, það var ekki SUS, það var Framsfl. Það var bæði formaður og sérstaklega varaformaður Framsfl., hæstv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, sem taldi á því öll tormerki að vera að setja slíkar reglur sem gripu inn í markaðinn. Í þessari umræðu og í umræðum á dögunum þegar þetta mál var til 1. umr. og einnig til umræðu í fyrirspurnatíma og í óundirbúnum fyrirspurnum þá kom markaðshyggjan mjög skýrt fram hjá hæstv. viðskrh. Hann vildi enga skoðun hafa á því, þóttist a.m.k. ekki hafa, skaut sér á bak við það og svaraði engu til þegar að spurt var um áform hvað varðaði sameiningu eða meðferð þessara bankamála. Hver voru rökin? Jú, hæstv. viðskrh. ætlaði að hlusta á skilaboð markaðarins og fara að þeim. Var með öðrum orðum orðinn einn helsti talsmaður óheftrar markaðshyggju og alræðis markaðarins og markaðsvæðingar samfélagsins. Það er Framsfl. í dag. Það er mjög athyglisvert, herra forseti.

Menn kunna að segja að þetta séu allt saman frasar og þetta skipti ekki lengur máli og þjóðfélagið sé á einni leið í þessum efnum o.s.frv. og það sé mjög gamaldags að hafa uppi önnur sjónarmið. Ég hef oft heyrt þær ræður, sennilega fáir Íslendingar oftar. En er það samt ekki athyglisvert og mun það ekki á seinni tímum þegar menn fara yfir hina pólitísku sögu ofanverðs 10. áratugarins og síðustu áranna á þessari öld, þá spái ég því að það muni þykja merkilegt hversu hröð þróun Framsfl. varð undir forustu núv. ráðamanna þar, frá því að vera miðjuflokkur, með svona ákveðnu félagslegu ívafi á köflum, sem hélt því á lofti að hann væri í bland flokkur samvinnu og jafnvel nokkurrar félagshyggju og yfir í að verða að sumu leyti forustuflokkur nýfrjálshyggjunnar og markaðsvæðingarinnar á Íslandi. Því rifja ég þetta upp, herra forseti, að m.a. í þessu máli, meðferð þessara bankamála verður þetta afar skýrt. Þegar til umræðu var á sínum tíma að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög fór fram geysimikil umræða um þau mál eins og eðlilegt er og ég hef hérna með mér hluta af umræðunni sem varð um frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands hf. Þessi umræða varð bæði í þingsölum og úti í þjóðfélaginu. Hún varð á aðalfundum bankastofnana og hún varð á vettvangi stjórnmálafélaga. Á þeim tíma sem nú veltu menn ekki bara fyrir sér formbreytingunni heldur hinu, hvernig skyldi með málin fara í framhaldinu? Hver ætti að verða framtíðarstefnan, hver ættu að verða markmiðin í þessum efnum? Gerð var hörð hríð að því á þingi og víðar að fá fram einhverjar línur í þeim efnum. T.d. með spurningunni um það hvort einn kostur í stöðunni sem menn ættu að skoða væri að sameina ríkisviðskiptabankana, hvort sem þeir verða svo háeffaðir og jafnvel að einhverju leyti einkavæddir eða ekki. Um það gætu menn í sjálfu sér deilt. En væri það skynsamlegur kostur í stöðunni, annaðhvort samtímis eða þá áður en þeim væri breytt í hlutafélög, að leggja þessa banka ríkisins saman? Fengist meira fyrir eignarhlut ríkisins þannig? Væri það skjótvirk leið til hagræðingar í bankakerfinu? Gæti ríkisvaldið notað eignarhlut sinn og eigendastöðu sína til þess að flýta fyrir uppstokkun og hagræðingu í bankakerfinu með slíkri aðgerð? Slík sjónarmið komu fram á árunum 1996–1997 og voru býsna vel rökstudd af ýmsum. Þá voru eða höfðu verið viðhorf margra framsóknarmanna þau að það ætti að fara mjög varlega í einkavæðingu bankanna, sérstaklega var það viðhorf Framsfl. á árunum 1991–1995 og að sumu leyti birtist hæstv. viðskrh. ekki aðeins sem ómerkingur orða sinna í þessu máli, heldur líka sem hálfgerður umskiptingur, miðað við fyrri sjónarmið. Ef maður vitnar t.d., herra forseti, í fyrrv. formann Framsfl. og þau sjónarmið sem hann setti fram á þessum tíma, t.d. á fyrri hluta kjörtímabilsins frá 1991–1995, eru þau líka mjög til marks um þá hröðu þróun Framsfl. til hægri og yfir í nýfrjálshyggju og markaðsvæðingarflokk sem orðið hefur síðan, að hann fór þar með húsbóndavald og minnti stundum á yfirlýsingar fyrri forustumanna Framsfl. um að allt væri betra en íhaldið, allt væri betra en íhaldið. Mun vera ættað frá Eysteini Jónssyni, eða hvort það var Hermann Jónasson.

Þannig var það t.d., herra forseti, að meðan Steingrímur Hermannsson var enn þá formaður Framsfl., setti hann fram sjónarmið sín í þessum bankamálum í ítarlegri og athyglisverðri ræðu á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur á árinu 1991. Það er vissulega nokkuð um liðið en þetta er lýsandi fyrir þau viðhorf sem uppi voru þá í Framsfl. og höfðu áhrif á það hvernig framsóknarmenn töluðu og héldu á þessum málum í allmörg ár eftir það og í raun og veru að ég hygg að mestu leyti á því kjörtímabili, allt til 1995. En þá sagði m.a. Steingrímur Hermannsson í þessari gagnmerku ræðu á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur, með leyfi forseta:

„Steingrímur ræddi nokkuð hugmyndir um að breyta rík-

isbönkunum í hlutafélög og selja þá einkaaðilum. Sagði hann að það að breyta bönkunum í hlutafélög skipti ekki miklu máli ef ríkið ætti allt hlutaféð en hins vegar væri ekki góð reynsla af því að selja einkaaðilum ríkisbanka."

Þetta sagði formaður Framsfl. árið 1991. Hann fór síðan yfir ýmislegt í þessum málum í ræðunni, m.a. um sölu Útvegsbankans:

„Sagði hann, að mikilvægt væri að hafa í landinu sterkan íslenskan banka og athugandi væri, að sameina Landsbanka og Búnaðarbanka í því skyni."

Ég rifja þetta upp, herra forseti, vegna þess að þetta er í senn lýsandi fyrir þær áherslubreytingar sem orðið hafa hjá Framsfl. og þetta á líka erindi inn í umræðuna og var reyndar rifjað upp þegar umræðan fór fram á árinu 1987 um að breyta viðskiptabönkunum í hlutafélög. En sú umræða og umræðan sem varð á árunum 1996–1997 er auðvitað mun nær okkur og á enn frekar erindi inn í þetta mál vegna þess að þar liggur upphafið og það er aðdragandinn að þeirri hlutafélagavæðingu og síðan einkavæðingu bankanna sem við erum nú að ræða hér. Þá, eins og núna, var að sjálfsögðu uppi þessi umræða um framtíðarstefnuna og þá var uppi sú spurning hvort ekki væri vænlegur kostur, úr því að svo háttaði nú til, að ríkið ætti tvo af viðskiptabönkunum að það beitti eignarhaldi sínu til að knýja fram uppstokkun og hagræðingu í bankakerfinu ef menn teldu vænlegan kost að gera það með slíkum hætti og byrja þá á því að skoða þann kost sem eðlilegt var, að sameina ríkisviðskiptabankana. Enn er staðan sú, herra forseti, að ríkið hefur fullt forræði á því máli, að sjálfsögðu sem yfirgnæfandi meirihlutaeigandi beggja bankanna.

Það voru ekki neinar smákanónur sem á þessum tíma lögðu þessa hluti til eða töluðu fyrir þeim. Það var t.d., herra forseti, Björgvin Vilmundarson, sem var aðalbankastjóri og reyndasti bankastjóri Landsbankans á þessum tíma, sem lagði þetta til í ræðu á aðalfundi bankans og taldi að með slíkri sameiningu mætti spara a.m.k. milljarð kr. Sameina mætti eða leggja niður 18 útibú þar sem þau væru sameiginleg hjá bönkunum, á sama stað, og eitt dygði að sjálfsögðu, ef ég man rétt níu úti á landi og níu á höfuðborgarsvæðinu. Núna eru menn að tala um allmörgum árum síðar að hugsanlega felist í því 2 milljarða sparnaður að sameina Landsbanka og Íslandsbanka.

Undir þetta var tekið, m.a. af ekki minni mönnum en leiðarahöfundum Morgunblaðsins, því þann 10. mars 1996 birtist í Morgunblaðinu leiðari þar sem fjallað var um þessi mál og vitnað í Björgvin Vilmundarson. Benti Morgunblaðið á a.m.k. þrennt sem það taldi mæla með því að þetta yrði skoðað vandlega. Það var á þá leið að menn þyrftu ekki í því sambandi að hafa áhyggjur af því að samkeppni yrði of lítil vegna þess að aðstæður væru óðum að breytast. Þar var þrennt tínt til.

Í fyrsta lagi væru sparisjóðirnir að stóreflast og ég hygg að sú þróun hafi haldið áfram. Vitnað var í nánast ótrúlega innlánsaukningu í Sparisjóði Reykjavíkur einmitt á þessum tíma.

Í öðru lagi færi ekki á milli mála að breiddin á fjármagnsmarkaðnum hefði aukist verulega á undanförnum árum og þeir sem þyrftu á þjónustu banka að halda gætu nú leitað út á innlendan fjármagnsmarkað og auk þess eftir viðskiptum beint við erlenda banka. Hafi þessi þróun verið í gangi á árinu 1996 er auðvitað augljóst að hún hefur haldið áfram síðan og enn hefur þetta breikkað.

Í þriðja lagi væri ekki óhugsandi að hér risi nýr einkabanki. Menn geta stofnað banka í samkeppni við þá sem fyrir eru ef menn telja að það sé svigrúm á markaðnum. Ef menn telja að stór banki sé farinn að misbeita stöðu sinni og farinn að gefa höggstað á sér er mönnum að sjálfsögðu frjálst að taka höndum saman og stofna banka.

Í fjórða lagi, sem er reyndar svo skemmtilegt, nefndi Morgunblaðið á þessum tíma í leiðaranum að uppi væru hugmyndir um að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í einn fjárfestingarbanka og þá yrði hann kominn til sögunnar og mundi veita aðhald þessum stærri banka sem myndaðist með sameiningu Búnaðarbanka og Landsbanka. Eiga nú ekki þessar aðstæður við í dag, herra forseti, og jafnvel enn frekar?

Við nokkrir þingmenn í þingflokki Alþb. og óháðra, sem þá hét og var, lögðum það til í þáltill. að athuguð yrði sameining ríkisviðskiptabankanna áður en frekar yrði aðhafst í breytingum í bankamálum. Það er skemmtilegt að í raun og veru er hliðstæð þáltill. komin fram og var dreift á borð þingmanna í dag og ekkert síður skynsamleg nú en hún var þá, að auðvitað er það eðlilegur fyrsti kostur að skoða þegar ríkið á yfirgnæfandi eignarhlut í tveimur bönkum að sameining þeirra verði athuguð vandlega, borin saman og kannað hvaða hagræðingarmöguleikar fælust í slíku áður en menn fara að taka upp til skoðunar hugmyndir um að selja hlutina eða sameinast öðrum.

Það verður næsta hlálegt, herra forseti, og dapurlegt ef það verður niðurstaðan að þrátt fyrir endurtekinn tillöguflutning á Alþingi um þetta hafi það aldrei fengist tekið til skoðunar þrátt fyrir að stjórnmálamenn eins og Steingrímur Hermannsson, fyrrv. formaður Framsfl., þrátt fyrir það að bankamenn eins og Björgvin Vilmundarson og margir fleiri, sem ég man ekki að tilgreina, hafi talað fyrir slíkum skoðunum, og þrátt fyrir að það hafi endurtekið verið flutt inni á Alþingi í formi tillagna þá hlustar ríkisstjórnin eða ráðandi menn að sjálfsögðu ekki á það en keyra áfram sína línu eins og þeim komi ekkert annað við en það sem þeir ákveða, taka skyndilega ákvarðanir um úti í bæ.

Herra forseti. Þetta eitt og sér væri að mínu mati nægjanleg ástæða til þess að afgreiða ekki þetta frv. hér og nú og taka sér tíma í það og það ætti þá þingið að gera úr því að framkvæmdarvaldið hefur brugðist að þessu leyti. Það ætti að taka sér tíma í að skoða í fyrstu umferð þann kost að sameina bankana og þá auðvitað í öðru lagi allt sem í kringum þetta er, hvaða framtíðarstefnu eigi þarna að móta, hver eigi að vera markmiðin í þessum efnum svona til næstu ára litið o.s.frv.

Það er athyglisvert, herra forseti, og það kom reyndar fram í framsöguræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar fyrir áliti 2. minni hluta, að bera saman hlutskipti Alþingis Íslendinga annars vegar og norska Stórþingsins hins vegar í þessum efnum. Menn geta að vísu sagt að í Noregi séu aðrar aðstæður, þar sitji minnihlutastjórn, hún þurfi að leita meira til þingsins og reiða sig á málamiðlanir og samkomulag og það er vissulega margt til í því. En það breytir ekki hinu, og hefur ekki þurft minnihlutastjórnir til í Noregi því þær hafa ekki alltaf setið heldur meirihlutastjórnir í bland, að þar eru gerólík viðhorf og hlutverk hvors um sig, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Í stærri málum af þessu tagi, t.d. hvað varðar bankamálin og eignarhald og þátttöku ríkisins í bankaheiminum í Noregi er það Stórþingið sem mótar stefnuna, það er Stórþingsá-

kvörðun, það er „Stortingsmelding", eins og það heitir á norskunni, þar sem stefnan er lögð niður með vel rökstuddri samþykkt þar sem byggt er á ítarlegum greinargerðum og vinnu sem lögð er til grundvallar ákvarðatökunni. Þegar slíkt hefur einu sinni verið afgreitt er borin virðing fyrir því. Þá dettur framkvæmdarvaldinu ekki í hug að ráðskast með það heldur er þá borið upp við Stórþingið á nýjan leik, ef efni standa til, hvort gera skuli einhverjar breytingar.

En hér ætlar þetta að verða með öðrum hætti og er svo sem ekki einsdæmi, herra forseti, því miður, að stefnan eða stefnuleysið í mikilvægum málaflokkum af þessu tagi, eins og þær miklu breytingar í fjármálaheiminum sem hér hafa verið að ganga yfir, gerast í skrefum og áföngum handahófskennt, tilviljanakennt á grundvelli geðþóttaákvarðana framkvæmdarvaldsins sem er hent inn í þingið til afgreiðslu. Oftar en ekki eru mönnum ætlaðar alls ófullnægjandi aðstæður til að skoða þá hluti, enginn tími og í raun og veru er ekkert svigrúm til sjálfstæðra athugana eða skoðana á málunum.

Þetta er afar dapurlegt, herra forseti, og ekki til þess fallið að auka sérstaklega virðingu þessarar stofnunar, og okkur miðar lítt áfram og í raun og veru að mörgu leyti frekar aftur á bak, því miður, hvað varðar samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Má minna á að forseti lýðveldisins, sem er býsna hagvanur maður í stjórnkerfinu og þekkir bæði til starfa sem ráðherra og í framkvæmdarvaldinu og hér á þingi, sá ástæðu til að ræða sérstaklega stöðu Alþingis í setningarræðu sinni úr þessum ræðustól fyrir nokkrum mánuðum. Ég held að allir sem til þekkja og allir sem hafa vegna kynna af starfi annarra þjóðþinga og hafa þar af leiðandi einhverjar forsendur til samanburðar viti og viðurkenni að staða Alþingis er í þessum efnum nánast í öllu tilliti til muna veikari og dapurlegri en gerist annars staðar.

Núv. ríkisstjórn og þær stjórnir sem setið hafa undir forustu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hafa í raun og veru fært okkur aftur á bak en ekki áfram í þessum efnum, það er alveg morgunljóst. Það er öllum þeim sem til þekkja alveg ljóst. Ekki bætir úr skák þegar hæstv. ráðherrar, eins og hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson, umgangast jafnvel eigin orð og yfirlýsingar af því metnaðarleysi sem raun ber vitni og ég hef gert áður að umtalsefni.

Herra forseti. Aðeins nánar í sambandi við sameiningu bankanna. Ef svo verður ekki er náttúrlega líka ástæða til að athuga og hugleiða hvað gerist þá. Ef ekki einasta verður nú ekki af því að menn skoði sameiningu Búnaðarbanka og Landsbanka heldur bara verður yfir höfuð ekkert yfir það mál farið. Jú, þá velta menn náttúrlega fyrir sér hvað annað gæti orðið uppi á teningunum. Ekki þarf mikið hugmyndaríki til að láta sér detta í hug að það sem þá verði skoðað og sé kannski þegar komið af stað sé sameining Íslandsbanka og Landsbanka. Svo vill til að einmitt sömu daga og þessi mál eru til umfjöllunar er mönnum svo brátt í brók í þeim bönkum að þeir geta ekki orða bundist, þeir mega ekki við bindast, og hafa verið með býsna athyglisverðar yfirlýsingar, fyrst bankastjóri Landsbankans og formaður bankaráðs Landsbankans og síðan formaður bankaráðs Íslandsbanka um að sameining Landsbanka og Íslandsbanka sé sá kostur sem nú eigi að taka upp til skoðunar í bankaheiminum.

Það er alveg með ólíkindum, herra forseti, og er enn eitt atriðið sem dregur athyglina að þeirri stöðu sem Alþingi er skömmtuð í málinu. Sú umræða fer fram úti í bæ, hæstv. ráðherra svarar Alþingi engu, talar í besta falli eins og vé-frétt ef hann snýr ekki út úr spurningum en heimtar málið í gegn. Ég leyfi mér að spyrja að því, herra forseti, fékk efh.- og viðskn. skýr svör þegar þessir viðmælendur hennar komu fyrir nefndina? Reyndar virðist það svo að að sumu leyti hafi yfirlýsingar þeirra verið gefnar eftir að þeir höfðu komið til fundar við efh.- og viðskn., því mér er nær að halda að formaður bankaráðs Íslandsbanka, Kristján Ragnarsson, hafi verið að úttala sig við fjölmiðla um þessa hluti eftir að hann hafði verið gestur í efh.- og viðskn. Mér er ekki kunnugt um að hann hafi gefið þar miklar upplýsingar. Það væri athyglisvert að fá það fram. Getur hv. formaður efh.- og viðskn., sem íþyngdi ekki Alþingi með langri ræðu í morgun, framsöguræðu fyrir málinu sem var nánast eins og venjulegt andsvar, fyrir þessu smámáli að mati hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Getur hann gefið okkur aðeins upplýsingar um hvað talsmenn þessara tveggja banka sögðu, sem úti í þjóðfélaginu kallast á um að sameina þá, á fundi efh.- og viðskn. um það mál? Finnst mönnum það virkilega eðlilegt að Alþingi rúlli þessu í gegn í algjörri óvissu um hvað er í farvatninu í þessum efnum?

Ástæða er til að gruna hæstv. viðskrh. um græsku. Það er ástæða til að spyrja að því: Eru stjórnarflokkarnir á bak við tjöldin að kokka eitthvað í þessum efnum eða liggur jafnvel eitthvað fyrir? Er jafnvel búið að ákveða það á æðstu stöðum? En eins og við vitum er það við Lækjartorg sem á að ákveðast hverjir mega kaupa banka og hverjir ekki. Þjóðin hefur nú aldeilis fengið að kynnast því. Það er ekki sama Jón og séra Jón þegar kemur að því að bjóða í banka. Nei, það skal ákveða á æðstu stöðum hverjir eru verðugir og hverjir mega kaupa og hverjir ekki. Hlýtur það þá ekki að vera eins með Landsbankann? Jú, ég skyldi nú halda það.

Er kannski búið að ákveða það, herra forseti? Ég sá að hæstv. viðskrh. spýttist úr salnum þegar ég fór að ræða þessa hluti. Er kannski búið að ákveða hvernig eigi að ráðstafa Landsbankanum, hverjir eigi að fá hann? Liggur hundurinn grafinn þar? Er það hin ástæðan fyrir því að þessi lifandis ósköp liggur á að hamast með þetta í gegnum þingið núna fyrir jólaleyfið? Og ekki bara það, heldur selja líka 15%. Því að auðvitað gætu þeir aðilar sem ætluðu sér síðan í krafti sameiningar Íslandsbanka og Landsbankans og verulegs eignarhluts í Íslandsbanka, auðvitað væri það í þeirra þágu að hleypa þeim að, veita þeim aðgang að dálítilli sneið að Landsbankanum, sem þeir ættu þá fyrir og legðu saman við sína eign í Íslandsbanka þegar þessu yrði slegið saman. Og líka það að með því að minnka eignarhluti ríkisins með þessum hætti, niður í kannski 70%, þá vigtar eignarhlutur ríkisins minna í sameinuðum banka og fer eins og blaðaúttektir hafa sýnt væntanlega talsvert niður fyrir 50%, ríkið verður orðinn minnihlutaeigandi í þeim banka og það er fyrirkomulag sem kynni að þjóna ráðandi öflum í hinum sameinaða banka mjög vel, að eiga ríkið sem eignaraðila á móti sér, en minnihlutaaðila þó. Þá mundi sterkur eignarhlutur, t.d. samtengdrar blokkar, á móti mjög dreifðri eignaraðild margra, almennings, og tiltölulega óvirkum eignarhlut ríkisins, kannski upp á 45%, vera fyrirkomulag sem nýttist slíkum aðilum mjög vel til að hafa sterka stöðu, jafnvel ráðandi stöðu, út á frekar lítinn eignarhlut í hinum sameinaða banka. Þetta er alþekkt formúla, hvernig menn í krafti talsverðrar minnihlutaeignar á móti dreifðri eignaraðild margra eða óvirkri eignaraðild einhverra, t.d. lífeyrissjóða eins og þetta er erlendis þar sem að þeir eiga oft í fyrirtækjum en afsala sér stjórnunarlegri ábyrgð og setja ekki menn í stjórn,

að í gegnum slíka formúlu hafa menn oft náð undirtökunum og ráðandi stöðu, jafnvel þó að þeir eigi ekki nema 30, 33, 35 eða 40%. Og er nema von að maður sé tortrygginn? Er nema von að maður spyrji? Það er boðið upp á þessi áflog með þeim vinnubrögðum sem hæstv. ríkisstjórn ástundar. Það var aldeilis boðið upp í dans í sambandi við Fjárfestingarbankann og hrikti nú í þegar að einhverjir ætluðu að taka ríkisstjórnina á orðinu og fara að reyna að fljúgast á um ráðandi stöðu í bankanum. En það voru bara ekki réttir menn og allt varð vitlaust. En nú eru það sennilega réttir menn sem eru með Landsbankann í sigti og þess vegna er um að gera að drífa þetta í gegn og þá þarf ekki lög sem tryggja dreifða eignaraðild ef það eru réttir menn sem eiga.

Ég, herra forseti, verð að segja alveg eins og er að ég tortryggi aðstæðurnar í kringum þetta mál. Ég geri það. Ég tortryggi það fullkomlega í ljósi reynslunnar, í ljósi þess hvernig ríkisstjórnin hefur borið hér mál fyrir og líka í ljósi þess hvernig við sáum aðeins hornið í umræðunum um einkavæðingu Fjárfestingarbankans. Það er löngu vitað um áhuga ákveðinna aðila á að ná tangarhaldi á sérstaklega Landsbankanum. Og af hverju? Það er stærsti banki landsins, hann er með mjög ráðandi og sterka stöðu í viðskiptum við sjávarútveginn og í honum sameinast í raun valdaaðstaða og margir mjög veigamiklir þræðir í samfélagi okkar, efnahagslífi og atvinnulífi. Það eru engin ný sanningi, það er vitað. Þó að sá banki hafi á köflum búið við hremmingar og deilt kjörum með sjávarútveginum og stundum að mínu mati ranglega verið skammaður fyrir t.d. lélegan rekstur vegna þess ósköp einfaldlega að hann hefur deilt kjörum með sveiflugjarnri og áhættusamri atvinnugrein þar sem sjávarútvegurinn er, þá er hann mjög mikil og afgerandi stærð í þessu öllu saman.

Herra forseti. Það er líka annað sem ég óska eftir að menn hugleiði aðeins í þessum efnum. Ég vil spyrja hvort hæstv. viðskrh. sé illa haldinn af þeim óróleika sem upplýst varð um hér fyrr í morgun og hefur valdið því að hann hefur tollað illa í þingsalnum. Mér finnst alveg sjálfsagt mál að gera hlé á umræðunni og fresta henni þangað til hæstv. viðskrh. hefur náð betri heilsu þannig að hann geti verið hér nokkurn veginn að meðaltali um 50% í salnum. Ég vil ekki fyrir mitt leyti leggja þær hörmungar á hæstv. ráðherra að vera alltaf að hlaupa svona á milli, en ég alveg tilbúinn til þess, herra forseti, að gera hlé á máli mínu ef eftir því er óskað. Auk þess finnst mér, herra forseti, það væri nú ekki ofætlan að svo sem 20% af ríkisstjórninni væri við, eða tveir ráðherrar að meðaltali. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. núverandi forseti, sá er í stóli situr, er sammála forseta í morgun sem tók að sér það óvenjulega hlutskipti að afsaka fjarveru ráðherra og sagði að þingið þyrfti nú ekki mikið á ráðherrum að halda. Kannski hefur mönnum yfirsést að ráðherrar eru allir þingmenn í núv. ríkisstjórn. Og þó að þeir séu það ekki eiga þeir seturétt sem ráðherrar og hafa þingskyldum að gegna. Mér finnst þetta því heldur snautlegt, herra forseti, að hér skuli ekki vera betur skipað liðið hjá hæstv. ríkisstjórn, og mér fyndist t.d. engin goðgá að hæstv. forsrh. væri hér tilkallaður. Síðan hefur hæstv. landbrh. úttalað sig sérstaklega um bankamálin og er vísað þar til reynslu hans sem langvarandi formanns í bankaráði Búnaðarbankans, þannig að mér væri líka mikil þægð í því ef hæstv. landbrh. væri látinn vita að kærkomið væri að hann sæi sér fært að vera hérna við umræðurnar. Ég er því að hugsa um að gera það að formlegri ósk minni að hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. verði látnir vita af því að nærveru þeirra sé hér óskað og mun að sjálfsögðu sætta mig við það hver afdrif slíkrar beiðni verða, en mér finnst óskin sanngjörn.

Þá kem ég einmitt að Búnaðarbankanum og er það sérstakur skaði að hæstv. landbrh. skuli ekki vera hér, sérstakur – ég vil nú ekki nota það ljóta orð varðhundur en sérstakur gæslumaður Búnaðarbankans í Stjórnarráðinu og hefur tekið það að sér óbeðinn.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti mun athuga hvaða ráðherrar eru í húsinu og gera ráðstafanir til þess að þeir fái að vita óskina.)

Já, herra forseti, en það er sem sagt hæstv. landbrh. sem hefur sérstaklega tekið að sér að standa vörð um Búnaðarbankann og ætti hæstv. landbrh. að vera heldur órólegur þessa dagana. Hann ætti að vera býsna órólegur þessa dagana. Hvað er í farvatninu ef plottið um sameiningu um Íslandsbanka og Landsbanka gengur eftir? Hvað er þá í farvatninu fyrir Búnaðarbankann? Gæti það verið, herra forseti, að það sem menn kynnu að vinna hugsanlega, þó að það sé auðvitað óskrifað blað, og telja sig mögulega geta hagnast á með sameiningu Landsbankans við Íslandsbanka og hugsanlega hækkuðu gengi á eignarhlut ríkisins í Landsbankanum, gæti það þá kannski tapast Búnaðarbankamegin? Er þá ekki alveg ljóst að í raun og veru eru menn að skilja Búnaðarbankann eftir í mjög umhugsunarverðri stöðu, svo ekki sé sagt alvarlegri?

Ef menn búa til einn algjörlega ráðandi risa í bankaheiminum í landinu, hver verður þá staða Búnaðarbankans hf. og hver verður staða sparisjóðanna? Og hvað geta þeir gert? Geta þeir sameinast? Það er ekki einfalt mál þó að hæstv. landbrh. hafi að mínu mati óþarflega mikið allt á hornum sér þegar hann ræðir um málefni sparisjóðanna í Degi í dag ef ég man rétt og hefur ræðumanni líklega láðst að hafa með sér ljósrit af þeirri ágætu blaðafrétt sem hefði verið handhægt að hafa hérna og einhver verður svo vinsamlegur að gauka að mér. En ég man það eftir morgunlesturinn að hæstv. landbrh. hafði allt á hornum sér í þessum efnum, sá öll tormerki á sameiningu Búnaðarbankans og sparisjóðanna og nefndi þar til sérstaklega eignarhaldið eða eignarhaldsfyrirkomulagið á sparisjóðunum. Mér þótti þar gæta nokkurs misskilnings, ég verð að leyfa mér að segja það, þó að hæstv. landbrh. eigi í hlut, gamalreyndur bankaráðsformaður, að mér fannst gæta misskilnings hvað varðar eignarhaldslega stöðu sparisjóðanna. Það er ekkert vandamál í mínum huga og hefur aldrei verið að sparisjóðirnir séu þær stofnanir í reynd að mestu leyti ígildi sjálfseignarstofnana undir heimastjórn sem þeir eru og hafa lengi verið. Jú, hér er ljósritið komið og þökk fyrir það, og hér kemur einmitt fram að Búnaðarbankann þarf að styrkja, segir hæstv. landbrh. Búnaðarbankann þarf að styrkja. Er það þá aðferðin að plægja akurinn fyrir sameiningu Landsbankans og Íslands, sem nú virðist vera í farvatninu og maður verður að fara að taka alvarlega að eitthvað sé á bak við, þegar ráðandi öfl og handgengnir trúnaðarmenn hæstv. viðskrh. eiga í hlut og úttala sig með þeim hætti sem Halldór Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans og fyrrum ráðuneytisstjóri í iðn.- og viðskrn., Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, og Kristján Ragnarsson, sjálfur formaður bankaráðs Íslandsbanka, hafa gert. Og þá spýtist fram á sjónarsviðið landbrh. og hefur áhyggjur af Búnaðarbankanum og segir að styrkja verði Búnaðarbankann. En ég held að aðferðin sé ekki þessi. Ég vara menn mjög alvarlega við því að þetta er ekki að mínu mati aðferðin til að hámarka eignarhlut ríkissjóðs í þessum bönkum samtals ef menn fara svona að ráði sínu. Ég held

að miklu vænlegri kostur væri að skoða samlegðaráhrifin af að sameina ríkisviðskiptabankana og það hefði einn kost umfram hitt að sá aðili yrði þó ekki alveg jafn ráðandi risi á markaðnum því að nokkur stærðarmunur er á hvað Íslandsbanki er þó stærri en Búnaðarbankinn sem er samtals minnstur eininganna fjögurra Landsbankans, Íslandsbanka, sparisjóðanna og Búnaðarbankans, með rétt um 20% markaðshlutdeild á móti líklega einum 26% Íslandsbanka.

Já, herra forseti, það er nefnilega að mörgu að hyggja þegar kemur að því hvernig þessir hlutir þróast og hver niðurstaðan verður. Það sjá auðvitað allir heilvita menn að óskir alþingismanna um skýrari línur í þessum efnum og svör við þessum stóru spurningum eru fullkomlega réttmætar. Það er til vansa fyrir Alþingi að henda þessu máli frá sér og út í rauninni með fullkomna óvissu ríkjandi um það hvað um þessa hluti verður. Menn eru þá ekki að taka ábyrgð sína á þessu máli mjög alvarlega, segi ég, og ég a.m.k. frábið mér það að bera á því ábyrgð að svona sé gengið frá málunum. Það er ámælisvert, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki geta veitt skýr svör um hver stefnan er og það er ekki hægt að mínu mati fyrir Alþingi, sóma þess vegna, að rusla málunum frá sér eða láta hafa sig til þess eins og hér stendur til.

Herra forseti. Það er líka viðkvæmt þegar farið er að ræða þessar hrókeringar og hagræðingar allar, að auðvitað eru bankarnir mikilvægir vinnuveitendur og hjá þeim starfar fólk sem nú þegar hefur mátt færa talsverðar fórnir vegna sameiningar og niðurskurðar og hagræðingar, sem knúið hefur verið á um og má segja að hafi að ýmsu leyti verið óumflýjanlegt. Þá skiptir mjög miklu máli hvernig að slíku er farið. Það verður að segja t.d. Íslandsbanka til hróss og það hefur ræðumaður reynda áður gert, að ég hygg að segja megi að Íslandsbanki hafi sýnt af sér þó nokkurn metnað í þeim efnum að gera þær breytingar sem bankinn hefur gert og gengið í gegnum á undanförnum árum í kjölfar þess að hann varð til sem slíkur með sameiningu nokkurra banka, gera þær þannig að sem allra sársaukaminnst yrði fyrir starfsfólkið. Ég vil segja það. Er það mér þó kannski ekkert skyldara en öðrum mönnum að hrósa þeirri stofnun, þessum einkabanka, ég hef sjálfsagt oft skammað hann og ekki sérstaklega hælt einkaframtakinu í þeim efnum. En það má þó Íslandsbanki eiga, að ég hygg, að þar hafa menn reynt að standa þannig að breytingum að sem allra sársaukaminnst yrði fyrir starfsfólkið og þá fækkun sem þar hefur orðið á starfsmönnum á undanförnum árum og var auðvitað borðleggjandi og kannski meginröksemdin fyrir því að hagræðing væri fólgin í því að sameina Iðnaðarbankann, Útvegsbankann og Alþýðubankann með því að reyna að segja ekki upp fólki, heldur nota frekar þá aðferð að ráða ekki í stöður þegar þær losnuðu, með því að aðstoða fólk jafnvel á námskeið til að endurhæfa sig til annarra starfa o.s.frv. Það skiptir máli þegar við ræðum um þetta hvernig að því verður staðið. Eru menn tilbúnir til þess áður en þeir sleppa höndunum frekar af ríkisviðskiptabönkunum en orðið er, að setja á þá kvaðir og tryggja það fyrir fram að að öllum slíkum breytingum verði staðið á eins manneskjulegan hátt og nokkur kostur er.

Loforðið sem gefið var á sínum tíma um að ekki yrðu seld hlutabréf í ríkisviðskiptabönkunum fyrstu fjögur árin, það vita allir sem eitthvað vita að hin meginástæðan fyrir því að það var gefið voru samskiptin við starfsmenn bankanna. Annars vegar var um þá röksemd að ræða að gefa bönkunum tíma til að fóta sig og tryggja ákveðinn stöðugleika og róa menn niður gagnvart því að ekki yrði umtalsverð breyting á viðskiptalegri stöðu bankanna, þeir yrðu áfram í eigu ríkisins og ríkið mundi ekki henda þeim frá sér þannig að minni hætta en ella væri á því að röskun yrði á viðskiptatrausti og viðskiptaumhverfi bankanna. Hin meginástæðan var að verið var að reyna að leita eftir skárra samkomulagi við Samband ísl. bankamanna og starfsmannafélög bankanna um þessi mál, og hafði auðvitað sín áhrif.

Þess vegna tek ég það fram að þó að ég hafi gerst talsmaður þess, og það er ekkert nýtt, að menn skoðuðu sem fyrsta kost samlegðaráhrifin af sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans, þá vil ég að sjálfsögðu halda til haga þeim fyrirvörum að það yrði að gera á þann hátt að sem allra best tækist til hvað varðar starfsmannahaldið. Ég held reyndar að til þess væru að mörgu leyti prýðilegar aðstæður að fara í slíka sameiningu nú og alveg sérstaklega góðar aðstæður væru til þess á höfuðborgarsvæðinu, þar sem líklega um helmingur af útibúafækkuninni eða jafnvel meira og drjúgur hluti af fækkun starfsmanna mundi væntanlega koma fram á einhverjum aðlögunartíma. Eins og ástandið er á vinnumarkaði hér og alveg sérstaklega í þeim greinum sem ætla má að þjálfað starfsfólk í bönkum væri gjaldgengt á ættu að vera nokkuð góðar aðstæður til þess að aðstoða fólk eftir atvikum við að fá vinnu við önnur störf og/eða beita þeirri aðferð að ekki yrði um uppsagnir að ræða heldur yrði ekki ráðið í stöður sem losnuðu.

Ég held líka, herra forseti, að menn verði að horfast alvarlega í augu við það að ef menn búa til þennan risa í bankaheiminum sem sameinaður Landsbanki og Íslandsbanki er, sem samkvæmt öllum skilgreiningum yrði flokkaður sem markaðsráðandi stofnun, markaðsráðandi fyrirtæki, sennilega einrátt fyrirtæki, þá býst ég við því, herra forseti, að samkvæmt breskum viðmiðunum yrði slíkur banki í rauninni kallaður einráður á markaði því hann væri svo yfirgnæfandi sterkur að hann réði í raun og veru þróuninni, hann réði viðskiptaumhverfinu. Hann væri ekki bara markaðsráðandi, hann væri á næsta stigi þar fyrir ofan, sem stundum er kallað að vera einráður á markaðnum og er næsta stig neðan við hreina einokun.

Eru menn þá tilbúnir til að gera einhverjar mótvægisaðgerðir og í hverju gætu þær þá falist? Þá er einmitt komið að hinu. Þarf þá ekki að stækka Búnaðarbankann og það hressilega í staðinn fyrir að selja af honum? Og reyna frekar að stórefla hann. Hann yrði þá þriðja einingin í þessu fyrir utan sparisjóðina sem lúta að nokkru öðrum lögmálum og vaxa með öðrum hætti, fyrst og fremst með því að þeir hafa verið vinsamlegar og þjónustumiðaðar stofnanir sem hafa laðað til sín viðskipti og vaxið af því ágæti, en ekki í formi hlutafjáraukninga eða slíkra hluta eins og kunnugt er. Þeir njóta að vísu hins að þeir eru í reynd sjálfseignarstofnanir og út úr þeim hverfur ekki sá arður sem þar myndast þannig að hann getur orðið til vaxtar og viðgangs stofnununum og það hefur reynst þeirra styrkur og ekki síst á þeim tímum sem vaxandi kröfur eru gerðar til þess að draga arð út úr hlutafjárvæddum bönkum. Ég held þess vegna að yrði af þessum veruleika þá mundi skipta miklu máli að Búnaðarbankinn eða hvernig til tækist með hann og sparisjóðirnir gætu þá eflst einnig. Vissulega má segja að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins sé kominn til sögunnar og hann skiptir máli á ákveðnum enda markaðarins hvað varðar þjónustu við stærri fyrirtæki og á afmörkuðum sviðum en hann er ekki innlánsstofnun og keppir ekki við bankana að því leyti.

Herra forseti. Þá vil ég aðeins koma að því að það er dálítið sérkennilegt hvernig tímarnir breytast og mennirnir með, að þær miklu áhyggjur sem ýmsir höfðu af sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka þegar hún var uppi á borðinu og til umræðu fyrir tveim, þrem árum síðan, virðast nú alveg gufaðar upp. Nú hefur það alveg gjörbreyst. Það er frægt og hefur þegar verið til vitnað að forsvarsmenn Íslandsbanka brugðust heldur öndverðir við þegar hugmyndir komu upp um að skoða sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans. Meginröksemdirnar voru þær að þetta yrði allt of stór banki. Það mundi bara eyðileggja samkeppnina á bankamarkaðnum ef slíkur risi yrði til. Þetta var að vísu á tímum þegar Íslandsbanki átti enn í nokkru basli og var að jafna sig og ná landi eftir sameininguna og einnig eftir talsverðar þrengingar sem gengu yfir í bankaheiminum með miklum afskriftum eins og kunnugt er. En þetta var grundvallarafstaða bankamannanna í einkabankanum á þeim tíma og margra fleiri. Ég hygg að ýmsir postular hafi þá verið leiddir fram og haft á sér ýmsa fyrirvara um að þetta gæti verið varhugavert samkeppninnar vegna, ýmsir spekingar og snillingar úr fjármálaheiminum og viðskiptaheiminum.

Hvar eru þeir nú? Hverju sætir sú undarlega þögn eða þessi merkilegu sinnaskipti á ekki lengri tíma? Að nú sé ekkert áhyggjuefni að búa til 65–70% markaðsráðandi eða einráðan risa í íslenska bankaheiminum. Er það erlend samkeppni sem hefur komið til síðan? Svarið er nei. Það er í raun og veru ekkert meiri eða merkilegri erlend samkeppni hér en var þá. Það má kannski segja að stærri fyrirtæki í landinu búi yfir meiri þekkingu og hreyfi sig frjálslegra um þennan markað, en samkeppnin er ekki í þeirri mynd að hér hafi komið upp starfsemi erlendra banka sem sé í beinni og milliliðalausri samkeppni við íslenska banka á heimamarkaði þeirra. Það er ekki svo. Og það er ekkert sérstakt sem bendir til þess að sú tíð sé endilega fram undan eða á allra næsta leiti.

Og af hverju? Af því ósköp einfaldlega að íslenski markaðurinn er svo lítill þegar út í hinn stóra heim er komið að það verkar ekkert sérstaklega spennandi að koma inn á hann til að reyna að keppa við þá sem fyrir eru. Það eina sem gæti verið áhugavert fyrir erlenda banka er að taka einn eða fleiri íslenska banka í nefið, fara þannig inn á markaðinn að kaupa sér strax ráðandi stöðu eða sterka stöðu. En það er ekki líklegt að mínu mati að erlendir bankar nenni að standa í því á næstu árum að leggja hér af stað frá núlli ósköp einfaldlega vegna þess að það svarar varla kostnaði. Markaðurinn er það lítill, á honum eru fyrir það rótgrónir og sterkir aðilar með slíkt útibúanet og markaðsstöðu að það liggur í hlutarins eðli að ekkert sérstaklega spennandi er að reyna að glíma við þann markað frá byrjun að byggja upp allt sem til þarf til að geta farið út í samkeppni. Það mundi kosta umtalsverða fjármuni og taka langan tíma held ég alveg augljóslega út frá öllum venjulegum aðstæðum þegar slíkar markaðsaðstæður eru metnar að fara inn í markaðinn með þeim hætti. Ef erlendir aðilar geta ekki keypt hér drjúgan hlut eða ráðandi hlut í einhverjum af þeim bönkum sem fyrir eru á markaði, þá á ég ekki von á því að þeirra sjái hér stað í miklum mæli á næstu árum. Þá er staðan í öllum aðalatriðum óbreytt, að við erum með þessa fjóra banka eða bankasamsteypur sem eru Landsbankinn, Íslandsbanki, Búnaðarbankinn og sparisjóðirnir og ekkert sérstakt sem bendir til þess að það breytist á allra næstu árum.

Og höldum nú áfram smástund, herra forseti, með þá hugsun að til verði þessi stóri banki, sameinaður Landsbanki og Íslandsbanki. Ríkið verður minnihlutaeigandi í bankanum frá byrjun á móti einhverri dreifðri eignaraðild almennings og út af fyrir sig alldreifðri eignaraðild sem fyrir er í Íslandsbanka, og síðan verða hinir eigendurnir og sterkustu eigendurnir verða þeir sem sterkasta stöðu hafa í Íslandsbanka í dag, og þar er ákveðin nokkuð samtengd blokk tiltölulega mjög ráðandi. Þessir aðilar gætu enn styrkt stöðu sína í gegnum kaup á eins miklu og þeir næðu til sín af þeim hluta Landsbankans sem er eða verður á markaði áður en til sameiningarinnar kemur og markaðshlutdeild bankans á bilinu 60–70%, eða 60% alla vega.

Hvað er þá að gerast, herra forseti? Jú, þá er það að gerast og gæti ágerst á næstu missirum og árum að langstærsti banki landsins sé kominn í umtalsverð eignaleg og jafnvel stjórnunarleg tengsl við nokkra af ráðandi aðilum í viðskiptum á öðrum sviðum. Það yrði þannig. Það er ljóst að stórir eigendur sjávarútvegsfyrirtækja eða sjávarútvegsfyrirtæki, stórir aðilar í samgöngumálum og flutningum, stórir aðilar í tryggingum, olíuviðskiptum, sölumálum, sérstaklega með sjávarafurðir, væru þá orðnir stjórnunarlega og eignalega tengdir.

Og þyrfti þá ekki Samkeppnisstofnun eitthvað að iðja? Fyrir nokkrum árum kom út þykk skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl í íslenskum fyrirtækjum. Mikið verk sem Samkeppnisstofnun vann í framhaldi af samkomulagi sem tókst um afgreiðslu samkeppnislaganna á sínum tíma og margfrægu ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum um að slík úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku efnahags- og atvinnulífi yrði gerð. Það var augljóst mál að inn í myndirnar og skipuritin, sem í þeirri skýrslu eru, mundi bætast einn aðili enn, banki. Og ekki bara hver sem er, ekki bara einhver smásjoppa, nei, langstærsti banki landsins væri þá að dragast inn í þetta samhengi. Er þá engin ástæða, herra forseti, til að hafa neinar áhyggjur af því að enn eitt fákeppnissamþjöppunarsviðið sé þarna að dragast upp og tengjast saman þar sem þessir fjölþættu hagsmunir í ýmsum greinum atvinnulífsins og stærsti banki landsins eru?

Ýmsum hefur þótt nóg um þau tengsl og þá þræði sem liggja t.d. inn í Landsbankann og tengingu sjávarútvegsins og fleiri greina við hann. En hann hefur þó verið ríkisbanki og laut þangað til fyrir skemmstu yfirstjórn þingkjörins bankaráðs. En ef hann sem einkavæddur banki væri kominn að drjúgum hluta í eigu sömu aðila og þarna ættu mesta hagsmuni undir, vakna þá hvergi neinar áhyggjur, hringja hvergi neinar bjöllur? Sjá menn enga ástæðu til að hafa áhyggjur?

Herra forseti. Ég vitnaði í hv. þm., hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrím Hermannsson. Hann taldi að fyrir því lægju óhrekjandi upplýsingar eða sannanir að sala ríkisbanka til einkaaðila hefði ekki gefist vel og væri ekki skynsamleg. Kannski hafa þar legið að baki þær skoðanir — þó ég að sjálfsögðu ætli ekki að fara að gera þessum ágæta hv. fyrrv. þm. og hæstv. forsrh. upp slíkar skoðanir — að einkaeinokun væri ekki mjög heppilegur kostur, það er a.m.k. mín skoðun. Ég held, herra forseti, að versta fyrirkomulag sem hægt er að hafa á í viðskiptum sé einkaeinokun.

Ég ætla að vitna í skemmtilega ræðu sem ég heyrði flutta á flugþingi fyrir nokkrum dögum af Íslendingi, sem að vísu hefur verið búsettur lengi erlendis. Þar var til umfjöllunar spurning eða álitamál í sambandi við einkavæðingu í flugþjónustu. Íslendingar þekkja af eigin raun og af býsna biturri reynslu hvað það er að búa við einkaeinokun. Því að það var

nákvæmlega fyrirkomulagið sem var á verslun landsins um nokkur hundruð ára skeið. Að frátöldum stuttum tímabilum þegar Danakonungur yfirtók verslunina sjálfur og reyndist í öllum tilvikum til bóta og mun skárra við að búa heldur en hitt, þá var einokunarverslunin gamla einkaeinokun. Einkaaðilum var seldur í hendur einkarétturinn til þess að versla við eða eigum við að segja, herra forseti, okra á landsmönnum.

Og þetta er reynslan. Alls staðar þar sem menn hafa á byggðu bóli kynnst því að lenda með slíka mikilvæga hluti, þjónustu eða verslun, í hendurnar eða klærnar á einkaaðilum í einokunaraðstöðu þá hefur það gefist verst. Eðlilega og augljóslega, það liggur í hlutarins eðli. Það er hin sífellda glíma í viðskiptunum að einkaaðilar sem eru í rekstri hafa alltaf áhuga á því að styrkja stöðu sína, ná til sín stærri hluta af markaðnum, út á það gengur þetta. Að endingu ná þeir oft og iðulega eða á ákveðnum tímabilum markaðsráðandi eða jafnvel einokunaraðstöðu.

Gegn því setja menn síðan ýmsar skorður. Sett eru ákvæði um að menn megi ekki misbeita slíkri stöðu eða jafnvel að bannað sé að vera í henni, menn verði þá bara að minnka sinn hlut og ekki megi verja slíka stöðu. En það held ég, herra forseti, að mundi heyra til mikilla tíðinda ef menn byggju sér slíka stöðu nánast til sjálfviljugir. Ég segi að það mundi stappa nærri að það gerðist ef menn með þessum hætti eins og nú er til umræðu byggju til þennan geysilega sterka eða markaðsráðandi einráða risa í bankaheiminum og létu óátalið þá þróun ganga eftir sem gæti — og ég tek fram gæti — orðið niðurstaðan að það yrði til þess að auka enn á samþjöppun í fjármálalífi og efnahagslífi okkar og þykir þó flestum hún nóg fyrir.

Af þessum sökum, herra forseti, væri ástæða til að fara kannski aðeins lengra aftur í söguna og minna á að ekki hefur gefist Íslendingum vel — og skal ég þó að vísu ekki fara alveg aftur í einokunarverslunina heldur aðeins lengra aftur í bankasöguna, þ.e. sögu Íslandsbanka gamla. Sú saga var nokkuð rifjuð upp hér þegar ríkisviðskiptabönkunum var breytt í hlutafélög og þau mál voru til umfjöllunar á árinu 1997. Það urðu reyndar sérstaklega um það orðaskipti milli þáv. hv. þm. og reyndar núv. í öðru tilvikinu, þeirra Ólafs Þ. Þórðarsonar heitins og hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, þar sem sá síðarnefndi vændi hinn fyrri um að kunna ekki söguna og fara ekki rétt með. En það stóð ekki á vörnum hjá þáv. hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og kom hann í ræðustól skömmu síðar með bók Ólafs Björnssonar um sögu Íslandsbanka og vitnaði í hana. Býsna athyglisverðir hlutir voru þá rifjaðir upp og eiga kannski aftur svolítið erindi inn í þessa umræðu.

Hvernig voru aðstæðurnar í gamla Íslandsbanka? Þær voru þannig að hann var auðvitað mjög sterkur og nánast ráðandi banki a.m.k. á ákveðnum sviðum í efnahagslífi landsins því hann var yfirgnæfandi í stærð í öllum viðskiptum við sjávarútvegsfyrirtækin á fyrstu áratugum aldarinnar. Hann deildi vissulega með þeim kjörum en hann var líka í miklu návígi við þau. Og hann var eignalega að ýmsu leyti, og alla vega hvað mikilvæga viðskiptahagsmuni varðaði, tengdur þessum sömu fyrirtækjum eða erlendum viðskiptaaðilum þeirra.

Og til hvers leiddi það þegar frá er litið? Ég ætla ekkert að fara að varpa rýrð á sögu þessarar stofnunar sem var mikilvæg á sínum tíma og gerði margt gott, átti m.a. þátt í því að fjármagna mikilvæga uppbyggingu í atvinnulífinu á fyrstu áratugum aldarinnar. En þetta návígi og hin miklu hagsmunatengsl í þessum banka urðu án efa eitt af því sem varð honum síðan að falli vegna þess að hann var orðinn svo tengdur hagsmunum stórra viðskiptavina sinna að hann riðaði til falls og féll með þeim þegar máttarstoðir eins og fyrirtæki Péturs J. Thorsteinssonar og Milljónafélagið rúlluðu. Þá gerði Íslandsbanki gamli það einnig.

Hver var nú lærdómurinn sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ætlaðist til og vonaðist til að menn drægju af því? Jú, lærdómurinn var einmitt sá að einkabankaformið væri engin trygging fyrir því að ekki gæti illa farið. Einkavæðing banka væri ekkert allsherjarlausnarorð og allra síst ef þær aðstæður væru uppi í viðskiptunum að sá banki væri yfirgnæfandi tengdur tilteknum viðskiptaaðilum sínum og væri kannski í of miklu návígi við þá til þess að geta þar staðið einn og óstuddur og metið hlutina sjálfstætt og varið sína hagsmuni án óeðlilegs þrýstings.

Það er umhugsunarefni fyrir menn á þeim tímum að þannig voru málin gerð upp þegar Íslandsbanki varð gjaldþrota að erlendum kröfuhöfum voru borgaðar upp sínar kröfur. En almenningur og viðskiptavinir bankans innan lands glötuðu nánast öllu sínu. Þannig glötuðu menn á ákveðnum svæðum og í ákveðnum byggðarlögum, þar sem Íslandsbankinn gamli var höfuðviðskiptastofnunin, nánast öllu sínu fé. Það hygg ég að hafi átt við t.d. um marga Vestfirðinga þar sem bankinn var mjög stór. En erlendu kröfuhafarnir fengu sitt. Og af hverju? Jú, af nokkuð augljósum ástæðum. Þrátt fyrir þrengingar kreppunnar og erfiðleika mátu menn það svo að það yrði dýrara hagsmunum þjóðarbúsins að taka á landið þann álitshnekki sem af því yrði að einn af höfuðbönkum og í raun og veru aðalbanki þjóðarinnar, fyrir utan þá Landsbankann, yrði gjaldþrota og að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar út á við, út fyrir landsteinana. Þess vegna voru þær kröfur borgaðar upp.

Ætli, herra forseti, það gæti ekki farið með svipuðum hætti jafnvel þó að um fína einkavædda banka yrði að ræða ef menn stæðu frammi fyrir því einhvern tíma í framtíðinni, sem við skulum auðvitað vona að verði ekki en við getum heldur ekki útilokað að gerist, að bankar lentu í erfiðleikum eða jafnvel riðuðu til falls að þá hlypu menn undir bagga? Jú, ætli það ekki? Og er það ekki reynslan frá Noregi, Svíþjóð, Kanada, Bandaríkjunum og víðar? Ójú.

Auðvitað er það þannig að eitthvert rekstrarform getur aldrei verið mönnum nein allsherjartrygging eða eitthvert patent í þeim efnum að slíkir hlutir gerist ekki. Það voru skilaboðin, það var boðskapurinn sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, með tilvitnun sinni í sögu Íslandsbankans gamla, ætlaði hygg ég að koma á framfæri, enda sagði hann, með leyfi forseta:

„Það er nú einu sinni svo að eitthvert eitt rekstrarform getur ekki komið í veg fyrir erfiðleika og Íslandsbanki lenti í miklum töpum sem urðu vegna þess að stórfyrirtæki fór á höfuðið."

Síðar sagði hv. þm. og vitnaði þá til bókar Ólafs Björnssonar:

„Hún [þ.e. bókin] er nefnilega merkilegur fróðleikur um að jafnvel þó að hluthafar séu margir og eigi hlutafélagsbanka, þá getur það gerst að einum aðila sé lánað það mikið að því verði ekki hægt að bjarga og bankinn verði fyrir stóráföllum."

Herra forseti. Það eru breyttir tímar og mikið breyttir tímar frá því að Íslandsbanki sálugi var á dögum. Ég veit

að menn geta komið hér upp en þeir þurfa þess ekki því ég skal taka að mér að segja að nú eru komin lög og reglur sem tryggja miklu betur en þá áhættudreifingu sem tryggir að menn geti aldrei lagt of mikið undir með einum einstökum aðila o.s.frv. og það er auðvitað heilmikið til í því. Kannski er það svo að af þeim sökum sé miklu minni ástæða til þess að hafa áhyggjur af því að svo illa geti farið að bankar verði beinlínis gjaldþrota og alla vega síður vegna þess að einhver einn eða fáeinir viðskiptaaðilar þeirra rúlli. En reynslan sýnir engu að síður og úr nýlegum dæmum bankakreppunnar á Norðurlöndum og víðar á Vesturlöndum í kringum lok síðasta áratugar og í byrjun þessa, að þrátt fyrir allar fínu BIS-reglurnar sem þá hétu og CAD-reglurnar núna, þá geta bankar lent í mikum erfiðleikum. Þeir standa í miklu návígi við þau fyrirtæki og viðskiptavini sem þeir eru að þjónusta og bæði erfiðleikar í fjárhag almennings og atvinnurekstri geta skapað bönkum mikla erfiðleika og það jafnvel svo að þeir ráði ekki við þá sjálfir og einir og óstuddir og þá hefur niðurstaðan yfirleitt orðið sú að ríkisvaldið hefur hlaupið undir bagga.

Stundum eru það reyndar aðrir aðilar sem óbeðnir nánast taka að sér að koma til hjálpar, mér er kunnugt um það. Meðal annars hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal uppfrætt mig um það að í Þýskalandi hafi það gerst að aðrir bankar hafi komið til bjargar til þess að ekki færi illa hjá samkeppnisaðilum. Vegna þess að þrátt fyrir allt áttu þeir allir mikilvægra heildarhagsmuna að gæta í því að bankaheimurinn sem slíkur yrði ekki fyrir álitshnekki, að almenningur tapaði ekki sínu fé, og betra væri fyrir þá að safna liði og koma bágstöddum bönkum til bjargar en fá þá umræðu upp í þjóðfélaginu að svoleiðis gæti gerst.

Auðvitað verður svo áfram, herra forseti, og enn frekar hér á landi, að menn munu hlaupa undir pilsfaldinn ef illa fer, ég er alveg sannfærður um það.

Herra forseti. Aðeins í sambandi við afgreiðslu þessa máls og framkomu hæstv. ríkisstjórnar eða aðkomu hennar að málinu. Ég hef aðeins verið að velta því fyrir mér núna, bæði í tengslum við þetta þingmál og þessi bankamál og reyndar fleiri mál sem hér hafa verið til umfjöllunar hvernig mynd sé smátt og smátt að dragast upp af svona stjórnunarháttum á Íslandi og því hvernig menn fara með vald sitt. Það sem hefur ýtt mér af stað út í slíkar hugleiðingar er ósköp einfaldlega samtöl við fólk, símtöl og samtöl við fólk sem í mann hefur hringt eða maður hefur hitt á förnum vegi, úti á götu, í búðum eða í strætó, í leigubílum eða hvar sem það nú er. Ég þykist merkja það að almenningur skynji stöðu sína gagnvart sérstaklega framkvæmdarvaldinu um þessar mundir þannig að það sé ekkert með hann gert. Almenningur sé góður til þess að hóa í á fjögurra ára fresti og láta kjósa en svo sé ekki ástæða til að hlusta mikið á það sem það kemur.

Þessi tilfinning er ákaflega sterk í sambandi við virkjanamálin og það sem þar er að gerast, þar sem nokkuð ljóst er að ríkisstjórnin þjösnast áfram í andstöðu við vilja meiri hluta almennings. En ég hef einnig orðið var við það nú á síðustu sólarhringum að almenningur upplifir framgöngu ríkisstjórnarinnar hvað einkavæðinguna varðar með svipuðum hætti. Því það er nefnilega þannig að fólk lítur svo á að það eigi þessar eignir og því er ekki sama og því finnst ekki að það sé sjálfgefið að ríkisstjórnin eða einn maður, eins og hæstv. viðskrh., geti að geðþótta ráðskast með þessa hluti. Ég var spurður í gær: Hvaða möguleika hafið þið alþingismenn til þess að stoppa það að viðskrh. láti eins og honum komi þetta einum við? Ég sagði að því miður væru þeir kannski takmarkaðir vegna þess að ríkisstjórnin ástundar þá stjórnunarhætti að ákveða hlutina einhliða, oft í skyndingu, úti í bæ og senda síðan tilkynningar til Alþingis um að fullnusta sinn vilja strax, umbúðalaust og möglunarlaust eftir duttlungunum eins og þeir eru hverju sinni.

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að hafa af þessu áhyggjur, að íbúar landsins upplifi sig mjög fjarlæga valdinu. Þeir upplifa það svo, alveg sérstaklega um þessar mundir, að í raun skipti sjónarmið þeirra engu máli því á þau sé ekkert hlustað. Framgangan er öll á þann veg. Það er ráðskast með hlutina af ákveðnum hroka sem einkennir framgöngu hæstv. ríkisstjórnar og samskiptin við aðra í þjóðfélaginu, þingið, almannasamtök, áhugamannafélög o.s.frv.

Mér finnst, herra forseti, þetta bankamál því miður vera lýsandi fyrir þessa sambúð eins og hún er á vegi stödd. Afleiðingarnar, hverjar verða þær? Vaxandi kæruleysi almennings, vaxandi firrð, minnkandi kosningaþátttaka og ræðurnar fluttar sem aldrei fyrr um að þátttaka almennings sé tilgangslaus, skipti engu máli og hafi engin áhrif, ekkert sé á menn hlustað og þeir nenni ekki á kjörstað. Þessu valda m.a. stjórnunarhættir af þessu tagi, valdhroki af þessu tagi og sú lítilsvirðing við þingræðið sem birtist í því að meðhöndla þingið eins og stimpilstofnun. Slíkt þróar og ýtir undir þessa tilfinningu fólks. Menn súpa af því seyðið í formi þess að lýðræðið veikist, áhugi almennings dofnar og kosningaþátttakan minnkar. Við sjáum þessa þróun því miður, herra forseti, að nokkru leyti hér.

Enn er að vísu langt í land með að kosningaþátttakan fari t.d. niður undir helming, niður fyrir helming eða niður í hörmungina í Evrópusambandsríkjunum þegar þar er kosið til Evrópuþingsins. Þar nennir kannski fjórðungur á kjörstað, þrátt fyrir massífan áróður og stórkostlega fjárútlát til að draga menn á staðinn og fá þá til að kjósa. En þróunin er niður á við. Ég veit ekki hvort menn hafa t.d. skoðað að það virðist afgerandi tilhneiging til þess að kosningaþátttakan minnki hraðar á höfuðborgarsvæðinu en í landsbyggðarkjördæmunum. Það er væntanlega vegna þess að hér er fjarlægðin, firring manna meiri á einhvern hátt. Mönnum finnst þeir kannski fjarlægari valdinu og stjórnvöldunum en fólki í landsbyggðarkjördæmunum. Þar er þátttakan meiri kannski vegna fámennisins og meira návígis við hina kjörnu fulltrúa.

Mér finnst, herra forseti, tilefni til að koma einnig með þessar hugleiðingar þar sem ég hef orðið var við og hef fengið nokkur dæmi um það á síðustu sólarhringum að mönnum finnast m.a. þessi bankamál og meðferð ríkisstjórnarinnar á þeim vera hluti af þessu. Glöggur maður minnti mig á að í raun hefði hinn ágæti skopmyndateiknari Morgunblaðsins, Sigmund, eins og venjulega hitt naglann á höfuðið og afgreitt þetta mál í skopteikningu fyrir nokkrum árum síðan. Það var þegar menn voru fyrst með hugmyndir um að háeffa og selja ríkisbankana. Þá teiknaði Sigmund karl og kerlingu sem stóðu fyrir dyrum úti og kallinn hló glaðbeittur og sagði: „Ja, allur fjandinn dettur þeim nú í hug. Nú ætla þeir að fara að selja okkur okkar eigin banka.“ Þetta var þegar fyrstu hugmyndirnar komu upp um að selja almenningi bankann sinn, Landsbankann. Þetta þótti karli skondið og teiknaranum sem talaði gegnum hann. Auðvitað er það brandari í sjálfu sér að menn þykist hafa fundið upp hjólið og gylla það fyrir almenningi að kaupa banka af sjálfum sér. Hvaða speki er

það? Munurinn er auðvitað sá að það eru ekki nema sumir sem kaupa.

Það er athyglisvert, herra forseti, að í þessum umræðum núna færa menn m.a. tímanauðina fram sem rök. Alltaf byggir framganga ríkisstjórnarinnar á því að búa fyrst til tímanauð. Það var gert í Eyjabakkamálinu og því logið upp á Norsk Hydro að þeir vildu ekki bíða eftir umhverfismati. Það var síðan afhjúpað. Nú er tímanauð, mikil tímapressa, búið að útbúa mikla tímapressu. Annars vegar er hún vegna skattfrádráttarins um áramótin og hins vegar vegna Verðbréfaþingsins sem hefur stillt Alþingi upp við vegg, algjörlega upp við vegg. Það verður bara að afgreiða þetta helst í gær, það er svo rosaleg tímapressa í málinu, segir hæstv. iðnrh. Hún er heimatilbúin, hún er algjörlega heimtilbúin, þessi tímanauð.

Mér finnst, herra forseti, ekki hægt að skilja við þann hluta málsins sem gengur út á að það sé svo mikið þjóðþrifamál að drífa þetta hér í gegn vegna þess að almenningur þurfi að geta keypt bankann fyrir áramótin og skálað í kampavíni á gamlársdag, síðasta gamlársdeginum á öldinni segja sumir, fyrir nýju hlutabréfunum sínum í bönkunum. (**Gripið fram í:** Næstsíðasta.) Eða næstsíðasta, segir hv. þm. Ég heyri strax að hér eru skiptar skoðanir. Það er kannski ekki rétt að fara lengra út í það mál. En aldamótin eru öðru hvorum megin við næsta ár, herra forseti, það er alveg á hreinu. (Gripið fram í). Þau eru annaðhvort við upphaf þess eða endi.

Staðreyndin er auðvitað sú að það eru ekki nema sumir sem nýta sér þennan skattfrádrátt. Það eru ekki endilega þeir sem þurfa mest á honum að halda. Þeir sem nýta sér hann hlutfallslega langmest eru þeir sem minnsta þörf hafa fyrir að ríkið gefi þeim svolítið í viðbót um áramótin, hátekjufólkið. Þeir sem eru með tekjur um eða undir skattleysismörkum fá ekkert í skóinn, enga pakka frá ríkisstjórninni, ekki nokkurn skapaðan hlut. Fjölmargir aðrir eru vegna persónulegrar fjárhagsstöðu ekki í færum til að kaupa, jafnvel þó þeir borgi einhvern skatt. Það er blekking að stilla dæminu þannig upp að allir standi jafnt að vígi gagnvart þessu. Það er ekki svo.

Þá væri gáfulegra, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur haft uppi bæði í þessu samhengi og öðru, að senda frekar öllum landsmönnum sín hlutabréf, sinn hlut og leyfa þeim að ráðstafa. Þá fengju þó allir jafnan hlut af eign sinni í þessum banka. Þá væru menn ekki að kaupa bankann af sjálfum sér eins og kallinn í skopmyndinni hjá Sigmund. Þá fengju menn bara sinn hlut sendan heim. Þetta er ekki þannig ráðstöfun.

Þetta er ráðstöfun sem hátekjufólk sem borgar tekjuskatt og er í færum til að kaupa hlutabréf nýtir sér. Sala á hlutabréfum í þessum banka gagnast ekki nema hluta samfélagsþegnanna. Ég gef því ekki mjög mikið fyrir, herra forseti, að af þeim ástæðum sé sérstök tímanauð í þessu máli. Auk þess er mér ekki kunnugt um að neinn sérstakur hörgull sé á hlutabréfum.

Ég var að velta því fyrir mér, herra forseti, hvort hægt væri að koma með leslampa inn í salinn og færa hæstv. viðskrh. svo honum gangi betur við lesturinn. Ég sé það að hann hefur snúið sér við til þess að birtan falli betur á blaðið sem hann er að lesa. Ég veit nú ekki hvort þetta er Samúel eða hvað það er sem hæstv. ráðherra er að lesa en mér er annt um sjón hæstv. ráðherra og það er slæmt að hann sé að lesa í lélegu ljósi. Ég beini því í allri vinsemd til forseta að hann hugi að því að færa ráðherrum leslampa þegar þeim er farin að daprast sýn síðdegis og birtan í salnum er fulllítil. (**Gripið fram í:** Sérstaklega orkumálaráðherra.) Og er það náttúrlega einstaklega neyðarlegt að hæstv. orkumálaráðherra skuli þurfi að lesa nánast við kertatírur og rýna í plöggin sem hann er með á hnjánum. (**Gripið fram í:** Enn ein rökin fyrir virkjun.) Já, það eru mörg rökin fyrir virkjunum og væri allt í góðu lagi með að virkja til að fullnægja öllum þörfum landsmanna, væri það gert á skynsamlegan, umhverfisvænan hátt. Ræðumaður er eindreginn talsmaður þess.

Auðvitað er til skammar, úr því að menn vilja fara að ræða hér virkjunarmál, að Landsvirkjun skuli standa þannig að málum að stórfelldur skortur er á orku í landinu og verður þennan veturinn. Þau iðnfyrirtæki sem fyrir eru í landinu fá því ekki nóg rafmagn. Ætli það séu ekki um 10% af afkastagetu álversins í Straumsvík sem eru nú ónýtt vegna þess að Landsvirkjun getur ekki skaffað þeim rafmagn. Svo upptekin er hún af því að virkja fyrir ókominn atvinnurekstur að hún sinnir ekki þeim sem fyrir er í landinu, hrekur innlenda notendur yfir í olíu og allt það.

Herra forseti. Ég gerði að umtalsefni hugleiðingar um hina almennu stjórnunarhætti hæstv. ríkisstjórnar. Í raun er þá eitt eftir af þeim atriðum sem ég ætlaði að fjalla um í ræðu minni, sem kann að verða fyrri ræða mín í þessari umræðu. Það er í raun grundvallarspurningin, þ.e. afstaðan til spurningarinnar um dreift eignarhald fjármálastofnana. Það er enn af hinu sérkennilega við málið að fyrir þinginu í hv. efh.- og viðskn. liggur fyrir frv. flutt af mér og hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að, að svo miklu leyti sem mikilvægar fjármálastofnanir eru á markaði og hlutir þar ganga kaupum og sölum, það skuli gert innan ramma ákveðinnar almennrar lagasetningar sem tryggi dreifingu á þeim eignarhlutum þannig að hætturnar séu alla vega minni en ella á því að einhverjir fáir eða einn aðili nái þar ráðandi undirtökum. Í raun þarf ekki að rökstyðja nauðsyn þess, það hefur oft og iðulega verið gert.

Við 1. umr. þessa frv. tók hæstv. forsrh. til máls og lýsti sig býsna jákvæðan í garð þess að þetta frv. fengi vandaða skoðun og eftir atvikum afgreiðslu ef svo bæri undir. Hæstv. forsrh. hvatti til að efh.- og viðskn. skoðaði málið mjög vandlega. Nú hefur hv. efh.- og viðskn. haft til þess nokkurn tíma, herra forseti, líklega einar fjórar til sex vikur. Mér er nær að halda að umsagnir hafi þegar borist um þetta þingmál. Þar af leiðandi ætti efh.- og viðskn. ekki að vera að vanbúnaði að afgreiða það.

Við þær aðstæður kemur þessi sending utan úr bæ með skilaboðum um að hún skuli afgreidd með hraði. Því miður virðist meiri hluti nefndarinnar ekki hafa orkað eða haft kjark til að ljúka umfjöllun sinni um hitt málið þannig að við þingmenn gætum fengið að sjá hér í formi nál. hvernig línurnar liggja hvað það varðar að setja slík ákvæði í lög. Hafi verið ástæða til að flytja það frv. í haust, í ljósi umræðna sem þá voru uppi um bankamál og dreifingu á eignarhaldi, þá eru þær náttúrlega enn ærnari nú. Nú á að fara að selja talsverðan hluta af ríkisviðskiptabönkunum sjálfum. Á allra næstu missirum eða aldrei verða menn að taka afstöðu til þess hvort þeir vilji setja slíkar reglur í lög.

Það er harla sérkennilegt, herra forseti, að efh.- og viðskn. eða meiri hluti hennar, eftir að hafa fengið tilmæli um það frá hæstv. forsrh. og að sjálfsögðu er slíkt einnig vilji okkar flm., skuli hér ekki gera einhverja grein hér stöðu þess máls. Samhengið er augljóst hverjum manni. Það skiptir máli í sambandi við afgreiðslu þessarar heimildar til ríkis-

stjórnarinnar til að selja 15% af hlutafé í Búnaðarbanka og Landsbanka hver afdrif umræðds frv. verða.

Hér er mikið vitnað í Morgunblaðið sem ætla mætti að væri orðið eini fjölmiðillinn í landinu því það er endalaust verið í vitna í það og leiðara þess. Það er náttúrlega af því að Morgunblaðið kemur víða við og lætur sig ýmislegt varða og skrifar um ýmis þjóðþrifamál í leiðurum sínum. (**Gripið fram í:** Og hefur komið lengi út.) Já, hefur komið lengi út og er hinn merkasti pappír að ýmsu leyti. Ræðumaður er iðulega ósammála því sem þar kemur fram en hitt er út af fyrir sig staðreynd að þetta er áhrifamikill fjölmiðill sem setur sjónarmið sín oftast málefnalega fram. Maður getur þar af leiðandi eftir atvikum tekið undir þau, verið ósammála þeim eða rökrætt þau.

Morgunblaðið gekk í lið með okkur flm. þessa frv. fyrir nokkru og benti á það í leiðara að það væri alveg augljóst, ég man svo sem ekki hvort nákvæmlega það orð var notað, en það var a.m.k. nokkuð sterkt orð, að að sjálfsögðu ætti að fá niðurstöðu í það mál, stjórnarflokkarnir yrðu að útkljá það sín í milli og Alþingi yrði að fá niðurstöðu um það hvort menn ætli að setja í lög ákvæði sem tryggja dreift eignarhald í fjármálasstofnunum. Tíminn til þess væri núna og það ætti að fást niðurstaða í það áður en menn færu af stað með sölu á eignarhlut í ríkisviðskiptabönkunum. Þetta sagði Morgunblaðið.

Hvað segir þá hv. formaður efh.- og viðskn.? Hvar er skilagreinin um frv. sem liggur inni í nefndinni um lagabreytingar til að tryggja dreift eignarhald? Hefur hv. þingmanni og mönnum hans í efh.- og viðskn. ekki unnist sem skyldi í því máli þrátt fyrir hvatningar til þess af hálfu forsrh., leiðarahöfunda Morgunblaðsins, flutningsmanna málsins að sjálfsögðu og fleiri, að það þurfi endilega að fást niðurstaða í það mál áður en menn taka hinar endanlegu ákvarðanir um t.d. sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum svo ekki sé nú talað um t.d. stærri æfingar eins og þær að hefja stórfellda bankasameiningu.

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., komist ekki undan því að gera okkur hér grein fyrir stöðu málsins og hvenær hann hyggur að nefndin geti afgreitt frá sér frumvarpið þannig að við vitum hvar við stöndum í þeim efnum. Auðvitað hefði það átt að liggja fyrir nú, þó ekki væri nema í formi nál., hvernig aðstæður væru og vindar blésu í nefndinni um þetta mál. (**VE:** Við spáum í þetta eftir jólin.) (**Gripið fram í:** Er forsrh. ekki ...)

Nú veit ég ekki um nýjustu hugrenningar hæstv. forsrh. í þessum efnum. (Gripið fram í.) Spurning er náttúrlega sú hvort það eigi hér við að mestu máli skipti hver kaupi og að þörfin fyrir slíka löggjöf sé mismunandi eftir því hvernig vindarnir blása á markaðnum og hver á hverju sinni. Ekki vil ég nú gera því skóna. (Gripið fram í.) Ég sakna þess hins vegar að nefndin skuli ekki hafa unnið þetta mál vegna þess að það var augljóst að allar aðstæður sem uppi voru kölluðu á að menn ynnu að þessu nokkuð röggsamlega. Ég sætti mig nú svona heldur illa við það að nefndin hafi ekki haft tíma til þess á undanförnum fjórum, sex vikum að drífa þetta mál frá úr því hún er svo afburða vösk að hún getur afgreitt smámál eins og sölu á drjúgum eignarhlut í ríkisviðskiptabönkunum á tveim sólarhringum. Þegar maður veltir fyrir sér hlutföllum í þessu tímalega séð þá leita á mann áleitnar spurningar. Njóta málin ekki jafnræðis þarna inni? (**VE:** Það er eðlilegt að þú spyrjir þig að því.) Já, það er eðlileg spurning. Ég sé að formaðurinn viðurkennir það. Það er eðlilegt.

En látum það nú liggja á milli hluta hver flytur og hver hefur sagt hvað. Horfum heldur á efni málsins og veltum því fyrir okkur hvort nokkur geti borið á móti því að æskilegt væri að hafa fengið botn í þetta mál áður en hafin verður stórfelld sala á eignarhlut ríkisins í bönkunum eða teknar ákvarðanir um stórfellda sameiningu banka og það útkljáð hvernig það umhverfi verði á næstu árum sem markaðurinn og aðrir aðilar eiga að ganga út frá hvað varðar m.a. lagasetningu af því tagi. Ég veit að það hvarflar ekki að jafnmiklum markaðssinna og hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að reyna að andæfa því eða andmæla að ekki sé æskilegt að slíkir hlutir liggi fyrir. (**LB:** Er ræðumaður talsmaður þessa ...?) Já, ræðumaður getur verið það ef það er skynsamlega gert og út úr því kemur heilbrigt og gott umhverfi á þessu sviði viðskipta í landinu. Ég hef ítrekað lýst þeim sjónarmiðum mínum, sem eru ekki ný, að æskilegt hefði verið og væri að skoða sem fyrsta kost í þessum efnum kosti og galla við sameiningu ríkisviðskiptabankanna í einn banka. Ég hef þó þá fyrirvara gagnvart því að bæði þarf það að takast vel hvað starfsfólk snertir og það þarf líka að huga að samkeppnisumhverfinu í bankaheiminum því að vissulega yrði slíkur banki stór og fyrirferðarmikill á markaðnum þó hann yrði ekki eins risavaxinn og sameinaður Landsbanki og Íslandsbanki.

Herra forseti. Ég held ég láti þessa stuttu ræðu duga að sinni. Það er margt fleira sem ég hefði haft áhuga á að koma hér inn á því að málið er víðfeðmt og að mjög mörgu að hyggja í þessum efnum. Ég treysti því að menn taki sér a.m.k. þann tíma mældan í sólarhringum sem nauðsynlegur er til þess að fara rækilega yfir málið eftir því sem kostur er. Ég tel í raun sjálfgefið og óumflýjanlegt að efh.- og viðskn. taki málið aftur til sín milli 2. og 3. umr. og fari þar yfir m.a. þær nýju aðstæður sem hafa verið að koma upp í málinu og yfirlýsingar áhrifamikilla aðila eins og formanns bankaráðs Íslandsbanka, sem ég hygg að hafi komið fram eftir að nefndin fjallaði um málið. Hún fékk þann ágæta mann til sín sem gest. Fleira hefur síðan bæst við. Ég minni á viðtal við hæstv. landbrh. sem dregur stöðu Búnaðarbankans sérstaklega fram inn í þetta samhengi og fleira kemur til sem mér sýnist einboðið að geri það að verkum að efh.- og viðskn. þurfi að fjalla um málið milli umræðna.

Ég óska eftir því að á þeim fundi eða fundum sem nefndin heldur þá verði farið yfir það á nýjan leik hvort kostur er á því að afgreiða frv. okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar um dreifða eignaraðild eða a.m.k. að formaður nefndarinnar geti sagt okkur einhverjar fréttir af því hvað líði afgreiðslu á því máli. Það væri með öllu ólíðandi ef það mál ætti ofan í þessa atburði að svæfa í nefnd. Ég trúi ekki öðru en að með einum eða öðrum hætti fái þingið að taka afstöðu til þess máls áður en langt um líður í öllu falli. Sama gildir um þáltill. hv. þm. Frjálslynda flokksins, Guðjóns A. Kristjánssonar og Gunnars Inga Gunnarssonar. Sú tillaga felur í sér efnisatriði sem eðlilegt væri að Alþingi tæki afstöðu til áður en það sleppir frá sér heimildinni til þess að selja eignarhlutinn í bönkunum. Í raun ætti það mál því að taka fyrir, ræða og útkljá t.d. á milli 2. og 3. umræðu um þetta frv. þannig að þingið geti útkljáð slík grundvallarspursmál í umhverfi þessara mála áður en ríkisstjórnin fær heimild til sölunnar, því að yfirlýstur vilji ríkisstjórnarinnar er að selja þetta með góðu eða illu fyrir áramót. Það er sami gamli

útsöluhugsunarhátturinn, þetta skal drifið út hvað sem tautar og raular og þess þá meiri ástæða er til þess, herra forseti, að fara rækilega yfir allar forsendur í málinu.

[17:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. hlý orð í minn garð í upphafi ræðu sinnar. Þau lýstu miklum drengskap frá honum í minn garð. Ég átti nú reyndar ekki von á öðru frá honum.

Það sem fékk mig til þess að standa hér upp og spyrja hv. þm. að var það sem hann gerði að umfjöllunarefni síðast í ræðu sinni. Mér skilst að málið snúist um það núna að selja 15% af hlut ríkissjóðs í bönkunum. Hann ræddi hins vegar um að þörf væri á því að ræða í nefndinni ýmis atriði sem tengdust væntanlegri sameiningu banka, væntanlegri sölu á því sem eftir væri og atriðum sem tengdust síðan dreifðri eignaraðild og þáltill. hinna ágætu hv. þm. Frjálslynda flokksins. Ég er að velta því fyrir mér hvort hann telji að með því að efh.- og viðskn. hittist milli 2. og 3. umræðu og taki þetta mál sérstaklega til skoðunar, þá þurfi ekkert að ræða það sérstaklega meira ef nýtt þingmál kæmi fram frá ríkisstjórninni um að selja meira en það sem er hér í boði.

[17:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú brá svo við að ég skildi ekki alveg hvert hv. þm. var að fara. Hann er þó skýr og setur hluti sína yfirleitt þannig fram að það er auðvelt.

Ég er þeirrar skoðunar, já, að það sé alveg nauðsynlegt að sem allra skýrastar línur liggi fyrir hvað varðar framtíðarmarkmið stjórnvalda sem fara með þessa eign þjóðarinnar í bönkunum og hverjar hugmyndir manna eru um þá uppstokkun á bankamarkaðnum. Og það er ekki bara vegna þess að okkur alþingismönnum þurfi að vera slíkt ljóst og að við eigum heimtingu á því að ganga út frá eins skýrum aðstæðum í þessum efnum og kostur er, það er líka nauðsynlegt gagnvart markaðnum og gagnvart þeim sem eru að hugleiða kaup í þessum bönkum er það auðvitað nauðsynlegt að geta sagt mönnum eins mikið og hægt er um hvað fram undan er.

Véfréttarleg svör af því tagi að menn ætli að hlusta á skilaboð markaðarins þegar vísbendingar eru uppi um að í gangi séu tilteknir hlutir, nægja náttúrlega ekki. Það er eftir slíkri stefnumörkun sem ég lýsi og ég bind nokkrar vonir við að efh.- og viðskn. geti verið tæki til þess að draga slíka hluti nokkuð skýrar fram. Alþingi getur auðvitað líka gripið í taumana og markað þessum málum farveg ef það svo kýs. Að nafninu til a.m.k. hefur Alþingi það vald að ganga þannig frá heimildum, skilyrða þær eða ekki veita þær, að valdið liggi áfram hér.

En það, herra forseti, mun ekki þýða að ég afsali mér fyrir fram réttinum til þess að ræða einhver framtíðarskref sem ríkisstjórninni kunni að detta í hug í þessum efnum þó að efh.- og viðskn. mundi vinna sitt starf vel og draga einhverjar nýjar upplýsingar að landi.

[17:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom kannski ekki nægilega skýrt fram hjá mér hér áðan að ég var að velta því fyrir mér að ef á að selja meira en það sem hér er til umræðu þá hlyti það að þurfa að koma fram í nýju þingmáli og þá hlytu að fara fram nýjar umræður um það mál. Ég hefði talið að sú stefnumörkun sem hv. þm. var að ræða um ætti að koma fram við slíkt þingmál. Það sem er hér á ferðinni er fyrst og fremst hluti af þeirri ákvörðun að ríkissjóður fari með allt niður í 65% hlut í bankanum, en að einkaaðilar geti farið með allt að 35%. Það sem hér er á ferðinni væri í rauninni þess vegna ekki endilega nýtt mál.

Það sem ég var að velta fyrir mér í tilefni af orðum hv. þm. var hvort við gætum í rauninni í umfjöllun um þetta mál tæmt umræðuna um hið væntanlega þingmál um að selja helst allan hlut ríkissjóðs í þessum bönkum sem ég, eins og hv. þm. sjálfsagt veit, mundi gjarnan vilja fá inn í þingið á morgun. En ég tel að hv. þm. mundi nú tæplega vilja afsala sér umræðufrelsi með einhverju heiðursmannasamkomulagi þegar það þingmál kæmi fram, um að selja allan hlut ríkissjóðs í bönkunum, þ.e. umræða verður um heildarstefnumörkunina varðandi sameiningar- og samkeppnisþáttinn og dreifða eignaraðild og það hver eigi að sameinast hverjum.

[17:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er alveg ljóst að bein sala á frekari eignarhlut kostar lagaheimild og annað nýtt frv. hingað inn. Að sjálfsögðu á svo að vera og ég er ekki að tala fyrir neinu öðru. Jafnvel þó að skýrar línur lægju fyrir um hlutina þá á það að samþykkjast hér.

Hins vegar er ljóst að með þessari viðbótarheimild upp á beina sölu á 15% eignahlut og með áframhaldandi heimild til að bjóða út nýtt hlutafé, sem nemur allt að 35% af hlutafé í bankanum, gæti á grundvelli þeirra heimilda sem fyrir liggja og á að fara að veita hér, um helmingur af eignarhlut bankans farið í eigu ríkisins. (**VE:** Þetta er ekki rétt.) Þannig hef ég skilið málið. Þannig skildi ég hæstv. viðskrh. (**VE:** Þetta er tekið fram í nál. Þetta er ekki rétt.) Já, það er gott. Á þá að takmarka 35%, draga þessi 15% frá? Ég óska nú eftir því að þetta sé skýrt, herra forseti. (**VE:** Þetta er ...) Það er gott. Ég ætla þá að lesa það betur. En það er þá algjörlega á skjön við það sem hæstv. viðskrh. sagði við 1. umr. málsins. Það er nauðsynlegt að það sé ljóst. Þá er kominn upp hér einhver djúpstæður ágreiningur milli nefndarinnar og ráðherra.

En hvort sem heldur er þá er alveg ljóst að drjúgur hluti getur á grundvelli þessara heimilda lent í eigu annarra. Ég spyr líka hv. þm.: Hver er skilningur hans á því að hæstv. viðskrh. gæti beitt sér fyrir sameiningu Landsbankans t.d. við annan banka án þess að bera það sérstaklega fyrir þingið? Síðan kæmi það hingað í formi gjörnings sem hefði verið gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis. Lægju slíkir hlutir fyrir, herra forseti, væri ástæða til að fá það skýrt fram.

Ég vonast til þess, herra forseti, að undir umræðunni takist okkur að skýra þessa hluti betur. Ég þarf greinilega að lesa mér betur til um nál. meiri hlutans og spyrja svo út úr á grundvelli þess og þar á meðal hæstv. viðskrh.

[17:16]

Útbýting þingskjala:

Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, 263. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 334.

Lífskjör eftir landshlutum, 264. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 335.

[17:16]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið nokkuð fróðleg umræða á að hlýða eins og reyndar umræðurnar sem hafa verið

í efh.- og viðskn. á undanförnum dögum um það stóra mál sem verið er að ræða, sölu á 15% hlutafé í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Það sem hefur kannski komið hvað mest á óvart og þó ekki er að töluvert af þeim rökum sem lögð eru fram í frv., þ.e. í þeim athugasemdum við lagafrv. sem birtast í frv., hafa verið að engu gerðar í umfjöllun þeirra sem komið hafa á fund nefndarinnar. Þar vil ég fyrst nefna að í athugasemdum við lagafrv. segir í fyrsta lagi, með leyfi forseti:

„Hagstætt árferði á hlutabréfamarkaði gerir það að verkum að ástæða er til að tryggja framangreinda dreifingu hlutafjárins nú þegar. Með dreifðri sölu til almennings í hlutafélagabönkunum tveimur er hvatt til aukins sparnaðar heimilanna, hlutabréfamarkaður efldur og verðmyndun hlutabréfa í bönkunum treyst."

Miðað við þau álit sem efh.- og viðskn. fékk frá þeim aðilum sem komu á fund nefndarinnar eða sendu frá sér umsagnir verður að segja alveg hreint eins og er að þau rök sem þarna eru færð fram eru afar hæpin. Það er smámöguleiki á því að þessi rök verði að veruleika ef rétt er á málum haldið af hálfu stjórnvalda og þeirra sem kaupa bréfin sem engin trygging er fyrir þar sem ekki liggja fyrir þær upplýsingar sem við þyrftum að fá frá hæstv. ráðherra, m.a. hvernig ætti að fara með söluandvirði bréfanna.

Jafnframt er þess getið í texta með frv. að lögð verði áhersla á dreifða eignaraðild. Miðað við þær upplýsingar sem við höfum um hvernig standa á að sölunni er ekkert í þeim reglum þar sem kveðið er á um dreifða eignaraðild, ekki einu sinni hvað varðar dótturfyrirtæki eða tengd fyrirtæki að takmarka möguleikana á kaupum á hlutabréfum. Kom það þó fram hjá flestum umsagnaraðilum að nauðsynlegt væri að eitthvert slíkt ákvæði kæmi fram í lýsingu á því hvernig standa ætti að sölunni.

Eins og kemur fram í nál. meiri hlutans fékk efh.- og viðskn. á fund sinn fjölda einstaklinga, fulltrúa stofnana og fyrirtækja, bæði frá ríki og eins frá einkageiranum og mætti því ætla að við hefðum fengið þar mikinn fróðleik sem vissulega var. En ég er sannfærð um að hann hefði orðið meiri ef ekki hefði þurft að hafa þann háttinn á að hrúga inn á nefndarfundi saman fulltrúum fjölda stofnana þannig að ekki gafst færi á að spyrja hvern fyrir sig þeirra spurninga sem við þurftum að fá svör við. Má ætla að menn hefðu talað öðruvísi í þeim hópi sem þeir voru settir í en ef þeir hefðu verið einir þegar þeir komu á fund nefndarinnar. Á þetta kannski fyrst og fremst við um þá fulltrúa sem komu frá bönkunum enda sýnist mér á þeim viðtölum sem hafa verið birt í blöðum að undanförnu að þar hafi komið fram allt önnur sjónarmið fulltrúa bankanna en komu fram í viðtölum í nefndinni.

Við í hv. efh.- og viðskn. höfum haft afar stuttan tíma til að fjalla um þetta frv. Ég býst við að draga megi í efa að það geti gerst hjá nokkru öðru vestrænu ríki að á tæpum mánuði sé undirbúið, lagt fram, rætt, afgreitt frv. um sölu á stórum hluta í tveimur öflugum ríkisbönkum, salan fari fram og allt þetta gerist á innan við mánaðartíma. Ég stórefa að þetta sé framkvæmanlegt í öðru vestrænu ríki eða hjá öðrum þjóðþingum og er út af fyrir sig vissulega gott að hafa sveigjanleika og möguleika til að beita löggjöfinni og vera snögg í vinnu. Hins vegar er þetta þannig mál að við hefðum þurft miklu lengri tíma til undirbúnings og umfjöllunar um einstök atriði eins og kemur rækilega fram í nál. 1. minni hluta sem við undirritum, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

En ég vil samt, virðulegi forseti, geta þess alveg sérstaklega að með nefndinni hefur starfað þessa daga og sjálfsagt þurft að sinna vinnu sinni líka um nætur fulltrúi frá viðskrn., Benedikt Árnason, þar sem hann hefur lagt sig sérstaklega fram um að svara öllum þeim spurningum sem nefndarmenn hafa komið fram með og þá kannski fyrst og fremst við í minni hluta efh.- og viðskn., hv. þingmenn í minni hluta, þar sem lítið hefur verið um spurningar frá öðrum fulltrúum. Ég vil sérstaklega þakka þessum fulltrúa frá viðskrn. fyrir samstarfið í nefndinni um þetta mikilvæga mál og alla þá vinnu sem hann hefur innt af hendi fyrir nefndarmenn til að gera okkur kleift að vinna þetta mál svo hratt sem við höfum gert. Mér finnst sjálfsagt að það komi fram í ræðustól á Alþingi að það eru fleiri en þingmenn sem leggja mikið á sig þessa dagana til þess að þetta mál geti öðlast afgreiðslu eða fengið afgreiðslu þingsins á svo stuttum tíma.

Ég vil einnig geta þess sérstaklega að á fund nefndarinnar komu fulltrúar starfsmanna ríkisbankanna tveggja, Búnaðarbanka og Landsbanka, og einnig formaður Landssambands bankamanna. Í samtölum við þá kom fram að starfsmenn bankanna eru almennt ánægðir hvernig staðið var upphaflega að hlutafjárvæðingu bankanna. Þá var haft samráð við starfsfólk og það fylgdist með málinu stig af stigi og þess vegna hafi þetta tekist afar vel, ekki bara hlutafjárvæðingin sjálf heldur einnig öll endurskipulagning innan bankans sem gerð var í samstarfi við starfsfólkið.

Þá hafi hins vegar verið gefið loforð um það, eins og kom reyndar fram hjá hæstv. viðskrh. við 1. umr. málins, að frekari breytingar yrðu ekki næstu fjögur ár þar sem bankarnir fengju aðlögunartíma í fjögur ár og ekki yrði um frekari breytingar að ræða. Við það var hins vegar ekki staðið og hlutafjáraukning varð strax á síðasta ári og síðan núna þegar á að fara að selja hlutafé í bankanum hafi starfsmenn í raun ekki fengið frekar en aðrir neinn tíma til að ræða þetta og treystu starfsmannafélögin sér ekki til að gefa okkur skriflega umsögn um málið þar sem þeim hafði ekki unnist tími til að skoða það vel eða kynna sér á þessum tíma.

Ekki fór hjá því að heilmikið var rætt í nefndinni um hugsanlega sameiningu bankanna og sameiningu á bankamarkaði og hvaða áhrif það hefði á eignamyndun í bankanum eða verð bankanna. Á síðasta ári má segja að verð hafi tvöfaldast, t.d. hjá Landsbankanum sem er alveg með ólíkindum, og hlýtur að vekja ákveðna ánægju en um leið ákveðinn ugg í brjóstum fólks þegar hugsað er til þess að þetta gerist á svo stuttum tíma, og að hluti af þessari verðmyndun verður til vegna væntinga um samruna bankanna, sem sagt þeirrar spár að hugsanlega verði um að ræða samruna á bankamarkaði og þá er fyrst og fremst talað um Landsbanka og Íslandsbanka. Þess hefur einnig gætt í verðmyndun hjá Búnaðarbanka þar sem menn hafa einnig væntingar um að þar verði um einhvern samruna að ræða sem eykur verðgildi bankanna svo mikið.

Auðvitað hljótum við að velta því fyrir okkur hver þróunin verður áfram á þessu ári. Fjármagnsmarkaðurinn á Íslandi er afar ungur og lítt þróaður og ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að eftir að hafa setið undir umræðunni hlýtur maður að velta fyrir sér hvenær við náum því stigi að öll umræða um fjármálastofnanir okkar fari fram á frekar vegum, málefnalegum nótum þannig að a.m.k. bankastarfsemin og starfsemi fjármálastofnana hljóti ekki skaða af. Við þekkjum það af umfjöllun um erlendar fjármálastofnanir að þegar ráðamenn innan fjármálastofnana, þeir sem sitja í stjórnum

sem eiga stóran hlut í fjármálastofnunum eða stofnunum sem eru á hlutabréfamarkaði og þingmenn tala af einhverri óvarkárni um þessar stofnanir getur það haft veruleg áhrif á verðmyndun hlutabréfa í viðkomandi stofnun.

Kannski má segja miðað við umræðuna í dag og á undanförnum dögum að sem betur fer höfum við ekki enn náð því stigi í þroska fjármagnsmarkaðar okkar vegna þess að ég held að fyllilega sé kominn tími til að a.m.k. þeir sem sitja í stjórnum slíkra fyrirtækja eða í stjórnum fyrirtækja sem eiga stóra hluti í fjármálastofnunum okkar, setji sér ákveðnar siðareglur og temji sér að tala varlega um fjármálastofnanir, framtíð þeirra og þróun.

En eins og ég nefndi hefur hluti af þessari öru verðmyndun orðið vegna þess að menn eru með væntingar um samruna bankanna. Þess vegna var mjög fróðlegt að hlusta á Kristján Ragnarsson, formann LÍÚ og stjórnarformann Íslandsbanka, þegar hann fagnaði því mjög í kvöldfréttatíma sjónvarps að Íslandsbanki færi brátt að yfirtaka Landsbankann en öðruvísi var vart hægt að skilja orð hans. Ef þessi sala færi í gegn eins og áætlun væri um, gætu Íslandsbankamenn í krafti stærðar eftir sameiningu farið þar með öll völd. Þetta er svolítið annar tónn en hefur áður komið frá Íslandsbankanum varðandi það hvernig staðið skuli að eignarhaldi í bankakerfinu. Þegar Íslandsbanki varð til settu þeir sér ákveðnar reglur um dreifða eignaraðild og þeir hafa verið ákaflega stoltir af hvernig hefur til tekist með framkvæmdina á undanförnum árum.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ýmsar umsagnir hafa borist varðandi frv. hv. þingmanna vinstri grænna um dreifða eignaraðild. Í umsögnum sem okkur bárust, m.a. frá Fjármálaeftirlitinu, er vitnað til umsagnar sem þeir hafa sent um frv. um dreifða eignaraðild. En það hefur Íslandsbanki einnig gert og þar fjallar hann sérstaklega um dreifða eignaraðild og þar segir, með leyfi forseta:

„Auk takmarkandi lagaákvæða er ekki óalgengt að stjórnvöld áskilji sér rétt til að hafna eða samþykkja yfirtökutilboð í banka. Þannig er málum t.d. háttað í Noregi."

Jafnframt segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi," — þ.e. þegar Íslandsbanki varð til — „var ákveðið að viðhafa stjórnarkjör með öðrum og opnari hætti en tíðkast hjá hlutafélögum. Hver og einn getur gefið kost á sér með tilskildum fyrirvara og komi til stjórnarkjörs skal það ætíð fara fram með margfeldisfyrirkomulagi. Þannig er hlutur minnihluta best tryggður.

Í öðru lagi" — og þarna er verið að fjalla um hvernig þeir standa að því að tryggja dreifða eignaraðild og dreifð völd í bankanum — „var sett nýtt ákvæði í samþykktirnar sem segir að eignist einhver aðili þriðjungshlut eða meira í bankanum geta aðrir hluthafar krafið viðkomandi aðila um innlausn á sínum hlut.

Eignarhaldið í Íslandsbanka hefur síðan þróast farsællega. Enginn hluthafi á meira en 10% og stærstu hluthafar eru stofnana- og fagfjárfestar, sem sýna ábyrgð og festu í meðferð hlutafjáreignar sinnar."

Einnig segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Eins og áður hefur komið fram töldu forráðamenn og hluthafar í Íslandsbanka þegar í upphafi að til frambúðar væri farsælast fyrir bankann að eignaraðild væri dreifð. Slíkt skapaði bankanum traust og stöðugleika. Reynslan hefur staðfest að þetta sjónarmið var rétt. Erlendir lánardrottnar bankans og matsfyrirtæki kanna reglubundið eignarhaldið og í þeirra huga skiptir máli fyrir lánstraust hans að eignarhald sé dreift og að viss stöðugleiki ríki í hluthafahópnum. Dreifður hluthafahópur í Íslandsbanka er því styrkur fyrir bankann."

Síðan vekja þeir sérstaklega athygli á því að núgildandi lög hvað varðar eignarhluta og heimildir ráðherra séu gölluð og ástæða til að endurskoða, og vilja í því sambandi nefna, með leyfi forseta:

„1. Ákvæði laga nr. 113/1996 um virkan eignarhlut og heimild ráðherra til að synja aðilum um kaup á þeim grundvelli eru um margt óljós. Í raun er ráðherranum falið að taka geðþóttaákvörðun. Heppilegra væri að hafa skýrari reglur um það hvaða atriði ráðherrann þarf að taka tillit til eða fela öðrum aðilum þetta mat. Þá mætti markmið um dreifða eignaraðild vera einn þeirra þátta sem til mats kæmu.

2. Í lögum um aðrar lánastofnanir nr. 123/1993 er ekki að finna sams konar ákvæði um virkan eignarhlut. Eðlilegt er að samræma þessi lög að þessu leyti. Fyrirliggjandi frumvarp, [þ.e. frv. sem liggur fyrir Alþingi um dreifða eignaraðild] bendir einmitt á þennan galla."

Þetta var álit Íslandsbankamanna um dreifða eignaraðild og það skýtur nokkuð skökku við þegar hlustað er á núv. formann bankaráðs Íslandsbanka þar sem ekki er hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að Íslandsbanki hyggist yfirtaka Landsbankann í krafti þess að þeirra styrkur sé öllu meiri.

Fleiri umsagnir eru sem varða þetta frv. um dreifða eignaraðild sem bent er á í umsögnum um það frv. sem hér er til umræðu og ég kem að þeim seinna.

Í nál. frá okkur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kemur mjög skýrt fram að þingflokkur Samfylkingarinnar er hlynntur því að fram fari sala á 15% hlut í hvorum ríkisbankanum, þ.e. Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og teljum það spor í rétta átt. Hins vegar teljum við að vinnubrögðin, hvernig staðið er að þessari sölu, séu ámælisverð og þá fyrst og fremst sá tími sem er til undirbúnings þessa máls og að ekki er hægt á svo stuttum tíma að svara öllum þeim álitamálum sem upp komu við skoðun nefndarinnar á frv.

Í fyrsta lagi höfum við bent á efnahagsleg áhrif sölunnar þar sem álit Seðlabanka Íslands og einnig Þjóðhagsstofnunar er að mínu mati mjög skýrt, að það sé rangt, sem fram hafi komið hjá hæstv. viðskrh., að salan með því fyrirkomulagi sem hugsað er sé hagstjórnartæki, hún sé í raun og veru ekki til þess fallin að slá á þenslu. Menn hafa bent á það að þarna sé um tvær leiðir að velja, annars vegar þá leið að auka hlutafé, eins og gert var fyrir ári síðan, og hins vegar þá leið að selja hluti úr bankanum þar sem sannarlega önnur aðgerðin er þensluhvetjandi en hin getur, ef rétt er haldið á málum, verið þensluletjandi.

En upplýsingar vantar við svo mörgum spurningum um hvernig staðið verði að þessu og þá kannski fyrst og fremst hvernig menn ætla að ráðstafa söluhagnaðinum til að hægt sé að fullyrða að aðgerðir stjórnvalda virki á þensluna þannig að þær séu frekar til að slá á hana heldur en hitt. En það skiptir líka máli hvernig kaupendur haga sér og erfiðara er að tryggja það, nema með því að setja eins skýrar reglur og mögulegt er varðandi sölu á báðum þessum hlutum.

En það er fráleitt að segja að það hafi verið um þessa tvo valkosti að ræða. Reynslunni af hlutafjáraukningu á síðasta ári hefur af þó nokkuð mörgum af sérfræðingum okkar í efnahagsmálum verið líkt við hagstjórnarslys. Mér fannst þó sérstaklega í máli og umsögn Seðlabankans koma fram

að ekki væri rétt að kynna þetta mál sérstaklega sem hagstjórnartæki til þess að draga úr þenslu og þeir hefðu fullan fyrirvara á þeirri túlkun sem hefði komið fram. Við vitum af reynslunni af aukningu hlutafjár á síðasta ári að þar var um þensluhvetjandi aðgerð að ræða. Það hvarflar ekki að mér eitt augnablik að hæstv. ríkisstjórn hafi á nokkrum tímapunkti hugsað sér að endurtaka það þar sem tímafresturinn sem settur er á breytingu á hlutafjáreign í Landsbanka og Búnaðarbanka er 1. júní, að menn hafi hugsað sér að fara í útboð, að auka hlutafé í hvorugum þessum banka miðað við þá reynslu sem fékkst fyrir ári síðan. Þess vegna var þetta ekkert val.

Við hefðum viljað, eins og við höfum lagt áherslu á, að við hefðum haft lengri tíma til að skoða þetta mál. Ég skil þau rök að þetta er besti tíminn til sölu hlutabréfa eðli máls samkvæmt þar sem sú regla hefur komist á að veittur er skattafsláttur vegna hlutabréfakaupa og þá hafa fjárfestar og þeir sem hyggjast kaupa hlutabréf farið í þá verslun sérstaklega í desember. Desember hefur komið út sem sérstakur sölumánuður hlutabréfa eins og reyndar ýmissar annarrar vöru og vegna þess að salan á FBA tókst nokkuð vel er hægt að fara í þessa aðgerð. Menn hljóta að hafa þurft að bíða eftir reynslunni af sölunni í FBA til að ákveða hvernig yrði staðið að þessari sölu. Ef ætlunin var allan tímann að ljúka þessu fyrir áramót þá hefði líklega ekki verið nema um eina viku að ræða í viðbót, ef farið hefði verið í þetta strax og reynslan var fengin af sölunni af FBA. En þá er spurningin sú hvort við metum meira að markaðurinn er opinn fyrir bréfin núna og bréf vantar á markaðinn, þetta er rétti tíminn til sölu, eða hvort við viljum vanda vinnubrögðin og nýta þann tímafrest sem við raunverulega höfum sem er til 1. júní. Það hlýtur alltaf að vera álitamál.

Í sjálfu sér var enginn sem vildi taka afgerandi afstöðu til þess nema fulltrúarnir sem komu frá verðbréfafyrirtækjunum, söluaðilunum sjálfum sem töldu þetta vera mjög góða tímasetningu og með tilliti til þess að rétt verð fengist. Hins vegar kom fram hjá öðrum að ekki hefði unnist sá tími sem þurfti til að vanda undirbúninginn eins og við hefðum viljað sjá hann. Og fyrst og fremst — þeir umsagnaraðilar sem ég kýs fyrst og fremst að vitna í eru Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn — er það óvissan um ráðstöfun á söluandvirðinu sem kemur fram í umsögnum þeirra sem og annarra og hefðu þurft að liggja fyrir mjög skýr svör frá hæstv. ráðherra hvernig söluandvirðinu yrði ráðstafað.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra við 1. umr. að annaðhvort yrði um sparnað að ræða eða fjárfestingu. Hjá þeim stofnunum sem til okkar komu var mjög eindregið varað við fjárfestingu af hálfu ríkisins. En auðvitað er til önnur fjárfesting en sú að fara í fjárfestingu í mannvirkjagerð eða stofnun nýrra fyrirtækja. Það er líka til nokkuð sem heitir fjárfesting í menntun. Það er því hægt að nýta þetta fé án þess að það sé beinlínis verðbólgu- eða þensluhvetjandi. Auðvitað eru til nokkrar leiðir í því og má velta fyrir sér hvort hæstv. ráðherra hafi nokkuð skoðað þann möguleika vegna þess ástands sem ríkir t.d. á Austfjörðum í atvinnumálum, að hluti af þessu fjármagni færi þangað til atvinnuuppbyggingar til þess að hægt sé að sinna ýmsum þeim verkefnum sem Austfirðingar hafa lagt fram hugmyndir um, og þá sérstaklega sem lýtur að ferðamennsku og til að sporna við þeirri þróun sem þar er í byggðamálum. Væri það mjög skynsamleg ráðstöfun af hálfu hæstv. ráðherra að skoða það vel hvort einhverju af þessu fjármagni yrði ráðstafað á þann hátt til þeirra byggðarlaga sem standa afar höllum fæti í dag.

Síðan kom fram hjá flestum þeim aðilum sem á fund nefndarinnar komu að áætlanir vantaði um framtíðarþróun á fjármálamarkaði. Og sérstaklega kom fram sú eðlilega krafa hjá starfsmönnum þeirra banka sem þarna eiga hlut að máli, þ.e. Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf., að þeir vissu eitthvað meira um framtíðina en það að áætlað væri af ríkisstjórninni að selja bankana eða einkavæða að fullu á kjörtímabilinu. Það þyrftu að liggja fyrir einhverjar tímaáætlanir og hvernig að þessu yrði staðið. Menn eru vissulega uggandi hvað varðar atvinnuöryggi, og þá kannski ekki síst af því þetta er nú allt saman gert í ljósi hagræðingar. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum að hagræðingin er fólgin í því að fækka m.a. útibúum, fyrst og fremst á landsbyggðinni þar sem fáir íbúar eru, og draga úr þjónustunni. Enda er í frv. og í umsögnum sem bárust frá ráðuneytinu sjálfu til nefndarinnar ekki lögð áhersla á að veita þjónustu um allt landið heldur fyrst og fremst að þjónustan verði ódýrari. Þjónustan verður hugsanlega ódýrari á höfuðborgarsvæðinu þar sem massinn af bankastarfseminni er en hún er ekki ódýrari þegar fólk þarf að sækja um langan veg í bankakerfið.

Við höfum orðið áþreifanlega vör við það úti á landi á síðustu árum að dregið hefur verulega úr þjónustunni sem hefur ekki endilega þýtt að þjónustan hafi um leið orðið ódýrari. Það hefur dregið úr henni en aftur á móti hefur verðlagning þjónustunnar verið sú sama eða heldur meiri. Og það er dálítið merkilegt þegar það er skoðað að sá banki sem er einkarekinn, Íslandsbanki, er með einna hæstu þjónustugjöldin. Það fer því ekki alltaf saman að veita góða þjónustu og hagræða og vera með hana ódýrari og það af síður að vera með hana dreifða um landsbyggðina. Eðlilega er rekstur Íslandsbanka heldur auðveldari en þeirra tveggja banka sem hér eiga í hlut vegna þess að hlutverk þeirra hefur í marga áratugi verið að veita landsbyggðinni góða þjónustu. Íslandsbanki hefur ekki verið bundinn sömu skyldum og Landsbankinn og Búnaðarbakinn hvað það varðar.

Við í Samfylkingunni leggjum mjög mikla áherslu á að skýrar áætlanir liggi fyrir um framtíðarþróun á fjármálamarkaði. Við þurfum að setja miklu skýrari reglur en í gildi eru um fjármálamarkaðinn og þá fyrst og fremst varðandi samkeppnislög og fjármálaeftirlit.

Það er umhugsunarvert, virðulegi forseti, að í efh.- og viðskn. erum við með frv. til laga um breytingu á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þar er um að ræða frv. frá hæstv. ráðherra en einnig frá þingflokki Samfylkingarinnar. Það hefði verið mjög æskilegt að það frv. hefði verið afgreitt samhliða þessu frv. þannig að heimildir Fjármálaeftirlitsins væru auknar frá því sem nú er til að hafa þá möguleika til eftirlits sem þurfa að vera til staðar eins og margoft hefur komið fram í umræðu hér á Alþingi. Ég hef ekki séð, virðulegi forseti, í störfum nefndarinnar eða í umræðum á Alþingi að vilja hafi skort innan efh.- og viðskn. til að afgreiða það frv. Ég held að hann sé til staðar. Þess vegna hefði ég viljað að við hefðum afgreitt frv. samhliða þessu.

Einnig liggur þar fyrir frv. um Samkeppnisstofnun frá Samfylkingunni þar sem 1. flm. er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Þar er um afar vandað frv. að ræða sem búið er að leggja mjög mikla vinnu í og kalla til aðstoðar marga sérfræðinga á sviði samkeppnismála. Í tengslum við það voru m.a. skoðaðar þær reglur sem gilda í Evrópulöndunum hér næst okkur. Ég hefði einnig talið sjálfsagt að það frv. væri afgreitt fyrir jól sem og þáltill. sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir er 1.

flm. að, um að móta samskiptareglur á fjármálamarkaði. Það er sannarlega þörf fyrir slíkar reglur.

Ég nefndi áðan ábyrgð þeirra sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja, í stjórnum þeirra sjóða og stofnana þar sem höndlað er með verðbréf til almennings, stofnana og fyrirtækja. Þeir bera ábyrgð og eru skyldugir til þess að tala varlega. Ég nefni bara lífeyrissjóðina sem dæmi. Þar er um eignir upp á tugi og hundruð milljóna að ræða sem m.a. hafa verið notaðar til fjárfestinga í fjármálastofnunum. Það hlýtur að þurfa að gera kröfur til þeirra sem þar sitja í stjórn sem og hjá öðrum fjármálastofnunum að fjalla um málefni þessara stofnana yfirvegað og málefnalega þannig að engin hætta sé á því að stofnanirnar beri skaða af. Þegar maður lest viðtöl, t.d. við formann bankaráðs Íslandsbanka, finnst manni stundum afar ógætilega talað. Það er sannarlega tími til kominn að við venjum okkur á að fara varlegar með þessi mál og ekki síður þeir sem stjórna fjármálafyrirtækjum.

Í umræðunni hér á hv. Alþingi hefur komið fram að rekstur þessara stofnana mundi breytast mjög ef þær væru einkavæddar að fullu, þ.e. Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands. Það er talið skipta öllu máli varðandi reksturinn og skila sér í miklu betri rekstrartölum ef bankarnir yrðu einkavæddir að fullu. Það hefur sýnt sig að báðir þessir bankar skiluðu mjög góðri afkomu á síðasta ári. Ég sé það ekki, virðulegi forseti, að Halldór Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, banka sem er í meirihlutaeign ríkisins, verði betri stjórnandi ef bankinn yrði einkavæddur, að hann yrði betri stjórnandi ef hann starfaði fyrir einkaaðila en ekki ríkið. Þar er auðvitað fyrst og fremst um það að ræða að staðið sé faglega að ráðningu þeirra sem sjá eiga um rekstur þessara stofnana. Það tel ég að hafi verið gert og hafi tekist afar vel þegar bankastjóri Landsbankans var valinn á sínum tíma. Nákvæmlega sama gildir um bankastjóra Búnaðarbankans. Þeir verða hvorki betri né verri stjórnendur við það að bankinn sé alfarið í einkaeign.

Þarna skiptir öllu máli að staðið sé faglega að ráðningu og nú stendur fyrir dyrum að auglýsa, eftir því sem sagt er, bankastjórastöðu sem skiptir nú ekki hvað minnstu máli í stjórn efnahagsmála Íslendinga, hjá Seðlabankanum sjálfum. Það verður auðvitað fróðlegt að fylgjast með því hvernig staðið verður að ráðningu þar. Farsælast er að bæði þeir sem ráðnir eru sem stjórnendur og veljast inn í stjórnir viðkomandi stofnana séu þar á faglegum forsendum. Það er mikilvægt að umsóknir umsækjenda séu metnar út frá faglegum en ekki pólitískum forsendum. Það hefur úrslitaáhrif í rekstrinum.

Við leggjum áherslu á að í framtíðinni verði komið í veg fyrir valdasamþjöppun og fákeppni á markaðnum. Við hugsanlega sameiningu Íslandsbanka og Landsbanka væri kominn banki sem hefði ótvíræða yfirburði á markaðnum. Og m.a. vegna þess að þessi umræða hefur farið í gang, virðulegi forseti, hækkar Landsbanki Íslands verulega í verði. Þó er varla nokkur maður sem kannast við að hafa tekið þátt í þeim viðræðum milli bankanna.

Það er mikil nauðsyn á því að Fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun verði styrkt. Á þeim tíma sem við höfum fram að jólahléi hljótum við í Samfylkingunni, virðulegi forseti, að leggja áherslu á að þau mál sem eru í nefndum um Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlitið verði afgreidd. Hafi hv. þm. verið tilbúnir til þess að leggja nótt við dag til að greiða fyrir afgreiðslu og umræðu þess máls sem hér er þori ég að fullyrða að ekki muni standa á því að við verðum tilbúin að mæta á nefndarfundi til að greiða fyrir afgreiðslu þeirra frv. sem ég nefndi í efh.- og viðskn. fyrir jólahlé. Það mun örugglega ekki standa á okkur í þeirri vinnu, alla vega ekki hv. þm. Samfylkingarinnar.

Eins og ég gat um áðan komu fram verulegar athugasemdir um tímasetningu sölunnar, álitaefni varðandi útboðslýsinguna og hvernig eigi að standa að henni, þ.e. þau áform hæstv. ráðherra að selja þessa hluti á undirverði. Hjá fulltrúum Seðlabankans, Þjóðhagsstofnunar og fulltrúum starfsmanna bankanna kom fram að þar þyrfti að fara varlega og óeðlilegt ef um mikinn mun væri að ræða. Menn nefndu þar ekki fastar tölu. Hins vegar má reikna með að allt undir 4% frávikum gæti hamlað því markmiði m.a. að slá á þensluna.

Virðulegi forseti. Við þingmenn Samfylkingarinnar hljótum að leggja megináherslu á að í þeim reglum sem settar verða verði skilgreind ákvæði er varða um skyldleika og tengsl aðila, þá fyrst og fremst varðandi dótturfyrirtæki eða fyrirtæki skyld þeim sem koma til með að kaupa hlutabréf í bönkunum. Það skiptir miklu máli og ekki síst í ljósi þess að samkeppnislöggjöf okkar er veik. Við þurfum að laga hana og styrkja Fjármálaeftirlitið. Verði þær breytingar sem við höfum lagt til ekki afgreiddar fyrir jól þá skiptir miklu hvaða reglur hæstv. ráðherra ákveður að skuli gilda við söluna.

Niðurstaða okkar er sú, eins og ítrekað hefur komið fram í umræðunni í dag og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór mjög rækilega yfir í morgun, að við erum jákvæð gagnvart því að selja þennan 15% hlut í báðum þessum bönkum. Við teljum hins vegar að vinnubrögðin séu fyrir neðan allar hellur þó að embættismenn, starfsmenn ríkisstofnana og þó kannski fyrst og fremst starfsmenn viðskrn. hafi gert það sem í þeirra valdi stóð til að gera málið eins ljóst og mögulegt er á þessum stutta tíma. Engu að síður standa eftir það veigamikil vafaatriði að við hljótum að ætlja vinnubrögðin við undirbúning málsins. Það er ekki sæmandi Alþingi að afgreiða svo stór mál frá þinginu meðan veigamiklum spurningum er ósvarað.

Virðulegi forseti. Hér hafa verið haldnar langar og miklar ræður. Farið hefur verið yfir öll þau atriði sem lúta að þessu máli. Ég hef nefnt þau sem ég tel að skoða þurfi sérstaklega áður en málið verður afgreitt. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að tímafresturinn er að renna út ætli menn að setja bréfin á sölu fyrir áramót. Aðvaranir okkar varðandi þau atriði sem við teljum að betur hefðu mátt fara koma fram í nál. okkar. Við söluna sjálfa, þ.e. það markmið að selja 15% hlut í þessum bönkum höfum við ekkert að athuga.

[17:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. er lýtur að sölu á 15% hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka Íslands. Salan á þessum hlut er vitaskuld angi þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað á íslenskum fjármagnsmarkaði undanfarin ár, einkanlega eftir að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Það olli líklega meiri straumhvörfum á íslenskum fjármagnsmarkaði en nokkur önnur einstök aðgerð í áratugi.

Ég vil, virðulegi forseti, í upphafi máls míns segja að almennt er ég þeirrar skoðunar að það sé ekki sérstakt hlutverk ríkisins að standa að rekstri viðskiptabanka. Ég held að ríkið ætti að einbeita sér að öðrum hlutum sem það skilar betur. Það breytir ekki því að þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði í áratugi og út úr því erum við að vinna okkur.

Það er alveg ljóst að undanfarin ár hefur arðsemi af eigin fé í þeim bönkum, sem við ræðum hér, verið mun meiri eða

allt frá árinu 1995 var arðsemi eigin fjár í Búnaðarbanka 5,7% en á árinu 1998 14,6% og að mínu viti eru það tvö meginatriði sem skipta þar miklu máli. Í fyrsta lagi er það að formbreyting átti sér stað á bankanum árið 1997 og hins vegar hefur verið verulegur hagvöxtur í samfélaginu allt frá árinu 1995.

Ég segi það, virðulegi forseti, að ég er í hjarta mínu sammála því að nauðsynlegt sé að ríkið losi sig út úr þessu með einhverjum hætti en það verður að gerast á mjög skynsamlegan hátt og þannig að það valdi ekki fjármagnsmarkaðnum meira uppnámi en nauðsyn krefur.

Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum lagt fram nokkur þingmál þar sem við höfum lagt á það áherslu að fjármagnsmarkaðurinn og leikreglur hans séu skýrar. Við höfum lagt fram þáltill. og frumvörp um viðskiptasiðferði, breytingar á samkeppnisreglum, Fjármálaeftirliti, kauphöllum, Verbréfaþingi o.s.frv. Allt miðar þetta að því að hlutverk ríkisins á þessum markaði sé fyrst og fremst að hafa eftirlit með því að farið sé eftir réttum leikreglum. Því má velta fyrir sér, virðulegi forseti, eins og fram hefur komið, m.a. í nál. 1. minni hluta, hvort ekki sé æskilegra að reyna að afgreiða og skýra þessar leikreglur sem best áður en lengra er haldið á þessari braut því að það er mikilvægt að þessir bankar og fjármagnsstofnanir vinni eftir eins skýrum leikreglum og kostur er.

Í öðru lagi vildi ég nefna það aðeins, virðulegi forseti, að menn hljóta að velta fyrir sér tímasetningunni á þessari sölu. Eitt af því sem hefur verið nefnt er það að þessi aðferð muni ekki skapa þenslu í samfélaginu. Vissulega er umdeilanlegt og ef það fer þannig að einstaklingar noti eigið fé til þess að kaupa hlutabréf í þessum bönkum og ríkissjóður noti það síðan í að greiða upp skuldir þá mun það að sjálfsögðu slá á þensluna. Ef það gerist hins vegar að þeir sem kaupa bréf í þessum bönkum geri það með lánsfé og ríkissjóður síðan noti það til fjárfestinga mun það virka akkúrat öfugt. Það skiptir því öllu hvernig verður farið með þetta fé, hvort þessi sala muni auka á þensluna eða ekki.

Virðulegi forseti. Þá vil ég einnig nefna það varðandi tímasetningu á þessari sölu, að þessi „jólasala" á hlutabréfum, ef svo má að orði komast, mun koma mjög mörgum illa sem ætluðu sér að fara í hlutabréfasölu á þessum tímapunkti þannig að ríkið er með ákveðnum hætti að koma inn með hlutabréf í þessum bönkum á þeim tíma þar salan er mest. Kannski má orða það þannig að ríkið sé að hluta til að skekkja stöðu einkaaðila sem eru fyrir á markaði hvað varðar möguleika þeirra á að selja hlutabréf á þessum tíma því að mjög margir kaupa hlutabréf á þessum tíma, m.a. í því skyni að tryggja sér skattafslátt.

Virðulegi forseti. Spurningin er á hvaða vegferð ríkisstjórnin er og það skiptir mestu máli í þessu öllu saman að mínu viti. Er hún með sölu á þessum hlut að tryggja ef verði af samruna Landsbanka og Íslandsbanka að þá verði hlutur ríkisins í slíkum sameiginlegum banka undir 50%? Var nauðsynlegt að selja þessi bréf svo að það verði tryggt að komi til þessa samruna þá verði hlutur ríkissjóðs í sameiginlegum banka vel undir 50%? Það held ég að sé nauðsynlegt að fáist skýrt hér, virðulegi forseti, hvort það sé ástæðan fyrir því að þessi bréf eru seld.

Virðulegi forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvort viðskrh. eða ríkisstjórnin geti eftir þessa sölu — og ég gef mér þá forsendu að fyrirhugaður sé samruni Íslandsbanka og Landsbanka — þar sem hlutur ríkissjóðs yrði sennilega undir 50% í slíkum sameiginlegum banka, hvort fyrir liggi að ríkisstjórnin gæti sameinað þessa banka án þess að koma með málið fyrir Alþingi? Ég held að það sé grundvallaratriði að þetta liggi fyrir í umræðunni þegar við ræðum þetta. Ef markmiðið með þessari sölu — þetta mál kemur inn í þingið með svo miklum hraða að það er eins og eitthvað hafi gerst sem geri það að verkum að menn hafa orðið að keyra þetta í gegn, keyra sig inn í samkeppnina um sölu á hlutabréfum í aðdraganda jóla o.s.frv., ef það er þá eru vitaskuld komnar allt aðrar forsendur fyrir því að styðja málið. Ef það liggur fyrir að markmiðið með sölunni er að tryggja að við slíkan samruna verði hlutur ríkissjóðs undir 50%, enn fremur ef til þess kæmi gæti ríkisstjórnin sameinað Landsbanka og Íslandsbanka án þess að koma með þetta mál inn í þingið. Ég held það sé mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að þetta liggi fyrir.

Í umræðunni í dag, sem hefur um margt verið fróðleg, hafa menn farið mjög víða yfir þetta mál í löngum og miklum ræðum og því kannski litlu við það að bæta því að frv. sem hér er rætt er í sjálfu sér mjög stutt. Ég held að það sé tvær og hálf lína. Þó að það hafi gefið ýmsum þingmönnum tilefni til langrar umræðu er það fyrst og fremst markmið mitt með því að koma inn í umræðuna að reyna að fá upplýst hvort hlutur ríkissjóðs í hugsanlega sameinuðum banka yrði u.þ.b. 40% sem mér sýnist vera mjög nærri lagi eftir sölu á þessum 15%, og hitt hvort ríkisstjórnin geti, án þess að koma með mál fyrir Alþingi, sameinað Íslandsbanka og Landsbanka eða, ef af hugsanlega slíkum samruna yrði, hvort Alþingi stæði þá frammi fyrir gerningi sem væri einungis háður því skilyrði að Alþingi samþykkti hann eða hvernig hæstv. viðskrh. hefði hugsað sér að vinna það mál.

[18:07]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Við þessa umræðu sem hefur staðið nokkuð lengi hafa komið fram beinar spurningar sem mér finnst rétt að nota tækifærið til þess að svara núna. Ég ætla að svara hv. þm. nokkurn veginn í þeirri röð sem þeir hafa komið upp í ræðustólinn og flutt ræður sínar og borið fram spurningar sínar. Þó er það þannig að nokkrir hv. þm. hafa spurt sömu spurninga þannig að spurningarnar eru kannski frá fleiri en einum hv. þm.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hvort ég væri sammála því sjónarmiði, sem fram hefði komið, að styrkur lægi í því fyrir Búnaðarbankann að tilflutningur yrði á Vátryggingafélagi Íslands, eignarhlut þess í Landsbankanum, yfir til Búnaðarbankans. Ég hef ekki heyrt annað en það sem ég las í Morgunblaðinu um helgina um að slíkur beinn tilflutningur stæði til og held ég að hann sé að einhverju leyti úr lausu lofti gripinn, þó get ég ekkert fullyrt í þeim efnum vegna þess að ég vissi ekki af því fyrr en Landsbankinn hafði skyndilega keypt hlut eignarhaldsfélags Brunabótafélagsins í Vátryggingafélaginu. Það kann vel að vera að einhver slíkur undirbúningur sé í gangi en það kemur viðskrh. og ríkisstjórn í sjálfu sér ekki við.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að ef stór samruni verður á markaðnum sé viss hætta á því að þau fyrirtæki sem miklu minni eru, sem er almennt lögmál þess sem gerist á markaði, geti að vissu leyti orðið undir í samkeppninni. Það þýðir hins vegar ekki að þau fyrirtæki eigi ekki möguleika í samkeppninni vegna þess að auðvitað væru miklir hagræðingar- og sameiningarmöguleikar til staðar eftir sem áður hjá þessum fyrirtækjum.

En aðalatriðið finnst mér vera að það getur verið skynsamlegt fyrir fyrirtæki, bankastofnanir á íslenskum fjármagnsmarkaði að sameinast í þeim tilgangi að geta betur veitt sístækkandi íslenskum fyrirtækjum fjármálaþjónustu þannig að þau þurfi ekki að leita út fyrir landsteinana. Til að svara spurningunni er ekki nokkur vafi á því að það væri styrkur fyrir Búnaðarbankann ef hann ætti stóran og ráðandi hlut, jafnvel eignarhlut í vátryggingafélagi, sama hvaða vátryggingafélag það væri, vegna þess að ég held að það sé skynsamlegt fyrir bankastarfsemi, viðskiptabankastarfsemi og aðra bankastarfsemi að vera í nánu samstarfi við tryggingastarfsemi því að þessi starfsemi er að mörgu leyti mjög skyld.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurðu um hvernig eigi að ráðstafa söluandvirðinu. Ég tek undir þau sjónarmið sem hafa komið fram að meginatriðið er að andvirði sölunnar verði ekki ráðstafað þannig að það hvetji til þenslu. Meginmarkmiðið á að vera að draga úr þenslunni og fyrir því á ríkisstjórnin að beita sér. Þá er í raun og veru bara um tvennt að ræða, frysta greiðslurnar með því að leggja þær inn í Seðlabankann eða í viðskiptabanka þess vegna. Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkisins þannig að eðlilegt væri að leggja þessa fjármuni inn í Seðlabankann, geyma og spara. Hin leiðin væri að draga úr þenslunni með því að greiða sérstaklega niður skuldir. Þetta tel ég að eigi að vera meginmarkmiðið, ekki að ráðstafa þeim í fjárfestingu vegna þess að við erum með ágætt stig fjárfestingar í dag þó svo að á næstum árum og kannski strax á næsta ári muni draga úr því verði ekkert frekar um framkvæmdir í orkufrekum iðnaði að ræða. Þá getur verið ágætt að eiga slíka fjármuni til ráðstöfunar til að taka undir með atvinnulífinu almennt til þess að geta haldið uppi eðlilegu fjárfestingarstigi.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. um þá skýrslubeiðni sem hafði komið fram frá Samfylkingunni til viðskrh. um eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Nú veit ég að hv. þm. veit að á sínum tíma, fyrir tilstuðlan hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem þáv. iðn.- og viðskrh., var farið af stað með mjög mikla vinnu til þess að kortleggja eignatengslin í íslensku atvinnulífi, mjög merkt framtak af hans hálfu að beita sér fyrir því.

Sú skýrsla liggur fyrir. Hún hefur að nokkru leyti breyst í tímans rás. Það er rétt, formlegt erindi hefur ekki enn borist Samkeppnisstofnun vegna þess að vinna málsins er núna í gangi í viðskrn., ýmsir hlutir þar sem þarf að vinna, en Samkeppnisstofnun þarf líka að koma að verkinu. Ég sagði við þá umræðu sem hér fór fram þegar skýrslubeiðnin lá fyrir og var tekin til afgreiðslu að ég mundi ekki treysta mér til að vera með hana tilbúna á þeim tíma sem þingsköpin skammta okkur í þeim efnum. Ég sá það og fann hjá hv. þm., og ég held að það hafi verið hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, 1. flm. málsins, sem tók til máls við þá umræðu og sagðist sætta sig við það en aðalatriðið væri að skýrslan yrði unnin. Hún verður unnin, að henni er verið að vinna en það kostar mjög mikla fjármuni. Ég hef hins vegar m.a. spurst fyrir um það hjá hæstv. forseta þingsins hvernig ætti að fara með þann kostnað sem af þessu hlytist. Ég hef fengið skýr svör frá þinginu um að gera yrði ráð fyrir því að ráðuneytið bæri það eða þá að gert yrði ráð fyrir því á fjárlögum. Sú vinna er því í gangi af hálfu ráðuneytisins og þar mun Samkeppnisstofnun koma að. En það er hárrétt sem hv. þm. sagði, ekkert formlegt erindi hefur borist Samkeppnisstofnun í þeim efnum og er þar vitnað eftir því sem ég veit best í starfsmann Samkeppnisstofnunar en Samkeppnisstofnun mun koma að því verki.

Í fjórða lagi spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir um atriði sem eru í útboðslýsingunni, m.a. af hverju verið væri að selja á lægra verði en markaðsvirði. Jú, rökin eru þessi: Við horfum á þessa fjárfestingu á þessum tíma fyrir almenning í landinu sem langtímafjárfestingu í sparnaði. Með því að fara niður fyrir markaðsgengið teljum við að við séum að hvetja almenning enn frekar til þess að taka þátt í þessari áskrift, þessu hlutafjárútboði og þannig reyna í raun að stofna til fjöldaþátttöku almennings í landinu í því að verða virkur aðili og með virka hlutabréfaeign í þessum fyrirtækjum. Það er meginástæðan fyrir því að við veljum lægra útboðsgengi en meðaltalsgengið hefur verið á undanförnum mánuði.

Bæði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurðu um skyldleikatengslin og skilgreiningu á þeim sem ekki eru til staðar í útboðslýsingu þeirri sem nú hefur verið gefin út og þá er borin saman útboðslýsingin frá því að við seldum 51% hlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þarna er nokkuð ólíku saman að jafna. Í fyrsta lagi vorum við að selja 51% hlut í tilboðssölu. Hérna erum við hins vegar að selja 5% hlut í tilboðssölu vegna þess að við erum bara að selja einn þriðja í tilboðssölu af þessum 15%. Þegar menn horfa á reglur þessarar útboðslýsingar, þá gerum við ráð fyrir því að enginn einn aðili geti orðið með meira en 1%, þ.e. í tilboðinu sem slíku. Þar af leiðandi er það mitt mat að menn muni ekki reyna mikið, og reyndar er það útilokað, að ná ráðandi hlut með því að nýta sér skyldleikatengslin í þessum efnum fyrir utan það að ekki er hægt annað en meta saman í því mati annars vegar þá áskrift sem fram færi á sama tíma og svo hins vegar tilboðin. Ef það yrði niðurstaðan, sem ég vonast til, að við næðum fjöldaþátttöku í þessu útboði, þá gætum við verið að tala um svipaðan fjölda og tók þátt í Búnaðarbankaútboðinu á sínum tíma og þá yrði mjög erfitt og kostnaðarsamt að reyna að meta öll þau eignatengsl sem þar kæmu upp sem ég tel að mundu þegar upp væri staðið skipta tiltölulega mjög litlu máli. (**JóhS:** Ég var bara að tala um tilboðssöluna.) Já, ég veit það. Hv. þm. var bara að tala um tilboðssöluna. En ég tel að af því að útboðið fer fram á sama tíma þá yrði líka að skoða — við hv. þm. höfum bæði talað mikið um kennitölusöfnun — þá þyrfti bæði að skoða eignatengslin í almennu áskriftarsölunni og svo í tilboðssölunni því að tilboðið fer fram á sama tíma. Ég geri mér alveg grein fyrir hvað hv. þm. er að tala um, en meginatriðið er að enginn einn aðili getur farið yfir 1%.

Í fimmta lagi spurði hv. þm. um vef Sambands ungra framsóknarmanna. Það er ágætt að hv. þm. skuli fara á hann daglega til að fylgjast með hvað (**JóhS:** Nei, nei, þetta var bara í Degi í dag.) þar sé fram sett. Ég er sammála þeim meginmarkmiðum sem þar koma fram, þ.e. að fara út í hagræðingar á fjármagnsmarkaðnum sem leiði til þess að við getum verið með ódýrari fjármálaþjónustu á Íslandi en við búum við í dag. Hún yrði ódýrari vegna þess að vextir munu lækka og það drægi almennt úr kostnaði í bankakerfinu. Þar af leiðandi sköpum við aðstæður sem við höfum ekki búið við þannig að íslensk fyrirtæki og almenningur í landinu búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og fólk og fyrirtæki í löndunum í kringum okkur. Ég tek hins vegar ekkert undir þá ákveðnu sameiningu sem þar kemur fram, þ.e. að það eigi að sameina Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands frekar en ég gef mér að það eigi að sameina Landsbanka

Íslands og Íslandsbanka. Ég ætla ekki að gefa mér fyrir fram ákveðna sviðsmynd í þeim efnum og hef sagt að mér þyki mikilvægt að leitað verði hagkvæmustu kosta í þeim efnum. Ég vil nefna tillögu frjálslyndra um að það verði kannað sérstaklega hvernig og hvaða leiðir eru hagkvæmastar í því að sameina banka. Ég held að það sé algert nýmæli að slík tillaga sé flutt í þinginu. Sú vinna hefur reyndar verið nokkurn tíma í gangi í viðskrn. þó svo henni sé ekki lokið og ég tel mjög mikilvægt að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og Gunnar Ingi Gunnarsson skyldu hafa lagt þá tillögu fram.

Í sjötta lagi spurði hv. þm. um útlánatap og af hverju meira hefði orðið um útlánatap eða öllu heldur um aukið framlag í afskriftasjóð í Búnaðarbankanum á milli ára. Ástæðan er þessi: Bankinn stækkaði mjög, eins og menn vita, á tiltölulega mjög skömmum tíma á þessu ári. Þegar fjármálastofnanir stækka með þessum hætti þá er alltaf viss hætta á meiri óvissu í útlánastarfseminni en ella. Þess vegna var þetta fyrst og fremst varúðarálag. Það kemur fram í endurskoðunarskýrslu bankans að bankinn leggur í varúðarskyni meira í afskriftasjóðinn en efni standa til af því hversu bankinn stækkaði hratt.

Í sjöunda lagi kom hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir inn á það hvernig bæri að túlka 35% eignarhlutinn og hvort með þessu væri verið að stuðla að því, eins og kom líka fram við 1. umr. málsins, að geta aukið hlutafé í 35% og síðan selt 15% og hvort þá væri orðinn annar eignaraðili í bankanum en ríkið með 50% eignarhlut. Ég sagði það við 1. umr. að ég teldi rétt að efh.- og viðskn. skoðaði þetta, að ekki væri ástæða til og ekki vilji minn að þetta liti þannig út, þ.e. að heimildirnar stæðu eftir sem áður til 35% aukningar og síðan væri búið að selja 15% þannig að aðrir aðilar en ríkið væru komnir í 50% eignarhlut. Eftir að efh.- og viðskn. var hins vegar búin að skoða málið kom þetta fram í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. og vil ég, með leyfi forseta, vitna til þess:

„Við meðferð málsins í nefndinni spunnust nokkrar umræður um ákvæði 3. mgr. 6. gr. laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Kemur þar fram að viðskiptaráðherra getur heimilað útboð á nýju hlutafé, en þó megi samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig. Telur meiri hlutinn ljóst að þar er átt við 35% af heildarfjárhæð hlutafjár á hverjum tíma."

Ég tek undir þessa niðurstöðu efh.- og viðskn. og tel þar af leiðandi ekki ástæðu til þess að setja frekari skorður um heimildir til aukningar þannig að þarna erum við þá komin í tvisvar sinnum 15% eða 30% af þeim 35% sem til staðar eru og heimildir eru fyrir. Reyndar verður ríkið með 72% hlut í bankanum eftir þessa sölu. Ég tek undir þetta og skil þetta eins og ég gerði við 1. umr. þegar ég taldi rétt að það yrði sérstaklega skoðað af hv. efh.- og viðskn.

Í áttunda lagi spyr hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hvort mér finnist koma til greina, eins og annars staðar er þekkt, að starfsmenn viðkomandi stofnana eigi fulltrúa í bankaráðum bankanna. Ég lýsti því yfir þegar bönkunum var breytt í hlutafélög á stofnfundi bankanna að ég vildi að bankaráð beggja bankanna mætu og ákvæðu hvort þau teldu rétt að koma þessu þannig fyrir. (**JóhS:** Telur ráðherrann það skynsamlegt?) Ég taldi og lagði áherslu á að það væri skynsamlegt og að það ætti að skoða. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin. Þó að fyrir lægi að annar aðili en ríkið ætti einn fulltrúa á síðasta aðalfundi í bönkunum, þá gat ríkið auðvitað með kosningu á aðalfundi náð öllum fulltrúunum í bankaráð beggja bankanna og þurfti ekkert tillit að taka til þessara 15% annarra eigenda. Það var hins vegar afstaða mín, og ég lagði á það áherslu, að ég teldi rétt að sýna fram á að vilji væri til að fá aðra eigendur líka þarna inn og þess vegna beitti ég mér fyrir því fyrir aðalfundinn að það varð samkomulag um það hvernig að slíkri kosningu skyldi staðið og um þá kosningu varð sátt.

Þá var sú regla mótuð að stærsti aðilinn fyrir utan ríkið skyldi fá einn fulltrúa í bankaráðið. Og niðurstaðan varð sú að þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans er næststærsti aðilinn í Búnaðarbankanum, þ.e. stærsti aðilinn fyrir utan ríkið með rétt rúmlega 3% eignarhlut, þá tilnefndi hann sinn fulltrúa í stjórnina. Þar af leiðandi er einn starfsmaður Búnaðarbankans í bankaráði Búnaðarbankans.

Í Landsbankanum var því hins vegar ekki eins fyrir komið af þeirri ástæðu að þar var hvorki starfsmannafélagið né Lífeyrissjóður starfsmanna Landsbankans næststærsti hluthafinn í bankanum heldur var það Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem tilnefndi sinn fulltrúa og um það varð sátt. En varamaður þess fulltrúa er fulltrúi starfsmanna Landsbankans. Með þessu var gengið til móts við þau sjónarmið sem þarna voru uppi. Ég er hins vegar enn þá þeirrar skoðunar og tel að það sé eðlilegt að starfsmenn hafi áheyrnar- og málfrelsi og tillögurétt í bankaráðunum. En það hefur ekki komist í framkvæmd og þá kannski sannast að svo er ekki sem margir hafa viljað halda fram, að viðskrh. ráði þarna öllu.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði um framtíðaráform í bankamálum í tveggja klukkustunda ræðu og var hún ágætur undirbúningur að þeirri spurningu því að það var eina spurningin sem fram kom í ræðu þess hv. þm. Framtíðaráformin eru þessi: Salan á 15% hlut nú er til þess að uppfylla það skilyrði sem við undirgengumst í okkar útboðslýsingu og höfðum fullar heimildir til að staðfesta vegna þess að við gátum nýtt okkur 35% til hlutafjárauknigar. 25% í eigu annarra aðila en ríkisins fyrir 1. júní árið 2000.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að þessum fundi verður frestað kl. hálfsjö og biður hæstv. ráðherra að gera hlé á ræðu sinni innan tveggja mínútna.)

Hæstv. forseti. Ég held ég eigi kannski ekki eftir nema 2–3 mínútur af ... (**JóhS:** Þá eru það andsvörin.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Og röð af andsvörum.)

Þá skal ég reyna að ljúka ræðu minni. Við tökum þá andsvörin eftir hlé.

Varðandi framtíðaráformin þá tel ég að í sjálfu sér að þegar þetta skilyrði er uppfyllt þá liggi ekkert á og að engin ástæða sé til þess að hraða sér neitt óskaplega í frekari sölu. Öll skilyrði eru uppfyllt. Rúmlega þrjú ár eru eftir af kjörtímabilinu og áformin í stjórnarsáttmálanum ganga út á það að selja á kjörtímabilinu.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson spurði um reglur um dreifða eignaraðild. Það er unnið að slíkri skoðun í viðskrn. þessa stundina. Þegar sú skýrsla verður tilbúin verður hún tekin til umfjöllunar í ríkisstjórn og þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um það. Menn vita um mismunandi mikinn áhuga manna á því að setja reglur í þeim efnum. En áhugi allra í ríkisstjórninni á dreifðri eignaraðild liggur hins vegar fyrir. Spurningin er ekki um það hversu mikla trú menn hafa á því að það sé hægt, heldur vilja menn fyrst og fremst tryggja með slíkum reglum, verði þær settar, að ekki verði farið í kringum reglurnar.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á þensluþátt málsins og nefndi að það hafi komið fram hjá Seðlabankanum að ekki væri kannski hægt að segja að sú leið sem verið væri að fara núna væri beint til þess fallin að slá á þensluna. Jú, ég fullyrði það og ég tel að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi fært full og frambærileg og mjög góð rök fyrir því hér áðan vegna þess að það skiptir höfuðmáli hvernig þessum fjármunum verður ráðstafað. Verði þessir fjármunir teknir í sparnað, almenningur í landinu noti peninga sína í þessa fjárfestingu til þess að spara, ríkisstjórnin nýti peningana til þess að spara, leggi þá fyrir eða greiði niður skuldir, þá tel ég að við höfum náð því meginmarkmiði.

Síðan spurði hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, og var það síðasta spurningin í þessari umræðu, hvort til kasta Alþingis þyrfti að koma ef eitthvað yrði úr þeim áformum sem nú eru mikið umtöluð í samfélaginu og einn og einn hv. þm. hefur dregið inn í þessa umræðu þegar verið er að draga upp ýmsar sviðsmyndir af þessum fjármagnsmarkaði, þ.e. hugsanlegri sameiningu Landsbanka og Íslandsbanka eða annarri sameiningu á markaðnum. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ef Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands yrðu sameinaðir þá þyrfti ekki að koma til atbeina Alþingis vegna þess að þar er um sama eigandann að ræða. Það er sami aðilinn sem fer með eignarhald á báðum bönkunum. Hins vegar tel ég að ríkið væri að nokkru leyti að ráðstafa eignarhlut sínum með því að fara í samvinnu við einkaaðila og þar af leiðandi tel ég að til kasta Alþingis þyrfti þá að koma. Í báðum tilfellum held ég þó að eðlilegt væri og skynsamlegt að taka það mál til umræðu á Alþingi og fá niðurstöðu Alþingis í þeim efnum.

Með þessu vonast ég til að ég hafi svarað öllum hv. þm. sem spurðu einhverra spurninga við þessa umræðu áðan.

[Fundarhlé. — 18:31]

[20:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur við að maður þyrfti að geta veitt andsvar við skætingi hæstv. viðskrh. í fjölmiðlunum. Ég heyrði ekki betur en hann væri að senda okkur kveðju í fréttaviðtali áðan, talandi um málþóf. En þetta á víst að vera andsvar við ræðu hæstv. ráðherra og því verður að ræða hitt við hann síðar.

Ég held að það sé jákvætt í sjálfu sér að hæstv. ráðherra viðurkennir að viss hætta er á því, eins og hann orðaði það, að minni fyrirtæki verði undir í samkeppni við þau stóru og vísaði hann þar til bankasameiningar. Hins vegar taldi hæstv. ráðherra að það gæti verið mjög skynsamlegt að bankar sameinuðust og veittu þjónustu sístækkandi fyrirtækjum. Varðandi þetta, herra forseti, þá er ljóst að hæstv. ráðherra er að ræða þessa hluti við afar sérkennilegar aðstæður þar sem fjölmiðlar flytja stanslaust fréttir af undirbúningi tiltekinnar bankasameiningar en samt svarar hæstv. ráðherra hér eins og véfrétt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann reikni ekki með því að geta gefið skýrari svör en hann hefur veitt hingað til, þrátt fyrir þá miklu umræðu sem nú fer fram um alveg tiltekinn kost í sameiningu banka hér á næstu mánuðum.

[20:02]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að fjölmiðlar flytja hverja fréttina á fætur annarri af því að hér sé um ákveðna bankasameiningu að ræða. Ég hef sagt það bæði í fjölmiðlum og hér í þinginu að engar slíkar viðræður eru í gangi af hálfu eigenda og eftir því sem ég veit best eru engar slíkar viðræður heldur í gangi af fulltrúum þeirra aðila sem að stýra bönkunum.

En af því að hv. þm. vitnaði í sjónvarpsviðtal við mig frá því í kvöld, þá sagði ég þar að einstakir þingmenn flyttu þau mál hingað inn á Alþingi og væru með þau hér í málþófi. Það er ágætt að hv. þm. tekur það til sín vegna þess að hann á að taka það til sín. Til dæmis flutti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir efnismikla og góða ræðu fyrr í dag og spurði fjölmargra spurninga sem hún vildi fá svör við en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti hins vegar tveggja klukkustunda langa ræðu með engri spurningu.

[20:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú m.a. vegna þess að það er tilgangslaust að spyrja þennan hæstv. iðnrh. Ég hef ekki orðið var við að það hafi nokkuð upp á sig að reyna að leggja málefnalegar spurningar fyrir þennan hæstv. ráðherra. Ef maður talar fyrir gagnstæðum sjónarmiðum og kemur eitthvað við kaunin á hæstv. ráðherra, þá kemur aldrei neitt til baka úr þeirri átt annað en skítkast og skætingur. Þetta er að mörgu leyti einhver ómerkilegasti ráðherra að eiga orðastað við og rökræður, a.m.k. sem ég hef búið við og hef ég þó rætt við þá marga í gegnum tíðina.

Málþófsásakanir hæstv. ráðherra eftir nokkurra klukkustunda umræður hér um þetta bankamál eru alveg lýsandi fyrir þetta. Hæstv. ráðherra er hér eftir nokkurra klukkutíma umræður kominn með ásakanir um málþóf. Hvað ætli hæstv. ráðherra sjálfur hafi oft haldið nokkurra klukkutíma ræður sem ekki var alltaf mjög mikið innihald í? Þótti það í sjálfu sér ekkert málþóf. Það væri gaman að fletta t.d. upp á því hvað ræður hæstv. ráðherra, m.a. um bankamál, á kjörtímabilinu 1991–1995 voru stundum langar. Ég held því, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé bara eins og venjulega að sanna þá dóma sem eiga best við um hann.

[20:04]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil nú ekkert í hv. þm. að koma upp í andsvör við ræðu minni ef ekki er um neitt að spyrja og hann ætlast ekki heldur til svara þannig að ég held að hann ætti ekki eyða tíma sínum í það. (**SJS:** Það er hægt að mótmæla.)

[20:04]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra staðfesta í svörum sínum áðan að hann vill brjóta niður bankakerfið þannig að það passi í ginið á kolkrabbanum, vegna þess að það kom fram að hann vill ekki setja reglur í útboðslýsinguna sem koma í veg fyrir að einn eða tengdir aðilar geti ekki í tilboðssölunni eignast þar allt fjármagnið sem setja á í tilboðið, eða 2 milljarða. Ég spyr: Er ríkisstjórnin sammála þessu hjá hæstv. ráðherra, t.d. forsrh. sem hefur talað hér fyrir dreifðri eignaraðild, vegna þess að tillaga hæstv. ráðherra stuðlar að samþjöppun valds? Og þetta gæti styrkt stöðu Íslandsbanka í hugsanlegum sameiningarviðræðum ef þeir mundu t.d. komast yfir allt þetta fjármagn, eða 2 milljarða.

Síðan spyr ég hæstv. ráðherra: Hann talar um að það sé styrkur fyrir Búnaðarbankann að kaupa eignarhluta Landsbankans í tryggingafélögunum. Hæstv. ráðherra fer með

meirihlutaeign ríkisins í þessum banka. Vill hann og mun hann stuðla að því að þessi kaup geti farið fram þannig að það sé hægt að styrkja stöðu Búnaðarbankans?

Að öðru leyti þakka ég ráðherra fyrir svörin sem voru skýr.

[20:06]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að svara enn frekar spurningu hv. þm. sem sneri að reglum í útboðslýsingunni, sérsaklega að þeim þætti sem snýr að tilboðssölunni sem slíkri, þá sagði ég áðan, og það er skoðun mín, að ég tel ekki þá hættu vera til staðar að þarna geti orðið um eignasöfnun að ræða á fárra aðila hendur eins og hættan var í útboðinu á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins vegna þess að þá vorum við að bjóða út 51% hlutafjár. En nú erum við aðeins með í tilboðssölu 5% hlutafjár af þessum 15%, eða einn þriðja af þeirri sölu sem núna verður boðin út. Þetta var tillaga einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar. Á hana er fallist af þeim ráðherrum sem í einkavæðingarnefndinni eru og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að við hana sé fullur stuðningur af ríkisstjórnarinnar hálfu líka.

[20:07]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var jú tillaga einkavæðingarnefndar, en hæstv. ráðherrann hefur vald til að breyta þessu ef hann vill og gera þessar reglur skýrar þannig að við tökum ekki þá áhættu að einn aðili fái 2 milljarða króna í þessu útboði. Við vorum að tala um 9 milljarða varðandi Fjárfestingarbankann. Hér erum við að tala um 2 milljarða sem gætu færst á hendur eins aðila. Ég spyr ráðherrann: Óttast hann ekki að þetta geti allt lent í höndunum á t.d. Íslandsbanka eða tengdum aðilum sem standa að Íslandsbanka þannig að það muni styrkja stöðu þeirra í hugsanlegum sameiningarviðræðum sem e.t.v. fara fram núna eða á næsta ári að því er varðar sameininguna? Ég spyr líka hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að styrkja stöðu Búnaðarbankans þannig að hann geti keypt eignarhluta Landsbankans í tryggingafélögunum, ef Búnaðarbankinn óskar þess?

Að öðru leyti fagna ég mjög því sem hæstv. ráðherra sagði að hann vill stuðla að því að starfsmenn fái fulltrúa í bankaráðin og ég spyr hann: Mun hann beita sér fyrir því?

[20:08]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst er svar við síðustu spurningu hv. þm. Afstaða mín er ljós. Ég lýsti því hér áðan að sá vilji liggur fyrir í bankaráðum beggja bankanna og ég tel það vera rétta leið.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um Vátryggingafélagið og aðstoð Búnaðarbankans við að styrkja stöðu sína ef til þessa kæmi. En það er það ekki viðskrh. að hafa áhrif á að slíkt gerist. Það verður hins vegar að gerast þá með beinum viðskiptum milli Búnaðarbanka og Landsbanka ef til þess kæmi að vilji væri til slíkra viðskipta af hálfu beggja aðila. (**JóhS:** Og ráðherrann telur það skynsamlegt?) Ég lýsti því áðan í ræðu minni að ég tel skynsamlegt að einingarnar verði ekki mjög misstórar á þessum markaði þannig að einn aðili verði algjörlega með yfirráðandi stöðu. Þá verðum við líka að hafa það í huga, sem ég veit að hv. þm. er mér sammála um, að þá kemur auðvitað til þess að Samkeppnisstofnun mun skoða þá hluti ef einn aðili verður risi á markaðnum en aðrir mjög smáir. Það er eðlilegt að þá gildi samkeppnislögin um það. Nú vona ég að ég hafi svarað öllum spurningum hv. þm.

[20:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsti því í ræðu minni hér áðan að ég teldi ofureðlilegt að ríkið reyndi að minnka sinn hlut í viðskiptabönkunum sem það hefur náttúrlega átt í áratugi og ég tel það fullkomlega eðlilegt. Hins vegar er það aðdragandi málsins og hvernig það ber hér að þinginu sem gerir það að verkum að maður er örlítið hugsi. Maður er hugsi yfir því hvort raunveruleg ástæða þessarar sölu sé sú sem fram kemur í greinargerð með frv., um að nauðsynlegt sé að uppfylla einhver skilyrði á Verðbréfaþingi svo hægt sé að skrá bankana á þinginu. Það er ein af þeim ástæðum sem gefin er upp.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að hann teldi það mjög æskilegt að sameina banka svo að þeir gætu þjónustað stóra kúnna. Nú vitum við að stórir kúnnar geta auðveldlega sótt á Evrópska efnahagssvæðið eins og þeim sýnist þannig að það er kannski ekki í sjálfu sér meginástæðan. En ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann óttist ekki — hvort sem samruni yrði hjá Búnaðarbanka og Íslandsbanka eða Landsbanka og Íslandsbanka — að banki með 55–65% eignarhlut á þessum markaði yrði allt of stór?

[20:11]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að íslensk fyrirtæki geta sótt út á erlendan bankamarkað og íslenskir bankar eru nú þegar í alþjóðlegri samkeppni á mjög mörgum sviðum. Það þýðir hins vegar ekki að menn þurfi ekki að huga að því að íslenskir bankar geti stækkað upp á það að geta verið og tekið þátt í þeirri samkeppni sem á þessum markaði ríkir og geta veitt íslenskum fyrirtækjum þjónustu í samræmi við stærð þeirra. Hins vegar er það svo að við getum ekki horft á íslenska markaðinn algjörlega einangraðan. Það er rétt að banki með 60–70% markaðshlutdeild á Íslandi væri auðvitað með yfirburðastöðu. Það væru allir sem væru með slíka markaðshlutdeild. Hins vegar verðum við að horfa á þennan markað í alþjóðlegu samhengi og það er nákvæmlega það sem hv. þm. byrjaði sína ræðu á að segja, þ.e. að markaðurinn er svo alþjóðlegur að íslensk fyrirtæki, og einstaklingar þess vegna, geta fengið sína þjónustu hjá erlendum bönkum á bestu kjörum sem hægt er að fá á hverjum stað fyrir sig og hverjum tíma fyrir sig.

[20:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að af slíkum samruna yrði þá óttast ég ekki að hann mundi skaða stöðu stórra kúnna. Ég held hins vegar að hann gæti skaðað stöðu einstaklinganna. Ég óttast það því að einstaklingar munu ekki leita svo glatt til annarra landa eftir bankaþjónustu. Það er þetta sem ég óttast, að ef einhver banki yrði svona stór á íslenskum fjármagnsmarkaði, 55–65%, ef t.d. af samruna Íslandsbanka og Búnaðarbanka eða Landsbanka yrði, þá yrðu á endanum neytendur, þ.e. einstaklingar, að borga fyrir þennan samruna með verri kjörum á bankamarkaði og hærri vöxtum.

[20:13]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé hárrétt mat og tek nákvæmlega undir það. Í vaxandi mæli mun það verða svo

að íslensk fyrirtæki munu leita eftir bankaþjónustu erlendis ef hún býðst á sambærilegum eða betri kjörum en íslenskir bankar geta veitt. En við þurfum að hafa það markmið og kappkosta að geta boðið og verið samkeppnisfær á þessu sviði.

Einstaklingarnir munu hins vegar ekki í jafnríkum mæli og fyrirtæki leita eftir þessari þjónustu erlendis í framtíðinni. En til þess að þeir geti fengið fjármálaþjónustu á svipuðum kjörum og fólkið í löndunum í kringum okkur fær þá þurfum við að vera með öflugar einingar. En ég tek undir það að svo stór banki sem þarna er lýst — hvaða samsetning banka það væri, hvort það væru Landsbanki og Búnaðarbanki saman eða Íslandsbanki og Landsbanki, sem eru stærstu samrunaeiningarnar í þessu — væri fyrirtæki með mjög mikla markaðshlutdeild. Og þá er það auðvitað spurning hvort ekki komi til kasta samkeppnislaganna að skoða þá hluti.

[20:14]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði undir lok ræðu sinnar í kvöld að ég hefði flutt langa ræðu til þess eins að bera fram eina spurningu, að langur tími væri nýttur til að rökstyðja einfalt mál. Vandinn er sá að hæstv. viðskrh. svaraði ekki þessari einu spurningu sem ég bar fram og sannast sagna gekk gagnrýni mín út á aðdragandann að þessu máli og allan málatilbúnað. Ég hefði kosið að í stað þess að ræða þessi mál hér í tvo klukkutíma þá hefðum við tekið til þess nokkrar vikur í þinginu. Ég hef einmitt gagnrýnt það á hve óvandaðan hátt ríkisstjórnin kemur fram með þetta frv. og ætlast til þess að Alþingi samþykki það á fáeinum klukkustundum. Þetta finnst mér óviðunandi vinnubrögð.

[20:15]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú óþarfi fyrir hv. þm. að taka þessa hluti svona nærri sér. Þetta var alls ekki illa meint. Ég tel að hv. þm. hafi flutt hér ágætlega efnisríka ræðu í umræðunni fyrr í dag þó að ég sé honum ekki sammála. Ég tel að við séum að gera nákvæmlega réttu hlutina og standa skynsamlega að þessu og á mjög ábyrgan hátt eins og hér er gert. Ég hins vegar tók ekki eftir nema einni spurningu í ræðu hv. þm. sem var um framtíðaráformin í bankamálunum og um að sjá fyrir hvað muni gerast. Ég reyndi að svara þessari spurningu í lok ræðu minnar. Reyndar hafði ég takmarkaðan tíma, en á eftir skal ég reyna að svara henni enn nánar en ég gerði í fyrri ræðu minni.

[20:16]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. þessi svör. Staðreyndin er sú að mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara spurningu minni um hver sé framtíðarsýn hans á bankakerfið á Íslandi. Mér fannst hann ekki svara þessu á annan veg en að segja að menn þyrftu að uppfylla skilyrði Verðbréfaþings. Það þyrftu menn að gera fyrir mitt næsta ár. Önnur svör fengum við ekki. Ég vildi hins vegar vita hver sýn hans væri á framtíð íslenska bankakerfisins. Þetta er hin brennandi spurning sem menn eru að velta fyrir sér í þjóðfélaginu öllu. Mér finnst það ekki ganga, og ég sagði það í ræðu minni, að hæstv. ráðherra svari þjóðinni eins og hann gerði á síðum Morgunblaðsins um síðustu helgi, að segja að hann gerði ekki annað en að hlusta á raddir markaðarins.

[20:17]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég skal reyna hér síðar að gera enn gleggri grein fyrir því hver framtíðarsýnin er. En ef hv. þm. er bara að spyrja þessarar spurningar til þess eins að ég geti annaðhvort fallist á hans tillögu um að það eigi að sameina Búnaðarbankann og Landsbankann eða þá á aðra leið, sem kallað er svo mjög á í fjölmiðlum, þ.e. að sameina eigi Íslandsbanka og Landsbanka, þá ætla ég ekki að svara þeirri tillögu og ég ætla ekki að svara þeirri spurningu heldur. Ástæðan er þessi: Ég sagði það í ræðu minni áðan að í viðskrn. erum við m.a. að skoða kosti þess að leggja einstakar einingar saman, hagkvæmni þess, eins og tillagan sem hv. þm. Frjálslynda flokksins hafa lagt fram hér á Alþingi gerir ráð fyrir og hv. þm. Ögmundur Jónasson tók undir að væri skynsamleg. Og af hverju að svara spurningu sem menn geta ekki svarað af neinni skynsemi eða með neinum sérstökum rökum einmitt núna fyrr en að búið er að rannsaka þetta? Sættir hv. þm. sig ekki við það? Ég trúi ekki öðru vegna þess að hann lagði áherslu á það í ræðu sinni fyrr í dag.

[20:19]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Það mál sem er hér til umræðu og segja má að sé býsna stórt mál, er þó ekki stórt að því leytinu til að það eru ekki að verða neinar grundvallarbreytingar á því sem er búið að ákveða hér áður. Þetta snýst um það að í stað þess að auka hlutafé í bönkunum sem fullt leyfi er til, verði ákveðið að selja hlut í bönkunum og að á móti skerðist möguleikarnir til þess að auka hlutafé. Ég get nú ekki sagt annað en að ég tel að það sé réttara að selja hlut í bönkunum en að auka þar hlutafé eins og mál standa nú og þess vegna út af fyrir sig get ég vel fallist á að skynsamlegt sé að koma með þá tillögu sem hér liggur fyrir. Umræður hér hafa aftur á móti snúist um allt önnur og miklu stærri mál en það hvort þau 15% sem þarna er rætt um verði seld með þessari eða hinni aðferðinni. Og það eru full rök fyrir því að færa umræðuna yfir á þetta stig. Reyndar virðist sem ýmislegt í þeirri umræðu sem fór hér fram þegar bankarnir voru gerðir að hlutafélögum hafi ekki gengið þannig fyrir sig að menn séu almennt ánægðir með niðurstöðuna og að menn hafi komist að niðurstöðu sem þeir eru sammála um. Ég t.d. tel að það að gera bankana að hlutafélögum og sérstaklega það að ákveða að selja hlut í þeim hafi kallað fram eðlisbreytingu á bönkunum þannig að það sé alfarið rangt að kalla þá ríkisbanka. Bankarnir eru orðnir hlutafélög sem eru sameign ríkisins og annarra aðila á markaðnum og geta þar með því miður ekki verðskuldað heitið „ríkisbanki" eftir það. Menn geta svo haft á því ýmsar skoðanir hvort ríkið eigi að eiga meiri hluta í þessum fjármálastofnunum eða eiga þær áfram og ég kem betur að því á eftir hvaða afstöðu ég hef til þess.

Ég tel reyndar að endurskipulagningin á fjármálamarkaði okkar hefði átt að ræðast miklu betur opinberlega en gert hefur verið. Og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það með miklum ólíkindum að ríkisstjórn sem situr við völd skuli ekki sýna Alþingi og landsmönnum öllum þá virðingu að kynna fyrir mönnum hvaða stefnu hún hafi í endurskipulagningu á fjármálamarkaðnum. Þannig hefur þetta gengið fyrir sig alveg frá upphafi þessarar umræðu að það hefur aldrei verið hægt að átta sig á því hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér í þessum efnum. Og ekki er það betur hægt núna en áður. Hæstv. ráðherra kemur hér og lýsir því

yfir að það eigi að selja þetta. Svo liggur ekkert á því. Svo getum við hugsað málið. Hann lýsir því líka yfir að eftir þessa sölu komi endurskipulagning og talar í véfréttarstíl. Hann talar ekkert um það hvað hann vilji eða hvað honum finnist æskilegt. Hann talar jú um að ákveðnir kostir og ókostir séu í stöðunni en ekkert um það hvað hann eða ríkisstjórnin telji heppilegt í þessum efnum.

Mér finnst það ekki boðlegt í umræðu um svo mikilsverð mál að heil ríkisstjórn og ráðherra fyrir hennar hönd hafi ekki stefnu fram að bera um hvað sé skynsamlegt að gera og að hverju sé stefnt þannig að hægt sé að ræða þessa stefnu, finna á henni vankanta og kosti og að umræðan geti skilað okkur einhverju. Við eigum hins vegar að reyna að ráða í þau merki sem berast frá markaðnum eða utan úr þjóðfélaginu um það hvað sé að gerast á bak við tjöldin. Og við neyðumst til þess að nota þessar merkjasendingar til að reyna að gera okkur grein fyrir því hvað er að gerast, vegna þess að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn vilja ekki segja okkur hvað þau er að hugsa. Helst ætti maður að skilja það þannig að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hafi ekkert hugsað um það hvað eigi nú að taka við og hvernig þetta eigi að ganga fyrir sig. Ég er ekki á þeirri skoðun að það sé þannig. Ég tek mark á þeim vísbendingum sem hafa borist frá markaðnum því að þeir sem eru að bjóða í hlutabréf á markaðnum fylgjast með, þeir hafa sambönd, þeir kunna á síma og hafa þræði til þess að komast að því hvað sé nú helst líklegt að muni gerast. Og þeir hafa komist að niðurstöðu. Þeir telja að líklegast sé að Íslandsbanki og Landsbanki verði sameinaðir. Þeir hafa fengið um það einhverjar vísbendingar sem þeir taka mark á. Og vissulega eru þessar vísbendingar fyrir hendi. Við höfum orðið varir við þær. Ein kom líklega t.d. í fyrradag frá Landsbankanum. Þá var allt í einu búið að leysa óleysanlegt vandamál í Landsbankanum til langs tíma, þ.e. að ráða staðgengil aðalbankastjóra. Það er vandamál sem hefur ekki tekist að leysa frá því að bankarnir voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma. Það hefur staðið í ríkisstjórnarflokkunum alla tíð síðan. En eins og menn muna var ráðinn einn bankastjóri til Landsbankans fyrir nokkuð löngu síðan og hann hefur ekki fengið mann til þess að leysa sig af eða hafa það hlutverk fyrr en nú. Sá maður sem var ráðinn í þetta embætti hefur eftir því sem ég best veit alltaf haft mikinn áhuga á því að auka líkurnar á því að Íslandsbanki og Landsbanki sameinuðust. Ég lít á þetta sem vísbendingu um að eitthvað sé verið að huga að því máli og einnig það að Framsóknarfl. skuli hafa fallist á að þessi ágæti starfsmaður Landsbankans yrði staðgengill aðalbankastjóra. Ég lít á þetta sem vísbendingu um að Framsóknarfl. hafi fallist á að sú leið yrði skoðuð vandlega að sameina Íslandsbanka og Landsbanka.

Ég tók eftir því að hæstv. utanrrh. lýsti því yfir á fundi fyrir ekki löngu síðan að það mætti kannski nýta sér eitthvað af fjármunum sem komi inn vegna sölu á ríkisbönkunum til byggðamála. Ég lít svo á að hann sé ekki að tala þar út í bláinn. Ég lít þannig á að Framsfl. hafi náð samkomulagi um það að einhver hluti af þessum fjármunum muni þegar tímar líða verða notaðir í byggðamál og að hæstv. iðnrh., væntanlegur hæstv. ráðherra byggðamála eftir áramótin, muni eiga í sjóð að sækja þegar búið verður að selja hlut í ríkisbönkunum. Svona eru nú þessar vísbendingar sem eru að koma af ýmsu tagi.

Hæstv. ráðherra var reyndar að upplýsa það áðan að verið væri að skoða hagkvæmni þess að sameina bankana, hinar ýmsu leiðir til þess. Líklega er þó aðallega verið að skoða möguleikana á annars vegar sameiningu Íslandsbanka og Landsbanka og hins vegar sameiningu Búnaðarbanka og Landsbanka. Ég veit, hvað sem stendur í þeirri skýrslu sem hæstv. ráðherra hefur fengið í hendur, að mjög lítill munur er á hagkvæmni þess að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka og að sameina Íslandsbanka og Landsbanka. Ég tel að það sé það lítill munur á því sem kemur út úr því hvað hagkvæmni varðar og framlegðaráhrif, að alvörustjórnvöld á Íslandi ættu ekki að láta það trufla sig í því að horfa yfir þetta svið fyrst og fremst með hagkvæmni heildarinnar í huga, með hagsmuni almennings í landinu í huga og hagsmuni almennra fyrirtækja, en ekki með því að einblína á hvað hugsanlega fáist fyrir hlutabréfin í Landsbankanum. Þau gætu líka á móti lækkað hlutabréfin í Búnaðarbankanum þegar menn tækju upp á því að selja þau vegna þess að ef Landsbankinn yrði seldur og myndaði þetta stóra fyrirtæki sem þá yrði til, og Búnaðarbankinn yrði þá eftir á markaðnum, þá yrði hann vissulega litli bankinn í samanburði við þennan risa sem þarna væri kominn. Ég sé satt að segja ekki að hann gæti staðið sig í þeirri samkeppni þó að hæstv. landbrh. yrði að ósk sinni og hann yrði styrktur t.d. með því að leyfa honum að kaupa VÍS. Ég held nefnilega að Búnaðarbankinn mundi ekkert frekar en Landsbankinn græða neitt á því að kaupa VÍS. Þeim hefur ekki tekist að græða neitt á því enn þá. Ég tel að framsóknarmenn hafi látið plata sig í þessum viðskiptum ef þeir telja að einhver óskaplegur hagur sé af því fyrir Búnaðarbankann að fá að taka við þessu vandamáli sem Landsbankinn kom sér upp fyrir nokkru síðan.

Ég held að menn verði að leita annarra leiða til að styrkja Búnaðarbankann. Satt að segja held ég að menn ættu að doka við og hugsa. Hvers vegna eru menn að leggja út í leiðangur sem kostar það að styrkja þarf fjármálastofnun á markaðnum sem heitir Búnaðarbanki? Hvers vegna? Ég tel að það sé alfarið rangt. Ég tel að ríkið eigi að skoða það alvarlega að sameina Búnaðarbankann og Landsbankann vegna þess að ríkið þarf að hafa hendur á því sem er að gerast á fjármálamarkaðnum á meðan þetta gengur yfir. Ég tel ekki boðlegt annað, á meðan ríkið á í þessum fjármálastofnunum, en að ríkið eigi í öflugustu fjármálastofnuninni. Þess vegna á ríkið auðvitað að eiga í Landsbankanum. Það á að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann og svo má selja af því hlutafé en eiga í öflugasta bankanum, þjóðbankanum, á meðan ríkið er þátttakandi í þessari starfsemi. Mér finnst satt að segja hálfhallærislegt fyrir ríkið ef sameining Íslandsbanka og Landsbanka yrði að veruleika, að ríkið ætti minni hluta í þeirri stofnun í vor og síðan einn lítinn Búnaðarbanka sem fellur í verði á markaðnum. Þannig vil ég ekki sjá þetta gerast. Ég tel að menn eigi að taka þessi mál frá hinni hliðinni. Mér virðast margir kostir fyrir ríkið í stöðunni og það er eðlilegt að þeir hlutir verði skoðaðir fyrst.

Ég vil taka undir gagnrýni á að ekki sé gott að koma með mál eins og þetta inn í slíkri tímaþröng sem hér hefur verið búin til. Ég hef þurft að ganga kannski lengra en ég hefði viljað hér á hv. Alþingi til að liðka fyrir því að þetta mál geti haft þann framgang sem menn vilja. Ég ætla ekki að setja fæturna fyrir það. Mér finnst að þarna sé fyrirhuguð skynsamleg leið en hún er bara allt of seint fram komin, hefði þurft að koma hér miklu fyrr til umræðu.

Málið virðist sprottið af skyndiákvörðunum. Menn hafa lýst því að nú séu þeir komnir í jólaskap, vilji skapa mönnum tækifæri til að gefa jólagjafir og gefa öðrum tækifæri til að minnka skattinn sinn. Það er gott og blessað. Ég aftur á móti

hef ekkert allt of mikla samúð með þeim. Fólkið sem þarfnast virkilega hjálpar frá ríkinu getur yfirleitt ekki notfært sér þetta. Þeir sem eiga peninga og þurfa að lækka skattana hjá sér hafa gagn af þessu og allt í lagi með það, en best væri fyrir ríkissjóð að sem fæstir hefðu gagn af því. Ríkissjóður tapar auðvitað á þessu.

Mér fannst að vísu hæstv. ráðherra segja það nokkuð greinilega áðan að skoðun hans væri sú að menn hafi ekki heimild til þess að ganga til samninga um sameiningu ríkisbankanna við aðra banka á markaðnum nema leggja það fyrir Alþingi. Ég hefði viljað fá þetta skýrt betur. Ég skil lögin einnig þannig. Hins vegar vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi fengið lögfræðilega úttekt á því hvort sú leið sé fær, ef menn vildu fara hana. Ég er forvitinn og vil fá að vita það. Ég geri mér ekki fullkomlega grein fyrir því hvort svo er eða ekki.

Ég vil enn koma að því að mér finnst hæstv. ríkisstjórn ekki standa sig nógu vel. Hún ber ekki nógu mikla virðingu fyrir hv. Alþingi og fólkinu í landinu í svona stórum málum, þar sem þörf er á opinberri umræðu þegar hæstv. ríkisstjórn hefur komist að einhverri niðurstöðu um leið sem hún vill reyna. Hún á auðvitað að láta reyna á þá leið í umræðunni. Menn eiga ekki að þurfa að standa frammi fyrir því í þessu máli að í fjölmiðlum komi öðru hvoru fréttir af því að þreifingar séu á bak við tjöldin, t.d. af sameiningu þeirra banka sem hér eiga hlut að máli. Menn geta átt von á því að allt í einu spretti fram frétt, einhvern tímann í vetur eða vor, um að nú hafi menn náð samkomulagi og hæstv. ráðherra sé á leið með eitthvert frv. inn í þingið til að ganga frá málinu. Ég tel að menn eigi að leggja spilin á borðið. Hér er tækifærið. Hér eiga menn að segja hvað þeir vilja, hvað þeir telja best og láta reyna á það í umræðunni. Þannig er hægt sé að gera sér grein fyrir því og hafa þá skynsamra manna ráð, ef þau koma fram, en láta ekki annarra skoðanir lönd og leið.

Hæstv. ráðherra hefur þóst, það er hægt að skilja hann þannig, nánast ekkert vita um hvaða sameining sé best og hagkvæmust. Ef hann ætlar bara að horfa á hagkvæmni sölu á hlutabréfum í Landsbankanum, hvað úr því kæmi í ríkissjóð, þá er niðurstaðan náttúrlega alveg klár. Þá kemur það út að hagkvæmast sé að sameina Íslandsbanka og Landsbanka. En ég tel rangt að nálgast málið með þeim hætti heldur verði menn að skoða málið í heild, með heildarhagsmuni þjóðarinnar og þessa markaðar í huga. Vissulega er full ástæða til þess að gefa gaum að því hvernig útibúin kæmu að þessu og hvaða hraði eigi að vera á breytingum á markaðinum. Hvernig er hægt að stjórna t.d. hagræðingunni í þessu? Það mun auðvitað verða mikið vandamál. Margir verða atvinnulausir eða þurfa að leita sér annarra starfa ef ekki verður staðið þannig að málunum að fólk geti brugðist við og stjórnað hvernig samdrátturinn eða samlegðaráhrifin koma niður á starfsemi fyrirtækjanna.

Eftir þær athuganir sem hvað eftir annað hafa verið opinberaðar þar sem menn hafa komist að svipuðum niðurstöðum um hversu mikið sparaðist við að sameina þessi fjármálafyrirtæki þá virðist allt benda til að ef Búnaðarbanki og Landsbanki verði sameinaðir þá séu menn að tala þar um töluvert á annan milljarð og einnig ef sameinaðir yrðu Landsbanki og Íslandsbanki. Það er á hreinu að verði Íslandsbanki og Landsbanki sameinaðir þá eru þessi samlegðaráhrif orðin að samkeppnisbili milli Búnaðarbankans og þess stóra banka sem til yrði. Ég þori að fullyrða að það þýðir ekki að bæta VÍS inn í Búnaðarbankann til þess að jafna það bil. Ég er alveg sannfærður um að það dugir ekki. Menn verða að horfa á aðrar og róttækari leiðir til að búa til samkeppnisgrundvöll fyrir fjármálafyrirtæki á þessum markaði ef af þessari stóru sameiningu verður.

Ég ætlaði ekki að halda hér langa ræðu, það stóð ekki til. Eins og ég sagði í upphafi tel ég ekki að þetta mál snúist um grundvallarbreytingu. Hins vegar getur vel verið að þetta mál sé vísbending um að menn ætli sér í grundvallarbreytingu á bankakerfinu. Mín niðurstaða er sú að það sé meiningin. Ég er á þeirri skoðun að við eigum að láta þetta mál ganga í gegn en ég hef alla fyrirvara á stefnu stjórnvalda, sem er undir yfirborðinu í þessu máli. Ég er ekki að skrifa upp á þá stefnu með því að styðja að þessi 15% verði seld eins og hér er lagt til. Ég tel það skynsamlegri niðurstöðu en þær heimildir sem hæstv. ráðherra hefur núna. Ég kalla eftir því að menn sýni Alþingi, almenningi í landinu, eigendum þeirra fyrirtækja sem hér er verið að tala um, þá virðingu að segja hvað þeir ætla sér að gera í þessum málum.

[20:40]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir gott innlegg í þessa umræðu. Ég er sammála hv. þm. um að þetta mál snýst ekki um grundvallarbreytingar á starfsemi Búnaðarbankans og Landsbankans. Þetta er í sjálfu sér einfalt og saklaust mál. Hins vegar má velta því fyrir sér hversu langan aðdraganda þarf að hafa að því að koma með mál eins og þetta inn í þingið. Það hefur verið gagnrýnt að tíminn hafi verið allt of knappur. Ég skal að vissu leyti fallast á það, frv. er afgreitt á mjög skömmum tíma. En ég held að við verðum líka að hafa í huga að það væri heldur ekki skynsamlegt fyrir þessi fyrirtæki, sem eru í eigu þjóðarinnar og starfa á þessum verðbréfamarkaði, ef það tæki fleiri vikur eða marga mánuði að velta þeim hlutum fyrir sér hér í þinginu. Við þurfum að hafa það í huga líka þegar við erum að ganga frá málum eins og þessu. Þetta þarf að ganga tiltölulega hratt fyrir sig.

Varðandi sameiningu bankanna, sem aðalumræðan hefur nú farið í, þá benti hv. þm. á hluti sem mjög vert er að skoða þegar og ef að þeirri umræðu kemur. Þau atriði sneru að því hvaða heimildir viðskrh. hefur til þess að sameina og/eða auka samstarf bankanna. Ég hef nákvæmlega sama skilning á lögunum og hv. þm. Ég held að sá skilningur okkar sé réttur. Það þarf atbeina Alþingis til þess að slík sameining geti átt sér stað. Það eru hér í gildi lög um Landsbanka og Búnaðarbanka og Alþingi þarf að taka þau lög til endurskoðunar ef einhver slík sameining ætti sér stað. Það gegnir að mínu viti öðru máli varðandi sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka eins og ég lýsti hér áðan.

[20:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagðist skilja það svo að það þyrfti atbeina Alþingis. Ég hafði skilið það þannig í fyrri ræðu hans. Ég var einfaldlega að spyrja hvort hann hefði látið kanna hvort þetta væri örugglega rétt lögfræðilega. Ég er ekki alveg sannfærður um það. Hann sagði, „ef einhvern tímann kemur að". Mér finnst að verið sé að slá ryki í augu fólks. Ég hef tekið mark á þeim skilaboðum sem ég hef orðið var við héðan og þaðan úr þjóðfélaginu. Ég get ekki horft fram hjá hækkun hlutabréfanna í bönkunum. Ég get ekki horft fram hjá atburðum sem ég nefndi hér áðan og skoðunum manna á þessum markaði, skilaboðunum frá markaðnum sem hæstv. ráðherra hefur oft nefnt að taka eigi mark á. Ég tel að hugmyndin um að sameina þessa banka

sé komin á fulla ferð. Mér finnst t.d. það sem heyrst hefur frá ágætum formanni bankaráðs Íslandsbanka, um að þeir ætli að hafa forystu um þetta, benda til þess að eitthvað hafi nú verið talað, einhvers staðar hafi menn hvíslast á við borð um að kannski væri ástæða til að skoða þetta betur. Hæstv. ráðherra hefur upplýst að hann hafi á borðum sínum einhvers konar vinnuplögg þar sem verið er að bera saman hagkvæmni þess að sameina Íslandsbanka og Landsbanka og aðrar bankastofnanir, Búnaðarbankann og Landsbankann eða jafnvel eitthvað fleira. Ég veit ekki hvað er í þeim skýrslum eða á blöðum sem hæstv. ráðherra hefur undir höndum. Ég tel því ekki hægt að tala um „ef einhvern tímann, ef og þegar" eins og ekkert sé að gerast. Það er eitthvað að gerast. Ég held að það sé ekki vafi á því.

[20:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hafa lengi verið í skoðun, allt frá því að stofnuð voru hlutafélög um Landsbankann og Búnaðarbankann, ýmiss konar hagræðingarmöguleikar og ég tel það vera hlutverk viðskrn. að leita að slíkum hagræðingarmöguleikum á markaðnum, kortleggja þá og koma þeim á framfæri ef þeir eru til staðar. En það er engin markviss vinna í gangi sem gengur út á það að sameina tilteknar stofnanir og því hef ég svarað hér áður að ég tel að við eigum að hlusta á þá aðila á markaðnum sem best þekkja til í þeim efnum.

En af því að hv. þm. spurði hvort ég hefði látið kanna lagalega þá stöðu sem hér er uppi varðandi það hvort til þurfi að koma stuðningur eða atbeini Alþingis við að hrinda slíkri sameiningu í framkvæmd, ef hún einhvern tímann verður, þá hef ég ekki gert það. Og ætli það segi nú ekki allt um það hversu stutt þetta er mál er á veg komið, að ekki hafa hafa verið könnuð lögfræðilega svona grundvallaratriði og vonast ég til þess að það rói hv. þm. Ég heyri hins vegar að hv. þm. hefur fullan skilning á því að það getur verið nauðsynlegt að fara út í hagræðingaraðgerðir á þessum markaði. En ég vil ekki gefa mér ákveðna tiltekna hluti í þeim efnum fyrir fram, að eitt sé betra en annað. Þess vegna hef ég við umræðuna tekið undir þá tillögu sem hér hefur verið flutt af tveimur hv. þm. Frjálslynda flokksins, um að rétt sé að skoða þessa kosti og meta þá hvern og einn út af fyrir sig. En í sjálfu sér metur markaðurinn þessa hluti best vegna þess að menn finna þá hvar samlegðaráhrifin er að finna og hver ávinningurinn er af tilteknum aðgerðum sem gripið væri til, til að ná fram þeim markmiðum sem menn mundu setja sér.

[20:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að markaðurinn skili þeim skilaboðum sem ein eiga að ráða. Ég tel að hagsmunir ríkisins og hagsmunir almennings geti verið ofar þeim skilaboðum sem koma frá þessum markaði. Það er einfaldlega þannig að það getur vel verið að skilaboð komi frá markaðnum um að hagkvæmast sé að sameina Landsbankann og Íslandsbanka, einfaldlega ef menn eru að horfa á hvað fæst fyrir hlutabréf og hvað komi út úr heildarsamlegðaráhrifum af þessu. Þetta eru einfaldlega tvær stærstu einingarnar. En hvaða áhrif hefur það síðan á hlutabréfin í t.d. Búnaðarbankanum sem ríkið á líka, ef þetta verður gert? Munu þau ekki tapa verðgildi sínu? Og er ekki alveg á hreinu að það hljóti líka að vera hlutverk hæstv. ríkisstjórnar og hv. Alþingis að horfa á hagsmuni neytenda í landinu, þ.e. fólksins sem skiptir við þessar stofnanir og reyna með öllum ráðum að sjá til þess að það fjármálaumhverfi sem verður til í framhaldi af því og í tengslum við það að ríkið er að fara af þessum markaði, er að draga sig út úr bankastarfsemi, skili þegnunum sem allra bestum fyrirtækjum á þessu sviði sem hafa jafna samkeppnisaðstöðu og geta keppt á þessum markaði en eru kannski of lítil til þess að berjast við einn risa sem ríkið hefði þá tekið þátt í að skapa og yrði kannski til þess að hér yrði ekki eðlilegt samkeppnisumhverfi?

[20:49]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er þessari ræðu hv. þm. algjörlega sammála. Það er ekki bara eitt atriði sem menn eiga skoða í þessum efnum og segja: „Það er bara hagkvæmnin sem á að ráða þessu." Það sem ég á við þegar ég segi að skilaboðin eigi að koma frá markaðnum, er að ég er tilbúinn til að horfa á þær tillögur sem upp koma í þeim efnum. Allir þættir sem hv. þm. rakti hér þurfa að koma þar til skoðunar. Hvaða áhrif mundi tiltekin sameining, sem m.a. kannski fælist í Íslandsbanka/Búnaðarbanka, hafa á bréfin í Landsbankanum? Þegar við horfum á það að við ætlum að selja allt, einkavæða allt á kjörtímabilinu, þá verðum við að meta hvernig við fáum sem mest fyrir þessar eignir okkar í heild sinni. Við eigum ekki bara horfa á einn einstakan þátt. Við verðum líka horfa á það hvaða áhrif þetta gæti haft fyrir neytendur eins og kom fram er ég svaraði áðan hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Ég er því algjörlega sammála hv. þm. Allt þetta verður að taka til skoðunar og síðan er það ríkisstjórnar að ákveða hvort menn geta, út frá þeim hlutum sem hér hafa verið raktir, fallist á þá tillögu sem fram kemur. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði og ég tek undir þetta með hv. þm.

[20:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það sem mig langar að gera að umræðuefni í þessu máli er flýtirinn, stressið, asinn sem einkennir allar hreyfingar hæstv. viðskrh. í málinu. Til marks um það er kannski allur óróinn sem einkenndi hæstv. ráðherrann við upphaf umræðunnar í morgun þegar hann gat vart tyllt sér nema eins og spörfugl rétt á stólbríkina en var floginn áður en ræðumenn gátu snúið sér við. En hæstv. ráðherra hefur róast eftir því sem liðið hefur á daginn.

Það er rétt að rifja upp að hér er á ferðinni mál sem hæstv. viðskrh. hafði sérstaklega boðað árið 1997 að kæmi til kasta þingsins, en ekki núna kortéri fyrir jól. Nei, nei, hann ætlaði ekki einu sinni að láta þetta koma fram á þessu ári og ekki heldur á því næsta.

Herra forseti. Í framsögu sinni fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands á 121. löggjafarþingi, sagði hæstv. viðskrh., með leyfi forseta:

„Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir að ráðherra getið heimilað útboð á nýju hlutafé í hlutafélagsbönkunum. Með þessum hætti er mögulegt að styrkja eiginfjárstöðu bankanna án þess að leita til ríkissjóðs, jafnframt því sem utanaðkomandi aðilum gefst færi á að eignast hlut í þeim."

Svo mörg voru þau orð þá, virðulegi forseti.

Ekki reyndist mikið hald í þessum yfirlýsingum frekar en ýmsum sem gefnar hafa verið þegar þessi ríkisstjórn hefur verið að breyta rekstrarformi fyrirtækja í eigu almennings. Þá hafa verið gefin fögur fyrirheit, m.a. á þá leið að verið sé að bregðast við breyttum aðstæðum með hagsmuni viðkomandi fyrirtækja í huga og má í því sambandi vísa til þess þegar verið var að „háeffa" Póst og síma fyrir skemmstu.

Það er sannarlega gagnrýnisvert, herra forseti, hvernig þetta mál kemur til meðferðar í þinginu og hafa aðrir ræðumenn gert svipaðar athugasemdir. Málið er lagt fram 30. nóvember, kemur til umræðu 3. desember. Það er afgreitt til nefndar 6. desember og það er auglýst í fjölmiðlum í dag að salan eigi að fara fram 15.–17. desember. Það er gott að geta verið svona viss um mátt sinn. Og hæstv. viðskrh. leyfir sér að sýna pirring yfir því að menn skuli bara ekki leyfa þessum hugmyndum hans að renna ljúflega niður með desemberkakóinu og nýbökuðum piparkökum. Það er bara eins og það sé varla að nokkru að hyggja, þetta sé allt saman nokkuð sjálfgefið og einfalt. Hér er verið að tala um sölu á eignum sem eru metnar á 6 milljarða króna og það á bara að drífa þetta af eins og verið sé að selja tyggjókúlur.

Herra forseti. Er það ekki einmitt við svona málsmeðferð sem rétt er að menn staldri örlítið við og velti því fyrir sér hvernig samskiptum löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins er háttað? Framganga af þessu tagi einkennist af lítilli virðingu fyrir hv. Alþingi. Og það er kannski ekki úr vegi að minna hæstv. ríkisstjórn á að Alþingi er löggjafarsamkunda þjóðarinnar en ekki þjónustustofnun framkvæmdarvaldsins sem hefur það hlutverk að stimpla pappíra eftir óskum hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Það er líka umhugsunarvert að nú skuli hæstv. viðskrh. hlaupa upp til handa og fóta með þessum hætti rétt fyrir jól og egna fólk út á markaðinn þegar það er veikt fyrir vegna þess kaupæðis sem stendur yfir á þessum tíma árs fyrir tilstuðlan markaðsaflanna í samfélaginu. Mér finnst ábyrgðarhluti, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli demba sér með 6 milljarða eignarhlut í bönkum út á markaðinn og ala á þeirri hysteríu sem þar fer í gang alla jafna rétt fyrir áramót vegna brýninga fjármálastofnana og auglýsingaskrums um skattafslátt handa viðskiptavinum sínum.

Þrátt fyrir að hæstv. ráðherra hafi uppgötvað allt í einu að nú eru að koma jól og áramót, ber það vott um hrokafulla afstöðu til hv. Alþingis að hann skuli svo viss um að hann geti fengið Alþingi fyrirhafnarlaust með sér í þann leik að kynda undir sölu hlutabréfa í einhverju mesta óðagoti sem ríkir í samfélaginu og taka gagnrýnislaust undir með honum í auglýsingafrasanum „gefið sparnað í jólagjöf". Herra forseti. Væri ekki hægt að framkvæma sölu af þessu tagi á einhvern smekklegri hátt, með örlítið meiri virðingu fyrir fólki en hér virðist vera höfð að leiðarljósi?

Það þarf auðvitað ekki að koma neinum á óvart að engar ráðstafanir skuli vera gerðar til að tryggja dreifða eignaraðild í bönkunum við þessa sölu, jafnvel þó að í athugasemdum sem frv. fylgja sé talað um að hlutabréfin verði seld í dreifðri sölu og leggja skuli áherslu á dreifða eignaraðild. Hvað þýðir þetta, virðulegur forseti? Jú, það á að selja mörgum — voða mörgum, eins og þegar nýja hlutafélagið var boðið út á sínum tíma — en það er ekki gerð nokkur einasta tilraun til að hafa áhrif á það hvað síðan gerist á hinum frjálsa fjármagnsmarkaði eftir að hlutabréfin hafa einu seinni verið seld. Það er vissulega í fullu samræmi við stefnu Framsfl. í þessum málum, að ekki sé nú talað um málflutning hæstv. viðskrh. að undanförnu sem setur allt sitt traust á markaðinn og telur að hann skuli einfaldlega ráða framtíð fyrirtækja af þessu tagi, samanber söluna á Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem ætti að vera öllum hæstv. ráðherrum í fersku minni, svo ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja hver tilgangurinn sé með yfirlýsingum af þessu tagi því tæplega verða bréfin seld með kvöðum þess efnis að menn skuli eiga þau um aldur og ævi. Ekki færi það nú sérlega vel saman við það markmið að auka verðgildi eignarhluta ríkisins í bönkunum, eða hvað? Það er nákvæmlega ekkert í tali hæstv. viðskrh. sem kemur að haldi varðandi dreifða eignaraðild. Og reynslan sýnir okkur að hjá stórum hluta þeirra sem kaupa bréfin, staldra þau afar stutt við. Þess vegna segi ég, herra forseti, að það er holur hljómur í því tali að tryggð skuli dreifð eignaraðild. Það er ekkert gert til að fylgja því eftir.

Í þessu sambandi vil ég minna á 6. mál þingsins, frv. til laga um dreifða eignaraðild að bönkum og sparisjóðum, sem flutt er af tveim hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þar eru lagðar fram vandlega útfærðar tillögur um hvernig megi tryggja dreifða eignaraðild að slíkum fyrirtækjum. Þetta mál hefur legið fyrir síðan 4. október sl. og verið til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. síðan 15. október. Ef stjórnarliðar meintu eitthvað með því sem þeir hafa sagt um dreifða eignaraðild, þá væri þetta frv. líklega komið til afgreiðslu, herra forseti, eða hvað?

Hæstv. viðskrh. hefur bent okkur á að þessi aðgerð sem er hér til umræðu sé í anda stefnuyfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar þótt tímasetningin stangist á við gefin loforð sem rifjuð voru upp í upphafi máls míns. Og nú á að halda áfram á þessari braut án þess að menn lyfti svo mikið sem litla fingri til að setja reglur um hámarkseignarhlut einstaklinga eða tengdra eða skyldra aðila. Markaðurinn á bara að sjá um þetta. Mögulega kemur það svo á daginn á endanum, herra forseti, að bitinn smellpassi á ginið á kolbrabbanum eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um áðan.

Herra forseti. Það er viðurkennd staðreynd að íslenski hlutabréfamarkaðurinn er dálítið frábrugðinn því sem gerist víða erlendis, m.a. vegna þess að hann er lítill, viðkvæmur og hann hefur ekki slitið barnsskónum. Um þetta deilum við ekki. En setjum svo að menn beri umhyggju fyrir þessum vaxandi markaði og ætli honum að ná þroska svo hann plumi sig í framtíðinni sem fullburða ungur markaður sem mark er takandi á, sterkur í smæð sinni, fær um að standa undir þeirri ábyrgð sem á herðar hans er lögð, þá er rétt að huga vel að þeim skrefum sem tekin eru á því mótunarskeiði sem nú stendur yfir. Sá stíll sem hæstv. viðskrh. beitir við þessa sölu, þær aðferðir sem eru viðhafðar, eru langt frá því að vera til þess fallnar að auka reisn og ábyrgð markaðarins eða virðingu neytenda fyrir honum. Ef einhver á að bera ábyrgð á því að markaðnum og þeim sem sækja eitthvað til hans farnist vel, þá er það ekki síst hæstv. viðskrh. Það er hann sem ber ábyrgð á því hvernig eignarhlutur í ríkisbönkum er markaðssettur. Þar af leiðandi er hann að hluta til líka ábyrgur fyrir viðtökum neytenda.

Herra forseti. Að mínu mati er hægt að fara að slíkum hlutum á fágaðan og yfirvegaðan hátt. En það er líka hægt að skilja alla fágun eftir heima og rótast af stað með hamagangi og látum og æsa fólk til hlutafjárkaupa til hægri og vinstri þannig að allir fái á tilfinninguna að þeir verði að æða af

stað og fylgja straumnum svo að ástandið minnir á köflum einna helst á kapphlaup landnemanna um bestu landskikana í Oklahoma og á fleiri svæðum villta vestursins. Ástand af þessu tagi er ekki til fyrirmyndar, herra forseti, og það er á ábyrgð hæstv. viðskrh. að hafa áhrif á það.

Í athugasemd hæstv. viðskrh. um ástæður þess að ráðist er í þessa sölu nú með því offorsi sem ég hef áður lýst, segir, með leyfi forseta:

„Hagstætt árferði á hlutabréfamarkaði gerir það að verkum að ástæða er til að tryggja framangreinda dreifingu hlutafjárins nú þegar. Með dreifðri sölu til almennings í hlutafélagabönkunum tveimur er hvatt til aukins sparnaðar heimilanna, hlutabréfamarkaður efldur og verðmyndun hlutabréfa í bönkunum treyst. Almenningi gefst jafnframt kostur á að nýta sér kaup hlutabréfa í bönkunum til skattafsláttar í samræmi við reglur ríkisskattstjóra."

Síðan segir að verði frumvarpið að lögum á haustþingi verði ráðist í söluna nú strax fyrir áramót.

Hvetja til aukins sparnaðar heimilanna, herra forseti. Auðvitað stansaði maður við þessa yfirlýsingu í athugasemdum hæstv. ráðherra. Ég fór satt að segja að efast um minni mitt svo að ég ákvað að líta yfir það hvernig útboð hlutafjár í bönkunum hefði þróast á síðasta ári, 1998. Þá kemur það í ljós sem mig minnti að t.d. þegar boðið var út hlutafé í Búnaðarbankanum var slagurinn um kennitölurnar svo harður að Landsbankinn auglýsti sérstaklega að í öllum útibúum Landsbankans og Landsbréfa væri hægt að skrifa sig fyrir hlutafé og fá hjá bankanum sérstök hlutabréfalán til að kaupa bréf í Búnaðarbankanum. Fjármálastofnanir landsins buðu svo hver annarri betra gengi til að kaupa hlutabréfin af almenningi, jafnharðan og þau voru runnin úr greipum hins opinbera. Enda er það nú svo að hluthöfum í Landsbanka, Búnaðarbanka og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefur fækkað með ótrúlegum hraða. Þeir voru 116 þús. þegar salan fór fram en voru orðnir tæp 40 þús. í lok október. Hverjar voru afleiðingarnar? Skuldir heimilanna jukust um 54 milljarða á árinu 1998, m.a. vegna hlutabréfakaupa, og voru skuldir 136% af ráðstöfunartekjum heimilanna árið 1997. Já, herra forseti. Fjölskyldurnar í landinu eiga lífsgæði sín undir bönkunum og rúmum lántökuheimildum þeirra á feitum vöxtum. Þannig er nú veruleikinn í þessum efnum. Fagurgalinn um hagnaðinn og skattafsláttinn hefur nefnilega þessa hlið á sér líka. Fólk skuldsetur sig langt umfram greiðslugetu til þess að geta keypt hlutabréf í stressi rétt fyrir jól og fengið skattafslátt en hefur enga tryggingu fyrir því að það borgi sig að taka þessi lán þegar öllu er á botninn hvolft. Og, herra forseti, það kemur að skuldadögum á heimilum þessa lands.

Nú kunna margir að segja sem svo að það sé ekki í verkahring hv. þm. eða hæstv. ráðherra að hafa vit fyrir fólki. En mér finnst vægast sagt hæpið að klæða þennan gjörning í þann búning að verið sé að vinna að því að auka sparnað heimilanna án þess að gera grein fyrir öllum hliðum þess máls. Það eykur heildarsparnað í landinu varla ýkja mikið að taka lán til þess að spara það sem maður fær lánað, eða hvað? Ætli skuldir heimilanna séu nú beinlínis með þeim hætti að á þær sé bætandi? Fyrstu níu mánuði ársins 1998 jukust þær um 12% miðað við sama tíma ársins þar á undan og ekki nóg með það, á sama tíma minnkaði sparnaður heimilanna en einkaneyslan jókst um 10%. Þessar tölur tala skýru máli, herra forseti, og ég verð að segja að alveg eins og er að þessar staðreyndir benda ekki beinlínis í þá átt að leikflétta hæstv. viðskrh. varðandi sparnað heimilanna með hlutabréfakaupum muni ganga upp.

Hæstv. viðskrh. sagði þegar Búnaðarbankanum og Landsbankanum var breytt í hlutafélög 1997 að hagsmunir viðskiptabankanna væru prýðilega tryggðir eftir sem áður. Mig langar að ræða þennan þátt málsins alveg sérstaklega út frá atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Þá er fyrst að geta þess að það er greinilega stefna hæstv. ríkisstjórnar að selja allan eignarhlut sinn í þessum bönkum enda segir í athugasemdum við það frv. sem hér er til umræðu að ekki liggi fyrir hvernig ríkið hyggist selja afganginn af bönkunum. Ekki er talað um hvort heldur hvernig þeir verði seldir fyrir fullt og allt. Í ljósi reynslunnar er ekki mikið gefandi fyrir yfirlýsingar um að ekki standi til að selja meira en tilteknar prósentur, það liggur fyrir að þetta er stefna hæstv. ríkisstjórnar.

Sama ríkisstjórn, með sömu ráðherrum, segist á sama tíma hafa gríðarlegar áhyggjur af byggðaþróuninni og atvinnulífi hinna dreifðu byggða. Skýrsla eftir skýrslu sýnir okkur að á mörgum svæðum er byggðin orðin svo brothætt að hún þolir bókstaflega ekki frekari fækkun. Ekki þarf að rekja það fyrir hv. þm. að mörg fyrirtæki, sem eru burðarásar atvinnulífs í sínum byggðum, hafa átt í erfiðleikum að undanförnu af ýmsum tilteknum ástæðum, fyrrgreindum ástæðum. Hvernig verður staða þessara fyrirtækja og atvinnulífsins í byggðunum þegar bankarnir verða komnir í hreina einkaeign? Ég held að það sé a.m.k. einnar messu virði að velta því dálítið fyrir sér. Hvað þýðir það þegar ákvöxtun fjármagnsins og mögulegur arður eigendanna verður orðinn æðsta boðorðið við stjórn bankanna? Það er ekki líklegt að það auki á tilfinningu bankanna eða eigenda þeirra fyrir þörfum hinna dreifðu byggða. Hvaða skyldur hafa fjármagnseigendur við byggðarlögin eða við landsmenn yfirleitt? Hluthafar munu gera þá kröfu að eignarhlutur þeirra vaxi að verðgildi og það kemur til með að stjórna gerðum bankanna, nákvæmlega það og ekkert annað. Það verður ekki um sanngirni að ræða í ljósi aðstæðna. Bankarnir munu enn þá síður en áður taka áhættu í útlánum, þeir munu að öllum líkindum gera enn meiri kröfur um veð og tryggingar en ríkisbankarnir hafa gert til dagsins í dag. Við höfum reyndar fengið forsmekkinn af þessu, herra forseti, þegar bankastjóri í Reykjavík neitaði konu vestur á fjörðum um lán á þeirri forsendu að húseignin hennar væri harla lítils virði og sendi henni til sannindamerkis útskrift af fréttavef Vísis þar sem var sagt frá lágu fasteignaverði í heimabyggð hennar. Málið er ekki flóknara en það, herra forseti, að bankastjórinn gaf ekkert fyrir veð í þessu húsi af því að það var niðurkomið í byggðarlagi sem átti í erfiðleikum. Dæmdi bara staðinn úr leik með einu pennastriki og konuna ekki borgunarmann fyrir skuldum, þó er hún dæmd til að borga fasteignagjöld sambærileg við það sem hún þyrfti að greiða væri húsið hennar byggt í Suðurhlíðum Kópavogs.

Við skulum átta okkur á því, herra forseti, hvað það þýðir að binda enda á lýðræðislega stjórn þessara mikilvægu stofnana sem bankarnir eru. Það gæti þýtt að arðsemiskrafa yfirskyggði alla samúð og ekki verði lengur svigrúm til að taka ákvarðanir af því tagi sem ríkisbankarnir hafa gert hingað til af pólitískum ástæðum að leggja sitt af mörkum við að efla byggð í landinu. Hvað ætla menn þá að gera þegar ekki verður lengur neitt svigrúm fyrir samúð? Á kannski að vísa á Byggðastofnun sem er á góðri leið með að hverfa ofan í eina af skúffunum hjá hæstv. iðn.- og viðskrh.? Það verður tæpast á vísan að róa ef hæstv. ráðherra fær einhverju ráðið.

Sú markaðsvæðing sem hér er verið að hamast við er stórhættuleg fyrir byggðaþróun í landinu. Það er vitað mál að dreifbýlið mun lengi enn standa lakar að vígi þegar kemur að því að útvega fjármagn til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Ef markaðurinn á að verða einráður á því sviði held ég að við getum hætt að tala um að styrkja byggð í landinu. Það væri líka miklu heiðarlegra ef menn hafa virkilega þá framtíðarsýn að markaðurinn skuli ráða öllu, bæði lifandi og dauðu. Ég sé ekki fyrir mér að risastórir ópersónulegir einkabankar með arðsemiskröfuna eina að leiðarljósi muni leggja eitthvað af mörkum þegar við kveða neyðaróp á borð þau sem nú heyrast frá hinu dreifðu byggðum. Hvaða arðsemisvon sjá fjármagnseigendur að óbreyttu í Breiðdalsvík, Þingeyri, Flateyri, Hrísey, Ólafsfirði? Ætli þessir staðir mundu eiga von á mikilli fyrirgreiðslu hjá bönkunum þegar allt kapp verður lagt á að ávaxta fé hluthafanna? Ég leyfi mér að efast. Er ekki miklu líklegra að slíkir bankar muni keppast við að draga svo mjög úr áhættu í útlánastarfsemi sinni að þeir geti boðið hagstæð lánakjör þeim viðskiptavinum sem þeir hafa mest viðskipti við, t.d. stórar verslanakeðjur sem eru í endurfjárfestingarhugleiðingum í Reykjavík, eða áhugafjárfesta um stóriðju á Reyðarfirði, enda verða þeir í samkeppni við erlendar fjármálastofnanir um þau viðskipti?

Eitt af því sem nefnt hefur verið til sögunnar til stuðnings þessari sölu er að hún dragi úr þenslu í efnahagslífinu. Ég held að það sé vægt til orða tekið, herra forseti, þó að ég segi að mikil óvissa sé á ferðum. Má í því sambandi vísa til þeirra tölulegu staðreynda sem ég nefndi áðan varðandi þróunina eftir fyrri einkavæðingaraðgerðir á þessu sviði. Það er nákvæmlega ekkert sem segir að þróunin nú verði ekki með sama hætti og áður. Þegar hluthöfunum fækkar um tvo þriðju á jafnskömmum tíma er það væntanlega fyrir það að menn bíða ekki boðanna og innleysa strax hagnaðinn af hlutabréfakaupunum sínum. Þegar gengið á hlutabréfum í bönkunum hækkar til mikilla muna og þau eru komin í eigu almennings liggur í hlutarins eðli að fólk selur bréfin fljótt og hirðir mismuninn. Þar með er það fjármagn komið í umferð á nýjan leik og þá verður nú lítið um tilraunir til að draga úr þenslunni, einkum og sér í lagi þegar það eru fjármálastofnanirnar sjálfar sem eru að kaupa bréf hver í annarri af almenningi sem í einfeldni sinni og von um einhvern aukaskilding í budduna einhverja stutta stund tók þátt í hlutafjárútboðinu.

Út af fyrir sig er nokkuð kyndugt hvað hæstv. viðskrh. er lítt banginn við að segja okkur hvað þessi einkavæðing muni nú hafa í alla staði góð áhrif á þjóðarbúið án þess að fyrir því sé nokkur einasta vissa, ekki síst í ljósi þess að sami hæstv. ráðherra stóð í þessum sama ræðustóli fyrir fáeinum dögum og lýsti því fyrir okkur að það væri alveg útilokað að spá í hvað gerðist á árinu 2000, m.a. vegna þess að það væru svo margir dagar í því, einir 365, en það er víst búið að hrella hann með því að hann hafi ekki haft alveg rétt fyrir sér þar, það er víst hlaupár á næsta ári. Óvissan um þetta mál sem hér um ræðir er þá jafnmikil eða svo mikil sem því nemur.

Herra forseti. Þegar það liggur fyrir að hér er ekkert í hendi varðandi aukinn sparnað heimilanna og minni þenslu í efnahagslífinu er eðlilegt að velta því fyrir sér hverjar séu hinar raunverulegu ástæður þess að ráðist er í þessa sölu einmitt núna. Hæstv. viðskrh. leggur mikla áherslu á að hafa bankana skráða á Verðbréfaþinginu og telur það nú þegar hafa haft afskaplega góð áhrif á rekstur þeirra. Það hafi verið svo gott aðhald fyrir stjórnendur bankanna að fá álit markaðarins á hverjum degi í gegnum gengi hlutabréfa í bönkunum og árangurinn sjáist greinilega í batnandi afkomu bankanna. Samt sem áður hef ég á tilfinningunni, herra forseti, að hér sé ekki síst verið að selja eignir til að laga greiðslujöfnuð ríkissjóðs enda eru útgjaldaskýin heldur betur farin að skyggja á sólskinsfjárlögin sem lögð voru fram fyrir yfirstandandi ár. Það skyldi þó aldrei vera að milljarðarnir sex sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ná inn með þessari einkavæðingu kæmu sér vel til að vega á móti útgjaldaaukningunni sem hefur skapraunað hæstv. fjmrh. svo mjög að undanförnu?

Herra forseti. Hér er allt of mörgum spurningum ósvarað, allt of mikil óvissa ríkjandi og allt of mikil fljótaskrift á hlutunum. Er ekki hyggilegra að ganga hægt um gleðinnar dyr og gá að sér, skoða allar hliðar málsins og vega hagsmuni ólíkra aðila sem hlut eiga að máli?

[21:14]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hefur átt sér stað í dag hefur heldur betur leitt í ljós að það sem við þingmenn Frjálslynda flokksins vorum að mælast í þeirri þáltill. sem við dreifðum í morgun á fullan rétt á sér. Málflutningurinn í dag hefur heldur betur styrkt að sú þáltill. væri í raun og veru mál sem þingheimur ætti að samþykkja og taka sér smátíma í að hugleiða hver væri framtíð bankastofnana hér á landi og hvaða skref ætti þar að stíga.

Ég vék að því í fyrri ræðu minni að það væri meira en sjálfsagt að skoða þann möguleika fyrir hönd eiganda bankanna, íslensku þjóðarinnar, að sameina Landsbanka og Búnaðarbanka og alla vega væri þá verið að horfa til þess að þjóðin fengi hámarksverð fyrir eign sína. Þetta er sú stefna sem var m.a. lýst af hæstv. forsrh. á síðasta sumri þegar rætt var um söluna á FBA. Mér finnst að umræðan í dag hafi leitt það í ljós að það væri virkilegt gæfuspor fyrir hæstv. viðskrh. og ríkisstjórnina að staldra við, endurmeta hlutina og gefa sér tíma til þess að skoða hvað er best í málinu. Er það endilega víst að það séu bestu skref framtíðarinnar að leggja niður þá stefnu, sem hér hefur verið undanfarna áratugi, að ríkissjóður eigi banka?

Ég lýsti því í fyrri ræðu minni að það hefði einfaldlega verið þannig að oft og tíðum hefðu komið upp þær aðstæður í okkar þjóðfélagi að undirstöðuatvinnuvegur okkar hefur þurft á aðstoð að halda, t.d. niðursveiflur í sjávarútvegi sem menn höfðu ekki reiknað með, erfitt tíðarfar eða minnkandi aflabrögð. Sú aðstoð var hér á árum áður iðulega veitt í gegnum Fiskveiðasjóð sem var að stærstum hluta forveri núverandi Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að því er eignir varðar þegar fjárfestingarsjóðirnir voru sameinaðir. Ég er enn þá á þeirri skoðun, og hún hefur styrkst hér við umræðuna í dag, að það sé eðlilegt, sjálfsagt og skynsamlegt að staldra við og meta hlutina upp á nýtt.

Því hefur verið haldið hér fram að eðlilegt væri miðað við það frv. sem hér hefur verið mælt fyrir að drífa þetta af. Ég held ég hafi heyrt það rétt að viðskrh. sagði eitthvað á þá leið að það væri ekki sjálfgefið að umræða eins og sú sem hér hefur farið fram eða slíkar hugleiðingar um það að einkavæða, þó eigi væri nema með því að selja hluta af bönkunum, ætti að standa lengi því að það gæti líka ruglað ýmislegt í hinu viðskiptalega umhverfi. Mér sýnist á fréttum og viðtölum við menn sem starfa í bankastofnunum og eru þar í fyrirsvari, stjórnarformenn og bankastjóra, að það sé einmitt það sem hafi gerst. Þess vegna held ég að það sé

enn frekar tilefni til þess að staldra við og skoða hlutina betur, skoða það vandlega hvernig þjóðin fær sem mesta fjármuni fyrir eign sína ef það verður endanleg niðurstaða ríkisstjórnarinnar að selja hluta eða stefna að enn frekari einkavæðingu með því að selja bankana alfarið, sem ég reyndar lýsti hér í fyrri ræðu minni í dag að væri e.t.v. ekki góður kostur. Ég sagði að það væri e.t.v. ekki góður kostur ef hér væri enginn banki sem ríkið hefði yfirráð yfir að meiri hluta. Það hefur ekkert í umræðunni í dag dregið úr þeirri skoðun minni að skynsamlegt sé að staldra við, skynsamlegt að skoða málin upp á nýtt, skynsamlegt að semja reglur um það hvernig tryggja eigi dreifða eignaraðild og skynsamlegt sé að velta því yfirleitt fyrir sér hvort það sé hið mesta happaspor fyrir íslenska þjóð að ríkissjóður eigi ekki ráðandi hlut í bankastofnun, sem væri þó öflug.

Það hefur komið fram í umræðum í dag að þegar upp hafa komið mikil skakkaföll í atvinnurekstri og atvinnulífi annarra landa, t.d. Noregi, þá hefur ríkið þurft að hlaupa undir bagga með einkabönkum og taka á sig byrðar með því að tryggja að bankakerfið héldi velli og væri starfshæft. Mér er sem ég sjái þá stöðu sem kæmi upp í íslensku þjóðfélagi ef þannig áraði að loðnan brygðist t.d. í vetur, ofan í lélega síldarvertíð, ofan í lélega loðnuvertíð, ég tala nú ekki um ef það gengi eftir sem haft hefur verið eftir okkar bestu fiskimönnum í blöðum nýverið, að sennilega hafi þorskhrotan synt hjá. Ég sá það síðast í Morgunblaðinu í gær að þar var viðtal við skipstjórann á aflaskipinu Arnari frá Skagaströnd þar sem hann lýsti þeirri skoðun skipstjórnarmanna, margra hverra, að þorskhrotan væri synt hjá og að sá toppur sem menn hefðu verið að búast við að yrði hér áfram, virtist ekki vera til staðar. Það skyldi nú ekki vera að við værum hægt og rólega að lenda í niðursveiflu? Alla vega hefur forustumaður útgerðarmanna, Kristján Ragnarsson, séð ástæðu til þess að vara við því hvaða staða væri að koma upp hjá sumum útgerðaraðilum og fiskvinnsluaðilum, sérstaklega þeim sem hafa verið í uppsjávarfiski. Að mínu viti getur því margt orðið til þess að skynsamlegt sé að hafa eignarhald bankastofnana á hendi ríkisins.

Ég var reyndar þeirrar skoðunar, og er reyndar enn, að Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hefði ekki átt að einkavæða með þeim hætti sem gert var. Þar hefði í raun og veru átt að vera sá ventill sem hefði getað tekið við og hjálpað upp á eins og gert var í hinum gamla Fiskveiðasjóði þegar viðkomubrestur eða aflabrestur átti sér stað í fiskstofnum okkar og tekjur minnkuðu eða einstakir hlutar útgerðarinnar — sem betur fer voru það nú sjaldnast allir í einu — lentu í miklum skakkaföllum. En nú hefur hins vegar verið stigið það skref endanlega af hálfu ríkisins að einkavæða Fjárfestingarbankann svo þar verður nú varla aftur snúið í bráð, nema ef svo illa skyldi fara, sem ég ætla vissulega að vonast til að verði ekki, að við fengjum slíka niðursveiflu að ríkið neyddist til að koma að málum, eins og reyndar hefur gerst í öðrum löndum.

Þess vegna tel ég enn frekar að rétt sé að staldra við — ég ítreka það enn og aftur — og velta þeim möguleika fyrir sér hvort ekki sé rétt að meta málin algjörlega upp á nýtt — ég endurtek það — meta málin upp á nýtt, skoða raunverulega hvort ástæða er til þess að ganga fram með þeim hætti sem hér er lagt upp með. Mér finnst líka algjörlega óeðlilegur sá flýtir sem ætlast er til að sé á þessu máli. Hér er komið inn með frv. fyrir örfáum dögum og það er ætlast til þess að það verði keyrt hér í gegn og afgreitt með ótrúlegum hraða. Þetta mál er þannig vaxið að hér eru menn að leggja upp með ákveðna stefnu og framkvæma ákveðna stefnu sem er hluti af einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar og í þessu tiltekna máli, sölu bankanna, tel ég að menn ættu að flýta sér hægt, jafnvel þó að hér sé aðeins verið að tala um að selja 15% í hvorum banka.

Ég ætla ekki að teygja þessa umræðu neitt mjög lengi, en ég legg enn og aftur áherslu á að það sem ég hef heyrt hér á máli manna í dag hefur enn frekar styrkt þá skoðun mína að menn eigi að flýta sér hægt og staldra við. Ég nefndi það í fyrri ræðu minni í dag, og beindi þeim orðum til forseta, hvort hugsanlegt væri að við flutningsmenn þáltill. um að Alþingi ályktí að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að sameina ríkisbankana áður en til sölu kemur og tryggja þjóðinni þar með hámarksafrakstur af eign sinni, fengjum að mæla fyrir þessari tillögu. Ég hef nú ekki heyrt nein viðbrögð við því en mér finnst þetta vera hluti af þessu máli. Það hefði verið eðlilegt að við fengjum að mæla fyrir tillögunni, sérstaklega ef það yrði nú fundur í efh.- og viðskn. áður en að það mál sem nú er til umræðu færi í 3. umr. og afgreiðslu. En tillagan er samt þannig vaxin og orðuð að hún heldur gildi sínu jafnvel þó að menn framkvæmi það sem hér er sóst eftir í frumvarpsformi, þ.e. að selja þessi 15%. Það er samt ekki búið að ráðstafa eignarhaldi ríkisins því að ríkið ræður báðum bönkunum og tillagan heldur gildi sínu eftir sem áður. Ég vonast til að menn staldri við, a.m.k. ef svo fer sem mestar líkur eru á, að menn afgreiði þetta mál með meiri hluta stjórnarflokkanna, að samt sem áður verði tekið vel í þá till. okkar til þál. að staldra við eftir að eignaraðild ríkisins er orðin 72% í bönkunum og skoða framtíðina. Þetta vildi ég ítreka hér.

Ég veit ekki nákvæmlega hvenær við fáum að mæla fyrir þessari þáltill. og kannski verður það ekki í þeim hasar og tímapressu sem virðist stefna í fyrir jól. En ég hef heyrt það á máli manna að sumir hv. þm. hafa tekið undir þessi sjónarmið okkar úr þessum ræðustól í dag, og vil þakka fyrir það. Ég held að þessi tillaga sé hógvær og skynsamleg og vonast til þess að þegar hún loksins kemur til umræðu þá verði henni vel tekið.

Ég ætla að ljúka þessu máli mínu nú með því að ítreka enn á ný að ég tel að sá flýtir sem er á þessu máli sé ekki neitt gæfuspor. Það væri að öllu leyti betra ef menn hefðu staldrað við og leyft málinu að hafa eðlilegan aðdraganda, að fá eðlilega málsmeðferð og ekki í þeirri tímapressu sem hér hefur verið sett upp við afgreiðslu þessa máls.

[21:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, sérstaklega hvað varðar meðferð á þeirri þáltill. sem þingmenn Frjálslynda flokksins hafa lagt fram. Ég held að það sé ljóst að öll efni standa til þess að hún fái hér einhverja meðhöndlun í tengslum við þetta mál. Æskilegast hefði að sjálfsögðu verið að hægt hefði verið að mæla fyrir henni og ræða hana og hún hefði mátt vera hér til umfjöllunar samhliða þessu máli, ganga til efh.- og viðskn. og vera hluti af þeim pakka sem þessu tengist. En þar bíður jú eitt frv. afgreiðslu sem auðvitað hefði átt að vera til afgreiðslu út úr þinginu á undan þessu máli en ekki á eftir. Það er bagalegt að Alþingi fær ekki kost á því að taka efnislega afstöðu til þessara hluta áður en heimildir eru veittar til sölu á frekari

eignarhlut í ríkisbönkunum eða fyrrverandi ríkisbönkum að nokkru leyti.

Ég bendi hv. þm. á að einn möguleikinn, sem að mörgu leyti væri eðlilegur, væri að tillagan fengi að koma til efnislegrar umfjöllunar hér með einhverjum hætti. Hana mætti t.d. bera fram sem brtt. við frv. ríkisstjórnarinnar við 3. umr. og þá þannig að heimildin yrði skilyrt, söluheimildin yrði skilyrt við að á undan hefði farið vönduð úttekt á þeim kosti að sameina ríkisviðskiptabankana áður en til sölu kemur. Út á það gengur tillagan jú, að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að sameina ríkisbankana áður en til sölu þeirra kemur eins og frv. viðskrh. gerir ráð fyrir.

Vilji Alþingi láta skoða þennan kost málsins að óbreyttum aðstæðum þá þarf að ákveða það nú. Þá þarf að mæla fyrir um það og setja ríkisstjórninni það fyrir verkum. Það er auðvitað einn möguleikinn af nokkrum til að knýja fram viðhorf alþingismanna til þessa, fáist efh.- og viðskn. ekki til þess að funda milli umræðna og taka málið fyrir. Mér er að vísu kunnugt um að það mun vera fundur í efh.- og viðskn. í fyrramálið. Þá væri einn möguleikinn sá að nefndin tæki þessa hluti til umfjöllunar og skoðaði þann kost að afgreiða þessi mál að einhverju leyti samsíða.

Það er að vísu ekki góður svipur á því, herra forseti, að menn mismuni svo augljóslega sem hér á að fara að gera, þingmálum eftir því hvernig þau eru ættuð. Þó er það hér á ferðinni, a.m.k. hvað það varðar að efh.- og viðskn. hefur ekki fengist til að afgreiða frv. sem við höfum flutt, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, um dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum. Nefndin hefur þó haft til þess allmargar vikur og um skeið, að ég hygg, allar upplýsingar sem til hefði þurft.

Herra forseti. Ég hef áhuga á að ræða aðeins frekar nokkur atriði. Það fyrsta varðar þetta skringilega mál sem hefur að vísu verið leitt til lykta með því að efh.- og viðskn. hefur tekið af skarið. Spurningin var um hvernig ætti að meðhöndla þessar tvær ólíku heimildir, annars vegar 35% heimild til hlutafjáraukningar og hins vegar 15% heimild sem nú er verið að afla til beinnar sölu á sambærilegum hlut af eign ríkisins í bönkunum. Ég gerði þetta að umtalsefni við 1. umr. og spurði hæstv. ráðherra um þetta með beinni spurningu. Orðaskipti okkar voru að vísu kannski ekki að öllu leyti til þess fallin að upplýsa um málin af yfirvegun. Ég spurði þó hæstv. ráðherra þeirrar spurningar alveg beint og hygg að ég hafi í ræðu minni fyrstur manna vakið athygli á þessum hluta málsins: Hvernig ber að túlka þessa viðbótarheimild sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að sækja, þessi 15%? Ber að líta svo á að hún komi til viðbótar 35% heimildinni um hlutafjárútboð sem fyrir er þannig að ef þetta legðist saman gæti um helmingur af bönkunum orðið í eigu annarra en ríkisins? Ef minni mitt svíkur ekki, upp á því má fletta þegar umræðan liggur öll fyrir, þá staðfesti hæstv. ráðherra að í raun legði hann þann skilning í málið. Ég hygg þó að hæstv. ráðherra hafi sagt síðar í umræðunni eða í andsvari að þetta væri eitthvað sem hv. efh.- og viðskn. ætti að skoða. Gott og vel. Ég ætla ekki að reyna að hengja menn á þessu en þetta er þó, herra forseti, ákaflega skýr vísbending um hversu hálfköruð og hrá málin voru þegar þau komu hér inn. Þetta atriði lá ekki fyrir og var ekki á hreinu. Það munar nú um minna en það hvort þarna ætti að vera tilhlaup upp á heil 15% í eignarhlut ríkisins. Það er verulegur munur á því að ríkið láti frá sér allt að 35% hlut, sem er að vísu stór og nokkuð umtalsverður ef hann væri í höndum eins eða fárra aðila, eða hinu, að ríkið sleppi þarna frá sér helmingi og sé á þröskuldi þess að lenda í minni hluta í bönkunum.

Efh.- og viðskn. hefur sem sagt útkljáð þetta eins og formaðurinn var svo vingjarnlegur að benda mér á í umræðunni í dag. Því miður, sökum þess hversu framsöguræða formannsins var knöpp í morgun, þá skýrði hann þetta mál ekki, ekki frekar en mörg önnur sem mér hefði fundist að hv. þm., formaður nefndarinnar og frsm. hefði mátt gera. (**VE:** Ég færi nú ekki að tefja framgang stjórnarfrv.) En þetta liggur sem sagt fyrir í nál. og er út af fyrir sig mikilsvert að sé á hreinu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Við meðferð málsins í nefndinni spunnust nokkrar umræður um ákvæði 3. mgr. 6. gr. laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Kemur þar fram að viðskiptaráðherra getur heimilað útboð á nýju hlutafé, en þó megi samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig. Telur meiri hlutinn ljóst að þar er átt við 35% af heildarfjárhæð hlutafjár á hverjum tíma."

Með öðrum orðum ber að draga það frá sem selt verður í beinni sölu og þakið er 35% eignarhlutur af heildarhlutafé í bankanum á hverjum tíma. Gott og vel, málið er skýrt og sögunni lokið þar með. Að þessu leyti a.m.k. hefur efh.- og viðskn. greinilega unnið heimavinnuna sína.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég segja nokkur orð um hið fyrirhugaða útboð. Eins og venjulega smíðar hæstv. ríkisstjórn sér nýjar vinnureglur í þetta sinn eins og endranær þegar krukka á í eignarhlut ríkisins í bönkum eða fjármálastofnunum. Nú er formúlan sú ef ég hef náð að nema þetta rétt, sem að nokkru leyti hefur verið að skýrast í umfjöllun fjölmiðla, að nokkru leyti hér í frammíkalli hæstv. viðskrh. við ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur við 1. umr. og að nokkru leyti í vinnu efh.- og viðskn. eins og fram kemur í nál., að selja á þessi 15% þannig að tveir þriðju verða seldir í áskrift og einn þriðji með svonefndu útboði. Þá hafa menn eðlilega spurt: Hvernig verða reglurnar í þessum efnum, á hvaða gengi verður selt o.s.frv.?

Þá kemur til kasta, herra forseti, svonefndrar framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Það er afar sérstakur félagsskapur hér í bænum sem verið hefur undir forustu Hreins nokkurs Loftssonar lögmanns, sem mun innan skamms taka við stjórnarformennsku í samsteypunni Baugi ef ég hef tekið rétt eftir. Þessi framkvæmdanefnd er afar hátt skrifuð enda skipuð af engum öðrum en sjálfum hæstv. forsrh. Hún á örugglega eftir að verða á spjöldum sögunnar sem ein hin allra merkilegasta nefnd sem lengi hefur uppi verið. En þessi nefnd hefur komist niður á það að leggja til við viðskrh. að bréfin verði seld á undirverði, að þetta verði allt selt á undirverði (**JóhS:** 400 milljónir gefa þeir.) og munar nú um minna því hér eru stórar tölur á ferð. Já, það er rétt sem hér fram kemur. Ef það gengi eftir að gengið yrði ákveðið 7% undir meðalgengi í bönkunum síðustu sjö daga og 9% lægra en meðalgengi bréfanna síðustu 30 daga þá gæti farið svo að 15% eignarhlutur ríkisins, 15% af eign almennings í landinu í þessum bönkum yrði seld 350–400 millj. kr. undir markaðsverði, ef ekki meir því verðið er væntanlega á uppleið vegna væntinganna sem æstar eru upp í kringum þetta mál.

Ég verð að segja, herra forseti, að þetta finnst mér alveg kostuleg niðurstaða hjá hinni göfugu einkavæðingarnefnd. Hvaða skilaboð eru þetta og til hvers eiga þessar aðferðir

að leiða? Jú, að sjálfsögðu er verið að ýta undir þá hugsun að þetta sé öruggur gróði, fyrir fram gefinn hagnaður og í startinu fái menn þetta á undirverði svo nemi fleiri hundruðum milljóna kr. Rökin fyrir því að selja eign ríkisins á þessu undirverði — ég kem ekki auga á þau. Mér skilst helst að fram hafi komið hjá einhverjum að þetta væri vegna þess að svo mikil óvissa ríkti um hvernig ætti að fara með málin í framhaldinu. Það er alveg hárrétt. Kannski er þetta út af fyrir sig sanngirnissjónarmið vegna þess að ríkisstjórnin, sem ræður auðvitað þessu máli í gegnum eignarhaldið á bönkunum, fæst ekki til þess að segja nokkurn hlut um það hvað fram undan er. Þá er auðvitað ákveðin óvissa í kringum það hvers virði þessir hlutir verða á komandi missirum.

Ég held t.d. að í tilviki Búnaðarbankans, ef það á að skilja hann eftir hálfgert uppi á flæðiskeri eins og hæstv. landbrh. hefur áhyggjur af, sé fullkomin ástæða til að hafa áhyggjur af því að þar gætu menn verið að kaupa hlut sem færi niður á við á markaðnum á næstu vikum og mánuðum, vegna þess hvernig ríkisstjórnin ætlar að standa að þessu.

En það er afar sérkennilegt að leggja til að selja þetta á undirverði strax í byrjun. Í ljósi þess að yfir vötnunum svífur sá andi að þetta muni skrúfast upp eins og áður hefur gerst í slíkum tilvikum þá er það enn skrýtnara. Hvernig líta menn út eftir nokkrar vikur ef gengið hækkar svo um 10–15% í framhaldi af þessum aðgerðum, standi þeir frammi fyrir því að hafa selt þetta á margra prósenta undirverði? Mér finnst þetta með ólíkindum, herra forseti, svo ekki sé meira sagt.

Skilmálar og fleira í þeim dúr er auðvitað algjörlega skrifað í skýin. Þingmönnum er ekki ætlað að hafa neitt fast í hendi þegar þeir afgreiða þessar heimildir blankó, eins og áður hefur verið gert, til hæstv. ríkisstjórnar. Svo sjóða menn saman, svona eftir því hvernig hrossakaupin gerast á eyrinni, einhverjar vinnureglur í hvert einstakt skipti. Að þessu stendur hæstv. landbrh. m.a. og er náttúrlega yfirgengilegt að svo vænn drengur skuli láta hafa sig til slíkra verka, sjálfur hagsmunagæslumaður og opinber verndari Búnaðarbankans samanber blaðafréttir. Hann lætur þetta yfir sig ganga, hæstv. landbrh.

Herra forseti. Auðvitað átti að fara þannig í þessi verk að menn settu niður vinnureglur, mótuðu stefnu og hefðu ákveðin markmið í þessum efnum. Þau hefðu þurft að liggja fyrir svo með þau væri ekki hringlað þannig að markmiðin lægju skýr fyrir öllum málsaðilum, almenningi í landinu og hinum heilaga markaði, sem hæstv. ráðherra hefur tekið trú á. Að vísu held ég að hann sé enn þá í þjóðkirkjunni en það er alveg ljóst hvert hans trú stendur. Hún stendur í átt til hins heilaga markaðar og að lúta leiðsögn hans. Ég ætla að hlusta á raddir markaðarins, sagði hæstv. ráðherra fyrr í umræðum um þessi mál og var lotning í röddinni.

Auðvitað eiga sem skýrastar línur að liggja fyrir í þessum efnum. Það er hlálegt fyrir sjálfa markaðssinnana að leggja málin fyrir og fá í einkunn m.a. frá verðbréfafyrirtækjunum að óvissan sem stefnuleysi ríkisstjórnarinnar skapar sé kannski svona 7–9% mínus þegar kemur að því að fara að selja eignarhlut í bönkunum. Það eru rökin fyrir því að láta þetta vaða á svona 350–400 millj. kr. undirverði. Er það hugsjón landbrh. að selja svo að lokum Búnaðarbankann sinn á undirverði? Það er aldeilis reisn yfir því hjá hæstv. landbrh. og fyrrverandi formanni bankaráðs Búnaðarbankans. Mikil ósköp.

Það er að vísu ljótt, herra forseti, að tala svona til hæstv. landbrh. á þessum degi þegar hann hefur skrifað undir samninginn um hrossamiðstöðina sína. Ég veit það. Þar er örugglega glaðst með glöðum af því tilefni. En þetta er dapur dagur í sögu hæstv. landbrh. sem verndara Búnaðarbankans, það er ljóst. Honum er lítill sómi í þeirri frammistöðu allri saman ef eftir gengur. Þá bætir lítið úr fyrir honum forsíðuviðtalið sem hann lét Dag taka við sig í morgun, þar sem hann gengur fram á völlinn sem hinn opinberi verndari Búnaðarbankans. Hygg ég, herra forseti, að þessi dagur muni þó festa á spjöldum sögunnar a.m.k. tvær nafngiftir í þessu bankamáli öllu. Í öðru lagi verndaranafngift hæstv. landbrh. þegar í hlut á Búnaðarbankinn og svo að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hér hefur verið tilnefndur „vinnumaður ársins“ vegna verka sinna fyrir hæstv. ríkisstjórn við að moka málum í gegnum efh.- og viðskn. Dugnaður hans á því sviði hefur löngum verið alkunnur. (**Gripið fram í:** Þetta er sæmdarheiti.) Og er ekkert smásæmdarheiti að vera vinnumaður ríkisstjórnarinnar númer eitt.

Herra forseti. Í þriðja lagi ætlaði ég að minnast á það við hv. þm. Vilhjálm Egilsson að við vonumst til að dugnaður verkamannsins í víngarðinum verði sambærilegur þegar kemur að því að afgreiða frv. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um dreifða eignaraðild að fjármálastofnunum. Og úr því að hv. þm. gat mokað frv. ríkisstjórnarinnar í gegnum nefndina á tveimur, þremur sólarhringum þá ætti ekki að vefjast fyrir honum að afgreiða mál sem nefndin hefur haft margar vikur til að ræða um.

Herra forseti. Mig langar að koma aðeins inn á nokkuð sem ég minntist ekki á í fyrra erindi mínu hér, spurninguna um ráðstöfun söluandvirðis bankanna. Ég hef alltaf gaman af því, herra forseti, þegar menn koma með það sem mikla speki að nú eigi að selja þetta eða hitt, leggja á þennan eða hinn skattinn og svo eigi að ráðstafa því á einn veg eða annan. Menn hafa gengið hér um völlinn og þar á meðal framsóknarmenn, gott ef ekki hæstv. landbrh. hafi látið að þessu liggja á einstökum stöðum á fundum t.d. úti á landi, og sagt að hluta af söluandvirði ríkisbankanna eða annarra ríkisfyrirtækja eigi að ráðstafa sérstaklega í að efla byggð í landinu og landbúnað jafnvel, gera vel við sauðfjárbændur. Er nú mál til komið því að þeir eru að svelta í hel undir hæstv. ríkisstjórn. Hvaða speki er nú þetta? Hvers konar bókhald og hagfræði er nú þetta? Hvað eru sex milljarðar sem fást fyrir sölu á 15% í ríkisviðskiptabönkunum? Jú, fyrir utan að vera 6 þúsund milljónir þá eru það tekjur í ríkissjóð, peningar sem koma í kassann, rúlla inn í kassann uppi á Arnarhóli, nákvæmlega eins og aðrir milljarðar króna sem koma í þann sama kassa. Ég er viss um það að fjmrh. hefur ekki yfirsýn yfir það að halda seðlunum aðgreindum. Hann þekkir ekki í sundur þúsundkallana sem komu inn úr uppgjöri virðisaukaskatts um síðustu eða þarsíðustu mánaðamót, af tekjuskattinum eða sölunni af Fjárfestingarbankanum. Hann getur ekki greint þá frá þúsundköllunum sem eiga að koma inn fyrir áramótin vegna sölunnar á ríkisbönkunum. Mér er ekki kunnugt um að það eigi að fara að deildaskipta ríkissjóði til þess að halda þessum tekjum aðgreindum.

Auðvitað er þetta bara bull, herra forseti, og ekkert annað. Það er verið að rugla fólk í ríminu með svona æfingum. Jú, gott og vel, það koma viðbótartekjur inn í ríkissjóð en þær eru eins og nákvæmlega allar aðrar tekjur þegar þær eru komnar inn í kassann. (**JóhS:** Seðlabankinn á að gera þetta.) Seðlabankinn? Nú. Er það eitthvað önnur fjárvarsla og á að halda sérstaklega utan um þessa peninga? Á að merkja seðlana? Ég hef aldrei heyrt annað eins. Menn geta auðvitað

rætt um að fjárhagur ríkissjóðs blómgist sem þessu nemur en þetta eru bara tekjur í ríkissjóð rétt eins og hvað annað. Það eru engin sérstök efni til að eyrnamerkja eina pólitíska ráðstöfun af þessu fé annarri fremur ef út í það er farið. Þá er verið að drepa hlutunum á dreif.

Ef menn telja ríkissjóð hafa afkomu til að gera betur í byggðamálum, við sauðfjárbændur eða í eitthvað annað þá skulum við líta til heildartekna sem ríkissjóður hefur. Mér er ekki kunnugt um að tekjunum sé haldið þannig flokkuðum þegar í kassann er komið að menn geti bara farið í hann, þekkt í sundur seðlana og sagt: Jú heyrðu, þessi kom inn fyrir Landsbankann, bíddu, þá má setja hann í þetta. Heyrðu, þessi kom inn úr virðisaukaskattinum, þá verðum við að borga laun fyrir hann o.s.frv. Ósköplega er þetta nú barnaleg umræða, herra forseti. Ég held að spurningin sé einfaldlega um það hvaða pólitískur áherslur menn vilja leggja. Ætla menn að selja þessar eignir ríkisins á eina hlið? Af því koma tekjur. Hvernig ætla menn almennt að verja tekjum ríkissjóðs á næsta ári o.s.frv.?

Hitt er svo annað mál að ef menn eru lofandi út um dal og hól, milljarði hér og milljarði þar, þá eiga menn náttúrlega að standa við það. Nema menn eigi sér þá sérstöku hugsjón að gera sjálfa sig að ómerkingum endalaust og ítrekað. Það er athyglisvert, herra forseti, ég hef tekið eftir því og væntanlega fleiri, að það er einhvern veginn þannig með Framsfl. að það er eins og þeir kunni enga tölu nema töluna milljarð. Hún hrýtur ævinlega út úr þeim ef þeir ætla að lofa einhverju fyrir kosningar, þá er það ævinlega milljarður. Það er alveg sama í hvað það er, fíkniefnavarnir, byggðamál eða eitthvað því um líkt, atvinnuuppbygging á landsbyggðinni, milljarður í það. Nú eru menn farnir að spyrja: Hvað varð um þennan eða hinn milljarðinn? Af hverju hefur hann ekki skilað sér? Það hafa orðið miklar rökræður um hvort tiltekinn milljarður í atvinnusköpun á landsbyggðinni hefði skilað sér rétt í gegnum Byggðastofnun eða ekki. Formaður stjórnar Byggðastofnunar lýsti í blaðaviðtölum nú í vikunni eftir hinum dularfulla milljarði sem þar hefði verið lofað.

Herra forseti. Rétt undir lokin væri rétt að minnast á þetta með þensluna og að þessi sala slái á þenslu. Það er ein spekin og önnur meginröksemdin sem ríkisstjórnin smíðaði sér í þessu máli til að selja mönnum það tóbak að þetta yrði að rjúka hér í gegnum þingið, helst í gær, þannig að hægt væri að auglýsa og láta menn skila inn tilboðum 15.–17. desember eins og ég heyrði í kvöldfréttunum að væri búið að ákveða. Þannig er þetta nú, herra forseti. Ríkisstjórnin er búin að gefa það út að þetta verði auglýst og menn geti skilað inn tilboðum dagana 15.–17. desember. Hvað gerðist nú ef þingið tæki sig til og stoppaði málið eða felldi það? Það er greinilega ekki gert ráð fyrir því.

Gjörsamlega án nokkurs minnsta tillits til þess að að nafninu til eigi að heita svo að löggjafarvaldið sé í höndum Alþingis þá er blygðunarlaust sagt: Ríkisstjórnin er búin að ákveða hvernig þetta verður, hvenær málið verður afgreitt, hvenær verður auglýst og hvenær selt og það er ekki til umræðu annað en að það gangi eftir. Gott og vel. Segjum sem svo að þetta gangi nú eftir og segjum að menn selji á undirverði. Það er búið að gylla það alveg sérstaklega fyrir almenningi að þetta eigi að verða jólagjöf og menn eigi að geta glaðst yfir gjöfinni sem þeir fá í viðbót frá ríkisstjórninni, skattfrádrættinum. Svo kemur gjöf númer tvö, að þetta verði bara selt á undirverði. Nokkuð líklegt er að menn hugsi dæmið sem svo: Þetta er bara alveg öruggur gróði, bara gulltryggt og pottþétt. Menn hugsa til fordæmanna frá fyrri útboðum, Búnaðarbanka og Landsbanka og Fjárfestingarbanka og það er ýtt undir það með öllum tiltækum ráðum að þetta sé alveg borðleggjandi, beinn og breiður vegur til gróða að kaupa þessi bréf. Er þá ekki mögulegt að einn og einn maður fari og slái lán? Hugsi sem svo: Nú, ég tek bara lán fyrir þessu. Ég þarf ekki að eiga þetta nema bara í nokkra daga, jafnvel nokkrar vikur. Það er m.a.s. hugsanlegt að menn hreinlega semji við einhvern um að gera þetta fyrir sig, láni þeim kennitölu sína, eins og sagt hefur verið. Þá fer nú að koma smárispa á þessa glansmynd með að slá á þensluna. Þá gæti nefnilega allt í einu komið upp sú hlið að þetta yrði frekar, ef eitthvað er, til að ýta undir útlánaþensluna í landinu. Talsvert fé yrði tekið að láni til þess að kaupa þessa pappíra og þeir yrðu svo keyptir á þessu margfræga undirverði.

Segjum svo að gengið fari upp, a.m.k. í öðrum bankanum, þeim sem miklar væntingar eru um að renni inn í stórsameiningu á næstu dögum. Þá mun það freista margra, og ekki síst þeira sem tóku lán eða þurftu að þjarma að sér til að eiga fyrir útborguninni, að innleysa hagnaðinn strax. Hvenær gæti það gerst? Það gæti t.d. gerst, herra forseti, þegar krítarkortatímabilinu yfir jólin lýkur. Þá mun stundum lækka í pyngjunni á allmörgum íslenskum heimilum þar sem fjárráðin eru kannski ekkert óskapleg, hjá þrautpíndum meðaljóninum sem er að borga einhverja skatta og hefur á sér tekjutengingarnar á fullu o.s.frv. Sá reynir kannski að harka af sér að taka þátt í veislunni af því að það er búið að auglýsa tvöfalda gjöf í fjölmiðlum, skattfrádrátt og undirverð. Svo fær hann VISA-reikningana í hausinn í febrúar og þá innleysir hann hagnaðinn sem kannski er svolítill. Hefur fé þá verið tekið úr umferð? Nei. Fé í umferð hefur verið aukið. Kannski hefur eitthvert fé horfið úr umferð rétt yfir blááramótin en svo er það komið í umferð á nýjan leik og jafnvel aukið fé í umferð strax á nýju ári.

Herra forseti. Ég held að það verði að vara mjög við öllum þessum æfingum. Það er verið að ala upp þann hugsunarhátt í landinu að þetta sé sjálfvirk leið til hagnaðar. Það að kaupa hlutafé sé bara sjálfvirk gróðaaðferð og tiltölulega örugg. Af hverju er þetta ekki gott, herra forseti? Jú, það er ekki gott vegna þess að þetta mun ekki ganga svona endalaust. Það er eins víst og tvisvar tveir eru fjórir í þessu efni að það sem fer upp vill koma niður aftur. Það er augljóst að það munu ekki allir alltaf græða sem veðja á að kaupa hlutabréf á Íslandi. Það hefur hvergi gerst í sögunni, þvert á móti sýnir sagan að mörg stór frávik eru frá því og ýmsir hafa tapað aleigunni og jafnvel heil þjóðfélög farið illa út úr því að veðja á þá hluti.

Í raun, herra forseti, líkja margir hagfræðingar, ekki bara hér á Íslandi þar sem sú umræða hefur nú verið lítil enn þá, en hagfræðingar á alþjóðavettvangi líkja ástandinu núna við blöðru. Það eru skrifaðar lærðar greinar í tímaritum um efnahagsmál og blöðum, sem ræðumaður af undarlegum áhuga á þeim efnum les stundum, um blöðruáhrifin á hlutabréfamarkaðnum, t.d. í Bandaríkjunum. Flestir málsmetandi hagfræðingar eru þar sammála um að í raun og veru séu gengishækkanirnar á undanförnum missirum algjörlega óraunhæfar. Menn greinir á um hvort yfirverðið á bandarískum hlutabréfamarkaði sé 10%, 15–20% eða jafnvel upp í 40% eins og sprenglærðir hagfræðingar og jafnvel nóbelsverðlaunahafar í hagfræði frá fyrri tíð hafa haldið fram.

Þeir sem fylgst hafa með umræðum um þessi mál vita að t.d. þegar efnahagskreppan gekk yfir Asíu varð mikill óró-

leiki í kauphöllum vestanhafs og í Evrópu. Hvers vegna? Jú, vegna þess að allir vita að ástandið er í raun mjög óstöðugt. Þar gera menn sér grein fyrir því að ef gengi fer langt fram úr því sem raunverulegar innstæðar eru fyrir á þessum mörkuðum þá endar það illa. Spurningin er bara hvenær, hvenær skellurinn kemur, hvenær svörtu dagarnir koma. Þeir hafa af undarlegum ástæðum oft haft tilhneigingu til að koma á haustin, mjög oft í október. Við erum að vísu sloppin í gegnum október á Íslandi. Ég, herra forseti, ætla ekki að fara að halda hér úti miklum hræðsluáróðri. Það er ekki heppilegt að stjórnmálamenn geri það. Ef eitthvað er á hlutverk manna að vera að reyna að róa menn en hitt, er mér sagt. Ég get þó ekki annað sagt en að íslenski hlutabréfamarkaðurinn sýni mörg einkenni þess að hann sé orðinn býsna uppspenntur og það sé hluti af þenslunni, af ofhituninni í hagkerfinu.

Það er býsna sérkennilegt, herra forseti, að ráðherrar sem sýsla með efnahagsmál og viðskipti skuli ganga í verkin þannig að það ýti frekar undir en hitt, en það gera þessar kúnstir í kringum brunaútsöluna á eignarhlut ríkisins í bönkunum, það að rjúka til og gefa sér í það nokkra sólarhringa að fíra út eignarhlut upp á 6 eða 7 milljarða kr., segja fyrir fram að hann verði látinn fara á undirverði og tengja það beint við skattafsláttinn til að reyna að lokka fleiri til kaupanna. Hér er beinlínis verið gera út á að ríkið borgi með þessu í formi skattafsláttar. Þetta ætlar ríkisstjórnin að gera í stað þess að reyna, ætli menn að selja þennan hluta, að losa hann í rólegheitum, t.d. á fyrri hluta næsta árs, og uppfylla þó hin merku skilyrði Verðbréfaþingsins sem menn eru nú svona óskaplega bundnir af, að 25% verði í eigu annarra en ríkisins fyrir mitt næsta ár.

Herra forseti. Ég náði mér í gamalkunnuga bók svona rétt til þess að rifja pínulítið upp í henni og blaða aðeins í henni. Ég kunni bókina sæmilega á sinni tíð og fór nokkuð vel í gegnum hana. Það er skýrsla samkepnnisráðs um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Þetta er ekki mjög gamalt rit, skýrslan kom á borð manna í desember 1994. Ég held að fróðlegt væri fyrir menn að fara aðeins yfir hana og rifja upp, t.d. það sem þar var sagt um fákeppniseinkennin í íslensku efnahags- og atvinnulífi, um stjórnunar- og eignatengsl, um markaðsleiðsögn eða fákeppni sem væru algengar markaðsaðgerðir. Hér væru eitt til fjögur fyrirtæki iðulega leiðandi á markaði.

Nú stefnir greinilega í að fjármálamarkaðurinn, bankaheimurinn verði eitt af þessum sviðum. Auðvitað verða þar stórar breytingar á ef stærðarhlutföll raskast og hlutir gerast eins og boðað er jafnvel að verði með sameiningu Landsbanka og Íslandsbanka innan skamms. Og skyldi nú blaðamaður Morgunblaðsins reynast sannspár, sá sem í blaðagrein og úttekt um helgina spáði því að kaupin mundu gerast þannig á eyrinni að þetta yrði sameining Landsbanka og Íslandsbanka, að æfingarnar m.a. núna séu til þess að drífa niður eignarhlut ríkisins þannig að það verði frá byrjun minnihlutaaðili í hinum stóra sameinaða Íslands–Landsbanka, og að til þess að skilja Búnaðarbankann ekki alveg eftir á flæðiskeri þá fái hann VÍS? Skyldi þetta eiga eftir að reynast rétt? Glöggur er hann þá þessi blaðamaður ef hann sér þetta fyrir áður en ríkisstjórninni hefur dottið nokkuð í hug í þessum efnum sjálfri, því eins og kunnugt er getur hæstv. viðskrh. ekki frætt okkur hér um nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum. Hann veit ekki neitt því að hann á eftir að leggjast á jörðina og hlusta á raddir markaðarins, svona eins og indjánarnir hlustuðu eftir hófatakinu forðum með því að hlera bylgjuhreyfingar jarðarinnar. Það yrði nú gaman að fá að vera vitni að því þegar hæstv. viðskrh. lýtur að jörðu til að hlera raddir markaðarins eins og þær berast honum eftir jörðinni.

Herra forseti. Það verður fróðlegt að sjá ef þetta gengur allt saman eftir. Og það verður líka fróðlegt að sjá og fylgjast með því hvernig landslagið verður í þessum efnum innan kannski tveggja til fjögurra ára. Verður viðskiptasviðið — sem hingað til hefur að vísu verið undir sterkum áhrifum ríkisins og þar af leiðandi kannski dálítið sérstakt í samkeppnislegu tilliti séð — orðið að dæmigerðu fákeppnissviði þar sem tvær eða þrjár blokkir fjármagnsafla og fyrirtækjahópa skipta kökunni með sér? Verður það orðið fákeppnis-markaðsleiðsagnarumhverfi sambærilegt við það sem Samkeppnisstofnun var að rýna inn í á árinu 1994 þar sem menn deila kökunni einhvern veginn þannig?

Herra forseti. Við skulum bíða og sjá. En eitt er víst og það er að ég hef ekki sérstakan áhuga á því að selja heimildir af þessu tagi í hendur hæstv. núv. ríkisstjórnar og hæstv. viðskrh. eins og með þá hluti hefur verið farið að undanförnu. Ég styð þar af leiðandi að sjálfsögðu þá frávísunartillögu sem fram kemur í nál. 2. minni hluta og mun leggjast gegn þessu frv. komi það til efnislegrar afgreiðslu.

[22:03]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Summan af öllu því gáfulega sem hefur verið sagt um þetta frv. er þess eðlis að nýliðum eins og mér ætti að vera óhætt að koma hér upp og tala án þess að verða sér til skammar.

Það kemur fram í athugasemdum við lagafrv. að það þurfi að koma bönkunum úr eign ríkisins að vissu marki til þess að uppfylla ákveðnar reglur Verðbréfaþings. Tilgreindar ýmsar ástæður sem eru taldar vera þess eðlis að það sé skynsamlegt að standa svona að málum og selja hluta úr bönkunum. Í prinsippinu get ég alveg tekið undir það sjónarmið í sjálfu sér. Ég held að það sé skynsamlegt að hagræða og styrkja stöðu banka og gera ýmsilegt annað sem hagfræðin hefur kennt að sé rétt og best að gera í nútímaþjóðfélagi. Það er kannski leiðin og tíminn sem hefur fyrst og fremst verið rætt um.

Það hefur líka komið fram í umræðunni að þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur lagt fram till. til þál. sem gengur út á það að fara aðra leið með það í huga að reyna að tryggja betur það sem hefur hingað til verið rætt töluvert um, þ.e. að eigendur bankanna fái sem mest fyrir þá. Við teljum að skynsamlegra sé að fara þá leið.

En það er kannski annað sem ég vil fyrst og fremst gera hér að umræðuefni og það er hlutabréfamarkaðurinn og skattafsláttur almennings. Talað er um að nú þurfi að nýta tækifærið vegna þess að það er hagstætt árferði á hlutabréfamarkaði. Ég var nú hérna fyrir utan húsið áðan í snjókomunni að spekúlera í þessu árferði hlutabréfamarkaðarins vegna þess að það hefur töluvert verið rætt um árferði í velferðarkerfinu, hver staðan er hjá þeim sem minnst mega sín í íslensku þjóðfélagi. Og það er alveg hróplegur munur á lýsingunni á því hvernig árferði hlutabréfamarkaðarins er í dag og lýsingunni á stöðu þeirra sem eiga í mestum erfiðleikum í íslenska þjóðfélaginu. Spurningin er hvort ekki sé einmitt verið að gefa dálítið sérstaka mynd af íslensku þjóðfélagi.

Það er nefnilega búið að smíða þjóðfélag sem getur boðið þeim sem hafa og eiga heimsins bestu kosti. En á sama tíma

fer staðan versnandi hjá þeim sem veikastir eru í íslensku þjóðfélagi. Það finnst mér vera hróplegast úr þessu dæmi. Það er himinn og haf á milli þessara tveggja þátta. Og þegar við hugsum um að þarna liggi eignir almennings þá geri ég kröfu til þess að við gleymum því ekki að við höfum mikla og vaxandi þörf fyrir betrumbætur á þessu sviði.

Það er eins og velferðarumtalið og góðærisumtalið í íslensku þjóðfélagi hafi algjörlega farið út af sporinu vegna þess að lífið hefur snúist um þá sem eru að kaupa hlutabréf og safna í sjóði. Það er talað um það í þessu máli að m.a. sé ætlunin að auka sparnað heimilanna og það er talað um að bjóða upp á skattafsláttinn.

Herra forseti. Ég get fullyrt að þær þúsundir sem búa við mestu örbirgðina í okkar þjóðfélagi þekkja ekki þessa veröld sem við erum að tala um. Engir öryrkjar sem byggja afkomu sína á almannatryggingum á Íslandi verða með í þessum leik. Og það fer ekki króna úr þeirra buddu í þetta mál því það er ekki hagstætt árferði í öllum hornum þjóðfélagsins vegna þess að inn í sum hornin vilja menn bara ekkert líta. Öll umræðan undanfarin missiri hefur snúist um hlutabréfamarkaðinn og þá sem eiga og hafa í íslensku þjóðfélagi og allir virðast hafa gleymt hinum. Það er þetta sem hefur kannski slegið mig einna mest varðandi umgjörð þessa máls og umræðuna.

Ég sagði í upphafi að ég get alveg fallist á að það geti verið skynsamlegt að fara þá leið að losa svona stofnanir undan ríkiseign ef það þjónar markmiðinu að stofnanirnar geti veitt betri þjónustu, að almenningur hafi auðveldari aðgang að þjónustu o.s.frv. En ef það er ætlunin að láta í þessu dæmi verða sams konar hagræði fyrir þá sem kaupa og dæmin hafa sýnt okkur, þá fyndist mér að fólk ætti að skoða tillögu okkar og athuga hvort ekki sé hægt að tryggja betur að almenningur fái raunvirði þessara stofnana til sín en yfirfæri ekki milljarðana í hendurnar á þeim sem eru að bíða vegna þess að það er verið að tala um að einhverjir úti í þjóðfélaginu séu að bíða eftir fjárfestingartækifærum. Hverjir eru það? Er það fólk sem hefur þess konar fjármuni í höndunum að það er í vandræðum að geta ekki keypt eitthvað skynsamlegt?

Fyrr í umræðunni kom hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson inn á það að miklir fjármunir væru í umferð úr kvótakerfinu og spurningin er sú hvort einhver hópur í þjóðfélaginu hafi slíka fjármuni og bíði eftir því að boðið verði upp á að hægt verði að kaupa góðar stofnanir, peningastofnanir, af ríkinu á spottprís.

Herra forseti. Mér finnst a.m.k. íhugunarverðast í þessu máli hvers konar mynd hefur verið teiknuð af umhverfi þessa máls. Það er talað um hið hagstæða árferði hlutabréfamarkaðar, skattafslátt almennings og hinn aukna sparnað heimilanna á sama tíma og við vitum af þeirri örbirgð sem ríkir hjá allt of mörgum í íslensku þjóðfélagi og á sama tíma og það virðist vera erfitt, ef ekki útilokað, að ná eyrum hæstv. ríkisstjórnar varðandi þann vanda og þá nauðsyn að taka á þeim málum af krafti, einmitt núna þegar góðærið margumtalaða á að vera sem mest og best. Ég geri raunar kröfu til þess, eins og ég sagði áðan, að menn íhugi það á meðan við erum að losa um eignir almennings, að þessir hópar eru með okkur í þjóðfélaginu. Þetta fólk er engir skussar. Þetta er ekki fólk sem hefur skapað sér þau skilyrði sem eru ríkjandi, heldur fólk í klípu.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá höfum við lagt fram till. til þál. um sameiningu ríkisbankanna áður en þeir verða seldir og við vonumst til þess að sú þáltill. fáist tekin fyrir sem fyrst á hinu háa Alþingi.

En að lokum langar mig til þess að spyrja hæstv. viðskrh. hvort við megum búast við því — ég geng út frá því að þetta eigi eftir að ganga í gegnum þingið fyrir tilstilli stjórnvalda sem hafa slíkan meiri hluta hér á hinu háa Alþingi að það er greinilega tiltölulega einfalt að fara með svona mál hér í gegn — hvort við megum búast við því að við kunnum að standa frammi fyrir endurteknu efni varðandi það að einhverjir kaupi síðan stofnanirnar sem eru taldir óheppilegir eigendur. Er vitað af einhverjum slíkum hópum? Sá spyr sem ekki veit.

[22:17]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. í lokin þá verð ég kannski að svara svipað og hv. þm. spurði, sá spyr sem ekki veit: Ja, sá svarar sem ekki veit. Ég veit ekki til þess að til sé nokkur sem ekki er heppilegur til að taka þátt í einkavæðingu eins og þessari. Ég a.m.k. vona að svo sé ekki.

[22:17]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Nú lýkur senn 2. umr. um mjög umdeilt lagafrv. Ég sakna þess að hæstv. viðskrh. skuli ekki hafa skýrt sjónarmið sín betur. En ég vænti þess að í upphafi 3. umr. á morgun efni hann þau fyrirheit sem hann gaf við umræðuna fyrr í kvöld, að hann mundi skýra afstöðu sína betur en hann hefur þegar gert. (**Viðskrh.:** Ég get gert það.) Ljómandi fínt ef hæstv. viðskrh. ákveður að gera það, þá er ekkert nema gott um það að segja.

Ég ætla að halda stutta ræðu að þessu sinni. Í þessari umræðu hefur komið fram mjög hörð gagnrýni á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Hún hefur komið fram í máli nær allra stjórnarandstöðuþingmanna sem tekið hafa til máls í þessari umræðu. Menn hafa gagnrýnt hvernig að þessum málum er staðið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í kvöld var auglýst hvenær unnt væri að skila inn tilboðum fyrir hlutabréf í ríkisbönkunum. Það skyldu menn gera dagana 15.–17. des. Þetta leyfir ríkisstjórnin sér að gera án þess að Alþingi hafi afgreitt þetta mál. Þetta lýsir þeirri hrokafullu afstöðu sem einkennt hefur allan málatilbúnað hennar.

En sum okkar hafa ekki látið sitja við það eitt að gagnrýna vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli heldur og þá ákvörðun að selja hlut ríkisins í Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Þetta mál fjallar í raun um grundvallaratriði í stjórnmálum. Ég sagði fyrr við umræðuna að í þessu máli kristallaðist sérstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem kom fram á sjónarsviðið til þess að berjast gegn fjármagnsöflunum, einkavæðingunni og því hvernig ríkisstjórn landsins þjónar fjármagnsöflum. Það kemur reyndar glögglega fram í þessu máli. Í umræðunni um það hafa birst átakalínur í íslenskum stjórnmálum.

Við höfum auglýst eftir stefnu stjórnvalda í þessu máli. Við höfum vakið athygli á því áhrifamenn á markaði, fulltrúar ríkisbankanna, Búnaðarbankans, Landsbankans, Íslandsbankans hafi auglýst eftir stefnu stjórnvalda. Úr herbúðum stjórnarinnar berast hins vegar engin svör. Hæstv. viðskrh. hefur neitað að láta nokkuð uppi annað en það að ríkisstjórnin sé að fullnægja skilyrðum sem Verðbréfaþing setur. En svo er málum háttað að fyrir 1. júní á næsta ári skal ríkið hafa losað sig við 25% hlut í ríkisbönkunum. Þetta eru

einu svörin sem við höfum fengið frá hæstv. viðskrh. og ríkisstjórn vegna þessarar ákvörðunar.

Við höfum hins vegar auglýst eftir stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi fjármagnsmarkaðinn. Við teljum rangt að ráðast fyrst í þessa sölu en heita síðan að taka upp umræðu um málið eins og hæstv. viðskrh. gerði hér áðan. Fyrst skulum við selja en síðan ræða stefnumótun, það sagði hæstv. viðskrh. hér áðan. (**Gripið fram í:** Skjóta fyrst, spyrja svo.) Skjóta fyrst, spyrja svo.

Það vakti forvitni mína þegar leitað var álits hjá starfsmönnum bankanna, hjá formanni Sambands ísl. bankamanna, hvaða afstöðu sambandið tæki í þessu máli. Hann sagði að sambandið sem slíkt hefði ekki tekið afstöðu þótt sín persónulega skoðun væri sú að rétt væri að sameina ríkisbankana. Afstaða Sambands íslenskra bankamanna birtist þó í einu, í því að sambandið vildi vita meira um framtíðina. Samband íslenskra bankamanna auglýsti eftir stefnu stjórnvalda í málinu. Ég vænti þess að í næstu ræðu sinni muni hæstv. viðskrh. upplýsa okkur nánar um sýn hans á framtíðina.

[Fundarhlé. — 22:26]

[22:30]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2000, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 337; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:37]

Till. í nál. 341 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GIG, ÞBack, ÖJ, ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS.

nei: StB, VS, VE, HGJ, HBl, ArnbS, SÞ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GHall, GÁ, JHall, HjÁ, KF, KPál, PP, PHB, SF, SP, GuðjG.

8 þm. (BH, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DrH, EMS, DLH, GÁS, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég mótmæli harðlega vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Ég vek athygli á því að hún hefur svikið fyrri fyrirheit um að selja ekki hlut ríkisins í ríkisbönkunum fyrr en í fyrsta lagi á árinu 2001. Ég harma að ríkisstjórnin skuli bregðast því hlutverki sínu að móta ábyrga stefnu á fjármálamarkaði á opinn og lýðræðislegan hátt. Ríkisstjórnin hefur stungið höfðinu í sandinn en lætur fjármagnseigendur ráða för. Ég hlusta á markaðsöflin, segir hæstv. viðskrh. Hann lætur sér ekki nægja að hlusta, hann framkvæmir líka eins og þau bjóða.

Við leggjum til að þessu frv. verði vísað frá. Ég segi já.

[22:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur margsannast í meðferð þessa máls að það er illa undirbúið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hér er skyndiákvörðun um að selja hlut í ríkisbönkunum hent inn í þingið til þess að rusla hér í gegn og afgreiða á fáeinum sólarhringum. Nægur tími væri til að fjalla um þetta mál eftir áramót og gefa sér góðan tíma til að skoða alla fleti á því, þar með talið mögulega lagasetningu til að tryggja dreifða eignaraðild og þá hugmynd að láta fyrst reyna á hagkvæmni þess að sameina ríkisviðskiptabankana tvo. Hæstv. ríkisstjórn veitir hér engar upplýsingar um það hvað í vændum sé hvað varðar uppstokkun í bankaheiminum og hæstv. viðskrh. talar í véfréttarstíl.

Eitt er þó ljóst og það er að með þessu frv. velur hæstv. viðskrh. það að gera sjálfan sig að ómerkingi orða sinna og svíkja þær yfirlýsingar sem gefnar voru hér á Alþingi um að ekki yrði um sölu á hlut ríkisins að ræða í bönkunum fyrstu fjögur árin. Ég segi því já, herra forseti, við því að vísa þessu illa undirbúna frv. frá.

1. gr. samþ. með 37:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JHall, KF, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GIG, JóhS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BBj, DLH, DrH, EMS, GÁS, GunnB, IP, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hefði talið heppilegra að þetta frv. hefði ekki komið hér til efnislegar afgreiðslu og Alþingi hefði fengið meiri tíma til þess að skoða þessi mál og önnur frumvörp og tillögur sem hér liggja fyrir þinginu og eru þessu máli tengdar. Það er í sjálfu sér mjög slæm afgreiðsla og röð á hlutunum að efnislegar tillögur sem ættu að koma til afgreiðslu á undan þeirri heimild sem hér á að fara fram á handa ríkisstjórninni til að selja hlut í bönkunum skuli ekki fá hér umfjöllun og afgreiðslu fyrst.

En úr því að á það er knúið að þetta komi til afgreiðslu þá er mér ekkert að vanbúnaði að greiða atkvæði gegn því. Ég er ósamþykkur því að hæstv. ríkisstjórn fái þessa heimild til að ráðskast með eignarhlut almennings í bönkunum. Henni er ekki treystandi fyrir því og það liggur þvert á móti í farvatninu að þessum hlutum verði ekki skynsamlega ráðstafað af hæstv. ríkisstjórn. Ég er því málinu andvígur, herra forseti.

2. gr. samþ. með 36:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JHall, KF, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb.

nei: ÁSJ, GAK, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JóhS, MF) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BBj, DLH, DrH, EMS, GÁS, GunnB, IP, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GHall, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.

nei: GAK, ÖJ.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁSJ, BBj, DLH, DrH, EMS, GuðjG, GÁS, GunnB, IP, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 2.–12. mál.

Fundi slitið kl. 22:42.

---

42. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 235. mál, þskj. 287. — 3. umr.

2. Fjárlög 2000, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 337, brtt. 338 og 348. — 2. umr.

3. Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), stjtill., 257. mál, þskj. 324. — Fyrri umr.

4. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr.

5. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — Frh. 1. umr.

6. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.

7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 326. — 1. umr.

8. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330. — 1. umr.

9. Grunnskólar, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — 3. umr.

10. Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, stjfrv., 67. mál, þskj. 67, nál. 325. — 2. umr.

11. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 333. — 2. umr.

12. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122, nál. 327. — Síðari umr.

13. Samningur um flutning dæmdra manna, stjtill., 113. mál, þskj. 123, nál. 328. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Þorgeiri Þorgeirsyni.

[10:31]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2000, 1. mál, brtt. GIG og GAK, þskj. 348.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 235. mál (sala á 15% hlut). — Þskj. 287.

[10:31]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég hefði kosið að hæstv. viðskrh., Finnur Ingólfsson, til staðar væri til þess að taka þátt í umræðu um mjög umdeilt frv. um sölu ríkisins á 15% hlut í ríkisbönkunum, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. forseta hvað líður störfum hæstv. viðskrh.

(**Forseti** (HBl)**:** Mér voru að berast boð um það rétt í þessari andrá að hæstv. iðnrh. sé rétt ókominn.)

Í trausti þess að hann komi í þingsalinn á næstu mínútum mun ég halda áfram ræðu minni. Í umræðunni um sölu ríkisins á hlut sínum í ríkisbönkunum eða 15% hlut í ríkisbönkunum hafa menn staðnæmst við vinnubrögðin. Menn hafa staðnæmst til að rifja upp svikin og óheilindin í þessu máli. Á sínum tíma, árið 1997, þegar lög voru sett um að gera Landsbankann og Búnaðarbankann að hlutafélögum var það fyrirheit gefið í greinargerð með stjfrv. að ekki yrði um að ræða sölu á eignarhlut ríkisins fyrr en í fyrsta lagi á árinu 2001. Að vísu var það sett inn í lagatextann og þess einnig getið í greinargerðinni að hæstv. viðskrh. væri heimilt að styrkja fjárhagsstöðu bankanna, eins og það var kallað, með því að auka hlutafé þeirra. Þannig komst ríkisstjórnin bakdyramegin fram hjá fyrirheiti sínu um að breyta eignaraðild að bankanum því á árinu 1998 var hlutafé bankanna aukið um 15%.

Sú ákvörðun að selja núna 15% hlut í bönkunum er hins vegar bein svik á þeim fyrirheitum sem gefin voru með lagafrv. 1997. Þar var þess sérstaklega getið að ekki yrði um sölu að ræða í fjögur ár frá 1. jan. árið 1998 en þetta er sagan, þetta er fortíðin. Hvers vegna skyldum við rifja söguna upp? Við eigum að gera það að því marki sem það skiptir máli fyrir framtíðina. Á hvern hátt getur það skipt máli fyrir framtíðina að rifja þessa fortíð upp? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir aftur og ítrekað þegar stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera hafa verið gerð að hlutafélögum að ekki yrði um sölu að ræða. Aftur og ítrekað hefur þetta verið gert. Það var gert varðandi Póst og síma á sínum tíma. Að vísu er rétt að þá sagði fyrrv. hæstv. samgrh. að ekki yrði um að ræða sölu í sinni tíð sem ráðherra og það má til sanns vegar færa að við það hafi verið staðið. Hitt er annað mál að ekki voru liðnir margir mánuðir frá því að Pósti og síma var breytt í hlutafélag að farið var að ræða sölu og í gang var sett vinna til að stuðla að því.

Núna hafa ráðherrar í ríkisstjórninni lýst áhuga sínum á því að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Ráðherrar hafa lýst áhuga sínum á því að gera ríkisstjórnina að hlutafélagi. (**Gripið fram í:** Ríkisstjórnina?) Ja, það má til sanns vegar færa að hún sé orðin eitt allsherjarhlutafélag og það staðfesti reyndar hæstv. viðskrh. um helgina. Hann lýsti því yfir hverjir það væru sem ættu sig, hverjir ættu hlut í hæstv. viðskrh. Hann var spurður um afstöðu sína til bankamála og hvernig ætti að þróa fjármálamarkaði í landinu. Hann sagði: Ég hlusta á raddir markaðarins. Hann hlýðir þessum röddum markaðarins, fjármagninu. Þess vegna er alveg hárrétt hjá hæstv. viðskrh. að tala um ríkisstjórnina sem hlutafélag, að

setja háeff aftan við ráðherrastólana. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. viðskrh. að líta svo á málin. Þetta er sálarlíf hæstv. viðskrh., Finns Ingólfssonar, þannig að hann á þarna kollgátuna.

Af þessum sökum, herra forseti, er mikilvægt að rifja upp fortíðina. Fyrirheit sem gefin voru fyrir fáeinum missirum hafa nú verið svikið með þessu lagafrv. Ríkisstjórnin er að ganga á bak orða sinna með þessum lögum núna. Hún hét því á sínum tíma að selja ekki hlut sinn í bönkunum í fjögur ár frá 1. janúar 1998 að telja. Þessu var lofað. Þetta er núna svikið. Það er verið að svíkja þetta. Það eru ekki liðin fjögur ár frá 1. janúar 1998. Við erum enn á árinu 1999.

En hvað vitum við um framtíðina? Það er um hana sem fólk fýsir að fræðast. (**Viðskrh.:** Við vitum ekkert um hana.) Við vitum ekkert um hana, segir hæstv. viðskrh. Ég held að þetta sé ekki rétt. Ég held að hann fari með rangt mál. Ég held að hann sé að blekkja þjóðina. Ég held að það sé nefnilega búið að ganga frá ýmsu á bak við tjöldin. Það er hægt að ráða það af þeim yfirlýsingum sem verið er að gefa.

Hæstv. viðskrh. lýsti því yfir í Morgunblaðinu á sunnudag að hann ætlaði að hlusta á raddir markaðarins. Við höfum verið að heyra þær raddir. Í leiðara sem birtist í Degi í dag er fjallað um þetta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Kolkrabbinn sýndi alveg óvænt sitt rétta gráðuga andlit á dögunum þegar umræða hófst enn á ný um hugsanlegan samruna bankanna. Í innsta kjarna kolkrabbans hefur lengst af lifað draumurinn um að láta Íslandsbanka kokgleypa annan hvorn stóru viðskiptabanka þjóðarinnar. Þessa stundina beinist áhuginn einkum að Landsbankanum. Af því tilefni lýsti einn þeirra sem mestu ræður á bak við tjöldin hjá Íslandsbanka að Íslandsbanki hlyti að ráða ferðinni í sameinuðum banka, það er yfirtæki Landsbankann. Þar með væri draumur kolkrabbans orðinn að ömurlegum veruleika.

Margir óttast að allt stefni í að sá firnasterki valdahringur auðugra sjálfstæðismanna sem almennt gengur undir nafninu kolkrabbinn muni á næstu árum og áratugum leggja undir sig helstu eigur þjóðarinnar. Þessi valdablokk stýrir ekki aðeins ýmsum stærstu fyrirtækjum landsins heldur er í óðaönn að sanka að sér fiskveiðikvóta þjóðarinnar. Valdablokkin vinnur einnig að því öllum árum að komast yfir gróðavænleg fyrirtæki ríkisins á borð við viðskiptabankana og Landssímann. Því miður bendir ekkert til þess að önnur stjórnmálaöfl í landinu hafi burði til að hamla gegn þessum stórfelldu eignatilfærslum." — Síðan segir, með leyfi forseta:

„Engin sannfærandi rök hafa verið færð fyrir skynsemi þess að búa til einn risabanka sem réði yfir tveimur þriðju hlutum markaðarins. Sá óskapnaður yrði að minnsta kosti ekki til hagsbóta fyrir almenning. Þegar slíkt vald safnast á eina hendi eru neytendur látnir borga brúsann eins og dæmin sanna. Þar að auki er ekki sjálfgefið að sameining stórfyrirtækja bæti rekstur, afkomu eða þjónustu. Þannig lýsti erlendur sérfræðingur, sem hingað kom á dögunum, og færði fyrir því gild rök að samrunaæðið sem gengið hefur yfir hinn vestræna fjármálaheim hafi alls ekki skilað hluthöfum né neytendum þeim ábata sem lofað var."

Þetta var leiðari Dags í dag og er undirritaður af ritstjóra blaðsins, Elíasi Snæland Jónssyni.

Ýmislegt sem fram hefur komið styður þær kenningar sem hér eru settar fram. Hæstv. viðskrh. hefur sagt í fjölmiðlum að fari svo að Íslandsbanki og Landsbanki sameinist þurfi Samkeppnisstofnun að koma að því máli. (Gripið fram í.) Hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir, sagði ég, að ef sú verður raunin að Íslandsbanki og Landsbanki sameinist, (Gripið fram í.) Íslandsbanki og Landsbanki sameinist sagði hæstv. viðskrh., tiltók þessa banka sérstaklega, þá þyrfti Samkeppnisstofnun að koma þar að máli. Þetta sagði hæstv. ráðherra.

Hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson virðist hafa einhverjar hugmyndir um að þetta kunni að vera á döfinni því að hann sagði í Degi í gær að fari svo að Íslandsbanki og Landsbanki sameinist, þurfi að huga sérstaklega að því á hvern hátt hægt sé að styrkja Búnaðarbankann. Þetta virðist vera að gerast á bak við tjöldin að menn séu búnir að ganga frá því að Íslandsbanki kokgleypi Landsbankann og þannig sé þjónað þeim röddum sem hæstv. viðskrh. vill hlusta á, ég hlýði á raddir markaðarins, og hann þjónar röddum markaðarins, það er rétt. Hér fyrr á tíð var talað um hina ósýnilegu hönd þegar skírskotað var til markaðshyggjunnar. Það var Adam Smith sem setti fram þær kenningar. Það er sú hönd sem stýrir hæstv. viðskrh. Finni Ingólfssyni nema hún er smám saman að verða sýnilegri og hún er að birtast okkur og við erum að heyra þessar raddir sem hæstv. viðskrh. leggur eyrun við.

Menn fýsir og menn krefjast þess að fá að vita hver stefna ríkisstjórnarinnar er gagnvart fjármálamarkaðnum og þróun þar. Menn krefjast þess að fá upplýsingar um hvaða samningar hafa verið gerðir á bak við tjöldin og hvað er á döfinni. Ef hæstv. viðskrh. hefði verið alvara í því að vilja tryggja dreifða eignaraðild væri honum í lófa lagið að styðja Vinstri hreyfinguna – grænt framboð í því að fá umfjöllun um frv. sem við höfum lagt fram á þingi og það hefur ekki verið orðið við kröfum okkur um að það frv., frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um dreifða eignaraðild í fjármálastofnunum landsins, verði afgreitt samhliða þessu frv. Ekki hefur heldur fengist umræða um frv. þingmanna Frjálslynda flokksins um að fram fari könnun á því af hálfu ríkisstjórnarinnar hvort fýsilegur kostur sé að sameina ríkisbankana tvo, Landsbankann og Búnaðarbankann, áður en til sölunnar kemur. En svo mikil er ósvífnin og svo mikill er ákafinn að þjóna fjármagnsöflunum að þetta frv. sem kemur fram á síðustu dögum þingsins og er keyrt fram af svo miklu offorsi að fá dæmi eru um og áður en frv. er orðið að lögum er ríkisstjórnin farin að auglýsa að í næstu viku hefjist salan. Þetta var auglýst í gær því að hún veit það að hún getur gengið að stjórnarmeirihlutanum vísum í hvaða máli sem hún vill hrinda í gegnum þingið, í hvaða máli sem hún vill koma í gegnum þingið.

Ég held að þegar þessi mál eru skoðuð eigi ekki að hyggja að því í ljósi skammtímahagsmuna. Ég hef sagt það að mér finnst skipta máli á hvaða tíma ríkiseignir sem á annað borð á að selja eru seldar. Varðandi rökin um þenslu og annað sem því tengist þá skrifa ég upp á það. Ég geri það. En mér finnst að í þessu máli eigi að hugsa í ljósi langtímahagsmuna, ekki einu sinni hagnaðarins. Menn eru að guma af því að græða á þessu 6 milljarða. Staðreyndin er sú að þessir bankar eru síður en svo nokkur baggi á okkur á þessari þjóð, því fer langt í frá. Þetta eru gullkistur. Þetta eru verðmætar eignir. (**PHB:** Síðustu ár.) Síðustu ár. Það er rétt, hv. þm. Pétur Blöndal. Og það hefur verið að stórlagast reyndar eins og hjá öllum fyrirtækjum í landinu vegna þess að það hefur fiskast betur en dæmi eru um í Íslandssögunni (**PHB:** Góð ríkisstjórn.) og ytri skilyrði eru hagstæð. Og þrátt fyrir óstjórn ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir öll þau mistök í efnahagsstjórn sem hér hafa verið gerð hafa ytri skilyrði tryggt þjóðarbúinu í heild

sinni farsæld þótt ríkisstjórnin hafi séð til þess með ranglátri skattlagningu að þeir sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu eru hlunnfarnir, barnafólkið, lágtekjufólkið, millitekjufólkið, þeir eru hlunnfarnir, öryrkjarnir. (Gripið fram í.) En það er hlaðið undir eignamennina, það er rétt, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Við þekkjum til í þeim hópum. Það er hlaðið undir þá með breytingum á skattkerfinu.

Arðsemi Búnaðarbankans var á síðasta ári 14,6%, Landsbankans 12,4%. Þetta eru gullkistur sem liggur núna á að selja. Þess vegna segi ég að við eigum að hugsa þessi mál með langtímahagsmuni í huga og við eigum að hugsa hvað kemur til með að þjóna landsmönnum best þegar til langs tíma er litið. Hvaða þróun við viljum tryggja á fjármagnsmarkaði þegar til langs tíma er litið. Þess vegna hefur það verið krafa okkar að málinu verði vísað frá, það verði horfið frá þessari sölu og málin skoðuð í víðu samhengi. Við tökum undir þá kröfu sem þingmenn Frjálslynda flokksins hafa sett fram um að áður en ráðist er í söluna á ríkisbönkunum eða hlut almennings í þeim, verði skoðaðir aðrir kostir og allir þeir kostir sem eru í stöðunni, þar á meðal sameining ríkisbankanna tveggja. Við höfum áréttað kröfu okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að samhliða þessum breytingum, ef af þeim verður því að það er greinilega yfirgnæfandi meiri hluti fyrir því í þinginu, því miður, verði frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um dreifða eignaraðild í fjármálastofnunum tekið til afgreiðslu. En við krefjum hæstv. viðskrh. svara. Hvaða samningar hafa verið gerðir á bak við tjöldin? Hefur Íslandsbanka verið tryggður Landsbankinn? Hvernig stendur á yfirlýsingum ráðherra í ríkisstjórninni um að nú þurfi greinilega að fara að styrkja Búnaðarbankann á markaði? Við krefjum hæstv. viðskrh. svara.

[10:50]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. gerði nokkuð úr því sem stendur í því lagafrv. sem var lagt fyrir varðandi þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf þegar staðið var fyrst að formbreytingu ríkisviðskiptabankanna. Þar kemur skýrt fram að fyrstu fjögur rekstrarárin standi ekki til að selja eignarhlut ríkisins í bönkunum. En jafnframt voru ákvæði um að viðskrh. hafi heimild til að auka hlutafé í bönkunum sem næmi allt að 35% þannig að 35% væru í eigu annarra en ríkisins.

Þessi fyrirheit tóku til tveggja meginþátta enda er skrifað mjög skýrt inn í greinargerðina með frv. sem varð síðan að lögum. Í fyrsta lagi tók það til þess að við töldum rétt að gefa báðum bönkunum tíma og tækifæri til þess að fóta sig á markaði í breyttu rekstrarumhverfi. Hitt atriðið var að það var ótti hjá starfsmönnum beggja fyrirtækjanna við þessa formbreytingu og nú skulum við fara yfir þessi tvö atriði.

Í fyrsta lagi varðandi það að bankarnir þurfi lengri tíma til að fóta sig á markaði við breyttar aðstæður þegar ríkisábyrgð hefur verið tekin af þeim. Ekki leið nema eitt ár þegar Landsbankinn tók lán erlendis og niðurstaðan varð sú að hann fékk hagstæðari kjör á lántöku sinni erlendis eftir að ríkisábyrgðin var tekin af bankanum en áður. Með öðrum orðum, það kom í ljós að bankinn þurfti ekki þann tíma sem talið var í upphafi til að fóta sig á markaðnum við breyttar aðstæður. Eða öllu heldur, hann var betur settur án ríkisábyrgðarinnar en með ríkisábyrgðinni. Þetta veit ég að hv. þm. veit vegna þess að þetta hefur komið fram, m.a. í efh.- og viðskn. þingsins.

Hitt atriðið snýr að starfsfólkinu. Það er alveg rétt að þar var ákveðinn ótti. Það kom margoft fram og birtist m.a. í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur í gær þegar hún ræddi um starfsmenn bankanna sem komu á fund nefndarinnar, fulltrúar Sambands ísl. bankamanna og ég held að með þeim hafi verið formenn starfsmannafélaga beggja bankanna. Það kom fram á fundi efh.- og viðskn. um þetta mál að einstaklega gott samráð og samstarf hefði verið haft við starfsmannafélögin við formbreytinguna og fyrir það hefur sérstaklega verið þakkað með bréfum til viðskrn. Það hefur því verið farið að óskum starfsmannanna við þessa framkvæmd. Þegar það lá fyrir að við stóðum frammi fyrir því að uppfylla það skilyrði sem við gáfum varðandi Verðbréfaþingið að við ætluðum að vera með eignarhlut ríkisins minni en 85%, að eignarhlutur annarra en ríkisins yrði 25% fyrir 1. júní á þessu ári þá stóðu menn frammi fyrir tveimur leiðum. Í fyrsta lagi að halda áfram að auka hlutafé sem hægt var að gefa án þess að bera það neitt fyrir þingið. Það töldum við óskynsamlega leið í ljósi þess að hér var þensla á markaði. Það hefði gefið bönkunum tækifæri til að stækka, auka efnahag sinn og þurfa að fara í aukna útlánastarfsemi, hefði klárt verið til þess að auka á þensluna. Þess vegna veljum við þá leið að selja eignarhlutinn. Niðurstaðan er sú sama þegar upp er staðið. En á móti því kemur og hefur verið bent á hér að það voru fyrirheit í frv. Þess vegna hafði ég samband við alla þá aðila sem fyrirheitin voru gefin gagnvart, bankana, starfsmenn beggja starfsmannafélaganna, stjórnir þeirra og líka Samband ísl. bankamanna og fór yfir þessa stöðu, gerði þeim grein fyrir hverju menn stæðu frammi fyrir. Niðurstaðan er sú að starfsmenn þessara fyrirtækja gera ekki athugasemdir við þessa breytingu þannig að ég lít svo á að um þetta sé samkomulag milli aðila. Þeir segja og sögðu hiklaust á þeim fundum sem ég átti með þeim: Þetta er skynsamlegri leið í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífinu. Með öðrum orðum: Starfsmenn þessara fyrirtækja hafa betri skilning á þessum hlutum en en þeir þingmenn sem harðast tala gegn þessu. Ég hygg að gerðar hafi verið margar tilraunir til að æsa þennan hóp upp gegn þeirri leið sem hér er farin. Það hefur sem betur fer ekki tekist.

Eftir stendur að fyrirheitin voru gefin en náðst hefur samkomulag við þá aðila um þessa framkvæmd sem hér er með því að þeir segja: Við gerum ekki athugasemdir við þetta eins og þetta er lagt fyrir. Svo geta hv. þingmenn vinstri sósíalista á þingi gert eins mikið úr þessu máli og reynt að gera eins mikið úr því og tortryggilegt og nokkur kostur er. (**SJS:** Það er auðvelt verk.) Það er auðvelt verk þegar menn fara ekki með rétt mál, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, herra forseti, hefur tamið sér í gegnum tíðina.

Í öðru lagi er rætt um þær stóru einingar sem verða til á þessum markaði og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði mikið úr svari mínu í gær sem birtist í útvarpsfréttum í morgun. Það liggur alveg fyrir og hefur alltaf legið fyrir að það þarf ekki neitt ráðuneyti til til að benda Samkeppnisstofnun á að það sé að verða og ef það gerist að það verði til stórar einingar á þessum markaði, að það þurfi að skoða hvaða áhrif það hafi á samkeppni. Þetta gerist á matvörumarkaðnum, þetta gerist á öllum sviðum atvinnulífsins þannig að ég sagði, og ég vona að hv. þm. geti lesið ræðu mína frá því í gær um það og ef það hefur ekki verið nógu skýrt í henni vil ég undirstrika það hér, ég tel að það sé alveg sama hvort komi til að Búnaðarbankinn og Landsbankinn verði sameinaðir eins og ég heyri að hv. þm. Ögmundur Jónasson mælir fyrir um eða hvort Íslandsbanki og Landsbankinn yrðu sameinaðir eða Íslandsbanki og Búnaðarbanki, þá yrði um

svo stóra sameiningu að ræða á fjármálamarkaðnum að það væri útilokað annað en Samkeppnisstofnun léti það til sín taka með því að skoða hvaða áhrif það hefði á markaðinn.

Niðurstaðan er sú sama og það heyri ég að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, herra forseti, erum sammála um að nauðsynlegt sé að fara út í hagræðingaraðgerðir á þessum markaði. Hagræðingaraðgerðirnar munu m.a. leiða til þess að menn leita leiða til að spara í rekstri. Það getur þýtt þegar fram líða stundir að það verði einhver fækkun starfsmanna. Það getur þýtt að það verði einhver fækkun útibúa. Ég hygg hins vegar að sú fækkun útibúa verði fyrst og fremst á þessu svæði alveg sama af hvaða sameiningu verður, hvort sem það verður Íslandsbanki og Landsbanki, Búnaðarbanki og Landsbanki eða Íslandsbanki og Búnaðarbanki. Þetta mun leiða til þess. En ég heyri að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson erum sammála um að þessu þarf að ná fram.

Við þurfum þá líka að bera ábyrgð á því til hvers það muni leiða m.a. Það er alveg sama hvaða sameining mun eiga sér stað í þessu tilfelli. Niðurstaðan verður sú að leitað verður hagræðingar. En sú hagræðing skilar sér í því að fólk og fyrirtæki í landinu munu fá ódýrari fjármálaþjónustu en menn búa við í dag og það hlýtur að vera aðalmarkmiðið að keppa að. En ég undirstrika að það er alveg sama hver af þessum stóru sameiningum er, sem hefur verið stillt upp, ef hún kæmi einhvern tíma til skoðunar og yrði einhvern tíma að veruleika, mundi það leiða til þess að það yrði að skoða hvaða áhrif það hefði á markaðinn. En menn geta hins vegar ekki skoðað það bara í því ljósi hvaða áhrif það hefur á íslenska markaðinn eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti mjög rækilega á í gær. Við búum í alþjóðlegu umhverfi hvað þetta snertir. Við búum á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði þannig að það þarf að horfa aðeins út fyrir landsteinana í þeim efnum hvernig fólk og fyrirtæki í landinu munu geta aflað sér fjármálaþjónustu og með hvaða kjörum þannig að það verður að skoða það í alþjóðlegu samhengi hver áhrifin yrðu af slíkri sameiningu.

Tveir hv. þm. eða öllu heldur allir hv. þm. Frjálslynda flokksins sem sitja á þingi nú, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og hv. þm. Gunnar Ingi Gunnarsson, hafa lagt fram till. til þál., ekki lagafrv. og það er munur á því, til skoðunar á því að metið verði hvaða áhrif það muni hafa og hvaða hagkvæmni það muni leiða af sér að fara út í sameiningu þessara fyrirtækja. Ég tek undir tillöguna. Mér finnst hún vera mjög skynsamleg. Það er hins vegar farið að vinna að slíkri tillögugerð og slíkri skýrslugerð í viðskrn. og hefur staðið í langan tíma, allt frá því að hlutafélagavæðing bankanna fór fram. Í fljótu bragði er niðurstaðan sú, án þess að það sé búið, að mönnum sýnist að af öllum slíkum stórum sameiningum muni hljótast mikil hagræðing sem leiði til þess sem við viljum keppa að, lægri vaxta fyrir fólkið í landinu.

Hins vegar hlýst af þessu mismunandi mikil hagræðing og ég tel sjálfsagt að það verði skoðað ofan í kjölinn eins og tillaga hv. þingmanna Frjálslynda flokksins gengur út á. Ég ætla hins vegar ekki að beita mér með boði að ofan fyrir einhverri ákveðinni sameiningu. Ég vil skoða það og þá þarf að meta marga hluti saman eins og fram kom hér í gær, þ.e. hagkvæmnina, áhrif á markaði til lengri tíma litið, áhrif á neytendur og áhrif á íslenskan fjármagnsmarkað, þá í alþjóðlegu samhengi. Þessa hluti þarf alla að skoða og síðast en ekki síst þarf að skoða hvaða áhrif slík sameining, hver sem hún yrði, hefði á starfsmenn viðkomandi fyrirtækja.

Rétt er að ég tel að Íslandsbanka hafi tekist afskaplega vel að leiða sameiningu þriggja banka á sínum tíma, ekki síst með það í huga að gætt var mjög vel að hagsmunum starfsmanna við þá sameiningu. Komi einhvern tímann til þess að farið verði í sameiningu af því tagi sem hér hafa verið dregnar upp myndir af þá tel ég að menn þurfi, hver sem hún yrði, að hafa að leiðarljósi að starfsmenn njóti þar sérstakrar athygli. Ég veit að um það erum við hv. þm. Ögmundur Jónasson nákvæmleg sammála. Við þekkjum báðar tillögurnar sem hér hafa verið kynntar og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur lýst sérstökum stuðningi við aðra þeirra, þ.e. sameiningu Búnaðarbanka og Landsbanka. Ég hef ekki gert það. Hv. þm. hefur gert það. Hann verður líka að vita til hvers það muni leiða og hvaða áhrif það muni hafa á starfsmennina ef þeir bankar væru sameinaðir. Ég legg áherslu á að sérstaklega verði gætt að hagsmunum starfsfólksins.

Könnun á slíkri hagkvæmni er í gangi. Hún er í gangi og í fullu samræmi við tillögu hv. þingmanna Frjálslyndra flokksins. Ég tel eðlilegt að hún verði tekin hér til skoðunar.

Í gær var mjög deilt á hve mikill afsláttur væri gefinn af bréfum, þ.e. afsláttinn frá meðalgengi bréfanna í síðasta mánuði í báðum bönkunum til þess skráða gengis í útboðinu sem einkavæðingarnefndin gerði tillögur um og ég hef fallist á. Menn sögðu að verið væri að gefa allt of mikinn afslátt. Ég á von á því að hv. þm. hafi hlustað á fréttirnar í morgun klukkan átta. Hvað kom fram þar? Eitt stærsta verðbréfafyrirtækið í landinu treysti sér því miður ekki til að mæla með kaupum í bönkunum af því afslátturinn væri ekki nógu mikill. (**JóhS:** Þeir vilja græða meira.) Þeir vilja ekki græða meira. Þeir vilja að fólkið sem ætlar að kaupa í þessum fyrirtækjum geti fengið meiri ábata af þessum kaupum.

Með því að veita afsláttinn og byggja þetta upp með áskriftarfyrirkomulagi erum við að hvetja alla þjóðina til að vera þátttakandi í þessum hlutabréfakaupum. Við erum að hvetja þjóðina til að vera þátttakandi í því með langtímafjárfestingu í þessum fjármálafyrirtækjum sem hún á. (**ÖJ:** En öll þjóðin á þau núna.) Öll þjóðin á þau hlutabréf sem viðskrh. fer með. (**ÖJ:** Þú ættir að passa upp á hennar hagsmuni.) Það er einmitt það sem er verið að gera, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að passa upp á að þjóðin fái sannvirði fyrir þessar eignir. (**ÖJ:** Hún er að selja sjálfri sér þær, eða hluta hennar, efnafólkinu.)

Hv. þm. Ögmundur Jónasson spurði síðan um hver framtíðin væri í þessu. Ég er margoft búinn að svara því úr þessum ræðustól. Fyrsta skrefið í þessu er sú aðgerð sem við erum hér með í gangi, að uppfylla skilyrði sem menn hafa undirgengist varðandi reglur Verðbréfaþingsins. Síðan hef ég sagt: Ég tel að það liggi ekkert á frekari sölu. Ég hef margoft sagt að ekkert liggi á frekari sölu hlutabréfa eða frekari einkavæðingu þessara eignarhluta ríkisins. (**ÖJ:** Það er þetta sem hefur verið rifjað upp.) Þetta hefur verið rifjað upp. Hv. þm. hefur kannski ekki heyrt það fyrr en nú en ég tel að það liggi ekkert á. (**ÖJ:** Við höfum heyrt þetta áður.)

Forgangsverkefnið er að mínu viti er fara út í hagræðingaraðgerðir á þessum markaði. Ég tel það vera forgangsverkefnið og það eigi menn að skoða sérstaklega, ekki síst í ljósi þeirra miklu umræðna sem núna eru í gangi. Þar eigum við að skoða alla kosti. Þar eigum við ekki að gefa okkur fyrir fram að neinn einn kostur sé betri en annar, eins og hv. þm. hefur gert. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur, og eftir því sem ég veit best þá gerði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon það hér líka á sínum tíma, mælt með sameiningu Búnaðarbanka og

Landsbanka. Hvorugur þessara tveggja þingmanna lét fylgja tillögur um sérstaka könnun á því hvaða hagkvæmni væri falin í slíku. Það átti bara að gera blindandi án þess að þar ætti fara fram eitthvert mat.

En ég spyr þessa tvo ágætu hv. þm.: Hvernig á að tryggja hagsmuni starfsmanna í slíkri sameiningu?

Aðalatriðið er að við verðum að ná fram hagræðingu á markaðnum í þeim megintilgangi að lækka kostnað við fjármálaþjónustu á Íslandi þannig að fólkið í landinu njóti þess ábata.

[11:07]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir að skýra hvers vegna hann og ríkisstjórnin sviku gefin fyrirheit. Hæstv. viðskrh. reyndi að skýra fyrir þinginu hvers vegna þau voru svikin. Hann segist hafa skýrt það fyrir starfsmönnum og öllum hlutaðeigandi hvers vegna ríkisstjórnin hafi ákveðið að svíkja loforð sín. Hér var hins vegar um að ræða loforð gagnvart þjóðinni, gagnvart Alþingi, sem gefin voru opinberlega í grg. með stjórnarfrv.

Í öðru lagi vil ég segja um fullyrðingar hæstv. viðskrh. um að farið hafi verið að óskum starfsmanna: Já, eftir að þeim hafði verið stillt upp við vegg. Starfsmenn voru andvígir því í upphafi að bönkunum yrði breytt í hlutafélög. Þeir voru andvígir þessu þannig að þeir voru að bregðast við í mjög þröngri stöðu.

Nú segir hæstv. ráðherra að ekkert liggi á að stíga frekari skref. Sennilega mun einmitt þetta þjóna hagsmunum Íslandsbanka og þeim aðilum sem hæstv. viðskrh. þjónar þegar búið verður að sameina Íslandsbanka og Landsbanka þá sé óhætt að staldra við. Sennilega verður þá ekki mikill áhugi á því hjá eigendum þessa nýja banka að minnka hlut ríkisins. Ég er ekkert viss um að þeim þyki það slæmur kostur að ríkið eigi hlut í bankanum. Ég er ekki viss um það.

Að lokum, herra forseti, var tillaga okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sú að huga að sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka, að kanna þann möguleika, kanna þann kost.

[11:09]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er snillingur í að hagræða málum þannig að sannleikurinn komi ekki alltaf í ljós. Auðvitað veit hv. þm. það að fyrirheitin sneru að tveimur þáttum. Það kom reyndar mjög skýrt fram, annars vegar sneru þau að bönkunum og hins vegar að starfsfólki bankanna.

Ef hv. þm. hefði tekist að æsa upp mikla andstöðu við þetta mál í samfélaginu og fá starfsmennina í háværar mótmælagöngur gegn þessu frv. þá hefði þetta fyrirheit ekki snúið að þjóðinni eins og hv. þm. er að túlka nú. Það hefði beinlínis snúið að starfsmönnunum. Hins vegar hefur ekki tekist að æsa menn upp vegna þess að menn eru tilbúnir að sætta sig við þetta. Fullt samráð var haft við starfsmennina og stofnanirnar, við þá sem fengu þessi fyrirheit. Það var undirstrikað af þeim sem mættu til fundar við efh.- og viðskn. hversu gott samráð og samstarf hafi alla tíð verið milli viðskrn. og þessara hópa við alla framkvæmd málsins. Þar hefur engum verið stillt upp við vegg. Það eru hrein ósannindi.

[11:10]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Þetta er ekki rétt hjá hæstv. viðskrh. Ég fékk staðfestingu á því í svari við spurningu minni í efh.- og viðskn. Þar var hæstv. viðskrh. ekki viðstaddur. Ég er hins vegar viss um að aðrir hv. þm. sem eiga sæti í efh.- og viðskn. geta staðfest þetta. Ég spurði formann Sambands ísl. sveitarfélaga... (**Viðskrh.:** Sveitarfélaga?) bankamanna. Þessi mismæli voru nú aldeilis hvalreki fyrir viðskrh., eitthvað verulega málefnalegt til að taka upp hér í umræðunni. En ég spurði formann Sambands ísl. bankamanna hver afstaða þeirra hefði verið á sínum tíma og hvort þeir hefðu ekki þurft að bregðast við í mjög þröngri stöðu og orðið að sætta sig við gerðan hlut, þær ákvarðanir ríkisstjórnarinnar sem ekki hefðu verið þeim að skapi. Hann staðfesti að svo hefði verið. Hér er því ekki verið að hagræða neinum sannleika. Þetta eru staðreyndir málsins.

Ef hæstv. viðskrh. telur að um þetta sé sátt í þjóðfélaginu þá er það mikill misskilningur. Það er mikið ósætti um þetta í samfélaginu og þær raddir munu magnast þegar mönnum verður ljóst hvaða áform eru uppi og hvað er að gerast á bak við tjöldin, að ríkisstjórnin er að búa í haginn fyrir Íslandsbanka til að gleypa Landsbankann. Það er það sem verið er að gera. Mönnum óar við þessari þróun og hafa andstyggð á þessum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar.

[11:12]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aldrei varð ég var við að starfsmenn beggja þessara fyrirtækja gengju ófúsir til samstarfsins. Strax í upphafi þegar undirbúningur þessa máls hófst átti ég fundi með fulltrúum beggja starfsmannafélaga bankanna, með fulltrúum Sambands ísl. bankamanna. Á þeim fundum lagði ég áherslu á að ég vildi eiga gott samstarf. Ég sagði hins vegar: Það gæti vel farið svo að á einhverjum stigum málsins skildu leiðir, að menn gætu einfaldlega ekki starfað saman vegna þess að það næðist ekki sátt um hagsmuni og viðhorf annars vegar starfsmannanna og hins vegar ríkisins sem ætti þessi fyrirtæki, en hagsmunir ríkisins væru meiri en hagsmunir starfsmannanna. (**ÖJ:** Og þjóðarinnar.)

Niðurstaðan er sú að leiðir hafa aldrei skilið. Þetta ítrekaði ég á fundi hér á mánudaginn fyrir um tíu dögum síðan þegar ég kynnti þessa breytingu fyrir starfsmönnunum. Niðurstaðan er sú að leiðir hafa aldrei skilið, hagsmunirnir hafa farið saman og við höfum lagt á það áherslu.

Það er ekki að ástæðulausu að formaður Sambands ísl. bankamanna undirstrikar í mæltu og rituðu máli og á fundum efh.- og viðskn. hversu gott þetta samstarf hafi verið. Ég tek undir það að samstarfið hefur verið einstaklega gott og málefnalegt af hálfu Sambands ísl. bankamanna og starfsmannafélaga beggja bankanna. Starfsfólkið og Samband ísl. bankamanna hefur séð að hagsmunum starfsfólksins er betur fyrir komið með þessu en áður og það er meginniðurstaðan. (**ÖJ:** Þetta er rangt.)

Það kann vel að vera, hv. þm. Ögmundur Jónasson, að starfsmönnunum finnist hag sínum betur fyrir komið ef bankarnir verði að fullu einkabankar fremur en þeir séu í ríkisrekstri. Það kann vel að vera að svo sé.

[11:15]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er búin að vera löng og ströng og margt komið fram í henni. Ég lýsti því yfir í gær að

ég væri þess almennt fýsandi að ríkið dragi sig út úr rekstri af þeim toga sem við ræðum hér. En þessi umræða hefur um leið verið mjög upplýsandi og það er margt sem hefur komið fram í henni.

Mig langar að beina einni spurningu til hæstv. viðskrh. og að hann komi hér upp og lýsi því yfir hvort sá orðrómur sem í gangi er alls staðar í samfélaginu þessa dagana að fyrir liggi baksamningur um það að Íslandsbanki og Landsbanki verði sameinaðir, og að VÍS og Búnaðarbanki verði sameinað, sé réttur eða rangur. Ég ætla að biðja hæstv. iðn.- og viðskrh. að koma hér upp og segja það einfaldlega berum orðum hvort sú umræða sem fram fer sé á villigötum eður ei, hann lýsi því einfaldlega yfir hvort þetta sé rangt eða ekki.

[11:16]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki til þess að neinir slíkir samningar hafi verið gerðir. Ég ítreka það enn og aftur að sá sem fer með eignarhlut ríkisins fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, fyrir hönd þjóðarinnar í þessu, hefur enga slíka samninga gert.

Og það var undirstrikað í fréttum í morgun af bankastjóra Landsbankans að *engar slíkar viðræður séu í gangi*. Það er hins vegar útilokað segja til um hvað framtíðin ber í skauti sér í þessum efnum. Ég sagði það í gær að þegar Landsbankinn keypti Brunabótafélag Íslands, eignarhlut Brunabótafélags Íslands í Vátryggingafélaginu þá hafði ég sem viðskrh. ekki hugmynd um að slík kaup hefðu farið fram fyrr en þau voru gerð.

Það getur því vel verið að einhverjar slíkar viðræður, sem þó er neitað af hálfu þeirra aðila sem eiga að taka þátt í slíkum viðræðum, séu í gangi, en ég hef ekki trú á því vegna þess að því hefur verið neitað. Og ég hef sagt að ríkisstjórnin ætlar ekki að hafa frumkvæði að slíkum viðræðum. En við munum skoða, og það undirstirka ég, alla kosti þar og kannski fer það svo að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson eigum kannski alveg samleið þegar upp er staðið í því að sameina Búnaðarbankann og Landsbankann. Það kann vel að vera að svo fari.

En ég vil skoða alla þætti í þeirri hagræðingu sem þar er fram undan. Ég er tilbúinn til að skoða hagræðinguna sem gæti hlotist af sameiningu Íslandsbanka og Landsbanka. En ríkisstjórnin sem slík ætlar ekki að draga upp og knýja á gagnvart þessum aðilum að eitthvað slíkt gerist. Þau svör eiga að koma frá markaðnum eins og ég hef margoft ítrekað hér.

[11:18]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að hann segði sem svo að það væri rangt að slíkir baksamningar væru til. Hann sagði einnig að því hefði verið neitað að þessar umræður væru í gangi. Hann sagði hins vegar að ekki væri útilokað að þær væru samt sem áður í gangi þrátt fyrir að því hafi verið neitað.

Virðulegi forseti. Ég held að hver og einn þingmaður sem hér er inni verði einfaldlega að lesa í þessi orð en þau eru ekki mjög skýr og það er ekki mjög skýrt hvað hæstv. viðskrh. á við. Hann á möguleika að koma hér upp í öðru andsvari og ég vænti þess að hann skýri það betur í síðara andsvari sínu.

[11:19]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hversu skýrt er hægt að svara þessu eða hvort hægt er að svara þessu skýrar en ég hef gert. Það hefur verið undirstrikað af bankastjóra Landsbankans að engar slíkar viðræður séu í gangi. Eigum við ekki að taka það trúanlegt? (**LB:** Þú sagðir að þær gætu samt verið í gangi.) Ég veit ekki til þess að þær séu í gangi. Og ég er ekkert að gefa undir fótinn með það að svo sé, síður en svo.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar eru ekki viðræður í gangi við þessa aðila á fjármagnsmarkaðnum um neinar slíkar breytingar. En hvað framtíðin ber í skauti sér er útilokað að segja til um.

Við verðum auðvitað vör við þá umræðu sem er í gangi, hvernig svo sem hún er til komin. En hún er ekki til komin fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar og hún er ekki til komin, *eftir því sem var í fréttum í morgun*, fyrir tilstuðlan Landsbankans. En það er áhugi hjá öðrum bönkum, og það hefur komið fram, fyrir því að fara í samstarf við Landsbankann. Og það er ekkert skrýtið vegna þess að Landsbankinn er alveg gríðarlega gott fyrirtæki og það sama má segja um Búnaðarbankann.

[11:20]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það er ástæða til að draga saman nokkur atriði sem fram hafa komið í lok umræðunnar, ekki síst eftir ræðu hæstv. viðskrh., sem að nokkru leyti hefur opnað þessa umræðu hér aftur.

Ráðherrann talaði um að fram hefði komið hjá Kauphingi að ekki væri gefinn nægjanlega mikill afsláttur af þessu hlutafé sem nú á að fara að selja. Ef það er rétt þá verður hæstv. ráðherra að gera sér grein fyrir af hverju það er. Það er vegna þeirrar óvissu sem ríkisstjórnin hefur skapað hér á markaðnum og vegna þess að framtíðaráform og stefnumótun um fjármálamarkaðinn eða tímasettar áætlanir um söluna á ríkisbönkunum liggja ekki fyrir. Það kom margoft fram við 2. umr. málsins að ýmsir aðilar sem hefðu komið á fund nefndarinnar hefðu einmitt haft það á orði að svo *mikil óvissa væri á markaðnum að nauðsynlegt væri* — og það voru sérstaklega fulltrúar verðbréfafyrirtækjanna — að verðleggja þá óvissu. Það styður enn það sem við í minni hlutanum höfum haldið fram að nauðsynlegt er að marka stefnu varðandi fjármálamarkaðinn.

Af því að ráðherrann hæstv. talar um mjög góða samvinnu sem hann hafi átt við starfsmenn bankanna þá er nauðsynlegt að hann svari hér einni spurningu sem frá þeim liggur áður en þessari umræðu lýkur. Og nú ætla ég að vitna beint í bréf bankamanna, það er frá formanni Sambands ísl. bankamanna og formönnum starfsmannafélaga beggja bankanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fulltrúar starfsmanna beina því þeim eindregnu tilmælum til Alþingis og viðskiptaráðherra, sem fer með meirihlutaeign í Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, að áætlanir um framtíð bankanna, sölu þeirra eða sameiningu, verði mótaðar og kynntar starfsmönnum og öðrum hluthöfum bankanna hið fyrsta.“

Þarna eru þeir að leita eftir samráði, samvinnu við hæstv. viðskrh. og ríkisstjórn um þau framtíðaráform sem ríkisstjórnin hefur varðandi bankana. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það öruggt og geta starfsmenn treyst því að áður en ráðist verður í einhverjar frekari breytingar á fjármálamarkaðnum eða bönkunum verði það gert í fullri samvinnu við starfsmenn bankanna? Ég held að nauðsynlegt sé að það liggi fyrir vegna þess að mikill samruni, sem menn horfa nú á að geti

orðið hér að veruleika eftir nokkrar vikur, mun hafa áhrif á starfsöryggi bankamanna. Það liggur fyrir.

Það kom fram í einu dagblaðanna fyrir nokkrum dögum að samruni Íslandsbanka og Landsbanka gæti þýtt fækkun á starfsfólki um hvorki meira né minna en 200–300 manns. Þess vegna er það eðlileg ósk ef á fara í frekari breytingar að fullt samráð verði haft við forustumenn og starfsmenn bankanna varðandi það mál.

Ég held að sú umræða sem hér hefur farið fram og í þjóðfélaginu á síðustu dögum staðfesti að þessi sala sem hér er verið að samþykkja er upptakturinn af mikilli sameiningu í bankakerfinu. Það er nokkurt áhyggjuefni þegar við skoðum markaðshlutdeildina hvernig hún verður ef af sameiningu Íslandsbanka og Landsbanka verður, að eftir þessa sölu í slíkum samruna er ríkið komið í minnihlutaeign, um 40%, meðan hluthafar Íslandsbanka eins og Sjóvá og Eimskip eru með 44%. Það er áhyggjuefni.

Það er fyrst og fremst einmitt þess vegna sem ég hef setið hjá við þetta mál og haft áhyggjur og ýmsa fyrirvara í málinu, það er þetta sem á að fara að gerast núna í næstu framtíð.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra og mér finnst nauðsynlegt að hann svari því: Getum við þingmenn treyst því að fram fari ítarleg könnun og samanburður á þeim kostum sem fyrir hendi eru varðandi frekari hagræðingu í bankakerfinu af hendi ríkisstjórnarinnar og ef ráðist verður í frekari áform varðandi samruna á bönkunum með sameiningu að það verði þá lagt hér fyrir þingið?

Ráðherrann talaði nokkuð skýrt um það í gær að það yrði lagt fyrir þingið en maður veltir fyrir sér hvort ráðherrann þurfi að gera það. Það hefur ekki verið tími til að kanna hvort nauðsynlegt sé að slíkt verði gert.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra: Liggur fyrir nú þegar einhver skýrsla í ráðuneytinu um samanburð á sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka annars vegar og Landsbanka og Íslandsbanka hins vegar, að skýrsla hafi verið gerð um framlegðaráhrifin af slíkri sameiningu? Ég sé að ráðherra kinkar kolli. Þá spyr ég ráðherrann: Ef slík skýrsla liggur fyrir þá er auðvitað nauðsynlegt að fá hana inn í umræðuna. Við þurfum að skoða það ef slík úttekt hefur verið gerð, og ég spyr: Hver hafði frumkvæðið að því að slíkur samanburður og úttekt var gerð? Voru það forustumenn Íslandsbanka, Landsbanka eða Búnaðarbanka eða var það ráðuneytið sjálft?

Ég held að nauðsynlegt sé að fá þetta inn í umræðuna vegna þess að það þarf auðvitað að kanna áhrifin á hlutabréfamarkaðinn, markaðshlutdeild almennt hjá fjármálastofnunum, æskilega stærðarhagkvæmni og áhrif á byggð og atvinnuvegi, þjónustu við viðskiptamenn, starfsöryggi starfsmanna og öryggi innstæðna og ekki síst fákeppni og einokunartilhneigingar á fjármálamarkaðnum. Áhyggjuefnið hjá mér lýtur ekki síst að því, af því að í Íslandsbanka eru aðilar eins og Eimskip og Sjóvá sem tilheyra hinum margumræddu kolkrabba og þetta eru aðilar í tryggingastarfsemi og flutningastarfsemi sem hafa nú markaðsráðandi stöðu í þeim starfsgreinum, ef þeir eiga svo að fá yfirburðastöðu í einhverjum einum bankarisa. Það er áhyggjuefni. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra kanni það alveg sérstaklega hvaða áhrif þetta hefur á fákeppni og einokunartilhneigingar ef þessi plön eru virkilega að verða hér að veruleika.

Ég spái því að slíkur bankarisi sé að verða að veruleika, Íslandsbanki — Landsbanki. Mér kæmi ekki á óvart að það yrði í maímánuði, kannski skömmu eftir að þing fer heim, að slík sameining gengi eftir. Því er ekkert óeðlilegt að nokkur umræða skuli vera tekin í þetta. Vegna þess að 60–65% markaðshlutdeild er ansi mikið og miklu meira en gerist og gengur erlendis og ekki síst á okkar smáa markaði hér, fjármálamarkaði, þá er þetta allt of stór eining og staða Búnaðarbanka og sparisjóðanna verður mjög veik eftir það. En mér skilst, og er ég nú að reikna í dæmið og tel að ég hafi nokkuð til míns máls, að menn hafi setið yfir því í ríkisstjórninni, forustumenn Framsfl. og Sjálfstfl., hvernig þeir gætu skipt á milli sín þessum bankastofnunum. Mér sýnist á öllu að Sjálfstfl. hafi farið betur út úr þeim skiptum ef Íslandsbanki og Landsbankinn verða sameinaðir en Framsfl. standi eftir með Búnaðarbankann. Í blaðagrein sem kom fyrir rúmri viku er einmitt verið að ýja að þessu, að það þyrfti þá að styrkja fyrirtæki sem tengdust Framsfl. með einhverjum hætti á móti. Og nú eru menn að tala um að Búnaðarbankinn kaupi eignarhluta Landsbankans í tryggingafélögunum.

Mér fannst hæstv. ráðherra taka nokkuð undir það í gær að það gæti verið skynsamlegt. Hæstv. landbrh., Guðni Ágústsson, telur að styrkja þurfi Búnaðarbankann. Menn eru farnir að tala nokkuð opið um þetta, að þessi sameining sé á næsta leiti.

Herra forseti. Mér skilst að samkomulag sé um að ljúka 3. umr. á tiltölulega stuttum tíma þó mér finnist að ráðherrann hafi tekið dágóða stund af þeim tíma sem við höfum hér til umráða. Engu að síður skal ég reyna að stytta mál mitt. Ég vil aðeins segja varðandi þessa sameiningu, sem mönnum er vissulega ofarlega í huga, að maður veltir fyrir sér hvaða markmið menn setja sér í slíkri sameiningu. Eru þeir sem vilja standa í slíkri sameiningu, Landsbankamenn og Íslandsbankamenn, að hugsa um að hér verði eðlileg samkeppni? Ég er ekkert viss um það. Það er hlutverk hæstv. ráðherra að sjá til þess að í slíkri sameiningu, ef af verður, verði tryggð eðlileg samkeppni. Ég hygg að þegar verið er að tala um hagræðingu séu þeir aðilar sem að þessu standa að hugsa fyrst og fremst um arðsemina, að hún sé sem mest til þeirra fjármagnseigenda sem eru núna að fara að eignast þessa banka.

Við fórum yfir það t.d. í gær að þjónustugjöld í Íslandsbanka eru langhæst í þeim einkabanka. Þar er arðsemin til eigendanna mikil en þjónustugjöldin eru há. Þau eru lægst hjá sparisjóðunum þar sem arðsemi eigin fjár er að vísu minni en þar er lagt meira upp úr því að þetta skili sér til viðskiptavinanna og komi fram í lækkuðum þjónustugjöldum.

Ég held að við verðum að varast það, herra forseti, að ganga hratt í þá einkavæðingu sem ríkisstjórnin áformar. Við höfum fyrir okkur dæmi eins og frá Noregi, þar eru víti til að varast. Það var gengið mjög hratt í einkavæðinguna. Til hvers leiddi hún fyrir áratug? Það varð bankahrun. Það varð bankahrun í Noregi sem kostaði ríkissjóð 50 milljarða kr. Og þar var tekin sú ákvörðun eftir slíkt bankahrun að bankar sem höfðu verið í einakeign voru settir að verulegum hluta í ríkiseign aftur. Þess vegna hljótum við að verða að meta hvort slíkur kostur er skynsamlegur, sem ég tel, að a.m.k. annar bankinn verði fyrst um sinn í meirihlutaeign ríkisins meðan við erum að sjá hvernig þessi markaður þróast. Það verðum við að gjöra svo vel að taka með inn í myndina nú þegar menn eru að velta fyrir sér framtíðaráformum á þessum markaði.

Herra forseti. Ég skal gera mitt til þess að umræðunni geti farið að ljúka en ég beini þessum tveimur spurningum til ráðherrans og hann getur svarað því á einni mínútu: Verður

haft fullkomið samráð og samvinna við starfsmennina þegar og ef af þessari sameiningu verður? Er það alveg öruggt og geta þingmenn treyst því að áður en skrifað verði undir þá sameiningu, ef af verður, að þingið fjalli um hana, þingið taki ákvörðun í því efni og ekki verði skrifað undir hana með einhverjum fyrirvara þegar Alþingi hefur farið heim í maímánuði?

Ég spyr um þetta tvennt, starfsmennina og þingið. Ég spyr líka hvort áðurnefnd skýrsla í viðskrn. liggi fyrir og hvort þegar liggi fyrir samanburður á þessum tveim kostum sem menn hafa hér verið að ræða. Og ef hún liggur fyrir, sem mér fannst koma fram hjá ráðherra, að frumkvæði hvers var sú skýrsla gerð?

[11:34]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dálítið vandlifað í þessari umræðu. Nú er ég gagnrýndur fyrir að hafa tekið of mikinn tíma í að ræða málin og í gær var ég gagnrýndur harðlega fyrir að svara ekki nokkrum sköpuðum hlut af því sem ég var spurður um. Þetta er því dálítið snúið. Þess vegna ætla ég ekki að taka mjög langan tíma heldur nýta andsvarið til að svara spurningum hv. þm. og reyna að standa við tímamörkin sem um var talað.

Fyrst varðandi skýrsluna sem hv. þm. spurði um, þá er unnið að því nú í viðskrn., því er ekki lokið, að gera hagkvæmnisathugun á því og finna út hvaða áhrif slík sameining eins og þessar stóru sameiningar hefðu á alla þá þætti sem hv. þm. benti á áðan. (**Gripið fram í:** Liggur engin skýrsla fyrir?) Það liggur engin skýrsla fyrir um það en búið er að vinna að þessu í langan tíma. Við munum m.a. leita, hv. þm., til erlendra ráðgjafa í þeim efnum og það er undirbúið og upphaflega til komið af hálfu viðskrh.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um hvernig farið yrði með málið ef til þessarar stóru sameiningar kæmi eða til einhverrar sameiningar kæmi. Ég er þeirrar skoðunar og lýsti því yfir hér í gær burt séð frá því, og lengra er nú málið ekki komið, að menn hafa ekki enn einu sinni kannað hver lagagrundvöllurinn væri fyrir því að sameina fyrirtæki án atbeina Alþingis. Málið er nú ekki lengra komið en þetta. En það væri partur af svona skýrslu eins og hér er verið að lýsa.

Þó svo að niðurstaða lögfræðinga yrði sú að ekki þyrfti að bera þetta undir þingið, nema bara söluna þegar að henni kæmi, þá er ég þeirrar skoðunar að hér sé um svo stórt mál að ræða að það eigi að bera það undir þingið, alveg sama hvaða sameiningu um væri að ræða. Hún yrði að vera staðfest af þinginu þegar fram liðu stundir. (**Gripið fram í:** Eftir á?) Ég get ekkert sagt um það. Við skulum fyrst átta okkur á því að engar slíkar viðræður eru í gangi. Ég er bara að lýsa því nákvæmlega núna hvernig slíkir hlutir ættu að koma til kasta Alþingis.

Hitt atriðið, starfsmennirnir, og nú er ég alveg að ljúka máli mínu. (Forseti hringir.) Ég mun leggja áherslu á að eiga jafngott samstarf við þá um það mál komi til þess að slík sameining eigi sér stað eins og ég hef átt við starfsmenn um þessi mál.

[11:37]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mikilvægt að fá þetta fram. En hæstv. ráðherra sagði þegar hann var spurður hvort hann mundi, ef farið væri út í slíka sameiningu, leggja hana fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar eða synjunar, þá orðaði ráðherrann það svo að hvað sem lagagrundvöllur segði um það og jafnvel þó að lögin segðu að hægt væri að gera þetta án atbeina þingsins þá yrði þetta lagt fyrir þingið til staðfestingar þegar fram líða stundir.

Ég spyr, getur þetta þýtt að slík sameining yrði staðfest með fyrirvara Alþingis ef Alþingi væri ekki að störfum þegar slíkt kæmi til? Ég fer fram á það að þingið fái að fjalla um sameiningu áður en gengið verður frá henni.

Ég verð að treysta orðum hæstv. ráðherra um að haft verði fullt samráð við starfsmennina og ég fagna því að fram er fara hagkvæmnisathugun, eins og ráðherrann orðaði það, á kostum sameiningar og að kallaðir verði til erlendir ráðgjafar. Ég vænti þess að strax og slík skýrsla er tilbúin verði hún lögð fyrir þingið til umfjöllunar, þó að ekki liggi fyrir nein niðurstaða varðandi sameininguna, að skýrslan verði engu að síður lögð fyrir þingið eða a.m.k. efh.- og viðskn. til umfjöllunar.

[11:38]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir getur treyst því, og ég mun leita eftir því, að haft verði jafngott samráð við starfsmenn þessara fyrirtækja og Samband ísl. bankamanna eins og ég hef haft í gegnum tíðina, og undirstrikað hefur verið á fundum efh.- og viðskn. hve gott það samstarf hefur verið. Og þegar þeir eru ánægðir og ég er ánægður með samstarfið þá getum við ekkert haft það betra en það.

Varðandi hitt atriðið sem snýr að aðkomu Alþingis að málinu þá ítreka ég aftur að þó svo að lögfræðingar kæmust að þeirri niðurstöðu að ekki þyrfti að leggja málið fyrir þingið þá tel ég eðlilegt að það sé gert. En hvort það verður gert eftir að slíkir samningar hafa verið gerðir eða ekki um einhvers konar sameiningu er útilokað að segja til um á þessari stundu. Ég tek dæmi: Flestallir slíkir stórir samningar hafa verið undirritaðir með fyrirvara um samþykki Alþingis og þeir síðan bornir undir Alþingi. Allir stórir alþjóðasamningar, stórir samningar um byggingu stóriðjuvera hafa allir verið undirritaðir með slíkum fyrirvara. Það er í raun og veru óframkvæmanlegt að ég hygg, þó er rétt að skoða hinn þáttinn, að gera slíka samninga nema þá að þeir séu staðfestir af ríkisstjórn með fyrirvara um samþykki Alþingis.

Ég veit að hv. þm. veit eftir að hafa setið mörg ár í ríkisstjórn, að slíka samninga er tæpast hægt að gera. 63 þingmenn geta ekki staðið í samningum við einhverja tiltekna aðila, einn eða tvo aðila um hagsmuni þjóðarinnar. Það verður að treysta ríkisstjórn til þess, en auðvitað kemur Alþingi að slíkum hlutum. Það er óframkvæmanlegt að 63 þingmenn standi í slíkum samningaviðræðum.

[11:40]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra verður að skilja að það er eðlileg ósk frá þinginu að málið komi hér til umfjöllunar og ákvörðunar í Alþingi áður en gengið verður frá því. Ég treysti því að ef þingið er að störfum þá verði svo um hnútana búið að slíkt verði gert.

En hæstv. ráðherra nefndi ekki skýrsluna. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hún yrði örugglega lögð fyrir þingið þó að ekki væri búið að taka neina ákvörðun um sameiningu, þannig að þinginu gæfist kostur á að fjalla um þá hagkvæmnisathugun sem fælist í slíkri skýrslu eða a.m.k. efh.- og viðskn. Ég treysti því að hæstv. ráðherra geri það.

[11:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tel að umræðan sem hér hefur farið fram um sölu á hlutafé í Búnaðarbanka og Landsbanka hafi greinilega leitt í ljós að við erum að flýta okkur um of í viðamiklu máli. Ég tel að sú tillaga sem við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum lagt fram, um að málið verði kannað betur, sé mjög rökrétt í þeirri stöðu sem uppi er og ég hef tekið eftir því að hæstv. viðskrh. hefur tekið undir hana sem skynsamlega tillögu þó svo að málið um að selja 15% í hvorum bankanum um sig verði afgreitt.

Ég vona hins vegar að þau orð sem höfð hafa verið uppi um tillögu okkar verði til þess að menn fallist á hana þegar hún verður borin upp og að slík könnun fari fram og að hagsmunir fólksins í landinu, sem á þessar bankastofnanir, og starfsmanna þeirra verði hafðir að leiðarljósi.

[11:42]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég staðfesti bara það sem áður hefur komið fram, ég held að þetta sé mjög skynsamleg tillaga sem hér er lögð fyrir. Eins og komið hefur fram í umræðunni líka, þá er unnið að því að gera slíka úttekt. Hún mun síðan vafalaust verða til umfjöllunar þegar fram líða stundir. Það er ekki oft sem ég tek undir tillögur frá hv. þingflokki Frjálslynda flokksins en ég held að það sé nú af því hve einstaklega vel hann er saman settur þessa stundina að mér finnst rétt að taka undir tillöguna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:54]

Frv. samþ. með 41:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, PHB, RG, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb, ArnbS, SÞ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, DLH, GuðjG, GÁ, GÖ, JHall, HjÁ, HjálmJ, IP, HBl.

nei: JB, KolH, SJS, GIG, ÞBack, ÖJ, ÁSJ, GAK.

2 þm. (JóhS, SJóh) greiddu ekki atkv.

12 þm. (MF, ÓÖH, SighB, SAÞ, TIO, HGJ, ÖS, ÁJ, EOK, GHall, GÁS, GunnB) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta þingmál snýst í einfaldleika sínum um það að breyta heimild til hlutafjáraukningar í heimild til sölu hlutafjár sem er skynsamleg ráðstöfun og ég styð hana. Ýmsar vísbendingar eru um að stjórnvöld hafi á prjónunum einhvers konar endurskipulagningu á fjármálamarkaðnum en umræður á hv. Alþingi hafa ekki leitt í ljós hvaða stefnu þau hyggjast taka í því efni. Í stuðningi mínum við þingmálið, sem er til ákvörðunar Alþingis, er ekki fólginn stuðningur við samruna stærstu fjármálastofnana á markaðnum hér, þ.e. Landsbanka og Íslandsbanka. Slík ákvörðun mundi setja íslenskan fjármálamarkað úr skorðum, skapa ójafnvægi og erfiða samkeppnisaðstöðu annarra fjármálastofnana á markaðnum þannig að óviðunandi væri.

Ég tel einnig að á meðan ríkið er þátttakandi í fjármálamarkaði eigi það að eiga ráðandi hlut í öflugustu fjármálastofnuninni, þeirri stofnun sem við getum kallað þjóðbanka. Ég segi já.

[11:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hæstv. viðskrh. gaf áðan, að engir baksamningar liggi fyrir um samruna eða annað slíkt á íslenskum fjármálamarkaði ætla ég að leyfa mér að treysta þeim orðum og því segi ég já.

[11:47]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er verið að samþykkja um sölu á 15% af hlutfé Landsbanka og Búnaðarbanka er afgreitt í skugga þeirrar umræðu að fyrirhugaður sé samruni Íslandsbanka og Landsbanka á næstunni. Ég hef þá bjargföstu skoðun að hér eigi áfram að vera einn öflugur banki að meiri hluta í eigu ríkisins, Landsbankinn, og greiði því ekki atkvæði með þessari hlutafjársölu sem mun greiða fyrir þessum samruna og sem mun gera hlut ríkisins í Landsbanka rýrari við slíkan samruna.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Myndin er að skýrast hvernig helmingaskiptaflokkarnir ætla að möndla með verðmætan eignarhlut og einstakar eignir þjóðarinnar í bönkunum og skiptast á þeim eins og leikföngum núna fyrir jólin. Allur umbúnaður þessa máls af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, skortur á upplýsingum og fleira í þeim dúr er mjög ámælisverður.

Mig undrar satt best að segja, herra forseti, að ekki skuli hafa komið fram meiri andstaða við þetta mál, t.d. frá þeim hv. þm. Sjálfstfl. sem alltaf eru með munninn fullan af tali um frjálsa samkeppni. Það eru einnig vonbrigði að mikill meiri hluti þingmanna Samfylkingarinnar, ég hygg reyndar allir nema tveir eða þrír þingmenn, þar sem eru nefndarmenn Samfylkingarinnar í hv. efh.- og viðskn. og kannski einn til, skuli styðja þetta mál. Reynist þetta undanfari þeirra hrossakaupa í bankaheiminum, sem margt bendir til, þá vil ég a.m.k. ekki bera ábyrgð á því. Ég er andvígur þessu máli og ég segi nei.

[11:50]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég tel skynsamlegt að selja af hlut ríkissjóðs í þessum bönkum, skynsamlegra en að auka hlutafé til þess að uppfylla skilyrði Verðbréfaþings. Ég tel að þetta sé rétt tímasetning á sölunni.

Hæstv. forseti. Mér þykir það ánægjulegt að geta fengið að segja já við þessu frv., og ég vona að fljótt aftur komi nýtt þingmál hér inn í salinn þar sem ég get fengið að segja aftur já við því að selja enn þá meira. Ég segi já.

[11:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta frv. ber vott um óvönduð vinnubrögð. Hafnað hefur verið að ræða þróun fjármagnskerfisins með hugsanlega sameiningu ríkisbankanna í einn þjóðbanka áður en sala fer fram. Hafnað hefur verið að taka til afgreiðslu frv. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um dreifða eignaraðild samhliða því frv. sem hér er verið að lögfesta. En ofar öllu þjónar þetta frv. ekki hagsmunum þjóðarinnar, það er verið að rýra eignarhlut hennar í verðmætri eign og efnahagslegu stjórntæki. Með þessu frv. er verið að greiða fyrir samþjöppun á valdi og fjármagni í íslensku samfélagi en ríkisstjórnin er söm við sig. Hún gengur erinda þessara afla. Ég hlusta á rödd fjármagnsaflanna, segir hæstv. viðskrh.

Ég vil hins vegar hlusta á rödd þjóðarinnar og ég vil hlusta á rödd skynseminnar. Þess vegna segi ég nei.

[11:52]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál kom hér tiltölulega seint inn á þingið. Og ég vil nú nota þetta tækifæri af því að það er komið hér til lokaafgreiðslu að þakka þingmönnum fyrir að hafa greitt fyrir þessu mikilvæga máli í gegnum þingið um leið og ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 351).

[11:54]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2000, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 347.

Fjárlög 2000, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 337 og 347, brtt. 338 og 348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:56]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 348. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

[11:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 2000. Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 27. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Geta má þess að um 800 erindi af ýmsu tagi bárust nefndinni.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi, dags. 12. október sl., óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um frumvarp til fjárlaga, þ.e. þá þætti er varða málefnasvið einstakra nefnda. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt um í þingsköpum.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 45 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust, svo sem skiptingu fjárfestingarliða, að hafnalið undanskildum. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umr. nema samtals 3.639,3 millj. kr. til hækkunar.

Vinnan í fjárln. er annasöm eins og sést á þeim erindafjölda sem til nefndarinnar barst. Ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum úr liði stjórnarliða og stjórnarandstöðu fyrir afar gott samstarf og þann góða samstarfsanda sem ríkir í nefndinni þrátt fyrir mismunandi sjónarmið. Nefndin hefur notið aðstoðar starfsmanna fjmrn. og annarra ráðuneyta við verk sitt auk starfsliðs Alþingis.

Við leggjum nú upp í lokaáfanga verksins þegar 2. umr. málsins er lokið en 3. umr. bíða tekjuhlið frv., B-hluti, og heimildir 7. gr. Auk þess bíða nokkur erindi sem nefndin hefur enn til umfjöllunar 3. umr.

Enginn vafi er á því að miklu máli skiptir að reka ríkissjóð með verulegum afgangi miðað við núverandi aðstæður og horfur í þjóðarbúskapnum. Leggst þar allt á eitt. Verðbólga hefur gert vart við sig, viðskiptahalli er mikill þrátt fyrir góð ytri skilyrði, vextir eru hærri hér á landi en í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við og þensla einkennir þjóðarbúskapinn. Þetta eru dæmigerð hættumerki um að „góðæri" gæti senn farið úr böndum ef ekki er gripið í taumana. Í þessum hættumerkjum felast einnig ótvíræð skilaboð til hagstjórnar. Þau eru öll á sömu lund, þ.e. brýnt að auka aðhaldið í efnahagslífinu og öruggasta leiðin að því markmiði er þéttara taumhald í ríkisfjármálum. Þetta þýðir að bæta þarf afkomu ríkissjóðs verulega milli áranna 1999 og 2000 og leggja þarf varanlegan grunn að stöðugleika og jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Lítum nánar á rökin sem liggja að baki. Hættumerkin eru einna skýrust á verðlagssviðinu. Þannig hefur verðbólgan verið um eða yfir 5% að undanförnu þegar litið er til tólf mánaða breytinga á vísitölu neysluvöruverðs. Þetta er tvöfalt til þrefalt meiri verðbólga en í helstu viðskiptalöndum. Það liggur í augum uppi að þessi þróun getur ekki gengið til lengdar. Ef verðbólga verður áfram að marki meiri en í viðskiptalöndunum kemur fyrr eða síðar að kollsteypu í hagkerfinu. Slíkar kollsteypur þekkjum við frá fornu fari og meginstefið er ávallt það sama, það er að segja samspil gengisfellingar, verðbólgu og kjaraskerðingar. Eina leiðin til að hindra svona gamalkunnuga hringferð er að stuðla að stöðugu verðlagi og það verður ekki gert nema eftirspurn og umsvif í efnahagslífinu haldist í hendur við framleiðslugetu þess.

Viðskiptahalli er önnur myndbirting þenslunnar. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að hallinn verði um 29 milljarðar króna á þessu og næsta ári. Þar kemur einnig fram að hallinn skýrist í vaxandi mæli af neyslu í stað fjárfestingar framan af hagvaxtarskeiðinu. Í þessu felst að þjóðin er að safna erlendum skuldum til að standa straum af neyslu sinni. Það er óviðunandi, ekki síst í ljósi þess að sennilega erum við um þessar mundir í toppi hagsveiflunnar. Jafnframt virðast nýjustu upplýsingar um þróun inn- og útflutnings benda til að hallinn verði jafnvel enn meiri en spáð var í þjóðhagsáætlun. Til að ráða bót á þessu þarf að efla þjóðhagslegan sparnað og ríkisfjármálin eru öflugasta hagstjórnartækið sem við ráðum yfir í því skyni.

Í peningamálum birtist þensla meðal annars í stórfelldri útlánaaukningu og miklum vaxtamun gagnvart öðrum löndum. Tólf mánaða vöxtur bankaútlána á þessu ári hefur legið á bilinu 30–40% og þegar litið er til lánakerfisins í heild hefur vöxturinn verið 15–20%. Enginn vafi er á því að svona mikill vöxtur til lengdar samrýmist ekki stöðugleika. Einnig er rétt að vekja athygli á því að erlend lán bankanna hafa borið uppi útlánaaukninguna. Til að sporna við útlánaþenslu hafa vextir verið hækkaðir allverulega að undanförnu og er vaxtamunur milli Íslands og annarra landa nú í sögulegu hámarki. Þetta hefur meðal annars leitt til hækkunar á gengi krónunnar og að sjálfsögðu aukið fjármagnskostnað annarra fyrirtækja en þeirra sem eiga greiðan aðgang að erlendu lánsfé. Fyrir vikið hefur samkeppnisstaðan versnað. Þetta er áhyggjuefni þegar til lengri tíma er litið því hagvaxtargeta þjóðarbúsins getur borið skaða af. Af þessu má sjá að ekki er einhlítt að beita peningamálum til frekara aðhalds með enn

hærri vöxtum og berast því böndin aftur að ríkisfjármálum. Aukið aðhald þar dregur úr þörf fyrir hækkun vaxta.

En fleira leggst á sömu sveif. Mikil aukning neyslu hefur leitt til almennrar þenslu í efnahagslífinu. Þannig hefur einkaneyslan aukist um 18% síðastliðin tvö ár eða um 60 milljarða króna sem svarar til um 850 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þjóðarútgjöldin hafa einfaldlega aukist mun meira en þjóðartekjurnar og ýtt undir verðbólgu og þenslu. Fyrir vikið er nauðsynlegt að hægja á efnahagsstarfseminni, ná mjúkri lendingu, eins og það hefur verið kallað, og komast þannig hjá kollsteypu síðar með þeim óþægindum sem því fylgir. Eina örugga leið stjórnvalda að þessu markmiði er að bæta afkomu ríkisins; efla þannig þjóðhagslegan sparnað og draga úr viðskiptahallanum.

Stefnumörkun í ríkisfjármálum í þá veru sem ég hef hér gert að umtalsefni er einnig mikilvæg út frá alþjóðlegum sjónarmiðum. Í því efni nægir að nefna sem dæmi að alþjóðavæðing og gjaldmiðlasamruninn í Evrópu munu gera sífellt auknar kröfur til hagstjórnar hér á landi á næstu árum. Þetta mun einkum beinast að stjórn ríkisfjármála því svigrúmið til sjálfstæðrar peningastefnu er smám saman að minnka. Til marks um þetta má nefna að Norðmenn leggja mikla áherslu á að efla hagstjórnarhlutverk ríkisfjármálanna og búa þannig í haginn fyrir EMU og framhald alþjóðavæðingar. Svipaða braut þurfa Íslendingar að feta. Það er því afar brýnt verkefni að treysta stöðu ríkisfjármála í góðærinu til að mynda svigrúm til að takast á við þá erfiðleika sem fylgja lakari þjóðhagslegum skilyrðum en nú eru.

Að öllu samanlögðu sýna þau sjónarmið, sem ég hef lýst hér á undan, að grunninn fyrir framhald góðærisins er að finna í stjórn ríkisfjármála. Það er því höfuðatriði að afgreiða fjárlög fyrir árið 2000 með myndarlegum afgangi.

Það hlýtur að verða verkefni ríkisfjármálanna á næstu árum að koma í veg fyrir að rekstur hins opinbera haldi áfram að bólgna út ár frá ári. Slíkt veldur áhyggjum nú. Vegna þess að mikill kraftur er í íslensku efnahagslífi og atvinnuvegirnir hafa skilað aukinni verðmætasköpun hafa tekjur þjóðarbúsins og þar með ríkissjóðs aukist ár frá ári. Vissulega ber að vinna að því að svo verði áfram og atvinnuppbygging á næstu árum verði með þeim hætti að hún standi undir aukningu þjóðartekna. Hins vegar verður að skoða ríkisreksturinn með gagnrýnum hætti með tilliti til aukinna útgjalda. Á árinu 1999 eða yfirstandandi ári er áætlað að tekjur ríkissjóðs aukist um allt að 10 milljörðum króna vegna aukinnar veltu í samfélaginu, hærri launatekna og hækkunar á óbeinum sköttum. Ef þannig hefði árað að tekjur hefðu í stað þess að aukast dregist saman um 10 milljarða króna þá hefi verið örðugt um vik í efnahagsmálum og niðurskurður blasað við. Það er alls ekki hægt að leggja frá sér þá hugsun að slík gæti þróunin orðið ef niðursveifla væri í atvinnulífinu. Þess vegna ber framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu, Alþingi, að leggja í það sameiginlega vinnu að fara yfir rekstur stofnana ríkisins með gagnrýnum hætti og verja í það auknum kröftum, ekki aðeins á lokastigi fjárlagagerðar, heldur á öllum stigum undirbúnings þeirra. Fjárlaganefnd á að hafa mikilvægt eftirlitshlutverk með höndum með framkvæmd fjárlaga og ég hyggst beita mér fyrir því að efla þann þátt í starfi nefndarinnar.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa gagnrýnt í umræðu til fjáraukalaga þá útgjaldaaukningu sem orðið hefur hjá ríkissjóði. Ég fagna því að skilningur ríkir á því og um það er ekki deilt að full þörf er á að gæta aðhalds í ríkisútgjöldum. Hins vegar hefur ekki borið á því, þrátt fyrir þessa gagnrýni, að tillögur hafi verið uppi um að hætta við flutning breytingartillagna til aukinna útgjalda eða skera niður útgjöld ríkissjóðs.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga var áætlaður tekjuafgangur ríkissjóðs 15 milljarðar króna. Það er meiri afgangur en dæmi eru til áður og byggist hann á því að tekjur ríkissjóðs hafa farið vaxandi vegna aukinna umsvifa í samfélaginu. Fjárlaganefnd var því nokkur vandi á höndum að sinna starfi sínu með þeim hætti að ganga ekki um of á þennan tekjuafgang sem svo mikil nauðsyn er á að skila inn í efnahagslíf þjóðarinnar eins og nú háttar til. Meiri hluti nefndarinnar taldi því nauðsynlegt að marka sér stefnu um að láta nokkur verkefni ganga fyrir þegar afstaða var tekin til umsókna um útgjaldaaukningu. Þessi verkefni voru í fyrsta lagi að koma fjárhagslegum grundvelli undir rekstur heilbrigðisstofnana í landinu í kjölfar kostnaðarhækkana og kjarasamninga á liðnu ári. Ég mun víkja að því máli síðar. Í öðru lagi að leggja fram fjármagn til baráttunnar við fíkniefni og í þriðja lagi að leggja fram fjármagn til þeirra verkefna sem gætu orðið til viðnáms í hinum mikla byggðavanda sem við er að etja í landinu. Nokkur aukning útgjalda til þessara mála er knýjandi nauðsyn.

Það hefur tekist gott samkomulag um það í ríkisstjórn og stjórnarflokkunum að skera upp herör gegn þeirri ógn sem fíkniefnaneyslan er. Útgjaldaaukning til hinna ýmsu verkefna á þessu sviði nemur um 400 milljónum króna á fjáraukalögum 1999 og fjárlögum fyrir árið 2000. Þessir fjármunir munu gefa allt aðra vígstöðu í hinni örlagaríku baráttu gegn fíkniefnum. Verkefnin eru vel skilgreind eru meðal annars byggð á niðurstöðu nefndar sem vann að tillögugerð í málinu og skilaði af sér í lok nóvember. Baráttan gegn fíkniefnum er háð á mörgum vígstöðvum og hún snertir málaflokka margra ráðuneyta. Ljóst er að halda verður áfram að skipuleggja baráttuna sem best og veita áfram aukið fjármagn til verkefna á þessu sviði. Þessi framlög eru áfangi á þeirri leið sem mörkuð er af stjórnvöldum í þessum efnum. Hér er háð barátta upp á líf og dauða gegn óhamingju, heilsutjóni, niðurlægingu og öryggisleysi í samfélaginu sem þessi vágestur veldur. Dæmin eru of nærtæk og of hörmuleg til þess að orðræður frá minni hálfu bæti nokkru í þá mynd á þessari stundu.

Þriðja forgangsmálið eru byggðamálin. Það er viðurkennt að byggðaþróunin í landinu er eitthvert mesta efnahagsvandamál sem þjóðin á við að stríða um þessar mundir. Ég vék í inngangi ræðu minnar að almennum efnahagshorfum og þeim þenslumerkjum sem verið hafa. Ekki er vafi á því að byggðaþróunin hefur átt drjúgan þátt í því að auka þenslu. Það er heldur ekki vafi á því að hún kallar á mjög aukin útgjöld ríkissjóðs og eru ekki öll kurl komin til grafar í því efni. Miklum opinberum fjármunum hefur á undanförnum árum verið varið til uppbyggingar um land allt. Þróunin er sú að við fólksflutningana fjarar undan þjónustunni út um landsbyggðina hvort sem um er að ræða opinbera þjónustu, þjónustu sveitarfélaga eða einkaaðila. Fólksfjölgunin á suðvesturhorninu kallar síðan á nýja uppbyggingu sem í mörgum tilfellum er fyrir hendi út á landsbyggðinni. Hækkun húsnæðis og leigu er enn einn þáttur þessara mála.

Í breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar eru veittir auknir fjármunir í nokkra málaflokka sem eru mikilvægir vegna byggðamálanna. Þar má fyrst telja framlög til jöfnunar námskostnaðar og niðurgreiðslna á rafhitun. Þessi fjárfram-

lög taka mið af tillögum Alþingis um byggðamál á síðasta vori. Þá er í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar veitt fé til styrktar skólum á háskólastigi á landsbyggðinni og til fjarkennslu. Þarna er um afar mikilvægt byggðamál að ræða. Varðandi fjarkennsluna skal tekið fram að ætlast er til að menntamálaráðuneytið geri samninga um verkefni við þá aðila sem fá framlög til fjarkennslu. Þar að auki fær Háskólinn á Akureyri framlag til þess að hefja fjarkennslu fyrir leikskólakennara og Kennaraháskólinn til þess að fjölga nemendum í kennaranámi í fjarkennslu. Þarna er verið að auka möguleika á landsbyggðinni verulega til réttindanáms í þessum mikilvægu atvinnugreinum.

Í breytingartillögum fjárlaganefndar eru einnig framlög til skógræktarverkefna í öllum landshlutum. Þessi verkefni eru afar mikilvæg og reynslan hefur verið sú að takmarkaðir fjármunir í þessum verkefnum í sveitum hafa nýst ótrúlega vel og verið bændum til aðstoðar í þeirra hörðu baráttu.

Í nýrri greinargerð frá Ríkisendurskoðun um áætlaða rekstrarstöðu heilbrigðisstofnana í árslok 1999 kemur fram að tekjuhalli sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana stefni í að verða 4,2 milljarðar kr. í árslok 1999. Sú fjárhæð skiptist þannig að um 3,6 milljarðar eru vegna halla yfirstandandi árs en um 600 milljónir vegna fyrri ára. Hallinn í ár stafar að stærstum hluta af meiri launaútgjöldum en fjárlög heimiluðu eða 2,3 milljörðum kr. Önnur útgjöld fóru á árinu 1,3 milljarða fram úr fjárlögum.

Þrátt fyrir að fjármálastjórn ríkisins hafi verið styrkt á síðustu árum þá ber þar ekki síst að nefna setningu laga um fjárreiður ríkisins, virðist svo sem enn þá geti komið upp sú staða að fjárlög sem Alþingi setur séu ekki virt sem skyldi. Ekki er ásættanlegt að ákvarðanir fjárveitingarvaldsins séu ekki betur virtar en raun ber vitni.

Í áðurnefndri greinargerð Ríkisendurskoðunar er fjallað um orsakir þessa fjárhagsvanda, og má hann að verulegu leyti rekja til afleiðinga kjarasamninga sem gerðir voru á árunum 1997 og 1998. Þeir samningar eru um margt sérstakir, eins og rakið er í greinargerð Ríkisendurskoðunar, þar sem með þeim var samið um allbreytt launakerfi hjá mörgum starfshópum og má þar nefna nýja röðun starfsheita og nýjar launatöflur. Óhætt er að segja að margir lausir endar hafi verið þegar skrifað var undir samningana þar sem eftir var að ganga frá nánari útfærslu á þeim með svokölluðum aðlögunarnefndarsamningum. Var stjórnendum einstakra ríkisstofnana falið að ganga til samninga við starfsmenn um gerð slíkra samninga.

Það virðist ljóst að framkvæmd kjarasamninga hefur farið á annan veg en stjórnvöld hugðu. Stjórnendur margra stofnana virðast hafa staðið ráðþrota gagnvart skipulögðum aðgerðum og hópuppsögnum viðsemjenda sinna. Þá hratt samanburður á kjörum og samningum milli stofnana af stað skriðu sem leiddi m.a. til þess að áður gerðir samningar voru teknir upp og samið um meiri launahækkanir en áður. Að því er virtist gerðu stjórnendur margra stofnana sér ekki grein fyrir hvaða launahækkanir fólust í reynd í þeim samningum sem þeir gerðu og skrifuðu undir.

Ríkisendurskoðun bendir einnig á það að forstöðumenn heilbrigðisstofnana hafi kvartað yfir að stjórnvöld hafi ekki samræmt sem skyldi framkvæmd kjarasamninga. Hins vegar kemur einnig fram að af hálfu samninganefndar ríkisins, heilbrrn. og fjmrn. hafi verið efnt til funda með forstöðumönnum þar sem þeim var kynnt efni samninganna og verklag við framkvæmd þeirra.

Ríkisendurskoðun tekur ekki beina afstöðu til þess í skýrslu sinni hvað hafi farið úrskeiðis, en bendir á að báðir aðilar hafi nokkuð til síns máls. En hvar svo sem orsökin liggur nákvæmlega verður ekki unað við svo búið. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi og ber handhöfum framkvæmdarvaldsins að virða ákvarðanir þess. Komi upp sú staða að nauðsynlega þurfi að hækka fjárframlög vegna tiltekinna málaflokka þarf að leita samþykkis Alþingis til þeirra breytinga áður en stofnað er til frekari skuldbindinga og fjárútláta. Það er sameiginlega á ábyrgð ráðuneyta og stofnana að svo sé gert.

Til að ráða bót á bráðum fjárhagsvanda heilbrigðisstofnana er lagt til að Alþingi samþykki frekari hækkun á framlagi til þeirra en ráð var fyrir gert í frv. til fjáraukalaga. Í frv. var óskað eftir auknum fjárveitingum til þessara málaflokka að fjárhæð 2 milljarðar kr., en hér er lagt til að til viðbótar verði ráðstafað til hans 2,1 milljarði kr.

Til lengri tíma litið er mjög brýnt að koma í veg fyrir að slíkur fjárhagsvandi myndist og að fylgt sé ákvörðunum Alþingis um fjárframlög til stofnana ríkisins. Til þess að tryggja að svo verði hefur verið ákveðið að grípa til ákveðinna aðgerða sem hér segir:

Gerðir verða samningar við stofnanir þar sem skýrt kemur fram hver fjárframlög til þeirra verða á hverjum tíma og að stjórnendur beri ábyrgð á að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Til þess að tryggja að fjárframlög til heilbrigðisstofnana séu ákvörðuð með hlutlægum hætti verður tekin upp sú nýbreytni við gerð fjárlaga fyrir árið 2001 að nota reiknilíkön við skiptingu fjárveitinga á milli stofnana.

Erindisbréf stjórnenda heilbrigðisstofnana verða endurskoðuð með það fyrir augum að skýra betur ábyrgð þeirra og í starfsreglum verður kveðið skýrt á um ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna slíkra stofnana. Í því sambandi þarf að kanna hvort breyta þurfi lögum um heilbrigðisþjónustu.

Gerðar verða kröfur um að mánaðarlega liggi fyrir upplýsingar um rekstrarafkomu hverrar stofnunar ásamt samanburði við fjárheimildir. Nánari upplýsingar verða teknar saman um launakostnað.

Settar verða reglur sem koma í veg fyrir að stofnanir geti stofnað til yfirdráttar hjá lánastofnunum eða ríkisféhirði. Reglurnar eiga einnig að tryggja að viðskiptaskuldir stofnana séu innan eðlilegra marka.

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir því að Ríkisendurskoðun gefi þinginu á næsta ári skýrslu um með hvaða hætti hluteigandi ráðuneyti og stjórnendur heilbrigðisstofnana hafa hrint framangreindum ráðstöfunum í framkvæmd. Skýrsla Ríkisendurskoðunar mun væntanlega liggja fyrir á fyrstu mánuðum ársins.

Það verklag sem nú hefur verið ákveðið að taka upp mun vonandi innleiða meiri aga í fjármálastjórn hjá stofnunum ríkisins. Fjárlög ríkisins eru mikilvægasta tækið sem stjórnvöld hafa við að stýra fjármálum ríkisins og verður að gera þá kröfu til allra þeirra aðila, sem bera ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana, að tekið sé fullt mark á fjárlögum.

Annað mikilvægt atriði er að Alþingi gefist kostur á að koma strax að málum þegar sýnt er að misræmi sé að skapast á milli fjárveitingar samkvæmt fjárlögum og reksturs stofnana. Fjárlaganefnd þarf að geta kallað fyrir sig forstöðumenn viðkomandi stofnana og ráðuneytisfólk til að upplýsa um ástæður aðsteðjandi vanda og ræða hvernig við eigi að bregðast. Til að svo geti orðið þarf Alþingi að sjálfsögðu fyrst að fá reglulega upplýsingar um stöðu ríkisfjármála og

horfur á hverjum tíma. Þar hefur Ríkisendurskoðun miklu hlutverki að gegna.

Ég vil ítreka það að engan veginn er ásættanlegt að ár eftir ár sé komið til Alþingis og óskað eftir auknum fjárveitingum umfram fjárlög. Auðvitað getur sú staða komið upp að slíkt sé nauðsynlegt, en almenna reglan verður að vera sú að fjárlög ríkisins séu sá rammi sem stofnanir og ráðuneyti verða að starfa eftir og að stjórnendur þeirra verði að haga rekstrinum í samræmi við þær fjárveitingar sem þar er kveðið á um. Varðandi heilbrigðisstofnanirnar er tekin sú ákvörðun í meginlínum að halda því þjónustustigi sem nú er þar og því góða heilbrigðiskerfi sem við búum við. Með hinum miklu fjárveitingum sem settar eru inn í málaflokkinn nú er sá rammi settur, en þessi aðgerð gefur ekkert fordæmi um að hægt sé í framtíðinni, hvorki í þessum málaflokki né öðrum, að fara fram úr fjárlögum og almenn regla sé sú að það sé bætt eftir á. Hér er um sértæka aðgerð að ræða með ákveðnum skilyrðum sem ég hef rakið hér að framan.

Eins og kom fram við 1. umr. fjárlaga var lagt til að frestað yrði nokkrum opinberum framkvæmdum í því skyni að slá á þenslu og draga úr eftirspurn eftir vinnuafli, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Meðal annars var tekin sú ákvörðun að fresta nokkrum hafnarframkvæmdum sem gert var ráð fyrir á hafnaáætlun árið 2000 að upphæð 297 millj. króna. Reynt var að velja eins og hægt var nýframkvæmdir til frestunar. Á það skal lögð áhersla hér að viðkomandi hafnarsjóðum verði heimilt að bjóða þessi verkefni út haustið 2000 til framkvæmda á árinu 2001.

Á undanförnum árum hefur verið fjárveiting undir liðnum 1.25 GPS Staðsetningarkerfi sem nýtt hefur verið til þess að byggja upp kerfi til að senda út leiðrétt staðsetningarhnit miðað við GPS staðsetningarhnit bandarísku hersins en þau hnit eru send út brengluð og ætluð til hernaðarnota.

Til þessa hefur uppbygging eingöngu verið miðuð við þarfir sjófarenda og þá einkum fyrir fiskveiðiflotann. Þeirri uppbyggingu er að mestu lokið. Næstu verkefni verða þá að þjóna vegfarendum og til flugleiðsögu.

Í brtt. fjárln. er eins og áður segir að finna tillögur til hækkunar á niðurgreiðslu á rafhitun. Varðandi þá liði skal tekið fram að iðnaðarráðuneytið er nú að láta meta árlegan heildarkostnað við jöfnun orkuverðs í samræmi við þingsályktun í byggðamálum og er þá bæði reiknaður kostnaður vegna rafhitunar og þeirra hitaveitna sem eru dýrari en meðaldýrar hitaveitur. Við þá útreikninga er miðað við ársreikninga og sölutölur orkufyrirtækjanna fyrir árið 1998.

Nauðsynlegt er að fram fari heildarendurskoðun á reglum um niðurgreiðslu á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis en núverandi reglur voru í öllum aðalatriðum settar á árinu 1986. Þessi endurskoðun þarf meðal annars að taka til þess hvaða regla á að gilda um hámarksviðmiðanir. Einnig þarf að skoða hlutverk orkufyrirtækjanna í framkvæmdinni og að tryggja skilvirkni í útdeilingu fjármuna.

Gera má ráð fyrir að þessi vinna taki þrjá til fjóra mánuði, en mikilvægt er að niðurstaða fáist áður en aukningin kemur til útgreiðslu.

Ég mun nú gera grein fyrir brtt. þeim sem meiri hluti fjárln. leggur fram.

Þar er fyrst æðsta stjórn ríkisins. Gerð er tillaga um 139,5 millj. kr. hækkun fjárveitinga til Alþingis. Í fyrsta lagi er lögð til 6 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu 1.01 Alþingiskostnaður. Aðallega er um að ræða akstur, flugferðir og símakostnað þingmanna. Þá er gerð tillaga um 1,5 millj. kr. hækkun framlags til fastanefnda Alþingis vegna aukins ferðakostnaðar.

Gerð er tillaga um tímabundið framlag að upphæð 8 millj. kr. til alþjóðasamstarfs, í fyrsta lagi 4 millj. kr. hækkun til að mæta hærri útgjöldum við Norðurlandaráðsþing frá upphaflegri áætlun. Þá þarf að hækka árgjald til Vestnorræna ráðsins samkvæmt samþykkt landsdeilda Íslands, Færeyja og Grænlands. Loks er ætlunin að styrkja þjónustu alþjóðasviðs við Íslandsdeild Norðurlandaráðs á næsta ári með ráðningu á einum viðbótarstarfsmanni og er gert ráð fyrir 3 millj. kr. til þess.

Einnig er lögð til 3 millj. kr. hækkun á framlagi til almenns rekstrar þingsins til nýs stöðugildis. Áformað er að styrkja þjónustu við rekstur tölvubúnaðar og þjónustu í tengslum við fjarvinnslu ræðna í þeim tilgangi að auka hraða í útgáfu þeirra, þar á meðal á netið.

Lagt er til tímabundið framlag til viðfangsefnisins Tæki og búnaður að fjárhæð 8 millj. kr. til endurnýjunar á tölvu- og hugbúnaði.

Loks er gerð tillaga um tímabundið framlag að upphæð 113 millj. kr. á viðfangsefninu Fasteignir. Er þar annars vegar um að ræða 98 millj. kr. til að gera gagngerar breytingar á innréttingum í húsnæði sem Alþingi hefur tekið á leigu á 2. hæð Austurstrætis 10A. Hins vegar er um 15 millj. kr. framlag að ræða til þess að kosta breytingar á öðru skrifstofuhúsnæði í kjölfarið.

Þá er komið að framkvæmdum á Alþingsreit. Þar er gert ráð fyrir 60 millj. kr. tímabundnu framlagi á viðfangsefninu Nýbygging. Framkvæmdum við skála á Alþingisreit verður frestað til haustsins 2000. Jafnframt þarf að gera ráð fyrir fjárveitingu til að loka grunni skálans og lagfæra umhverfið svo að það verði sómasamlegt á næsta ári. Einnig þarf að endurhlaða suður- og vesturvegg Alþingisgarðsins næsta vor.

Lögð er til 3,6 millj. kr. hækkun fjárveitinga til að sinna auknum verkefnum hjá umboðsmanni Alþingis á næsta ári. Fjárveitingunni verður að mestu leyti varið til að standa undir launakostnaði lögfræðings við embættið.

Undir forsætisráðuneyti er liðurinn Ýmis verkefni. Þar er óskað eftir 44,5 millj. kr. hækkun á framlagi til liðarins. Það er 22 millj. kr. tímabundið framlag til Vesturfarasetursins á Hofsósi. Samkvæmt samningi milli forsætisráðuneytisins og Vesturfarasetursins mun ríkissjóður leggja setrinu til 12 millj. kr. á ári í fimm ár frá og með árinu 1999. Framlaginu skal varið til að byggja upp gamla þorpskjarnann á Hofsósi fyrir þjónustu og afþreyingu fyrir fólk af íslenskum ættum sem býr í Norður-Ameríku. Þá er í samningnum sérstaklega kveðið á um sýningu um Stephan G. Stephansson og er framlag til þess 10 millj. kr. á árinu 2000. Gert er ráð fyrir 16 millj. kr. framlagi í fjáraukalögum. Alls er áætlað að heildarframlag til Vesturfarasetursins eigi eftir að nema 86 millj. kr.

Samkvæmt þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 1974 skal árlegt framlag til Gjafar Jóns Sigurðssonar nema árslaunum prófessors við Háskóla Íslands. Laun prófessora hafa hækkað að undanförnu og því er gerð tillaga um að framlag til sjóðsins hækki í samræmi við það.

Þá er farið fram á 22 millj. kr. tímabundið framlag á árinu 2000 vegna ófyrirséðs kostnaðar landafundanefndar. Nú þegar dagskrá nefndarinnar í Vesturheimi liggur fyrir er ljóst að fara þarf fram á viðbótarfjárheimild til að standa

undir kostnaði sem ekki var gert ráð fyrir í áætlunum nefndarinnar. Fyrst og fremst er um að ræða kostnað við kynningu á viðburðum og viðbótardagskráratriði.

Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til Byggðastofnunar, 502 millj. kr., flytjist til iðnaðarráðuneytis frá forsætisráðuneyti í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Flutt hefur verið frv. um þetta á yfirstandandi haustþingi.

Lögð er til 5 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til að ráða lögfræðing að embætti ríkislögmanns. Verkefnum embættisins hefur fjölgað á undanförnum árum og er talið nauðsynlegt að bæta við lögfræðingi til að ekki þurfi að vísa frá verkefnum.

Þá er það menntamálaráðuneyti. Háskóli Íslands. Þar er lagt til að framlag til skólans hækki um 109 millj. kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 47,6 millj. kr. framlag verði flutt af viðfangsefni 1.20 Rannsóknarnám yfir á viðfangsefni Kennslu- og vísindadeildir í framhaldi af nýlegum samningi skólans við menntmrn. um framlög til kennslu við skólann.

Þá er lagt til að 46,5 millj. kr. framlag til ritakaupa verði fært af viðfangsefni 6.41 á nýtt viðfangsefni Tæki og búnaður, í framhaldi af nýgerðum samningi við háskólann um framlög til kennslu sem byggð eru á reiknilíkani fyrir háskóla. Fyrirhugað er að gera tillögur um frekari breytingar á viðfangsefnum Háskóla Íslands í samræmi við samninginn og niðurstöður líkansins. Til sama liðar er lagt til að veitt verði 109 millj. kr. framlag í samræmi við forsendur samnings menntmrn. og Háskóla Íslands um kennslu í skólanum sem undirritaður var í byrjun október sl.

Óskað er eftir 1,4 millj. kr. tímabundnu framlagi til Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar um að leita eftir hækkun fjárveitingar til að standa straum af kostnaði við undirbúning fyrir þátttöku í norrænu víkingaaldarsýningunni Vikings.

Þá er það Háskólinn á Akureyri. Áætlað er að framlög til liðarins hækki alls um 30 millj. kr. Lögð er til 12 millj. kr. hækkun á fjárveitingum sem varið verður í fjarnám fyrir leikskólakennara í samræmi við fyrirhugaðan samning menntmrn. við skólann. Skortur hefur verið á leikskólakennurum undanfarin ár en þessi leið veitir ófaglærðum starfsmönnum leikskóla möguleika á að stunda leikskólakennaranám.

Jafnframt er lögð til 18 millj. kr. hækkun fjárveitinga til rannsóknastarfsemi en þar er annars vegar um að ræða 15 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til að stytta biðlista kennara eftir rannsóknarleyfi sem skólanum ber að veita og hins vegar 3 millj. kr. til að sinna alþjóðlegum skuldbindingum en Háskólinn á Akureyri er í samvinnu við fjölmarga háskóla á norðurslóðum.

Lagt er til að viðfangsefni Íslenska menntanetsins undir Kennaraháskóla Íslands falli niður þar sem rekstur og eignir þess hafa verið seld. Við þetta falla niður 24 millj. kr. gjöld og jafnháar sértekjur Kennaraháskólans, enda stóðu notendagjöld undir rekstrinum.

Þá er ráðgert að 14,5 millj. kr. framlag ríkisins til endurmenntunar grunnskólakennara verði flutt af lið Kennaraháskóla Íslands yfir á lið 02-720 Grunnskólar, almennt. Af þeim lið verða framlög ríkisins til þessa þáttar í rekstri grunnskóla greidd þeim menntastofnunum sem halda endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara samkvæmt samningi við menntmrn.

Lagt er til að 8 millj. kr. verði færðar af fjárlagalið Rannsóknarráðs Íslands á nýjan lið, Launasjóður höfunda fræðirita, þar sem óheppilegt er talið að blanda styrkveitingum saman við rekstur ráðsins.

Háskóla- og rannsóknastarfsemi. Gerð er tillaga um 138,5 millj. kr. hækkun á fjárveitingum liðarins. Lögð er til 5 millj. kr. hækkun á framlagi til Nýsköpunarsjóðs námsmanna en það hefur staðið í stað undanfarin ár. Nemendum hefur hins vegar fjölgað og æ fleiri sækja um styrk og hefur sjóðurinn þurft að hafna fjölmörgum áhugaverðum rannsóknarverkefnum.

Enn fremur er gerð tillaga um að veita Reykjavíkurakademíunni 5 millj. kr. tímabundið framlag árið 2000 sem gangi til nauðsynlegs rekstrar og umsýslu hennar. Fjárhæðin færist á nýtt viðfangsefni, Reykjavíkurakademían. Reykjavíkurakademían er félag sjálfstætt starfandi fræðimanna sem stofnað var fyrir þremur árum til að skapa ungum fræðimönnum ný skilyrði til starfa.

Lagt er til að fjárveiting til viðfangsefnisins 1.90 hækki um 128,5 millj. kr. Er annars vegar óskað eftir óskiptri fjárveitingu að upphæð 100 millj. kr. til að ljúka samningum við háskóla um verkefni þeirra og fjárveitingar á grundvelli reiknireglna menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til háskóla. Frá því að unnið var að gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur komið í ljós mun meiri aðsókn er að háskólanámi en reiknað var með og gæti fjölgunin numið ígildi allt að 400 nemenda í fullu námi, meðal annars í fjarnámi. Að síðustu er lagt til að veitt verði framlag að fjárhæð 28,5 millj. kr. til sama viðfangsefnis til að auka svigrúm til samninga vegna fjölgunar nemenda í Samvinnuháskólanum og Háskólanum á Akureyri.

Alls er óskað eftir 80 millj. kr. hækkunar á liðnum Framhaldsskólar, almennt. Þar af er gert ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi til viðfangsefnisins sérkennsla. Hækkun um 20 millj. kr. fer til að mæta kostnaði við fjölgun nemenda í sérkennslu og til að undirbúa og bæta við námsári í sérkennslu haustið 2000. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að kostnaður við að bæta við einu námsári haustið 2000 verði 15 millj. kr. Við endurskoðun á kostnaði kom í ljós að fjárhæð þessi er vanáætluð, ekki síst vegna kostnaðar við undirbúning. Gert er ráð fyrir að allt að 60 nemendur njóti þessarar fræðslu víðs vegar á landinu.

Jafnframt er óskað eftir 10 millj. kr. framlagi til kennslu fyrir skjólstæðinga Barnaverndarstofu. Breyting varð á kennslu vistmanna eftir að sjálfræðisaldur var hækkaður úr 16 í 18 ár. Sveitarfélög greiða kennslu nemenda á grunnskólaaldri til 16 ára en talið er eðlilegt að ríkissjóður greiði kennslu þeirra sem eru á framhaldsskólaaldri. Gerður hefur verið samningur við Barnaverndarstofu um að annast kennslu þessara nemenda og er reiknað með 20 nemendum og 500 þús. kr. meðalframlagi á nemanda.

Að lokum er óskað eftir 50 millj. kr. til viðbótar þeim 42 millj. kr. sem er áætlað fyrir á þessu viðfangsefni í fjárlagafrumvarpi og er ætlað að mæta fjölgun nemenda og óvæntum kostnaði. Endurnýjun samninga við framhaldsskóla árið 2000 sem nú stendur yfir hefur leitt í ljós meiri nemendafjölgun en ráð var fyrir gert.

Lagt er til að liðurinn Símenntun og fjarvinnsluverkefni hækki um 34,6 millj. kr. Af því munu 20 millj. kr. renna til Kennaraháskóla Íslands svo að hægt verði að fjölga þar nemendum í fjarnámi.

Gerð er tillaga um 14,6 millj. kr. tímabundið framlag til liðarins til að auka svigrúm þeirra aðila sem nefndir eru í greinargerð með frumvarpinu, auk þeirra sem óskað hafa eftir framlagi til fjarkennsluverkefna, þ.e. til kaupa á

fjarfundabúnaði í Öræfum og Suðursveit, uppbyggingar fjarkennslu í Húnaþingi vestra og fjarnáms í hjúkrunarfræði í Reykjanesbæ í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Vísað er til nánari ákvörðunar menntamálaráðherra um fjárveitingar af liðnum.

Lagt er til að 14,5 millj. kr. framlag verði til liðarins Grunnskólar, almennt. Það er framlag ríkisins vegna endurmenntunar grunnskólakennara sem verður flutt af lið 02-215.

Farið er fram á 76,7 millj. kr. framlag til jöfnunar námskostnaðar. Forsætisráðherra skipaði í september 1997 nefnd samkvæmt tilnefningu allra þingflokka til að fjalla um byggðamál í tengslum við breytingar á kjördæmaskipan. Meðal fjölmargra tillagna, sem samstaða var um í nefndinni, er að framlög til jöfnunar námskostnaðar verði aukin.

Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 23 millj. kr. hækkun fjárveitinga til liðarins sem fari annars vegar til viðfangsefnisins Þjóðminjasafn Íslands, 11 millj. kr., og hins vegar til Byggða- og minjasafna, 12 millj. kr.

Ætlunin er að veita safninu 5 millj. kr. tímabundna fjárveitingu árið 2000 sem varið verði til að halda áfram Reykholtsrannsóknum en markmið þeirra er að kanna og afla nýrrar þekkingar um menningar- og minjasögu staðarins.

Þá verði 5 millj. kr. varið til skráningar á gögnum þess í fjarvinnslu í tölvuskráningarkerfi sem nefnist Sarpur. Kerfið hefur verið unnið í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtæki og fengist hefur 12 millj. kr. styrkur frá Rannsóknarráði Íslands sem greiðist á næstu þremur árum. Markmiðið með verkefninu er að staðla og samræma skráningu og leit að menningarsögulegum upplýsingum, bæta aðgengi að slíkum heimildum, og að tryggja sem besta varðveislu menningarsögulegra gagna. Hluta innsláttar hentar að vinna í fjarvinnslu, þ.e. innslátt upplýsinga sem eru til handskrifaðar eða vélritaðar, en frumskráningu gagna þarf að vinna að mestu á safninu þar sem gripirnir eru geymdir.

Einnig er óskað eftir 1 millj. kr. tímabundnu framlagi til að halda áfram rannsóknum í Laxárdal í Nesjum en nýlegur uppgröftur þar hefur gefið sterkar vísbendingar um að þar sé að finna blótstað bænda.

Gerð er tillaga um 12 millj. kr. hækkun fjárveitinga til minja- og byggðasafna sem skiptast í þrjá staði, 4 millj. kr. til að ráða minjavörð til starfa á Norðurlandi vestra, 3 millj. kr. tímabundið framlag til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti og 5 millj. kr. tímabundið framlag í tengslum við það að Vesturbyggð er þátttakandi í menningarborg Evrópu. Fyrirhugað er að tengja menningardagskrá við unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Vestur-Barðastrandarsýslu um verslunarmannahelgina árið 2000 og gera landsmótið að fjölskylduhátíð.

Lagt er til að undir liðnum Þjóðskjalasafn Íslands verði veitt 0,5 millj. kr. fjárveiting til Héraðsskjalasafns Skagfirðinga vegna aukinna verkefna.

Lagt er til að 5 millj. kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, undir liðnum Söfn, ýmis framlög. Þetta er Sögusetrið á Hvolsvelli, ætlað til uppbyggingar þess.

Gert er ráð fyrir 18 millj. kr. hækkun til liðarins Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður. Lagt er til að fjárveitingar til Endurbótasjóðs menningarstofnana verði hækkaðar um 10 millj. kr. Miðað er við að sú skerðing á mörkuðum tekjum sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, lækki jafnmikið. Fyrirhugað er að flytja breytingartillögu um það við 3. umr. þegar 6. gr. frv. verður til umfjöllunar. Skipting liðarins er sýnd á sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans við frumvarpið.

Í öðru lagi er um að ræða 8 millj. kr. tímabundna fjárveitingu sem er áframhaldandi stuðningur við uppbyggingu og endurbætur á húsinu Kaupvangi á Vopnafirði sem byggt er af sama byggingarmeistara og byggði Alþingishúsið. Húsið er talið hafa verulegt gildi fyrir sögu bæjarins. Unnið hefur verið að því í samvinnu við húsafriðunarnefnd að hefja endurbætur á húsinu og byggja það upp í sem næst upprunalegu útliti.

Lagt er til 4 millj. kr. framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna hlutdeildar ríkisins í launahækkunum hljóðfæraleikara á árinu 2000 samkvæmt kjarasamningi.

Áformað er að hækka framlög til liðarins Listir, framlög um 5 millj. kr. Óskað er eftir 2,5 millj. kr. vegna Bandalags íslenskra leikfélaga. og 2,5 millj. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu Starfsemi atvinnuleikhópa sem renni til Bandalags sjálfstæðra leikhúsa.

Lögð er til hækkun á viðfangsefninu Styrkir til útgáfumála um 1,2 millj. kr. og er sundurliðun fjárveitinga sýnd í sérstökum yfirlitum II.

Gerð er tillaga um 10 millj. kr. tímabundið framlag til að kaupa Íslendingasögur á ensku og gefa erlendum bókasöfnum og stofnunum í tilefni af afmæli landafunda Leifs Eiríkssonar.

Lagt er til að 8 millj. kr. verði færðar af fjárlagalið Rannsóknarráðs Íslands á nýjan lið, og hef ég gert grein fyrir því áður.

Loks er lögð til 2,5 millj. kr. tímabundin hækkun á viðfangsefninu Hið íslenska bókmenntafélag til að styrkja starfsemi þess og er hækkunin alls 21,7 millj. kr.

Óskað er eftir 2,5 millj. kr. hækkun fjárveitingar vegna Norrænnar samvinnu, vegna endurnýjunar samnings um menningarsamstarf við Færeyinga og Grænlendinga.

Óskað er eftir 3 millj. kr. hækkun fjárveitinga til Bandalags íslenskra skáta og 1 millj. kr. til að Landssamband KFUM og KFUK.

Óskað er eftir 10 millj. kr. hækkun til Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands til að styrkja rekstur þess. Þannig gefist meira svigrúm til að sinna málefnum sérsambanda, m.a. Körfuknattleikssambands Íslands sem farið hefur fram á styrk vegna Norðurlandsmóts karlalandsliða í körfuknattleik.

Enn fremur er lögð til 1 millj. kr. fjárveiting til Skáksambands Íslands vegna aukins umfangs í starfi sambandsins.

Ráðgerð er 16,9 millj. kr. hækkun til Ýmissa liða. Það er 10 millj. kr. tímabundið framlag til uppbyggingar safnahúss í Búðardal sem færist á viðfangsefnið Eiríksstaðanefnd.

Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Hestamiðstöðvar Íslands sem fyrirhugað er að komið verði á fót í Skagafirði. Er framlagið liður í byggðatengdu átaksverkefni um gæðastefnu, ræktun, tamningu, þjálfun, sölu, kynningu og notkun íslenska hestsins sem gert er ráð fyrir að verði styrkt í fimm ár. Í tillögum við aðra fjárlagaliði er gert ráð fyrir alls 20 millj. kr. til viðbótar við verkefnið, þar af 10 millj. kr. á liðnum Sérstakar greiðslur í landbúnaði hjá landbúnaðarráðuneyti, 5 millj. kr. á liðnum Ýmis verkefni hjá samgönguráðuneyti og 5 millj. kr. á liðnum Iðja og iðnaður, framlög hjá iðnaðarráðuneyti.

Þá er lagt til að viðfangsefnið Ýmis framlög hækki um 1,9 millj. kr. Skipting fjárins er sýnd á sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans.

Óskað eftir 5,3 millj. kr. fjárveitingu til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins, 5 millj. kr. til verkefna landafundanefndar og til að standa straum af ýmsum kostnaði í tengslum við þátttöku utanríkisráðuneytisins í verkefnum landafundanefndar á árinu 2000, bæði aukakostnaði við aðalskrifstofu og sendiskrifstofu í Bandaríkjunum og Kanada. Utanríkisráðuneytið fékk á árinu 1999 3 millj. kr. framlag frá landafundanefnd vegna kostnaðar á því ári. Jafnframt er sótt um 0,3 millj. kr. til að standa straum af væntanlegum kostnaði við þátttöku Íslands í starfi Norður-Suðurstofnunar Evrópuráðsins sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi 2. nóv. sl. að gerast aðili að.

Sótt er um 5 millj. kr. framlag til reksturs Hafréttarstofnunar Íslands sem stofnuð var með sérstökum samningi utanríkisráðherra, sjávarútvegsráðherra og rektors Háskóla Íslands 31. mars sl.

Þá er komið að sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli. Heildarhækkun til fjárlagaliðarins er áætluð 57,1 millj. kr. og skiptist hún á þrjú viðfangsefni.

Í fyrsta lagi 11,8 millj. kr. framlag til viðfangsefnisins Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli til að efla tollgæslu og fíkniefnavarnir með því að ráða þar þrjá tollverði.

Þá er óskað eftir 42,1 millj. kr. fjárveitingu til liðarins Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli. Það er 21 millj. kr. til að koma til móts við vanda embættisins miðað við óbreyttan rekstur á næsta ári. Þann vanda má einkum rekja til verulegrar aukningar á umferð fólks og vöruflutningum um Keflavíkurflugvöll sem kallar á aukna tollgæslu og öryggiseftirlit lögreglu. Þessu hefur m.a. verið mætt með ráðningu tveggja nýrra starfsmanna og mikilli fjölgun afleysingafólks á álagstímum. Fyrirhugað er að þessi útgjaldaaukning, að fjárhæð 21 millj. kr., verði að fullu fjármögnuð með hækkun vopnaleitargjalds úr 90 kr. í 125 kr. á hvern fullorðinn farþega sem fer frá Íslandi.

Jafnframt því er 21,1 millj. kr. fjárveiting ætluð til þess að ráða tíu lögreglumenn hjá ríkislögreglustjóra til að efla landamæraeftirlit í tengslum við skuldbindingar Íslands í Schengen-samningnum. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður á árinu 2001 verði liðlega 47 millj. kr.

Loks er sótt um tímabundið framlag til viðfangsefnisins Tæki og búnaður að upphæð 3,2 millj. kr. Þar af verði 1 millj. kr. varið til kaupa og þjálfunar á nýjum fíkniefnaleitarhundi og 2,2 millj. kr. til að kaupa bifreið undir fíkniefnaleitarvél sem keypt var í fyrra fyrir 6 millj. kr., en er vannýtt vegna þess að ekki er til bifreið til að flytja hana milli embætta og stofnana þegar þurfa þykir.

Sótt er um 12 millj. kr. vegna sendiráðs Íslands í London vegna leigu og reksturs á nýju skrifstofuhúsnæði. Farið er fram á tímabundið framlag að fjárhæð 6 millj. kr. til að endurnýja búnað sendiráðsins í London.

Farið er fram á 0,7 millj. kr. fjárveitingu til að greiða aðildargjöld vegna þátttöku Íslands í starfi Norður-Suðurstofnunar Evrópuráðsins.

Þá er komið að landbúnaðarráðuneyti. Það er í fyrsta lagi Veiðimálastofnun. Gerð er tillaga um 3 millj. kr. tímabundið framlag til að sinna tilraunastarfi, þekkingaröflun og ráðgjöf um ræktun kræklings.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til skólans hækki um 11,5 millj. kr., 7,5 millj. kr. vegna lækkunar á sértekjum og 4 millj. kr. tímabundið framlag til almenns rekstrar skólans.

Gerð er tillaga um 9 millj. kr. hækkun framlags til Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal, 5 millj. kr. til að stækka reiðskemmu og 4 millj. kr. til að ljúka við endurbyggingu skólans.

Lagt er til að veittar verði 10 millj. kr. vegna Garðyrkjuskóla ríkisins, tímabundið til nýs viðfangsefnis, garðyrkjumiðstöðvar. Það stendur til að byggja garðyrkjumiðstöð við skólann og verður þar öll fagþjónusta garðyrkju undir sama þaki.

Lagt er til að 10 millj. kr. verði millifærðar til Héraðsskóga af liðnum Átak í landgræðslu og skógrækt. Fjárveitingin rennur til stækkunar Héraðsskógasvæðisins á Norður- og Austur-Héraði.

Gerð er tillaga um 1 millj. kr. tímabundið framlag til Landssamtaka skógareigenda til uppbyggingar á félagsstarfsemi samtakanna.

Þá er komið að liðnum Landshlutabundin skógrækt. Lögð er til breyting á heiti liðarins sem var Suðurlandsskógar en verður nú Landshlutabundin skógrækt. Liðurinn er hækkaður um 59 millj. kr. alls sem renna til þriggja verkefna, 17 millj. kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, Vesturlandsskógar, í öðru lagi 17 millj. kr. tímabundið framlag til styrktar skógrækt á Vestfjörðum. Að síðustu er ráðgert að veita 25 millj. kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, Norðurlandsskógar. Megintilgangur Norðurlandsskóga er að stuðla að skóg- og skjólbeltarækt á Norðurlandi.

Liðurinn Greiðslur vegna mjólkurframleiðslu lækkar um 32 millj. kr. Það er lagt til að beinar greiðslur til bænda vegna mjólkurframleiðslu lækki um 31 millj. kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Heildarframleiðslumark mjólkur dregst saman um 0,99%, eða um eina milljón lítra frá áætlun frv. Jafnframt mun greiðsla til Lífeyrissjóðs bænda lækka um 1 millj. kr.

Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Ráðgerð er 31 millj. kr. hækkun liðarins. Annars vegar hækkar viðfangsefnið Átak í hrossarækt um 25 millj. kr. tímabundið framlag. Um er að ræða tvö verkefni. Annað er átaksverkefni á vegum Félags hrossabænda, Landssambands hestamannafélaga, Félags tamningamanna og Bændasamtaka Íslands. Gert er ráð fyrir að landbrn. leggi 15 millj. kr. á ári næstu fimm ár til þessa samstarfs, samtals 75 millj. kr.

Hitt átaksverkefnið er um gæðastefnu, ræktun, tamningu, þjálfun, sölu, kynningu og notkun íslenska hestsins. Gert er ráð fyrir 10 millj. kr. árlegu framlagi til þessa verkefnis næstu fimm ár.

Þá er lagt til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 6 millj. kr. til stækkunar einangrunarstöðvar gæludýra í Hrísey.

Þá er komið að sjávarútvegsráðuneyti. Lagt er til að veitt verði 3 millj. kr. framlag til styrktar sjóvinnukennslu unglinga sem fer fram í skólaskipinu Haftindi. 26 millj. kr. hækkun á framlagi til viðfangsefnisins Ýmislegt til fjögurra verkefna, þ.e. 15 millj. kr. til að kynna erlendis sjónarmið Íslendinga varðandi sjálfbærar veiðar úr hvalastofnum, 5 millj. kr. hækkun á framlagi til Hafréttarstofnunar Íslands og 4 millj. kr. tímabundið framlag til að fylgja eftir þingsályktun Alþingis frá árinu 1997 um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu í Arnarfirði annars vegar og í Húnaflóa hins vegar.

Loks er lagt til að High North Alliance verði veitt 2 millj. kr. tímabundið framlag til áframhaldandi kynningar á sjálfbærri nýtingu auðlinda sjávar.

Sótt er um 4 millj. kr. tímabundið framlag til að breyta leiguhúsnæði Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna í Faxaskála.

Þá er komið að dómsmálaráðuneyti. Það er í fyrsta lagi héraðsdómstólar. Lögð er til 5,5 millj. kr. hækkun fjárveitingar á þessum lið. Í fyrsta lagi 2,5 millj. kr. til viðfangsefnisins Héraðsdómstólar fyrir sérstaka bakvakt dómara vegna yfirheyrslna yfir börnum á rannsóknarstigi vegna kynferðisafbrota. Í annan stað er tillaga um 3 millj. kr. tímabundið framlag til að koma upp sérútbúinni aðstöðu fyrir skýrslutökur af börnum í kjölfar breytinga á lögum um meðferð opinberra mála sem tóku gildi 1. maí 1999.

Lagt er til að liðurinn Ríkislögreglustjóri hækki alls um 22 millj. kr. og verða breytingar á fjórum viðfangsefnum.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 26 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Ríkislögreglustjóri. Þar er lögð til hækkun á framlagi til embættis ríkislögreglustjóra um 19,5 millj. kr. vegna hærri leigu- og rekstrargjalda embættisins í nýju húsnæði. Fyrirhugað er að embættið flytjist úr Auðbrekku 6 í Kópavogi í annað húsnæði við Skúlagötu 21 í Reykjavík.

Þá er gerð tillaga um að hækka framlag um 4 millj. kr. til að fjölga starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra um einn vegna verkefna sem tengjast rannsóknum á fíkniefnamálum. Það er lagt til að framlag til ríkislögreglustjóra verði hækkað um 2,5 millj. kr. vegna samstarfsverkefna við erlend lögreglulið.

Viðfangsefnið Rekstur lögreglubifreiða er nýtt. Á þessu ári var tekin upp sú nýbreytni að ríkislögreglustjóri annast rekstur lögreglubifreiða á landsvísu og leigir löggæsluembættunum bifreiðarnar. Embætti ríkislögreglustjóra sér þá um og kostar allt viðhald á bifreiðunum en löggæsluembættin greiða á móti leigu fyrir afnotin. Með leigutekjunum er annars vegar séð fyrir viðhalds- og rekstrarkostnaði og hins vegar fyrir endurnýjun bifreiðanna. Við það er miðað að rekstur og kaup á lögreglubifreiðum standi undir sér. Leigugjaldið verður endurskoðað árlega í ljósi útgjalda og sölutekna af bifreiðum til að tryggja að leigu- og sölutekjurnar samsvari útgjöldunum. Myndist halli eða afgangur af rekstri bifreiðanna færist sá mismunur yfir á næsta fjárhagsár og kemur til skoðunar við ákvörðun um kaup á nýjum bifreiðum og endurskoðun leigutekna. Sams konar fyrirkomulag á bifreiðarekstri hefur verið notað hjá Vegagerðinni og fleiri aðilum um langt árabil og hefur það þótt gefa góða raun.

Í tengslum við þessa útleigu á lögreglubifreiðum er gerð tillaga á tveimur viðfangsefnum embættisins um alls 197 millj. kr. útgjöld sem fjármögnuð verði með jafnháum sértekjum. Þar af færast 112 millj. kr. útgjöld á nýtt viðfangsefni, Rekstur lögreglubifreiða, en þar á móti koma 185,5 millj. kr. sértekjur af leigu bifreiðanna samkvæmt gjaldskrá. Tekjuafganginum, eða 73,5 millj. kr., verður varið til þess að mæta útgjöldum við kaup á nýjum bifreiðum, 85 millj. kr., umfram sölu á notuðum bifreiðum, 11,5 millj. kr. Sá stofnkostnaður færist á viðfangsefnið Bifreiðar.

Með þeim breytingum sem þessar tillögur gera ráð verða fjárveitingar til þessara viðfangsefna eins og sýnt er í meðfylgjandi töflu sem liggur fyrir á þingskjali.

Í tengslum við þessar tillögur er einnig gert ráð fyrir 64 millj. kr. fjárheimild sem ætluð er til að mæta kostnaði löggæsluembætta af leigugjöldum fyrir bifreiðarnar umfram það sem þau hafa greitt í bifreiðarekstur af eigin fjárveitingum undanfarin ár. Sú fjárheimild er færð á viðfangsefnið Ýmis sameiginlegur rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Gert er ráð fyrir að þeirri fjárheimild verði skipt niður á löggæsluembætti í samræmi við sérstök yfirlit I.

Lögð er til 7 millj. kr. hækkun framlaga á viðfangsefninu Tæki og búnaður. Þar er annars vegar tillaga um 2 millj. kr. hækkun fjárveitingar til embættisins á árinu 2000 í því skyni að efla fíkniefnalöggæslu með fíkniefnaleitarhundi. Um er að ræða kostnað bæði af kaupum á hundi og þjálfun hans.

Lagt er til að 5 millj. kr. verði varið til að taka öndunarsýni hjá ökumönnum til að varna ölvunarakstri.

Þá er komið að Lögregluskóla ríkisins. Þar er farið fram á 15 millj. kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við að útskrifa fleiri lögreglumenn úr lögregluskólanum.

Þá er komið að liðnum Lögreglustjórinn í Reykjavík. Lögð er til 8,5 millj. kr. hækkun fjárveitinga til almenns rekstrar hjá lögreglustjóranum í Reykjavík sem skýrist annars vegar af 20 millj. kr. viðbótarframlagi til embættisins til að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík um fimm. Hins vegar er lagt er til að millifærðar verði 11,5 millj. kr. frá lögreglustjóranum í Reykjavík á nýtt viðfangsefni hjá embætti ríkislögreglustjóra, Rekstur lögreglubifreiða, eins og fram hefur komið í skýringum áður.

Gerð er tillaga um 12 millj. kr. hækkun til liðarins Áfengis- og fíkniefnamál, annars vegar 2 millj. kr. til viðfangsefnisins Átak í löggæslu til að styðja við sérstök verkefni er tengjast fíkniefnalöggæslu og hins vegar er gerð er tillaga um tímabundið framlag að fjárhæð 10 millj. kr. á árinu 2000 sem ætlað er til kaupa á tækjabúnaði til að bæta og auka við þann búnað lögreglunnar í Reykjavík og annarra löggæsluembætta sem sérstaklega er ætlaður til fíkniefnarannsókna.

Lagt er til að framlag til sýslumannsembættisins á Höfn í Hornafirði verði hækkað um 1,7 millj. kr. vegna fyrirhugaðra úrbóta á húsnæði fyrir lögreglu.

Lagt er til að fjárveitingar til sýslumannsins í Vík í Mýrdal hækki um 3 millj. kr. til að hægt verði að bæta við lögreglumanni í umdæminu og yrði hann staðsettur í Vík.

Lagt er til að veittar verði 4 millj. kr. til að standa undir útgjöldum af nýju starfi fíkniefnalögreglumanns við embætti sýslumannsins á Selfossi.

Gerð er tillaga um 4 millj. kr. til að mæta útgjöldum af nýju starfi fíkniefnalögreglumanns við embætti sýslumannsins í Keflavík en hér er um að ræða framhald af sérstöku átaki í fíkniefnavörnum í Reykjanesbæ sem veittar voru 2 millj. kr. til í fjárlögum þessa árs.

Gerð er tillaga um 9 millj. kr. hækkun til embættis sýslumannsins í Kópavogi. Hún er af tvennum toga. Í fyrsta lagi að framlag til yfirstjórnar verði aukið um 5 millj. kr. í ljósi mikillar fólksfjölgunar og samsvarandi fjölgunar verkefna undanfarin ár hjá embættinu. Í annan stað verði 4 millj. kr. fjárveiting til að standa undir útgjöldum við nýtt starf fíkniefnalögreglumanns við embættið.

Gerð er tillaga um 64 millj. kr. fjárheimild á viðfangsefninu Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Sú fjárheimild er ætluð til að mæta kostnaði löggæsluembætta vegna leigu á lögreglubifreiðum frá embætti ríkislögreglustjóra umfram það sem þau hafa greitt í bifreiðarekstur af eigin fjárveitingum undanfarin ár. Ég hef gert áður grein fyrir þessu máli.

Þá er gerð tillaga um að hækka framlag til viðfangsefnisins Gagnalínukostnaður um 5,9 millj. kr. vegna samkomulags dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Hagstofu Íslands

um aðgang embætta dómsmálaráðuneytisins að hlutafélagaskrá og að þjóðskrá og daglegri uppfærslu hennar hjá þeim embættum.

Það er gerð tillaga um 10 millj. kr. hækkun á framlagi til liðarins Húsnæði og búnaður sýslumanna vegna húsnæðis sýslumannsins í Stykkishólmi, annars vegar 5 millj. kr. framlag til viðhalds á húsnæði Ólafsvíkurútibús. Á síðasta ári var gengið frá kaupum ríkissjóðs á efri hæð húss þar sem sýsluskrifstofur og lögreglustöð hafa verið til húsa.

Heildarkostnaðaráætlun vegna nýbyggingar sýsluskrifstofu og lögreglustöðvar í Stykkishólmi sem samþykkt var hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir var án búnaðarkaupa og tölvulagna o.fl. Samkvæmt áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins er talið að kostnaðarauki af þessu nemi um 8 millj. kr. en hér er gerð tillaga um 5 millj. kr. og gert ráð fyrir að embættið nýti núverandi innanstokksmuni eins og kostur er.

Félagsmálaráðuneyti. Farið er farið fram á 0,9 millj. kr. hækkun til aðalskrifstofu. Gert er ráð fyrir að 3,1 millj. kr. fjárveiting til starfsemi fjölskylduráðs verði færð á liðinn Fjölskylduráð sem er nýtt verkefni. Hins vegar er um að ræða 4 millj. kr. hækkun til kærunefndar fjöleignarhúsamála og húsleigumála sem gert er ráð fyrir að flytjist frá Íbúðalánasjóði til aðalskrifstofu.

Farið er fram á 3,5 millj. kr. hækkun til liðarins Ríkissáttasemjari. Hluti þessarar hækkunar, eða 1,5 millj. kr., er ætlaður til hækkunar á rekstrarútgjöldum embættis ríkissáttasemjara.

Síðan er farið fram á 2 millj. kr. tímabundið framlag til kaupa á búnaði og tækjum í nýtt húsnæði.

Lagt er til að tímabundið framlag til nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum verði hækkað um 0,8 millj. kr. og verði 5 millj. kr.

Farið er fram á 20 millj. kr. framlag til reksturs meðferðarstöðvarinnar Virkisins á Kjalarnesi í samræmi við tillögur um aukið framlag til fíkniefnavarna. Forsenda fjárveitingar er gerð þjónustusamnings sem feli m.a. í sér skilgreiningu á þeirri þjónustu sem veitt er og auk þess ákvæði um fjárhagslegt og faglegt eftirlit með starfseminni. Miðað er við að samningum verði lokið fyrir 1. mars nk.

Fyrirhuguð er hækkun til liðarins Málefni fatlaðra um 14,6 millj. kr., í fyrsta lagi 4,6 millj. kr. tímabundið framlag vegna framkvæmda við handverkshús Ásgarðs í Lækjarbotnum en húsið er aðflutt timburhús sem verið er að breyta og byggja við.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 10 millj. kr. fjárveitingu til að greiða fyrir endurnýjun samninga við sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir sem annast þjónustu við fatlaða. Í fjárlagafrumvarpinu eru 27 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni.

Þá er það Vinnumál. Nefnd sem forsætisráðherra skipaði til að móta tillögur um stuðning stjórnvalda við handverksgreinar leggur til að veitt verði árlega 13 millj. kr. framlag tímabundið í fjögur ár og að hlutur félagsmálaráðuneytis verði 3,3 millj. kr.

Þá er 31,1 millj. kr. hækkun á liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi. Það er liðurinn Félagasamtök sem er styrktur um 2,5 millj. kr. og skipting fjárveitinganna er sýnd í sérstökum yfirlitum II.

Þá er 2,5 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Samtaka um kvennaathvarf.

Hér er tillaga um 4,6 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Stígamóta en þar hefur bæst við eitt stöðugildi fræðslu- og kynningarfulltrúa.

Farið er fram á 10 millj. kr. tímabundna hækkun á framlagi til endurhæfingarheimilis Krossgatna til að styrkja enn frekar rekstur þess.

Lagt til 5 millj. kr. tímabundið framlag til að mæta tekjutapi Byrgisins vegna óvæntra tafa á því að meðferðarstöðin í Rockville kæmist í gagnið. Framlagið er í samræmi við tillögur um aukið framlag til fíkniefnavarna.

Gerð er tillaga um 1,4 millj. kr. fjárveitingu til að styrkja starf prests sem þjónar nýbúum án tillits til trúar eða þjóðernis og starfar með félagsráðgjöfum Félagsstofnunar Reykjavíkurborgar.

Að síðustu er gerð tillaga um að viðfangsefnið Ýmis framlög hækki tímabundið um 2 millj. kr. og framlagið verði veitt hjónum til að annast tvö alvarlega veik börn sín.

Þá er það heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti hyggst nú gera stutt matarhlé og biður hv. þm. að gera hlé á máli sínu þegar vel stendur á í ræðu hans.)

Það stendur mjög vel á núna.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti þóttist heyra það og gerir því hlé á fundinum til klukkan hálftvö. — Fundinum er frestað.)

[Fundarhlé. — 13:08]

[13:29]

Útbýting þingskjala:

Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, 267. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 350.

Fjárlög 2000, 1. mál, brtt. JB o.fl., þskj. 352, 353, 354; brtt. KolH o.fl., þskj. 355.

[13:30]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að gera grein fyrir þeim brtt. sem varða heilbr.- og trmrn.

Það er í fyrsta lagi Tryggingastofnun ríkisins. Farið er fram á 16 millj. kr. fjárveitingu vegna hækkunar á útseldri vinnu tölvu- og kerfisfræðinga umfram almennar verðlagshækkanir. Nær helmingur af öðrum gjöldum Tryggingastofnunar ríkisins er rekstur á upplýsingakerfum þar sem taxtahækkun á útseldri vinnu tölvu- og kerfisfræðinga vegur þungt.

Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Lögð er til 76,3 millj. kr. hækkun á liðnum. Annars vegar er lagt til að framlög til heimilisuppbótar lækki um 30 millj. kr. Í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999 hafa forsendur ársins 2000 breyst og áætlun um heimilisuppbót er lækkuð um 30 millj. kr.

Hins vegar hækkar viðfangsefnið Uppbætur um 106,3 millj. kr. Þar er í fyrsta lagi lagt til að 8,5 millj. kr. færist á óskiptan lið daggjaldastofnana til að breyta dvalarrýmí í hjúkrunarrými. Í öðru lagi er lagt til að 33,8 millj. kr. verði fluttar til Hjúkrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri vegna áforma um breytingu dvalarrýmis í hjúkrunarrými. Loks er farið fram á 148,6 millj. kr. óskipt framlag til að standa undir hækkun á daggjöldum dvalarheimila. Eftir að vistunarmat fyrir einstaklinga var tekið upp hefur hjúkrunarþyngd heimilanna aukist og hækkað rekstrarkostnað þeirra. Öll

dvalarheimili fá greitt sama daggjaldið fyrir vistmenn sína en daggjald hefur ekki tekið mið af hjúkrunarþyngd.

Gerð er tillaga um að framlög til lífeyristrygginga lækki um 80 millj. kr. í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Þar er m.a. lagt til að framlög til tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 50 millj. kr. og hins vegar að framlög til fæðingarorlofs lækki um 30 millj. kr.

Gerð er tillaga um hækkun framlaga á þremur viðfangsefnum undir liðnum Sjúkratryggingar sem nemur alls 171,1 millj. kr. Í fyrsta lagi er lögð til 21,1 millj. kr. hækkun á framlögum til lækniskostnaðar og skýrist hún af tvennu. Annars vegar er farið fram á að framlögin hækki um 40 millj. kr. í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Hins vegar er gert ráð fyrir 18,9 millj. kr. lækkun í kjölfar nýs samnings sem liggur fyrir við Krabbameinsfélag Íslands. Í honum er gert ráð fyrir að tveir fyrri samningar, þ.e. verksamningur Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 30. apríl 1992, og samningur Krabbameinsfélags Íslands við Tryggingastofnun ríkisins, dags. 31. janúar 1995, verði felldir saman í einn. Við þetta falla niður sérstakar greiðslur Tryggingastofnunar fyrir rannsóknir og sérskoðanir sem námu 18,9 millj. kr. árið 1999.

Þá er farið fram á að fjárveiting til hjálpartækjakaupa verði hækkuð um 30 millj. kr. í ljósi útgjalda fyrstu tíu mánuði ársins 1999. Af sömu ástæðu er lagt til að framlög til þjálfunar hækki um 100 millj. kr. og að framlög til sjúkradagpeninga hækki um 20 millj. kr.

Lagt er til að landlæknisembættið fái 5 millj. kr. fjárveitingu til að stofna forvarnastöð með rannsóknir, fræðslu og ráðgjöf sem meginverkefni. Gert verður ráð fyrir stöðugildi rannsóknarmanns á forvarnastöð.

Það er óskað eftir 8 millj. kr. tímabundinni hækkun á fjárveitingum til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til kaupa á heyrnartækjum til að stytta biðtíma eftir þeim en hann er nú er allt að níu mánuðir.

Þá er komið að liðnum Sjúkrastofnanir. Lagt er til að veitt verði 1.444,3 millj. kr. hækkun á framlögum til sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og samrekinna heilbrigðisstofnana sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umr. frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla stofnananna til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Sú hækkun á fjárveitingu sem hér er lögð til gerir stjórnendum kleift að samræma rekstrarkostnað við fjárheimildir ársins 2000. Framlagið er veitt með því skilyrði að stjórnendur stofnananna geri samning við heilbrigðisráðuneyti um að rekstur þeirra verði innan fjárheimilda árið 2000 og ákvæði í samningi verði í samræmi við það sem fram kemur um skipan þessara mála í inngangi nefndarálits meiri hluta fjárlaganefndar. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að fjárveitingin verði felld niður með fjáraukalögum ársins 2000. Nánar er fjallað um þetta í inngangi nefndarálitsins og einnig fjallaði ég nokkuð ítarlega um þetta í upphafi ræðu minnar. Þessu fylgir listi yfir stofnanir sem liggur fyrir á í nefndarálitnu á þskj. 337 og legg ég hann hér með fram.

Þá er lögð til 134,3 millj. kr. hækkun á framlögum til hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Fjárhæðin er byggð á mati í samræmi við svonefnda RAI-hjúkrunarþyngdarstuðla. Samkvæmt breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla stofnananna til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Stjórnendum þeirra er ætlað að halda rekstri þeirra innan daggjalda sem hér eru lögð til árið 2000. Stefnt er að því að gera samninga við þær stofnanir sem enn er ósamið við um þjónustuna og greiðslu daggjalda úr ríkissjóði og framlög notenda fyrir hana. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að daggjöld verði óbreytt frá því sem miðað er við í frumvarpinu. Hér frammi liggur listi um stofnanir og framlag til hverrar stofnunar um sig í nefndarálitinu á þskj. 337.

Þá er það Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Lögð er til 37 millj. kr. hækkun framlags til stofnunarinnar. Þar af eru 6,5 millj. kr. til ísótóparannsókna, 10 millj. kr. til aukinnar starfsemi á sviði barna- og unglingageðlækninga, 14,5 millj. kr. til reksturs göngudeildar fyrir geðdeild og barna- og unglingageðlækningar og 3,8 millj. kr. til reksturs þjálfunarlaugar í Kristnesi sem tekin verður í notkun á næsta ári.

Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Lagt er til að millifært verði 32 millj. kr. framlag innan þessa fjárlagaliðar af viðfangsefninu Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili á viðfangsefni 1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Í frumvarpi til fjárlaga var 32 millj. kr. fjárveiting til hækkunar rekstrargrunns hjúkrunarheimila millifærð á hlutaðeigandi stofnanir. Þau mistök urðu hins vegar að fjárveitingin var tekin af 08-370 1.01 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi í stað 08-370 1.91 Þjónustusamningar við hjúkrunarheimili. Óskað er eftir leiðréttingu á þessu til að koma í veg fyrir misskilning eftir afgreiðslu fjárlaga.

Sjúkrahús, óskipt. Gerð er tillaga um 87 millj. kr. framlag til þessa nýja liðar. Annars vegar er um að ræða 37 millj. kr. framlag til ýmissa sjálfseignarstofnana og hins vegar 50 millj. kr. til heilbrigðisstofnananna á Akranesi, Austurlandi, Selfossi og Suðurnesjum. Er framlaginu ætlað að auðvelda aðgerðir til að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Mun heilbrigðisráðuneyti ásamt fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun fara nánar yfir forsendur fyrir framlögum til stofnananna. Síðan munu ráðuneytin leggja tillögu fyrir fjárlaganefnd um skiptingu framlagsins. Afgangsheimildir á þessum lið verða felldar niður.

Sjúkrahús og læknisbústaðir. Gerð er tillaga um 34 millj. kr. hækkun viðfangsefnisins Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða. Sundurliðun er sýnd í sérstökum yfirlitum II með breytingartillögum meiri hlutans. Hluti fjárhæðarinnar, eða 10 millj. kr., er tímabundið framlag til endurbóta á húsnæði Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Það er lögð til 57,2 millj. kr. hækkun framlaga til þessa liðar og skiptist hún á fimm viðfangsefni. Í fyrsta lagi er lögð til 32,1 millj. kr. hækkun fjárveitingar til leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands en drög að nýjum samningi við félagið liggja fyrir. Í honum er eins og að framan er getið gert ráð fyrir að tveir samningar, þ.e. verksamningur Krabbameinsfélags Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, frá 30. apríl 1992, og samningur Krabbameinsfélags Íslands við Tryggingastofnun ríkisins, frá 31. janúar 1995, verði felldir saman í einn. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir 13,2 millj. kr. hækkun til að halda áfram óbreyttri starfsemi í skipulagðri krabbameinsleit hjá konum. Auk þess er gert ráð fyrir að 18,9 millj. kr. greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir

rannsóknir og sérskoðanir verði hluti af samningnum og færist fjárveiting vegna þeirra verka af liðnum Sjúkratryggingar, lækniskostnaður.

Þá er gerð tillaga um 13 millj. kr. hækkun framlags til Krabbameinsfélags Íslands, viðfangsefnisins Krabbameinsfélag Íslands, styrkir. Er þar annars vegar um 8 millj. kr. hækkun framlags að ræða til félagsins en það hefur úthlutað styrkjum úr Rannsókna- og tækjakaupasjóði sínum til rannsókna á krabbameini. Hins vegar er um 5 millj. kr. hækkun að ræða til styrktar almennri starfsemi félagsins.

Þá er lagt til að Stórstúka Íslands fái framlag að fjárhæð 1,5 millj. kr. til forvarnastarfa og er það á nýju viðfangsefni, Stórstúka Íslands.

Þá er gerð tillaga um 5,5 millj. kr. tímabundna hækkun á framlagi til Krýsuvíkurskóla til að styrkja rekstur hans.

Loks er farið fram á hækkun viðfangsefnisins Ýmis framlög og er þar um að ræða tímabundið framlag að fjárhæð 5,1 millj. kr. til rannsóknar á ónæmisástandi gegn rauðum hundum. Til þess að tryggja að ónæmisástand allra barna í landinu sé viðunandi er lagt til að rannsókn á ónæmisástandi 12 ára barna verði viðhaldið til 30. júní 2001. Áætlaður kostnaður við verkefnið er rúmlega 10 millj. kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er farið fram á 2,6 millj. kr. sem er kostnaður við verkefnið frá miðju ári 1999. Á árinu 2000 er áætlaður kostnaður við verkefnið 5,1 millj. kr. og 2,6 millj. kr. árið 2001.

Lögð er til 35 millj. kr. hækkun til Samtaka áhugamanna um áfengisvandamálið. Í fyrsta lagi er farið fram á að veitt verði 30 millj. kr. framlag til reksturs unglingadeildar SÁÁ á Vogi. Framlagið er í samræmi við tillögur um aukið framlag til fíkniefnavarna. Forsenda fjárveitingarinnar er gerð þjónustusamnings sem m.a. feli í sér skilgreiningu á þeirri þjónustu sem veitt er, en auk þess ákvæði um fjárhagslegt og faglegt eftirlit með starfseminni. Miðað er við að samningum verði lokið fyrir 1. mars nk. Þá er gerð tillaga um 5 millj. kr. tímabundna hækkun á fjárveitingu til að styrkja rekstur göngudeildar SÁÁ á Akureyri.

Lagt er til að 8,5 millj. kr. framlag verði millifært á óskiptan lið daggjaldastofnana til að breyta dvalarrými í hjúkrunarrými.

Reynslusveitarfélagið Akureyri. Lögð er til 82,2 millj. kr. hækkun framlags til viðfangsefnisins Hjúkrunarrými. Í fyrsta lagi er þar lagt til að 33,8 millj. kr. verði fluttar til Hjúkrunarheimilisins Hlíðar á Akureyri vegna áforma um breytingu dvalarrýmis í hjúkrunarrými af liðnum 08-203 1.51 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eins og fram kemur í skýringum við þann lið.

Í annan stað er lagt til að veitt verði 33,4 millj. kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt tillögum sem samþykktar voru við 2. umræðu frumvarps til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna verkefnisins til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við reynslusveitarfélagið og eiga fjárveitingarnar að duga til að standa undir þeirri þjónustu sem það tekur að sér.

Loks er gerð tillaga um 15 millj. kr. aukið framlag á þennan fjárlagalið. Skýrist það af fjölgun um 15 hjúkrunarrýma á Hlíð á Akureyri í tengslum við framlengingu á samningi við Akureyrarbæ. Um er að ræða sex ný hjúkrunarrými og breytingu á níu dvalarrýmum í hjúkrunarrými. Hjúkrunarrými fyrir íbúa 67 ára og eldri hafa verið fæst á starfssvæði sveitarfélagsins miðað við aðra landshluta.

Reynslusveitarfélagið Hornafjörður. Lagt er til að veitt verði 10,7 millj. kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt tillögum sem samþykktar voru við 2. umr. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna verkefnisins til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Fyrirhugað er að endurnýja samning við reynslusveitarfélagið og eiga fjárveitingarnar að duga til að standa undir þeirri þjónustu sem það tekur að sér.

Heilsugæslustöðvar, almennt. Lögð er til 67,4 millj. kr. fjárveiting á óskiptan lið á þessu viðfangsefni. Þar af eru 55 millj. kr. vegna heilsugæslunnar í Reykjavík og 12,4 millj. kr. til annarra heilsugæslustöðva. Eiga framlögin að auðvelda aðgerðir til að halda rekstrinum innan fjárheimilda árið 2000. Mun heilbrrn. og fjmrn. ásamt Ríkisendurskoðun fara nánar í forsendur fyrir framlögum til einstakra stofnana. Ráðuneytin munu síðan leggja tillögu fyrir fjárlaganefnd um skiptingu framlagsins á einstakar stöðvar. Afgangsheimildir verða felldar niður á þessum lið.

Farið er fram á 10 millj. kr. hækkun fjárveitingar til heilsugæslustöðvanna í Efstaleiti og Grafarvogi. Heilsugæslustöðin í Fossvogi flutti í nýtt og stærra húsnæði í Efstaleiti árið 1999 síðla árs og hækkaði húsnæðiskostnaður við það. Einnig er ætlunin að auka starfsemi stöðvarinnar. Þá er áformað að flytja heilsugæslustöðina í Grafarvogi í nýtt og stærra húsnæði árið 2000. Er þá gert ráð fyrir að húsnæðiskostnaður hækki og að nokkur aukning verði á starfsemi stöðvarinnar.

Lagt er til að sértekjur Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík lækki um 21,9 millj. kr. en á móti lækki rekstrargjöld um sömu upphæð. Sértekjur stöðvarinnar hafa dregist saman og er áformað að laga fjárheimildir að raunverulegri veltu.

Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík. Gerð er tillaga um að hækka launafjárveitingu heilsugæslustöðvarinnar um 20,8 millj. kr. Þessi hækkun á launagrunni stöðvarinnar frá og með árinu 2000 er vegna breytinga á kjörum heilsugæslulækna og hjúkrunarfræðinga á tímabilinu frá 1997 til næsta árs samkvæmt kjarasamningum, aðlögunarsamningum og úrskurðum kjaranefndar. Einnig hafa verið millifærðar fjárheimildir til stofnunarinnar af launa- og verðlagsmálalið fjmrn. innan ársins 1999 til að mæta auknum launaútgjöldum áranna 1997–99. Öðrum heilbrigðisstofnunum hafa þegar verið bættar þessar hækkanir í fjárlögum og fjáraukalögum en þar sem heilsugæslustöðin við Lágmúla er einkarekin og ekki með launaafgreiðslu sína í launabókhaldi ríkisins var ekki lokið við endurmat á launagrunninum fyrir framlagningu fjárlagafrv.

Reynslusveitarfélagið Akureyri. Lagt er til að veitt verði 20,5 millj. kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði. Samkvæmt tillögum sem samþykktar voru við 2. umr. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 var gert ráð fyrir fjárveitingu til að mæta uppsöfnuðum rekstrarhalla vegna verkefnisins til ársloka 1999 í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar. Eins og áður segir er fyrirhugað að endurnýja samning við reynslusveitarfélagið.

Reynslusveitarfélagið Hornafjörður. Lagt er til að veitt verði 4,1 millj. kr. framlag til verkefnisins í kjölfar endurmats á rekstrarkostnaði og um það gilda sömu forsendur eins og til reynslusveitarfélagsins Akureyri.

Jafnframt er lagt til að heiti fjárlagaliðarins verði Reynslusveitarfélagið Hornafjörður en það er Reynslusveitarfélagið Höfn í Hornafirði samkvæmt frv..

Farið er fram á 10 millj. kr. framlag til Forvarnasjóðs til að sjóðurinn geti aukið styrki til verkefna á sviði forvarna gegn fíkniefnum.

Lagt er til að veitt verði 1 millj. kr. framlag til Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði til endurnýjunar símkerfis, 4 millj. kr. til Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ vegna kaupa á skyggnimagnara (C-boga) fyrir stofnunina. Viðbótarframlag mun koma af tækjakaupalið sjúkrahúsanna á næsta ári.

Gerð er tillaga um 8 millj. kr. hækkun til Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki. Annars vegar er lagt til að veittar verði 6 millj. kr. til meiri háttar viðhalds, endurnýjunar á gluggum, til lagfæringa á aðkeyrslu og til frágangs lóðar. Þá er lagt til að veittar verði 2 millj. kr. til sjúkraflutninga til að mæta kostnaði við það að tveir sjúkraflutningamenn fari í útkall í stað eins áður.

Fjármálaráðuneyti. Lagt er til að fjárveiting til yfirskattanefndar hækki um 3 millj. kr. í kjölfar mats á kostnaðaráhrifum af úrskurði kjaranefndar um laun nefndarmanna sem hafa það starf að aðalstarfi. Það gildir frá 1. maí 1999 og hefur kostnaðarauka ársins 1999 verið mætt með fjárheimild af launa- og verðlagsmálalið fjmrn.

Gerð er tillaga um 7 millj. kr. hækkun á fjárveitingu til ríkistollstjóra. Þar er annars vegar um að ræða 3 millj. kr. fjárveitingu til embættisins til að unnt verði að gefa tollvörðum sem bera sérstaka ábyrgð í fíkniefnamálum tækifæri til endurmenntunar og starfsþjálfunar, bæði innan lands og erlendis. Um er að ræða 20 tollverði sem öðrum fremur þurfi að eiga kost á slíkri þjálfun.

Hins vegar er lagt til að fjárveiting til stofnunarinnar verði hækkuð um 4 millj. kr. til að efla starf hennar að fíkniefnavörnum. Stofnunin fyrirhugar að koma á samstarfi við ríkislögreglustjóra um að hafinn verði undirbúningur þess að koma á sjálfvirku, tölvuvæddu tolleftirlitskerfi byggðu á áhættugreiningu.

Farið er fram á 18 millj. kr. til tollstjórans í Reykjavík til kaupa á bifreið með gegnumlýsingarbúnaði. Tollgæslan hefur leitað árangursríkra leiða til að rannsaka fleiri sendingar sem koma til landsins og stemma stigu við smygli fíkniefna.

Gerð er tillaga um 45 millj. kr. fjárveitingu inn á liðinn Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun. Eftirlaun hæstaréttardómara eru undir þessum fjárlagalið. Jafnframt er gerð tillaga um 10 millj. kr. fjárheimild á öðru nýju viðfangsefni, Aðrar lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun. Við breytta framsetningu á fjárlögum árið 1998 í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkisins féllu þessar greiðslur út í áætlanagerð um nýja sundurliðun lífeyrisskuldbindinga og -greiðslna. Tillögunni er ætlað að laga fjárheimildir liðarins að endurbættri áætlanagerð í samræmi við breytta framsetningu fjárlaganna.

Gerð er tillaga um 70 millj. kr. fjárveitingu til skýrsluvélakostnaðar og viðfangsefnisins Tölvukerfi undir þessum fjárlagalið. Hækkun á kostnaði vegna upplýsingakerfa hefur verið mjög mikil á undanförnum árum. Stafar þetta einkum af hækkun taxta fyrir útselda vinnu í upplýsingageiranum og auknum kröfum til kerfanna. Á þessu ári voru útgjöld vegna upplýsingakerfa mun meiri en áætlað var og á það einkum við um skattvinnslukerfi á vegum ríkisskattstjóra. Fjmrn. er að láta gera úttekt á kostnaði við þessi kerfi. Fyrstu niðurstöðu er að vænta fyrir lok þessa árs en fjárveitingin er ætluð til að standa undir áætlaðri útgjaldaaukningu á þessu sviði.

Samgönguráðuneyti. Gerð er tillaga um hækkun fjárveitinga sem nemur 64 millj. kr. á liðnum Ýmis verkefni. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 8 millj. kr. tímabundna hækkun á fjárveitingum til rekstrar Slysavarnaskóla sjómanna, 2 millj. kr. framlag til Slysavarnafélagsins Landsbjargar til rekstrar á björgunarskipinu Þór í Vestmannaeyjum, 49 millj. kr. fjárveitingu til markaðsátaks í Norður-Ameríku og 5 millj. kr. tímabundið framlag til Hestamiðstöðvar Íslands sem ég hef áður gert grein fyrir.

Gert er ráð fyrir 239 millj. kr. hækkun á framlögum til Vegagerðarinnar. Í fyrsta lagi fara 14 millj. kr. til yfirstjórnar, en það svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar. Í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir þessari verðlagshækkun milli ára. Sambærileg breyting er lögð til á öðrum viðfangsefnum.

Þá er lögð til 488 millj. kr. hækkun á styrkjum til ferja og sérleyfishafa. Annars vegar er þar lagt til að 475 millj. kr. fjárveiting verði flutt af viðfangsefninu Ferjur og flóabátar á viðfangsefnið Styrkir til ferja og sérleyfishafa þar sem útgjöld vegna ferja eru rekstrartilfærslur til fyrirtækja fremur en stofnkostnaður. Hins vegar er gerð tillaga um 13 millj. kr. fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar.

Jafnframt þessu er lagt til að heiti viðfangsefnisins verði Styrkir til ferja og sérleyfishafa í staðinn fyrir Styrkir til sérleyfishafa samkvæmt frv.

Lagt er til að hluti áætlaðs framlags til viðfangsefnisins Þéttbýlisvegir í frv., eða 251 millj. kr., færist á viðfangsefnið Þjónusta. Er það í samræmi við breytta framsetningu á fyrirhugaðri vegáætlun fyrir árin 2000–2004 sem verður lögð fram á Alþingi. Loks er gerð tillaga um 52 millj. kr. fjárveitingu til þessa viðfangsefnis sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi milli áranna 1999 og 2000.

Af sama toga eru breytingar sem lagðar eru til á viðfangsefninu Viðhald. Jafnframt er gerð tillaga um 47 millj. kr. fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar.

Á viðfangsefninu Þéttbýlisvegir verða breytingar sem nema 392 millj. kr. til lækkunar. Þar er gerð í fyrsta lagi tillaga um 12 millj. kr. fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000. Þá er sem fyrr greinir lagt til að hluti áætlaðs framlags til viðfangsefnisins í frv., eða 251 millj. kr., færist á viðfangsefnið Þjónusta og hins vegar að 153 millj. kr. færist á viðfangsefnið Viðhald. Er það allt í samræmi við breytta framsetningu á vegáætlun fyrir árin 2000–2004.

Lagt er til að fjárveitingar til nýframkvæmda hækki alls um 88 millj. kr. Í frv. er gert ráð fyrir 350 millj. kr. frestun hafnarframkvæmda á liðnum Siglingastofnun Íslands. Lagt er til að þar af verði 35 millj. kr. fluttar til Vegagerðarinnar og komi til frestunar á framkvæmdum í vegamálum. Gert er ráð fyrir samsvarandi hækkun fjárveitingar á viðfangsefninu Hafnamannvirki hjá Siglingastofnun. Í annan stað er gerð tillaga um 123 millj. kr. fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 í samræmi við forsendur gildandi vegáætlunar sem ekki var gert ráð fyrir í frv.

Þá er gert ráð fyrir fjárveitingu sem svarar til 3% hækkunar á verðlagi á milli áranna 1999 og 2000 á nokkrum öðrum viðfangsefnum. Til landsvega 2 millj. kr., til tilrauna 3 millj. kr., til safnvega 6 millj. kr., til styrkvega 1 millj. kr. og til reiðvega 1 millj. kr. Í frv. var sem fyrr segir ekki gert ráð fyrir þessari verðlagshækkun milli ára.

Lækkun sú sem lögð er til á viðfangsefninu Ferjur og flóabátar, 475 millj. kr., er vegna fyrrgreinds flutnings fjárhæðarinnar á viðfangsefnið Styrkir til ferja og sérleyfishafa þar sem útgjöld vegna ferja eru rekstrartilfærslur til fyrirtækja fremur en stofnkostnaður.

Siglingastofnun Íslands. Lagt er til að framlög til stofnunarinnar hækki alls um 46,1 millj. kr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 8 millj. kr. tímabundið framlag til yfirstjórnar til að standa straum af kostnaði við undirbúningsrannsóknir vegna hafnargerðar við álvershöfn sem hugsanlega verður byggð í Reyðarfirði.

Þá er gerð tillaga um 45 millj. kr. hækkun fjárveitinga til hafnamannvirkja. Annars vegar er þar um 35 millj. kr. hækkun að ræða. Í fjárlagafrumvarpinu er sem fyrr greinir gert ráð fyrir 350 millj. kr. frestun hafnaframkvæmda á liðnum Siglingastofnun Íslands. Lagt er til að þar af verði 35 millj. kr. fluttar til Vegagerðarinnar og komi til frestunar á framkvæmdum í vegamálum. Gert er ráð fyrir samsvarandi lækkun fjárveitingar á viðfangsefninu Nýframkvæmdir hjá Vegagerðinni. Hins vegar er um tvær leiðréttingar að ræða sem samtals nema 10 millj. kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er leiðrétt framsetning fjárlaga ársins 1999 með millifærslu á 5,5 millj. kr. af viðfangsefninu Hafnamannvirki yfir á Tollaðstaða á Seyðisfirði og millifærslu á 4,5 millj. kr. af viðfangsefninu Hafnamannvirki yfir á Ferjubryggjur. Þau mistök urðu hins vegar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2000 að þessar millifærslur voru einnig gerðar þar og er lagt til að fjárhæðin, 10 millj. kr. verði færð til baka á Hafnamannvirki. Að sama skapi lækka fjárveitingar til þeirra viðfangsefna sem ég áður gat um.

Þá hækkar viðfangsefnið Lendingarbætur um 0,3 millj. kr. og sundurliðun er sýnd í sérstöku yfirliti.

Loks er gerð tillaga um að framlag til sjóvarnargarða hækki um 2,8 millj. kr. vegna sjóvarna í Leiru í Gerðahreppi.

Lagt er til að fjárveiting til viðfangsefnisins Ferðamálasamtök landshluta hækki um 10 millj. kr. til að styrkja rekstur upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu.

Iðnaðarráðuneyti. Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundið framlag til Hestamiðstöðvar Íslands. Ég hef gert grein fyrir því áður.

Orkustofnun. Gerð er tillaga um 3,5 millj. kr. til orkurannsókna á Geysissvæðinu.

Orkusjóður. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. til að auka svigrúm hans til að veita styrki til jarðhitaleitar, og lagt til að niðurgreiðslur á rafhitun hækki um 160 millj. kr. og ég gerði grein fyrir því fyrr í ræðu minni.

Þá er nýr fjárlagaliður, Byggðastofnun. Það er gert ráð fyrir 502 millj. kr. til hans. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni undir liðnum Forsætisráðuneyti en þetta er tilfærsla á þessu verkefni milli ráðuneyta.

Viðskiptaráðuneyti. Lagt er til að veitt verði framlag að fjárhæð 2 millj. kr. til kærunefndar um ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins sem fyrirhugað er að taki til starfa í janúar árið 2000. Samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þurfa kærendur að greiða 120 þús. kr. fyrir hvert mál sem þeir bera upp við kærunefndina. Gert er ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp til breytingar á þeim lögum þar sem lagt verði til að málskotsgjald kærunefndarinnar falli niður. Er gerð tillaga um framlag úr ríkissjóði til að fjármagna nefndarlaun og störf nefndarinnar þar sem hún verður af þessum tekjum.

Umhverfisráðuneyti. Alls er farið fram á 13 millj. kr. hækkun til viðfangsefnisins 1.23 Ýmis umhverfisverkefni. Ber þar fyrst að geta tímabundins 8 millj. kr. framlags til nefndar um endurnýtingu úrgangs. Nefndinni er ætlað að gera tillögur um umhverfisátak á sviði endurnýtingar úrgangs eins og boðað er í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Áætlað er að nefndin starfi í þrjú ár og að kostnaðurinn verði nokkru lægri síðari tvö árin.

Þá er óskað eftir 3 millj. kr. tímabundinni fjárveitingu vegna kostnaðar við Staðardagskrá 21.

Loks er um að ræða 2 millj. kr. framlag til nýskipaðrar 16 manna nefndar um hálendismál. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn og er henni ætlað að fjalla um svæðisskipulag miðhálendisins og aðalskipulag innan marka miðhálendisins. Skal nefndin sjá til þess að aðalskipulag sé í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í svæðisskipulagi miðhálendisins og að samræmis sé gætt milli aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga á svæðinu.

Auk þessa er lagt til að heiti viðfangsefnisins 14-190 1.58 verði Náttúrugripasöfn í stað Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum samkvæmt frumvarpinu.

Farið er fram á 5 millj. kr. vegna vinnu við gerð náttúruverndaráætlana. Samkvæmt nýjum náttúruverndarlögum skal slík áætlun vera tilbúin fyrir landið allt eigi síðar en árið 2002. Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun koma að verkinu. Hlutverk Náttúruverndar er að afla gagna og meta verndargildi vistkerfa og náttúruminja.

Óskað er eftir 3 millj. kr. framlagi til Veiðistjóra sem fari til rannsókna á hreindýrastofninum á Austurlandi. Unnið er að gerð samnings um að Náttúrustofa Austurlands taki þær að sér.

Farið er fram á 16,5 millj. kr. hækkun til Landmælinga Íslands. Annars vegar er um að ræða 4,5 millj. kr. fjárveitingu til undirbúnings nýs verkefnis á sviði fjarkönnunar. Hins vegar er gerð tillaga um 12 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Landmælinga Íslands til að mæta lækkun á sértekjum.

Ráðgerð er 4,5 millj. kr. hækkun fjárveitinga til Náttúrufræðistofnunar Íslands á viðfangsefnið Setur í Reykjavík. Óskað er eftir 2,5 millj. kr. tímabundnu framlagi til næstu fimm ára til áframhaldandi útgáfu jarðfræðikorta. Við gerð fjárlaga fyrir árið 1999 var samþykkt að veita 2,5 millj. kr. til þessa verkefnis til að efla gerð jarðfræðikorta og hraða útgáfu korta í mælikvarðanum 1:250.000.

Þar að auki er er farið fram á tímabundið 2 millj. kr. framlag á árinu til rannsókna á áhrifum veiðiálags á rjúpnastofninn. Verkefnið er til þriggja ára og er heildarkostnaður 11 millj. kr. Þar af verða 6 millj. kr. fjármagnaðar með framlögum úr veiðikortasjóði, 2 millj. kr. á ári til ársins 2002. Þegar er búið að veita 1 millj. kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar í þetta verkefni vegna rannsókna á árinu 1999 og verður framlag ríkissjóðs 1 millj. kr. árin 2001 og 2002.

Gert ráð fyrir 2 millj. kr. hærri sértekjum vegna styrkja úr rannsóknarsjóðum og samsvarandi kostnaði vegna rannsókna á áhrifum veiðiálags á rjúpnastofninn.

Lagt er til að Náttúrustofu Vestfjarða verði veitt 3,5 millj. kr. tímabundið framlag árið 2000 til rannsókna á Hornströnd-

um. Um er að ræða refarannsóknir, rannsóknir á gróðri og smádýralífi og vatnarannsóknir. Áætlaður kostnaður er 5 millj. kr. og mun bilið brúað með framlögum annars staðar frá.

Vaxtagjöld ríkissjóðs. Gerð er tillaga um að fjárveiting vegna gjaldfærðra vaxta ríkis sjóðs lækki um 600 millj. kr. í kjölfar endurskoðunar á þeirri áætlun í frumvarpinu. Helstu breytingar eru að talið er að vaxtakostnaður af spariskírteinum og ríkisbréfum verði lægri vegna áforma um áframhaldandi forinnlausnir slíkra bréfa á næsta ári. Á móti vegur að reiknað er með nokkru hærri vaxtagjöldum af ríkisvíxlum vegna hærra vaxtastigs á innanlandsmarkaði. Loks er gert ráð fyrir að dragi úr fjármögnun með erlendum veltilánum og að vaxtastig af þeim lánum fari lækkandi. Áhrif þessara breytinga á greidd vaxtagjöld ársins 2000 eru talin verða svipuð og er reiknað með að þau lækki um 550 millj. kr. frá fyrri áætlun frumvarpsins.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. en meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem skýrðar hafa verið hér að framan og gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir meirihlutaálitið skrifa Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Hjálmar Jónsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján Pálsson.

[14:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, hefur farið hér ítarlega í gegnum fjárlagafrv. og breytingar á því. Ég þakka honum fyrir fyrirheit um aukinn aga og það að menn hætti að semja fjárlög úti um allan bæ eins og hingað til hefur tíðkast og hefur sést í fjáraukalögum. Og ég þakka honum fyrir að hafa staðið hetjulega gegn þeirri útgerð á ríkissjóði sem á sér stað allt haustið.

Að sinni ætla ég ekki að ræða um stóru tölurnar. Ég ætla að ræða um baunirnar. Mér finnst margt í þessu minna á stjórnarfundi í Flugleiðum. Ég tala ekki um bandarískt hlutafélag heldur um Flugleiðir núorðið, en þar á bæ mundu menn meira að segja ekki ræða svona smotterí á stjórnarfundum heldur fela það deildarstjórum til afgreiðslu. Hér er verið að temja hross og hunda, gefa út bækur, ráða tollverði og rækta krækling og stunda rannsóknir svo lítið eitt sé nefnt.

Ég hef þrjár spurningar til hv. þm. Telur hv. þm. að komið verði böndum á sjálftöku ríkisstofnana? Get ég treyst því að fjáraukalögin verði á núlli fyrir árið 2000?

Í öðru lagi: Telur hv. þm. eðlilegt að hin háa löggjafarsamkunda sé að standa í slíkum smotterísframkvæmdum úti um allt þjóðlífið? Hver ber ábyrgð á framkvæmdum sem hv. Alþingi hefur tekið að sér, ráðherra eða Alþingi, og hvern á að gagnrýna fyrir slíkar framkvæmdir?

Í þriðja lagi: Ég hef rekist á hross úti um allt þetta frv. Hver verða heildarútgjöld ríkissjóðs vegna hrossa árið 2000? (**Gripið fram í:** Þetta er vegna hrossakaupa.)

[14:11]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom inn á nokkur grundvallaratriði, þ.e. hvort fjáraukalög verði á núlli. Við höfum vissulega einsett okkur að fylgjast með en ég get ekki lofað því. Fjáraukalög eru til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum og óvæntum atvikum þannig að ég fullyrði að þau geta ekki verið á núlli. En við höfum einsett okkur að reyna að stilla fjáraukalögum í hóf eins og hægt er.

Í öðru lagi er það þessir litlu framkvæmdaliðir. Það er grundvallaratriði sem þingið þarf að ræða hvort framselja eigi til framkvæmdarvaldsins meira af úthlutun í þessi smáu verkefni sem þingið er að taka að sér að ákveða framlög til. Miklar umræður hafa verið um það í fjárln. hve langt eigi að ganga í þessu efni. En ég segi alveg eins og er að margir þingmenn eru mjög tregir til að afsala sér þessu valdi til ráðherra og þess vegna er þetta svona. En auðvitað er þetta mál sem við þingmenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, þurfum að ræða.

Ja, hross. Það er ljóst að 50 millj. kr. framlag er til nýrra verkefna varðandi hross í þessu fjárlagafrv. sem ætlunin er að standi til fimm ára þannig að verulegum fjármunum er veitt í hrossarækt og hestamennsku hvers konar í frv.

[14:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi grundvallarspurninguna þá vildi ég spyrja hv. þm. hvort ekki væri eðlilegra að ráðuneytin töluðu við allt þetta fólk og kæmu með ramma til fjárln. sem færi yfir hann og samþykkti svo eða hafnaði.

Í öðru lagi varðandi hrossin. Nú er það svo að maður hefur heyrt að ekki sé allt talið fram til skatts í þeirri grein. Er ekki eðlilegt að menn fari þá telja fram til skatts öll þessi hross þegar á að fara að styrkja þau svona? Og er gert ráð fyrir stórauknum tekjum í fjárlagafrv. vegna þess?

Herra forseti. Hér stendur að framlag verði veitt með því skilyrði að stjórnendur stofananna — þetta er varðandi sjúkrastofnanir — geri samning við heilbrrn. um að rekstur þeirra verði innan fjárheimilda o.s.frv. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir því að fjárveitingin verði felld niður.

Hvað gerist ef menn gera hvorugt, ef þeir fara fram úr og gera engan samning eins og hingað til, hvað þá? Fæ ég að heyra að það eigi að reka viðkomandi? (**Gripið fram í:** Ráðherrann.) Eða viðkomandi yfirmann stofnunar.

Herra forseti. Og út af þessu smotteríi þá langar mig endilega til að lesa eina smágrein. Hún er um hund. Þetta er í greinargerð með brtt. á hinu háa Alþingi.

„Unnt verður að nota hundinn til sérstakra verkefna hjá mismunandi embættum en ríkislögreglustjóri skipuleggur notkun fíkniefnaleitarhunda."

Húrra.

[14:15]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrsta spurningin var hvort ekki væri eðlilegt að ráðuneytið tæki viðtölin og kæmi með ramma til okkar. Ég vil ekki svara fyrir einhverja allsherjarreglu í þessu efni á þessari stundu, þetta er mál sem við þurfum að ræða. Í menntmrn. hefur ráðuneytið haft þó nokkurn hluta af þessari útdeilingu því langsamlega flest mál koma þar upp. Menn hafa því framselt nokkuð af þessu þangað. Ég endurtek að andinn í hv. þingmönnum hefur verið sá að halda í þetta, ég er enginn harðlínumaður í þeim efnum.

En ég vil ekki svara þessu öðruvísi á þessari stundu en að ræða þarf mjög alvarlega hvað Alþingi á að ganga langt í að útdeila til lítilla verkefna og snúa sér frekar að meginlínum. Ég er alveg til viðræðu um slíka hluti.

Það er alveg ljóst að allir eiga að telja fram til skatts, hrossaeigendur sem aðrir, ég er þeirrar skoðunar. Fjárln. fer ekki með það nema fjárveitingar til skattstofa og ríkisskattstjóra en auðvitað ber öllum að telja allar tekjur fram, það

er alveg ljóst. Þar með er ég ekkert að segja eða dæma hrossaeigendur í því efni en þetta er bara skoðun mín.

Síðan er þetta stóra mál, hvernig við eigum að fylgja eftir þeim ákvörðunum í fjárlagafrv. varðandi stofnanir ríkisins. Það eru ekki eingöngu heilbrigðisstofnanir sem hér eru undir heldur eru fleiri stofnanir sem hafa farið fram úr. En ég verð að fara í það seinna í umræðunni af því að tími minn er búinn.

[14:18]

Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Minni hluti fjárln. telur að við núverandi aðstæður sé höfuðnauðsyn að grípa til aðgerða sem miða að því að draga úr þenslunni, koma í veg fyrir að í góðærinu gliðni enn milli þeirra sem eru illa settir í þjóðfélaginu og hinna, auk þess að taka á hinni alvarlegu byggðaröskun. Þessum markmiðum er ekki þjónað með því frv. til fjárlaga sem liggur fyrir Alþingi. Þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr jaðarsköttum ber frv. með sér að engin skref eru stigin til þess og aldrei hafa jafnmiklar upphæðir verið teknar af ungu fjölskyldufólki í jaðarskatta sem nú. Sömuleiðis er athyglisvert að þrátt fyrir þann áfellisdóm sem velferðarstefna ríkisstjórnarinnar hlýtur í nýlegu riti Stefáns Ólafssonar prófessors, Íslensku leiðinni, ber frv. engin merki þess að ríkisstjórnin áformi að bæta kjör öryrkja og aldraðra. Í því samhengi er óhjákvæmilegt að minna á gullið tækifæri sem ríkisstjórnin missti til þess á síðasta ári þegar gripið var til almennra skattalækkana í stað þess að nota hluta þess svigrúms til að bæta kjör þeirra hópa.

Innlendar jafnt sem erlendar stofnanir hafa lagt afar þunga áherslu á að ríkisstjórnin beiti hagstjórnartækjum sínum til að draga úr þenslunni. Í núverandi stöðu dylst fæstum að fjárlagafrv. gæti leikið lykilhlutverk í því að koma í veg fyrir skjótar lyktir góðærissveiflunnar með því að hafa hemil á ríkisútgjöldum og skila miklum tekjuafgangi. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er því mikil. Stefnumörkun hennar í fjárlagafrv. sker í reynd úr um hvort hægt verður að treina góðærið. Í orði hefur ríkisstjórnin tekið undir þessar aðvaranir. Í reynd er niðurstaðan hins vegar þannig að frumvörp hennar til fjárlaga og fjáraukalaga, sem nú liggja fyrir þinginu, stórauka útgjöld og eru beinlínis þensluhvetjandi. Stjórnarandstaðan tekur undir með hagfræðistofnunum sem hafa bent á að í því góðæri sem nú ríkir hefði verið þörf á mun meiri tekjuafgangi en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. En það er engu líkara en allar stíflur hafi brostið og síðustu missiri hafa útgjaldatillögur vaxið stjórnlítið.

Alvara málsins er mikil. Hún speglast í eftirfarandi: Það stefnir í að á fyrsta heila ári þessa kjörtímabils verði ríkisútgjöld 20 milljörðum meiri en síðasta heila árið á nýliðnu kjörtímabili. Meðfylgjandi tafla í nál. minni hluta sýnir svart á hvítu þann gríðarlega vöxt útgjalda sem hefur orðið síðustu árin. Þar kemur fram að á einungis fimm ára tímabili frá árinu 1994 til loka ársins 1998 hafa útgjöld ríkisins aukist um 54 milljarða á föstu verðlagi. Þessi þróun hefur öll orðið undir forustu Sjálfstfl. Hann hefur farið með bæði forsrn. og fjmrn. á meðan þessi útgjaldasprenging hefur orðið. Í þessari þróun felst alvarleg hætta fyrir samfélagið. Hún er sú að sloti góðærinu situr samfélagið uppi með aukningu í útgjöldum ríkisins upp á tugi milljarða án þess að hafa tekjur til að standa undir þeim. Ekki þarf að mála sterkum litum hve gríðarlegir erfiðleikar mundu fylgja þeim harkalegu aðhaldsaðgerðum sem þá yrði óhjákvæmilegt að grípa til.

Ríkisstjórninni hafa síðustu missiri orðið á margvísleg mistök við hagstjórnina eins og rakið er ítarlega í áliti minni hluta fjárln. við frv. til fjáraukalaga sem er einnig til afgreiðslu í þinginu. Hin helstu felast í rangri skattastefnu þar sem ýtt var undir almenna þenslu með því að lækka tekjuskatta á þorra almennings í miðju góðærinu í stað þess að nota hluta svigrúmsins handa verst stöddu hópunum eins og fyrr er sagt. Sömuleiðis í mistökum sem áttu sér stað þegar ríkisstjórnin hófst handa um að einkavæða bankana og ýtti stórlega undir þenslu. Yfirlýsingar forustu ríkisstjórnarinnar, sem gáfu til kynna að sala ríkisfyrirtækja mundi færa þjóðinni tugi milljarða og sköpuðu þannig óhóflegar væntingar sem örvuðu neyslu og þar með þenslu. Loks má svo nefna gríðarlega þenslu í húsnæðiskerfinu sem má beinlínis rekja til lausataka ríkisstjórnarinnar. Þar er eitt birtingarform þess þjóðarvanda sem búsetuþróun síðustu ára veldur í efnahagslegu tilliti. Sömuleiðis er líklegt að viðskipti með aflakvóta í krafti gallaðs fiskveiðikerfis hafi bæði aukið eftirspurn eftir lánsfé og framboð lánsfjár.

Frumvörp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga og fjáraukalaga eru framhald á þessari óheillaþróun. Í þeim birtist agaleysi ríkisstjórnarinnar. Þau staðfesta einfaldlega að undir forustu Sjálfstfl. eru útgjöld ríkisins í hröðum vexti. Í þessu efni gera brtt. meiri hlutans illt verra með því að minnka áætlaðan tekjuafgang ríkissjóðs enn frekar frá upphaflegu frv. Með frv. sínu hefur því ríkisstjórnin misst af tækifæri til að draga úr þenslunni og hefur því aukið líkurnar á að landsmenn missi góðærið úr höndum sér.

Eins og fyrr segir hafa stríðar aðvörunarraddir heyrst á undanförnum missirum um að þenslan í þjóðfélaginu sé komin á hættustig og verðbólgan muni aukast á næsta ári. Verðbólgan er sérstakt áhyggjuefni. Ofþenslan sem ríkisstjórnin neitaði að viðurkenna fyrir kosningar og bregðast við í tíma hefur gert henni kleift að spretta úr spori. Í október var verðbólgan komin í 5,3% og í nóvember var hún litlu minni eða um 5%. Þetta er tvöfalt eða þrefalt meiri verðbólga en í nágrannalöndum okkar. Seðlabankinn hefur enn fremur spáð um 4% verðbólgu á næsta ári. Það byggist þó á því að kjarasamningar verði á hófsömum nótum og það dragi úr hagvexti og aukningu innlendrar eftirspurnar. Margir hafa þó lýst efasemdum um að það verði í þeim mæli sem Þjóðhagsstofnun hefur spáð, m.a. hæstv. fjmrh. er hann kynnti frv. til fjárlaga fyrr í haust.

Hvað kjarasamninga á almennum vinnumarkaði varðar mun verkalýðshreyfingin óhjákvæmilega horfa til fordæmis ríkisstjórnarinnar. En samkvæmt launavísitölu hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 18,3% frá fyrsta ársfjórðungi 1997 til þriðja ársfjórðungs í ár meðan hækkunin var 28,1% hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum. Miklar hækkanir hafa einnig orðið hjá æðstu embættismönnum í ríkiskerfinu. Tæpast verður þessi þróun til að haga kjarasamningum á almennum vinnumarkaði með þeim hætti sem vonast er eftir af hálfu ríkisstjórnar og Þjóðhagsstofnunar.

Aukinn viðskiptahalli ræður miklu um þessa þróun. Gert er ráð fyrir að hann verði enn mikill á næsta ári. Aukin skuldasöfnun heimilanna er einnig mikið áhyggjuefni, ekki síst þar sem fyrir liggur að hún á sér ekki rætur í fjárfestingu heldur neyslu. Á móti auknum skuldum heimilanna í landinu er því ekki samsvarandi eignamyndun eins og er þráfaldlega haldið fram af talsmönnum ríkisstjórnarinnar. Aukning verðbólgu gæti því reynst fjölmörgum heimilum ákaflega

þungur baggi og mun að sjálfsögðu veikja efnahagsstöðu þjóðarinnar bæði til skemmri og lengri tíma litið.

Þjóðhagslegar forsendur fjárlaga hafa oftar en ekki brugðist á undanförnum árum eins og minni hluti fjárln. hefur ítrekað bent á. Í núverandi spá er gert ráð fyrir að töluvert dragi úr vexti landsframleiðslu á næsta ári og að hagvöxtur verði um 2,7%. Þá er reiknað með að hægi á vexti einkaneyslu með hægari vexti kaupmáttar og að hún verði 2,5% í stað 6% eins og áætlað er að hún verði á yfirstandandi ári. Hins vegar er spáð aukningu í fjárfestingu í stað samdráttar á yfirstandandi ári. Þá er talið að innan skamms muni koma fram í hagtölum að innflutningur varanlegra neysluvara hafi náð mettun og í kjölfarið verði minna flutt inn af rekstrarvörum og fjárfestingarvörum til annarra en stóriðju. Auk óvissu um niðurstöður kjarasamninganna sem eru fram undan og áhrif þeirra á efnahagsþróun, ekki síst verðlagsþróun, er vaxandi óvissa um þessar mundir varðandi framleiðslu og verðlag mikilvægra sjávarafurða.

Nú er spáð að landsframleiðsla aukist um 5,8% á þessu ári en verði einungis 2,7% á því næsta. Gangi þessi spá eftir er hagvöxtur þessa árs sá mesti frá árinu 1987. Mikil aukning landsframleiðslu á þessu ári stafar fyrst og fremst af áframhaldandi örum vexti einkaneyslu og töluvert meiri vexti útflutnings í fyrra á sama tíma og dregið hefur verið úr vexti innflutnings. Þessi ofþensla eftirspurnar átti þátt í að kynda undir verðbólgu þessa árs og því er enn áréttuð nauðsyn þess að draga úr vexri innlendrar eftirspurnar.

Í ársfjórðungsriti Seðlabanka Íslands, Peningamálum, bendir bankinn á að margt hafi komið fram af því sem bankinn varaði við í haustskýrslu sinni í nóvember 1998 og minni hluti fjárln. vitnaði til í nál. sínu vegna fjárlaga ársins 1999. Telur Seðlabankinn að meginverkefni hagstjórnar á næstunni sé að stuðla að því að verðbólgan minnki á ný. Bankinn telur einnig áhyggjuefni að í þjóðhagsáætlun sé því spáð að viðskiptahallinn muni að óbreyttu nema 3% af landsframleiðslu á næstu árum. Telur bankinn þetta til vitnis um undirliggjandi halla sem muni ekki hverfa eftir að stóriðjuframkvæmdum lýkur. Þá bendir Seðlabankinn á að það sé áhyggjuefni að viðleitni til að auka þjóðhagslegan sparnað hafi ekki enn skilað árangri. Síðan segir Seðlabankinn orðrétt, með leyfi forseta:

„Full ástæða er til að taka þennan vanda alvarlega þar sem viðskiptahallinn getur til lengdar grafið undan stöðugleika gengis, auk þess sem vaxandi skuldir þjóðarbúsins sem honum fylgja gera það viðkvæmara fyrir áföllum."

Þar sem eftirspurnarþenslan virðist meiri en ráð var fyrir gert þarf afgangur á fjárlögum að vera meiri en reiknað er með í frv.

Herra forseti. Niðurstaðan er hins vegar mjög ljós. Í öllum grundvallaratriðum hefur ríkisstjórnin brugðist varðandi hagstjórn hér á landi á undanförnum árum og stjórnvöld verða að taka sig verulega á í þeim efnum á næsta ári ef ekki á illa að fara.

Því hefur oft verið haldið fram að erfiðara sé að stjórna í góðæri en í hallæri. Nauðsynlegt aðhald vill oft gleymast þegar velgengni blasir við. Með fyrirliggjandi frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 og tillögum meiri hluta fjárln. vegna frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 eru útgjöld aukin um 12,5 milljarða kr. Nauðsynlegt hefur verið að leiðrétta rekstrargrunn ýmissa stofnana, einkum í heilbrigðiskerfinu, og í mörgum tilfellum var full þörf á því að viðurkenna staðreyndir í þeim efnum. Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að þessi viðbótarútgjöld sýna að fjármálastjórn margra stofnana, svo og eftirlit ráðuneyta með þeim, er í ólestri. Hæstv. fjmrh. taldi ástæðu til að fara nokkrum orðum um bætta framkvæmd fjárlaga í frv. fyrir árið 2000 en þar segir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Áhersla verður lögð á að bæta framkvæmd fjárlaga svo rekstur stofnana verði innan fjárheimilda og þörf fyrir viðbótarfjárheimildir í fjáraukalögum fari minnkandi. Samhliða auknum áhrifum stjórnenda á rekstri stofnana er nauðsynlegt að þeir beri ábyrgð til samræmis, líkt og gerist í öðrum atvinnurekstri."

Enn sem komið er hefur þessi bætta framkvæmd ekki verið útfærð nánar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti forstöðumenn stofnana verði látnir bera ábyrgð og hvaða viðmiðanir hæstv. fjmrh. hefur í huga. Sjálfsagt er og nauðsynlegt að skoða tillögur um slíkt við 3. umr. fjárlaga. En eftir höfðinu dansa limirnir. Því er ekki síður mikilvægt að ríkisstjórnin í heild svo og einstakir ráðherrar sýni festu og ábyrgð í fjármálastjórn sinni. Engum blandast hugur um að það er hæstv. fjmrh. sem ber hina formlegu ábyrgð á veikri stjórn ríkisfjármála og vaxandi agaleysi í þeim. Illu heilli hefur hæstv. ráðherra ekki gengið á undan með góðu fordæmi í stjórn eigin ráðuneytis eins og þegar hefur verið reifað af stjórnarandstöðunni í umfjöllun Alþingis um fjáraukalög. Í tengslum við útfærslu á aukinni ábyrgð forstöðumanna stofnana liggur því beint við að ábyrgð hæstv. fjmrh. og annarra hæstv. ráðherra verði einnig skilgreind betur.

Herra forseti. Það er athyglisvert í þessu samhengi að horfa til einstakra ráðuneyta þegar bornar eru saman áætlaðar niðurstöður ársins 1999 og frv. til fjárlaga auk þeirra brtt. sem meiri hluti fjárln. leggur til. Það kemur í ljós þegar búið er að taka út úr samanburðartölum lífeyrisskuldbindingar og vaxtagjöld ríkissjóðs og einnig þau verkefni sem færð eru milli ráðuneyta að það er ráðuneyti hæstv. forsrh. sem eykur útgjöld sín hlutfallslega mest eða um rúmlega 12% frá áætluðum niðurstöðutölum ársins 1999 til þeirra tillagna sem nú liggja fyrir varðandi árið 2000. Í öðru sæti er ráðuneyti hæstv. utanrrh. með rúm 10% í sama samanburði. Hér fara oddvitar stjórnarflokkanna fram með fordæmi sem aðrir hæstv. ráðherrar taka væntanlega eftir og fylgja í kjölfarið. Í þriðja sæti í þessum samanburði er æðsta stjórn ríkisins, þar með talið hv. Alþingi. Síðan koma hæstv. ráðherra fjármála og hæstv. iðnrh. með milli 7 og 8% aukningu í þessum samanburði. Herra forseti. Það er ljóst að hér er ekki það fordæmi sýnt sem þurft hefði.

Meiri hluti fjárln. gerir brtt. sem nema um 3,6 milljörðum kr. Að öllu óbreyttu verður tekjuafgangur ríkissjóðs því 11,4 milljarðar kr. Seðlabankinn telur hins vegar að tekjuafgangur frv. að fjárhæð 15 milljarðar feli ekki í sér nægjanlegt viðbótaraðhald. Þá stefnir í að auka þurfi skattheimtu eða vona að ný þjóðhagsspá færi ríkissjóði auknar tekjur.

Stærsti hluti viðbótarinnar í tillögum meiri hluta fjárln. er til heilbrigðiskerfisins, eða 2,3 milljarðar kr. Því hefur verið veitt til viðbótar í þennan málaflokk alls 7,3 milljörðum kr. ef frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 er talið með. Miðað við árið 1998 hafa fjárveitingar í þennan málaflokk aukist um rúmlega 11 milljarða kr. eða um tæplega 18%.

Ljóst er af umræðunni að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi hyggst gera forstöðumenn heilbrigðisstofnana að blórabögglum fyrir eyðslu langt umfram fjárlög. Það er sjálfsagt að forstöðumenn axli ábyrgð sína en undan henni

geta ráðherrar ríkisstjórnarinnar heldur ekki skotið sér. Úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhagsvanda heilbrigðisstofnana ber með sér að hvorki hæstv. heilbrrh. né hæstv. fjmrh. hafa staðið undir ábyrgð í þeim efnum. Forstöðumenn stofnana leituðu eftir fyrirmælum frá heilbrrn. snemma á þessu ári þegar ljóst var að stefndi í algert óefni. Hæstv. heilbrrh. veitti þeim hvorki stuðning né fyrirmæli um hvernig skyldi bregðast við. Sama gilti þegar forstöðumenn leituðu eftir stuðningi ráðuneytisins við útfærslu kjarasamninga. Eina svar ráðuneytisins var þögnin. Í því sambandi er vert að rifja upp að nýlegar lagabreytingar gera að verkum að forstöðumenn stofnana eru nú undir beinu boðvaldi hæstv. ráðherra en ekki stjórna stofnananna. Fyrir vikið er ábyrgð hæstv. heilbrrh. mikil.

Hæstv. fjmrh. getur heldur ekki skotið sér undan ábyrgð á þessum vanda. Hæstv. ráðherra ber að hafa yfirsýn á þróun fjármála ríkisins. Á fundi hæstv. heilbrrh. með fjárln. kom fram hjá ráðherra að ítrekað hefði ráðuneytið leitað eftir aðstoð fjmrn. án árangurs. Þó ábyrgð hæstv. heilbrrh. á því ófremdarástandi sem undir stjórn hæstv. ráðherra hefur skapast í fjármálum heilbrigðisstofnana sé að sönnu mikil getur hæstv. fjmrh. ekki vikist undan sínum hluta hennar. Hæstv. fjmrh. líkt og hæstv. heilbrrh. svaf á verðinum. Þetta er nauðsynlegt að undirstrika í ljósi krafna sem fram hafa komið í liði stjórnarþingmanna um að víkja forstöðumönnum úr starfi. Eigi forstöðumenn að sæta ábyrgð með þeim hætti, hvernig er þá rétt að láta umrædda hæstv. ráðherra axla sinn hluta ábyrgðarinnar?

Herra forseti. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að skoða örlítið nánar þær tillögur sem meiri hluti fjárln. leggur til varðandi breytingar í fjárveitingum til heilbr.- og trmrn. Þegar gerður er samanburður á áætlaðri niðurstöðu ársins 1999, þ.e. þegar lögð eru saman fjárlög 1999 og þær tillögur sem fram koma í fjáraukalögum 1999 og þær tölur bornar saman við þær tölur sem nú liggja fyrir, þ.e. samanlagðar tölur í frv. til fjárlaga 2000 og þær brtt. sem meiri hluti fjárln. leggur hér til, er ljóst að heilbrigðisstofnanir hækka ekki nema um 2,6%. Það hlýtur því að kalla á spurninguna um hvort í raun sé búið að taka á þeim vanda sem fyrir er innan heilbrigðisstofnananna. Það liggur ljóst fyrir að 2,6% eru um einu prósenti undir þeim verðlagsforsendum sem gerðar eru í fjárlagafrv. Ef það eina prósent er reiknað inn þá virðist enn skorta um 350 millj. kr. En það er ekki bara þetta eina prósent sem á vantar. Einnig liggur fyrir að á næsta ári eru 30% starfsmanna heilbrigðisstofnana með lausa kjarasamninga og þær stéttir hljóta að taka viðmið af þeim launahækkunum sem aðrar stéttir innan heilbrigðisstofnana hafa fengið á undanförnum missirum. Eins er ljóst, herra forseti, að enn er ekki allt fram komið sem innifalið er í hinu svokallaða framgangskerfi hjúkrunarfræðinga. Því er eðlilegt, herra forseti, að spyrja: Hvað vantar í raun marga milljarða inn í heilbrigðiskerfið þannig að búið sé að bregðast við þeim vanda sem þar er?

Herra forseti. Í allri þeirri umræðu um heilbrigðismál, sem átt hefur sér stað í tengslum við fjáraukalög og nú um fjárlög, hafa aðrir stórir málaflokkar siglt lygnan sjó í gegnum kerfið með hækkanir sínar. Miðað við fjárlög ársins 1999 aukast útgjöld til menntamála um tæpa 2 milljarða kr. á árinu 2000. Við lestur frv. til fjáraukalaga verður ekki annað séð en að menntamálin eigi líka við uppsafnaðan vanda að stríða. Spurning er hvort þeim sé komið á réttan kjöl með þessari viðbótarfjárveitingu. Í frv. til fjáraukalaga kemur fram að áformað sé að fara yfir rekstur og fjármál verst stöddu framhaldsskólanna til að endurmeta forsendur fyrir fjárveitingum. Þetta bendir til þess að ekki sé búið að leysa allan vandann og telur minni hlutinn nauðsynlegt að þessi málaflokkur fái sams konar vandamálagreiningu og heilbrigðismálin.

Herra forseti. Það er athyglisvert að skoða í þessu samhengi örfáar tölur og eins hluta þeirrar skýrslu sem fjárln. fékk frá menntmrn. og ber nafnið Afkoma framhaldsskólanna 1998, með undirtitilinn Fyrsta ár í reiknilíkani. Þessi bæklingur kom út hjá menntmrn. í okt. sl. Hann er að mestu ritaður af deildarstjóra framhaldsskóladeildar, Aðalsteini Eiríkssyni. Þar segir m.a., með leyfi forseta, í kaflanum Meginniðurstöður:

„Greiðslustaða skólanna gagnvart ríkissjóði hefur versnað undanfarin þrjú ár þrátt fyrir ótvíræðan vilja allra skólastjórnenda til þess að láta enda ná saman."

Einnig segir Aðalsteinn í þessum sama kafla, með leyfi forseta:

„Margt í undirbúningi fjárlaga hefur einnig stórbatnað. Þeir möguleikar sem í öllu þessu felast munu skila sér með tímanum en ekki eins hratt og vonast hefur verið til."

Og áfram heldur Aðalsteinn, með leyfi forseta:

„Skýringa á versnandi afkomu er m.a. að leita í hröðum breytingum á rekstrarumhverfi, t.d. kjarasamningum, tölvuvæðingu og breytingum á faglegu innra starfi skólanna og stórauknum kröfum til skólanna um þjónustu við nemendur, kennara og í málum sem áður voru á hendi ráðuneyta."

Herra forseti. Aðalsteinn heldur síðan áfram örlítið seinna í þessum kafla:

„Augljósasti veikleikinn í stöðunni er samhengið á milli fyrirliggjandi bókhaldsgagna og tímanlegrar ákvarðanatöku. Bæði innan skólanna og í fjárveitingaferlinu eða fjárlagaundirbúningnum."

Herra forseti. Þetta eru býsna alvarleg orð og nauðsynlegt, eins og fram kom áður í máli mínu, að mati minni hluta fjárln. að vandi framhaldsskólanna verði skoðaður sérstaklega og í raun vandi ýmissa fleiri skóla. Og enn til þess að ítreka vil ég nefna nokkrar tölur til viðbótar þar sem m.a. kemur fram og eykur enn á grunsemdir um að þarna sé ekki brugðist við öllum þeim vanda sem er í kerfinu.

En þegar litið er á framhaldsskólana, þ.e. hina almennu framhaldsskóla, sérskólarnir eru ekki taldir með, þá hefur skuld þeirra eða frammúrkeyrsla þeirra í árslok 1998 verið rétt tæpar 350 milljónir. Síðan er gert ráð fyrir því að á fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár komi til viðbótar við fjárlögin tæplega 170 milljónir. Hins vegar er ljóst, miðað við þær upplýsingar sem ég hef, að um síðustu mánaðamót voru framhaldsskólarnir í mínus upp á tæpar 190 millj. kr. Það segir, ef þessar tölur eru réttar, að enn hafi í raun ekki verið brugðist við þeim vanda sem var í lok ársins 1998 og þess vegna er afar mikilvægt áður en við ljúkum umfjöllun um fjárlög fyrir árið 2000 að þessi vandi verði skoðaður sérstaklega. Ég ítreka enn það sem áður kom fram að minni hluti fjárln. telur nauðsynlegt að menntamálin fái svipaða skoðun og heilbrigðismálin hafa fengið.

Herra forseti. Eins og staðan er í dag stefnir í að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði 193,6 milljarðar kr. sem er 3,4 milljörðum kr. hærri fjárhæð en áætluð niðurstaða ársins 1999 og nemur aukningin 1,8%. Að lífeyrisskuldbindingum og vaxtagjöldum slepptum aukast útgjöld um 5,9 milljarða kr. eða um 3,5%. Ef miðað er við niðurstöðu ársins 1998

aukast útgjöld ríkisins á árinu 2000 um 20,8 milljarða kr. eða um 13,6%. Þetta þýðir að útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið umtalsvert að raungildi og því ljóst að ríkissjóði hefur ekki tekist að halda útgjöldum í skefjum og hafa þau því hækkað að raungildi. Því bendir fátt til þess að í frv. felist sú mikilvæga aðhaldsaðgerð sem allar hagfræðistofnanir innan lands sem utan er fjallað hafa um málið telja nauðsynlega.

Herra forseti. Einn helsti vandi íslensks samfélags er sú mikla byggðaröskun sem orðið hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Stjórnvöldum hefur algerlega mistekist að sporna gegn henni. Vanmáttur ríkisstjórnarinnar birtist m.a. í mikilli fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem magnað hefur þensluna í húsnæðiskerfinu. Þessi þensla hefur haft áhrif á verðbólgu og hækkað skuldir heimilanna. Það hafa eignir heimilanna ekki gert að sama skapi því að aðeins húseigendur á höfuðborgarsvæðinu hafa notið þeirra hækkana sem þenslan hefur valdið. Íbúar á landsbyggðinni hafa jafnvel mátt búa við lækkandi fasteignaverð.

Herra forseti. Á nokkrum stöðum í fjárlagafrv. og í tillögum meiri hluta fjárln. eru gerðar gagnlegar tillögur í byggðamálum og eðlilegt að fagna þeim svo langt sem þær ná. Hins vegar er nauðsynlegt að rifja upp örfáar greinar í samþykktri þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Þar mætti minnast á samgöngur. Ég vil einnig leggja sérstaka áherslu það sem segir í 6. tölul. hinnar samþykktu þáltill. en þar segir, með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Herra forseti. Því miður er engar slíkar tillögur að finna í frv. til fjárlaga né í brtt. meiri hluta fjárln. Það verður að segjast að einkageirinn virðist hafa verið fljótari til að uppgötva hvernig hægt er að færa slík störf af höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar. Enn er beðið eftir tillögum ráðuneytanna og vonandi munu á milli 2. og 3. umr. fæðast einhverjar hugmyndir þannig að hægt sé að stíga fyrstu skrefin í þessa átt.

Herra forseti. Eitt atriði enn úr hinni samþykktu þáltill., m.a. segir í 16. lið., með leyfi forseta:

„Byggðastofnun meti reglulega áhrif lagasetningar, fjárlagagerðar og einstakra stjórnvaldsaðgerða á byggðaþróunina í landinu."

Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að spyrja hvenær búast megi við því að Byggðastofnun meti fjárlagagerðina. Það verður of seint þegar fjárlagagerðinni er lokið. Því væntum við þess að mat Byggðastofnunar liggi fyrir áður en gengið verður til 3. umr. fjárlaga.

Einnig, herra forseti, er nauðsynlegt að skoða tillögur hinnar svokölluðu byggðanefndar forsrh. sem skilaði af sér í kjölfar hinnar samþykktu þáltill. Þar eru tillögur um ýmislegt sem talið er geta snúið hinni óheillavænlegu byggðaþróun við. Í I. kafla í tillögum nefndarinnar er fjallað um jöfnun lífskjara. Þar hefur meiri hluti fjárln. brugðist við bæði með auknu fjármagni til að jafna húshitunarkostnað og eins til að jafna námskostnað og ber að þakka það sem vel er gert. Hins vegar er átaks í vegamálum enn saknað. Ég minni á það sem ég las áðan úr hinni samþykktu þáltill. vegna þess að í tillögum nefndar forsrh. er einnig lögð mikil áhersla á fjölgun starfa á landsbyggðinni. Enn er lýst eftir hugmyndum og tillögum í þá átt.

Herra forseti. Á tímum mesta góðæris Íslandssögunnar er það einnig áfellisdómur yfir stjórnarstefnunni að staða þeirra sem styðjast við bætur almannatryggingakerfisins hefur síst skánað. Þrátt fyrir yfirlýsingar forsrh. um hið gagnstæða er staðreynd að staða lífeyrisþega er snöggtum verri en annars staðar á Norðurlöndum. Þetta er staðfest í niðurstöðum faglegrar úttektar á íslenska velferðarkerfinu sem Stefán Ólafsson prófessor annaðist á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þar kemur fram að útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála eru langtum lægri á Íslandi en hjá öðrum norrænum þjóðum. Séu þau reiknuð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu kemur í ljós að árið 1995 var hlutfallið á Íslandi 19%, í Danmörku 33,7%, Finnlandi 32,8%, Noregi 27,4 og Svíþjóð 35,8%.

Þótt Íslendingar búi við vel útfært og uppbyggt lífeyrissjóðakerfi sem hefur burði til að taka við hluta almannatryggingakerfisins þegar fram í sækir kemur það stórum hópi lífeyrisþega ekki til góða. Úttekt Stefáns leiðir í ljós að fjöldi eftirlaunaþega náði ekki að safna réttindum í lífeyrissjóði áður en lífeyrisaldri var náð og því er fátækt hjá öldruðum illu heilli veruleg hér á landi. Sama gildir um öryrkja en 43% þeirra fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðum og þurfa að lifa á tryggingabótum einum.

Herra forseti. Athyglisvert er að fyrir tilverknað stjórnvalda hafa kjör bótaþega að ýmsu leyti versnað til muna með meiri velsæld. Frá 1993 hafa grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað helmingi minna en lágmarkslaun. Á sama tíma hefur frítekjumark atvinnutekna hækkað helmingi minna en launavísitala og skattleysismörk hafa þróast þannig að lífeyrisþegi sem lifir einungis á tryggingabótum þarf nú að greiða 40 þús. kr. árlegan skatt af bótunum. Velferðarkerfið þarf að styrkja með tilliti til þessara hópa.

Herra forseti. Fjárln. hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frv. en tekjuhlið þess bíður 3. umræðu. Sömuleiðis á eftir að fjalla nánar um lánsfjárgrein frv. og heimildagrein þess, svo og nokkur önnur atriði. Minni hlutinn styður ýmsar af breytingartillögum meiri hlutans en mun jafnframt flytja tillögur sem sýna þær áherslur sem hann vill ná fram við ráðstöfun ríkistekna.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir áliti minni hluta fjárln. sem Einar Már Sigurðarson, Jón Bjarnason og Össur Skarphéðinsson undirrita.

[14:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í upphafi vil ég fara nokkrum orðum um störf fjárln. Frá því í byrjun september hafa fulltrúar hinna ýmsu sveitarfélaga, stofnana og félagasamtaka og einstaklingar komið fyrir nefndina. Þeir hafa borið fram erindi sín, greint frá áherslum, leitað viðurkenningar og óskað framlaga. Þetta fólk hefur lagt á sig mikla vinnu, oft komið um langan veg og lagt fram vönduð erindi.

Herra forseti. Ég tel þessa fundi og heimsóknir þessa fólks afar þýðingarmiklar fyrir fjárlagagerðina og vinnu Alþingis. Því er mikilvægt að halda þessum glugga, þessari hurð opinni til þeirra samskipta Alþingis við lífið í landinu sem þessar heimsóknir og erindaflutningur býður upp á.

Þá vil ég, herra forseti, þakka meðnefndarmönnum mínum í fjárln. samstarfið við undirbúning frv. til fjárlaga til 2. umr. Ég vil þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir sanngjarna og góða nefndarstjórn. Þá var gott að vita af öruggu og metnaðarfullu starfsfólki sem starfar með fjárln., bæði meiri hluta og minni hluta nefndarinnar, við þessa umfangsmiklu og vandasömu vinnu.

Minni hluti fjárln., fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs og fulltrúar Samfylkingarinnar, standa hér saman að ítarlegu nál. við 2. umr. fjárlaga. Ég leyfi mér að vísa til þess varðandi megináherslur. Ég þakka nefndarmönnum í minni hlutanum fyrir gott samstarf við þetta nál. og sendi góðar kveðjur til hv. þm. Gísla S. Einarssonar fjárlaganefndarmanns sem ekki getur verið viðstaddur 2. umr. fjárlagafrumvarpsins.

Herra forseti. Af því sem ég hef kynnst er fjárln. skipuð afar hæfum fulltrúum löggjafarsamkomunnar. Ég vil þó vekja athygli á að af 11 ágætum nefndarmönnum er aðeins ein kona. Sú skipan finnst mér sérstakt íhugunarefni miðað við kynjaskipan Alþingis þar sem 23 konur sitja, eða 35% þingmanna.

Herra forseti. Ég skil hlutverk fjárln. svo að hún beri ábyrgð á að birta vilja, stefnu og sýn Alþingis í skattlagningu og tekjuöflun til ríkisins, til samneyslunnar. Fjárln. ber að gera tillögur um mörkun áherslna í útgjöldum til hennar og tillögur að fjárveitingum í einstaka liði eða málaflokka. Ljóst er að ekki er hægt að uppfylla allar óskir og væntingar allra í því tilliti.

Herra forseti. Þó Alþingi setji lög um verkefni og útgjöld til hinna ýmsu málaflokka þá hljóta þau ekki fullnustu fyrr en við ákvörðun í fjárlögum á hverjum tíma, hvort heldur er til tekna eða gjalda. Herra forseti. Ég segi þetta til að draga fram mikilvægi og ábyrgð fjárln., þá ábyrgð sem hvílir á trausti og öryggi í allri vinnu og umræðu um gerð fjárlaga. Ég tel því afar mikilvægt að vinna hennar og skil til þingsins njóti fullrar virðingar og forgangs gagnvart öðrum þingmálum sem ekki hafa sama mikilvægi og fjárlög íslenska ríkisins.

Í þessu sambandi get ég ekki annað en bent á þá dagskrá sem lögð er fyrir daginn í dag. Auk 2. umr. um fjárlög, sem er ein aðalumræða fjárlagagerðarinnar, er settur á dagskrá fjöldinn allur af góðum málum en með fullri virðingu fyrir þeim hefði mér fundist að á þessum degi hefði átt að setja fjárlagaumræðuna eina á dagskrá.

Herra forseti. Ég hlýt að vara við þeim mikla þrýstingi framkvæmdarvaldsins og tilhneigingu til að skipa löggjafanum fyrir verkum. Framkvæmdarvaldið virðist líta á fjárln. og Alþingi sem eins konar afgreiðslustofnun fyrir áður teknar ákvarðanir á ýmsum stigum framkvæmdarvaldsins. Þær eru síðan bornar inn í þingið og óskað eftir afgreiðslu á þeim í skjóli þingmeirihlutans eins og þingið stendur nú frammi fyrir varðandi afgreiðslu fjáraukalaga.

Ég hef ítrekað bent á, bæði við 1. og 2. umr. fjáraukalaga og við 1. umr. fjárlaga, að tímasetning og beiting fjáraukalaga eins og nú tíðkast er afar ólýðræðisleg og gefur tilefni til ómarkvissrar fjármálastjórnar framkvæmdarvaldsins. Ég hef lagt til að tekin verði upp þau vinnubrögð að fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár séu unnin og samþykkt að vori og svo aftur snemma hausts ef nauðsyn krefur, svipað og tíðkast í ýmsum nágrannalöndum okkar. Þannig væri tryggt að í megintilvikum taki Alþingi ákvörðun um fjárveitingar fyrir fram en sé ekki stimpiltæki á þegar orðna hluti.

Herra forseti. Sú tilhneiging verður æ ríkari að fjármagn til stórra málaflokka fari óskipt inn í ráðuneytin. Þeim er síðan falið að skipta þeim, oft á tíðum eftir reiknilíkönum eða öðrum reglum sem framkvæmdarvaldið sjálft setur eða hefur sterka íhlutun um þótt tillögur til skiptinga séu enn í flestum tilfellum tilkynntar eða bornar undir fjárln. Þarna er þó oft æði lítið svigrúm til að koma að pólitískri stefnumörkun þó um það sé gefin leiðsögn í lögum um viðkomandi verkefni og málaflokka. Ég vara alvarlega við þessari þróun, við oftrú og öfgum í notkun miðstýrðra reiknilíkana í útfærslu pólitískra ákvarðana. Þetta á við um alla stjórnsýslu. Ég bendi t.d. á að bara á vegum menntmrn. eru hátt í 2 milljarðar kr. færðir á óskipta liði sem menntmrn. skiptir eftir ýmsum reglum en að vísu með beinni og óbeinni þátttöku fjárln.

Það fjárlagafrv. sem liggur fyrir til 2. umr. tekur mið af aðstæðum í þjóðfélaginu. En eins og hér hefur verið drepið á og rakið mjög ítarlega ætti það að vera höfuðmarkmið fjárlagagerðar við núverandi aðstæður að koma í veg fyrir að misskipting fari vaxandi í þjóðfélaginu. En því miður bendir margt í þveröfuga átt. Þrátt fyrir margendurtekin loforð ríkisstjórnarinnar um að draga úr jaðarsköttum er ljóst af frv. að ekki stendur til að gera neinar ráðstafanir í þeim efnum. Sama er að segja um málefni öryrkja og aldraða og skal í því samhengi minnt á þá ógæfulegu ákvörðun ríkisstjórnarinnar á síðasta ári að nota svigrúm sitt í ríkisfjármálum til almennra skattalækkana í stað þess að bæta kjör þessara hópa. Röng skattastefna af þessu tagi hefur ýtt undir almenna þenslu svo ekki sé minnst á þau mistök að ráðast í stórfellda einkavæðingu sem auglýst var undir formerkjum almenns gróða fyrir þjóðina og skapaði þannig stórkostlegar væntingar sem juku á þensluna.

Þá er ótalin þenslan í húsnæðiskerfinu sem er bein afleiðing hinnar óheillavænlegu búsetuþróunar í landinu. Frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga vísar áfram á sömu þróun í þessum efnum. Verðbólgan í landinu er orðin mun meiri en í nágrannalöndum okkar, raunar tvöfalt til þrefalt meiri. Aukinn viðskiptahalli er mikið áhyggjuefni og sívaxandi skuldasöfnun heimilanna sömuleiðis. Hún á sér að stærstum hluta rætur í neyslu en ekki fjárfestingu og þar af leiðandi standa oft og tíðum ekki auknar eignir á bak við þessa skuldasöfnun.

Herra forseti. Einnig ríkir mikil óvissa um þjóðhagslegar forsendur fjárlaganna vegna komandi kjarasamninga, þróunar við framleiðslu og verðlag mikilvægra sjávarafurða.

Brtt. meiri hlutans hljóða upp á 3,6 milljarða kr. og er stærsti hluti viðbótarinnar til heilbrigðiskerfisins eða 2,3 milljarðar. Samt sem áður nægja þessar ráðstafanir engan veginn til að koma heilbrigðismálunum í landinu á réttan kjöl og ríkisstjórnin virðist ætla að grípa til þess ráðs að gera forstöðumenn heilbrigðisstofnana að sökudólgum í þessu máli. Herra forseti. Fjmrh. getur ekki skotið sér undan ábyrgð á þessum vanda frekar en heilbrrh. enda hafa stofnanirnar hvorki fengið viðeigandi stuðning né fyrirmæli fyrir vinnu sína.

Margt bendir til þess að í menntamálum sé einnig um uppsafnaðan vanda að glíma þrátt fyrir tveggja milljarða útgjaldaaukningu á milli ára. Nauðsynlegt er að þessi málaflokkur verði skoðaður vandlega og með það að markmiði að leysa fjárhagsvanda skólanna og tryggja jafnrétti til náms betur en nú er gert.

Einn helsti vandi samfélags okkar er sú gífurlega byggðaröskun sem stjórnvöldum hefur algjörlega mistekist að

sporna gegn. Straumurinn hingað á höfuðborgarsvæðið hefur valdið mikilli þenslu í húsnæðiskerfinu, leitt til aukinnar verðbólgu og skuldasöfnun heimilanna og afar erfiðrar fjárhags- og greiðslustöðu sveitarfélaga vítt og breitt um landið. Jafnframt býr fjöldi lífeyrisþega við afar bág kjör og fyrir tilstuðlan ríkisstjórnarinnar hafa aðstæður margra í þeim hópi versnað mjög í góðærinu umtalaða. Frá árinu 1993 hefur grunnlífeyrir og tekjutrygging hækkað helmingi minna en lágmarkslaun og á sama tíma hefur frítekjumarkið vegna atvinnutekna hækkað helmingi minna en launavísitalan. Skattleysismörkin hafa þróast þannig að lífeyrisþegi sem lifir aðeins af tryggingabótum þarf nú að greiða 40 þús. kr. í skatt af bótunum á hverju ári.

Þær meginbreytingar sem meiri hlutinn leggur til við 2. umr. fjárlaga eru breytingar í heilbrigðiskerfinu og á fjármagni til heilbrigðiskerfisins. Vissulega ber að fagna því að tekið skuli á þessum málum og gefinn sá pólitíski tónn að ætlunin sé að standa vörð um heilbrigðiskerfið í landinu og það er vel. Þó eins og, herra forseti, ég hef bent á að inn í það eru ekki komnir liðir eins og kjarasamningar frá sjúkraliðum og starfsfólki á kjarasamningum Alþýðusambands Íslands og til þess er ekki heldur tekið við gerð þessara fjárlaga, í tillögum fjárlaga nú. Líklegt er að þessir hópar muni fara fram á mjög eðlilega hliðstæðar kjarabætur og aðrir hópar heilbrigðisstéttanna hafa fengið og er það í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. En þarna er enn þá um ógreidda skuld að ræða.

Þá má og benda á að sjúkrahúsin og heilsugæslustöðvarnar, sem fá nú bættan sinn halla að langmestu leyti, standa líka misjafnlega. Þær eru bæði misjafnlega staddar í kjarasamningum, þær eru misjafnlega staddar í tækjum og búnaði og aðstöðu þannig að vafalaust munu þær líka óska eftir auknu réttlæti til að jafna hlut sinn gagnvart þeim sem hafa sótt fram.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á aukinn jöfnuð í samfélaginu, hún leggur megináherslu á að tekið verði á stærstu vandamálunum sem við stöndum frammi fyrir, það eru byggðamál, menntamál og umhverfismál og við flytjum einmitt tillögur sem lúta að því.

Herra forseti. Ég vil aðeins gera grein fyrir þeim áherslum sem mótast í brtt. okkar en síðar verður mælt fyrir þeim sérstaklega.

Herra forseti. Þeim brtt. sem við flytjum og birtast á þskj. 352, 353, 354 og 355 má skipta í nokkra meginflokka. Einn flokkurinn snýr að byggðamálum og þar leggjum við afar mikla áherslu eflingu framhalds- og fjarnáms á landsbyggðinni því að fátt er mikilvægara fyrir byggðirnar en að geta sótt nám sitt heima. Við höfum þó ákveðið að bíða með tillöguflutning varðandi eflingu fjarskiptakerfisins en eins og hefur komið fram í fréttum, hæstv. forseti, er ljóst að gagnaflutningakerfi símans er löngu sprungið og skólar vítt og breitt um landið í hinum dreifðu byggðum hafa ekki aðgang að þeirri nútímatækni sem er þó verið að guma af að sé á að byggja og styrkja til framtíðar.

Herra forseti. Við viljum draga fram vanda sauðfjárbænda. Við viljum draga fram þann mikla vanda sem þeir standa frammi fyrir í stórkostlegri tekjurýrnun og við teljum að of langt sé að bíða þess að gengið verði frá nýjum samningi milli sauðfjárbænda og ríkisins og teljum að grípa þurfi nú þegar til jöfnunaraðgerða, tekjujöfnunaraðgerða á næsta ári. Þess vegna drögum við það sérstaklega fram.

En sérstaklega, herra forseti, drögum við fram vegamálin. Í þáltill. Alþingis er lögð þung áhersla á samgöngumál og í tillögu okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um átak í byggðamálum er einmitt dregin sérstaklega fram nauðsyn á að hraða framkvæmdum því að fátt er mikilvægara en góðar samgöngur. Við leggjum ekki aðeins mikla áherslu á stofnvegakerfið heldur safn- og tengivegakerfi og styrkvegina, vegina sem tengja byggðirnar vítt og breitt um landið saman sem hefur orðið mjög út undan í fjárframlögum til vegagerðar á síðustu árum. Við bendum líka á tvöföldun einbreiðra brúa en þær eru miklir og hættulegir samgönguörðugleikar vítt og breitt um landið og þarf ekki að rekja hér.

En síðast en ekki síst viljum við benda á jarðgangamálin. Í fjárlagafrv. er hvergi lagt fé til jarðgangagerðar, þar er einungis gerð tillaga áfram um þær u.þ.b. 10 milljónir kr. sem gætu verið inni á vegáætluninni sjálfri til ráðstöfunar við undirbúnings jarðgangagerða. Verði ekki lagt fram fé á þessum vettvangi mun í sjálfu sér ekkert gerast, þá mun þetta bara tefjast. En ég kem að þessum tillögum síðar, og sömuleiðis að styrkingu dreifikerfis í sveitum.

Þessi atriði öll sem við drögum fram eru til áréttingar um það mikilvægi og þær þungu áherslur sem verður að gera. Það þarf að grípa til aðgerða í byggðamálum en ekki bara tala, álykta og safna skýrslum.

Herra forseti. Á þskj. 353 gerum við einnig grein fyrir því að við viljum afla tekna á móti þeim útgjöldum sem við leggjum til og verður nánar rakið síðar. Við leggjum líka fram áherslur okkar í utanríkismálum, alþjóðamálum og löggæslumálum sem fram koma á þskj. 353.

Herra forseti. Við viljum líka draga fram þær áherslur sem lúta að sveitarfélögunum, við viljum draga fram áherslur sem þau standa frammi fyrir þegar þau eru að leysa til sín félagslegar eignaíbúðir og geta síðan ekki losnað við þær til baka á viðhlítandi verði og lenda í miklum halla. Þetta er orðið alvarlegt vandamál víða um land og ber að taka á. Við minnumst á málefni fatlaðra, geðfatlaðra barna, Framkvæmdasjóð fatlaðra o.s.frv. Þetta teljum við afar mikilvæga málaflokka sem vísa veginn fyrir þær áherslur sem við viljum leggja inn í samfélagið. Við leggjum líka áherslu á bættar almenningssamgöngur og þar þarf virkilega að taka á. Sérleyfishafar og aðrir sem koma að þeim málum standa nú frammi fyrir alvarlegum hlutum og eru að komast í greiðsluþrot.

Á þskj. 355, herra forseti, drögum við fram áherslur okkar í umhverfismálum og verður mælt fyrir þeim frekar síðar.

Herra forseti. Ég vil mæla fyrir brtt. á þskj. 354 við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000, sem lýtur að skerðingarákvæði 6. gr., þ.e. að við 6. gr. falli 2.–4. tölul. brott. þannig að sú skerðing sem þar er lögð á Framkvæmdasjóð fatlaðra verði felld niður og sjóðurinn fái eðlilegt fjármagn eins og kveðið er á um.

Herra forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að það eigi að gæta aðhalds í ríkisfjármálum, það beri að standa vörð um að ekki þenjist allt út, það beri að halda verðbólgu niðri og stöðugu verðlagi. En það markmið og sú vinna má ekki bitna stöðugt á þeim sem minnst mega sín. Hún má ekki leiða til byggðaröskunar, að fólk flytji unnvörpum úr byggðum sínum og skilji þar eftir bæði verðmæti og samfélag í vanda af stjórnvaldsástæðum einum saman. Við viljum því að jafnframt því sem unnið er að jöfnuði og hagsæld sé líka hugað vandlega að því hvernig við skiptum þjóðarauðnum, hvernig við höfum áhrif á atvinnu og búsetu-

skilyrði þjóðarinnar, allra þegna landsins, stórra og smárra, ungra sem aldinna.

[15:14]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir málefnalega ræðu. Hann kom inn á eitt mál sem er prinsippmál, ef maður segir svo, og mig langar til að koma sjónarmiðum að í andsvari varðandi það. En það er að hann telur að við höfum oftrú á reiknilíkönum og módelum, séum að framselja vald með því að taka trú á þau. Nú höfum við gert kröfu um það í meiri hlutanum að að búið verði til reiknilíkan yfir sjúkrastofnanir og í menntmrn. hafa þeir reiknilíkan yfir framhaldsskólana. Ég tel að þetta sé nauðsynlegt vegna þess að það gefur okkur tæki til að hafa samræmi í úthlutunum okkar og þetta heftir að mínum dómi ekki hendur fjárln. eða þingsins í að taka pólitískar ákvarðanir um að styrkja einstakar stofnanir, en það er þá samræmi í því. Í fyrra, eða á yfirstandandi ári, tókum við þá ákvörðun við fjárlagagerð árið 1999, að setja nokkra fjármuni inn í framhaldsskólana til þess að styrkja vissa þætti í líkaninu sem um þá er haft í fámennum skólum. Þessi háttur þarf því ekki að hefta eða binda hendur löggjafarvaldsins. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að þetta sé fyrirkomulag sem við eigum að styrkja í sessi í fleiri málaflokkum.

[15:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að meta þarf sem vandlegast kostnað við hinar ýmsu aðgerðir í verkum og fjárútlátum og út á það set ég ekki. Hins vegar tel ég ástæðu til þess að mæla þessi varnaðarorð vegna þess að við sjáum að æ stærri málaflokkar fara óskiptir til framkvæmdarvaldsins til meðhöndlunar og til skipta á grundvelli reiknilíkana eða ákvarðana sem löggjafarvaldið hefur æ minni tök á. Þess vegna vil ég mæla þessi alvarlegu varnaðarorð.

Herra forseti. Bara tilurð fjáraukalaganna sýnir líka ábyrgð ráðuneytanna gagnvart þeim málaflokkum sem þau fara með. Virðing framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafanum er ekki meiri en svo að það kemur inn hér með útgjaldaliði sem þegar hafa verið framkvæmdir. Þess vegna tel ég, herra forseti, að það sé svo mikilvægt að breyta framsetningu og tímasetningu fjáraukalaganna þannig að Alþingi sjálft verði hinn eiginlegi löggjafi fjárveitingavaldsins en standi ekki í æ ríkari mæli frammi fyrir ákvörðunum einstakra ráðherra og ráðuneyta.

[15:18]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að endurskoða þarf afstöðu okkar til tímasetningar fjáraukalaga og koma á enn betri samskiptum við framkvæmdarvaldið í því efni varðandi þær ákvarðanir sem teknar eru um að sækja um aukafjárveitingar. Hins vegar endurtek ég það varðandi reiknilíkönin og upplýsingagjöfina að við í fjárln. fáum til okkar miklar beiðnir utan úr samfélaginu til flókinna verkefna, til stórra stofnana og við þurfum að hafa sem gleggstar upplýsingar um hvaða þjónustu þessar stofnanir veita, hvaða samningar eru við þær og hvað það kosti sem þar er verið að vinna til þess að við getum reist okkar fjárveitingar á sem traustustum grunni. Um það er ég eingöngu að hugsa í þessu sambandi og það er mjög vel að þessi umræða er uppi um grundvallaratriði í okkar starfi. Ég virði hv. þm. fyrir að brjóta upp á þessu og taka um þetta málefnalega umræðu. Á því þurfum við auðvitað að halda að reyna að bæta aðferðir okkar við skiptingu hinna miklu fjármuna sem við útdeilum. Við útdeilum samkvæmt tillögum framkvæmdarvaldsins á stundum, en auðvitað er fjárveitingavaldið hjá Alþingi að lokum.

[15:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að það er mjög mikilvægt að vera með þannig stjórnkerfi að hvetji til frumkvæðis á öllum stigum, frumkvæðis og hugmyndaflugs og nýjunga. Við megum heldur ekki búa til stjórnsýslukerfi sem getur slegið á frumkvæði eða það að hægt sé að bregðast hratt við nýjungum. Frumkvæðið kemur sem betur fer oftast líka úr grasrótinni, frá því fólki sem er að vinna á vettvangi og allt til okkar háttvirtu löggjafarsamkomu. Ég er ekki á móti því að vinnubrögð séu vönduð þannig að hægt sé að meta kostnaðarliði og slíkt. En ég vara við því að pólitískt vald, pólitískar aðgerðir og pólitísk sýn, séu framseld til framkvæmdarvaldsins og m.a. þess vegna vara ég við oftrú á reiknilíkönum. En ég styð vönduð og framsýn vinnubrögð.

[15:21]

Útbýting þingskjala:

Gjaldeyrismál, 162. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 358; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 359.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 200. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 360; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 361.

Seðlabanki Íslands, 161. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 356; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 357.

Tollalög, 209. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 362.

[15:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. formaður fjárln. hefur farið ágætlega yfir starf okkar í meiri hluta fjárln. á þessu hausti. Ábyrgð okkar er mikil varðandi ríkisfjármálin og það er ætlun okkar að þess megi sjá merki að við stöndum undir þeirri ábyrgð. Það er hins vegar svo að samkvæmt venju verður ekki hægt að sjá endanlegar niðurstöður fyrr en við 3. umr. fjárlaga. Það er ákaflega mikilvægt að tekjuafgangur ríkissjóðs verði ekki minni en lagt var upp með þegar hæstv. fjmrh. lagði frv. fram í haust og helst viljum við að hann verði nokkru meiri. Í vinnu fjárln. á þessu hausti voru nokkur meginmál sem við lögðum sérstaka áherslu á. Lögð var áhersla á að koma fjármálum heilbrigðisstofnana á réttan kjöl, að vísu með ströngum skilyrðum eins og fram kemur í nál. og ég mun fara yfir hér á eftir. Annað atriði var fíkniefnavandinn því að ekki er vanþörf á að bregðast við honum. Það er ekki sérstök nauðsyn á að tíunda hér hinn mikla vanda sem þjóðfélagið stendur frammi fyrir varðandi þennan vágest sem nauðsynlegt er að bregðast við. Eðli málsins samkvæmt kemur það fram hjá nokkrum ráðuneytun hvernig auknar áherslur sýna sig í þessum efnum. Að lokum vil ég sérstaklega gera grein fyrir því hér seinna í máli mínu hvernig við, með okkar hætti, bregðumst við því sem í umræðunni hefur verið nefnt byggðavandinn.

Hæstv. forseti. Á liðnu vori var orðið ljóst að rekstur sjúkrastofnana stefndi talsvert fram úr fjárlögum þrátt fyrir að gerðar hafi verið ráðstafanir í lok síðasta árs til þess að greiða upp uppsafnaðan halla þeirra og leiðrétta rekstrargrunninn. Voru þær aðgerðir í samræmi við álit svonefnds faghóps heilbrrn. um nauðsyn þess að stofnanir haldi útgjöldum sínum innan fjárheimilda.

Ríkisendurskoðun var á haustdögum fengin til þess að fara yfir vandann og greina umfang hans við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga nú í lok ársins. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er að rekstrarhalli stofnana hafi verið gerður upp í árslok 1998, en að á þessu ári hafi aftur sigið á ógæfuhliðina og rekstur stofnana farið langt umfram heimildir fjárlaga.

Nú er svo komið að uppsafnaður rekstrarhalli stofnana í árslok 1999 er áætlaður tæplega 4,2 milljarðar kr. og þar af eru um 3,6 milljarðar vegna halla sem myndast hefur á þessu ári. Hallinn skiptist á launakostnað og rekstrargjöld í nokkuð svipuðum hlutföllum og þessi gjöld vega í heildarútgjöldum sjúkrastofnana. Meginskýringin á umframútgjöldum á launalið er að útfærsla kjarasamninga í mörgum stofnunum virðist hvorki hafa verið í samræmi við þau fyrirmæli og leiðbeiningar sem gefnar voru né fyrirliggjandi fjárheimildir. Í tillögunum er verulegum viðbótarfjármunum varið til reksturs sjúkrastofnana. Það eru fjármunir sem fara í kostnaðarhækkanir sem þegar eru áfallnar.

Ljóst er að bæta má fjármálastjórn stofnana heilbrrn. og gera hana skilvirkari en hún er nú og það er mjög brýnt að ná tökum á þeim vanda og leita í því sambandi allra hugsanlegra leiða svo að þessar stofnanir fari að fjárlögum í framtíðinni. Þannig verði einnig tryggt að nýtt fé fari til þess að ná fram stefnumiðum stjórnvalda, en ekki að um verði að ræða leiðréttingar eftir á. Og framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og tekið verði á fjármálstjórn stofnana.

Til þess að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlög eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið. Þetta er ákaflega mikilvægur þáttur og verður að fylgja þessu fast eftir.

Ríkisendurskoðun mun gefa ráðuneytum og Alþingi skýrslu um framgang málsins á næsta ári. Samhliða verður komið í veg fyrir að stjórnendur stofni til skulda í lánastofnunum og safni upp óeðlilegum viðskiptaskuldum. Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegt talnaefni úr launabókhaldi berist reglulega.

Það verður einnig að kanna hvort breyta þurfi lögum um heilbrigðisþjónustu og staða framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda verði þá sérstaklega skýrð. Jafnframt verður á næsta ári ráðist í að ákvarða hlutlægt framlög til stofnana og reiknilíkönum beitt við skiptingu fjárveitinga á stofnanir í fjárlögum árið 2001. Markmiðið verður, eins og fram hefur komið, að tryggja að stofnanir verði reknar innan fjárheimilda og stjórnendur beri ábyrgð eins og í öðrum atvinnurekstri.

Því er ljóst að mikil vinna er fram undan á næsta ári við stefnumótun og forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu.

Hæstv. forseti. Öllum má vera ljóst að ekki verður við það unað til lengri tíma litið að ekki takist að hafa stjórn á fjármálum sjúkrastofnana. Við getum aldrei litið á það sem náttúrulögmál að rekstur sjúkrastofnana sé ekki í neinum tengslum við þá fjármuni sem ætlaðir eru til reksturs þeirra samkvæmt fjárlögum, að stjórnendur sjúkrastofnana hreinlega sleppi því að líta á fjárlagatölur hvers árs. Sem betur fer er ljós í myrkrinu. Það kemur nefnilega í ljós að á örfáum sjúkrastofnunum hafa menn haft fjárlögin að leiðarljósi við rekstrarákvarðanir sínar. Sú staðreynd segir okkur að hægt er að hafa bönd á rekstrinum leggi menn upp úr því að hafa það hugarfar. Það má vera jafnljóst að þeir stjórnendur sem lagt hafa þá fyrirhöfn á sig að fylgjast með því hvaða fjármunum þeim hafi verið úthlutað í fjárlögum, hljóti að spyrja sig þessarar spurningar: „Er verið að hæðast mér?“, þegar halli þeirra stofnana sem keyrt hafa fram úr er greiddur upp eins og við tókum ákvörðun um hér á Alþingi við afgreiðslu fjáraukalaga eftir 2. umr. fyrr í vikunni.

Hitt er jafnljóst að ekki var hægt að sjá fyrir allar þær vendingar sem urðu í launamálum starfsfólks sjúkrastofnana og ómaklegt að kenna stjórnendum um allt það ferli. Ég ætla ekki að rekja þá sögu frekar hér. Nú hefur hins vegar verið tekin sú ákvörðun að byrja á sléttu um áramótin og allir fá sömu hækkun frá grunninum sem ákveðinn var 1998. Við megum ekki gefast upp við það verkefni að hafa stjórn á ríkisfjármálunum, hvort sem það er rekstur sjúkrastofnana eða aðrir þættir. Það er kannski rétt að rifja upp hvað stendur í stjórnarskrá lýðveldisins um þetta efni. Í 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, stendur, með leyfi forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.“

Ég held að nokkuð ljóst sé að þeir sem fara með fjármál ríkisins verði að rifja upp þessa grein stjórnarskrárinnar. Það er augljóst af reynslu þessa árs að nauðsynlegt er að brýna alla aðila sem fara með okkar sameiginlegu fjármuni á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar.

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu formanns þá er þróun byggðar í landinu eitt alvarlegasta efnahagsvandamálið sem við stöndum frammi fyrir. Því er það ákaflega mikilvægt að fylgt verði eftir þeim áformum sem ríkisstjórnin hefur um að snúa við þeim byggðavanda sem birtist okkur í allt of skýru ljósi þessi missirin. Ég vil fara yfir það hvernig brugðist er við í fjárlögum fyrir árið 2000 við þeirri þáltill. sem samþykkt var á Alþingi á sl. vori, nánar tiltekið 3. mars 1999, um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001.

Eins og fram kemur í þál. er þar um metnaðarfull markmið að ræða og sum þeirra krefjast nokkurra fjármuna af fjárlögum. Þál. er skipt í fjóra meginþætti eins og margoft hefur komið fram. Í fyrsta lagi er nýsköpun í atvinnulífinu, í öðru lagi menntun, þekking og menning og í þriðja lagi jöfnun lífskjara og í fjórða lagi bætt umgengni við landið.

Í I. kafla, Nýsköpun í atvinnulífinu, ber fyrst að geta þess að lagt er til í þál. að 300 millj. kr. verði lagðar árlega í eignarhaldsfélög á landsbyggðinni með aðild Byggðastofnunar. Við þetta er staðið í fjárlagafrv. þessa árs eins og til stóð, 300 millj. kr. fara til þessa verkefnis.

Víða er brugðist við í frv. varðandi uppbyggingu á ferðaþjónustu og sérstaklega menningartengdri ferðaþjónustu. Augljóst er að slíkur stuðningur mun koma atvinnugreininni vel í heild sinni. Nægir að nefna sem dæmi stuðning við Vesturfarasafnið á Hofsósi, stuðning við Eiríksstaðanefnd í Dölum og uppbyggingu safnsins á Hnjóti. Og fleira mætti telja.

Þá verður 5 millj. kr. varið til skráningar á gögnum Þjóðminjasafnsins í fjarvinnslu, í tölvuskráningarkerfi sem nefnist Sarpur. Þjóðminjasafnið ætlar að gera áætlun í samvinnu við þróunarsvið Byggðastofnunar um skipulag fjarvinnsluverkefna næstu árin, en fyrstu umferð skráningar verði lokið

á næstu fimm árum. Kerfið hefur verið unnið í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtæki og fengist hefur 12 millj. kr. styrkur frá Rannsóknarráði Íslands, sem greiðist á næstu þremur árum. Markmið með verkefninu er að staðla og samræma skráningu og leita að menningarsögulegum upplýsingum, bæta aðgengi að slíkum heimildum og tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra gagna. Hluta innsláttar hentar að vinna í fjarvinnslu, þ.e. innslátt upplýsinga sem eru til handskrifaðar og vélritaðar. Þetta verkefni er mjög mikilvægt að verði hægt að vinna úti á landi og hefur fjárln. ákveðið 5 millj. kr. til að hefja þetta verkefni.

Í kaflanum Menntun, þekking og menning er ákvæði um að bætt verði skilyrði þess fólks sem sækja þarf nám utan heimabyggðar sinnar. Fjárveiting til jöfnunar námskostnaðar verður aukin samkvæmt tillögum okkar nú við 2. umr. um 76,6 millj. kr. Forsrh. skipaði í október 1998 nefnd samkvæmt tilnefningu allra þingflokka undir forustu hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar til þess að fjalla um byggðamál í tengslum við breytingu á kjördæmaskipan. Meðal fjölmargra tillagna sem samstaða var um í nefndinni er að framlög til jöfnunar námskostnaði verði aukin og framlög verði tvöfölduð á tímabilinu. Vísað er til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands í þessu sambandi, en hún gerði úttekt á framfærslukostnaði framhaldsskólanema og gert er ráð fyrir að náð verði allt að 90% af lágmarksframfærslukostnaði framhaldsskólanema á þessu tímabili.

Í þál. er einnig gert ráð fyrir að möguleikar fjarkennslu verði fullnýttir og einnig að boðið verði upp á háskólanám á Austurlandi og Vestfjörðum. Fjarnám er ein besta byggðaaðgerð sem ráðist verður í. Þess má sjá merki að fjárln. hefur lagt þær áherslur að herða enn róðurinn í því efni, m.a. er lagt til að Háskólinn á Akureyri fái framlag til að byggja upp leikskólakennaranám með fjarnámsformi. Mikill áhugi hefur komið fram á því námi og er augljóst að það mun hafa jákvæð áhrif á byggð ef fólki er gert kleift að stunda nám í heimabyggð og jafnframt mun það efla leikskólana að ófaglærðu starfsfólki þeirra væri gert kleift að afla sér leikskólakennaramenntunar.

Kennaraháskólinn fær 20 millj. kr. til eflingar fjarnámi og fjölgunar nemenda í því. Mikil aðsókn hefur verið í þetta nám og hefur þurft að neita allt að $^2/_3$ þeirra sem sótt hafa um fjarnámsskólavist. Augljóst er að þessi möguleiki til kennaranáms hefur mikil áhrif til góðs varðandi það að bæta skólastarf á landsbyggðinni og fjölga réttindakennurum.

Í þál. er gert ráð fyrir að auknu fé verði varið til menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Þess má sjá merki í frv. og einnig brtt. fjárln. Einnig er nefnt að sérstakt átak verði gert í endurbyggingu og varðveislu gamalla húsa. Má sem dæmi nefna stuðning við endurbyggingu Kaupangs á Vopnafirði, menningarmiðstöðina Skaftfell og Brydebúð í Vík í Mýrdal.

Í III. kafla þál. um stefnu í byggðamálum er lögð áhersla á jöfnun lífskjara. Fyrsti þáttur er jöfnun húshitunarkostnaðar og stefnt á að verð á orku til húshitunar verði fært til jafns við verð á orku hjá meðaldýrum hitaveitum á þriggja ára tímabili. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 var fyrsta skrefið stigið og nú er lagt til að annað skrefið verði framkvæmt. Stefnt er að því að hámark á niðurgreiðslum verði fellt niður. Það er því ljóst að þau fyrirheit sem gefin hafa verið um jöfnun húshitunarkostnaðar verða efnd. Verkin tala hér sínu máli.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir helstu þætti um efndir í þál. um stefnu í byggðamálum sem snýr beint að fjárlagagerð. Það er hins vegar ljóst að byggðamálin sem slík ná inn til allra ráðuneyta og stofnana. Því er ljóst að enn verður að brýna ráðuneyti og stofnanir á því að þeirra hlutverk er stórt við að standa sína plikt við alla landsmenn, hvar á landinu sem þeir búa. Byggðamálin eru verkefni alls ríkiskerfisins, það verða menn að gera sér ljóst.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum þakka bæði meiri hluta fjárln. og minni hluta fjárln. fyrir gott samstarf í nefndinni við að takast á við okkar miklu verkefni.

[15:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sit með hv. þm. í fjárln. og henni er kunnugt um að ég er ákaflega ósáttur við hvernig farið er að því að ráða bót á þeim vanda sem skyndilega og ófyrirséð spratt upp innan heilbrigðisgeirans. Ég hef áður lýst því í þessum stól að ég get út af fyrir sig vel skilið það að menn verði að bregðast við vandanum með því að auka fjárframlög til málaflokksins. En mér er ekki sama hvernig það er gert. Ég er viss um að hv. þm. meiri hlutans bera það mikla virðingu fyrir starfi sínu og fjárln. að þeim er heldur ekki sama að menn ráðist í þetta verkefni nema ljóst sé að við stöndum ekki að ári frammi fyrir hinu sama. Þess vegna átti ég von á því, herra forseti, að þegar menn kæmu til 2. umr. væri meiri hlutinn búinn að negla niður með miklu styrkari hætti hvernig á að tryggja að ekki spretti upp aftur sú óáran og sá mikli vandi sem við stöndum frammi fyrir í dag. Þegar ég les hins vegar nál. meiri hlutans þar sem um þetta er fjallað og hv. þm. gerði að umtalsefni, þá finnst mér þetta ákaflega veikt. Það er talað um að þessi framlög, sem líka voru veitt á fjáraukalögum, séu veitt með skilyrðum um að gerðir verði samningar við stjórnendur og tekið verði á fjármálstjórn stofnana. Guð láti gott á vita. Við vitum hvernig fjármálastjórn þessara stofnana hefur verið. Við vitum hvernig fagráðherra hefur brugðist við. Við vitum líka að hæstv. fjmrh. lét þetta fram hjá sér fara. Ég tel þess vegna að það verði að vera að frumkvæði Alþingis að tryggja að þetta gerist ekki aftur og ég spyr því hv. þm.: Hvers konar samninga á að gera við stjórnendur og hvernig ætlar hún að tryggja að tekið verði á fjármálastjórn stofnananna?

[15:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli mínu ætlum við að beita þeim tækjum sem við höfum, þ.e. að kalla eftir upplýsingum reglubundið frá stjórnendum stofnana. Við ætlum að fá Ríkisendurskoðun í lið með okkur til að fylgjast mjög náið með fjármálum þessara stofnana og við ætlum að vinna með fagráðuneytinu, heilbrrn., við þetta verkefni. Það er ljóst að á þessu ári hafa fjármál sjúkrastofnana sérstaklega farið úr böndum. Á þessu ári hefur því miður ekki tekist að hafa betri stjórn á en raun ber vitni, en þau tæki sem við höfum er að kalla eftir upplýsingum og brýna fyrir mönnum að fara eftir fjárlögum. Það hlýtur að vera eitt meginmarkmið að benda stjórnendum á hvaða hlutverk þeir hafa. Ef skerpa þarf lög til að þeim takist að komast yfir þennan vanda þá verðum við auðvitað að gera það. En þetta er auðvitað ekki eingöngu stjórnendum sjúkrastofnananna að kenna, að þessu verður ráðuneytið að koma og það er augljóst mál, að ef trúverðugleiki ráðuneytisins á að verða einhver í því að stjórna heilbrigðismálum í landinu, þá verður ráðuneytið að koma inn í þetta verkefni af fullum krafti. Þannig er þetta og við höfum auðvitað okkar meðul og ætlum að beita þeim og

við trúum því og treystum að allir sem hlut eiga að máli ætli sér að takast á við þetta verkefni. Það er meginmál.

[15:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því ég sé prest sitja notalega hér út í sal, þá liggur við að ég taki mér í munn þessi orð „mikil er trú þín kona". Skerpa lög, kalla eftir upplýsingum, fá Ríkisendurskoðun í lið — og hvað svo? Hvað á svo að gera? Höfum við ekki fengið Ríkisendurskoðun í lið, höfum við ekki fengið upplýsingar, höfum við ekki líka skerpt lög um ábyrgð forstöðumanna stofnana með fjárreiðulögunum frá 1997?

Herra forseti. Staðreyndin er sú að upplýsingarnar lágu fyrir, þær lágu fyrir í maí. Það hefur komið fram á fundi sem ég og hv. þm. sátum með hæstv. heilbrrh. Hún vissi til þess í maí að hátt í hundrað heilbrigðisstofnanir voru að keyra langt fram úr fjárlögum eins og hæstv. ráðherra sagði á þeim tíma. Allt þetta lá fyrir. Ég óttast, herra forseti, að við séum ekki að taka nægilega fast á þessu máli. Hér er um að ræða vanda sem er ekkert prívatvandi fjárln., þetta er vandi okkar allra. Okkur er treyst til að fara með fé skattborgaranna og við eigum að gera það vel. Þetta er versti gallinn á þeim frv. um fjárlög ríkisins sem hérna liggja fyrir og við getum ekki skilið við þetta mál nema við vitum nákvæmlega hvað á að grípa til bragðs. Stefnan er auðvitað mörkuð af meiri hlutanum eins og vera ber. En mér finnst að þarna skorti talsvert upp á hana. Ég spyr hv. þm. hvort hún telji til að mynda að það sé ekki nauðsynlegt áður en við skiljumst endanlega við fjárlögin við lok 3. umr., að þetta mál verði rætt frekar innan fjárln. og við fáum það hreinlega fram hjá ráðuneytunum með ítarlegum tillögum hvernig grípa eigi inn í þetta mál. Ef nauðsynlegt er að skerpa lög þá þurfum við að vita það fyrir 3. umr. Ég vek athygli hv. þm. á því að ef setja á einhverjar sérstakar aukareglur um ábyrgð forstöðumanna stofnana, hvers vegna þá ekki þeirra ráðherra sem bera ábyrgð á þessu. Þeir verða jú að axla ábyrgð, við sem stöndum í þessu getum ekki varpað henni út til starfsmanna ríkisins.

[15:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að fagna því af hve mikilli ábyrgð hv. þm. Össur Skarphéðinsson lítur á hlutverk sitt í fjárln. (**ÖS:** Ég ætla að taka við þessu bixi eftir fjögur ár.) og við hljótum að reikna með því að hann vinni með okkur í meiri hlutanum af fullri ábyrgð að þessu verkefni. Það kom reyndar fram hjá — ef ég mætti hafa frið til þess að mæla, hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn um að gefa hljóð í salnum.)

Herra forseti. Það kom fram á fundi okkar með hæstv. heilbrrh. að til stendur að setja ítarlegar reglur varðandi starf einstakra stofnana og jafnvel að kynna þær fyrir okkur í fjárln. fyrir lok 3. umr. Hitt er annað mál, eins og kom fram í máli mínu, að engin einföld ráð eru við þessum vanda og þess vegna verðum við að takast á við hann öll saman. Það má vel vera að trú mín sé mjög mikil, og hún er mjög mikil og ég reikna með því að allir ætli sér að takast á við þetta og líti á ábyrga fjármálastjórnun sem eitt af sínum stærstu hlutverkum.

[15:46]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. 2. umr. um fjárlög ársins 2000 fer nú fram. Hv. formaður fjárln., Jón Kristjánsson, hefur gert mjög ítarlega grein fyrir störfum nefndarinnar. Starf fjárln. er ærið og er stundum talað um að störf fjárln. séu um 65–70% af öllu nefndastarfi Alþingis. Þess má geta að það upplýsingakerfi sem unnið er eftir er alltaf að styrkjast. Ber að þakka starfsmönnum fjárln. og fjmrn. fyrir það. Það verður stöðugt betra að átta sig á þeim gögnum sem við erum að fá og hraðinn í upplýsingakerfinu hefur aukist mjög mikið á síðustu árum.

Fjárln. fær fjölmörg erindi. Mér telst til að þau séu um 800 og sumu er auðvitað hægt að sinna en öðru ekki. Fjárln. leggur gjörva hönd á fjölmörg verkefni vítt og breitt um landið og ég er mjög ósammála 10. þm. Reykv. þegar hann er að tala um sparðatíning í þeim efnum. Mjög oft geta fjárveitingar til vissra verkefna vítt og breitt um landsbyggðina skipt sköpum. Það má líkja fjármálum ríkisins við fjármál heimilanna í landinu, fjármál fyrirtækja og fjármál sveitarfélaga. Þar er auðvitað um ólíkar tölur að ræða en að baki eru sömu forsendur. Forsendur hinnar hagsýnu húsmóður, hins hagsýna forstjóra eða sveitarstjóra, allt eftir því hver á í hlut hverju sinni. Einnig er full ástæða til þess, þegar fjárlögin eru skoðuð, að velta fyrir sér styrk þeirra og veikleikum.

Það er alveg ljóst að styrkleiki þessarar fjárlaga er meiri en veikleikarnir. Við erum að greiða niður skuldir ríkissjóðs, þar með lækka verulega vaxtagjöld ríkissjóðs sem hafa verið mikil á undanförnum árum. Við stefnum að því að skila fjárlögum með verulegum tekjuafgangi annað árið í röð. Það skiptir einnig miklu máli m.a. með tilliti til þess að reyna að draga úr þeirri þenslu sem verið hefur í þjóðfélaginu. Við erum að auka verulega fjárstreymi til menntamála, menningarmála og heilbrigðismála, ákveðinna grundvallarþátta sem skipta miklu máli. Þessi fjárlög eru líka þáttur í að reyna að draga úr flutningi landsbyggðafólks til höfuðborgarsvæðisins.

Veikleikarnir eru helst þeir að verðbólga hefur aukist í samfélaginu. Það er auðvitað mjög alvarlegur þáttur sem fjárln., bæði minni og meiri hlutinn gera sér glögga grein fyrir. Við þeirri þróun ber að sporna og einnig er hér annar alvarlegur veikleiki, hinn mikli viðskiptahalli á þjóðarbúinu.

Íslendingar eru gríðarlega neysluglöð þjóð. Það sést á bílainnflutningi og bílakaupum þjóðarinnar. Það sést á góðum híbýlum og tæknivæðingu, tölvuvæðingu, hvað farsímamál varðar og neyslugleðin kemur líka fram í utanlands- og innanlandsferðum. Í raun er afar erfitt fyrir stjórnmálamenn að hlýða þessari þróun vegna þess að þetta er hluti af þjóðareðli Íslendingsins. Þess vegna hef ég velt fyrir mér hvort ekki eigi að taka upp kennslu í fjármálum í grunn- og framhaldsskólum. Þar mundu menn velta fyrir sér hvernig peningarnir verða til, hvað menn þurfi að vinna mikið til þess að geta eignast ákveðna hluti o.s.frv. Þannig mundum við í raun byrja strax í grunnskólanum að kenna ungu fólki að fara með peninga. (**SJS:** Er þetta ekki kennsla í kapítalisma?) Það kann vel að vera, hv. þm., að þú teljir það. En ég get sagt hv. þm. af því að þegar að t.d. framhaldsskólanemendur eru að fara í ferðalög, t.d. þegar stúdentsprófum er lokið, þá ota kreditkortafyrirtækin kortum sínum að þessu unga fólki. Með þeim hætti fær það ákveðna afslætti, t.d. af farmiðum og öðru slíku. Um leið eru þau að binda sig við kreditkortin og það er alvarleg þróun. Foreldrar eru síðan í ábyrgðum þannig að það er hárrétt hjá hv. þm. að þessa þróun má í

raun kenna við kapítalisma. En við þurfum að kenna ungu fólkinu okkar, hvort heldur er í grunn- eða framhaldsskólum, (Gripið fram í.) já, alla vega að fara með þessi tæki.

Ég er mjög ósammála hv. þm. í því að við þurfum að vera á móti allri þróun í landinu í fjármálum og varðandi ýmislegt annað. Það er alveg óþarft fyrir hv. þm. að snúa út úr þessu. Það er sjálfsagt að kenna fólki að fara með þessi tæki.

Í þessum fjárlögum verjum við heilmiklum peningum til umhverfismála, það á m.a. við um landgræðslu. Við eigum merkilega og góða stofnun sem heitir Landgræðsla ríkisins. Við verjum háum fjárhæðum til skógræktarmála og erum að taka inn landshlutabundin skógræktarverkefni sem geta skipt sköpum. Sjálfur þekki ég afar vel til Suðurlandsskóga, verkefnis sem stofnað var til fyrir nokkrum árum og hefur tekist með miklum ágætum. Nú er svo komið að um 190 býli á Suðurlandi hafa hafið skógrækt og það er ánægjulegt til þess að vita að skógrækt sé einnig að hefjast í öðrum landshlutum. Auðvitað er það löngu þekkt að Héraðsskógaverkefnið frá 1981 hefur haft mjög mikil áhrif á Austurlandi. Við erum líka að styrkja Garðyrkjuskóla ríkisins, þar sem er verið að byggja upp garðyrkjumiðstöð. Þar verða gerðar tilraunir varðandi ylrækt og annað slíkt og verður þar miðstöð ylræktar í landinu.

Einn er sá málaflokkur sem menn hafa ekki varið nægum peningum til, þ.e. til svokallaðra fyrirhleðslumála þar sem ár eru að brjóta gróið og velræktað land. Það er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að verja enn meiri peningum í þennan málaflokk en við höfum gert.

Í framtíðinni finnst mér líka full ástæða til að við velta fyrir sér því sem varið er til vegamála. Mér finnst full ástæða til að stokka upp það kerfi þannig. Við gætum varið meiri peningum m.a. til tengivega í sveitum, fjallvega og annarra slíkra leiða. Í það kerfi vantar í raun gríðarlega mikla peninga.

Eins og ég kom inn á í upphafi ræðu minnar þá eru byggðamálin að verða eitt stærsta efnahagsmálið á Íslandi. Ég var m.a. á fundi hjá borgarstjórn Reykjavíkur ekki alls fyrir löngu þar sem viðurkennt var hve erfitt er að taka á móti öllu því fólki sem er að flytja úr dreifbýlinu hingað á mölina. Það þarf að byggja skóla, íbúðir og leikskóla o.þ.h. Þessar stofnanir hafa verið byggðar vítt og breitt um landið en við þennan fólksflutning er ekki full nýting á þessum byggingum á landsbyggðinni. Hins vegar þarf að byggja fleiri í Reykjavík þannig að þetta er mjög alvarlegt mál.

Í fjárlagafrv. er ýmislegt gert til að reyna að sporna við þessari þróun. Við erum að niðurgreiða húshitunarkostnað. Það á að fara yfir heildarendurskoðun á upphitunarmálum m.a. þar sem um dýrar hitaveitur er að ræða, hitaveitur á Vesturlandi, Akranesi, Borgarnesi, hitaveitu Rangæinga o.s.frv. Það má ekki vera ójafnvægi milli hitunarkostnaðar, að það sé kostnaðarsamara að kynda upp með heitu vatni en t.d. olíu, það er í hæsta máta óeðlilegt. Það stendur til að gera heildarendurskoðun í þessum efnum.

Við verjum einnig auknu fjármagni til fjarkennslu sem er grundvallaratriði í byggðamálum. Kennaraháskóli Íslands fær aukið fé til þess og Háskólinn á Akureyri einnig. Það hafa í raun orðið grundvallarbreytingar varðandi fjarkennslu í landinu sem hefur leitt til þess að æ fleiri skólar úti á landsbyggðinni eru t.d. með réttindafólk í kennslu. Það skiptir vitanlega miklu máli. Það er verið að styrkja háskóla á landsbyggðinni, Háskólann á Akureyri, Samvinnuháskólann í Bifröst, Búnaðarháskólann á Hvanneyri og fleiri stofnanir. Þetta er nauðsynlegur þáttur í að halda byggð í landinu og gefa fólki möguleika á því að fá störf við sitt hæfi. Varðandi jöfnun námskostnaðar þá hefur þessi ríkisstjórn kappkostað að auka framlög í svokallaða dreifbýlisstyrki. Einnig á að endurskoða hvernig þeim er dreift og fleiri mál mætti nefna sem skipta þessar byggðir miklu máli.

Við erum líka að auka fjármagn til sjúkrahúsanna, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Í raun er merkilegt að velta því fyrir sér að heilbrrn., sem mestir peningar ríkissjóðs renna í gegnum, hefur aðeins 24 starfsmenn. Það kom m.a. fram á einum af fundunum sem við sátum. Í þessu ráðuneyti eru ótrúlega fáir starfsmenn sem velta svona miklum peningum. Ein af þeim spurningum sem við þurfum að velta fyrir okkur er hvort við þurfum ekki að styrkja ráðuneytið, m.a. með tilliti til þess að hafa eftirlit með útgjöldum sjúkrahúsanna og heilbrigðisstofnana.

Við erum að verja auknu fé til framhaldsskólanna, m.a. til sérkennslu, til símenntunar. Við verjum auknu fé til fjarskiptabúnaðar og fleira mætti nefna. Það eru auðvitað mörg athyglisverð verkefni sem fjárln. er að styrkja. Í nefndinni hefur ríkt einhugur og á það bæði við um minni hlutann og meiri hlutann. Fyrir þann einhug og góða samstarf ber að þakka.

Ég ætla ekki að tíunda einstök verkefni hér en sem alþingismaður gleðst ég yfir því að auknu fjármagni er varið til þess að bæta starfsaðstöðu hér í þinginu. Þetta er mál hefur verið að þróast í jákvæða átt á undanförnum missirum. Mörgum þingmönnum sem hingað koma hefur komið á óvart hvernig starfsaðstaða þingmanna er. Þetta er mál sem skiptir miklu máli.

Svona í lokin langar mig líka að nefna að í þessu fjárlagafrv. erum við að verja mjög auknu fé til forvarnastarfs. Ég hlustaði á fyrirlestur ekki alls fyrir löngu um að í fíkniefnavandinn væri hin mesta vá sem steðjar að heimsbyggðinni á þeirri öld sem nú gengur fljótlega í garð. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að verja hvorki meira né minna en 400 millj. í forvarnastarf og vonandi koma þeir peningar að góðu gagni. Þeir ættu að geta orðið til að sporna við þeirri óheillavænlegu þróun sem orðið hefur í fíkniefnamálum hér á landi og víðar.

Herra forseti. Enn og aftur finnst mér ástæða til þakka bæði starfsmönnum fjárln. og fjmrn. fyrir samstarfið, þeim ágætu konum sem sjá um þau erindi sem koma til okkar, Ragnheiði Sumarliðadóttur og Bentínu Haraldsdóttur, sem hafa stutt okkur í starfi. Mér finnst líka full ástæða til enn og aftur að undirstrika (**ÖS:** En störf uppi á lofti?) hvað minni hlutinn hefur staðið sig vel í þessu samstarfi og verið samstarfsfús (**Gripið fram í:** O jæja.) og bent á ýmis atriði sem við höfum tekið tillit til í þessu frv.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir afar athyglisverða hugmynd sem hér kom fram í sambandi við námskrá í grunnskólum. Hann lagði til að í skólum landsins yrði sérstök fræðsla í peningamálum skulum við segja, hvort sem köllum það fræðslu í kapítalisma eða í vörnum við honum. Í sjálfu sér er það ágætishugmynd. Ég er að mörgu leyti sammála hv. þm. um að þarft sé að fræða menn um margt í þeim efnum þannig að þeir kunni fótum sínum forráð. En veldur hver á heldur. Þar skiptir miklu máli hvert uppleggið verður ef fara á út í efnahagslegar hliðar mannlífsins og fræða börn um þær strax á unga aldri. Það væri náttúrlega fróðlegt að heyra frá hv. þm. út frá hvorum sjónarhólnum

hv. þm. hugsar þetta, væntanlega sem einhvers konar lið eða viðbót við samfélagsfræðikennslu í skólum landsins. Mér þótti þetta nokkuð áhugavert og það er skaði að hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason skuli ekki vera hérna til að ræða um þessa merku tillögu.

[16:03]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mjög jákvæð viðbrögð. Það er í ekki á hverjum degi sem hv. þm. er jafnjákvæður og hann var í ræðu sinni hér. Undanfarin missiri hefur þingmaðurinn verið býsna neikvæður í þeim málum sem við höfum verið að ræða, t.d. stjórnarflokkarnir. Þetta gleður því mitt gamla hjarta. Auðvitað þarf fræðsla sem þessi að vera mjög hlutlaus. Í henni þyrfti að gera unga fólkinu grein fyrir því á hvern hátt peningar verða til, hvað gera þarf til að vinna fyrir viðkomandi verðmætum o.s.frv., hvernig fólk getur ávaxtað peninga og þar fram eftir götum. Ég er viss um að við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon getum unnið þetta sameiginlega og fundið á málinu lausn sem báðum mundi hugnast.

[16:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. að ef við fengjum að véla um þetta tveir saman þá mundum við sennilega ná nokkuð góðu landi með það enda veit ég, af fyrri kynnum af hv. þm., að hann er vel meinandi í slíkum efnum. Ég hefði aldrei ráðið hann til þeirra starfa á sínum tíma að fræða upp börn nema fyrir það að ég treysti honum og þekkti til hans. Ég mun hafa verið einn af fyrstu vinnuveitendum hv. þm. sem ungs og upprennandi leiðbeinanda á íþróttasviðinu.

Hitt vil ég biðja hv. þm. um að taka ekki formann sinn svo bókstaflega eða algjörlega sér fyrir leiðtoga að hann taki að fara með klisjur hans um að sá sem hér talar sé svo óskaplega neikvæður og á móti öllum hlutum. Það fer hv. þm. illa. Formaður Framsfl. hefur sem kunnugt er komist að þeirri niðurstöðu að sá sem hér stendur sé ekki aðeins á móti framförunum, það hafa allir vitað lengi. En að ég sé líka á móti himninum og framtíðinni, ég hygg að lengra verði ekki gengið þurrum fótum. Þetta dæmir sig meira og minna sjálft og fer hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, 5. þm. Suðurl., sem er vænn drengur, fremur illa að tönnlast á svona klisjum.

Staðreyndin er sú að ég er óforbetranlegur bjartsýnismaður að eðlisfari með tröllatrú á framtíðinni. Hitt er rétt, sem greinilega hefur farið dálítið inn fyrir skinnið á þeim í Framsfl., að ég er líka ekkert feiminn við það að vera á móti því sem ég er á móti. Ég læt það ráða afstöðu minni, hvort ég er með eða á móti hlutunum, en ekki hinu að það sé eitthvað til að skammast sín fyrir að vera stundum á móti hlutunum. Ef ég tel að Framsfl. sé á villibraut og standi fyrir breytingum á samfélaginu sem séu ekki til góðs, þá er ég á móti þeim og ég er maður til þess.

[16:06]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mjög hlý orð í minn garð. Við þekkjumst frá fornu fari eins og kom hér fram. Ég veit því að hann á sínar góðu hliðar enda sprottinn úr góðum og gegnum bændajarðvegi. Hv. þm. sagðist ófeiminn við að láta skoðanir sínar í ljós. Það er alveg rétt en þessi ágæta ræða hans minnir mig á ágætan mann vestur á fjörðum sem var dálítill ambögumaður og átti til að missa út úr sér sérkennileg orðatiltæki. Hver veit nema að þegar upp verður staðið sjáum við, þegar við minnumst hv. þm. fyrir mótstöðu hans í mörgum málum á þessu missiri, að hann hafi verið á undan sinni framtíð eins og karlinn fyrir vestan.

[16:07]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn hefur ekki átt fulltrúa í fjárln. sem kunnugt er. Þingmenn flokksins fengu brtt. meiri hlutans ásamt grg. í sínar hendur í morgun og gærkvöldi. Því hefur ekki gefist langur tími til að skoða þau plögg. Hins vegar höfum við í Frjálslynda flokknum lagt fram tillögur hér á hinu háa Alþingi til gagngerra breytinga á því frv. sem hér liggur fyrir varðandi hag ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega ásamt með breytingum á sjúkradagpeningum. Þeir þættir koma vel fram í þáltill. sem að við höfum einnig lagt fram. Ég mun koma, herra forseti, að þeim þáttum síðar.

Þegar litið er yfir frv. sem hér er til umræðu þá höfum við á þeim stutta tíma sem gefist hefur helst fundið þrjá megingalla á því. Í fyrsta lagi er að miklu leyti horft fram hjá þeirri þenslu sem ríkir í íslenska hagkerfinu í því frv. sem liggur fyrir. Okkur þykir nauðsynlegt að beita hagstjórnartæki eins og fjárlögum til að mæta slíkri þróun. Í öðru lagi söknum í Frjálslynda flokknum þess sérstaklega að hvergi er að finna neitt í frv. sem væri til þess að bæta kjör öryrkja og aldraðra í því góðæri sem talið er að ríki á Íslandi í dag. Í þriðja lagi teljum við að frv. taki ekki á þeirri byggðaröskun sem margumtöluð er hér á landi. Það er ekki gripið til aðgerða varðandi þann vanda, hvorki á orsökum né afleiðingum byggðaröskunarinnar.

Við teljum að horft sé fram hjá því að núverandi fiskveiðistjórn og fyrirkomulag hennar eigi þar afskaplega stóran hlut að máli. Sú fiskveiðistjórn sem er við lýði felur jafnframt í sér gífurlega skuldasöfnun og mjög alvarlegt flæði fjármagns úr greininni sem íslensk þjóð mun síðar þurfa að standa frammi fyrir. Við vitum einnig að viðskipti með aflakvóta valda aukinni eftirspurn eftir lánsfé. Það tengist auðvitað þessu frv. og þar með leiðir það aftur til aukinnar þenslu. Í stuttu máli, varðandi fiskveiðistjórnarþáttinn, þá vitum við að í sjálfu sér eyðir kvótabraskið íslenskri byggð. Við söknum þess að ekki sé hægt að finna í frv. nein þau atriði sem taka á þessu alvarlega máli.

Ekki er um það deilt að nauðsynlegt er að hafa aðhald. Ríkisstjórnin kveðst sjálf boða aukið aðhald með fjárlögunum en það er spurning hvort það sé aukið aðhald þegar fyrirsjáanlegt er að á fyrsta heila ári þessa kjörtímabils verði ríkisútgjöld 20 millj. kr. meiri en á öllu síðasta ári á liðnu kjörtímabili.

Frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga og fjáraukalaga stórauka útgjöld og eru beinlínis þensluhvetjandi eins og komið hefur fram. Þörf er á meiri tekjuafgangi en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Einnig er alvarlegt að með brtt. meiri hlutans minnkar áætlaður tekjuafgangur ríkissjóðs enn frekar frá upphaflegu frv. Brtt. meiri hlutans nema nú um 3,6 milljörðum kr. Að öllu óbreyttu verður tekjuafgangur ríkissjóðs um 11,4 milljarðar. Seðlabankinn telur hins vegar að tekjuafgangur frv., 15 milljarðar, feli ekki í sér nægjanlegt aðhald. Þá vaknar spurningin um hvort menn neyðast til að grípa til aukinnar skattheimtu síðar meir í kjölfar fyrirsjáanlegra launahækkana á vinnumarkaði. Það er spurning, herra forseti, sem við verðum að velta vöngum yfir. Verðbólgan sem mælist nú um 5%, að mér skilst, hlýtur í náinni framtíð að kalla á önnur viðbrögð en þau sem fram koma í þessu frv.

Þess ber einnig sérstaklega að geta að rekstur heilbrigðisþjónustunnar hér á landi hefur valdið okkur í Frjálslynda flokknum miklum áhyggjum. Við urðum vitni að því fyrir stuttu að sá rekstur kallaði á 2.300 millj. til við það sem áður hafði verið lagt til aukalega í þann málaflokk vegna viðvarandi hallareksturs hjá því ráðuneyti. Það er auðvitað algjörlega óviðunandi að á meðan verið er að dæla peningum af slíkri stærðargráðu inn í heilbrrn. skuli ekki vera kallað á neinn til ábyrgðar. Kannski er það þannig að ríkisstjórnin í heild sinni telur sig bera ábyrgðina á þessum ósköpum, en a.m.k. tel ég að maður hefði mátt búast við annars konar viðbrögðum í slíkri stöðu meðal annarra siðmenntaðra þjóða. Greinilegt er af þessu að dæma að okkar mati að hæstv. heilbrrh. hafi með engu móti getað haldið utan um þann rekstur sem ráðherrann hefur borið ábyrgð á og hlýtur að vera sá aðili sem hér ber mesta ábyrgð.

En eins og ég minntist á í upphafi hefur Frjálslyndi flokkurinn staðið að því að leggja fram brtt. við frv. til fjárlaga og ásamt með þeim lagt einnig fram þáltill. þar að lútandi og langar mig til þess, herra forseti, að koma inn á þau mál.

Brtt. okkar eru í reynd afskaplega einfaldar. Brtt. varða í þessu skrefi lífeyristryggingar hér á landi og sjúkratryggingar. Frjálslyndi flokkurinn hefur frá upphafi, á sinni stuttu ævi, gert sér grein fyrir því að staða ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega á Íslandi, er a.m.k. sumum afskaplega erfið og algjörlega óviðunandi. Einnig hafa þingmenn flokksins gert sér grein fyrir því að þáttur eins og sjúkratryggingar, sjúkradagpeningar er með öllu óviðunandi eins og þeim er fyrir komið í íslensku velferðarkerfi. Þess vegna leggjum við til að tekjutryggingaþáttur ellilífeyrisþega verði hækkaður í áföngum um 1.141 millj. á ári á verðgildi dagsins í dag og tekjutryggingaþáttur ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega samanlagt verði hækkaður sem þessu nemur þannig að á fjögurra ára tímabili náist það markmið að hækka hámarksgreiðslur til þessara hópa úr almannatryggingum um rúm 18%. Við teljum að þannig sé vandamálið nálgast með mikilli varúð og farið afskaplega hægt í það að ná þessu sjálfsagða marki.

Ég ætla að koma aðeins betur inn á það síðar hvernig við höfum reiknað út þá þörf sem hér kemur fram. Við gerum ráð fyrir því að sjúkradagpeningar hækki úr 225 millj. í 675 millj. Það sem slík breyting gerir er að hækka sjúkradagpeninga á mánuði úr rúmum 20 þús. í rúm 60 þús. kr. Eins og kemur fram í tillögu okkar förum við nákvæmlega út í það hvernig við teljum að hægt sé að ná þeim fjárhæðum sem þarf til þess að kosta þessar nauðsynlegu breytingar. Það sem við leggjum til er að kostnaðinum sem nemur á fyrsta árinu um 1.816 millj. verði dreift sem jafnast á axlir sem flestra. Það hlýtur að vera eðlileg krafa í fyrsta lagi að gera þær breytingar á kjörum lífeyrisþeganna sem ég sagði frá og mun lýsa betur síðar, og auka sjúkradagpeninga með þeim hætti sem ég lýsti áðan. Það hlýtur að vera eðlilegt að menn séu tilbúnir að standa saman og axla þá byrði og dreifa byrðinni sem jafnast þannig að ekki raskist það sem unnið hefur verið í við undirbúning þessa frv. Þess vegna leggjum við til að 0,5% lækkun verði á útgjöldum allra ráðuneyta og auk þess verði um 12% lækkun á þeim þáttum er lúta að vegagerð í landinu sem varða fyrst og fremst nýframkvæmdir og viðhald. Við teljum að þannig væri verið að vinna með ábyrgum hætti og benda á raunverulegar leiðir þar sem hægt er að finna fé til þess að borga þær nauðsynlegu breytingar sem við leggjum til.

Með þessum brtt., herra forseti, sem við höfum lagt fram, höfum við lagt fram till. til þál. um réttarstöðu örorku- og ellilífeyrisþega. Þar kemur í fyrsta lagi fram að það sé ætlun okkar að bæta stöðu þeirra örorku- og ellilífeyrisþega sem byggja framfærslu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga. Við viljum gera það með því, herra forseti, að hækka tekjutryggingarhluta lífeyrisgreiðslna almannatrygginganna um jafnviði 1.141 millj. kr. árlega í fjögur ár eins og áður sagði, frá og með næsta ári. En einnig kemur fram í okkar þáltill. að við viljum bæta réttarstöðu lífeyrisþega almannatrygginga sem búa í vígðri sambúð með því að fella niður allar tengingar lögbundins lífeyrisréttar við tekjur maka. Kem ég nánar að því atriði á eftir.

Varðandi þá örorku- og ellilífeyrisþega sem hér eru til umræðu er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir því að við erum að tala þarna um ákveðinn markhóp. Við erum ekki að leggja til að þessi hækkun sem verður á kjörum lífeyrisþeganna verði jöfn yfir línuna. Við reynum að finna leið til að grípa utan um þá, fyrst og fremst og helst sem eru í mikilli klípu. Það er þannig, herra forseti, að það eru fyrst og fremst hinir ört vaxandi lífeyrissöfnunarsjóðir starfsgreina hér á landi sem munu tryggja þorra landsmanna ákjósanlegt fyrirkomulag lífeyrismála í náinni framtíð. Þetta gildir bæði um elli- og örorkulífeyri. Það hefur verið áætlað að á næstu 10–15 árum nái þetta fyrirkomulag svo að segja fullum þroska og þar með muni Ísland skipa sér í hóp þeirra þjóða sem eru á toppi heimslistans varðandi lífeyrismál. Hins vegar segir stöðumat dagsins í dag okkur að þúsundir Íslendinga séu í mismunandi miklum erfiðleikum með lífeyri sinn og margir hverjir búi raunar við sára fátækt. Þetta fólk er í raun og veru statt milli tveggja kerfa. Það byggir flest afkomu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatryggingakerfisins en eins og menn vita þá eru þar hámarksgreiðslur eitthvað um 66–68 þús. kr. á mánuði. Við erum að tala um fólk á ýmsum aldri. Hér erum við að tala annars vegar um ellilífeyrisþega, sem hafa þegar skilað þjóðfélaginu drjúgu ævistarfi og lagt í hendur okkar, afkomendanna, undirstöður hins íslenska velferðarkerfis en hefur sjálft misst af velferðinni. Þessa fólks er oft minnst í hátíðaræðu á tyllidögum. En þetta fólk hefur gleymst í því skipulagi sem við höfum á íslensku velferðarkerfi í dag. En við erum einnig að ræða um leiðréttingu á kjörum fólks sem er ungt að aldri en samt öryrkjar. Fólks sem hefur af ýmsum ástæðum annaðhvort misst heilsu og starfsorku eða aldrei fengið tækifæri til þess að vera virkir þjóðfélagsþegnar. Meðal þessa unga fólks er að finna fátækustu einstaklinga hins íslenska þjóðfélags. Fólks sem aldrei hefur fengið tækifæri til þess að spjara sig af sjálfsdáðum og sem hefur verið haldið með gölluðu kerfi í viðvarandi fátækt, oft með tilheyrandi tjóni á sál og líkama. Það er fyrst og fremst þetta fólk sem við erum hér að fjalla um.

Efnahagsástand þjóðarbúsins í dag gefur okkur tækifæri til að koma á löngu tímabærum lagfæringum. Ekkert mælir gegn því að það verði gert. Þess vegna leggjum við til, herra forseti, að tekjutryggingarhluti lífeyrisgreiðslanna hækki sérstaklega um u.þ.b. 50% samanlagt á næstu fjórum árum. Við höfum reiknað út að kostnaðurinn við þá breytingu sé u.þ.b. 4.565 millj. og erum tilbúnir að dreifa þeirri upphæð á fjögur ár. En hvað þýðir þessi 50% hækkun á tekjutryggingarþætti? Það þýðir ekki meira en rúmlega 18% hækkun á hámarksgreiðslunum eins og áður hefur verið sagt og gerir ekki meira en að lagfæra þann halla sem hefur skapast hjá þessu fólki

í samanburði við almenna launaþróun á íslenskum markaði. Ég, herra forseti, sem nýliði á Alþingi trúi því ekki þegar ég stend frammi fyrir því að ekki náist skilningur og vilji til þess á Alþingi Íslendinga í dag að rétta því fólki hjálparhönd sem hér hefur verið rætt um með þeim hætti sem við leggjum til. Það fólk, sem hefur verið rætt um, er ekki skussar þjóðfélagsins sem safna skuldum með kreditkortaviðskiptum eða yfirdrætti í bönkum. Það fólk, sem hér er verið að ræða um, er fólk sem á ekki fyrir nauðþurftum og ég tel að því muni fylgja mikil ábyrgð að fella till. okkar án þess að koma með aðrar sambærilegar eða helst betri í staðinn. Ég geng út frá því að fólk muni fylgjast með afgreiðslu þessara mála á þinginu og stilla niðurstöðu málsins upp við hliðina á því sem sagt var fyrir síðustu kosningar. Ég trúi því að fólk muni gá að því hvort þingmenn, hvort stjórnmálamenn, hafi þegar byrjað að gleyma hópum í þjóðfélaginu þetta snemma á kjörtímabilinu.

Herra forseti. Í tillögum okkar leggjum við einnig til að sjúkradagpeningar verði hækkaðir. Ég hef áður komið inn á það á hinu háa Alþingi hvernig staða fólks er í íslensku þjóðfélagi sem á þann eina rétt í veikindum sínum að fá greidda sjúkradagpeninga. Eins og ég hef áður sagt eru fullir sjúkradagpeningar í dag á Íslandi um 20.800 kr. á mánuði. Ég hef margoft orðið vitni að því að ungt fólk hér á landi hefur í neyð sinni, veikindum sínum, þurft að standa uppi með þá einu aðstoð úr íslenska almannatryggingakerfinu. Í öllum tilfellum sem ég þekki til hefur það verið slíkt áfall fyrir fólk að standa frammi fyrir þessum veruleika að það hefur ekki viljað trúa sínum augum og eyrum vegna þess að fólk sem lendir í þessari klípu upplifir sjúkradagpeningana sem einhvers konar leikrit, einhvers konar vísi að aðstoð, eitthvað sem er svo óraunverulegt að það vill ekki trúa því að þetta sé veruleiki í íslensku þjóðfélagi í dag. 20.800 kr. gera lítið sem ekki neitt í þeirri neyð sem skapast þegar ungt fólk verður óvinnufært og stendur frammi fyrir því að þurfa á aðstoð að halda. Það sem við gerum hér er að leggja til að þessi upphæð þrefaldist. Við gerum okkur grein fyrir því að sú þreföldun dugir ekki til framfærslu (Gripið fram í.) en við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að það er sem betur fer þannig að það er hámark eitt ár sem fólk stendur frammi fyrir því að þurfa að taka við upphæðinni 20.800 kr. Þótt ekki væri farið lengra en að þrefalda upphæðina vitum við að það yrði a.m.k. til hjálpar á því tímabili sem þetta stendur. Þetta eru nokkrir mánuðir og hámark eitt ár ... (**PHB:** 30 sjúkrasjóðir.) (Gripið fram í.) Ég er alveg viss á því og ég hef þá trú á íslenskum alþingismönnum að ef þeir setja sig almennilega inn í það mál sem hér er verið að ræða um, íslenska sjúkradagpeninga í desember 1999, þá skilja þeir vandann. Ég er alveg viss um að innst inni stendur löngun til þess að betrumbæta það eymdarástand sem ríkir í íslenska velferðarkerfinu að þessu leyti. Ég trúi því líka og ég verð að trúa því að menn geri sér grein fyrir því að þessu verðum við að breyta.

Herra forseti. Fyrir utan þau atriði sem ég hef þegar nefnt komum við inn á það í þeirri þáltill. sem fylgir þessum brtt. að eðlilegt sé að Alþingi taki þegar ákvörðun um að bæta réttarstöðu þeirra lífeyrisþega almannatrygginga sem búa í vígðri sambúð með því að fella niður allar tengingar lögbundins lífeyrisréttar þeirra við tekjur maka. Við vitum, herra forseti, að íslenska almannatryggingakerfið er tryggingakerfi velferðarsamfélags þar sem sérhver einstaklingur kaupir sér í raun grunntryggingu í gegnum skattkerfið. Réttur inn til lífeyris er einstaklingsbundinn. Auðvitað getur hið opinbera ekki skert tryggingarétt neins manns á grundvelli hjúskaparstöðu hans. Það er fráleitt. Það er því ekki verjandi með neinum hætti að tengja réttarstöðu lífeyrisþega tekjum maka hans.

Eins og hv. þm. vita er þetta mál fyrir dómstólum hér á landi. Spurningin er hvort það sé vilji Alþingis að breyta einungis mannréttindamálum, réttarstöðu Íslendinga, vegna annaðhvort tilmæla frá Evrópu eða dómsúrskurða sem eru sendir hingað til að kenna mönnum innan þessara veggja að standa sig betur. Er það þannig sem menn vilja hafa hlutina, innflutt mannréttindi, annaðhvort úr dómstólum eða frá Evrópu? Ég held að tími sé kominn til fyrir hv. Alþingi að hafa frumkvæði í þessum efnum.

Við höfum látið reikna út að það muni kosta á ári u.þ.b. 360 millj. að lagfæra þessa réttarstöðu og gera hana eðlilega. Í heildardæminu er það auðvitað hégómi. Auðvitað er ekki hægt að leggja verðmætamat á mannréttindi. En þetta atriði er þess eðlis að Alþingi verður að taka ákvörðun í stað þess að láta fyrirskipunina koma í pósti. Hins vegar er hér lagt til að þessi breyting taki ekki gildi fyrr en á næsta ári vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að það mun taka töluverðan tíma fyrir Tryggingastofnun ríkisins að átta sig á því hverjir fá skertan lífeyri vegna þessa atriðis og það þykir eðlilegt að taka tillit til þess.

[16:44]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi í upphafi máls síns að í þessum frv. sem hér væru til umræðu væri ekki nein framlög til að takast á við byggðaröskunina. Hv. þm. gat þess reyndar líka að þingmönnum Frjálslynda flokksins hefði ekki unnist tími til að lesa þessi gögn og það hlýtur að vera skýringin á því að hann heldur þessu fram því að í þessu frv. er auðvitað fjöldamargt sem afsannar þessa kenningu hans. Í fyrsta lagi eru stóraukin framlög til niðurgreiðslu húshitunar, en í þál. sem samþykkt var um byggðamál á Alþingi í vor var sett það markmið að innan þriggja ára skyldi húshitunarkostnaður hvergi verða dýrari en sem nemur meðaldýrum hitaveitum. Þarna er stigið mjög stórt skref í þá átt.

Í öðru lagi eru stóraukin framlög til jöfnunar námskostnaði sem er náttúrlega gríðarlega mikilvægt atriði fyrir ungt fólk af landsbyggðinni sem þarf að sækja menntun um langan veg.

Það eru 300 millj. til að stofna eignarhaldsfélög úti á landi annað árið í röð og á móti kemur sama framlag frá heimamönnum. Þessi eignarhaldsfélög munu verða til þess að stórauka atvinnustarfsemina á landsbyggðinni sem ekki er vanþörf á og hér eru enn aukin framlög til atvinnuþróunarstarfs á landsbyggðinni sem er núna alfarið á forræði heimamanna og hefur gefist afskaplega vel þannig að það er ekki hægt að halda svona löguðu fram.

Fleira mætti tína til eins og vegagerð, hafnargerð og flugvelli. Það er sem sagt verið að hrinda í framkvæmd þál., sem samþykkt var í vor, mjög myndarlega í þessu frv.

Einnig er rétt að geta þess, af því að hér kemur hver þingmaðurinn á fætur öðrum og talar um að stjórnvöld standi sig ekki í þessari byggðaröskun, að þessi byggðaröskun hefur staðið í 18 ár. Síðan 1981 hefur fækkað um 500–1.800 manns á landsbyggðinni þannig að þetta er ekkert nýtt. Þessi ríkisstjórn hefur brugðist við því á miklu myndarlegri hátt en nokkur önnur ríkisstjórn. Það fullyrði ég. Ég verð líka að minna hv. þm. á að Frjálslyndi flokkurinn dreifði

brtt. við fjárlagafrv. í morgun þar sem lagt er til að lækka framlög til vegagerðar um 550 millj. Er það stuðningur við landsbyggðina, hv. þm.?

[16:46]

Gunnar Ingi Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við gerðum okkur grein fyrir því að ekki yrði vinsælt að leggja til að lækka framlög til vegagerðar um rúm 10%. Við gerðum okkur hins vegar líka grein fyrir því að það mundi ekki skipta sköpum.

Varðandi það að við höfum ekki lært frv. utan að og ekki fundið þau atriði sem hér voru rakin um stuðning við dreifðari byggðir landsins, þá er það rétt að við höfum haft takmarkaðan tíma. En yfirlýsing okkar byggist kannski fyrst og fremst á því að við höfum ekki sömu áherslur á hvað gera skuli til þess að koma í veg fyrir byggðaröskun. Við leggjum áherslu á að það séu fyrst og fremst fiskveiðistjórnarmál sem valdi byggðaröskun á Íslandi. Auðvitað eru ástæðurnar fleiri. Það er í sjálfu sér jákvætt að huga að húshitunarmálum, námskostnaði og eignarhaldsþáttum en séum við að tala um tóm hús og verðlaus vegna byggðaröskunar og annað í þeim dúr, þá duga þeir þættir skammt.

[16:48]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég býst við að allir geri sér grein fyrir því að breytingar á stjórn fiskveiða fara ekki í gegnum fjárlagafrv. Ég get verið sammála hv. þm. um að þar mætti ýmsu breyta. Það á ekki heima í þessu frv., sama hvað menn lesa það vandlega þá finnst ekki stafur þar um breytingu á stjórn fiskveiða.

Ég held að Frjálslyndi flokkurinn og forustumenn hans hefðu gott af að fara eina rispu um landið og heyra í landsbyggðarfólki. Ég held að það sé samdóma álit fólks á landsbyggðinni að samgöngur skipti meginmáli. Það er sama hvar maður kemur, alls staðar knýja menn á um framkvæmdir í samgöngumálum. Svo kemur Frjálslyndi flokkurinn og leggur til að skerða framlög til samgöngumála um rúm 10% og hv. þm. segir að það skipti ekki sköpum. Ég ætla bara að vona að félagi hans, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vinur minn, segi ekki fólkinu á Vestfjörðum að ekki skipti sköpum þó dregin séu saman framlög til vegamála. Ég er hræddur um að fylgi hans dali eitthvað ef hann ætlar að halda því fram.

Annað mál sem ríkisstjórnin er með á prjónunum, stærsta einstaka byggðamál sem rekið hefur á fjörur Alþingis í háa herrans tíð og er til afgreiðslu í næstu viku, er Fljótsdalsvirkjun, staðfesting á því að Landsvirkjun megi hefja framkvæmdir þar þannig að hægt verði að reisa álver á Reyðarfirði. Ég skora á þingmenn að fara austur á firði og heyra hvað fólkinu finnst. Þetta er mál málanna fyrir Austfirðinga til að rífa þann landsfjórðung upp úr því að vera láglauna- og fólksflóttasvæði. Hver var afstaða Frjálslynda flokksins í því máli? Hann var á móti því við fyrri umr. og gekk í eina sæng með vinstri grænum, svo gæfulegt sem það er.

[16:49]

Gunnar Ingi Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er viss um að ef við næðum sambandi við allt það fólk sem býr í þessu landi í einu lagi og gætum lagt fyrir það þá spurningu hvort það væri tilbúið að fórna rúmum 10% af framlaginu til vegagerðar á þessu ári til að ná því marki sem hér er rætt um, þá yrði það samþykkt.

[16:50]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Fjárlög snerta alla þjóðina. Þau taka til innviða þjóðfélags okkar og hafa bein og óbein áhrif á alla landsmenn. Í fjárlögunum birtist sá grunnur sem ríkiskerfið hvílir á. Þar eru framlög til allra hluta samfélagsins og sameiginlegra verkefna. Áhersluþættir sjást einnig í fjárlagafrv. og síðan í vinnu hv. fjárln. við frv.

Helstu áhersluþættirnir nú, fyrir 2. umr. fjárlaganna, eru rekstur heilbrigðisstofnana, í öðru lagi barátta gegn fíkniefnum og í þriðja lagi verkefni til lausnar byggðavanda en tillögur fjárln. og hæstv. ríkisstjórnar eru í takt við byggðaáætlun Alþingis. Meira þarf til að koma og ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti bregðast myndarlega við eins og hér hefur verið rakið í ræðum manna í dag, ekki síst núna síðast í andsvörum hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar.

Rekstur ríkiskerfisins hefur á flesta grein batnað og orðið skilvirkari. Ég vil taka skýrt fram að flestar stofnanir ríkisins standa sig allvel í rekstri. Líka nokkrar heilbrigðisstofnanir þótt vandinn sé einmitt þar að stærstum hluta. En eins og fram kom í framsöguræðu hv. formanns fjárln., Jóns Kristjánssonar, þarf að koma í veg fyrir að rekstur hins opinbera haldi áfram að bólgna út ár frá ári. Við getum ekki treyst á síauknar tekjur ríkissjóðs og þess vegna verður framkvæmdar- og löggjafarvaldið að fara afar gagnrýnið yfir ríkisútgjöldin hverju sinni, enda er það töluverður þáttur í starfi fjárln.

Ég fagna einnig yfirlýsingu hv. formanns fjárln. um mikilvægi eftirlitshlutverks nefndarinnar með framkvæmd fjárlaganna og að hann hyggist nú efla þann þátt í starfi fjárln. sem lýtur að eftirliti með því að fjárlög séu virt og haldin.

Á fjárlögum yfirstandandi árs eru framlög til heilbrrn. u.þ.b. $^1/_3$ af framlögum til A-hluta stofnana en við 2. umr. fjáraukalaga um daginn kom fram að $^2/_3$ af viðbótarfjárheimildum eru einmitt til þess ráðuneytis. Þetta segir okkur að menn hafa farið frjálslega með fjárlögin á þeim bænum. Það hefur sýnt sig að vinsamleg tilmæli heilbrrh. og heilbrrn. um að stjórnendur stofnana fari að lögum duga ekki ein og sér. Við það er auðvitað ekki hægt að una. Þau skilaboð eru því send með fjáraukalögum þessa árs, að tillögu meiri hluta fjárln., að hv. fjárln. muni nú í samvinnu við Ríkisendurskoðun fylgjast nánar með framkvæmd fjárlaga á árinu 2000 og grípa til aðgerða ef út af ber.

Þá er eðlilegt að spurt sé hvert eftirlitshlutverk hv. fjárln. sé og hvað sé hægt að gera annað en að koma með vinsamleg tilmæli til stofnana um að fara að fjárlögum, lögum landsins. Fjárln. mun fara rækilega yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar sem munu koma oftar út og fylgjast með bókhaldi. Brýnt er að koma í veg fyrir að fjárhagsvandi myndist og sjá til að fylgt sé ákvörðunum Alþingis um fjárframlög til stofnana ríkisins á heilbrigðissviði sem öðrum sviðum. Því verða gerðir samningar við stofnanir þar sem skýrt komi fram hver fjárframlög til þeirra eru á hverjum tíma og að stjórnendur beri að sjálfsögðu ábyrgð á að halda rekstrinum innan fjárheimilda. Í ráði er að erindisbréf stjórnenda heilbrigðisstofnana verði endurskoðuð, betur skýrð og í starfsreglum kveðið skýrt á um ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna þeirra stofnana. Þá verða settar reglur sem koma í veg fyrir að stofnanir geti stofnað til yfirdráttar hjá lánastofnunum eða ríkisféhirði. Reglurnar munu tryggja að viðskiptaskuldir stofnana verði innan eðlilegra marka.

Fjárln. mun gera kröfu um að ráðuneytin grípi til ráðstafana sem duga til að stofnanir haldi sig við fjárlög svo ekki þurfi að koma til þess að Alþingi felli niður heimildir til þeirra stofnana sem ekki fara að fyrirmælum í fjáraukalögum á árinu.

Sú gagnrýni að heilbrrn. hefði átt að grípa fyrr í taumana þegar sýnt var að stefndi í óefni með reksturinn á þessu ári er ekki óeðlileg. Vel má segja að losarabragur hafi verið á stjórnsýslunni, a.m.k. vil ég hvorki né get neitað því. Þess vegna er lagt af stað með nýtt upplegg. Viðmiðunarreglur munu liggja fyrir við 3. umr. fjárlaga. Fleiri tæki verða notuð sem ég rakti lauslega áðan og eftirlitsmeðulum beitt. Fjárln. lítur á það sem skyldu sína að fylgjast grannt með gangi mála. Næstu fjáraukalög og fjárlög mega ekki verða með þessum gífurlegu hækkunum umfram heimildir. Því þarf að grípa fyrr í taumana.

Í umræðunni hefur verið spurt: Hvernig? Í nál. meiri hluta fjárln. er áréttting á þessu, að í fjáraukalögum næsta árs verði tekin aftur hækkun milli ára ef stofnanir standi sig ekki. Því er strax að vori hægt að bregðast við fyrstu skýrslum um rekstrarstöðu í kerfinu. Hægt verður strax og þing kemur saman í október næsta haust að leggja fram frv. til fjáraukalaga og ganga frá því þá þegar (**Gripið fram í:** Hvað svo?) og svo næstu skref. Ég mun fara í það í andsvörum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann var að biðja um að fá að svara mér á eftir.

Herra forseti. Fjárlagabrot eru alvörumál í réttarríkjum. Á þeim þarf auðvitað að taka. Hætt er við því að þjóðfélögin gliðni ef losarabragurinn verður að vana. Því miður er það svo að kæruleysi og virðingarleysi verður stundum sýnilegt í umgengni við hið opinbera, fjárlögin og kerfið. Ef stofnanir þjóðfélagsins missa traust vegna þess að þær eru ekki virtar, ef löggjafarvaldið er ekki virt, þá er alvara á ferðum. Þá er hætta á enn alvarlegri hnignun. Þar ættu að ganga á undan með góðu fordæmi forsvarsmenn stofnana sem bera ríka ábyrgð og margir standa sig vel sem slíkir en þeir sem ekki gera það eru að bregðast trúnaði við skyldur sínar. Þeir mega ekki stofna til skuldbindinga umfram heimildir. Fjárveitingavaldið er hjá Alþingi, ekki ráðuneytum og ekki stofnunum. Þessa einföldu staðreynd þarf að skerpa og það gerir meiri hluti fjárln. í nál. Þar segir, með leyfi forseta, þ.e. um heilbrigðisstofnanir:

„Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar verði felldar niður í fjáraukalögum ársins 2000.

Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlögin eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið.

Ríkisendurskoðun mun gefa ráðuneytum og Alþingi skýrslu um framgang málsins á næsta ári. Samhliða verður komið í veg fyrir að stjórnendur stofni til skulda í lánastofnunum og safni upp óeðlilegum viðskiptaskuldum. Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegar tölur úr launabókhaldi berist reglulega."

Herra forseti. Þetta er afar skýrt og ég treysti því að okkur takist betur að halda reglu á hlutunum á árinu.

[17:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að verulegu leyti sammála þeirri lýsingu sem hv. þm. gaf á stöðu mála innan heilbrrn. Ég fagna því líka að hann sagði að gagnrýni á þá stöðu sem birst hefur hjá þingmönnum stjórnarandstöðunnar á rétt á sér. Hann treysti sér ekki til að mæla gegn því, sagði hv. þm., né heldur vildi hann það. Með öðrum orðum, hann er að taka undir þessa gagnrýni. Ég er honum sammála um að á þessu máli hefur verið losarabragur, ég vil nú kalla það miklu alvarlegri nöfnum en það, það skiptir ekki máli. Spurningin er hvað er hægt að gera til framtíðar til að koma í veg fyrir að þetta endurtaki sig því eins og hv. þm. sagði duga vinsamleg tilmæli ekki ein og sér. Ég er honum hins vegar ekki sammála um að þau ráð sem bent er á í nál. meiri hlutans dugi. Það sem hann hengdi hatt sinn aðallega á var sú yfirlýsing ef að það kemur í ljós að stofnanir eru að fara fram úr, á að fella niður auknar fjárveitingar til þeirra á fjáraukalögum. Herra minn trúr, herra forseti, dettur nokkrum í hug að Alþingi mundi leggja í að gera það með þeim hætti? Telur hv. þm. að hann hafi kjark og félagar hans og þingið allt til að ákveða að vippa til baka fjárframlögum sem mundu leiða til þess að í einu vetfangi þyrfti að loka stofnununum? Ég held það ekki, herra forseti. Ég held að miklu frekar þurfi að setja skýrar viðmiðunarreglur um það hvernig eigi að haga fjárveitingum og hvernig stofnanirnar eigi að standa við það. Þessar reglur þurfum við að sjá í fjárln. Ég spyr hv. þm., telur hann ekki að það sé nauðsynlegt að við ræðum þetta milli 2. og 3. umr. í nefndinni til þess að hafa svart á hvít fyrir framan okkur, hvernig ráðuneytin tvö, sem bera ábyrgð á þessu, heilbr.- og fjmrn., ætla að bregðast við þessu? Ég spyr líka, herra forseti, ef hv. þm. telur nauðsynlegt að skerpa á ábyrgð forstöðumanna, telur hann þá ekki líka nauðsynlegt að skerpa á ábyrgð ráðherra? Það eru auðvitað ráðherrarnir sem eru ábyrgir þegar upp er staðið. Ef þeir eiga ekkert á hættu þá vitum við auðvitað hvernig fer, við höfum reynsluna í þessu máli, herra forseti.

[17:04]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm., Össur Skarphéðinsson, erum sammála um það að vinsamleg tilmæli dugðu ekki. En höfum við kjark og dug til þess að fella niður heimildir á fjáraukalögum? Við erum ekki að setja inn hótanir um hvað við munum gera, hvernig við munum bregðast við án þess ætla að standa við það, það liggur ljóst fyrir. Það er líka ljóst ef svo skyldi fara að einhverjir stjórnendur standi sig ekki í því að fara að fjárlögum og séu út úr korti með sinn rekstur, þá eru þeir náttúrlega óhæfir eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur bent á. Þá er að sjálfsögðu ekkert annað að gera en að þeir taki pokann sinn og aðrir betri taki við, það gengur þannig í rekstri. Þannig þarf það að verða, menn þurfa að standa sig í rekstrinum.

Varðandi það hvort við ættum að taka inn þessi mál milli umræðna, milli 2. og 3., þá höfum við rætt um það í hv. fjárln. að viðmiðunarreglur, sem heilbrrn. er að vinna, komi til okkar fyrir 3. umr. og við munum að sjálfsögðu fara yfir þær í nefndinni.

Síðan hvort ástæða er til að skerpa á ábyrgð ráðherra, hvort þeir séu ekki ábyrgir líka eins og stjórnendur stofnana

er því til að svara að þeir eru að sjálfsögðu ábyrgir og bera þá ábyrgð.

[17:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við tökum þessa hugsun hv. þm. eilítið lengra blasir eftirfarandi við: Ef það á að láta forstöðumenn taka pokann sinn þegar þeir standa sig ekki þá hljóta menn að vera sammála um það að það eigi líka að láta ráðherra taka pokann sinn ef þeir standa sig ekki. Í því tiltekna máli, sem við ræðum um hér, blasir það við og er upplýst af hæstv. heilbrrh. á fjárlaganefndarfundi, að í maí vissi hún af því að við blasti „massíf framúrkeyrsla á fjárlögum", svo notuð séu hennar eigin orð, hjá yfir hundrað stofnunum og það gerðist ekki nokkur hrærandi hlutur það sem eftir lifði árs. Það þykir mér, herra forseti, benda til þess að hæstv. heilbrrh. hafi alls ekki staðið í stykkinu. Mig langar að vita, herra forseti, hvaða skoðun hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur á því.

Það er rétt að það komi fram að minni hlutinn mun óska eftir því að ráðuneytin leggi fram útfærðar hugmyndir sínar í þessum efnum milli 2. og 3. umr. Það er svo meiri hlutans að taka ákvörðun um hvort hann vill verða við þeirri ósk. Við viljum ekki taka ábyrgð á þessu, herra forseti. Við teljum að eins og þetta er upp lagt af hv. þm. meiri hlutans haldi þetta ekki. Þær reglur sem hv. þm. orti um í ræðu sinni halda heldur ekki nægilega vel. Hv. þm. sagði „við verðum að gera samninga um fjárframlög og framvindu reksturs viðkomandi stofnana". Herra minn trúr, herra forseti. Eru fjárlögin ekki ígildi samnings, á ekki að halda fjárlög? Við þurfum líka, segir hv. þm., að skerpa ábyrgð forstöðumanna og segja þeim að halda sig innan fjárlaga. Herra minn trúr, svaraði hann ekki þessu sjálfur? Hann sagði „menn eiga að halda lög" og þeir hafa ekki haldið lög, það er alveg rétt. Kannski má velta fyrir sér hugmynd hans um að setja sérstakar reglur um yfirdrátt hjá ríkisféhirði. Kannski er það hið haldbesta í málinu. Klárt er hins vegar, herra forseti, að hér stöndum við saman í forinni, hvort heldur er stjórnarliðið eða stjórnarandstaðan, og verðum að hjálpa hver öðrum að komast upp úr þessu. Það gengur náttúrlega ekki að verið sé að spreða með þessum hætti milljörðum skattborgaranna fram úr heimildum þegar menn sáu hvert stefndi, herra forseti.

[17:08]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er mikið að segja um það sem hér kom fram er. Stjórnendur stofnananna og stjórnir stóðu frammi fyrir miklum vanda á árinu og hann var um margt sérstakur og það vitum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Það voru samningar við sjúkrahússlækna, samningar við hjúkrunarfræðinga, aðlögunarsamningar og klíniskir samningar. Þetta fór allt langt fram úr áætlunum. Þeir stóðu frammi fyrir massífum hópuppsögnum og vandi þeirra á heilbrigðisstofnunum var auðvitað mikill, því er ekki að leyna. En nokkrir stóðust samt álagið og þar vil ég nefna sérstaklega framkvæmdastjóra og stjórnir og starfslið sjúkrahúsanna á Akureyri og Sauðárkróki. (**ÖS:** Hvernig er þeim umbunað?) Þeim er umbunað með því að vera ekki skornir niður við trog aftur núna eins og gerðist í fyrra og þeir fá ekki skammarverðlaun eins og í fyrra upp á eina milljón, heldur er þeim umbunað með allt öðrum hætti sem skýrist af því að þeirra hlutur er ekki skertur í grunninum.

Herra forseti. Auðvitað verða gerðir þjónustusamningar og það er það sem út af stendur núna, þjónustusamninga er eftir að gera við svo margar heilbrigðisstofnanir og það er auðvitað sú vinna sem menn fara í mjög fljótlega.

[17:10]

Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna ummælum hv. þm. Hjálmars Jónssonar um það að væntanlega væri vænlegast að fjalla um frv. til fjáraukalaga á haustdögum og það er nákvæmlega sá tími sem við í minni hluta fjárln. nefndum þegar við ræddum í 2. umr. fjáraukalaga að eðlilegast væri að fjáraukalög væru til afgreiðslu í þinginu á haustdögum. Ég tek því undir þau orð hv. þm. og ítreka skoðanir okkar í þeim efnum og væntum þess að við fáum stuðning hv. þm. í nefndinni til þess að svo verði á haustdögum.

Það eru örfáar spurningar til hv. þm. í framhaldi af því sem hann fjallaði um varðandi vanda heilbrigðisstofnana. Fyrsta spurningin er hvernig hv. þm. telur heilbrrn. í stakk búið til að taka á þeim vanda sem þar er við að etja miðað við fyrri reynslu. Að því er við vorum upplýst um í fjárln. er ekki búist við neinum breytingum í heilbrrn. varðandi mannahald og starfsemi. Því væri fróðlegt að fá að heyra hvort hv. þm. hefur trú á því að ráðuneytið standist þá raun sem fram undan er í þessum efnum.

Þá er önnur spurning sem er ekki síður mikilvæg vegna þeirrar áherslu sem hv. þm. lagði á skýrslu Ríkisendurskoðunar og allt það eftirlitshlutverk sem komið væri að því er mér skildist helst í hendur fjárln. Spurningin er því til hv. þm., hvert verður að hans mati hlutverk fjárln. í því eftirliti sem fram undan er á heilbrigðisstofnunum árið 2000?

[17:12]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrri spurningin laut að því hvort heilbrrn. væri í stakk búið eður ei til að takast á við verkefni sín, ef ég tók rétt eftir. Ég efast um það og ég tel að heilbrrn. sé undirmannað og þar þurfi meira til að koma. Þetta er gífurlega mikilvægt ráðuneyti og þar fara gífurlegir fjármunir í gegn. Vil ég þó árétta að þar sem ég þekki til er hæft starfsfólk og stendur sig í stöðu sinni, a.m.k. það sem átt hefur samskipti við okkur í hv. fjárln. Hvert hlutverk fjárln. verði í aðhaldi og eftirliti þá verð ég að segja að ég hygg að við þurfum að ræða það áfram í fjárln. Um leið og ég fagna ábyrgri afstöðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og minni hlutans í fjárln., sem hefur unnið afar vel með okkur í meiri hlutanum, vænti ég þess og treysti því að okkur muni takast að axla ábyrgð okkar og hlutverk okkar í sameiningu betur þannig en hugsanlega sundraðir.

[17:14]

Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. og deili með honum áhyggjunum af því að það sé spurning hvort heilbrrn. sé í raun í stakk búið til þess að taka við því hlutverki sem því er ætlað í tillögum meiri hlutans og tek undir það með hv. þm. að ég held að sé eðlilegt að við ræðum það frekar í fjárln., bæði hvernig reynt verður að koma þá til móts við ráðuneytið til þess að standast þetta álag sem þarna augljóslega verður og eins varðandi hlutverk fjárln. í því að koma þessu máli á réttan kjöl.

Það er aðeins eitt til viðbótar varðandi þennan málaflokk sem mig langar til að spyrja hv. þm. Það er hvort hann deili með mér þeim áhyggjum sem fram koma í ræðu minni um

að það virtist vera þegar bornar eru saman tölur, þ.e. þær tölur sem nú liggja fyrir um áætlaða niðurstöðu ársins 1999 og síðan þær tillögur sem liggja fyrir, bæði í frv. til fjárlaga árið 2000 og síðan brtt. meiri hlutans, að heilbrigðisstofnanir fái eingöngu hækkun upp á 2,6%.

Ég taldi mig hafa fært nokkur rök fyrir því í ræðu minni að þetta mundi ekki duga og þess vegna væri ákveðin hætta á því að við værum ekki að leysa vandann sem skyldi og þyrftum hugsanlega á milli 2. og 3. umr. að taka málið upp. Ég benti í þessu sambandi m.a. á það að þetta er u.þ.b. einu prósenti undir þeim verðlagsviðmiðunum sem eru almennt viðhafðar í frv. og einnig að það á eftir að semja við um 30% af starfsfólki heilbrigðisstofnana og eins það að við vitum að hluti af framgangskerfi hjúkrunarfræðinga er óframkominn. Þess vegna spurði ég í ræðu minni hvað vanti marga milljarða. Ég spyr hv. þm. hvort hann deili þessum áhyggjum með mér.

[17:16]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki neita ég því að ég hef áhyggjur af heilbrigðisstofnunum á næsta ári. Hins vegar hefur það komið fram að lagt er upp úr því að gera þjónustusamninga við stofnanirnar og ég vil fulltreysta því að ekki verði gengið til slíkra samninga án þess að menn séu vissir um að þeir geti staðist. Það er í öllu falli afar mikilvægt. Við komum að þessu núna í hv. fjárln. og löggjafarvaldið í heild sinni með nýjum hætti og ég vona að nú sé brotið í blað og menn sjái það að hlutirnir munu ganga til muna betur á næsta ári og innan fjárheimilda svo sem frekast er kostur, þótt auðvitað sé aldrei hægt að fyrirbyggja það að aftur þurfi að leggja fram frv. til fjáraukalaga á næsta ári. En ég á von á því að þær tölur sem þar muni birtast verði til muna lægri en núna.

[17:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Enn fjöllum við um fjárlög og breytingartillögur hv. fjárln. við þau lög. Hér er um að ræða þriggja mánaða gamlar áætlanir því fjárlög voru lögð fram 1. október. Það eru reyndar bara tveir mánuðir síðan en ég reikna með því að þetta hafi nú legið fyrir einum mánuði áður. Við erum því að tala um þriggja mánaða gamlar áætlanir. Og það kemur í ljós að það virðist vanta, eða það hefur verið bætt við 3.639 millj. kr. Áætlanir hafa þá verið rangar eða aðrar hjá hv. fjárln. en hjá ráðherrum og ríkisstjórn. Þetta eru u.þ.b. 30 þús. kr. á hvern einasta vinnandi mann og vona ég að hv. fjárln. geri sér grein fyrir því að hún er að leggja 30 þús. kr. á hvern vinnandi mann. Af þessari tölu fá sjúkrastofnanir um 2 milljarða. Það eru mjög góð áform hér í upphafi nál. um það hvernig eigi að bregðast við þessum vanda. Þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Ekki var brugðist við hallarekstrinum á árinu þrátt fyrir skriflega áréttingu heilbrigðisráðuneytisins um nauðsyn þess að stofnanir héldu útgjöldum sínum innan fjárheimilda."

Síðan stendur:

„Ljóst er að til að rekstur allra sjúkrastofnana verði innan fjárheimilda þarf meira til en fjárframlög úr ríkissjóði. Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar verði felldar niður í fjáraukalögum ársins 2000."

Þetta stendur reyndar einnig á síðu 18 undir heilbrrn.

Þarna á sem sagt að fara að taka á og svo virðist sem hv. fjárln. ætli sér að skuldbinda Alþingi á næstu haustdögum til þess að taka þetta til baka. Nú er það svo að Alþingi ákveður þetta og meira að segja Alþingi þess tíma. Ég get því ekki séð að það sé hægt að skrifa að gert verði ráð fyrir að þetta verði fellt niður úr fjáraukalögum. En markmiðið er gott.

Ég spurði hv. formann fjárln. að því í andsvari hvað gerist ef farið er fram úr og engir samningar gerðir. Hvað þá? Ég hef ekki enn þá fengið svar við því. (**Gripið fram í:** Hvað gerist ef ...?) Hvað gerist ef stofnanirnar fara rýmilega fram úr fjárlögum og ekki er gerður samningur? Og hvað svo? (**Gripið fram í:** Ef þeir fara fram úr ...) Hvað gerist svo? Þetta er nákvæmlega það sem hefur verið að gerast. Hingað til hafa verið sett lög um það, fjárlög, en það er ekki farið að þeim. Svo er fyllt upp í allar holur sem myndast hafa. Ég held því að það þurfi að ganga lengra. Það þarf í rauninni að gera starfssamninga við forstöðumenn þessara stofnana þar sem hreinlega kemur fram að þeir bara hætti sjálfkrafa ef þeir ekki gera samning eða halda sig innan ramma fjárlaga.

Herra forseti. Við megum til með að tala um Alþingi og hlut þess. Það er mjög lítil umræða um Alþingi. Hver skyldi eiga að hafa eftirlit með Alþingi? Í fjárlögum er gert ráð fyrir 1.213 millj. til reksturs Alþingis. Hér er bætt um betur, 139,5 til viðbótar. Það eru sem sagt um 1.350 millj. sem Alþingi á að kosta, einn milljarður og þrjú hundruð og fimmtíu milljónir. Það eru 2 millj. á hvern þingmann. Rekstur Alþingis kostar 2 millj. — fyrirgefið, ég er að rugla hérna — það eru *20 millj. á hvern þingmann. Hér er gert ráð fyrir því að farið* verði út í gagngerðar breytingar á innréttingum í húsnæði sem Alþingi hefur tekið á leigu á 2. hæð í Austurstræti 10A, fyrir 98 millj. Við erum auk þess með áætlun um að byggja hérna skála við hliðina á sem ég vissi síðast að kostaði 400 millj. Þetta er skáli sem er ekkert annað en einn matsalur að því að mér sýnist og skilst. Nú er fullt af matsölum hérna í kring, Hótel Borg o.s.frv. og örugglega hægt að gera samninga við þá aðila bara fyrir vextina af þessari upphæð. (**Gripið fram í:** Bæjarins bestu.) Bæjarins bestu, er kallað hérna fram í (**JónK:** Og Svarta pannan.) Og Svarta pannan. Það eru margir veitingastaðir hér í nágrenninu sem hægt væri að gera samning við. Og fyrir vextina af þessari upphæð gætu þingmenn eflaust borðað ókeypis á þessum stöðum. Ég legg til, herra forseti, að hætt verði við þetta ævintýri hérna fyrir vestan, sem er reyndar bara byrjunin á miklu stærra ævintýri sem ég hef einhvern tímann heyrt að kosti nálægt 5.000 millj. (Gripið fram í.) En ég geri sérstakar athugasemdir við þessar 98 millj. til gagngerrar innréttingar á húsnæðinu. Það er jú ein og *hálf milljón á hvern þingmann. Ég vil fá nánari* skýringu á því svona við tækifæri.

Herra forseti. Í brtt. hv. meiri hluta fjárln. koma hross víða við. Þau koma við sem menntamál, hrossin eru menntamál. Þau koma fram sem landbúnaðarmál og það skil ég. Það skil ég alveg. En þau koma líka fram sem samgöngumál. (**Gripið fram í:** Þau eru samgöngutæki.) Já, þau voru það einu sinni, fyrir svona hundrað, tvö hundruð árum, en varla mikið lengur. Svo koma þau fram sem iðnaðarmál og þá varð ég mikið hissa. (Gripið fram í.) Eru hrossin farin að prjóna, eða hvað? Ég fékk svarið við því að þetta væru samtals 50 milljónir. Ég spyr, herra forseti: Hvað er eiginlega að gerast með hrossin á Íslandi? Hvað er verið að gera við hrossin? Þau eru farin að læra, komin í skóla og farin að stunda iðnað.

Nú hefur komið upp mikið svindlmál í sambandi við útflutning hrossa til Þýskalands. Þar hafa hrossin verið van-

metin. Skyldu þau hafa verið rétt metin í framtölum á Íslandi? Skyldu þeir hafa verið metnir hér á Íslandi, gæðingarnir á milljónir og sæmilega góðir klárar á 200–300 þús. kall, öll þessi hross? Það munar aldeilis í eignarskattinum.

Herra forseti. Undir forsrn. er talað um framlag til Vesturfaraseturs á Hofsósi. Það framlag er aukið tímabundið um 22 millj. og það kemur fram að 86 millj. eigi að fara í Vesturfarasetur á Hofsósi. Hvað er eiginlega að gerast? Hvernig skilar þetta sér? Hvenær sjá skattgreiðendur þessar 86 millj. aftur? Það fara 86 millj. til Vesturfaraseturs á Hofsósi. Það má aldeilis vera hár aðgangseyririnn þar, eða mikill ferðamannastraumurinn og hagnaðurinn af ferðamennskunni í ríkissjóð til þess að þetta borgi sig. (Gripið fram í.)

Svo er gert ráð fyrir því sem hét Suðurlandsskógar en heitir núna Landshlutabundin skógrækt. Nú heita þeir víst Vesturlandsskógar og ég veit ekki hvað og hvað. Þarna er fjárveitingin hækkuð — nú bið ég hv. þm. að halda sér — fjárveitingin er hækkuð úr 40 millj. í 99 millj. til að rækta skóg. Ég vil sjá áætlanir um það hvernig þetta skilar sér í ríkissjóð einhvern tímann.

Hér er náttúrlega mikið plagg á ferðinni. Ég þarf að fletta í gegnum það, herra forseti. Næst er það síða 22. Þar er talað um Heilsugæslustöðina í Lágmúla í Reykjavík. Þar er gert ráð fyrir tillögu um að hækka launafjárveitingu til hennar. Þetta er einkarekin stöð og allt gott um það að segja. En hún virðist hafa gleymt sér því að nú á að fara að millifæra til hennar aftur í tímann miklar upphæðir samkvæmt kjarasamningum, aðlögunarsamningum og úrskurði kjaranefndar og það eru 20,8 millj. Hún fékk ekki launagreiðslur sínar úr launabókhaldi ríkisins og það var ekki lokið við endurmat á launakröfunni fyrr en við framlagningu fjárlagafrv. Mér finnst að það eigi að gera kröfur til einkarekinna fyrirtækja um að þau standi sig betur en þetta.

Síðan er eitt atriði sem er nokkuð mikilvægt. Það er gert ráð fyrir því virðist vera víðast hvar í fjárlagafrv. um vegagerð, að fjárveitingar verði þær sömu og í fyrra. En fjárln. er rausnarleg. Hún hækkar allt um 3%. Þetta eru fleiri hundruð millj. sem hún hækkar framlög til vegagerðar umfram fjárveitingar sem fjmrh. lagði til. Ég veit ekki alveg hvers vegna. En þetta kostar skattgreiðendur náttúrlega lifandi býsn. Og þarna er enn verið að seilast í vasa þeirra. Það virðast vera mjög rúmir vasar til að seilast í.

Það sem einkennir þetta fjárlagafrv., og er meira að segja verra en verið hefur, herra forseti, er alls konar smotterí. Það liggur við að þetta sé brandari oft og tíðum.

Undir utanrrn. er sótt um 0,3 millj. kr. til að standa straum af væntanlegum kostnaði við þátttöku Íslands í starfi Norður-Suðurstofnunar Evrópuráðsins, 300 þúsund kall. Hvað er eiginlega verið að móðga Alþingi með svona smátölum? Hví að ómaka Alþingi með að taka ákvörðun um svona upphæðir?

Á bls. 10 undir landbrn. er tillaga sem ég leyfi mér að lesa, herra forseti: „Gerð er tillaga um 3 millj. kr. tímabundið framlag til að sinna tilraunastarfi, þekkingaröflun og ráðgjöf um ræktun kræklings. Frumforsenda þess að kræklingarækt-un verði að veruleika á Íslandi er að gera vandaðar tilraunir sem svari því hvort slík ræktun er raunhæf. Mikill áhugi hefur skapast hjá bændum á sjávarjörðum á Vesturlandi um þátttöku í slíku tilraunaverkefni.“ Bíðum nú við, ef það er mikill áhugi þá þarf væntanlega ekki að leggja fram krónu. Það skyldi nú ekki vera að það sé bara mikill áhugi á fjárveitingunni? Ég geri ráð fyrir að flestir Íslendingar hefðu áhuga á að fá fjárveitingu.

Síðan er hér þessi góða setning á síðu 13, með leyfi herra forseta: „Gerð er annars vegar tillaga um 2 millj. kr. tímabundna hækkun fjárveitingar til embættisins“ — þ.e. embættis ríkislögreglustjóra — „á árinu 2000 í því skyni að efla fíkniefnalöggæslu með fíkniefnaleitarhundi. Um er að ræða kostnað bæði af kaupum á hundi og þjálfun hans. Unnt verður að nota hundinn til sérstakra verkefna hjá mismunandi embættum en ríkislögreglustjóri skipuleggur notkun fíkniefnaleitarhunda.“ Þá vitum við það, herra forseti. Þetta er afskaplega mikilvægt, alveg sérstaklega umfjöllunin hjá Alþingi, hinni háu löggjafarsamkundu.

Hér eru fleiri skemmtilegir þættir undir dómsmrn., á síðu 15 er fjallað um húsnæði sýslumannsins í Stykkishólmi:

„Húsnæðið verður fært í umsjá Fasteigna ríkissjóðs um næstu áramót. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir mun meiri kostnaði enda kom í ljós að húsið þarfnast viðhalds að utan sem ekki var í áætlun Framkvæmdasýslunnar.“ Afskaplega merkilegt. Og síðan, herra forseti:

„Heildarkostnaðaráætlun vegna nýbyggingar sýsluskrifstofu og lögreglustöðvar í Stykkishólmi sem samþykkt var hjá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir var án búnaðarkaupa, tölvulagna o.fl.“ — Æ, æ — „Samkvæmt áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins er talið að kostnaðarauki af þessu nemi um 8 millj. kr. en hér er gerð tillaga um 5 millj. kr.“ — og nú kemur punkturinn — „og gert ráð fyrir að embættið nýti núverandi innanstokksmuni eins og kostur er.“ Þetta er hlutverk hins háa Alþingis, löggjafarsamkundu Íslendinga, að fara í gegnum svona umræðu.

Á bls. 21 rakst ég á enn eitt gullkornið. Þar er verið að ræða um „rauða hunda“, langur kafli sem ég ætla nú ekki að þreyta hv. Alþingi með að lesa úr en ég skora á hv. þm. að lesa það. Þar er talað um að 5,1 millj. vanti til rannsókna á ónæmisástandi gegn rauðum hundum. Það er vegna þess að fram til ársins 1989 voru eingöngu konur á barneignaraldri sem ekki reyndust með náttúrulegt ónæmi fyrir rauðum hundum bólusettar gegn rauðum hundum, o.s.frv. Mér finnst þetta algjör óþarfi, herra forseti, að telja upp svona sögur fyrir Alþingi. Ég ætla að sleppa því að lesa þær.

Þetta er um smáatriðin. Á bls. 21 er síðan talað um SÁÁ og aukið framlag til þeirra. Lögð er til 35 millj. kr. hækkun framlags til SÁÁ. Vegna reksturs unglingadeildar SÁÁ á Vogi eru 30 millj. Ég spyr: Hvernig fer þetta saman við starf Barnaverndarstofu sem starfar undir félmrn. að hagsmunum barna? Hér fær stofnun áhugamanna fjárveitingu frá heilbrrn. til að gera nákvæmlega sama hlutinn. Hvernig er háttað samhæfingu þessara tveggja úrræða fyrir unglinga? Mér finnst þetta mjög vafasamt. Það þarf virkilega að skora á þá sem að þessu vinna að taka höndum saman, Barnaverndarstofu og SÁÁ.

Herra forseti. Þær brtt. sem við fjöllum um hér eru þess eðlis að allir liðir eru hækkaðir. Ef gerð er breyting á einhverjum lið þá er það alltaf til hækkunar nema á einstaka liðum, t.d. vegna minnkandi atvinnuleysis eða slíks. Á einstaka liðum kemur fram eðlileg lækkun. Fjárln. hefur ekki skorið niður einn einasta lið frá ríkisstjórninni sem menn hefðu þó getað vænst. Hér komum við að ákveðnu grundvallaratriði sem ég hef margoft lagt áherslu á. Mér finnst óeðlilegt að Alþingi standi í framkvæmdum. Alþingi á ekki að standa í þýðingum, hundauppeldi og hestatamningum og slíku. Það er bara ekki hlutverk löggjafarvaldsins.

Löggjafarvaldið á að sjá um löggjöfina, sem það gerir reyndar ekki í dag. Velflest ef ekki öll veigameiri lög sem hv. alþm. samþykkja eru samin annars staðar en á Alþingi. Þau eru samin í Brussel, hjá ráðuneytunum eða hinum almáttugu guðum, aðilum vinnumarkaðarins. Þar eru náttúrlega veigamestu atriðin mótuð, skattamál og lífeyrismál. Þau mál eru þróuð þar en ekki inni á hinu háa Alþingi. Hv. þm. stunda bara ekki þetta löggjafarstarf, þeir standa í að endurskoða frv. og kanna hvernig þau virka, frv. frá þessum aðilum. Þeir semja engin frv. sjálfir.

Ég mundi vilja sjá þetta þannig að hv. Alþingi semdi frv. en stæði ekki í framkvæmdum eins og hér er verið að tala um. Allt frv. sem við erum að fjalla um hér er um framkvæmdir. Við skulum láta framkvæmdarvaldið um þau og sjálf snúa okkur að löggjafarstarfi og fría framkvæmdarvaldið af því. Það gerir ábyrgðina mun skarpari. Þá berum við, hv. þm., alfarið ábyrgð á löggjafarstarfinu og framkvæmdaraðilarnir bera þá alfarið ábyrgð á framkvæmdinni. Þeir gera það ekki í dag, alla vega ekki á þeim málum sem hv. Alþingi hefur tekið að sér. Ég teldi mikilvægt, til að skerpa á ábyrgð í þjóðfélaginu, að menn fari þá leið að Alþingi einbeiti sér að löggjafarstarfinu og hafi svo eftirlit með framkvæmdaraðilum sem sæju alfarið um framkvæmdir.

Ég sé fyrir mér að ráðuneytin gætu komið í fjárln. með beiðni um fjárveitingar, nákvæmlega eins og hér stendur. Þeir sem sækja nú til fjárln. mundu leita til ráðuneytisins sem sér um framkvæmdina. Ráðuneytið mundi síðan leggja fram beiðni til fjárln. um þessi atriði, fjárln. samþykkir það, fellir út eða bætir við og samþykkir svo bara eina rammatölu til viðkomandi ráðuneytis. Síðan geta menn spurt að því seinna meir hvernig hafi gengið með framkvæmdina. Þá ber viðkomandi ráðherra ábyrgð á því að framkvæmdin hafi verið rétt. Ég held að þetta væri verkefni fjárln. Þetta yrði greinilega miklu minni vinna fyrir alla aðila. Þeir sem sækja til fjárln. núna, þurfa iðulega að fara fyrst í ráðuneytið, þá til fjárln. og svo jafnvel til fagnefnda. Það yrði miklu skynsamlegra að menn færu eingöngu í ráðuneytið. Síðan kæmi ráðuneytið með þennan lista til fjárln. og hún mundi fara í gegnum hann og jafnvel yfirheyra ráðuneytismennina og fá upplýsingar um ástandið. Síðan mundi þingið taka ákvörðun um hvernig fjárveitingunni yrði hagað. Þetta væri miklu skynsamlegra.

Það er ljóst að alls konar pot og fyrirgreiðsla sem stunduð hefur verið í gegnum árin yrði ekki lengur eins vinsæl. Það yrði ekki lengur mögulegt. Þá mundi Alþingi alfarið snúa sér að löggjafarstarfi, þ.e. að því að setja rammann utan um starfsemi þjóðfélagsins en ekki standa í rekstri þjóðfélagsins.

[17:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarninn í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals var sá að honum blöskar þetta fjárlagafrv. Mér blöskrar það líka. Ég held við eigum aldrei eftir að standa frammi fyrir fjárlagafrv. af þessu tagi aftur. Ég held að við munum ekki sjá það aftur að allar varnir bresti og allt flæði inn.

Hv. þm. gerði sérstaklega að umtalsefni hrossakaupin sem birtast í því að í þessu fjárlagafrv. er að finna fjárveitingar sem dreift er á fjögur ráðuneyti til að efla hrossarækt í landinu með einum eða öðrum hætti. Ég er honum alveg hjartanlega sammála. Hrossakaupin sem í þessu birtast sýna nefnilega í hnotskurn það virðingarleysi sem framkvæmdarvaldið sýnir stundum löggjafarsamkundunni. Allir sem koma nálægt þessum málum vita hvernig þetta varð til. Á borði ríkisstjórnarinnar, í hrossakaupum milli ráðherra, voru þessar tillögur reknar í gegnum fjárln. án nokkurrar sérstakrar skýringar. Við stöndum frammi fyrir því að binda skattborganana með samningum til næstu fjögurra eða fimm ára sem þegar upp er staðið munu kosta 250 millj.

Það eru engar sérstakar skýringar eða frekari grein gerð fyrir þörfinni, herra forseti, á að leggja fjármagn til þessa merka máls af liðum menntmrn., samgrn., iðnrn. og auk þess að sjálfsögðu landbrn. Við vitum það eitt að þessa dagana er riðið út í öllum þessum ráðuneytum. Ég get ekki annað en tekið undir með hv. þm. Þetta er ekki til fyrirmyndar. Sömuleiðis vil ég líka segja, herra forseti, að ég er honum sammála um það, sér í lagi út frá umræðum sem hér hafa orðið um heilbrigðismálin, að Alþingi verður að gæta sín á því að verða ekki of samofið framkvæmdarvaldinu. Ég held nefnilega að það sé viðleitni hjá framkvæmdarvaldinu í erfiðum málum, eins og heilbrigðismálunum, að þætta Alþingi með einhverjum hætti inn í ákvarðanatöku. Mér sýnist að menn séu að gera slíkt með því eftirliti sem á að setja upp með handónýtu heilbrn. Ég óttast að við séum þar með gerð samábyrg og getum ekki sinnt eftirlitshlutverki okkar.

[17:43]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég brann inni eftir framsöguræðu mína með eitt svar við spurningu sem hv. þm. Pétur Blöndal lagði fyrir mig. Spurningin var: Hvað gerist ef stofnanir fara fram úr fjárlögum og ekki er gerður samningur? Þetta er grundvallarspurning. Þar koma til margir þættir. Við höfum einsett okkur að láta gera reiknimódel fyrir stofnanir og reiða fram fjármuni eftir því. Til vara gerum við ráð fyrir að geta fellt niður framlög á fjáraukalögum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er mikil aðgerð og vona að til þess komi ekki.

Ég vona að á því ári komum við málum þannig fram að við getum reiknað út með hlutlægum aðferðum hvað stofnanir þurfi til að veita þá þjónustu sem við ætlum þeim að veita og gerður sé þjónustusamningur í samræmi við það. Honum verður síðan fylgt eftir. Ríkisendurskoðun á að fylgja þessu eftir og við höfum þann möguleika að kalla forustumenn þessara stofnana til okkar. Fjárln. fylgi því þannig einnig eftir og ég vona að sú eftirfylgni leiði til þess að stofnanir verði innan fjárlaga og við sköpum þeim þann ramma.

[17:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að framfylgja lögum þegar þeim er ekki fylgt og engin refsiákvæði og ekkert til að fara eftir. Ég geri mér grein fyrir vanda hv. fjárln. í þessu dæmi og ég er ekki viss eftir svar hv. formanns fjárln., Jóns Kristjánssonar, að við stöndum nokkuð betur. Vandamálið er að of lítill agi er í öllu stjórnkerfinu. Það er of lítill agi Alþingis með ráðherrum. Það er of lítill agi ráðherra með stofnunum og það er of lítill agi forstöðumanna stofnana með starfsmönnum. Þetta er vandamálið. Ég sé það ekki breytast. Menn þurfa þá gefa mjög ákveðin merki til stofnananna um að þetta skuli breytast frá 1. jan. árið 2000 og lofa sjálfum sér og öðrum því að þeir muni standa við það. Þetta er mikil breyting. Við erum búin að setja lög í landinu aftur og aftur um að fjárveitingar skuli vera svona og svona og þessi lög eru þverbrotin. Menn hafa tekið sér fjárveitingavald út um allan bæ sem er andstætt stjórnarskránni og ekkert hefur

gerst, ekki enn þá. Ef eitthvað mikið á að fara að gerast núna allt í einu, þá verður það að koma mjög skýrt í ljós þannig að forstöðumenn stofnana og ráðherrar viti hvað gerist.

[17:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri samstöðu sem er við umræðuna um að sýna aðhald. Umræðan er gerólík því sem var fyrir ári. Þá snerist umræðan um að bæta alla framúrkeyrslu og það er gott að umræðan snýst nú um það að sýna aðhald og aga. Hins vegar er þetta mál ekki mjög einfalt og við skulum ekki gleyma því að til eru lög um heilbrigðisþjónustu. Þar er sagt að menn eigi að veita þá bestu lækningu sem völ er á og það ákvæði er í fullu gildi. Við verðum að haga heilbrigðiskerfinu þannig og verkaskiptingu þess að við getum framfylgt þeim lögum líka. Í mínum huga er grundvallaratriðið að skilgreina þjónustu stofnana, skilgreina hvað sú þjónusta á að kosta og gera þjónustusamninga um þetta.

Það hefur verið talað digurt um forsvarsmenn stofnana hér. Ég hef enga trú á því að þeir séu á móti því og hef reyndar ekkert orðið var við að þeir séu á móti því að gera þjónustusamninga. En auðvitað sækja þeir á fjármuni til þeirra samninga og það ber sjálfsagt í einhverjum tilfellum eitthvað þar á milli. En ég vonast fastlega til þess að hægt verði með þeim meðulum sem við erum að teikna upp núna að klára það verkefni.

[17:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mótun velferðarkerfisins og lagasetningu tengda því fylgjum við því miður oft og tíðum ákveðinni, ég vil nota erlent orð, útópíu eða draumsýn eða draumalandi. Við viljum gera vel við alla og afleiðingin er sú að í lagasetningu um velferðarkerfið er oft og tíðum miklu meiru lofað en hægt er að standa við. Það held ég að sé vandinn. Ég held að hv. þingmenn ættu að taka sér tak og gera lögin um velferðarkerfið skilvirkari, markvissari og raunhæfari, þannig að við séum ekki alltaf að búa við einhverja útópíu, sem ekki stenst, sem verður til þess að starfsmenn heilbrigðiskerfisins, sjúkrastofnana og út um allt, menntastofnana og hvar sem er standa alltaf frammi fyrir því að þeir eru með tvenns konar lög. Annars vegar lög sem segja að þeir eigi að gera svo og svo mikið og nánast ótakmarkað fyrir alla og svo hins vegar fjárlög sem segja: Þið fáið ekki nema ákveðinn pening í þetta. Þetta er vandinn. Ég held að við verðum að komast niður á jörðina, verða raunhæfari, semja lög um velferðarkerfið sem eru bæði skilvirkari og raunhæfari, nær raunveruleikanum því að raunveruleikinn er líka til, herra forseti.

[17:50]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill greina frá því að kl. 6.30 verður atkvæðagreiðsla um afbrigði. Fyrirhugað er að hafa matarhlé milli kl. 7 og 8 í kvöld.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2000, 1. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 364.

Fjármögnunarkerfi sjúkrahúsa, 269. mál, fsp. LMR, þskj. 367.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 205. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 365.

Jarðalög, 227. mál, nál. landbn., þskj. 366.

Virkjanir og umhverfismat, 268. mál, fsp. EKG, þskj. 363.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 270. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 368.

[17:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að sjá hæstv. heilbrrh. glaðbeitta í salnum reiðubúna að taka þátt í þeirri fjörugu umræðu sem hefur einkennt þennan dag um heilbrigðismálin. Það hefur verið mál málanna og hún á hrós skilið fyrir að vera hér. Ég vek athygli á því, herra forseti, að hún er eini ráðherrann sem hefur verið hér í dag. Þó hefði verið æskilegt að undir ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar hefði hæstv. menntmrh. verið viðstaddur vegna þess að þar komu fram að mér þóttu mikilvægar upplýsingar sem hv. þm. hefur lesið úr þeim tölum sem fyrir okkur liggja í fjárln. sem benda til þess að sá vandi sem við er að glíma í heilbrigðisgeiranum kunni að skjóta upp kolli, að vísu í miklu minni mæli innan menntamálageirans. Ég held þess vegna, herra forseti, að það hefði verið ákaflega þarft ef hæstv. menntmrh. hefði gefið sér svolítinn tíma frá sínum miklu önnum við að uppfræða landslýðinn til að koma hingað og vera viðstaddur umræðuna. Ég vona þó að hv. þm. Jón Kristjánsson taki þetta ekki illa upp því að auðvitað er hann margra ráðherra maki og hefur miklu oftar staðið einn í styrjöldum við stjórnarandstöðuna og tekist stundum miklu betur upp í vörninni en hæstv. ráðherrum.

En nú er horfinn úr salnum sá maður sem ég ætlaði að velta nokkrum orðum til, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Herra forseti, er hann í húsinu?

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun láta athuga það.)

Ástæðan fyrir því að ég vildi ræða við hv. þm. Pétur Blöndal er sú að hann hefur nokkuð afdráttarlaust tekið upp heilbrigðismálin í dag. Hv. þm. hefur lýst því yfir hvað eftir annað í umræðum í dag og líka í fjölmiðlum síðustu daga, að hann vilji sjá blóð renna eftir slóð. Hann hefur sagt að forstöðumenn heilbrigðisstofnana verði að sæta ábyrgð og hann vill sjá þá fara og helst 4–5 í kippu sem víti til varnaðar öðrum. Þetta er út af fyrir sig skiljanleg afstaða en ég veit ekki hvort hún er ákaflega skynsamleg.

Ég er þeirrar skoðunar eins og þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað að forstöðumenn heilbrigðisstofnana beri að sjálfsögðu ákveðna ábyrgð. En yfir þeim eru aðrir. Yfir þeim eru ekki lengur stjórnir með boðvaldi heldur er það hæstv. heilbrrh. sem núna hefur boðvaldið til þeirra beint. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir við fjárln. að henni var mætavel kunnugt um það tiltölulega snemma á þessu ári, þ.e. í maí, hvert stefndi og samt sem áður gerðist ekki nokkur skapaður hlutur. Maður veltir því þá fyrir sér, herra forseti, ef forstöðumenn hafa vegna þessa máls átt að gjalda með því að fara, þá hefði ég haft áhuga á því að heyra hvað hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur að segja um ábyrgð ráðherrans í þessu máli. Ég held nefnilega að við megum ekki missa okkur út í það að segja að þetta sé algerlega forstöðumönnum að kenna. Eftir höfðinu dansa limirnir og það er auðvitað alveg ljóst að ráðherrar, bæði hæstv. heilbrrh. og fjmrh., bera allverulega ábyrgð.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill tilkynna hv. þm. að verið var að athuga hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal væri í húsinu en hann er því miður farinn.)

Ég verð að una því, herra forseti, og tel að ég geti haldið áfram ræðu minni án þess að hafa hv. þm. Pétur H. Blöndal

viðstaddan en hann hefur haft mikið fram að leggja í umræðunni og þess vegna hefði verið fróðlegt að heyra viðhorf hans til þessa þáttar. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að ekki sé hægt að hengja forstöðumenn heilbrigðisstofnana í þessu máli. Það eru aðrir fyrir ofan þá og nákvæmlega til þess að taka á þessu máli með föstum tökum var lögum breytt að tilhlutan hæstv. heilbrrh. fyrir nokkrum missirum til þess að gera henni auðveldara fyrir að stjórna forstöðumönnum heilbrigðisstofnana. Boðvaldið var tekið af stofnunum, eins og hv. þm. Kristján Pálsson hefur vakið máls á fyrir samþingmönnum sínum stundum m.a. í fjárln. og ábyrgðin, boðvaldið er milli hæstv. heilbrrh. og forstöðumannanna. Ef eitthvað fer úrskeiðis, herra forseti, er hin endanlega og formlega ábyrgð á öxlum hæstv. heilbrrh. Því segi ég þegar hv. þm. stjórnarliðsins koma og segja: Partur af þeim viðnámsaðgerðum sem við munum grípa til á komandi ári er að skerpa ábyrgð forstöðumannanna, þá hljótum við líka að draga þá ályktun að það verði að skerpa líka ábyrgð hæstv. heilbrrh. og eftir atvikum hæstv. fjmrh. Við í stjórnarandstöðunni munum leita eftir því í fjárln. að þetta mál verði rætt milli 2. og 3. umr. eins og við höfum sagt fyrr í dag og þar munu við leggja fram hugmyndir okkar um að ábyrgð ráðherranna verði líka skerpt. Ég tel, herra forseti, að verið sé að drepa málinu á dreif að halda því fram að hæstv. heilbrrh. beri enga ábyrgð. Hæstv. heilbrrh. hefur líka á það bent til þess að öllu sé til haga haldið að hún gerði hæstv. fjmrh. viðvart um stöðu máls með bréfi og hún hefur upplýst það í fjárln. að í kjölfarið settust menn frá báðum ráðuneytum niður og mátu stöðuna og gerðu tillögu sem fólst í því að 1.400 millj. voru á þeim tímapunkti settar til þessa vanda. En það var eins og með aðrar áætlanir í þessum málaflokki, þær stóðust ekki. Vandinn reyndist vera miklu, miklu meiri. Mér finnst hins vegar mikilvægt að fá viðhorf hæstv. heilbrrh. til málsins. Telur hún að nóg sé að skerpa ábyrgð forstöðumanna? Telur hún að það sé ekki ráðherrann sjálfur sem verður að axla ábyrgðina? Því er mín spurning til hennar þessi: Telur hún virkilega að það sé einhver lausn á þeim vanda og það sé sanngjarnt að forstöðumenn stofnana sem hún er yfir verði látnir fjúka en hún fái áfram að vera ráðherra og brosa gegnum sinn ráðherradóm án þess að nokkuð sé að gert? Ég er því ekki sammála, herra forseti.

Gagnrýnin á frammistöðuna í fjármálum heilbrrn. einskorðast ekki við stjórnarandstöðuna. Við höfum heyrt það í dag að hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa tekið undir þessa gagnrýni. Það höfum við líka heyrt á undangengnum dögum. Þegar við stóðum í umræðu um fjáraukalög kom einn helsti talsmaður Sjálfstfl. í fjárln., hv. þm. Hjálmar Jónsson, og hann var ekkert að skafa utan af hlutunum, herra forseti. Hann sagði að nærri stappaði að heilbrrn. hefði verið tekið í fjárhagslega gjörgæslu og ég virði kjark hv. þm. til að lýsa því yfir undanbragðalaust hvað er í rauninni að gerast. Það sem er að gerast er að Sjálfstfl. er að lýsa því yfir að hæstv. heilbrrh. hafi gefist upp í þessu máli og Sjálfstfl. verði að draga hann í land. Það er nákvæmlega það sem er að gerast. Hv. þm. Hjálmar Jónsson var heldur ekkert að skafa utan af því í umræðunni fyrr í dag þegar hann sagði að þeir sem hefðu sett fram gagnrýni á þessa stöðu mála hefðu nokkuð til síns máls og hann hvorki vildi né gæti andmælt því. Hann sagði jafnframt, herra forseti, að ekki væri hægt að neita því að það ríkti losarabragur á þessum málum. Þetta er einkunnin sem samstarfsflokkurinn gefur hæstv. heilbrrh.

Hver eru viðbrögð hæstv. heilbrrh.? Er hún sammála því sem kemur fram í nál. að ábyrgðin hvíli að öllu leyti á ráðuneyti hennar? Það kemur nefnilega fram í nál. hjá hv. þingmönnum stjórnarliðsins í fjárln. að með engu móti er hægt að finna þar stafkrók sem bendir til þess að ábyrgðina megi rekja til Sjálfstfl. eða hæstv. fjmrh. Það finnst mér merkilegt og hlýt að spyrja hv. þingmenn Framsfl. í fjárln., ekki síst formanninn, hvort honum finnist það sanngjarnt að í nál. sem hann leggur fram er að finna þungan áfellisdóm yfir hans eigin ráðherra, hans eigin flokksmanni, hæstv. heilbrrh. þó að það hafi komið skýrt fram í fjárln. að hæstv. heilbrrh. hafði þó ákveðnar varnir í málinu. Þar kom nefnilega fram að í maí, þegar hæstv. ráðherra stóð frammi fyrir því að um var að ræða framúrkeyrslu hjá 100 stofnunum, var skrifað bréf til hæstv. fjmrh. og í framhaldi af því var settur niður hópur úr ráðuneytunum tveimur. Með öðrum orðum, herra forseti, sá sem bregst í þessu máli er ekki aðeins hæstv. heilbrrh. heldur líka hæstv. fjmrh. og þess vegna spyr ég, herra forseti: Hvernig stendur á því að hv. þm. Framsfl. koma ekki ráðherra sínum til varnar í því varnarskjali sem nál. meiri hlutans ætti auðvitað að vera og benda á þá staðreynd sem við fengum að hlusta á í fjárln. að hæstv. heilbrrh. gerði ráðherra fjármála viðvart. Hann óskaði eftir liðveislu og hún fékkst með því móti að í dag stendur hún uppi með alla ábyrgðina á sínum öxlum.

Herra forseti. Eru nema tveir dagar frá því að hæstv. forsrh. talaði við þjóðina í gegnum sjónvarp og sagði: „Kjarasamningar fóru úr böndum. Aðlögunarsamningar fóru úr böndum.“ Ég held að það séu ekki nema tveir dagar síðan. Þeir fóru úr böndum að dómi margra og klárt er að það voru engin tök á þeim samningum af hálfu ráðuneytanna tveggja, hvorki fjmrn. né heilbrrn. En þarna var um að ræða nýja tegund af samningum þar sem forstöðumenn voru að útfæra ákveðna kjarasamninga og hæstv. heilbrrh. hefur þó sér til málsbóta að í því 24 manna ráðuneyti sem hún stýrir voru einungis fjórir menn sem gátu komið að því að leiðsegja og aðstoða forstöðumenn. Þeir reyndu auðvitað að æskja hjálpar hjá hæstv. heilbrrh. Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að beðið var um aðstoð frá heilbrrn. og hæstv. heilbrrh. hefur upplýst okkur í fjárln. um að hún kynnti fjmrh. stöðu mála og kynnti honum að innan heilbrrn. væri ekki kunnátta til þess að koma þeim til aðstoðar og það er eðlileg niðurstaða hæstv. heilbrrh., tel ég. Sú kunnátta er auðvitað til staðar í fjmrn. en fjmrn. greip ekki til nokkurra viðbragða. Ég tel þess vegna, herra forseti, að ábyrgðin í þessu máli sé ekki síður hjá hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. Þess vegna kemur mér nokkuð á óvart að hv. þingmenn Framsfl. skuli láta það yfir sig ganga að félagar þeirra í meiri hlutanum ná fram meirihlutaáliti þar sem sökinni er í rauninni allri skellt á hæstv. heilbrrh. Er það hlutverk okkar í stjórnarandstöðunni að koma hér fram og upplýsa það og benda á þá staðreynd að það er ekki bara hæstv. heilbrrh. heldur líka hæstv. ráðherra fjármála sem ber þarna ábyrgð? Og hvar er sá ráðherra í dag? Herra forseti. Hvað hefur sá ráðherra haldið margar ræður um þessi mál? Hann slapp í gegnum 1. umr. um fjárlög með því að halda eina ræðu. Hann sat hér eins og þvara, herra forseti, yfir umræðu um fjáraukalög og kom aldrei upp til þess að svara þeim spurningum sem ég beindi til hans. Nú spyr ég hæstv. fjmrh. fjarstaddan: Telur hann að það sé sanngjarnt af Sjálfstfl. að láta alla ábyrgðina á þessum fjárhagslegu óförum í heilbrigðismálunum á herðar hæstv. heilbrrh.? Ég vænti þess að ef hæstv. fjmrh. heyrir þessi orð mín, þá komi hann hingað áður en þessari umræðu lýkur

og svari þessu. Herra forseti. Fyrst menn eru komnir í þær stellingar að reyna að finna hver beri ábyrgð, þá er rétt að ábyrgðinni verði deilt á hina réttu staði.

Takið eftir því, herra forseti, að það er ekki stjórnarandstaðan sem hér hefur komið og haft frumkvæði að því að leita uppi sökudólgana heldur eru það þingmenn úr liði stjórnarinnar sem hafa komið og nánast krafist þess að forstöðumenn verði reknir. Við þurfum þess vegna, herra forseti, að finna það út, ef forstöðumennirnir bera ábyrgðina, hvort ráðherrarnir þar fyrir ofan þurfi þá ekki líka að taka á sig hluta sektarinnar og hvort það sé eðlilegt og sanngjarnt að það verði einungis hæstv. heilbrrh.

Gaman hefði ég af að heyra mat hv. þm. Jóns Kristjánssonar á því hvort hann telji í raun og sann að einvörðungu sé hægt að draga hæstv. heilbrrh. til dóms í þessu máli. Ég held, herra forseti, að svo sé ekki.

Herra forseti. Ég held líka, eins og ég hef sagt áður í dag, að í þessu máli megi heita að við sitjum saman í þessari súpu, stjórnin og stjórnarandstaðan. Við horfum fram á að hér eru menn að sigla fram úr fjárlögum sem svarar fjölda milljarða. Ég held að þegar búið er að samþykkja þessi fjárlög og að fjáraukalögum samþykktum, þá verði búið að setja alls 7,3 milljarða kr. í þennan málaflokk. Ef við miðum við árið 1998 þá hafa fjárveitingar í málaflokkinn aukist um 11,1 milljarð eða um 17,8%. Það er alveg ljóst að pottur er brotinn í þessum málum og við þurfum einhvern veginn að setja undir þennan leka. Hluti vandans held ég að liggi í því að ráðuneytið er of vanburðugt á þessu sviði. Þarna er um að ræða eitt útgjaldafrekasta og mikilvægasta ráðuneytið, en þar starfa aðeins 24 starfsmenn. Í menntmrn. sem hefur snöggtum minna umleikis starfa, ef ég man rétt, í kringum 100 manns og það hefur komið fram m.a. í umræðunni í dag að fjórir starfsmenn sinna launamálum. Ég held að það þurfi að styrkja ráðuneytið og í því fælist verulegur sparnaður þegar upp væri staðið. Jafnframt þarf að koma í veg fyrir að við lendum aftur í þeirri súpu sem við erum í í dag. Það þarf að koma í veg fyrir það að þegar við stöndum í þessum stól og tölum um fjárauka- og fjárlagafrv. að ári, þá blasi ekki við massíf framúrkeyrsla. Mönnum hættir til að setja þetta allt yfir á samninga og það er rétt að sú staðreynd að samningarnir fóru verulega fram úr þeim fjárhagslegu forsendum sem fjmrn. setti við upphaf þeirra er hluti, stór hluti, stærsti hlutinn af þessum vanda. En ég minni á að af þeirri fjárþörf sem kom fram fyrir þetta ár í greinargerð Ríkisendurskoðunar þá svaraði aukinn launakostnaður einungis til $^2/_3$ þeirra 3,6 milljarða sem þar voru sérstaklega taldir upp. 1.200 millj. voru af öðrum orsökum. Þess vegna held ég, herra forseti, að ekki sé nóg að segja að nú séu gengin yfir áhrif kjarasamninganna. Það er bersýnilega eitthvað annað á ferli þarna í kerfinu. Það er auðvitað alveg ljóst að stjórnun innan málaflokksins er áfátt. En áður en ég kem að því, herra forseti, vil ég vekja eftirtekt á því að ég held að því miður séu hækkanir vegna samninga alls ekki komnar fram að öllu leyti. Ég held að við eigum enn eftir að sjá að laun mikilvægra starfsstétta eins og hjúkrunarfræðinga og í einhverjum tilvikum lækna eigi eftir að hækka og ég slæ því hér fram sem ágiskun að 5–7% hækkun launakostnaðar vegna þessara stétta eigi eftir að koma fram.

Þá er ónefnd ákaflega mikilvæg stétt sem enn hefur enga umbun fengið, hefur engar launahækkanir fengið, í nánd við þetta. Þá er ég að tala um sjúkraliðana sem starfa á þessum sjúkrahúsum. Þar fyrir utan koma svo fjölmargir hópar ASÍ með einhverjum hætti að heilbrigðisstofnunum. Engum heilvita manni getur komið til hugar að þessir hópar muni sætta sig við eitthvað annað en það sem þessir tveir hópar sem ég nefndi hafa fengið.

Herra forseti. Það kom fram í greinargerð ríkisendurskoðanda að frá 1997–1999 höfðu laun hjúkrunarfræðinga hækkað um, að mig minnir, 37–40% og er ekki allt komið fram held og og lækna ríflega 40%. Dettur einhverjum í hug að sjúkraliðar muni sætta sig við eitthvað minna en í nánd við þetta? Því miður gengur lífið út á allt aðra hluti en það að tilteknir starfshópar setjist niður og ákveði að fara að vinsamlegum og föðurlegum ábendingum forsrh. og hæstv. heilbrrh. Þannig gengur ekki lífið. Þegar kemur að kjarasamningum þá gildir bara eitt lögmál og það er samanburðarlögmálið. Þess vegna er alveg ljóst að á næsta ári þegar þessir samningar ganga yfir, þá er ég ósköp hræddur um að við stöndum aftur frammi fyrir vanda af þessu tagi, kannski ekki jafnstórum, en við stöndum frammi fyrir honum. Hvað ætlar þá hv. þm. Hjálmar Jónsson að gera? Þá mun það blasa við honum að vegna kjarasamninga sem við sjáum ekki enn fyrir, muni vanta fjármagn til heilbrigðisgeirans þrátt fyrir alla samninga sem við gerum um þjónustu o.s.frv. Þá ætlar hv. þm. Hjálmar Jónsson, hugmyndafræðingur sjálfstæðismanna í fjárln. í þessu dæmi, að loka stofnununum. Ég get ekki skilið það sem hann segir í nefndaráliti meiri hlutans öðruvísi en að hann ætli að loka stofnunum vegna þess að þar segir að ef menn fari fram úr þessum samningum, þá muni meiri hluti fjárln. beita sér fyrir því, þegar kemur til fjáraukalaga næsta árs, að auknar fjárveitingar verði teknar til baka. Hvað blasir þá við? Lokun?

Herra forseti. Ég er að segja er að hv. þm. Hjálmari Jónssyni hefur skjöplast í dæminu vegna þess að hann gaf sér ekki allar breyturnar. Breytan sem ég er að tala um hérna er niðurstaða kjarasamninga sjúkraliða og ASÍ-hópanna. Það er ekki gert ráð fyrir því að sú niðurstaða verði eitthvað umfram þau 3,5% sem einhvers staðar eru nefnd í frv. Það er ekki gert ráð fyrir því að þessir stóru hópar, sér í lagi sjúkraliðarnir, fái umbun sem svarar einhverju nálægt því sem þessar tvær stéttir, læknar og hjúkrunarfræðingar, hafa fengið. Hvar á þá að taka peningana, herra forseti? Þá verður það hv. þm. Hjálmar Jónsson sem neyðist til þess að koma hingað, éta ofan í sig öll stóru orðin sem hann hefur sagt í dag og viðurkenna að losarabragurinn á dæminu er að hluta til líka hjá meiri hluta fjárln. vegna þess að þeir hafa ekki séð fyrir allar stærðirnar sem munu breytast á árinu. Ætlar hann þá að koma og segja: „Tökum til baka það sem við gáfum þeim núna“? Eða ætlar hann að koma og segja það sem ég held að hann muni segja, ég spái því: „Forsendur breyttust vegna þess að kjarasamningarnir skiluðu hærri niðurstöðum en við væntum.“ Það skiptir kannski ekki höfuðmáli, herra forseti.

Það sem skiptir höfuðmáli í þessu dæmi og ég óttast, er að við stöndum aftur í sömu sporum vegna þessara tveggja þátta. Það eru hækkanir í pípunum sem ekki hafa komið fram varðandi hópa sem búið er að semja við. Það er alveg ljóst að verulega miklar hækkanir munu verða hjá hópum sem á eftir að semja við. Í þriðja lagi er ljóst að annar kostnaður mun aukast verulega. Herra forseti. Máli mínu til stuðnings bendi ég bara á þá staðreynd að á þeim þremur mánuðum sem hafa liðið frá því að fjárlagafrv. kom fram þá hafa útgjöld vegna lyfja aukist, fyrst um 150 millj. og síðan um aðrar 150 millj. Það kemur fram í fjárlagafrv. á bls. 320 að gert sé ráð fyrr því

að þessi liður keyri fram úr um 300–400 millj. Hv. formaður fjárln. veit að í dag hefur fjárln. fengið upplýsingar um að þessi liður er kominn næstum því 700 millj. fram úr. Ég tek þetta bara sem dæmi, herra forseti, að þarna er mikilvægur útgjaldaliður þar sem stjórnlausar hækkanir virðast vera í gangi. Það er mjög erfitt fyrir okkur að ráða við það. Því er ég þeirrar skoðunar að kerfið sem hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur af mikilli festu varið í dag og sett er fram í áliti meiri hluta fjárln., muni ekki halda.

Það er þrennt fyrst og fremst sem hv. þm. hefur sagt að verði gert og kemur að mestu leyti, held ég, fram í álitinu. Það á að gera samninga um þjónustu við sjúkrahúsin. Ég hef þegar rakið það að ég óttast að atburðir muni verða á næsta ári sem geri það að verkum að þeir samningar verði haldlitlir vegna þess að við sjáum ekki fyrir hækkunartilefni eða viljum ekki viðurkenna þau.

Í öðru lagi á að skerpa ábyrgð forstöðumanna. Sú ábyrgð var skerpt með fjárreiðulögunum. Hvers vegna er verið að skerpa ábyrgð forstöðumanna þegar það liggur alveg fyrir að þeir eiga að fylgja lögum og þegar það liggur fyrir að fjárln. sjálf mælir upp í þeim vitleysuna?

Herra forseti. Ég held að það sé heldur umhendis fyrir hv. þm. Hjálmar Jónsson og félaga hans og skáldbróður, hv. þm. Jón Kristjánsson, að koma hingað og hafa stórt mál, þungt og mikið um ábyrgð forstöðumanna og segja eins og jafnvel hv. þm. Pétur Blöndal: „Ef þeir fara fram úr fjárlögum þá fá þeir tiltal, verða teknir á teppið og jafnvel eftir atvikum reknir.“ Hvað hafa þessir tveir hv. þm. verið að gera síðustu daga? Þeir hafa verið að draga verstu skussana að landi. Þeir hafa verið að segja við þá menn sem hafa farið grimmúðlegast fram úr fjárlögum: „Þetta er allt í lagi, bræður. Við erum jólasveinarnir tveir sem ætlum núna á fæðingarhátíð frelsarans að koma fagnandi til ykkar með ávísun skattborgaranna og borga það sem út af stendur.“ Hvað segir þá hv. þm. og tilvonandi ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, um þá ágætu stofnun sem er nú í höfuðstað hennar kjördæmis, Akureyri, Fjórðungssjúkrahús Norðurlands? Það er nefnilega stofnun sem við ættum að taka sem dæmi í þessari umræðu. Hvers vegna? Vegna þess að henni var sagt til syndanna á síðasta ári og með aðdáunarverðum hætti tóku forstöðumenn hennar verulega til í sínum ranni.

Þegar upp er staðið er e.t.v. hægt að nefna eitt annað sjúkrahús á landinu sem hefur lagt jafnmikið á sig og komist jafnnálægt því að vera sæmilega innan marka og þetta tiltekna sjúkrahús. Auðvitað hefur það verið erfitt gagnvart starfsmönnum, gagnvart sjúklingum og neytendum þeirrar þjónustu sem þar er í boði. Og hvað gerist? Eftir allt andstreymið, eftir allt það sem þeir ágætu forstöðumenn hafa lagt á sig, þá koma hv. þm. Hjálmar Jónsson og hv. þm. Jón Kristjánsson og segja: Þið fáið ekki neitt, þið hafið staðið ykkur svo vel. En skussarnir, ég þori ekki einu sinni að segja hvar, ég ætla ekki að segja í næstu bæjum, en skussarnir fá jólagjöfina.

Hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýstu því yfir við umræðu um fjáraukalög að umbunin kæmi í fjárlögunum og ákveðnum tölum var kastað á milli þar um — ég man nú ekki hvort það var hér í umræðunni eða í fjárln. — en búið er að minnka þær. Það eru því fjögur sjúkrahús á landinu ef ég veit réttast sem fá einhverja umbun. Það er auðvitað ekki hægt að gefa með þessum hætti, herra forseti, og því segi ég það að þegar menn eru að tala um að auka ábyrgð forstöðumanna stofnana og draga þá til einhverrar sérstakrar ábyrgðar, hvers vegna í ósköpunum ættu þeir að taka mark á hv. þm. Hjálmari Jónssyn þegar hann segir það? Hann er nýbúinn að sýna í verki hvernig hann reddar málunum. Hann skrifar bara ávísun á innstæður skattborgaranna. Þannig er það, herra forseti.

Ég held þess vegna að þetta mál þurfi að fara í miklu betri skoðun en gert er hér. Ég hef lýst því yfir að við í stjórnarandstöðunni teljum algera nauðsyn að fram fari skoðun milli 2. og 3. umr. á því hvernig eigi að bregðast við þessu. Ég tel hvorki sanngjarnt né rétt að það verði einungis heilbrrn. sem komi að því máli. Ég tel að sameiginlega verði heilbrrn. og fjmrn. að koma fram með tillögur í málinu. Ég tel að Sjálfstfl. geti ekki endalaust verið stikkfrí. Ég vil ekki halda því fram að hann verpi gulleggjunum í þessu dæmi en hann hefur fjárveitingavaldið, hann hefur líka eftirlitshlutverk og það er alveg klárt að fjmrh. vissi af þróuninni. Hann vissi þegar meira en 100 stofnanir innan geirans voru að fara fram úr fjárlögum og hann gerði nánast ekki neitt. A.m.k. kom það fram hjá hæstv. heilbrrh. þegar hún var í yfirheyrslu hjá fjárln. að hann hefði ekki gert neitt sérstakt. Það má kannski vera að lausnin felist í því, herra forseti, að Sjálfstfl. er þó þrátt fyrir allt, eins og hv. þm. Hjálmar Jónsson lýsti yfir um daginn, nánast búinn að taka hæstv. heilbrrh. í fjárhagslega gjörgæslu. Það kann að vera að það dugi en ég óttast að svo sé ekki.

Ég lýsi eftir því við þessa umræðu í fyrsta lagi: Er meiri hlutinn reiðubúinn til að segja úr þessum stóli að milli 2. og 3. umr. muni þessar reglur og ítarlegri útfærsla á þeim að verða teknar til umræðu og skoðunar í fjárln.? Ég vil gjarnan fá að vita ef svo er ekki. Þá munum við í minni hlutanum að sjálfsögðu líka leggja til að lög og reglur um ábyrgð ráðherranna verði skerptar því það er ekki hægt að ráðast bara á forstöðumennina. Þeir hafa sína ábyrgð. Hún er skilgreind í lögum en það er ekki hægt fyrir ráðherra að koma hingað og segja, það voru bara þessir kallar, þegar þeir sjálfir vissu algerlega allt um þessa þróun en gerðu ekki neitt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar um heilbrigðismálin en geyma mér þá skemmtan að fara ítarlegra í ýmislegt þangað til kemur að seinni ræðu minni. En þó er það eitt atriði sem ég vil ræða og bendir til þess að stjórnun er áfátt í heilbrrn. Það eru lyfjamálin. Ég var aðili að ríkisstjórn fyrir nokkrum árum, fyrir um hálfum áratug, og lagði á mig alveg gríðarlegt erfiði og andstreymi og var nánast útlagi í mannlegu samfélagi um skeið þegar minn ágæti flokksbróðir, þáv. ráðherra og núv. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson réðst til atlögu við sjálftökukerfi sérfræðinga og lyfjafræðinga, apótekara. Það kostaði ómælt erfiði en á þeim tíma var þó hægt að benda á að verulegur árangur náðist. Það varð verulegur sparnaður. Auðvitað var það erfitt og það var geysilega erfitt að taka þátt í því. Það er eitt það erfiðasta sem ég hef gert. En það varð þó árangur. Það má þó segja að í þessum efnum hefur hæstv. heilbrrh. verið sjálfri sér samkvæm í þeim 303 ræðum sem hún flutti um heilbrigðismál sem stjórnarandstæðingur. Þá lauk þeim yfirleitt flestum með því að hún réðst á aðgerðir þáv. heilbrrh. Sighvats Björgvinssonar. Hún hefur algerlega snúið við blaðinu. (**Heilbrrh.:** Enda er hann ekki ráðherra lengur.) Ég sagði, nú hefur hæstv. núv. heilbrrh. algerlega snúið við blaðinu og verið sjálfri sér samkvæm í þessu efni. Hún hefur nefnilega alveg snúið þróuninni við og í staðinn fyrir að menn hefðu þó sæmileg bönd á þeim útgjaldalið sem tilheyrir lyfjum, þá er þar allt stjórnlaust og

það er mér áhyggjuefni því að þar er um svo gríðarlegar upphæðir að ræða, herra forseti.

Í fjárlagafrv. kemur fram að í fyrra var stefnt að því að spara 300 millj. kr. í útgjöldum lyfja. Þegar við fengum fjárlagafrv. í hendur í haust, þá er þar frá því greint að sá sparnaður hafi því miður ekki tekist heldur hefur útafkeyrslan verið 300–400 millj. Síðan höfum við tvisvar sinnum fengið skýrslur um að þetta hafi verið vanmat vegna þess að útafkeyrslan hafi verið mun meiri og nú liggur fyrir að hún er sennilega 700 millj. kr. Í staðinn fyrir að spara 300 millj. kr. hefur lyfjakostnaðurinn aukist um 700 millj. kr. Ef maður les saman fjáraukalagafrv. og fjárlagafrv. þá blasir það við að gert er ráð fyrir í forsendum beggja að lyfjakostnaður aukist um 12% milli ára. á Það þýðir þá einfaldlega í fljótum hugarreikningi að við erum sennilega komin yfir 5 milljarða. Það gengur auðvitað ekki og þess vegna segir ein ágæt lína í fjárlagafrv. að sökum þessa vaxtar í málaflokknum sé fyrirhugað að spara um einn milljarð. Herra forseti. Það á að spara sem sagt úr 5 niður í 4 milljarða varðandi lyf, en það er ekki sagt sérstaklega frá því. Það eru frekar loðnar yfirlýsingar sem svipar mjög til sömu yfirlýsinga árið áður sem tókst með þeim hætti að í staðinn fyrir að spara 300 millj. þá óx kostnaðurinn um 700 millj. Ef á að spara um milljarð þarna, og það er ein af forsendum þessa fjárlagafrv., þá er ég ansi hræddur um að það bætist í þann bunka af innstæðulausum ávísunum sem hv. þm. Hjálmar Jónsson þarf að lokum að skrifa upp á fyrir hönd skattborgaranna þegar hann heykist á því að draga til baka fjárveitingarnar til heilbrigðisstofnana. Vegna þess að þetta er partur líka, herra forseti, af því sem hv. þm. Hjálmar Jónsson og hv. þm. Jón Kristjánsson hafa ekki gert sér grein fyrir. Þarna er um að ræða málaflokk sem okkur hefur mistekist að hafa hemil á á síðustu árum og allt bendir til, miðað við þær forsendur og þá þróun sem er í gangi núna, að verði ómögulegt að hafa hemil á. Guð láti gott á vita og ég sé að hv. þm. og formaður fjárln., Jón Kristjánsson, brosir með nokkru yfirlæti til mín og það er greinilegt að hann hefur í ermi sinni einhvers konar tromp í þessum efnum. Þeim trompum hefur hann ekki leikið út á síðustu árum og ég óttast sem sagt að í þessum málaflokki sé svipað stjórnleysi að gerast og við sáum varðandi almenn útgjöld á þessu ári. Þess vegna held ég að þeir ágætu herramenn sem hér hafa lagt fram hugmyndir sínar í nál. meiri hlutans muni sjá að sá losarabragur sem þar er á úrræðum meiri hlutans mun engu máli skipta þegar vindur fram á árið. Þetta vildi ég sagt hafa um heilbrigðismálin, herra forseti.

Almennt vil ég segja um fjárlagafrv., herra forseti, að ég hef komið að svona löguðu áður. Ég var ráðherra í ríkisstjórn í kreppu þar sem menn slógust fyrir hverri einustu milljón. Ég held að því miður munum við aldrei standa í þeim sporum sem hv. Alþingi stendur í þessa dagana. Gnótt fjármuna, það má eiginlega segja að peningarnir flæði út úr kistum ríkisins, og því miður gera menn sér ekki grein fyrir að þetta er það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson kallaði froðufé og einn orðsnjallasti þingmaður okkar, hv. þm. Hjálmar Jónsson, líkti við illkynja hagvöxt í merkri ræðu sem hann flutti fyrr í haust, svo ég haldi áfram að vitna í orð þess góða pilts. Ég held nefnilega, herra forseti, að við Íslendingar séum í alveg sérstaklega hættulegri stöðu núna. Það er allt sem bendir til þess að efnahagskerfi okkar sé eiginlega komið yfir brotapunktinn. Það sem hefði þurft að gerast núna, svo ég veiti hv. þingmönnum meiri hlutans innsýn í hugarheim minn, þá ég held að þetta fjárlagafrv. hefði í staðinn fyrir að vera eitt samfellt flóð peninga í alla skapaða hluti þurft að vera miklu meira aðhaldsfrv. en við sjáum. Ég held að hv. þingmenn meiri hlutans hefðu auðvitað átt að horfa til eftirfarandi staðreynda.

Í fyrsta lagi bendir allt til þess að þenslan sem við stöndum frammi fyrir núna muni ekki bara réna á næstu missirum heldur kunni henni að slota allhratt.

Í öðru lagi er ljóst að þeir sem hafa þekkingu á ríkisfjármálunum og hagstjórninni hafa allir sem einn reiknað með að þetta fjárlagafrv. sem við erum núna að ræða um mundi skila miklu meiri tekjuafgangi en raunin er.

Í þriðja lagi má benda meiri hlutanum á að hann stendur frammi fyrir því að vera á fyrsta ári kjörtímabilsins og það var virkileg þörf á að sýna aðhald núna og þess vegna hefðu menn átt að sýna kjark, dug og djörfung, eins og ég sé að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir er í rauninni sammála mér með því gliti augna sem hún sendi mér. Ég held sem sagt að ríkisstjórnin hafi misst af gullnu tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að treina góðærið.

Það er engu líkara en hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar stjórnarliðsins fljóti sofandi að feigðarósi og ég vísa sérstaklega til yfirlýsinga hæstv. forsrh. í síðasta mánuði þar sem mátti glögglega skilja á honum að hann væri að vona að við værum komin yfir erfiðasta hjallann og hann var að vona það í rauninni að þessi vandamál sem við sjáum mundu leysast af sjálfu sér. Hann benti þá á að í síðasta mánuði virtist sem húsnæðishækkanir væru í rénun, verðbólgan væri stopp og viðskiptahallinn, eins og hæstv. forsrh. og fjmrh. hafa stagast á, væri í rénun.

Því miður, herra forseti, hefur það gerst í dag að komið hafa fram tíðindi sem benda til þess að óskhyggja hæstv. ríkisstjórnar átti ekki við rök að styðjast. Í dag birti Hagstofan upplýsingar um þróun vísitölu neysluverðs og í ljós kemur að hún er farin að hækka aftur. Hún hefur hækkað um 0,4% frá fyrra mánuði. Það þýðir í reynd, herra forseti, að sl. 12 mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 5,6%. Undanfarna þrjá mánuði hefur hún hækkað sem svarar 4,7% verðbólgu á ári.

Með öðrum orðum, herra forseti, meðan við á Íslandi stöndum frammi fyrir því að miðað við síðustu 12 mánuði hefur verðbólgan aukist um 5,6%, þá hefur verðbólga í ríkjum EES frá október 1998 til október þessa árs hækkað um 1,3%, þ.e. verðbólgan á Íslandi er um það bil þrefalt til fjórfalt meiri en í þeim löndum sem við erum að bera okkur saman við. Þetta eru alvarlegir váboðar, herra forseti.

Í öðru lagi birtist á heimasíðu Seðlabankans í gær, 9. desember, yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd. Þar kemur fram, herra forseti, að viðskiptahallinn er að aukast. Á þriðja fjórðungi ársins 1999 var viðskiptahallinn 12,4 milljarðar kr. samanborið við 10,5 milljarða kr. halla á sama tímabili árið áður. Það þýðir, herra forseti, að í stað þess að viðskiptahallinn minnki þá eykst hann og það bendir allt til þess, segir Seðlabankinn, að viðskiptahallinn á fjórða ársfjórðungi verði líka töluvert meiri en í fyrra. Þetta skiptir verulega miklu máli, herra forseti.

Það hefur ítrekað komið fram í máli forustumanna ríkisstjórnarinnar að þeir teldu allt benda til þess að viðskiptahallinn mundi minnka þegar liði á þetta ár, þar af leiðandi drægi úr þrýstingi á gengi og minni hætta yrði á verðbólgu. Nú kemur í ljós að þetta er ekki að gerast. Ég rifja það upp, herra forseti, að ég benti á þetta fyrir kosningar. Við hæstv. fjmrh. háðum þá nokkra hildi og aftur og aftur sagði

hæstv. fjmrh. að ég hefði rangt fyrir mér þegar ég spáði því að viðskiptahallinn mundi aukast þegar liði á árið. Á sumarþinginu hélt ég því enn fram að öll teikn bentu til þess að viðskiptahallinn héldi áfram að vaxa þegar liði á árið. Enn sagði hæstv. ráðherra Geir Hilmar Haarde að ég hefði rangt fyrir mér. Þegar kom fram í 1. umr. fjárlaga þá sagði hæstv. ráðherra aftur að allt benti til þess að viðskiptahallinn væri að minnka. Ég hef þráfaldlega bent á að ýmis teikn í efnahagslífinu og framleiðslugreinunum bentu til þess að því miður væri þessu ekki svo farið. Og nú blasir það við að sá sem hafði rangt fyrir sér er hæstv. ráðherra Geir H. Haarde. Sá sem hafði rétt fyrir sér um þetta atriði stendur hér.

Herra forseti. Það blasir einfaldlega við að Seðlabankinn hefur gefið út yfirlýsingu þar sem fram kemur svart á hvítu að allar líkur séu á að viðskiptahallinn á árinu í heild verði meiri en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun í október og meiri en í fyrra þegar hann nam 33,4 milljörðum kr. Þetta segir allt sem segja þarf. Úr þessu verður varla vikist undan því að grípa til einhverra ráða til þess að stemma stigu við þenslunni.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gera stutt hlé á ræðu sinni þar sem boðað hafði verið að greidd yrðu atkvæði um afbrigði kl. 6.30.)

Það er sjálfsagt, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 352–355 og 364. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, LMR, LB, PP, PHB, SJóh, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (ÁSJ) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, EOK, GHH, GHall, GÁS, HjÁ, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, MF, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddur.

[18:35]

Össur Skarphéðinsson (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni sem ég var að greina frá því að í dag hefðu borist merkar upplýsingar um þróun efnahagsmála á Íslandi. Í stað þeirrar óskhyggju hæstv. forsrh. og fjmrh. sem kom ítarlega fram í yfirlýsingum þeirra í síðasta mánuði þá er verðbólgan því miður farin af stað aftur. Í dag sendi Hagstofan frá sér yfirlýsingu þar sem bent er á að nú hefur vísitala neysluverðs hækkað um 0,4% frá fyrri mánuði og sl. 12 mánuði hefur hún samtals hækkað um 5,6%. Miðað við þetta, herra forseti, er ljóst að samkeppnisstaða okkar Íslendinga hefur versnað stórlega. Verðbólgan í ríkjum ESS hefur, frá október 1998 til október 1999, einungis aukist um 1,3% að meðaltali mæld á sama kvarða. Þetta skiptir höfuðmáli, herra forseti.

Ég var einnig að rekja það að hæstv. ráðherrar, Geir H. Haarde og Davíð Oddsson, höfðu rangt fyrir sér þegar þeir héldu því fram út allt þetta ár, frá því fyrir kosningar, að viðskiptahallinn mundi minnka þegar liði á árið. Í dag sendi Seðlabankinn frá sér álit þar sem frá því er greint að viðskiptahallinn á þriðja ársfjórðungi þessa árs hafi verið meiri en á sama tíma í fyrra og allt bendi til þess að hann verði líka meiri á fjórða ársfjórðungi. Samkvæmt því er ljóst að viðskipahallinn á þessu ári verður meiri en í fyrra. Þetta þýðir, herra forseti, að áhlaup á gengi, þrýstingur á verðbólgu er nú öllu meiri en áður og það skiptir máli.

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni að ég sagði að allir þeir sem vélað hafa um hagstjórnina væru þeirrar skoðunar að ákaflega nauðsynlegt sé fyrir ríkisstjórnina að reyna að beita þeim fjárlögum sem hérna liggja fyrir í aðhaldsskyni. Innlendar jafnt sem erlendar stofnanir hafa lagt þunga áherslu á að fjárlögunum verði beitt til þess að draga úr þenslunni og reynt verði að hafa hemil á ríkisútgjöldum. Niðurstaðan er hins vegar sú, herra forseti, að í reynd hafa frv. hennar til fjárlaga og fjáraukalaga, sem einnig liggja til umræðu í þinginu, leitt til þess að ríkisstjórnin virðist vera að leggja til ný útgjöld upp á röska 12 milljarða kr. Það er ekki nauðsynlegt við þessar aðstæður, herra forseti. En það er einfaldlega engu líkara en allar stíflur hafi brostið og síðustu missiri hafa útgjöldin vaxið stjórnlítið.

Herra forseti. Þetta skiptir miklu máli þegar við horfum til þess að við erum að öllum líkindum stödd nálægt lokum góðærissveiflunnar. Hvað hefur hins vegar gerst varðandi útgjöld ríkisins á síðustu árum? Við í minni hluta fjárln. höfum látið reikna út fyrir okkur hvernig ríkisútgjöldin hafa þróast á verðlagi ársins 1998 frá árinu 1994–1998. Hvað kemur þá fram, herra forseti? Þar birtist svart á hvítu að ríkisútgjöldin hafa vaxið um 55 milljarða og allt bendir til þess að frá árinu 1998 og til loka ársins 2000 bætist við aðrir 20 milljarðar. Þetta eru gríðarlegir peningar, herra forseti, og í þessu teljum við felast verulega hættu. Í hverju er þessi hætta fólgin? Hún felst í því að sloti góðærinu þá situr samfélagið uppi með þessa útgjaldaaukningu upp á 10 milljarða án þess að hafa tekjur til þess að standa undir þeim. Það þarf auðvitað ekki að mála sterkum litum hversu alvarlegar og erfiðar aðhaldsaðgerðir ágætir menn á borð við þá hv. þm. í fjárln. Hjálmar Jónsson og Jón Kristjánsson þyrftu þá að beita sér fyrir.

Herra forseti. Þetta er hættan sem við stöndum frammi fyrir í dag. Þetta er mesta váin sem að okkur steðjar. Ef okkur tekst ekki að treina góðærið eða lenda mjúklega a.m.k. þá getur farið svo að við stöndum allt í einu frammi fyrir verulegu tekjufalli hjá ríkinu á annan kantinn. Á hinn kantinn erum við með útgjaldaaukningu síðustu ára upp á tugi milljarða. Hvernig ætla menn þá að bregðast við?

Ég hef reynsluna af því, herra forseti, að þurfa að taka til höndum í kreppu og það er ákaflega erfitt. Það verður ákaflega erfitt, eftir góðæri eins og fjárlagafrv. ber með sér, að neyðast til þess að grípa til harkalegra aðhaldsaðgerða. Í raun er það svo að þetta fjárlagafrv. felur í sér a.m.k. vísi að niðursveiflunni. Hví segi ég það, herra forseti? Vegna þess að ég held að þetta fjárlagafrv. birti ekki bara agaleysi heldur og taumleysi á útgjöldum ríkisins. Það er auðvitað merkilegt að það er undir forustu Sjálfstfl. sem þessi mikla útgjaldaþróun hefur orðið.

Sjálfstfl. hefur helst talið sér það til tekna gegnum árin að hann er sá flokkur sem best fer með fé skattborgaranna að eigin sögn. Hann er sá flokkur sem á að vera vörn borgaranna gagnvart þenslu og hann hefur kallað til kjósenda eftir fylgi í krafti þess að hann geti treyst stöðugleikann. Nú blasir við að gríðarleg þensla hefur orðið á útgjöldum undir fjármálaráðherrum Sjálfstfl. á síðustu árum. Eins og ég sagði áðan hafa þau aukist á nokkrum árum um 55 milljarða á verðgildi ársins 1998. Þetta leiðir til þess, herra forseti, ef ekkert verður að gert, að verðbólgan spretti aftur úr spori og

aftur verði óáran í samfélaginu. Ég held þess vegna að þegar maður horfir yfir feril ríkisstjórnarinnar þá megi greina þar óslitna röð af mistökum þegar kemur að hagstjórninni.

Ég hef áður vakið máls á því að hæstv. ríkisstjórn urðu á veruleg mistök á síðasta kjörtímabili. Ég held að þegar hún greip til þess að lækka tekjuskatta þá hafi hinn aukni kaupmáttur sem af því spratt leitt til aukinnar þenslu og þar með verulegrar aukningar á innflutningi sem ýtti að sjálfsögðu undir viðskiptahalla sem sett hefur þrýsting á gengið. Við vitum að ef ekki verður hægt að létta á honum þá mun það leiða til þess að verðbólgan fari aftur af stað.

Herra forseti. Ég vísa til þess að í þeim frv. sem við erum að ræða hér kemur fram að þá miklu húsnæðisþenslu sem við höfum séð í samfélaginu síðustu mánuði megi beinlínis rekja til þess að ekki hafi verið farið að fjárlögum. Í fjáraukalagafrv. kemur fram að gríðarleg aukning hafi orðið á útgáfu húsbréfa sem svarar 8 milljörðum kr. Þannig má fara yfir sviðið og komast að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að þessi ríkisstjórn hafi því miður ekki reynst vandanum vaxin. Hún hefur ekki sýnt þá ábyrgð sem til þarf. Núna stendur hún fyrir því að leggja fyrir þingið frv. til fjáraukalaga og fjárlaga sem auka útgjöld ríkisins allverulega ofan á það að Sjálfstfl. hefur verið í forustu fyrir því að auka útgjöldin frá því 1994, um meira en 50 milljarða. Menn hljóta að velta því fyrir sér hversu megnug þessi ríkisstjórn verður til að takast á við þann vanda sem blasir núna við.

Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn hafa lýst því yfir að eins og staðan er sé nauðsynlegt að skila enn meiri afgangi á fjárlögum en fram kom í frv. Hvernig hefur hæstv. ríkisstjórn brugðist við því? Með því að leggja fram tillögur sem að öllu óbreyttu minnka hann. Ég held þess vegna, herra forseti, að það besta sem þessi þjóð gæti gert til að treina sér góðærið væri að losa sig við þessa ríkisstjórn.

[18:44]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Össur Skarphéðinsson, leitaði að sökudólgum eins og fleiri hafa gert í dag. Hann vildi koma sökinni á ráðherra fjármála og heilbrigðismála. Ég tel að aðalatriðið í þessu máli sé ekki að leita að sökudólgum, hvorki í forstöðumönnum stofnana né ráðherrum. Við stöndum frammi fyrir því verkefni að ná utan um rekstur heilbrigðisstofnana og ég vil rifja upp örfá atriði sem gerðust á síðasta ári.

Heilbrigðismál heyra undir heilbrrn. að sjálfsögðu. Kjarasamningar heyra undir fjmrn. Heilbrrn. vakti athygli á umframfjárþörf heilbrigðisstofnana í maí. Hæstv. heilbrrh. og fjmrh. settust niður á haustdögum og ákváðu að setja 1,4 milljarða í heilbrigðiskerfið og fá Ríkisendurskoðun til að gera úttekt á fjárþörf heilbrigðisstofnana. Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu og í þeirri skýrslu stendur m.a., sem ekki hefur komið fram í þessari umræðu, að Ríkisendurskoðun telji að auk annars þurfi að endurmeta þær aðferðir sem notaðar eru við kjarasamninga. Það er eitt þeirra mála sem skoða þyrfti í því sambandi, þ.e. hvað þar hefur farið úrskeiðis og hvernig hægt er að hafa betri tök á þessum málum í framtíðinni.

[18:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson gat þess hér að ekki aðeins hæstv. heilbrrh. bæri ábyrgð á þessari þróun heldur líka hæstv. fjmrh. vegna þess að þeir komu saman að þessu máli. Það er rétt hjá hv. þm. en ég spurði hv. þm.: Hvernig stendur á því að álit meiri hluta fjárln. er þess eðlis að ekki er með nokkrum hætti hægt að sjá að annar af ráðherrunum en hæstv. heilbrrh. beri ábyrgð á stöðunni?

Staðreyndin var sú, eins og hv. þm. gat hér um, að hæstv. heilbrrh. greindi frá því í fjárln. að hún hefði sagt hæstv. fjmrh. frá þeim mikla vanda sem blasti við í maí þegar meira en 100 stofnanir voru að fara verulega fram úr fjárlögum. Hún gat þess jafnframt að menn frá báðum ráðuneytunum hefðu sest niður til að gera tillögur. Að því er varðar útfærslu á samningunum þá hefði hæstv. heilbrrh. gert hæstv. fjmrh. viðvart um að í ráðuneyti hennar væri ekki kunnátta til þess að veita forstöðumönnum leiðsögn í þessu máli. Með öðrum orðum liggur fyrir að hæstv. heilbrrh. hefur sett fram ákveðnar varnir í málinu og greint frá því að hún hafi reynt að fá hæstv. fjmrh. til samstarfs en það hafi ekki tekist betur. Þá spyr ég hv. þm. þess sem hann var að reyna að svara hérna áðan: Hvernig stendur á því að hann lætur hv. þingmenn Sjálfstfl., Hjálmar Jónsson og aðra, kúga sig svo í fjárln. að þetta komi ekki fram? Þar kemur fram að faghópur heilbrrn. hafi komið í málið. Hið sanna er að hæstv. fjmrh. var líka kallaður til liðveislu. Frá því er ekki greint í álitinu. Hv. þm. segir síðan að það skipti ekki máli hverjir séu dregnir til ábyrgðar. Ja, herra minn, hverjir voru það sem komu í þennan ræðustól og sögðu að rétt væri, ekki bara að draga forstöðumenn til ábyrgðar heldur reka þá og nefndu töluna, helst 4–5 í kippu, öðrum sem víti til varnaðar? Það var ekki stjórnarandstaðan. Það voru þingmenn Sjálfstfl. Þeir hafa komið hingað til að kalla menn til ábyrgðar.

[18:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í nál. meiri hluta fjárln. er dregið upp hvernig bregðast eigi við þessum vanda. Þar er ekkert verið að draga hæstv. heilbrrh. til ábyrgðar einan ráðherra. Það er rangt að svo sé í nál.

Mestu máli skiptir að ná utan um þennan vanda. Ég hef ekki sagt það í ræðum mínum að það eigi að reka menn, hvorki einn, tvo, þrjá eða fjóra (**SJS:** Höggva mann og annan.) eða höggva mann og annan. Það hef ég ekki sagt. Mestu skiptir að ráðast með raunsæi að þeim vanda sem hér er uppi. Við höfum sýnt það raunsæi að setja inn í málaflokkinn fjármagn til að mæta þessum vanda og geta staðið á því að þessar stofnanir verði innan fjárlaga á næsta ári. Ég vil vera raunsær í þessum efnum.

Ég hef ekki skrifað undir meirihlutaálit þar sem hæstv. heilbrrh. er ein dregin til ábyrgðar varðandi þetta mál. Hún ber vissulega ábyrgð á sínum málaflokki en þetta mál er miklu margslungnara en svo eins og komið hefur fram. Það er of mikil einföldun að stilla málinu upp eins og hv. þm. gerir.

[18:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson hefur haft skilningarvitin í góðu lagi. Hann er ekki það mæddur af pólítískri elli að þau séu tekin að slævast. Skilur hann ekki hvað er að gerast í þessum sal? Skilur hann ekki sitt eigið nál.? Hvað hefur gerst?

Hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur í umræðu, sem hófst áður en við komum til þessarar, sagt að það stappaði nærri því að búið væri að taka hæstv. heilbrrh. í fjárhagslega gjörgæslu. Hann hefur komið hingað í dag og sagt að því væri ekki að neita að losarabragur væri á fjármálastjórn hæstv. heilbrrh. Hann hefur komið hingað og sagt að hann treysti sér ekki

til þess að gagnrýna þá sem hafa farið hörðum orðum um fjárhagsstjórn hæstv. heilbrrh. Í nál. sem hv. formaður fjárln. hefur skrifað undir er það tekið fram að heilbrrh. hafi gert hitt og þetta og faghópur ráðherrans hafi komið að málinu.

Er hins vegar sagt frá því að hæstv. heilbrrh. kallaði eftir stuðningi fjmrh. varðandi útfærslu samninga? Er sagt frá því að í maí hafi hæstv. heilbrrh. gert fjmrh. viðvart um þessa stöðu? Er sagt frá því að menn frá báðum ráðuneytunum hafi komið saman og gert tillögur sem ekki héldu? Það er ekki sagt frá því, herra forseti. Hvernig stendur á því? Vegna þess að þingmenn Framsfl. í fjárln. eru kúgaðir af hv. þm. Sjálfstfl. sem koma hingað og draga síðan hæstv. heilbrrh. sundur og saman í háði og einan til ábyrgðar. Ég ítreka það, herra forseti, það er ekki mitt hlutverk og hefur ekki verið mitt hlutskipti í gegnum tíðina að verja hæstv. heilbrrh. en mér finnst ósanngjarnt hvernig að henni er vegið í þessu sambandi. Mér finnst að þingmenn Framsfl. ættu að sjá sóma sinn í að koma henni til varnar en láta það ekki vera hlutskipti mitt, sem hef ekki beinlínis verið pólitískt ástfanginn af henni til þessa.

[18:52]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mælskur er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en fer ekki að sama skapi alltaf rétt með. Við lokum ekki stofnunum í heilbrigðiskerfinu. Það hef ég margoft sagt. Þess vegna líta fjáraukalög og fjárlög svona út við 2. umr. Það er ekki vilji til þess af hálfu ríkisstjórnar né fjárln. að leggja slíkt til.

Hins vegar höfum við hug á að leita lausna sem halda. Nokkrar stofnanir í heilbrigðiskerfinu hafa staðið sig afar vel, verið til mikillar fyrirmyndar og haldið sig við fjárlög. Þetta er hægt. Þetta viljum við að gerist víðar og sem víðast að menn nái utan um reksturinn eins og hv. þm. Jón Kristjánsson hefur iðulega sagt.

Hæstv. ríkisstjórn og hið háa Alþingi vilja ekki hafa ríkisrekstur með losarabrag. Þetta hef ég lagt áherslu á. Ég hef ekki fundið annað en að fullur vilji sé til að taka á málinu og leita þeirra lausna sem framast eru mögulegar. Samkvæmt því er unnið að því í fjárln. að leysa vandann en leita ekki að sökudólgum. Þess vegna eru þessar hækkanir allar inni en það er fullur vilji til þess að byrgja brunninn þannig að fjárlög og fjáraukalög á næsta ári líti ekki út eins og núna.

Í þessu sem öðru í nefndarstarfinu fylgi ég forustu hv. formanns fjárln. Jóns Kristjánssonar.

[18:54]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá kristilega þenkjandi þingmaður sem hér talaði síðast hefði nú af meðlíðan með þjáningarbróður sínum látið vera að nudda salti í sárið eins og hann gerði með því að halda því fram að hann lyti forustu hv. þm. Jóns Kristjánssonar.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson er auðvitað höfundur að þessu bixi sem fram kemur í áliti meiri hluta fjárln. þar sem hæstv. heilbrrh. er einn dreginn til ábyrgðar. (**SJS:** Skáldið sjálft.) Skáldið sjálft, hv. þm. Það sem skiptir auðvitað máli er að þingmenn Sjálfstfl. hafa talað um það í þessu máli að draga menn til ábyrgðar. Hv. þm. Hjálmar Jónsson var einn af þeim. Í umræðum um daginn talaði hann nokkuð digurbarkalega um það að forstöðumenn stofnana yrðu auðvitað að standa undir ábyrgð sinni, hana þyrfti að skerpa og ljóst væri að menn þyrftu að sæta ábyrgð. Hvað felst í slíku orðalagi, herra forseti? Í því felst auðvitað ekkert annað en hótun, að vísu dulbúnari en fram kom hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, um að ef forstöðumennirnir stæðu sig ekki í stykkinu yrðu þeir reknir. Hv. þm. Pétur Blöndal sem hér er hreinskilnastur manna kom hins vegar og nefndi töluna. En hv. þm. Hjálmar Jónsson getur ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð að hann kallaði líka eftir því að einhver höfuðleður yrðu tekin.

Herra forseti. Ég segi þess vegna: Ef hv. þm. Hjálmar Jónsson telur að það eigi, eins og hann taldi þá þó hann sé búinn að skipta um skoðun núna, með einhverjum hætti að draga forstöðumennina til ábyrgðar, af hverju ekki ráðherrana líka? Hvernig stendur á því að hv. þm. bendir fingri sínum á hæstv. heilbrrh. en lætur félaga sinn, hæstv. ráðherra Geir H. Haarde sleppa? Ég óska hins vegar hv. þm. til hamingju með kænskuna. Það er langt síðan ég hef séð jafnsnilldarlega leikið og af jafnmikilli slægð og þegar hv. þm. Hjálmar Jónsson plataði félaga sinn, hv. þm. Jón Kristjánsson, til þess að senda frá sér nál. þar sem engin vörn er færð fyrir hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh., sem er auðvitað einn af þeim sem hlýtur að axla ábyrgð, sleppur algerlega. Heill þér, hv. þm.

[18:57]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Enn sannast það sem ég sagði áðan, herra forseti, að mælskur er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en fer ekki að sama skapi alltaf rétt með. (**Gripið fram í:** Og slægur.) Og slægur. Hann segir að hæstv. heilbrrh. sé ein og sér dregin til ábyrgðar. Ég vil rifja það upp fyrir honum að ég bað hæstv. heilbrrh. vægðar þegar hv. þm. hamaðist í umræðu um fjáraukalög síðast en það er önnur saga.

Ég vil hins vegar segja það að ef okkar ýtrustu og bestu ráð, leiðir og lausnir hæstv. ríkisstjórnar, fjárln. og þingsins duga ekki til þess að koma rekstri heilbrigðisstofnana í lag þá hlýtur eitthvað svo mikið að vera að að enginn ráði við nema nýir stjórnendur komi til skjalanna. Einhvers staðar hlýtur vandinn að vera.

Ég vil árétta það líka að ég hef engan áhuga á því að taka af höfuðleður þó að ég sé að missa hárið sjálfur. Aldrei hef ég reynt eða viljað plata vin minn hv. þm. Jón Kristjánsson.

[18:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tóku menn eftir hvað hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði hérna áðan? Hann sagði: Ef öll ráð bresta þá verða auðvitað að koma nýir forstöðumenn. Maðurinn sem kom hérna áðan fyrir tveimur mínútum og sagði úr þessum stóli: Ég er ekki í hópi þeirra sem vilja reka forstöðumenn. Hvaða hótanir lágu í þessu, herra forseti?

Mér þótti líka vænt um að heyra að þrátt fyrir allt er hjarta hv. þm. Hjálmars Jónssonar svo meyrt að hann finnur til með systur sinni í stjórnarliðinu, hæstv. heilbrrh. Henni vil ég óska innilega til hamingju með þá aðferð sem hv. þingmenn Sjálfstfl. sýna henni þegar þeir ætla að biðja henni vægðar. Ef það er einhver maður í þessum sal sem ekki hefur skotið skildi vægðar fyrir hæstv. heilbrrh. þá er það hv. þm. Hjálmar Jónsson sem hefur, svo ég endurtaki það enn, lýst því yfir að losarabragur sé á fjárhagslegri stjórnun hæstv. heilbrrh. Hann hefur lýst yfir fleiru, sagði hér um daginn að það stappaði nærri að Sjálfstfl. væri búinn að taka hæstv. heilbrrh. í fjárhagslega gjörgæslu. Þetta er vægðin, herra forseti. Má ég þá fyrir hönd hæstv. heilbrrh. biðja vinsamlega um að fara ekki að sýna henni miskunn.

[18:59]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 266. mál, frv. ÖJ og ÞBack, þskj. 349.

Tannvernd og tannlækningar barna og unglinga, 139. mál, svar heilbrrh., þskj. 346.

[Fundarhlé. — 19:00]

[20:00]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Fjárlagafrv. ársins 2000 markar tímamót í fjármálum ríkisins og tekjuafgangur er meiri en áður hefur sést í langan tíma eða um 15 milljarðar kr. Skuldir ríkisins munu lækka umtalsvert að sama skapi og leiðir það til lægri útgjalda vegna vaxta sem nemur um 1,6 milljörðum kr. Þetta eru góð og mikilvæg skilaboð inn í nýja öld og nýtt árþúsund þar sem mun reyna meir og meir á hæfileika landsmanna til að stíga þau skref sem styrkja þjóðarvitundina og auka velferð og afl lítillar þjóðar til að halda sjálfstæði sínu.

Það sjálfstæði markast ekki hvað síst af framsýni og áræði í vaxandi samstarfi þjóða og samruna í minnkandi heimi. Atvinna fyrir alla, ráðdeild í fjármálum ríkis og heimila og byggð í öllu landinu er forsenda þess að okkar fagra land þróist og þroskist á eigin forsendum inn í þessa nýju tíma.

Herra forseti. Nýting auðlinda þjóðarinnar og stjórn á þeim er grunnur þess að vel takist til, en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur jafnt og þétt verið að styrkja þessar stoðir ríkisins með góðum árangri. Þar ber fyrst að nefna að stjórn fiskveiða hefur á sl. tíu árum verið snúið úr hruni þorskstofnsins í meiri uppsveiflu en áður hefur þekkst. Framtíðin mun mótast af þessu í ríkum mæli og er ekki ólíklegt að á næstu tíu árum muni þorskveiði geta aukist um 100 þús. tonn á ári eða í um 350 þús. tonn. Aflaaukningin mun á núvirði auka þjóðarframleiðsluna um allt að 15 milljarða kr. eða 2% af landsframleiðslu. Sjálfbær þorskveiði á Íslandsmiðum er um 350 þús. tonn, en þegar hún fór hærra á árum áður, eða í um 400–500 þús. tonn, var það vegna þess að aðstæður í hafinu voru mjög góðar og göngur frá Grænlandi stór hluti aflans. Ljóst er því að hámark þorskaflans sem reikna má með af Íslandsmiðum verða þessi 350 þús. tonn og verður ekki reiknað með meira verðmæti úr þessum sterka og verðmæta fiskstofni Íslendinga.

Hlutur sjávarútvegs í útflutningsverðmæti þjóðarinnar er um 55% í dag og gæti aukist um 2% með þessum 100 þús. tonnum af þorski til viðbótar sem er endastöð veiðinnar. Aukinn hagvöxtur framtíðarinnar verður því ekki borinn uppi af auknum þorskafla eftir að þessu marki verður náð.

Fiskeldi við strendur landsins hefur ekki gengið sem skyldi. Að mínu áliti er full ástæða til þess að skoða þann þátt í meira mæli af hálfu fjárveitingavaldsins og ríkisstjórnarinnar en gert hefur verið á liðnum árum. Tækniframfarir á þessu sviði eru miklar og margar þjóðir, eins og Norðmenn, hafa náð hreint ótrúlegum árangri í fiskeldi. Fiskeldi á þeim stöðum sem náð hafa lengst í Noregi hafa getað skapað allt upp í 200 og yfir 200 þús. tonn af laxi á einu ári til útflutnings sem er gríðarlegt magn. Ný sókn á þessu sviði er spennandi kostur.

Herra forseti. Eðlileg nýting fallvatna í sátt við umhverfið er annar mikilvægur þáttur og ljóst er að ná þarf sátt um hvernig það er gert. Ekki verður sæst á annað en að orkan sem býr í fallvötnunum og í iðrum jarðar verði virkjuð með eðlilegum hætti til atvinnuuppbyggingar, enda um að ræða endurnýjanlega orku framleidda á mengunarlausan hátt. Uppbygging fjölbreytts atvinnulífs er forsenda áframhaldandi hagvaxtar og góðæris í landinu sem verður ekki slitið í sundur frá uppbyggingu nýrra atvinnutækifæra á landsbyggðinni.

Hvert 120 þús. tonna álver eykur útflutningstekjur um 13 milljarða kr. árlega og landsframleiðsluna um 0,5% svo dæmi sé tekið. Ekki ætla ég að spá í það hve mörg slík verða reist hér eða ígildi þeirra á næstu tíu árum. En ljóst er að það sem skapar í vaxandi mæli aukinn hagvöxt framtíðarinnar er iðnaður, ferðamennska og hugbúnaðargeirinn.

Mikilvægi landsbyggðarinnar í þessum þáttum er mjög mikið að mínu áliti og ljóst að án öflugrar landsbyggðar hlýtur þjóðmenningin og styrkur okkar sem þjóðar að bíða hnekki.

Herra forseti. Það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir tekur mið af þessu og er áfangi í því að styrkja stöðu landsbyggðarinnar sem og höfuðborgarsvæðisins um leið. Þar má nefna m.a. aukið fjármagn til Ferðamálasamtaka landshlutanna til upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, en Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa síðustu tvö ár fengið 3 millj. kr. til reksturs ferðamálamiðstöðvar í Leifsstöð. En nú er úthlutað sérstaklega til allra kjördæma til slíkrar starfsemi.

Það þarf ekki að hafa langt mál um mikilvægi upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn sem í vaxandi mæli ferðast eftir áætlunum sem byggðar eru á markaðssetningu frá landsbyggðinni sjálfri. Má nefna í því sambandi að ferðamálaaðilar á Húsavík hafa flutt sína erlendu viðskiptavini beint frá Keflavíkurflugvelli til Húsavíkur. Þetta hefur mælst vel fyrir og bætir nýtingu gistirýma og eflir umsvif og kynningu á öllu landinu.

Byggðastofnun hefur veitt verulegt fjármagn til að styrkja stöðu *bænda í ferðaþjónustu og hefur á síðustu fimm árum* orðið hrein bylting á því sviði. Tekjur af erlendum ferðamönnum nema um 13% af útflutningstekjum þjóðarinnar og hafa vaxið um 2% á sl. tveimur árum. Fátt getur aukið útflutningstekjurnar meira með tiltölulega litlum kostnaði en bætt nýting ferðaþjónustunnar. Á vegum markaðsráðs ferðaþjónustunnar er samkvæmt stjórnarsáttmálanum unnið að vöruþróun á landsbyggðinni. Með markvissari uppbyggingu á þessu sviði má ná miklu betri árangri en náðst hefur. Það má benda á svæði á landinu sem hafa náð verulega góðum árangri með markvissu starfi, þ.e. í Hafnarfirði. Þar hefur sveitarstjórnin tekið verulega sterkt á þessum málaflokki og þar hefur náðst árangur sem ég tel að aðrir geti lært af.

Talið er að ferðamennskan geti tvöfaldast á næstu tíu árum þannig að erlendir ferðamenn yrðu 500 þúsund á ári dreift um landið. Endimörk ferðamennskunnar á landinu eru nokkuð hærra að mati sérfræðinga.

Herra forseti. Ég hef í fyrri hluta ræðu minnar reynt að skyggnast lítillega inn í framtíðina því þar eru möguleikarnir. Í störfum fjárln. kemur einnig fljótt í ljós að það er nauðsynlegt. Störf fjárln. eru fjölbreytt og veita mjög góða sýn inn í það sem brennur á landsmönnum vítt og breitt um landið. Að því leyti nær starf fjárln. um allt sviðið sem veitir nefndarmönnum skilning á fjölbreytileika mannlífsins umfram það sem hægt er að gera í fagráðuneytum sem eru einskorðuð við ákveðna málaflokka. Þessi tenging Alþingis við landið er að mínu áliti mjög mikilvæg og mikilvægt að ekki verði dregið úr þessu jarðsambandi sem okkur þingmönnum er svo nauðsynlegt. Fjölbreytileikinn birtist ekki hvað síst í heimsóknum landsbyggðarfólks til fjárln. sem

endurnýjar þann grunn sem við höfum sem aldir erum þar upp.

Herra forseti. Mjög er áberandi sá aukni áhugi sem er um allt land í dag á vísindastörfum, söguskoðun og náttúruskoðun og endurspeglast það í fjárveitingum fjárln. Sem dæmi um það vil ég taka að náttúrustofur eru nú í hverju kjördæmi. Fræðasetur er í Sandgerði, náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum, sögusetur á Hvolsvelli og vesturfarasetur á Hofsósi. Vaxandi áhugi er einnig á skógrækt fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar að því máli og er það fyrirferðamikið í ár og er fjöldi verkefna þar á ferðinni. Má þar nefna Héraðsskóga, Suðurlandsskóga, Skjólskóga, Vesturlandsskóga og Norðurlandsskóga þar sem um 60 millj. kr. er bætt við fjárveitingar ársins.

Menntun í gegnum netið er einnig í mikilli sókn og með atbeina fjárln. hefur verulegt átak verið gert í samráði við menntmrn. í að auka kennslukvótann í fjarkennslu Kennaraháskólans. Fátt gefur landsbyggðarfólki eins mikla möguleika til að afla sér menntunar við hæfi í bestu skólum landsins og netið, og má tala um byltingu að þessu leyti.

Tenging skólastarfsins við sjóinn er einnig eitt af þeim verkefnum sem okkur ber skylda til þess að sinna. Með samningi sjútvrn. við Hafrannsóknastofnun Íslands hefur náðst góð tenging milli vísinda, sjómennsku og skólanna með ferðum bátsins Drafnar sem er rannsóknarskip frá Hafrannsóknastofnun og fer með skólafólk í kynnisferðir út á sjó. Mikill áhugi er á þessum ferðum og nauðsynlegt að þar verði framhald á. Hér er þó um tilraunaverkefni að ræða sem ætlunin er að verði í framtíðinni hluti skólastarfsins og því verkefni sveitarfélaganna. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin komi inn í þetta verkefni á næsta ári svo þessi tenging þéttbýlisbarnanna við sjóinn haldist.

Skólabáturinn Haftindur fær 3 millj. kr. til að halda úti starfi í samvinnu við félagsmálastofnanir á höfuðborgarsvæðinu með unglinga sem eru í vanda. Þetta frumkvöðlastarf hefur verið erfitt vegna þess að aflaheimildir eru dýrar og skip sem gerð eru út með þessum hætti þurfa að kaupa til sín aflaheimildir, en það þarf skólaskipið Dröfn ekki að gera. Rekstrarskostnaður verður því óheyrilegur og miklu meiri en gera má ráð fyrir. Mikilvægt er að styrkja þetta verðuga framtak í framtíðinni.

Að styrkja ímynd sjómennskunnar og efla Sjómannaskólann er annað verkefni sem hefur orðið út undan að mínu áliti. Sjómannaskólinn hefur grotnað niður, bæði starfið og húsakynnin. Ég vona að það standi til bóta en mikið þarf að koma til svo að ástandið batni. Endurbætur á húsnæði eru þó hafnar en hvernig reisa á starfið til fyrri vegs og virðingar er óleyst. Þar er verk að vinna, herra forseti.

Sá þáttur sem oft fær einna mestu umræðuna og miklar tilfinningar eru tengdar eru harmleikir vegna vímuefnanotkunar ungs fólks og ofbeldis í þjóðfélaginu. Þessi þáttur er því mikið á borði okkar fjárlaganefndarmanna sem sést í fjárveitingum, m.a. til Krýsuvíkursamtakanna, til Krossgatna, Byrgisins, Kvennaathvarfsins og Stígamóta. Forvarnir í þessum málaflokki eru einnig mjög fyrirferðarmiklar og eru nú vímuvarnafulltrúar lögreglunnar víða um land, en slík staða var upphaflega samþykkt við embættið í Keflavík í samvinnuverkefni við Reykjanesbæ og hefur gefist mjög vel.

Lögreglan á Keflavíkurflugvelli fær fjárveitingar til þess að fjölga hundum til fíkniefnaleitar. Með samstarfi Schengen-landanna opnast fleiri möguleikar til þess að stöðva ólöglegan innflutning að þessu leyti. Á fjárlögum er gert ráð fyrir fjölgun í lögreglunni vegna herts landamæraeftirlits og verða ráðnir 11 lögreglumenn til þessa starfs. Stækkun flugstöðvarinnar tengist þessu nýja hlutverki okkar.

Herra forseti. Miklar áhyggjur landsbyggðarmanna vegna sérleyfanna og áætlunarferða BSÍ hafa verið áberandi og er ljóst að þessi sérleyfi munu ekki bera uppi eðlilegan rekstur með þeim farþegafjölda sem nú er og fer minnkandi ár frá ári. Auðvitað er það hlutverk ríkisvaldsins að hlúa að þessari starfsemi eins og kostur er og beina til þeirra verkefnum. Þar er þó við ramman reip að draga þegar marka á línuna milli samkeppnissjónarmiða og EES-reglna eins og dæmin sanna. Mér sýnist ljóst að samstarf þurfi að takast um hlutverk þessara sérleyfa milli ríkisins og sveitarfélaganna. Tenging milli sérleyfa og almenningssamgangna er hluti af hugsanlegu samstarfi og tengingu. Reykjanesbær hefur á undanförnum árum eflt sínar almenningssamgöngur og tengt við sérleyfi til Reykjavíkur. Ljóst er þó að þetta er erfiður rekstur og nauðsynlegt að fjárveitingavaldið hafi frekari afskipti af þróun mála á þessu sviði ef möguleiki á að vera að styrkja þessa þjónustu.

Herra forseti. Ég hef reynt að gera grein fyrir ýmsum málum sem ég tel tengjast stöðu þjóðarbúsins til framtíðar og einstökum verkefnum sem þarf að leysa í samtímanum og brenna á fólki. Sem betur fer er staða ríkissjóðs slík í dag að hægt er að mæta mörgum vandanum með auknum framlögum. Rekstur ríkissjóðs hefur þó ekki gengið eins og eðlilegt má telja þegar litið er til þess að hér er höndlað með fjármuni skattborgaranna. Það er í raun stóralvarlegt mál að flestar stofnanir ríkisins fara langt fram úr fjárlögum og grípa þarf til aukafjárveitinga sem nema um 9 milljörðum kr. á ári, eða í ár, sem eru 5% til viðbótar við útgjöld ríkissjóðs á árinu. Í verðbólgulausu þjóðfélagi er þetta óásættanlegt.

Af einstökum ráðuneytum tekur heilbrrn. til sín um 33% af fjárlögum ársins 1999 en af aukafjárveitingum ársins tekur það sama ráðuneyti um 67% eða 6 milljarða kr. Framúrkeyrsla sjúkrastofnana er ein helsta meinsemd í fjármálum ríkisins og ljóst er að slíkt getur ekki gengið öllu lengur. Komið hefur fram að ráðuneytið taldi sig ekki nægjanlega undirbúið til að leiðbeina við gerð aðlögunarsamninga og framgangssamninga hjúkrunarfræðinga. Það er ekki svo að stofnanir heilbrrn. séu einu stofnanirnar sem fara fram úr. Því fer fjarri því sjálfur ríkisendurskoðandi fór fram úr fjárlögum. Ýmislegt verður þó augljóslega að leiðrétta strax. Það verður til að mynda að taka á því, herra forseti, að margar sjúkrastofnanir eru reknar með yfirdráttarheimildum í bönkum sem er með öllu óheimilt og brot á lögum. Einnig eru dæmi um að ríkisstofnanir skili ekki vörslusköttum sem er mjög alvarlegt brot. Þó svo að aukafjárveitingar vegna yfirstandandi árs dugi í flestum tilfellum til að mæta halla ársins og bæta hala frá síðasta ári, þá er ekki augljóst að fjárlög standist eitthvað betur á næsta ári en verið hefur á yfirstandandi ári.

Hjá sjúkra- og heilbrigðisstofnunum er vitað að framgangssamningar hjúkrunarfræðinga eru ekki frágengnir nema hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. Stórir hópar launþega hjá heilbrigðisstofnunum hafa litlar hækkanir fengið. Þar má nefna sjúkraliða og ASÍ-launþega sem eru um 30% starfsmanna. Þó ber að taka fram að þessir starfsmenn eru með samninga til loka ársins 2000 og sú von er látin í ljós að þeir samningar haldi en tíminn verði notaður til

að samningar geti gengið hratt og örugglega fyrir sig næsta haust.

Eitt mál, herra forseti, langar mig til þess að minnast á en það er Heyrnar- og talmeinastöð Íslands sem veitir styrki til þess að fólk geti keypt sér heyrnartæki. Stofnunin hefur einkaleyfi á því að flytja inn heyrnartæki og fær ákveðið fjármagn á fjárlögum til að greiða niður hvert einasta heyrnartæki sem selt er. Það er ljóst að þessi stofnun er barn síns tíma og hlýtur að vera komið að því að endurskoða starfsemi stöðvarinnar þannig að þessi hluti heilbrigðiskerfisins verði gefinn frjáls nákvæmlega eins og gleraugnasalar geta selt nánast hvaða gleraugu sem þeir vilja ef þeir hafa menntun til þess. Heyrnar- og talmeinafræðingar eru margir á landinu og geta sinnt þessu hlutverki með sama hætti og þeir sem eru í störfum hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Ég vil því, herra forseti, taka fram að mér finnst tímabært að ríkisvaldið og þeir ráðherrar sem hafa með málið að gera breyti þessu í frjálsræðisátt.

Herra forseti. Það er grundvallaratriði fyrir framtíð okkar í samstarfi þjóðanna að sýna festu og ábyrgð í stjórn ríkisins. Á því byggir framtíðin. Án ábyrgðar fer verðbólgan af stað og í kjölfar hennar fylgja gjaldþrot og uppgjöf sem við þekkjum frá síðasta áratug. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tókst að stöðva fólksflóttann frá landinu. Nú flytja fleiri til landsins en frá því. Flóttinn frá landsbyggðinni er þó mjög mikill og öllum áhyggjuefni. Þær rætur sem slitna við þessa flutninga liggja oft djúpt, rætur sem tengja okkur við landið sterkum böndum. Þegar rótin slitnar slævist þjóðarvitundin. Það er eins og máltækið segir: Römm er sú taug sem rekka dregur föðurtúna til. Fyrir okkar unga og vel menntaða fólk eru skrefin auðveldari úr landi en fyrir okkur sem komin eru á miðjan aldur. Evrópa togar og undirliggjandi er sú hreyfing sem gengur yfir alla Evrópu, að vera hluti af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar er því mikil.

Herra forseti. Fjárln. hefur ákveðið að eftirlit með fjárreiðum ríkisins verði mun meira en hingað til hefur tíðkast og þáttur Ríkisendurskoðunar efldur. Af hálfu ráðuneytanna er fullur vilji til að taka á þessum málum. Ég trúi því að okkur takist mun betur við ríkisreksturinn á næsta ári en á því sem nú er að líða.

Ég vil að lokum, herra forseti, þakka formanni fjárln. fyrir fumlausa og góða leiðsögn við stjórn fjárln. á þessu ári. Sömuleiðis vil ég þakka samnefndarmönnum mínum öllum ánægjulega samvinnu og starfsmönnum fjárln. fyrir vel unnin störf.

[20:19]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson kom víða við í mjög góðri ræðu sinni. Hann drap á ýmislegt sem skiptir miklu máli. Ég deili áhyggjum hv. þm. af almenningssamgöngum og hefði gjarnan viljað að hann skýrði betur hvað hann átti við með samvinnu sveitarfélaganna og sérleyfishafa. Ég hygg þó að hann hafi verið að velta fyrir sér skólaakstri, sérleyfi, almenningssamgöngum o.s.frv.

Hann kom líka inn á mál sem mér finnst skipta máli. Hann talaði um endastöð varðandi sjávarútveg í landinu. Þingmaðurinn er mikill áhugamaður um sjávarútveg. Hvað á hann við þegar hann talar um endastöð? Hann benti líka á fjölmargar nýjungar varðandi afþreyingu í ferðamálum, um sögusetur í Rangárvallasýslu, afþreyingu og þess háttar. Ég er mjög sammála honum í því að í þessum efnum eru auknir möguleikar.

Í seinni umferðinni ætla ég að fjalla örlítið um fiskeldi og fá betri útskýringar á þeim málum.

[20:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að skýra hvað ég átti við þegar ég minntist á almenningssamgöngur í ræðu minni áðan þá get ég tekið dæmi af Suðurlandi. Mér finnst athugandi fyrir Sunnlendinga að skoða hvort Selfoss, Hveragerði, Eyrarbakki, Stokkseyri, Hella og Hvolsvöllur geti ekki komið sér upp samgöngukerfi sem hefði um leið sérleyfi og tengdi þessi svæði við Reykjavík. Þetta væri sameiginlegt verkefni ríkisins og sveitarfélaganna á Suðurlandi. Ég get ekki séð að þessi litlu sveitarfélög sem nú berjast við að halda uppi menntun og þjónustu á þessum svæðum geti staðið ein undir sérleyfinu, sem er í raun upp á styrk ríkisins komið, og samgöngum sem eru nauðsynlegar upp á atvinnuuppbyggingu svæðanna.

[20:21]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir svörin og lýsi mikilli ánægju með hve áhugasamur hann er um Suðurland. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Ef Sunnlendingar geta ekki tekið sig saman um almenningssamgöngur þá geta það í raun og veru engir.

Varðandi endastöðina í sjávarútvegi, gæti hann farið örlítið nánar út í það? Varðandi fiskeldi sagði hv. þm. í ræðu sinni að Norðmenn flyttu út m.a. um 200 þús. tonn af laxi. Svo við höldum okkur við Suðurlandið þá er hafbeit í Rangánum mjög merkilegt mál sem hefur orðið til þess að efla ferðaþjónustuna á þessu svæði. En ég hefði mikinn áhuga á að fá nánari skýringar orðum hv. þm. um endastöðina í sjávarútvegi.

[20:22]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði ekki um endastöð heldur endimörk á vexti þorskstofnsins á Íslandsmiðum. Að áliti fiskifræðinga getur ekki þrifist hér sjálfbær stofn stærri en svo að hann gefi af sér 350 þús. tonn í veiði. Eftir að þeim mörkum er náð eykst veiðin ekki meira á Íslandsmiðum.

Ég á við að við gætum hugsanlega bætt þetta upp með eldi á þorski. Við erum með marga djúpa og góða firði sem geta tekið við eldi. Þetta hefur verið reynt en mér finnst því allt of lítill gaumur gefinn að þessi möguleiki sé til staðar. Þetta þarf allt tíma. Við verðum næstu 10 árin að ná veiðinni upp í 350 þúsund tonn. Ég vona að það takist fyrr en við eigum a.m.k. að geta gert það á þeim tíma.

Til þess að geta bætt við þá eigum við að fara út í meiri rannsóknir og tilraunastarfsemi í eldi.

[20:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýddi á alla ræðu hv. þm. og hann kom víða við. Honum var fátt mannlegt óviðkomandi í ræðu sinni, hann tók landið og miðin, jökla og strendur og kom við í Evrópusambandinu svona í leiðinni.

Virðulegi forseti. Fulltrúar Sjálfstfl. í þessari umræðu hafa verið á stöðugum flótta frá þeirri staðreynd að framkvæmd fjárlaga á árinu sem er að líða hefur algerlega farið úr böndunum. Það vita allir. Fjáraukalögin bera þess merki að að fjárstjórnin hefur algerlega farið úr böndunum.

Ég ætla að spyrja hv. þm. vegna þess að hann sagði hér áðan, að það væri mjög alvarlegt lögbrot þegar forstöðumenn ríkisstofnana færu fram úr í fjárlögum: Hver er ábyrgð

ráðuneyta? Hver er ábyrgð þeirra sem hafa eftirlit með þeim sem fara fram úr fjárlögum? Ég vil fá hv. þm. til að útskýra ábyrgð ráðuneytanna í þessu máli.

[20:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lögfræðingurinn, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, spyr mig hver beri ábyrgðina. Auðvitað bera þeir sem hafa æðstu stjórn mesta ábyrgð á rekstri sinna ráðuneyta. Eins tel ég að við þingmenn berum heilmikla ábyrgð á rekstri Alþingis.

Kannski hefur einhvern tíma verið á því undantekning, að ekki hafi verið farið fram úr fjárlögum og þau hafi staðist en ég held að undantekningalítið höfum við farið fram úr fjárlögum og hér hafi þurft að afgreiða feikilega háar aukafjárveitingar. Ég held að það sé ekki ástæða til að hengja neina frekar nú en áður. En ég tel að það sé mjög brýnt að taka á þessu máli núna. Ég held að við höfum séð að þróunin er fremur óæskileg og menn átti sig á að hún geti ekki haldið áfram óbreytt.

[20:26]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Oft og tíðum hefur verið farið fram úr fjárlögum. En sennilega hefur aldrei verið gert eins og í þessari umræðu, að forstöðumönnum ríkisstofnana er kennt um alla skapaða hluti og þeir sakaðir um lögbrot af fulltrúum Sjálfstfl. Með því móti hafa menn reynt að beina athyglinni frá því að vitaskuld bera hæstv. ráðherrar ábyrgð á þessum hlutum. Ef marka má orð hv. þm. Hjálmars Jónssonar fyrr í dag þá á náttúrlega að reka hæstv. ráðherra en ekki forstöðumenn ríkisstofnana. Mér heyrðist hv. þm. Kristján Pálsson taka undir þessi viðhorf.

[20:27]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir það að ábyrgð ráðherra er mikil, það gefur auga leið. En ábyrgð ráðherra hefur verið sú sama frá því að íslenska lýðveldið var stofnað og jafnvel fyrr. Ábyrgð þeirra sem nú eru ráðherrar er ekkert meiri en áður. Ábyrgð okkar allra er mikil. Ábyrgð fjárln. er mikil. Ábyrgð þingsins er mikil, að líta eftir því að fjárlögum ríkisins sé fylgt. Ég held að það sé alveg tímabært að allir taki sig á í þessu efni. Ég ætla ekki að taka ákveðna ráðherra inn í það mál. Ég held að þeir séu jafnábyrgir og við.

[20:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að halda því fram að hv. þm., vinur minn, uppeldisbróðir og skólabróðir, Kristján Pálsson, hafi sagt ósatt í þessum stól áðan. (**Gripið fram í:** Það er mjög alvarlegt.) Hann hélt því fram að það sem við gætum mest náð að veiða úr þorskstofninum væru 350 þús. tonn. Það vill svo til, hv. þm. Kristján Pálsson, að frá árinu 1950–1990 var meðalþorskafli á Íslandsmiðum 410 þús. tonn. Á 50 ára tímabili, frá 1950 til ársins í ár, er meðalaflinn 371 þús. tonn. Það er ekki rétt af þingmönnum að halda því að þjóðinni að við höfum náð verulegum árangri með núverandi fiskveiðistjórnarstefnu. Það vantar yfir 250 þús. tonn á hverju ári upp á meðaltalsaflann í botnfisktegundum. Ég get rakið það betur í næsta andsvari.

[20:29]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef verið kallaður lygari hér í stólnum. Ég bjóst ekki við því frá mínum gamla og góða skipstjóra. En ég vil bara segja, herra forseti, að þær tölur sem ég fer með eru frá forstjóra Hafrannsóknastofnunar. Ég er ekki að segja að þetta sé nákvæmlega upp á tonn. Samkvæmt þeim upplýsingum eru þetta nokkurn veginn 350 þús. tonn. Þegar rætt er um að miklu meira hafi verið veitt hér áður fyrr þá voru t.d. frá árunum 1920–1960, önnur skilyrði í sjónum. Þá kom mikið af fiski frá Grænlandi og bætti upp veiðina. Auk þess veit hv. þm. mætavel að á árunum 1975–1990 veiddum við miklu meira en stofninn þoldi. Við ofveiddum þorskinn og það kom niður á okkur á þessum áratug. Við þurftum að fara niður í 150 þús. tonn í veiði og þetta ætti hv. þm. að vita áður en hann heldur því fram að menn segi ósatt í þessum ræðustól.

[20:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla bara að nefna nokkrar tölur. Meðalveiðin á þorski síðustu 50 árin er 371 þús. tonn. Það vantar sem sagt 121 þús. tonn upp á að við getum veitt þann afla sem við höfum veitt í hálfa öld. Ef það er ekki besti sannleikurinn sem við getum stuðst við, þá veit ég ekki hvað við ættum að styðjast við ef við getum ekki stuðst við söguna.

Við höfum veitt 60 þús. tonn af ýsu að meðaltali. Þar vantar 25 þús. tonn upp á. Við höfum veitt 70 þús. tonn af ufsa. Þar vantar 40 þús. tonn upp á miðað við það sem við veiðum í dag. Við höfum veitt 92 þús. tonn af karfa á þessu árabili. Þar vantar 32 þús. tonn. Við höfum veitt 50 þús. tonn af steinbít. Þar vantar 2 þús. tonn. Við höfum veitt 29 þús. tonn af grálúðu í 30 ár. Þar vantar 19 þús. tonn. Svo geta menn haldið því fram að fiskifræðingar á Hafró hafi rétt fyrir sér og það sé sannleikur ef vitnað er í þá. Það er ekki rétt, hv. þm. þingmaður.

[20:31]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek ekkert nærri mér þó að hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni hitni í hamsi undir þessari umræðu þegar hann talar um sjávarútvegsmál. Ég veit að hann er hatrammur andstæðingur Hafrannsóknastofnunar og þeirra fræða sem þar eru stunduð. Ég hef alla tíð talið fræði þeirra þau bestu sem við hefðum. (**GAK:** Þetta eru allt tölur frá Hafró.) Hafrannsóknastofnun hefur fram að þessu notið virðingar um allan heim og aðferðir þeirra hafa verið notaðar víða.

Ég ætla því ekki að fara að munnhöggvast um hvort þessi tonnafjöldi er nákvæmlega réttur en þetta eru þær upplýsingar sem Hafrannsóknastofnun gefur. Ég var fyrst og fremst að velta fyrir mér þeim endimörkum sem væru. Ég ætla ekki að deila um það hvort þau geti orðið 360, 370 eða 330 en ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. að einhvern tíma geti orðið 400 eða 450 þús. tonna ársafli í þorskveiðum við Íslandsstrendur miðað við þær aðstæður sem nú eru.

[20:32]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mönnum hefur í dag verið tíðrætt um þá hækkun sem er á kostnaði við heilbrigðiskerfið. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að ákveðnar launahækkanir hafi orðið hjá heilbrigðisstéttum. Ég bendi á að $^2/_3$ af hækkunum til heilbrigðiskerfisins nú varða laun. Ég vil minna

fólk á við hvaða aðstæður laun voru hækkuð annars vegar hjá læknum og hins vegar hjá hjúkrunarfræðingum sem sérstaklega eru teknir fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Þegar gerðir voru samningar við lækna var flótti í læknastéttinni sem krafðist þess að tekin yrði ákvörðun um að hækka laun til lækna sérstaklega. Hið sama var með hjúkrunarfræðinga þegar gengið var til samninga við þá varðandi aðlögunarsamningana sumarið 1998. Þá var almenn samstaða um það í samfélaginu og ákvörðun ríkisstjórnarinnar að sérstaklega þyrfti að bæta hjúkrunarfræðingum þau laun sem voru um 15–20% lakari en hjá sambærilegum stéttum.

[20:34]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Möller þekkir náttúrlega mjög vel alla þessa samninga, enda páv. formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Ég deili ekki um aðstæðurnar. Það var sannarlega vá fyrir dyrum þegar hjúkrunarfræðingar ætluðu að ganga út af spítölunum og eitthvað þurfti að gera. En það afsakar ekki að fjárlögin skuli hafa verið þverbrotin. Það er mjög alvarlegt. Fjárlögin gerðu ráð fyrir að samningar mundu hugsanlega geta orðið einhvers staðar á bilinu 5–10%. Framgangssamningar áttu aldrei að kosta neitt. Þeir áttu að vera hagræðing innan sjúkrahúsanna en þegar upp er staðið er þetta allt miklu meira en um var talað.

Ég deili ekki um þörfina, við þurftum sannarlega að halda sjúkrahúsunum gangandi. Við þurfum að hafa góða hjúkrunarfræðinga og allt voru þetta mjög frambærileg rök en við stöndum frammi fyrir því að lög eru lög, fjárlög eru fjárlög og það má ekki fara fram úr öðruvísi en leyfi sé fyrir hendi.

[20:35]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt að samið hafi verið samið um 10–12%, sem mér heyrðist hv. þm. nefna. Hið rétta er að samningar við háskólamenn áttu á samningstímabilinu að kosta 22,5%. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að launakostnaður hjúkrunarfræðinga á þessu tímabili hafi aukist um 37,5%. Það sem á vantar voru samningar sem ég undirritaði, hvert einasta prósent.

Annað varðandi starfsemi og rekstur heilbrigðisstofnana. Ég fullyrði að mikils aðhalds er gætt í rekstri þessara stofnana. Mikill tími stjórnenda fer í að gera tillögur til þess að finna leiðir til að halda rekstrinum í réttu horfi. Aðstæður eru mjög erfiðar og skortur á starfsfólki sem þýðir mikla yfirvinnu.

[20:36]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að vera í miklum slag út af þessu við hv. þm. Ástu Möller. Við vitum að þetta fór úr böndunum. Það viðurkenna það allir að þegar einstakar stéttir innan hjúkrunargeirans geta hækkað allt upp í 60% þá hefur eitthvað meira en lítið farið úr böndunum. Ef meðalhækkun er 37–40%, þá er það miklu meira en aðrir höfðu fengið. Það er meira en gert var ráð fyrir.

Ég deili ekki um að mjög mikil þörf var fyrir einhverjar launabætur fyrir hjúkrunarfræðinga, heilbrigðisstéttirnar og læknana. Spurningin er aðeins um hvernig það var gert. Við þurfum svo sannarlega á góðum hjúkrunarfræðingum og læknum að halda. Ég sé ekkert eftir peningunum en spurningin er um aðferðina.

[20:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fjárlagafrv. fyrir árið 2000 fyrir til 2. umr. Bornar hafa verið á borð þingmanna þykkar bækur með brtt. við það frv. sem hér var kynnt við mikinn fögnuð á haustdögum og átti þá að leiða til 15 milljarða kr. afgangs á fjárlögum. Virðist nú nokkuð hafa gengið á þann afgang að öllu óbreyttu því að þær brtt. sem hér eru gerðar eru upp á 3,6 milljarða og þar með hefur saxast nokkuð á þann afgang sem menn voru svo brattir með í haust. Það virtist vera versta vandamál ríkisstjórnarinnar hvar ætti að koma þessu öllu fyrir með sem bestu móti því að gullforðinn leyfði ekki að allt yrði notað til að greiða niður skuldir ríkisins erlendis.

Seðlabankinn, sem hefur tekið að sér það hlutverk uppalandans að vera frekar leiðinlegur og setja upp svip þegar ríkisstjórnin fer með himinhvolfum vegna velgengninnar, taldi hins vegar að 15 milljarðar í tekjuafgang fælu ekki í sér nægilegt viðbótaraðhald. Seðlabankamenn hljóta nú að hvessa mjög augun á hæstv. ríkisstjórn þegar þessir meintu 15 milljarðar eru orðnir að 11,4.

Til þess að ekki þurfi að hrekja ríkisstjórnina til að auka skattheimtu nú mitt í góðærinu hlýtur að þurfa að fá nýja og bjartsýnni þjóðhagsspá og hver veit, kannski fæst hún.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður hv. þingmenn að sýna ræðumanni þá virðingu að hafa hljóð meðan hún talar.)

Stærsti hluti viðbótarinnar sem hér er lögð til fer til sjúkrahúsanna en ríkisstjórnin hefur nú loks mannað sig upp í að taka á vanda heilbrigðisstofnana, bæði í fjáraukalögum og fjárlögum. Það var löngu orðið tímabært. Mörg undanfarin ár hefur þessi vandi verið að búa um sig eins og tímasprengja í kerfinu. Það var með hann eins og nýju fötin keisarans í ævintýrinu forðum. Allir virtust sjá hann nema hæstv. ríkisstjórn sem ár eftir ár var að setja upp einhverja potta sem átti að nota til að tugta forstöðumenn heilbrigðisstofnana til að taka á sig ábyrgð á niðurskurði ef þeir ættu að eiga einhverja von um sporslur úr pottinum góða. Þannig vildi ríkisstjórnin firra sig ábyrgð á óvinsælum niðurskurði. Þetta átti að verða íslenska leiðin til að ná fram sparnaði í kerfinu. Nú hefur, með þeim brtt. sem fylgja með fjárlögum og fjáraukalögum í ár, verið viðurkennt opinberlega að sú leið var aldrei fær. Ef endurskipuleggja á kerfið þannig að til hagræðingar leiði þurfa þar að lútandi tillögur að koma frá ráðuneytinu sjálfu og vera á ábyrgð þess.

Því miður hefur ráðuneyti heilbrigðismála að maður tali nú ekki um fjmrn. ekki verið heilbrigðisstofnunum sá bakhjarl sem æskilegt hefði verið. Þaðan hafa engin fyrirmæli komið um aðhald í rekstri sem lið hefur verið í. Þetta er undirstrikað hér til að leggja áherslu á að hæstv. ráðherrar og ráðuneyti þeirra þurfa sannarlega að axla sinn hluta af ábyrgð á þeim vandamálum sem hrúgast hafa upp í þessum geira. Af umræðum undanfarið hefur mátt skilja að stjórnarþingmenn teldu vandann stafa frá forstöðumönnum stofnana.

Varað var sterklega við svokölluðum aðlögunarkjarasamningum á Alþingi á sínum tíma. Verstu grunsemdir efasemdarmanna þá virðast hafa komið á daginn. Þar ber fjmrn. að mínum dómi fulla ábyrgð.

Heilbrigðiskerfið hefur tútnað út á undanförnum árum og tekur nú orðið stóran hluta ríkisútgjalda eða rúmlega 40%. Auðvitað er brýnt að hagræða þar og ná niður kostnaði án þess að skerða þó eðlilega þjónustu við einstaklingana. Hins vegar er það skoðun minni hluta menntmn. að hærra hlutfalli þjóðartekna þyrfti að verja til menntamála ef tryggja á gæði

menntunar og tryggja eins og best verður á kosið jafnrétti til náms þó auðvitað þurfi þar eins og annars staðar að gæta hagræðingar í hvívetna.

Við fögnum því að undirritaður var á haustdögum samningur við Háskóla Íslands um að kennslukostnaður verði framvegis greiddur eftir reiknilíkani. Við vonumst til að það bæti úr þeirri neyðarlegu stöðu sem háskólinn var í árum saman þegar honum var ekki áætlað fé fyrir nauðþurftum af fjárlögum. Þó ber að hafa í huga að þarna voru framlög reiknuð eftir virkum nemendum, þ.e. þeim sem ljúka prófi í áföngum. Óvissuþátturinn er nokkuð stór því að alltaf heltast margir úr lestinni. Einnig liggur eftir að semja um frekari fjárveitingar til rannsókna en það þarf að gera veg skólans sem veglegastan til að gera hann samkeppnisfæran við sambærilegar erlendar menntastofnanir.

Mikið vantaði á að Háskólinn á Akureyri ætti fyrir brýnum verkefnum samkvæmt 1. útgáfu fjárlagafrv. en í brtt. sem lagðar hafa verið fram við 2. umr. er þar nokkuð bætt úr. Enn vantar þó 35 millj. upp á að fjárveitingar séu fullnægjandi samkvæmt útreikningum forsvarsmanna skólans. Þeir höfðu einnig beðið um 20,5 millj. til að koma á legg fjarnámi í hjúkrun og fyrir leikskólakennara sem mikil þörf er á og ráðuneytið sér sér nú við 2. umr. fært að koma til móts við þetta. En hjúkrunarnámið fær fjárveitingu af liðnum Símenntun og fjarvinnslukerfi nr. 451 sem er einn af þeim fjölmörgu óskiptu liðum sem menntmrh. úthlutar. Ég mundi kjósa að dregið yrði úr slíku og fjárveitingavaldið mundi klára þessi mál við afgreiðslu fjárlaga. Þannig á það að vera samkvæmt lögum.

Það er miður að Kennaraháskóli Íslands hefur lagt fyrir fjárln. vel rökstudda beiðni um 32 millj. kr. hækkun á rekstrarfjárveitingu auk þess sem hann fer fram á 15 millj. aukafjárveitingu vegna endurbóta á húsnæði skólans á Laugarvatni. Ekki hefur hv. fjárln. séð sér fært að leysa bráðan vanda stærstu kennaramenntunarstofnunar landsins nú milli umræðna þó viðvarandi og vaxandi kennaraskortur sé vaxandi vandamál í íslenska skólakerfinu. Þó er lagt til að 20 millj. kr. af liðnum Símenntun renni til aukinnar fjarkennslu á vegum Kennaraháskóla Íslands en hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir á Alþingi að slíkt nám muni best reynast til að leysa kennaravandann. Hefur hingað til reynst mögulegt að taka við í fjarnám innan við þriðjung þeirra sem sóst hafa eftir að stunda slíkt nám á undanförnum árum.

Þessari breytingu sem gerð var á frv. milli umræðna vil ég fagna sérstaklega. Eftir fund sem hv. menntmn. átti með forsvarsmönnum Viðskiptaháskólans liggur fyrir að mikið vantar upp á að sú stofnun hafi hingað til fengið þær fjárveitingar sem þarf til að skólinn geti staðið undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. Gengur hægt að semja um framtíðarfyrirkomulag á greiðslum úr ríkissjóði til skólans.

Tækniskóli Íslands má sæta því nú þegar stefnt er að því að gera verklegan þátt mennta hvað mestan að þar eigi að skera niður framlög til nemenda á milli ára svo nemur háum fjárhæðum. Fjárln. hefur því miður ekki séð sér fært milli umræðna að koma koma til móts við fjárþörf þessarar merku stofnunar nema hvað varðar 16 millj. í búnað og viðhald sem er engan veginn fullnægjandi. Það er brýn nauðsyn að skólinn fái þann tækjakost sem hann þarfnast og honum er samboðinn og í öðru lagi það fé sem hann þarf til að geta gegnt lögboðnu hlutverki sínu en ætla honum ekki lækkun framlags á hvern nemanda, einum skóla á háskólastigi sem fá framlög á fjárlögum. Það er alvarleg áminning til forsvarsmanna þjóðarinnar að þetta flaggskip tækniþekkingar í landinu sjái sér þann kost vænstan að taka ekki við nýnemum árið 2000.

Það fé sem samkvæmt frv. er ætlað til Listaháskólans kemur ekki til með að duga stofnun á háskólastigi. Skólinn er nú á þróunarskeiði og vinnur út í reikning að því er mér skilst. Hann er einn af þeim skólum sem er sjálfsagt ætlað fé úr lið 299 Viðfangsefni 1.90 sem á að hækka um 128 millj. kr. óskipt og er ætlað í þá skóla sem ekki hafa lokið samningum. Sannarlega væri æskilegt að þau mál hefðu verið lengra komin við afgreiðslu fjárlaga. Það er fjárln. sem á að fara með fjárveitingavaldið, ekki framkvæmdarvaldið en mjög virðist sótt eftir því að það hafi meiri völd hvað þetta varðar.

Varðandi framhaldsskólana vil ég þakka sérstaklega að áætlað er að taka upp þriðja árið fyrir sérkennslunemendur á framhaldsskólastigi en það hefur verið baráttumál mitt í mörg ár að boðið yrði upp á aukinn stuðning við þessa hópa og aukna kennslu. Hér er aukið fjármagn til þessa verkefnis miðað við það sem áætlað var í fjárlagafrv. við 1. umr. Auk þess er gert ráð fyrir framlagi til kennslu skjólstæðinga Barnaverndarstofu á aldrinum 16–18 ára að upphæð 10 millj. Barnaverndarstofa mun annast kennslu þessara nemenda. Þessi atriði eru til bóta.

Fjárhagsstaða ýmissa framhaldsskóla hefur batnað síðan farið var að nota reiknilíkanið en í ljós hafa komið nokkrir vankantar á þeirri reglu. Í líkaninu er reiknað með virkum nemendum. Ef skólar taka við mörgum nemendum með lélegan grunn og brottfall verður þar af leiðandi mikið koma þeir mjög illa út. Brýnt er að ráða bót á þessu.

Menntastofnanir eiga því miður líka við uppsafnaðan vanda að etja sem virðist því miður ekki vera tekið á nema að hluta í þeim fjáraukalögum sem við erum að afgreiða á Alþingi þessa dagana. Þó verður að segja að meðal gleðilegra breytinga sem orðið hafa á frv. milli umræðna og ástæða er til að fagna sérstaklega er að framlög til jöfnunar á námskostnaði hafa verið aukin milli umræðna en um það höfðu verið gefin fyrirheit í tillögu til byggðaáætlunar sem samþykkt var á síðasta þingi. Þetta er brýnt hagsmunamál þeirra sem búa í dreifbýli og þurfa að senda unglingana sína burt í framhaldsnám með ærnum tilkostnaði. Þeir sitja engan veginn við sama borð og aðrir hvað aðstöðu til framhaldsnáms snertir.

Ekki eru gefin nein fyrirheit í fyrirliggjandi fjárlögum um að upphæð grunnlána úr LÍN verði endurskoðuð að undangenginni könnun á framfærslukostnaði námsmanna sem lög mæla fyrir um. Námsmenn telja sig eiga erfitt með að ná endum saman nú í góðærinu enda hafa námslán alls ekki hækkað í takt við tilkostnað. Rétt er að minna á að þarna er um lán að ræða, ekki styrki, lán sem öll verða greidd með vöxtum og verðbótum. Miklar hömlur eru á hve lengi hver einstaklingur getur notið þessara lána og endurgreiðslukrafan er tiltölulega hörð. Væri óskandi ef ráðamenn sæju sér fært að ganga til þessa verks sem fyrst.

Mestur áfellisdómur yfir þeirri stjórnarstefnu sem hér liggur fyrir í þessu frv. til fjárlaga er skýrsla sem á dögunum var lögð fram af Félagsvísindastofnun Háskólans. Hún staðfestir það sem áður hefur þó verið haldið fram af okkur ýmsum alþingismönnum. Þeir öryrkjar og ellilífeyrisþegar sem hafa lítið eða ekkert til að styðjast við annað en bætur frá því opinbera búa við meiri og illvígari fátækt en þekkist í þeim löndum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við.

Sjúkradagpeningar sem eru greiddir hér á landi eru einnig fyrir neðan allt velsæmi. Íslenska leiðin hefur skýrslan verið kölluð af höfundum sínum. Þær alvarlegu upplýsingar um stöðu þeirra sem verst standa á meðal okkar og skýrslan bregður ljósi á hafa gert það að verkum að skýrslan er kölluð Íslenska leiðin.

Því miður hafa stjórnvöld á Íslandi meiri áhuga á að bæta líf og uppeldi hesta á Íslandi en að bæta kjör þessa fólks. Til þess að bæta úr því hafa nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar lagt fram brtt. við frv. til fjárlaga um hækkun lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Mun Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gera nánari grein fyrir þeirri tillögu sem hún er 1. flm. að hér á eftir.

E.t.v. væri það veglegasta sem við gætum gert á Íslandi í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitökunnar á Íslandi og ég tala nú ekki um landafundina að sleppa öllum veisluhöldum en láta þá fjármuni sem þannig sparast renna til að bæta hag þeirra sem minnst hafa fyrir sig að leggja. Það mundi a.m.k. sýna að til einhvers hefðum við tekið kristna trú. Auk þess vil ég vekja athygli á tillögu sem Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram um að 0,5% verði tekin af öllum fjárlagaliðum ráðuneyta og látið renna til þessa verkefnis. Mér finnst sú tillaga athyglisverð og fleira mætti finna í þessum ágætu frumvörpum sem mætti missa sín án þess að það yrði héraðsbrestur. Jafnvel þó skrautreið landsliðs hestamanna yrði ekki alveg eins dönnuð fyrir bragðið. Íslenska leiðin er það þjóðarmein sem við verðum að snúa okkur að því að leysa og vera snögg að því.

[20:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér veitti hv. þm. heilmikla ádrepu fyrir að fé skorti til skóla, til Lánasjóðs námsmanna, til lífeyristrygginga, til sjúkratrygginga og margt fleira. Að vísu fór hún líka viðurkenningarorðum um nokkra hækkunarliði sem eru einnig runnir undan rifjum fjárln. Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort hún hafi lesið nefndarálit frá minni hluta fjárln. Í því nefndaráliti er heilmikil ádrepa um að þeir sem beri ábyrgð á þessu fjárlagafrv. séu að skemma efnahagslífið með ofþenslu sinni og ofnotkun á peningum, þeir séu að valda miklum útgjöldum ríkisins sem sé mjög ámælisvert.

Mig langaði til að vita hvort hv. þm. er sammála minni hluta fjárln. eða hvort þetta eru margir ólíkir hópar. Ég vildi þá vita í hverju það er fólgið.

[20:54]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var að sönnu nokkuð ófriðlegt í salnum þegar ég flutti ræðu mína og e.t.v. hefur hv. þm. Einar Oddur ekki heyrt hana nógu vel. Ég tók einmitt sérstaklega undir það sem stendur um sparnað í ríkisútgjöldum í tillögum minni hlutans. Í öllum þeim tillögum sem ég tel horfa til útgjaldaaukningar geri ég ráð fyrir tekjum á móti.

Ég vil benda á að með því að spara 20% í risnu og ferðalögum hjá ríkinu er hægt að fá 400 millj. til góðra verka. Hvers vegna ekki að gera það? Það er ýmislegt annað sem hægt er að skera niður. Það er mörg matarholan, eins og kerlingin sagði.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir á að það ber að ávarpa þingmenn með fullu nafni, í þessu tilfelli Einar Oddur Kristjánsson.)

[20:55]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í minnihlutaáliti sem liggur fyrir er verið að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir ofþenslu í ríkisútgjöldum. (**ÖS:** Ertu ósammála því?) Ég kem að því í ræðu minni hér á eftir. Það hefur enginn sagt neitt um það. Það er ekki frágengið mál hvort tekjuafgangur muni minnka nokkuð frá 1. umr. eða ekki. Við munum ræða það við 3. umr. (Gripið fram í.) Það eru ýmsar aðferðir til þess að auka tekjur ríkisins. (Gripið fram í.) Það veit ég mjög vel (**Gripið fram í:** Við 3. umr.?) en kannski flytja menn líka tillögur um það. Áhugamenn um skatta hafa verið innan dyra fyrr.

Ég spyr aftur: Er hv. þm. sammála minnihlutaáliti stjórnarandstöðunnar sem hér liggur fyrir sem átelur aukningu ríkisútgjalda og þenslu ríkisins? Er hann með því eða er hann á móti því? Eða er stjórnarandstaðan á sama tíma sammála um að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það að eitthvað sé of lítið um leið og það er of mikið? Ég skil þetta þannig. Í allan dag hafa menn rætt um að verið sé að veita allt of mikla hækkun, sérstaklega í heilbrigðiskerfið. Ég veit ekki annað en margir stjórnarandstæðingar hafi í gegnum árin hafi verið að kvarta yfir því að einmitt þessi málaflokkur hafi ekki nógu mikla peninga.

Hvort er hv. þm. sammála minnihlutaálitinu eða ósammála því?

[20:56]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það virðist hafa verið enn ófriðlegra í þingsalnum en ég hélt. Ég er hef margsagt að ég er sammála margnefndu minnihlutaáliti um að fara eigi varlega í ríkisútgjöldum og reyna að halda þeim sparnaði og þeim tekjuafgangi sem áætlaður var við 1. umr. fjárlaga sem var 15 milljarðar en hefur nú saxast mjög á. Ég var einmitt að vorkenna hv. stjórnarþingmönnum í fjárln. að þurfa að horfast í augu við hina ströngu lærifeður sína úr Seðlabankanum og fá að heyra hversu mjög hefði hallast á ógæfuhliðina við 2. umr. fjárlaga. En ég veit að sönnu að 3. umr. fjárlaga er eftir. Ég er nefnilega ekki í fyrsta sinn í fjárln. Þá er venjulega hægt að teygja svolítið á þjóðhagsspánni og breyta þessu hér og þar þannig að þegar upp verður staðið komi hagstæðar niðurstöður út úr þessu. Ég reikna með að svo verði líka núna.

[20:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér voru afar áhugaverð orðaskipti áðan. Ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann komst þannig að orði að til væru ýmsar aðferðir til að auka tekjur ríkissjóðs og það eina sem vantaði var að bæta við: við 3. umr. fjárlaga. Það eru alkunnar aðferðir að mæta þá allt í einu með nýuppgötvaðar þjóðhagsforsendur sem skrúfa upp tekjurnar eins og þarf til að þetta liti vel út. Það hét hérna fyrr á öldinni að ljúga saman fjárlögunum við 3. umr. Þá hagræddu menn tekjuforsendum eftir þörfum og bættu í hér og teygðu á þar (**EOK:** ... í fyrra.) og þá kom þetta saman. Nú hefur að vísu ekki þurft að ljúga þeim saman upp í núllið eins og stundum var. Nú hafa menn verið að baksast við að sýna afgang og loksins rættist það að einhver afgangur varð. Hann var að vísu að mestu leyti til kominn með því að ganga á eigur þjóðarinnar, þ.e. ríkisins. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson veit að það er skammgóður vermir að selja frá sér eigur sínar. (**EOK:**

Tekjurnar jukust meira en ...) Það gerir maður ekki nema einu sinni.

Herra forseti. Það er mikill bjartsýnismaður, forseti þingsins, verð ég að segja. Ég hló með sjálfum mér þegar ég sá dagskrá fundarins í morgun og sá að liður nr. 2 á álnarlangri dagskrá var 2. umr. fjárlaga. Síðan komu ein 20 frumvörp í viðbót sem er þá væntanlega til marks um það að forseti hefur ekki talið það fullt dagsverk þegar hann setti upp dagskrána að ræða fjárlögin. Mér sýnist að eitthvað þurfi að hyggja að því að endurskoða þetta því að enn lifir nokkuð af umræðunni og klukkna orðin 9 enda hefur það reynst alveg þokkalegt dagsverk að komast í gegnum 2. umr. fjárlaga. Ég hygg að við látum kannski þar staðar numið þegar þetta verður rætt og ekki meira um það, herra forseti.

Herra forseti. Frá því er sagt í merkilegri bók að merkilegan mann, sem ég kann nú ekki að nafngreina en var leiðtogi síns ríkis, dreymdi fyrir eitthvað um 2.500–3.000 árum síðan merkilegan draum. Í draumnum komu fyrir sjö kýr. Síðan var fenginn annar merkilegur maður til að ráða drauminn og úr því kom þetta: Það mundu ganga sjö feit ár og síðan sjö mögur ár yfir landið. Af fyrirhyggjusemi gerðu menn ráðstafanir í því sambandi. Ég hef hugsað um það hvort þetta kunni að ganga eftir hér uppi á ísaköldu landi þúsundum árum síðar, að það verði kannski sjö feit ár en vonandi þó færri mögur.

Þannig háttar til að nú er fram undan sjöunda árið í uppsveiflunni í landinu ef við miðum hana og mælum við þau tímamót er hæstv. forsrh. þáv. og núv., Davíð Oddsson, setti upp sólgleraugun, þegar skyndilega birti til um mitt sumar 1994 og forsrh. boðaði þjóðinni góðæri. Sumir settu það að vísu í samband við væntanlegar alþingiskosningar að vori en hitt er reyndar staðreynd að um það leyti, á árabilinu 1993–1995, fór hagsveiflan upp á við og við tókum að vinna okkur upp úr öldudalnum. (Gripið fram í.) Þá var Framsfl. ekki kominn í ríkisstjórn, hv. þm., og ég held að Framsfl. hafi haft ósköp lítið með það að gera að í garð gengu góð ár í sjávarútveginum. Mikil verðmæti bættust við í greininni vegna veiða á fjarlægum miðum. Góðar vertíðir í uppsjávarfiskum komu til sögunnar o.s.frv. Eins og ég er býsna iðinn við að minna á þá var það eins og venjulega og hefur alltaf verið og verður sjálfsagt lengi enn, íslenski sjávarútvegurinn sem dreif þjóðina upp úr öldudalnum. Það var að sjálfsögðu sú verðmætauppspretta sem kom hjólunum af stað en síðan hefur margt fleira bæst við og hjálpað til.

Því er ég að ræða um þetta, herra forseti? Ekki langar mig til að vera að spá fram undan hallæri og harðindum og svo sannarlega vona ég að ekki gangi eftir gömul egypsk speki, að hér fylgi sjö mögur ár öðrum jafnmörgum feitum. Einhvern veginn er það þó þannig að ég hef býsna sterklega haft það á tilfinningunni, um svona hálfs til eins árs skeið, að nú væri vissara að fara að vara sig. Nú væru ýmis teikn á lofti um að við værum að komast á gamalkunnugan stað í þessu sveifluferli, þessari hringrás. Ég held að það sé því miður þannig að ýmis hættumerki séu við sjóndeildarhring. Sum þeirra eru í þessu frv. sem við erum að ræða um, önnur liggja annars staðar.

Það er t.d. ljóst að við erum að glíma við hefðbundin vandamál, mörg og gamalkunn, sem fylgja langvarandi uppsveiflu í efnahagslífinu og þenslu í þjóðarbúskapnum. Það er augljóst mál. Að sumu leyti sjáum við að við höfum verið að plata okkur sjálf að undanförnu. Það er t.d. enginn vafi á því að kosningarnar á sl. vori höfðu áhrif á það hvernig menn gengu frá málum um síðustu áramót í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár. Þar var gengið langt í að reyna að láta líta út eins og allt væri slétt og fellt. Síðan hefur ýmislegt komið á daginn. Stjórnarsinnar verða að viðurkenna að varnaðarorð stjórnarandstæðinga um stórfellda vanáætlun á útgjöldum í heilbrigðiskerfinu hafa gengið eftir. Það þýðir ekki annað en horfast í augu við það.

Ég held líka, herra forseti, að burt séð frá pólitískum meiningum manna um hvað sé hóflegt stig skattlagningar í landinu eigi að vera hægt að viðurkenna að skattalækkanirnar á undangengnum tveimur, þremur árum voru mistök. Þær eru mjög óheppilegar í ljósi efnahagsþróunarinnar sl. eitt, tvö ár. Það blasir við okkur núna. Það hefði verið betra að hafa þessa fjármuni í ríkissjóði, hafa stöðu hans betri.

Alvarlegasta hættumerkið, herra forseti, fyrir þjóðarbúið til lengri tíma litið er þó auðvitað viðskiptahallinn. Við vorum að fá alvarlegar áminningar um hann enn einu sinni og hefur það svo sem ekki þurft. Þeir sem fylgjast með hagtölum mánaðarins sjá hvernig okkur miðar, hvort okkur miðar í rétta átt eða öfuga frá mánuði til mánaðar. Að frádregnum eðlilegum sveiflum sem stundum verða þá er ljóst að væntingar manna um að eitthvað mundi slá á viðskiptahallann hafa runnið út í sandinn núna á síðari hluta þessa árs. Það kann vel að fara svo að þetta ár reynist enn verra hinu síðasta hvað viðskiptahallann snertir og hann fari í eina 35 milljarða kr. eða rúmlega það. Það er auðvitað mikið hættumerki, herra forseti.

Ég tel óhjákvæmilegt að viðurkenna að ýmis mistök hafi orðið í hagstjórninni. Margt hefur að vísu gengið okkur í haginn og ytri skilyrðin hafa verið hagstæð um sumt. Mönnum hefur að sumu leyti heppnast að snúa og þróa málin í rétta átt sem auðvitað er jákvætt. Að það stefni í afgang ríkissjóðs er jákvætt að sjálfsögðu, að lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs sé nú jákvæður ár eftir ár og að við séum að borga niður skuldir. Fleira mætti þar telja en annað hefur ekki gengið jafn vel.

Það sem ég tel alvarlegast er að ég tel að góðærinu, að svo miklu leyti sem samkomulag gat tekist um ráðstöfun þess, hafi ekki verið rétt ráðstafað. Ég held ekki. Góðærinu átti ekki að ráðstafa í skattalækkanir við þessar aðstæður. Það átti ekki að gera það. Þetta eru flatar almennar skattalækkanir, t.d. í tekjuskatti sem hafa komið hátekjufólki best, barnlausu hátekjufólki, hópi sem hefur aukið kaupmátt sinn meira en nokkur annar í þjóðfélaginu. Það er staðreynd og liggur óhrekjandi fyrir, m.a. úr launakönnun kjararannsóknarnefndar og víðar.

Þeim fjármunum hefði verið betur varið til þess að rétta á nýjan leik stöðu þeirra sem hallað hefur á að undanförnu. Þeim hefði verið betur varið til að hækka grunnlífeyri örorkubóta og ellilífeyris. Þeim hefði verið betur varið til að hækka tekjutrygginguna, draga úr tekjutengingu t.d. örorkubóta við laun maka og hækka skattleysismörkin og/eða, sem þó hefði verið betra, að gera aðrar breytingar á skattkerfinu t.d. með nýju þrepi sem hefði létt skattbyrðina á lágtekjufólki og miðlungstekjufólki, sérstaklega barnafólki. Þetta hefur ekki verið gert. Með slíkum ráðstöfunum hefðu menn notað góðærið eða ávinning þess, a.m.k. að hluta til, til að styrkja á nýjan leik innviði velferðarkerfisins á Íslandi. Það hafa menn ekki gert. Þvert á móti hefur launa- og aðstöðumunurinn haldið áfram að aukast í góðærinu og það hefur dregið enn meira og hraðar í sundur heldur en áður var.

Annað sem menn hafa talað um að þörf væri á að gera á Íslandi og flestir verið sammála um, a.m.k. í orði kveðnu,

að við þyrftum að gera sjálfra okkar vegna hefur ekki verið gert. Það hefur t.d. ekki verið lagt það aukna fjármagn í rannsóknar- og þróunarstarf og í umbætur í menntakerfi landsins sem flestir segja þó, a.m.k. á tyllidögum, að væri einhver allra besta fjárfesting okkar til framtíðar. Okkur hefur miðað allt of lítið í þeim efnum. Framlög til rannsóknar- og þróunarstarfsemi á Íslandi eru enn sorglega lág og langt á eftir því sem gerist hjá þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Ég vil helst ekki nefna þau lönd sem við tilheyrum í þessum flokki. Það á auðvitað ekki að fara hér í nafngreiningar en í þeim löndum eru lífskjör og aðstæður slíkar að dags daglega berum við okkur ekki saman við þau. Þar stöndum við, sitjum eða kannski liggjum ætti að segja, varðandi framlög til rannsókna og þróunarstarfs, til vísinda.

Heilbrigðiskerfið fær vissulega aukna fjármuni og menn hafa neyðst til að horfast þar í augu við stóraukna fjárþörf. Ég hef ekki að öllu leyti verið sammála þeirri umræðu sem orðið hefur um það í dag, að það sé eitthvað nýtilkomið eða óvænt í þessari umræðu að þörf sé á stórauknu fé inn í heilbrigðiskerfið. Síðan hvenær urðu það fréttir þeim sem fylgst hafa eitthvað með þróun þessara mála núna sl. þrjú, fjögur, fimm ár? Það hefur lengi legið fyrir að þar væri stóraukin þörf. Það hefur lengi legið fyrir að þetta kerfi hefur verið svelt mörg undanfarin ár. Sveltið gat auðvitað ekki haldið áfram endalaust. Það hafa menn vitað. Menn hafa verið sveltir í mannahaldi, tækjakaupafé og einfaldlega fjárveitingum til að mæta þróun í þessari grein sem kallar á aukna fjármuni ef menn ætla að njóta góðs af þeim framförum sem þar eru að verða. Það er auðvitað spurning hvort menn eru tilbúnir til að afsala sér þeim. En þegar ný lyf, ný tæki og nýjar aðferðir gera mögulegt að leysa vandamál í heilbrigðiskerfinu sem áður voru kannski illleysanleg eða óviðráðanleg, þá standa menn frammi fyrir því hvort þeir vilja eða geta nýtt sér möguleikana sem í framförunum eru fólgnar. Það mun kosta fjármuni hér eins og annars staðar þar sem menn standa frammi fyrir því að nútímalæknisþjónusta og heilbrigðisþjónusta er útgjaldafrek starfsemi. Sú starfsemi hefur tekið til sín, eiginlega alls staðar á byggðu bóli þar sem slík þróun hefur verið, vaxandi skerf af þjóðartekjunum.

Svo bætast fleiri hlutir við sem gera það að verkum að algerlega var sjálfgefið að hér rynnu verulega auknir fjármunir til heilbrigðismála. Þar ber náttúrlega fyrst að nefna kjarasamningana sem ríkisstjórnin sjálf ber auðvitað fulla ábyrgð á og þá ekki síst hæstv. fjmrh. Af einhverjum furðulegum ástæðum hefur hann ekki sést við umræðuna. Það hefur réttilega verið bent á að hann er sérkennilega til hlés í þessu máli, sá hæstv. ráðherra sem fer með ábyrgð á samningagerð fyrir ríkið.

Ég ætla ekki að gerast sá sem stendur hér og hrópa eins og himinn og jörð séu að farast út af þeim kjarasamningum sem voru gerðir eða sakfella þá menn sem fyrir því stóðu. Auðvitað þurfti að leysa þau mál. Þar voru uppi erfiðar aðstæður og kröfur um verulegar launaleiðréttingar, enda að ýmsu leyti tilefni til. Þar voru miklar væntingar um bætt kjör og við manneklu og fólksflótta að stríða, m.a. og ekki síst þegar í hlut á sérhæfðasta fólkið sem hvað mest verðmæti liggja í og nauðsynlegt er að halda í landinu til að halda uppi háþróaðri heilbrigðisþjónustu.

Það sem ég hins vegar, herra forseti, tel gagnrýniverðast í þessu eru vinnubrögðin. Ég tel þau mjög ámælisverð. Ég held að þau séu framhald af aðferðafræði og framgöngu stjórnvalda sem hafi gefist illa undanfarin 3–5 ár og jafnvel lengur.

Hér var rifjuð upp stórstyrjöld fyrrv. hæstv. heilbrrh., Sighvats Björgvinssonar, við heilbrigðisstéttirnar. Það var nokkuð til því sem sögumaður sagði, að hæstv. þáv. heilbrrh. hafi reynt að skera upp herör gegn því sem kallað var alger sjálftaka sérfræðinga, lyfsala og annarra slíkra í kerfinu. Þar var vissulega þörf á að halda aftur af útgjaldaaukningu. Ég held að vísu að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þáv. hæstv. heilbrrh., hafi ekki að öllu leyti valið sér skynsamlegar aðferðir í þeirri glímu og hafi náð minni árangri en ella vegna þess.

Síðan hafa tekið við aðrir tímar í heilbrigðismálunum og það er fróðlegt í ljósi þeirra staðreynda sem við mönnum blasa að rifja upp æfingarnar undanfarin ár í fjárveitingum til heilbrigðismála og alveg sérstaklega til stærstu og sérhæfðustu stofnananna. Eru menn búnir að gleyma áflogunum í fyrra og hittiðfyrra og jafnvel árið þar áður þegar menn neituðu að horfast í augu við raunveruleikann og þörfina fyrir fjárveitingar til stærstu stofnananna? Menn reyndu að þjarma að þeim með því að skammta þeim minna en þurfti til þess rekstrarumfangs sem í gangi var. Svo voru búnir til pottar til að halda utan um málið og hafa tak á þessum stofnunum. Þar áttu menn síðan að mæta, sækja um, berjast og bítast um sína hlutdeild í þessum pottum. Þessa pottagaldra vorum við að ræða við fjárlagagerðina í fyrra og hittiðfyrra og árið þar áður. Ég varaði við þessu og sagði að út úr þessu mundi ekkert gott koma. Ég taldi að þetta mundi þvert á móti leiða til ófarnaðar. Þetta er ekki rétta aðferðin til að útdeila raunhæfum fjárveitingum, þeim fjárveitingum sem þörf er á fyrir rekstrarumfangið sem heimildir stjórnvalda leyfa að haldið sé úti og láta menn síðan bera ábyrgð á þeim rekstri. Þetta er öfug aðferð.

Afleiðing þessa er að stjórnendur þessara stofnana hafa sagt: Það er ekki hægt að gera þetta svona. Við getum ekki rekið stofnanirnar vegna þess að við fengum minna fé en þarf til þess að halda þeim úti. Þá hverfur sú ábyrgðartilfinning sem annars er hjá þeim stjórnendum sem fá raunhæfar fjárveitingar til starfsemi sinnar. Þeir bera ábyrgðina á að klára málin sjálfir. Að mínu mati var þarna valin kolvitlaus leið.

Þar fyrir utan, herra forseti, fæ ég ekki betur séð en að í mörgum tilvikum hafi þetta leitt til þess að stofnunum hafi verið mismunað. Þetta hefur líka leitt til þess sem jafnvel er enn að gerast t.d. í afgreiðslu fjáraukalagafrv. núna, að mönnum sé refsað fyrir að sýna ábyrgð og halda sig innan ramma fjárlaga. Því miður virðist mér það enn vera að gerast. Það er mjög alvarlegur boðskapur til þeirra sem gripið hafa til sársaukafullra aðgerða hjá sér. Þeir halda jafnvel aftur af umsömdu framgangskerfi einstakra hópa til að halda útgjöldunum niðri en sjá svo að aðrir gera það ekki en fá það að fullu bætt þegar fjáraukalagafrv. eru til afgreiðslu.

Það eru vinnubrögðin, herra forseti, sem ég held að séu aðalskekkjuvaldurinn. Að hluta til eru það vinnubrögð meiri hluta Alþingis sem ekki hefur lagt skynsamlegan grunn að fjárveitingu til stofnananna undanfarin ár og síðan vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar, fjmrn. og heilbrrn. Hvernig ábyrgðinni er deilt þar á milli skiptir ekki miklu máli að mínu mati. Þær æfingar sem hér hafa verið gerðar í dag um að vega ábyrgðina á milli fjmrh. og heilbrrh., ég gef lítið fyrir þær. Ég hélt að þetta væru ráðherrar í sömu ríkisstjórn eða hvað, herra forseti? Er það ekki? Eru þetta ekki ráðherrar í sömu ríkisstjórn Íslands, bæði heilbrrh. og fjmrh.? Ég gef ekki

mikið fyrir það þó að annar sé í Framsfl. og hinn í Sjálfstfl. Þetta eru ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og sameiginlega bera þeir ábyrgð á þessum málum, líka forsrh. og líka utanrrh. þó að hann sé mikið í útlöndum.

Auðvitað ber meiri hluti Alþingis, sem staðið hefur að þessum málum undanfarin ár eins og raun ber vitni, einnig verulega ábyrgð. Það kann vel að vera að þeir sem þekkja til aðferðanna finni í vinnubrögðum og hlutskipti fjárln. einhverja afsökun í því að þetta komi allt saman meira og minna tilbúið og matreitt utan úr bæ. Í sjálfu sér er það þó ekki nóg til að leysa menn undan þeirri ábyrgð sem þeir bera með atkvæði sínu á þinginu. Ég held að þetta hafi ekki, herra forseti, gefið mjög góða raun.

Vonandi er sá grunnur sem verið er að leggja undir fjárlög ársins 2000, með þeirri aukningu til heilbrigðismála sem þar er á ferðinni, raunhæfari undirstaða fyrir starfsemina á komandi ári en hingað til hefur verið, sl. þrjú, fjögur ár. Grunnurinn hefur ekki verið raunhæfur. Það er ískaldur veruleikinn. Menn hafa neyðst til að koma með skottið á milli fótanna og lagfæra það sem allir sáu að var ekki í lagi við afgreiðslu fjárlaga undanfarin ár, með fjáraukalögum og auka fjáraukalögum ár eftir ár. Þannig er það enn enda var hér fyrir nkkrum dögum lagt fram fjáraukalagafrv., býsna bólgið ef ég man rétt, einnig í heilbrigðisgeiranum.

Herra forseti. Ég ætla að hafa nokkur orð um byggðamálin sem hv. þm. og formaður fjárln. og framsögumaður gerði að umtalsefni og hefur af skiljanlegum ástæðum reynt að halda inni í umræðunni í viðtölum við fjölmiðla. Þar hefur komið fram að ríkisstjórnin væri sérstaklega að taka á þeim málum. Ósköp finnst mér það nú margurt, herra forseti, sem í raun er hægt að tína til í þeim efnum. Það verður tæplega talið til stórátaka sem þar er á ferðinni. Óskaplega stingur þá í augun aumingjadómur eins og sá að nota tækifærið í góðærinu og skera niður t.d. lið eins og þann að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum landsins. Ég veit ekki annað en það standi að mestu leyti óbætt í fjárlagafrv. Kannski á að lappa eitthvað upp á það við 3. umr. en það væri fróðlegt að fá fréttir af því.

Ég verð líka að segja, herra forseti, að mér finnast þetta enn vera óskaplega veikburða tillögur og hálfkák hjá mönnum í þessum efnum. Vissulega er það í áttina ef þingmenn manna sig loks í það við afgreiðslu frv. við 2. eða 3. umr. að setja inn efndir á loforðum og samkomulagi flokkanna frá því í fyrravor um ákveðnar stuðningsaðgerðir í tengslum við afgreiðslu kosningalagafrv. Í ljósi þess hvernig hlutirnir blasa við núna þá finnst mér það nánast smámunir. Mér finnst að menn ættu að ræða aðgerðir af þeirri stærðargráðu að það væri sögulegt til að ráðast gegn þessum svakalega vanda sem menn standa þarna frammi fyrir. Ég hefði viljað sjá einhverjar tilraunir til þess að skapa þverpólitíska samstöðu um stórátak í þeim efnum. Þá værum við að tala um, að svo miklu leyti sem þetta snýst þá um fjármuni, margra milljarða átak til að snúa vörn í sókn og mun ekki af veita. Þá væru menn virkilega að reyna að taka á málum af krafti. Mér finnst þetta vera heldur káklegt, herra forseti. Það er verið að kákla í þessu hér og þar, lofa hlutum hingað og þangað sem erfiðlega gengur að fá efnda. Svo er deilt um hvort yfir höfuð hafi verið staðið við loforðin, t.d. milljarðinn margeftirlýsta sem átti að koma til atvinnusköpunar og formaður stjórnar Byggðastofnunar lýsir gjarnan eftir.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fyrst hér á haustdögum fram, herra forseti, þáltill. um viðamiklar aðgerðir í 12 liðum til að snúa þarna vörn í sókn. Þær taka að sjálfsögðu aðeins til vissra þátta þessa máls. Við teljum að umtalsverður fjárstuðningur frá stjórnvöldum gæti komið að gagni í mikilvægum málaflokkum, t.d. í samgöngumálum, í fjarskiptamálum og í eflingu framhaldsnáms á landsbyggðinni. Við erum tilbúin að standa að því að reiða þá fjármuni fram. Við erum líka tilbúin til að afla tekna á móti eftir því sem samstaða gæti orðið um slíkt. Ég held að maður þurfi ekki að vera feiminn við að kynna tillögur um umtalsverðar aðgerðir til að reyna að ná jafnvægi í búsetuþróun í landinu. Það er enginn vafi á því að það er leitun að betri fjárfestingu fyrir íslenskt þjóðarbú en að reyna að snúa þróuninni við. Það er alveg borðleggjandi að vart nokkur fjárfesting í landinu er líklegri til að verða jafnarðsöm og farsæl fyrir þjóðarbúið til framtíðar og að fjárfesta í, þó að það kosti mikla peninga, að snúa byggðaröskuninni við. Það er enginn vandi að reikna þá arðsemi út.

Ég ætla, herra forseti, kannski ekki að þreyta menn með tölum sem hafa oft komið fram áður, t.d. um þann milljarða herkostnað hér á höfuðborgarsvæðinu sem tekur við mesta straumnum, um fórnarkostnað þeirra svæða sem missa frá sér fólkið og síðast en ekki síst þann gífurlega kostnað sem hleðst á einstaklingana í þessu sambandi. Sá kostnaður hefur vaxið undanfarin missiri, m.a. vegna þess að mun dýrara hefur verið að koma sér hér fyrir vegna hækkandi húsnæðisverðs og leigu en var til skamms tíma vegna þensluástandsins hér á þessu svæði. Allt ber að sama brunni, herra forseti. Það er öruggt að þótt við settum í það t.d. 5 milljarða á ári í nokkur ár, að gera myndarlegt átak í þessum efnum og næðum þó ekki væri nema einhverjum takmörkuðum árangri, þá væri eiginlega alveg öruggt að sú fjárfesting mundi renta sig mjög vel. Það er alveg borðleggjandi, herra forseti, og mikið betri bisness en stóriðju- og virkjanastefnan sem er eins og kunnugt er einhver dýrasta aðferð í heimi til þess að skapa störf fyrir fólk og snúa við vörn í sókn í byggðamálum, hafi menn trú á því að sú aðferð virki yfir höfuð.

Ekki nema lítið brot af þeim fjármunum sem talað er um að íslenskir aðilar leggi í það dæmi sem nú er mest til umræðu, á nokkurra ára bili, mundi gera gæfumuninn. Ég held að þetta snúist um að aðgerðir stjórnvalda séu nógu trúverðugar, markvissar og miklar til þess að trúin á framtíð byggðarlaganna verði endurheimt. Það eru aðferðirnar sem menn þurfa að beita, þau meðul eiga að miðast við það takmark að bæta aðstæðurnar og breyta andrúmsloftinu þannig að trúin á framtíð byggðanna og landsbyggðarinnar endurheimtist. Um það snýst dæmið. Eftir það læknar meinið sig sjálft. Það held ég að reynslan sýni okkur einnig.

Þegar þau tímabil hafa komið í stjórnmálasögunni að vorað hefur í þessu tilliti á landsbyggðinni, þá hefur allt farið þar á fulla ferð. Þá hefur allt farið að gróa eins og gerðist á áttunda áratugnum. Þá var svo kraftmiklum og massífum aðgerðum hrint af stað að andrúmsloftið breyttist, þá voraði og menn tóku sjálfir til hendinni og þannig læknaðist meinið.

Herra forseti. Ég ætla að gera grein fyrir nokkrum af þeim brtt. sem við flytjum á nokkrum þingskjölum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég tek að mér að mæla fyrir sumum þeirra en félagar mínir mæla fyrir hinum. Ég ætla fyrst að gera grein fyrir þeirri tekjuöflun sem við leggjum til að fylgi þeim útgjöldum sem við tölum fyrir að bætt verði inn í fjárlagafrv. við 2. umr. Við höfum geymt nokkra liði til 3. umr. og munum eftir atvikum flytja brtt. við þar sem okkur sýnist ekki nægjanlega vel að verki staðið. Þar nefni ég sérstaklega lífeyristryggingarnar en í

leiðinni get ég skotið því að að við erum þar að mörgu leyti að tala um svipaða hluti og koma fram á brtt. hv. þingmanna Frjálslynda flokksins, á þskj. 348. Þar er einmitt lögð til umtalsverð lagfæring á þeim liðum, lífeyristryggingum og sjúkratryggingum. Við styðjum hins vegar ekki hugmyndir hv. þingmanna um að skera niður í vegamálum sem mér sýnast birtast þarna á sama þingskjali. Þvert á móti leggjum við til að auknir fjármunir verði veittir til úrbóta í samgöngumálum.

Í fyrsta lagi, herra forseti, er á þskj. 353 brtt. frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og er þar 1. flm. hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi þingflokksins í fjárln. 1. tölul. brtt. lýtur að tekjuhlið fjárlagafrv. Við leggjum þar til að þrír tekjustofnar ríkissjóðs verði nokkuð hækkaðir á næsta ári með hækkun þeirrar skattlagningar sem þar er á ferð og þar fer fyrst liðurinn 1.1.1.5 Sérstakur tekjuskattur. Það heitir á daglegu máli hátekjuskattur. Við leggjum til að hann verði hækkaður um nálægt 15% og skili 140 millj. kr. tekjum í viðbót í ríkissjóð. Að Skattur á fjármagnstekjur, liður 1.1.5.1, verði í öðru lagi hækkaður um svipað hundraðshlutfall og fari þá úr 2.800 millj. í 3.220, skili 420 millj. í viðbót í ríkissjóð og í þriðja lagi að liður 1.5.1.1 Tekjuskattur lögaðila, þ.e. tekjuskattur á hagnað fyrirtækja, verði sömuleiðis hækkaður um nálægt sama hundraðshluta, 15%, og fari þá úr 9.550 millj. í 11.000 millj. og skili 1.450 millj. kr. tekjuauka til ríkissjóðs. Samtals gerir þetta tekjuöflun, herra forseti, upp á 2.010 millj. kr. Það nægir ekki alveg til að standa straum af þeim útgjöldum sem við á hinn bóginn leggjum til og skakkar þar sennilega nálægt rétt um þriðjungi, þ.e. út af mundi standa um milljarður kr. sem kæmi fram í minni tekjuafgangi ríkissjóðs ef orðið yrði við öllum okkar brtt. Við teljum það í sjálfu sér ekki úrslitaatriði, enda kannski ekki nein sérstök vísindi á bak við það að hamingjan verði endilega nákvæmlega höndluð með tekjuafgangi upp á þessa tölu frekar en aðra en ljóst er að brtt. af þessum toga mundu í mjög litlu raska þeim áformum sem menn hafa sett sér og eru eitthvað á undanhaldi að vísu miðað við stöðuna í dag um tekjuafgang ríkissjóðs.

Á sama breytingartillöguskjali, herra forseti, er brtt. við liðinn 01-211 Þjóðhagsstofnun. Við leggjum til að Þjóðhagsstofnun verði eyrnamerktir lítils háttar fjármunir, ekki nein ósköp en ein millj. kr. þó til að hefja undirbúning að upptöku grænna þjóðhagsreikninga. (**Gripið fram í:** Vinstri grænna?) Það þarf ekki að hafa þá vinstri græna en það sakaði ekki, hv. þm., þó að þeir þjóðhagsreikningar væru alveg vinstri grænir en við mundum láta okkur nægja í bili að þeir væru grænir og það kemur til af því, herra forseti, að með öðrum þjóðum er undirbúningi víða langt komið og sums staðar er beinlínis farið að reikna þessa grænu þjóðhagsvísitölu út. Hún fylgir með hinni sem ekki tekur mið af umhverfisútgjöldum og kostnaði eins og hann er metinn af bestu manna yfirsýn og margir spá því að innan skamms tíma hverfi hinir gömlu þjóðhagsreikningar út úr myndinni og muni þykja forneskja innan 10–15 ára og eftir það detti engum mönnum í hug, a.m.k. í þeim löndum þar sem menn eru framsæknastir í þessum efnum, að sýna þjóðhagsreikninga, gera þjóðhagsspár, gera arðsemisútreikninga í atvinnulífinu eða þjóðlífinu almennt öðruvísi en þannig að þeir séu byggðir á þessum forsendum umhverfisins, að kostnaður sem því tengist sé rétt metinn eða reynt að meta hann og honum til haga haldið.

Reyndar skýt ég því að, herra forseti, að auðvitað getur Þjóðhagsstofnun og á að geta af eigin rammleik og/eða þess vegna ýmsar aðrar stofnanir unnið slíka vinnu án þess að það ætti að þurfa að leggja þeim sérstaklega til fé. En ég held að með slíku mundi Alþingi merkja sér það og senda þau skilaboð að beinlínis væri til þess ætlast að stofnunin sinnti slíku verkefni.

Í leiðinni hefði verið gaman að spyrja hæstv. fjmrh., ef hann hefði látið svo lítið að vera við umræðuna, hvað liði þeirri þáltill. sem mig minnir að hafi verið samþykkt eða í öllu falli vísað þá til ríkisstjórnar um að hafist skyldi handa um að undirbúa svonefnda kynslóðareikninga. Við fluttum um þetta tillögu, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, fyrir einum tveimur, þremur árum sem fékk afgreiðslu á þinginu og það var heldur vel í þetta tekið af páv. hæstv. fjmrh., sem nú er í annarri vinnu eins og kunnugt er, en síðan hef ég eiginlega ekkert af þessu máli heyrt. Ég hefði gaman af að vita hvort eitthvað hefur miðað í þessum efnum. Ég hef að vísu ekki, herra forseti, fínkembt svo greinargerð fjárlagafrv. að ég þori að sverja fyrir það að ekki gæti verið eitthvað um þetta fjallað þar. Það var a.m.k. í greinargerð fjárlagafrv. fyrir u.þ.b. tveimur árum komið inn á það að fjmrn. væri svolítið að líta á þetta, reyndar í samstarfi við Hagfræðistofnun háskólans og fleiri aðila sem allt var hið besta mál. En ég held, herra forseti, að einnig að þessu leyti, til viðbótar hinum grænu þjóðhagsreikningum, væri áhugavert að sjá undirbúning á þessu sviði hvað varðaði einnig þetta, að við færum að reyna að átta okkur á þessu með uppstillingu svonefndra kynslóðareikninga, hvernig við værum á vegi stödd og hvert stefndi með stærstu breyturnar í þjóðarbúskap okkar og ríkisútgjöldum næstu 10–25 árin. Menn hafa verið að ræða mikið um að æskilegt væri að komast í að gera rammafjárlög til nokkurra ára og rúlla þeim á undan fjárlagagerðinni hverju sinni og nátengt því er sá hugsunarháttur að fara að reyna að átta sig á því t.d. hvert útgjöld mikilvægustu eða þyngstu málaflokkanna eru að þróast, hvert stefna þau næstu árin, t.d. hvað varðar útgjöld til almannatryggingakerfisins, hvað varðar útgjöld vegna vaxandi fjölda aldraðra, breyttrar aldurssamsetningar og slíkra hluta. Þetta var nú um, herra forseti, græna þjóðhagsreikninga og kynslóðareikninga.

Herra forseti. Má maður spyrja hvar hæstv. fjmrh. er? Hefur hann ekkert verið við umræðuna og er það ekki lenska lengur að fjmrh. láti sjá sig þegar rædd eru fjárlög? (**Gripið fram í:** Honum kemur þetta ekkert við.) Kemur honum þetta ekki við eða hvað? Eigum við kannski að biðja um kirkjumrh. frekar.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti upplýsir að fjmrh. hefur verið í ráðuneyti sínu í dag og ég veit til þess að hann hefur fylgst með þessari umræðu en hins vegar er hann upptekinn í kvöld.)

Herra forseti. Það er ekki sá svipur á þessum hlutum sem ég hefði viljað hafa og verður hæstv. fjmrh. auðvitað að eiga það við sig, en það er allsérkennilegt að heyra hæstv. forseta upplýsa það úr forsetastóli að hæstv. fjmrh. hafi ekki svo mikið sem komið hér í hús í dag.

Ég minni þá næst, herra forseti, á brtt., tölul. 8, sem við flytjum á þskj. 353. Við leggjum til að horfið verði frá því að leggja fjármuni til upptöku Schengen-samningsins á Íslandi. Það er fróðlegt fyrir hv. þm., áhugamenn um það mál, að átta sig á því að leggja á, ef ég get lagt rétt saman, svo nemur skammt 400 þús. kr., frá 200 millj. í þetta fyrirtæki á næsta ári. Þetta á að kosta okkur 200 millj. mínus 400 þús. kr. Það nú er það. Það væri hægt að nota þá peninga í ýmislegt, þeir kæmu sér víða vel. (**Gripið fram í:** Í hestamennsku.)

Það væri hægt að reisa margar hestamiðstöðvar fyrir það. Það væri líka hægt að hækka t.d. um 199 millj. og 600 þús. framlög Íslendinga til þróunaraðstoðar. Það væri prýðileg ráðstöfun. Það væri smáreisn yfir því að við létum örlitla sneið af góðæriskökunni okkar renna í þá átt og bættum í það sem þó hefur aðeins verið að mjakast upp á við þar síðustu árin. Nei, staðreyndin er sú, herra forseti, að þó að menn séu að reyna að segja að þetta sé bara stofnkostnaður og svo verði þetta meira og minna ókeypis í framtíðinni, þá er ég a.m.k. sannfærður um að menn eru þarna að taka á sig miklu meiri útgjöld en þeir hafa gert sér grein fyrir og það til frambúðar. Þessi pinkill á eftir að síga í á komandi árum ef menn ætla að drösla þessum Schengen-samningi upp á hrygginn á sér. Ég held að menn ættu bara að láta það ógert, a.m.k. væri að mínu mati lágmark að fresta því um sinn að fullgilda samninginn eða semja um að fá lengri frest til að taka hann upp þannig að við gætum skoðað okkur aðeins um bekki í þessum efnum og velt því betur fyrir okkur í rólegheitum og af yfirvegun hvort þetta sé mjög skynsamleg ráðstöfun. Ég held að ekki liggi á að þjösnast áfram með þetta eins og hæstv. utanrrh. öllum öðrum mönnum fremur hefur verið að knýja á um að undanförnu.

Þá geri ég næst, herra forseti, að umtalsefni 11. tölul. brtt., þ.e. fjárveitingar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þar er aldeilis ekki góðærinu fyrir að fara. Þar er eitthvað annað upp á teningnum. Þar er farið harkalegar með Framkvæmdasjóð fatlaðra en líklega nokkurn tíma fyrr. Það eru ekki mörg ár síðan sá sérmerkti tekjustofn rann heill og óskiptur til uppbyggingar í þeim málaflokki. Svo fóru menn fyrir allmörgum árum, ég man ekki nákvæmlega hvenær það var, að byrja að krukka í sjóðinn með þeim rökum að þetta ætti bara að fara í rekstur, það ætti að taka pínulítið af hinum sérmerkta tekjustofni í rekstur. Nú er svo komið að mikill minni hluti af hinum sérmerktu tekjum renna til þeirra verkefna sem lögin standa til og ætlunin var, þ.e. til uppbyggingar og úrbóta í málefnum fatlaðra. Það er ekki vegna þess að þörfin hafi gufað upp. Það er ekki vegna þess að ekki sé æpandi vöntun víða á úrræðum í þessum málaflokki því svo er. Nei, það er ósköp einfaldlega vegna þess að menn telja sig ekki hafa efni á því að gera betur og það er dapurlegt úr því að menn gátu þetta við aðrar og erfiðari aðstæður í ríkisfjármálum á umliðnum árum að láta tekjustofninn renna heilan og óskiptan til þess sem hann er hugsaður til. Við leggjum því til að þessi skerðing verði felld niður og tekjustofninn renni heill og óskiptur í Framkvæmdasjóð fatlaðra en fari ekki í ríkissjóð og það verði þar af leiðandi hægt að hefja nýtt átak til uppbyggingar og úrbóta í þessum málum.

Vissulega var lyft grettistaki eftir að sjóðurinn kom til sögunnar og okkur miðaði býsna vel áfram að ýmsu leyti í málefnum fatlaðra á fyrstu árunum þar á eftir. En síðan hefur smátt og smátt verið að draga úr þessu þróttinn og það er harla dapurlegt.

Margt fleira mætti þar, herra forseti, til nefna sem ekki er sem skyldi í þeim málaflokki og þjóðarbúinu, þessu ríka þjóðfélagi, ekki til sérstaks sóma hvernig ýmsum þáttum sem varða málefni og hag fatlaðra er háttað hér í landi. Það er t.d. alveg með ólíkindum hve seint gengur að bæta aðgengismál á Íslandi. Við erum langt, langt á eftir í þeim efnum borið saman við hin Norðurlöndin og ætti ræðumaður að geta sæmilega um það borið því að ég gegni formennsku í Norræna ráðinu um málefni fatlaðra og hef haft ágætis aðstæður til að bera þetta saman og skoða undanfarin tvö ár. Sama mætti segja um ýmsa hluti sem varða fræðslumál og félagsmál fatlaðra. Þar er skammarlega að verki staðið. Það starf býr víða bæði við óviðunandi fjárveitingar og húsakost og er í raun og veru tæpast til nema á fáeinum stöðum á landinu, t.d. skipulagt starf að fullorðinsfræðslu fatlaðra.

Að lokum, herra forseti, leggjum við til að sparað verði í öðrum lið fyrir utan þann sem ég nefndi um Schengen, að þar væri handhæg aðgerð að spara tæpar 200 millj. kr. með því að hætta við að eyða í það fé á næsta ári að taka upp þann samning og á ég þá ekki við þá fjármuni sem eiga að fara til byggingar flugstöðvar í Keflavík. Það er aðskilið mál. En í viðskrn. þar sem hæstv. iðn.- og viðskrh. er húsbóndi, og við vorum að ræða við áðan, fyrr í dag og í gær um bankamál, þá hefur hann hugsað sér að ráðstafa 21 millj. kr. á næsta ári í sérstakt hugarfóstur sitt sem eru alþjóðleg viðskiptafélög. Viðskrn. ætlar að gerast sérstakur áróðurskontór fyrir þetta fyrirbæri á næsta ári og moka í það fé. Það er mjög sérkennilegt í raun og veru, herra forseti, hvernig íslenska iðn.- og viðskrn. hefur oft og iðulega tekið að sér að vera eins konar áróðurskontór fyrir ákveðin mál. Iðn.- og viðskrn. hefur t.d. lengi rekið í samstarfi við hagsmunaaðila sérstakt trúboð fyrir stóriðju og orkuútsölu frá Íslandi með misjöfnum árangri eins og kunnugt er, en þó að vísu því miður allt of góðum í vissum tilvikum því að iðnrn. hefur tekist þetta ætlunarverk sitt að koma íslenskri orku í lóg á útsöluverðum. Fræg er útgáfa ráðuneytisins og markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar fyrir nokkrum árum þegar gefinn var út skrautritaður bæklingur þar sem aðalslagorðin voru lægsta orkuverð í Evrópu. Það var sérstaklega auglýst hvað væri hægt að komast í ódýra orku á Íslandi á niðursettu verði. Það var þessi áróðurskontór markaðsskrifstofu iðnrn. Nú ætlar viðskrh. að setja upp nýjan slíkan kontór, nýjan klúbb til að reka áróður fyrir alþjóðlegum viðskiptafélögum. Það eru skúffufyrirtæki af ýmsum toga og alls konar æfingar í atvinnurekstri í heiminum þar sem menn eru að reyna að hlaupa landa og heimsálfa á milli til að losna undan því að borga skatta. Karíbahafið og ýmsar eyjar við Ermarsundið og fleiri slíkar hafa gjarnan verið vinsælar í þessu skyni.

Ýmsir menn á Íslandi, vonandi þó ekki hæstv. landbrh., eiga sér þá hugsjón að gera Ísland að skattasmugu þar sem fyrirtæki, sum með býsna vafasamt orðspor, geti fengið að skrá sig og vera til heimilis fyrir lítið. Í þetta þjóðþrifamál ætlar varaformaður Framsfl., hæstv. iðn.- og viðskrh., að verja 21 millj. Hæstv. ráðherra hefur ekki efni á því að halda úti þeim litlu framkvæmdum sem þó voru til að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum. Nei, það verður að skera það niður um 50 millj. En það eru lausir peningar í að reka áróður og halda úti trúboði fyrir alþjóðlegum viðskiptafélögum.

Íslendingar þekkja þannig fyrirbæri. T.d. hafa útgerðarmenn þurft að notast við sambærilegt fyrirkomulag þegar þeir eru að skrá skip sín á erlenda fána. Það vill svo til að af vissum ástæðum þekkir ræðumaður m.a. fyrirkomulagið sem hefur verið á slíku hjá ákveðnum smáríkjum í Karíbahafinu. Þegar ég kynntist óvænt þessum málum einu sinni þá var það þannig að það var karl í Hamborg með skúffu. Þangað fóru menn og hittu karlinn. Hann dró út skúffuna og þar voru miklir pappírar, stimplar og fínirí. Þetta var tekið upp á borðið, karlinum borgaður svolítill peningur og hann fór á loft með stimplana, stimpladi og þá var búið að vista fyrirtækið á nýju heimilisfangi í nýju landi. Fljótgert. Þannig var það. Sjá menn fyrir sér að framtíðin eigi að vera þannig hjá okkur? Ég hef ekki sérstaka samúð með því að ráðstafa fé

almennings í þetta nýja hugsjónamál framsóknarmanna, að selja Ísland sem skattasmugu. Það er sérkennilegt að menn sem telja sig öllum öðrum framsýnni og nútímalegri, eins og framsóknarmenn um þessar stundir, standi í þessu á sama tíma og á alþjóðavettvangi er verið að reyna að koma á samstarfi um að loka þessum smugum. Bæði Alþjóðaviðskiptastofnunin og Efnahags- og framfarastofnunin OECD hafa haldið úti starfi til að reyna að fá aðildarríki til þátttöku í að loka þessum smugum.

Herra forseti. Þá ætla ég aðeins að nefna hér brtt. á þskj. 352, það er 2. tölul. þeirrar brtt., við lið 04-805 Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu. Við leggjum til, herra forseti, að bætt verði 250 millj. kr. við og það kallað Stuðningur við sauðfjárbændur. Auðvitað er þessi tala allt of lág en hún er þó a.m.k. viðleitni í þá átt að reyna að mæta þeim ógnvænlegu aðstæðum sem þessi stétt manna stendur núna frammi fyrir. Sauðfjárbændur hafa orðið fyrir gríðarlegu tekjufalli á milli ára og ég hlýt að spyrja: Ætla menn virkilega að loka þannig fjárlögunum og fara heim í jólaleyfi að ekki verði a.m.k. sýndur litur til að koma til móts við þessa stétt? Hvað sem hver segir þá blasir við að þarna er víða á ferðinni allt upp í 40% tekjufall, eins og ég hef dæmi um, vegna þess að það hefur orðið algert verðhrun á ull og gærum, menn hafa orðið að taka á sig stóraukinn útflutning og verð hefur lækkað. Ég held að einfaldasta leiðin væri að greiða þessa peninga og þó miklu meira væri, beint til framleiðendanna. Það væri t.d. hægt með þeim einfalda hætti að setja þetta inn að verulegu leyti sem niðurgreiðslur á gærum því að þær þurfa þeir allir að losna við. Það mundi skila sér beint til bænda en verðhrun þar hefur ekki síst bitnað þungt á tekjum bænda.

Við erum sem sagt, herra forseti, til samkomulags um að hækka þennan lið ef vilji væri til þess hjá stjórnarliðinu, jafnvel betur en er í okkar brtt. Það væri þó alla vega til að sýna að hugur okkar stendur til að gera þarna betur.

Loks leggjum við til á þskj. 352, í 4. tölul. brtt. á því þingskjali, að liður sem ég reyndar nefndi áðan í öðru samhengi, Ýmis orkumál, styrking dreifikerfis í sveitum, verði hækkaður myndarlega eða um 200 millj. kr. Þannig yrðu þar til ráðstöfunar 281 millj. í staðinn fyrir það smáræði og skítti sem þar stendur eftir eftir niðurskurðarhugmyndir ríkisstjórnarinnar, 81 millj. kr.

Það er sérstaklega skammarlegt, herra forseti, að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir skuli ráðast svona á þennan lið þegar haft er í huga að þetta er sjálfstæður tekjustofn sem samkomulag var gert um að rynni til að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum, þ.e. að drjúgum hluta af tekjuafgangi eða arði Rafmagnsveitna ríkisins yrði á hverju ári ráðstafað í þetta verkefni. Um það var samið. Um það var gert samkomulag við Rafmagnsveitur ríkisins þegar þær tóku á sig skuldbindingar um arðgreiðslur, að þá yrði drjúgum hluta fjármunanna varið, augljóslega í þágu fyrirtækisins í leiðinni, til að styrkja dreifikerfið sem það selur um orku sína.

Nú vita menn, herra forseti, að þetta stendur mönnum meinlega fyrir þrifum, t.d. við uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Þetta er eitt af því sem vefst verulega fyrir mönnum og veldur stórauknum kostnaði þegar þeir eru að byggja upp ferðaþjónustu í sveitum og víðar í dreifbýlinu, þ.e. að þar er ekki þriggja fasa rafmagn. Þar af leiðandi er bæði dýrara og erfiðara að byggja þar upp nútímalega aðstöðu með nútímalegum tækjum.

Ég vona, herra forseti, að við þurfum ekki að standa frammi fyrir því við 3. umr. og eftir afgreiðslu fjárlaganna að þetta verði eins hraksmánarlegt og stjórnarflokkarnir lögðu upphaflega til í sínu fjárlagafrv. Við skulum bíða og sjá en við leggjum a.m.k. til, herra forseti, að þetta verði hækkað myndarlega.

Herra forseti. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni hef ég þá ónotalegu tilfinningu að ræða um afgreiðslu fjárlagafrv. í þeim anda sem að einhverju leyti hefur svifið yfir vötnunum nokkur síðustu árin í síðasta sinn. Vera kann að það kveðji með öldinni að menn geti af mikilli bjartsýni talið sér trú um að við búum við mikið góðæri og jafnbjartir tímar séu fram undan. Því miður hef ég ekki þá tilfinningu að sú verði staðan hér að ári liðnu. Ég segi það ekki vegna þess að mig langi til að hafa hér uppi hrakspár. Ég met hlutina þannig að við séum einmitt að komast að því ferli sem jafnan er erfiðast, þegar tekjurnar fara að lækka en útgjöldin halda áfram að aukast. Það gera þau og munu væntanlega gera á næsta ári. Allt bendir til þess að sú útgjaldaþensla sem við stöndum frammi fyrir og veldur m.a. því að fjáraukalög og fjárlagafrv. taka breytingum upp á við svo nemur milljörðum kr. muni ekki gufa upp eins og dögg fyrir sólu. Það er mikið í pípunum í þeim efnum. Það er enginn vafi á því og ég þykist vita að hv. þm. Jón Kristjánsson, sem hefur stúderað þetta allra manna mest, sé mér sammála um það. Þar er enn heilmikið í pípunum. Tekjurnar gætu farið að falla og um leið og slær á innflutninginn, viðskiptahallann, þá byrjar ríkissjóður að missa spón úr aski sínum.

Því miður eru ýmis teikn á lofti um að sjálfur lókómótorinn, sjávarútvegurinn, muni eiga í vaxandi erfiðleikum með að skila sínu inn í þjóðarbúið á næsta ári. Það þarf svo sem engar getgátur að hafa uppi um það. Það er ljóst að loðnu- og síldarvertíð á sumrin og haustin hafa meira og minna brugðist. Þar þarf verulega að rætast úr og má ekki dragast lengi ef þess á ekki að sjá stað í mjög alvarlegu tekjufalli í þeirri grein. Hún er jú mikilvæg fyrir fjölmörg stærstu útvegsfyrirtæki landsins.

Fleiri greinar sjávarútvegsins búa við ótryggar aðstæður og þó að menn geti huggað sig við vonina um stækkandi þorskstofn, sem að vísu er deilt um hversu áreiðanlegt sé eins og við heyrðum í gær, þá er ekki víst að það dugi til að vega upp á móti hinu sem er heldur niður á við. Þar má nefna veiðarnar í úthafinu. Það er augljóst að við munum sækja minni verðmæti á djúpmiðin á næsta ári vegna niðurskurðar aflaheimilda á Flæmska hattinum og vegna stórminnkaðs kvóta í Smugunni og ekki verður um aukningu að ræða að neinu marki annars staðar þar sem menn hafa reynt fyrir sér.

Því miður, herra forseti, óttast ég að þær raunir sem menn munu standa frammi fyrir þegar þeir fara að berja saman fjárlög að ári geti orðið býsna þungar. Þá lækkar kannski svolítið gorgeirinn í þeim sem telja sig hafa höndlað hamingjuna varanlega, telja sig vera áskrifendur að eilífu góðæri og eigna sér ofan í kaupið sjálfir með snilld sinni í hagstjórn allan heiðurinn af því. Út af fyrir sig er léttbært að pexa um hvað sé hverjum að þakka meðan vel árar. Ef svo gerir sannanlega, þá er það gott og stendur fyrir sínu. Menn mega eigna sér það alveg eins og þeir mögulega lífsins geta mín vegna. En hitt er alvarlegra ef innstæðurnar reynast ekki fyrir hendi, hv. þm. Hjálmar Jónsson.

Nú sé ég að hv. þm. Hjálmari Jónssyni er orðið mjög órótt, herra forseti. Ég er að hugsa um að fara héðan úr ræðustólnum, ganga til hans, klappa á öxlina á honum og reyna að róa hann niður.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti upplýsir að hingað hafa borist upplýsingar um að hæstv. fjmrh. er lasinn.)

[21:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. ræddi í upphafi ræðu sinnar um að menn væru að ljúga saman fjárlögum með tekjugreininni í 3. umr. Ég hef verið í þessari fjárlagagerð í nokkuð mörg ár og það hefur harðlega verið deilt á okkur við 3. umr. fyrir að fara varlega í að áætla tekjugreinina. Ég held að menn minnist þeirrar umræðu frá mörgum undanförnum árum að stjórnarandstaðan hefur deilt harðlega á okkur fyrir að vanáætla tekjugreinina. Það hefur auðvitað verið rétt en hið góða sakar ekki.

Hins vegar vil ég taka fram, af því að þingmaðurinn mælti nokkur varnaðarorð í lokin, að það er ástæða til að reyna að greiða niður skuldir nú meðan vel árar. Það hefur verið gert í mjög miklum mæli.

Mér finnst aftur miður hve þingmaðurinn gerir lítið úr byggðamálatillögum í þessu frv. Ég segi fyrir mig að það eru mjög margar veigamiklar byggðamálatillögur í þessu frv. sem ég hef ekki tíma til að telja upp aftur í andsvari mínu. Ég gerði grein fyrir þeim í ræðu minni í dag. Mér finnst einkennilegt að hann noti ræðu sína hér við fjárlög til að hnýta í aðgerðir til að koma upp arðbærum atvinnuvegum úti á landsbyggðinni, eins og t.d. stóriðju. En það er annað mál sem við eigum eftir að ræða seinna. Ég ætla ekki að ræða það frekar í þessu stutta andsvari.

[22:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá hv. þm. að við eigum eftir að ræða stóriðjumálin eitthvað svolítið síðar.

Ég tók nú svona til orða, herra forseti, að menn væru stundum að ljúga saman fjárlögunum með því að fikta við tekjupóstana við 3. umr. og það geta menn auðvitað gert á báða bóga. Það er ljóst. En ég held að allir kannist við það að menn eru stundum pínulítið að reyna að ná þessu saman með því að víkja hlutunum þannig til að þetta passi í lokin. Það hljóta fleiri en sá sem hér stendur að hafa upplifað með einhverjum hætti, trúi ég, af reyndum mönnum. Þetta var í beinu framhaldi af orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem komst svo snilldarlega að orði að ýmsar aðferðir væru til þess að auka tekjur ríkissjóðs og allir skildu það þannig að menn skyldu bara bíða 3. umr.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni að menn hafa auðvitað rætt um það undanfarin tvö, þrjú ár hvort þeir væru að vanmeta mögulega tekjuaukningu ríkissjóðs, ósköp einfaldlega vegna þess að þeir vissu að uppsveiflan var nokkur og við þær aðstæður er auðvitað alveg laukrétt að það getur verið ákveðin tilhneiging til þess að vanmeta tekjurnar. Ef hagvöxtur, innflutningur og eyðsluskattar ríkissjóðs, tekjur ríkissjóðs af eyðslu í landinu eru að vaxa milli ára, þá getur gætt ákveðins vanmats þegar menn meta þessa hluti út frá tekjum liðins árs. Það hefur sýnt sig að nokkru leyti að oftast, því miður, reynast útgjöldin elta slíkan tekjuauka uppi og stundum jafnvel rúmlega það þannig að ég held að það afsanni ekkert um það sem menn gætu verið að gera hér í þessu tilviki.

Ég get ekkert annað sagt en að mér finnast þessar byggðatillögur vera hálfkák og mér eru það vonbrigði að ekki skuli vera reynt að gera myndarlegar í þeim efnum. Það er bara mitt mat á stöðunni. Ég er kannski of kröfuharður, en þá verður að hafa það.

[22:02]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hér rekist á tvenns konar sjónarmið til hlutanna. Hv. 3. þm. Norðurl. e. telur að byggðamál verði eingöngu leyst með fjárframlögum úr ríkissjóði og telur að arðbærir atvinnuvegir úti á landsbyggðinni líkt og stóriðja komi byggðarlögunum illa. Ég tel að þarna verði að vera hvort tveggja, þarna verði að taka á ýmsum málum eins og við erum að gera varðandi húshitunarkostnað, námskostnað og í ýmsum málum þar sem misrétti er. En landsbyggðinni hefur vegnað best þegar arðbærir atvinnuvegir standa undir mannlífi þar og það verður auðvitað að vera svo áfram. En við erum að eyða misrétti. Við erum að leggja upp ýmsar nýjar atvinnugreinar og efla þær, t.d. skógræktina. Það er mjög mikilvægt að mínu mati.

[22:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei sagt að eina aðferðin eða eina úrræðið í þessum efnum væru fjárveitingar ríkissjóðs. Það hef ég ekki sagt. Ég tók einmitt skýrt fram að það væri hluti af þeim aðgerðum sem menn gætu ráðist í og gæti hjálpað á þeim sviðum þar sem fjárframlög frá ríkinu eða hinu opinbera kæmu að gagni og nýttust til uppbyggilegra verkefna. Hv. þm. getur ekki sett samasemmerki á milli allrar atvinnuuppbyggingar og stóriðjuáforma ríkisstjórnarinnar á Austfjörðum. Það er bara ekki frambærilegur málflutningur. Það er barnalegt að reyna að gera ræðumann að allsherjarandstæðingi arðbærs atvinnulífs vegna þess að ég er andvígur stóriðjuáformum ríkisstjórnarinnar. Það er málflutningur sem dæmir sig sjálfur.

[22:04]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru viðtekin og venjuleg vinnubrögð að endurskoða tekjuspá fjárlaga fyrir 3. umr. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallaði það að ljúga saman fjárlög að vinna á þann hátt. Það fer ekki hv. þm. vel að vera í hlutverki lambsins enda hefur hann hvorki ytra né innra útlit til þess.

Í lokagerð fjárlaga í september er tekjuspáin metin. Fjárlögin eru lögð fram í október og endurskoðun tekjuliðar í heild í meðförum fjárln. og frv. alls er á þriggja mánaða tímabili.

Í góðæri má vænta hækkunar á tekjulið fjárlaga fyrir 3. umr. Hitt er að tekjuspáin við framlagningu fjárlagafrv. undanfarin ár hefur verið mjög varfærin og líklega varfærnari en ástæða er til miðað við hve fjárlög í heild hafa gengið eftir í flestum þáttum með sterkri fjármálastjórn ríkisstjórna Davíðs Oddssonar eða þess áratugar sem senn er á enda.

Undanfarin ár hefur tekjuliðin hækkað verulega fyrir 3. umr. Ég sé í sjálfu sér engin hyggindi í að hafa þann takt á. Menn læra strax hrópið: „Úlfur, úlfur!“ Þess vegna er mikilvægt að hlutirnir liggi fyrir eins réttir og nákvæmir á hverjum tíma og unnt er. Það hefur því kannski verið of mikið bil á milli tekjuspár við framlagningu frv. og við lokaafgreiðslu. Engu að síður hefur tekjuspáin við afgreiðslu fjárlaga gengið fram sl. ár, og það skiptir mestu máli. Þetta geta menn ekki kallað að ljúga saman fjárlög. Þetta er að meta stöðu á eðlilegan hátt.

[22:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst nú stjórnarliðar vera óþarflega hvumpnir. Ég held að þeir hafi ekki heyrt það sem ég sagði. Í framhaldi af þessum orðaskiptum sem höfðu orðið milli

hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og næsta ræðumanns á undan mér eða þess sem í andsvari var við hann, þá vitnaði ég til þess að það væri svona gamalkunngur hlutur að laga til tekjuspárnar í lokin til að fá hlutina til að passa og það hefði í gamla daga verið kallað að ljúga saman fjárlögin, sagði ég. Það var allt og sumt. Ég var ekkert sérstaklega að bera það upp á menn við þessa fjárlagagerð heldur lífgaði við gamalt orðtak sem stundum var látið flakka á síðkvöldum þegar menn voru að ræða fjárlögin fyrr á öldinni. En ég ætla ekki að eyða meiri tíma í það. Allir vita til hvaða hluta er verið að vísa.

Hv. þm. Árni Johnsen telur að það fari mér ekki vel að vera í hlutverki lambsins og ég hafi hvorki ytra né innra atgervi til þess. Samt er það nú svo að ég held að ég kjósi frekar að reyna að leika lambið en úlfinn ef hv. þm. Árni Johnsen vildi þá taka það að sér.

[22:07]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ekki alltaf jólin og góðærið ríkir ekki endalaust þó menn reikni ugglaust með því. En tunguflæði hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar virðist endalaust. Hv. þm. talar og talar viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár, áratug eftir áratug og senn líður að það verði öld eftir öld en aldrei kemur hann að kjarna málsins og aldrei finnst punkturinn. Herra forseti. Ég vona af einlægni að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon átti sig á því fyrr en síðar að það er fleira hægt að nota í höfðinu en tunguna eina og sér.

[22:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að hrósa hv. þm. Árna Johnsen. Ég held að hann hafi fundið upp nýyrði. Ég man ekki eftir þessu tunguflæði. Gott ef þetta er ekki bara nýyrði, herra forseti. Enn kemur hv. þm. Árni Johnsen manni á óvart með snilld sinni og hann reynist þá nýyrðasmiður í viðbót við allt hitt.

Auðvitað hlýt ég að þakka hv. þm. fyrir að ætla að gera mig ódauðlegan í stjórnmálum því hann spáir því að ég muni tala úr þessum stóli öldum saman. Ég er ekki viss um að ég hafi áhuga á því. En svona 50–70 ár gæti verið gaman að vera í þessu. Ef ég tala dálítið mikið, þá erum við a.m.k. góðir að meðaltali, ég og hv. þm. Árni Johnsen, því hann talar hér um bil aldrei neitt og það er kannski eins gott.

[22:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því hjá hv. þm. að hann taldi að með þessari breytingu á fjárlögunum, þessari aukningu til sjúkrahúsanna, væri verið að færa hlutina til rétts vegar núna og ég ætla að vona að þetta standist á. Hvernig má það þá vera að þetta sé þensluhvetjandi, eins og stendur í áliti minni hlutans, að þessi stórkostlega aukning ríkisútgjalda sé beinlínis þensluhvetjandi fyrir efnahagslífið ef þetta lá alltaf í pípunum og hér var bara verið að gangast undir það að hafa þetta rétt? Ég trúi því þá að hv. þm. sé ekki sammála þessu nefndaráliti minni hlutans sem ég er með fyrir framan mig.

Ég hjó líka eftir því að hv. þm. sagði að skattalækkunin fyrir tveim eða þrem árum hefði verið mistök og að betra væri að hafa þessa peninga í ríkissjóði núna. Það sagði hann orðrétt. Nú spyr ég hv. þm.: Væri hann þá kannski tilbúinn til þess að styðja flata skattahækkun? Það gæti komið til þess í hvaða ríki sem er að það þyrfti að hækka skattana flatt. Svo ég orði það nú svo snilldarlega rétt eins og áðan, þá eru nú til ýmsar aðferðir til þess að auka tekjur ríkissjóðs.

Það gæti alveg komið til þess að þetta samfélag þyrfti að hækka skatta sína og það væri heilmikil pólitísk yfirlýsing ef hún kæmi frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, formanni vinstri grænna, að hann væri nú þegar reiðubúinn til að styðja það því það hefði verið betra að sleppa því að lækka skattana og hækka svo mjög kaupmátt Íslendinga eins og raun varð í kjölfar skattalækkananna.

[22:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur verið að taka stjórnarandstæðinga upp og prófa þá í nál. minni hlutans. Hv. þm. hefur voðalega gaman af því að reyna að reka menn á gat í því og reyna að leiða fram einhverjar mótsagnir í afstöðu manna.

Auðvitað er útgjaldaaukningin mönnum áhyggjuefni og það er eðlilegt. En það geta verið skýringar fyrir ýmsum þáttum hennar og það var það sem ég var að fara yfir í heilbrigðiskerfinu að mörg af þeim vandamálum sem þar væri við að glíma ættu ekki að þurfa að koma mönnum á óvart og ég held að við stjórnarandstæðingar séum alveg sammála um að margt af því hefur legið fyrir.

Hv. þm. spyr hvort ég sé tilbúinn til að taka upp flata skattahækkun. (Gripið fram í.) Nei, helst ekki. Ég vildi helst gera þetta öðruvísi. Ég vildi reyna t.d. að dreifa skattbyrðinni að einhverju leyti öðruvísi en bara þannig að bakka prósentunni upp flatt yfir alla línuna. Margar fleiri leiðir geta komið þarna til greina, t.d. viðbótarþrep í tekjuskattinum og svo eru það fleiri en launamenn sem hafa fengið lækkun á sínum sköttum. Fyrirtækin sem eru að hirða miklar tekjur inn í hagnað núna hafa t.d. fengið miklar skattalækkanir á skömmum tíma. Ég held að menn hafi gengið þar of langt. Það væri engin goðgá að taka þar eitthvað til baka af hagnaðinum.

Ég held að fjármagnstekjuskatturinn gæti skilað meiru. Hann var að hluta til stórfelld gjöf til hlutafjáreigenda í landinu því að menn notuðu tækifærið undir því yfirskyni að verið væri að taka upp fjármagnstekjuskatt upp á 10%, og lækkuðu skattlagningu á öðrum þáttum fjármagnseigenda úr venjulegum skattprósentum niður í 10% og það var kannski einhver stærsta gjöf síðari ára sem nokkur einstakur hópur hefur fengið. Ég er ekkert síður, herra forseti og hv. þm., að vísa til þess að ýmsa slíka hluti er hægt að gera og ég bendi hv. þm. á brtt. okkar um tekjuöflun upp á rúmar 2.000 millj. kr.

[22:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér gengur alltaf jafnilla að fá svör þegar ég er að spyrja um þetta. Ég er engu nær um það, herra forseti, hvort þetta veldur þenslu eða ekki. Þetta er að dómi hv. þm. fyrirliggjandi kostnaður. Hann taldi að svo væri. Hvernig getur það þá valdið þenslu úr því við erum að viðurkenna sjálfsagða hluti? Ég skil það ekki.

Ég spyr þá enn og aftur: Úr því að hv. þm. taldi það mistök að lækka tekjuskattana, er þá ekki rétt, ef á þarf að halda, að hækka þá aftur? Styður hann það eða styður hann það ekki?

Hins vegar veit ég ósköp vel, svo ég orði það nú í þriðja skipti svo snilldarlega, að til eru ýmsar aðferðir til þess að hækka tekjur ríkisins og það er ástæða til að spyrja stjórnarandstöðuna hvort hún mundi styðja einhverjar slíkar

aðgerðir, t.d. hækkun skatta, aukinn skyldusparnað o.s.frv., því að það getur verið að við þurfum á því að halda.

[22:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. komist ekki miklu lengra með þetta í sambandi við þensluhættuna og útgjaldaaukningu ríkissjóðs. Það liggur fyrir að við höfum að mörgu leyti gagnrýnt hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að þessu. Það liggur líka fyrir að losarabragur hefur verið á þessum hlutum hjá fjmrn. og/eða heilbrrn. og gildir þá einu þegar um ráðherra í sömu ríkisstjórn er að ræða hvor ber meiri hluta sakarinnar. Það er alveg ljóst. Það hafa meira að segja flokksbræður hv. þm. sagt úr þessum ræðustóli í dag, gott ef ekki þingmaðurinn sjálfur, að það hafi ekki allt tekist til sem skyldi. Og þó að við segjum að það hafi verið fyrir séð að takast þyrfti á við ýmsar aðstæður í heilbrigðismálunum, þá er ekki þar með sagt að við séum að skrifa upp á að þetta hafi þurft að ganga nákvæmlega svona til. Áhyggjuefnin eru til staðar, hv. þm., það er alveg ljóst.

Ég held að hv. þm. skilji að þó að ég taki svo til orða að í ljósi þess hvernig efnahagsþróunin hefur orðið hafi skattalækkunin verið mistök, þá jafngildir það ekki því að ég sé tilbúinn til að koma hingað í ræðustólinn og segja: Ég ætla að hækka skattana um mörg þúsund millj. á launamönnum í landinu. Það er svona svipuð aðferð og þegar menn spyrja: Varstu vondur við þennan eða hinn og maður getur hvorki sagt já eða nei því að þá er maður að játa á sig sökina.

[22:16]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að meiri hluti fjárln. skuli hafa þor til að leggja fram þessar brtt. því að með þeim er ljóst hve fjárlögin voru vanáætluð þegar þau voru lögð fram í október eins og þá var margbent á af hálfu stjórnarandstöðunnar. Fjárlögin eru ramminn utan um pólitíska stefnu og áherslur hvers tíma. Þegar fjárlögin fyrir árið 2000 voru lögð fram voru þau lögð fram með hagstæðari niðurstöðu en áður hafði þekkst, bæði þegar litið var á afgang í tölum eða sem hlutfall af landsframleiðslu. Rekstrarafgangur ríkissjóðs var áætlaður 15 milljarðar kr. eða sem svarar 2,2% af landsframleiðslu.

Skuldastaða ríkissjóðs hefur batnað verulega á síðasta ári og ef hagstætt árferði er ekki notað til þess að greiða upp skuldir ríkissjóðs, þá er það trúlega aldrei hægt.

Miklar efasemdir komu fram hjá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um að niðurstöður frv. fengju staðist og kom fyrsta vísbendingin um að þessar efasemdir hefðu verið á rökum reistar þegar fjáraukalögin voru lögð fram með tæplega 2,5 milljarða kr. fjárveitingu fyrir þetta ár. Fjárlög ársins 1999 árs voru ýmist vanáætluð eða farið í framkvæmdir og treyst á afgreiðslu fjáraukalaga. Vandi heilbrigðisstofnana og framhaldsskólanna var öllum sem til þekktu augljós og ástæðan var sú að ekki hafði verið tekið tillit til kjarasamninga og aukinna verkefna. Í fjáraukalögunum fyrir yfirstandandi ár er staða heilbrigðisstofnana leiðrétt miðað við núverandi rekstur og fá þær stofnanir um 3 milljarða til að greiða upp skuldir og rétta af fjárhagsstöðuna. Þetta eru miklir fjármunir og vega heilbrigðisstofnanirnar þungt í ríkisrekstrinum. Þetta er þróun sem á sér stað í hinum vestræna heimi og mun halda áfram að aukast umfram íbúaþróun og því er mikilvægt að tekin sé pólitísk ákvörðun um hvar eigi að leggja áherslur, á hvaða þjónustustigi við eigum að vera og hvernig þjónustu við eigum að veita. Eigum við að leggja áherslu á hátæknilækningar, almennan sjúkrahúsrekstur eða heilsugæslu og fyrirbyggjandi aðgerðir? Þessar leiðir verða að fara saman en spurningin er: Í hvaða hlutföllum? Hvað skilar þjóðinni bestu heilsufari og hvað er þjóðhagslega hagkvæmt? Þetta er stór pólitísk spurning. Það er erfitt fyrir alla að snúa við því nútímatækni og kröfur almennings um að við nýtum allar bestu mögulegar lækningaaðferðir sem þekkjast í dag eru miklar. Við, þessi 270 þús. manna þjóð, eigum að geta gert og framkvæmt allt eins og milljónaþjóðirnar gera. Það er því stórpólitísk ákvörðun að marka sporin til framtíðar.

Rekstrarvandi heilbrigðisstofnana er viðurkenndur í brtt. meiri hlutans og er það vel því að þessar stofnanir voru komnar í óviðráðanlega og óásættanlega stöðu, hvort heldur Ríkisspítalar eða mismunandi heilbrigðisstofnanir út um allt land. Rekstrarstaðan var vel þekkt hjá heilbrrn. og heilbrrh. og sömuleiðis hjá fjmrn. og fjmrh. þegar á síðasta vori. Forstöðumenn heilbrigðisstofnananna höfðu leitað eftir aðstoð og stuðningi en það eina sem var lagt til var að þeir ættu að halda sig innan fjárlagarammans, draga úr rekstri og fækka fólki.

Þá er komið að þeim lið í tillögum meiri hluta fjárln. fyrir fjárlög ársins 2000 þar sem tekið er á þessum rekstrarvanda og vísað til ábyrgðar forstöðumannanna. Ég ætla að fá að lesa upp smákafla, með leyfi forseta:

„Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana. Áformað er að í samningum við hverja stofnun komi skýrt fram hver fjárframlögin eru og að stjórnendur beri ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda. Jafnframt verði erindisbréf stjórnenda endurskoðuð og ábyrgð og eftirlitshlutverk stjórna endurmetið."

Áfram segir:

„Samhliða verður komið í veg fyrir að stjórnendur stofni til skulda í lánastofnunum og safni upp óeðlilegum viðskiptaskuldum. Gerð verður krafa um að upplýsingar um rekstur stofnana miðað við fjárheimildir liggi fyrir mánaðarlega og að nauðsynlegar tölur úr launabókhaldi berist reglulega."

Auðvitað eru til skussar í þessum rekstri eins og öllum rekstri. En í heildina tekið held ég að forstöðumenn sjúkrastofnana reyni að standa sig. Þeir hafa aðhald af svo mörgu að skussarnir haldast ekki lengi við í starfi. Og ég er sammála því að ekki sé verið að æviráða skussana. En staða forstöðumanna er í raun og veru gerð að öllu leyti óviðunandi með svona einhliða aðgerðum eins og ég sagði í ræðu minni í gær. Það er ekki nóg að hafa þennan rekstrarramma og skilgreiningu á starfssviði forstöðumannanna. Ábyrgð heilbrrn. og fjmrn. verður líka að vera skýr og það verða að liggja fyrir þjónustusamningar þannig að hver stofnun, sama hvort það eru Ríkisspítalarnir, litlar heilsugæslustöðvar eða dagvistarstofnanir, alveg sama á hvaða stigi er, viti hvaða þjónustu beri að veita fyrir þá fjármuni sem stofnunin fær. Það verður að vera þannig. Þessi klásúla má vera inni varðandi aðhald forstöðumannanna en að öðru leyti er það mjög ósanngjarnt.

Fjárlagafrv. treystir á efnahagslegan stöðugleika. En blikur eru á lofti um að stöðugleiki undanfarinna ára sé orðinn valtur, komið þenslumerki í hagkerfið og auk þess eru kjarasamningar fram undan hjá stórum hópum launþega, launþeg-

um sem gera kröfur um að fá sinn hlut af góðærinu sem það átti þátt í að skapa og fá í sinn hlut samsvarandi hækkanir og verið hafa í gangi hjá öðrum launþegum, eðlilega.

Spáð er minnkandi landsframleiðslu úr 5,8% á þessu ári alveg niður í 2,7% á því næsta og því sé ákveðnum hagvaxtartoppi þegar náð. Því skipta aðgerðir ríkisstjórnarinnar og afgreiðsla fjárlaga miklu máli í þessu sambandi. Seðlabanki Íslands bendir á að meginverkefni hagstjórnar á næstunni sé að stuðla að því að verðbólgan minnki á ný. Það eru ekki bara komnar viðvaranir heldur er verðbólga orðin mælanleg. Viðskiptahallinn, skuldasöfnun heimila og sveitarfélaga hefur ýtt við verðbólgudraugnum og samdráttur í framleiðslu ásamt viðkvæmu efnahagskerfi getur vakið hann til fulls. Þjóðhagsstofnun spáir að viðskiptahallinn muni að óbreyttu nema um 3% af landsframleiðslu næstu ára. Undirliggjandi halli er því í kerfinu því að miklar stóriðjuframkvæmdir eru enn í gangi og verða næstu árin.

Seðlabankinn bendir einnig á að það sé áhyggjuefni að viðleitni til að auka þjóðhagslegan sparnað hafi enn ekki skilað árangri og segir orðrétt:

„Full ástæða er til að taka þennan vanda alvarlega þar sem viðskiptahallinn getur til lengdar grafið undan stöðugleika gengis, auk þess sem vaxandi skuldir þjóðarbúsins sem honum fylgja gera það viðkvæmara fyrir áföllum"

Herra forseti. Það er ekki eingöngu hið opinbera, ríki og sveitarfélög, sem þarf að gæta fyllstu varúðar í rekstri heldur skiptir einkaneyslan líka miklu máli. Ríkissjóður skilar afgangi en sveitarfélögin og heimilin safna skuldum. Sveitarfélögin hafa verið að fá stöðugt fleiri verkefni, bæði frá ríki og einnig ný sem skapast af aukinni þörf og breyttu viðhorfi fólks til félagslegrar þjónustu. Sveitarfélögin eru að leggja sig fram við að reka góða skóla, vinna að einsetningu skólanna og auka fjölbreytni skólanna til að uppfylla miklar kröfur frá þjóðfélaginu. Kröfurnar eru ekki eingöngu um góða kennslu heldur einnig um góða uppeldisstofnun því að skólarnir hafa tekið að sér uppeldishlutverk í æ meiri mæli.

Sveitarfélögin eru auk þess að framkvæma og veita þjónustu í þeirri von að íbúatalan lækki ekki heldur standi í stað eða í björtustu vonum fjölgi í næstu árum. Skuldasöfnun heimilanna er af ýmsum toga en stór hluti er ekki varanlegar fjárfestingar, heldur aukin almenn neysla og fjárfestingar til skemmri tíma eins og t.d. bílakaup. Í raun ætti að koma einhverjum böndum á söluaðferðir bílasala. Verið er að bjóða til sölu milljón kr. bíla, farartæki án þess að fólk þurfi að eiga krónu í útborgun eða þurfi að leggja fram nokkurt greiðslumat. Sérstaklega á þetta við um unga ökumenn og ungt fólk sem mjög margt lendir í miklum greiðsluerfiðleikum en trúlega má ekki setja þessari söluherferð nokkrar skorður þar sem frjáls samkeppni á að ríkja á öllum sviðum.

Herra forseti. Á meðan góðærið er enn ríkjandi er höfuðnauðsyn að grípa til aðgerða sem miða að því að draga úr þenslu og koma í veg fyrir að bilið milli þeirra sem illa eru settir í þjóðfélaginu og hinna sem meira mega sín breikki ekki enn meira eins og allt bendir til að óbreyttu stjórnarfari. Auk þess verður að taka á hinni alvarlegu byggðaröskun. Hér liggur áherslumunur ríkisstjórnarflokkanna og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Í frv. til fjárlaga er ekki stefnt að þessum markmiðum en með brtt. er staða heilbrigðisstofnana bætt og gefur það frv. betra yfirbragð á byggðastefnu ríkisstjórnarinnar að mati meiri hlutans. Auk þess koma þó nokkrir liðir sem hafa fengið aukið fjármagn og það ber að þakka þó að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum viljað sjá þá hærri, ganga lengra eins og fram kemur í brtt. okkar. En fjárlögin draga ekki úr misskiptingu á kjörum með því að taka hærri skatta af þeim sem fjármagnið eiga og þeir eru orðnir margir í dag sem gætu séð af fé til samfélagsþjónustunnar án þess að finna fyrir skerðingu á lífskjörum. Það er heldur ekki dregið úr áhrifum jaðarskatta, skatta sem eru að sliga ungar fjölskyldur. Kjör öryrkja og ellilífeyrisþega eru smánarblettur á velferðarkerfi okkar eins og kom fram á hv. Alþingi er við ræddum í utandagskrárumræðu um velferðarkerfið. Allt of margir verða að framfæra sér á tekjum sem enginn skilur hvernig duga til að lifa eðlilegu lífi, þ.e. þannig að ekki leiði bókstaflega til heilsutjóns.

Lífskjör almennings koma vel fram í úttekt dr. Stefáns Ólafssonar.

Það eru sérstaklega kjör hinna lægst launuðu og þeirra sem verst standa í íslensku samfélagi nú á dögum sem halda okkur niðri í samanburði við nágrannalönd okkar.

Ég óska eftir leyfi forseta til að fá að lesa upp texta dr. Stefáns Ólafssonar.

„Það eru sérstaklega kjör hinn lægst launuðu og þeirra sem verst standa í íslensku samfélagi nú á dögum sem halda okkur niðri í samanburði við nágrannalönd okkar. En með úttektinni kemur í ljós að með starfsemi almannatrygginga og félagslegrar þjónustu eru lífskjör þjóða gerð jafnari en þau væru annars. Það skiptir því miklu máli að almannatryggingakerfið sé það öflugt að greiðslur grunnlífeyris standi undir meðalframfærslukostnaði á hverjum tíma. En grunnlífeyrir hefur ekki hækkað í hlutfalli við launavísitöluna á undanförnum árum og er í engu samhengi við framfærslukostnað einstaklinga og fjölskyldna."

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram nokkrar þáltill. hér á þinginu. Við lögðum fram þáltill. sem snúa að aðgerðum í byggðamálum. Það er öllum orðið fullljóst að þetta er okkar meginverkefni í dag og á næstu árum, þ.e. að snúa íbúaþróuninni við og hér í upphafi þings þá lögðum við fram tillögu til þál. um sérstakar aðgerðir í byggðamálum sem ég vona að sé nú orðin nokkuð þekkt og fái hér undirtektir. Ég ætla að vitna til hluta úr greinargerðinni, með leyfi herra forseta:

„Rétt er að undirstrika" — þessar tillögur eru bæði almennar og sértækar — „að ekki er verið að tala um að hefja fólksflutninga í stórum stíl til baka heldur eingöngu að stöðva fækkun og tryggja að byggðarlögin geti notið eðlilegs vaxtar í takt við eigin viðkomu." — Út á það ganga þessar tillögur okkar. — „Tillaga þessi gerir ráð fyrir að settir verði umtalsverðir fjármunir úr ríkissjóði næstu fjögur árin til markvissra, ákveðinna aðgerða. Tillagan gerir ráð fyrir að hér sé um hreinar viðbótaraðgerðir að ræða, þ.e. þær komi til viðbótar núgildandi byggðaáætlun stjórnvalda og einnig til viðbótar tillögum byggðanefndar stjórnmálaflokkanna frá síðastliðnum vetri í tengslum við kjördæmabreytinguna svonefndu. Þar er um að ræða umtalsvert átak hvað varðar þætti eins og jöfnun orkuverðs og námskostnaðar sem vonir standa til að ásamt öðru hjálpi til."

Í gær var hér dreift þáltill. á þskj. 335 frá þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að gerð verði lífskjarakönnun eftir landshlutum. — Þessi beiðni kemur fram í framhaldi af skýrslum sem dr. Stefán Ólafsson hefur unnið, m.a. fyrir Byggðastofnun, um lífskjör fólks og stöðu velferðarkerfisins hér á landi. Þar óskum við eftir að þessi könnun verði gerð eftir landshlutum því það er mjög

nauðsynlegt að átta sig á hvernig einstök byggðarlög standa til þess að geta gripið til viðeigandi ráðstafana eða gripið markvisst inn í. Aðstæður eru svo breytilegar milli landshluta að ekki er hægt í öllum tilvikum að beita samsvarandi aðgerðum nema þegar um er að ræða ákveðinn grunn til þess að jafna búsetuskilyrði á milli þéttbýlis og dreifbýlis og höfuðborgarsvæðis.

Við leggjum fram nokkrar brtt. við fjárlögin og vil ég fara yfir nokkrar, þ.e. brtt. á þskj. 352 sem snúa að byggðamálum. Þar má nefna vanda framhaldsskólanna sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór yfir og kynnti. Þarna þyrfti í raun miklu hærri fjárhæð en þær 200 milljónir sem við leggjum til. Inn í grunn núverandi reiknikerfis sem notað er til þess að áætla framhaldsskólunum rekstrartekjur eða tekjur af fjárlögum, virðist vera byggð kerfisvilla því hún virkar einfaldlega þannig að hún skrúfar niður getu litlu eða minni framhaldsskólana úti á landi til að starfa áfram. Það liggur við að skólarnir geti reiknað út á hvaða ári þeir geti lokað því að þetta reiknilíkan tekur miklu meira mið af stóru framhaldsskólunum hérna og reiknar kostnað á hvern nemanda. Þetta virkar einfaldlega þannig að þegar komið er inn í fámennu skólana sem eru dýrari í rekstri þá minnkar möguleikinn á fjölbreyttu námsframboði og þegar námsframboðið minnkar fækkar nemendunum og þetta verður vítahringur. Þetta reiknilíkan verður að endurskoða. Ég hef ekkert á móti svona reiknilíkönum, alls ekkert, en þau verða að vera rétt. Þetta reiknilíkan hefur örugglega verið sett fram í góðri trú um að það mundi virka vel. En það gerir það ekki gagnvart litlu skólunum og því verður að endurskoða það ef nota á það áfram.

Við höfum lagt til að á næsta ári kæmu til sérstakar greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu og ég segi líka að það eru ekki nema 250 milljónir. Auðvitað er það allt of lítið. Það er verið að vinna að nýjum sauðfjársamningi en hann tekur ekki gildi fyrr en árið 2001 og þetta eina ár sem líður á milli — því að auðvitað vonar maður að þessi samningur verði það hagstæður sauðfjárbændum að þeir geti búið áfram á sínum búum — er of langur. Þeir þurfa, margir hverjir, að fá stuðning strax til þess hreinlega að geta þraukað út þetta ár. Staða þeirra er einna erfiðust fyrir utan stöðu öryrkja og langveikra í þessu landi. Það er mjög alvarlegt þegar fullfrískt fólk og duglegt, fólk sem vill bjarga sér og vill vinna og geta séð fyrir sér stendur frammi fyrir því að hafa ekki efni á því að senda börnin sín til framhaldsnáms. Það er mjög alvarleg staða og að mínu mati smánarblettur á okkur en ekki þeim bændum sem eru í þessari stöðu.

Á þskj. 353 erum við með ýmsar brtt. til þess að ná inn tekjum á móti þeim útgjaldaliðum sem við leggjum til, þ.e. breytingar á skatttekjum. En síðan erum við með nokkra liði og m.a. leggjum við til að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York fái til skrifstofunnar 1,5 milljónir. Þá segi ég aftur, ekki er það nú mikið því það er ekki eitt stöðugildi. En ég veit eða trúi því að þeir fulltrúar Alþingis sem hafa átt þess kost að fara og kynna sér starf Sameinuðu þjóðanna, eins og ég hafði nú í haust, hafa séð hvernig þeir starfsmenn sem þar vinna, vinna ofurmannlegt starf, liggur mér við að segja, og það mundi breyta stöðu okkar, þ.e. þeirri stöðu sem fastanefnd Íslands hefur í dag í öllu starfi Sameinuðu þjóðanna ef við fengjum þarna inn aukastarfskraft þó ekki væri nema á meðan þingið stendur til að byrja með. Þó það yrði ekki nema ein staða, hvað þá tvær, þá mundum við geta gert okkur miklu meira gildandi á þessum tíma og haft áhrif á stefnumótunina en ekki bara tekið þátt í atkvæðagreiðslum eins og var hér áður fyrr. Þetta er ekki há upphæð en mundi örugglega breyta mikið stöðu okkar í þessu starfi.

Varðandi ýmis löggæslumál þá má segja að við ætlum okkur tekjur eða fjármagn í að styrkja almenna löggæslu í landinu, og þá ekki síður í höfuðborginni en landinu öllu, með því að leggja niður fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu og taka ekki þátt í Schengensamstarfinu. Við erum að hrókera þarna á milli liða.

Varðandi Framkvæmdasjóð aldraða þá er hann einn af þessum sjóðum sem búið er að skerða að því leytinu til að það sem í upphafi átti bara að nota pínulítið af í rekstur er nú orðið meira en helmingur af rekstrarfé sjóðsins og það er atriði sem allir sem hafa komið að þessum málaflokki hafa gert athugasemdir við. Verið er að gera breytingar á lögum um málefni aldraða og undir þau lög fellur framkvæmdasjóðurinn. Það er orðin mjög óeðlileg skipting þegar 300 milljónir af 550 eru nú notaðar í rekstur og 250 milljónir standa þá eftir í framkvæmdir. Því leggjum við til að þessu verði snúið við, að á næsta ári verði 50 milljónir í rekstur og 500 í framkvæmdir. Það hafa líka komið ábendingar til heilbr.- og trn. um að það sem yrði í framtíðinni eyrnamerkt í rekstur yrði þá fyrir rekstur tímabundinna verkefna, lengst til tveggja ára. Þá sæti þetta ekki fast inni í heilbrigðiskerfinu. Við þurfum að vinna að því að losa þetta út aftur.

Við leggjum til að Brunamálastofnun ríkisins fái allan sinn tekjustofn eins og hann ætti að vera í dag og hann verði ekki skertur eins og kemur fram í frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál. Þar er lagt er til að allt umfram 87 millj. kr. af því sem rennur til Brunamálastofnunar fari í ríkissjóð. Ég er ekki viss um að ég hafi tekið rétt eftir en mér heyrðist í svörum hæstv. umhvrh. að umfram væru um 13 millj. en á því er hægt að fá staðfestingu. Það sem skiptir máli er það að Brunamálstofnun ríkisins vantar fjármagn til að reka brunamálaskóla sinn eins og hann er í dag, hvað þá þegar Brunamálastofnun þarf að framfylgja ákvæðum um að brunaverðir skuli hafa umsjón með og farga eituefnum. Þar bætast umtalsverð störf á herðar brunavarða eða til slökkviliðsstjóra. Brunamálastofnun er þegar farin að fara um landið með námskeið fyrir brunaverði í þessum málaflokki. Þar fyrir utan er mjög nauðsynlegt að Brunamálastofnun geti verið virk í kennslu slökkviliðsstjóra út um allt land. Þetta eru oft einyrkjar og þurfa virkilegan stuðning. Við leggjum því til að Brunamálastofnun ríkisins fái þann tekjustofn sem henni hefur verið ætlaður og geti þar með sinnt störfum sínum af þeim metnaði sem stofnunin hefur.

Við erum hins vegar með fleiri tillögur. Við erum með nokkrar tillögur sem lúta að náttúruvernd og umhverfismálum. Þær tillögur eru á þskj. 355 en fyrir þeim munu aðrir gera grein. Þær tillögur eru í þessa sömu átt og við höfum áður staðið fyrir, til að efla byggð, til jöfnunar og meira réttlætis.

Það sem skiptir þá máli fyrir íslenskt þjóðarbú er að snúa byggðaþróuninni við eins og ég sagði hér í upphafi. Stöðva þarf byggðaröskunina á landsbyggðinni, ekki með áframhaldandi stóriðjustefnu heldur með lífskjarajöfnun, þ.e. með auknum og sértækum aðgerðum til að jafna búsetukostnað ásamt markvissri vinnu og þeim ásetningi að halda byggð í landinu með fjölþættum aðgerðum.

[22:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla fylgja úr hlaði brtt. sem við þingmenn Samfylkingarinnar leggjum fram við 2. umr. fjárlaga. Eins og fram hefur komið í máli félaga minna í Samfylkingunni sem hafa talað hér á undan mér, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, Einars Más Sigurðarsonar og Sigríðar Jóhannesdóttur, þá hvetjum við til ráðdeildar í ríkisrekstrinum. Það kemur glöggt fram í nál. því sem minni hluti fjárln. hefur mælt fyrir og lagt fram við þessa umr.

Eins og einnig kemur fram í nál. minni hlutans þá kemur verulega á óvart að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki sjá sóma sinn í að veita meira fé til velferðarkerfisins, sérstaklega í kjölfar þeirrar bókar sem Tryggingastofnun ríkisins lét gera um velferðarkerfið, sem Félagsvísindastofnun og prófessor Stefán Ólafsson unnu fyrir Tryggingastofnun. Sú bók er mikill áfellisdómur yfir íslenska velferðarkerfinu eða því hvernig farið hefur verið með það. Maður hefði nú talið fulla ástæðu til að farið yrði í að setja verulega fjármuni inn í velferðarkerfið, sérstaklega þar sem vitað er að fyrir liggja upplýsingar um að nokkuð stór hópur fólks á Íslandi býr við mjög kröpp kjör. Þess vegna kemur það á óvart nú í góðærinu að ríkisstjórnin skuli ekki sjá sóma sinn í að setja fjármuni í að styrkja innviði velferðarkerfisins og bæta kjör þessa hóps.

Við þingmenn Samfylkingarinnar ætlum ekki að leggja fram margar tillögur en þær brtt. sem við leggjum fram snúa að velferðarkerfinu. Við leggjum áherslu á að styrkja velferðarkerfið til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa, sem búa við örbirgð og neyð úti í samfélaginu. Við viljum leggja einn og hálfan milljarð til að bæta kjör þeirra, til að auka tekjur þessa hóps. Við leggjum til að sú upphæð verði notuð á sem skilvirkastan hátt til að ná upp tekjunum þannig að hópar sem búa við skerta starfsorku eða eru aldraðir og geta ekki stundað vinnu lengur, þurfi ekki að búa við neyð.

Herra forseti. Þessar brtt. eru á þskj. 364 og snúa að lífeyristryggingunum og sjúkratryggingum almannatrygginga. Í þinginu höfum við rætt um hversu víða pottur er brotinn og vissulega dugar einn og hálfur milljarður ekki til að bæta stöðu allra þeirra sem þyrftu að fá stuðning. Við tökum hins vegar á ákveðnum þáttum sem eru tekjutryggingin hjá ellilífeyrisþegum og örorkuþegum. Ef við ætluðum að reyna að koma til hjálpar sem flestum lífeyrisþegum með litlar eða engar aðrar tekjur en almannatryggingarnar, þ.e. eiga lítinn sem engan rétt í lífeyrissjóðum, þá kemur það þeim best að tekjutryggingin verði hækkuð. Við leggjum til 10% hærri tekjutryggingu til elli- og örorkulífeyrisþega umfram það sem ríkisstjórnin hefur áætlað í þessum fjárlögum.

Vissulega er einnig hægt að bæta kjör þeirra verst settu með því að breyta reglunum um tekjutengingarnar. Þær tillögur leggur maður ekki fram við fjárlagagerð heldur þyrfti það að koma fram í sérstöku frv. Að mörgu leyti þyrfti ekki lagabreytingar til til að bæta kjör að einhverju leyti. Mig langar til að benda á að tekjutengingarnar í almannatryggingakerfinu, hvort sem þær snúa að tekjutryggingunni eða grunnlífeyrinum, eru mismunandi eftir því hvaðan tekjur einstaklinganna koma. Það er verið að skerða þessar greiðslur meira vegna launatekna en vegna fjármagnstekna eða greiðslna úr lífeyrissjóði. Þetta gerir t.d. mörgum öryrkjum erfitt fyrir. Margir öryrkjar eiga lítinn rétt í lífeyrissjóði og þurfa að vinna til að geta séð sér farborða. Greiðslur almannatrygginganna duga ekki til framfærslu og til eru talandi dæmi um að lífeyrisþegar þurfi að leita til hjálparstofnana, líknarfélaga, Rauða krossins, mæðrastyrksnefndar og Hjálparstofnunar kirkjunnar, til að geta haft ofan í sig og á út mánuðinn. Þó nauðsynlegt sé að eiga hjálparstofnanir að í neyðartilvikum þá á það ekki að þurfa að vera fastur liður hjá lífeyrisþegum að þurfa að leita á náðir slíkra samtaka.

Vegna umræðunnar um tekjutengingu vil ég að fram komi að við erum ekki á móti tekjutengingu. Vissulega á velferðarkerfið að vera fyrir þá sem þurfa á því að halda en ekki fyrir þá sem eru með háar tekjur, eins og reyndar kom fram í umræðunni um velferðarkerfið á dögunum. Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að það á ekki að vera að greiða hátekjufólki úr velferðarkerfinu. En þegar sú umræða fór fram þá hvarflaði að manni að hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. heilbrrh. hefðu í rauninni lesið skýrslu Stefáns Ólafssonar. Þannig var nú umræðan frá hendi þeirra hæstv. ráðherra. Í velferðarkerfinu í dag, í lífeyriskerfinu í dag erum við að greiða töluverða fjármuni til hátekjufólks úr almannatryggingunum. Fólk með jafnvel kvartmilljón á mánuði úr lífeyrissjóðum fær 17 þús. kr. á mánuði úr almannatryggingakerfinu meðan aðrir sem verulega þurfa á framfærslunni að halda eiga ekki til hnífs og skeiðar í lok mánaðar. Ósjaldan heyrir maður, frá öryrkjum og öldruðum sem þurfa að lifa á almannatryggingabótunum einum saman, að þetta fólk leyfir sér ekki að kaupa ávexti, grænmeti eða vörur í hærri kantinum. Það eru ömurlegar lýsingar á því oft á hverju fólk er að nærast í lok mánaðar. Fólk hefur kannski 45 þús. kr. til að lifa af á mánuði og þarf að greiða af því allan kostnað.

Um daginn að hafði ég samband við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna til að athuga hver framfærslan væri, við hvað ríkisstjórnin miðaði framfærslu þeirra sem leituðu til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þegar maður ber saman hvað þar er ætlað til framfærslu og síðan lífeyrisgreiðslurnar sem við ætlum lífeyrisþegunum til framfærslu þá eru lífeyrisgreiðslurnar mun lægri en miðað er við þegar menn þurfa að fá aðstoð frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Það eitt hefði átt að segja formanni fjárln. og ríkisstjórnarfulltrúunum í fjárln. og reyndar ráðherrum og öðrum þeim sem véla um fjárlögin að þar þurfi að koma til aðstoðar. Þarna er augljóslega pottur brotinn. Við í Samfylkingunni viljum bæta stöðu þeirra sem verst eru settir með þessum fjárframlögum á þskj. 364, þar sem við leggjum til 10% hækkun á tekjutryggingu ellilífeyrisþega miðað við fjárlög eins og þau eru hér við 2. umr. og sömuleiðis hjá örorkulífeyrisþegum. 10% hærri fjárveitingu en ríkisstjórnin ætlar til þess.

Það sem ég vil leggja ríkasta áherslu á í sambandi við brtt. okkar er afnám tengingar við tekjur maka hjá lífeyrisþegum. Smáskref var stigið í þá átt nú fyrir kosningar en það var aðeins hænufet því miður. (Gripið fram í.) Þó var það til bóta, vissulega hv. þm. Jón Kristjánsson. Það var til bóta. Með þessari reglu um tengingu við tekjur maka er verið að skerða mannréttindi. Það er verið að brjóta mannréttindi á lífeyrisþegum og það er full ástæða til að taka það til umræðu í dag, á mannréttindadeginum 10. des. Við erum að brjóta mannréttindi á hópi í samfélaginu. Það er reyndar dómsmál í gangi og ég efast um að okkur líðist áfram að beita þeirri reglu gagnvart lífeyrisþegum.

Ég efast ekki um að þeir sem þekkja kjör öryrkja sérstaklega vita hvaða áhrif þessi regla hefur haft á fjölskyldulíf öryrkja, hversu margir hafa leiðst út í skilnað vegna hennar. Þetta hefur brotið upp margar fjölskyldur, leitt til fjölskyldu-

harmleikja. Börn öryrkja hafa ekki getað leyft sér að taka fullan þátt í samfélaginu. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, hv. þm. Jón Kristjánsson. Þetta eru staðreyndir. Þessi börn eru ekki með í íþróttum, fara ekki í tónlistarkennslu eða annað sem fólk leyfir börnunum sínum almennt í dag.

Í könnunum hefur komið í ljós að þessi börn geta orðið samfélaginu dýr síðar. Það kemur mér á óvart að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki nú þegar hafa afnumið þessa óréttlátu reglu. Ég furða mig á því þar sem þetta á ekki að kosta nema um 360 milljónir. Meðan menn geta veitt 200 milljónir í hrossakaup og hestastúss þá er ekki hægt að leggja til velferðarmálanna, til aftengingar á þessari óréttlátu tekjutryggingu og láta af mannréttindabrotum, svo mikið sem eina milljón, hvað þá tvær. Það er ekki nokkur skapaður hlutur lagður til hér, a.m.k. er það ekki afmarkað í fjárlögunum.

Þetta er brot á þeim mannréttindasáttmálum sem við erum aðilar að. Þetta er brot á mannréttindasáttmála Evrópu, brot á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna o.s.frv. Það er vissulega löngu tímabært að afnema þessa reglu og það viljum við þingmenn Samfylkingarinnar gera.

Við þyrftum auðvitað að taka á ýmsu öðru sem snýr að öryrkjunum. Við gerum það náttúrlega ekki beint við þessa fjárlagaumræðu en það þarf að breyta fyrirkomulaginu gagnvart þeim, sérstaklega öryrkjunum sem missa starfsgetuna snemma á ævinni. Þeir þurfa að geta hækkað ráðstöfunartekjurnar eftir því sem þeir eru eldri og til eru ákveðnar hugmyndir um hvernig við getum stighækkað örorkulífeyrinn án þess að það kosti verulega fjármuni. Það er okkur dýrt að vera með þessar lágviðmiðanir í velferðarkerfinu. Við höfum margoft bent á þetta í umræðunni og á því er hver staðfestingin af annarri í riti Stefáns Ólafssonar um íslensku leiðina. Við borgum lægri bætur, við erum með meiri fátækt, erum með lakari kjör og meiri ójöfnuð á Íslandi.

Ég minnist þess þegar ég starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins og við unnum að því með öðrum Norðurlandaþjóðum að bera saman lífeyri og almannatryggingakerfið milli þessara landa. Þar voru menn spurðir: Hvar vildirðu helst vera þegar þú verður gamall? Hvar vildirðu helst búa ef þú misstir heilsuna og þyrftir að lifa á almannatryggingabótum eða ef þú misstir heilsuna og þyrftir að vera á sjúkradagpeningum? Aldrei vildi nokkur maður vera á Íslandi undir þeim kringumstæðum. Í hvert einasta skipti sem svona dæmi voru dregin upp var Ísland langt fyrir neðan frændþjóðirnar á Norðurlöndunum. Það var skammarlegt og það er skammarlegt.

Vegna tengingarinnar við tekjur maka bendir Stefán Ólafsson á það í bókinni um íslensku leiðina að þetta sé tekjutenging sem sé hvergi viðhöfð lengur á Vesturlöndum. Hann segir það fyrirkomulag eiga rætur sínar að rekja til fátækraaðstoðarinnar á 19. öldinni þegar framfærslan var fyrst á herðum fjölskyldunnar áður en það kom að hinu opinbera. Þetta er nokkuð sem hefði þurft að vera búið að laga fyrir löngu.

Velferðarkerfið þarf reyndar að vera í sífelldri endurskoðun og sífelldri breytingu. Við sitjum núna uppi með velferðarkerfi sem lítið hefur breyst frá 1971. Það hefði að sjálfsögðu þurft að bæta kjörin og núna í góðærinu hefði þurft að skjóta styrkari stoðum undir velferðarkerfið.

Ég gerði öryrkjana að umræðuefni séstaklega vegna þess að nokkuð stór hluti öryrkja fær ekki neinar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Það fólk þarf betri stuðning frá velferðarkerfinu. Það eru 43% öryrkja sem fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðunum. Sama má segja um allstóran hóp aldraðra. Þegar maður fer að skoða þennan hóp aldraðra sem býr við fátækt er einnig merkilegt að þrír af hverjum fjórum öldruðum undir fátæktarmörkum eru konur. Það er auðvitað að einhverjum hluta vegna þess að konur eiga minni rétt í lífeyrissjóðunum en karlar. Enn eru fjölmargir lífeyrisþegar eða eftirlaunaþegar í kerfinu sem eiga lítinn eða engan rétt í lífeyrissjóðum. Þó það sé mikið að breytast eru þeir sem koma inn á almannatryggingarnar á hverju ári yfirleitt með æ meiri réttindi í lífeyrissjóðunum. Það er okkar styrkur, það er styrkur velferðarkerfis okkar að lífeyrissjóðirnir eru eins og þeir hafa verið byggðir upp. En á meðan þeir hafa ekki tekið yfir meiri hluta af almannatryggingunum þá þurfum við að bæta kjör þeirra sem þar eiga ekki rétt.

Þetta voru nokkur orð um breytingar sem við leggjum til á lífeyristryggingunum til að bæta hag þeirra sem verst eru settir. Vissulega þarf meira til. Það þarf að taka til í þessum ranni.

Við leggjum jafnframt til breytingar á sjúkratryggingunum. Við höfum bent á það, herra forseti, hér úr þessum ræðustól hve ömurleg kjör sjúklinga eru ef þeir eiga ekki rétt í sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna eða hafa nýtt veikindarétt sinn og þurfa að treysta á almannatryggingarnar. Sem betur fer er þetta ekki mjög stór hópur en þetta fólk fær mjög lágar greiðslur, um 20% af almennum verkamannalaunum, á meðan nágrannaþjóðir okkar greiða þegnum sínum 70–100% af atvinnutekjum séu þeir í slíkri stöðu. Ég er sannfærð um að ef þessi þáttur sjúkratrygginganna verður leiðréttur og lagaður í þá veru sem hann er á Norðurlöndunum þá mun það verða sparnaður annars staðar í kerfinu. Reglan um sjúkratryggingarnar og sjúkradagpeningana hefur það í för með sér að læknar hneigjast til að úrskurða þetta fólk á örorkugreiðslur mjög fljótt. Því miður er það oft þannig að þegar fólk er komið á örorkugreiðslurnar þá fer það ekki út af greiðslunum aftur.

Á aðalfundi Tryggingastofnunar ríkisins á dögunum kom fram að um 1.600–1.700 manns á ári þurfa að búa við þessar aumu sjúkratryggingagreiðslur sem eru rúmar 20 þús. kr. á mánuði, 10 þús. ef menn eru í hlutastarfi. Greiðslurnar til framfærslu barna, til að fæða þau og klæða eru innan við 200 kr., 182 kr. á dag, sem er náttúrlega hlægileg upphæð og allir vita að af þeirri fjárhæð er hvorki hægt að lifa né deyja. Við leggjum til að sjúkradagpeningarnir hækki um 100% og þó svo að það dugi alls ekki til þá er það þó í áttina og þá miðast upphæð sjúkradagpeninga við sömu upphæð og fæðingardagpeningar. Konu í fæðingarorlofi er ætlað að lifa á helmingi hærri upphæð en sjúklingi, það bara segir sig sjálft að þetta eru fáránlegar viðmiðanir og rugl. Konur í fæðingarorlofi hafa helmingi hærri dagpeninga en sjúklingur sem hefur ekkert annað fyrir sig að leggja.

Sjúkradagpeningareglunum þyrfti einnig að breyta á mannúðlegri hátt. Samkvæmt þeim á sjúklingurinn ekki að hafa neina framfærslu í 14 daga, fyrstu 14 dagana sem hann er veikur og án tekna hefur hann ekki neinn rétt í almannatryggingunum. Hann fær ekki greiðslur þaðan fyrr en hann hefur verið veikur í 21 dag. Það segir sig sjálft að þarna þarf að breyta reglunum.

Hv. þm. sem talaði á undan mér vitnaði í bók Stefáns Ólafssonar og las upp kafla úr henni. Ég ætla ekki að endurtaka það, herra forseti, en mig langar til að vitna hér í bók Stefáns Ólafssonar og lesa úr henni örlítinn kafla um

velferðarkerfið. Á bls. 348 og 349 segir í bókinni, með leyfi forseta:

„Öryggisnet samfélagsins liggur frekar lágt þegar hagsældarstig þjóðarinnar er haft í huga og því verður lífskjaravandi oft mikill meðal þess fólks sem á allt sitt undir lífeyrisgreiðslum frá almannatryggingum. Það er í sjálfu sér ekki stór hluti þjóðarinnar sem þar um ræðir, þ.e. sem býr við allra hörðustu kjörin, og því má segja að það væri ekki sérstaklega íþyngjandi fyrir þjóðarheildina að bæta hag þeirra."

Það er ekkert sérstaklega íþyngjandi fyrir þjóðarheildina að bæta hag þessa fólks. Við eigum alveg að geta gert það. Ég undrast að hæstv. heilbrrh., sem ætti nú að þekkja þessi mál manna best, búin að stjórna þessum málaflokki í hálfan áratug, skuli ekki hafa lagt það til hér, miðað við það sem hefur verið gert til að kanna ástandið í þessum málum, skoða þessi atriði, gera úttektir, skipa nefndir, ræða málin, skrifa heilu bækurnar. Allt þetta er staðfesting á því að þetta fólk býr við ömurlegar aðstæður og þarf hærri greiðslur til að skrimta.

Herra forseti. Við í Samfylkingunni leggjum til eins og hálfs milljarðs útgjaldaaukningu við þessa fjárlagaafgreiðslu. Við 3. umr. munum við koma með tekju- og sparnaðartillögur á móti. Það mun koma á móti þessum útgjaldaliðum, ef þessar tillögur yrðu nú samþykktar, ef ríkisstjórn góðærisins væri það stórhuga að samþykkja að setja þessa peninga í að styrkja innviði velferðarkerfisins og tryggja afkomu þess fólks sem verst er statt í velferðarkerfinu og gerði lítillegar breytingar á almannatryggingalögunum. Ég gæti verið hæstv. ríkisstjórn innan handar í þeim efnum ef þeir vildu njóta leiðsagnar minnar. Ég efast þó ekki um að þeir hafi sérfræðinga á sínum snærum til að gera það.

Í lokin, herra forseti, langar mig til að benda á hve aumir við Íslendingar og ríkisstjórn okkar erum í framlögunum til velferðarmálanna. Við erum ekki hálfdrættingar á við aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við. Við setjum 19% af vergri þjóðarframleiðslu til velferðarmálanna meðan nágrannaþjóðir okkar leggja í það kerfi yfir 30%, Svíþjóð 36% tæp, Danmörk 34%, Finnland 33% og Noregur rétt undir 30%. Við rétt löfum í 19%.

Nú þegar nógir peningar virðast til í allt mögulegt sem mönnum dettur í hug ættum við nú að geta sett einhverja peninga til þess að verða ekki alræmd fyrir fólk undir fátæktarmörkum, sem á ekki í sig eða á, þarf að lifa á hafragraut í lok mánaðar (**ÍGP:** ... skyri?) og öðrum grautum. Það hefur varla efni á skyri, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason. (**Gripið fram í:** Þú varst nú með skyrdós um daginn hérna.) Skyrdósin, hv. þm., kostar meira en hv. þm. og félagar hans í ríkisstjórninni ætla til framfærslu á barni á einum degi, að fæða og klæða barn sjúklings á einum degi. Það dugir ekki fyrir svona skyrdós, hv. þm., hvað þá einhverju út á skyrið. Ég læt þetta koma fram úr því að hv. þm. gerir þessa skyrdós að umræðuefni.

Vissulega er þetta ekki til að grínast með. Þetta eru háalvarlegir hlutir. Við eigum að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í samfélaginu. Til þess er velferðarkerfið. Því miður virðist það ekki halda lengur. Þar eru hópar sem hafa ekki sómasamlega framfærslu, fólk sem getur ekki unnið fyrir sér og það viljum við aðstoða. Við viljum leiðrétta það og leggjum til, herra forseti, að veittur verði einn og hálfur milljarður til þess.

[23:17]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir ræðuna. Ég get verið sammála mörgu sem hún sagði en ég vil láta örfá atriði koma fram.

Í fyrsta lagi að það komi fram varðandi bæturnar að einmitt í þeim fjáraukalögum sem við vorum að takast á um núna fyrir nokkrum dögum voru ákvæði til hækkunar bóta. Mér er kunnugt um að gera þarf betur en eigi að síður vil ég undirstrika að áform eru hjá ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum um að skoða það bótakerfi sem við búum við. Margumtöluð bók Stefáns Ólafssonar er mjög gott innlegg í það mál. Teknir eru þar bæði kostir og gallar á velferðarkerfi okkar og það er fagnaðarefni að sú bók er komin út og öll sú vandaða upplýsingaöflun sem þar er. Ég vil undirstrika að þar er tekið fram að við höfum að mörgu leyti góðan grunn til þess að eiga við þessi mál, m.a. lífeyrissjóðakerfið sem við höfum byggt upp og mun koma af vaxandi þunga inn í þessi mál á næstu árum. Meðan svo er ekki þá þurfum við auðvitað að endurskoða nokkra þætti. Mér er fagnaðarefni að við erum sammála um að afnema ekki tekjuskerðingar á launahæsta fólkið. Ég er sammála hv. þm. í því.

[23:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln., fyrir innlegg hans í umræðuna og viðbrögðin við ræðu minni.

Vissulega hefur það ekki farið fram hjá mér að tillögur voru um hækkun bóta í fjáraukalögunum en ríkisstjórninni ber að hækka bætur samkvæmt lögum. Það er í almannatryggingalögunum að hækka beri bætur.

Ég spyr hv. þm., formann fjárln.: Hversu mikið ætlar hann að hækka lífeyrisgreiðslur almannatrygginga núna í kjölfar launahækkana á vinnumarkaði? Hversu mikið verða bætur almannatrygginga hækkaðar? Verður það eitthvað meira en það lágmark sem er í lögunum? Ég ætla að vona að svo verði. En það væri fróðlegt að fá það gefið upp í umræðunni hversu mikið bætur almannatrygginga munu hækka?

Vissulega bendir Stefán Ólafsson á kosti og galla kerfisins og það er gott að menn ætla að læra af því og ætla að gera eitthvað. En ég vildi gjarnan fá að sjá fljótt að eitthvað verði gert því að við erum komin með mjög mikilvægar upplýsingar, bæði í þessari úttekt og víðar sem geta hjálpað okkur við að leiðrétta kerfið.

Ég minni hv. þm. á að þó að lífeyrissjóðakerfið okkar sé gott og muni taka yfir stóran hluta lífeyristrygginganna, þá er þarna stór hópur sem fær aldrei úr lífeyrissjóðakerfinu. Það er bara því miður þannig í samfélaginu. Þar er fólk sem aldrei getur farið út á vinnumarkað og mun aldrei fá nokkrar vinnutekjur. Þessum hópi verðum við auðvitað að koma til hjálpar, þetta fólk verður að fá sinn stuðning úr velferðarkerfinu. Við getum ekki alltaf ætlað því algjörlega botninn.

[23:22]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. þm. séum sammála um markmið. Það er vissulega rétt að það er hópur fólks sem nær sér ekki upp á vinnumarkaði, það er alveg rétt, mér er það fullljóst. Það verður að vera öryggisnet í samfélaginu um það fólk. Lífeyrissjóðakerfið gagnast ekki öllum, við erum sammála um það.

Ekki liggur fyrir ákvörðun um hversu mikið bætur verða hækkaðar umfram lögbundna hækkun, ég hef ekki svör við því hér og nú. En ég endurtek það sem ég sagði í fyrra andsvari mínu að þessi tryggingamál eru og verða til skoðunar. Það eru önnur verkefni í heilbr.- og trn. sem fjármunir verða settir í núna, eins og hefur svo mjög verið til umræðu, bæði við fjáraukalög og við fjárlög. Það er vonandi að við náum utan um þann vanda og við getum snúið okkur að tryggingahluta heilbrrn. til að taka þar á og lagfæra það sem út af stendur því að við höfum þau sameiginlegu markmið að bæta afkomu þeirra sem verst eru settir í samfélaginu. Ég held að við þurfum ekkert að deila um það. Spurningin er hversu hratt það er gert og hvaða málefni hafa forgang. En það er alveg ljóst að við þessa fjárlagagerð hafði heilbrigðisþátturinn forgang varðandi fjárútlát, það liggur fyrir í þeim tillögum sem hér eru.

[23:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. þessi svör. En er það raunverulega svo að ríkisstjórnin og heilbrrh. og þeir sem vinna að fjárlagagerðinni hafi ekki enn þá gert það upp við sig hversu mikla kjarabót lífeyrisþegar eiga að fá á næstunni umfram það sem er lögbundið? Er það virkilega svo að við göngum frá fjárlögum án þess að búið sé að gera það upp í ríkisstjórninni hvort menn ætla að hækka lífeyrisgreiðslurnar um 3% eða meira? Ég trúi bara ekki mínum eigin eyrum, herra forseti, að menn hafi ekki glóru um það hvernig þeir ætli að hækka og bæta kjör lífeyrisþega.

Það eru nú reyndar ekki bara lífeyrisþegar sem þurfa meira, það eru líka sjúklingarnir eins og margoft hefur verið bent á og tillögur liggja hér fyrir um.

Það er dálítið þreytandi, herra forseti, þegar alltaf er verið að skoða málin. Vissulega þarf að skoða ýmislegt en það er búið að gera það ansi lengi. Búið er að skoða þessi lífeyrismál og almannatryggingarnar í 30 ár. Menn hljóta að vera búnir að sjá hvar pottur er brotinn. Sérstaklega þegar búið er að gera faglegar úttektir á því að þá ættu menn að vita hvar þeir þurfa að grípa inn í og hvernig þeir þurfa að laga til svo velferðarkerfið standi undir nafni.

Ég verð að segja það, herra forseti, ég er orðin ansi óþreyjufull fyrir hönd þessa fólks. Mér finnst óþolandi að það skuli vera fólk í samfélaginu sem fær ekki almennilegar kjarabætur þegar við sjáum hvað aðrir eru að fá. Þetta er fólk sem býr við fátækt.

[23:26]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir ræðuna. Hv. þm. hefur gjarnan látið sig varða málefni aldraða og öryrkja og er það gott. Hv. þm. hlýtur að gleðjast yfir ákveðnum áherslubreytingum ríkisstjórnarinnar varðandi velferðarkerfið og heilbrigðismálaþáttinn í fjárlagafrv. vegna þess að þingmaðurinn hefur margoft rætt þessi mál. Ég veit að það er afar góð hugsun á bak við það sem hv. þm. er að tala um. Hins vegar talar hv. þm. gjarnan þannig að hún dregur fram þá allra dekkstu mynd sem hægt er að draga fram. Við búum í samfélagi þar sem auðvitað eru mýmörg verkefni sem verður að takast á við.

Ég þekki býsna vel til á Norðurlöndum, t.d. í Danmörku, og ég er alveg viss um að velferðarkerfið okkar er alls ekki verra en þar, mikið langt frá því. Ég þekki líka og er í góðu sambandi við mjög margt gamalt fólk. Eldri borgarar á Íslandi eru sem betur fer mjög margir heilbrigðir og hressir og það pirrar þá marga hvernig talað er til þeirra, alltaf eins og þeir séu bláfátækir og eigi ekki fyrir nauðþurftum o.s.frv. Það eru mjög margir aldraðir sem eru afar óánægðir með það á hvern hátt talað er um þá.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að í þeim hópi eins og í öðrum hópum þjóðfélagsins er fólk sem hefur það ekkert allt of gott.

[23:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg fullvissað hv. þm. um það að ég dreg ekki fram dekkstu myndirnar vegna þess að mér finnst ekki smekklegt að koma með þær hérna. Þær eru þannig.

Aftur á móti dreg ég fram raunveruleg, sönn dæmi um hvernig fólk hefur það. Þetta eru ekki tilbúin dæmi sem ég nefni, þetta eru staðreyndir. Því miður er þetta raunveruleikinn.

Aftur á móti er alveg rétt hjá hv. þm. að auðvitað er til fólk sem hefur það bara ansi gott og það er fullt af öldruðum sem eru sterkefnaðir. (**ÍGP:** ... meginþorri landsmanna er ...) Ég er að tala um lífeyrisþega, hv. þm. Það eru auðvitað sterkefnaðir aldraðir til. En það eru líka til bláfátækir aldraðir. Það er fólkið sem ég er búin að vera benda á sem á ekki rétt í neinum lífeyrissjóðum, sem þarf að lifa á strípuðum almannatryggingagreiðslunum sem eru 45 þús. kr. á mánuði, hv. þm., fyrir þann sem býr einn og 67 þús. kr. fyrir þann sem býr með öðrum. Og reikni nú hv. þm. hvernig honum tækist nú að framfæra sér á þeim greiðslum á mánuði, hvað þá ef hann ætlaði nú að gera sér dagamun. Þetta fólk fer ekki á veitingastaði, í bíó eða leikhús. Það er alveg greinilegt. Það er þetta fólk sem ég er að tala um, hv. þm., vegna þess að það eru allt of margir í þeim hópi og við eigum auðvitað ekkert að líða það og sérstaklega ekki í góðæri, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason. Í góðæri eigum við að taka á þessum málum og lyfta gólfinu upp svo að aldraðir og öryrkjar séu ekki undir fátæktarmörkum, undir framfærslumörkum, eins og því miður er í dag.

Varðandi Danmörku þá hefur nú ástandið aldeilis versnað frá því að ég var að bera þetta saman fyrir fimm árum ef það er svo að það er ekki verra hér en í Danmörku.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill minna hv. þm. á að samkvæmt þingsköpum má ekki ávarpa einstaka þingmenn.)

[23:31]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu áðan þá veit ég að hv. þm. gengur allt gott til í umræðu þessari. Hv. þm. sagði reyndar að hún drægi ekki fram dekkstu myndir í þjóðlífinu en það er í raun og veru alveg sama hvar við tökum myndir úr þjóðlífinu, við getum alltaf fundið mjög drungalegar og dökkar myndir. Ég geri mér afar vel grein fyrir því að fullt af fólki á Íslandi, eins og annars staðar, hefur það ekki nógu gott, því miður. Það á við um lífeyrisþega og marga fleiri. Ég geri mér grein fyrir því.

Þegar við horfum á myndina í heild sinni þá megum við hins vegar passa okkur á því að alhæfa ekki um fólk t.d. með því að afgreiða alla aldraða á sama hátt eða afgreiða ákveðna aldurshópa á sama hátt. Við getum fundið fullt af barnungu fólki í þjóðfélaginu sem er bláfátækt. Það á við um miðaldra fólk líka og það á við um ellilífeyrisþega. Ég geri mér grein fyrir því. Reyndar hefur þingmaðurinn mjög gjarnan tekið upp einstök mál einstaklinga hér í þingsölum, og það er um

margt vel, ýmis bréf sem berast okkur og þess háttar þannig að hv. þm. hefur dregið þetta upp. En það er líka hættulegt á vissan hátt að tala eins og þetta eigi við um alla.

Ég endurtek að ég er ekkert illa að mér um málefni aldraðs fólks, lífeyrisþega og almennra borgara á Norðurlöndum. Ég fullyrði að á margan hátt er kerfið okkar, t.d. heilbrigðiskerfið, betra en á mörgum stöðum á Norðurlöndum.

[23:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að þingmaðurinn gerir sér grein fyrir því að ekki er allt eins og best verður á kosið í velferðarkerfinu. Ég treysti því þá að hv. þm. leggi sig allan fram um það að bragarbót verði gerð á þessum málum og sjái til þess að meiri hlutinn í þinginu samþykki þessar tillögur okkar Samfylkingarinnar um betri kjör og bætt kjör lífeyrisþeganna sem við erum að leggja til hér í fjárlagaumræðunni því að þó að þetta nái kannski ekki langt að þá eru það samt veruleg kjör fyrir þá sem verst eru settir. Þeir eru vissulega þó nokkuð margir og allt of margir í rauninni.

Herra forseti. Ég hef ekki sett alla aldraða undir einn hatt. Ég tel mig ekki hafa talað um þá á þann hátt. Ég hef sagt það hér, herra forseti, að margir aldraðir eru vel settir. Þeir eru efnaðir. En margir eru líka illa settir, þ.e. þeir sem eru veikir, eru á stofnunum, þeir sem þurfa að lifa á vasapeningum, þeir sem þurfa að greiða megnið af lífeyri sínum fyrir heilbrigðisþjónustuna til að geta verið á hjúkrunarheimilum o.s.frv. Ég gæti haldið áfram lengi að tala um þessa hluti.

Ég hef ekki verið að ræða sérstaklega um þann hóp, þó að vissulega hefði þurft að taka á kjörum hans. Við, þingmenn Samfylkingarinnar, erum að leggja til að tekið verði á brýnasta vandanum með fjárlagatillögu okkar sem ég hef hér kynnt og mælt fyrir. Vegna þess að ég heyri að þingmaðurinn gerir sér grein fyrir því að þarna þarf að taka á, herra forseti, þá treysti ég því að a.m.k. þingflokkur Framsfl. muni styðja þetta því ég heyri það að bæði hv. formaður fjárln. og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hafa skilning á því að þarna þarf að taka á og það þarf að gera það strax.

[23:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki þá dul að koma hingað í ræðustól í fyrstu umræðu minni um fjárlög íslenska ríkisins og segja eitthvað sem ríður baggamuninn í umræðunni, hvorki að því er varðar erfiðleika forstöðumanna heilbrigðisstofnana við að halda sig innan ramma fjárlaga né heldur um áhrif kjarasamninga á heildarniðurstöður í fjármálum ríkisins. Ég ætla heldur ekki að þykjast kunna að nota kvenkyns nafnorðið „breytu".

En mér kemur í hug í ljósi þeirra umræðna sem áttu sér stað rétt áður en ég steig í þennan ræðustól, herra forseti, samtal sem ég átti við dóttur mína fyrr í kvöld, fjögurra ára gamla. Hún spurði mig hvort ég ætlaði að halda ræðu og ég svaraði: „Já". Hún spurði: „Um hvað?" Og ég svaraði: „Peninga". Og hún sagði: „Handa fátæku börnunum?"

Mér kemur þetta í hug, herra forseti, vegna þess að ræða hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur sem talaði hér á undan mér, snart mig ákaflega djúpt. Ég segi það satt að þar er verið að snerta á lykilmálum í okkar samfélagi, í velferð samfélags okkar. Það er alveg sama á hvaða mælistiku við lítum hjá vestrænum löndum, ef vestrænar þjóðir hafa ekki efni á því að sjá fyrir fátækustu meðborgurum sínum, þeim sem hafa það verst, þá erum við ekki að mæla efnahag okkar og velferð rétt.

Það er heilög skylda í vestrænu samfélagi að taka fyrir þann botn sem fyrirfinnst í samfélaginu og leiðrétta þar fyrst. Síðan getum við farið að tala um velferð í samfélagi okkar, en ekki fyrr en við erum búin að leiðrétta og laga það sem er á botninum. Okkur ber til þess heilög skylda af mannúðarástæðum.

Herra forseti. Við höfum enga afsökun, ekki neina. Við höfum það allt of gott til þess að taka ekki á málum þeirra sem verst hafa það. Það þýðir ekkert að segja okkur lengur um meðaltalshækkanir á þessum bótum og hinum bótum. Það þýðir ekki að vingsa því stöðugt, sýknt og heilagt, í þessum sal að svo og svo mikið hafi verið gert á síðasta ári við að hækka bætur til þessara hópa og hækka bætur til hinna að meðaltali. Það er ekki það sem á að mæla. Við þurfum bara að ráðast að vandanum þar sem hann er erfiðastur, mestur og dýpstur og stærstur. Þar þurfum við að laga og það getum við vel gert.

Herra forseti. Ég vil minna á að í hvert skipti sem hogginn er skógur þá hækkar landsframleiðslan. Í hvert skipti sem mengunarslys verður við strendur strandríkis á borð við okkar þá hækkar lands- eða þjóðarframleiðslan. Og í hvert skipti sem krabbameinssjúklingur er greindur þá hækkar þjóðarframleiðslan. Í hvert skipti sem maður er skotinn hækkar þjóðarframleiðslan. Herra forseti. Við verðum að fara að átta okkur á því að þjóðarframleiðsla og þessar hagtölur eru ekki rétti mælikvarðinn á velferð.

Við verðum að fara að taka til í okkar ranni og hugsa hlutina upp á nýtt. Við verðum að fara að stemma stigu við því lífsgæðakapphlaupi sem ætlar okkur lifandi að drepa, sem er að ríða þessu samfélagi hér á slig og gerir það að verkum að við gleymum að horfa til þeirra sem verst eru settir og minnst mega sín.

Fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir ber merki um þetta. Við skulum taka dæmi af stefnu ríkisstjórnarinnar og skoða hvernig hæstv. ríkisstjórn, herra forseti, gengur að standa við sín eigin orð og sín eigin stefnumið. Hér hef ég í fórum mínum ágætan bækling um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, samþykkta framkvæmdaáætlun til aldamóta. Hér eru afskaplega mörg stefnumið, göfug og góð og þau lúta að róttækum breytingum í samfélaginu, róttækum breytingum á hugsanagangi okkar og lífsháttum okkar, lífsstíl.

Herra forseti. Ég fór að gamni mínu í orðaleit í þessari bók hérna, frv. til fjárlaga íslenska ríkisins. Orðið sjálfbær þróun finnst ekki í þessu plaggi. Maður finnur ekkert í greinargerð eða texta þessa frv. sem bendir til þess að framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun til aldamóta sé í gangi. (Gripið fram í.) Já, þetta er 2000-vandinn.

Herra forseti. Ég ætla að gera umhverfismálin að meginmáli í ræðu minni nú. Ég starfa hér á Alþingi í tveimur nefndnum, hv. umhvn. og hv. menntmn. Ég verð að segja að við þingmenn Vinstri hreyfingarinar – græns framboðs höfum skipt með okkur verkum og umhverfismálin hafa komið í minn hlut. Ég ætla að vitna til nál. hv. umhvn. sem liggur fyrir með nál. meiri hluta fjárln., en undir það nál. skrifa ég með fyrirvara og nú mun ég greina frá þeim fyrirvara.

Í þessu nál. hv. umhvn. er lýst stuðningi við þá viðleitni ríkisstjórnarinnar að koma böndum á þenslu í samfélaginu. Sums staðar í fjárlagafrv. gætir slíkrar viðleitni. Það er alveg viðurkennt og skal ekki gert lítið úr því, virðulegi forseti. En í þeim efnum má nefna að ríkisstjórnin gerir ráð fyrir frestun

framkvæmda Ofanflóðasjóðs og frestun á styrkveitingum vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaganna.

Herra forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef og sem nefndinni reyndar bárust frá starfsmönnum umhvrn. virðast þessir útgjaldaliðir ætla að anna eftirspurn fyrir næsta ár þó að hvor um sig sé lækkaður um 100 millj. kr. á milli áranna 1999 og 2000. Ég verð að segja að þó ég dragi ekki í efa að þær upplýsingar sem við höfum undir höndum séu réttar þá vekur það mig til umhugsunar hverju þetta sæti þegar vitað er að eitt af stærstu verkefnum sveitarfélaganna í landinu er fráveitumál og eftir því sem við heyrum í fjölmiðlum þá eiga sveitarfélögin fullt í fangi með að anna þeim fráveituframkvæmdum sem ýmist standa yfir eða standa fyrir dyrum hjá sveitarfélögunum.

Gott og vel, það er sagt að ekki séu frekari umsóknir til þessara þátta þannig að það sé í lagi í sjálfu sér að lækka þarna hvorn lið um 100 milljónir. Þetta dreg ég ekki í efa þannig að fyrirvari minn er ekki fólginn í athugasemdum við þessa tvo útgjaldaliði og heldur ekki vegna Staðardagskrár 21 sem, eins og kemur fram í brtt. meiri hluta fjárln., hefur hlotið jákvæða meðferð hv. fjárln. Þar er nú að finna þriggja millj. kr. framlag sem ekki var í frv. þegar það var lagt fram. Þessu fagna ég, herra forseti.

Ég fagna þessu því að hér er um slíkt fyrirmyndarverkefni að ræða að það getur mögulega skipt sköpum fyrir fjölda sveitarfélaga hvort þau geta haldið áfram að efla sjálfbæra þróun í samfélaginu. Fyrirvari minn var því ekki tengdur Staðardagskrárverkefninu. En þetta er kannski skýrasta dæmið um að sjálfbær þróun er þó einhvers staðar undirliggjandi því Staðardagskrárverkefnið byggir að sjálfsögðu á sjálfbærri þróun í íslensku samfélagi og hugmyndunum um hana.

Nei, fyrirvari minn varðandi nál. hv. umhvn. lýtur að hugleiðingum um aðgangseyri að friðlýstum svæðum, en í nál. segir, með leyfi forseta:

„Nefndinni varð tíðrætt um þann þátt frumvarpsins þar sem lagt er til að innheimtur verði aðgangseyrir að friðlýstum svæðum og tekjunum verði varið til uppbyggingar á þeim svæðum þar sem aðgangseyrir er tekinn. Heimild fyrir gjaldtökunni hefur verið í náttúruverndarlögum um skeið og slík heimild er í núgildandi lögum, nr. 44/1999, sem samþykkt voru fyrr á þessu ári, en hefur hingað til ekki verið nýtt. Í máli fulltrúa umhverfisráðuneytisins kom fram að starfandi væri nefnd sem ynni að tillögum um fyrirkomulag gjaldtökunnar. Ekki liggur fyrir hvernig henni verður háttað en nefndin leggur áherslu á að henni verði kynntar útfærslur á gjaldtökunni áður en fullnaðarákvörðun verður tekin.“

Herra forseti. Hér er komið að fyrirvara mínum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram brtt. í framhaldi af skoðun okkar á fjárlagafrv. Við leggjum til að þar verði gerð breyting og bragarbót. Samkvæmt frv. til fjárlaga er gert ráð fyrir að til komi tekjur upp á 15 millj. kr. vegna gjaldtöku aðgangseyris að friðlýstum svæðum. Jafnframt kemur fram að engar mótaðar hugmyndir eru enn til staðar. Þar á eru margir fyrirvarar og margar skoðanir fólks á lofti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs meta það svo að ekki sé komið að því að þessi hugmynd geti skilað okkur 15 millj. kr. á næsta ári. Það virðist vera svo langt í land með undirbúninginn að við leggjum til að breyting verði gerð á þessum lið í fjárlagafrv. og þessar 15 milljónir verði beinlínis teknar út af sértekjum og bætt við liðinn 14-205 Náttúruvernd ríkisins. Þannig teljum við að þjóðgarðar og friðlýst svæði eigi að fá að njóta þessarar upphæðar en hennar eigi ekki að afla með sértekjum á þennan hátt, með því að rukka um aðgangseyri að friðlýstum svæðum.

Virðulegi forseti. Ég gleymdi að vitna til þess að tillögur okkar eru á þskj. 355 en þar má sjá að önnur breyting sem við leggjum til varðandi Náttúruvernd ríkisins tengist fjárþörf Náttúruverndar vegna heildarskoðunar náttúruverndarlaga. Í ræðu hæstv. umhvrh. í þinginu fyrir nokkrum dögum, einni viku eða svo, kom fram að Náttúruvernd ríkisins væri að vinna að áætlun um heildarfjárþörf vegna þess sem kallað er náttúruverndaráætlun. Í máli hæstv. umhvrh. kom fram að til náttúruverndaráætlunarinnar þyrfti, þegar allt er talið, 430 millj. kr. Hér er um að ræða fjögurra ára áætlun.

Til að gera fólki grein fyrir því, herra forseti, hvað felst í náttúruverndaráætlun þá getum við sagt frá því að vegna breytinga á fjölförnum ferðamannastað, við Gullfoss — þá er ég bara að tala um framkvæmdir við breytingar á neðri pallinum við Gullfoss — hljóðar framkvæmdaþörf og áætlun vegna þessa eina verkefnis upp á 14 millj. kr. Við getum nefnt það líka að fjárþörf vegna lagfæringa á skemmdum á Geysissvæðinu er a.m.k. 20 milljónir, bara til að ekki sé slysahætta fyrir ferðamenn sem þar eiga leið um. Við tökum á móti 256 þúsund ferðamönnum í ár og mjög stór hluti þeirra leggur leið sína til Gullfoss og að Geysi. Það hefur ekki verið staðið nægilega vel við bakið á Náttúruvernd ríkisins í endurbótum og viðhaldi á þessu svæði þar sem fjárþörf þessara svæða, bara til brýnustu lagfæringa, hljóðar upp á 34 millj. kr.

Eitt dæmi enn langar mig að nefna, herra forseti, sem finna má í náttúruverndaráætluninni. Það eru viðgerðir og viðhald á salernisaðstöðu við þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Það eitt kemur til með að kosta 10 millj. kr., aðeins til þess að gera salernin í Jökulsárgljúfrum þannig úr garði að við Íslendingar getum talið þau boðleg fyrir erlenda ferðamenn sem við bjóðum upp á að skoða náttúru okkar fagra lands.

Herra forseti. Það er vel að meiri hluti fjárln. hv. hefur lagt til að fjárlagaliðurinn Yfirstjórn Náttúruverndar ríkisins skuli fá hækkun frá fjárlagafrv. Samkvæmt þeim brtt. sem lagðar eru fram er óskað eftir hækkun upp á 5 millj. kr. Það er vissulega vel, herra forseti, en það eru bara 5 millj. En verkefnin eru ærin. Í ljósi þeirra tekna sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur bent á að sé hægt sé að afla og grein var gerð fyrir í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fyrr í kvöld þá ættum við að geta hækkað Náttúruvernd ríkisins, fjárlagalið 14-205 um meira en 5 millj. kr. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja til að sú hækkun fari upp í 65 milljónir. Þessi tillaga kemur sömuleiðis fram, herra forseti, á þskj. 355.

Fleira jákvætt mætti segja um brtt. meiri hlutans í hv. fjárln., t.d. 8 millj. kr. til endurvinnslu á úrgangi. Þetta er sannarlega af hinu góða og er einn af þráðunum sem minnir okkur á sjálfbæru þróunina. Það er ekki sanngjarnt af mér að segja að ekkert sé hugsað um hana. Hún er ekki nefnd á nafn, sjálfbær þróun, en örfáa þræði í frv. staldrar maður við og uppgötvar að það er til framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun.

Herra forseti. Varðandi frekari brtt. sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggja fram á þskj. 355 í þessu máli er hér óskað eftir breytingu við fjárlagalið 14-190 Ýmis verkefni, sem heyrir líka undir umhvrn.

Við köllum tölulíðinn 1.62 og óskum eftir að settar verði 3 milljónir í undirbúning Vatnajökulsþjóðgarðs.

Hv. þm. minnast þess kannski, herra forseti, að fyrir tveimur árum, eða kannski bara einu og hálfu var samþykkt á Alþingi þáltill. um að skoða möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2002 á alþjóðlegu ári fjalla. Nú er þess hvergi að finna stað í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar að þessi undirbúningur eigi að fara í gang en samkvæmt þáltill. var ríkisstjórninni gert að gera þinginu grein fyrir því á vorþingi árið 2000 hvernig málið stæði. Ég tel nauðsynlegt að sett sé fé í þennan undirbúning á því ári sem nú er fram undan. Þess vegna óskum við eftir því, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að liðurinn Vatnajökulsþjóðgarður, undirbúningur fái 3 milljónir á fjárlagalið 1.62.

Síðan óskum við eftir því, herra forseti, að til komi nýr liður 1.65 sem við köllum Kortlagning ósnortinna víðerna. Á þann fjárlagalið óskum við eftir að settar verði 2 millj. kr. Þessi ósk á sér sömuleiðis stað í þáltill. sem samþykkt var á þinginu fyrir einu eða tveimur árum um að fram færi kortlagning ósnortinna víðerna. Enn hefur ekki verið gert ráð fyrir sérstökum fjárframlögum vegna þessa verkefnis en að mínu mati, herra forseti, er um afskaplega mikilvægt verkefni að ræða. Það get ég stutt með því að vitna í þau mál sem nú eru í gangi, t.d. varðandi skipulag miðhálendisins.

Við vitum að það er búið að gera svæðisskipulag fyrir miðhálendið. Það er sannarlega vel að það skyldi nást í gegn. Það er mjög lærdómsríkt og gaman, herra forseti, að lesa í gegnum þá vönduðu bók sem lýsir svæðisskipulagi miðhálendisins. Í beinu framhaldi af því er ákaflega nauðsynlegt að fá hin ósnortnu víðerni kortlögð. Mikið er rætt um verðmæti ósnortinna víðerna í dag. Við hlustum á lærða menn utan úr heimi sem koma hér og flytja okkur fyrirlestra um arðsemi ósnortinna víðerna. Um það eru nefndar tölur, reiknuð dæmi og allt er þetta afskaplega athyglisvert fyrir þjóð sem býr í landi sem kannski getur státað af stærstu lítt snortnu víðernunum a.m.k., svo ég segi ekki ósnortnu, í Vestur-Evrópu. Við teljum afskaplega mikilvægt, herra forseti, að fjármunir verði veittir til að verkefnið geti farið af stað á næsta ári þannig að því merki sem reist var á loft með svæðiðskipulagi miðhálendisins verði haldið á lofti.

Enn ein breytingin á þskj. 355 fellur undir Skipulagsstofnun, nánar tiltekið tölulið 14-301. Þar óskum við eftir framlagi undir liðnum Önnur gjöld hjá Skipulagsstofnun, liður 1.13. Þar óskum við eftir 10 millj. kr. viðbótarframlagi. Nú er það svo, herra forseti, að vel hefur verið staðið við bakið á Skipulagsstofnun undanfarin tvö ár, a.m.k. síðasta ár. Fjárveitingar til hennar hafa verið hækkaðar og Skipulagsstofnun hefur sýnt að hún veldur stórum verkefnum, eins og ég lýsti hér fyrr. Það breytir ekki því að engu að síður er þar fjárþörf sem leysa þarf úr að mati okkar hv. þm. í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þessir fjármunir eru hugsaðir til útgáfu leiðbeiningarrita til þeirra sem starfa að skipulagsmálum vítt og breitt um landið. Þó að Skipulagsstofnun sé staðsett hér á höfuðborgarsvæðinu á hún mjög náið samstarf vítt um land. Það er afskaplega þýðingarmikið að fræðslurit frá Skipulagsstofnun komist á leiðarenda, til allra þeirra aðila sem skyldum hafa að gegna við stofnunina en eiga því erfiðara með að uppfylla þær án ítarlegs efnis frá stofnuninni til að leiðbeina sér.

Einnig er þörf fyrir aukið fé til rannsókna hjá Skipulagsstofnun og sömuleiðis vegna áætlunar um landnotkun á landsvísu en samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er gert ráð fyrir því að vinna þurfi að svokölluðu landsskipulagi og innan þess verkefnis felst t.d. sameiginlegt skipulag landsvæða. Eins og fram kom, herra forseti, í síðustu viku þegar rædd var tillaga frá nokkrum hv. þm. úr Sjálfstfl. þá var óskað eftir sérstöku skipulagi fyrir suðvesturhornið, Suðvesturland. Verkefni á borð við það rúmast innan skipulags- og byggingarlaganna undir heitinu Landnotkun á landsvísu. Til þess verkefnis hafa ekki verið ætlaðir fjármunir. Hér er þörf á að enn betur verði tekið á málefnum Skipulagsstofnunar. Þar af leiðandi leggjum við til þetta viðbótarframlag til Skipulagsstofnunar.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir þeim hugmyndum sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa sett fram á þskj. 355 í málinu, brtt. vegna umhverfismála.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig til að nefna eitt atriði sem ég hef raunar vikið að í þessum ræðustól áður. Það er græna bókin svokallaða. Þannig er mál með vexti að Norðurlandaþjóðirnar, frændþjóðir okkar hafa á síðustu árum í æ ríkari mæli tekið umhverfisþáttinn inn sem sérþátt í allar sínar efnahagsáætlanir, alla hagstjórn sína og öll fjármál sín. Með fjárlögum norska ríkisins er gefin út græn bók. Hún gefur yfirlýsingu um stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum. Hún setur tóninn fyrir það hvernig ráðuneytunum er gert að vinna á grundvelli sjálfbærrar þróunar og á grundvelli grænnar hagfræði. Græna hagfræðin er sannarlega það sem koma skal. Þetta er nýjung í heiminum. Það eru framsýnar þjóðir sem taka upp græna þjóðhagsreikninga og prenta grænar bækur með fjárlögum sínum.

Herra forseti. Ég er sannfærð um að íslenska ríkisstjórnin er hlynnt því verkefni á grunni þessa bæklings sem gefinn hefur verið út, Framkvæmdaáætlun til aldamóta um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að koma því nú í kring að græn bók verði gefin út með fyrstu fjárlögum næstu aldar, þ.e. fjálögum ársins 2001 þó hún fylgi ekki fjárlagafrv. til ársins 2000.

[00:01]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir hvert orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur í upphafi ræðu hennar, þann þátt sem vék að stöðu lítilmagnans í þjóðfélaginu og ástæður þess að við eins og aðrar þjóðir eigum að hafa metnað til að standa við bakið á þeim sem minnst mega sín. Það á að vera okkur kappsmál og það er sjálfstæðismál á Íslandi sem í öðrum löndum. Sem betur fer er víða komið við í þessum efnum og reynt að gera vel og það hefur margt áunnist.

Það er hins vegar mikill vandi á höndum í mörgum tilvikum því að það skiptir miklu að jafnvægi sé í hlutum, að styrkjakerfið sé hvetjandi en ekki letjandi, að það sé hvetjandi að vinna fremur en að sitja í aðgerðaleysi o.s.frv. En víða hallar á og þar þurfa menn að leggja kapp á að bæta úr og það er vilji þessa fjárlagafrv. eins og gert hefur verið um langt árabil að taka á í þeim efnum og hefur miðað áleiðis eins og ég gat um.

Það er á ótalmörgum stöðum í þeim 4.000 atriðum sem má segja að fjárlagafrv. skiptist í að það er styrkt og stutt við bakið á þeim sem eru að vinna að ýmsum verkefnum í litlum einingum, bæði félagslega, atvinnulega og menningarlega og það er vel. Það á við það sama og um lítilmagnann. Hægt væri að nefna mörg dæmi í þeim efnum. En það hefur að mínu mati verið aðalsmerki fjárlagagerðar undanfarin ár að koma víða við í þeim efnum þó að umræðan hafi ekki verið mjög löng um þessi smærri atriði í fjárlagafrv. sem skipta

miklu máli svo sem í menningarstarfsemi víða um landið.

[00:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu að svara. Ég þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir hlý orð og góð og ég dreg ekki í efa og gerði það ekki heldur í ræðu minni að margt er vel gert í fjárlagafrv. og margt gerum við Íslendingar vel, það er alveg rétt.

En við verðum núna að hugsa um botninn í samfélaginu því það er þar sem þörfin er brýn, það er þar sem er virkileg þörf til að taka á og við hljótum að geta farið þar inn án þess að vera að hvetja til þess að fólk hætti að vinna og gerist einhverjir letingjar.

Herra forseti. Mig langar kannski að misnota þessa aðstöðu mína í þessu stutta andsvari vegna þess að ég gleymdi hreinlega í ræðu minni að beina einni spurningu til hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns hv. fjárln. Ég finn framlögum til áhugamannafélaga í náttúruvernd ekki stað í þessu frv. því að hv. umhvn. fékk erindi inn á sitt borð um stuðning við Náttúruverndarsamtök Íslands og samtökin Sól í Hvalfirði. Við afgreiddum þessar umsóknir með jákvæðu formerki og vísuðum þeim þannig til fjárln. en það er kannski um að kenna reynsluleysi mínu í þessum málum að ég finn því ekki stað í frv. En mig langar til að spyrja hv. þm.: Hvers eigum við að vænta? Er þetta einhvers staðar í safnliðum eða einhvers staðar falið án þess að ég sjái það?

[00:05]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að tala um botninn í samfélaginu. Engin regla er til um það hvar lífshamingjan liggur, hvort hún er hjá ríkum eða fátækum. Og um þetta snýst nú leikurinn allur, að styrkja og efla lífshamingjuna.

En það er enginn útúrsnúningur að nefna þetta á þann veg, ég skil alveg hvað hv. þm. á við. Hún talar um þá sem ugglaust minna mega sín frekar en að þeir séu á einhverjum sérstökum botni.

Það voru þó nokkur atriði í ræðu hv. þm. þar sem gætti misskilnings. Ég vil nefna eitt. Það er misskilningur að fjárlagagerðin sé í andstöðu við Náttúruvernd ríkisins þó ekki sé 20 milljónum veitt til Geysissvæðis. Veitt er 3,5 milljónum til rannsókna á Geysissvæðinu til þess að unnt sé að taka af skarið um hvernig eigi að bregðast við í að styrkja okkar heimsfræga hver Geysi. Hvort hægt sé að hjálpa honum til að gjósa eða hvað eigi að gera og það er grundvallaratriði að ljúka þessum rannsóknum. Veittur er fullur styrkur til þess að ljúka þeim og Orkustofnun mun sinna þeim rannsóknum. Það kostar miklu meira en 20 milljónir að gera ýmsar aðgerðir sem menn hafa hug til á Geysissvæðinu. Til að mynda þarf að kaupa upp Geysissvæðið, það þarf að gera fyrst. Síðan þarf að meta margs konar aðgerðir sem hafa verið settar á blað á löngu árabili. Á sínum tíma var Geysisnefnd til en hún var lögð niður á síðasta áratug og Náttúruverndarráð tók við Geysi í faðm sinn og sinnti í engu málefnum Geysis. Náttúruvernd ríkisins hefur hins vegar sinnt og sýnt áhuga á Geysi án þess þó að leggja nokkurn forgang í það verkefni og enga peninga. En málefnalega hefur Náttúruvernd ríkisins sýnt áhuga á svæðinu og það er vel. En það þarf miklu meiri peninga en nefndir eru í þessu dæmi til að gera þetta vel og vonandi vinna menn að því.

[00:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega þarf að gera betur í ýmsum málum. En það er í raun og veru í framhaldi af því sem hefur verið rætt í þessum sal síðustu daga og hv. þm. Pétur Blöndal hefur gengið fram fyrir skjöldu og rætt um þetta gífurlega álag á okkar frægu ferðamannastöðum og þeir eru sannarlega farnir að láta á sjá. Ekki hefðum við viljað, herra forseti, að erlendir ferðamenn hefðu verið staddir í Krýsuvík á hverasvæðinu þar þegar sprengingin varð þar fyrir skemmstu þar sem jarðskorpan nánast brast og sprakk.

Slíkt getur líka átt sér stað við Geysi og við Námaskarð. Við verðum að sjá til þess að slysahættu sé bægt frá og það er einungis gert með einhverri mannvirkjagerð, einhvers konar mannvirkjagerð sem heldur fólki sæmilega öruggu. Ég er sannfærð um að 20 milljónir við Geysi mundu gera ansi mikið þó að ég sé sannarlega sammála hv. þm. Árna Johnsen um að þær geri ekki allt.

Við þurfum að bregðast við þessu mikla álagi. Margir frægustu ferðamannastaðir okkar eru að drabbast niður og það er um tvennt að ræða, annaðhvort stöndum við vel að því að halda þeim við eða við bara lokum þeim og gerum eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur lagt til, setjum þá bara upp biðlista. Það komast að tíu á ári.

[00:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. beindi til mín spurningu um afgreiðslu á umsóknum frá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Sól í Hvalfirði, og mig minnir að Umhverfisverndarsamtök Íslands séu þar líka, við höfum fengið umsóknir þeirra frá umhvn. Samkomulag var um það í fjárln. að afgreiða þessi mál eins og á fyrra ári, að vísa því til umhvrn. á liðinn sem heitir Ýmis umhverfisverkefni. Hins vegar höfum við fengið ábendingar um að við þurfum að skoða svigrúmið á þessum lið og við munum gera það milli 2. og 3. umr. En þessi samtök fengu framlög frá umhvrh. á þessum lið á fyrra ári og afgreiðsla okkar var á sama veg.

Ég vildi halda öðru atriði hér til skila, en hv. þm. kom víða við í ræðu sinni sem ég þakka fyrir, og það var varðandi fjölsótta ferðamannastaði sem er áríðandi verkefni og ég tek undir að þarf að taka á. En ég vil benda á að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 20 millj. kr. hækkun á liðnum Fjölsóttir ferðamannastaðir undir samgrn. og þar hefur m.a. verið veitt til Gullfoss, mér er kunnugt um það. Ég held að Geysissvæðið hafi ekki verið þar með. En það er mjög aðkallandi að varðveita fjölsótta ferðamannastaði og lagfæra þá þannig að þeir verði ekki troðnir upp af vaxandi ferðamannastraumi.

[00:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir þetta svar. Mér nægir alveg að vita að þau umhverfisverndarsamtök sem nefnd voru áðan skuli ekki vera týnd einhvers staðar, hafi ekki dottið upp fyrir ofninn eins og gíróseðlarnir gera gjarnan því að það er að sjálfsögðu afskaplega þýðingarmikið að hafa öflug áhugamannasamtök á borð við þau sem nefnd hafa verið.

Við getum nefnt að samtökin Sól í Hvalfirði annast t.d. að hluta til vöktunarmál vegna mengunar í Hvalfirði og sinna miklu og stóru hlutverki þar í byggðarlagi sínu. Ég minni á það, herra forseti, að við erum aðilar að samningi sem hefur verið kallaður Árósasamningurinn og er nú í þýðingu,

trúlega í utanrrn. Við höfum nýlega undirritað þann samning en þar erum við einmitt að skuldbinda okkur til þess að efla áhugamannasamtök hvers konar, bara til þess að sé alveg öruggt að lýðræðið úti í samfélaginu fái smá vítamín til þess að starfa. Okkur þingmönnum er nauðsyn að reiða okkur á þær hugmyndir og þær skoðanir sem koma frá samtökum á borð við þessi.

[00:12]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. um þýðingu frjálsra samtaka í umhverfismálum. Ég tel að við megum ekki blanda því saman við þær hörðu deilur sem eru nú uppi varðandi virkjunarmál að samtök eins og Sól í Hvalfirði, sem ég þekki örlítið til, eru allra góðra gjalda verð. Slík samtök eiga allan rétt á sér. Ég tel að við eigum að stuðla að því enda hefur flokkur minn það á stefnuskrá sinni varðandi umhverfismál að stuðla að viðgangi þeirra. Ég vil undirstrika að þó við hv. þm. séum ekki sammála um stefnu í t.d. orkumálum er ég sammála um þetta atriði að áhugamannasamtök um umhverfismál eiga auðvitað allan rétt á sér í nútímasamfélagi. Við höfum afgreitt mál þeirra á þennan hátt, gerðum það í fyrra og hyggjumst gera það eins núna, að umhvrh. hafi þá vald á því hvernig hann úthlutar þeim fjármunum.

[00:14]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú að verða svo hjartnæmt, ég veit ekki hvar þetta getur endað milli okkar sessunautanna, hv. þm. Jóns Kristjánssonar og mín. En, herra forseti, ég vil bara þakka þessi jákvæðu svör, þessar jákvæðu undirtektir hv. þm. og ítreka það að þó að við séum á öndverðum meiði í stóriðjumálunum þá erum við greinilega sammála í málefnum frjálsra félagasamtaka á borð við þau sem hér eru til umræðu.

[00:15]

Dóra Líndal Hjartardóttir:

Herra forseti. Menntun og þekking eru þau vopn sem líklegust eru til að koma að haldi í lífsbaráttu næstu aldar. Flestir foreldrar vilja nesta börn sín vel út í lífið þannig að þau eigi möguleika á góðri atvinnu og góðri afkomu. Miklu ræður búseta fólks hversu góða möguleika börnin hafa til náms á grunn- og framhaldsskólastigi.

Þar sem ekki eru möguleikar til framhaldsskólanáms og efstu bekkir grunnskóla e.t.v. ekki starfræktir sökum mannfæðar er ekki óalgengt að fólk flytji búferlum þegar börnin komast á unglingsár, bæði til að halda fjölskyldunni saman og vegna þess kostnaðar sem fylgir því að halda tvö heimili. Einnig er kostnaðarsamt að senda unglinginn til náms fjarri heimilinu. Það verður að vera mjög ákveðinn einstaklingur, sem er þó ekki nema 14 eða 15 ára gamall, að standa sig í námi og falla ekki í allar þær freistingar sem umhverfið býður upp á.

Í Noregi var gerð tilraun til að hagræða í skólakerfinu með því að leggja niður fámenna skóla en keyra börnin heldur í stærri skóla í héraðinu. En ekki leið langur tími þar til þessari hagræðingu var hætt og hún tekin til endurskoðunar og var það gert vegna aukins kostnaðar í félagsmálageiranum. Við þurfum að horfa til nágrannaþjóða okkar og fylgjast með því sem þar er gert og varast að fara í sömu aðgerðir og hafa mistekist annars staðar því að okkar börn eru eins og öll önnur börn í heiminum, fegin frelsinu en ráða ekki við það alein.

Herra forseti. Það er dýrt að þurfa að senda unglinga að heiman í framhaldsskóla og foreldrar vilja gjarnan hafa hönd í bagga við uppeldi barna sinna lengur en kostur gefst á þeim stöðum þar sem senda þarf unglinginn að heiman strax á fyrstu unglingsárunum. Mikill áhugi er á því meðal landsbyggðarfólks, ekki síst á þeim stöðum þar sem ekki er boðið upp á framhaldsnám, að fjarkennsla verði nýtt skipulega til að nemendur geti verið lengur í heimahúsum og að skipulag skólamála valdi ekki röskun á högum fjölskyldunnar.

Herra forseti. Á Hólmavík er að fara í gang tilraun með fjarkennslu milli grunnskólans á Hólmavík og grunnskólans á Broddanesi. Þessi tilraun fer fram á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og er m.a. styrkt með 500 þús. kr. úr menntmrn. Í skólanum á Hólmavík eru 95 nemendur en í skólanum á Broddanesi eru einungis 5 nemendur. Eftirlit með þessari tilraun er í höndum Háskólans á Akureyri. Milli skólanna á Hólmavík og Broddanesi fer fram gagnvirk kennsla þannig að nemandi og kennari eru í sambandi hvor við annan meðan kennsla fer fram.

Að mati Sigurjóns Péturssonar hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga gengur þessi tilraun vel. Þetta verkefni hófst reyndar ári seinna en til stóð vegna lélegs tæknibúnaðar og þess að símalínur önnuðu ekki flutningi milli staðanna. En lélegar tengingar til gagnaflutnings út á landsbyggðina þarf að lagfæra strax.

Það eru fleiri grunnskólar í landinu sem þyrftu að bjóða upp á þennan möguleika til að börn geti lokið grunnnámi sínu í heimabyggð. Ljóst er að tækninni fleygir fram og sífellt fleiri búa við þá aðstöðu að geta nýtt sér fjarkennslu en þó er ljóst að samræma þarf kostnað þannig að allir búi við sömu kjör til að nýta sér þessa tækni. Eins og er greiðir landsbyggðin hærri gjöld fyrir gagnaflutning sem er algjörlega óviðunandi. Í fjárlögum næsta árs er þegar búið að veita fé til undirbúnings og fjarkennslu á framhalds- og háskólastigi sem er afar jákvætt og hvetjandi fyrir alla til að hefja nám.

Þó veldur það mér vonbrigðum að ekki var hærri fjárveiting til Kennaraháskóla Íslands til að skólinn geti sinnt þeirri eftirspurn sem er eftir námi við skólann í formi fjarnáms. Hvergi er minnst á grunnskólana í þessu frv. sem er skiljanlegt þar sem búið er að flytja grunnskólana yfir til sveitarfélaganna. Samt talar ríkisvaldið um að jafna þurfi aðstæður þeirra sem úti á landi búa til að stunda nám. Í landinu eru lög þar sem börnum er skylt að stunda nám frá 6–16 ára aldurs. Okkur ber skylda til að búa þeim börnum sem geta ekki lokið grunnskólanámi í heimaskóla sínum tækifæri til að ljúka námi með fjarnámi eða fjarkennslu og stuðla þannig að því að börnin geti sem lengst verið undir handleiðslu foreldra sinna eða forráðamanna.

Herra forseti. Í öllum menntastofnunum landsins er verið að vinna gott starf og þar er verið að leggja grunninn að velferð þjóðarinnar. Það þarf að hlúa vel að öllum þessum stofnunum, ekki bara með því að lýsa yfir vilja til aðgerða í ræðum á tyllidögum eða þá í hörðum kosningaslag. Stór hluti byggðastefnu landsins tengist tækifærum til náms. Því verður ríkið að sinna skyldu sinni sem yfirvald menntamála í landinu, t.d. með því að færa nýja tekjustofna til sveitarfélaganna eða með auknum fjárveitingum þar sem það á við.

[00:21]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir ágæta ræðu og tek undir það sem kom fram í henni. Það var aðeins eitt sem fékk mig til að fara hér upp í andsvar, þ.e. Kennaraháskólinn og fjarnámið þar. Í fjárlagafrv. eru 20 milljónir til fjarnáms í Kennaraháskólanum og umsókn þeirra hljóðaði upp á það þannig að mati þeirra á þessu var mætt í fjárlagafrv. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram en þakka að öðru leyti fyrir ágætt innlegg í þessa umræðu frá hv. þm.

[00:22]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þessi umræða í dag hefur að sumu leyti verið athyglisverð og ég verð að segja það líka að það hefur verið ný reynsla fyrir mig að vinna í fjárln. Alþingis. Ég hef ekki spilað á þeim kantinum fyrr en núna. Hér er um ákaflega viðamikil mál að ræða sem krefjast þess að menn gaumgæfi þau þó nokkuð.

Það hefur vakið athygli mína í umræðum í dag og í nál. minni hlutans að þar koma fram sjónarmið sem ég tel ákaflega athyglisverð og góð, sjónarmið um að við eigum að fara varlega í ríkisfjármálunum, vekja athygli á því að ríkisfjármál hafa verulega þýðingu fyrir jafnvægisbúskap hvers samfélags sem er grunnurinn að því að við getum haldið áfram þeirri viðleitni okkar sem við höfum lagt okkur svo mjög fram um og tekist svo vel til um á þessum áratug, þ.e. að auka tekjur samfélagsins, búa til nýja peninga. Ríkisfjármálin og jafnvægi í ríkisfjármálum er einn grunnþátturinn í því að við getum búið til nýja peninga.

Nýir peningar eru grundvöllurinn að því og er ástæða þess að okkur er að ganga vel. Hagvöxtur á Íslandi á þessu ári er sá mesti í Vestur-Evrópu og hefur verið það á undafönum fjórum, fimm árum ef kannski Írland eitt er undanskilið. Ef við náum því að vera með um 5,5–6% hagvöxt á þessu ári þá eru það milli 30 og 40 milljarðar af nýjum peningum. Það er náttúrlega grundvöllurinn að því að hér eru kjör fólks að batna, hér eru ástæður til þess og geta til þess að bæta og betrumbæta og efla og auka það samfélag sem við lifum í.

Þó finnst mér, herra forseti, gæta dálítils tvískinnungs í umsögnum og ræðum stjórnarandstöðunnar því að jafnframt því að þeir taka svo réttilega fram hve nauðsynlegt það er að halda þessu í jafnvægi þá er líka verið að taka undir þær kröfur að við þurfum á því að halda að auka og efla svo margt í samfélagi okkar sem er kannski rétt að því marki að við verðum alltaf að gera það innan þeirrar getu sem samfélagið hefur á hverjum tíma.

Ég fullyrði að þegar menn skrifa undir nál. og vísa til nýútkominnar bókar dr. Stefáns Ólafssonar um íslenska velferðarkerfið þá halla menn mjög réttu máli. Ég er búinn að eiga þessa bók í tíu daga og þykist vera búinn að lesa hana vel og hún gefur einmitt vitnisburð um það að íslenska velferðarsamfélagið er fullkomlega jafnfætis þeim bestu í heiminum. Það er mjög rangt og ekki mönnum bjóðandi að bera saman íslenska kerfið og t.d. önnur skandínavísk með því að taka ríkisframlag til ákveðinna velferðarmála vegna þess að fyrir nærri þremur áratugum gerðum við ákveðna sátt. Við hófum að byggja upp annað velferðarkerfi í formi uppsöfnunarsjóða. Samkomulag var um það í þjóðfélaginu að við gerðum það, við ætluðum að fara þessa leið, þessa íslensku leið að byggja upp söfnunarkerfi. Þetta söfnunarkerfi hefur verið að eflast og aukast verulega á undanförnum áratugum. Markmiðið var að það gæti tekið við gríðarlega miklum hluta eða nærri því öllum hluta ellilífeyrisþega á Íslandi í kringum 2015. Þannig voru útreikningarnir og þannig stefnir það í dag. Miðað við eins og staðan er í dag mun okkur takast það. Eftir standa að vísu þeir sem ekki eru vinnufærir og það er mál sem hefur oft komið til kasta hér og verið hér í umræðum. Sérstaklega hefur hv. þm. Pétur Blöndal oft vakið athygli á því að það sé nauðsynlegt að taka upp lífeyrissjóðakerfi fyrir öryrkja og þá sem geta ekki verið á vinnumarkaði starfsævi sína. Ég ítreka að það er mjög merkileg hugmynd vegna þess að við verðum að undirbúa það og verðum að vinna að því að láta lífeyrissjóðakerfið og almannatryggingakerfið mætast þegar það hefur þroska til sem verður á árunum 2010–2015. Það er allra vitnisburður um það og má vel lesa í títtnefndri bók dr. Stefáns að þá munu Íslendingar standa betur að vígi í velferðarmálum sínum en nokkur önnur þjóð í Evrópu.

Ef við tökum Þjóðverja t.d. þá liggur fyrir að ef þeir ætla að búa ellilífeyrisþegum sínum sömu kjör 2015 og ellilífeyrisþegar í Þýskalandi hafa í dag þá þurfa þeir að auka skattheimtu sína um 100%. Sama er uppi í Bandaríkjunum, í Japan þurfa þeir að þrefalda. Ísland er eina þjóðin af hinum vestrænu þjóðum sem er viðbúin því að taka við hinum stóra hóp sem kemst á ellilífeyrisaldurinn í kringum 2015, þ.e. þegar stríðsbörnin og eftirstríðsbörnin, hin gríðarlega fólksfjölgun Evrópu, átti sér stað.

Þannig að við höfum ástæðu til þess að vera mjög stolt af hinni íslensku leið, mjög stolt af henni. Hvort sem það var fyrir hyggindi eða hvort sem það var rataháttur að við fórum hana, ég ætla ekkert að segja neitt til um það. En við skulum vera stolt af því sem við gerum vel því að nóg er nú um það að okkur mistekst og okkur er ýmislegt umhendis.

Fjárlögin, eins og þau liggja fyrir með þeim brtt. sem fjárln. hefur lagt fyrir, hafa náttúrlega verið aðalumræðuefnið hér í dag og í kvöld og þær hækkanir sem koma fram, bæði frá fjárlögunum í fyrra og í meðferð nefndarinnar. Það er mjög eðlilegt að við fjöllum um það, sérstaklega hefur umræðan í dag snúist um heilbrigðismálin, hinar miklu hækkanir í heilbrigðismálum, og menn hafa nú deilt dálítið harkalega.

Ég vil því, herra forseti, segja það hér og biðja menn að minnast þess að kostnaður við heilbrigðiseftirlitið er vandamál í öllum hinum vestræna heimi. Við höfum átt ákaflega erfitt og allar þjóðirnar, sem við kennum okkur við og viljum líkjast, eiga við þau vandamál að stríða að eiga erfitt með að hemja þennan kostnað. Margar þjóðir hafa gert mjög merkilegar atrennur að því að halda þessum kostnaði niðri. Sumum hefur tekist það dável, öðrum ekki. Það liggur bara í hlutarins eðli að þessi kostnaður er að hækka. Það eru bæði tækniframfarir sem eiga sér stað, lyfjaframfarir sem eiga sér stað, svo og líka hitt að þjóðirnar biðja um meiri þjónustu og það er mjög eðlilegt að beðið sé um meiri þjónustu.

Ég segi þetta vegna þess að við skulum gæta þess að það er ekki íslenskt vandamál að fást við heilbrigðisþjónustuna. Þetta er evrópskt vandamál. Bandaríkjamenn eiga í enn þá meira stríði um þetta en við. Þeir nota að vísu aðrar aðferðir við stjórnun heilbrigðismála sinna en þeir nýta líka mun meiri peninga í heilbrigðismál en Evrópuþjóðirnar gera, við og aðrar Evrópuþjóðir með sýnu minni árangri en við vegna þess að þeir sem um dæma eins og Alþjóðabankinn og aðrir sem meta þetta hafa sýnt fram á að árangur Bandaríkjamanna er ekki góður þó að þeir séu tæknilega fremstir allra þjóða í hátækninni. Við skulum minnast þessa þegar við erum

að tala um heilbrigðismálin en ég tek alveg undir það með flestum sem hafa rætt hér í dag að ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af þróun þessara mála. Það er veruleg ástæða til þess og við skulum reyna að leita fanga hjá þeim þjóðum og helst hafa reynt að halda útgjöldunum innan einhverra marka vegna þess að það liggur fyrir og er alls staðar í heilsuhagfræðinni viðurkennt að kostnaður í heilbrigðisþjónustunni getur orðið endalaus vegna þess að það eru alltaf nýjar framfarir og alltaf nýjar þarfir, og hver ætlar að standa gegn þeim ef við tölum um þetta almennt okkar á milli?

Það liggur sem sagt fyrir að velferðarkerfi okkar og það sem við eigum til velferðarmála er fullkomlega sambærilegt við það sem aðrar þjóðir sem við helst viljum máta okkur við vilja nota til þeirra hluta.

Sú gagnrýni hefur líka komið fram í dag og kvöld, og hún aftur á móti hárrétt, við Íslendingar notum minna opinbert fé til framhaldsmenntunar, æðri menntunar, til vísinda og rannsókna en þjóðirnar í Vestur-Evrópu, það er rétt. Þær þjóðir sem eru framsæknastar og þær þjóðir sem sækja mest eftir því að bæta hag sinn og þegna sinna hafa á prjónunum að auka framlög sín til rannsókna og vísinda og háskóla mjög mikið á næstu 10–15 árum. Það er hið stóra verkefni í íslenskum ríkisfjármálum næstu tíu árin að stórauka framlögin til vísinda og menntunar. Mér þætti ekki ósennilegt, herra forseti, að við þyrftum að auka þau um 3–4% af vergri þjóðarframleiðslu. Það eru rosalegar tölur, kannski á tíu árum búið að hækka þetta um yfir 30 milljarða. Það eru miklar tölur. Ég ætla að koma að því aðeins á eftir.

Í vinnu okkar í fjárln. höfum við náttúrlega verið að líta bæði til stórra hluta og smárra. Það er eðli málsins samkvæmt. Það hefur komið fram að nefndin fékk yfir 800 erindi sem hún hefur verið að reyna að fjalla um. Litlu verkefnin eru oft og tíðum mjög þýðingarmikil og ekkert síður þýðingarmikil en þau stóru. Menn hafa verið að reyna að sinna þeim eftir bestu föngum. Það hefur verið ákaflega gott samstarf í þessari nefnd, bæði á milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga og ber að þakka það sérstaklega.

Það eru þó nokkur meginþemu sem við stjórnarsinnar höfum verið að leggja áherslu á í vinnu okkar. Þau hafa öll snúið að því með einum og öðrum hætti hvernig við gætum hjálpað til gagnvart þessu stærsta og mesta vandamáli Íslendinga og íslenskrar þjóðar í dag, hinum gríðarlegu fólksflutningum frá landsbyggðinni. Vandamálið, sem hefur sannarlega og réttilega verið bent á margsinnis í umræðunum í dag og í kvöld, er okkur mjög kostnaðarsamt, skekkir myndina og veikir okkur í baráttu okkar til efnahagslegra framfara. Við höfum lagt áherslu á margvíslega hluti, smálega hluti, menningarstarfsemi og varðveislu. Við höfum lagt mjög mikla áherslu á skógrækt á Íslandi vitandi það að þó að hlegið hafi verið að skógræktarmönnum áratugum saman þá mun sá tími koma að sá hlátur þagni. Við höfum verið að reyna að styrkja skóla, sérstaklega fjarkennsluna sem við höfum dæmin um að hafi sýnt mjög góðan árangur og hjálpað okkur og við höfum ekki síst reynt að hjálpa æðri menntastofnunum, litlum stofnunum sem hafa verið að reyna að ná fótfestu úti á landi. Þetta eru dæmi um það sem við höfum verið að reyna að gera, hvert við höfum verið að reyna að beina fjármagninu.

Menn hafa í dag margsinnis komið inn á það og hið mikla hlutverk þingsins að vera fjárveitingavaldið og þeirri ábyrgð sem fylgir því að hafa fjárveitingavaldið. Ég vil taka undir öll þau orð sem hafa verið sögð í því sambandi. Þjóð sem agar ekki sjálfa sig og passar ekki upp á það að stjórnsýslan sé undir aga farnast ekki vel. Það er gríðarlega þýðingarmikið að fjárveitingavaldið sé í höndum Alþingis. Það er jafnþýðingarmikið fyrir þá sem eru í stjórn í dag og þá sem eru í stjórnarandstöðu að varðveita þetta vald hjá Alþingi. Það er fjárveitingavald Alþingis sem skiptir máli ef við ætlum að tryggja að Alþingi haldi þeim sess sem við þykjumst öll vita að það á að hafa og er lykillinn að því að okkur farnist vel í lýðræðislegu samfélagi okkar.

Því segi ég þetta, herra forseti, að í störfum mínum í fjárln. á undanförnum missirum hefur athygli minni hvað eftir annað verið beint að því hvernig það mætti vera að svo oft gerist það að Alþingi kemur að gerðum hlutum. Það er þetta sem mér hefur ekki tekist að átta mig á nákvæmlega en er kannski það metnaðarleysi alþingismanna, kannski er það fyrirkomulag þessara hluta, en svo kann það að vera líka að aðrir hafi fundið sér leiðir til að komast fram hjá Alþingi og agavaldi þess. Ég held að við verðum að hugleiða það mjög vel ef okkur á takast það sem menn hafa hver eftir annan stigið á stokk og strengt heit í kvöld um að það skuli gerast að menn virði fjárlögin, virði þær upphæðir sem þar eru ákveðnar, virði það vald sem ræður hvert peningarnir fara.

En af því að ég var að tala um viðleitni okkar í fjárln. til að styrkja hina litlu vísa að menntastofnunum, hámenntastofnunum og rannsóknarstofum úti á landi langar mig til þess að minnast á eitt atriði til þess að vekja athygli á því hvað er að gerast stundum. Ég þekki mörg svona atriði en eitt hefur þó vakið meiri athygli mína síðustu tvær vikurnar en önnur. Fyrir nokkrum vikum var mér, herra forseti, bent á heilmikla skýrslu þar sem kom fram að þrír forstjórar ríkisfyrirtækja höfðu ákveðið að kalla saman enn þá fleiri ríkisfyrirtæki til að standa að því að gera þarfagreiningu um kostnað á húsnæði þessara fyrirtækja. Ég skoðaði niðurstöðu rannsóknarinnar. Það voru 17 fyrirtæki sem voru öll á vegum hins opinbera. Hver varð niðurstaðan? Jú, þarfirnar voru 3 og $^1/_2$ hektari af húsum. Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir hvað kostar að byggja hús upp á 3 og $^1/_2$ hektara. Það eru svona um það bil 5.000–5.200 millj. (**Gripið fram í:** Nokkrar Kringlur.) Þetta er byggingarþörfin og þeir voru búnir að hugsa sér ákveðið land í Keldnaholti. Þar væri ágætt að koma fyrir öllum þessum fyrirtækjum sem áttu það sameiginlegt að tengjast rannsóknum, vísindum og menntun. Þetta þótti mér merkilegt vegna þess að í öllum þeim plöggum upp á mörg mörg kíló af öllum þeim stöflum sem við höfum verið að fjalla um varðandi fjárlög árið 2000 gat ég hvergi fundið einn einasta stafkrók um þetta, bara ekki einn einasta stafkrók. Þetta kemur mér til þess að leiða hugann að því, gengur þetta virkilega svona fyrir sig? Það eru einhverjir menn, kannski ágætismenn, duglegir menn og prýðilegir, þeir eru úti í bæ. Það er ekki löggjafinn sem er að móta stefnuna, það er ekki löggjafinn sem er að mynda stefnuna eða undirbúa hana. Það eru embættismenn úti í bæ sem eru að búa til farveg sem Alþingi á kannski á næsta ári eða þar næsta að koma að sem gjörðum og tilbúnum hlutum svo ekki verður aftur snúið.

Þetta vakti sérstaka athygli mína vegna þess að í hópi þessara fyrirtækja voru nokkur sem ég hélt að Alþingi hefði lýst yfir og sýnt í verki og framkvæmd að væru fyrirtæki sem gætu mjög vel verið og ættu að starfa úti á landi, fyrirtæki eins og Skógrækt ríkisins var þarna í hópnum, fyrirtæki eins og Landgræðslan. Ég hélt að Landgræðslan væri

í Gunnarsholti og ég hélt að Skógrækt ríkisins væri austur á fjörðum. (**Gripið fram í:** Á Egilsstöðum.) Á Egilsstöðum nánar tiltekið, þakka þér fyrir.

Ég hefði haldið ef okkur ætti að takast að byggja upp háskóla og háskólasetur og alvörustofnun í því sambandi á Akureyri ættum við að flytja Tækniskólann eða hluta hans til Akureyrar, það væri grundvöllur að því. Ég hef aldrei skilið íslenska bændur, hvernig stendur á því að þeir hafa ekki metnað til þess að koma Rannsóknastofnun landbúnaðarins að Hvanneyri eða að Hólum. Þeir hafa ekki gert það. Kannski er skýringin sú að þeir hafi ekki metnað til þess. Þeir nota sjálfir dýrasta hótelpláss í Reykjavík undir kontórista sína þannig að það er kannski ekki svo merkilegt en ég ætla ekki að fara að ergja mig og bændaforustuna hér og nú í kvöld. Ég geri það kannski seinna.

Ég vil vekja athygli á því að við erum að berjast við þetta gríðarlega vandamál samfélagsins þessa samþjöppun og ég er sannfærður um það, herra forseti, ef það á nokkur kostur að verða til þess að við finnum raunhæfan grundvöll fyrir því að halda byggð í landinu gerist það ekki á annan veg en þann að við nýtum þá möguleika alla sem við eigum til þess á næstu áratugum þegar við vitum að við þurfum að setja gríðarlegt fé í rannsóknir, vísindi og háskóla að við reynum að koma sem allra mestu af því einmitt út á landsbyggðina til þess að tryggja það við getum byggt þetta land. (**Gripið fram í:** Heyr!) En aðrir aðilar vinna gegn okkur og þeir sitja ekki hérna á Alþingi. Þeir eru ágætir, eflaust prýðilegir en við fáum ekki að tala við þá. Það er kannski fyrir tilviljun að maður rekst á svona skýrslu. Ég vek athygli á því að það eru margir svona hópar að vinna að hinum og þessum stefnumótandi málum og síðan kemur Alþingi að gjörðum hlut. Ég held að það ætti að vera sama metnaðarmál þeirra sem eru í stjórnarandstöðu og sem eru í stjórn á hverjum tíma að við reynum að standa vörð um það að Alþingi geti staðið undir þeirri ábyrgð að vera fjárveitingavaldið. Ef við missum fjárveitingavaldið held ég að það sé ekki mjög mikið eftir.

Menn hafa rætt um ábyrgð varðandi ríkisfjármál og stöðu okkar í dag og menn hafa verið að kasta því dálítið á milli sín. Ég held að það geti svo sem allt verið rétt meira og minna, en ég bið menn að átta sig á því að grunnurinn að þessu er sá og engin ástæða til að vera að þræta neitt fyrir það eða deila um það. Hér hefur kostnaðarhækkun á vegum hins opinbera verið meiri en aðrar kostnaðarhækkanir. Við getum bara séð það í vísitölu samneyslunnar. Vísitala samneyslunnar frá 1990–1999 er hærri en aðrar íslenskar vísitölur. Þá þarf ekki að deila um málið lengur og magnið í vísitölunni er laun.

Ég eyddi áður fyrr töluverðu af ævi minni í að fjalla um launamál. Það tilheyrir hinu liðna en ég held að stundum þegar menn eru að kveða upp úrskurð um laun og niðurstöður launasamninga og hvernig þeir séu gleymi þeir því að það er ekki nema raunverulega einn leyndardómur við svona samningaborð þar sem menn sitja saman og ræða kaup sitt og kjör. Og leyndardómurinn við að menn sitja svona saman er sá að allir sem koma að þeim samningum eru þess fullvissir að þeir hafi rétt fyrir sér. Grundvöllurinn að hugmyndum þeirra og viðhorfi er eðlilegur og sjálfsagður. Þeir eru að berjast fyrir launum sínum, kjörum og afkomu fólks síns. Það er mjög eðlilegt í frjálsu samfélagi og baráttutækið sem menn hafa er fyrst og fremst samanburður. Það er hreyfiafl hlutanna þannig að við skulum ekki hneykslast neitt sérstaklega. Allir hafa rétt fyrir sér þegar við ræðum samningamálin. Það er það eina sem við þurfum að vita, þurfum að minnast.

Hvernig sem menn vilja líta á þessa hluti í dag, og það er ástæða til að taka undir þau varnaðarorð mörg sem hafa verið flutt hér, þá skulum við þó bara segja að það er augljóst að þær aðferðir sem við höfum notað til þessa til að tryggja að fjárlög væru virt og menn nýttu væru innan þeirra ramma sem lögin segja þeim, það liggur fyrir að þær aðferðir sem við höfum notað til þessa dags hafi ekki dugað okkur og við höfum keyrt meira fram úr og verið lengra frá því markmiði núna en mjög lengi og við eigum að hafa það til marks.

Í fyrrahaust þóttust menn vera að gera vel. Menn þóttust vera að vanda sig. Menn þóttust vera að gera eins vel og þeir gætu til þess að marka niður hvað þyrfti til hinna ýmsu hluta. Trúðu því margir, og ég var einn í þeim hópi þó ég væri ekki í þeim vinnuhópi sem að þessu stóð, að það væri verið að vanda sig því menn ætluðu að reyna að láta fjárlögin vera rétt. (**ÖS:** Varst þú ekki í vinnuhópnum?) Nei, ég var ekki í vinnuhópnum, ég var hinum megin á kantinum. Ég var að spila í efh.- og viðskn. á þeim árum, það er hægri kanturinn. (**Gripið fram í:** Ertu á vinstri kantinum núna?) Ég er á vinstri kantinum núna ásamt mörgum ástkærum félögum mínum. Ég held þess vegna af því að allir, og ég þakka fyrir það, bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar hafa hver eftir annan komið hér upp og lýst yfir áhyggjum sínum og lýst yfir þeirri meiningu sinni og þeim vilja sínum að við skyldum reyna að breyta þessu, koma þessu í það horf að við getum tryggt að ríkisfjármálin valdi ekki ójafnvægi í efnahagslífinu í heild, þá skulum við standa við það og reyna að finna nýjar aðferðir. Ég tek undir það sem menn hafa sagt hér. Það er engin heildarlausn til á því. Við erum ekki með neitt patent í höndunum sem getur fullyrt um að okkur takist það. En við getum þó verið viss um það að ef okkur mistekst erum við í vondum málum.

Ég vil taka sérstaklega undir eina setningu sem var sögð hér í dag af hv. þm. sem situr með okkur í nefndinni, hv. Össuri Skarphéðinssyni, alþm. Reykjavíkur, og það var það besta í allri hans flaumósa ræðu þegar hann sagði: Hér sitjum við saman, allir í sama díkinu. Það gerum við. (**ÖS:** En hvar eru ráðherrarnir?) Þó að við höfum ekki ráðherra til að hlýða á okkur, er það okkar samt vegna þess að enginn mun komast undan þeirri ábyrgð og sagan dæmir mennina og við þurfum að ræða um þetta, við þurfum að tala um þetta og við verðum kallaðir til vitnis, alveg sama hvort ráðherrar hafa setið með okkur í kvöld eða ekki.

[00:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur lesið bókina Íslensku leiðina þannig að hann þekkir íslensku neyðina sem ákveðinn hópur borgaranna býr við og ekki orð um það meir.

Herra forseti. Með þeim dómi sem þér dæmið aðra skuluð þér og dæmdur verða. Hv. þm. kom hingað og talaði um tvískinnung af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hvar er staðfesta þessa hv. þm. sem hér dóseraði í kvöld og hvenær sem hann hefur tækifæri til um nauðsyn þess að viðhalda stöðugleika og jafnvægi í ríkisfjármálum? Hvar er staðfesta þess hv. þm. sem talar um að Alþingi standi andspænis gerðum hlut? Hvað hefur hann gert í fjárln. t.d. til þess að breyta því? Hv. þm. kemur hingað og leggur til að þingið staðfesti alls konar skandala sem eru út um allt í ríkisfjármálunum. Ég gæti nefnt Geislavarnir ríkisins, sýslumanninn á Selfossi og fleiri sem hann þekkir til. Er það að vera samkvæmur sjálfum sér að leggja til stórfelld ríkisútgjöld í frv. til fjárlaga og til

fjáraukalaga á sama tíma og það ríkir bullandi góðæri, á sama tíma og (Forseti hringir.) hægt væri að auka verulega afgang á ríkissjóði? Er það staðfesta hjá hv. þm. að tala um það á tyllidögum en koma hingað á Alþingi (Forseti hringir.) og gera ekki neitt til þess að láta það verða að veruleika?

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þingmenn á að virða tímamörk. Það eru margir sem vilja veita andsvör.)

[00:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Tillögur okkar um að hækka fjárlög um 3.200 millj., þar af um 2.200 millj. til heilbrigðismála, orka auðvitað tvímælis. Það liggur ekki fyrir fyrr en við hefjum umræðu um það á miðvikudaginn hver tekjuhliðin er. Hún hefur hækkað verulega miðað við nýtt mat. Auðvitað hefði verið betra ef við hefðum getað staðist ýmislegt sem lagt er til en þó eru margir góðir hlutir gerðir hér, mjög margir góðir hlutir. Mörg hundruð erindum hefur verið hafnað, enda er það nú svo, herra forseti, að stundum þegar verið er að fjalla um fjárlögin, þá eru þetta mismunandi góð erindi. Sum eru mjög brýn. Sum eru mjög þörf. Aðrir eru náttúrlega að skrifa jólasveininum eins og gengur. Við höfum verið að reyna þetta. Ég hef komið inn á það áður í dag að það gæti verið þörf á því að auka tekjur ríkisins í þessari stöðu, það gæti verið þörf á því til þess að tryggja jafnræðið. En ég get sagt hv. þm. að afreksverk mín eru lítil og smá.

[00:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Eins og þessi fjárlög eru, þá er það ekkert skrýtið þó að menn skrifi fjárln. og haldi að þeir séu að skrifa jólasveininum. Það er einfaldlega þannig að það dettur allt inn á þessi fjárlög sem mönnum kemur til hugar. Ríkisstjórnin þarf ekki annað en hósta, þá er frussið komið yfir öll fjárlögin.

Það er einfaldlega þannig, annaðhvort væri það nú, herra forseti, að ekki koma öll erindi inn á fjárlög eins og hv. þm. sagði og auðvitað er það rétt að margt er vel gert. En við skulum ekki gleyma því að ef menn leggja saman fjárlögin og síðan fjáraukalögin, þá eru þeir að auka ríkisútgjöldin um 12 milljarða og undir forustu þess flokks sem þessi hv. þm. tilheyrir er búið að auka ríkisútgjöldin um 50 milljarða frá 1994–1998 og undir forustu þessa manns og hans félaga munu þau líka aukast um 20 milljarða til loka ársins 2000.

Herra forseti. Svo kemur þessi maður og dóserar um nauðsyn þess að viðhalda stöðugleikanum. Í hvaða veruleika lifir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson?

[00:53]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég lifi í veruleika Alþingis eins og við félagarnir allir. Það er alveg rétt að það er aukning á ríkisútgjöldum á Íslandi, hlutfallsleg dálítil, en fyrst og fremst er hún vegna þess að það hefur tekist að auka tekjur Íslendinga. Það hefur verið meginmarkmiðið allan þennan áratug og það var gert vegna þess að við höfðum stöðugleika, gátum látið efnahagslífið vinna og starfa. Við höfum unnið að því hörðum höndum að gera íslensku efnahagslífi kleift að vinna eins og efnahagslífið í Evrópu, gera það frjálst, afnema allar gömlu sósíalista-, framsóknar- og hvað þeir kalla það (Gripið fram í.) reglurnar sem hertu að okkur. Við erum búin að gefa gjaldeyrinn frjálsan, bankana frjálsa, verðmyndunina frálsa, afnema verðlagsráðið. Þessi vinna er grundvöllurinn að því að vel hefur gengið í íslensku efnahagslífi. Þessi vinna er grundvöllurinn að því að hér hafa vaxið nýir peningar sem hafa orðið til þess að auka kaupmátt og kaupgetu Íslendinga, orðið til þess að íslenska ríkið hefur (Forseti hringir.) líka sinnt þeim þörfum betur og meir. (Gripið fram í.)

[00:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði margt svo fallegt í ræðunni. Hann sagði að það væri nauðsyn að bæta velferðarkerfið. Hann talaði um menntunarmálin og að við þyrftum að gera stórátak í menntunarmálum. Hann talaði um byggðaröskunina sem er einn alvarlegasti vandi bæði hagstjórnarinnar og efnahagsmálanna og líka samfélagsins. Allt saman var þetta hárrétt. En sú fjármálastefna og sú efnahagsstefna sem ríkið hefur framfylgt á undanförnum árum hefur ekki stuðlað að því að rétta þarna hlut, þrátt fyrir alla þensluna, þrátt fyrir allt góðærið þannig að þenslan er á allt öðrum stöðum. Hún er á kolvitlausum stöðum og þú verður bara að fara að skipta um leið.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þingmenn á að ávarpa ekki einstaka hv. þm. heldur víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins.)

[00:55]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta var rangt hjá hv. þm. Ég talaði ekkert um að við þyrftum sérstaklega að bæta velferðarkerfið. Ég sagði að við hefðum verið að gera það og við gætum alveg verið kinnroðalaus gagnvart því. Það hefur tekist vel vegna þess að ríkið hefur haft meiri tekjur í þjóðfélagi sem er að framleiða meiri verðmæti. Þess vegna höfum við getað bætt lífskjörin. Þess vegna höfum við getað bætt velferðarkerfið, bætt við það sem við höfum viljað gera. Krafa þjóðfélagsins hefur verið sú. Þess vegna höfum við gert það. Ef við hefðum ekki farið leið markaðsvæðingarinnar eins og aðrar vestrænar þjóðir, þá hefðum við setið fastir í sama netinu og áður, í þjóðfélagi handstýrðu af einhverjum vitringum. Við sátum hér föst með þetta verðlagsráð, með okkar fasta gengi, með enga frjálsa verðmyndun. Það var komið í veg fyrir samkeppni á óteljandi stöðum. Við sátum föst. Efnahagslífið var stopp meðan aðrar þjóðir fóru fram úr okkur.

[00:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)***:**

Herra forseti. Fyrirgefðu að mér varð á í messunni hvað þingsköpin varðar að ég skyldi ávarpa hv. þm. En það var svo freistandi.

Herra forseti. Enn bera þjóðfélagshópar verulega skarðan hlut frá borði og ber að rétta það og bæta.

Ég kom upp til þess að taka undir varnaðarorð hv. þm. um það sem er að gerast í uppbyggingu rannsóknastofnana atvinnuveganna á Keldnaholtinu. Ég vil benda á að ég hef óskað eftir utandagskrárumræðu sem tengist þessu máli eins fljótt og kostur er, sem tengist stefnu í vísinda-, rannsókna- og þróunarmálum og uppbyggingu stofnana hér á suðvesturhorninu. Hérna er þessi ágæta skýrsla sem Einar Oddur Kristjánsson vitnar til og ég vona að við fáum hressilega umræðu, herra forseti, ég og þessi hv. þm.

[00:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er engin hætta á öðru en að umræður verði hressilegar. En ég var að vekja athygli á þessu vegna þess að þetta er eitt af mörgu sem ég hef rekið mig á og það hættulegasta sem við lendum í í þinginu er að koma (Gripið

fram í.) að gerðum hlutum. Eitt af því er að tryggja það að fjárlögin standi þannig að við séum ekki, eins og í fyrradag, að ræða um fjáraukalögin. Það er mjög miður fyrir hvert samfélag að geta ekki treyst sínum fjárlögum. Ég vil taka undir það sem ég hef sagt áður að við eigum að leggja okkur alla fram um að þessi fjárlög skuli gilda. Það er ekkert víst að okkur takist það. En við skulum vanda okkur meira en við höfum gert vegna þess að vinnubrögðin sem við höfum notað til þessa hafa ekki dugað okkur nógu vel. Við eigum svo mikið undir því að þetta gangi eðlilega fram.

[00:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður fróðlegt að vita hvernig fjáraukalögin verða næsta ár og ég tek undir með þingmanninum að það væri ánægjulegt ef þau yrðu önnur en hingað til.

Ég kem hér til að bregðast við orðum hans um skýrslu Stefáns Ólafssonar. Þetta er afbragðs góð skýrsla. Þetta er handbók sem hver einasti þingmaður ætti að halda til haga og hafa í höndum næstu ár. Það sem Stefán gerir er að hann bendir á veilur í velferðarkerfi okkar samhliða því að tala um hvað vel er gert. Það er mjög ljóst að við erum með mjög mismunandi góð kerfi gagnvart ákveðnum hópum. Þar get ég bent á barnafjölskyldur annars vegar og hópa meðal ellilífeyrisþega hins vegar þar sem hið opinbera stendur sig ekki sérlega vel.

Svo bendir hann á aðra þætti sem eru góðir og sem við getum öll tekið undir og einn þeirra er uppsöfnunarsjóðurinn. Ég skal koma betur að því í seinna svari mínu, herra forseti.

[01:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg fullkunnugt um þessi vandamál. Mér er alveg fullkunnugt um að þegar við fórum inn í lífeyrissjóðakerfið stóðu menn mjög mismunandi að vígi. Sjómenn, verkamenn og ófaglært fólk stóð miklu verr að vígi en t.d. ríkisstarfsmenn og kennarar. Það var þess vegna sem við sömdum á sínum tíma við verkalýðshreyfinguna á 8. áratugnum að taka upp tekjutenginguna sem svo margir eru núna á móti og eru búnir að gleyma því að við tókum hana upp til að jafna einmitt stöðu þessa fólks.

Ég veit líka um erfiðleikana sem við erum í gagnvart barnafjölskyldum. Ég minnist þess að 1997 vorum við að ræða þetta með öllum verkalýðsfélögunum. Það var bara einn fulltrúi þeirra sem hafði efasemdir að gera þetta á þann veg sem við gerðum, þ.e. að tekjutengja hana alla og ég tek undir með því. Ég er alveg viss um að í millifærslum eins og barnabótum geti verið mjög skynsamleg efnahagsleg ráðstöfun að taka peninga og færa til foreldra.

[01:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kom í andsvar við þingmanninn var gagnrýni hans á að stjórnarandstaðan væri að flytja brtt. á sama tíma og verið væri að tala um að halda jafnvægi í efnahagsmálum og um leið og hann brást við skýrslu Stefáns Ólafssonar. Þess vegna er svo mikilvægt að benda ekki bara á að við séum með öðruvísi kerfi. Við eigum líka að muna að af því að við erum með öðruvísi kerfi, þá sleppur ríkið við útgjöld sem önnur lönd eru með.

Þetta er það sem m.a. kemur fram í skýrslunni og tillögur t.d. okkar í Samfylkingunni eru að bregðast við gagnvart fjórum hópum. Það eru ekki háar upphæðir á hvern hóp en þetta eru gífurleg réttindamál sem þar er um að ræða og sem m.a. er varpað ljósi á í skýrslu Stefáns Ólafssonar.

Herra forseti. Fjárlög eru ekki bara fjárlög og tölur. Fjárlög eru forgangsröðun og lífssýn þeirra sem stjórna.

[01:02]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu sem ég hef verið að koma hér upp í kvöld til að inna stjórnarandstöðuna eftir því hvort hún væri reiðubúin til að styðja skattahækkanir. Það eru sömu menn og hafa verið að skrifa texta um að skattalækkunin 1997 hafi verið röng og við höfum gert vitleysu með því að lækka skattana 1997 og auka þannig veg einkaneyslunnar eins og raun varð á. Kannski var hún vitlaus, ég ætla ekki að segja það. En það var bara samið um þetta við launþegana. Þess vegna hef ég verið að spyrja stjórnarandstöðuna: Er stjórnarandstaðan tilbúin til að standa að skattahækkunum ef menn eru þá sammála um að auka millifærslukerfið og gera betur en við gerum nú? Við verðum að hafa til þess peninga. (Gripið fram í.) Þess vegna hef ég verið að spyrja: Er hún tilbúin til að styðja það? Ég hef fengið heldur óljós svör, því miður.

[01:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. af gerðum hlutum sem maður stendur frammi fyrir. Ég tek einnig undir álit hans á góðri skýrslu Stefáns Ólafssonar sem sýnir góða stöðu íslensks velferðarkerfis og það er rétt hjá honum að við rötuðum á lífeyrissjóðina. Þeir voru upphaflega stofnaðir sem lánasjóðir en ekki sem lífeyrissjóðir. Það var tilviljun. Og verðtryggingin og sú mikla uppsöfnun sem þar á sér stað byggir á óskaplegum vandamálum skuldara sem mynduðu Sigtúnshópinn á sínum tíma. En ég ætlaði að spyrja hv. þm. hvort hann telji að söfnunin sé svo algóð og hvort hann sjái fyrir sér hvað gerist þegar lífeyrissjóðirnar fara að borga út meiri lífeyri en þeir taka inn af iðgjöldum.

[01:04]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að ekkert er algott. En það undarlega er, ef við berum saman önnur lönd, að Ísland liggur mjög lágt í frjálsum sparnaði. Þetta virðist vera þjóðareinkenni. Sumar þjóðir virðast geta haft frjálsan sparnað mjög háan eins og frændur okkar Norðmenn. Þeir geta haft hann mjög háan. Japanir geta haft hann mjög háan og sumar aðrar Evrópuþjóðir, en íslenski frjálsi sparnaðurinn er mjög lágur og þess vegna er það, kannski vegna reynslu okkar af verðbólgusamfélagi, að ég hef viljað mæla með skyldusparnaði, þessum þvingaða sparnaði. En ég veit alveg að hann hefur sínar takmarkanir og hann hefur sín vandræði í för með sér. Hann er engin allsherjarlausn á því. Það væri miklu æskilegra að miklu stærri hluti af sparnaði samfélagsins væri frjáls. En við erum bara þessi þekkta þjóð með hvítu plastpokana sem veður um búðir heimsins og viljum kaupa allt. Þetta kemur því svona út.

[01:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti ekki við frjálsan sparnað eða þvingaðan sparnað. Ég átti við það hvað gerist þegar heil þjóð þykist spara og lánar sjálfri sér peningana? Hvað gerist þegar menn taka meira út úr kerfinu en þeir borga inn í það? Það er nefnilega enginn grundvallarmunur á söfnun og gegnumstreymi þegar heil þjóð sparar og lánar sjálfri sér. Ég held

að það sé ekkert hægt að geyma til næstu kynslóðar nema menntun. Það er það eina sem hægt er að geyma í 20–30 ár. Byggingar þarf að afskrifa, meira að segja virkjanir á 30–40 árum. Það eina sem hægt er að geyma er menntun og við getum ekki þóst vera að spara einhverja peninga og lánað sjálfum okkur og okkar eigin fyrirtækjum sem seinna þurfa að borga þetta allt til baka með því að skerða laun á einhvern hátt.

[01:06]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varla hægt í einnar mínútu andsvari að ræða þessa flóknu og tryggingafræðilegu spurningu og allra síst við mann sem er doktor í tryggingastærðfræði. En ég vil þó benda á að íslensku lífeyrissjóðirnir eru að fjárfesta fyrir utan Ísland, þeir eru að fjárfesta í atvinnulífi fyrir utan Ísland, í Evrópu og Ameríku og þannig erum við þá að dreifa áhættunni fyrir hina óbornu, fyrir hinar kynslóðirnar. Það hlýtur að vera betra að dreifa eplunum. Það hlýtur að vera betra að við eigum þá ekki allt undir sjálfum okkur. Ég sé a.m.k. jákvæðar hliðar í því þó að ég viti alveg af hverju hv. þm. Pétur Blöndal hefur áhyggjur og get alveg deilt áhyggjum með honum gagnvart framtíðinni.

En það er líka annar hlutur sem hefur áhrif á þetta og það er aldurssamsetning þjóðarinnar. Meðan Íslendingar halda áfram að vera svona frjósamir, þ.e. við verðum ekki með öfugan pýramída, þá er þetta í miklu meira lagi hjá okkur en öðrum Evrópuþjóðum.

[01:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að benda hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni á það að fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, á þskj. 353, eru gerðar tillögur um tekjuöflun á móti öllum þeim tillögum sem við höfum gert til útgjalda. Þannig er staða mála.

Ég kom hingað upp í andsvar vegna þess að ég deili áhyggjum hv. þm. af stöðu Alþingis. Mér sem nýjum þingmanni finnst ótrúlega stutt í að við hér í salnum séum að reka fyrirtæki eða ísbúð, en minna fari fyrir því að við séum að reka samfélag. Er ekki alveg ótrúlega stutt á milli framkvæmdarvaldsins og þingsins? Er það ekki meginmálið? *Erum við ekki að vinna dálítið í líkingu við það sem gert* var hjá Stalín og þeim austur í Sovét á sínum tíma, þetta stutta bil frá framkvæmdarvaldi til þings? Við erum á fullu í stóriðjuuppbyggingu. Er stóriðjan og virkjanirnar ekki hluti af vandamáli okkar sem gerir það að verkum að við höfum ekki tíma til að sinna þingmálum okkar og umgerðinni um samfélagið?

[01:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að margt sé kannski umhendis og mætti vera betra, þá held ég að ég geti örugglega huggað hv. þm. með því að óravegur er frá okkar litlu vandamálum í gúlagið til þeirra glæpona sem þar voru í 70 ár. Ég minnist þess að þegar ég var ungur maður kom hingað í heimsókn maður sem hét U Thant og var framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og honum tókst á tveim klukkutímum að móðga alla Íslendinga. Því þegar aumingja maðurinn kom út úr flugvélinni, þá sagði hann: „Loksins, loksins er ég kominn til þjóðar sem hefur ekkert vandamál.“ Þetta kunnum við náttúrlega ekki að meta og ætlum ekki að fyrirgefa honum nokkurn tíma. En við skulum ekki bera þetta saman. Við skulum minnast þess að við erum lukkunnar pamfílar. Við erum gríðarlegir lukkunnar pamfílar. Við erum í hópi þeirra fjögurra, fimm þjóða sem hafa mesta þjóðarframleiðslu. Ég hef haldið því fram að ef við værum örugglega lýðræðissinnar, sannir kapítalistar og markaðshyggjumenn, þá ættum við að vera fremstir.

[01:10]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nýta mér reynslu hv. þm. þingmanns. Getur ekki verið að þau vandamál sem hv. þm. talar um varðandi rekstur og hinn opinbera rekstur séu út af því að við höfum farið óvarlega í alls konar uppbyggingu? Er hann ekki sammála mér um að þau þensluvandamál sem við eigum við að stríða eru vegna þess að við höfum farið of hratt í uppbyggingu á ýmsum sviðum? Það eru þessi mál sem ég vil draga fram því að ég deili áhyggjum með honum út af ýmsu sem við viljum að fari betur og það gildir um ríkisreksturinn, byggðamál o.fl.

[01:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þensluvandamálið er alveg ljóst, svona í grunndráttum þó að náttúrlega milljón aðrir þættir komi til. Við erum með hærra vaxtastig á breytilegum vöxtum. Þetta hærra vaxtastig dælir inn peningum, (Gripið fram í.) og það getur hver og einn séð það í hendi sér að áður en allir peningar heimsins eru komnir hingað til Íslands, sem er nú hagfræðilega ekki hægt að sjá nema í smásjá, þá lætur eitthvað undan. Þessi þríhyrningur með gengið og peningamagnið er alveg þekktur hjá öðrum þjóðum. Við þekkjum vandamál Suðaustur-Asíu fyrir tveim árum. Við þurfum að gæta okkar mjög vel. Við erum á hálum ís. Þess vegna eigum við að fara varlega í öllu tilliti við meðferð peninga og efnahag. Það er aldrei of varlega farið.

[01:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að Ísland er ríkt og gott land og við búum við mikla velsæld á Íslandi. Hins vegar er við ýmis vandamál að stríða í samfélaginu og það er hlutverk stjórnvalda og Alþingis að taka á ábyrgan hátt á þeim vandamálum. Það er ekki beinlínis traustvekjandi þegar fulltrúar á löggjafarsamkundu *þjóðarinnar tala á þann hátt sem hv. þm.* Einar Oddur Kristjánsson gerði áðan.

Ég ætla ekki að hafa langa ræðu um fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið gert ágætlega í máli fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og ég vildi gera að mínum orð Jóns Bjarnasonar, fyrsta talsmanns þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fulltrúa þingflokksins í fjárln. þegar hann kynnti megináherslur okkar í framsöguræðu sinni fyrr í dag.

Ég vil víkja að nokkrum efnisatriðum og nokkrum tillögum sem við höfum lagt fram en vil jafnframt geta þess að við kunnum að leggja fram nýjar tillögur við 3. umr. þegar endurskoðuð tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar liggur fyrir.

Fyrst er þess að geta að við gerum ráð fyrir aukinni tekjuöflun hjá hinu opinbera. Eins og fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni gerum við ráð fyrir að afla tæpra 2 milljarða kr. með sérstökum tekjuskatti, skatti á fjármagnstekjur og tekjuskatti lögaðila. Þessir skattar munu nema tæpum 2 milljörðum kr. Að auki gerum við ráð fyrir að víxla áherslum, breyta áherslum innan fjárlaganna. Við viljum t.d. leggja áherslu á aukið alþjóðlegt samstarf. Við viljum efla starf okkar hjá Sameinuðu þjóðunum og í því

skyni leggjum við fram tillögu um aukna fjárveitingu til fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Á Alþingi höfum við einnig lagt fram þáltill. um uppbyggingarstarf á Balkanskaga. Við teljum ekki nóg að gert með því að veita 27,9 millj. kr. til uppbyggingarstarfs í Bosníu-Hersegóvínu eins og lagt er til í fjárlagafrv. Við leggjum til að varið verði 27 millj. kr. til uppbyggingarstarfs í Kosovo. Það er í samræmi við þá þáltill. sem ég gat um áðan. Við viljum hins vegar finna þessar tekjur annars staðar. Í yfirferð yfir fjárlagafrv. staðnæmdumst við við fjárlagalið 03–311, Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu. Þar teljum við unnt að skera niður. Þangað viljum við sækja 27 millj. til uppbyggingarstarfs í Kosovo.

Við teljum að unnt sé að skera enn betur niður hjá utanrrn. og viljum sækja 50 millj. kr. til varnarmálaskrifstofu utanrrn. Hvar viljum við verja þeim fjármunum? Í hvað ætlum við að nota þessar 50 millj. kr. sem við teljum unnt að skera niður hjá varnarmálaskrifstofunni? Jú, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman hafa auk mín lagt fram till. til þál. á Alþingi. um hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir. Í greinargerð með þáltill. þeirri segir í upphafi máls, með leyfi forseta:

„Nú munu vera hér á landi um 20 börn sem greinst hafa með alvarlega geðsjúkdóma en sjúkdómstilvik þar sem um er að ræða geðröskun eða miklar hegðunartruflanir eru mun fleiri. Óþarft er að lýsa því hve mikil áhrif sjúkdómar af þessu tagi hafa á börnin sjálf, foreldra þeirra, systkini og heimilisaðstæður allar. Langflest barnanna búa á heimilum sínum og eru í umsjá foreldra sinna allan sólarhringinn þrátt fyrir alvarleg veikindi þar sem úrræði heilbrigðiskerfisins fyrir geðveik börn eru af mjög skornum skammti."

Til þessa að koma á fót hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir, til að létta undir með fjölskyldum þeirra viljum við verja þessum 50 millj. sem við ætlum að skera niður hjá varnarmálaskrifstofu utanrrn.

En við höfum fleiri brtt. og viljum veita meira fjármagn í velferðarþjónustuna, til velferðarkerfisins. Þannig gerum við ráð fyrir að auka framlag til tannlækninga um 230 millj. kr. Eins og fjárlögin standa nú er gert ráð fyrir tæpum milljarði til þessa málaflokks, 950 millj. kr. Við viljum auka þetta framlag um 230 millj. Þetta er í samræmi við frv. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur flutt um breytingu á lögum um almannatryggingar þar sem við gerum ráð fyrir því að hækka aldursviðmið, úr 17 árum í 18 ár. Við viljum draga úr jaðaráhrifum hjá elli- og örorkulífeyrisþegum á þessu sviði en í frv. er gert ráð fyrir því að draga ur kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar. Þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga. Þá viljum við hyggja að þátttöku ríkisins í kostnaði við tannréttingar. Þetta frv. sem er allítarlegt liggur fyrir Alþingi og ég vona að það hljóti samþykki. Í samræmi við þetta frv. og þann kostnaðarauka sem það hefði í för með sér gerum við ráð fyrir þessari aukningu á framlagið.

Ég vil geta þess að þingmenn sem skipa þingflokk Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa áður lagt fram frv. um úrbætur á þessu sviði. Það gleður mig að geta sagt að tillaga okkar um aukið framlag til þessa málaflokks er lægri en hún var síðast vegna þess að frá því fjárlög komu síðast til afgreiðslu hefur miðað í rétta átt. Þannig hafa aldursmörkin verið færð upp í 17 ár og verið komið nokkuð til móts við elli- og örorkulífeyrisþega. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem ekki höfðu tekjutryggingu fengu engar greiðslur frá almannatryggingum en fá nú 50% af kostnaði greiddan. Elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu höfðu áður 50% en voru hækkaðir í 75% eins og elli- og örorkulífeyrisþegar sem hafa óskerta tryggingu. Með þessu móti hefur verið komið til móts við þær tillögur sem við höfum áður flutt á Alþingi. Við teljum hins vegar að stíga þurfi stærri skref í þessu efni og þess vegna setjum við fram þessa tillögur.

Staðreyndin er sú að í upphafi þessa áratugar var geysilegur niðurskurður á þessu sviði. Smám saman erum við nú sem betur fer að feta okkur í rétta átt að nýju. Hreyfing okkar hefur talað fyrir því að þau skref yrðu stigin. Þetta um tannlæknakostnaðinn. Aðrir úr þingflokki okkar hafa gert grein fyrir öðrum tillögum, m.a. auknu framlagi til málefna fatlaðra, öryrkja, menningarmála og umhverfismála og þar fram eftir götunum.

Að lokum örfá orð um frv. almennt. Það einkennir þetta frv. að safnliðir svokallaðir eru stærri en áður hefur verið, enda hefur komið fram í umræðunni að menn eru að feta sig inn á nýjar brautir. Hugmyndin er sú að stjórna samkvæmt reiknilíkönum sem eiga í framtíðinni, ef ég hef skilið það rétt, að hafa meiri áhrif en hingað til. Ég tek undir það sem kom fram í framsöguræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það er mikilvægt að nota rétt tæki, rétt reiknilíkön, en við megum aldrei gleyma því eins og hann lagði áherslu á í máli sínu að þetta eru aðeins tæki. Þannig eigum við að líta á málin.

Ég velti því fyrir mér hvort leiðin liggur til aukinna þjónustusamninga og þaðan yfir í einkavæðinguna. Ég er óþreytandi að vekja máls á þessu enda full ástæða til. Á undanförnum árum hefur ríkisstjórnin smám saman fetað sig inn á þessa braut.

Ég vek t.d. athygli á því að í fjárlagafrv. á bls. 319 segir, með leyfi forseta:

„Stefnt er að rekstrarlegum aðskilnaði rannsóknarstofa sjúkrahúsa í Reykjavík frá öðrum sjúkrahúsrekstri, m.a. til að auka útboð á rannsóknarþjónustu spítalanna og ýmissa rannsókna vegna utanspítalaþjónustu."

Þetta er eitt dæmi. Nú kann þetta að eiga við í sumum tilvikum og vera góðra gjalda vert. En þessi þróun á sér stað innan heilbrigðiskerfisins, innan Ríkisspítalanna þar sem verið er að búta alla þætti starfseminnar niður. Ég velti því fyrir mér hvort menn séu með þessu móti að feta sig inn á braut þjónustusamninga og þaðan liggi leiðin yfir í einkavæðingu.

Nokkur orð um launamálin. Mönnum hefur orðið tíðrætt um launasprengingar í hinu opinbera kerfi. Ég vara við alhæfingum um launamál. Staðreyndin er sú að í þjóðfélaginu er mikill hagvöxtur sem liggur í 5% núna og mikil þensla á ýmsum stigum þjóðlífsins. Það er verið að reisa kringlur. Það á að reisa stórt verslunarhúsnæði í Smáranum og þannig mætti áfram telja. Það eru virkjunarframkvæmdir og framkvæmdir á ýmsum sviðum. Þetta hefur sprengt launin upp hjá ýmsum hópum og stéttum. Þetta hefur gerst á almennum vinnumarkaði. Þetta hefur líka gerst hjá tilteknum hópum í hinu opinbera kerfi, það er rétt. Hjá öðrum hópum hefur þetta ekki átt sér stað. Staðreyndin er sú að þegar á heildina er litið eru það lágtekjuhóparnir, lægri hóparnir sem hafa hækkað minna. Þegar á heildina er litið hafa betur launaðir hópar hækkað.

Það er hárrétt sem fram kom í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að hvatinn sem knýr menn áfram er samanburður. Við skulum tala varlega í þessum sal, alþingismenn, og það skyldu embættismenn gera líka, dómarar og ráðherrar sem fella stóra dóma, stundum sleggjudóma um fólk sem er á miklu lægri launum og hefur sem betur fer fengið umtalsverðar kjarabætur. Sem betur fer, segi ég.

Staðreyndin er sú að í hinu opinbera kerfi þyrftu margir að njóta meiri kjarabóta en hingað til. Á almennum vinnumarkaði er miklu stærri hópur, í fiskvinnslu og víðar, sem bíður eftir kjarabótum, bíður eftir því að fá sinn réttmæta skerf í hinu margrómaða góðæri þjóðarinnar. Ég vara því við alhæfingum í þessum efnum. Drögum línu á milli almenna geirans, hins almenna vinnumarkaðar og hins opinbera. Þetta er rangt. Innan þess opinbera og á hinum almenna vinnumarkaði hefur átt sér stað mismunandi þróun.

Að lokum þetta, herra forseti. Stjórnarliðar hafa reynt að mála þetta fjárlagafrv. mjög fögrum og litríkum litum. Þeim finnst allt stefna í rétta átt í íslensku samfélagi. Sem betur fer hefur árað vel fyrir Íslendinga á undanförnum árum, það er rétt. Þjóðarbúið stendur að ýmsu leyti vel þótt ýmsar blikur séu á lofti. Menn hafa bent á alvarlega viðskiptahalla upp á 30 milljarða kr. annað árið í röð og menn velta því fyrir sér hvort innstæða sé fyrir því sem við erum núna að eyða.

Við þessar aðstæður hefur ríkisstjórnin fylgt stefnu sem aukið hefur misskiptinguna í þjóðfélaginu. Þannig hafa lágtekjuhóparnir og millitekjuhóparnir verið skattlagðir í ríkari mæli en áður var gert. Hvernig hefur þetta gerst? Hvernig skyldi þetta hafa gerst þrátt fyrir lækkun tekjuskattsprósentunnar? Það er gert með því að láta skattleysismörkin ekki fylgja almennri launaþróun. Það hefur í för með sér að á lágtekjufólk og millitekjufólk er hlaðið þyngri skattbyrðum. Í góðærinu hefur jafnframt verið dregið úr barnabótum og það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að barnabætur lækki frá þessu ári um 320 millj. kr., verði 320 millj. kr. lægri á næsta ári en þær eru nú. Í krónum talið eru barnabætur nú um milljarði lægri en í upphafi kjörtímabilsins þegar þeir tóku saman, framsóknar- og sjálfstæðismenn. Það er ömurlegt til þess að hugsa að þessi þróun skuli hafi orðið og undarlegt að menn komi í ræðustól og tali eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson leyfði sér áðan.

Staðreyndin er sú að grunnlífeyrir og tekjutrygging hefur hækkað helmingi minna en lágmarkslaun síðan 1993. Hið sama gildir um frítekjumark vegna atvinnutekna. Þetta eru staðreyndir málsins. Stórkostlega dregið úr barnabótum. Skattleysismörk ekki látin fylgja launaþróun sem þýðir stórauknar skattbyrðar á láglaunahópa og millitekjufólk í landinu. Síðan hefur verið hert að öryrkjum og öldruðu fólki sem í stórum hópum þarf nú fyrir jólin að leita til hjálparstofnana. Síðan leyfa menn sér að koma hingað í ræðustól á Alþingi og tala eins og stjórnarliðar hafa gert. Það finnst mér ekki stórmannlegt að gera.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Aðrir talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa gert grein fyrir þeim tillögum sem við höfum lagt fram. Okkar fyrsti talsmaður, fulltrúi í fjárln., hv. þm. Jón Bjarnason, á enn eftir að koma í ræðustól til að ítreka afstöðu okkar og sjónarmið.

[01:33]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður nefndi reiknilíkönin í ræðu sinni og trú á þau og ég ítreka það sem ég hef áður sagt um þau að ég tel að það þurfi að efla þann þátt í starfi fjárln. að miða við reiknilíkön, t.d. í heilbrigðiskerfinu. Það er eitt sem ég tek undir með hv. þm. að auðvitað verður að vera innbyggður hvati í þau til þess að ráðast í nýjungar þannig að þau séu ekki skrúfgangur niður á við. Ég trúi að hægt sé að koma því fyrir að svo verði. En ég er alveg sammála því að reiknilíkönin eiga ekki að vera mittisól sem leggur það helsi á stofnanir að þær geta ekki þróast.

Ég vildi koma þessu fram í umræðunni en reiknilíkön eru í mínum huga tæki til að mismuna ekki stofnunum. Það er aðalatriðið í mínum huga varðandi þessi mál.

Varðandi tryggingakerfið sem hv. ræðumaður kom inn á vil ég taka fram að barnabæturnar hafa vissulega lækkað en það er auðvitað vegna tekjutengingar og vegna þess að tekjurnar hafa hækkað. Full þörf er á því að skoða tekjumörkin í þessu efni því að vegna aukinna tekna í samfélaginu hafa fleiri farið yfir í skerðinguna. Það er alveg ljóst. Ég veit ekki betur en að áform séu um að endurskoða þessi mörk og ég tel vera fulla þörf á því.

[01:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir þessi viðbrögð. Ég tel mjög mikilvægt að fram fari umræða um þær aðferðir sem notaðar eru við fjárlagagerðina. Ég tek hins vegar undir þau sjónarmið sem hann setti fram en vil koma með eina ábendingu.

Í nýafstöðnum kosningum í vor hamraði flokkur sem heitir Framsfl. mjög á því að það ætti að bæta og auka barnabætur, stuðning við barnafólk. Ég hefði haldið að fyrsta skrefið sem sá flokkur stigi í fyrstu fjárlögum eftir kosningar væri ákvörðun um að láta barnabæturnar og tekjuviðmiðanir í barnabótunum fylgja launaþróun og gera gott betur til að bæta barnafólki upp það tap, þær skerðingar sem það hefur orðið fyrir.

[01:37]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 13. þm. Reykv. að í stefnuskrá Framsfl. fyrir kosningar voru hugmyndir um að endurskoða það kerfi sem gildir um barnabætur. Það voru hugmyndir um svokölluð barnakort. Þær hugmyndir eru í fullu gildi enn þá hvað okkur snertir og það eru ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að endurskoða kerfi barnabóta þó þar sé ekki minnst á barnakortin en ríkisstjórnin hefur áform um að endurskoða þetta kerfi. En eins og ég sagði fyrr í dag í ræðum mínum þá höfum við verið með það sem forgangsmál núna varðandi heilbr.- og trmrn. að leggja fjármagn til að treysta grundvöll heilbrigðiskerfisins. Ég vona að næsta skref verði að endurskoða tryggingakerfið. Þó að þess sjái ekki stað í þessum fjárlögum er það stefnumál flokksins í fullu gildi enn þá og hefur ekki breyst.

[01:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á því að stjórnmálaflokkar og ríkisstjórnir þurfa eins og aðrir að forgangsraða. En nú þegar hin brýnu verkefni, sala bankanna hefur farið fram og menn búnir að hnýta slaufurnar um jólapakkana geta menn farið að snúa sér að öðrum málum sem ríkisstjórninni þykir ekki eins brennandi að uppfylla, þ.e. snúa sér að börnunum og barnafólkinu, en það er enn tími til stefnu. Það er enn eftir 3. umr. um fjárlögin og tækifæri til að gera á þessu bragarbót.

[01:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Umræðan um fjárlög ríkisins í dag hefur annars vegar beinst að þeirri þenslu sem ég þykist greina í íslensku efnahagslífi, þeirri aukningu sem lögð er til í fjárlögum á ákveðnum málaflokkum en ekki hvað síst að þeim hópum og þeim málaflokkum, því fólki sem hefur ekki notið þess góðæris sem hefur sem betur fer gengið yfir á sumum stöðum, hefur ekki notið þess í þeim mæli sem við höfum viljað.

Þessi atriði öll hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð dregið fram. Hún hefur dregið fram þær áherslur sem hún vill sjá í fjárlögum íslenska ríkisins. Við höfum dregið fram áherslur á bætt kjör aldraðra, öryrkja, ungs fólks og launafólks sem er með lág laun og við höfum lagt áherslu á bætt kjör bænda og annarra starfsmanna í grunnstörfum. Við höfum lagt áherslu á að efla menntakerfið bæði í þéttbýli og dreifbýli til sjávar og sveita því að í menntun liggur styrkur framtíðarinnar. Við höfum þó ekki hvað síst dregið fram áherslur í byggðamálum og bent á að einmitt byggðaröskunin sem við höfum nú staðið frammi fyrir á undanförnum árum er einn stærsti efnahagsvandi þjóðarinnar. Með sínum neikvæðu formerkjum hefur hún stuðlað að þenslu og fjárfestingum sem eru þjóðinni óhagkvæmar og dýrar þannig að ein brýnasta aðgerð í efnahagsmálum er árangur í byggðamálum. Þessi atriði, herra forseti, höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs dregið fram í umræðunni.

Við höfum lagt fram brtt. við 2. umr. fjárlaga sem taka mið af þessum áherslum og þar sem við teljum að sé brýn nauðsyn að bæta úr. Ég vil byrja á að vísa til brtt. á þskj. 352, við lið 02.319 Framhaldsskóla, almennt, þar sem við leggjum til að komi nýr liður, um eflingu framhalds- og fjarnáms á landsbyggðinni upp á 200 millj. kr.

Menntun á landsbyggðinni og menntun ungs fólks í þá veru að fólk geti sótt sitt nám heima í héruðunum sem lengst er eitt brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar. Við leggjum því til að hafist verði handa ekki aðeins í að styrkja það framhaldsnám sem er út um hinar dreifðu byggðir landsins heldur að kanna hvernig megi koma upp framhaldsnámi og framhaldsskólum mun víðar en nú er.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til blaðagreinar sem kemur í Degi, væntanlega í fyrramálið. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Unga fólkið flýr landsbyggðina. Ungu fólki 16–35 ára fækkaði á landsbyggðinni um 5.500 manns eða um 18% á síðustu fjórum árum, árunum 1994–1998. Á sama tíma fjölgaði þessum aldurshópi um 7% á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt nýrri vinnumarkaðsskýrslu Hagstofunnar. Aftur á móti hefur hlutfallslega fjölgað í eldri aldurshópum á landsbyggðinni og allra mest í hópi þeirra sem nú nálgast ellilaunaaldurinn." — Og áfram segir skýrslan: — „Skýrslan leiðir glöggt í ljós að allan fólksflótta af landsbyggðinni má rekja til þess að unga fólkið hefur yfirgefið hana þúsundum saman síðustu fjögur árin. Árið 1994 var nánast jafnvægi í hlutfalli einstakra aldurshópa í sveit og bæ. Þá bjuggu um 40% allra landsmanna á starfsaldri á landsbyggðinni og raunar eilítið hærra hlutfall unga fólksins eða 41%."

Herra forseti. Þetta er svo alvarleg staða sem landsbyggðin stendur frammi fyrir varðandi möguleika ungs fólks að það að koma þarna til móts við er eitt brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar og eitt brýnasta hagsmunamál þjóðarinnar allrar. Það að byggðarlög með jafnvel hundruð ungs fólks hafa enga framhaldsskóla og verða að senda fólkið langt burt í framhaldsnám gengur einfaldlega ekki upp ef við ætlum að byggja upp nútímaþjóðfélag. Þess vegna, herra forseti, leggjum við áherslu á að sérstök fjárveiting verði veitt til þess að styrkja og efla með nýjum leiðum menntun á landsbyggðinni.

Á þskj. 353 leggjum við áherslu á að lagt sé fjármagn til Íbúðalánasjóðs í varasjóð vegna skuldbindinga Byggingarsjóðs verkamanna, þ.e. þegar sveitarfélög þurfa að innleysa eignaríbúðir og geta síðan ekki selt þær á nægilega háu verði og skuldamunur myndast í sveitarfélögunum. Slík staða er mörgum sveitarfélögum mjög erfið og þung og stendur þeim fyrir þrifum. Þau geta ekki varið fjármagni til annarra og brýnni verkefna heldur sitja þau uppi með þessar skuldir.

Gert er ráð fyrir því í lögum um húsnæðismál að veita megi fé á fjárlögum í ákveðinn sjóð til að aðstoða sveitarfélög við slíkan vanda. Við leggjum því til að lagðar verði til 300 millj. kr. til að koma til móts við þann vanda en gerum jafnframt ráð fyrir því að Íbúðalánasjóður geti veitt þar fé á móti.

Á þskj. 352 leggjum við til, herra forseti, sérstök framlög til vegamála. Þetta er hluti af þeirri byggðasýn sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur að afar mikilvægt er að styrkja og efla allar samgöngur í landinu, ekki hvað síst þær samgöngur og þá vegi sem virkilega hafa orðið út undan á síðustu árum en það eru einmitt safnvegir, tengivegir og styrkvegir vítt og breitt um landið. Þetta eru þeir vegir sem fólk til sveita þarf að nota og ekur daglega til vinnu, með börn í skóla o.s.frv. Þetta er einhver virkasta byggðaaðgerðin sem við getum stuðlað að, þ.e. að flýta framkvæmdum á þessum vettvangi.

Þá leggjum við einnig til að flýtt verði framkvæmdum við tvöföldun einbreiðra brúa og við leggjum þar til 80 millj. kr. til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í vegáætlun. Það þarf ekki að fara orðum um það, herra forseti, hve einbreiðar brýr víða á þjóðvegum landsins eru bæði mikill farartálmi og hættulegar í umferðinni og mörg slys hlotist þar af. Við teljum því afar brýnt að þeirri áætlun sem gerð hefur verið um tvöföldun einbreiðra brúa verði flýtt eins og kostur er og leggjum til viðbót á þennan lið.

Herra forseti. Síðast en ekki síst leggjum við til að varið verði sérstöku fjármagni til undirbúnings og hönnunar vinnu við jarðgangagerð. Eins og nú er, þá er hvergi sérmerkt fé á fjárlögum beint til þeirrar vinnu. Það er að vísu heimild til þess innan vegáætlunar að taka þar allt að 10 millj. kr. til slíkrar undirbúningsvinnu en annað er ekki. Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að eigi að ráðast í jarðgangagerð sem fyrst, sem er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að beri að gera, bæði á Austurlandi, Norðurlandi og síðan einnig á Vestfjörðum, þá verður að halda fullri ferð í þeirri brýnu rannsóknarvinnu og undirbúningsvinnu sem verður að fara fram áður en hægt verður að ráðast í framkvæmdir. Það er því afar brýnt að við tefjum ekki slíka þróun og þá vinnu með því að skerða fjármagn til þessa undirbúnings. Það er nógu slæmt að hafa þurft að horfa upp á það að á vegum ríkisins, Vegagerðarinnar, hefur vegagerð með jarðgöngum verið stöðvuð nú um árabil því að jarðgöngin undir Hvalfjörð voru í sjálfu sér einkaframkvæmd og ekki beint á vegum fjármögnunar ríkisins. Þetta teljum við afar brýnt, herra forseti, og við leggjum til að þarna verði veitt fjármagn til að flýta og hraða slíkum framkvæmdum.

Herra forseti. Okkur er ljóst að allmargir liðir og allmargir stórir málaflokkar eiga enn eftir að hljóta umfjöllun í fjárln. áður en þeir koma til 3. umr. Ég vil nefna Ríkisútvarpið, Íbúðalánasjóð og fleiri mikilvæga málaflokka sem skipta þjóðina miklu máli. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum við 3. umr. athuga hvort við getum lagt fram fleiri brtt. til styrktar þeim áherslum sem við viljum að þetta fjárlagafrv. beri.

[01:51]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa í framsöguræðum sínum gert grein fyrir þeim brtt. sem við gerum við fjárlagafrv. Þar hefur verið greint ítarlega frá útgjaldaliðum, breytingum og teknaliðum. Ég ætla því ekki að fara ofan í einstök atriði.

Virðulegi forseti. Ég vil hins vegar sem nýr þingmaður víkja örlítið að vinnubrögðum við gerð fjárlaga. Fyrir mig sem nýjan liðsmann á hinu háa Alþingi koma mér þau vinnubrögð sem eru viðhöfð mjög spánskt fyrir sjónir. Örfáum klukkutímum fyrir umræðu berast okkur í hendur tillögur um breytingar upp á hundruð millj. kr. Við höfum ekki haft nokkra möguleika á því að ráðfæra okkur við fólk í samfélaginu, stofnanir og fyrirtæki og sérfræðinga sem við gjarnan vildum hafa til ráðgjafar. Þetta eru afleit vinnubrögð og ég tel, eftir að hafa verið embættismaður allstórs sveitarfélags, að hið háa Alþingi sé orðið langt á eftir öðrum aðilum í samfélaginu, svo sem sveitarfélögum hvað varðar vinnubrögð við uppbyggingu og tillögugerð í sambandi við fjárhag ríkisins. Það er ekki boðlegt fyrir hv. þingmenn að þurfa á örfáum klukkutímum að setja sig inn í mál og það vekur upp spurningar.

Ég hef líka upplifað sem nýr þingmaður á hv. Alþingi að mér finnst ótrúlega stutt á milli framkvæmdarvaldsins og þingsins. Raunar stendur upp úr hverjum manni málflutningur í þá veru að hér sé verið að reka fyrirtækið Ísland en ekki Alþingi Íslendinga sem löggjafa og þing sem gerir ramma eða leggur meginlínur. Það er óásættanlegt að framkvæmdarvaldið, hæstv. ráðherrar, skuli koma hér og krefja okkur hv. þingmenn um afgreiðslu mála með örfárra klukkutíma eða daga fyrirvara. Raunar telst það gott nú um stundir að fá nokkra daga til umfjöllunar um mál. Þetta eru vinnubrögð sem ég get ekki sætt mig við og ég held, herra forseti, að við hv. þingmenn og Alþingi ættum að taka okkur tak og breyta og bæta þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð.

Hvað varðar fjárlagafrv. er engum vafa undirorpið að hið háa Alþingi gefur tóninn til samfélagsins með fjárlagafrv. sínu, hvert við stefnum og hvernig við ætlum að standa að málum. Í mínum huga hafa fjárlög ríkisins verið framkvæmd á þann hátt á síðustu árum. Hér er fjárlagafrv. fyrir árið 2000 og ekki er um að ræða meiri háttar breytingar hvað varðar vinnubrögð. Með fjárlögum ríkisins gefum við tóninn hvert við ætlum að stefna og hvernig við ætlum að þróa þetta samfélag. Breytingarnar eru ekki stórkostlegar í mínum huga og raunar er uppbygging fjárlagafrv. andstæð þeim markmiðum sem hv. þingmenn virðast vera sammála um að við eigum að ná og þá á ég við t.d. aðgerðir í byggðamálum og hvert skuli stefna í þeim málaflokki.

Hér er viðhöfð þenslustefna sem leiðir af sér samþjöppun fólks og valds til uppbyggingar á einum afmörkuðum stað landsins og við látum hinar dreifðu byggðir líða og látum sem svo í frv. að verulegu leyti að þenslan gildi fyrir allt landið, ekki bara suðvesturhornið, og notum sömu mælistikur og mælistokka á fjárframlög út um allt land þar sem þenslueinkenni fyrirfinnast ekki og jafnvel er um samdrátt að ræða. Þetta eru afleit vinnubrögð að mínu mati.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt til róttækar aðgerðir í byggðamálum, sértækar aðgerðir með tillöguflutningi þar að lútandi og með því að nota af opinberu fé allt að 4 milljarða kr. á ári til atvinnuuppbyggingar og til uppbyggingar og þjónustu úti í hinum dreifðu byggðum. Þess sér ekki stað að tillit sé tekið til þessara þátta nema í óverulegum mæli.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram margs konar tillögur sem miða að styrkingu og eflingu landsbyggðarinnar. Vil ég þar nefna sérstaklega tillögur í samgöngumálum þar sem við leggjum til að samgöngukerfi landsins á landi, þ.e. sérleyfiskerfi landsmanna verði stokkað upp og tillögur gerðar að nýtískulegum úrbótum með stuðningi ríkisins og sveitarfélaganna þar að lútandi. Samgöngukerfi landsins er í molum. Það þjónar ekki nútímasamfélagi. Það þjónar ekki túrismanum sem er okkar stærsti vaxtarbroddur og þarna er mjög mikilvægt verk sem þarf að vinna. Á síðustu vikum hefur þó gætt vaxandi áhuga á þessu verkefni. Við höfum lagt fram tillögu um prufuverkefni á Eyjafjarðarsvæði og Þingeyjarsýslum en í raun og veru erum við innstillt á að breyta þarf til og gera tillögur fyrir landið allt. Samgöngumálin eru lykilatriði fyrir landsbyggðina, lykilatriði til framþróunar í ferðamálum.

Í tillögum okkar um aðgerðir í byggðamálum leggjum við til að hraðað verði uppbyggingu eða endurnýjun á rafkerfi sveitanna þannig að sveitabæir og smærri staðir megi búa við þriggja fasa rafmagn. Þetta er mjög mikilvægt mál út frá ferðaþjónustunni og út frá iðnaði í sveitum og stendur mörgum fyrir þrifum. Það að menn hafi ekki aðgang að þriggja fasa rafmagni gerir það að verkum að stofnbúnaður verður allur miklu meiri, svo sem í ferðaþjónustu, og það eru stór fyrirtæki sem ekki búa við þriggja fasa rafmagn. Endurnýjun á vélum er miklu dýrari og öll raforkunotkun ódrýgri. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að taka á þessum póstum og þessi mál t.d. eru öll í okkar tillögum.

Ferðamálin eru mjög mikilvægur vaxtarbroddur í íslensku samfélagi. Reiknað er með því að nú á þessu ári verði um 6 milljarða aukning tekna í erlendum gjaldeyri af túrismanum. Til samanburðar má geta þess að orkusala til stóriðju í landinu, stóriðju sem tekur um 60% af framleiðslu raforku Landsvirkjunar, gefur okkur 3 milljarða. Reiknað er með hartnær 30 milljarða tekjum af ferðamönnum á þessu ári. Þess vegna er ljóst að til ferðamennskunnar þarf aukna fjármuni. Við erum þakklát fyrir að nú örlar á aðgerðum til að styrkja ferðamennsku um hinar dreifðu byggðir.

Kynning á ferðamannalandinu Íslandi hefur fyrst og fremst verið styrkt hér á höfuðborgarsvæðinu af hinu opinbera. Fram að fjárveitingu í frv. nú upp á 10 millj. hefur upplýsingagjöf til ferðamanna verið styrkt af hinu háa Alþingi, aðeins hér í Reykjavík og í Keflavík. Nú er reiknað með því að kynningarstarf á Vesturlandi, Akureyri og Egilsstöðum verði styrkt. Hér um 10 milljónir að ræða. Það er mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna að aukið fjármagn fari til þessarar upplýsingagjafar. Við búum í stóru landi og höfum ekki efni á að auglýsa aðeins lítinn hluta af landinu.

Nágrannaþjóðir okkar komust að því fyrir 10–15 árum að þær höfðu verið á hættulegri braut í sambandi við ferðamennskuna með að auglýsa aðeins höfuðborgina og nánasta umhverfi hennar. Þannig tóku Danir á þessu fyrir 12–14

árum og lögðu mikla fjármuni í að auglýsa allt landið og gera ferðamanninum grein fyrir því að Danmörk væri stórt land með mikla möguleika.

Það er mikilvægt að halda áfram á þessari braut af myndarskap. Hin sjálfvirka auglýsing stórfyrirtækjanna á sér stað á þessu svæði. Risinn í flutningunum, Flugleiðir, auglýsir sjálfkrafa höfuðborgarsvæðið. Risarnir í ferðaþjónustunni eru staðsettir hér og auglýsa þar af leiðandi sjálkrafa þetta svæði. Það er því mjög mikilvægt að nota opinbert fé, sérstaklega úti á landi. Við sem höfum starfað við þessa grein gerum okkur fulla grein fyrir því að auglýsingamátturinn er gríðarlegur, samstarfið við ferðaheildsala erlendis, sem beina ferðamönnum inn á svæðin, er mjög mikilvægt en það er dýrt.

Fram að þessu hafa sveitarfélögin á landsbyggðinni ein staðið undir þessum kostnaði af vanmætti. Ég fagna sérstaklega að í frv. skuli tekið á þessum málum. Ég lít á þetta 10 millj. kr. framlag til upplýsingagjafar úti um land sem byrjun á mun stærra átaki ríkisins.

Þegar maður fer í gegnum fjárlögin sér maður að ferðaþjónustan er sá málaflokkur sem segja má að njóti hvað minnstra ríkisstyrkja og ríkisframlaga. Raunar er framlag til uppbyggingar ferðamannaþjónustu af opinberu fé skammarlega lítið miðað við innkomu greinarinnar. Ég held að við gerum okkur ekki grein fyrir því hversu stór þáttur þetta er að verða í þjóðarbúskap okkar. 30 milljarðar eru stór hluti í samanburði við aðrar grunngreinar í samfélaginu svo sem fiskveiðar, landbúnað og iðnað, að þeim ólöstuðum, sem allar fá myndarleg framlög til stofnana sem þjóna þessum greinum. Ég held að tími sé til kominn, því þar er vaxtarbroddur landsbyggðarinnar, að ferðamennskunni verði gefinn gaumur og í hana settir fjármunir.

Það hefur komið fram í ræðum manna, m.a. hæstv. umhvrh. um daginn, að háar upphæðir þurfi til þess að koma málum í lag, t.d. á friðlöndum landsmanna. Hér voru nefndar upphæðir eins og 400 milljónir. Þegar maður skoðar hlutina í samhengi þá er það alls ekki há upphæð, sé litið á ferðamennskuna í heild og þann gjaldeyri sem ferðamennskan aflar.

Það vekur vonbrigði að til að slá á þenslu skuli menn hafa valið að skera niður til vegamála, skera niður til hafnamála, skera niður á stöðum þar sem enginn hefur fundið fyrir þenslu í áraraðir. Úti á landsbyggðinni finnur fólk ekki fyrir þeirri þenslu sem hér er talað um. Það er eins og hér eigi sér stað einhvers konar þenslu-múgsefjun og menn átti sig ekki á samhengi hlutanna. Það er ekki skaðlegt, í sveitarfélagi þar sem ekki hefur verið byggt hús í mörg herrans ár, að halda áfram opinberum framkvæmdum eins og hafnargerð og því um líku. Mér finnst að menn hafi ekki litið á þetta í samhengi þegar ég fer yfir fjárlögin og mér finnst það miður.

Varðandi eitt eru menn ansi örlátir á fé og það teljast sjálfsagðar útgjaldahækkanir. Hjá hinu háa Alþingi og ríkisstjórn Íslands virðist svo gaman, svo spennandi og mikið að gera í útlöndum. Þar þykja útgjöldin sjálfsögð þó hækkunin sé mikil og það virðist hafið yfir alla gagnrýni. Ég hef áður sagt það hér að fyrir okkur Íslendinga og hið háa Alþingi væri hollast að hafa hugann meira við innanríkismál landsins og skoða þau í stóru samhengi.

Á hinu háa Alþingi erum við með beinum hætti að taka þátt í atvinnuuppbyggingu í stóriðjumálum, a.m.k. í undanfara að stórkostlegum virkjunarframkvæmdum. Ég efast stórlega um að við séum að þróast í átt að þeirri heildarsýn sem menn vilja hafa í uppbyggingu landsins, ekki síst landsbyggðarinnar. Ég efast um og er andvígur þeirri aðferð að stóriðja, stóru höggin, gagnist landinu. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því að innspýting á svo miklum peningum á svo stuttum tíma yrði stór liður í þenslu eins og við erum að kljást við hér á höfuðborgarsvæðinu núna. Fyrir fjórum til fimm árum þegar uppi voru áform um uppbyggingu á nýju álveri, stækkun á Grundartanga og stækkun á álverinu í Straumsvík með tilheyrandi framkvæmdum, var öllum hugsandi mönnum ljóst að innspýting á þessu fjármagni hlyti að setja af stað þenslu. Það vekur efasemdir með framhaldið að menn skuli hafa fullyrt að þetta hafi ekkert með þensluna að gera. Hjá nýjum mönnum á hinu háa Alþingi vakna efasemdir um verklagið þegar enginn ráðgjafi eða stjórnmálamaður þóttist átta sig á því að slíkar stórframkvæmdir á afmörkuðu svæði landsins kölluðu á að draga þyrfti verulega úr opinberum framkvæmdum á móti. Það var ekki gert og við erum að súpa seyðið af því.

Við fáum sams konar ráðgjöf núna, til að halda lífi í efnahagsstjórninni og framtíðarþróunarmöguleikum okkar sé ekki um annað að ræða en að halda ballinu áfram. Það þarf að virkja áfram og þarf meiri stóriðju til að við lendum ekki í niðursveiflu. Ég held að við séum á algjörum villigötum með þessum stóru höggum.

Unga fólkið í dag vill fjölbreytt mannlíf. Það hefur komið fram hjá hverjum fyrirtækjaeigandanum á fætur öðrum að efla, þróa og þroska þurfi margbreytileikann og þjónustuna í kringum grunnvinnsluna á landsbyggðinni en ekki frumvinnsluna. Þannig er í mörgum frystihúsum sem ganga vel, sem eru stórar verksmiðjur í dag, bara hálfur mannafli miðað við það sem var fyrir tíu til tólf árum. Mannaflinn í kringum slíka verksmiðju hefur hins vegar ekki minnkað. Störfin eru bara önnur, sölustörf, þróunarstörf og þessi afleiddu störf. Landsbyggðin hefur fyrst og fremst horft á frumvinnslu en sótt þjónustuna á höfuðborgarsvæðið. Þetta er röng stefna, margbreytilegt mannlíf er okkur nauðsynlegt.

Það veldur líka vonbrigðum að ekki skuli tekið á sveitarstjórnarmálum. Hér hafa margir komið inn á þau mál. Sérstaklega eru þar vandamál í sambandi við félagslegu íbúðirnar. Það er óleyst mál. Sveitarfélög hafa staðið fyrir byggingu margra íbúða á undanförnum árum en eru með þær tómar á herðum sínum og geta ekki leigt þær út. Þessu verður að taka á því að þetta vindur utan á sig. Þurfi sveitarfélögin að nota nánast allt sitt ráðstöfunarfé til að halda þessum íbúðum í góðu horfi þá verður lítið um aðrar nauðsynlegar framkvæmdir sem eru forsenda þess að fólk vilji búa á stöðunum. Boltinn hleður á sig.

Það verður að gera raunhæfa áætlun um að taka afleiðingunum af rangri stefnu í uppbyggingu félagslegra íbúða á mörgum stöðum. Við þingmenn verðum að fara í þá vinnu og hjálpa þeim sveitarfélögum sem eru í slíkum vanda að leysa málið.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram brtt. við þetta frv. til fjárlaga, brtt. í mörgum liðum sem að okkar mati eru nauðsynlegar og byggja á tillögum okkar á undanförnum vikum þessa þings. Það sem stendur upp úr varðandi tillögur okkar er að við höfum sýnt þá ábyrgð að með brtt. okkar eru gerðar tillögur um tekjuöflun á móti.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, lýk ég máli mínu. Ég vildi nefna sérstaklega það sem mér finnst óafgreitt. Við munum í framhaldi af afgreiðslu fjárlaga leggja fram tillögur

um undirbyggingu á þeim málum sem ég hef sérstaklega fjallað um ásamt öðrum hv. þm. sem talað hafa fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð.

[02:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er nokkuð liðið á nóttina og ég mun ekki lengja þennan fund meira en þörf krefur enda hafa aðrir hv. þm. Samfylkingarinnar farið í ítarlegu og greinargóðu máli yfir brtt. Samfylkingarinnar í þessari fjárlagaumræðu og fjallað almennt um afstöðu Samfylkingarinnar til þess frv. sem hér er til umræðu.

Ég tel þó þörf á að minna á nokkur atriði hér, þ.e. varðandi forgangsröðun, aðhald og vinnubrögð við fjárlagagerðina. Það hefur margoft komið fram í þessari umræðu að tekjuafgangur í frv. til fjárlaga sem í fyrstu var talinn 15 milljarðar kr. samkvæmt upplýsingum ríkisstjórnarinnar er nú kominn niður í 11,4 milljarða kr. Þetta er eins og stjórnarandstaðan hefur bent á ekki nóg og það hefur líka komið fram hjá þeim er taldir eru hafa mest vit á úti í samfélaginu, Seðlabankanum og öðrum þeim sem fjalla um efnahagsmál að staðaldri.

Við lifum mikla þenslutíma og margir hafa kallað þessa miklu þenslu góðæri. Vissulega hefur efnahagsástand á Íslandi verið bærilegt mörgum á undanförnum missirum og árum. Þó hafa þar ekki allir átt jafnan aðgang og það verður aldrei of oft á það bent, herra forseti, að ákveðinn hópur Íslendinga hefur ekki notið ábatans af góðærinu. Þetta vita allir hv. þm. Ég held að í raun deili fæstir um þær staðreyndir. Hins vegar er umdeilt hvort hér ríki raunverulegur pólitískur vilji til þess að breyta því ástandi og hvort vilji sé fyrir því á hinu háa Alþingi að gera eitthvað sem bæti í raun kjör þeirra sem neyðast til þess að lifa af strípuðum örorkubótum eða lífeyrisgreiðslum og lepja dauðann úr skel.

Ég ætla ekki að fara nánar í þessa umræðu að svo stöddu enda hefur henni verið gerð góð grein fyrr við þessa umræðu, bæði í tillögum Samfylkingarinnar þar um og í almennri umræðu um þessi mál.

Fyrst um forgangsröðunina. Hana hefur kannski ekki borið mikið á góma í umræðunni en hins vegar hefur heilbrigðiskerfið og það fé sem rennur til heilbrigðiskerfisins að sjálfsögðu verið í brennidepli umræðunnar og margoft verið bent á að þar þurfi að gæta aðhalds og ég tek fyllilega undir þau rök. En það þarf kannski að huga að því, og það er verkefni stjórnvalda sem og þeirra sem stjórna heilbrigðisstofnunum, hvernig því fé sem við verjum til heilbrigðismála er skipt innan þess geira. Ég vil benda á að í áranna rás hefur þó nokkur tæknihyggja ráðið för, enginn vill vera á móti framförum, allir eru þeirar skoðunar að sjúklingar eigi að eiga þess kost að fá bestu hugsanlegu læknisþjónustu sem völ er á. Oft er hægt að veita slíka þjónustu með því að nota til þess fullkomin og í raun stórkostleg tæki en það er líka margt annað sem hægt er að gera í heilbrigðiskerfinu sem kostar mannafla. Það er kannski einmitt í þeim hluta kerfisins þar sem mannaflaþörfin er mest sem skórinn kreppir mest að. T.d. er það svo á geðdeildum að þar er, eins og einu sinni var komist að orði við mig, læknað með mannafla. Vissulega er þörf á lyfjum og öðru slíku en það er meðferðin, það er ráðgjöfin, það er maður á mann. Þar er ekki hægt að skera upp til þess að sjúklingurinn læknist, þar þarf fólk til þess að sinna fólki.

Ég nefni þetta bara sem innlegg í umræðuna vegna þess að mér finnst oft bera nokkuð á því í umræðunni um hagræðinguna og aðhaldið að hún eigi bara heima í mannaflanum. Það mætti kannski gæta aðhalds annars staðar — og þá er ég að ræða um tæknivæðinguna — og huga að því að margs konar lækningar eru stundaðar innan heilbrigðiskerfisins.

En nóg um það, herra forseti. Ég las af nokkrum áhuga brtt. meiri hluta fjárln. við frv. til fjárlaga árið 2000. Það er mjög fróðleg lesning. Það gefur manni nokkuð góða mynd af því hver forgangsröðun ríkisstjórnar Íslands er og ég ætla að leyfa mér að fara yfir nokkur atriði sem vert er að hnykkja á í lok umræðunnar.

Ég hef upptalninguna undir liðnum 01 Forsætisráðuneyti. Farið er fram á 22 millj. kr. tímabundið framlag, heitir það, á árinu 2000 vegna ófyrirséðs kostnaðar landafundanefndar.

Nú fær landafundanefnd samkvæmt frv. til fjárlaga 195,5 millj. kr., ef ég hef lesið þetta rétt. Það nægir ekki. Hér mætti kannski beita ofurlitlu aðhaldi. Nú má enginn skilja orð mín svo að ég sé á móti því að við gerum okkur glaðan dag í tilefni landafundanna en þetta eru heilar 22 millj. kr., herra forseti.

Í liðnum Framkvæmdir á Alþingisreit, sem ég hafði skilið sem svo að væri nú lokið og hér ætti ekkert að gera um nokkurra missira skeið, þarf 60 millj. kr. til framkvæmda sem átti að hætta við.

Ég held áfram í upptalningunni, herra forseti. Undir 10. kafla um samgrn. er líka merkilegur liður. Ég ætla að lesa þetta beint upp, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi er gerð tillaga um tímabundna 49 millj. kr. fjárveitingu til markaðsátaks í Norður-Ameríku. Niðurstaða verkefnis sem bandarískt markaðsráðgjafarfyrirtæki vann um markaðssetningu Íslands í Norður-Ameríku er sú að samstilltar aðgerðir til að kynna Ísland og íslenskar vörur eigi að geta skilað árangri. Aðgerðir kosta að lágmarki 70 milljónir íslenskra króna á ári í fimm ár, alls 350 millj. kr. Lagt er til að íslensk stjórnvöld standi undir allt að 70% framangreinds kostnaðar í a.m.k. fimm ár gegn því að fulltrúar þeirra fyrirtækja sem hagsmuna eiga að gæta á mörkuðum Norður-Ameríku skuldbindi sig til að leggja fram allt að 30% mótframlag á því tímabili."

Ég geri mér ljóst að markaðsátök, sérstaklega í álfunni Norður-Ameríku, kosta skildinginn. Vissulega þurfa þau fyrirtæki sem flytja út vörur þangað að kynna sig og greiða það vafalaust dýru verði. En hér er verið að ræða um markaðssetningu Íslands og því velti ég því fyrir mér hvaða Ísland er verið að selja í Norður-Ameríku. Gæti verið að það sé verið að markaðssetja ímynd hinnar hreinu, óspilltu náttúru? Gæti það ekki einmitt verið, herra forseti? 350 millj. kr. á fimm árum til að kynna hreina og óspillta náttúru vestan hafs.

Ég giska á þetta, ég veit ekki hver strategían er, ef ég má nota það orð. En hingað til hefur það þótt bera sæmilegan árangur að markaðssetja það sem við erum vissulega mjög stolt af og gerir Ísland að einstöku landi, það eru náttúruperlurnar, það eru ósnortnu víðernin, herra forseti.

Hér er fleira í brtt. meiri hlutans sem vert er að nefna. Í liðnum um umhvrn. hefur verið ákveðið, og ber að fagna því, að verja 3 millj. kr. til að ljúka verkefninu Staðardagskrá 21. Þetta hefur bæst inn frá því að frv. var til umfjöllunar í hv. umhvn. og það er mjög mikilvægt að halda því til haga að nægt fé sé til þess að þetta merka verkefni geti náð markmiðum sínum.

Þá hefur einnig verið gerð breyting hér undir liðnum 14-190 1.58, ef ég les þetta rétt, þar sem sett er inn orðið

Náttúrugripasöfn í stað Náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum.

Það vill svo til, herra forseti, að ég hef nokkurn áhuga á náttúrugripasöfnum almennt. Í ár varð Hið íslenska náttúrufræðafélag 110 ára 16. júlí sl. Eins og hv. þm. margir vita hefur Náttúrugripasafn Íslands hið gamla verið olnbogabarn í hálfa öld eða svo. Um það hafa verið skrifaðar nokkrar skýrslur, tvær eða þrjár held ég, jafnvel fleiri, og farnar könnunarferðir til útlanda til þess að rannsaka hvernig koma mætti á fót náttúrufræða- eða náttúrugripasafni á Íslandi sem sómi væri að og gæti nýst vel til kennslu og annarra hluta.

Nú veit ég ekki en ég vona vissulega að þessi breyting frá meiri hlutanum viti á gott, að hér eigi jafnvel að fara að huga að því að sinna Náttúrugripasafninu á þann hátt sem það á skilið að mínu viti.

Hér er ýmislegt fleira sem vekur forvitni og kannski nokkrar spurningar. Talin eru upp fjölmörg atriði, ýmis framlög til ýmiss konar frjálsra félagasamtaka og góðgerðarsamtaka sem starfa víða á landinu og vinna gott starf. En ég spyr mig eftir þennan lestur, herra forseti: Hvað ræður valinu, hvað ræður vali þess hver fær styrki, hver hlýtur náð fyrir augum fjárln.? Hvað ræður upphæðunum? Hvers vegna eru sumir inni og aðrir ekki? Eru einhverjar reglur sem hv. nefndarmenn starfa eftir? Ef svo er þætti mér vænt um að vita hverjar þær eru. Margt smátt gerir eitt stórt, ég geri mér grein fyrir því. Hér eru mörg góð málefni studd en mér sýnist í fljótu bragði að þetta sé býsna handahófskennt. Menn setja upphæðir sem nema svona á bilinu 200 þús. kr. til jafnvel allt upp í 3 milljónir eða rúmlega það til ýmissa félagasamtaka. Hér sé ég að Kvennasögusafn Íslands fær 600 þús. kr., Kvenréttindafélagið 800 þús. kr. Hér er verið að styrkja Geðhjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og ýmis önnur góð og gegn íslensk félög.

Mér virðist hins vegar ekki vera nein sérstök stefna á bak við þetta nema hér ráði ferð gott hjartalag fjárlaganefndarmanna sem ég efast svo sem ekkert um að sé gott. Hins vegar finnst mér það verðugt umhugsunarefni fyrir þingmenn hvort ekki mætti leggja eilítið meiri hugsun í það hvernig við viljum styrkja frjáls félagasamtök, hvernig við viljum styrkja lýðræðislega umræðu á Íslandi. Við vitum að í nágrannalöndum okkar, t.d. í Evrópuumræðunni í Noregi, hafa bæði þeir sem eru hlynntir aðild að Evrópusambandinu og einnig þeir sem eru á móti henni, hafa fengið ríkisstyrki til þess að geta farið um og frætt almenning og talað máli sínu. Ég velti því bara hér upp hvort ekki sé tímabært fyrir íslensk stjórnvöld að gera upp við sig hvort við ætlum að reyna að efla upplýsta og lýðræðislega umræðu, ekki bara um Evrópumálin, það eru svo mörg önnur mál sem þyrftu að fá almennilega og almenna umræðu.

Áður var vísað til þess í umræðunni að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spurði um afdrif beiðna frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Sól í Hafnar... Hvalfirði — ekki Hafnarfirði, þó að vissulega skíni sólin líka stundum í Hafnarfirði — og Umhverfissamtökum Íslands, trúi ég að hafi líka verið. Hv. þm. Jón Kristjánsson svaraði því og sagði að þessum beiðnum hefði verið vísað til umhvn. til athugunar á milli 2. og 3. umr. á hinu háa Alþingi.

Mér hefði þótt mjög mikilvægt — ég geri mér grein fyrir að þá hefðu kannski einhver félög fengið minna fyrir vikið af því ég er ekki að leggja það til að þessi kaka verði stækkuð — að hið háa Alþingi hefði lýst vilja sínum og tekið ákvörðun um það styrkja beint náttúruverndar- og umhverfisverndarsamtök. Ég held að það sé mjög mikilvægt innlegg inn í þá umræðu sem fer nú fram hér á landi og mun fara fram á næstu árum og áratugum, hv. þingmenn, við erum rétt að byrja og það hefði verið í það minnsta táknrænt að veita þessum ágætu frjálsu félagasamtökum einhverja styrki sem væru viðlíka þeim sem önnur félagasamtök hafa fengið.

Það eru fleiri hreyfingar sem fá fé af fjárlögum, íþróttahreyfingin er ein þeirra. Ástæða þess að ég nefni hana er sú að nú kemur það kannski ekki skýrt fram og kannski ekki hægt að ætlast til þess í frv. til fjárlaga hvernig þessu er nákvæmlega varið. En ég hefði haft mikinn áhuga á því að Alþingi tryggði að fé til æskulýðsstarfs, eins og íþróttastarfið er, eða a.m.k. þess hluta þess sem snýr að íslenskum æskulýð að það sé tryggt að fénu sé skipt jafnt á milli drengja og telpna. Við vitum hvernig það er víða, þó að það sé alls ekki alls staðar, en víða er það svo að strákaboltinn ræður ferðinni og foreldrar stelpnanna þurfa að hafa mikið fyrir því að þær fái sömu og jafna fyrirgreiðslu hjá íþróttafélögum sínum og drengirnir.

Ég bendi bara á þetta í þessari umræðu af því að hér erum við hv. þingmenn að deila út skattpeningum borgaranna. Við eigum að gera það á faglegan hátt með almannahagsmuni og jafnræði að leiðarljósi og líka reyndar með það að leiðarljósi og þá sýn sem við viljum beita á samfélagið.

Talandi um sýnina þá hefur einnig stundum verið reynt í gegnum tíðina að vekja áhuga hins háa Alþingis á því að styrkja íslenska kvennahreyfingu sérstaklega. Ég hef reynt að leita að því logandi ljósi í frv. til fjárlaga að einhverju sem kalla mætti tilraun til þess að sinna málefnum kvenna sérstaklega, utan þau framlög sem renna til nokkurra félagasamtaka, en það virðist sem ríkisstjórn Íslands hafi aldrei heyrt minnst á samþættingu. Það er alveg ljóst að enginn kvenfrelsisþráður er í þessu fjárlagafrv. Hann hefðu kannski aðrir getað spunnið í en hann vantar hér.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra, herra forseti. Mér finnst hins vegar vera afskaplega mikilvægt að hv. þingmenn gefi sér tíma til þess á næstu missirum að ræða það af fullri einurð og alvöru hvernig við viljum styrkja starfsemi frjálsra félagasamtaka, hvort hér þurfi ekki að móta kannski eilítið skarpari stefnu, hvað við viljum hafa að leiðarljósi, hvað það er sem við setjum í forgang almennt þegar deilt er út takmörkuðum gæðum og hér er vissulega um takmörkuð gæði að ræða.

Félagar mínir, hv. þingmenn Samfylkingarinnar, hafa hér, eins og ég kom inn á áðan, greint frá því fyrr í umræðunni hvernig beri að gæta aðhalds í rekstri ríkisins og ég tek undir það. Mig langar rétt að lokum svona í anda þess sem ég hef verið að reyna að benda á um forgangsröðun og aðhald og vinnubrögð, hv. þingmenn, að vekja athygli á hreint dæmalausri fjárveitingu til Hestamiðstöðvar og átaks í hrossarækt. Nú geri ég mér alveg grein fyrir því að margir landa okkar eru miklir áhugamenn um hesta, hrossarækt og allt er að því lýtur. En hér eru, að því er ég fæ best séð, í brtt. meiri hlutans samtals 40 millj. kr. sem renna eiga til þessa verkefnis. Þessu hefur verið dreift á ein fjögur ráðuneyti og inni eru vilyrði fyrir því að halda þessu áfram í ein fimm ár skilst mér. Ég spyr mig rétt í blálokin hvort þetta sé nú einmitt forgangsröðunin, hin faglegu vinnubrögð, það sem hv. þingmenn vilja hafa að leiðarljósi við fjárlagagerðina að fara í fjárveitingar sem þessar. Í mínum huga er þetta bara enn eitt dæmið um handahófskenndan og tilviljanakenndan fjáraustur og ber ekki vitni miklum áhuga á aðhaldi, hvað

þá að það liggi ljóst fyrir hvert markmiðið er og hvað menn hyggist fá fyrir sinn snúð.

Ég hef ekki fleiri orð um það, hæstv. forseti, og lýk hér með máli mínu.

[02:38]

Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég vil nú þegar komið er undir lok umræðunnar þakka jákvæðar undirtektir ýmissa stjórnarþingmanna við álit minni hluta fjárln. en í álitinu lögðum við megináherslu á að grípa þyrfti til aðgerða til þess að draga úr þeirri þenslu sem er nú í samfélagi okkar. Í því samhengi töldum við nauðsynlegt að auka frekar en hitt afgang á fjárlögum. Við lögðum áherslu á byggðavandann, menntakerfið, heilbrigðiskerfið og síðan komum við nokkuð inn á hina íslensku leið.

Mig langar einnig að fara örlítið yfir nokkur atriði sem fram hafa komið í umræðunum og víkja fyrst að umræðu sem hefur orðið nokkuð mikil um heilbrigðiskerfið og þann vanda sem þar hefur verið reynt að taka á en eins og fram kom í framsöguræðu minni fyrr í dag er ýmislegt sem bendir til þess að þar sé enn nokkur vandi óleystur. Ég mun ekki fjalla um það frekar nú en vil frekar skoða örlítið það orðalag sem fram kemur í áliti meiri hluta nefndarinnar og tengja það nokkuð því sem nokkrir hv. þm. úr meiri hluta nefndarinnar orðuðu fyrr í dag þegar þeir ágætu hv. þm. töluðu um það að ekki væri verið að leita að sökudólgum í heilbrigðiskerfinu og ég tala nú ekki um þá fullyrðingu hv. þm. Hjálmars Jónssonar þegar hv. þm. sagði: Við lokum ekki heilbrigðisstofnunum.

Í áliti meiri hluta nefndarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana. Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar verði felldar niður í fjáraukalögum ársins 2000."

Í framhaldi af þessu er eðlilegt að spyrja: Hvað er það annað en að loka stofnunum ef stofnanir eiga von á því í lok næsta árs að ekki komi til þær auknu fjárveitingar sem gert er ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2000 og þær verði teknar til baka með fjáraukalögum? Ef stofnun er komin fram úr þeim fjárheimildum sem hún hefur og enn verði dregið úr fjárstreyminu mun það að sjálfsögðu ekki þýða neitt annað en að það verði að loka stofnuninni.

Einnig er athyglisvert í þessu samhengi að velta fyrir sér hvað átt er við í áliti meiri hluta fjárln. þegar talað er um að gerðir verði samningar við stjórnendur. Hvers kyns samninga er verið að tala um? Þarf að gera samninga við stjórnendur í opinberri stofnun, um hvað? Er ekki í raun og veru verið að tala um að í þessu tilfelli þurfi heilbrrn. að láta fram koma þau markmið sem fyrir eiga að liggja í starfsemi stofnana? Varla þarf að gera um það samninga við stjórnendur hvaða markmið þarna eiga að vera heldur hlýtur það eðlilega að vera ákvörðun stjórnvalda eða jafnvel hins háa Alþingis að ákvarða hvaða starfsemi er á hverri stofnun.

Einnig er athyglisvert í ljósi þess sem ég vitnaði til áðan í ummæli nokkurra hv. þingmanna úr meiri hluta fjárln. að lesa örlítið meira í áliti meiri hlutans. Með leyfi forseta, segir þar m.a.:

„Til að tryggja rétta framkvæmd ákvarðana Alþingis um fjárframlög til stofnana og verkefna verður gert sérstakt átak sem Ríkisendurskoðun mun upplýsa um með skýrslugerð hvernig fram gengur af hálfu ráðuneytis og stofnana."

Hér er augljóslega notuð eintala um ráðuneyti og það er alveg greinilegt að Ríkisendurskoðun á að gefa reglulega skýrslur um hvernig þessu ákveðna ráðuneyti gengur með þetta ákveðna verkefni sitt. Hér er því ákveðin vísbending um að það er a.m.k. þetta ráðuneyti sem skal fá alveg sérstaka meðhöndlun af hálfu Ríkisendurskoðunar. Hins vegar er ekkert í þessu áliti, og verður væntanlega tekið upp og vonandi í nefndinni á milli 2. og 3. umr., hvert hlutverk fjárln. verður í því að fylgja þessu eftir, hvernig fjárln. á að taka á þeim skýrslum og fylgja þeim eftir sem munu reglulega koma frá Ríkisendurskoðun.

Þetta var varðandi heilbrigðiskerfið. Í framsöguræðu minni í morgun fyrir áliti minni hluta fjárln. gerði ég menntakerfinu einnig nokkur skil. Það hefur því miður verið þannig í allan dag að hæstv. menntmrh. hefur ekki verið viðstaddur umræðuna og þess vegna hefur kannski ekki mikið verið fjallað um menntakerfið og þann vanda sem ég reyndi að færa rök fyrir að væri hugsanlega þar undir yfirborði. Ég vil því, herra forseti, ítreka örlítið það sem ég fjallaði um fyrr í dag varðandi menntakerfið og taka nokkur fleiri dæmi en ég tók þá.

Ég vil byrja á háskólastiginu. Miðað við þær tölur sem fyrir liggja virðist vanta nokkra upphæð upp á að þar sé búið að hreinsa borð. Ef bornar eru saman tölur um áætlaðar niðurstöður ársins 1999 og síðan tillögur um fjárlög fyrir 2000 og brtt. við það frv. virðist vera nokkuð ljóst að það vantar nálægt 100 milljónir inn á háskólastigið ef miðað er við þá stöðu sem þessar stofnanir voru í um síðustu mánaðamót.

Ég vil taka dæmi um einn háskóla sem virðist vera við fljótt yfirlit yfir þessar tölur hvað verst staddur og þar virðist vanta nálægt 50 milljónum ef miðað er við síðustu mánaðamót.

Fyrr í dag benti ég á að um 350 millj. vantaði inn í framhaldsskólakerfið hjá hinum almennu framhaldsskólum. Þegar einn ákveðinn framhaldsskóli er skoðaður, sem við fljóta yfirferð virðist vera væntanlega sá skóli sem verst er staddur, þá sýnist vanta þar u.þ.b. 80 millj. Hér er ég enn að miða við stöðuna um síðustu mánaðamót. Þetta kerfi hefur að vísu ekki verið grandskoðað af hálfu okkar í minni hluta fjárln. Hins vegar teljum við þetta vera vísbendingu um að áður en við ljúkum umfjöllun um fjárlög fyrir árið 2000 þurfi að skoða menntakerfið á svipaðan hátt og heilbrigðiskerfið hefur verið skoðað þannig að tryggt sé að við höfum í höndum nægar upplýsingar til að geta áætlað fyrir árið 2000.

Herra forseti. Hér var líka örlítið rætt um Íslensku leiðina og hvaða ályktanir eigi að draga af því ágæta riti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson — það er athyglisvert, herra forseti, þegar umræðan er að vísu nær komin að lokum að enginn af hv. þm. Sjálfstfl. í fjárln. hefur haft úthald til að fylgjast með umræðunni til enda. En hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson taldi að við í minni hluta fjárln. hefðum verið að gefa í skyn eitthvað annað en gefið er til kynna í hinu ágæta riti Íslenska leiðin. Hann ræddi um ýmsa kosti og styrki í hinu íslenska kerfi. Og það er eðlilegt að við tökum undir það vegna þess að vissulega er bent á margs konar styrkleika í okkar kerfi í hinu ágæta riti.

Það var hins vegar ekkert slíkt sem við vorum að benda á, þ.e. við vorum ekki að gefa í skyn að eitthvað væri öðruvísi en í bókinni segði vegna þess að í áliti okkar segir, með leyfi forseta:

„Þótt Íslendingar búi við vel útfært og uppbyggt lífeyrissjóðakerfi sem hefur burði til að taka við hluta almanna-

tryggingakerfisins þegar fram í sækir kemur það stórum hópi lífeyrisþega ekki til góða. Úttekt Stefáns leiðir í ljós að fjöldi eftirlaunaþega náði ekki að safna réttindum í lífeyrissjóði áður en lífeyrisaldri var náð og því er fátækt hjá öldruðum illu heilli veruleg hér á landi. Sama gildir um öryrkja en 43% þeirra fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðum og þurfa að lifa á tryggingabótum einum."

Það er einmitt það tímabil sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson nefndi, þ.e. fram að 2015 þegar talið er að jafnvægi verði komið á kerfið, sem þarf að brúa þannig að komið verði til móts við þann hóp sem ekki nýtur þessara réttinda í dag og honum verði boðið upp á sómasamleg lífsskilyrði.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar til þeirra hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni. Hún mun að sjálfsögðu verða okkur gott veganesti í vinnu fjárln. á milli 2. og 3. umr.

[02:48]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það mun nú vera komið að lokum þessarar umræðu og ég vil þakka málefnalega umræðu um fjárlagafrv. við 2. umr. Það eru örfá atriði sem ég vildi koma inn á, einkum hjá þeim sem hafa talað á lokaspretti umræðunnar en þar hefur vinnubrögð við fjárlagagerð nokkuð borið á góma, tengsl framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og hvernig fjárlögin bera að alþingismönnum. Ég vil kannski hafa örfá orð um það.

Það hefur tíðkast sá háttur á Alþingi að fjárlagafrv. er lagt fram 1. okt. þegar þing kemur saman, en hin raunverulega vinna við það hefst þá. Sá háttur er hér einnig að ríkisstjórn hefur haft til umfjöllunar ýmsa þætti fjárlaga eftir að frv. er lagt fram og frá henni berast til fjárln. tillögur um breytingar á frv. Það hafa ekki verið nein tímamörk á þeim tillögum og ekki hafa verið tímamörk á tillögum fjárln. heldur né tillögum þingmanna sem hafa verið lagðar fram jafnvel dagana og daginn sem frv. er til 2. umr. og yfirleitt teknar til umræðu með afbrigðum.

Á síðasta kjörtímabili var nokkur umræða í fjárln. um þessa vinnuhætti og m.a. könnuðum við dálítið hvernig Svíar hefðu þetta í þessum efnum, því þeir voru að breyta um kerfi hjá sér. Og það er allt annað kerfi sem þar var tekið upp. Þar fer fram umræða á vorin um forgangsröðun, fjárlagaramma til hinna einstöku verkefna, síðan er fjárlagafrv. lagt fram að hausti, sem m.a. er byggt á þinglegri umræðu. Eftir að ríkisstjórn hefur lagt frv. fram er ekki ætlast til að hún leggi fram brtt., þá hefur hún afhent frv. frá sér til þingsins. Síðan fá þingmenn frest í eina tíu daga eða hálfan mánuð til að leggja fram brtt. við frv. Fjárlaganefndin hefur því við starf sitt heildarmyndina af öllum tillögum sem fram koma.

Þetta væri vissulega til athugunar ef vinnu við ný þingskapalög verður haldið hér áfram, sem var nú reyndar hafin á síðasta kjörtímabili en mér er ekki kunnugt um á þessari stundi hver framvindan verður. En auðvitað þurfum við að skoða vinnubrögð okkar og þetta er eitt af því sem við þurfum að athuga og ég er alveg tilbúinn til að hlusta á tillögur um það.

Í ræðu hv. 12. þm. Reykn. kom fram annað atriði sem var um skiptingu ýmissa smærri liða, félagasamtök og ýmsa aðila sem sækja um fjármagn til okkar, hvað ræður valinu á þeim sem fá framlög og hvað ræður upphæðum til þeirra.

Í ein þrjú ár hafa fagnefndir fengið það hlutverk að taka viðtöl við þessa aðila og ákvarða upphæðir og velja. Þetta var gert í fjárln. áður en tekin var sú ákvörðun að fela fagnefndum þetta hlutverk á þeim forsendum að starf slíkra samtaka væri undir málefnasviði þeirra og þar væru forsendur til að meta verkefnin. Þegar þetta var í fjárln. var reynt að leggja mat á þessar upphæðir og hvað lægi þar að baki. En hins vegar verður að segjast eins og er að í flestum tilfellum er þetta styrkur sem er ekki nema lítill hluti af þeim verkefnum sem sótt er um framlög til. Það er í flestum tilfellum þannig og hefur verið í meðförum fagnefndanna. Það eru bæði kostir og gallar við að senda þetta til fagnefnda, en þær hafa reynt að vinna verk sín eftir bestu vitund. Ávallt liggur eitthvert mat þarna að baki og í flestum tilfellum miðað við þá fjármuni og liði sem nefndirnar hafa úr að spila eru þetta yfirleitt styrkir, kannski lítill hluti af þeim verkefnum sem sótt er um framlag til.

Í ræðu hv. 4. þm. Austurl. var fjallað um hvað samningar við stjórnendur í heilbrigðiskerfinu fælu í sér. Ég tel að þeir samningar eigi að fela í sér að viðkomandi stofnun eigi að veita ákveðna þjónustu fyrir ákveðna fjármuni, samninguriinn eigi að fjalla um það. Þá er auðvitað sú skylda á yfirstjórn heilbrigðismála í þessu tilfelli að ákvarða hvaða þjónustu á að veita. Það er verkefnið sem liggur fyrir.

Það er vissulega ekki vandalaust að ákvarða það en með þeim fjármunum sem settir eru í heilbrigðiskerfið eru þau skilaboð að halda eigi svipuðu þjónustustigi í heilbrigðiskerfinu. Það má vel vera að einhver verkaskipting, öðruvísi en hún er nú, komi til greina milli heilbrigðisstofnana en meginlínan er að festa þessi grundvallaratriði niður í samning.

Hv. 12. þm. Reykn. og fleiri reyndar hafa talað nokkuð niðrandi um hrossarækt í umræðunni og (**Gripið fram í:** Hrossakaup.) jafnvel hrossarækt og hrossakaup, ef má orða það svo. Mér finnst þetta ekki sanngjarnt því að þarna er verið að fitja upp á nýjungum og mér finnst hv. þm. tala um þetta með heldur mikilli forakt. Það er nú einu sinni svo að íslenski hesturinn er útflutningsvara og íslenski hesturinn er mikið aðdráttarafl í ferðamennsku. Mér finnst því hrossaræktin, hestamennskan og íslenski hesturinn ekki vera neitt grínmál, og ég vil heldur draga úr því að ræða um þau verkefni á þeim nótum sem gert hefur verið í umræðunni.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. talaði einnig með nokkurri, að mér fannst, lítilsvirðingu um aðgerðir í byggðamálum í frv. Ég vil ítreka að frv. tekur á mörgum mjög mikilvægum þáttum í byggðamálum og ég tel það mikilvægt á því sviði. (**Gripið fram í:** Það sem það nær.) En hins vegar er nauðsynlegt, jafnframt því sem aukaframlög ríkisins til aðgerða í byggðamálum koma til, að stuðla að atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, því að það skiptir mestu máli að sú undirstaða sé trygg. Og það þarf að fara saman uppbygging á þjónustu og uppbygging í undirstöðuatvinnuvegum. Þjónustan þrífst ekki nema sá grunnur sé fyrir hendi. Þetta mega menn aldrei slíta sundur.

Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. um upplýsingamál í ferðaþjónustu. Ég tel það mjög mikilvægt verkefni og tel mjög mikilvægt að efla upplýsingamiðstöðvar um land allt og tengja þá upplýsingagjöf saman með þeirri nútímatækni sem völ er á til þess. Ferðamálin eru afar mikilvæg, ég tek undir það, og ferðamönnum hefur fjölgað mjög hingað til lands og þeim hefur fjölgað meira utan háannatímans en á háannatímanum, þannig að ferðamannavertíðin, ef svo má segja, er að lengjast. En gallinn er sá að 90% af þeim ferðamönnum sem koma hingað

á veturna og utan ferðamannatímans koma til suðvesturhornsins. Þessu þarf að breyta og aðgerðir þurfa að miða að því.

Verið er að vinna eftir nýrri skipan í ferðamálum. Stofnað hefur verið markaðsráð sem er að vinna að kynningarverkefnum á erlendri grund í tengslum við stærstu fyrirtækin í ferðaþjónustu. Það er nauðsynlegt að sú kynning nái líka til landsbyggðarinnar, ég tek eindregið undir það og er sammála hv. 6. þm. Norðurl. e. í því efni. (**SJS:** Hver er þessi sjötti? Passar það?) 6. þm. Norðurl. e.? Þekkirðu hann ekki? (**SJS:** Jú, jú.) Mér kemur á óvart að hv. 3. þm. Norðurl. e. sé hættur að kannast við félaga sinn sem fylgdi honum hér inn á þing eftir snarpa baráttu í vor. En ég vil ítreka að ég er sammála því sem hann sagði um ferðaþjónustuna.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu sem er orðin drjúglöng þó að hún sé í svipuðu horfi og venjulega. Umræðan hefur verið málefnaleg og ég þakka fyrir hana og við fjárlaganefndarmenn leggjum upp í næsta áfanga sem er að vinna málið fyrir 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–13. mál.

Fundi slitið kl. 03:04.

43. FUNDUR

mánudaginn 13. des.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:
Fjárlög 2000, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 337 og 347, brtt. 338, 348, 352, 353, 354, 355 og 364. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Ólafur Örn Haraldsson, 16. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Fjárlög 2000, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 337 og 347, brtt. 338, 348, 352, 353, 354, 355 og 364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:04]

Brtt. 353,1 felld með 27:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SÞ, VS.

15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, GAK, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, EMS, GÁS, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við upphaf atkvæðagreiðslu við 2. umr. fjárlaga vil ég fyrst taka fram að flokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun styðja þær einstöku brtt. frá meiri hlutanum sem okkur finnst ástæða til að styðja og sitja hjá við aðrar sem við höfum minni áhrif getað haft á og greiða atkvæði gegn þeim sem við erum ósáttir við.

Við leggjum til, herra forseti, að tekjur ríkissjóðs verði auknar bæði með sérstökum tekjuskatti, með sérstökum fjármagnstekjuskatti og tekjuskatti af lögaðilum. Okkur sýnist vera rækilegt svigrúm til þessa til að koma til móts við önnur brýn og góð verkefni sem við leggjum til.

[12:03]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í upphafi atkvæðagreiðslu vil ég fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar segja eftirfarandi:

Hér hefur ríkisstjórnin lagt fram sína pólitísku stefnu í efnahagsmálum með því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Það er því á ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans sem afgreiðslan fer fram í dag. Eðlilega er sums staðar í tillögum stjórnarmeirihlutans að finna góðar tillögur. Hins vegar ber frv. og brtt. þess einkenni að um þenslufjárlög er að ræða. Með fjáraukalögum og fjárlögum eru lagðar til um 12 milljarða kr. aukafjárveitingar og þetta gerist á sama tíma og gríðarleg þensla er í þjóðfélaginu. Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun hafa lagt mikla áherslu á að fjárlögum verði beitt til þess að draga úr þeirri þenslu. Undir forustu Sjálfstfl. fer ríkisstjórnin þveröfuga leið.

Herra forseti. Enn vantar tekjuhlið frv. Við þingmenn Samfylkingarinnar munum því sitja hjá við þær tillögur sem hér liggja fyrir.

Sundurliðun 1 (tekjur í A-hluta) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nær daglega berast okkur fréttir sem vísa til þess að allt sem lýtur að mati á þjóðhagslegum forsendum þessa fjárlagafrv. er með miklum losarabrag. Útgjaldaþensla er mikil. Nýjar upplýsingar berast um áframhaldandi geigvænlegan viðskiptahalla og fleira mætti telja. Það er ljóst að ýmis mistök hafa verið gerð við efnahagsstjórn á undanförnum missirum og má þar sem dæmi taka flatar skattalækkanir sem nýst hafa best barnlausu hátekjufólki.

Herra forseti. Við viljum ekki bera ábyrgð á þessari fjárlagastjórn og þaðan af síður þeim tekjum sem á grundvelli þessara losaralegu upplýsinga eru byggðar. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 338,1.a–e samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,1.f samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, SF, SP, SJS, SÞ, VS.

22 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,2–3 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,4.a samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS.

19 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, KLM, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,4.b–f samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EKG, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,2 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JóhS, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnB, JÁ, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við lifum á viðsjárverðum tímum og breyttum tímum að því er lýtur að umhverfismálum. Tæknivædd samfélög Vesturlanda ógna í æ auknari mæli umhverfi okkar og taka sinn toll af umhverfi og náttúru. Það ríður á að samfélag á borð við okkar taki ábyrgð á þeim umhverfisskaða sem tæknivædd samfélög valda. Þess vegna leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að strax verði hafinn undirbúningur að grænum þjóðhagsreikningum og fyrsta skrefið í þá átt verði það að með næstu fjárlögum verði látin fylgja græn bók sem gerir grein fyrir þeim umhverfisskaða sem fjárlögin okkar valda og hvernig við ætlum að reyna að koma í veg fyrir þann skaða og lágmarka hann. Ég segi já.

Brtt. 338,5 samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi töluliður á breytingartillöguskjalinu tengist fyrirhuguðum flutningi Byggðastofnunar milli ráðuneyta sem er eins og kunnugt er afleiðing af sérstökum hrossakaupum hæstv. ríkisstjórnar um bitlinga. Við erum andvíg þessari tilfærslu og teljum hana mjög misráðna. Auk þess tel ég að almennt eigi að afgreiða fjárlögin miðað við gildandi landslög á hverjum tíma þannig að við getum ekki stutt þessa færslu nema síður sé og greiðum atkvæði gegn henni.

Brtt. 338,6–9 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,10 samþ. með 30:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, VE, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Verið er að greiða atkvæði um tillögu sem tengist sölunni á Íslenska menntanetinu, einkavæðingu þess, og við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum andvíg því.

Brtt. 338,11–13.a og sérst. yfirlit II,1–2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (FI, GunnB, JB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 352,1 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Efling framhaldsnáms og fjarnáms á landsbyggðinni. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs vekur athygli á þeirri miklu mismunun sem á sér stað í aðgengi að framhaldsmenntun eftir búsetu hér á landi. Hér þarf að leita allra leiða til að efla og styrkja námsframboð heima í héruðunum til sjávar og sveita þannig að ungt fólk geti sem lengst búið heima hjá sér og sótt þar nám. Þetta er frumréttur fjölskyldulífs í dag. Það er ótæk sú skipan í menntamálum að sveitarfélög og byggðir með hundruð íbúa ungs fólks 16 ára og til tvítugs geti ekki boðið upp á neina framhaldsmenntun.

Þessi tillaga gengur út á að efla og styrkja framhaldsnám á þeim stöðum þar sem framhaldsskólar eru ekki nú þegar fyrir hendi. Þetta er, herra forseti, eitt brýnasta byggðamálið í dag. Ég segi já.

Brtt. 338,13.b–17.a samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,17.b kölluð aftur.

Brtt. 338,18 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338, sérst. yfirlit II,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KPál, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnB, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,19 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,20.a og sérst. yfirlit II,4 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GunnB, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SAÞ, SJS, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þó að hér sé verið að leggja til nokkra hækkun á Endurbótasjóði menningarstofnana stendur áfram óbreytt sú mikla skerðing sem sjóðurinn verður að taka á sig. Þessa sjóður hefur líka ábyrgð gagnvart mörgum mjög merkilegum verkefnum. Við erum andvíg skerðingunni í heild, fögnum að vísu þessari viðbót en sitjum að öðru leyti hjá.

Brtt. 338,20.b–21 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

14 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnB, JóhS, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,22 og sérst. yfirlit II,5 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GÁS, GunnB, HjÁ, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í tölulið 22, Listir, framlög, er lagt til að hækkað verði framlagið til Bandalags ísl. leikfélaga um 2,5

millj. Þetta er sannarlega af hinu góða en ég vil vekja athygli á því að hér er verið að tala um hækkun til skrifstofu bandalagsins sem er hjartað sem dælir vítamíninu til félaganna út um allt land. Félögin í bandalaginu eru 70–80 talsins. Félögin sjálf eiga skilið að fá hækkun því að þau reka starfið úti í bæjarfélögunum. Það eru þau sem eru að leggja sitt af mörkum til menningarstarfsemi hinna dreifðu byggða. Þau hafa ekki fengið nægar hækkanir síðustu ár þannig að þó að þetta sé spor í rétta átt vek ég athygli á því að enn á eftir að gera betur og hækka framlag til félaganna sjálfra. Ég segi já.

Brtt. 338,23 og sérst. yfirlit II,6 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (FI, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,24 og sérst. yfirlit II,7 kölluð aftur.

Brtt. 338,25–27.a og sérst. yfirlit II, 8–9 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,27.b samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

nei: PHB.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,27.c og sérst. yfirlit II,10 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KolH, KLM, MF, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnB, IP, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,28 samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GÁS, GunnB, KHG, KLM, LMR, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,3 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi brtt. snertir varnarmálaskrifstofu utanrrn. og hjá friðelskandi þjóð sem við Íslendingar erum teljum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs framlög til varnarmála utanrrn. allt of há. Okkur stendur nær að leggja meira fé til friðar- og mannúðarmála og því leggjum við til að framlög til varnarmálaskrifstofu verði lækkuð um 50 millj.

Brtt. 338,29–31 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,4 felld með 29:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, HjÁ, JB, KolH, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SJS, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:31]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er lögð til lítils háttar hækkun til fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er ljóst að ef við viljum gera okkur meira gildandi hjá þeirri mikilvægu stofnun, þá þurfum við að koma betur að öllu undirbúningsstarfi, ekki eingöngu að vera með í afgreiðslu. Það er

mjög þýðingarmikið fyrir okkur, sérstaklega í svo stórum málum eins og nú er verið að vinna, í hafréttarmálum, að geta lagt drjúga hönd á plóginn. Eftir þá reynslu sem við fulltrúar þingsins höfum upplifað við að kynnast starfsemi Sameinuðu þjóðanna, þá er ljóst að það er undirmannað miðað við vilja okkar um þátttöku í þessu starfi á því tímabili sem fastanefndin starfar.

Brtt. 353,5 felld með 30:4 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, JB, KolH, SJS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.
18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi tillaga gengur út á að lækka fjárveitingu til fastanefndar Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu, þ.e. til rekstrar NATO-batterísins í Brussel, um 27 millj. kr. og sambærileg upphæð gangi til hækkunar á liðnum Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, þ.e. til endurreisnarstarfs í Kosovo. Við teljum svigrúm til þessarar lækkunar NATO-megin, og þó meira væri, og svo sannarlega þörf fyrir fjármunina í endurreisnarstarfinu í Kosovo.

Brtt. 338,32 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.
21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddi ekki atkv.
13 þm. (EOK, GunnB, JóhS, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,6 felld með 28:6 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SÞ, TIO, VS.
16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
13 þm. (FI, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,33 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338, sérst. yfirlit II,11 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.
17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,34–40 og sérst. yfirlit II,12 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.
18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,41 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS, ÞBack.
21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb) greiddi ekki atkv.
11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 352,2 kölluð aftur.

Brtt. 338,42.a samþ. með 35:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.
nei: PHB.
16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,42.b–49 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.
15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GunnB, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,7–8 felld með 30:5 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.
17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[12:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það sem hér er lagt til er að efla ýmis almenn löggæslumál og síðan verði fjárframlagið til Schengen-samstarfsins skorið niður. Þetta svokallaða Schengen-samstarf felur í sér að landamæravarsla Íslendinga verður sameiginleg nokkrum öðrum Evrópuríkjum. Við komu til þeirra landa þurfum við ekki að ganga inn í landið um sama hlið og Ameríkubúar, Asíubúar og Afríkubúar og hér á Íslandi munum við draga fólkið í dilka við komuna til landsins. Íbúar nokkurra Evrópuríkja ganga inn um eitt hlið, Asíu-, Afríku- og Ameríkubúar inn um annað. Meira að segja frændur okkar í Kanada, sem við viljum fá í heimsókn í stórum stíl, verða litnir tortryggnari augum en Evrópubúar. Auk þess höfum við þungar áhyggjur af auknu fíkniefnastreymi til landsins. Schengen-samstarfið og fjármagn til þess skaðar hagsmuni Íslendinga.

Brtt. 338,50–57 og sérst. yfirlit I samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SÞ, TIO.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,9 kölluð aftur.

Brtt. 338,58–60 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SJS, SÞ, TIO, ÞBack.
17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
12 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,10 kölluð aftur.

Brtt. 338,61 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SJS, SÞ, TIO, ÞBack.
15 þm. (BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁRJ, GunnB, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,11 kölluð aftur.

Brtt. 338,62–63 og sérst. yfirlit II,13 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SJS, SÞ, TIO, ÞBack.
17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
12 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,64 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SÞ, TIO.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,65.a samþ. með 28:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SÞ, TIO.
nei: ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack.
16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
13 þm. (GunnB, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,65.b samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SÞ, TIO.
23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
12 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 348,1.a kölluð aftur.
Brtt. 364,1.a kölluð aftur.

Brtt. 338,66.a samþ. með 27:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SÞ, TIO.
nei: ÁSJ, GAK, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EOK, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 348,1.b kölluð aftur.

Brtt. 364,1.b–c kölluð aftur.

Brtt. 338,66.b samþ. með 30:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, GAK, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,67.a–c samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,12 kölluð aftur.

Brtt. 348,2 kölluð aftur.

Brtt. 364,2 kölluð aftur.

Brtt. 338,67.d–76 og sérst. yfirlit II,14 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um verulega fjárhagslega viðbót til heilbrigðis- og sjúkrahúsmála sem við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs fögnum í sjálfu sér. Hins vegar vekjum við athygli á því að það er ekki nærri því allt komið fram varðandi kostnaðarliði á þessum málaflokki. Ég vil þar benda á verðbætur, ég vil þar benda á að kjarasamningar stórs hluta starfsfólks á þessum stofnunum eru lausir þannig að við óttumst, herra forseti, að meira eigi eftir að koma fram. Við fögnum því sem vel er gert en sitjum hjá.

Brtt. 353,13 kölluð aftur.

Brtt. 338,77.a kölluð aftur.

Brtt. 338,77.b–e og sérst. yfirlit II,15 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnB, ÍGP, JÁ, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,78–130 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

22 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁSJ, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,131 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,132 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,133 samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EKG, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Samkvæmt fjárlagafrv. átti að verja 16 millj. kr. til liðarins 09-995 Skýrsluvélakostnaður, tölvukerfi, óskipt. Nú er lagt til að þetta hækki um litlar 70 millj. kr. og fari í 86 millj. Hér mun aðallega vera um að ræða kostnað sem gengur til að greiða verktakasamninga eða greiðslur til hins einkavædda fyrirtækis Skýrr sem áður hét Skýrsluvélar ríkisins.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að það er ekki að sjá af þessu að breyttu breytanda og með fyrirvara um að einkavæðingin hafi skilað sérstakri hagræðingu í þessu tilviki úr því að hér þarf að hækka fjárlagalið sem í frv. stendur upp á 16 millj. um litlar 70 millj. kr. Það er dálagleg prósentuhækkun það, herra forseti. Ég segi nei.

Brtt. 338, sérst. yfirlit II,16 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (FI, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,134.a–c samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

14 þm. (FI, GunnB, ÍGP, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,134.d samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

nei: PHB.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (FI, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,134.e samþ. með 32:2 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

nei: JB, KolH.

14 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JóhS, KLM, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, GunnB, JÁ, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 348,3 kölluð aftur.

Brtt. 338,135.a–h samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: GIG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:58]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi liður fjallar um verðbætur á gjaldahlið vegáætlunar og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs fagnar því að meiri hlutinn hefur orðið við þeirri kröfu sem sett var fram með fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um að gjaldahlið vegáætlunar verði verðbætt í samræmi við almennar verðlagshækkanir fjárlaga hliðstætt og gert er við tekjuhliðina í frv. og þar með fallið frá hluta þeirrar skerðingar sem þar átti að beita vegamálin.

Hins vegar er það harmað, herra forseti, að framlög til vegamála skulu ekki verðbætt að fullu á næsta ári eins og tekjurnar.

Brtt. 352,3.a felld með 29:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GuðjG*, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 338,135.i–j samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,135.k samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS.

20 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 352,3.b felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Til þess að forða öllum misskilningi þá er hér verið að tala um að breikka einbreiðar brýr en ekki að tvöfalda fjölda þeirra. Ég vildi láta þetta koma fram í þessum hópi til að tryggja örugglega að þarna verði ekki um misskilning að ræða.

Öll vitum við um þá gífurlegu hættu sem er víða á þjóðvegum landsins á einbreiðum brúm, þau hörmulegu slys og áhættu sem er í umferð. Þetta er aðeins lítil viðbót, lítið átak og ég vil skora á hv. þm. að samþykkja þetta.

Brtt. 352,3.c felld með 30:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi fjármagn til undirbúnings jarðgangagerðar samkvæmt fjármunum vegáætlunar er kveðið á um að fjármagn til jarðganga sé sérmerkt á fjárlögum. Þær tillögur um vegabætur með jarðgöngum sem lengst eru unnar eru um göng milli Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Norðfjarðar, jarðgöng til Siglufjarðar og síðan er áfram haldið á Vestfjörðum.

Til þess að slík jarðgangagerð geti komið til framkvæmda þarf að vinna heilmikla rannsóknar-, undirbúnings- og hönnunarvinnu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er hægt að hefja framkvæmdir á fullu við áðurnefnd jarðgöng á Austurlandi eftir eitt til tvö ár og á Siglufirði eftir tvö til þrjú ár, en til þess þarf að veita fé til undirbúnings og rannsókna. Annars er þetta verkefni stopp og það tel ég mjög alvarlegt, herra forseti, í þeim samgöngubótum sem við erum að vinna að.

Brtt. 338,135.l–m samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,14 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:05]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögur um styrkingu á almenningssamgöngukerfi í landinu. Við teljum mjög mikilvægt til þess að þjóna nútímasamfélagi að styrkja og bæta almenningssamgöngur. Sum svæði eru tilbúin að fara í ítarlegar, róttækar breytingar og þess vegna vona ég að hv. þm. geti séð sér fært að styðja þessa tillögu um að hefja framkvæmdir við slíkt upp á 50 millj. kr.

Brtt. 338,136.a samþ. með 29:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF*, KPál, PHB, SF, SP, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

19 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Samkvæmt skýringum á a-lið, 8 millj. kr., er nefnd álversbryggja á Reyðarfirði. Okkur finnst þetta vera ansi snemmt og við erum andvíg þessu. Það má bæta bryggjur og hafnaraðstöðu en ekki endilega til álvera að svo komnu máli.

Brtt. 338,136.b og sérst. yfirlit II,17 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þó að hér sé lögð til nokkur hækkun vegna hafnarmannvirkja, þá er samt verið að staðfesta þann niðurskurð sem er almennt á hafnarmannvirkjum og hafnarbótum í landinu. Þessar framkvæmdir bitna sérstaklega á höfnum úti á landi þar sem ekki er þensla, þar sem miklu frekar er nauðsyn að bæta úr. Þess vegna finnst okkur þetta afar röng stefna. Hins vegar höfum við ekki sérstakar athugasemdir við skiptingu og annað á því fé sem fyrir hendi er.

Brtt. 338,136.c–g og sérst. yfirlit II,18–19 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, JóhS, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,137 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, ÍGP, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,138 samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

nei: PHB.

15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnB, KHG, LMR, MF, ÓÖH, PP, SighB*, SJóh, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:14]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að fá nokkra skýringu á þessari tillögu. Hvernig getur Hestamiðstöð Íslands fallið undir liðinn Iðja og iðnaður, nema menn eigi hér annaðhvort við söðlasmíð eða pylsugerð? Hver er skýringin á þessari tillögu, virðulegi forseti?

(**Forseti** (HBl): Það mun koma fram í atkvæðagreiðslunni, hv. þm., hvort þingheimur skilur tillöguna eða ekki.)

Brtt. 338,139–141 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni hækkun til niðurgreiðslna á rafhitun og hitun. Við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs lögðum þunga áherslu á að þessi upphæð yrði hækkuð frá því að fjárlagafrv. var lagt fram og við fögnum því að meiri hlutinn skuli hafa orðið við þeim þrýstingi þó svo það mætti hækka hana enn meir.

Brtt. 352,4 kölluð aftur.

Brtt. 338,142 samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, LB, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,15 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

16 þm. (BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRJ, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SighB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í tveimur töluliðum er gert ráð fyrir því að aðalskrifstofa viðskrn. fái fjárveitingar til þess að sinna sérstöku gæluverkefni hæstv. ráðherra sem er að reka áróður og trúboð fyrir svonefndum alþjóðlegum viðskiptafélögum. Þetta eru annars vegar 6 millj. kr. undir liðnum Aðalskrifstofa, yfirstjórn og hins vegar 15 millj. kr. undir liðnum Ýmis verkefni. Við teljum óþarfa að ráðuneytið sé að standa í þessu trúboði og leggjum því til að þessar fjárveitingar falli niður.

Brtt. 338,143 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EKG, GunnB, JÁ, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,16 felld með 29:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,144 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 355,1–2.a felld með 28:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GunnB, HBl, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við höfum tvær samþykktar þáltill. frá fyrra þingi sem snerta þennan lið. Það er annars vegar þál. þar sem stjórnvöldum var falið að kanna möguleika á stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og sömuleiðis þál. þar sem stjórnvöldum var gert að hefja kortlagningu ósnortinna víðerna. Við teljum bæði verkefnin vera afskaplega mikilvæg og þurfa á stuðningi stjórnvalda að halda og leggjum þess vegna til að hér verði settar 3 millj. til Vatnajökulsþjóðgarðs, til undirbúnings og kortlagningar ósnortinna víðerna 2 millj. Sömuleiðis leggjum við til að yfirstjórn Náttúruverndar ríkisins fái 65 millj. til viðbótar í ýmis sérverkefni sem eru á dagskrá hjá henni og sérstaklega hefur verið gerð grein fyrir. Ég segi já.

Brtt. 338,145 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 355,2.b–c felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, JóhS, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 15 millj. kr. sértekjum vegna aðgangseyris að friðlýstum svæðum, en eins og fram hefur komið er verkefnið ekki komið nægilega langt til þess að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sjáum að því verði lokið og hægt verði að innheimta þessar 15 millj. Við leggjum því til að hætt verði við það en hækkaður í staðinn liðurinn Þjóðgarðar og friðlýst svæði um 12 millj. Ég segi já.

Brtt. 338,146 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 355,3 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það hefur verið staðið vel við bakið á Skipulagsstofnun á þessu ári. Það er vel en hins vegar vantar stofnunina enn þá fé til ákveðinna hluta, útgáfu leiðbeiningarrita, rannsókna og áætlun um landnotkun á landsvísu. Það er mikilvægt að þessi verkefni komist á laggirnar og við

óskum eftir 10 millj. kr. fjárveitingu til þeirra. Ég segi já.

Brtt. 338,147 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 353,17 felld með 30:5 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:26]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er gerð tillaga um að skerða tekjustofna Brunamálastofnunar Íslands. Allt umfram 87 millj. renni til ríkissjóðs. Brunamálastofnun Íslands vantar þessa fjármuni eins og kannski margar aðrar ríkisstofnanir en það standa fyrir dyrum breytingar varðandi ábyrgð slökkviliðsstjóra út um allt land um að þeir beri ábyrgð á förgun og meðferð eiturefna. Brunamálaskóli Íslands er rekinn af Brunamálastofnun og starfsemi hans er að aukast. Því leggjum við til að þessu skerðingarákvæði verði sleppt, fellt niður. Ég segi já.

Brtt. 338,148 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,149 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KPál, PHB, SF, SP, SJS, SÞ, TIO, VS, ÞBack.

17 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 338,150 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 348,4 kölluð aftur.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack) greiddi ekki atkv.

12 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 og 4 (B- og C-hluti) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GunnB, HGJ, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SJS, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (rekstraryfirlit ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (sjóðstreymi ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3.–5. gr. (fjárreiður ríkisfyrirtækja, fjárreiður lánastofnana og lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 354 kölluð aftur.

6. gr. (skerðingarákvæði) samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack.

18 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að skerða lögbundin framlög til mikilvægra verkefna sem taka til margra sjóða. Það er t.d. ekki ljóst hverjar eru skuldbindingar Framkvæmdasjóðs aldraðra sem á að fara að skerða hér og fleiri slíkra sjóða sem standa að menningar- og velferðarmálum. Því segjum við nei.

7. gr. (heimildir fjmrh.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KPál, PHB, SF, SP, SÞ, TIO, VS.

23 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GAK, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GuðjG, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, PHB, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

12 þm. (GuðjG, GunnB, KHG, LMR, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Samfylkingin hefur setið hjá í þessari atkvæðagreiðslu um þenslufjárlög ríkisstjórnarinnar. Herra forseti. Þau eru glannaleg. Það dylst engum að með þessum fjárlögum er verið að varpa olíu á eld í efnahagslífinu. Hér er eytt út og suður en það alvarlega í málinu er að á meðan er endurskoðun á grundvallarþáttum látin bíða.

Tillögur Samfylkingarinnar byggja á grundvallarafstöðu. Þær munu koma til atkvæða við 3. umr. fjárlaganna. Samfylkingin mun þá taka afstöðu til tillagna sem liggja fyrir, enda mun þá liggja fyrir tekjuáætlun ríkisstjórnarinnar. Við styðjum að sjálfsögðu að vísa málinu til 3. umr.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs styðjum að sjálfsögðu að vísa málinu milli umræðna en ég vil leggja á það áherslu áður en vinna hv. fjárln. fyrir 3. umr. hefst að farið verði vandlega yfir einkum þjóðhagslegar forsendur þessa frv. Það er alveg ljóst að það er losarabragur á þeim hlutum, herra forseti og upplýsingar að koma fram nú á síðustu sólarhringum um verulegt frávik frá þeim þjóðhagslegu forsendum sem lagt var upp með í haust og menn hafa jafnvel gengið út frá fram á síðustu daga. Það er því nauðsynlegt að hv. fjárln. gefi sér góðan tíma til að vinna þessi mál og óumflýjanlegt að einhverjir sólarhringar gefist á milli 2. og 3. umr.

Það er því miður, herra forseti, margt sem bendir til þess að erfiðari tímar séu fram undan hvað ríkisfjármálin snertir og það verði mun erfiðari staða til að koma saman fjárlögum að ári heldur en menn telji að sé uppi nú.

[13:35]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 er nú í þeirri stöðu að vera vísað til 3. umr. Eins og mál standa nú er ljóst að útkoman gefur færi á því að greiða niður skuldir ríkissjóðs sem er aðalatriðið en endanleg niðurstaða á eftir að koma fram. Ég segi vissulega já við að vísa málinu til 3. umr.

[13:36]

Útbýting þingskjals:

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, 186. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 371.

Fundi slitið kl. 13:37.

---

44. FUNDUR

mánudaginn 13. des.,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:02]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), 195. mál, nál. utanrmn., þskj. 382.

Fjáraukalög 1999, 117. mál, þskj. 340; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 377; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 378, 379, 380, 381.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 205. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 370.

Íslenskir aðalverktakar, 203. mál, svar utanrrh., þskj. 383.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 272. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 373.

Málefni fatlaðra, 274. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 375.

Málefni innflytjenda, 271. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 369.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, 273. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 374.

Skattfrelsi norrænna verðlauna, 4. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 384.

Skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, 188. mál, svar heilbrrh., þskj. 345.

Starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra, 275. mál, skýrsla forsrh., þskj. 376.

Tekjuskattur og eignarskattur, 5. mál, brtt. JóhS, þskj. 385.

Fundi slitið kl. 18:05.

---

45. FUNDUR

þriðjudaginn 14. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1999, stjfrv., 117. mál, þskj. 340, nál. 323, frhnál. 377 og 386, brtt. 378, 379, 380 og 381. — 3. umr.

2. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, stjfrv., 270. mál, þskj. 368. — 1. umr.

3. Ráðstöfun erfðafjárskatts, stjfrv., 273. mál, þskj. 374. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

4. Málefni fatlaðra, stjfrv., 274. mál, þskj. 375. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

5. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr.

6. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — Frh. 1. umr.

7. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.

8. Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), stjtill., 257. mál, þskj. 324. — Fyrri umr.

9. Grunnskólar, stjfrv., 81. mál, þskj. 81. — 3. umr.

10. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 187, nál. 356, brtt. 357. — 2. umr.

11. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 188, nál. 358, brtt. 359. — 2. umr.

12. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 233, nál. 360, brtt. 361. — 2. umr.

13. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243, nál. 362. — 2. umr.

14. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 384. — 2. umr.

15. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 343, brtt. 344 og 385. — 2. umr.

16. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 317, brtt. 318, 319 og 320. — 2. umr.

17. Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, stjfrv., 67. mál, þskj. 67, nál. 325. — 2. umr.

18. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89, nál. 333. — 2. umr.

19. Samningur um flutning dæmdra manna, stjtill., 113. mál, þskj. 123, nál. 328. — Síðari umr.

20. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), stjtill., 195. mál, þskj. 227, nál. 382. — Síðari umr.

21. Framleiðsluráð landbúnaðarins, stjfrv., 205. mál, þskj. 239, nál. 365 og 370. — 2. umr.

22. Jarðalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 272, nál. 366. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 1999, 117. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 386.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lokaafgreiðsla fjárlaga og fjáraukalaga.

[13:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég leyfi mér að gera athugasemdir við störf þingsins. Í dag eru fjáraukalög fyrir árið 1999 tekin til 3. umr. Á morgun er stefnt að því að taka fjárlög ársins 2000 til 3. umr. Fjárln. fékk fyrst í gærmorgun fyrstu drög að endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir 1999 sem sýnir miklar breytingar frá því í haust þegar frv. var lagt fram. Þessar grunnforsendur fjárlagagerðar voru enn að taka breytingum í gær. Forsendur tekjuhliðar fjárlagafrv. fyrir árið 2000 voru fyrst kynntar í gærmorgun munnlega og með fyrirvara. Óskað var eftir að fá þær skriflega og með útskýringum. Síðdegis í gær kom svo minnisblað með áætlun um tekjur og gjöld en engar uppgefnar forsendur. Seint í gærkvöld kemur svo viðbótarminnisblað með stikkorðum, ef kalla má, um grunnforsendur tekjuáætlunar á næsta ári en þó áfram með fyrirvara. Núna

eftir hádegi varð fjárln. svo að fresta fundi vegna þess að tilskilin gögn höfðu ekki borist vegna 3. umr. á morgun.

Herra forseti. Fjárln. hefur síðan í haust, á mörgum löngum fundum, fjallað um útgjaldahlið frv. og metið upphæðir til einstakra liða, allt frá nokkrum hundruðum þús. kr. til milljarða. Um tekjuhliðina hefur nánast ekkert verið fjallað í nefndinni enda afar takmörkuð gögn fyrir hendi til að fjalla um fyrr en núna tæpum sólarhring áður afgreiða á fjárlög. Ég leyfi mér að átelja þessi vinnubrögð. Lög um fjárreiður ríkisins eru þverbrotin, sbr. frv. til fjáraukalaga. Afleiðing slíkra vinnubragða, herra forseti, verða illa unnin fjárlög sem nánast ekkert mark er á takandi og þar af leiðandi fjármálaóstjórn.

[13:34]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Vinna við fjárlagagerð hefur farið fram með hefðbundnum hætti nema að því leyti að áætlað er að 3. umr. fjárlaga verði nú eins og þingsköp segja til um, 15. desember. Það yrði þá í fyrsta skipti sem það gengi eftir. Við höfum stefnt að því í vinnu okkar. Það er ekki nýtt að tekjuhlið fjárlaga hafi verið tekin síðust í fjárlagavinnunni. Tekjuhlið fjárlaga og þær áætlanir sem hún byggist á taka m.a. mið af fjárlögum við 2. umr. Fjárlög við 2. umr. eru, eins og kom fram hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar í morgun, einn af grunnþáttum í þjóðhagsspá sem liggur til grundvallar tekjuhliðinni. Það er því ekkert nýtt við þessi vinnubrögð. Þau hafa verið viðhöfð um árabil, átölulaust oftast nær.

Það er ljóst að tíminn milli 2. og 3. umr. nú er mjög skammur vegna þess að menn settu sér það markmið að standa við þingsköpin hvað þetta snertir. Einnig voru atkvæðagreiðslur á mánudag í þinginu sem gott samkomulag var um. Ég gekkst inn á það þannig að þetta er ljóst. Hins vegar vatnar umsögn efh.- og viðskn. um tekjuhliðina enn þá. Formaður nefndarinnar hefur sagt mér að hann hafi frestað fundi í nefndinni. Ég vil því leggja til við forseta að hér yrði gert klukkutíma hlé þannig að við gætum haldið fyrirhugaðan fund okkar í fjárln. og efh.- og viðskn. geti gengið frá umsögn sinni um tekjuhliðina.

[13:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér heyrist á hv. fulltrúa minni hlutans í fjárln. sem hér talaði að allt sé bókstaflega í uppnámi í fjárln., að þar eigi að keyra málin í gegn óskoðuð og þingmenn fái ekki í hendur nauðsynleg gögn sem þeir biðja um.

Mér virðist hið sama uppi á teningnum í efh.- og viðskh. og þar sé allt í uppnámi líka. Þar er fyrirvaralaust boðað til fundar í morgun og fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni fengu ekki þau boð fyrr en fundi var að ljúka um eittleytið. Þá fengum við, ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, fyrst vitneskju um þennan fund. Ég hef spurnir af því að á þessum fundi átti að klára yfirferð nefndarinnar yfir fjárlög fyrir árið 2000, áhrif skattalagabreytingar á tekjur ríkissjóðs, breytta þjóðhagsspá og þjóðhagsforsendur, allt þetta á einum klukkutíma. Þetta er í fyrsta skipti í vetur sem efh.- og viðskn. fer yfir tekjuhlið fjárlagafrv. og breytta þjóðhagsspá. Við hljótum að þurfa mjög rúman tíma til að ræða svo viðamikil mál í nefndinni. Við þurfum tíma til að kalla fyrir okkur þá fulltrúa sem við teljum þörf á að komi fyrir nefndina áður en við myndum okkur skoðun á þessum þætti fjárlaganna og tekjuspánni. Þess vegna mótmæli ég þessum vinnubrögðum.

Formaður nefndarinnar er erlendis, varaformaðurinn er erlendis og við höfðum frétt að engan fund ætti að boða í nefndinni fyrr en þeir kæmu til baka. Þessi fundur í morgun var boðaður án fyrirvara og starfandi formaður í nefndinni ætti að sjá til að allir fulltrúar nefndarinnar fengju boðin þegar svo óvænt er boðað til fundar. Það eru miklar annir í þinginu. Þingmenn þurfa að skipuleggja tíma sinn vel og því er nauðsynlegt að sjá til að boðin komist til skila. Ég óska eftir því að þessi fundur verði endurtekinn og þeir kallaðir til aftur sem voru á þessum fundi í morgun eða í hádeginu. Ég tek undir það með formanni fjárln. að gera þurfi hlé á þingstörfum. Nefndir þingsins sem eru að fjalla um tekjuhlið fjárlagafrv. þurfa að fá eðlilegt svigrúm til að fjalla um það mál.

[13:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir að það eru aldeilis ómögulegar aðstæður sem hér eru skapaðar fyrir lokaafgreiðslu fjáraukalaga- og fjárlagafrv. Ég náði að vísu til hins sögulega fundar í efh.- og viðskn. í hádeginu. Þar kom forstöðumaður tekjusviðs fjmrn. og tilkynnti áhrif af breyttum þjóðhagsspám eða forsendum í drögum hjá Þjóðhagsstofnun á tekjuhlið fjárlagafrv. Þar er tilhlaup upp á marga milljarða kr. Ég krafðist þess að fulltrúi frá Þjóðhagsstofnun kæmi til fundarins. Þá var komin frá Þjóðhagsstofnun og kynnt ný þjóðhagsspá í trúnaði vegna þess að það má ekki birta hana fyrr en eftir klukkan 4 í dag, eftir lokun Verðbréfaþings.

Staðan er því sú, á þeim tíma sem menn ætluðu að afgreiða fjáraukalög og ganga frá nefndarálitum fyrir fjárlagafrv., að Þjóðhagsstofnun er enn með þjóðhagsspá sína bundna trúnaði af því að hún hugsaði sér ekki að kynna hana fyrr en á morgun. Hvað sem líður því að menn hafi ætlað sér að afgreiða hlutina samkvæmt þingsköpum á tilskildum fresti þá er ljóst að þær stofnanir úti í bæ sem vinna upplýsingar fyrir þessa afgreiðslu hafa ekki áttað sig á því. Við erum hér í raun nokkrum sólarhringum, herra forseti, of snemma á ferðinni með að knýja fram afgreiðslu þessara mála miðað við það sem undirbúningur málsins býður upp á. Ég held að það sé einboðið, herra forseti, að slá því á frest um a.m.k. sólarhring að annars vegar fjáraukalagafrv. og síðan fjárlagafrv. verði afgreitt. Sem stendur er það alls ekki tímabært. Þær aðstæður í málinu sem ég hef lýst hér taka af öll tvímæli um það. Það er ekki hægt að ætlast til að nefndarmenn í efh.- og viðskn. afgreiði álit á tekjuhlið fjárlagafrv. og þjóðhagsforsendum til fjárln. fyrr en þeir hafa séð þær. Eða hvað, herra forseti? Það liggur í augum uppi að menn verða að fá tíma frá því að þessi gögn liggja fyrir þar til þeir geta skilað nefndarálitum sínum o.s.frv. Ég fer fram á að forseti skoði þetta í allri vinsemd, að þessu verði bakkað um sólarhring hið minnsta.

[13:41]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni um störf fjárln. Það er auðvitað upplifun fyrir okkur sem störfum þar í fyrsta skipti að sjá hvernig unnið er að tekjuáætlun frv. Við sátum marga fundi í nefndinni í gær þar sem fulltrúar úr fjmrn. komu og smátíndu í okkur þessa merku tekjuáætlun. Hún breyttist jafnvel um nokkra milljarða frá morgni og fram yfir hádegi. Síðan var fundum frestað fram eftir kvöldi meðan meiri hlutinn réði ráðum sínum eða safnaði gögnum úr fjmrn. eða annars staðar að. Síðan vorum við á fundi í morgun sem átti að vera lokafundur til að afgreiða fjárlög út úr nefndinni en enn þurfti að fresta fundi, m.a.

vegna þess að umsögn efh.- og viðskn. vantaði og jafnframt virtist okkur að meiri hlutinn hefði ekki lokið störfum sínum.

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að fram komi að aldrei í þessu ferli hefur staðið á minni hlutanum að sinna þessum störfum. Minni hlutinn mun að sjálfsögðu halda áfram að sinna störfum sínum þannig að hægt sé að standa við áætlanir. Ég vil hins vegar taka undir með hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Það er nauðsynlegt að gert verði hlé hér á þingfundi þannig að meiri hlutinn í fjárln. geti lokið störfum sínum. Okkur vantar umsögn efh.- og viðskn. þannig að við getum tekið fjárlagafrv. út úr nefndinni og í kjölfarið hafið 3. umr. um fjárlög.

Hins vegar er ljóst, eins og fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar sat á fundi með fjárln. í morgun til að gefa skýringar á þeirri tekjuáætlun sem við höfum fengið frá fjmrn. Við erum hins vegar bundin trúnaði fram yfir klukkan 4 í dag til þess að ræða þau mál. Þess vegna, herra forseti, m.a. ítreka ég ósk mína og tek undir ósk formanns fjárln., hv. þm. Jóns Kristjánssonar, um að fundi verði frestað til að ljúka megi þessum störfum sómasamlega.

[13:44]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vildi bara að fram kæmi við þessa umræðu að störfin í fjárln. hafa gengið venjubundið fyrir sig og samstarf við minni hlutann hefur verið mjög gott. Menn hafa lagt sig fram að reyna að ljúka þeim verkum sem liggja þar fyrir. Ég tel að í nefndinni sé ekkert því til fyrirstöðu að umræðan fari fram á morgun og við getum staðið við áætlun okkar hvað þetta snertir.

Varðandi tekjuáætlunina rakti ég áðan að í rauninni er ekkert nýtt í þeim vinnubrögðum. Þjóðhagsstofnun hefur útskýrt sínar forsendur. Síðan hefur fjmrn. útskýrt forsendur sínar. Við höfum staðið í þessu á lokadegi vinnu okkar. Það hefur í gegnum tíðina verið svo. Við erum heldur fyrr í þessu nú. Um það hefur m.a. verið rætt í nefndinni, jafnt hjá minni hluta sem meiri hluta, að það væri metnaðarmál að standa við 3. umr. og þingsköp að því leyti. Ég mæli með því að við gefum svigrúm fyrir þessa fundi og höldum okkur við áætlun þingsins að öðru leyti.

[13:46]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti hefur ákveðið að verða við ósk formanns fjárln. og hv. þm. um að fresta fundi til kl. 3. Ef hv. þm. vilja tjá sig frekar er mælendaskrá enn þá opin.

[13:46]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárln. hefur lokið störfum. Það var eingöngu vegna þess að umsögn efh.- og viðskn. um tekjuhlið frv. vantaði sem við frestuðum fundi núna kl. 1 en samkvæmt þingsköpum ber að láta hana fylgja með. Allar forsendur hafa verið lagðar fyrir nefndina. Nefndin vissi nákvæmlega hvað lá til grundvallar nýrri þjóðhagsspá í gærkvöldi. Það er ekkert efnisatriði, það er bara formsatriði að það sé trúnaðarmál til kl. 16 og breytir engu. Það er ekkert í þessari spá sem breytir neinu sem skiptir máli, ekki neitt. Hér er ekki verið að koma á neinn hátt neinum í opna skjöldu. Vinnunni er lokið, þetta liggur allt fyrir og okkur er ekkert að vanbúnaði að hefja 3. umr. fjárlaga á morgun eins og gert var ráð fyrir í áætlun þingsins. Það er ekkert sem á að hamla því, engin ný tíðindi á nokkurn hátt, engin leyndarmál í því. Formið liggur hins vegar fyrir um að gera þetta að trúnaðarmáli til kl. 16. Kannski getum við sagt það embættismönnum til vorkunnar að þeir hafi ekki gert ráð fyrir því að þingið héldi áætlun. Þó held ég að það skipti ekki máli, þeir þurftu að fá inn frv. eins og það var afgreitt eftir 2. umr. til að leggja það til grundvallar þannig að þetta er allt í mjög eðlilegum farvegi og ekkert sem veldur okkur neinum vandræðum.

[13:48]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að fjárlagavinnan hefur gengið svo vel sem raun ber vitni og ég tel að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að 3. umr. geti farið fram á morgun. Það er mjög mikilvægt að hægt sé að halda starfsáætlun og þessi umræða fari nú fram samkvæmt henni. Það hefur ekki gerst áður.

Hins vegar ber að harma það að fundaboð til þingmanna Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. hafi misfarist en forseti hefur þegar orðið við því að gera hlé til þess að þeir þingmenn fái tækifæri til að fá þær upplýsingar sem aðrir þingmenn í efh.- og viðskn. hafa þegar fengið. Það tel ég í sjálfu sér að sé mjög mikilvægt og niðurstaða af þessari umræðu um störf þingsins.

[13:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það mátti heyra ákaflega sérkennilega skýringu af hálfu varaformanns fjárln., hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, á hlutverki efh.- og viðskn. við yfirferð og mat á tekjuhlið fjárlagafrv. Hann leit á það sem formsatriði að þessi sérfræðinefnd þingsins færi yfir málið og gæfi sitt álit til fjárln. Það er auðvitað langtum meira en formsatriði heldur er að því gengið og við það miðað í þingsköpum að þessi sérfræðinefnd þingsins fari yfir málið til að fjárln. gæti fengið það álit og yfirfarið og lagt mat sitt á grundvelli þess. Hér er alger misskilningur á ferðinni og ég undrast að hv. þm. skuli ekki vita betur hafandi verið lykilmaður í hv. efh.- og viðskn.

Í annan stað er auðvitað fagnaðarefni að menn hafi metnað til þess að halda sig við þingsköp og starfsreglur þingsins. Á hinn bóginn hélt ég að það væri metnaðarefni líka fyrir hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmeirihluta að menn vönduðu vinnubrögð ekki síst í ljósi þess að tekjuhlið fjárlaga yfirstandi árs gefur til kynna að það væri ástæða til þess að menn vektu yfir því og vönduðu það verklag fyrir það ár sem fer í hönd þannig að þær forsendur stæðust þegar til kastanna kemur en afgreiddu þetta ekki með vinstri hendi án þess að fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir.

Ég var viðstaddur á fundi fjárln. sem staðgengill Össurar Skarphéðinssonar í gærkvöld og einnig í morgun og ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst málið af hálfu meiri hluta nefndarinnar langt í frá fullfrágengið. Ýmsir lausir endar eru enn til staðar sem meiri hlutinn á eftir að hnýta, hvað þá að nauðsynlegar upplýsingar til handa minni hlutanum liggja allar skýrar fyrir. Mikið vantar upp á að málið sé hér þingtækt þó að það geti verið það að forminu til. Efnislega er það algerlega vanbúið og ber að fresta því a.m.k. um heilan sólarhring að taka það til umræðu á hinu háa Alþingi.

[13:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fæ ekki betur sé en endurskipuleggja þurfi áform að þinghaldi í dag og á morgun vegna þess að efh.- og viðskn. hefur hvergi nærri lokið umfjöllun sinni um

skattalagabreytingar og breytta þjóðhagsspá og þjóðhagsforsendur sem nefndin þarf að fara ítarlega yfir. Ég frábið mér slík vinnubrögð eins og hv. þm. Einar Oddur talar um úr ræðustól að þetta sé bara formsatriði að við fáum þjóðhagsspá til skoðunar. Auðvitað þurfum við að fara ítarlega yfir hana og ég heyri að fulltrúi minni hlutans, sem var þó staddur á þessum klukkutímafundi í morgun, telur að nefndarstörfum sé hvergi nærri lokið í þessu máli. Ég lít svo á að fjárln. geti ekki lokið störfum sínum fyrr en fyrir liggur álit efh.- og viðskn. að því er varðar tekjuhlið fjárlaga. Við þurfum okkar tíma í dag til að ljúka málinu í efh.- og viðskn. og ég býst að við þurfum daginn til þess að fara yfir það mál. Ég minni þá hæstv. forseta á að á málaskrá þingsins í dag eru ein 6–7 mál frá efh.- og viðskn. sem við fulltrúar minni hlutans þurfum eðli málsins samkvæmt að vera viðstödd og ræða. Ég fer fram á það, forseti, að þingstörfum í þessum sal verði ekki fram haldið á sama tíma og nefndir eru að störfum. Ég bið hæstv. forseta að sjá til þess að svo verði ekki, svo við fáum eðlilegt svigrúm í dag til þess að fjalla um málið í efh.- og viðskn. og síðan verður að sjá til hvenær við ljúkum vinnu okkar. Ég lít svo á að afgreiðslunni í fjárln. geti ekki lokið fyrr en fyrir liggur álit efh.- og viðskn. í þessu máli. Ég býst því við að hæstv. forseti þurfi að beita sér fyrir endurskoðun á þeim áformum sem nú liggja fyrir um þinghaldið í dag og á morgun og sé ekki hvernig fjárlagaafgreiðslan á að geta farið eðlilega fram á morgun.

[13:54]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vil tilkynna að ákveðið hefur verið að fresta þessum fundi til kl. 3. Nú eru liðnar þær 20 mínútur sem voru til ráðstöfunar fyrir þessa umræðu. Fundinum er frestað til kl. 3.

[Fundarhlé. — 13:54]

[15:39]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 101. mál, nál. menntmn., þskj. 388.

Stjórnarráð Íslands, 160. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 387.

[16:29]

Útbýting þingskjals:

Iðnaðarlög, 22. mál, nál. iðnn., þskj. 389.

Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), fyrri umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 324.

[16:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda fyrir Íslands hönd bráðabirgðasamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu, PLO, fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu, sem undirritaður var í Leukerbad 30. nóvember 1998.

Tilgangurinn með gerð bráðabirgðasamningsins við PLO er hluti af því ferli að tryggja jafnvægi milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsríkjanna í viðskiptum við löndin við sunnanvert Miðjarðarhaf. Samningurinn er ekki síður mikilvægur hlekkur í því að styðja við og stuðla að frekari friði og framförum fyrir botni Miðjarðarhafs. Samningurinn er gerður til bráðabirgða eins og heiti hans gefur til kynna og verður endurskoðaður í ljósi þróunar friðarumleitana fyrir botni Miðjarðarhafs og í samhengi við yfirfærslur á auknu stjórnarvaldi til þjóðarráðs Palestínu í framtíðinni.

Fríverslunarsamningurinn við PLO er á sömu nótum og aðrir fríverslunarsamningar sem EFTA-ríkin hafa gert. Hann kveður á um fríverslun með iðnaðarvörur sem felur í sér að EFTA-ríkin og PLO fella niður alla innflutningstolla og gjöld á þær vörur, þó með nokkrum undantekningum sem upp eru taldar í I. viðauka og varða vörur sem heyra undir 25.–97. kafla í samræmdu vörulýsinga- og vörunúmeraskránni (ST) þegar þær eru fluttar inn í EFTA-ríkin eða á Vesturbakkann eða Gaza-svæðið eins og tilgreint er við hvern vörulið.

Varðandi viðskipti með sjávarafurðir þá felur samningurinn í sér fríverslun með fisk en tekið er mið af því í samningnum við palestínsk yfirvöld að þau eru bundin af Parísarsamningnum við Ísrael hvað varðar sjálfstæðar ákvarðanir um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir. Þannig gilda allar breytingar á fríverslunarsamningi EFTA og Ísraels um verslun aðildarríkjanna á þessu sviði þar til PLO hefur öðlast fullt stjórnfrelsi í þeim málum.

Palestínsk yfirvöld fá aðlögunartíma fram til ársins 2004 til að fella niður alla innflutningskvóta og tolla á vörum sem skráðar eru í töflu 2 í II. viðauka samningsins en annars skal afnema alla innflutningstolla og gjöld á vörur sem skráðar eru í töflu 1 um leið og aðstæður leyfa.

Tvíhliða landbúnaðarsamningur Íslands og palestínskra yfirvalda var gerður samhliða bráðabirgðasamningnum og er hann prentaður sem fylgiskjal merkt með IV.

Viðskipti Íslendinga og Palestínumanna hafa ekki verið mikil að vöxtum og ekki eru til neinar skilgreindar tölulegar upplýsingar um þau viðskipti enn sem komið er en hér er verið að huga að framtíðinni eins og menn átta sig á.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði tillögu þessari vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 3. umr.

Stjfrv., 81. mál (einsetning, samræmd lokapróf). — Þskj. 81.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, 2. umr.

Stjfrv., 67. mál (skilyrði bótagreiðslu). — Þskj. 67, nál. 325.

[16:33]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 325 um frv. til laga um breyting á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69 10. mars 1995. Nál. er frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Barnaverndarstofu, Stígamótum og umboðsmanni barna.

Í 6. gr. laga um greiðslur á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, er það skilyrði sett fyrir því að bætur fáist greiddar að brot hafi án ástæðulauss dráttar verið kært til lögreglu og tjónþoli hafi gert kröfu um greiðslu skaðabóta. Auk þess þarf umsókn um bætur að hafa borist innan tveggja ára frá því að brot var framið. Í erindi umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra, dags. 15. sept. 1997, fór umboðsmaður þess á leit að skilyrði umræddrar greinar yrðu endurskoðuð með tilliti til þess hve illa þau ættu við þegar um kynferðisbrot gegn börnum væri að ræða. Er umrætt erindi tilefni frumvarpsins en auk þess var höfð hliðsjón af löggjöf annars staðar á Norðurlöndum við samningu þess.

Í frumvarpinu er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við umrædda grein laganna þar sem fram komi að víkja megi frá skilyrðum greinarinnar þegar veigamikil rök mæla með því. Þótt tilefni frumvarpsins sé að styrkja réttarstöðu barna sem þolenda afbrota kann í fleiri tilvikum að vera ástæða til að víkja frá skilyrðum 6. gr. og er því ekki gert ráð fyrir að heimildin verði bundin við tilvik þar sem börn eru þolendur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þingmenn Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Ólafur Örn Haraldsson, Helga Guðrún Jónasdóttir og Gunnar Ingi Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 89. mál (umhverfisbrot). — Þskj. 89, nál. 333.

[16:36]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum frá hv. allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmálaráðuneyti og Ingimar Sigurðsson frá umhverfisráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum útivistarfélaga, umhverfisráðuneyti, ríkissaksóknara, lögreglustjóranum í Reykjavík, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landvernd og Lögmannafélagi Íslands.

Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er ekki tekið á umhverfisbrotum. Refsiákvæði vegna slíkra brota hefur hins vegar að jafnaði verið að finna í sérlögum sem fjalla um umhverfismál. Tilgangurinn með frumvarpinu er eins og fram kemur í greinargerð að auka varnaðaráhrif refsiákvæða í lögum til verndar umhverfi með því að alvarlegustu umhverfisbrotin varði ekki einungis við sérlög heldur einnig við almenn hegningarlög. Þær athugasemdir hafa verið gerðar við frumvarpið að það taki ekki nægjanlega heildstætt á brotum á lögum á sviði umhverfismála og að ákvæði þess gangi ekki nógu langt. Að öðru leyti hafa umsagnaraðilar almennt lýst ánægju sinni með frumvarpið og talið það vera framfaraspor. Nefndin tekur undir það og telur þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu mikilvægan þátt í þeirri viðleitni að bæta umgengni við náttúruna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Lúðvík Bergvinsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita ásamt þeirri sem hér stendur hv. þingmenn Ásta Möller, Helga Guðrún Jónasdóttir, Ólafur Örn Haraldsson, Gunnar Ingi Gunnarsson, Katrín Fjeldsted og Guðrún Ögmundsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um flutning dæmdra manna, síðari umr.

Stjtill., 113. mál. — Þskj. 123, nál. 328.

[16:38]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Fyrir hönd utanrmn. mæli ég fyrir nál. um tillögu til þál. um fullgildingu viðbótarsamnings við samning um flutning dæmdra manna.

Samningurinn um flutning dæmdra manna var gerður í Strassborg árið 1983 á vegum Evrópuráðsins. Megintilgangur þessa samnings er að gera fullnustu refsingar mögulega í öðru ríki en þar sem hún er ákveðin. Að baki samningnum búa þau mannúðarsjónarmið að gera dómþola kleift að afplána refsingu í heimalandi sínu og einnig það sjónarmið að þannig sé fremur unnt að stuðla að endurhæfingu hans og búa hann undir að koma út í þjóðfélagið á ný. Þessi samningur öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. des. 1993.

Með þáltill. er leitað heimildar til að fullgilda viðbótarsamninginn við samninginn um flutning dæmdra manna. Meginmarkmiðið með viðbótarsamningnum er að gera flutning á fullnustu dóms mögulegan í þeim tilvikum þegar dómþoli leitast við að komast hjá fullnustu eða frekari fullnustu með því að flýja til landsvæðis þegnríkis áður en hann hefur afplánað dóminn.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt.

Ásamt framsögumanni sem hér stendur undirrita nál. hv. þingmenn Valgerður Sverrisdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Sighvatur Björgvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), síðari umr.

Stjtill., 195. mál. — Þskj. 227, nál. 382.

[16:40]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir hönd utanrmn. fyrir nál. um tillögu til þál. um aðild að samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Samningurinn gengur undir styttingunni CITES á ensku.

Markmið þessa samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna, sem eru í útrýmingarhættu, er að

vernda þessar tegundir dýra og plantna með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Samningurinn nær bæði til viðskipta með lifandi dýr og dauð sem og með plöntur. Hann er í eðli sínu viðskiptasamningur sem inniheldur reglur um innflutning, útflutning og endurútflutning þeirra dýra og plantna sem skráð eru í viðaukum við samninginn. Auk þess nær hann yfir aðflutning dýra úr sjó. Dýr og plöntur sem falla undir samninginn eru talin upp og flokkuð í þremur viðaukum eftir því hvaða reglur gilda um alþjóðaverslun með þau.

Aðildarríki samningsins voru 145 í ágúst 1999. Öll nágrannaríki okkar eru aðilar að samningnum og flest Evrópuríki nema Ísland, Albanía og Írland. Með aðild getur Ísland haft áhrif á hvaða tegundir eru skráðar í viðauka við samninginn. Þetta er m.a. mikilvægt í ljósi vaxandi umfjöllunar um skráningu fisktegunda í viðaukana. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði en nú um stundir eru Íslendingar einungis áheyrnaraðilar.

Í nál. koma fram upplýsingar um það hvernig vísindalegt mat fer fram á vegum CITES og einnig eru þar upplýsingar um það hvernig ríki geta gert fyrirvara um tilteknar tegundir sem tilgreindar eru í viðaukum I–III við samninginn.

Nefndin hefur farið yfir málið og skilað allítarlegum upplýsingum í nál. Hún leggur til að tillagan verði samþykkt.

Auk formanns og framsögumanns rita undir nál. hv. þingmenn Valgerður Sverrisdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Steingrímur J. Sigfússon og Katrín Fjeldsted.

[16:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég á aðild að nál. utanrmn. og er stuðningsmaður þess að við Íslendingar gerumst aðilar að samningnum um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Ég vil aðeins af því tilefni að þessi samningur er að koma til afgreiðslu láta í ljós það álit mitt í fyrsta lagi að ég held að löngu sé tímabært að við séum aðilar að þessum samningi og í raun og veru hafi það verið mistök af okkar hálfu að hafa ekki verið þátttakendur í þessu samstarfi á undanförnum árum, bæði til að leggja þar lið þeim aðilum sem hafa verið að reyna að fá skynsamlega stefnu framkvæmda hvað varðar viðauka samningsins og tegundir sem eru í viðaukum um dýr í útrýmingarhættu eða sem alvarleg ógn steðji að, sem í raun og veru engin minnsta ástæða er til að hafa þarna inni, samanber hvalategundirnar, og eins til þess að reyna að hafa áhrif á það að skynsamleg stefna hvað varðar til að mynda flokkun tegunda og svæðaskiptingu væri þarna framkvæmd.

Staðreyndin er sú að við getum átt mjög mikið í húfi í þeim efnum að samningurinn sé framkvæmdur þannig að skynsamleg og eðlileg aðgreining tegunda og undirtegunda sé virt í framkvæmd samningsins en það gerist ekki, sem dæmi munu vera um, að vegna þess að tegund á einhverju afmörkuðu svæði, hafsvæði getum við sagt, hefur látið undan síga eða er orðin mjög sjaldgæf að þá sé jafnvel viðkomandi tegund á heilum heimshöfum eða um allan hnöttinn sett á slíka lista. Það er auðvitað óásættanlegt í tilviki okkar, t.d. ef við værum að nýta aðgreinda hluta dýrastofna, að framkvæmdin sé á þá leið.

Enn fremur, herra forseti, finnst mér það eiginlega skylda Íslands, þegar um er að ræða skipulagt alþjóðasamstarf um varðveislu lifandi tegunda og gæslu náttúrulegra auðlinda eins og þessi samningur að sjálfsögðu gerir á sinn hátt, að vera þar þátttakandi. Auðvitað á Ísland svo yfirgnæfandi hagsmuna að gæta í því að vera á vettvangi, koma sjónarmiðum sínum á framfæri og gæta hagsmuna sinna þar sem í hlut á hin lifandi náttúra og auðlindir jarðarinnar að það þarf mjög sterk rök til að við séum fjarverandi. Við höfum sökum smæðar og sjálfsagt af ýmsum fleiri ástæðum ekki komist yfir það að vera fullgildir þátttakendur á öllum vígstöðvum í senn. Það er erfitt verk fyrir litla þjóð með fámenna utanríkisþjónustu að gæta hagsmuna sinna alls staðar. Við neyðumst kannski til að velja þar úr og taka það sem við teljum mikilvægast að sinna. En ég er þeirrar skoðunar að við eigum sérstaklega að reyna að vera virkir þátttakendur alls staðar í alþjóðasamstarfi sem lýtur að varðveislu náttúrunnar og lífríkisins, baráttu gegn mengun og öðrum slíkum þáttum. Þar eigum við Íslendingar alls staðar að vera með og leggja okkar lóð á vogaskálar.

Að því leyti er þetta jákvætt, herra forseti, og enginn efi í mínum huga um að rétt sé að gerast aðili að þessum samningi og þó fyrr hefði verið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðalög, 2. umr.

Stjfrv., 227. mál (lögræðisaldur). — Þskj. 272, nál. 366.

[16:47]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. landbn. um frv. til laga um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. en efni þess einskorðast við breytingu á lögunum vegna hækkunar sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár og leggur nefndin til að það verði samþykkt.

Guðjón A. Kristjánsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Einar Oddur Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson, Guðmundur Árni Stefánsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Þuríður Backman og Guðjón Guðmundsson

[16:49]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég ætlaði bara að taka fram að í nefndinni var enginn ágreiningur. Þessi lagabreyting er sjálfsögð eftir að sjálfræðisaldur barna hefur hækkað úr 16 í 18 ár. Frv. er eingöngu til þess að fylgja þeirri lagabreytingu eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1999, 3. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 340, nál. 323, frhnál. 377 og 386, brtt. 378, 379, 380 og 381.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að gera athugasemdir við að þetta frv. sé tekið hér á dagskrá við þessar aðstæður. Ég held að

þær séu tæpast boðlegar þingmönnum. Ég hef t.d. hug á því að hlusta á þessa umræðu og taka þátt í henni en nú er ég í þeirri stöðu að þurfa að ganga frá áliti fyrir hönd efh.- og viðskn. sem mér er tjáð að fjárln. bíði eftir til að geta haldið áfram lokaafgreiðslu fjárlagafrv.

Mér finnast þetta ekki vera metnaðarfull vinnubrögð hjá hinu háa Alþingi og vönduð afgreiðsla á fjárhagslegum málefnum ríkisins. Við þingmenn erum að fá í hendur um hádegisbilið, kannski fjárlaganefndarmenn aðeins fyrr í morgun og síðan við í efh.- og viðskn. um hádegisbilið, nýja þjóðhagsspá og forsendur þeirra fjárhagslegu mála sem hér eru til afgreiðslu. Fjáraukalagafrv. er auðvitað hluti af því efnahagslega umhverfi sem nú er koma í ljós með nýrri þjóðhagsspá og nýjum forsendum í þessum efnum.

Ég hefði talið eðlilegast að fresta umræðum um þessi mál, helst til morgundagsins eða a.m.k. fjáraukalagafrv. þar til við nefndarmenn í efh.- og viðskn. hefðum haft tíma til að skila áliti til fjárln. Þar er ég staðgengill Ögmundar Jónassonar sem er erlendis á vegum þingsins þessa dagana. Jafnframt þyrfti fjárln. að hafa tíma til að ganga frá sínum hlutum. Í fyrsta lagi gæti verið tímabært, ef mönnum vinnst vel, að hefja umræður um fjáraukalagafrv. eftir kvöldmat og um fjárlagafrv. einhvern tíma síðar, að mínu mati ekki fyrr en á fimmtudag ef einhver svipur ætti að vera á afgreiðslunni.

Ég ætla að spyrja hæstv. forseta: Ef ekki er hægt að verða við þeirri ósk minni að fresta þessari umræðu fram yfir kvöldmat, hvenær á ég þá að ganga frá nál. sem einn af nefndarmönnum í efh.- og viðskn.? Er þá fjárln. tilbúin að bíða eftir því þar til þessari umræðu lýkur og einhverja klukkutíma í viðbót?

[16:52]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þingmenn Frjálslynda flokksins eiga ekki aðild að fjárln. og sáu fyrst nú eftir hádegið þau gögn sem funda á um hér eftir hádegið í dag. Hér hefur síðan tvisvar verið boðað til fundar og honum jafnoft frestað. Mér finnast þetta ekki sæmandi vinnubrögð og tel eðlilegt að fresta afgreiðslu málsins.

(**Forseti** (GuðjG): Forseta þykir ekki ástæða til að fresta umræðum um þetta mál frekar. Þeim hefur þegar verið frestað frá því klukkan hálftvö. Gert er ráð fyrir hléi á þessum fundi frá klukkan sjö til hálfníu og forseta finnst þess vegna full ástæða til að hefja þessa umræðu nú þegar.)

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Ég harma þessi viðbrögð hæstv. forseta. Ég fékk ekkert svar við spurningu minni. Ég ber hana því fram aftur: Hvað eiga þeir þingmenn að gera sem vilja hvort tveggja vera viðstaddir þessa umræðu og skila af sér áliti til fjárln. sem óskað hefur verið eftir hið fyrsta? Hvað eiga þeir að gera, herra forseti? Við hvaða aðstæður vill hæstv. forseti að menn vinni störf sín hér í þinginu?

Mér þykir miður að forseti skuli ekki sjá sér fært með einhverjum hætti að skipuleggja þingstörfin á þessum klukkutímum þannig að a.m.k. sé eitthvert tillit tekið til óska af þessu tagi, þó ekki væri nema lengra hlé um kvöldmatarleytið. Slík viðleitni af hálfu forseta væri þó a.m.k. vottur um að minnsti vilji væri til að koma til móts við óskir þingmanna. Hins vegar er hægt að gefa hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur orðið hvenær sem er ef hv. þm. liggur mikið á hjarta.

Ég ber þessar spurningar fyrir forseta og tel að þær séu réttmætar. Ég tel engin rök hafa komið fram hjá forseta sem hreki að slíkar aðstæður séu í þinghaldinu í dag. Þar er ekki við okkur stjórnarandstæðinga að sakast, sem mikil tíska er að kenna um allt sem aflaga fer. Það er ekki okkur að kenna að Þjóðhagsstofnun ætlaði ekki skila þjóðhagsspá sinni fyrr en á morgun og var með hana á harðahlaupum hér um bæinn af því að meiri hlutinn var búinn að ákveða að þjösna þessum umræðum í gang í dag og á morgun. Þar af leiðandi þýðir ekki að kenna okkur um þó við förum fram á eðlilegan tíma til að skoða þessa hluti og skila áliti okkar. Það er mikil stífni af hálfu virðulegs forseta, ef ég má leyfa mér að orða það svo, herra forseti, að sýna enga viðleitni til að koma til móts við þessar óskir.

(**Forseti** (GuðjG): Eins og forseti hefur getið um er gert ráð fyrir að gera hlé á þessum fundi í einn og hálfan klukkutíma. Forseti reiknar ekki með að hv. þm. þurfi allan þann tíma til að matast og geti notað eitthvað af þeim tíma hér við umræðurnar til að punkta niður helstu atriðin í nál. sínu.)

[16:55]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Í ræðu formanns nefndarinnar við 2. umræðu um frumvarpið kom fram að fjallað hefði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað var til 3. umræðu að taka ákvörðum um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni.

Tekjur hækka frá frumvarpinu um 13,1 milljarð kr. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 1,4 milljarða kr., tekjuskattur lögaðila um 1,2 milljarða kr. og virðisaukaskattur um 1,6 milljarða kr. Söluhagnaður hlutabréfa í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins nemur 2,8 milljörðum kr. og áætlaður söluhagnaður hlutabréfa í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands nemur 4,5 milljörðum kr., eða samtals um 7,3 milljörðum kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um í sérstökum þingskjölum. Þær varða 1. gr. frumvarpsins, sbr. sundurliðun 1 og 2, 5. gr. fjárlaga fyrir árið 1999, um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir, og 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1999, þ.e. heimildagrein. Breytingar við sundurliðun 2 nema alls 2.600 millj. kr. Einstakar tillögur eru skýrðar í álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Ég vík þá að einstaka brtt. Gerð er tillaga um 6 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu Alþingiskostnaður. Það er aðallega um að ræða akstur, flugferðir og símakostnað þingmanna.

Undir Forsætisráðuneyti, á viðfangsefninu Ýmis verkefni, 1.15 Útboðs- og einkavæðingarverkefni, er lögð til 64 millj. kr. fjárveiting til að standa undir kostnaði við sölu á 15% hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands nú í desember. Lög um söluna voru nýlega samþykkt og er um að ræða sölulaun og sölukostnað.

Þá er gerð tillaga um 1 millj. kr. hækkun á greiðslaframlagi til Grænlandssjóðs en fjárveiting er óbreytt. Hér er um að ræða lagfæringu á skekkju í breytingu á framsetningu á vaxtatekjum liðarins sem gerð var við 2. umræðu um frumvarpið.

Menntamálaráðuneyti. Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lagt er til að framlag til sjóðsins lækki um 30 millj.kr. og nemi 1.780 millj. kr. Útlán á árinu munu nema 2.970 millj. kr. í stað 3.140 millj. kr. samkvæmt áætlun fjárlaga þrátt fyrir 5% hækkun grunnframfærslu í mars sl. í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar. Frávikið er 170 millj. kr. eða

5,4% og skýrist annars vegar af fækkun lánþega um 4,3% milli ára í stað 1% fjölgunar eins og gert var ráð fyrir og hins vegar af atvinnuþátttöku og tekjum lánþega umfram forsendur áætlunar. Hækkun tekna greiðenda námslána gerir áætlað 100 millj. kr. framlag í afskriftasjóð útlána óþarft og eykur afborganir þeirra um 200 millj. kr. vegna tekjutengingar. Fyrirhugað er að nýta rúma greiðslustöðu til að greiða upp 295 millj. kr. af óhagstæðu láni fyrir árslok.

Söfn, ýmis framlög. Á nýju viðfangsefni, 6.23 Gestastofa í Skaftafelli, er gerð tillaga um 15 millj. kr. framlag vegna skipulagsbreytinga á húsnæði Náttúruverndarráðs í tengslum við uppsetningu gestastofu.

Þess skal getið að þetta fór undir menntmrn. vegna misgánings en það verður flutt brtt. um að vista þennan lið undir umhvrn. eins og rétt er. Hann heyrir stjórnsýslulega þar undir. Sú brtt. verður flutt áður en umræðunni lýkur.

Þá er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga undir félagsmálaráðuneyti. Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins innan ársins og útsvarsstofni næstliðins árs. Í ljósi endurskoðunar á skatttekjum ríkissjóðs á árinu er farið fram á að framlagið verði hækkað um 50 millj. kr.

Einnig er lagt til að veitt verði 700 millj. kr. sérstakt framlag í sjóðinn. Er framlagið byggt á sameiginlegu mati ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að grípa þurfi til sérstakra tímabundinna ráðstafana sem felast annars vegar í því að greitt verði sérstakt 350 millj. kr. framlag til sveitarfélaga þar sem íbúum hefur fækkað árin 1997–1999 og hins vegar að þjónustuframlög hækki um 350 millj. kr. Er framlögunum ætlað að koma til móts við vanda sveitarfélaga sem hafa ekki möguleika á að draga úr rekstri og þjónustu til samræmis við fækkun íbúa og samdrátt í skatttekjum. Félagsmálaráðherra mun setja nánari reglur um úthlutun fjárins í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Gerð er tillaga um 135 millj. kr. fjárveitingu á nýju viðfangsefni undir liðnum Slysatryggingar, undir heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, þ.e. Kaup og aflahlutur sjómanna. Þessar greiðslur til sjómanna eru fjármagnaðar með slysatryggingagjaldi á laun þeirra en það færist jafnframt sem ríkistekjur og verður afkoma ríkissjóðs því óbreytt eftir sem áður. Við breytingar á framsetningu slysatrygginga, sem gerðar voru í fjárlögum ársins 1998 vegna gildistöku nýrra laga um fjárreiður ríkisins, láðist að gera ráð fyrir þessum greiðslum.

Þá er það liðurinn Sjúkrahús, óskipt. Farið er fram á 1.650 millj. kr. heimild vegna skuldbindingar í samningi milli ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, dags. 17. des. 1998, um að ríkissjóður taki yfir rekstur og eignir Sjúkrahúss Reykjavíkur. Samið var um að ríkissjóður greiddi fyrir þær eignir sem Reykjavíkurborg hefur lagt sjúkrahúsinu til umfram lögboðinn 15% hlut sveitarfélaga í byggingu sjúkrahúsa. Í samræmi við niðurstöðu mats skv. 6. gr. samningsins skal ríkissjóður greiða um 1.650 millj. kr. fyrir eignir umfram 15% í Sjúkrahúsi Reykjavíkur í Fossvogi, Grensásdeild og vistheimilinu Arnarholti og fyrir yfirtöku fasteignanna nr. 15 við Kleifarveg og nr. 37 við Skólavörðustíg í Reykjavík. Í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga er nú sótt um að skuldbindingin komi fram í fjárlögum fyrir árið 1999 án greiðsluheimildar. Skal gera makaskipti á eignum við Reykjavíkurborg á móti útgjaldaheimildinni þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir.

Þá eru það Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun, undir fjármálaráðuneyti. Breytingar verða á framlagi til tveggja lífeyrissjóða. Í byrjun ársins 1998 var lífeyrisiðgjald sem ríkisstofnanir greiða vegna starfsmanna sinna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hækkað úr 6% í 11,5%. Í samræmi við ákvæði í 34. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og 20. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir að þessi viðbótarlífeyrisiðgjöld dragist frá greiðslum ríkissjóðs til B-deildar lífeyrissjóðanna vegna uppbóta á lífeyri í kjölfar launahækkana. Nú er fyrirhugað að þessum lagaákvæðum verði breytt á þann veg að B-deildir lífeyrissjóðanna fái uppbæturnar greiddar að fullu á árinu 1999 þannig að þeir verði betur í stakk búnir til þess að mæta skuldbindingum sínum í framtíðinni.

Þessi ráðstöfun veldur því að greiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verða 1.255 millj. kr. hærri en áformað var í fjárlögum. Þá hefur áætlun um lífeyrisuppbæturnar verið endurskoðuð og er nú gert ráð fyrir að þær greiðslur verði 437 millj. kr. hærri en miðað var við í fjárlögum. Jafnframt hækka því greiðslur til B-deildar lífeyrissjóðsins um 1.692 millj. kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins mundu hækka um 7,2 milljarða kr. á árinu 1999. Sú áætlun hefur einnig verið endurmetin og er nú talið að lífeyrisskuldbindingarnar verði 1.446 millj. kr. lægri en samkvæmt fjárlögum. Skýrist það einkum af því að aðlögunarsamningum var að mestu lokið árið 1998 og komu þeir fyrr til framkvæmda en miðað var við í fyrri áætlun.

Greiðslur ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga verða 35 millj. kr. hærri en áformað var í fjárlögum. Þá hefur áætlun um lífeyrisuppbæturnar verið endurskoðuð og er nú gert ráð fyrir að þær greiðslur verði 83 millj. kr. hærri en miðað var við í fjárlögum. Samtals hækka því greiðslur til B-deildar lífeyrissjóðsins um 118 millj. kr. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga mundu hækka um 380 millj. kr. á árinu 1999. Sú áætlun hefur einnig verið endurmetin og eru nú talið að lífeyrisskuldbindingarnar verði 236 millj. kr. hærri en samkvæmt fjárlögum.

Gerð er tillaga um að 100 millj. kr., sem færðar eru sem sértekjur í fjárlögum vegna afnotagjalda fyrir fasteignamatsskrá, verði felldar niður og færðar í þess stað sem rekstrartekjur stofnunarinnar á tekjuhlið ríkissjóðs. Þessa breyttu framsetningu leiðir af breyttum skilgreiningum á tekjunum samkvæmt nýlegum lögum um fjárreiður ríkisins. Tillagan snýr einungis að fjármögnun á rekstri stofnunarinnar en útgjöld hennar verða óbreytt eftir sem áður.

Lagt er til að fjárheimild þessa fjárlagaliðar verði hækkuð um 90 millj. kr. vegna ýmissa heimildarákvæða sem nú stefnir í að verði umfram það sem áætlað var við 1. umr. um frumvarpið.

Gerð er tillaga um 1.090 millj. kr. hækkun liðar undir nafninu Fjármagnstekjuskattur þar sem færa þarf til gjalda 10% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði eigna en skatturinn færist samhliða sem ríkistekjur og hefur því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þessi tilhögun skýrist af því að samkvæmt lögum um skatt á fjármagnstekjur er ríkissjóður ekki undanþeginn skattgreiðslum af fjármagnstekjum sínum.

Lagt er til að vaxtabætur lækki um 70 millj. kr. þar sem fyrirframgreiðslur vaxtabóta á kaupári íbúðar hafa ekki orðið eins miklar og áætlað var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999. Í fjárlögum er áætlað að vaxtabætur hækki um 170

millj. kr. vegna greiðslna á kaupári eignar. Í ljósi greiðslna það sem af er árinu er lagt til að sú áætlun verði lækkuð um 70 millj. kr.

Undir Samgönguráðuneyti er lögð til 10 millj. kr. hækkun fjárveitinga til Siglingastofnunar Íslands til viðfangsefnisins Ferjubryggjur til að standa undir kostnaði við viðgerðir á ferjubryggjunum í Flatey á Breiðafirði og Mjóafirði í Suður-Múlasýslu.

Ég hef nú lokið að gera grein fyrir þeim brtt. sem fyrir liggja frá meiri hluta fjárln. og því frhnál. sem liggur fyrir.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Hjálmar Jónsson og Kristján Pálsson.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[17:08]

Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. minni hluta fjárln.

Enn á ný undirstrikar ríkisstjórnin vanmátt sinn í fjármálastjórn og algeran skort á yfirsýn í ríkisfjármálunum og skiptir ekki máli hvort um er að ræða gjaldahlið eða tekjuhlið. Fálmkennd vinnubrögð við gerð fjáraukalaga og fjárlaga eru ekki til þess fallin að auka bjartsýni á komandi ári.

Ríkisstjórnin leggur til enn frekari útgjöld ríkissjóðs milli 2. og 3. umr. fjáraukalaga fyrir árið 1999. Nú er lagt til að útgjöldin aukist um 2,5 milljarða kr. til viðbótar þeim 7,9 milljörðum kr. sem þegar hefur verið gert ráð fyrir. Útgjöld ríkisins á árinu 1999 stefna því í að verða 10,3 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlaga. Ef tekið er tillit til þeirrar viðbótar sem þegar er komin fram í meðferð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2000 nemur aukning ríkisútgjalda 15 milljörðum kr. Þar með er búið að ráðstafa þeim tekjuauka af reglulegri starfsemi ríkisins sem gert er ráð fyrir að verði á árinu 1999.

Minni hluti fjárlaganefndar hefur lagt fram útreikninga sem sýna að á milli áranna 1994 og 1998 hafa útgjöldin aukist um 55 milljarða kr. á verðlagi ársins 1998. Þrátt fyrir þessa miklu aukningu er enn dulinn vandi í ríkiskerfinu sem hefur ekki enn verið tekið á. Minni hlutinn óttast að ekki hafi allur vandi heilbrigðistofnana verið leystur og enn er mikill vandi í menntamálunum.

Herra forseti. Það hefur verið vakin á því athygli nokkrum sinnum í umræðum um fjárlög og fjáraukalög að það virðist á tölum sem við í minni hlutanum höfum undir höndum að nokkur vandi sé enn til staðar bæði á háskólastigi og á framhaldsskólastigi. Því miður hefur ekki unnist tími til þess í störfum fjárln. að kanna þetta nánar og þess vegna ítrekum við það hér enn í nál. okkar að við óttumst að þarna sé enn vandi til staðar.

Þetta aukna fé hefur ekki verið notað til að styrkja stöðu þeirra verst settu í þjóðfélaginu, þ.e. þeirra sem síðast fá bita af góðærinu en fá fyrstir að kenna á samdrættinum. Þá er ekki nema að litlu leyti tekist á við sívaxandi fjárhagsvanda sveitarfélaganna.

Herra forseti. Áður hefur komið fram í umræðum um fjárhagsvanda sveitarfélaganna að sameiginleg nefnd ríkis og Sambands ísl. sveitarfélaga komst að því að það væru um 2 milljarðar á ársgrundvelli sem skeikaði vegna breyttra skattalaga og fleiri atriða sem samþykkt hafa verið á hv. Alþingi. Hér er einungis lagt til að 700 milljónir fari til sveitarfélaganna.

Skuldasöfnun heimilanna hefur verið vaxandi áhyggjuefni. Áætlað er að skuldir heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur verði 144% á þessu ári en þetta hlutfall var 130% í upphafi uppsveifluskeiðsins í árslok 1995. Þetta þýðir að dragist ráðstöfunartekjur heimilanna verulega saman eykst greiðslubyrði lána hlutfallslega og þar með dregur úr neyslu og fjárfestingu hraðar en æskilegt er. Þessi þróun hefur síðan keðjuverkandi áhrif á tekjur ríkissjóðs og fyrirtækja í landinu.

Herra forseti. Enn á ný er kveikt á viðvörunarljósum í þjóðfélaginu. Nýleg mæling Hagstofunnar á verðbólgu sýnir að vísitala neysluverðs hækkaði um 0,4% í nóvember og mælist nú 5,6% miðað við síðustu 12 mánuði. Þetta er meira en þreföld sú verðbólga sem er í helstu samkeppnislöndum okkar. Á sama tíma hefur Seðlabankinn upplýst að andstætt spám forustumanna ríkisstjórnarinnar er viðskiptahallinn enn að aukast. Á þriðja ársfjórðungi reyndist hann meiri en á sama tíma í fyrra. Nú bendir allt til þess að viðskiptahallinn verði ívið meiri en á síðasta ári. Þetta styður líka mikil aukning ríkissjóðstekna, sérstaklega tekna af innflutningi en nú stefnir í að vörugjöld af innfluttum ökutækjum aukist um 35% frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum ársins 1999. Þessi uggvænlega þróun er því líkleg til að grafa undan gengi krónunnar og ýta undir verðbólgu.

Nú er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 23 milljarða kr. frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum. Þrátt fyrir að í þessari fjárhæð sé gert ráð fyrir söluhagnaði eigna upp á 7,3 milljarða kr. er tekjuaukinn verulegur. Enn á ný hljóta menn að líta til forsendna tekjuspár. Á undanförnum árum hefur tekjuspá nánast aldrei verið nálægt raunveruleikanum og skiptir þá ekki máli hvort um van- eða ofáætlun sé að ræða. Enda gerir ríkisstjórnin ekki tilraun til að útskýra þennan tekjuauka, hvaða aðstæður í þjóðfélaginu hafa skapað hann og hvaða áhrif hann hefur á aðrar efnahagsstærðir til lengri og skemmri tíma.

Þá hefur fjármálaráðherra lagt til að lántökur verði auknar um 18,3 milljarða kr. og að ekki verði greidd niður lán nema fyrir 14,2 milljarða kr. í stað 23,8 eins og áformað var. Þetta gerist þrátt fyrir verulegan tekjuafgang ríkissjóðs. Hér kemur til sú staðreynd að viðskiptahallinn hefur gert það að verkum að erfitt er að greiða niður erlend lán vegna viðkvæmrar gjaldeyrisstöðu. Innan lands er sú sérkennilega staða komin upp að ríkisstjórnin veigrar sér við að greiða niður lán af ótta við áhrif þess á þensluna.

Herra forseti. Þá ítrekar minni hluti fjárlaganefndar þá skoðun sína að meðferð fjáraukalaganna nú er ekki í samræmi við fjárreiðulögin og telur nauðsynlegt að við framlagningu næstu fjáraukalaga verði ákvæði þeirra laga virt.

Herra forseti. Í áliti minni hluta fjárln. við 2. umr. um fjáraukalög var vakin sérstök athygli á þessu ósamræmi milli laga um fjárreiður ríkisins og meðferð fjáraukalaga. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í nál. en þar segir:

„Í fimmta kafla laganna“ — þ.e. laganna um fjárreiður ríkisins — „er fjallað almennt um frumvarp til fjáraukalaga. Þar segir orðrétt í 44. gr.: „Valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þarf til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skal leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga.““

Síðan segir áfram í nál. minni hluta fjárln.:

„Öðrum óskum um breyttar fjárheimildir skal jafnan vísa til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Ljóst er að í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er sótt um viðbótarfjárheimildir vegna atvika sem ekki verða felld undir ákvæði greinarinnar og vegur þar þyngst uppsafnaður rekstrarhalli ríkisaðila, einkum í heilbrigðiskerfinu.

Lætur nærri að um 40% af viðbótarfjárveitingum sé vegna þessa. Með sterkum rökum má halda fram að 75–80% af útgjaldatillögum í tengslum við fjáraukalögin sé þess eðlis að þær standist ekki kröfur fjárreiðulaganna og séu beinlínis í andstöðu við fyrrnefnda grein þeirra. Þetta er dæmi um furðulegt kæruleysi ríkisstjórnarinnar og speglar það agaleysi sem er aðalsmerki vinnubragða hennar í ríkisfjármálum."

Herra forseti. Mörg slys hafa orðið vegna þess að menn hafa ekki tekið mið af viðvörunarmerkjum sem við blasa og oftar en ekki hafa afleiðingarnar verið slíkar að ekki verður úr bætt. Haldi ríkisstjórnin á sömu braut án þess að viðhafa nægjanlega gætni og festu í fjármálastjórninni sem og pólitíska stefnu og sýn er hætt við því að afleiðingarnar verði svo skelfilegar að það gæti tekið þjóðina mörg ár að vinna sig út úr þeim.

Herra forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir frhnál. minni hluta fjárln. en undir álitið rita Einar Már Sigurðarson, Dóra Líndal Hjartardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Jón Bjarnason.

[17:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þegar fjáraukalög koma til 3. umr. er rétt að rifja upp í upphafi það sem kom fram bæði við 1. og 2. umr. fjáraukalaga. Rétt er að rifja upp að fjáraukalög eru aðeins samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins til þess að taka á ófyrirsjáanlegum útgjöldum sem var brýnn vandi að leysa og gátu ekki beðið afgreiðslu Alþingis.

Þau fjáraukalög sem við stöndum nú frammi fyrir eru alls ekkert af þessum toga. Hérna er um gífurlegar breytingar bæði á tekna- og gjaldahlið að ræða svo að ef maður ber þær saman við fjárlögin sem voru samþykkt í fyrra og giltu nú fyrir þetta ár þá er ekki hægt að líta svo á að þar um sama hlut að ræða.

Þetta hlýtur því að leiða hugann mjög alvarlega að vinnubrögðum og stöðu Alþingis gagnvart fjárlagagerðinni. Þetta hlýtur að leiða hugann mjög alvarlega að því hvernig fjármálastjórn er eiginlega fyrir komið. Eins og fjáraukalögin koma ítrekað fyrir er alveg eins gott að vera bara með stimpil og stimpla aðgerðir framkvæmdarvaldsins og ekki bara að stimpla fjáraukalögin heldur líka að sleppa þessari vinnu við fjárlög því að svo lítið eiga þau skylt við þann raunveruleika sem síðan verður.

Við upplifum það, herra forseti, í fjárln. að um nauðsynleg gögn sem er eðlilegt að komi inn til fjárln. til vinnslu, er sagt að verið sé að vinna úr þeim í ráðuneytunum, það sé verið að vinna úr þeim í fjmrn. og þar sé verið að gera nauðsynlegar áætlanir til að senda til fjárln.

Það kom fram á fundum í dag eða var látið í það skína bæði frá forstjóra Þjóðhagsstofnunar og eins frá fulltrúum fjmrn. að í rauninni væri ekki ætlunin að fjárln. fengi þessar tölur til úrvinnslu fyrr eftir á. Til hvers er þá að vera að vinna?

Það verður, herra forseti, að gera miklu ákveðnari skil á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Ég hef þá tilfinningu að framkvæmdarvaldið líti svo á að löggjafarsamkoman sé bara afgreiðslusamkoma og það sé alveg ástæðulaust að sýna henni þá virðingu að gefa henni það svigrúm til að vinna verk sín, vinna fjárlög sín sem þarf.

Það sem við stöndum uppi með eru fjárlög sem eru svo götótt, eru svo lélegur pappír að þau standast ekki einu sinni til næsta mánaðar. Við höfum meira að segja upplifað, herra forseti, að á milli mánaða í haust eru stórbreytingar á áætlun um tekjur og gjöld. Gjaldahliðin er að vísu rædd talsvert ítarlega í fjárln., sérstaklega hvað fjárlagagerðina varðar í smáatriðum en tekjuhliðin kemur nánast þar ekki til umræðu. Það er látið að því liggja að þetta komi okkur bara ekkert við. Það er látið að því liggja að það sé svo mikill trúnaður í kringum þessar tölur sem séu á bak við tekjuáætlun að ekki sé hægt að láta þær koma til fjárln. nema einum eða tveimur klukkutímum áður en — eða eftir að verðbréfasölum einhverjum er lokað eða þeim sýnist að opna. Þetta er það sem á að bjóða fjárln. og Alþingi upp á.

Ég leyfi mér, herra forseti, að mótmæla þessum vinnubrögðum og ég mótmæli þeirri sýn sem framkvæmdarvaldið hefur gagnvart löggjafarvaldinu.

Ég hef lagt til að þessari fjáraukalagavinnu verði gjörbreytt. Fjárlög séu unnin eðlilega í fullum trúnaði, að fjárln. sé styrkt til þess að hún geti á eigin forsendum unnið fjárlög sín. Hún eigi ekki að þurfa að betla út úr framkvæmdarvaldinu tölur, upplýsingar og bíða eftir skoðun þeirra áður en fjárln. getur sjálf haft myndugleika og upplýsingar til að taka afstöðu. Alþingi og fjárln. sem vinnur í umboði Alþingis skila tillögum sínum til Alþingis og þaðan er þessu stjórnað.

Ég tel, herra forseti, að fjáraukalög eigi að vera til þess að taka á skyndilegum vanda, skyndilegum uppákomum. Hins vegar geta forsendur breyst og þá á að taka á því með fjáraukalögum á öðrum tíma ársins. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að forsendur breytist, kjarasamningar, óvænt útgjöld, óvæntar tekjur eins og hefur nú komið upp. Það er miklu eðlilegra að fjáraukalög séu lögð fram á vorin. Þá liggur fyrir staða vetrarins, hvað hefur gerst frá áramótum til vors á meðan þing starfar. Þingið tekur kannski ákvarðanir á vetrinum um útgjöld, um ný verkefni sem geta verið þess eðlis að það sé fyllsta ástæða til þess að bregðast við. Fjárln. á því að starfa sem nefnd allt árið en ekki að starfa bara á nokkrum vikum að haustinu og taka þá að meginhluta við skipunum frá framkvæmdarvaldinu.

Ég vil vekja athygli á öðru, herra forseti, sem er að gerast bæði í fjáraukalagavinnunni og líka í fjárlagavinnunni. Það er sú tilhneiging að afgreiða æ stærri hluta sem einhvers konar púkk, einhvers konar safn af fjármagni inn á liði hjá framkvæmdarvaldinu, að Alþingi, fjárlagavaldið kinoki sér við að taka afstöðu, að deila fénu út til verkefna eins og því er falið. Þeir pottar sem eru sendir óskipt inn í ráðuneytin til skiptingar stækka æ meir. Fari fram sem horfir nú þá mun ekki líða á löngu þangað til Alþingi stendur frammi fyrir því að samþykkja eða synja eða ræða eina upphæð til menntmrn., eina upphæð til heilbrrn., eina upphæð til félmrn., eina upphæð til landbrn. o.s.frv. og síðan verði ráðuneytunum falið að skipta.

Það skiptir milljörðum kr. sem menntmrn. fær í óskipta liði. Að hluta er enn haft samráð við fjárln. um skiptingu þeirra en þeir fara inn sem óskiptir liðir.

Herra forseti. Þarna er jafnt og þétt verið að draga úr valdi og ábyrgð Alþingis og færa það yfir til framkvæmdarvaldsins. Þessi skil eru því að verða gleggri á þann veg að verið er að draga úr valdi Alþingis. Ekki verður breyting á þessu nema Alþingi geri þarna alvarlegar kröfur, alvarlegar breytingar, styrki sig, styrki eigin innviði, styrki fjárln., styrki þær nefndir sem vinna með að fjárlögum og reyni einu sinni að koma ábyrgum fjárlögum á koppinn.

Því miður, herra forseti, þá hefur vinnan í haust ekki með öllu gefið vonir um að svo verði. Ég vil þó ítreka að bæði formaður og nefndarmenn hafa lagt sig í sjálfu sér alla fram

og ekki staðið á þeim að vinna sem best úr þeim upplýsingum sem inn til fjárln. koma og þeir síðan ná eða kalla fram. En vald þeirra og áhrif og möguleiki þeirra og kraftur til þess að vinna á eigin vegum hann virðist svo alvarlega skertur að það virðist vera hægt að bjóða nefndinni nánast hvað sem er í þeim efnum.

Víkjum að efnisatriðum þess fjáraukalagafrv. sem er til 3. umr. Fram hefur komið að tekjuáætlun frá því að fjárlög voru samþykkt hefur vaxið um tugi milljarða kr. Það er svo sem ánægjulegt að tekjur vaxi. En hvers konar fjármálastjórn og áætlanagerð er þetta? Það gæti ekkert fyrirtæki, engin stofnun á vegum ríkisins verið rekin eins og ríkissjóður er að gera með vinnubrögðum sínum.

Gjöldin sem við stöndum líka frammi fyrir, hin bestu mál flest hver, hækka líka um milljarða kr. Megnið af því var fyrirséð og ef unnið hefði verið með ábyrgum hætti hefðu þessi gjöld átt að vera tekin inn í yfirstandandi fjárlög. Ég skil ekki hvers vegna verið er að fela þessi gjöld. Var einhver ávinningur að fela þessi gjöld við gerð fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár? Hvaða ávinningur var í því? Þá voru kosningar og átti kannski að sýna einhverja betri útkomu en var raunveruleg? En ég trúi því samt ekki að það hafi verið meginskýringin.

Nei, herra forseti, meginskýringin er í því að ekki er borin nægileg virðing fyrir þessari vinnu, bara einfaldlega ekki, og þá verður árangurinn eins og við upplifum nú við fjáraukalög.

Viðskiptahallinn, herra forseti, hefur vaxið alveg geigvænlega og meira að segja síðan í haust þegar áætlun var lögð fram við framlagningu fjárlaga og fjáraukalaga hefur hann vaxið um milljarða, milljarða kr. Hvað erum við að halda úti mörgum sterkum efnahagsstofnunum og þjóðhagsstofnunum? Hvað eru þessar stofnanir allar að vinna þegar sú vinna sem þær geta lagt fram til Alþingis hér er með þeim hætti sem raun ber vitni? Hvað er verið að gera þarna þegar tölurnar breytast frá mánuði til mánaðar?

Herra forseti. Meira að segja einstakur ríkisspítali eða nokkurt einasta fyrirtæki gæti ekki rekið sig með þeim hætti sem ríkissjóður er að gera, það er af og frá.

Í fjáraukalögum er tekið á uppsöfnuðum vanda sjúkrahúsanna og heilsugæslunnar, vanda sem var fyrirséður að stórum hluta, vanda sem á sér rætur í kjarasamningum, m.a. kjarasamningum sem voru settir í gang af hálfu stjórnvalda, átti að vera eitthvert patent til að leysa rekstur stofnana, gera þær samkeppnishæfar og sjálfsagt að laða fram aukna hagkvæmni og sparnað. En hver hefur raunin orðið? Hún er satt að segja alveg hörmuleg og meira að segja það að hv. ábyrgðarmenn sem bera ábyrgð í meiri hluta fjárln. og reyndar mun hæstv. forsrh. hafa sagt að þetta hafi verið alvarleg mistök sem þarna var lagt upp með. Það var varað við þessu en það er slík oftrú á embættismenn sem eru að leggja til hitt og þetta og Alþingi virðist hafa svo takmarkaðan myndugleika til að mynda sér sjálft skoðun á því sem lagt er fyrir það. Það er vel að tekið er á vanda heilbrigðisstofnananna. En, herra forseti, sú mikla byggðaröskun sem hefur átt sér stað á þessu ári og undanförnum árum er einn aðalvandi efnahags þjóðarinnar. Flutningur á fólki þúsundum saman hingað til höfuðborgarsvæðisins, fólki sem yfirgefur eignir sínar, fær lítið fyrir eignir sínar, fólk sem setur sveitarfélögin sem það bjó í í uppnám í atvinnu- og samfélagslegri þjónustu. Það flytur hingað, það þarf að kaupa sér hús, þarf að fjárfesta og það skapar þenslu. Það skapar aukna eftirspurn langt umfram það sem væri æskilegt. Ef jafnvægi væri í búsetu landsins hefði verið hægt að forðast stóran hluta af þessari þenslu.

Herra forseti. Það er afar lítið lagt til. Ekki er komið til móts við þennan vanda nema að litlu í fjáraukalagafrv. Segja má að því sé ekki ætlað að gera það en þetta er skuld við landsbyggðina. Þetta er skuld við dreifbýlið á síðustu árum, þetta er skuld við dreifbýlið, líka frá þessu ári. Einmitt þessi skuld er hluti af þeim halla sem við stöndum nú frammi fyrir í viðskiptum og þeirri þenslu sem við tökumst nú á við. Það er vel, herra forseti, að skuli hafa verið látið undan með að auka fjármagn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það hafði verið boðað fyrr í haust að ekki væri ætlunin að koma til móts við þá erfiðu greiðslustöðu sem sveitarfélögin eru í. Boðað hafði verið að sérstök nefnd væri að störfum sem væri að endurskoða tekjuáætlun sveitarfélaga og tekjustofna sveitarfélaga og tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og hún mundi skila áliti á næsta ári og beðið yrði með aðgerðir þangað til, a.m.k. var látið að því liggja.

Það er því vel, herra forseti, að þarna er lagt nokkurt fé til. Það er mikil blóðtaka fyrir sveitarfélög þegar fólk flytur lögheimili sitt og búsetu. Það flytur og skráir sig fyrir 1. desember, það hefur kannski átt heima í fyrri heimkynnum sínum megnið af árinu, notið þar þjónustu, skólagöngu, heilbrigðisþjónustu en þegar það flytur 1. desember tekur það með sér alla tekjustofna ársins, öll útsvör sín. Þau fara því til hins nýja sveitarfélags sem það flytur í. Það sveitarfélag sem þetta fólk hafði búið í og notið þjónustunnar megin hluta ársins missir því af tekjunum en er kannski búið að láta þjónustuna í té. Þetta getur verið í lagi þegar um tiltölulegt jafnvægi er að ræða en þegar svona miklir þjóðflutningar eiga sér stað að nærri þrjú þúsund manns flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og flytja með sér þessa tekjustofna er um alvarlegt mál að ræða.

Þess vegna, herra forseti, er vissulega fagnaðarefni að það skuli þó í litlu vera tekið á þessu máli og því sé lofað að þarna verði varið 350 millj. kr. sem gæti einmitt snúið að þessum fólksfækkunarframlögum. Reyndar hafði verið gert ráð fyrir því að skipting á þessu fé og þjónustufé til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga lægi fyrir en svo er nú ekki en verður að fagna því að þetta skuli vera gert þó svo að við hefðum viljað sjá miklu stærra átak því að svo mörg sveitarfélög út um dreifbýlið eiga í alvarlegri greiðslustöðu.

Ég minni á stöðu sveitarfélaga gagnvart félagslegum eignaríbúðum sem þau verða að leysa inn til sín á fullu verði en síðan er ekki hægt að selja þær nema fyrir hluta af því verði og þá safnast upp verulegar skuldir hjá sveitarfélögunum ef þau geta þá selt þær. Það eru til þau sveitarfélög, og þau ekki fá, sem hafa ekki getað lagt út í þær framkvæmdir, út í þau verkefni, sem þau höfðu gert ráð fyrir að leggja út í vegna þess að þau eru í komin í svo erfiða greiðslustöðu. Jafnvel verkefni sem eru að hluta til styrkt og fá framlög úr ríkissjóði en þau geta ekki nýtt sér það vegna þess þau hafa ekki bolmagn til að leggja fram framlag sitt. Ég nefni ýmis hafnamál, hafnarmannvirki vítt og breitt um landið.

Herra forseti. Tekið er í fjáraukalögunum í heild á vanda og erfiðri stöðu ákveðinna málaflokka. En aðrir skildir eftir, aðrir sem líka eiga skilið að fá fulla virðingu og fullan skilning Alþingis. Þar nefni ég ekki hvað síst byggðamálin, ég nefni búsetumálin, ég nefni mál aldraðra, öryrkja og þeirra sem eru að taka laun samkvæmt lægstu launatöxtum. Kannski hefði verið ráð, herra forseti, að fara ítarlega í gegnum bæði tekju- og gjaldalið við gerð yfirstandandi fjárlaga.

Það er athugandi hvort ekki mætti færa til skattbyrðina á fólki, hvort ekki mætti hækka persónuafslátt hjá þeim sem væru með lægst laun eða kæmi þeim best til góða, þannig að ráðstöfunartekjur þeirra sé hægt að hækka hlutfallslega og lagt hærri skatta á þá hina sem eru að hrifsa til sín góðærið, bæði einstaklingar og fyrirtæki. Nei, það þótti sérstök ástæða til, herra forseti, að hafa fjármálastjórnunina og skipunina og skattheimtuna með þeim hætti að æ skyldi tekið hlutfallslega meira af þeim sem minna máttu sín og minna af þeim sem meira mega sín. Þetta er fjármálastjórnin. Hvað leiðir svo þetta af sér, herra forseti? *Þetta leiðir ekki aðeins það af sér* að þeir sem hafa hærri tekjur eyða meir, þeir kaupa meir, og skapa aukna þenslu, heldur skapar þetta líka mismun á milli þjóðfélagshópa eftir tekjum. Það fólk sem lægri tekjurnar hefur vill líka fá að njóta góðærisins með einhverjum hætti, það vill líka fá að njóta þess sem í boði er. Hvað gerir þetta fólk? Það tekur lán, það tekur lán til þess að geta líka haldið hliðstæðum lífsstíl og það fólk sem með hærri tekjurnar er. Þá vill svo til að stjórnvöld hafa búið svo vel í haginn að þetta er líka áhugamál bankastofnananna. Bankastofnanirnar hafa verið einkavæddar. Bankastofnanirnar hafa sett fram miklu sterkari arðsemiskröfu en áður var. Bankastofnanirnar hafa lent í innbyrðis samkeppni um að fá að lána fólki. Bankastofnanir eru ekki endilega að spekúlera í því hvers konar greiðslugeta er á bak við, nei, bankastofnanirnar, það er svo hörð arðsemiskrafa á þeim og til þess að bankastofnanirnar geti uppfyllt þá arðsemiskröfu sem til þeirra eru gerðar verða þær að lána fé. Það er svo hörð samkeppnin að þær verða meira að segja að sækja fé erlendis frá inn í landið til þess að geta lánað. Hvað gerir þetta, herra forseti? Þetta eykur viðskiptahallann, eykur viðskiptaójöfnuðinn og þetta eykur skuldir heimilanna og þetta eykur þensluna og þetta á ekkert skylt við það að styrkja atvinnulífið. Þetta er fjármálastjórnin, óreiðufjármálastjórn sem lætur undan þrýstingi um arðsemiskröfu hvar sem er í þjóðfélaginu, hvernig sem hún kemur niður.

Herra forseti. Við stöndum frammi fyrir því að vísitala neysluverðs hefur enn hækkað á milli mánaða og mælist 5,6% miðað við síðustu 12 mánuði, þrefalt meiri en í helstu samkeppnislöndum okkar. Þetta þýðir, herra forseti, að ríkisstjórninni hefur gjörsamlega mistekist að draga úr þenslunni eins og ég hef bent á. Henni hefur gjörsamlega mistekist að hægja á verðbólguhjólinu sem hún er þó stöðugt að tönnlast á. Þvert á móti, herra forseti, heldur þetta áfram dag frá degi og í því sem við stöndum frammi fyrir á næsta ári er ekki gert ráð fyrir því að viðskiptahallinn minnki. Þegar leitað er skýringa á viðvarandi þenslu í efnahagslífinu verður mönnum fyrst fyrir að líta á ytri aðstæður eins og bensínverð, eins og húsnæðisverð. *Þessir tveir liðir, þó þeir séu mikilvægir,* skýra þó aðeins tæpan helming hækkunar neysluverðs frá áramótum. Húsnæðisverðið, herra forseti, hefur sett landið á annan endann. Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur rokið upp úr öllu valdi. Hvaða áhrif hefur þetta? Þetta stórhækkar skuldir heimilanna, þetta hækkar skatta á íbúðum vítt og breitt um landið, skatta, eignarskatta, fasteignaskatta á eignum sem eru fjarri því að standa undir því verði sem verið er að nota sem skattstofn. Þannig að misréttið, herra forseti, eykst með hverjum degi sem þessi fjármálaóstjórn varir.

Hvað er það þá sem veldur þenslunni? Já, herra forseti, það er fyrst og fremst mikill vöxtur einkaneyslunnar. Það er þessi sami vöxtur einkaneyslu sem hefur drifið áfram hagvöxtinn á þessu ári. Sú mikla bjartsýni sem hér var ríkjandi, allt fram á fyrri hluta þessa árs, ekki síst fyrir linnulaust góðæristal stjórnvalda, hefur stóraukið eyðslu, stóraukið fjárfestingu og neyslu einstaklinga og fyrirtækja. Á sama tíma jókst framboð og lánsfé í miklum mæli og það má m.a. rekja til þess að ríkisstjórnin ákvað að bjóða út nýtt hlutafé í ríkisviðskiptabönkunum. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins var stofnaður með sterka eiginfjárstöðu. Afleiðingin var, herra forseti, eins og ég hef sagt, var afar hörð samkeppni fjármálastofnana um lánaviðskipti gagnvart heimilum, gagnvart einstaklingum, *og þar tókst að skapa gríðarlega eftirspurn eftir lánsfjármagni.* Í seinni tíð hefur mjög dregið úr þeim drifkrafti sem aðstæður sköpuðu í hina efnahagslegu uppsveiflu á sínum tíma. Verð á sjávarafurðum virðist vera að lækka á nýjan leik eftir þær verðhækkanir sem urðu á árunum 1997–1998. Við heyrum líka viðvörunarorð, herra forseti, að það er stóraukin skuldasöfnun hjá fyrirtækjum sjávarútvegsins. Herra forseti. Þar er líka veruleg vá, það fjármagn, það góðæri sem við nú teljum okkur vera að njóta hefur ekki farið til þess að styrkja þessa höfuðatvinnuvegi okkar.

Nei, eyðslan er fjármögnuð með lánum á lán ofan enda vandalaust að slá lán vegna þess að bankarnir slást um viðskiptin. Við sjáum afleiðingarnar í skuldasöfnun heimilanna sem hefur enn aukist á milli ára og nú nema skuldirnar hvorki meira né minna en 144% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Varðandi atvinnuvegina, ekki aðeins sjávarútveg heldur einnig landbúnað, iðnað, í hvaða atvinnuvegi sem er, er í flestum tilfellum um skuldaaukningu að ræða. Aukningin hefur vegið upp niðurgreiðslu á skuldum ríkissjóðs *og rúmlega það því erlend skuldastaða þjóðarbúsins í heild* hefur enn versnað sem hlutfall af landsframleiðslu og allt útlit er fyrir að sú þróun haldi áfram á næsta ári.

En hvaðan kemur þetta fé? Jú, herra forseti, þetta er erlent lánsfjármagn sem tekið er til eyðslu. Viðskiptahallinn eykst hröðum skrefum. Viðskiptahallinn nam 28 milljörðum kr. í fyrra og þótti þá flestum nóg um. Nú stefnir þessi halli í að verða 38 milljarðar kr. Hver var stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli? Hver var hún? Var hún að auka viðskiptahallann um 10 milljarða? Var hún það? Gerði fjárlagavinnan ráð fyrir því? Það hefur þá verið vönduð fjárlagavinna sem þarna var á ferð.

Þetta er mikið áhyggjuefni þrátt fyrir að ríkissjóður standi ekki að baki öllum þessum viðskiptahalla vegna þess að hann á rætur sínar í einkaneyslunni. Það er heldur ekki hægt að segja að fjárfesting einkafyrirtækja sé ævinlega arðbær og allra síst þegar áætlanir eru byggðar á bjartsýni sem reynist ekki innstæða fyrir þegar á hólminn er komið. Hvað eru margar fjárfestingar í verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu? *Hver hefur reiknað út arðsemi þessa verslunarhúsnæðis?* Hvert er það? Það er ábyrgðarhluti, herra forseti, að ráðast í svo stórar og stórkostlegar fjárfestingar án þess að leiða hugann að því hver arðsemi þeirra er. Það þótti nærri því sjálfsagt mál þegar Kringlan, fyrsta kringlan okkar, var byggð eða þegar Borgarkringlan fór á hausinn. Það þóttu nánast eðlilegir viðskiptahættir með því milljarða tapi sem þar var á ferðinni. Afleiðingar af offjárfestingu fyrirtækja geta orðið enn þá alvarlegri en ef um er að ræða þenslu af völdum opinberra útgjalda. Ríkið getur aukið tekjur sínar með skattheimtu og stýrt því en fyrirtæki verða oft og tíðum að grípa til sársaukafyllri ráðstafana til að hagræða í rekstri sínum þegar í óefni er komið eins og við vorum að heyra frá Ólafsfirði.

Herra forseti. Það hefði verið nær og ein leið að taka á fiskveiðistjórnarkerfinu til þess að skapa jöfnuð í þjóðfélaginu. Það hefði verið nær ef það hefði verið gert þannig að réttlæti hefði orðið út um byggðir landsins. Ég fullyrði að þá stæðum við ekki frammi fyrir þessum mikla og vaxandi viðskiptahalla sem við nú stöndum frammi fyrir og greiðsluerfiðleikastöðu þjóðarinnar. Takist ekki að leiða þetta til betri vegar er augljóst að útlán munu tapast úr fjármálakerfinu og fjölskyldur munu verða gjaldþrota ef ekki tekst að stórauka áfram tekjurnar því einhvern tímann þarf að borga eyðsluna.

Efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar hefur leitt okkur inn í sannkallaðan vítahring. Útþenslan hefur ýtt undir hækkun fasteignaverðs sem aftur magnar eftirspurn og þenslu. Þetta kemur til af því að hærra fasteignaverð hvetur til nýbygginga vegna þess að húsnæði verður betri fjárfesting eftir því sem verðmæti þess eykst og eftirspurnin er meiri. Jafnframt eykur þessi hækkun á fasteignaverði lántökur vegna þess að eftir því sem hús er verðmætara er hægt að taka hærra veð í því.

Herra forseti. Hvað gerðist hjá Íbúðalánasjóði? Íbúðalánasjóður þurfti að fá heimild til að taka 8 milljarða kr. lán til að geta staðið undir auknum útlánum til húsnæðiskerfisins miðað við það sem áætlanir voru um. Var það til að slá á þenslu? Nei, herra forseti, þetta var afleiðing fjármálalegrar óstjórnar sem leiðir af sér byggðaröskun, þenslu og viðskiptahalla.

Herra forseti. Niðurstaðan er því sú að fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar, eins og hún birtist nú í fjáraukalögum sem lögð eru hér fram, hefur farið gjörsamlega úrskeiðis og því fer fjarri að tekist hafi að slá á þensluna og engar horfur eru á að svo verði. Almenningur í landinu mun borga brúsann af þessu margfræga góðæri hæstv. forsrh. og ríkisstjórnar, almenningur sem minnst ber úr býtum. Bankarnir munu gæta þess að ná sínu til baka í samræmi við hinar háu arðsemiskröfur sem eru nú gerðar og þá verður gengið að mörgum skuldaranum með tilheyrandi gjaldþrotum og upplausn heimila í landinu, hangi þessi fjármálaóstjórn áfram sem við höfum staðið frammi fyrir á þessu ári.

Ofan á allt þetta bætist svo að fjöldi fólks hefur ekki orðið var við þetta svokallaða góðæri og telur sig enn eiga inni til þess að fá til jafns við þá sem hér hafa sopið flotið. Hvað munu launþegar hjá ASÍ segja þegar að þeir standa nú frammi fyrir talinu um það að nú sé góðærinu að ljúka og þeir hafa ekki enn fengið launahækkanir sínar, taxtahækkanir sínar, sinn hluta af því góðæri sem aðrir hafa haft um tíma?

Nei, herra forseti, þetta fjáraukalagafrv. er dæmi um dæmalausa óstjórn, dæmalausa fjármálastjórn, vinnubrögð sem eru ómarkviss, vinnubrögð sem ekki eru sæmandi eða trúverðug af hálfu Alþingis. Alþingi ber að taka í taumana. Því ber að styrkja sig gagnvart framkvæmdarvaldinu, því ber að vera þess megnugt að geta unnið ábyrg fjárlög.

[17:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa hnitmiðuðu efnahagsræðu. Ég er ekki alveg viss um að ég náði öllu. Ég reyndi að ná sem flestu. Ég skildi það þannig að einkaneyslan hefði drifið þetta allt áfram. Ég skildi það þannig að hún væri orðin allt of mikil. Þetta hefur verið drifið áfram með launum, með lánum, erlendu lánsfé og viðskiptahallinn þess vegna kominn úr böndum. Hvernig er það með þessa einkaneyslu, er hún þá of mikil, vegna hvers? Eru þá launin of há? Er fólkið að fá of mikið? Þarf þá kannski að lækka launin? Eru skattarnir kannski ekki nógu miklir? Eigum við þá ekki að auka skattana? Hvernig ætlar hv. þm. að koma í veg fyrir þetta? Eigum við ekki að auka sparnaðinn? Það væri mjög gaman að vita það í grófum dráttum hvernig við eigum að standa að þessu því ég skildi hann þannig að mikil þörf væri á því.

Hann sagði að Alþingi þyrfti að taka í taumana. Já, það væri ábyggilega mjög gott að Alþingi tæki sem oftast í taumana. En ég náði því ekki í ræðunni á hvern veg hv. þm. kysi helst að Alþingi tæki í taumana og hvað hann teldi þá helst að til varnar mætti verða. Þætti mér fróðlegt, bæði fyrir mig og aðra, að fá smávegis upplýsingar um það hvað væri þá helst á döfinni.

[17:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur greinilega misst af fyrri hluta ræðunnar. En það er allt í lagi. Ég skal endurtaka það, herra forseti.

Í fyrsta lagi er bara ein þjóð í þessu landi, hvort sem hún er einkaaðili eða opinber aðili. Það er bara eitt fjármagnspúkk í landinu, herra forseti, hvort sem það er á ráðstöfun einkaaðila eða ríkisaðila. Hvor aðilinn um sig getur ekki gengið sinn veg óháð hinum. En hvar hefur þessi einkaneysla komið fram? Jú, hún hefur komið fram í stóraukinni skuldasöfnun, ekki síst heimilanna og fyrirtækjanna og á því ætti hv. varaformaður fjárln. fyrir löngu að vera búinn að átta sig, herra forseti, á sínum löngu fundum í fjárln. Ég hef reyndar lagt til að það þyrfti að senda fjárlaganefndarmenn — ég skal fara þar með líka — á námskeið í uppeldis- og kennslufræðum og til að læra um það hvernig maður mismunar ekki fólki eða minnstu meðbræðrum sínum. (**EOK:** Gott.)

En varðandi fjáraukalögin, herra forseti, þá hef ég lagt til að Alþingi og fjárln. eigi að taka þessi mál í miklu ríkari mæli í sínar hendur, að það eigi að gera fjáraukalög einu sinni til tvisvar á ári, það eigi að gefa út fjáraukalög að vori á grundvelli samþykktar þings yfir veturinn eða annars þess sem þá hefur upp komið og þá hugsanlega í september. En það er alveg fráleit efnahagsstjórn að semja fjáraukalög samtímis fjárlögum.

[17:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili mjög áhyggjum af stöðu efnahagsmála með hv. þm. Ég gæti alveg tekið undir það að við skulum gera fjáraukalög tvisvar á ári eða jafnvel þrisvar eða fjórum sinnum. Ég fæ ekki séð hvað batnar við það. Ég er líka sammála hv. þm. um að þetta er einn vefur. Þetta er allt saman einn vefur. En erum við þá nokkru nær? Erum við nokkru nær með þessum tillögum? Þessi þjóð er að eyða of miklu. Er það ekki niðurstaðan sem við höfum fengið? Þjóðin eyðir meira en hún aflar. Er þá nokkuð annað að gera en annaðhvort að reyna að minnka eyðsluna eða auka aflafenginn? Er nokkur önnur leið til út úr vanda Íslendinga eða hafa menn e.t.v. þriðju patentlausnina á því hvernig eigi að gera þetta? Við höfum haft áhyggjur af ríkisfjármálunum. Ég hef tekið undir það hérna. En ég tók líka eftir því að hv. þm. Jón Bjarnason flutti heilmargar viðbótartillögur til aukins kostnaðar á sama tíma og hann skrifaði undir nál. þar sem hann varaði við auknum útgjöldum og aukinni útþenslu ríkisins. Ég fékk þetta ekki alveg til þess að passa heim og saman. En ég veit ekki og er ekki búinn að átta mig þá á því hverjar tillögurnar eru því ég tek undir það að við erum á hálu svelli. Ég heyrði ekkert um það hverjar tillögurnar eru

í þeirri vafasömu stöðu sem við erum. Gætum við fengið að heyra, þó ekki væri nema örlítið brot af þeim?

[17:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er mjög ljúft að endurtaka það sem ég sagði fyrr í ræðu minni. Mér er mjög ljúft að gera það. Tillögur mínar eru þær að það verður að skapa meiri jöfnuð í þjóðfélaginu. Það verður að skapa meiri jöfnuð í samfélaginu. Það er enginn jöfnuður. Það skapar óróa að byggðastefnan skuli vera rekin þannig að um þrjú þúsund manns ganga nánast frá eigum sínum, frá atvinnu, uppbyggingu atvinnu og skólamannvirkjum út um land til að hér þurfi síðan að fjárfesta aftur í því sama. Það er svona þættir aftur og aftur. Það er jöfnuður til þess að draga úr þeirri spennu. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur einmitt lagt áherslu á samanburðinn við náungann sem er það sem við leggjum mælikvarða okkar á og mér hefur fundist það afar gott og mikilvægt. Hv. þm. ætti að vita, herra forseti, að það á að stuðla að jöfnuði í staðinn fyrir að reka fjármálastjórn sem eykur ójöfnuð og eykur þar af leiðandi þenslu. Þetta eru tillögur sem við og ég mun leggja megináherslu á, fyrir utan skilvirka fjárlagavinnu og að hún verði unnin reglulega á ábyrgð fjárln. og Alþingis en sé ekki eins og nokkurs konar stimpill frá framkvæmdarvaldinu. Eða hver ber ábyrgð á 10 milljarða kr. aukningu í viðskiptahallanum? Var það ákveðið við fjárlagagerð í fyrra, herra forseti?

[18:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hún var einkar hógvær framsöguræða hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., þegar hann kynnti tillögur meiri hlutans við 3. umr. fjáraukalaga. Ekki þar fyrir að hv. þm. er yfirleitt mjög hógvær í framsetningu og málefnalegur en hógværðin birtist kannski fyrst og síðast í því að hann gerði afskaplega lítið af því að reyna að finna tillögum meiri hluta nefndarinnar heildstæðan grunn til að standa á. Hvað þær þyddu í raun fyrir afkomu ársins í ár og hvaða efnahagsleg áhrif þessi niðurstaða fjáraukalaga hefði á efnahagsumhverfið í núinu og ekki síður í framtíðinni sem er auðvitað hinn stóri þáttur málsins. Öllu merkilegra var þó að fylgjast með framgangi hv. þm. Einar Odds Kristjánssonar sem því miður, herra forseti, hefur vikið sér úr salnum. Ég mun bíða þess að hann komi til fundarins á nýjan leik þar sem ég geri framgang hans að sérstöku umtalsefni því að það er með ólíkindum sú breyting sem hefur orðið á honum á þessu haustþingi og hversu allur vindur er farinn úr þeim hv. þm. sem hafði stór orð um það í upphafi þings að það ætti að taka ríkisfjármálunum tak og hafði uppi heitingar í þá veruna. Hv. þm. er nú í forustu meiri hluta fjárln. Alþingis og kemur hér til þings þann 14. desember, rétt um hálfum mánuði fyrir árslok, með frhnál. til 3. umr. fjáraukalaga og vill að hv. Alþingi samþykki enn frekari útgjöld, upp á 2,6 milljarða kr.

Herra forseti. Það er alveg rétt sem síðasti hv. ræðumaður gerði að umtalsefni, að menn þurfa að glöggva sig á því og fara yfir það með sjálfum sér reglulega til hvers þessi fjáraukalög eru, hvert eðli þeirra er í raun og til hvers eru þau hér og hvaða hagrænt gildi þau hafa. Hér er verið fyrst og síðast að lögfesta skuldbindingar sem framkvæmdarvaldið hefur undirgengist á árinu. Það er vissulega þannig eins og margoft hefur komið fram að stundum er það réttmætt að framkvæmdarvaldið í krafti þingmeirihluta undirgangist slíkar skuldbindingar, ráðstafi fé án þess að lög standi til þess eða fullnægjandi heimildir séu fyrir hendi. Það þurfa menn að meta og vissulega er það þannig að hið háa Alþingi í mörgum tilfellum og allt of mörgum hefur út af fyrir sig ekkert val þegar til kastanna kemur og verður að undirskrifa og færa í lög þær gjörðir sem framkvæmdarvaldið hefur þegar framkvæmt. En þetta hefur hins vegar breyst, það er ekki eingöngu þetta heldur eru fleiri myndbirtingar sem eru alltaf koma fram aftur og aftur í fjáraukalögum. Ég vil gera að umtalsefni rétt á eftir dæmi um það hvernig menn eru í raun að misnota fjáraukalagaferilinn og formið í stað þess að setja þetta í fjárlög eins og venja er til. Ég nefni til dæmis, og kem nánar að því á eftir, að ákvæði um hundruð millj. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, hið besta mál út af fyrir sig, ákvæði um uppgjör við borgarsjóð upp á annan milljarð kr. er einmitt mál af þeim toga sem eðli máls samkvæmt hefði átt að fara í 3. umr. fjárlaga sem verður til umræðu á morgun en ekki að loka yfirstandandi fjárhagsári hálfum mánuði fyrir áramót með því móti. Þetta eru ekki viðunandi vinnubrögð, herra forseti. Auðvitað kemur upp í hugann hvaða leiki er verið að leika með þessu. Ég spyr formann fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson: Hvernig stendur á því að menn ganga svona frá þessu í stað þess að setja þetta í áætlunargerð komandi árs?

Herra forseti. Það er út af fyrir sig kannski ekki ástæða til að vera að skamma Albaníu heldur snúa sér beint að Kína, því að því miður eru langsamlega flestar þær skuldbindingar sem Alþingi þarf að fást við og meiri hluti fjárln. færir í tillögubúning er eins og ég gat um áðan vegna þegar orðinnar gjörðar ríkisstjórnarinnar eða beinnar samþykktar af hennar hálfu. Stundum er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Ég vænti þess að nú sem fyrr sé tiltölulega gott samband milli meiri hluta fjárln. og ríkisstjórnarinnar þó manni renni í grun að það sé í vaxandi mæli með þeim hætti að um sé að ræða boðvald og ríkisstjórnin hafi ákveðið þetta og ríkisstjórnin hafi ákveðið hitt og meiri hluti fjárln. og síðan þingsins hafi ekkert val annað en að láta það yfir sig ganga og samþykkja það á hinu háa Alþingi. Það er full ástæða til þess enn og aftur að undirstrika nauðsyn þess að fjárlagavaldið er hjá Alþingi en ekki ríkisstjórninni. Við búum við það kerfi sem engan greinir á um að Alþingi skapar þann ramma og gerir hann út og framkvæmdarvaldinu ber að fara eftir honum. Það er ekki með öfugum formerkjum. Því miður er það svo í tíð núverandi ríkisstjórnar, bæði á liðnu kjörtímabili og því sem er að byrja, að þessi þróun virðist öll vera á hinn verri veg og í öfuga átt við það sem mikil nauðsyn er á. Ég hvet, herra forseti, þingmenn til að kynna sér það hvernig þróunin hefur einmitt verið í þveröfuga átt í ýmsum nágrannaríkjum. Kannski væri okkur hollt í því samhengi að skoða örlítið hvernig frændur vorir Norðmenn fara með þessi mál. Það helgast af ýmsum ástæðum öðrum, en þar er þingið hinn raunverulegi aflvaki þeirra hluta sem gera skal. Þar er að vísu minnihlutastjórn og þær eru þekktar þar í landi en bæði af þeim orsökum og öðrum og af undirliggjandi og viðvarandi virðingu fyrir þinginu er það þingið sem er upphafsaðili og stendur að þeim hlutum sem máli skipta, það er ekki stimpilpúði framkvæmdarvaldsins eins og við þekkjum í allt of ríkum mæli.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur haft um það mörg orð á sínum annars stutta valdaferli að helsti árangur hans í ríkisfjármálunum sé sá að hann hafi tekist á hendur herför gegn skuldum Íslendinga í útlöndum og honum hafi orðið vel ágengt í þeim efnum, honum hafi tekist að greiða niður

skuldir. (**Fjmrh.:** Þetta er ekki rétt.) Þetta er ekki rétt, segir hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. segir að það sé ekki rétt — honum hafi ekki tekist að greiða niður skuldir, (Gripið fram í.) þá eru það alveg nýjar upplýsingar í mín eyru. (**Fjmrh.:** Skuldir ríkisins.) Skuldir ríkisins? Rétt skal vera rétt. Og hann hefur viljað koma því mjög skýrt á framfæri að aðrir Íslendingar skyldu fara að fordæmi hans og ríkissjóðs og reyna að ná niður viðvarandi skuldum og þá helst í útlöndum. Nú bregður svo við að í brtt. meiri hlutans við frv. til fjáraukalaga, að vísu samkvæmt tillögu fjmrh., er þarna snúið við blaði. Í stað þess að lækka umtalsvert skuldir eins og fjárlög hafa staðið til, þá á að auka þær og þær verða auknar um 18,3 milljarða kr. og ekki verða greidd niður lán fyrir nema 14,2 í stað 23,8 áður. Með öðrum orðum, greidd verða niður erlend lán um 10 milljörðum kr. minna en ráð var fyrir gert. Maður veltir fyrir sér hvort þarna er um stefnubreytingu af hálfu hæstv. ráðherra að ræða. Telur hann þessa ógn sem erlendu lánin eru ekki jafnalvarlega og hann hafði orð uppi um í upphafi valdaferils síns, er eitthvað annað sem býr að baki? Jú, ég held að hæstv. ráðherra hafi jafnmiklar áhyggjur af skuldastöðu Íslendinga í útlöndum og við öll og að hann sé jafn áfram um það eins og í upphafi valdaferilsins að reyna að taka á þeim málum. En nú er svo komið að aðrar efnahagsstærðir og önnur efnahagsþróun mála gerir það að verkum að hann á óhægt með að ráðast að hinum erlendu lánum þrátt fyrir verulegan tekjuafgang af fjárlögum, þrátt fyrir það að fjármunir renni í stríðum straumi í ríkissjóð. Hverjar eru ástæður þess? Jú, ástæðurnar eru þessi viðvarandi viðskiptahalli sem hefur verið raunar allan valdaferil núverandi ríkisstjórnar undanfarin fimm, sex ár. Viðvarandi viðskiptahalli sem gerir ekkert annað en að galdeyrir rennur úr landi í stríðum straumum. Varkárir menn hafa bent hæstv. ráðherra á að ríkissjóður verði að standa vörð um gjaldeyrisforðann, standa vörð um gengið og geti því ekki skvett olíu á þennan eld viðskiptahalla með því að láta gjaldeyri renna enn frekar úr landi. Þess vegna geti ríkissjóður, án þess að það hafi mjög alvarlegar efnahagslegar afleiðingar, greitt niður hin erlendu lán eins og vilji stóð til. Þess vegna verði að verja þessum fjármunum með öðrum hætti eins og gert er grein fyrir hér, m.a. hluta af þeim í frystingu í Seðlabanka Íslands. Það er út af fyrir sig ein leið til að taka á þessu vandamáli en þessi litla myndbirting sýnir okkur hvers konar pattstaða er í raun komin upp í íslensku efnahagskerfi á tímum mesta góðæris Íslandssögunnar. Það telst óskynsamlegt af hálfu meiri hluta fjárln., af hálfu hæstv. fjmrh., af hálfu ríkisstjórnarinnar, að greiða niður erlendar skuldir því það geti haft slík áhrif á íslenska gengið, á gjaldeyrisforðann, að í óefni stefni. Þetta er efnahagsleg sjálfhelda, gerð af mannanna höndum, sem núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn er fullkomlega ábyrg fyrir. Ég spyr, herra forseti, hvort hæstv. fjmrh. geri í raun nokkrar athugasemdir við skilgreiningu mína, hvort þessar orsakir og afleiðingar séu ekki réttar í grófum dráttum. Við fórum aðeins yfir þetta á fundi fjárln. með ekki ómerkari manni en þjóðhagsstofustjóra og ég skildi hann a.m.k. ekki öðruvísi en þannig að svona væri þessi mynd í grófum dráttum. Ef þetta eru ekki viðvörunarbjöllur sem ber að taka mark á, þá veit ég ekki hvað.

Það er annað merkilegt í þessu samhengi þegar maður horfir á hinar breiðari stærðir hvernig á því stendur þegar margar sérfræðistofnanir bundu vonir við framlagningu fjárlaga á haustdögum með afgangi upp á 15 milljarða, einnig með tiltölulega hóflegum fjáraukalögum upp á 4 eða 5 milljarða útgjaldaauka, í ljósi þess að tekjur eins og venjulega yrðu sennilega vanáætlaðar þá yrði afkoma ríkissjóðs mjög góð, af hverju markaðurinn og almenningur í landinu taki ekki mið af því og skynjaði að það væri að vilja stjórnvalda og ríkisstjórnarinnar að búa efnahagsumhverfinu þannig ramma að aukinn sparnaður kæmi í kjölfarið. Úr innflutningi og neyslu drægi og að fólk fengi á ný trú að fast og örugglega væri haldið utan um ríkisfjármál. En hvað kemur á daginn? Jú, á daginn kemur, herra forseti, að á þessum tveimur mánuðum frá því að fjárlagafrv. með þeim stóru og miklu væntingum var lagt fram með þessum afgangi, þegar fjárln. og meiri hluti hennar hefur ítrekað komið við 2. umr., við 2. umr. fjáraukalaga og núna við 3. umr. fjáraukalaga, æ ofan í æ með nýjar stærðir, þá hefur trúverðugleikinn dofnað að sama skapi. Afleiðingar eru auðvitað þær eins og okkur birtast með skelfilegum hætti, að viðskiptahallinn verður ekki 28 milljarðar kr. á yfirstandandi ári eins og Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir í byrjun október, fyrir rétt rúmum tveimur mánuðum, nei, það verða 38 milljarðar kr. Mat sérfræðinga á þessari öfugþróun miðað við væntingar og vonir er einfaldlega það að almenningur og markaðurinn hefur ekki trú á að ríkisstjórninni sé alvara þegar hún ætlar að taka ríkisfjármálin fastari tökum. Er að undra þó að markaðurinn og almenningur í þessu landi taki ekki mark á ríkisstjórninni? Er að undra þegar menn horfa á þennan veruleika birtast enn og aftur við 3. umr. fjáraukalaga, þegar enn og aftur renna út fjármunir úr annars digrum sjóðum ríkissjóðs, nánast óhindrað?

Herra forseti. Í kjölfarið á þessu öllu saman birtist hið ógnvekjandi orð verðbólga, óðaverðbólga. Það er ekkert gamanmál að horfast í augu við þann veruleika að verðbólgan síðustu tólf mánuði þessa árs er upp á 5,6%. Viðvörunarbjöllur í öllum nágrannalöndum okkar væru farnar að klingja allt í hring og það hátt ef svo væri í þjóðríkjum þeirra. Ég minnist þess að við hældum okkur af því þegar við vorum að ná niður verðbólgunni í upphafi þessa áratugar að þá var verðbólgan hér lengi vel lægri en í nánustu viðskiptalöndum okkar. Markmiðið hefur þó ævinlega verið að vera á svipuðu róli til þess að tryggja jafnvægi í viðskiptum við okkar nágrannaríki og einnig til þess að vera marktæk og samanburðarhæf við erlend þjóðríki. Nú erum við að verða tvöfalt hærri í neysluvísitölu en um ræðir í nágrannalöndum okkar.

Við þekkjum allt of vel, herra forseti, hvað gerist í íslensku þjóðarsálinni þegar fólk hefur það á tilfinningunni að verðbólgan sé að fara í gang á nýjan leik. Við þekkjum það allt of vel frá gömlum tíma því að þá birtast þessi svakalegu dóminó-áhrif. Þá fer fólk að hætta að trúa því að það sé eitthvað varanlegt og að festa þurfi peningana í steinsteypu, í bíl, í einhverju sem verður eftir þegar peningaseðlarnir verða æ verðminni. Það er fullkomin ástæða til að taka þetta alvarlega. Þótt mönnum finnist það í dag ekkert stórar tölur að verðbólgan fari úr 3% í 4%, jafnvel í 5% og upp undir 6%, er þetta helmingshækkun á tiltölulega skömmum tíma. Ég veit að ég deili skoðunum mínum með hv. þm. Jóni Kristjánssyni þegar ég segi að þetta er verulegt áhyggjuefni og þessi margfeldisáhrif verður að stöðva, þessa keðjuverkun sem sú gífurleg þensla veldur sem á sér stað alls staðar í samfélaginu.

Ég dreg ekkert undan með það, herra forseti, að því eru takmörk sett hvað opinberir aðilar geta komið beint inn í og stýrt neysluþróun og öðru slíku. Það sem við ræðum hér, þ.e.

ríkisfjárlögin og fjáraukalögin er bara einn liður í stórum vef. En hann er þó symbólskur fyrir utan það að vera veigaþungur í efnahagslegu tilliti. Þess vegna er sorglegra en tárum taki að horfa á að það virðist því miður engin viðspyrna vera hjá stjórnarmeirihlutanum þegar kemur að því að hafa hömlur á útgjöldum.

Ég get ekki ímyndað mér að hv. þm. Jón Kristjánsson, svo ég tali nú ekki um hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, séu mjög stoltir af því, þrátt fyrir sína miklu vinnu og yfirlegu og samviskusamlega nálgun, að niðurstaðan af meðferð þeirra í fjáraukalögum er útgjaldaauki upp á 10,3 milljarða og í 2. umr. í fjárlögum komi þar til viðbótar kannski 5 milljarðar. Að meðferð þeirra og fingraför á fjármálum ríkisins á yfirstandandi hausti séu viðbótarútgjöld upp á 15 milljarða kr.

Ég segi því enn og aftur að ég hef fulla samúð með þessum hv. þm. og öðrum stjórnarliðum sem hafa gengist undir það ok að láta þessa ríkisstjórn segja sér fyrir verkum. En svona er þetta því miður, herra forseti, svona eru tölurnar og undan þeim verður ekki vikist.

Herra forseti. Við getum þess réttilega og það er alveg nauðsynlegt að stinga í samband, þ.e. þessi almenna umræða um efnahagsmál og viðskiptahalla lýtur ekki bara að því hvernig þessi kaup gerast á eyrinni á Verðbréfaþingi eða í mælikvörðum Þjóðhagsstofnunar eða OECD eða hvað allir þessi sérfræðingar heita. Hún mælist beint í buddum fólksins í landinu. 5,6% verðbólga hefur veruleg áhrif á skuldara — og af því ég tala nú um skuldara, herra forseti, þá er það ekki bara ríkissjóður sem er að gefast upp á að borga skuldir sínar í útlöndum heldur er það því miður þannig að hið efnahagslega umhverfi hefur hvatt Íslendinga alla til þess að taka meiri peninga að láni en efni standa til. Ég trúi ekki öðru en að þingmeirihlutinn og ríkisstjórnin hafi áhyggjur af því að í mesta góðæri Íslandssögunnar skuli skuldaaukning heimilanna vera með þeim hætti sem hér um ræðir, að þær skuli nú vera komnar sem hlutfall af ráðstöfunartekjum á ári hverju í 144%, voru 130% sem hlutfall af ráðstöfunarfé heimilanna í upphafi þessa góðæris í ársbyrjun 1995. Ekki geta menn verið ákaflega stoltir af þessum árangri eða hvað?

Nei, herra forseti, það er ástæða til þess að hafa áhyggjur. Ég ætla nú að víkja nokkrum orðum að innihaldi hinna beinu tillagna sem komið hafa frá meiri hluta fjárln. Ég drap á tvö atriði sem ég vil spyrja sérstaklega um. Annars vegar 700 millj. kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem ég undirstrika að ég skil vel hugmyndina að baki en spyr samt og skil ekki, hvers vegna þessum stuðningi við jöfnunarsjóðinn og hinar dreifðari byggðir skuli fundinn staður í fjáraukalögum hálfum mánuði fyrir árslok. Hefði ekki verið eðlilegra að þessum fjármunum hefði verið fundinn staður í fjárlögum komandi árs þannig að menn hefðu haft ráðrúm og tök á því að ræða það hér hvernig þeim væri best fyrir komið til þess að styrkja byggðir í landinu? Ég veit ekki út af fyrir sig samkvæmt hvaða vísindum er skipt upp í tvennt, annars vegar í hið hefðbundna þjónustuframlag og hins vegar er það sérstaklega eyrnamerkt þeim sveitarfélögum þar sem fækkun hefur orðið. Nú væri fróðlegt að vita það hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni hve mörg sveitarfélög það eru hringinn í kringum landið sem teljast þannig gjaldgeng í þeim hópi, í hve mörgum sveitarfélögum hefur orðið fækkun. Fróðlegt væri að vita það. Ég hugsa að það sé því miður í stórum meiri hluta sveitarfélaga í landinu. Ég vil líka spyrja hvort þar sé um höfðatöludreifingu að ræða þannig að þau stærri fái meira í samræmi við hausatölu og þau fámennari minna. Eða verður framlagið e.t.v. reiknað þannig að þau fái mest sem misst hafa flest fólk? Það er kannski önnur nálgun líka. Eða fá jafnfjölmenn sveitarfélög þar sem annað hefur misst einn íbúa suður og hitt, sem hefur misst hundrað, jafnháa upphæð? Það rétt svona nálgast það því það er mjög mikilvægt að þessir fjármunir komi að einhverju gagni. Nóg hefur verið gert samt í einhverjum vanhugsuðum upphlaupum undir forskriftinni „styrkjum byggðir í landinu" sem hafa ekki komið að neinu gagni.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst þær upphæðir sem hér er að finna dálítið því marki brenndar að menn séu að laga og lappa upp á samviskuna núna rétt fyrir jólin gagnvart hinum dreifðari byggðum þannig að stjórnarþingmenn dreifbýlisins geti farið vítt og breitt um landið og sagt: Ja, það var nú þarna smávegis í fjáraukalögum og það kemur strax, jafnvel inn í reikninga sveitarfélaga á yfirstandandi ári. Ég spyr hvort það er kannski hugmyndin þannig að efnahagsreikningur sveitarfélaga á yfirstandandi ári geti lagast sem nemur þessum 700 milljónum. Er það þess vegna sem þetta kemur á fjáraukalögum í stað þess að fara hina eðlilegu leið fjárlaganna?

Herra forseti. Vandi sveitarfélaganna er slíkur auðvitað og staða þeirra að það þarf alveg sérstaka umræðu um það og hana tökum við auðvitað á réttum tíma á réttum vettvangi. Hana ætla ég ekki að taka hér. En ég minni á að í nefnd af hálfu félmrh. er verið að ræða þau mál og þar er vandinn mikill og mikið undir. En því miður held ég að svona smáskammtalækningar dugi skammt til að snúa við þeirri öfugþróun sem hefur átt sér stað allt þetta kjörtímabil og allt hið síðasta og því miður raunar allar götur frá því að Sjálfstfl. tók við forsrn. og fór með byggðamálin. Ég vænti þess hins vegar að hv. þm. Jón Kristjánsson svari mér þessu, bæði hvernig þessum fjármunum verði dreift út, þ.e. fólksfækkunarframlögunum, er það samkvæmt gildandi reglum? Hann hefur sérstaklega talað um það sem fækkað hafi á árunum 1997–1999. Skiptir þá engu máli hve mikil fækkun hefur orðið eða verður þetta einhvern veginn hlutfall af því í réttu samhengi?

Í annan stað undirstrika ég, herra forseti, að út af fyrir sig geri ég enga grein fyrir hinni efnislegu nálgun málsins. Ég er fyrir löngu meðvitaður um að vandi sveitarfélaganna er mikill og vandi landsbyggðarinnar enn þá meiri. Því miður er það kannski svo að þrátt fyrir að sveitarstjóðirnir verði styrktir beint eins og hér er gert ráð fyrir er ég hræddur um að það komi ekki endilega til með — þó að efnahagsstaða þeirra breytist eitthvað og skuldastaða — þá er ég ekki endilega viss um að það komi þráðbeint til björgunar byggðunum og þráðbeint til þess að fólkinu í viðkomandi byggðarlagi líði miklu betur. En gott og vel.

Í annan stað frá hinum fámennari sveitarfélögum til hinna stærri, þ.e. beint hingað í höfuðborgina. Hvers vegna er beðið með það til 14. des. 1999 að ganga til verka við framkvæmd samkomulags sem gert var, ef ég man rétt á svipuðum tíma fyrir ári? Ég held ég muni það rétt, herra forseti, að fyrir réttu ári var gert samkomulag milli borgaryfirvalda og ríkisstjórnarinnar um uppkaup þess síðarnefnda á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og ýmsum sjúkrastofnunum því tengdum. Jú, það er rétt, 17. des. 1998, það er ár síðan. Hvers vegna er beðið með það til 14. des. 1999 og tekið þá inn í fjáraukalög, án greiðsluskuldbindinga, herra forseti, að ganga frá þessum hlutum og fá nauðsynlegar heimildir frá Alþingi? Er þetta

ekki líka algjört eindæmi að sé fjárlagamál næsta árs? Af hverju var þetta ekki tekið þar inn í með venjubundnum hætti? Af hverju þessi skuggaverk og myrkraverk þegar sól er hvað lægst á lofti?

Það eru slík nálgun hluta sem gerir það að verkum, herra forseti, að tortryggni skapast, ekki eingöngu af hálfu okkar minnihlutamanna heldur fær fólkið í landinu þá tilfinningu að verið sé að skáskjóta hlutum inn í formi fjáraukalaga í stað þess að koma með málin eðlilega fram á sjónarsviðið. Af hverju þetta óðagot núna allt í einu? Eins og ég segi er ekki gert ráð fyrir því að neinir peningar fari út á yfirstandandi ári. Ég vænti þess að annaðhvort hæstv. ráðherra eða formaður nefndarinnar svari mér þessu.

Ég held hins vegar, herra forseti, og það er ekki oft sem ég geri það því að ég hef eiginlega ævinlega litið þannig til að við 2. umr. máls og 3. umr. máls séu þau á forræði þingsins og hafi út af fyrir sig ekkert með framkvæmdarvaldið að gera og hæstv. ráðherra, með fullri virðingu fyrir þeim. En í þessu tilfelli er það bara þannig að ég er hér með bréf frá ráðherranum sjálfum til formanns fjárln., sem dreift var í fjárln., þar sem uppleggið er frá a til ö af hans hálfu þannig að ég held að það sé eðlilegt að hann standi til svara fyrir þetta.

Ég spyr líka: Finnst mönnum þetta eðlileg gjörð í fjáraukalögum við 3. umr.? Ég hef efasemdir um það. Ég árétta hins vegar að ég gerði engar athugasemdir við samninginn milli ríkisins og Reykjavíkurborgar fyrir ári og geri það ekki í dag. Sé það vilji beggja að gera þetta með þessum hætti þá er það þá gott og vel. En af hverju að bíða í heilt ár og stinga þessu inn með þeim hætti sem hér er gert?

Örlítið atriði í annars hinum stóru stærðum sem ég hef einkanlega staldrað við, og það er að gefnu tilefni. Í kaflanum Forsætisráðuneyti er gert ráð fyrir að 64 millj. kr. fari til þess að standa undir kostnaði við sölu á 15% hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands nú í desember. Þar sem forsrh. er, vænti ég, ekki við umræðuna eða hvað?

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. forsrh. er í húsi. Ég skal óska eftir að það sé í hann náð.)

Já. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geti svarað mér varðandi útboð á einkavæðingarverkefni, 64 milljónir, eða er ástæða til þess að kalla hæstv. forsrh. til? Ég læt mér nægja ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hygg að hæstv. fjmrh. ...)

Já, ég trúi því líka, þannig að við getum orðið sammála um það.

Ég spyr að gefnu tilefni — af því að salan hófst í dag, eða er það á morgun? — hvernig verður staðið að henni í þetta skipti? Menn hafa farið ýmsar leiðir í því. Eru margir sem ætla að selja? Fá þeir bónus eða söluþóknun af söluandvirði? Er um fastagreiðslur að ræða? Fór fram útboð vegna þess arna eða hvernig fundu menn töluna 64%? Er það bara deilitala í heildarhluta seldra bréfa? — Kemur nú hæstv. forsrh. í salinn og fagna ég því alveg sérstaklega.

Ég held að nauðsynlegt sé í ljósi reynslunnar, sérstaklega frá því fyrir réttu ári þegar kennitölusöfnunin var í gangi og allt í kringum það. Þá voru ýmsir ankannalegir hlutir á ferð. Það hefur að vísu orðið trúnaðarbrestur á milli forsrh. og tiltekinna aðila á þessum markaði eins og þjóðin hefur fylgst með. Maður spyr sig sérstaklega hvort þau fyrirtæki verði með í þessu eða látin sitja hjá í ljósi slæmrar reynslu ríkisstjórnarinnar að þessu leyti. Það væri fróðlegt að fá að vita þetta. Hér er í sjálfu sér ekki um stórar upphæðir að ræða og í fljótu bragði sé ég ekkert óeðlilegt við þær í hlutfalli við hið selda. En um þetta væri fróðlegt að fá upplýsingar út af ýmsum grundvallaratriðum.

Rétt er að nefna það í framhjáhlaupi, þó menn hafi komið inn á það mörgum sinnum áður, hve athyglisvert er að í fjáraukalögum finna menn allt í einu matarholuna, vaxtabætur. Þær lækka um 70 millj. kr. Menn hafa séð þetta í öllum plöggum ríkisstjórnarinnar, fjárlögum og fjáraukalögum. Hvort sem það eru vaxtabætur eða barnabætur þá fara þær lækkandi en annað hækkandi. Þetta segir auðvitað mikið um áherslur ríkisstjórnarinnar og ekki orð meir um það.

Að öðru leyti, herra forseti, held ég að ástæðulaust sé að orðlengja þetta. Ég held að plaggið tali fyrir sig sjálft. Ég sakna þess hins vegar mjög að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi ekki verið við umræðuna. Ég hafði sérstaklega ætlað honum nokkrar mínútur af ræðu minni en verð þá að eiga orðastað við hann á annarri stund og undir öðrum kringumstæðum og vænti þess að ég finni tíma til þess.

[18:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Vegna spurninga sem til mín var beint, þá er þetta söluþóknun sem gengur til bankanna tveggja sem standa fyrir sölunni. Töluvert var rætt um þetta og tekist á um upphæðina sem bönkunum þótti í lægra lagi. Ég held að þetta sé ásættanleg tala eins og hv. þm. nefndi.

Mér hefur þótt dálítið óþægilegt, vegna þess að einkavæðingin fellur undir forsrn., að kostnaður við einkavæðingu af þessu tagi skuli ekki dreginn frá tekjunum en þannig er vegna fjárreiðulaganna sem nú eru í gildi. Því er þetta bara fært sem nettósala og kemur sem sérstök fjárveiting forsrn. Ég hefði talið eðlilegast að kostnaður við að selja þessar vörur yrði bara dreginn frá tekjunum en þannig virka ekki lögin. Þess vegna kemur þessi tala svona fyrir.

[18:33]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Ég tel að þau hafi verið skýr. Það kemur mér ekki á óvart að ríkisstjórnin hafi tekið það til bragðs í þessari lotu að láta bankana sjálfa sjá um þetta. Hvernig þeir fara að því hygg ég að hvorki forsrh. né aðrir hér geti um svarað. Ég velti hins vegar vöngum áðan vegna sögunnar. Sumum þeirra fyrirtækja sem sýslað hafa með þessa fjármuni og eignir ríkisins hafa verið verri en önnur, skulum við segja. Við skulum vona að betur takist til í þetta skipti en stundum áður.

[18:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á hversu vel tókst til með sölu á bréfum í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Það var gríðarlega stór sala. En vegna þess hvernig háttaði til með þá sölu var kostnaðurinn við hana afar lítill.

[18:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þingmaðurinn gerði athugasemdir við að nokkrir liðir væru færðir á fjáraukalög en ekki fjárlög næsta árs. Þar nefndi hann m.a. Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, vegna framlaga sem þangað eiga að renna á grundvelli samkomulags sem verður væntanlega undirritað á næstunni. Þar er hins vegar um að ræða greiðslur sem falla til á þessu ári.

Hitt atriðið sem hann nefndi var samningur ríkis og Reykjavíkurborgar út af Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hann gerði

athugasemd við að það væri bókfært nú á þessu ári. Sannleikurinn er hins vegar sá að sú skuldbinding féll til þegar mat matsmanna kom á þessu ári. Samkvæmt nýju fjárreiðulögunum ber okkur að gjaldfæra hana á þessu ári þó ekkert sé ákveðið um greiðslur í því sambandi. Ég vil sérstaklega undirstrika það að þessi gjaldfærsla er til þess að uppfylla ákvæði fjárreiðulaganna. Hún er á vissan hátt varúðarráðstöfun gagnvart hugsanlegum greiðslum í framtíðinni, að þá sé búið að bókfæra þær. Samkvæmt samningnum eiga að koma upp í matið sem hér liggur fyrir, upp á 1.650 millj. þegar allt er talið, aðrar eignir til skuldajöfnunar af hálfu ríkisins. Síðan á að greiða þetta með skuldabréfi og um kjör þess bréfs þarf að semja sérstaklega, þ.e. vexti, lánstíma og annað. Ég geri ráð fyrir því að það geti tekið tíma að finna lausn á þessu máli. Þarna er um að ræða margvíslegar eignir sem koma til greina, sem Reykjavíkurborg hefur hugsanlega hug á að fá upp í þessa skuldajöfnun. Það þarf að vinna vel úr því máli áður en slíkt skuldabréf yrði gefið út. Síðan er annað mál hvenær greiðslur samkvæmt því mundu falla til.

[18:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af svari hæstv. ráðherra mætti ætla að allt væri þetta eðlilegt. Þá má hins vegar gagnspyrja og velta því fyrir sér: Af hverju var þetta ekki að finna í frv. ráðherrans sjálfs, þ.e. frv. til fjáraukalaga? Hvers vegna birtist þetta við 3. umr. af hálfu meiri hluta nefndarinnar þegar þetta lá skýrt fyrir allt árið?

Nei, auðvitað er það ekki þannig. Í orðum hæstv. ráðherra lá að ganga ætti frá þessu samkomulagi um jöfnunarsjóðinn á næstu dögum. Hæstv. ráðherra hefur mörgum sinnum hér í ræðustól talað um að ekki væru nokkur áform um að koma til móts við sveitarfélögin eða laka stöðu þeirra, það væri bull og kjaftæði að þau ættu eitthvað inni hjá ríkissjóði. Auðvitað kemur annað á daginn. Af hálfu ríkisstjórnarinnar á nú að lappa upp á þessi samskipti eins og hér er gert. Það breytir því ekki að það er hægt að gera í fjárlögum líka. Gagnrýni mín er eftir sem áður á þessa notkun fjáraukalaga.

Ég saknaði þess hins vegar í andsvari hæstv. ráðherra sem kannski er veigamest þó ég dragi ekki úr mikilvægi annarra atriða, þ.e. hvort hann deilir ekki með mér áhyggjum yfir pattstöðunni varðandi erlend lán og viðvarandi viðskiptahalla.

[18:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Það gefst ekki tími til að svara öllu, herra forseti. Ég býst við að hv. þm. Jón Kristjánsson muni víkja nánar að málefnum sveitarfélaganna. Að því er varðar samninginn við Reykjavíkurborg um yfirtöku Sjúkrahúss Reykjavíkur, þá lá ekki fyrir þegar fjáraukalagafrv. kom fram hver þessi skuldbinding væri. Við notum auðvitað fyrsta tækifæri eftir að það liggur fyrir til að gera grein fyrir því samkvæmt fjárreiðulögum og gjaldfæra þá skuldbindingu því að það er skuldbinding í skilningi fjárreiðulaganna sem þar er til fallin þó svo greiðslur komi hugsanlega ekki fyrr en eftir dúk og disk. Við vitum ekki um það.

Niðurgreiðslur á erlendum lánum er kannski atriði sem útskýra þyrfti í lengra máli. Ég hef aldrei talað um að það ætti eingöngu að greiða niður erlend lán. Það á að borga niður lán ríkisins hvar sem þau er að finna. Við höfum unnið að því hörðum höndum bæði í fyrra og í ár. Það eru hins vegar vissar takmarkanir að því er varðar erlendu lánin. Þingmaðurinn benti á eina þeirra. Hún er sú að það verður að vera gjaldeyrir fyrir hendi í þjóðarbúinu til að hægt sé að borga slík lán. Þar hefur þurft að gæta að því að fara ekki með gjaldeyrisvarasjóðinn niður fyrir ákveðin hættumörk. Í staðinn höfum við borgað upp innlend lán í stórum stíl og greiðum nú einnig aðrar skuldbindingar og bætum stöðu ríkissjóðs með öðrum hætti.

[18:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var býsna merkileg yfirlýsing hjá hæstv. fjmrh. Málum er svo komið að gjaldeyrisvarasjóðurinn er orðinn það rýr að það er ekki talið skynsamlegt að greiða niður erlend lán. Í stað þess sagði hæstv. ráðherra að innlend lán hefðu verið greidd niður. Þá auðvitað verður til nýr vandi. Hann er sá að með þeim hætti aukast fjármunir í umferð innan lands. Bankarnir og lífeyrissjóðirnir hafa auðvitað úr meira fé að moða. Ekki dregur það úr þenslunni.

Herra forseti. Þetta andsvar hæstv. ráðherra staðfestir í einu og öllu það sem ég sagði áðan. Það er komin upp pattstaða, sjálfheld í fjármálum ríkisins eftir mesta góðæri Íslandssögunnar. Það er skelfilegt.

[18:40]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi sérstaklega til mín tveimur spurningum varðandi skuldbindingar í fjárreiðulögunum vegna sjúkrahúsanna. Hæstv. fjmrh. hefur svarað því og ég hef engu við það að bæta.

Varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hefur komið fram að gengið muni frá samkomulagi um útdeilingu á þessu fé innan tíðar. Rétt er að það er þáttur í því að styrkja afkomu þeirra sveitarfélaga þar sem fólksfækkun hefur orðið. Það hefur auðvitað komið í ljós í umræðum um fjárhagsáætlanir þeirra að vandi þeirra er mikill. Því var ekki hjá því komist að taka þetta skref núna. Sú nefnd sem vinnur að endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaganna á síðan að taka við málinu. Þar eigum við sæti, við hv. þm. og ég vona að við eigum gott samstarf um það eins og hingað til. Samstarf okkar hefur verið með miklum ágætum hingað til.

Varðandi hina almennu efnahagsmálaumræðu sem hér hefur farið fram hefur hv. þm. komið fram sem hið ábyrg andlit Samfylkingarinnar í ríkisfjármálum og ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar vantar allar tillögur um það hvað hv. þm. vilja gera til að mæta áhyggjum sínum af framvindu ríkisfjármála.

[18:42]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. svar hans um jöfnunarsjóðinn og einnig hrós hans í okkar garð fyrir ábyrga og málefnalega pólítík sem Samfylkingin hefur rekið á haustdögum og mun halda áfram að reka. Hann kallaði eftir tillögum. Ég vil vekja á því athygli, herra forseti, að það er sérkennilegt að heyra hv. þm., annars vegar formann fjárln. og hins vegar hv. varaformann kalla eftir því af hálfu stjórnarandstöðunnar þegar við ræðum fjáraukalög, gerðan hlut ríkisstjórnarinnar sem nú hefur starfað. Það verður illa við það ráðið. Ríkisstjórnin er búin að klúðra þessu. Það er of seint í rassinn gripið. Hins vegar mundum við auðvitað snúa fullkomlega við blaðinu, fengjum við til þess völd og áhrif við fjárlagagerð. Það mundum við einnig gera af ábyrgð. Við mundum ekki galopna allar gáttir, láta peninga renna í stríðum straumum inn og jafnharðan út aftur.

[18:43]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. dreymir um völd og áhrif. Ég get ekkert sagt um það hvenær að því kemur að völd hans aukist. Hins vegar væri fróðlegt að sjá hvað hv. þm. hefur uppi í erminni þegar völd hans aukast og hvernig Samfylkingin, ef hún væri í stjórnaraðstöðu, mundi bregðast við viðskiptahallanum sem við deilum áhyggjum af, ég og hv. þm. Þær lausnir hafa ekki komið í ljós við þessa umræðu en það kemur dagur eftir þannan dag, 3. umr. fjárlaga er væntanlega á morgun þannig að ekki er öll nótt úti að ræða þessa hlið málsins, hina almennu efnahagslegu hlið.

[18:45]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á því að ríkisstjórnarliðið ákalli okkur stjórnarandstæðinga og biðji um hjálp.

[18:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. (**Forsrh.:** Komstu með ræðuna með þér?) Ég er með ýmis gögn, hæstv. forsrh. Ég bið hæstv. ráðherra að bíða rólegan. Þetta verður allt mjög fróðlegt.

Ég hlýt að minna á, herra forseti, að þessi fundur er haldinn undir nokkrum mótmælum frá ræðumanni. Ég tel alveg á mörkunum að hægt sé að segja að nokkur svipur sé á þessu fundarhaldi varðandi fjáraukalaga- og fyrirhugaða fjárlagaafgreiðslu á þinginu. Það er dapurlegt, herra forseti, en það hefur reynst óhjákvæmilegt að upplýsa hvernig unnið er að þessum vandasömu verkefnum á lokasprettinum. Ég býst við að þjóðinni þyki það umhugsunarefni hvernig t.d. tekjuforsendur fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru meðhöndlaðar á hinu háa Alþingi. Hvað sem líður vilja manna til að halda tímaáætlanir og ræða fjárlagafrv. til 3. umr. á einhverjum tilteknum degi þá held ég að hitt hljóti að skipta meira máli að undirbúningurinn og undirbyggingin sé sæmilega vönduð. Það er tæpast hægt að segja að svo hafi verið í dag. Ný þjóðhagsspá komst í hendur manna á þessum degi. Hún var gefin út til fjölmiðla kl. 4 í dag þegar búið var að loka Verðbréfaþinginu, fyrr mátti ekki létta trúnaði af þeim tíðindum. Í sömu andrá stendur yfir fundarhald á Alþingi, í uppnámi af því að það átti að ræða málin á grunni sömu þjóðhagsspár.

Þegar verið er að ganga frá fjáraukalagafrv. fyrir yfirstandandi ár og leggja lokahönd á afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir næsta ár þá hljóta menn að vilja byggja það á bestu og nýjustu upplýsingum um þróunina í þjóðarbúskapnum. Annað væri sérkennilegt. Því meiri ástæða er til að vanda sig í þessum efnum, herra forseti, þegar í ljós kemur að umtalsverðar breytingar verða frá því sem menn höfðu búist við og vonað. Þetta fjáraukalagafrv. gaf strax á haustdögum tóninn um að menn hefðu vanmetið ýmsa þætti í efnahagsmálum þegar fjárlögum var lokað fyrir tæpu ári.

Í þessu frv. stendur varla steinn yfir steini. Enn á ný hafa orðið verulegar breytingar á áætluðum tekjum ríkissjóðs. Umtalsverðar breytingar eru á þjóðhagshorfum og þarf að meta það inn í útlitið fyrir bæði tekjur og gjöld á næsta ári. Ég leyfi mér að fullyrða að þó að menn séu býsna vel að sér í efh.- og viðskn. og fjárln. þá hefði þeim ekki veitt af meira en nokkrum klukkutímum til að rýna aðeins í það mál. Þetta, herra forseti, innleiðir á vissan hátt losarabrag á þessum hlutum sem tilheyrði, hélt ég, öðrum tímum. Það var þegar bullandi verðbólga var og óstöðugleiki í efnahagslífinu, á tímum sem enginn vill hverfa aftur til. Menn afsökuðu sig gjarnan með því á lokasprettinum í fjárlagagerðinni að það væri hvort sem er ómögulegt að átta sig á hvernig þetta þróaðist þegar allt væri á fullri ferð í 20–30 eða 40% verðbólgu eða hvað það nú var, þá væru þetta meira og minna skot út í loftið.

En í sæmilega stöðugu verðlagi á að vera hægt að átta sig nokkuð vel á því sem í vændum er og á hvaða grunni menn byggja ákvarðanatökuna á hverjum tíma. Auðvitað geta síðan breytingar orðið og verða alltaf einhverjar. En mér finnst metnaður manna ekki mjög mikill að sulla þessu svona saman frammi fyrir alþjóð með þjóðhagsforsendurnar allar meira og minna á floti fram á síðustu stundu og milljarða tilhlaup í tekjum og gjöldum. Menn mega varla opna útvarpið þessa dagana án þess að fá nýjar fréttir af breyttum stærðum í þessum efnum.

Herra forseti. Þegar við ræddum um fjáraukalagafrv. við 2. umr. voru menn eðli málsins samkvæmt nokkuð uppteknir af útgjaldaþenslunni á sviði heilbrigðismála. Það var meginumfjöllunin við 2. umr. fyrir nokkrum dögum. Þá voru menn að setja samkvæmt tillögum meiri hlutans umtalsverðar fjárhæðir, milljarða kr. í aukin framlög í heilbrigðiskerfið. Sama var upp á teningnum að nokkru leyti við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir næsta ár. En það kemur á daginn að það er ekki bara í heilbrigðismálum sem hlutirnir eru á mikilli ferð heldur er það víðar. Ég spái því að útgjaldaþenslan sé vanmetin á ýmsum öðrum sviðum þar sem hún hefur kannski birst mönnum á annan hátt eða seinna en hún hefur gert í heilbrigðiskerfinu. Þar var líka við að glíma mikla vanáætlun sem haldið var fram að væri fyrir hendi við afgreiðslu fjárlaga í fyrra. Fjáraukalagafrv. og brtt. meiri hlutans og frv. eins og það lítur nú út eftir 2. umr. sem fór fram 8. desember sl. sannar að þar var um stórfellt vanmat að ræða, jafnvel þó að menn taki ýtrasta tillit til breytinga og ófyrirséðra þátta sem komið hafa upp á árinu, t.d. framgangskerfi í launum og annað slíkt.

Þá hljóta menn að spyrja, herra forseti, þegar um svona skekkjur er að ræða í efnahagsmálum okkar. Hættumerkin sem menn voru að vonast til að slá mundi á á haustmánuðum hafa ekki gert það heldur eru þau þvert á móti alvarlegri en menn reiknuðu með samanber hina nýju þjóðhagsspá sem ég ætla aðeins að koma að á eftir. Hvað hefur þá brugðist? Hvaða mistök hafa menn gert eða er þetta eitthvað sem er óviðráðanlegt? Er þetta eingöngu vandinn við að velja á milli? Er mikill hagvöxtur og þensla með þeim vaxtarverkjum og jafnvægisleysi sem þessu fylgir að ýmsu leyti eða er til einhver farsælli leið? Ég held að við hljótum að trúa á það ef við viljum að hér sé jafnt, stöðugt og gott efnahagsástand og viðgangur í efnahagslífinu.

Ég held að menn hafi algerlega vanrækt að líta til ýmissa þátta. Menn hafa ýtt til hliðar eða á undan sér að takast á við þá, að hluta til viljandi falið þá fyrir sjálfum sér og öðrum, sérstaklega af því að það hentaði ekki á síðasta ári og fram á mitt þetta ár að láta þá hluti vera mjög uppi á yfirborðinu.

Ég ætla að nefna þar í fyrsta lagi þann vanda, þá vanáætlun og aðferðafræði sem menn hafa stundað við að áætla útgjöld til mikilvægra málaflokka eins og t.d. í heilbrigðismálum. Það er augljóst mál að aðferðafræðin undanfarin ár fær falleinkunn í þeim staðreyndum sem núna blasa við okkur úr því kerfi. Hún fær einfaldlega falleinkunn. Hausaveiðar eða slíkar æfingar lækna ekki það mál að mínu mati. Ég held að

ríkisstjórn og Alþingi, a.m.k. meiri hluti Alþingis, verði að líta í eigin barm og viðurkenna að það hvernig staðið hefur verið að og unnið að þessum málum hefur ekki skilað árangri undanfarið.

Í öðru lagi held ég að menn hafi gert mistök í hagstjórninni á undanförnum árum að farið hefur verið óvarlega með innspýtingu á fjármagni í hagkerfið. Stórar fjárfestingar sem stjórnvöld hafa komið að hafa bæst við þá þenslu sem verið hefur í efnahagslífinu og einkum á suðvesturhorninu. Stjórnvöld hafa komið að því að semja um miklar stóriðjuframkvæmdir og fleiri stórar framkvæmdir sem allar eru meira og minna á suðvesturhorni landsins. Þær hafa lagst við hraða íbúafjölgun á svæðinu vegna innstreymis fólks, einnig kemur til hækkandi fasteignaverð og fleiri þenslumerki sem verið hafa ljós um langt skeið og menn hafa látið eins og ekki þyrfti að hafa af því neinar áhyggjur.

Ég held að í þriðja lagi hafi menn gert hrein mistök í stjórn ríkisfjármála og í hagstjórn, þar sem voru t.d. hinar flötu skattalækkanir í miðri uppsveiflunni. Auðvitað eru þær eftir á að hyggja ekkert nema mistök, að hleypa því fé í umferð til viðbótar vaxandi kaupmætti ráðstöfunartekna einkum hjá hátekjufólki og til viðbótar mjög batnandi afkomu fyrirtækja hafa menn bætt milljörðum kr. í umferð með skattalækkunum, flötum skattalækkunum og beinum lækkunum t.d. á skattprósentu á hagnaði fyrirtækja og gengið þar miklu lengra en ástæða var til að gera.

Skattbreytingar hæstv. ríkisstjórnar sem sannanlega hafa gagnast barnlausu hátekjufólki best eins og allur samanburður sýnir eru auðvitað óskynsamlegar í ljósi þeirra aðstæðna sem við stöndum frammi fyrir og erfitt er að réttlæta þær eða rökstyðja á sama tíma og meðaltekju- og hátekjufólk, t.d. barnlaust hjónafólk, hefur aukið ráðstöfunartekjur sínar á fáeinum árum um 20%, líklega mest allra hópa. Ýmislegt í skattamálum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hefur verið misráðið. Menn geta sagt núna að það sé auðvelt að vera vitur eftir á. Það er vissulega rétt að stefnan var mörkuð í þessum efnum í tengslum við kjarasamninga fyrir líklega um tveimur til þremur árum. Ég man ekki nákvæmlega hvenær það var, fyrir þremur árum frekar en tveimur. Vissulega lágu ekki allar sömu aðstæður fyrir þá en þó, herra forseti, var þá reynt að hafa uppi varnarorð og spurt hvort þetta væri hyggileg stefna, ekki bara út frá réttlætissjónarmiðum, út frá spurningu um tekjudreifingu eða jöfnun heldur líka út frá hagstjórnarlegum viðmiðunum. Ég held að sýnt sé í ljósi þess sem síðast hefur gerst að svo er ekki.

Ef menn leggja jafnríka áherslu á tekjuafgang ríkissjóðs og menn gera, og það er ekki ósjaldan sem það stendur upp úr ráðamönnum að lækningin við þessu eigi að vera sú að skila ríkissjóði með stórauknum afgangi, eru menn þá ekki um leið að segja að það hefði verið enn betra að hafa viðbótartekjur upp á nokkra milljarða kr. inni í ríkissjóði sem menn hafa sleppt þaðan út með skattalækkunum? Ég held að það hljóti að vera og það sanni sig sjálft.

Ég nefni eitt enn, herra forseti, þar sem menn hafa ekki tekið á málum, flotið áfram sofandi sem nú er viðurkennt í flaustursleg brtt. um t.d. 700 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem er í sjálfu sér hið besta mál. Ég fagna því að það er viðurkennt að koma þurfi til móts við vanda þeirra sveitarfélaga sem þar standa verst að vígi, t.d. þau sem hafa misst frá sér fólk og misst frá sér tekjur á undanförnum árum. Með því eru menn að taka undir það sem ræðumaður hefur ítrekað reynt að fá til umræðu á undanförnum missirum, þ.e. tekjuskiptavandann milli ríkis og sveitarfélaga. Ég hef haldið því fram að menn hafi gert mistök í því að vera ekki búnir fyrir löngu að taka á því máli þegar ljóst er að ríkissjóður hefur búið við mjög batnandi afkomu eins og hann jafnan gerir þegar menn ríða upp á kúfinn í efnahagslegri uppsveiflu og það er innbyggt í kerfið, þá skila tekjur sér inn en útgjöldin koma kannski á eftir. Það er tímatöf í kerfinu, bil sem hjálpar ríkissjóði og hann græðir á þessu ákveðna tímabili hagsveiflunnar. Það er alveg augljóst, auðskilið mál og alþekkt úr sögunni.

En þetta snýr öðruvísi að sveitarfélögum auk þess sem ýmsar skattalagabreytingar og verkefnatilflutningur hefur sannanlega haft það í för með sér að mörg sveitarfélaganna hafa strítt við mjög erfiðar fjárhagsaðstæður. Mörg þeirra eru þannig að það fer hver einasta króna í rekstur. Það er ekkert afgangs til að mæta fjáruppbyggingu, fjárfestingum eða í að hrinda af stað umbótum sem kosta stofnfjárfestingar í mannvirkjum, skólum eða öðru slíku. Þessum tekjuskiptavanda ríkis og sveitarfélaga hafa menn ýtt á undan sér. Síðasta ríkisstjórn gerði ekkert af viti í þeim málum, ekki neitt. Nú hafa menn að vísu viðurkennt vandann með því að skipa ótal nefndir út og suður og setja sjálfa sig í allar nefndirnar eins og hv. þm. Jón Kristjánsson. Það er ekki nóg að hv. þm. sé formaður fjárln. heldur er hann líka formaður í alls konar vinnunefndum út um dal og hól sem eru að glíma við þætti sem tengjast sjálfum fjárlagavandanum.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé að ljúka ræðu sinni eða hvort nauðsynlegt sé að fresta henni vegna matarhlés.)

Ég vil nú spyrja hæstv. forseta hvort honum heyrist það.

(**Forseti** (HBl)**:** Mér fannst hv. þm. óvenjumælskur.)

Nei, ég á nokkuð eftir, herra forseti, þannig að ég mundi þá fá að gera hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (HBl)**:** Þá verður gert hlé á ræðu hv. þm. þangað til eftir matarhlé.)

[19:00]

Útbýting þingskjala:

Afkoma Landsbanka Íslands 1988-97, 279. mál, fsp. GAK, þskj. 398.

Fjáraukalög 1999, 117. mál, brtt. JónK, þskj. 396.

Fjárlög 2000, 1. mál, þskj. 372.

Forkaupsréttur sveitarfélaga að fiskiskipum, 277. mál, fsp. SvanJ, þskj. 395.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 251. mál, nál. sjútvn., þskj. 400.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 280. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 399.

Rannsóknir á tveimur sjóslysum, 278. mál, fsp. GHall, þskj. 397.

Skipulags- og byggingarlög, 276. mál, frv. umhvn., þskj. 390.

Skráð trúfélög, 69. mál, nál. allshn., þskj. 393; brtt. allshn., þskj. 394.

Ættleiðingar, 68. mál, nál. allshn., þskj. 391; brtt. allshn., þskj. 392.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 19:02]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:36]
[20:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um þessa atkvæðagreiðslu. Afbrigði sem hér er verið að kalla eftir höfum við gjarnan kallað „þrátt fyrir"-ákvæðið, þ.e. þegar heimila á að ákveðnir tekjustofnar sem eiga að renna til sérstakra verkefna, hluti þeirra eða þeir að öllu leyti, renni í ríkissjóð. Á dagskrá þessa fundar eru fjögur slík mál, þ.e. ákveðnir tekjustofnar eiga að renna til fastra verkefna en ríkisstjórnin ákveður að hluti þeirra sé tekinn í ríkissjóð.

Ég kveð mér hljóðs til að gagnrýna hve seint þessi frumvörp eru fram komin. Við erum vön því, herra forseti, að mál sem taka á fyrir á haustþingi og ljúka fyrir jól koma mjög seint fram. Við erum löngu búin að læra að það er ekki tímaskortur sem veldur heldur vegna þess að mönnum þykir það henta að málin stoppi stutt við, fái litla athygli og séu helst rifin út úr nefndum fyrir jól og afgreidd.

Í máli sem heitir Brunavarnir og brunamál fyrir nokkrum kvöldum spurðist ég fyrir um hvað liði öðrum slíkum frv. sem von væri á. Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að 3. liður á dagskrá þessa fundar sem hér er verið að leita eftir afbrigðum um, ráðstöfun erfðafjárskatts, er ekki seinna til komin hjá ríkisstjórninni en svo að það lá fyrir þann 1. okt. sl. Þetta eru auðvitað hvimleið vinnubrögð. Þau eru fyrst og fremst hvimleið vegna þess að þau eru vond. Það er illa haldið á málum, það er verið að henda málum hingað inn í síðustu viku þingsins sem hefðu átt að koma fyrir löngu og greiða afbrigði um að taka þau á dagskrá vegna tímaskorts.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, gagnrýna það hversu mál koma almennt seint fram þannig að leita þurfi sérstakra afbrigða um þau.

[20:34]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill tilkynna að eftir atkvæðagreiðslu verður gert 10 mínútna hlé á þingfundi vegna fundar formanna þingflokka.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 3.–4. dagskrármáls og brtt. 396. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DLH, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KPál, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SÞ, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack.

21 þm. (ÁMM, DrH, EKG, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JHall, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, StB, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að greiða þessum afbrigðum atkvæði en þó með miklum semingi eins og einhvern tíma var sagt hér. Ég verð að segja að mér finnst þetta yfirgengilegt sleifarlag af hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutanum að þeir sem bera ábyrgð á störfum og tek þar undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Það er yfirgengilegt að loksins nú skuli frumvörp vera að birtast og það þurfi að taka þau á dagskrá með afbrigðum. Fyrir hefur legið síðan 1. okt. að flytja þyrfti þau til að afla heimilda vegna skerðinga á sérmerktum tekjustofnum Framkvæmdasjóðs fatlaðra og aldraðra. Það er væntanlega ekki nein ný uppgötvun hjá mönnum úr því að það liggur fyrir að þetta þurfi að gera. Hvernig í ósköpunum stendur þá á því að ekki er hægt að koma því fram fyrr en um miðjan desembermánuð? Það er ekki von að vel gangi með störfin, herra forseti, ef undirbúningurinn er allur með þessum hætti.

Það er óhjákvæmilegt að lýsa mikilli undrun á þessum vinnubrögðum og mótmæla þeim en þetta er svo sem það sem við megum búa við í fleiri tilvikum þessa klukkutímana eins og kunnugt er.

Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), frh. fyrri umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:36]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 81. mál (einsetning, samræmd lokapróf). — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:37]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DLH, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KPál, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.

21 þm. (ÁMM, DrH, EKG, EOK, GÁS, GÖ, GunnB, ÍGP, JHall, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 410).

Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, frh. 2. umr.

Stjfrv., 67. mál (skilyrði bótagreiðslu). — Þskj. 67, nál. 325.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:38]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 89. mál (umhverfisbrot). — Þskj. 89, nál. 333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:39]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Samningur um flutning dæmdra manna, frh. síðari umr.

Stjtill., 113. mál. — Þskj. 123, nál. 328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:40]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KPál, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
21 þm. (ÁMM, BH, DrH, EKG, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JHall, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 415).

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES), frh. síðari umr.

Stjtill., 195. mál. — Þskj. 227, nál. 382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:41]
Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DLH, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KPál, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SÞ, SvanJ, TIO, VS, ÞSveinb, ÞBack.
21 þm. (ÁMM, DrH, EKG, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JHall, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RG, SighB, StB, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 416).

Jarðalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 227. mál (lögræðisaldur). — Þskj. 272, nál. 366.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:42]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 20:42]

Fjáraukalög 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 340, nál. 323, frhnál. 377 og 386, brtt. 378, 379, 380, 381 og 396.

[20:56]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Ég var kominn nokkuð af stað í ræðu minni um fjáraukalagafrv., var að ræða lítillega um útgjaldaþáttinn, útgjaldaþensluna, m.a. til heilbrigðismála. Sömuleiðis fjallaði ég um mistök sem menn hefðu gert í hagstjórn. Ég var kominn að tekjuskiptavanda ríkis og sveitarfélaga og benti á að það væri eitt af þeim málum sem menn hefðu vanrækt að taka á. Ég hef kannski ekki miklu við þann þátt málsins að bæta. Ég held þó að m.a. það sem er lagt til í brtt. meiri hlutans sem og nefndarstarf af ýmsu tagi sem ríkisstjórnin hefur komið í gang á handahlaupum undanfarna mánuði sé til marks um að þessi samskipti eru ekki í lagi. Menn hafa dregið það úr hömlu að fara í gagngera endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Við svo búið má ekki standa. Þar er mikið ójafnvægi í afkomu sem lýsir sér í því að sveitarfélög, þar á meðal mörg af stærri sveitarfélögum landsins en þó einkanlega meðalstóru sveitarfélögin og mörg sjávarbyggðarlagasveitarfélögin, eiga í miklum erfiðleikum.

Þetta snertir bæði tekjustofnana sjálfa og skattkerfisbreytingar sem gerðar hafa verið. Þetta kemur inn á verkaskiptingu sem hefur verið endurskoðuð og henni breytt þannig að sveitarfélögin hafa tekið við meiri verkefnum en ekki fengið tekjustofna á móti, a.m.k. ekki til að mæta þeim væntingum um úrbætur í viðkomandi málaflokki, launahækkanir og fleira, sem pakkanum hafa fylgt. Þetta blasir við og kemur einnig inn á byggðamálin, þá fólksfækkun og tekjufall sem orðið hefur í mörgum sveitarfélögum. Síðast en ekki síst kemur þetta inn á stöðuna í húsnæðismálum. Þar fóru menn í lagabreytingar fyrir um ári eða svo sem augljóslega eiga eftir að hafa víðtæk áhrif á stöðu margra sveitarfélaga. Það var gert án þess að gera upp hver ætti að mæta áföllunum og taka á sig afskriftirnar sem óhjákvæmilegar voru í því kerfi.

Nú eru menn að einhverju leyti, herra forseti, þó seint sé, annars vegar í fjárlagafrv. og einnig við afgreiðslu fjáraukalagafrv. og að einhverju leyti við afgreiðslu fjárlaganna, að viðurkenna að þarna sé vandinn óleystur. Hér á að færa 700 millj. kr. inn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, skilyrt til ráðstöfunar m.a. til að mæta fólksfækkun og tekjufalli sveitarfélaga sem fyrir því verða og til að greiða jöfnunarframlög til sveitarfélaganna samkvæmt tiltekinni grein sveitarstjórnarlaganna. Þetta er gott og vel, herra forseti, en er þó til marks um það í sjálfu sér að þessi samskipti hafa ekki verið eðlileg.

Ég hef komið inn á það áður og þarf svo sem ekki að endurtaka það í löngu máli en það er eins og til að kóróna vitleysuna í þessu að hæstv. ráðherrar hafa haft það sem sérstakan plagsið að koma helst aldrei fram fyrir hljómnema án þess að nota tækifærið og hnýta í sveitarfélögin. Þeir sparka létt í þau fyrir óráðsíu í fjármálum og ganga jafnvel svo langt sumir, eins og hæstv. forsrh., að tala um fjármálastjórn sveitarfélaganna, þá einkum stærsta sveitarfélagsins, sem stærsta efnahagsvandamálið. Ég held að hæstv. forsrh. ætti að líta sér nær og hafa áhyggjur af einhverju öðru akkúrat þessa dagana þegar ný þjóðhagsspá er að koma á borð okkar og sýnir að hættumerkin í íslenskum efnahagsmálum eru mörg. Þar er verðbólga, bullandi viðskiptahalli og fleira sem ég ætla að koma aðeins inn á.

Herra forseti. Menn voru mjög upptekni af tekjuauka ríkissjóðs á þessu ári og geta að sjálfsögðu glaðst yfir því eins og hæstv. fjmrh. gerir auðvitað manna frekast að ríkissjóður fái miklar tekjur. Það er gott í sjálfu sér svo langt sem það nær en það er líka nauðsynlegt að hyggja að því hvers vegna ríkissjóður er að fá auknar tekjur og þá er málið ekki alveg jafngott. Ríkissjóður er fyrst og fremst að fá auknar tekjur vegna verðbólgu, vegna mikils viðskiptahalla, þ.e. gífurlegs innflutnings og vegna þenslu sem hefur haldið uppi mikilli veltu í þjóðfélaginu. Það sem verra er er að þessi þensla er að verulegu leyti drifin áfram af eyðslu. Þetta hef ég kallað, herra forseti, eyðslugóðæri. Við höfum færst í ákveðnum skrefum úr því að búa við framleiðslugóðæri, sem segja má að við höfum gert á árunum 1994–1995, þegar aukin verðmætasköpun og aukinn útflutningur var fyrst og fremst drifhvati hagvaxtarins, yfir í það að hagvöxturinn var kannski aðallega drifinn áfram næstu ár þar á eftir af fjárfestingum. Þá voru stórfelldar framkvæmdir í gangi sem eru út af fyrir sig enn eða hafa verið, þó að það sé heldur í rénun. En núna síðustu 1–2 árin og alveg sérstaklega blasir það við okkur núna þegar við skoðum nýja þjóðhagsspá er hagvöxturinn drifinn áfram af eyðslu sem a.m.k. tveimur þriðju hlutum er hrein neyslueyðsla og aðeins kannski þriðjungur fjárfesting. Það eru mjög mikil hættumerki. Þjóðarbúið er að eyða tæpum 40 milljörðum kr. umfram það sem það aflar ef við gerum upp fyrirtækið Ísland hf., eins og er í tísku að hafa alla hluti í dag, og lítum á þetta sem efnahagsreikning í venjulegu fyrirtæki, kannski mundu einhverjir segja næstum því ehf. og vísa þá til hæstv. forsrh. En eigum við ekki að hafa þetta þjóðfélag okkar almenningshlutafélag, þá er það rekið með u.þ.b. 38–40 milljarða halla í viðskiptum sínum við önnur fyrirtæki, þ.e. útlönd.

Nýjar þjóðhagsforsendur, herra forseti, komu á borð okkar þingmanna í morgun og í hádeginu og núna kl. 4 var létt af þeim trúnaði. Það er því miður ekkert annað hægt að gera en horfast í augu við það að þær eru að mörgu leyti mikil vonbrigði vegna þess að væntingar manna um að nú færi að slá á þensluna og jafnvel yrði nokkur hjöðnun á verðlagi á haustmánuðum í kjölfar aðgerða sem menn töldu sig hafa verið að grípa til og bundu vonir við að mundu skila árangri, hafa ekki gengið eftir. Hækkun bindiskyldu Seðlabankans frá því á sl. vetri, endurteknar vaxtahækkanir síðsumars og í haust og skilaboð ríkisstjórnarinnar um að nú yrði um að ræða mjög aðhaldssöm fjárlög og mikinn afgang á ríkissjóði, ekkert af þessu hefur haft þau áhrif sem menn vonuðust til að mundi slá á þensluna og skila einhverjum merkjum um að draga færi úr verðbólgu og viðskiptahalla. Það eru tíðindi dagsins, það er í raun og veru mergurinn málsins úr þeirri nýju þjóðhagsspá sem lögð var á borð okkar í dag. Því miður er það svo að verðbólguspárnar, og í raun allar helstu breytur í þessari nýju þjóðhagsáætlun, eru í óhagstæða átt. Það eina „jákvæða" er að áframhaldandi tekjuauki ríkissjóðs helst miðað við þetta svo lengi sem þenslan varir. Það er alveg ljóst að um leið og þenslan hjaðnar verður þar breyting á. Það er bundið því.

Herra forseti. Þetta ræðum við kannski betur á morgun við 3. umr. um fjárlög, en þetta á að sjálfsögðu einnig erindi inn í umræður um fjáraukalög, því að þau eru viðbrögð við breyttum efnahagslegum aðstæðum. Þau eru viðbrögð við breyttum þjóðhagsforsendum innan þessa árs og auðvitað byggja menn að verulegu leyti á þeim grunni hvað framhaldið snertir. Menn framreikna þær upplýsingar sem nú liggja fyrir úr ríkisbúskapnum, úr þjóðhagslegum mælingum og á þeim grundvelli eru menn síðan að reyna að baksast við að berja saman fjárlög. Getur svo hver metið hversu auðvelt verk það er að hafa það sæmilega trúverðugt þegar á floti eru forsendur af þessu tagi, tekjuáætlun ríkissjóðs hleypur til um milljarða kr., útgjöldin að sjálfsögðu einnig um háar fjárhæðir að ræða og hlutir eins og áætlun um viðskiptahalla og verðbólgu og annað slíkt eru að breytast um háar fjárhæðir. Það munar t.d. um minna hvort viðskiptahallinn verður 20, 25 milljarðar eða tæpir 40 eins og nú er farið að spá. Það er mjög alvaraleg breyting af mörgum ástæðum, bæði vegna þess að auðvitað er mjög slæmt að þjóðarbúið eyði umfram efni en líka vegna þess að þetta er mælikvarði á verulegt tilhlaup í öllum efnahagslegum aðstæðum.

Það sem ég held því miður, herra forseti, að hafi kannski ekki fengið næga athygli í þessu eru þættir sem e.t.v. ber minna á í þessum breytingum en ég tel að mörgu leyti alvarlegri en verðbólgu- og viðskiptahallamælingarnar. Það er t.d. sú staðreynd að þegar við metum stöðu útflutningsframleiðslunnar annars vegar og innflutningsins hins vegar hallast á í báðum tilvikum. Nú metur Þjóðhagsstofnun vöxt útflutnings minni en áður var áætlað, að hann muni aukast um 6,9% í stað þess að þjóðhagasáætlun frá því í haust var upp á 8,3%. Þetta gildir um útflutninginn. Hann dregst sem sagt saman. Horfurnar fyrir næsta ár eru á sömu lund. Í staðinn fyrir að menn gerðu ráð fyrir 2,6% aukningu útflutnings á árinu 2000 er sú spá núna lækkuð niður í 1,9% sem er orðinn óverulegur vöxtur. Ef við lítum á innflutningshliðina þá er hreyfingin líka mjög óhagstæð þar. Innflutningurinn vex mun meira en áður var spáð, eða úr 3,4% sem spáð var samkvæmt þjóðhagsáætlun í 6% nú. Horfurnar fyrir næsta ár eru nánast óbreyttar, þ.e. 1,9% í stað 2% í vöxt. Þetta eru í raun mjög alvarleg skilaboð vegna þess að þetta þýðir að hreyfingin er í öfuga átt á báðum hliðum. Innflutningurinn er að minnka, eða vex ekki með sama hætti og við höfum gert okkur vonir um þrátt fyrir auknar þjóðartekjur og vöxt í efnahagslífinu. Útflutningsframleiðslan heldur ekki nema rétt í horfinu við verðlagið en innflutningurinn vex gríðarlega. Það má sömuleiðis, herra forseti, benda á að viðskiptakjörin fara því miður versnandi. Þau fara versnandi, og meira en við áttum von á. Spáð var viðskiptakjararýrnun eða að viðskiptakjörum mundi hnigna um 1,6%. Nú er sú spá hækkuð í 1,9% á árinu. Hvað þýðir það þegar viðskiptakjörin versna? Það þýðir að hlutfallslegt verðmæti í heimsviðskiptum okkar í útflutningsframleiðslu er að lækka. Það þýðir að við erum óheppin. Verð að breyttu breytanda er að lækka á útflutningsvörum okkar í samanburði við innflutning. Þetta er sömuleiðis mjög óhagstæð þróun. Þegar

horft er til verðbólguspárinnar sem er hækkuð um meira en 1%, úr 3,4 í 4,5 og áætlana um viðskiptahalla, þá er þetta allt heldur óhagstætt. Það má segja að nánast hver einasta breyta í hinni endurskoðuðu þjóðhagsspá hreyfist í ranga átt. Viðskiptakjörin versna, innflutningurinn eykst, útflutningurinn minnkar, verðbólgan vex, viðskiptahallinn vex o.s.frv.

Herra forseti. Þetta eru heldur dapurlegar horfur. Þau varnaðarorð og þær áhyggjur sem menn höfðu á miðju sumri og í haust, en hugguðu sig þá við að þetta mundi standa til bóta því að menn bundu vonir við að verðhækkunarkúfurinn væri kominn og nú færi verðlagið að hjaðna, hafa ekki gengið eftir. Ónefnt er þá, herra forseti, það sem ég óttast nú kannski mest að sé vanmetið eða þá ofmetið, eftir því út frá hvorum sjónarhólnum maður nálgast það, er staðan í sjávarútveginum. Ég hef áhyggjur af því að þar eigi menn eftir að sjá meiri erfiðleika en menn eru enn að reikna með í þessum áætlunum. Þess muni sjá stað, nema þá að við verðum þeim mun heppnari á næsta ári og okkur gangi þeim mun betur sem því miður kannski fátt bendir til enn þá í augnablikinu, að þar eigi menn eftir að standa frammi fyrir vaxandi erfiðleikum, bæði í rekstri einstakra fyrirtækja, innan heilla greina í sjávarútveginum og einnig að nokkru leyti hvað varðar markaðsstöðuna og fleira í þeim dúr.

Ónefndur er þá, herra forseti, einn þáttur enn þar sem ég sé ekki betur en að menn séu í mikilli kreppu í hagstjórninni. Og það er að Seðlabankinn — væri nú æskilegt að hæstv. fjmrh. gæti verið viðstaddur — hefur verið að reyna að grípa til þeirra ráða til að slá á verðbólgu á árinu að hækka vexti og halda uppi háu gengi. Raungengi krónunnar hefur hækkað umtalsvert á síðustu mánuðum og hefur það þó verið hækkandi og hafði verið hækkandi allt frá árinu 1994. Raungengi krónunnar hefur hækkað á báða mælikvarðana, verðlagsþróun og launaþróun allt frá 1994. Það er núna að nálgast það að vera í svipaðri hæð og það var við upphaf áratugarins og það er hærra en það var á árabilinu frá 1990–1993 eða 1994, og það er hærra en það var á árabilinu frá 1983–1986 eða 1987. Það er má segja í miðjum hlíðum innan hinnar miklu gengishækkunar í fastgengisstefnunni á árunum 1986–1988. Allir vita, herra forseti, hvernig það endaði, hvernig það lék útflutningsatvinnuvegina og hvernig íslenskt efnahagslíf var leikið hér á síðari hluta ársins 1988 í kjölfar fastgengisstefnunnar og þeirrar staðreyndar að menn héldu ekki genginu föstu í verðbólgu og byggðu á algjörlega óraunhæfum forsendum fyrir útflutningsatvinnuvegina og raunar allt efnahagslífið.

Nú ætla ég alls ekki að segja, herra forseti, að aðstæðurnar séu sambærilegar og guð láti gott á vita að þær séu það ekki. Gengið er vissulega ekki enn orðið jafnhátt og það fór hæst í toppunum og vantar talsvert upp á. En það er á uppleið, það hefur hækkað og það er að síga upp úr þeim mörkum sem hefur reynst okkur vel að hafa það í, þegar við lítum til lengri tíma og í sögulegu ljósi í efnahagslífi okkar. En kreppan er sú, klemman sem menn eru í er sú að Seðlabankinn er út af fyrir sig af skiljanlegum ástæðum að reyna að beita þessari stefnu til að halda aftur af verðlaginu. Keyra upp háa vexti og verja hátt raungengisstig krónunnar. En á hinn bóginn er það andstætt markmiðunum að ná niður viðskiptahallanum og það mun í vaxandi mæli reynast útflutningsatvinnuvegunum erfitt. Menn eru því í mikilli bóndabeygju. Hvernig ætla menn að vinna sig út úr henni? Og hver á að sjá um hvað? Seðlabankinn segir væntanlega að tæki hans og úrræði séu takmörkuð í þessum efnum. Vissulega eru þau það. Og þá er vísað á aðra, þá er vísað á ríkisbúskapinn, veita verði aðhald með aðhaldssömum fjárlögum, hvetja verði til sparnaðar almennings o.s.frv. Og að sjálfsögðu er nauðsynlegt að menn ræði öll möguleg úrræði í þessum efnum.

Ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að staðan sé sú að við getum ekki keyrt skútuna miklu lengur áfram í sömu átt. Ég held að það sé þannig. Ég held að það fari að hrikta alvarlega í og alvarlegir boðar fram undan ef við náum ekki verðbólgunni og viðskiptahallanum niður. Ef við þurfum að keyra áfram á þessum háu vöxtum og háa raungengi, þá fer að hrikta í vaxandi mæli. Það er t.d. ábyggilega ekki létt fyrir sjávarútveginn. Tökum uppsjávarfiskagreinarnar eða rækjuiðnaðinn eða aðra sem hafa verið að keyra á lágu verði og hafa núna tekið á sig í rauninni 4% tekjufall gagnvart innlendum tilkostnaði vegna hækkunar raungengisins á síðustu mánuðum. En það er það sem hefur gerst. Núna er gengið að nálgast efri mörkin í vikamörkunum sem er +/- 6% frá meðalgenginu sem menn eru að reyna að verja það innan.

Herra forseti. Ég held að menn verði að fara að horfast í augu við þetta og ræða í einhverri alvöru. Auðvitað er ekki hægt annað en að fá það á tilfinninguna að alveg ótrúleg léttúð sé í sambúðinni við þessi mál hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég held menn hafi svifið áfram á einhverju teppi og haldið að þetta yrði bara allt í lagi af sjálfu sér og trúað spádómunum frá því í sumar að þetta yrði allt í lagi undir áramótin, þá yrði verðlagið farið að hjaðna, verðbólgan kveðin niður og allt væri í himnalagi. En ég sé að menn ganga hér um sofandi eins og jólasveinar og glotta út í annað og hafa engar áhyggjur af þessu og það er auðvitað þeirra vandamál af hvaða ábyrgð og festu þeir vilja nálgast stóru málin í efnahagsbúskapnum og þjóðlífinu.

Ég hef áhyggjur af þessu, herra forseti, ég verð að segja það, eins og maður hefði einhvern tíma sagt úr þessum ræðustól, og tala þar í fullri alvöru. Ég held að ástæða sé til að taka þessi skilaboð býsna alvarlega. Einhvern tímann hefðu það þótt tíðindi í sjálfu sér og þótt verðskulda eina til tvær messur að Ísland væri komið í þann hóp á nýjan leik sem hæsta hefur verðbólguna meðal aðildarríkja OECD. Þar eru kannski finnanleg 2–4 önnur hliðstæð dæmi, jafnvel eitt verra, Tyrkland t.d. eða önnur lönd sem lengi hafa búið við óstöðugleika og óstjórn í efnahagsmálum sínum. En af þeim ríkjum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við, nágrönnum á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu þá er Ísland því miður farið að skera sig verulega úr á nýjan leik. Við keyrum á þrefalt, fjórfalt hærri verðbólgu og búum við einn mesta viðskiptahallann sem finnst innan OECD, kannski að Nýja-Sjálandi undanskildu.

Við þær aðstæður, herra forseti, er náttúrlega ekki gott að vinnubrögðin við afgreiðslu fjáraukalaga og fjárlaga séu með óvenjulegum miklum losarabrag. Það hafa þau verið núna, t.d. á þessum sólarhring og síðasta og vísa ég þar til vinnuaðstæðna efh.- og viðskn. og fjárln. Maður hefur nú ýmsu kynnst en ég hef ekki oft upplifað að mönnum væri ætlað að haska hlutum eins og raun ber vitni upp á síðkastið.

Það kann vel að vera að Alþingi sé að koma mönnum hér á óvart með því að standa við tímaáætlun og afgreiða fjárlög á tilsettum tíma um miðjan desember. Rétt er að það hefur oftast ekki tekist fyrr en um 20. des. eða jafnvel seinna. Það er gott í sjálfu sér en þá þurfa líka að vera boðlegar aðstæður til þeirrar afgreiðslu. Upplýsingar þurfa að liggja fyrir og þarf að vera meiri bragur á þeim vinnubrögðum en svo hefur ekki verið. Þjóðhagsspá kom allt of seint fram. Það hefur

verið allt of mikill losarabragur á því hvenær upplýsingar hafa legið fyrir. Menn hafa síðan haft lítinn tíma til að vega þær og meta og vinna úr þeim. Þar hefðu þurft að gefast a.m.k. 2–3 sólarhringar þannig að þau gögn fengju sæmilega yfirvegaða skoðun.

Ég spái því að annars staðar hefði mönnum þótt ástæða til að taka þau skilaboð sem ný þjóðhagsspá er að senda okkur það alvarlega að menn hefðu jafnvel velt þeim fyrir sér í einn, tvo sólarhringa. Út frá þeim hefði átt að athuga hvort fara ætti út í frekari breytingar. Kostar þetta frekari aðgerðir og ráðstafanir í ríkisfjármálum, í peningamálum, í gengis- og vaxtamálum? Hvernig ætla menn að ná tökum á þessari þróun og komast út úr bóndabeygju hárra vaxta og hás raungengis annars vegar, mikils viðskiptahalla á hina hliðina og versnandi afkomu í sumum greinum útflutningsatvinnuveganna? Þetta er gamalkunnug bóndabeygja og ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjmrh. hafi af því nokkrar áhyggjur þó hann geti verið montinn af tekjuauka ríkissjóðs í augnablikinu. Það gæti reynst skammgóður vermir hjá hæstv. ráðherra ef efnahagsstjórnin er að öðru leyti að fara úr skorðum.

Ég hef áður, herra forseti, stungið upp á því við sjálfstæðismenn að þeir fari í skjalasöfn sín og leiti uppi ræður sínar frá árunum á milli 1980 og 1983. Þá héldu þeir margar, langar og skömmóttar ræður yfir þáv. hæstv. fjmrh. Ragnari Arnalds fyrir það að hann væri nú ekki merkilegur kall. Að vísu var hann að reka ríkissjóð með afgangi en það þótti nú ekki mikil kúnst í verðbólgu og viðskiptahalla. Það töldu þeir ekki mikla hagspeki á þeim tíma, sjálfstæðismenn. Nú eru að mörgu leyti skyldar aðstæður. Sem betur fer er verðbólgan að vísu langt frá því í sömu hæðum og þá, en hún er samt á alvarlegu stigi, hún er á alvarlegu róli. Hlutfallslega er verðbólgan, borið saman við það sem hún er í nágrannalöndunum, sennilega ekkert minni hér nú en hún var þá. Þá var frá 10–15% verðbólga víða í nágrannalöndunum en við með á 30–40%. Nú er meðaltalið innan Evrópusambandsins 1,5% en hjá okkur 5–6% á þessu ári. Þannig eru nú, herra forseti, sannarlega ýmsar blikur á lofti.

Að öðru leyti, herra forseti, held ég að ég hafi ekki mörg orð um þetta fjáraukalagafrv. við lokaafgreiðslu þess. Ég vísa til þess sem áður hefur komið fram af hálfu talsmanns okkar, þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Jóns Bjarnasonar sem talaði hér fyrr við þessa umræðu. Ég vísa til þess sem við sögðum við 2. umr. um málið í heild sinni og einstaka þætti eins og heilbrigðismálin sem af eðlilegum ástæðum hafa orðið mönnum umtalsefni.

Ég vona, herra forseti, að úr rætist hjá okkur þrátt fyrir alvarlegar aðstæður. Ég er ekki að gera grein fyrir skilaboðum úr nýrri þjóðhagsspá vegna þess að ég vonist til að eitthvað slíkt gangi eftir. Þvert á móti vill maður trúa því að við náum tökum á málunum. Ég hlýt þó að minna á að fram undan er ýmislegt sem skapar óvissu. Þó að ekkert af þessu hefði legið fyrir hefði verið ástæða til að gefa gaum að því. Þar er að sjálfsögðu stærsta spurningin um komandi kjarasamninga. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði í landinu verða meira og minna lausir um miðjan febrúarmánuð. Einhvern tímann hefði mönnum þótt það nóg til að hafa nokkrar áhyggjur af þó ekki hefðu bæst við nýjar upplýsingar úr þjóðhagsspá í dag.

[21:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að koma inn á ákveðin mál við þessa umræðu. Af og til eru að birtast merki um að sjávarútvegsstefnan okkar, frjálsa framsalið í kvótakerfinu, hafi ýmis áhrif. Við sáum það á síðasta kjörtímabili er tekin var ákvörðun um að búa til sérstakan byggðakvóta. Honum var ætlað að koma inn þar sem erfiðleikar hafa orðið vegna þess að aflaheimildir og þar með atvinna fólks hefur horfið úr byggðarlaginu.

Á undanförnum árum hef ég varað við því að þessi útfærsla fiskveiðistjórnar með frjálsu kvótaframsali hefði ýmsar hliðar sem við þyrftum að huga að. Mér finnst að alltaf séu að koma betur og betur í ljós, þó menn hafi ekkert sérlega hátt um það, afleiðingar þessa kerfis. Fyrsta aðgerðin til að bregðast við því var þegar Byggðastofnun fékk 1.500 tonna kvóta til þess að bregðast við ástandinu.

Í fjáraukalagafrv. birtist hins vegar einn angi þessa máls undir liðnum Félagsmálaráðuneyti þar sem lagt er til að komið verði til aðstoðar við sveitarfélög sem höllum fæti standa með 700 millj. kr. sérstöku framlagi. Þetta er lagt til vegna sérstakra tímabundinna ráðstafana. Ég dreg í efa að þetta dugi sem tímabundin ráðstöfun. Ég hygg að í nokkuð mörgum sveitarfélögum sé svo komið að algjört tekjufall hafi orðið. Það sem hér er verið að setja inn í fjáraukalögin er ekki endilega tímabundin ráðstöfun, hún gæti þurft að vara í talsverðan tíma til að mæta þeim afleiðingum. Hér kemur fram að þetta skuli fara til sveitarfélaga þar sem orðið hefur mikil fækkun íbúa á árunum 1997–1999 og sveitarfélög hafa ekki haft aðstæður til að draga úr þjónustu í samræmi við fækkun íbúa.

Í raun er ekkert í þessu plaggi sem setur ástandið í beint samhengi við fiskveiðistjórnarlögin eða það að kvóti og atvinna hafi verið seld úr byggðarlögum. Engu að síður eru þetta bein viðbrögð við því. Í því samhengi nægir að vitna til skýrslu Byggðastofnunar sem við ræddum hér fyrir örfáum dögum. Þar sagði að ein meginástæða þess að fólk flytti úr byggðarlögum væri sú að aflaheimildir hefðu verið seldar þaðan, að fólk fyndi til óöryggis og flytti því ef það ætti þess kost.

Þetta er eitt af því sem ætlað er að taka á hluta afleiðinga núverandi útfærslu á fiskveiðistjórnarkerfinu. Eins og allir vita er það kerfi þannig úr garði gert að réttur fólksins er enginn, algjörlega fyrir borð borinn. Menn reyna að bæta örlítið fyrir með smávægilegum fjárveitingum þegar vandræðin eru orðin mikil og fyrirsjáanlegt er að þau aukist.

Þrátt fyrir að hér sé talað um tímabundnar aðgerðir og sérstakar greiðslur þá er ég ekki viss um að svo verði. Við erum alltaf að upplifa breytt ástand í mismunandi byggðarlögum, síðast á Ólafsfirði, þar áður Hrísey og þannig mætti áfram telja. Þetta hefur verið að gerast undanfarin tíu ár en þó kannski einkum síðustu fimm til sjö árin. Fyrirtæki hafa komið inn í atvinnurekstur í þessum byggðarlögum, tekið til sín aflaheimildirnar, farið síðan og skilið byggðirnar eftir í slæmri stöðu og fólkið atvinnulaust með mjög skerta eignarstöðu. Hér er ekkert sérstaklega tekið á því. Hér er vikið að vanda sveitarfélaganna sem vissulega er vandi fólksins að hluta en hér er ekki tekið á því að fólk er að tapa atvinnu sinni.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem mig langar að víkja hér að. Þessir smábútar til að plástra kerfið munu auðvitað ekki duga til að laga það, plásturinn mun ekki leysa vandamálið sem innbyggt er í fiskveiðistjórnarkerfi okkar eins og það er úr garði gert. Ástandið verður ekki bætt nema tekist verði á við þann vanda sem innbyggður er í kerfið og hann skoðaður

upp á nýtt, ella verðum við ævinlega með ný vandamál sem snúa að atvinnurétti þessa fólks.

Hæstv. fjmrh. sagði fyrr í dag að sennilega mundi ríkissjóður snúa sér að því að greiða niður innlendar skuldir í meiri mæli en hinar erlendu. Þá kemur væntanlega aukið fé inn á markaðinn innan lands. Mig langaði að beina til hæstv. fjmrh. spurningu: Gæti það þýtt að meiri flýtir verði á því að selja fyrirtæki í eigu ríkisins á næsta ári en ella væri? Kannski má einnig velta upp annarri spurningu: Var sú ákvörðun, sem samþykkt var hér á hv. Alþingi nýverið, að selja 15% hlut í Búnaðarbanka og Landsbanka, tekin m.a. til að mæta því að fjmrh. gerði ráð fyrir að greiða upp meira af skuldum innan lands og þá þyrfti að vera hægt að festa það fé einhvers staðar aftur? Þetta gæti boðað það að hraðar verði farið í málin en sagt var í þessum ræðustól fyrir örfáum dögum síðan.

Þá langar mig aðeins að víkja að skuldastöðu hinnar venjulegu íslensku fjölskyldu. Skuldir fjölskyldnanna í landinu eru að aukast og það er mikill vágestur á ferðinni ef verðbólgan heldur áfram að aukast eða vera eins og hún er í dag. Ég hef upplifað að búa í þessu þjóðfélagi í mikilli verðbólgu og ég óska ekki íslenskum fjölskyldum, sem hafa verið að skuldsetja sig á undanförnum árum, þess að verðbólgan fari hér vaxandi. Það gæti orðið til þess að hér yrði algjört upplausnarástand hjá mörgum fjölskyldum. Það fyrirkomulag sem er á fjárfestingum fjölskyldna í dag, þar sem menn taka iðulega á sig langtíma greiðslubyrði við að eignast t.d. bíla, ég tala ekki um heimili, gæti hreinlega skapað mjög mikið upplausnarástand ef verðbólgan næði sér á skrið eða yrði áfram kannski milli 5 og 6%. Ekki þarf mikið út af að bera þegar svo horfir eins og nú að allar líkur séu til þess að okkar helsti undirstöðuatvinnuvegur eigi frekar á brattann að sækja tekjulega séð, verð á mörkuðum hefur lækkað og það hefur ekki gengið vel að veiða suma fiskstofna þannig að það er tekjufall í sumum greinum sjávarútvegsins og við vitum alls ekki hvort þar verður bati á næsta ári þó við vonum það vissulega öll. Það væri skelfilegt ef það gerðist ekki að t.d. loðnuveiði mundi aukast á næstu vetrarvertíð. Þá sætum við uppi með afar mikið vandamál og við gætum verið að byrja á skarpri niðursveiflu í tekjum þjóðfélagsins á sama tíma og verðbólgan væri jafnvel að fara upp.

Þetta er það helsta sem ég vildi sagt hafa undir umræðunni um aukafjárlögin og ég vona að okkur takist vel til. Það er von allra Íslendinga að okkur takist vel til á næsta ári og næstu árum. En það eru mörg viðvörunarmerki á lofti um að við skulum staldra við og hugsa okkar gang eins og maður segir á vestfirsku.

[21:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn beindi til mín spurningu sem lýtur að endurgreiðslu lána ríkissjóðs á þessu ári, uppgreiðslu lána ríkissjóðs á þessu ári og tengslum þeirrar aðgerðar við sölu á hlutabréfum í Landsbanka og Búnaðarbanka sem stendur nú fyrir dyrum.

Þarna eru engin tengsl á milli. Hlutabréfasalan var ákveðin alveg sjálfstætt og það er alveg ljóst að við munum ekkert ná, jafnvel þó að það hefði verið ásetningur okkar, að nota allt það fjármagn á þessum stutta tíma til áramóta til þess að greiða upp lán ríkissjóðs innan lands. Það er auðvitað verkefni sem þarf að þrautskipuleggja, að endurgreiða og kaupa upp skuldir ríkissjóðs, hvort sem það er gert með uppboðum eða öðrum hlutum eins og við höfum verið að gera hér og þarf að huga langt fram í tímann að slíku. Þar er ekkert samhengi á milli og þeir peningar munu þá fara til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs að öðru leyti, þ.e. þeir munu væntanlega fara beint inn í Seðlabankann og liggja þar á bærilega góðum vöxtum, vona ég.

Þingmaðurinn sagði að með því að borga upp lán innan lands væri verið að setja peninga í umferð. Það er ekki nema hálfur sannleikurinn. Það er engin nýsköpun peningamagns með því að nota afganginn af ríkissjóði til þess að borga upp innlend lán. Þá kemur peningur inn og það fer peningur út. Það sem væri nýsköpun fjármagns í umferð, peningamagns í umferð væri ef Seðlabankinn byggi til peninga og keypti upp skuldabréf ríkissjóðs á opnum markaði eins og alþekkt er nú víða um lönd og sömuleiðis hér á landi. Það er þensluaukandi aðgerð sem er stundum notuð til þess að blása í glæður atvinnulífsins ef það er lægð, en það sem við erum að gera núna hefur ekki sambærileg áhrif, það er hlutlaus aðgerð að þessu leyti til. Hins vegar er það að leggja peninga inn í banka og taka þá í umferð aðgerð sem tekur peningana frá og er þensluminnkandi ef svo mætti segja.

[21:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi umræða um fjáraukalög hefur staðfest það sem ég hélt fram í upphafi að bæði ríkisútgjöld og ríkistekjur tækju breytingum svo milljörðum og jafnvel tugmilljörðum skiptir frá samþykktum fjárlögum. Það er engin fjármálastjórn. Sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir er ógnvekjandi ef við eigum að búa við það til framtíðar.

Því vil ég, herra forseti, ítreka að það verður að taka upp breytt vinnubrögð við fjárlagagerðina og framkvæmd fjárlaga. Það verður að styrkja þingið, styrkja nefndir þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Og framkvæmdarvaldið verður að virða löggjafann sem ákvörðunarvald varðandi tekjur og gjöld til ríkissjóðs.

Ég hef bent á leið, herra forseti, sem ég vil ítreka að fjáraukalög verði sett og komi á miðju ári, þau komi þá tvisvar á ári fyrir fram þar sem tekið sé á bæði tekjubreytingum og nauðsynlegum breytingum á gjöldum, fyrir fram samkvæmt ákvörðun Alþingis eins og frekast er kostur en ekki eftir á eins og við hér erum að gera.

Herra forseti. Það er einlæg ósk mín að Alþingi og löggjafarvaldið styrkist við vinnu fjárlaganna.

[21:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því við 1. umr. um fjáraukalög að hv. þm. gerði athugasemdir við ýmis formsatriði og málsmeðferð og þess háttar og nefndi þá hugmynd sem hann vék nú að á ný. Ég tel reyndar að sú hugmynd, þó hún sé eflaust sett fram af góðum ásetningi, sé ekki raunhæf. Það er til að mynda ekki þannig eins og þingmaðurinn sagði að það sé endilega til marks um fjármálaóstjórn að tekjur aukist umfram það sem fjárlög hafa gert ráð fyrir. Hvað á að gera, samkvæmt kenningum þingmannsins, ef tekjurnar aukast umfram fjárlögin, á þá ekki að taka við peningunum? Það verður að gera þessa hluti um þetta leyti árs þegar sést miklu betur fyrir, eftir árið, hvernig niðurstaðan lítur út til að mynda á tekjuhliðinni.

Að því er varðar gjaldahliðina þá er náttúrlega hugmyndin með fjáraukalögum sú að veita heimildir vegna óhjákvæmilegra atvika sem upp hafa komið, ófyrirsjáanlegra atvika, t.d. kjarasamninga og þess háttar atburða sem ekki var hægt

að sjá fyrir við fjárlagagerðina. Við erum til að mynda að ganga frá ýmsum slíkum gjaldfærslum í þessari afgreiðslu þar sem ekki er farið að borga út neina peninga en þar sem við erum að gjaldfæra samkvæmt fjárreiðulögunum ákveðna liði sem óhjákvæmilegt er að bókfæra núna vegna þess að þeir voru ekki séðir fyrir en tilheyra þessu ári. Þar er m.a. yfirfærslan á 700 millj. kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þar er m.a. gjaldfærslan vegna samkomulags við Reykjavíkurborg um Sjúkrahús Reykjavíkur o.fl. sem þingmenn þekkja úr umræðunni og umfjöllun í þingnefndum.

[21:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé ansi kotroskið að segja að það sé í lagi með hvernig framvinda fjárlaga hefur orðið og þær breytingar sem hafa komið fram á fjárlögum varðandi tekjur og gjöld.

Herra forseti. Ég vil benda á að þingið starfar meginhluta ársins og er hægt í sjálfu sér að lengja starfstíma þess. Þá væri í lófa lagið að taka þau verkefni sem koma brýn upp og afgreiða þau með þinglegum hætti. Að sjálfsögðu tek ég undir með hæstv. ráðherra að það geta komið upp þau mál að framkvæmdarvaldið verður að taka á þeim.

En í megindráttum eru þetta mál sem varðar miklu að færu í gegnum löggjafann. Og að því ber að stefna, herra forseti.

[Fundarhlé. — 21:42]

[22:30]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2000, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 401; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 402, 403, 404, 405, 406, 407, 408, 409; brtt. SAÞ o.fl., þskj. 411; brtt. KLM o.fl., þskj. 412; brtt. SvanJ o.fl., þskj. 413.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7., 10.–16. og 21. mál.

Fundi slitið kl. 22:32.

---

46. FUNDUR

miðvikudaginn 15. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1999, stjfrv., 117. mál, þskj. 340, nál. 323, frhnál. 377 og 386, brtt. 378, 379, 380, 381 og 396. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Fjárlög 2000, stjfrv., 1. mál, þskj. 372, frhnál. 401, brtt. 402, 403, 404, 405, 406, 407, 408, 409, 411, 412, 413 og 414. — 3. umr.

3. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, stjfrv., 270. mál, þskj. 368. — 1. umr.

4. Ráðstöfun erfðafjárskatts, stjfrv., 273. mál, þskj. 374. — 1. umr.

5. Málefni fatlaðra, stjfrv., 274. mál, þskj. 375. — 1. umr.

6. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr.

7. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — Frh. 1. umr.

8. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.

9. Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, stjfrv., 67. mál, þskj. 67. — 3. umr.

10. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 3. umr.

11. Jarðalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 272. — 3. umr.

12. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 187, nál. 356, brtt. 357. — 2. umr.

13. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 188, nál. 358, brtt. 359. — 2. umr.

14. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 233, nál. 360, brtt. 361. — 2. umr.

15. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243, nál. 362. — 2. umr.

16. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 384. — 2. umr.

17. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 343, brtt. 344 og 385. — 2. umr.

18. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 317, brtt. 318, 319 og 320. — 2. umr.

19. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 251. mál, þskj. 308, nál. 400. — 2. umr.

20. Framleiðsluráð landbúnaðarins, stjfrv., 205. mál, þskj. 239, nál. 365 og 370. — 2. umr.

21. Iðnaðarlög, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 389. — 2. umr.

22. Framhaldsskólar, stjfrv., 101. mál, þskj. 102, nál. 388. — 2. umr.

23. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 68, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.

24. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122, nál. 327. — Síðari umr.

25. Skráð trúfélög, stjfrv., 69. mál, þskj. 69, nál. 393, brtt. 394. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.

[10:33]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2000, 1. mál, brtt. JónK, þskj. 414.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lokaumræða fjárlaga.

[10:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég sé að á 2. lið á dagskrá í dag eru fjárlög fyrir árið 2000. Ég vil benda á að þetta er í fyrsta skipti síðan lög um þingsköp voru sett að þessi tímasetning fjárlaga hefur

staðist. Ég þakka sérstaklega hv. fjárln. fyrir mjög gott starf sem og öðrum nefndum sem hafa stuðlað að því að við höfum getað haldið tímasetningu varðandi þetta atriði.

Ef við krefjumst þess að aðrir haldi aga í hinni opinberu stjórnsýslu er mjög mikilvægt að við höldum sjálf þær tímasetningar sem við höfum sett okkur. Ég endurtek þakkir mínar til hv. fjárln. þingsins.

[10:35]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd fjárln. þakka hv. þm. fyrir að hafa vakið athygli á því að fjárlagaumræðan í dag er á þeim tíma sem þingsköp segja til um. Því þurfum við að halda í framtíðinni. Það er fagnaðarefni, og ég á eftir að koma að því síðar í dag þegar umræðan verður að svo skyldi hafa tekist til.

Ég vildi aðeins þakka fyrir hönd nefndarinnar að vakin skyldi hafa verið athygli á þessu.

[10:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi það að fjárlög skuli koma til 3. umr. í dag þá vil ég taka fram að ég tel að sá undirbúningur sem við höfðum til að ganga frá þeim til 3. umr. hafi í sjálfu sér verið of skammur miðað við hve seint gögn komu fram. Þau voru að koma fram alveg fram á kvöld í gærkvöldi og mun eðlilegra og sanngjarnara hefði verið gagnvart störfum þingsins og gagnvart þeirri ábyrgð sem þetta mál hefur að umræðunni hefði verið frestað um einn dag.

Ég tek hins vegar undir ánægju með það að nefndin skuli að öðru leyti standast áætlun í vinnu sinni enda stóð ekki á nefndinni sem slíkri heldur á þeim gögnum sem henni bar að hafa fengið bæði frá framkvæmdarvaldinu og öðrum.

Hins vegar finnst mér, herra forseti, afar óeðlilegt við svo stór mál eins og afgreiðslu fjárlaga sé hrúgað inn á dagskrá fjöldanum öllum af málum sem skipta minna máli. Þetta er dagur afgreiðslu fjárlaga.

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er leitt að þurfa að blanda sér inn í þessa helgistund milli stjórnarliða með þeim hætti sem ég neyðist þó til að gera vegna þess að ég get ekki tekið undir það að hér sé tilefni til sérstakra hátíðahalda vegna þess að það sé sérstaklega glæsilegur svipur á afgreiðslu þingsins á fjárlögum. Ég held að bæði þjóð og þing hafi horft upp á það í gær hvernig búið var að þingstörfunum hvað varðaði undirbúning og grundvöll ákvarðanatöku við afgreiðslu fjáraukalaga og fjárlaga að menn voru á hlaupum með þjóðhagsáætlun í gær og kynna hana af minnisblöðum fyrir fjárln. og það rétt tókst að bjarga því fyrir horn að efh.- og viðskn. afgreiddi álit sitt á tekjuhlið fjárlaga áður en hún hafði fengið nýja þjóðhagsspá. Þannig er það, herra forseti.

Ég tek undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði að í raun og veru hefði verið lágmark að fresta umræðunni um sólarhring þannig að menn hefðu getað dregið andann eins og þrisvar í kjölfar þess að þeir voru búnir að fá nýja þjóðhagsspá áður en þeir sulla þessu öllu saman. Ég held, herra forseti, að ekki sé tilefni til að hrósa þessu hvað vinnubrögð snertir og vandaðan og faglegan undirbúning undir þessa afdrifaríku ákvarðanatöku sem afgreiðsla fjáraukalaga og fjárlaga eiga auðvitað að vera nema þá aðeins að einu leyti og það er að forminu til, að menn séu að ræða fjárlög á settum degi samkvæmt löngu fyrir fram samþykktri starfsáætlun. Menn geta auðvitað glaðst yfir litlu og litlu verður Vöggur feginn, segir gamalt máltæki. En ef vantar þá undirbyggingu og þá faglegu umfjöllun sem á að vera forsenda vandaðrar ákvarðanatöku, herra forseti, þá er það auðvitað ekki nógu gott að hugga sig við það eitt að forminu sé fullnægt að umræðan fari fram á réttum degi með góðu eða illu.

[10:39]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill benda á að flest þau efnisatriði sem fram hafa komið í umræðunni geta vel átt heima undir öðrum lið dagskrár, fjárlög.

[10:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir hlý orð í minn garð og minna vandamanna. Auðvitað er það ánægjuefni að hann skuli fagna því að störf fjárln. hafi breyst með nýjum mönnum en að sönnu er það ekki síst vegna þess að fyrir nokkrum árum voru samþykkt ný lög um fjárreiður ríkisins og má segja að þau hafi sett meiri aga og strangara aðhald að fjárln.

Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ég hefði mjög gjarnan viljað hafa meiri tíma til þess að véla um þessi fjárlög og þær tillögur og þá umræðu sem fer fram í dag í ljósi þess að í gær kom þjóðhagsáætlun sem segja má að hafi, þrátt fyrir orð hæstv. forsrh., kollvarpað því sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í fjárln. og reyndar utan hennar hafa verið að segja um framvindu efnahagsmála. Það hefði verið miklu betra fyrir okkur að hafa svolítinn tíma, ekki síst hv. þm. meiri hlutans, til að kanna hvort ekki væri rétt að grípa með einhverjum öðrum hætti inn í framvindu efnahagsmálanna í gegnum fjárlög eins og Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun segja í dag, við hefðum þurft meiri tíma til þess.

Ég tek undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að þetta er fagnaðarefni. Ég er ekki sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ekki sé ástæða til þess að fagna þó að við séum að fylgja þessu að forminu vegna þess að það er allténts fyrsta skrefið. Ég hef staðið í þessum stóli og hef einmitt verið að skamma hv. þingmenn meiri hlutans fyrir það að þeir fara ekki að lögum um fjárreiður, t.d. varðandi fjáraukalög, í nægilega ríkum mæli og ég vek eftirtekt á því að í nefndarálitum minni hlutans hefur verið bent á að við teljum að hv. þingmenn meiri hlutans fari ekki að lögum um það. En guð láti gott á vita. Hér erum við væntanlega að fara inn á nýjar brautir. Ég tek hins vegar eftir því að það virðist sem kominn sé frambjóðandi til embættis forsrh. því að hv. þm. Pétur H. Blöndal þakkaði ekki bara fjárln. heldur öllum hinum nefndum þingsins líka eins og góðum landsföður ber. Til hamingju með þennan sjálfskipaða titil, hv. þm.

[10:41]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta undir umræðunni að hér er umræðan í þeim anda að er eiginlega upptaktur fjárlagaumræðu og vekur athygli á því að 2. liður á dagskrá eru fjárlög.

[10:42]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi láta koma fram varðandi dagsetninguna sem er í þingsköpum. Við eigum auðvitað að hafa þann metnað fyrir störf þingsins

að halda þær dagsetningar og setja okkur það og aðrar stofnanir í þjóðfélaginu verða að miða starf sitt við að umræðna fari fram 15. desember. Ljóst er að það hafa kannski ekki allir áttað sig á því að við mundum standa við þessa dagsetningu núna en það liggur þá ljós fyrir sá vilji okkar að hafa þann metnað fyrir þingið og hafa þann aga í störfum þingsins að þessu leyti og ég vil stuðla að því að svo verði áfram.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 414. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JHall, KF, KolH, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StB, SÞ, SvanJ, VS, VE, ÞBack.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁSJ, ÁMM, DO, DLH, DrH, EKG, GAK, GÁ, GunnB, ÍGP, JóhS, JB, JónK, KHG, KLM, RG, SighB, SF, SJS, TIO, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fjáraukalög 1999, frh. 3. umr.

Stjfrv., 117. mál. — Þskj. 340, nál. 323, frhnál. 377 og 386, brtt. 378, 379, 380, 381 og 396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:46]

Brtt. 379 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

21 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁSJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GÁ, GunnB, HBl, SighB, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:44]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í upphafi atkvæðagreiðslunnar vil ég fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar taka fram nokkur atriði.

Þau fjáraukalög sem koma hér til atkvæða staðfesta það sem við höfum haldið fram í minni hluta fjárln. að ríkisstjórnin hefur ekki haft tök á ríkisfjármálunum. Útgjöld hafa aukist um rúmlega 10 milljarða. Að auki er ýmislegt í tillögunum sem að áliti okkar stenst ekki lög um fjárreiður ríkisins. Við stöndum hins vegar frammi fyrir gerðum hlut. Stjórnarandstaðan hefur ekki getað haft áhrif á það sem gerst hefur. Fjáraukalögin eru því á ábyrgð stjórnarmeirihlutans og þess vegna mun þingflokkur Samfylkingarinnar sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

[10:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þau fjáraukalög sem eru nú til lokaafgreiðslu staðfesta að meginhluta til þegar gerðan og áorðinn hlut. Ég hef bent á það áður í umræðunni um fjáraukalög að svona eigi ekki að vinna í megindráttum. Það eigi að taka fjáraukalög eða fjárlög til endurskoðunar oftar á ári, taka ákvarðanirnar fyrir fram ef þess er nokkur kostur en ekki eftir á.

Varðandi afgreiðslu þeirra tillagna sem hér eru þá mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð sitja hjá við ýmsa flokka. Hún mun greiða atkvæði gegn því sem henni finnst afar ósanngjarnt og til óheilla en greiða atkvæði þeim þáttum sem eru virkilega til bóta.

Brtt. 378,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, VS, VE.

20 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁSJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GÁ, GunnB, SighB, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 378,2–3 samþ. með 32:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GÁ, GunnB, SighB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 378,4 kölluð aftur.

Brtt. 378,5–6 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GÁ, GunnB, GIG, SighB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 378,7 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GunnB, GIG, SighB, SÞ, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í framhaldi af fyrirspurnum sem upp komu í sambandi við þetta mál í umræðunni í gær vil ég ítreka það sem ég sagði þá að hér er um það að ræða að verið er að bókfæra skuldbindingu sem varð til í kjölfarið á samkomulagi ríkis og Reykjavíkurborgar fyrir réttu ári um yfirtöku ríkisins á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Sú skuldbinding samkvæmt fjárreiðulögunum og í skilningi þeirra varð til þegar matsmenn luku matsgerð sinni fyrir fáum vikum.

Hins vegar er ekki um það að ræða hér að verið sé að ákveða greiðslur í framhaldi af þessu heldur er í samkomulaginu gert ráð fyrir því að þarna komi til skuldajöfnunar og að því marki sem hún dugi ekki fyrir þessum útgjöldum, þá verði gefin út skuldabréf með skilmálum sem ekki er enn þá búið að semja um. Þær tekjur, sem koma út úr þeirri skuldajöfnun, verða þegar þar að kemur færðar á tekjuhlið ríkisreiknings upp á móti þessum bókfærðu útgjöldum.

Ég vil vekja athygli á þessu, herra forseti. Hér er ekki verið að taka ákvörðun um greiðslur heldur eingöngu gjaldfærslu í skilningi fjárreiðulaganna.

Brtt. 378,8–12 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GHall, GunnB, SighB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 378,13 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GunnB, MF, ÓÖH, SighB, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 396 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, GAK, GunnB, SighB, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 380 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EKG, FI, GAK, GunnB, SighB, SJóh, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 381 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, BBj, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VE, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GAK, GunnB, GIG, RG, SighB, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:52]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Með þessum tillöguflutningi horfist ríkisstjórnin í augu við og staðfestir þann herkostnað sem er vegna þjóðflutninganna miklu en brottflutningur af landsbyggðinni hefur aldrei verið meiri en þessi árin. Það er staðfest hér af hálfu hæstv. ríkisstjórnar með stórum fúlgum í fólksfækkunarframlög til sveitarfélaganna vegna áranna 1997, 1998 og 1999. Það eins og hin mikla byggðaröskun er á pólitískri ábyrgð ríkisstjórnarinnar og því sitjum við hjá við þessa afgreiðslu.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, DrH, EKG, GAK, GunnB, GIG, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:53]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Verðbólgan mælist nú 5,6% miðað við síðustu tólf mánuði. Viðskiptahallinn á árinu er miklum mun meiri en gert var ráð fyrir í byrjun október. Spáð var að hann yrði 29 milljarðar. Nú tveimur mánuðum síðar stefnir í að hann verði 38 milljarðar. Hreinar erlendar skuldir fara vaxandi og stefna í að fara vel yfir 50% af vergri landsframleiðslu á næsta ári. Þjóðhagslegur sparnaður hefur ekki verið minni um langan tíma.

Ekki er tekið á neinum þessara þátta í frv. til fjáraukalaga sem hér er verið að afgreiða, ekki heldur í þeim tillögum sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram varðandi fjárlög næsta árs. Samfylkingin getur ekki undir neinum kringumstæðum tekið þátt í þeim vinnubrögðum eða þeirri afgreiðslu sem hér fer fram.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 420).

Tilhögun þingfundar.

[10:54]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að fyrir þingfund hitti forusta þingsins formenn þingflokka og tókst samkomulag um tilhögun þingstarfa í dag. Forseti vill geta þess til upplýsinga að við það er miðað að nú verði tekin fyrir 3., 4., 5. og 7. mál á dagskrá fundarins og síðan 20. mál. Að þeim loknum verða tekin fyrir fjárlög árið 2000 sem er 2. dagskrárliður. Fundarhlé verður gert milli kl. 12 og 1 í dag.

Þetta vildi forseti láta koma fram.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 1. umr.

Stjfrv., 270. mál. — Þskj. 368.

[10:55]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum. Frv. er flutt í tengslum við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 en frv. byggist á þeim forsendum sem menn setja fram í fjárlögum og hafa verið til umræðu á Alþingi á undanförnum vikum og mánuðum. Raunar liggur fyrir, herra forseti, breyting á þeirri tillögu sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlagafrv. Ég legg til að það frv. sem ég flyt hér taki mið af því við endanlega afgreiðslu og hv. menntmn., sem mun fjalla um málið, taki mið af þeim niðurstöðum sem verða við afgreiðslu fjárlaga eins og þær liggja fyrir í tillögum fjárln. og verða til afgreiðslu síðar í dag samkvæmt áætlun þingsins.

Gert er ráð fyrir að tekjum af þeim sérstaka eignarskatti sem lagður var á vegna Þjóðarbókhlöðu og endurbóta menningarbygginga verði ráðstafað þannig að af tekjunum renni 146 millj. í ríkissjóð en síðan er einnig gert ráð fyrir að þetta séu þær tekjur sem eru umfram 480 millj. kr. en af þessum 480 millj. kr. er 160 millj. frestað. Þær verða ekki nýttar til framkvæmda á árinu 2000 eins og mönnum er ljóst þegar þeir hafa kynnt sér fjárlagafrv. Hér er um það að ræða að taka mið af afgreiðslu fjárlaganna og breyta þessum lögum frá 83/1989 í samræmi við það.

Ef menn líta á yfirlit sem fylgir fjárlagafrv. sjá þeir til hvaða framkvæmda það fé rennur sem varið verður úr Endurbótasjóði á næsta ári og næsta verkefni sem við sjóðnum blasir á næstu árum er uppbyggingin og endurreisn Þjóðminjasafns Íslands. Það er ljóst að frestun á fjárveitingum og ákvarðanir um að draga úr spennu á höfuðborgarsvæðinu við opinberar framkvæmdir munu leiða til þess að framkvæmdum við endurreisn Þjóðminjasafnsins verður frestað og stefnt er að því að Þjóðminjasafnið verði opnað á árinu 2002 ef mál ganga eftir eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég tel einnig að það sé eðlilegt miðað við þá vinnu sem unnin er við endurhönnun á sýningu í safninu að menn gefi sér góðan tíma til að vinna það verk.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa lengri ræðu um þetta mál en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[10:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þar sem hér er verið að mæla fyrir um, þ.e. að skerða framlög til Endurbótasjóðs menningarbygginga þá vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því að ég get í sjálfu sér fallist á að draga eigi úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu. Hvort þessi valkostur eigi að koma þar inn í eða ekki, er ég síður sammála um.

En ef markmiðið var að auka jafnvægi, þá finnast næg verkefni út um land, nægar menningarstofnanir og menningarverkefni sem fyllsta ástæða hefði verið til að verja þessu fé til. Þar eru verkefni næg. Það hefði ekki aukið á þenslu. Það hefði frekar styrkt menningarstaði á landinu í heild sinni og það að styrkja menningarstarfið er að styrkja grundvöll þjóðarinnar og dregur og hamlar þenslu bæði til skemmri og lengri tíma.

Herra forseti. Mér finnst að þarna hafi ríkisstjórnin ekki nýtt það tækifæri sem hún er sjálf að leggja upp í hendur varðandi ráðstöfun fjár. Hún hefði átt úr því að sátt var um að draga skyldi úr framkvæmdum hér að láta þetta fé ganga langt í menningarbyggingar úti á landi til að styrkja þar bæði atvinnulíf og verkefni því brýn nauðsyn er að taka þar á. Þar eru verkefnin næg, herra forseti.

[11:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. Þetta er fyrsta frv. af fjórum sem verða núna tekin til umfjöllunar, svokölluð skerðingarfrumvörp. Í þessu tilviki er um það að ræða að gera breytingu á lögum frá 1989 um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga og er lagt til að tekjur af sérstökum eignarskatti umfram 480 millj. renni í ríkissjóð á árinu 2000 en hefði ella runnið í þennan sérstaka sjóð. Skerðingin í þessu tilviki nemur 146 millj. kr.

Það vekur athygli að í athugasemdum við þetta lagafrv. og önnur skerðingarfrumvörp segir svo ég orði það orðrétt, með leyfi forseta:

„Með slíkum ákvæðum er fjárveitingavald Alþingis“ — og þá er verið að vísa til þeirrar ákvörðunar Alþingis að binda sig til langs tíma — „í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Ákvæði um lögmælt framlög verða því að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja, enda þótt þörf fyrir sérstakar aðgerðir sé minni nú en oft áður.“

Samsvarandi orðalag er í þessum skerðingarfrumvörpum almennt, þetta kemur einnig fram í frv. um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, og í frv. til laga um málefni fatlaðra.

Það sem löggjafinn hafði væntanlega í huga þegar þessir afmörkuðu tekjustofnar voru festir í lög var að tryggja ákveðna samfellu þannig að menn gætu skipulagt sig fram í tímann. Þetta hefur hins vegar reynst mörgum ríkisstjórnum erfitt þegar þær hafa viljað ráðast í skerðingar, t.d. á framlagi til málefna fatlaðra eða til uppbyggingarstarfs af þessu tagi að búa við þessi lagaákvæði. Þetta hefur t.d. átt líka við um tekjustofna Ríkisútvarpsins sem hefur haft og hafði um skeið talsverðar tekjur af aðflutningsgjöldum sjónvarpstækja ef ég man rétt.

Í greinargerð með frv. sem hér er verið að gera breytingar á var vísað í að það hefði tvíþættan tilgang, annars vegar að fylgt væri ítrekuðum áformum um að ljúka smíði Þjóðarbókhlöðu og hins vegar að skapa efnahagsgrundvöll fyrir aðkallandi framkvæmdir fyrir endurbætur og viðhald af húsakosti ýmissa menningarstofnana þjóðarinnar og gömlum byggingum sem unnt er að varðveita vegna menningarsögulegs gildis þeirra. Í greinargerðinni er sérstaklega vísað til Þjóðleikhússins og Þjóðminjasafnsins en eins og kunnugt er var ráðist í verulegar breytingar á Þjóðleikhúsinu. Hins vegar vantaði upp á að tryggð væri nægilega góð aðstaða fyrir fatlaða. Aðgengismálin í Þjóðleikhúsinu eru ekki nógu góð en síðan hefur verið ráðist í breytingar og endurbætur á Þjóðminjasafninu. Í greinargerðinni sem birtist með umræddu frv. á sínum tíma er mikill listi yfir stofnanir og byggingar sem þurfi á endurbótum að halda.

Það kunna að vera rök í sjálfu sér að á þenslutímum sé rétt að draga úr verklegum framkvæmdum á vegum hins opinbera. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að rétt sé að líta kannski sérstaklega til höfuðborgarsvæðisins eða þar sem þenslan er mest en vera reiðubúinn að veita fjármagn þangað sem þörf er á að herða á snúningi hjóla efnahagslífsins. En ég ætla ekki í sjálfu sér að fordæma slíkar hagstjórnaraðferðir, ég geri það ekki, en vek aðeins athygli á því að það er annað og meira sem hangir á spýtunni. Sú skerðing sem gerð er á afmörkuðum tekjustofnum er engin ný bóla. Þetta er sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri.

[11:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég gerði efni þessa frv. sem hér liggur fyrir nokkur skil við 1. umr. fjárlaga en ég ætla aðeins að ítreka að frv. snýst um að sérstakur eignarskattur sem samkvæmt lögum á að renna í sérstakan sjóð sem á að standa straum af endurbótum á húsakosti menningarstofnana o.fl. verði skertur sérstaklega og það nú í hinu mesta góðæri sem hefur komið yfir okkur á Íslandi. Það er rökstutt með því að verið sé að forðast þenslu.

Það ber nýrra við ef tilkostnaður ríkisins við viðhald á menningarbyggingum er farinn að valda sérstakri þenslu í þjóðfélaginu. Hér er verið að byggja verslunarmiðstöðvar hverja annarri veglegri sem kostar milljarða kr. og er engu til sparað, flutt er inn verkafólk, unnið nótt og dag og þar þarf ekki að setja neins konar stopp á til að forðast þenslu. En þegar kemur að því að við getum viðhaldið Þjóðminjasafni Íslands með sómasamlegum hætti, sem ætti að vera hægt núna þegar peningar eru til í kassanum, þá er það skorið niður til að forðast þenslu.

Ég vildi bara vekja athygli á þessu. Mér finnst þarna ekki rétt að verki staðið. Vissulega þarf að gæta aðhalds. Vissulega þarf að skera niður ýmis gæluverkefni sem er að finna í fjárlagafrv. til að forðast þenslu. Vissulega þarf að grípa til aðgerða til að koma einhverjum böndum á einkageirann í landinu en ég tel ekki að sérstök þjóðhagsleg þörf sé á því að grípa til strangra aðgerða til að forðast þenslu vegna viðhalds á menningarbyggingum.

Þetta vildi ég ítreka, herra forseti.

[11:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við Íslendingar erum menningarþjóð og teljum okkur í hjarta okkar eiga mikið undir menningarverðmætum okkar og kannski eigum við meira undir þeim en við gerum okkur grein fyrir.

Það skerðingarákvæði sem lagt er til með því frv. sem nú er til umræðu kemur í veg fyrir að hægt sé að halda áfram endurbótum við Þjóðminjasafnið. Í sannleika sagt, herra forseti, sýnist mér um það litlar upphæðir að ræða, 146 millj. að þegar á heildina er litið, held ég að þessi upphæð skipti ekki sköpum hvað varðar þenslu í samfélaginu. Það er margt annað sem hefði mátt halda betur í taumana á og ég nefni, herra forseti, að t.d. hefði mátt halda betur utan um útgjöldin í ráðuneytunum á síðasta ári. Í fjáraukalögunum sem var verið að samþykkja hér eru um það bil 60 millj. sem verið er að veita til yfirstjórnar ráðuneytanna á fjáraukalögunum. Það er um það bil helmingur af þeirri upphæð sem hér á að skerða í viðhaldi menningarbygginga.

Ég bendi á, herra forseti, að þó að vel hafi verið tekið á að lagfæra Þjóðleikhúsið fyrir örfáum árum vantar enn þá talsvert upp á að viðhald utan dyra sé nægilegt. Í sannleika sagt er fólk í lífshættu þegar það gengur undir álfaborgina dökku við Hverfisgötu því að múrbrotin hrynja úr þessari flóknu og fögru byggingu og geta lent í höfðum vegfarenda. Í sannleika sagt, herra forseti, eigum við að geta staðið betur að vernd og viðhaldi okkar fögru menningarbygginga en við gerum. Ég ítreka það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð greiddi atkvæði gegn þessu ákvæði þegar við vorum að greiða atkvæði um fjárlögin fyrir örfáum dögum vegna þess að við erum á því að leita þurfi annarra leiða til að slá á þensluna.

Ég vil líka minna á, herra forseti, að Reykjavík er menningarborg á næsta ári og það er afskaplega mikið verið að gera til að sú hátíð sem í garð fer geti verið sem veglegust.

Ég bendi líka á, herra forseti, að við ætlum að halda veglega kristnihátíð til að fagna 1000 ára kristni í landinu. Landafundanefnd er að halda mikla og merkilega hátíð, bæði hér heima og vestan hafs og Þjóðleikhús Íslendinga er 50 ára á næsta ári og Þjóðminjasafn Íslendinga verður lokað hátíðaárið mikla.

[11:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Sú afstaða ríkisstjórnarinnar að vilja draga úr þensluáhrifum á höfuðborgarsvæðinu er skiljanleg, en það er mikill vandi að velja hvaða verkefni á að skera niður eða hætta við.

Því miður hefur verið farin sú leið í mörgum tilvikum að hætt er við verkefni sem þegar eru hafin, samanber byggingu við Alþingishúsið og eins má nefna Þjóðarbókhlöðuna. Þarna eru verkefni í gangi sem mjög óheppilegt er að hætta við.

Með tilliti til þess vilja ríkisstjórnarinnar að draga úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu hefði verið mjög auðvelt að koma þessu fjármagni fyrir víða úti um land þar sem menningarstofnanir eru að grotna niður eða verja þessu fé til nýbygginga eða annarra verka sem falla undir þennan málaflokk. Ég vil taka undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að Reykjavík verður menningarborg á næsta ári og mikið er lagt undir af Reykjavíkurborg og kemur þar auðvitað einnig framlag úr ríkissjóði og því hefði örugglega mátt nota þessa fjármuni á höfuðborgarsvæðinu. Með þeirri viðleitni að draga úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu hefði mátt færa þá fjármuni út á land.

[11:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður en ég held að nauðsynlegt sé að menn átti sig aðeins á því hvað hér er um að ræða. Það er alls ekki verið að falla frá neinum þeim framkvæmdum sem menn eru að tíunda að séu mjög mikilvægar. Ég vil benda á að það var löngu tímabært að ráðast í endurbætur á Þjóðminjasafni Íslands og vil benda hv. þm. á ef þeir vilja kynna sér málefni þess að átta sig á því hvaða stórvirki hefur verið unnið til að koma munum þess í varanlega og góða geymslu í Kópavogi. Þær miklu framkvæmdir sem þar hafa farið fram skapa algerlega nýjar aðstæður til allrar þjóðminjavörslu í landinu og núna er verið að vinna að því að gerbreyta öllu þjóðminjasafnshúsinu og leggja á ráðin um hvernig það nýtist til framtíðar. Til þess þurfa menn að gefa sér tíma og það þarf að gera svo viðunandi sé og standa glæsilega að því. Samhliða því sem við verjum þessum fjármunum þá þarf lengri tíma en menn ætluðu til að vinna að því verki til að það verði gert sómasamlega. Það er engin vanvirða við Þjóðminjasafnið að það skuli vera lokað á næsta ári vegna þess að verið er að búa það undir að þjónusta alla þjóðina á komandi öld mun betur en þar hefur verið gert til þessa.

Þegar menn ræða um það hvort standa hefði átt öðruvísi að með hliðsjón af Reykjavík sem menningarborg á næsta ári með viðgerðum á húsum, þá mega menn ekki gleyma því að úr þessum sjóði hefur verið veitt mikið fé til að gera safnahúsið þannig úr garði að það standi undir merkjum sem þjóðmenningarhús, en það verður opnað 20. apríl á næsta ári, og verður liður í menningarborginni Reykjavík og merkilegt framlag ríkisins fyrir utan þá fjármuni sem við leggjum til menningarverkefnanna, merkilegt framlag til byggingarsögunnar og menningarsögunnar og hlutverks Reykjavíkur sem höfuðborgar og menningarborgar að endurreisa þetta hús sem er einnig merki um heimastjórnina frá 1904 og merki um þann stórhug sem menn sýndu í upphafi aldarinnar við nýbyggingar og stórbyggingar. Og að gera lítið úr því að við leggjum ekki okkar af mörkum í þágu menningarborgarinnar af ríkisins hálfu, þjóðmenningarhúsa og menningarhúsa finnst mér mjög ósanngjarnt við þessa umræðu. Hér er verið að gera of lítið úr þeim hlut sem ríkið lætur að sér kveða að þessu leyti og alveg ástæðulaust að draga upp þá mynd þegar þetta mál er til umræðu eins og ríkissjóður sé að halda að sér höndum þó að staðið sé þannig að verki að menn ætla að draga úr þenslu og skapa skynsamlegar forsendur fyrir efnahagsstjórninni.

Varðandi framkvæmdir úti á landsbyggðinni fyrir fé úr sjóðnum, þá höfum við stig af stigi og skipulega verið að auka fjárveitingar úr sjóðnum til landsbyggðarinnar. Í Reykholti er verið að vinna að því stórverkefni. Verið er skapa þar alveg nýjar aðstæður til menningarstarfsemi með fé úr sjóðnum. Við höfum notað fé úr sjóðnum til að byggja upp á Héraði, á Skriðuklaustri og skapa þar algerlega nýjar aðstæður. Á Ísafirði, til Edinborgarhússins, og á fleiri stöðum, erum við að leggja fram fé úr sjóðnum til að skapa menningarlegri aðstæður og til endurbóta húsa. Þannig mætti lengi telja. Hins vegar er það svo að lög um sjóðinn mæla fyrir um að ekki er unnt að ráðast í nýbyggingar. Ekki er heimilt að nota sjóðinn til að ráðast í nýbygginar. Sjóðinn ber að nota til gera við menningarbyggingar og skapa betri aðstöðu í menningarhúsum sem eru fyrir hendi og hann hefur vissulega komið að góðum notum þar og mun gera áfram þrátt fyrir þá skerðingu sem hér er um að ræða og ástæðulaust að skilja þannig við málið eins og einhver gífurleg vá sé fyrir dyrum með varðveislu menningararfsins eða stöðu menningarbygginga þó að þessar ráðstafanir séu gerðar sem hér eru kynntar.

[11:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. menntmrh. vera óþarflega snakillur út af þeirri umræðu sem hér fór fram og hæstv. ráðherra tönnlaðist á því að verið væri að gera lítið úr því sem þó væri verið að gera á ýmsum stöðum varðandi endurreisn og viðhald menningarverðmæta. Hér var fyrst og fremst talað fyrir og rökstutt það sjónarmið að þörf væri fyrir alla þessa peninga til mikilvægra og brýnna verkefna á þessu sviði. Ef menn hefðu áhyggjur af þenslu á suðvesturhorninu væru mörg æpandi verkefni sem ekki væri unnt að ráðast í út um land sem væri nóg pláss fyrir þetta fé og reyndar miklu meira en það í brýn þjóðþrifaverkefni sem ekki eru þensluhvetjandi.

Síðan er það, herra forseti, ákaflega athyglisvert og sérstaklega hlýtur það að vera fyrir þingmenn Sjálfstfl. að þetta sérstaka álag á eignarskatt, sem þeir hafa að vísu ekki verið sérstakir stuðningsmenn í gegnum tíðina en hefur þó verið varið með vísan til þess að um sérstakan tekjustofn til menningarvarðveislu væri að ræða, er orðið að tekjustofni fyrir ríkissjóð. Nú á veruleg fjárhæð af þessum sérmerkta tekjustofni að renna beint í ríkissjóð. Fróðlegt væri að rifja upp ræður þingmanna og núv. ráðherra Sjálfstfl. frá fyrri tíð þegar þeir hömuðust gegn þessu og öðrum sambærilegum sköttum.

[11:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þennan skatt tel ég að mjög brýnt sé að hafa slíkar fjárveitingar til að byggja upp menningarstofnanir og sjá um að menningarhús og söfn og aðrar slíkar stofnanir búi við góðan húsakost, enda hef ég aldrei verið talsmaður þess að sá skattur verði afnuminn. Hann var framlengdur við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári til nokkurra ára og var það gert í góðri sátt við þingmenn Sjálfstfl. og aðra. Þess vegna er ástæðulaust fyrir hv. þm. að gera lítið úr stuðningi okkar við það þjóðþrifamál að nýta þá fjármuni til að uppbygging menningarhúsa verði viðunandi.

[11:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að þetta er ákaflega mikilvægur tekjustofn og ég hef þar af leiðandi stutt hann í gegnum þykkt og þunnt í allri hans tíð á þinginu síðan ég hef komið við sögu, en það gegnir auðvitað öðru máli þegar tekjustofninn er orðinn að hluta til skattstofn fyrir ríkissjóð. Hæstv. ráðherra hlýtur að skilja það þó ekki væri nema til gamans að vekja athygli á þeirri staðreynd að það er áhugavert í ljósi þeirrar hörðu og hatrömmu andstöðu sem sjálfstæðismenn hafa haft uppi gagnvart skyldri skattlagningu, álagningu á eignarskatt og sérstöku álagi á hann gegnum tíðina og valið því ýmis nöfn sem ég ætla ekki að hafa eftir.

[11:21]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að framlög úr sjóðnum mega ekki renna til nýbygginga. Það má segja að ég hafi mismælt mig því að ég vissi þetta en gleymdi mér í ræðu minni. En ég mótmæli eftir sem áður skerðingu á sjóðnum,

ekki bara núna heldur allan þann tíma sem sjóðurinn er og verður til, að hann verði ekki allur notaður til þess verkefnis sem honum var ætlað í upphafi.

Ég var ekki að draga úr framlögum ríkisins til menningarmála. Ég tók fram að ríkið tæki myndarlega á og ekki síst í Reykjavík vegna þess hlutverks sem Reykjavíkurborg hefur sem menningarborg á næsta ári. Ríkið kemur þar verulega inn í. En það eru framlög úr ríkissjóði sem renna til menningarmála, til þessara bygginga. Þetta er bara spurning á hvaða lið þetta kemur og mér finnst það vera prinsippmál að allt það fé sem sjóðnum er ætlað fari til þessara verkefna.

[11:22]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ekki ástæða fyrir hæstv. ráðherra að bregðast við eins og hann gerði áðan, að stökkva upp á nef sér og segja að hér sé verið að gera lítið úr því sem vel er gert því það er sannarlega ekki svo. Það má mæra og prísa þau verk sem vel hafa verið unnin og í þessu hefur mikið verið vel gert og auðvitað er verið að gera vel í Þjóðminjasafninu.

Hitt hefði verið sýnu glæsilegra ef okkur hefði tekist að hafa Þjóðminjasafnið opið á þeim árþúsundamótum sem fram undan eru. Því er ekki að heilsa en, herra forseti, við skulum bara athuga að hér er mikilvægur tekjustofn á ferðinni til mikilvægra verka. Það er ekki verið að tala um stóra skerðingu á honum heldur einungis 146 millj. sem eiga þá að fara í hítina í ríkissjóði. Það er það sem hér er verið að mæla gegn, en um leið er verið að lýsa yfir miklum stuðningi við alla þá viðleitni sem hefur verið í gangi og er í gangi til að viðhalda menningarstofnunum en hún ætti að vera meiri.

[11:23]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það undrar mig mjög að hæstv. ráðherra skuli ekki fagna þegar hann fær svo öflugan stuðning frá stjórnarandstöðunni við að Endurbótasjóður menningarstofnana skuli vera óskertur. En það er öðru nær. Ráðherrann brást hinn versti við og mér skilst á málflutningi hans að það sé heldur til bóta að framkvæmdum við endurbætur á Þjóðminjasafni verði fresta um ár vegna þess að þeir sem skipuleggi verkið þurfi að hugsa sig um.

Ég get svo sem tekið undir það með hæstv. ráðherra ef það er þannig að byrjað hafi verið á verkinu án þess að það hafi verið skipulagt til enda hvernig hlutum skyldi fyrir komið í Þjóðminjasafninu eftir að verkinu væri lokið. Ég taldi svo sjálfsagt að það hefði ekki verið byrjað að flytja Þjóðminjasafnið burtu áður en búið hefði verið að skipuleggja hvernig viðgerðin mundi enda.

[11:24]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi Þjóðminjasafnið og endurbætur á því er rétt að það komi fram að það var mun viðameira en menn gerðu ráð fyrir að koma munum úr safninu fyrir í geymslu og það krafðist meiri vinnu en menn áttuðu sig á og meiri kröfur voru gerðar til húsnæðis en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi. Við því gat enginn séð í sjálfu sér, en ég fullyrði að nú sé búið þannig um muni úr Þjóðminjasafninu í þessari geymslu að það standist allar kröfur sem unnt er að gera og aldrei hafi jafn vel verið búið að munum til geymslu úr Þjóðminjasafninu eins og nú hefur verið gert. Ég hvet menn til að kynna sér það því að þar er einstaklega góð aðstaða.

Málum er einnig þannig háttað að bjóða á út hönnun sýningarinnar í Þjóminjasafninu. Menn höfðu ekki áttað sig á því þegar þessi áform voru á döfinni að fara ætti þá leið. Það var hins vegar gert og snemma á næsta ári liggur fyrir hvaða leið verður valin við hönnun á sýningunni. Þessar framkvæmdir valda því að þetta getur dregist í nokkurn tíma. Það eru ekki bara fjármunir heldur líka efnislegir þættir sem eiga hlut að máli.

[11:26]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði í fyrri ræðu sinni að verið væri að skipuleggja hvernig ætti að koma Þjóðminjasafninu fyrir í hinu nýuppgerða húsi þegar þar að kemur. Hann minntist hins vegar ekki á þessi útboð sem virðast hafa komið mjög flatt upp á menn að þyrfti að fara í og hafa auðvitað tafið verkið. Ég tel þetta skýra það að nokkru leyti og er í fyrsta sinn sem ég heyri það og þakka ég fyrir þær skýringar.

[11:27]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér á óvart að hv. þm., jafnáhugasöm og hún er um málefni Þjóðminjasafnsins, skuli ekki hafa fylgst með því þegar þetta var auglýst á sínum tíma. Þetta var nýmæli að farið var út í það að auglýsa eftir tillögum um hvernig ætti að hanna og byggja upp sýningar í hinu nýja húsi. Unnið hefur verið að því og það eru þrjú tilboð sem mér skilst að liggi nú fyrir og er verið að vinna úr þeim. Það er eitt atriði.

Hins vegar eru framkvæmdir við bygginguna sjálfa mjög umfangsmiklar og ljóst að verkið á eftir að tefjast. Við höfum einnig tekið ákvarðanir um að fresta fjárveitingu. Verkið verður þannig unnið að 2001–2002 verður Þjóðminjasafnið vonandi komið í þær aðstæður sem við viljum hafa það til langrar frambúðar.

[11:27]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 2000, 1. mál, frhnál. 1. minni hluta fjárln., þskj. 417.

[11:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ekki ætla ég að lengja þessa umræðu mikið. Þó langar mig til að koma inn í umræðuna út frá öðru sjónarhorni.

Hér er um við að ræða um hvernig á að framkvæma lög sem afla fjár til að viðhalda menningarbyggingum. Það er alveg ljóst að þetta fé má ekki nota til annars en viðhalds. Það má ekki nota það til nýbygginga. Með öðrum orðum, þau lög stuðla að því að viðhalda menningararfleiðfinni en hún felst auðvitað í öðru en bara þeirri steypu sem menn hafa notað til þess að byggja yfir arfleifðina. Það hefur komið fram aftur og aftur á síðustu árum að undir skemmdum liggja mjög mikilvægir og dýrmætir hlutir í vörslu okkar sem þjóðar. Hér á ég við handrit sem er að finna í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Árnastofnun. Það hefur komi fram m.a. í fjárln. og það hefur áður borið á góma í umræðu um nákvæmlega þau atriði sem við ræðum hér að nauðsynlegt sé með einhverju móti að tryggja að í framtíðinni verði hægt að afla fjár reglulega til að standa straum af endurbótum og viðgerðum á þessum hluta.

Rétt er að það komi fram að í framhaldi af umræðum sem hér urðu fyrir einum 3–4 árum greip hæstv. menntmrh. í taumana og sá til þess að komið var upp viðgerðarstofu á

Þjóðarbókhlöðunni og síðan var ráðinn þangað maður. En fyrir liggur að við þurfum að eyða verulega miklum fjármunum á næstu árum og áratugum til að gera við skjöl af hvers konar tagi sem eru partur af ómetanlegri menningararfleifð. Þess vegna vil ég varpa því fram, herra forseti, fyrst í ljós kemur að ekki þarf allt þetta fjármagn sem af þessum skattstofni rennur til ríkisins í að viðhalda menningarbyggingum, hvort ekki sé rétt að menn íhugi það, ekki endilega núna en til framtíðar, að breyta lögunum á þann veg að þarna verði líka markaður fastur tekjustofn til að viðhalda þeirri ómetanlegu menningararfleifð. Ég held að það væri eitthvað sem þingið ætti að sameinast um á næstu árum og ekki síst hæstv. menntmrh. sem eins og ég gat um í tölu minni áðan hefur sýnt þessu máli lofsverðan áhuga.

[11:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. en vil láta þess getið að við endurbætur á Þjóðminjasafninu, sérstaklega geymsluhúsnæði þess, hefur verið sköpuð fullkomin aðstaða til viðgerða á munum safnsins. Í Þjóðarbókhlöðunni er komin aðstaða eins og hv. þm. gat um við endurbætur á þjóðskjalasafninu. Þar hefur verið unnið að því að koma upp mjög góðri aðstöðu til viðgerða á munum þess. Einnig er verið að innrétta húsnæði í Listasafni Íslands til að gera við og viðhalda munum þess.

Ég hef hins vegar spurt hvort nauðsynlegt sé að hafa slíkar stofnanir á vegum ríkisins á fjórum stöðum. Er nauðsynlegt að í öllum söfnum sé aðstaða til viðgerða og eftirlits með munum? Mér er sagt að svo sé því að þetta séu ólíkar aðferðir sem menn beita. Mér finnst hugmynd hv. þm. athyglisverð og huga þarf að þessum þætti ekki síður en öðrum og einnig hvernig þetta sé skipulagt. Við höfum á undanförnum árum verið að byggja slíka aðstöðu upp á fjórum stöðum í fjórum mikilvægum söfnum.

[11:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þann skilning sem hann hefur á þessu máli. Ég vissi reyndar um það fyrir fram vegna þess að hæstv. ráðherra hefur lagt gjörva hönd að þessu verki. Ég vek athygli á því að hluti af þessu endurbótastarfi á menningararfleifðinni felst til að mynda í því að menn geti unnið með viðkvæm skjöl án þess endilega að handfjatla þau. Það hafa komið fram hugmyndir um, og það þarf að gera í framtíðinni, sérstaka myndastofu á einhverju þessara safna eða stofnana sem hæstv. ráðherra nefnir hér þar sem menn taka myndir af skjölum og geta þar af leiðandi vélað og fjallað um þau án þess að þurfa að handfjatla þau.

Hæstv. ráðherra velti því upp í umræðunni hvort hægt væri að sameina stofnanir af þessu tagi. Ég vil láta þess getið, herra forseti, að það hafa komið fram hugmyndir innan þessara stofnana um að koma upp svona viðhaldsstofu, til að mynda myndastofu, úti á landsbyggðinni. Reyndar hafa menn nefnt menningarsetrið í Reykholti sem tilvalinn stað undir það.

Ég nota tækifærið, herra forseti, til þess að nefna þetta því ég held að þetta sé vandamál sem við verðum að taka á til framtíðar. Við þurfum ekki endilega að ráðast í það núna en ég held að við þurfum með einhverjum hætti að taka á því. Ég er þeirrar skoðunar að það sé a.m.k. raunhæfur möguleiki í þessari stöðu að hugsa til þess hvort ekki sé rétt að breyta lögum sem fjalla um viðhald menningarstofnana og láta þau fjalla um viðhald menningararfleifðarinnar. Þannig mætti jöfnum höndum veita fé sem rennur til ríkisins af þessum skattstofni til endurbóta á skjölum og munum jafnt og húsum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, 1. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 374.

[11:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Vegna þeirrar nýlundu að bera ekki fram bandormsfrumvörp eins og venja hefur verið á Alþingi á undanförnum þingum þá mæli ég fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, á þskj. 374. Þetta frv. er þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, skuli tekjur af erfðafjárskatti árið 2000 umfram 235 millj. kr. renna í ríkissjóð.

Rétt er að taka fram að í fyrra var að störfum nefnd og gerði tillögur um úrræði í málefnum fatlaðra í Reykjavík og Reykjanesi en þar eru biðlistarnir fyrst og fremst. Nefndin gerði tillögu um að vinna að því að stytta þá á næstu sjö árum. Unnið er eftir tillögum þeirra eða því plani sem nefndin lagði. Á þessu ári og því næsta verða tekin í notkun fimm sambýli í Reykjavík og fimm sambýli á Reykjanesi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til félmn. Ég biðst jafnframt afsökunar á því hve seint þetta mál er á ferðinni. Það þarf að afgreiðast með fjárlögum, þ.e. fyrir áramót og fyrir misskilning í ráðuneytinu er frv. svo seint fram komið. Út af fyrir sig er ástæða til þess að biðjast afsökunar á því.

[11:36]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Aðeins um þetta frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs. Þetta er eitt af svokölluðum skerðingarfrv. eða bandormum í fjárlögunum núna. Mér finnst þau sérkennileg miðað við þá umræðu sem verið hefur um fjárlögin þar sem fé er ausið í austur og vestur. Það hefði kannski verið gott að hafa þarna borð fyrir báru og taka frá meira fjármagn til að hraða í uppbyggingunni sem við höfum gert áætlun um varðandi biðlistana. Ég var í þeirri nefnd ásamt t.d. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln. Við gerðum þar áætlun til sjö ára og töldum fyrst og fremst mikilvægt að fá þessa áætlun. Við vissum hins vegar líka að það mætti auðvitað hraða uppbyggingunni víða. Það hefði verið gott að fylgja því eftir núna því biðlistarnir eru langir. Við reiknum m.a. með nýgengi í fötlunum inn í þessa áætlun.

Við vitum að þegar þetta flyst yfir til sveitarfélaganna þá munu kröfurnar aukast. Þá eru málin komin heim í hérað og þar verður þrýstingurinn meiri. Ég held að það hefði verið mjög skynsamlegt að taka frá fé til að geta hraðað uppbyggingu á ákveðnum svæðum þegar málefni fatlaðra verða flutt yfir til sveitarfélaga.

[11:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í sjálfu sér er kannski jákvætt að ekki skuli nú í tengslum við afgreiðslu efnahagsmála á þingi fylgja hinn hefðbundni bandormur með skerðingarákvæðum eða öðrum ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Það voru heldur leiðinleg kvikindi á árunum, þegar þeir urðu sem lengstir bandormarnir með alls konar skerðingum og tilfæringum. Nú eru skerðingargreinarnar sem betur fer fremur fáar enda búið að breyta ýmsu í lögum um markaða tekjustofna. Eftir standa þó nokkrir þeir mikilvægustu og stærstu, þeir sem hafa verið til umræðu hér, sá síðasti, þessi og sá sem næstur er á dagskrá. Við ræddum áðan um sérstakt álag á eignarskatt til endurreisnar og viðhalds menningarverðmæta. Einnig er um að ræða Framkvæmdasjóð aldraðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Það er mjög neyðarlegt, herra forseti, að málin þurfi að koma á dagskrána með afbrigðum eins og gert var í gær, að ræða um miðjan desembermánuð lagalegar forsendur skerðinga sem ríkisstjórnin ákvað í septembermánuði og birtust í fjárlagafrv. 1. október. Það vekur auðvitað miklar spurningar um vinnubrögðin. Hæstv. félmrh. baðst eiginlega afsökunar á þeim áðan. Ég tek það gilt og skal ekki orðlengja það frekar en þetta er ekki eins og vera ætti.

Hér er, herra forseti, farið ansi harkalega með þennan málaflokk að manni sýnist. Það að tekjur af erfðafjárskatti, allt umfram 235 millj. kr., eigi að renna í ríkissjóð er náttúrlega mjög harkaleg meðferð á þessum lögbundna tekjustofni. Satt að segja, herra forseti, hefði maður vænst þess að menn mundu ákveða, eins og hefur í orði kveðnu verið stefna hæstv. ríkisstjórnarinnar síðustu og væntanlega þessarar, að útrýma þessum mörkuðu tekjustofnum og allt þetta eigi að ákveða á fjárlögum. Annaðhvort gera menn það eða reyna að hreinsa þessa tekjustofna og festa í sessi og hætta að skerða þá. Ef menn telja að þetta of mikið þá er spurning hvort ekki eigi að stilla sjálfa álagninguna þannig af að tekjurnar séu um það bil í samræmi við þörfina. Hér er auðvitað ekkert slíkt á ferðinni.

Ég held þó að enginn af þeim ráðherrum sem mæla mundi fyrir þessum skerðingum reyni að halda öðru fram en að fullt þörf sé fyrir allt þetta fé í viðkomandi málaflokk. Hér er bara viðhöfð gamla slumpuaðferðafræðin, arfur frá þeim tímum er menn réttlættu skerðingar af ýmsu tagi með því að illa áraði. Þá sögðu menn að þröngt væri í búi hjá ríkissjóði og þar af leiðandi gripu þeir til þeirra tekjustofna sem þarna eru á ferðinni. Menn gengu mjög langt í þessu og skertu alla skapaða hluti niður í smáaura sem þeir reyttu af mörkuðum tekjustofnum til ferðamála eða slíkra hluta.

Ég gagnrýni, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli að því er virðist ekki hafa náð neinu landi með þetta mál og ekki tekið skynsamlega framtíðarstefnu í þessum efnum.

Hæstv. menntmrh. var áðan að verja tekjustofninn sem rann til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar á sínum tíma og var síðan breytt yfir að vera varðveislu-, enduruppbyggingar- og viðhaldssjóður fyrir menningarverðmæti og húseignir sérstaklega. Á honum var ekki að heyra annað en að afstaða hans væri að þessi tekjustofn yrði til frambúðar. Ég vil því spyrja, hæstv. félmrh.: Er afstaða hæstv. félmrh. hvað varðar þennan tekjustofn hin sama, að þetta eigi að verða framtíðartekjustofn til uppbyggingar og kannski að einhverju leyti rekstrar á þessu sviði? Ef svo er þá held ég að hæstv. félmrh. ætti að snúa sér að því hreinsa stofninn af skerðingum. Fram undan eru auðvitað gífurleg verkefni á þessu sviði og biðlistar nú þegar ærnir eins og kunnugt er. Það er almennt mat manna að ein helsta útgjaldasprenging ef svo má að orði komast í málefnum ríkissjóðs og velferðarkerfinu á næstu áratugum verði stóraukin þörf fyrir útgjöld til málefna aldraðra. Því veldur fyrst og fremst breytt aldurssamsetning í þjóðfélaginu og stóraukinn fjöldi þeirra sem ná háum aldri. Þá mun hæstv. félmrh. ekki af veita. Reyndar er þá dapurlegt að sjá að þrátt fyrir allt góðærið og 15–17 milljarða afgang á ríkissjóði sem menn eru að monta sig af skuli ekki vera hægt að láta vera að krukka í tekjustofna eins og Framkvæmdasjóð aldraðra og Framkvæmdasjóð fatlaðra sem við ræðum hér á eftir.

Mér finnst, herra forseti, ástæða til að fá að vita um viðhorf hæstv. félmrh. í þessum efnum og hvernig hann sjái þróun þessara mála í framtíðinni, sérstaklega í framhaldi af yfirlýsingum hæstv. menntmrh. áðan. Einnig vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig hann sjái fyrir sér að fjárþörf á þessu sviði verði mætt á komandi árum. Er það ekki áfall fyrir hæstv. ráðherra að ná ekki árangri í því nú í miðju góðærinu að draga úr þessari skerðingu?

[11:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það verður nú að segjast eins og er að það er mikill ósiður hjá hæstv. ráðherra að leggja þetta mál fram nú í sömu viku og áformað er að ljúka þingstörfum fyrir jól. Hæstv. ráðherra baðst að vísu afsökunar á því. Ég tek auðvitað slíkri afsökun. Hæstv. ráðherra er maður að meiri að hafa beðist afsökunar á þessu. Það breytir ekki því að við höfum skamman tíma til að ræða þetta mál.

Við erum að fjalla um mikinn málaflokk og verulega skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra sem hefur áhrif á uppbygginguna í málefnum fatlaðra. Það hefði verið ástæða til að ræða meira um þennan málaflokk, ekki síst, herra forseti, þegar áformað er að flytja hann til sveitarfélaganna. Aðgerðir eins og þær sem liggja fyrir í þessu frv. greiða ekki fyrir því að samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um flutning á málaflokknum til sveitarfélaganna. Þess vegna ber að harma hvernig að þessu er staðið.

Þetta að vísu ekkert óvanalegt hjá þessari ríkisstjórn og Framsfl. og Sjálfstfl. sem hefur verið við völd sl. fimm ár að ráðast á þennan málaflokk. Við erum svo sem orðin vön því í stjórnarandstöðunni. Fróðlegt hefði verið ef maður hefði haft tíma til að taka saman skerðinguna á Framkvæmdarsjóði fatlaðra í tíð þessarar ríkisstjórnar. Samkvæmt frv. er áformað að skerða sjóðinn um 340–350 millj. ef ég man rétt og á síðasta ári var sjóðurinn skertur um 230–240 millj. þannig að við erum að tala um samtals á þessu ári og næsta skerðingu á Framkvæmdarsjóði fatlaðra upp á 600 millj., bara á tveimur árum. Ætli við værum ekki að nálgast 1–1,5 milljarða ef þetta væri tekið saman frá 1995? Þetta þyrfti auðvitað að taka saman og hvaða áhrif skerðingin hefur haft á uppbyggingu í þessum mikilvæga málaflokki. Það er saga út af fyrir sig hvernig ríkisstjórnin á tímum góðæris beinir spjótum sínum ávallt að hópi fatlaðra hvort sem það er varðandi framkvæmdarsjóðinn og málefni fatlaðra almennt eða varðandi bætur öryrkja svo dæmi sé tekið en þeir drógust verulega aftur úr ef við tökum það til samanburðar við aðra í þjóðfélaginu á síðasta kjörtímabili og munar þar verulegu. Það er eins og ríkisstjórnin, alveg sama hvað hún hefur mikla peninga, geti ekki séð þennan málaflokk í friði.

Hér höfum við t.d. í Degi í dag yfir mynd af formanni fjárln., Jóni Kristjánssyni — sem ég vil biðja um að verði viðstaddur umræðuna — svohljóðandi fyrirsögn: „Ríkissjóður veit vart aura sinna tal.“ Á sama tíma og þetta kemur fram í Degi erum við að fjalla um 350 millj. kr. skerðingu á Framkvæmdarsjóði fatlaðra.

Nú er það svo eins og hæstv. ráðherra kom sjálfur inn á áðan að unnin hefur verið áætlun um þörf fyrir búsetuúrræði hjá fötluðum og tengist það væntanlega áformuðum flutningi á þessum málaflokki til sveitarfélaganna. Það hefur komið fram og mér finnst gott að formaður fjárln. er kominn í salinn af því að formaður fjárln. átti sæti í þeirri nefnd sem var að skoða biðlista hjá fötluðum og hvernig staðið skyldi að því að leysa húsnæðisþörfina en formaður fjárln. ásamt núv. sjútvrh. Árna M. Mathiesen, eftir því sem ég veit best, átti m.a. sæti í þessari nefnd. Þar kemur fram að á biðlista fyrir búsetuúrræði og sambýli eru 378 ef ég fer rétt með. Ég spyr hæstv. ráðherra eða hv. þm. hvort hér sé farið með rétta tölu. Þar erum við að tala um í Reykjavík 170 sem bíða eftir búsetuúrræðum, 134 á Reykjanesi og 74 annars staðar. Þetta er alllangur listi.

Hæstv. ráðherra kom inn á það áðan að áformað væri að leysa þessa þörf á sjö árum. Það er að vísu langur tími, fyrir þá sem hafa kannski beðið mjög lengi eftir því að fá sambýli eða lausn á búsetumálum sínum. En ég sé ekki hvernig á að standa við það miðað við þá skerðingu sem er nú áformuð. Það er að vísu svo að ráðherra nefndi 10 sambýli á þessu og næsta ári og er séð fyrir rekstrinum í fjárlögum næsta árs að ég fæ best séð. Ég sé ekki hvernig á að leysa framkvæmdarþörfina vegna þess að þetta kallar á sambýli og uppbyggingu á sambýlum. Ekki er nóg að sjá fyrir reksturinn, það verður líka að sjá fyrir uppbyggingu á búsetuúrræðunum á sambýlunum. Eftir því sem ég er upplýst um þá er sjóðurinn eins og hann stendur núna, og miðað við þær skuldbindingar sem hann hefur, ekki aflögufær til að ráðast í uppbyggingu á þessum sambýlum á næsta ári sem þetta rekstrarfé, sem hefur þó verið séð fyrir, kallar á.

Ég hef heyrt að menn tali um leigu á húsnæði. Ég er ekki farin að sjá að það úrræði dugi. Við erum að tala um mjög þunga einstaklinga sem eiga að fara á þessi sambýli og ég held að mjög erfitt verði að finna eldra húsnæði sem hentar fyrir þessa einstaklinga. Við höfum reynsluna í gegnum árin og það hefur þurft að sérhanna húsnæði fyrir þyngstu einstaklingana. Ég spyr formann fjárln., sem átti sæti í þeirri nefnd sem var að skoða biðlistana, sem var að skoða hvernig var hægt að leysa þessa þörf, hvernig hann sér fyrir sér að hægt sé að standa við þá áætlun sem gerð hefur verið og m.a. að það komi fjögur eða fimm ný sambýli á næsta ári eins og mér skilst að áformað sé. Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum það fram.

Ég spyr hv. þm. Jón Kristjánsson, af því að hann hefur setið lengi sem formaður fjárln., hvort hann viti hve mikið þessi sjóður hefur verið skertur á síðast liðnum fimm árum. Við erum að tala um á þessu og næsta ári 600 millj. kr. skerðingu. Lögin um málefni fatlaðra eru mjög skýr í þessu efni. Það stendur í 39. gr. að sjóðurinn skuli hafa óskertar tekjur Erfðafjársjóðs. Þessi grein kom inn í lögin í tíð minni sem félmrh. og þessi grein, óskertar tekjur af erfðafjárskatti, var forsenda þess að léð var máls á því að sjóðurinn fjármagnaði tímabundið eitthvað annað en framkvæmdir. Við það ákvæði var staðið allt fram til ársins 1995 að sjóðurinn fékk hverja einustu krónu af tekjum af erfðafjárskatti til þess að geta staðið undir viðbótarverkefnum sem honum voru fengin. En hæstv. ráðherra hefur haldið áfram að skerða í sinni tíð tekjur Erfðafjársjóðs ásamt því að hann hefur haft þessi viðbótarverkefni.

Nú eru lögin um málefni fatlaðra mjög skýr og verkefnin sem sjóðurinn hefur eru ærin. Við getum t.d. farið yfir þjónustustofnanir sem sjóðurinn á að fjármagna og hefur hann einungis til þess ef ég veit rétt 235 millj. á næsta ári sem er sama fjárhæð og hann hafði á síðasta ári. Þó að undir mynd af hv. þm. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln., standi að ríkissjóður viti vart aura sinna tal þykir ekki ástæða til að uppfæra þetta miðað við verðlag, hvað þá heldur að ríkissjóður sjái sóma sinn í því miðað við þessar aðstæður að skila einhverju af skerðingunni til baka inn í sjóðinn þannig að hann geti staðið við þær áætlanir sem formaður fjárln. hefur gert fyrir sjóðinn og staðið að ásamt öðrum hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, hæstv. sjútvrh. En þessi sjóður á samkvæmt lögum að fjármagna uppbyggingu á þjónustustofnunum eins og hæfingar- og endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnunum fatlaðra, vernduðum vinnustöðum, leikfangasöfnum og skammtímavistun. Síðan sambýli, vistheimili fyrir börn, heimili fyrir börn og áfangastaði, svo dæmi sé tekið, ásamt öðrum verkefnum sem á hann eru lögð. Þess vegna spyr ég hv. formann fjárln. eða hæstv. ráðherra, hvorn þeirra sem hefur svör við því, hverjar eru skuldbindingar sjóðsins að frátöldum þeim sambýlum sem á að bæta á hann á næsta ári.

Ég spyr líka hv. formann fjárln.: Nú er það svo að það ættu að hafa komið inn viðbótartekjur úr erfðafjárskatti eða ættu að koma inn á næsta ári miðað við hækkun á fasteignamatinu. Það hefur áhrif á erfðafjárskattinn. Er það tekið með inn í þá áætlun sem nú liggur fyrir varðandi erfðafjárskattinn? Hefur verið gert ráð fyrir viðbótartekjum af erfðafjárskatti á næsta ári vegna hækkana á fasteignamatinu? Ég held að það sé ágætt að það komi fram, ekki að það breyti neitt fyrir uppbyggingu á málefnum fatlaðra eða Framkvæmdasjóði fatlaðra vegna þess að ríkisstjórnin hefur það mottó að stela hverri krónu sem hægt er af þessum sjóði fatlaðra inn í ríkissjóð þrátt fyrir það að á sl. fimm árum höfum við búið við uppsveiflu og nú svo miklar tekjur að það rignir inn peningum og ríkisstjórnin veit varla hvað hún á að gera við þá.

Herra forseti. Af því að við erum að tala um stöðu fatlaðra hefði verið full ástæða til að fara mjög gaumgæfilega yfir það að á sama tíma og við erum að skerða tekjur hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra um hvorki meira né minna en 350 millj. fyrir næsta ár eru málefni geðsjúkra eða geðfatlaðra barna í miklum ólestri. Við erum að tala t.d. um að það eru engar hvíldarinnlagnir til eða tímabundnar vistanir eða möguleikar á hvíldarvistun vegna mikið geðfatlaðra barna. Ef sjóðurinn hefði haft peninga og ríkisstjórnin hefði ekki verið að stela þessum peningum af honum inn í ríkissjóð þá hefði þessi sjóður getað veitt úrlausn fyrir þau börn sem er mjög alvarlegt ástand hjá, t.d. með því að setja peninga inn í uppbyggingu á hvíldarheimili svo dæmi sé tekið. Hér er náttúrlega um mjög stóran málaflokk að ræða sem hefur áhrif mjög víða að því er varðar kjör og aðbúnað fatlaðra í þjóðfélaginu og t.d. þeirra tæplega 400 einstaklinga sem bíða núna eftir búsetuúrræðum. Þess vegna hefði verið full ástæða til, herra forseti, að við hefðum getað haft meiri tíma til að ræða áhrifin af þessari skerðingu hjá ríkisstjórninni, ekki bara á næsta ári heldur á umliðnum fjórum árum á

tímum góðæris þegar ríkisstjórnin hefur talið sig geta verið að skerða þennan málaflokk.

Ástæða er til þess miðað við þá stöðu sem er í efnahagsmálum og hættumerki víða í þjóðfélaginu að sýna fullt aðhald jafnvel þó að rigni inn peningum. En ég hefði þó haldið að þetta væri það síðasta sem við mundum skerða. Við erum að tala um tekjuauka ríkissjóðs upp á 23 milljarða sem var ekki áformað.

(**Forseti** (GÁS): Forseti biður hv. þm. afsökunar en vill minna á að gert var ráð fyrir matarhléi kl. 12. Þá mun m.a. verða haldinn fundur í iðnn. Stefnir í lok ræðu hv. þm. eða er skynsamlegra að fresta henni?)

Ég býst við að skynsamlegra sé að fresta henni og ég skal gera það hér og nú ef hæstv. forseti óskar þess.

(**Forseti** (GÁS): Forseta líst vel á það. Ræðu hv. þm. er því frestað og enn fremur þessari umræðu. Fundinum er frestað til kl. 13.)

[Fundarhlé. — 11:59]

[13:00]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 2000, 1. mál, frhnál. 2. minni hluta fjárln., þskj. 418; brtt. KolH o.fl., þskj. 419.

Hafnarframkvæmdir 1998, 284. mál, skýrsla samgrh., þskj. 424.

Leiðbeiningar- og tilkynningarskylda fyrir brotaþola, 283. mál, fsp. ÖJ, þskj. 423.

Nálgunarbann, 282. mál, fsp. ÖJ, þskj. 422.

Þinglýsingalög, 281. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 421.

[13:01]

Jóhanna Sigurðardóttir (frh.):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan erum við undir nokkurri tímapressu að ræða mikla skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra og er a.m.k. nokkuð stórt mál í augum þeirra sem við það eiga að búa, þ.e. fyrir fatlaða og fjölskyldur þeirra og aðstandendur. Reyndar kom ég inn á það í máli mínu að við hefðum þurft að hafa nokkurn tíma til að ræða þetta stóra mál.

Ég beindi nokkrum spurningum til formanns fjárln. og hæstv. ráðherra sem snerta skerðingu á þessum sjóði og áætlaðar tekjur af erfðafjárskatti. Ég vil bæta spurningu við til formanns fjárln. sem átti sæti í þeirri nefnd sem vann að athugun á þörfinni fyrir búsetuúrræði fyrir fatlaða. Fyrir liggur að þörf sé fyrir 378 búsetuúrræði og sennilega mest á sambýli og ég spyr hver sé áætlaður kostnaður við að leysa þá þörf. Nú hlýtur þörfin að liggja fyrir samhliða því að þessir biðlistar voru kannaðir. Ég spyr um það sem er nokkuð mikilvægt innlegg í þetta mál þegar við erum að skerða sjóðinn.

Ég nefndi áðan að skerðing á sjóðnum á þessu og næsta ári væri um 600 millj. Ég skoðaði þetta mál nokkuð í matarhléinu og mér sýnist að hún sé enn meiri. Mér sýnist að skerðingin fyrir þetta ár sé í rauninni 340 millj. Áætlað var að tekjur af erfðafjárskatti á þessu ári yrðu 480 millj. en í greinargerð með fjárlagafrv. kemur fram að áætlað er að tekjur af erfðafjárskatti á þessu ári verði 575 millj. kr. og af því rennur til framkvæmdasjóðsins 235 millj. Við erum því að tala um að skerðingin sem rennur í ríkissjóð, sem er tekið af framkvæmdasjóðnum, sé 340 millj. á þessu ári sem er álíka fjárhæð og á að skerða á næsta ári. Það eru því upp undir 700 millj. sem framkvæmdasjóðurinn hefur verið skertur um á þessu og næsta ári. Ég hef ekki haft tíma til að skoða það en ég býst við að skerðingin frá 1995, þegar sú ríkisstjórn tók við sem enn situr, sé vart undir 1.200 millj. kr. Ég tel að við hefðum getað farið ansi langt, herra forseti, með það að leysa eða stytta þá löngu biðlista sem við höfum hjá fötluðum.

Maður veltir fyrir sér hvort ekkert sé að marka ákvæði 1. gr. laga um málefni fatlaðra og hvort ríkisstjórnin fari ekkert eftir því sem þar stendur þegar hún er í niðurskurði sínum. Þar stendur í 1. gr.:

„Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi."

Ég kalla ekki að unnið sé samkvæmt þessu markmiði þegar verið er að skerða tekjur framkvæmdasjóðs svo gífurlega sem raun ber vitni eða um 700 millj. á tveim árum. Á umliðnum einum til einum og hálfum áratug hefur verið farið út í algera stefnubreytingu hvað varðar búsetumál fatlaðra með mikilli uppbyggingu sambýla um allt land og að halda áfram þeirri uppbyggingu er að skapa fötluðum skilyrði til að lifa eðlilegu lífi.

Við skulum líka athuga að þeir sem eru á þessum biðlistum hafa kannski verið þar árum saman. Nefnd hæstv. félmrh. leggur til að leysa þá þörf á sjö árum og þeir síðustu á þessum biðlistum, sem ég trúi að bætist við jafnt og þétt á komandi árum, þurfa kannski að bíða í sjö ár ef hægt verður að standa við uppbygginguna í framkvæmdunum sem maður verður að draga í efa miðað við hvað framkvæmdasjóðnum er skammtað. Þess vegna er nauðsynlegt að áður en umræðunni lýkur og ef ekki er hægt að fá upplýsingar um það við umræðuna að nefndin, sem fær málið til meðferðar, skoði þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur núna fyrir næsta ár og spyrji hæstv. ráðherra um það hvort hann geti gert ráðstafanir til að nefndin fái þær upplýsingar ef það er ekki hægt við þessa umræðu þannig að ekki þurfi að tefja hana að fá fram núverandi skuldbindingar sjóðsins.

Hæstv. ráðherra var svo sannarlega ekki að finna upp hjólið með því að fara að skerða af Framkvæmdasjóði fatlaðra í rekstur. Það var gert áður og því skal alveg haldið til haga í umræðunni og var byrjað á því í tíð þeirrar sem hér stendur sem félmrh. En þá var einungis um að ræða 25% af fjármagninu, sem fór í sjóðinn, sem fór í rekstur og það var mest í liðveislu sem dregur úr því að þurfi að byggja upp sambýli vegna þess að ef við setjum fjármagn í frekari liðveislu er það a.m.k. tæki til að þjónusta þá sem eru í búsetu án þess að það þurfi þá að byggja fyrir þá endilega. En 25% af tekjum sjóðsins fór þá í rekstur gegn því skilyrði að tekjurnar yrðu óskertar.

Nú er svo komið að við erum að tala um að það eru einungis 40% þannig að 75% fór í stofninn, 25% í rekstur og 75% í stofnkostnað sem gat farið í framkvæmdir en nú eru einungis 40% af tekjum sjóðsins í stað 75% áður sem haldið er eftir til framkvæmda og áfram hefur sjóðurinn að vísu nokkurn rekstur eins og endurhæfingu og hæfingu eins og hér kemur fram í öðru þeirra frv. sem þessu máli tengjast ásamt því að halda uppi rekstri varðandi sjóðinn sjálfan. Það er því alveg sama þó að tekjur erfðafjárskatts verði 500 millj. eða 1.000 millj. Það virðist alltaf vera svipuð fjárhæð sem hæstv. ráðherra heldur eftir í sjóðnum, 235 millj. á þessu ári og 235 millj. á næsta ári. Það er engin hæfa, herra forseti, að búa þannig að þeim sem verst eru staddir í þessu þjóðfélagi og verða að treysta á það varðandi hagi sína og afkomu að

sjóðurinn sé ekki skertur og hann sjái þeim sem eru mikið fatlaðir og geta ekki komið sér upp húsnæði með öðrum hætti að sjóðurinn hafi það fjármagn sem þarf til að hægt sé að fjármagna sambýli og önnur nauðsynleg búsetuúrræði fyrir fatlaða.

Ég sé, herra forseti, að tíma mínum er að ljúka. Ég legg mikla áherslu á það að hæstv. ráðherra og formaður fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson, svari þeim spurningum sem hér eru lagðar fyrir þá. Ég vil enda mál mitt með því að spyrja hæstv. ráðherra líka að því hvort hann hafi ekki áhyggjur af því þegar svona er farið með Framkvæmdasjóð fatlaðra að það tefji að hægt sé að vinna að því að flytja þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna.

[13:09]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur rakið málefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra og gert að umtalsefni þá skerðingu sem frv., sem er til umræðu, gerir ráð fyrir og beint til mín spurningum um sjóðinn. Það er rétt að sá háttur hefur verið hafður á að skerða framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Hitt er svo annað mál að önnur framlög til fatlaðra hafa á sama tíma verið hækkuð um verulegar upphæðir og m.a. er í fjárlagafrv. nú gert ráð fyrir 285 millj. kr. hækkun til þessa málaflokks og þar af 100 millj. til að standa straum af þeim tillögum sem biðlistanefndin svokallaða, sem ég átti sæti í, gerði tillögur um.

Á fjárlögum ársins 1999 var gert ráð fyrir að mæta tillögum nefndarinnar en hún komst að þeirri niðurstöðu að sérstaklega á þessu svæði, Reykjavík og Reykjanesi, væri tilfinnanleg biðröð og gerði áætlanir um bráðaaðgerðir til þriggja ára og síðan langtímaáætlun til sjö ára um hvernig ætti að standa að þessu verki. Að því er unnið og ég hef sagt það áður að ég vil stuðla að því að þau plön geti haldist. Síðan er ákvörðunarefni hvort það á að gerast í gegnum Framkvæmdasjóð fatlaðra. Sú leið hefur verið farin að gera það með beinum framlögum á fjárlögum að skerða sjóðinn en það er sem sagt ákvörðunarefni hverju sinni.

[13:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Jafnvel þó að hv. þm. tefli fram þeirri hækkun sem er til rekstrarins á næsta ári, 285 millj., þá er það samt lægra en sú skerðing sem sjóðurinn verður fyrir. Þar er um að ræða 340–350 millj. kr. En talan sem hann nefndi í hækkun á rekstri er 285 millj. þannig að þar munar verulegu.

Svo held ég, herra forseti, að hv. formaður fjárln., ef hann vill greiða fyrir umræðunni, komist ekki hjá því að setja sig á mælendaskrá vegna þess að hann getur ekki í stuttu andsvari svarað fjölmörgum spurningum sem ég beindi til hans og mun halda áfram ítrekað í seinni ræðu minni ef ekki koma svör við því. Þetta eru mikilvægar spurningar. Gert er ráð fyrir fjármagni til rekstrar á þeim sambýlum sem á að koma upp á næsta ári. Hvar er gert ráð fyrir fjármagni til þess að hefja uppbygginguna á þessum sambýlum, þ.e. byggja þessi sambýli? Síðan spurði ég hv. þm. um skuldbindingar sjóðsins. Ég spurði hann líka um tekjur sem kæmu til viðbótar á næsta ári vegna hækkunar á fasteignamati, hvernig þær eru áætlaðar. Hv. þm. verður að svara þeirri spurningu vegna þess að hann situr væntanlega hér til að greiða fyrir þeirri umræðu sem hér fer fram.

Ég spyr hv. þm. hvort hann geti ekki verið sammála mér um að verið sé að skerða fjármagn til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um tæplega 700 millj. núna á tveim árum. Telur hv. þm. forsvaranlegt þó að við þurfum að búa við aðhald að fara út í þessa skerðingu? Er forgangsröðunin ekki röng hjá hæstv. ríkisstjórn þegar hún sí og æ gegnum árin og líka núna ræðst að þessum sjóði og kjörum þeirra sem við eiga að búa, þ.e. öryrkja og fatlaðra?

Herra forseti. Nauðsynlegt er að hv. þm. svari því sem til hans er beint. Ég spurði líka um áætlaðan kostnað af því að leysa þörfina fyrir þá 378 sem eru á biðlista og vænti ég að hv. þm. svari því.

[13:14]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur beint til mín nokkrum spurningum sem ég skal reyna að svara. Hún hefur rakið skerðinguna á Framkvæmdasjóði fatlaðra síðustu tvö árin þannig að ekki þarf að spyrja mig að henni. Hins vegar hef ég rakið það að sú leið hefur verið valin að leggja fram bein framlög. Það hefur komið fram í ræðu hennar að skerðingin er meiri síðustu tvö árin og ég hef ekki athugasemdir við það. Gerð hefur verið áætlun um að vinna á biðlistunum í Reykjavík og Reykjanesi og lögð fram áætlun um það til nokkurra ára.

Ég hef ekki fyrirliggjandi á þessari stundu hve tekjur sjóðsins munu hækka vegna breytinga á fasteignamati. Það mun verða farið yfir það mál á næsta ári. Ég tel að hluta þessa vanda sem fyrir liggur í Reykjavík og Reykjanesi verði að leysa með leigu en ekki fjárfestingu. Það er stefnumörkun frá félmrn. varðandi þennan málflokk.

Ég vona að ég hafi svarað ... (**JóhS:** Hvað kostar að leysa þörf 378 einstaklinga á biðlista?) Ef ég man rétt þá hljóða tillögur biðlistanefndarinnar upp á u.þ.b. milljarð kr. á því árabili sem nefndin setti upp áætlun um.

[13:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá liggur það fyrir. Ef ekki hefði verið farið út í þessar skerðingar á undanförnum árum, sem ég hef lýst hér, þá væru ekki neinir biðlistar vegna fatlaðra um land allt, 378 manns. Það kostar 1 milljarð að leysa þörfina og skerðingin er varla undir 1.200 millj. kr. Þá liggur það fyrir.

Hv. þm. hefur staðfest það sem ég sagði að þó að einhver aukning sé til rekstrar, þá er hún verulega minni en gert er ráð fyrir í sambandi við að skerða tekjur í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er óviðunandi gagnvart þeim sem versta stöðu hafa í þjóðfélaginu að ráðist sé að þeirra kjörum og aðbúnaði eins og hér á að gera. Hv. þm. orðaði þetta mjög óljóst. Það á að leysa þörfina á næsta ári með einhverri leigu. Hefur það verið kannað hvort húsnæði sé til sem hentar fötluðum? Við erum að tala um þá mest fötluðu sem þurfa mjög sérstakt húsnæði. Liggur það fyrir að hægt sé að finna slíkt húsnæði? Hefur það verið kannað? Ef ekki er hægt að leysa þetta með leigu, þá þarf auðvitað að fara út í byggingu eða kaup á nýjum sambýlum og það eru engir peningar til, ef ég skil málið rétt, vegna þess að skuldbindingar sjóðsins eru það miklar. Er formanni fjárln. kunnugt um hversu skuldbindingar framkvæmdasjóðsins eru miklar á næsta ári? Er hann þá nokkuð aflögufær til að byggja ný sambýli eða greiða leigu? Hvað liggur fyrir um leigu á fimm sambýlum á næsta ári sem þegar er gert ráð fyrir rekstur í? Hvað liggur fyrir um það? Ég trúi ekki öðru en að hv. fjárln. hafi fjallað um það atriði um leið og meiri hlutinn mælir með því að sjóðurinn verði skertur.

Það er ekki hægt að ganga þannig frá málum að skilja þetta mál eftir í lausu lofti og við verðum að fá, herra forseti, svör við þeim spurningum sem hér hafa verið lagðar fram sem eru mikilvægar spurningar og snerta hag þeirra sem núna bíða eftir sambýlum. Við verðum að fá svör við þeim við þessa umræðu áður en málið verður sent til nefndar.

[13:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er um breytingu á lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila. Síðar á dagskránni er frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, með síðari breytingum. Það hefði verið eðlilegt að þessi mál væru rædd saman og ég kýs að gera það vegna þess að það er nánast útilokað að aðskilja þau og fara í annað frv., það sem hér er á dagskrá, án þess að taka hitt.

Í athugasemdum við lagafrv. um erfðafjárskattinn segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að afnema þá tilhögun sem fest hafði rætur of víða og fólst í því að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög, ýmist með eða án sérstakra tekjustofna. Með slíkum ákvæðum er fjárveitingarvald Alþingis í raun fyrir fram bundið þegar að fjárlagagerðinni kemur, en það dregur um leið úr þeim áhrifum sem fjárstjórnarvaldi Alþingis er með fjárlögum ætlað að hafa á hagstjórn ríkisins, til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap. Ákvæði um lögmælt framlög er þó enn víða að finna og kunna að vera réttlætanleg og jafnvel æskileg að nokkru marki í ákveðnum tilvikum. Slík framlög verða þó að sæta þeim skerðingum sem markmið fjárlagafrumvarpsins setja, enda þótt þörf fyrir sérstakar aðgerðir sé minni nú en oft áður."

Skerðingarákvæði voru og hafa orðið til í flestum tilvikum vegna þess að um verulega fjárþörf var að ræða hjá ríkinu til að mæta ýmsum lögbundnum verkefnum. Meðal annars var verið að reyna að skipta niður því fjármagni sem ríkið hafði til ráðstöfunar og þá kom það þannig út að í sumum tilvikum var verið að skerða lögbundin framlög til að mæta nauðsynlegum kostnaði annars staðar. Þannig komu til skerðingar á framlögum í sjóðinn og þá um leið til framkvæmda fyrir fatlaða samkvæmt lögum um málefni fatlaða.

Í frv. sem er á dagskrá á eftir segir að greiða þurfi á árinu 2000 af ráðstöfunarfé sjóðsins kostnað við félagslega hæfingu og endurhæfingu samkvæmt 27. gr. laganna og kostnað vegna starfsemi stjórnarnefndar samkvæmt 52. gr. laganna, og eru það lög um málefni fatlaðra sem þarna er verið að fjalla um. Ég held að nauðsynlegt sé að heyra frá hæstv. ráðherra hvernig nákvæmlega það fjármagn skiptist sem verið er að taka úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem nemur um 340 millj. Verið er að taka um 60% af því fjármagni sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur yfir að ráða til að mæta þeim verkefnum sem um er getið í 27. gr. laga um málefni fatlaðra og í 52. gr. Það væri gott að fá uplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hvernig nákvæmlega þessari skiptingu er varið.

Virðulegi forseti. Þessi skerðingarákvæði eru eins og ég hef áður sagt fyrst og fremst til komin vegna þess að fjármagn vantaði í ríkiskassann og fjárlög ríkisins hafa um mjög langan tíma verið með halla og ekki hefur verið um það að ræða að á þeim hafi verið jöfnuður hvað þá að þau skiluðu afgangi heldur hefur verið um hallarekstur að ræða í þó nokkur ár. Það er sem betur fer liðin tíð eða alla vega er stefnt að því að fjárlög næsta árs verði með töluverðum afgangi.

Á árinu sem nú er að líða hefur tekjuauki umfram áætlanir verið 23 milljarðar kr. og á næsta ári eru áætlaðir 5 milljarðar í viðbótartekjur umfram það sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga. Þarna er um að ræða 28 milljarða tekjur umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir fyrir þetta ár og frv. til fjárlaga þegar það var lagt fram í haust. Það er því alveg með ólíkindum að þrátt fyrir þennan gífurlega tekjuauka ríkissjóðs sé valin sú leið að skerða Framkvæmdasjóð fatlaðra og þau framlög sem þangað eiga að renna til framkvæmda þegar vitað er að biðlisti þeirra sem bíða eftir búsetuúrræðum, sem þessi sjóður hefur að stærstum hluta verið notaður til að fjármagna, er tæplega 400 manns, þá skuli vera valin sú leið að skerða framkvæmdasjóðinn um og yfir 300 millj.

Þetta mál var sérstaklega rætt á landsþingi Þroskahjálpar sem haldið var í Reykjavík og þingmönnum Sunnlendinga hefur borist bréf frá Þroskahjálp á Suðurlandi þar sem segir, með leyfi forseta:

„Til þingmanna Suðurlands.

Dagana 14.–16. október 1999 var landsþing Landssamtakanna Þroskahjálpar haldið í Reykjavík. Á þinginu voru samþykktar allmargar ályktanir um réttindi og hagsmunamál fatlaðra. Stjórn Þroskahjálpar á Suðurlandi þykir rétt að koma þessum ályktunum þingsins á framfæri við þingmenn Suðurlands, enda endurspegla þær skoðanir og áherslur félagsins í réttinda- og hagsmunamálum fatlaðra íbúa þess kjördæmis. Stjórn félagsins skorar á þingmenn Suðurlands að greiða atkvæði gegn því ákvæði í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 sem gerir ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra fái aðeins 40% af lögbundnum tekjum sínum af erfðafjárskatti.

Virðingarfyllst

f.h. Þroskahjálpar á Suðurlandi.

Ragnheiður Thorlacius, formaður."

Með þessu bréfi fylgja síðan ályktanir þessa þings sem Landssamtökin Þroskahjálp héldu í október í Reykjavík og þar segir um framkvæmdasjóð og biðlista, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 fær Framkvæmdasjóður fatlaðra aðeins 40% af mörkuðum tekjum sínum eða 235 millj. af þeim 575 millj. sem erfðafjárskattur skilar. Í frv. til fjárlaga er þess getið að farið skuli að tillögum nefndar um biðlista fyrir búsetu og aðra þjónustu sem í áttu sæti m.a. þrír alþingismenn. Útilokað er að sjá hvernig mögulegt er að koma upp þeim búsetu- og þjónustuúrræðum sem reiknað er með í frv. óðruvísi en sjóðurinn haldi að fullu tekjum sínum.

Athyglisvert er að sjá að enginn annar markaður tekjustofn fær viðlíka niðurskurð og Framkvæmdasjóður fatlaðra. Landsþingið skorar á alþingismenn að sjá til þess að erfðafjárskattur renni óskiptur í Framkvæmdasjóð fatlaðra þannig að mögulegt sé að koma upp því húsnæði sem rekstur er fyrir á fjárlögum."

Landssamtökin Þroskahjálp draga sem sagt í efa að til sé í raun húsnæði til að vera með þann rekstur í sem áætlaður er í frv. til fjárlaga, alla vega ekki öðruvísi en þá leiguhúsnæði eins og hér kom fram áðan.

Virðulegi forseti. Ég vil enn ítreka að það er með ólíkindum að þegar viðbótartekjur á þessu ári, árinu 1999, reynast vera 23 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, þá skuli vera farin sú leið að skerða Framkvæmdasjóð fatlaðra á þann hátt sem hér er lagt til. Ef hæstv. ríkisstjórn

hefði valið þá leið að taka allar þessar viðbótartekjur eða það sem a.m.k. er umfram fjárþörf sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana eða menntastofnana og allt annað færi í að greiða niður lán, innlend sem og erlend, að velja þar blandaða leið sem verður að gera til að aðgerðir ríkisstjórnarinnar verki ekki þensluhvetjandi eða ógni stöðugleika gengis, þ.e. að velja þá leið að greiða niður innlendar og erlendar skuldir, jafnvel að leggja það fjármagn inn, geyma það hjá Seðlabankanum, en ekki er um það að ræða. Það er staðreynd að í fjárlögum fyrir næsta ár hafa þegar verið samþykkt viðbótarútgjöld til nýrra verkefna langt umfram þessar 340 millj. sem á að skerða Framkvæmdasjóð fatlaðra um. Ég verð að segja það að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er alveg með ólíkindum, að tæplega 400 fatlaðir einstaklingar, sem að stórum hluta treysta á framlög ríkisins til varanlegra búsetuúrræða og bíða nú eftir þeim, skuli þurfa að horfa upp á afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga þar sem svo mikil tekjuaukning ríkisins er, eins og raun ber vitni um 23 milljarða á þessu ári og má reikna með 5 milljörðum viðbótartekjum frá því sem frv. til fjárlaga gerði ráð fyrir, þá skuli þeir þurfa að horfa fram á að þær viðbótartekjur koma í engu fram í þeim málum sem snúa beint að þessum einstaklingum og þörfum þeirra. Það hefði verið eðlilegt að hvorugt þeirra frv., sem eru til umræðu núna og á eftir, hefði komið inn á Alþingi núna í ljósi þess að tekjur ríkisins hafi aukist verulega. Þetta er skiljanlegt á krepputímum, þá er eðlilegt að þeir peningar séu notaðir á þann hátt sem gert var, fyrst með 25% skerðingu, síðan 40% en nú er skerðingin 60%. Það er eðlilegt að peningar séu notaðir til annarra þarfa til sömu einstaklinga sem þarna eiga hlut að máli eða aðra þá sem falla undir lög um málefni fatlaðra þegar nægjanlegt fjármagn er ekki til ráðstöfunar hjá ríkinu. En því er bara ekki að heilsa núna.

Það hefur verið orðað þannig af embættismönnum ríkisins að peningarnir hreinlega streymi inn í ríkissjóð og það er þannig. Það er langt síðan við höfum séð aðra eins tekjuaukningu hjá ríkinu og hefur verið á undanförnum árum. Góðærið hefur sannarlega skilað sér í ríkiskassann. Auðvitað verða tekjurnar til af mismunandi ánægjulegum aðstæðum, t.d. eykur viðskiptahallinn tekjur ríkisins þó að hann sé í sjálfu sér bölvanlegur, þá hefur þessi mikli viðskiptahalli aukið tekjur ríkissjóðs um nokkra milljarða á undanförnum árum. En þetta er allt spurning um forgangsröðun.

Það að fjáraukalög séu afgreidd hér án þess að tekið sé sérstaklega á þessari skerðingu og skerðingunni sem áætluð var á þessu ári er alveg fráleitt. Þarna er farið fram á 340 millj. af 28 milljarða tekjuaukningu ríkissjóðs á tveimur árum. Á þeim tveimur árum sem tekjur ríkissjóðs hafa aukist 28 milljarða umfram áætlanir, áætlun síðasta árs og þær sem lagðar voru fram í upphafi þings, hafa tekjur sem eiga að fara í Framkvæmdasjóð fatlaðra verið skertar um tæplega 700 millj.

Það væri mögulegt að líta þetta öðrum augum ef aðhalds væri gætt á öllum sviðum fjárlaga til samræmis við það sem þarna er. En því er ekki að heilsa heldur er verið að leggja til framlög til nýrra verkefna sem verða verkefni ríkisins í framtíðinni, ýmist styrkt að fullu eða hálfu. Ég tek dæmi af nýju átaki í ræktun hrossa í landinu. Það er hið besta mál en ég verð að segja að samkvæmt minni forgangsröðun þá hefði ég fyrr afnumið skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra og leyft mér hitt sem hreinan munað þegar búið væri að uppfylla lágmarksþörf þeirra sem eiga um sárt að binda í þessu þjóðfélagi. Mér hefði fundist það forgangsverkefni.

En það er misjafnt hvernig fólk metur hlutina. Það er einmitt í ólíkum áherslum sem mismunurinn kemur fram hjá pólitískum flokkum. Það má kannski segja að þarna skilji á milli núverandi stjórnarflokka og þeirra sem sitja í stjórnarandstöðu. Pólitíkin snýst um forgangsröðun verkefna. Fjárlög ríkisins marka pólitíska stefnu ríkisstjórnar hverju sinni, ekki stefnuræða hæstv. forsrh. sem yfirleitt er ekkert nema orðagjálfur. Það eru fjárlög ríkisins á hverju ári sem eru stefnumarkandi fyrir hverja ríkisstjórn og sýna pólitískar áherslur.

Það er útilokað fyrir okkur að fallast á þennan niðurskurð þó við viljum aðhald í ríkisfjármálum. Við viljum jafnframt breytta forgangsröðun og að fjármunir ríkisins séu notaðir í þá málaflokka sem ætti að vera samkomulag um að séu á ábyrgð ríkisins, málefni samfélagsins. Það eru heilbrigðismálin, menntamálin og félagsmálin. Aðrir þættir ættu, á þeim tíma sem þarf að sýna aðhald, að sitja á hakanum. Þegar farið er yfir ýmis gæluverkefni á safnliðum fjárlaga og nýjar ríkisreknar stofnanir, ef hægt er að segja svo, þá safnast fljótt þegar saman kemur upp í 340 millj., það sem þarf til þess að hægt sé að standa að fullu við framlög í Framkvæmdasjóð fatlaðra.

Ég nefndi ályktanir landsþings Landssamtakanna Þroskahjálpar síðan í október en þar var talið brýnt að fara í mörg verkefni fyrir þennan hóp þjóðfélagsþegna. Ég get nefnt nokkur. Fyrir það fyrsta þarf að liggja fyrir hvernig staðið verði að yfirfærslunni til sveitarfélaganna ef farið verður í hana. Þar þurfa helst að liggja fyrir upplýsingar um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig er brýnt að halda uppi góðri réttindagæslu en í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Skorað er á Alþingi Íslendinga að setja ný sérlög um réttindagæslu fatlaðra í stað núgildandi lagaákvæða en þau falla væntanlega úr gildi þegar málefni fatlaðra flytjast til sveitarfélaga ... Í öðru lagi er lagt til að sett verði á fót fötlunarráð sem hafi það hlutverk að fylgjast með og meta kjör fatlaðra í samfélaginu, vinna að jafnréttismálum, ásamt þróunar- og framtíðarskipulagi í málefnum fatlaðra í samráði við umboðsmann fatlaðra ... Í þriðja lagt er lagt til að skipaðir verði réttindagæslumenn í öllum landshlutum ... Þá verði gerð tillaga um sérstaka trúnaðarmenn fyrir þá sem búa við fötlun sem gerir þeim sérstaklega erfitt fyrir að gæta réttar síns og eru þá hafðir í huga þeir sem búa við þroskahömlun eða geðfötlun."

Síðan er rætt um nauðsyn og rétt þessara einstaklinga til þess að stunda nám í framhaldsskólanum til jafns við aðra.

Á Alþingi fyrir um það bil 2–3 árum var samþykkt þáltill. sem ég flutti, virðulegi forseti. Þar var farið fram á úttekt á möguleikum fatlaðra til tómstundaiðkunar og ferðalaga. Nú skilst mér að sú skýrsla sé loksins tilbúin. Ég hef hins vegar ekki fengið hana senda þrátt fyrir þáltill. sem hv. Alþingi samþykkti og ég var mjög þakklát fyrir. Ég er einnig þakklát fyrir þá vinnu sem núverandi hæstv. félmrh. hefur lagt í að láta þessa úttekt fara fram. Ég veit að skýrslan er tilbúin en hún hefur hins vegar ekki verið birt á Alþingi, alla vega hef ég ekki séð hana. Enn eru eftir fjöldamörg verkefni sem vinna þarf fyrir þessa þjóðfélagsþegna sem eiga verulega undir högg að sækja og hafa ekki sömu möguleika og við sem hér erum til að sækja rétt sinn. Réttur þeirra hann er fyrir borð borinn á sama tíma og verið er að dæla út fjármunum í ýmis gæluverkefni á vegum þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Og þau gæluverkefni eru örugglega ekki á forgangslista þeirra flokka sem nú eru í stjórnarandstöðu.

Virðulegi forseti. Á meðan við horfum upp á þá forgangsröð sem núv. ríkisstjórn hefur á verkefnunum þótt 23 milljarðar séu í tekjuauka á þessu ári umfram það sem áætlanir gerðu ráð fyrir — 5 á næsta ári umfram það sem frv. til fjárlaga gera ráð fyrir og eins og fram kom hjá embættismönnum ríkisins eru þær áætlanir mjög varlegar og má því reikna með að tekjuaukinn verði meiri — þá getum við ekki fallist á niðurskurð á þessum framlögum.

[13:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ef hagfræði hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur hefði ráðið á undanförnum árum þá hefði ekki verið afgangur hjá ríkissjóði til að greiða niður skuldir. Aðhaldssamur ríkisbúskapur er undirstaða þess að góðærið nýtist þjóðinni. Endurskoðuð þjóðhagsáætlun sem birt var í gær veldur að sjálfsögðu verulegum vonbrigðum. Ég lít svo á að við séum komin í þá stöðu að óhjákvæmilegt sé að gá að sér. Viðskiptahallinn er hættulegur og verðbólgustigið er komið á krítískt skrið.

Ég tel að aðhalds hafi verið gætt í málaflokkum félmrn. Það er þá undantekningar í þeim tveimur málaflokkum sem hafa haft forgang og mikil þensla er í, þ.e. málefnum fatlaðra og ungmenna. Á þeim tíma sem ég hef verið í ráðuneytinu hafa framlög til málefna fatlaðra í heild hækkað um 85% og til málefna barna og ungmenna um 115%, þ.e. í reksturinn.

Það er rétt hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að skýrslan sem unnin var að hennar frumkvæði, samkvæmt þáltill. sem hv. þm. fékk samþykkta á Alþingi, liggur fyrir í ráðuneytinu. Hún er að sjálfsögðu ekkert leyniplagg og er aðgengilegt fyrir þá sem eftir henni óska. Í ráðuneytinu liggur enn fremur fyrir frv. sem ég mun á næstu dögum eða við fyrsta tækifæri kynna í ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarinnar um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem lögin um málefni fatlaðra eru felld inn í félagsþjónustulögin. Þetta er aðalfrv. og síðan fylgja þrjú fylgifrv. Eitt er um Greiningarstöðina, eitt er um réttindagæslu fatlaðra og eitt sem að vísu er ekki fullbúið enn þá er um starfsþjálfun fatlaðra. Þetta eru verkefni sem eru á landsvísu og eðlilegt að um þau séu sérlög.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði reyndar fyrst og fremst um Framkvæmdarsjóð aldraðra sem ekki er hér á dagskrá. Ég ætla ekki að fjalla um hann í máli mínu því að sá sjóður tilheyrir heilbrrn. og ég skipti mér ekki sérstaklega af honum. Ég get tekið undir með hv. þm. Ég er sammála því að það er vond aðferð að skerða markaða tekjustofna. Reyndar orka markaðir tekjustofnar líka nokkuð tvímælis og eru ekki endilega skynsamleg aðferð við rekstur ríkisins. Einnig má benda á að erfðafjárskatturinn er ákaflega sveiflukenndur tekjustofn. Að því leyti er hann ekki heppilegur. Upphæð erfðafjárskattsins fer eftir því hversu stór dánarbú koma til skipta það og það árið.

Þrátt fyrir það að þessi skerðing verði ákveðin á erfðafjárskattinum, þ.e. að hann renni ekki óskertur í Framkvæmdarsjóð fatlaðra, hefur það ekki önnur áhrif en þau að nota verður leiguhúsnæði í meira mæli að til að sinna þessum verkefnum. Leiguhúsnæði er til reiðu og það hefur tekist að setja upp úrræði bæði til vistunar fatlaðra og eins til vistunar ungmenna í leiguhúsnæði.

Það má líka geta þess í umræðunni að búsetuform fatlaðra er breytingum undirorpið, það sem þótti heppilegt fyrir 20 árum síðan þykir óhæft í dag. Kröfurnar og matið á því hvaða búsetuform er heppilegt eru alltaf að breytast. Fyrst þótti stofnanapólitíkin góð og gild. Frá henni var horfið fyrir allöngu. Við erum mjög glæsileg húsakynni, t.d. í Bræðratungu á Ísafirði og Vonarlandi á Egilsstöðum, stórglæsilegar byggingar sem byggðar voru af miklum stórhug, fórnfýsi og menn töldu sig vera framsýna þegar þeir reistu þessi mannvirki.

Nú þykja þau vera úrelt og svara ekki kröfum tímans. Eins er það með sambýlin að nú er uppi sú kenning að dreifa eigi búsetu fatlaðra sem allra mest og að hver fatlaður einstaklingur búi einn og sér eftir því sem hann hefur framast getu til. Þetta verður til þess að byggingarnar úreldast óvenjufljótt. Bara af þeirri ástæðu getur verið skynsamlegt að byggja fremur á leiguúrræðum en á fjárfestingu í steinsteypu.

Rétt er að halda því til haga að þegar ég kom til starfa í félmrn., var skerðing á Framkvæmdasjóði fatlaðra ekki 25% eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði áðan, skerðingin var 25% árið 1994 ef ég man rétt, sem mun vera síðasta árið sem hv. þm. undirbjó fjárlög að þessu leyti. Skerðingin var 40% þegar ég kom í ráðuneytið. Þá voru þau fjárlög undirbúin af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur eða hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Þá voru sem sagt tekin til rekstrar 40% af fjármagni framkvæmdasjóðs. Út af fyrir sig er vond aðferð að sulla þessu saman og mér finnst miklu hreinlegra að nota til framkvæmda það sem fer í framkvæmdasjóð og taka reksturinn úr ríkissjóði. Þess vegna var þessi skipulagsbreyting gerð og fallist á þessar skerðingar á erfðafjárskattinum.

Það sem máli skiptir er að á næsta ári hækkar framlag ríkisins til málefna fatlaðra um 285 millj. milli áranna 1999 og 2000. Nú eru á fjárlögum 3.457 millj. til málaflokksins en voru þegar ég kom í ráðuneytið 1.872 millj., þ.e. á fjárlögum ársins 1995. Þetta hefur sem sagt hækkað um 1.585 millj. eða 85%.

Þess má líka geta í umræðunni að nýbygging sambýlanna er að mínu mati orðin allt of dýr. Það á ekki að þurfa að kosta 10–15 millj. að koma upp búsetuúrræði fyrir hvern einstakling. Þetta er komið út í öfgar jafnvel þó að auðvitað þurfi að hafa aðgengi með góðum hætti o.s.frv. En við stöndum ekki undir því að láta plássið kosta milli 10 og 15 millj. fyrir hvern einstakling.

Menn hafa rætt um sveitarfélögin og hvernig þau geti tekið við málefnum fatlaðra. Það hefur alltaf legið fyrir að ríkið yrði að leggja fjármuni með málaflokknum þannig að sveitarfélögin teldu sig geta rekið málaflokkinn jafn vel eða betur en ríkið gerir og því er óþarfi að hafa áhyggjur af því sérstaklega.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði mig nokkurra spurninga og formann fjárln., hv. 3. þm. Austurl. Ég hef ekki svör á reiðum höndum hér og nú við tölulegum upplýsingum sem hún fór fram á og ég get heldur ekki staðfest eða vil á þessu stigi hrekja tölulegar upplýsingar sem hún var með í ræðu sinni en ég mun beita mér fyrir að þessi svör liggi fyrir í meðferð hv. félmn. þegar hún tekur þetta mál fyrir og mun síðar í dag þegar umræðunni er lokið fara að undirbúa það að þau svör geti verið á reiðum höndum fyrir hv. nefnd.

[13:52]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. kom aðeins inn á hagfræði mína eða Samfylkingarinnar, að ekki væri betur stjórnað. Þetta væri allt á leið til betri vegar, gætt hafi verið aðhalds í ríkisfjármálum o.s.frv. Hver er viðskiptahallinn, sem í byrjun október var spáð að yrði 29 milljarðar? Hann er

38 milljarðar. Hvergi nokkurs staðar getum við fundið aðra eins þróun, hæstv. ríkisstjórn, nema á Nýja-Sjálandi. Hreinar erlendar langtímaskuldir fara vaxandi. Þær voru 46–47% af vergri landsframleiðslu fyrir þremur árum en stefna nú í yfir 50%. Verðbólguhjólið er farið af stað, síðustu 12 mánuði mældist verðbólgan 5,6% og þrátt fyrir tekjuaukann sem hæstv. ríkisstjórn hefur fengið á undanförnum árum hefur hún eytt og spreðað þannig að á síðasta kjörtímabili jukust útgjöld ríkisins um 55 milljarða og Seðlabankinn sagði í skýrslunni fyrrahaust: Æ, hæstv. ríkisstjórn, vonandi ferðu að passa þig. Og aftur í skýrslunni í vor. En núna er alltaf eins og hæstv. ráðherrar detti ofan úr skýjunum, þeir hafi ekki hlustað á þá umræðu sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu og alls ekki á efnahagssérfræðinga, hvorki innlenda né erlenda vegna þess að núna á að fara að gæta aðhalds. En hvenær, vel að merkja? Þegar búið er að samþykkja öll aukaútgjöldin á fjáraukalögum og fjárlögum á að fara að gæta aðhalds. Hvar á aðhaldið að koma fram fyrir utan það að skerða sjóði eins og Framkvæmdasjóð fatlaðra? Jú, farið er fram á að verkalýðsfélögin geri ekki miklar kröfur fyrir sitt fólk. Það verði aðhaldssamir kjarasamningar. Launafólk í landinu hefur lagt ómælt á sig til að viðhalda stöðugleikanum og hafi tekist í einhver ár fram til dagsins í dag að vinna þannig þá er það launafólki að þakka en ekki hæstv. ríkisstjórn.

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sannarlega rétt hjá hv. þm. að þróun ríkisfjármála hefur á síðustu tímum ekki verið að öllu leyti gallalaus og viðskiptahallinn er allt of mikill. Verðbólguhraðinn er ískyggilegur og það skal ég vera fyrstur manna til að viðurkenna. En svo má aftur velta því fyrir sér hver viðskiptahallinn hefði orðið og hvert verðbólgustigið hefði orðið ef hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefði fengið að ráða. Ég tel að hann væri töluvert hærri.

[13:55]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að við í Samfylkingunni og reyndar í stjórnarandstöðunni hefðum aldrei haft hugmyndaflug til að fara í aðra eins vitleysu og eyðslu og núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gert á undanförnum árum því að það er langt til jafnað, ekki hægt að finna neitt sambærilegt við þá hegðun sem hefur verið viðhöfð af hæstv. ríkisstjórn á undanförnum árum.

Hæstv. ráðherra sagði að úrbætur hefðu orðið í málefnum fatlaðra í hans tíð og þar á meðal í búsetuúrræðum. Vissulega, en þegar tekjuauki ríkissjóðs hefur verið upp á fleiri tugi milljarða á þessum tíma, þakka skyldi ykkur, hæstv. ríkisstjórn, þó að ögn hefði fallið af borði ykkar til þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

[13:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má nú ýmislegt um Samfylkinguna segja. (**MF:** Og allt gott.) En ég tel að ekki sé hægt að neita því að hún hefur verulegt hugmyndaflug og hæfileika til eyðslu.

[13:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. talaði einungis um hvað reksturinn hefði vaxið í tíð hans sem ráðherra en gleymdi að geta um þær skerðingar sem hafa orðið á Framkvæmdasjóði fatlaðra sem eru nú nálægt og hátt upp í það sem reksturinn hefur aukist. Bara á næsta ári er aukning í rekstri sem hæstv. ráðherra talar um 285 millj. Aukningin í rekstri er minni en nemur skerðingunni á Framkvæmdasjóði fatlaðra, sem er 340 millj., en aukningin í rekstrinum ekki nema 285 millj. þannig að bara á næsta ári græðir ríkissjóður 55 millj. kr. á fötluðum. Þeir eru ekki að láta neitt til fatlaðra heldur eru þeir að taka af þeim 55 millj. ef maður tekur reksturinn með.

Ég virði það alveg þó ráðherrann hafi ekki töluleg svör við þeim spurningum sem ég beindi til hans og vænti þess að hann sjái til þess að þau komi þá í nefndina. Sérstaklega vil ég spyrja um það svigrúm sem sjóðurinn hefur á næsta ári og hvaða skuldbindingar hann hefur, svigrúm til aukinna og nýrra framkvæmda. Ég vil spyrja hann um leiguhúsnæði sem þarf fyrir fimm sambýli. Liggur það fyrir? Liggur fyrir leiguhúsnæði vegna fimm sambýla sem er til fjármagn í rekstur á næsta ári? Það er rangt hjá ráðherra að skerðingin á sjóðnum komi ekki niður á búsetuúrræðum vegna þess að það sé leyst með leiguúrræðum. Sjóðurinn hefur önnur viðfangsefni. Nefni ég þar aðgengismál fatlaðra, viðhaldsframkvæmdir, vinnumál o.s.frv. Vissulega kemur þetta niður á sjóðnum. Hæstv. ráðherra verður að fara með rétt mál þegar verið er að spyrja hann ýmissa spurninga og hann er að tala um stöðu og hagi fatlaðra. Það er alveg nauðsynlegt.

Í lokin vil ég spyrja hann af því að hann nefndi félagsþjónustu sveitarfélaga og að það eigi að fella málefni fatlaðra inn í þau lög: Er þar tekið tillit til þarfa langveikra barna eins og þingið lagði til með þáltill. fyrr á þessu ári?

[13:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Langmest af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra gengur til framkvæmda, þ.e. til byggingarmála. Þar á meðal er hluti, nokkur fjárhæð sem gengur til aðgengismála. Ég dreg verulega í efa frásagnir hv. þm. um skerðingarnar, ég held að hún fari ekki með nákvæmar tölur. En ég get upplýst eina tölu til viðbótar. Þegar ég kom í félmrn. var varið 192 millj. til fjárfestinga úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Á árinu 2000 verða þetta þó orðnar 235 millj. kr. þrátt fyrir allar skerðingarnar.

[14:00]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Munurinn á framkvæmdinni er að fatlaðir fengu allar tekjur af erfðafjárskatti í tíð minni sem ráðherra en fá ekki núna. Það er verið að stela af þeim fjármunum sem þeir eiga að fá og færa í ríkissjóð. Það er munurinn.

Hæstv. ráðherra svarar ekki tveimur mikilvægum spurningum: Liggur fyrir hvar leiguhúsnæði verður fyrir þau fimm sambýli sem á að koma á fót á næsta ári? Það er mikilvægt að það liggi fyrir hér. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari því af því að við höfum lítinn tíma til að ræða hér stöðuna í málefnum fatlaðra. Ég vonaðist til að hann gæti svarað því, já eða nei. Er tekið fullt tillit til þess í nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, þar sem á að fella inn í þau lögin um málefni fatlaðra, að langveik börn fái sambærilega þjónustu og fatlaðir eins og lagt var til hér með þáltill.? Ráðherrann getur svarað því, já eða nei. Það er mikilvægt að halda því til haga. Af þessu sést að við hefðum auðvitað þurft miklu meiri tíma til að ræða þetta mál en hér er gefinn.

Síðan liggur það fyrir að sjóðurinn hefur verið skertur í tíð núv. ríkisstjórnar og núv. félmrh. um að minnsta kosti 1.200 millj. Það er staðfest í þessum umræðum af hv. formanni fjárln. að sú upphæð hefði dugað til að mæta þeirri þörf sem við stöndum frammi fyrir varðandi búsetu fatlaðra

núna þegar tæplega 400 manns eru á biðlista. Þeir biðlistar væru ekki til staðar í dag ef ráðherrann hefði ekki staðið að skerðingu á Framkvæmdasjóði fatlaðra eins og raun ber vitni. Það er staðreynd málsins. Sú tala er rétt og ráðherrann þarf ekki nema fletta upp fjárlögum til þess að sjá að aukningin í rekstrarkostnaði á næsta ári er minni en tekjurnar sem hæstv. ríkisstjórn er að stela af Framkvæmdasjóði fatlaðra og færa í ríkissjóð.

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Peningar úr ríkissjóði eru alveg jafngóðir og þeir sem koma af innheimtum erfðafjárskatti. (**JóhS:** Ekki ef þeir eru ...) Aukningin í málaflokkinn hefur verið miklu meiri en það sem erfðafjárskatturinn hefur gefið. (**JóhS:** Þetta er nú bara enn ein ...) En það er ekki búið að gera leigusamninga um allt það húsnæði sem þarf til að koma þessum sambýlum upp. Eitthvað verður byggt og eitthvað verður tekið á leigu. Ég man hér og nú eftir leiguhúsnæði sem tekið var undir sambýli á þessu ári í Mosfellsbæ, svo ég nefni eitt dæmi.

Varðandi málefni langveikra barna þá þori ég ekki að fullyrða að tekið sé nægilega skýrt á því í frv. en mun að sjálfsögðu gæta að því. Ég tel að það eigi að fylgjast með málefnum þeirra. Að svo miklu leyti sem þau heyra félmrn. til þá þurfum við auðvitað að gæta að þeim.

[14:03]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er lagt til fram frv. til laga um að skerða ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkisins til vinnuheimila, þ.e. sérstakar skatttekjur sem fara til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði mótmælum þessari skerðingu á tekjustofnunum eins og á öðrum sérmerktum tekjustofnum sem eiga samkvæmt lögum að fara til ákveðinna verkefna.

Mér hefur dottið í hug að það megi líkja þessu við tekjustofna sveitarfélaga, þjónustugjöld sem eiga að fara til ákveðinna verkefna.

Hið alvarlegasta er að það er full þörf fyrir allan tekjustofninn. Sú upphæð sem á að renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, 235 millj., er ekki áætluð nema um 40% af þeim tekjustofni sem óskertur kæmi til sjóðsins. Eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er skerðingin á þessu ári 340 millj. og áætluð skerðing á næsta ári 340 millj. einnig. Það munar um 700 millj. til þessa málaflokks.

Eins og hæstv. ráðherra benti á hafa viðhorf okkar til málefna fatlaðra sem betur fer verið að breytast. Það sem þótti góð þjónusta og góður aðbúnaður fyrir 20 árum er óbrúklegt í dag þó að húsnæðið sé gott. Bylting hefur verið gerð í að koma þeim sem fyrir 20–30 árum var komið fyrir á vistheimilum út í þjóðfélagið í eigin íbúðir. Þó þeir eigi þær ekki sjálfir þá eru það íbúðir sem þeir búa í einir. Þetta eru markmiðin í dag og stórt og mikið verkefni. Það á að styðja þetta verkefni.

Tilhugsunin um að verið sé að undirbúa það að málefni fatlaðra fari yfir til sveitarfélaganna og sú vinna sé langt komin eins og hæstv. ráðherra lýsti áðan vekur enn frekari efasemdir hjá mér um að nú sé rétti tíminn til þess að skerða þennan tekjustofn. Við megum ekki brenna okkur á sama hlutnum aftur og ekki gera það sama og þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna, þ.e. að byggja væntingar um betri þjónustu sem sveitarfélögin eiga svo að uppfylla. Í dag eru þegar miklar væntingar um meiri þjónustu fyrir fatlaða. Væntingarnar eru þær að fatlaðir einstaklingar búi í eigin húsnæði eða sérbýlum og þær væntingar verða að kröfum þegar málaflokkurinn er kominn yfir til sveitarfélaganna. Því finnst mér enn mikilvægara að ekki komi slaki á þessa uppbyggingu og settur sé í þetta kraftur svo að sveitarfélögin taki þá við góðu búi ef svo má segja.

Við erum að afgreiða fjárlög ríkisins og fram hefur komið að tekjurnar hafa sem betur fer aukist. „Sem betur fer" má hafa innan gæsalappa því að stórar upphæðir koma í ríkissjóð vegna þess að við Íslendingar erum að eyða um efni fram. En hvað um það, tekjur ríkisins hafa vissulega aukist. Því er enn síður ástæða til að skerða þennan sjóð.

Fjárlög hverrar ríkisstjórnar fyrir sig eru í raun það sem markar stefnuna. Það er hægt að setja fram fögur orð á blaði. Það er hægt að gera samkomulag um ákveðna hluti en þegar að alvöru málsins kemur, að ákveða fjárlögin, þá marka þau í raun stefnuna. Því finnst mér sárt að sjá tillögur um skerðingu á afmörkuðum tekjustofnum sem eiga að fara til ákveðinna verkefna þegar verkefnin eru næg. Aðgengismál fatlaðra eru eitt af þeim verkefnum sem sjóðurinn á að styrkja og við þurfum ekki annað en ganga um þetta hús, hið háa Alþingi, til þess að sjá á hverri hæð hver þörfin er. Hið sama má segja um aðrar stofnanir í þjóðfélaginu. Það eru mörg óleyst verkefni til að bæta aðgengi fatlaðra svo hægt sé að segja að við búum við ásættanlegar aðstæður.

[14:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. og reyndar tvö frv. Þótt annað sé formlega komið til umfjöllunar þá fjalla frv. tvö um sama efni. Annars vegar er á dagskrá frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, með síðari breytingum, en frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila er formlega til umfjöllunar núna. Frv. ganga út á að skerða framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 344 millj. Til þess að þetta nái fram að ganga þarf að gera breytingar á tvennum lögum.

Það er mjög athyglisvert að kynna sér grg. með frv. til þeirra laga. Þar eru annars vegar lög frá 1952 en í þeim kemur fram að erfðafjárskattur hafi á þeim tíma átt að renna til Tryggingastofnunar og samkvæmt lögunum er ákveði um að fjármununum skuli varið til að reisa vinnuheimili eða vinnuhæli. Greinargerðin er ágætlega orðuð að mínum dómi en þar segir, með leyfi forseta:

„Við Íslendingar höfum ekki efni á því að láta nokkurn mann sem eitthvað getur unnið sitja auðum höndum vegna skorts á hentugum verkefnum og vinnustað. Vinnuheimili kosta mikið fé. Til vinnustöðva með nauðsynlegum tækjum og útbúnaði öllum þarf og mjög veruleg stofnfjárframlög. Er því nauðsynlegt ef tryggja skal framkvæmdir að sjá fyrir ákveðnum tekjustofni í þessu skyni. Erfðafjárskatturinn ásamt arfahluta ríkissjóðs er í frv. til fjárlaga fyrir 1952 áætlaður 800 þús. kr. Þess má þó sennilega vænta að hann reynist nokkru hærri, sennilega um hálf milljón kr. á ári. Virðist hyggilegra að nota þennan tekjustofn sem tekinn er af eignum framliðinna til þess að koma upp varanlegum fasteignum til hjálpar öryrkjum og til að létta byrðar þjóðfélagsins af framtíðinni heldur en láta hann verða árlegan eyðslueyri."

Þetta sagði í grg. með frv. til laga frá 1952 sem nú er verið að breyta.

Hin lögin sem tengjast þessu máli eru lög um málefni fatlaðra og þar er gerð breyting á 40. gr. laganna þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra eru:

1. Óskertar tekjur Erfðafjársjóðs.“ Þessu á að breyta.

Síðan segir í 40. gr. til hvers framkvæmdasjóður er ætlaður:

Sjóðurinn skal fjármagna stofnkostnað þjónustustofnana fatlaðra og heimila fatlaðra.

Sjóðurinn fjármagnar þjónustustofnanir og heimili fatlaðra á vegum sveitarfélaga.

Heimilt er sjóðnum að veita félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk til að koma á fót þjónustustofnunum og heimilum fatlaðra.

Sjóðnum er heimilt að veita framkvæmdaraðilum félagslegra leiguíbúða og kaupleiguíbúða í leigu styrk, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Síðan er kveðið á um hvernig að því skuli staðið.

Heimilt er að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til lagfæringa á aðgengi opinberra bygginga með það að markmiði að hreyfihamlaðir og blindir geti athafnað sig með eðlilegum hætti. Framlag úr sjóðnum skal aldrei vera meira en sem nemur helmingi af kostnaði vegna hverrar einstakrar framkvæmdar.

Heimilt er að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiri háttar viðhaldsframkvæmda, sem ekki falla undir rekstrarviðhald í skilningi fjárlaga, á þeim heimilum fatlaðra og þjónustustofnunum fatlaðra sem byggðar eða keyptar hafa verið og falla innan gildissviðs þessara laga.

Auk verkefna skv. 1.–6. tölul. er Framkvæmdasjóði fatlaðra heimilt að veita fé til annarra framkvæmda sem nauðsynlegar eru taldar í þágu fatlaðra, svo sem breytinga á almennum vinnustöðum þar sem fatlaðir starfa. Enn fremur er sjóðnum heimilt að veita fé til kannana og áætlana í málefnum fatlaðra.

Þetta eru sem sagt verkefnin sem sjóðurinn á að fjármagna og er nánar tíundað í lögunum þar sem vísað er til hæfingar- og endurhæfingarstöðva, dagvistarstofnana, verndaðra vinnustaða, þjónustumiðstöðva, sambýla, vistheimila, heimila fyrir börn o.s.frv.

Með þessu frv. ætlar ríkisstjórnin að skerða framlag til sjóðs sem á að sinna þessum verkefnum. Ráðgert er að skerða framlagið um 345 milljónir á þessu ári. En eins og fram hefur komið í umræðunni hefur framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra verið skert um 700 milljónir á síðustu tveimur árum. Einnig hefur komið fram að frá því að síðasta kjörtímabil gekk í garð hefur framlagið verið skert um 1,2 milljarða kr. Það hefur líka verið upplýst að á biðlistum um búsetuúrræði fyrir fatlað fólk eru tæplega 400 manns, 378 manns. Einnig hefur verið upplýst að til að sinna þeirri þörf og leysa úr þeim vanda sem þessar biðraðir skapa þyrfti rúman milljarð eða u.þ.b. það fjármagn sem tekið hefur verið af þessum sjóði frá því um miðjan áratuginn.

Ég verð að segja, herra forseti, að í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram um fjárlögin og þá peninga sem til eru í hirslum ríkissjóðs finnst mér harla undarleg forgangsröðun að skerða framlag til fatlaðra um þessa upphæð. Nær hefði verið að bæta í og leysa þann vanda sem fólk býr við að þessu leyti.

Einnig hefur verið sagt að á krepputímum væri skiljanlegt að draga saman seglin. Ég er ekki alveg viss um að ég sé sammála því. Ég er ekkert alveg viss um ég sé sammála því að draga saman við þennan hluta þjóðfélagsins á krepputímum. Þvert á móti bendir margt til þess að einmitt þá eigi að huga að þeim sem hafa minnstar tekjur og versta aðstöðu.

Herra forseti. Ég vildi koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ég mótmæli því mjög harðlega að framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra sé skert og vek á því athygli að þetta er ekki í fyrsta sinn sem það er að gerast. Það hefur verið gert ítrekað á undanförnum árum þannig að skerðingin nemur nú um 1.200 millj. kr. frá því um miðjan þennan áratug.

Ég vil að lokum nefna að nánast á öllum þingum þar sem fatlaðir koma saman eða þar sem hagsmunamál þeirra eru rædd er þessum niðurskurði til Framkvæmdasjóðs fatlaðra mótmælt harðlega. Nú síðast var það gert á landsþingi Landssamtakanna Þroskahjálpar sem haldið var um miðjan októbermánuð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frv. til fjárlaga árið 2000 fær Framkvæmdasjóður fatlaðra aðeins 40% af mörkuðum tekjum sínum eða 235 milljónir af þeim 575 milljónum sem erfðafjárskattur skilar. Í frv. til fjárlaga er þess getið að farið skuli að tillögum nefndar um biðlista fyrir búsetu og aðra þjónustu sem í áttu sæti m.a. þrír alþingismenn. Útilokað er að sjá hvernig mögulegt er að koma upp þeim búsetu- og þjónustuúrræðum sem reiknað er með í frv. öðruvísi en sjóðurinn haldi að fullu tekjum sínum. Athyglisvert er að sjá að enginn annar markaður tekjustofn fær viðlíka niðurskurð og Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þroskahjálp skorar á alþingismenn að hækka framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra þannig að mögulegt sé að koma upp því húsnæði sem rekstur er fyrir á fjárlögum.“

Undir þessi sjónarmið Þroskahjálpar tek ég eindregið og mótmæli áformum ríkisstjórnarinnar um niðurskurð á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 1. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 375.

[14:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég fór fram á það í upphafi umræðunnar um síðasta dagskrármál að þessi mál yrðu bæði rædd saman. Því var mótmælt þannig að formlega var það ekki gert en hins vegar hafa menn fjallað um efni þessa frv. samhliða sem eðlilegt er.

Ég þarf ekki að hafa langan formála að þessu. Hér er um fylgifrumvarp að ræða með frestunarfrumvarpinu og í samræmi við skerðingarákvæði með fjárlagafrv. er hér lagt til að á árinu 2000 verði kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar greiddur af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þetta er sama fyrirkomulag og gilt hefur undanfarin ár.

Ég legg að sjálfsögðu til að þetta frv. fari til athugunar hjá hv. félmn.

[14:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu minni áðan að ég teldi eðlilegt að þessi mál væru rædd saman en þar sem ákvörðun hæstv. forseta eða þingsins var að gera það ekki vil

ég aðeins ítreka að hvert einasta orð sem ég sagði áðan gildir núna. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að endurtaka það.

[14:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við erum enn að ræða málefni fatlaðra nú þegar hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir síðara frv. sínu.

Ég stend hér upp vegna þess að það kom mér nokkuð á óvart í andsvari hæstv. ráðherra áðan hvað hann virtist hafa litla vitneskju um framgang í málefnum langveikra barna. Þetta mál hefur verið töluvert mikið rætt á Alþingi á síðasta þingi og var m.a. samþykkt þáltill. um heildarstefnumótun í málefnum langsjúkra barna. Þar var stjórnskipaðri nefnd falið — og ef ég man rétt áttu sæti í henni fulltrúi hæstv. félmrh. ásamt fulltrúa heilbrrh. — að skoða hvaða leiðir væru vænlegastar til að bæta stöðuna í málefnum langveikra barna. Það er viðurkennt að staðan í málum þeirra er slík að þjónusta við þau er langt á eftir því sem gengur og gerist með fatlaða. Viðurkennt er að langveik börn þurfa oft og tíðum á að halda þjónustuúrræðum sem eru svipuð og hjá fötluðum.

Nefndinni sem ég nefndi hér áðan, herra forseti, var falið að kanna hvort rétt væri að málefni þeirra yrðu felld inn í sérstaka löggjöf, að útbúin yrði sérstök löggjöf að því er varðar málefni langsjúkra barna eða hvort þau yrðu felld að lögum um málefni fatlaðra og langveik börn hlytu þá þjónustu sem fatlaðir fá samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Eftir atvikum var hugmyndin sú að fella mál þeirra inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga ef niðurstaðan yrði að málefni fatlaðra yrðu felld inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nú var það svo, herra forseti, að ég spurðist fyrir um þetta á haustdögum. Þá spurði ég hæstv. heilbrrh. hvað liði störfum þessarar nefndar og hver væri niðurstaðan að því er þessi mál varðar. Hæstv. heilbrrh. upplýsti að búið væri að skila áliti frá þessari nefnd og hún hefði komist að niðurstöðu. Niðurstaða nefndarinnar var, eins og hér segir í svari hæstv. ráðherra frá því nú í okt.:

„Aðalniðurstaða nefndarinnar var sú að fremur beri að endurbæta núgildandi lög og reglugerðir en að setja sérlög um málefni langveikra barna. Jafnframt leggur nefndin til að komið verði á fót samstarfsráði sömu aðila og tilnefndu fulltrúa í nefndina."

Það voru ýmis úrræði sem nefndin lagði til og ég skildi málið þannig að fella ætti öll ákvæði um þjónustu við langveik börn inn í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Nú skildi ég það svo af máli hæstv. ráðherra hér áðan að þetta væri á lokastigi, breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem fela það í sér að málefni fatlaðra eru felld inn í þau lög. Ástæða þess að ég kem hér upp er sú að mér fannst ráðherra mjög óviss um hvort í þessu nýja frv. væru ákvæði sem tryggðu stöðu langveikra barna eins og nefndin komst að niðurstöðu um. Hann sagðist að vísu ætla að athuga málið en var ekki alveg öruggur um að þetta væri tryggt.

Fyrst við erum núna að fjalla um breytingu á lögum um málefni fatlaðra held ég að nauðsynlegt sé að nefndin sem fær málið til umfjöllunar, félmn., hugi sérstaklega að þessum þætti. Fyrst hæstv. ráðherra á eftir að afla sér gagna úr ráðuneytinu til þess að koma á framfæri við nefndina svari við spurningum mínum þannig að nefndin geti afgreitt málið vildi ég leyfa mér að nota þetta tækifæri og óska eftir að ráðherrann muni þá, þegar hann hefur aflað sér betri upplýsinga um málið, koma því á framfæri við nefndina og þá við 2. umr. málsins, hver er staðan að því er varðar það að tryggja betri þjónustuúrræði fyrir langveik börn eins og Alþingi hefur samþykkt að gert verði. Hæstv. heilbrrh. hefur lýst yfir að stjórnskipuð nefnd hafi komist að þeirri niðurstöðu að úrræði fyrir langveik börn yrðu fyllilega tryggð í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

[14:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Svar mitt hefur sennilega verið of óskýrt áðan hvað varðar málefni langveikra barna. En í þeim drögum að frv. sem liggja fyrir í félmrn. — ég undirstrika að það eru drög að frv., þetta er ekki orðið að lögum, en ég má þó eiginlega segja fullbúið frv. því að þar eru ekki eftir ágreiningsatriði óleyst sem neinu verulegu máli skipta — er ekki gert ráð fyrir því að munur sé gerður á langveikum börnum og fötluðum, þ.e. sveitarfélögin hafa skyldur við langveiku börnin eða aðstandendur þeirra eins og um fatlaða væri að ræða.

[14:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna mjög þeirri yfirlýsingu sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra. Mér finnst hún mjög mikilvægt innlegg í umræðuna um stöðu fatlaðra. Hér er náttúrlega á ferðinni mikið nýmæli og sem aðstandendur langveikra barna munu örugglega fagna mjög ef niðurstaðan verður sú að langveik börn hljóti þjónustu í samræmi við ákvæði nýrra laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga og þar með sambærileg úrræði og lausnir og fötluð börn fá. Ég fagna þessu sérstaklega af því að ég beitti mér fyrir því að þetta ákvæði kæmi inn með þessum hætti og átti frumkvæði að þeirri þáltill., sem ég nefndi og nefnd vann að, um framtíðarstefnumótun í málefnum langveikra barna. Ég fagna þessu mjög vegna þess að ég tel að þetta ákvæði geti valdið straumhvörfum í þjónustuúrræðum fyrir langveik börn ef það verður að veruleika. Ég vænti þess þá, herra forseti, að hagsmunasamtök langveikra barna, eins og krabbameinssjúkra barna og Umhyggja, hafi verið með í ráðum og séu fyllilega sátt við þá niðurstöðu sem ráðherrann kynnti hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:31]

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 285. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 429.
Fjárlög 2000, 1. mál, brtt. GIG o.fl., þskj. 428.
Skráð trúfélög, 69. mál, brtt. ÖJ, þskj. 425.

Brunavarnir og brunamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 299.

[14:31]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er langt síðan hæstv. ráðherra talaði fyrir þessu frv. En hér er enn og aftur komið frv. um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál þar sem skerða á tekjustofn sem renna á til Brunamálastofnunar ríkisins. Hér er um að ræða brunavarnagjald sem má nema allt að 0,045 prómillum af vátryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár.

Hér er enn ein stofnunin í fjárþörf. Eftir því sem mér reiknast til er þetta ekki mjög há upphæð. Það fer kannski eftir því hver segir frá en 13 millj. á fjárlögum eru ekki há upphæð. Brunamálastofnun er með margvíslega starfsemi. Hún rekur úttektarstofu og nýlega hefur komið fram í fréttum að úttekt var gerð á grunnskólum á vissum svæðum landsins. Þar var mörgu ábótavant varðandi brunavarnir. Það þarf að gera samsvarandi úttekt á fleiri stofnunum, t.d. sjúkrastofnunum. Það þarf að gera sérstaka úttekt á atvinnuhúsnæði og ekki síst á bændabýlum og útihúsum.

Ástæðan fyrir þessu er ekki aðeins að menn hafi ekki fylgt eftir ákvæðum í byggingarreglugerð um að gæta þess að útgönguleiðir og allar brunavarnir séu í lagi heldur hefur rafmagnseftirlit verið fellt undir Löggildingarstofu og hluti af þeirri breytingu er breytt eftirlit á rafmagnsúttekt á öllum nýlögnum. Þetta er að margra mati mjög varhugavert, sérstaklega til sveita þar sem jafnvel hefur verið erfitt að fá rafvirkja í vinnu. Úttektir Löggildingarstofunnar eru stikkprufur þannig að annars þurfa menn að bjarga sér sjálfir. Raflagnir eru í raun og veru brunagildra á mörgum stöðum. Þetta vita þeir sem fylgjast með. Bara varðandi þetta hlutverk Brunamálastofnunar með úttekt og eftirlit brunavarna þyrfti að vera miklu meiri vinna í gangi til þess að forðast stórslys.

Brunamálatofnunin rekur farskóla. Þar er þjálfun slökkviliðsmanna og mjög mikilvæg starfsemi fyrir landsbyggðina alla. Þeir fá það hlutverk að vera á vakt vegna mengunarslysa, að vera í mengunarvörnum. Þeir eiga að farga eiturefnum og fara með þau efni. Verkefnin eru næg í dag og eiga eftir að verða fleiri í náinni framtíð. Ég mótmæli því þessari skerðingu þar sem Brunamálastofnun þarf á þessu fé að halda og ekki síður vegna þess að mér finnst að svo lengi sem við höfum sérmerkta sjóði til ákveðinna verkefna þá beri okkur að nota það fé til verkefnanna.

Ef framlögin í sjóðina eða tekjustofnarnir eru of háir og menn telja að verkefni stofnunarinnar þurfi ekki á þessu fé að halda þá væri þá nær að lækka tekjustofnana og láta tekjustofnana fara í þessi ákveðnu verkefni eða þá að hætta við þessa séreyrnamerktu tekjustofna.

[14:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að gera mér viðvart um að þetta mál er nú skyndilega komið til dagskrár.

Ég ætlaði ekki að tefja þessa umræðu heldur ræða örlítið um þetta tiltekna mál. Hér er lagt til að þær tekjur sem ríkið hefur af brunavarnagjaldi umfram 87 millj. kr. eigi að renna í ríkissjóð. Samkvæmt því sem kemur fram í fskj. er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins af gjaldinu séu 13 millj. kr., 2 millj. umfram það sem áður var. Af þessu má draga þá ályktun, herra forseti, að ekki sé mikil þörf fyrir peninga í þessum tiltekna geira og það kann vel að vera.

Það sem mig hefur langað til að ræða í tengslum við þetta er ákveðið mál sem hefur komið upp á árinu reyndar tvisvar sinnum. Það varðar brunavarnir í jarðgöngum. Við höfum á síðustu árum búið til nokkur verulega stór jarðgöng á Íslandi. Það hefur komið fram, herra forseti, í umræðum m.a. af hálfu Brunamálastofnunar og starfsmanna sem vinna við brunaeftirlit að þeir telja að pottur sé brotinn í þessum efnum. Ég vek sérstaka athygli á því að þegar Hvalfjarðargöngin voru opnuð var deginum áður mikil brunvarnaræfing sem leiddi til þess að þeir starfsmenn sem um hana sýsluðu af hálfu Brunamálastofnunar töldu að betur þyrfti að búa út slökkvilið beggja vegna ganganna til að geta tekið til höndum ef um bruna yrði að ræða. Í þeirri umræðu kom einnig fram að sama gildir um önnur jarðgöng hér á landi.

Hæstv. umhvrh. sem fer með málaflokkinn sagði, að mig minnir á miðju sumri, að innan ráðuneytisins væru menn að vinna að því að skipuleggja bættar varnir. Ég man sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra nefndi bættar reglur. Ég er viss um að hæstv. ráðherra hefur ekki setið aðgerðalaus í þessum viðkvæma málaflokki. Ég er viss um að hæstv. ráðherra er búinn að láta setja þessar reglur eða hefur þær a.m.k. í undirbúningi. Ég geri ráð fyrir því að einhvers konar kostnaður fylgi því að geta fylgt þeim eftir.

Ég rifja það upp að slökkviliðsstjórinn í Reykjavík lét þess getið í fjölmiðlum, og var ekkert að skafa utan af því, að festa þyrfti kaup á ákveðnum tækjabúnaði til að hægt væri að segja að göngin væru sæmilega varin, herra forseti. Þessi umræða spratt í tengslum við skelfileg slys sem hafa orðið við svipaðar aðstæður í Sviss og reyndar víðar í Evrópu á síðustu þremur árum.

Mig langar í tilefni af frv. sem hér liggur fyrir að spyrja hæstv. umhvrh.: Hvað líður þessum reglum? Liggur fyrir kostnaðaráætlun sem tengist framkvæmd þeirra? Liggur fyrir af hálfu Brunamálastofnunar eða hæstv. ráðherra áætlun um hvað það kostar að kaupa þann búnað sem þarf til að tryggja öryggi í öllum jarðgöngum á Íslandi?

Tilefnið er auðvitað þetta frv. Ég held að hér sé um að ræða ákaflega brýnt mál og er viss um að það kostar svolítið af peningum. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort þeim væri ekki vel varið, þeim 13 millj. sem verið er að tala um að renni í ríkissjóð af brunvarnagjaldi, til að sinna þessum verkefnum, ef hæstv. ráðherra er þá ekki búinn að ganga frá málinu með viðunandi hætti.

[14:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Við erum einungis að ræða það ákvæði sem hér liggur til umfjöllunar, þ.e. að lækka tekjur til Brunamálastofnunar um 13 millj. kr. Ég er ekki undirbúin fyrir umræðu um brunavarnir í jarðgöngum almennt. Varðandi ummælin sem hv. þm. er að vitna í þá býst ég við að hann eigi við endurskoðun laga um brunvarnir og brunamál. Ég býst við því.

Þau lög hafa verið í endurskoðun í sérstakri nefnd og verið er að vinna hana til enda núna þannig að bráðlega mun koma til þings til dreifingar nýtt frv. um brunavarnir og brunamál.

Varðandi tækjabúnað slökkviliða er mér ekki kunnugt um neina sérstaka áætlun. Þær eru ekki sendar inn til ráðuneytisins að því er ég best veit, enda eru þau mál á hendi sveitarfélaganna. Ég vil ítreka það sem fram kom í fyrri ræðum mínum, að sveitarfélögin sjá um brunavarnir á sínum svæðum. Hins vegar hefur Brunamálastofnun gert úttektir og það er rétt sem hér kom fram í umræðunni fyrr í dag að skólarnir komu tiltölulega illa út. Við könnuðum það sérstaklega í ráðuneytinu, hringdum í þá skóla sem komu illa út og í þau sveitarfélög. Þar er verið að grípa til aðgerða.

[14:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hæstv. ráðherra er búinn með ræðu sína þá kýs ég að koma hér upp í andsvar við hæstv. ráðherra í von um að hún geti svarað örlitlu meira um þessi mál.

Mig kann að bresta minni enda er ég nokkuð hniginn að aldri og jafnvel mæddur af pólitískri elli en ég man ekki betur en að í sumar, þegar umræðan kom upp um miðjan júlí að mig minnir, þá hafi hæstv. umhvrh. sagt í fjölmiðlum að hún mundi gera gangskör að því að settar yrðu sérstakar reglur um brunavarnir í jarðgöngum. Nú kann að vera að það hafi verið einhver embættismaður annar en mig minnti að það hefði verið hæstv. ráðherra. Það veit hún ábyggilega miklu betur en ég.

Ég á sem sagt ekki við endurskoðun laga um brunavarnir heldur átti ég við sérstakar reglur sem ég taldi í undirbúningi af hálfu hins opinbera um brunavarnir í jarðgöngum. Ég ætlaði mér að leggja fram fsp. um þetta mál en vildi ljúka því með þessari stuttu umræðu.

Ég er líka viss um að hæstv. ráðherra er fullkunnugt um að brunamálastjóri og reyndar líka starfsmenn slökkviliðsins í Reykjavík og á Akranesi hafa í fjölmiðlum sagt að tiltekinn búnað vanti, reykköfunarbúnað, reykdælubúnað og ýmsan búnað sem vafalaust kostar talsvert mikið. Þess vegna spurði ég, herra forseti, hvort ekki væri vitlegt að nota þær 13 millj. sem eiga að renna í ríkissjóð til að standa straum af útfærslu þessara reglna. En það blasir sem sagt við að hæstv. ráðherra er ekki kunnugt um að neinar reglur um auknar brunavarnir séu í undirbúningi af hálfu umhvrn. Hún hefur líka upplýst að henni sé ekki kunnugt um að nein áætlun sé í gangi til að afla nauðsynlegs tækjabúnaðar til að koma í veg fyrir að veruleg slys verði. Ég minni á að hræðileg slys hafa orðið í Evrópu og við þurfum auðvitað að vera í stakk búin til að mæta þeim en mér þykja þetta ekki góðar upplýsingar. Ég hélt satt að segja að hæstv. ráðherra væri miklu meira inni í þessum málum en raun ber vitni.

[14:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti ekki von á spurningum sérstaklega um brunamál í jarðgöngum. Ég verð að viðurkenna það, enda sé ég ekki að það tengist beint málinu sem við fjöllum hér um. Mér er ekki kunnugt um að verið sé að vinna að áætlun um brunavarnir sérstaklega í jarðgöngum. Það má þó vera, manni er ekki alltaf kunnugt um allt sem verið er að vinna. Ég get því ekki svarað þessu betur á þessari stundu. Hins vegar er sjálfsagt að afla sér betri upplýsinga um það. Satt best að segja átti ég ekki von á þessari spurningu í tengslum við þetta frv. þar sem við erum einungis að ræða um skerðingu á tekjustofni til Brunamálastofnunar, undir hana fellur ekki tækjabúnaður á vegum slökkviliðanna. Það eru slökkviliðin sjálf sem sinna þeim málum og sjá um tækjakaup sín. Ég get ekki svarað betur fyrir tækjakaup slökkviliðanna í landinu.

[14:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er hjá hæstv. ráðherra að við erum, eins og hún orðaði það, einungis að ræða skerðingu á tilteknum tekjustofni. Hins vegar heitir tekjustofninn brunavarnagjald. Ég er að ræða um brunavarnir. Ég er að draga fram að af hálfu ráðuneytisins, sem hæstv. ráðherra veitir forstöðu, hefur komið fram að nauðsynlegt sé að setja skýrari reglur en í gildi eru. Það hefur komið ótvírætt fram hjá brunamálastjóra og yfirmönnum slökkviliðsins í Reykjavík að tækjabúnaðinum er áfátt.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að þessu gjaldi er ætlað að renna til Brunamálastofnunar sem ekki fer með slökkviliðsbúnað. Spurning mín hefði þess vegna e.t.v. átt að vera eftirfarandi: Teldi ráðherrann ekki æskilegt, miðað við þessa stöðu, að þessir peningar — ef þeir renna í ríkissjóð eins og hér er lagt til — yrðu eyrnamerktir til að standa straum af kaupum á nauðsynlegum búnaði?

En það blasir hins vegar við, herra forseti, eftir þessa umræðu að hæstv. ráðherra hefur ekki sett sig inn í þetta mál. Ég geri svo sem engar athugasemdir við það. Verra þykir mér að hæstv. ráðherra virðist ekki gera sér grein fyrir því að þörf er á svona reglum. Verst þykir mér þó, herra forseti, að hæstv. ráðherra virðist algjörlega hafa misst af þeirri umræðu sem varð reyndar tvívegis um þetta mál og náði m.a. á forsíður dagblaða. Þá kom skýrt fram af hálfu yfirmanna slökkviliðsins í Reykjavík að þeir voru ákaflega óánægðir með málabúnaðinn af hálfu yfirvalda og töldu brýnt að bæta tækjabúnað slökkviliðsins til þess að mæta áföllum sem kynnu að verða vegna bruna í jarðgöngum.

Ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. ráðherra muni í framhaldi af þessu skoða málið í ráðuneyti sínu og e.t.v. geta við annað tækifæri og af öðru tilefni, sem væntanlega kemur upp, upplýst þingið um þetta.

[14:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil ítreka mótmæli mín gegn niðurskurði á framlagi hins opinbera til brunavarna í landinu. Ég tek heils hugar undir ábendingar hv. þm. Þuríðar Backman um afleiðingar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á rafmagnseftirlitinu í landinu og sannarlega hafa leitt til þess að öryggismál á því sviði eru nú lakari en þau voru fyrir fáeinum árum. Sú breyting var gerð, eins og menn rekur eflaust minni til, að í stað þess að starfsmenn rafmagnsveitna og Rafmagnseftirlitsins sinntu eftirlitsmálum þá var brugðið á það ráð að búa til staðla á vegum Löggildingarstofu og fela síðan einstökum skoðunarstofum að gera úrtak hjá nýjum sem gömlum veitum.

Þetta hefur ekki gefið góða raun og hefur verið mjög harðlega gagnrýnt t.d. af hálfu Bændasamtakanna. Formaður Bændasamtakanna hefur harðlega gagnrýnt þetta og lýst miklum áhyggjum yfir rafmagnsöryggismálum til sveita og einnig hafa komið fram mótmæli af hálfu rafverktaka og annarra sem hafa kynnt sér þessi mál.

Gerð var úttekt á þessum málum á vegum iðnrn. í sumar og í haust var skýrslan birt. Klofningur kom fram í nefndinni og mjög hörð gagnrýni kom frá minni hluta nefndarinnar en meiri hlutinn taldi að þetta mundi lagast þegar fram liðu stundir. Það er ekki nóg með að öryggið sé minna, að dregið hafi verið úr öryggginu, heldur er þetta miklu dýrara að auki auk þess sem þetta er byggðafjandsamlegt. Skoðunarstofurnar sem sinna eftirlitinu eru allar staðsettar í Reykjavík. Allar segi ég, þær eru nú ekkert mjög margar. Þær hafa verið tvær til þrjár á undanförnum missirum og senda menn út um landið til að sinna þessu eftirliti og það er mjög bágborið, það er mjög slæmt.

Á sama tíma kemur ríkisstjórnin núna fram með frv. um að skerða framlag til brunavarna. Ég hef áður gert grein fyrir viðhorfum mínum til þessa frv. og ítreka þau hér með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 239, nál. 365 og 370.

[14:52]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta allshn. um frv. til laga um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk fjölda gesta á sinn fund. Umsagnir bárust nefndinni frá Lánasjóði landbúnaðarins, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands, Samkeppnisstofnun, Landsamtökum sláturleyfishafa og Landssambandi kúabænda.

Skýring á þessu máli er sú að á undanförnum árum hefur verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins fækkað verulega og staða þess breyst. Þetta er gert til einföldunar, að leggja Framleiðsluráð niður og færa verkefnin til Bændasamtaka Íslands. Það skýrir sig í raun sjálft. Þetta mál er til einföldunar, aukinnar skilvirkni og sparnaðar í landbúnaðargeiranum.

[14:54]

Frsm. minni hluta landbn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Minni hluti landbn. skilaði séráliti um þetta mál, en eins og greinilega kemur fram í nál. er það ekki vegna þess að minni hlutinn sé á móti framgangi frv. Bent var á ákveðna veikleika í frv. eins og fram kemur í nál. Meginmarkmið frv. er að bæta og einfalda annars flókið landbúnaðarkerfi. Ég vona svo sannarlega að varnaðarorðin í nál. okkar, mín og hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, reynist ástæðulaus og sá sparnaður og sú hagræðing sem að er stefnt náist að fullu. Ég vona hið besta en er viðbúinn því að sú hagræðing sem að er stefnt náist ekki alveg. Að öðru leyti styðjum við framgang þessa máls.

[14:55]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að lýsa samþykki mínu varðandi frv. Ég skrifaði undir það með fyrirvara því að auðvitað eru þetta miklar breytingar og nokkur atriði sem þarf að skoða vandlega og fara gætilega með. Það er sjóður sem verður eiginlega hálfmunaðarlaus eftir að Framleiðsluráð landbúnaðarins er lagt niður. Það þarf að vera ljóst hvernig fara á með þennan sjóð og hver á hann. Bændasamtökin yfirtaka hann en ganga þarf vel frá því hvernig á að fara með sjóðinn til framtíðar.

Sá kostur er helstur við þessar breytingar að þarna er verið að einfalda hlutina, verið að gera landbúnaðarkerfi okkar ódýrara. Með þessu fyrirkomulagi fækkar starfsfólki. Það er nú alltaf miður þegar verið er að hagræða og koma hlutunum betur fyrir að það veldur sársauka þegar fækka þarf starfsfólki, ekki síst þegar fram kemur að starfsfólk gengur ekki að sömu launum í nýrri vinnu. Þetta eru þeir neikvæðu þættir sem fram koma en þeir jákvæðu eru miklu fleiri.

Bændasamtökum Íslands er að hluta til falið stjórnsýsluvald og eftirlit en þegar kemur að því að framkvæma refsiákvæði eða sektarákvæði mun sú stjórnsýsla vera hjá landbrn. enda væri aldeilis óhæft að Bændasamtökin ættu að fylgja eftir refsiákvæðum.

[14:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil láta í ljós þá skoðun að ég er í megindráttum sammála því sem hér er til umræðu, frv. um að leggja niður Framleiðsluráð landbúnaðarins og færa verkefni þess annað.

Það eru sérstaklega tvö atriði, herra forseti, sem ég hefði viljað að skoðuð yrðu betur. Það er annars vegar þau prósentugjöld sem lögð eru á bændur, þ.e. á hvaða framleiðendur er verið að leggja, hvaða framleiðslugreinar. Einnig vek ég athygli á, herra forseti, þessum 190 millj. kr. sjóði sem þarna er látinn standa eftir án þess að gerð sé grein fyrir hvernig honum skuli varið. Mér hefði fundist, herra forseti, að það hefði átt að kanna hvort ekki væri skynsamlegast að láta þennan sjóð t.d. styrkja Lífeyrissjóð bænda eða annað slíkt og láta starfsemina að öðru leyti, sem hér er verið að færa til, standa undir sér á þeim forsendum sem þar eru.

[14:59]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi prósentuna í búnaðargjaldi. Hún lækkar við þetta úr 2,65% í 2,55%.

Það er okkar sjónarmið og þeirra sem leggja fram frv. að fjármunirnir fylgi þeim verkefnum sem þeir voru innheimtir fyrir. Hins vegar getur búnaðarþing hvenær sem er tekið þær 190 millj. sem fylgja þessum verkefnum og ákveðið að færa þá fjármuni yfir í Lífeyrissjóð bænda. Það gæti verið klókt að gera kannski í tengslum við það að hið opinbera, ríkisvaldið, reyndi að styrkja lífeyrissjóðinn sérstaklega með mótframlagi. En það er áhyggjuefni hversu Lífeyrissjóður bænda stendur veikt og getur ekki sinnt því hlutverki sem hann ætti að sinna.

[15:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Jónssyni fyrir að deila með mér áhyggjum af stöðu Lífeyrissjóðs bænda. Ég vek athygli á því að Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur starfað á ábyrgð ríkisins. Þess vegna er ekki óeðlilegt, um leið og við afhendum þennan málaflokk eins og hér á að gera, að einnig hefði verið tekið á því hvernig ráðstafa ætti þessum sjóð. Hv. þm. tók undir að vandamál Lífeyrissjóðs bænda eru mikil. Það þarf að taka á þeim og þarna er kannski ein leið til þess.

Ég hefði viljað láta kanna hvort ekki hefði mátt lækka þessi gjöld enn frekar. En þetta eru ábendingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárlög 2000, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 372, frhnál. 401, 417 og 418, brtt. 402, 403, 404, 405, 406, 407, 408, 409, 411, 412, 413, 414, 419 og 428.

[15:01]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Nefndin hefur haft fjárlagafrv. til athugunar frá því að 2. umr. fór fram 9. des. sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins

og Íbúðalánasjóðs. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frv. og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í nál. er fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem verða á tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum 2–4. Að lokum er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að verði gerðar á 5. gr. frv. og að lokum mun ég gera grein fyrir helstu breytingum sem lagðar eru til á 7. gr. í ræðu minni.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjmrn. er gert ráð fyrir að tekjur verði 209,9 milljarðar kr. sem er 4,9 milljarða kr. hækkun frá frumvarpi. Þar vegur þyngst hækkun á sköttum á vöru og þjónustu og virðisaukaskatti.

Tillögur meiri hlutans er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til lækkunar útgjalda um 435,3 millj. kr.

Niðurstaðan eftir vinnu fjárln. og endurskoðun á tekjuhliðinni er eins og áður segir að tekjur eru nú áætlaðar 9,7 milljarðar kr. sem þýðir að tekjuafgangur hefur aukist úr 15 milljörðum kr. í 16,7 milljarða. Þetta er mikilvægt fyrir efnahagslífið og gefur ríkissjóði færi á að greiða niður innlendar eða erlendar skuldir. Mikilvægt er að leiðin sem valin verður sé þáttur í því að draga úr þensluáhrifum í þjóðfélaginu. Ein leið til þess er að binda um sinn hluta þessara fjármuna í Seðlabankanum eins og fram hefur komið í umræðunni að undanförnu.

Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur gert mikið úr því að lausatök séu í ríkisfjármálum. Hins vegar hefur ekki verið bent á neitt í brtt. meiri hluta fjárln. sem mætti niður falla. Ef alvara væri í máli stjórnarandstöðunnar ættu tillögur að liggja fyrir um hvort hækka ætti skatta í þessari stöðu eða fella niður útgjaldaliði sem eru í frv. eða brtt. fjárln. Ekkert slíkt hefur séð dagsins ljós. (**Gripið fram í:** Jú.) Hins vegar er það fagnaðarefni að pólitísk samstaða virðist ríkja um að skila ríkissjóði með góðri afkomu við þessar aðstæður.

Miklar tekjur eru í samfélaginu, næg atvinna og góð afkoma fyrirtækja. Þetta hefur orðið til þess að tekjur ríkissjóðs hafa aukist. Það er ekki rétt, sem látið hefur verið að liggja, að allur tekjuauki á árinu 1999 og árinu 2000 komi til vegna veltuáhrifa í samfélaginu. Við sundurgreiningu á tekjuáætlun fjáraukalaga kom í ljós að skattar fyrirtækja höfðu vaxið umfram áætlanir vegna batnandi afkomu og minnkandi tapsfrádráttar. Tekjuskattur einstaklinga hafði vaxið vegna hækkandi tekna. Þetta sýnir þau umskipti sem orðið hafa í samfélaginu á síðustu árum og ber að hafa í huga þegar rætt er um ástæður þeirra frávika sem voru á tekjuhliðinni á árinu 1999.

Skoðanaskipti við fjárlagaumræðu undanfarin ár hafa vissulega snúið að því að tekjur væru vanmetnar. Hins vegar sakar það góða ekki að meiri tekjur séu í spilunum en áætlanir segja til um. Vissulega er þó mikilvægt að gera sem nákvæmastar spár um tekjur. Hins vegar er eðlilegt og nauðsynlegt að mínu mati að gæta varfærni í tekjuspám. Ánægjulegra viðfangsefni er að ráðstafa tekjuafgangi í ríkissjóð en að mæta samdrætti í tekjum. Það er alveg ljóst að sú umgjörð sem nú er um atvinnulífið hefur orðið til þess að auka þjóðartekjur, örva framleiðslu og gera fyrirtækjum kleift að bæta kjörin. Þess vegna er afkoma ríkissjóðs svo góð nú sem raun ber vitni. Þetta skyldi ekki gleymast þegar efnahagsmálin eru rædd.

Hin hliðin á þessum teningi er viðskiptahallinn en spáð er um 38 milljarða kr. viðskiptahalla á árinu 2000. Þarna koma til bæði einkaneysla og fjárfestingar. Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að draga úr fjármagni í umferð og hvetja til sparnaðar. Sala hlutabréfa í ríkisbönkunum er ein leið til að laða fólk til að binda fjármuni fremur en eyða þeim. Þjóðhagslegur sparnaður er lágur á Íslandi og það ber að vinna að því nú þegar full atvinna er og uppsveifla í efnahagslífinu að bjóða fram fjölbreyttar sparnaðarleiðir.

Ég gerði grein fyrir útgjaldahliðinni við 2. umr. málsins. Tillögur til útgjaldaauka við 3. umr. eru ekki ýkja margar þó mikilvægar séu. Heildarniðurstaðan sýnir lækkun útgjalda vegna endurmats á nokkrum útgjaldaliðum. Ég kem nánar að þeim málum í skýringu við brtt. nefndarinnar.

Ég vil sérstaklega gera grein fyrir tveimur málum sem hafa komið til umræðu í ríkisstjórn og fjárln. en ekki hafa verið gerðar tillögur um í starfi fjárln. Í fyrsta lagi hafa málefni loðdýraræktarinnar verið til umræðu á vettvangi fjárln. Mér er einnig kunnugt um að ríkisstjórnin hefur ítrekað fjallað um þau mál. Vandinn í greininni er ekki úr sögunni og mun verða farið yfir hann nánar í ríkisstjórn á næstu vikum og mánuðum. Ég á ekki von á öðru en litið verði til málefna loðdýrabænda með sömu velvild og áður þó ekki séu á þessu stigi gerðar tillögur um aukin útgjöld vegna þeirra.

Í öðru lagi hafa málefni Skógræktar ríkisins verið rædd á vegum ríkisstjórnarinnar en ljóst er að stofnunin á við rekstrarvanda að glíma. Vinnuhópur hefur skilað skýrslu um málefni Skógræktarinnar. Þar eru settar fram hugmyndir um framtíðarhlutverk stofnunarinnar. Þessi skýrsla er nú í athugun hjá ríkisstjórn en nauðsynlegt er að í framhaldi af henni verði gerðar tillögur sem tryggi rekstur þessarar mikilvægu stofnunar og mikilvægt hlutverk hennar í varðveislu skóga og leiðbeiningarþjónustu við vaxandi skógrækt í atvinnuskyni og hjá einstaklingum í landinu. Tillögur ríkisstjórnar liggja ekki fyrir en unnið er að málinu og mun fjárln. fylgjast með þeirri framvindu.

Þá skal tekið fram að við 2. umr. fjárlaga var tillaga um hækkun til Ferðamálaráðs í viðfangsefnið 1.11 Ferðamálasamtök landshluta þar sem samþykkt var hækkun úr 8 milljónum í 18 millj. kr. Sú aukning er ætluð til upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni. Ferðamálaráð ákveður útgreiðslu á þessu fé en heimilt er að hluta þess verði varið til að vinna á árinu þróunar- og grunnvinnu vegna upplýsingamiðlunar á landsvísu.

Í þriðja lagi voru, undir fjárlagalið 08-375 Sjúkrahús Reykjavíkur, 8 millj. ætlaðar til að lögreglustjórinn í Reykjavík tæki að sér öryggisgæslu á Sjúkrahúsi Reykjavíkur frá og með næstu áramótum. Fjárln. leggur til að gengið verði til samninga milli aðila um greiðslu fyrir löggæslu sem nemur þessari upphæð.

Við 2. umr. fjárlaga féll einnig niður úr skýringum með brtt. við Símenntun og fjarkennsluverkefni, lið nr. 02-451, að umsókn um fjarfundabúnað í Vestur-Skaftafellssýslu var vísað til meðferðar á þessum fjárlagalið.

Ég mun þá víkja að skýringum við einstakar brtt. meiri hlutans og víkja einnig að öðrum brtt.

Forsætisráðuneyti. Gerð er tillaga um að færa 1 millj. kr. sem sértekjur á viðfangsefninu 1.42 Grænlandssjóður undir þessum fjárlagalið. Framlög úr sjóðnum eru fjármögnuð með vaxtatekjum sem í frumvarpinu eru settar fram á tekjuhlið ríkissjóðs en verða eftirleiðis settar fram sem sértekjur á gjaldahlið. Tillagan snýr einungis að breyttri framsetningu á fjármögnun í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og verða útgjöld óbreytt eftir sem áður.

Þá er lagt til 11,5 millj. kr. tímabundið framlag til byggingar stafkirkju í Vestmannaeyjum.

Menntamálaráðuneyti. Lagt er til að viðfangsefnaskiptingu Háskóla Íslands verði breytt í framhaldi af nýgerðum samningi menntmrn. og skólans til þess að greina betur á milli kennslu og rannsókna í skólanum. Á viðfangsefni 1.01 verða færð útgjöld til kennslu í skólanum og stoðþjónustu, húsnæðisreksturs og búnaðarkaupa vegna kennslu. Á viðfangsefni 1.02 verða færð framlög til rannsókna og annarra verkefna skólans, þar með talin föst laun kennara við rannsóknir. Önnur viðfangsefni en framantalin falla niður. Þessar millifærslur hafa ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs heldur er einungis um breytta innbyrðis skiptingu fjárveitinga að ræða.

Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Gerð er tillaga um 3,8 millj. kr. hækkun framlags til Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum til veirurannsókna.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lagt er til að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 100 millj. kr. frá áætlun frv. og nemi 1.910 millj. kr. Lækkunin er í samræmi við nýja útreikninga og þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að framlagið þurfi að nema 52% af almennum útlánum, auk framlags vegna rekstrargjalda, til að eigið fé sjóðsins haldist óbreytt að raunvirði. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins er gert ráð fyrir minni útlánum, aðallega vegna fækkunar lánþega frá fyrri áætlun.

Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 12 millj. kr. hækkun fjárveitinga til byggða- og minjasafna sem skiptist á þrjá staði. Í fyrsta lagi er lögð til 4 millj. kr. hækkun til að ráða minjavörð til starfa á Norðurlandi vestra. Með gildistöku þjóðminjalaga í ársbyrjun 1990 var mörkuð sú stefna að starfsemi Þjóðminjasafnsins á landsbyggðinni skyldi efld með stofnun embætta minjavarða. Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir 3 millj. kr. tímabundnu framlagi til Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti sem verði varið til lokafrágangs nýrrar álmu safnsins og uppsetningar muna. Loks er lagt til að veitt verði 5 millj. kr. tímabundið framlag til viðgerða á Vatneyrarbúð í Vesturbyggð.

Söfn, ýmis framlög. Lagt er til 4 millj. kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík til þess að koma upp sýningaraðstöðu.

Sinfóníuhljómsveit Íslands. Lögð er til 5,3 millj. kr. hækkun á framlagi til Sinfóníuhljómsveitar Íslands til að fjölga í strengjasveit um fjögur stöðugildi. Á yfirstandandi fjárlagaári fékk hljómsveitin heimild til að fjölga um fjögur stöðugildi og var það hluti af stærri heild því að ljóst var að fjölga þyrfti alls um átta. Mikil verkefni bíða hljómsveitarinnar, m.a. hljóðritanir og tónleikaferð til Bandaríkjanna og Kanada.

Húsafriðunarsjóður. Lagt er til að 3 millj. kr. tímabundin fjárveiting verði veitt til að styrkja endurbætur á svonefndu Syðstabæjarhúsi í Hrísey en það er elsta hús eyjarinnar.

Óskað er eftir 2,5 millj. kr. hækkun fjárveitingar vegna endurnýjunar samnings um menningarsamstarf við Færeyinga og Grænlendinga. Viðfangsefnið 1.90 Norræn samvinna hækkar sem því nemur og er sundurliðun sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

Ýmis íþróttamál. Gerð er tillaga um 8,5 millj. kr. tímabundna hækkun á viðfangsefninu 1.90 Ýmis íþróttamál til endurbyggingar íþróttavallar á Egilsstöðum. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir 13,5 millj. kr. til íþróttavallarins árið 2000 og sömu upphæð árið 2001. Við þessa hækkun er aftur á móti gert ráð fyrir að áætlað 13,5 millj. kr. framlag fyrir árið 2001 lækki um 8,5 millj. kr. og verði 5 millj. kr.

Landbúnaðarráðuneyti. Gert er ráð fyrir að Landgræðslu ríkisins verði veitt 7,5 millj. kr. framlag til að tryggja öryggi vatnsleiðslu yfir Markarfljót með því að grafa hana undir fljótið.

Lagt er til að 51,3 millj. kr. framlög Framleiðsluráðs landbúnaðarins færist yfir á aðra fjárlagaliði eða falli niður í samræmi við stjórnarfrumvarp um að leggja ráðið niður sem lagt var fram á haustþingi 1999 og var áður til 2. umr. Hluti fjárins, verðskerðingarfé að upphæð 12,3 millj. kr., færist framvegis á fjárlagaliðinn 04-824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.

Lagt er til að gjald í Búnaðarsjóð verði lækkað í samræmi við endurskoðaða áætlun um innheimtu ríkistekna af búnaðargjöldum en þar er gert ráð fyrir að ríkistekjur og gjöld liðarins lækki alls um 4 millj. kr. Samkvæmt stjórnarfrumvarpi um niðurlagningu á Framleiðsluráði landbúnaðarins er gert ráð fyrir að gjald í sjóðinn hækki úr 1,225% í 1,4% af verðmæti búvöruframleiðslu.

Verðmiðlun landbúnaðarvara. Lagt er til að verðskerðingarfé sem áður var innheimt af Framleiðsluráði landbúnaðarins verði framvegis veitt til Bændasamtaka Íslands sem er í samræmi við stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem lagt var fram á haustþingi.

Undir dóms- og kirkjumrn. er gerð tillaga um 2 millj. kr. tímabundið framlag til kaþólska biskupsdæmisins í Reykjavík til viðgerðar á Dómkirkju Krists konungs í Landakoti.

Gerð er tillaga um 5 millj. kr. tímabundna hækkun á framlagi til Dómkirkjunnar í Reykjavík til að standa straum af kostnaði við viðgerðir og endurbætur á kirkjunni.

Félagsmálaráðuneyti. Undir viðfangsefninu Málefni fatlaðra er gerð tillaga um 10 millj. kr. framlag til Styrktarfélags vangefinna til að styrkja rekstur þess. Greiðsla er háð því að gerður verði þjónustusamningur við félagið.

Málefni fatlaðra, Vestfjörðum. Lögð er til 7,1 millj. kr. hækkun á fjárveitingum til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum vegna skammtímavistunar í Vesturbyggð, Vestur-Barðastrandarsýslu sem hefur þegar verið opnuð vegna brýnnar þarfar.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Lögbundið framlag ríkissjóðs í sjóðinn tekur mið af innheimtum skatttekjum ríkisins á árinu og útsvarsstofni næstliðins árs. Í ljósi endurskoðunar á áætluðum skatttekjum ríkissjóðs árið 2000 er farið fram á að framlagið verði hækkað um 60 millj. kr.

Vinnumál. Gerð er tillaga um 7 millj. kr. tímabundna hækkun framlags til liðarins á viðfangsefni 1.90 Ýmislegt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Gerð er tillaga um 135 millj. kr. fjárveitingu á nýju viðfangsefni undir þessum lið, Slysatryggingar, 1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna. Þessar greiðslur til sjómanna eru fjármagnaðar með slysatryggingagjaldi á laun þeirra en það færist jafnframt sem ríkistekjur og verður afkoma ríkissjóðs því óbreytt eftir sem áður. Við breytingar á framsetningu slysatrygginga, sem gerðar voru í fjárlögum ársins 1998 vegna gildistöku nýrra laga um fjárreiður ríkisins, láðist að gera ráð fyrir þessum greiðslum.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Lögð er til 32,1 millj. kr. hækkun fjárveitingar til leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands en drög að nýjum samningi við félagið liggja fyrir.

Í honum er gert ráð fyrir að tveir fyrri samningar, þ.e. verksamningur Krabbameinsfélags Íslands og heilbr.- og trmrn., dags. 30. apríl 1992, og samningur Krabbameinsfélags Íslands við Tryggingastofnun ríkisins, dags. 31. jan. 1995, verði felldir í einn. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir 13,2 millj. kr. hækkun til að halda áfram óbreyttri starfsemi í skipulagðri krabbameinsleit hjá konum. Auk þess er gert ráð fyrir að 18,9 millj. kr. greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir rannsóknir og sérskoðanir verði hluti af samningnum. Fjárveiting vegna þeirra verka færist af liðnum 08-206 1.11 Sjúkratryggingar, lækniskostnaður eins og samþykkt var við 2. umr. um frumvarpið.

Þá er gerð tillaga um 1,1 millj. kr. hækkun á viðfangsefninu 1.90 Ýmis framlög og er skiptingin sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans.

Fjármálaráðuneyti, Tollstjórinn í Reykjavík. Í samræmi við breyttar skilgreiningar samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins færast tollafgreiðslugjöld hjá tollstjóranum í Reykjavík eftirleiðis sem ríkistekjur en þau hafa til þessa verið færð sem sértekjur á gjaldahlið í fjárlögum. Við þá breytingu lækka sértekjur embættisins um 10 millj. kr. en í staðinn færist sama fjárhæð á tekjuhlið ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið hefur endurskoðað lífeyrisskuldbindingar fyrir árin 1999 og 2000 og leiðir sú endurskoðun til 600 millj. kr. lækkunar á gjaldfærslu á næsta ári. Greiðslur í sjóðinn hækka aftur á móti um 1.880 millj. kr. þar sem nú er ekki gert ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði dregin frá lífeyrisuppbótum stofnana. Breytingar á greiðslum til einstakra sjóða verða eftirfarandi:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, -859 millj. kr.

Lífeyrissjóður alþingismanna, -22 millj. kr.

Lífeyrissjóður ráðherra, -24 millj. kr.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 242 millj. kr.

Eftirlaunasjóður fyrrum starfsmanna Útvegsbanka Íslands, 58 millj. kr.

Eftirlaun fyrrum bankastjóra Útvegsbanka Íslands, 5,0 millj. kr.

Þetta eru alls: -600,0 millj. kr.

Fjármagnstekjuskattur. Gerð er tillaga um 200 millj. kr. hækkun á fjárheimild þessa liðar þar sem færa þarf til gjalda 10% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði eigna. Skatturinn færist samhliða sem ríkistekjur og hefur því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þessi tilhögun skýrist af því að samkvæmt lögum um skatt á fjármagnstekjur er ríkissjóður ekki undanþeginn skattgreiðslum af fjármagnstekjum sínum.

Vaxtabætur. Lagt er til að vaxtabætur lækki um 300 millj. kr. þar sem fyrirframgreiðslur vaxtabóta á kaupári íbúðar hafa ekki orðið eins miklar og áætlað var við afgreiðslu fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. er áætlað að vaxtabætur hækki um 500 millj. kr. vegna flýtingar á greiðslum til kaupárs eignar og breytinga á húsnæðiskerfinu. Í ljósi greiðslna það sem af er árinu er lagt til að sú áætlun verði lækkuð um 300 millj. kr.

Ýmislegt. Lagðar eru til tvær breytingar á liðnum sem leiða til 39 millj. kr. hækkunar á framlagi úr ríkissjóði. Annars vegar er lögð til 24 millj. kr. fjárveiting til áframhaldandi vöktunar á Kötlu og til vöktunar á Eyjafjallajökli. Í ljósi jarðhræringa á svæðinu hafa vísindamenn endurskoðað áætlanir um vöktun á svæðinu.

Síðari tillagan er um 15 millj. kr. tímabundið framlag til nýs viðfangsefnis, 6.92 Reiknilíkön og hagræðingarverkefni í starfsemi ráðuneyta. Fjárhæðinni skal verja í samvinnu við fagráðuneyti til þess að vinna reiknilíkön sem notuð verði til viðmiðana og samræmingar við ákvörðun fjárveitinga til ríkisstofnana.

Samgönguráðuneyti, Ferðamálaráð. Gerð er tillaga um 15 millj. kr. hækkun á framlagi til Ferðamálaráðs. Hækkunin er annars vegar hugsuð sem 10 millj. kr. hækkun á framlagi til almenns rekstrar ráðsins vegna aukinna umsvifa og hins vegar sem 5 millj. kr. tímabundið framlag til rannsókna í ferðaþjónustu.

Viðskiptaráðuneyti. Gerð er tillaga um breytingar á veltu Löggildingarstofunnar, bæði á gjaldahlið og tekjuhlið. Skýrist það annars vegar af því að sértekjur af eftirlitsgjöldum að fjárhæð 9,5 millj. kr. falla brott en þær tekjur verða eftirleiðis færðar sem rekstrartekjur stofnunarinnar á tekjuhlið ríkissjóðs í samræmi við breytta framsetningu vegna ákvæða í lögum um fjárreiður ríkisins. Þá er gert ráð fyrir að Löggildingarstofan hafi 5,5 millj. kr. ríkistekjur af eftirlitsgjöldum sem varið verði til að fjármagna samsvarandi útgjöld vegna aukinna umsvifa. Við þessar breytingar hækka útgjöld stofnunarinnar því um 5,5 millj. kr. og sértekjur lækka um 9,5 millj. kr. Hækkun útgjalda og lækkun sértekna nemur þannig alls 15 millj. kr. eða sem svarar til áætlaðrar hækkunar ríkistekna sem renna til Löggildingarstofunnar.

Fjármálaeftirlitið. Gerð er tillaga um að gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur lækki um 21,7 millj. kr. Í fjárlagafrv. eru gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur áætlaðar 234 millj. kr. en samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun eru þau áætluð nálægt 203 millj. kr. Í fjárlögum hefur verið gert ráð fyrir 9,6 millj. kr. sértekjum hjá stofnuninni sem voru innheimtar hjá Vátryggingaeftirlitinu og bankaeftirlitinu áður en sameining fór fram. Ekki hefur orðið af þeirri sértekjuöflun hjá hinni nýju sameinuðu stofnun og er ekki reiknað með að til þess komi í rekstraráætlun fyrir árið 2000. Gjald það sem fyrirhugað er að innheimta hjá eftirlitsskyldum aðilum lækkar um 39 millj. kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Mismunur á útgjöldum og rekstrartekjum er 17,3 millj. kr. og verður hann fjármagnaður með rekstrarafgangi ársins 1999 sem gert er ráð fyrir að færist á milli ára. Sá mismunur kemur því fram á fjárlagaliðnum í breytingartillögunni sem viðskiptahreyfing.

Hækkun framlaga til Hagstofu Íslands nemur 23 millj. kr. Gerð er tillaga um breytingar á fjármálum Hagstofunnar, bæði á gjaldahlið og tekjuhlið. Skýrist það annars vegar af lækkun sértekna um 8 millj. kr. en þær tekjur verða eftirleiðis færðar sem rekstrartekjur á tekjuhlið ríkissjóðs í samræmi við breytta framsetningu vegna ákvæða í lögum um fjárreiður ríkisins. Þá er gert ráð fyrir að aðrar ríkistekjur Hagstofunnar hækki um 15 millj. kr. og renni framlagið til að fjármagna samsvarandi útgjöld vegna aukinna umsvifa. Við þessar breytingar hækka útgjöld viðfangsefnisins 1.01 Yfirstjórn um 7,5 millj. kr. og sértekjur lækka um 4,6 millj. kr. en útgjöld viðfangsefnisins 1.50 Þjóðskráin hækka um 7,5 millj. kr. og sértekjur lækka um 3,4 millj. kr. Hækkun útgjalda og lækkun sértekna nemur þannig alls 23 millj. kr. eða sem svarar til áætlaðrar hækkunar ríkistekna sem renna til Hagstofunnar.

Lögð er til 2 millj. kr. tímabundin hækkun viðfangsefnisins 1.23 Ýmis um hverfisverkefni. Fjárlaganefnd vísar til ákvörðunar umhverfisráðuneytis umsóknum Náttúruverndarsamtaka Íslands, Sólar í Hvalfirði og Umhverfisverndarsamtaka Íslands.

Gerð er tillaga um að heiti viðfangsefnisins 1.58 Náttúrugripasöfn verði Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum, fiskasafn.

Lögð er til 2 millj. kr. hækkun á fjárveitingu veiðistjóraembættisins í kjölfar hækkunar á gjaldi fyrir veiðikort úr 1.600 kr. í 1.900 kr. eins og gert er ráð fyrir í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Gert er ráð fyrir að hækkun framlagsins verði varið til rannsókna á rjúpum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Óskað er eftir 9 millj. kr. hækkun á framlagi til hreindýraráðs í samræmi við áætlun um auknar tekjur af leyfum fyrir veiðar á hreindýrum. Þessar auknu tekjur stafa aðallega af fjölgun veiddra dýra á milli áranna 1998 og 1999 og gert er ráð fyrir sambærilegri hækkun í fjáraukalagafrv. ársins 1999.

Hollustuvernd ríkisins. Gert er ráð fyrir 2 millj. kr. lækkun á útgjöldum stofnunarinnar í kjölfar lægri tekna af mengunareftirlitsgjaldi.

Þá er komið að skýringum við brtt. við sundurliðun 3, B-hluta, og sundurliðun 4, C-hluta.

B- og C-hluta áætlanir hafa verið endurmetnar frá því að frv. til fjárlaga var lagt fram í október. Í endurskoðuðum áætlunum hefur verið tekið tillit til ýmissa leiðréttinga á fyrri áætlunum, áhrifa af ráðstöfunum í A-hluta fjárlaga, breytinga á lántökum og nýrra upplýsinga um fyrirhugaða starfsemi fyrirtækja og sjóða. Í framhaldi af því gerir meiri hlutinn tillögu um breytingar á fjórum áætlunum í B-hluta og einni í C-hluta.

Sinfóníuhljómsveit Íslands. Framlag A-hluta til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hækkaði um 4 millj. kr. við 2. umr. fjárlaga vegna samningsbundinna launahækkana sem alls eru áætlaðar 7,1 millj. kr. Af þessum sökum hækkar framlag annarra rekstraraðila um 3,1 millj. kr.

Lagt er til að lántökuheimild Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hækki um 1,2 milljarða kr. og nemi 2,4 milljörðum kr. á næsta ári í samræmi við breyttar forsendur um umfang stækkunar flugstöðvarinnar, áætlaðan heildarkostnað við verkefnið og skiptingu hans á milli ára. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að flatarmál byggingarinnar verði 13.800 fermetrar í stað 10.500 fermetra í forsendum fjárlagafrumvarps. Heildarkostnaður er nú áætlaður 3,6 milljarðar kr. en var áætlaður um eða yfir 3 milljarðar kr. í frumvarpinu. Stækkunin skýrist m.a. af stærra svæði til útleigu og meira rými til að flokka farangur og fyrir sprengjuleitarbúnað.

Alþjóðaflugþjónustan. Við gerð fjárlagafrumvarps voru tekjur og gjöld vegna yfirflugs gjalda vanreiknuð. Samkvæmt nýrri áætlun eru tekjur af yfirflugsgjöldum áætlaðar 1.439,7 millj. kr. og rekstrargjöld 1.515,4 millj. kr. Þessi leiðrétting hefur ekki áhrif á framlag A-hluta sem er 75,7 millj. kr.

Farið er fram á 200 millj. kr. aukna lántökuheimild til handa Rafmagnsveitum ríkisins til kaupa á Hitaveitu Hveragerðis.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Áætlun Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið endurskoðuð. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir minni útlánum, aðallega vegna fækkunar lánþega í stað fjölgunar. Útlán eru áætluð 3.220 millj. kr. í stað 3.490 millj. kr. Rekstrargjöld eru áætluð 234 millj. kr. sem er 20 millj. kr. lækkun. Í áætluninni er gert ráð fyrir að sjóðurinn komi ekki til með að greiða ríkisábyrgðargjald á árinu, en það er áætlað 30 millj. kr. í frv., og að vaxtastyrkur lækki um 5 millj. kr. og nemi 50 millj. kr. Á móti kemur að rekstrargjöld hækka um 15 millj. kr. vegna fyrirhugaðs flutnings skrifstofu sjóðsins í nýtt húsnæði. Gert er ráð fyrir að framlag A-hluta ríkisins nemi 1.910 millj. kr. sem er 100 millj. kr. lækkun frá fjárlagafrv. Lækkunin er í samræmi við nýja útreikninga og þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að framlagið þurfi að nema 52% af almennum útlánum, auk framlags vegna rekstrargjalda, til að eigið fé sjóðsins haldist óbreytt að raunvirði.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verða fjármunatekjur 2.150 millj. kr. sem er 905 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Áætlað er að fjármagnsgjöld hækki á móti um 320 millj. kr. og nemi 2.250 millj. kr. Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga hækka um 350 millj. kr. og nema 850 millj. kr. Framlag í afskriftasjóð útlána, 100 millj. kr., er talið óþarft. Áætlað er að rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi verði neikvæðir um 150 millj. kr. í stað þess að vera jákvæðir um 150 millj. kr. Miðað er við að sjóðurinn veiti 90 millj. kr. lán á markaðskjörum til skólagjalda. Ekki hefur verið áætlað áður fyrir þessum lánum en þau hafa aukist mjög á síðustu árum. Áætlað er að innheimtar afborganir af veittum lánum aukist um 200 millj. kr. og að sjóðurinn greiði 50 millj. kr. meira af lánum sínum. Lántökur sjóðsins lækka um 200 millj. kr.

Þá er komið að skýringum við 5. og 6. gr. frv.

Nokkrar breytingar eru gerðar á 2. tölul. 5. gr. fjárlagafrv. Farið er fram á í lið 2.1 að lántökur Lánasjóðs íslenskra námsmanna lækki um 200 millj. kr. í ljósi endurskoðunar á áætlunum. Umsóknir eru færri og tekjur námsmanna eru hærri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Farið er fram á í lið 2.2 að lántökur Rafmagnsveitna ríkisins hækki um 200 millj. kr. vegna kaupa á Rafveitu Hveragerðis, en þegar hefur verið farið fram á heimild til kaupanna. Loks er í lið 2.4 farið fram á að lán til stækkunar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar hækki um 1.200 millj. kr. og verði 2.400 millj. kr. Er nú miðað við að taka helming fyrsta áfanga í notkun 1. mars árið 2001 og síðari helming þremur mánuðum síðar. Aðstaða fyrir Schengen og aukna umferð farþega á þar með að vera fyrir hendi. Er áætlað að stækkun flugstöðvarinnar kosti 3,6 milljarða kr. Þar af verði framkvæmdum fyrir 600 millj. kr. lokið fyrir áramót, árið 2000 verði kostnaður 2.400 millj. kr. og 600 millj. kr. árið 2001. Af þessum breytingum leiðir hækkun fjárheðar í inngangslið 2. tölul.

Gerð er ein brtt. við 6. gr. frv. Í samræmi við breytingar á útgjöldum Endurbótasjóðs menningarstofnana við 2. umr. fjárlaga hækkar óskert framlag um 10 millj. kr.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti fjárln. leggur fram. Breytingatillögur við 7. gr. liggja fyrir á sérstöku þskj.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristján Pálsson.

Ég vil ljúka framsöguræðu minni á þökkum. Ég þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir gott samstarf í nefndinni og góðan samstarfsanda sem er afar mikilvægur þrátt fyrir skiptar skoðanir. Ekki síst vil ég þakka góðan vilja minni hlutans til að greiða fyrir starfi nefndarinnar og mæta á fundi á afbrigðilegum tímum sem er forsenda þess að mál gangi fram. Ég þakka starfsmönnum ráðuneyta fyrir gott samstarf og aðstoð við nefndina. Þar nefni ég sérstaklega til þá Ólaf Hjálmarsson, forstöðumann fjárlagaskrifstofu, og Nökkva Bragason í fjmrn. sem hafa mikil samskipti við nefndina

eðli málsins samkvæmt. Ég þakka einnig Inga Magnússyni hjá Ríkisendurskoðun sem hefur m.a. aðstoðað minni hluta nefndarinnar í störfum sínum. Ég þakka jafnframt Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda fyrir veitta aðstoð.

Ég þakka Sigurði Rúnari Sigurjónssyni nefndarritara fyrir störf hans og aðstoð við okkur nefndarmenn og ekki síst við þann sem hér stendur. Ég þakka Álfhildi Álfþórsdóttur fyrir hennar mikla starf sem felst í að koma tillögum okkar og skýringum á þingskjöl. Síðast en ekki síst þakka ég Ragnheiði Sumarliðadóttur, Bentínu Haraldsdóttur og Sigríði Jónsdóttur fyrir alla aðstoðina við okkur nefndarmenn sem og öðru starfsfólki Alþingis sem lagt hefur okkur lið í þessum störfum með einum eða öðrum hætti.

[15:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kominn jólabragur á hv. formann fjárln. og hann er fullur þakklætis. Það er ég líka. Ég vil þó aðeins koma hér upp til að gera örlitlar aðfinnslur við ræðu hv. þm. Hv. þm. vísaði því á bug að það hefðu verið lausatök af hálfu ríkisstjórnarinnar á fjármálunum. Mér fannst raunar að hv. þm. væri að vísa því frá fyrir hönd meiri hluta fjárln. Hinu getur hv. þm. varla neitað að alvarleg lausatök hafa verið á ríkisfjármálunum eins og fram kom í rannsókn nefndarinnar á stöðu ríkisfjármála.

Ég vek athygli hv. þm. á greinargerð Ríkisendurskoðunar sem var til mikillar umræðu í nefndinni og í þessum sal í kjölfarið. Þar kom fram að alvarleg lausatök höfðu verið á fjármálum ríkisins, herra forseti. Þar var upplýst að hæstv. heilbrrh. vissi í maí að yfir 100 stofnanir voru að keyra verulega fram úr fjárlögum. Það kom líka fram af hálfu hæstv. heilbrrh. þegar við ræddum við hana í nefndinni að hún hafði látið hæstv. fjmrh. vita af þessu.

Hvað gerðist, herra forseti? Það gerðist nákvæmlega ekki neitt. Það var ekki gripið til neinna aðgerða hvorki af hálfu heilbrrh. né fjmrh. Það, herra forseti, kalla ég kæruleysi sem stappar nærri stjórnleysi. Það, herra forseti, er varla hægt að kalla annað en lausatök. Ef hæstv. ráðherrar hefðu gripið til aðgerða sem hefðu hrifið, þá gæti ég fallist á að í þessum tiltekna málaflokki væri hvorki hægt að tala um stjórnleysi né lausatök.

En staðreyndin var allt önnur, herra forseti. Það var ekki brugðist við vandanum. Þess vegna get ég ekki annað en spurt hv. þm. hvort honum finnst það of í lagt að kalla það lausatök þegar menn standa andspænis slíku aðgerðaleysi.

[15:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um að hv. 7. þm. Reykv. hafi misst einhverja daga úr. Hann er að hefja aftur umræðu um fjáraukalög sem rætt var um hér fyrir nokkrum dögum. Þá tókum við þessi mál til umræðu og þar kom vissulega fram að við áttum við vandamál að etja, að setja í heilbrigðiskerfið fjármuni til að tryggja rekstur þess. Ég tel að það hafi verið nauðsynlegt.

Í framsöguræðu minni var ég að tala um útgjöld og útkomu ríkissjóðs á fjárlögum árið 2000. Við ræddum við 2. umr. fjárlaga einnig um fjármagn í heilbrigðiskerfið næsta ár. Við ræddum líka um fjármagn til byggðamála, við ræddum um fjármagn til fíkniefnamála og ég tel að þetta séu allt saman nauðsynleg útgjöld og beri ekki vott um nein lausatök á ríkisfjármálum. Mér finnst skipta miklu máli að við erum með, þrátt fyrir útgjöld til þessara brýnu mála, verulegan afgang á ríkissjóði. Ef það eru lausatök á ríkisfjármálum, þá veit ég ekki hvað lausatök eru.

En hitt er annað mál að ekki er búið að útrýma öllum vandamálum í framkvæmd fjárlaga. Það fórum við rækilega yfir við 2. umr. fjárlaga og umræðu um fjáraukalög.

[15:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formanni fjárln. þykir sem ég hafi misst nokkra daga úr. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hv. formaður fjárln. hefði átt að koma hingað og spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbrrh. hvort þau hefðu misst heilt ár úr. Varðandi þann tiltekna vanda sem ég og hv. þm. Jón Kristjánsson vorum að ræða, þá var ekkert gert á heilu ári. Og að því leyti má halda því fram að þar hafi heilt ár tapast.

Ég held, herra forseti, að hv. þm. geti ekki einskorðað þá umræðu um lausatökin, sem hann hóf sjálfur, endilega við það tiltekna fjárlagafrv. sem við erum að ræða hér heldur verði hann að horfa á eftirlit og framkvæmd fjárlaganna. Þau voru líka samþykkt á síðasta ári og okkur í stjórnarandstöðunni þykir sem talsverð mistök hafi orðið við að fylgja þeim eftir.

Vegna þess að hv. þm. vék að stöðu ríkisfjármála þá nefni ég að á þessu ári er það ekki einungis í heilbrigðismálunum sem lausatökin birtast. Þau birtast líka í húsnæðismálunum þar sem fram kemur að búið er að gefa út húsbréf fyrir 8 milljarða umfram það sem fjárlög heimiluðu á þessu ári. Það eru auðvitað lausatök, herra forseti, þegar slíkt gerist án eftirlits og án þess að gripið sé í taumana. Þetta er ástæðan fyrir því að við stöndum frammi fyrir ákveðnum váboðum í efnahagslífinu.

Ég tek undir með hv. þm. Jóni Kristjánssyni, að það er sannarlega fagnaðarefni að mikill afgangur er á ríkissjóði. En af hverju stafar hann, herra forseti? Hann stafar ekki af því að okkur hafi tekist svo vel að stemma stigu við útgjöldum heldur stafar hann af vaxandi viðskiptahalla, það er skýringin.

Hv. þm. talaði líka um nauðsyn þess að draga úr peningamagni í umferð og ég er honum sammála um það. Við erum ekkert ósammála um hvað séu í raun helstu orsakir þeirrar hættu sem segja má að steðji að. En ég vek athygli á því að það var hann og hæstv. fjmrh. sem juku peningamagn í umferð á síðasta ári með margvíslegum aðgerðum. (Forseti hringir.) Ég get rætt þetta síðar á þessum ágæta degi, herra forseti.

[15:43]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé svo sannarlega ástæðu til að fagna því að hv. 7. þm. Reykv. kemur fram sem hið ábyrga andlit Samfylkingarinnar í ríkisfjármálum. Ég tel ástæðu til að fagna því að hann telur að halda þurfi utan um ríkisfjármunina og að reka þurfi ríkissjóð með afgangi. Ég tel að við séum sammála hvað þetta snertir og ég horfi með ánægju til þess.

Hvað varðar aukin útgjöld til heilbrigðismála og húsnæðismála þá snýst það mál hins vegar um hvort við ætlum að halda óbreyttu þjónustustigi í heilbrigðiskerfinu í öllum megindráttum. Það snýst líka um hvort við ætlum að stöðva húsbyggingar í landinu. Ég tel að greiðslumatið þurfi endurskoðunar við eins og við höfum rætt í fjárln. Hins vegar tel ég að allar stökkbreytingar í þessum efnum séu óheppilegar. Ég tel að við höfum þar verk að vinna við að skoða þau mál

áfram eins og fram hefur komið í vinnu nefndarinnar.

[15:44]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni og formanni fjárln. kom fram að minni hlutinn hefði ekki lagt fram neinar tillögur hvorki til aukinnar tekjuöflunar né til að draga úr þenslu. Af því tilefni vil ég geta þess að það er rangt hjá hv. þm. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram tillögu um tekjuöflun hjá þeim sem meira mega sín. Á hátekjufólk og fyrirtæki sem eru fyllilega aflögufær væru lagðir á viðbótarskattar, líðlega 2 milljarðar kr. sem ættu að draga úr neyslu en líka útvega tekjur til jöfnunar í þjóðfélaginu. Sá ójöfnuður sem er eykur þensluáhrifin og það lögðum við áherslu á.

Við lögðum líka áherslu á, herra forseti, á millifærslur. Við lögðum til að þetta Schengen-samstarf yrði skorið af, ástæðulaust væri að eyða peningum í það. Í fyrsta lagi teljum við það andstætt hagsmunum eyþjóðar og ætti þess vegna að skera það af. Auk þess teljum við ástæðulaust að stækka Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir milljarða kr. til að flokka farþega inn í landið eftir uppruna eða búsetu. Við lögðum því til margar tilfærslur auk þess að færa til þeirra sem minna mega sín og rétta hlut manna á landsbyggðinni.

Ég vildi aðeins leiðrétta hv. þm.

[15:46]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að mér láðist að geta þess að tillögur hafa komið inn um hækkanir skatta og þær komu við 2. umr. Á meðan Alþb. lifði var fastur liður að inn kæmu skattahækkunartillögur við umræður fjárlaga og þingmenn vinstri grænna hafa borið þá arfleifð fram í þá umræðu sem núna er. Ég biðst afsökunar á því að hafa ekki getið um það og þá lækkunartillögu sem hv. þm. nefndi og felst í því að vera á móti Schengen. Það er skoðun út af fyrir sig og hægt er að deila um þá aðild en að sjálfsögðu eru þingmenn vinstri grænna á móti henni eins og flestu sem lýtur að samstarfi við aðrar þjóðir.

[15:47]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn verð ég að leiðrétta hv. þm. Hann virðist eiga erfitt með að fara með rétt mál. Það er fjarri því að vinstri grænir séu á móti samstarfi við aðrar þjóðir. Við viljum bara jöfnuð, við viljum ekki draga þjóðir í dilka, annars vegar þjóðir sem við viljum hafa samstarf við en hins vegar þjóðir sem við tortryggjum og skulu fara um hlið númer tvö. Það er mesti misskilningur. Við viljum standa vörð um hagsmuni þjóðarinnar hvar sem er og með öllum sem eiga samleið en eyða ekki peningum til þess að flokka þær og draga þær í dilka.

[15:48]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka upp umræðu um Schengen í þessu andsvari en get eigi að síður ekki annað en getið þess að hér er um að ræða vegabréfasamband Evrópuþjóða. Við höfum reynslu af slíku vegabréfasambandi milli Norðurlandanna um árarаðir sem hefur innsiglað það góða samstarf sem við höfum átt þar og m.a. á þeim forsendum fylgi ég þessum áformum. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að taka upp efnislega umræðu um það, allra síst í andsvari. Það gefast tækifæri til þess síðar.

[15:49]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Rétt er að fagna því í upphafi að við ræðum fjárlög til 3. umr. á þeim degi sem áætlun þingsins gerði ráð fyrir. Það væri í raun betur að aðrar áætlanir sem tengjast þessu máli væru jafnvissar og jafnöruggar og hefðu staðist jafn vel.

Herra forseti. Meginmarkmið frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2000 var að treysta stöðugleikann í sessi, stuðla að áframhaldandi hagvexti og batnandi lífskjörum í landinu. Þá var einnig ætlunin að nýta þann byr sem uppsveiflan hefur skapað til að treysta stöðu ríkisfjármála. Þá var stefnt að því að skila ríkissjóði með meiri rekstrarafgangi á árinu 2000 en á yfirstandandi ári.

Víða í frv. var dásömuð sú efnahagsstjórn sem ríkisstjórnin hefur viðhaft á undanförnum árum og gefið til kynna að ríkisstjórnin hefði góð tök á efnahagsmálunum. Þá eru ýmsar hættur í efnahagsþróuninni skilgreindar og talið að brugðist hafi verið við þeim á viðeigandi hátt. Öll þessi skýjaborg riðaði til falls þegar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 var lagt fram og síðan hrundi skýjaborgin endanlega þegar vandinn í heilbrigðiskerfinu var upplýstur. Annaðhvort var vandinn ríkisstjórninni dulinn, sem ber þá vott um visst kæruleysi í fjármálastjórninni, eða stjórnvöld vissu um vandann en héldu honum leyndum en það er í raun enn alvarlegra mál.

Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 var ætlað að gjöld næmu 190 milljörðum kr. og að tekjur næmu 205 milljörðum kr. Tekjuafgangur var þannig áætlaður 15 milljarðar kr. Síðan frv. var lagt fram hafa útgjöldin verið aukin um 3,2 milljarða kr. Um 2,3 milljarða kr. má rekja til vanda heilbrigðisstofnana. Tekjur ríkissjóðs hafa einnig hækkað frá því að frv. var lagt fram og eru nú áætlaðar 209,9 milljarðar kr. Þetta þýðir að tekjuafgangur er áætlaður um 16,7 milljarðar kr. eða sem nemur 1,7 milljörðum kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í frv. Þetta er vissulega mikill afgangur en að margra mati ekki nægur eins og vikið verður að síðar.

Áætluð niðurstaða yfirstandandi árs sýnir að ekki aðeins er áætlanagerðin veik heldur einnig allt eftirlit með fjárreiðum ráðuneyta og stofnana. Því miður hefur ekkert komið fram sem styrkir 1. minni hluta fjárln. í því að hér verði einhver stefnubreyting á. Þá er enn ítrekuð sú skoðun 1. minni hluta fjárln. að ekki séu öll kurl komin til grafar varðandi rekstrarvanda fjölmargra stofnana í ríkiskerfinu. Áður í umræðunni hefur verið bent á að margt bendi til að enn sé óleystur vandi í heilbrigðiskerfinu og að í menntamálunum sé verulegur vandi hjá mörgum framhaldsskólum og skólum á háskólastigi. Má búast við að í fjárlögum fyrir árið 2001 þurfi að taka á þeim vanda.

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hér er sagt að búast megi við því í fjárlögum fyrir árið 2001 að tekið verði á þessum vanda. Ekki er gert ráð fyrir því eins og við höfum séð allt of oft að á slíkum vanda sé tekið í fjáraukalögum vegna þess að þessi vandi er a.m.k. að hluta til fyrirsjáanlegur nú og á því ekki heima í fjáraukalögum næsta árs heldur í fjárlögum fyrir árið 2001.

Herra forseti. Ég minntist á hugsanlegan óleystan vanda í heilbrigðiskerfinu og þegar bornar eru saman áætlaðar niðurstöðutölur fyrir árið 1999 í heilbrigðisstofnunum og því sem gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga og brtt. sem fram hafa verið lagðar af meiri hluta fjárln. fyrir árið 2000 kemur í ljós að einungis er gert ráð fyrir 2,7% hækkun á heilbrigðisstofnunum. Ljóst má vera að það mun ekki duga miðað

við þær spár og þær forsendur sem lagðar eru í frv. þannig að einhvers staðar er eitthvað sem hefur ekki verið upplýst. En, herra forseti, í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á því að við 2. umr. um fjárlögin kom mjög skýrt fram í máli ýmissa hv. stjórnarþingmanna að áður en 3. umr. færi fram um fjárlög mundi fyrir liggja, a.m.k. eins og við flestir skildum svokallaðar verklagsreglur sem yrðu til umræðu í fjárln. á milli umræðna og þar yrði einnig rætt í nefndinni um aðkomu nefndarinnar að því aukna eftirliti sem ætlað er að hafa með heilbrigðiskerfinu. Því miður, herra forseti, höfum við ekki, a.m.k. í minni hluta fjárln., séð neitt af þessum reglum. Að vísu kom minnisblað eða frumgagn að þessum verklagsreglum inn á borð nefndarmanna á einum fundi nefndarinnar en sökum þess hve rýrt innihaldið var var því vísað umsvifalaust aftur til föðurhúsanna.

Herra forseti. Þetta vekur að sjálfsögðu ýmsar spurningar og áhyggjur vegna þess að nú er komið að lokum þessa árs og eins og bent hefur verið á hefur þessi vandi verið mörgum ljós um þó nokkurt skeið og það er því enn brýnna að brugðist sé við og staðið þannig að málum á næsta ári að við þurfum ekki að standa í svipuðum sporum í lok næsta árs.

Herra forseti. Ég minntist einnig á að margt benti til þess að í menntakerfinu væri einnig vandi sem hefði ekki verið tekið á. Minnst hefur verið á áður í umræðunum að margt bendi til þess í tölum að nokkur vandi hafi verið skilinn eftir á háskólastigi. Sérstaklega er hægt að nefna í þessu sambandi Kennaraháskóla Íslands en ítrekað hefur verið spurt um það í fjárln. hvernig þau mál stæðu vegna þess að þegar rektor skólans kom á fund nefndarinnar var rætt um að á næstu dögum eða vikum yrði undirritaður sérstakur samningur milli menntmrn. og Kennaraháskóla Íslands. Því miður hafa engar fréttir borist af þeim samningi og því virðist vandi, sem blasir við þegar tölur eru skoðaðar um m.a. Kennaraháskóla Íslands, ekki vera leystur og bíða því lausnar á næsta eða þarnæsta ári.

Þá bendir líka ýmislegt til þess að enn sé nokkur vandi hjá hinum almennu framhaldsskólum. Í því samhengi er rétt að rifja upp að þegar fulltrúar úr menntmrn. komu á fund fjárln. var gert ráð fyrir að starfshópur sem er starfandi á vegum menntmrn. til þess að fjalla um rekstrarvanda lítilla framhaldsskóla á landsbyggðinni mundi ljúka störfum fyrir áramót en samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið hefur starfshópurinn ekki lokið störfum og mun ekki ljúka störfum fyrir áramót þannig að enn er þar eitt sem bendir til að við munum sigla inn á næsta ár án þess að tekið verði á vanda hinna almennu framhaldsskóla. Því er það ítrekað hér, herra forseti, að við megum búast við að í fjárlögum fyrir árið 2001 þurfi að taka á þessum vanda.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 gerði ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs næmu 205 milljörðum kr. og að þær ykjust um rúma 10 milljarða frá áætlaðri niðurstöðu ársins 1999. Við framlagningu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999 var hins vegar áætlað að tekjur ykjust um 9,9 milljarða. Endanleg tala varð hins vegar 23 milljarða kr. tekjuauki á árinu 1999. Þar sem reynsla undanfarinna ára sýnir að tekjur falla tiltölulega svipað til innan ársins vekur það nokkra undrun að stærri hluti tekjuaukans skyldi ekki koma fram strax í upphaflegu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1999.

Stuttur tími hefur gefist til að fara yfir tekjuhlið frv. þar sem þær breytingar, sem nú eru lagðar til, bárust fjárln. seint og illa gekk að fá rökstuðning frá fjmrn. fyrir þeim. Ætla mætti að framkvæmdarvaldið teldi að þessi mikilvægi hluti fjárlaga eigi helst ekki að vera til umræðu í fjárln. og nefndin eigi að taka við tillögum þar að lútandi án mikillar gagnrýni.

Herra forseti. Þetta er afar sérstakt vegna þess að auðvitað hlýtur tekjuáætlunin að vera mikilvægur grunnur fyrir fjárlögin í heild sinni. Það var einnig afar athyglisvert að það voru helstu afsakanir fulltrúa úr fjmrn. að það virtist vera að fjárln. væri að vinna verk sín á áætluðum tíma. Það verður að segjast, herra forseti, að það er ekki traustvekjandi að upplifa það að fulltrúar, embættismenn í fjmrn., líti á það sem undarlega hluti að unnið sé eftir áætlun. Það verður að segjast að við vonum að áætlanir þessara ágætu manna taki ekki mið af þessu heldur séu þær þá traustari en margar þær sem þeir hafa gert áður.

Sú breyting hefur orðið í frv. til fjárlaga frá því sem áður var að nú er öllum magntölum sleppt. Áður fyrr var t.d. upplýst um áætlaðan fjölda innfluttra bíla og hversu margir lítrar af bensíni reiknað væri með að fluttir yrðu til landsins. En eftir því sem upplýsingatækninni fleygir fram virðist draga úr þeim upplýsingum í frv. til fjárlaga sem geta hjálpað til við að leggja mat á þær tillögur sem þar koma fram. Þá má einnig benda á að einfalt væri að gera grein fyrir þeim fyrirtækjum sem ætlað er að greiði arð í ríkissjóð.

Það skiptir máli að mati 1. minni hluta fjárln. að í frv. til fjárlaga sé greint á milli magn- og verðbreytinga þegar fjallað er um tekjur. Hvort tveggja eru mikilvægar upplýsingar þegar meta þarf frávik frá tekjuáætluninni.

Fyrsti minni hluti fjárln. hvetur til úrbóta í þessum efnum og telur nauðsynlegt að framvegis komi brtt., jafnt vegna útgjalda sem tekna, fram tímanlega og þeim fylgi ítarlegar skýringar.

Herra forseti. Það er um margt merkilegt að bera saman þá vinnu sem við höfum unnið í fjárln. á síðustu mánuðum og þá vinnu sem fram fer m.a. við fjárhagsáætlunargerð hjá sveitarfélögum. Ég held, herra forseti, að fá sveitarfélög mundu láta bjóða sér ýmsar þær upplýsingar sem hæstv. fjárln. hefur þurft að búa við. Og það er sérstaklega athyglisvert í ljósi ummæla hæstv. forsrh. sem gaf það í skyn að fjármálaleg staða sveitarfélaganna væri einn helsti efnahagsvandi þjóðarinnar. Herra forseti. Ég held að efnahagsvandi þjóðarinnar leynist annars staðar en hjá sveitarfélögum landsins.

Í frv. til fjárlaga var gert ráð fyrir að lántökur næmu 5 milljörðum kr. og áætlað var að greiða niður langtímalán að upphæð 27,5 milljarðar kr. Miðað við fyrirsjáanlegan viðskiptahalla á næsta ári, ásamt þeirri staðreynd að ekki dregur úr neyslu, er alveg ljóst að þessi áætlun stenst ekki og að lántökur ríkissjóðs verði talsvert umfram það sem áætlað er og að sama skapi verði ekki greitt eins mikið niður af erlendum lánum og gert var ráð fyrir. Liggur þá ekki annað fyrir en að afgangurinn verði frystur inni hjá Seðlabankanum.

Að venju byggist tekjuáætlun fjárlaga á þjóðhagsspá. Minni hluti fjárln. hefur oft á undanförnum árum bent á að þjóðhagsspá hafi reynst fjarri lagi. Í framhaldsáliti minni hlutans við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1999 kom fram sú skoðun hans að í þjóðhagsáætlun fyrir það ár fælist m.a. vanmat á innflutningi og fjárfestingu. Það hefur síðan komið í ljós að fjárfesting dróst saman um 0,1% en spáð hafði verið 5% samdrætti. Spáð hafði verið að innflutningur ykist um 1% en hann jókst um 3,4%.

Þjóðhagsspáin sem birtist í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 hefur nú verið endurmetin. Forsendur endurmetinnar spár byggja á því að fylgt verði aðhaldssamri stefnu bæði

í peningamálum og ríkisfjármálum. Nú er gert ráð fyrir að verulega dragi úr hagvexti á næsta ári. Þá er gert ráð fyrir að einkaneyslan aukist um 3% í stað 2,5% í frv. Á yfirstandandi ári stefnir í að einkaneyslan aukist um 7%. Áætlað er að fjárfesting aukist um 2,7% en nú stefnir í að hún dragist saman um 1,1% á yfirstandandi ári. Hér mun valda mestu smíði nýs hafrannsóknaskips. Þá gerir þjóðhagsspáin ráð fyrir að inn- og útflutningur aukist hlutfallslega jafnmikið eða um 1,9%. Spáin gerir því ráð fyrir mun minni aukningu en nú stefnir í á árinu 1999 en áætlað er að innflutningur aukist um 6% og útflutningur aukist um 6,9%. Það bendir því ekkert til samkvæmt spánni að lát verði á þenslunni í efnahagslífinu. Segja má að allar tölur í þjóðhagsspánni geri ráð fyrir óhagstæðari þróun mála en lagt var upp með í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000.

Að mati 1. minni hluta fjárln. er nauðsynlegt að þessari þróun verði snúið við og sparnaður í þjóðfélaginu verði aukinn. Seðlabankinn telur að til lengri tíma litið vanti um 20 milljarða kr. í þjóðhagslegan sparnað. Í því ljósi hefði tekjuafgangur á fjárlögum ársins 2000 þurft að vera um 30 milljarðar kr. eða tæplega tvöfalt meiri en nú er gert ráð fyrir.

Ýmsar blikur eru á lofti sem ástæða er til að óttast. Nú er spáð að viðskiptahallinn verði um 38 milljarðar kr. á árinu 1999 í stað þeirra 28 milljarða kr. sem áætlaðir voru í byrjun október. Þetta sýnir að hlutirnir gerast hratt á þenslutímum. Ekki er fyrirsjáanlegt að úr viðskiptahallanum dragi á næsta ári og reyndar er því spáð að hann eigi enn eftir að aukast og verði um 38,5 milljarðar kr. í árslok 2000. Þetta eykur enn þrýstinginn í þjóðfélaginu og ekki má mikið út af bera í undirstöðuatvinnuvegunum til að illa fari. Það er því ekki fyrirsjáanleg nein hjöðnun í þjóðfélaginu á næsta ári.

Ekki lítur dæmið betur út þegar kemur að skuldasöfnuninni. Nú er talið að heildarskuldir hins opinbera á næsta ári nemi tæpum 53% af vergri landsframleiðslu. Þetta er svipað hlutfall og var á árinu 1997. Ríkisstjórnin er í þeirri sérkennilegu efnahagslegu sjálfheldu að eiga talsverðan afgang á fjárlögum en geta ekki nýtt hann til að greiða niður skuldir, hvorki innan lands, vegna hættunnar á aukinni þenslu, né erlendis vegna gjaldeyrisstöðunnar.

Herra forseti. Það er einnig áhyggjuefni að markaðurinn virðist ekki bregðast við afkomu ríkissjóðs eins og ætla mætti. Þetta þýðir að aðgerðir og áætlanir í ríkisfjármálum vekja ekki traust hjá almenningi og fyrirtækjum. Því þarf að beita mun meira aðhaldi í peninga- og vaxtamálum ef takast á að vinna gegn þenslunni og viðskiptahallanum og auka tiltrú markaðarins á stjórn ríkisfjármála.

Þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi í orði tekið undir aðvaranir varðandi þróun efnahagsmála er ekki að sjá að þær aðvaranir hafi ráðið för í því fjárlagafrv. sem nú er komið til afgreiðslu á Alþingi. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er mikil. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir stórauknum útgjöldum og er ekki að sjá að dragi úr þenslu. 1. minni hluti fjárln. tekur undir með þeim hagfræðistofnunum sem bent hafa á að miðað við þær efnahagslegu forsendur sem gert er ráð fyrir á árinu 2000 er þörf á meiri tekjuafgangi en gert er ráð fyrir í þeim tillögum sem fyrir liggja frá stjórnarmeirihlutanum. Eins og áður segir byggist endurskoðuð þjóðhagsspá á að fylgt sé aðhaldssamri stefnu bæði í peningamálum og í ríkisfjármálum. 1. minni hluti fjárln. óttast að væntanleg fjárlög fyrir árið 2000 uppfylli ekki þær væntingar sem hin endurskoðaða þjóðhagsspá gerir til efnahagsstjórnar í landinu.

Herra forseti. Ég hef lokið að mæla fyrir áliti 1. minni hluta fjárln. en undir það álit rita Einar Már Sigurðarson, Össur Skarphéðinsson og Guðmundur Árni Stefánsson.

[16:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í framsögu hv. þm. hafa ýmsir aðilar orðið til þess að benda á að ýmsar blikur séu á lofti í íslenskum efnahagsmálum, bæði OECD, Alþjóðabankinn, Þjóðhagsstofnun, Seðlabankinn, Hagfræðistofnun Háskólans o.s.frv.

Ég vil að það komi skýrt fram hér að auðvitað deilum við líka þessum áhyggjum, það liggur alveg fyrir. Í haust voru gerðar ráðstafanir af hálfu Seðlabankans til að reyna að draga úr innflutningi og minnka þenslu. Það liggur núna fyrir að þær ráðstafanir dugðu ekki. Innflutningurinn er meiri en gert var ráð fyrir þá. Það eykur tekjur ríkisins núna, gerir afkomu ríkisins í ár betri en það eru vondar fréttir til lengri tíma litið.

Þess vegna liggur það fyrir að grípa verður til ráðstafana til að reyna að sporna gegn þessum aukna innflutningi og til að sporna gegn þeirri þenslu sem sannarlega er allt of mikil. Það er ýmislegt sem kemur þar til greina, bæði um stjórn peningamála og annað slíkt. Við verðum að vona að við berum gæfu til þess að draga úr hinum mikla innflutningi sem sannarlega er merki um að efnahagslífið getur ofhitnað. Það er einbeittur vilji stjórnarinnar og stjórnarsinna allra að gera allt sem í okkar valdi stendur til að halda því jafnvægi sem hefur verið þjóðfélaginu svo dýrmætt og skilað okkur miklum árangri.

[16:09]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í raun fljótgert að svara andsvari hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar vegna þess að það er rétt hjá hv. þm. að við greinum þennan vanda að því er mér heyrist nákvæmlega eins. Við virðumst vera nær algjörlega sammála um vandann og ég vona svo sannarlega að við náum saman um það hvernig við eigum að leysa hann og ég vona um leið að við munum ná árangri á því sviði.

[16:10]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. 2. minni hluta fjárln. Ég mun fyrst í ræðu minni fara yfir það nál. og síðan mun ég koma inn á einstök atriði í frv. í heild eins og það nú liggur fyrir til 3. umr.

Annar minni hluti fjárln. gagnrýnir harðlega þann losarabrag sem verið hefur á mati á þjóðhagslegum forsendum fjárlagafrv. frá því að það var fyrst kynnt í haust og einnig það að of skammur tími hefur verið gefinn til þess að meta upplýsingar sem nefndinni bárust jafnótarlega og hefði þurft. Þó er rétt að ítreka að þrátt fyrir þennan skamma tíma má greina alvarleg hættumerki í efnahagslífinu af þessum gögnum þar sem boðaðar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum hafa ekki gengið eftir. Samkvæmt þjóðhagsspá er gert ráð fyrir aukinni verðbólgu og meiri viðskiptahalla.

Tekjur ríkisins mótast allt of lítið af varanlegum virðisauka. Of stór hluti teknanna er til kominn vegna mikillar neyslu í þjóðfélaginu og nú er svo komið að þrátt fyrir mikinn tekjuafgang og fyrirheit um að greiða niður skuldir er það einfaldlega erfiðleikum háð. Annars vegar er gjaldeyrisforði ekki nægur til að greiða niður erlendar skuldir og

hins vegar treystir ríkisstjórnin sér ekki til að greiða niður innlendar skuldir í þeim mæli sem nauðsynlegt væri vegna þensluáhrifa. Niðurstaðan er því sú að vaxtalaust fjármagn mun safnast upp í Seðlabankanum ef fer sem horfir. Hér er því lögð áhersla á að nauðsyn er að skila góðum afgangi á fjárlögum en það er ekki sama hvernig hann er fenginn og hvernig honum er varið. Þrátt fyrir að hættumerkin í efnahagslífinu hafi verið ljós undanfarna mánuði sýna endurskoðaðar spár fram á enn meiri viðskiptahalla en áður var gert ráð fyrir og ekki er fyrirsjáanlegt hvenær hægt verði að nýta uppsafnað fjármagn til að greiða niður erlendar skuldir.

Við 2. umr. fjárlaga var mikið rætt um eftirlit með stofnunum og verklagsreglur til að tryggja að þær haldi sér innan ramma fjárlaga. Nauðsynlegt er, herra forseti, að slíkar reglur séu skýrar og algildar, þær taki bæði til stofnana og einnig til framkvæmdarvaldsins alls frá hverju stigi til hins næsta. Eftirlitshlutverk fjárln. er þar ekki undanskilið, það þarf að vera skýrt svo að nefndin sé í stakk búin að sinna hlutverki sínu sem best til þess að reka erindi sitt fyrir Alþingi.

Herra forseti. Ég tel fyllilega ástæðu til þess að kannað verði með hvaða hætti megi styrkja störf fjárln. og Alþingis, m.a. við fjárlagagerð.

Reiknilíkön eru æ meira að ryðja sér til rúms. Í breytilegu þjóðfélagi verður að vera svigrúm til ákvarðanatöku, annars er hætta á ósveigjanleika og stöðnun. Veiku löggjafarvaldi hættir til að skýla sér í blindni á bak við reiknilíkön og horfa fram hjá þörfum þegnanna og velferð. Hér er ekki verið að draga úr nauðsyn þess að sem nákvæmust kostnaðargreining sé gerð á þeirri þjónustu og þeim þáttum sem ráðast þarf í en þar sem annars staðar þarf að gæta hófs, víðsýni og framsýni.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum m.a. lagt til að tekinn verði upp þrepaskiptur tekjuskattur af launatekjum sem hlífi fólki með lægri tekjur við óhóflegri skattbyrði en felur í sér hátekjuskatt. Og við, herra forseti, leggjum til að fjármagnstekjur, þar með talið arðgreiðslur og söluhagnaður af hlutabréfum, umfram vexti af hóflegu sparifé almennings verði skattlagðar á svipaðan hátt og aðrar tekjur.

Herra forseti. Við leggjum til að skattlagning á hreinum hagnaði fyrirtækja taki mið af skattlagningu launatekna og frádráttarheimildir vegna gamalla rekstrartapa og fleiri slíkra atriða verði þrengdar um leið og hvatt verði til nýsköpunar með sérstökum ívilnunum.

Herra forseti. Við viljum að skattkerfinu sé beitt markvisst til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð, þ.e. þeir greiði sem hafi til þess efni og burði en þeim sé líka stýrt til að hafa áhrif þróun þjóðfélagsins.

Við leggjum líka til að kannaðar verði búsetutengdar ívilnanir til jöfnunar og leiðréttingar og það beri að skoða allar leiðir þar, m.a. í gegnum skattkerfið því að fátt er jafnhættulegt fyrir efnahagslíf okkar og sú mikla búseturöskun sem nú á sér stað.

Við lítum til framtíðar, herra forseti, og leggjum áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlindanna og að teknir verði upp vistvænir eða grænir þjóðhagsreikningar þar sem verðgildi ósnortinnar náttúru er metið og fórnarkostnaður ef á hana er gengið, en aukið verðmæti náttúrunnar jafnframt fært til hagnaðar fyrir næstu kynslóðir.

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á að stefnumörkun og áherslur í fjármálastjórn ríkisins verða að byggjast á sterkri sýn á það samfélag og umhverfi sem við viljum búa — ekki aðeins okkur sjálfum heldur miklu frekar komandi kynslóðum.

Herra forseti. Þau atriði sem hér koma sérstaklega fram við 3. umr. fjárlaga eru áhersla á heilbrigðismálin, sem tíðrætt hefur verið um í haust. Þar vil ég vekja athygli á, herra forseti, að gert er ráð fyrir að settar verði verklagsreglur, að settar verði reglur um hvernig forstjórum og einstökum framkvæmdastjórum fyrirtækja er ætlað að starfa, því að þær verklagsreglur liggja ekki fyrir. En þó leyfi ég mér, herra forseti, að vísa til þess sem stendur í nál. meiri hluta fjárln. eins og lagt var til við 2. umr. fjárlaga þar sem verið er að fjalla um annars vegar rekstrarfjárþörf heilbrigðisþjónustunnar og hins vegar aðgerðir til að bæta þar úr og hvernig á þá að beita afarkostum.

Ég les, með leyfi forseta:

„Ljóst er að til að rekstur allra sjúkrastofnana verði innan fjárheimilda þarf meira til en fjárframlög úr ríkissjóði. Framlögin eru veitt með þeim skilyrðum að gerðir verði samningar við stjórnendur og að tekið verði á fjármálastjórn stofnana."

Og ég vek athygli á næstu setningu, herra forseti:

„Að öðrum kosti er gert ráð fyrir að þessar fjárveitingar verði felldar niður í fjáraukalögum ársins 2000."

Ég bendi á, herra forseti, að þetta er alveg dæmalaus setning. Fyrst er kostnaðarþörfin og fjárþörfin viðurkennd og hún afgreidd, en síðan ef einhver stendur ekki verklagsreglur sem ekki eru enn komnar í ljós, þá skuli það fé tekið til baka.

Ég tel, herra forseti, að afar mikilvægt sé að fjárln. og Alþingi fylgist mjög náið með og grípi inn í við framkvæmd þeirra ákvæða sem þarna er verið að benda til. Ég ítreka að þær reglur, aðgerðir og þær starfsreglur sem settar verða, hvort sem þær eru fyrir sjúkrahús, heilsugæslustöðvar eða önnur ríkisfyrirtæki, verða að vera algildar. Þær þurfa líka að ná — ekki aðeins til þessara aðila — heldur allra annarra stofnana og ekki síst til þeirra sem fara með framkvæmdastjórn í ráðuneytunum sjálfum. Við erum ekki með stéttskiptar reglur um hvernig á að stýra störfum og reka fyrirtæki.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram tillögur um að styrkja og efla menntun. Fjárfesting í þekkingu og menntun er það brýnasta fyrir framtíðina. Við höfum lagt áherslu á að þar ríki líka jöfnuður og sérstakt átak þurfi til þess að styrkja framhaldsmenntun og starfsmenntun úti um land ekki síður en í þéttbýli og leitað verði allra leiða til að ungt fólk geti sótt nám heiman að frá sér sem lengst og að fjölskyldulíf geti verið eðlilegt með tilliti til aðgangs að menntun. Þetta teljum við, herra forseti, að sé ekki nægilega undirstrikað og alls ekki í þeim fjárlögum sem við nú erum að leggja fram.

Við höfum, herra forseti, lagt áherslu á byggðamálin og bættar vegasamgöngur. Við höfum lagt áherslu á aukin framlög til sveitarfélaganna og að dreifbýlið til sjávar og sveita verði styrkt og þar verði komið á auknum jöfnuði.

Við munum endurflytja tillögur sem voru kynntar við 2. umr. fjárlaga, bæði varðandi einstaka liði, stöðu sauðfjárbænda, varasjóð eignarhaldsíbúða í félagslega íbúðakerfinu þegar sveitarfélögin verða að leysa til sín félagslegar eignaríbúðir og sitja síðan uppi með þann mismun sem þau verða að leysa íbúðirnar inn á. Þetta er verulegt vandamál hjá mörgum sveitarfélögum.

Við munum enn og aftur leggja áherslu á umhverfismálin. Herra forseti. Við verðum að horfa til framtíðar, við meg-

um ekki vera svo upptekin af okkar daglega dægurvanda og viðfangsefnum að við gleymum því að við eigum allt undir framtíðinni og hana verðum við að styrkja. Þess vegna leggjum við áherslu á það sem lýtur að umhverfismálum, það sem lýtur að því að við göngum ekki á auðlindir okkar, að við göngum ekki varanlega á þær heldur styrkjum þær og nýtum með sjálfbærum hætti.

Herra forseti. Nokkrir mikilvægir málaflokkar hafa hér orðið út undan og ég harma það. Ég harma að ekki skuli hafa verið minnst á Ríkisútvarpið. Fulltrúar Ríkisútvarpsins komu á fund fjárln. og tjáðu nefndarmönnum veruleg fjárhagsleg vandræði og að þeim væri það þröngur stakkur skorinn og meira en það, þeim væri líka skylt að sækja um afnotagjaldshækkanir, ekki aðeins til menntmrn., sem er nú svo sem ágætt, heldur til fjárln. Ég óskaði eftir því að þetta kæmi upp á borð fjárln. og væri rætt frekar en af því varð ekki.

Það er metnaðarmál okkar, herra forseti, að Ríkisútvarpið fái fjármagn til þess að standa undir þeirri starfsemi og þeirri reisn sem við viljum að það beri.

Hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., gat þess einnig í framsögu sinni að mikilvægir málaflokkar úr landbrn. hefðu ekki komið til umfjöllunar nefndarinnar. Ég tek undir það, og um það var rætt og spurt hverju sætti. Ef tekin eru málefni Skógræktar ríkisins, þá horfum við til framtíðar og Skógrækt ríkisins má ekki verða neitt olnbogabarn í fjármögnun, verkefnum, skipulagi eða eftirtekt stjórnvalda. Það var einnig minnst á stöðu loðdýrabænda og loðdýraræktarinnar. Ekki voru gerðar neinar tillögur þar, sem ég veit að brýn þörf er á að gera og hv. þm. gat hér um.

Herra forseti. Það eru því margir mikilvægir málaflokkar sem hafa verið lagðir til hliðar við þessa fjárlagagerð. Við hörmum það en við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum áfram taka málstað þeirra sjónarmiða og áherslna sem við höfum og við viljum leggja inn í umræður um fjármál og um hvert það mál sem kemur til umfjöllunar Alþingis til framtíðarheilla fyrir land og þjóð.

[16:24]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill skýra frá því að klukkan tíu mínútur fyrir sex í kvöld er fyrirhuguð atkvæðagreiðsla um afbrigði og þau dagskrármál sem umræðu er lokið um. Þá er gert ráð fyrir að fundarhlé verði milli klukkan sex og átta í kvöld og er sá tími ætlaður til þingflokksfunda ef nauðsyn krefur og til að snæða kvöldverð.

Ég vil að lokum geta þess að ekki er gert ráð fyrir því að önnur dagskrármál en hér greinir og nú er á dagskrá verði tekin til umræðu í dag.

[16:25]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér ræðum við fjárlög íslenska ríkisins við lokaumræðu við aldahvörf. Það er svo sem margt búið að segja í aðdraganda máls, bæði við fyrri umræðu við fjárlagafrv. og ekki síður við umræður um fjáraukalög sem gerð voru að lögum í dag. En auðvitað er það svo, herra forseti, að skylt er skeggið hökunni og fjáraukalögin eru sumpart upptaktur eða undanfari og vísbending um það hvernig vænta má þess að hlutir gangi eftir hvað varðar þá áætlanagerð sem fjárlög eru.

Og því miður er það þannig, herra forseti, að reynsla yfirstandandi árs, nú hálfum mánuði fyrir aldamót, gerir það að verkum að ýmsar efasemdir vakna í brjósti við lestur fjárlagafrv. og þau áform sem uppi eru af hálfu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum.

Ég sagði í gær að mér þætti stjórnarliðar úr báðum stjórnarflokkum, Sjálfstfl. og Framsfl., vera óvenju hógværir í allri framsetningu á þessu fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar þegar fyrstu fjárlög nýendurgerðrar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar renna í garð. Ég átti satt að segja von á því að eftir langvarandi góðæriskafla Íslandssögunnar væru stjórnarliðar öllu brattari og að við þyrftum ekki að heyra ræður á borð við þær sem fluttar voru áðan af hálfu varaformanns nefndarinnar, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem er eins og venjulega ærlegur og kemur beint framan að þeim viðfangsefnum sem taka þarf á. En hann sagði efnislega, herra forseti, eftir ræðu talsmanns Samfylkingarinnar í þessari umræðu, hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, að hann tæki í einu og öllu undir þær áhyggjur sem eru raktar í minnihlutaáliti Samfylkingarinnar í fjárln. Hann tæki undir allar þær ábendingar og alla þá varúð sem gætti í því áliti.

Hann sagði einfaldlega og tók undir það sem við höfðum sagt að þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefði gripið til til að draga úr þenslu — þenslu sem stjórnarflokkarnir hafa að miklu leyti sjálfir búið til með óvarlegum yfirlýsingum forsvarsmanna hennar gagnvart almenningi í landinu. Og eftir höfðinu dansa limirnir og eftir þessum ábendingum hefur niðurstaðan orðið á þann hátt sem raun ber vitni. Hann sagði að ráðstafanir sem ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn á hinu háa Alþingi hefði gripið til til að draga úr þenslu og eftirspurn eftir fjármagni hefðu ekki dugað, enda er nú tæpast hægt að neita staðreyndum því að þjóðhagsspá gaf það klárt og kvitt til kynna í gær að viðskiptahallinn væri mikill, sem hefur verið viðvarandi vandamál og talsmenn Samfylkingarinnar í kosningunum sl. vor hömruðu einatt á að væri tifandi tímasprengja. Hæstv. fjmrh. sagði þá að því vandamáli væri ofgert og vandamálið væri ekki eins stórt í sniðum og við héldum fram.

Allt annað hefur komið á daginn. Viðvörunarorð okkar hafa reynst rétt. Viðskiptahallinn er nú í 38 milljörðum kr. Það er rétt að undirstrika það sem fram kom í umræðunni í gær og hæstv. fjmrh. staðfesti í þessum ræðustól fyrir um sólarhring, að nú er svo komið að ríkissjóður, vegna viðvarandi viðskiptahalla, getur ekki lengur greitt niður erlend lán. Af hverju getur hann það ekki? Vegna þess að það vantar gjaldeyri. Það má ekki lengur ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn og reyna þolrifin á honum því að þá væri gengi íslensku krónunnar ógnað mjög verulega.

Þá segja menn: Er ekki hægt að ráðast í að greiða niður innlendu lánin og ná þannig meginmarkmiði íslensku ríkisstjórnarinnar, að ná niður þeim þeim lánum sem hvíla á ríkissjóði og íslensku þjóðinni? Nei, það er ekki heldur hægt. Þannig færi meira fjármagn í umferð og það væri auðvitað olía á eldinn, á eld eftirspurnar eftir fjármagni. Það mundi auka neysluna og þar með þenslu. Við erum því komin í vítahring. Hér er ekki eingöngu pólitísk sjálfhelda heldur efnahagsleg sjálfhelda, pattstaða. Og það er satt að segja raunalegt, herra forseti, að horfa upp á slíka pattstöðu verða til af manna völdum, vegna aðgerða eða aðgerðarleysis ríkisstjórnarinnar í lok mesta góðæris Íslandssögunnar.

Undir þeim formerkjum hlýtur maður að skoða áform ríkisstjórnarinnar við 3. umr. fjárlaga fyrir komandi ár. Í þessum efnum kveður þar við sama bjartsýnistóninn. Áformað er að

greiða niður langtímalán að fjárhæð 27,5 milljarða kr. Vissulega hljómaði þetta allt býsna vel ef ekki væri það sem ég nefndi hér áðan. Því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra og hv. þm. Jón Kristjánsson hvað geri það að verkum að þeir reikna með því að áform um niðurgreiðslu langtímalána, erlendra lána sem og innlendra, gangi fremur fram á komandi ári í ljósi áframhaldandi viðskiptahalla upp á 38 milljarða kr. eins og þjóðhagsspá spáir fyrir um. Hvers vegna ætti að verða auðveldara um vik að greiða niður innlendu lánin á næsta ári en á því sem nú er að líða í ljósi þess sem ég rakti hér áðan? Þetta er auðvitað verulegt áhyggjuefni.

Ég minni á að síðast í dag var höfuð þessarar ríkisstjórnar, hæstv. forsrh., að guma af því í fjölmiðlum að þetta væri helsta meginverkefni ríkisstjórnarinnar, að ná niður þessum skuldbindingum, þessum klyfjum af íslenska þjóðarbúinu sem skuldirnar eru. Auðvitað er það þannig á íslenskum heimilum þegar auknir peningar renna inn í heimilisbókhaldið að þá reyna heimilisfeður og mæður að grípa til þess ráðs að losa sig við áhvílandi skuldir á heimilinu, hvort sem það eru fasteignaskuldir eða aðrar. Vissulega eru allir um það sammála hér í þessum sal að það eigi íslenska ríkið að gera líka, ekki síst þegar loksins eru peningar til ráðstöfunar. Því er það raunalegt að búið sé að koma málum í þann gordíonshnút sem raun ber vitni.

Ég spyr eftir því, herra forseti, hvar í þessu fjárlagafrv. sé að sjá þau lausnarráð. Að vísu hygg ég að það þjóni ekki nokkrum tilgangi að kalla eftir einu eða neinu hér í salnum, það er enginn stjórnarliði í honum. *Ég bíð eftir því* ... **(Gripið fram í:** Það er einn stjórnarliði í salnum.) Það er einn stjórnarliði í salnum, hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. og kemur hv. þm. Jón Kristjánsson aftur til skjalanna.

Ég var að óska eftir því, herra forseti, að mér yrði bent á það hvar í þessu fjárlagafrv. þau lausnarráð væru sem dygðu til að koma okkur út úr vítahringnum, þessari pattstöðu sem hamlar því að hægt sé að nýta fjármagnið sem afgangs er til að losna við skuldaklyfjarnar. Mér þætti fróðlegt að sjá þau úrræði. Ég finn þau ekki hér í frv. Ég tel mjög mikilvægt að halda þessu til haga, ekki eingöngu vegna fjáraukalaganna, heldur ekki síður vegna þess sem fram undan er.

Ég bendi á, herra forseti, að í þessu efnahagsumhverfi þegar boltinn er farinn að rúlla í íslensku samfélagi — það þekkjum við frá fyrri tíð — og verðbólguhugsunarhátturinn fer að ná tökum á íslenskri þjóðarsál þá er skammt til glötunar. Ég hef af því áhyggjur ef hér festist í sessi verðbólgustig upp á 4–6% ár eftir ár. Verðbólgan hefur í ár verið rétt undir 6% eða 5,6%. Í forsendum fjárlagafrv. er miðað við 4,5%. Í forsendum frv. sem samþykkt var fyrir ári síðan var hún áætluð 3% en reyndist vera nær 6%. Með sömu reikningskúnstum má ætla að niðurstaðan verði kringum 7% á næsta ári ef menn nota sama framreiknistuðul.

Ég bið guð að hjálpa okkur, herra forseti, ef verðbólgan hér nær 7% með þeim margfeldiáhrifum sem slíkt hefur í för með sér. Þetta er ég ekki að segja, herra forseti, til að koma einhverjum skeytum á stjórnarliða eða ríkisstjórnina. Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að ég hef af því verulegar áhyggjur. Ég held að það hljóti að vera þannig að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn deili þessum áhyggjum með mér og stjórnarandstæðingum, af því hvert stefnir. Það er nefnilega meira en að segja það — það þekkja þeir sem eru eldri en tvævetur í þessum sal — að ná niður verðbólguskrúfunni þegar hún er komin í gang á annað borð. Þess vegna veldur það mér vonbrigðum að menn skyldu ekki reyna betur í þessu fjárlagafrv. að hægja á neyslunni og þeirri þenslu sem óhjákvæmilega er til staðar í íslensku þjóðarbúi.

Menn segja að þetta sé nú allt tóm vitleysa því að vissulega skili ríkissjóður 15 milljarða kr. afgangi. Jú, það gerir hann, gott og vel og allt gott um það að segja. Það er fagnaðarefni. Ég held hins vegar að það hefði verið metnaðarfyllra markmið og hefði kannski skipt einhverju máli, sálrænt og þráðbeint í hina íslensku þjóðarsál, ef sá afgangur hefði verið helmingi meiri eða þrisvar sinnum meiri. Það er auðvitað alveg ljóst að peningarnir renna inn í ríkissjóð í stríðum straumi en því miður renna þeir út úr honum aftur jafnhratt, ef ekki hraðar. Ég hef leitað með logandi ljósi að því í þessu fjárlagafrv. frá því að það kom til 1. umr. fram að 2. og 3. umr., hvar væri að finna viðleitni til sparnaðar, hagræðingar og kerfisbreytinga sem hægðu á þessari sjálfvirkni eða stöðvuðu hana jafnvel. Við vitum auðvitað og það hafa allir flokkar þurft að glíma við að hin föstu gjöld í ríkisrekstri eru laun og almenn rekstrargjöld sem mörg eru þannig að erfitt er að hemja þau. En ég hefði gjarnan viljað sjá, í almennum hugleiðingum og tillögugerð, fleiri tillögur frá þingmeirihlutanum þar sem menn tækjust á við þetta vandamál.

Menn hafa ekki rætt heilbrigðismálin til fulls og út af fyrir sig er það ekki undarlegt. Þar hefur verið vakin athygli á því að í fjáraukalögum var komið til móts við fjölmargar ef ekki flestar heilbrigðisstofnanir sem búið höfðu við viðvarandi rekstrarhalla á öllu þessu ári. Einnig er látið í veðri vaka, sem kann að vera satt að hluta til, að þörfum þeirra sé mætt betur á næsta ári en oft áður og það er fagnaðarefni. Ég er hins vegar ekkert viss um það. Raunar tel ég langt í frá að öll kurl séu komin til grafar í þeim efnum. Því miður held ég að í þessu fjárlagafrv. sé ávísað á áframhaldandi hallarekstur fjölmargra heilbrigðisstofnana á landinu. Það er m.a. vegna þess að kjarasamningum er ekki lokið inni á sjúkrastofnunum, þar eru eftir hópar sem sækja munu svipaðar kjarabætur og greiddar hafa verið til stétta á borð við hjúkrunarfræðinga og lækna. Þar er auðvitað þörf sem eftir á að koma til móts við og er að litlu leyti gert ráð fyrir í þessu fjárlagafrv.

Í þessu samhengi get ég þó kannski nefnt einu tilraunina sem hægt er að finna til að hægja á sjálfvirkninni í ríkiskerfinu. Hún tengist einmitt heilbrigðismálum og á hana var drepið að örlitlu leyti áðan, meira þó við 2. umr. Menn deildu um hverjum væri um að kenna þessi gífurlegu umframkostnaður við rekstur sjúkrastofnana. Í kjölfarið fór í gang mikil vinna að ég hygg, í fjmrn. annars vegar og væntanlega heilbrrn. hins vegar, sem átti að skila sér í tillögum meiri hluta fjárln. við lok umræðunnar, um tilteknar verklagsreglur sem áttu að taka á því þegar forstöðumenn einstakra stofnana stæðu ekki við gildandi lög og keyrðu fram úr gildandi fjárlögum. Þá höfðu menn uppi með stór orð og ýmsar hugmyndir um að þá ætti að áminna og síðan hausskera ef þeir tækju ekki tilmælum.

En, herra forseti, þá væri auðvitað verið að hengja bakara fyrir smið. Ég hitti fyrir skömmu forstjóra sjúkrastofnunar og sá hinn sami hafði hlýtt á þessa umræðu og undrast eilítið í ljósi þess að í fjölmörgum sjúkrastofnunum víða um land — nú væri fróðlegt fyrir hæstv. heilbrrh. að heyra þetta en ég ætla svo sem ekkert að kalla eftir henni sérstaklega — hafa verið tilnefndir tilsjónarmenn svokallaðir. Þeir hafa í raun öll ráð í hendi sér og forstjórar viðkomandi stofnunar mega ekki skrifa undir nokkurn skapaðan hlut eða skuldbinda stofnunina án þess að spyrja viðkomandi tilsjónarmann sem síðan er

beintengdur, annars vegar við heilbrrn. og hins vegar fjmrn. Ekki nóg með það, heldur hafa einstakir starfsmenn heilbrrn. og sumpart fjmrn. verið með fingurna í smæstu þáttum í rekstri þessara sjúkrastofnana.

Því spyr ég: Hvar ætla menn að hætta að taka hausa? Eiga viðkomandi tilsjónarmenn að fjúka líka, sem eru yfirleitt lausráðnir verktakamenn? Eiga embættismenn viðkomandi ráðuneyta sem hafa skipað fyrir um gang mála líka að fjúka? Á það sama að gilda um ráðherrana? Hvar ætla menn að hætta að setja menn í hengingaról? Sannleikurinn er auðvitað sá, herra forseti, og því verður ekki á móti mælt, að mér finnst leggjast ákaflega lítið fyrir kappann, hæstv. fjmrh. að halda því fram við síðari umræðu þessa máls að einhverjir menn úti í bæ hafi gert það að verkum að svo fór sem fór á yfirstandandi fjárlagaári og taka þurfi þessa menn úti í bæ til bæna. Það liggur fyrir að 70% af útgjöldum heilbrigðisstofnana eru laun og hver samdi um þessi laun nema þessi sami hæstv. fjmrh.?

Herra forseti. Hótanir eru ekki leið að settu marki. Svona hótanir og þvingunaraðgerðir passa ekki. Þvert á móti held ég að vandinn hefði verið sá að illa hefur gengið að laða forsvarsmenn og stjórnir þessara sjúkrastofnana til nauðsynlegs samstarfs við viðkomandi ráðuneyti, einkum og sér í lagi heilbrrn. en sumpart þó líka fjmrn. Auðvitað hefur launaliðurinn fyrst og síðast gert það að verkum að menn eru í þessum stóra vanda í íslenska heilbrigðiskerfinu.

Herra forseti. Ég spyr hvort það sé von á verklagsreglum þar sem forstöðumenn og fyrirsvarsmenn einstakra sjúkrastofnana yrðu kjöldregnir ef þeir standa ekki við fjárlögin, keyra fram úr, eða hvort menn hafi sett þau áform á hilluna. Ég kalla eftir því.

Eitt get ég ekki látið fram hjá mér fara en forstjórinn yfir langstærstu sjúkrastofnun landsins er fyrrverandi ráðuneytisstjóri í sjálfu fjmrn. og ætti nú væntanlega að kunna á gang mála. Ég veit ekki hvaða skoðanir hann hefur á þessu en þetta undirstrikar enn og aftur að svo virðist sem ríkisstjórnin hafi sent sinn mann beint úr fjmrn., sem hefur með fjármál ríkisins að segja, til þess að stýra þessu. Niðurstaðan varð samt sem áður sú að Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur, þessar sjúkrastofnanir í Reykjavík sem taka til sín eitthvað innan við 10 milljarða kr., runnu hratt fram úr eins og vel flestar aðrar.

Herra forseti. Þetta einstaka mál geri ég að umtalsefni hér þó kannski hafi það verið rætt talsvert á sínum tíma. Mér virðist að þessi þó litla viðleitni til að draga úr sjálfvirkninni í kerfinu sé andvana fædd. Ég sé ekki að hún leiði til eins eða neins. Mér sýnist af öllu í ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar að þessar verklagsreglur verði ekki kynntar hér og einhver bið verði eftir þeim. Ég geng hins vegar út frá því — ég verð þá væntanlega leiðréttur hafi ég rangt fyrir mér — að þær verklagsreglur taki af öll tvímæli hvað varðar réttindi og skyldur. Með öðrum orðum yrði það fyrir atbeina Alþingis að slíkar verklagsreglur, ef settar verða, komi til framkvæmda. Ég býst ekki við að það verði innanhússmál framkvæmdarvaldsins að setja slík viðmið enda girða lög fyrir í þeim efnum að ég hygg.

Herra forseti. Ég ætla svo sem ekki að halda hér langa ræðu. Ég vil þó í örfáum orðum fara yfir nokkur atriði í lokaspretti meiri hluta fjárln., þ.e. brtt. við 3. umr. Þar er ýmislegt sem vekur athygli.

Í fyrsta lagi vil ég nefna B-hluta stofnun, þ.e. Leifsstöð sem heyrir undir utanrrn. Þar sem gert ráð fyrir aukinni lántökuheimild vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þar er óskað eftir hækkun upp á 1,2 milljarða kr. og að framkvæmdin á næsta ári verði upp á litla 2,4 milljarða kr. Í grg. er sagt að þetta sé í samræmi við breyttar forsendur um umfang stækkunar flugstöðvarinnar, áætlaðan heildarkostnað við verkefnið og skiptingu hans milli ára.

Hér er auðvitað ekki um neina smásmíði að ræða. Ég hef verið því hlynntur að menn ráðist í það mikilvæga verkefni að stækka Leifsstöð, bæði vegna skuldbindinga okkar að Schengen-samningi og eins vegna þess að starfsemin hefur sprengt núverandi flugstöð utan af sér. Út af fyrir sig er ekkert um það að segja. Hins vegar vil ég spyrja þráðbeint hvers vegna sú forskrift breyttist sem lagt var upp með. Ráðgerð stækkun upp á 10.500 fermetra breyttist allt í einu í 13.800 fermetra. Það er veruleg stækkun. Var eitthvað ófyrirséð sem gerði það að verkum að þetta skuli koma í ljós núna við 3. umr.? Ef ég man rétt þá eru það í kringum 600 millj. kr. sem til ráðstöfunar voru vegna Leifsstöðvar á yfirstandandi ári vegna teikninga, útboða, hönnunar, athugana o.s.frv. Dugðu þessar 600 milljónir ekki til þess að menn áttuðu sig á því fyrr en nú á lokasprettinum að þessa fjármuni þurfti til viðbótar?

Í annan stað spyr ég líka, af því ég náði ekki að fletta því upp: Er þetta fé sem hér er lagt til til að flýta framkvæmdinni nauðsynlegt til að hægt sé að uppfylla ákvæði Schengen-samkomulagsins? Var það eitthvað sem við sáum heldur ekki fyrir? Hefur dagsetningum verið breytt í þeim efnum nýverið? Hefur það alveg farið fram hjá mér?

Í framhaldi af þessum tveimur spurningum vil ég einnig spyrja: Hvað kallar í raun á þessa fjármuni til viðbótar í miðri þenslunni, mitt í neyslunni? Ég held að flestir hafi verið sammála um að draga úr framkvæmdum á suðvesturhorninu. Menn stöðvuðu hér framkvæmdir við hliðina á þinghúsinu sem að vísu var umdeilanlegt en nóg um það. Á það sama ekki við suður í Leifsstöð? Ég spyr: Er raunverulegt þörf? Mun allt fara á annan endann, bæði Schengen-samkomulagið og framkvæmdin í heild þótt hægar verði farið í sakir? Þessu vildi ég gjarnan fá svör við. Kannski er það eingöngu á færi hæstv. utanrrh. að svara því en ég held að hann sé ekki viðstaddur þessa umræðu.

Herra forseti. Í þessu samhengi er fróðlegt að lesa brtt. hér á lokasprettinum. Þær segja sumpart býsna margt um áherslur þessarar ríkisstjórnar. Hvar er verið að lækka framlög? Hvar eru mínusarnir í þessum tillögum?

Jú, þeir eru í Lánasjóði ísl. námsmanna. Þeir eru í vaxtabótum. Þá svara menn þessu hefðbundna: Það er nú bara vegna þess að tekjur fólks hafa hækkað svo mikið í góðærinu að fólk er komið upp fyrir þessi viðmið. Þá spyr ég á móti: Er raunverulegur vilji til þess, til að mynda í vaxtabótakerfinu, að styðja húsbyggjendur sem sannarlega þrengir mjög að vegna þess að skuldir heimilanna hafa aukist ógnarlega í þessu mesta góðæri sögunnar? Ég bendi einnig á að eftir höfðinu dansa limirnir. Fólk heima í stofu spyr vitanlega: Af hverju má ég ekki taka lán eins og ríkissjóður? Af hverju má ég ekki verja mínum peningum til neyslu eins og allir aðrir? Þar eru að verki þessi margfeldisáhrif, þessi keðjuverkun.

Ég spyr: Hvað er það sem kemur í veg fyrir það að menn hækki viðmið vaxtabóta og haldi inni þeim fjármunum sem ráð var fyrir gert í upphaflegu frv. en lækki ekki það framlag því að nóg er nú samt? Það kemur satt að segja á óvart að svipuð lækkun skuli ekki sjást á barnabótunum því að þetta viðlag hefur verið sungið allt haustið af hálfu þingmeirihlut-

ans og hæstv. ríkisstjórnar. Þessa tvo þætti dreg ég fram til að sýna að í þenslufrumvarpinu finna menn matarholurnar í því að lækka framlög til lánasjóðsins og lækka framlög til vaxtabóta. Ef þetta segir ekki meira en mörg orð þá veit ég ekki hvað.

Herra forseti. Þetta er auðvitað þenslufrumvarp og ekki um annað að ræða. Menn hafa minnst á það hér að í meðförum fjárln. hafa orðið gífurlegar hækkanir. Ég vil hins vegar leiðrétta mig og minna á að það er ekki við meiri hluta fjárln. einn að sakast. Því miður er það þannig að fjárln. fær fyrirmæli frá ríkisstjórn, það eru gerðar samþykktir í ríkisstjórn um hitt og annað og þingmeirihlutinn verður að una við það. Því er úr vöndu að ráða fyrir meiri hluta fjárln. þegar þannig er í pottinn búið. Við höfum haft góða möguleika á að ná hér umtalsverðum árangri sem við gætum byggt á til lengri tíma. Við hefðum getað náð hér viðspyrnu til þess að bregðast við því sem óhjákvæmilega verður í náinni framtíð eða síðar að þrengja muni að á nýjan leik. En við höfum ekki nýtt þennan tíma vel. Umliðin fjögur, fimm ár hafa ekki verið nýtt vel. Enn á ný er þessi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á sama bruninu. Er á meðan er, þetta bjargast í augnablikinu, skítt með framtíðina.

[16:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín örfáum atriðum í ræðu sinni. Í fyrsta lagi hvort nokkrar líkur væru til að áform um niðurgreiðslur skulda gengju frekar fram á næsta ári vegna viðskiptahallans. Ég deili vissulega með honum áhyggjum af viðskiptahallanum. Hins vegar má geta þess að við höfum gripið til aðgerða, við höfum ákveðið að fresta nokkrum framkvæmdum. Við höfum gripið til þess ráðs að selja hlutabréf í ríkisbönkunum sem mun væntanlega ná inn peningum. Það hefur verið gripið til vaxtahækkana þó að árangur af þeim sé takmarkaður enn sem komið er. Ég vona sannarlega að okkur takist að ná markmiðum okkar í þessu á næsta ári. En að mínu mati þurfum við að fara blandaða leið þar til úr þenslunni dregur og leggja eitthvað af þessu fé á reikning í Seðlabankanum.

Hv. þm. kom einnig inn á margumtalaðar verklagsreglur í heilbrigðiskerfinu. Ég vil segja það eitt um það að í ítarlegu nál. var greint frá áformum fjárln. í því máli. Fjárveitingarnar verða ekki felldar niður nema með fjáraukalögum sem kemur auðvitað til meðferðar Alþingis, ef til þess kæmi en ég vona að ekki þurfi að koma til. Það er ætlast til að gerðir verði samningar við heilbrigðisstofnanir um umfang og þjónustu. Ég á ekki von á öðru en að þeir samningar takist og ekki þurfi að koma til þess að þessar fjárveitingar verði felldar niður. Ég efast ekkert um að forstöðumenn stofnana hafa fullan vilja til þess.

[16:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni svör hans. Þau voru ærleg eins og venja er til. Hann staðfesti í einu og öllu það sem ég sagði áðan. Þetta er auðvitað ákaflega þvinguð staða sem ríkissjóður er í hvað viðskiptahallann varðar og afleiðingar þess, þ.e. að gjaldeyrir er af skornum skammti.

Hann sagði að gripið hefði verið til ráðstafana. Vissulega var gripið til ráðstafana en þær hafa ekki dugað. Þvert á móti, eins og fram hefur komið á síðustu þremur mánuðum ársins, hefur spá um niðurstöðutölu upp á 28 milljarða farið í 38 milljarða. Það eru engar smástærðir sem við erum að tala um hér.

Hv. þm. segir að sala banka dragi vonandi eitthvað úr þenslu. Ég hef áhyggjur af því að það geti haft þveröfug áhrif, því miður, og stór hluti þeirra sem kaupa þessi bréf taki þá fjármuni að láni. Hvað þá? Hv. þm. sagði að ein leiðin væri sú sem lagt er til í fjáraukalögum sem samþykkt voru hér í dag um að frysta tiltekinn hluta í Seðlabanka Íslands. Það er ein leið en það er ákaflega þvinguð niðurstaða og þvinguð aðgerð. Þeir peningar munu ekki renta sig á einn eða neinn hátt.

Herra forseti, það er alveg hárrétt sem ... (**Fjmrh.:** Eru ekki borgaðir vextir?) Hvað sagði hæstv. ráðherra? (**Fjmrh.:** Það eru borgaðir vextir í Seðlabankanum.) Jú, en þessir peningar renta sig auðvitað ekki í þjóðfélaginu. Kjarni málins er að þessir peningar fara ekki til þess sem til stóð, að greiða niður skuldir innan lands eða utan lands. Það er bara kjarni málsins, hæstv. fjmrh. Ég skil ósköp vel að ráðherrann sé sár og súr með niðurstöðuna. Þetta er veruleiki málsins.

En ég er hér að svara hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Ég skildi hann þannig að þess væri varla að vænta hér á þessu haustþingi að menn tækju af skarið varðandi verklagsreglur og vinnureglur.

[16:58]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um tvennt vildi ég geta í síðara andsvari mínu. Varðandi umræðuna um þensluna þá er 16,7 milljarða kr. afgangur á fjárlögum skilaboð út í þjóðfélagið.

Ég verð að leiðrétta það og mér finnst ómaklegt að segja að fjárln. hafi í vinnu sinni við fjárlagafrv. ausið út fé. Hækkunartillögur fjárln. eru um 3 milljarðar kr. af 190 milljarða kr. útgjöldum. Þetta er í prósentvís innan við það sem verðbólguforsendur fjárlaga eru. Það er því alrangt að hér hafi verið ausið fé í allar áttir eins og manni skilst af ræðum hv. stjórnarandstæðinga. Þessi afgangur af fjárlögum er auðvitað ákveðin skilaboð.

Hv. þm. beindi til mín spurningu um Leifsstöð. Ég hygg að tillögur um Leifsstöð í þessu frv. stafi af því að umferð um stöðina er gífurlega mikil og fer sívaxandi. Það þarf ekkert að lýsa því fyrir hv. þm. sem fara þar stundum í gegn hvers konar örtröð þar er orðin. Það er full þörf á því að ráða þar bót á. Ég held að skilningur hafi verið á því og þess vegna líti þessar tillögur svona út gagnvart þessu fyrirtæki á Suðurnesjum.

[17:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einmitt þessi skilaboð til þjóðfélagsins eru lykilatriði. Ég kom mjög rækilega inn á það í ræðu minni. Þau hafa augljóslega ekki virkað. Hér kemur hæstv. fjmrh. með fjárlagafrv. í byrjun október með þjóðhagsspá upp á x. Niðurstaðan á síðustu mánuðum ársins er sú sem ég lýsti áðan. Hér er allt á bullandi ferð og viðskiptahallinn aldrei meiri. Ég hef áhyggjur af því.

Maður spyr sjálfan sig: Eru þau skilaboðin úr þessum sal nú nokkrum dögum fyrir jól eitthvað bitastæðari en á haustdögum? Er einhver ástæða til að þjóðinni finnist þau skýrari en þegar hæstv. ráðherra kom með pappíra sína og bókina sína? Ég hef miklar efasemdir um það og áhyggjur af því. Ég er að koma því á framfæri.

Hvað varðar Leifsstöðina þá hef ég fyrst og síðast uppi varnaðarorð. Það rifjast upp fyrir mér að sömu stjórnmálaflokkar voru í ríkisstjórn 1986 ef ég man rétt og stóðu að

byggingu Leifsstöðvarinnar á sínum tíma. Það þurfti mikinn hraða, umsnúning og mikil læti til að ljúka því fyrir kosningarnar 1987. Það fór allt úr böndunum. Þess vegna hringja hjá mér viðvörunarbjöllur þegar ég sé að hraða á framkvæmdinni alveg sérstaklega og þarf flýtifé til að ljúka þessu og hinu fyrir tiltekinn tíma. Þess vegna spurði ég einfaldlega að því hvort Schengen-samningurinn eða eitthvað annað gerði það að verkum að það þetta viðbótarfé þarf til að flýta framkvæmdinni. Það voru áhyggjur mínar fyrst og síðast.

Um framkvæmdina sem slíka held ég að ekki séu stórar deilur, a.m.k. ekki milli Samfylkingar og ríkisstjórnarinnar. Við teljum nauðsyn á þessu vegna þess að stöðin er sem stendur of lítil. Við erum hlynnt Schengen-samkomulaginu og viljum tengjast Evrópu betur en verið hefur.

Að lokum, herra forseti. Fjárln. og meiri hluti hennar hefur gert sitt besta. Ég var að segja hér áðan að frá haustdögum þegar saman eru lögð fjárlögin, 1., 2. og 3. umr. og fjáraukalögin, 1., 2., og 3. umr. þá hefur fé streymt í allar áttir. Því er nú verr og miður.

[17:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er afskaplega fróðlegt að sitja í hv. fjárln. þar sem ég hef setið frá síðustu kosningum. Það er lærdómsríkt og menn skilja miklu betur en áður gangvirki ríkisfjármálanna og ríkisins. Þegar ég segi það hafa verið lærdómsríkt þá er það ekki síst vegna þess að margir ágætir þingmenn meiri hlutans hafa opnað augu mín fyrir hvers kyns misfellum í rekstri ríkisins. Ég held ég halli ekki á neinn né lofi um of þegar ég segi að sér í lagi hef ég oft hrifist af málflutningi hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Ég tel að hann hafi ákaflega skarpa sýn á ríkisfjármálin, það gangvirki og þau lögmál sem þar eru í gangi. Ég held að að öðrum ólöstuðum hafi ég af engum lært eins mikið síðustu árin og af hv. þm. um hagfræði og efnahagsmál ríkisins.

Eitt af því sem ég hef lært er að maður á að taka mark á þessum hv. þm. Það má eiginlega segja að það hafi verið hann en ekki við í minni hluta fjárln. sem settum punkt aftan við allt okkar starf í sex hundruð sumur þessa árs. Ég fagna því að hann kom upp hér áðan og tók efnislega undir öll þau aðvörunarorð sem við höfum flutt. Við höfum gert það í ræðum okkar og í einum fjórum nál. þar sem við höfum reynt að brjóta til mergjar þá þróun sem í gangi er í ríkisfjármálunum.

Hv. þm. hefur séð ástæðu til þess, til að mynda í umræðum um fjáraukalög, að lýsa því yfir að hann væri sammála greiningu okkar á hinum undirliggjandi vanda. Síðan sagði hv. þm. fyrr í dag að hann væri sammála þeim aðvörunarorðum sem fælust í álitum okkar og ræðum. Hv. þm. tók það síðan fram að hann væri það í einu og öllu. Jafnframt bætti hann því við að því miður teldi hann að ekki hefði tekist að grafast fyrir rætur þess vanda sem núna er í ríkisfjármálunum. Ég er viss um að hv. þm. leiðréttir mig ef ég fer hér með rangt mál.

Staðreyndin er sú að ég er hv. þm. að mestum hluta sammála um það sem er að gerast í ríkisfjármálunum. Ég held að hv. þm. meiri hlutans hafi allir, alveg eins og við í minni hlutanum, reynt að vinna starf sitt af kostgæfni. Þeim eru hins vegar reistar skorður. Þær skorður sjáum við t.d. standa tiginmannlegar við vatnsbaukinn í gluggakistunni núna og auðvitað eru aðrir hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar skorðurnar við því að vilji hv. þm., meiri hlutans, fái að flæða fram frjáls og óspilltur. Ég skil það, herra forseti, að þeir eru í fjárln. til að fylgja ákveðinni pólitískri stefnu samsteypustjórnar tveggja flokka. Þeir verða þess vegna að fylgja því sem hæstv. ríkisstjórn vill hverju sinni. Að þessu leyti eru þeir brenndir sama marki og flestir ef ekki allir meiri hlutar sem á undan þeim hafa verið. Ég hugsa að þegar sá tími rennur upp að ég kunni e.t.v. að vera í meiri hluta þá þurfi ég að etja kappi við sömu tröll.

Ég held hins vegar, herra forseti, að það væri ákaflega æskilegt ef fjárln. gæti í ríkari mæli unnið störf sín sjálfstætt, tekið minna tillit til sitjandi ríkisstjórnar hverju sinni og farið meira eftir samvisku sinni og þeim ráðleggingum sem hún fær hverju sinni. Ég held t.d. að það hefði verið ákaflega þarft fyrir fjármál ríkisins og þar með borgarinnar ef hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefði beitt sér meira fyrir þeim skoðunum sem hann hefur látið uppi í fjárln. og líka hér í umræðum í salnum. Hv. þm. er einn af lykilmönnum þess flokks sem fer með fjármálin í ríkisstjórninni. Hann er ákaflega sterkur talsmaður þegar hann beitir sér og ég sakna þess að sjá hann ekki eins og brimbrjót gagnvart því sem mér finnst stundum vera eyðslustefna sem langoftast mætti kalla aðhaldsleysi hjá hæstv. fjmrh. og kollegum hans í ríkisstjórninni.

Mér finnst einnig merkilegt, herra forseti, að sjá og heyra þann mun sem birtist á milli manna, þ.e. annars vegar milli manna sem sitja hér í meiri hluta fjárln. og hins vegar þeirra sem sitja í ríkisstjórninni, einnig milli hæstv. ráðherra annars og sérfræðinga úti í bæ. Hv. þm. Jón Kristjánsson hefur mátt sitja undir því af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, sem e.t.v. er óvenjulegt í þessum sölum, að við höfum gagnrýnt hann, sem talsmann og forustumann ríkisstjórnarinnar hér í salnum í fjármálum, fyrir að sýna of lítið aðhald og eyða og spenna um of. Eðlilega hefur hv. þm. mómælt þessu harkalega og síðast í ræðu sem hann hélt í andsvari við ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Þá mótmælti hann því að hér væru menn að eyða og sólunda eða spenna um of. Ég man ekki hvernig hv. þm. orðaði það.

Nú er það hins vegar svo að hæstv. forsrh. er annarrar skoðunar. Hann er þeirrar skoðunar að menn hafi hugsanlega eytt um of. Ég vísa í því efni, herra forseti, af því að ég tel hæstv. forsrh. afskaplegan trúverðugan dómara í þessu máli, í viðtal sem við hann er í Morgunblaðinu í dag. Hæstv. forsrh. tekur svo til orða um verk þeirra félaganna, tvímenninganna hv. þm. Jóns Kristjánssonar og Einars Odds Kristjánssonar, og ég vitna beint í viðtalið, með leyfi forseta:

„Hins vegar eru menn að gera sér glaðan dag, kannski dálítið umfram það sem skynsamlegt er."

Ég hygg að hinn orðvari hæstv. forsrh. hafi þarna rekið sinn hamar rétt í skallann á naglanum og naglann á kaf. Hann er að segja, herra forseti, að forustumenn ríkisstjórnarinnar í hv. fjárln. hafi verið svona á pínulitlu eyðslufylleríi. Þeir voru að gera sér svolítinn dagamun, strákarnir, af því að það var bjart fram undan og heiðríkja víðar en bara í brosi hrekkjusvínanna. Herra forseti. Hæstv. forsrh. er þeirrar skoðunar að þessir ágætu herramenn sem núna sitja í salnum og hlýða á mitt mál hefðu e.t.v. mátt stíga fastar á bremsuna.

Hæstv. forsrh. er í liði með þessum ágætu mönnum og bakkar þá upp af dæmafárri óbilgirni alveg eins og þeir hann. Ef hann kemur hins vegar fram og segir opinberlega, daginn sem við erum að ræða fjárlögin við 3. umr. og enn aukin útgjöld og kallar það svo að menn hafi verið að gera sér dálítinn dagamun, e.t.v. umfram það sem efni voru til, hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir auðvitað ef menn brjóta

þetta til mergjar að meiri hluti hv. fjárln. hefur verið að eyða meiru en góðu hófi gegnir. Það er dómur hæstv. forsrh. sem ég tek undir.

Hæstv. fjmrh. hefur að vísu ekkert talað í dag svo ég hafi heyrt til en ég hef hins vegar lesið svipbrigði hans og heyrt hann kalla fram í. Það blasir við af því sem hann hefur látið frá sér fara um stöðu ríkisfjármála að hann er giska glaður með þau. Hvernig getur hæstv. fjmrh. verið annað en glaður þegar menn skila metafgangi? Það eru 16–17 milljarðar í tekjuafgang. Auðvitað hljóta menn að gleðjast yfir því. Hins vegar er engin ástæða til þess að halda því fram að ekki þurfi að grípa til sterkari viðbragða. Auðvitað þarf það, herra forseti.

Staðreyndin er sú að þessi gríðarlegi tekjuafgangur stafar af því að það er mikill og vaxandi viðskiptahalli heldur *honum uppi. Hann hefur að vísu smitað svo frá sér* að hv. þm. hafa að dómi hæstv. forsrh. talið sig hafa ráð á því að gera sér eilítinn dagamun þó aðrir sérfræðingar séu annarrar skoðunar. Einn þeirra situr hér í salnum, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem hefur sagt það í dag að með einhverjum hætti þurfi að grípa til aðgerða. En hann er ekki eini maðurinn sem hefur sagt það, herra forseti.

Í viðtali sem birtist á sömu síðu í Morgunblaðinu og viðtalið við hæstv. forsrh. segir forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Þórður Friðjónsson, að óhjákvæmilegt sé að grípa til einhvers konar viðbragða af hálfu stjórnvalda. Hæstv. forsrh. segir á sömu síðu, þegar hann fer í nokkrum orðum yfir stöðu ríkisfjármála og efnahagsstjórnunarinnar og talar út frá þjóðhagsspánni, að í meginatriðum sé spáin hin sama og menn höfðu gert ráð fyrir þó ákveðin frávik séu. Þessi ákveðnu frávik sem hæstv. forsrh. á við er auðvitað viðskiptahallinn. Hins vegar er hvergi að finna í máli hæstv. ráðherra í umræddu viðtali í Morgunblaðinu að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana. Hæstv. forsrh. hefur í raun aðeins ein aðvörunarorð um framtíðina og þau eru ákaflega gild. Hann segir að í kjarasamningum þurfi menn að gæta hófs.

Guð láti gott á vita, allir geta undir það tekið. En eins og ég mun víkja að síðar í ræðu minni þá eru hæstv. forsrh. og hæstv. ráðherrar almennt síðustu mennirnir sem ættu að tala svona. Ef einhverjir hafa kastað sprengju inn í þá samninga sem fara af stað á næsta ári þá er það auðvitað ríkisstjórnin.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. er sem sagt ekki þeirrar skoðunar að eitthvað sérstakt þurfi að gera. Honum finnst staðan alls ekki vera alvarleg í þessu viðtali í Morgunblaðinu í dag. En hvað segir Þórður Friðjónsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar?

Hann segir að niðurstaða hinnar nýju þjóðhagsáætlunar sé alvarleg og kalli á viðbrögð af hálfu stjórnvalda. Herra forseti. Það er rétt að fram komi að þessi viðhorf Þórðar Friðjónssonar, forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, komu fram í dag þegar fyrir lá hvernig fjárlög mundu liggja fyrir í endanlegri mynd ef samþykkt verða samkvæmt tillögu fjárln. og hæstv. fjmrh. Hann veit þegar hann segir þessi orð hver afgangurinn mun verða.

Hann segir eigi að síður að þrátt fyrir það kalli þessi staða á viðbrögð af hálfu stjórnvalda. Þórður Friðjónsson sagði líka að það væri mjög alvarlegt hversu viðskiptahallinn væri að aukast mikið. Hann bætir um betur, herra forseti, og með leyfi forseta, þá sagði hann jafnframt:

„Það þýðir einhvers konar samdráttaraðgerðir, sé litið til ríkisfjármála."

Ég verð að spyrja hæstv. fjmrh., sem hefur ekki tekið til máls í dag en á eftir að halda sína ræðu: Er hann sammála því sem Þórður Friðjónsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, segir, í fyrsta lagi að niðurstöður hinnar nýju þjóðhagsáætlunar séu alvarlegar og í öðru lagi að hún kalli á viðbrögð af hálfu stjórnvalda? Og í þriðja lagi, herra forseti, ef hæstv. fjmrh. *er sammála forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar*, hvers konar viðbrögð telur hann þá rétt að grípa til? Það dugar ekki, herra forseti, að koma hingað og tala um að mikill afgangur sé á fjárlögum vegna þess að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar vissi það þegar hann mælti þessi orð og hann var að kalla eftir öðrum og alvarlegri viðbrögðum. En ef ég dæmi af orðum hv. þm. Jóns Kristjánssonar og þeirra sem hér hafa talað af hálfu stjórnarliðsins í dag, þá í besta falli gera menn eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sér grein fyrir að staðan er að versna og er orðin alvarleg, en menn hafa ekki neinar sérstakar áætlanir á takteinum. Spurningin er hvort það verður, eins og mér heyrist á andsvörum hv. þm. stjórnarliða, að vera hlutskipti stjórnarandstöðunnar í þessu efni að koma með tillögur. Mér þykir það bera vott um talsverða uppgjöf af hálfu stjórnarliða. Það eina sem þeir hafa gert andspænis þessum aðfinnsluorðum okkar er að spyrja eftir niðurskurðartillögum okkar. Ég get þess að vísu, herra forseti, eins og þegar hefur komið fram hjá tveimur talsmönnum Samfylkingarinnar í dag og á eftir að koma fram síðar, að þær tillögur sem verið er að dreifa eða verður dreift hér á næstunni af okkar hálfu, gera miklu meira en að þekja þær lítils háttar útgjaldatillögur sem við erum með.

Þetta skiptir sem sagt meginmáli í dag, herra forseti. Fyrir liggur ný þjóðhagsspá og hún er allt öðruvísi og miklu verri en menn gerðu ráð fyrir. Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að ég og hæstv. fjmrh. höfum stundum átt orðastað saman um þróun þjóðarhags á þessu ári. Fyrir kosningar lenti okkur nokkrum sinnum saman. Ég benti á það sem ég taldi þá vera alveg ljósa staðreynd að viðskiptahallinn færi ekki minnkandi heldur mundi hann þvert á móti aukast. Hæstv. fjmrh. var allt annarrar skoðunar fyrir kosningar, en það verð ég að segja honum til tekna að hann var sömu skoðunar eftir kosningar og sagði hér á sumarþinginu að viðskiptahallinn *mundi ekki aukast, eins og ég hélt fram, heldur minnka*. Þegar kom fram í október sagði hæstv. fjmrh. líka að viðskiptahallinn mundi minnka og taldi þetta bera vott um það að ég hefði lítið vit á þessum málum. En eins og fram hefur komið af hálfu forustu ríkisstjórnarinnar þá telur hún að ég eigi að halda mig við það sem ég hafi vit á, sem eru ákveðin hreistruð kykvendi sem sigla undirdjúpin, en láta vera að tjá mig um þessi mál. Nú hefur hins vegar komið í ljós, herra forseti, að það voru hæstv. forsrh. og fjmrh. sem höfðu rangt fyrir sér í þessu efni, en sá sem hafði rétt fyrir sér í þessari deilu stendur hér. Það má e.t.v. líka halda því fram, herra forseti, að ég hafi að hluta til haft rangt fyrir mér vegna þess að ég gerði mér enga grein fyrir því að viðskiptahallinn mundi sigla svona alvarlega fram úr því sem spáð var. Nú blasir sem sagt við að áætlað er að hann verði 38 milljarðar á þessu ári og því er spáð að hann verði svipaður á næsta ári. Og þó er ekki lengra síðan en í október sem hæstv. ríkisstjórn, gott ef ekki sjálfur hæstv. fjmrh., lét það frá sér fara að þá væri líklegt að hann yrði 29 milljarðar. Aukningin, herra forseti, *er 30% og þetta er síðan í október*. Þetta finnst mér ekki bera vott um góða spádómsgáfu. En það skiptir minnstu máli, herra forseti. Það sem skiptir máli er að stjórnarandstaðan er búin að benda á þessa þróun allar götur frá því í apríl/maí á

þessu ári og hæstv. ríkisstjórn hefur jafnan andæft þessu. Nú blasir það við að hæstv. ríkisstjórn hafði rangt fyrir sér.

Það skiptir máli að menn nemi stundum staðar, staldri við og fari yfir stöðuna. Það hefði hæstv. ráðherra átt að gera ásamt meiri hluta fjárln. núna fyrir nokkrum dögum þegar þessi uggvænlega þróun varðandi viðskiptahallann var staðfest af Seðlabankanum 9. desember, en sama dag kom það líka fram af hálfu Hagstofunnar að verðbólgan væri enn að aukast. Fyrir nokkrum dögum birti hún niðurstöður sínar sem sýndu að verðbólgan síðustu 12 mánuði er í 5,5%, 5,6%. Á sama tíma hefur hún verið 1,3–1,7% í þeim löndum sem við berum okkur jafnan saman við. Þórður Friðjónsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, segir skýrt í áliti sínu að það skipti ákaflega miklu máli að verðbólgan hér á landi verði ekki á næstu missirum langt yfir því sem gerist hjá þeim löndum sem við erum að keppa við. Það liggur sem sagt ljóst fyrir, herra forseti, að verðbólgan er ekki að minnka þvert ofan í það sem hæstv. ráðherrar héldu fram fyrir einum, tveimur mánuðum, heldur er hún aftur að aukast og allt bendir til þess að á næsta ári verði hún 4,5%. Þetta er ég viss um að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er mér sammála um og er aðsteðjandi vá. Spurningin er með hvaða hætti við förum í það að bjarga þessu ástandi. Það er eðlilegt að við þessar aðstæður og á þessum tímapunkti spyrji stjórnarandstaðan hæstv. fjmrh. og þá sem fara fyrir ríkisstjórninni innan fjárln. hvernig eigi að bregðast við þessari stöðu. Ég spyr sérstaklega hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að þessu. Hvers vegna? Vegna þess að hann er sá sem hefur helst gengið fram fyrir skjöldu og sýnt það með ræðum sínum í þessum sal að hann skilur þetta ástand og þessa þróun betur en aðrir. Hann ber líka meiri ábyrgð vegna þess að hann er forustumaður Sjálfstfl. sem fer með fjármálin í ríkisstjórninni innan fjárln. Mér þætti þess vegna ákaflega gaman, herra forseti, að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson útfæra skoðanir sínar á þessu máli í ítarlegri ræðu eins og ég veit að hann á eftir að flytja hérna þegar gengið er fram yfir hálfsjö í kvöld, herra forseti.

Herra forseti. Við höfum í umræðum hér rætt mikið vanda heilbrigðiskerfisins. Og ég get ekki annað en mótmælt því þegar hv. þm. Jón Kristjánsson vill einskorða þá umræðu við fjáraukalögin, en það mátti skilja á honum í dag í andsvari við mig að þetta væri óþörf umræða vegna þess að við hefðum í rauninni verið búin að ræða þetta við umræðuna sem fór fram um frv. ríkisstjórnarinnar til fjáraukalaga. En það er auðvitað ekki svo. Þetta er stórt og mikið vandamál og þetta er e.t.v. helsta vandamálið sem hægt er að greina í sjálfum ríkisrekstrinum. Útgjöld heilbrigðisgeirans eru ekki bara að vaxa vegna þess að mjög miklar launahækkanir hafa orðið. Í þeirri rannsókn sem hv. fjárln. hefur gert á stöðu þessa málaflokks kemur líka fram að önnur útgjöld eru að vaxa ansi mikið. Ég vek athygli á því að sú fjárþörf sem kom fram innan þessa málaflokks við úttekt Ríkisendurskoðunar sýndi að þriðjungurinn stafaði af aukningu útgjalda á rekstrargjöldum sem ekki tengist launum. Og maður veltir fyrir sér hvort hægt sé að sjá einhver merki þess í fjárlagafrv. að ríkisstjórnin og þeir sem halda um hina fjárhagslegu tauma séu á einhvern hátt að reyna að stemma stigu við þeim vexti. Svo er alls ekki, herra forseti, ég sé enga viðleitni til þess. Við höfum áður farið yfir annan sérstakan málaflokk sem er mjög áberandi innan heilbrigðisgeirans sakir þess hversu ört hann er að vaxa um þessar mundir, en það eru lyfjaútgjöld. Hæstv. heilbrrh. sem hér er stödd við umræðuna hefur greint frá því að þarna sé við ramman reip að draga, stöðugt séu að koma á markaðinn ný lyf og ákaflega útgjaldafrek. Þetta er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og þá er spurningin hvernig í ósköpunum við reynum að taka á þessu. Innan heilbrigðisgeirans hafa menn reynt að fara þá leið að setja upp forgangsröðun. Ég held að nýlokið hafi störfum nefnd sem fjallaði um hvernig ætti að forgangsraða innan heilbrigðiskerfisins. Við þurfum e.t.v. að beita svipuðum vinnubrögðum við einstaka málaflokka innan geirans. Ef við tökum til að mynda lyfjaútgjöldin, þá held ég að óhjákvæmilegt sé að sérstakt átak verði gert til að kanna þann málaflokk.

Í forsendum fjárlagafrv. kemur fram að gert er ráð fyrir 12% vexti milli ára og þetta er byggt á þróun hér og líkast til erlendis líka. Það hefur einnig komið fram að hæstv. heilbrrh. og fjmrh. lögðu til á síðasta ári að þessi útgjaldaliður yrði takmarkaður með þeim hætti að milli 1998 og 1999 mundu sparast 300 millj. kr. Við vitum öll hvernig þeirri glímu lauk. Henni lauk með því að eftir því sem árinu vatt fram voru stöðugt að berast upplýsingar um aukin útgjöld til þessa málaflokks. Þegar við höfum okkar vinnu höfðu útgjöldin aukist um 300 millj. og þegar fjárln. var um miðbik vinnunnar voru þau komin upp í 500 millj. og ég held að útgjöld málaflokksins sem áttu að lækka um 300 millj. hafi aukist um 700 millj. Og miðað við þá 12% verðhækkunarforsendu á þessari dýru vöru sem er að finna í fjárlagafrv. bendir náttúrlega allt til þess að ef ekkert verður að gert verði þetta komið í 5 milljarða á næsta ári.

Ég gef lítið, herra forseti, fyrir þær örfáu línur í fjárlagafrv. þar sem sett er fram sú hógværa ósk af hálfu okkar allra og ríkisstjórnarinnar og meiri hluta og minni hluta fjárln. að þessi málaflokkur verði skorinn um 1.000 millj. Hvers vegna skyldi okkur takast að skera hann um 1.000 millj. þegar okkur tókst ekki að skera hann um 300 millj. í fyrra? Sá kostur er vissulega uppi að hæstv. heilbrrh., eða eftir atvikum fjmrh., hafi einhvers konar áætlanir sem kynnu að duga miklu betur en í fyrra. Ef svo er þá hafa þessir hæstv. ráðherrar eða forustumenn flokka þeirra í meiri hluta fjárln. ekki, þrátt fyrir að vera þráspurðir um það, getað lagt fram slíkar áætlanir. Þarna tel ég, herra forseti, að sé ein af mikilvægum forsendum frv. að því er varðar heilbrigðismálin sem mun alls ekki standast. Ég tel að hætta sé á því að í þessum tiltekna geira muni útgjöld ríkisins fara nokkur hundruð millj. og e.t.v. milljarð fram úr áætlunum vegna þess að menn hafa ekki enn þá sett fram ítarlega útfærslu á því hvernig á að ná þessum sparnaði. Ég verð að spyrja hæstv. fjmrh.: Er einhver vinna í gangi af hálfu fjmrn. og heilbrrn. sem miðar að því að draga úr slíkum útgjöldum? Ef hæstv. fjmrh. undrast af hverju ég spyr hann en vísa þessu ekki eingöngu til kollega hans í heilbrrn., þá rifja ég það upp að þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. var við völd milli 1991 og 1995 og átti í ákaflega miklu basli með einmitt þennan málaflokk, var sett upp samvinna milli þeirra tveggja flokka, sem fóru með þau ráðuneyti, til þess að reyna að koma taum á þensluna í þeim málaflokki, þ.e. lyfjum.

Það sem einkenndi aukningu útgjalda í heilbrigðisgeiranum voru hins vegar samningar sem voru gerðir. Kjarasamningar við lækna og hjúkrunarfræðinga leiddu til þess að útgjaldaþenslan varð miklu meiri en menn gerðu ráð fyrir í upphafi og raunar meiri en nokkurn óraði fyrir. Ég tel það gagnrýnivert að það mál hafi farið með slíkum hætti. Það kom ítarlega fram, bæði af hálfu Ríkisendurskoðunar og líka fulltrúa fjmrn. við samræður innan fjárln., að gert hafði verið

ráð fyrir tilteknum útgjöldum til þessa sem námu einum milljarði, en þegar upp var staðið urðu útgjöldin margfalt meiri. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh.: Var ekkert eftirlit með útgjaldaþenslunni í tengslum við þetta? Hæstv. heilbrrh., eins og ég hef rakið í þessari umræðu, greindi frá því í fjárln. að henni hefði orðið ljóst um miðjan maí að yfir 100 stofnanir stefndu þá rækilega fram úr fjárlögum og hún sagði heilbrrn. hafa gert hæstv. fjmrh. viðvart. Ég verð því að ganga eftir því gagnvart hæstv. fjmrh. hvernig hann brást við því þegar hann fékk slíkar upplýsingar frá heilbrrn. Til hvaða aðgerða greip hann? Enn verð ég að nefna það líka, herra forseti, þegar þingmenn í fjárln. gengu nokkuð harkalega eftir því við hæstv. heilbrrh., þegar hún kom til fundar við nefndina, hvernig ráðuneytið hefði haldið á samningamálum innan málaflokksins, þá greindi hæstv. ráðherra frá því að því miður hefði þetta verið ráðuneytinu ofviða. Innan ráðuneytisins hefðu einungis verið fjórir starfsmenn sem hefðu getað tekið á þeim málaflokki, en hún hefði hins vegar brugðist við með þeim hætti að fjmrn. hefði verið gert viðvart um það, eða svo ég noti orðrétt það sem hæstv. ráðherra sagði: „ekki væri nægileg kunnátta í samningamálum innan heilbrrn." Ég tel að hæstv. heilbrrh. hafi gert rétt í þessu. Hún átti þegar hún stóð frammi fyrir þessari stöðu að láta hæstv. fjmrh. vita af því hvernig málið væri að þróast. Vegna þess að það er innan þess ráðuneytis, fjmrn., sem þekkingin er fyrir hendi, eins og ég veit að hv. þm. Hjálmar Jónsson veit. Þar hafa menn útfært samninga og þar er sérfræðikunnáttan fyrir hendi og þess vegna var rétt hjá hæstv. heilbrrh. að fara þá leið. Ég spyr því hæstv. fjmrh.: Með hvaða hætti brást hann við því þegar hann fékk upplýsingar frá hæstv. heilbrrh. um að það væri ráðuneytinu ofviða að taka þátt í útfærslu kjarasamninga vegna þess að þar væri ekki kunnátta fyrir hendi?

Að lokum, herra forseti, áður en ég lýk algerlega við heilbrigðismálin er óhjákvæmilegt að rifja upp að við höfum við 2. umr. og líka við nokkrar umræður um fjáraukalög, rætt ákveðna málsmeðferð af hálfu fjárln. Þetta er í þriðja sinn, að ég hygg, sem fjárln. tekur þátt í því með þessum eða skyldum hætti að hreinsa upp þann slóða sem skapast hefur ófyrirséð innan heilbrrn. Það er ekki auðvelt spor að taka, hvorki fyrir minni hlutann né meiri hlutann. Þess vegna var gengið mjög rækilega eftir því af hálfu minni hlutans hvernig ætti að tryggja að við stæðum ekki aftur í sömu sporum að ári. Það var rætt hér og kemur fram að nokkrum hluta í nefndarálitum meiri hlutans hvernig ætti að setja upp ákveðið kerfi til að koma í veg fyrir að þetta henti aftur. Það var m.a. rætt um ákveðnar viðmiðunarreglur sem fjárveitingar áttu að grundvallast á. Ég hlýt að rifja það upp, herra forseti, að við gengum nokkuð rækilega eftir því við fyrri umræður gagnvart hv. þm. Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd að það ætti að tryggja að þessar reglur kæmu fram og héldu. Því var þá lofað af hálfu hv. þm. Hjálmars Jónssonar að þessar reglur kæmu fram fyrir 3. umr. og hægt væri að skoða útfærslu þeirra. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar gengum eftir því að þetta yrði kannað rækilega í fjárln. milli 2. og 3. umr. Það hefur ekki gerst, herra forseti. Málið er enn í jafnlausu lofti og áður. Ég hlýt að rifja það upp að hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði í ákaflega merkri ræðu, einni af mörgum sem hann hefur haldið um heilbrigðismálin, eftirfarandi þegar ég spurði hann hvar þessar reglur væru, með leyfi forseta: „Viðmiðunarreglur sem munu liggja fyrir við 3. umr. fjárlaga". Ég spyr enn hv. þm. Hjálmar Jónsson, hvar eru þessar viðmiðunarreglur? Hvar eigum við að fá tryggingu fyrir því, herra forseti, að það ástand sem hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur nú kallað ýmsum skemmtilegum nöfnum endurtaki sig ekki? Það má ekki gerast aftur að það þurfi að taka eitt tiltekið ráðuneyti vegna framúrkeyrslu á fjárlögum nánast í gjörgæslu eða beita þau eins konar lögregluefitirliti eins og einn hv. þm. orðaði af mikilli orðsnilld í Morgunblaðinu ekki alls fyrir löngu.

Herra forseti. Ég hef nú farið í allt of stuttu máli yfir þá þætti sem ég tel nauðsynlegt að við ræðum svolítið betur. Ég er þeirrar skoðunar að of mikil lausatök séu á fjármálum ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar að sú mikla velsæld sem ríkir innan fjmrn., þar sem gríðarlegur viðskiptahalli skapar ómældar tekjur, hafi svæft menn á verðinum og gert það að verkum að þar er komið upp ákveðið andvararleysi, herra forseti. Ég hef við fyrri umræður nefnt nokkur dæmi um það og hefði gjarnan viljað að hæstv. fjmrh. hefði svarað þeim spurningum sem ég bar þá fram til hans. Svo var nú ekki, herra forseti. Ég ætla ekki að ergja hæstv. ráðherrann með því að endurtaka það. En ég hlýt samt vegna þess að hv. þm. Jón Kristjánsson, sem illu heilli er nú genginn brottu, nefndi það í umræðunni fyrr í dag, að það þýddi ekki fyrir stjórnarandstöðuna að koma og tala um aðhaldsleysi og lausatök í fjármálum án þess að nefna sérstök dæmi.

Í framhaldi af því, herra forseti, vil ég rifja upp að við 1. umr. fjárlaga nefndi ég ein tuttugu dæmi. Ég valdi þrjú sérstaklega úr sem ég ræddi bæði við 2. umr. fjárlaga og 1. og 2. umr. fjáraukalaga og vil þess vegna halda því til haga, herra forseti, að stjórnarandstaðan hefur bent á fjöldann allan af dæmum um það sem hægt er að kalla lausatök. Mestu lausatökin og verstu birtast í því hvernig fjármál heilbrigðisgeirans þróuðust á þessu ári og því síðasta. Ég óttast auðvitað, herra forseti, að sú staða sem við stöndum frammi fyrir núna verði erfiðari fyrir þá sök að ríkisstjórnin stóð ekki vaktina þegar menn voru í útfærslu þeirra samninga sem ég nefndi áðan.

Án þess að ég ætli að fara mjög náið út í þau efni, herra forseti, blasir samt við að í greinargerð Ríkisendurskoðunar voru lögð fyrir okkur dæmi um hækkanir mjög fjölmennra hópa frá árunum 1997 og fram á þennan dag. Það er alveg ljóst að þeir hópar sem eiga eftir að semja um kjör sín innan ríkisgeirans, ég nefni t.d. af því við vorum að tala um sjúkrahúsin að sjúkraliðar og ASÍ-hópar, sem tengjast þeim geira, munu að sjálfsögðu bera sig saman við þetta. Ég held líka eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar að það sé heldur umhendis fyrir hæstv. forsrh. að ganga fram á sviðið og biðja menn með vænum orðum að haga sér vel í komandi kjarasamningum þegar horft er til þess að viðmiðin, sem menn munu setja sér í þeim samningum, eru þær tölur sem hæstv. ráðherrar vöktuðu yfir þegar verið var að ganga frá kjarasamningunum innan heilbrigðisgeirans. Þær hækkunartölur, sem menn sáu þar, hljóta að vera á borðinu þegar að menn fara að semja um laun á hinum almenna vinnumarkaði. Þess vegna tel ég, herra forseti, að lausatökin sem við höfum séð á ríkisfjármálunum, muni fyrst koma fram af fullum þunga og birtast með fyllsta þunga þegar menn ganga í þá samninga vegna þess að það er ríkisstjórnin sem hefur gefið fordæmið, herra forseti.

[17:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á mörg atriði í ræðu sinni. Það er ekki tóm til að svara þeim öllum í stuttu andsvari en ég mun væntanlega gera það síðar í þessum umræðum.

Ég vil eingöngu nefna það sem hann vék að og varðar svokallaðar verklagsreglur að því er varðar eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Það mál hefur verið rætt á vettvangi fjárln. og það hefur komið inn í 2. umr. fjárlaga. Ég vil upplýsa það af minni hálfu að í undirbúningi er í fjmrn. gerð slíkra verklagsreglna sem ég mun leggja fyrir ríkisstjórnina og sem ég mun síðar beita mér fyrir að verði sendar forstöðumönnum og öðrum sem hlut eiga að máli í sérstöku umburðarbréfi og birta. En málið er auðvitað að í lagaákvæðum, sem nú gilda, bæði í lögum um fjárreiður ríkisins og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eru alveg skýrar leiðbeiningar um þessi mál. Það sem ég hef hugsað mér að kæmi fram í þessum verklagsreglum væri í fyrsta lagi hlutverk fjmrn., sem er almenns eðlis, hlutverk fagráðuneytanna sem felst að sjálfsögðu í ábyrgð þeirra á undirstofnunum sínum og síðan í þriðja lagi ábyrgð forstöðumanna og annarra sem hafa með höndum og til meðferðar opinbert fjármagn. Það er algjör misskilningur sem kom fram í umræðunni áðan að þetta snúist um að kjöldraga eða hausskera einhverja menn eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson orðaði það svo snyrtilega og smekklega. Þetta snýst ekkert um það. Þetta snýst um það að allir sem hafa það ábyrgðarmikla hlutverk með höndum að véla um opinbera fjármuni hafi alveg skýrt fyrir sér hvernig það á að gera, hvað gerist ef heimildir þrýtur, ef fjárheimildir þrýtur og hvernig brugðist verður við slíku. Ég lít á þetta sem sameiginlegt verkefni ríkisstjórnarinnar, forstöðumanna stofnana, Ríkisendurskoðunar og svo að sjálfsögðu þingsins og fjárln. þess.

[17:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka skýr svör frá hæstv. fjmrh. um þetta tiltekna atriði. Ég er honum sammála um að í rauninni er óþarfi að skerpa sérstaklega ábyrgð forstöðumanna vegna þess að hún liggur fyrir, sér í lagi með þeim lögum sem sett voru um fjárreiður ríkisins 1997. Ég vek hins vegar eftirtekt á því að okkur var lofað því í fjárln. að útfærðar reglur yrðu settar fram um þetta efni, ekki bara um ábyrgð forstöðumanna stofnana, heldur um hvernig ætti að útfæra samninga og ýmislegt fleira. Við áttum að sjá það fyrir 3. umr. og fá til umræðu í hv. fjárln. Hv. þm. Hjálmar Jónsson lýsti því nánast yfir að málið kæmi varla til 3. umr. nema þetta lægi fyrir. Ég spyr, hvar liggur þetta fyrir? Ég fær ekki betur skilið af svari hæstv. ráðherra en hann hafi kveðið hv. þm. Hjálmar Jónsson í kútinn að þessu leyti og þetta liggi ekki fyrir. Af því að hæstv. ráðherra nefndi að það væri alls ekki fyrirhugað að kjöldraga eða fara með öðrum hætti heldur ósmekklega og óþægilega að forstöðumönnum stofnana verður hann auðvitað að gera sér grein fyrir því að það var ekki stjórnarandstaðan sem hóf máls á því heldur hafa tveir hv. þm. Sjálfstfl. beinlínis sagt að það væri nauðsynlegt að láta menn sæta ábyrgð og ef það þýddi að hún þyrfti að láta einhverja fjúka, þá yrði það gert. Í þessum umræðum voru reyndar af hálfu talsmanna Sjálfstfl. nefndar tölur og talið nauðsynlegt til eftirdæmis að láta fjóra til fimm fjúka. Þetta getur hæstv. ráðherra lesið í þingtíðindum ef hann vill. Að öðru leyti fagna ég því að hæstv. ráðherra er þeirrar skoðunar að setja þurfi skýrar reglur. En ég hafði talið af nál. meiri hlutans og ræðum þeirra að þær reglur sem menn eru að ræða um væru miklu yfirgripsmeiri en þær sem mátti ráða af máli hæstv. ráðherra að séu nú í undirbúningi í ráðuneyti hans.

[17:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál snýst alls ekki um að kveða einn eða neinn í kútinn eða að fjmrh. hafi kveðið meiri hluta fjárln. í kútinn í þessu máli. Það er náttúrlega alveg út í hött. Það er eðlilegt að fjmrh. hafi frumkvæði að því að vinna slíkar reglur. Það er í undirbúningi eins og ég hef upplýst og þær munu verða lagðar fyrir ríkisstjórnina. Síðan verða þær kynntar með öðrum hætti og það er hin eðlilega verkaskipting. En ég legg áherslu á að vegna þessara mála sem hér hafa verið að koma upp er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að hafa um þetta samstarf við Ríkisendurskoðun eins og ég hafði frumkvæði um í haust þegar við heilbrrh. óskuðum eftir sérstakri úttekt á málefnum heilbrigðisstofnananna, sjúkrastofnana. Auðvitað er eðlilegt að Alþingi komi að því máli með sama hætti. En að öðru leyti verður þetta mál að bíða þess að reglurnar verði nánar útfærðar. En þær eru ekki lengra komnar á þessu stigi.

[17:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er a.m.k. gott að það liggur fyrir að vinnan er í gangi en henni er langt í frá lokið. Ég get ekki annað, af því ég veit að hæstv. ráðherra á ekki kost á að koma aftur upp í andsvörum, en óskað eftir því að þessar reglur komi líka fyrir þingnefndina sem vélar um þetta. Ég segi þetta vegna þess að í andsvörum sínum nefndi hæstv. ráðherra ekki að þetta mundi koma til skoðunar og umsagnar í fjárln. Ég vek hins vegar eftirtekt þingheims á að það er það sem hv. formaður fjárln. og aðrir talsmenn meiri hlutans í fjárln. hafa ítrekað lofað í þessum sal og hafa ekki gert nokkrar athugasemdir við það þegar við í minni hlutanum höfum sagt að við þurfum að fá að sjá þetta og skoða í fjárln. áður en þessu er hrint í framkvæmd.

[17:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur tekið undir ýmis varnaðarorð sem hafa komið frá fagmönnum um efnahagsmál, bæði OECD, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka o.s.frv. Hver eru þau vandamál sem um er að ræða? Hví eru menn að vara við? Jú, vandamálið er umframeyðsla þessa þjóðfélags. Umframeyðsla sem kemur náttúrlega fram í viðskiptahalla. Menn eru að vara við þessu. Öfugt við það sem var landlægt á áttunda og níunda áratugnum þegar við áttum líka oft við viðskiptahalla að stríða. Þá var viðskiptahallinn yfirleitt alltaf runninn undan rifjum ríkisvaldsins. Ríkissjóður gat ekki hamið sig, hann var alltaf rekinn með halla. Nú er þetta öfugt. Ríkissjóður er í mjög góðu jafnvægi með mjög mikinn afgang og meiri afgang en nokkurn tímann áður. Það er einkaneyslan í samfélaginu sem drífur upp þennan viðskiptahalla. Það er einkaneyslan. Ráðstafanir voru gerðar af hálfu Seðlabankans í haust til að reyna að draga úr þenslunni í samfélaginu með því að hækka skammtímavexti. Menn vonuðust til þess að þær ráðstafanir dygðu til þess að draga úr þessum viðskiptahalla. Það varð ekki. Vandamálið okkar er það að við höfum verið að reka samfélag sem hefur gengið mjög vel, hagvöxtur hefur verið meiri á Íslandi en í nokkru öðru vestrænu ríki, við höfum verið að ná á milli 5 og 6% hagvexti, kaupmátturinn hefur vaxið meira á Íslandi á undanförnum árum en í nokkru öðru vestrænu ríki. Ef við hefðum sparnaðarstig á Íslandi eins og Norðmenn, ef við hefðum frjálsan sparnað eins og Norðmenn, væri ekkert efnahagsvandamál á Íslandi. En við höfum það ekki, við

erum eyðslusöm þjóð. Vegna þessa ber að taka alvarlega viðvaranir þessara efnahagsstofnana. Okkur ber að gera það, það er óumflýjanlegt að gera ráðstafanir í peningamálum til að koma í veg fyrir að þessi viðskiptahalli haldi áfram. Við deilum áhyggjum með stjórnarandstöðunni og öllum þeim sem vara við þessu.

[17:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn einu sinni get ég ekki annað en tekið ofan fyrir mennturum mínum í hagstjórnarfræðum. Ég er sammála hv. þm. í hverju einasta orði sem hann sagði áðan, ég er sammála honum um umframeyðsluna í þjóðfélaginu og það óhóf sem ríkir þar. Það eina sem ég sakna, af því að ég hef sagt að enginn maður hafi kennt mér jafnmikið á þessu hausti um hagstjórn og hann, er til hvaða ráða við ættum að grípa núna, herra forseti. Það eina sem ég sakna í ræðu hans, til að ég geti haldið áfram að vera tiltölulega eftirtektarsamur lærisveinn og geti borið fram þau spöku vísdómsorð sem honum hrjóta stundum af vörum í fjárln., er hvað hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson telur að við þurfum að gera núna til að ráða bót á þeim vanda. Ég er honum sammála um að okkur beri að hlíta aðvörunarorðum þeirra manna sem við teljum að hafi mesta þekkingu í þessum efnum. Ég gæti talið upp félaga hans í Seðlabankanum, fyrrv. menntmrh. og núv. seðlabankastjóra, ég gæti talið upp vini hans í Þjóðhagsstofnun og ég gæti talið fleiri upp. Þeir eru allir sammála honum og ég er sammála honum. En hvað er það sem við eigum að gera til að ráða bót á þessu? Það er það eina sem vantar inn í þær kliðmjúku ræður hv. þm. sem hljóma hér svo fagurlega, þannig að manni finnst stundum að maður sé á eins konar sinfóníutónleikum þegar hv. þm. talar. Það vantar bara þetta eina, en ég veit að það kemur.

[17:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er búið að bæta fjórum strengjum við sinfóníuhljómsveitina samkvæmt fjárlögum þannig að hún batnar stöðugt.

Þeir aðilar sem vara okkur við hafa bent á ýmislegt. Þeir hafa bent á að úr því við gátum ekki aukið frjálsan sparnað, eins og ósk okkar var, þá yrðum við kannski að þvinga sparnaðinn. Það liggur líka fyrir að við gætum þurft að draga úr peningaumsvifum í landinu, það kæmi mjög til greina að gera það. Það er bindiskylda í bönkunum, það kæmi mjög vel til greina að auka bindiskyldu bankanna. Ég held að það lægi bara beint fyrir. Það er ýmislegt fleira sem við gætum gert. Ég hef verið að spyrja stjórnarandstöðuna í öllum þessum umræðum hvort þeir mundu taka undir skyldusparnað, skattahækkanir o.s.frv. Ég hef engin svör fengið við því. En ég held að beinasta aðgerðin sé sú að minnka umsvif bankanna enn meira. En auðvitað tekur ríkisstjórnin ákvörðun sína eftir að sérfræðingar hennar hafa gefið henni sín bestu ráð.

[17:49]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur aldrei spurt mig fyrr um það hvort ég mundi fylgja tillögum um skattahækkanir eða einhvers konar skyldusparnað. (**EOK:** Jú, jú.) Nei, herra forseti, en ég get bara lýst því yfir að ég er fylgjandi því að skoða það út í hörgul og sennilega eigum við að grípa til einhvers konar skyldusparnaðar. Ef ríkisstjórnin leggur fram tillögur um skattahækkanir, þá er ég a.m.k. reiðubúinn til að skoða það. Ég bendi hv. þm. á að ég hafði kjark til þess í miðri kosningabaráttu að segja að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar væru vitleysa og hef vafalaust uppskorið það eitt að tapa fjölmörgum atkvæðum. Allt það sem hv. þm. sagði nefnilega að við þyrftum að gera bentum við á fyrir kosningar. Ég get bent á mistök ríkisstjórnarinnar og t.d. aðferðina við að einkavæða bankana sem augljóslega leiddi til aukinnar þenslu. Hvað getum við gert til viðbótar, herra forseti, sem hv. þm. nefndi ekki? Það er að reyna að draga úr umsvifum ríkisins. Það er vissulega erfitt og er ákaflega auðvelt fyrir mig í stjórnarandstöðu að koma hér og segja það. En það er eigi að síður eitt af því sem við verðum að gera og okkur verður hrint fyrir það bjarg ef svo fer sem horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar núna. Við munum innan tíðar neyðast til að grípa til harkalegra aðhaldsaðgerða.

[17:51]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson flutti í annað sinn sömu ræðuna, en hann flutti hana líka við 2. umr. (**ÖS:** Þetta er í þriðja sinn.) Og nú jafnvel í þriðja sinn. Mér fannst ræðan ekki hafa breyst mjög mikið milli umræðnanna og ég er dálítið hissa á þessum mikla ræðusnillingi að hann skuli þurfa að tyggja upp sama málið aftur og aftur og bera fram sömu spurningarnar við sömu ráðherrana aftur og aftur. Ég hélt að það væri löngu ljóst að í frv. er náttúrlega verið að gera ýmislegt sem ég er alveg viss um að hv. þm. hefði tekið vel undir ef hann hefði verið ráðherra.

Ég minnist þess að þegar hann var í meirihlutastjórn á sínum tíma tók hann þátt í að fyrsta skóflustungan fyrir nýrri virkjun við Fljótsdal var tekin á sínum tíma. Hann tók einnig þátt í því að Fljótsdalsvirkjun yrði undanþegin umhverfismati til þess að það verk gæti haldið fram. Hann tók einnig þátt í því að línur um hálendið yrðu lagðar þannig að hægt væri að flytja rafmagnið á milli landshluta. Nú er allt í einu allt ómögulegt hjá hv. þm. Það er líka verið að reyna að draga úr þenslu með því að leggja peninga inn í Seðlabankann umfram það sem ríkissjóður hefur þurft að nota. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvað hv. þm. hefur til málanna að leggja sem ábyrgur fulltrúi í minni hluta. Ég hef ekki orðið var við eina einustu tillögu hjá honum til að mæta þeirri rosalegu vá sem hann hefur verið að básúna á undanförnu ári. Sú vá hefur ekki látið sjá sig og ég hugsa að það sé það ergilegasta fyrir hv. þm. að hin mikla vá sem hann talaði um fyrir kosningar hvarf, hún fannst ekki þegar til átti að taka.

[17:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir tiltölulega vænt um hv. þm. Kristján Pálsson og þess vegna ætla ég að hlífa honum við því að fara að ræða hér Fljótsdalsvirkjun.

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvar þessi vá væri. Ég spáði því fyrir sjö til átta mánuðum að viðskiptahallinn mundi ekki minnka heldur aukast. Hann hefur aukist um meira en 30%. Ég spáði því líka þá að verðbólgan mundi aukast og það voru reyndar fleiri sem gerðu það, hún hefur illu heilli aukist meira en ég spáði. Allt það sem við vorum að segja þá hefur því illu heilli gengið eftir. Það er ekki bara ég, herra forseti, sem hef haft uppi slík varnaðarorð, heldur líka ýmsir ágætir þingmenn meiri hlutans t.d. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og við höfum verið að ræðast við um þessi mál hér í dag.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að sjaldan sé góð vísa of oft kveðin. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það sem ég hef verið að segja í dag hef ég sennilega sagt tvisvar, þrisvar, jafnvel fjórum sinnum áður hér í þessum sölum. Og það er líka rétt hjá hv. þm. að ég hef margoft varpað fram sömu spurningunum til ráðherra. Nú ætla ég að upplýsa hv. þm. um hvernig á því stendur að ég margtygg þessar spurningar. Ég hef ekki fyrr en í dag fengið vott af svörum. Hv. formaður fjárln. hefur haldið eina ræðu fyrir utan nokkur andsvör svo ég viti til, en hæstv. fjmrh. hefur enn ekki haldið neina ræðu. Ég hef varpað til hans u.þ.b. tíu spurningum. Ég varpaði til hans sjö spurningum áðan og hann svaraði tveimur. Hann á enn eftir, herra forseti, að svara þeim spurningum um heilbrigðismálin og þátt hans í þeim aðgerðum sem bersýnilega þurfti að grípa til upp úr maí sl., en enginn gerði af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég hef engin svör fengið um þátt hans í þeim. Er það þá nokkuð skrýtið, herra forseti, að menn komi hingað og reyni hið fornkveðna að láta dropann hola steininn? Nei. Ég mun halda áfram eftir því sem föng gefast að spyrja þessara spurninga vegna þess að þær verða lykilatriði málsins og þær varða það hvernig við viljum sem fulltrúar skattborgaranna fara með peninga þeirra, peninga sem við eigum ekki sjálf.

[17:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að rétt sé að rifja það upp fyrir hv. þm. að núv. stjórnvöld, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, vinna hörðum höndum að því að reyna að taka á minni háttar vandamálum sem ég mundi kalla varðandi fjármál ríkisins. Aftur á móti er verið að taka á stóru málunum sem eru vandamál landsbyggðarinnar. Þá tölum við fyrst og fremst um flóttann af landsbyggðinni en með þessum fjárlögum er verið að sýna það svo sannarlega að það á að taka á því máli. Ég hef ekki orðið var við að hv. þm. hafi neina lausn á því.

Hv. þm. ætlar að hlífa mér við að tala um Fljótsdalsvirkjun. Ég veit ekki hvers vegna hann er að hlífa mér við því, það er engin ástæða til þess, hv. þm. Ég held að það sé fyrst og fremst hvernig hv. þm. hefur staðið að því máli sem getur vafist fyrir honum í umræðu þegar þar að kemur. Ég held, herra forseti, að með þessum fjárlögum muni sem betur fer takast að gera það sem þarf til að fjárhagur ríkisins verði viðunandi og ég vona svo sannarlega að almenningur sníði sér stakk eftir vexti.

[17:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Kristjáni Pálssyni, ég vona að það takist af hálfu hæstv. ríksstjórnar að ráða bug á þessum minni háttar vandamálum eins og verðbólgu sem er þrefalt til fjórfalt meiri en í samkeppnislöndum okkar og viðskiptahalla sem enginn virðist geta ráðið við. Þetta er auðvitað ekki minni háttar vandamál, herra forseti. Þetta eru meiri háttar vandamál. Þau eru svo meiri háttar að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar segir í Morgunblaðinu í dag að hér sé við alvarlegan vanda að etja og segir að grípa þurfi til frekari aðgerða en þeirra sem koma fram í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Vandinn sem við okkur blasir er sá, herra forseti, að við erum með meiri hluta Alþingis sem skellir skollaeyrum við aðvörunarorðum af þessu tagi. Við höfum því miður allt of mikið af þingmönnum eins og hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem virðist ekki vilja hlusta á það sem sérfræðingar hafa fram að færa. Dómur þeirra er alveg skýr. Við erum því miður ekki á réttri braut, dómur félaga hv. þm. úr fjárln., hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar er á nákvæmlega sömu lund.

[17:58]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega slæmt þegar fjárlög ganga ekki eftir í einu og öllu eins og raun hefur orðið á þessu ári. Sem betur fer hefur ríkissjóður borð fyrir báru nú um stundir. Við höfum farið yfir það við umræðu um fjáraukalög og fjárlög við 2. umr. hvernig brugðist verði við sjáist merki um alvarlega framúrkeyrslu á næsta ári. Við höfum rætt svo mikið um þetta núna og bréfað það margt að ég er sannfærður um að málin verða tekin öðrum og betri tökum. Ég miða það líka af því sem hæstv. fjmrh. sagði áðan og hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður fjárln., verklagsreglurnar eru í undirbúningi, þær eru að koma. (**Gripið fram í:** Enn þá?) Lögin eru til, í rauninni þarf ekki reglur en útfæra þarf hvernig lögunum verður beitt, það er það sem á vantar. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit þá getur verið svo að góðir hlutir gerist hægt. En góðir hlutir gerast nú sem betur fer.

Ég hef verið fullvissaður um það að lögum um fjárreiður ríkisins og lögum um opinbera starfsmenn verði fylgt þannig að framkvæmd fjárlaga verði eðlileg og rétt á árinu 2000. Lögin eru til eins og ég sagði, þeim þarf að sjálfsögðu að hlíta og ég treysti orðum hæstv. fjmrh. að þannig verði fram gengið. Ég hygg hins vegar að allir aðrir megi taka sig á, við eins og aðrir hér í þinginu og treysti á gott samstarf við hv. minni hluta fjárln. í því að okkur gangi að fylgja eftir okkar mikilvæga eftirlitshlutverki af hálfu löggjafans.

[18:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. að við þurfum öll að taka okkur á nema e.t.v. einn. Ég held að hv. þm. Hjálmar Jónsson þurfi ekki að taka sig á því að enginn hefur skilið þessa hluti betur en hann. Ef ég má, herra forseti, með leyfi lesa eftirfarandi tilvitnun í hv. þm. frá því við 2. umr. um fjárlög, þá sagði hv. þm.:

„Sú gagnrýni að heilbrrn. hefði átt að grípa fyrr í taumana þegar sýnt var að stefndi í óefni með reksturinn á þessu ári er ekki óeðlileg. Vel má segja að losarabragur hafi verið á stjórnsýslunni, a.m.k. vil ég hvorki né get neitað því. Þess vegna er lagt af stað með nýtt upplegg."

Loforð hv. þm. til okkar, herra forseti. Eftir að við höfðum verið að ræða viðmiðunarreglurnar sem við vildum fá að sjá í stjórnarandstöðunni, þá lofaði hv. þm. þessu, með leyfi forseta:

„Viðmiðunarreglur munu liggja fyrir við 3. umr. fjárlaga."

Þær liggja ekki fyrir. Hv. þm. lofaði að þær lægju fyrir og tók reyndar miklu stærra upp í sig en ég kæri mig um í sjálfu sér að vera að rifja upp. Þetta loforð lá fyrir. Við tókum það gott og gilt og töldum nauðsynlegt að þessar reglur lægju fyrir. Nú liggur það einfaldlega fyrir að þær eru einhvers staðar á floti í ráðuneyti hæstv. ráðherra Geirs H. Haardes og þær kunna að koma einhvern tíma í leitirnar á næsta ári. En það er alveg ljóst að þær mun ekki reka á fjörur fjárln. A.m.k. er ekkert sem hefur enn komið fram í umræðunni sem bendir til þess. Hæstv. fjmrh. gat þess hvert hann mundi senda þessar reglur til umsagnar áður en þeim yrði hrint í framkvæmd en það var átakanlegt að ekki var talað um fjárln. þar. Nú spyr ég hv. þm. Hjálmar Jónsson sem lofaði því að við fengjum þær til umræðu hvort hann muni beita

sér fyrir því og leggja hatt sinn að veði fyrir því að við fáum að ræða þetta áður en þær verða að veruleika.

[18:02]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er fullviss um að hæstv. fjmrh. komi með reglurnar til fjárln. og að sjálfsögðu munum við vera með í ráðum um framkvæmd fjárlaga á næsta ári samkvæmt lögum. Ég er líka sannfærður um að framkvæmd fjárlaga mun verða betri. Að öðru leyti vísa ég til nefndarálita meiri hluta fjárln. um það hvernig við lítum á málin nú um stundir og hvernig við viljum að fjárlögum verði fylgt á næsta ári.

Verklagsreglurnar eru til. Þær eru lög um opinbera starfsmenn og lög um fjárreiður ríkisins. Það sem vantar er hvernig þeim verði beitt. Það er það sem hæstv. fjmrh. er að láta vinna í ráðuneyti sínu og ég efast ekkert um að það verða örugg tök á fjármálum og efnahag ríkisins á næsta ári undir hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta Alþingis.

[18:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ímynda mér að hv. þm. hafi rétt fyrir sér þegar hann segir að við munum að öllum líkindum ekki standa í jafndjúpri for í þessum efnum að ári. Ég er sannfærður um það. Eitthvað hljóta menn að hafa lært af þessu og ég vona að hv. þm. sé í þeim hópi.

Hins vegar er ekki rétt hjá honum að verklagsreglurnar séu til í formi laga. Það var hv. þm. sem útskýrði gleggst fyrir okkur að það ætti að setja sérstakar viðmiðunarreglur m.a. um útfærslu samninga við stofnanir og hvað ætti að gera ef þeir gengju ekki eftir. Það var það sem við vildum fá að sjá og það var það sem hv. þm. Hjálmar Jónsson lofaði minni hlutanum að við mundum fá að sjá en það liggur fyrir að svo verður væntanlega ekki vegna þess að hv. þm. hefur ekki pólitískt afl til að standa við þessi orð. Ég verð auðvitað að sætta mig við það en vænti þess a.m.k. að hann sjái sóma sinn í að útvega þetta inn á formlegan fund fjárln.

Ég spurði hann um það hvort hann mundi beita sér fyrir því en svar hans var þess eðlis að ég hef fyllstu ástæðu til að efast um það.

[18:04]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 122. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 432; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 433.

Fjárlög 2000, 1. mál, brtt. GIG og GAK, þskj. 430; brtt. JB o.fl., þskj. 441, 442, 443; brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 444; brtt. EMS o.fl., þskj. 445.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 286. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 435.

Póst- og fjarskiptastofnun, 240. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 434.

Reynslusveitarfélög, 109. mál, nál. félmn., þskj. 440.

Vitamál, 57. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 431.

Umræðu frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 270. mál. — Þskj. 368.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, frh. 1. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Málefni fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DLH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DrH, GAK, GunnB, JóhS, LMR, LB, RG, SighB, SJóh) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Brunavarnir og brunamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 244. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Fjárlög 2000, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 372, frhnál. 401, 417 og 418, brtt. 402, 403, 404, 405, 406, 407, 408, 409, 411, 412, 413, 414, 419, 428, 430, 441, 442, 443, 444 og 445.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 428, 430 og 441–445. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 18:10]

[19:59]

Útbýting þingskjala:

Byggðastofnun, 224. mál, nál. allshn., þskj. 439.

Málefni aldraðra, 173. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 436; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 437.

Seðlabanki Íslands, 214. mál, nál. allshn., þskj. 438.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 228. mál, nál. umhvn., þskj. 446.

[19:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að blanda mér nokkuð inn í þá umræðu sem fer fram við fjárlögin nú við 3. umr. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fékk til umræðu og álits að fara yfir efnahagslegu áhrifin af breyttri þjóðhagsspá og þeim forsendum sem fjárlagafrv. byggir á fyrir næsta ár og nýrri tekjuspá sem lá fyrir og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Ég verð að segja, herra forseti, að þótt umræðan í nefndinni hafi verið um margt fróðleg og ýmislegt hafi þar komið fram þá var umræðan þar í raun og sanni í skötulíki vegna þess að efh.- og viðskn. fékk nánast engan tíma til að skoða málið og var ætlast til þess að hún afgreiddi málið út á sömu klukkutímunum og hún fékk það til umfjöllunar. Það eru auðvitað engin vinnubrögð, herra forseti, að haga málum þannig.

Eftir því sem ég best veit er litið þannig á þetta ákvæði í þingskapalögum, það að nefndir þingsins fjalli um ákveðna þætti fjárlagafrv., að fjárln. hafi þau álit til ráðjafar en ég dreg það í efa, herra forseti, að vinnulag sé með þeim hætti í hv. fjárln. Maður veltir því fyrir sér ákvæði þingskapa um þessa ráðgjöf, eins og frá efh.- og viðskn., og hvaða tilgangi hún þjóni þegar nefndin fær engan tíma til að fjalla um álit sitt eða kalla fyrir fulltrúa til að fara yfir stöðu mála eða þá að það sé mikið litið á slík álit í fjárln.

En mér finnst, herra forseti, eftir að hafa skoðað stöðuna eins og hún lítur út núna við 3. umr. mála og stöðuna á ýmsum efnahagsstærðum í þjóðfélaginu, ekki síst hrikalegan viðskiptahalla, mikla útlánaþenslu og eyðslu í þjóðfélaginu og litla aðhaldssemi af hálfu ríkisstjórnarinnar, að þetta sé um margt vísbending og minnir á að þetta sé undanfari kreppu sem við séum að sjá í efnahags- og hagkerfi þjóðarinnar. Því miður, herra forseti, þá finnst mér það blasa við.

Herra forseti. Mér finnst að hér sé um töluvert mikil frávik að ræða sem við erum að fjalla um núna við 3. umr. frá því að fjárlagafrv. var lagt fram. Ég tók eftir því í Morgunblaðinu í dag að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson gerir mjög lítið með þær breytingar og þau frávik sem við erum að fjalla um núna við 3. umr. og segir þjóðhagsspá í meginatriðum eins og þá fyrri þó að ákveðin frávik séu.

Við erum að tala um veruleg frávik, við erum að tala um að viðskiptahallinn hefur frá því í september aukist úr 32 milljörðum í 38 milljarða. Við erum að tala um tekjuauka hjá ríkissjóði miðað við spá upp á tæpum 5 milljörðum meiri en ráð var fyrir gert áður.

Miðað við þá ofþenslu sem er í hagkerfinu og þennan hrikalega viðskiptahalla brá mér nokkuð við að sjá ummæli hæstv. forsrh. í Morgunblaðinu í morgun ef við lítum til þeirrar miklu útlánaþenslu og þenslu almennt sem er í þjóðfélaginu. Hæstv. forsrh. orðar það eftir að hann hefur sagt að þetta séu ekki mikil frávik, með leyfi forseta:

„Hins vegar eru menn að gera sér glaðan dag, kannski dálítið umfram það sem skynsamlegt er.“

Þetta eru ummæli hæstv. forsrh. þegar við stöndum frammi fyrir hrikalega miklum viðskiptahalla sem hefur aukist um marga milljarða á örfáum mánuðum. Þegar við sjáum útlánaþensluna, útlánin hjá bönkunum hafa á tiltölulega stuttum tíma tvöfaldast, hjá einstaklingum úr 62 milljörðum í yfir 120 milljarða og hjá lögaðilum um rúma 120 milljarða í 240 milljarða. Skuldir heimilanna eru alveg hrikalegar, herra forseti, og hafa þær aukist frá árinu 1995 um 144 milljarða og aukast mjög mikið dag frá degi og viku frá viku og hæstv. forsrh. telur bara að menn séu að gera sér glaðan dag, kannski dálítið umfram það sem skynsamlegt er, eins og hann orðaði það í Morgunblaðinu í morgun. (**Gripið fram í:** Er það í kvöld?) Ja, það skyldi þó ekki vera í kvöld? Mér finnst þetta nú vera almennt sem forsrh. er að tala um það að þjóðin sé að gera sér glaðan dag, kannski dálítið umfram það sem skynsamlegt er. Það væri fróðlegt að fá hæstv. forsrh. í umræðuna hér enda sé ég að hv. formaður fjárln. brosir bara að þessu. Ég hugsa að hann trúi hæstv. forsrh. bærilega og þeim ummælum sem hann viðhefur. (**JónK:** Ég trúi þessu ekki að nokkur hafi látið þetta koma fyrir sig.) Það er alveg ástæða til að fara aðeins yfir skuldastöðu heimilanna undir þessum ummælum forsrh., ekki síst þegar framsóknarmenn eru hér viðstaddir, ekki síst formaður fjárln. vegna þess að Framsfl. talaði mjög mikið um skuldastöðu heimilanna þegar hann var í stjórnarandstöðu.

Frá árinu 1995 fram á mitt þetta ár hafa skuldir heimilanna aukist um 144 milljarða kr. Þær voru á miðju þessu ári hvorki meira né minna 477 milljarðar kr. Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna eru 144,2% eða rúmlega 44% umfram áætlaðar ráðstöfunartekjur heimilanna á þessu ári, hvorki meira né minna.

Eignir heimilanna, sem stundum er talað um í samhengi, hafa einungis aukist um tæpan helming af skuldunum eða aðeins um 62 milljarða kr. Eignirnar hafa aukist um 62 milljarða á þessu tímabili en skuldirnar um 144 milljarða. Skuldir heimilanna samsvara nú tæpum 1,8 millj. kr. á hvert einasta mannsbarn eða 7,2 millj. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Það sem er athyglisvert í þessari stöðu, sem ég held að hafi bara einu sinni gerst áður síðan 1930 eða 1940, er að eignaaukning landsmanna á þessum tíma er meiri vegna bifreiðakaupa en vegna íbúðakaupa. Forsrh. telur bara að menn séu að gera sér glaðan dag og skemmta sér kannski dálítið umfram það sem er skynsamlegt.

Ef við förum aðeins yfir eignir heimilanna og skuldastöðu þá eru eignir heimilanna um mitt þetta ár 729 milljarðar kr., þar af íbúðaeign 629 milljarðar kr. og bílaeign um 100 milljarðar kr. Það er athyglisvert eins og ég segi að af þessari 100 milljarða eignaaukningu er 62 milljarða eignaaukning frá 1995 fram á mitt þetta ár mest vegna aukinnar bifreiðaeignar eða 34 milljarðar en 28 milljarðar eru vegna íbúðaeignar. Skuldir heimilanna sem eru 44% umfram ráðstöfunartekjur samsvara rúmlega 17 mánaða ráðstöfunartekjum allra heimilanna í landinu en þær eru áætlaðar á þessu ári 341 milljarður kr.

Þessar skuldir heimilanna eru verulegt áhyggjuefni og virðast haldast í hendur við mikla útlánaaukningu innlánsstofnana sem hefur tvöfaldast eins og ég sagði frá árinu 1995. Ástæða er til að nefna það að í niðursveiflu í efnahagslífinu var vöxtur skulda heimilanna mun minni en á fimm ára tímabilinu 1988–1992, þá jukust skuldir heimilanna um 118 milljarða á móti 144 milljörðum nú í góðærinu. Þetta eru allt tölur sem eru settar fram á sambærilegu verðlagi. Ég spyr hv.

formann fjárln. hvað hann segi um þessa stöðu á skuldum heimilanna. Ég hef verulegar áhyggjur af þessu.

Ég býst við þegar verið er að tala um eyðsluskuldir að mikið af þessum skuldum séu til komnar vegna nauðsynja margra heimila sem eiga kannski ekki fyrir framfærslunni út mánuðinn vegna þess að launin eru svo lág í landinu. En auðvitað er mikið af þessu eyðsluskuldir, ekki síst bera tölur um mikla aukningu á bifreiðaeign þess merki. Á þessu hefur ríkissjóður fitnað. Af þessu hafa náttúrlega komið inn þessar miklu tekjur sem eru, eins og fram kom í Degi í morgun undir mynd af Jóni Kristjánssyni formanni fjárln. Alþingis, að „ríkissjóður veit vart aura sinna tal".

Viðskiptahallinn hefur sem sagt frá október og þar til núna í þessari nýju spá á árinu 1999 aukist um 9 milljarða kr. Ástæða er til þess að staldra aðeins við þennan mikla viðskiptahalla.

Við sjáum það á yfirliti sem við í efh.- og viðskn. fengum frá Þjóðhagsstofnun að á árinu 1997 var viðskiptahallinn um 7,6 milljarðar, 33 milljarðar árið 1998 — ég er með bráðabirgðatölur — og áætlunin er 38 milljarðar 1999. Ég man ekki betur en þegar þessi ríkisstjórn tók við 1995 hafi verið jákvæður viðskiptajöfnuður. En nú stöndum við frammi fyrir því í góðærinu og þenslunni að viðskiptajöfnuðurinn er 38 milljarðar kr.

Það kom fram í efh.- og viðskn. að hvergi er að finna annan eins viðskiptahalla í löndunum sem við berum okkur saman við nema á Nýja-Sjálandi.

Þegar litið er á hreinar, erlendar langtímaskuldir hafa þær farið vaxandi en þær voru 46–47% af vergri landsframleiðslu árið 1996. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í efh.- og viðskn. stefna þær í tæplega 53% á næsta ári.

Ég þykist sannfærð um að hæstv. fjmrh. hljóti að hafa verulegar áhyggjur af hríðminnkandi þjóðhagslegum sparnaði sem hefur ekki verið minni um langt skeið og er nú 14% af landsframleiðslu. En það kom fram í efh.- og viðskn. hjá fulltrúum Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar að þjóðhagslegur sparnaður þyrfti að vera 30 milljörðum meiri eða 19% af landsframleiðslu til að sparnaður standi undir áformaðri fjárfestingu á næsta ári, hvorki meira né minna, 30 milljörðum meiri eða 19% af landsframleiðslu til að hann stæði undir áformaðri fjárfestingu á næsta ári.

Við fengum yfirlit frá Þjóðhagsstofnun um þjóðhagslegan sparnað sem hlutfall af landsframleiðslu frá 1980 til ársins 2000, næsta ár, eins og hann er áformaður. Það eru nokkuð svartar tölur sem við sjáum þar þegar við berum hann saman nú við það sem hann hefur verið. Árið 1980 var hann 24% af landsframleiðslu og í ár og næsta ár verður hann um 14%. Á þessu 20 ára tímabili hefur hann einungis tvívegis verið svipað hlutfall af landsframleiðslu og það var 1991 og 1985.

Staðan er grafalvarleg og ekkert tilefni til að vera raunverulega að gantast með það eins og mér finnst hæstv. forsrh. gera í Morgunblaðinu í dag þegar hann er að tala um að menn séu að gera sér glaðan dag og kannski dálítið umfram það sem er skynsamlegt.

Hvernig á að bregðast við þessu, herra forseti? Ég spyr hæstv. fjmrh., ég veit að hann er á mælendaskrá hér á eftir og hlýtur að koma inn á stöðuna að því er varðar þjóðhagslegan sparnað, hvort vænta megi einhverra aðgerða eða tillagna frá hæstv. ríkisstjórn til að bregðast við þessu. Mér fannst það reyndar koma fram í hv. efh.- og viðskn. að viðspyrnan með vaxtahækkun mundi ekki skila miklu við þessar aðstæður. Vissulega er mikilvægt að skila ríkissjóði með afgangi upp á 15 milljarða kr. en ég get ekki séð að ríkisstjórnin eigi nein verðlaun skilið fyrir það. Þetta hlýtur að vera tiltölulega auðvelt að gera þegar tekjuaukningin er 23 milljarðar bara á þessu ári, rúmlega 23 milljarðar kr. Núna í desember — frá því í október — eru tekjurnar áætlaðar tæplega fimm milljörðum meiri. 28 milljarða hefur ríkisstjórnin fengið í tekjuauka umfram það sem fjárlög þessa árs og áform næsta árs gera ráð fyrir. Þetta eru verulega miklar tekjur og ekki neitt sérstakur árangur að sjá 15 milljarða tekjuafgang á þessu ári, kannski 16–17, ef ég man töluna rétt, fyrir næsta ár.

Í þessu sambandi vil ég minna á þau frávik sem við erum að sjá í tekjuáætlun, þau er nokkuð alvarlegt umhugsunarefni. Við höfum séð fjárlög eftir fjárlög, ekki bara hjá þessari ríkisstjórn heldur fleirum, nokkur frávik í tekjuáætlunum. En svona stór frávik hefur maður náttúrlega aldrei séð. Ég minnti á það þegar við vorum að ræða fjáraukalögin fyrr í vetur að Ríkisendurskoðun hefur gert athugasemdir við þetta og gerði athugasemd við tekjuhliðina á fjárlögunum. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í fjáraukalögum fyrir árið 1998 sem samþykkt voru í lok desember 1998 var tekjuhliðin endurskoðuð um 9,4 milljarða kr. til hækkunar."

Ég skýt því hér inn að við erum að tala um að tekjuhliðin var endurskoðuð um 23 milljarða til hækkunar. En Ríkisendurskoðun sagði í tilefni af þessu 9 milljarða fráviki orðrétt, *með leyfi forseta:*

„Ríkisendurskoðun telur að þau umtalsverðu frávik sem fram koma í tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1998 og undanfarin ár hljóti að beina sjónum að þeim efnahagsforsendum sem tekjuáætlun ríkissjóðs grundvallast á."

Þar vorum við að ræða um 10 milljarða en nú erum við að ræða um 23 milljarða kr. Það hlýtur því að vera alvarlegt umhugsunarefni hve mikil frávik eru frá samþykktum fjárlögum, sem er þá raunverulega ekkert að marka, hvorki á tekjuhlið né útgjaldahlið þegar frávikin eru svona gífurlega mikil.

Ég skal reyna að fara fremur hratt yfir sögu. Það er náttúrlega ljóst að verðbólgan hefur vaxið mjög mikið og bara á sl. 12 mánuðum hefur verðbólgan verið 5,6%. Flest lönd OECD eru með lægri verðbólgu fyrir utan Tyrkland, Mexíkó, Ungverjaland og Pólland. Við erum á bekk með þeim að því er varðar verðbólguna. Þetta er nú ekki mikið til að státa sig af í efnahagsárangri. Og það er talað um að þetta sé tvöfalt eða sennilega nær þrefalt meira en í löndunum sem við berum okkur saman við.

Við sjáum nokkurn útgjaldaauka hjá ríkisstjórninni núna við 3. umr. eða frá því að fjárlagafrv. var lagt fram, um 3,2 milljarða kr. Síðan erum við að sjá viðbótartekjur. Það kom fram hjá efh.- og viðskn. að meira að segja í þeim tekjuauka eru áætlaðar tekjur af frv. sem er í efh.- og viðskn. og hæstv. ráðherra hefur beðið nefndina að flytja, sem er afnám skattfrelsis af ríkispappírum, og hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin eru greinilega búin að reikna sér tekjur af, þó að nefndin hafi ekki einu sinni komist að neinni niðurstöðu um hvort hún flytur málið inn í þingið. Það er nokkuð sérstakt. Þetta er ábyggilega hið besta mál og ég vil endilega vera með hæstv. ráðherra í að loka fyrir einhverjar stórar skattaglufur. En það er tiltölulega stuttur eða enginn tími sem nefndin fær til að fjalla um áhrifin af því frv. og hvort þetta sé yfirleitt gerlegt

miðað við það að þeir sem keypt hafa slíka pappíra hafa gert það í krafti þess að þeir eru auglýstir eignarskattsfrjálsir.

Þessi tekjuafgangur sem hæstv. fjmrh. og formaður fjárln. tala mikið um er til kominn að verulega leyti vegna sölu ríkisfyrirtækja, ég held að áformin séu 4,5 milljarðar af þessum 16, 17 milljörðum sem eru vegna sölu á ríkisfyrirtækjum. Og að því er varðar 15 milljarðana á þessu ári er það líka til komið vegna sölu á eignum.

Það sem var athyglisvert í umfjöllun efh.- og viðskn. var líka að fulltrúi Seðlabankans sem kom á fund nefndarinnar telur að til lengri tíma litið vanti um 20 milljarða í þjóðhagslegan sparnað og sagði að í því ljósi hefði þurft um 30 milljarða tekjuafgang á fjárlögum næsta árs eða um helmingi meira en ríkisstjórnin áformar.

Ég held að miðað við þær stærðir sem við glímum núna við í þjóðfélaginu eftir mikið góðæri og uppsveiflu, þá sé raunverulega ekki hægt að segja annað en að almennt aðhalds- og fyrirhyggjuleysi hafi einkennt efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og vissulega hætta á að þeim stöðugleika sem við höfum búið við á undanförnum árum sé alvarlega ógnað. Mér finnst ekkert ósennilegt að áframhaldandi viðskiptahalli af þeirri stærðargráðu sem nú er og áfram stefnir í á næsta ári sé ákveðin tímasprengja sem ég heyrði að t.d. Seðlabankinn hefur áhyggjur af að geti grafið undan gengi krónunnar. Mér finnst þetta vera kaldar kveðjur til launafólks sem lagt hefur mikið á sig til að viðhalda stöðugleikanum í þjóðfélaginu sem nú er verulega ógnað og tímasetningin, kannski er það tilviljun að þetta er á sama tíma og kjarasamningar eru lausir og launafólk er að búa sig undir að gera kröfur um að fá meira í sitt launaumslag.

Herra forseti. Ég vil aðeins fara í nokkur atriði í fjárlagafrv. þar sem ég sá tilefni til þess að fara í ræðustól vegna umfjöllunar efh.- og viðskn. um tekjuhlið þessa frv. og nýja þjóðhagsspá. Ég vil fara yfir það sem lífeyrisþegum er ætlað í frv. Mér sýnist að engar breytingar hafi orðið á því að það sem frv. ætlar lífeyrisþegum eða hækkun á bótum lífeyrisþega á næsta ári er um 3% fyrir utan 1%, ef ég skil málið rétt, sem sett er í einhvern pott til vara. Og ef við miðum við að skammta eigi lífeyrisþegum 3% á næsta ári í hækkun á grunnlífeyri sínum og tekjutryggingu þá erum við nú ekki að tala um stórar fjárhæðir. Þetta er 1.400 kr. hækkun á mánuði.

Það er kannski skrýtið miðað við þá ræðu sem ég hélt áðan að tala um að auka eigi útgjöldin meira með hækkun á bótum lífeyrisþega en ég ætla nú samt að gera það. Það sem ég er að gagnrýna þegar ég tala um útgjaldaþenslu er forgangurinn sem ríkisstjórnin hefur varðandi útgjöldin. Ég hefði haldið að tími væri kominn til þess að lífeyrisþegar, öryrkjarnir og ellilífeyrisþegarnir væru í forgangi hjá ríkisstjórninni. Við ræddum það fyrr í dag hvernig farið er með þann sjóð sem öryrkjar treysta mikið á, Framkvæmdasjóð fatlaðra, en á þessu og næsta ári á að skera niður lögbundnar tekjur hans um 700 millj. kr. Við þekkjum hvernig farið var með lífeyrisþega á síðasta kjörtímabili þegar þeir fengu miklu minna en aðrir af því að kjarabætur þeirra hafa hangið saman við hækkun á neysluvísitölu sem hefur hækkað miklu minna á umliðnu kjörtímabili en launavísitalan, og mér sýnist að þar sé engin breyting á.

Mér finnst ástæða til að nefna af þessu tilefni, og hef ég haldið því nokkuð oft til haga í umræðum, að það er mjög sérkennilegt að lífeyrisþegar borgi 40% skatt af lífeyrisgreiðslum sínum sem þeir fá úr lífeyrissjóði meðan þeir sem eiga fjármagn eða hafa fjármagnstekjur borga einungis 10%. Því að reiknað hefur verið út að $^2/_3$ af þessum greiðslum sem ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar fá út úr lífeyrissjóðunum séu fjármagnstekjur, það séu vextir og verðbætur. En aðrir sem eiga fjármagnseignir borga einungis 10% í fjármagnstekjuskatt.

Ég sé að Félag eldri borgara hefur óskað eftir fundi með fjmrh. um greiðslu tekjuskatts af vaxtahluta lífeyris. Þeir tefla fram lögfræðilegri álitsgerð Jónasar Þórs Guðmundssonar héraðsdómslögmanns og Sigurðar Líndals prófessors í þessu efni og telja að eins og þessum greiðslum sé háttað í skatti sé það brot á stjórnarskránni. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra, af því að fjárlagafrv. boðar nú lífeyrisþegum hvað á að skammta þeim á næsta ári, hver sé skoðun hans á þessu áliti Félags eldri borgara. Er hann því sammála og hefur hann eitthvað skoðað málið, hvort lífeyrisgreiðslurnar sem ellilífeyrisþegar fá úr lífeyrissjóði eigi frekar að skattleggja eins og fjármagnstekjuskatt fremur en tekjuskatt? Ég vænti þess að ráðherrann hafi einhverja skoðun á málinu og vil spyrja hann um það í þessari umræðu.

Síðan á að halda áfram að skerða persónuafsláttinn og skattfrelsismörkin. Ég veit að ASÍ hefur í tengslum við annað frv., sem verður hér væntanlega til umræðu á morgun, gert miklar athugasemdir við meðferðina á skattleysismörkunum og persónuafslættinum á undanförnum árum og segir í áliti til efh.- og viðskn., tengt öðru skattamáli, að sú aðferð sem notuð hafi verið síðustu árin til að fjármagna skattbreytingar sé að láta skattleysismörkin síga miðað við launaþróun í landinu og við það aukist tekjur ríkissjóðs. Og þeir segja að í fjárlagafrv. fyrir árið 2000 sé einungis gert ráð fyrir 2,5% hækkun persónuafsláttar á meðan gert er ráð fyrir að laun hækki um 4–5%. Það virðist engin breyting eiga að verða á því hjá hæstv. ríkisstjórn.

Það væri fróðlegt, af því að hæstv. ráðherra kemur væntanlega hér á eftir, að spyrja hann hvers við megum vænta varðandi skattalagabreytingar. Er eitthvað á döfinni hjá ríkisstjórninni á næsta ári varðandi skattalagabreytingar sem snúa að einstaklingum, t.d. að draga úr tekjutengingum, svo ekki sé minnst á barnabætur? Vegna þess að í fjárlagafrv. er ljóst að enn á að skerða barnabætur og hæstv. ráðherra bendir væntanlega á að það sé afleiðing af hærri tekjum hjá fólki o.s.frv. Það eru lítil rök í málinu vegna þess að hér höfum við farið yfir velferðarkerfið og var það gert rækilega í síðustu viku eða þar áður í tengslum við þá úttekt sem Tryggingastofnun beitti sér fyrir um „íslensku leiðina“. Þar kom náttúrlega í ljós að við erum ekki nema hálfdrættingar á við Norðurlandaþjóðirnar að því er varðar velferðarkerfið og ætla ég ekkert að fara að endurtaka þá umræðu sem þar varð. En þar kemur líka fram að mjög sjaldgæft er að barnabætur séu tekjutengdar í löndum OECD. Og skýringin á því að þær eru væntanlega að lækka hér á fjárlögum er þessi tekjutenging.

Barnabæturnar hafa lækkað frá 1991 um hvorki meira né minna en 1.200 millj. kr. Þeim sem fá barnabætur hefur náttúrlega fjölgað um einhverja tugi þúsunda. Ég hygg að barnabætur og greiðslur barnabóta sé vænlegasta aðgerðin sem við förum í til að styrkja stoðir fjölskyldunnar, eins og stendur svo fallega í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Það er ýmislegt annað sem hægt væri að ræða í tengslum við þessa umræðu en margir eru á mælendaskrá og ég vil ekki verða til þess að tefja umræðuna mikið. Ég vil þó vekja athygli á stöðu einstæðra foreldra. Nýlega kom skýrsla um stöðu þeirra til þingsins og ég held að ljóst sé,

herra forseti, og ástæða til að halda því til haga að staða einstæðra foreldra er mjög slæm. Lítið hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar til að bæta stöðu einstæðra foreldra í því góðæri sem við höfum búið við. Það er kannski ekki mikils að vænta á næstunni ef við erum að fara að sigla niður í einhverja mikla niðursveiflu, efnahagslægð og vaxandi verðbólgu. Það virðast því ekki vera mjög bjartir tímar fram undan hjá einstæðum foreldrum.

Þó við tölum fyrir aðhaldi í fjárlögum höfum við þó leyft okkur, ég ætla ekkert að ræða það mikið hér í tengslum við annað frv., að flytja litla brtt. til að bæta stöðu einstæðra foreldra sem kostar 45 millj. kr. sem ég held að menn ættu aðeins að huga að hvort ekki væri rétt að gera vegna þess að það bætir stöðu um 2.000 einstæðra foreldra ef sú leið sem við tölum fyrir yrði farin og kostar ekki nema 45 millj. kr. Það mundi ekkert standa á okkur, herra forseti, að benda á sparnað eða tekjuöflunarleiðir til þess að standa á móti eins og við raunar gerum núna við fjárlagaafgreiðsluna, 3. umr. fjárlaga, þeim útgjaldaauka sem við flytjum, sem tengist aðallega og raunverulega eingöngu, lífeyrisþegum. Við bendum á móti á í fjárhagstillögum okkar hvernig eigi að afla tekna í þær, hvernig eigi að spara og skilum, ef ég man rétt, einhverjum viðbótarafgangi engu að síður þó farið yrði í að bæta kjör lífeyrisþeganna eins og við leggjum til.

Það er nefnilega forgangurinn sem skiptir miklu máli. Bent hefur verið á að það er svolítil þensla hjá t.d. aðalskrifstofum ráðuneytanna eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur bent á. Hún er töluvert mikil og það er ekki hægt að segja annað, herra forseti, þegar við erum að tala um allt uppi nálægt 20% hækkun milli fjárlaganna 1999 og fjárlagafrv. fyrir árið 2000. Ég hef ekki borið það saman við einhverjar brtt. sem liggja fyrir en þetta voru tölur eins og lágu fyrir þegar fjárlagafrv. var lagt fram.

Síðan eru það húsnæðismálin og skal það verða síðasti málaflokkurinn sem ég fjalla um við þessa umræðu. Hæstv. ráðherra ræddi það fyrr í vetur að hann hefði nokkrar áhyggjur af útgáfu húsbréfa. Ég hygg að það sé alveg tilefni til þess og við höfum farið yfir það að ýmsir hafa áhyggjur af að greiðslumatið sé allt of rúmt. En þegar við skoðum þetta fjárlagafrv. að því er varðar húsnæðismálin spyr ég hæstv. ráðherra hvort það þýði ekki það sem hér er talað um varðandi Íbúðalánasjóðinn, að það eigi að minnka ríkisframlagið, sem var 180 milljónir á þessu ári, niður í 100 milljónir, að hægt sé að búast við vaxtahækkunum að því er varðar lán til leiguíbúða. Þessar 180 milljónir voru notaðar til að greiða niður lán hjá leiguíbúðum og það var bara hægt að veita lán til 120 leiguíbúða með 1% vöxtum á þessu ári, aðrar lánveitingar til leiguíbúða voru ýmist á 2,4% vöxtum eða 3,2% vöxtum. Nú er talað um að fjölga íbúðunum og það eigi að lána til 240–280 leiguíbúða, ég man ekki nákvæmlega töluna, en ríkisframlagið á að minnka um 100 milljónir. Ég spyr ráðherrann: Er hægt að draga aðra ályktun af því en að vaxtakjör á leiguíbúðum muni fara hækkandi á næsta ári? Ég get ekki séð það þegar á að fjölga íbúðunum sem veita á lán til en draga úr ríkisframlaginu annað en að það þýði vaxtahækkun og spyr ég um skilning hæstv. ráðherra á því.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Það var ekki hugmyndin að flytja langt mál þó að öll efni standi til að ræða ítarlega fjárlagafrv. nú við 3. umr. og þær horfur sem eru fram undan í efnahagsmálum sem eru nokkuð skuggalegar. Við hljótum öll bæði í stjórn og stjórnarandstöðu að deila áhyggjum af því að efnahagshorfurnar eru nokkuð skuggalegar, bæði að því er varðar verðbólguþróunina og ekki síður viðskiptahallann. Ég hef verulegar áhyggjur af því, eins og ég sagði í upphafi máls míns, hvert stefnir varðandi skuldir heimilanna og þá miklu útlánaþenslu sem er í öllu hagkerfinu. Þetta eru áhyggjur sem við hljótum að deila saman.

Ég hef lagt spurningu fyrir hæstv. ráðherra sem tengist þjóðhagslega sparnaðinum sem hefur farið mjög minnkandi eins og ég gat um í máli mínu og ég spurði ráðherrann um viðbrögð hans við því hvort eitthvað væri á döfinni hjá ríkisstjórninni varðandi það að taka á þeirri ofþenslu sem er í hagkerfinu. Ég beindi ákveðinni spurningu til hans varðandi vaxtakjörin á leiguíbúðunum og ekki síst hvort hann sé tilbúinn til að lýsa skoðun sinni á því sem fram kemur hjá eldri borgurum að því er varðar skattlagningu á greiðslur úr lífeyrissjóðum.

[20:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna að koma að síðasta atriðinu sem hv. þm. nefndi í lok ræðu sinnar þó að ég telji reyndar að eðlilegra sé að gefa fjmrh. færi á að svara bréfriturum fyrst áður en leitað er svara á Alþingi við því hvernig því bréfi verður svarað sem borist hefur frá Félagi eldri borgara.

En spurt er: Telur fjmrh. að það sé brot á stjórnarskránni að skattleggja tekjur úr lífeyrissjóðum með þeim hætti sem gert er í dag? Svarið við því er að sjálfsögðu nei, það liggur í augum uppi að ég get ekki tekið undir slíkt viðhorf.

Hins vegar vil ég benda á að þetta mál er miklu flóknara en látið hefur verið í veðri vaka. Inn í það spilar m.a. sú staðreynd að lífeyrissjóðir greiða ekki fjármagnstekjuskatt af vaxtatekjum sínum, að innborgarnir í lífeyrissjóði eru skattfrjálsar o.fl. þess háttar. Hins vegar hefur til þessa verið fjallað um þetta mál meira á pólitískum forsendum, en nú er farið að fitja upp á því að þetta sé kannski fyrst og fremst lögfræðilegt álitamál og að því vikið í þessu máli að það sé kannski best að láta á það reyna fyrir dómstólum.

Vera má að svo sé. Ég hef hins vegar fulla trú á því að það form sem er á þessari skattlagningu í dag standist fyllilega allar lögfræðilegar kröfur, það sé ekki vafamál.

Ég bendi á að það getur verið mjög varhugavert að huga eingöngu að uppruna fjármagns, hvaðan það kemur þegar það rennur síðan til annarra þarfa. Það er ekki einhlítur mælikvarði á eðli greiðslna hver uppruni fjármagnsins er áður en til slíkra greiðslna kemur.

[20:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og viðbrögð við því sem ég spurði hann um og vænti þess í ræðu hans hér á eftir að hann svari þeim tveimur eða þremur spurningum öðrum sem ég beindi til hans.

Hæstv. ráðherra virðist greinilega vera búinn að láta kanna málið af hálfu ráðuneytisins þar sem hann telur að ekki sé um brot á stjórnarskránni að ræða. Það er því greinlegt að lögfræðilegt álit sem Félag eldri borgara hefur gert og það álit sem ráðherrann hæstv. setur fram í þessu efni stangast á.

Þegar ég hlýddi á þessa frétt frá Félagi eldri borgara fannst mér að félagið væri að fara fram með mjög sanngjarna kröfu og biðja um sátt við fjmrh. hæstv. í þessu máli.

Þegar við tölum um fjármagnstekjur annars vegar, hvernig þær eru skattlagðar, og þegar það er viðurkennt að $^2/_3$ hlutar af þessum lífeyrisgreiðslum eru ekkert annað en vextir og verðbætur hljóta menn að staldra við og bera þetta saman

og spyrja af hverju sá hluti sem aldraðir fá úr lífeyrisjóðunum beri 40% skatt meðan fjármagneigendur greiða ekki nema 10% skatt af þeim tekjum sem þeir fá af sínu fjármagni. Þess vegna finnst mér þessi krafa eðlileg og tel að hæstv. ráðherra eigi nú að skoða það með opnum huga að verða við þessari sanngjörnu ósk lífeyrisþega. Ég minni á í leiðinni að ef leið okkar í Samfylkingunni hefði verið farin varðandi framkvæmd á fjármagnstekjuskattinum hefði verulega stór hluti fjármagnstekna verið undir ákveðnu frítekjumarki sem við vildum hafa og tel ég að það mætti skoða í þessu sambandi.

En aðalatriðið finnst mér að hæstv. ráðherra skoði það með opnum huga að leita sátta við Félag eldri borgara í þessu máli.

[20:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það geti ekki komið þingmanninum á óvart að ég hafi þá skoðun að skattlagningin eins og hún er í dag standist stjórnarskrána því ef ég hefði ekki þá skoðun gæti ég ekki staðið hér sem fjmrh. og borið ábyrgð á þeirri skattheimtu. Það er augljóst mál. Sú skattheimta er að sjálfsögðu fyllilega í samræmi við landslög og eftir því sem fróðustu menn á því sviði í þjónustu ríkisins hafa talið, auðvitað einnig í samræmi við stjórnarskrána.

Hins vegar er þetta auðvitað ekki hluti af fjárlögum sem er verið að ræða við 3. umr. Þetta er dæmi um mál sem er tekið upp í fjárlagaumræðunni þó að það sé alls ekkert hluti af þessu frv. Reyndar eru mörg fleiri dæmi um slík mál í umræðunni, það er eins og gengur hér á Alþingi, fólk talar um það sem því dettur í hug þó verið sé að ræða eitthvert tiltekið þingmál.

Þetta er mál sem hefur ítrekað borið á góma í samtölum fulltrúa Félags eldri borgara og þeirra samtaka við fulltrúa ríkisvaldsins en ég hyggst engu svara frekar um það hér við þetta tækifæri hvort þarna er einhver flötur á því að gera breytingar. Ég veit það ekki. Við höfum verið að velta því fyrir okkur. Ég bendi á þessa annmarka og þessar aðrar hliðar á málinu sem koma að sjálfsögðu ekki fram í málflutningi þeirra sem rituðu mér þetta bréf sem gera það að verkum að málið er ekki líkt því eins einfalt og þeir láta í veðri vaka.

Svo vek ég athygli á því að þetta mál er komið að því stigi af þeirra hálfu að vera pólitískt umfjöllunarefni yfir í það að verða jafnvel lögfræðilegt ágreiningsefni og það breytir auðvitað eðli málsins.

[20:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst alveg óþarfi hjá hæstv. ráðherra að vera að skattyrðast út í það þó að þetta mál sé sérstaklega tekið upp í tengslum við fjárlagafrv. Við erum mörg hér inni sem höfum verulegar áhyggjur af kjörum aldraðra, það endurspeglast í þeim brtt. sem hafa verið fluttar sem fjárlagafrv. greinilega ætlar að skammta mjög á næsta ári. Þau ákvæði sem koma þar fram gefa ekki tilefni til mikillar bjartsýni og lýsa því að stjórnarmeirihlutinn ætlar að hækka bætur almannatrygginga að öllu óbreyttu um 1.400 kr. á mánuði sem er auðvitað nánast ekki neitt. Ef maður sá einhverja glufu þarna sem gæti bætt stöðu gamla fólksins eða aldraðra með því að hæstv. fjmrh. næði einhverri sátt við Félag eldri borgara um þær körfur sem þeir setja fram og réttmætar tillögur hefði hann kannski verið sáttari í þessu máli að því er varðar stöðu og hag eldri borgara. Því er ekkert óeðlilegt þótt þetta sé tekið upp í umræðunni.

Það er alveg ljóst að lögfræðilegur ágreiningur er um þetta mál. Mér finnst mjög eðlilegt að Félag eldri borgara bendi á jafnræðisreglu og eignarréttarákvæði í stjórnarskránni máli sínu til stuðnings. Þetta hefur verið ein af stóru kröfunum sem aldraðir og hagsmunasamtök þeirra hafa sett fram og þeir hljóta að hafa leitað ráðgjafar og álits í því efni, m.a. lögfræðilegs, hver staða þeirra er þegar þeim finnst þeir búa við þessa mismunun. Þetta er niðurstaða þeirra og ég hvet hæstv. ráðherrann enn og aftur til að skoða málið með opnum hug og reyna að koma til móts við þessar sanngjörnu óskir Félags eldri borgara.

[20:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það dregur að því að afgreiðslu fjárlagafrv. á Alþingi fari að ljúka og að niðurstaðan liggi ljós fyrir um fjárlög ríkisins árið 2000. Við höfum að undanförnu fjallað um fjáraukalögin fyrir árið 1999 samhliða frv. til fjárlaga fyrir næsta ár og búið er að lögfest fjáraukalögin fyrir árið í ár. Ef allt fer fram sem horfir verða fjárlögin orðin að lögum á morgun.

Mörg orð hafa verið látin falla í umræðum um bæði þessi mál. Af umræðunni mætti halda að í mikið óefni væri komið í ríkisfjármálum og að óstjórn ríkti í þeim efnum. „Gríðarleg lausatök" er vinsælt að segja um stöðu mála hér.

Eigi að síður er ríkissjóður á þessu ári og næsta ári að skila meiri afgangi en nokkru sinni áður í sögunni, hvort heldur litið er á tölurnar sjálfar, milljarðana sem verið er að skila í afgang eða hlutfall af landsframleiðslu. Í ár er afgangurinn áætlaður u.þ.b. 15 milljarðar kr. Það er 12,5 milljörðum meira en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Það er að sjálfsögðu í og með vegna þess að sala ríkiseigna hefur verið mun meiri en við reiknuðum með á þessu ári þegar fjárlögin voru afgreidd. Tekju- og veltubreytingar í þjóðfélaginu hafa einnig verið meiri en ráð var fyrir gert.

Mikið er gert úr því að tekjur af veltusköttum hafi aukist. En tekjur af tekjusköttum hafa líka aukist verulega, bæði af tekjusköttum einstaklinga og lögaðila. Það er auðvitað til marks um bætta afkomu fyrirtækja og einstaklinga.

En að því er árið 2000 varðar þá hefur nú tekist, annað árið í röð og það mun vera einsdæmi svo langt sem elstu menn muna, að skila fjárlögunum við 3. umr. með meiri afgangi en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir í upphafi. Í fyrra munaði þar 500 millj. kr., nú munar þar 1,7 milljörðum kr. þrátt fyrir að tekið hafi verið tillit til þeirra útgjalda sem óhjákvæmileg voru talin í heilbrigðiskerfinu. Það var ákveðið, eins og mönnum hefur verið tíðrætt um, að auka verulega framlög til heilbrigðiskerfisins á þessu ári. Þau útgjöld flytjast síðan að sjálfsögðu áfram yfir á árið 2000 vegna þess að umfangið hefur aukist, aukið umfang hefur verið viðurkennt og bætt við grunninn eins og það er kallað. Ég hef ekki orðið var við að menn hafi almennt mótmælt því að sú aukning í heilbrigðiskerfinu hafi verið nauðsynleg. Hvernig var hún til komin? Hún var tilkomin vegna þess að við heilbrrh. óskuðum eftir að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á stöðu heilbrigðisstofnana. Þegar sú úttekt lá fyrir og búið var að sannreyna hver staðan var þá var ákveðið að horfast í augu við þær staðreyndir, greiða upp þann halla sem kominn var fram á þessu ári og gera ráð fyrir sambærilegu umfangi á næsta ári.

Það er talað um að þetta valdi mikilli þenslu. Það er auðvitað ekki rétt vegna þess að þessi útgjöld eru þegar til fallin.

Það er búið að eyða þessum peningum. Það á að vísu eftir að borga einhverja af reikningunum á þessu ári. Hér er sem sagt um það að ræða að búið er að afmarka umfang rekstrarins á heilbrigðisstofnununum upp á nýtt. Nú er auðvitað mikilvægast af öllu að tryggja að þessi rammi haldi á þessu ári. Hann á auðvitað að geta gert það, það eru ekki margir óvissuþættir í rekstrinum á þessu ári. Kjarasamningar eru til að mynda ekki lausir fyrr en seinni hluta ársins og munu ekki hafa áhrif fyrr en þar að kemur. Áhrifa þeirra mun gæta tvo, þrjá mánuði af næsta ári í flestum tilfellum, þ.e. þegar um er að ræða samtök opinberra starfsmanna. Þó má vera að félagsmenn hinna almennu verkalýðsfélaga sem starfa hjá ríkinu verði búnir að semja eitthvað fyrr. Þess vegna á að vera hægt, og á það verður auðvitað lögð mjög rík áhersla, að halda rekstri stofnana ríkisins, ekki bara á heilbrigðissviðinu heldur einnig annarra, innan þess ramma sem markaður er í þessum fjárlögum.

En hver er þá sú mikla útgjaldaaukning sem hér er mikið talað um? Menn fara hér mikinn í fordæmingu sinni yfir öllum þessu auknu útgjöldum um leið og þeir leggja fram alls kyns tillögur um aukin útgjöld á öðrum sviðum. Hver er útgjaldaaukningin á milli áranna 1999 og 2000 miðað við það sem nú liggur fyrir? Hún er 400 millj. kr. í dæmi sem er upp á 193 milljarða. Það liggur fyrir að fjáraukalögin voru afgreidd hér í morgun með útgjöldum upp á 192,8 milljarða. Niðurstöðutala fjárlaganna fyrir næsta ár útgjaldamegin er 193,2 milljarða. Þetta er útgjaldaaukningin sem menn hafa talað um þegar búið er að taka tillit til þess sem talið var óhjákvæmilegt og ég hef ekki orðið var við ágreining um, þ.e. umfangs stofnana heilbrigðiskerfisins.

Hið mikilvæga í þessu er að afgangur ríkisins af rekstrinum fer vaxandi. Hann verður meiri en nokkru sinni fyrr, eins og ég sagði áðan, á næsta ári, 16,7 milljarðar. Lánsfjárafgangurinn hjá ríkinu, bæði í ár og á næsta ári, nemur u.þ.b. 22 milljörðum kr. hvort ár um sig og er þar með kominn verulega yfir 60 milljarða á þriggja ára tímabili, frá 1998–2000. Lánsfjárafgangurinn er það handbæra fé, ef svo mætti segja, sem ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldir sínar, borga upp lán eða styrkja stöðu sína að öðru leyti.

Þá vil ég koma að því sem menn hafa haldið fram um þau mál. Þar er á ferðinni einhver fjarstæðukenndur misskilningur, m.a. hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni bæði í gær og í dag, að ríkissjóður sé kominn í sjálfheldu með að koma lánsfjárafgangi sínum fyrir og upp sé komin pattstaða í þeim efnum. Þetta er auðvitað fjarstæða og getur aldrei verið annað en fjarstæða. Jafnvel þó að það *standi í minnihlutaáliti* 2. minni hluta fjárln. að peningar liggi vaxtalaust á reikningum í ríkissjóði, sem er rangt, þá getur það ekki verið svo að ríkissjóður geti ekki lagt peningana sína inn í Seðlabankann eins og honum ber reyndar skylda til ef hann notar þá ekki í að borga upp lán sín eða aðra sambærilega hluti.

Ég ætla aðeins að fara yfir þetta mál vegna þess að miklu *skiptir að hér sé rétt með farið. Við höfum lagt mikla* áherslu á að borga upp lán ríkisins, nota lánsfjárafganginn til þess. Við höfum ekki sagt að aðeins eigi að borga upp erlend lán. Auðvitað væri mjög æskilegt að beina athyglinni fyrst og fremst að erlendu lánunum en það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að borga upp af erlendum lánum vegna þess að það er ekki verjandi að taka áhættu með því að leggja of mikið á gjaldeyrisforða landsmanna, færa hann niður fyrir eðlileg varúðarmörk. Þess vegna m.a. höfum við farið varlega í að borga upp erlend lán. Við höfum ekki viljað taka áhættu með gjaldeyrisforðann og höfum m.a. framlengt lán sem fallið hafa á þessu ári, í það minnsta eitt lán, með öðru sambærilegu erlendu láni. Það kann líka að vera skynsamleg stefna almennt séð að vekja annað slagið athygli á nafni Íslands úti á erlendum lánsfjármörkuðum til þess að tryggja lánstraust og stöðu landsins erlendis. Lánstraust íslenska ríkisins er að sjálfsögðu haft til viðmiðunar gagnvart lánstrausti annarra íslenskra aðila, hvort sem það eru fyrirtæki eða sveitarfélög eða aðrir. Við höfum því lagt áherslu á að greiða niður skuldirnar. Það hefur auðvitað verið markmið að greiða niður erlendar skuldir en það hefur verið þessum takmörkunum háð sem ég var að lýsa.

Þá kemur að innlendu lánunum. Það hefur líka verið gengið rösklega til verks í að greiða niður innlend lán. En menn verða auðvitað að gá að því að innlend lán ríkissjóðs hafa verið tekin með ákveðnum skilmálum. Þar eiga bæði lántakandi og lánveitandi sinn rétt. Það er ekki hægt að ganga að fólki beint og gera því skylt að taka við endurgreiðslu á slíku láni nema með gagnkvæmum samningi. Þess vegna þarf að fara skipulega í þessi mál og með aðferðum sem búa eigendur bréfa ríkissjóðs undir að eiga slík viðskipti. Lánasýsla ríkisins annast þennan þátt málsins. Hún hefur m.a. beitt sér fyrir nýjungum á þessu sviði, til að mynda með svokölluðum öfugum útboðum. Í stað þess að bjóða fram skuldabréf til sölu er boðist til að kaupa þau skuldabréf sem ríkið hefur áður selt. Þessi aðferð hefur auðvitað skilað ákveðnum árangri. Það er búið að kaupa upp fullt af skuldum með þessum hætti, með sama hætti og verið er að gera vestur í Bandaríkjunum þar sem ríkissjóðurinn er í svipaðri stöðu og hjá okkur. Þar er mjög rúm lausafjárstaða að þessu leyti. Þetta höfum við verið að gera að vissu marki. En það er auðvitað ekki þar með sagt að við eigum að verja öllum lánsfjárafgangnum í þessa starfsemi. Það er auðvitað ekki endilega markmiðið að halda áfram á þessari braut án þess að marka sér heildarstefnu í málinu.

Hvað er þá annað til ráða? Hvað á þá annað að gera við afganginn? Ég hef orðað það svo að við eigum að styrkja stöðu ríkissjóðs með því að greiða niður skuldir eða styrkja *hana með öðrum hætti. Ég hef beitt mér fyrir því* á þessu ári að lánsfjárafgangnum væri m.a. varið til að borga inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, B-deild. Í því tilviki er búið að reikna nákvæmlega út og hægt að gera sér grein fyrir því að B-deildin í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga lenda í sjóðþurrð eftir 10–12 ár ef ekki verður að gert. Það þýddi að ríkissjóður *mundi á þeim tíma*, vegna þess að hann er þar í bakábyrgð, þurfa að greiða allar eftirlaunagreiðslur þessara sjóða beint sjálfur. Það verður ekkert fé eftir í þessum sjóðum. Þess vegna liggur í augum uppi að skynsamlegt er að huga að þessu máli strax. Þó svo að stjórnmálamenn séu sakaðir um að hugsa í kjörtímabilum, í fjögurra ára tímabilum, er verið að fást við vanda sem ekki kemur upp fyrr en eftir tólf ár eða svo. Auðvitað er skynsamlegt að huga að því að nota hluta af þessum lánsfjárafgangi til að bregðast við þessum vanda og helst þannig að hann verði úr sögunni og skelli aldrei á. Þetta er eitt dæmi um að styrkja stöðu ríkissjóðs að öðru leyti, koma í veg fyrir að hann lendi í hrikalegum erfiðleikum eftir þennan tíma.

Þrátt fyrir þetta kemur hingað þingmaður við þessa umræðu og lýkur ræðu sinni á því að segja að þessi ríkisstjórn hugsi bara sem svo: Er á meðan er, við látum skeika að

sköpuðu, skítt með framtíðina. Þetta sagði þingmaðurinn, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson.

Ég hygg að ég hafi nefnt mjög ákveðið dæmi um að hér er verið að huga að framtíðinni. Hér er verið að huga að því að uppfylla skuldbindingar strax sem reyndar mundu ekki falla fyrr en eftir 10–12 ár. Þá yrði það þannig, ef ekkert væri að gert, að ríkissjóður mundi þurfa að borga 10–12 milljarða á ári fyrstu árin, síðan 15 milljarða. Síðan má guð vita hvað borga þyrfti eftir það.

En með því að ráðstafa hluta af lánsfjárafganginum, sem er ekki flokkaður sem bein útgjöld ríkissjóðs með þessum hætti, erum við að koma í veg fyrir þennan vanda, búa í haginn, tryggja að það fé sem rennur í sjóðinn fari til ávöxtunar og geri það að verkum að það tekur tiltölulega fá ár að greiða úr þessum vanda þó að hann sé metinn upp á 55 milljarða í dag.

Þarna er þriðji liðurinn, þriðji þátturinn fyrir utan niðurgreiðslur erlendra skulda og innlendra skulda sem hægt er að verja lánsfjárafgangi ríkissjóðs til.

Þar við bætist að sjálfsögðu að ekkert óeðlilegt er við það að ríkissjóður varðveiti hluta af afgangi sínum í viðskiptabanka sínum sem lögum samkvæmt er Seðlabanki Íslands. Auðvitað liggja þeir peningar þar á umsömdum vöxtum, ekki á núllvöxtum eins og vinstri grænir halda fram í nál. sínu heldur á umsömdum vöxtum og ávaxta sig þar áreiðanlega bærilega. En þeir eru þá ekki líka í umferð, það fjármagn er þá ekki í umferð. Því var haldið fram að það væri mjög vont vegna þess að þá væru þeir peningar ekki að ávaxta sig einhvers staðar. En þeir eru auðvitað að ávaxta sig í bankanum.

Þá kem ég að því sem hefur líka verið haldið fram í umræðunni, að við værum að gera mistök í sambandi við peningamagn í umferð. Ég ætla fyrst að svara spurningu þingmannsins um það á hvaða vöxtum þessir peningar liggja þarna inni á reikningum. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði á hvaða vöxtum þessir peningar væru. Ég man það því miður ekki en það fer eftir því hvað þeir liggja lengi inni, hvað um er að ræða stórar upphæðir og fleiri atriði sem hægt er að semja um. Við getum gáð að því fyrir atkvæðagreiðsluna í fyrramálið, hv. þm., þegar Seðlabankinn verður búinn að opna skrifstofur sínar.

Við höfum verið sakaðir um það í þessari umræðu, ef maður vill reyna að halda til haga því sem málefnalegt hefur mátt teljast, að við værum að auka peningamagn í umferð með óábyrgum hætti með því að greiða upp skuldir ríkissjóðs innan lands. Þetta er ekki rétt. Ég skal fara aðeins yfir það.

Ég vil byrja á því að segja að auðvitað væri best í þessum skilningi að taka peningana úr umferð með því að borga niður lán í útlöndum. En það er því miður ekki alltaf færi á því vegna þeirra ástæðna sem ég hef þegar tilgreint. (**KLM:** Er það ekki sjálfhelda?) Nei, þetta innskot, herra forseti, er til marks um það að þingmaðurinn hefur ekki fylgst vel með því sem ég er að segja. Alls ekki. Ég er búinn að útskýra hvaða þrjú atriði önnur en uppgreiðsla erlendra lána eru möguleg og þá er sagt: Er það ekki sjálfhelda? Nei, við höfum þrjá aðra möguleika.

En ég ætla að velta því fyrir mér hvort við erum að gera mistök í sambandi við hið svokallaða peningamagn í umferð. Reyndar er mjög athyglisvert að það fyrirbæri, peningamagn í umferð, er orðið mjög vinsælt umræðuefni sem margir kenndu eingöngu við Milton Friedman og menn sem aðhylltust peningamálakenningar hans á sínum tíma. Auðvitað er það samt svo að peningamagn í umferð skiptir miklu máli í sambandi við stjórn efnahagsmála.

Því er haldið fram að með því að borga upp innlend lán séum við að auka peningamagn í umferð. Það er ekki rétt. Þegar það gerist að ríkissjóður ráðstafar hluta af lánsfjárafgangi sínum með þeim hætti er hann að gera hvorugt, hann er hvorki að auka peningamagnið né draga úr því. Það er hlutlaus aðgerð. Það mætti halda því fram að hann ætti frekar að draga það úr umferð, já, ég er búinn að svara því játandi, hann ætti frekar að gera það. Það getur hann gert með því að borga erlend lán eða með því að leggja peningana inn í bankann en hann er ekki að auka peningamagnið í umferð.

Ef Seðlabanki Íslands væri að prenta peninga og kaupa upp skuldabréf ríkissjóðs væri peningamagnið að aukast en ekki ef ríkissjóður er að býtta á því sem hann fær í skatttekjur með því að kaupa upp slík bréf. Hér er bara misskilningur á ferðinni og sem hefur verið á fleygiferð í umræðunni án þess að menn hafi kannski haft alveg yfirsýn yfir þetta mál. En þetta taldi ég óhjákvæmilegt, herra forseti, að nefna vegna þess að manni hálfblöskrar stundum það sem fram kemur í umræðunni um þetta mál. Ríkissjóður hefur alltaf það úrræði að leggja peninga sína inn í Seðlabankann og þess vegna getur ekki orðið sjálfhelda í þessu efni.

Minnst hefur verið á mörg mál í umræðunni. Ég nefndi það í andsvari fyrr í dag, og ætla ekki að koma að því aftur, hvernig ríkisstjórnin hyggst herða eftirlit með framkvæmd fjárlaga með því að gefa út einhvers konar verklagsreglur í þeim efnum sem lagðar verða fyrir ríkisstjórn og síðan sendar viðkomandi aðilum með viðeigandi hætti og kynntar Alþingi o.s.frv. Ég lét þess getið að auðvitað eru fullnægjandi heimildir í fjárreiðulögum og í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna til að vinna að slíku og þarf kannski ekki mjög miklar viðbótarheimildir. En auðvitað kemur til greina að breyta lögunum ef menn teldu að nauðsynlegt væri að leita eftir lagabreytingum hér á Alþingi.

Það hefur líka verið farið yfir einstaka þætti í t.d. heilbrigðismálum og spurningum beint til mín í sambandi við lyfjamál og þess háttar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði mig um lyfjamálin og ég tel reyndar að þeirri spurningu sé beint að röngu stjórnvaldi, það eigi að beina því til heilbrrh. En við erum auðvitað í samstarfi um þessi mál og það er alveg ljóst og kemur fram í fjárlagafrv. að ætlunin er að reyna að ná þar fram heilmiklum sparnaði. Þar er hins vegar við rammt að rjá eins og kunnugt er, það er mjög mikil sjálfvirk aukning í þeim útgjaldaflokki og hefur reynst mjög erfitt að henda reiður á og ná utan öll þau útgjöld.

Síðan hafa menn verið að gæla við það að sá vandi sem kom upp í heilbrigðiskerfinu hafi verið af ákveðnum toga spunninn og verið að henda því á milli sín, vitna í bréf sem hafa gengið á milli ráðuneyta og þess háttar frá því í maímánuði sl. Ekkert af þessu skiptir nokkru einasta máli. Það liggur alveg fyrir að fjmrn. og heilbbrn. hafa í sameiningu verið að vinna að þessum hlutum. Það er heill bunki af bréfum sem hafa gengið á milli um framkvæmd fjárlaga á árinu 1999. Við höfum gert athugasemdir okkar í fjmrn., þau hafa gert sínar í heilbrrn. og við höfum reynt að finna sameiginlegar lausnir eins og eðlilegt er og menn gera í stjórnarsamstarfi og ríkisstjórnum. Það er engan feitan gölt að flá í því að vera að reyna að finna einhverja sökudólga til að kenna um í því efni.

En mig langar að segja nokkur orð, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu um það sem kom áðan fram í máli hv.

þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um frávik í tekjuáætlun. Þingmanninum fannst mjög slæmt hversu tekjuáætlunin væri oft ónákvæm, þ.e. hún reyndist ekki í samræmi við endanlega útkomu. (Gripið fram í.) Já, ég hef áður fjallað um það atriði hér, ég tel ekki að athugasemdir Ríkisendurskoðunar um þetta atriði hafi við rök að styðjast.

Hvernig eru tekjurnar árið 1999 til að mynda komnar til? Hvernig gátum við séð það fyrir í desember fyrir ári að það yrðu t.d. svona miklar tekjur af sölu ríkiseigna? Það var ekki hægt vegna þess að það var ekki búið að taka ákvarðanir um það. Menn verða bara að sætta sig við það að tekjuáætlunin er ævinlega heilmikilli óvissu háð. Hún byggir ekkert bara á framreikningi eða forsendum sem liggja nákvæmlega fyrir, hún byggir á þeirri óvissu sem fylgir þjóðhagsspánni, sem er vissulega mikilli óvissu undirorpin, og allri þeirri óvissu sem fylgir því að menn vita ekki hvernig tekjur breytast, velta breytist eða eyðslumunstur í þjóðfélaginu kann að breytast. Það er því lítið við því að gera, hv. þm., þó að vissulega væri gott ef menn gætu gert þetta betur.

Ég vil hins vegar taka undir með þingmanninum að því er varðar vangaveltur hennar og áhyggjur af því að sparnaður væri of lítill í þjóðfélaginu. Það er rétt, þjóðhagslegur sparnaður er of lítill á Íslandi. Ríkisvaldið er núna með þessum fjárlögum að leggja sitt af mörkum til þess að auka hann. En það eru fleiri sem eyða peningum á Íslandi en ríkið. Vandamálið er að sjálfsögðu það að einkaneyslan er sennilega of mikil á Íslandi miðað við þjóðhagsforsendur og það er áreiðanlega það sem forsrh. átti við í blaðaviðtali í morgun sem vitnað var til að mönnum hætti til að ganga fullgeyst um gleðinnar dyr í þessum efnum. Við vitum alveg að tilhneiging Íslendinga til að eyða peningum er mjög mikil. Auðvitað er mjög brýnt að ná um það samstarfi í þjóðfélaginu að efla þjóðhagslegan sparnað, gera það eftirsóknarvert að spara.

Stærsta uppspretta sparnaðar á Íslandi er í lífeyrissjóðunum. Þeir hafa eins og kunnugt er gríðarlega öflugan fjárhag, mikið ráðstöðfunarfé, þeir eiga miklar eignir. En það er ekki nóg, það þarf líka að tryggja að einstaklingar spari og auðvitað eru til möguleikar í þeim efnum eins og viðbótarlífeyrissparnaðurinn sem við lögfestum á síðasta ári, sem er fyrir utan það að vera liður í því að efla þjóðhagslegan sparnað mjög skynsamlegt fyrirbæri fyrir hvern og einn. En það vantar að menn taki við sér í nógu ríkum mæli til þess að það sé farið að telja í þessum þjóðhagsútreikningum. Þarna er ég sammála þingmanninum og við eigum að reyna að leggjast á eitt um það að efla þessa þjóðhagslegu stærð, sparnaðinn.

Herra forseti. Ég hyggst ekki flytja öllu lengra mál. Auðvitað er margt í þessum efnum sem mætti fara betur yfir, það er hægt að flytja langar ræður um fjárlög ríkisins eins og gert er við allar umræðurnar í þinginu og það er eðlilegt að menn ræði þessi mál í þaula og gefi þeim gaum. Það er líka eðlilegt að menn velti til að mynda fyrir sér hinni nýju þjóðhagsáætlun. Ég tel að hún sé því miður neikvæð að því er varðar spána um viðskiptajöfnuð og verðbólguþróun en ég tel að fjárlögin sem við erum að afgreiða hér og fjáraukalögin sem við afgreiddum í morgun séu liður í viðleitni til þess að snúa þessari þróun við. Það verður ekki gengið öllu lengra af hálfu ríkisins að því er varðar fjárlögin en hér er gert og ég hef ekki orðið var við raunhæfar tillögur um að auka við þann afgang sem hér er niðurstaðan, 16,7 milljarða, í þeim umræðum sem hafa farið fram í dag, herra forseti, þó að margt hafi borið á góma.

[21:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þakkarvert af hæstv. ráðherra að koma hér og taka þátt í umræðunum. En ég vil þó segja og vara við því að hæstv. ráðherra ætti að gleðjast hóflega yfir þeim árangri eða afrekum sem hann telur sig vera að vinna.

Herra forseti. Það er ekki hægt að fjalla um afkomu og stöðu ríkissjóðs sem einangrað fyrirbæri í íslenskum efnahagsmálum. Þó ég nefni aðeins tvennt sem hæstv. ráðherra verður að hafa í huga og það fyrra er hvernig afgangurinn er til kominn, hvaðan tekjuaukinn er sprottinn. Hann er sprottinn af verulegri verðbólgu og viðskiptahalla að nokkru leyti og að hinu leytinu af sölu eigna. Að ganga á eigur sínar er ekki aflafé og það er ekki sambærilegt við aðrar tekjur.

Hið seinna er svo afkoma annarra aðila í þjóðfélaginu. Það verður líka að taka með í reikninginn, afkomu annarra aðila, sveitarfélaga, heimila og atvinnulífs. Þegar hæstv. ráðherra setur árangurinn innan gæsalappa í þetta samhengi er myndin auðvitað öðruvísi en sú einhliða, jákvæða sem hæstv. ráðherra hefur tíundað hér.

[21:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur aldrei dottið í hug að ríkisbúskapurinn á Íslandi væri eitthvað séreinangrað fyrirbæri. En ég spyr þingmanninn: Hvað teldi hann að væri viðunandi afkoma fyrir ríkissjóð í ljósi þeirra aðstæðna sem hann hefur sjálfur rakið hér?

Hvað ætti ríkissjóður að vera með öfluga afkomu miðað við þessar aðstæður ef allir aðrir eru í þeirri stöðu sem hann lýsti? Einhvers staðar hlýtur punkturinn að vera. Einhvers staðar verða menn að draga mörkin. Einhvers staðar verða menn að afgreiða fjárlögin. Ég ítreka að ég hef ekki heyrt neinar tillögur eða séð neinar ábendingar um hvernig megi auka þennan afgang. Allir virðast vera býsna ánægðir með afganginn. Gagnrýnin er að verulegu leyti sú að hér sé of mikil eyðsla en ekki of lítil eins og venjulega er við umræður um fjárlögin. Ég spyr þingmanninn: Hvar vildi hann afgreiða fjárlögin sem við erum með í höndunum miðað við aðstæðurnar sem hann lýsti ef ekki á 16,7 milljörðum kr.?

[21:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki verið í hópi þeirra þingmanna sem farið hafa mikinn í gagnrýni á hæstv. ráðherra fyrir of mikla eyðslu. Ætli ég hafi ekki þvert á móti verið einn fárra sem í umræðum, t.d. um útgjaldavandann í heilbrigðiskerfinu, tóku undir að ekki hafi verið um annað að ræða en auka þar útgjöldin.

Ég er að benda á að þó við tækjum bara opinbera geirann þá verður að hafa afkomu hans í heild sinni í huga. Ef sveitarfélögin í landinu eru rekin með nokkurra milljarða halla þá verður í raun að draga það frá tekjuafgangi ríkissjóðs til að fá raunsanna mynd af afkomu hins opinbera í heild sinni. Það þarf bara að horfast í augu við þennan vanda, þ.e. þann tekjuskipta- eða hlutaskiptavanda sem þarna er uppi, til að fá raunsanna mynd af ástandinu. Ég er að benda á það.

Hvað ráðstöfun afgangsins varðar ætla ég að benda hæstv. ráðherra á fimmta kostinn í stöðunni. Sá kostur er skynsamlegar fjárfestingar fyrir tekjuafgang ríkissjóðs sem ekki væru þensluvaldandi. Þar blasir einn kostur við. Það eru ráðstafanir í byggðamálum sem slá á byggðaröskunina og mundu ekki valda þenslu ef þeim aðgerðum væri beitt úti á landi.

Það væri jafnframt gríðarlega góð fjárfesting fyrir ríkissjóð.

[21:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fimmti kosturinn felst í fjórða kostinum, þ.e. hægt er að ráðstafa peningum sem liggja í Seðlabankanum síðar meir til annarra þátta sem ekki eru þensluvaldandi og geta jafnvel verið eins skiptis útgjöld á sviði samgangna eða slíkra mála.

En ég verð að taka undir að það er ekki hægt að horfa bara á afkomu ríkissjóðs. Afkoma ríkissjóðs er einn þáttur, ein efnahagsleg stærð. Afkoma hins opinbera í heild sinni er önnur stærð. Hún skiptir vissulega líka máli. Þann samanburð sjáum við mjög oft í alþjóðlegum töflum, afkomu hins opinbera í heild sinni.

Við höfum komið til móts við sveitarfélögin við þessa afgreiðslu í dag að því er varðar fjáraukalög. Ég held hins vegar að við eigum að hætta að deila um það efni þar til tekjustofnanefndin sem er að störfum hefur lokið vinnu sinni. Ég geri fastlega ráð fyrir því að það þurfi að gera ráðstafanir til að auka tekjur sveitarfélaganna. Auðvitað þurfa þau að efla sinn hag og koma sér út úr hallarekstrinum en það gerum við ekki við afgreiðslu fjárlaga.

[21:18]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. flutti alla sína ágætu ræðu, stundum ágætis kennslustund í hagfræði, án þess að minnast einu einasta orði á viðskiptajöfnuðinn og viðskiptahallann. (Gripið fram í.) Alla vega fannst mér það ekki dregið fram af þeim þunga sem það hefði verðskuldað. Viðskiptahallinn, herra forseti, er alvarlegt áhyggjuefni og dæmi um fjármálastjórn sem við hljótum að hafa áhyggjur af. Ekki bara það, herra forseti, heldur vaxa útflutningstekjur líka mun minna en við höfðum vænst og það í svokölluðu góðæri. Þannig tel ég að hæstv. fjmrh. hafi ekki dregið þessar alvarlegu staðreyndir fram af þeim þunga sem ástæða væri til.

[21:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi í lok ræðu minnar bæði viðskiptahallann og verðbólguspárnar sem fram komu í þjóðhagsáætluninni. Ég hef áhyggjur af hvoru tveggja og tel þetta slæm tíðindi. En það þýðir ekki að tala um það eingöngu. Ef ég mætti snúa þessu dæmi við og minnast á afkomu ríkissjóðs: Hvernig vill þingmaðurinn afgreiða fjárlögin í ljósi þessara upplýsinga sem hann hefur svo miklar áhyggjur af? Það þarf að afgreiða þau. Það þarf að afgreiða þau með eins miklum afgangi og hægt er. Hér er talan 16,7 milljarðar niðurstaðan. Hvað vill hann gera? Vill hann auka við þennan afgang til þess að bregðast við viðskiptahallanum eða hvað?

[21:20]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margkomið fram í ræðum mínum að þessi greiðslustaða er dýrkeypt. Auðvitað er nauðsynlegt að reka ríkissjóð með góðum afgangi en það verður að vera á réttum forsendum, ekki á eyðsluforsendum. Þá ber að reyna að verja þeim fjármunum til aðgerða sem draga úr þenslu og styrkja bæði innviði þjóðfélagsins og atvinnuvegina til lengri tíma, t.d. með fjárfestingum í byggðamálum úti um land þar sem ekki er þensla. Þenslan er fólgin í því að fólk flytur hingað.

Á öðru atriði vil ég vekja athygli, herra forseti. Hann minntist ekki heldur á það að skuldastaða heimila hefur vaxið og er nú 144% af ráðstöfunartekjum þeirra.

[21:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég hugsa um það þá eru sjálfsagt fjölmörg þjóðfélagsvandamál sem ég hef ekki nefnt í ræðu minni. Ég býst við því. Viðskiptahallinn er vandamál. Sumir segja að tekjurnar séu eingöngu af honum, gervitekjur eða eins og formaður Frjálslynda flokksins segir: Froðufé, vondir peningar og eitthvað slíkt.

Ef menn horfa á þessar tölur þá sjá þeir það að verulegur hluti af tekjuaukanum er tekjur af öðrum sköttum en veltusköttum, tekjuskatti fyrirtækja og einstaklinga eins og ég sagði. Hluti er að sjálfsögðu vegna veltunnar í þjóðfélaginu, virðisaukaskatti og þess háttar enda væri mjög óeðlilegt ef ríkissjóður nyti ekki góðs af uppsveiflunni eins og aðrir. En taki maður þessi áhrif í burtu, fjarlægi þau eins og menn gera í Seðlabankanum, í ráðuneytinu og hjá erlendum stofnunum, hver er þá niðurstaðan? Ríkissjóður er eigi að síður rekinn með afgangi, jafnvel þó að áhrif uppsveiflunnar séu fjarlægð. Það er kannski kjarni málsins og mikilvægast af öllu.

[21:22]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. fjmrh. skuli vera virkur þátttakandi í umræðunni. Hann kom víða við í ræðu sinni þannig að í stuttu andsvari er ekki hægt að taka á nema einstöku þáttum. Ég vil í fyrra andsvari mínu koma aðeins að umræðu hans um svokallaðar verklagsreglur. Menn hafa rætt nokkuð um þær í fjárln. en ekki fengið nema ófullburða skjal frá fjmrn. sem sent var til baka eins og fram kom í ræðu minni í dag.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., vegna þess að hann sagði réttilega að í raun væru öll lagaákvæði til staðar, hvort hann telji þörf á því að setja þessar verklagsreglur. Síðan vil ég spyrja hvers vegna hann heldur að meiri líkur séu á því að það náist árangur í ríkiskerfinu og því að menn fari eftir fjárlögum á næsta ári en á árinu sem nú er senn að ljúka. Eins og hæstv. ráðherra sagði þá eru öll ákvæði til staðar og hefði verið hægt að bregðast við á fullnægjandi hátt, ef ég hef skilið hæstv. ráðherra rétt.

[21:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Það er rétt, herra forseti, eins og ég hef sagt tvívegis í dag úr þessum ræðustóli að lagaákvæði eru býsna skýr um þessi atriði. Eigi að síður, m.a. vegna vangaveltna í fjárln. og vegna þeirrar stöðu sem upp hefur komið, hefur verið talið rétt að ítreka þetta með sérstökum verklagsreglum sem munu þá gilda um rekstur og stjórnun ríkisstofnana með tilliti til framkvæmdar fjárlaga. Þar yrði fyrst og fremst um það að ræða að hnykkja á þessum atriðum og útlista í smáatriðum hvernig menn eigi að bregðast við séu þeir að fara fram úr. Það hjálpar stjórnendunum. Þannig yrði skýrt fyrir þeim hvenær þeir eigi að leita til ráðuneytis síns, hvenær viðkomandi ráðuneyti á að leita til fjmrn., þ.e. hvenær á að grípa til aðgerða.

Ég held að öllum sé hollt að farið sé yfir þetta. Ég tel góðar horfur á því að það takist að halda ríkisstofnunum, helst öllum, innan fjárlaga næsta árs. Ég held að enginn

kæri sig að fara aftur í gegnum það sem við höfum gert undanfarnar vikur í sambandi við þetta.

[21:24]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki komu skýr svör frá hæstv. ráðherra um hvort minni líkur væru á að endurtekning yrði á því sem gerðist þetta árið, eingöngu að hann treysti því að enginn hefði áhuga á að endurtaka leikinn.

Varðandi umræðu hæstv. ráðherra um að fjarstæðukennt væri að ríkisstjórnin væri í pattstöðu í lánamálum þá var samt ekki hægt að skilja hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að í raun væri þar alger pattstaða. Hann taldi það hlutlausa aðgerð að greiða niður innlendar skuldir og það væri ekki hægt að greiða niður erlendar skuldir vegna stöðu gjaldeyrismálanna. Hann sagði einnig, hæstv. ráðherra, að miklu frekar ætti að draga fjármagn úr umferð vegna þess að ella yrði ekki dregið úr þenslunni. Ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt taldi hann það nauðsynlegt og deilir þeim áhyggjum með mörgum okkar, að nauðsynlegt sé að reyna að draga úr þenslu og hraða verðbólgunnar. Og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er það ekki rétt að ríkisstjórnin er í pattstöðu í lánamálum?

[21:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það er aldeilis ekki rétt. Það er alveg fjarstæðukennd fullyrðing eins og ég sagði áðan að halda því fram. Það er reyndar mjög varhugavert að vera að halda því að fólki að einhver sérstök pattstaða sé í þessum efnum. Ríkissjóður hefur auðvitað alltaf þann möguleika að setja fjármagnið inn í Seðlabankann. Þá kallar það fjármagnið úr umferð.

Með því að borga upp lán fyrir þetta fé er peningunum haldið í umferð. Það er hlutlaus aðferð gagnvart peningamagninu sjálfu. Það eykur ekki við það en hins vegar væri hægt að draga úr því með því að setja peningana í bankann. Ef menn væru aðeins að hugsa um að taka peningamagn úr umferð þá mundu þeir alltaf setja peningana inn í Seðlabankann.

En af hverju erum við þá að borga upp lán innan lands? Það er vegna þess að við erum með því að búa í haginn, spara okkur vaxtagreiðslur í framtíðinni. Við erum að nota féð til að spara okkur kostnaðinn af vöxtunum í framtíðinni. Það hefur þegar komið fram að við erum nú þegar að spara okkur 2 milljarða í vaxtagjöldum, ef ég man rétt, á næsta ári miðað við það sem var árið 1998.

[21:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra leggjast í mikla vörn í ræðu sinni vegna stöðu efnahags- og ríkisfjármála og eyða tíma sínum í hagfræðikennslustund fyrir þingmenn, um hvernig verja ætti þessum tekjuafgangi. Ég hefði hefði frekar búist við að ráðherrann sneri sér að því að taka undir með okkur stjórnarandstæðingum sem lítum mjög alvarlegum augum það hættuástand sem alls staðar blasir við í þjóðfélaginu. Ljóst er að þessi afgangur, t.d. á þessu ári, er fenginn vegna 23 milljarða tekjuauka sem hefur komið núna til viðbótar því sem var á fjárlögum. Það er ekki mikið afrek að skila slíkum tekjuafgangi. Og 5 milljarða tekjuauki sem kemur nú við lokaafgreiðslu fjárlaga gerir ekki nema auka afganginn um 1,7 milljarða miðað við það sem frv. gerði ráð fyrir. Viðskiptahallinn er auðvitað mjög alvarlegur, hefur aukist úr 7 milljörðum í 38. Ég hefði haldið að hæstv. ráðherra mundi ræða frekar um það við okkur heldur en vera í hagfræðikennslu fyrir þingmenn.

En hann svaraði ekki því sem ég spurði hann um varðandi rekstrarhalla á Íbúðalánasjóði.

[21:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð sennilega bara að spyrja hv. þm. að því áður en ég tek til máls: Um hvað má ég tala til þess að það falli að kenningum hennar um hvað eigi að vera hér til umræðu? Ég talaði um það sem ég taldi mikilvægast að fjalla um í ræðu minni, miðað við það sem fram hefur komið í umræðunni þó vera megi að henni finnist lítið gert úr sumu af því sem hún talaði um.

Auðvitað þurfum við að hafa augastað á öllum viðfangsefnum í efnahagsmálum landsins þegar við erum að afgreiða fjárlög. Ég geri ekki lítið úr því heldur hef ég þvert á móti fjallað um það allt í ræðu minni. En það má heldur ekki gera of mikið úr vandamálunum. Það á ekki að sverta myndina að ástæðulausu. Þingmaðurinn hefur setið á Alþingi í 21 ár. Hún veit vel að tekjuáætlunin kemur alltaf við 3. umr. fjárlaga. Henni fylgir mismunandi mikill tekjuauki. Ég held að við ættum öll að fagna því að nú skuli hann það mikill að tilefni er til að auka afganginn.

[21:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra ræður því auðvitað sjálfur hvað hann setur í forgang að ræða miðað við stöðuna í efnahagsmálunum í þjóðfélaginu. Ég hefði talið réttara og eðlilegra nú við þessar aðstæður að ræða það hættuástand sem er fram undan og hvernig við því á að bregðast, þ.e. hvernig brugðist skuli við miklum viðskiptahalla og vegna skuldastöðu heimilanna. Þetta er m.a. til komið fyrir tilverknað ríkisstjórnarinnar þegar hún jók hlutafé í bönkunum sem allir viðurkenna að hafi leitt til mikillar útlánaþenslu. Ég sé ekki að hæstv. ráðherra hafi neinar nýjar tillögur fram að færa varðandi þjóðhagslegan sparnað sem hefur minnkað alveg gífurlega og er ekki nema 14% af landframleiðslu en þyrfti að vera 19% og aukast um 30 milljarða bara til að halda í horfinu miðað við fjárfestingaráform á næsta ári. Ekkert slíkt eða nýtt kemur fram hjá ráðherranum þrátt fyrir þær viðvörunarbjöllur sem klingja um allt þjóðfélagið. Það olli mér vonbrigðum þegar ráðherrann kom inn í þessa umræðu sem hann á vissulega þakkir skilið fyrir að gera. Það gera ekki allir ráðherrar.

[21:31]

Útbýting þingskjals:

Byggðastofnun, 224. mál, brtt. GÁS o.fl., þskj. 447.

[21:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gerast langorður í umræðunni um fjárlögin. (**Gripið fram í:** Það er rétt að taka það fram.) Já, ég sé ástæðu til að taka það fram vegna þess að umræðuefnin eru ærin. Hins vegar vil ég gera orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárln. og fyrsta talsmanns okkar í þessum málum, að mínum að uppistöðu til og í krafti þess treysti ég mér til að stytta mitt mál.

Staðreyndin er sú að umræðan um fjárlögin hefur verið mjög sveiflukennd og ekkert undarlegt vegna þess að stöðugt eru að koma nýjar tölur til sögunnar. Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er þannig gert ráð fyrir að

tekjur ríkissjóðs verði 5 milljörðum kr. hærri en áður hafði verið gert ráð fyrir. Í annan stað er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn við útlönd verði mun meiri en áður hafði verið ætlað, 38 milljarðar. Fyrir fáeinum vikum var gert ráð fyrir að viðskiptahallinn yrði undir 30 milljörðum. Það er af þessum sökum sem talað er um losarabrag í vinnubrögðum, a.m.k. í ljósi þjóðhagslegra forsendna fjárlagafrv. Losarabrag höfum við talað um, lausatök nefndi hæstv. fjmrh. og vildi þar með leggja okkur orð í munn.

En það eru ýmsar blikur á lofti við þessa fjárlagasmíð og reyndar ekki síst þegar litið er til þeirra forsendna sem hún er reist á. Þannig hlýtur það að vera okkur áhyggjuefni að verðbólgan mælist nú hærri en hún hefur verið í langan tíma eða 5,6% frá því í desember í fyrra þar til núna. Samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að verðbólguhraðinn á komandi ári verði 4,5% í stað 3,4% eins og áður hafði verið gert ráð fyrir.

En það sem e.t.v. er stærsta áhyggjuefnið kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar og er ítrekað í áliti hans frá 2. minni hluta fjárln. og það er að tekjur ríkissjóðs mótist allt of lítið af varanlegum virðisauka. Hér er verið að vísa til þess að útflutningsverðmæti þjóðarinnar koma að öllum líkindum til með að standa nánast í stað, munu ekki aukast að því skapi sem áður hafði verið gert ráð fyrir. Það sem mér finnst líka vera umhugsunarefni og hljóti að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. fjmrh., ríkisstjórnina og okkur öll, er hvernig þessi rekstrarafgangur á ríkissjóði upp á 16,7 milljarða, eins og nú er gert ráð fyrir, er til kominn. Þá er það einkum tvennt sem menn hafa horft til, annars vegar það sem Harold McMillan talaði um að selja fjölskyldusilfrið, á Íslandi hefur verið talað um að selja mjólkurkýrnar. En það er það sem ríkisstjórnin er að gera. Hún er að losa sig við þær stofnanir og þau fyrirtæki sem hafa gefið okkur arð, hún er að losa okkur við þau og lætur blindast af stundargróða. Það er þetta sem er að gerast.

Hins vegar er ljóst að hagnaður ríkissjóðs er til kominn vegna þess að hjól atvinnulífsins snúast mjög hratt. Að hluta til er vaxandi halli á viðskiptum við útlöndum gullnáma fyrir ríkissjóð. Það er upp úr þessari námu sem hann tekur auknar tekjur. Þegar þetta kemur allt saman, að varanlegur virðisauki verður ekki til í þjóðfélaginu og ríkissjóður er að afla tekna á þessum forsendum, þá er ástæða til að hafa af því áhyggjur.

Í tillögum okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er gert ráð fyrir ákveðnum kerfisbreytingum. Við reynum að horfa á hlutina til langs tíma. Við leggjum til að tekinn verði upp þrepaskiptur tekjuskattur. Við leggjum til að fjármagnstekjur, þar með taldar arðgreiðslur og söluhagnaður af hlutabréfum umfram vexti af hóflegu sparifé almennings verði skattlagður á svipaðan hátt og aðrar tekjur. Að skattlagning af hreinum hagnaði fyrirtækja taki mið af skattlagningu launatekna, að kannaðar verði búsetutengdar ívilnanir til jöfnunar og leiðréttinga, að lögð verði áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlindanna og teknar upp vistvænir þjóðhagsreikningar, svo eitthvað sé nefnt. En við gerum ráð fyrir því í tillögum okkar að ríkissjóði verði aflað tekna, um 2 milljarða kr., og við erum með tillögur um hvernig eigi að ráðstafa þeim fjármunum. Ég ætla í örfáum orðum að víkja að tillögum okkar í þeim efnum en það verður ekki tæmandi upptalning. Við höfum skipt örlítið með okkur verkum í þeim efnum og hafa aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þegar gert grein fyrir einhverjum þessara útgjaldaliða.

Við gerum ráð fyrir því að það verði látnar renna til almannatrygginga til þess að hækka tekjutryggingu ellilífeyrisþega og hins vegar örorkulífeyrisþega annars vegar um 881 millj. kr. og í hinu tilvikinu 310 millj.

Við erum með tillögur um að í Íbúðalánasjóð verði látnar renna 300 millj. kr. Þetta er hugsað sem aðstoð við sveitarfélög sem verða að leysa til sín félagslegar íbúðir en geta ekki selt þær. Til þeirra viljum við láta renna 300 millj. kr.

Í tannlækningar erum við með tillögu um 230 millj. kr. Þess má geta og ég hef reyndar vakið máls á því áður þegar ég hef gert grein fyrir tillögum okkar, að á sama tíma í fyrra vorum við einnig með tillögur um aukin útgjöld til tannlækninga. Það voru talsvert hærri upphæðir en hér er um að tefla og því ber að fagna að á þessu liðna ári hefur verið komið til móts við okkur á þessu sviði. Viðmiðunarmörkin sem notuð eru hjá almannatryggingum hafa verið hækkuð, voru 16 ár hjá unglingum, eru núna 17 ár, og einnig hefur staða elli- og örorkulífeyrisþega verið bætt nokkuð. Þannig var að þeir sem enga tekjutryggingu höfðu fengu engar endurgreiðslur frá almannatryggingum en fá núna 50%. Þeir sem voru með skerta tekjutryggingu fengu 50% en fá núna 75%. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og fá ekki vasapeninga fá nú 100% endurgreiðslu en fengu 75% áður. Allt eru þetta skref fram á við og því ber að sjálfsögðu að fagna.

En betur má ef duga skal. Samkvæmt þeim hugmyndum sem við leggjum fram núna viljum við enn hækka viðmiðunarmörkin og fara í 18 ár og leggjum til að 90% kostnaðar verði greiddur. Sú breyting mundi kosta um 140 millj. kr. En breytingarnar sem við leggjum til varðandi elli- og örorkulífeyrisþega eru á þá lund að þar verði endurgreiðslan úr almannatryggingum 100%. Þetta yrði ekki dýr póstur, mundi kosta rúmar 90 millj. kr. að mati tryggingayfirtannlæknis. Samtals er því um að ræða um 230 millj. kr. sem þetta mundi kosta ríkissjóð.

Síðan erum við með tillögur sem við leggjum mikla áherslu á. Það er 50 millj. kr. framlag til málefna fatlaðra. Við viljum verja því til að bæta stöðu geðfatlaðra barna og ungmenna. Þrír þingmenn úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hv. þm. Þuríður Backman og sá sem hér stendur, höfum lagt fram þáltill. sem hljómar á þessa lund, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að nú þegar verði sett á stofn hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir til að létta undir með fjölskyldum þeirra.“

Í athugun okkar á þessu máli kom í ljós að sennilega eru um 20 börn sem búa við alvarlega geðsjúkdóma. Það hefur einnig komið fram að það er nánast engin aðstaða til fyrir þessi börn og þær fjölskyldur sem hér um ræðir. Flestir þessara unglinga, þessara ungu sjúklinga, dveljast í heimahúsum á ábyrgð foreldra sinna og það gera þeir þrátt fyrir að hafa verið greindir með mjög alvarlegar geðtruflanir og geðsjúkdóma. Á herðum foreldra þeirra og forráðamanna hvílir ábyrgð á meðferð þeirra og þjálfun auk uppeldishlutverks og umsjá heimilisins og annarra barna á heimilinu.

Það hefur komið fram við umræðu um þetta mál hér í þinginu að foreldrar þessara barna hafa leitað til alþingismanna, fulltrúa allra þingflokka, og óskað eftir að fá aðstoð í þessu efni. Það er mat okkar að það verði best gert á þessa lund. Að sjálfsögðu þarf að gera miklu meira. Það kom t.d. fram á fundi sem fulltrúar allra þingflokka áttu með foreldr-

um geðveikra barna, barna með alvarlega geðsjúkdóma, að þau vistunarúrræði sem eru þó fyrir hendi eru ófullnægjandi. Til dæmis var bent á að Dalbraut, þar sem börn með geðsjúkdóma fá meðferð er lokuð um helgar. Þar er lokað um helgar og þá fara allir heim. Ég hef verið að velta því fyrir mér, herra forseti, eftir því sem ég hef hlustað á þessa umræðu og eftir því sem ég hlusta meira á talsmenn ríkisstjórnarinnar hæla sér af 16,7 milljarða afganginum sem þeir hafa, hvernig þeir ætla að snúa sér til þjóðfélagsins og réttlæta að ekki sé komið til móts við kröfur sem þessar. Mér er spurn: Hvernig ætla menn að fara að því?

Ef ég ætti að forgangsraða held ég að þetta yrði mjög ofarlega á þeim forgangslista. Vissulega skiptir máli að bæta tannheilsu og tannvernd með þjóðinni. Það skiptir máli fyrir aldrað og peningalítið fólk að fá þar aðstoð eða barnafjölskyldur vegna þess að þetta er dýr þjónusta. En þó er ekki saman að jafna þegar við erum að ræða stöðu þessa fólks og svo þorra manna sem þurfa svo sannarlega á heilsuvernd almennt að halda.

Mér þætti æskilegt og ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. tjái sig um þetta mál. Menn hafa ætlast til að ráðherrar komi upp og tali um hallann á fjárlögum og hinar stóru efnahagslegu stærðir og að sjálfsögðu skiptir það máli en það er hlutverk okkar alþingismanna að sjá til þess að réttlætismál af þessu tagi komist í höfn. Ég verð að segja það líka eftir alla þessa umræðu um allan þennan hagnað og allan þennan gróða þegar verið er að selja fjölskyldusilfrið, þegar verið er að taka eignir þjóðarinnar og í sumum tilvikum færa þær nýjum eigendum á silfurfati eins og gert var með SR-mjöl og frægt varð, með Áburðarverksmiðjuna, og síðan er áfram haldið á þeirri braut. Þegar menn eru að hæla sér af þessu öllu þá spyr ég: Hvernig fara menn að réttlæta aðgerðaleysi í þessum efnum og hvernig fara menn að réttlæta niðurskurð t.d. á framlögum til fatlaðra? Við vorum að ræða það í dag að gert er ráð fyrir því að skerða framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 345 millj. kr. á næsta ári. Þá hafa menn skert framlag til þess sjóðs um 1.200 millj. kr. frá því um miðjan þennan áratug. Sú upphæð hefði að öllum líkindum dugað til að leysa þann húsnæðisvanda sem tæplega 400 fatlaðir einstaklingar eiga við að stríða en það er sá hópur sem fyllir biðraðirnar, 378 manns. Þessi skerðing, um 1.200 millj. kr., hefði að öllum líkindum dugað til að leysa þennan vanda.

Þetta finnst mér vanta í hina pólitísku sýn ríkisstjórnarinnar. Þar vottar ekki fyrir neinu réttlæti. Það er ekkert annað en bókhald, ekki nokkur skapaður hlutur annar.

Vegna þess að ég ætla að standa við það fyrirheit mitt, herra forseti, að hafa ekki langa ræðu þá ætla ég ekki að fara út í það núna að rifja upp hvað ríkisstjórnir Sjálfstfl. hafa gert á þessum áratug, hvaða breytingar hafa t.d. verið gerðar á skattkerfunum, hvernig skattar voru t.d. lækkaðir á arðgreiðslum, sem lágu í venjulegu tekjuskattshlutfalli en voru færðir niður í 10% með tilkomu fjármagnstekjuskattsins. Eða hvernig tekjuskattar stórfyrirtækjanna, sem voru í upphafi þessa áratugar yfir 50%, eru núna komnir í 30%.

Á sama tíma hefur skattbyrði almenns launafólks verið aukin, hún hefur verið þyngd með því að láta skattleysismörk ekki fylgja almennri launaþróun. Kjör barnafólks hafa verið rýrð með því að láta ekki viðmiðunarmörk fylgja almennri launaþróun. Kjör öryrkja hafa verið rýrð stórlega á þessu tímabili eins og við rifjuðum upp í umræðu um skýrslu sem út er komin eða bók um velferðarþjónustuna á Íslandi. Kjör námsmanna hafa líka verið rýrð því að viðmiðunarmörkin í námslánakerfinu hafa ekki fylgt almennri kjaraþróun, þau hafa ekki gert það. Síðan koma menn hingað og leyfa sér að monta sig og gorta að allt sé í himnalagi. Það er verið að selja fjölskyldusilfrið, meðan byggðar eru kringlur og smárar, og ég veit ekki hvað það heitir, þegar stórefnafólkið á Íslandi er að skapa stórfelldasta viðskiptahalla sem dæmi eru um í Íslandssögunni þá leika menn bara á fiðlu og eru bara ánægðir.

Tillaga okkar og framtíðarsýn byggir á jöfnuði og það eru skynsamleg efnahagsleg rök auk réttlætisrakanna sem liggja þar að baki. Þjóðfélag sem byggir á jöfnuði safnar t.d. ekki upp viðskiptahalla á sama hátt og ójafnaðarþjóðfélagið gerir. Það er ríka fólkið, sem kaupir stóru bílana og stóru snekkjurnar og fer í miklu reisurnar og reisir stóru hallirnar og kaupir glingrið í útlöndum, sem býr til viðskiptahallann. Það er ekki láglaunafólkið sem hefur lítið fé á milli handanna. En þegar peningarnir koma til sögunnar þá er farið í bíó og í leikhús og í leigubíl og ferðast um landið og eitthvað til útlanda, keypt fleiri blöð, fleiri bækur, hjólin snúast víðar í samfélaginu. Jöfnuður er forsenda efnahagslegra framfara og skynseminnar líka. Á því reisum við stefnu okkar.

Herra forseti. Ég hef furðað mig á þeirri umræðu sem hefur farið fram um útgjöld hins opinbera og ofsafengin viðbrögð og taugaveikluð viðbrögð við peningaþörf heilbrigðisstofnana og skóla og menntastofnana í landinu. En það hefur nefnilega verið þannig í langan tíma að reynt hefur verið að halda aftur af opinberum stofnunum með því að skammta þeim alltaf naumt. Þetta hefur verið leiðin sem hefur verið farin, að skammta naumt og síðan vorum við með þessar alþekktu aðferðir að skera niður flatt, þ.e. flatan niðurskurð. Síðan fóru allir að gagnrýna þetta réttilega og við fórum að færa okkur yfir í nýtt form og reyna að skoða hverja einstaka stofnun. Það er það sem gerðist. En grunnurinn er þessi, að skammta naumt. Þannig hefur það verið. Síðan rjúka allir upp til handa og fóta ef farið er örlítið fram úr og miklar fordæmingar eru uppi. Hefur einhver rætt það hér t.d. hvað hefur verið gert varðandi biðlista á sjúkrastofnunum? Hefur einhver rætt það? Er einhver að tala um hvað gerist inni á þessum stofnunum, hvort verið er að skapa þar verðmæti og vellíðan og réttlæti sem er okkur einhvers virði? Hefur það nokkuð verið rætt hérna? Við viljum ræða það. Og gæti vel verið að þeim fjármunum væri vel varið? Ég hugsa bara að það gæti vel verið.

Þess vegna vil ég taka hjartanlega undir það sem fram kemur í minnihlutaáliti hv. þm. Jóns Bjarnasonar um þetta efni. Hann segir, með leyfi forseta:

„Reiknilíkön eru æ meira að ryðja sér til rúms. Í breytilegu þjóðfélagi verður að vera svigrúm til ákvarðanatöku, annars er hætta á ósveigjanleika og stöðnun. Veiku löggjafarvaldi hættir til að skýla sér í blindni á bak við reiknilíkön og horfa fram hjá þörfum þegnanna og velferð."

Þetta er kjarninn í því sem ég vildi einnig sagt hafa. Það er til skynsamlegrar og yfirvegaðrar skoðunar á þessum málum og við hvetjum til þess að menn hætti þessum alhæfingum og fordæmingum.

Allra síðast, herra forseti, vara ég líka við alhæfingum um launasamninga og kjarasamninga. Staðreyndin er náttúrlega sú að árið 1996 voru sett lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem átti að fara inn í alveg nýtt kjaraumhverfi. Það var hugmyndin á bak við lögin. Það átti að búa til einstaklingsbundna samninga, það var 9. gr. laganna ef menn skyldu hafa gleymt því, ég man það mjög vel, ég ræddi þessa

grein nokkrum sinnum á Alþingi. Þar átti forstjórinn að geta mismunað einstaklingum í launum. Að einhverju leyti hefur þetta gengið eftir en sem betur fer mjög litlu. Sem betur fer hafa hóparnir viljað halda saman. Sem betur fer hafa hjúkrunarfræðingarnir viljað halda saman og sjúkraliðarnir og stóru hóparnir og stéttirnar. Þetta hefur skapað vandræði og stundum leitt til aðgerða eins og uppsagna sem ég skrifa ekkert upp á. Ég skrifa ekki upp á það sem tæki í kjarabaráttu, alls ekki. En það er búið að byggja inn í þetta kerfi ýmsar hættur og fram til þessa hefur þetta kerfi ekki gengið upp. Það hefur ekki gengið upp á þann veg sem ríkisstjórnin og ríkisvaldið ætlaði sér og er samkvæmt formúlum OECD og miðar að því að ná niðurskurði, ekki þenslu, niðurskurði og mannfækkun. Það er hugmyndin á bak við þetta. Það hefur ekki gengið.

En ég ætla ekki að hætta mér út í einhverja langa umræðu um þetta mál, það kallaði á klukkutímaræðu sem ég ætla ekki að fara út í núna en þetta voru helstu atriðin sem ég vildi koma á framfæri að lokum um fjárlögin fyrir næsta ár.

[21:57]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að mæla fyrir brtt. við fjárlagafrv. sem liggur fyrir á þskj. 413 og ég er 1. flm. að en meðflm. mínir eru hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Jóhann Ársælsson, Sighvatur Björgvinsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Bryndís Hlöðversdóttir. Þetta er tekjutillaga sem kemur inn á breytingar bæði á sundurliðun 1 og 2 og einnig sem breyting við 7. gr. fjárlaganna og þá sem nýr liður.

En tillagan er, herra forseti, um það að á hverja þorskígildislest sem úthlutað er verði innheimtar 2.700 kr. eða 2,70 kr. á kílóið. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli þingheims á þeirri staðreynd að heimild til að veiða eitt kíló af þorski selst nú á Kvótaþinginu á 115 kr. Verðið var 98 kr. í upphafi fiskveiðiárs, fór í 121 kr. þegar það var hæst en er nú í 115 kr. vegna aukins framboðs því að það er meira magn á markaðnum en jafnan og sú tilgáta uppi að með því að leigja frá sér veiðiheimildir nú í lok ársins séu einhverjir útgerðaraðilar að laga stöðuna fyrir áramótin svo ársreikningarnir líti betur út. Það sé litið þannig á að verðið muni hækka aftur strax eftir áramótin.

En þetta var útúrdúr til upplýsingar. Við leggjum til að Þróunarsjóður sjávarútvegsins verði notaður sem farvegur fyrir þessa innheimtu enda innheimtir sjóðurinn þegar tvenns konar gjald af útgerðinni, m.a. gjald af úthlutuðu aflamarki, svo farvegurinn er fyrir hendi. Í dag innheimtir sjóðurinn u.þ.b. 1,16 kr. á hvert kíló og er það samkvæmt lögum eyrnamerkt að mestu sem framlag til smíði hafrannsóknaskips.

Hér er lagt til að sú tala hækki upp í 2,70 kr. eins og áður sagði og bætast þannig 750 millj. við þær 650 sem fyrir eru í Þróunarsjóðnum samkvæmt frv. Þetta viðbótarfjármagn á síðan að skiptast á þrjár af undirstofnunum sjútvrn., á Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Fiskistofu eftir því sem næst verður komist í samræmi við þann beina kostnað sem þessar stofnanir bera vegna þarfa útgerðarinnar í landinu og síðan eiga ríkisframlög til þessara stofnana að lækka samsvarandi á móti. Hér er því um að ræða kostnaðargreiðslur eða þjónustugjöld eins og það er kallað þegar fólk á í hlut og samskipti þess t.d. við suma þætti heilbrigðiskerfisins.

Tekjum af þessum kostnaðargreiðslum útgerðarinnar er, herra forseti, m.a. ætlað að fjármagna afnám tekjutengingar elli- og örorkulífeyrisþega við tekjur maka sem er aðgerð sem mun kosta um 360 millj. en ekkert svigrúm fannst fyrir í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar eða í þeim brtt. sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um að flytja við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 2000, og það þó að talið sé um mannréttindabrot að ræða og fyrir liggi vilyrði um lagfæringar á þessum smánarbletti.

Með þessu viljum við í Samfylkingunni ekki síst undirstrika þá pólitík okkar að velferðarkerfið á að vera fyrir fólkið en fyrirtækin eiga að hafa þannig umhverfi að þau geti dafnað á jafnréttis- og samkeppnisgrundvelli, velferðarkerfið á að vera fyrir einstaklingana og fjölskyldurnar í landinu.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég segja um það frv. sem hér liggur fyrir og brtt. þær sem liggja fyrir frá ríkisstjórnarmeirihlutanum, að ég er í hópi þeirra sem hafa áhyggjur af því að með afgreiðslu frv. undir þessum formerkjum sé enn verið að auka á þann efnahagsvanda sem við sannarlega stöndum frammi fyrir. Og við það að fylgjast með brtt. meiri hlutans snjóa hér inn, bæði við 2. og 3. umr., þá hef ég fengið á tilfinninguna að hér sé stiginn Hrunadans, eins og síðustu forvöð séu að ná í hús ýmsu því góða sem menn hafa svo lengi viljað en ekki fengið. En nú skyndilega er allt laust, flest fáanlegt og dansinn dunar.

Hæstv. forsrh. orðar það þannig í Morgunblaðinu dag að menn geri sér glaðan dag. Og bætir við að það sé kannski dálítið umfram það sem skynsamlegt er.

Já, þeir eru margir sem þekkja afleiðingar þess að gera sér glaðan dag um of, umfram það sem skynsamlegt er. Þá vakna menn næsta dag með timburmenn og iðrast hversu glannalega var farið. Það gætu orðið örlög ríkisstjórnarmeirihlutans á Alþingi að frv. og brtt. samþykktum.

Ég mundi ekki slá á aðvörunarorð forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar vegna niðurstaðna endurskoðaðrar þjóðhagsspár eins og mér virðist hæstv. forsrh. gera. Ég tel að taka eigi fullt mark á slíkum viðvörunum, að tölurnar gefi tilefni til þess og að menn hefðu betur fyrr í þessu ferli tekið mark á þeim aðvörunarorðum sem ýmsar stofnanir hafa haft í frammi undanfarin missiri.

Meiri viðskiptahalli og meiri verðbólga en gert var ráð fyrir sýna að þær aðgerðir sem reynt hefur verið að grípa til, eins og vaxtahækkana nú á haustdögum, koma of seint og inn í umhverfi sem alls ekki hafði verið undirbúið. Þvert á móti var enn verið að kynda undir væntingum fólks um enn meiri bata, ef ekki raunverulegan þá með sölu banka sem mundi skapa nýtt og betra svigrúm og velsæld. Ríkisstjórnin hefur að því er virðist ekki sjálf enn tekið mark á viðvörunarorðum eða merkjum og þá er varla hægt að ætlast til þess að þjóðin geri það.

Auknar tekjur ríkissjóðs sem fram koma í lok ársins umfram það sem spáð hafði verið eru því miður til vitnis um það sama, því þær verða að stærstum hluta vegna enn aukins viðskiptahalla eða frá þeim 29 milljörðum, sem þjóðhagsspá sem lögð var fram í október með fjárlagafrv. gerði ráð fyrir, í 38 milljarða sem talið er að viðskiptahallinn verði á þessu ári. Hér er um að ræða aukningu, herra forseti, upp á 9 milljarða á þeim þremur mánuðum sem liðnir eru frá framlagningu fjárlagafrv.

Það hefur sannarlega verið góðæri síðustu árin. Viðskiptakjör fyrir vöruútflutning okkar hafa almennt verið góð, olíuverð lengst af lágt og fjárfestingar innan lands miklar.

Þetta hefur skapað skilyrði fyrir minna atvinnuleysi og aukinn kaupmátt og þjóðin hefur eðlilega fyllst bjartsýni, einkum sá hluti hennar sem býr á höfuðborgarsvæðinu. Þangað hefur líka fjöldinn þyrpst utan af landi til að eiga hlut í góðærinu og væntingum um enn betri lífskjör.

Það er hluti af vanda dagsins í dag og sveitarstjórnarhluta hins opinbera. Krónan er núna sterkari en hún hefur verið frá gengisfellingunni árið 1993 og vextirnir eru hærri en í samkeppnislöndum okkar. Það er mál manna, herra forseti, að röð hagstjórnarmistaka sé að grafa undan trausti markaðarins. Framleiðslu- og útflutningsfyrirtækin eru farin að kvarta undan rekstrarumhverfi sínu. Þau geta ekki keppt við hið opinbera í launum við þessar aðstæður hárra vaxta og gengis. Og nú nærir þenslan sig sjálf með auknum viðskiptahalla, vegna neyslu sem til er orðin vegna væntinga og upp á krít og tekjur ríkisins aukast að sama skapi.

Aukin opinber útgjöld eru líka eitt af því sem hefur grafið undan grundvelli varanlegs hagvaxtar og aðhaldsskortur í opinberum fjármálum ógnar nú rúmlega áratuga uppbyggingarstarfi innlends einkarekstrar, fyrirtækjanna á markaðnum, þeirra fyrirtækja sem við reiðum okkur á að geti staðið undir gjaldeyrisöflun, launum og sköttum.

Menn hafa vissulega áhyggjur af kjarasamningum á næsta ári. Það er vart hægt að ætlast til þess að fólk sem er á lægstu töxtum tryggi með hógværum kröfum og hógværum kjarasamningum kaupmátt hinna sem náðu til sín meiri hækkunum en það gat gert. Með síauknum umsvifum síðustu ára er líklega búið varanlega að þenja út það sem einu sinni var kallað báknið, þenja það út um marga tugi milljarða nú á allra síðustu árum.

En það er, herra forseti, vissulega meira gaman að gera eitthvað núna fyrir þá sem munu fá framlög á fjárlögum, hvað þá mikið aukin framlög, en að taka á svo góðærið megi treina lengur, eins og sumir orða það. Það er líka talað um að ná mýkri lendingu eða komast hjá kreppu. Þetta er eins og með lausatökin, orðafar fer eftir smekk.

Ég fór á morgunverðarfund Samtaka atvinnulífsins fyrir skömmu þar sem menn ræddu þessa hluti og höfðu miklar áhyggjur og ekki var hægt annað, herra forseti, en að deila þeim áhyggjum sem þar komu fram einmitt af þeim mögguleikum sem við eigum, annars vegar á kjarasamningum sem a.m.k. geta stuðlað að mýkri lendingu eða því að treina megi góðærið.

Ég talaði áðan um tilfinningu mína fyrir Hrunadansi vegna þess að ég er í hópi þeirra sem finnst ýmislegt minna á umhverfið eins og það var 1986–1987. Að minnsta kosti er það nógu margt til þess að ég trúi því að meira aðhald væri líklegri aðgangsmiði að góðum lífskjörum í næstu framtíð en það sem hér hefur verið kallað lausatök. Eins og menn e.t.v. muna mátti Sjálfstfl. hrökklast úr ríkisstjórn haustið 1988 eftir þau herfilegu hagstjórnarmistök sem þá voru gerð í góðæri. Það góðærði endaði í miklum efnahagserfiðleikum sem verkalýðshreyfingin tók síðan á sig í samvinnu við þáv. ríkisstjórn að vinna á og lagði þannig grundvöll að nýrri efnahagsskipan og lægri verðbólgu með svokallaðri þjóðarsátt eða með gerð svokallaðra þjóðarsáttarsamninga.

Það er því fróðlegt að velta því fyrir sér, herra forseti, hvað kemur í ljós ef gerður er samanburður á uppsveifluárunum frá því á níunda áratugnum og árunum 1998 og 1999. Ég vil lauslega víkja að því, herra forseti, og vitna í grein í 4. og síðasta hefti tímarits Seðlabankans, Peningamál, þar sem samanburður er gerður á uppsveiflunum 1986–1987 og síðan 1998–1999. En þar segir, með leyfi forseta:

„Margt er líkt með ofþensluárunum í lok níunda áratugarins og uppsveiflu síðustu ára en sumt er frábrugðið. Hér skulu borin saman helstu einkenni þessara tveggja hagvaxtarskeiða.“

Ég hef leyft mér, herra forseti, að tína þau fram í svolítið annarri röð en hér er gert og para þau saman á annan hátt, ef svo má segja.

Í fyrsta lagi er þess getið að ný fjárfesting á stærri hlut í uppsveiflunni undanfarin ár en á níunda áratugnum. Hlutfall fjárfestingar er þó ekki hátt í sögulegum samanburði.

Í öðru lagi kemur fram að viðskiptahallinn er meiri nú eða 5,7% af landframleiðslu árið 1998 samanborið við 3,5% árið 1987.

Í þriðja lagi er þess getið að rekstur hins opinbera er nú í mun betra horfi og allmikill afgangur á fjárlögum en umtalsverður halli var árin 1985–1987.

Í fjórða lagi eru skuldir hins opinbera mun meiri en þær voru á níunda áratugnum. Sama má segja um skuldir heimila, fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild.

Í fimmta lagi var atvinnuleysi árið 1987 enn lægra, það mældist einungis 0,4–0,6%. Nú er atvinnuleysi upp á u.þ.b. 2% og spenna á vinnumarkaði var meiri þá, sem að hluta til skýrist af því að landið var ekki jafnopið gagnvart útlöndum og nú.

Í sjötta lagi er samkeppnisstaða atvinnuveganna nú betri og raungengi nær jafnvægi og hagnaður meiri.

Í sjöunda lagi er raunvöxtur útlána meiri nú en á þensluskeiði níunda áratugarins, eða 27,4% á móti 19,6% svo nefndar séu tölur.

Í áttunda lagi eru fjármagnshreyfingar nú óheftar sem eykur hættu á gjaldeyris- og fjármálakreppu bresti traust markaðsaðila á efnahagsstefnunni.

Í níunda lagi, herra forseti, af því að hér er nú um rit Seðlabankans að ræða, þá taka þeir fram að Seðlabankinn sé nú betur undir það búinn að hemja ofþensluna. Þeir láta þess getið að sjálfstæði bankans til að beita vöxtum hefur verið aukið og gengisstefnan er heldur sveigjanlegri en hún var.

Mér finnst, herra forseti, full ástæða til að menn velti þessum hlutum í alvöru fyrir sér. Ég hef ekki áhuga á því að vera í hópi þeirra sem eru með heimsósómaspár endilega. Ég hefði viljað sjá aðrar áherslur á ýmsum sviðum, en eftir að hafa á undanförnum missirum hlýtt á ýmsa ágæta hagfræðinga vara við hættumerkjum í hagkerfinu og eftir að hafa lesið ágæta pappíra um efnhagsmál og efnahagsstjórnun þá er í mér uggur sem mér finnst sjálfsagt að komi hér fram við fjárlagaumræðuna. Fjárlög eru stærsta og virkasta efnahagstæki hverrar ríkisstjórnar og því er eðlilegt að horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar séu ræddar við það tækifæri þegar fjárlög eru rædd og afgreidd og að menn reifi hér viðhorf sín. Það hef ég gert, herra forseti, og læt hér lokið máli mínu.

[22:13]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 411 við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 frá nefndarmönnum í menntmn.

Nefndin hefur fjallað um úthlutun heiðurslauna listamanna fyrir næsta ár. Menntmn. leggur til að sömu listamenn og njóta heiðurslauna í ár hljóti þau árið 2000. Þeir eru Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Hannes Pétursson, Indriði G.

Þorsteinsson, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Stefán Hörður Grímsson og Thor Vilhjálmsson.

Jafnframt gerir nefndin tillögu um að hver heiðurslaun verði 1.200 þús. kr. Menntmn. stendur einróma að þessari tillögu.

[22:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Til umræðu er fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar og Vinstri hreyfingin – grænt framboð kvaddi sér hljóðs við 2. umr. um frv. og gerir það sömuleiðis við 3. umr. til að láta í ljósi þær hugmyndir sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum er varða fjármál ríkisins.

Grunnhugsunin í hugmyndum okkar er sú að aukinn jöfnuður efli efnahagsástand þjóðarinnar og hugmyndir okkar hafa gengið út á að svo megi verða, að þjóðin fái búið við aukinn jöfnuð og þar með aukna velsæld. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ekki verið að tala fyrir niðurskurði hvað sem það kostar. Nei, við höfum lagt áherslu á að margt í tillögum ríkisstjórnarinnar í þessu fjárlagafrv. er af hinu góða og við höfum stutt ýmsar tillögur þar um. Við viljum að sjálfsögðu aðhald og okkur greinir á við hæstv. ríkisstjórn er varðar forgangsröðun í ýmsum málum.

Þess vegna höfum við gert athugasemdir við ýmsa skerðingu sem virðist vera á borðinu eins og skerðingu vaxtabóta og lækkun námslána sem má að okkar mati skýra með ósanngjarnri tekjutengingu. Ég minni á það, herra forseti, að framfærsla námsmanna er núna innan við 63 þús. kr. á mánuði og við höfum lagt á það áherslu að framfærsla námsmanna á að sjálfsögðu að vera sú sama og framfærsla annars fólks í landinu þannig að við höfum lagt á það áherslu að hér þurfi að auka jöfnuð. Við höfum að sjálfsögðu deilt áhyggjum þeirra sem hafa talað um viðskiptahallann en við höfum líka rætt um að orsaka hans megi kannski leita í því hve mikill ójöfnuður ríkir í samfélaginu, hve gífurlegar tekjur sumir geta haft á meðan aðrir hafa vart til hnífs og skeiðar.

Herra forseti. Við höfum áhyggjur af því að skuldir heimilanna skuli aukast stöðugt. Samkvæmt upplýsingum sem við höfum á borðum okkar hafa þær aukist frá 1995 á slíkan hátt að það verður að fara að staldra við, það verður að finna raunhæfan möguleika til lækkunar skulda. Þær eru taldar vera núna um 144% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Við erum með viðskiptahalla upp á 38 milljarða kr. og við erum með aukna verðbólgu upp á 5,6% síðustu tólf mánuði.

Þetta þýðir að sjálfsögðu, herra forseti, að draga verður saman á einhverjum póstum og vinna að öðrum áherslum, vinna á öðrum nótum, og það eru ákveðnir staðir þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til að skorið sé niður. Þegar við erum að leggja til að hér sé líka aukið við útgjöld á ákveðnum póstum höfum við verið með tillögur um auknar tekjur á móti.

Við erum því fylgjandi að fjármagnstekjuskattur sé hækkaður og aukinn og peningarnir sem kæmu inn við slíka skattheimtu fari í að efla velferðarkerfið. Við höfum einnig lagt mikla áherslu í málflutningi okkar á að umhverfismálunum þurfi að sinna betur. Og, herra forseti, af því tilefni mæli ég fyrir brtt. sem við flytjum aftur við 3. umr. fjárlaganna, brtt. sem var felld við 2. umr. en við erum ekki alveg sátt við að snúa baki við.

Þannig háttar til, herra forseti, að á 123. löggjafarþingi voru samþykktar tvær þáltill. sem við teljum vera þýðingarmiklar tillögur og þær eru í málaflokki umhverfismálanna. Við töluðum fyrir því í 2. umr. að tillögur um Vatnajökulsþjóðgarð, undirbúning að Vatnajökulsþjóðgarði, fengju ákveðið fjármagn á fjárlögum og við lögðum til að undirbúningur hans fengi 3 millj. kr. en samkvæmt þáltill. er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin geri Alþingi grein fyrir undirbúningi þessa máls á vorþingi árið 2000. Þar sem ekki er markaður neinn tekjustofn fyrir þetta verkefni og þess er að engu getið í fjárlagafrv. viljum við freista þess, þó að tillaga okkar hafi verið felld við 2. umr., að endurflytja hana við 3. umr. Við lækkum að vísu upphæðina úr 3 milljónum í 1,5 milljónir og við teljum það nægja til að standa sómasamlega að verkefninu.

Hin tillagan sem við höfum ákveðið að endurflytja með lægri upphæð líka er tillagan um kortlagningu ósnortinna víðerna en á 123. löggjafarsamkomunni var samþykkt þáltill. um að á næsta ári skyldi gert átak í því að kortleggja ósnortin víðerni. Í þeirri umræðu sem á sér stað núna um hálendi Íslands og um hin ósnortnu eða lítt snortnu víðerni skiptir það okkur meginmáli að kortleggja þau víðerni því að þau eru auðlind í sjálfu sér. Ef við kortleggjum ekki og skoðum ekki hver þessi auðlind er þá getum við heldur ekki talað um að nýta hana til eins eða neins. Grundvallarhugsunin liggur í því að ná utan um málaflokkinn, ná utan um þessi ósnortnu víðerni með því að gera kort. Þess vegna endurflytjum við við 3. umr. fjárlaganna ósk um að kortlagning ósnortinna víðerna fái á fjárlögum næsta árs 1,5 millj. kr. Við treystum því að þessar tillögur okkar tvær fái stuðning því að hér er um sáralitla upphæð að ræða en í veigamiklum málaflokki og auk þess tvö mál sem eru studd af Alþingi þar sem Alþingi hefur nú þegar samþykkt þær þáltill. sem ég hef gert hér grein fyrir.

Þá vil ég, herra forseti, fagna því að í framsögu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns hv. fjárln., kom það fram að fjárln. leggur til breytingu á fjárlagaliðnum Ýmis verkefni undir umhverfisráðuneytinu. Þar er gert ráð fyrir að fjárlagaliðurinn 190 undir umhverfisráðuneyti, Ýmis umhverfisverkefni, fái 2 millj. kr. hækkun sem er tímabundin hækkun en ætluð til þess að styðja við starfsemi áhugamannasamtaka um náttúruvernd og umhverfisvernd. Hér tel ég, herra forseti, að gott mál sé á ferð því að samtök á borð við þau sem hafa sótt um stuðning hins opinbera eru Náttúruverndarsamtök Íslands, samtökin Sól í Hvalfirði og Umhverfisverndarsamtök Íslands. Allt eru þetta stór áhugamannasamtök sem gegna mikilvægu hlutverki í umhverfismálum okkar og þar sem Ísland er nú aðili að öflugum samningi, Árósa-samningnum, sem er alþjóðlegur samningur sem kveður m.a. á um það að stjórnvöld skuli líta til áhugamannahreyfinga á borð við þessar og ætla þeim ákveðið hlutverk, þá segjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að hér sé gott mál á ferðinni og boðum það að á næsta ári komum við til með að leggja til að vegur samtaka á borð við þessi verði enn aukinn og þeim verði beinlínis markaður ákveðinn tekjustofn eða fjárlagaliður undir umhvrn. á fjárlögum okkar.

Herra forseti. Við höfum einnig nefnt málefni Ríkisútvarpsins í þessari umræðu. Ég get ekki látið hjá líða að ítreka þær áhyggjur okkar. Ríkisútvarpið, sem við teljum vera einn af máttarstólpunum menningarstarfsemi þjóðar okkar, hefur þurft að lúta í lægra haldi fyrir aðhaldsöflunum og hefur ekki hlotið náð fyrir augum ríkisvaldsins þegar það hefur óskað

eftir því að fá að hækka afnotagjöldin sín. Ríkisútvarpið fékk hækkuð afnotagjöld tvisvar á þessum áratug, um 4% árið 1993 og um 5% 1998. Nú er ósk Ríkisútvarpsins sú að það hljóti 12% hækkun afnotagjalda.

Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins halda því fram að þeim sé ómögulegt að hagræða enn frekar í rekstri en orðið er en það skal tekið fram, herra forseti, að mikil hagræðing hefur átt sér stað innan stofnunarinnar undanfarin ár og hefur gengið vonum framar að hagræða. En nú er svo komið að ekki verður meira að gert og í sannleika sagt, herra forseti, er dagskrá Ríkisútvarpsins farin að láta á sjá við allar hagræðingarnar og allan þennan innri niðurskurð. Nú ríður á að á einhvern hátt verði tekið af myndarskap á málefnum Ríkisútvarpsins.

Það hefur ekki verið ákveðið, herra forseti, að gera það nú og er það miður. En forsvarsmenn Ríkisútvarpsins komu í heimsókn bæði til fjárln. og sömuleiðis til menntmn. til að bera upp þessi mál sín og hlutu þar eins og ég segi skilning en ekki vilyrði um neinar aðgerðir. Af þessu höfum við áhyggjur, herra forseti, og mælumst til þess að þó ekki sé verið að gera neitt akkúrat núna á þessum tímapunkti í málefnum Ríkisútvarpsins þá verði það ekki látið ógert á næstunni, það verði tekið á málefnum þess.

Að öðru leyti vil ég segja það, herra forseti, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið virk í umræðunni um fjárlögin. Við höfum verið virk í atkvæðagreiðslunni og það munum við einnig vera á morgun þegar greidd verða atkvæði í þriðju umferð þessara umræðna. Við treystum á stuðning Alþingis við ákveðnum tillögum sem við höfum verið að tala fyrir í dag og við munum að sjálfsögðu styðja áfram góðar tillögur ríkisvaldsins á meðan við erum á móti öðrum. En ég ítreka það sem ég sagði, herra forseti, í upphafi máls míns að grunnurinn í hugmyndum okkar sem við höfum talað fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að aukinn jöfnuður í samfélaginu auki velsæld samfélagsins.

[22:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við fjárlfrv. á þskj. 444 en þetta eru einu brtt. Samfylkingarinnar við þetta fjárlagafrv. Voru þær lagðar fram við 2. umr. en dregnar til baka til 3. umr. Á þessari brtt. eru allir þingmenn Samfylkingarinnar og viljum við með því leggja áherslu á hversu mikilvægt mál þetta er okkur, að leggja til tæpa 1,5 milljarða til styrktar velferðarkerfinu.

Þetta gerum við í framhaldi af úttekt Stefáns Ólafssonar fyrir Tryggingastofnun ríkisins sem kynnt var í bók um Íslensku leiðina. Þar kemur fram að við erum ekki nema hálfdrættingar á við aðrar þjóðir í velferðarmálunum og að staða lífeyrisþega, sem þurfa að treysta eingöngu á velferðarkerfið, er mjög slæm og mun verri hér en víða annars staðar og er þá hægt að bera okkur saman við þjóðir sem eru mun fátækari en við, þjóðir í Suður-Evrópu. Því leggjum við þetta til þar sem ríkisstjórnin virðist ekki ætla að taka á þessum málum þrátt fyrir ábendingar frá Félagsvísindastofnun um stöðu mála hjá lífeyrisþegum.

Hv. þm. Jón Kristjánsson viðurkenndi við 2. umr. um fjárlögin að vissulega væri þörf á að taka á þessum þætti en það yrði að bíða. Við getum ekki sætt okkur við að þetta bíði þar sem nú ríkir svokallað góðæri og menn eru tilbúnir til að leggja stóra fjármuni í ýmsa aðra þætti en við teljum þetta vera eitt brýnasta málið.

Ég vil nefna fyrst, herra forseti, það atriði sem ég tel einna brýnast og stærsta málið í tillögum okkar en það er afnám tekjutengingar tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega við tekjur maka þeirra. Þetta er mál sem við höfum barist fyrir í nokkuð langan tíma og lífeyrisþegar hafa einnig gert og margoft hefur verið bent á að er brot á mannréttindum.

Í frv. sem ég hef verið 1. flm. að, herra forseti, og talað fyrir nokkrum sinnum í þinginu hefur verið bent á að upphaflega þegar almannatryggingar komust á á Íslandi var miðað við það að tryggingarnar væru persónutryggingar, hver einstaklingur væri tryggður og hefði sína persónutryggingu en svo er ekki þegar þessi regla er annars vegar, sem kemur inn í lögin þegar farið er að tekjutengja tekjutrygginguna. Þeir sem missa vinnuna fá atvinnuleysisbætur óháð því hvaða tekjur maki þeirra er með eða hvort hann er með tekjur yfirleitt en lífeyrisþegar eru tekjutengdir maka sínum þegar almannatryggingabæturnar eru annars vegar.

Þetta hefur haft í för með sér að fjölskyldur lífeyrisþega lenda í fátækragildru jaðarskattanna. Þar má sérstaklega nefna öryrkjana og þetta hefur unnið gegn fjölskyldunni. Menn hafa neyðst út í skilnað og þetta hefur brotið upp fjölskyldur og til eru mörg dæmi um það. Í grg. frv. þar sem við leggjum til að þessi tekjutenging skuli ekki heimil er líka bent á að í raun sé þetta ekki andi almannatryggingalaganna og varla heimilt því að það er talað um að tekjutryggingin skuli tengd tekjum einstaklings eða bótaþegans en hvergi minnst á tekjur makans í lögunum.

Þetta er líka andstætt stjórnarskránni, og vil ég þá nefna 65. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. En með þessari skerðingarreglu við tekjur maka er verið að mismuna lífeyrisþegum eftir hjúskaparstöðu eða sambúðarformi má segja því það er ekki aðeins að menn þurfi að vera í hjúskap heldur er einnig verið að tekjutengja bæturnar við sambýlisaðila, ef fólk er í sambúð. Þarna er líka verið að mismuna fólki á vinnualdri eftir því hvort það á við atvinnuleysi að stríða eða heilsubrest og það er ekki í anda stjórnarskrárinnar.

Ég vil einnig benda á að þetta brýtur líka gegn 11. gr. stjórnsýslulaga, þar sem bent er á að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og óheimilt sé að mismuna á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða öðrum sambærilegum ástæðum. Þar sem þessi regla er annars vegar virðist vera að verið sé að brjóta lög á fólki og þá sérstaklega þeim sem eiga erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér, fólki sem búið er að missa heilsuna og getur ekki unnið fyrir sér.

Það er einnig ástæða til að benda á, herra forseti, að þessi skerðingarregla, sem við viljum afnema og leggjum til 360 millj. kr. til viðbótar við lífeyristryggingar almannatryggginga, stríðir gegn mannréttindadsáttmálum og alþjóðasamningum sem við höfum skuldbundið okkur að virða. Þar vil ég benda á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem var samþykkt á allsherjarþinginu 10. des. 1948. Þar er tekið á því að ekki megi mismuna fólki í þessa veru og sömuleiðis er í mannréttindayfirlýsingunni talað um jafnrétti til hjúskapar og stofnunar fjölskyldu og þar er sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni.

Það má nefna ýmis fleiri atriði sem koma að því hvernig verið er að brjóta á fólki með þessari reglu. Umboðsmaður í málefnum fatlaðra hjá Sameinuðu þjóðunum, Bengt Lindqvist, hefur gagnrýnt opinberlega íslensk stjórnvöld

fyrir það að mannréttindi fatlaðra séu ekki í heiðri höfð þegar þessi regla er annars vegar og nú síðast fór Öryrkjabandalagið í mál við heilbrrh. vegna þeirrar reglu og má búast við að dómur verði birtur á næstu dögum í því máli.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að þessi regla er leifar úr fortíðinni. Stefán Ólafsson prófessor bendir á að þetta séu leifar frá fátækraaðstoðinni á 19. öld sem viðgengst hér og bendir einnig á að þessi regla sé hvergi, herra forseti, við lýði nema hér. Ég tel því, herra forseti, og við í Samfylkingunni að löngu sé orðið tímabært að afnema hana og það kostar ekki meira en 360 millj. að afnema þá reglu og hafa í heiðri mannréttindi gagnvart þessu fólki, þeim hópi lífeyrisþega.

Einnig má benda á að mjög margir öryrkjar eru mjög illa staddir fjárhagslega, sérstaklega þeir sem þurfa að treysta á almannatryggingarnar. 43% allra öryrkja fá enga aðstoð úr lífeyrissjóði og þurfa þess vegna meira og minna að treysta aðeins á almannatryggingarnar. Þetta hefur bitnað á börnum öryrkja, þau hafa ekki getað tekið þátt í félagslífi eða samfélaginu með öðrum börnum vegna fjárhagsstöðu á heimilum öryrkja. Þau geta ekki tekið þátt í íþróttum, ekki er hægt að kaupa á þau íþróttaföt, borga félagsgjöld o.s.frv., hvað þá að þau fái að taka þátt í að læra á hljóðfæri eða vera í tónlistartíma því að fjölskyldur öryrkja eru ekki aflögufærar. Þess vegna leggjum við mjög ríka áherslu á að þarna komi inn fjárveiting, 360 millj., til að afnema þetta mannréttindabrot á þessum hópi.

Herra forseti. Við leggjum síðan til hækkun á tekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega og leggjum til tæpan milljarð í þá hækkun. Með því er hægt að bæta kjör verst settu lífeyrisþeganna allverulega. Einnig er hægt að gera það með því að breyta tekjutryggingarreglunum. Mig langar til að benda á það að í umræðum um velferðarmálin á dögunum talaði hæstv. forsrh. um að okkar tryggingakerfi væri ekki að greiða upphæðir til þeirra sem vel væru staddir, þeirra sem væru efnamiklir í samfélaginu. En það er ekki rétt, herra forseti. Við erum að greiða úr almannatryggingakerfinu til fólks sem er með kvartmilljón og jafnvel enn hærri upphæðir úr lífeyrissjóðum. Þetta fólk er að fá greiðslur mánaðarlega úr almannatryggingunum á meðan hópar geta ekki framfleytt sér á þeim greiðslum sem það an koma.

Það er því hægt að endurskoða kerfið, tekjutengingarkerfið verulega þannig að meiri jöfnuður ríki meðal lífeyrisþega og það er ástæða til að skoða það. Það þyrfti auðvitað að fara í að breyta þar ýmsu innan kerfisins.

Síðan er tillaga frá okkur samfylkingarþingmönnum um að sjúkradagpeningar almannatrygginga hækki um 100%. Eins og bent hefur verið á eru þeir mjög lágir, um 20 þús. kr. á mánuði hjá því fólki sem á engan rétt úr sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna. Það þarf að framfleyta sér á 20 þús. kr. Þeir sem eru í hlutastarfi, t.d. það fólk sem neyðist til að ráða sig sem verktaka í fyrirtæki, sem er að verða æ algengara, fá ekki nema rúmar 10 þús. kr. í sjúkradagpeninga úr almannatryggingunum. Það er vissulega tímabært að hækka þá upphæð og ef við miðum við 100% hækkun, þá er það sama upphæð og fæðingardagpeningarnir sem konur fá greidda í fæðingarorlofi og er þá fullkomlega eðlilegt að sjúklingur sem er óvinnufær vegna sjúkdóms fái ekki lægri greiðslur en eru ætlaðar nýorðnum mæðrum í fæðingarorlofi þeirra.

Herra forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur gert grein fyrir brtt. okkar þingmanna Samfylkingarinnar á þskj. 413 og 445 þar sem við leggjum til tekjur á móti þessum útgjöldum. Ég bendi á að lagðar eru til mun meiri tekjur en útgjöldin eru. Tekjurnar sem við leggjum á móti eru 2.750 þús. kr. en útgjöldin eru tæpir 1,5 milljarðar. Það er því langt á annan milljarð sem er umfram til að þarna skilist afgangur gagnvart þeim útgjöldum sem við leggjum til.

Herra forseti. Samfylkingin er að leggja áherslu á stefnumál sín með því að leggja til þessar auknu greiðslur til velferðarkerfisins. Við viljum styrkja velferðarkerfið, það er á brauðfótum. Við erum hálfdrættingar á við aðrar þjóðir. Velferðarkerfið á að vera fyrir fólkið, einstaklingana og fjölskyldurnar í landinu. Það á að styðja að fjölskyldunni og það verður að bæta fyrir þá sem minnst hafa. Við vitum að það fólk sem býr við lægstu greiðslurnar úr almannatryggingunum og hefur hvergi annars staðar tekjur er að leita til hjálparstofnana og líknarfélaga til að hafa í sig og á og núna sérstaklega þegar jólin eru fram undan ættu menn að hafa skilning á að þarna þurfi að bæta hlut þessa fólks.

Verið er að leggja hér til að afnema mannréttindabrot sem viðgengst í samfélaginu áður en 21. öldin gengur í garð auk þess sem lagt er til að tekjur til þeirra verst settu í velferðarkerfinu verði bættar og einnig að sjúklingar sem eiga hvergi annars staðar rétt en hjá almannatryggingunum fái 100% hækkun á lífeyri sínum. Vissulega, herra forseti, þyrfti það að vera meira, en þó kemur þarna veruleg hækkun til.

[22:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef ekki þörf fyrir að hafa sérstaklega langt mál nú við 3. umr. fjárlaga. Hér hafa talað á undan mér þrír þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og mælt fyrir brtt. okkar og rökstutt afstöðu okkar í þessum efnum, fyrst og fremst fulltrúi okkar í fjárln., hv. þm. Jón Bjarnason, en einnig hafa hv. þm. Ögmundur Jónasson og Kolbrún Halldórsdóttir þegar talað.

Það eru aðeins nokkur atriði sem ég vil koma inn á og ég vil beina spurningum til hæstv. ráðherra landbúnaðar og samgöngumála af vissu tilefni. Ég hef gert viðvart um að ég óski nærveru þeirra og hygg að þeir séu báðir hér í húsi og ég er þakklátur fyrir það.

Herra forseti. Fyrst þá held ég að með sanni megi færa fyrir því nokkur rök að þau fjárlög sem við erum að afgreiða hér séu að ýmsu leyti óvissufjárlög, þau séu meiri óvissu undirorpin en stundum endranær og talsvert meiri óvissu undirorpin en við höfum getað vænst í kjölfar margrómaðs stöðugleika og sæmilega stöðugra forsendna í efnahagsmálum á undangengnum árum.

Auðvitað er aldrei á vísan að róa, eins og sagt er á íslensku og á enn við um ýmsa þætti í okkar efnahagsbúskap. Það hefur stundum verið sagt til að reyna að útskýra fyrir útlendingum hversu sérstakt íslenskt efnahagslíf er að þess séu fá dæmi um efnahagslegar undirstöður í þjóðarbúskap ríkja að þær geti tekið til fótanna og synt í burtu. En það á auðvitað við um Ísland og hefur svo sem gerst í Íslandssögunni að þessar undirstöður efnahagslífsins hafa greitt atkvæði með sporðinum og horfið, verið veiddar upp eða annað í þeim dúr.

Við byggjum á áhættusömum og sveiflukenndum atvinnurekstri að þó nokkru leyti enn þá í okkar þjóðarbúskap. Efnahagslíf okkar er lítið og sérhæft og oft verðum við fyrir búsifjum vegna þess að við höfum ekki þá breidd eða stærð til að bera sem getur jafnað út sveiflur eins og hjá ýmsum öðrum þjóðum. Þetta vitum við og þekkjum en ég held, herra forseti, að ástæða sé til að staldra við breytingar sem þrátt

fyrir allt hafa einnig orðið að þessu leyti. Ég er ekki viss um að menn muni upplifa hræringar í íslensku efnahagslífi, fari þær af stað fyrir alvöru t.d. á næstu missirum, á alveg sama hátt og menn hafa gert áður. Þar koma m.a. til, herra forseti, breytingar sem hér hafa verið gerðar markvisst og af pólitískum ástæðum í sambandi við skipulag efnahagslífsins. Þar á ég t.d. við einakvæðinguna en ég á þó einkum og sér í lagi við þá þróun sem hér hefur orðið á hlutabréfamarkaði, þ.e. að hér er komið Kauphing og hlutabréfamarkaður og menn eru farnir að vakna og sofna til þess hvernig gengið á vísitölunum er þennan eða hinn daginn. Það held ég að eigi eftir að reynast Íslendingum ný upplifun ef hér syrtir í álinn í efnahagsmálum að allt í einu er komin þarna viðbótarbreyta inn í okkar efnahagslega samhengi sem getur verið mjög næm fyrir ýmsu ójafnvægi og utanaðkomandi aðstæðum eða jafnvel innri hlutum sem þar valda breytingum.

Herra forseti. Það gætu með öðrum orðum verið komnir þeir tímar að við förum að eignast okkar svörtu októberdaga eins og aðrar þjóðir. Ég hef reyndar af því þó nokkrar áhyggjur að hluti af þenslunni og spennunni í þjóðfélaginu sé uppskrúfað gengi á hlutabréfamarkaði, að hálfgerð blöðruáhrif séu þar í gangi eins og stundum er sagt og talið er nú reyndar að séu einkenni á mörkuðunum bæði austan hafs og vestan um þessar mundir. Menn vita hvað gerist ef blásið er mjög miklu lofti í blöðru. Þá þarf ekki nema að stinga á henni og þá getur það farið mjög hratt út eða hún sprungið.

Hættumerkin blasa við okkur, herra forseti. Á það hefur verið bent í umræðunum og ég ætla ekki að endurtaka það. Verðbólga og viðskiptahalli eru þar alvarlegustu hætturnar. Ég segi það aftur, sem ég hygg ég hafi komið aðeins inn á í umræðum um fjáraukalög, að ég held þó að menn gætu verið að vanmeta einn áhættuþáttinn enn og það er staðan í sjávarútveginum og ósköp einfaldlega afkoma útflutningsatvinnugreinanna á tímum hækkandi raungengis, mjög hárra vaxta og þeirra aðstæðna sem við þekkjum.

Enn er það svo að sjávarútvegurinn íslenski stendur fyrir meira en helmingnum af heildarútflutningnstekjum þjóðarinnar, hvort heldur mælt er í verðmæti vöru eða þjónustuviðskipta, og er á milli 70% og 80% af vöruútflutningnum. Næst kemur ferðaþjónustan og það er kannski ástæða til að minna á þá staðreynd hér þegar menn tala eins og það eina sem geti orðið landinu til bjargar séu erlendar málmbræðslur — það er nú ekki svo — að næsta stóriðja Íslands, stóriðja Íslands númer tvö á eftir sjávarútveginum, er ferðaþjónustan. Hún er komin fram úr iðnaðinum sem gjaldeyrisatvinnuvegur fyrir þjóðina.

Herra forseti. Ég ætla að nefna lauslega nokkrar af brtt. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er ekki svo, eins og halda mætti af umfjöllun ríkissjónvarpsins, að aðeins einn flokkur á þingi hafi lagt fram brtt. Þvert á móti er það þannig að bæði við 2. umr. og svo aftur núna við 3. umr. höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingmenn fleiri flokka, þingmenn Frjálslynda flokksins, lagt fram ítarlegar brtt. og tekið efnislega afstöðu til þessa fjárlagafrv. sem er kannski meira en hægt er að segja um suma aðra. Við greiddum atkvæði ýmist með brtt. meiri hlutans, sátum hjá eða vorum á móti þeim eftir efni máls við 2. umr. og munum gera það aftur við 3. umr. Við fluttum fjölmargar brtt. við 2. umr., þar á meðal tekjuöflunartillögur til þess að mæta að verulegu leyti okkar útgjöldum. Við kölluðum sumar af okkar brtt. við 2. umr. aftur til 3. umr. eins og iðulega er gert ef menn vilja ekki láta þær koma til atkvæða við 2. umr., annaðhvort vegna þess að málum er ekki lokið í fjárln. eða þeir binda vonir við að lagfæringar fáist. Við endurvekjum nú flestar þessara tillagna við 3. umr. enda standa þær að fullu fyrir sínu.

Ég vil fyrst nefna tillögu sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur gerst meðflutningsmaður að og var flutt við 2. umr. og nú aftur við 3. umr. af þingmönnum Frjálslynda flokksins, hv. þm. Gunnari Inga Gunnarssyni og Guðjóni A Kristjánssyni. Við tókum undir þessa tillögu við 2. umr. og lýstum okkur stuðningsmenn hennar. Hún var mjög í anda þeirrar tillögugerðar sem við höfðum hugsað okkur að flytja hvað varðar útgjöld til lífeyristrygginga og sjúkratrygginga. Það varð því niðurstaðan að við 3. umr. gerðist fulltrúi okkar í fjárln. meðflutningsmaður að þessari tillögu hv. þingmanna Frjálslynda flokksins. Ég læt þess getið að hv. þm. Ögmundi Jónassyni láðist að geta þess þegar hann ræddi um þessa tillögu og hann bað mig að koma því hér á framfæri.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir því að verulega verði bætt í upphæðir tekjutryggingar ellilífeyrisþega, tekjutryggingar örorkulífeyrisþega og sjúkratryggingar hvað varðar sjúkradagpeninga. Með því móti teljum við að við mundum lyfta þessum liðum þannig að það væri a.m.k. veruleg viðleitni í þá átt að skila þessum hópum einhverju af því góðæri sem þeir hafa sannanlega farið á mis við umfram marga aðra.

Herra forseti. Ég vil í öðru lagi nefna tillögu sem við fluttum reyndar við 2. umr. en kölluðum aftur til 3. umr. og varðar greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu, þ.e. stuðning við sauðfjárbændur og styrkingu dreifikerfis í sveitum. Er ég þá kominn að öðru því tilefni sem ég ætlaði að ræða við hæstv. landbrh.

Herra forseti. Það eru mér gríðarleg vonbrigði, satt best að segja skil ég það eiginlega ekki, að menn skuli ætla að loka fjárlögunum án þess að sýna nokkra viðleitni í þá átt að koma til móts við þá stétt sem ég fullyrði að hefur orðið fyrir meira tekjutapi og meira áfalli en nokkur önnur í landinu núna milli ára, þ.e. sauðfjárbændur. Bændur sem hafa sent mér skrifleg erindi eða haft við mig símsamband hafa sýnt mér fram á nokkur dæmi um 30–40% tekjufall nú á milli ára. Sauðfjárbændur og fjölskyldur sauðfjárbænda sem ekki hafa aðrar tekjur en þær sem koma frá búinu standa í mörgum tilvikum frammi fyrir þessari stöðu. Þetta stafar af því að á milli ára hefur orðið algjört verðhrun á ull og gærum. Það hefur verið stórhækkuð útflutningsskylda sem þýðir mun lægra verð og í raun og veru hverfandi lítið til bændanna í kjölfar lægra verðs og óhagstæðari útflutningsskilyrða að ýmsu leyti. Þetta þýðir í mörgum tilvikum að drjúgur hluti framleiðslu viðkomandi bænda, þau 20% eða hvað það nú er sem útflutningsskyldan er plús jafnvel það sem menn hafa verið að reyna að auka framleiðslu sína um undanfarin ár til að afla einhverra viðbótartekna með útflutningi, fer nú í raun tekjulaust frá búinu og er frekar baggi á bændum en hitt. Þar er því kannski farinn fimmtungur og upp í fjórðungur eða jafnvel þriðjungur af framleiðslunni fyrir ekki neitt. Eftir stendur afgangurinn og á hann kemur þetta mikla tekjufall vegna verðhruns á ull og gærum og fleiri þátta.

Er það þá niðurstaðan, herra forseti, að þannig sé í pottinn búið hér í miðju góðærinu að menn ætli að standa algjörlega aðgerðalausir gagnvart því að ein stétt verður fyrir þvílíku hruni sem þarna er á ferðinni í tekjum, og það stétt sem er í samningsbundnum viðskiptum við ríkisvaldið um sína framleiðslu og um sín tekjumál eins og bændur?

Herra forseti. Ég minni á að þegar aðrar atvinnugreinar, sem landbúnaðurinn og sauðfjárframleiðsla auðvitað eru, hafa orðið fyrir búsifjum af þessu tagi þá hefur iðulega verið farið í miklar ráðstafanir og jöfnunaraðgerðir þeim til handa. Hvað er uppbót til rækjuiðnaðarins og rækjusjómanna þegar innfjarðarrækja bregst annað en sambærileg aðgerð, þegar þá er allt í einu gripið til þess að færa yfir til þeirrar greinar sjávarútvegsins veruleg verðmæti í formi kvótaúthlutunar í öðrum tegundum? Hvað var uppbót til loðnuflotans á sínum tíma þegar loðnubrestur varð annað en sambærileg aðgerð til að mæta því tekjufalli sem greinin var að taka á sig? Ætla menn þá að segja að ekki séu bæði fordæmi fyrir því og öll efnisleg rök og sanngirnisrök fyrir því að koma til móts við bændur á einhvern hátt?

Herra forseti. Er hægt að kanna hvar hæstv. landbrh. er, af því að ég hafði gert sérstakar ráðstafanir til þess að hann yrði hér?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég skal gera ráðstafanir til þess að hæstv. landbrh. komi í salinn. Ég hélt satt að segja að hann vissi af ósk hv. þm.)

Það hélt ég satt að segja líka, herra forseti, og er þess vegna undrandi á því að hæstv. ráðherra skuli ekki koma í leitirnar.

Ég vil óska eftir því, herra forseti, að hæstv. landbrh. tjái sig, taki afstöðu til þessarar brtt. okkar um að hér verði aukið við fjármunum til þess að hægt sé að koma til móts við landbúnaðinn, bændur og alveg sérstaklega sauðfjárbændur í þessum efnum. Ætlar hæstv. ráðherra að byrja feril sinn í embætti með því að fara í gegnum fjárlagaafgreiðsluna án þess að sýna vott af viðleitni til þess að taka á þessum erfiðleikum? Ég fullyrði að það mun ekki valda hæstv. landbrh. neinum pólitískum erfiðleikum að skapa samstöðu um það hér að koma nokkuð til móts við þessa stétt manna sem þarna hefur sannanlega — ég vona að ég þurfi ekki að endurtaka það og að hæstv. landbrh. hafi heyrt hvað ég var að fara hér með — orðið fyrir gríðarlegu tekjufalli milli ára svo nemur í mörgum tilvikum 30–40%. Ég fullyrði að óvíða í landinu, herra forseti, er við erfiðari aðstæður að etja en á mörgum sveitaheimilum þar sem menn hafa tekjur og framfærslu eingöngu af sauðfjárrækt.

Á sömu brtt. er liðurinn Ýmis orkumál, styrking dreifikerfis í sveitum. Það verkefni fær hraksmánarlega útreið hjá hæstv. ríkisstjórn sem í miðju góðærinu lætur sér sæma að skera niður þennan lið sem ég hélt að allir hugsandi menn og þeir sem eitthvað hafa fylgst með vandamálum landsbyggðarinnar og strjálbýlisins vissu að er einn sá sem stendur mönnum hvað mest fyrir þrifum, þ.e. lélegt dreifikerfi raforku. Það er skortur á þrífösun rafmagns sem veldur mönnum miklum erfiðleikum og miklum kostnaðarauka. Ég nefni sem dæmi uppbyggingu ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni. Það fullyrða margir menn við mig að þetta eitt og sér geri það að verkum að í raun fái þeir engan botn í það að ráðast í fjárfestingu, t.d. í uppbyggingu heimagistingar eða minni veitingastaða eða annarra slíkra hluta þar sem menn þurfa að nota orku, rafmagnstæki og slíkt, nóg sé að standa frammi fyrir þeim stutta nýtingartíma sem oftast er á þessum mannvirkjum, borga af þeim full fasteignagjöld eins og verið hefur hingað til eftir sem áður miðað við markaðsverð í Reykjavík og búa svo við það að þurfa að kaupa margfalt dýrari rafmagnstæki og ná 20–40% minni nýtingu út úr orkunni. En það er það sem gerist, herra forseti, ef menn neyðast til þess að búa við þessar frumstæðu aðstæður.

Og þá, einmitt þá og við þessar aðstæður á árinu 1999, þegar menn monta sig af 16–17 milljarða afgangi á fjárlögum, láta menn sér sæma að krukka í þennan lið og skera hann niður þó að um samningsbundinn og eyrnamerktan tekjustofn í formi arðgreiðslna Rafmagnsveitna ríkisins í þessu skyni sé að ræða. En um það var samið á sínum tíma að tveir þriðju af tekjuafgangi eða arðgreiðslum Rafmagnsveitnanna gengju til þess að fjármagna átak í þessu verkefni. Þetta er skammarlegt, herra forseti, og það væri gaman að heyra hvað þessir ráðherrar, hæstv. samgrh. og hæstv. landbrh. sem ættu að láta sig málið varða sem ráðherra ferðamála og ráðherra landbúnaðarins og sveitanna í raun og veru, sem landbrh. auðvitað er í miklum mæli, segja um þetta mál.

Herra forseti. Að lokum er ég þá kominn að því sem ég ætlaði alveg sérstaklega að ræða við þessa tvo hæstv. ráðherra og það er stefna ríkisstjórnarinnar og þeirra hvað varðar meðferð á jarðeignum ríkisins sem undir þá heyra.

Ég er satt best að segja, herra forseti, sleginn og undrandi yfir þeim fréttum sem hafa verið að koma fram um meðferð stjórnvalda á þeim málum. Ég á þá ekki við ýmsar einstakar afgreiðslur þeirra mála sem kunna að orka tvímælis og jafnvel rúmlega það. Ég ætla ekki að segja meira um þau mál. Ég hef ekki gaman af því að velta mér upp úr slíku og vona bara að þau mál komist á hreint hvernig að því hefur verið staðið.

En ég ætla að segja hitt, að ég varð forundrandi þegar ég heyrði að ríkið hefði á skömmum tíma, nánast án þess að nokkur umræða hefði farið fram um það, selt einar 60 ríkisjarðir og þar af tugi án þess að þær hefðu nokkurs staðar verið auglýstar eða jafnvel án þess að ábúendum eða ábúendum á nágrannajörðum hefði gefist nokkur kostur á að bjóða í þær jarðir. Þær eru seldar jafnvel út úr sveitarfélögum til aðkomumanna og án þess að íbúum á viðkomandi svæði, sveitarfélögum eða öðrum, gæfist í raun og veru nokkur kostur á að komast að þessu máli. Þannig er þessu lýst.

Ef það er þá er hér orðin, herra forseti, mikil stefnubreyting í meðferð þessara mála. Ég hef grun um að þessir tveir hæstv. ráðherrar séu aðallega að fá heimildir í 7. gr. fjárlagafrv., sem er heimildargrein, til að kaupa og selja eignir, og svo í brtt. frá meiri hluta fjárln. á þskj. 408 þar sem enn er bætt við þessar heimildir. Fjöldinn allur af ríkisjörðum og einstökum náttúruverðmætum, sem ég er satt best að segja forundrandi á að mönnum skuli yfir höfuð detta í hug að selja. Ég ætla aðeins að vitna í þessi skjöl, herra forseti, með leyfi þínu.

Þar segir t.d. í 7. gr. sjálfs frv. að heimildar er aflað, fjmrh. sé heimilt að gefa eftir gjöld og kaupa og selja eins og þar stendur, og svo kemur hér að sölu lóða og jarða. Þar eru þessir liðir:

„4.4 Að selja jörðina Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

4.5 Að selja jörðina Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.

4.6 Að selja jörðina Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.

4.7 Að selja jörðina Geitafell, Húnaþingi-Vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.

4.8 Að selja jörðina Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.

4.9 Að selja jörðina Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.

4.10 Að selja lóðina Glerá 3, Akureyri.

4.11 Að selja jörðina Stóru-Tungu, Bárðdælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

4.12 Að selja jörðina Blábjörg, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.

4.13 Að selja jörðina Krók, Austur-Skaftafellssýslu.

4.14 Að selja jörðina Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.

4.15 Að selja jörðina Ytri-Lyngar II, Skaftárhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

4.16 Að selja jörðina Kotmúla, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu."

Síðan eru taldar upp hvorki meira né minna en ellefu jarðir eða jarðarhlutar í Árnessýslu sem á að selja: Hluta af jörðinni Björnskot, hluta af jörðinni Norðurgarður, hluta af jörðinni Norður-Garðar, jörðin Gufudalur, jörðin Gufudalur II, hluti af jörðinni Kröggólfsstaðir, jörðina Reykjakot, hluta af jörðinni Skriðufell, eignarhluta ríkisins í jörðinni Vestra-Stokkseyrarsel, hluta af jörðinni Þúfu, jörðina Minni-Ólafsvellir og prestssetursjörðina Hraungerði í Árnesprófastsdæmi.

En þetta er ekki nóg heldur er í brtt. meiri hlutans bætt við heimildum. Það er prestssetrið í Þykkvabæ, það er reyndar einnig flugafgreiðslan á Kópaskersflugvelli, flugafgreiðslan á Borgarfirði eystra og flugafgreiðslan á Breiðdalsvíkurflugvelli. Ég spyr hæstv. samgrh., herra forseti, með leyfi: Hvað í ósköpunum á nú að gera með það að fara að selja flugafgreiðslurnar á þessum flugvöllum? Þó að þetta séu kannski ekki lengur áætlunarflugvellir er það þá sérstök framför í því að ríkið láti frá sér þá aðstöðu sem þó er þarna til staðar ef á þarf að halda fyrir leiguflug, fyrir sjúkraflug og fyrir aðra slíka hluti? Hvað á að gera með þessar eignir? Í hvaða skyni er verið að láta þær ganga undan ríkinu, þennan hluta af samgöngukerfi landsins sem þarna á í hlut? Ég vil fá skýringar á því.

En svo á að gera meira, herra forseti, og þá kemur nú að hlutum sem mig undrar nokkuð. Það á að selja Elliðaey á Breiðafirði. Hverjum á að selja Elliðaey á Breiðafirði? Ekki er ábúandi þar. Er jörðin í ábúð? Ekki veit ég til þess. Er það þá skynsamleg ráðstöfun að vera að selja eina af perlum Breiðafjarðar einkaaðilum?

Það á að gera meira, herra forseti, og þá tekur nú steininn úr að mínu mati. Það á að selja Málmey á Skagafirði. Hverjum á að selja Málmey á Skagafirði? Er hún í ábúð? Ekki hef ég orðið var við það. Hvers vegna í ósköpunum er ríkið að selja eina af perlum Skagafjarðar, Málmey á Skagafirði? Er ekki gáfulegra að þjóðin eigi hana saman áfram? Hvaða tilgangi þjónar svona lagað? Er þetta innlegg í þá umræðu sem varð í fyrra og hittiðfyrra um þjóðlendur, um sameign þjóðarinnar á hluta af landinu og um náttúruperlur sem við ættum öll að varðveita og eiga aðgang að saman, að selja einkaaðilum Málmey á Skagafirði? Ég bið um skýringar, herra forseti.

Ég ætla ekki að greiða þessari heimild atkvæði ef á bak við það á að vera möguleg sala til einhvers einkaaðila sem getur lokað Málmey á Skagafirði af og víggirt hana. Væri um að ræða ábúendur eða sveitarfélagið eða einhverja slíka aðila sem væru sannanlega vel að því komnir að halda eyjuna og nýta hana kæmi slíkt kannski til greina. En ekki ef um er að ræða að taka þessa eyju úr almannaeign og færa hana einkaaðilum. Það er ekki framför hvað varðar sameiginleg afnot þjóðarinnar af landinu. Í reynd er það svo, herra forseti, svo ég skjóti því að, að ræðumaður er því algjörlega andvígur að jarðnæði gangi úr opinberri eigu, þ.e. ríkisins eða sveitarfélaganna, nema í því eina tilviki að það séu notendur landsins og ábúendur sem séu þá að kaupa það til að þeir standi þá jafnfætis öðrum slíkum sem eiga sitt land. Það er fullgilt sjónarmið og reyndar samkvæmt lögum að ábúendur eigi slíkan rétt eftir tíu ára búsetu á jörðunum og ég geri ekki athugasemdir við það t.d. að hæstv. landbrh. verði við óskum ábúenda ef þær koma fram um slík kaup. En ég er algjörlega andvígur því að slíkar jarðir séu seldar einkaaðilum sem hafa ekki einhver slík bein afnotatengd eða búsetutengd tengsl við landið. Lágmark er að það sé þá í einhverjum slíkum tilgangi að bæta búskaparskilyrði á nálægum jörðum eða opna upp fyrir almenningi, t.d. með því að um sveitarfélag eða félagasamtök eða aðra slíka aðila sé að ræða. Þá geta svoleiðis hlutir að sjálfsögðu komið vel til greina, allt með fyrirvörum þó.

En ég þekki allt of mörg dæmi þess, herra forseti, að í því sé fólgin svo stórfelld afturför fyrir íbúa viðkomandi svæðis og jafnvel landsmenn alla að land hverfi úr opinberri eigu og í einkaeign að ég get ekki mælt með slíku, fyrir utan að það stríðir gegn grundvallarviðhorfum mínum til þess að að breyttu breytanda eigi slíkir hlutir að vera í sameign. Ég þekki fjölmörg dæmi þess að land sem hefur lent úr höndum ábúenda, eða þeirra sem nýta jarðirnar, til einkaaðila sem hafa önnur afnot og aðra hluti í huga en þá sem fyrir voru, sé lokað af, girt af, jafnvel þannig að menn komast ekki heðbundnar reiðleiðir innan sveitar eða á milli sveita, og vegum er lokað og á hengd skiltin „einkavegur" o.s.frv.

Út af fyrir sig er það alveg skiljanlegt og ég held að við getum t.d. alveg skilið þá streituhlöðnu þéttbýlisbúa sem eru að leita sér að afdrepi að þeir vilji fá að vera í friði þegar þeir loksins sleppa héðan úr ósköpunum og stressinu, þá vilji þeir frið og ró í paradís sinni og þeir girða sig af, loka veginum, setja upp skiltið „einkavegur, einkalóð, bannað að ganga á grasinu" o.s.frv. og niðurstaðan er oftar en ekki sú að þetta land er lokað af, jafnvel þannig að það hverfa af því nytjar sem menn hafa haft.

Ég held að það sé miklu betri lausn á eðlilegri þörf þéttbýlisbúanna til að geta umgengist og komið út á landið að ríkið eigi það, að við eigum það saman og opnum það upp, ekki fyrir fáeinum útvöldum sem hafa peninga til að kaupa það heldur fyrir öllum fjöldanum. Ríkisjarðnæðið er einmitt tæki til þess að gera þjóðinni allri auðveldara um vik að njóta landsins saman. Þessar 700, 800 jarðir sem voru í landbrn., a.m.k. þegar ég þekkti vel til þar, eru auðvitað heilmikill stofn í slíkt og sérstaklega vegna þess, því miður, að ýmsar þeirra hafa verið að fara úr ábúð á undanförnum árum, en það er stórfelld afturför í því að tína út úr þessum sameiginlega jarðnæðisstokki landsmanna allra jarðir og jafnvel rúsínurnar og selja þær einkaaðilum sem loka þær af fyrir sig. Auk þess sem það er algerlega fráleitt að mínu mati að ríkið sé að selja náttúruperlur eins og Málmey eða þess vegna Elliðaey á Breiðafirði.

Ég var reyndar ekki búinn með allar jarðirnar, herra forseti, ég gleymdi að nefna hið fornfræga setur prestssetursjörðina Bergþórshvol í Vestur-Landeyjum og það má nú ekki ljúka svo lestrinum að það komist ekki til skila. Hverjum á að selja hana? Er það ábúandinn? Gott og vel en ef það er ekki svo þá vil ég fá skýringar á því.

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherrar geri okkur grein fyrir því og helst í meiru en andsvari eða símskeytastíl hver er sú stefna sem hér er lögð til grundvallar. Hvað segir hæstv. landbrh. varðandi það? Er hann með það í huga að selja ríkisjarðir öðrum en ábúendum? Ef svo er

þá hverjum og í hvaða tilvikum? Hvað er hæstv. samgrh. að fara með því að fara fram á heimild Alþingis til þess að fá að selja Málmey á Skagafirði? Hverjum á að selja Málmey? Það er algjörlega skylt að hæstv. ráðherra svari því áður en hann getur ætlast til þess að honum sé færð þessi heimild. Ég vil fá skýr svör, herra forseti, og sé það svo sem ég hef vissan beyg af að þær undarlegu og óvæntu fréttir, a.m.k. fyrir ræðumann sem taldi sig þó fylgjast sæmilega með þessum málum, að þessi stórfellda jarðasala hafi farið fram nánast í kyrrþey á undanförnum missirum. Er meiningin að halda þeirri stefnu áfram? Hvers vegna kom það þá ekki fram, t.d. í umræðum um hálendismál og þjóðlendufrv. að það væri stjórnarstefna að losa um eignarhald ríkisins á þó því landi sem þjóðin á saman? Var það ekki einmitt gagnrýnispunkturinn að allt of mikið af landinu væri í einkaeign og ekki aðgengilegt þar af leiðandi öllum almenningi?

Ég var að vísu ekki einn af þeim, herra forseti, sem fóru hamförum í þeim ýkta málflutningi sem var á köflum hafður hér uppi að verið væri að ræna miðhálendinu af þjóðinni, það var auðvitað ekki svo. Þar var um skipulagslegt og stjórnsýslulegt ágreiningsmál að ræða. Engu að síður skil ég vel þau sjónarmið almennings í þéttbýli og þau eru eðlileg og réttmæt og þau eru jákvæð, að menn vilji eiga aðgang að landinu og njóta þess og það eigum við að reyna að gera öll saman eftir því sem kostur er.

Ég þóttist sjá það einhvers staðar að hæstv. landbrh. væri að reyna að slá sér upp á því að hann vildi opna upp ríkisjarðir fyrir veiðimenn. Gott mál hjá hæstv. landbrh., hvort sem það voru nú rjúpnaskyttur eða einhverjir aðrir. Eitthvað sá ég um þetta einhvers staðar. Sjálfur hafði ég svipaðar hugmyndir. Mig dreymdi t.d. um það að fá þjóðina til þess að taka ríkisjarðir í fóstur og til skógræktar í stórum stíl á þeim svæðum þar sem annaðhvort var þörf fyrir átak í uppgræðslu lands eða voru skilyrði til að planta skógi. Ég held að miklir möguleikar séu til slíkra hluta ef við mótum um það skynsamlega stefnu og náum góðri sátt um meðferð þeirra mála. En þeir möguleikar spillast og þeir takmarkast með því landi sem gengur undan ríkinu, það er ljóst.

Allra síðast, herra forseti, þá er ég langhrifnastur af því fyrirkomulagi sem er á Grænlandi og er ekki að ástæðulausu og er ekki tilviljun að þar getur enginn einstaklingur átt land. Grænlenska þjóðin á Grænland saman. Af hverju er það? Jú, það er af því að þúsund ára lífsreynsla hefur kennt grænlensku þjóðinni að hún komist best af í landinu ef hún á landið og veiðistofnana saman og það getur enginn tekið neitt frá fyrir sig og sína og haldið öðrum þar utan við í því fyrirkomulagi. Menn geta leigt lóðir, byggt hús sín og haft þau réttindi sem þeir þurfa í 99 ár o.s.frv. en grundvallarskipulagið er þetta að grænlenska þjóðin á Grænland saman og þar getur enginn einstaklingur átt land og það sé best að hafa það þannig.

En við höfum byggt á öðru kerfi og það er helgað af hefðum og siðum um árhundruða skeið og ég er ekki með neinar kröfur um að því sé kollvarpað eða því breytt, það er ekki svo. Að mörgu leyti eru líka rök fyrir því að þeir sem búa á landinu og nytja það eins og bændur séu góðir vörslumenn þess og vel að því komnir að halda það. Má þá einu gilda í raun hvort um er að ræða formlegt eignarhald eða ábúðarrétt og afnotarétt sem er í raun og veru jafngildur að öllu öðru leyti en því að menn geta ekki þá ekki selt það frá sér.

En mergurinn málsins er þessi, herra forseti, að ég sé enga framför í því fólgna og þvert á móti afturför að fara að losa úr opinberri eigu jarðnæði ríkisins í stórum stíl. Ég minni á það, herra forseti, að það hafa nú oft orðið af því nokkrar deilur á Alþingi. Sú var tíðin að sala á jafnvel eyðijörðum sem átti að fara að selja utanaðkomandi aðilum vakti upp harðar deilur. Eða man einhver lengur þá tíð að hér var u.þ.b. dægurslöng umræða um sölu á jörðinni Streiti eða heitir það Streitishvarf í Breiðdal? Alla vega var það an uppfæddur góður stóðhestur, svo mikið man ég. Hér ræddu alþingismenn það svona eins og um dægurskeið. Niðurstaðan varð sú að Alþingi féll frá því að afhenda framkvæmdarvaldinu heimildir til þess að selja jörðina Streiti í Breiðdal. (Gripið fram í.) Ja, hún er vonandi í eigu ríkisins enn þann dag í dag. Nú getur hæstv. landbrh. kannski upplýst það ef hann kann jarðaskrána. Kannski er ekki sanngjarnt að gera þá kröfu til ráðherra í embætti eftir aðeins fáeina mánuði að hann kunni utan að 800 jarða skrá landbrn. en æskilegt væri auðvitað að hafa landbrh. sem væri svo vel að sér.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta. Ég ítreka óskir mínar um að hæstv. ráðherrar veiti skýr svör og lýk máli mínu.

[23:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. snarpa ræðu. Ég get tekið undir margt sem hv. þm. sagði. Ég er sannfærður um það sem landbrh. að landið verður dýrara, sveitirnar munu vaxa í verði á nýrri öld og jarðir verða eftirsóttari. Okkur ber því að fara varlega í öllum þeim efnum.

Ég vil gleðja hv. þm., sem er síðasti ríkiskapítalistinn á Íslandi, að hann minntist ekki á jörðina sem hér er beðið um að fá að kaupa, þ.e. Hrafnhól í Skagafirði í Hjaltadal, — sem gleður hér samflokksmann hans, hv. þm. Jón Bjarnason, og kinkar hann kolli.

Hv. þm. minntist á margt í ræðu sinni. Hann minntist á samning við sauðfjárbændur. Hann var eitt sinn landbrh., hæstv. forseti. Hv. þm. var sá landbrh. sem gerði fyrsta samninginn við sauðfjárbændur. Það var að vísu hnífsbragð þá þegar útflutningsbætur voru skornar af með einu hnífsbragði, en ég ætla ekki að fara út í það. Ég vona að okkur takist sem fyrst að gera nýjan samning við sauðfjárbændur sem komi til framkvæmda á næsta ári og skili þeim því að greinin muni standa betur eftir en áður. Ekki er talin, hvorki af ríkinu né sauðfjárbændum, þörf á því að það skili sér inn á þau fjárlög sem nú eru til umræðu.

Ég vil segja við hv. þm. að sú heimild sem fengin er til að selja þessar jarðir byggist fyrst og fremst á þeim rökum sem hv. þm. minntist á. Hann minntist á 60 ríkisjarðir. Hv. þm., sem fyrrum var landbrh., þekkir reglurnar að eftir tíu ára ábúð á margt þetta blessaða fólk kauprétt á jörðum sínum eftir lögum sem Alþingi hefur sett. Þetta er hluti af þeim jörðum og það eru allir sáttir við það. Það verða engar jarðir seldar af hálfu ríkisins hvorki eyðijarðir né aðrar jarðir sem ekki er með kauprétt öðruvísi en þær verði auglýstar. Hér er ekki mikið af eyðijörðum, ég tel að það beri að spara þær og fara vel með þær og marka þar skýrari stefnu en nú er fyrir hendi.

[23:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi var það ekki ræðumaður sem gerði fyrsta búvörusamninginn. Hann gerði flokksbróðir hæstv. ráðherra, Jón Helgason 1986, hygg ég vera frekar en

1985. (Gripið fram í.) Nei, ég held að fyrsti samningurinn hafi verið gerður a.m.k. 1986, ef ekki fyrr.

Ég er heldur ekki, herra forseti, að tala fyrir því að sett verði inn fyrir fram einhver fjárveiting vegna komandi búvörusamnings, það dettur mér ekki í hug. Það sem ég var að spyrja út í var hvort menn ætla ekki með neinu móti að bregðast við því geysilega tekjufalli, svo ekki sé sagt tekjuhruni, sem liggur fyrir hjá sauðfjárbændum núna milli ára með bráðaaðgerðum strax hvað sem líður síðan gerð búvörusamnings. Og ég vitnaði til hliðstæðra hluta eins og þess tekjufalls sem hefur orðið þegar loðnubrestur eða samdráttur í rækjuveiðum eða ýmislegt annað sambærilegt hefur gerst. Það eru öll rök til þess að grípa inn í þá geigvænlegu stöðu sem er að skapast á heimilum þessara manna.

Varðandi þessar 60 ríkisjaðrir þá er það tala sem ég þykist hafa heyrt einhvers staðar utan að mér. Ég tók það skýrt fram að ég er ekki að gagnrýna sölu á ríkisjörðum til ábúenda sem eiga lögvarinn kauprétt að jörðunum, að sjálfsögðu ekki. En ég gagnrýni það mjög harðlega ef um hefur verið að ræða sölu á jörðum út fyrir þann rétt án auglýsinga og það jafnvel til algjörlega utanaðkomandi manna.

Það sem ég hefði viljað fá að heyra var skýr neitun frá hæstv. landbrh. gagnvart því að slíkt yrði gert í hans tíð. Það er í sjálfu sér til bóta að jarðir verði auglýstar því þá standa væntanlega allir jafnrétt að vígi, en það er þá eins gott líka, herra forseti, að það sé ekki Seðlabankaauglýsing eins og teiknarinn Sigmund var að sýna okkur hvernig kemur út í augum almennings þessa dagana þar sem hann teiknaði hóp af fólki sem hló að þeim ráðherrum við að hengja upp auglýsinguna um bankastjóraembættið í Seðlabankanum og lagði þeim þau orð í munn að fólkið sagði: „Við skulum láta þá halda að við trúum þessu.“

[23:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í gegnum síðasta búvörusamning var að vísu aðeins brugðist við þeim vanda sem varð vegna gæruverðfalls á síðasta hausti. Þó að það væri lítil aðgerð þá var hún þó viðleitni. Ég vænti þess einungis að þeir búvörusamningar sem ég vona að sjái dagsins ljós, helst nú í janúar, skili sauðfjárræktinni í nýja stöðu.

Hvað jarðirnar varðar þá get ég sagt það hiklaust að ég mun fylgja þeim reglum sem settar hafa verið í landbrn. af forvera mínum Guðmundi Bjarnasyni sem sætt hefur harðri og ég vil segja ómaklegri gagnrýni á mörgum sviðum því hann bjó í hinu gamla kerfi sem þekkt var. Ég mun fylgja þeim reglum sem Guðmundur Bjarnason setti með Ríkisendurskoðun hinn 1. maí að allar þær jarðir sem ekki eru háðar tíu ára búsetu verða auglýstar hvort sem um sölu eða leigu er að ræða. Það liggur alveg skýrt fyrir. Og ég mun gera kröfu til þess að þingið vinni með mér í þeim frv. sem ég þegar hef lagt fram um að mat á eignum manna sem eru að yfirgefa ríkisjarðir verði hlutlaust og metið öðruvísi en verið hefur. Ég mun sem allra fyrst reyna að skila hér frv. til endurskoðunar á jarðalögum þannig að þessi lög verði skýr, gagnsæ og gagnrýnislaus. Ég mun reyna að fylgja því eftir, hæstv. forseti.

[23:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra verði að þeirri ósk sinni að hann nái að koma á búvörusamningi helst strax í janúar og að sá samningur bæti verulega stöðu sauðfjárbænda, það er svo sannarlega þörf á. Það er alveg ljóst að sú atvinnugrein í heild sinni er í bullandi hættu ef ekki tekst þar mjög vel til og það er að mínu mati engin leið önnur en að bæta verulega rekstrarstöðu og afkomu búanna, það er ekkert annað að gera. Það er ekki hægt að kvelja þetta svona áfram.

Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að menn fylgi þeim reglum sem settar eru. Ég hygg að margt sé skynsamlegra og til bóta í þessum reglum sem settar voru og hefði mátt gerast fyrr og fyrr farið eftir þeim. En það sem ég hefði helst viljað heyra hæstv. ráðherra segja, en kom því miður ekki, var að hæstv. ráðherra ætli ekki að selja jarðir nema í þeim tilvikum að um lögvarinn kauprétt sé að ræða eða ábúendur eigi í hlut. Hvers vegna segir hæstv. landbrh. það ekki? (**Landbrh.**: Með heimild Alþingis.) Til hvers að selja og auglýsa jarðir ef ekki þarf að selja þær? Ef ráðherra hefur það í valdi sínu hvort yfir höfuð á að koma til sölu eða ekki, þá er það mín ósk að hæstv. ráðherra segi: Þá verður ekki selt. (**Landbrh.**: Ég þarf heimild Alþingis.) Já, en ég er ekki að tala um ábúendurna, herra forseti. Ég margendurtek, þegar lögvarinn kaupréttur er til staðar þá er það eitt. En svo erum við að ræða um annað þegar engin slík skylda er til sölunnar, þá ber enga nauðsyn til að auglýsa og/eða selja jarðirnar. Og þá er best að sleppa því og gefa út þá skýru línu að ríkið ætli að eiga þær jarðir áfram. Það vil ég að sé gert.

Ég er alveg viss um, herra forseti, að það er yfirgnæfandi meirhlutastuðningur fyrir því með þjóðinni að vera ekki að láta opinbert land hverfa úr opinberri eigu með þeim hætti sem greinilega hefur því miður í nokkrum mæli verið gert að undanförnu.

[23:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir þær spurningar sem hann hefur borið upp. Sérstaklega vil ég þakka fyrir þær vegna þess að það bendir til þess að stjórnarandstaðan sé býsna sátt við fjárlögin eins og þau stefna í að verða þegar aðalumræðuefnið gagnvart samgrh. eru þær heimildir sem koma fram í 7. gr. fjárlaga. Ég get því verið býsna ánægður með þá einkunn sem fjárlagafrv. eins og það er við 3. umr. fær hjá þm. hv.

Spurningarnar snúast um heimildir til sölu og nauðsynlegt er að vekja athygli á því að þarna er um að ræða ýmsar heimildir til að selja eignir ríkisins sem talið er að nýtist ekki ríkinu sem skyldi eða eins og hefur verið á undanförnum árum og undanförnum áratugum. Þarna er um að ræða t.d. eignir sem hafa verið á snærum Landssíma Íslands, sem nú er sérstakt hlutafélaga, og verið er að veita heimild til að ríkið afsali með öllu þessum tilteknu eignum til Landssímans þannig að Landssíminn geti ráðstafað þeim.

Hvað varðar Málmey, sem sérstaklega var getið um, þá liggur ekkert fyrir um það af hálfu samgrn. að selja eigi einhverjum einstökum. Þarna er verið að leita heimildar og ég gæti vel hugsað mér að sveitarfélagið Skagafjörður eða önnur sveitarfélög þar í nágrenninu eignuðust Málmey ef um það gæti samist. En aðalatriðið er að leita þessara heimilda.

Hvað varðar Elliðaey á Breiðafirði þá hefur hún því miður verið í niðurníðslu og get ég komið að því í síðara andsvari.

[23:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú óþarfa skógarferð hjá hæstv. samgrh. að vera að lesa út úr þessum spurningum undir lok 3. umr. fjárlaga einhverja sérstaka stuðningsyfirlýsingu eða

ánægju mína með fjárlögin. Ég hefði kosið að hæstv. samgrh. hefði notað báðar mínúturnar til að svara spurningunum en sleppt því að eyða fyrri mínútunni í slíkan útúrdúr.

Að spyrja um þetta, herra forseti, er ekki smámál í mínum huga. Hér er ekki á ferðinni mál sem ég tel vera léttvægt og tilefni til að líta á sem smámál í fjárlagaumræðunni. Mér er ekki sama um hvernig náttúruperlum eins og Málmey á Skagafirði er ráðstafað. Ég segi alveg eins og er að mig furðar að heyra þann málflutning að vegna þess að þetta heyri kannski undir vita- og hafnamál eða Landssímann þá sé aflað heimilda til að selja úr eigu ríkisins viðkomandi jörð. Það eru engin rök, herra forseti. Þetta er ríkiseign eftir sem áður — enn þá a.m.k. meðan ríkið á Landssímann 100%, og við getum ákveðið að gera það við þessar ríkiseigur sem við viljum.

Það eru heldur ekki rök að einhverjar eyjar séu í niðurníðslu. Í hvaða skilningi eru þær það? Þó þær séu óbyggðar og gróí upp eða nálgist sitt upprunalega horf þarf það ekki endilega að vera skaði fyrir komandi kynslóðir að geta notið þeirra sem slíkra þegar frá líður. Ég spyr því, í hvaða skilningi er þá talað?

Herra forseti. Ég get ekki lýst sérstakri ánægju með þessi svör, hvorki landbrh. né hæstv. samgrh., því miður. Mér finnst það ekki fullnægjandi að segja: Það hefur engin ákvörðun verið tekin um það hvernig á að ráðstafa Málmey á Skagafirði en leitað er heimildar til að selja hana. Bíðum þá með heimildina. Fáum botn í það hvað menn hugsa sér að gera með eyjuna og svo getur Alþingi velt því fyrir sér hvort það er skynsamleg ráðstöfun að afhenda, láta frá okkur heimild til að selja þessa náttúruperlu þegar við vitum hvað á gera með hana og hver á að fá hana? En ekki fyrr. (**Gripið fram í:** Hvar er Jón á Hóli?)

[23:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að það væri nú heldur aftan að hlutunum komið ef fyrst yrði leitað eftir kaupendum, hugsanlegum kaupendum og valdir einhverjir sérstakir hugsanlegir kaupendur til að bera síðan upp á Alþingi tillögur um að fá heimild til sölu (**Gripið fram í:** Hvernig fór þetta á Hóli?) einstakra jarða án þess að fyrir lægi heimild áður en til samninga eða auglýsinga kæmi, þannig að það er nú alveg ómögulegt fyrirkomulag.

En ég vil vegna þess sem ég sagði um eyjar sem eru í niðurníðslu þá liggur það alveg fyrir að húsakynni á þessum eyjum, t.d. á Elliðaey á Breiðafirði hafa verið í niðurníðslu og það er ríkinu alls ekki til sóma að standa þannig að málum. Þessi eyja hefur ekkert nýst nema vegna vitans sem þar er og svo er um fleiri jarðir sem leitað er heimilda um sölu á. En ég tel að þarna sé eðlilega að verki staðið og engin hætta sé á ferðum. Ég skil þá afstöðu hv. þm. að hann sé á móti því að jarðnæði gangi úr opinberri eigu, það er út af fyrir sig virðingarvert sjónarmið. En það er mat okkar sem að frv. og þessum tillögum stöndum að ekki sé ástæða til annars en að leita þessara heimilda og leita síðan leiða til að koma þeim eignum í verð og að staðið verði fullkomlega eðlilega að slíkri sölu.

Af minni hálfu mun verða leitað allra leiða til að standa sem best að sölu þeirra eigna sem hér er leitað eftir heimildum fyrir.

[23:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi megnustu óánægju með stöðu þessara mála. Mér finnst svífa yfir vötnunum einhver einkavæðingar- og söluhugsunarháttur eins og það sé orðið markmið og boðorð í sjálfu sér að selja þessa hluti. Þetta er ekki sambærilegt við húseignir eða hlutabréf í fyrirtækjum. Þetta er landið sjálft, herra forseti, þetta er landið sem þjóðin býr í. Auðvitað eigum við að reyna eftir því sem kostur er að njóta þess öll saman og eiga það saman að svo miklu leyti sem það er ekki þá í því horfi sem raun ber vitni.

Varðandi t.d. eyjar á Breiðafirði er það ekki ríkinu til sóma að láta mannvirki grotna niður. En það er ekki afsökun til þess að selja eyjarnar. Það er hægt að afhenda einhverjum eyjarnar þess vegna til afnota en ríkið getur átt þær áfram. Má ég minna á að við erum að tala um Breiðafjörðinn og perlur hans í nágrenni við næsta fyrirhugaðan þjóðgarð á Íslandi. Það hafa m.a.s. verið uppi hugmyndir um að gera allt svæðið að sérstöku verndarsvæði og þjóðgarði. Er skynsamlegt að ríkið sé að selja úr eigu sinni land á slíkum svæðum? Ég segi nei. Það er heldur ekki gáfulegt að menn selji frá sér Málmey á Skagafirði.

Herra forseti. Ég sætti mig ekki við þessi svör sem fullnægjandi hvað varðar stefnuna og meðferð þessara mála á næstu missirum. Ég hyggst fylgja því eftir með einhverjum hætti eftir áramótina að hafa þessi mál áfram til umfjöllunar.

Ég hefði talið sönnu nær að við værum að móta stefnu um breytta meðferð þessa jarðnæðis þar sem markmiðið væri að auðvelda allri þjóðinni aðgang að því og að njóta þess saman og við gætum hugsanlega verið að bæta jarðnæði t.d. við þjóðlendurnar og gera stærri svæði að almenningum og þjóðlendum eftir því sem forsendur væru til slíks. En þetta, forseti, ofan í vinnubrögðin sem ástunduð hafa verið er þróun í kolöfuga átt.

[23:33]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 og fyrir þann nýliða sem hér stendur er það bæði skemmtileg og óvænt reynsla að taka þátt í slíku starfi. Óvænti hluti reynslunnar er að mínu mati sýnu athyglisverðari og er ég að tala um þann sérkennilega flaustursháttt sem mér hefur fundist einkenna meðferð frv. sjálfs og þó sérstaklega forsendur þess undanfarinn sólarhring.

Herra forseti. Mér finnst ég ekki taka of djúpt í árinni þó ég segi að síðasti sólarhringur hafi einkennst af ófaglegum vinnubrögðum þar sem tímaþröng og óviðunandi hraði hefur einkennt starfið og gert okkur þingmönnum Frjálslynda flokksins ómögulegt að kynna okkur margar nýjar og breyttar forsendur fjárlagafrv. Við eigum ekki setu í fjárln. en það, herra forseti, á ekki að gera okkur ókleift að kynna okkur þau mál sem eru lögð fyrir hv. Alþingi til afgreiðslu.

Herra forseti. Ef sjúkrastofnanir heilbrigðisþjónustunnar störfuðu með þessum hætti efast ég um að þeim tækist nokkru sinni að útskrifa heilbrigt fólk. Hér er á ferðinni þess konar agaleysi í vinnubrögðum að mér datt aldrei í hug áður en ég kom hingað að ég mundi kynnast slíku á hinu háa Alþingi og mér þykir þetta miður.

Með hliðsjón af því sem ég hef sagt mun ég ekki fjalla um aðra þætti frv. en þá er snerta þær tillögur sem ég á aðild að og hafa verið lagðar fram nú breyttar við 3. umr. Ég mun koma inn á tillögurnar sjálfar síðar. En til að lýsa betur bakgrunni þessara tillagna og forsendum ætla ég enn

og aftur að koma inn á þann hluta íslenska velferðarkerfisins sem þær spanna.

Í höfuðdráttum má segja að íslenska velferðarkerfið sé gott kerfi. En gallar þess eru þó alvarlegir og það eru einmitt þeir sem gera þessu annars ágæta kerfi okkar ókleift að þjóna tilgangi sínum. Við höfum áður á hinu háa Alþingi rætt um íslenska velferðarkerfið. Það sem gerir íslenska velferðarkerfið að mörgu leyti gott í höfuðatriðum er í raun og veru ekki það almannatryggingakerfi sem hið opinbera stendur fyrir heldur eru það söfnunarlífeyrissjóðir starfsgreinanna sem koma þar inn. Það er einnig aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar sem gerir það að verkum að kerfið er í aðalatriðum gott. Ef maður horfir til framtíðar er hægt að halda því fram að framreiknuð útgjaldabyrði vegna lífeyrisskuldbindinga á árunum 2020–2040 sé með hagstæðasta móti fyrir íslenska þjóð þegar borið er saman ástandið hér við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við.

En gallarnir í íslenska kerfinu eru m.a. þeir að hér er lágur lífeyrir almannatrygginga og lífeyririnn er tekjuviðmiðaður. Það er að sumu leyti hættulegt að tala um tekjutengingu því greiðslur í lífeyrissjóði almennt eru auðvitað tekjutengdar. En greiðslur úr almannatryggingum eru tekjuviðmiðaðar og allt of mikið. Hér eru lágir sjúkradagpeningar, lág skattleysismörk og lágar barnabætur.

Ef maður kíkir á bak við þessa helstu galla og athugar hvað það er sem veldur því að við stöndum frammi fyrir þeim gerum við okkur grein fyrir því við skoðun málsins að í samanburði við önnur lönd greiðum við einna minnstan hluta þjóðartekna í velferðarmál. Stuðningur velferðarkerfisins við barnafjölskyldur á Íslandi er frekar lítill í samanburði við önnur lönd. Ef maður skoðar þróun launa og þróun hámarksbóta almannatryggingakerfisins undanfarin ár kemur í ljós að hámarksbæturnar hafa dregist verulega aftur úr og á tímabilinu frá 1995–1999 má gera ráð fyrir því að það vanti upp undir 18–20% til þess að lífeyrisþegar standi jafnfætis launþegum.

Til samanburðar má geta þess að í Danmörku er óskertur grunnlífeyrir rúmar 43 þús. kr. á mánuði samanborið við 16.800 kr. hér á landi. Auk þess getum við bent á í samanburðinum að sjúkradagpeningar, eins og ég hef nú áður minnst á í þessum ræðustóli, eru hér á landi u.þ.b. 20% af verkamannalaunum en í samanburðarlöndunum milli 70 og 100% af verkamannalaunum. Summan af þessari lýsingu er sú að við höfum hér á landi fátækt sem er meiri og alvarlegri en hjá þeim samanburðarlöndum sem við viljum miða okkur við og höfum til hliðsjónar.

Hvaða fólk erum við að tala um sem er í þessari stöðu? Þetta er fólk sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á lífeyri úr almannatryggingakerfinu og þetta er fólk sem hefur sjúkradagpeninga úr almannatryggingum til þess að lifa af og þetta er fólk á öllum aldri, bæði ungt fólk sem er öryrkjar, ungt fólk sem hefur veikst og hefur ekkert annað en sjúkradagpeninga til að lifa af og auk þess eru hér auðvitað ellilífeyrisþegar.

Mjög mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að þetta er afskaplega afmarkaður hópur sem við erum að tala um og við erum ekki að tala um það fólk hér á landi sem hefur lent í miklu basli og jafnvel í fátækt vegna þess að það hefur orðið gjaldþrota eftir ýmiss konar brask. Við erum ekki að tala um svokallaða plastkortaskuldara, sem hafa keypt ýmislegt á raðgreiðslum og farið illa fjárhagslega, og við erum heldur ekki að tala um það fólk sem hefur safnað geysilegum skuldum með yfirdrætti hjá lánastofnunum. Við erum að tala um venjulegt fólk, venjulegt íslenskt fólk sem þarf að snúa hverri einustu krónu hvern einasta dag í vangaveltum um það hvort það hafi nóg fram að næstu mánaðamótum. Við erum ekki að tala um fólk sem tekur þátt í skuldasöfnun í bankakerfinu. Við erum að tala um fátækt fólk sem verður að neita sér um flestallt sem við gerum kröfu til. Við erum að tala um fólk sem á í erfiðleikum með að kaupa jólagjafir handa ættingum og vinum og við erum að tala um fólk sem hefur jafnvel brotnað niður á sál og líkama vegna fátæktar og vegna þeirrar stöðu í þjóðfélaginu að hafa verið sett til hliðar og stimplaðir út. Þetta er fólkið sem við erum að tala um.

Við erum að tala um fólk sem er komið í þannig stöðu í íslensku þjóðfélagi að það hefur orðið að nokkurs konar þjóðarskömm. Ég er að tala um mjög alvarlegt mál. Við erum að tala um þessa skömm hjá fimmtu ríkustu þjóð heims en öllum virðist vera sama.

En hvað um viljann? Eru menn tilbúnir til að gera eitthvað til þess að koma til móts við þetta fólk? Það ástand sem ég hef verið að lýsa hefur verið þekkt lengi og menn hafa gert tilraunir til þess að skoða vandamálið. Í Morgunblaðinu í apríl 1999 í viðtali við formann tryggingaráðs, Bolla Héðinsson, segir, með leyfi forseta:

„Endurskoðun almannatryggingakerfisins hefur nú staðið í a.m.k. hálfan annan áratug án þess að nokkur niðurstaða sé í sjónmáli." 15 ára skoðun hefur ekki skilað neinu. Þurfum við fleiri rannsóknir?

Nýlega kom út bók sem við höfum rætt á hinu háa Alþingi og margir hv. þingmenn hafa tekið þátt í að ræða um. Með leyfi forseta langar mig til þess að taka smábút út úr þeirri bók til þess að kasta ljósi á það sem við erum að tala um. Þar segir að Ísland hafi ákjósanlegt fyrirkomulag lífeyrismála sem muni skila öllum þorra vinnandi manna tiltölulega góðum lífeyri á eftirlaunaárunum þegar kerfið, þ.e. hið starfstengda lífeyriskerfi, hefur náð fullum þroska eftir 10–15 ár.

Við erum að tala um hóp sem býr við sára fátækt á Íslandi í dag, við erum að tala um tímabil sem stendur kannski ekki meira en 10–15 ár en við tímum samt ekki að koma til hjálpar vegna þess að þetta fólk getur bara átt sig og það skiptir engu máli, herra forseti, þótt fólkið safnist saman einu sinni á ári fyrir utan og krefjist þess af Alþingi að eitthvað verði gert. Það virkar ekki. Ég hef hvergi fundið í drögum að fjárlögum næsta árs nokkurn skapaðan hlut sem bendir til þess að hæstv. ríkisstjórn ætli að koma til móts við þetta fólk sem ég tala um hér. Enn fremur segir, með leyfi forseta, í þessari bók:

„Svigrúm þjóðarinnar til þess að leysa málið er meira en almennt meðal hagsælu vestrænu þjóðanna." — Það er verið að tala um góðærið á Íslandi. Og enn fremur, með leyfi forseta: — „Það væri ekki sérlega íþyngjandi fyrir þjóðarheildina að bæta hag þeirra."

Þetta er allt saman hárrétt. Það væri ekkert sérlega íþyngjandi fyrir þjóðarheildina að bæta hag þessa fólks. Það er samt enginn áhugi og ekkert sem bendir til þess að það verði gert.

En spurningin er þessi: Getum við gert þessar umbætur sem hér er verið að kalla á? Svarið er, herra forseti: Já, auðvitað getum við það. Auðvitað getum við lagfært stöðu þessa jaðarhóps í íslensku þjóðfélagi. Þetta er aðeins spurning um vilja. Þetta er aðeins spurning um vilja hv. Alþingis því peningarnir eru til. Það vitum við.

Það mun vera verulegur afgangur í rekstri þjóðarheimilisins og sá afgangur er margfeldi af því sem við viljum nota til þess að bæta lífeyris- og sjúkratryggingar þessa hóps.

Ég ætla ekki að fara aftur í gegnum þær tillögur sem við höfum lagt fram. Hv. þingmenn hafa áður minnst á þær tillögur. Það kom fram áðan að hv. þm. Jón Bjarnason hefur gerst meðflutningsmaður okkar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að brtt. þar sem gerð er tillaga um að tekjutrygging ellilífeyrisþega hækki strax um 13% og tekjutrygging örorkulífeyrisþega um tæplega 13% strax á þessu ári sem fyrsta skref af fjórum til að ná því marki að hækka hámarksgreiðslur til þess hóps sem hér er verið að ræða um um ein 18% þannig að hópurinn nái því upp sem hann hefur glatað á undanförnum árum í samanburði við almenna launþega hér á landi. Ég fagna því sérstaklega að fleiri hafi lagst á árarnar í þessu máli því að ekki veitir af.

Við höfum einnig lýst því hér hvernig við viljum ná þeim fjármunum fram sem þarf til þess að taka þetta fyrsta skref og í grófum drættum er það þannig að við teljum að það megi nota u.þ.b. 653 millj. af áðurnefndum afgangi sem er náttúrlega margfeldi af þeirri upphæð og einnig viljum við samanber brtt. Guðjóns A. Kristjánssonar og mína lækka útgjöld ráðuneytanna um 0,5% til þess að mæta því sem upp á vantar. Þessi niðurskurður á ráðstöfunarfé ráðuneytanna gerir það að verkum, auk þess að klára þetta kostnaðardæmi, að við höfum þar holla ábendingu til ráðuneytanna um nauðsyn þess að sýna aðhald og varkárni í útgjöldum vegna þess hættuástands sem kann að vera fram undan og hefur komið margoft fram hjá hv. þm.

Að lokum þetta, herra forseti. Eins og ég hef áður sagt er um mjög alvarlegt ástand að ræða hjá afmörkuðum jaðarhóp í íslensku þjóðfélagi sem býr við sára fátækt. Sá sem hér stendur lítur svo á að það væri til háborinnar skammar ef ekki verður í fjárlögum næsta árs komið til móts við þarfir fólksins, helst þannig að það gæti sem allra fyrst unnið upp það tap sem það hefur þurft að þola á undanförnum árum vegna þess að það hefur ekki fengið að eiga hlutdeild í íslensku góðæri.

[23:53]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Auðvitað er af mörgu að taka þegar fjárlagafrv. er skoðað og ég hef verið að glugga í það og langar mig að bera niður í lið sem heitir 06-210 Héraðsdómstólar. Alls er lögð til 5,5 millj. kr. hækkun fjárveitingar á þessum lið.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 2,5 millj. kr. fjárveitingu til viðfangsefnisins 1.01 Héraðsdómstólar, fyrir sérstaka bakvakt dómara vegna yfirheyrslna á börnum á rannsóknarstigi vegna kynferðisafbrota. Kveðið er á um slíkar bakvaktir í nýjum ákvæðum í lögum um meðferð opinberra mála. Er lagt til að komið verði upp sérstakri bakvakt fimm héraðsdómara til að sinna yfirheyrslum yfir börnum á rannsóknarstigi.

Í annan stað er gerð tillaga um 3 millj. kr. tímabundið framlag til viðfangsefnisins 6.01 Tæki og búnaður, til að koma upp sérútbúinni aðstöðu fyrir skýrslutökur af börnum í kjölfar breytinga á lögum um meðferð opinberra mála sem tóku gildi 1. maí 1999. Oftast er nauðsynlegt að skýrslutökur af börnum vegna meintra kynferðisafbrota fari fram í sérútbúinni aðstöðu þar sem réttargæslumaður, verjandi, sakaður maður og fleiri hafi tök á að fylgjast með því sem fram fer í yfirheyrsluherbergi. Slíka aðstöðu með viðeigandi tækjabúnaði vantar við aðra dómstóla en Héraðsdóm Reykjavíkur. Er lagt til að slíkri aðstöðu með viðeigandi tækjabúnaði verði komið upp á Akureyri og í Hafnarfirði.

Herra forseti. Ég spyr því: Hvað er hér eiginlega á ferðinni? Er verið að rústa Barnahúsið og þá starfsemi sem þar fer fram? Er meiningin að Barnahúsið loki? Hvar hefur þessi faglega stefnumörkun farið fram? Eru það hagsmunir barna sem eru hafðir í fyrirrúmi í þessari nýju ráðstöfun? Ég er ekki viss um að hæstv. félmrh. og dómsmrh. geri sér grein fyrir hvað þetta þýðir fyrir börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun.

Með tilkomu Barnahússins voru hagsmunir barna og fjölskyldna þeirra hafðir í fyrirrúmi þegar tekið var á jafnalvarlegu máli og aðstæðum og kynferðisleg misnotkun er. Með tilkomu Barnahússins var rannsóknarferli í þessum málum einfaldað til muna allt út frá hagsmunum barnsins, þverfaglegt samstarf að leiðarljósi. Hér áður fyrr var þetta svona:

1. Lögreglan fékk málið, hún yfirheyrði barnið.

2. Dómarinn fékk málið og sá það út frá hagsmunum réttargæslukerfisins og ræddi við barnið.

3. Málið tekið fyrir hjá barnaverndarnefnd vegna hagsmuna barnsins, rætt við barnið.

4. Skoðun barnalækna og sérfræðinga á blessuðu barninu.

5. Að síðustu var reynt að finna meðferðarúrræði við hæfi fyrir foreldra og börn og málið skoðað í ljósi þess hvort kæra ætti eða það færi fyrir dómstóla.

Það var horfið frá þessu fyrirkomulagi og Barnahús var stofnað, öll þjónusta, skoðun, viðtöl, allt á sama stað. Dómarar komu þangað líka og fylgdust með öllu sem þarna fór fram.

Ef þingheimur skyldi ekki vita það þá er Barnahúsið nú fyrirmynd um alla Evrópu og eitt fyrsta sinnar tegundar í Evrópu og hingað koma margir sérfræðingar til að kynna sér málin og sérfræðingar Barnaverndarstofu og Barnahúss eru kallaðir utan til að segja frá þessu fyrirkomulagi og starfinu sem er til fyrirmyndar að mínu mati. Þeir hafa m.a. farið tvisvar til Eistlands að boði þarlendra yfirvalda og eru nú á leið til Finnlands og Danmerkur, bara nú á næstu mánuðum. Ég spyr því aftur hvað þetta þýði í raun sem hér er rætt um í fjárlögunum. Það þýðir að við erum að fara í fyrra horf. Það þarf að byrja á að þvæla barninu milli staða. Nú eru fyrstu viðtöl tekin í héraðsdómi og mig langar að spyrja ykkur hér hvort þið haldið að panell og marmari sé það umhverfi sem virki opnandi og hvetjandi á lítil börn þannig að þau fyllist öryggi gagnvart umhverfinu. Það eru jafnvel dæmi um það að dómarar í héraðsdómi ræði við börnin hempuklæddir. Ég vil ítreka það hér: Þeir eru í hempu þegar þeir eru að ræða við lítil börn sem hafa orðið fyrir miklu áfalli.

Þá velti ég því fyrir mér: Hvaða hugmynd skyldu lítil börn fá um það umhverfi sem þau eru stödd í? Mér finnst þetta eins og lifandi martröð og þetta er ekki góð viðbót við þá reynslu sem þessi börn hafa orðið fyrir. Ég kalla þetta að hverfa frá framsæknu kerfi yfir til miðalda. Það gæti sumum dottið í hug að þetta væri landsbyggðarmál, það þyrfti að sinna þessum málum á landsbyggðinni og þessi aðstaða þyrfti að vera þar. Það er ekki málið því að öll þessi börn verða að koma hingað suður og undir öllum kringumstæðum þarf að skoða þau á Barnaspítala Hringsins af þeim sérfræðingum sem þar hafa sérhæft sig á þessu sviði. Foreldrar hafa aldrei vílað það fyrir sér að koma með þessi börn í bæinn. Þessir aðilar eru nú staðsettir í Barnahúsi frá barnaspítalanum og

mikið og gott samstarf þar enda hafa verið keypt þangað ýmis tæki til notkunar vegna þessara mála.

Þá velti ég fyrir mér hvort ekki sé meira framandi fyrir barn að ganga inn í dómhúsið í Reykjavík eða inn í venjulegt íbúðarhús með venjulegum hlutum úr umhverfi barna sem öll börn þekkja. Þá velti ég líka fyrir mér: Hvort haldið þið að gæti valdið meiri kvíða hjá barni og á hvorum staðnum haldið þið að barnið þori að tala meira? Ég vil meina að lykillinn sé sá að umhverfi sem meðhöndla þarf börn í í jafnviðkvæmum málum verður auðvitað að vera vinveitt þeim og þar þurfa þau að finna öryggiskennd, þau þurfa að þekkja aðstæður til þess að minnka kvíða og til að sannleikurinn komi í ljós því að allt snýst þetta um sannleikann. Annað er börnum ekki bjóðandi.

Herra forseti. Við vitum að þegar fjallað er um þessi alvarlegu og viðkvæmu mál, er þverfagleg samvinna allra lykilatriði, og þá meina ég allra, þ.e. barnaverndarnefnda, lækna, lögreglu, lögfræðinga, saksóknara og dómstóla. Nauðsynlegt er að koma á meira samstarfi milli héraðsdómstólsins í Reykjavík og Barnahússins því að þetta gengur ekki svona. Það er ekki bara þessi skýrslutaka sem er aðalatriðið sem höfuðáhersla virðist vera lögð á í þeim breytingum sem hér er verið að gera með þessum viðtalsherbergjum.

Það þarf að tryggja þessi sérhæfðu vinnubrögð, fagþekkingu og málsmeðferð sem tekur tillit til þarfa barna og tryggir hagsmuni þeirra. Barnahúsið er þetta sérúrræði. Þetta er framsýnt úrræði og við eigum að reyna að nýta það. Ég lít svo á að hér sé í rauninni verið að lauma inn ákveðinni breytingu á faglegri vinnu, breytingu sem hefur ákveðna kúvendingu í för með sér og sem er mjög slæm þegar við erum að koma að svo viðkvæmum þætti. Þetta er breyting sem nær mörg ár aftur í tímann og horfir ekki fram á við og ég leyfi mér að segja að hún setur kannski hagsmuni dómara ofar hagsmunum barna.

[00:01]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég ætla hér í lokin að blanda mér í umræðuna um fjárlög fyrir árið 2000. Ég vil í upphafi máls míns mæla fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Jóhanni Ársælssyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Sigríði Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni, sem er við 7. gr. og yrði nýr liður, merktur 1.8.

Tillagan er sett fram vegna hinnar miklu hækkunar fasteignagjalda í landinu, allt að 18% hækkunar á fasteignagjöldum úti um allt land og jafnvel á þeim stöðum þar sem fasteignamat stendur í stað eða hækkar lítið sem ekki neitt. Þessi hækkun er sem köld vatnsgusa framan í fólk á landsbyggðinni. Þar sitja margir hverjir í húseignum sem jafnvel eru óseljanlegar og hríðfalla í verði vegna þeirrar byggðaröskunar sem átt hefur sér stað og er enn í þessu landi.

En tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Að greiða í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árinu 2000 þann tekjuauka ríkisins sem stafar af hækkun fasteignamats. Skal sjóðurinn nota þann tekjuauka til að styrkja sveitarfélög þar sem fasteignamat íbúðar- og atvinnuhúsnæðis stendur í stað, hækkar óverulega eða lækkar, enda hafi sveitarstjórn tekið ákvörðun um að fasteignagjöld endurspegli betur raunverðmæti fasteigna og breytingar á fasteignamati."

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar segir um fasteignagjöld, með leyfi forseta:

„Endurskoðað verði fyrirkomulag fasteignagjalda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni þannig að skattstofninn endurspegli betur raunverðmæti fasteigna."

Tillagan sem ég mæli hér fyrir er hugsuð sem bráðabirgðaákvæði, sem vonandi þyrfti ekki að vera í gildi nema í eitt ár.

Fyrirheit um lækkun og breytingar á fasteignagjöldum á landsbyggðinni hafa vakið vonir í brjóstum margra sem búa við þær aðstæður að verð á eignum þeirra hefur staðið í stað eða lækkað. Breytingar á fasteignagjöldum taka hins vegar mið af hækkunum á fasteignamati í Reykjavík nema sveitarfélögin taki ákvörðun um að lækka álagningarprósentu sína og missi þar með af tekjum. Þar sem væntingar fólks byggja á fyrirheitum ríkisstjórnarinnar, en það kemur í hlut sveitarfélaganna að mæta væntingum fólksins, er eðlilegt að sá tekjuauki ríkisins sem stafar af hækkun fasteignamats, aðallega hækkun eignarskatta, renni til að bæta sveitarfélögum lægri tekjur þeirra vegna ákvarðana um að láta fasteignagjöldin endurspegla raunverðmæti fasteigna og breytingar á fasteignamati.

Þegar í ljós kom að fasteignamatið í Reykjavík hækkaði um 18% og fólki sem býr við fyrrnefndar aðstæður varð ljóst að því var einnig ætlað að greiða hærri fasteignagjöld sem þessu nemur má eiginlega segja að mælirinn hafi verið stútfullur.

Nú er það svo, herra forseti, að sveitarfélögin geta að sjálfsögðu lækkað prósentustofninn. Það eru sveitarfélög á landinu farin að gera nauðug. Mér er kunnugt um að lítið sveitarfélag á Norðurlandi hefur lækkað álagningarstofninn til þess að taka bara til sín 3–5% hækkun, þ.e. hækkun fasteignamats á þeim stað. Ljóst er að ríkissjóður fær mjög verulegar tekjur vegna stórhækkunar á fasteignamati. Þannig er t.d. áætlað að eignarskattar gefi af sér um 250–300 millj. kr. meira en gert var ráð fyrir eða var í fyrri forsendum fjárlaga. Eins er ljóst að ríkissjóður fær til sín allt að 370 millj. vegna þessara hækkana, bara í gegnum stimpilgjöld. Því má segja að hálfgerðir blóðpeningar renni þarna í ríkissjóð og skapi þann mikla tekjuauka ríkissjóðs sem hér hefur svo mikið verið rætt um í dag. Hann er að verulegu leyti sóttur til fólks sem engar varnir hefur til þess að bregðast við. Í raun fjallar tillaga okkar hér um, ef svo má að orði komast, að gera þessar tekjur hreinlega upptækar og færa þær til fólksins enda hefur margur hver úti á landi ekkert til þess unnið að fá á sig þessa stórhækkun.

Ég hef áður rætt um vísitölu neysluverðs og þá hækkun sem þessi fasteignamatshækkun leiðir af sér þar og hækkar enn greiðslubyrði fólks sem skuldar og tekur þar með meira til sín frá þeim.

Ég vil hér, herra forseti, einnig fjalla lítillega um þá brtt. þingflokks Samfylkingarinnar sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir flutti hér áðan. Sú tillaga er um hækkun á framlögum til tekjutryggingar ellilífeyrisþega, um tekjutryggingu örorkulífeyrisþega, um afnám tenginga á tekjum elli- og örorkulífeyrisþega við tekjur maka, þar sem dómur fellur væntanlega á næstu dögum, og um sjúkradagpeninga.

Það er hryllilegt, í þessu mikla góðæri ríkissjóðs þar sem tekjur flæða inn í sjóðinn sem út af fyrir sig væri ágætt ef þeim væri varið til ýmissa þátta, að hlusta á hæstv. fjmrh. sem stýrir ráðuneytinu þegar öll þessi Íslandsmet eru slegin lýsa fyrir okkur vandkvæðum við að koma fyrir öllum þessum peningum. Það eru ákveðin vandkvæði við það að greiða niður erlend lán. Það er hægt að greiða niður skuldir eins

og hann sagði, sem vafalaust fara í umferð í þjóðfélaginu, eða kaupa til baka skuldabréf sem ríkissjóður gaf út þegar hann þurfti að taka lán á einhverjum hallærisárum áður fyrr. Enn annar kosturinn er að leggja féð inn í Seðlabankann og geyma til betri tíma, geyma til mögru áranna og setja þá t.d. í framkvæmdir á landsbyggðinni, eins og lofað hefur verið. Í stjórnarsáttmálanum er því lofað að hluti af söluhagnaði ríkisbanka og annarra ríkisfyrirtækja renni t.d. í samgöngubætur á landsbyggðinni, jarðgangagerð svo við tökum dæmi. Auðvitað er ágætt að geyma þá í Seðlabankanum þar til við erum tilbúin að fara í þær framkvæmdir og ástandið í þjóðfélaginu býður upp á það.

Hins vegar er hryggilegt að hlusta á vandræðatal um að koma þessum peningum fyrir þannig að þeir fari ekki beint í umferð, auki peningamagn með öllu sem því fylgir. Á sama tíma þá vitum við að margir ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, einstæðir foreldrar og aðrir hafa sáralítið milli handanna og eru í vandræðum eða geta vart dregið fram lífið. Það er sorglegt til þess að vita að nú á þessum tíma, þegar jólin eru að ganga í garð, þá skuli vera biðraðir hjá Hjálparstofnun kirkjunnar, Mæðrastyrksnefnd og hinum og þessum líknarfélögum um allt land þar sem fólk þarf að þiggja gjafir, kjötlæri eða hvað sem er. Þeir sem hafa efni á því fara í Nýkaup og kaupa eina Machintosch-dós en Nýkaup ætlar um leið að gefa aðra Machintosch-dós til Mæðrastyrksnefndar. Þegar svo er komið virðist vitlaust gefið í þessu þjóðfélagi.

Ef ekki er tækifæri til þess nú í þessu ofboðslega góðæri að bæta hag lægst launaða fólksins í þessu landi, hvenær gefst það þá? Tillaga okkar samfylkingarfólks er um að stíga lítið skref í þessa átt. Ég mundi segja að það yrði glæsilegur lokapunktur á þessum glæsilegu fjárlögum, ef svo má að orði komast, að samþykkja þessar tillögur eins og þær eru lagðar fyrir. Þar með mundum við, eftir kosningar, sýna lágtekjufólki og fólki sem á erfitt með að draga fram lífið að höfum við verið að meina það sem við sögðum fyrir kosningar um að bæta hag þess. Það er virkileg þörf á því.

Þegar menn tala um íslenska velferðarkerfið og allt sem því fylgir þá læðist stundum að mér sá grunur að tvær þjóðir búi í þessu landi, ef svo má að orði komast, tveir hópar. Ég held að það sé töluvert mikill munur á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum milli höfuðborgarbúa og landsbyggðarfólks. Við skulum ekki gleyma því að mjög margir ellilífeyrisþegar og aðrir úti á landi hafa lent í þeim vandræðum eins og aðrir á landsbyggðinni að geta ekki selt húsin sín, geta ekki einu sinni haldið þeim við. Þau verða jafnvel gjörsamlega ónýt og rifin í restina af sveitarfélaginu. Það fólk auðgast ekki af því að selja fasteignir sínar eins og fólk hér í Reykjavík þar sem fasteignir hækka um 18–20% eða 30% á ári.

Það er mjög alvarlegt, eins og ég sagði áðan, þegar hæstv. fjmrh. lýsir fyrir þingheimi þessum „vandamálum" um hvað skuli gera við hinn mikla tekjuafgang án þess að setja allt á fleygiferð í þjóðfélaginu í áframhaldandi þenslu og öðru. Það er alltaf talað um að slá þurfi á þenslu og ekki veitir af, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, en undarlegt að hugsa til þess að þetta séu kveðjurnar til fólks sem hefur kannski 50–70 þús. kr. til ráðstöfunar eða jafnvel enn þá minna.

Á stuttum þingferli mínum hefur mér verið hugleikið að ræða byggðamál. Fyrir einu ári síðan var ég skipaður í nefnd sem forsrh. skipaði, byggðanefnd forsrh. Meðal tillagna þar voru tillögur um það sem við kölluðum bráðaaðgerðir, eins og ég hef áður nefnt. Þar á meðal voru tillögur um jöfnun námskostnaðar og ég spurði hæstv. menntmrh. út í hvernig efna ætti það loforð sem kemur fram í þessum tillögum um að auka framlag til jöfnunar námskostnaðar. Það er mjög mikið réttlætismál gagnvart fólki á landsbyggðinni. Og viti menn, það hefur borið árangur. Góðærið hefur skilað $^1/_3$ í áttina að þessu takmarki. Rúmar 70 milljónir voru settar inn á þennan lið við 2. umr. Það er auðvitað gott og ber að þakka fyrir og fagna.

Hitt atriðið sem ég nefndi var jöfnun húshitunarkostnaðar. Þar var ég ekki eins ánægður með svör hæstv. iðnrh. og þá umræðu sem spannst um það vegna þess að ég tók eftir því, og það hefur síðan verið staðfest, að þar eru menn í fimleikum ef svo má að orði komast, tölufimleikum og orðafimleikum um að lækka þá tölu og gera ekki það sem lofað hefur verið. Með öðrum orðum, ég fullyrði að sú hækkun, sem ber að sjálfsögðu að þakka fyrir, sem sett er í fjárlagafrv. við 2. umr. til að auka niðurgreiðslur á rafhitun eins og það heitir, sem ég er reyndar mjög ósáttur við að skuli heita rafhitun en ekki bara húshitun, er ekki nóg. Þar eru settar inn 160 millj., sem ég ætla ekki að gagnrýna og er glæsilegur árangur því þetta var það sem við ræddum um, en þetta er ekki nóg.

Síðan hefur komið í ljós að bæði Byggðastofnun og jafnvel margir hv. þm. úr fjárln. hafa bara alls ekki gert sér grein fyrir út á hvað þetta gekk og hvað þarf af peningum í þetta og að Byggðastofnun er að leika ég segi ljótan leik þar sem stjórnarformaðurinn og forstjórinn ganga á fund fjárln. með tillögur þar sem þeir ræða um fjárþörf og segja á minnisblaði að 160 millj. hækkun þurfi í húshitunarkostnað. En svo kemur rúsínan í pylsuendanum. Þessir byggðastofnunarmenn hafa tekið út allt sem heitir dýrar hitaveitur. Þær hitaveitur eru, herra forseti, á Akureyri, þannig að íbúar Akureyrar munu ekki fá jólagjöf að þessu sinni frá Alþingi, dýra hitaveitan á Akureyri fellur ekki undir þennan lið. Ekki heldur hitaveiturnar á Akranesi og Borgarnesi, hitaveita Rangæinga eða hitaveita Siglufjarðar. Þetta eru þær hitaveitur ásamt nokkrum öðrum á stöðum sem eru með um 1.500 íbúa en alls eru þetta í kringum 26 þúsund íbúar. Þessar hitaveitur eru ekki í þessum niðurgreiðslupakka.

Ég tek það skýrt fram að mér finnst það mjög alvarlegt mál hvernig Byggðastofnun leikur þennan leik, sem ég reyndar komst ekki að nema fyrir hreina tilviljun utan við hv. Alþingi í kvöld. Jú, málið er nefnilega þetta: Byggðastofnun er að vinna eftir samþykkt í byggðatillögum, þál. um aðgerðir í byggðamálum. Byggðastofnun er ekki að vinna eftir tillögum sem byggðanefnd forsrh. gerði sem fjallaði um dýra húshitun í þeirri merkingu, sama hvort orkugjafinn var rafmagn eða hitaveita með rennandi vatn.

Þetta er mjög alvarlegt mál og mér finnst Byggðastofnun hafa í rauninni sett mikið niður við það að koma með slík plögg. Mér finnst það mjög alvarlegt mál og ég er mjög sár yfir þessu því að margir þingmenn í fjárln. koma einmitt úr þeim kjördæmum sem þessar dýru hitaveitur eru, og hvernig þeir hafa í raun og veru látið hreinlega blekkja sig hvað þetta varðar.

Á huga minn leitar spurningin, sem maður fær oft að heyra þegar menn eru að ræða um sértækar aðgerðir í byggðamálum sem ég hef verið talsmaður fyrir: Hvar er jafnræðisregla stjórnarskrárinnar? Hvernig virkar jafnræðisregla stjórnarskrárinnar, herra forseti, inn í þetta dæmi? Er leyfilegt samkvæmt þessari jafnræðisreglu að mismuna svo íbúum landsins að greiða niður húshitunarkostnaðinn

hjá þeim sem kaupa rafmagn til að hita húsnæði sitt en ekki þeim sem kaupa dýrt vatn sem kemur úr iðrum jarðar? Hver er munurinn þarna á? Það væri kannski skemmtilegt og athugandi fyrir íbúa á þessum svæðum að þeir tækju sig til og kærðu þetta og athuguðu hvort jafnræðisreglan verndi þá ekki gagnvart þessu alveg eins og jafnræðisreglan virðist stoppa allt í að ekki megi mismuna þegnum landsins eftir því hvort þeir búa einhvers staðar úti á landi eða á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er atriði sem ég held að vert sé að skoða.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan er það mjög alvarlegt mál hvernig þessi húshitunarkostnaður er kominn hérna inn. Ég hélt í gær að menn væru að nálgast þetta á réttan hátt þó að ég hafi aldrei komið því heim og saman hvernig þær 160 millj. mundu duga í þennan pakka miðað við þær tölur sem við vorum með í byggðanefndinni á sínum tíma.

Þetta á við um hita- og vatnsveitu Akureyrar, sem er með helminginn af þessum 26 þúsund íbúum, hitaveiturnar þrjár á Akranesi og í Borgarfirði, sem voru hitaveita Akraness og Borgarfjarðar áður fyrr, hitaveitu Siglufjarðar og hitaveitu Rangæinga. Þetta eru þær dýrustu veitur. Talið er að meðalhúshitunarkostnaður hjá dýrum hitaveitum sé um 90 þús. kr. *meðan hitunarkostnaður hjá meðaldýrum hitaveitum* er um 60 þús. kr. Þarna munar um 30 þús. kr. og tillögur byggðanefndar gerðu ráð fyrir þessu. Hæstv. forsrh. hefur í tví- eða þrígang lýst því yfir úr þessum virðulega ræðustóli að *fullkomin sátt væri, og það var það, meðal þingflokka* sem skipuðu menn í þessa nefnd og hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir að staðið yrði fullkomlega við það og að í fjárlögum næsta árs yrði tryggt að fé yrði sett inn á fjárlög til að efna þetta loforð.

Það loforð er efnt fullkomlega hvað varðar jöfnun námskostnaðar en það er ekki efnt hvað varðar húshitunarkostnaðinn og það er mjög slæmt mál að mínu mati. (**Gripið fram í:** Hvað telur þingmaðurinn að vanti mikið upp á?) Það getur vantað 70–80 millj. ef menn ætla að ná þessu í þremur jöfnum áföngum, sem þarna hefur verið talað um, nema sú verkfræðistofa sem vann þessar tillögur sé að koma með nýjar tillögur núna og nýja útreikninga í þessum efnum, sem mér finnst mjög alvarlegt mál. Ég hef reyndar ekki fengið að sjá þær. Ég held að þeir útreikningar komi vegna þess að nokkrum stjórnarþingmönnum blöskraði hvernig þetta var gert frá hendi Byggðastofnunar, þ.e. að taka ekki á allri húshitun, jafnt hitaveitum sem rafhitun, og menn hafi hlaupið til í gær eða fyrradag og farið að reikna upp á nýtt. Nú er orðið of seint til að koma þeim tölum inn í fjárlagafrv., það góðærisfrv. sem hér er verið að ræða um.

Þess vegna kalla ég eftir því og vil, herra forseti, leyfa mér að spyrja formann fjárln. — ráðherrarnir eru nú allir farnir að sofa og ég ætla ekki að gera kröfu um að þeir verði kallaðir hér inn til að svara þessu — en ég treysti því fullkomlega að hv. þm., formaður fjárln., Jón Kristjánsson, sem hér er að ljúka verki sínu, komi í ræðustól á eftir og skýri okkur frá því í lokaræðu sinni hvers vegna þetta er ekki inni og gefi okkur yfirlýsingu um hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera, vegna þess að hún hlýtur að hafa rætt þessi mál og margir stjórnarþingmenn sem ég veit að hafa áhyggjur af þessu eru svekktir yfir því að þetta verði ekki efnt eins og lofað var. Hvað hafa stjórnarflokkarnir ákveðið að gera gagnvart dýru hitaveitunum á árinu 2000, svo að þeir íbúar fái að sitja við sama borð og allir aðrir sem eiga að fá niðurgreiðslu á húshitun? Mér finnst grundvallaratriði að fá að heyra það og vænti þess að það svar komi hér á eftir.

Ég hef, herra forseti, farið yfir örfá mál í fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Ég ætla ekki að orðlengja það neitt meira, búið er að flytja margar ræður og ræða um þessi fjárlög. Þetta eru sannarlega tímamótafjárlög sem hér er verið að ræða. Þetta eru fjárlög fyrir fyrsta ár aldarinnar, eins og sumir segja þótt allir séu ekki sammála því. Þetta er frv. með metafgangi sem aldrei hefur verið meiri. Mér finnst ekki mjög sniðugt að menn séu að hæla sér af því að frá framlagningu frv. til afgreiðslu hafi afgangurinn aukist um einhvern helling. Ég þekki það sem gamall sveitarstjórnarmaður í meiri hluta að þegar menn vissu um ýmsar tekjur þá var þeim nú oft ýtt út af borðinu og þær komu síðan seinna inn og annað slíkt, menn geymdu það og höfðu borð fyrir báru.

En það er sannarlega rétt að metafgangur er á fjárlögum þessa árs og þetta eru tímamótafjárlög. Ég vona hins vegar, hæstv. forseti, að eftirmælin um þessi fjárlög verði ekki þau eftir eitt, tvö eða þrjú ár að þetta hafi verið fjárlögin sem settu óðaverðbólgu af stað á Íslandi — hún er nú þegar orðin um 5% — eða að þessi fjárlög hafi búið til meiri erfiðleika en eru í landinu hvað þetta varðar, auki enn frekar á þenslu á höfuðborgarsvæðinu. Ég vona að þetta séu fjárlög þar sem peningar verða lagðir til hliðar og varðveittir í Seðlabankanum og fengnir af þeim góðir vextir til að leggja fyrir til þeirra ára þegar við verðum tilbúin að fara í t.d. jarðgangaframkvæmdir á Miðnorðurlandi og Austurlandi, *nútímalegar byggðaaðgerðir og nútímalega vegalagningu*. Ég vona svo sannarlega að það verði ekki vitnisburðurinn um þessi fjárlög að þetta hafi verið fjárlögin sem settu allt á annan endann. Það er mikil hætta. Ljóst er að mikið peningamagn er í *umferð, bankarnir eru fullir af peningum*. Þeir auglýsa hver í kapp við annan: Ef þú vilt taka lán þá erum við með nóg af peningum til að lána þér. Mikill fjöldi fólks leiðist út í það og er að taka kannski allt of mikil lán og þetta skapar þenslu.

Það er sannarlega rétt að við *Íslendingar erum sennilega* alltaf að koma af vertíð. Ég hygg að um þessar mundir sé það svipað og þegar menn komu af síldarvertíð áður fyrr að gengið var í búðir og verslað mikið í framhaldi af því og ekki mikið lagt til mögru áranna og ég hygg að svo sé enn. Við erum í töluverðum glannaskap í efnahagsmálum, við eyðum miklu og það er lítill sparnaður og fólk hefur einhvern veginn ekki tiltrú á því að spara og leggja fyrir. Og það er auðvitað synd.

Hæstv. forseti. Það er kominn nýr dagur og klukkan er að verða hálfeitt. Ég hef lokið máli mínu.

[00:27]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Þær umræður við 3. umr. frv. til fjárlaga hafa um margt verið merkilegar og víða hefur verið komið við. Ég vil sérstaklega, herra forseti, fagna því að hæstv. fjmrh. tók þátt í umræðunni og kom í ræðu sinni víða við. Það var hins vegar lengi vel í ræðu hans sem mér fannst tónninn vera nokkur annar en í flokksbræðrum hans í hv. fjárln. sem oft á tíðum og einnig í umræðum hafa lýst töluverðum áhyggjum yfir því ástandi sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hæstv. ráðherra lýsti hins vegar hinum jákvæðu hliðum góðærisins og hélt sig að mestu leyti við þá hlið.

Það kom hins vegar betur fram þegar hæstv. ráðherra svaraði andsvörum að verulegar áhyggjur eru greinilega í huga hans og vona ég að þær verði til þess að brugðist verði við þeim vanda og þeim aðvörunarmerkjum sem vissulega hefur verið bent á og ástæða er til að taka mark á.

Hæstv. ráðherra ræddi nokkuð um vandann í heilbrigðiskerfinu og upplýsti þingheim um m.a. að hæstv. ráðherra hefði beitt sér fyrir því að Ríkisendurskoðun hefði farið yfir stöðu mála hjá heilbrigðisstofnunum og það hefði verið nokkuð náið samstarf milli fjmrn. og heilbrrn. varðandi þau mál. Því miður, herra forseti, fannst mér hæstv. ráðherra ekki eyða þeim áhyggjum sem við í 1. minni hluta fjárln. höfum varðandi heilbrigðiskerfið, þ.e. að ekki sé alveg búið að mæta þeim vanda sem þar er hugsanlega. Ég vil enn einu sinni rifja það upp að um 30% starfsmanna heilbrigðisstofnana hafa ekki lokið kjarasamningum eða eru með lausa kjarasamninga fljótlega á næsta ári. Á ég þar við sjúkraliða og félaga í Alþýðusambandi Íslands. Einnig er rétt að rifja upp að framgangskerfi hjúkrunarfræðinga hefur ekki enn náð að koma allt fram og óvíst hversu mikið þar er óleyst. Þetta bendir að sjálfsögðu til þess að þarna geti verið vandi sem þarf að taka á og ég treysti því að það verði gert þegar fram líða stundir.

Einn merkasti kaflinn í ræðu hæstv. fjmrh. var hins vegar þegar hann ræddi um þær fullyrðingar sem fram hafa komið varðandi vanda stjórnvalda við að greiða niður lán ríkisins. Hæstv. ráðherra taldi það fjarstæðukenndar fullyrðingar að upp væri komin ákveðin pattstaða en eins og ég benti á í andsvörum við hæstv. ráðherra þá gat ég ekki skilið hann öðruvísi en að í raun væri hann sammála þeirri greiningu þó hæstv. ráðherra hafi valið að nota önnur orð. Niðurstaða hans var sú að ekki væri vænlegt að greiða niður erlendar skuldir vegna stöðunnar í gjaldeyrismálum og ekki væri heldur ráðlegt að greiða niður erlend lán af þeirri einföldu ástæðu að það væri hlutlaus aðgerð. Hæstv. ráðherra taldi mikilvægara að draga peningamagnið úr umferð og það væri að sjálfsögðu ekki gert með því að greiða niður erlend lán. Þar af leiðandi var niðurstaða hæstv. ráðherra sú að vænlegasta leiðin, eins og kemur fram í fjáraukalögum, væri að geyma afganginn ýmist í Seðlabankanum eða að styrkja Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Vissulega er margt til í því hjá hæstv. ráðherra að það er vænlegasta leiðin eins og staðan er í dag en, herra forseti, ég bendi á að það hefur verið yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Vegna þess vanda sem nú er fyrir í efnahagslífinu er það hins vegar erfiðara en ella. Því verður að hafa varann á varðandi þær áætlanir í þeim efnum á næsta ári.

Herra forseti. Í umræðunni sem átt hefur sér stað um fjárlög hefur verið sagt að setja þyrfti svokallaðar verklagsreglur um framkvæmd fjárlaga. Talsmenn Sjálfstfl. í fjárln. hafa fyrst og fremst rætt um þessa miklu nauðsyn. Við í minni hluta fjárln. höfum að vísu tekið undir, a.m.k. að hluta, að nauðsynlegt væri að setja slíkar reglur. Það teljum við fyrst og fremst gagnast til að átta sig á því hvernig þessir hlutir ganga. Því miður verður að segjast að þarna er við vanda að etja. Annaðhvort hafa fjárlög ekki verið rétt eða þá að gengið hefur verið heldur frjálslega um heimildir. Þess vegna fögnum við því ef ætlunin er að halda fastar um þessi mál.

Óhjákvæmilegt er hins vegar að vekja á því athygli að nokkrir hv. þm. ræddu við 2. umr. um fjárlög um að hér mundu verklagsreglur liggja fyrir þegar 3. umr. færi fram. Því miður liggja þær ekki fyrir og enn er óvíst hvenær það verður. Hæstv. fjmrh. ræddi um að þær yrðu gerðar og kynntar þinginu. Væntanlega verða þær kynntar og ræddar í fjárln. sem hefur fjallað nokkuð um hvernig best verði háttað eftirlitshlutverki nefndarinnar varðandi framkvæmd fjárlaga. Að sjálfsögðu er þess vænst að á næsta ári verði því fylgt eftir.

Herra forseti. Áður en ég lýk ræðu minni tel ég nauðsynlegt að vísa til viðtals við Þórð Friðjónsson, forstöðumann Þjóðhagsstofnunar, sem birtist í dagblaði í gær. Það er í framhaldi af bjarstsýnishluta ræðu hæstv. fjmrh. Í upphafi blaðagreinarinnar segir að Þórður Friðjónsson, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, segi að niðurstaða hinnar nýju þjóðhagsáætlunar sé alvarleg og kalli á viðbrögð af hálfu stjórnvalda. Hér kemur greinilega fram að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar telur viðbrögð stjórnvalda ekki nægjanleg miðað við þá stöðu sem nú er í efnahagsmálum þjóðarinnar. Væntanlega hefur forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar verið vel kunnugt um hvernig fjárlög þau sem nú verða afgreidd fljótlega líta út. Síðar í viðtalinu segir forstöðumaðurinn að nauðsynlegt sé að fara gaumgæfilega yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum í kjölfar afgreiðslu fjárlagafrv. og vega og meta hvort ekki sé þörf á að gera frekari ráðstafanir.

Herra forseti. Forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar hefur uppi aðvörunarorð sem ég tel nauðsynlegt að minna á þar sem gífurlegir hagsmunir eru í húfi fyrir landsmenn alla.

Herra forseti. Að lokum vil ég mæla fyrir brtt. á þskj. 445 sem flutt er af Einari Má Sigurðarsyni, Össuri Skarphéðinssyni, Dóru Líndal Hjartardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni.

Þessi tillaga gerir í fyrsta lagi ráð fyrir því að gerðar verði breytingar á skatttekjum ríkisins. Gert er ráð fyrir að auka tekjuskatt á einstaklinga og staðgreiðslu um 250 millj., tekjuskatt lögaðila um 250 millj. og að virðisaukaskattur aukist um 350 millj. Þetta eru samtals 850 millj. Síðan er gert ráð fyrir því að hert skatteftirlit kosti 50 millj. Gert er ráð fyrir að ráðnir verði tíu menn til þess að efla skatteftirlit. Þær tekjur sem ég las hér upp áðan eru í samræmi við áætlun um hverju sé raunhæft að að ná með slíkri aukningu á skatteftirliti samkv. sérfræðingum sem flm. hafa haft samband við.

Til viðbótar er í þessum tillögum gert ráð fyrir að lækka önnur gjöld ráðuneyta um 800 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir að fjmrn. gefi út leiðbeiningar til annarra ráðuneyta um það hvernig ná megi þessum árangri. Hér er í raun ekki gengið út frá því að endilega þurfi að fara í flatan niðurskurð, þ.e. að setja beri ákveðna prósentutölu fyrir hvert ráðuneyti, heldur verður að sjálfsögðu að meta aðstæður í hverju ráðuneyti og jafnvel í hverri stofnun.

Síðasta tillagan í þessa átt er að fela ráðuneytum að skera niður ferða- og risnukostnað um 400 millj. kr. Hér er um að ræða 20% niðurskurð á ferða- og risnukostnaði en tillaga um lækkun annarra gjalda nemur 2,5%.

Allar þessar tillögur eru mjög í anda málflutnings okkar við umræður um fjárlögin, þ.e. hér er verið að skera niður og veita aðhald en þó þannig að raunhæft sé að markmiðunum verði náð. Hér er stigið skref í þá átt að sýna nauðsynlega skynsemi í meðferð fjármuna almennings. Tekjuaukinn er í þeim anda að draga fjármuni úr kerfinu og í ríkissjóð, fjármuni sem eiga þar sannarlega heima. Hér er ekki verið að leggja til álögur á einn eða neinn heldur eingöngu að reyna að tryggja sem best að þeir sem ber að greiða í ríkissjóð geri það eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka þá umræðu sem hér hefur átt sér stað um fjárlög. Ég vænti þess að við megum á komandi ári njóta velsældar í ríkisbúskapnum og tekið verði

á þeim vanda sem vissulega hefur verið bent á í umræðunni.

[00:38]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá málefnalegu umræðu um fjárlagafrv. sem hér hefur farið fram við 3. umr. Það eru örfá atriði sem ég vildi koma inn á í lok umræðunnar.

Hv. þm. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v., beindi til mín fyrirspurn um húshitunarkostnað eða niðurgreiðslu á rafhitun eins og það heitir í fjárlagafrv. Hann spurði á hvaða forsendum við í fjárln. hefðum gert tillögu um þá niðurgreiðslu.

Í fjárlagafrv. voru áætlaðar 100 millj. kr. til þessara verkefna. Í meðförum fjárln. var það hækkað upp í 160 millj. kr. Það var í samræmi við tillögu Byggðastofnunar og byggðaáætlun sem samþykkt var hér sl. vor. Ég gerði þessi mál að umfjöllunarefni í ræðu minni við 2. umr. málsins og gat þess að í iðnrn. væri unnið að heildarendurskoðun á þessum málum. Ráðuneytið er nú að láta meta árlega heildarkostnað í jöfnun orkuverðs í samræmi við þáltill. í byggðamálum. Þá er bæði reiknaður kostnaður vegna rafhitunar og þeirra hitaveitna sem eru dýrari en meðaldýrar hitaveitur. Við þá útreikninga er miðað við ársreikninga og sölutölur orkufyrirtækjanna fyrir árið 1998.

Enn fremur gat ég þess að nauðsynlegt væri að fram færi heildarendurskoðun á reglum um niðurgreiðslu á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis en núverandi reglur voru í öllum aðalatriðum settar á árinu 1986 og þessi endurskoðun þyrfti m.a. að taka til hámarks viðmiðana. Mér er kunnugt um að iðnrn. vinnur að víðtækri endurskoðun á þessu. Eins og ég gat um í upphafi er tekinn með í þá endurskoðun orkukostnaður dýrra hitaveitna og einnig er tekið tillit til annarra aðgerða sem í gangi eru til þess að greiða niður stofnkostnað hitaveitna. Ætlunin er að þessari endurskoðun ljúki eftir þrjá til fjóra mánuði, að henni ljúki á vordögum og þá geti útgreiðsla farið fram. Mér er hins vegar ljóst að ef það á að greiða allan orkukostnað niður, einnig dýrra hitaveitna niður í verð meðaldýrra hitaveitna, þá nægir þessi upphæð ekki. Ég tel því mjög nauðsynlegt að þessi endurskoðun fari fram og þá verði úthlutað á nýjum grunni.

Í fjórða lagi gerði hv. 11. þm. Reykv., Guðrún Ögmundsdóttir, að umfjöllunarefni fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Þar er lagt til 3 millj. kr. tímabundið framlag til að koma upp sérútbúinni aðstöðu fyrir skýrslutökur af börnum í kjölfar breytinga á lögum um meðferð opinberra mála sem tóku gildi 1. maí 1999.

Þessa beiðni fluttu fulltrúar dómstólaráðs inn í fjárln. Þeir töldu að hér væri um viðbótaraðstöðu að ræða sem þörf væri fyrir fyrir eldri aldurshópa sem lentu í þeim hremmingum og ógæfu sem hér er um að ræða. En það var skilningur fjárln. að þessi aðstaða, ef henni væri komið upp, ætti ekki að rýra gildi Barnahússins. Ég vil undirstrika það. Vegna ótta hv. þm. um að gildi Barnahússins verði rýrt að þessu leyti þá ég legg til, og byggi það á skilningi nefndarinnar á þessum málum, að dómsmrn. ræði við fulltrúa dómstólaráðs um þessa framkvæmd og í þeim anda að hagsmunir barna verði hafðir í fyrirrúmi í þessu efni og að aðstaðan sem fyrir hendi er henti þeim sem allra best. Það er skilningur fjárln. á þessu máli. Ég vildi undirstrika það varðandi þessa umræðu.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna meira. Ég þakka fyrir hana. Hún hefur verið málefnaleg. Hv. þingmenn hafa komið víða við eins og gengur í umræðu um fjárlög. Þau spanna vítt svið, spanna flest svið landsmála og það er mikilvægt hvernig frá þeim er gengið. Þetta er ein mikilvægasta löggjöf sem þingið samþykkir og veigamesta löggjöf sem er samþykkt á þessu haustþingi.

[00:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil koma í ræðustól og lýsa ánægju minni með yfirlýsingu formanns fjárln. um það sem ég gerði að umtalsefni, þ.e. jöfnun húshitunarkostnaðar. Ég vona að það sé skilningur okkar allra, eins og hér kom fram, að ætlunin er að jafna húshitunarkostnað án tillits til þess hver orkugjafinn er, án tillits til hvort hann er rafmagn eða heitt vatn.

Ég treysti því líka að hv. þm. hjálpi til við það og stuðli að því í samræmi við það sem hann hefur sagt hér og lýst yfir — ég vil segja alveg eins og er að ég hef sennilega ekki verið hér inni þegar hann ræddi þennan þátt við 2. umr. en vænti þess að hann sé harður og góður stuðningsmaður þeirrar endurskoðunar sem iðnrn. er að vinna að varðandi þennan þátt sem vissulega er þörf á miðað við það hvað reglurnar sem unnið er eftir eru gamlar — að þetta verði fullkomlega tekið inn í hvað varðar dýru hitaveiturnar vegna þess að ég ítreka það og segi að engu máli skiptir hver orkugjafinn er. Í þessari þverpólitísku nefnd, byggðanefnd forsrh. sem ég hef vitnað í, var fjallað um þetta í það víðu samhengi að dýru hitaveiturnar voru líka meðtaldar þó svo að Byggðastofnun sem á nú að vinna fyrir alla landsbyggðina og alla þá sem borga dýra húshitun, hafi ekki gert það að þessu sinni eins og ég gerði að umtalsefni í ræðu minni og hamraði mjög á.

Ég ítreka þetta og þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln., fyrir þá yfirlýsingu sem hann hefur gefið hér og vænti þess að málið nái fram að ganga þó að það verði eftir tvo, þrjá eða fjóra mánuði.

[00:48]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi bara undirstrika að ég vil gera mitt til að fylgjast með þessu máli og fylgja því eftir. Ég er áhugamaður um þennan málaflokk. Á undanförnum árum hafa niðurgreiðslur til húshitunar eða rafhitunar hækkað verulega. Við verðum að sjálfsögðu að finna leiðir til þess að jafna húshitunarkostnað í landinu. Ég tel að hér sé um skref að ræða. Við höfum markað okkur stefnuna og ég vil gera mitt til þess að henni verði fram haldið. Hér er um mikilvægt réttindamál að ræða fyrir landsbyggðina og þarf ekki að lýsa því í löngu máli.

[00:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir ræðu hans og viðbrögð. Ég vil vekja athygli á því að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt til ýmsar breytingar á fjárlagafrv. bæði til tekjuöflunar en einnig höfum við tekið á ýmsum útgjaldaliðum til velferðarmála og byggðamála. Við höfum viljað styrkja almannatryggingakerfið og þar fram eftir götunum.

Ég óskaði sérstaklega eftir því í ræðu minni fyrr í kvöld að heyra viðbrögð hæstv. ráðherra, ríkisstjórnar eða formanns fjárln. á einu atriði sérstaklega. Við leggjum til 50 millj. kr. framlag til þess að koma á fót hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir. Þessi mál hafa verið nokkuð til umræðu að undanförnu og mér er kunnugt um að hæstv. heilbrrh. sé að skoða þessi mál af mikilli alvöru. En ég vildi gjarnan

heyra álit hv. formanns fjárln., Jóns Kristjánssonar, á þessu og þá hvort hann er reiðubúinn að beita sér fyrir því að þessi mál nái fram að ganga.

[00:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. gerði hér alvarlegt mál að umtalsefni. Ég vil vísa til þess að unnið hefur verið að því að styrkja barna- og unglingageðdeildina á Ríkisspítölunum. Hins vegar geri ég mér alveg fulla grein fyrir því að það eitt dugar ekki í þessu efni og fyrir þau tilfelli sem þarna er um að ræða þarf vissulega blönduð úrræði. Ég er tilbúinn til þess að vinna að því að finna lausnir í þessum efnum þó að ekki séu gerðar tillögur um það í fjárlagafrv. nú. Þetta er málaflokkur sem við þurfum ætíð að hafa í endurskoðun og við þurfum reyna að stefna að betri úrræðum. Eins og ég segi, þó að barna- og unglingageðdeildin gegni mikilvægu hlutverki í þessu efni þá er þörf á blönduðum úrræðum varðandi þessi alvarlegu mál.

Ég vil lýsa því yfir hér að ég er tilbúinn til þess að leggja hönd á plóg í þessu efni og vinna með heilbrrn. í því að finna niðurstöðu varðandi þessi mál.

[00:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Og þar mun hv. þm. Jón Kristjánsson njóta liðsinnis stjórnarandstöðunnar, mjög svo liðsinnis þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Mér finnst fara vel á því að þetta séu lokaorðin í umræðu um fjárlög fyrir næsta ár.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 8.–19. og 21.–25. mál.

Fundi slitið kl. 00:54.

---

47. FUNDUR

fimmtudaginn 16. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2000, stjfrv., 1. mál, þskj. 372, frhnál. 401, 417 og 418, brtt. 402, 403, 404, 405, 406, 407, 408, 409, 411, 412, 413, 414, 419, 428, 430, 441, 442, 443, 444 og 445. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Framleiðsluráð landbúnaðarins, stjfrv., 205. mál, þskj. 239, nál. 365 og 370. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, stjfrv., 67. mál, þskj. 67. — 3. umr.

4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 89. mál, þskj. 89. — 3. umr.

5. Jarðalög, stjfrv., 227. mál, þskj. 272. — 3. umr.

6. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 187, nál. 356, brtt. 357. — 2. umr.

7. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 188, nál. 358, brtt. 359. — 2. umr.

8. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 233, nál. 360, brtt. 361. — 2. umr.

9. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243, nál. 362. — 2. umr.

10. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 384. — 2. umr.

11. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 343, brtt. 344 og 385. — 2. umr.

12. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 317, brtt. 318, 319 og 320. — 2. umr.

13. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr.

14. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 68, nál. 391, brtt. 392. — 2. umr.

15. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122, nál. 327. — Síðari umr.

16. Skráð trúfélög, stjfrv., 69. mál, þskj. 69, nál. 393, brtt. 394 og 425. — 2. umr.

17. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267, nál. 439, brtt. 447. — 2. umr.

18. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 214. mál, þskj. 253, nál. 438. — 2. umr.

19. Vitamál, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 431. — 2. umr.

20. Fjarskipti, stjfrv., 122. mál, þskj. 143, nál. 432, brtt. 433. — 2. umr.

21. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 292, nál. 434. — 2. umr.

22. Framhaldsskólar, stjfrv., 101. mál, þskj. 102, nál. 388. — 2. umr.

23. Málefni aldraðra, stjfrv., 173. mál, þskj. 200, nál. 436, brtt. 437. — 2. umr.

24. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 251. mál, þskj. 308, nál. 400. — 2. umr.

25. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273, nál. 446. — 2. umr.

26. Skipulags- og byggingarlög, frv., 276. mál, þskj. 390. — 1. umr.

27. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117, nál. 440. — 2. umr.

28. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.

29. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216, nál. 371, brtt. 228. — Síðari umr.

30. Iðnaðarlög, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 389. — 2. umr.

31. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

[10:29]

Útbýting þingskjala:

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 288. mál, frv. LB og SvanJ, þskj. 449.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 287. mál, frv. SvanJ og LB, þskj. 448.

[Fundarhlé. — 10:31]

Fjárlög 2000, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 372, frhnál. 401, 417 og 418, brtt. 402, 403, 404, 405, 406, 407, 408, 409, 411, 412, 413, 414, 419, 428, 430, 441, 442, 443, 444 og 445.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú háttar svo til að allmörg frumvörp sem eru í raun og veru fylgifrumvörp og forsendur afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni hafa ekki fengið afgreiðslu. Það má t.d. taka frv. sem heimilar skerðingu á tekjustofnum Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem fjárlagafrv. byggir á, en það frv. var til umfjöllunar í félmn. í morgun og bíður 2. umr. Ég tel því, herra forseti, að það væri eðlilegri röð á hlutunum að bíða með 3. umr. og lokaafgreiðslu fjárlagafrv., ljúka umfjöllun um tengd frumvörp sem mynda þann grundvöll ákvarðanatökunnar sem þarf að liggja fyrir.

Á fundi félmn. í morgun komu til að mynda fram ýmsar upplýsingar, herra forseti, um brýna þörf fyrir fjárveitingar í Framkvæmdasjóð fatlaðra og að sjóðurinn muni á næsta ári ekki geta sinnt ýmsum þegar samningsbundnum eða skuldbundnum verkefnum eins og að styrkja frjáls félagasamtök á þessu sviði. Þetta er upplýsingar, herra forseti, sem ég tel eðlilegt að hv. alþm. hefðu fengið og umræður hefðu farið fram um hér í þingsalnum áður en menn greiða endanlega atkvæði um fjárlagafrv. því enn væri tími til þess, svo dæmi sé tekið, að falla frá þeim skerðingum sem þarna eru fyrirhugaðar.

Í ljósi þess, herra forseti, að nú háttar svo til að hér er að koma til lokaafgreiðslu fjárlagafrv. óvenjusnemma og augljóslega nokkrum dögum áður en Alþingi kemur til með að ljúka störfum, þá hefði ég talið, herra forseti, að eðlilegast hefði verið að fresta þessari atkvæðagreiðslu, láta hana bíða. Umræðum um málið er lokið og ekkert eftir nema atkvæðagreiðslan, og eðlilegast hefði verið að atkvæðagreiðslunni hefði verið frestað þangað til umfjöllun um þau frumvörp, nokkur talsins, sem tengjast afgreiðslu fjárlagafrv., er lokið.

[11:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í því frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu er að finna ákvæði og fjárframlög til sérútbúinnar aðstöðu með viðeigandi tækjabúnaði fyrir héraðsdóm á Akureyri og í Hafnarfirði. Um er að ræða sérútbúna aðstöðu fyrir skýrslutökur af börnum í kjölfar breytinga á lögum um meðferð opinberra mála sem tóku gildi í vor og um er að ræða skýrslutökur af börnum vegna meintra kynferðislegra afbrota.

Það er einnig að finna fjárveitingu vegna sérstakra bakvakta dómara vegna yfirheyrslna yfir börnum á rannsóknarstigi vegna kynferðisafbrota. Á þessu vakti þingmaður Samfylkingarinnar athygli í gærkvöld en því miður er ekki grundvöllur fyrir því að greiða atkvæði í þessum sal núna um þessa mikilvægu liði og því miður hefur þingið ekki rætt nægilega þá breytingu á stefnumörkun sem felst í þessum fjárveitingum.

Þess vegna vil ég, herra forseti, koma þessum upplýsingum á framfæri og jafnframt því að Samfylkingin hefur óskað eftir utandagskrárumræðu um breytta starfshætti við héraðsdóm varðandi þennan mikilvæga og viðkvæma þátt.

[11:06]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess sem kom fram í orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um afgreiðslu félmn. í morgun, þá voru þau tvö frumvörp sem snúa að Framkvæmdasjóði fatlaðra afgreidd út úr nefndinni og nefndarálit er væntanlegt inn í þingið í dag.

Þetta hefur alltaf legið fyrir, og í 6. gr. fjárlagafrv. er gerð grein fyrir þessum skerðingum í framkvæmdasjóðnum. Þetta er ein af þeim forsendum sem liggja fyrir um fjárlagafrv. Ég tel því að þessi atkvæðagreiðsla geti vel farið fram þó svo að ekki sé búið að klára afgreiðslu þeirra tveggja frumvarpa sem snúa að Framkvæmdasjóði fatlaðra.

[11:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti sér ekki ástæðu til að fresta þessari atkvæðagreiðslu, telur að vilji þingsins muni koma skýrt fram og telur engin vandkvæði á því að hægt verði að afgreiða þau frumvörp sem varða fjárlög fyrir næsta ár nú fyrir jólahátíð eða a.m.k. fyrir áramót.

Brtt. 445,1–3 felld með 36:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:08]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við lokaafgreiðslu frv. um fjárlög fyrir árið 2000 liggja fyrir nokkrar tillögur frá þingmönnum Samfylkingarinnar sem ber að líta á í heild. Tillögurnar gera ráð fyrir auknum tekjum og sparnaði á nokkrum sviðum sem skila munu í ríkissjóð rúmlega milljarði kr. Útgjaldatillögur eru minni en tekjutillögur.

Að öðru leyti berum við ekki ábyrgð á þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Ég segi já, herra forseti.

[11:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessum fjárlögum leggur Samfylkingin til 1,5 milljarða til að bæta kjör þeirra sem minnst hafa og þurfa að treysta á almannatryggingarnar til framfærslu sinnar. Fagleg úttekt hefur staðfest að það er nauðsynlegt að skjóta styrkari stoðum undir velferðarkerfið og það teljum við brýnast í góðærinu. Hér leggjum við til tekjutillögur á móti, eina af mörgum og hún snýst um það að með virkara skatteftirliti náum við inn auknum tekjum. Ég segi já.

[11:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram við 2. umr. tillögur um tekjuauka sem m.a. fólu í sér skattlagningu á þá sem mestar og hæstar hafa tekjurnar í þjóðfélaginu og fluttum síðan tillögur á móti um framlög og styrk til þeirra sem lakari kjör hafa og

til sérgreindra verkefna. Sú tillaga náði ekki fram að ganga. Milli umræðna hafa komið fram miklar hækkanir á fjárlögum en engu að síður teljum við rétt að afla enn frekari tekna til að styrkja stöðu ríkissjóðs og gera honum kleift að taka á brýnum verkefnum, jöfnunaraðgerðum fyrir landsmenn alla.

Brtt. 413,1 felld með 35:13 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

7 þm. (ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, EOK, GAK, JÁ, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:11]

Jóhann Ársælsson:

Herra forseti. Á þskj. 413 flytjum við þingmenn Samfylkingarinnar, Svanfríður Jónasdóttir, Jóhann Ársælsson, Sighvatur Björgvinsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Bryndís Hlöðversdóttir tillögu um kostnaðargreiðslur í sjávarútvegi. Þar kemur fram að með þeirri tillögu, ef hún verður samþykkt, fást tekjur sem svara til 750 millj. Tilgangurinn með þessari tillögu er að hverfa frá ríkisstyrkjum í sjávarútvegi. Upphæðirnar taka mið af skýrslu sem var unnin um samanburð á styrkjum í sjávarútvegi hér, í Noregi og í Kanada. Síðan leggjum við fram tillögur um að þessar tekjur renni til Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Fiskistofu í samræmi við þann kostnað sem fellur til vegna vinnu fyrir útgerð á Íslandi. Það hafa öll stærstu stjórnmálaöflin í landinu lýst yfir stuðningi við þetta fyrirkomulag með ýmsum hætti á undanförnum árum og þess vegna teljum við fulla ástæðu til að flytja þessa tillögu.

Brtt. 403 samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

nei: ÓÖH*.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 402,1–2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, PHB, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 402,3 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 402,4 samþ. með 34:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

nei: ÁSJ, HGJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður kröfu námsmanna um það að námsmannaframfærsla sé reiknuð fram til samræmis við framfærslu annarra manna í þessu samfélagi. Hér er lagt til að skerða framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna um 100 millj. á grundvelli þess að framfærsla námsmanna er einungis rúmar 62 þús. kr. á mánuði. Við teljum það vera allt of lágt og við teljum tekjutengingu í þessum málaflokki koma illa og hart niður á námsmönnum. Við segjum nei.

Brtt. 402,5–6 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna þeirri aukningu sem hér á sér stað til bæði byggða- og minjasafna og til hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík. Reyndar tel ég að það hefði mátt gera enn betur. Ég minni á tillögu þingflokks þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að gera sérstaka úttekt á byggðasöfnum og söfnum vítt og breitt um landið sem gegna þar mikilvægu hlutverki og ber að styrkja. Þessi viðleitni er öll í þá átt og við göngum áfram lengra síðar, herra forseti.

[11:17]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil sömuleiðis fá að fagna þessari hækkun til safna á landsbyggðinni, hvalamiðstöðvarinnar á Húsavík og Þjóðminjasafns Íslands. Ég tel að þarna hafi verið vel brugðist við, enda full ástæða til og mikil þörf á þessu framlagi.

Brtt. 409 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, GÁS, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 402,7–8 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 411,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, GÁS, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 411,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GuðjG, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Afgreiðsla fjárlaga er alvarlegt mál og ég lít hana alvarlegum augum. Ég fagna því að það er aukið fjármagn til heiðursverðlauna listamanna, ég tel þetta hið þarfasta verk í sjálfu sér. Hins vegar harma ég að ekki skuli hafa verið teknir fleiri inn, fleiri sem þar verðskulduðu líka sess. Ég bendi á að víða úti um land eru líka verðugir listamenn, herra forseti, sem ættu alveg fyllilega skilið að fylla þennan hóp. Þess vegna legg ég áherslu á það, herra forseti, að þessi listi verði endurskoðaður og hann taki til fleiri merkra manna heldur en bara hér á þessu svæði.

Brtt. 402,9 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, FI, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 402, sérst. yfirlit 1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 402,10–11 og sérst. yfirlit 2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, JónK, LB, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 441,1 felld með 34:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, HBl, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessari brtt. leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að við liðinn Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu bætist 250 millj. kr. og það verði merkt stuðningi við sauðfjárbændur. Það er enginn vafi á því að fáar ef nokkrar stéttir hafa á seinni árum mátt þola annað eins tekjufall og aðrar eins þrengingar og einmitt þessi stétt manna nú á milli ára en algengt er að bændur meti tekjufall sitt á stærðargráðunni 30–40%. Hvað sem líður væntanlegum búvörusamningi sem vonandi verður gerður fljótlega þá er ljóst að það eru allar aðstæður til þess og brýn þörf á að grípa til bráðaaðgerða vegna þessa vanda. Það eru mikil vonbrigði, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn skuli ætla að loka fjárlagafrv. næsta árs án þess að sýna nokkurn lit í þessum efnum. Við leggjum því til, þó í litlu sé, að þarna verði aukið við 250 millj. til að koma eitthvað til móts við sárasta vandann í þessum efnum.

Brtt. 402,12–14 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, DO, EKG, EOK, FI, GAK, IP, SJóh, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 413,2–5 felld með 33:14 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS.

7 þm. (ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, FI, GAK, SJóh, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 402,15–16 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 443,1 felld með 34:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um að ræða fjármagn í varasjóð til þess að koma til móts við þann mikla vanda sem mörg sveitarfélög, sérstaklega úti á landi, standa frammi fyrir vegna þess að þau hafa þurft að leysa til sín félagslegar eignaríbúðir á fullu verði en hafa ekki getað selt þær aftur á sama verði og því hefur safnast upp hjá þeim verulegur halli. Það var rætt um það fyrr í haust, herra forseti, að til umræðu væri hugsanlegt fyrirheit um að leggja fram sérstakt fé í þennan varasjóð eins og lög heimila og því leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs þetta afar eindregið til, herra forseti.

Brtt. 443,2 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS.

12 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, KLM, LB, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EOK, GAK, JóhS, MF, SJóh, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:27]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir 50 millj. kr. fjárframlagi til að setja á stofn hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir til að létta undir með fjölskyldum þeirra. Um er að ræða um 20 börn sem greinst hafa með alvarlega geðsjúkdóma en flestir þessara ungu sjúklinga dveljast í heimahúsum á ábyrgð foreldra sinna þrátt fyrir að hafa verið greindir með mjög alvarlegar geðtruflanir og geðsjúkdóma. Það er mjög brýnt og það er réttlætismál að auðvelda þessu fólki lífsbaráttuna sem er erfið.

Brtt. 402,17–18 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, ÞBack.

9 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, KLM, LB, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EOK, GAK, JÁ, JóhS, KF, MF, ÓÖH, SighB, SJóh, SvanJ, TIO, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 443,3 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

12 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, GIG, ÍGP, JóhS, KLM, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessari brtt. okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er gert ráð fyrir að fallið verði frá fyrirhugaðri skerðingu á tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Um 330 manns eru á biðlistum eftir húsnæðisúrræðum. Sjóðnum verður ýmist lítt eða alls ekki fært að sinna ýmsum öðrum lögbundnum skyldum sínum á næsta ári, svo sem viðhaldi húsnæðis, framlögum til atvinnumála fatlaðra og tækjakaupa, styrkjum til félagasamtaka, framlögum til að bæta aðgengi fatlaðra að byggingum o.s.frv. Að óbreyttu stefnir nú, mitt í hinu margrómaða góðæri hæstv. ríkisstjórnar, í mestu skerðingu á þessum lögbundna tekjustofni Framkvæmdasjóðs fatlaðra frá upphafi eða um eða yfir 60% sem hirt verða í ríkissjóð og afgangurinn verður til skiptanna til allt of margra og stórra verkefna.

Við leggjum því til, herra forseti, að fallið verði frá þessari skerðingu. Hún er algjörlega misráðin við þessar aðstæður og ég hvet hv. þingmenn til að greiða brtt. atkvæði.

Brtt. 402,19–20 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 428,1.a felld með 34:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:31]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um hækkun á tekjutryggingarhluta ellilífeyris. Þessi tillaga er gerð til að koma til móts við þá ellilífeyrisþega sem verst eru staddir í íslensku þjóðfélagi og búa margir hverjir við sárustu fátækt. Með því að fella þessa tillögu og einnig samsvarandi tillögu er varðar örykja, án þess að koma með ámóta eða betri úrræði í staðinn, er meiri hluti hv. þm. að senda þessum hópi lífeyrisþega þær köldu jólakveðjur að þeir skuli sætta sig að vera áfram utan garðs í íslensku velferðarþjóðfélagi. Því mótmæli ég og segi já.

[11:32]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég gerðist meðflutningsmaður með þingmönnum Frjálslynda flokksins á þremur breytingartillögum sem allar lúta að því að bæta stöðu þeirra í okkar samfélagi sem hafa virkilega borið skarðan hlut frá borði nú í þessu umtalaða góðæri. Það væri því verðugt af okkur hér á Alþingi að koma til móts við þessa aðila. Nú þegar við erum að hæla okkur af miklum tekjuafgangi, þá væri þetta sanngjörn — framlagið mætti reyndar vera hærra — og eðlileg þátttaka og framlag til þessara hópa, herra forseti.

Brtt. 444,1.a felld með 35:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

8 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nú í góðærinu ætlar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ekki að bregðast við alvarlegum ábendingum um stöðu öryrkja, aldraða og sjúklinga sem treysta þurfa á íslenska velferðarkerfið. Í þessum fjárlögum teljum við þingmenn Samfylkingarinnar brýnast að bæta kjör og stöðu þessa fólks og leggjum til þess 1,5 milljarða. Í þessari atkvæðagreiðslu erum við að leggja til hækkun á tekjutryggingu ellilífeyrisþega og í næsta lið, við næstu brtt. leggjum við til hækkun á tekjutryggingu til öryrkja. Þannig bætum við best kjör þeirra sem verst eru settir af lífeyrisþegum. Ég segi já, herra forseti. Það ber að leiðrétta þau kjör.

[11:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér fyndist það með öllu óafsakanlegt ef Alþingi samþykkti ekki þessa tillögu um að bæta tekjutryggingu ellilífeyrisþega og reyndar aðrar tillögur sem hér koma til sögunnar og til atkvæðagreiðslu varðandi örorkulífeyrisþega. Við hefðum viljað ganga lengra og lögðum fram tillögu sem Alþingi hefur því miður fellt um enn þá hærra framlag til þessara mála. En að þeirri tillögu felldri legg ég til að við styðjum þá tillögu sem hér kemur til atkvæða.

Brtt. 428,1.b felld með 35:13 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, GÁS, GIG, JóhS, JB, KolH, LB, MF, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

7 þm. (EMS, GÖ, JÁ, KLM, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, SighB, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þingmenn hafa fellt þá tillögu sem við lögðum til um hækkun á tekjutryggingu til aldraðra í góðærinu. Hér erum við að greiða atkvæði um hækkun á tekjutryggingu til örorkulífeyrisþega. Við vitum hvernig staðan er hjá öryrkjum. 43% öryrkja hafa engar aðrar tekjur en almannatryggingarnar fyrir sig að leggja. Börn öryrkja geta ekki tekið þátt í samfélaginu vegna þess hve bág kjör eru á heimilum öryrkja.

Herra forseti. Ég skora á þingmenn að leggja sitt lóð á vogarskálarnar og greiða þessari tillögu atkvæði sitt þannig að öryrkjar fái skárri kjör en þeir búa við í dag. Við eigum ekki að líða það að fólk þurfi að sækja til hjálparstofnana og líknarfélaga til þess að hafa í sig og á. Ég segi já.

Brtt. 444,1.b felld með 35:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

7 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þykir að vísu miður að Alþingi skyldi ekki samþykkja þá brtt. sem hér var borin undir atkvæði

áðan og flutt var af hv. þm. Frjálslynda flokksins, Gunnari Inga Gunnarssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni ásamt með hv. þm. Jóni Bjarnasyni frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Þar var lögð til nokkuð meiri hækkun á liðnum Tekjutrygging örorkulífeyrisþega eða sem nemur rúmum 60 millj. kr. meiri hækkun. Ég hefði að sjálfsögðu kosið að menn hefðu treyst sér til að hækka þennan lið sem því næmi en það er auðvitað til mikilla bóta að hækka hann um 248 millj. Af því að ég legg mig fram um að taka efnislega afstöðu til hlutanna og láta efni máls ráða en ekki það hver ber mál fram, þá greiði ég þessu að sjálfsögðu atkvæði.

[11:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Að felldri þeirri tillögu sem við greiddum atkvæði um áðan, þá ítreka ég að það er enn verið að reyna að bæta kjör öryrkja með atkvæðagreiðslu í þinginu. Hér er verið að leggja til um 10% hækkun á tekjutryggingunni og ég skora enn á þingmenn um að leggja þessu lið og bæta hér kjör öryrkjanna. Það eru síðustu forvöð áður en þessari öld lýkur að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í velferðarkerfinu. Ég segi já.

Brtt. 444,1.c felld með 34:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, GIG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, ÁSJ, ÁRJ, EMS, DLH.

nei: GHall, GÁ, GunnB, JHall, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, HGJ, ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, HBl.

8 þm. (GAK, SJóh, SvanJ, TIO, SÞ, ÁMM, BH, EOK) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta er atkvæðagreiðsla um mannréttindi. Það mundi ekki nokkrum manni koma til hugar að skerða atvinnuleysisbætur vegna tekna maka hins atvinnulausa. En þetta eru menn hins vegar tilbúnir að gera gagnvart fötluðu fólki og öryrkjum. Hér er lagt til að þetta mannréttindabrot verði afnumið. Þess vegna segi ég já.

[11:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er verið að leggja til að afnema mannréttindabrot. Þetta eru gamlar leifar frá fátækraaðstoðinni frá 19. öldinni og 21. öldin er að ganga í garð. Tekjutenging við tekjur maka hjá þeim sem eru óvinnufærir eða orðnir aldraðir og eru á lífeyrisgreiðslum viðgengst hvergi í heiminum. Við erum að verða að athlægi meðal þjóða að viðhalda þessari ómannúðlegu skerðingarreglu og ég hefði ekki trúað því, herra forseti, að menn ætluðu ekki að taka á þessu máli áður en ný öld gengur í garð. Ég segi svo sannarlega já við þessu máli, herra forseti.

Brtt. 443,4 felld með 33:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

10 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, GAK, ÍGP, JóhS, LB, MF, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir 230 millj. kr. framlagi til almannatrygginga vegna tannlækninga og tannverndar. Áður hafa þingmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði flutt tillögur af sama toga. Á síðasta þingi voru þessar tillögur eða þessar upphæðir hærri en staðreyndin er sú að það hefur verið komið nokkuð til móts við hugmyndir okkar þannig að barátta okkar hefur þegar skilað árangri. Við leggjum til 140 millj. framlag til barna og unglinga en tillögur þær sem við höfum lagt fram til að bæta stöðu elli- og örorkulífeyrisþega í þessu efni hljóða upp á um 90 millj. kr. en samtals gerir þetta 230 millj. kr. Þetta er réttlætismál fyrir börn og unglinga og barnafólk. Þetta er réttlætismál fyrir aldrað fólk og öryrkja en þetta mun einnig skila sér sem góð fjárfesting til þjóðfélagsins alls þegar til lengri tíma er litið.

Brtt. 428,2 felld með 34:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

13 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, ÍGP, LB, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:48]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Einn af mestu göllum íslenska almannatryggingakerfisins eru sjúkradagpeningagreiðslur. Fullir sjúkradagpeningar í dag eru 20.800 kr. á mánuði og það er til ungt fólk á Íslandi sem hefur veikst og á þennan eina rétt til framfærslueyris. Það að fella þessa tillögu er ekkert annað en skilaboð til þessa unga fólks þess efnis að það geti haldið áfram að sækja ölmusu til ættingja og vina eða fátækrastyrk til sveitarfélags. Slíkt er auðvitað til háborinnar skammar. Því mótmæli ég og segi já.

Brtt. 444,2 felld með 34:19 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

10 þm. (ÁMM, BBj, BH, EOK, GAK, LB, SighB, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að sjúkradagpeningar almannatrygginga, greiðslur til þeirra sem misst hafa heilsuna og eiga ekki rétt í sjúkrasjóðum verkalýðsfélaganna, verði þeir sömu og fæðingardagpeningar, þ.e. dagpeningar

úr almannatryggingum til þeirra sem eru í fæðingarorlofi. Sjúkradagpeningar eru skammarlega lágir. Þeir eru fyrir neðan allir hellur. Það er ekki boðlegt að bjóða fólki upp á það að lifa á 20 þús. kr. á mánuði þegar það er búið að missa heilsuna og hefur ekkert annað fyrir sig að leggja.

Herra forseti. Þetta er líka til samræmingar við það sem menn telja að þurfi til framfærslu þeirra sem eru frá vinnu vegna þess að þeir eru í fæðingarorlofi. Því leggjum við þingmenn Samfylkingarinnar til að 190 millj. kr. fari í að leiðrétta þann smánarblett á almannatryggingunum sem sjúkradagpeningarnir eru. Ég segi já.

Brtt. 402,21 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, LB, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 443,5 felld með 34:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, PHB*, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BH, EOK, GAK, KolH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum mótmælt skerðingu á Framkvæmdasjóði aldraðra af þeirri ástæðu helst að kostnaður heilbrigðiskerfisins er óþarflega mikill af því m.a. að margir sjúkir aldraðir liggja inni á dýrum heilbrigðisstofnunum, sem gætu eða ættu frekar að fá þjónustu á hjúkrunarheimilum, og þjóðin er að eldast. Þessi tillaga var felld. Eftir stendur að til Framkvæmdasjóðs aldraðra eiga að fara 550 millj. og við leggjum til að bundinn verði í framlögum sá kostnaður sem á að fara til reksturs og sá kostnaður sem á að fara til stofnkostnaðar og endurbóta á húsnæði til þess að koma til móts við þær þarfir sem þegar eru í þjóðfélaginu um áframhaldandi uppbyggingu á dvalarheimilum og hjúkrunarheimilum og til að mæta vanda framtíðarinnar.

Brtt. 402,22 og sérst. yfirlit 3 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, IP, SJóh, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 445,4 felld með 34:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

8 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:54]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þrátt fyrir að felldar hafi verið tillögur okkar um þær tekjur sem við gerðum ráð fyrir að kæmu í ríkissjóð með því að herða skatteftirlit, þá höldum við þessari tillögu til streitu í trausti þess að tekjurnar muni skila sér verði hún samþykkt. Við gerum tillögu um 50 millj. til að auka skatteftirlit. Það eru um tíu störf. Við teljum því miður fulla þörf fyrir það að auka skatteftirlit þannig að þær tekjur sem sannarlega eiga að renna í ríkissjóð geri það. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 402,23 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, GAK, KLM, SighB, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 402,24 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, GAK, HjÁ, SJóh, SvanJ, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 402,25–27 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, GAK, HjÁ, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 402,28 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, GAK, HGJ, HjÁ, SighB, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 441,2 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, GAK, HjÁ, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er lagt til að veitt verði fjármagn til að styrkja dreifikerfi raforku í sveitum. Eitt brýnasta byggðamál okkar í dag er að styrkja dreifikerfi raforku og jafnframt að koma upp þriggja fasa rafmagni sem víðast. Það er sorglegt, herra forseti, að til þess að draga úr þenslu skuli vera gripið til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar að skerða umsamið framlag til þessa málaflokks við fjárlagagerðina núna um 50 millj. kr. eins og fjárlög gera ráð fyrir. Þetta er hörmulegt, herra forseti. Því leggjum við til að þingið taki nú á, bæti úr og sendi góðar kveðjur út um dreifbýlið og samþykki aukin framlög til dreifikerfa raforku í sveitunum.

Brtt. 402,29 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SÞ, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, GAK, SJóh, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:00]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þarna er komin stofnun sem heitir Löggildingarstofa. Hún er ekki mjög gömul að árum, miðað við þá málaflokka sem hún er nú með. En henni tekst að vaxa og þenjast út. Sjálfsagt eru verkefni hennar mörg hin bestu en ég legg til, herra forseti, við hæstv. iðnrh., en undir hann heyrir þetta að ég tel, að hann kanni hvort við getum ekki flutt þessa ört fitnandi stofnun út á land og komið henni fyrir þar.

Brtt. 402,30–31 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GAK, RG, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 402,32 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE, ÞBack.

14 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GAK, SJóh, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 419 felld með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

14 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GAK, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér hefur Alþingi verið að fella hverja tillöguna á fætur annarri sem gera ráð fyrir auknum framlögum til fatlaðra, aldraðra og sjúkra. Það hafa verið háar tillögur þar sem óskað hefur verið eftir að tekið sé á betur en gert er í velferðarkerfinu.

Hér er hins vegar um að ræða afskaplega saklausa tillögu um sérgreint framlag til undirbúnings Vatnajökulsþjóðgarðs og til undirbúnings við það að mæla út, kortleggja og skrá ósnortin víðerni. Hvor tveggja verkefnin eiga sér stoð í þál. sem samþykktar voru á hinu háa Alþingi á síðasta þingi og ef þau eiga að vinnast á næsta ári, herra forseti, þarf að setja í þau eitthvert fé.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjum til að 1,5 millj. kr. sé sett á hvorn lið. Við óskum eftir því að fá stuðning við þessar tillögur.

Brtt. 402,33–34 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GAK, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 402,35 samþ. með 31:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GAK, GÁS, JóhS, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér finnst mér vera undarlegar ráðstafanir á ferðinni. Hollustuvernd ríkisins sætir lækkun á sértekjum um 2 millj. kr. vegna lækkunar á tekjum við mengunarvarnir. Satt að segja, herra forseti, hefði maður haldið að stofnuninni yrði bætt upp þessi lækkun á tekjum um 2 millj. Nei, það er ekki gert. Samkvæmt þessu er stofnuninni gert að lækka útgjaldaliði sína um 2 millj. á móti. Mér finnst þetta skrýtin ráðstöfun, herra forseti. Þetta er stofnun sem er þegar í fjársvelti og á það sannarlega skilið þegar sértekjurnar lækka að fá þá uppbót úr ríkissjóði. Ég segi nei.

Brtt. 404 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GAK, HjÁ, LB, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 405 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GAK, LB, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 406 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 407 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞBack.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 442 felld með 31:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

14 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GAK, HGJ, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ríkisstjórnin ráðgerir skerðingu á framlagi til ýmissa lögbundinna tekjustofna, þar á meðal til Framkvæmdasjóðs aldraðra og Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að skerða framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra um 345 millj. kr. á næsta ári. Það er búið að skerða framlag til þessa sjóðs, til fatlaðra, um 1.200 millj. frá því um miðjan þennan áratug en sú upphæð dygði til að leysa húsnæðisvanda þeirra tæplega 400 einstaklinga sem eru á biðlistum eftir húsnæði.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki síðferðilegan rétt til þess að taka sér hugtakið „góðæri" í munn með framferði af þessu tagi. Við erum með okkar tillöguflutningi að reyna að koma í veg fyrir þau skemmdarverk sem er verið að vinna á velferðarþjónustunni.

Brtt. 412 felld með 31:18 atkv. og sögðu

já: DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, FI, GAK, LMR, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:08]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er ákvæði um að endurskoða fyrirkomulag fasteignagjalda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á landsbyggðinni þannig að skattstofninn endurspegli betur raunverðmæti fasteigna. Sú stórhækkun fasteignamats á höfuðborgarsvæðinu sem nú á sér stað hefur verið mjög íþyngjandi og skapað órétt-mæta skattheimtu á íbúa landsbyggðarinnar þar sem hækkun fasteignamats er lítil sem engin. Þessi brtt. mín og nokkurra annarra þingmanna Samfylkingarinnar er nokkurs konar bráðaaðgerð vegna þessa hluta 2000-vandans á Íslandi og fjallar um heimild til fjmrh. um að bregðast við honum að hluta. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 408,1 (liðir 2.29–2.33) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, LB, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Meðferð hins opinbera á jarðnæði hefur verið nokkuð til umræðu að undanförnu og mætti ýmislegt um það segja. Hér er verið að afla heimilda til sölu á ákveðnum eignum og jörðum í eigu ríkisins.

Við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs gerum ekki athugasemdir við slíkt ef um er að ræða sölu bújarða til ábúenda eða annarra sem eiga lögvarinn kauprétt að jörðunum. Sé hins vegar um að ræða sölu á jarðnæði til utanaðkomandi aðila, án búsetu eða afnotatengsla við jarðnæðið, þá erum við andvíg slíku og teljum að slíkt jarðnæði sé betur komið í eigu hins opinbera og það eigi frekar að nýta til þess að opna það upp fyrir almenningi og leyfa þjóðinni allri sameiginlega að njóta góðs af slíku jarðnæði og landi. Við förum því fram á það, herra forseti, að með þessar heimildir verði farið með þeim hætti.

Við leggjumst ekki gegn heimildum í þeim tilvikum sem ég áðan greindi og sitjum því hjá við þann hluta þessarar greinar.

Brtt. 408,1 (liður 2.34) samþ. með 32:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

nei: ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að leita heimilda til þess að selja eyjuna Elliðaey á Breiðafirði. Elliðaey er ekki í ábúð. Hún er í eigu ríkisins. Þetta er ein af náttúruperlum Breiðafjarðar og reyndar eru hugmyndir um að Breiðafjörður allur verði að slíkum fólkvangi sem fólk getur leitað til og notið.

Ég vil benda á, herra forseti, að það er afar nöturleg eða skrýtin staða að annars vegar er ríkið að ásælast beitar- og heiðalönd bænda og hins vegar er það að beita sér fyrir því að fá heimildir til þess að selja náttúruperlur í byggð.

Herra forseti. Þetta er ein af náttúruperlum okkar. Við eigum öll að eiga aðgang að þeim. Það á að vera stolt ríkisins að eiga svona jarðir og eiga eyjar eins og Elliðaey.

[12:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Svo að það sé nú á hreinu, þá er hér verið að leita eftir heimild til að selja eyjuna Elliðaey á Breiðafirði, undanskilinn er að vísu viti og tengdur búnaður ásamt aðgengi að honum.

Herra forseti. Maður spyr sig og ég spurði hæstv. ráðherra að því í gærkvöldi: Hvað í ósköpunum á að fara að gera með það að selja náttúruperlur eins og Elliðaey á Breiðafirði eða Málmey í Skagafirði? Hverjum á að selja þessar eyjar? Stendur til að taka þær úr eigu almennings og afhenda þær einkaaðilum sem geta þess vegna lokað þær af og meinað öðrum aðgang að slíkrum náttúruperlum?

Í tilviki Elliðaeyjar er á ferðinni perla sem er í nágrenni við næsta fyrirhugaðan þjóðgarð Íslendinga á Snæfellsnesi og reyndar hefur iðulega verið rætt um að gera allt Breiðafjarðarsvæðið að sérstöku friðlýstu svæði eða þjóðgarði. Það er fullkomlega óeðlilegt, herra forseti, að vera að setja heimild til sölu þessarar eignar inn í fjárlögin. Ég er andvígur því og treysti hæstv. ríkisstjórn ekki til að fara með málið og segi nei.

Brtt. 408,1 (liðir 2.35–2.36) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, SÞ, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SP, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 408,1 (liður 2.37) samþ. með 31:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS.

nei: ÁSJ, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SighB, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, RG, SJóh, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú er það Málmey í Skagafirði sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að fara fram á að fá heimild til að selja. Aðspurður í gær gat hæstv. samgrh. engu svarað um það hver ætti að fá Málmey og hverjum ætti að selja Málmey. Það komu engar haldbærar skýringar eða rök fram fyrir því að þörf væri á svona heimild yfirleitt. Og þó svo kynni að vera að færa þyrfti forvöltun eignarinnar milli deilda í Stjórnarráðinu, þá er það ekkert vandamál. Ríkið getur komið því fyrir með haganlegum hætti og séð sómasamlega um sínar eignir.

Það er algerlega fráleitt, herra forseti, og gengur gegn öllum tíðaranda að vera að taka land úr almannaeigu og afhenda það utanaðkomandi einkaaðilum út af fyrir sig. Ég minni á þær umræður sem voru á liðnum þingum um aðgang þjóðarinnar að hálendinu og að sameign almennings á náttúruperlum og náttúruverðmætum í landinu. Eins og komið hefur í ljós, herra forseti, þá er líka verklagsreglum í þessu sambandi mjög áfátt í Stjórnarráðinu. Það er þess vegna alveg fráleitt að Alþingi sé að afgreiða heimildir af þessu tagi og ég er alfarið andvígur því að selja Málmey.

[12:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er tillaga um það að veita heimild til þess að selja eyjuna Málmey á Skagafirði. Með því að veita þessa heimild hefur Alþingi engin frekari afskipti af því hvernig henni verður ráðstafað. Þetta er ein af perlum Skagafjarðar og það ætti að vera stolt okkar að eiga hana til almenningsnota.

Það má vel vera að aðrir aðilar eins og sveitarfélögin gætu líka komið að sem eigandi en þá er í lófa lagið, herra forseti, að gera um það samninga fyrst og afgreiða það síðan héðan á Alþingi með reisn.

Ég vil líka benda á það, herra forseti, að það er álagabundið að versla með Málmey þannig að ég vara við því að það sé gert.

Brtt. 408,1 (liður 2.38)–8 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SighB, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 414 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GuðjG, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 408,9 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 408,10–11 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GAK, HjálmJ, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt mál að ríkið fái heimild til að kaupa jarðir og semja um makaskipti á nálægum jörðum, bæði vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á Snæfellsnesi og eins að ríkið hafi heimild til að kaupa jörðina Vestaraland II í Öxarfirði vegna þjóðgarðs í Jökulsárgljúfrum og stækka þjóðgarðinn. Þetta er að sjálfsögðu hið besta mál og framfaramál og ég styð það eindregið.

En ég vek athygli á þeirri heimild sem ríkið er þarna að fá til þess að tryggja sér jarðnæði, land og réttindi til náttúruverndar og til að koma á þjóðgörðum. Það er í miklu ósamræmi við þær heimildir sem hér voru veittar áðan þar sem ríkinu var þvert á móti heimilað að selja náttúruperlur. Ég held, herra forseti, að þessi grein og innbyrðis mótsetningar hennar sýni fram á að það er þörf á því að móta stefnu í þessum málum, taka á þeim og koma þeim í fastara horf en verið hefur.

[12:21]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég styð svona ráðstafanir ríkisvaldsins í að festa jarðir og stækka þjóðgarða og almenningsgarða þannig að fólk eigi aðgang að náttúruperlunum. Ég bendi enn fremur á það, herra forseti, að þessar tillögur eru í andstöðu við það sem var verið að fjalla um áðan og ég beini því alveg eindregið, herra forseti, úr því að búið er að samþykkja að fela framkvæmdarvaldinu þetta, að framkvæmdarvaldið endurskoði málið og beri það síðan aftur undir löggjafann varðandi ráðstöfun á jörðum.

Brtt. 408,12 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, PHB, SighB, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 413,6 felld með 31:11 atkv. og sögðu

já: EMS, GÁS, GÖ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

9 þm. (ÁSJ, ÁRJ*, GIG, JÁ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, HBl, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

[Forseti gat þess að honum hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 430 felld með 32:1 atkv. og sögðu

já: GIG.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 445,5 felld með 31:14 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, HBl, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:24]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér flytjum við tillögu sem er fyrst og fremst táknræn um að áhugi sé á því að spara í ríkiskerfinu. Í fyrsta lagi leggjum við til að önnur gjöld ráðuneyta lækki um 800 millj. kr. en þetta eru um 2,5% af þessum liðum samanlagt. Í öðru lagi að ráðuneytum verði falið að skera niður ferða- og risnukostnað um 400 millj. kr. sem er um 20% af þessum samanlögðu liðum. Hér er því gerð tillaga um að skera niður um 1.200 millj. Ég segi já, herra forseti.

Brtt. 408,13 (liður 8.14) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:25]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér á ferðinni ákaflega undarleg heimild og í raun og sanni hafa engar raunhæfar skýringar komið fram af hverju hennar er leitað því að samstarfsmöguleikar sjúkrahúsa eru heimilir í lögum. Hins vegar liggur fyrir samkvæmt munnlegum yfirlýsingum að hér sé um að ræða heimild Alþingis til handa sjúkrahúsum að leita möguleika á því að fara í hlutafélagavæðingu með hinum og þessum úti í bæ. Ég hef af því áhyggjur af því að skýringar liggja ekki fyrir og mun því ekki bera ábyrgð á þessari heimild og greiði ekki atkvæði.

[12:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á þessari heimild um að heimila sjúkrahúsunum að taka þátt í eða eiga samstarf við fyrirtæki sem vinna að vísindarannsóknum og þróun á sviði heilbrigðismála. Þessi grein hefur að vísu aðeins verið milduð í meðförum þannig að það er ekki eins opið að einkavæða þessa þætti.

Ég skil alveg löngun sjúkrahúsanna og þeirra sem þar eru til að geta tekið þátt í vísindastarfsemi og rannsóknastörfum, t.d. með Háskóla Íslands og fleirum, en ég tel, herra forseti, að þessi heimild sé of víð, og það eru alla vega aðvörunarorð að fara afar varlega með þá grein, herra forseti, sem hér er verið að ganga frá.

Brtt. 408,13 (liðir 8.15–8.16) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, MF, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 408,13 (liður 8.17) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, GÁS, HBl, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[Forseti gat þess að honum hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því sérkennilega orðalagi í þessari heimildargrein þar sem rætt er um ráðstöfun eigna og skulda félaganna. Hér liggur auðvitað eitthvað að baki. Þetta ber að skilja að minni hyggju um sölu félaganna ef því er að heilsa og ég vil undirstrika að það er minn skilningur og ég vænti þess að það sé líka þingheims.

Ég vil hins vegar ekki taka þátt í afgreiðslu heimildar á borð við þessa þar sem jafnopin heimild er fyrirlögð og raun ber vitni. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er eins gott að við ljúkum afgreiðslu þessara fjárlaga fyrir áramótin og áður en 2000-vandinn gengur í garð úr því að þetta gengur ekki betur en raun ber vitni samt.

Þetta fjárlagafrv. lítur nokkuð vel út á yfirborðinu en þegar skyggnst er undir það yfirborð leynist þar margvíslegur vandi og ýmis hættumerki eru við sjóndeildarhringinn. Því miður er stærsti hluti af hinum margrómaða tekjuafgangi ríkissjóðs til kominn vegna mikillar verðbólgu og viðskiptahalla og góðærinu, sem menn kalla svo, er harla misskipt og því miður hafa hér við afgreiðslu málsins, herra forseti, ekki fengist samþykktar tillögur til þess að bæta þar úr að neinu verulegu ráði. Felldar hafa verið tillögur um hækkanir til elli- og örorkulífeyrisþega og fjölmargra slíkra verkefna á velferðarsviðinu en þar er sannarlega að finna þá hópa sem borið hafa skarðan hlut frá borði. Það er því ýmsu ábótavant í þessu frv., herra forseti, og því miður er það tilfinning ræðumanns að það eigi ekki eftir að reynast jafnhaldgott og aðstandendur þess vilja vera láta. Ég greiði ekki atkvæði.

[12:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er að eiga sér stað að mörgu leyti söguleg afgreiðsla. Alþingi er að afgreiða fjárlög ríkisins með meiri afgangi en nokkru sinni fyrr, hvort heldur sem litið er á niðurstöðutölurnar eða þær skoðaðar sem hlutfall af landsframleiðslu. Það er líka afgangur af ríkissjóði þó að áhrif uppsveiflunnar í efnahagslífinu séu tekin frá. Það er auðvitað grundvallaratriði og þess vegna er þetta frv. sem hér er verið að samþykkja gríðarlega mikið útspil að því er varðar viðskiptahalla og verðbólguspá.

En þetta frv. er líka sögulegt og þessi afgreiðsla vegna þess að nú er í fyrsta skipti staðið við lög um þingsköp um þann tíma sem ráðgert er að afgreiða þetta mál. Ég vil þakka fjárln. þingsins sérstaklega, bæði meiri hluta og minni hluta, fyrir afskaplega gott samstarf í þessu máli sem ég tel að sé til fyrirmyndar og auðvitað til eftirbreytni í framtíðinni. Ég segi já, herra forseti.

[12:32]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Fjárlög eru nú afgreidd með meiri rekstrarafgangi en dæmi eru til áður. Þrátt fyrir það höfum við getað aukið framlög til ýmissa bráðnauðsynlegra mála eins og heilbrigðiskerfisins, til ýmissa þátta byggðamála, til fíknisefnamála og margra fleiri smærri verkefna.

Ég tel að þetta frv. leggi góðan grunn að því að greiða niður skuldir þjóðarinnar í framtíðinni og leggi góðan grunn að för til nýrrar aldar. Ég segi já.

[12:33]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú er komið að lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2000. Því miður tekur frv. ekki á þeim meginvandamálum sem til staðar eru í efnahagskerfi þjóðarinnar. Það er ekki tekið nægilega mikið mark á þeim viðvörunum sem fram hafa komið í umræðu um fjárlög og frá ýmsum efnahagsstofnunum. Viðskiptahallinn er vaxandi. Verðbólgan er komin í gang á ný og þenslueinkenni eru mikil. Þá er ekki bættur hagur þeirra sem minnst hafa fengið út úr góðærinu.

Herra forseti. Fjárlögin eru á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Þingmenn Samfylkingarinnar munu sitja hjá.

[12:34]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þau fjárlög sem við erum að samþykkja í dag gera ráð fyrir meiri tekjuafgangi úr ríkissjóði en dæmi eru um og það er ástæða til að fagna því sérstaklega.

Stjórnarandstaðan hefur í umræðu um fjárlögin gagnrýnt ríkisstjórnina ómaklega fyrir of mikla útgjaldagleði. Mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á því að þessi sama stjórnarandstaða flutti brtt. við fjárlagafrv. upp á samtals um 5 milljarða kr. útgjaldaaukningu. Það birtist hin eina sanna útgjaldagleði. Ég segi að sjálfsögðu já.

[12:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er rétt að fjárlög nú eru afgreidd með meiri tekjuafgangi en áður hefur verið en sá tekjuafgangur er dýrkeyptur. Við stöndum frammi fyrir meiri viðskiptahalla en við höfum líklega nokkru sinni staðið frammi fyrir. Við stöndum frammi fyrir meiri byggðaröskun og áframhaldandi byggðaröskun sem er eitt mesta efnahagsböl þjóðarinnar. Við stöndum frammi fyrir vaxandi ójöfnuði í þjóðfélaginu, meiri misskiptingu á tekjum og ráðstöfunum sem birtast m.a. í aukningu á skuldasöfnun heimilanna.

Herra forseti. Til þess að við getum framfylgt líka þessum fjárlögum þarf að styrkja löggjafarsamkomuna. Það þarf að styrkja hana gagnvart framkvæmdarvaldinu og það erum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs reiðubúin að gera. Ég þakka samstarfsmönnum í fjárln. fyrir gott samstarf.

[12:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ríkisstjórnin hælir sér af væntanlegum rekstrarafgangi upp á 16,7 milljarða kr. Þessi rekstrarafgangur er fenginn með því að selja og gefa eignir þjóðarinnar. Þessi rekstrarafgangur er fenginn með því að hlunnfara aldraða og öryrkja. Þessi rekstrarafgangur er fenginn með því að þyngja skattbyrðar láglauna- og millitekjufólks, með því að láta skattleysismörk ekki fylgja launaþróun. Þessi rekstrarafgangur er fenginn á kostnað námsmanna og hann er fenginn á kostnað barnafólks en barnabætur munu samkvæmt frv. lækka um á fjórða hundrað millj. á næsta ári. Misskipting og misrétti blasir við á annarri hverri síðu þessa fjárlagafrv. sem hér er verið að samþykkja.

Þrátt fyrir hagstæð ytri skilyrði sér ríkisstjórnin ástæðu til að hlunnfara sérstaklega tekjulægri hluta þjóðfélagsins. Þetta er ömurlegur vitnisburður um þessa ríkisstjórn og þann meiri hluta sem veitir henni brautargengi á Alþingi Íslendinga.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 455).

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 205. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 239, nál. 365 og 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:38]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 365 samþ. með 42 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
5.–27. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota, 3. umr.

Stjfrv., 67. mál (skilyrði bótagreiðslu). — Þskj. 67.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:41]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ÁMM, BH, DO, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, GunnB, JóhS, JHall, ÓÖH, SighB, SJóh, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 456).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 89. mál (umhverfisbrot). — Þskj. 89.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:41]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ÁMM, BH, DO, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, GunnB, JóhS, JHall, ÓÖH, SighB, SJóh, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 457).

Jarðalög, 3. umr.

Stjfrv., 227. mál (lögræðisaldur). — Þskj. 272.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:42]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.
16 þm. (ÁMM, BH, DLH, EKG, EOK, FI, GAK, GunnB, JóhS, JHall, ÓÖH, SJóh, SvanJ, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 458).

[Fundarhlé. — 12:43]

Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 161. mál (lausafé lánastofnana). — Þskj. 187, nál. 356, brtt. 357.

[13:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndarálit efh.- og viðskn. og brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

Frv. þetta er ekki mikið að vöxtum. Það felur í sér að breytt er skilgreiningu á lausu fé en Seðlabankinn hefur heimild til þess að setja ákveðnar reglur um lágmark eða hámark lauss fjár í innlánsstofnunum.

Nefndin fékk á fund sinn fulltrúa frá ýmsum aðilum og sendi málið til umsagnar og þess er getið í nefndaráliti. Nefndin gerir þá tillögu til breytingar á frv. að sett sé markmiðssetning í lagagreinina sem heimilar Seðlabankanum að setja reglur um hámark eða meðaltal lauss fjár. Markmiðssetningin er þá fyrst og fremst sú að reglurnar eiga að hafa þann tilgang að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef nú gert grein fyrir.

[13:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í mars sl. setti Seðlabanki Íslands nýjar reglur um laust fé lánastofnana sem byggjast á núverandi heimildum í gildandi lögum. Eins og fram kemur í umsögn Seðlabanka Íslands um þetta frv. þykir eðlilegt að rekja aðdraganda þess að menn fóru í það að breyta eða gera tillögu um breyttar reglur eða breytt ákvæði þessara laga. Það er ekki síst vegna þess að síðla árs 1998 hóf Seðlabanki Íslands að vara lánastofnanir við miklum útlánavexti og hættum sem honum kynni að vera samfara eins og segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Auk þess varaði bankinn sérstaklega við mikilli notkun lánastofnana á erlendum lánum til skamms tíma til að fjármagna útlánavöxt. Viðvörunum sínum kom bankinn á framfæri í haustskýrslu sinni 1998 og á fundi með forsvarsmönnum helstu lánastofnana og í bréfum til þeirra."

Meginástæður viðvarana bankans voru annars vegar þær að líklegt væri að hröðum vexti útlána fylgdu áhættusamari lánveitingar sem kynnu með tímanum að fela í sér útlánatöf og hins vegar þær að veruleg áhætta væri fólgin í miklum erlendum skammtímalántökum, bæði fyrir einstakar stofnanir

og fyrir þjóðarbúið í heild, að þær hefðu þessi þensluhvetjandi áhrif sem svo mikið er búið að ræða á undanförnum dögum.

Þegar í febrúar á þessu ári og þegar ljóst var að viðvaranir bankans höfðu verið hafðar að engu, eins og segir í umsögninni, var tekin sú ákvörðun að setja nýjar reglur, lausafjárreglur, gera harðari kröfur. Við þá athugun kom í ljós að bankinn taldi að þær kvaðir sem eru í gildandi lögum um það hvernig reglurnar skuli vera séu ófullkomnar og allt öðruvísi en þær sem eru í gildi hjá öðrum þjóðum. Þess vegna var farið í þá vinnu. Það kom einnig fram veruleg gagnrýni frá viðskiptabönkunum og lánastofnunum á Seðlabankann og á gildandi reglur um þá möguleika sem Seðlabankinn hafði. Þess vegna var farið í þá vinnu að móta nýjar reglur og jafnframt farið fram á það að frv. til laga um Seðlabanka Íslands yrði breytt þannig að bankinn hefði heimildir til að setja reglur sem væru samsvarandi því sem gildir í nágrannalöndunum. Við samningu reglnanna, en við sáum drög að þessum nýju reglum í efh.- og viðskn., voru þessar BIS-reglur Alþjóðagreiðslubankans í Basel hafðar til hliðsjónar og einnig er sérstaklega getið um að það hefðu tekið þýskar reglur sem bankinn hafði til hliðsjónar.

Við frágang þessara reglna hafði Seðlabankinn samstarf við þá sem hlut áttu að máli. Engu að síður kom fram í athugasemdum frá Sambandi ísl. viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða og einnig frá FBA að þetta væru of víðtækar heimildir og þess vegna var lögð til sú breyting sem nefndin er sammála um að gera á frv. Reyndar var það þannig að Samband ísl. sparisjóða og Samband ísl. viðskiptabanka vildu hafa breytinguna víðtækari og segja til viðbótar við þá breytingu sem við leggjum til að með greiðsluskuldbindingu sé m.a. átt við innlán, gjaldkræfar skuldir við Seðlabanka og fyrirsjáanlegar afborganir af útistandandi skuldum. Þessar skuldbindingar skulu taldar með að fullu leyti eða að hluta eftir eðli þeirra. Eftir viðræður á milli þessara aðila kom mönnum saman um að þessi skilgreining væri of þröng og því var ekki tekið tillit til þeirra athugasemda nema að hluta.

Aðrir sem sendu okkur umsagnir um það voru jákvæðir og ég vil, virðulegi forseti, eins og stundum áður þakka þá vinnu sem við fengum frá viðskrn. og starfsmanni viðskrn. sem starfaði með nefndinni og hefur reynst okkur alldrjúgur í vinnu sinni.

[13:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það virðist næsta sjálfsagt mál að Seðlabankinn fái lagalegt svigrúm, svo maður noti kunnuglegt orðalag, til að bregðast við breyttum reglum sem eru að mótast eða liggja þegar fyrir á alþjóðavettvangi og við munum væntanlega taka upp eða erum jafnvel samningsbundin til að taka upp hvað varðar skilgreiningu á lausafé og eigin fé bankastofnana. Ég sé þar af leiðandi ekki ástæðu til þess að leggjast gegn eða fjölyrða um þá breytingu sem 1. gr. frv. felur í sér eða þeirri grein að þau ákvæði núgildandi laga um Seðlabankann, sem að mati fróðra manna takmarka um of möguleika bankans til að bregðast við í þessum efnum, falli brott.

Hitt vekur nokkra athygli mína, herra forseti, að rökstuðningurinn er á þá leið, ef má vitna í frv., með leyfi forseta:

„Í mars sl. setti Seðlabanki Íslands nýjar reglur um laust fé lánastofnana sem byggjast á núverandi 3. mgr. 8. gr. laganna um Seðlabanka Íslands.“ — Svo kemur nú ein af rúsínunum, herra forseti: „Við setningu reglnanna var Seðlabankanum ljóst að þær væru ekki nútímalegar.“

Undir lok sömu málgsreinar, herra forseti, kemur setning sem hljóðar svo: „Seðlabankinn bauð um leið lánastofnunum og Fjármálaeftirlitinu til samstarfs um undirbúning að setningu nýrra reglna sem væru meira í takt við nútímaleg og alþjóðleg sjónarmið.“

Nú held ég, herra forseti, af því að það ber svo vel í veiði að hv. formaður efh.- og viðskn. er maður ákaflega vel að sér um þessa hluti, þekkir völundarhús viðskiptalífsins og ratar þar nánast út í hvern krók og kima, að rétt væri við fengjum smáfræðslu frá hv. formanni efh.- og viðskn. um það hvað er nútímalegt og alþjóðlegt í þessum efnum og hvað ekki.

Það undrar mig stundum, herra forseti, þegar menn setja svona tímabundnar athugasemdir fram sem efnisrök í sjálfu sér. Er til mælikvarði á þessa hluti? Hvað er nógu nútímalegt og hvað ætli sé ekki nútímalegt? Hvað felst á bak við slík lýsingarorð? Er það ekki það sem hér er verið að tala um að reglurnar séu að taka einhverjum breytingum, að þær séu annaðhvort að verða strangari eða taki til öðruvísi skilgreininga eða annarra slíkra hluta. Þá finnst mér að eigi að segja það og lýsa því en ekki skjóta sér á bak við frasa af þessu tagi, ef ég má leyfa mér að orða það svo, og hafa svo ekkert frekar fyrir því að rökstyðja hlutina. Mér finnst þetta frekar fátæklegt, herra forseti, og jaðra við að vera heldur barnaleg, einfeldnisleg framsetning á málunum. Nær hefði þá verið að gefa eitthvert yfirlit yfir það í greinargerð frv. í hvaða átt þessar reglur væru að þróast. Út af fyrir sig liggur það að einhverju leyti fyrir. Hæstv. viðskrh. hefur m.a. vitnað í það í umræðum um bankamál að vænta megi breytinga sem bankarnir þurfi að takast á við að uppfylla á komandi árum og þær munu gera meiri kröfur til þeirra en þær reglur sem hafa verið í gildi en þá finnst mér líka að eigi að segja í hverju þróunin í þessum efnum er fólgin, hvernig hinar nútímalegu reglur lýsa sér í samanburði við aðrar reglur sem ekki eru þó eins nútímalegar o.s.frv.

Ég held, herra forseti, að það sé alveg þess virði að fá aðeins gleggri skýringar á þessu máli.

[13:41]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem málið snýst um er að í núverandi 3. mgr. 8. gr. laga er skilgreining á því hvað laust fé er sem taka á tillit til. Það hefur hins vegar gerst í tímans rás að það sem bankarnir telja nú til lauss fjár og þeir liðir í efnahagsreikningi sem geta núna talist laust fé eru aðrir. Það eru einfaldlega komnar, svo að ég noti kannski það orð aðrar „vörur“ inn í efnahagsreikning viðskiptabankanna sem þeir telja til lauss fjár.

Ég nefni t.d. að dreift er, að mér skilst, í hverjum mánuði plaggi frá Seðlabankanum sem fjallar um endurhverf verðbréfakaup. Þessi endurhverfu verðbréf eru dæmigerð fyrir það lausafé sem viðskiptabankar og sparisjóðir geta notað en eru kannski ekki alveg í samræmi við þær reglur sem áður giltu um hvað var nákvæmlega laust fé. Þetta er eitt dæmi. Það sem málið snýst um er að hafa reglurnar þannig að þær taki kannski ekki nákvæmlega á því hvaða tilteknar eignir eru laust fé heldur sé fyrst og fremst farið eftir eðli máls á hverjum tíma og að það sé fyrst og fremst markmiðssetningin sem skili sér þá inn í lagatextann. Þetta er í raun og veru ástæðan fyrir breytingunni, að það er að koma upp mikið af nýjum vörum sem bankarnir telja sem laust fé sem menn höfðu ekki áður og þess vegna ef aðhaldið er miðað við það

gamla virkar það ekki og þess vegna er orðið nútímalegt notað. En ég þekki hins vegar gamla andstöðu hv. þm. við þetta orð „nútímalegt".

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta síðasta var nú hortittur hjá hv. þm. En mér er svo sem alveg sama hvaða orð menn nota, hvort menn kalla hluti nútímalega eða gamaldags. Það segir mér bara ekki neitt. Það sem ég var að lýsa eftir, herra forseti, var nánari skýring á innihaldi hlutanna og ég þakka hv. þm. að svo miklu leyti sem honum nægði tíminn í knöppu andsvari til þess að lýsa aðeins betur inn í það.

Ég held að ástæða sé til að reyna að hafa þessa hluti sæmilega skýra og eins og ég sagði áður geri ég engar athugasemdir við það að við undirbúum það að reglur verði sambærilegar við það sem annars staðar gerist. Það mætti alveg taka meiri tíma í það mín vegna að fara yfir þá hluti og fara yfir það hvernig íslenska bankakerfið og íslenskar fjármálastofnanir eru almennt á vegi staddar hvað það varðar að uppfylla þær kröfur og taka á móti þeim breytingum sem þarna eru í farvatninu, að einhverju leyti þegar ákvarðaðar fyrir fram, herra forseti, með gildistöku á næstu árum, ef ég veit rétt.

Það er ekkert óskaplega langur tími síðan þessi mál voru mjög heit og til umræðu, eins og ég geri ráð fyrir að ýmsir hv. alþm. muni, ósköp einfaldlega vegna þess að nokkrar af mikilvægustu fjármálastofnunum þjóðarinnar römbuðu á þeim mörkum að uppfylla lágmarkskröfur í þessum efnum. Það er bara ekki langt síðan, herra forseti, að þannig háttaði til. Þó að við getum kannski að einhverju leyti slappað af í augnablikinu og sagt að þetta sé í betra horfi nú, þá er það þó þannig að hvorki þeir bankar sem enn þá eru að hluta til í eigu ríkisins né reyndar hinn frægi einkabanki eru neitt óskaplega langt yfir þessum mörkum, a.m.k. miðað við það sem þeir stefna í. Það er fyrst og fremst einn hópur lánastofnana sem ég held að án undantekninga standi mjög vel að vígi til að mæta þessum kröfum og það eru sparisjóðirnir. Af einhverjum sérstökum ástæðum hafa ýmsir þingmenn allt á hornum sér þegar þeir eru nefndir eins og ég sé á viðbrögðum manna úti í salnum.

[13:46]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ósköp eðlilegt og réttmætt að hv. þingmenn fari fram á skýringar umfram það sem fram kemur í nefndarálitinu og hefði kannski verið skynsamlegt af okkur að dreifa með nefndaráliti upplýsingum sem varða laust fé lánastofnana frá Seðlabanka Íslands þar sem bæði er um að ræða stöðutölur og reglur um lausafjárhlutfall, drög að þeirri reglugerð sem við höfum fengið til okkar og síðan eru upplýsingar, skýringar við reglurnar um laust fé. Það hefði verið, virðulegi forseti, eðlilegt að dreifa þessu þar sem frumvarpið og nefndarálitið er kannski ekki mjög ítarlegt fyrir þá sem hafa ekki setið í viðkomandi nefnd og fylgst með umfjöllun um málið og eðlilegt að við gerum það þá bara í framhaldinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldeyrismál, 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur). — Þskj. 188, nál. 358, brtt. 359.

[13:48]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992.

Frv. þetta snýst fyrst og fremst um að bæta stöðu viðskiptavina banka, bæði hérlendis og erlendis þegar upphæðir eru færðar milli landa. Nokkuð hefur borið á því að sá misbrestur sé á eðlilegri þjónustu við viðskiptavini að þeir séu upplýstir um kostnað. Borið hefur á ónauðsynlegum drætti á því að færa upphæðir á milli reikninga. Þetta vandamál er ekki bundið við viðskipti milli Íslands og annarra landa heldur er þetta vandamál sem er algengt í viðskiptum milli landa. Það er hins vegar sannarlega vandamál í viðskiptum milli Íslands og annarra landa og fjölmargir hafa kvartað undan því að þjónusta væri ekki nógu góð í þessu sambandi. Það væri óljóst hver kostnaður væri við yfirfærslurnar og tímasetningar væru oft á reiki og ýmiss konar ónauðsynlegar hindranir í þessu skyni.

Það mál sem hér er til umræðu er mikið þarfamál og mikið framfaramál fyrir viðskiptavini bankanna. Þetta er mál sem sprettur upp út frá tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins frá 27. jan. 1997. Aðlögun að því sem þar segir átti að vera lokið eigi síðar en 14. ágúst 1999. Við erum því nokkuð seint á ferðinni í þessu máli. Ekki eru lagðar til neinar efnislegar breytingar á frv. í brtt. efh.- og viðskn. Það eru í tveimur liðum tæknilegar orðalagsbreytingar sem hafa ekki neina efnislega þýðingu en eina atriðið sem hefur efnislega þýðingu sem nefndin gerir tillögu um er að gildistími laganna verði frá 1. febr. árið 2000. Ástæða þess er sú að menn eru almennt í viðskiptalífinu nokkuð taugastrekktir vegna dagsetningarinnar 1. jan. 2000. Þess vegna er talið ráðlegt að fresta gildistökunni um einn mánuð þannig að betri tími gefist fyrir viðskiptabankana og sparisjóðina að undirbúa þær breytingar sem frv. hefur í för með sér.

[13:51]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni er um samkomulagsmál að ræða af hálfu efh.- og viðskn. Frv. kemur inn í þingið vegna tilskipunar Evrópusambandsins sem er frá 27. jan. 1997 um peningayfirfærslu milli landa skv. 11. gr. þeirrar tilskipunar og áttum við að hafa lokið þessari aðlögun eigi síðar en 14. ágúst 1999. Síðan kemur fram öllum á óvörum að frv. sé samið í viðskrn. en það er bara föst venja hér að flest frumvörp og langstærsti hluti þeirra frumvarpa sem Alþingi tekur til umfjöllunar er saminn í viðkomandi fagráðuneyti. Engu að síður er um mjög mikilvægt mál að ræða fyrir einstaklinga og fyrirtæki og þá kannski ekki hvað síst fyrir minni fyrirtæki, að geta yfirfært fé á skjótan og áreiðanlegan og ódýran hátt frá einum hluta efnahagssvæðis til annars.

Í umsögnunum voru ekki gerðar neinar athugasemdir nema við gildistökuákvæðið sem var 1. janúar og er það kannski fyrst og fremst vegna þess að stjórnvöldum hefur láðst að kynna með nægjanlegum fyrirvara hvenær þessari aðlögun þyrfti að vera lokið hjá okkur, þ.e. 14. ágúst sl.

Hefði fyrirtækjum og einstaklingum verið það ljóst að þessi aðlögun þyrfti að eiga sér stað á þessu ári og búið væri að setja okkur ákveðin tímamörk, hefðu menn e.t.v. verið búnir að undirbúa sig betur en raun ber vitni. Ég verð hins vegar að geta þess af því að mér finnst það alltaf svolítið skondið, virðulegi forseti, þegar menn láta eins og þeir hafa haft eitthvað um efni tilskipananna að segja. Það kemur til að mynda fram í umsögn Seðlabanka Íslands að við samningu frv. hafði viðskrn. samráð við Seðlabanka Íslands. Bankinn hafði því tækifæri til að koma að athugasemdum á framfæri við ráðuneytið og var tillit tekið til þeirra flestra.

Þarna er ákveðinn látbragðsleikur í gangi að íslensk stjórnvöld, að Seðlabankinn hafi yfir höfuð eitthvað um það að segja hvað stendur í þessu frv. en það er ekki þannig. Þarna er um að ræða þýðingu á tilskipun. Danir völdu t.d. þá leið að setja þetta inn í sérstakt lagafrv. og gildistaka þess frv. var á þeim degi sem fresturinn rann út, þ.e. 14. ágúst. Þá tóku dönsku lögin gildi en hér erum við að draga lappirnar eins og reyndar oft áður og nú verðum við að gera það vegna beiðni þeirra umsagnaraðila sem komu á fund nefndarinnar eða sendu umsagnir að breyta gildistökuákvæðinu og er sjálfsagt að verða við því að þeir hafi a.m.k. tækifæri til að undirbúa sig.

Virðulegi forseti. Við 1. umr. málsins fór ég aðeins yfir nauðsyn þess að hér ætti sér stað ítarleg umræða eða skýrslugjöf frá stjórnvöldum til þingsins um möguleika Íslendinga til að koma að tilurð þeirra tilskipana sem við erum að lögtaka og möguleika okkar til þess að ræða mál af þekkingu sem byggist þá á því fyrst og fremst að við vitum hvernig grunnvinnan er í þeim málum sem hér koma inn. Því er ekki að heilsa. Hæstv. viðskrh. var staddur hér við 1. umr. málsins en er ekki núna og það er auðvitað slæmt vegna þess að þó að þetta sé ekki beint hluti af evrunni, en frv. gerir samt ráð fyrir upphæðum í evrum, þá er verið að aðlaga þennan viðskipta- og fjárlagamarkað Evrópska efnahagssvæðinu og það er orðin mikil nauðsyn á því að Alþingi sé gefin skýrsla um þær viðræður sem hafa átt sér stað af hálfu íslenskra stjórnvalda og skoðun á því hver staða okkar verður innan Evrópu og í þessum viðskiptum þegar evran verður orðin ríkjandi mynt í þeim þjóðum sem við erum kannski að skipta við að stórum hluta. Við megum ekki gleyma því að mörg íslensk fyrirtæki eiga nánast öll viðskipti sín á Evrópumarkaði og fara að gera áætlanir sínar í þessari nýju mynt og því er mjög nauðsynlegt að alþingismönnum sé gerð grein fyrir þeim athugunum sem hafa átt sér stað. Þó að vissulega hafi verið skilað þremur eða fjórum skýrslum hefur það aldrei verið tekið til umræðu á hv. Alþingi og aldrei nokkurn tíma verið farið yfir það hver aðkoma okkar er að málum eins og þessu. Mér dettur í hug og tel mig reyndar hafa nokkra vitneskju um það að mál eins og þetta komi bara ósköp einfaldlega, dælist inn á faxi hjá viðskrn. eða í tölvupósti, sé keyrt þaðan út og sett í þýðingu og það sé öll vinnan sem íslensk stjórnvöld inna af hendi við tilurð máls og undirbúning þess að það komi fyrir hv. Alþingi. Þetta er ekki líðandi. Við verðum að fara að ræða þessi mál af meiri alvöru en hefur verið gert.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að ítreka beiðni okkar í þingflokki Samfylkingarinnar þess efnis að viðskrh. eða fjmrh. skili þinginu skýrslu um þær athuganir sem hafa átt sér stað svo að við getum tekið á stöðu Íslands innan Evrópu eða í samstarfi Evrópuþjóðanna og við getum tekið langa og ítarlega umræðu og séum þá betur í stakk búin til þess að ákveða hvernig við viljum sjá framtíðina og vinnubrögðin í þessum málum. Við erum með mjög fáa starfsmenn erlendis til þess að gera. Við erum við með mjög fáa starfsmenn til þess að geta dekkað alla þá málaflokka þar sem tilskipanir Evrópusambandsins ná til sem við erum að lögtaka hér og um 80% af okkar löggjöf kemur beint frá Brussel. Við erum ekki með starfskrafta til þess að sinna hverjum einasta málaflokki en þá verðum við líka að vera tilbúin til þess að forgangsraða og við verðum að vera tilbúin til að geta tekið svona mál til umræðu inn á Alþingi af a.m.k. lágmarksþekkingu á tilurð málsins og hvers vegna það hefur verið lagt fyrir hv. Alþingi. Þetta er bara hluti af þeim vinnubrögðum sem hafa kannski tíðkast hérna allt of mikið í seinni tíð, það er að kasta inn mikilvægum málum á stuttum tíma. Og þó þetta einstaka mál, þ.e. breyting á lögum um gjaldeyrismál, sé samkomulagsmál og sé ekki mjög stórt í sniðum, þá er það því miður orðið allt of algengt á hv. Alþingi að við tökum inn stór mál, bæði þau sem koma í formi þýddra tilskipana og sett inn í íslensk lög eða það sem verður til í viðkomandi fagráðuneytum og ætlum okkur allt of lítinn tíma bæði til umfjöllunar um málin og afgreiðslu. Lítill áhugi er hjá hv. þm. á því að fara yfir þessi mál og stöðu okkar innan Evrópu þó að ég ítreki að ég er hrædd um að ef við ekki höldum rétt og vel á málum þar geti það orðið hið stóra byggðamál framtíðarinnar hvað Ísland varðar.

[13:59]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt til í því sem hv. þm. segir um aðkomu þingsins að EES-málum. Það vill svo til að ég hef verið að kynna mér þetta nokkuð í hlutverki mínu sem formaður í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA. Ég held að við gætum um margt lært af norska þinginu hvernig þeir standa að aðkomu þingsins að EES-málum. Þar hefur þingið formlega tækifæri til að koma miklu fyrr að því hvaða mál eru á ferðinni og hafa þá áhrif og koma með athugasemdir eftir því sem þingmenn hafa áhuga á.

Það er hins vegar fyrirhugað að utanrmn. og Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA haldi sameiginlega semínar um EES-málin eftir áramótin. Ég er að vona að í framhaldi af því takist að finna einhvern farveg fyrir aðkomu þingsins að EES-málum.

Ég var nýlega á fundi þingmannanefndar EFTA þar sem fram komu t.d. upplýsingar um sérstaka aðgerðaáætlun vegna innri markaðarins sem Evrópusambandið er með á prjónunum. Þar eru mörg mál sem væri mjög áhugavert yfir þingið að koma að á fyrri stigum, a.m.k. að hafa upplýsingar um það hvaða mál eru yfirleitt á ferðinni og því tel ég einsýnt að þingið þurfi að bæta vinnubrögð sín í aðkomu að þessum málum.

[14:01]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði að við getum mjög margt lært af norska þinginu og Norðmönnum í því hvernig þeir standa ekki bara að upplýsingagjöf og vinnubrögðum innan norska þingsins heldur einnig upplýsingagjöf til almennings um stöðu mála hverju sinni og áhrif þess á daglegt líf Norðmanna, hvort sem um er að ræða lagasetningu eða reglugerðir sem eru náttúrlega aldrei nokkurn tíma ræddar hér eða kynntar. Það er mjög mikið að vinnubrögðum þingsins hvað þetta varðar og ég fagna því alveg sérstaklega að sú ákvörðun hefur verið tekin að utanrmn. og EFTA-nefndin haldi málþing núna eftir áramótin. Vonandi leiðir það til betri vinnubragða og við

finnum þá leið sem okkur hentar því það getur ekki gengið að þingið sýni þessum málum nánast engan áhuga og hafi lagt í það mjög takmarkaða fjármuni líka að reyna að ná í vitneskju um þau vinnubrögð sem eru tíðkuð í öðrum þingum og hvað við mættum af þeim læra. Það er löngu orðið tímabært og ég veit að hv. formaður efh.- og viðskn. hefur tekið undir þetta og reyndar rætt það oft áður að við þurfum að bæta vinnubrögð okkar hér bæði hvað varðar þingið og upplýsingagjöf til almennings.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er eðlilegt að við lögum reglur okkar um greiðslumiðlun milli landa að því sem gengur og gerist og við erum samningsbundin til að taka þátt í og ekkert nema gott um það að segja. Hitt er annað og alveg rétt að við þurfum að fylgjast með þeim hlutum sem þar eru að gerast þegar þeir eru í farvatninu þannig að við stöndum ekki eins og illa gerðir hlutir og frammi fyrir algerlega gerðum hlut ef þar er eitthvað það á ferðinni sem við hefðum viljað reyna að hafa einhver áhrif á. Ég tek þar af leiðandi undir þau orðaskipti sem hafa orðið um þau mál og gæti bætt ýmsu við.

Ég held reyndar að það skipulag sem er á þessu í Alþingi sé ekki nógu virkt. Það á að heita svo að utanrmn. fari þar með ákveðið samræmingarhlutverk, getum við sagt, eða yfirhlutverk en staðreyndin er sú að vikum og mánuðum saman ber slík mál alls ekki á góma í þeirri nefnd. Í raun og veru er tæplega hægt að segja að sú vöktun sem þar ætti að vera í gangi og hér af hálfu Alþingis sé á lífi, sé til staðar. Það er ekki nema rétt að nafninu til að hægt sé að segja það. Það er næsta tilviljanakennt af hvaða málum menn frétta og þá á hvaða stigi það er.

Ég tek einnig undir það með hv. ræðumönnum, Margréti Frímannsdóttur og Vilhjálmi Egilssyni, að þörf er á því að hafa upplýsta umræðu um þessi mál í gangi og sömuleiðis þarf Alþingi að taka til skoðunar sitt verklag og skipulag í þessum efnum. Talsverð umræða fór fram um það á sínum tíma þegar menn voru að takast á um Evrópumálin og lögtaka EES-samninginn hvernig væri eðlilegast að standa að þessu í framhaldinu. Rætt var um það hvort koma ætti á fót sérstakri Evrópunefnd sem hefði það hlutverk og það hlutverk eingöngu að fylgjast með þróun réttarins á undirbúningsstigi meðan enn þá væru tækifæri til að koma að einhverjum sjónarmiðum og vera þá í þeirri vöktun með framkvæmdarvaldinu sem er að sjálfsögðu að burðast við að gæta að einhverju leyti hagsmuna sinna með mannahaldi í Brussel o.s.frv. Það er ágætt að fram undan sé ráðstefna til að fara yfir þessi mál.

Það sem ég vil hins vegar aðeins ræða, forseti, er svo efnið sjálft, þ.e. spurningin um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti milli landa og það sem þar er uppi í Evrópusambandinu því í þeim efnum eru ýmsar blikur á lofti. Það er ekki bara að evran sem slík með tilkomu sinni þýði mjög mikla breytingu því að þar með hverfa þessir hlutir í innbyrðis viðskiptum innan Evrópusambandsríkjanna, þeirra sem tekið hafa upp evruna og eru úr sögunni sem slíkir. Það eru þá ekki lengur gjaldeyrisviðskipti eða fjármagnshreyfingar í hefðbundnum skilningi milli landa nema þá þannig að þær eru í sömu mynt, í sama gjaldmiðli. Hins vegar er líka uppi í Evrópusambandinu mikil umræða um þróunina almennt í þessum efnum og spurninguna um hið óhefta fjármagnsflæði og hið gífurlega magn færslna sem meira og minna rafvædd viðskiptakerfi, sum hálfsjálfvirk, eru farin að bjóða upp á. Þar ber náttúrlega einna hæst umræðuna og deiluna, spurninguna um svonefndan Tobin-skatt eða það hvort eigi að taka slíkt upp í viðskiptum milli landa og á slíkar fjármagnshreyfingar. Þar hafa Frakkar verið í forustu þeirra þjóða innan Evrópusambandsins sem hafa viljað skoða grundvöllinn fyrir því að koma einhverju slíku á. Aðrir berjast hatramlega gegn því og finna því allt til foráttu. Sjálfur er ræðumaður þeirrar skoðunar að óumflýjanlegt sé að reyna að meta hvert þróunin er að bera menn í þessum efnum. Viðvörunarmerkin, sem menn hafa fengið á undanförnum missirum um að þetta kerfi sé að sumu leyti orðið að stjórnlausri ófreskju, sé orðið vettvangur fyrst og fremst spekúlanta og spákaupmennsku, kalli á það að menn setjist yfir þessa hluti. Þá er enginn vafi á því að spurningin um einhverja skattlagningu slíkra viðskipta, þó mjög hófleg væri eins og flestar hugmyndir um Tobin-skatt ganga út á, mundi hafa þarna veruleg bremsuáhrif og gæti þýtt að það auðveldaði mönnum að ná einhverri stjórn á þessum hlutum á nýjan leik.

Varðandi evruna og upptöku hennar hef ég aldrei getað séð að í því væri fólgið neitt einasta vandamál fyrir okkur Íslendinga heldur væri það bara hið besta mál ef þjóðirnar sem eru aðilar að Evrópusambandinu kæmu sér upp þessum sameiginlega gjaldmiðli. Það er alfarið þeirra mál og ef menn eru að stefna þarna á uppbyggingu sambandsríkis sem er nokkuð ljóst að er að gerast, er ekki nema eðlilegt að það nýja ríki, stórríki Evrópu, komi sér upp mynt. En hugmyndir um að aðrir, sem ætla ekki að vera aðilar að ríkinu, geri það einnig eru að mínu mati á misskilningi byggðar. Ég held að línurnar liggi þar að þeir sem ætla að vera með í ríkinu — nema þá að menn semji sig frá þessu með sérstökum undanþágum eins og einstök lönd hafa gert eða hafa möguleika á að gera — ráði því sjálfir eftir atvikum hvort þeir vilja vera aðilar að myntinni en aðrir eigi þá fyrst og fremst að líta á þetta sem viðskipti við annað efnahags- og myntsvæði.

Ég held að það sé að mörgu leyti þannig að það einfaldi hlutina fyrir okkur í viðskiptum niðri á meginlandi Evrópu að einstakir gjaldmiðlar þar hverfi og þar verði um eina mynt að ræða og ekki séu í því fólgin nein minnstu rök fyrir okkur til þess hvorki að taka upp evruna né nálgast Evrópusambandið á annan hátt, nema það sé skoðun manna að við eigum að stefna á aðild að Evrópusambandinu. Af þeim ástæðum, herra forseti, er nauðsynlegt að umræðan sé á sæmilega skýrum grundvelli. Það er ekki nóg að ræða þetta og líta á þetta sem einhverja uppfræðslu eða námskeið á grunnskólastigi eða framhaldsskólastigi til að undirbúa menn undir lífið, ef svo má að orði komast, því að við erum komin út í lífið og Ísland stendur þar sem það stendur í þessum efnum. Ég held að það sé ekki mjög skynsamlegt að við látum mikla óvissu vera uppi um það hvernig við ætlum að gæta hagsmuna okkar í framtíðinni, a.m.k. í fyrirsjáanlegri framtíð, hvað varðar samskipti við Evrópusambandið. Það er mjög ruglingslegt og eitt af því sem að mínu mati er nauðsynlegt að við getum gefið mjög skýr svör við þegar við erum að eiga samskipti við þessa aðila. Það er hver sé stefna íslenskra stjórnvalda í fyrirsjáanlegri framtíð hvað varðar spurninguna um aðild eða ekki aðild að Evrópusambandinu. Það er ákaflega óheppilegt, held ég, að mikil óvissa sé ríkjandi í þeim efnum þegar við getum svarað því skýrt og sagt sem svo: Það er ekki á dagskrá af hálfu íslenskra stjórnvalda að sækja um aðild að Evrópusambandinu, segjum næstu 10 árin, þá hafa menn einhvern grundvöll til að standa á.

Þá kemur næsta spurning: Gott og vel en hvernig ætla menn þá að gæta hagsmuna sinna og þróa þessi samskipti? Þá getum við rætt það í vissu þess að við vitum í grófum dráttum hvernig við stöndum. Er það þróunin á grundvelli EES-samningsins? Eru það breytingar á honum? Eða er um að ræða eitthvert annað form þessara samskipta? Ég er reyndar þeirrar skoðunar að heppilegast væri að stefna á slíkt, þ.e. einfaldari rammasamninga um viðskipti og samvinnu án þeirrar þungu stofnanauppbyggingar sem EES-samningurinn hefur í för með sér og án þeirrar aðstöðu aðila hvors gagnvart öðrum sem er auðvitað uppi í þeim samningi og verður áfram hvað sem hver segir. Ég trúi því að til þess séu allir möguleikar að þróa samskiptin áfram á góðum grundvelli og í þá veru.

Herra forseti. Þegar menn stilla dæminu þannig upp að við *stöndum frammi fyrir einhverjum nauðungarkostum* að taka við þessum hlutum alveg eins og þeir koma eða bara vera útskúfuð og útlæg gerð finnst mér það lýsa mjög sérkennilegu viðhorfi til þessa sama Evrópusambands. Nú er ég í sjálfu sér kannski ekki talinn í sérstökum aðdáendaklúbbi þess en ég hef aldrei gefið mér það að þó að við kysum að þróa samskipti okkar á einhverjum öðrum forsendum, sem við teldum okkur sjálfum heppilegust, en þeim að stefna á aðild og heldur en þeim endilega að byggja á jafnþunglamalegu samningsverki og EES-samningurinn er, þá mundi það þýða að við yrðum beittir hörðu og við yrðum bara reknir úr Evrópu eins og mér finnst stundum sumir fjalla um þessi mál.

Auðvitað er margt, herra forseti, sem þetta gefur tilefni til að fara yfir, einnig vegna þeirrar umræðu sem spratt upp áðan milli hv. þingmanna Margrétar Frímannsdóttur og Vilhjálms Egilssonar, en ég fagna því að fram undan sé tilraun til að fara yfir þessi mál af hálfu þeirra nefnda Alþingis sem þarna véla fyrst og fremst um hlutina. Út af fyrir sig væri kannski vel til fundið að hv. efh.- og viðskn. væri aðili að *því máli, einnig því að mjög mörg mál*, a.m.k. mikið af þessum viðskiptatengdu málum, lenda þangað inn. Það ber að vísu svo vel í veiði að eitthvað af sama mannskapnum mun sitja í báðum ef ekki öllum þessum nefndum, EES/EFTA-nefndinni, utanrmn. og efh.- og viðskn. þannig að það er til þægðarauka. En ég tek svo sannarlega undir það, herra forseti, að ástæða er til að fara yfir þessi mál út frá þessari hlið, þ.e. hvað varðar verklag og skipulag í störfum þingsins. Allt of oft gerist það hér að mál koma hingað inn eiginlega eins og af himnum ofan eða utan úr himinblámanum. Þetta kemur mönnum að óvörum og þá er oftar en ekki viðkvæðið þetta: Ja, þetta er frá Evrópu, þetta er einhver tilskipun og það er ekkert um það að ræða. Þetta verður að samþykkjast eins og það kemur af skepnunni.

Sú var a.m.k. tíðin að menn töluðu mikið um það að við hefðum stöðu til þess að hafa áhrif í þessu ferli og við hefðum jafnvel stöðu til þess að stoppa einstaka hluti af ef við vildum. Það er reyndar þannig að við höfum margfrægt neitunarvald samkvæmt EES-samningnum. En nú sé ég, herra forseti, mér til mikillar furðu að menn eru farnir að fjalla um þá hluti með allt öðrum hætti en áður var gert. Það vill svo til að í fyrramálið verður fundur í utanrmn. þar sem á einmitt að taka til umræðu eitt slíkt tilvik þar sem spurningin kemur upp: Hvaða stöðu hefur eitt EES-land til þess að beita neitunarvaldi gagnvart setningu tilskipunar í Evrópusambandinu þar sem er tilskipun eða reglugerð Evrópusambandsins um aukefni í matvælum? Ýmsar þjóðir bæði innan Evrópusambandsins, eins og Danir og Svíar eftir að þeir urðu aðilar, hafa andæft þeirri tilslökun sem fólgin er í fyrirhugaðri reglusetningu Evrópusambandsins og Norðmenn eru henni mjög andvígir. Þar hefur orðið mikil umræða um það hvort Noregur neyðist ekki til þess að grípa til neitunarvalds í fyrsta sinn og stöðva af á grundvelli neitunarvalds EES-samningsins setningu þessarar reglugerðar.

En þá ber svo undarlega við að ofan frá Íslandi kemur rödd sem telur hið mesta hneyksli að Norðmönnum skuli detta það í hug að beita þessu ákvæði samningsins. Það er hæstv. utanrrh. þjóðarinnar, Halldór Ásgrímsson, sem talar og lýsir því yfir að hann hyggist blanda sér í norsk stjórnmál og reyna að hafa á það áhrif að Norðmenn beiti ekki neitunarvaldinu og talar um að það verði bara stórkostleg katastrófa fyrir hinar samningsþjóðirnar, þ.e. einnig Íslendinga, ef Norðmenn beiti þessum rétti sínum.

Er það þá tilfellið og er það þá niðurstaðan þegar upp er staðið að ef t.d. í þessum reglum frá Evrópusambandinu um tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins um peningayfirfærslu á milli landa, eða það frv. sem við ræddum síðast og tengist reglum um skilgreiningu á lausafjárstöðu innlánsstofnana að ef í þessu væru fólgnir hlutir sem mundu koma þungt við okkur Íslendinga í viðskiptalegu *tilliti* eða kippa fótunum að einhverju leyti undan okkar bankastofnunum, værum við þá í þeirri stöðu sem hæstv. utanrrh. hefur lýst, að í raun og veru þýddi það bara efnahagslega katastrófu ef við reyndum að koma þar einhverjum vörnum við og beittum neitunarvaldi?

Það er ástæða, herra forseti, til þess að ræða þessa hluti vegna þess að við erum með rödd af frumvörpum sem eru öll þessu sama marki brennd að þau eru meira og minna sendingar frá Brussel sem við eigum að rúlla í gegnum þingið fyrir jólaleyfið og segja já og amen við. Mér hafa fundist, herra forseti, þessi ummæli hæstv. utanrrh. með þeim merkari og að sumu leyti ískyggilegri sem fallið hafa á haustmánuðum um hluti af þessu tagi. Það veit ekki á gott ef menn nálgast málin með þeim hætti sem raun ber vitni, að okkur séu allar bjargir bannaðar, við séum dæmd til áhrifaleysis í þessu ferli. Ef beita á svo sjálfum neyðarréttinum, sjálfu neitunarvaldinu, sjálfri stóru bremsunni — handbremsunni held ég að hún hafi einhvern tíma verið kölluð í umræðunum um EES-samninginn á þinginu 1992 til 1993 — séum við með *því í raun og veru að setja okkur sjálf út á guð og gaddinn*. Það væri fróðlegt að heyra, herra forseti, hvað hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem er í margföldu hlutverki eins og stundum áður, sem er hér bæði sem formaður og frsm. efh.- og viðskn. en gegnir líka formennsku í EES/EFTA-nefnd Alþingis, hefur að segja um þessi mál og ekki verra tilefni en hvað annað að ræða það í tengslum við þetta frv.

[14:19]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fyrsta sem mér kemur í hug í tilefni af ræðu hv. þm. er að Alþingi hefur ekki verið nógu fljótt að aðlagast breyttri stöðu sem orðið hefur frá því að þingið var upptekið við að ná upp svokölluðum hala af löggjöf sem var til staðar þegar EES-samningurinn var samþykktur til núverandi stöðu þar sem komnir eru miklu meiri möguleikar á að taka þátt í hinu svokallaða ákvörðunarmótunarferli. Vissulega eru í því ferli ýmsir möguleikar til þess að hafa áhrif en það þýðir líka að menn verða þá að vera vakandi yfir því hvaða mál eru að koma upp og koma nægilega snemma

inn í þetta ákvörðunartökuferli innan Evrópusambandsins til þess að geta haft mótandi áhrif á ákvörðunina.

Hin svokallaða bremsa sem hv. þm. ræðir um, neitunarvaldið, er mjög öflugt tæki. Það þýðir t.d. að ef Norðmenn beita slíku neitunarvaldi þá eru þeir líka að taka ákvörðun fyrir Ísland og Liechtenstein vegna þess að þeir taka þá ákvörðun fyrir alla EFTA-hlið EES-ríkjanna. Þeir kúpla sig því ekki út einir og sér heldur með okkur hinum. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að hæstv. utanrrh. okkar hafi af því vissar áhyggjur að Norðmenn beiti slíku neitunarvaldi ef tilefnið er ekki nægt.

Það er síðan auðvitað álitamál hvernig það á að meta í þessu tilviki. En meginmálið er að komið sé í veg fyrir að sú staða myndist að menn telji þörf á slíku neitunarvaldi með því að fylgjast nægilega vel með í hinu svokallaða ákvörðunarmótunarferli.

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ugglaust alveg rétt greining hjá hv. þm. að fyrstu árin eftir að EES-samningurinn tók hér gildi þá voru menn auðvitað mjög uppteknir af því að vinna þar upp langa hala og taka upp réttinn sem fyrir lá í þungum og miklum bunkum af pappír. Það var kannski bæði seinagangur eða bara hreinlega afköst við þýðingar og annað slíkt sem orsökuðu það að þar var mikil töf sem þurfti að vinna upp.

Þegar EES-samningurinn var gerður lá líka fyrir að væntanlegir voru miklir pakkar sem þá þegar höfðu verið unnir en voru á leiðinni eða í pípunum ef svo má segja. Þar af leiðandi er vissulega rétt að nú ættu að vera betri aðstæður til þess að við fylgdumst betur með og værum tímanlegar inni í málum þegar nýir hlutir eru í undirbúningi. Til þess þurfum við þó að skipuleggja okkar störf með tilliti til þess. Þetta mun kosta talsverðan tíma og talsverða athygli og talsverða orku af hálfu Alþingis.

Það geta hreinlega komið upp að mínu mati spurningar eins og þessi: Á Alþingi sjálft að vera með mannskap eða aðstöðu til þess að fylgjast með t.d. í Brussel o.s.frv.? Ég held menn verði ósköp einfaldlega að horfast í augu við það hvað sem líður afstöðu manna til þessara hluta hér og hvort sem menn eru meira eða minna fylgjandi EES-samningnum eða þess þá heldur hvort menn eru sammála um framhaldið, aðild eða ekki aðild, þá erum við í tiltekinni stöðu í þessum efnum og verðum auðvitað að vinna út frá því.

Ég er hins vegar að nokkru leyti ósammála túlkun manna á því hvað felist í neyðarvaldinu, bremsunni. Ég hef litið svo á að þessi samningur sé að formi til samningur hvers einstaks ríkis við Evrópusambandið. Og þó að auðvitað sé ljóst að afleiðing af beitingu réttarins hefur áhrif í þeim skilningi að það stoppar af setningu reglunnar fyrir allt svæðið þá eru það í raun nýjar fréttir fyrir mér, sem ráða mátti af ummælum hæstv. utanrrh. og kannski einnig af ummælum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, að refsiákvæðin gætu bitnað á öðrum en þeim sem grípur til neyðarréttarins. Ég hafði skilið það svo að það væri fyrst og fremst viðkomandi ríki sem ætti þá hluti á hættu.

[14:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Til umfjöllunar er frv. til laga um breyting á lögum um gjaldeyrismál þar sem um er að ræða að laga íslenskan rétt að tilskipun Evrópuþingsins og ráðs Evrópusambandsins um peningayfirfærslur milli landa. Í reynd má segja að þetta frv. sé tæknilegs eðlis og sett fram í hagræðingarskyni. Inn í þessar umræður hafa hins vegar fléttast önnur mál, þ.e. hversu langt við eigum að ganga í að laga okkur að háttum Evrópusambandsins. Menn hafa staldrað þar aðallega við evruna, sameiginlegan gjaldmiðil sem þjóðir innan Evrópusambandsins, þó ekki allar, eru að koma á fót.

Nú stendur Íslendingum ekki til boða að gerast aðilar að evrunni, einfaldlega vegna þess að skilyrði fyrir því að gerast aðili að sameiginlegum gjaldmiðli Evrópusambandsins er aðild að því sambandi og ekki er pólitísk samstaða í landinu um að sækja um slíka aðild. Frá sjónarhóli Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kemur slík aðild ekki til greina. Hún er ekki í samræmi við hagsmuni Íslendinga. Hins vegar fögnum við því alltaf þegar umræður um Evrópumálin eru uppi og teljum mjög mikilvægt að halda þeirri umræðu vakandi. Af þeim sökum ætla ég að leggja örfá orð í púkkið um samstarf á sviði peningamála og þá sérstaklega hvað snertir evruna.

Reyndar er það svo að þegar umræður um evruna hófust og dagsins ljós litu þau skilyrði sem sett voru fyrir aðild að evrunni þá voru Íslendingar ein fárra þjóða sem höfðu efnahagslegar forsendur til að gerast þar aðili. Við skulduðum minna en gerðist almennt í Evrópu. Eitt af skilyrðum fyrir aðild að evrunni var að skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu væru undir tilteknu marki. Mig minnir að það hafi verið 60%. Síðan var annað skilyrði að við byggjum við stöðugt verðlag. Það höfum við gert síðustu ár eða þennan áratug allt fram á þennan dag. Blikur eru á lofti í þeim efnum, nú síðast með endurskoðaðri þjóðhagsspá sem gerir ráð fyrir 4–5% verðbólgu á næsta ári sem er mun meira en við höfðum áður ætlað. Í þessari nýendurskoðuðu þjóðhagsspá kom einnig í ljós að verðbólguhraðinn á síðustu tólf mánuðum nam 5,6%. Þetta var annað skilyrðið sem var sett, þ.e. stöðugleiki í verðlagi. Þriðja skilyrðið sem sett var var vaxtastigið. Þar var helst veikleika að finna í okkar efnahagsstjórn.

En eins og ég segi þá höfum við ekki átt og eigum ekki kost á aðild að evrunni nema við gerumst aðilar að Evrópusambandinu. Hitt er svo annað mál að sú stefna er uppi hjá íslenskum stjórnvöldum og ráðgjöfum þeirra í efnahagsstjórn og peningastjórn að við reynum eftir fremsta megni að laga okkur að evrunni og samstarfi á sviði peningamála eins og kostur er. Hins vegar fyndist mér margt mæla gegn því að gerast aðilar að sameiginlegum evrópskum gjaldmiðli. Fyrir það fyrsta mun evrópskur seðlabanki fara með peningastjórnina, mun stýra genginu og framboði á peningum og aðrar breytur, aðrar efnahagsstærðir yrðu að laga sig að því. Önnur stærð í efnahagslífinu sem um væri að ræða væri atvinnuleysið þá fyrst og fremst. Atvinnuleysið yrði að rokka upp og niður. Í umræðu um evruna í Evrópu hafa menn einmitt lagt áherslu á að losa um allar hömlur á flutningi vinnuafls. Við búum náttúrlega við þá sérstöku stöðu á Íslandi að við búum á eylandi og fólk á erfiðara um vik að flytjast búferlum ef þrengir að um atvinnuna, fyrir utan það að það er mjög ógeðfellt að geta ekki gripið til annarra ráðstafana til þess að stuðla að auknu og betra og hærra atvinnustigi.

Sá þáttur sem Íslendingar hafa beitt við efnahagsstjórnina í þessu skyni hefur verið stýring á genginu. Það er ekki eftirsóknarverður kostur að fella gengið í þeim mæli sem gert hefur verið á Íslandi í tímans rás. Síðast var það fellt að einhverju marki árið 1989 um 30% og olli það verulegri tekjurýrnun hjá fólki. En hagfræðingar hafa slegið á að það

megi deila í gengisfellinguna með tveimur til að reikna út kaupmáttarhrapið. Og ef um var að ræða 30% gengisfellingu eins og var á árinu 1989, þá þýddi það 15% skerðingu á kaupmætti kauptaxta. Þetta er því að sjálfsögðu ekki eftirsóknarverð leið. En engu að síður er þetta hagstjórnartæki sem getur verið góðra gjalda vert að geta nýtt ef því er að skipta. Við erum því að reyna að laga okkur að skilyrðum sem sett hafa verið fyrir aðild að evrunni og við erum að reyna að laga okkur að ýmsum tilskipunum sem settar eru til að auðvelda flutninga á peningum og auðvelda verslun og er ekkert nema gott um það að segja. Þess vegna hef ég undirritað nefndarálit frá efh.- og viðskn. sem mælir með því að þetta frv. verði samþykkt.

Ég vil að lokum taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um þá afstöðu íslenskra yfirvalda og þá sérstaklega utanrrh., sem leyfir sér að gagnrýna Norðmenn mjög harkalega fyrir að íhuga að beita neitunarvaldi gegn ákvörðunum sem kunna að verða teknar í Evrópusambandinu þvert á vilja Norðmanna, neitunarvaldi gegn því að þær verði látnar yfir Norðmenn ganga sem aðila að EFTA. Ef slíkir mekanismar eru fyrir hendi í þessu samstarfi, þ.e. neitunarvald, þá er að sjálfsögðu eðlilegt og lýðræðislegt að þeir séu notaðir ef lýðræðislegur vilji er fyrir því. Og mér finnst afar vafasamt af hálfu Íslendinga að leyfa sér að hafa uppi gagnrýni á Norðmenn án tillits til tilefnisins. Menn eiga þá að ræða tilefnið. En hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, hefur gagnrýnt beitingu slíks neitunarvalds sem slíks án tillits til þess sem verið er að mótmæla og það er náttúrlega fullkomlega óeðlilegt að gera og vanvirðing á lýðræðislegum vilja Norðmanna í þessu tilviki.

Þetta frv. um breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, styð ég.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 200. mál. — Þskj. 233, nál. 360, brtt. 361.

[14:33]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Þar er á ferðinni eitt stjórnarfrv. í viðbót og eitt þingmannafrv. um Fjármálaeftirlitið sem nefndin hefur ákveðið að bíða með afgreiðslu á þangað til eftir jólahlé, en nefndin ákvað að taka hér út úr frv. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem er sérmál. Það þýðir að ákvæði um greiðslu kostnaðar við fjármálaeftirlit verður í sjálfstæðum lögum.

Efnisatriði þessara laga eru nánast þau sömu og efnisákvæði reglugerðar sem gildir um einstaka gjaldflokka, gjaldstofna og gjaldhlutföll. Breytingin sem frv. gerir ráð fyrir felst fyrst og fremst í því að í stað þess að þessi ákvæði séu í reglugerð þá verða þau í lögum. Enn fremur eru í frv. ýmis ákvæði sem fjalla um hvernig standa skuli að yfirferð yfir fjármál Fjármálaeftirlitsins, áætlanir um rekstur og því um líkt.

Nefndin gerir eina brtt. við frv. sem kveður á um hvernig aðkoma svokallaðrar samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila verði að því að fjalla um áætlað rekstrarumfang næsta árs og hvernig samskipti samráðsnefndarinnar og stjórnarinnar sé. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið þurfi eigi síðar en 15. ágúst ár hvert að senda samráðsnefndinni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum til þess að samráðsnefndin geti gefið álit sitt á umfanginu. Um þetta fyrirkomulag, þ.e. samvinnu stjórnarinnar og samráðsnefndarinnar, var ágætissamkomulag á sínum tíma þegar lögin um Fjármálaeftirlitið voru sett. Það er einungis verið að skerpa á þeim vinnubrögðum sem á að viðhafa í þessu sambandi.

Það er engin andstaða við frv. af hálfu umsagnaraðila. Menn hafa unað þessum gjaldstofnum og gjaldhlutföllum. Efh.- og viðskn. fór reyndar í heimsókn til Fjármálaeftirlitsins og kynntist rekstrinum þar. Eftirlitið hefur enn fremur haldið stóran kynningarfund með eftirlitsskyldum aðilum á starfsemi sinni og ég hygg að það megi segja að starfsemi þessarar stofnunar hafi farið vel af stað, en hún var sem kunnugt er búin til úr sameiningu bankaeftirlitsins og Vátryggingaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með mikilli flóru af starfsemi eins og menn geta komist að við lestur 5. gr. frv., en þar eru taldir upp þeir aðilar sem stofnunin hefur eftirlit með. Starfsemi stofnunarinnar er mjög mikilvæg, bæði er mikilvægt að hún geti gegnt hlutverki sínu og eins það að umfang eftirlitsins sé hvorki of íþyngjandi né of lítið þannig að hún falli í eðlilegan farveg miðað við umsvifin á þeim markaði og hjá þeim aðilum sem hún þarf að hafa eftirlit með. Mér sýnist að þetta hafi farið vel af stað og vonandi verður framhald þar á. En efh.- og viðskn. gerir ekki aðrar tillögur um breytingar á frv. en koma fram í brtt. á sérstöku þskj.

[14:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Um þetta mál sem hér er til umræðu og niðurstöðu þess innan nefndarinnar er full samstaða. Við erum sammála um að það að taka út úr 16. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og setja inn í sérlög, ákvörðun um eftirlitsgjald eða greiðslu kostnaðar vegna opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi sé af hinu góða. Þar er Alþingi í rauninni falið að taka eins oft og þurfa þykir ákvörðun um breytt gjald vegna eftirlitsstarfsemi fjármálafyrirtækja. Reyndar var í umsögn sem nefndinni barst frá samtökum fjármálafyrirtækja dregið í efa að það fyrirkomulag, sem hefur verið haft á þessu frá því að lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi voru samþykkt, uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru í stjórnarskrá um efni og form skattalaga. En í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Í 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er nú mælt fyrir um skyldu eftirlitsskyldra aðila til að standa straum af kostnaði við starfsemi fjármálaeftirlits. Þar er um nokkurs konar rammalöggjöf að ræða, því ráðherra er ætlað að setja nánari fyrirmæli um fjárhæð gjaldsins og innheimtu þess í reglugerð.“ Síðan segir: „Full ástæða er til þess að ætla að álagning og innheimta eftirlitsgjaldsins á þennan hátt uppfylli ekki lágmarkskröfu stjórnarskrár um efni og form skattalaga. Í henni er skýrt tekið fram að óheimilt sé að fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann, sbr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.“ Ef þessi vafi, sem ekkert hefur svo sem reynt á, hefur verið til staðar þá er þó alla

vega búið að taka á honum með því að leggja fram það frv. sem hér er til umræðu.

Ég get hins vegar ekki látið hjá líða að segja að það urðu mikil vonbrigði að þau frv. sem liggja í nefndinni, annað er frá þingflokki Samfylkingarinnar og hitt er frá hæstv. viðskrh., skyldu ekki vera afgreidd samhliða. Ég tel að það mikil samstaða sé meðal þingmanna um þessi mál að það hefði verið möguleiki á því að afgreiða þau hér fyrir jól ekki síður en önnur þau frv. sem er verið að keyra í gegn. Og ekki síst í ljósi þess að fyrir stuttu var Alþingi að ákveða að selja 15% hlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og það er mikil þörf á því að herða og styrkja þær reglur sem Fjármálaeftirlitið hefur til þess að sinna starfi sínu. Oft hafa komið fram athugasemdir hér á Alþingi þess efnis að bæta þyrfti þar úr, að þó að þessi lög séu tiltölulega ný eða stutt síðan þau voru samþykkt, þá hafi þróunin á fjármagnsmarkaðnum verið svo ör að sérstaklega þurfi að taka á, breyta og styrkja eftirlitsþáttinn og þá fyrst og fremst Fjármálaeftirlitið en einnig lög um Samkeppnisstofnun. Samfylkingin hefur einnig lagt fram ítarlegt frv. um breytingar á lögum um Samkeppnisstofnun en því miður æxluðust mál þannig að í efh.- og viðskn., þó að hún sé feikidugleg nefnd og afkastamikil, hefur ekki unnist tími til að fara í þessi frv. eins og við hefðum þurft að gera og afgreiða nú fyrir áramót.

Ég vil, virðulegi forseti, einnig nefna það að þó að samtök fjármálafyrirtækja hafi eins og aðrir umsagnaraðilar mælt með samþykkt þessa frv., þá kemur eftirfarandi fram í umsögn þeirra:

„Samtök fjármálafyrirtækja mæla með því að frv. þetta verði samþykkt en þó með þeim breytingum sem hér að framan hefur verið lýst.“ — Það er í samræmi við þá brtt. sem nefndin hefur lagt fram. — „Fulltrúar samtakanna og einstakra aðildarsambanda þess eru reiðubúnir að mæta á fund nefndarinnar til að ræða málefni sé þörf talin á því. Loks benda samtökin á að í gildistökuákvæði laga nr. 87/1998 er kveðið á um að viðskrh. skuli gangast fyrir endurskoðun á gjaldaákvæðinu í 16. gr. þeirra laga fyrir 1. janúar 2002. Samtökin telja sig hafa vilyrði viðskrn. fyrir því að þessi endurskoðun muni hefjast strax á næsta ári og ætti hún að snúast um álagningarhlutföll og álagningarstofna. Af hálfu samtakanna er litið svo á að setning sérstakra laga um eftirlitsgjaldið, þ.e. 200. þingmál, komi að engu leyti í stað þessarar endurskoðunar. Þvert á móti leggja samtökin mikla áherslu á að hún fari sem fyrst fram og óska eftir því að þingnefndin taki málið upp við fulltrúa ráðuneytis þegar fjallað verður um frv. og geti þess í nál.“

Það hefur komið mjög skýrt fram af hálfu fulltrúa hæstv. iðn.- og viðskrh. í nefndinni að ráðuneytið styður þessi sjónarmið sem koma fram í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja að fram skuli fara endurskoðun á gjaldaákvæðum að því er varðar álagningarhlutföll og álagningarstofna fyrir 1. janúar 2002. Ráðuneytið hefur tekið skýrt undir þessi sjónarmið.

Virðulegi forseti. Við skrifum undir nál. án fyrirvara og styðjum frv. og þá niðurstöðu sem fyrir liggur hjá nefndinni og teljum það til verulegra bóta frá því sem nú er.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hið nýja fjármálaeftirlit hafi öruggan rekstrargrundvöll. Eins og segir í greinargerð með frv. er það einn tilgangur þess að treysta hann og jafnframt að þeir tekjustofnar sem Fjármálaeftirlitið byggir starfsemi sína á séu þannig úr garði gerðir og teknanna þannig aflað að það samræmist öllum góðum venjum sem menn vilja nú í heiðri hafa um slíka hluti.

Ég gerði athugasemdir á sínum tíma, herra forseti, við vissa hluti sem lutu að tilurð Fjármálaeftirlitsins þegar það var sameinað úr bankaeftirliti og eftirliti með tryggingastarfsemi, þar á meðal og sérstaklega var það stjórnskipuleg staða eftirlitsins, tengsl við viðskrn. og slíkir hlutir sem ég man kannski ekki alla til að rifja upp en lutu að þeim þáttum. En það breytir engu um að tilvist þess er staðreynd og að sjálfsögðu mikilvægt að því vegni vel í sínum mikilvægu störfum og þar á meðal er traustur fjárhagslegur grundvöllur undir rekstri þess nauðsynlegur. Ég held að ekkert óeðlilegt sé við það að þeir sem eftirlitið er haft með greiði kostnaðinn og því má að sjálfsögðu koma þannig fyrir að um algjörlega sjálfvirka og fastákveðna gjaldtöku sé að ræða, þannig að allir geti sæmilega við unað og gætt sé jafnræðis með aðilum.

Nú er það að vísu svo, herra forseti, þegar maður lítur yfir það hversu ólíkir hinir gjaldskyldu aðilar eru getur verið býsna vandasamt að ákveða hvernig viðmiðanir skuli teknar til að það komi sæmilega út miðað við það umfang sem eftirlit með viðkomandi starfsemi hefur. Hugsunin er að hér sé um að ræða þjónustugjöld eða hvað við getum kallað það, þetta er ekki skattlagning heldur í rauninni gjaldtaka til að mæta þeim kostnaði og við getum sagt í reynd þeirri þjónustu sem eftirlitið með starfseminni er, því auðvitað er eftirlitið á sinn hátt hluti af heildarstarfrækslu á þessu sviði og það má líta á það sem „þjónustu“, innan gæsalappa, að Fjármálaeftirlitið er til staðar. Það skapar traust á þeim aðilum sem þarna eru í viðskiptum sem er síðan eitthvað sem þeir aðilar nýta sér út á við og geta bent á og vitnað til, að rekstur þeirra sé í föstum og góðum skorðum og sæti ströngu eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Það er enginn vafi á því að aðilar eins og verðbréfafyrirtæki og viðskiptabankar eru mjög háðir því að geta skapað þetta traust og þessa ímynd á sér og rekstri sínum og þjónustu og þá kemur auðvitað Fjármálaeftirlitið til sögunnar með ákveðnum hætti.

Ég var að reyna að leita að því, herra forseti, mér til upprifjunar og fróðleiks í fylgiskjölum með málinu hvað tekjuöflunin væri upp á háar fjárhæðir sem hér er lögð til grundvallar en sá það hvergi, hvorki í frv., grg. með því né í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem er stuttorð og kveður einungis á um þá niðurstöðu ráðuneytisins að þetta verði ekki til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, að sjálfsögðu ekki. En hvað kostar eða hvað er áætlað að rekstur Fjármálaeftirlitsins kosti í heild sinni t.d. á yfirstandandi eða næsta ári, hversu stórt er þetta batterí orðið? Nokkrar umræður urðu hér um það þegar sameiningin átti sér stað hversu mikið bákn þetta yrði á skömmum tíma eða hvort í því gætu falist það miklir möguleikar til hagræðingar að sameina þetta eftirlit, sem ekki að öllu leyti var og er sjálfgefið að gera, þ.e. að því ættu að fylgja möguleikar til að draga úr kostnaði.

Sjálfsagt er það svo, herra forseti, að menn munu neyðast til þess og er kannski ekki nein sérstök nauð, heldur einfaldlega eðlilegur hlutur að menn munu þurfa að vera með álagningarhlutföllin samkvæmt 5. gr. til endurmats með reglubundnu millibili og er ekkert nema gott um það að segja. — Hér er mér nú rétt hvorki meira né minna en fjárlagafrv., herra forseti, eftir 2. umr., og þar koma þær gagnmerku upplýsingar fram að Fjármálaeftirlitið eigi að velta til almenns rekstrar 234 millj. kr. á næsta ári og þá er þeirri spurningu svarað og ég þakka hv. þm. fyrir. Þar

eru sértekjur færðar upp á 9,6 millj. eða tæpar 10 millj. og síðan er innheimt af ríkistekjum, sem eru þá hinar sérmerktu tekjur tekjustofnsins, aðrar en þessar sértekjur geri ég ráð fyrir, upp á 224 millj. þannig að þær skila að mestu leyti því sem rekstur upp á 234 millj. kostar. Ég þakka fyrir þær upplýsingar. Þetta er orðin þá svona stútungsstofnun, ef svo má að orði komast, sem er farin að velta á þriðja hundrað millj. kr.

Álagningarhlutföllin, herra forseti, eru kannski þrátt fyrir allt það tæknilega vandasama í þessu máli og það sem líklegt er að muni þurfa að koma til endurskoðunar. Ég held að það sé þó sjálfsagt illskásta leiðin til að reyna að stilla af gjaldtökuna gagnvart einstökum aðilum að hafa þetta í formi einhvers konar álagningarhlutfalla. Það hefur mikla kosti að hafa þannig sjálfvirkan útreikningsstuðul, en þá og því aðeins að mönnum hafi tekist vel til með að finna þar hóflegar viðmiðanir. Ég held að fyrra fyrirkomulag um einhvers konar hámarksálagningu hafi að mörgu leyti verið gallað. En aðalatriði málsins er, herra forseti, að það er alveg skýrt að hér er ekki um skattlagningu að ræða, hér á ekki að vera um tekjuöflun í hefðbundnum skilningi þess orðs að ræða, heldur gjaldtöku vegna kostnaðar sem til fellur við eftirlitið, í raun og veru er eins konar þjónustugjald þarna á ferðinni og ber því að reyna að stilla það af þannig að það sé sem næst kostnaðinum hverju sinni.

Herra forseti. Það má alveg ætla að Fjármálaeftirlitið gæti komið til með að hafa ærið að starfa á næstu missirum miðað við ýmsar sviptingar sem þar eru í farvatninu, sameiningu stofnana, breytt eignarhlutföll og guð má vita hvað. Við slíkar aðstæður gætu vaknað spurningar hvort ekki gæti tímabundið verið þörf fyrir aukna starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem ekki væri mætt af sambærilegum tekjuauka, innan árs eða eitthvað því um líkt ef sérstakar aðstæður eru uppi. Það mætti vel hugsa sér að reka þetta þannig að það væri borð fyrir báru og þá kannski í formi varasjóðs eða möguleika eftirlitsins til að vera með ákveðinn sveigjanleika í starfsemi sinni þegar slíkar aðstæður eru. Kannski lenda slíkir hlutir í öðrum tilvikum ekkert síður og jafnvel meira á borði samkeppnisyfirvalda ef þvílíkir hlutir eru farnir að valda mönnum áhyggjum og e.t.v. ekki mikil hætta á því að Fjármálaeftirlitið vegna þeirra grunnþátta í starfsemi fjármálastofnananna sem það er fyrst og fremst að sinna eftirliti gagnvart verði þarna fyrir miklum búsifjum.

Herra forseti. Þó að ég hafi haft fyrirvara á um stofnun þessa fyrirbæris á sínum tíma, eða vissa þætti sem því máli tengdust, þá styð ég það að sjálfsögðu að hlutir sem lúta að rekstrargrundvelli þess og færa innheimtu tekna til betri vegar nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:55]

Útbýting þingskjala:

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, 186. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 427; nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 450.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (tölvuvædd tollafgreiðsla). — Þskj. 243, nál. 362.

[14:55]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987. Þess ber að geta að með lögum nr. 69/1996 voru gerðar umfangsmiklar breytingar á ákvæðum tollalaga eins og fram kemur í athugasemdum við frv. Eitt af því sem var gert í afgreiðslu þess frv. á sínum tíma var að gera ráð fyrir því að 1. janúar 2000 væri búið að koma í rafrænt form öllum samskiptum við tollinn, þ.e. öllum sendingum á tollskjölum. Nú er orðið ljóst að sú þróun sem fyrirsjáanleg var á þeim tíma hefur ekki gerst eins hratt og menn ætluðu. Annars vegar er það að fyrirtæki hafa kannski farið hægar í en reiknað var með að koma upp svokallaðri SMT-tollafgreiðslu, eða EDI-tollafgreiðslu eins og menn segja stundum líka. Á hinn kantinn eru að koma fram nýjar leiðir til að koma tollskjölum með rafrænum hætti frá viðskiptavinum tollsins til hans. Þessar nýju leiðir munu hagnýta sér internetið meðan SMT-kerfið í dag hagnýtir sér svokallað X.400 kerfi. Menn vonast til þess að með því að finna leið til að nota internetið við að eiga rafræn samskipti við tollinn sé hægt að ná niður kostnaði við þau samskipti og þess vegna er nefndin sammála því að rétt sé að fresta því að gera kröfur um að öll samskipti við tollinn verði rafræn frá byrjun næsta árs til upphafs ársins 2001. Þetta er samþykkt með þeirri von að á þeim tíma náist að koma málum í það form að allir þeir sem eiga viðskipti við tollinn geti sætt sig við.

[14:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að óhætt sé að segja að mikill einhugur hafi verið í hv. efh.- og viðskn. um þá breytingu sem hér er lögð til og hv. formaður nefndarinnar lagði til. Þetta eru að vísu orðin nokkuð gömul lög sem hér er verið að biðja um ársfrest á framkvæmd á, þau voru lögfest 1996, en þá voru gerðar umfangsmiklar breytingar á ákvæðum tollalaga og lögfest ákvæði um tölvuvædda tollafgreiðslu sem í lögunum er nefnd SMT-tollafgreiðsla og kveðið var á um að tekin skyldi upp alsjálfvirk tölvuvædd tollafgreiðsla hjá aðilum sem stunda inn- og útflutning í atvinnuskyni. Það er ýmislegt út af fyrir sig sem mætti segja um þetta. Það er alveg ljóst að þetta getur verið mjög íþyngjandi kvöð sem þarna hefur verið sett á smá- og meðalstór fyrirtæki og það kemur reyndar fram í umsögn frá fjmrn. þar sem verið er að rökstyðja þessa breytingu, en það segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að 100–200 meðalstór og smærri fyrirtæki með frá 5–200 tollskýrslur í innflutningi á ári munu ekki vera tilbúin eða að búið verði að ljúka prófunum vegna gangsetningar þeirra í SMT.“

Síðan segir: „Heyrst hefur að ýmis þessara fyrirtækja telji stofnkostnað of háan til þess að réttlæta fjárfestingu í slíkum búnaði og vilja jafnframt ekki leggja kostnað í að kaupa þjónustu hjá flutningsmiðlurum. Almennt reikna þessi fyrirtæki sér ekki kostnað við tollskýrslugerð eða hlaup milli bæjarhluta með skjöl og valda þar með viðbótarkostnaði hjá tollstjóra vegna innsláttar á tollskýrslu o.fl.

Nokkuð hefur borið á því að fyrirtæki geri sér vonir um að einfaldari og ódýrari lausn sé hugsanlega í farvatninu og vilja því bíða. Ekkert er endanlega ljóst með kostnað og

lausnir í þeim efnum og það þarf að kanna slíka möguleika frekar áður en hægt er að gefa sér niðurstöðu og að líkindum ekki fyrr en á næsta ári."

Þetta er nokkur kjarnapunktur, herra forseti, í málinu. Mjög dýrt er fyrir þessi smærri fyrirtæki að koma sér upp nauðsynlegum búnaði í þessu efni og því eðlilegt og rétt að fresta gildistökunni og gefa málinu ársfrest eins og fjmrh. fer fram á í frv. Vonandi hefur tækninni þá fleygt það fram og hún orðin kannski eitthvað ódýrari þannig að viðráðanlegra verði fyrir smærri fyrirtæki, sem eiga í erfiðleikum með að koma sér upp slíkum búnaði, að gera það.

En það vakti líka athygli mína að í umsögn frá Tollvarðafélaginu stendur að jafnvel þó að þessi lög séu búin að gilda frá 1996, þó Tollvarðafélagið tæki ekki efnislega afstöðu til málsins, þá segir hér, með leyfi forseta, að líklega sé um eðlilega ákvörðun að ræða gagnvart félagsmönnum Tollvarðafélagsins þar sem nú, tæpum fjórum vikum fyrir gildistöku skjallausrar tollafgreiðslu, hafi lítil sem engin kynning verið fyrir tollverði almennt og enn sé beðið eftir verklagsreglum og vinnureglum vegna framkvæmda tollfrjálsirlitsins.

Þó að það væri ekki nema vegna þessa, að enginn undirbúningur hefur farið fram, jafnvel þó að þessi lög séu búin að gilda í fjögur ár þá er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að verða við því sem hæstv. fjmrh. leitar eftir hjá hv. Alþingi, þ.e. að fresta gildistöku þessara tollalaga.

[15:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kem hingað í ræðustól fyrst og fremst til að lýsa samþykki mínu við þetta frv. þar sem lagt er til að framlengdur verði um eitt ár frestur sem aðilar sem stunda inn- og útflutning í atvinnuskyni hafa til að taka upp tölvuvædda tollafgreiðsluhætti. Eins og fram hefur komið voru gerðar breytingar á ákvæðum tollalaga árið 1996, þá voru lögfest ákvæði um að tölvuvæða tollafgreiðsluna og fara inn í kerfi sem skammstafað hefur verið SMT-tollafgreiðsla og mun þýða skjalaskipti milli tölva, sem er þýðing úr ensku, Electronic Data Interchange, skammstafað á ensku EDI. Með þessu móti telja menn að öll tollafgreiðsla verði mun auðveldari en hún hefur verið. Í þeim lögum sem þá voru samþykkt var gert ráð fyrir því að aðilar yrðu skyldaðir til að taka upp þetta kerfi. Gefinn var frestur til 1. jan. 2000 og frv. gengur út á að framlengja þann frest. Meginástæðan fyrir því að þessar breytingar eru lagðar til er að ýmis fyrirtæki hafa átt erfitt með að laga sig að þessu eða taka upp þennan búnað og annað er að það eru miklar og örar framfarir á þessu sviði þannig að menn vilja fara varlega í að skylda fyrirtæki til að taka upp þessi kerfi, þau eru óðum að gera það. Einnig hafa margir óttast að 2000-vandinn kunni að valda einhverjum erfiðleikum í þessum efnum einnig og þess vegna er lögð til þessi framlenging um eitt ár. Ég styð þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:05]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 205. mál, þskj. 461.
Reynslusveitarfélög, 109. mál, brtt. SJS, þskj. 454.

Skattfrelsi norrænna verðlauna, 2. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4, nál. 384.

[15:06]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér en varð engu að síður tilefni töluvert ítarlegra umræðna í efh.- og viðskn. Með þessu frv. var fyrst og fremst verið að breyta efnisákvæðum sem voru áður í reglugerðum í lagatexta. Þetta er liður í því lagahreinsunarstarfi sem hefur tengst breyttri stöðu skattlagningar samkvæmt stjórnarskránni.

Nefndin fór mjög rækilega yfir einstök atriði í frv. og leitaði leiða til að orða þessa undanþágu almennar en með beinni upptalningu. Við yfirferð yfir málið kom í ljós í nefndinni að norrænu barnabókaverðlaunin eru ekki peningaverðlaun og því gerir nefndin þá tillögu að 5. tölul. 1. gr., sem fjallar um skattfrelsi þeirra verðlauna, falli niður.

Töluverðar umræður voru um það í nefndinni hvort það ætti að standa í íslenskum lögum að Nóbelsverðlaunin væru undanþegin tekjuskatti og útsvari. Niðurstaðan varð nú fyrir rest að halda skattfrelsi slíkra verðlauna inni þó ekki væri nema til þess að sýna það sjálfsálit að þjóðin undirbyggi sig undir það að einn af hennar bestu sonum eða dætrum fengi Nóbelsverðlaun, annaðhvort á sviði bókmennta eða einhverju öðru sviði vísinda. Það væri því rétt að hafa þetta í lögunum til þess að allir væru viðbúnir slíkum stórviðburði.

Nefndin leggur það til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef gert hér grein fyrir.

[15:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem kemur hjá hv. framsögumanni og formanni nefndarinnar að allur er varinn góður og nú í önnum þingsins erum við að leggja til lögfestingu á frv. til laga um skattfrelsi norrænna verðlauna og þar á meðal Nóbelsverðlauna og viljum við þar vera við öllu búin og standa klár á því ef það kæmi nú upp að einhver Íslendingur fengi þann heiður að taka á móti slíkum verðlaunum. Þetta er náttúrlega fyrirhyggja sem er mjög til fyrirmyndar.

Með frv. er verið að leggja til heimild fjmrh. til að undanþiggja tiltekin norræn verðlaun skattskyldu og það kemur raunar fram í athugasemdum með frv. að verið er að þrengja þær heimildir sem hæstv. ráðherra hefur haft til þess að undanþiggja skatti slík verðlaun (**Gripið fram í:** Nei. Það er verið að afnema þau.) Já, en engu að síður þegar verið er að telja upp með bindandi hætti eins og hér er gert hvaða verðlaun það eru sem njóta skattfrelsis, þá hef ég skilið málið þannig að heimild ráðherra hafi verið víðtækari til að undanþiggja verðlaun skatti. Því þarf í hvert einasta skipti sem koma upp einhver erlend verðlaun sem falla ekki undir þá upptalningu sem hér er lögð til, að bera það undir þingið, ef ég skil þetta mál rétt. Það stendur raunar í athugasemdum hjá fjmrh. út af framkvæmdalegum ráðherrans. Hér stendur: „Hafa nokkur verðlaun verið felld brott þannig að lögin eru þrengri en síðastgildandi reglugerð um þetta efni, sbr. fylgiskjal I." Þetta eru því færri verðlaun og þrengri heimild sem ráðherrann hefur í þessu efni. (Gripið fram í.) Ég botna ekki almennilega í þessu framkvæmdalegum ráðherrans. Ég held að hæstv. ráðherra verði eiginlega að setja sig á mælendaskrá og ræða þetta mál.

Ég tel ástæðu til að vitna í tvær umsagnir sem bárust um þetta efni, önnur frá Rithöfundasambandinu og hin frá

Leikskáldafélagi Íslands. Hjá Rithöfundasambandinu segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnin telur afleitt að lögin skuli í raun þrengja reglurnar um skattfrelsi norrænna verðlauna." Síðan segir: „Í frv. er lagt til að heimild fjmrh. til að kveða á um það í reglugerð að önnur sambærileg menningarverðlaun séu undanþegin skattskyldu verði afnumin. Það þrengir enn frekar eldri lög og reglur og verður ekki séð að sú breyting hafi í heiðri samkeppnissjónarmið því þeir listamenn sem hljóta sambærileg verðlaun hljóta að eiga rétt á sambærilegri skattlagningu. Gömlu lögin og reglugerðirnar gera ráð fyrir nýjum verðlaunum og þróun, en nýju lögin setja punkt við stöðuna eins og hún er í dag og tæplega það. Stjórn Rithöfundasambands Íslands mælist til þess að betur verði hugað að nýrri lagasetningu í þessum efnum og enn fremur að hugað verði að lögum og reglum um skattfrelsi innlendra verðlauna, evrópskra verðlauna og alþjóðlegra verðlauna."

Í umsögn frá Leikskáldafélaginu segir:

„Stjórnin leggst gegn því að reglur um skattfrelsi norrænna verðlauna verði þrengdar og heimild ráðherra til að veita undanþágu um skattskyldu sambærilegra verðlauna verði afnumin. Má telja sanngjarnt að þeir listamenn sem hjóta sambærileg verðlaun og þau norrænu eigi einnig rétt á skattfrelsi. Stjórn Leikskáldafélagsins hvetur til þess, komi til nýrrar lagasetningar, að lögin fjalli einnig um skattfrelsi innlendra verðlauna og í ljósi aukinnar alþjóðavæðingar til evrópskra og alþjóðlegra verðlauna."

Í nefndaráliti efh.- og viðskn. er að nokkru leyti tekið undir þau sjónarmið sem koma fram bæði hjá Rithöfundasambandinu og Leikskáldafélaginu, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin telur einnig nauðsynlegt að heildarúttekt verði gerð á innlendum og erlendum verðlaunum þar sem kannað verði hvort ástæða sé að undanþiggja fleiri verðlaun skattskyldu en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þá telur nefndin eðlilegt að ef til koma verðlaun sambærileg þeim sem frumvarpið tekur til verði þau einnig undanþegin skattskyldu."

Og einmitt með vísan til þess sem ég var að lesa úr nefndaráliti efh.- og viðskn., þá stöndum við, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og sú sem hér stendur, að þessu áliti.

[15:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er alltaf álitamál hvenær gefa á undanþágur frá sköttum og má vel spyrja sig hvort eðlilegt sé að undanþiggja verðlaunaveitingar og verðlaun sköttum fremur en launatekjur eða aðrar tekjur. Engu að síður hefur sú hefð skapast, og byggir það reyndar á samningum á milli norrænna þjóða, að veita undanþágu frá sköttum á norrænum verðlaunum. Ég styð fyrir mitt leyti að það verði gert, bæði vegna þess að þetta byggir á samkomulagi milli þjóðanna og þetta er ákveðinn virðingarvottur sem menn eru að sýna, þótt mér finnist persónulega virðing geta falist í því að greiða skatta til ríkisins þannig að ég styð þetta í grundvallaratriðum. Það sem þetta mál fjallar í raun um er að fara að stjórnarskrá landsins sem takmarkar heimildir ráðherra til að ákvarða fjárútlát á annan hátt en með beinni lagasetningu, þótt ég vilji reyndar vekja athygli á því að í fjárlögum ríkisins er að koma upp ákveðin mótsögn í þessu efni, vegna þess að í fjárlögunum er gert ráð fyrir auknum safnliðum, heimildum til einstakra ráðuneyta til ráðstöfunar. Þótt stjórnarskráin sé að herða eftirlit þannig að raunverulega sé kveðið á um það í lögum hvernig skattpeningum er ráðstafað eru menn samhliða smásparðatíningi af þessu tagi að víkka út valdsvið einstakra ráðuneyta til þess að útdeila peningum. Á fjárlögum er gert ráð fyrir sístækkandi safnliðum til ráðuneytanna, jafnvel svo milljörðum skiptir til einstakra ráðuneyta til úthlutunar þannig að í þessu er náttúrlega ein bullandi mótsögn.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hafa ýmis samtök listamanna gagnrýnt að verið sé að skerða heimildir til skattundanþágu. Að mínum dómi er svo í reynd ekki því þau verðlaun sem hafa verið í reglugerð, en er ekki að finna í þessum lögum, eru ekki peningaverðlaun þegar allt kemur til alls. Síðan er alltaf sá möguleiki fyrir hendi, eins og reyndar segir í greinargerð með frv., að setja lög um frekari skattafslátt.

Á þeirri forsendu að ekki sé verið að skerða þær heimildir sem hafa verið fyrir hendi í reynd leyfi ég mér að styðja þetta frv. en það væri mjög fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á þeirri bullandi mótsögn sem er annars vegar fólgin í því að taka upp smávægilegar og lágar fjárveitingar af þessu tagi og festa í lög um leið og í fjárlögunum er að finna sístækkandi safnliði þar sem einstökum ráðuneytum er gefinn laus taumurinn og frjálsræði um ráðstöfun fjármunanna. Þetta er hrópandi mótsögn að mínum dómi.

En hvað þetta tiltekna frv. snertir þá styð ég það.

[15:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér lítið mál. Eins og oft vill verða þá geta menn talað mikið um það vegna þess að það skilja það allir.

Hér er verið að breyta úr reglugerðarheimild yfir í lög. Það er til bóta þannig að ég styð þetta. Hins vegar er ég á móti þessum skattundanþágum eins og öllum skattundanþágum. Ég hef flutt frv. um að afnema sjómannaafslátt. Einnig hef ég flutt frv. um það að afnema skattfrelsi forseta Íslands. Ég mundi líka hafa flutt frv. um að afnema skattfrelsi utanríkisþjónustunnar, sem er afskaplega mikið um allan heim, en þar er Ísland víst bundið af Vínarsamkomulaginu þannig að það er víst ekki hægt og sá forréttindahópur sleppur því alltaf undan valdi löggjafans.

Þeir hópar sem ég hef nefnt eru hátekjuhópar og sömuleiðis er með það samkomulag sem norrænu þjóðirnar hafa gert um þessi verðlaun. Þeir sem fá svona verðlaun eru yfirleitt orðnir frægir, farnir að selja bækurnar sínar í stórum stíl, orðnir ríkir og teljast hátekjumenn. Einkennið á öllum þessum skattundanþágum er að hátekjuhóparnir njóta þeirra en þeir sem lægstu tekjurnar hafa skulu borga skatta undir drep. Fólk með börn og mikla ómegð sem þarf að hafa miklar tekjur til að framfleyta fjölskyldum sínum borgar mikla skatta en með þeim hefur enginn samúð. Ég á móti öllum svona undanþágum en fellst á frv. því hér er breytt frá reglugerðarheimild yfir í lagasetningu auk þess sem undanþágunum er fækkað.

[15:20]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var einkar fróðleg, stutt ræða hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann styður þetta mál vegna þess að verið er að breyta úr reglugerð yfir í lög. Engu að síður er hann á móti öllum skattundanþágum. Frv. felur þó ekki í sér annað en skattundanþágur. Það er afar erfitt að samræma rökin sem hann hefur fyrir stuðningi við frv.

[15:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. stöndum oft frammi fyrir því að þurfa að velja lítil skref eða engin skref. Þetta er lítið skref og ég fellst á það þess vegna. Ég veit að það hefur ekki komið fram nein tillaga um að fella þetta allt niður þannig að ég styð þetta litla skref í átt til betra skattkerfis, frá því að vera reglugerðarheimild ráðherra sem háð er duttlungum hans, yfir í að vera lög frá Alþingi. Ég styð þá breytingu og styð frv. að því leyti. Hins vegar mundi ég gjarnan vilja sjá allar þessar undanþágur felldar niður.

[15:21]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er lítið skref í að lögbinda þessar undanþágur sem hér um ræðir. En í máli hv. þm. hér áðan var fullyrt að þarna væri í flestum tilvikum ef ekki öllum um hátekjufólk að ræða. Ég vil bara, virðulegi forseti, láta það koma fram að ég dreg í efa að sú fullyrðing standist.

[15:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í frammíkalli hæstv. fjmrh. við ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur komu áðan fram ýmis vafaatriði varðandi nál. og þær upptalningar sem hún var með. Ég vildi gjarnan fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hann tekur undir þá skoðun sem fram kemur í nál., að gerð verði heildarúttekt á innlendum og erlendum verðlaunum þar sem kannað verði hvort ástæða sé að undanþiggja fleiri verðlaun skattskyldu en frv. gerir ráð fyrir. Eins vildi ég vita hvort hann teldi rétt að þingið fjallaði sérstaklega um það, ef til slíkra ákvarðana kæmi, að veita sambærileg verðlaun og þau sem getið er um í þessu frv. Ég vildi gjarnan heyra skoðun hæstv. ráðherra á þessu, ekki síst vegna þess að undirritun okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar í nefndinni er bundin því að við þetta verði staðið.

[15:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Tilgangur þessa frv. er í raun að færa reglugerðarvald sem nú er falið fjmrh. inn í lög. Það er í samræmi við þær stjórnarskrárbreytingar sem mörg hver okkar stóðu að árið 1995. Engan skatt má á leggja nema með lögum, segir í stjórnarskránni og þar af leiðandi ekki heldur undanþágur frá slíkum skatti. Þess vegna er verið að vinna að því í ýmsum lögum og af ýmsum tilefnum að breyta því sem tíðkast hefur með reglugerðarvald einstakra ráðherra. Þannig tekur Alþingi sjálft ákvarðanir um það. Þá þarf að taka afstöðu til máls eins og þessa. Í fyrsta lagi: Á að undanþiggja einhver verðlaun skattskyldu? Í öðru lagi: Hvaða verðlaun eiga það þá að vera?

Ég lagði hér fram frv. sem í var tillaga um að ákveðin verðlaun væru undanþegin. Hún byggðist á reglugerð sem síðast gilti um þetta mál en var þó í nokkrum atriðum þrengri. Felld voru út verðlaun sem ekki var talin ástæða til að undanþiggja lengur, m.a. verðlaun sem við gátum ekki fengið neinn botn í hver væru, þ.e. enginn kannaðist við þau lengur og svo ýmislegt annað sem ekki þótti hafa þann heiðursbrag og talið er að verði að tilheyra verðlaunum af því tagi sem undanþiggja beri skattskyldu.

En hvað um það, niðurstaðan í vinnu efh.- og viðskn. er að þrengja þetta örlítið meira og fella brott ein verðlaun enn sem komið hefur á daginn að eru ekki peningaverðlaun. Ég er mjög sáttur við það. Ég geri engar athugasemdir við það sem kemur fram í nál. um að þessi mál verði áfram til skoðunar og að ef sambærileg verðlaun og þau sem hér eru undanþegin komi upp úr kafinu þá verði skoðað hvort til greina komi að þau verði jafnframt undanþegin, alþjóðleg verðlaun sem séu svipaðs eða sama eðlis og hér er um að ræða.

Aðalatriði málsins er að slíkt verður ekki gert nema með lögum. Fjmrh. getur þannig ekki, eins og ég gerði fyrr á þessu ári, gefið út reglugerð og undanþegið slík verðlaun skattskyldu. Það er málið varðandi þetta frv. Það er hið stóra mál í þessu. Þetta er liður í þeirri hreinsun sem er í gangi í öllum ráðuneytum. Þetta er liður í að flytja reglugerðarvald af þessu tagi inn í lögin þar sem það á heima, flytja það úr Stjórnarráðinu og á vettvang þjóðþingsins.

[15:27]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vera að það hafi farið fram hjá mér en ég heyrði ekki að hæstv. fjmrh. tæki afstöðu til þeirrar skoðunar sem við viljum að jafnframt fari fram á innlendum verðlaunaveitingum, þ.e. hvort það hafi eitthvað verið skoðað. Tekur fjmrh. hæstv. undir þá skoðun sem fram kemur í nál. að jafnframt þurfi að fara yfir þær innlendu verðlaunaveitingar sem eru í gangi?

[15:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má eflaust skoða þá hlið málsins. ég taldi mig taka undir áðan. Hitt er annað mál að núverandi tekjuskattslög eru alveg skýr, að verðlaun af hvaða tagi sem vera skal eru skattskyld. Eins og við höfum reyndar séð í þessu máli er mjög vandfundin undanþáguregla gagnvart slíku. Við hér á Alþingi höfum til að mynda ekki treyst okkur til að undanþiggja sjálf heiðurslaun Alþingis skattskyldu. Hér er náttúrlega að mörgu að hyggja. Auðvitað er alþekkt að alls kyns samtök bjóða upp á umbun fyrir vel unnin störf með því að veita verðlaun. Þau eru í dag skattskyld. Ég held það sé mjög erfitt að ætla að breyta því miðað við þau skattalög sem við störfum eftir og þær almennu reglur sem við viljum að gildi um þetta. Þá væri tilhneiging mín frekar sú að segja: Afnemum þetta þá bara allar undanþágur sem við erum ekki formlega skuldbundin öðrum þjóðum að undanþiggja.

[15:29]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá skoðun hæstv. fjmrh. að auðvitað ætti eitt yfir alla að ganga í þessum efnum. Það er mjög slæmt þegar gerðir eru samningar milli þjóða, eins og á vettvangi Norðurlandanna, sem ganga þvert á þau lög sem eru í gildi gagnvart sambærilegum verðlaunum eða viðurkenningum hér heima. Mér finnst hins vegar ástæða til að skoða hvort ekki sé möguleiki á því, þar sem þessi lög eru í gildi gagnvart innlendum verðlaunaafhendingum, að fá þetta endurskoðað á vettvangi Norðurlandanna og þá náttúrlega varðandi Nóbelsverðlaunin einnig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:30]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 122. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 452.

Póst- og fjarskiptastofnun, 240. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 453.

Vitamál, 57. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 451.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 5. mál (persónuafsláttur maka). — Þskj. 5, nál. 343, brtt. 344 og 385.

[15:30]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem vissulega hafa verið allmargar í gegnum tímans rás og er ekkert í sjónmáli að verði lát á því.

Frv. sem hér liggur fyrir fjallar um það að millifæranlegur persónuafsláttur milli hjóna verði smám saman 100%, þ.e. að persónuafslátturinn verði millifæranlegur að fullu. Nú eru lögin þannig að aðeins 80% af persónuafslættinum eru millifæranleg milli hjóna. Nefndin fjallaði um þetta mál, sendi það til umsagnar og fékk á sinn fund aðila sem getið er í nefndarálitinu.

Gerð er tillaga um breytingu á frv. sem stafar fyrst og fremst af því að mistök urðu við samningu þess. Þannig er að með frv., eins og það yrði að samþykktri brtt. nefndarinnar, mundi strax verða tekið tillit fyrsta áfanga í hækkun á millifæranleika persónuafsláttar í staðgreiðslu á næsta ári, á árinu 2000, þ.e. að við álagningu tekjuskatts á árinu 2001 vegna tekna á árinu 2000 verður 80% af afslættinum millifæranlegur. Það þýðir að strax á árinu 2000 verður hægt að taka tillit til þess í staðgreiðslu að 85% af persónuafslættinum yrði millifæranlegur. Þetta hafði einfaldlega ruglast við samningu frv. upphaflega en með þeirri breytingu sem nefndin leggur til er þessu komið í rétt horf miðað við þá ætlan sem í frv. var.

Nefndin gerir sem sé tillögu um það að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem hún leggur fram.

[15:34]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fékk þó nokkra umræðu þegar það var lagt fram og hefur fengið töluverða umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. Um er að ræða kosningaloforð Sjálfstfl. og Framsfl. það sem er í stjórnarsáttmálanum að mér skilst um að heimila að fullu nýtingu á ónýttum persónuafslætti millifæranlegum milli hjóna. En þó skal það vera þannig að aðeins komi til framkvæmda 5% á hverju ári. Þar sem 80% eru millifæranleg núna á ónýttum persónuafslætti þá komi 5% á hverju ári út kjörtímabilið og er áætlað að þessi aðgerð kosti allt í allt um 400 miljónir, 100 milljónir á ári. Við það er miðað að sá fjöldi verði óbreyttur sem hefur nýtt að hluta eða einhverju leyti ónýttan persónuafslátt fram til dagsins í dag, þ.e. nýtt þá heimild sem er til staðar í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Það eru rétt rúmlega 19 þúsund hjón eða einstaklingar með staðfesta samvist eða í sambúð þar sem er um samsköttun að ræða sem hafa nýtt þessa heimild.

Það kom í ljós þegar við vorum að skoða ónýttan persónuafslátt að í flestum tilvikum er um að ræða mjög ungt fólk og síðan eldra fólk. Þeir sem kannski nýta þetta hvað minnst eru á miðjum aldri og með eitt, tvö eða þrjú börn. Að vissu leyti getur því ákveðinn takmarkaður hópur þjóðfélagsþegna nýtt sér ónýttan persónuafslátt maka. Eins og fram kemur í nál. sem við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skrifum undir með fyrirvara þá styðjum við þessa breytingu en við teljum þó að það hefði átt að fara betur yfir þau svið skatta sem snúa að fjölskyldufólki, sérstaklega ungu fólki með börn, til þess að athuga hvort ekki hefði mátt nýta þessar 400 milljónir sem eiga að fara þarna til sérstakra úrbóta fyrir þá sem greiða skatta, á annan eða markvissari hátt í þágu ungs barnafólks eða fjölskyldufólks sem er ekki stærsti hópurinn af þeim sem nýta ónýttan persónuafslátt í dag.

Ég hlýt að láta það koma fram að ætlað er að þessi aðgerð kosti um 100 milljónir á ári, 400 milljónir í allt. En það gerist nú á milli 2. og 3. umr. um fjárlög íslenska ríkisins að tekjuskattur einstaklinga hækkar um 400 milljónir, þ.e. það sem kemur inn í ríkiskassann á milli 2. og 3. umr. hækkaði um 400 milljónir vegna breyttra forsendna. Þannig að tekjuskatturinn, sú aukning sem verður á milli 2. og 3. umr. fjárlaga er sama tala og áætlað er að nýta til þessara hluta á öllu kjörtímabilinu.

Það stingur óneitanlega í augu að sérstaklega einn hópur kemur alls ekki til með að geta nýtt á nokkurn hátt þessa breytingu um tekjuskatt og eignarskatt en það eru einstæðir foreldrar. Einstæðir foreldrar sem telja fram eru rúmlega 8.600 á landinu öllu og þeir koma ekki til með að geta nýtt þessar skattaúrbætur sem ríkisstjórnin leggur til. Við höfum líka skoðað sérstaklega umsögn eða réttara sagt skýrslu ASÍ og BSRB um skattamálin og farið yfir þær tölur sem þar eru og þau úrræði sem bent er á sérstaklega fyrir fjölskyldufólk og ég verð, virðulegi forseti, að lýsa undrun minni á því að ekki skuli hafa verið notað tækifærið til þess að taka þessa peninga, þessar 400 milljónir, og fara þá leið sem er samkvæmt mati þeirra sem unnu skýrslu ASÍ og BSRB mun betri en þessi og mundi nýtast fleirum og þá fyrst og fremst barnafólki. Það er hugmyndin um svokölluð barnakort sem voru tillögur Framsfl. í kosningabaráttunni og áætlað er að þegar þau komi að fullu til framkvæmda kosti það um 2 milljarða. Það segir okkur að hægt hefði verið að fara í hluta af þeirri framkvæmd fyrir 400 milljónir og auðvitað veltir maður því fyrir sér miðað við þann mikla tekjuauka sem ríkissjóður hefur haft á þessu ári og áætlaður er á næsta ári umfram það sem forsendur fjárlagafv. gerðu ráð fyrir, þar sem um er að ræða tæplega 30 milljarða, að ekki skuli hafa verið ráðist í að nota þennan hluta góðærisins þá sérstaklega til þess að hrinda í framkvæmd tillögum Framsfl. um barnakortin sem sannarlega nýtast barnafjölskyldum og barnafólki betur en þær tillögur sem hér er um að ræða.

Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggjumst ekki gegn þessu frv. en erum með brtt. sem ég mun fara yfir síðar. En mig langar til þess, virðulegi forseti, að það komi fram að þó að umsagnir um frv. hafi í flestum tilvikum verið jákvæðar þá er þess getið af hálfu umsagnaraðila að það hefði mátt skoða aðrar leiðir en þarna er verið að fara og þá sérstaklega með tilliti til skattaúrbóta fyrir fjölskyldufólk. Þar er fyrst og fremst um að ræða umsagnir frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandi Íslands en einnig frá Öryrkjabandalagi Íslands og mig langar til þess, virðulegi forseti, að drepa aðeins niður í þessum umsögnum því að mér finnst að þær eigi fullt erindi inn í þá umræðu sem hér fer fram og við höfum kannski ekki tekið nógu ítarlega, hvorki í hv. efh.- og viðskn. né í sölum Alþingis, þ.e. á hvern hátt við nýtum þessar 400 milljónir, ef það er staðföst ákvörðun ríkisstjórnarinnar að þær úrbætur sem á að fara í a.m.k. á þessu eða næsta ári skuli einskorðast við 400 milljónir. Það þarf að fara yfir þær leiðir sem mögulegar eru

og hvernig peningarnir nýtast best, þessar 400 milljónir, 100 á ári.

Ég ætlaði fyrst að drepa aðeins niður í umsögn sem okkur barst frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í ályktun síðasta bandalagsþings BSRB um skattamál kemur fram stuðningur við fullnýtanlegan persónuafslátt maka, en auk þess er lagt til að heimilt sé að nýta persónuafslátt barna á aldrinum 16–21 árs."

Virðulegi forseti. Ég vil í þessu sambandi benda á það að ef foreldrum verður heimilt að nýta ónýttan persónuafslátt barna á aldrinum 16–18 ára, þá er sá kostnaður rétt rúmlega um einn og hálfur milljarður ef hann er að fullu talinn. En miðað við þær upplýsingar sem ég hef þá munu auðvitað aldrei allir foreldrar sem eiga börn á þessum aldri nýta persónuafsláttinn þannig að það mætti áætla með réttu að kostnaðurinn við að heimila foreldrum að nýta ónýttan persónuafslátt barna sinna á aldrinum 16–18 ára yrði í kringum 800 milljónir. Þá ber þess að geta að flest þau börn sem þannig háttar til um að foreldrar fengju að nýta ónýttan persónuafslátt þeirra yfir veturinn, stunda vinnu á sumrin og eiga því ekki með uppsafnaðan persónuafslátt þannig að þau greiða að einhverju leyti skatta þannig að það skilar sér að hluta til til baka.

Einnig segir í ályktuninni, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í ályktuninni er í henni lögð áhersla á ýmis önnur atriði varðandi skattkerfið. Ber þar hæst kröfuna um hækkun skattleysismarka og að stuðningur ríkisins við barnafólk verði efldur. BSRB hefur jafnan talið mikilvægt að forgangsröðunin sé rétt þegar gripið er til breytinga á skattkerfinu.

Eitt af meginmarkmiðum skattkerfisins er að mati BSRB að það á að vera tæki til tekjujöfnunar. Eitt helsta tækið til þeirrar tekjujöfnunar er þróun skattleysismarka. Í skýrslu BSRB og ASÍ, Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks, kemur fram að skattleysismörk hafa á undanförnum árum hækkað mun minna en laun og því hefur meðalskattbyrði lágtekjuhópa og millitekjuhópa aukist og tekjujöfnun kerfisins því minnkað. Í ljósi þeirra markmiða sem sett eru fram í stefnumörkun BSRB hafa samtökin talið brýnast að skattleysismörkin séu hækkuð og þau látin fylgja launaþróuninni í landinu og að gripið sé til annarra ráðstafana sem bæta stöðu tekjulágs fólks."

Fyrir hönd BSRB skrifar Svanhildur Halldórsdóttir undir. Síðan er birt með þessu ályktun BSRB um skattamálin og þar eru taldir upp þeir liðir sem 38. þing BSRB krefst að verði farið í að lagfæra: Þeir eru, með leyfi forseta, að:

1. Skattleysismörk verði hækkuð.

2. Stuðningur ríkisins við barnafólk verði ekki tekjutengdur. Barnabætur eru stuðningur við barnafólk og ættu því ekki að vera tekjutengdar, jafnframt ættu þær að vera þær sömu allt frá fæðingu barns og til 18 ára aldurs.

3. Viðmiðunarmörk varðandi útreikning á ívilnun vegna menntunarkostnaðar barna á aldrinum 16–21 árs verði hækkuð verulega.

4. Endurskoðaðir verði og afnumdir úr skattkerfinu þeir þættir sem valda mismunun á milli skattþegnanna.

5. Ekki sé gert upp á milli tekna eftir því hvernig þeirra er aflað. BSRB fagnar því að fjármagnstekjuskatti hafi verið komið á en krefst þess að breyting verði gerð á útfærslu fjármagnstekjuskatts þannig að ekki sé gert upp á milli tekna eftir uppruna heldur verði þær skattlagðar með sama hlutfalli og aðrar tekjur.

6. Virðisaukaskattur af vinnu við íbúðarhúsnæði á byggingarstað eða endurbætur á eldra húsnæði verði aftur endurgreiddur að fullu (í stað 60% eins og nú er).

7. Heimilt verði að fullnýta persónuafslátt maka.

8. Heimilt verði að nýta persónuafslátt barna á aldrinum 16–21 árs.

9. Viðmiðunarmörk í hátekjuskatti verði á mánuði 215.000 kr. hjá einstaklingi og 400.000 kr. hjá hjónum

Virðulegi forseti. Þarna kemur mjög skýrt fram að BSRB raðar þessu atriði ekki sem fyrsta forgangsmáli. Þó að BSRB leggist ekki gegn þeim breytingum sem hér er verið að leggja til að er það ekki það fyrsta sem þeir leggja áherslu á. Á undan eru sex liðir af níu. Það segir töluvert og ég veit ég það og er fullkunnugt um að töluvert hefur verið um þetta mál fjallað á þingum BSRB sem og hjá Alþýðusambandi Íslands og þetta er niðurstaðan. Ég velti því auðvitað fyrir mér hversu mikið samráð var haft eða rætt við samtök launafólks í landinu þar sem tugir þúsunda launafólks fjalla um kjör sín og þær aðferðir sem eru best til þess fallnar að bæta kjör millitekjuhópanna og láglaunafólks. Millitekjuhóparnir svokölluðu eru auðvitað að langstærstum hluta ungt fólk með börn.

Þá kemur að annarri umsögn sem er í svipuðum dúr en hún er frá Öryrkjabandalagi Íslands, og þar segir, með leyfi forseta:

„Öryrkjabandalag Íslands hefur borist til umsagnar frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 5. mál, persónuafsláttur maka. Hér er um gott og þarft mál að ræða sem Öryrkjabandalag Íslands mælir með að fái samþykkt Alþingis. Sýnu brýnna væri þó að leiðrétta skattleysismörk til samræmis við þróun launavísitölu síðasta áratug. Þessi þróun hefur komið mjög harkalega niður á okkar fólki enda eru þeir einstaklingar sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga nú farnir að greiða tugi þúsunda á ársgrundvelli í tekjuskatt og útsvar, nokkuð sem óþekkt var fyrir örfáum árum.

Hvað jaðarskatta snertir er ekki aðeins brýnt að leiðrétta skattleysismörk heldur einnig og enn frekar að hækka frítekjumörk almannatrygginga vegna atvinnutekna. Hér með sendist meginályktun nýafstaðins aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands.

Með vinsemd og virðingu, Garðar Sverrisson formaður og Helgi Seljan framkvæmdastjóri."

Og ályktunin segir, með leyfir forseta:

„Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands, haldinn laugardaginn 6. nóv. 1999, skorar á Alþingi að aflétta því neyðarástandi sem ríkir í tryggingamálum öryrkja og búa svo um hnútana að örorka verði ekki framar ávísun á efnahagslega útskúfun. Þá ítrekar fundurinn fyrri áskorun sína til Alþingis um að það viðurkenni hina margvíslegu sérstöðu öryrkja með því að hækka örorkulífeyri sérstaklega og mest hjá þeim sem verða fyrir varanlegri örorku snemma á starfsævinni. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að leiðrétta lífeyrisgreiðslur til samræmis við þróun launa á síðustu árum og að tryggja að þær dragist aldrei aftur úr þróun launavísitölu.

Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands vekur athygli á því að jaðarskattar eru hvergi hærri en hjá þeim öryrkjum sem reyna að hasla sér völl á vinnumarkaði. Það er ríkissjóði og samfélaginu öllu til fjárhagslegs skaða að sporna svo mjög gegn atvinnuþátttöku fatlaðra. Til að bæta hér úr ber brýna nauðsyn til að hækka verulega frítekjumörk vegna atvinnu-

tekna og leiðrétta skattleysismörk til samræmis við þróun launavísitölu síðustu tíu ára. Þá er ekki síður brýnt að hverfa þegar í stað frá skattlagningu húsaleigubóta."

Þarna sést, virðulegi forseti, að þó að Öryrkjabandalag Íslands mæli á sinn hátt með frv. á sama hátt og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá er þetta ekki forgangsmál. Því miður verður að segja það, virðulegi forseti, að hér í dag á hv. Alþingi er búið að fella tillögur um úrbætur í öllum þeim liðum sem Öryrkjabandalagið telur upp í ályktun sinni. Það eru kaldar kveðjur.

Þess ber einnig að geta að þegar Öryrkjabandalagið gekk frá ályktun aðalfundar sem haldinn var 6. nóv. þá lá frv. fyrir en engu að síður er það þannig að þetta er ekki forgangsmál hjá Öryrkjabandalaginu.

Þriðja umsögnin, sem mig langar til þess að vitna hér til, er frá Alþýðusambandi Íslands og að öllum öðrum ólöstuðum tel ég að það sé sú umsögn sem er hvað best unnin og gefur mjög glöggar upplýsingar um frv., innihald þess og þýðingu, hvað það þýðir í raun og veru í úrbætur fyrir þá einstaklinga eða hjón sem koma til með að nýta sér það, þ.e. þessi 19 þúsund hjón eða sambúðarfólk sem ætlast er til að nýti frv. vegna þess að útreikningur á kostnaði sem frv. hefur í för með sér er, eins og ég sagði áðan, miðaður við það að ekki bætist fleiri í þennan hóp, það verði um sama fjölda að ræða.

En í umsögn Alþýðusambands Íslands segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsganar frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, mál nr. 5. Í frv. er lagt til að hjónum eða sambýlisfólki verði í áföngum heimilað að nýta persónuafslátt maka að fullu. Samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjmrn. verður tekjutap ríkissjóðs um 400 milljónir þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda." — Ég ætla að skjóta því inn aftur, með leyfi forseta, að tekjuskattur einstaklinga hækkaði á milli 2. og 3. umr. fjárlaga núna um 400 milljónir þannig að það er búið að dekka tekjutapið sem verður allt kjörtímabilið.

„Þessi breyting hefur í för með sér að ef annað hjóna eða sambýlisfólks er tekjulaust fá þau 4.127 kr. í auknar ráðstöfunartekjur á mánuði. Til þess þurfa tekjur þess sem er útivinnandi einnig að vera hærri en sem nemur tvöföldum skattleysismörkum, þ.e. 126.772 kr. á mánuði. Ef tekjurnar eru lægri eru þær undir skattleysismörkum og hluti persónuafsláttar makans nýtist ekki.

Til þess að ávinningur hjóna eða sambýlisfólks verði fullar 4.127 kr. þarf makinn jafnframt að vera tekjulaus. Með orðinu „tekjulaus" er átt við að makinn fái hvorki launatekjur né greiðslur úr lífeyrissjóðum, almannatryggingum eða Atvinnuleysistryggingasjóði. Ef makinn hefur einhverjar tekjur en er þó undir skattleysismörkum er ávinningur hjóna eða sambýlisfólks vegna breytinganna alltaf minni en 4.127 kr.

Sem dæmi má nefna að ef maki er með 20 þús. kr. í tekjur á mánuði og sá sem er útivinnandi hefur tekjur yfir 126.772 kr. þá er ávinningur hjóna eða sambýlisfólks 3.092 kr. á mánuði.

Alþýðusamband Íslands telur að þetta mál þurfi að skoða út frá fleiri hliðum en þeirri hver ávinningurinn verður fyrir þá sem þessi breyting nýtist. Í fyrsta lagi er mikilvægt að gera sér grein fyrir að ekkert fæst fyrir ekki neitt í þessum efnum frekar en öðrum. Þær 400 milljónir sem aðgerðin kostar þarf að fjármagna með einum eða öðrum hætti. Ríkissjóður hefur nokkrar leiðir til að bæta sér tekjutap, draga úr þjónustu, auka kostnaðarþátttöku eða skerða skattheimtu á öðrum sviðum. Sú aðferð sem notuð hefur verið síðustu árin til að fjármagna skattbreytingar er að láta skattleysismörkin síga miðað við launaþróun í landinu. Við það aukast tekjur ríkissjóðs. Fyrir hvert prósentustig sem tekjur aukast vaxa tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum um a.m.k. 2%.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 2000 er einungis gert ráð fyrir 2,5% hækkun persónuafsláttar á meðan gert er ráð fyrir að laun hækki um 4–5%. Þá breytingu sem lögð er til í frv. á því að fjármagna með því að hækka persónuafslátt minna en laun í þjóðfélaginu.

Þegar tekið er tillit til þessarar fjármögnunar verður hámarksávinningur hjóna eða sambýlisfólks minni en 4.165 kr. eða 3.527 kr. þar sem fyrir sömu upphæð og ríkissjóður verður af vegna breytinganna hefði verið hægt að hækka persónuafsláttinn um 300 kr. Einstaklingar og hjón/sambýlisfólk undir skattleysismörkum hagnast ekkert á þessari breytingu. Hún er hins vegar fjármögnuð af einstaklingum og hjónum og sambýlisfólki sem eru fyrir ofan skattleysismörk. Einstaklingur tapar þannig 300 kr. en hjón og sambýlisfólk 600 kr. í ráðstöfunartekjum á mánuði.

Eins og fram kemur í töflu sem fylgir með hefur þróun skattleysismarka mun meiri áhrif á aukningu ráðstöfunartekna vegna launalækkana hjá fólki með lágar tekjur en þeim sem hafa háar tekjur.

Í öðru lagi telur Alþýðusamband Íslands að aðrar leiðir en þær sem lagðar eru til í frv. séu markvissari til að auðvelda foreldrum að vera meira með börnum sínum. T.d. væri hægt að draga úr tekjuskerðingarhlutfalli barnabóta. Útgjaldaauki ríkissjóðs vegna lækkunar skerðingarhlutfalls um eitt prósentustig er svipaður og við að heimila fulla millifærslu á persónuafslætti maka. Einnig væri hægt að hækka viðmiðunarmörk tekjuskerðingar barnabóta sem eru nú 97.464 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki og 48.732 kr. hjá einhleypum foreldrum. Útgjaldaauki ríkissjóðs vegna hækkunar viðmiðunarmarka tekjuskerðingar um 15 þús. kr. er svipaður og kostnaðarauki fyrirhugaðra breytinga.

Í nýútkominni skattskýrslu Alþýðusambands Íslands og BSRB er lögð á það áhersla að áður en breytingar eru gerðar á skattkerfinu verði áhrif þeirra metin fyrir mismunandi hópa í þjóðfélaginu. Nauðsynlegt er að almenningur og ekki síst þeir sem taka hinar pólitísku ákvarðanir geri sér grein fyrir áhrifum skattbreytinga og fjármögnunar þeirra áður en breytingarnar eru gerðar. Alþýðusamband Íslands telur að áður en sambandið tekur afstöðu til frv. þurfi að liggja fyrir upplýsingar um hverjum þessi breyting nýtist og hver ber kostnaðinn svo hægt sé að meta hvort og þá hversu markviss leið til tekjujöfnunar þessi skattbreyting er. ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma á framfæri síðar athugasemdum sínum við einstakar greinar frv."

Ég tek undir það sjónarmið, virðulegi forseti, sem fram kemur í þessari umsögn Alþýðusambands Íslands, bæði hvað varðar útreikningana hverjum þetta nýtist og ekki síður að það þarf áður en svona tillögur eru lagðar fram og ræddar á Alþingi að meta heildaráhrif á einstaka hópa og hvar þessar breytingar og hverjum þær koma til með að nýtast best. Miðað við þær athuganir sem hafa verið gerðar og þær upplýsingar sem hv. efh.- og viðskn. hefur munu þessar breytingar ekki nýtast best þeim hópum sem við vildum gjarnan sjá að tekið yrði sérstaklega á hvað varðar leiðréttingu kjara og það er láglaunafólkið og síðan og ekki síður

það fólk sem er með millitekjurnar og er með eitt, tvö, þrjú börn á framfæri eða fleiri.

Ungt fjölskyldufólk kemur sem sagt ekki til með að nýta þessa jólgjöf hæstv. ríkisstjórnar heldur verða það fyrst og fremst þeir sem eru í hópi eldri borgara og svo aftur allra yngsta fólkið. Út af fyrir sig dregur það verulega úr vægi þessara breytinga eða gæðum þeirra, ef svo má orða, miðað við þá skoðun sem við höfum verið með á málinu í efh.- og viðskn.

Virðulegi forseti. Ég nefndi það sérstaklega áðan að það er mjög stór hópur framteljenda og skattgreiðenda sem þessi breyting kemur ekki til með að nýtast að neinu og það eru einstæðir foreldrar. Framteljendur eru í þeirra hópi 8.600 en við skoðun á kjörum þeirra í samanburði við þær ráðstafanir sem hér er verið að gera kom í ljós að einstæðir foreldrar sem fá sérstaka viðbót, þá er ég að tala um barnabætur, vegna barna umfram eitt yngra en sjö ára fá og 30.176 kr. á ári sem sérstaka viðbót við barnabætur sem eru með börnum umfram eitt, þá eru þær 179.389 miðað við þessa töflu sem við höfum fengið. Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir létum reikna það út hvað það mundi þýða ef þessar sérstöku viðbótarbarnabætur yrðu hækkaðar um 20 þús. kr. ári, þ.e. að í stað þess að vera 30.176 á ári yrðu þessar sérstöku viðbætur við barnabætur 50.176 kr. Það mundi kosta 45 millj. kr. og það er vegna þess að fjöldi einstæðra foreldra sem fær þessa sérstöku viðbót við barnabæturnar vegna barna umfram eitt yngra en sjö ára er 1.927 og þeir fá hana vegna 2.247 barna.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þm. að leggja niður fundi hér, það er einungis einn fundur í salnum.)

Virðulegi forseti. Ég skil að hv. þm. liggi mikið á hjarta að ræða þessi mál við hæstv. fjmrh. og tel fullvíst að þeir séu að reyna að sannfæra hann um að tillaga sem við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flytjum sé hin besta. Sérstaklega treysti ég á að hv. þm. Pétur Blöndal sé í þeim verkum að sannfæra hæstv. fjmrh.

En eins og komið hefur fram flytjum við brtt. sem felur í sér 20 þús. kr. hækkun á sérstökum barnabótum til einstæðra foreldra vegna barna umfram eitt og kostnaðurinn sem þetta felur í sér er aðeins um 45 millj. kr. á ári. Þarna yrði um verulegar kjarabætur fyrir þennan hóp einstæðra foreldra, að ræða og í þeim hópi — ég sé að hv. þm. Pétur Blöndal bendir mér á að hann sé í þeim sérstaka hópi sem fái þessar sérstöku viðbætur við barnabæturnar. Ef hann er í þeim hópi að hafa sérstaka þörf fyrir viðbótarbarnabætur, þá tel ég sjálfsagt að hv. þm. Pétur Blöndal fái þær eins og aðrir þeir sem hafa þörf fyrir auknar tekjur til að sjá sér og sínum farborða.

En ég vildi gjarnan heyra viðhorf hæstv. fjmrh. til þessarar brtt. sem ekki felur í sér meiri útgjöld en þetta, um 45 millj. kr. á ári, og það má segja að e.t.v. hefði átt að skoða það áður en afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár lauk, en þá ber þess að geta að mál frá efh.- og viðskn. voru hér á dagskrá á undan fjárlagaafgreiðslunni til að byrja með en var frestað og þess vegna töldum við rétt og eðlilegt að það kæmi til umræðu þegar þetta frv. ríkisstjórnarinnar væri rætt hér og treystum á að það yrði á undan afgreiðslu fjárlaga þannig að hægt yrði að taka þetta inn, en það er auðvitað hægt þrátt fyrir það þar sem ekki er um meiri fjárútlát að ræða.

Ég segi það enn og aftur, virðulegi forseti, þó að e.t.v. sé ekki rétt að taka einn lið fjárlaganna út umfram annan eða þær viðbætur sem hafa komið inn í frv. og nú samþykktum fjárlögum ríkisins, að þá verð ég að segja að 45 millj. í kjarabætur til einstæðra foreldra sem þurfa sérstaklega á því að halda á næsta ári, tel ég hafa meiri forgang heldur en ýmis þau atriði sem ég hef séð á fjárlögum ríkisins, þar á meðal uppbyggingu á hestamiðstöð á Norðurlandi eða framlög til hrossamiðstöðvar. Þetta er auðvitað alltaf spurning um forgangsröðun. Við höfum lagt þessa tillögu fram og vonumst til þess að hún fái góða afgreiðslu hjá hv. þm. En ég vil gjarnan geta þess að þegar við gengum frá tillögunni og lögðum hana fram vegna þess að þessi mál voru komin á dagskrá þingsins, sem hefur nú tekið miklum breytingum á undanförnum dögum svo ekki sé meira sagt, þá var hv. þm. Ögmundur Jónasson ekki að störfum í nefndinni. Við náðum því ekki til hans til að ræða þetta við hann þannig að ég veit ekki hvort hægt er að segja að þetta sé afstaða stjórnarandstöðunnar, en býst við því að málum sé svo háttað, en hluti af efnahags- og viðskiptanefndarfulltrúum þurfti að sinna störfum á erlendri grund, æðiþétt á undanförnum vikum.

[16:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef eiginlega tvenns konar athugasemdir við formið á þessari brtt. Í fyrsta lagi þá sem þingmaðurinn nefndi sjálfur, þ.e. ekki er gott að flytja tillögu um breytingar á tekjustofnum á sama degi og fjárlagafrv. er afgreitt. Í öðru lagi tel ég vafamál að tillaga sem þessi uppfylli öll skilyrði sem nú eru gerð um rétta þinglega meðferð. Vissulega er þessi tillaga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en hún er allt annars efnis en það lagafrv. sem hér er til meðferðar og því ekki hægt að segja að þetta efnisatriði hafi fengið þrjár umræður á Alþingi ef það yrði samþykkt. Ég tel því að hér sé um vafamál að ræða. Þó að ég viti vel að hér sömu lögin séu á ferðinni, þá er þetta annað efnislegt atriði. Þessi umræða hefur reyndar ítrekað komið upp í gegnum árin, hér áður fyrr þegar þingið starfaði í tveimur deildum. Þá var ekki gert eins mikið úr slíku efnisatriði vegna þess að hin deildin átti þá eftir að fjalla um breytingarnar, en þetta er kannski meira íhugunarefni nú til dags þegar þingið starfar í einni málstofu. Tökum sem dæmi veigamikla breytingu sem yrði gerð á tekjuskattslögunum samkvæmt brtt. sem væri flutt við 3. umr. við eitthvert skattamál sem þó væri allt annars efnis. Ég held að ef þar væri t.d. um að ræða íþyngingu, þá gætu þeir sem yrðu fyrir barðinu á henni hugsanlega höfðað mál og þá kæmi það til kasta dómstóla að kveða upp úr um það hvort brtt. sem flutt var við 2. eða 3. umr. uppfylli skilyrði þingskapa um að öll mál skuli fá þrjár umræður í þinginu. Ég vildi nefna þetta hér, herra forseti.

[16:08]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessi tillaga, efni hennar og fyrirætlanir okkar, var kynnt við 1. umr. og hér fer aðeins fram 2. umr. um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta er ekki flókin tillaga, aðeins um einfaldar breytingar að ræða. Hins vegar er það alveg klárt að við flutningsmenn þessarar tillögu, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, erum tilbúnar til þess að ganga þannig frá að þetta mál geti farið í gegnum þrjár umræður. Spurningin hlýtur af vera sú hver afstaða hæstv. ráðherra er til tillögunnar sjálfrar og innihalds hennar en ekki um tæknileg atriði. En við erum að sjálfsögðu tilbúnar til þess að fara með brtt. í gegnum þrjár umræður.

[16:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Auðvitað væri hægt að ganga þannig frá þessu máli að það yrði flutt sem sérstakt frv. og þar með

fengi það þrjár umræður eins og skylt er. Það væri leiðin til að leysa það mál sem ég nefndi.

En að því er varðar efnisinnihaldið og afstöðu mína til málsins, þá eru auðvitað margir hópar sem væri hægt að gera betur við, eða gera meira fyrir í skattalögunum. Hérna er vikið að einum slíkum hópi. Ég tel ekki efni til þess að taka slíka hópa út úr við þá afgreiðslu sem við erum hér að fjalla um núna. Það er nýbúið að afgreiða fjárlagafrv., það var gert fyrir nokkrum klukkustundum, þar sem allar línur eru lagðar í skattlagningu fyrir næsta ár á grundvelli gildandi laga og þess vegna tel ég ekki að efni séu til þess að samþykkja brtt. á þessu stigi málsins. En það getur vel verið að þetta sé eitt af því, og ég tel að svo sé, sem þyrfti að athuga við frekara framhald og frekari endurskoðun á skattalögum sem vissulega verður áfram í gangi á mínum vegum og fjmrn.

[16:10]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að það mætti taka sérstaklega á hvað varðar kjör og skattlagningu margra hópa í þjóðfélaginu. Það er auðvitað verið að gera það. Þetta eru ekki nema um 19 þúsund hjón eða fólk í sambúð sem koma til með að nýta sér þær breytingar sem frv. sjálft felur í sér. Eins og ég hef margsagt eru yfir 8 þúsund einstæðir foreldrar sem telja fram á síðasta ári, en hér er aðeins um að ræða úrbætur fyrir 1.927 einstæða foreldra, sem fá þessar sérstakar viðbótarbarnabætur upp á 31 þús. og hækkar það um 20 þús. kr., sem kostar 45 millj. Aðrar eins breytingar hafa nú verið gerðar á fjárlögum íslenska ríkisins og það að taka inn tillögu sem felur í sér viðbótarútgjöld upp á 45 millj. og ég býst við að þær forsendur sem við höfum rætt hér fram og til baka fyrir fjárlögunum gefi svo sem vonir um að þarna verði um tekjuafgang að ræða sem menn hafa ekki séð fyrir sem gæti dekkað þessa upphæð, þó tvöföld eða þreföld væri og jafnvel tífföld eða meira.

En við leggjum eindregið áherslu á það að sjálfsögðu að þessi tillaga verði afgreidd þannig að einstæðir foreldrar eigi sama rétt og aðrir til að fá úrbætur í samræmi við það sem gerist í þeirri breytingu sem frv. ríkisstjórnarinnar felur í sér.

[16:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þarf svo sem ekki mikið að bæta við það sem fram kom hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur sem skýrði vel sjónarmið okkar fulltrúa Samfylkingarinnar í nefndinni. Ég taldi þó rétt að standa hér upp vegna þeirrar brtt. sem við flytjum þar sem það eru nokkur atriði til viðbótar því sem hv. þm. nefndi sem ég taldi rétt að koma á framfæri, ekki síst í ljósi þess sem fram kom í andsvörum hjá hæstv. ráðherra.

Það olli mér vissulega vonbrigðum að hæstv. ráðherra skyldi setja fyrir sig formið á þessu máli og tæknilegar hindranir í því sambandi fremur en að ræða um efni brtt., sem hann að vísu fór nokkuð inn á í síðara andsvari sínu. Ég held að í þessu efni sé vilji allt sem þarf vegna þess að það eru alveg örugglega mörg fordæmi um það á þessu þingi og hægt að grafa það upp að fluttar hafi verið brtt. við 2. umr. mála sem ekki beinlínis voru beintengdar við ákvæði frv. sem á hverjum tíma er verið að flytja. Fyrir utan það, herra forseti, ef viljinn væri fyrir hendi til að taka inn slíka brtt. — og hæstv. ráðherra ber fyrir sig að tillagan fái ekki eðlilega þingskapalega umræðu af því að eina umræðu vanti upp á það, þá er auðvitað ekkert í vegi fyrir því að forseti úrskurði þá að málið skuli fara í þrjár umræður. Það er auðvitað ekkert í vegi fyrir því að við sitjum undir slíkri umræðu ef vilji væri fyrir hendi.

Herra forseti. Umhugsun um stöðu einstæðra foreldra vaknar óhjákvæmilega upp í tengslum við frv. um heimild hjóna eða sambýlisfólks til þess að nýta að fullu óráðstafaðan eða ónýttan persónuafslátt barna. Ég hef í gegnum árin flutt frv. um að heimila einstæðum foreldrum að nýta óráðstafaðan persónuafslátt barna sinna upp að ákveðnum aldri. Og nú þegar svigrúm skapast til þess að heimila hjónum og sambýlisfólki að nýta að fullu ónýttan persónuafslátt þá vaknar auðvitað þessi umræða, hvort ekki sé rétt á sama tíma að gera eitthvað fyrir einstæða foreldra.

Margir hafa talað fyrir því að hjón og sambýlisfólk eigi að geta nýtt ónýttan persónuafslátt að fullu, að það eigi að vera eðlilegt svigrúm fyrir annan hvorn makann að vera heima til að vera hjá börnum. Þetta eru sjónarmið sem mér finnst mjög rétt og eðlileg. Ég styð þetta frv., ég vil taka það fram svo það valdi ekki misskilningi. En það kemur fram í útreikningi á ónýttum persónuafslætti hjóna eða sambýlisfólks við álagningu árið 1999, að rúmlega helmingur þeirra sem eru með ónýttan persónuafslátt er ekki með barn á framfæri. Þetta hlýtur að kalla líka á það að við berum aðeins saman stöðu einstæðra foreldra sem ekkert fá vegna þess skattalega svigrúms sem ríkisstjórnin telur sig hafa, sem ekkert fá við þessa breytingu og þá fyrstu breytingu sem ríkisstjórnin gerir á skattalögunum á nýju kjörtímabili, og menn reyni að skoða hvort ekki sé hægt á sama tíma að gera eitthvað fyrir einstæða foreldra.

Ný skýrsla sem við höfum fengið hér á þingi, sem enn er óræddd og sjálfsagt verður ekki tími til að ræða fyrr en þing kemur saman að loknu jólahléi, staðfestir raunverulega fátækt einstæðra foreldra. Í því sambandi má bera saman tekjur, atvinnutekjur, ráðstöfunartekjur og meðalheildartekjur einstæðra foreldra við tekjur hjóna sem nú fá mörg hver skattalegt hagræði af breytingunni sem við ræðum hér.

Meðalheildartekjur einstæðra foreldra árið 1997 voru 1.440 þús. kr. en hjóna og sambýlisfólks 3.563 þús. kr. sem er 2,5 sinnum hærra. Ef við lítum á tekjurnar þá voru hjón með 250% hærri árstekjur en einstæðir foreldrar. Ef við tökum meðalráðstöfunartekjur, sem er kannski eðlilegri viðmiðun, þá voru einstæðir foreldrar á árinu 1997 með helmingi lægri ráðstöfunartekjur en hjón voru með árið 1997 eða 1.483 þús. kr. Þetta tek ég fram vegna þess að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn virðist ekkert ætla að gera fyrir einstæða foreldra nú þegar skattalegt svigrúm skapast til þess.

Við skoðuðum þetta mál í efh.- og viðskn. og fengum m.a. útreikninga fjmrn. á ónýttum persónuafslætti einstaklinga 16–20 ára. Þar kemur fram að ef hann er miðaður við 16 ára aldurinn og fram til 20 ára aldurs, að báðum árum meðtöldum, þá er ónýttur persónuafsláttur þessara einstaklinga tæpir 2 milljarðar eða 1.933 milljónir. Ef við miðum við 16–18 ára aldurinn, ónýttan persónuafslátt einstaklinga á þeim aldri, þá hafa 10.400 einstaklingar á aldrinum 16–18 ára ónýttan persónuafslátt sem nemur 1,5 milljörðum kr. Það mundi sennilega kosta um 800 milljónir ef heimilt væri að nýta ónýttan persónuafslátt barna á aldrinum 16–18 ára. Ef það væri einskorðað við einstæða foreldra þá værum við sennilega að tala um sömu fjárhæð, um 400 milljónir sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. fjmrh. ætla nú að setja til að

hægt sé að heimila að fullu að nýta persónuafslátt hjóna. Þetta er því líka spurning um forgang og það að meta stöðu hópa í ákveðnu skatta- og tekjusamhengi þegar við höfum skattalegt svigrúm til þess að gera betur við ákveðna þjóðfélagshópa eins og hér er verið að gera og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir rakti og vitnaði þar til umsagnaraðila sem komu á fund nefndarinnar.

Þess vegna, herra forseti, höfum við leyft okkur að flytja hér litla brtt. Hún gengur út á að þessar sérstöku viðbótarbarnabætur, sem eru nú fyrir hendi og eru ekki háar, þær eru um 31 þús. kr. á ári, verði hækkaðar lítillega. Þær ganga til einstæðra foreldra með tvö börn yngri en sjö ára á sínu framfæri. Þar erum við að tala um 20 þús. kr. á ári. Einstæðir foreldrar sem fá viðbót vegna barna umfram eitt yngra en sjö ára eru 1.927 og fá þeir hana vegna 2.247 barna. Þetta kostar ekki mikið vegna þess að samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. mundi kostnaður við þessa hækkun nema um 45 millj. kr. á ári. Ég held að þar muni ekki voðalega miklu fyrir stöðu ríkissjóðs eða efnahagshorfur eins og við sjáum þær fram undan, þó að rétt fyrir jólin, í 23 milljarða tekjuauka umfram fjárlagafrv. árið 1999, yrðu veittar 45 millj. kr. til einstæðra foreldra með þessi 2.247 börn á framfæri sínu.

Þess vegna er tillagan flutt, herra forseti. Við í minni hluta efh.- og viðskn. erum hér að freista þess að ná fram smákjarabót fyrir einstæða foreldra sem eru með tvö börn á framfæri sínu yngri en sjö ára.

Herra forseti. Lokaorð mín eru þau að viðbrögð hæstv. fjmrh. við þessari tillögu valda mér miklum vonbrigðum og tala ég þar örugglega fyrir munn einstæðra foreldra sem margir búa við mikla fátækt. Þessi viðbrögð hæstv. ráðherra hljóta líka að valda þeim miklum vonbrigðum.

[16:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir má ekkert aumt sjá. Um daginn miskunnaði hún sig yfir Kaupþing í baráttu þess fyrirtækis við hæstv. forsrh. Nú eru það einstæðir foreldrar sem njóta miskunnar hennar og hún ætlar að laga stöðu þeirra. En hver á þá eiginlega að borga skattana, herra forseti? Ég spyr hv. þingmenn: Hver á að borga skattana ef það eru ekki einstæðir foreldrar og hjón?

Þannig er að til mín hefur komið margt sambýlisfólk og hjón sem segjast vera að borga mörg hundruð þúsund á ári fyrir að skilja ekki, að vera ekki einstæðir foreldrar úti í bæ. Grófustu dæmin sem ég hef séð eru um hálf milljón sem fólk getur sparað sér á því að skilja, á því að bóndinn sem oft er með hærri tekjurnar flytji heim á hótel mömmu og konan njóti hærri barnabóta, leikskólaforgangs, lægri leikskólagjalda, húsaleigubóta o.s.frv.

Ég held nefnilega, herra forseti, að þeir sem kannski eru í verstri stöðu séu hjón með þrjú eða fleiri börn. Þá borgar sig ekki fyrir annan aðilann, yfirleitt konuna, að vinna. Þannig þarf annað hjónanna að vinna fyrir fjórum eintaklingum fyrir utan sjálfan sig. Hann þarf af tekjum eins að fæða fimm. Þessir aðilar eru kannski hvað verst settir.

Ég er á móti þessari brtt. Ég held að farið sé að halla um of á hjón með nokkuð mörg börn.

[16:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Æ, æ. Mikil lifandis skelfingar ósköp er oft erfitt að skilja hv. síðasta ræðumann. Útúrsnúningarnir sem hann stundum getur látið renna upp úr sér í þessum ræðustól. Hvenær hef ég verið að taka upp hanskann fyrir Kaupþing? Þetta er bara bull hjá hv. þm.

Nú vil ég leggja fyrir þingmanninn eina spurningu af því hann virðist vera mjög mikið á móti einstæðum foreldrum, það hefur ítrekað komið í ljós í þessum ræðustól undanfarin ár. Hér kemur fram og er staðfest í skýrslu sem félmrh. hefur lagt fyrir þingið að meðalráðstöfunartekjur einstæðra foreldra árið 1997 voru helmingi lægri en ráðstöfunartekjur hjóna. Þá tökum við með barnabætur og allt sem fólkið fær. Yfirleitt eru ráðstöfunartekjur þeirra ekki nema 50–70 þús. kr. og varla ætlast hv. þm. til þess að einstæðir foreldrar borgi skatt af því. Þetta eru helmingi lægri ráðstöfunartekjur, þegar allt er tekið með, en er hjá hjónum — um 1.400 þúsund á ári, liðlega 100 þús. þá á mánuði. Treystir hv. þm. sér, einn með tvö börn, að lifa af 100 þús. kr. á mánuði? Hvað þá af 70 þús. kr. sem sumir hafa? Getur hv. þm. gefið þessu fólki uppskrift að því hvernig lifa á út mánuðinn á 70 þús. kr., fólki sem kannski er ekki í eigin íbúð og þarf að borga 50–60 þús. kr. í húsaleigu? Þessi þingmaður ætlast auk þessa til, eins og fram kom hjá honum hér áðan, að þetta fólk borgi skatt.

Þetta fólk sveltur, herra forseti, margir hverjir einstæðra foreldra. Það staðfestir þessi skýrsla. Mér finnst það til skammar að hv. þm. skuli senda einstæðum foreldrum, sem varla eiga til hnífs og skeiðar nú rétt fyrir jólin gusu eins og hann sendi hér áðan.

[16:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekkert á móti einstæðum foreldrum, alls ekki. Ég held að þar séu margir í erfiðri stöðu. Hins vegar er búið að bæta stöðu þeirra mikið. Í tölunum sem hv. þm. las úr eru t.d. námsmenn á námslánum hjá LÍN. Námslánin eru ekki talin til tekna. Þeir hafa að sjálfsögðu mjög lágar tekjur.

Inn í þetta koma líka öll þau dæmi, ég þekki tvö dæmi þess, að fólk segist ekki búa saman en býr að sjálfsögðu saman. Þá er annar aðilinn gjarnan með mjög lágar tekjur og hinn með mjög háar tekjur. Þeir eru báðir einstæðir á pappírnum, annar reyndar einstæður með börn, þ.e. sá með lágu tekjurnar. Hinn er einstæður án barna, sá með háu tekjurnar. Þannig að þessi tölfræði getur verið svona og svona.

Hvort ég treysti mér til þess að lifa af 70 þús. kr.? Ja, það fer eftir því hvað ég leyfi mér. Það er alltaf þannig. Ég hef lifað af 70 þús. kr., herra forseti, þegar ég var í námi. Það þótti bara ekkert merkilegt. (**JóhS:** Og varstu með börn?) Ég var með tvö börn, já. En ég ætla ekki að blanda mínum málum inn í þetta, herra forseti, eins og hv. þm. vill alltaf gera. Ég held að ef fólk lendir í vandræðum þá höfum við sveitarfélögin og félagshjálp þeirra til að taka við og sveitarfélögin gera það yfirleitt nokkuð þokkalega.

Ég held að við þurfum líka að skoða stöðu foreldra, hjóna með börn, sérstaklega þar sem eru mörg börn og aðeins einn aðili getur unnið.

[16:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. iðulega draga fram einhverja aðila sem hann þekkir sem svindla á kerfinu, eftir því sem hann segir, með því að skilja til að ná sér í einhverjar bætur og alhæfa síðan yfir allan hópinn. Það eru alltaf til einhverjar undantekningar sem eru að reyna að spila á kerfið, bæði í þessum hópi og annars staðar. Eigum við að dæma alla sem skattsvikara þó að einhverjir steli undan skatti? Það má ekki alhæfa svona yfir allan hópinn.

Einstæðir foreldrar eru mjög stór hópur hjá félagsmálastofnunum og þurfa að leita sér aðstoðar þangað. Einstæðir foreldrar eru rúmlega þriðjungur þeirra sem leituðu sér aðstoðar hjá Reykjavíkurborg, svo dæmi sé tekið. Ég held að við verðum að viðurkenna að launin hér á landi og framfærslan, sem er mjög þung og erfið, eru þannig að tveir verða að standa undir framfærslu heimilisins til að hægt sé að skrimta út mánuðinn. Flestir viðurkenna að það þarf tvær fyrirvinnur.

Við sjáum það af niðurstöðu þessarar skýrslu að hjón eru með 250% hærri árstekjur en einstæðir foreldrar. Þó eru mörg hjón ekkert ofsæl af sínum launum. Margt hjóna- og sambýlisfólk er með meðaltekjur og hefur það skítt. Staðan er hins vegar svoleiðis að einstæðir foreldrar, mjög stór hópur þeirra, hafa það mjög slæmt. Allar tölur sýna að tekjur þeirra og kaupmáttur hefur hækkað miklu minna en hjá öðrum. Það hefur ekki verið mikið gert í þessu góðæri en við erum hér að gera tilraun til að rétta aðeins af hag einstæðra foreldra í þessari umræðu þegar við höfum örlítið skattalegt svigrúm til að taka á málum.

[16:30]

Útbýting þingskjala:

Vitamál, 57. mál, nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 459.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 270. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 464.

[16:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það frv. sem er til umræðu gerir ráð fyrir því að heimilt verði að millifæra ónýttan persónuafslátt að fullu milli maka og að sú breyting komi til framkvæmda í áföngum að fullu á árinu 2003.

Allítarlegar umræður hafa farið fram um þetta efni og ætla ég ekki að fara að endurtaka það sem hér hefur verið sagt. Í fyrsta lagi vil ég þó nefna að þetta mál fjallar um grundvallaratriði í skattkerfinu og þá fyrst og fremst hvernig við viljum líta á hina skattalegu einingu. Viljum við líta á einstaklinginn sem skattalega einingu eða viljum við horfa til fjölskyldunnar? Ef við viljum horfa til fjölskyldunnar, hvernig viljum við skilgreina fjölskylduna? Ætlum við að líta á hjón eða sambýlisfólk sem skattalega einingu, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., eða viljum við horfa til fjölskyldunnar allrar, barnanna líka?

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að í grundvallaratriðum er ég á því að líta á hjón sem tvo einstaklinga. Hins vegar finnst mér mikilvægt að styrkja fjölskylduna og verði það ofan á að samþykkja þetta frv. styð ég eindregið þá tillögu sem fram er komin frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur. Eins og fram kom í máli Margrétar Frímannsdóttur hefði ég verið meðflm. á þessari brtt. ef ég hefði verið á landinu en ég var erlendis í störfum fyrir Alþingi.

En í brtt., sem þingmennirnir leggja fram, er lagt til að sérstakar viðbótarbarnabætur sem eru nú greiddar til einstæðra foreldra með börnum umfram eitt, sé barnið yngra en sjö ára, verði hækkaðar um 20 þús. kr. ári. Með þessu móti yrði útgjaldaauki um 45 milljónir en þess má geta að þegar millifæranlegur persónuafsláttur er kominn til sögunnar að fullu, orðinn 100%, felur það í sér útgjaldaauka eða öllu heldur tekjutap fyrir ríkissjóð um 400 millj. kr.

Þegar litið er á umsagnir sem Alþingi hafa borist um þetta frv. er viðkvæðið yfirleitt það að aðilar hefðu kosið aðra forgangsröðun, jafnvel þau samtök sem eru fylgjandi þessari skattbreytingu leggja áherslu á aðra forgangsröðun. Það kemur t.d. fram í ályktun frá Öryrkjabandalagi Íslands. Hið sama er upp á tengingnum hjá BSRB. Þar er reyndar vísað til þess að í ályktun síðasta þings BSRB um skattamál komi fram stuðningur við fullnýtanlegan persónuafslátt maka en auk þess er lagt til að heimilt sé að nýta persónuafslátt barna á aldrinum 16–21 árs. Í niðurlagi yfirlýsingar BSRB segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi þeirra markmiða sem sett eru fram í stefnumörkun BSRB hafa samtökin talið brýnast að skattleysismörkin séu hækkuð og þau látin fylgja launaþróuninni í landinu og að gripið sé til annarra ráðstafana sem bæta stöðu tekjulágs fólks."

Í svipaðan streng er tekið í ályktun Alþýðusambands Íslands sem er allítarleg. Þar er einnig vakin athygli á því að önnur forgangsröðun hefði verið heppilegri. Í álitsgerðum sem koma frá þessum tveimur stærstu heildarsamtökum launafólks er sérstaklega vikið að þróun skattleysismarka á liðnum árum og bent á að þau hafi ekki fylgt launaþróun í landinu og það hafi valdið því að skattbyrðar á tekjulágt fólk og millitekjuhópa hafi aukist.

Einnig er þess að geta að hlutur barnafólks hefur verið rýrður. Þrátt fyrir öll kosningaloforðin og allar heitstrengingarnar hafa barnabætur minnkað í krónum talið. Þannig er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar sem endanlega var samþykkt í morgun að barnabætur á næsta ári verði 320 millj. kr. lægri en þær eru á þessu ári. Í ljósi þeirrar forgangsröðunar, sem var í reynd samþykkt með atkvæðagreiðslu í morgun, hlýtur þessi tillaga ríkisstjórnarinnar að vekja nokkra furðu. Þannig var ákveðið að taka af fötluðum á fjórða hundrað milljónir á komandi ári. Á fjórða hundruð millj. kr. eru teknar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Framkvæmdasjóður aldraðra er einnig skertur og við þekkjum öll hvernig farið hefur með grunnlífeyri og tekjutryggingu fatlaðra og aldraðra á liðnum árum og hvað þar er á döfinni.

Ég vek athygli á því að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er röng. Ég mun hins vegar ekki greiða atkvæði gegn þessari tillögu ríkisstjórnarinnar en vek mjög eindregið athygli á þessu.

Hver vill borga skatta? sagði hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hverjir eiga að borga skatta? Ég er mikill skattasinni sjálfur vegna þess að ég vil öfluga velferðarþjónustu í landinu. Ég vil verja þessum skatttekjum skynsamlega og ég vil að þeirra sé aflað á réttlátan hátt. Þar kemur forgangsröðunin jafnan fyrst til álita. Í þessu efni er fogangsröðunin röng þótt um málefnið kunni að ríkja allbreiður stuðningur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:38]

Útbýting þingskjala:

Málefni aldraðra, 173. mál, brtt. ÞBack o.fl., þskj. 466.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, 273. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 467.

Samhengi milli sölu veiðiheimilda og verðbólgu, 220. mál, svar viðskrh., þskj. 462.

Skattlagning í sjávarútvegi, 222. mál, svar fjmrh., þskj. 460.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 270. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 465.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 2. umr.

Stjfrv., 25. mál (EES-reglur). — Þskj. 25, nál. 317, brtt. 318, 319 og 320.

[16:39]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Undir þetta nál. rita reyndar fjórir nefndarmenn með fyrirvara, þau hv. þm. Pétur Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson. Fyrirvari þeirra mun væntanlega koma fram er þau gera grein fyrir máli sínu á eftir.

Frv. þetta gengur út á í fyrsta lagi að sameina Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða, þó með því að settur er upp sérstakur lánasjóður sem tengist sparisjóðadeildinni. Í öðru lagi er það nýmæli að tekið er upp sérstakt tryggingakerfi vegna verðbréfaviðskipta.

Þetta frv., ef að lögum verður, mun leysa af hólmi þau lög sem gilda núna um Tryggingarsjóð viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða. Það var líklega 1996 sem þessum lögum var breytt síðast og þá var mikil umræða um það sameina Tryggingarsjóð viðskiptabanka og Tryggingarsjóð sparisjóða. Af því varð ekki vegna þess að það náðist ekki samkomulag um ýmis atriði sem skiptu máli í því sambandi. Því er það fagnaðarefni að nú skuli hafa tekist að ná öllum fjármagnsmarkaðnum saman í einn tryggingarsjóð. Það styrkir einfaldlega alla þessa starfsemi og gefur sjóðnum þá meiri möguleika til þess að grípa inn í ef á þarf að halda. Vonandi verður þetta samt sjóður sem getur safnast upp og aldrei þarf að greiða úr. Reynslan sýnir þó að óvarlegt er að gera ráð fyrir því. Þess vegna er þetta tryggingakerfi sett á fót og reynt að haga því þannig að það sé með eðlilega tryggingafræðilega stöðu gagnavart þeirri áhættu sem er í þessum viðskiptum.

Nefndin sendi þetta mál til umsagnar þeirra aðila sem við þetta þurfa að búa eða hafa skoðun á þessu og fékk umsagnir og kallaði menn á sinn fund. Lagðar eru til breytingar á frv. af hálfu nefndarinnar. Þessar breytingar eru í fimm liðum.

Í fyrsta lagi er það varðandi 4. gr. frv. sem snýr að skipan stjórnar og ráðningu framkvæmdastjóra. Gert er ráð fyrir því að viðskiptaráðherra tilnefni fulltrúa innstæðueigenda og fjárfesta sem áheyrnaraðila með málfrelsi og tillögurétt í stjórn sjóðsins, til að þeir geti fylgst með starfsemi hans. Reiknað er með því að slíkur fulltrúi komi frá Samtökum fjárfesta. Enn fremur er gert ráð fyrir því að stjórn sjóðsins skuli á a.m.k. tveggja ára fresti gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lágmarkseignar sjóðsins skv. 6. og 7. grein. Í því felst að stjórn sjóðsins meti á grundvelli tryggingafræðilegra forsendna stöðu sjóðsins og gefi út formlegt mat á því hvort hún telji að eignir sjóðsins séu nægar og ef ekki þá hverjar þær þurfi að vera til þess að þær teljist nægilegar. Það fari sem sé fram einhvers konar formlegt tryggingafræðilegt mat á vegum stjórnarinnar sem verði síðan sent formlega til ráðherrans.

Í 2. lið brtt. er gert ráð fyrir breytingu á 6. gr. en meginefni þeirrar brtt. er að kveða nánar á um ábyrgðaryfirlýsingar sem gefnar eru út ef þarf að greiða inn í sjóðinn. Í frv. er 6. gr. ekki með neinni nákvæmri lýsingu á ábyrgðaryfirlýsingunni en í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir því að nokkuð ítarlega sé kveðið á um það hvernig ábyrgðaryfirlýsingu skuli háttað.

Þriðji liður brtt. snýr enn fremur að því sama en nú gagnvart verðbréfafyrirtækjum en ekki bönkum en er sambærilegs eðlis.

Við 4. lið brtt. er gert ráð fyrir því að ef aðildarfyrirtæki sinnir ekki skyldum sínum gagnvart sjóðnum sé hægt að beita dagsektum og síðan afturkalla starfsleyfi þeirra ef sektirnar skila ekki tilætluðum árangri. Ef aðildarfyrirtæki uppfyllir ekki skyldu sína gagnvart sjóðnum samkvæmt lögum þá skal stjórn hans tilkynna ráðherra og Fjármálaeftirlitinu. Þá fer í gang ferli þar sem reynt er að fá viðkomandi aðila til að bæta úr en sé það ekki gert getur stjórn sjóðsins að fengnu áliti Fjármálaeftirlitsins lagt dagsektir á fyrirtækið. Þær geta numið 50–500 þús. kr. á dag.

Í 5. lið brtt. er kveðið hreint á um að sjóðurinn yfirtaki þá eignir og skuldir Tryggingarsjóðs viðskiptabanka og innstæðudeildar Tryggingarsjóðs sparisjóða. Tryggingarsjóður viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða verði bæði lögð niður frá þeim tíma en lánadeild sem hefur starfað á vegum sparisjóðanna mun starfa áfram.

Þetta eru þær breytingar á frv. sem boðaðar eru af hálfu nefndarinnar. Mál þetta var allmikið rætt í nefndinni og um þær breytingar sem hér eru lagðar fram varð samstaða en hins vegar lýsti ég því fyrr að hv. nefndarmenn hafa nokkra fyrirvara sem koma þá fram í brtt. sem þeir flytja.

[16:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum er að mörgu leyti mjög gott og þetta horfir til bóta, í fyrsta lagi það að sameina þá tvo sjóði sem starfa í dag til tryggingar innstæðu sparifjáreigenda, það bætir og eykur öryggi innstæðueigenda, sem er grunnsparnaður og mjög mikilvægt að vernda.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að bankinn eða sparisjóðurinn skuldar sparifjáreigandanum innstæðuna og það er um að ræða tugi milljarða sem bankakerfið á Íslandi skuldar innstæðueigendum. Það er verulega mikið atriði þar sem um skuld er að ræða að gætt sé að tryggingu þessara innstæðna ef eitthvað kemur upp á, ef bankastofnun eða innstæðustofnun, sparisjóður eða banki, verður gjaldþrota. Þá eru þetta nefnilega almennar kröfur í þrotabúið og geta farið mjög illa. Þar sem oft er um að ræða einstaklinga sem eru ekki fjárhagslega vel stæðir er mjög mikilvægt og þykir alls staðar mikilvægt að gæta hagsmuna þeirra.

Til viðbótar við þessi lög um innstæðutryggingar erum við með bankaeftirlit, sem gætir mjög vel að stöðu bankanna og innstæðustofnana, við erum með CAD-reglur, sem tryggja að eigið fé fari aldrei undir ákveðið lágmark, og við erum með kröfur um eigið fé og alls konar tryggingar til að vernda hinn almenna sparifjáreiganda.

Það mál sem við fjöllum um er EES-mál, þ.e. Evrópusambandið er búið að samþykkja reglugerð sem á að tryggja stöðu innstæðueigenda og fjárfesta. Þá erum við komin að hinum endanum sem eru fjárfestar sem hafa keypt og eru að kaupa hlutabréf sem er allt önnur áhætta en innstæða í banka. Fjárfestir sem kaupir hlutabréf gerir sér vonir um hækkun á gengi og hærri arð en gengur og gerist um vexti af innstæðum en tekur í kaupbæti áhættu af því að gengi bréfanna lækki eða þau verði jafnvel verðlaus, að bréf verði verðlaus ef viðkomandi hlutafélag verður gjaldþrota. Þetta er áhætta þess sem er að vinna á hlutabréfamarkaði. Þeir sem fjárfesta þar eiga að vera meðvitaðir um þá áhættu.

Til að tryggja þessa aðila hafa verið sett mjög viðamikil lög hér á landi, sérstaklega eftir gjaldþrot Ávöxtunar um árið. Að mörgu leyti eru lög til að tryggja stöðu fjárfesta sterkari og nákvæmari og betur útfærð en lög sem gilda um banka enda nýrri. Í fyrsta lagi eru fjármunir fjárfesta hjá verðbréfafyrirtækjum sérgreindir á nafni viðkomandi aðila þannig að ef verðbréfafyrirtæki verður gjaldþrota gerist ekkert með innstæðuna, hún er í eigu viðkomandi aðila, nema um sé að ræða samhliða gjaldþrotinu einhver mistök eða misferli starfsmanna fyrirtækisins.

Til þess að hindra það höfum við mjög sterkt bankaeftirlit með þessum fyrirtækjum eins og ég gat um áðan, að mörgu leyti strangara en með innlánsfyrirtækjunum. Síðan er eiginfjárkrafa til verðbréfafyrirtækja sem er mjög há, tugir milljóna, og svo er að auki starfsábyrgðartrygging fyrirtækjanna og lykilstarfsmanna þeirra. Það er því nærri útilokað, herra forseti, að það verði tjón á þessu sviði. Það þurfa þá að koma til nokkuð stórfelld mistök eða misferli sem fer saman við gjaldþrot viðkomandi fyrirtækis. Þá hafi sem sagt allt bilað, starfsábyrgðartryggingin, eiginfjárkrafan, bankaeftirlitið o.s.frv. Þetta er nærri því útilokað. Vegna þess að eðli þessara fjárfestinga er allt annað en eðli innstæðna þar sem fólk er að leggja fram sparifé sitt og treystir því að fá peninga sína til baka og fær alltaf sína peninga til baka, þá tel ég algjörlega ástæðulaust að vera með slíka tryggingu eins og hér er gert ráð fyrir, að mynda sjóð fyrir þessari áhættu. Sjóðurinn er enda mjög lítill, hann er aðeins 100 milljónir og á móti 2.500 milljónum sem verða í þessum innstæðutryggingarsjóði, þ.e. tryggingarsjóðnum fyrir innstæðunum.

Starfsábyrgðir verðbréfafyrirtækja og lykilstarfsmanna þeirra eru settar á samkvæmt reglugerð og ráðherra er í lófa lagið, ef það kemur í ljós að reglur EES eru ekki uppfylltar hér á landi, að auka og bæta þær starfsábyrgðartryggingar þannig að þær nái þeim tryggingum sem um er talað. Upphæðir upp á 100 milljónir eru ekkert sjaldgæfar í slíkum tryggingum á fjármálamarkaðnum. Ég sé því enga ástæðu til þess að vera að búa til enn einn sjóðinn og enn eina stofnunina til þess að tryggja þetta. Það er nefnilega þannig, herra forseti, að allt sem er myndað á þennan hátt er greitt af einhverjum.

Í þessu skyni hef ég lagt fram brtt. sem taka út þennan tryggingarsjóð fyrir fjárfesta, þessar 100 milljónir sem á að mynda á fimm árum eða eitthvað slíkt með greiðslum frá verðbréfafyrirtækjunum. Að sjálfsögðu er það á endanum greitt af viðskiptavinum fyrirtækjanna, þ.e. þeim sem eru að fjárfesta í verðbréfum.

Herra forseti. Þetta virðist vera mjög lítið mál og er líka lítið mál og alveg furða að maður skuli nenna að standa í þessu. Margir segja að það muni ekkert um einn kepp í sláturtíðinni en það er nefnilega þannig að það er stöðugt hér á hinu háa Alþingi verið að búa til svona sjóði, búa til stofnanir, búa til gjaldstofna, auka pínulítið hér og auka pínulítið þar. Þetta gengur svona allan daginn. Ég minni á frv. um brunatryggingar, 285. mál þar sem á að stofna landskrá fasteigna, allt ljómandi gott og fínt. Það á að hækka gjaldið til hennar úr 0,025% af fasteignamati upp í 0,1% af fasteignamati, ósköp ómerkilegt og lítið og munar ekkert um það. Á 10 millj. kr. fasteign, sem er svona meðal fjögurra til fimm herbergja íbúð, á að hækka gjaldið úr 250 kr. í þúsundkall. Hvern munar um það á ári? Hvern munar um svona smotterí? Hvað munar verðbréfafyrirtækin um 100 milljónir? Ekki nokkurn skapaðan hlut.

En þegar stöðugt er verið að bæta svona litlum steinum á klárinn sem dregur allt velferðarkerfið, þ.e. skattgreiðandann, þá fer hann að kikna og slaga. Það er stöðugt verið að bæta á hann hér og þar. Ég nefni ofanflóðasjóð sem dæmi, þá var bætt pínulítið ofan á fasteignaeigendur í landinu og stöðugt er verið að bæta pínulitlu hér og pínulitlu þar. Sá sjóður sem við stöndum frammi fyrir upp á 100 milljónir, sem er algjörlega óþarfur eins og ég rökstuddi áðan, herra forseti, er enn ein steinvalan á klárinn sem dregur allt velferðarkerfið.

Það er mjög mikilvægt að klárinn sé sprækur svo hann geti dregið hið raunverulega velferðarkerfi. Ég tel að þessi tryggingarsjóður, sem er óþarfur, sé ekki hluti af velferðarkerfinu. Það eru engar líkur á að þetta komi upp og auk þess, eins og ég er margbúinn að geta um eru þeir aðilar sem fjárfesta í verðbréfum að taka áhættu.

Ég er því á móti þessu af þeirri ástæðu að hér er enn ein steinvalan sem bætist við okið sem er á klárnum, skattaklárnum sem dregur velferðarkerfið. Mér er nefnilega mikið í mun að velferðarkerfið fái fjármuni og geti verið skilvirkt og sterkt. Það má eflaust vera miklu ódýrara þó að það skili jafnvel meiri velferð en það gerir í dag. Það má gera það örugglega miklu skilvirkara. En við þurfum að gæta að því að sá klár, sem dregur velferðarkerfið og alveg sérstaklega núna undanfarið hefur gerst mjög sprækur og staðið undir svokölluðu góðæri, sé ekki lestaður, það séu ekki lagðar stöðugt meiri kvaðir á skattaklárinn sem dregur velferðarvagninn. Þess vegna er ég á móti þessu og hef lagt fram brtt. um að leggja niður þennan hundrað millj. kr. sjóð sem er ekki neitt neitt í öllu þessu sem við erum að tala um.

Ég er auk þess með tillögur um það að breyta stjórninni þannig að inn komi einn fulltrúi til viðbótar. Þeir eru fimm fyrir og þegar farið var að skoða það mál nákvæmlega kom í ljós að aðalvandinn við sameiningu þessara sjóða voru stjórnarmennirnir og stjórnarsætin. Búið að ganga mjög tryggilega frá því hvaðan þessir stjórnarmenn ættu að koma og varð engu um hnikað þannig að lausnin fólst í því að bæta við einum. Það áttu að koma tveir frá bönkunum, einn frá sparisjóðunum, því varð ekki haggað. Þetta er svo mikilvægt. Síðan áttu að koma tveir tilnefndir af ráðherra og það kom upp úr dúrnum að annar er frá fjmrn. og hinn frá viðskrn. Það var líka mjög mikilvægt. Það eru örugglega einhverjir aðilar þar sem passa það að þeir haldi stöðum sínum. Því varð það niðurstaða hjá mér að bæta við einum, sem er raunverulegur fulltrúi þeirra sem verið er að tryggja. Það er nefnilega svo að þessir sjóðir eru til að gæta hagsmuna innstæðueigenda en ekki starfsmanna ráðuneytanna eða starfsmanna bankanna. Ég legg til að það verði bætt inn einum, sjötta manni í stjórn, sem er fulltrúi sparifjáreigenda, hver sem hann nú er. Reyndar er til Félag fjárfesta og það er sennilega sá aðili sem mundi tilnefnda þarna í. En ég tel mjög mikilvægt að þeir aðilar, þ.e. sparifjáreigendur sem eiga allt undir því að þessi sjóður starfi rétt og vel, fái einn mann í stjórn þarna.

[17:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Efni þessa frv. er að gert er ráð fyrir að Tryggingarsjóður viðskiptabanka og innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða sameinist, auk þess sem komið verði á fót tryggingakerfi fyrir fjárfesta í tengslum við tilskipun Evrópusambandsins. Ég hef skrifað undir nál. efh.- og viðskn. ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur með fyrirvara,

en fyrirvari okkar lýtur að lágmarksvernd og skipan í stjórn Tryggingarsjóðs.

Ef ég byrja fyrst, herra forseti, á tryggingaverndinni þá er 10. gr. ein mikilvægasta grein frv. að því er varðar tryggingavernd fyrir innstæðueigendur en í 10. gr. segir:

„Nú hrökkva eignir viðkomandi deildar sjóðsins ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum og skal þá greiðslu úr hvorri deild skipt þannig milli kröfuhafa að krafa hvers þeirra allt að 1,7 millj. kr. er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar hrökkva til."

Þá vaknar sú spurning hvort hér sé um að ræða nægjanlega tryggingavernd þegar kröfuhafar eða innstæðueigendur eru tryggðir raunverulega upp að 1,7 millj. með inneignir sínar, sem er þá bætt að fullu, en hlutfallslega eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til varðandi það sem eftir stendur af innstæðunum. Að því lýtur sú brtt. sem við höfum gert og verð ég að segja, herra forseti, að ég hef haft nokkrar áhyggjur af þeirri fjárhæð sem þarna er tilgreind. Við í minni hlutanum kölluðum eftir nokkrum upplýsingum frá ráðuneytinu til að geta lagt mat á þá tryggingavernd sem þarna kemur fram og þá tryggingavernd sem er í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Vil ég með nokkrum orðum fara yfir það hvernig málið stendur að því er varðar tryggingaverndina í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.

Þar kemur fram að flest EES-ríki tryggja innstæðueigendur og fjárfesta einungis að því fjárhæðarmarki sem áskilið er sem lágmark í tilskipum ESB, sem er 20 þús. evrur, og sum ríkin nýta sér heimild í tilskipun til að tryggja einungis 90% af innstæðum á verðbréfum upp að 20 þús. evrum, þ.e. sjálfsáhætta innstæðueigenda og fjárfesta er 10%. En frá þessu eru undantekningar. Hvað innstæðutryggingar varðar eru Finnland og Noregur veigamestu undantekningarnar. Í Finnlandi eru innstæður tryggðar að fullu. Það er sem sagt ekkert þak sett á eins og er í því frv. sem við hér ræðum upp á 1.700 þús. sem er nálægt því sem áskilið er sem lágmark í tilskipun ESB. Í Noregi er tryggingaverndin allt að 250 þús. evrur, sem er margfalt það sem lágmarkið er í tilskipuninni og margfalt það sem hér er lagt til að verði tryggingavernd fyrir innstæðueigendur hér á landi. Það er rúmlega tífalt meira raunverulega en ESB-tilskipunin gerir ráð fyrir. Einnig bjóða Svíþjóð, Danmörk, Frakkland, Bretland og Portúgal, og Ísland er reyndar einnig í þeim hópi, heldur meiri vernd en áskilið er sem lágmark. Er það raunverulega mjög lítið sem gert er ráð fyrir í 10. gr. frv. að við bjóðum sem lágmarksvernd umfram þær 20 þús. evrur sem áskilið er. Bretland sker sig úr varðandi tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Þar eru fjárfestar tryggðir fyrir allt að 5,7 millj. kr. og fjárfestar eru tryggðir gegn slæmri ráðgjöf verðbréfafyrirtækja og er nokkuð athyglisvert að það skuli vera tryggt fyrir slæmri ráðgjöf verðbréfafyrirtækja. Ef ég man rétt hefur á þetta reynt þar sem þetta hefur verið gert eins og í Bretlandi.

Lágmarkstryggingin fyrir íslenska innstæðueigendur í dag eru 22 þús. evrur en lágmarkið í tilskipuninni eru 20 þús. evrur. Í þeim upplýsingum sem við kölluðum eftir báðum við um það að nefndin fengi upplýsingar hver væri inneign að meðaltali hjá hverri innlánsstofnun og verðbréfafyrirtæki og fjölda einstaklinga með innstæður undir 1.700 þús., þ.e. undir því lágmarki sem tryggir innstæðueigendum fullar greiðslur ef illa fer í þeim banka sem þeir eiga sparifé sitt geymt í. Þá kemur í ljós að ráðuneytið hafði óskað eftir þessum upplýsingum hjá einum viðskiptabanka og samþykkti hann að taka saman þessar upplýsingar. Eingöngu voru teknir með í útreikningana innstæður yfir 10 þús. kr. en um helmingur innlánsreikninga í viðkomandi viðskiptabanka er með innstæður undir þeirri fjárhæð. Meðalinnstæða þeirra innstæðueigenda sem voru með hærri innstæðu en 10 þús. en undir 1.700 þús. kr. var 544.965 kr.

Nú skal ég ekki segja hversu marktæk þessi úttekt eða könnun er sem gerð var hjá einum banka og hvort hægt sé að alhæfa það yfir allar bankastofnanir og sparisjóði að 93% af innstæðum séu undir þessum 1.700 þús. sem frv. sem við fjöllum hér um setur sem tryggingavernd sem tryggir að fullu þessar innstæður en hlutfallslega það sem þar er umfram.

Síðan eru reglur um starfsábyrgðartryggingar sem hv. síðasti ræðumaður kom nokkuð inn á sem hann taldi að ætti að duga varðandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og mælti gegn þeirri tryggingavernd sem hér er gert ráð fyrir varðandi verðbréfin og stofnun á nýjum sjóði, eins og hann kallaði það, með 100 millj. kr. eign. Ég get út af fyrir sig tekið undir margt af því sem fram kom í máli Péturs H. Blöndals varðandi þann þátt málsins. Reyndar er það svo, og ég man ekki hvort hann kom inn á það, að umsagnaraðili einn eins og FBA segir: „Sé ástæða til að veita fagfjárfestum, stofnanafjárfestum eða opinberum aðilum aukna vernd, er eðlilegra að slíkt sé gert með hækkun fjárhæðar og breytingum á lágmarksskilmálum lögbundinna tryggingа." Ég hygg að það sé það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er að tala fyrir og er út af fyrir sig margt sem mælir með því þó að við sem skipum minni hlutann, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Ögmundur Jónasson og sú sem hér stendur, tökum ekki sérstaklega undir eða gerum brtt. við.

Ég held að full ástæða sé til þess að við förum sömu leið og er hjá Finnum og reyndar Norðmönnum, að hafa fulla tryggingavernd fyrir innstæðueigendur og að því lýtur brtt. okkar. Ég held að það muni ekki breyta mjög miklu varðandi innlegg í sjóðinn sem á að vera 1% af meðaltali tryggðra innstæðna, þó gæti það verið að það breytti einhverju lítillega þannig að það þyrfti að leggja meira en þetta 1% inn, en verði þessi tillaga samþykkt við 2. umr. þá munum við að sjálfsögðu skoða það í 3. umr. hvort rétt sé að breyta því sem áskilið er í 6. gr. frv., þ.e. um heildareign innstæðudeildar sjóðsins, hvað það skuli vera að lágmarki.

Það er auðvitað freistandi, herra forseti, að fara nokkuð yfir stöðuna í bankakerfinu í tengslum við það að við erum að ræða Tryggingarsjóð og tryggingavernd fyrir þá sem geyma peninga sína og sparifé hjá innlánsstofnunum. Það er auðvitað margt núna í bankakerfinu sem veldur ákveðnum áhyggjum og sem kallar á það að við höfum hér öflugan tryggingarsjóð sem getur staðið undir því að mæta skakkaföllum í bankakerfinu. Að vísu er það svo ef hér verður eitthvað mikið bankahrun líkt og varð í Noregi fyrir um tíu árum þegar norski ríkissjóðurinn þurfti að koma til móts við það mikla bankahrun sem þar varð með 50 milljörðum kr., þá er þetta hvergi nærri nóg sem við erum hér að leggja til. Auðvitað vonar maður að svo fari ekki hér. En það er margt sem veldur áhyggjum í bankakerfinu, eins og mikil útlánatöp sem hafa verið á umliðnum árum, þó að á því hafi orðið nokkrar breytingar, útlánatöpin í bankakerfinu hafa verið alveg gífurlega mikil, námu t.d. á árunum 1993–1997 hjá Landsbanka og Búnaðarbanka, á þessu fjögurra ára tímabili, um 14 milljörðum kr., sem voru að vísu aðallega hjá lögaðilum. En það eru auðvitað gífurlega mikil útlánatöp.

Eins hefur það valdið miklum áhyggjum líka að því er varðar bankana núna, þ.e. minnkandi eiginfjárhlutfall. Fengum við tölur um það inn í efh.- og viðskn. og er rétt að halda því til haga í umræðunni af því eiginfjárhlutfallið skiptir verulegu máli varðandi styrk bankakerfisins og einstakra lánastofnana, það hefur minnkað verulega og helst í hendur þá við útlánaaukninguna. Eiginfjárhlutfall einstakra bankastofnana og þáttur víkjandi lána er orðið miklu stærra á umliðnum árum, eða frá 1995 á tímum þeirrar þenslu sem við höfum gengið í gegnum. Er hægt að nefna það hér að eigið hlutfall viðskiptabanka og sparisjóða var í árslok 1995 um 11% en var núna um mitt þetta ár um 9,5%. Þetta er auðvitað mismunandi hjá einstaka bankastofnunum. Ef tekinn er með inn í eiginfjárhlutfallið þáttur víkjandi lána, þá var eiginfjárhlutfallið t.d. hjá Landsbanka án víkjandi lána 7,4% árið 1995 en er komið niður í 6%. Mig minnir að eiginfjárhlutfallið sé áskilið í lögum um 8%. Ef teknir eru sex stærstu sparisjóðirnir þá hefur eiginfjárhlutfallið lækkað úr 14,2% eins og það var 1995 niður í 7,9%. Við slíkar aðstæður er auðvitað mjög brýnt og raunar alltaf að hafa hér sterka og örugga tryggingarsjóði og að löggjafarþingið búi þannig um hnútana að eins og kostur sé verði haldið þannig á málum varðandi þessa tryggingarsjóði að þeir geti staðið undir því ef bankakerfið verður fyrir miklum skakkaföllum.

Varðandi verðbréfadeild Tryggingarsjóðsins sem síðasti ræðumaður gagnrýndi nokkuð má segja að það séu bæði kostir og gallar að hafa þetta inni með þeim hætti sem hér er gert. Ég hef áður minnst á umsögn FBA sem telur eðlilegra að fagfjárfestar og stofnanafjárfestar með opinberum aðilum fái sína vernd gegnum starfsábyrgðartryggingu, en starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana bætir allt að 4,5 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks en heildarfjárhæð bóta getur þó ekki orðið hærri en 13,5 millj. kr. á tímabilinu. Sambærilegar tölur fyrir verðbréfafyrirtæki eru 9 millj. kr. og 27 millj. kr., hvort tveggja miðað við verðlag ársins 1993. Þessar tölur hafa því greinilega eitthvað breyst, en eru kannski ekki mjög fjarri þessu. Seðlabankinn bendir á kostina að hafa verðbréfadeildina inni í þessum tryggingarsjóði og segir að bankastarfsemi og verðbréfasala sé orðin mjög samofin og hagstætt sé út frá tryggingafræðilegu sjónarmiði að stækka slíka sjóði og dreifa áhættu, auk þess sem rekstrarkostnaður yrði minni. Það er alveg örugglega rétt að þeir sem eiga einhvern smávægilegan sparnað, hann þarf ekki að vera stór, hafa ábyggilega á umliðnum árum flutt sparnað sinn mikið úr hefðbundnum bankabókum og innstæðum yfir í hlutabréf eða verðbréf.

Við spurðumst fyrir um það í nefndinni hversu oft hefði reynt á innstæðutryggingar og vorum þar með sem viðmið Evrópska efnahagssvæðið. Þá kom fram að tvö verðbréfafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa orðið gjaldþrota á þessu ári, sem bitnaði nokkuð á einstaklingum sem þar áttu sparnað sinn. Staða tryggingarsjóðsins eins og hann er í dag er að viðskiptabankarnir, og það kom mér nokkuð á óvart, hafa ekki þurft að greiða til tryggingarsjóðsins í fimm ár, en frá 1985–1993 greiddu bankarnir 2 milljarða kr., eða 1% af innstæðum. Skýringin er sú að ávöxtun á eignum sjóðsins er hærri en hækkun innstæðna á tímabilinu.

Ég sé, herra forseti, út af fyrir sig ekki ástæðu til að fara ítarlegar yfir þetta mál. Afstaða okkar í minni hlutanum er skýr í þessu efni. Við flytjum hér tvær brtt. eins og ég hef lýst. Sú fyrri lýtur að stjórn þessa tryggingarsjóðs en við viljum líkt og síðasti ræðumaður, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að inn í þennan sjóð komi fulltrúi innstæðueigenda eða fjárfesta. Það er alveg rétt eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns að sjóðurinn á að gæta hagsmuna innstæðueigenda og því er auðvitað eðlilegt að þeir eigi einn fulltrúa, en þarna inni séu ekki bara hagsmunaaðilar eins og fulltrúar bankastofnana. Einhver verður að fylgjast með því, þó að ég sé ekki þar með að segja að fulltrúar bankastofnana geri það ekki, að hér sé um nægjanlega tryggingavernd að ræða. Það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins, en það á að vera líka hlutverk sjóðstjórnarinnar og þar tel ég að besti vörslumaður innstæðueigenda væri fulltrúi sem kæmi beint úr þeirra hópi. Í nefndinni var rætt um að það gæti annaðhvort verið um að ræða fulltrúa frá Samtökum fjárfesta eða jafnvel frá Neytendasamtökunum. Mér skilst að nú sé þannig um hnútana búið að fulltrúi Neytendasamtakanna sé í ákveðinni nefnd á vegum viðskrn. eða viðskrh. sem sér um málefni neytenda í viðskiptum við fjármálafyrirtæki og í þeirri nefnd sem fjallar um málefni neytenda í viðskiptum við fjármálastofnanir eru Neytendasamtökin, fjármálafyrirtæki og viðskrn., ég held að þetta sé þriggja manna nefnd. Ég verð að segja það, herra forseti, mér finnst óttalega smásmugulegt að hleypa ekki fulltrúa innstæðueigenda eða fjárfesta inn í þá sjóðstjórn. Ég hef skilið það svo að það væri eitthvað viðkvæmt mál gagnvart þeim sem fyrir eru í þessari stjórn. En ég tel ákaflega mikilvægt að málum sé skipað með þeim hætti og sjóðstjórnin sé þannig skipuð og því er tillaga okkar svohljóðandi:

„Við 4. gr. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er verði 3. málsl., svohljóðandi: Skal annar þeirra manna sem viðskiptaráðherra tilnefnir vera fulltrúi innstæðueigenda og fjárfesta."

Síðan kem ég að 2. tölul., sem er veigamesta brtt. okkar í minni hlutanum sem skipa ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson, en hún lýtur að aukinni tryggingavernd frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Þar leggjum við til að einstaklingar skuli fá kröfur sínar vegna tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum greiddar að fullu. Hér er sem sagt lagt til að full tryggingavernd sé hjá þeim sem eiga innstæður sínar í innlánsstofnunum og bönkum, þannig að þeir geti verið rólegir hvað sem á dynur, hvaða skakkaföll sem verða í bankakerfinu, þá munu þeir að fullu og öllu fá sínar innstæður greiddar.

Í 2. tölul. brtt. okkar segjum við því:

„Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:

Einstaklingar skulu fá kröfur sínar vegna tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum greiddar að fullu. Krafa hvers lögaðila og krafa einstaklinga vegna tryggðra verðbréfa og reiðufjár allt að 1,7 millj. kr. skal bætt að fullu en allt sem umfram þá fjárhæð er skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir hvorrar deildar sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi er bundin við gengi evru (EUR) miðað við kaupgengi hennar 5. janúar 1999. Lögaðilar geta ekki krafið sjóðinn um frekari greiðslu síðar þótt tjón þeirra hafi ekki verið bætt að fullu. " — Og þá erum við að tala um verðbréfasjóðina. — „Sama á við um einstaklinga varðandi kröfur vegna tryggðra verðbréfa og reiðufjár."

Þetta er sem sagt tillaga okkar, herra forseti, en hún lýtur að því að tryggja að fullu innstæður í innlánsstofnunum hjá einstaklingum, líkt og gert er í Finnlandi, og reyndar í Noregi einnig. Ég held ég láti máli mínu lokið, herra forseti, og vænti þess að tillagan fái hljómgrunn hér í þingsölum.

[17:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en markmiðið með þessum lögum er að veita innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja, sem nýta sér heimildir til laga til að stunda viðskipti með verðbréf, lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis í samræmi við ákvæði laganna. Í þessu skyni er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta, renni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Með því yrði til einn heildstæður tryggingarsjóður sem verndaði innstæðueigendur og viðskiptavini lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu gegn greiðsluerfiðleikum þessara fyrirtækja. Nú má eflaust fara ýmsar leiðir til að ná þessu markmiði eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur bent á. Sá hængur er hins vegar á að þessi lagabreyting er samkvæmt tilskipun frá Evrópu, eina ferðina enn, þarf ekki að vera verri fyrir bragðið, en það er bara staðreynd málsins að við þurfum að laga okkar rétt að tilskipunum Evrópusambandsins hvað þetta snertir, við eigum því sannast sagna ekki margra kosta völ. Hins vegar finnst mér þetta vera hið besta mál og sjálfsagt að tryggja með sjóðsmyndun þessar kröfur sem við ætlum síðan að lögfesta. Ég set ekki saman í eina spyrðu innstæðueigendur annars vegar og hins vegar fjárfesta á markaði. Mér finnst eðli máls samkvæmt staða þeirra vera mismunandi. Eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals hafa innstæðueigendur í bönkum og sparisjóðum lánað þessum stofnunum eignir sínar til varðveislu. Í hinu tilvikinu eru þeir að ráðstafa eignum sínum til þess að hagnast á þeim. Þetta er eðli máls samkvæmt ekki sami hluturinn.

Flest ríki í kringum okkur hafa fyrir löngu farið inn á þá braut að setja einhvers konar skilmála fyrir tryggingum, enda er það svo að þegar bankakerfin riða til falls, eins og gerðist í Noregi og Svíþjóð á níunda áratugnum, Kanada, Bandaríkjunum og víðar, hefur ríkisvaldið í öllum tilvikum hlaupið undir bagga. Það sem verið er að gera hér er að búa til sjóð sem þessir sömu aðilar greiða inn í viðskiptavinum sínum til verndar.

Ég ætla ekki að fara að tyggja hér upp þau rök sem fram hafa komið í þessu máli. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á að fram hefði komi í umsögn sem efh.- og viðskn. barst að í sumum löndum eru innstæðutryggingar mjög traustar, þ.e. innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum og þá sérstaklega í Finnlandi og Noregi. Í Finnlandi eru innstæður tryggðar að fullu, í Noregi allt að 250 þús. evrum. En samkvæmt frv. er lágmarksinnstæðutrygging 20 þús. evrur ef ég man rétt, sem er um 1,7 millj. kr., það lágmark sem sett er í frv. sem hér er til umræðu.

Við leggjum til, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem er 1. flm., hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og ég, að innstæða viðskiptavina viðskiptabanka og sparisjóða verði tryggð að fullu, en viljum láta aðra reglu gilda um verðbréfaeign og slík viðskipti.

Ég vil, herra forseti, gera orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 1. flm. þessarar brtt. okkar, að mínum og hef ekki frekari málflutning um þetta frv. sem ég að öðru leyti styð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268.

[17:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. sem hæstv. fjmrh. talaði fyrir fyrir fáeinum dögum um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ég ætla ekki á þessu stigi máls að hafa um frv. mörg orð. Ég hef reyndar áður talað í þessu máli og vakið athygli á því að með einhliða ákvörðun sinni um að reyna að keyra í gegnum þingið breytingu á þeim leikreglum sem hafa verið við lýði um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þá er hæstv. fjmrh. í raun að rifta samkomulagi sem gert var á sínum tíma í lok nóvembermánaðar árið 1986 á milli þriggja aðila, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka launafólks, BHM, BSRB og Sambands íslenskra kennarafélaga, og í þriðja lagi fjmrn. Þetta samkomulag var undirritað hinn 24. nóv. 1986, ef ég man rétt. Í kjölfarið voru samþykkt á Alþingi lög sem byggðust algerlega á þessu samkomulagi. Núna ákveður hæstv. fjmrh. að taka þessi lög til endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þvert á það sem aðrir samningsaðilar hafa óskað og vísa ég þar sérstaklega til heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Heildarsamtök opinberra starfsmanna lögðu til ákveðna málamiðlun í þessu máli en henni var hafnað af hálfu hæstv. fjmrh.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta núna. Ég mun að sjálfsögðu hafa um þetta langt mál ef málið kemur til 2. umr., mun þá hafa um það mjög langt og ítarlegt mál. En mér finnst eðlilegt að málið fari til umfjöllunar í nefnd þingsins og vonandi fær það að sofna þar.

Hins vegar vek ég athygli á því að hæstv. fjmrh. vakti máls á því, bæði við talsmenn fyrrnefndra samtaka og hér á Alþingi einnig, að hann væri því fylgjandi að taka þessi lög til endurskoðunar í heild og þá væntanlega í samráði við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Ég er því mjög fylgjandi að svo verði gert og mér er kunnugt um að viðkomandi samtök eru það líka. Í trausti þess að slík heildarendurskoðun fari fram og frv. hæstv. ráðherra sem hér er til umfjöllunar fái að hvíla þar til niðurstaða fæst, læt ég máli mínu lokið að sinni.

[17:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er fjarri lagi að tala í þessu sambandi um samningsrof. Samkomulagið sem var gert í nóvember 1986 var efnt. Það byggðist á því að fjmrh. lofaði að beita sér fyrir því að leggja fyrir Alþingi frv. sama efnis og þessir aðilar höfðu komið sér saman um. Alþingi lögfesti síðan þau drög að frv. sem aðilar höfðu orðið ásáttir um. Um annað gat þetta samkomulag að sjálfsögðu ekki snúist vegna þess að menn geta ekki samið réttinn af Alþingi til þess að setja lög í landinu.

Nú verð ég að biðja hv. þm. að svara okkur því hvort hann ætli í þessu máli að vera meiri þingmaður eða formaður BSRB. Ég hef tekið eftir því að hann hefur í blaðaskrifum sínum gætt þess að tala ekki um það að Alþingi megi ekki breyta þessum lögum. Hann hefur hins vegar í þessum ræðustól, sérstaklega fyrr í þessari umræðu fyrir rúmlega viku síðan, talað um vald, að verið væri að taka þetta mál hér í gegnum þingið með valdi. Hann hefur talað um það sé gert með offorsi og hann hefur talað um að það sé samningsbrot.

Skömmu eftir að þeirri umræðu lauk barst mér í hendur yfirlýsing frá stjórn þeirra samtaka þar sem hann er formaður, stjórn BSRB, sem hann hlýtur þá að hafa haft hönd í bagga með eða borið ábyrgð á, þar sem því er lýst yfir að þetta frv. sé samningsbrot af hálfu fjmrh., einhliða riftun á samkomulagi sem hafi verið gert árið 1986.

Nú vil ég spyrja hann: Er hann þessarar skoðunar? Er hann þeirrar skoðunar að ekki megi breyta lögum á Alþingi um þessi málefni nema með samkomulagi við þessi samtök? Ég tel að svo sé auðvitað víðs fjarri, að ekki sé hægt að afsala sér löggjafarvaldinu með þeim hætti.

Hins vegar ítreka ég það sem ég sagði við fyrri hluta umræðunnar. Það er sjálfsagt að eiga gott samstarf og samráð við þessi samtök. Ef hægt er að ná samkomulagi þá er það fínt, og leggja það síðan fyrir Alþingi sem hefur þá auðvitað vald á því að breyta málinu ef það kærir sig um. Það er til heilla fyrir málið. En hvernig svarar þingmaðurinn þessu?

[17:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Það er ekki bannað með lögum að breyta lögum og Alþingi eitt getur ákveðið hvernig það fer fram í þeim efnum. Alþingi hefur endanlegt vald að sjálfsögðu, að sjálfsögðu finnst mér það.

Hins vegar boðar sú afstaða sem hér kemur fram í *máli hæstv. ráðherra breyttar vinnuaðferðir*. Það hefur verið þannig að reynt hefur verið að skapa sátt um þær leikreglur sem gilda á vinnumarkaði. Síðasta ríkisstjórn brá reyndar út af þessari venju þegar hún flutti frv. um stéttarfélög og vinnudeilur í ósátt við heildarsamtök launafólks í landinu og það hryggir mig mjög ef hæstv. fjmrh. ætlar nú að sigla í kjölfarið sjálfur, hafa forgöngu um að breyta þessum lögum einhliða án þess að reyna að ná samkomulagi við hlutaðeigandi aðila.

Mér finnst það mjög undarlegt þegar þrír aðilar, fjmrh. eða fjmrn., Samband ísl. sveitarfélaga og samtök launafólks, koma sér saman um leikreglur, um hvaða leikreglur skuli gilda, og sá aðili sem hefur aðgang að Alþingi beitir sér fyrir því að þessar leikreglur verði lögfestar, að þá skuli hann leyfa sér nú einhliða að rifta þessu samkomulagi. Mér finnst þetta í hæsta máta ósvífið. Og það er alveg rétt sem hann vitnaði í mín orð fyrr við þessa umræðu. Ég viðhafði þessi orð og stend við þau, því miður.

[17:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvernig getur þingmaðurinn haldið því fram annars vegar að enginn geti bannað Alþingi að setja lög og hins vegar að það sé samningsbrot að flytja frv. um að breyta lögum? Samkomulagið frá 1986 var að sjálfsögðu efnt af þeim fjmrh. sem þá sat.

En það getur ekki verið samningsbrot að leita til Alþingis um að breyta þessum lögum núna 13 árum seinna. Ég tel að þingmaðurinn hafi í fyrri hluta síns svars raunverulega afturkallað það sem stendur í yfirlýsingu stjórnar BSRB um samningsbrot vegna þess að það getur ekki verið neitt samningsbrot í þessu fólgið. Það er algjörlega af og frá að túlka það svo að með því að skrifa undir samning í nóvember 1986 hafi verið gefið eitthvert fyrirheit af hálfu stjórnvalda um að aldrei framar yrði flutt frv. um þessi mál nema að undangengnu einhverju samkomulagi.

Herra forseti. Hins vegar vil ég endurtaka það sem ég sagði við fyrri hluta umræðunnar og var að reyna að koma að í andsvari mínu áðan að ég er tilbúinn til viðræðna við samtök opinberra starfsmanna um heildarendurskoðun þessara mála. Ég hef sagt það við forustumennina. Ég hef sagt það hér í þinginu og þar með hef ég sagt það á tvenns konar vettvangi við hv. þm. því að hann situr báðum megin alveg eins og ég, bæði í þinginu og við þetta borð. Og ég skal endurtaka það að ég er tilbúinn til að vinna að slíku. Ég tel að það sé heillavænlegt að gera það í samráði og samstarfi við samtökin. En það er ekki þar með sagt að þingið megi ekki breyta þeim lögum sem það hefur sjálft sett um þetta efni eins og önnur.

[17:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil upplýsa hæstv. fjmrh. um að ég sit alltaf sömu megin borðsins.

Ég furða mig svolítið á þessum orðhengilshætti sem hér kemur fram í málflutningi hæstv. fjmrh. Ég hef aldrei neitað því að Alþingi Íslendinga hafi vald til þess að setja lög og breyta lögum ef því er að skipta. Ég er að vísa til þess að *á sínum tíma var gert samkomulag* (**Fjmrh.:** Það var efnt.) milli þriggja aðila. (**Fjmrh.:** Það er búið að efna það.) Það var efnt en nú er við að rifta því. Nú er verið að rifta því einhliða. Þetta eru leikreglur sem gilda milli þessara aðila um hvernig haga skuli kjaradeilum (**Fjmrh.:** Þá má Alþingi ekki breyta því?) og verkföllum ef því er að skipta. Alþingi má breyta því. Kannski átti ég ekki að tala um samningsbrot. Kannski átti ég að tala um drengskaparbrot.

Ég harma þann orðhengilshátt og þá útúrsnúninga sem koma hér frá hæstv. fjmrh. í þessu máli. En það má hann vita að verði reynt að fara fram með þessum hætti í samskiptum við launafólk á Íslandi þá lofar það ekki góðu.

[17:39]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Brot á drengskaparheiti eða brot á samkomulagi, þetta er e.t.v. túlkunaratriði. En lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna eru vitaskuld niðurstaða samkomulags á milli félags opinberra starfsmanna og ríkisvaldsins á sínum tíma. Hér er verið að taka eina greinina út úr. Auðvitað er löggjafanum heimilt að breyta lögum. En hér *er verið að taka á því sem gengur undir nafninu hópuppsagnir* þannig að hópuppsagnir verði með öllu bannaðar.

Það er alveg skýrt að öll stéttarfélög í landinu standa gegn hópuppsögnum. Það er ekki aðferð sem stéttarfélög vilja beita. En stéttarfélög ráða ekki alltaf yfir sínum félagsmönnum og það er eitt ákveðið mál sem hefur orðið til þess að mönnum hefur þótt ástæða til að gera þessa breytingu á lögum til að taka alveg fyrir að fólk geti beitt hópuppsögnum.

En eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þegar frv. var lagt fram þá getur verið erfitt að meta hvenær um hópuppsögn er að ræða, sérstaklega þegar kemur að litlum vinnustöðum og að þessum aðlögunarsamningum. Ef á vinnustað starfa fimm eða tíu manns, sérfræðingar á ákveðnu sviði og menn gefast upp, hvenær telst það þá hópuppsögn. Þegar tveir hafa sagt upp, þrír eða þegar það fer að hafa áhrif á starfsemi stofnunarinnar? Ég vil bara leggja áherslu á það aftur að það verði vel skilgreint hvað sé hópuppsögn.

En hverjir beita þessu valdi? Því miður eru það frekar kvennastéttir. Okkur konum hefur gengið erfiðlega að ná fram jafnrétti í launum og ný aðferð við samningagerð, aðlögunarsamnningarnir hafa ekkert breytt því. Við stöndum ekkert betur að vígi og ef eitthvað er þá gæti verið að þessir samningar eða samningsgerðin væri verri fyrir okkur en það

sem áður var. Það eru sem sé konur og láglaunahópar sem grípa til þessa ráðs.

Kynbundinn launamunur er í dag allt að 20% milli karla og kvenna. Og þessi launamunur kynja í sambærilegum stöðum með sömu kröfur, sömu menntun og sömu hæfni verður auðvitað til þess að konum misbýður. Þetta er spurning um hvenær maður hættir að láta vaða yfir sig, hvenær maður bara hættir, segir upp og vill fara. Það er þá kannski ekki bara einni konu eða tveimur, heldur e.t.v. heilum hóp sem misbýður og vill fara.

Eins og ég sagði áðan styðja stéttarfélögin ekki hópuppsagnir og hafa aldrei gert. En það þarf að endurskoða lögin í heild sinni, ekki bara þetta eina ákvæði, heldur þarf að taka lögin öll upp. Það þarf að skoða þau með tilliti til annarra þátta eins og verkfallsréttar opinberra starfsmanna þannig að réttindi opinberra starfsmanna verði þá svipuð því sem er hjá launamönnum á hinum almenna vinnumarkaði. Eins er verkfallsréttur opinberra starfsmanna svo bundinn. Það er ekkert hægt að draga til baka, eins og kom fram í umræðunum um daginn. Hann er fyrir alla stéttina, fyrir allan hópinn. Það kemur að einhverjum ákveðnum punkti þegar samningar hafa ekki náðst og þá er verkfall boðað. Það er ekki hægt að draga út einstakar stofnanir þar sem vandinn er kannski hvað mestur heldur verða allir að taka þátt í uppsögnum, jafnvel út af einum vinnustað. Þetta þarf að skoða samhliða heildarpakkanum. Það er tekið mjög hart á verkfallsbrotum á hinum almenna vinnumarkaði og það er hluti af þessari heildarendurskoðun að hið sama gildi um opinbera starfsmenn og launamenn. Þetta er það sem ég vildi að kæmi hér fram varðandi þessa umræðu og ég hvet til þess að nefndin sem fjallar um þetta taki málið upp í heild en líti ekki eingöngu á þessa afmörkuðu grein, 14. gr. laganna.

[17:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa til máls við þessa umræðu fyrir innlegg þeirra í þetta mál. Ljóst er að það eru skiptar skoðanir en þó ekki svo mjög um efni málsins. Ég hef ekki heyrt þingmenn taka upp hanskann fyrir það sem þetta frv. á að koma í veg fyrir, þ.e. það sem við köllum fjöldauppsagnir starfsmanna. Við höfum ekki talað um þetta sem hópuppsagnir vegna þess að það er annað hugtak í lögum sem varðar uppsagnir af hálfu vinnuveitenda. Ég hef ekki heyrt marga taka upp hanskann fyrir slíka aðgerð. Því sem menn hafa kannski mótmælt hér er að þetta mál sé ekki flutt fyrir hönd þeirra sem um það hafa samið fyrir fram heldur sé það flutt af forráðamanni þessara mál á vettvangi ríkisstjórnarinnar, þ.e. fjmrh. fyrir hennar hönd.

Það er búið að fara rækilega yfir þann þátt málsins. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem jafnframt er formaður BSRB, að hann ætli að láta rækilega til sín taka í þessu máli. Hann sagði að ef efh.- og viðskn. gerðist svo djörf að afgreiða þetta mál út úr nefndinni þá ætlaði hann að flytja hér mjög langt mál. Hann hyggst ekki láta frv. þetta yfir sig ganga nema um það hafi verið samið áður. Hann hefur að sjálfsögðu sem þingmaður fullan rétt á að haga störfum sínum hér eins og hann kýs.

Ég vil undirstrika aðalatriðin í þessu. Hér er á ferðinni lagabreyting sem við teljum mjög brýna. Hún er enn brýnni en áður vegna þess að fram hefur komið af hálfu Félagsdóms að núgildandi lagaákvæði eru ófullnægjandi að því er þetta varðar, þau ná ekki utan um vanda sem viðurkennt er að sé fyrir hendi. Að mínum dómi er ekki eðlilegt að gera kröfu til stéttarfélaganna um að þau taki á sig meðábyrgð í því að tillaga sem þessi sé flutt. Ég geri ekki kröfu til þeirra um það þó ég hafi að sjálfsögðu kynnt þeim þetta frv.

Um hugsanlegar millileiðir svokallaðar sem þingmaðurinn nefndi varð ekki samkomulag. Ég vil undirstrika að af minni hálfu stendur það opið að efna til viðræðna um hvernig hægt væri að endurskoða þessi lög í heild og bera slíka niðurstöðu upp hér á hinu háa Alþingi. Þá kemur að sjálfsögðu mjög til álita að líta til hinna almennu laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Þau lög eru þó ekki einhlít, eins og ég sagði hér í framsöguræðu minni, að því er varðar málefni opinberra starfsmanna vegna þeirrar sérstöðu sem störf þeirra njóta að mörgu leyti og þeirra sérstöku starfa sem um er að ræða í opinberri þjónustu við almenning í landinu.

Hvað sem því líður þá tel ég brýnt og æskilegt að þetta frv. gangi til efh.- og viðskn. Ég er þakklátur fyrir að þingið geti afgreitt málið fyrir jólahlé og óska eftir því við efh.- og viðskn. að hún leiti skriflegra umsagna um þetta mál hjá öllum þeim sem láta sig þessi mál varða, þar á meðal hagsmunasamtökum opinberra starfsmanna, aðilum hins almenna vinnumarkaðar og fleirum þeim sem málið snertir, t.d. Sambandi sveitarfélaga og sambærilegum aðilum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv., herra forseti. Ég vænti þess að þetta mál og önnur er varða samskipti ríkisins og félaga og bandalaga starfsmanna þess verði farsæl og að sá tónn sem kom fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar verði ekki ráðandi þegar við förum að tala saman um þessi mikilvægu mál, hvort sem það er hér í þingsalnum eða á öðrum vettvangi.

[17:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hæstv. fjmrh. Ég vona að hvorki sá tónn sem fram kom í mínu máli né í máli og framgöngu hæstv. fjmrh. verði ráðandi í samskiptum aðila á vinnumarkaði. Ég vona sannarlega að svo verði ekki. En að sjálfsögðu verður það svo ef farið er fram með þessum hætti.

Ég tók hins vegar líka eftir ákveðnum sáttatón í máli hæstv. fjmrh. Hann ítrekar að efni sé til að taka lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna til endurskoðunar og leita eftir samkomulagi um það mál. Ég kem hingað fyrst og fremst upp til þess að lýsa ánægju með það. Ég vona að samningar takist og sátt um breytingar á þeim leikreglum sem eru við lýði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ættleiðingar, 2. umr.

Stjfrv., 68. mál (heildarlög). — Þskj. 68, nál. 391, brtt. 392.

[17:51]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. á þskj. 391 um frv. til laga um ættleiðingar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Drífu Pálsdóttur frá dómsmrn., Skúla Guðmundsson frá Hagstofu Íslands og Baldur Þórhallsson, Rannveigu Traustadóttur og Þóru Björk Smith fyrir Félag samkynhneigðra stúdenta. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Lögmannafélagi

Íslands, Félagi fósturforeldra, Samtökunum '78, Íslenskri ættleiðingu og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þá voru umsagnir sem bárust um málið á 123. löggjafarþingi hafðar til hliðsjónar við umfjöllun nefndarinnar.

Frv. felur í sér heildarendurskoðun á núgildandi ættleiðingarlögum, nr. 15/1978. Einnig er leitast við að skapa skilyrði til að unnt sé að standa við skuldbindingar samkvæmt Haag-samningnum frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa.

Fram hefur komið í umræðunni um málið að mikilvægt er að lögfesta ákvæði Haag-samningsins hérlendis sem fyrst en aðild Íslands að samningnum skiptir höfuðmáli svo unnt verði að fá til ættleiðingar börn frá fleiri löndum en nú. Mörg lönd, t.d. Kína og sum lönd Suður-Ameríku, setja sem skilyrði fyrir ættleiðingu að ríkið sem barn fer til sé aðili að Haag-samningnum. Þar sem Ísland hefur ekki fullgilt samninginn hafa valkostir þeirra Íslendinga sem óskað hafa eftir því að ættleiða barn erlendis frá verið takmarkaðir og hefur skapast löng bið hérlendis eftir börnum til ættleiðingar. Með samþykkt frv. og till. til þál. um aðild að Haag-samningnum sem verið hefur til meðferðar á þessu löggjafarþingi munu væntanlega verða breytingar þar á.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom til umfjöllunar 26. gr. frv. þar sem kveðið er á um upplýsingaskyldu kjörforeldra. Þar segir að þeir skuli skýra kjörbarni sínu frá því að það sé ættleitt jafnskjótt og það hefur þroska til og skal það að meginreglu til gert áður en barnið nær sex ára aldri. Rætt var um hvort þörf væri á slíkri lagaskyldu og hvort rétt væri að tilgreina sérstakan aldur. Að mati nefndarmanna er þörf á þessari lagaskyldu þar sem það er réttur barnsins að fá að vita að það sé ættleitt. Einnig var það niðurstaða nefndarmanna að rétt væri að miða við sex ára aldur, einkum með hliðsjón af því að skólaskylda hefst á þeim aldri.

Málefni samkynhneigðra komu til umfjöllunar í nefndinni en þar er um aðskilið mál að ræða sem fellur undir gildissvið laga um staðfesta samvist. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá dómsmálaráðuneyti er unnið þar að frv. til breytinga á þeim lögum og mun það koma til umfjöllunar Alþingis síðar á þessu þingi.

Það vakti athygli nefndarmanna að III. kafli núgildandi laga um niðurfellingu ættleiðingar er felldur út í frv. Í grg. kemur fram að þróun í ættleiðingarlöggjöf hafi verið sú að afnema reglur um niðurfellingu ættleiðingar, einkum í löndum þar sem ættleiðing felur í sér gagnger fjölskylduskipti. Þá kom fram í máli fulltrúa dómsmrn. að tilgangurinn með niðurfellingu kaflans væri sá að leitast við að gera réttarstöðu ættleiddra barna sem líkasta réttarstöðu kynbarna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Í 5. mgr. 2. gr. frv. er óvígð sambúð skilgreind. Fulltrúi Hagstofu Íslands gerði athugasemdir við skilgreininguna og greindi frá því að Hagstofan fylgdi ákveðnum reglum um skráningu í sambúð. Af þeirri ástæðu og vegna lagasamræmis væri eðlilegra að fjalla um skráningu í sambúð sem skilgreiningaratriði.

2. Í 2. mgr. 10. gr. leggur nefndin til þá orðalagsbreytingu að í stað orðanna skynsamleg rök komi gild rök.

3. Nefndin leggur til að nýrri málsgrein verði bætt við 16. gr. þar sem kveðið verði á um skyldu dómsmrh. til að setja reglugerð um umsagnir barnaverndarnefnda. Ráðuneytið hefur gefið út leiðbeiningar við gerð umsagna samkvæmt núgildandi lögum og hefur nefndin fengið ábendingu um að rétt væri að endurnýja þær og koma þeim á skýrara form.

4. Breyting sem lögð er til við 3. mgr. 37. gr. er gerð til leiðréttingar þar sem smávægileg villa er í heiti Haag-samningsins.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en með fyrirvara.

Undir nál. rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Helga Guðrún Jónasdóttir, Pétur H. Blöndal og Katrín Fjeldsted án fyrirvara en hv. þingmenn Gunnar Ingi Gunnarsson og Ólafur Örn Haraldsson með fyrirvara.

[17:58]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég mun ekki rekja einstaka þætti í frv. Það höfum við náttúrlega gert í nefndinni og ég gerði það líka við 1. umr. Ég mun hins vegar taka einn þátt frv. sérstaklega og ræða hann hér.

Strax og málið kom fram var bent á að réttur þeirra sem eru í staðfestri samvist sé fyrir borð borinn í lögunum og óvígðri sambúð sem ekki er löggerningur, eins og gifting eða staðfest samvist, væri gert hærra undir höfði. Jafnvel einstaklingar eiga meiri möguleika á frumættleiðingum en þeir sem eru í staðfestri samvist. Rætt var um mikilvægi þess að börn sem búa í stjúpfjölskyldum þar sem foreldrar eru í staðfestri samvist skyldu hafa sömu möguleika og önnur börn í öðrum stjúpfjölskyldum. Þann möguleika getur Alþingi ekki tekið frá þeim heldur á Alþingi með lagasetningu að styrkja þann rétt þeirra.

Kannski má segja að í upphafi hefði verið best að hafa þetta þriggja liða bandorm, þ.e. ættleiðingarfrv., við Haag-samning og opnun á lögunum um staðfesta samvist. En þannig varð það ekki og því tveir möguleikar í stöðunni. Annars vegar kom til greina að flytja brtt. við þessa umræðu um frv. þar sem við mundum setja inn ákvæði, að þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga um staðfesta samvist þá muni ... o.s.frv. Það þykir ekki góð lögfræði og einnig vegna þess að með orðunum „hjón" í þessum lögum er auðvitað einnig átt við um þá sem eru í staðfestri samvist. Það eru fyrst og fremst þau lög sem fela í sér það mannréttindabrot sem hér hefur stundum verið rætt um.

Ég leit svo á að ef nefndarmaður kæmi með einhverja brtt. þá mundi allshn. flytja hana. Um það náðist ekki þverpólitísk samstaða út frá því sem ég nefndi hér á undan. Mér finnst málið í raun of gott til þess að leggja fram tillögur um breytingar á því til að láta fella í jafnbrýnu máli.

Annar möguleikinn er að þegar lögin um staðfesta samvist verða opnuð vegna ýmissa annarra atriða sem taka þarf á þá gefur það allshn. möguleika á að breyta þessum þætti. Það yrði þá gert á vorþingi eins og kemur fram í nál. Allshn. gæti þá flutt brtt.

Fyrir hönd þessa hóps og þessara barna met ég það mikils að um málið sé breið pólitísk samstaða. Ég veit að hún er til staðar í þinginu. Fólk í staðfestri samfest er ekki einsleitur hópur þannig að þetta er líka spurning um hagsmuni þessara barna, að þau eigi sömu möguleika og önnur börn í stjúpfjölskyldum. Sérfræðingur í dómsmrn. staðfesti þetta með að hjón í ættleiðingarlögunum mundi ná yfir þá sem væru í staðfestri samvist þannig að enginn þyrfti að velkjast í vafa um það.

Umræður í allshn. hafa verið mjög gagnlegar, góðar og málefnalegar. Ég vil þakka formanni nefndarinnar fyrir það.

Margir hafa komið til nefndarinnar og þar hafa farið fram faglegar og góðar umræður. Ég vil ítreka það að ég tel málið þess eðlis að um það þurfi að vera breið pólitísk samstaða. Mér finnst málið of mikils virði til að tefja það með skammtímapólitík og ég undirritaði þess vegna nál. án fyrirvara og mun að sjálfsögðu samþykkja frv.

[18:02]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Hv. formaður allshn. hefur gert grein fyrir því lagafrv. sem hér er til 2. umr. og vil ég ekki orðlengja um þá nauðsyn sem ber til að lögfesta það frv. á þessu þingi svo skjótt sem verða má. Þar liggja til grundvallar brýnir hagsmunir sem raktir hafa verið, bæði vegna Haag-samningsins og lagabóta af ýmsu tagi sem um er getið.

Ég vil hins vegar gera að umræðuefni hér þátt þeirra barna sem eru skilin út undan við þessa lagasetningu en það eru börn foreldra í staðfestri samvist. Þegar lögin um staðfesta samvist voru samþykkt á hinu háa Alþingi fyrir nokkrum árum komu strax upp sterkar raddir í þá átt að heimila ætti samkynhneigðum að ættleiða börn, í það minnsta að stjúpættleiða börn. Fyrir þessu voru færð rök og þetta vildu margir ágætir hv. þm. styðja. Ekki varð þó af því, en í kjölfar þeirrar lagasetningar var flutt frv. hér í þinginu og að því stóðu þingmenn úr öllum flokkum. Sá þingmaður sem hér stendur var 1. flm. þess frv. en það gerði ráð fyrir því að samkynhneigðum væri heimilt að stjúpættleiða börn.

Þessu máli var síðan haldið áfram og haldið til haga hér í þingi og vísað til nefndar en hefur ekki náð fram að ganga. Það kviknaði því mikil von og björt í mínum huga þegar lögin um ættleiðingu komu núna til þingsins í haust enda var þá orðið ljóst að skilningur hefur vaxið við þessi sjálfsögðu sjónarmið og væntanlega mætti jafnvel að þingmeirihluti væri fyrir málinu.

Því er ekki að leyna að miklar umræður hafa farið fram vegna þessarar stöðu í allshn. og hefur vart meira verið rætt í umfjöllun um ættleiðingarfrv. en ættleiðingu barna foreldra í staðfestri samvist. Það er óþarfi hér á þessari stundu að rifja upp öll þau hin sjálfsögðu rök fyrir því að börn foreldra í staðfestri samvist eigi að njóta sömu réttinda og önnur börn, þ.e. að þau verði ættleidd inn í staðfesta samvist sem er lögformlegt samband og nýtur sömu réttinda og annað sambúðarform.

Ég vil þó taka eftirfarandi fram sem er aðalatriði. Við erum að tala hérna um réttindi barnanna fyrst og fremst, þ.e. þau réttindi barna að eiga foreldra sem eru fullgildir lagalegir foreldrar þeirra í skilningi ættleiðingarlaganna, þ.e. réttindi þeirra til að njóta erfða á borð við önnur börn. Sömuleiðis eru þetta sjálfsögð réttindi samkynhneigðra og sjálfsagt að þeir séu ekki einn daginn enn settir til hliðar, ekki aðeins af almenningsáliti sem hefur nú sem betur fer snúist mjög á sveif með samkynhneigðum, heldur að Alþingi sendi þau skilaboð frá sér um leið og það samþykkir aukin réttindi til hluta þjóðfélagsþegnanna að þá séu aðrir látnir sitja hjá og fái ekki sömu réttindi. Í þessum þingsal hefur vissulega verið dregið fram strax að hér er um að ræða vanda mjög margra foreldra. Það er beðið eftir tækifæri til þess að ættleiða börn og ég hef heyrt töluna 1.500 nefnda.

Í mínum huga getum við aldrei fjallað þannig um mannréttindi að við tökum þau og metum á einhverjum mælikvarða fjölda annars vegar og síðan mannréttindi annarra sem við ætlum ekki að virða til jafns af því að þeir eru færri. Mannréttindi eru í mínum huga algild en ekki afstæð með tilliti til fjölda eða annarra mála. Þess vegna eru það mikil vonbrigði að við þessa afgreiðslu skuli lögin um staðfesta samvist ekki vera tekin upp og gerð á þeim sú breyting að ættleiðingarlögin taki til samkynhneigðra.

Ég ætla að rifja upp enn eitt aðalatriði og það varðar uppeldi og forræði á börnum foreldra í staðfestri samvist. Menn mega ekki rugla saman annars vegar forræðinu og hins vegar ættleiðingunni. Ef einhverjir hafa þær hugmyndir sem raunar eru alrangar og margoft hefa verið hraktar vísindalega í könnunum — og þær hafa verið lagðar fram í allshn. — ef menn halda að börn hafi slæmt af því að alast upp hjá samkynhneigðum þá hefur þetta ættleiðingarfrv. nákvæmlega ekkert með það að gera. Samkynhneigðir hafa í krafti laganna um staðfesta samvist full réttindi til forræðis og uppeldis barna. Þannig að ef einhver heldur að þar verði einhver skaði þá er hann þegar skeður með því forræði. Ættleiðingin hefur ekkert með þetta uppeldi að gera. Og ég hafna líka þeim gagnrökum að börn verði að hafa móðurímynd eða föðurímynd. Hvaðan halda menn að föðurímynd eða móðurímynd komi? Halda menn hún komi frá einhverju foreldri sem er fjarri daglegu uppeldi barnsins? Að sjálfsögðu ekki. Föður- og móðurímynd eða foreldraímynd kemur að sjálfsögðu frá þeim sem standa barninu næst dags daglega.

Fyrir nefndina voru lagðar skýrslur og greinargerðir lærðra manna sem ég tek fullt mark á og enginn hefur vefengt í nefndinni, um að börn samkynhneigðra eru samkvæmt rannsóknum síst verr úr garði gerð eftir uppeldið en þau sem alast upp í gagnhneigðri sambúð ef svo má orða það. Jafnvel hafa verið færð fyrir því rök að þau börn sem alast upp hjá samkynhneigðum séu umburðarlyndari vegna þess að þau hafa búið við aðstæður sem eru ólíkar því sem almennt gerist.

Ég fæ þess vegna ekki séð að nein efnisleg rök standi gegn því ef við hefðum tekið hér málefni samkynhneigðra til lagabóta um leið og við færðum þessar lagabætur fram í ættleiðingunni. Ég tel að Alþingi og löggjafinn og stjórnmálamennirnir eigi einmitt að hafa kjark til þess að ganga fram fyrir skjöldu með kyndil mannréttinda, þann kyndil sem ég hef kynnst í Strassborg hjá Evrópuráðinu þar sem menn beygja sig ekki endalaust fyrir hægfara tíðaranda heldur ganga fram fyrir skjöldu og þora að rétta mannréttindunum hönd. Þetta hefðum við átt að hafa kjark til að gera hér að þessu sinni.

Ég á mjög erfitt í þessu máli sem nokkru öðru með að láta nokkurn þann sem minna má sín eða er með einhverjum hætti til hliðar í samfélaginu liggja óbættan hjá garði þegar við lagfærum réttindi til annarra manna. Þess vegna hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og mun leggja allt mitt kapp á að við náum sem allra fyrst fram fullum réttindum bæði fyrir samkynhneigða og fyrir börnin þeirra sem eiga að sjálfsögðu að njóta sömu réttinda og önnur börn okkar í þessu landi.

[18:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ber mikla virðingu fyrir þeim viðhorfum sem hv. þm. Ólafur Örn hefur hér talað fyrir og hann hefur talað fyrir þeim oftar en einu sinni á hinu háa Alþingi. Það málefni sem hann ræddi var það málefni sem mest var rætt í hv. allshn. og einkum út frá því hvort rétt væri að setja ákvæði þess efnis sem hv. þm. talaði fyrir inn í þetta frv. eða

hvort því væri betur fyrir komið í frv. til laga um staðfesta samvist.

Það liggur fyrir að nefndin ræddi það sín á milli og komst að samkomulagi um að það yrði ekki gert að þessu sinni en jafnframt að hæstv. dómsmrh. muni nú eftir áramót leggja fram frv. um staðfesta samvist og að þá verði væntanlega opnað á það hér við afgreiðslu þess á vordögum að það ákvæði sem hv. þm. talaði fyrir verði að lögum í vor. Ég vænti þess, virðulegi forseti, að svo geti orðið. Mér fannst örla ögn á því í ræðu hv. þm. að þetta væri út af borðinu. Svo er alls ekki. Það er samkomulag í nefndinni um að fara með málið á þennan hátt og ég trúi ekki öðru, fyrr en ég tek á því, en að það muni standa hér.

[18:14]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. 6. þm. Suðurl., Lúðvík Bergvinsson, segir að þetta mál fékk mjög jákvæða og samhljóða umræðu í hv. allshn. Og það var ekki síst einmitt vegna þess stuðnings sem hv. þm. veitti því máli og er ég honum þakklátur sem og öðrum fyrir það.

Það er rétt sem hv. þm. segir að sá andi ríkti, og ég vil segja samkomulag þó að það væri ekki formlegt, að nefndarmenn mundu standa að framgangi málsins þegar það kæmi fram hér í þinginu og að því mun ég standa með öðrum þegar þar að kemur þar sem mér sýnist að þetta mál nái ekki fram að ganga að þessu sinni. Ég vona svo sannarlega að við það verði staðið að við fáum frv. hér inn og ég þykist skynja það að á vordögum verði samkomulag í þinginu um þetta. Mér finnst ég finna að þá verði meiri hluti í þinginu fyrir slíku og ég mun taka þátt í því að ryðja því máli braut í gegnum þingið.

[18:15]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er mikilvægt frv. þar sem fram hefur farið heildarendurskoðun á núgildandi ættleiðingarlögum. Ég vil jafnframt benda á að fyrir þinginu liggur þáltill. sem bíður afgreiðslu og kemur til síðari umr. hér á eftir þar sem lagt er til að Íslandi verið heimilað að gerast aðili að Haag-sáttmálanum svo hægt sé að standa við skuldbindingar Íslands samkvæmt sáttmálanum. Hann var gerður fyrir u.þ.b. sex árum og fjallar um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingar milli landa.

Ég tel það vera viðeigandi að Alþingi samþykki fyrir jól ný lög um ættleiðingu sem felur í sér ákvæði sem er grundvöllur staðfestingar á Haag-sáttmálanum og samþykki um leið heimild um að Ísland gerist aðili að sáttmálanum. Ég fagna því að þetta markmið er í sjónmáli og verður þetta kærkomin jólagjöf til fjölmargra Íslendinga sem undirbúa ættleiðingu erlendra barna en staðfesting Haag-sáttmálans hér á landi er forsenda þess að Íslendingar fá leyfi til að ættleiða börn frá mörgum löndum heims.

Í frv. eru mörg nýmæli sem ber að fagna og mörg þeirra skýra réttarstöðu barna enn betur. Ég vil sérstaklega nefna það atriði sem kom fram í ræðu framsögumanns að barn hefur rétt til þess að fá vitneskju um að það sé ættleitt áður en það nær sex ára aldri og jafnframt kemur fram í frv. að kjörforeldrar eigi rétt á ráðgjöf um hvernig eigi að taka á því. Einnig eru þau nýmæli að umsagna ættleiðingarnefnda er leitað áður en ákvörðun um umsóknarleyfi til ættleiðingar eða forsamþykki er tekið. Það er líka ákvæði um að ættleiðingar fari fram gegnum viðurkennd ættleiðingarfélög. Síðan er athyglisverð nýjung, sem ég vil nefna sérstaklega, það er að dómsmrh. getur mælt fyrir um að umsækjendur um að ættleiða erlent barn leggi fram staðfestingu um að þeir hafi sótt námskeið um ættleiðingar barna. Þetta er í samræmi við umræður og vilja sem hefur komið fram á málþingum nú í haust um þetta efni. Í því sambandi vil ég benda á að í nefndinni komu fram þær upplýsingar að rannsókn frá Hollandi benti til þess að um 30% væntanlegra kjörforeldra falla frá umsókn eftir að hafa sótt slík námskeið.

Virðulegi forseti. Hv. allshn. fjallaði ítarlega um rétt samkynhneigðra til að ættleiða börn. Það varð niðurstaðan í því máli að slík breyting yrði skoðuð í tengslum við endurskoðun á lögum um staðfesta samvist en þær upplýsingar fengust frá dómsmrh. að unnið væri að frv. til laga um breytingu á þeim lögum og mun það að öllum líkindum koma til umfjöllunar á vorþingi. Ítarleg skoðun á þessu máli leiddi í ljós að ef hv. Alþingi kæmist að þeirri niðurstöðu að samkynhneigðum verði veitt heimild til að ættleiða börn væri rétta leiðin að gera breytingu á 6. gr. laga um staðfesta samvist, en þau lög sem hér eru til umfjöllunar gætu staðið óbreytt. Það þyrfti sem sagt ekki breytingu á ættleiðingarlögum til að þetta næði fram.

[18:19]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að nú væru gefnar kærkomnar jólagjafir. Ég vil spyrja hv. þm.: Er það siður á góðum heimilum að gefa sumum jólagjafir og láta önnur börn eiga jól án jólagjafa? Og ég vil líka spyrja: Heldur hv. þm. að þeim sem fengu jólagjafirnar eða eru að fá jólagjafirnar frá okkur, sé ekki nokkur hryggð í brjósti að vita að um leið og þetta fólk er að fá sín réttindi eru aðrir skildir eftir utan garðs?

[18:20]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel enga ástæðu til þeirra geðshræringa sem komu fram í máli hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar. Það varð niðurstaða nefndarinnar eftir ítarlega umræðu að þetta mál yrði tekið til skoðunar á vorþingi í tengslum við frv. um breytingu á lögum um staðfesta samvist.

Það var niðurstaða mín þegar ég tók ákvörðun í því máli að þetta frv. til ættleiðingarlaga væri það mikilvægt að það væri á engan máta nokkrum manni greiði gerður að fresta því á meðan unnið væri að breytingum varðandi ættleiðingar samkynhneigðra og ég stend við það.

Hins vegar kom það líka fram í máli mínu í nefndinni að þegar það frv. kemur til umfjöllunar á vorþingi yrði ég tilbúin til þess að veita því brautargengi. Ég tel hins vegar að ítarleg umræða þurfi að fara fram í þinginu og jafnframt þurfi umræða að fara fram í þjóðfélaginu varðandi stjúpættleiðingar og frumættleiðingar því að skiptar skoðanir virðast vera um það mál. En ég ítreka að ég er tilbúin að taka þátt í þeirri umræðu á vorþingi og veita því brautargengi, sérstaklega varðandi stjúpættleiðingu.

[18:22]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég rakti hér nokkur lagaleg rök fyrir því að við ættum að heimila ættleiðingu hjá samkynhneigðum. En hv. þm. gat um geðshræringu. Ég spurði einfaldra spurninga en fékk engin svör. En ef geðshræring er í mínu máli þá vil ég að hv. þm. muni að það er líka geðshræring hjá því fólki sem fær þau skilaboð frá Alþingi að sumir séu réttthærri en aðrir þegar til þessa viðkvæma máls kemur. Og ég vil einmitt

ekki að við níðumst á geðshræringum og tilfinningum þessa fólks.

Hv. þm. talaði um umræðu sem þyrfti að fara fram í þjóðfélaginu. Ég viðurkenni það, það er gott að umræða fari fram í þjóðfélaginu. En ég legg áherslu á að við eigum hér að ganga fram fyrir skjöldu, við eigum einmitt að sýna fordæmi í þjóðfélaginu. Ég gat áðan um fordæmi sem maður verður vitni að á stöðum eins og í Evrópuráðinu í Strassborg þar sem menn ganga á undan með góðu fordæmi og láta ekki kúga sig af almenningsáliti heldur ryðja góðum málum braut. Þetta finnst mér að við ættum að gera á hinu háa Alþingi og ganga þannig á undan með góðu fordæmi.

Ég fullyrði að andinn gagnvart samkynhneigðum í íslensku þjóðfélagi hefur sem betur fer gjörbreyst. Það er bæði vegna þess að við lifum í upplýstu og góðu samfélagi og að samkynhneigðir hafa barist málefnalega og heiðarlega fyrir málstað sínum.

[18:24]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því sem kom fram í máli hv. þm. að umræða er af hinu góða og ég tel að sú umræða sem hefur farið fram á undanförnum mánuðum og árum um réttindi samkynhneigðra hafi breytt viðhorfum verulega.

Varðandi afstöðu mína og framgang þessara mála þá ætla ég ekki að fara að endurtaka það. Það liggur alveg ljóst fyrir.

[18:24]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég er ein af nefndarmönnum í allshn. og langar aðeins að segja nokkur orð í tengslum við það nál. sem kynnt var af formanni nefndarinnar um frv. til laga um ættleiðingar.

Eins og fram kom hjá framsögumanni og formanni er meginefni frv. að lögfesta ákvæði Haag-samningsins hérlendis og í nál. kemur fram að aðild Íslands að samningnum skipti höfuðmáli svo unnt sé að fá til ættleiðingar börn frá fleiri löndum en nú. Hér á landi bíða margir foreldrar eftir því að geta ættleitt börn og eins og komið hefur fram í umræðunum er talið að þeir séu um 1.500.

Það sem var áberandi í umfjöllun allshn. var í rauninni hvað menn voru samstiga um efni frv. Þar lágu umsagnir frammi frá því fyrr á árinu og sömuleiðis fékk nefndin til sín nokkurn fjölda fólks til að ræða þetta mál.

Það sem mestur tími fór samt í hjá nefndinni voru málefni samkynhneigðra, einkum vegna þess að ábending hafði borist nefndinni um það að með því að samþykkja þessi lög væri verið að brjóta mannréttindi á samkynhneigðum því að þeir yrðu undanþegnir og yrðu sennilega eini hópurinn í þjóðfélaginu sem ekki gæti ættleitt börn, þ.e. samkynhneigðir í staðfestri samvist. En það kom sömuleiðis fram að jafnvel þótt lögum um ættleiðingu yrði breytt með það fyrir augum að veita samkynhneigðum þessi réttindi þá væru lögin um staðfesta samvist orðuð þannig að þau undanþægju hvort sem er lög um ættleiðingar.

Niðurstaða nefndarmanna var því að samþykkja frv. til laga um ættleiðingar með þeim brtt. sem framsögumaður kynnti en jafnframt lýstu menn því yfir að þeir hefðu vilja til að fjalla nánar um þetta atriði sem ég gerði hér að umtalsefni. Í umræðum hefur komið fram og það kemur fram í nál. að verið er að endurskoða lög um staðfesta samvist. Það er reyndar gert fyrst og fremst út af ákvæðum um ríkisborgararétt en það er samt ljóst að lögin verða tekin upp. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa yfir þeirri skoðun minni að mér finnst eðlilegt um réttindi samkynhneigðra hvað þetta atriði varðar verði tekin til meðhöndlunar síðar á þessu þingi og stend því að þessu nál.

Ég get auðvitað ekki mælt fyrir munn annarra nefndarmanna, hvað þá annarra þingmanna, en ég tel samt að allshn. eins og hún er nú skipuð sé hlynnt því að stjúpættleiðingar verði heimilaðar. Og það má benda á að stjúpættleiðingar hafa verið samþykktar á Norðurlöndunum, að vísu einungis í Danmörku en eru til umræðu annars staðar. Það liggur fyrir frv. í Hollandi frá því snemma í nóvember um fullar ættleiðingar fyrir samkynhneigða og í Noregi og Svíþjóð er sömuleiðis verið að ræða þetta mál. Nokkur fylki í Bandaríkjunum leyfa ættleiðingar samkynhneigðra og sömuleiðis er rýmra um þetta í Bretlandi en hér.

Eins og við vitum er nú þegar leyft sameiginlegt forræði. Hvað er það sem breytist við það að stjúpættleiðing verði leyfð? Jú, það er ef annað foreldrið sem hefur forræði yfir barni eða börnum fellur frá, þá er erfðaréttur barnanna tryggður, þ.e. löglegur erfðaréttur eftir báða foreldra er skýr.

Það var heilmikil umræða í allshn. þegar gestir komu til okkar, einkum frá samkynhneigðum stúdentum, um aðstæður þess fólks sem hér um ræðir. Við tölum um að um 1.500 foreldrar bíði eftir að ættleiða börn samkvæmt Haag-sáttmálanum og þeim yrði gert það kleift með því. En samkynhneigðir á Íslandi með börn í sinni umsjá eru metnir kannski um 1.000–1.300 talsins. Það er jafnvel talið að um 450 til rúmlega 600 börn búi hjá foreldrum af sama kyni og það er þeirra veröld.

Fordómar samfélagsins eru auðvitað aðalvandamálið því að vandamál sem þessi börn búa við eru langt í frá meiri en annarra barna. Þau eiga góða foreldra og erfiða foreldra eins og önnur börn í þjóðfélaginu. Ef eitthvað er þá sýna rannsóknaniðurstöður að börn sem alast upp hjá samkynhneigðum foreldrum geti verið umburðarlyndari, sveigjanlegri og skilningsríkari en önnur börn. En það er fjarri því að þau séu í meiri hættu að einhverju leyti en önnur börn í þjóðfélaginu.

Ég lít þess vegna á stjúpættleiðingar samkynhneigðra sem réttindamál barnanna fyrst og fremst en ekki foreldranna. Ég kem hér upp til að lýsa vilja mínum í þessu máli en ég tel að þau skilaboð sem samkynhneigðum foreldrum, eins og öðrum foreldrum í, berast frá Alþingi séu fyrst og fremst þau að allshn. stendur saman að þessu áliti og vill leysa þann vanda sem foreldrar standa frammi fyrir sem vilja ættleiða börn nú, og að allshn. hafi með þessu nál. lýst þeim vilja að fjalla nánar um ættleiðingar og stjúpættleiðingar samkynhneigðra og muni gera það seinna á þessum vetri.

[18:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. Þeim mun meira legg ég upp úr því að hlýða á mál hæstv. dómsmrh. um frv. og hvaða afstöðu hæstv. dómsmrh. hefur til þess hluta greinargerðar allshn. með frv. sem fjallar um að lög um staðfesta samvist verði tekin til umfjöllunar á þinginu á næstu mánuðum og til afgreiðslu þar. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hæstv. forseta Alþingis: Hvað líður ferðum hæstv. ráðherra? Ég hef áður komið þessari ósk minni á framfæri.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill upplýsa að það hafa verið gerðar ráðstafanir og dómsmrh. mun vera á leiðinni í þingsal.)

Þær spurningar sem ég vil bera fram við hæstv. dómsmrh. eru þær sem ég nefndi hér áðan: Hvaða afstöðu hefur hæstv. dómsmrh. til þess hluta greinargerðarinnar þar sem segir til um framhaldið?

Þetta frv. um ættleiðingar er að ýmsu leyti mjög gott. Það fengum við staðfest í ítarlegri yfirferð yfir frv. með margvíslegum hagsmunaaðilum. Fram komu ýmsar ábendingar um breytingar á einstökum lagagreinum og margar þeirra hafa verið teknar til greina.

Hver er helsti kostur þessa frv.? Hann er sá að verði það að lögum mun það tryggja réttarstöðu foreldra og barna. En það gildir aðeins um sum börn. Við tölum oft um að verið sé að mismuna fólki eftir kynferði. Í þessu frv. er fyrst og fremst verið að mismuna börnum. Það er verið að mismuna börnum eftir kynhneigð foreldranna. Við munum aldrei banna fólki með lögregluvaldi að eignast börn eða ala upp, það munum við aldrei gera. Það verður aldrei gert. Þetta frv. fjallar ekki um hvar börn koma til með að alast upp. Þau fjalla um það eitt að tryggja réttarstöðu barna samkynhneigðra foreldra. Um það fjalla þessi lög.

Við, nokkrir alþingismenn, leituðum álits samtaka samkynhneigðra, fulltrúa Samtakanna '78 og samtaka í Háskóla Íslands, sem ég man nú ekki hvað heita. (**Gripið fram í:** LSS) LSS. Við leituðum afstöðu þeirra til þessa máls. Hún var mjög afdráttarlaus. Hún var sú að um mannréttindi gerði maður ekki málamiðlanir.

En erum við þá að gera málamiðlanir? Ég, eins og aðrir sem skrifa undir nál., styð það og styð framgang þess. Hef ég þá gert málamiðlun um mannréttindi? Nei, það hef ég ekki gert. Ég er alveg sannfærður um að nefndarmenn eru á einu máli í þessu efni. Ég er sannfærður um góðan hug allra þeirra sem komu þar að máli. Ég er líka sannfærður um að menn hafa í brjósti sér vissu fyrir því að þetta mál komi til kasta þingsins á næstu mánuðum og við fáum farsæla niðurstöðu í því. Ég trúi því sjálfur og á þeirri forsendu styð ég málið.

Ég hefði viljað heyra álit hæstv. dómsmrh., ekki vegna þess að ég vantreysti þeim sem sitja í nefndinni og alls ekki þeim sem stýrði þar málum, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, heldur vegna þess að mér finnst að hæstv. dómsmrh. eigi að sýna þessu máli þá virðingu að staðfesta það sem við teljum okkur vita, að lög um staðfesta samvist verði tekin upp hér á Alþingi og tryggt verði að niðurstaða fáist. Ég er ekki að ætlast til að hæstv. dómsmrh. segi okkur nákvæmlega hver niðurstaðan verði, að sjálfsögðu er það Alþingis að taka um það ákvörðun en ég vil heyra álit hæstv. dómsmrh. í þessu efni.

Þess vegna segi ég: Allshn. er ekki að gera málamiðlun um mannréttindi með því að samþykkja þetta frv.

[18:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér fjöllum við kannski fyrst og fremst um málefni samkynhneigðra sem náðu því miður ekki inn í frv. það sem hér liggur fyrir, frv. til laga um ættleiðingar. Þeir sem eiga sæti í hv. allshn. hafa gert grein fyrir því hvernig umræðan í nefndinni hefur gengið fyrir sig. Það er alveg ljóst að það hefur ekki verið hugrekki, herra forseti, í nefndinni til að taka af skarið. Ég tel að hér á Alþingi skorti okkur hugrekki til þess að stíga þetta skref, sjálfsagt skref til mannréttinda hóps í samfélaginu sem við vitum ekki baun hvað er stór.

Margar kenningar segja að samkynhneigðir séu aldrei færri en 10% hverrar þjóðar. Samkvæmt því, herra forseti, eru samkynhneigðir Íslendingar 28 þúsund. Það er vitað, herra forseti, að yfir 600 börn alast upp hjá samkynhneigðum foreldrum í dag. Þau börn og reyndar foreldrar þeirra, herra forseti, njóta ekki sjálfsagðra réttinda. Það eru engin rök fyrir því að okkur, hinu háa Alþingi, skuli ekki takast að miðla þannig málum okkar í milli að við getum borið höfuðið hátt og stigið þetta skref sem þörf er á að til fullra mannréttinda fyrir samkynhneigt fólk og börn þess.

Herra forseti. Ég er ekki sátt við að rétta leiðin til þess að taka á ættleiðingarmálum samkynhneigðra sé að setja ákvæði í lögin um staðfesta samvist. Ég er ósammála því. Ég sé engin rök fyrir því að stjúpættleiðingar samkynhneigðra sem eru í staðfestri samvist séu ekki í ættleiðingarlögunum. Ég sé enga ástæðu fyrir því, herra forseti, að fólk sé dregið í dilka á þeim nótum sem hér er gert. Ég sé heldur ekki rök fyrir tilraunum til þess að kenna um tæknilegum þáttum eða að þetta eða hitt sé ekki góð lögfræði. Ég sé ekki að þau rök standist.

Herra forseti. Ég hef á tilfinningunni að slíkt sé einungis fyrirsláttur og við séum bara að skýla okkur á bak við slíkt af því að við þorum ekki að taka skrefið til fulls.

Samkynhneigðir eru að ala upp börn í dag. Samkvæmt ættleiðingarlögum sem við ætlum nú að fara að samþykkja geta samkynhneigðir einstaklingar sem eru einstæðir ættleitt börn, aðeins samkynhneigðir einstaklingar í staðfestri samvist eiga ekki að fá lagalegan rétt til að ættleiða börn fyrr en kannski í vor, herra forseti, og þá samkvæmt lagaklásúlu í lögunum um staðfesta samvist, af því þannig gerðu Danir það.

Hvaða rök mæla gegn því að samkynhneigðir ættleiði börn? Ég sé engin. Samkynhneigðir hafa meira að segja pappíra upp á að þeir séu góðir foreldrar. Það er vísindalega sannað í rannsóknum að þeir séu jafnvel betri foreldrar en gagnkynhneigðir. Sýna rannsóknir þá, herra forseti, að börn samkynhneigðra eigi það frekar á hættu að fæðast samkynhneigð eða verða samkynhneigð? Nei, herra forseti, það er líka hægt að veifa pappír upp á að samkynhneigð er ekki smitandi. Og þó svo væri, herra forseti.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að úr því svona fer þá þurfum við að taka fleiri lög til skoðunar með vorinu til að tryggja rétt samkynhneigðra foreldra og barna sem eru alin upp af samkynhneigðum foreldrum. Við þurfum að skoða erfðalögin. Eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted nefndi áðan þá kemur þetta mál inn á erfðalögin líka. Ég get ekki látið hjá líða að fullyrða það að ef stjúpættleiðing getur gengið upp og á rétt á sér í fjölskyldum gagnkynhneigðra þá hlýtur réttmæti hennar að vera nákvæmlega hið sama í fjölskyldum samkynhneigðra með sömu aðstæður.

Herra forseti. Ég á litla vinkonu sem á tvo pabba. Hún á auðvitað mömmu líka og hún er alin upp á tveimur heimilum. Ef mamma hennar fellur frá þá á hún tvo pabba og gott heimili. Ef kynpabbi hennar fellur frá, hvað á hún þá? Og fósturpabbi hennar sem eftir lifir, hvaða rétt á hann þá?

Herra forseti. Ég á vini sem búið hafa saman á annan áratug og búa í staðfestri samvist, vini sem dauðlangar að geta alið upp barn, að geta ættleitt barn. Þeir hafa beðið og vonað að þessi lög breytist þannig að þeir fái þann rétt sem þeim finnst að þeim beri. En við ætlum enn að láta þá bíða.

Herra forseti. Ég sé ekki annað en að við séum frekar

duglaus. Mér finnst okkur skorta hugrekki til að taka skref til fullra mannréttinda fyrir samkynhneigða.

[18:46]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil annars vegar leiðrétta tölur sem ég fór með hér áðan af misgáningi. Talan 1.000–1.300 samkynhneigðir eru þeir sem eru á aldrinum 20–39 ára og hafa börn á sínu framfæri núna að því er menn telja, þannig að þetta var bara misgáningur af mér.

Ég vil nota tækifærið líka til að hafna því að allshn. skorti hugrekki eða dug og benda á að það þarf að breyta lögum um staðfesta samvist til þess að ættleiðingar eða stjúpættleiðingar verði heimilaðar vegna þess að í 6. gr. þeirra laga er ákvæði sem segir að lög um ættleiðingar og um tæknifrjóvgun eigi ekki við þennan hóp. Það verður að breyta lögum um staðfesta samvist til þess að ná þessum réttindum fram og ég hef lýst því hér yfir að ég mun beita mér fyrir því ásamt öðrum úr allshn.

[18:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærð um að hv. þm. Katrín Fjeldsted deilir skoðunum með mér. Ég veit alveg hver hennar hugur í þessu máli er. En ég segi samt sem áður, herra forseti, um 6. gr. í lögunum um staðfesta samvist þar sem segir að ættleiðingarlögin gildi ekki um þá sem eru í staðfestri samvist, að hægur vandi væri að setja það orðalag inn í lögin um ættleiðingar að þrátt fyrir orðalag 6. gr. í lögunum um staðfesta samvist þá sé samkynhneigðum í staðfestri samvist heimilt að ættleiða börn.

Þetta er ekki vandamál, herra forseti. Við getum svo auðveldlega séð fram úr svona vandamálum þegar við erum að samþykkja lög hér um hvaðeina. Við getum líka séð fram úr svona vandamáli þegar samkynhneigðir eiga í hlut.

[18:48]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara að lokum ítreka að við látum skilaboð Alþingis vera skýr. Við viljum breyta þessum lögum og við ætlum að standa saman að því.

[18:49]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins að leiðrétta þann misskilning sem er kannski þegar kominn í ljós. Mannréttindabrotið gagnvart samkynhneigðum er í 6. gr. laganna um staðfesta samvist. Því má heldur ekki gleyma að hjón eru venjuleg hjón, karl og kona, og þeir sem eru í staðfestri samvist. Ákvæðið um hjón í ættleiðingarlögunum á því alveg klárlega við um þann hóp þegar við erum búin að taka út það mannréttindabrot sem við erum að ræða um og til þess þarf að opna lögin um staðfesta samvist. Það er því alveg á hreinu. Við ræddum auðvitað um þessa lagatæknilegu hlið, þ.e. hvort við ættum að koma með þessa breytingu og segja „þrátt fyrir". Fyrir því er ekki meiri hluti. Mér finnst málið vera það mikilvægt að við séum ekki að láta fella svona hluti í þinginu. Við eigum að ná samkomulagi um málið, að það verði tekið upp og við bara stöndum við það.

[18:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað fellum við ekki þetta mál hér í þinginu og ef ég hef ekki sagt það í ræðu minni þá segi ég það nú: Auðvitað styð ég þetta frv. Þetta er gott frv. og hér er verið að gera mikla bragarbót og miklar leiðréttingar og þetta er hið besta mál. Hins vegar get ég ekki orða bundist um þetta dugleysi, þann dug sem mér finnst okkur skorta til að stíga skrefið til fulls. En ég leggst ekki gegn þessu frv. Ég kem auðvitað til með að fylgja þessu máli eftir, herra forseti, í störfum þingsins og það komum við mörg örugglega til með að gera. Og ég er sannfærð um að við náum árangri fyrir þennan góða málstað með vorinu. Ég hefði samt viljað sjá þennan árangur núna í lögunum um ættleiðingar.

[18:51]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé að ná mjög miklum árangri ef við sjáum það núna sem var ekki fyrirséð fyrir tveim mánuðum síðan, þ.e. að kominn er meiri hluti fyrir þessari breytingu á lögunum um staðfesta samvist. Það kalla ég árangur þessu máli til góðs. Þá er ég ánægð.

[18:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ekki lítið úr þeim árangri og ég er sammála því að það er árangur. Ég dreg ekki á það neina dul.

En ég þarf að geta treyst því, herra forseti, að orðalag 2. gr. um hjón og skilgreininguna á hjónum eigi við um það fólk sem býr í staðfestri samvist. Mér þætti vænt um ef við gætum fengið það staðfest hér frá hv. formanni allshn. eða einhverjum sem veit betur hvort það verði nokkur akkillesarhæll þessa máls í vor því við verðum að geta treyst því að fólk sem býr í staðfestri samvist verði skilgreint sem hjón.

[18:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. flutti mál sitt hér vel og skörulega og viðhorf hennar komu mjög skýrt fram. Ég held ég geti sagt það og meina það fullkomlega að mjög sambærileg viðhorf eru mjög ríkjandi í allshn. Það liggur hins vegar fyrir að eins og lögin eru nú úr garði gerð þá hefðum við þurft að taka upp lögin um staðfesta samvist. Það er einfaldlega þannig að í þeim lögum er ákvæði sem gerir það að verkum.

Spurningin var því einfaldlega þessi: Var ástæða til að tefla máli, sem kannski er ekki alveg einhugur um hér á þinginu, í tvísýnu rétt í aðdraganda jólanna? Það má því kannski orða það þannig að spurningin hafi verið um hvað var pólitískt mögulegt að gera. Og ég segi það fullum fetum að ég trúi því og treysti að það samkomulag sem náðist í þessari nefnd muni verða niðurstaðan og að við munum sjá þá niðurstöðu í vor að þetta verði orðið að lögum.

En við skulum heldur ekkert ganga neitt að því gruflandi að hvað svo sem við gerum á hinu háa Alþingi þá liggur það fyrir að við breytum ekki raunveruleikanum úti í samfélaginu og þau börn sem nú búa hjá foreldrum í staðfestri samvist munu gera það áfram hvort sem við samþykkjum þessi lög núna eða ekki. Ég held í ljósi þess hvernig málið liggur og hvernig staðan á Alþingi er sé skynsamlegt að afgreiða þetta mál til ættleiðinga með þessum hætti. Hér hafa stór orð verið látin falla, bæði af nefndarmönnum og öðrum, um að við það verði staðið að þetta verði orðið að lögum í vor, og ég trúi því og treysti að svo verði.

[18:53]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að ég er ekki meðmælt því að það eigi að tefla þessu máli í neina tvísýnu í vor og það hefði ekki átt að gera það. Ég segi auðvitað, þó að ég hefði viljað

sjá hér öðruvísi að farið, að ef þetta er sú niðurstaða sem fólk treystir sér til að ná núna þá er hún af hinu góða og ég styð hana.

En það er alltaf svo, herra forseti, þegar um stór mál er að ræða þar sem við þurfum svolítið að skoða okkar dýpstu rök fyrir tilverunni að þá gerist það að við þurfum stundum að henda gömlum hugsunum. Við þurfum stundum að henda einhverju sem við höfum dragnast með í gegnum lífið og hefur kannski ekki reynst okkur eins vel og skyldi. Ég líki því við það að þetta sé eins og að fara úr gömlum fötum því við erum að breyta hugsunarhætti. Við erum að fara úr gömlum fötum og í ný. Það er stundum erfitt, við vitum það sjálf, að byrja að ganga í nýjum skóm. En þeir venjast á endanum og verða mjúkir. Og svo ef þeir verða of þröngir þá er líka bara ágætt að fara úr þeim og leyfa loftinu að leika um tærnar.

[18:55]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir allt sem hv. þm. sagði og ég held að ég geti fullyrt að á undanförnum missirum hefur orðið mjög mikil viðhorfsbreyting hér. Það tekur tíma að henda gömlum hugmyndum. Ég held að við séum að endurvinna þessar hugmyndir og þess vegna segi ég fullum fetum að ég hef fulla trú á því að þessi hugmynd sem við höfum rætt hér og hefur tekið mestan tíma í meðferð nefndarinnar og í umræðum á Alþingi, að þetta mannréttindamál verði orðið að lögum frá hinu háa Alþingi á vordögum.

[18:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég flutti mitt mál fyrir fáeinum mínútum, reyndar nokkuð mörgum mínútum núna, og fleiri en einn og fleiri en tveir hafa komið í ræðustól og tjáð sig um þetta mál. En í upphafi míns máls óskaði ég eftir því að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur þessa umræðu vegna þess að ég beindi fyrirspurnum til ráðherrans og óskaði eftir að heyra viðbrögð ráðherrans. Mér var þá sagt að ráðherrann væri á leiðinni, að ráðherrans væri að vænta hingað á hverri mínútu og nú er sú stund upp runnin því ég ætlaði að óska eftir því að hlé yrði gert á þessari umræðu ef hæstv. dómsmrh. kæmi ekki á staðinn, í þingsal.

Við erum að afgreiða hér lagafrv. um ættleiðingar. Það ber öllum saman um að mikil réttarbót er í þessu frv. fólgin. Flestum málsaðilum sem hafa tjáð sig um þetta við allshn. ber saman um að æskilegt sé að hraða framgangi þessa máls og lögfesta frv.

Sérstaklega hafa þó risið deilur um eitt atriði og það mjög miklar deilur og það er um rétt samkynhneigðra til að ættleiða börn. Við höfum sum stillt þessu upp þannig að e.t.v. sé réttara að tala um réttindi barnanna en réttindi hinna fullorðnu.

Niðurstaða nefndarinnar varð sú — ég á aðild að því nál. og styð framgang málsins — að í ljósi þess að lagt yrði fram frv. um staðfesta samvist á næstu mánuðum með það fyrir augum að lögfesta breytingar á þeim lögum fyrir vorið, þá mundum við sætta okkur við þá niðurstöðu að ekki yrðu gerðar þær lagabreytingar eða þær tillögur um lagabreytingar settar fram sem við flest í nefndinni hefðum óskað eftir. Það er vitað að ráðherra í hverjum málaflokki hefur mikið að segja, þó að það sé að sjálfsögðu Alþingi sem endanlega hefur orðið. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvaða áform ráðherrann hefur í þessum efnum. Ég er ekki að biðja um neinar endanlegar niðurstöður. Ég er ekki að biðja um yfirlýsingar um endanlegar niðurstöður en ég vil fá það staðfest hér í ræðustól af hæstv. dómsmrh. að lögin um staðfesta samvist verði tekin til endurskoðunar á næstu mánuðum og unnið að því að fá niðurstöðu í málið, væntanlega með það fyrir augum að tryggja réttindi samkynhneigðs fólks til jafns við aðra og að við fáum þær niðurstöður staðfestar áður en þingi lýkur í vor. Ég vil gjarnan heyra yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. um þetta efni.

[19:00]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef reynt að fylgjast með þessum umræðum. Ég hafði ekki tök á því að koma strax á hið háa Alþingi en tel að umræður hafi verið hér mjög góðar enda hefur allshn. greinilega unnið mjög vel í þessu máli.

Varðandi spurningu hv. þm. þá sat hv. þm. Ögmundur Jónasson fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur nefndaráliti hennar en með fyrirvara. Í nál. allshn. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá dómsmálaráðuneyti er unnið þar að frumvarpi til breytinga á þeim og mun það koma til umfjöllunar Alþingis síðar á þessu þingi."

Ég held að þetta svari spurningu hv. þm.

[19:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Dómsmrn. þýðir væntanlega hæstv. dómsmrh. Það er hæstv. dómsmrh. sem er ábyrgur fyrir þessari vinnu. Er það staðfastur ásetningur hæstv. dómsmrh. að stuðla að því að fyrrnefnt frv. fái afgreiðslu fyrir vorið og þá væntanlega með það fyrir augum að tryggja réttarstöðu allra Íslendinga, að tryggja jafnræði með öllum Íslendingum óháð kynhneigð þeirra?

[19:02]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mig langar sem starfandi formaður allshn. að hafa hér nokkur orð í lokin og þakka fyrir þessa ágætu umræðu sem hefur farið fram um frv. enda er þetta gott mál og um það eru allir sammála. Ég tel að við hv. þm. í allshn. höfum alveg vitað hvað við vorum að gera og við fórum ákaflega vel yfir alla þætti málsins og ekki síst yfir þann þátt málsins sem kannski snerti ekki frv. og þá er ég að tala um ættleiðingar samkynhneigðra. Að sjálfsögðu snerta þau málefni frv. óbeint en ekki beint að okkar mati og þess vegna er þetta niðurstaðan.

Ég vil halda því fram að mjög góður hugur hafi verið í nefndinni gagnvart því málefni sem varðar samkynhneigða og mikil samstaða og það finnst mér mjög mikilvægt. Ég held að við höfum öll þroskast svolítið við þessa umræðu og ég viðurkenni það með sjálfa mig og skammast mín ekki fyrir að segja að ég gerði það og ég held að það sé mikilvægt. Ég vona að sú umræða sem fór fram í nefndinni og sú umræða sem nú fer fram hér í þingsal hv. Alþingis geti orðið til þess að breyta hugsunarhætti vegna þess að hér er um mikilvægt mál að ræða. Við sem sitjum í allshn. teljum að við höfum komið málinu í ákveðinn farveg og það vil ég meina að séu aðalskilaboðin frá Alþingi og það séu jákvæð skilaboð að málið sé í farvegi. En auðvitað getum við ekki sagt á þessari stundu hver niðurstaðan verður vegna þess að það er alltaf Alþingi sem ákveður og í dag er ómögulegt að fullyrða að þetta verði samþykkt. Það er ekki fyrr en hv. þingmenn hafa

stutt á takkana sem það liggur fyrir. En við trúum því að málið sé að vinna sér fylgi almennt og það er gott.

Ég vil ekki að fólk trúi því að einhver hafi látið kúga sig og að hugrekki skorti í þessu máli. Við litum einfaldlega þannig á, og gerum það, að með því að hafa málsmeðferðina sem raun ber vitni þá séum við að vinna málstaðnum gagn. Það er aðalatriðið og það vil ég hafa mín lokaorð.

[19:05]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka formanni allshn., hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, fyrir góð störf í nefndinni í þessu máli og vil láta koma hér fram lofsorð mín til hennar varðandi afstöðu hennar og vinnu í þessu máli sem ég tel vera til mikillar fyrirmyndar, þá verð ég þó að segja að mér fannst ekki traustur sá ís sem þetta mál er að fara út á þegar maður ætlar að komast yfir vatnið með réttindi samkynhneigðra og barna þeirra í fanginu. Mér sýnist sá ís þunnur ef ekki er fastar að orði kveðið en hv. þm. gerði hér áðan, þ.e. að ekkert sé fast í hendi, að við verðum aðeins að vona það besta. Ég hefði viljað sjá meiri þyngd í þessu máli eftir þær umræður sem hér hafa farið fram.

Ég vil spyrja hv. þm., til þess að þær upplýsingar komi fram hér í hv. Alþingi: Af hverju þurfti að afgreiða þetta mál núna sérstaklega fyrir jól? Eru það áramót sem kalla á þetta? Er það fyrst og fremst þörf þeirra sem núna eru að fá þessar réttarbætur sem ég styð svo sannarlega? Ef svo er að ekkert annað knýr á en að gott sé að afgreiða góð mál, hefðum við þá ekki mátt geyma þetta mál í tvo til þrjá mánuði, þó ég virði þörf allra þeirra sem nú fá réttindi, þar til við hefðum einmitt lokið þeirri vinnu sem hæstv. dómsmrh. er að lofa hér þannig að við hefðum látið þessi mál fylgjast að? Það væri gott fyrir sögu þessa máls að um það fengist nokkur umfjöllun.

[19:07]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki sanngjarnt af hv. þm. að koma hérna upp og vera með þennan málflutning vegna þess að hann veit ákaflega vel eftir umfjöllun okkar í nefndinni hver hugur minn er í þessu máli og hvað það er sem ég er að reyna að ná fram. Hvort ísinn er þunnur eða þykkur ætla ég ekki að segja til um en ég ítreka það sem ég sagði áðan að við getum ekki fullyrt nú hver niðurstaða málsins verður. En eitt getum við þó fullyrt og það kemur fram í nál., að frv. til laga um staðfesta samvist verður lagt fram í þinginu í vetur. Þar með er búið að opna lögin og þar með er það ákvörðunarefni þingsins, Alþingis, hvað það vill gera. Ef það er þannig, sem við trúum eða ég trúi, að meiri hluti sé á Alþingi fyrir því að heimila stjúpættleiðingu samkynhneigðra þá verður það niðurstaðan. Og ég ítreka að mér finnst þetta mál vera komið í þann farveg sem er ákjósanlegur og sem er líklegur til þess að leiða til þessarar réttarbótar.

[19:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði kannski getað fallið frá orðinu því að hv. þm. Valgerður Sverrisfóttir, sem hefur verið formaður eða verið starfandi formaður allshn. á meðan þetta mál var unnið, hefur nú eiginlega svarað þeirri spurningu sem ég ætlaði að leggja hér fyrir hana. Ég skynja það að skilningur hennar er sá hinn sami og minn, að við munum afgreiða þetta mál frá þinginu áður en við ljúkum því hér í vor. Ég heyrði það á hv. þm. að hún er sama sinnis þannig að ég geri ráð fyrir því að þessi orð muni standa.

[19:10]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki tjáð mig í þessari umræðu núna um þetta mál. Ég vil þess vegna koma upp í andsvari og þakka sitjandi formanni allshn. forustuna í þessu máli, í vinnunni í allshn., hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Hún hefur haldið vel á því og nefndin er afar samhuga eins og hún lýsti hér.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson er vissulega ekki einn um áhuga fyrir jöfnum rétti og jöfnum skyldum samkynhneigðra á við annað fólk. Þeir eru að sjálfsögðu að biðja um að skyldur þeirra við blessuð börnin verði viðurkenndar. Við megum ekki gleyma því að það eru ekki bara réttindi, það eru skyldur líka. Það ágæta fólk hefur haldið vel á sínu máli í viðtölum við allshn.

Nú hefur hæstv. dóms- og kirkjumrh. sagt hér að lögin um staðfesta samvist muni verða tekin upp á vorþingi. Allshn. er áhugasöm um að vinna vel í því máli og það hefur líka komið fram. Hins vegar kemur þingið til með að taka ákvarðanir, ekki eingöngu hæstv. dóms- og kirkjumrh. og hv. allshn. heldur þingið sjálft í okkar lýðræðisþjóðfélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, síðari umr.

Stjtill., 112. mál. — Þskj. 122, nál. 327.

[19:12]

Frsm. utanrmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 327 um till. til þál. um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. Nál. er frá hv. utanrmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Tómas H. Heiðar þjóðréttarfræðing frá utanríkisráðuneyti og Margréti Hauksdóttur deildarstjóra frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Íslenskri ættleiðingu og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Haagsamningnum frá 29. maí 1993 um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa er ætlað að samræma skilyrði sem sett eru af hálfu stjórnvalda samningsríkja svo að ættleiðing milli landa megi fara fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi. Tilgangur samningsins er að við ættleiðingu milli landa séu grundvallarréttindi barnsins virt og komið í veg fyrir brottnám barna og verslun með þau, svo og að tryggja að samningsríki viðurkenni ættleiðingar sem fara fram í samræmi við samninginn.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið var sérstaklega skoðað hverjir geti ættleitt börn samkvæmt samningnum. Skv. 2. gr. hans eru það annars vegar hjón og hins vegar einstaklingur sem búsettur er í móttökuríki sem það geta, sbr. nánari ákvæði 5. gr. Einstaklingar í óvígðri sambúð og samkynhneigðir í staðfestri samvist geta því ekki ættleitt saman börn frá ríkjum sem eru aðilar að Haagsamningnum.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt.

Jón Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Sighvatur Björgvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráð trúfélög, 2. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 69, nál. 393, brtt. 394 og 425.

[19:16]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. á þskj. 393 um frv. til laga um skráð trúfélög.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dómsmrn. og Einar Sigurbjörnsson prófessor. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá biskupi Íslands, guðfræðideild Háskóla Íslands, kaþólska biskupnum í Reykjavík, Kvennakirkjunni, Krossinum, Andlegu þjóðarráði bahá'ía á Íslandi og Siðmennt.

Frv. felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um trúfélög, nr. 18/1975. Lagðar eru til breytingar, m.a. til samræmis við breytingar sem gerðar voru á trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar með stjórnarskipunarlögum árið 1995. Einnig er lagt til að einungis verði fjallað um trúfélög sem hafa verið formlega skráð en önnur trúfélög falli utan gildissviðs laganna en eins og fram kemur í greinargerð er lagt til að miðað verði við að um slík félög gildi sömu reglur og um frjáls félög og félagasamtök, hvort sem þau tengjast átrúnaði eða ekki. Þá kemur fram að fyrirsögn frv. er frv. til laga um skráð trúfélög en þó er að finna almennt ákvæði um trúfélög í I. kafla þess. Einnig kemur fram í kaflaheiti II. kafla að hann gildi um skráð trúfélög en hins vegar er fjallað um þjóðkirkjuna að hluta í 8. og 9. gr.

Við umfjöllun málsins hjá nefndinni var nokkuð rætt um eftirlit sem hafa skal með skráðu trúfélagi. Í 4. gr. kemur m.a. fram að senda skuli dóms- og kirkjumrn. nákvæmt félagatal við skráningu trúfélags með nöfnum, kennitölum og heimilum félagsmanna og í 5. gr. segir að gera skuli grein fyrir breytingum á félagatali einu sinni á ári. Rætt var um hvort þessi ákvæði væru í samræmi við persónuvernd einstaklingsins og hvort nauðsynlegt teldist að hafa þennan háttinn á. Eftir að hafa rætt við fulltrúa Hagstofunnar um þetta álitaefni varð niðurstaða nefndarinnar sú að leggja ekki til breytingar. Upplýsingar verða að liggja fyrir um meðlimi trúfélags, einkum með tilliti til sóknargjalda sem renna til trúfélagsins. Nefndin vill þó leggja mikla áherslu á að fyllsta trúnaðar verði gætt við skráningu og meðhöndlun upplýsinganna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frv.:

1. Lagt er til að aldurshámark það sem sett er í 1. mgr. 7. gr. verði tekið út. Nefndin telur ekki sérstaka þörf á að gera það að skilyrði í lögunum að forstöðumaður skuli ekki vera eldri en 75 ára. Eðlilegast sé að hafa það á forræði viðkomandi trúfélags. Þá eru lagðar til málfarsleiðréttingar á 7. gr.

2. Lagt er til að í stað 18 ára aldursviðmiðunar í 1. mgr. 8. gr. frv. komi 16 ára. Í lögum um sóknargjald, nr. 91/1987, kemur fram að frá 16 ára aldri skuli hver einstaklingur greiða sóknargjöld samkvæmt lögunum. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að sami aldur verði notaður sem viðmiðun um greiðslu sóknargjalda og ákvörðun um inngöngu í skráð trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi. Nefndin leggur einnig til breytingar á 4. mgr. sömu greinar. Í stað þess að fjalla eingöngu um þau tilvik þegar forsjá barns hefur verið falin öðrum en foreldrum á grundvelli barnaverndarlaga leggur nefndin til að ákvæðið nái einnig til þeirra tilvika þegar öðrum en foreldrum hefur verið falin forsjá barns á grundvelli annarra laga, en fjallað er um forsjá í fleiri lögum, t.d. barnalögum.

3. Lagðar eru til breytingar á 4. mgr. 9. gr. Leggur nefndin til að í stað þess að prestum eða forstöðumönnum verði skylt að koma tilkynningu um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi til þjóðskrár geti þeir komið tilkynningunni á framfæri. Hingað til hefur Hagstofa Íslands annast skráninguna og telur nefndin hagræði að því að hafa það fyrirkomulag óbreytt. Þá leggur nefndin til breytingar á greinarfyrirsögninni í þeim tilgangi að gera hana skýrari þar sem nefndin telur rétt að fram komi að í greininni sé einnig fjallað um úrsögn úr þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi en ekki einvörðungu inngöngu í skráð trúfélag.

Að síðustu vill nefndin taka fram að hún telur að frágangur málsgreina í frv. sé ekki í samræmi við þá meginreglu í frágangi frv. að hafa málsgreinar ónúmeraðar. Ekki er rökstutt sérstaklega af hvaða ástæðu málsgreinar eru númeraðar og því verða númer málsgreina felld niður og stafliðum breytt í töluliði í lokafrágangi verði frv. samþykkt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Katrín Fjeldsted, Lúðvík Bergvinsson, Helga Guðrún Jónasdóttir, Gunnar Ingi Gunnarsson, Ásta Möller, Guðrún Ögmundsdóttir og Pétur H. Blöndal.

[19:21]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla að mæla fyrir brtt. við það frv. til laga sem hér er til umræðu. Þetta frv. sem væntanlega verður að lögum fjallar að verulegu leyti um skilgreiningar og mín brtt. lýtur að skilgreiningum.

Í 3. gr. frv. er fjallað almennt um skilyrði til skráningar trúfélaga og þar segir, með leyfi forseta:

„Skilyrði fyrir skráningu trúfélags er að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur.“

Ég er með tillögu um breytingu við þessa grein sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Skilyrði fyrir skráningu félags samkvæmt lögum þessum er að það leggi stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sterkar sögulegar eða menningarlegar rætur eða sinni samsvarandi trúarlegum eða félagslegum skyldum og hafi unnið sér sess.“

Hér er verið að víkka hugtakið allnokkuð en eins og við vitum gegna trúarbrögðin tvíþættu hlutverki. Annars vegar trúarlegu, fyrir einstaklinginn, og hins vegar samfélagslegu. Þannig er kirkjan samfélagsstofnun sem gegnir ýmsum skyldum og veigamiklu hlutverki í samfélagi okkar og lífi.

Í lífi þorra Íslendinga gegnir þjóðkirkjan félagslegu hlutverki og á opinberum vettvangi hefur hún slíka stöðu. En

aðrir aðilar eru einnig að koma til sögunnar, bæði kristilegir söfnuðir og aðrir, múhameðstrúarmenn, búdda, brama og þar fram eftir götunum. En önnur félög gegna einnig þessum félagslegu skyldum, þessu samfélagslega hlutverki. Þannig tíðkast t.d. borgaralegar fermingar svo að eitthvað sé nefnt. Ég vil víkka þessa skilgreiningu og tillagan snýr að því.

Er þetta þá opið og sveigjanlegt og teygjanlegt á alla lund? Já, það er það en þannig er lagagreinin eins og tillaga er gerð um núna. Hún er mjög sveigjanleg. Þar segir:

„Skilyrði fyrir skráningu trúfélags er að um sé að ræða félag sem leggur stund á átrúnað eða trú sem tengja má við þau trúarbrögð mannkyns sem eiga sér sögulegar eða menningarlegar rætur."

Þetta er mjög opið og mjög teygjanlegt. En menn hafa ekki miklar áhyggjur af því vegna þess að til sögunnar er kallaður aðili sem á að túlka þessar lagaheimildir. Í 4. gr. frv., 4. lið, segir um þann aðila, með leyfi forseta:

„Áður en leyfi er veitt til skráningar trúfélags skal leita álits nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands, og skal hann vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og sá þriðji tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands."

Mér finnst heldur þröngt skipað í nefndina, að einvörðungu þessir aðilar komi þar við sögu. Sannast sagna finnst mér álitamál að guðfræðideild háskólans skipi í þessa nefnd. Ég nefni þetta aðeins til að skýra hvers vegna það er ekki endilega mikil hætta í því fólgin að hafa lagaheimildina um skilgreiningu á trúfélögum allrúma.

[19:27]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Við 1. umr. um frv. til laga um skráð trúfélög gerði ég athugasemdir við það að hér stendur að forstöðumenn trúfélaga þurfi ekki að vera íslenskir ríkisborgarar. Ég er ekki á þeirri skoðun. Ég gat líka um að til þess að fullnægja þeim skilyrðum sem hér væru sett í lög skyldu þeir sem ætluðu sér að ná fótfestu í sértrúarflokki á Íslandi ástunda trú sína af festu og skyldurækni eins og sagt er í frv. Þeir þyrftu að sýna fram á að þeir væru þess verðugir að trúarbrögð þeirra næðu fótfestu gagnvart löggjafanum.

Ég er enn þá þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að þeir sem stofni til trúfélaga á Íslandi séu íslenskir ríkisborgarar og hef ekki vikið frá þeirri hugsun. Ég teldi því eðlilegt svo væri í þessu frv.

[19:29]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að nota þetta tækifæri til að þakka hv. allshn. fyrir afar góða og vandaða vinnu á þessu þingi. Ég veit að þar hefur verið mikið álag. Þar hafa mörg mál verið til umfjöllunar en þeim öllum verið sinnt með sóma. Nokkur mál eru nú þegar orðin að lögum og í dag hafa tvö stjórnarfrv. orðið að lögum, þ.e. greiðslur ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota og almenn hegningarlög. Lokið er 2. umr. um tvö önnur mál, um það sem hér er til umræðu og frv. um ættleiðingar. Þar að auki er stórt mál á dagskrá til 1. umr., um persónuvernd og ég veit að það muni fá vandaða umfjöllun.

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins fá að nota þetta tækifæri til að þakka hv. nefndarmönnum í allshn. fyrir vel unnin störf og ekki síst sitjandi formanni, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur.

[19:30]

Útbýting þingskjala:

Brunavarnir og brunamál, 244. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 474.

Fjarskipti, 122. mál, nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 469.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 205. mál, brtt. GÁS, þskj. 473.

Málefni fatlaðra, 274. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 468.

Póst- og fjarskiptastofnun, 240. mál, nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 470.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, 273. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 475.

Skráning og mat fasteigna, 290. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 472.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 289. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 471.

Tekju- og eignarskattur, 291. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 476.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 17.–31. mál.

Fundi slitið kl. 19:32.

---

48. FUNDUR

föstudaginn 17. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 187, nál. 356, brtt. 357. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 188, nál. 358, brtt. 359. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 233, nál. 360, brtt. 361. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243, nál. 362. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 4, nál. 384. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 5, nál. 343, brtt. 344 og 385. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 25, nál. 317, brtt. 318, 319 og 320. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 68, nál. 391, brtt. 392. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122, nál. 327. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Skráð trúfélög, stjfrv., 69. mál, þskj. 69, nál. 393, brtt. 394 og 425. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Framleiðsluráð landbúnaðarins, stjfrv., 205. mál, þskj. 461, brtt. 473 og 477. — 3. umr.
13. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267, nál. 439, brtt. 447. — 2. umr.
14. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 214. mál, þskj. 253, nál. 438. — 2. umr.
15. Vitamál, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 431, 451 og 459. — 2. umr.
16. Fjarskipti, stjfrv., 122. mál, þskj. 143, nál. 432, 452 og 469, brtt. 433. — 2. umr.
17. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 292, nál. 434, 453 og 470. — 2. umr.
18. Framhaldsskólar, stjfrv., 101. mál, þskj. 102, nál. 388. — 2. umr.
19. Málefni aldraðra, stjfrv., 173. mál, þskj. 200, nál. 436, brtt. 437 og 466. — 2. umr.
20. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 251. mál, þskj. 308, nál. 400. — 2. umr.
21. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273, nál. 446. — 2. umr.
22. Skipulags- og byggingarlög, frv., 276. mál, þskj. 390. — 1. umr.
23. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117, nál. 440, brtt. 454. — 2. umr.
24. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299, nál. 474. — 2. umr.
25. Málefni fatlaðra, stjfrv., 274. mál, þskj. 375, nál. 468. — 2. umr.
26. Ráðstöfun erfðafjárskatts, stjfrv., 273. mál, þskj. 374, nál. 467 og 475. — 2. umr.
27. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, stjfrv., 270. mál, þskj. 368, nál. 464 og 465. — 2. umr.
28. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228. — Síðari umr.
29. Iðnaðarlög, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 389. — 2. umr.
30. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — 1. umr.
31. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 291. mál, þskj. 476. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
32. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330. — 1. umr.
33. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn. [10:31]

Útbýting þingskjala:
Framleiðsluráð landbúnaðarins, 205. mál, þskj. 461; brtt. HjálmJ, þskj. 477.
Verðmæti seldra veiðiheimilda, 221. mál, svar sjútvrh., þskj. 463.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):
Um kl. 1.30 fer fram umræða utan dagskrár um fréttaflutning af kjarnorkuvopnum á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Tómas Ingi Olrich en hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 161. mál (lausafé lánastofnana). — Þskj. 187, nál. 356, brtt. 357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:34]
Brtt. 357 (ný 1. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Gjaldeyrismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur). — Þskj. 188, nál. 358, brtt. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
Brtt. 359,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 359,2 samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 359,3 (ný 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 200. mál. — Þskj. 233, nál. 360, brtt. 361.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 361 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
3.–9. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 209. mál (tölvuvædd tollafgreiðsla). — Þskj. 243, nál. 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Skattfrelsi norrænna verðlauna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 4, nál. 384.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]
Brtt. í nál. 384 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 5. mál (persónuafsláttur maka). — Þskj. 5, nál. 343, brtt. 344 og 385.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 385 felld með 35:15 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
13 þm. (BH, GAK, GÁS, GÖ, KLM, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖJ*, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:45]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skrifum undir þetta frv. eða stöndum að samþykkt þess en flytjum jafnframt þá brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um. Hún er flutt af því tilefni að þessar úrbætur, sem eru fyrir nokkurn hóp hjóna og fólks í sambúð, nýtast tiltölulega fáum og við teljum að það sé eðlilegt að einstæðir foreldrar eigi rétt á einhverri leiðréttingu í samræmi við það sem lagt er til í frv. Þarna er um það að ræða að sérstakar barnabætur sem greiðast með börnum umfram eitt sjö ára og eldri hækki frá rétt rúmum 30 þús. kr. upp í 50 þús. kr. á ári og útgjöld ríkisins yrðu um 45 millj. kr.

Við umræðu í nefndinni um þetta mál kom fram að við styddum það með þó þeim fyrirvara að við teldum að það ætti að skoða leiðir sem nýttust fleiri en þeim hópi sem nýtur þeirra bóta sem frv. felur í sér. [10:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að þessi brtt. nái fram að ganga. Þær lagabreytingar sem hér liggja fyrir fela það í sér að líta beri á hjón sem skattalega einingu í ríkari mæli en þó hefur verið með því að gera persónuafslátt að fullu millifæranlegan. Þetta er og hefur verið umdeilt mál í þjóðfélaginu en hitt ætti ekki að þurfa að deila um að ef menn ætla sér að líta á fjölskylduna sem skattalega einingu, þá er það alger forsenda af okkar hálfu að einstæðir foreldrar með börn á framfæri verði ekki hlunnfarnir og miðar brtt. að því að einstæðir foreldrar njóti persónuafsláttar vegna barna sinna. Þetta mundi kosta um 40 millj. kr. á ári en tillaga ríkisstjórnarinnar mundi hins vegar kosta um 400 millj. þegar hún er komin til framkvæmda að fullu.

Ef þetta verður fellt, eins og mér sýnist verða raunin á, þá munum við sitja hjá við frv. að öðru leyti.

Brtt. 344,1 (ný 2. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
15 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, FI, GAK, GÁS, GÖ, KLM, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 344,2 (ný 3. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, FI, GAK, GÁS, GÖ, IP, KLM, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 25. mál (EES-reglur). — Þskj. 25, nál. 317, brtt. 318, 319 og 320.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:51]
Brtt. 320,1 felld með 33:1 atkv. og sögðu
já: PHB.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, EOK, FI, GAK, GÁS, GÖ, KLM, LMR, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að ekki verði búinn til smásjóður upp á 100 millj. til þess að tryggja það að fjárfestar tapi við mögulegt gjaldþrot verðbréfafyrirtækis. Líkurnar á því að slíkt gerist eru nánast engar og það er hægt að gera þetta með einfaldri reglugerðarbreytingu, með því að auka

starfsábyrgðartryggingu verðbréfamiðlara. Það er sem sagt alger óþarfi að mynda þennan smásjóð og ég hef lagt fram brtt. í 14 liðum sem sker þetta frv. niður um helming til þess að koma í veg fyrir að stofna þessa smásjóði. Ég segi já.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 320,2–3 kölluð aftur.
2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 320,4 kölluð aftur.

Brtt. 319,1 felld með 32:17 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, PHB, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, PP, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
14 þm. (ArnbS, BH, GAK, GÁS, GÖ, KF, KLM, LMR, ÓÖH, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að innstæðueigendur eigi einnig fullrúa í stjórn tryggingarsjóðsins en ekki bara fulltrúar innlánsstofnana.

Brtt. 318,1 samþ. með 50 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JHall, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.
8 þm. (ÁRJ, GIG, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BH, GAK, GÁS, GÖ, KF, KLM, LMR, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 320,5 kölluð aftur.

5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (DLH) greiddi ekki atkv.
12 þm. (BH, GAK, GÁS, GÖ, KF, KLM, LMR, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 320,6 kölluð aftur.
Brtt. 318,2 (ný 6. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 320,7 kölluð aftur.
Brtt. 318,3 (ný 7. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 320,8 kölluð aftur.
Brtt. 318,4 (ný 8. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 320,9 kölluð aftur.
9. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 319,2 felld með 34:16 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
13 þm. (ArnbS, BH, GAK, GÁS, GÖ, KF, KLM, LMR, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þessi grein frv., 10. gr., fjallar um tryggingarvernd innstæðueigenda. Brtt. sem hér eru greidd atkvæði um kveður á um að einstaklingar skuli fá kröfur sínar vegna tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi aðildarfyrirtækjum greiddar að fullu, en það er eins og gerist í Finnlandi og Noregi, en ekki bara að hluta til eins og lagt er til í þessu stjfrv.

Brtt. 320,10 kölluð aftur.

10. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, BH, GAK, GÁS, GÖ, KLM, LMR, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 320,11–13 kölluð aftur.
11.–19. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 318,5 samþ. með 49 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 320,14 kölluð aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Um atkvæðagreiðslu.

[11:01]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því að hv. 5. þm. Suðurl., sem jafnframt er 3. varaforseti þingsins, getur ekki greitt atkvæði hér eins og aðrir þingmenn. Þetta hefur vakið mikla kátínu í þinginu. Mér er hins vegar ekki hlátur í hug. Hann hefur sama rétt og aðrir til þess. Hann hefur sýnt mikið langlundargeð og ef á að halda atkvæðagreiðslum áfram með þessum hætti, þá held ég að það væri full ástæða til þess að hann verði beðinn velvirðingar á þessu.

[11:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. þm. glöggskyggni hans. En hv. þm. hefur komið því til skila hvernig hann greiðir atkvæði og hefur því sama rétt og aðrir þingmenn og er sami háttur hafður á við þessa atkvæðagreiðslu og var um fjárlagaatkvæðagreiðsluna.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ættleiðingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 68. mál (heildarlög). — Þskj. 68, nál. 391, brtt. 392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (ArnbS, BH, GAK, GÁS, GÖ, KLM, LMR, RG, SighB, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég samþykki þennan lagabálk og þessar lagabreytingar á þeirri forsendu að hér sé um að ræða verulegar réttarbætur. En ég geri það með skilyrðum. Ég geri það á þeirri forsendu að lögin um staðfesta sambúð verði tekin upp á næstu mánuðum og réttindi barna samkynhneigðra foreldra tryggð á sama hátt og réttindi barna gagnkynhneigðs fólks eins og gert er í þessum lögum. Annað væri mannréttindabrot og um mannréttindi gerum við ekki málamiðlanir.

[11:04]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frv. eru fengin réttindi og réttarbót fjölda fólks til ættleiðinga og er það vel. En um leið og færð eru réttindi sem lengi hefur verið beðið eftir til fólks, jafnvel 1.500 manna að talið er, er annar hópur sem er skilinn út undan en það eru börn samkynhneigðra í staðfestri samvist og samkynhneigðir einnig.

Virðulegi forseti. Mannréttindi eru algild en ekki afstæð. Jaðarhópa ber okkur að vernda og verja réttindi þeirra. Í umræðunum í gær orðaði einn þingmaður það svo að það væri verið að færa kærkomna jólagjöf til fjölda manna. Á jólum skilur maður engan út undan á heimilinu.

Ég ætla þó að styðja framgang þessa máls í trausti þess og von og trú að þeir sem hafa talað fyrir lausn málsins á vorþingi muni við það standa og við lögleiðum full réttindi fyrir samkynhneigða og fyrst og fremst börnin þeirra.

Brtt. 392,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
3.–9. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 392,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
11.–15. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 392,3 samþ. með 50 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
17.–23. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 392,4 samþ. með 50 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
25.–36. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 392,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
38.–43. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Skráð trúfélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 69, nál. 393, brtt. 394 og 425.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 425 felld með 32:17 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, JÁ, JóhS, JB, JónK, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JHall, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.
14 þm. (ArnbS, BH, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GIG, KLM, LMR, SJóh, SÞ, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JHall, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBack.
11 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, JóhS, KolH, LB, MF, RG, SighB, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, BH, GAK, GHall, GÁS, GÖ, KLM, LMR, SJóh, SÞ, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 394,1 samþ. með 48 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, GIG, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JHall, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, BH, DO, GAK, GHall, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, LMR, RG, SJóh, SÞ, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 394,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 394,3 samþ. með 49 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:17]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 477. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Vitamál, 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 431, 451 og 459.
[11:18]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um vitamál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Helga Jóhannesson og Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgrn., Hermann Guðjónsson og Sigurberg Björnsson frá Siglingastofnun Íslands og fulltrúa frá ýmsum stofnunum og félagasamtökum, og fjallað ítarlega um málið. Grundvallarbreytingin er að þétta reglur um vitamálin og gjald af þeim.

Með frv. er lagt til að lagagrunni fyrir vitagjald verði breytt en því er ætlað að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaði Siglingastofnunar Íslands á leiðsögukerfi fyrir skip. Er lagt til að lagagrunnurinn verði styrktur á þann veg að hann uppfylli skilyrði stjórnarskárinnar um lagagrunn skattlagningarheimilda. Verði því fjárhæð gjaldsins tilgreind í lögunum sjálfum.

Til að mæta auknum kostnaði við rekstur vita er lagt til í frv. að vitagjaldið verði látið ná til allra báta á skipaskrá.

Að vísu er takmörkuð heimild fyrir afnot af hluta smábátaflotans, sérstaklega er varðar veiðiheimildir, en engu að síður er öryggisþátturinn sá sami fyrir alla daga ársins og öll skip ársins í nýtingu og aðgengi að vitakerfi landsins. Lagt er til að fjárhæð gjaldsins sé tilgreind í lögunum sjálfum og að lágmarksgjaldið verði 64,70 kr. á hverju brúttótonni skips en þó skuli þetta gjald aldrei vera lægra en 5.000 kr. Meiri hlutinn leggur hins vegar til að lágmarksgjaldið verði lækkað í 3.000 kr. en á móti verði gjald fyrir hvert brúttótonn hækkað í 68,60 kr. Með því næst sama heildarhækkun vitagjalds.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi breytingum sem lúta að hækkun á hverju brúttótonni en lækkun á lágmarksgjaldi.

[11:21]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um vitamál. Málið fékk allítarlega umfjöllun í nefnd. Umsagnir komu frá allmörgum aðilum, m.a. frá Félagi smábátaeigenda, Landhelgisgæslunni og Kaupskipaútgerðinni.

Megininntak frv. er annars vegar að styrkja vita- og leiðsagnarmál meðfram ströndum landsins og það er í sjálfu sér vel. Það er afar mikilvægt að við fylgjumst einmitt vel með nýjustu tækni í upplýsingaþjónustu, í fjarskiptum og í tækni til að koma skilaboðum áleiðis til sjófarenda eða þeirra sem fara á sjó. Öryggi þessarar þjónustu er afar mikilvægt. Í nál. 1. minni hluta stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frumvarpi til laga um vitamál er að finna margt sem telja má til bóta í lagasetningu á þessu sviði. Hins vegar er 1. minni hluti algerlega andvígur 7. gr. frumvarpsins um vitagjald en þar er gert ráð fyrir að vitagjald verði innheimt af 1.600 bátum undir 10 tonnum sem áður voru undanþegnir gjaldinu. Það er álit 1. minni hluta að ríkissjóði sé skylt að veita grunnþjónustu í vitamálum, óháð tekjum, þar eð rekstur vita er nauðsynlegur til að tryggja öryggi sjófarenda. Þó að hér sé ekki um háar fjárhæðir að ræða lýsir 1. minni hluti sig algerlega andvígan lagasetningu um sérstakar álögur á þá sem stunda smábátaútgerð í landinu."

Herra forseti. Hér á landi setjum við upp götuvita og vegskilti. Við setjum þar upp ljós sem eiga að leiðbeina umferðinni og það þykir alveg sjálfsagt. Við greiðum ekki sérstakt gjald þó svo við ökum fram hjá götuvitum. Þessir vitar, þessi þjónusta meðfram ströndinni, herra forseti, er grunnþjónusta sem ber að veita án þess að eigi að skattleggja hana beint. Við mótmælum þeirri stefnu að ekki megi veita slíka almenna þjónustu án skattlagningar og því að það skuli vera að færa sig upp á skaftið og finna nýja skattstofna og skattleggja þjónustuna.

Ég geri mér alveg grein fyrir því, herra forseti, að þessi þjónusta er ríkisstyrkt eða ríkið tekur verulegan þátt í greiðslu kostnaðar við hana, enda væri annaðhvort. En þarna er verið að fara inn á nýja leið. Smátt og smátt, skref fyrir skref má búast við því að sjófarendur hvar sem þeir eru á litlum bátum meðfram ströndinni eða stærri skipum eigi að fara að greiða fyrir alla þessa þjónustu þannig að hún verði þannig fjárhagslega sjálfbær. Sú þróun finnst mér ekki vera neitt til að hrópa húrra fyrir.

Þar fyrir utan, herra forseti, hefur þessi smábátaútgerð okkar, bæði litlu fiskibátarnir, skemmtibátar og bátar sem bændur hafa átt og gera út frá jörðum sínum, verið hluti af hinu íslenska samfélagi um árabil og vitaþjónustan meðfram ströndinni á að vera hluti af því samfélagi, þeirri þjónustu sem við veitum samfélaginu. Við mótmælum því að það eigi að fara að skattleggja hvern þann sjófarenda, hvern bát sem fer á sjó vegna þessarar grunnþjónustu, þ.e. því grundvallaratriði sem þarna er verið að fara inn á, að allt eigi að skattleggja, upphæðin er ekki aðalatriðið. Ef maður ætti að vera sjálfum sér samkvæmur væri skattlagt við hvern ljósastaur. Þegar blikkar rautt eða gult ljós á Hringbrautinni ættum við að greiða skatt til að geta komist áfram, ef umferðin á að fara að greiða allan þennan skatt. Þessari hugsun mótmæli ég, herra forseti.

Eins og fram kom fyrr í máli mínu fengum við umsagnir frá allmörgum aðilum og við fengum umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda. Smábátaeigendur, sem standa ekki aðeins fyrir stórum hluta í beinni atvinnusköpun í landinu

heldur eru hluti af þeirri menningu, því þjóðfélagi sem við viljum standa vörð um og umferð þeirra, sendu okkur umsögn, herra forseti. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa kafla úr umsögn þeirra:

„Í frumvarpi til vitamála er ráðist harkalega að eigendum minni báta. Lagt er til að nýr skattur verði lagður á eigendur smábáta 5.000 kr., samtals 8 milljónir." — Eða eins og þeir reikna út, það er nú þá öll upphæðin. — „Þá felur frumvarpið einnig í sér ákvæði er hækkar vitagjald hjá öllum bátum á stærðarbilinu 10 brúttótonn til 77 brúttótonn; um mörg hundruð prósent, hjá þeim minnstu, niður í 6,5% hjá þeim stærstu. Samkvæmt upplýsingum úr athugasemdum með frumvarpinu munu þessi ákvæði skila 10 milljónum kr. í vitagjald, sem er 43% af hlut allra íslenskra skipa, þar með talið okkar stærstu gámaflutningaskip og frystitogarar. Á sama hátt er nýjum gjaldendum, smábátaeigendum, ætlað að greiða rúman þriðjung."

Nú er þess rétt að geta, herra forseti, að meiri hluti samgn. flytur brtt. þar sem þessar upphæðir eru lækkaðar en þó ekki tekið af skattheimtunni í grundvallaratriðum heldur er henni haldið óbreyttri.

Í frv. voru færð þessi rök sem standa í sjálfu sér í grundvallaratriðum óbreytt. Þar eru engin rök færð í rauninni fyrir því hvers vegna þessi leið er farin önnur en þau að það skal taka upp skattheimtu: „Með lágmarksgjaldi er komið til móts við þau sjónarmið að láta smærri báta greiða hlutfallslega hærra gjald en þeir gera í dag. Miðað við núverandi gjaldskrá hækkar þetta gjaldið á innlendum skipum úr u.þ.b. 13 millj. kr. í um 23 millj. kr., eða um 10 millj. kr."

„Vakin skal athygli á að vitamál eru öryggismál sjómanna. Í frumvarpinu er gerð krafa um að þeir sem noti þjónustuna greiði stofn- og rekstrarkostnað að fullu. Flöt upphæð er engin nálgun á því markmiði þar sem sá sem notar þjónustuna 10 sinnum á ári borgar jafnt þeim sem notar hana 100 sinnum."

Það er ekki einu sinni jöfnuður þar á ferðinni, herra forseti, ef það væri markmiðið. Nei, þetta er skattlagning, þessi þjónusta skal vera skattlögð. Það er stefnt að því að hún fjármagni sig sjálf þegar fram í sækir.

Herra forseti. Ég held áfram að vitna í bréf smábátaeigenda: „Með frumvarpinu er markaður nýr skattstofn, vitagjald. Skattur þessi er að öllu leyti óréttlátur þar sem ekki er tekið tillit til stærðar skipa eins og venja er þegar greitt er fyrir þjónustu sem veitt er."

Að vísu, herra forseti, eins og kom fram í greinargerð framsögumanns meiri hlutans þá er þar örlítil breyting gerð á.

„Það vekur undrun að ekki er gerð tillaga til breytinga á vitagjaldi af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, umfram það sem gert er við íslensk skip. Þar er sama regla og verið hefur, þ.e. fjórðungur vitagjaldsins er greiddur við hverja komu til landsins, en þó aldrei meira en fullt vitagjald. Athygli vekur að gjaldtaka sú sem hér um ræðir er aðeins 30% af gjaldskrá sem í gildi er á Bretlandi. Þar sem upplýsingar um bresku gjaldskrána er að finna í athugasemdakafla frumvarpsins er það með hreinum ólíkindum að ekki sé gerð tilraun til að aðlaga vitagjald erlendra skipa vitagjaldi sem íslensk skip verða að greiða á Bretlandi. ...

Landssamband smábátaeigenda skorar á háttvirta nefnd að gera breytingar á frumvarpinu, þar sem fallið verður frá hugmyndum að stóraukinni gjaldtöku Íslendinga, en huga fremur að þeirri leið sem hér er bent á." — Þ.e. að skattleggja þá sem hafa virkilega beinar tekjur af því að fara hér um, stóru skipin, og gæta þá samræmis þar við það sem gert er víða erlendis.

Herra forseti. Ég dreg þetta svo sterkt fram vegna þess að smábátar og smábátaeigendur eru ákveðinn grunnþáttur í íslenskri menningu og með því að skattleggja alla þá sem fara hér á sjó og eiga báta er vegið að þeirri grunnhugsjón sem við berum gagnvart þeim skyldum sem samfélagið og ríkið hefur gagnvart einstaklingum.

Herra forseti. Fulltrúar Landhelgisgæslunnar, sem komu á fund nefndarinnar, bentu á að auka mætti hagræðingu í að sameina og samræma enn betur störf og verkefni Siglingamálastofnunar og Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan væri á ferðinni meðfram ströndum landsins og þess vegna væri eðlilegra að henni væri falinn stærri hlutur, meiri ábyrgð og kannski stór hluti af þeim verkefnum sem þarna væri um að ræða. Það væri mun hagkvæmara og meira öryggi fólgið í því.

Herra forseti. Ég tel að ástæða hefði verið til að skoða betur þær hugmyndir sem Landhelgisgæslan kom með. Hún benti m.a. á aðferð sem væri notuð í Bandaríkjunum þar sem þessi mál eru einmitt falin þar sama aðila og þar væri jafnframt aukið öryggi, samræmd vinna og þess vegna væri þar líka að þeirra mati meiri hagkvæmni.

Það er ekki verið að segja það hér, herra forseti, að Siglingastofnun gæti ekki fyllstu hagkvæmni í störfum sínum, alls ekki. Hins vegar ber okkur stöðugt að leita leiða til að taka í þjónustu okkar bæði nýjustu tækni, nýjustu þekkingu og að auka öryggi, og þær leiðir sem geta aukið öryggi sjófarenda ber okkur að skoða. Þess vegna, herra forseti, leyfi ég mér að vitna í umsögn Landhelgisgæslunnar um þetta mál:

„Að gefnu tilefni vill Landhelgisgæslan jafnframt upplýsa að náin og góð samvinna er milli stofnunarinnar og Siglingastofnunar um vitamál almennt. Þannig hefur Landhelgisgæslan með skipun sínum og loftförum sinnt viðhaldi og eftirliti með vitum og öðrum siglingamerkjum og ýmissi annarri þjónustu á þessu sviði, sbr. hér síðar.

Landhelgisgæslan býr yfir skipum og loftförum, þar með talið þyrlum, sem notuð eru við viðhald og eftirlit með vitum og öðrum siglingamerkjum. Landhelgisgæslan sinnir nú þegar í raun ýmsum þáttum þjónustu á þessu sviði eins og áður greinir, svo sem við stefnumælingar vitamerkja, ýmissar vinnu við baujur og önnur siglingamerki, auk flutnings birgða til vitanna, hverju sinni að beiðni Siglingastofnunar. Dæmi eru þess að við framkvæmd viðhalds spegla og ljósgjafa á vegum Siglingastofnunar í vitum landsins hafi merki aflagast, sem að sjálfsögðu fylgir mikil hætta þar til leiðrétt hefur verið. Einnig eru dæmi þess að skekkjur hafa ekki komið í ljós fyrr en við næstu stefnumælingu Landhelgisgæslunnar. Áður en slíkar skekkjur uppgötvast hafa jafnvel orðið óhöpp. Þegar skekkjur hafa orðið eins og að framan er lýst er framkvæmdin þannig að Landhelgisgæslan tilkynnir Siglingastofnun um ástandið og síðarnefnda stofnunin sendir menn frá Reykjavík til að lagfæra og leiðrétta skekkjurnar. Ef vitamálin væru alfarið á könnu Landhelgisgæslunnar gætu starfsmenn stofnunarinnar leiðrétt stefnu vitans strax og skekkja uppgötvast. Að slíku væri mikið hagræði jafnframt því sem það yki öryggi að mun."

Ég tel, herra forseti, að okkur beri að hlusta á þessar ábendingar Landhelgisgæslunnar og íhuga þær mjög gaum-

gæfilega. Áfram segir í greinargerð Landhelgisgæslunnar, herra forseti:

„Skip Landhelgisgæslunnar eru á ferð umhverfis landið við regluleg gæslu- og eftirlitsstörf og gætu sem hægast sinnt lögbundnu og nauðsynlegu eftirliti og viðhaldi með vitum og öðrum siglingamerkjum landsins.

Landhelgisgæslan rekur stjórnstöð þar sem vakt er allan sólarhringinn alla daga ársins og sinnir mikilvægri þjónustu við sjófarendur. Stofnunin annast sjómælingar og sjókortagerð og gefur út tilkynningar til sjófarenda, svo sem áður greinir, auk ýmissar annarrar þjónustu tengdri siglingum og veiðum. Stjórnstöðin gæti að óbreyttu einnig sinnt allri upplýsingagjöf til sjófarenda varðandi vita og önnur siglingamerki."

Áfram segir í þessari mikilvægu greinargerð, herra forseti:

„Önnur atriði sem snerta kunna stjórnun og umsjón vitamála getur Landhelgisgæslan leyst af hendi. Stofnunin hefur í sinni þjónustu mannafla sem býr yfir almennri þekkingu á sviði siglinga og þeirra málefna sem tengjast vitamálum almennt. Þörf fyrir sérkunnáttu mætti fullnægja með því að núverandi sérhæfðir starfsmenn Siglingastofnunar á þessu sviði flyttust með verkefnunum til Landhelgisgæslunnar.

Verkefnaflutningur af því tagi sem hér er gerð tillaga um væri til samræmis við það sem gildir í Bandaríkjunum, svo dæmi sé nefnt. Þar voru málefni vita og annarra siglingaleiðbeininga alfarið færð til strandgæslunnar (U.S. Coast Guard) en höfðu áður verið í höndum sérstakrar vitastofnunar (Bureau of Lighthouses).

Það er trú Landhelgisgæslunnar að ef framangreindur verkefnaflutningur yrði framkvæmdur leiddi það til þess að kostnaður við málaflokkinn lækkaði."

Herra forseti. Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á þessari mikilvægu umsögn Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan, sem er í nánustum tengslum við öryggi og þjónustu á höfunum í kringum landið, hlýtur að gera sér grein fyrir því hvað hún er að leggja til. Hjá fulltrúum Landhelgisgæslunnar kom líka skýrt fram að á engan hátt væri verið að halla á störf og ábyrgð Siglingastofnunar, þeir lögðu á það þunga áherslu og að þar væri mikið og gott samstarf. Þeir drógu það alveg sérstaklega fram og það vil ég gera líka í máli mínu, herra forseti, að mikil virðing væri borin fyrir þeirri ábyrgð sem Siglingastofnunin sýnir gagnvart verkefnum sínum. En þegar verið er að leita að nýjum skattstofni, þegar verið er að leita að nýjum álögum á sjófarendur þá ber að hlusta á slík varnaðarorð og það ber að hlusta á slíkar leiðbeiningar því að þeir ljúka greinargerð sinni með því segja að væri sú tilhögun tekin upp sem þeir leggja til teldu þeir að það leiddi til sparnaðar og ekki bara til sparnaðar heldur líka til markvissari öryggisþjónustu og yki öryggi meðfram ströndum landsins.

Þetta er í svo mikilli hrópandi mótsögn við þann yfirlýsta tilgang þess frv. sem við hér erum að fjalla um, að leggja skatt á alla sjófarendur, leggja skatt á bæði stóra og smáa til þess að láta þessa þjónustu reka sig með sjálfbærum hætti.

Það er eitt líka, herra forseti, sem ég hefði viljað sjá að tekið hefði verið á í þessu frv., það er hvernig verkefnum á þessu sviði hefur verið dreift út um landið. Við vorum með vita og vitaverði vítt og breitt um landið og í umræðunum í gær eða fyrradag vorum við einmitt að fara í gegnum það að nú ætti að fara að selja þessar merku menningarstofnanir sem voru eyjar og nes þar sem vitaverðirnir voru. Þetta var stolt Íslendinga í gegnum árin og fjöldi bóka var skráður þar. Nú þegar lagt er til að leggja skatt á smábátaeigendur til að fara í kringum landið þá erum við jafnframt að setja þau lönd og þá aðstöðu þar sem hinir gömlu vitar stóðu á söluskrá.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að erfitt er að ætlast til þess að við verðum með vitaverði á þessum stöðum úti um land, bæði er komin tækni og framfarir á þessu sviði sem gera það ekki eins nauðsynlegt, en engu að síður þá ber bæði af öryggissjónarmiðum og líka af menningarlegum sjónarmiðum að sýna þessari vitavörslu fulla virðingu. Það ber að kanna hvernig hægt er að styrkja öryggi og viðbrögð úti um land. Það kemur ekki fram í þessu frv., þessu er að meginhluta miðstýrt héðan frá Reykjavík. Að vísu kom fram bæði í viðtölum hjá fulltrúum Siglingastofnunar og fulltrúum Landhelgisgæslunnar og fleirum sem þarna komu að að haft væri samband við björgunarsveitir vítt og breitt um landið og samið við þær um einstök verkefni, en það væri ekki gert með samræmdum kerfisbundnum hætti heldur væri það meira á grundvelli einstakra verkefna. Og það er vel að fela björgunarsveitum, slysavarnadeildum úti um landið skilgreind verkefni en gagnvart þessari öryggisþjónustu, gagnvart því hvernig Siglingastofnun og/eða Landhelgisgæslan kæmi upp öryggisstöðvum úti um land, endurnýjaði í rauninni og færði vitaverðina gömlu til nýtísku vegar, kemur heldur ekki fram í þessu frv. og það tel ég að hefði þurft að gera.

Herra forseti. Það er líka þetta með kaupskipin og er munur á hvort það eru innlend eða erlend kaupskip. Hins vegar upplýstist að það eru nánast engin íslensk kaupskip lengur til, kaupskip sem eru skráð í eigu Íslendinga og setin Íslendingum. Nei, hinn íslenski kaupskipafloti, stolt okkar í gegnum árin, það var hluti af sjálfstæðinu að koma upp eigin kaupskipum, því miður er það nú orðið þannig að nánast allur kaupskipaflotinn sem flytur vörur að og frá landinu er á leigu, er setinn erlendum sjómönnum og er þess vegna í rauninni ekkert íslenskur kaupskipafloti.

Herra forseti. Í umræðunni um öryggismálin kom það líka fram, sem ég tel að eigi að taka alvarlega, hvort tryggt sé að um borð í þessum leigukaupskipum séu stjórnendur sem kunni á íslenskt öryggiskerfi og geti talað íslenska tungu. Það að geta talað innbyrðis hér meðfram ströndum landsins hlýtur að vera hluti af öryggismálum. Það þýðir lítið að vera að kallast á, með fullri virðingu fyrir öðrum tungumálum, á pólsku og japönsku og dönsku og ensku, þannig að einmitt þessi tungumálakunnátta er hluti af öryggismálum meðfram ströndum landsins. Í umræðunni komu fram áhyggjur bæði Siglingastofnunar og Landhelgisgæslunnar af því hvort þeir sem héldu þarna um stjórnvölinn væru í rauninni færir um að fullnægja og standa undir þeirri öryggisgæslu sem ber að hafa gagnvart sjófarendum meðfram ströndinni.

Herra forseti. Ég tel að það hefði átt að vinna þetta frv. miklu betur. Ég tel að það hefði átt að taka alvarlega ábendingar Landhelgisgæslunnar um hvað betur mætti fara. Ég tel ekki vera tekið á því af virðingu fyrir því öryggi, þeim miklu öryggisatriðum sem þarna er um að ræða. Ég tel að það sé ekki gert með því að láta málið ekki fara í nákvæmari skoðun, fá nánari úttekt á því hvað þetta hefur í för með sér, hvað þeir voru í rauninni að leggja til. Þetta er ekki bara spurning um stofnanir og rétt hverrar stofnunar til þess að vera til heldur er þetta líka meginspursmál um öryggismál og að geta fylgt nýjustu tækni í öryggismálum og þeirri hagkvæmni sem best er að beita án þess að það komi niður á öryggi sjófarenda.

Herra forseti. Ég verð líka að ítreka að vita- og hafnamál, öryggismálin meðfram ströndum landsins er hluti af grunnöryggisneti þjóðarinnar. Að ætla að fara að þróa það með þeim hætti að það sé greitt að fullu af sjófarendum er andstætt þeirri íslensku sýn sem við höfum á því hvaða öryggisneti íslenska þjóðin vill standa að.

Herra forseti. Þess vegna leggjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs áherslu á að horfið verði algjörlega frá öllum hugmyndum um að skattleggja sjófarendur á smábátum meðfram ströndum landsins, að skattleggja þessa litlu útgerðarmenn, útvegsbændur, að skattleggja þá sem eru að fara á sjó fimm, tíu, fimmtán daga á ári eins og þeir væru þar allt árið, enda skiptir það ekki máli því að það er ekki aðalatriðið. Ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta er skattur en ekki þjónustugjald þannig að ekki einu sinni sú hugsun nær í gegn því hún lendir í andstæðum inni í frv. Hún lendir í andstæðum því annars vegar er ekkert verið að tala um að það sé eðlilegt að sjófarendur greiði fyrir þjónustuna og hins vegar er það að þetta er ekki þjónustugjald, þetta er skattur. Það er því ekki einu sinni sjálfu sér samkvæmt hvað þetta varðar.

Herra forseti. Annars vegar er beinlínis verið að auka skattheimtu og hins vegar er verið að undirbúa það að íslenska ríkið eigi ekki að standa með reisn undir grunnöryggi allra landsmanna. Áður en lýkur, ef þessari stefnu heldur áfram, herra forseti, þá verðum við farin að greiða beina skatta fyrir hvern ljósastaur eða ljósaskilti á veginum sem vísar veginn áfram. Nei, herra forseti, við leggjum til að ríkið hafi myndugleika til að kosta þessa starfsemi að grunni til og það sé alrangt og lítilsvirðandi að fara að leggja hvort sem það eru 2.000 kr., 3.000 kr. eða 5.000 kr. á þessa smábátaeigendur.

Gerir Alþingi sér grein fyrir því, herra forseti, að innheimtan á þessum 2.000 kr., 3.000 kr. eða 5.000 kr. kostar nærri því eins mikið og kannski hátt upp í það eins mikið og þarna er verið að leggja á? En hún skaffar einhverjum kontóristum í Reykjavík atvinnu við að skrifa út gíróseðla og síðan einhverjum innheimtufulltrúum við að innheimta það. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (HBl): Ekki samtal milli þingmanna í þingsal.)

Ég virði það, herra forseti, en þetta var snörp ábending frá hv. þm. Það stendur hvergi í frv. að þeir eigi að sitja hér. Nei, þarna er verið að útvega einhverjum kontóristum hér atvinnu við að skrifa út gíróseðla upp á 2.000, 3.000, 4.000, eða 5.000 eða 6.000, 7.000 kr. á bændur úti um land sem eiga báta, á fiskimenn í þorpum landsins. Það er reisn ríkisins í þessari skattheimtu.

Herra forseti. Við eigum að sýna smábátaeigendum þá virðingu og reisn að við séum ekki að leggja á þá svona gjald. Við eigum að standa að því af fullri reisn að grunnöryggi vegfarenda meðfram ströndum landsins er verkefni þjóðarinnar allrar sem við viljum standa á bak við af reisn.

[11:53]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ákaflega skemmtileg fílósófía hv. þm. Jóns Bjarnasonar um ljósastaura, þróun kaupskipaútgerðar og jarðaskatt en kom í sjálfu sér málinu ekkert við sem við fjöllum hér um.

Hv. þm. vill auka öryggi sæfarenda. Ég get tekið undir það fyllilega og hef staðið að slíku um langt árabil en það kostar peninga. Það er auðvitað misskilningur að halda því fram að hlutir sem þessir komi af sjálfu sér og þess ber að geta að af vitagjaldi til landsins í dag, til þjónustu landsins í dag greiða erlend skip 82,4%. Við getum ekkert undanþegið okkur sjálf í því að taka einhvern þátt í því gjaldi.

Höfuðáhersla er lögð á öryggisþáttinn, Siglingastofnun hefur unnið mjög hagkvæmt að uppbyggingu vitakerfisins og þróun þess með nýjustu tækni og vönduðum vinnubrögðum og er ekkert við þá að sakast eins og hv. þm. gaf í skyn. Það er einn misskilningurinn enn og ein mótsögnin enn hjá hv. þm. í þeirri fílósófíu sem hann kom fram með.

Lágt gjald, lágmarksgjald, 5.000 kr., sem lagt var til í frv. er lækkað um 40% og er þannig komið til móts við það sjónarmið smábátaeigenda að gjald sé í lægsta kanti eða ekki neitt, eins og verið hefur um árabil. En þarna er skerpt á og tekið tillit til heildarinnar en þó sérstakt tillit til smábátaeigenda.

[11:56]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Árna Johnsen að ég hafi verið að gefa í skyn að Siglingastofnun sinnti ekki verkefnum sínum og fylgdist ekki með nýjungum og tækni. Það er rangt, hún gerir þetta af fullum krafti að því er mér virtist og ber mikla virðingu fyrir starfi sínu þannig að það er rangt. Hins vegar má líka alltaf finna aðrar leiðir til hagræðingar óháð því og það veit ég að Siglingastofnun er í sjálfu sér ekkert á móti frekar en aðrir.

Herra forseti. Ég nefndi sölu jarða vegna þess að þetta er nátengt. Þetta eru sömu stofnar, þessar jarðir, þessar eyjar þar sem vitarnir voru áður, það er verið að selja þær eða á að fara að gefa heimildir til að selja þær jafnframt því að við erum að leggja á þetta vitagjald. Það er ekkert verið að koma til móts við smábátaeigendur til að monta sig yfir, herra forseti, þó að hugsað sé að lækka þessa gjaldtöku úr 5.000 niður í 3.000 kr. Mér finnst þetta engin sérstök reisn. Reisnin er sú að þetta gjald sé ekki lagt á, að þetta öryggi meðfram ströndum landsins sé hluti af öryggiskerfi þjóðarinnar sem við viljum standa vörð um. Það er grundvallaratriði en ekki þessar 1.000 eða 2.000 kr. sem hv. frsm. nefndarinnar var að stæra sig af að hafa lækkað um þúsund krónur eða tvö.

[11:56]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er líka rétt að árétta þann misskilning hv. þm. Jóns Bjarnasonar að það er á engan hátt verið að búa til einhverjar nýjar stofnanir eða skrifstofur til að innheimta það gjald sem hér er um að ræða. Það eru sýslumenn landsins sem sinna þessari þjónustu og það ætti hv. þm. Jón Bjarnason að vita.

[11:57]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að draga alla innheimtu hingað til Reykjavíkur. Ég veit ekki nákvæmlega hvort þessi innheimta er enn þá hjá sýslumönnunum en hún er öll að færast hingað til Reykjavíkur. En ég skal alveg hiklaust, herra forseti, standa með hv. þm. Árna Johnsen, frsm. og formanni samgn., í hverju því sem hann leggur til í sönnum og góðum verkefnum sem flutt verða út á land og unnin þaðan. Því skal ég virkilega standa með hv. þm. í.

Umræðu frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:00]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 31. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Vitamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 431, 451 og 459.

[12:00]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir minnihlutaáliti 2. minni hluta samgn. sem hv. þm. Kristján L. Möller ásamt mér stendur að.

Þetta frv. sem við ræðum hér, frv. til laga um vitamál, fékk ágæta umfjöllun í hv. samgn. og ég get sagt það almennt um frv. að það er til bóta. Það leysir af hólmi tæplega 20 ára gömul lög sem hér er verið að fella úr gildi með gildistöku þessara nýju laga.

Hins vegar höfum við hv. þingmenn sem erum fulltrúar Samfylkingarinnar í hv. samgn. ákveðið að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls þar sem í frv. er verið að stofna til og koma upp nýjum skattstofni þar sem einkanlega smábátasjómönnum er ætlað að standa undir þeim greiðslum sem menn hafa reiknað sér til að skorti til reksturs leiðsögukerfa við Ísland.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál lengra, við teljum að almennt séð sé frv. til bóta en vegna þess að verið er að búa til nýjan skattstofn sem á að leggjast á sjófarendur, þá höfum við ákveðið að sitja hjá við endanlega afgreiðslu þess.

[12:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og ekki síður hv. samgn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í við að fara yfir frv. Ég tel að það sem hér kom fram hjá frsm. meiri hluta nefndarinnar sé út af fyrir sig allt til bóta og til sátta við að ná fram málinu og ég geri engar athugasemdir við það. En vegna þess sem komið hefur fram í umræðunum vil ég minna hv. þingmenn á það og ekki síst hv. þm. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v., að vitagjöld voru fyrst lögð á á Íslandi árið 1878. Þetta er því ekki neitt nýtt sem hér er að gerast. Og það sem kom fram hjá frsm. og formanni hv. samgn., Árna Johnsen, er auðvitað hárrétt að langstærsti parturinn af þessum vitagjöldum kemur frá skipum sem sigla hér við ströndina og eru undir fána annarra ríkja og þar eru farþegaskipin mjög stór partur.

Það sem verið er að gera með þessu frv., og ætti þá að vera nokkuð í anda jafnaðarmanna, er að sjá til þess að allir sem njóta þessarar þjónustu, vitaþjónustunnar, leggi nokkuð til vegna kostnaðar og þess vegna er engin undanþága veitt. Gert er ráð fyrir því samkvæmt frv. að öll skip, innlend og erlend sem við ströndina eru, greiði nokkurn hluta. En það er ljóst að þetta er mjög óveruleg upphæð í rauninni sem verið er að innheimta hjá minni bátum. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess sem fram kom hér í umræðunni.

Það er líka nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því vegna þess sem kom fram um athugasemdir Landhelgisgæslunnar að geysilega mikil breyting hefur orðið í þessari þjónustu. Það er ekki einungis verið að reka vitana heldur er um að ræða miklu meira. Það eru ljósvitarnir, það eru siglingamerki á sjó og landi, DGPS-leiðréttingakerfið, sem er náttúrlega geysilega mikilvægur þáttur af öryggiskerfinu og er inni í þessu, radarsvarar og hið nýja upplýsingakerfi um veður og sjólag sem Siglingastofnun hefur komið upp í samstarfi við hafnirnar við landið og er hluti af þeirri starfsemi sem þarf að kosta.

Ég tel því að þrátt fyrir vafalaust góða meiningu hjá forsvarsmönnum Landhelgisgæslunnar, þá hafi af hálfu samgn. þingsins verið farið mjög rækilega yfir það áður þegar verið var að fjalla um breytingar á Siglingastofnuninni á sínum tíma að ekki væri hagkvæmt að gera þá breytingu sem hv. þm. Jón Bjarnason gerði að sínum hugmyndum, þ.e. hugmyndir Landhelgisgæslunnar um að taka yfir þessa þjónustu, vegna þess að vitareksturinn er orðinn svo lítill hluti af því sem snýr að þjónustu við skipin sem sigla við strendur landsins. Þess vegna hefur ekki verið fallist á að Landhelgisgæslan taki við vitaþjónustu.

Aðeins að lokum, herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því sem kemur fram í nál. bæði 1. og 2. minni hluta nefndarinnar þar sem mikið er gert úr því sem kallað er skattheimta á smábáta. Við afgreiðslu fjárlaga komu fram tillögur um skattheimtu, ekki upp á neinar 6 eða 8 millj. á smábáta, heldur tillögur um að greiða 2.700 kr. fyrir hverja þorskígildislest sem átti að afla 750 millj. í ríkissjóð. Það ber því ekki allt upp á sama daginn í þessu og menn verða að gæta sín. En aðalatriðið er að verið er að samræma og tryggja að jafnræði gildi í þessu. Ég tel að samgn. hafi komist þarna að ágætri niðurstöðu sem ég sé og heyri í raun að er ágætissátt um.

[12:08]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins um það frv. sem liggur fyrir um vitamál. Eins og kom fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni þá höfum við ákveðið að sitja hjá við afgreiðslu frv. þó að margt sé gott í því. En ég vek aðeins athygli á því sem hæstv. samgrh. fjallaði um að við segjum að sá skattstofn sé mjög ósanngjarn af 1.600 nýjum gjaldendum eru menn sem hafa mjög takmörkuð not af bátum sínum. Þriðjungur þessara báta eru svokallaðir skemmtibátar og um 300 bátar hafa einungis heimild til að sækja sjó í 23 daga á ári, á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Og það er kannski ekki þessi þrjúþúsundkall sem menn eru að tala um núna heldur sú tilhneiging sem mun verða á næstu árum til að hækka þennan skattstofn þegar þetta á annað borð er komið á.

Það er því ekkert sanngjarnt við það að leggja slíkt á varðandi vitagjaldið hjá þeim sem mega ekki róa nema 23 daga í dag og dögunum þeirra getur þess vegna farið fækkandi.

[12:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna athugasemdar hv. þm. er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að það eru fleiri sem sigla við strendur landsins en þeir sem eru að sækja sjó vegna veiða. Það eru skemmtibátar og ýmiss konar fljótandi för sem eru hér á ferð og sinna þarf mikilvægri öryggisþjónustu við þau skip og þá báta, og það er ekki sanngjarnt að skattleggja eingöngu þá sem eru að draga björg í bú með veiðum. Þess vegna er þetta lagt á öll skip, ekki háð því hversu miklar veiðiheimildir þau hafa. Ég tel að ekki sé sanngjarnt að þær

skútur sem þurfa hér að njóta þjónustu séu undanþegnar því að greiða þetta litla brot sem þeim er ætlað að greiða af þessum kostnaði.

[12:10]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta eða fyrirbyggja misskilning að Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði ekki fram tillögur um skatta á þorskígildi, þannig að það sé bara alveg ljóst að við lögðum það ekki til.

Í öðru lagi lagði ég ekki til þær breytingar að sameina eða færa verkefni til Landhelgisgæslunnar frá Siglingamálastofnun. Hins vegar benti ég á tillögur þeirra og greinargerð sem bæri í sjálfu sér að skoða. Og ég leyfi mér því, herra forseti, að spyrja hæstv. samgrh.: Er ætlunin að skoða þær tillögur frekar, sem þarna eru lagðar fram?

[12:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skemmst frá því að segja að ég tel enga ástæðu til að skoða þessar tillögur frá Landhelgisgæslunni. Ég tel að mjög vandlega hafi verið farið yfir það. Það er nýbúið að breyta og sameina Siglingastofnun og Vita- og hafnamálastofnun í nýja Siglingastofnun og ég tel ekki neinar ástæður til að fara að ganga til breytinga á því skipulagi og ég færði fyrir því rök hvers vegna. Þjónustan sem Landhelgisgæslan veitir og er mjög mikilvæg er einungis mjög lítill partur af þeirri þjónustu og þeim kostnaði sem verður vegna þjónustu við flotann sem siglir við strendur landsins. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram og ég ítreka það að tillögur Landhelgisgæslunnar mun ég ekki gera að mínum.

[12:11]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem kom fram á fundum nefndarinnar að mjög gott samstarf er á milli Siglingastofnunarinnar og Landhelgisgæslunnar og aðilar þar voru meðvitaðir um nauðsyn þess að það væri mjög sterkt og markvisst.

En það að leggja þennan skatt á smábáta og smábátaeigendur vítt og breitt um landið, þessa litlu upphæð, er grundvallaratriði. Þetta er ekki spurning um peninga, þetta er spurningin um það hvort ákveðin grunnþjónusta meðfram ströndum landsins er tryggð fyrir alla og ekki lagt sérstakt gjald á þessa sjófarendur, smábátaeigendur, og þar greinir okkur einfaldlega á.

[12:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég tel nauðsynlegt að komi fram af minni hálfu í umræðunni, að ég tel eðlilegt að allir sem eru með skip við ströndina leggi eitthvað af mörkum til þeirrar þjónustu sem þarna er veitt á vegum Siglingastofnunarinnar og ég tel að það tryggi mjög og auki öryggið og það er ekki síst mikilvægt fyrir smábátana. Ég tel að þeir verði í miklu betri færum um að gera kröfur um aukið öryggi þar sem þeir eru fullgildir þátttakendur og greiða í þennan sameiginlega sjóð. Ég tel því að þegar upp verður staðið þá muni það fremur verða til þess að styrkja stöðu smábátanna en veikja hana.

[12:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er verið að tala um að leggja gjald á smábáta. Það kemur ekki til með að verða lagt á alla smábáta því að allir bátar undir sex metrum verða þó undanþegnir þessu gjaldi. Ég held að menn þurfi að velta því fyrir sér hvaða áhrif það hefur að setja gjöld á báta og hvernig það kemur út.

Það er reyndar til þál. frá Alþingi þar sem lögð er áhersla á að gjöldin séu miðuð við þann kostnað sem ríkið hefur af þjónustunni. Hann er örugglega ákaflega mismunandi eftir því um hvaða báta er að ræða, hvort þeir fara á sjó einn dag eða fleiri. Þess vegna held ég að menn ættu að reyna að finna leið til að nálgast þetta þannig að það sé sanngirni í því og farið verði eftir þessari þál. Alþingis hvað það varðar að stilla þessi gjöld eins og þau gefa tilefni til vegna þjónustunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 143, nál. 432, 452 og 469, brtt. 433.

[12:15]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um fjarskipti.

Með frumvarpinu er stefnt að því að mæta auknum umsvifum fjarskipta- og upplýsingatækni og nýjum skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Má skipta frumvarpinu í tvo hluta, annars vegar ákvæði sem ætlað er að örva samkeppni en hins vegar ákvæði sem eiga að tryggja aðgang allra landsmanna að alþjónustu. Helstu nýmæli í frv. eru eins um getur í nál.:

Ákveðin tegund gagnaflutningsþjónustu verður skilgreind sem alþjónusta.

Númeraflutningur sem gerir notendum síma mögulegt að halda símanúmeri sínu án tillits til þess hjá hvaða símafyrirtæki viðskiptin eru.

Innlendir reikisamningar, en í þeim felst að farsímafyrirtæki eigi aðgang að farsímanetum annarra fyrirtækja þegar uppbygging eigin aðstöðu er talin óraunhæf.

Aðgangur að heimtaug, en samkvæmt frumvarpinu eiga fjarskiptafyrirtæki lögvarinn rétt til að leigja aðgang að heimtaug af markaðsráðandi fyrirtæki.

Dregið er úr ríkisafskiptum og nýjum aðilum auðvelduð leið inn á markaðinn.

Mælt er fyrir um opinn aðgang að fjarskiptanetum auk samtengingar.

Við meðferð málsins í nefndinni var 23. gr. frumvarpsins, sem fjallar um samtengingu neta og þjónustu, skoðuð sérstaklega. Er það skilningur meiri hlutans að svokölluð ATM-þjónusta sé samtengingarskyld á grundvelli hennar. Hins vegar telur meiri hlutinn að ATM-þjónusta falli ekki undir ákvæði 26. og 27. gr. frumvarpsins um að gjöld fyrir samtengingu skuli byggjast á kostnaði.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lögð er til smávægileg breyting á orðalagi 13. gr. frv. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

2. Lögð er til breyting á orðalagi 2. mgr. 15. gr. sem gerir hana skýrari og markvissari.

3. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 3. mgr. 29. gr. frumvarpsins. Sú helsta er að lagt er til að skylda til að senda nýja eða breytta gjaldskrá til umsagnar til Póst- og fjarskiptastofnunar hvíli eingöngu á rekstrarleyfishöfum með umtalsverða markaðshlutdeild. Þá eru lagðar til nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar á málsgreininni.

4. Lögð er til sú breyting á 4. mgr. 30. gr. að skylda til að geta þess í upphafi símtals að yfirgjald sé heimt af símtali hvíli á þjónustuaðila en ekki fjarskiptafyrirtæki.

5. Lögð er til breyting á 39. gr. sem felur það í sér að óheimilt verði að setja á markað annan notendabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur skv. 37. gr. og ber CE-merkingu því til staðfestingar. Hins vegar er lagt til að nýtt bráðabirgðaákvæði bætist við frumvarpið sem felur í sér að heimilt verði að setja á markað notendabúnað sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt prófun á og viðurkennt í samræmi við staðla, þrátt fyrir að hann beri ekki CE-merkingu, þar til tilskipun ráðsins og þingsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999, um þráðlausan fjarskiptabúnað og notendabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á gerðarsamþykktum, hefur tekið gildi. Frumvarpið var samið með það í huga að taka mið af væntanlegum breytingum sem leiðir af tilskipuninni en nokkur tími mun líða þar til hún tekur gildi.

6. Lagt er til að kveðið verði á um það í 39. gr. að framleiðanda eða umboðsmanni hans hér á landi verði skylt að tryggja að búnaði sem settur er á markað hér á landi fylgi upplýsingar um notkun hans á íslensku. Þetta er þáttur sem var sérstaklega tekinn til meðferðar í nefndinni og er kannski aðkallandi að hnýta upp reglur og stefnu á svo mörgum þáttum í lagasetningunni þar sem við erum háð erlendum samningum og erlendum reglugerðum og reglum og markaðssetningu sem flæðir inn í íslenskt mál. Samgn. leggur sérstaka áherslu á að í öllu er lýtur að þessari lagasetningu og markaðssetningu sé tryggð staða íslenskrar tungu og þess vegna hefur nefndin tekið þennan þátt inn í lagagreinina.

7. Lagt er til að bætt verði við ákvæði 43. gr. um þagnarskyldu að ekki megi án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá annála um sendingar sem fara um fjarskiptavirki. Kom fram við meðferð málsins í nefndinni að slíkir annálar geti haft að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar og því sé full þörf á að vernda þá með þessum hætti.

8. Lögð er til sú breyting á 3. mgr. 44. gr. að þeim aðila að símtali sem vill hljóðrita símtalið beri að tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan. Hvíli sú skylda því ekki aðeins á viðtakanda símtals eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

9. Lögð er til breyting á tilvísun í 3. mgr. 57. gr.

Meiri hlutinn mælir með að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[12:22]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um fjarskipti. Til samgn. komu allnokkrir aðilar eins og hv. frsm. meiri hlutans og formaður samgn. gerði grein fyrir.

Fjarskiptamálin eru einn mikilvægasti þátturinn fyrir íslensku þjóðina. Við byggjum stórt land og dreifbýlt. Við byggjum land þar sem eru verulegar andstæður í búsetu. Við byggjum land þar sem stór hluti þjóðarinnar er saman kominn á tiltölulega afmörkuðu svæði á suðvesturhorninu en við byggjum líka land vítt og breitt úti um hinar dreifðu byggðir meðfram ströndum og inn til dala.

Herra forseti. Það er afar mikilvægt í meðferð máls eins og hér er verið að fjalla um að allir geri sér grein fyrir því að við erum ein þjóð. Við erum ekki tvær eða þrjár þjóðir. Hvar sem við búum á þessu landi eigum við réttlátan og sanngjarnan aðgang að þessari sameiginlegu grunnþjónustu ríkisins.

Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að það skein óneitanlega í gegn hjá ýmsum þeim aðilum sem komu á fund nefndarinnar til þess að greina frá áherslum sínum í því hvernig ætti að byggja upp fjarskipti og fjarskiptaþjónustu úti um land, hvernig ætti að reka það, hvernig ætti að greiða kostnað af því og hverjir ættu að eiga aðgang að því. Hugtakið samkeppni og arðsemi kom hvað eftir annað upp. Það var meira að segja svo að það lá við þegar samkeppnis- og arðsemisumræðan fór á flug að þá minntust menn á að það væri sitt hvað samkeppnin á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu eða Stór-Kópavogssvæðinu eða hvort það væri samkeppni á Vestfjörðum eða á Melrakkasléttu.

Ég geri alls ekki lítið úr þeim áhuga og þeirri sýn í sjálfu sér að hlutir sem samgöngur og fjarskipti skuli vera sem best rekin og að þessi þjónusta nái til og verði sem fjölbreyttust þjónusta til allra. En það verður þó að taka fyrst og fremst tillit til þjónustukrafnanna og öryggis þjónustunnar. Ég fékk á tilfinninguna hvað varðar arðsemiskröfuna að notendur á Stór-Reykjavíkursvæðinu væru sérstakur neytendahópur, að þeir væru sérstakur hluti þjóðarinnar, að þeir væru hópur sem ætti að taka sérstaklega tillit til. Hér starfaði Samkeppnisstofnun og hér ætti þess vegna allt að lúta miklu frekar þeim lögmálum.

Ég vil þó, herra forseti, taka skýrt fram að í þessu frv. til fjarskipta er samt dregið skarpt fram á ákveðnum sviðum sýn og vilji til þess að jöfnuður ríki við aðgang að grunnneti og fjarskiptum um allt land. Þeirri sýn ber ég mikla virðingu fyrir. Ég tel, herra forseti, að kannski verði meginvandinn bæði í útfærslu og að framfylgja ákveðnum þáttum, ákveðinni sýn í þessu frv., að fylgja því eftir með þeim hætti að það verði gert með jöfnuði gagnvart öllum landsmönnum. Að það verði ekki gert með þeim hætti að það séu tvær eða þrjár þjóðir, það séu tveir, þrír, fjórir eða fimm neytendahópar í landinu. Að Íslendingum sé ekki skipt í neytendahópa sem geta gert mismunandi kröfur og sem eru þá mismunandi áhugaverðir í einhverju svokölluðu samkeppnisumhverfi.

Auðvitað gerum við okkur líka grein fyrir því að það kostar að byggja stórt land eins og Ísland. En við viljum ekki sjá af neinum landshluta. Ég vona að við viljum í raun að Ísland sé allt og við berum öll ábyrgð á því frá innstu dölum til ystu stranda. Við verðum einmitt að hafa það mjög alvarlega í huga varðandi fjarskiptin. Það er þetta, herra forseti, sem ég legg áherslu á í nál. 1. minni hluta samgn. sem ég leyfi mér, herra forseti, að gera hér grein fyrir.

Með frumvarpi til laga um fjarskipti er að nokkru leyti verið að bregðast við breyttum aðstæðum og ýmsum skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á herðar með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þrátt fyrir það er mjög athugavert hversu mikið skortir á stefnumótun og skýra framtíðarsýn í fjarskiptamálum í frumvarpinu. Þá eru óljós ýmis atriði sem snerta veigamikla þætti í fjarskiptum landsmanna til framtíðar.

Í 1. gr. frumvarpsins segir að íslenska ríkið skuli tryggja „eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgang-

ur að fjarskiptaþjónustu". Ég vek athygli á þessu orðalagi „eftir því sem unnt er". Ég dreg ekki í efa vilja og áhuga hæstv. samgrh. til þess að þetta verði túlkað gagnvart öllum Íslendingum.

Ég veit að hæstv. samgrh. hefur mikinn metnað gagnvart öllum íbúum landsins hvar sem þeir búa. Engu að síður sýnir þessi setning að það er hægt á vissum lagalegum grunni að draga fólk í dilka eftir aðstæðum, búsetu og öðru, „... eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu ..."

Í 13. gr. segir orðrétt, herra forseti:

„Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum ..."

Ég legg áherslu á þetta, herra forseti. Ég ber mikla virðingu fyrir viðskiptasjónarmiðum en það á að nefna þjónustuna, öryggi þjónustunnar, á undan viðskiptasjónarmiðunum. Það er okkar sýn.

„... getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu."

Þarna er vissulega verið að hnykkja á. Samgrh. og Póst- og fjarskiptastofnun geta haft þarna veruleg ítök. Alþjónustan er ekki að fullu skilgreind í frumvarpinu en skv. 13. gr. á samgönguráðherra að setja um hana reglugerð. Að mati 1. minni hluta er engan veginn nógu skýrt að orði kveðið um skyldur væntanlegra rekstrarleyfishafa við landsmenn.

Herra forseti. Skilgreiningin á þessari þjónustu, á þessum kröfum kemur til með að ráða hvort landinu og íbúunum verði skipt í hópa eftir öryggi og aðgengi að þessari þjónustu.

Í athugasemdum sem frv. fylgja er tilgreint að meginbreytingar frv. miði að því að örva samkeppni. Samkeppni er fín. Samanburður er drifkraftur samfélags, þ.e. að við sækjum fram ef við sjáum að einn kann að gera eitthvað sem til heilla horfir þá reynum við einnig að gera það, að sjálfsögðu. En samkeppni má ekki verða til þess að einn, í krafti samkeppninnar, fái betri þjónustu en annar vegna stöðu sinnar, búsetu eða annarra þátta sem með lagalegum grunni geta komið á misskiptingu meðal þjóðarinnar.

Í athugasemdum sem frumvarpinu fylgja er tilgreint að meginbreytingar frumvarpsins miði að því að örva samkeppni og tryggja aðgang allra landsmanna að talsíma- og gagnaflutningsþjónustu. Á sama tíma ráðgerir ríkisstjórnin (Gripið fram í.) — það er yfirlýst stefna — að einkavæða Landssíma Íslands hf. en hann gegnir lykilhlutverki í fjarskiptaþjónustu á Íslandi. Allt bendir því til þess að með Landssíma Íslands hf. verði grunnnetið svokallaða selt einkaaðilum.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að þetta frv. fjallar í sjálfu sér ekki um þá sölu. En það læðist að manni sá grunur að einn af undirtónunum við samningu frv. og einnig líka undirtónn sem ég þóttist heyra hjá ýmsum þeim aðilum sem komu á fund samgn. væri að búa í haginn fyrir einkavæðingu bæði á Landssímanum og grunnnetinu. Ég tek það bara skýrt fram hér, herra forseti, að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggjumst gegn öllum hugmyndum um að selja Landssímann og við leggjumst gegn því að grunnfjarskiptanetið verði markaðssett og samkeppni og arðsemi ein ráði þar ferð.

Mun vænlegra hefði verið, og er, að hafa áfram öflugt fyrirtæki á þessu sviði í eigu hins opinbera til að tryggja jafnan aðgang allra landsmanna að þjónustunni, meira að segja að hafa öruggt rafmagn, öruggt ljós. Ef við bjóðum út rafkerfi þá koma einhverjir og fara að fikta í ljósunum. Ég bendi á það, herra forseti, að það getur verið alvarlegt mál ef þetta er einkavætt. (**Gripið fram í:** Það er hægt að fikta í þeim þó ekki sé einkavætt.) Já, ég veit að það er hægt að fikta í þeim þó það sé ekki einkavætt. Þetta er bara spurning um hve nálægt hver er einmitt takkanum. (Gripið fram í.) Já.

Þetta á sérstaklega við um grunnnet Landssímans sem 1. minni hluti telur nauðsynlegt að verði rekið af ríkinu eða að minnsta kosti á ábyrgð þess í áðurnefndum tilgangi.

Herra forseti. Við styðjum marga góða þætti í þessu frv. Við teljum að mörg af þeim góðu markmiðum sem þar eru sett til þess að efla og styrkja gunnnet fjarskipta um allt land séu lofsverð. Og við fögnum, þó við vildum hafa þær sterkari, þeim yfirlýstu meiningum frv. um að jöfnuður ríki, að fjarskipti, grunnfjarskipti og netið nái til allra landsmanna jafnt. Við fögnum þessu öllu saman og við teljum að margt í frv. sé til bóta og til eflingar.

Herra forseti. En svo er þetta stöðuga samkeppnis- og arðsemistal. Þegar við spurðum um öryggi þjónustunnar, þegar við spurðum um gæðastuðla fyrir þjónustuna þá varð lítið um svör. Þeir sögðu að vísu: „Arðsemiskrafan á að tryggja öryggið." Það getur vel verið að arðsemiskrafan tryggi öryggið hér á Stór-Kópavogssvæðinu, það má vel vera. En ég er viss um, herra forseti, að það er langsótt að halda því fram að arðsemiskrafan tryggi viðbragðsflýti og öryggi á Melrakkasléttu, á Vestfjörðum, inn til dala og út til stranda í slæmum veðrum. Oft verður nú bilun einmitt þegar veður eru slæm eða öryggið er mikilvægast. Ég sé ekki, herra forseti, að allir landsmenn fái að njóta öryggiskröfunnar og þjónustukröfunnar sem eiga að vera miklu æðri arðsemiskröfunni gagnvart landsmönnum öllum, eins og þeir eiga rétt á.

Herra forseti. Ég vil bara benda á að þjónustan hefur ekki alls staðar batnað úti um landið einmitt nú eftir að Landssíminn var gerður að hlutafélagi. Viðgerðarþjónustan hefur dregist saman, þ.e. viðbragðsflýtirinn því æ lengra er nú á milli ýmissa notenda og þeirra sem eiga að leysa úr þjónustuvanda. Hvaða drifkraftur er þarna að baki? Það er ekki þjónustukrafan. Það er ekki öryggið. Nei, það er arðsemissjónarmiðið. Þegar fyrirtæki sem við Íslendingar höfum montað okkur af að hafa byggt upp á þeim grunni að það skyldi þjóna öllum landsmönnum, leggur á ársfundi sínum meiri áherslu á að tilkynna að það ætli að setja hærri arðsemiskröfu á næsta ári en því síðasta, en nefnir ekki einu orði hvernig það ætlar að styrkja eða auka öryggi þjónustu og bæta hana, þá erum við á hættulegri leið.

Herra forseti. Þetta tel ég að Alþingi verði að vera sér rækilega meðvitað um. Það er grunnkrafa í okkar samfélagi að við séum ekki dregin í dilka í eina þjóð hér og aðra þjóð þar, að samkeppni sé bara hér en samkeppni sé ekki þar. Ég get sagt, herra forseti, að mér blöskraði stundum þegar ég heyrði talið um arðsemiskröfuna og samkeppniskröfuna en ekki var minnst á öryggiskröfuna eða þjónustukröfuna.

Ef þessi hugsjón á einhvers staðar heima þá er það hér, herra forseti. Hér á öryggið og þjónustu- og viðbragðsflýtir úti um allt land á að vera í öndvegi en ekki það hvernig slegist er hér á stór-höfuðborgarsvæðinu um neyslugleði íbúanna. Það er ekki þjónusta fyrir alla landsmenn þó svo að ég beri fulla virðingu fyrir því að allt skuli rekið á hagkvæman hátt.

Herra forseti. Ég ítreka að það er um hagsmuni íbúa landsins alls að tefla, hvar sem þeir búa. Við ætlum ekki að

stýra búsetusamþjöppun á fólki á Íslandi á grundvelli þessara laga. Þessi lög eiga ekki að verða til þess að mismuna fólki. Þau eiga að verða til þess að auka þjónustuna. Þau eiga að verða til þess að styrkja búsetu um allt land, herra forseti.

[12:41]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ásamt hv. þm. Kristjáni Möller stend að nál. á þskj. 469 um frv. til laga um fjarskipti. Ég mun nú gera grein fyrir því.

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls lýsti ég því yfir úr þessum ræðustól að ég teldi mjög margt í þessu frv. horfa til bóta. Hér er um gríðarlega mikilvægt frv. að ræða og hér er um að ræða frv. sem er ætlað að vera umgjörð eða leikreglur fyrir þá upplýsingabyltingu sem við höfum verið að renna inn í undanfarin ár og mun halda áfram hér jafnt sem annars staðar í veröldinni. Þetta eru þær leikreglur sem upplýsingabyltingunni er ætlað að vinna innan. Þess vegna er hér um að ræða mjög merkt mál og kannski er hér um að ræða það frv. sem mun skipta hvað mestu máli í þeirri atvinnugrein sem hvað örastur vöxtur er í nú um stundir hér á landi.

Þess vegna verð ég að segja, virðulegur forseti, að það olli mér verulegum vonbrigðum að ekki skyldi hafa verið komið meira til móts við þau viðhorf og þær hugmyndir sem 2. minni hluti setti fram við 1. umr. og eins í umræðum í nefndinni. Það virtist vera, þrátt fyrir mjög góðan hug víða í þessu máli, að þar sem almenn og æskileg þróun á fjarskiptamarkaði rakst á við beina peningalega hagsmuni Landssíma Íslands þá voru hagsmunir Landssíma Íslands teknir þar fram yfir. Af þeim sökum, virðulegi forseti, mun 2. minni hluti og þingflokkur Samfylkingarinnar sitja hjá við endanlega afgreiðslu þessa máls en greiða einstökum ákvæðum atkvæði sitt.

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að gera grein fyrir nál. 2. minni hluta samgn.

Í frumvarpi til laga um fjarskipti og frumvarpi til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, en nál. þetta tekur til beggja þessara frv., birtast leikreglur fyrir fyrstu skrefin frá lögbundinni einokun sem var á rekstri fjarskiptaneta hér á landi frá árinu 1906 til ársins 1998. Þrátt fyrir að gildandi fjarskiptalög séu aðeins þriggja ára gömul hafa orðið svo miklar breytingar á fjarskiptatækni og þjónustu og alþjóðlegu umhverfi að við þau verður ekki unað. Annars er hætta á að Íslendingar dragist aftur úr öðrum þjóðum hvað varðar þróun á sviði fjarskipta.

Í frumvarpi til laga um fjarskipti er markmiðum þess lýst þannig að ætlunin sé að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Það sé hlutverk íslenska ríkisins að tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Óhætt er að fullyrða að með lögfestingu frumvarpsins sé líklegt að náist í það minnsta eitt þeirra markmiða sem að er stefnt, þ.e. að tryggja örugg fjarskipti hér á landi. Enn fremur tekur 2. minni hluti undir það markmið sem að er stefnt í 13. gr. frumvarpsins, að tryggja öllum notendum fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum sem felst í því að allir rekstrarleyfishafar tryggi að notendur fjarskiptaþjónustunnar fái svokallaða alþjónustu, m.a. talsímaþjónustu, gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu og þjónustu við fatlaða og aðra notendur með sérþarfir. Auk þess er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að heimilt sé að niðurgreiða þjónustu rekstrarleyfisfyrirtækja á þeim svæðum þar sem fjarskiptaþjónusta er rekin með tapi eða er óarðbær sem tryggir að íbúar dreifbýlisins fá einnig þá þjónustu sem um er rætt.

Á hinn bóginn er ekki lagt mikið upp úr því að ná markmiðum um hagkvæmni og samkeppni á þessum markaði í frv. Það er augljóst að meiri hluti Alþingis stefnir að hægfara breytingu í átt til opnunar á fjarskiptamarkaði. Þrátt fyrir að sagan hafi kennt okkur að öflug og heilbrigð samkeppni, á grundvelli gegnsærra og skýrra leikreglna, sé vísasti vegur til að tryggja neytendum sem besta þjónustu og lágmarksverð er augljóst að frv. tekur fyrst og fremst mið af hagsmunum Landssíma Íslands hf.

Eins og áður greinir eru aðeins þrjú ár frá því að samþykkt voru lög um fjarskipti og Póst- og fjarskiptastofnun. Frá árinu 1906 til ársins 1998 ríkti hér á landi lögbundinn einkaréttur ríkisins á rekstri fjarskiptaneta sem var fyrst og fremst á hendi Pósts og síma, undanfara Landssímans. Í skjóli þeirrar einokunar byggði stofnunin upp öflug fjarskiptakerfi sem gera það að verkum að Landssíminn hefur yfirburðastöðu á íslenskum fjarskiptamarkaði. Má fullyrða að markaðshlutdeild Landssímans sé u.þ.b. 97–98%. Því er ljóst að ef takast á að ná því markmiði að efla samkeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði verður það ekki gert óðruvísi en með því að kvaðir verði lagðar á Landssímann svo að skapa megi pláss fyrir önnur fyrirtæki á þessum markaði. Samkeppni verður ekki komið á eftir öðrum leiðum, slíkir eru yfirburðir fyrirtækisins.

Þær kvaðir sem verða lagðar á Landssímann eru því mælikvarði á raunverulegan vilja stjórnvalda til að koma á samkeppni á þessum markaði. Því verður ekki á móti mælt að í veigamiklum atriðum er frv. óhagstætt nýjum rekstraraðilum á fjarskiptamarkaði og að sama skapi hagstætt Landssíma Íslands hf. Fullyrða má að í grundvallaratriðum eins og í möguleikum á samtengingum við heimtaug og gildistökuákvæði um reikisamninga er ekki gengið lengra en óhjákvæmilegt er vegna lögfestingar reglna sem leiðir af aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, jafnvel skemur. Þegar á allt er litið má segja að þau framfaraspor sem tekin eru vegna ákvæða sem leiðir af EES-aðildinni séu í mikilvægum atriðum takmörkuð í frv.

Virðulegi forseti. Það eru einkanlega þrjú atriði í frv. sem gera að verkum að það markmið þess að efla samkeppni og auka hagkvæmni á íslenskum fjarskiptamarkaði virðist hjóm eitt þegar þau markmið eru borin saman við þær reglur sem birtast hér í frv. til laga um fjarskipti þar sem jafnan er gengið út frá því að hagsmunir Landssíma Íslands séu látnir hafa forgang.

Í fyrsta lagi er það sú staðreynd að þrátt fyrir að hæstv. samgrh. hafi forræði á eignarhaldi ríkissjóðs að Landssíma Íslands er honum samkvæmt frv. ætlað að hafa íhlutunarvald í fyrirtæki á markaði, auk þess að hafa með höndum reglugerðarvaldið á þessu sviði. 2. minni hluti telur að slík tilhögun muni leiða til hagsmunaárekstra. Að mati 2. minni hluta er hættan á slíkum árekstrum sérlega mikil nú þegar fyrir liggur að ríkisstjórnin hyggst selja allan eignarhlut sinn í Landssímanum eða hluta. Meðan það ástand ríkir er líklegt að samgrh. muni reyna að tryggja verðmæti eignarhlutar ríkissjóðs á kostnað samkeppnisaðila. Þessi staða ein og sér er líkleg til að valda tortryggni sem kynni að standa í vegi fyrir trú manna á fjarskiptamarkaðinum og er staðan því í eðli sínu líkleg til að hamla gegn virkri samkeppni. Má

í þessu sambandi vitna til ummæla hæstv. samgrh. í ræðu við setningu Samvinnuháskóla Íslands þar sem hann sagði nokkurn veginn efnislega að úrskurðir Samkeppnisstofnunar væru til þess fallnir að lækka verðgildi Landssímans. Annað markmið virtust þeir úrskurðir ekki hafa ef marka má orð hæstv. samgrh.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vill 2. minni hluti leggja áherslu á reglurnar um aðgang að heimtaug í 20. gr. frv. Skilyrðislaus réttur til aðgangs að heimtaug er forsenda þess að virk samkeppni geti orðið að veruleika á íslenskum fjarskiptamarkaði. 2. minni hluti tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frv. varðandi þýðingu þess að tryggja fjarskiptafyrirtækjum aðgang að heimtaug. Slíkur aðgangur er til þess fallinn að auka virka samkeppni á því mikilvæga sviði sem fjarskipti eru. Hins vegar telur 2. minni hluti að orða verði ákvæðið skýrar til þess að tryggja að markmið þess náist. Áður en fjallað er nánar um þetta atriði, sbr. og athugasemdir sem fram koma í umsögn Samkeppnisstofnunar, er rétt að fara um það nokkrum almennum orðum. Í því sambandi er nauðsynlegt að hafa m.a. hliðsjón af stöðu Landssíma Íslands hf. á fjarskiptamarkaðnum.

Yfirráð Landssímans yfir grunnfjarskiptakerfinu skipta miklu þegar yfirburðastaða fyrirtækisins er metin. Landssíminn hefur á grundvelli tæplega hundrað ára einkaréttar komið sér upp fullkomnu fjarskiptakerfi. Fyrirtækið á lagnir sem tengdar eru nánast öllum heimilum og fyrirtækjum í landinu. Eftir að einkarétturinn var felldur niður gerir þessi staða Landssímans það að verkum að nýir keppinautar eiga erfitt með að ná fótfestu á markaðnum, sérstaklega í almennri talsímaþjónustu. Ein af aðferðunum sem koma til greina til þess að auðvelda aðgang keppinauta að fjarskiptamarkaðnum er að tryggja fullan og ótakmarkaðan aðgang að heimtaug Landssímans. Nauðsynlegt er að útskýra þetta frekar, virðulegi forseti.

Heimtaugin er tengingin, snúinn koparvír, milli notandans og hverfissímstöðvar. Nýr keppinautur getur fræðilega séð komið sér upp eigin fjarskiptakerfi og lagt heimtaug til allra viðskiptavina sinna. Hins vegar er það ekki raunhæft vegna mikils kostnaðar og þess langa tíma sem tekur að framkvæma slíkt. Aðgangur að heimtaug gerir nýjum keppinaut kleift að komast inn á markaðinn með minni tilkostnaði og gerir fyrirtækinu kleift að bjóða upp á þá tegund fjarskiptaþjónustu sem það telur henta markaðnum hverju sinni. Ella er nýr keppinautur háður ákvörðunum Landssímans. Aðgangur að heimtaug gerir t.d. nýjum keppinaut fært að bjóða viðskiptavinum sínum upp á háhraðanetaðgang með því að uppfæra koparvírinn í heimtauginni með svonefndri xDSL-tækni.

Með aðgangi að heimtaug er átt við að hinn nýi keppinautur leigi heimtaugina af Landssímanum. Til þess að þetta úrræði skili árangri verður að tryggja í lögum að keppinautar sem uppfylla almenn skilyrði eigi skilyrðislausan rétt á þessum aðgangi. Einnig verður að tryggja að keppinautarnir hafi rétt til að koma fyrir sínum búnaði í hverfissímstöðvum Landssímans. Jafnframt verður að sjá til þess að Landssíminn geti ekki með verðlagningarstefnu sinni gert þetta úrræði að engu.

Að mati 2. minni hluta er ákvæði 20. gr. frv. ekki nógu skýrt og gengur of skammt til að tryggja fullan aðgang að heimtaug. Ákvæðið veitir fjarskiptafyrirtækjum ekki sjálfstæðan rétt til þessa aðgangs heldur er það lagt í hendur Póst- og fjarskiptastofnunar að meta í hvert skipti hvort veita skuli aðgang hafi samningar milli fyrirtækja ekki tekist. Ber ákvæðið með sér að Póst- og fjarskiptastofnun verði að meta hvort viðkomandi fjarskiptafyrirtæki sem óskar aðgangs sé fært um að koma sér upp eigin heimtaug til notenda eða hvort eðli og umfang þeirrar fjárfestingar leiði til þess að slíkt sé ekki hagkvæmt. Er augljóst að slíkt mat hlýtur að vera vandasamt og fyrirséð að deilur komi upp um túlkun ákvæðisins milli Landssímans og þeirra keppinauta sem óska aðgangs að heimtaug fyrirtækisins. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að draga úr virkni ákvæðisins og hindra þá auknu samkeppni sem aðgangur að heimtaug felur í sér. Óvissa um túlkun ákvæðisins og hugsanlegur ágreiningur varðandi beitingu þess getur torveldað nýjum keppinautum að koma inn á markaðinn. Jafnframt er þetta fyrirkomulag ekki í samræmi við hvernig þetta atriði er framkvæmt erlendis. Ég vísa til umsagnar Samkeppnisstofnunar um það mál.

Ljóst er að í fyrirsjáanlegri framtíð verða það keppinautar Landssímans sem óska eftir aðgangi að heimtaug fyrirtækisins. Í ljósi þess að Landssíminn hefur á grundvelli lögbundins einkaréttar getað byggt upp fjarskiptakerfi sitt er ekki óeðlilegt að nýjum keppinautum sé að lögum tryggður þessi aðgangur. Jafnframt er nauðsynlegt að taka fram í ákvæðinu að aðganginn skuli veita á grundvelli hlutlægra og málefnalegra skilmála og kjara þar sem jafnræðis sé gætt og að verðlagning skuli vera í samræmi við tilkostnað. Er slíkt einnig í samræmi við erlendar fyrirmyndir.

Vegna umræðu í fjölmiðlum að undaförnu, virðulegi forseti, ætla ég að nefna dæmi um hvernig notfæra megi sér þennan einkarétt og breyta gjaldskránni, hugsanlega í því skyni að lækka verð á öðrum þáttum í rekstri fyrirtækisins sem á væntanlega er í samkeppni.

Sem dæmi má nefna að heimtaugar eða notendalínur eru u.þ.b. 180.000 í landinu. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að Landssími Íslands innheimti 300 kr. á mánuði með virðisaukaskatti fyrir hverja notendalínu. Þ.e. hver aðili sem hefur slíka línu greiðir 300 kr. á mánuði með virðisauka. Það hefur einnig komið fram að Landssíminn hyggst hækka þessi gjöld í 1.000–2.000 kr. Ef af þessari hækkun verður þá þýðir þetta tekjuaukningu hjá fyrirtækinu upp á 120–300 millj. kr. á mánuði eftir því hvaða tala er notuð. Öllum má ljóst vera að fyrirtæki sem getur hækkað tekjur sínar með þessum hætti er í lófa lagið að taka þátt í samkeppni á símamarkaði með því að lækka skrefagjöld þar sem samkeppni er þegar komin af stað. Þessi hækkun, virðulegi forseti, hefur ekkert að gera með umferðina á þessum notendalínum. Það sem vekur sérstaka eftirtekt við þessa umræðu er að hækkunin er að sögn byggð á kostnaðargreiningu fyrirtækisins við rekstur þessara notendalína, koparlína sem legið hafa í jörðu og eru að meðaltali 15–25 ára gamlar. Samkvæmt tölunum er rekstrarkostnaður á þessum línum rúmlega 4 milljarðar á ári, sé hærri talan notuð. Ef haldið er áfram með sama dæmi er afskriftaverð línanna, miðað er við 40 ár, 80–160 milljarðar.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti hyggst gera hálftíma hlé á þessum fundi kl. 1 og spyr hv. þm. hvort hann sé kominn að lokum ræðu sinnar eða hvort hann vill gera hlé á máli sínu eftir um tvær mínútur.)

Virðulegi forseti. Það er talsvert eftir af ræðu minni.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti leggur til að hv. þm. tali í tvær mínútur og síðan gerum við hálftíma hlé á fundinum.)

Ég mun að sjálfsögðu verða við óskum forseta. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Vegna frammíkalls hæstv. samgrh. vil ég nefna það sérstaklega að ef rekstrarkostnaður af þessum línum er í samræmi við kostnaðargreiningu þá sem gefið hefur verið til kynna að fram hafi farið og birst hefur í ummælum forustumanna Landssímans í fjölmiðlum má reikna með að afskriftaverð þessara lína á um 40 árum séu 80–160 milljarðar. Virðulegi forseti. Það getur aldrei verið nálægt nokkrum veruleika og ljóst að þessa kostnaðargreiningu þarf að vinna mun betur.

Ég vil jafnframt taka fram að Póst- og fjarskiptastofnun á vitaskuld eftir að fara yfir þessa útreikninga en ég á nú bágt með að trúa að þá geti stofnunin nokkru sinni samþykkt.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú verður þessum fundi frestað til klukkan hálftvö. Fundinum er frestað.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Brunavarnir og brunamál, 244. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 478.

Iðnaðarlög, 22. mál, brtt. HjÁ, þskj. 490.

Málefni fatlaðra, 274. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 479.

Stjórnarráð Íslands, 160. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 480.

Umræður utan dagskrár.

Fréttaflutningur af kjarnorkuvopnum á Íslandi.

[13:31]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í október sl. efndi hv. þm. Margrét Frímannsdóttir til umræðna utan dagskrár vegna frétta virtra vísindamanna, eins og hún orðaði það, um að hér á landi væru geymd kjarnavopn. Svo mikið írafár var á hv. þm. að hann treysti sér ekki til að bíða komu hæstv. utanrrh. frá útlöndum og varð hæstv. forsrh. fyrir svörum.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lagði trúnað á fréttaflutninginn þótt sýnt væri fram á í umræðunni að fréttirnar byggðust á hreinum getgátum. Hv. þm. tók ekki mark á yfirlýsingum bandarískra stjórnvalda sem forsrh. kynnti þingheimi. Þingmaðurinn krafðist þess að umræðunni lyki þannig að Alþingi og þjóðin fengi áreiðanlegar upplýsingar. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lauk umræðunni fyrir sitt leyti með því að taka það skýrt fram að hún treysti ekki upplýsingum forsrh. Fullyrti þingmaðurinn að á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fram komu við umræðurnar, hefði hún ekki getað metið það hvort fréttin væri sönn eða ekki.

Nú hefur hinn svokallaði virti vísindamaður, heimildarmaður hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, gjört kunnugt að hann hafi farið með fleipur og þar með afvegaleitt þá sem honum trúðu, gengisfellt bæði sjálfan sig og þá sem kusu að trúa honum. Nú er því kærkomið tækifæri til að ljúka þeirri umræðu, að utanrrh. viðstöddum, sem hafin var af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur 20. október sl. og þingmaðurinn taldi að hefði ekki verið lokið.

Í þessu dæmalausa upphlaupi tóku margir þingmenn þátt og fóru mikinn. Lengst gekk hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hann tók ekki aðeins getgátunar alvarlega heldur trúði hann þeim eins og nýju neti og var slegið upp í stórfyrirsögn í DV ummælum hans um leynimakk og lygar Bandaríkjamanna. Gekk hv. þm. Steingrímur Sigfússon svo langt að fullyrða að fullveldi þjóðarinnar hefði verið svívirt og spurði hvort svo væri enn. Hv. þm. sakaði bandarísk stjórnvöld um að hafa logið til um tilvist kjarnavopna á Grænlandi en það var hins vegar hreinn uppspuni hjá þingmanninum, Bandaríkjamenn höfðu aldrei neitað tilvist kjarnavopna á Grænlandi, þeir gáfu Dönum upp allar upplýsingar en létu hins vegar dönskum stjórnvöldum eftir að fara með þær upplýsingar eins og þau kysu og allir þekkja lok þess máls.

Herra forseti. Með hliðsjón af því sem að framan greinir beini ég þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann telji ekki að allar forsendur séu til þess að ljúka þessum umræðum um kjarnorkuvopn á Íslandi nú. Nú hefur nefnilega komið í ljós að heimildarmaðurinn, William Arkin, hefur játað að sú flugufregn sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kaus að gera að tilefni til umræðu utan dagskrár hafi reynst uppspuni frá rótum.

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að vekja athygli á þessu máli til að því verði lokið sómasamlega lokið í þinginu og staðfest verði í þingtíðindum hverjir það voru sem fóru með fleipur og hverjir hinir voru sem gerðu það ekki. Ég vil jafnframt óska þess að niðurstaðan verði til þess að þingmenn hugsi sig tvisvar um í framtíðinni áður en þeir hlaupa upp til handa og fóta yfir getgátum óvandaðra lobbíista og leiða slíkar getgátur til öndvegis í umræðum á Alþingi.

Herra forseti. Í lokin vil ég geta þess að í Ríkisútvarpi, sjónvarpi var viðtal við Margréti Frímannsdóttur 14. desember, sýnist mér að hér sé, þar sem hún, talsmaður Samfylkingarinnar, lýsir því yfir „að Samfylkingin hafi reyndar áður fengið yfirlýsingar bandarískra stjórnvalda sem okkur datt ekki í hug að draga í efa“, að hér hefðu væntanlega verið kjarnavopn og þessi yfirstrikun ætti ekki við um Ísland. Þessi yfirlýsing í Ríkisútvarpinu fer í bága við þingræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur við utandagskrárumræðuna þar sem hún lýsti því alveg sérstaklega yfir í lok umræðunnar að hún tæki ekki mark á þeim upplýsingum sem hér hefðu komið fram við umræðuna.

[13:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Varðandi spurningu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, formanns utanrmn., þá vildi ég ekkert frekar en að þessari umræðu lyki en það er að sjálfsögðu ekki í mínu valdi að stjórna því hvenær umræðum lýkur og hvenær ekki. Aðalatriði málsins er það að við höfum í gegnum tíðina fengið fullnægjandi skýringar og upplýsingar frá Bandaríkjunum í þessu máli. Þetta mál hefur ávallt verið rætt á hv. Alþingi þegar birst hefur viðtal við þann aðila sem hér var tilgreindur, William Arkin. Í því nýjasta viðtali sem birtist við hann kemur í sjálfu sér ekki fram neitt annað nýtt en það að hann dregur til baka öll fyrri ummæli sín og bætir síðan við að George Schultz, þáv. utanrrh. Bandaríkjanna, hafi sagt íslenskum stjórnvöldum ósatt 1985.

Engin gögn í utanrrn. hafa fundist enn sem benda til þess að George Schultz, þáv. utanrrh. Bandaríkjanna, hafi sagt Íslendingum ósatt. Annað kemur ekki fram nýtt í þessu viðtali og ég vænti þess að næsta viðtal við þennan William Arkin verði ekki ástæða til enn einnar utandagskrárumræðu á Alþingi, ég tel að þær séu orðnar nægilega margar.

[13:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Öllu nær hefði verið fyrir hv. þm. Tómas Inga Olrich að kalla þessa utandagskrárumræðu réttum nöfnum þar sem fjallað er um utandagskrárumræðubeiðni Samfylkingarinnar í októbermánuði.

Það er rétt að Samfylkingin bað um þessa umræðu og ég var þar málshefjandi. En hv. þm. Tómas Ingi Olrich virðist ekki hafa aflað sér réttra upplýsinga vegna þess að þingflokkur Samfylkingarinnar fór fram á það að hæstv. forsrh. í fjarveru utanrrh. kæmi í upphafi þingstarfa þennan dag og greindi þinginu frá því á hvern hátt hæstv. ríkisstjórn hygðist svara þessum fréttaflutningi og þeim fullyrðingum sem settar voru fram af vísinda- og fræðimönnum í vísindatímariti sem menn gera venjulega heldur meiri kröfur til en slúðurfréttablaða um að hér hefðu verið kjarnorkuvopn. Þessar fréttir höfðu verið teknar upp af virtum erlendum fjölmiðlum og innlendum fjölmiðlum og við fórum þess vegna fram á að hæstv. ríkisstjórn flytti okkur yfirlýsingu í upphafi þingfundar.

Við buðumst jafnframt til að bíða eftir hæstv. utanrrh. ef hann væri væntanlegur til landsins daginn eftir. Það reyndist ekki vera. Að þessu öllu frá óskuðum við eftir hálftíma utandagskrárumræðu þar sem hæstv. forsrh. var ekki tilbúinn til þess að koma með yfirlýsingu í upphafi fundar.

Það er fullkomlega eðlilegt þegar svona alvarlegar staðhæfingar koma fram í vísindatímariti frá fræðimönnum og vísindamönnum að þær séu teknar til umræðu. Það er fullkomlega eðlilegt, af því að þetta fjallar nú um fréttaflutning íslenskra fjölmiðla, að íslenskir fjölmiðlar taki það til umræðu. Það hefur verið og er stefna íslenskra stjórnvalda að hér séu ekki geymd kjarnavopn. Þegar aðrar staðhæfingar koma fram hljótum við að fara fram á skýringar.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Gamalt íslenskt spakmæli segir: Ber er hver að baki nema sér bróður eigi. Það er ekki ónýtt fyrir bandaríska heimsveldið að eiga sér þvílíkan hauk í horni sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich er. Hann tekur öllum skúringakonum fram sem ég þekki hvað það varðar að hvítþvo Bandaríkjamenn þegar á þá er hallað að einhverju leyti að mati hans.

Ég er reyndar sammála hv. þm., formanni utanrmn., um mikilvægi þess að taka þetta mál til umræðu. Ég þakka hv. þm. fyrir að beita sér fyrir því að fá þessa umræðu í annríki jólaföstunnar. Sömuleiðis þakka ég hæstv. forseta fyrir að hliðra til fyrir umræðunni og láta hana hafa forgang þannig að hún sé tekin fram fyrir aðrar utandagskrárumræðubeiðnir sem hafa beðið um nokkurra daga skeið, ég er mjög þakklátur þessum hv. þingmönnum, hæstv. forsetanum, og hv. þm. Tómasi Inga Olrich, fyrir þessa vasklegu framgöngu í að koma málinu til umræðu.

Höfundar nefndrar greinar í Bulletin og Atomic Scientist hafa hreinskilnislega viðurkennt að þeir gátu sér rangt til í því tilviki þar sem þeir héldu að Ísland væri á listanum. Komið hefur í ljós að það er japanska eyjan Iwo Jima. Þetta hafa höfundarnir viðurkennt og skýrt hvernig þessi misskilningur varð hjá þeim. Þeir reyndust reyndar hafa rétt fyrir sér í 25 af 27 tilvikum en ekki í þessu tilviki.

Ég tel, herra forseti, að það megi í sjálfu sér einu gilda hvort vilji íslensku eða japönsku þjóðarinnar er virtur að vettugi þó að við gleðjumst auðvitað að í þessu tilviki átti það ekki við Ísland. Það er síður en svo, herra forseti, að öll kurl séu komin til grafar í þessum efnum og það er reyndar svo að þessi skjöl og mörg önnur hafa um leið afhjúpað ýmiss konar blekkingar og lygar sem hafðar hafa verið uppi af stjórnvöldum í þessum efnum, að vísu gagnvart öðrum löndum en Íslandi í þessu tilviki en þá í staðinn (Forseti hringir.) Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Japan o.s.frv.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ef hv. þm. er óánægður með röð utandagskrárumræðna þá skal honum ráðlagt að fá fund um það mál með forseta Alþingis og ræða þessa óánægu sína.)

[13:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir að taka þetta mál til umræðu þannig að menn geti rætt það í ljósi þess að William Arkin hefur dregið yfirlýsingar sínar til baka sem voru tilefni umræðna um málið hér áður. Það er í þriðja sinn sem þessi vísindamaður dregur til baka yfirlýsingar sínar um það að á Íslandi séu kjarnorkuvopn. Ég mundi halda að allt væri þegar þrennt er í þessu tilviki og menn ættu ekki oftar að efna til umræðna utan dagskrár á Alþingi í tilefni af lausafregnum um þennan mann og vísindalegar rannsóknir hans að því er Ísland varðar.

Síðan kemur fram í viðtali sem hann hefur veitt að hann telur að þessi grunur um kjarnorkuvopn á Íslandi muni vera svo lengi sem Atlantshafsbandalagið starfar og svo lengi sem Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu. Hann er því sama sinnis og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og aðrir sem eru á móti aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og hafa löngum dregið upp þá mynd af þeirri þátttöku að með því væri Ísland að dragast inn í stærri hluti en að tryggja eigið öryggi sitt og varnir.

En þessir aðilar eru einmitt þeir sem hafa kastað þeirri hulu yfir Ísland að hér séu kjarnorkuvopn og það hefur verið rauður þráður í öllum málflutningi þeirra um áratuga skeið að hér væru kjarnorkuvopn. Vísindamaðurinn staðfesti það enn í Morgunblaðinu þegar hann sagði að það væri tilvist Atlantshafsbandalagsins og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu sem réði úrslitum um það að hann mundi halda áfram að fullyrða að kjarnorkuvopn væri á Íslandi.

Menn þurfa ekki að lesa margar ályktanir og ályktunartillögur hér á Alþingi frá Alþb. sáluga eða þá frá vinstri grænum nú á tímum til þess að sjá að þarna er algjörlega samhljómur á milli en kosturinn er, herra forseti, að báðir hafa rangt fyrir sér.

[13:45]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á undanförnum árum hafa menn verið að aflétta trúnaði af ýmsum skjölum bæði austan hafs og vestan sem varpað hafa nýju ljósi á ýmsa viðkvæma þætti í samtímasögu okkar Íslendinga. Íslenskir sagnfræðingar eins og Valur Ingimundarson, Þór Whitehead og fleiri hafa skrifað bækur sem hafa einnig varpað nýju ljósi á ýmsa Íslendinga og íslenska atburði. Það er því mjög eðlilegt, herra forseti, þegar fréttir berast af því í erlendum stórblöðum að yfirlýsingar sem hafi verið gefnar íslenskum og bandarískum stjórnvöldum séu ekki réttar, að spurst sé fyrir um það og vakin athygli á því hér á Alþingi. Það er hið eðlilegasta af öllu eðlilegu.

Það sem ég tel hins vegar að við alþingismenn eigum að gera við þessar aðstæður er að Alþingi á að reyna að styðja eins og unnt er við þær rannsóknir á samtímasögu okkar sem

eiga sér nú stað og hafa farið fram og varpað hafa nýju ljósi á ýmsa einstaklinga, menn og málefni á Íslandi sem varða samtímasögu okkar, við eigum að styðja við það.

Það er rétt sem hæstv. menntmrh. sagði, að þetta er í þriðja sinn sem þessi bandarískí fræðimaður, William Arkin, setur fram fullyrðingar varðandi kjarnorkuvopn á Íslandi sem ekki reynast réttar. Það hefur komið fram í öll þau skipti að þær upplýsingar sem íslensk stjórnvöld hafa fengið frá Bandaríkjunum og hafa sett fram við Íslendinga sem sínar fullyrðingar hafa reynst réttar, þær hafa ekki verið hraktar. Engu að síður eigum við að hafa opinn hug fyrir þeim uppgötvunum sem verið er að gera og styðja eins og Alþingi megnar við bakið á þeim, ekki síst ungum íslenskum sagnfræðingum sem eru núna að draga upp staðreyndir um samtímasögu okkar sem varða okkur miklu.

[13:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Að ala á tortryggni gagnvart Bandaríkjamönnum og veru hersins og varnarliðsins hér á landi hefur lengi verið það mál sem helst hefur sameinað vinstri menn gegn Sjálfstfl. Þannig hefur gengið á með ásökunum um lygar Bandaríkjamanna um starfsemi sína hér og að hún væri önnur en þeir hafa sagt. Síðasti draugurinn var þegar svokallaður sérfræðingur frá Bandaríkjunum lýsti því yfir að hér hefðu verið geymd kjarnorkuvopn og hann hefði sannanir fyrir því. Auðvitað gripu vinstri menn þetta hálmstrá og það sameinaði þá eina ferðina enn í að ráðast gegn Sjálfstfl. og veru varnarliðsins hér. Betra er að veifa röngu tré en öngvu, segir einhvers staðar.

Dapur allaballi sagði við mig fyrir margt löngu þegar múrinn féll: „Sennilega verð ég eftir þetta að trúa því að öll moggalygin hafi verið sannleikur um Sovét-Ísland." Það virðist því miður, herra forseti, vera sama hlutskipti vinstri manna í þessu máli að allt það sem Bandaríkjamenn hafa sagt um veru sína hér á landi er sannleikanum samkvæmt og það sem vinstri menn hafa verið að reyna að búa til í gegnum árin hefur verið lygi.

[13:49]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er um margt merkileg eins og sú er fram fór hér fyrr í haust um utanríkismálin, stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og kalda stríðið.

Hv. málshefjandi tók svo til orða að nú þyrfti að ljúka þessari umræðu, umræðunni væri lokið, málið væri upplýst. Ég er hv. þm. Tómasi Inga Olrich innilega ósammála. Við eigum að taka okkur tíma til að ræða þessi mál, kryfja kalda stríðið og skoða það ofan í kjölinn. Við eigum að bregðast við þeim tíðindum sem hingað berast, hvort heldur það er úr virtum blöðum vestan hafs ellegar frá íslenskum fjölmiðlum. Þannig rækja fjölmiðlar sitt hlutverk vel. Hefðu þeir kannski átt að þegja þunnu hljóði 20. október sl.? Hefði verið betra að minnast ekki á það einu orði hvað færi fram og hvað væri í heimspressunni?

Nei, sem betur fer er það þannig að íslenskir fjölmiðlar eru frjálsir og fólki er einnig frjálst hér á hinu háa Alþingi að ræða það sem hæst ber. Virk þjóðfélagsumræða um stöðu Íslands í kalda stríðinu, hernaðarlegt mikilvægi landsins, um tengslin við Bandaríkin og Vestur-Evrópu og hlutverk okkar í NATO og svo samskipti stjórnmálaflokka við Sovétríkin og Austur-Evrópu hér áður fyrri er nauðsynleg, ekki síst svo þjóðinni auðnist að fóta sig á farsælan hátt í breyttum heimi.

Herra forseti. Við lifum nefnilega í breyttum heimi. En það er stundum svo á hinu háa Alþingi að það er eins og allt hafi breyst nema hugmyndir hv. þm. Sjálfstfl. um lífið og tilveruna. Stjórnvöldum ber að ýta undir upplýsta umræðu, m.a. með því að styrkja sérstaklega rannsóknir um þessi efni, hið háa Alþingi þarf að leggja sitt af mörkum til þess að unnt sé að brjóta kalda stríðið til mergjar, um það á ekki að þurfa að ríkja ágreiningur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

[13:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. þm. Tómasi Inga Olrich, fyrir að hefja mál sitt um það sem áður hefur verið sagt hér og mikil upphlaup urðu hér um hjá stjórnarandstöðunni.

Það var merkileg forustugrein sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Og hún segir kannski allt það sem segja þarf í þessu máli. Ég vil fá að vitna til hennar, með leyfi forseta:

„Maður að nafni William M. Arkin hefur þrisvar sinnum á tæpum tveimur áratugum haldið því fram að kjarnorkuvopn hafi verið geymd á Íslandi. Í öll skiptin hafa nokkrir íslenskir stjórnmálamenn og sumir fjölmiðlar gripið þessar staðhæfingar á lofti og notað þær til meiri háttar árása á þá sem borið hafa ábyrgð á varnarmálum þjóðarinnar í hálfa öld.

Í samtali við Morgunblaðið í gær viðurkennir William M. Arkin að hann hafi í öll þrjú skiptin haft rangt fyrir sér. Er ekki kominn tími til að William M. Arkin láti af afskiptum af íslenskum málum og að þeir sem gerst hafa bandamenn hans hér horfist í augu við að þeir hafa ekki haft sóma af því að hlíta leiðsögn þessa manns?"

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ef sjálfstæðismenn og flestir framsóknarmenn á Alþingi hefðu verið jafngagnrýnir á Bandaríkjamenn og NATO og þeir eru á alla þá sem leyfa sér að halda uppi lýðræðislegu og opnu aðhaldi, þá væri þetta ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich og félagar kveddu sér hljóðs í utandagskrárumræðu um kjarnorkuvígbúnað Bandaríkjamanna. Staðreyndin er sú að miklu er búið að ljúga um tilvist kjarnorkuvopna Bandaríkjamanna á íhlutunarsvæði þeirra og NATO í tímans rás.

Það er mjög erfitt að halda uppi þessari umræðu vegna þess að stefna NATO og Bandaríkjanna er að játa hvorki né neita um tilvist slíkra vopna. Nú hefur það hins vegar fengist staðfest að þeir hafa logið um tilvist kjarnorkuvopna í Japan, á Grænlandi og víðar. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Við ættum að vera búin að læra það að þegar kemur að upplýsingagjöf um hernað og hernaðarleyndarmál er betra að treysta þeim varlega. Við höfum nýleg dæmi fyrir okkur í þessum efnum. Í Flóabardaga 1991 vildi enginn í liði svokallaðra bandamanna kannast við það að verið væri að nota úraníumhúðaðar fallbyssukúlur. Í dag er þetta viðurkennt og bandarískir hermenn sem börðust gegn Írökum kvarta undan hárlosi, húðsjúkdómum og fleiri kvillum; sömu menn og hafa fengið staðfestar stórkostlegar skemmdir á erfðaefni sínu. Í Írak birtast afleiðingarnar í tíðum fyrirburafæðingum og stórauknu nýgengi hvítblæðis.

Í átökunum í Júgóslavíu var þessum sömu vopnum beitt og menn þrættu fyrir það. NATO-herinn varpaði klasasprengjum yfir Júgóslavíu en þrætti fyrir það. Flugmenn vörpuðu ónotuðum sprengjum í Adríahafið á leið sinni aftur

til bækistöðva á Ítalíu en herforingjarnir reyndu að þræta fyrir það. Og Vesturveldin stærðu sig af því að hafa eytt stórum hluta af vígbúnaði Milocevic með sprengjuárásum sínum, en hvað kom í ljós? Þegar Serbar hörfuðu út úr Kosovo fannst hvergi tangur eða tetur af öllum vígtólunum sem menn þóttust hafa hæft. Þá var (Forseti hringir.) sagt að Serbarnir hefðu bara verið svo fljótir að rífa sundur hræin. En síðan kom í ljós eyðileggingin á skólunum, sjúkrahúsunum, íbúðahverfum, elliheimilum, sendiráðum, barnaheimilum o.s.frv. (Forseti hringir.)

Ef það vekti fyrir mönnum að hafa lýðræðislega umræðu um þetta þá væri vel. En það vakir því miður ekki fyrir hv. málshefjanda.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Tíminn er löngu liðinn, hv. þm.)

[13:55]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það hefur vakið athygli mína við þessa umræðu að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerir ekki minnstu tilraun til að reyna að skýra út þau orð sem hún viðhafði í Ríkisútvarpinu um að hún hefði tekið trúanlegar þær fullyrðingar sem hér fóru fram við utandagskrárumræðuna þegar forsrh. vitnaði beinlínis í yfirlýsingar varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. Hún lýsti því yfir við umræðuna að hún hefði ekki tekið mark á þessum yfirlýsingum né öðrum þeim upplýsingum sem fram komu.

Nú reynir hv. þm. að snúa þessu við og segist alltaf hafa tekið mark á þessum yfirlýsingum. Svona málflutningur af hálfu talsmanns Samfylkingarinnar í þessum málum er ekki trúverðugur og er í raun og veru óafsakanlegur. Það er alveg ljóst að hin virtu tímarit sem hér er vitnað í af mikilli virðingu greindu heiðarlega frá því að þarna væri um hreinar getgátur að ræða. Það var talsmaður Samfylkingarinnar í utanríkismálum sem kaus að taka þær getgátur sem gjaldgengan hlut og byggja málflutning sinn á því. Það hefur nú komið í ljós að þetta var allt úr lausu lofti gripið, þannig að ekki er nú málflutningur Samfylkingarinnar á traustum grunni reistur.

Ég tek líka eftir því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er ekki mikið að afsaka það hér að hann hafi fullyrt það á þessum dögum í október að fullveldi íslensku þjóðarinnar hefði verið svívirt. Nei. Og er nú langt gengið í þeim yfirlýsingum verð ég að segja.

Það sem hefur komið síðan í ljós við þessa umræðu er að auðvitað vakir það fyrir hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og talsmanni Samfylkingarinnar að gera samstarf Íslendinga og Bandaríkjamanna, sem hefur reynst afskaplega farsælt, ótrúverðugt. Og þó að þeir séu staðnir að því að fara með fleipur þá breytir það engu í afstöðu þeirra.

[13:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins ítreka það í tilefni umræðunnar að mjög skýrar reglur gilda innan Atlantshafsbandalagsins um flutning og staðsetningu kjarnavopna og að slíkir flutningar eigi sér ekki stað nema með fullu samþykki þeirra ríkja sem hlut eiga að máli. Enn fremur er Bandaríkjamönnum óheimilt samkvæmt varnarsamningnum að nýta varnarstöðina á Íslandi með neinum hætti nema með fullu samþykki og vitund íslenskra stjórnvalda. Þetta eru aðalatriði málsins og það hefur aldrei nokkurn tíma neitt komið fram sem bendir til annars en að þetta hafi verið virt.

Þetta er aðalatriði málsins og þess vegna ætti að vera óþarfi að draga þessar staðreyndir í efa skipti eftir skipti. Kalda stríðinu er lokið, því lauk fyrir tíu árum, og ég tel að það séu önnur utanríkismál sem skipti meira máli að taka fyrir á Alþingi en þau mál sem snúa að kalda stríðinu. Það er verkefni sagnfræðinga en ekki verkefni hv. þingmanna að brjóta þau til mergjar í ræðustól á Alþingi. Það eru önnur mál sem væri nú meiri ástæða til að tala um, t.d. nýafstaðin Helsinki-ráðstefna og framtíðin, sem ég hefði haldið að væri meiri ástæða til að beina athyglinni að.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 143, nál. 432, 452 og 469, brtt. 433.

[14:00]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) (frh.)**:**

Virðulegi forseti. Rétt fyrir klukkan eitt gerði ég hlé á máli mínu þar sem ég var að kynna nál. hv. 2. minni hluta samgn. og ætla ég að leitast við að halda ræðu minni áfram eftir að hafa hlýtt á merka umræðu sem hér fór fram um hvort kalda stríðinu væri lokið eður ei.

Virðulegi forseti. Í ræðu minni, hér fyrir matarhlé, fór ég almennt yfir viðhorf 2. minni hluta til þessa fjarskiptafrv. sem er að mínu viti mjög merk lagasetning og mikilvægt að vel takist til við hana. Hins vegar óttast ég, eins og ég greindi frá í fyrri hluta ræðu minnar, að sú leið sem hér er valin, þ.e. að hagsmunir Landssíma Íslands skuli ganga framar rekist þeir á almannahagsmuni, takmarki möguleika á því að við fáum sem flest fyrirtæki á þennan markað svo neytendur njóti sem bestrar þjónustu og lægra verðs.

Virðulegi forseti. Ég hafði lýst áhyggjum mínum af því að hæstv. samgrh. færi með eignarhald ríkisins í Landssímanum jafnframt því að hafa reglugerðarvald á þessu sviði. Um það þarf ekki að fara mörgum orðum að hættan á að þar sé um hagsmunaárekstra að ræða er mjög mikil. Ég fór yfir þetta, virðulegi forseti, í ræðu minni fyrir matarhlé og hyggst nú freista þess að ræða þriðju meginástæðuna sem gerir það að verkum að ég og hv. þm. Kristján Möller, sem með mér stendur að þessu nál., teljum okkur ekki geta stutt frv. þegar það verður borið fram í heild sinni.

Virðulegi forseti. Það sem við vekjum athygli á og gagnrýnum mjög er í þriðja lagi gildistaka ákvæðis um reikisamninga á farsímamarkaði, 21. gr. frumvarpsins, sem gerir það að verkum að markmið þess, að tryggja jafnræði á þessum markaði, mun ekki nást. Í ákvæði til bráðabirgða III í þessu frv. er gert ráð fyrir að greinin öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 2001. Í 21. gr. segir m.a., með leyfi forseta:

„Þar sem ekki verður ráðist í uppsetningu og rekstur farsímastöðvar, vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar, eða þar sem aðstæður til uppsetningar og rekstrar farsímastöðvar eru sérstaklega erfiðar, svo sem vegna náttúrulegra aðstæðna, skulu farsímafyrirtæki sem veita almenna farsímaþjónustu eiga aðgang að almennum farsímanetum annarra farsímafyrirtækja.“

Að baki þessu hvílir sú hugsun að nýta eins og kostur er þau fjarskiptanet sem þegar hafa verið sett upp og eru ekki fullnýtt. Enn fremur er það í samræmi við viðhorf í umhverfismálum að náttúrunni sé ekki raskað að óþörfu. Að baki þessari hugsun búa hagkvæmnis-, náttúruverndar- og samkeppnissjónarmið.

Athyglisvert er, virðulegi forseti, í ljósi þess að Landssími Íslands hefur 97–98% af öllum fjarskiptamarkaði hér á landi, að veita þurfi slíku fyrirtæki árs umþóttunartíma svo að á þessum markaði hefjist eðlileg samkeppni sem geti vaxið í þágu neytenda. Þetta ákvæði var rætt í hv. samgn. og lögð á það áhersla af öllum gestum hennar, að fulltrúa Landssíma Íslands undanskildum, að þetta ákvæði tæki gildi strax. Gerist það ekki er þessu fyrirtæki sem hefur nú 95–98% markaðshlutdeild gefinn ársfrestur til að efla stöðu sína á markaði. Virðulegi forseti, það hefði nú kannski þurft að aðstoða einhverja aðra á slíkum markaði en þann sem hefur hann nánast einn og óskiptan. Þegar grannt er skoðað kemur fram í þessu frv. að þar sem hagsmunir þessa fyrirtækis rekast á við almannahagsmuni þá skuli hagsmunir fyrirtækisins ganga fyrir.

Í umræðum í nefndinni kom fram að engar tæknilegar hindranir standa í vegi fyrir því að ákvæði um reikisamninga taki gildi strax. Innlendur reikisamningur þýðir að farsímafyrirtæki eiga aðgang að farsímanetum annarra fyrirtækja þegar uppbygging eigin aðstöðu er talin óraunhæf. Hér eiga við svipuð eða sambærileg viðhorf og áður hafa verið rakin í umfjöllun um heimtaugar eða notendalínur sem liggja inn í hvert hús á landinu, enda eru þær u.þ.b. 180.000. Í umræðu í nefndinni kom fram að fresturinn á gildistöku þessa ákvæðis, sem þó gengur ekki lengra en raun ber vitni, er til kominn til að tryggja að Landssíminn fái enn frekara forskot á fjarskiptamarkaði en hann nú hefur.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið þrjár meginástæður þess að ég treysti mér ekki til þess að styðja þetta frv. þó, eins og ég sagði hér í upphafi, ýmislegt í því sé til bóta, einkanlega það að tryggja landsbyggðinni lágmarksþjónustu og ef hún reynist ekki arðbær þá muni ríkið koma til skjalanna og greiða hana niður. Ég fagna því sérstaklega en að öðru leyti vísa ég til nál. á þskj. 469. Ég hef nú kynnt nál. 2. minni hluta og mun síðan fara frekar yfir þessi mál í ræðu hér á eftir.

[14:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Frv. til laga um fjarskipti sem hér er til umræðu er mjög mikilvægt. Það skiptir miklu máli að við Íslendingar fylgjumst vel með, endurskoðum löggjöf okkar og lögum að aðstæðum á þessu sviði en eins og menn þekkja eru breytingar á því mjög örar. Tæknibreytingar eru miklar og til þess að við getum nýtt okkur möguleikana sem skapast þarf umgjörðin, leikreglurnar að vera þannig að henti.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er markmið laganna, verði frv. samþykkt, að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samskipti á fjarskiptamarkaði. Það að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi er ótvírætt mjög mikilvægt. Ég vek athygli á því að það ákvæði er látið ganga framar því ákvæði að efla þurfi samkeppni á fjarskiptamarkaðnum. Ástæða er til þess að vekja athygli á 13. gr. frv. í því samhengi. Þar eru fyrirheit um að öllum notendum verði tryggð fullnægjandi fjarskiptaþjónusta á sanngjörnum kjörum. Það á að felast í því að allir rekstrarleyfishafar tryggi að notendur fjarskiptaþjónustunnar fái svokallaða alþjónustu.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að þessi grein skuli vera í lögunum og að menn vilji að markaðurinn starfi samkvæmt þessari reglu. Hér er auðvitað verið að gefa tóninn um að þegnunum skuli ekki mismunað þegar veitt er fjarskiptaþjónusta.

Ég ætla þá að koma að hinu atriðinu, herra forseti, þ.e. að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. Ég tel að það sé ekki síður mikilvægt. Ég er ekki í hópi þeirra sem telja að samkeppni sé vond fyrir landsbyggðina. Þvert á móti þá tel ég að vandi landsbyggðarinnar felist m.a. í því að þar sé ekki nægjanleg samkeppni, að þar gæti of mikillar miðstýringar. Ég tel að þar séu ákvarðanir of oft teknar út frá sjónarmiðum samræmingar eða miðstýringar og það hafi á ákveðinn hátt skapað atgervisflótta. Menn þekkja að ef umhverfið byggir allt á miðstýrðum ákvörðunum þá verður minna svigrúm fyrir þá sem vilja hreyfa sig, fyrir frumherja eða þá sem gætu gert hlutina á annan hátt.

Nei, herra forseti, ég er á þeirri skoðun að samkeppni á þessum markaði sem öðrum geti skapað landsbyggðinni betri lífskjör og gert hana byggilegri, ef nota má það orð, en hún er við núverandi aðstæður. Ég hef því ekki áhyggjur af því þó lögð sé áhersla á samkeppni og tek undir það sem fram kemur í nál. 2. minni hluta samgn. um þá þætti málsins. Af þessum ástæðum hef ég áhyggjur af því sem fram kemur í því nál., að ekki sé lagt mikið upp úr því í frv. að ná markmiðum um hagkvæmni og samkeppni á þessum markaði, að frv. taki fyrst og fremst mið af hagsmunum Landssíma Íslands. En eins og fram hefur komið er Landssíminn með yfirburðastöðu á þessum markaði.

Ef við trúum því að samkeppni sé til góðs þá ætti eitt af markmiðum okkar auðvitað að vera að reyna að skapa þær aðstæður að hún geri þjónustuna hagkvæmari, ódýrari og stuðli að því að fleiri geti komið inn á markaðinn. Af því að við höfum þessa ágætu 13. gr., eins og ég gat um áðan, finnst mér ekki ástæða til þess að bera ótta í brjósti um að samkeppnin muni bitna á landsbyggðinni. Ég tel, eins og fram hefur komið, að landsbyggðinni hái oft og tíðum skortur á samkeppni.

Herra forseti. Af því að ég er að tala um samkeppnisþáttinn vil ég áfram vísa til álits 2. minni hluta nefndarinnar, álits fulltrúa Samfylkingarinnar, þar sem fjallað er um forræði samgrh. á eignarhaldi ríkissjóðs að Landssíma Íslands. Maður hlýtur að velta því fyrir sér, ef niðurstaðan er sú að frv. taki fyrst og fremst mið af hagsmunum Landssímans en ekki því að skapa hér eðlilegar forsendur fyrir samkeppni fyrir önnur fyrirtæki til að koma inn á markaðinn, hvort þar muni ekki hafa ákveðin áhrif að frv. er samið í samgrn. og flutt af hæstv. samgrh. Auðvitað hlýtur það að lita viðhorfið að Landssími Íslands var ekki fyrir svo löngu hluti af Póst- og símamálastofnuninni og þá með einokunaraðstöðu hér á markaði, vistað í samgrn. varðandi eignaumsýslu og leikreglur.

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að það sé alls ekki rétt að haga málum þannig að hæstv. samgrh. á hverjum tíma sé sá sem bæði fer með eignarráð, fer með yfirráð, fer með hlutabréfið í þessu mikilvæga fyrirtæki og hafi jafnframt reglugerðarvald á þessum markaði. Ef rennt er yfir frv. um fjarskipti annars vegar og Póst- og fjarskiptastofnun hins vegar úir og grúir af ákvæðum þar sem gert er ráð fyrir að hæstv. samgrh. setji reglugerð. Í frv. um fjarskipti eru ákvæði um að ráðherra geti sett reglugerð um 13. gr., um efni 15. gr., um efni 29. gr., um efni 40. gr. og síðan kemur í restina í 50. gr. almenn opin heimild til reglugerða hvað varðar nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, opin heimild til reglugerða um lagabálkinn eins og hann leggur sig.

Ég hlýt að spyrja, herra forseti, hvort ekki sé ástæða til tortryggni fyrir önnur fyrirtæki sem eru að reyna að fóta

sig á þessum markaði að einn og sami aðili skuli fara með eignarráð í fyrirtækinu sem hefur þessa yfirburðastöðu á markaðnum og sá sem er með reglugerðarvaldið og setur leikreglur á markaðnum fyrir öll fyrirtækin, hvort það hljóti ekki að vera tilefni til tortryggni að sá sem fer með hlutabréfið í Landssímanum skuli jafnframt á hverjum tíma vera sá sem veit hvaða stjórnvaldsaðgerðir eru í undirbúningi.

Í frv. um Póst- og fjarskiptastofnun er sambærilegt ákvæði í 13. gr. um að ráðherra geti verið með nánari fyrirmæli, opið reglugerðarvald um framkvæmd þeirra laga. Þetta samanlagt, herra forseti, hlýtur enn að auka áhyggjur manna sem vilja komast inn á þennan markað og veita þar ákveðna þjónustu, taka þátt í uppbyggingu fjarskipta á Íslandi.

Herra forseti. Ég hef lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, og hefur því verið dreift í þinginu. Þar er lagt til að í stað orðsins „samgönguráðherra" í 2. mgr. 6. gr. laganna komi fjármálaráðherra. Þetta er ekki stórt frv., herra forseti, en skiptir verulegu máli og á fullt erindi inn í þessa umræðu því að þar er lagt til að hlutabréfið í Landssímanum verði tekið úr höndum samgrh. og flutt til fjmrh. Það er mun eðlilegri tilhögun að gera það þannig og í samræmi við reglugerðina um Stjórnarráð Íslands þar sem það er meginregla að fjmrn. fari með hlut ríkisins í fyrirtækjum en ekki viðkomandi fagráðuneyti þó að hægt sé að leggja mál til einstakra ráðuneyta. En meginreglan er hin vegna þess að það hlýtur að orka tvímælis, og gerir það, að sami aðili fari með æðsta vald í fyrirtæki og setji jafnframt almennar leikreglur. Þó að umsvif hins opinbera í samkeppnisrekstri hafi minnkað þá eru þau enn umtalsverð og það er auðvitað full ástæða til þess að löggjafinn hugi að því hvaða breytingar sé eðlilegt að gera í ljósi breyttra aðstæðna vegna þess að aðstæður hafa verið að breytast og eru að breytast mjög hratt.

Það sem mönnum hefur helst orðið fyrir og það sem Samkeppnisstofnun hefur gert kröfu til í einhverjum tilfellum er að fjárhagslegur aðskilnaður eigi sér stað í rekstri einstakra fyrirtækja. En það, herra forseti, nær ekki að jafna þann mun sem er á aðstöðu opinbers fyrirtækis og einkafyrirtækis á markaði ef sami ráðherra hefur með höndum yfirstjórn fyrirtækisins og setur jafnframt almennar leikreglur fyrir markaðinn, hefur það reglugerðarvald sem hæstv. samgrh. á hverjum tíma hefur og ég vék að hér áðan.

Herra forseti. Á undanförnum árum þegar Alþingi hefur verið að hlutafjárvæða, hefur verið að „háeffa" einstaka ríkisstofnanir, þá hefur þeirrar tilhneigingar gætt að eignarráðin væru áfram í höndum þess fagráðherra sem fór eða fer með málið. Ég tel að það væri betra, bæði fyrir þau fyrirtæki sem eru í opinberri eigu að öllu eða einhverju leyti og líka fyrir markaðinn, að þessu yrði skipt, að þarna yrði skilið á milli þannig að fagráðherra á hverjum tíma væri að sönnu ráðherra málaflokksins og þar með ráðherra allra þeirra fyrirtækja sem starfa á viðkomandi markaði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja eins og okkur hefur stundum fundist brenna við, einkum og sér í lagi þegar baráttan á markaðnum er orðin hörð eins og sérstaklega hefur kannski átt við um Landssímann á undanförnum árum þar sem önnur fyrirtæki hafa mjög oft talið að þau hefðu ekki eðlilega samkeppnisstöðu og hafa þess vegna þurft að leita ásjár Samkeppnisstofnunar mun oftar en eðlilegt getur talist þó svo að við séum að fjalla hér um markað sem breytist ört.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi míns máls þá lít ég svo á að hér sé á ferðinni mjög mikilvægt mál og að í þessu frv. séu mörg ákvæði mjög til bóta og bind vonir við að þau skapi betri umgjörð, betri ramma um þann markað sem við hér erum að fjalla um. En eins og fram hefur komið í máli mínu er nauðsynlegt að menn hafi auga á því, umfram það sem hér er, að skapa samkeppnisforsendur, skapa forsendur fyrir þau fyrirtæki sem eru að reyna að fóta sig á markaðnum og að menn horfi til þess í fullri alvöru að skapa það traust sem þarf með því að aðskilja á milli þess sem fer með umsýsluvaldið, sem fer með hlut ríkisins í viðkomandi fyrirtæki og þess sem fer með reglugerðarvaldið.

[14:22]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega má deila um það í hvaða ráðuneyti eigi að finna þessum málum, póst- og símamálum stað. En ég held að það sé ekki meginmálið á þessari stundu. Meginmálið í þessu er í fyrsta lagi, eins og kemur fram í lögunum, að meginmarkmiðið frv. er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samkeppni á fjarskiptamarkaði jafnframt því að tryggja öllum landsmönnum aðgang að fjarskiptaþjónustu eftir því sem unnt er.

Mér er það alveg ljóst að það er mjög ör þróun í þessum málum. Það er líka ljóst að ekki verða mörg fyrirtæki í hinni hörðu samkeppni þessa málaflokks. Mér er það alveg ljóst. Og þegar til þess er litið að við samþykktum á hinu háa Alþingi 27. desember 1996 lög um þetta sama efni þá er mér alveg ljóst að ekki líður á löngu þar til við tökum upp þetta mál upp aftur. Ég spái að innan tveggja ára þurfum við að taka þessi mál öll upp að nýju og fara yfir völlinn eins og hann lítur þá út. Það er mér alveg ljóst.

Ég tel að full ástæða sé til þess að ljúka þessu máli. Síðan má hefja umræðu um heimilisfang þessa málaflokks, þ.e. í hvaða ráðuneyti. Svo verður auðvitað að líta til framþróunarinnar sem, eins og ég sagði áðan, er geysilega ör.

[14:24]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri á hv. þm. að hann telur að þessi lög muni ekki verða langlíf. Innan tveggja, þriggja ára telur hann að við verðum aftur komin með kannski sambærilegt plagg í hendurnar til þess að fjalla um.

Herra forseti. Ég er ekkert endilega viss um að þess þurfi ef við stöndum vel að því sem við erum að gera núna. Þar held ég einmitt að deilan um hvar á að vista málaflokkinn skipti máli, vegna þess að ef við ætlum að efla samkeppni og skapa forsendur fyrir henni, jákvæðar forsendur, búa til ramma sem fyrirtækin geta unað við, þá skiptir verulegu máli að sá aðili sem fer með málaflokkinn njóti trausts og að það fyrirtæki sem er með þessa yfirburði á markaðnum, Landssíminn, liggi ekki linnulaust undir þeirri gagnrýni og tortryggni að það hafi eitthvert forskot bara út á það að vera undir forsjá þess sem líka fer með reglugerðarvald á markaðnum, fyrir utan það forskot sem það hefur auðvitað vegna nánast aldarlangrar einokunar sinnar og hinnar miklu markaðshlutdeildar.

Ég tek alveg undir það með hv. þm. að það skiptir auðvitað verulegu máli sem segir í 1. gr. frv., þ.e. að hér eigi að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti. Ég er sjálf í tvígang búin að fara yfir 13. gr. í minni ræðu sem mér finnst skipta verulegu máli. En ég er sannfærð um að við þurfum að ganga lengra hvað varðar samkeppnisþáttinn. Þess vegna er það mín skoðun að ef við göngum lengra þar og gerum það

betur þá getum við hugsanlega unað lengur en virðist vera trú hv. þm. við þau lög sem þetta frv. getur leitt til.

[14:26]

Útbýting þingskjals:

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, 186. mál, brtt. GIG o.fl., þskj. 489.

[14:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um fjarskipti er í sjálfu sér mjög stórt mál og verðskuldar alla athygli, ekki bara frv. sjálfs vegna heldur þeirra hluta sem eru í farvatninu eða hafa verið að gerast í okkar fjarskiptamálum á undanförnum árum má segja og blasa við fram undan, sérstaklega auðvitað áform stjórnvalda um stórfellda einkavæðingu og í orði kveðnu a.m.k. um að innleiða samkeppni á ýmsum sviðum fjarskipta þar sem henni hefur ekki verið fyrir að fara áður, annaðhvort vegna þess að um lögbundin einkaleyfi hefur verið að ræða eða vegna þess að tæknin hefur ósköp einfaldlega ekki boðið upp á samkeppni. Því er augljóst mál að þetta er eitt af þeim málasviðum sem eru að taka miklum breytingum um þessar mundir, bæði að segja má af pólitískum ástæðum og tæknilegum.

Ég verð að segja fyrst, herra forseti, að mér hefur oft gramist það í þessari umræðu á undangengnum árum, síðustu tveim til fjórum þó sérstaklega, sem ég get eiginlega ekki kallað annað en róginn um Póst og síma. Það hefur markvisst verið reynt, að því er ég tel, að sverta frammistöðu þeirrar stofnunar gegnum tíðina og jafnvel læða því að mönnum að við Íslendingar höfum búið þar við einhverja sérstaklega hamlandi og skaðlega einokun og ríkisstofnun sem hafi drepið allt í dróma í þessum efnum. Ég hef jafnvel heyrt menn lýsa því á dramatískan hátt að menn hafi bara eins og verið leystir úr álögum þegar þeirri stofnun var þó ekki nema breytt í „háeff" og að þá hafi bara allt farið að blómstra og færst til hins betri vegar í fjarskiptum á Íslandi, þá hafi tæknin komið til sögunnar og guð má vita hvað. Það er eins og menn hafi bara skipst hér á skilaboðum með reykmerkjum fram að þeim tíma.

En svo var nú ekki, herra forseti. Staðreyndin er sú, og það er alveg ástæða til að halda því til haga, að þessi ríkisstofnun var nú ekki verri en það að henni hafði tekist að byggja upp tiltölulega mjög nútímalegt fjarskiptakerfi í þessu stóra og strjálbýla landi og það var ekki verr rekið en svo að Íslendingar bjuggu sannarlega við einn lægsta símkostnað í Evrópu. Og hvers vegna er þá þessi hamagangur og ósköp? Bendir þetta til að það hafi verið sérstaklega ófarsælt fyrir íslensku þjóðina að þetta var á hendi einnar öflugrar stofnunar sem gat þó í krafti stærðar sinnar veitt mönnum hér býsna góða þjónustu? Nei, ég held ekki.

Staðreyndin er algjörlega hin gagnstæða. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ef við Íslendingar hefðum verið fastir í klónum á einhverjum einkaeinokunarfyrirtækjum eða þó það væru tvö eða fleiri fyrirtæki sem hefðu verið að baslast við að veita fjarskiptaþjónustu í formi einkarekstrar í ágóðaskyni þá hefðum við verið mun verr á vegi stödd en raun ber vitni.

Það mætti taka ýmis dæmi um það. Það er kannski ekki mikið vit í samanburði milli Íslands og Bandaríkjanna en þó má gera tilraun til slíks. Það vita þeir sem ferðuðust t.d. fyrir tíu til tuttugu árum eða þaðan af lengri tíma um Bandaríkin að það gat verið býsna skrautlegt, satt best að segja, að vera þar að ferðast milli svæða þar sem hin ólíku símafyrirtæki veittu þjónustu því stundum fór svo að nánast enginn hafði áhuga á því að veita þjónustu úti á afskekktum svæðum og þar var fjarskiptaþjónusta oft hin hörmulegasta. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem hafa ferðast eitthvað um strjálbýli á afskekktum svæðum í Bandaríkjum Norður-Ameríku geti borið um þetta.

Það væri líka hægt að taka annað dæmi frá Argentínu. Þar vantaði ekki að síminn væri einkarekinn um áratuga skeið og það vantaði ekki þar væri einkaframtakið að blómstra. Ef ég man rétt voru það engir aðrir en frændur okkar Svíar sem áttu að mestu leyti símkerfið í Argentínu, svo var a.m.k. um áratuga skeið. Var það mjög burðug þjónusta sem þar var veitt? Ekki held ég það. Ekki held ég að það hafi verið þeim sérstaklega til framdráttar eða auðveldað þeim að vera í hópi forusturíkja hvað varðar nútímalega fjarskiptaþjónustu þegar kom fram undir lok aldarinnar. Þvert á móti.

Ég held að það sé algjörlega staðreynd að fyrirkomulagið á Norðurlöndunum með stórum og öflugum ríkisreknum símafyrirtækjum eða opinberum almannaþjónustufyrirtækjum á þessu sviði hafi skilað Norðurlöndunum í fremstu röð í þessum efnum. Ekki bara hvað fjarskiptaþjónustuna, grunnþjónustuna, snertir heldur var líka tækni á háu stigi. Þessir aðilar eiga sinn þátt í því að t.d. norræn fyrirtæki á tæknisviðinu eru í fremstu röð á heimsvísu í dag vegna þess að þau eru sumpart sprottin út úr eða hafa byggst upp til hliðar við þjónustu í tengslum við hin stóru, öflugu, opinberu símafyrirtæki á Norðurlöndum. Auðvitað þekkja menn að fyrirtæki eins og Ericsson og Nokia og svo stóru símafyrirtækin eins og Telia í Svíþjóð og Telenor í Noregi eru forustufyrirtæki í sínu sviði, sprottin beint upp úr þeim grunni sem ég er að tala um.

Þannig er það að mínu mati einnig á Íslandi. Landssími Íslands er það sem hann er í dag vegna þess að hann byggir á þeirri arfleifð og þeirri stöðu sem hann fékk frá Pósti og síma. Ég bið menn því að láta af þessum leiðindarógi og baknagi um frammistöðu þessarar stofnunar. Auðvitað var þar ekki allt fullkomið og að sjálfsögðu hafa menn gert þar mistök eins og gerist og gengur en ég leyfi mér að fullyrða að þetta fyrirkomulag hafi þjónað okkur Íslendingum býsna vel og skilað okkur merkilega góðri þjónustu. Við höfum aftur og aftur verið í fararbroddi í heiminum þegar kemur að því að innleiða og innleiða hratt tækninýjungar. Það á t.d. við þegar farsíminn kom, NMT-kerfið kom á sínum tíma, og það á líka við hvað varðar GSM-gervihnattarsímann.

Þá hefur þetta fyrirtæki í krafti styrks síns og stærðar, og vegna þess að það hefur allt landið undir, getað brugðist fljótt við og getað byggt þjónustuna hratt upp og boðið hana svo til öllum landsmönnum á mjög skömmum tíma. Svo bætist náttúrlega það við, herra forseti, að við Íslendingar höfum þá náttúru að þegar svona tækninýjungar koma þarf hver einasti maður að kaupa þetta og helst strax í gær þannig að viðskiptin blómstra sem aldrei fyrr og öll þjóðin veit að GSM-símin er álíka nauðsynlegur hlutur og tannbursti. Notkunin verður á auga lifandi bragði gríðarleg og það má nokkuð treysta á það að ef um einhverjar slíkar tækninýjungar er að ræða þá seljast þær eins og heitar lummur á Íslandi.

Í öðru lagi, herra forseti, aðeins um samkeppnina. Nú er það boðorð dagsins að alls staðar skal koma við samkeppni, alls staðar skal reyna að troða inn samkeppni bara samkeppninnar vegna, bara af því bara. (**PHB:** Lækka verðið.) Já, lækka verð, segir hv. þm. Pétur Blöndal og trúin er óbiluð

eins og vænta mátti á þeim bæ. En nú er það svo, herra forseti, að ég held að samkeppni, svo ágæt sem hún getur verið þar sem auðvelt er að koma henni við og forsendur eru fyrir henni, sem eru að vísu ekki nálægt eins víða og menn vilja vera láta, því miður þá plata menn sig mjög víða með því að þeir séu að innleiða einhverja samkeppni, eiginlega og eðlilega samkeppni þar sem engu slíku er til að dreifa. Það er bara plat, það er bara blöff eins og sagt er á vondu máli.

En segjum að menn hefðu þá skoðun, þá trú og þann vilja að æskilegt væri að koma við þarna samkeppni og fara að velta fyrir sér hvort forsendur séu þá til þess. Ég fer fram á að menn ræði og skoði hvort forsendur eru fyrir einhverju sem hægt er að kalla „frjálsa" samkeppni eða heilbrigða samkeppni, sem mér finnst nú skárra hugtak, á þessu fjarskiptasviði. Ég held að svarið sé nei. Út af fyrir sig er hægt að sjá fyrir sér að á afmörkuðum sviðum þessarar þjónustu séu forsendur fyrir samkeppni þannig að hún geti verið alveg heilbrigð. Það er fyrst og fremst þar sem tæknin hefur komið til dögunnar og gert mögulegt að veita þessa þjónustu án gríðarlegs stofnkostnaðar og án þess að landfræðilegar aðstæður skipti kannski sköpum eða það er ekki óviðráðanlegt verkefni að veita þjónustuna þannig að hún geti tekið til landsins alls. En það á ekki við nema um hluta af þjónustunni eins og hún er starfrækt og þekkt í dag. Sumir halda því fram að tæknin eigi eftir að þróast enn frekar og hraðar á næstu árum og gera allar fyrri viðmiðanir að þessu leyti úreltar, þ.e. að allt sem heita grunnlínur og net og ljósleiðarar og annað slíkt verði bara úrelt, í besta falli geti það keppt við aðrar mögulegar leiðir sem fjarskiptin eigi kost á, og þá fyrst og fremst gervihnattasambönd eða jafnvel rafræna miðlun svona upplýsinga í gegnum orkudreifingarnetin eða hvað það kynni að verða.

Ég held þess vegna, herra forseti, að það verði að gera mjög skýran greinarmun á því þegar þessi samkeppnisvaðall kemur upp: Erum við að tala um þá hluta þessarar þjónustu þar sem tæknilegar forsendur eru fyrir hendi að um eiginlega samkeppni geti verið að ræða eða erum við að tala um málið allt í heild sinni? Það skiptir alveg sköpum.

Herra forseti. Það verður ekki bæði sleppt og haldið að öllu leyti í þessu máli frekar en í öðrum. Við getum þurft að kaupa það dýru verði að ýmsu leyti að hverfa frá því fyrirkomulagi sem við höfum haft, að hafa öfluga opinbera þjónustustofnun á þessu sviði sem hefur bæði réttindi en líka skyldur. Sem hefur þau réttindi að hafa allt landið undir og hafa á sínum snærum það net sem byggt hefur verið upp í opinberri eigu en um leið þær skyldur að veita þessa þjónustu um allt land. Að þessu leyti hefur staða Landssímans verið nátengd og náskyld stöðu Ríkisútvarpsins enda mikið samstarf þar á milli.

Menn verða að horfast í augu við það að ekkert er endilega víst að það sé auðvelt að bæði sleppa og halda. Að halda þeim möguleikum að tryggja þessa þjónustu með slíkum hætti með opinberri stefnumótun og/eða þess vegna lagasetningar og hins vegar að sleppa þessu öllu lausu og fela þetta einkaaðilum til rekstrar. Menn geta, herra forseti, ekki skýlt sér á bak við einhverja pólitíska frasa um einkarekstur versus ríkisrekstur, samkeppni versus eitthvað annað. Þetta er praktískt úrlausnarefni eins og það blasir við þjóðinni og við skulum ræða það bara eins og það liggur fyrir tæknilega og fjárhagslega fyrir þessa tæplega 280 þúsund manna þjóð í þessu 104 þúsund ferkílómetra landi. Það er viðfangsefnið eins og ég nálgast það, herra forseti, og ég leyfi mér að halda því fram, þó maður eigi kannski aldrei að gefa sjálfum sér slíkar einkunnir, að ég reyni að nálgast þetta tiltölulega kreddulaust.

Ég vil reyna að velja þá leið sem ég tel að muni þjóna landsmönnum og landsmönnum öllum best á komandi árum í þessum efnum og er í sjálfu sér tilbúinn til þess að skoða ýmislegt í þeim efnum. En ég vil láta sannfærast áður en ég hverf frá stuðningi við þó það fyrirkomulag, a.m.k. að verulegu leyti, sem hefur skilað okkur þó því sem við höfum í dag í þessum efnum. Ég fullyrði að það er ekki slæm staða fyrir þessa þjóð að búa við þó þau fjarskipti sem við gerum og höfum gert á undanförnum árum, hafandi átt þess kost að taka inn tækninýjungar tiltölulega hratt og vera í fremstu röð, stundum í fyrsta eða öðru sæti hvað varðar það að nýta okkur nýja hluti eins og gervihnattasíma, alnetið eða aðra slíka hluti. En það er staðreynd að þannig er staðan, að Íslendingar eru á ýmsum vígstöðvum í þessum efnum í hópi þeirra þjóða heimsins sem nota sér slíka hluti mest.

Í þriðja lagi, herra forseti, finnst mér að jafnréttishugtakið verði að vera alveg í miðju umræðunnar þegar við ræðum um breytingar á þessu afdrifaríka og mikilvæga sviði. Jafnrétti landsmanna gagnvart fjarskiptum, þeim hluta samgöngukerfis landsins sem fjarskiptin eru er algjör þungamiðja málsins í mínum huga og þróunarinnar fyrir íslenskt samfélag á komandi árum. Enginn vafi er á því að mikilvægi þessa samgöngusviðs þar sem eru fjarskiptin er sífellt vaxandi, það að vera í góðum og greiðum samgöngum hvað fjarskipti snertir án tillits til búsetu í landinu er að taka við, það er að taka yfir að sumu leyti hvað mikilvægi snertir eða forgangsröð í mínum huga samanborið við hinar fýsisku samgöngur eða efnislegu samgöngur, ef svo má að orði komast, þ.e. að komast milli staða í eigin persónu með góðum og greiðum hætti. Að sjálfsögðu er það áfram mikilvægt og verður en fjarskiptasamgöngurnar eru þarna algjörlega að verða úrslitaatriði. Þær eru það fyrir einstaklingana svo að þeir geti verið fullgildir þátttakendur í okkar nútímalega upplýsingasamfélagi, þær eru það fyrir þjónustuaðilana, þær eru það fyrir sveitarfélögin og þær eru það fyrir atvinnulífið. Þær eru algjör undirstaða þess að menn geti verið fullgildir þátttakendur í hinu tæknivædda samfélagi nútímans. Með jafnrétti á ég bæði við verð og gæði.

Þetta er að sínu leyti, herra forseti, þar af leiðandi að verða eitt af stóru jafnréttismálum nútímans, þ.e. aðstaða manna gagnvart þessum hlutum. Þess vegna mega menn ekki spila út úr höndunum á sér neinu því eða fara út í breytingar að óyfirveguðu máli sem geta kostað menn eitthvað í þessum skilningi, ég tala ekki um afturför. Af því, herra forseti, hef ég verulegar áhyggjur, að menn geti þarna verið að lenda í stöðu sem verður snúin viðureignar hvað varðar það að framfylgja þeim markmiðum sem ég gef mér að flestir vilji hafa uppi, að það eigi að tryggja landsmönnum öllum, án tillits til búsetu, sem jafnasta aðstöðu í þessum efnum.

Að sjálfsögðu er einnig mikilvægt út frá jafnréttishugtakinu að þjónustan sé sem ódýrust þannig að sem flestir og allir eigi kost á því að nota sér hana. Það er t.d. gríðarlega mikilvægt að nettengingar séu auðveldar og ódýrar þannig að við förum t.d. ekki að fá upp stéttaskiptingu í samfélaginu hvað varðar það hverjir hafa óheftan aðgang að upplýsingasamfélaginu og hverjir ekki, það er mjög mikilvægt. Að því leyti til er notendabúnaðurinn að sjálfsögðu líka afgerandi, að hann sé ekki of dýr, og ég verð að segja alveg eins og er

að ég er að mörgu leyti mjög hrifinn af slíkri hugsun eins og kom fram hjá jafnréttissinnanum, hæstv. menntmrh. Birni Bjarnasyni, að leggja bara öllum skólabörnum til notendabúnað af einhverju þessu tagi og gott að hafa eignast slíkan liðsmann í baráttunni fyrir jafnrétti þegnanna, eins og í því tilviki. Það er að sjálfsögðu hið besta mál ef við tryggjum af opinberu fé, sem á auðvitað þá að vera, öllum nemendum á einhverjum tilteknum skólastigum að þessu leyti algjörlega jafnan rétt og jafnan aðgang að mikilvægum þáttum eins og þessum.

En það gagnar lítið að menn eigi fín tæki, hvort sem þeir kaupa þau sjálfir eða þeim er auðveldað slíkt af opinberum aðilum ef aðstaða manna til að nota er svo mjög misjöfn eða í sumum tilvikum alls ekki fyrir hendi.

Ég held í fjórða lagi, herra forseti, að þegar við förum svo að skoða stöðu ríkisins sem eiganda og í rauninni þjónustuveitandans fram að þessu og áform um einkavæðingu og einkarekstur á þessu sviði, þá vakna mjög mörg álitamál. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, með þetta frv. í höndunum um breytingar á fjarskiptalögunum þar sem menn vísa inn í framtíðina og frekari vinnu mörgum afgerandi þáttum eins og t.d. skilgreiningu á alþjónustu, þá undrar mig að heyra á sama tíma menn eins og hæstv. samgrh. sem ég þykist hafa tekið rétt eftir að einhvern tíma í sumar úttalaði sig um það sem alveg sérstaklega brýnt verkefni að koma Landssímanum úr eigu ríkisins. Telur hæstv. samgrh. virkilega að það mál sé, burt séð frá pólitískum grundvallarágreiningi, svo þroskað að einhver glóra sé í því að fara að rjúka til og ætla að einkavæða Landssímann?

Og til hvers er það, herra forseti? Hvaða tilgangi þjónar það öðrum en þeim pólitíska, að geta sagt að menn hafi gert það? Að menn hafi verið einkavæðingarherleiðingunni trúir og djöflað Landssímanum með góðu eða illu úr eigu ríkisins og hana nú. En er það ekki dálítið ábyrgðarleysi, herra forseti? *Í ljósi þess að við erum með þá stöðu uppi í málinu að* það er algjörlega ófyrirséð með hvaða hætti pólitísk markmið um jafnrétti og jafna stöðu og aðgang allra að þessu yrðu tryggð. Ég fullyrði, herra forseti, að það er skrifað í skýin, og líka þrátt fyrir þessa tilraun til lagasetningar sem á að heita að sé hér á ferðinni í þeim efnum. Að einhverju leyti tilraun sem á að taka mið af breyttum aðstæðum og horfa fram á veginn, gerir það kannski mögulegt að hægt sé að breyta því með þessi lög til grundvallar. En þá nægja mér, herra forseti, ekki þeir hlutir sem hér eru til lagðir.

Það er líka spurning, herra forseti, hvaða ástæða er til þess fyrir Íslendinga að æða áfram með miklum asa í þessum efnum. Ég held það væri hollt fyrir okkur að líta áfram til fordæma frá t.d. nágrannalöndunum, Noregi og Svíþjóð, skoða einnig fordæmi frá Bretlandi, Nýja-Sjálandi, Ástralíu og annars staðar þar sem menn hafa verið að prófa aðrar leiðir og spyrja okkur síðan ósköp einfaldlega og heiðarlega: Hvaða fyrirkomulag af þessu, sem annaðhvort við sjálf hugsum upp eða leiðir sem aðrir hafa reynt, viljum við hafa? Viljum við fara leið hinna Norðurlandanna sumra, sem hafa farið mjög varlega í þessa hluti, breyttu að vísu ríkissímafyrirtækjum sínum í hlutafélög um svipað leyti eða aðeins á undan okkur en hafa á hinn bóginn ákveðið að halda í eignarhald ríkisins, a.m.k. að miklu leyti, og hafa farið mjög varlega í sakirnar? Eða viljum við prófa að fara út í æfingar af því tagi sem Nýsjálendingar gerðu? Hvað gerðu þeir? Það var nú harmsaga nýsjálensku þjóðarinnar á níunda áratugnum að þar komst til valda svona nýkrataflokkur sem var alveg heltekinn af frjálshyggju og gekk lengra og var forstokkaðri í frjálshyggjunni en eiginlega allir aðrir flokkar á jarðríki um þær mundir og ákvað að breyta nýsjálenska þjóðfélaginu yfir í tilraunastofu fyrir nýfrjálshyggjuna um árabil — og að sjálfsögðu hjóluðu þeir í símann og póstinn.

Afleiðingin er sú að á Nýja-Sjálandi eru aðallega tvö símafyrirtæki, ef ég veit rétt, og þau voru síðast þegar ég vissi bæði í amerískri eigu, því að það var ekki þannig að þeir gætu einkavætt þetta og haldið síðan öllum hlutum í sínum höndum, þeir réðu auðvitað ekkert við það. Þetta var komið á alþjóðlegan markað og hver sem er gat keypt og ég veit ekki betur en að amerískir risar, sem hafa verið að seilast til áhrifa á þessu sviði víða í heiminum, hafi komið og tekið *nýsjálensku símafyrirtækin í nefið* og með afleiðingum m.a. sem leiddu til þess að Ástralir slógu því á frest að fara út í sambærilegar breytingar hjá sér því að þeir voru nokkuð hugsi, þeir frændurnir hinum megin við sundið, þegar þeir skoðuðu hvernig þetta hafði tekist hjá vinum sínum, Kíwíbúum, eins og þeir kalla þá Nýsjálendingana. Þannig að það er nú svona og svona hvernig þetta hefur tekist hjá mönnum.

Pósturinn var nú bærilega einkavæddur á Nýja-Sjálandi. Nú vill svo til að pósturinn á Nýja-Sjálandi var mikilvæg þjónustustofnun, dálítið í ætt við sænska póstinn sem hefur í raun og veru miklu víðtækara hlutverki að gegna en því einu að koma bréfum og bögglum milli manna. Pósturinn rak þar, eins og hann gerir í Svíþjóð, öflugt póstgíró, er í rauninni banki, einhvers konar almenningsbanki og veitir ýmsa frekari þjónustu. Þetta var svipað á Nýja-Sjálandi. Þar annaðist pósturinn sem opinber stofnun um þjónustu fyrir almannatryggingakerfi Nýsjálendinga og það var mjög praktískt og hagkvæmt fyrirkomulag. Í sveitum Nýja-Sjálands sem eru víðlendar býr stór hluti þjóðarinnar af því að Nýsjálendingar eru mikil landbúnaðarþjóð og að mörgu leyti skyldir Íslendingum hvað það snertir að þeir eru frekar fámenn þjóð í stóru landi, *byggja tvær stórar eyjar og nokkrar litlar, sem eru* líklega um þrisvar sinnum stærri að flatarmáli en Ísland, en að vísu er þjóðin talsvert fjölmennari, þar búa um 3,5 millj. manna. Og þeir höfðu komið sér upp því fyrirkomulagi, sem var eins og ég segi ákaflega praktískt, að pósturinn annaðist um margvíslega þjónustu og var oft í mörgum minni byggðarlögum og samfélögum eina opinbera þjónustustofnunin sem hafði þar viðveru og hafði þar opið. Það voru lítil pósthús vítt og breitt í smábæjum og sveitum sem — ég sé að formaður samgn. er mjög upptekinn. Hann er mikill áhugamaður um samgöngur og hefur búið til pappírsskutlu sem hann gengur með um þingsalinn og er þetta til marks um hversu geysilega mikill áhugamaður formaður samgn. er um samgöngumál á öllum mögulegum formum samgangna, held ég að hv. þm. ætti nú að reyna að láta fyrirbærið fljúga um salinn. — En hvað gerðist síðan á Nýja-Sjálandi, herra forseti, þegar nýfrjálshyggjukrataverkamannaflokkurinn þar hafði náð fram því draumamarkmiði sínu að einkavæða póstinn? Hann var auðvitað keyptur upp af ákveðnum aðilum sem fóru að gera mjög stífar arðsemiskröfur á þetta fyrirbæri, sögðu: Ja, okkur kemur ekkert við þetta almannatryggingakerfi Nýsjálendinga, það er ekki okkar hausverkur. Og þeir lokuðu nokkrum hundruðum póstútibúa út um allt Nýja-Sjáland. (**KLM:** Komast þá jólakortin ekki til skila sem þú varst að senda?) Það er nú það, spurningin um jólakortin sem menn hafa verið að senda þangað. Einhvern veginn rata þau nú vonandi á leiðarenda, en það sem verra er að gamla fólkið á Nýja-Sjálandi lenti í bullandi erfiðleikum með að

fá ellilífeyrinn sinn vegna þess að kerfið sem hafði verið byggt upp og byggði m.a. á útibúum póstsins úti um allt land hrundi af því að einkaaðilanum kom það ekkert við þó að gamalt fólk yrði þess vegna að ferðast hundruð kílómetra til að fá ellilífeyrinn sinn sem það hafði áður getað sótt á póstútibúið eða pósthúsið í sinni litlu heimabyggð, sínum litla þorpskjarna eða sveitaþéttbýlis.

Og er það nú ekki þannig, herra forseti, að við höfum aðeins byrjað að finna lyktina af þessu? Hefur ekki einmitt það verið að gerast? Er ekki Landssíminn, eftir að hann var háeffaður, farinn að draga úr þjónustunni víða úti um land? Svarið er jú. Það lét að sjálfsögðu ekki á sér standa að Landssíminn byrjaði að hugsa öðruvísi, enda er mér sagt það. Það er haft eftir núv. forstjóra Landssímans og einum aðalhöfuðpaur og gúrú einkaframtaksins í landinu, engum öðrum en fyrrv. framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands sem stökk yfir í forstjórastólinn, að eina markmið fyrirtækisins nú og skylda sé að reka fyrirtækið með hagnaði, það sé að græða.

Auðvitað er það sá hugsunarháttur sem yfirtekur þetta smátt og smátt og Landssíminn breytist frá því að vera þjónustumiðað almenningsfyrirtæki yfir í það að vera eins og hvert annað einkafyrirtæki sem fer yfir á verðbréfamarkaðinn, fer að fá á sig harðar kröfur um arðsemi og réttlætir það með því skera niður þjónustuna á þeim endum þar sem hún er minnst hagkvæm eða jafnvel óhagkvæm. Nákvæmlega eins og gerðist með einkavædda póstinn á Nýja-Sjálandi. Og litlu útibúin og þjónustustöðvarnar fjúka. Landssíminn er, herra forseti, þegar byrjaður á þessari þróun og það er bara forsmekkurinn, hv. þm. Hjálmar Árnason, af því sem í vændum er ef að líkum lætur. Það er í reynd þannig að Landssíminn er hættur að veita þjónustu og hafa opið á fjölmörgum stöðum þar sem hið sameinaða fyrirtæki Póstur og sími var áður. Það á kannski að heita svo að pósturinn veiti Landssímanum að einhverju leyti þjónustu, sé umboðsaðili fyrir hann, en mér er þó sagt af ólygnum mönnum að dæmi séu um að menn verði að keyra 300 km til að fá framlengingarsnúru. Það þurfi að keyra hátt í 300 km, t.d. á norðausturhorni landsins og upp undir það svipað sums staðar annars staðar, ef menn ætla að kaupa eina framlengingarsnúru við símann hjá sér af því að Landssíminn er hættur að veita þjónustu nema með höppum og glöppum eftir að hann var háeffaður. Er þetta ekki framför, hv. þm. Hjálmar Árnason, sem alveg ríghlær að þessu öllu saman? Jú, það er nú líkast til að það sé framför og nútímalegt, ha? Ég skyldi nú ætla það.

Nei, herra forseti, ég held að menn ættu að fara rólega og ég batt satt best að segja vonir við að hæstv. samgrh., sem ég hef reynt að því að vera frekar traustan mann, mundi ekki láta einhverja frjálshyggjuvitleysu og hugmyndafræði villa sér sýn í þessum efnum heldur stæði hann í lappirnar og færi varlega í þessum málum og glutraði ekki út úr höndunum á sér þó þeim möguleikum sem felast í eignarhaldi ríkisins á þessu opinbera þjónustufyrirtæki sem Landssíminn þó þrátt fyrir allt er á meðan hann er 100% í eigu ríkisins. Það liggur ekkert á nema síður sé að fara að atast í Landssímanum. Látum hann bara í friði um sinn og leggjum honum þær skyldur á herðar í staðinn að sem ríkisfyrirtæki þá gerum við til hans miklar kröfur um að sinna hlutverki sínu vel, rækja það við alla landsmenn, ekki bara suma. Og hann getur vel rekið þjónustustöðvar til að selja mönnum framlengingarsnúrur jafnvel þó að ekki verði stórgróði á þeim í hverjum einstökum tilvikum. Grímseyingar eða aðrir slíkir menn eiga einnig rétt á þjónustu á þessum sviðum.

Herra forseti. Í fimmta lagi er spurningin um valkostina nátengd þessu, ef menn vilja horfa og fara eitthvað yfir þá, sem ég tel að hæstv. samgrh. þurfi að fara gríðarlega vandlega yfir. Það er spurningin um meðferð grunnnetsins eða grunnkerfisins og þjónustuna sem á því er veitt að öðru leyti sem menn hafa auðvitað rætt hér. Nú færa menn fram fyrir því rök og ég hef heyrt hæstv. ráðherra hafa þau rök uppi gegn hugmyndum um að aðskilja þjónustuna og sjálft fjarskiptakerfið, eins og menn hafa vissulega skoðað og velt rækilega fyrir sér, að það hafi engir aðrir gert þetta og að það sé ekki skynsamlegt í rekstrarlegu tilliti vegna þess að það sé mikill styrkur fólginn í einni einingu sem bæði reki grunnnetið og veiti þjónustuna á því, og það er út af fyrir sig alveg sjónarmið, en þá segi ég á móti: Þetta eru mjög sterk rök fyrir því að hrófla ekki við eignarhaldi ríkisins.

Ég held að valkostirnir séu í rauninni þeir að halda þessu inni í einu fyrirtæki en láta þá líka ríkið eiga það með þeim skyldum sem þar með er hægt að leggja því á herðar, þar með talið að opna öðrum aðgang, eða skipta þessu upp og reka grunnnetið í sjálfstæðu fyrirtæki sem ríkið eigi og hafi þá þessa skyldu að selja, óháð eignarlegum tengslum við þjónustuaðilana, öllum þjónustu með sama hætti. Og þá má segja að við værum að velja í því tilliti sama fyrirkomulag og við höfum á vegakerfinu. Vegakerfið er einmitt svoleiðis fyrirkomulag. Ríkið á vegina og leggur það öllum til sem annast flutninga á þjóðvegum landsins eða aka eftir þeim. En við höfum ekki það fyrirkomulag að einhver einkaaðili, einn af nokkrum sem t.d. heldur úti flutningaþjónustu í landinu, eigi og reki vegina. Það er ekki þannig og ég held að það væri satt best að segja afar vandræðalegt fyrirkomulag.

Þess vegna skil ég ekki, herra forseti, og fæ þá hugmynd ekki til að ganga upp að einkavæða Landssímann en láta hann jafnframt halda grunnnetinu í sinni eigu. Ég held að það muni skapa endalaus vandræði og illindi og leiða til áfloga og verða til ófarnaðar. Ég held að miklu gáfulegra sé að velja annan tveggja kostanna og sá sem mér hugnast best er sá að þetta sé eitt opinbert þjónustufyrirtæki með ýmsum skyldum sem líka snúa að mögulegum samkeppnisaðilum á afmörkuðum sviðum samkeppninnar, þjónustunnar, eða jafnvel allri þjónustunni.

Að ætla að leysa þetta eingöngu með lagasetningum og skyldum í löggjöf gagnvart einkaaðilum mun ekki ganga upp held ég. Það mun ekki ganga upp. Menn munu gefa eftir. Það hefur alltaf gerst. Það hefur gerst t.d. í tilviki sjósamgangna og það hefur gerst í mörgum öðrum tilvikum. Þetta er heldur alls ekki, herra forseti, nein ný hugsun sem hér er verið að hreyfa og menn hafa rætt hana og velt henni fyrir sér á öðrum sviðum.

Þetta er mjög náskylt þeim bollaleggingum sem uppi hafa verið t.d. um fyrirkomulag raforkudreifingar. Þar hafa menn horft á þá stöðu að opinber fyrirtæki eða hálfopinber fyrirtæki eins og Landsvirkjun og Rarik, eru í þeirri stöðu að framleiða að hluta til orkuna og/eða kaupa orku og dreifa henni til smásöluaðila, kaupendanna eða þjónustuaðilanna. Orkusviðið er eitt sviðið enn þar sem menn dreymir um að innleiða samkeppni og menn hafa að sjálfsögðu áttað sig á því að það er ekki hægt. Það er ekki hægt nema að leysa þau vandamál sem snúa að því að einhver þarf að eiga og reka dreifingarkerfið. Og hver á það þá að vera? Getur það verið einn af samkeppnisaðilunum eða á það að vera einhver annar? Niðurstaðan hefur oftast orðið sú að það verður að

skipta fyrirtækjunum upp, reka dreifikerfin sem sjálfstæð fyrirtæki óháð þeim sem keppa um að selja orku inn á netið og eðlilegasti aðilinn til að reka slíkt fyrirtæki er þá auðvitað ríkið sjálft eða eitthvert eignarhaldsfélag eða félag sem hefur mjög skylda stöðu og um opinbert fyrirtæki væri að ræða.

Herra forseti. Versti kosturinn af öllum blasir við í þessari stöðu. Versti kosturinn er auðvitað að missa þetta svið yfir í einkaeinokun. Það er alveg augljóslega versti kosturinn. Það er það fyrirkomulag sem hefur alls staðar og ævinlega gefist verst af öllum sem menn hafa prófað í svona tilvikum. En það er því miður svo, herra forseti, að það svona glittir í að sú gæti orðið niðurstaðan að um hálfgerða einkaeinokun eða a.m.k. verulega fákeppni í einkarekstri yrði að ræða. Þetta verður í raun og veru aldrei annað en fákeppni. Það er held ég alveg augljóst mál. Ég sé ekki fyrir mér að það sé líklegt að margir aðilar, að tæknin t.d. geri það kleift að margir aðilar fari að veita þjónustu á sviði af þessu tagi. Til þess er grunnuppbyggingin sem til þarf ósköp einfaldlega of dýr. Það mun ekki gerast. Þetta verður eitthvað í líkingu þá í besta falli við það sem gerist í — ég veit ekki hvort ég á að segja beinlínis í besta falli — eitthvað í líkingu við það sem gerist á þeim hefðbundnu klassísku fákeppnissviðum sem við þekkjum í olíudreifingu og sjó- og landflutningum eins og þeir eru orðnir o.s.frv.

Herra forseti. Að lokum vil ég spyrja hæstv. ráðherra aðeins nánar út í ein tvö, þrjú atriði. En nú er skaði. Má ég aðeins víkja mér úr ræðustólnum, herra forseti, því ég gleymdi þingskjalinu sem ég var búinn að merkja við í. (**Gripið fram í:** Þetta er bannað.) Þetta er ekki bannað. Þetta hefur oft verið gert, hv. þm., með leyfi forseta.

Ég vil fara fram á það við hæstv. samgrh. að hann útskýri fyrir okkur, herra forseti, í miklu ítarlegara og nákvæmara máli en er að finna í frv. sjálfu eða skýringum með því fyrirbærið alþjónustu. Mér sýnist, herra forseti, svo mikið hanga á því hugtaki að eigi menn að fá einhvern botn í það hvernig menn hugsa sér þetta geta gerst með samkeppnina og kvaðir sem lagðar yrðu á leyfishafa, þá verði að liggja til grundvallar miklu skýrari og geirnegldari útskýring á þessu hugtaki. Ég er alveg sáttur við að hæstv. samgrh. taki sér tíma ef hann óskar til þess að koma með skriflega skýringu eða í formi yfirlýsingar hér sem gæti orðið lögskýringargagn síðar ef á þarf að halda. Mér nægir ekki þessi orðskýring í 3. gr. þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Alþjónusta: Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra."

Þarna eru að vísu tvö alveg afdráttarlaus skilyrði, þ.e. „allir notendur" og „óháð landfræðilegri staðsetningu". En það eru þrjú mjög afstæð hugtök eða jafnvel gildishlaðin hugtök inni í þessu líka, þ.e. „afmarkaðir þættir". Hvað þýðir það? Hvað eru „afmarkaðir þættir" í þessu tilviki? Hvað þýða „tiltekin lágmarksgæði" í þessu tilviki og hvað þýðir „viðráðanlegt verð"? Á þessu hangir í raun allt í þessu máli. Ef þarna ber að skilja orðin „allir notendur" þannig að alþjónusta geti ekki talist alþjónusta nema hún nái til hvers einasta mögulegs notanda þá er það auðvitað mjög mikilsverð breyta í þessu máli. Ég óska þar af leiðandi eftir því, herra forseti, að hæstv. ráðherra fari rækilega yfir þessa orðskýringu og reyni að afmarka og skýra mun nákvæmar en þarna er gert hvað felst í hverjum þætti fyrir sig. Ber að skilja orðin „öllum notendum" þannig að alþjónusta verði að taka til landsins alls, 100%, að hver einasti notandi geti átt og eigi rétt á því að tengjast? Þá er það auðvitað mjög ströng og afdráttarlaus krafa. En hún er forsenda þess að eitthvert hald sé í þessari hugsun. Um leið og menn fara að slaka þar á, eins og ég hef heyrt hugmyndir um, t.d. að alþjónusta gæti staðið undir því nafni ef 90% notendanna væru tengdir, þá erum við strax komin í miklar ógöngur. Mega þeir 10% vera hvar sem er? Geta það t.d. verið allar sveitir landsins? Í slíkri prósentutölu gæti falist mestallt strjálbýli Íslands. Og ég gef ekki mikið fyrir þá alþjónustu ef menn geta leyst málin með því að hirða bara upp þéttbýliskjarnana, höfuðborgarsvæðið og/eða nokkra stærstu kaupstaðina. Um leið og menn eru komnir t.d. niður í 80% þá er þetta hrunið, þá er það ekkert landsþjónusta lengur því að hér búa núna samkvæmt nýjasta manntali frá 1. desember sl. yfir 60% á einum bletti landsins og fer hratt fjölgandi.

Herra forseti. Sömuleiðis dugar 13. gr. frv. engan veginn og ég hef óskað eftir því að hæstv. samgrh. útlisti þetta í og með vegna þess að þar er laus endi í lokin. Þar segir ósköp einfaldlega í síðustu mgr.: „Samgönguráðherra setur reglugerð um alþjónustu."

Herra forseti. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra, og mér er ljóst að það er kannski ekki beint úr efni þessa frv. en ég tel að það sé ástæða að hæstv. ráðherra upplýsi í þessari umræðu sín sjónarmið og sín svona viðhorf í þessum efnum, ósköp einfaldlega: Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér að átak verði gert á næstu missirum í því að bæta fjarskiptaþjónustuna hvað gagnaflutningagetu í kerfinu snertir, sérstaklega til minni þéttbýliskjarna og strjálbýlisins?

Við erum held ég öll sammála um að það er ákaflega mikilsverður hlutur að þar verði gert átak. Þar reka menn sig nú á það að flutningsgetan er ekki nóg og kröfunum í þeim efnum fleygir svo fram eða þær hafa aukist svo hratt að það sem menn töldu ásættanlegt fyrir nokkrum mánuðum næstum að segja er það ekki lengur í dag. Þar af leiðandi er þar ekkert annað fram undan, ef menn ætla ekki að dæma ákveðin svæði á landsbyggðinni úr leik hvað varðar t.d. möguleikana á því að keyra öflugan hugbúnað tengdan netinu, en að gera stórátak í að stórauka afkastagetuna, flutningsgetuna, annaðhvort með lagningu t.d. ljósleiðara út frá ljósleiðaranetinu, út frá hringnum, á alla stærstu þéttbýlisstaðina þar fyrir utan eða með því að stórefla örbylgjusamböndin eða með einhverjum öðrum hætti. Viðbótarvandamál í þessu eru svo að sjálfsögðu lagnirnar í sveitunum sem líka þarf að gera átak í.

Herra forseti. Af því að menn hafa verið að ræða hér um þenslu og spurninguna um mögulega arðbæra fjárfestingu eða hvernig ætti að koma fjármunum ríkissjóðs í lóg — það var eiginlega orðið dálítið kostulegt að upplifa umræðu sem hér geisaði í vikunni um það hvernig menn ættu að leysa þetta vandamál um alla peningana í ríkissjóði — þá hef ég bent þar á fimmta kostinn sem mér fannst ekki koma fram í þeirri umræðu og hann er arðbær fjárfesting af því tagi t.d. að slá margar flugur í einu höggi og setja fjármuni í að bæta fjarskiptanetið á landsbyggðinni þannig að allir landsmenn séu í sem allra bestri aðstöðu hvað varðar þátttöku í upplýsingaþjóðfélaginu margtuggða. Það mundi ekki valda mikilli þenslu þó menn endurbættu línur í sveitum, þó menn legðu ljósleiðara út frá hringnum á þéttbýlisstaðina, bættu örbylgjusamböndin eða annað í þeim dúr. Það væru framkvæmdir sem fyrst og fremst ættu sér stað í afskekktari landshlutum.

Mér finnst mjög mikilvægt, herra forseti, að hæstv. ráðherra lýsi aðeins viðhorfum sínum í þessum efnum, hvernig

hann sér fyrir sér að hægt sé að ráðast í stórátak í þessum efnum. Ég sé ekki að það geti gerst eða muni gerast öðruvísi en í gegnum uppbyggingu hjá því fyrirtæki sem fyrir er í dag. Ég held að hugmyndir um að nýir einkaaðilar muni koma til sögunnar og valda straumhvörfum í þessum efnum séu algjörlega óraunhæfar. Þeir munu að sjálfsögðu byrja á því að fjárfesta hér á stærsta markaðssvæðinu. Það liggur í hlutarins eðli. Nema þeir yrðu einhvern veginn þvingaðir til annars, sem ég sé ekki að auðvelt sé að gera. Jafnvel þó að menn væru mjög strangir á öllum hugmyndum um alþjónustu og annað slíkt þá gæti það aldrei gerst öðruvísi en þannig að menn hefðu eitthvert svigrúm, einhvern aðlögunartíma o.s.frv. því ekki er hægt að búast við því að fyrirtæki spretti upp úr jörðinni alskapað með fjarskiptanet sem nái til hvers einasta sveitabæjar í landinu bara á einum degi. Það gerist ekki þannig. Það þarf eitthvað til, tíma, fjármuni, og þá eru menn komnir út í það að verða að veita þarna aðlögunartíma o.s.frv.

Herra forseti. Ég lýk þá máli mínu og vonast til þess að hæstv. samgrh. geti svarað þessum spurningum. Ég ætla ekki að gera lítið úr möguleikum ráðherra til þess að orða hugsun sína markvisst og skarpt og svara í andsvörum, en mér fyndist, herra forseti, jafnvel ástæða til þess að hæstv. ráðherra gerði þetta með ítarlegra máli, jafnvel í formi einhvers konar yfirlýsingar, sérstaklega hvað varðar skilgreiningu á hugtakinu „alþjónustu" sem mér býður í grun að gæti átt eftir að reynast jafnvel lögskýringargagn eða mikilvæg skilgreining þegar fram líða stundir ef svo heldur sem horfir.

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur farið mjög ítarlega og vel yfir þetta mál. Ég vil þó víkja að örfáum atriðum.

Eins og hér hefur komið fram er markmið þessara laga að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla samskipti á fjarskiptamarkaði. Nú má spyrja sem svo hvort það sé mikilvægt og ástæða til að setja slíka löggjöf sem eigi að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi. Svarið er já. Ég svara því játandi í ljósi þeirrar þróunar sem nú á sér stað á þessu sviði.

Á undanförnum árum og áratugum hefur verið byggð upp mjög öflug fjarskiptaþjónusta í okkar heimshluta af stofnunum og fyrirtækjum í eigu almennings og sem lotið hafa almannastjórn. Hugmyndafræðin sem þær hafa verið reknar samkvæmt eða sú hugsun sem þær hafa hvílt á er að þjóna almenningi; „Public Service" hefur verið hugtakið sem menn hafa notað um þetta á enskri tungu.

Nú er öldin önnur. Hinn 24. nóv. sl. er haft eftir Þórarni V. Þórarinssyni, forstjóra Landssíma Íslands hf., eins og það heitir núna, að kjarnakrafan í rekstri fyrirtækisins væri arðsemin og allt annað yrði að lúta henni. Kjarnakrafan er arðsemin, allt annað verður að víkja. Þessu greindi Morgunblaðið frá 24. nóv. Sennilega hafa þessi orð verið látin falla daginn áður.

Þetta er mergurinn málsins. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því nú að setja lög sem tryggi að þeir sem ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis hefur falið ábyrgð á þessum málaflokki sýni einhverja félagslega ábyrgð. Og við erum að ræða lagafrv. sem á að tryggja þetta. Við teljum að í því séu ekki nægilegar tryggingar á þeirri þjónustu sem allir þegnar landsins eiga að njóta, alþjónustu.

Í 13. gr. frv. er hún skilgreind. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu og þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið hámarksverð og lágmarksgæði alþjónustu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

Samgönguráðherra setur reglugerð um alþjónustu."

Gagnrýni okkar gengur út á að þetta sé ekki nægjanlega skilgreint. Hér kemur fram sú hugsun að sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tiltekna þjónustu þá komi til þetta úrskurðarferli. Síðan er spurning með fjármögnunina sem mun eiga að vera úr þar til stofnuðum sjóði. Það er verið að búa til endalausa sjóði og eftirlitsaðila sem eiga að fylgjast með því að samkeppnin gangi upp. Þetta er í samræmi við fyrirkomulag hjá öðrum ríkjum. Þetta hefur gerst í Bretlandi og Nýja-Sjálandi og þetta hefur gerst í Evrópu þar sem póst- og símastofnanir hafa verið einkavæddar. Þar hefur þetta víðast hvar leitt til mikils óhagræðis, endalausra reglugerðasmíða að ógleymdum hinum vinsælu eftirlitsstofnunum. Ég held að fá svið atvinnulífs í Bretlandi blómstri eins og einmitt eftirlitsstofnanirnar, eftirlitsnefndir að sovéskum hætti sem verið er að koma upp til að hafa hemil á nýjum samkeppnisaðilum sem láta stjórnast af arðsemi og láta allt annað víkja, eins og forstjóri Landssímans hf. lætur hafa eftir sér í Morgunblaðinu nýlega.

Ég ætla ekki að hafa hér mörg orð en vil taka undir þær spurningar sem hér voru bornar fram af hálfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar til hæstv. samgrh. um skilgreiningar á alþjónustunni. Ég vildi gjarnan fá svör við því hvernig farið er með sjómenn í því efni.

Sjómenn hafa notið alþjónustu á við aðra þegna landsins. Það hefur verið reynt að tryggja þeim jöfn réttindi, sambærileg við réttindi annarra landsmanna. Ég vil heyra hæstv. samgrh. skýra það fyrir okkur hvort svo verður áfram, hvort þeir njóti allrar þeirrar þjónustu sem öðrum landsmönnum er ætlað að njóta. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína lengri að sinni en ég bíð spenntur eftir að hlýða á mál hæstv. samgrh.

Einu vil ég þó bæta við. Frv. þau sem hér liggja fyrir vísa inn í framtíðina. Það er mjög slæmt hve framtíðin er óljós. Ég tek eftir því að við þessar umræður er ekki einn einasti framsóknarmaður viðstaddur, enginn framsóknarmaður. (**Gripið fram í:** Þeir eru að undirbúa lögin.) (**SvanJ:** Það er af því að við erum að tala um framtíðina.) Já, nú erum við að tala um framtíðina. Nú hefur heyrst að ágreiningur sé innan ríkisstjórnarinnar um þessa sömu framtíð, t.d. um hvort ætlunin sé að selja grunnþjónustuna, grunnnetið. Hver er afstaða manna í þeim efnum?

Hæstv. samgrh. hefur lýst sínum sjónarmiðum. Hann vill selja allt gumsið og koma öllu á markað. Hann hefur gert það og skýrt heiðarlega frá því. Framsóknarmenn hafa sumir lýst efasemdum um þetta og talið óráðlegt að selja grunnnetið. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar í þessu máli? Er eining um

þetta á milli stjórnarflokkanna? Við eigum kröfu á því að heyra álit beggja aðila um þetta efni.

Þegar annað þessara frv. kom fram á sínum tíma var það gagnrýnt hér í þessum ræðustóli af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna. Í gagnrýni okkar vísuðum við á þetta atriði sérstaklega. Við vildum vita hver framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar væri. Sjónarmiðið í þingflokki okkar er að grunnnetið beri að aðskilja annarri þjónustu ef menn á annað borð ætla að selja þessa stofnun, sem við erum andvíg. Við erum mjög eindregið andvíg því að selja þessa stofnun. Ef menn á hinn bóginn ætla að gera slíkt þá er það grundvallarforsenda að skilið verði á milli grunnnetsins annars vegar og þjónustunnar hins vegar. Mér sýnist skynsemin og sanngirnin mæla með því að svo verði gert. Það var ágæt samlíking sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að þetta væri sambærilegt við vegakerfið að mörgu leyti. Vegakerfið er á vegum ríkisins, í eigu almennings en síðan færi fram samkeppni á þessum vegum. Hér virðist meiningin hjá hæstv. samgrh. vera að fela einum aðila yfirráð yfir hvoru tveggja. Það finnst mér vera óráðlegt.

Að lokum, herra forseti, þá auglýsi ég eftir afstöðu, ekki aðeins hæstv. samgrh. heldur einnig fulltrúa Framsfl. Mér finnst erfitt að ljúka þessari umræðu fyrr en afstaða beggja aðila um þetta efni liggur fyrir.

[15:24]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég var viðstaddur 1. umr. þessa máls. Við þá umræðu var hér varaformaður nefndarinnar sem fer með þessi mál. Mér varð það á að óska eftir skýringum á ræðu hans. Hann skammaði mig þá fyrir að hafa ekki hlýtt á ræðu hans og sagði að þingmenn ættu að fylgjast með umræðum hér á Alþingi, sérstaklega í þeim nefndum sem þeir ættu sæti í.

Ég held að það væri ráð að hæstv. forseti athugaði hvort varaformaður nefndarinnar geti ekki mætt og hlýtt á þessa umræðu. Hér hafa verið bornar fram spurningar sem reyndar voru bornar fram þá við fyrri umræðu líka um afstöðu Framsfl. til þessara mála, hvernig yrði staðið að því að selja Landssíma Íslands og hvort, ef hann yrði seldur, grunnnetið yrði þá selt með. Þetta er eitt af allra stærstu einkavæðingarmálum sem nú eru á döfinni. Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir út og suður að hann stefni að því að af einkavæðingunni verði sem allra fyrst þannig að hægt verði að selja fyrirtækið. Framsfl. er ekki hér til að ræða málin. Mér finnst bara ekki ganga, hæstv. forseti, að búa þannig að umræðu á þinginu að annað aðalelementið í stjórnarflokkunum vanti þó að ég geri ekki lítið úr viðveru hv. þm. Árna Johnsens sem stýrir þessum málum alfarið einn um þessar mundir, að því er virðist.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti mun athuga hvort varaformaður samgn. getur mætt og verið viðstaddur umræðuna.)

[15:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágætar umræður sem um margt hafa verið fróðlegar. Þær skýra ágætlega afstöðu þingmanna til málsins. Ég mun hér fara yfir nokkur atriði sem fram hafa komið í ræðum.

Að gefnu tilefni, vegna sérstakrar fyrirspurnar frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, vil ég taka fram — sem ætti að vera óþarfi því að hv. þm. eru yfirleitt afskaplega vel lesnir í stjórnarsáttmálum — að það fer ekkert á milli mála að samkvæmt stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir að undirbúa sölu Landssímans. Ef hv. þm. Ögmundur Jónasson efast um það þá er bent á það í stjórnarsáttmálanum. Þegar sala er undirbúin þarf ekki mjög skarpskyggna menn til að sjá hvað er í vændum.

Ég vil fagna því sérstaklega hversu góðar undirtektir hafa verið við þetta frv. Mér finnst það standa upp úr við þessa umræðu að stjórnarandstaðan telur að hér sé um merka lagasetningu að ræða, svo ég vitni beint í orð hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Hins vegar eru nokkur atriði sem stjórnarandstaðan gerir athugasemdir við, eins og eðlilegt er og ekkert við því að segja. Um það vil ég fjalla núna.

Ég verð hins vegar að segja að það veldur mér vonbrigðum að hv. stjórnarandstöðuþingmenn skuli ætla að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Mér fyndist, miðað við yfirlýsingar þeirra um merka lagasetningu, að eðlilegra væri að slíkur viðburður yrði studdur fremur en að láta hann fram hjá sér fara.

Hins vegar kom mjög ítrekað fram hjá hv. þm. Lúvíki Bergvinssyni að hann ræddi mjög mikið um eignarhaldið á símanum og hver færi með það eignarhald. Út af fyrir sig er ekkert undarlegt við það enda er þetta umdeilt mál. Lögin eru hins vegar alveg skýr. Við setningu laganna um Póst og síma á sínum tíma og samkvæmt lögunum um Landssíma Íslands hf. var gert ráð fyrir því að samgrh. færi með hlutabréfið. Þetta er nú ekki einstakt íslenskt fyrirbrigði. Við þekkjum það t.d. frá Noregi eins og ég hef vakið athygli á, þar er sama fyrirkomulag á þessu. Auðvitað getur, eins og í öllum málum, komið til þess að verk manna séu gagnrýnd eða jafnvel að gerð sé tilraun til þess að gera þau tortryggileg.

Við eigum auðvitað að standa þannig að málum að reynt sé að draga úr því svo sem kostur er. Ég held að þetta verði ekki mikið vandamál og sé ekki vandamál þegar litið er til þess að fram undan er sala bæði á Landssímanum og sala á bönkunum. En ég hef ekki orðið þess mjög var að forustumenn stjórnarandstöðunnar gerðu athugasemdir við það að einn og sami ráðherrann fer með fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun og banka þannig að það er nú ekki einsdæmi hvað varðar Landssímann.

En hvað um það. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég teldi að þetta mætti og þurfi auðvitað að skoða og að það væri e.t.v. einfaldast fyrir samgrh. að vera laus við hlutabréfið. Ég vil hins vegar benda á að það skiptir mjög miklu máli vegna þess sem fram kom hér m.a. fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að í uppbyggingu fjarskiptakerfisins og þessarar þjónustu háttar þannig til að því miður er ekki alls staðar svo að samkeppni tryggi framvindu og þróun, það er fjarri því. Og auðvitað er forsenda þess að samgrh. fer með þau mál sem snúa að Landssímanum að það skiptir miklu máli hvernig er staðið að verki á sviði fjarskiptanna og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Ástæðan fyrir því að hv. samfylkingarfulltrúarnir treysta sér ekki til að standa að afgreiðslu þessa frv. er í fyrsta lagi sú að forræðið skuli vera á hendi samgrh. Ég tel að það sé mjög léttvægt. Í annan stað gera þeir athugasemdir við ákvæði 20. gr. um heimtaug og í þriðja lagi við að reikisamningaákvæðið skuli ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2001. Ég ætla ekki að eyða tíma hér í að fara frekar yfir spurninguna um hverjir eigi að fara með hlutabréfið. Ég tel að ekki séu nægjanlega sterk rök fyrir þeim málflutningi stjórnarandstöðunnar að þeir geti hafnað þessari merku lagasetningu. Því fer fjarri, svo ég vísi aftur til orða hv. þm.

Hvað varðar hins vegar 20. gr. þá tel ég að á sama hátt sé óþarfi að hafna frv. vegna hennar. Það er algjörlega ótvírætt í 20. gr. að ætlast er til þess að markaðsráðandi fyrirtæki hleypi öðrum fyrirtækjum að heimtauginni. Ef hv. þingmenn efast um að gert sé ráð fyrir því að svo verði þá má vekja sérstaka athygli á ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er alveg skýrt á um það með dagsetningu, þ.e. hvaða frest markaðsráðandi fyrirtæki hefur til þess að taka á því máli. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett þar tímamörk þannig að ég tel að þrátt fyrir að Samkeppnisstofnun hafi gert þarna athugasemdir þá sé engin ástæða til að vefengja það að möguleikar séu til aðgangs að heimtaug. Og 20. gr. tel ég vera fullkomlega skýra hvað það varðar og vísa þá sérstaklega og ekki síður til greinargerðar með frv.

Hvað varðar reikisamningana sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði grein fyrir að væru ein af þremur ástæðum fyrir því að hann getur ekki stutt frv., þá er út af fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu þó að þessi aðlögunartími sé gefinn að samningar náist fyrr. Þetta er sá tímafrestur sem gefinn er og veittur þannig að ég tel ekki óeðlilegt, þrátt fyrir að mikill hraði sé á þessum viðskiptum öllum og þessari þróun á sviði fjarskiptanna, að þessi frestur eða aðlögunartími sé veittur, eitt ár í það minnsta, en endurtek að ekkert bannar það að símafyrirtækin semji, geri reikisamninga nú þegar. Ekkert bannar það.

Rauður þráður í gegnum alla ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar var svo fullyrðingar um að öll framganga samgrh. gengi út á að tryggja verðgildi Landssímans. (**Gripið fram í:** Það var vitnað í ræðu samgrh. sjálfs. Það var það sem verið var að gera.) Það var nú mjög frjálslega gert í ræðunni. (Gripið fram í.) Ég verð að viðurkenna að það getur nú varla verið áfellisefni að samgrh. reyni að standa þannig að málum að hann verðfelli ekki þessa eign ríkisins. Er það árásartilefni? Ég spyr. Ég tel að eins og atgangurinn er á þessum markaði, eins og samkeppnin er, eins og áhuginn fyrir rekstri fjarskiptafyrirtækja á þessum markaði er, þá bendi ekkert til þess að menn hafi áhyggjur af þessari stöðu og því fagna ég enda er tilgangur flutnings þessa frv. sá að tryggja samkeppni, koma á virkri samkeppni öllum til hagsbóta, öllum neytendum til hagsbóta. En aðstæður eru þannig í þessu stóra landi okkar að við verðum að fara með gát og við verðum að tryggja það að þjónustan sé til staðar, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vakti réttilega athygli á. Það er að mínu mati lykilatriði. Við megum ekki fórna öllu, hleypa hér öllu í bál og brand bara til þess að þóknast einhverjum sérstökum áhugamönnum um það innan Samfylkingarinnar og fórna hagsmunum fólksins úti á landi. Það fær mig enginn til þess að standa að slíkum verkum. Ég vil að það komi hér skýrt fram. (**LB:** Hvernig ætla þeir að fórna þeim?) Þingmaðurinn hlýtur að vera búinn að rannsaka það því að svo rækilega hefur hann talað um að samgrh. standi fyrst og fremst í því að tryggja hagsmuni Landssímans. Það er rangt. Ég er fyrst og fremst að standa hér að því að sett verði löggjöf sem tryggir eðlilega samkeppni, tryggir fjarskiptin í landinu og tryggir þjónustu. Þetta er ekki einfalt mál. Það er ekki auðvelt að finna samnefnara fyrir þetta viðfangsefni. En við erum að reyna það og því hefur verið lýst að hér sé um merka lagasetningu að ræða og það gerðu ekki ómerkari aðilar, svo ég endurtaki það, en fulltrúar stjórnarandstöðunnar.

Ég tel að ég sé búinn að fara yfir þau atriði sem fram komu í ræðu framsögumanns 2. minni hluta samgn. og ég harma að sá ágæti hópur sem vann í samgn. og stendur að áliti 2. minni hluta skuli ætla að sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir taldi að samkeppnin væri ekki næg, úti á landi m.a. Það má vel vera. Ég held að það þurfi að reyna að sjá til þess að samkeppnin sé sem víðast og þá til hagsbóta. En vegna þess sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði um yfirburði Landssímans, þá held ég að líka verði að líta aðeins til þess hversu miklar kröfur við gerum til þess fyrirtækis. Við ætlumst til ansi mikils af Landssíma Íslands hf. um þjónustu á landinu öllu. Vissulega er fyrirtækið með yfirburðastöðu. Það fer ekki á milli mála og það er tekið á því með þeim tökum sem frv. gerir ráð fyrir um aðgang að heimtaug, með reikisamningaákvæðum o.fl.

Hv. þm. kom einnig að valdi samgrh. Þó að það frv. sé ekki til meðferðar núna þá vil ég vekja athygli á því sem kemur fram í 10. gr. frv. um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar er sérstök úrskurðarnefnd sem er skipuð af Hæstarétti og þar er gengið fram með opnum augum hvað það varðar að setja þessa úrskurðarnefnd sem á að úrskurða um deiluatriði og skipa hana svona, algjörlega óháða samgrh., til þess að tryggja að ekki sé reynt að gera úrskurði tortryggilega. Ég tel mjög vel ráðið að standa þannig að skipun þessarar úrskurðarnefndar og ég vil undirstrika það og leggja á það áherslu að þrátt fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun starfi á vettvangi samgrn. þá skiptir auðvitað mjög miklu máli að ætlast er til þess að hún sé sjálfstæð stofnun sem vinni að sínum verkefnum algjörlega óháð vilja samgrh. hverju sinni. Vegna ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur vil ég bara segja og undirstrika að ég tel að kröfurnar á hendur Landssíma Íslands séu margfaldar á við það hagræði sem því kann að fylgja að samgrh. fer með hlutabréf þess fyrirtækis. Ég held að það sé alveg ljóst.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók ágætlega upp hanskann fyrir Póst og síma frá fyrri tíð. Ég leit svo á að hann væri öðrum þræði að bera í bætifláka fyrir Landssímann sem liggur nú oft undir ámæli þannig að ég stend þá ekki einn í því. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á mörg atriði og vakti athygli á því sem er rétt, að eins og nú háttar þá eru ekki alls staðar forsendur fyrir samkeppni. Það liggur alveg í augum uppi. Þess vegna förum við þá leið að skapa nýjum fjarskiptafyrirtækjum, nýjum símafyrirtækjum aðgang að kerfum þess markaðsráðandi sem hefur tengingu við hvert einasta heimili í landinu. Þannig sköpum við samkeppni, tryggjum að fleiri geti veitt þjónustu og að samkeppni myndist. Ég er ekki talsmaður þess að nein einokun ríki á einu eða öðru sviði, fjarri því. Með þessu frv. er verið að finna leiðir, fara leiðir til þess að koma á samkeppni.

13. gr. er að mínu mati mjög mikilvæg. Þar er fjallað um alþjónustuna og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi fá skilgreiningu af minni hálfu á alþjónustunni. Ég vil fyrir það fyrsta vísa til þess sem stendur í frv. Það fer ekkert á milli mála að þar gert ráð fyrir því að sú þjónusta sem þar um ræðir og er nokkuð skýrt skilgreind, á að fást um land allt, þ.e. er óháð landfræðilegum aðstæðum. Auðvitað gerist þetta ekki á einni nóttu. Það tekur tíma að byggja upp þessa þjónustu. En það er alveg ljóst og skýrt í mínum huga að við erum að tala um að alþjónusta og það sem í henni felst, sem er skilgreint bæði í frv. og ég get einnig vísað til þess sem segir í sérstakri reglugerð nr. 216/1998 um alþjónustu, þ.e. að gert er ráð fyrir að hún sé veitt óháð því hvar á landinu er. Þetta vil ég undirstrika alveg sérstaklega. Að öðru leyti er þar náttúrlega um mikið nýmæli að ræða þar sem sett eru

skilyrði um að í þessari alþjónustu felist flutningsgeta sem skiptir auðvitað mjög miklu máli að sé fyrir hendi. En ég vil bara undirstrika að það tekur sinn tíma að byggja þetta upp og við verðum að ætla okkur einhvern tíma til þess.

Hv. þm. virðist ekki vera mikill áhugamaður um sölu á Landssímanum. Við því er út af fyrir sig ekki margt að segja eða gera en ég tel að við getum best tryggt uppbyggingu þessarar þjónustu með því að það sé sem best skilgreint í lagatexta og í reglugerð en fyrst og fremst og aðallega með því að sjá svo um að fyrirtækin séu bærilega styrk. Ég held að með því að skapa gott rekstrarumhverfi þá sköpum við fyrirtækjunum möguleika til að byggja sig upp og veita þjónustuna.

Hvað varðar aðskilnað grunnkerfisins, sem þingmaðurinn kom inn á, frá öðrum rekstri hjá Landssímanum held ég að óþarfi sé að tíunda það miklu frekar af minni hálfu að ég tel að það sé ekki líklegt til þess að efla þjónustuna eða verða til góða þannig að ég tel að það beri ekki að fara þá leið.

Hvað varðar úrbætur, sem þingmaðurinn spurðist fyrir um, í gagnaflutningakerfinu úti um landið vil ég nefna að auðvitað skiptir mjög miklu máli sem kemur fram í frv. og varðar almenna gagnaflutninga á forsendum alþjónustunnar en síðan skipta mjög miklu máli þær breytingar sem hafa orðið á gjaldskrá vegna gagnaflutninga og eru í farvatninu og á leigulínum. En það er alveg ljóst og ég er sammála þingmanninum um að þar þarf að taka verulega á. Ég vil bara endurtaka að þeim mun öflugri sem þessi fyrirtæki eru og þeim mun eðlilegri sem samkeppnin er þeim mun líklegri eru þau til þess að geta byggt upp þjónustuna. Ég held að það væri mjög erfitt fyrir okkur að ákveða hver hún eigi að vera hér með lögum að öðru leyti en því sem kemur fram í 13. gr. og varðar alþjónustuna.

Herra forseti. Ég hef farið svona lauslega í gegnum þau aðalatriði sem ég tel að ég hafi þurft að koma inn á af því sem hefur komið fram hjá hv. þm. og vil bara að lokum endurtaka þakkir mínar fyrir undirtektir í aðalatriðum við frv. og mér heyrist að þingmenn, þrátt fyrir ýmsar athugasemdir, séu bærilega sáttir við það sem að er stefnt með þessari löggjöf.

[15:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæta ræðu. En lokaorðin standast því miður ekki alveg, einfaldlega vegna þess að mönnum er ekki fullljóst að hverju er stefnt á þessu sviði.

Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að samkeppnin tryggir ekki framfarir enda á núna að reyna að tryggja hana með lögum og í kjölfarið reglugerðum, sem kveða á um nefndir og ráð og dagsetningar og fresti og þar fram eftir götunum. Með þessum pakka á að tryggja að haldið verði aftur af þeim gróðasjónarmiðum sem hafa þegar grafið um sig hjá Landssímanum og ég gat um áðan. Þetta er leið sem áður var kennd við Sovétríkin, aðferðafræði sem ríkisstjórnin hefur nú tekið upp á sína arma.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra um framtíðina. Ég spurði um það áðan hvort einhugur væri innan ríkisstjórnarinnar. Því miður höfum við ekki fengið sjónarmið Framsfl. fram í dagsljósið. Er einhugur um það innan ríkisstjórnarinnar að láta grunnnetið fylgja Landssímanum þegar hann verður hugsanlega seldur? Er einhugur um þetta innan ríkisstjórnarinnar? Eru sjálfstæðismenn og framsóknarmenn á einu máli um þetta? Ég harma það að sjálfsögðu að framsóknarmenn hafa ekki haft hugrekki til að koma í þessa umræðu (Gripið fram í.) og gera skýra grein fyrir sjónarmiðum sínum og svara þeim spurningum sem hafa nú verið bornar upp, það er enn kostur til að gera það. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að þeir hefðu gert áður grein fyrir sjónarmiðum sínum, ég óska eftir því að fá það staðfest núna. En ég beini þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort innan ríkisstjórnarinnar sé einhugur um það með sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum að aðskilja ekki sölupakkann og grunnnetið.

[15:52]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna það sem hv. þm. sagði um það að samkeppni — og hafði það eftir mér — að samkeppni tryggði ekki framfarir. Það hef ég aldrei nokkurn tíma sagt. Ég sagði að það væri ekki hægt að tryggja alls staðar samkeppni, því miður. En ég tel að samkeppni tryggi framfarir fyrst og fremst og það er sá drifkraftur held ég sem fær marga til þess að taka til hendinni.

Hvað varðar það hvort stjórnarflokkarnir séu samstiga í því að aðgreina ekki grunnnetið við sölu. Það liggur alveg fyrir að formaður Framsfl. hefur velt þeirri eðlilegu spurningu upp hvort það kæmi til greina. Ég hef ekki gert neina athugasemd við það að menn velti því fyrir sér. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar eftir að hafa farið mjög rækilega yfir málið að skynsamlegra sé að gera ráð fyrir því að þetta fyrirtæki færi í heilu lagi ef það yrði selt, það tryggi best heildarhagsmunina. Út frá því þarf ekki að lesa neinn ágreining í málinu því að hann hefur ekki komið fram.

En afgreiðsla þessa frv. kemur ekki í veg fyrir það að við getum síðan tekið á því máli að selja Landssímann þegar þar að kemur og ég hef sagt að samþykkt fjarskiptalagafrv. og samþykkt frv. um Póst- og fjarskiptastofnun sé forsendan fyrir því að við getum tekið til hendi við að undirbúa söluna vegna þess að þeir sem vilja kaupa fjarskiptafyrirtæki verða að vita í hvaða umhverfi þeir eiga að starfa. Fyrst skulum við afgreiða þetta frv. og svo skulum við ræða um aðra hluti.

[15:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hugsanlegir kaupendur símans verða að vita um framtíðina. En þarf ekki Alþingi Íslendinga að fá að vita hver er framtíðarsýn íslenskra stjórnvalda á þessu sviði? Vísað er í einhverjar ógreinilegar vangaveltur innan Framsfl. Við viljum fá að vita alveg afdráttarlaust hver er framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Er einhugur um það innan ríkisstjórnarinnar að aðskilja ekki símann og grunnnetið? Er um þetta einhugur? Hvað ætla menn sér að gera? Það er ekki hægt að bjóða Alþingi upp á svona vinnubrögð, það er hreinlega ekki hægt.

Ef ég hef eitthvað misskilið hæstv. ráðherra varðandi samkeppnina þá biðst ég afsökunar á því en ég heyrði ekki betur en hann segði eitthvað á þá lund að samkeppnin væri engin trygging fyrir framförum og ég leyfði mér að ræða þá ágætu fullyrðingu ráðherrans.

En ég vil fá skýr svör, Alþingi á að fá skýr svör. Hér er vísað í markaðinn og markaðurinn þurfi að fá upplýsingar og vitneskju en við sem sitjum á Alþingi þurfum að gera það líka og miklu fremur.

[15:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil endurtaka það sem virðist hafa farið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að stjórnarsáttmálinn

gerir ráð fyrir því að undirbúa sölu Landssímans. Að því verki er unnið. Fyrsta skrefið er að tryggja lagarammann og að því verki vinnum við núna. Enginn ágreiningur er um það sem við erum að gera, ekki nokkur.

[15:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir umræðuna og svörin sem hann gaf. Ég hefði út af fyrir sig vel getað kosið að fá ítarlegri útlistun og skilgreiningu á t.d. hugtakinu alþjónusta en það var þó viðleitni uppi höfð.

Ég vil segja í fyrsta lagi að ég er í raun og veru sammála hæstv. samgrh. um spurninguna um eignarhaldið. Ég er enginn sérstakur áhugamaður um að fara að færa þetta fjarskiptafyrirtæki undir fjmrh. Það fyndist mér vera vísbending í þá átt að hér væri um hreint fyrirtæki á arðsemisgrunni að ræða sem hefði enga sérstaka skírskotun til samgöngupólitíkur eða fjarskiptastefnu þjóðarinnar. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel að svo lengi sem þetta fyrirtæki er opinbert fyrirtæki og hefur kvaðir og skyldur á fjarskiptasviðinu sé eðlilegt að samgrh. fari með forræðið í því og þess vegna hið svokallaða eignarhald. Mér finnst í sjálfu sér engin slík breyting hafa orðið með stöfunum hf aftan við. þetta fyrirtæki að það kalli á að það færist frá samgrh. eða ráðuneyti yfir til fjmrn. Ég er ekki í þeim hópi sem gerir það að miklu máli nema síður sé.

Í öðru lagi varðandi það að ekki séu alls staðar forsendur fyrir samkeppni sem við hæstv. ráðherra erum þó sannarlega sammála um, þá held ég hins vegar að sú leið sem hér á að fara að feta sig eitthvað inn á, að opna fleiri aðilum inngang inn á kerfi sem einn aðili á og rekur, muni reynast mönnum mjög krókótt og erfið. Sérstaklega vara ég við henni ef menn ætla að fara að selja síðan Landssímann og gera það fyrirtæki sem á grunnnetið að einkafyrirtæki. Það mun skapa endalaus vandkvæði, árekstra og djöfulgang og nóg hefur nú Samkeppnisstofnun haft að gera hingað til en það verða smámunir hjá því sem klögumálin munu hljóða upp á þegar það fyrirkomulag væri komið á.

Herra forseti. Mikil er trú hæstv. samgrh. ef hann heldur að einkafyrirtæki, ný einkafyrirtæki í fjarskiptum verði brautryðjendur í því að bæta t.d. flutningsgetu grunnnetsins í Strandasýslu.

[15:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála því sem kom fram síðast hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að einkafyrirtæki geti ekki verið öflugir þátttakendur í því að byggja upp þjónustu í Strandasýslu. Ég gæti trúað því að það væru nú fyrst og fremst einkafyrirtækin sem hefðu verið frumkvöðlar í allri þeirri ógnarhröðu og miklu þróun sem hefur orðið í fjarskiptum í heiminum. Ég held að það sé allt of mikil einföldun að skýra þetta þannig.

Við þurfum hins vegar hér á Íslandi að gæta að okkur, við þurfum að sníða okkur stakk eftir vexti í þessu öllu saman. Ég held að með þeirri löggjöf sem við erum að vinna hér að, þar sem nýjum fyrirtækjum og starfandi fyrirtækjum á sviði fjarskipta er skapaður möguleiki á því að tengjast inn á heimtaug, tengjast með reikisamningum á milli í farsímakerfinu o.s.frv., að það verði leiðin sem við eigum að fara til þess m.a. að offjárfesta ekki í mörgum kerfum.

Ég sagði, þegar Orkuveita Reykjavíkur kom inn á þennan markað, að ég óttaðist að menn mundu offjárfesta með því að leggja ljósleiðara hlið við hlið um allar trissur. Það kann vel að vera að ljósleiðararnir séu svo uppteknir hér á höfuðborgarsvæðinu að þetta hafi verið nauðsynlegt. Ég vil ekki fullyrða neitt um það en menn verða að gæta að sér. Ég óttast ekki að löggjöf um Póst- og fjarskiptastofnun dugi ekki til að við ráðum við umferðina í þessum viðskiptum. Ég tel að reynslan af þessu fyrirkomulagi hingað til hafi verið sú að engin ástæða sé til að óttast að ekki megi hafa hemil á þessari samkeppni sem ég tel nauðsynlega og æskilega.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi held ég að menn megi alls ekki rugla saman framförum og uppfinningum á sviði búnaðar og tækninýjunga í þessu sem einkafyrirtæki og ýmis stór alþjóðafyrirtæki hafa rutt brautina fyrir og svo því að veita þessa þjónustu um byggðir Íslands. Það eru tveir óskyldir hlutir. Ég endurtek að ég hef ekki mikla trú á því að það verði ofarlega á forgangslista nýrra fjarskiptafyrirtækja sem ætla að keppa á þessum markaði að bæta úr ónógri flutningsgetu eða tæknibúnaði í afskekktustu héruðum landsins. Ég held að það verði þvert á móti alveg á hinum endanum og tilhneigingin verði sú að menn reyni frekar að komast í þann hluta viðskiptanna þar sem hægt er að fleyta rjómann ofan af. Það er auðvitað til þess að varna slíku sem hugtök eins og alþjónusta og annað slíkt eru þarna til staðar.

Ég held að langgáfulegasta leiðin í þessum efnum sé, burt séð frá pólitískum ágreiningi, að prófa þetta fyrirkomulag að vissu marki en varðveita þó eignarhald ríkisins á Landssímanum og þar með grunnnetinu, a.m.k. fyrst um sinn.

[16:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig verið sammála hv. þm. um að fyrirtæki muni ekki bíða þess í löngum röðum að byggja upp nýtt dreifikerfi á afskekktum landsvæðum. Það er alveg ljóst. Þess vegna hef ég frekar hvatt til þess að menn stæðu með því fyrirtæki sem hefur það hlutverk fyrir okkar hönd að byggja upp þjónustu en gera það ekki tortyggilegt. Landssími Íslands hf. sér um að sinna þessari þjónustu um landið allt. Ég held að menn þurfi að gæta að sér. Samkeppnin er nauðsynleg, hún er af hinu góða en það þarf að sjá til þess að menn gangi þar eðlilega fram og sköpuð séu skilyrði, eins og við gerum með þessu frv., fyrir fyrirtæki eins og Landssímann sem hefur þá kvöð að sinna þjónustunni úti um land. Það er mikilvægt.

[16:03]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki af hverju en það fer óskaplega í taugarnar á mér þegar menn tala um Landssíma Íslands eins og píslarvott, eins og aumingja sem ekki má gera kröfur til. Það fer líka í taugarnar á mér þegar það er orðað þannig að verið sé að gera Landssímann tortryggilegan. Því miður, herra forseti, sýnist mér og mörgum fleirum að Landssíminn hafi bara verið fullkomlega einfær um að gera sig tortryggilegan. Af hverju halda menn að Landssíminn hafi nánast viðstöðulaust verið inni á borðum hjá Samkeppnisstofnun undanfarin ár?

Nei, ég held að menn þurfi að huga að því hver raunveruleg staða þessa fyrirtækis er. Það hefur mikla yfirburði á markaðnum og þarf ekki að tala um það eins og beiningamann eða aumingja. Það þarf heldur ekki að tala um Landssímann eins og hann sé einhver góðgerðastofnun. Þetta

er fyrirtæki sem við eigum að gera kröfur til bæði varðandi þjónustu og arðsemi. Það á ekki að horfa á fyrirtæki eins og Landssímann sem stofnun sem er góð við alla. Landssíminn er fyrirtæki sem við eigum að gera arðsemiskröfur til. Okkar hlutverk, hér á Alþingi, er að útbúa leikreglur til að tryggja að fyrirtæki á þessum markaði, Landssíminn og öll önnur fyrirtæki, veiti þjónustu. Við sköpum þann ramma og gerum þær kröfur með þeim lögum sem hér eru sett.

Um leið og ég bendi honum á að hér liggur ekki bara fyrir frv. um að hlutabréf ríkisins í Landssímanum færist frá samgrh. til fjmrh. heldur líka að bréfið í bönkunum færist frá viðskrh. til fjmrh. þá vil ég spyrja hæstv. samgrh.: Hvaða brýnu nauðsyn sér hann til þess að bréfið sé í höndum samgrh.?

[16:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get kannski ekki sagt að mjög brýn nauðsyn sé til að samgrh. hafi þetta bréf í Landssímanum af öðrum ástæðum en þeim að samgrh. er skylt að sinna fjarskiptamálum. Þróunin á Íslandi hefur verið sú að við höfum til þessa dags haft heilmikið um það að segja að Landssíminn byggði upp þjónustu um allt land. Lítum t.d. á sjálfvirka tilkynningarskyldukerfið og strandstöðvarnar sem síminn rekur núna án þess að fá greiðslu fyrir. Samgrh. hefur í raun skikkað Landssímann til að sinna þessari þjónustu sem ekki fæst greiðsla fyrir. Ég tel nokkurs virði að samgrh. sem fer með siglingamálefni hafi möguleika á því, án þess að ofgera fyrirtækinu, að byggja upp þessa þjónustu. Ég tel að það hafi að því leyti verið mjög rík ástæða til að samgrh. hefði með þau mál að gera sem snúa að Landssímanum.

En tímarnir eru að breytast. Margt er að breytast mjög mikið og ég held að þróunin verði í þá átt að ekki þurfi að deila um þetta.

Auðvitað er Landssíminn engin góðgerðarstofnun, það hefur aldrei hvarflað að mér, hvað þá píslarvottur. Það má gera kröfur til fyrirtækisins, líka arðsemiskröfur. Ekkert fyrirtæki í eigu ríkisins þarf að uppfylla aðrar eins arðsemiskröfur og Landssíminn. Það er nauðsynlegt að átta sig á því. Ef hv. þm. vita það ekki þá geta þeir litið í fjárlögin til þess að sjá það.

[16:08]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því í svari hæstv. samgrh. að hann orðaði það svo að Landsímann „hefði haft" og „hafi verið" þegar hann talar um nauðsyn þess að hlutur ríkisins í Landssímanum sé í höndum hæstv. samgrh. Það segir mér að hann sé búinn að átta sig á því að þeir tímar eru liðnir að samgrh. þurfti að hafa beint boðvald yfir þessu fyrirtæki til að það sinnti ákveðnum skyldum, enda erum við hér að setja fjarskiptalög sem eiga að setja öllum fyrirtækjum á þessum markaði skyldur, ekki bara þessu eina. Ég fæ ekki trúað því að hæstv. samgrh. sé þeirrar skoðunar að til þess að öll fyrirtæki á fjarskiptamarkaði sinni skyldum sínum þá þurfi hluturinn í þeim öllum að vera í hans höndum. Mér finnst röksemdafærsla hæstv. samgrh. vera byggð á býsna veikum grunni. Mér heyrist á öllu að hann muni eftir því sem umræðunni vindur fram nálgast sjónarmið mín.

[16:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að samgrh., hver sem hann er, getur ekki skikkað einstök símafyrirtæki til þess að byggja upp þjónustu eins og strandstöðvaþjónustuna. Það hvarflar ekki að mér enda held ég að ofan í kaupið sé ekkert vit í því fyrir þjóðina að margir fjárfesti í slíkum búnaði þó hann sé engu að síður mikilvægur. Hann er mikilvægur fyrir okkur, þjóð sem byggir svo mikið á sjávarútvegi og siglingum.

Við getum vafalaust deilt um þetta svona út og suður en ég tel að þetta sé ekki aðalatriðið. Aðalviðfangsefnið er ekki hver fer með þetta hlutabréf. Ég verð að segja að það hefur ekki truflað mig mjög mikið að öðru leyti en því að auka rexið í stjórnarandstöðunni.

Umræðu frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 205. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 461, brtt. 473 og 477.

[16:11]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég flyt brtt. á þskj. 477 við b-lið 9. gr. frv. Í þeirri mgr. er kveðið á um skyldu afurðastöðva til að halda eftir verðskerðingargjaldi og standa Bændasamtökunum skil á því. Tekin hefur verið ákvörðun um verðskerðingu skv. 20. gr. laganna.

Þetta orðalag getur valdið þeim misskilningi að innheimta verðskerðingargjalds sé háð ákvörðun einhvers en svo er ekki. Það er beinlínis skylt skv. 20. gr. laganna að innheimta verðskerðingargjald og því er nauðsynlegt að umorða þessa málsgrein til samræmis við 20. gr. laganna. Lagt er til að hún orðist þannig:

„Afurðastöð er skylt að halda verðskerðingargjaldi skv. 20. gr. eftir við uppgjör við framleiðanda og standa Bændasamtökum Íslands skil á því."

Aðdragandi málsins og ástæða þessa misskilnings er sá, herra forseti, að í frv. til breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem lagt var fram á haustþingi 1995 var gert ráð fyrir að landbrh. hefði heimild til að kveða á um verðskerðingu skv. 20. gr. laganna. Þessu var hins vegar breytt í meðförum hv. landbn. og kveðið á um greiðsluskyldu í stað heimildar og einnig hversu hátt gjaldið skyldi vera. Þessar breytingar voru lagðar til og samþykktar af Alþingi þar sem þessi gjöld teljast skattar. Því er ekki unnt að framselja skattlagningarvald til ráðherra með heimildarákvæðum. Af þessum ástæðum var ákvæðinu breytt í meðförum Alþingis haustið 1995.

Við meðferðina gleymdist hins vegar að breyta orðalagi þeirrar málsgreinar sem hér er til umfjöllunar. Nú gefst tækifæri til að kveða drauginn niður en óþarft er að taka fram að þessi breyting hreyfir í engu við efni frv. né laganna. Þetta er fyrst og fremst lagahreinsun svona fyrir jólin. Mér þótti því ekki ástæða til að kalla nefndina saman á fund heldur leyfi mér sem formaður hv. landbn. að flytja þessa brtt. í eigin nafni.

[16:14]

Frsm. minni hluta landbn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu minni hluta landbn., þ.e. okkar þingmanna Samfylkingarinnar sem þar sitja. Þar kom það fram sem ég vil undirstrika hér að við styðjum meginefni þessa frv.

Á hinn bóginn vakti ég athygli á því við 1. umr. málsins og einnig í tilgreindu nál. að ýmis atriði frv. væru þess eðlis að þau vekja til umhugsunar um hvort markmið frv. nái að öllu leyti fram að ganga. Þar voru atriði á borð við það hvort það samræmdist hlutverki Bændasamtakanna til skemmri eða lengri tíma litið að taka að sér stjórnsýsluverkefnið sem hér um ræðir og hvort hagsmunir mundu þar ekki óhjákvæmilega rekast á.

Í öðru lagi er rétt að taka fram að í athugasemdum Bændasamtakanna sjálfra töldu þeir að þetta mundi ekki valda erfiðleikum og vísuðu til þess að Bændasamtökin hefðu gegnum árin verið í nánu samstarfi og samráði við yfirvöld, landbrn. og aðra aðila, og m.a. skipað 14 af 15 nefndarmönnum í Framleiðsluráðinu. Ég vek hins vegar athygli á því, herra forseti, að þrátt fyrir þetta nána samráð stéttarsamtakanna við yfirvöld er um eðlisbreytingu að ræða.

Nú er svo komið með samþykkt þessa frv. að Bændasamtökin eru nokkurs konar verktaki ríkisins og sjá um tiltekna þjónustu og standa undir ákveðnum, tilteknum skyldum sem eru falin í frv. enda undirstrikað í frv. að Bændasamtökin verða í ljósi þessa að undirgangast upplýsingalög og stjórnsýslulög. Af þessu hef ég nokkrar áhyggjur og minni á að Bændasamtökin eru fyrst og síðast hagsmunasamtök bænda á Íslandi og sækja sem slík eðlilega á þetta sama opinbera stjórnvald sem landbrn. er, ríkisstjórnin er eða Alþingi.

En allt um það, þetta atriði er hér inni og ég vona sannarlega að þróun máls og framkvæmd þess verði með þeim hætti að Bændasamtökin beri ekki skaða af og trúverðugleiki þeirra gagnvart umbjóðendum sínum, bændum í landinu, fari ekki minnkandi.

Í öðru lagi eru talsvert há sparnaðarmarkmið í þessu frv. Í nýsamþykktum fjárlögum var gert ráð fyrir því að heilar 40 millj. kr. spöruðust á þessari tilfærslu einni saman. Að vísu er þungt á metum að verkefnum hefur fækkað en samt sem áður kom fram í áætlun Bændasamtakanna sjálfra að þau töldu mikla möguleika á verulegri hagræðingu og sparnaði og ræddu þar um umtalsverða fækkun starfsmanna. Það voru hins vegar alveg ný tíðindi fyrir mér því að við 1. umr. málsins kom fram af hálfu hæstv. landbrh. og raunar það staðfest af hálfu formanns landbn. að um óverulega breytingu á mannahaldi yrði að ræða. Ef ég man rétt var talað um að af sjö starfsmönnum mundi sennilega einn hætta. Í þeim nýju tíðindum, sem ég vísaði til áðan, er hins vegar gert ráð fyrir að um mun meiri fækkun starfsmanna verði þar að ræða og það verði í raun og sanni kannski þrír eða fjórir menn í mesta lagi sem haldi störfum sínum.

Um þetta er svo sem ekki margt að segja ef verkefni eru með þeim hætti að hægt er að hagræða og spara og fækka starfsfólki þá verður svo að vera. Á hinn bóginn er stutt til áramóta og þessi gildistaka á að verða þá og væntanlega mun það skapa einhvern kostnað að segja upp því starfsfólki sem verður ekki endurráðið.

Í þriðja lagi, sem mér finnst stórt mál, og ég hef hér flutt brtt. um og lýtur að peningalegri eign Framleiðsluráðs landbúnaðarins, fjármunum sem eru umtalsverðir, 190 milljónir. Ráð er fyrir því gert í þessu frv. eins og það birtist okkur hér og var afgreitt við 2. umr., að þeir fjármunir renni til Bændasamtakanna í sjóð sem hafi það að markmiði að standa undir þeim verkefnum sem voru áður á hendi Framleiðsluráðsins. Að vísu hefur það aldrei verið útskýrt til hlítar og rétt að kalla nánar eftir því af hálfu hæstv. landbrh. og/eða formanns landbn. hvernig vörslu þessa sjóðs verði hagað og hvernig hún væri hugsuð. Það var látið í veðri vaka að rentur af þessum fjármunum ættu að renna til þessara verkefna en sjóðurinn ætti að öðru leyti að vera ósnertanlegur og til haga haldið til framtíðar. Nú var hins vegar aldrei mjög skýrt og í fjárlögum ríkisins er a.m.k. ekki gert ráð fyrir því að neinn hluti af þessum sjóði renni til þessara verkefna enda er við það miðað að Bændasamtökin geti staðið undir þeim verkefnum sem Framleiðsluráðið hafði á hendi áður miðað við forsendur fjárlaga.

Hins vegar hafa menn í umræðum um þetta mál af hálfu allra flokka, hygg ég, ítrekað verið að viðra aðrar hugmyndir um ráðstöfun þessara fjármuna. Ég gat þess í nál. mínu og hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að það mætti nálgast ráðstöfun þessara fjármuna með ýmsum hætti. Menn gætu haldið því fram með rétti að þarna væri um að ræða eign allra bænda í landinu, menn gætu líka haldið því fram með sama hætti að skattgreiðendur í landinu ættu þessa fjármuni. Í þriðja lagi, sem var kannski hvað oftast nefnt í umræðunni allri saman, hvort ekki væri eðlilegast að Lífeyrissjóður bænda fengi þessa fjármuni til ráðstöfunar. Sá lífeyrissjóður, ef ég veit best, er ekki allt of sterkur og hefur átt í erfiðleikum og væri væntanlega kærkomið fyrir þann lífeyrissjóð að fá þessa fjármuni í vörslu sína. Það er e.t.v. eðlilegasti hluturinn að þessir fjármunir renni einmitt beint þangað.

Til þess að mæta þessum ábendingum og röddum sem, eins og ég sagði, komu frá fjölmörgum þingmönnum í umræðu um þessi mál, frá Sjálfstfl., frá Framsfl., taldi ég eðlilegast að á þetta væri látið reyna í atkvæðagreiðslu á þinginu og því flutti ég þá brtt. sem finna má á þskj. 473, 205. mál, þar sem einfaldlega er gert ráð fyrir því að eignir Framleiðsluráðsins renni til Bændasamtakanna aðrar en peningalegar eignir þess sem hins vegar renni til Lífeyrissjóðs bænda.

Ég hygg ekki, herra forseti, að nokkur ástæða sé til þess að fara frekari orðum um málið. Ég undirstrika stuðning minn við meginefni þess, markmið frv., en vil þó engu að síður undirstrika mikilvægi þess að við vöndum okkur við meðferð málsins og gerum rétt. Ég hygg að í þessari brtt. sé verið að gera rétt og ég kalla eftir viðbrögðum hæstv. landbrh. til þessara ábendinga minna og tillögunnar og raunar væri fróðlegt að heyra viðhorf formanns landbn. sömuleiðis, ég held að ég fari ekki rangt með að hann hafi verið opinn fyrir þessari hugmynd, og jafnframt að landbrh., ef honum hugnast ekki þessi nálgun, geri okkur nánari grein fyrir því hvernig hann sjái þennan sjóð vistast og ávaxtast í höndum Bændasamtakanna og til hvaða hluta hann eigi raunar að nota.

Herra forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem ég held að kalli á athygli okkar og skoðun.

[16:23]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson höfðum rætt lítillega brtt. hans vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins þar sem hann gerir tillögu um að þeir fjármunir sem fylgja frá Framleiðsluráði yfir til Bændasamtakanna renni í Lífeyrissjóð bænda innan tilgreindra tímamarka.

Það er rétt hjá honum sem hann sagði að ég var opinn fyrir þessari hugmynd vegna þess að Lífeyrissjóður bænda er afar bágur og er langt frá því að skila nokkrum verulegum tekjum þeim bændum sem njóta greiðslna frá honum. Hins vegar

sýnist mér eðlilegt að þessir peningar frá Framleiðsluráði fylgi verkefnunum sem Bændasamtökin taka nú yfir. Meiningin er hins vegar ekki að skerða höfuðstólinn heldur nota vextina og þessi sjóður er og verður ágætlega ávaxtaður. En ég get vel hugsað mér það, og það er auðvitað undir bændum sjálfum komið og þá búnaðarþingi, hvort þeir leggi þessa peninga í lífeyrissjóð og þá hugsanlega ásamt mótframlagi frá ríkinu. Ég vona að þannig gætu bændur landsins fengið jafnvel helmingi meira eða meira en það út úr þessum peningum sem renna núna yfir til Bændasamtakanna frá Framleiðsluráði.

[16:25]

Frsm. minni hluta landbn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hv. þm. Hjálmars Jónssonar. Hann staðfestir það sem ég sagði áðan að ekki væri ráð fyrir því gert að skerða höfuðstólinn. En ég vil hins vegar minna á það og geta þess að í frv. sjálfu og þeim lögum sem hér koma og verða væntanlega samþykkt frá hinu háa Alþingi eru engir fyrirvarar á þessu. Sjóðurinn rennur einfaldlega til Bændasamtakanna og Bændasamtökin geta svo sem gert hvað sem þau vilja við þessa sömu peninga og Alþingi hefur ekkert frekari tök á málinu eftir að þessi afgreiðsla er hér kláruð. Það er það sem ég vil undirstrika mjög klárlega og hvort menn hafi einhverjar hugmyndir um að gera þetta svona eða hinsegin í framtíðinni, það er allt gott og blessað, en Alþingi hefur ekkert forræði á málinu lengur. Þessir fjármunir renna einfaldlega til Bændasamtakanna og Bændasamtökin geta notað þessa peninga eins og þau vilja. Væntanlega munu þau fara vel með þá og trúi ég því, en þetta er kjarni málsins.

Hvað hitt varðar er það ekki undirliggjandi að þessa fjármuni þurfi til þess að fylgja þeim verkefnum eftir sem koma frá Framleiðsluráðinu. Það liggur fyrir og Bændasamtökin hafa sjálf undirstrikað að þeir fjármunir sem er að finna á fjárlögum og þjónustugjöld og annað því um líkt standi undir þessum verkefnum og ætla raunar að spara peninga. Þessir peningar eru því bara þarna á floti. Ég vildi taka af öll tvímæli með þessari tillögu minni að þeir rynnu til Lífeyrissjóðs bænda og til bændastéttarinnar og væri þar vel fyrir komið.

[16:27]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Það er rétt að þessir peningar eru ekkert eyrnamerktir og Alþingi kemur ekki til með að hafa vald á þeim neitt lengur. Hitt er annað að það eru auðvitað Bændasamtök Íslands sem koma til með að fara með þetta fé og Bændasamtökunum og búnaðarþingi er að sjálfsögðu ágætlega til þess treystandi eða ég treysti þeim a.m.k. vel til þess að fara með hagsmuni bænda.

Varðandi þessa upphæð, 190 milljónir, þó að hún komi óskipt, óskert inn í Lífeyrissjóð bænda skilar hún samt bændum sem þiggja greiðslur úr Lífeyrissjóði bænda engu því að hún fer ekki upp fyrir tekjutrygginguna hvort eð er, þeir eru langt fyrir neðan hana samt sem áður. Í raun og veru skiptir þetta bændur ekki máli nema upphæðin verði talsvert miklu hærri. Þess vegna tel ég eðlilegt að þessar 190 milljónir fari yfir til Bændasamtakanna, búnaðarþing getur tekið ákvörðun, hugsanlega með mótframlag frá ríkinu í huga, um að hækka verulega og bæta kjör eða hagsmuni, bæta hag Lífeyrissjóðs bænda þannig að hann fari að skila meiru en lágmarkstekjutryggingu.

[16:28]

Frsm. minni hluta landbn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Það er sem ég sjái Lífeyrissjóð bænda afþakka 190 milljónir af því að það skipti engu máli. Ég trúi því þvert á móti að auðvitað skipti það máli varðandi afkomu sjóðsins til lengri og skemmri tíma litið þannig að ég skil ekki alveg þessa röksemdafærslu hv. þm.

[16:28]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara en tek mjög jákvætt undir þessar breytingar. Þessar breytingar koma fram að tilstuðlan Bændasamtakanna, búnaðarþing ályktaði um að leggja niður Framleiðsluráð og að koma starfseminni undir Bændasamtökin. Það er hagræðing af þessu, það er sparnaður og aukin skilvirkni en öllum slíkum breytingum og hagræðingu fylgir að starfsfólki er fækkað. Þetta gerist í öllum þeim stofnunum þar sem farið er í hagræðingu. Það má taka bankana sem dæmi og það eru sársaukafullar aðgerðir þegar fækka þarf starfsmönnum. En þetta er hliðarverkun, hliðaraðgerðir í oft nauðsynlegum breytingum.

Brtt. frá Hjálmari Jónssyni er, eins og hann sagði, til þess að gera greinina skýrari. Ráðherra hefur ekki lengur heimild til að hafa áhrif á verðskerðingargjaldið. Það er bundið í lögum og því er það til að taka af allan vafa að þessi brtt. kemur fram.

Brtt. frá Guðmundi Árna Stefánssyni um að sjóðurinn sem er hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins upp á 190 milljónir renni til Lífeyrissjóðs bænda eftir ákveðin tímamörk, er umhugsunarinnar virði. En ég mæli gegn því að greinin verði samþykkt eins og hann leggur til því að allar þessar brtt. eru samkomulag á milli ráðuneytis og Bændasamtakanna og að ákveða einhliða hér hvert þessi sjóður eigi að fara finnst mér ekki koma til greina. Framleiðsluráðið hafði þetta fé til þess að sinna þeim verkefnum sem því var falið. Bændasamtökin þurfa á þessu fé að halda og vöxtum af sjóðnum til þess að sinna þeirri starfsemi sem þau yfirtaka.

Vissulega er staða Lífeyrissjóðs bænda bág og það þarf meira en 190 milljónir og þó svo að aðrar 190 milljónir legðust við eða 150 þá er það kannski ekki einu sinni nóg til þess að ... (**GÁS:** Mjór er mikils vísir.) Já, mjór er mikils vísir. En ég held að á þessu stigi núna sé ekki rétt að ákveða þessa breytingu. Það verður að gerast með samkomulagi. Ég benti á fyrr í ræðu minni að nokkur atriði væru óljós, t.d. hvað ætti að gera við þetta fé. Framleiðsluráðið hefur haft þennan sjóð. Bændasamtökin fá þennan sjóð. Það þarf að skilgreina hvernig honum skuli varið. Þetta er þá bara ein leið. En við getum ekki ákveðið það að mínu mati hér og nú án þess semja við bændur.

Ég vil svo spyrja hæstv. landbrh. um framkvæmdanefnd búvörusamninga. Nú er hún hluti af verkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins: Er það alveg nógu skýrt hvernig framkvæmdanefndin muni starfa eftir að verkefnin færast yfir til Bændasamtakanna?

[16:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er frv. til laga um breytingar á lögum vegna niðurlagningar Framleiðsluráðs landbúnaðarins komið til 3. umr. Ég vek athygli á því, herra forseti, að við 1. umr. veltu menn vöngum yfir þessu orðalagi, þessu heiti, þ.e. „vegna niðurlagningar“, og hvort ekki mætti finna þjálla orð

en það. En það er í sjálfu sér ekki samt efnisatriði. Ég beini því til góðra íslenskumanna hvort þeim gæti dottið í hug nokkurt orð sem þjónaði betur og fyllti samt þann skilning sem því er þar ætlað að fylla.

Varðandi lögin og lagafrv. að öðru leyti vil ég aftur, eins og ég gerði í stuttri ræðu við 1. umr., vekja athygli á ákvæðum 11. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna „Framleiðsluráð landbúnaðarins" í 2. mgr. kemur: Framkvæmdanefnd búvörusamninga."

Ég vil vekja athygli á því að stjórnsýsluleg staða framkvæmdanefndar búvörusamninga er ekki verulega sterk. Hún er tengd ákveðnum verkefnum og mun þess vegna geta fallið út. Þetta er í sjálfu sér í lagi, að því ég best veit, meðan þessi verkefni eru falin framkvæmdanefndinni samkvæmt verklagsreglum þar um. En það er aðeins veikt að vera að setja hana þarna inn í lög án þess að það sé neins staðar annars staðar skilgreint í lögunum hver hún sé í sjálfu sér. Ég geri ekki ágreining um þetta, herra forseti, en ég bendi á að að mínu mati er þarna viss veikleiki á ferð.

Herra forseti. Að lokum vil ég einnig fara í umræðu um þennan sjóð sem Framleiðsluráð á, 190 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir því að hann fylgi verkefnaflokknum og viðfangsefnunum til Bændasamtakanna og það getur verið, eins og hv. þm. Þuríður Backman benti á, erfitt að slíta beint þar á milli þegar svona aðgerð er framkvæmd. Hins vegar er alveg rétt að taka undir og ítreka þá afstöðu hv. þm. Þuríðar Backman um að ekki er eðlilegt að ráðstafa þessu fé einhliða af hálfu Bændasamtakanna þó svo að þetta fé fylgi þar með. Það væri reyndar afar óeðlilegt ef svo stór sjóður, tiltölulega stór sjóður þegar um eignir á vegum landbúnaðarstofnana er að ræða, færi fram með þeim hætti. Sjálfsagt hefði verið rétt að skoða hvort gera ætti beinar tillögur um ráðstöfun hans eða eyrnamerkingu, a.m.k. er afar brýnt að það sé alveg ljóst, þ.e. sú skoðun eða ábending, að honum verði ráðstafað í fullu samráði við löggjafann, landbrn. og aðra sem þarna eiga að koma að.

Hér hefur réttilega verið dregin fram staða Lífeyrissjóðs bænda og hve brýna nauðsyn ber til að styrkja hann fjárhagslega. Ef þessir peningar eru nýttir þar til að styrkja eða koma sem mótframlag inn í þann sjóð þá getur það verið hið besta mál að góðra manna yfirsýn, en eftir stendur hin brýna nauðsyn á að styrkja lífeyrissjóðinn og það ber að skoða. Ég legg áherslu á það. Og þessir peningar og þessi sjóður gætu í sjálfu sér vel komið sterklega inn í þá umræðu.

Herra forseti. Að öðru leyti vil ég segja að þetta frv. er framfarafrv. Þarna er verið að færa til verkefni, einfalda stjórnsýslu og gera hana markvissari sem leiðir til hagræðingar og um það er allt mjög gott að segja. Ég óska þess að þessi ráðstöfun — ég vænti þess að hún verði samþykkt eins og hún liggur hér fyrir í megindráttum — verði til heilla fyrir íslenskan landbúnað.

[16:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég skal ekki halda hér langa ræðu. Ég vil þakka hv. þingmönnum málefnaleg umræðu og virði auðvitað þær skoðanir sem hafa komið hér fram. Þó að sjónarmiðin falli að einhverju leyti hvert í sína áttina þá virði ég þau. Þingmenn eru hér að leita leiða til þess að styrkja landbúnaðinn og bændastéttina og fyrir það þakka ég.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ræddi um þá ráðagerð að láta þessar 190 milljónir fylgja verkefnunum og leggur til að þær verði felldar inn í Lífeyrissjóð bænda. Maður sér stundum að það borgar sig að spara sig í umræðunni og tala seint því að hv. þm. Þuríður Backman hélt prýðilega ræðu og tek ég undir hvert orð sem hún sagði um það atriði að ekki er gott hjá okkur að breyta þessu og þessi sjóður á auðvitað að standa undir verkefnum sem Bændasamtökin taka yfir með sér. Síðan gæti það kannski orðið önnur síðari tíma ákvörðun Bændasamtakanna eða búnaðarþings að þessum sjóði yrði ráðstafað annað, inn í lífeyrissjóðinn eða eitthvað. Það er annað mál. En ef við ekki létum þessar 190 milljónir fylgja þessum verkefnum þá yrði hér auðvitað hækkun á matvælaverði o.s.frv. til að standa undir kostnaði við verk sem þarna er gerð krafa um að verði unnin áfram.

Meginsparnaðurinn við þetta liggur auðvitað í því að mikið húsnæði sem heyrir undir Framleiðsluráð landbúnaðarins í dag kemur til með að hýsa önnur verkefni, framkvæmdastjóri hverfur frá störfum og ekki síst í hinu að 15 manna stjórn þarf ekki oftar að koma saman. Hennar hlutverki er lokið og aðrir taka við þeim verkefnum. Þarna er því heilmikill sparnaður.

Ég vil svo segja að auðvitað er búið að fara mjög vandlega yfir þetta mál, bæði lögfræðilega í landbrn. og hjá Bændasamtökunum þannig að ég held að það sé allt saman vel varðað, þetta stenst allt saman og er eðlilegt. En svo er hitt sem ég vil þakka hv. þm. sérstaklega og það er sá hugur sem þeir bera til Lífeyrissjóðs bænda og hversu mikilvægt þeir telja að skoða stöðu þessa sjóðs og styrkja hann. Það er auðvitað verkefni sem ég mun leita samráðs um. Þessar 190 milljónir mundu í sjálfu sér ekkert breyta veikri stöðu Lífeyrissjóðs bænda þannig að hægt yrði að greiða út hærri upphæðir. Þetta er einn af veikari sjóðunum. Hann var stofnaður seint og býr við sérstakar aðstæður þannig að það er bara annað verkefni sem þarf að setjast yfir hvernig hægt er að styrkja þann sjóð. Hann hefur orðið fyrir áföllum en er hins vegar mjög vel rekinn nú þannig að hann stendur sig að því leyti vel. En auðvitað vantar peninga til að standa undir öllum þeim skuldbindingum framtíðarinnar sem blasa við. Ég er ekki undirbúinn hér núna til að segja frá því hve mikla peninga vantar inn í þann sjóð, en þetta mundi ekki breyta miklu.

Ég kýs að frv. verði lögfest hér svona. Við erum að stíga þarna skref í átt til hagræðingar. Það er samstaða um málið meðal bænda og einu skrefi fylgir oft annað þannig að við erum á leið til nýrrar aldar með það í huga að reyna að draga úr kostnaði, að spara bæði fyrir bændur og neytendur og ekki síst að styrkja íslenskan landbúnað.

Hæstv. forseti. Ég er afar þakklátur fyrir þær ræður sem hér hafa verið fluttar í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 291. mál. — Þskj. 476.

[16:43]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. frá efh.- og viðskn. um breyting á lögum á nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Breytingar á þeim lögum eru orðnar allmargar. Frv. þetta er í fjórum greinum auk ákvæðis

til bráðabirgða. Helstu efnisgreinar frv. eru þrjár. Í fyrstu efnisgreininni er gert ráð fyrir því, með leyfi forseta, að:

„Hafi verið gerður samningur um skiptingu ellilífeyrisgreiðslna á grundvelli 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, telst ellilífeyrir til tekna hjá þeim sem fær hann greiddan."

Ástæða þess að nefndin gerir tillögu um þessa breytingu er sú að þegar ellilífeyri er skipt á milli sjóðfélaga og maka eða fyrrverandi maka án þess að það hafi áhrif á þau lífeyrisréttindi sem að baki liggja, þ.e. þegar lífeyrisréttindi fylgja áfram sjóðfélaganum, þá hefur ríkisskattstjóri komist að þeirri niðurstöðu að allar greiðslurnar skuli skattleggjast hjá sjóðfélaganum. Þetta stóð aldrei til þegar frv. um lífeyrissjóði var afgreitt sem lög frá Alþingi á sínum tíma. Því telur efh.- og viðskn. rétt að leggja til þá breytingu að þessar greiðslur skattleggist hjá viðtakanda, enda gangi þær beint frá viðkomandi lífeyrissjóði, bæði til sjóðfélaga og maka hans eða fyrrverandi maka.

Þetta skiptir sérstaklega máli þegar hjón hafa skilið og í skilnaði hefur verið samið um skiptingu á lífeyrisgreiðslum. Það er að vísu hægt fyrir hjón að semja um skiptingu á lífeyrisgreiðslum þar sem mynduð eru sjálfstæð lífeyrisréttindi fyrir báða aðilana. Það eru hins vegar ekki allir sem eiga kost á því og þess vegna er nauðsynlegt að þessi breyting verði gerð á skattalögunum til þess að öll tvímæli séu tekin af um þetta atriði.

Í 2. gr. frv. er ákvæði þar sem segir að samsköttun móður- og dótturfélaga skuli ekki einungis ná til tekjuskatts heldur einnig til eignarskatts. Af einhverjum ástæðum féll þetta niður þegar þessu ákvæði var breytt á sínum tíma þegar samsköttun móður- og dótturfélaga var tekin upp. Þá var einungis miðað við samsköttun í tekjuskatti en nú er reiknað með að þetta nái líka til eignarskatts.

Í 3. gr. frv. er fjallað um eignarskattsfrelsi sparifjár og verið er að samræma þau ákvæði sem gilda um almennt sparifé og ríkisbréf. Eins og fyrirkomulagið er almennt séð er sparifé skattfrjálst til eignarskatts að svo miklu leyti sem það er umfram skuldir. Sú regla gildir hins vegar ekki um ríkisbréf þar sem miðað er við að skattskyldan sé algjörlega óháð skuldum. Verið er að gera þá breytingu að samræma þetta þannig að það gildi hið sama almennt séð um ríkisbréf og almennt sparifé. Þó er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að það verði enn þá um tveggja ára skeið ákveðið fríeignarmark í þessu skyni, hjá einstaklingum að verðmæti 2 millj. og hjá hjónum að verðmæti 4 millj. séu ríkisbréf enn þá eignarskattsfrjáls óháð skuldum.

Í 4. gr. segir að lög þessi öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts árið 2000 vegna tekna og eigna árið 1999.

Nefndin fjallaði nokkuð um þetta mál og sendi það til umsagnar nokkurra aðila og fékk yfirleitt jákvæðar undirtektir. Nefndin tók til sérstakrar skoðunar það sjónarmið hvort sú breyting sem lögð er til á 78. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt væri afturvirk með ólögmætum hætti og fékk greinargerð frá fjmrn. um það efni. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé um ólögmæta afturvirkni að ræða. Sú niðurstaða byggist m.a. á grg. með frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands sem varð að lögum 28. júní 1995. Þar er tekið sérstaklega fram í umfjöllun um 15. gr., sem varðaði breytingu á 77. gr. stjórnarskrárinnar, að meðan gengið sé út frá því að eignarskattur sé lagður á miðað við þær eignir sem tilheyrðu gjaldanda við áramót sé hægt gagnvart því ákvæði að breyta stofni eða hlutfalli þess skatts allt til síðasta dags ársins.

Að því er varðar stjórnarskrána telur nefndin því að ekki sé gengið á svig við hana, enda hefði málið væntanlega ekki verið flutt ef nefndin teldi að svo væri. Engu að síður getur þetta haft í för með sér nokkra röskun og því er í ákvæði til bráðabirgða reiknað með því, eins og þar kemur fram, að ákveðinn aðlögunartími sé að samræmingu eignarskattsskyldu.

Nefndin leggur hins vegar áherslu á að sá tími sé nýttur til þess að fram fari heildarendurskoðun á lögum sem varða eignarskatta þannig að menn geti notað þann tíma til að finna út hvernig menn vilja hafa þann skatt.

Þrír hv. nefndarmenn eru almennt fylgjandi málinu en hafa smáfyrirvara þar á. Þar ber fyrstan að telja hv. þm. Pétur H. Blöndal sem telur að frv. sé flutt of seint á árinu og það kunni að leiða til deilna um afturvirkni þó að nefndin telji engu að síður að málið standist gagnvart stjórnarskránni. Enn fremur hafa hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir fyrirvara er lýtur að þeirri reglu sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða að tiltekið frímark í eignarskatti sé tímabundið. Þær vísa til þess að í nefndinni kom fram að allt að helmingur þeirra sem eiga eignarskattsfrjáls verðbréf við álagningu 1999 eða um tíu þúsund manns er með reglubundinn sparnað í áskrift og vísa til þess að sá sparnaður sé að meðaltali um 10 þús. kr. á mánuði. Þær telja að þeir áskrifendur ríkisverðbréfa sem velja slíkt form mánaðarlegs sparnaðar tilheyri ekki þeim hópi einstaklinga sem er tilefni frv. hvað þetta varðar.

Málið er, hæstv. forseti, að sá leikur hefur verið leikinn að fólk hefur tekið lán yfir blááramótin og keypt fyrir það eignarskattsfrjáls ríkisverðbréf. Þetta hefur farið mjög í vöxt og þeir sem við þessi mál sýsla hafa orðið varir við það að ásóknin er orðin það mikil að þetta fer að verða stórútgerð ef svo má segja. Það er hins vegar óeðlilegt að sérstakur atvinnuvegur myndist fyrir áramót sem gerir út á það að notfæra sér þessa glufu í skattalögunum. Það var ekki markmiðið með þeim að með þessa hluti yrði spilað eins og gert hefur verið og þess vegna er lögð til sú breyting sem kemur fram í 3. og 4. gr. frv.

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega þakka meðnefndarmönnum mínum í efh.- og viðskn. fyrir samvinnuna við gerð frv. Við höfum reynt að búa það vel úr garði á þeim stutta tíma sem við höfum haft til ráðstöfunar og í ljós kom að sá vandi sem snertir skammtímaeign á eignarskattsfrjálsum ríkisverðbréfum hefur skapast. Ég treysti því að þingheimur muni taka á þessu máli með nefndinni og gera frv. að lögum fyrir jólin.

[16:53]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með formanni efh.- og viðskn. að það ber að reyna að hafa skattareglur réttlátar og koma í veg fyrir misnotkun á þeim. Mig langar til að spyrja, vegna hugsanlegrar framkvæmdar á þessum nýju reglum sem verið er að setja hér, hvort það sé meiningin og verði þá staðreynd, að hlutabréf sem hingað til hafa einungis notið ákveðins eignarskattsfrelsis með því að vera frádráttarbær frá heildareignum með þaki upp á rúmlega 2,5 millj. fyrir hjón, að með 3. gr. séu hlutabréf orðin hluti af öllum þeim bréfum sem eru frádráttarbær frá eignum og þar er ekkert þak. Þýðir það að hlutabréfaeign, hvaða nafni sem hún nefn-

ist ef hlutabréfin eru innlend á annað borð, geti öll dregist frá eignum og þar með séu þau orðin eignarskattsfrjáls?

Ef svo er þá er búið að opna fyrir miklu meira eignarskattsfrelsi en nokkurn tíma hefur verið og það væri fróðlegt að vita frá hv. formanni efh.- og viðskn. hvort þetta sé niðurstaðan, sem mér hefur verið tjáð að sé, en mér þætti vænt um að vita hver skilningur nefndarinnar er á þessu máli.

[16:55]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er engin breyting gerð í 3. gr. frv. varðandi hlutabréf. Það gildir nákvæmlega sama regla núna og hefur gilt áður.

[16:56]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki á þessu augnabliki að fara út í langt mál um þetta, það kemur eflaust bara í ljós. En ef gömlu lögin eru lesin þá eru hlutabréf ekki talin upp með þessum hætti og það er þak á skattfrelsinu. En það hefur þá alla vega verið minnst á þetta hér í hv. Alþingi og það kemur í ljós hver niðurstaðan verður.

[16:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sem fulltrúi í efh.- og viðskn. stend ég að frv. og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Þó kemur fram í greinargerð, eins og formaður efh.- og viðskn. nefndi, ákveðinn fyrirvari frá mér og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur sem ég aðeins vil gera að umræðuefni.

Meginefni þess sem ég ætla að gera að umræðuefni eru þeir þættir frv. sem lúta að því að afnema eða draga úr skattfrelsi eignarskattsfrjálsra verðbréfa og eins og formaður efh.- og viðskn. nefndi að reyna að loka fyrir þá áramótaútgerð sem þar fer fram vegna þess að þarna er ákveðin smuga fyrir þá sem vilja vera með undandrátt frá skatti sem margir hafa í verulegum mæli nýtt sér.

Þetta lýtur að því sem kemur fram í frv., þ.e. að skattfrelsi á ríkispappírum er frábrugðið skattfrelsi innstæðu í bönkum að ekki er gert að skilyrði að eignir þessar séu umfram skuldir og skortur á því skilyrði hefur það í för með sér að unnt er að stofna til skulda og kaupa ríkisverðbréf án þess að þau sæti eignarskattsálagningu. Og með ráðstöfununum mynda menn í raun eins konar tvöfalt eignarskattsfrelsi þar sem skuld vegna kaupa á ríkisbréfuma er frádráttarbær frá öðrum eignum um leið og ríkisbréfin eru eignarskattsfrjáls óháð skuldum.

Það er þessari undankomuleið frá skatti sem verið er að loka. Ljóst er að þetta hefur farið vaxandi. Ýmsir hafa reynt að nýta sér þá smugu og talið er að umfang þessara áramótaviðskipta, sem fara oft fram með því móti að menn fá yfirdráttarheimild í banka yfir áramótin og greiða hana síðan upp eftir áramót til að geta lækkað eignarskattsstofn sinn, geti numið, sumir segja 8–10 milljörðum en aðrir 10–15 milljörðum. Það munar því verulega um slíkt.

Við fórum yfir dreifingu eignarskattsfrjálsra verðbréfa við álagningu 1999 og það virðist vera að um 8.300 einstaklingar eigi eignarskattsfrjáls verðbréf og hjón og sambýlisfólk er um 11.600. Því er um að ræða um 20 þús. einstaklinga og hjón sem eiga eignarskattsfrjáls verðbréf.

Gert er ráð fyrir ákveðnu fríeignarmarki í frv. sem á aðeins að gilda í tvö ár, og þá er ég komin að þeim fyrirvara sem ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir höfum við þetta frv. Það er að þetta frímark í eignarskattinum sem sett er í ákvæði til bráðabirgða skuli vera tímabundið.

Þetta frímark er 2 milljónir hjá einstaklingum og 4 milljónir hjá hjónum. Miðað við þá dreifingu sem við höfum hér fyrir framan okkur við álagningu 1999 mun ákvæðið virka þannig að af tæplega 8.300 einstaklingum sem eiga eignarskattsfrjáls bréf falla um 6.400 undir þetta gólf í eignarskatti sem þýðir að það verður óbreytt hjá þeim þó að þetta frv. verði að lögum að ríkispappírar sem eru undir 2 milljónum hjá einstaklingum verða áfram eignarskattsfrjálsir. Um 80% einstaklinga búa þá sem sagt áfram við eignarskattsfrelsi ríkisverðbréfa meðan 20% þeirra einstaklinga sem eiga bréf yfir 2 millj. kr. munu geta lent í skatti með sín bréf.

Hið sama gildir með hjón því að af 11.600 hjónum munu 83% falla undir þetta frímark í eignarskatti sem eru 4 milljónir, en um 2.500 munu hugsanlega lenda í því að borga skatt af þessum bréfum. Því munu um 15.500 af um 20.000 áfram búa við eignarskattsfrelsi að því er varðar þessa ríkispappíra. Og eftir að við könnuðum málið kom í ljós að stór hluti þeirra sem eiga þessa pappíra eru ekkert í þessum leik eða þessari áramótaútgerð eins og hv. þm. kallaði það. Svo virðist vera, eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið, að margir séu í mánaðarlegri áskrift að kaupa ríkispappíra. Það er álitið að um 10 þúsund manns kaupi sér mánaðarlega áskrift í ríkispappírum og talið að það séu að meðaltali 10 þús. kr. sem þessir 10 þúsund einstaklingar leggja til hliðar í sparnaði með þessum hætti og þeir eru auðvitað ekkert að nýta sér skattfrelsi þessara bréfa með óeðlilegum hætti. Síðan á stór hluti, eins og hér kemur fram, eignir eða eignarskattsfrjáls verðbréf sem eru yfir 9,5 millj. kr. og þaðan af meira. Þetta eru um 345 manns og meðaleign þeirra er um 25 millj. kr. og samtals eign þessara 345 aðila í eignarskattsfrjálsum verðbréfum — þetta eru einstaklingar — er um 8,6 milljarðar.

Sama gildir um hjón. Þau sem eiga eignarskattsfrjáls verðbréf yfir 9,5 milljónum og þaðan af meira eiga samtals 23 milljarða í verðbréfaeign, að meðaltali um 28 milljónir hvert þessara hjóna. Og það verður að draga þá ályktun að hjá þeim sem eiga mikið í eignarskattsfrjálsum verðbréfum sé freistingin mjög mikil að nýta þessa skattasmugu sem þarna er verið að reyna að loka fyrir.

En fyrirvari okkar lýtur að því að við teljum ekki rétt, eins og fram kemur í þessu frv., að tímasetja þetta gólf, þ.e. að það falli út eftir tvö ár þannig að þá verði öll verðbréf eignarskattsfrjáls, þar sem stærsti hlutinn af því fólki sem telst undir þessu gólfi eða frímarki í eignarskatti er bara venjulegir sparendur sem eru leggja til hliðar 5 og 10 þúsund kr. á mánuði í sparnað og eignarskattsfrelsið er auðvitað hvati til sparnaðar meðan það er við lýði. Við teljum að það eigi að fara í heildarendurskoðun almennt á lögum að því er varðar eignarskatt. Við teljum ekki eðlilegt eða tímabært að binda nákvæmlega hvenær eignarskattsfrelsið á að falla út varðandi þessa venjulegu áskrifendur að spariskírteinum með tiltölulega litla fjárhæð heldur eigi það að skoðast í tengslum við heildarendurskoðun á eignarskatti, enda mun fritekjumarkið stuðla að nauðsynlegum sparnaði.

Herra forseti. Ég get nú stytt mál mitt. Það er fyrst og fremst svo að við teljum ekki rétt og eðlilegt að fara þannig að að tímabinda þetta frímark í eignarskatti. Ég treysti því að þessi breyting leiði ekki til vaxtahækkana eða affalla á húsbréfum. Um það hefur Seðlabankinn verið spurður og hann telur að breytingin komi til með að hafa óveruleg eða

engin áhrif á afföll á húsbréfum. Það sama gildi um vextina, þ.e. að reyndar verði mjög lítil áhrif ef þá nokkur að því er varðar vaxtahækkanir.

Seðlabankinn var einnig spurður hvort þessi breyting gæti haft þau áhrif að menn færu að losa þessa eignarskattsfrjálsu pappíra og þeir telja að lítil hætta sé á því.

Varðandi afturvirknina sem nokkuð var til umræðu, þ.e. hvort þetta standist stjórnarskrána þar sem hér er um breytingu á skattalögum að ræða, þá kemur skýrt fram í greinargerðinni og það er byggt á greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, að álitið er að þetta standist þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Í trausti þess og í trausti þess að frv. hafi ekki nein áhrif að því er varðar vexti eða afföll á húsbréfum styð ég málið með þeim fyrirvara sem ég hef hér lýst. Það er í heildina mjög gott mál að loka fyrir þessa glufu eða smugu sem er til undandráttar frá skatti og mjög nauðsynlegt að gera það. En hitt er svo annað mál, herra forseti, að beiðni *hæstv. fjmrh. um að nefndin flytji málið* kom með mjög stuttum fyrirvara og það eru vinnubrögð sem ekki eru til fyrirmyndar.

[17:06]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég get verið tiltölulega stuttorður. Ég vil segja að ég styð frv. mjög eindregið og tel mikilvægt að það nái fram að ganga. Í því er að finna þrjá meginþætti.

Í fyrsta lagi varðandi skattlagningu lífeyristekna. Þannig er að í tengslum við setningu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða árið 1997 fór fram mikil umræða um mikilvægi þess að hjón eða sambúðaraðilar gætu skipt lífeyrisréttindum sínum og var það staðfest í lögunum og er nú að ná fram að ganga. En á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið að skipta tilteknum réttindum hjá lífeyrissjóði milli sín og maka*ns*. Samkomulagið skal ná til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðila og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Nú bregður svo við að ríkisskattstjóri hefur komist að þeirri niðurstöðu að sjóðfélagi í lífeyrissjóði verði skattskyldur af öllum ellilífeyrisgreiðslum þótt um skiptingu á greiðslum sé að ræða milli hans og maka eða fyrrverandi maka. Þetta er að mínum dómi óeðlilegt og í þessu frv. er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að ellilífeyrisgreiðslur skuli skattleggjast hjá þeim sem greiðslnanna njóta. Þetta er eðlilegt og í anda þeirra laga sem sett voru að mínum dómi.

Í öðru lagi er lögð til breyting í þessu frv. varðandi samsköttun móður- og dótturfélaga, en svo var á síðasta þingi að samþykkt voru lög um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem m.a. fólu í sér heimild til samsköttunar móður- og dótturfélaga. Þetta tók þó aðeins til tekjuskattsins, átti að taka til eingarskattsins einnig, þannig að þarna urðu tæknileg mistök sem verið er að leiðrétta með þessu frv.

Í þriðja lagi er verið að gera breytingu varðandi skattfrelsi ríkisverðbréfa. Ég hef verið því fylgjandi að ríkisverðbréf séu undanþegin skatti og ástæðan er sú að sérstaklega fyrr á árum þegar erfitt gat verið að ná í fjármagn var mjög mikilvægt að auðvelda almannasjóði, ríkissjóði, aðgang að fjármagni og það er ein skýringin á því að þetta var fest í lög á sínum tíma.

Nú hefur komið í ljós að þessi lög eru notuð af fólki, í mörgum tilvikum eignafólki sem vill komast hjá því að greiða skatta og miklar fjárhæðir eru fluttar yfir í ríkisskuldabréf til þess að komast hjá skattlagningu, jafnvel finnast dæmi um að tekin séu lán til þess að skjóta inn í slíkan undandrátt. Þetta er óeðlilegt og við erum að girða fyrir að þetta gerist.

Hins vegar viljum við ekki heldur koma aftan fólki. Svo er að margir smásparendur hafa verið að leggja fyrir í ríkisskuldabréfum mánaðarlega, 5–10 þúsund kr., til efri áranna eða til að eiga í varasjóði og hafa gengið að því sem vísu að þetta væri undanþegið skatti. Þess vegna er sett inn í lögin í fyrsta lagi ákveðið gólf eða þak skulum við segja, eftir því hvernig á það er litið, því að undanþegnar skatti óháð skuldum eru 2 *milljónir fyrir einstakling* og 4 *milljónir fyrir* hjón. Annað er að í frv. er sólarlagsákvæði um að það gildi í tvö ár en í greinargerð með frv. segir að stefnt skuli að því að taka þessi mál öll til skoðunar og endurskoðunar.

Ég hefði að mörgu leyti kosið að þarna hefði verið um opnara endurskoðunarákvæði en ekki sólarlag að ræða. Þetta var hins vegar ákveðin málamiðlun í nefndinni sem ég styð.

[17:11]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fyrir rúmlega ári síðan benti ég úr þessum ræðustól á leið til að komast hjá því að greiða eignarskatt og orðaði það þannig að þeir greiddu eignarskatt sem nenntu. Ástæða þessa er sú að í áratug eða meira hefur verið möguleiki að taka lán til að kaupa spariskírteini. Lánið dregst frá eignum en spariskírteinið kemur eigninni ekki við. Þannig hafa þeir sem til þekkja getað notað þessa reglu í áratug. Mér fannst það ekki lengur fært eftir að hafa bent á þessa meinsemd í lögunum í tíu ár og ekkert gerðist, að fólk sem á tiltölulega litlar eignir, kannski íbúðarhús upp á 15 milljónir, að einstaklingur, e.t.v. nýbúinn að missa maka sinn, sé að borga eignarskatta undir drep af litlum tekjum oft og tíðum, lífeyrisgreiðslum, á meðan aðrir sem eiga miklu meiri eignir komist hjá því vegna þekkingar sinnar á þessum möguleika. Þess vegna fannst mér ótækt annað en að benda þessu fólki á að það þurfi ekki að borga eignarskatta. Og svo varð um marga. Sumum fannst þetta reyndar ósiðlegt þar sem þetta væri undanskot, en ég kem inn á það á eftir að það eru fleiri sem gera það og meira að segja opinberir aðilar.

Herra forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni ráðuneytisins. Þó það hafi haft heila tólf mánuði til þess að vinna í málinu þá er eins og það hafi vaknað af værum blundi — þar voru menn kannski svo uppteknir af því að semja glæsileg fjárlög — þegar aðilar úti í þjóðfélaginu, bankamenn, fóru að hringja inn og spyrja hvort þetta fína dæmi sem búið var að setja upp í fyrra virkaði ekki aftur í ár. Þarna yrðu milljarðar í eignum fluttir á milli. Þá vaknaði það sem sagt af værum blundi allt of seint. Og svo er komið hér viku fyrir áramót og menn ætla sér að breyta skattlagningu á skattstofni sem afar erfitt er fyrir skattgreiðandann að breyta á svona stuttum tíma, þ.e. eignum manna. Fólk hleypur ekkert að því að selja fasteignir sínar og breyta þeim yfir í sparifé eða aðrar leiðir sem eru enn þá til, herra forseti, eins og ég mun koma hér inn á á eftir.

Í athugasemd frá Félagi löggiltra endurskoðenda kemur fram að nefnd hjá þeim telur orka tvímælis hvort gildistaka með svo stuttum fyrirvara standist, með leyfi herra forseta:

„Einstaklingar hafa margir hverjir gert sínar ráðstafanir sem byggst hafa á gildandi eignarskattsfrelsi ákveðinna

tegunda eigna. Íþyngjandi breytingar á því eignarskattsfrelsi gætu því verið felldar úr gildi samkvæmt almennum reglum um afturvirkni skattlagningar."

Þeir efast sem sagt um að frv. sem hér liggur fyrir fái staðist vegna afturvirkni. Þeir telja að fólki gefist ekki tóm til þess að breyta skattstofninum eins og skyldi.

Ég hef sömu áhyggjur af þessu frv. og það er ástæðan fyrir fyrirvara mínum. Þessi breyting hækkar greinilega tekjur ríkissjóðs af eignarskatti vegna þess að fjöldi fólks hefur á undangengnum áratugum sparað í spariskírteinum vegna þess að þau eru eignarskattsfrjáls. Sá sparnaður verður að einhverju leyti skattlagður núna og þar með aukast tekjur ríkissjóðs. Ég hefði talið eðlilegt að hin ofurháa eignarskattsprósenta hér á landi sem er 1,45% yrði lækkuð um leið.

Ég bendi á að sú breyting sem er lögð til í ákvæði til bráðabirgða, 2 millj. fyrir einstakling og 4 millj. fyrir hjón, gerir það að verkum að nú geta bankarnir boðið staðlaðan pakka, 2 millj. fyrir einstakling og 4 millj. fyrir hjón. Það verður væntanlega notað af öllum þeim sem á síðasta ári borguðu eignarskatt umfram svona 20–30 þús. kr.

Þegar fjármagnstekjuskattur var settur á var nefnd sett í að fjalla um það og ég var í þeirri nefnd. Ég lagði mikla áherslu á að margvíslegar tegundir fjármagnstekjuskatta sem áður voru lagðar á, sérstakur skattur af leigjutekjum, sérstakir skattar á arðgreiðslur, stundum skattar, stundum ekki skattar, stundum tvískattað, afar hár skattur á söluhagnað og svo skattfrelsi vaxta, gerðu það að verkum að enginn vandi var að flytja tekjur á milli þessara forma þannig að menn gátu komið öllum fjármagnstekjum undir vexti og komist hjá því að borga skatt. Það gerist alltaf þegar menn leggja mismunandi skatta á sama skattstofn.

Ég gat um það áðan að til eru ýmsar skattasmugur eða skattaskjól sem sumir kalla. T.d. notað Seðlabanki Íslands svokölluð endurhverf verðbréfaviðskipti. Hvað skyldi það nú þýða? Þetta er furðulegt nafn, endurhverf verðbréfaviðskipti. Af hverju skyldi Seðlabankinn nota svona form á skammtímalánum sínum sem eru til tveggja vikna til bankanna? Það er vegna þess að Seðlabankinn getur ekki borgað stimpilgjald. Hann kemst hjá því að borga stimpilgjald með því að nota sömu bréfin aftur og aftur. Þetta er viðtekin regla í viðskiptum. Þegar stimpilgjald er svo hátt að það er vart hægt að stunda skammtímaviðskipti á markaðnum þá gera menn það einmitt svona eins og þessi opinberi aðili gerir. Þetta kalla sumir skattsvik, aðrir skattundankomu en ég kalla þetta skattaskjól. Enda segir Seðlabankinn í umsögn sinni, með leyfi forseti:

„... ætti fyrst og fremst að draga úr viðskiptum og amstri sem engan tilgang hafa annan en að komast undan sköttum."

Enn fremur segir:

„Þó er til í dæminu að leit að og amstur vegna annarra skattaskjóla muni aukast að sama skapi. Sambærilegar glufur eru þó varla auðfundnar."

Þær eru afskaplega auðfundnar, herra forseti. Þær eru afskaplega auðfundnar eftir þessa breytingu. (**SJS:** Fáum við námskeið?) Ég get gefið hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni bæði námskeið í því hvernig á að komast undan eignarskatti sem og erfðafjárskattinum. Ég gat um það í félmn. í morgun. (**SJS:** Ég ætla ekki að fara að deyja.) Það veit enginn hvenær hann deyr, herra forseti.

Í dag hafa menn þann háttinn á að hlutabréf eru metin á nafnvirði í eignum manna. Á móti kemur að fyrirtæki borga eignarskatt af öllum eignum sínum að frádregnu nafnvirði hlutabréfa. Þetta er ósköp eðlilegt og virðist sanngjarnt, nema menn eigi hlutabréf í öðrum löndum þar sem yfirleitt er enginn eignarskattur. Í flestum löndum heims er ekki eignarskattur á fyrirtæki og því afskaplega auðvelt að stofna hlutafélag í svoleiðis landi, þ.e. ef maður á umtalsverðar eignir. Menn stofna fyrirtæki sem eignast eignir þeirra en síðan eiga þeir hlutabréf í því á lágu nafnvirði. Ef maður selur sjálfum sér þetta á mjög háu gengi þá á maður litla eign í hlutafélagi og það á allar eignirnar. Þetta er ein leiðin og þá er enginn eignarskattur borgaður nema af milljón sem menn eiga. Það er undir mörkunum svo þetta er allt í lagi. Þetta er ein leiðin.

Varðandi erfðafjárskatt þá er auðvelt að gera það þannig að menn selja hlutafélagi með milljón kr. nafnverð allar eignir sínar, segjum að það séu 100 millj. Síðan kaupir maður hlutabréf af fyrirtækinu á genginu 100, þ.e. að það eru líka 100 millj. Þegar maður svo fellur frá þá telst nafnverð hlutabréfanna, þ.e. 1 millj., til erfðafjárskatts. Af því er nettur skattur og svo þegar maður er allur þá geta erfingjarnir breytt félaginu aftur yfir í eignir og erfðafjárskatturinn hefur gufað upp. Þetta er ein leiðin sem sýnir hve mikilvægt er að skattalög séu rökrétt. Það er að sjálfsögðu ekki eðlilegt að telja nafnverð hlutabréfa til eignar heldur ætti að sjálfsögðu að taka verðmæti hlutabréfanna sem eign. En menn hafa ekki haft miklar áhyggjur af því að skattalög séu rökrétt hér á landi.

Breytingin sem við erum að gera hér, herra forseti, er t.d. afskaplega órökrétt. Í henni stendur að sparisjóðsinnstæður, spariskírteini o.s.frv. skuli vera eignarskattsfrjáls ef þau eru umfram skuldir. Þannig er til möguleiki á að breyta eignum sínum, þ.e. ákveðnar eignir eru eignarskattsfrjálsar. Hvað gerir maður ef manni leiðist að borga eignarskatt? Nú, maður reynir náttúrlega að eyða öllum skuldum og flytja allar eignir sem bera eignarskatt yfir í það form að vera eignarskattsfjálsar. Hvaða form er það? Það eru sparifjárinnstæður. Af því að maður er eignamaður þá hefur maður góðan aðgang að bankastjórunum, spjallar við hann smástund og dæmið gengur upp eftir þessa breytingu. Þetta er reyndar dálítið meira vesen en sú leið sem ég benti á fyrir ári síðan.

Svo var önnur leið að opnast nú nýverið. Það eru lífeyrissjóðirnir. Lífeyrisréttindi eru eignarskattsfrjáls, koma manni ekkert við. Fólk telur ekki fram eign sína í lífeyrissjóðum. Það kemur framtalinu bara ekkert við. En eignin er samt sem áður til staðar. Það er enn ein leiðin. Ég gæti t.d. talað við séreignasjóðinn minn og spurt hvort hann vilji ekki kaupa húsið mitt og svo borga ég leigu til séreignasjóðsins. Ég fæ vexti hjá honum af því að þetta er ávaxtað í séreigninni minni, húsið mitt. Þá gleymist það algjörlega í framtalinu. Lífeyrissjóðurinn er algjörlega skattfrjáls varðandi fjármagnstekjuskatt o.s.frv. Svo náttúrlega þegar ég tek það út aftur þá er það skattlagt sem er dálítill ókostur. En eignarskattstekjur í mörg ár geta samt sem áður upphafið það. Það eru til ýmsar leiðir til að komast hjá eignarskatti á meðan menn hafa órökrétt skattalög.

Þær reglur sem hafa verið í gangi hafa verið mjög óréttlátar. Ég þekki t.d. dæmi um hjón með tvö börn sem bjuggu í kjallaraíbúð. Af því að þessi hjón voru ekki skuldarar eins og Íslendingar eru yfirleitt þá áttu þau dálítið í þessari eign sinni. Ég held að þau hafi átt 7 eða 8 millj. kr. í henni skuldlaust. Svo fellur maðurinn frá, sem aldrei skyldi verið hafa, og þá fer ekkjan til viðbótar við öll vandræðin að borga

eignarskatt. Hún er allt í einu orðin stóreignamanneskja með börnin tvö. Þannig eru nú reglurnar í dag. Ef það er eldri kona sem missir manninn sinn þá fær hún oft lakan lífeyrir en telst allt í einu eignarskattsmanneskja. Segjum að hjónin hafi komið sér upp einbýlishúsi sem þau vildu eiga skuldlaust undir lokin. Ef maðurinn fellur frá er konan allt í einu farin að borga töluvert miklar upphæðir í eignarskatt. (**SJS:** Ætlaði ekki Sjálfstfl. að leggja niður ekknaskattinn?) (**Gripið fram í:** Það er hinn frægi ekknaskattur.) Þetta er hinn frægi ekknaskattur, herra forseti. Já já, hann lifir góðu lífi. (**SJS:** Hvað er Sjálfstfl. búinn að vera lengi í stjórn?) Hann hefur breytt miklu. Þetta er það næsta sem hann gerir.

Af eignarskattinum eru önnur áhrif. Ísland er þjóðfélag skuldara. Við dáum og dýrkum skuldarana og gerum allt fyrir þá. Þeim sem slysast til að spara skal hins vegar refsað endalaust og stöðugt. Segjum að einhverjum takist að spara milljón umfram það sem hann má eiga umfram íbúðina sína í hlutabréfi eða einhverju slíku þá er hann orðinn áskrifandi að því að borga 14.500 árlega í ríkissjóð upp frá þeim tíma ævilangt. Ef hann skyldi eiga 10 millj. — þetta er svona maður sem neitar sér um allar utanlandsferðir, jeppa og því um líkt og meira að segja bíla — ef hann skyldi nú slysast til að eiga 10 millj. í einhverju, fasteignum eða öðru slíku, þá er hann orðinn áskrifandi að því að borga 145 þús. kr. á ári í ríkissjóð. Ég sé ekki hæstv. fjmrh. hérna en það er hann sem hirðir aurana, þ.e. 12 þús. kall á mánuði. Er nema von að fólk hugsi sér að betra sé að skreppa í heimsreisu og eyða þessum aurum í staðinn fyrir að borga skatta í áskrift?

Við erum yfirleitt með hæstu eignarskatta í OECD-löndunum. Það er mjög brýnt að þeir verði lækkaðir eða a.m.k. samræmdir þannig að öll form beri sama skatt þannig að það séu engin skattaskjól, eins og Seðlabankinn kallar það. Ríkið á ekki að hafa áhrif á það hvernig menn dreifa eignum sínum, í hverju menn eiga. Þeir eiga helst að eiga bankainnstæður, segja lögin. Menn mega eiga spariskírteini en ekki fasteignir. Þeir eiga ekki að eiga hlutabréf, nema það standist sem hér kom fram áðan um að þau séu orðin algjörlega eignarskattsfrjáls, sem ég efast nú um. Ég hef ekki áttað mig nákvæmlega á því hvernig þessi lög virka. En núna er eignunum stýrt virkilega mikið.

Breytingin sem hér er verið að gera, ég hef sagt hvernig hún virkar. Þarna er ákveðinn skammtur sem menn munu kaupa og það getur vel verið að áhrifin verði þau að miklu meiri viðskipti verði með þetta eftir en áður. Eftir sem áður er stór hluti eignarforma skattfrjáls, þ.e. sparisjóðsinnstæður, spariskírteini, lífeyrissjóðir og annað slíkt. Ég held að það sé mjög brýnt, herra forseti, að menn vinni að því að breyta skattalögunum fyrr en síðar.

Ég skora á hæstv. fjmrh., sem ekki er viðstaddur, að vakna nú af værum blundi fyrr en um næstu áramót og byrja strax að vinna að því að breyta skattalögunum í þá veru sem ég og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson leggjum til með frv. um breytingu á eignarsköttum. Þannig yrðu allar eignir skattlagðar jafnt: lífeyrissjóðir, fasteignir, hlutabréf, sparifjárinnstæður og opinberar eignir líka, Landsvirkjun, orkufyrirtæki sveitarfélaganna og fjöldinn allur af fyrirtækjum sem blómstrað hafa í skjóli skattfrelsis. Allar eignir yrðu skattlagðar og þá yrði hægt að lækka skattinn niður í eitthvað réttlætanlegt, niður í 0,35% samkvæmt útreikningum sem gerðir voru fyrir tveimur árum.

Ég skora á hæstv. fjmrh. að taka sig nú á og breyta skattkerfinu, eignarskattskerfinu þannig að menn geti ekki notað svona skattaskjól.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 143, nál. 432, 452 og 469, brtt. 433.

[17:30]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Við höldum þá áfram að ræða frv. til laga um fjarskipti en áðan var gert hlé á umræðu til að koma merkum málum að frá landbn. og efh.- og viðskn. sem ekki gátu beðið svo þeim varð að koma að.

Virðulegi forseti. Mig langar að fjalla aðeins um þá ræðu sem hæstv. samgrh. flutti fyrr í dag þegar við ræddum frv. til laga um fjarskipti og koma inn á nokkur atriði sem hann nefndi.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, er sú löggjöf sem við ræðum hér leikreglurnar utan um upplýsingabyltingu framtíðarinnar, eins og ég hef sagt áður. Þess vegna er mjög mikilvægt að sú löggjöf sem við lögfestum núna sé framsýn, þ.e. hún horfi fram í tímann en taki ekki einhver hægfara skref sem geri það að verkum að hægist á þeirri byltingu sem allir sjá að fram undan er. Það held ég að sé grundvallaratriði. Kannski má segja sem svo að sá dómur sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gaf þessu frv., þegar hann sagði að ekki væri ólíklegt að við yrðum eftir tvö ár að koma hér að nýju til að ræða þessi sömu mál, sé ekki beint til þess fallinn að menn hafi trú á því frv. sem hér á að fara að lögfesta.

Ég vil byrja á því í ræðu minni, virðulegi forseti, að nefna það að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hitti einmitt naglann á höfuðið í ræðu sinni áðan þegar hann sagði að um leið og við mörkum veginn fram á við í þessum efnum, þá verði ekki bæði haldið og sleppt. Það er nákvæmlega kjarni málsins. Fyrir nokkrum árum var sú ákvörðun tekin í fyrsta lagi að „háeff"-væða Póst og síma og þar með tók Landssíminn við og í öðru lagi í framhaldi af því skyldum við fylgja þeirri þróun sem átt hefur sér stað á Evrópska efnahagssvæðinu sérstaklega, að opna fyrir samkeppni á þessu sviði. Þetta er einmitt kjarni málsins því að hér verður ekki bæði haldið og sleppt, hér verður ekki rekið ríkisfyrirtæki um leið og sú samkeppni er opnuð og við getum ekki bara rétt sýnt á þessu glufu en tryggt jafnframt að þau fyrirtæki sem eru að reyna að komast inn á þennan markað verði aldrei svo stór að máli skipti. Sú stefna sem er gegnumgangandi í frv. er að í lagi sé að opna aðeins á það að inn á þennan markað komi nýir aðilar en þó tryggt að þau fyrirtæki geti ekki orðið of stór. Það er kjarni málsins. En það sem ég segi hins vegar er að úr því að búið er að opna, þá verður ekki bæði haldið og sleppt. Það verður að taka alvarlega þær leikreglur sem hér á að setja og setja þær þannig að við getum byggt upp fjarskiptafyrirtæki á fjarskiptamarkaði þannig að við getum haft eðlilega samkeppni á þessu sviði. Það er einmitt kjarni málsins.

Lykilgreinar í þeim efnum, virðulegi forseti, eru reglurnar um heimtaugina og reikisamningana. Þess vegna mótmæli ég því harðlega sem hæstv. ráðherra hélt fram áðan að þeir fyrirvarar sem 2. minni hluti samgn. hefur fyrir því að styðja þetta frv. séu léttvægir fundnir. Þetta er, virðulegi forseti,

forsenda þess að hér geti orðið einhver samkeppni og því segi ég það að í þessu máli verður ekki bæði haldið og sleppt. Það er búið að opna á samkeppnina og þess vegna þýðir ekki, virðulegi forseti, að ætla að fara af stað með fyrirtæki eins og Landssímann í þessu tilviki sem hefur 98% markaðshlutdeild og það á að halda áfram að verja það. Virðulegi forseti. Þetta er bara uppskrift að því að koma í veg fyrir að hér verði almennileg þróun. Ég held, virðulegi forseti, að jafnvel hafi verið skárra að fara þá leið sem ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar gjarnan fyrir, að ríkið hefði rekið þetta. Ég held að það sé jafnvel skárra en að vera að opna glufu á 1–2% og tryggja það síðan að ekki verði frekar hreyft við samkeppni á þessu sviði. Ég mótmæli því harðlega, virðulegi forseti, að þessar lykilgreinar séu þess eðlis að það sé léttvægt fundið þegar við setjum það fram að við getum ekki stutt þetta frv. af því að ekki er gengið lengra en raun ber vitni.

Það kom einnig fram í máli hæstv. samgrh. áðan að engin rök eru fyrir því að þetta bréf sé á hans höndum. Rökin voru einfaldlega þau að þetta sé búið að vera svona í dálítinn tíma og best að hafa það þannig áfram þó að allir viti sem er að þetta er uppskrift að hagsmunaárekstrum á þessu sviði. Þetta er uppskrift að því að menn hafa ekki trú á því að einhver samkeppni verði á þessum markaði. Þetta er nákvæmlega uppskrift að því, virðulegi forseti, og uppskrift að því að fyrirtæki munu ekki fara eins inn á þennan markað og ella væri. Það er því grafalvarlegt að þetta fyrirkomulag sé við lýði og það dugar ekki að segja: af því bara, af því að þetta er búið að vera svona í einhvern tíma. Virðulegi forseti. Það eru ekki rök í málinu.

Hæstv. samgrh. kom í ræðu sinni inn á sölu Landssímans og ræddi um að það væri hans viðhorf í málinu að Landssíminn og grunnnetið yrði selt í einu lagi, selt sem einn pakki. Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég geld mjög varhug við þeirri leið sem hæstv. samgrh. vill fara. Ég held að það yrði mikið óheillaskref ef við færum þá leið að selja þetta í einum pakka. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég treysti nú dálítið á að samstarfsflokkur hæstv. samgrh. komi í veg fyrir að af þessu verði og ef marka má yfirlýsingar fulltrúa hans í 1. umr., þá sýnist mér ljóst að þær hugmyndir hæstv. samgrh. verði a.m.k. ekki að veruleika í þessari ríkisstjórn og ég fagna því.

Hæstv. samgrh. lét að því liggja í ræðu sinni að með ummælum sérstaklega fulltrúa Samfylkingarinnar værum við að reyna að gera Landssímann og gott ef ekki starfsfólk hans tortryggilegt. Það er algerlega af og frá, virðulegi forseti. Það er hlutverk okkar að setja hinar almennu leikreglur og við erum með stöðuna á þessum markaði, hvernig hún er og það er okkar skoðun að ef ekki verður gengið lengra, þá muni þau markmið ekki nást sem að er stefnt í frv. Það er langt frá því að við höfum eitthverja sérstaka andúð á fyrirtækinu Landssímanum eða starfsfólki þess fyrirtækis og ég frábið mér ummæli af þessum toga.

Enn fremur, virðulegi forseti, ætla ég að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh. hvort hann muni á einhvern hátt beita sér í því sem forustumenn Landssímans hafa opnað á í fjölmiðlum, að farin verði sú leið að hækka þá þjónustu sem er í einokunarrekstri í dag, eins og til að mynda umræddd heimtaug sem við höfum rætt nokkuð vandlega fyrr í dag og 2. minni hluti samgn. gerði ítarlega grein fyrir, hvort samgrh. muni beita sér í því máli að koma í veg fyrir, þar sem Landssíminn er með einokun á ákveðnu sviði, að gjaldskráin verði hækkuð eins og látið hefur verið í veðri vaka í fjölmiðlum og það hugsanlega gert þannig að menn lækki þá á móti starfsemi sem er í samkeppni. Þetta getur einfaldlega ekki gengið, virðulegi forseti, og má ekki ganga þannig fyrir sig. Ég ætla því að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh.: Mun hann beita sér í því að ekki verði af þessu? Því við erum ekki að tala hér um neina smámuni, virðulegi forseti. Við erum að tala um það að ef margumrætt grunngjald hækkar úr 300 kr. í 1.000, þá aukast tekjur þessa fyrirtækis um 130 millj. á mánuði. Og ef þær hækka upp í 2.000 kr., virðulegi forseti, þá eru þetta um 300 millj. á mánuði. Ég ætla að beina því til hæstv. samgrh. hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að við horfum ekki upp á vinnubrögð af þessum toga um leið og verið er að opna, reyndar með mjög takmörkuðum hætti, þennan markað, að við horfum ekki upp á að einokunarfyrirtækin vinni með þessum hætti.

Hæstv. ráðherra kom inn á það í máli sínu áðan að við hefðum sagt við þessa umræðu að sú lagasetning sem hér er í farvatninu sé merk. Lagasetningin sem er í farvatninu er um mjög merkt svið og skiptir mjög miklu máli. Lagasetningunni er ætlað að ná yfir þann atvinnurekstur sem er í hvað mestum vexti. Það skiptir því miklu máli að lagasetningin sé framsýn og það er þar sem við gerum athugasemdir, virðulegi forseti.

Hæstv. ráðherra talaði einnig um að að hinni margumtöluðu heimtaug væri óheftur aðgangur. Hann hélt því fram, virðulegi forseti, að það kæmi fram í lögunum. Ég get upplýst hæstv. samgrh. um að svo er ekki. Ég get upplýst hæstv. samgrh. um að fulltrúi eða forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar staðfesti að svo er ekki. Það fyrirkomulag gengur þannig fyrir sig að ef einhver vill komast inn á þessa heimtaug verður hann að hefja samningaviðræður við Landssímann. Landssíminn getur nánast dregið það eins og honum sýnist, þar til hægt er að skjóta því til Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá taka við ákveðnir frestir. En það er ekki eins og Póst- og fjarskiptastofnun taki bara afstöðu til þess hvort hægt verði að komast inn á þessa heimtaug eða ekki. Póst- og fjarskiptastofnun getur nánast tekið afstöðu til þess í framtíðarmótun fyrirtækisins sem sækir um að komast inn á þessa heimtaug hvort það fari ofan í jörðina með sín samskipti eða radíósamskipti. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar sagði að tryggja yrði það að ákveðin fjárfesting mundi eiga sér stað í radíósamskiptum. Það er náttúrlega mjög alvarlegt mál, virðulegi forseti, ef menn ætla að láta sér til hugar koma að það eigi að vera hlutverk opinberra stofnana að marka framtíðarstefnu fyrirtækja á þessu sviði, þ.e. hvort þau fari með fjarskiptanet sín ofan í jörðina eða hvort þau hafi fjarskipti sín í loftinu. Ég ætla bara að vona, virðulegi forseti, að af þessu verði ekki og ég vil segja það eins og er að úr því sem komið er og úr því að ekki var möguleiki á að fá því breytt að opnað yrði á það að menn hefðu skilyrðislausan rétt til að fara inn á þessa heimtaug, eins og fram kom í máli starfsmanna samgrn. á fundi okkar. Þeir opnuðu á það að vert væri að skoða þessa hugmynd. Svo fóru þeir upp í samgrn. Síðan komu þeir til baka, virðulegi forseti, og það var ekki mikið í þeim poka. Það var nákvæmlega ekki neitt. Allt óbreytt. Opnum á smásamkeppni en um leið og hún fer að nálgast hagsmuni Landssímans, þá lokum við dyrunum. Þetta er nokkurn veginn rauði þráðurinn í þessu, því miður, virðulegi forseti, því að ég taldi og tel enn að miklir möguleikar séu að gera þetta frv. þannig úr garði að það dugi í meira en tvö ár, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson spáir, að þessi

lög muni lifa í um það bil tvö ár. Það er ekki lagt upp með mikið. Það eru ekki háleit markmið, að löggjöf sem hið háa Alþingi samþykkir dugi í tvö ár. Það verður að stíga hægt til jarðar væntanlega, ekki má rugga því sem lítið er.

Virðulegi forseti. Það var þó eitt í máli hæstv. ráðherra sem ég skildi eiginlega ekki. Ég held að það frv. sem við ræðum hér hafi þó þann stóra kost að kveðin um alþjónustu gengur mjög langt til að tryggja að allir Íslendingar, hvar sem þeir búa, eigi þess kost að fá góða fjarskiptaþjónustu. Margir hafa rætt og lagt mikið upp úr að umræðan snúist ekki um annað en hvort það sé arðbært eða hvort það sé samkeppni. Ef það er ekki arðbært, þá er frv. þannig úr garði gert að hægt er að fá greiðslur úr hvort það heitir jöfnunarsjóður eða jöfnunargjald til þess að tryggja að allir hafi aðgang að þjónustunni. Þetta er af hinu góða. Þetta tryggir að allir fái þjónustuna hvar sem þeir búa.

Virðulegi forseti. Á öðrum sviðum er það þannig að til að tryggja að neytendur fái þetta á sem bestu verði og bestu þjónustu þá þurfi að vera samkeppni. Við gerum okkur grein fyrir því að ekki verður mikil samkeppni á dreifbýlum svæðum. En það er þó búið að tryggja þeim ákveðna þjónustu á ákveðnu verði. En hæstv. ráðherra sagði einhvern veginn á þá leið að á þessu sviði væri bara ekkert öruggt að samkeppni mundi tryggja framvindu eða þróun. Þetta voru nákvæmlega hans orð. Ég ætla að biðja hann að koma upp á eftir, virðulegi forseti, og skýra þessi orð, hvað hann átti eiginlega við. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Ég er ekki frá því að þegar hann flutti ræðu sína — á sinni flóttaleið — reyndi hann að hoppa upp í hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. (**SJS:** Það er ekki dónalegt að fá far þar.) Nei, nei, það getur verið ágætt að fá far annað slagið með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Það getur verið hið besta mál.

Virðulegi forseti. Hér verður eins og ég sagði í upphafi ekki bæði sleppt og haldið. Menn halda ekki ríkisrekstrinum og opna á samkeppni um leið og reyna síðan að tryggja að þar sem myndast glufa verði lokað ef það hentar ekki hagsmunum ríkisfyrirtækisins. Það er í raun og veru þetta, virðulegi forseti, sem er kjarni þeirrar gagnrýni, sem við höfum haft frammi í þessu máli. Við frábiðjum okkur umræðu af þeim toga að með því séum við með einhverjum hætti að gera þetta fyrirtæki tortryggilegt. Fyrirtækið vinnur einfaldlega samkvæmt þeim leikreglum sem því er úthlutað af hinu háa Alþingi. Við erum hins vegar að benda á þá stöðu að þær leikreglur sem nú á að fara að lögfesta duga ekki til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Þá hefði verið miklu heiðarlegra, virðulegi forseti, að vera ekkert að gapa um það í frv. að hér ætti að efla einhverja samkeppni og tryggja hagkvæmni. Það væri miklu heiðarlegra, virðulegi forseti, en setja þetta upp með þessum hætti.

Það sem við höfum gagnrýnt er einfaldlega það að þau markmið sem að er stefnt duga ekki. Þær leikreglur sem hér á að setja til að ná þessum markmiðum duga ekki og það er okkar megingagnrýni í málinu.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi farið nokkurn veginn yfir það sem hæstv. samgrh. talaði um fyrr í dag í máli sínu. En ég ítreka það enn og aftur að minni hluti samgn. er tilbúinn til þess að taka þátt í því ef það væri mögulegt að gera á þessu frv. í raun og veru ekki miklar breytingar til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og hæstv. samgrh. getur þá rætt það í sinn hóp hvort hann sé opinn fyrir því að breyta þessu frv. á þann hátt sem við höfum talað um og þá einkanlega hvað varðar heimtaugina og gildistöku reikisamninganna. Ef það mætti breyta þessu, virðulegi forseti, á milli umræðna, er ég sannfærður um að minni hluti samgn. væri tilbúinn til að standa að slíkum breytingum.

[17:49]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd flugmálaáætlunar 1998, 293. mál, skýrsla samgrh., þskj. 492.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 292. mál, frv. GunnB o.fl., þskj. 491.

Seðlabanki Íslands, 214. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 493.

Staða verkmenntunar á framhaldsskólastigi, 294. mál, fsp. SÞ, þskj. 494.

[17:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrr í dag óskaði ég eftir því að fyrirliðar Framsfl. mættu í þingsal til að hægt væri að spyrja þá spurninga. Ég tók eftir því að hæstv. forseta hafði tekist að hafa upp á fyrirliðum Framsfl. og þeir voru mættir í þingsal á tímabili en jafnharðan gerðist það að umræðu um málið var frestað og nú sé ég enga framsóknarmenn í salnum. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort t.d. varaformaður hv. nefndar sé tiltækur og gæti mætt í þingsal. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (**Gripið fram í:** Hér kemur nú ...) (**Gripið fram í:** Ég vil að þingmaðurinn snúi sér við og dragi til baka ummæli sín.) Hæstv. forseti sem situr nú í embætti hefur ekki þann status í salnum að hann geti bæði stjórnað fundum, tekið þátt í umræðum og svarað fyrir flokkinn. (**ÖS:** Hann er nú margra manna maki.) Þó hann sé margra manna maki og ég óska eftir því að fá upplýsingar um hvað dvelji þingmenn Framsfl. sem vilja svara fyrir þessi mál. Ég vonast til þess að geta borið fram spurningar og fengið svör við þeim. Hæstv. ráðherra hefur margoft lýst því yfir í umræðunni, bæði við 1. umr. þessa máls, í blöðum og víðar, og ég hef heyrt það eftir honum og heyrt það honum frá honum, að hann sé að undirbúa sölu á Landssímanum og það sé niðurstaða hans að það eigi að selja grunnnetið með Landssímanum. Ég hef aftur á móti átt tal við ýmsa framsóknarmenn sem segja mér að ekki sé neitt samkomulag um það og ég þarf að fá svör við því.

Hv. varaformaður samgn. er mættur í salinn og hefur loksins fengið tækifæri til að setjast í sæti sitt. Það eru tvær spurningar sem mig langar til þess að spyrja hv. þm., talsmann Framsfl. í þessum málum sem um er að ræða. (**Gripið fram í:** Tilvonandi ráðherra.) Ja, tilvonandi ráðherra, ég þekki ekki goggunarröðina í Framsfl. eða þingflokki Framsfl. (**Gripið fram í:** Það er biðlisti.) Þar er mikill biðlisti segir hv. þm. Ég ætla að spyrja tveggja spurninga.

Hæstv. ráðherra samgöngumála hefur lýst því yfir mjög skýrt og skorinort að hann sé að undirbúa sölu og stefni að því að hefja sölu á Landssímanum og talar um það eins og það sé eitthvað sem gerist alveg á næstunni að þessi sala hefjist. Í fyrsta lagi: Hefur Framsfl. samþykkt að þessi sala hefjist og fari fram á næstu dögum eða vikum eða næstunni?

Í öðru lagi hefur hæstv. ráðherra látið það koma fram mjög skýrt að það sé skoðun hans og ætlan að grunnnetið eigi að fylgja með í sölu á Landssímanum. Hefur Framsfl. fallist á þetta fyrirkomulag og er það meiningin að grunnnetið verði selt með þegar Landssíminn verður seldur ef hann verður þá seldur? Hefur Framsfl. lagt blessun sína yfir þær fyrirætlanir sem hæstv. ráðherra lýsir yfir að liggi fyrir hvar sem hann ræðir þessi mál? Þar hefur ekki verið neinn vafi á í hvað stefnir.

Það eru einungis þessar tvær spurningar sem mig langar að fá svar við ef hv. þm., varaformaður nefndarinnar, gæti upplýst þingheim um hvað er á ferðinni.

[17:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þann heiður sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sýnir mér með því að leggja fyrir spurningar. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að hér er til umræðu á lokastigi frv. til laga um fjarskipti, sem er almennt um fjarskipti, í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á þeim markaði, einkum tæknilega, og ég hygg að sé nokkuð mikil sátt um grundvallaratriðin í því eins og fram kom m.a. í störfum hv. samgn. að þessu. Það snýst sem sagt um fjarskipti almennt en hefur í rauninni ekkert með eignarhald á Landssíma Íslands hf. að gera. Ef til þess kemur að selt verði þá kemur það sem sérstakt mál til kasta Alþingis. Um þetta var m.a. fjallað í 1. umr. þegar hæstv. ráðherra kynnti málið og umræðum sem fylgdu þar í kjölfarið.

Ég leyfi mér líka að vísa til þess sem segir í stjórnarsáttmálanum og þar kemur skýrt fram að þar eru ríkisstjórnarflokkarnir sammála um að hefja undirbúning að sölu en fastar er ekki kveðið að orði. Ég vona að ég hafi með þessu svarað spurningum hv. þm.

[17:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki er ég miklu nær. Ég hef lesið stjórnarsáttmálann og ég hef séð að þar stendur að stefna eigi að undirbúningi að sölu. Ég hef líka hlustað á hæstv. ráðherra og ég tiltók það áðan að hæstv. ráðherra hefur margsagt að hann sé að undirbúa sölu og stefni að því að hún hefjist innan skamms.

Ég spurði líka annarrar spurningar sem var ekki svarað. Hún var: Hefur Framsfl. samþykkt að grunnnetið fylgi með í sölunni sem verið er að undirbúa? Það hlýtur að skipta máli við undirbúning málsins því að væntanlega þarf að gera verulega miklar ráðstafanir til þess að aðskilja grunnnetið frá annarri starfsemi ef það á ekki að fylgja með. Ég tel þess vegna að svörin hafi verið afar óskýr hjá hv. þm. um það hver er stefna Framsfl. í þessu máli. Er hún kannski enn þá til athugunar eins og kom fram við 1. umr. málsins? Eru menn enn að hugsa sig um eða hafa menn samþykkt að staðið sé þannig að málum eins og hæstv. ráðherra lýsir?

[17:57]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég hafi svarað báðum spurningum hv. þm. enda hanga þær mjög saman. Ég ítreka það með því að vísa til þess sem stendur í stjórnarsáttmálanum um málið. Þar segir „að hefja undirbúning“ og þarf í rauninni ekkert meira að segja um það. Undirbúningur felur það í sér að menn skoða kosti og galla þannig að ákvörðun liggur ekki fyrir. Það er í undirbúningi svo ég svari spurningu hv. þm. alveg afdráttarlaust. Sem sagt, menn eru að skoða málið. Ákvörðun hefur ekki verið tekin um að selja, hvorki grunnnet né Landssíma Íslands hf. í heild sinni. Komi til þess þá kemur það mál til kasta Alþingis og þá mun fara fram pólitísk umræða um þann þátt. En það er bara ekki komið að því.

[17:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er kannski svona lengi að skilja en nú skil ég þetta alveg. Framsfl. er ekki til í þetta. Það er ekki komið að þeirri stund og yfirlýsingar hæstv. ráðherra eru, þó ekki sé minna sagt, allt of snemma á ferðinni. Hæstv. ráðherra hefur sem sagt verið með yfirlýsingar um hvað hann ætli að gera í málinu sem eru ekki tímabærar. Það er ekki búið að ná samkomulagi við Framsfl. um þetta mál. Þannig les ég út úr því sem hv. þm. var að segja og ég get út af fyrir sig fagnað því. Ég tel að þetta sé ágætt svar og ef ég hef skilið málið rétt sem ég efast ekkert um núna, þá munum við fá inn pólitíska umræðu um málið áður en langt um líður líklega miðað við það sem hæstv. ráðherra hefur verið að segja. En a.m.k. hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um þetta og hv. þm. Sjálfstfl. sem hafa sagt mér að slík ákvörðun lægi fyrir hljóta að hafa verið eitthvað að gera grín að mér eða koma af stað einhverjum upplýsingum sem ekki eiga við rök að styðjast.

[18:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er komið að lokum umræðunnar og ég vil þakka fyrir hana. Til mín var beint nokkrum atriðum sem ég vildi í lokin svara og hafa nokkur orð um.

Fyrst vil ég segja vegna orða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um að engin glufa sé opnuð með þessu frv. og með því sé í rauninni fyrst og fremst verið að tryggja hagsmuni Landssíma Íslands og koma í veg fyrir aðkomu annarra að mér finnst það falla heldur illa að raunveruleikanum þegar hvert fjarskiptafyrirtækið á fætur öðru á sviði símaþjónustu og internetsþjónustu sprettur upp þannig að það er feiknalega mikil gróska. Allir þeir aðilar sem vinna á þessum vettvangi hafa auðvitað kynnt sér hvað er að gerast. Ég hef orðið þess mjög ríkulega var að það er mikill áhugi og mikill vilji til að nýta sér þær breytingar sem þetta frv. felur í sér þannig að ég er mjög undrandi á málflutningi þingmannsins.

Hvað varðar spurninguna um aðganginn að heimtauginni og það sem hv. þm. sagði um að samgrh. hafi komið í veg fyrir þann vilja sem birst hafi í samgn. til þess að breyta 20. gr., þá er ég nokkuð undrandi á því sem þar kemur fram hjá þingmanninum. Ég fór rækilega yfir það í fyrri ræðu minni að heimtaugin og aðgangur að heimtaug er mjög skýrt skilgreindur í frv. þannig að ég held að það sé óþarfi að hafa miklar áhyggjur af því. Ég er reyndar undrandi á hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni, sem hefur kynnt sér þetta mál býsna vel, ef það hefur hvarflað að þingmanninum að ekki þyrfti að semja við markaðsráðandi fyrirtæki um aðgang að heimtauginni. Mér finnst að það hljóti að vera algert grundvallaratriði að þar eigi sér stað eðlilegir viðskiptasamningar en öruggisnetið felst í aðkomu Póst- og fjarskiptastofnunar sem getur skakkað leikinn ef ekki næst samningar. Aldrei hefur hvarflað að mér að einhver gæti gert ráð fyrir því að það væri hægt án samninga að komast að heimtaug því að þarna er auðvitað um verðmæti að ræða sem hlýtur að verða að greiða fyrir að komast að.

Aðeins varðandi spurninguna sem hv. þm. bar upp um hvort samgrh. muni beita sér gegn hækkunum á verði einstakra þjónustuþátta hjá símanum og nefndi hv. þm. þar heimtaugargjald, þá er því til að svara að ég legg áherslu á það að fyrirtækið fari að með gát í verðlagningu á þjónustu sinni. Það skiptir mjög miklu máli að það ríki eðlilegt ástand á þessum markaði. En jafnframt er alveg ljóst og ég held að það sé nauðsynlegt að hv. þm. hlusti á það sem ég ætla að segja að ef það er þannig að fastagjaldið hjá símanum hefur verið undirverðlagt, þegar tekið er tillit til kostnaðar, hlýtur að koma til þess að það verði endurmetið. Það hvarflar ekki að mér að hv. þm. telji það eðlilegt að ný símafyrirtæki

geti komist inn á grunnnetið inn í heimtaug á forsendum verðlagningar sem stemmir ekki við kostnaðinn sem Landssíminn hefur af rekstrinum. Ég held að það hljóti að liggja alveg ljóst fyrir að það verður að tryggja að verðlagning sé eðlileg og rétt. Ef það er nauðsynlegt að hækka fastagjaldið tel ég að það verði að gera það. En það þýðir það hins vegar vegna þess að afkoma þessa fyrirtækis hefur verið býsna góð að það hljóti að verða að koma til móts við notendur símans á öðrum sviðum þannig að símgjöldin verði ekki hækkuð óeðlilega mikið. Önnur fyrirtæki verða síðan að laga sig að þessu.

Afstaða mín til málsins er sem sagt sú að ég tel að þarna eigi fyrst og fremst að koma til mat Póst- og fjarskiptastofnunarinnar. Það er hlutverk hennar. Það er ekki ráðherrans að ákveða hver gjaldskráin eigi að vera. Það er alveg af og frá. Varnaðarorð mín eru fyrst og fremst þau: Farið gætilega í þessu viðkvæma samkeppnisumhverfi sem er núna en verðlagningin sé eðlileg, hún sé byggð á réttum forsendum. Það er staðreynd að fyrr var það þannig að síminn hafði því miður ekki metið nægjanlega vel einstaka rekstrarliði þannig að gjaldskráin endurspeglaðist af mati á kostnaði. Nú er síminn kannski að fá það í höfuðið hvað það varðar.

Ég tel að það sé mjög vel að verki staðið núna hjá Landssímanum við að endurmeta þessa hluti alla. Forsvarsmenn símans eru vel meðvitaðir um samkeppnina sem fyrirtækið stendur í eins og eðlilegt er og þeir bregðast væntanlega og vonandi eðlilega við því.

Að öðru leyti vil ég þakka fyrir ágætisumræður sem hafa orðið og vænti þess að á nýju ári geti símafyrirtækin starfað á grundvelli nýrra laga sem skapa þeim möguleika til að eflast og styrkja stöðu sína og auka og bæta þjónustu við neytendur.

[18:08]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. kom víða við í ræðu sinni sem verður náttúrlega ekki farið yfir í stuttu andsvari svo ég hef sett mig á mælendaskrá að nýju. En ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa þá margumræddu grein sem við höfum kannski rifist um í dag hvort þýði skilyrðislausan rétt fjarskiptafyrirtækja inn á margumtalaða heimtaug, 20. gr. sem hljóðar svo:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki geta ekki tengst einstökum notendum sem eru tengdir fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar í heimtaug sem er forsenda viðskiptasambands" — virðulegi forseti, og ég ítreka það — „getur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtæki fái beinan aðgang að einstökum notendum."

Ég held, virðulegi forseti, að þetta geti ekki verið miklu skýrara og að halda því fram að þetta ákvæði feli í sér skilyrðislausan rétt til þess að komast inn á þessa heimtaug takist samningar ekki og til þess að samningar takist þarf að ná samningum við hið markaðsráðandi fyrirtæki, virðulegi forseti, þá þarf a.m.k. tvo aðila til þess að ná samningum.

Það sem ég var að segja í ræðu minni áðan var að forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar sagði einfaldlega aðspurður að þeir mundu meta það hverju sinni hvort rétt væri að það fyrirtæki sem sækti um að komast inn á heimtaug ætti í framtíðinni að fara ofan í jörðina með fjarskiptanet sitt eða hvort það færi í loftið. Með öðrum orðum: Póst- og fjarskiptastofnun mundi meta það hvort rétt væri fyrir fyrirtæki að stefna að fjarskiptum í jörðu eða lofti. Þetta er langur vegur, virðulegi forseti, frá því að þetta sé skilyrðislaus réttur að heimtaug. Það er algerlega fráleitt að halda því fram. Hins vegar get ég tek undir það með samgrh. að greinargerðin með þessu ákvæði er allt annars eðlis. Þar er að finna allt annað. Hins vegar er það ákvæðið *sjálft sem ákvarðar í þessum efnum.*

[18:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson svaraði sér raunar sjálfur með því að vitna til greinargerðarinnar og mér finnst mjög undarlegt að hann skuli vera að reyna að gera þetta tortryggilegt. Í greinargerðinni með 20. gr. segir:

„Grein þessi felur í sér nýmæli í íslenskri löggjöf um fjarskipti og leggur þá skyldu" — *ég undirstrika það* — „á rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild að veita fjarskiptafyrirtækjum aðgang að notendum fjarskiptanets á grundvelli nánar tilgreindra skilyrða."

Það fer því ekkert á milli mála og í bráðabirgðaákvæði II er alveg skýrt tekið fram í lok þess. „Aðgangur að heimtaug skv. 20. gr. skal heimilaður sex mánuðum eftir að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ákvarðað um fastagjöld fyrir talsíma til samræmis við kostnað og hæfilega álagningu."

Ég veit ekki hvað hv. þm. vill hafa þetta skýrara en þarna er.

[18:11]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni algerlega ný lagatúlkun. Greinargerð gengur framar orðum laganna. Þetta er algerlega nýtt, virðulegi forseti, og ég vil segja það eins og er að gott væri að fá hæstv. samgrh. upp í háskóla og kenna *mönnum þá nýju lögfræði sem hér hefur verið tekin upp.* Með öðrum orðum, greinargerð gengur framar ákvæðum laganna. Það er algerlega nýtt og algerlega nýtt fyrir mér, virðulegi forseti, og ég játa á mig vanþekkingu ef þetta reynist rétt. Ég ætla bara að hætta þessari umræðu, virðulegi forseti, því ég sé að engu tauti verður komið við hæstv. samgrh.

Hitt sem ég gagnrýndi var kostnaðargreiningin og ég get þó tekið undir það eða kannski frekar fagnað yfirlýsingu hæstv. samgrh. hvað varðar fastagjaldið. Ég tek undir að vissulega á að greiða það verð sem kostar raunverulega að reka þetta. En ég þori að fullyrða það, virðulegi forseti, að það kostar enga 4 milljarða ef farið verður í tvöþúsundkallinn. Það kostar enga 4 milljarða tæpa að reka þetta net. Það er bara langur vegur þar í frá að ... (**Samgrh.**: Hvað veit þingmaðurinn um það?) Hann veit bara allt um það. Einhver kopar sem hefur legið 15–25 ár í jörðinni, þeir hljóta að vera að grafa aðra hverja leiðslu upp annan hvern dag. Hafa menn séð það, virðulegi forseti? Þetta er algerlega fráleitt og það er það sem ég er að gagnrýna og hæstv. ráðherra tók undir það að hann mundi tryggja það að menn mundu ekki offara í þessu og farið yrði mjög vandlega ofan í það kostnaðargreiningarmat sem Landssíminn hefur verið í. Ég verð að treysta því, virðulegi forseti, að Póst- og fjarskiptastofnun beri gæfu *til þess að koma vitinu fyrir Landssímann í þessum efnum* því að það er algerlega fráleitt. Ef það er rétt að það kosti 4 milljarða, er rétt að bjóða það út, virðulegi forseti, sem ég hef þó lesið í fjölmiðlum að hæstv. samgrh. vill ekki. Ef hægt er að greina þennan kostnað svona nákvæmlega, þá segi ég einfaldlega að við skulum bjóða hann út. Það er algerlega fráleitt að það kosti 4 milljarða að reka kopar sem hefur verið

15–25 ár í jörðinni að meðaltali. Það er algerlega fráleitt, virðulegi forseti.

[18:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. þm. víki sér undan því og falli frá frekari umræðu um 20. gr. sem hefur yfirskriftina „Aðgangur að heimtaug". Um það skyldi það nú fjalla? (**LB:** Lestu greinina.) Skyldi hún fjalla um að það sé ekki aðgangur að heimtaug? Það væri gaman að fá skilgreiningu á því. Það væri þá væntanlega hugsanlegur aðgangur að heimtaug ef það væri einhver vafi. En yfirskrift greinarinnar og síðan er hún skýrð, hvort tveggja er skýrt að mínu mati í greininni og greinargerðin fjallar að sjálfsögðu um þetta. (**LB:** Og greinargerðin gengur framar orðum laganna?) Við skulum leyfa lögfræðingunum að spreyta sig á því. Þeir voru nokkrir sem ... (**LB:** Af hverju ... ekki orð greinargerðarinnar?)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þm. um að ...)

Nokkrir lögfræðingar komu að samningu þessa frv. þannig að ég held að við þurfum ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Hins vegar er gegnumgangandi málflutningur hv. þm. að allt sem kemur frá Samkeppnisstofnun skuli vera algilt og óskeikult þannig að hv. þm. tók þetta upp í nál. sínu sem kom fram í athugasemdum Samkeppnisstofnunar en ekki var talin ástæða til þess að taka athugasemdir Samkeppnisstofnunar að þessu leyti til greina eða það orðalag sem Samkeppnisstofnun lagði til í samgn. vegna þess að menn töldu að þetta væri fullnægjandi og það finnst mér aðalatriði málsins.

Ég ætla hins vegar að vara hv. þm. við því að standa í ræðustóli og úrskurða um kostnað við heimtaugar eða rekstur símakerfisins. Það er ekki hlutverk okkar. Það er svo flókið mál að ég held að við eigum að leyfa Póst- og fjarskiptastofnun að vinna það verk og fara ofan í þá reikninga sem símafyrirtækin leggja fyrir þegar þau gera grein fyrir kostnaði við viðkomandi.

[18:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru einmitt þessi orð og önnur fyrr fallin um kostnaðinn í sambandi við einstaka þætti í rekstri þessa kerfis sem komu mér til þess að fara upp í andsvar. Það var nákvæmlega það sem ég var að reyna að vekja athygli á og vara við í sambandi við þá leið sem menn eru að einhverju leyti að reyna að byggja grunn undir með þessum lögum. Það er það vandamál sem mun ævinlega reynast mjög snúið, þ.e. að greina niður í kostnaðarlega rétta þætti einstaka hluta af rekstri slíks kerfis og þjónustu. Það er það sem ég held að muni valda endalausum deilumálum og kærumálum milli samkeppnisaðilanna og rekstraraðila netsins ef það er á einni hendi vegna þess að það er nánast óhugsandi að finna út með neinum óyggjandi hætti hvað heimtaugin kostar nákvæmlega eða lögnin inn í húsið sem hluti af mjög stóru samsettu kerfi. Ég spái því að mönnum muni ganga mjög illa að vega það niður á algerlega kostnaðarlega rétta þætti.

Það er ekki langt síðan Póstur og sími var þannig fyrirtæki að menn höfðu ekki miklar áhyggjur af því hvort einstakir þættir í starfseminni voru nákvæmlega rétt verðlagðir eða ekki vegna þess að þetta var ein stór púllía. Það gátu jafnvel verið ákveðin rök fyrir því miðað við þá stöðu sem fyrirtækið hafði, að færa þarna á milli og það var ekkert að því í sjálfu sér meðan fyrirtækið sá eitt alfarið um þessa hluti. Svo fór samkeppni að koma til sögunnar í einstökum afmörkuðum þáttum og þá fóru menn að reyna að greina kostnaðinn við þá hluta eins og sölu á notendabúnaði og meira að segja kröfðust menn þess að auglýsingar í símaskránni yrðu ekki ókeypis fyrir þetta fyrirtæki í samkeppni við aðra o.s.frv. En reynslan er sú að menn geta lent í miklum erfiðleikum við að vega og meta þessa þætti kostnaðarlega rétta. Hvort sanngjarnt er að hækka fastagjald eða ekki skal ég ekki deila um en ég spái hinu að mönnum muni reynist það erfið gata að ganga að vigta þetta allt saman rétt.

[18:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem ég tel að liggi fyrir núna eftir síðasta sprettinn í þessari umræðu er allathyglisverð staða í málinu og á þá ég við m.a. það sem kom fram í svörum við spurningum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem réttilega dró athygli að því að lítið hefur farið fyrir öðrum stjórnarflokknum í umræðunni, Framsfl. Reyndar er það svo, herra forseti, að manni finnst á stundum að sá flokkur sé alveg gufaður upp og týndur. Umræður um stórmál fara fram dögum saman og Framsfl. sést bara ekki eins og búið sé að sökkva honum. (**Gripið fram í:** Á Eyjabökkum.) Já. En það tókst þó að lokum að særa einn framsóknarmann upp í umræðunni. Hv. þm. Jóhanni Ársælssyni tókst það og það var vel og vasklega gert og þá kom í raun fram að talsvert misræmi virðist vera milli þess hvernig stjórnarflokkarnir túlka stjórnarsáttmálann í þessu sambandi.

Hæstv. samgrh. hefur gengið býsna langt í því, bæði í umræðum hér, kannski ekki sérstaklega í þeim, heldur ef ég man rétt í umræðum í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu, að hann líti á það sem brýnt verkefni sem eigi að ganga í að selja símann. Ég minnist þess að hæstv. fyrrv. samgrh. tók miklum sinnaskiptum á skömmum tíma frá því að standa í þessum ræðustóli og hafa uppi svardaga um að alls ekki stæði til að selja símann á næstunni. Til marks um það yrði gefið út eitt hlutabréf og eins og allir menn sæju væri ekki hægt að rífa það í sundur og selja úr því einhverja parta. Það yrði sem sagt ekki gert.

Síðan gerðist það að þegar hæstv. fyrrv. samgrh., Halldór Blöndal, var búinn að koma þessu í gegnum þingið tók hann fljótlega sinnaskiptum og fór að tala um nauðsyn þess að selja símann. Nú hefur eftir stjórnarskipti nýr maður, núv. hæstv. samgrh., hv. 1. þm. Vesturl., fjallað um þetta á svipaðan hátt. Þetta stendur í stjórnarsáttmálanum en að vísu með orðalagi sem strax gefur tilefni til að spyrja: Er þetta, þ.e. að selja símann, svona erfið fæðing í samstarfi stjórnarflokkanna? (Gripið fram í.) Jú, það stendur að undirbúa eigi sölu á símanum.

Hér sagði hæstv. samgrh. hins vegar að til lítils væri að undirbúa sölu á símanum ef ekki ætti að selja hann. Það er auðvitað alveg hárrétt. Til hvers er verið að leggja vinnu í það, baksa við það, setja í það peninga, fyrirhöfn og allt það og senda þá misvísandi skilaboð til þjóðfélagsins ef menn ætla ekki að selja hann? Það hefur ekkert upp á sig. Það er alveg laukrétt hjá hæstv. samgrh.

En það kom allt önnur túlkun fram á þessu hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Hv. þm. Hjálmar Árnason talaði um þetta eins og könnun, eins og úttekt.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þm. um að ljúka fundi sínum.)

Við gætum líka farið að ljúka þessum fundi, herra forseti. Það má kannski leysa málið þannig. Það er alveg rétt hjá forseta að það er óþægilegt að hafa tvo fundi í gangi í þingsalnum í einu en það má alveg eins fresta þessum fundi mín vegna og leyfa hinum að halda áfram.

Herra forseti. Ég var að koma að því hvernig hv. þm. Hjálmar Árnason túlkaði þessi orð stjórnarsáttmálans og stöðu þessa máls. Hv. þm. sagði: Það þýðir ekki að búið sé að taka neina ákvörðun um að selja símann. Nei, nei, nei. Það á að skoða kosti og galla við það mál. Þessu var lýst eins og hlutlausri úttekt af hálfu hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Hvort er nú rétt? Er þetta markviss undirbúningur undir sölu og með þá pólitísku ákvörðun að baki að selt verði? Eða er þetta einhvers konar úttekt, herra forseti, hlutlæg könnun á því hvort breyta eigi eignarhaldi á Landssímanum eða ekki? Mér finnst, herra forseti, mjög sérkennilegt ef menn ætla að skilja við þetta mál algerlega í lausu lofti hvað þetta varðar. Ég fer eiginlega fram á að þessari umræðu verði frestað þangað til stjórnarflokkarnir koma sér saman um hvað þetta orðalag í stjórnarsáttmálanum þýðir og hvernig beri að túlka það.

Framsfl. er þarna greinilega í allmiklum vanda. Ég tel að það sé rétt að það hafi verið dregið fram og er að reyna að leita sér lands í einhverri allt annarri og miklu opnari túlkun á orðalagi stjórnarsáttmálans og stöðu þessa máls heldur en hæstv. samgrh. hefur uppi. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að fá í þetta hreinar og skýrar línur. Það er ekki nóg, herra forseti, að menn skjóti sér á bak við það að segja: Já, en málið kemur fyrir Alþingi. Það verður ekki selt nema málið komi fyrir Alþingi. Þess vegna geti þingmenn bara hallað sér aftur á bak og andað rólega. Ég læt mér það ekki nægja, herra forseti. Ég vil fá frá hæstv. samgrh. og helst frá forustumönnum beggja stjórnarflokkanna skýrari svör vegna þess að ljóst er að menn gætu komið með málið þannig búið til Alþingis að þingið stæði frammi fyrir gerðum hlut. Annað eins hefur gerst, því miður. Það er auðvitað alveg óþolandi þegar í hlut eiga þessir gríðarlega afdrifamiklu og stóru hlutir þar sem eru breytingar á stærstu fyrirtækjum þjóðarinnar og stærstu sameignum þjóðarinnar, hvernig með þær er farið, að menn skjóti hlutunum í gegnum þingið með þokukenndar yfirlýsingar út og suður. Stjórnarflokkarnir komist upp með að túlka hlutina í austur og vestur. Annars vegar segir hæstv. samgrh.: Það er til lítils að undirbúa sölu ef ekki á að selja. Síðan kemur hv. þm. Hjálmar Árnason og segir: Nei, nei, þetta er svona úttekt, skoðun. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um sölu. Það er allt annað mál, alveg óskylt mál.

Þetta gengur ekki, herra forseti. Ég býst við að Landssíminn hljóti að verða að verðmæti um 30–50 milljarðar kr. Ég get varla ímyndað mér að glóra væri í að láta það fyrirtæki fara fyrir mikið minna þó að maður tæki ekkert nema hagnað upp á eina 2 milljarða á ári. Það er náttúrlega þumalputtaregla að það selur enginn maður fyrirtæki fyrir minna en sem nemur eignum þess. Ef það er fyrirtæki með sterka viðskiptalega stöðu og mjög góða afkomu, þá er gjarnan bætt við um það bil fimm til tíu ára hagnaði ofan á söluverðið. Og hvað eigum við að segja að eignir Landssímans séu, eigið fé? Eigum við að giska á 20 milljarða eða eitthvað slíkt, vægt metið? Eigum við að segja 10 sinnum 2 milljarða hagnað, þ.e. 40 milljarðar. Ég held að það sé einfalt reikningsdæmi að ekki væri glóra í því að láta þetta fyrirtæki fara fyrir minna en einhverjar slíkar upphæðir. (**Gripið fram í:** 40 milljarða.) Já, ég er að segja það, 35–50 milljarðar kr. gæti ég trúað að væri nálægt stærðargráðunni á verðmæti fyrirtækisins og þá erum við ekki að tala um neina smáaura.

Landssíminn, Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og nokkur slík fyrirtæki eru verðmætustu fyrirtæki þjóðarinnar sem eru enn þá í sameign hennar. Ekki er hægt að bjóða hv. Alþingi upp á það að fara með mál sem varðar framtíðarhagsmuni og ráðstöfun þessara eigna í gegnum þingið í algerri þoku þannig að ég óska eftir því, herra forseti, að skýrari svör fáist um áform ríkisstjórnarinnar hvað varðar sölu eða ekki sölu á Landssímanum. Það er alveg ómögulegt að skilja þannig við þetta mál á lokasprettinum að stjórnarflokkarnir tali þar í austur og vestur. Hvað felst í orðum stjórnarsáttmálans um að undirbúa skuli sölu Landssímans? Er það ígildi ákvörðunar um að selt verði eða er það málamiðlunarorðalag milli stjórnarflokkanna um að þetta verði eitthvað skoðað? Það er augljós munur á þessu tvennu, herra forseti, og ég fer fram á að skýr svör verði veitt. (Gripið fram í.) Já, það getur greitt fyrir því að umræðunni ljúki, hv. þm., ef hér fást skýr svör við því sem spurt er um. Það vill nú svo vel til að hæstv. forsrh. er kominn í salinn og hugsanlega hefur hæstv. forsrh. komið nálægt samningu stjórnarsáttmálans. (**Forsrh.:** Það er hugsanlegt.) Það er ekki útilokað, og þá gætu svör fengist frá einum af aðalhöfundum málsins en ég hefði gjarnan kosið, herra forseti, að talsmenn Framsfl. hefðu komið líka, formaður þingflokks eða hæstv. utanrrh. eða einhver annar slíkur.

Ein ástæða er enn, herra forseti, fyrir því að mér finnst nauðsynlegt að við fáum aðeins skýrari línur í málið áður en það fer út frá Alþingi svo að við komum ekki aftur að þessum málum eftir einhver missiri, eitt eða tvö ár, og stöndum þá meira og minna frammi fyrir gerðum hlut og þá verði gerð einhver ráðstöfun sem meira og minna verði ákveðin, komi hún hingað inn með fyrirvara um samþykki Alþingis að nafninu til eins og svo oft hefur því miður viljað vera. Þessi ástæða er sá verklagsháttur sem stjórnarflokkarnir hafa tamið sér þegar þeir eru að útkljá svipuð mál. Þjóðin horfir upp á það að erfiðu málin í samskiptum stjórnarflokkanna eru trekk í trekk leyst með hrossakaupum. Það er einn fyrir mig og einn fyrir þig. Ef það er kannski þannig, herra forseti, að sjálfstæðismenn vilja endilega selja Landssímann en framsóknarmenn eitthvað tregir, en á hinn bóginn sé eitthvað annað sem Framsfl. langi í, gæti það hugsast að eftir hálft eða eitt ár færi fram pínulítill kaupskapur? (**ÖS:** Nei.) Nei, hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur ekki trú á því. Hann trúir svo óumdeilanlega á hið góða í manneskjunni. En ég læt mér detta það í hug, herra forseti. Ég verð því miður að taka það á mig að vera svona efagjarn. Ég læt mér detta það í hug að t.d. þessu máli gæti lokið þannig að Sjálfstfl. fengi að selja Landssímann sinn gegn því að Framsfl. fengi eitthvað annað. En þá er það ekki þannig sem hlutirnir eiga að gerast að síðan verði fullbúnum pakkanum hent í Alþingi til málamyndaafgreiðslu og samþykkis með sama hætti og flutningur Byggðastofnunar núna og Seðlabankans á móti. Það er kaupskapur um óskylda hluti sem er svo ógeðfelldur, herra forseti, að ég vona að þau tilvik verði ekki fleiri sem koma inn af því tagi.

Hvernig er dagskrá þessa fundar, herra forseti? Er það ekki þannig að hlið við hlið séu aftur — fyrir tilviljun eða hvað — tvö algjörlega óskyld mál á dagskránni, Byggðastofnun og Seðlabankinn? Hvað eiga þau sammerkt? Hvers vegna fylgjast þau að eins og tvíburar í gegnum þingið?

Þau eiga það sammerkt að vera kaupskapur milli stjórnarflokkanna um að málin skuli ganga fram saman, einn fyrir mig og einn fyrir þig. Þessi vinnubrögð, herra forseti, eru ekki ásættanleg, að stjórnarflokkarnir séu að smygla góssi í gegnum þingið á óskýrum forsendum hvað þetta varðar. Svör hæstv. samgrh. annars vegar og hv. þm. Hjálmars Árnasonar

hins vegar gáfu berlega í skyn að staða þessa máls í samskiptum stjórnarflokkanna er óútkljáð, a.m.k. hvað Framsfl. varðar. Það gefur okkur tilefni til þess að spyrja og reyna að fá hér skýr svör.

Er fyrirhuguð sala á næsta ári eða þarnæsta ári? Er ekki ákveðið að selja á kjörtímabilinu? Er það mál bara til skoðunar? Þýðir það, þegar sagt er í stjórnarsáttmálanum að stefnt skuli að sölu eða að sala skuli undirbúin, bara einhvers konar könnun eða úttekt á málinu?

Að síðustu, herra forseti, leyfi ég mér að koma aðeins inn á það sem ég tók eftir í andsvari við hæstv. samgrh., ef hæstv. ráðherra vildi nú vera svo vænn að svara frekar til í umræðunni. Það er þessi spurning um verðlagningu einstakra kostnaðarþátta. Nú er ég ekki að biðja um krónur eða upphæð í þessum efnum heldur kannski aðferðafræði ef þessi leið verður farin, að Landssíminn haldi grunnnetinu og ákvæðin um aðgang annarra inn á netið verða virk, aðgangur að heimtaug og allir þessir reikisamningar og hvað það nú heitir komast í gang. Hvernig sér ráðherra fyrir sér að menn meti kostnaðarþættina og hver á að gera það? Er það Póst- og fjarskiptastofnunin? Kemur Samkeppnisstofnun að þeim málum? Menn hafa rætt hér um vandamál við skörun þessara tveggja aðila. Hvernig sjá menn tæknilega fyrir sér að þetta verði gert ef fyrirtækið sem í hlut á er jafnframt samkeppnisaðili í greininni? Hvernig verður farið með varðveislu viðskiptalegra upplýsinga í þessum efnum? Hvernig mun ganga að fá réttar grundvallarupplýsingar til að byggja matið á án þess að opna um leið fyrir bókhald fyrirtækisins og samkeppnisaðilans og það verði þannig úr leik eða opni algjörlega inn á sig?

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég sé bara ekki alveg hvernig menn ætla að fara þessa leið. Ég held að það séu ótal ljón á veginum, margir þröskuldar sem mönnum muni reynast torvelt að yfirstíga og klögumálin verði mörg. Ég hefði talið æskilegt, herra forseti, ef hæstv. samgrh. treystir sér til, að fara aðeins nánar yfir þennan þátt málsins áður en umræðunni lýkur. Ég ítreka svo að lokum óskir mínar um svör frá báðum stjórnarflokkunum varðandi sölu á Landssímanum.

[18:36]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur verið löng og ströng. Menn hafa farið nokkuð víða yfir í tengslum við þetta frv. Það er að verða þokkalega vel rætt. Þó eru nokkur atriði sem ég held að nauðsynlegt sé að við förum yfir áður en þessari umræðu lýkur. Í nál. voru nokkur atriði sem ég hafði ekki gert fulla grein fyrir og ég ætla að byrja á að ræða þau örlítið. Þó er kannski vert að nefna í upphafi, af því að hv. þm. Hjálmar Árnason sagði hér í ræðu sinni að um þetta mál væri mikil og almenn sátt í samgn., að maður hefur á tilfinningunni að hv. þm. hafi ekki alveg fylgst með alla leið. Það liggur fyrir að minni hluti nefndarinnar ætlar að sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ég held því að segja megi segja að það sé talsvert orðum aukið að um þetta frv. ríki allsherjarsátt. Ég hef farið yfir a.m.k. í tveimur ræðum í dag þau meginatriði sem 2. minni hluti samgn. telur gagnrýnisverð. Þó eru nokkur atriði sem ég hef ekki farið yfir. Ég ætla að leyfa mér að gera það hér í seinni ræðu minni.

Eitt af því sem við höfum gagnrýnt talsvert í þessari umræðu er sú kvöð sem lögð er á notendur þegar þeir í einstaka tilvikum vilja fara frá einu fjarskiptafyrirtæki til annars. Hjá nánast öllum gestum nefndarinnar kom fram að þeir lögðust gegn því að fjarskiptafyrirtæki sem viðkomandi notandi ætlaði að fara frá gæti innheimt gjald hjá notanda vildi hann halda símanúmeri sínu við flutning frá einu fyrirtæki til annars. Menn ræddu um að skilyrði af þessum toga væri líklegt til að hamla því að menn leituðu til þess fyrirtækis sem byði best kjörin. Ef fyrirtæki hefði þá aðstöðu að geta einhliða lagt á ákveðið gjald í því skyni koma í veg fyrir að viðkomandi notandi fari frá því mundi það hindra þá samkeppni sem að er stefnt í lögunum. Þetta gagnrýndum við harðlega í samgn., virðulegi forseti, en það fór eins og ýmislegt annað í þessu frv. Þegar að því kom að taka á þáttum sem stuðluðu að því markmiði sem að er stefnt í lögunum þá þótti meiri hluta nefndarinnar í of mikið lagt. Þar var ekki orðið við beiðni um okkar um að breyta þessu.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, hefur verið talsvert umræða um það í dag að ekki geti talist heppilegt fyrir þennan markað, sem er að slíta barnsskónum og er að hefja för sem tíðkast hefur annars staðar, að einn og sami maður fari með meirihlutavald í stærsta fyrirtækinu jafnframt því að hafa möguleika á að hafa áhrif á þennan markað með reglugerðum. Við í minni hlutanum metum það svo að slíkt fyrirkomulag sé líklegt til að koma í veg fyrir að menn treysti sér inn á þennan markað. Menn treysta því einfaldlega ekki að ný fyrirtæki fái sömu meðhöndlun og þau sem þar eru fyrir.

Virðulegi forseti. Fleiri atriði voru gagnrýnd talsvert í umræðunni í samgn. Fjallað var um að í frv. væri kveðið á um að fyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu og uppfylla ákveðin skilyrði skuli skyldug til að semja um samtengingu sín á milli. Þessu var reyndar fagnað en hins vegar var vakin athygli á því að ef ekki tækist vel til í framkvæmd væri hætta á að markaðsráðandi aðili gæti tafið mál og gert þetta ákvæði marklítið eða marklaust. Þetta höfum við m.a. gagnrýnt, virðulegi forseti, í umræðunni um svokallaða heimtaug sem hefur verið talsvert mikið í umræðunni í dag. Fyrir þá sem lítið hafa kynnt sér þetta mál held ég að fullyrða megi að þeir sem hlustað hafa á umræðuna eru þó nokkru nær um það sem þar er á ferðinni.

Það vakti athygli mína, virðulegi forseti, að í viðtali í dag lýsir hæstv. samgrh. því yfir að hann telji það ekki heppilegt að bjóða út grunnnetið þrátt fyrir að fyrir liggi, eins og m.a. hefur komið fram í máli þess sem hér stendur og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að fyrirséð er að allt tal um kostnaðargreiningu og kostnaðarmat muni valda verulegum vandræðum þegar fram líða stundir og muni kannski valda mestum deilum á meðan menn eru að fóta sig í nýju fjarskipta- og markaðsumhverfi sem verið er að reyna að búa til. Það vakti athygli mína að hæstv. samgrh. skyldi, í viðtali við Morgunblaðið, segja að hann teldi ekki heppilegt að fara þá leið að bjóða út grunnnetið.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi nú farið nokkurn veginn yfir það sem ég tel að máli skipti og ætla því að láta staðar numið að sinni.

[Fundarhlé. — 18:44]

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 292, nál. 434, 453 og 470.

[20:02]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. um Póst- og fjarskiptastofnun. Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og fengið á sinn fund ýmsa sérfræðinga úr ráðuneyti og frá stofnunum og frá fyrirtækjum.

Við samningu frv. var höfð hliðsjón af frv. til nýrra fjarskiptalaga sem lagt var fram samhliða.

Í frv. er leitast við að skerpa á úrræðum stofnunarinnar til að afla upplýsinga frá einstökum póst- og fjarskiptafyrirtækjum á markaðinum og gera stofnuninni þannig kleift að rækja hlutverk sitt samkvæmt frv. til fjarskiptalaga. Er stofnuninni m.a. ætlað veigamikið hlutverk við framkvæmd reglna um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu.

Þá er gert ráð fyrir því nýmæli í frumvarpinu að stofnuninni verði veitt heimild til að taka ákvörðun til bráðabirgða þegar aðstæður krefjast þess að mati hennar og dráttur á niðurstöðu máls er til þess fallinn að valda verulega tjóni.

Í frv. eru ákvæði um að skýra skuli valdmörk Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar.

Einnig er gert ráð fyrir að tekið verði sérstakt gjald fyrir úthlutun símanúmera til rekstrarleyfishafa og úthlutun einstakra stuttnúmera. Verði gjald fyrir þriggja stafa númer 1.000.000 kr. og 200.000 kr. fyrir fjögurra stafa númer. Er tilgangurinn m.a. að draga úr eftirspurn þar sem um fá númer er að ræða og því erfitt, þegar til lengri tíma er litið, að anna eftirspurn.

Þá er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki, póstrekendur og rekstrarleyfishafar skuli árlega greiða Póst- og fjarskiptastofnun rekstrargjald sem nemi 0,25% af bókfærðri veltu. Vegna ákvæða 77. gr. stjórnarskrárinnar um skipan skattamála er nauðsynlegt að heimild til skattlagningar sé skýr í lögum og er því mælt fyrir um að gjaldið sé fast hlutfall af bókfærðri veltu.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á tilvísun í 6. mgr. 5. gr. en þar er vísað í 7. mgr. greinarinnar í stað 9. gr. frv.

Þá leggur meiri hlutinn fram brtt. við 3. gr. þar sem bætist ný svohljóðandi málsgrein:

„Forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar er heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar sem framkvæmd er með heimild í lögum þessum.“

[20:05]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Hér kemur frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun til 2. umr. Undirritaður, sem skipar fyrsta minni hluta samgn., vill fyrst gera þá athugasemd, herra forseti, að þetta frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun kom afar seint fram og fékk aðeins umfjöllun í örfáa daga í samgn. Miðað við þann hraða sem var óskað eftir að frv. fengi í gegnum nefndina til afgreiðslu tel ég að það hafi alls ekki fengið nægan tíma og ekki var hægt að leita þeirra umsagna sem hefði verið æskilegt varðandi þetta frv.

Ég vil í upphafi lýsa þeirri skoðun minni að það ætti að vera alveg ástæðulaust að leggja stjórnarfrv. eins og þetta fram á síðustu dögum fyrir jólaleyfi, svona viðamikið mál eins og Póst- og fjarskiptastofnun í rauninni er fyrir alla landsmenn. Ef réttum og skipulegum vinnubrögðum væri beitt væri óþarfi að láta þetta gerast á þennan hátt.

Herra forseti. Þetta frv. færir til nútímavegar ýmis atriði sem þarf að leiðrétta miðað við þá þróun sem orðið hefur, bæði í alþjóðasamningum og alþjóðasamskiptum og eins líka varðandi fjarskipti og í sjálfu sér er margt gott um það að segja.

Aftur á móti er, herra forseti, í þessu sami þráður og ég vil aftur vara við, þetta er Póst- og fjarskiptastofnun, þetta er póstþjónustan líka. Í þessu frv. er nánast hvergi minnst á þjónustuskilyrði, þjónustukröfur, hvergi er minnst á öryggið sem þjónustan á að veita. Talað er um rekstrarleyfi og skilyrði fyrir rekstrarleyfum. Það er svo gott og blessað og eðlilegt að svo sé en þjónustukröfur nefndar númer eitt. Ítrekað er talað um samkeppni og samkeppniskröfur en lítið fer fyrir þeim þjónustukröfum.

Þó vona ég, herra forseti, að þjónustukröfur leynist í þessum greinum þó að nú þurfi að orða þetta með allt öðrum hætti en á því máli sem við Íslendingar skiljum. Ég vek athygli á því, herra forseti, að í 3. gr. er sagt:

„Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru:

Að veita rekstrarleyfi fyrir almenna fjarskiptaþjónustu og net, setja skilyrði um almennar heimildir til að veita fjarskiptaþjónustu, sundurliðuð eftir þjónustu, allt í samræmi við lög um fjarskipti. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan þeirra marka sem fjarskiptalög segja til um.“

Öll þessi þjónustustarfsemi er orðuð í formi reksturs og rerkstrarleyfa. Í 2. lið 3. gr., herra forseti, með leyfi, stendur:

„Að veita leyfi til póstþjónustu samkvæmt lögum um póstþjónustu. Stofnunin setur skilyrði í rekstrarleyfum eftir því sem við getur átt innan marka laga um póstþjónustu.“

Ég hefði gjarnan viljað sjá í frv. það skilyrði að það væri póstþjónusta fimm daga í viku heim á alla bæi og það væri sett í lög en ekki eingöngu talað um rekstur. (**Gripið fram í:** Forstöðumaðurinn mundi þá bera út.) Já, hann væri sjálfsagt bara ágætur til þess og nokkuð góður. Hann bæri a.m.k. ábyrgð á að það væri gert.

En ég leyfi mér aftur að benda á, herra forseti, að í 22. tölulið 3. gr. stendur:

„Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal framfylgja lögum um fjarskipti og póstþjónustu og tryggja að markmið laganna náist. Skal það gert m.a. með því að stuðla að samkeppni og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti í póst- og fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptaneta.“

Aftur og aftur. Ég get farið í grein eftir grein þar sem stöðugt er minnst á samkeppni, samkeppni og aftur samkeppni en þjónustan er falin að mestu leyti. Ég vil bara vekja athygli á því að póstur er þjónusta og Póst- og fjarskiptastofnun, sem á að fylgjast með slíku, hlýtur að setja sér þjónustumarkmið, öryggismarkmið á vera númer eitt, arðsemin og það hvernig einhver samkeppni er hér á markaði er síðan annað mál.

Ég bendi á t.d. að víða úti um land er verið að berjast fyrir því að halda uppi þeirri póstþjónustu sem var. Ég minni á pósthúsið í Varmahlíð. Núna síðustu árin er verið að skerða opnunartímann þar og sjálfsagt kemur að því að afgreiðsludögum verður fækkað. Þetta fólk sem á 50 eða hundruði kílómetra á langt að, ekki er hægt að vera að bæta þessa þjónustu.

Herra forseti. Ég vil draga þetta alveg sérstaklega fram vegna þess að það er þjónustan númer eitt, tvö og þrjú sem

við þurfum að fá lögboðna og lögstyrkta. Samkeppni innan Stór-Kópavogssvæðisins er síðan bara annað mál.

Herra forseti. Ég leyfi mér að lesa hér upp nál. sem undirritaður hefur lagt fram:

„Frv. er lagt fram samhliða frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti í þskj. 143 og taka brtt. í því mið af frumvarpi til fjarskiptalaga. Með vísan til nefndarálits 1. minni hluta samgöngunefndar um frumvarp til laga um fjarskipti mun 1. minni hluti sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Ástæða þess er einkum sú að ekki er nógu fast kveðið á um þjónustukröfur, þjónustuskilyrði og öryggishlutverk.

Varðandi brtt. sem hv. formaður samgn. mælti fyrir, sem var verið að leggja fram þar sem gert er ráð fyrir að forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar sé heimilt að fela öðrum hæfum aðilum að framkvæma einstaka þætti skoðunar, er það bara liður í því að fara að einkavæða þessa skoðun. Ekki hefur það verið reynsla okkar úti um land að einkavæðing á skoðunum og eftirlit og skoðunarstofum og þjónustu og viðbragðsflýti hafi verið til góðs, því miður. Ég er því algjörlega andvígur þessari brtt. Hún undirstrikar áfram að samkeppni, einhver arðsjónarmið en ekki þjónusta, öryggi og viðbragðsflýtir sem á að vera höfuðsýn Póst- og fjarskiptastofnunar.

[20:14]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir nál. 2. minni hluta samgn. um frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun og er á þskj. 470.

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum er nátengt því frv. sem við ræddum fyrr í dag og nánast óaðskiljanlegur hluti af því. Meginefni þessa frv. og umræðan um það hefur fyrst og fremst snúist um það hvernig verkaskipting eigi að vera hjá þeim eftirlitsaðilum sem eiga einmitt að tryggja að farið sé eftir þeim reglum sem þeim eru settar í því skyni, virðulegi forseti — vegna orða þess ræðumanns sem flutti langt mál áðan — til þess einmitt að tryggja þjónustu, til þess einmitt að tryggja lágt verð. Ég held að að mörgu leyti hafi vel tekist til með það frv. sem við ræðum hér en þar sem við í 2. minni hluta í samgn. teljum að þetta frv. sé nánast bara hluti af því frv. sem við ræddum í dag og verður vart á milli skilið munum við sitja hjá vegna þeirra athugasemda sem við höfum gert fyrr í dag við það frv. og þær athugasemdir eiga einmitt við um þetta.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, hef ég gert nokkuð skýra grein fyrir þessu frv. Meginefnið er það að Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun er ætlað að komast að samkomulagi um það hvernig þær sinna þessu eftirliti. Ég er sannfærður um að þeim mun takast að sinna þessu eftirliti eins og til er ætlast svo ég geri ekki lengra mál úr þessu, virðulegi forseti.

[20:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera efnislegar athugasemdir við frv. sjálft sem hér um ræðir vegna þess að hv. þm. Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hefur lýst afstöðu okkar og skoðunum á frv. sem slíku. En ég vil koma á framfæri undrun minni á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru. Mjög lítil umræða hefur orðið um þetta mál og ég vil sérstaklega gera athugasemd við það að sá stjórnarflokkur sem stærir sig af því að sækja mikið af fylgi sínu út á land hefur nánast ekki sést í þingsalnum í dag við umfjöllun um málið. Það er mjög alvarlegt vegna þess að við hljótum, og þá á ég sérstaklega við þá sem búa úti á landi og þekkja aðstæður þar, að krefjast svara um hvert menn ætla að stefna í þessu máli. Það þarf að svara mjög mikilvægum spurningum.

Það sem háir landsbyggðinni í dag er vöntun á aðgangi að netinu. Við vitum öll að fyrirtæki sem eru einkavædd og eiga að skila hámarksárangri vinna út frá því að sitja að feitustu og bestu bitunum, það er lögmálið. Og ég vil taka innilega undir með framsetningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar þegar hann lýsti eftir því að við ræddum um markmiðin með stofnunum af þessu tagi. Markmiðið hlýtur að vera að þjóna öllu landinu þó svo að það borgi sig ekki á vissum svæðum per se. Það hlýtur að vera markmið okkar að hægt sé að ná út um allt land og allir eigi jafnan aðgang að þessum línum og kerfum. Þetta er því stóráhyggjuefni.

Hver maðurinn á fætur öðrum segir hér að þetta verði ódýrara. Hvað eru menn að tala um ódýrara þegar margoft hefur komið fram að íslenska símakerfið er með því ódýrasta í heimi? Það er líka talið vera með því tæknivæddasta í heimi. Hvað er að því að eiga sameiginlega fyrirtæki sem blómstrar á þann hátt? Ekki nokkur skapaður hlutur. Við höfum marglýst því yfir að við höfum sérstakar áhyggjur af einmitt þessum þætti og teljum að engin ástæða sé til þess að einkavæða með því offorsi sem hér gerist. Og að taka ákvarðanir á hinu háa Alþingi um sölu á fyrirtæki landsmanna sem er metið, eins og fram hefur komið í umræðunni í dag, upp á 30–50 milljarða, hvar í ósköpunum mundi þetta gerast í viðskiptageiranum sem flestir hv. þm. virðast vera svo hrifnir af í dag? Halda menn að þeir tækju sér ekki betri tíma til að fara ofan í þessi mál og skoða hvað væri um að vera og hvernig væri best að koma hlutum fyrir? En það virðist alls ekki vera gert.

Það er líka sérstakt áhyggjuefni að í þessari hröðu uppbyggingu, sem er nauðsynleg, hefur landsbyggðin verið á eftir og það tefur fyrir. Það eru meira að segja stórir ferðamannastaðir sem ná ekki GSM-sambandi og komast ekki inn á línurnar, inn á ljósleiðara o.s.frv. Það hefði nú verið gott að fá svör við því frá hv. þm. Framsfl. hvernig á að tryggja uppbyggingu og tengingu þessara svæða sem um ræðir miðað við þau lög sem þeir ætla að keyra í gegn núna og sölu á fyrirtækjunum. Þessu er að mínu mati algjörlega ósvarað.

Þess vegna hef ég miklar áhyggjur af framtíðinni fyrir landið í heild. Ég efast ekkert um að einkavætt fyrirtæki getur þjónað ágætlega þéttbýlisstöðunum á suðvesturhorninu og e.t.v. einhverjum af stóru bæjunum en landið er miklu, miklu stærra. Og þetta er þröngsýni ef við högum málum þannig, t.d. út frá túrisma að ekki sé hægt að ná sambandi alls staðar og þjónustan sé ekki veitt alls staðar, inn til dala og uppi um fjöll. Það er samfélagslegt markmið okkar að innanríkismálin séu vel rekin og er metnaðarmál og lykilatriði hvers einasta lands.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lýst okkur reiðubúin til þess og gerðum það í fyrri umræðum, að gera breytingar og vörpuðum því fram að við værum til viðræðu t.d. um að selja símann en að flutningsleiðirnar yrðu í sameiginlegri eign. Það var flótur á því máli að fara í það út frá þeim sjónarhóli.

En nú á að selja allt í einum pakka og miðað við reynsluna frá söluæði síðustu ára og mánaða líður sennilega ekki á löngu þar til þetta verður komið í hendurnar á fjármagnseigendum. Þeir fjármagnseigendur þurfa kannski ekkert nauðsynlega að vera Íslendingar, þetta getur lent úti í Chicago

eins og mörg önnur símafyrirtæki heimsins. Ég vildi gjarnan koma þessu að og vil sérstaklega lýsa eftir afstöðu Framsfl. vegna þess að ég tel að Framsfl. þurfi að segja kjósendum sínum úti um allt land hvernig hann hyggist gæta hagsmuna þeirra. Það er lykilatriði í þessu máli.

[20:21]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að leiðrétta misskilning hjá hv. síðasta ræðumanni. Þó að frv. um Póst- og fjarskiptastofnun hafi ekki verið lengi í hristimaskínu samgn. þá var mjög ítarlega fjallað um það, og frv. er samtengt öðru frv. um fjarskipti sem við höfum rætt hér í dag. Mjög ítarlegar og vandaðar umsagnir bárust um það frv. og menn báru ávallt saman bækur um þessi tvö frv. í allri umfjöllun sem eðlilegt er.

Þeir sem fjölluðu um frv. í samgn. voru Ragnhildur Hjaltadóttir og Einar Hannesson frá samgrn., Gústav Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Jakob Falur Garðarsson, aðstoðarmaður samgrh., Þórarinn V. Þórarinsson, Páll Ásgrímsson, Bergþór Halldórsson og Kristján Indriðason frá Landssíma Íslands, Eyþór Arnalds og Ágúst Sindri Karlsson frá Íslandssíma, Ragnar Aðalsteinsson, Ragnar Tómas Árnason og Þórólfur Árnason frá TAL hf., Guðmundur Sigurðsson og Ásgeir Einarsson frá Samkeppnisstofnun, Björn Davíðsson frá Snerpu á Ísafirði, Svavar Kristinsson frá Íslenskri miðlun, Guðjón Rúnarsson og Sigríður Á. Andersen frá Verslunarráði Íslands, og Stefán Hrafnkelsson frá Margmiðlun hf. Auk þess boðaði samgn. fulltrúa Neytendasamtakanna til viðræðu um þetta frv. en einhverra hluta vegna sáu Neytendasamtökin ekki ástæðu til að mæta í þá umfjöllun.

Miðað við umfang frv. og miðað við tengingu þess við fjarskiptafrv. þá er mjög eðlilegur framgangur á meðferð málsins í samgn. miðað við mörg fordæmi á síðustu áratugum.

[20:24]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir að upplýsa mig um hverjir mættu fyrir nefndina. Ég vissi það reyndar. En það eru margir aðrir aðilar í samfélaginu sem ég hefði gjarnan viljað að hefðu komið þar til og hefði átt að kalla til. Miðað við upptalningu hans þá liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að áhyggjur mínar af stöðu mála á landsbyggðinni eru e.t.v. enn þá meiri vegna þess að kannski hefði átt að kalla til aðila sem eru notendur á hinum endunum. Það sem stendur upp úr mörgum þessara manna sem hafa verið kallaðir til er ásetningurinn um að einkavæða og hvernig eigi að fara að því. Ég held að þetta hafi allt saman verið ákveðið fyrir fram en ekki að skoða ætti hlutina hlutlaust.

Ég er líka að lýsa áhyggjum mínum og vanþóknun á því hversu lítil umræða fer í þessi mál á þinginu öllu. Við höfum ekki notað sérstaklega mikinn tíma í þetta. Og við þessa umræðu núna er ekkert óeðlilegt að menn lýsi eftir skoðunum annars stjórnarflokksins, Framsfl., á þessu máli sem hefur varla látið sjá sig hér í umræðunni í dag. Það er mjög mikið áhyggjuefni.

[20:25]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á því við hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson að mjög gott samstarf og samstaða er í meiri hluta samgn. Það er líka ástæða til að minna á það vegna þess að þingmaðurinn hefur áhyggjur af landsbyggðinni að þingmenn Sjálfstfl. eru í fararbroddi í sókn og vörn fyrir landsbyggðina og landið í heild með tilliti til sérstöðu ýmissa landshluta. (Gripið fram í.) Það hafa verkin sýnt og sannað og dæmið gengið fram og það léttir vonandi á áhyggjum hv. þm. þegar hann hugleiðir það nánar.

[20:26]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú best að nota ekki þessa mínútu til að svara þessu efnislega. Það sýnir sig árangurinn af stjórnarstefnu sjálfstæðismanna síðustu tvö kjörtímabil hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig. Landsbyggðin hefur aldrei tapað eins mörgum til suðvesturhornsins og núna allra síðustu ár og það er hrun úti um byggðirnar, á þriðja þúsund manns. Það kallast óreiða í innanríkismálum. Ef við eigum að fara út í umræður af þessu tagi um stöðu landsbyggðarinnar þá er það efni í heilan dag þess vegna.

En ég lýsi því yfir enn og aftur að ég tel að þjónusta gagnvart hinum dreifðu byggðum sé í stórhættu og við höfum meira að segja fundið forsmekkinn þegar menn hafa verið í einkavæðingartöktum. Það eru ýmsir þættir, t.d. hjá símanum, sem eru nú þegar orðnir miklu lélegri úti um land en var, t.d. að ná í þjónustu. Ég nefni sem dæmi að ef manni liggur á að hringja í 118, þá er það bara allt annað mál en var fyrir um þremur missirum. Ég tel því að nú þegar sé byrjað, í undirbúningi einkavæðingarfasa, að skerða þjónustu sem var með miklum blóma og til fyrirmyndar.

Þess vegna vil ég koma að hér þeim miklu áhyggjum mínum af þessu máli. Ég ítreka það enn og aftur sérstaklega að ég tel allsendis óviðunandi að annar stjórnarflokkurinn, framsóknarmenn, skuli ekki hafa séð ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu og veita svör svo heitið geti.

[20:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem tekið hafa til máls um frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun og þá sérstaklega hv. samgn. og þeim þingmönnum sem þar hafa starfað og einnig þeim sem hafa komið að vinnu nefndarinnar fyrir mjög gott starf og vandaða vinnu.

Formaður samgn. gerði grein fyrir brtt. sem hér er og ég lýsi ánægju minni með hana.

Ég vildi aðeins bæta við vegna þess sem hér hefur komið fram að það er alveg ljóst að Póst- og fjarskiptastofnun hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna sem eftirlitsaðili. Vegna þess að hér komu til tals hagsmunir hinna dreifðu byggða þá minni ég á fjarskiptalöggjöfina og 13. gr. sem snýr að alþjónustunni. Auðvitað mun það verða og er hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar á grundvelli þessa frv. að hafa eftirlit með því að alþjónustunni verði sinnt af þeim símafyrirtækjum sem fá til þess rekstrarleyfi og ég vona að það verði eins og til er stofnað.

Ég vildi síðan aðeins nefna vegna þess sem kom fram í andsvari um þjónustu 118, þó að það varði ekki Póst- og fjarskiptastofnunina eða frv., að skýringar á því að einhver bið kann að vera á að svarað sé í 118 er hin feiknarlega aukna eftirspurn eftir þeirri þjónustu vegna GSM-símakerfisins og margvíslegrar annarrar þjónustu sem er í auknu framboði hjá símafyrirtækjunum. Það er því ekki það að dregið hafi verið úr þjónustu heldur er verið að auka við þjónustuna í rauninni. En að öðru leyti vil ég ekki orðlengja þetta og þakka fyrir ágæta umfjöllun.

[20:30]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kom aðeins inn á von sína og væntingar um að nú yrði staðinn vörður um þjónustuna. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. samgrh.: Hvenær er að vænta og hvernig birtast reglur sem kveða á um póstþjónustu og póstútburð út um allt land til jafns við það sem gerist í þéttbýlinu? Hvenær og hvar getum við séð þær reglur og gæðakröfur sem settar verða fram um þessa þjónustu, m.a. um póstútburð, póstþjónustu heim á íslenska sveitabæi a.m.k. fimm daga í viku?

[20:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég segja að Íslandspóstur hefur lagt töluverða vinnu í að gera áætlanir um sína þjónustu. Það liggur ekki endanlega fyrir hvernig hún muni aukast. Það fer auðvitað eftir afkomu félagsins.

Það er rétt að minna á að póstþjónustan var árum saman rekin með halla og var talin svona vera í fóstri hjá Landssímanum eða símaparti Póst- og símamálastofnunar. En nú horfir mun betur með þessa starfsemi. Náðst hefur prýðilegur árangur, að ég tel, í rekstri Íslandspósts og að því er stefnt að auka þessa þjónustu. Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar um það núna. Ég tel eðlilegt að fyrirtækið tilkynni það sjálft. Ég hef átt fund með stjórnarformanni Íslandspósts og forstjóra fyrirtækisins og það er verið að undirbúa það að auka þessa þjónustu úti í dreifbýlinu, sérstaklega þar sem er starfsemi á borð við skóla og þvílíka þjónustu þannig að að því er stefnt að þjónustan verði aukin. En ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar hér og nú um hvernig það verður. Það verður kynnt af hálfu fyrirtækisins.

[20:33]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir góð fyrirheit hæstv. ráðherra. En ég ítreka, herra forseti, að fyrir mér er póstþjónusta spursmál um þjónustu en ekki arð. Fyrir mér er þetta spursmál um að þjónustunni sé haldið uppi og ef Pósturinn sem fyrirtæki á eitthvað erfitt með að sinna sinni þjónustu þá er okkar að taka þar í taumana, þá er okkar að sjá til þess að bæta úr. Það má ekki vera háð arðsemiskröfum fyrirtækja hvort þjónusta er veitt, t.d. póstþjónusta um land allt.

Herra forseti. Síðan vil ég árétta og spyrja hæstv. ráðherra: Er það ekki hæstv. ráðherra sem setur þjónustukröfurnar, sem setur kröfur um þá þjónustu sem fyrirtæki sem ætla sér að veita póstþjónustu verða að uppfylla, þ.e. bæði þjónustuna og öryggi hennar? Er það ekki hæstv. samgrh. sem setur þær reglur og ræður því hvenær hann getur sett þessa kröfu fram? Ef svo er þá vona ég að það verði gert sem allra fyrst og ekki í ljósi arðsemissjónarmiða heldur í ljósi þjónustusjónarmiða.

[20:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt er háð því að fjármunir séu til staðar þegar um þjónustu er að ræða þannig að það verður nú vart að skilið, þjónusta og fjármunir til þess að veita hana. Allt hangir það saman.

Það er hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar að hafa eftirlit með þessum póstþjónustufyrirtækjum og þá sérstaklega einkaréttarhlutanum. Sú stofnun sem setur kröfur í starfsleyfi og fylgist með því og fylgir því eftir (**JB:** Hver er yfirmaður hennar?) að reglunum sé fylgt. (**JB:** Hver er yfirmaður, æðsti maður?) Það er alveg ljóst og það hefur komið mjög rækilega fram hérna í dag satt að segja hver fer með eignarhaldið á þessu fyrirtæki þannig að það þarf ekki að hefja þá umræðu að nýju. (**JB:** Hefurðu húsbóndavaldið?)

Ég var að segja það hér áðan, herra forseti, vegna andsvars hv. þm. Jóns Bjarnasonar, að ég hef átt ágætis fund með forsvarsmönnum þessa fyrirtækis, Íslandspósts, og ég treysti því að þeir standi sig í stykkinu við að veita þessa þjónustu. Skýrasta og sterkasta dæmið um að Íslandspóstur vill veita góða þjónustu, ekki síst í dreifbýlinu, er þjónustan sem búið er að setja upp í Grímsey þar sem ágætu pósthúsi var komið fyrir í nýrri flugstöð og það sýnir að ríkur vilji er hjá Íslandspósti til þess að standa sig vel. Ég tel engar líkur á öðru en að framhald verði á því fremur en að það minnki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:37]

Útbýting þingskjala:

Gjaldeyrismál, 162. mál, þskj. 482.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 200. mál, þskj. 483.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 25. mál, þskj. 486.

Seðlabanki Íslands, 161. mál, þskj. 481.

Skattfrelsi norrænna verðlauna, 4. mál, þskj. 484.

Skráð trúfélög, 69. mál, þskj. 488.

Staða garðyrkjubænda, 18. mál, skýrsla landbrh., þskj. 495.

Tekjuskattur og eignarskattur, 5. mál, þskj. 485.

Ættleiðingar, 68. mál, þskj. 487.

Framhaldsskólar, 2. umr.

Stjfrv., 101. mál (aðlögunartími, fornám, samræmd lokapróf o.fl.). — Þskj. 102, nál. 388.

[20:38]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 388 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 80/1996, um framhaldsskóla, með síðari breytingum, frá menntmn.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að kennarar sem ráðnir eru í störf aðstoðarskólameistara fái sambærilegan rétt til leyfis frá kennarastörfum og þeir kennarar sem ráðnir eru í embætti skólameistara, fornám í framhaldsskólum verði skipulagt innan almennra námsbrauta framhaldsskóla og kveðið er skýrar á um heimild menntamálaráðherra til þess að ákveða með reglugerð hvaða lokapróf framhaldsskóla verði samræmd. Þá verði skipan starfsgreinaráða ákveðin með reglugerð og við skipan þeirra verði tekið tillit til hagsmuna þeirra starfsgreina sem ekki njóta þegar fræðslu á framhaldsskólastigi. Að lokum er lagt til að framlengja aðlögunartíma til þess að koma ýmsum ákvæðum laganna að fullu til framkvæmda.

Nefndin telur rétt að leggja áherslu á að með fyrirhuguðum breytingum á fornámi við framhaldsskóla er verið að fella það inn í hina almennu námsbraut.

Nefndin bendir á að í 4. gr. frumvarpsins er ekki verið að falla frá þeirri skyldu að samræma lokapróf úr framhaldsskólum heldur er nánar kveðið á um að ráðherra ákveði með

reglugerð hvaða próf verði samræmd og hvernig samræmd próf verði framkvæmd. Reynslan hefur t.d. sýnt að vegna breytileika starfsnáms er nauðsynlegt að fyrir hendi sé svigrúm til að skipuleggja utanaðkomandi mat með hagkvæmari hætti en samræmdu prófi.

Nefndin leggur til breytingu við 1. efnismgr. 4. gr. frumvarpsins. Samkvæmt hefð hefur hugtakið stúdentspróf eingöngu verið notað um lokapróf af bóknámsbrautum en markmið náms á þeim brautum hefur fyrst og fremst verið að veita almennan undirbúning til náms í háskólum. Hugtakið stúdentspróf er hins vegar ekki skilgreint í lögunum. Þrátt fyrir þetta eru forsendur nemenda sem ljúka stúdentsprófi af bóknámsbrautum mismunandi hvað varðar möguleika til áframhaldandi náms og fer það eftir því hvaða námsbraut þeir hafa valið í framhaldsskóla. Þannig veitir stúdentspróf ekki nein ákveðin réttindi heldur er það metið eftir því námi sem að baki býr. Í ljósi þessa er talið rétt að nemendur í starfsnámi geti einnig lokið framhaldsskólanámi með stúdentsprófi. Því er lagt til að hugtakið stúdentspróf verði notað um öll lokapróf úr framhaldsskóla sem veita undirbúning til áframhaldandi náms í skólum á háskólastigi. Aðrar breytingar á greininni eru eingöngu orðalagsbreytingar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu á 4. gr. sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir, rita undir nál. með fyrirvara.

[20:41]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli formanns nefndarinnar, hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þá rita ég undir þetta nál. með fyrirvara. Ég stend að þeirri brtt. sem hér var kynnt. Hún er mjög til bóta. En ég treysti mér ekki til þess að styðja málið alveg hiklaust þó að ég og Samfylkingin muni greiða þessu máli atkvæði þegar það kemur til endanlegrar atkvæðagreiðslu.

Fyrirvari minn tengist aðallega því að hér eru að eiga sér stað ákveðnar breytingar, þ.e. verið er að fella niður fornám sem verið hefur í einhverjum framhaldsskólanna og því er beint inn á almennu brautirnar. Sömuleiðis er það að gerast að samræmd próf í 10. bekk grunnskóla verða bæði fleiri og verða auk þess valkvæð þannig að reikna má með því að í framhaldsskólana fari að koma nemendur sem ekki hafa lokið öllum samræmdum prófum og með því má reikna að stórum hópi þessara nemenda sem ekki taka samræmd próf af einhverjum ástæðum eða hugsanlega einungis eitt eða tvö, verði jafnframt beint inn á þessar almennu brautir.

Fyrirvari minn, eins og ég segi, tengist kannski fyrst og fremst því atriði að þessar almennu brautir hafa ekki verið nægjanlega skilgreindar og tilfinning mín eftir umfjöllun nefndarinnar er sú að menn séu ekki alveg búnir að marka brautina, að menn hafi ekki alveg náð utan um þá hugsun sem er í frv. og tengt hana síðan áfram yfir á þær breytingar sem eru að verða í sambandi við lokapróf úr grunnskóla.

Kennarafélögin voru með umsögn um þetta mál þar sem fram koma ákveðin sjónarmið sem mér finnst ástæða til þess að halda til haga. Þau eru á þeirri skoðun að sú umgjörð sem dregin er um almennu námsbrautina sé enn þá býsna óskýr og kennarar telja jafnframt að engin fagleg rök standi til þess að fella 18. gr. og skilgreiningu hennar á starfrækslu fornáms brott úr lögunum.

Ég get alveg út af fyrir sig fellt mig við það að ekki sé endilega til braut sem heitir fornám heldur fari allir nemendur inn á svokallaða almenna námsbraut þó að ég geti líka tekið undir þær áhyggjur kennarafélaganna að almenna námsbrautin gæti orðið nokkurs konar „ruslakista“ eins og það er orðað.

Þess vegna er mikilvægt að menn séu nokkuð vissir um það hvert þeir stefna. Það er alveg ljóst varðandi nemendur sem eru að útskrifast úr 10. bekk og munu gera það eftir að lögin taka gildi, þ.e. lögin um breytingar á grunnskólalögum sem gera 10. bekkjar samræmdu prófin valkvæð og fjölga þeim að auki, og nemendur munu fara að ráða því sjálfir hvort þeir ganga undir samræmd próf og þá hver þeirra, að við munum fá nýja hópa, ef það má orða það þannig, inn í framhaldsskólana sem framhaldsskólarnir eru kannski ekki tilbúnir til í dag að segja hvernig þeir muni taka á móti.

Framhaldsskólarnir munu að öllum líkindum þurfa að skerpa inntökuskilyrði sín. Það er alveg ljóst að miðað við stöðuna núna má reikna með að almennu brautirnar þurfi að taka við mjög breiðum hópi nemenda, mun breiðari en fer inn á aðrar brautir.

Ég er nokkuð viss, herra forseti, um að á næstu árum þurfum við að takast á við þetta mál, þ.e. breytingar sem eru að verða á skilunum milli grunnskóla og framhaldsskóla. Það er kannski eðlilegt, við erum að vinna með bæði ný grunnskólalög og ný framhaldsskólalög og því ekki óeðlilegt að menn þurfi að takast á við breytingar á löggjöfinni eftir því sem reynslan kennir mönnum hvað betur megi fara. Ég er nokkuð viss um að á næstu árum kalli þessar breytingar á enn frekari skoðun framhaldsskólalaganna. Þá þarf að skoða þær brautir sem skilgreindar eru í lögunum og skýra hvernig almenna brautin á að taka á móti þessum breiða hópi eða móta aðrar brautir sem geti uppfyllt þær kröfur og komið til móts við þær aðstæður sem mér sýnast vera að skapast.

Þetta var sá fyrirvari, herra forseti, sem ég vildi gera grein fyrir en að öðru leyti má segja að ýmislegt í frv. séu breytingar sem ekki eru óeðlilegar. Það kom fram strax við 1. umr. að ekki væru stór ágreiningsmál sem hér kæmu inn í þingið. Það er meiningarmunur og kannski fyrst og fremst það að menn treysta sér ekki til að styðja málið hiklaust, ekki allir endar hnýttir eins og maður hefði viljað sjá.

[20:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli formanns hv. menntmn., Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þá skrifa ég undir nál. með fyrirvara og satt að segja er fyrirvari minn af sama toga og hv. ræðumanns sem talaði á undan mér, Svanfríðar Jónasdóttur. Hann lýtur aðallega að 2. og 3. gr. í þessu frv. sem hér liggur fyrir.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um að 16. gr. laganna breytist þannig að fornám verði fyrir þá nemendur sem ekki hafa gert upp hug sinn eða ekki uppfyllt skilyrði þau sem gilda til inntöku á lengri námsbrautir framhaldsskólans. Fornámi er svo lýst í 18. gr. núgildandi laga, með leyfi herra forseta:

„Menntamálaráðherra getur heimilað stofnun og starfrækslu fornáms við framhaldsskóla. Fornám er skipulagt sem eins árs nám fyrir nemendur sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi. Menntamálaráðherra setur nánari reglur um fornám og skilyrði fyrir stofnun þess.“

Herra forseti. Upp á fornám er boðið í langflestum framhaldsskólunum nema stórum skólum á borð við Menntaskólann í Reykjavík, Verslunarskólann, Kvennaskólann, Menntaskólann við Sund, Menntaskólann við Hamrahlíð og Menntaskólann á Akureyri. Í þessum skólum er ekki boðið

upp á fornám. Hins vegar stefnir í það með þessari lagabreytingu að þessir skólar bjóði upp á fornám eins og aðrir skólar. Það þýðir að sjálfsögðu, herra forseti, að ákveðinna breytinga er að vænta í þessum fjölmennustu framhaldsskólum. Þær breytingar lúta þá fyrst og fremst að námsaðstoð við nemendur og ráðast þá auðvitað af kostnaðarhlið þessara mála. Af því tilefni vil ég vitna í umsögn um frv. frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu. Þar er því lýst að ekki séu fyrirséð aukin útgjöld vegna þessa frv. Ég vitna í þá umsögn orðrétt, með leyfi forseta:

„Talið er að það hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins að fella niður lagaákvæði um fornám en ætla þess í stað almennri námsbraut að þjóna nemendum sem til þessa hefur verið vísað í slíkt undirbúningsnám auk þess að þjóna þeim sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi áframhaldandi nám. Að því leyti sem þessi breyting kann að hafa áhrif á kostnað ræðst hann af námskrá sem menntamálaráðherra setur, ákvörðunum um hvaða skólar bjóða fram almenna námsbraut og hvernig skólum tekst að skipuleggja kennslu fyrir nemendur sem þurfa mismikinn stuðning."

Herra forseti. Í fornámi eru einatt litlir hópar saman. Yfirleitt eru ekki fleiri í fornámshópi en 15 nemendur. Það eru miklu fámennari hópar en gera má ráð fyrir að verði á almennu námsbrautunum í framhaldsskólunum. Ef blanda á saman þeim sem eru með tilskilin lokapróf úr grunnskóla og hinum sem eru núna í svokölluðum núlláföngum þá þurfa þeir sem eru í núlláföngunum meiri stuðning eða öðruvísi skipulag á námi og mögulega fleiri kennara á almennu námsbrautinni en hingað til hefur verið. Það þýðir, herra forseti, aukinn kostnað. Ég er því sannfærð um að þessi umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. gæti orðið þung í skauti. Það verður erfitt að gera þessa breytingu án þess að til komi aukin námsaðstoð sem leiða mundi af sér aukinn kostnað.

Einnig er mikil þörf fyrir að skilgreina betur þessa almennu námsbraut svo að hún verði ekki einhvers konar ruslakista eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi að Kennarasambandið og Hið íslenska kennarafélag hefðu kallað það í umsögn sinni um frv. Eins er ljóst að með breytingum á grunnskólalögunum er ekki alveg á hreinu hvernig inntökuskilyrðum í framhaldsskólana verður háttað, ekki á bóksnámbrautirnar og reyndar ekki á starfsnámsbrautirnar heldur. Meðan allt er óljóst um hvernig nemendahópurinn verður saman settur, hve stór hann verður og hverjar þarfir hans verða á þessum almennu brautum þá er ómögulegt að fullyrða að hér verði ekki um aukinn kostnað framhaldsskólanna að ræða. Að þessu lýtur fyrirvari minn fyrst og fremst.

Mig langar auk þessa að gera að umtalsefni 5. gr. í frv. sem fjallar um starfsgreinaráðin. Það kom í ljós á fundum nefndarinnar að það hefur ekki allt gengið sem skyldi með starfsgreinaráðin. Hér er grein sem á að reyna að bæta þar úr. Nú er starfandi samstarfsnefnd um starfsgreinaráð þar sem 14 ráð starfa undir nefndinni. Það hefur gengið misvel að fá ráðin til að vera virk í menntuninni og það eru ýmsar ástæður gefnar, m.a. þær að ýmsar starfsgreinarnar hafa ekki mikinn áhuga fyrir menntunarmálum greinarinnar. Það er kannski erfitt að skylda fólk til að koma upp starfsgreinaráðum ef áhugi á því er ekki fyrir hendi. Í ráðuneytinu er í gangi starf til að koma þessu í betra form. Í máli gesta nefndarinnar, þar á ég við Ingiberg Elíasson og Hörð Lárusson, kom fram að það er brennandi áhugi bæði hjá kennurum og ráðuneytisfólki að standa betur að þessum málum, bæta stöðuna, bæta virkni starfsráðanna og efla þau. Ég met það svo, herra forseti, að í 5. gr. sé reynt að koma til móts við þann veruleika sem starfsgreinarnar hafa verið að takast á við varðandi mönnun starfsgeinaráða.

Hitt kom líka fram í máli þeirra sem heimsóttu nefndina að það strandar ýmislegt á peningum í þessu eins og kannski víðar. Það strandar t.d. á peningum hve erfitt er að fá ráðin til að vinna vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir launakostnaði við störf ráðanna. Það kom fram í máli Ingibergs Elíassonar sem heimsótti nefndina að ráðin hefðu einungis 400–500 þús. kr. til umráða á ári og það nægði vart fyrir meiru en kaffikostnaði meðan á fundum þeirra stæði. Hér er verið að gera tilraun til að bæta úr. Þar er sannarlega þörf á og ég spái því, herra forseti, að við komum til með að þurfa að fylgja þessu máli mjög vel eftir á næstu missirum. Það kemur trúlega til með að verða rætt áfram í hv. menntmn. hvernig hægt er að halda þannig á málum að starfsgreinaráðin geti virkað og verið sú öfluga stoð sem þau þurfa að vera í menntamálum.

[20:55]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka upp þráðinn þar sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sleppti honum og víkja sérstaklega að 5. gr. frv. þar sem fjallað er um starfsgreinaráð. Ég sakna þess að fyrir nefndina voru ekki kallaðir nema fulltrúar örfárra þeirra aðila sem hlut eiga að máli og hefði talið eðlilegt að þar hefðu komið fulltrúar bæði samtaka atvinnurekenda og einnig heildarsamtaka launafólks, Alþýðusambands Íslands og BSRB svo að dæmi séu nefnd. Þessi samtök eiga öll fulltrúa í þessum starfsgreinaráðum. Þar hefði án efa komið fram ýmis sú gagnrýni sem ég hef orðið vitni að. Ég átti þess kost fyrir fáeinum dögum að sitja ráðstefnu fulltrúa úr þessum starfsgreinaráðum þar sem þeir sögðu á þeim kost og löst. Almennt var ánægja með starfið. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að misvel hefur til tekist. Í sumum tilvikum hefur miðað vel og í öðrum e.t.v. síður. Þó er það sammerkt með öllum þessum ráðum að þau byggja á mikilli vinnu. Í þeim tilvikum sem vel hefur miðað hefur vinnan verið mjög mikil.

Í starfi fulltrúa verkalýðsfélaganna, samtaka launafólks, er mikið um ólaunaða vinnu. Menn starfa mikið á vegum félaga sinna og hreyfinga án þess að taka nokkra þóknun fyrir. Þegar um er að ræða lögbundið starf eins og í þessu tilviki er hins vegar eðlilegt að fyrir það sé greitt. En hér mismunar ríkisvaldið. Fulltrúum ráðuneytanna í starfsgreinaráðunum er greitt fyrir þeirra störf. Fulltrúum samtaka launafólks er ekki greitt fyrir störf þeirra. Það er ætlast til þess að þau félög eða heildarsamtök sem standa á bak við þau greiði kostnaðinn.

Heildarsamtökin hafa þann hátt á, alla vega í einhverjum tilvikum, — þar sem ég þekki best til er svo — að greiða ferðakostnað og útlagðan kostnað þeirra sem taka þátt í þessu starfi. Um aðrar greiðslur er hins vegar ekki að ræða. Ég vildi gjarnan heyra álit hv. formanns nefndarinnar á því hvort komið hafi til tals að gera breytingu á þessu og hvort það hafi þá verið rætt við fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Ef svo er ekki vil ég koma því á framfæri að gerð verði breyting á lögunum hvað þetta snertir, að fyrir þetta starf komi greiðsla.

Ef ríkið ætlar að fara út á þá braut að greiða ekki fyrir starf í nefndum sem starfa lögum samkvæmt heldur gera einstökum félögum eða samtökum að standa straum af þeim kostnaði þá eru menn að mínum dómi komnir út á mjög

vafasama braut. Þetta er t.d. landsbyggðarfjandsamleg hugsun vegna þess eins að það er miklu ódýrara að kveðja fólk til starfa í nefndum af höfuðborgarsvæðinu þar sem þessar nefndir eru yfirleitt starfandi. Í annan stað er ég ekki viss um að æskilegt sé að setja félög og samtök í þessa stöðu, að vega það og meta út frá peningalegum forsendum hvar borgi sig að taka þátt og hvar ekki. Mér finnst þetta mjög mikilvægt atriði. Ég hef orðið var við mjög mikla og þunga gagnrýni frá hreyfingum launamanna á að þessi háttur skuli hafður á. Ég vil taka mjög eindregið undir þá gagnrýni og leyfi mér að beina þeirri spurningu til hv. formanns menntmn. hvort hún er reiðubúin að beita sér fyrir því að á þessu verði gerð bragarbót.

[21:01]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson beindi til mín spurningu hvort það hefði verið skoðað eitthvað sérstaklega við meðferð þessa máls hvort ástæða væri til að gera breytingar á lögunum í þá veru að greiða fulltrúum launafólks sem eiga sæti í starfsgreinaráðum sérstaklega fyrir þá vinnu. Það var ekki rætt og ég veit ekki til þess að sú umræða sé uppi í menntmrn. Það kann þó að vera án þess að ég hafi vitneskju um það. Ég get hins vegar greint frá því að þegar frv. um framhaldsskólann var í undirbúningi og smíðum, þá var auðvitað fyrst og fremst ætlunin með starfsgreinaráðunum að virkja samtök launafólks og atvinnurekenda, þ.e. fulltrúa atvinnulífsins til mikillar samvinnu við skólana um uppbyggingu starfsnáms. Þess vegna þótti skynsamlegt að þessir aðilar tækju þar með ábyrgð á sínum fulltrúum og mundu ákveða sjálfir hvort þeir sæju ástæðu til þess að þeir fengju greidd laun fyrir þetta eða hvernig því væri hagað af þeirra hálfu. Það er alveg ljóst að starfsgreinaráðunum er ætlað mjög stórt hlutverk við mótun innihalds starfsnáms.

[21:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi sjónarmið hefðu komið fram ef fulltrúar þessara samtaka hefðu verið kallaðir fyrir nefndina. Það var ætlun ríkisstjórnarinnar að fá þessi samtök öll til samstarfs og virkja þau í þessu starfi. Það hefur tekist og fyrir því er fullur vilji. Ég er aðeins að benda á að á þetta sjónarmið var hins vegar aldrei fallist, þ.e. að samtökin greiddu fyrir þetta.

Ég er að segja: Hvaða rök mæla gegn því að sá háttur verði hafður á? Þetta er landsbyggðarfjandsamleg hugsun og það er mjög vafasamt að fara út á þá braut að stilla þessum samtökum upp við vegg að þessu leyti þannig að þau vegi og meti á fjárhagslegum forsendum hvort það borgi sig að taka þátt í þessu starfi.

Ég ætla því ekki að þræta við hv. formann nefndarinnar um þetta. Það er greinilegt að henni er ekki kunnugt um þessi sjónarmið eða þessa gagnrýni sem fram hefur komið. Ég vil koma henni mjög rækilega á framfæri og óska eftir því að þetta mál verði tekið til velviljaðrar skoðunar.

[21:04]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í þessu sambandi upplýsa hv. þm. Ögmund Jónasson um að til marks um það hversu mikil áhersla er lögð á þátt aðila atvinnulífsins í starfsgreinaráðunum, þá hafa skólamenn gagnrýnt að ekki skuli vera fleiri í þeirra hópi tilnefndir í starfsgreinaráðin en raun ber vitni.

Það er engin spurning að ætlunin með starfsgreinaráðunum var að virkja aðila atvinnulífsins til þess að taka ábyrgð og hafa áhrif á mótun starfsnáms. Ég tel að það hafi tekist ágætlega en þó auðvitað mismunandi vel eftir greinum. Það er alveg ljóst að ýmsar greinar hafa komið inn í þetta á mjög öflugan hátt. Ég ætla ekki að fara að nefna sérstakar greinar, en það er til mikillar fyrirmyndar hvernig þær hafa tekið á málum.

Ég vísa því til föðurhúsanna að hér sé um að ræða einhverja landsbyggðarfjandsamlega hugsun þó að ætlast sé til þess að þessir aðilar taki ábyrgð á því að ákveða sjálfir hvort þeir greiða sínum fulltrúum fyrir að sitja í starfsgreinaráðunum eða ekki.

[21:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að fara fram á annað og meira en að þetta yrði tekið til velviljaðrar athugunar. Þetta er greinilega sjónarmið sem ekki hefur komið til umræðu í nefndinni en hefði komið til umræðu hefði verið kallað á þessa aðila.

Ég þekki nokkuð vel til þessara mála. Ég sat nýlega ráðstefnu eins og ég gat um áðan hjá samtökum þar sem ég þekki vel til. Þar voru fulltrúar úr þessum starfsgreinaráðum komnir saman til að ræða málin og gefa skýrslu um starfið á undangengnum mánuðum þannig að það er ekki nokkur skortur á áhuga á að taka þátt í þessu starfi.

Ég er hins vegar að vekja athygli á því að þetta fyrirkomulag grefur undan því samstarfi. Ég er að koma þeirri ábendingu á framfæri og óska eftir því að það verði tekið til velviljaðrar athugunar og endurskoðunar á lögunum hvað þetta snertir.

[21:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breyting á lögum um framhaldsskóla, með síðari breytingum. Fátt hefur meiri þýðingu fyrir uppbyggingu samfélags okkar og framtíð þjóðarinnar en menntun og skipan hennar og ekki síst sú menntun sem hér er til umfjöllunar. Ég harma það, herra forseti, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur umræðu um jafnmikilvægan málaflokk og þessi er. Hæstv. menntmrh. hefur lagt kapp á að taka menntamálin og stjórn þeirra sem mest inn í sitt ráðuneyti og stýra því þaðan. Ég harma að hann skuli ekki vera viðstaddur þó ég beri jafnframt fulla virðingu fyrir og meti mikils formann hv. menntmn., Sigríði Önnu Þórðardóttur. Ég veit að hún getur vel svarað fyrir þann málaflokk sem að nefndinni snýr og vinnu hennar. En málaflokkurinn er hins vegar á ábyrgð menntmrh. Við erum í sjálfu sér að fjalla um stórmál og ástæða til þess að hann væri hér og fylgdi þessum málum eftir. Ég geri samt ekki kröfu til þess að hann verði sóttur.

Herra forseti. Ég vil fyrst spyrja hv. nefndarformann hverjir hafi verið kallaðir fyrir nefndina. Voru kallaðir til fulltrúar frá iðngreinunum, frá atvinnulífinu, frá hinum ýmsu starfsmenntagreinum, frá tæknigreinum? Sérstaklega 4. gr. frv., og reyndar 2. gr. einnig, fjallar í rauninni um ákveðið verðmætamat eða gildismat á því hvað nám sé og hún fjallar um hvaða staðlaðar kröfur eru settar á nám sem er þóknanlegt og að þær kröfur séu samræmdar.

Við lifum í margbreytilegu þjóðfélagi. Margt gerist frá degi til dags og stöðugt er ný tækni og ný verkefnasvið að koma inn þannig að hugtökin menntun og þekking hafa fengið allt aðra merkingu en áður. Þetta eru ekki bara latínu- og

prestaskólar núna með fullri virðingu fyrir því námi. Sviðið er svo víðtækt. En þessi mikla áhersla sem lögð er á bóknámsbrautir og bóknámsbrautir til stúdentsprófs er ákveðin vísbending um það hvernig þjóðfélagið metur menntun.

Sú þróun var komin í gang að menntun ætti sér víðtækari skilgreiningu þannig að fólk gæti farið í háskólanám með fjölbreytilegan bakgrunn, þ.e. að þekkingin sjálf skiptir máli, að þekkingin væri menntunin. Í 4. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla er veita undirbúning til náms á háskólastigi lýkur með stúdentsprófi. Í reglugerð skulu sett ákvæði um samræmingu stúdentsprófa, framkvæmd þeirra og heimildir nemenda sem stunda nám á öðrum námsbrautum til þess að þreyta samræmd stúdentspróf."

Nemendum sem eru í öðru námi en bóknámi er hins vegar gert skylt samkvæmt frv., ef þeir ætla að fá inngöngu í háskóla, að ljúka því sem kallað er stúdentspróf hér og á að vera inngönguleið í háskóla. Þrátt fyrir að þeir geti verið með margs konar annars konar menntun sem er nauðsynlegur undirbúningur undir háskólanám, þá skulu þeir líka, til þess að fá þennan stimpil, hafa þreytt einhvers konar samræmd framhaldsskólapróf sem ráðherra síðan kveður nánar á um.

Herra forseti. Þetta er spor aftur á bak ef eitthvað er, þ.e. að við skulum binda þetta í lög um framhaldsskóla. Þeirri skoðun hefur vaxið fylgi og er það þegar komið í lög og ákvæði margra annarra skóla, háskóla og tækniskóla, að þeir setja sínar eigin inntökukröfur. Má ég vitna til nýsettra laga um háskóla þar sem kveðið er almennt á um inngöngu í háskólann:

„Nemendur, sem hefja nám í háskóla, skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla.

Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis.

Háskólar geta ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist, þar á meðal að láta nemendur sem uppfylla framangreind skilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf."

Nú vil ég samt ekki skilja þessa tillögu þannig — en frá því getur hv. formaður menntmn. hafa skýrt — að þarna sé í sjálfu sér verið að binda háskóla þannig að þeir megi ekki taka inn aðra nemendur en þarna er talað um. Ég skil það ekki svo og vona að svo sé ekki. En þarna er verið að gefa alvarlega vísbendingu og það er ástæðulaust að greina svo alvarlega á milli þess sem kallað er bóknám og þess sem er kallað verknám. Þetta er ekki hugsunarháttur næstu aldar, herra forseti. Þetta er ekki sú menntunarsýn sem við eigum að hafa til næstu aldar. Þetta er skömmtunarsýn, þetta er takmörkunarsýn. En það sem er alvarlegast, herra forseti, er að það þarf stöðugt að vera að berjast fyrir rétti tækninám og starfsnáms. Það þarf stöðugt að vera að berjast fyrir stöðu þess náms og auðvitað á það líka mjög erfitt uppdráttar vegna þess að það fær ekki lagalega viðurkenningu.

Ég leyfi mér að benda á þetta, herra forseti, vegna þess að ég tel að þarna sé verið að leggja fram afar veikan og í raun slæman grunn. Það ber að styrkja og efla tækni- og starfsnám og það ber að gefa því aukinn rétt. Nemendur sem ætla sér í háskóla ætla sér það því þeir telja sig hafa menntunarlegan grunn undir það og þeir vilja fá tækifæri til að takast á við það. Þeir geta hafa sótt sér þennan grunn með ýmsum hætti, með skólagöngu, með þekkingu úr atvinnulífinu og starfslífinu og hinu daglega lífi, með sérhæfðu námi og með kunnáttu og færni.

Ég þekki það, herra forseti, úr starfi mínu að þeir nemendur, sem koma inn með þennan ásetning og fjölbreyttan bakgrunn, bakgrunn sem þeim er virkilega styrkur í, standa sig best í námi. Ég hefði ekki viljað fá þær kröfur á skólann að mér yrði algjörlega sett fyrir hverjir mættu koma þar inn með reglum um að þeir hefðu lokið stúdentsprófum með einkunnir úr einhverjum samræmdum ákveðnum greinum sem hefðu verið ákveðnar miðstýrt frá einhverju skrifstofuvaldi hjá framkvæmdarvaldinu.

Skólar og menntun eiga að fá aukið sjálfstæði, aukið svigrúm, til þess að þróa sig og tækni- og starfsnám verður að fá hærri sess, okkur er svo mikil nauðsyn á því að tækni- og starfsnám fái hærri sess í þjóðfélaginu en nú er, á því byggist framþróunin.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta öllu meira, en þær kröfur sem þarna er verið að setja fram, eru kröfur um meiri miðstýringu á námi, það er framsetning um miðstýrðar kröfur og þær geta virkað hamlandi á þróun náms og menntunar. Skólar út um hinar dreifðu byggðir munu líka eiga erfiðara með að uppfylla þessar kröfur, þær væntingar sem þarna eru settar fram, því út um hinar dreifðu byggðir er það tæknimenntunin, starfsmenntunin, færnin og það að geta gert hlutina en ekki bara talað um þá og skrifað um þá, sem skiptir máli og fleytir fólki áfram og við eigum ekki að vera að setja neinar hindranir með lagasetningum í þá veruna.

[21:18]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst einvers misskilnings gæta í máli hv. síðasta ræðumanns. Það frv. sem við erum að ræða eru breytingar við framhaldsskólalögin sem voru sett fyrir þremur og hálfu ári. Markmiðið með þeirri löggjöf, framhaldsskólalöggjöf sem í gildi er, var fyrst og fremst að efla starfsnám í landinu. Sett voru í þá löggjöf miklu nákvæmari lagaatriði um þau efni en áður hafa verið mörkuð í íslenskri löggjöf. Með þessu frv. er eingöngu verið að gera smávægilegar lagfæringar á framhaldsskólalöggjöfinni og með þessu frv. er ekki verið að setja inn í lög að það skuli samræma próf út úr framhaldsskólanum. Ákvörðun hefur þegar verið tekin um það. Það er nú svo að það vantar samræmdan mælikvarða inn í framhaldsskólann. Það er ekki nokkur spurning um að það er álit fagfólks. Ég tel að það sé eingöngu til góðs hvað það varðar að viðbótarnám fyrir starfsnámsnemendur sé skilgreint og hverju þeir þurfa að bæta við sig til þess að teljast hafa lokið undirbúningi til náms á framhaldsskólastigi og að það skuli þá kalla það viðbótarnám að þeir ljúki því með stúdentsprófi. Þar held ég í raun og veru að verið sé að færa þessa nemendur á nákvæmlega sama stig og alla aðra nemendur í framhaldsskólanum, að þeir sem fara inn á háskólastigið hafi lokið stúdentsprófi, hvort sem þeir koma af starfsnámsbrautunum eða einhverjum öðrum brautum.

[21:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því sem hv. formaður menntmn. kom inn á að hér er ekki verið að taka allan lagabálkinn fyrir, heldur breytingar. Engu að síður þegar maður tekur breytingar fyrir er maður líka að taka fyrir áherslur og þær koma þá þarna fram. Sú þróun

er á framhalds-, tækni- og háskólanámi að eðlilegra er að þeir skólar setji sér frekar kröfur til inntökuskilyrða en að verið sé að snerpa á þeim í lögum um framhaldsskóla þó ég taki vissulega undir með hv. formanni menntmn. um að gæðakröfur í námi þurfa að sjálfsögðu að vera til staðar. En þetta þarf að eiga sér sýn og ég árétta að starfsmenntun og tæknimenntun á undir högg að sækja í þjóðfélaginu, kannski ekki endilega með vilja Alþingis eða frá Alþingi, heldur bara í raun. Við þurfum þess vegna að beita öllum leiðum til að styrkja það og veita því aukin réttindi til framhalds.

[21:21]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um það síðasta sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi erum við sammála. Markmiðið með framhaldsskólalöggjöfinni var einmitt að efla starfsnám og unnið er mjög markvisst að því. Ég tel að sú vinna sé í mjög góðum farvegi og eigi eftir að skila okkur miklum árangri í framtíðinni.

[21:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sannfærður um að við, ég og hv. þm. og formaður menntmn., deilum einlægri von og áhuga um að styrkja og efla þetta nám. Þess vegna, herra forseti, tel ég að þeir skólar sem taka við nemendum á framhaldsskólastigi, eigi að setja inntökureglurnar en ekki að við bindum þær hér, nema sem allra minnst, og að þeir sem koma úr tækni- og starfsnámi eigi jafnvel að njóta forgjafar inn í framhaldsnám, svo fremi sem þeir skólar sem við þeim taka sætti sig við þær kröfur.

[21:24]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í tilefni af þessum umræðum vil ég aðeins láta þess getið út af starfsgreinaráðunum og út af aðgangi að háskólum, að starfsgreinaráðin eiga eins og vitað er að gera tillögur til menntmrn. um námskrárnar á sínu sviði. Síðan er markmið menntmrn. að búa þannig um hnúta að af öllum starfsnámsbrautum geti menn farið upp í háskóla. Sú breyting sem verið er að gera á framhaldsskólalögunum og nefndin hefur flutt brtt. um, um aðgang að háskólum, opnar öllum, sem hafa hafið nám í framhaldsskóla og taka próf sem veitir þeim réttindi til inngöngu í háskóla, rétt til að taka stúdentspróf. Hér er að mínu mati verið að styrkja mjög leiðir í starfsnámi upp á háskólastigið og auðvelda nemendum mjög að komast af starfsnámsbrautum inn í háskóla. Ég fagna því að nefndin flytur tillöguna og tel að hún sé mjög mikilvæg til að starfsnámið hljóti þann sess í framhaldsskólunum sem menn telja að það þurfi að hljóta í samanburði við bóknámsbrautirnar. Ég held að það skref sem við erum að stíga með þessu frv. núna og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á því, séu til þess fallnar að styrkja enn þá stefnumörkun sem felst í framhaldsskólalögunum almennt að efla stöðu verknáms og starfsnáms í landinu og þess vegna sé mikilvægt að líta til þess.

Varðandi umræðuna um stöðu starfsgreinaráðanna og hlut einstakra aðila í að greiða kostnað af þeim, er það svo að þetta mál hefur verið til umræðu á vettvangi menntmrn., en lögin mæla skýrt fyrir um að það eru aðilarnir sem standa að því að tilnefna menn í starfsgreinaráðin sem bera kostnað af fulltrúum sínum. Ég tel að sú skipan sé eðlileg og hef talið það skynsamlegt miðað við hlutverk þessara aðila í starfsnáminu og við skipulag þess að þessi skipan sé sem höfð er og eins og áfram er mælt fyrir í lögum þrátt fyrir þær breytingar sem er nú verið að gera.

[21:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa komið hér og tekið þátt í umræðunni. Ég vil taka undir með hæstv. menntmrh. um að það beri að styrkja starfsmenntun og tæknimenntun og að skipan hennar verði með þeim hætti að hún geti byggst upp af virðingu og reisn vítt og breitt um landið. Þess vegna að hvarvetna, — þetta er nærri því eins og jafnréttisbarátta, ekki veitti af að setja alls staðar þar sem maður getur komið því við í lagasetningum og reglugerðum og tali um menntun — sé starfsmenntun og tæknimenntun sett númer eitt og tvö, svo mikilvægt er þetta fyrir þjóð okkar og að þessi menntun verði byggð upp og tryggð um allt land .

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur). — Þskj. 308, nál. 400.

[21:26]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 400 vegna frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Sjútvn. stendur öll að þessu nál. Í því frv. sem hér um ræðir er m.a. lagt til, og skiptir greinilega miklu máli fyrir Ísland, að eins verði farið með innflutning á sjávarafurðum frá Liechtenstein og gert er með innflutning sjávarafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í öðru lagi sé Fiskistofu falið að vinna og birta skrá yfir framleiðendur og vinnsluskip sem hafa hlotið viðurkenningu. Í þriðja lagi að frystiskipum verði bætt við þá aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins sem gjald er innheimt af til að bera kostnað af eftirliti með sjávarafurðum. Að lokum er lagt til að til og með 30. júní 2001 þurfi að leita leyfis fyrir innflutningi lifandi sjávardýra en núgildandi ákvæði laganna um þetta fellur úr gildi á gamlársdag nk. Fram til þess tíma, þ.e. til 30. júní 2001, er stefnt að því að fá samþykkta viðbótarvernd gegn innflutningi á lifandi fiski frá stöðum þar sem tilteknir fisksjúkdómar finnast í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins.

Nefndin mælir með samþykkt frv. óbreyttu. Undir nál. skrifa auk formanns og framsögumanns, hv. þm. Sturla D. Þorsteinsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir og Hjálmar Árnason, en hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 200, nál. 436, brtt. 437 og 466.

[21:29]

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 436 um frv. til laga um málefni aldraðra frá heilbr.- og trn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti Vilborgu Hauksdóttur, Hrafn Pálsson og Símon Steingrímsson og Vilborgu Ingólfsdóttur frá landlæknisembættinu. Þá komu á fundinn frá Aðgerðahópi aldraðra Halldór Þorsteinsson, Árni Brynjólfsson, Páll Gíslason og Guðmundur Jóhannsson, Hrefna Sigurðardóttir frá Félagi stjórnenda í öldrunarþjónustu, Jón Helgason frá samstarfsnefnd um málefni aldraðra, Þórður Skúlason og Sigurður Óli Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Jón Eyjólfur Jónsson og Sigurbjörn Björnsson frá Félagi íslenskra öldrunarlækna, Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi formaður stjórnar Sunnuhlíðarsamtakanna og fyrrverandi formaður samstarfsnefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um málefni aldraðra, Ólafur Ólafsson frá Félagi eldri borgara í Reykjavík og Benedikt Davíðsson frá Landssambandi eldri borgara.

Mál þetta var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi og þá bárust nefndinni umsagnir frá Aðgerðahópi aldraðra, Grund – elli- og hjúkrunarheimili, Hrafnistu – dvalarheimili aldraðra, Landssambandi eldri borgara, Reykjavíkurborg – félagsþjónustu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Skjóli – Eir – hjúkrunarheimili og Sunnuhlíð – hjúkrunarheimili. Málið er nú endurflutt með fáeinum breytingum og borist hafa umsagnir frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Félagi íslenskra öldrunarlækna og ný umsögn frá Aðgerðahópi aldraðra.

Helsta markmið frumvarpsins er að gera lögin einfaldari og skýrari og þá eru tiltekin hugtök skilgreind. Sú veigamikla breyting er jafnframt gerð að aldraðir koma að ákvarðanatöku um eigin mál í auknum mæli. Helstu breytingar aðrar eru þær að fulltrúum í samstarfsnefnd um málefni aldraðra er fjölgað um tvo í samræmi við mikilvægi nefndarinnar. Þjónustuhópur aldraðra tekur við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða sem verða lögð niður. Sveitarstjórnir skipa fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í stað öldrunarnefnda og verður hópurinn skipaður fimm fulltrúum í stað fjögurra og Framkvæmdasjóður aldraðra skal nú samhliða öðrum störfum sínum styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er fellt niður það ákvæði að samstarfsnefnd um málefni aldraðra úrskurði um kærumál. Nefndin telur rétt að benda á að samstarfsnefndin hefur aldrei kveðið upp úrskurð um ágreiningsmál á gildistíma laganna. Einnig bendir nefndin á að samstarfsnefndin hefði þurft að vera skipuð með öðrum hætti, þ.e. að vera sjálfstæð og óháð til þess að vera úrskurðaraðili.

Þá vill nefndin benda á að sá skilningur hefur verið lagður í 6. gr. frumvarpsins að í hverju sveitarfélagi skuli starfa að minnsta kosti einn þjónustuhópur aldraðra. Sveitarfélög geta þannig fjölgað þjónustuhópum í stórum heilsugæsluumdæmum en ábyrgð á þeirri ákvörðun liggur hjá viðkomandi sveitarstjórn sem greiðir kostnað af starfi hópanna.

Vegna ákvæða 13. og 16. gr. frumvarpsins um að afla beri framkvæmdaleyfis hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra áður en bygging þjónustuíbúða fyrir aldraða hefst tekur nefndin fram að hér er ekki vegið að skipulags- og byggingarmálum sem sveitarstjórnir sjá um, enda er ákvæðið óbreytt frá núgildandi lögum. Nefndin telur hins vegar mikilvægt að ráðuneytið tryggi að samræmis sé gætt við byggingu þjónustuíbúða og jafnframt sé eftirlitsaðili með þeirri þjónustu sem í boði er.

Að lokum leggur nefndin áherslu á að samkvæmt lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, er það skilyrði að fagleg ábyrgð sé á stjórnun heilbrigðisstofnana. Sama á við um stofnanir samkvæmt þessu frumvarpi sem falla jafnframt undir lög um heilbrigðisþjónustu og nefndin ítrekar mikilvægi þess að faglegur þáttur sé þar í heiðri hafður.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 2. gr. verði bætt við skilgreiningu á vistmannaráði sem getið er um í 18. gr.

2. Lögð er til sú breyting á fyrri málslið 1. mgr. 7. gr. að nota orðið heilsugæsluumdæmi og þannig sé gætt samræmis í orðnotkun frumvarpsins, sbr. einnig lög um heilbrigðisþjónustu.

3. Lagt er til að fallið verði frá þeirri kröfu í síðari málslið 1. mgr. 7. gr. að annar fulltrúinn sem skipaður er án tilnefningar í þjónustuhópinn skuli vera félagsráðgjafi ef unnt er. Réttara þykir að miða við þekkingu í öldrunarmálum fremur en að binda valið við ákveðna menntun í þessum málaflokki.

4. Lögð er til sú breyting á 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. að þjónustuhópurinn skuli gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu. Þannig fer ekki á milli mála hvert tillögurnar eiga að fara.

5. Þá er lögð til sú breyting á 2. mgr. 8. gr. að í stað þess að endurtaka eitt af markmiðum laganna sé eðlilegra að vísa til 1. gr. frumvarpsins þar sem markmiðin koma skýrt fram.

6. Sú breyting sem lögð er til á 10. gr. lýtur einungis að orðalagi.

7. Lagt er til að í 12. gr. verði kveðið á um að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setji Framkvæmdasjóði aldraðra starfsreglur. Er þetta lagt til í samræmi við góðar stjórnsýslureglur.

8. Lagt er til að orðið „árangursmarkmið“ í niðurlagi 1. tölul. 13. gr. falli brott þar sem það þykir óþarft og ekki nógu skýrt.

9. Lagt er til að orðin „þjónustuhópur aldraðra“ verði felld brott úr 3. mgr. 15. gr. Skv. 8. gr. frumvarpsins er eitt af verkefnum þjónustuhóps aldraðra að meta vistunarþörf aldraðra, sbr. 14. og 15. gr. frumvarpsins. Samkvæmt síðari málslið 2. mgr. 15. gr. skal mat á vistunarþörf að jafnaði vera í höndum þjónustuhóps aldraðra. Tilvísun í 3. mgr. um þjónustuhópinn þykir því óþörf. Ljóst er að þjónustuhópurinn sér um þetta mat á vistunarþörf eða öðrum úrræðum nema sérgreindir hópar, og er þá sérstaklega vísað til stóru sjúkrahúsanna, taki þetta að sér.

10. Að lokum er lagt til að fjárhæðin sem tilgreind er í 1. og 2. mgr. 22. gr. hækki í 30.386 kr. í samræmi við reglugerð nr. 612/1999 sem hækkaði tekjumörkin og birt var í Stjórnartíðindum 20. september sl. en gilti frá 1. september sl.

Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja þeim eftir.

Lára Margrét Ragnarsdóttir og Jón Kristjánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita, auk þeirrar sem hér stendur, Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted og eins og fyrr greinir, með fyrirvara, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman.

[21:37]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég sagði þegar þetta frv. var lagt fram að megininntak þess væri af hinu góða. Ég nefndi þó nokkur atriði sem ég taldi nauðsynlegt fyrir hv. heilbr.- og trmn. að athuga og skoða. Ég sé, herra forseti, að nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. og flest er til bóta, en hlýt að spyrja að því hvers vegna tekið er út úr 1. gr. ákvæði þar sem sagði í eldri lögum:

„Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða."

Það var áður í eldri lögunum „þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast". Ég tel að það sé eðlilegt að það sé haft að leiðarljósi líka þegar um þennan málaflokk er fjallað.

Við 2. gr. er gerð tillaga um vistmannaráð. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram frá heilbrrn. eða nefndinni hvernig vistmannaráðið á að vera skipað. Þau eru til á nokkrum heimilum en ekki alls staðar og engar sérstakar reglur um það hvernig með það mál skuli fara. Ég hef heyrt að hér sé verið að horfa t.d. til laga í Danmörku. Þar er fundur stjórnar tvisvar á ári en hins vegar framkvæmdastjórnar miklu oftar. *Hér er því mikill munur á.*

Í 9. gr., herra forseti, er talað um að nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er fyrir þjónustu fyrir aldraða, skuli vera styrkhæfar úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Hins vegar er fellt úr eldri lögunum: „Í frumvarpinu er fellt brott sérstakt ákvæði um að sjóðurinn skuli leggja til fé í viðhald húsnæðis þar sem það felst í rekstri stofnana enda er gert ráð fyrir að við ákvörðun daggjalda verði ákveðnu hlutfalli af daggjaldataxta varið til viðhalds og tækja." — Talað er um að þetta sé 4,8%. Ég hef ekki séð töflu frá heilbrrn. hvernig daggjaldataxti er búinn til. Þegar er litið yfir flóru daggjalda til stofnana aldraðra er daggjaldataxtinn jafnmisjafn og stofnanirnar eru margar.

Í 14. gr. er svo atriði sem ég er mjög hissa á að nefndin skyldi ekki hafa breytt. Ég hélt að það hefði komið glögglega fram hjá nefndinni, bæði á síðasta kjörtímabili og væntanlega núna í umræðunni. Annars vegar er talað um dvalarheimili og þar er upptalið hvaða þjónustu skuli veita en mjög fátt er um hvernig þjónusta skuli vera á hjúkrunarheimilum. Og, með leyfi forseta, vil ég nefna að hér stendur í texta um dvalarheimili: „Á stofnunum þessum skal vera varsla allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð og völ á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi." Um hjúkrunarheimili er sagt: „Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými á öldrunarstofnunum ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum, sambýlum eða í sérhönnuðum íbúðum. Þar skal veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta og vera endurhæfing." Ekkert annað er talið upp. Við vitum um þann vanda sem sumir einstaklingar hafa jafnvel kvartað um að þessi þjónusta sé ekki eins og skyldi.

Ég kem þá að því sem ég hef sagt áður, þegar í upphaflegu frv. var gert ráð fyrir að heilbrrh. skipaði mann í stjórn, þá væri miklu eðlilegra, og ég vona að heilbrrn. taki það upp, að starfsfólk heilbrrn. fari út á þessar stofnanir og taki þær út til þess að skoða hvaða þjónusta er veitt þar fyrir það fjármagn sem til hennar er greitt. Ég vildi að virðulegur formaður heilbr.- og trn. tæki þetta til athugunar því þetta er mál sem mikið hefur verið rætt um af hálfu aðstandenda aldraðra á hjúkrunarheimilum.

Ég verð að segja að það stingur mann svolítið að lesa 15. gr. þar sem talað er um vistunarmat. Greinin hljóðar svo, með leyfi forseta: „Hafi aldraður einstaklingur verið lengur en sex vikur á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar skal þjónustuhópur aldraðra meta þörf einstaklingsins fyrir vistun á öldrunarstofnun eða fyrir önnur úrræði." Er það virkilegt að þetta þurfi að standa í lagatexta? Er heilbrigðisstéttin ekki virkari en svo að það þurfi að vera lagastoð til þess að þetta sé gert?

Síðan vildi ég fá skýringu hér, virðulegi forseti, við 18. gr. Ég skil hana þannig, eins og stendur hér:

„*Eigendur stofnana fyrir aldraða, sbr. 14. gr., skipa stjórn* stofnunarinnar.

Sé stofnunin í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda um stjórn stofnunar ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu."

Nú eru til nokkrar stofnanir eða heimili, dvalarheimili þar sem er viðtengt hjúkrunarheimili. Ég lít þá svo á að hér sé ekki verið að tala um þær öldrunarstofnanir. Það er ekki verið að tala um þær öldrunarstofnanir þar sem dvalarheimili er tengt hjúkrunarheimili. Ég lít svo að hér sé verið að tala um að dvalarheimili sem er í nánum tengslum eða samstarfi við spítala. Ef ég er að fara með rangt mál vildi ég mjög gjarnan fá það leiðrétt vegna þess að þetta er það atriði sem ég sé í greinargerðum frá t.d. læknum og ef ég man rétt hjá hjúkrunarfræðingum þar sem þeir vitna mjög til og telja að sé nauðsynlegt að fara eftir þessum lagatexta varðandi skipan stjórnar hjúkrunarheimilanna.

Hér er talað um að því þurfi að fylgja vel eftir að þessir textar séu samræmdir hvað áhrærir hjúkrunarheimili og dvalarheimili. Ég vildi líka segja í lok máls mín — ég ætla ekki að hafa þetta langt — að ég tel að þegar verið er að fjalla um þann texta að Framkvæmdasjóður aldraðra eigi ekki að greiða neitt hvað varðar viðhald, þá vitum við um fjárhagsástand margra heimila úti á landi. Það eru ekki mörg ár síðan að stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra fór vítt og breitt um landið og tók út öldrunarstofnanir, þ.e. tók út ástanda bygginga. Þá kom fram að mikil þörf var á að veita fleiri tugum millj. til þessara heimila vegna gamals húsnæðis sem var orðið mjög úr sér gengið og þurfti mikils viðhalds við. *Það er gert ráð fyrir því að bæði starfsmannaráð og* vistmannaráð skuli skipa í stjórn heimilanna, en jafnframt segir í greinargerð frá fjmrn. að það geri ekki ráð fyrir því að þetta frv. sé neitt útgjaldaaukandi. En ég hlýt að spyrja: Ef það er skilyrt að þessir aðilar séu skipaðir í stjórn, hvernig á þá að fara með? Eiga þessir aðilar að sitja launalausir í stjórn heimilanna eða eru einhverjar hugmyndir um það hvernig skuli fara með?

Ég vildi að lokum koma inn á það sem snýr að þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Þar sem fjallað er um 13. gr. frv. í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Þjónustuíbúðir fyrir aldraða þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um öryggiskerfi og þjónustu.

Brögð hafa verið að því að húsnæði hafi verið selt sem þjónustuhúsnæði fyrir aldraða án þess að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt."

Í umsögn frá Læknafélaginu kemur fram að ef meiningin sé að setja á björllukerfi, þ.e. björllur sem séu fastar inni í stofu, á salernum eða í íbúðinni, þá muni þetta veita falskt öryggi. Annað er líka alveg ljóst, þ.e. að ef krafa er gerð um að björllukerfi í þjónustuíbúðum fyrir aldraða, svo þær beri nafn með rentu eins og hérna er komið að í frumvarpstextanum, þá skulu menn gera sér grein fyrir því að það þýðir þá einhverja vöktun, einhverja svörun. Þeir hjá Læknafélaginu leggja til og telja eðlilegra að um björlluhnappa verði að ræða sem fólk hafi um hálsinn eða beri sem armband. En þá er spurningin: Hvert á að leita þjónustunnar? Á það að vera í 112 eða á hjúkrunarfræðingur að vera til staðar allan sólarhringinn í viðkomandi húsi? Ég veit af fenginni reynslu af þessum neyðarhnöppum að það hefur farið þannig að hinir öldruðu hafa mótmælt þessum hnöppum mjög og talið þá allt of kostnaðarsama. Ég geri mér fulla grein fyrir því að erfitt er að fara bil beggja í þessu. En það er samt mjög umhugsunarvert sem segir í umsögn Læknafélagsins, að ekki sé nóg að setja björllur í íbúðina heldur þurfi líka að hugsa um öryggið. Það sem þeir lesa úr þessu er að þeir telja að hér sé öryggið mjög falskt.

Herra forseti. Að lokum vildi ég endurtaka það sem ég spurði um áðan er ég beindi orðum mínum til hv. formanns heilbr.- og trn., þ.e. um skilgreiningu 18. gr. Hvað þýðir hún?

[21:48]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þegar frv. til laga um málefni aldraðra var rætt við 1. umr. fékk það mjög jákvæðar undirtektir hjá flestum. Menn töldu það sem þar kom fram vera til bóta. Ég harma eftir sem áður hvað frv. kom seint fram. Á lokasprettinum við frágang þess var of skammur tími til að skoða þó nokkur atriði sem við fundum öll að hefði þurft að athuga betur til þess að ganga, við getum sagt, þokkalega, frá þessu frv. sem við viljum öll standa vel að nú á ári aldraðra og skila því frá okkur með sóma.

Markmið frv. kom fram hjá hv. formanni heilbr.- og trn., Valgerði Sverrisdóttur. Hún fór yfir brtt. sem hafa komið fram við frv. En aðalmarkmið frv. og helstu nýmæli eru þessi:

Fulltrúum í samstarfsnefnd um málefni aldraðra er fjölgað um tvo vegna mikilvægis nefndarinnar. Annar fulltrúinn er tilnefndur af Landssambandi eldri borgara en hinn er án tilnefningar. Fulltrúar án tilnefningar verða því tveir og skal annar þeirra hafa fagþekkingu á málefnum aldraðra.

Þjónustuhópur aldraðra tekur við hlutverki öldrunarnefnda og öldrunarmálaráða sem verða lögð niður.

Sveitarstjórnir skipa fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í stað öldrunarnefnda og verður hópurinn skipaður fimm fulltrúum í stað fjögurra. Hinn nýi fulltrúi skal tilnefndur af samtökum eldri borgara á starfssvæði þjónustuhóps aldraðra.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum.

Nokkur hugtök eru sérstaklega skilgreind í lögunum, t.d. hugtakið aldraður.

Mun ég nú fara yfir frv. í helstu dráttum.

Það er mjög til bóta að skilgreina hugtök. Þá verður alveg ljóst hvað er aldraður, öldrunarmat, vistunarmat aldraðra, starfssvæði þjónustuhóps aldraðra og síðan er hér tillaga um að við bætist ný skilgreining á vistmannaráðum, þ.e. að kjörnir fulltrúar íbúa stofnunar mynda vistmannaráð. Hér hefur komið ábending frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um að þarna þurfi að bæta um betur og festa í reglugerð eða skilgreina hvernig eigi að skipa í vistmannaráðin. Þetta er hálfgerður vandræðagangur á stofnunum. Sums staðar gengur þetta vel og menn finna sér sínar reglur til að skipa í vistamannaráðin en annars staðar eru erfiðleikar. Því er rétt að setja reglur um hvernig sé skipað í vistamannaráð. Það er mjög til bóta að aldraðir fái að taka ákvarðanir um sín eigin málefni og því ber að fagna að samstarfsnefnd um málefni aldraðra er breytt þannig að þar komi fulltrúar aldraðra inn. Þetta er eðlilegur hugsunarháttur og svo verður vonandi í framtíðinni að aldraðir hafi eitthvað um sín mál að segja. Ég finn það bara með sjálfa mig og ég veit að svo er um fleiri sem vinna að þessum málefnum að annar hugsunarháttur var ríkjandi áður, en vonandi breytist það hjá okkur öllum.

Úr 5. gr. laganna, eins og hún er núna, hefur verið fellt út ákvæði um að það mætti fara með kærumál til samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Við ræddum þetta svolítið í nefndinni. Ég held að það sé rétt að sami aðilinni geti ekki allt í senn komið með leiðbeiningar, verið ráðunautur og úrskurðaraðili. Ef kærumál koma upp þá ættu þau að fara til heilbrrn. eða landlæknis eftir eðli málanna.

Búið er að leggja niður öldrunarnefnd og öldrunarmálaráð og koma upp einum þjónustuhópi aldraðra. Þetta er til einföldunar og verður örugglega skilvirkara og er eitt af því sem ég tel vera einna helst til bóta. Það er líka gert alveg ljóst að sveitarstjórnirnar eru ábyrgar fyrir starfi þjónustuhóps aldraðra. Í stærri sveitarfélögum eins og höfuðborgarsvæðinu er hægt að hafa fleiri en einn þjónusthóp aldraðra ef vilji er fyrir hendi. Það er á valdi sveitarstjórna. En í smærri sveitarfélögum er heimilt að sameinast um þjónustuhóp aldraðra. Þetta er það opið að það fer eftir þörfum á hverjum stað.

7. gr. er örlítið breytt frá því er hún birtist í upphaflega frv. Þar er fallið frá leiðbeinandi vísun til þess að einn af fulltrúum í þjónustuhópi skuli vera félagsráðgjafi ef unnt er. Það var ekki skilyrt. En mjög margir faghópar koma að þjónustu við aldraða og fallist var á að hætta við að binda þetta við þennan eina faghóp. Ég hugsa nú að sveitarstjórnir átti sig vel á því að viðkomandi einstaklingur þarf einmitt að hafa sérþekkingu á þessu sviði, þ.e. félagsráðgjöf. Þessi sérfræðingur er ekki alls staðar til staðar, en þessi fulltrúi þarf að vera vel heima á þessu sviði.

Síðan kemur að þeirri grein sem við fjölluðum kannski einna mest um, þ.e. 9. gr. frv. Ég mæli hér fyrir brtt. við þá grein, en hún fjallar um Framkvæmdasjóð aldraðra. Það var aðallega út af þeirri grein sem við hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir gerðum fyrirvara varðandi skiptingu á úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra og eru þeir hv. þm. meðflutningsmenn að tillögunni. Í upphafi var framkvæmdasjóðurinn alveg bundinn því að fara til byggingar þjónustumiðstöðva og dagvista og til viðhalds stofnana, nauðsynlegra breytinga og endurbóta. Eins mega sveitarfélög og heilsugæslustöðvar fá úr sjóðnum til að skipuleggja heimaþjónustu fyrir aldraða. En síðan var því bætt við að það mætti taka í rekstur stofnananna. Þetta átti bara að vera pínulítið í byrjun en er nú orðið allt að 60% af árlegri úthlutun sjóðsins. Auk þess er búið að bæta því við að taka megi fé úr sjóðnum til rannsókna, kennslu og kynningar á öldrunarmálum. Nú fer allt of stór hluti sjóðsins til reksturs stofnana. Þó að það eigi eingöngu að nota féð í sérstökum tilvikum þá fer það bara beint í rekstrinn. Því er ekki úthlutað á einstakar stofnanir þannig að menn geti séð til hvaða

stofnana það fer og til hversu langs tíma, heldur fer það bara óskipt í þennan pott. Því leggjum við til svohljóðandi brtt.:

„Við 9. gr. Við 4. tölul. 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Slíkar greiðslur skulu þó aldrei nema hærra hlutfalli en 25% af úthlutunum úr sjóðnum árlega."

Ég sé að tíma mínum er alveg að ljúka. Ég held ég hafi gert grein fyrir því sem er í greinargerðinni. (**Gripið fram í:** Þú mátt tala eins og þú vilt.) Af hverju tikkar þá klukkan hérna alveg hreint bara niður?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ekki samtal. Það er ótakmarkaður ræðutími.)

Það er bara svona. Ég hélt ég væri að falla á tíma. (Gripið fram í.) Það má bara falla á tíma.

Ég ætla þá að lesa greinargerðina með brtt., með leyfi forseta:

„Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr. 49/1981 og var markmiðið með sjóðnum að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Með lögum nr. 12/1991 var hlutverki sjóðsins breytt á þann veg að heimilað var að nýta hluta af fjármagni sjóðsins til reksturs stofnana fyrir aldraða. Frá þeim tíma hefur allt að 55% af fjármagni sjóðsins verið notað árlega til reksturs stofnana.

Í frv. er lagt til að fjármagni úr sjóðnum skuli áfram varið til að styrkja rekstur stofnana fyrir aldraða í sérstökum tilvikum. Í umsögnum um málið komu fram áhyggjur af því að engin takmörk séu fyrir því hversu miklu megi verja úr sjóðnum til reksturs stofnana fyrir aldraða, en með slíku opnu ákvæði er hætt við að unnið sé gegn því markmiði sjóðsins að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 4. tölul. 2. mgr. 9. gr. er verið að koma til móts við þessi sjónarmið og leitast þannig við að varðveita upphafleg markmið með stofnun Framkvæmdasjóðs aldraðra."

Heildarsvipur laganna segir okkur eftir sem áður að í náinni framtíð þurfi alfarið að endurskoða lög um málefni aldraðra. Þá er ég ekki að tala um endurskoðun á lögunum eins og núna var farið í. Það var eingöngu farið í þessa endurskoðun vegna þess að í lögunum voru ákvæði um að þau ætti að endurskoða á fimm ára fresti. Að vísu liðu þarna tíu ár. En það þarf að fara í þessa vinnu með breyttu hugarfari og taka miklu stærri hluta til athugunar. Það er allt annað verk en það sem nú var unnið.

Hér var spurt um vistunarmat, þ.e. 15. gr. og hvers vegna ætti að hafa vistunarmat eftir að sjúklingur hefur legið sex vikur á sjúkrahúsi. Þó það sé kannski ekki mitt að svara fyrir það þá get ég alla vega sagt skoðun mína varðandi það mál. Þetta á ekki síður við stóru sjúkrahúsin, þar sem einstaklingar liggja inni á dýrustu stofnununum. Þegar hinni eiginlegu meðferð sem hófst þegar fólk lagðist inn er lokið þarf að meta hvaða þjónusta hentar fyrir þessa einstaklinga. Þetta á við á öllum stigum, ekki bara á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum, heldur á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar til að geta áttað sig á hvar viðkomandi eigi helst að vera.

Því miður nægir ekki að velja bara rétt þjónustustig. Við værum ekki í miklum vandræðum með þá eldri ef hægt væri að koma þeim út af sjúkrahúsunum, stóru sjúkrahúsunum okkar að meðferð lokinni, ef til væru hjúkrunarheimili til að taka við þeim eða dvalarheimili. Eins og hér hefur margoft verið bent á er þörf á Framkvæmdasjóði aldraða til að halda áfram uppbyggingu dvalarheimila til að mæta þeirri þörf sem er í þjóðfélaginu í dag og ekki síður í nánustu framtíð. Þá mun fjöldi fólks sem nú er á besta aldri komast á hinn eftirsótta eftirlaunaaldur og fara fram á þessa þjónustu.

Ég held að ég láti þetta duga í þessari yfirferð. Þó er ekki alveg hægt að skilja við einstakar greinar, t.d. 22. gr. en þar er bundin í lög sú upphæð sem vistmenn mega halda eftir þegar búið er að taka af þeim greiðslur til dvalarkostnaðar á stofnunum. Greinin hefst svona:

„Vistmenn sem hafa tekjur umfram 30.386 kr. á mánuði skulu taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða."

Þarna vantar skilgreiningar á tekjum. Það þarf að setja þak á greiðsluþátttöku en ráðuneytið sér um gjaldskrána.

Við erum margbúin að taka fram, við í minni hluta heilbr.- og trn., að við hefðum ekki viljað sjá neina upphæð bundna inni en það verður víst að vera samkvæmt stjórnsýslulögum. Ef um gjaldskrá er að ræða eða skatttekjur þá ber að nefna upphæð skattteknanna í lögunum og er þá miðað við þá upphæð og hún framreiknuð við allar breytingar. En 30.386 er sannarlega of lág upphæð. Við hefðum sannarlega viljað gera breytingu við það.

Breytingin sem við komum með varðar framkvæmdasjóðinn. Við mælum með því að með brtt. sem minni hlutinn leggur til verði frv. samþykkt.

[22:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. formanni heilbr.- og trn. þá stendur nefndin öll að þessu nál. um frv. til laga um málefni aldraðra en sú sem hér stendur, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og Þuríður Backman skrifum undir með fyrirvara.

Á brtt. á þskj. 466 sem hv. þm. Þuríður Backman mælti hér fyrir áðan leggjum við í minni hlutanum til breytingu á greininni um Framkvæmdasjóð aldraðra. Allmikil umræða varð um þá grein í nefndinni, eins og komið hefur fram og þó nokkrar athugasemdir bárust um greinina. Sérstaklega voru gerðar athugasemdir við 4. lið greinarinnar þar sem ákvæði er um að í sérstökum tilvikum skuli fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra fara í rekstur. Mörgum þótti ástæða til þess að sú heimild væri að einhverju leyti þrengd í lögunum. Á undanförnum fimm árum hefur úthlutun í rekstur úr þessum sjóði farið í allt að 55% sem er andstætt því sem ætlast var til í upphafi þegar sjóðurinn var settur á laggirnar. Tilgangur hans var að byggja upp þjónustu fyrir aldraða, húsnæði og dvalarstofnanir og vissulega er þörf á að megnið af fé sjóðsins fari til slíks. Ég vil minna á að það vantar úrræði fyrir hátt í 300 manns bara á Reykjavíkursvæðinu sem hafa brýna þörf fyrir dvöl á hjúkrunarheimilum eða dvalarheimilum fyrir aldraða. Að auki hefur það oftsinnis komið fram hér í umræðunni, herra forseti, að oft er lítið fé á þessum stofnunum til viðhalds og endurnýjunar. Því væri eðlilegra að megnið af fé sjóðsins færi til slíkra verkefna frekar en í rekstur.

Við ræddum það nokkuð í nefndinni að gera breytingu á lögum um sjóðinn. Ástæðan fyrir því að við erum með þessa brtt. og gátum ekki skrifað undir nál. nema með fyrirvara var að við vildum þrengja þessa reglu. Nokkrir bentu á að e.t.v. væri réttast að setja prósentutölu inn og þrengja síðan ákvæðið þannig að ekki væri heimilt að greiða til rekstrar sömu stofnunar t.d. lengur en í tvö ár. Við í minni hlutanum veltum fyrir okkur hvort ástæða væri til að fara þá leið. Niðurstaða okkar varð sú að leggja til að greiðslur til rekstrar yrðu aldrei hærri en 25% af úthlutunum úr sjóðnum árlega.

Það er sú brtt. sem lögð er til hér á þskj. 466 og hv. þm. Þuríður Backman mælti fyrir áðan.

Vissulega komu upp mörg gagnrýnisatriði við umfjöllun um þetta frv. Ég minnist þess á síðasta kjörtímabili, sl. vetur, þegar málið var til umfjöllunar í heilbr.- og trn. og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var í nefndinni að þá var þetta nokkuð rætt. Þarna voru ýmis atriði sem við töldum að þyrftu nánari skoðun og jafnvel breytingar. Það hugsa ég að hafi verið ástæðan fyrir því að við afgreiddum ekki málið þegar það kom fyrst inn í nefndina. Til þess gafst ekki tími þar sem brýnni mál og stærri lágu fyrir nefndinni, m.a. frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði sem tók drjúgan tíma í vinnu nefndarinnar það þingið.

Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram, að þetta mál kom því miður of seint til heilbr.- og trn. í haust. Mönnum virtist í fyrstu að ekki þyrfti að taka á mörgum þáttum en þegar vinnan hófst var augljóst að e.t.v. hefði þurft meiri vinnu við málið. Aftur á móti var það samkomulag í nefndinni að við mundum afgreiða þetta mál á ári aldraðra. Það varð úr að við gerðum þessar brtt. sem koma fram í nál. og á sérstöku þskj. en vissulega þyrfti að gera fleiri breytingar á þessum lögum. Og lög sem þessi, um málefni aldraðra, þurfa að vera í sífelldri endurnýjun. Þau þurfa að vera í sífelldri endurnýjun og endurskoðun þannig að þau séu í takt við raunveruleikann, í takt við samfélagið og þá þjónustu sem veitt er.

Hér var bent á að ekki væri getið sérstaklega um dvalarstofnanir eða hjúkrunarheimili sem væru í tengslum við þær. Við ræddum um slíka þjónustu sem sérfræðingar kalla sjúkrasambýli, hvort setja þyrfti það orð inn í lögin og skilgreiningu á því. Það getur vel verið að þess þyrfti. Ég er ekki frá því, herra forseti, að það þyrfti kannski að skoða þessar greinar sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti sérstaklega á í máli sínu. (**Gripið fram í:** Þjónustuþættina.) Þjónustuþættina, vissulega. Ég tek undir það. Við ræddum einmitt mikið um þjónustuþættina á síðasta kjörtímabili þegar þetta mál var til umræðu, um þjónustuþætti sem þyrfti e.t.v. að skýra betur.

Varðandi 22. gr. þar sem fram koma upphæðirnar sem miðað er við og sagt er að vistmenn sem hafa tekjur umfram 29.217 kr. á mánuði, en með brtt. frá nefndinni er sú upphæð 30.386 kr., skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnunum fyrir aldraða er vissulega miðað við ansi lága upphæð. Ég vil minna á að allstór hópur sem dvelur á þessum stofnunum er með mun minni ráðstöfunartekjur. Ég minni á þá sem fá vasapeninga frá Tryggingastofnun sem er mun lægri upphæð en þetta. Við sem höfum unnið við þennan málaflokk þekkjum að víða er þröngt í búi hjá þeim sem hafa ekki meira á milli handanna en vasapeninga almannatrygginga og halda jafnvel ekki meira eftir af tekjum sínum en þessari upphæð.

Vissulega þarf að skilgreina tekjuhugtakið í þessari grein. Við hvaða tekjur er verið að miða? Er verið að miða við fjármagnstekjur, lífeyrissjóðstekjur eða hvaða tekjur eru þarna á ferðinni? Það þarf aðeins að skoða þetta, víða eru mismunandi viðmiðanir eftir því hvaðan tekjurnar koma og þetta eru þættir sem þyrfti vissulega að fara betur í gegnum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langa umræðu um þetta mál. Ég hefði getað talað þó nokkuð og rætt hinar ýmsu greinar sem hefði mátt skoða betur og gera frekari athuganir á en ég vonast til þess að við munum vera með þessi lög í sífelldri skoðun. Upphaflega er lagasetningin frá 1982 og síðan voru sett ný lög 1989 og þá var ákvæði um endurskoðun eftir fimm ár og nú erum við að endurskoða þetta bara um aldamótin. Við urðum sammála um það í nefndinni að ástæðulaust væri að setja endurskoðunarákvæði inn í lögin en töldum réttara að menn væru sífellt með þessi lög í endurskoðun eins og við gerum með önnur lög. Ég vonast til þess, herra forseti, að menn verði duglegir við að endurbæta lögin því vissulega er þörf á því. Ég tel fulla ástæðu til þess að við afgreiðum þessa lagasetningu áður en ár aldraðra rennur á enda en það er mjög skammt orðið eftir af því ári.

[22:19]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Nú eru liðin tíu ár frá því að lög um málefni aldraðra voru endurskoðuð síðast og ég minnist þess sérstaklega að það var mjög ánægjulegur atburður þegar þau voru fyrst samþykkt á árinu 1983. Það er við hæfi að við afgreiðum þetta frv. um málefni aldraðra nú í lok árs aldraðra.

Mjög ítarleg vinna fór fram í heilbr.- og trn. og enda þótt við hefðum haft skamman tíma unnum við þetta mjög vel. Ég vil þakka hv. þm. og formanni heilbr.- og trn., Valgerði Sverrisdóttur, fyrir gott starf að stýra okkur í gegnum þessa vinnu.

Í frv. voru sérstaklega nokkur markmið höfð til hliðsjónar. Í fyrsta lagi var reynt að einfalda lögin og í öðru lagi að gera breytingar á lögunum sem eru í samræmi við reynslu á skipulagi öldrunarþjónustu og þróun í þessum geira samfélagsþjónustu á síðustu tíu árum. Í þriðja lagi var lögð áhersla á að réttur og ábyrgð aldraðra til ákvörðunar í eigin málum verði tryggður í lögunum í samræmi við nútímamarkmið og sjónarmið og baráttumál aldraðra.

Þetta markmið birtist m.a. í því að vistmannaráð á stofnunum fyrir aldraða skipa fulltrúa sinn með málfrelsi og tillögurétt í stjórn stofnunar. Fulltrúum í þjónustuhópi aldraðra er fjölgað úr fjórum í fimm og tilnefna Samtök eldri borgara einn fulltrúa í hópinn og fulltrúum í samstarfshópi um málefni aldraðra er fjölgað úr þremur í fimm og tilnefnir Landssamband eldri borgara einn fulltrúa í samstarfshópinn.

Það kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar hér áðan að hann var að velta fyrir sér hlutverki vistmannaráða og hvernig þau yrði skipuð á stofnunum. Starfsmannaráð eru starfandi á flestum stofnunum og þau setja sér sjálf reglur. Í mínum huga er það svo með vistmannaráðin að þau starfi á sama máta og starfsmenntunarráðin á stofnunum og setji sér sjálf reglur um starfsemi sína. Ef vistmannaráð eru ekki starfandi á þessum stofnunum teldi ég rétt að stjórn stofnunarinnar mundi hvetja vistmenn til þess að mynda slíkt ráð.

Sú spurning kom líka fram hjá hv. þm. hvort það ætti að borga þessum fulltrúum sérstaklega fyrir setu í stjórnum og það tel ég í rauninni vera mál sem er verkefni og ákvörðun stjórnar stofnunar hverju sinni og þá í samræmi við þær reglur sem stjórnin hefur sett sér.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða farið fram um að samræma betur heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða annars vegar og félagslega þjónustu fyrir aldraða hins vegar til þess að einfalda kerfið og tryggja sem besta nýtingu úrræða fyrir aldraða. Ég vil nefna að nokkur reynslusveitarfélög hafa verið með tilraunaverkefni í þessa veru, m.a. á Akureyri, sem hefur þótt takast vel. Í þessu frv. er reynt að stíga nokkur skref í þessa átt þó það sé langt í frá að skrefið sé stigið til

fulls. Til að ná því markmiði að samræma betur þessa þjónustu þarf að fara fram ítarleg umræða um skipulagsbreytingu milli heilsugæslu sem fellur undir ríkið annars vegar og hins vegar stofnana fyrir aldraða og félagslega kerfisins sem eru rekin á ábyrgð sveitarfélaga og þar verði þarfir hinna öldruðu hafðar til hliðsjónar og skipulag mála tæki mið af því.

Markmiðið ætti að vera að samhæfa þessa þjónustu þannig að hvert kerfi styðji annað. Þannig verði reynt að tryggja að þörfum hins aldraða verði mætt á viðeigandi máta og á réttu þjónustustigi á hverjum tíma. Í því sambandi vil ég benda á að í Reykjavík eru t.d. heilsugæsluumdæmin og umdæmi félagslegrar þjónustu landfræðilega ekki þau sömu. Sú staðreynd að heilbrigðisþjónusta í heimahúsum og heimilishjálp, sem er félagsleg þjónusta, lúta ekki sömu stjórn, hefur gert það að verkum að samhæfing þjónustu við aldraða sem njóta þjónustu beggja kerfa er engan veginn sem skyldi. Þessu þarf að huga að í framtíðinni í auknum mæli og takmarkið, eins og ég sagði áðan, ætti að vera að setja þetta undir eina stjórn og hafa það að markmiði að veita sem besta þjónustu til aldraðra og taka mið af þörfum þeirra.

Ég vil vekja athygli á að á málþingi sem haldið var 3. nóv. sl. á vegum fagaðila og samtaka aldraðra voru þátttakendur sammála um að ein yfirstjórn heilbrigðis- og félagsþjónustu væri nauðsynleg. Ég minnist þess að á afar mörgum ráðstefnum sem ég hef sótt á undanförnum árum hefur þetta verið niðurstaðan. En það hefur augljóslega verið ákveðin tregða í báðum kerfum til að taka það skref sem þarf til þess að samræma þjónustuna betur.

Í frv. er gert ráð fyrir að öldrunarnefndir og öldrunarmálaráð verði lögð niður enda hefur reyndin verið sú að þær tvær nefndir hafa í fæstum tilvikum í sveitarfélögum starfað samkvæmt lögunum. Í frv. er lagt til að þjónustuhópur aldraðra, sem starfar í hverju heilsugæsluumdæmi, taki yfir tiltekin verkefni þessara nefnda. Þessi tilhögun er til einföldunar og í samræmi við raunverulega skipan mála eins og hún er í dag.

Hins vegar er lagt til að skipan í nefndina sjálfa verði með öðrum hætti en áður þannig að í stað þjónustuhóps sem er í núgildandi lögum skilgreindur sem samstarfshópur starfsliðs heilsugæslustöðva og starfsliðs í félagslegri þjónustu á viðkomandi starfssvæði muni sveitarstjórn skipa í þjónustuhópinn, þar af tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu héraðslæknis, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka eldri borgara og tveir án tilnefningar. Ég hef ákveðnar efasemdir um skipan þessa hóps en ég hef samt ákveðnar vonir að hann nái að starfa á jafnliðugan máta og þjónustuhópur aldraðra gerir í dag. Það ræðst hins vegar af þeim sjónarmiðum sem eru lögð til grundvallar skipan í hópinn og ég legg áherslu á að sveitarstjórnir hafi til hliðsjónar þá reynslu af skipan hópsins eins og hann er í dag, þ.e. að þar komi saman starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og félagslegrar þjónustu hins vegar til þess að samhæfa þessi atriði.

Í 9. gr. frv. er lagt til að hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra verði útvíkkað og þau nýmæli lögð til að fé úr honum skuli m.a. varið til að styrkja rannsóknir, kennslu og kynningu á öldrunarmálum. Í raun og veru hefur sjóðurinn haft þetta hlutverk og með þá tilvísan í þann tölulið 9. gr. sem segir að fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skuli varið til annarra verkefna sem eru í samræmi við markmið laganna og það er vel að þetta hlutverk sjóðsins sé staðfest með þessum hætti.

Það kom áðan fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að honum fannst miður að tekinn væri út sá liður í greininni um hlutverk Framkvæmdasjóðsins að sjóðnum væri ekki varið til viðhalds. Þær röksemdir hafa verið færðar fyrir því að viðhald er hluti af rekstrarkostnaði og eigi að gera ráð fyrir því í fjárlögum á hverju ári til stofnana að ákveðinn viðhaldskostnaður sé þar inni. Hins vegar kemur fram í þessu frv. að Framkvæmdasjóð aldraðra eigi að nota m.a. til nauðsynlegra breytinga og endurbóta á húsnæði þannig að þar kemur náttúrlega fram að ef gera þarf verulegar breytingar á húsnæði til að þjóna betur þörfum hins aldraða ætti að vera hægt að sækja um fé úr sjóðnum. En ef það er venjulegur viðhaldskostnaður, t.d. málning og annað sem kemur til af sliti mundi það falla undir rekstrarkostnað á fjárlögum hvers árs hjá viðkomandi stofnunum.

Í umsögnum nokkurra aðila til hv. heilbr.- og trn. komu fram áhyggjur af því að of miklu fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra sé varið til rekstrar stofnunar og vildu nokkrir umsagnaraðilar setja þak á það hlutverk sem færi til þessa þáttar. Um það vil ég segja að það stoðar lítið að byggja upp stofnanir ef síðan er ekki til fé til að reka þær. Ég held því að það sé af hinu góða og það verði að taka mið af þörf á hverjum tíma hve mikill hluti af sjóðnum fer í rekstur. En það er alveg ljóst að þörfin er til staðar í dag að veita fé til þess að byggja upp ný hjúkrunarheimili og nýjar stofnanir fyrir aldraða og vissulega þörf á að standa vörð um að nægt fé fari til þeirra verkefna.

Einnig komu fram ábendingar um að setja þurfi starfsreglur um útdeilingu fjár úr Framkvæmdasjóði aldraðra til að tryggja að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð og leggur hv. heilbr.- og trn. því til að slíkar starfsreglur verði settar þannig að það sé alveg ljóst á hverjum tíma að eðlileg rök séu lögð til grundvallar ákvörðun um skiptingu Framkvæmdasjóðs aldraðra til þeirra verkefna sem lögin segja til um.

Í 13. og 14. gr. frv. er fjallað um öldrunarþjónustu og skilgreint hvað fellur undir einstakar tegundir þjónustuforma. Nauðsynlegt er að geta þess hvaða þjónusta liggur að baki hverju skilgreindu þjónustuformi til að tryggja að þeir einstaklingar sem njóta þjónustu viti að hverju þeir geta gengið og geti gengið að tiltekinni þjónustu vísri. Það var m.a. fjallað um öryggisþjónustuna áðan, og aftur af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Það er alveg ljóst að með því að setja ákvæði um öryggisþjónustu inn í frv. er gengið út frá því að þetta sé öryggisþjónusta sem stendur undir nafni, það sé hlustandi á hinum endanum til staðar til þess að bregðast við. Ég tel að það sé ekki hlutverk löggjafans að taka ákvörðun um hvernig það er gert heldur hljóti það að vera ákvörðunaratriði þeirra sem bera ábyrgð á rekstri stofnunarinnar hvernig það er gert. Það má gera á ýmsan máta og m.a. með samningum við öryggisþjónustufyrirtæki eða með tengingu við aðila sem er tiltækur og innan seilingar og getur brugðist fljótt við.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég leggja áherslu á að hjúkrunarheimili og þær öldrunarstofnanir sem hafa hjúkrunarrými þar sem aldraðir sem þarfnast hjúkrunar, læknisþjónustu og endurhæfingar eru vistaðir, falli jafnframt undir lög um heilbrigðisþjónustu. Ástæðan fyrir því að þessir einstaklingar eru lagðir inn á hjúkrunarheimili er að þeir þurfa hjúkrunar og læknislegrar meðferðar og endurhæfingar við og því eðlilegt að gera kröfur um faglega ábyrgð stjórnenda á þessum þáttum. Þetta vil ég sérstaklega taka fram að gefnu tilefni, þ.e. að staða faglegra stjórnenda þessara stofnana er hin sama og á öðrum heilbrigðisstofnunum hvað varðar stjórnun og faglega ábyrgð og það er mín skoðun að aldraðir eigi ekkert minna skilið.

[22:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir ræðu hennar en hún endaði einmitt málflutning sinn á því máli sem ég kastaði hér fram og gerði fyrirspurn um, þ.e. ábyrgð stjórnenda í þjónustu hjúkrunarheimila á að vera nákvæmlega sama og á sjúkrahúsum.

Þá kem ég að því sem segir í lögum um heilbrigðisþjónustu. Þar segir í 30. gr., með leyfi forseta:

„Einkasjúkrahúsum og sjálfseignarstofnunum skal stjórnað af fimm manna stjórnum þar sem í eiga sæti þrír kosnir af eigendum, einn fulltrúi kosinn af starfsmannaráði og einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Stjórnir einkasjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana skipta sjálfar með sér verkum."

Þá er spurningin: Erum við að tala um þessa breytingu? Það er búið að taka út úr þessum lögum ákvæði um að heilbrrh. skipi einn í stjórn. En er þá bara verið að fara bakdyramegin inn með tilliti til þessara laga? (**Gripið fram í:** Hvað heldurðu?)

Í annan stað vildi ég spyrja um starfsmannaráð. Hvernig ætlar Reykjavíkurborg að fara að skipa starfsmannaráð? Það eru Droplaugarstaðir, Langahlíð, Seljahlíð, Norðurbrún 1 og sjálfsagt starfsmannaráð á öllum þessum heimilum fyrir aldraða, en vel að merkja ein stjórn Reykjavíkurborgar yfir þessu öllu. Hvernig ætla menn að fara með þetta mál?

[22:33]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu minni talaði ég sérstaklega um faglega ábyrgð stjórnenda á þeirri þjónustu sem veitt er. Ég sagði að á hjúkrunarheimilum sem falla undir skilgreiningu sjúkrahúsa samkvæmt heilbrigðislögum verði ráðinn framkvæmdastjóri, hjúkrunarforstjóri og yfirlæknir í samræmi við heilbrigðislög, og það var meginpunkturinn í máli mínu.

Í nefndinni spurðum við sérstaklega um þetta atriði í 18. gr. og ég tel að ég muni það rétt — klukkan er orðin svolítið margt, það gæti farið að ryka eitthvað yfir hugsanir mínar, (Gripið fram í.) en það væru þá aðrir ... vertu stilltur, félagi Össur, afsakið hv. þm. Össur Skarphéðinsson — og þá vil ég biðja aðra hv. nefndarmenn að leiðrétta mig. En þegar við fjölluðum um þetta í nefndinni var tekið sem dæmi sjúkrahúsið á Húsavík þar sem hjúkrunarheimilið hefur verið tekið sem hluti af sjúkrahúsinu og þar sem stjórn sjúkrahússins er í rauninni um leið stjórn hjúkrunarheimilisins. Ég tel mig ekki geta svarað þessu á annan máta. Hins vegar varðandi faglega stjórnun þar sem hjúkrunarheimili og dvalarheimili eru í starfstengslum þá tel ég alveg öruggt og í samræmi við mína bestu vitneskju að þar sé hin faglega ábyrgð til staðar eins og henni er lýst í lögum um heilbrigðisþjónustu.

[22:35]

Frsm. heilbr.- og trn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna en mig langar í lok hennar að fá að þakka samstarfsmönnum, hv. þm. í heilbr.- og trn., fyrir gott samstarf við vinnslu frv. Þó að alltaf megi deila um hvort mál komi nægilega snemma fram þá er það mín skoðun að okkur hafi tekist að vinna vel að málinu og það hafi verið heiður að því fyrir þingið að geta afgreitt það á ári aldraðra. Í öllum aðalatriðum er samstaða um frv. og það finnst mér mikilvægt. Það má segja að samstaða sé um öll atriði nema fjármálaþáttinn. Hv. þm. stjórnarandstöðunnar töldu að setja ætti framkvæmdasjóðnum ákveðnar skorður í sambandi við úthlutun úr sjóðnum til rekstrar og eins varðandi 22. gr. að sú upphæð sem þar er getið um og telst vasapeningur vistmanna sé of lág. Hvað varðar 22. gr. þá vil ég taka það fram að hún er óbreytt frá núgildandi lögum og verði þetta frv. að lögum, sem allt útlit er fyrir, þá eru uppi hugmyndir um það í ráðuneytinu að reglugerðum verði breytt þar sem á þarf að halda.

Mér sýnist að hv. þm. Ásta Möller hafi svarað þeim spurningum sem hér komu fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni þannig að ég geri ekkert betur og bæti engu við þar til bóta að mínu mati og ætla ég ekki að gera það. Ég vil í lok máls míns endurtaka að ég tel að það sé mikilvægt að þetta frv. verði að lögum nú á ári aldraðra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Frv. umhvn., 276. mál. — Þskj. 390.

[22:38]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Frv. er aðeins tvær greinar en seinni greinin skiptist í þrennt. Í 1. gr. er lagt til að sveitarstjórn hafi heimild til að víkja frá ákvæðum þessara laga um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í sérstakri samþykkt.

Þarna er verið að lögfesta ákvæði sem reynslusveitarfélögin höfðu um meðferð verkefna og færslu þeirra frá byggingarnefndum til byggingarfulltrúa. Reynslan af þessu þykir það góð að ástæða þykir til að þetta ákvæði verði lögfest. Ákvæðið hjá reynslusveitarfélögunum rennur út 1. janúar nk. og er því lagt til að það verði lögfest hér til frambúðar.

2. gr. skiptist í þrennt eins og ég gat áður um. Í fyrsta liðnum, sem heitir liður 10, er gert ráð fyrir því að einstaklingar sem fengu útgefið eða áttu rétt á að fá útgefið meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 og ekki hafa lokið meistaraskóla eiga rétt á löggildingu til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum fyrir byggingarnefnd skv. 2. mgr. 52. gr., enda hafi þeir sótt námskeið sem umhverfisráðuneytið stendur fyrir í samvinnu við prófnefnd skipulags- og byggingarmála og Samtök iðnaðarins. En námskeið þetta hefur ekki verið mótað að fullu en verður gert samkvæmt nánari reglugerð.

Annar liður 2. gr. sem hérna settur fram og er tölusettur nr. 11 gerir grein fyrir þeirri tillögu að deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998 gilda án tillits til þess hvort þær hafa verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Þarna er verið að greiða fyrir samþykktum deiliskipulags og eyða vafa sem lengi hefur staðið mörgum framkvæmdum fyrir þrifum og valdið óróa og réttaróvissu.

Síðasti liður 2. gr. sem hefur verið tölusettur með tölunni 12 segir að samþykktir sem reynslusveitarfélög hafa sett

sér með heimild í 16. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, halda gildi sínu til 1. mars 2000.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, 2. umr.

Stjfrv., 109. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 117, nál. 440, brtt. 454.

[22:42]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum reynslusveitarfélög, nr. 82/1994.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Elínu Blöndal og Hermann Sæmundsson frá félmrn. og Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þá bárust umsagnir um málið frá Reykjavíkurborg, Fjarðabyggð, Akureyrarbæ, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjanesbæ og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Í frv. er lagt til að gildistími laga um reynslusveitarfélög verði framlengdur til 1. janúar 2002 þar sem hluti þeirra tilraunaverkefna sem standa yfir hófst seinna en ráð var fyrir gert og fyrirsjáanlegt er að ekki verði fengin af þeim nægileg reynsla áður en gildistíminn rennur út. Einnig verða væntanlega viðamikil verkefni framlengd ef vilji reynslusveitarfélags og ráðherra er fyrir hendi.

Í frv. er lagt til að ákveðnar greinar um heimildir ráðherra til að víkja frá ákvæðum einstakra laga verði felldar brott. Í 5. gr. er lagt til að heimild umhvrh. til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga, nr. 54/1978, verði felld brott. Í grg. með frv. segir að gert sé ráð fyrir að umhvrh. leggi samhliða frv. þessu fram frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögum þar sem mælt verði fyrir um þær heimildir sem tilraunaverkefni reynslusveitarfélaga byggjast á. Nokkur bið varð á því að frv. þetta kæmi fram og hefur nefndin því beðið með afgreiðslu málsins. Þar sem umhvn. Alþingis hefur nú lagt fram frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum sem ætlað er að taka á þessu máli telur nefndin að málið sé leyst á viðunandi hátt. Hæstv. forseti, það er það frv. sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður umhvn., var að mæla fyrir hér áðan.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þeir sem skrifa undir nál. eru auk þeirrar sem hér stendur hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Kristján L. Möller, Kristján Pálsson og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

[22:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir fyrirvara mínum við þetta mál. Ég skrifa undir nál. félmn. með fyrirvara og þar koma nokkur atriði við sögu en aðallega þó eitt efnisatriði sem ég flyt brtt. um á sérstöku þingskjali.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að ég tel að æskilegt hefði verið að tími hefði gefist til að fara í rækilegri úttekt á stöðu reynsluverkefnanna, meta hvernig þau koma út eftir sveitarfélögum og verkefnum og hversu skynsamleg eða gagnleg þessi tilraunayfirfærsla er. Það er enginn vafi á að af því má draga lærdóm eins og ég hygg t.d. að hv. félmn. hafi gert, m.a. með vettvangsferð í haust þegar við heimsóttum ákveðinn landshluta, ræddum þar við forsvarsmenn sveitarfélaga og fleiri. Við kynntum okkur hvernig til hefði tekist með samræmingu þeirra mála sem tekið var við af ríkinu við þá stjórnsýslu sem fyrir var hjá sveitarfélögunum, m.a. í málefnum fatlaðra o.s.frv.

Hitt er annað mál að reynslusveitarfélögin eru með fáeinum undantekningum nokkur af stærstu og öflugustu sveitarfélögum landsins. Þar af leiðandi er ekki endilega að öllu dæmigert hvernig til tekst í þeim tilvikum. Eins er nokkuð mismunandi eftir málaflokkum hversu vel hefur tekist til. Sums staðar virðist nokkuð ljóst að þau verkefni sem tekið var við af ríkinu og sú starfsemi sem áður var á vegum viðkomandi sveitarfélaga fara mjög vel saman. Með samræmingu og sameiningu er augljóslega hægt að ná árangri og endurskipuleggja hlutina. Það hygg ég t.d. að geti átt við um þann rekstur sem félagsþjónusta sveitarfélaganna hefur með höndum þegar þau taka við málefnum fatlaðra svo dæmi sé tekið.

Í mínum huga er einnig ljóst að verkefnatilflutningur frá ríkisvaldi til sveitarfélaga er ekki lausnarorðið í öllum vanda. Mönnum ber að varast að líta svo á að sjálfgefið sé að flutningur í þessa átt sé í öllum tilvikum jákvæður og af hinu góða. Það fer að mínu mati fyrst og fremst eftir því hvers eðlis verkefnin eru, hvernig staðið er að yfirfærslunni og einnig eftir þeim fjármunum sem sveitarfélögin hafa til að sinna viðkomandi verkefni. Síðast en ekki síst fer það mikið eftir stöðu sveitarfélaganna, hve stór og öflug og hvernig sett þau eru. Það sem reynst getur vel og verið auðvelt fyrir eitt sveitarfélag með tiltekna fjárhagslega burði eða tiltekinnar gerðar, sveitarfélag sem er fremur þéttbýlt t.d., getur virkað öfugt í öðrum tilvikum.

Herra forseti. Ég ætla ekki, m.a. tímans vegna því nokkuð er liðið á kvöld, að gera langt mál úr þessu. Ég hefði getað hugsað mér að ræða þetta nokkuð ítarlegar við aðrar aðstæður og það hefði sannarlega verið verðskuldað. Þarna eru ýmis álitamál, herra forseti, sem mér finnst menn á köflum hneigjast til að einfalda fyrir sér. Ég tel líka að vandaða og hlutlæga yfirferð þurfi, t.d. yfir það sem vel hefur tekist og það sem ekki hefur tekist eins vel í yfirfærslu grunnskólans og fleiri þátta. Ég held líka að kannski eigi menn eftir að átta sig á því að hreintrúnaður í þessum efnum, trú á að flókin félagsleg viðfangsefni eða grundvallarþjónusta í velferðarkerfi eins og menntun og heilsugæsla séu viðfangsefni bara annars hvors aðilans, annaðhvort stjórnsýslustigsins eða annars hvors framkvæmdaraðilans, sveitarfélaganna eða ríkisins, muni ekki reynast mikil speki.

Ég held að í sumum tilvikum gæti niðurstaðan hæglega orðið sú að farsælt sé að um samstarfsverkefni ríkisvaldsins og sveitarfélaganna sé að ræða. Ég held að sú einföldunin sem gætt hefur í þessari umræðu hafi falist í átrúnaði á hina hreinu verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það litla sem ég hef haft aðstæður til að skoða þetta annars staðar, m.a. hér í nágrannalöndunum, hef ég komist að raun um að víða er litið á þetta allt öðrum augum. Þar er einmitt víða um samstarf að ræða og þykir ekkert að því að samstarfið sé jafnvel milli þriggja stjórnsýslustiga, ríkisvaldsins, héraða eða fylkja og sveitarfélaga þar sem allir aðilar koma að málum. Þetta á t.d. við um heilbrigðisþjónustuna í sumum nágrannalöndunum. Þar er hún með vissum hætti samstarfsverkefni allra þessara

aðila þó einn hafi fyrst og fremst með höndum framkvæmdina og beri ábyrgð á henni. Fjármunir koma til sögunnar frá fleiri aðilum og þetta er skipulagslega hluti af stærra kerfi þar sem æðri stjórnsýslustig koma einnig við sögu.

Úr því að menn velja sér það í miklu stærri löndum, þar sem einingarnar eru miklu stærri og mörg lægri stjórnsýslustigin eru stærri en allt Ísland, stærstu sveitarfélögin, stórborgirnar svo ekki sé nú talað um stærstu héruðin, fylkin eða ömtin sem eru mun stærri, hví skyldum við þá ekki hér á okkar litla landi með tiltölulega einfalda stjórnsýslu velja þann kost að vinna verkefnin í samstarfi? Ég hef stundum velt því fyrir mér hversu mikil orka fór í umræðurnar um yfirfærslu grunnskólans í ljósi þess að það var módelið sem mjög víða er við lýði í svipuðum tilvikum í nágrannalöndunum. Framkvæmdin er í aðalatriðum á hendi eins aðilans, þ.e. sveitarfélaganna sem í öllum aðalatriðum hafa yfirtekið framkvæmd á grunnskólahaldinu, en fjármunir koma frá ríkinu. Það var í raun og veru það sem gerðist, fjármunir til að greiða laun starfsmanna komu frá ríkinu en að öðru leyti voru sveitarfélögin með framkvæmdina. Þannig var verkaskiptingin tiltölulega hrein þó verkefnum væri dreift á þennan hátt.

Ég, herra forseti, er að sjálfsögðu ekki að leggjast gegn því að sveitarfélögin fái framlengdan reynslutíma. Mörg þessara verkefna eru þannig stödd að sjálfgefið er að halda þeim áfram og láta reyna á þetta. Í ýmsum tilvikum býst ég við að menn líti svo á að þetta hafi heppnast og næsta sjálfgefið sé að stíga skrefið til fulls, væru menn tilbúnir til þess. Hins vegar er að því að hyggja að annars staðar hafa málin verið tekin öðrum tökum og augljóst mál að menn þurfa eitthvað lengri tíma til umþóttunar í þessum efnum, svo sem til að taka endanlegar ákvarðanir um yfirfærslu eða ekki yfirfærslu málefna fatlaðra.

Mér finnst líka, herra forseti, — þetta hljómar kannski eins og óskaplegt trúleysi eða vingulsháttur — að við stöndum frammi fyrir spurningunni um, m.a. út af þeim skrefum sem þegar hafa verið tekin í reynslusveitarfélagaverkefnunum, hvort niðurstaðan gæti jafnvel orðið sú að þetta yrði eitthvað mismunandi. Það væri einfaldlega vegna þess hve geysilega mismunandi sveitarfélögin eru á vegi stödd. Nú veit ég að það er afar viðkvæmt mál að hreyfa þeirri hugsun að einhver hluti sveitarfélaganna í landinu geti tekið einhliða og alfarið við málefnum eins og málefnum fatlaðra en önnur sveitarfélög geri það ekki. Þá kemur strax upp umræðan um hvort menn ætli að búa til fyrsta og annars flokks sveitarfélög o.s.frv.

Mér finnst það ástæðulaust. Af hverju er ekki hægt að ræða um þetta nákvæmlega eins og þetta er? Aðstaða sveitarfélaganna er geysilega misjöfn. Mörg þeirra geta verið ágætlega í stakk búin til að taka alfarið við þessum málaflokki og bera ábyrgð á honum en önnur síður. Er þá eitthvað að því að í þeim tilvikum væri t.d. valkvæður möguleiki sem gæti falið það í sér að til greina kæmi einhvers konar samstarfsverkefni ríkisins og sveitarfélaganna, þar sem ríkið væri áfram meira með í dæminu? Ríkið leysti þá málin með þjónustusamningum við sveitarfélög eða hópa sveitarfélaga þó ekki væri í hefðbundnum skilningi um formlega yfirfærslu á málaflokknum að ræða. Þetta gæti verið eitthvað sveigjanlegt eftir aðstæðum.

Hin leiðin, að færa málaflokkinn formlega yfir en viðurkenna í reynd mismunandi aðstöðu sveitarfélaganna með því að búa til enn eitt lag af jöfnunarkerfi vegna ólíkrar aðstöðu þeirra í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, er líka mikið umhugsunarefni. Hvar endar Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ef hver málaflokkurinn á fætur öðrum er færður yfir til sveitarfélaganna frá ríkinu en staða þeirra er svo ólík að það verður að grípa til viðtækra jöfnunaraðgerða á móti í gegnum jöfnunarsjóð? Jú, þá tútnar hann út og verður eftir 10–30 ár, með sama áframhaldi, orðinn einhvers konar önnur útgáfa af ríkissjóði. Jöfnunarhlutverkið er þá bara undir þeim hatti í staðinn fyrir að vera í ríkissjóði því auðvitað hefur hann verið hinn stóri jöfnunarsjóður okkar í þessum efnum.

Herra forseti. Ég ætla að láta þessar hugleiðingar nægja um stöðu þessara reynsluverkefna tímans vegna. Ég hefði þó alveg haft skap í mér til að segja ýmislegt fleira um þau mál og teldi reyndar þarft að Alþingi gæfi sér tíma til að fara rækilegar yfir þau. Það er nokkur skaði að þessi mál eru svo seint hér á ferðinni sem raun ber vitni.

Það sem ég geri nokkuð alvarlegar athugasemdir við, herra forseti, í frv. er gildistími þess. Ég er mjög sammála þeim sjónarmiðum sem sett hafa verið fram, m.a. af sveitarstjórnarmönnum hér á höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega Reykjavíkurborgar, að ekki sé mjög hyggilegt að láta gildistímann enda þar sem honum er ætlað að enda í þessu frv. Ég sakna þess að ekki skuli hafa fengist betri skoðun á því máli. Mér er að vísu ljóst að talsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga og fleiri sem fyrir nefndina komu gerðu ekki athugasemdir við þennan gildistíma. Ég veit hins vegar til þess að sveitarstjórnarmenn, víðar en á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjavík, þar á meðal nokkrir sem ég hef heyrt í utan af landi, deila mjög þeirri skoðun að það sé óheppilegur endapunktur á gildistímanum að láta þetta deyja út nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Nú geta menn verið bjartsýnir og trúað því að þetta mál verði meira og minna um garð gengið þá, í höfn og ekki þörf fyrir nein reynsluverkefni, þau verði frágengin og kláruð en þar er nú ekki á vísan að róa og hefur ærið oft reynst, herra forseti, meira verk að hnýta þessa lausu enda en menn ætluðu. Færi svo væru enn óútkljáð reynsluverkefni og er þá skynsamlegt að láta gildistíma laganna deyja út nokkrum mánuðum fyrir næstu reglubundnu sveitarstjórnarkosningar? Ég held ekki. Ég held að sjónarmið sem sett eru fram, t.d. í umsögn Reykjavíkurborgar, séu býsna vel rökstudd og grunduð. Ég tel heppilegra að bæta þar við ári þannig að ný sveitarstjórn hefði eins og sjö mánaða umþóttunartíma og það mál gæti lent hvorum megin við sveitarstjórnarkosningarnar eftir því hvernig á stendur.

Ég hef því lagt til, herra forseti, á þskj. 454 að þessu verði breytt þannig að í stað ártalsins 2003 í 1. gr. frv. — hún gengur jú út á að breyta ártölum í 6. gr. laganna um reynslusveitarfélög á þann veg að þar sem áður stóð ártalið 2001 komi 2003 — komi ártalið 2004. Í 7. gr. er fjallað um sjálfan gildistíma laganna, þar er lagt til í frv. að lög þessi skuli gilda til 1. jan. árið 2002 — væntanlega á að kjósa til sveitarstjórna í maímánuði á árinu þar á eftir, þ.e. fimm mánuðum síðar — en ég legg til að þar standi 1. janúar árið 2003.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að rökstyðja mál mitt með því að vitna í umsögn um frv. til laga um reynslusveitarfélög frá Reykjavíkurborg en þar segir, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs félmn. Alþingis frá 23. fyrra mánaðar þar sem leitað er umsagnar Reykjavíkurborgar á frv. til laga um breytingar á lögum um reynslusveitarfélög, nr. 82/9194.

Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur þeim sjónarmiðum áður verið komið að til félmrn. að gildistími laganna verði framlengdur að einhverju eða öllu leyti til 1. jan. árið 2003. Sú tímasetning miðast við að lögin gildi út yfirstandandi kjörtímabil sveitarstjórna og sjö mánuði fram á næsta kjörtímabil, þannig að sveitarstjórnum reynslusveitarfélaga sem kjörnar verða árið 2002 gefist ráðrúm til að taka afstöðu til framhaldsverkefna.

Því er lagt til að frv. verði breytt samkvæmt framansögðu."

Síðan voru ákveðnar athugasemdir gerðar við fylgifrv., þ.e. til breytinga á lögum um skipulags- og byggingarlög en ég hygg að þau mál hafi leyst sæmilega farsællega. Að vísu hefði kannski mátt gefa aðeins meira svigrúm í tíma heldur en í því frv. er gert til að eyða allri óvissu í þeim efnum en ég hygg þó að þau mál gangi sæmilega upp eins og þarna var lagt til. Alla vega er ljóst að lögð var á það áhersla af hálfu Reykjavíkurborgar að eyða allri óvissu sem kynni að tengjast því máli.

En ég, herra forseti, geri þá tillögu að þessu verði breytt og ég hef ekki heyrt nein sérstaklega sannfærandi rök fyrir því að gera það ekki. Ég hef ekki heyrt að önnur sveitarfélög eða aðrir sveitarstjórnarmenn leggist gegn því þó að þeir hafi ekki beðið um það sérstaklega eða gert þetta að miklu umtalsefni þá hafa þessi sjónarmið komið fram. Þau komu fram að ég hygg á fundi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og þar var það viðhorf uppi að þetta ætti að gera og þau eru hér í samþykkt Reykjavíkurborgar flutt til þingsins með ósk um að þessu verði breytt. Ég get að vísu ekki nema munnlega borið hingað sambærileg viðhorf sveitarstjórnarmanna víðar að af landinu sem ég hef heyrt í um þessi efni og legg því þessa brtt. til. Ég veit ekki, herra forseti, hvort forsendur eru til þess að ná um þetta samkomulagi, sem hefði auðvitað verið best og greitt götu málsins og ef svo væri er ég tilbúinn til að draga tillöguna til baka til 3. umr. ef nefndin gæti hist og farið yfir málið á nýjan leik og þá m.a. með félmrn. sem virðist hafa fengið þessar óskir áður en ekki séð sér fært að verða við þeim af einhverjum ástæðum.

[23:02]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að bregðast við hugleiðingum hv. þm. að öðru leyti en því er varðar starf nefndarinnar og þær umræður sem komu fram um gildistíma verkefnisins. Það er rétt að í umsögn Reykjavíkurborgar kom fram að breyta bæri þeim ártölum sem í frv. eru. Við ræddum þetta sérstaklega við gesti okkar, bæði úr félmrn. og talsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga. Þeir töldu að nokkurs misskilnings gætti um eðli þessara verkefna og ekki væri ástæða til að breyta tímasetningum á þeim verkefnum sem þarna er verið að fjalla um.

Þegar á þennan tíma líður og ef í ljós kemur að frekari framlenginu þurfi á lögunum um reynslusveitarfélagaverkefnið, þá er auðvitað dágóður tími til að fjalla um það þegar fram líður á næsta og þarnæsta ár. Ég held að ekki hafi verið ástæða til þess að kanna þetta frekar eftir þær viðræður sem við áttum við þetta fólk. Við skulum líta á það einnig að þetta er álit verkefnisstjórnar reynslusveitarfélagaverkefnisins sem þarna kemur fram, þ.e. að þetta sé það sem henta muni varðandi gildistímann.

[23:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa að ég skil ekki þetta mál. Mér er ómögulegt að skilja af hverju heimildarlög mega ekki hafa aðeins rýmri gildistíma heldur en einhverjir meta að sé akkúrat hinn rétti. Eru þetta ekki heimildarlög, herra forseti, í eðli sínu? Þetta eru lög sem búa til lagarammann um heimildina til að hafa reynsluverkefni í gangi. Hverjum gerir það til þó að slík heimildarlög séu til jafnvel þó þau séu ekki notuð? Engum. Og þau sveitarfélög sem ekki þurfa á þeim að halda geta varla amast við því að heimildin sé til staðar ef það er svo að hjá einhverjum sveitarfélaganna í landinu eru þær aðstæður að óþægilegt er að hafa þessa tímaöxi yfir sér akkúrat þarna nokkrum mánuðum fyrir kosningar. Hvers vegna má þá ekki leyfa heimildinni að lifa og svo kemur bara í ljós hvort á henni þarf að halda eða ekki? Þannig lít ég á málið.

Mér finnst ekki boðleg rök að segja: Ja, ef það kemur í ljós á næsta ári eða þarnæsta að framlengja þurfi þá er alltaf hægt að breyta þessu. Af hverju ekki að ganga bara frá því núna að gildistíminn sé það rúmur að menn geti þá haft allt það svigrúm sem þeir vilja fram á næsta kjörtímabil sveitarstjórna til að tímasetja sínar ákvarðanir og ganga frá málum? Það finnst mér. Ég finn lyktina af því, herra forseti, að í þessu sé verið að búa til einhverja svipu með því að hafa gildistímann svona stuttan. Hvað er á bak við það? Ég bið um önnur rök en þau að einhverjir vísir menn hafi sagt að þeir teldu ekki þörf á þessu. Ég þarf meiri skýringar á málinu.

[23:06]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum minnast þess að hér er um reynsluverkefni að ræða og eðli málsins samkvæmt er slíkum verkefnum ætlaður einhver lokaáfangi. Menn eru að leita sér reynslu af því að sveitarstjórnirnar taki að sér ákveðin verkefni sem eru samkvæmt öðrum lögum vistuð hjá ríkisvaldinu og á einhverjum tímapunkti verða menn að meta þá reynslu sem hefur orðið af því að reka slík verkefni hjá sveitarfélögunum og komast að niðurstöðu um hvort ástæða sé til að breyta lögunum þannig að almennt flytjist þau verkefni yfir til sveitarfélaganna. Það var málið með reynsluverkefnin. Menn ætluðu að fá reynslu af því hvort heppilegt væri að sveitarfélögin mundu reka þau.

Ef menn geta ekki á tilteknum tímapunkti komist að þeirri niðurstöðu að þannig skuli það vera, þá spyr ég, til hvers eru menn að gera þetta? Eigum við að hafa mismunandi reynslusveitarfélög þannig að sveitarfélögin í landinu séu ekki öll með eins verkefni? Ég held að það hljóti nú að vera það sem við viljum gera til framtíðar, þ.e. að verkefnin séu með þeim hætti að þau séu annaðhvort hjá ríki eða sveitarfélagi.

[23:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum nú kannski lengri tíma til að rökræða um þá hluti. En hv. þm. þarf ekki að eyða dýrmætum tíma sínum í andsvari í að útskýra fyrir mér að orðið reynsla þýðir reynsla. Ég skil alveg orðið reynsla og reynslusveitarfélag, að verið sé að láta reyna á og prófa einhverja hluti, það þarf því ekki fyrirlestra í sjálfu sér um það.

Ég skynja hins vegar m.a. nú í svari hv. þm., formanns félmn., að það sé í reynd þannig að verið sé að setja ákveðna tímapressu á þetta og menn hafi ekki viljað gefa nema mjög

afmarkaðan tíma í viðbót. Samt standa menn frammi fyrir því að verða að framlengja gildistíma þessara laga nú um tvö ár. Og þá stendur þannig á spori að það fellur á tímann rétt fyrir næstu komandi sveitarstjórnarkosningar. Beðið er um það af stærsta sveitarfélagi landsins að þetta verði þá frekar látið falla um næstu áramót þar á eftir, þannig að það verði ekki truflandi alveg ofan í sveitarstjórnarkosningunum. Og í ljósi þess að þetta eru heimildarlög, þetta er eingöngu heimild til handa ráðuneytunum að semja við sveitarfélögin um tiltekin reynsluverkefni — engin skylda — þá skil ég ekki af hverju lagagrundvöllurinn fyrir þessari heimild má ekki vaka í nokkra mánuði í viðbót þegar um það er beðið. Ég hef engin sannfærandi rök heyrt fyrir því að það megi ekki vera svo og er eiginlega enn sannfærðari en áður um að hér er þá eitthvað annað á ferðinni og einhver stífni sem ég ekki átta mig almennilega á hver er, en kannski skýrist hún núna í næstu ræðu.

[23:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka nefndinni fyrir afgreiðslu á þessu máli.

Rétt er að hafa það í huga að frv. er flutt að beiðni sveitarfélaganna og í nánu samráði við sveitarfélögin eða Samband ísl. sveitarfélaga. Frv. var samið í samstarfi við þá aðila og þar á meðal var uppástungan um tímalengdina. Það er ekki eitthvað sem við fundum upp á í félmrn. sérstaklega, og mér út af fyrir sig hefði líka þótt alveg koma til greina að framlengja þetta um þrjú ár í staðinn fyrir tvö. En það varð niðurstaðan að óska eftir þessum fresti.

Mér finnst hins vegar brtt. hv. þm. Steingríms Sigfússonar geta svo sem gengið en tel nú samt að þetta sé nægilegt skref í bili og ef mönnum sýnist þá að ástæða sé til að framlengja þetta enn frekar verði ekkert ókleift að breyta lögum og lengja frestinn ef svo vildi verkast.

Ég er ekki sammála þeirri kenningu sem hér kom fram að sérstaklega væri heppilegt að ganga frá samningum rétt eftir sveitarstjórnarkosningar. Það getur verið alveg nóg fyrir nýjar sveitarstjórnir að gera, nýkjörnar, þó að þær þurfi ekki að taka ákvarðanir að þessu leyti og eðlilegra sé að semja eða ganga til samninga við sveitarstjórnir sem búnar eru að starfa um tíma. Mér hefði fundist kannski þá, ef á annað borð væri verið að víkja frá þessari tveggja ára reglu eða tveggja ára hugmynd, koma til greina að færa sig aftur í fjögur ár, sem að vísu er þá kosningaár, væntanlega þingkosningaár.

Eitt atriði hefur væntanlega ráðið því að þarna eru tiltekin tvö ár. Það er vegna yfirfærslu málefna fatlaðra. Það er töluverð pressa komin á að ákveða yfirfærsludag, m.a. frá samtökum fatlaðra eða aðstandendum fatlaðra og þeir vilja vita hvenær yfirfærslan fari fram. Það eru hins vegar ekki öll sveitarfélögin tilbúin og þar á meðal Reykjavíkurborg til að taka við málefnunum. Ég held því að það sé ekki tímabært að ákveða daginn en því er ekki að leyna að þessi áramót hafa verið nefnd sterklega í því sambandi, að yfirfærsla málefna fatlaðra færi fram, og þá gæti það verið hentugt að það væri lokadagur á reynslusveitarfélagaverkefninu.

Ég geri hins vegar ráð fyrir því að sums staðar standi þannig á spori að sveitarfélögin vilji halda áfram með verkefni sem þau hafa verið með sem reynsluverkefni. Ég nefni t.d. Hornafjörð sem hefur verið alveg til fyrirmyndar í þessu reynslusveitarfélagaverkefni. Þeir tóku við heilsugæslu, öldrunarmálum, málefnum fatlaðra — reyndar ekki málefnum fatlaðra sem reynslusveitarfélagaverkefni en fengu það verkefni á grundvelli laganna um málefni fatlaðra — og sameina þetta allt saman undir einni félagsþjónustu. Ég held að Hornafjörður muni sækjast eftir því að halda þeim verkefnum áfram. En það er alveg ábyggilegt að það eru ekki öll sveitarfélög sem treysta sér til að taka við málefnum heilsugæslunnar. En ég á von á því að þessi reynsluverkefni verði áfram í gangi.

Ég sé ekkert á móti því að sum sveitarfélög prófi sig áfram og önnur ekki og jafnvel geti það verið til frambúðar. Það hefur gengið ágætlega með málefni fatlaðra hjá sveitarfélögum sem hafa tekið við þeim. Á öllu Norðurlandi eru sveitarfélögin með málefni fatlaðra og á Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Ég deili hins vegar ekki skoðunum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að æskilegt sé að stofna til mikilla samvinnuverkefna. Ég held að betra sé að skiptin séu hrein. Mín reynsla er sú meira að segja að ekki sé heppilegt fyrirkomulag að málaflokkar skarist á milli ráðuneyta. Ég nefni það að nokkur mál eða verkefni skarast á milli heilbrrn. og félmrn. og ég tel að það sé óheppilegt. Ég held að það sé heldur verri reynsla af því en þar sem þau heyra hreinlega til öðru hvoru ráðuneytinu.

Eins er þetta t.d. með dómsmrn. Lögin um útlendingaeftirlitið heyra undir dómsmrn. Atvinnuleyfin heyra aftur undir félmrn. Ég teldi heppilegra að þetta væri hvort tveggja hjá sama ráðuneytinu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Ég held líka að mjög mikilvægt sé að fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð sé á einni hendi, að það sé erfitt og rangt fyrirkomulag sem hefur t.d. verið fram undir þetta á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, þ.e. að sami aðilinn hafi ekki hina fjárhagslegu og stjórnunarlegu ábyrgð.

[23:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ákaflega þakklátur fyrir fræðsluna sem ég fæ hér í hverri ræðunni á fætur annarri um að reynsla þýði reynslu, og svo frá hæstv. ráðherra að það sé hægt að breyta lögum. Þetta eru allt mjög gagnlegar upplýsingar.

En ég er í sjálfu sér enn síður sannfærður hafandi heyrt hæstv. ráðherra m.a. lýsa því að ástæða gæti verið til að sum þessara verkefna lifðu jafnvel lengur. Þó að yfirfærslu málefna fatlaðra lyki farsællega árið 2002 þá gætu lifað eftir reynsluverkefni einmitt á sviði heilsugæslu eða annarra slíkra hluta. Ég held að það sé miklu betra að gefa þennan gildistíma frekar rýmri en skemmri og gera það strax heldur en að standa frammi fyrir því að hringla með þetta þannig að menn þurfi fyrst að miða við að þetta megi ekki vera lengur en til 2002, en svo komi í ljós að það hentaði að standa þar öðruvísi að málum. Menn mega ekki rugla hér saman annars vegar gildistíma laganna og möguleikanum á því að láta reynsluverkefni ljúka á árinu 2003 og hinu að ákvörðun um hlutina þurfi að taka innan þess tíma. Sveitarstjórn getur valið undir lok ársins 2001 að óska eftir því að tilteknu reynslusveitarfélagaverkefni ljúki á árinu 2003. Það er líka sjónarmið fyrir því að hafa tímann kannski frekar rýmri en þrengri í þessum efnum.

Að lokum, bara svo menn mistúlki ekki orð mín, þá var ég ekki að segja, og ég bið hæstv. félmrh. að fara ekki að rökræða við mig á þeim nótum, að ég hafi sérstaklega verið að lýsa áhuga mínum á því að öll verkefni væru samstarfsverkefni eða að það ætti að vera hið almenna módel. Það sem ég var að segja var að ég teldi það ekkert bannorð á hinn bóginn, það gæti vel verið fyrirkomulag sem hentaði við vissar

aðstæður í okkar litla landi. Í raun er það auðvitað þannig að allt þetta tal er svolítið sérkennilegt því að þessi mál eru öll samstarfsverkefni í vissum skilningi þess orðs. Löggjafarvaldið verður áfram hér, eða hvað? Fjárveitingavaldið og fjárveitingaramminn er að ýmsu leyti hér. Fjármálum sveitarfélaganna er stýrt með tilteknum hætti einnig héðan hvað varðar löggjöf um tekjustofna og álagningu. Við getum því ekkert slitið þetta svona sundur og verið svo kaþólsk að segja að þetta eigi að vera algjörlega hreint. Þetta er samstarf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 2. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 375, nál. 468 og 479.

[23:19]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Húnboga Þorsteinsson, Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félmrn., Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp og Helga Seljan og Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Frv. er lagt fram í samræmi við fjárlagafrv. fyrir árið 2000 en í 1. gr. þessa frv. er kveðið á um að kostnaður við félagslega hæfingu og endurhæfingu skv. 27. gr. laganna og kostnaður vegna starfsemi stjórnarnefndar skv. 52. gr. greiðist á næsta ári af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir og Ólafur Örn Haraldsson.

[23:20]

Frsm. minni hluta félmn. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum. Þetta er nefndarálit frá minni hluta félmn. og hér stendur, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2000. Gerð er grein fyrir málinu í nefndaráliti minni hlutans um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum, 273. mál. Þar kemur fram að minni hlutinn er andvígur fyrirhugaðri skerðingu á mörkuðum tekjum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Minni hlutinn gerir á hinn bóginn ekki sérstakar athugasemdir við að greitt sé úr sjóðnum til þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir eins og verið hefur að undanförnu enda ekki um stórfelld fjárútlát að ræða, eða væri í öllu falli ekki ef sjóðurinn væri óskertur.

Minni hlutinn mun sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Undir þetta nefndarálit skrifa sú sem hér stendur, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kristján Möller.

[23:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka hv. félmn. fyrir skjót viðbrögð.

Eins og fram kom þegar ég mælti fyrir málinu hef ég af því nokkurt samviskubit að vera svo seint á ferð með málið því þetta er auðvitað ósiður og varð til fyrir mistök að koma svo seint með málið. En það hefur ekki komið að sök þar sem hv. félmn. hefur unnið rösklega að málinu.

Því stend ég upp að í umræðum við 1. umr. málsins varpaði hv. 5. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, til mín nokkrum spurningum sem ég var ekki reiðubúinn að svara formlega eða vildi ekki svara nema sumum þeirra en lofaði því að þessar upplýsingar kæmu fram við meðferð málsins í hv. félmn. Að einhverju leyti munu þær ekki hafa komið þar fram vegna þess að mínir menn voru ekki spurðir þeirra spurninga sem hv. þm. spurði enda á hún ekki sæti í nefndinni. Einhvern veginn fórst það fyrir þannig að ég vil nota þetta tækifæri til þess að svara því sem hún spurði um.

Að einhverju leyti hafa líka verið hér uppi staðhæfingar sem ekki eru réttar og ætla ég að nota tækifærið til þess að upplýsa um þau atriði.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. um svigrúm sjóðsins á næsta ári, þ.e. hvaða skuldbindingar Framkvæmdasjóður fatlaðra hefði á næsta ári og hvað hann hefði til aukinna framkvæmda.

Skuldbindingar sjóðsins á næsta ári eru 27 millj. kr. Þær liggja fyrst og fremst í samningum við sveitarfélög sem annast þjónustu við fatlaðra samkvæmt samningum við ráðuneytið. Úthlutun næsta árs liggur ekki fyrir en að teknu tilliti til þessara skuldbindinga og þeirra rekstrarverkefna sem sjóðurinn greiðir, þ.e. kostnaðar vegna félagslegrar hæfingar og kostnaðar vegna starfsemi stjórnarnefndar — það er samtals áætlað að þessi kostnaður verði 13 milljónir — þá mun sjóðurinn hafa til ráðstöfunar 195 millj. kr. til annarra verkefna.

Á þessu ári voru úthlutanir til viðhalds og styrkir til aðgengismála og til framkvæmdaraðila félagslegra íbúða rúmar 50 milljónir og ef úthlutanir til þessara þátta verða sambærilegar á næsta ári þá standa eftir um 150 milljónir til nýframkvæmda. Á vegum sjóðsins eru núna þrjú sambýli í byggingu og tvö eru á hönnunar- og undirbúningsstigi.

Hv. þm. spurði líka hvort og hvar leiguhúsnæði yrði að finna vegna fimm nýrra sambýla á næsta ári.

Því er til að svara að svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Reykjanesi hefur átt samstarf við tvö sveitarfélög um leigu á húsnæði fyrir sambýli, þ.e. Mosfellsbæ og Grindavík. Nýtt sambýli tók til starfa í Mosfellsbæ í sumar og sambýli tekur til starfa í Grindavík á næsta ári. Svæðisskrifstofan í Reykjavík mun á næsta ári taka á leigu húsnæði fyrir tvö sambýli sem Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið eru að byggja.

Ég svaraði reyndar spurningu hv. þm. um hvort tekið væri tillit til þarfa langveikra barna í nýju frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er tekið tillit til langveiku barnanna. Frv. gerir ráð fyrir að langveikum börnum standi til boða sambærileg þjónusta og fötluð börn fá notið svo sem skammtímavistun, stuðningsfjölskyldur og leikfangasafnsþjónusta.

Í umræðunni var fullyrt að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefði verið skertur í tíð núverandi ríkisstjórnar eða að á starfstíma mínum sem félmrh. hafi hann verið skertur a.m.k. um 1.200 milljónir. Ég hef látið taka þetta nákvæmlega saman. Á árunum 1995–1999, að báðum árum meðtöldum, hefur erfðafjárskatturinn skilað 2.331 milljón og innheimst af erfðafjárskatti. Þetta er talsvert mismunandi milli ára og það gerir þennan tekjustofn dálítið óráðeiðanlegan. Framlög á fjárlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eru 1.192 milljónir á þessum árum og mismunur þessara talna er 1.139 milljónir og er það væntanlega sú tala sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að vísa til.

Ef meðtalin væru framlög á árunum 1995 og 1996 að fjárhæð 196 milljónir, sem var uppsöfnuð inneign sjóðsins frá árunum 1994 og 1995 þá hefur sjóðurinn haft til ráðstöfunar 1.388 milljónir á þessum árum. Mismunurinn á erfðafjárskattinum og þessari tölu eru 943 milljónir.

En ef þau rekstrarverkefni sem farið var að fjármagna úr framkvæmdasjóði á árinu 1995 og voru létt af honum í fjárlögum ársins 1997 hefðu haldist óbreytt, þ.e. ef 40% af Framkvæmdasjóði fatlaðra hefðu runnið til rekstrarverkefna eins og gerði þegar ég kom í ráðuneytið þá má draga það frá og þá er sú upphæð rúmar 500 milljónir þannig að hægt er að segja með nokkrum rökum að skerðingin hafi orðið 630 milljónir eða einhvers staðar þar í kring.

Síðan hefur það gengið hér æ aftur í umræðunni að á biðlistum eftir búsetu séu tæplega 400 manns. Á biðlistum voru 378 í október 1997 og það er væntanlega sú tala sem menn hafa verið að vísa til. En í skýrslu biðlistanefndarinnar kemur fram að í lok ársins 1998 voru 338 manns á biðlista, þ.e. að beðið var um 338 úrræði. Nú þurfa sumir að fá fleiri en eitt úrræði þannig að ekki er endilega víst að um allan þenna hóp sé að ræða eða að þetta séu 338 persónur.

En sagan er ekki öll sögð því að í fjárlögum þessa árs fékkst rekstrarfjárveiting fyrir sjö sambýli, þrjú í Reykjavík, þrjú á Reykjanesi og eitt á Austurlandi og með þessum sjö nýju heimilum hafa skapast úrræði fyrir 35–40 manns.

Væntanlega hefur einhver nýliðun átt sér stað, þ.e. einhverjir fleiri bæst í hóp þeirra sem þurfa aðstoð en um það hef ég ekki tölur. En ef maður gerir ráð fyrir upplýsingum í biðlistaskýrslunni má reikna með að í kringum 300 manns vanti úrræði eða 300 úrræði vanti. Reyndar hefur komið í ljós að upplýsingar sem ráðuneytið hefur aflað sér í tengslum við vinnu vegna yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga benda á hinn bóginn til þess að fjöldi þeirra sem sagður er á biðlistum sé e.t.v. ofmetinn. Það má sem sagt reikna með því að beðið sé eftir um 300 úrræðum. Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti.

[23:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom aðallega hingað til að veita hæstv. ráðherra aflausn af því að hæstv. ráðherra var svo bljúgur og játaði svo hreinskilninslega að það hefði ekki verið alveg nógu góð frammistaða að leggja málin fram svona seint. Það líkar mér vel og ég fyrirgef hæstv. ráðherra fullkomlega og veiti honum hér með aflausn. Aðrir menn bregðast öðruvísi við og þeir eiga síðar samúð skilið.

Í öðru lagi þakka ég hæstv. ráðherra fyrir svörin fyrir hönd hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem er ekki viðstödd til að hlýða á þau. Að hluta til fengum við þessar upplýsingar í félmn. og að hluta til ekki þannig að hæstv. ráðherra upplýsti um vissa hluti sem komu kannski ekki skýrt fram þar, þar á meðal bæði yfirlit yfir skuldbindingarnar og eins skerðingarnar aftur í tímann. Að vísu mætti á fund nefndarinnar stjórnarmaður í Framkvæmdasjóði fatlaðra, fyrrum hv. þm. Helgi Seljan, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins. Af sinni þekkingu á þessum málum, hafandi setið lengi í stjórn sjóðsins, gat hann upplýst okkur um ýmislegt sem þar var á ferðinni.

Í reynd var hæstv. ráðherra kannski að segja að menn þyrftu ekki að una svo illa við skerðinguna frá því sem verið hefði þegar hann tók við búinu og ætla ég ekkert að hafa um það fleiri orð, það talar fyrir sig. En hitt er ljóst, herra forseti, og það er að ef við lítum á framkvæmdatöluna upp á aðeins 150 millj. kr. til nýframkvæmda, að frádregnum skuldbindingum og öðrum rekstrarþáttum og öðru sem hæstv. ráðherra vék að, er það auðvitað dapurlega lágur hluti af kannski tæpum 600 millj. kr. sem má vænta að erfðafjárskattur og erðafé ríkisins skili samtals á næsta ári. Við erum því miður að tala um, herra forseti, að verja sorglega lágu hlutfalli af þessum þó myndarlega tekjustofni upp á vel yfir hálfan milljarð kr. til framkvæmda á þessu sviði og þörfin er æpandi. Ég nefni þar sérstaklega, fyrir utan húsnæðismálin, stórátak í aðgengismálum fatlaðra sem mér er vel ljóst að þarf að gera á Íslandi.

[23:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að þessir peningar duga ekki til að byggja með allra dýrasta hætti þau úrræði sem áformað er að setja upp. Þar af leiðir að við þurfum að fara í leiguhúsnæði að einhverju leyti enda er eins og ég gat um bæði leiguhúsnæði í Mosfellsbæ, Grindavík og síðan frá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp sem samningar hafa verið gerðir um og vonandi tekst að gera fleiri slíka.

Eins og ég sagði um daginn er dálítið tvíbent að leggja of mikið fé í steinsteypu vegna þess að kröfurnar breytast svo hratt. Núna vilja menn ekki leggja sömu áherslu á sambýli og áður var, nú þykja stofnanir óhæfa. Við sitjum uppi með mjög myndarleg mannvirki, bæði Vonarland á Egilsstöðum, Bræðratungu á Ísafirði, sem þykja ekki heppileg lengur eða svara kröfum tímans. Þroskahjálp var að gera mjög veigamiklar samþykktir á fundi sínum um daginn og þar á meðal um búsetumál þar sem krafan var sett á að öllum fötluðum yrði fengið húsnæði í samræmi við óskir sínar og þarfir.

Nú er kannski teygjanlegt hvað óskir eru og ég hygg að yfirleitt flestar fjölskyldur á Íslandi geti farið nokkuð hátt í óskum ef því væri að heilsa.

[23:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér held ég að ég verði að fara varlega með orð, þau geta verið dýr. Ég held að óskir fatlaðra í þessu tilviki séu ekki óskir um lúxus eða bruðl í húsakosti. Hér er fyrst og fremst verið að tala um óskir um það form búsetu sem menn telja að henti sér best, það er sambýli, það er eigin íbúð í fjölbýlishúsi með þjónustu eða einhver enn önnur úrræði. Spurningarnar eru ekki um einhverja óhófsemi í óskum.

Það er alveg ljóst og ég er ánægður með að hæstv. félmrh. viðurkennir að þessir fjármunir duga engan veginn til að byggja þau úrræði í húsnæðismálum fatlaðra sem menn hafa þegar ákveðið að leggja rekstrarfé til. Þá er verið að vísa í raun og veru á leigumarkaðinn en hann er mjög erfiður og um það fengum við m.a. upplýsingar í félmn. að það er bæði skortur á leiguhúsnæði, reyndar skortur yfir höfuð, það er sérstaklega erfitt að finna hentugt leiguhúsnæði. Á leigumarkaði finnst alls ekki húsnæði sem uppfyllir sérþarfir þeirra sem mestar hafa slíkar. Svo er að einu enn að hyggja og það er að leigumarkaðurinn er á fljúgandi uppleið í verði og það er að verða einfaldlega mjög dýrt ef þarf að fara út á almenna markaðinn að keppa um leiguhúsnæði. Meira að segja er ekki hægt að útiloka að þróunin í kostnaði á leiguhúsnæði hafi áhrif á eftirspurnina vegna þess að fleiri fatlaðir einstaklingar hafi ósköp einfaldlega ekki ráð á því að leysa sín mál úti á almennum leigumarkaði. Þá banka þeir upp á hjá þeim samtökum og stofnunum sem þeir geta helst

leitað ásjár hjá þannig að allt getur þetta haft pínulítil áhrif hvað á annað.

Ég held að þessi mál verði ekki leyst á farsælan hátt öðruvísi en þannig að það geti á hverjum tíma komið til verulegt viðbótarhúsnæði sem er sérstaklega sniðið að þörfum fatlaðra og það munu samtök þeirra og/eða opinberir aðilar sameiginlega verða að sjá um að gerist.

[23:38]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst ánægjulegt að það er brugðist betur við í þessum fjárlögum varðandi málaflokk fatlaðra en undanfarin ár. Mér finnst ánægjulegt að sjá það og ég hefði líka orðið mjög undrandi á því í þessu mikla góðæri og auknu tekjum ef það hefði ekki verið.

Í máli ráðherrans kemur fram að af þeim sjö sambýlum sem er fyrirhugað að byggja eru þrjú á Reykjanesi. Ég hlýt að benda ráðherranum á að það er búinn að vera svo mikill vandi í Reykjanesi og það er alveg sama í hvaða bæjarfélag við þingmennirnir höfum komið í þingmannaheimsóknir til á liðnum árum að alls staðar er eiginlega hrópandi krafa á okkur að fylgja eftir þessum málaflokki og allir eru með á hreinu hver þörfin er fyrir stofnkostnað og hver þörfin er fyrir rekstur og allir vita að þarna er um að ræða hátt á annan milljarð. Það er þannig að þegar dregið hefur verið úr að fylgja þörfinni eftir þá kemur tímabil sem kallar bara á meiri innspýtingu. Það er því spá mín að næstu ár verði erfiðari en hefði þurft að vera ef betur hefði verið gert á liðnum árum.

Ráðherrann nefndi í framhaldi af þessum 300 úrræðum að e.t.v. væri um það að ræða, fyrir utan byggingar, að fara í leiguhúsnæði og ég held að það eigi ekkert að neita því, það á að skoða alla þætti. Auðvitað skiptir máli að gera þeim sem það geta unnt að komast í félagslegar íbúðir en sá kostur hefur nú líka verið þrengdur. En það er skoðun mín að það þurfi að vera blanda af þessu öllu, ákveðnar stofnanir, sambýli, úrræði af ýmsu tagi og íbúðir.

[23:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg nákvæmlega sammála hv. þm. um að það þarf að vera blanda af þessu öllu. En það sem ég var að reyna að segja var að ég tel að það sé ekki heppilegt eða það sé tvíbent að byggja þessi fokdýru sambýli og þurfa síðan að vista þar fólk sem kýs heldur að búa í öðrum úrræðum og hefur getu til þess að búa út af fyrir sig í íbúðum eins og Þroskahjálp hefur verið að benda á.

Tekist hefur að fá leiguhúsnæði bæði í Mosfellsbæ, Grindavík, ég veit að t.d. í Bessastaðahreppi hefur verið mikill áhugi á að koma upp sambýlum. Ég tel að það sé ekkert lokuð leið að hluti af sambýlunum fari í leiguhúsnæði en einhver þeirra verða byggð fyrir fé úr framkvæmdasjóði.

Á hinn bóginn finnst mér að kostnaðurinn við byggingar sambýlanna eða kröfurnar um byggingar á nýjum sambýlum séu orðnar það miklar að það sé varla orðið forsvaranlegt að byggja svo dýrt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, 2. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 374, nál. 467 og 475.

[23:42]

Frsm. meiri hluta félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Húnboga Þorsteinsson, Sturlaug Tómasson og Björn Arnar Magnússon frá félmrn., Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp og Helga Seljan og Garðar Sverrisson frá Öryrkjabandalagi Íslands.

Frv. er lagt fram í samræmi við fjárlagafrv. fyrir árið 2000 en í 1. gr. þessa frv. er kveðið á um að tekjur af erfðafjárskatti umfram 235 millj. kr. skuli renna í ríkissjóð.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Auk þeirrar sem hér stendur rita undir nál. hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir, Drífa Hjartardóttir og Ólafur Örn Haraldsson.

[23:43]

Frsm. minni hluta félmn. (Guðrún Ögmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Þetta er nál. minni hluta félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, með síðari breytingum.

Nál. hljóðar svo:

Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeirri harkalegu skerðingu á mörkuðum tekjustofni Framkvæmdasjóðs fatlaðra sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Standist áætlanir um tekjur af erfðafjárskatti og erfðafé og verði 575 millj. kr. fær framkvæmdasjóður aðeins um 40% af tekjunum í sinn hlut, þ.e. 235 millj. kr., sem er sama fjárhæð og á síðasta ári. Niðurskurður á lögbundnu fé sjóðsins er því um 700 millj. kr. á þessu og næsta ári.

Þess ber að geta að undanfarin ár hafa tekjurnar nánast án undantekninga verið vanáætlaðar og reynst meiri en ráð var fyrir gert. T.d. var gert ráð fyrir um 480 millj. kr. tekjum á yfirstandandi ári, en þær stefna í svipaða upphæð og gert er ráð fyrir í fjárlögum næsta árs. Þannig má telja líklegt að tekjurnar verði meiri en áðurnefndar 575 millj. kr., hlutfallið sem sjóðurinn fær fer þá undir 40% og ríkissjóður hirðir viðbótina.

Þessi harkalega skerðing á lögbundnum tekjustofni til margvíslegra verkefna á sviði málefna fatlaðra er í engu samræmi við aðstæður og þarfir. Í því sambandi er rétt að minna á eftirfarandi:

Mikil þörf er á að koma upp sérhæfðu húsnæði fyrir sambýli til að höggva í biðlista eftir húsnæði. Nálægt 330 fatlaðir einstaklingar eru nú á lista yfir fólk sem vantar húsnæði. Takmarkað framboð er af húsnæði á leigumarkaði og alls ekkert af sérhæfðu húsnæði sem hentar þeim hluta hluta hópsins sem er í mestri þörf. Auk þess hefur húsaleiga hækkað til mikilla muna, einkum á suðvesturhorninu en þar er einmitt ástandið langverst. Algjör óvissa ríkir líka um hvort hentugt leiguhúsnæði fáist vegna þeirra fimm sambýla sem áformað er að taka í notkun á næsta ári.

Sérstök nefnd um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra skilaði tillögum til félagsmálaráðuneytisins í desembermánuði 1998 og var þar m.a. lagt til að koma upp tíu sambýlum á þessu ári

og hinu næsta til að mæta brýnustu þörfinni í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmi. Viðurkennt er að gert er ráð fyrir auknu fjármagni í fjárlagafrumvarpinu til rekstrar í samræmi við tillögur nefndarinnar, en Framkvæmdasjóði fatlaðra er á hinn bóginn ókleift að leggja fram fé til stofnkostnaðar húsnæðis eins og þurft hefði. Mikilvægt er að starfshópur sá sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar taki til starfa til þess að fylgjast með rekstrar- og framkvæmdaáætlunum.

Framkvæmdasjóði fatlaðra er ætlað að sinna fjölmörgum öðrum verkefnum. Má þar nefna viðhald húsnæðis, framlög til að bæta aðgengi fatlaðra, 10% styrki til félagslegra íbúða, styrki til tækjakaupa, til atvinnusköpunar o.fl.

Þessi mikla skerðing á tekjum sjóðsins mun valda því að sjóðurinn lendir í erfiðleikum við að standa við þátttöku sína og skuldbindingar í þegar frágengnum verkefnum.

Framkvæmdasjóður fatlaðra mun að óbreyttu ekkert geta sinnt þeirri lögbundnu skyldu sinni að styrkja frjáls félagasamtök sem sinna fjölmörgum og mjög mikilvægum verkefnum á þessu sviði.

Í ljósi langra biðlista fatlaðra eftir húsnæði og þeirra fjölmörgu og mikilvægu verkefna sem Framkvæmdasjóður fatlaðra á að sinna en getur vegna fyrirhugaðrar skerðingar ýmist lítt eða ekkert sinnt er lágmarkskrafan sú að verulega verði dregið úr skerðingunni nú. Erfitt er að sjá hvaða nauðsyn ber til að hafa þetta skerðingarhlutfall nú í hinu margrómaða góðæri hærra en nokkru sinni fyrr í sögunni. Þar sem nú er unnið að því að málefni fatlaðra verði flutt til sveitarfélaga hlýtur þessi skerðing að torvelda þann flutning.

Minni hluti félagsmálanefndar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Undir frv. rita sú sem hér stendur, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kristján L. Möller.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunavarnir og brunamál, 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 299, nál. 474 og 478.

[23:48]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál. 1. gr. frv., sem er eina efnislega greinin fyrir utan löggildingu í 2. gr., hljóðar svo:

„Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu tekjur af brunavarnagjaldi umfram 87 millj. kr. renna í ríkissjóð á árinu 2000."

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[23:49]

Frsm. minni hluta umhvn. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingum.

Brunamálastofnun sinnir brýnum verkefnum í almannaþágu og ber að tryggja henni lögbundnar tekjur. Má segja að Brunamálastofnun sé ekki ofsæl af þeim 87 millj. kr. sem til hennar fara með framlagi úr ríkissjóði. Minni hluti nefndarinnar leggst gegn því að tekjur Brunamálastofnunar af brunavarnagjaldi séu skertar um að minnsta kosti 13 millj. kr. árið 2000 eins og lagt er til í frv. þessu.

Undir þetta nál. rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 293.

[23:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að mæla fyrir þessu litla frv. Ég hef satt að segja hlakkað til þess í langan tíma og ætlaði reyndar að koma því verk á síðasta kjörtímabili. Það tókst nú ekki af vissum ástæðum en hér er það komið á dagskrá.

Þetta frv. er lagt fram samhliða till. til þál. um fullgildingu Íslands á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ILO nr. 156 og jafna möguleika og jafnrétti handa körlum og konum í atvinnu. Hæstv. utanrrh. kemur til með að leggja fram þáltill. en hún er að vísu ekki komin fram. Samþykkt ILO nr. 156 er ætlað að stuðla að jafnrétti karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart fjölskyldu sinni til starfa og hins vegar að jafna aðstöðu þeirra starfsmanna sem bera fjölskylduábyrgð og þeirra sem ekki hafa slíka ábyrgð. Í stórum dráttum má segja að verið sé að hvetja aðildarríki til þess að grípa til allra viðeigandi aðgerða til að koma þessum markmiðum í framkvæmd með tilliti til mismunandi aðstæðna í hinum ýmsu ríkjum.

Aðalskuldbinding samþykktar ILO nr. 156 felst í 8. gr. hennar þar sem segir að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Um er að ræða nýja reglu í íslenskum vinnurétti en samkvæmt þeim reglum sem nú gilda er meginreglan sú að atvinnurekendur þurfa ekki að gefa upp ástæður uppsagnar. Undantekningar eru þó til frá þessari reglu sem varða uppsagnir trúnaðarmanna sbr. 11. gr. laganna nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og uppsagnir barnshafandi kvenna. Ákvæði 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber.

Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart ósjálfráða börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar."

Þessi grein er samin í þríhliða samstarfsnefnd félmrn. og helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina. Nefndina skipa fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og félmrn., sem jafnframt fer með formennsku í nefndinni. Nefndin var sammála um að önnur ákvæði samþykktarinnar kölluðu ekki á lagabreytingar hér á landi.

Ég mun, herra forseti, láta þetta nægja sem framsögu fyrir þessu máli. Þetta er eitt af þeim atriðum sem getið er um að stefnt skuli að í ályktun Alþingis um opinbera fjölskyldustefnu sem samþykkt var fyrir nokkrum árum. Þetta er

fjölskylduvænt þingmál sem ég legg til að fari til umfjöllunar í hv. félmn.

[23:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mér alveg sérstök ánægja að hafa tilefni til að fagna framlagningu tillögu frá hæstv. félmrh. Það geri ég svo sannarlega á þessu kvöldi. Ég hef hvatt til þess að mælt yrði fyrir frv. og því komið til nefndar, ekki bara vegna þess að það er þáttur í þeirri opinberu fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur lagt til og ég mundi gjarnan hafa viljað sjá fleiri útfærslur á heldur og vegna þess hve langan tíma hefur tekið að ná þessu máli fram. Ég tek undir það með ráðherranum. Það eru fimm ár síðan fyrst var reynt að fleyta þessu máli gegnum ríkisstjórn og inn í þingið. Ég hef stutt ráðherrann með ráðum og dáð í því að ná þessu máli fram. Ég var farin að óttast um að það kæmi ekki fram á haustþinginu vegna þess að fyrir þinglok í vor náðist ekki að mæla fyrir því og koma því til nefndar. Ég hafði vonast til að það yrði lagt fram fyrst í október en ég er mjög ánægð með að okkur skuli takast að afgreiða það til nefndar fyrir jól.

Það er mjög merkilegt að það skuli vera grundvallarregla á íslenskum vinnumarkaði að atvinnurekendur þurfi ekki að gefa upp ástæðu uppsagnar. Margir hafa fengið að kenna á þeirri grundvallarreglu á íslenskum vinnumarkaði. Því miður hefur það ekki verið fátítt að fólk hafi verið kallað fyrir vinnuveitanda eða starfsmannastjóra, verið sagt upp störfum en þegar fólk í angist sinni spyr um ástæður þá liggur við að það nægi að segja: Af því bara. Þess vegna er mikilvægt að nú séu sett lög um að þetta sé ekki heimilt. Af því að þetta er hluti af samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem við erum aðilar að og höfum verið í áratugi — hún var stofnuð árið 1919 — þá vil ég gjarnan að fram komi hvaða þættir aðrir sem eru tilgreindir í þessari alþjóðasamþykkt, með leyfi forseta:

Að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð sem er í vinnu eða hyggur á að gegna launuðu starfi að ná fram þeim rétti sínum.

Að auðvelda starfsmönnum sem bera ábyrgð á fjölskyldu að hagnýta rétt sinn til að velja starf við hæfi.

Að taka tillit til þarfa þeirra að því er varðar kjör, vinnuskilyrði og félagslegt öryggi.

Að við skipulagningu á þjónustu sveitarfélaga skuli tekið tillit til þarfa starfsfólks með fjölskylduábyrgð, t.d. hvað varðar barnagæslu og fjölskylduaðstoð.

Að glæða skilning á meginreglunni um sömu möguleika og jafnrétti til handa vinnandi konum og körlum, m.a. með kynningarstarfi.

Að gera ráðstafanir á sviði starfsmenntunar til að gera starfsmönnum með fjölskylduábyrgð kleift að hefja og halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, svo og að eiga afturkvæmt á vinnumarkað eftir fjarveru vegna þessarar ábyrgðar.

Að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar úr starfi.

Mat þeirra sem um véla í þessum efnum er að mikilvægt sé að Ísland uppfylli þessa samþykkt í eiginlega öllum atriðum, þó við getum rætt það í langan tíma hvort nóg sé að gert í hverjum þætti fyrir sig. En það er 8. gr., eins og kom fram hjá ráðherra, sem við höfum ekki uppfyllt, að tryggja að fjölskylduábyrgð sé ekki gild ástæða uppsagnar úr starfi. Aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar geta hrundið samþykktinni í framkvæmd ýmist með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum og dómsúrskurðum eða á annan hátt sem venjur og hefðir í landinu gera mögulegt.

Frá því að samstarfsnefnd félmrn. og Samtaka aðila vinnumarkaðarins byrjaði að fjalla um samþykktina árið 1988 var ljóst að nauðsynlegt yrði að setja lög til að framfylgja ákvæði 8. gr. Það eru fyrst og fremst vinnuveitendasamtökin sem ekki hafa viljað að þessi 8. gr. yrði fullgild og þess vegna hefur gengið illa að ná sátt um fullgildinguna.

Menn geta velt því fyrir sér hvers vegna Vinnuveitendasambandið hefur verið svo þvert fyrir í þessum efnum. Vinnuveitendasamband Íslands hefur talið að fullgilding sé óþörf. Annars vegar er um að ræða það sjónarmið að fullgilding samþykktar nr. 156 skapi góðan bakhjarl við stefnumörkun hins opinbera í málefnum fjölskyldunnar, verndi launafólk sem ber fjölskylduábyrgð og sé hvatning til stjórnvalda að auðvelda konum að koma aftur til virkrar þátttöku á vinnumarkaði eftir að hafa tímabundið verið frá. Hins vegar er það sjónarmið að fullgilding sé óþörf, hægt sé að ná markmiðum hennar eftir öðrum leiðum, þ.e. með stefnu fyrirtækja í starfsmannamálum og öðru því sem hentar atvinnurekendum betur og setur þeim málið í sjálfsvald.

Þess vegna er mikilvægt að setja þetta ákvæði í lög og ég fagna því. Það er athyglisvert að ákvæðið er orðið nokkuð gamalt, ég held það sé frá 1981, en við höfum verið aðilar frá 1945 og það er búið að taka langan tíma að ná þessu fram. Þess vegna er ég afskaplega sátt nú. Hins vegar langar mig að spyrja ráðherrann hvort það geti verið að þurft hafi að semja um orðalag tillögunnar. Það er nefnilega svo að yfirleitt er talað um að tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar úr starfi, en greinin í frv. hljóðar svo:

„Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber." — Og svo er útskýrt:

„Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart ósjálfráða börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar."

Það slær mig svolítið að sjá þetta orð „eingöngu" vegna þess að það má hugsa sér að vinnuveitandi geti leyft sér, ef hann vill losna við starfsmann sem býr við einhverja erfiðleika svo sem að eiga langveikt barn eða annað sem gerir það að verkum að hann þarf að vera meira frá en sessunautur hans á viðkomandi vinnustað, að finna aðrar ástæður meðfram og þá er þetta ekki orðið eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber heldur bætist hún ofan á einhverja aðra tilgreinda þætti og gerir vinnuveitanda e.t.v. fært að fara fram hjá því lagaákvæði sem hér er sett fram með svo góðum hug. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort búið sé að negla þennan texta niður með þessu orði, af því að um leið og ég sá greinina stakk það mig, eða hvort unnt sé af hálfu félmn. að skoða orðalag tillögugreinarinnar í frv. Með þeirri spurningu lýk ég orðum mínum í kvöld, herra forseti.

[00:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta frv. er í samræmi við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, International Labour Organization, ILO. Það hefur oft verið gagnrýnt hve seint gengur að fá samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar festar í lög hér á landi og leikur grunur á að þar valdi mótstaða Samtaka atvinnurekenda. Þessi samþykkt frá árinu 1981 er því komin til ára sinna, hún er 19 ára gömul, en betra er

seint en aldrei. Hér er um mikið framfaramál að ræða og í frv. er kveðið á um að óheimilt sé að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber. Með fjölskylduábyrgð er átt við skyldur starfsmanns gagnvart ósjálfráða börnum, maka eða nánum skyldmennum sem búa á heimili hans og greinilega þarfnast umönnunar hans eða forsjár, svo sem vegna veikinda eða fötlunar.

Þessi lagagrein byggir á félagslegu réttlæti og ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til að lýsa eindregnum stuðningi við hana og ég tel hana vera hæstv. félmrh. til sóma.

[00:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar viðtökur sem frv. hefur fengið, en vegna spurningar hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur vil ég láta koma fram að samkomulag var í þessari þríhliða nefnd um þetta orðalag. Það var samkomulag bæði milli aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa félmrn. um orðalagið. Þar af leiðandi er ég heldur mótfallinn því að farið sé að breyta orðalaginu. Þetta er viðkvæmt umræðuefni og hefur eins og hér hefur komið fram þurft langan meðgöngutíma að ná þó þetta langt og ég er frekar mótfallinn því að fara mikið að rugga bátnum. Ég tel að réttur starfsmanna sé nefnilega fyllilega tryggður með þessu orðalagi. Atvinnurekandi verður að hafa fleira á starfsmanninn en fjarvistir vegna fjölskyldumála eða fjölskylduábyrgðar, ef hann ætlar að reka hann. Náttúrlega er aldrei hægt að banna atvinnurekanda algjörlega að losa sig við starfsmann sem hann getur ekki notað eða vill ekki nota, það er ekki tiltækilegt, en honum er bannað að nota eingöngu fjölskylduábyrgð eða fjarvistir vegna fjölskylduábyrgðar starfsmannsins til að reka hann. Hann verður að hafa fleira sem hann getur vitnað til, til að starfsmaðurinn sé sem sagt ekki rekinn vegna fjölskylduábyrgðar. Ég tel því að þetta sé engin hætta fyrir starfsmanninn.

Hitt er aftur á móti alveg rétt sem hv. þm. benti á að viss hætta er á að atvinnurekendur forðist frekar að ráða starfsfólk sem þeir vita að á aðstandendur sem þarfnast kannski óvenjumikillar umönnunar, því búast má við meiri fjarvistum hjá t.d. foreldrum langveikra barna en þeirra sem eiga heilbrigð börn eða engin börn og það er hægt að ímynda sér að einhverjir ribbaldar noti sér það, þ.e. forðist að ráða starfsmenn sem þeir vita að eiga langveik börn. Eins er það líka ekki alveg einfalt mál að skylda atvinnurekandann til þess að upplýsa í öllum tilfellum af hverju hann lætur starfsmann fara, og þá er ég ekki að tala um út af fjölskylduábyrgðinni því hún á að vera tryggð að þessu frv. settu. Það er ekki endilega víst að það sé hentugt fyrir starfsmanninn að hann fari með ásökun frá vinnuveitanda á bakinu og hafi það á bakinu allt lífið. Þetta er umhugsunarefni þó að í flestum tilfellum sé kannski eðlilegt að a.m.k. starfsmaðurinn viti af hverju hann er rekinn.

[00:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að þar sem gott samkomulag náðist í þríhliðanefndinni um orðalag tillögugreinarinnar í frv. væri líklega ekki mjög viturlegt að rugla því orðalagi, það verður þá bara að vinnast í tímans rás að breyta því ef þurfa þykir. Mikilvægt er að hafa náð þessu máli fram og þar sem ég þekki mjög vel hversu mikilli andstöðu þetta mál mætti í ríkisstjórn veturinn 1994–1995, þá er ég líka mjög meðvituð um að þurft hefur að hamra á þessu máli hvern einasta vetur síðan og það er afskaplega mikilvægt að hafa náð því fram. Við verðum að sameinast um að frv. verði að lögum fyrir vorið og að ekki verði hróflað þannig við því að það tefjist í þingnefnd.

Mig langar líka, virðulegi forseti, að nefna það af því við erum að afgreiða þetta mál þegar rétt er liðið yfir miðnætti á þessu kvöldi og við langt komin með dagskrá þessa fundar þar sem á dagskrá eru flest þau mál sem á að afgreiða á haustþinginu, þá finnst mér það ekki leiðinlegt fyrir hæstv. félmrh. að síðasta málið sem hann mælir fyrir núna fyrir jólin skuli fá svo jákvæðar viðtökur. Það er nú einu sinni þannig að þrátt fyrir átök á haustþingi og á jólaönninni viljum við öll fara í góðri sátt til jólanna. Mér finnst mjög gaman fyrir hæstv. ráðherra að það mál sem hann er að mæla fyrir skuli fá sérstaklega góðar viðtökur af þingflokksformönnum beggja stærri stjórnarandstöðuflokkanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 2. umr.

Stjfrv., 270. mál. — Þskj. 368, nál. 464 og 465.

[00:12]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum, frá meiri hluta menntmn.

Frv. er lagt fram í tengslum við frv. til fjárlaga fyrir árið 2000. Í frv. eru lagðar til tímabundnar skerðingar á ráðstöfun hins sérstaka eignarskatts sem kveðið er á um í lögum nr. 83/1989.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til breytingu á frv. í samræmi við þá ákvörðun Alþingis, sem samþykkt var við 2. umr. um frv. til fjárlaga, að minnka skerðingu á tekjum Endurbótasjóðs menningarstofnana um 10 millj. kr. þannig að í hann renni 490 millj. kr. í stað 480 millj. kr.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með með þeirri breytingu sem ég hef þegar gert grein fyrir.

[00:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að staðfest verði skerðing á lögboðnum framlögum til endurbóta menningarbygginga og Þjóðarbókhlöðu með síðari breytingum.

Herra forseti. Þetta er einn af liðunum sem á að draga úr þenslu í þjóðfélaginu og í fjárlögum þar sem verið er að stórhækka, bæði tekjur og gjöld, þá kemur þetta afar spánskt fyrir sjónir ef svo má segja, ekki síst af því þetta er menningarmál sem er grundvöllur framtíðar þjóðarinnar. Einnig er talið mikilvægt að draga úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu og það ráði úrslitum um framtíðina. En það eru líka menningarbyggingar víða úti á landi á svæðum þar sem ekki er þensla og þörf er á að gera átak í endurbótum á menningarbyggingum, sem hefði þá orðið til þess að styrkja þar bæði atvinnulíf og menningu, auk þess að gera þar þörf verk og nauðsynleg.

Herra forseti. Mér finnst þessi tillaga um að skerða framlög til þeirra verkefna snúast upp í andhverfu sína með því

að vera studd slíkum rökum, sem mér finnst nánast engin rök vera. Þetta mun engin eða sáralítil áhrif hafa á þensluna í Reykjavík, en þarna gæfist möguleiki, herra forseti, til þess að láta gott af sér leiða út um land við endurbætur á menningarbyggingum þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 22. mál (meistarabréf, útgáfa sveinsbréfa o.fl.). — Þskj. 22, nál. 389.

[00:15]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. á þskj. 389, um frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnrn. og Guðmund Þ. Jónsson og Garðar Vilhjálmsson frá Landssambandi iðnverkafólks. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Verkamannasambandi Íslands og Landssambandi iðnverkafólks, Sambandi iðnmenntaskóla, Matvæla- og veitingasambandi Íslands, Samtökum iðnaðarins, Samiðn og menntmn. Alþingis.

Með frv. er annars vegar ætlunin að leysa úr vanda sveina við að fá meistarabréf í iðngrein sinni ef ekki er völ á meistara í greininni. Hins vegar er lagt til að skilið verði á milli hlutverks menntmrh. varðandi menntun í löggiltum iðngreinum og þess hlutverks iðnrh. að veita mönnum starfsréttindi.

Í umsögn Matvæla- og veitingasambands Íslands (Matvís) kemur fram að eftirliti lögreglustjóra með framkvæmd laganna sé ábótavant. Nefndin leggur áherslu á að eftirlitið verði eflt, með aðstoð iðnráða, sbr. 2. og 14. gr. iðnaðarlaga.

Nefndin óskaði formlegrar umsagnar menntmn. um málið og fékk menntmn. á sinn fund gesti frá menntmrn., iðnrn., Félagi framhaldsskólakennara, Iðnnemasambandi Íslands og Samtökum iðnaðarins. Í umsögn sinni lýsir menntmn. yfir stuðningi við efni frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Inngangsmálsgrein 3. gr. orðist svo:

Í stað 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi.“

Komið hefur í ljós að flytja þarf örlitla brtt. við gildistökugrein frv. og mun formaður iðnn. mæla fyrir þeirri brtt. við 3. umr.

Allir nefndarmenn iðnn. skrifa undir nál. en það eru hv. þingmenn Hjálmar Árnason, Guðjón Guðmundsson, Drífa Hjartardóttir, Sturla D. Þorsteinsson, Pétur H. Blöndal, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni Steinar Jóhannsson, Rannveig Guðmundsdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggðastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 267, nál. 439, brtt. 447.

[00:18]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 439 um frv. til laga um Byggðastofnun frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Malmquist og Bjarka Bragason frá Byggðastofnun og Ólaf Sveinsson frá Atvinnuráðgjöf Vesturlands.

Frv. þetta er flutt í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra á kjörtímabilinu en þáttur í því er að færa Byggðastofnun frá forsrn. til iðnrn. Einnig eru lagðar til ýmsar breytingar frá gildandi lögum um stofnunina. Meðal þeirra er áherslubreyting á hlutverki stofnunarinnar, skipun stjórnar, stjórn verði falið að hafa frumkvæði að verkefnum á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar og stjórn verði heimilt að fela forstjóra að ákvarða lánveitingar stofnunarinnar að hluta eða öllu. Lagt er til að haldinn verði ársfundur Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Einnig er lagt til að byggðaáætlun verði endurskoðuð á tveggja ára fresti en áfram er gert ráð fyrir að hún verði gerð fyrir fjögurra ára tímabil. Að mati nefndarinnar er hér um jákvæðar breytingar að ræða og eru nefndarmenn á einu máli um að margt af því sem lagt er til í frv. sé til bóta.

Við meðferð málsins hjá nefndinni var rætt nokkuð um 3. mgr. 9. gr. þar sem lagt er til að Byggðastofnun geti gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Nefndarmenn telja að hér geti hugsanlega verið um of opna heimild að ræða. Ákvæðið geti orðið til þess að ráðgjöfin verði afmörkuð við of þröng svið eða svæði í stað þess að atvinnugreinar styðjist hver við aðra og t.d. gæti þróunin orðið sú að komið yrði á stofn atvinnuþróunarmiðstöðvum. Nefndin sér þó ekki ástæðu til að flytja brtt. um þetta atriði en leggur áherslu á að ákvæðinu sé beitt á samræmdan hátt.

Gunnar Ingi Gunnarsson gerir þann fyrirvara að ef sú ákvörðun að flytja Byggðastofnun frá forsrn. til iðnrn. er liður í því að setja öll atvinnumál undir eitt ráðuneyti þá geti hann fallist á það skref.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita, auk þeirrar sem hér stendur, hv. þingmenn Ásta Möller, Lúðvík Bergvinsson, Katrín Fjeldsted, Helga Guðrún Jónasdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Pétur H. Blöndal, og með fyrirvara hv. þingmenn Guðrún Ögmundsdóttir og Gunnar Ingi Gunnarsson.

[00:21]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það væri svo sem ástæða til að hafa mörg orð um það frv. sem hér er verið að ræða um, frv. til laga um Byggðastofnun, en þó er það svo að ýmislegt í frv. er til bóta og ég held að verið sé að færa ýmsa hluti til betri vegar þó svo þetta beri vissulega allan keim af þeim hrossakaupum sem hér eiga sér stað, þ.e. skipti milli stjórnarflokkanna á Byggðastofnun annars vegar til iðnrh. og Seðlabankanum hins vegar til forsrh. Það er út af fyrir sig ágætt að byggðamál skuli vera verslunarvara, en það hefði nú verið betra að hafa einhvern annan hátt á að fara í byggðamálin. Ég ætla ekki að gagnrýna margt sem hér er þó að maður hafi vissar

áhyggjur af ýmsu, en ég tek fram að ýmislegt er til bóta og það snýr kannski sérstaklega að málum í 8., 9. og 10. gr. frv. Um þau mál er hægt að ræða margt. Aftur á móti hef ég svolitlar áhyggjur af því sem kemur fram í 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir að iðnrh. skipi á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar í stað þess að Alþingi kjósi sjö menn eins og verið hefur. Ég er einn af flm. brtt. sem er á þskj. 447, sem er við 3. gr., ásamt hv. þingmönnum Guðmundi Árna Stefánssyni, Sigríði Jóhannesdóttur og Einari Má Sigurðarsyni. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

Við 3. gr. Í stað orðanna „Iðnaðarráðherra skipar á ársfundi sjö menn í stjórn" í fyrri málslið 2. mgr. komi: Alþingi kýs sjö menn í stjórn."

Með öðrum orðum, við flm. leggjum til að það verði áfram í höndum hv. Alþingis að kjósa í stjórn þessarar mikilvægu stofnunar sem á að fjalla um byggðamál og ekki veitir af að styrkja þá stofnun og gera henni kleift að gera meira en gert hefur verið hingað til. Það er kannski dálítið táknrænt að við skulum vera að ræða hér málefni Byggðastofnunar á sama tíma og Hagstofan er að birta bráðabirgðatölur umn mannfjölda á landinu 1. desember þar sem kemur fram að landsmönnum hefur fjölgað um rúm 3.400, en íbúum fjölgar mest á höfuðborgarsvæðinu um 3.555, eða 117 fleiri en heildarfjölgunin er á landinu. Þessi fjölgun á Reykjavíkursvæðinu er samsvarandi því að allir íbúar Sandgerðis, Bolungarvíkur, Seyðisfjarðar og flestallir íbúar Biskpstungna hefðu tekið sig upp og flutt á höfuðborgarsvæðið. Síðustu tíu ár hefur fjölgað á höfuðborgarsvæðinu um hvorki meira né minna en 27.600 íbúa og áfram sjáum við fækkunartölur í flestum landsbyggðakjördæmunum.

Rætt hefur verið hér á hinu háa Alþingi um þann þjóðarvanda sem þetta er og þá þjóðarvá. Hæstv. félmrh. hefur sagt að þetta séu þjóðflutningar og það er sannarlega rétt. Og það er sannarlega rétt, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að þetta eru hrossakaup á milli stjórnarflokkanna sem var greinilega liður í ákveðnum aðgerðum við stjórnarmyndun að skipta út ráðherra og öðrum inn og búa til starf fyrir ráðherrann sem fer út. Eins og fram hefur komið í máli hæstv. félmrh. eru þetta ekki breytingar sem styrkja stofnunina. Ég er kannski ekki alveg sammála honum á öllum sviðum, ég held að ýmislegt af þessu sé til bóta. Mjög margir aðilar sem um þetta hafa fjallað hafa talið að þetta væri til bóta og ég ætla rétt að vona að svo verði.

Hins vegar er ekki nóg að breyta lögum um Byggðastofnun og kjósa nýja stjórn, sama hvort það er Alþingi eða iðnrh. sem skipar hana, og setja kannski nýjan forstjóra. Í þessum „díl" ef svo má að orði komast átti að fylgja milljarður til Byggðastofnunar til byggðamála, en það fylgir nú ekki hér með sem viðhengi, en vonandi kemur það síðar. Það má kannski segja að það sé eitt sem mæli með því að flytja þetta til iðnrh. þ.e. ef maður sæi það sem lið í því að sameina atvinnumálaráðuneytin hér á landi í eitt ráðuneyti. Það er ekki nóg að eitt ráðuneyti starfi að byggðamálum en hin sleppi eða geri ekki neitt. Ég hef t.d. oft verið að hugleiða hvað sjútvrn. er að gera í byggðamálum og ég tel að þeir séu ekki að gera neitt, nema þá kannski að vinna gegn byggðinni með ýmsum aðgerðum sem þar eru, þessari ofboðslegu þróun í sjávarútvegi sem er ígildi þess að fækka og fækka og draga saman en vissulega styður það það sem eftir verður.

En snúum okkur aftur að frv. Sú atvinnuþróunarstarfsemi, atvinnuþróunardeildin sem er á Sauðárkróki, er góð og vinnur þar ákveðin verkefni og getur unnið að þeirri hugmyndafræði sem þar er t.d. við að búa til gögn og benda okkur á leiðir. Hins vegar held ég að ekki sé endilega gert ráð fyrir því hjá Byggðastofnun, og hún ekki tekið á í gegnum tíðina, að vinna að því sem er kannski það allra þýðingarmesta í landinu, þ.e. að lífskjarajöfnun. Því miður hefur Byggðastofnun nánast ekkert með það að gera og getur ekkert lagt þar neitt til. Lífskjarajöfnun verður að mínu mati að koma í gegnum skattkerfið og á að ganga í gegnum það og þá er það náttúrlega hins háa Alþingis að taka á því og búa þar til kerfi sem getur gert það að verkum að jafna lífskjör fólks hvort sem það býr á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Það er grundvallaratriði. Ég vil ekki ganga svo langt að kalla þetta beingreiðslur, eins og gert er í landbúnaðarsamningum, en ég er hiklaust á þeirri skoðun að ef menn vilja sporna við þessari geigvænlegu þróun, þá verði að koma til einhver lífskjarajöfnun í gegnum skattkerfið sem allra fyrst. Ég held að við jöfnum ekkert aðstöðumun fólksins á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu öðruvísi en í gegnum þetta. Menn vilja t.d. hafa sama þungaskatt á öllu landinu, þungaskatturinn íþyngir mjög íbúum landsbyggðarinnar og hækkar vöruverð. Ég sé ekki að hægt sé að jafna það öðruvísi en með einhverjum lífskjarajöfnunargreiðslum í gegnum skattkerfið til íbúa þeirra svæða sem mest þurfa að blæða í þessu sambandi.

Ég ætla ekki að fara út í efnislega umræðu um þetta frv. Ég var því miður erlendis þegar það var rætt fyrst og gat því ekki tekið þátt í þeirri umræðu. Tveir fulltrúar Samfylkingarinnar hafa skrifað upp á nál. en annar að vísu með fyrirvara.

Ég hef mælt fyrir brtt. við frv. sem við, fjórir þingmenn Samfylkingarinnar flytjum. Hún er um það sem ég tel grundvallaratriði, að Alþingi verði látið bera ábyrgð á stjórn stofnunarinnar og kjósi hana. Ég tel mjög þýðingarmikið að Alþingi beri þessa ábyrgð gagnvart landsbyggðinni. Það má líka spyrja hvort ekki sé ástæða til að þessi mál verði áfram í höndum forsrh. Forsrh. landsins hefur borið ábyrgð á þessum málum hingað til. Þetta er þjóðarvá og eins og ef miklar náttúruhamfarir verða þá er oft gripið til þess ráðs að helstu ráðamenn þjóðarinnar koma þar að. Ég ætla þó ekki að leggja það til nú að þetta verði kyrrt. Þetta er ákveðið af stjórnarflokkunum en ég bendi enn og aftur á að margt er hér til bóta. Hér er ekki tekið á öllum þeim málum sem þyrfti. Mér dettur ekki í hug eitt augnablik að þó þessi lög verði samþykkt og Byggðastofnun verði á forræði iðnrh. þá breytist mikið í byggðamálum. Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Ég held að það verði áfram hlutverk hins háa Alþingis að leggja fram tillögur um lífskjarajöfnun og að jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar verði beitt til að mismuna ekki fólki eftir því hvar það býr á landinu.

[00:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja, vegna ræðu hv. þm., að þetta frv. er lagt fram í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans og samkomulag stjórnarflokkanna sem gert var þegar flokkarnir náðu saman um stjórnarmyndun. Í sáttmálanum er því lýst að flokkarnir ætli, með leyfi forseta:

„Að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra, þar sem hliðsjón verði höfð af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Í því samhengi munu stjórnarflokkarnir taka til endurskoðunar verkaskiptingu sín á milli. Fyrsta verkefnið verði að færa Byggðastofnun undir iðnrn. og sameina atvinnuþróunarstarfsemi á vegum þess,

svo og að fella Seðlabanka Íslands undir forsrn. sem efnahagsráðuneyti."

Rétt er að undirstrika að hér er um að ræða fyrsta lið í viðameiri aðgerðum sem áformað er að hrinda í framkvæmd á kjörtímabilinu um breytingar á verkaskiptingu og skipan Stjórnarráðsins í takt við þróunina frá því að menn tóku þessi mál síðast til endurskoðunar. Báðar þessar breytingar, að færa Seðlabankann undir forsrn. og Byggðastofnun undir iðnrn. eins og fram kemur í stjórnarsáttmálanum, verða að teljast eðlilegar. Ég get því ekki tekið undir það eða fallist á það sjónarmið hv. þm. að hér sé um að ræða hrossakaup. Það er auðvitað víðs fjarri og bara pólitísk talæfing í þessu samhengi. Hér er einfaldlega um að ræða eðlilegt skref í endurskipan í Stjórnarráði Íslands.

Alþingi mun að sjálfsögðu, hér eftir sem hingað til, hafa mikið að segja um þróun byggðamála með fjárveitingum. Í þessu frv. er skýrt tekið fram að auðvitað muni afl þess sem menn ætla að gera koma fram í fjárveitingum. Það mun auðvitað verða samkvæmt vilja Alþingis á hverjum tíma.

[00:34]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingflokksformaður Framsfl. hefur lesið upp úr stjórnarsáttmálanum hluti sem við þekkjum. Ég hika hins vegar ekki við að halda því fram, það hefur komið fram m.a. í viðtölum við hæstv. félmrh., Pál Pétursson, að þetta voru ákveðin kaup sem gerð voru við þessar breytingar. Þar hefur komið fram að Páll Pétursson, hæstv. ráðherra, átti að taka við Byggðastofnun en hann segir í blaðaviðtölum að hann vilji ekki taka við áhrifalausri stofnun. Það hefur komið fram að hann hefur orðið fyrir miklum vonbrigðum með frv. til laga um Byggðastofnun. (**Gripið fram í:** Og Egill líka.) Að maður tali nú ekki um stjórnarformann Byggðastofnunar.

Hvort sem það var í stjórnarsáttmálanum eða annars staðar, var ekki einhvers staðar fjallað um að Byggðastofnun ætti að fá ákveðinn hluta af söluhagnaði ríkisbankanna? Var ekki talað um að milljarður ætti að fylgja með? Ég held að ég hafi rekist á það líka í blaðagreinum, haft eftir félmrh., að þarna hefði milljarður átt að fylgja með. Kannski kemur það fram við þessa umræðu hvenær hann kemur. Hann fylgir e.t.v. bara með ráðherraskipuninni. Ég ítreka hins vegar það sem ég sagði áðan að ég vona að þetta frv. verði til bóta.

Ég hika ekki við að halda því fram og vona að aðrir landsbyggðaþingmenn séu sammála því að lífskjarajöfnun *mun ekki verða nema í gegnum skattkerfið.* Þá ákvörðun verður að taka hér á Alþingi. Þannig er þetta aðeins lítið skref í hinum mikla þjóðarvanda, þessum þjóðflutningum sem átt hafa sér stað undanfarin ár eins og hæstv. félmrh. hefur talað um. Vandinn er því miður að aukast frekar en hitt.

[00:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu frv. er að finna tillögur um breytingar á skipan mála. Eins og sjá má á nál. allshn. þá er almenn samstaða um að þessar breytingar séu til bóta. Varðandi stjórnarsáttmálann þá er ekkert tekið fram sérstaklega um framlög til Byggðastofnunar. Hins vegar er farið almennum orðum um að verja skuli hluta af hagnaði af sölu ríkisfyrirtækja til byggðamála og verkefna í samgöngumálum. Viðræður milli stjórnarflokkanna eru fram undan um ráðstöfun þess og menn munu taka þann tíma sem þarf til þess að fara yfir þau mál. Eitt af því er hve miklu fé menn ætla að verja sérstaklega til byggðamála eða Byggðastofnunar. Það þarf auðvitað ekki að fara saman. Eins og fram kom hjá hv. þm. þá eru byggðamál eða stór hluti þeirra auðvitað lífskjarajöfnunarmál. Við höfum séð það í nýsamþykktum fjárlögum að auknar fjárveitingar eru í því skyni, t.d. til að jafna húshitunarkostnað og námskostnað.

[00:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Maður hefði nú kosið aðrar aðstæður til að hefja umræðu um þessi byggðamál en að komið sé inn í nóttina og nokkrir langir vinnudagar að baki hér hjá hv. *alþm. í þessari viku. Vissulega gafst nokkur tími til að ræða* þetta mál við 1. umr. og þá voru talsverð skoðanaskipti um þetta mál. Tímans vegna ætla ég að vísa að nokkru leyti í það sem ég sagði þar um málið. Þar, herra forseti, undirstrikaði ég andstöðu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þetta mál. Við erum ósammála þessari breytingu á skipan mála og í öllu falli þeirri tilhögum að vista Byggðastofnun og byggðamál hjá iðnrn. Við teljum sömuleiðis nokkuð ljóst að hér sé verið að versla með óskylda hluti, Byggðastofnun annars vegar og stjórnsýslulega stöðu byggðamála í Stjórnarráði Íslands og hitt hvort færa beri Seðlabankann frá einu efnahagsmálaráðuneytinu til annars, þ.e. frá viðskrn. til forsrn. Fyrir hinu síðarnefnda eru mörg rök og það get ég út af fyrir sig vel stutt. Ég styð hins vegar ekki samhengi þess við þetta mál sem hér liggur fyrir. Þetta er í stjórnarsáttmála stjórnarflokkanna og birtist okkur í trúlofun þessara frv. hér í þinginu. Þau eru ævinlega höfð hlið við hlið hér á dagskrá þingsins og rædd hvert á fætur öðru.

Það er, herra forseti, ekkert einkamál stjórnarflokka sem mynda með sér stjórnarsáttmála í hvert og eitt sinn hvernig stóru drættirnir í verkaskiptingu Stjórnarráðs Íslands eru og skipan málaflokka í stjórnkerfi okkar. Það er fremur ógeðfellt að slíkt sé útkláð við stjórnarmyndunarborð eins og hvert annað smámál. Þetta er lagasetningarmál, hluti af grundvallarskipulagi stjórnkerfis okkar og á auðvitað að nálgast það sem slíkt. Það væri miklu nær að svona breytingar kæmu í kjölfar endurskoðunar á tilhögun stjórnarráðsins þar sem nefndarstarf hefði farið fram með þátttöku allra flokka. Út úr því kæmu hugsanlega tillögur t.d. um að taka upp atvinnuvegaráðuneyti eða eitthvað slíkt. Það væri þá á grundvelli slíks starfs, kortlagningu á skipulaginu og aðferð þar sem allir hefðu komist að.

Mér finnst ekki góður svipur á þessu, herra forseti, og vantar mikið upp á. Að henda verkefnum til innan Stjórnarráðsins með þessum hætti. Mér finnst að nálgast eigi þessi mál á öðrum forsendum, meira í ætt við það þegar menn eru að breyta kosningalögum eða vinna aðra slíka grundvallarvinnu. Þá reyna menn a.m.k. að gera tilraun til að skapa þverpólitíska samstöðu um breytingar á grundvallarskipulagi mála hjá okkur með þessum hætti. (**KHG:** Það er það.) Það er nú meiri óskaplega þverpólitíska samstaðan. (Gripið fram í.) Menn hafa nú rétt á sinni skoðun samt, hv. þm. Einu sinni var sú tíðin að hv. þm. kunni og þorði að hafa skoðun jafnvel þó hún færi ekki saman við meirihlutastrauminn í þjóðfélaginu en það eru nú gleymdir dagar. (**KHG:** Þetta verður nú að kallast þverpólitískt.) Ég kalla það ekki þverpólitískt, herra forseti, þegar einn flokkur alfarið á móti og aðrir flokkar eru ýmist með efasemdir eða fyrirvara. Ætli það sé ekki þannig að a.m.k. tveir þingflokkar hér á Alþingi séu í andstöðu við

þetta mál og einhverjar efasemdir hefur þriðji þingflokkurinn, a.m.k. lufsast hann inn á þetta með fyrirvara. Það er þó eitthvað.

Herra forseti. Staðreyndin er auðvitað sú að málaflokkurinn líður fyrir þennan kaupskap stjórnarflokkanna. Það er enginn vafi á því að byggðamálin hafa áfram verið afvelta á þessu ári m.a. vegna þess að þetta hefur staðið fyrir dyrum. Svo er enn. Menn voru áðan að gera sér vonir um að það væri einhver vísun til betri tíma í byggðamálum fólgin í þessari breytingu. Það er nú harla dapurlegt, herra forseti, að hana ber einmitt upp á afgreiðslu fjárlaga sem er algjörlega metnaðarlaus í þessum efnum. Það er lufsast við, eftir mikinn barning, að standa við loforð og þverpólitísk samkomulag um aðgerðir frá sl. vori. Það kostaði barning. Hv. þm. Kristján L. Möller, stuðningsmaður málsins, stóð í því hér fram á síðustu stundu í umræðu um fjárlög að ræða um vissar vanefndir sem hann taldi á því loforði. Frammistaðan er nú ekki betri en það. Halda menn svo að í þessu sé fólgin sérstök lyftistöng fyrir byggðamál, að færa stofnunina undir iðnrn.? Trúa menn því? Undir hæstv. iðnrh., Finn Ingólfsson? (**Gripið fram í:** Það getur ekki orðið verra.)

Hvar hefur áhugi hæstv. iðnrh. komið fram í byggðamálum, herra forseti? Hefur hann sést hér við þessa umræðu? Hvað er hann að leggja af mörkum til þeirra mála um þessar mundir? Hefur hann skrifað blaðagreinar eða komið fram sem nýr leiðtogi í byggðamálum á Íslandi? Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef aldeilis ekki orðið var við það. Hæstv. ráðherra er svo upptekinn af því að troða mengandi stóriðju upp á Austfirðinga og aðra Íslendinga að hann má ekki hugsa um neitt annað. (**VE:** Hann er að standa sig mjög vel í byggðamálum.) Staðreyndin er sú, herra forseti, að þegar þetta mál var tekið á dagskrá hér við 1. umr. þá var hæstv. iðnrh. í salnum. Hann spýttist hins vegar út eins og spretthlaupari úr salnum og hefur ekki sést síðan, þ.e. hann forðaði sér og kom ekki nálægt umræðunni um málið og hann er ekki heldur hér í nótt. (**Gripið fram í:** Hann er að hugsa um framtíðina.) Það líka hægt að hugsa um framtíðina líka hér inni í salnum, herra forseti, og sumir ættu kannski að hugsa um morgundaginn.

Herra forseti. Það er ekki nokkurt tilefni til þess, herra forseti, að líta á þessa breytingu og færslu þessa máls yfir til iðnrn. sem eitthvað sem gefi manni von um betri tíð. (**VE:** Þetta er gott mál.) Auðvitað á ekki að nálgast svona lagað út frá mönnum sem koma og fara í ráðuneytum eins og gengur, heldur fyrst og fremst hitt hversu skynsamleg sú verkaskipting og tilhögum sem verið er að draga upp í þessum efnum er. Ég endurtek og vísa til þess sem ég hef áður sagt að það er langt í land með að iðn.- og viðskrn. sé nærtækasti kosturinn ef menn vilja færa þetta frá forsrn. á annað borð. Það er bara þannig. Það er langt frá því að vera skynsamlegt að mínu mati. Það er fjarri því að liggja beint við nema að menn séu að taka ákvörðun um að breyta iðnrn. í einhvers konar allsherjar atvinnuvega- og byggðamálaráðuneyti. Þá eru menn líka að tala um miklar kerfisbreytingar sem ég held að menn ættu að leggja niður fyrir sér fyrst en ekki fara í þetta bakdyramegin eins og þarna virðist eiga að gera.

Ég hef nefnt, herra forseti, félmrn. og ég gæti fært rök fyrir því, og er reyndar þeirrar skoðunar að löngu tímabært sé að fara í gagngert endurskoðunarstarf á Stjórnarráði Íslands. Ég er 1. flm. að tillögu, herra forseti, um að farið verði í úttekt á skipan lífeyris-, almannatrygginga- og framfærslumála og það skoðað hvort ekki sé tímabært og rétt að sameina þá málaflokka í eitt ráðuneyti. Það er nú ekki svo, herra forseti, að ég birtist hér endilega sem sérstakur handhafi íhaldsseminnar í því að engu megi breyta, þvert á móti hef ég einmitt flutt tillögur um að fara í endurskoðun á Stjórnarráðinu og úttekt á þeim málum. Ég viðurkenni fúslega t.d. að atvinnuvegaráðuneyti er eitt af því sem út af fyrir sig er sjálfsagt mál að skoða, en ég held þó að brýnna væri að fara yfir stöðu velferðarmálaflokksins og spurningar um lífeyristryggingar, almannatryggingar og framfærslumál. Ég er orðinn þeirrar skoðunar og er sannfærður um að það er dragbítur á bæði heilbrigðismálasviðið og almannatryggingasviðið að vista það saman í einu svona gríðarlega stóru ráðuneyti, sem er með óhóflega stóran hluta af fjárlögunum, 40%, og það er ósköp einfaldlega óskynsamlegt að hafa svo stóran hluta fjárlaganna undir einu ráðuneyti og ég óttast að báðir málaflokkarnir líði fyrir. Auk þess sem mjög mörg veigamikil rök eru fyrir því að færa almannatrygginga-, lífeyrissjóðamála- og framfærslumálaflokkinn saman á einn stað. Það stendur endurskoðun og samræmingu á því sviði mjög fyrir þrifum að sá málaflokkur er dreifður á þrjú ráðuneyti ef ekki fleiri.

Að allra síðustu, herra forseti, er ég með hér í höndunum nýjar tölur frá 1. desember sl. sem ég keyrði út af heimasíðu Hagstofunnar í dag og það er auðvitað ekki hægt að sleppa því að nefna hvernig sú staða blasir við okkur. Hún er mjög á þá lund sem ég reiknaði út í hugarreikningi hér í ræðustól við 1. umr. að fólksfjölgunin á höfuðborgarsvæðinu mundi verða á milli 3.500 og 4.000 manns. Og það er núna staðreynd. Vegna þess að meira en öll fjölgun landsmanna verður hér. Flutningarnir af landsbyggðinni gera meira en að flytja burtu alla náttúrulegu viðkomuna á landsbyggðinni og svo bætast við þeir nettóaðflutningar til landsins sem eru í gangi og er auðvitað í sjálfu sér gott mál. En þetta þýðir að til samans er fjölgunin hér upp á 3.550 manns, 2,1% fjölgun. Það er mjög mikil fjölgun, og þætti víðast hvar á byggðu bóli, held ég, nokkur biti að kyngja þar sem menn eru vanir, t.d. í nágrannalöndunum í Evrópu, að aðlaga sig að kannski um 0,2–0,5, mesta lagi 0,6% fjölgun þar sem hún er í takt eða í nálægt við náttúrulega viðkomu á svæðunum. Sjálfsagt þekkjast einhver svæði, höfuðborgarsvæði eða stórborgarsvæði þar sem fjölgar eitthvað hraðar, en ég fullyrði að það eru ekki mörg dæmi um að svona mikil fjölgun sé á einum bletti eins og er á höfuðborgarsvæðinu á Íslandi. Það þýðir að afbrigðilegt ástand ríkir í byggingariðnaði, á leigumarkaði, spenna er á öllum slíkum hlutum og það þýðir auðvitað líka, herra forseti, að það er alveg óheyrilega dýrt. Mér finnst vera, því miður, herra forseti, allt of mikið gert að því að gera skýrslur, ræða um málin, fagna því að nú sé umræðan komin á hærra plan, menn farnir að viðurkenna að þetta sé vandamál allra landsmanna, þetta sé líka dýrt fyrir höfuðborgina og óskaplega óhagkvæmt fyrir þjóðfélagið. Og hvað svo? Af hverju fara menn þá ekki í það að láta reikna t.d. út arðsemi mögulegra aðgerða til að snúa þessu við? Menn eru að reikna út arðsemi Fljótsdalsvirkjunar og fá flestir heldur báglegar útkomur úr því. Það líður varla sá dagur að nýr hagfræðingur komi ekki með útreikninga á því að þetta sé bullandi tap. (**Gripið fram í:** Hvað segir Finnur um það?) Og hvað er þar á ferðinni? Þar eru á ferðinni fjárfestingar upp á fleiri tugi milljarða og jafnvel hlaupandi á hundruðum milljarða ef allur pakkinn er reiknaður, iðjuver og virkjun. Þá finnst mönnum svara kostnaði að reikna út arðsemina, eða hvað? Af hverju reikna menn ekki eitthvað út í sambandi við kostnaðinn, herkostnaðinn af byggðaröskuninni á Íslandi

og mögulega arðsemi þess að fara í aðgerðir til að reyna að snúa því við? Auðvitað verða menn að gefa sér þar ýmsar forsendur, það liggur í hlutarins eðli. En segjum að 6 milljarða átak á ári í fjögur ár skilaði því að við næðum helmings árangri, stoppi, við drægjum um helming úr straumnum og þá getum við reiknað það út, miðað við hugmyndir manna um að þetta sé kannski kostnaður á öðrum endanum upp á 3–5 millj. á mann og verulegar fjárhæðir á hinum endanum líka, plús kostnað einstaklinganna. Þá er hægt að gefa sér forsendur til að reikna það dæmi. Ég spáði því, herra forseti, og ég veit reyndar, að örugglega er leitun að dæmi þar sem jafnarðbær fjárfesting væri á ferðum eins og sú að snúa þessu við, stöðva þennan straum, að slepptu auðvitað öllu hinu sem með því er unnið í leiðinni og lýtur að félagslegum þáttum og ýmsu slíku.

Herra forseti. Það er alveg fjarri lagi að ég geti tekið undir það að hér sé eitthvert framfaramál í þessum efnum, því miður. Að vísu gæti maður sagt sem svo eins og Byggðastofnun er í raun og veru leikin í þessu öllu saman, þá sé það kannski ekki orðið svo mikið stórmál hvar hún er vistuð, því ef menn draga tennurnar úr þeirri stofnun og gelda hana meira og minna, þá er svo sem sama hvar hún liggur í skúffu. Það er út af fyrir sig þannig og það er enginn vafi á því að búið er að draga verulega úr gildi og mikilvægi stofnunarinnar frá því sem verið gæti og áður var, og hlutverk hennar sem lánveitanda er í rauninni síminnkandi að mikilvægi í þeim skilningi að það er minna vandamál í flestum tilvikum fyrir þá sem á annað borð eru með einhver verkefni sem kalla á fjármagn og uppfylla kröfur um lántöku, að fá það svo sem í sjálfu sér hvar sem er á ekkert ólíkum kjörum og þeim sem Byggðastofnun getur boðið upp á eða hefur verið að bjóða upp á. Auðvitað getur maður spurt sig að því hvort þetta sé þá ekki fyrst og fremst farið að snúast um einhvers konar skýrslugerð og áætlanagerð og sem stjórntæki fyrir stjórnvöld í þeim efnum og þá ætti þetta kannski að vera inni í því ráðuneyti sem fer með byggðamál. Það væri auðvitað ein möguleg leið í þessu. Það er ekki verið að velja þá leið hér. Mér finnst menn stíga þarna ölduna og geta eiginlega ekki gert upp við sig í hvorn fótinn þeir eigi að stíga, hvort sú stofnun eigi að vera eitthvað eða vera ekki. Þetta er eiginlega orðið gamla spurningin að vera eða vera ekki, finnst mér, þegar upp er staðið hjá stjórnvöldum.

Herra forseti. Ég hef áskilið mér a.m.k. allan rétt til að berjast fyrir breytingum á þessu jafnvel þó að svo fari að þessi misráðna breyting gangi hér í gegn og kannski stendur hún ekki lengi, kannski blæs þannig í bólið stjórnarflokkanna eftir tvö, þrjú ár að það henti að fara í ný hrossakaup og henda þá kannski Byggðastofnun í kirkjumrn., hver veit? Það væri eftir öðru eins og þessir hlutir virðast vera orðnir að einhvers konar geðþóttaverslunarskap milli flokkanna. Og svo verður af þessu mikið skemmtiefni, herra forseti, fyrir þjóðina í nágrenni við áramótin ef eftir gengur. Það er búið að auglýsa seðlabankastöðuna, það var stuttur umsóknarfrestur, menn gátu varla snúið sér við, þá var búið að loka því. (**Gripið fram í:** Sótti þingmaðurinn um?) Ekki enn þá. En síðan á víst að ráða fyrir áramótin. Og hvað verður gert með Byggðastofnun ef tekst að koma henni yfir núna fyrir jólaleyfi eða fyrir áramót eða fyrir gamlárskvöld alla vega. Vaknar þá kannski þjóðin upp við nýjan kommissar í stofnuninni frá og með 1. janúar? Þetta verður mjög spennandi, herra forseti. En eitt er víst og það er, held ég, að það þýðir ekki fyrir stjórnarflokkana að reyna að dulbúa það hvað er hérna á ferðinni, það er hreinlegast fyrir þá að nota taktík hæstv. félmrh. sem var hér auðmjúkur og bljúgur áðan og baðst afsökunar á því að frammistaða sín og ráðuneytis síns hefði ekki verið nógu góð í tilteknu máli. Ég held að stjórnarflokkarnir gerðu best í því að viðurkenna að þeir þurftu að leysa ákveðin mönnunarvandamál og vissa núansa sem voru í því að hnoða stjórnarsamningnum saman í vor og þess vegna hefði þessi kaupskapur verið gerður. Það væri langhreinlegast, bara að viðurkenna það. (**Gripið fram í:** Langavitleysa.)

[00:54]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir leiðinlegt hvað hv. þm. er geðvondur. (**Gripið fram í:** Þú segir þetta alltaf um hann.) Alveg sérstaklega í sambandi við þetta mál er hann geðstirður, svo ekki sé meira sagt. Ég gat ekki heyrt að hv. þm. hefði nokkur rök gegn málinu, ekki nokkur rök, málið fer bara í taugarnar á honum. Af því þetta eru einhvers konar hrossakaup eins og hann kallar það. Ég skora á hv. þm. að reyna að finna haldbær rök gegn málinu ef hann ætlar ekki að styðja það.

Síðan talar hann um tölur sem eru ískyggilegar í sambandi við íbúaþróun í landinu og öll erum við óánægð með þá þróun. Ríkisstjórnin er hins vegar að grípa til aðgerða gegn þróuninni sem eru þær að byggja álver á Austurlandi, á landsbyggðinni. Skyldi hv. þm. styðja það mál? Nei, hann er að sjálfsögðu á móti því. Mér finnst hann því koma heldur illa út úr málinu. Aðalbreytingin sem verið er að gera með frv. er kannski ekki sú að færa það milli ráðuneyta, heldur að koma stjórnsýslusambandi milli ráðherra og stofnunarinnar, sem ekki hefur verið, og Ríkisendurskoðun hefur meira að segja gert athugasemd við þetta. Þannig að ef einhver rök eru hjá hv. þm. gegn þessari breytingu, þá heyrist mér að þau séu helst þau að hann er á móti hæstv. iðnrh., Finni Ingólfssyni.

[00:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að vísu rétt hjá hæstv. ræðumanni, ég ber í sjálfu sér takmarkað traust til hæstv. iðnrh. en ég tók það nú skýrt fram að það ætti ekki að láta svona málefni ráðast af mönnum sem koma og fara í ráðuneytum eins og annars staðar, heldur af efnislegum rökum fyrir því að hlutirnir væru með einhverjum tilteknum hætti eða ekki. Ég fór rækilega yfir það í ræðu minni við 1. umr. málsins og get alveg endurtekið það allt saman í langri ræðu hér á eftir, ef hv. þm. er að fara fram á það, hvað ég hef helst á móti þessu fyrirkomulagi. Það er það að stofnunin er í raun og veru veikt, þ.e. að hin þverpólitíska stjórn hennar er slegin af og ráðherra á að handvelja sjö plús sjö menn í það vera í stjórn og varastjórn stofnunarinnar, sem og ég tel arfavitlaust. Vilji menn koma á beinu og milliliðalausu stjórnsýslusambandi milli ráðherra og stofnunar eiga menn að gera þetta að hreinni venjulegri ríkisstofnun án stjórnar, bara framlengdum armi framkvæmdarvaldsins. Það er miklu hreinna og beinna. Þessi millileikur með handvalinni stjórn er bastarður í kerfinu og verður ekkert annað. Þetta og margt fleira gæti ég nefnt sem ég tel mæla gegn því að hafa þetta þarna. Auk þess tel ég miðað við verkaskiptingu málaflokka í Stjórnarráðinu ekki eðlilegt að henda þessu í eitt af atvinnuvegaráðuneytunum, því iðnrn. er þrátt fyrir allt fyrst og fremst eitt af atvinnuvegaráðuneytum landsins. Ég tel að félmrn. væri eðlilegri kostur ef ekki forsrn. sjálft, eða þá jafnvel frekar önnur atvinnuvegaráðuneyti en iðnrn., t.d.

þau sem fara með höfuðatvinnuvegi landsbyggðarinnar. Það gætu vel verið rök fyrir því.

Varðandi geðprýði mína, herra forseti, að ekki liggi nógu vel á mér, þá þykir mér það leitt ef hv. ræðumanni finnst svo vera. Ég veit ekki alveg hvaða skýringar eru á því, hvort hún telur að þar sé bara um eðlislæga eiginleika að ræða eða hvort það sé hugsanlega hitt að mitt nánasta umhverfi hér í þingsalnum sé bara ekki nógu uppörvandi, þannig að af einhverjum undarlegum ástæðum þá búi ég ekki við nægjanlega jákvæða strauma, herra forseti, í mínu nærumhverfi í þingsalnum og það kunni að valda leiða mínum. (**Gripið fram í:** Við bætum úr því.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. dró nú þetta sæti hér í haust og verður að búa við það til vors.)

[00:58]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Nú líst mér á ef hv. þm. líður svona illa við hliðina á mér í þingsalnum, þá verð ég fyrir verulegu áfalli. En ég vil minna hv. þm. á það að hann situr ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur orðið, þeir sem þurfa að taka til máls verða að fara á mælendaskrá en ekki tala um leið og ræðumaður.)

Ef ég man rétt situr hv. þm. í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins. Skyldi hann hafa verið kosinn af Alþingi í þá stjórn? Það skyldi nú ekki vera að hann hafi verið valinn í þá stjórn af framsóknarráðherra.

[00:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er alveg hárrétt, hv. þm. Guðmundur Bjarnason, sem við þekkjum bæði, ég og hv. ræðumaður, bað mig að taka sæti í nefnd til undirbúnings að stofnun Lánasjóðs landbúnaðarins og ég féllst á það eftir nokkra umhugsun. Af einhverjum undarlegum ástæðum taldi þessi framsóknarmaður að það væri eftir einhverju að slægjast væntanlega að fá þann sem hér talar í það verkefni. Það lá yfirleitt nokkuð vel á mér í því starfi og ég tel að við höfum leyst það verkefni nokkuð vel af hendi að koma sjóðnum á koppinn og semja frv. og ganga frá þeim málum. Ekki verra en það að hæstv. þáv. landbrh. bað okkur um að halda áfram sem fyrstu stjórn sjóðsins, sem unnum þetta verk að koma honum á laggirnar. Það er kannski ekki alveg sambærilegt við þetta mál, en hitt get ég vel viðurkennt að mér fyndist koma prýðilega til greina að kjósa í slíka stjórn þverpólitískri kosningu.

Miklu frekar á þá að gera það í tilviki stofnunar eins og Byggðastofnunar ef sú stofnun á að hafa eitthvert þverpólitískt bakland og stuðning og ef hún á að vera vettvangur skoðanaskipta og stefnumótunar í byggðamálum á Íslandi þar sem öll sjónarmið í aðalatriðum koma fram. Langeðlilegasta aðferðin til að tryggja það er að kjósa henni þverpólitíska stjórn. Þetta er stofnun með nokkuð sérstök verkefni held ég að menn eigi að viðurkenna. (**KHG:** Er ekki stjórnin þverpólitísk núna?) Í Byggðastofnun? (**KHG:** Í lánasjóðnum.) Það má sjálfsagt segja það. En það er engin minnsta trygging fyrir því, eins og dæmin sýna, að svo verði þegar komið er út í þetta. Það getur orðið mjög tilviljanakennt, eins og dæmin sýna, hvað einstökum ráðherrum býr í hug og hvernig þeir tilnefna í slíkar stjórnir, enda eigum við ekkert að láta það ráðast af duttlungum og öðru slíku heldur nálgast það frá öðrum sjónarhóli, reyna að hafa þetta á faglegum nótum.

Herra forseti. Ég endurtek það bara að lokum að ég held að menn séu að ramba hér á versta fyrirkomulagið af þessu. Annaðhvort ætti þetta að vera tiltölulega sjálfstæð, óháð stofnun með sterka þverpólitíska stjórn á bak við sig eða vera hrein stjórnsýslustofnun sem heyri þá beint undir ráðherrann milliliðalaust.

[01:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um Byggðastofnun. Þetta er ein aðalumræðan um frv. og ég fagna því að hæstv. forsrh. er viðstaddur hana.

Herra forseti. Mig langar fyrst til að fara aðeins í gegnum nokkrar greinar og benda á atriði sem mér finnst að nefndin hefði átt að skoða. Það ber ekki að skoða það þannig að ég telji að þetta frv. sé efnislega merkilegt. Ég tel reyndar að það sé efnislega frekar ómerkilegt gagnvart þeim málaflokki sem það á að fjalla um. Þó vil ég leyfa mér að benda á nokkur atriði í greinunum sem mér hefði fundist að hv. allshn. sem hafði málið til umfjöllunar hefði átt að skoða.

Það er í fyrsta lagi 1. gr. Þar er breyting frá því sem áður var þannig að Byggðastofnun verður sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins, en ekki sjálfstæð stofnun, og heyrir undir yfirstjórn iðnrh. Það er verið að gera hana að skrifstofu eða deild í iðnrn. Það getur svo sem verið markmið út af fyrir sig og getur verið skynsamlegt að gera þetta að einu verkefnasviði á vegum einhvers ráðuneytis. Mér hefði þá fundist að það hefði átt að fylgja þeirri hugmynd til enda ef sú leið yrði valin.

Í 2. gr. er rætt um verkefni hennar og að hún eigi m.a. að stunda gagnasöfnun. Drottinn minn dýri, það þarf ekki að stofna eina stofnunina enn til að stunda gagnasöfnun í byggðamálum. Það er búið að safna svo miklum af gögnum og svo mörgum skýrslum í byggðamálum að það fyllir sjálfsagt marga kassa og er allmörg kíló. Það er virkilega kominn tími til aðgerða, herra forseti, í stað þess að safna fleiri og fleiri gögnum og láta svo þar við sitja.

En viðbótin er að hún á líka að vera rannsóknastofnun. Það eru nú rannsóknastofnanir á vegum atvinnuveganna. Sumir hafa látið að því liggja að þær væru svo sem nógu margar og að þar mætti sameina og hagræða og gera þær virkari, færa rannsóknirnar meira út til menntastofnana og tengja þær enn betur atvinnulífinu. Mér finnst þess vegna verið að bera í bakkafullan lækinn að ætla að stofna eina rannsóknastofnunina enn á sviði byggðamála. Landbrn. og sjútvrn. eru með rannsóknastofnanir. Sjútvrn. er með rannsóknastofnanir. Iðnrn. er með í rannsóknastofnun og þróunarstofnun þannig að ég get ekki skilið hvað þarna er á ferðinni.

Herra forseti. Í 3. gr. er talað um ársfund og að iðnrh. skipi formann og varaformann og ákveði þóknun stjórnar. Þar sem þetta er nánast eins og einhver skrifstofa í ráðuneytinu, meira svona nefnd frekar en stjórn þó það sé látið heita svo þarna, þá hefði ég viljað varpa því til nefndarinnar sem hefur þetta til umfjöllunar hvort ekki hefði verið eðlilegra að þóknunarnefnd hefði ákveðið þessa þóknun til þeirra því að hún hefur miklu frekar þá stjórnsýslulegu stöðu að þóknunarnefnd fjalli um þetta en að það sé gert öðruvísi. Það er óeðlilegt að ráðherra skipi bæði mennina í stjórnina og ákveði líka þóknun þeirra þannig að þarna hefur hann tvívirkt vald og áhrif í þessu. Það er óeðlilegt og það hefði verið eðlilegra ef þóknunarnefnd hefði ákveðið laun þessarar nefndar eða stjórnar.

Stjórnsýsluleg staða þessarar stofnunar eða skrifstofu er ítrekuð enn frekar í 7. gr. um byggðaáætlun. Þar er ítrekað að iðnrh. skuli vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og að við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum. Þetta undirstrikar enn, herra forseti, að það er bara verið að gera þetta að svona stjórnsýslulegu verkefni á vegum iðnrh.

Í 8. gr. er enn verið að tala um og ítreka að Byggðastofnun skuli vinna að gagnasöfnun, safni gögnum og búi til skýrslur. Ég held að það væri verðugt verkefni fyrir hana að blaða í gegnum og vigta þessar skýrslur sem þegar er búið að gera í byggðamálum, rannsaka þær og dusta af þeim rykið. Ekki hafa þær svo mikið verið notaðar.

Ég ítreka það enn, herra forseti, að orðið rannsóknir slær mig líka og ég skil ekki hvaða erindi það á þarna inn.

Síðan er 11. gr. um veitingu lána og ábyrgða þar sem gert er ráð fyrir því að þessi nýja Byggðastofnun geti veitt lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt. Ég beini þeirri eindregnu áskorun til nefndarinnar að hún láti kanna stjórnsýslulega stöðu þessarar nýju Byggðastofnunar og hvort hún hafi heimild til þess að veita lán, hvort stjórnsýsluleg staða hennar sé ekki slík að lánveitingar séu í sjálfu sér ekki heimilar. Þetta er bara eins konar skrifstofa í ráðuneyti og því hefði verið ástæða til að kanna hvort hún hefur nokkra heimild til þessa.

Herra forseti. Hér er verið að véla um frv. til laga um Byggðastofnun sem annars vegar felur í sér að stórminnka þau völd og áhrif sem núverandi Byggðastofnun hefur. En aðalmarkmiðið er bara hrókeringar, þ.e. að finna ný störf fyrir stjórnarflokkanna. Það er ekki verið að taka á byggðamálum, ekki aldeilis. Áhuginn á byggðamálum birtist meira að segja í fjárlögunum sem við vorum að afgreiða. Að vísu var eftir verulegan þrýsting veitt nokkuð til sveitarfélaganna til að létta stöðu þeirra við afgreiðslu fjáraukalaganna. En í megindráttum er ekki tekið á byggðamálum. Jú, á hrossamiðstöðinni í Skagafirði. Hún var náttúrlega líka gott og mikið byggðaátak.

Herra forseti. Þá vil ég víkja einmitt að þessari mannfjöldatölu sem nýkomin er út. Hún sýnir hvað hægt er að gera í byggðamálum. Hún sýnir að ef verkefni, þróunarverkefni, þekkingarverkefni eru falin stofnunum úti á landi þá hefur það áhrif. Ég bendi á að á Vesturlandi fjölgaði t.d. lítillega á Hvanneyri, þ.e. landbúnaðarháskólanum. Og á Norðurlandi vestra á Hólum í Hjaltadal fjölgaði íbúum um 18,8% á árinu, enda er líka verið að byggja þar upp mikinn þekkingariðnað þannig að það er hægt að ná árangri. (**KHG:** Vinna við skýrslugerðir.) Það er ekki vinna við skýrslugerðir. Það er unnið hörðum höndum og það er vinna með huga og hönd og það þarf til, en ekki að vinna eins og Byggðastofnun við að safna skýrslum og sitja með hendur í skauti.

Hvað gerðist í vegamálum við afgreiðslu fjárlaga? Lögð var þung áhersla, meira að segja af núverandi Byggðastofnun, að sérstakt átak yrði gert í byggðavegum, í sveitavegum. Á það var lögð sérstök áhersla. Stjórnarformaður Byggðastofnunar kom á fund fjárln. og lagði þunga áherslu á að lykilatriði í að efla byggðir landsins væri að auka fé til þessara sveitavega eða byggðavega eins og hann kallaði þá. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði studdum þetta og fluttum um það tillögu á Alþingi.

Nei, meiri hluti alþingismanna var uppteknari af því hvernig hann gæti hrókerað á milli ráðuneyta og fundið ný störf frekar en að vinna að byggðamálum og sá ekki ástæðu til að samþykkja þessa tillögu.

Ég vil nefna jarðgangamál. Vitað er að veruleg samgöngubót yrði að gera jarðgöng til Siglufjarðar, á Austfjörðum og Vestfjörðum. Það er ekki gert ráð fyrir því að vegáætlun fjármagni jarðgöng eða jarðgangaundirbúning heldur á að gera það með sérstökum fjárveitingum. Til þess að þau verkefni geti haldið áfram á fullum hraða, þ.e. undirbúningurinn — en ekkert hefur reyndar gerst á síðustu árum í jarðgöngum á vegum ríkisins — þá þarf að leggja í hönnunar- og rannsóknarvinnu. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk hjá Vegagerðinni þyrfti 200–300 millj. að lágmarki til þess að sú vinna geti haldið áfram ef stefnt er að því að hægt sé að ráðast í göng á Austfjörðum eftir eitt til tvö ár og á Siglufirði eftir tvö til þrjú ár með því að allt gangi hratt fyrir sig.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram tillögu um 200–300 millj. kr. þannig að undirbúningurinn að þessu verki gæti gengið á fullu. Nei, meiri hlutinn var uppteknari af því hvernig hann gæti hrókerað Byggðastofnun á milli ráðuneyta en að vita hvernig hægt væri að gera gagn og taka á í byggðamálum. Og meira að segja, herra forseti, þá voru það einungis þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem studdu þessa tillögu. Það gerðu ekki einu sinni þingmenn Samfylkingarinnar sem hefðu þó líka átt að geta leitt hugann að því að hægt væri að gera gagn og taka á í byggðamálum. Nú er því ekki neitt fjármagn veitt á fjárlögum til þess að undirbúa jarðgangagerð og að óbreyttu standa þau mál nú óhreyfð þetta árið.

Herra forseti. Það er ekki hægt að gera eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði: „Við erum núna að ræða það stjórnarflokkarnir hvernig það megi gera hugsanlegt átak í byggðamálum og ætlum að kanna það á næsta ári hvað verður hægt að setja af fé af sölu ríkiseigna í byggðamál.“ Herra forseti. Fjárlög fyrir árið 2000 hafa verið afgreidd. Þau hafa verið afgreidd og það er búið að gagnrýna það svo mikið við fjárlagagerð að menn ættu ekki að koma hlaupandi með fjáraukalög og aukafjárveitingar. Menn eiga að setja vilja sinn fram við gerð fjárlaga fyrir næsta ár þannig að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og aðrir góðir framsóknarmenn sem véla um aðgerðir í byggðamálum eru búnir að fresta þessu a.m.k. um eitt ár. (Gripið fram í.) Og ég sé ekki einu sinni að þá komi þeir með tillögur til úrbóta.

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum líka til bráðaaðgerðir vegna sauðfjárbænda, lítinn stuðning sem gæti þó fleytt þeim og styrkt þá inn á næsta ár þangað til að nýr sauðfjársamningur kæmi til sögunnar. Vitað er að fjárhagsstaða sauðfjárbænda er mjög víða veik. Við lögðum til að lagt yrði til fjármagn til þess að styrkja þá. Það gæti deilst út á gæruverðið og mundi bæði virka sem tekjur til sauðfjárbænda og en verða líka til þess að styrkja stöðu gæruiðnaðarins og til að halda stöðu hans uppi. Nei, herra forseti, þessi tillaga, þessi afarbrýna tillaga fyrir sauðfjárbændur var felld. Meiri hlutinn var uppteknari af því að velta því fyrir sér hvernig hann gæti hrókerað og búið til Byggðastofnun sem hefði það hlutverk að safna skýrslum og gögnum en að vita hvernig ætti að taka á vandandum í byggðamálum.

Herra forseti. Ég harma það að umræðan um byggðamál á Alþingi skuli fremur snúast um hrókeringar á mönnum og hvernig hægt er að koma þeim fyrir sem hluta einhvers stjórnarsáttmála en raunverulegum og marktækum byggðaaðgerðum í landinu.

[01:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í reynd er verið að leggja Byggðastofnun niður sem sjálfstæða kröftuga stofnun. Þess í stað er eitt tiltekið ráðuneyti eflt, eitt atvinnumálaráðuneytanna, iðnrn.

Komið hefur fram gagnrýni á veikleika í stjórnsýslulegri stöðu Byggðastofnunar innan kerfisins. Það hefur verið bent á að stjórnin sé kosin af Alþingi en framkvæmdastjórinn heyri undir forsrn. og þarna séu óljós tengsl sem séu slæm fyrir starfsemi stofnunarinnar. Mín skoðun er sú að menn hefðu átt að fara í gagnstæða átt við það sem kveðið er á um í þessu frv. og efla Byggðastofnun sem sjálfstæða stofnun með stjórn sem kosin er af Alþingi.

Byggðastofnun er lánastofnun. Hún lánar fé, ætli það sé ekki upp á hálfan annan milljarð rúman. Ég hefði viljað efla þennan þátt í starfi Byggðastofnunar og þess vegna hefði að mínum dómi verið hyggilegt að sameina hana sjóði sem núna hefur nýverið verið einkavæddur og seldur, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Ég hefði talið betra að sameina Byggðastofnun og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og gera stofnunina að sjálfstæðu tæki í byggðaþróun landsins. Þess í stað er hún tekin, henni pakkað saman og hún sett inn í iðnrn. Iðnrh. fær algjört vald yfir stofnuninni, hann einn skipar stjórnina, ákveður henni þóknun og setur ýmsar starfsreglur.

Ég tel að til greina hefði komið að fara þá leið að gera hana að sjálfstæðri stofnun og þess vegna færa undir eitt ráðuneyti ef við hefðum komið á raunverulega atvinnumálaráðuneyti. Staðreyndin er sú að það höfum við ekki gert. Veigamiklir þættir í starfi Byggðastofnunar lúta að sjávarútveginum, landbúnaðinum og öllum þáttum atvinnulífsins. En hér er verið að þrengja sjónarhornið og færa hana undir eitt ráðuneyti. Ég tel að þetta séu vanhugsaðar breytingar og lýsi andstöðu við þetta frv.

[01:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að lengja umræðuna hér langt inn í nóttina. Ég verð þó að segja að mér varð það nokkurt undrunarefni þegar nál. hv. allshn. birtist miðað við þær umræður sem fóru hér fram við 1. umr. Í þeim umræðum komu fram ýmis atriði sem mér hefði þótt vert að væru skoðuð betur en í nál. eru ekki frekari skýringar eða rökstuðningur fyrir þeim.

Af því tilefni tel ég rétt að árétta áherslur mínar og athugasemdir við 1. umr. um þetta frv. Í fyrsta lagi vil ég nefna efasemdir mínar um skipun stjórnar og stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar, þ.e. að hún verði sérstök stofnun í staðinn fyrir sjálfstæð stofnun. Ég vil í öðru lagi nefna gerð byggðaáætlana skv. 7. gr. Ég hef miklar efasemdir um að þessi aðferð við gerð byggðaáætlana muni ganga upp. Í þriðja lagi bendi ég á þróun samskipta hinnar nýju stofnunar við önnur ráðuneyti en iðnrn. Ég tel augljóst að skýrar reglur þurfi um hvernig haga eigi samskiptum Byggðastofnunar við önnur atvinnuvega- og fagráðuneyti.

Helstu athugasemdir hv. allshn. í nál. eru varðandi 3. mgr. 9. gr. þar sem lagt er til að Byggðastofnun geti gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Nefndarmenn töldu að hér gæti hugsanlega verið um of opna heimild að ræða. Miðað við það hvernig þessi stofnun er bundin niður undir ráðuneytið þá varð ég svolítið hissa á að þetta væri helsta áhyggjuefni hv. allshn.

Þetta voru nú aðalatriðin sem ég vildi nefna. En, herra forseti, ég hlýt að brýna hina nýju stofnun og stjórn hennar ásamt ráðherra og ráðuneyti til að reyna að móta reglur um samskipti hinnar nýju Byggðastofnunar við önnur ráðuneyti sem augljóslega hafa mikil áhrif á þróun byggðamála.

Eins og fram kemur í þál. um stefnu í byggðamálum sem samþykkt var hér á Alþingi sl. vor þá heyra byggðamálin undir mörg ráðuneyti önnur en iðnrn. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig samskipti Byggðastofnunar við önnur ráðuneyti þróast.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu en ég vil að lokum óska hinni nýju Byggðastofnun góðs gengis. Þó að ég hafi efasemdir um að allar þessar breytingar séu til góðs fyrir byggðamálin þá hlýtur aðalatriðið að vera að hinni nýju stofnun takist að snúa byggðaþróuninni við. Við verðum að óska þess að svo verði.

[01:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi spyrja hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur hvort hún telji að þær breytingar sem verið er að gera á Byggðastofnun verði til þess að snúa byggðaþróuninni við. Hún gerir ýmsar alvarlegar athugasemdir við frv. og setur fram áhugaverðar vangaveltur, t.d. varðandi skipan í stjórnina og hin þröngu tengsl við iðnrn. Er hún mér sammála um að heppilegra hefði verið að efla Byggðastofnun sem sjálfstæða, kröftuga stofnun í stað þess að þrengja sjónarhornið og færa hana alfarið undir eitt atvinnumálaráðuneytanna?

[01:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli mínu þá hef ég mjög miklar efasemdir um þetta. Það kom fram í máli mínu við 1. umr. um frv. Ég var eingöngu að árétta það álit og efasemdir mínar. Í vinnu hv. allshn. hafa þessar athugasemdir greinilega ekki verið skoðaðar. Ég ætla ekki að halda því fram að ég sé óskeikul en þetta er samt sem áður mín skoðun. Ég tel að þessu hefði verið betur komið fyrir öðruvísi en virði niðurstöðu allshn.

[01:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er áheyrnarfulltrúi í allshn. og hef fylgst með umræðum um þetta frv. þar. Ég get fullvissað hv. þm. um að þar komu fram efasemdir. Einnig má geta þess varðandi nál. allshn. að fulltrúar tveggja flokka skrifa undir það með fyrirvara. Í umræðunni hafa komið fram mjög alvarlegar athugasemdir við þetta frv. Við vitum það líka að í fjölmiðlum hafa birst greinar þar sem sett hefur verið fram mjög ströng gagnrýni á þær breytingar sem hér er í ráðist. Nú heyri ég að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir er á einu máli með okkur sem gagnrýnum þessar breytingar á stöðu Byggðastofnunar. Ég tek undir með henni. Ég tel að þessar breytingar séu til þess fallnar að veikja Byggðastofnun en ekki styrkja, eins og látið hefur verið í veðri vaka.

[01:27]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki séð að þessar efasemdir komi mjög skýrt fram í nál. allshn. Það verður nú ekki séð. Þar eru efasemdir um eina málsgrein í 9. gr. frv. Aðrar athugasemdir sjást ekki í þessu nál. Ég hlýt að draga þá ályktun að allshn.

hafi komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri besta formið sem við gætum haft á þessari stofnun. Eins og ég sagði áðan þá virði ég þá niðurstöðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (breyting ýmissa laga, yfirstjórn). — Þskj. 253, nál. 438.

[01:28]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 438 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Nál. er frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eirík Guðnason frá Seðlabanka Íslands.

Frv. þetta er flutt í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar, sbr. *stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar* frá 28. maí 1999, að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands, skipan ráðuneyta og verkefni þeirra á kjörtímabilinu. Með frv. er yfirstjórn Seðlabanka Íslands flutt frá viðskrn. til forsrn. sem ráðuneytis efnahagsmála.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. ritar öll allshn. án fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10., 21., 28. og 32.–33. mál.

Fundi slitið kl. 01:30.

---

49. FUNDUR

laugardaginn 18. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Framleiðsluráð landbúnaðarins, stjfrv., 205. mál, þskj. 461, brtt. 473 og 477. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267, nál. 439, brtt. 447. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 214. mál, þskj. 253, nál. 438. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Vitamál, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 431, 451 og 459. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Fjarskipti, stjfrv., 122. mál, þskj. 143, nál. 432, 452 og 469, brtt. 433. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 292, nál. 434, 453 og 470. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Framhaldsskólar, stjfrv., 101. mál, þskj. 102, nál. 388. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 173. mál, þskj. 200, nál. 436, brtt. 437 og 466. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 251. mál, þskj. 308, nál. 400. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Skipulags- og byggingarlög, frv., 276. mál, þskj. 390. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117, nál. 440, brtt. 454. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299, nál. 474 og 478. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Málefni fatlaðra, stjfrv., 274. mál, þskj. 375, nál. 468 og 479. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Ráðstöfun erfðafjárskatts, stjfrv., 273. mál, þskj. 374, nál. 467 og 475. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, stjfrv., 270. mál, þskj. 368, nál. 464 og 465. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Iðnaðarlög, stjfrv., 22. mál, þskj. 22, nál. 389. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
18. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 291. mál, þskj. 476. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
19. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228 og 489. — Síðari umr.
20. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 481. — 3. umr.
21. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 482. — 3. umr.
22. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 483. — 3. umr.
23. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243. — 3. umr.
24. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 484. — 3. umr.
25. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 485. — 3. umr.
26. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 486. — 3. umr.
27. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 487. — 3. umr.
28. Skráð trúfélög, stjfrv., 69. mál, þskj. 488. — 3. umr.
29. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273, nál. 446. — 2. umr.
30. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 160. mál, þskj. 186, nál. 387 og 480. — 2. umr.
31. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330. — 1. umr.
32. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykn.
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[10:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Í dag klukkan 10 árdegis fer fram umræða utan dagskrár um skýrslutöku af börnum við héraðsdómstóla. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir en hæstv. dómsmrh., Sólveig Pétursdóttir, verður til andsvara.

Að þeirri umræðu lokinni fer fram umræða utan dagskrár um mennta- og rannsóknastofnanir í landbúnaði. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason en hæstv. landbrh., Guðni Ágústsson, verður til andsvara.

Umræður utan dagskrár.

Skýrslutaka af börnum við héraðsdómstóla.

[10:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í morgunfréttatíma útvarps sl. fimmtudag greindi hæstv. félmrh. frá því að þær breytingar sem tóku gildi hinn 1. maí sl. á lögum um meðferð opinberra mála að því er varðar skýrslutökur á börnum vegna meintra kynferðisbrota hefðu haft þau áhrif að starfsemi Barnahúss væri í hættu og í það stefndi að því yrði lokað. Ástæðan er sú að lagabreytingin fól í sér að dómurum var falið að bera ábyrgð á skýrslutökum meintra fórnarlamba kynferðisafbrota í stað lögreglu eins og áður. Dómarar hafa hins vegar ekki notað Barnahús fyrir skýrslutöku heldur dómhúsin sjálf.

Nýlega kom fram í fréttaviðtali við lögmann sem hefur verið réttargæslumaður margra barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi að hann vissi til að í Héraðsdómi Reykjavíkur hefðu frá því í ágústmánuði verið tekin viðtöl við 15 börn, aðeins eitt í Barnahúsi. Í langflestum tilvikum hafa dómararnir sjálfir rætt við börnin og staðfest dæmi eru um að þeir hafi jafnvel verið íklæddir hempu við skýrslutökuna.

Nú hefur verið samþykkt við afgreiðslu fjárlaga að veita héraðsdómstólum í Hafnarfirði og Akureyri fjárveitingu til að koma sambærilegri aðstöðu upp hjá sér og búast má við því að það sama verði upp á teningnum í þeim umdæmum og í Reykjavík. Því er ótti hæstv. félmrh. um að Barnahúsið líði undir loki ekki ástæðulaus.

Hann hefur orðað það svo að ef dómarar kjósa frekar að smala börnum í dómhúsin í stað þess að nota Barnahúsið sé ekkert annað að gera en að loka því. Hér eru alvarleg tíðindi á ferðinni og ég efast um að það hafi hvarflað að nokkrum sem stóðu að afgreiðslu frv. til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála að tilgangurinn hafi verið sá að færa rannsókn kynferðisafbrotamála gegn börnum aftur í tímann og skapa aukna erfiðleika fyrir börnin. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur sagt að ef Barnahúsið leggist af höfum við Íslendingar horfið frá því að vera með fullkomnustu skipan á rannsókn kynferðisafbrotamála til hinnar frumstæðustu í Evrópu.

Barnahúsið markaði tímamót í meðferð kynferðisbrotamála á Íslandi. Í fyrsta sinn sameinuðust allir þeir opinberu aðilar sem bera ábyrgð á meðferð þessara mála undir sama þaki til þess að rækja hlutverk sitt þannig að best félli að velferð barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Í stað þess að börnin þurfi að fara á margar stofnanir, segja sögu sína við marga ólíka aðila þurfa þau nú aðeins að fara á einn stað, í Barnahúsið. Þar eru sérfræðingar sem hlotið hafa sérþjálfun á þessu sviði erlendis í því að framkvæma skýrslutöku af börnum og veita þeim áfallahjálp og sálfræðimeðferð og aðstandendum þeirra einnig. Barnahúsið er sérstaklega hannað til að börnum líði vel í því. Innréttingar, húsgögn, litaval og leikföng eru til þess fallin að auka á vellíðan barnsins. Þetta byggir á niðurstöðum rannsókna sem sýna að nauðsynlegt er að draga úr kvíða barns ef takast á að fá það til að tjá sig.

Það er deginum ljósara að ekkert dómhús í landinu getur nokkurn tíma komið í stað Barnahússins hvað þetta varðar, ekki heldur er varðar þá sérfræðiþekkingu og reynslu sem þar er til staðar. Hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni og ég vil því, virðulegi forseti, beina eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmrh.:

1. Telur ráðherrann að það sé ekki skref aftur á bak við rannsókn kynferðisafbrotamála ef börn sem sætt hafa kynferðisofbeldi þurfa að fara á marga staði og hitta marga ólíka viðmælendur, t.d. vegna skýrslutöku, læknisskoðunar, greiningar og sálfræðimeðferðar sem óhjákvæmilega gerist ef Barnahús leggst af?

2. Fram kom í skýrslu Barnahúss að á fyrsta starfsári þess hafi verið tekin rannsóknaskýrsla af 60 börnum níu ára og yngri. Hvort telur hæstv. ráðherra líklegra að börnunum líði betur við slíka skýrslutöku í Barnahúsi eða dómhúsi?

3. Telur ráðherrann það ekki afturför við rannsókn kynferðisbrotamála að nú er hvergi tryggt að sérfræðingar annist skýrslutöku af börnum vegna meintra kynferðisbrota?

4. Telur ráðherrann það ekki skref aftur á bak að þeir sérfræðingar sem nú starfa í Barnahúsi og hafa þegar öðlast meiri reynslu en nokkurn tíma hefur safnast fyrir hérlendis með viðtölum við meira en 130 börn á sl. 12 mánuðum, séu ekki notaðir við framkvæmd skýrslutöku á börnum hjá dómstólum?

5. Telur ráðherrann það ekki skref aftur á bak ef sú þverfaglega samvinna á vettvangi Barnahúss með þátttöku barnaverndaryfirvalda, lögreglu, lækna og ríkissaksóknara undir sama þaki leggst af?

6. Telur hæstv. ráðherra að það sé ekki skref aftur á bak að heildarsýn tapast yfir fjölda og eðli kynferðisbrotamála gegn börnum þegar vinnsla mála fer fram á mörgum stöðum í stað Barnahúss?

7. Telur ráðherrann það ekki afturför ef sú sérhæfða ráðgjöf og fræðsla sem lögregla, barnaverndarnefndir, heilbrigðisstarfsfólk, kennarar og almenningur um allt land geta fengið í Barnahúsi hættir að standa til boða?

8. Hvar sér ráðherrann fyrir sér að börnum sem sætt hafa kynferðisofbeldi verði veitt áfallahjálp og sú sérhæfða meðferð sem þau þurfa ef Barnahúsið leggst af?

9. Hvar sér hæstv. ráðherra fyrir sér að foreldri og systkini barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi fái áfallahjálp og ráðgjöf sem þau þurfa ef Barnahúsið leggst af?

10. Hvar sér hæstv. ráðherra fyrir sér að læknisskoðanir barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi fari fram ef Barnahúsinu verður lokað?

[10:07]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég verð að játa að sú umræða sem hér á að fara fram kemur nokkuð á óvart. Miðað við spurningar hv. þm. hlýt ég að velta því fyrir mér hvort hún hefði ekki heldur átt að beina máli sínu að hæstv. félmrh. því undir hans ráðuneyti heyrir barnaverndarstarf í landinu og málefni Barnahússins. Það sem snýr að mér og dómsmrn. er fyrst og fremst réttarfar í landinu, þar á meðal staða brotaþola og lagaákvæði sem gilda um meðferð opinberra mála. Ég hlýt

einnig að spyrja hv. þm. á móti hvað sé svo aðkallandi í þessu máli að þörf sé á utandagskrárumræðu nú nokkrum dögum fyrir jól. Ég sé ekkert tilefni til þess. Ég hef aðeins tjáð mig um málefni Barnahúss á jákvæðan hátt, enda fer þar væntanlega fram mikilvæg barnaverndarstarfsemi.

Þegar hv. formaður þingflokks Samfylkingarinnar kom að máli við mig tjáði hún mér að umræðan mundi beinast að yfirheyrslum barna fyrir dómstólum. Ég taldi rétt að verða við því, enda hef ég ávallt lagt mikla áherslu á velferð barna í okkar samfélagi og sú góða aðstaða sem komið hefur verið upp í Héraðsdómi Reykjavíkur til yfirheyrslna bætir vissulega réttarstöðu barna og fjölgar þeim úrræðum sem þeim stendur til boða í erfiðum og viðkvæmum málum. Hér höfum við því stigið stórt skref fram á við.

Spurningar hv. þm. beinast hins vegar að takmörkuðu leyti að réttarfari eða stöðu brotaþola samkvæmt lögum sem Alþingi hefur samþykkt. Þess vegna hlýt ég að spyrja enn: Hvert er hið knýjandi erindi sem gerir þessa utandagskrárumræðu nauðsynlega? Er það kannski tillaga fjárln. sem Alþingi hefur samþykkt um sérútbúna yfirheyrsluaðstöðu í dómstólum landsins? Er verið að segja að auknu fjármagni til þess sé betur varið í eitthvað annað?

Ég vil minna á að það er ekki lengra síðan en snemma í vor að samþykkt var á hv. Alþingi breyting á lögum um meðferð opinberra mála, m.a. um að lögreglu beri að leita atbeina dómara til að taka skýrslu af brotaþola þegar rannsókn beinist að kynferðisbroti og brotaþoli hefur ekki náð 18 ára aldri. Önnur ákvæði voru jafnframt samþykkt sem einnig miða að því að bæta stöðu brotaþola. Hér er því verið að bregðast við lagaskyldu og ég skyldi ætla að menn mundu fagna því að ákvæðið hefur verið að verja meira fé í þennan málaflokk og að betri úrræði séu fyrir hendi varðandi skýrslutöku brotaþola í viðkvæmum málum.

Ég vil undirstrika það að undirbúningur að gerð aðstöðunnar í Héraðsdómi Reykjavíkur hófst töluvert fyrr en undirbúningur að Barnahúsi. Í aprílmánuði 1996 fékkst heimild til að leigja húsnæði fyrir aðstöðuna og var unnið að verkefninu frá þeim tíma þar til aðstaðan var formlega opnuð í júní á þessu ári. Dómsmrn. voru fyrst kynntar hugmyndir um að koma á fót til reynslu í tvö ár svokölluðu Barnahúsi seinni hluta árs 1997, en þá þegar var undirbúningur að gerð sérútbúinnar aðstöðu í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur kominn vel á veg.

Þá vil ég benda á að aðstaðan var innréttuð samkvæmt ráðgjöf sálfræðings sem er sérfræðingur í þessum málum til þess að vera sem barnavænlegust og er það mál manna að vel hafi tekist til, enda er aðstaðan tæknilega mun fullkomnari en í Barnahúsi. Auk þess hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að dómarar geti kvatt sér til aðstoðar kunnáttumenn svo sem sálfræðing eða annan sérfræðing við skýrslutöku eins og gert er ráð fyrir í nýjum ákvæðum laga um meðferð opinberra mála. Það er alvarlegt mál að bera það upp að dómarar landsins sinni ekki sínu hlutverki eins og best verður á kosið. Ég treysti því og er reyndar fullviss um að þeir hafa ætíð hagsmuni barnsins í fyrirrúmi eftir því sem kostur er við meðferð jafnvandasamra mála og kynferðisbrotamála gagnvart börnum. Í þessu sambandi vil ég taka fram að ég tel að málflutningur talsmanna Barnahúss síðustu daga geti hugsanlega grafið undan trausti almennings á dómstólum og er það síst til þess fallið að bæta stöðu barna og ungmenna sem grunur leikur á að orðið hafi fyrir kynferðislegri misnotkun.

Frá því að aðstaðan í Héraðsdómi Reykjavíkur var tekin í notkun hafa 17 skýrslutökur barna og ungmenna í þessum málum farið fram. Fjórar skýrslutökur voru í Barnahúsi og 13 í Héraðsdómi Reykjavíkur. Aðeins í sex málum af þeim 13 var um að ræða börn undir 12 ára aldri. Ég vil enn fremur benda á að aðstaðan í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur hefur víðtækara hlutverk en að vera einungis til skýrslutöku barna og ungmenna sem grunur leikur á að hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Hún er nauðsynleg í nauðgunarmálum og öðrum kynferðisbrotamálum þegar fullorðnir brotaþolar eiga í hlut svo ekki sé minnst á sifjaspellsmál þegar brotaþoli hefur náð 18 ára aldri. Ef þessi sérútbúna aðstaða væri einungis fyrir hendi í Barnahúsi en ekki hjá dómstól, hvernig ætti þá að beita þessari heimild í nauðgunarmálum, öðrum kynferðisafbrotamálum og líkamsárásarmálum með góðu móti? Það verður fróðlegt að heyra afstöðu hv. þm. í því efni.

[10:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar við settum Barnahúsið á stofn var það gert í því skyni að reyna að hlífa fórnarlömbum eða meintum fórnarlömbum við enn frekari þjáningu eftir því sem unnt væri og það var gert með vitund dómsmrn. Ég undirstrika það að ég þráspurði eftir því þegar málið var á undirbúningsstigi og fékk að vita að dómsmrn. fylgdist með og gerði ekki athugasemdir við þessar framkvæmdir. Þar á að vera saman komin besta fáanleg fagþekking og besta fáanleg aðstaða til þess að fá hið rétta fram í þessum viðkvæmu málum án þessu að valda meintu fórnarlambi óþarfa þjáningu eða sálarkvöl.

Nú hefur það komið í ljós að dómarar virðast ekki vilja nota Barnahúsið nema í tiltölulega mjög fáum tilfellum. Þeir geta sett dómþing í Barnahúsi ef þeir svo kæra sig um. En Barnahúsið kemur ekki að gagni nema yfirheyrslurnar fari þar fram og það sé notað. Það er alfarið á valdi dómaranna hvort starfseminni þar verður hætt og húsið tekið til annarra nota.

Í blöðum í morgun var héraðsdómari á Akureyri nokkuð undrandi á þeirri forgangsröð sem þessi fjárveiting sem um hefur verið rætt bæri með sér. Dómari nokkur hefur látið í veðri vaka að nauðsynlegt væri að vera í dómhúsinu til þess að brotaþoli og delikventinn stæðu jafnfætis. Ég ansa nú ekki þessu. Ég vona að góð aðstaða sé í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ég vona sannarlega að þar sé góð aðstaða til þess að vinna að rannsókn þessara mála. En ég teldi eðlilegt að bjóða hv. þm. sem áhuga hafa á að skoða Barnahúsið og þá aðstöðu sem þar er fyrir hendi, þá e.t.v. sérstaklega hv. allshn.

[10:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. dómsmrh. hafi skoðað Barnahúsið. Hæstv. ráðherra segir að á sinni könnu sé réttarfar og staða brotaþola. Um þetta snýst þetta mál, þ.e. stöðu brotaþola. Ég skal játa að ég þekkti ekki vel til starfsemi Barnahússins áður en þessi umræða kom upp en ég hef gert gangskör að því að kynna mér málið og hef m.a. heimsótt Barnahúsið, kynnst því hverjir stóðu að stofnun þess, hverjir skipuðu nefnd þar um, þ.e. ríkislögreglustjóri, ríkissaksóknari, lögreglustjórinn í Reykjavík, Barnaspítali Hringsins, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Félagsmálastofnun Reykjavíkur og Samtök félagsmálastjóra á Íslandi. Allir þessir aðilar eru sammála um að vel hafi

tekist til og á erlendri grundu er þetta framtak Íslendinga viðurkennt.

Ég held að þessi ákvörðun núna byggist annaðhvort á vanþekkingu eða misskilningi. Mér finnst þetta svo alvarlegt mál að ég ætla ekki að vera með miklar upphrópanir um það en ég legg til að Alþingi Íslendinga sameinist um að finna á því farsæla lausn. Fyrsta skilyrðið til að það nái fram að ganga er að menn kynni sér málin og ég hvet til þess að við gerum það öll.

[10:16]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að ég er hálfhissa á hæstv. dómsmrh., að hún skuli kveinka sér undan því að þessi umræða skuli fara fram. Ég vakti máls á þessu í umræðunni um fjárlögin og þá kom fram að í raun væri hægt að kippa grundvellinum undan Barnahúsinu. Ég er alveg klár á að það var hvorki meining fjárln. né þeirra sem þar komu að.

Við verðum að hafa hagsmunir barnanna að leiðarljósi í jafnalvarlegum málum og hér er um að ræða. Fram hefur komið sáttatillaga í þessu máli. Hún er sú að börn undir 14 ára aldri verði yfirheyrð og rannsökuð í Barnahúsi en þau sem eru eldri fari í dómhús hér. Einnig hefur verið rætt um hvort þetta væri landsbyggðarmál, að svo mikið atriði væri að þetta færi út um byggðir. Svo er auðvitað ekki. Það er staðfest með viðtali í Degi í dag sem fjallar um þetta mál. Börn þurfa undir öllum kringumstæðum að koma hingað suður til sérhæfðra rannsókna á Barnaspítala Hringsins.

Mér finnst að hæstv. dómsmrn. eigi að svara því, enda veit ég að dómsmrn. þekkir vel til allrar barnaverndarvinnu og hefur staðið sig með prýði þar, hvort henni finnist barnavinsamlegt að dómari í hempu sitji yfir börnum sem hafa orðið fyrir miklu áfalli og spyrji þau út úr um málið. Mér finnst þetta forneskjulegt og mjög mikið afturhvarf ef þetta á að gerast.

Félmrh. upplýsti líka að það er hægt að setja dómþing í Barnahúsi. Þar er umhverfið vinsamlegt og ekkert því til fyrirstöðu. Ef við höfum gert rangt með þessum nýju lögum, að þetta verði að fara fram í héraðsdómi, þá verðum við bara að skoða það aftur. Ég lít þannig á málið. Markmiðið hlýtur að vera að bæta stöðu brotaþola. Barnahúsið er úrræði sem fagnað var um alla Evrópu og hefur verið gert að fyrirmynd annars staðar.

[10:18]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni á því að utandagskrárumræðu um þetta efni sé krafist nú, mitt í desemberönnum þingsins. Tilgangurinn er reyndar ekki fullkomlega ljós. Er verið að mótmæla því að fjármunum sé ráðstafað til að bæta aðstöðu til yfirheyrslu við dómstóla landsins? Allir flokkar eiga fulltrúa í fjárln. Þar hefur málið vitanlega engri mótstöðu mætt. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur ekki tjáð sig um málið í umræðum um fjárlög en krefst hins vegar sérstakrar utandagskrárumræðu. Með framlögum sem gera héraðsdómi Norðurlands eystra kleift að koma upp góðri aðstöðu til yfirheyrslu og skýrslutöku er verið að bæta þjónustu við börn á landsbyggðinni. Er það virkilega vilji hv. þm. að börn sem búa annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu þurfi að leggja í langt ferðalag vegna rannsókna á brotum sem beinast gegn þeim eða er tilgangurinn sá að gera athugasemdir við sjálfræði dómstólanna sem m.a. felst í forræði á málsmeðferð, svo sem um vettvang skýrslutöku? Megum við e.t.v. búast við tillögu um stjórnarskrárbreytingu sem leggur af sjálfstæði dómstólanna í framhaldinu?

Eru þeir þingmenn sem hér hafa tjáð sig að mótmæla þeim breytingum sem Alþingi gerði á lögum um meðferð opinberra mála í vor? Þau lög voru sett til þess að bæta réttarstöðu brotaþola, m.a. samkvæmt ábendingum umboðsmanns barna. Breytingarnar fólu í sér að þegar grunur leikur á því að barn hafi verð beitt kynferðislegri misnotkun ber lögreglu alltaf að leita til dómara um skýrslutöku af barninu. Þetta ákvæði tryggir m.a. að börn þurfi ekki að lýsa reynslu sinni ítrekað fyrir ýmsum yfirvöldum en það getur verið þeim afar þungbær reynsla. Staðreyndin er sú að aukin áhersla á að bæta aðstöðu til yfirheyrslu í dómstólum landsins er fagnaðarefni. Það er fagnaðarefni að börn hafi nú fengið fleiri og betri úrræði en áður. Það er jafnframt fagnaðarefni að málsmeðferð fyrir dómstólum taki í auknum mæli tillit til þarfa þeirra barna sem orðið hafa fyrir erfiðri reynslu. Við höfum stigið skref fram á við. Það er kjarni málsins.

[10:21]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Forsvarsmenn dómstólaráðs komu til fjárln. vegna málefna héraðsdómstólanna. Eitt af þeim málum sem þeir báru upp var að bæta aðstöðu við héraðsdómstólana til yfirheyrslu. Það var þannig lagt fyrir fjárln. að bæta þyrfti aðstöðu til yfirheyrslu yfir eldri aldursflokkum brotaþola sem lentu í þeirri skelfilegu reynslu sem þarna er um að ræða.

Ég fullyrði að aðstaða brotaþola og réttindamál þeirra voru efst í huga fjárlaganefndarmanna þegar þessi fjárveiting var ákveðin. Í henni fólst engin stefnumörkun til að draga úr gildi Barnahússins. Við litum einfaldlega svo á að verið væri að bæta aðstöðu við dómstóla landsins með þessari fjárveitingu. Ég hafði síðan samband við Barnaverndarstofu og þeir sögðu mér frá tillögu þeirri sem komið var inn á áðan, að 14 ára og eldri yrðu yfirheyrðir við héraðsdómstólana. Ég endurtek það að í þessu fólst ekki stefnumörkun til að draga úr gildi Barnahússins, þvert á móti er þar unnið merkilegt starf. Ég tek undir það og vil eindregið hvetja til að hv. þm. hafi stöðu brotaþola fyrst og fremst að í huga í þessu máli og komist verði að niðurstöðu um málið sem tryggi stöðu þeirra. Það er aðalatriðið að mínu mati.

[10:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er aðkallandi mál vegna þess að dómsmrh. er með gerðum sínum að gjörbreyta mikilvægri stefnu sem Alþingi var stolt af að taka. Af því að félmrh. vísaði til orða Héraðsdóms Norðurlands þá vil ég vísa til annarra orða hans, með leyfi forseta, er hann segir:

„Hitt er svo annað mál að það eru afskaplega skiptar skoðanir meðal dómara um þessi lög, hvort það er eðlilegt að yfirheyrslur á rannsóknarstigi mála fari fram fyrir dómi sem er hrein afturför frá þróun í réttarfari undanfarinna ára."

Herra forseti. Þetta mál er ekki byggðamál. Þegar svo alvarlegur atburður gerist þá verða bæði foreldrar og barnið að fara suður þar sem sérhæfða aðstoð er að fá. Það er alveg sama hversu góður viljinn er. Þessa sérhæfðu aðstöðu á öllum sviðum munum við aldrei geta byggt upp alls staðar á landinu. Þeir sérfræðingar sem þarna þurfa að vinna munu ekki verða á litlum stöðum til að mæta vonandi sem fæstum tilfellum í tímans rás.

Ég vil líka benda á að í beinni fréttaútsendingu í gær hafnaði dómstólaráð því að leiðbeinandi reglur væru settar, t.d. um að börn eldri en 14 ára væru yfirheyrð af dómstólum en yngri en 14 ára nytu aðbúnaðar Barnahússins. Nei, þeirra mat er að hver dómari eigi að ráða hvort rannsóknarviðtal fari til Barnahúss. Þeir ætla líka að sérhæfa sitt fólk en þjóðin er búin að mennta og sérþjálfa í Bandaríkjunum tvo sérfræðinga í þessum sérstöku yfirheyrslum. Þá á hins vegar ekki að nota lengur.

Herra forseti. Þetta er afskaplega alvarlegt mál og mér sýnist að það sé orðið að togstreitu á milli dómstóla og þeirra sem fara með barnaverndarmálin hvernig fara á með þessi litlu skinn sem hafa orðið fyrir verstu upplifun sem hægt er að hugsa sér í lífinu.

[10:25]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það er merkilegt að hlusta á marga þá hv. þm. sem hafa tekið til máls í þessari umræðu. Það mætti ætla af málflutningi þeirra að sérstakt óheillaspor hafi verið að í Héraðsdómi Reykjavíkur hafi verið komið upp vandaðri og vel hugsaðri aðstöðu til að taka skýrslur af börnum sem grunur leikur á að brotið hafi verið gegn. Ég hefði talið eðlilegra að fagna því að sérstök alúð og áhersla hafi verið lögð í að sinna þörfum barna í réttarkerfinu og komið sé til móts við þau með fjölbreyttum úrræðum. Af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og af orðum ráðherra get ég ekki séð að fyrirhugað sé að leggja niður Barnahús.

Ég vil vekja athygli á að aðstæður í Héraðsdómi Reykjavíkur eru mjög góðar og m.a. sniðnar að þörfum barna. Um er að ræða sérstakt skýrslutökuherbergi með spegilglugga, fullkomnum tækjabúnaði og ýmsu öðru sem gerir aðstæður þægilegar og afslappaðar. Reyndar verður ekki séð að mikill munur sé á þeirri aðstöðu og aðstöðunni í Barnahúsi sem einnig er prýðileg.

Aðstaðan í Barnahúsinu er viðbót við það starf sem fer fram í dómstólunum. Það er gott að hún sé fyrir hendi en það hlýtur að vera matsatriði hverju sinni hvort skýrslur verði teknar af börnum í Barnahúsinu eða í dómstólunum sjálfum. Það fer eftir eðli mála, aldri og þroska barnsins. Slíkt mat er eðlilega í höndum dómara sem gætir þess að sjálfsögðu að málsmeðferð þjóni hagsmunum barnanna sem best. Að gefa annað í skyn er út í hött.

Einnig er ástæða til að árétta að aðstaðan í Héraðsdómi Reykjavíkur er ekki aðeins hugsuð fyrir börn og ungmenni heldur einnig ýmsa aðra sem lögum samkvæmt þurfa að gefa skýrslu að meintum brotamanni viðstöddum. Það er augljóslega erfitt fyrir þolanda nauðgunar að gefa skýrslu sína fyrir framan hinn ákærða. Án aðstöðunnar sem fyrir hendi er í Héraðsdómi Reykjavíkur og fyrirhugað er að setja upp á Akureyri er ekki með góðu móti hægt að víkja sakborningi frá. Þetta er atriði sem ég tel mikilvægt að menn átti sig á.

[10:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er fráleitt, ómanneskjulegt og út í hött að loka Barnahúsinu sem er það besta sem gerst hefur í barnaverndarmálum í marga áratugi. Þjónusta Barnahússins auðveldar ungum börnum að ganga í gegnum þá hræðilega erfiðu lífsreynslu sem kynferðisleg misnotkun er, martröð í lífi þessara barna. Hæstv. dómsmrh. getur auðveldað börnum þetta kvalræði, að ganga í gegnum kæru og meðferðarferli ef þau verða fyrir kynferðislegri misnotkun.

Ég skora á hæstv. dómsmrh. að beita sér a.m.k. fyrir því að börn að 14 ára aldri sem beitt hafa verið kynferðislegri misnotkun verði áfram í umsjá Barnahússins. Það getur hún gert með því að beina til dómsmálaráðs að reglur verði settar þar að lútandi eða breyta núgildandi lögum þannig að lögregla og ákæruvald beri ábyrgð á skýrslutökunni. Hún getur a.m.k. beitt sér fyrir því að börn undir 14 ára aldri fái áfram skjól í Barnahúsinu. Ábyrgð hæstv. dómsmrh. er mikil að bregðast við í þessu máli. Þetta er ákall um að skjóli barna sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi verði ekki lokað.

Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir orð hans áðan. Hann er greinilega mikill stuðningsmaður Barnahússins og við hljótum að treysta á atbeina hans til að Barnahúsið fái áfram að sinna því verkefni sem það var upphaflega stofnað til. Ég fullyrði að enginn þingmaður sem greiddi atkvæði með lögunum um meðferð opinberra mála á síðasta þingi taldi sig vera að loka Barnahúsinu, miklu fremur að styrkja það. Það var skoðun allra, líka Barnahússins sjálfs, að við værum að styrkja það með þessu ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála.

Ég skora á hæstv. dómsmrh. að bregðast við þeim vilja þingsins sem hér kemur fram og áskorun sem fram hefur komið frá Barnaverndarstofu um að þetta hús fái að starfa áfram. Það væri hrein hneisa ef ekkert yrði að gert í þessu máli.

[10:30]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég harma að hæstv. dómsmrh. skyldi ekki hafa fyrir því að reyna a.m.k. að svara þeim spurningum sem fyrir hana voru lagðar. Eins og þeir fulltrúar sem hér hafa talað, a.m.k. tveir hv. þm. eða hv. þm. og hæstv. ráðherra, er ég hissa á því að þetta mál skuli vera tekið upp. En það gerði sér enginn grein fyrir því að þessi breyting væri í farvatninu með þeim samþykktum sem gerðar voru hér í vor, einfaldlega vegna þess að að undirbúningi að stofnun Barnahúss stóðu undirstofnanir dómsmrn. Og það hefur enginn verið í vafa á nokkrum tímapunkti að þetta er sú besta ráðstöfun sem gerð hefur verið fyrir ung börn sem hafa þurft að þola kynferðisafbrot. Það er enginn að rýra traust dómara. Enginn er að reyna að rýra traust íslenskra dómstóla. Það er einfaldlega verið að benda á þetta þó að lagabókstafurinn geti um jafnræði eins og segir í frétt í gær þar sem talað var við formann dómstólaráðs. Hann talaði um jafnræðirseglu, að hana mætti ekki brjóta. Það stendur auðvitað í lagabókstafnum. En horfið þið á lítið níu ára gamalt barn sem hefur mátt þola þennan glæp og fullorðna manneskju og talið um jafnræði þó herbergið sem þau eru yfirheyrð í sé á sama stað. Er það hægt? Nei. Og það að flytja börn utan af landi í Barnahúsið, að þetta sé eitthvert sérstakt landsbyggðarmál, þá er það er það. Það er landsbyggðarmál. Það er mál allra barna á landinu að Barnahúsið fái að sinna því hlutverki sem *það var byggt upp til þess að sinna og í samstarfi allra aðila.* Félmrh. á hrós skilið fyrir þetta framtak. Það ætti að vera þverpólitísk samstaða meðal okkar allra um að Barnahúsið fái að gegna sínu hlutverki.

[10:32]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Er hæstv. félmrh. að loka Barnahúsinu? Það er vissulega af hinu góða þegar hv. þingmenn ræða um stöðu barna í okkar þjóðfélagi en umræðan verður að byggjast á staðreyndum en ekki órökstuddum fullyrðingum

eða villandi spurningum. Þeim hef ég reyndar svarað að öllu leyti hvað varðar málefni er snúa að mínu ráðuneyti.

Ég vil ítreka að eftir þær breytingar sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála þá hefur réttarstaða barna og ungmenna sem eru brotaþolar í kynferðisafbrotamálum batnað til muna. Með því höfum við stigið stórt skref fram á við við rannsókn kynferðisafbrotamála þegar börn eiga í hlut.

Vitnað var til viðtals við dómara á Akureyri áðan. Ég veit ekki betur en sá aðili hafi einmitt lagt áherslu á fjárveitingar til þessarar aðstöðu við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Dómsmrn. eða dómsmrh. er ekki að breyta neinu hér varðandi Barnahúsið. Ég vil líka minna hv. þingmenn á sjálfstæði dómara í sínum störfum, m.a. til málsmeðferðar. Ég er hins vegar sannfærð um að þeir munu velja besta kostinn hverju sinni sem þjónar hagsmunum barnsins. Þessar breytingar eru ekki síst fram komnar vegna ábendingar frá umboðsmanni barna.

Varðandi skýrslutökur af börnum þá fara þær fram í sérútbúnum herbergjum á lögreglustöðvum á hinum Norðurlöndunum en slíkri aðstöðu er komið fyrir við dómstóla hér. Því dæma sig sjálf þau ummæli sem höfð hafa verið eftir forstjóra Barnaverndarstofu í fjölmiðlum að ef dómarar ætli að yfirheyra ung börn í dómshúsum þá sé það frumstæðasta form í Evrópu. Ég tek það skýrt fram að skýrslutökur barna fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fara ekki fram í réttarsal. Þær fara fram í sérútbúinni aðstöðu.

Ýmsir hafa lýst áhyggjum af framtíð Barnahúss. Það vekur hins vegar furðu mína að tilvist þess skuli velta á því samkvæmt því sem fram hefur komið í fjölmiðlum að skýrslutökur af ungum börnum í meintum kynferðisbrotamálum fari ávallt þar fram. Það væri að jafnaði ein skýrslutaka á mánuði sem starfsgrundvöllur Barnahúss veltur á. Ég spyr því, hæstv. forseti: Er þessi málflutningur sannfærandi?

Umræður utan dagskrár.

Mennta- og rannsóknastofnanir í landbúnaði.

[10:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Með nýsettum lögum um búnaðarfræðslu var kveðið á um að menntastofnanir landbúnaðarins á Hvanneyri í Borgarfirði og Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi yrðu sérhæfðar og þeim færð aukin verkefni á sviðum bæði rannsókna og mennta. Þessar stofnanir allar sinna fjölþættu rannsókna- og menntunarstarfi fyrir íslenskan landbúnað og ört vaxandi dreifbýlisatvinnuvegi.

Skógrækt ríkisins var flutt austur á Hérað í því augnamiði að stjórnsýsla, þróun og þjónustustarf yrði þar byggt upp af myndugleik. Landgræðsla ríkisins er í Gunnarsholti og gert var ráð fyrir að starf á vegum hennar yrði byggt þar upp. Bæði við Hólaskóla og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri hafa verið gerðir árangursstjórnunarsamningar sem hnykkja enn frekar á því hvaða verkefni þessar stofnanir eiga að fást við.

Á þessum menntastofnunum landbúnaðarins er unnið að margþættum vísindarannsóknum sem margar hverjar eru fremstar á sínu sviðis hérlendis og fyllilega frambærilegar á heimsmælikvarða. Ég skildi stefnu ríkisstjórnarinnar svo að hún fælist í að byggja upp og efla rannsóknir og þróunarstarf úti á landi og þekkingariðnaðinn eins og nokkur væri kostur. Hvað rannsóknastarfsemi á vegum landbúnaðarins varðar þá hélt ég að það væri ætlunin að tilfærslan færi fram á verkefnalegum grunni þannig að verkefni á vegum þessara stofnana yrðu byggð upp og hægt og bítandi og yrðu þau flutt með þeim hætti. Því skýtur skökku við þegar svar berst frá landbrn. við erindi frá sveitarfélögum frá Norðurlandi vestra um eflingu rannsókna á Norðurlandi vestra, sem hljóðar þannig herra forseti:

„Enginn vafi er á því að æskilegt er að efla atvinnulíf á Norðurlandi vestra og ekki á því heldur að öflug rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna er eitt öflugasta tækið í þeirri eflingu. Vísindarannsóknir eru þó með þeim annmarka að til þess að marktækur árangur náist þarf helst að vera á einum stað mjög góður og fjölbreyttur tækjakostur og hópur hámenntaðra sérfræðinga. Þessu marki hefur verið stefnt að með stofnun Rannsóknastofnunar atvinnuveganna. Ekki virðist ráðlegt að brjóta þær upp og dreifa um landsbyggðina en ýmis verkefni sem þær vinna að mætti að sjálfsögðu vinna annars staðar, enda eru þess mörg dæmi svo sem tilraunareitir í Húnaþingi, silunga- og laxarannsóknir í ám sýslunnar og fleira."

Herra forseti. Eðlilega veldur svona bréf titringi á menntastofnunum eins og háskólanum á Hvanneyri, Hólaskóla, Garðyrkjuskóla ríkisins og fleiri slíkum stofnunum úti á landi sem telja fyllilega að þær rannsóknir og vísindastörf sem þar er unnin séu virkilega samkeppnishæf við rannsóknir, ekki aðeins hér á landi heldur um allan heim. Á Reykjavíkursvæðinu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Tilraunastöð Skógræktarinnar á Mógilsá og Veiðimálastofnun. Verkefnum allra þessara stofnana, herra forseti, væri hægt að dreifa og koma fyrir á þessum stofnunum úti um landsbyggðina og styrkja þær og efla og ég taldi að það væri markmiðið í áföngum.

En það er ekki aðeins þetta, herra forseti. Ég hef einnig undir höndum gríðarlega mikla skýrslu sem unnin er að frumkvæði ákveðinna forstjóra hjá Rannsóknastofnun atvinnuveganna á Keldnaholti og þar er ekki endilega verið að fjalla um það hvernig mætti best flytja rannsóknastarfsemi þessara stofnana út á landi og styrkja Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Hólaskóla, Garðyrkjuskóla ríkisins eða Háskólann á Akureyri. Nei, það er verið að kanna hvernig megi ráðast hér í stórfjárfestingar til að byggja upp rannsóknastofnanir í þágu landsbyggðarinnar eins og stendur á einum stað.

Herra forseti. Við höfum leitað eftir svörum hjá ráðuneytunum um hvað þau vita af þeirri vinnu sem hér fer fram en þau hafa borið af sér nánast alla vitneskju af þessu. Því hef ég leyft mér, herra forseti, að bera fram spurningar til hæstv. landbrh.:

1. Hvernig hyggst ráðherra efla vísinda- og rannsóknastarf menntastofnana landbúnaðarins á Hvanneyri, Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi, styrkja Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum og Landgræðsluna í Gunnarsholti?

2. Að hvaða frumkvæði og hverra var unnin skýrsla með upplýsingum fyrir væntanlega deiliskipulagsvinnu á Keldnaholti og hvað á þar að fara fram?

3. Hver er afstaða ráðherrans til yfirlýsingar ráðuneytisstjóra landbrn. þess efnis að vísindastarfi í landbúnaði sé best fyrir komið á höfuðborgarsvæðinu?

[10:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er sérstök ánægja fyrir mig sem landbrh. að fá tækifæri til að tala á Alþingi um málefni sem ástæða er til að vera stoltur af. Nýsamþykkt lög um búnaðarfræðslu gefa okkur öllum stórkostleg tækifæri til að vinna gagn fyrir land og þjóð. Í þeim lögum er markaður vegur framfara og sóknar í íslenskum landbúnaði. En vegurinn er ekki beinn og á honum eru hindranir. Þessi vegur hefur heldur enga endastöð. Þess vegna þurfum við auðvitað að standa vörð um þær sterku stofnanir sem hv. þm. minntist á.

Í upphafi er rétt að skoða hvernig ráðuneytið hefur haft forgöngu um að fela stofnunum sínum verkefni. Ráðuneytið gekk í að gerður var verkskiptasamningur milli menntastofnana í landbúnaði. Það var gert til að auðvelda samstarf en um leið sérhæfingu þessara stofnana. Á Hólum er nú forusta í rannsóknum er tengjast íslenska hestinum, bleikju og bleikjukynbótum og ferðaþjónustu í sveitum. Þar eru nú starfandi vísindamenn í fremstu röð og hafa verk þeirra hlotið alþjóðlegar viðurkenningar. Þar eru erlendir háskólanemar í framhaldsnámi og við skólann er rekin af myndarskap sú íslensk skóladeild sem hefur mest aðdráttarafl fyrir útlendinga.

Í Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Ölfusi hafa um langa hríð verið stundaðar rannsóknir í garðyrkju og er langt komin uppbygging nýs tilraunagróðurhúss og að sjálfsögðu mun ráðuneytið fylgja því eftir að það nýtist búgreininni til heilla. Í heimi sívaxandi samkeppni í heimsviðskiptum er nauðsynlegt að styrkja þekkingargrunninn og það verður gert.

Við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri hafa verið stundaðar margvíslegar rannsóknir til styrktar íslenskum landbúnaði. Þar er rekinn myndarbúskapur sem allur nýtist í rannsóknum og kennslu. Má þar nefna af handahófi loðdýrabúið, en ég mun láta kanna það sérstaklega hvað Hvanneyri varðar. Það er mikilvægt fyrir Landbúnaðarháskólann að skólinn verði styrktur til rannsókna.

Það er ágætt að geta greint frá því hér að á milli Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur undanfarið verið unnið að samningi um aukið faglegt samstarf öllum til heilla. Það samstarf felst m.a. í sameiginlegum mannaráðningum og samstarfi í rannsóknum á milli þessara stofnana.

Þegar spurt er um rannsóknir í skógrækt og landgræðslu er ánægjulegt að geta þess að mikil gróska er í þeim rannsóknum. Í Gunnarsholti hefur á síðustu árum átt sér stað mikil uppbygging og eru ekki líkur á öðru en það starf haldi áfram. Svipaða sögu má segja af rannsóknum á Mógilsá. Ráðuneytið hefur mikinn metnað til að styðja við þessar rannsóknir áfram og mynda þannig öflugan þekkingarbrunn til handa þeim sem ætla sér þátttöku í landbótum og skógrækt á næstu öld.

Hv. þm. minntist örlítið á tvær stofnanir sem ég vil hér koma að, en gerði þeim ekki stór skil. Þar á ég við framtíðaráform og metnað landbrn. og minn fyrir hönd Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Veiðimálastofnunar. Það er vilji til þess að styrkja þessar stofnanir af hálfu landbrn. Ég upplýsi hér að sá mannauður sem saman er kominn í þessum tveimur síðastnefndu stofnunum er ómetanlegur fyrir landbúnaðinn. Þess vegna er mikill metnaður til þess að byggja þær upp.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um Rannsóknarráð Íslands þá hefur það fyrir ríkisins hönd forræði á landsvæði á Keldnaholti. Þess vegna er skipulagsvinna sú sem þar hefur farið fram undanfarið unnin á ábyrgð þess og greidd af því. Ástæða þess að farið var í þarfagreiningu svæðisins er nauðsyn á uppbyggingu sameiginlegrar aðstöðu, svo sem lagnahúss. Allmargir aðilar voru spurðir um þarfir og áhuga á að tengjast vísindasvæðinu á Keldnaholti, þar á meðal landbúnaðarstofnanir. Þær stofnanir sem nefndar eru í því sambandi eru þrjár, þ.e. Landgræðslan, Skógræktin og Veiðimálastofnun. Landbrn. hefur ekki komið að þessu máli nema vegna Veiðimálastofnunar. Veiðimálastofnun flytur fljótlega úr því húsnæði sem hún er nú í og þá verða kostir þess að byggja upp á Keldnaholti bornir saman við aðra möguleika sem vissulega eru á borðinu. Vegna þessa vil ég segja að ég tel vel að þessu staðið og er sjálfsagt að þessi greining fari fram. En það þarf auðvitað að vinna úr þessu.

Hvað bréf ráðuneytisstjórans varðar sem hér var minnst á, þá finnst mér ástæðulaust að snúa út úr því bréfi. Ráðuneytisstjórinn er þar fyrst og fremst að minnast á þær atvinnumálastofnanir sem eru á Keldnaholti. En ég er sannfærður um að ráðuneytisstjórinn styður eins og við í landbrn. að styrkja þær stofnanir sem hér hefur verið minnst á og auðvitað í rólegheitum að huga að flutningi á ýmsum verkefnum.

[10:46]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er í raun verið að ræða mál sem er aðeins hluti af mun stærra máli. Það liggur ljóst fyrir í þeirri skýrslu sem nokkrir hv. þm. hafa undir höndum að verið er að leggja grunn að því að reisa húsnæði sem mun þekja um 3,5 hektara á Keldnaholti. Rætt er um 17 stofnanir, nokkrar undir landbrn. en einnig undir mun fleiri ráðuneytum.

Ljóst er að heimildir virðast a.m.k. vera af skornum skammti til að fara út í þessar framkvæmdir. Á fundum fjárln. var upplýst að ýmis fagráðuneyti könnuðust ekki við málið. Jafnvel er verið að ræða um það að þarna eigi sér stað flutningur stofnana sem eru nú staðsettar úti á landi.

Það er líka umhugsunarefni í því ástandi, sem er nú í efnahagsmálum og þeirri miklu þenslu sem nú er á höfuðborgarsvæðinu, að unnið sé að því af opinberum aðilum að hella þar olíu á elda.

Nauðsynlegt er að vitna til þess bréfs sem hv. þm. Jón Bjarnason minntist á frá ráðuneytisstjóranum, Birni Sigurbjörnssyni. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vísindarannsóknir eru þó með þeim annmarka að til þess að marktækur árangur náist þarf helst að vera á einum stað mjög góður og fjölbreyttur tækjakostur og hópur hámenntaðra sérfræðinga.“

Hér virðist mér, herra forseti, vera talað tæpitungulaust. Mér sýnist, herra forseti, að þessi setning úr bréfi ráðuneytisstjórans sé í algjörri andstöðu við samþykkta þáltill. í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 þar sem einmitt er rætt um það að dreifa slíkum rannsóknum um landið og efla þær.

Herra forseti. Ég spyr: Hver er stefna hæstv. landbrh. og hver er stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum?

[10:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa æ fleiri lýst því yfir að ekki sé skynsamlegt að færa ríkisstofnanir út á land. Ég er að vísu ósammála því en síðan hafa menn bætt

því við að þess í stað eigi menn að færa verkefni út á land. Hér er einmitt verið að velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að færa verkefni af þessum toga út á land og ég vil hvetja hæstv. landbrh. til þess að reyna að styðja við þá viðleitni að færa verkefni af þessum toga út á land.

Því er að vísu haldið fram að ekki sé hægt að gera það hvað varðar rannsókna- og vísindastarfsemi. Það er rangt. Ég vil benda á að öflugasta matvælarannsóknastofnun á Íslandi er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, RF, og hún hefur einmitt gert þetta með mjög góðum árangri, hefur verið að byggja sig upp á síðustu árum einmitt með þeim hætti að efla starfsemina úti á landi. Menn eru þar þeirrar skoðunar að það sé forsendan fyrir því að hægt sé að ná vísindalegum árangri að starfa í sem bestum tengslum við atvinnulífið eins og það er hverju sinni á landinu.

Varðandi RALA vil ég segja það sérstaklega að auðvitað eru mjög miklir möguleikar í því fólgnir að færa einstök verkefni þeirrar stofnunar út á land, inn í háskólastofnanirnar bæði á Hvanneyri og líka á Hólum. Það er líka fráleitt að ímynda sér að það sé forsenda fyrir öflugu rannsóknastarfi í landbúnaði að þar fari fram í nýjasta íbúðahverfi í Reykjavík. Allir sjá í hendi sér að það á að vera stefna okkar að reyna einmitt að styrkja og bæta og efla starfið í háskólunum á landsbyggðinni, háskólum landbúnaðarins og ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. landbrh. að unnið verði að því að reyna að færa þessi verkefni út á land og inn í háskólastörfin.

Ég veit vel að alltaf þegar farið er að huga að því að reyna að færa verkefni af þessum toga út á landsbyggðina verða fyrir okkur bæði möppudýr og kerfiskarlar. Það er bara gömul reynsla og við stjórnmálamennirnir stöndum stundum frammi fyrir þessu gjörsamlega ráðþrota. Ég vil þess vegna hvetja hv. þm. sem hafa verið að tala fyrir því á undanförnum árum að efla rannsókna- og vísindastarfsemi á landsbyggðinni að við einhendum okkur í að reyna að styrkja líka þennan þátt rannsóknastarfsins í landinu.

[10:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að taka upp þetta mál. Ekki er von að það gangi vel að dreifa starfsemi og stofnunum um landið ef ekki einu sinni starfsemi tengd landbúnaði getur farið fram utan höfuðborgarsvæðisins. Auðvitað er afstaða eins og kom fram í áður tilvitnuðu bréfi ráðuneytisstjóra landbúnaðarins með ólíkindum.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, herra forseti, að það væri kjörið tækifæri til þess og sérstaklega í landbúnaði að færa þessa starfsemi út til þeirra eininga sem eru starfandi á landsbyggðinni, sérstaklega háskólans á Hvanneyri og Hólaskóla, Garðyrkjuskólans í Hveragerði og það sama á reyndar líka við um höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins á Egilsstöðum og Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Auðvitað ber að stefna að því, herra forseti, að láta eitthvað gerast í þessum efnum. Hugmyndir af því tagi að þjappa starfseminni saman í stórbyggingu á Keldnaholtinu, sem ganga í þveröfuga átt, væru hrein uppgjöf gagnvart öllu því sem menn hafa verið að ræða um að reyna að dreifa þarna verkefnum og störfum. Hæstv. ráðherra verður að gera betur en að halda þjóðhátíðarræður í þeim stíl sem hann gerði áðan. Ef ekkert gerist og húskarlar hæstv. ráðherra sniglast í öfuga átt er ekki von á góðu.

Það sagði við mig hámenntaður doktor, herra forseti, sem flutti norður til Akureyrar og hóf þar störf fyrir nokkru eftir nokkurra ára kennslu í amerískum háskólum að hann gerði engan greinarmun á því á grundvelli nútímatækni hvort hann flytti til Reykjavíkur, Akureyrar eða þess vegna Kópaskers. Hann hefði undrað sig á þeim heimóttarskap íslenskra vísindamanna sem hann hefði rekið sig á þegar hann kom heim eftir kennslu í nokkrum af stærstu háskólum Ameríku að það væri eitthvert vandamál að stunda vísindi sín eða vera í samskiptum við alþjóðlega vísindasamfélagið hvort menn byggju á Akureyri, Reykjavík eða á Kópaskeri. Því miður, herra forseti, er einhver landlægur ósiður í gangi í vísindasamfélaginu að ekki sé hægt að hugsa rökréttar hugsanir ef menn eru komnir eitthvað að ráði upp fyrir Ártúnsbrekku.

[10:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er úrelt skipulag að stunda landbúnaðarrannsóknir í höfuðborginni. Þeim er miklu betur fyrir komið úti á landi. Það var eðlilegt fyrir 50 árum þegar rannsóknastarf var á frumstigi og sárafáir höfðu aflað sér menntunar og sérþekkingar. Nú höfum við marga sérfræðinga sem sumir hverjir eru jafnvel á heimsmælikvarða og þessi mannauður er ekkert jarðfastur á Keldnaholtinu. Hann er reyndar til líka úti á landi. Tækjakosturinn er flytjanlegur einn. Það er tómt mál að vera að tala um byggðastefnu annan daginn og fjalla svo hinn daginn um að þjappa saman rannsóknastarfi á Keldnaholti sem betur færi að vinna úti á landi, verkefnum sem skiluðu miklu fremur gagnlegum árangri fyrir þjóðfélagið. Ég hefði sem ráðherra ekki liðið að þvílíkt bréf færi út úr ráðuneyti mínu eða ráðuneyti sem ég bæri ábyrgð á eins og það bréf sem ráðuneytisstjóri í landbrn. sendi sveitarfélögum á Norðurlandi vestra. (**SJS:** Á að afturkalla það?) Reka hann.

[10:54]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér er góðu máli hreyft að ræða þetta á Alþingi. Þetta er enn eitt dæmið um það hvað skal flytja hingað suður til Reykjavíkur og sífellt erum við landsbyggðarmenn að koma í varnarbaráttu í varnarleik. Skemmtilegra væri að koma einhvern tíma og geta spilað almennilegan sóknarleik. (**Landbrh.:** Hestamiðstöðin.) Hér er rifjað upp gott mál og það er rétt, hæstv. landbrh. með hestamennskuna, það er gott og ég vona að þú dugir vel í öðru. Ég vona að þú dugir t.d. vel við það að koma Veiðimálastofnun út á land.

(**Forseti** (HBl)**:** Það ber að segja hæstv. ráðherra.)

Aðalskrifstofa Veiðimálastofnunar er í Reykjavík. Hún má sannarlega vera úti á landi. Hér eru nokkur smáútibú úti á landi, á Hólum í Hjaltadal, í Borgarnesi og á Selfossi með einum manni, stofnanir í fjársvelti í spennitreyju. Þetta má að ósekju flytja út á land og væri mikil þörf á enda eru hér mest unnin rannsóknastörf við þjónustu og vötn úti á landsbyggðinni og sennilega þurfa menn að hafa dýra bíla og annað slíkt til að keyra út á land til að stunda þessar rannsóknir. Þessi hugmynd er eins og ég segi enn ein árásin á landsbyggðina.

Það bréf sem ráðuneytisstjórinn í landbrn. sendi norður er með ólíkindum. Það skýrir kannski allt í þessu máli að ráðuneytisstjórinn, Björn Sigurbjörnsson, er fyrrverandi forstjóri RALA og mér sýnist og hefur sýnst að hann sjái ekki mikið upp fyrir Ártúnsbrekkuna. Það skyldi ekki vera ástæðan fyrir því að hann sendir þetta bréf og vill halda þessu svona?

Það er eitt í viðbót. Loftskeytastöðvar hringinn í kringum landið hafa verið lagðar niður og þær hafa verið færðar upp í Gufunes. Þar segja menn að tæknibyltingin sé þannig að hún virki bara af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins.

Að ræða hér um fjarskipti á eftir, það mikla frv. er táknrænt fyrir alla þessa vitleysu. Loftskeytastöðvar hringinn í kringum landið hafa verið lagðar niður. Enn eitt dæmið. Íslensk miðlun hefur verið að festa sig í sessi úti á landi. Þar eru eingöngu verkefni á vegum einkaaðila sem hafa verið flutt en ríkisvaldið situr eftir.

[10:56]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga fór ég nokkrum orðum um þessa áætlun á Keldnaholti og sagði frá því að mér byði í grun að hér væri enn einu sinni á ferðinni undirbúningur verkefna þar sem ætlað væri að Alþingi kæmi að gerðum hlut. Um er að ræða 17 stofnanir og þarfir þeirra fyrir húsnæði, 3,5 hektarar. Það mun kosta frá 5,2 til 5,5 milljarða að byggja þessi hús.

Við afgreiddum fjárlög fyrir nokkrum dögum og allir voru sammála um að það væru margar viðvörunarbjöllur sem hringdu, það væru mörg rauð ljós sem blikkuðu, við þyrftum að fara mjög varlega, við þyrftum að gera allt sem við gætum til þess að draga úr þeirri þenslu sem er að magnast hérna. Ríkið yrði að ganga þar fram fyrir skjöldu, við yrðum að draga úr framkvæmdum eins og við mögulega gætum. Þessar hugmyndir sem eru unnar að frumkvæði nokkurra ágætra ríkisforstjóra eru náttúrlega fullkomlega galnar og koma beint gegn öllum þeim pólitísku yfirlýsingum sem hafa verið gefnar á undanförnum vikum. Við verðum að átta okkur á því að fjárveitingavaldið er á Alþingi. Það er ríkisstjórn og Alþingi sem taka þessar ákvarðanir. Um það eru lögin alveg skýr. Þess vegna má það ekki gerast að sú hefð og venja þróist að menn fari að marka stefnu og taka ákvarðanir sem hafa verulega efnahagslega þýðingu án þess að Alþingi komi þar nokkurn tíma nálægt. Ég skora á hæstv. landbrh. að hafa forustu um það að taka þessa Keldnaholtsskýrslu og henda henni í ruslatunnuna.

[10:58]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Eins og kom fram í ræðu síðasta þingmanns er algerlega óviðunandi að unnið sé að stórfelldri uppbyggingu á Keldnaholti og að ráðagerðir séu uppi um uppbyggingu án þess að það komi nokkurs staðar fram, það sé verið að vinna þetta bak við tjöldin. Það er óþolandi að koma að slíku eftir á þegar allt er frágengið fyrir hv. Alþingi sem á þá að greiða það sem pakkinn kostar. Og eins og bent var á er þetta algjörlega gegn pólitískri yfirlýsingu núv. ríkisstjórnar.

Verkefni RALA eru mörg og þau geta mörg hver hæglega farið út um land og hefðu átt að vera farin út um land. Það á að styrkja háskólana sem eru þegar starfandi, búnaðarháskólana og Háskólann á Akureyri. Það á að koma upp virku háskólanámi á Austurlandi og styrkja Skógrækt ríkisins til að stunda rannsóknir. Það þýðir lítið að fara í greiningu, vinna að skýrslum, gera úttektir, marka sér stefnu varðandi fjarvinnslu og ætla að byggja upp atvinnu á landsbyggðinni með fjarvinnslu þar sem grunnurinn að þeim störfum eru rannsóknir, ekki eingöngu þjónustustörf. Það eru rannsóknir og rannsóknirnar á að gera á þeim stöðum þar sem verkefnin eru og verkefnin eru út um allt land og ekki hér á höfuðborgarsvæðinu. Ef þetta er framtíðin verður að fara að byggja undir þessa framtíð.

[11:00]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að vekja máls á þessu máli og þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Við eigum að sjálfsögðu að kappkosta að dreifa rannsóknum í landbúnaði um allt land í þær stofnanir sem þar eru. Ég nefni Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði. Við bárum gæfu til þess í síðustu fjárlagagerð að veita 10 millj. til uppbyggingar þar á gróðurhúsi sem verður miðstöð rannsókna varðandi ylrækt í landinu. Ég nefni stofnanir eins og Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Bændaskólann á Hólum. Allt eru þetta myndarlegar stofnanir sem ber að styrkja.

Fyrir nokkrum árum bárum við gæfu til þess að færa Skógrækt ríkisins á Egilsstaði og um margt hefur þar mjög vel til tekist. Að vísu á Skógrækt ríkisins í miklum fjárhagslegum örðugleikum. Það kemur í raun og veru ekkert við staðsetningu þeirrar stofnunar.

Landgræðsla ríkisins í Gunnarsholti er mjög myndarleg ríkisrekin stofnun. Þar fer fram afar fjölbreytt vísindastarf og í raun má segja að Landgræðsla ríkisins sé alltaf skrefinu á undan. Svo er fyrir að þakka mjög traustum stjórnanda þeirrar stofnunar.

Ég sé fyrir mér að í framtíðinni geti t.d. í Gunnarsholti verið alþjóðlegt rannsóknasetur varðandi landgræðslu, uppgræðslu, eldfjallarannsóknir og jafnvel ferðaþjónustu. Það kom fram í umræðunni að stofnanir eins og Veiðimálastofnun eiga að sjálfsögðu að vera staðsettar úti á landsbyggðinni. Þó að litlir vísar séu t.d. á Selfossi og Borgarnesi þá á sú stofnun að vera staðsett úti á landsbyggðinni.

Veiðimálastofnun sótti um fjárveitingu fyrir einu ári til þess að byggja upp í Reykjavík en við í fjárln. neituðum um þá fjárfestingu. Ég tek undir að það er pólitískt galið að byggja upp mörg þúsund fermetra rannsóknasetur á Keldnaholti. Við eigum að færa þessa starfsemi út á landsbyggðina.

[11:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur orðið og þakka mjög kröftugar undirtektir þingmanna sem hér hafa tekið til máls. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góðar undirtektir. En, herra forseti, mér fannst þær allt of linar. Ég bara segi það eins og er. Þetta er mál sem verður að taka föstum tökum því að kerfið er svo sjálfvirkt hér að þó að vel meinandi ráðherrar og þingmenn sitji, þá rekur það sig sjálft, byggir upp og framkvæmir óháð því hvað fjárveitingavaldið eða löggjafarvaldið segir. Þess vegna, herra forseti, er þetta allt of lint hjá hæstv. landbrh.

Ég hefði viljað heyra hann segja: Við ætlum markvisst að taka þessi verkefni og flytja þau út á land. Ég bendi á að Hólar eru ein stærsta rannsóknastofnun á eigin vegum, á eigin ábyrgð utan Reykjavíkursvæðisins og svo er verið að byggja upp rannsóknastarfsemi á Akureyri. En það hefur háð Akureyrarskólanum að hann er með rannsóknastarfsemi sem er útibú frá stofnunum í Reykjavík. Eins er með háskólann á Hvanneyri. Þetta eru stærstu og öflugustu og mikilvægustu landsbyggðarstofnanirnar. Þess vegna, herra forseti, tel ég að þarna þurfi að taka miklu öflugar á, ekki bara henda í ruslafötuna eins og hv. þm. Einar Oddur sagði, heldur snúa við og keyra málin út. Það er engin lausn að henda í ruslafötu. Það verður að gera eitthvað meira og eftir því bíðum við. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

munum fylgja þessu máli enn frekar eftir, hæstv. landbrh., á þingi eftir áramót.

[11:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Best væri sjálfsagt að fylgja því eftir með að senda hv. þm. Jón Bjarnason aftur að Hólum til að vinna við þá merku vísindastöð sem þar starfar því að það þarf að hafa sterka menn í öllum þeim góðu einingum.

Það er ljóst að hjarta mitt slær með því að styrkja þær stofnanir sem landbúnaðurinn á. Hér er ekki verið að þakka fyrir það sem gert hefur verið. Ég beitti mér sem formaður Lánasjóðs landbúnaðarins fyrir því að hann flytur á Selfoss í vor, í hið grónasta landbúnaðarhérað. Hestamiðstöð í Skagafirði er vísindastöð. Ég verð að segja að í þessu tvennu er alveg skýrt hver vilji landbrh. er í þessum málum. En við verðum samt að vinna að þessu faglega. Hér eru verkefni sem sannarlega eiga heima úti á landi. Verkefni eru innan Bændasamtakanna sem sannarlega eiga heima úti á landi. Við þurfum að byggja upp sterkar vísindastöðvar, ráðunautamiðstöðvar og því er það rétt sem ráðuneytisstjórinn segir að það þarf að vera sterk stöð eins og á Hólum — þannig eru Reykir, Egilsstaðir og Gunnarsholt — sem tekur við vísindamönnunum og störfunum. En ef ég sem landbrh. færi að sópa öllum þeim vísindamönnum sem starfa af heilum hug og drengskap fyrir íslenskan landbúnað í einn poka og bera þá út á land, þá er ég hræddur um að þeir sprækustu mundu klippa gat á pokann og fara heim aftur. Það væri skaði fyrir landbúnaðinn.

Þess vegna þakka ég þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil hafa þingmenn með mér í þeirri vinnu sem fram undan er við að styrkja þessar stöðvar, styrkja landbúnaðinn með því að mennirnir sem þjóna honum standi úti á akrinum með bændunum, í náttúru landsins. Við megum heldur ekki gleyma því í þeirri umræðu að við eigum líka höfuðborg og þar býr fólk sem vill okkur vel. (**GHall:** Það er rétt.) Þess vegna vil ég ná samstöðu um friðsamlega vinnu í þessum málum. Ég treysti því.

Ég læt þá orðum mínum lokið en segi við hæstv. félmrh.: Margt má af honum læra. (**GHall:** Lærir svo lengi sem lifir.)

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 205. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 461, brtt. 473 og 477.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:09]

Brtt. 477 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 473 felld með 39:13 atkv. og sögðu

já: DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb.

nei: ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, DO, GAK, GunnB, HjÁ, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þessi brtt. gerir ráð fyrir því að peningalegar eignir Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að upphæð 190 millj. kr., renni til Lífeyrissjóðs bænda. Sá sjóður stendur veikum fótum og ég held að það væri gustuk og skynsamlegt af hálfu hv. Alþingis að verja þessum fjármunum sem eru að mestu leyti eign bænda til lífeyrissjóðsins. Ég segi því já.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HÁs, HBl, HGJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, DO, GAK, GunnB, HjÁ, HjálmJ, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

[Forseti gat þess að HjálmJ hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 506).

Byggðastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 267, nál. 439, brtt. 447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

1. gr. samþ. með 34:5 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, DO, GAK, GunnB, HjÁ, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:11]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil að fram komi að ég er andvígur þeim breytingum sem er verið að gera á stjórn Byggðastofnunar með því að færa stofnunina undir eitt fagráðuneyti. Ég held að umræðan á Alþingi um breytingar á Byggðastofnun og hvernig það tæki væri hægt að nota til þess að efla landsbyggðina hefði átt að vera miklu markvissari. Ég mun því sitja hjá við heildaratkvæðagreiðslu en greiði atkvæði á móti þessari grein.

[11:12]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Allshn. sem fjallaði um þetta mál var sammála um að breytingin væri til bóta. Það er komið á stjórnsýslusambandi milli stjórnar og ráðherra og það er m.a. gert vegna ábendingar sem kom fram frá Ríkisendurskoðun.

2. gr. samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

nei: JB.

17 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, BH, DO, GAK, GunnB, HjÁ, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 447 kölluð aftur til 3. umr.

3. gr., 1. mgr., samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, GunnB, HjÁ, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., 2. mgr., samþ. með 35:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

nei: ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GIG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, GunnB, HjÁ, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessari málsgrein er lögð til sú ógæfulega skipan mála að hæstv. iðnrh. er einum falið að skipa sjö menn í stjórn Byggðastofnunar og aðra sjö til vara. Þetta held ég að sé versta útgáfan af nokkrum kostum sem í boði voru í þessum efnum. Eðlilegast hefði verið, herra forseti, að áfram væri þingkjörin og þverpólitísk stjórn fyrir þessari stofnun. En hafi menn af því áhyggjur, eins og mér skilst núna, að ekki hafi verið það sem kallað er á fínu máli stjórnsýslusamband milli ráðherra og stofnunarinnar, þá hefði verið eðlilegra að velja hinn kostinn og gera þetta að venjulegri ríkisstofnun sem heyrði beint og milliliðalaust undir ráðherra og án sýndarmennskustjórnar af þessu tagi sem er handvalin af einum póltískum ráðherra.

Herra forseti. Ég spái því að gangi þetta eftir þá verði þetta upphafið að endalokum þessarar stofnunar sem einhvers sem máli skiptir í byggðamálum á Íslandi.

[11:15]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Í þessum málslið kemur fram að hæstv. iðnrh. skipar sjö menn í stjórn þessarar stofnunar sem segir ekkert um að það verði sjö framsóknarmenn eins og hv. þm. hefur reynt að koma á framfæri í umræðunni. Ég bendi á það að hv. þm. situr í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins, ekki kosinn af Alþingi heldur skipaður af landbrh., reyndar af hæstv. fyrrv. landbrh., Guðmundi Bjarnasyni. Hann er ekki valinn af Alþingi, hann er skipaður af ráðherra.

3. gr., 3. mgr., samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, GunnB, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

4.–20. gr. og ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, DO, GAK, GunnB, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.

6 þm. (ÁSJ, DLH, JB, SighB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, DO, GAK, GÖ, GunnB, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Seðlabanki Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (breyting ýmissa laga, yfirstjórn). — Þskj. 253, nál. 438.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:18]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, DO, GAK, GunnB, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, DO, GAK, GunnB, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.

3 þm. (ÁSJ, JB, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BH, DO, GAK, GunnB, KolH, LB, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Framhaldsskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 101. mál (aðlögunartími, fornám, samræmd lokapróf o.fl.). — Þskj. 102, nál. 388.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:19]

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 388 samþ. með 55 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
5.–8. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Málefni aldraða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 200, nál. 436, brtt. 437 og 466.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:21]

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 437,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 437,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 437,3 samþ. með 55 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 466 felld með 36:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

7 þm. (BH, DO, GAK, GunnB, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:24]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Þessi brtt. sem er lögð fram af mér ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur gengur út á það að ekki verði nema 25% af úthlutunum úr sjóðnum veitt til reksturs stofnana. Það er að okkar mati komið úr böndum hversu stór hluti Framkvæmdasjóðs aldraðra fer í rekstur en ekki til þeirra verkefna sem honum hefur verið ætlað, þ.e. bygginga, viðhalds og nú rannsókna á sviði öldrunarmála. Því harma ég það að þetta skuli ekki hafa verið samþykkt.

9. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 437,4 samþ. með 55 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 437,5 (ný 12. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 437,6 samþ. með 52 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 437,7 samþ. með 53 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KLM, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, DO, GAK, GunnB, JóhS, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

16.–21. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 437,8 samþ. með 56 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
23.–27. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur). — Þskj. 308, nál. 400.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Frv. umhvn., 276. mál. — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv.

Reynslusveitarfélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 109. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 117, nál. 440, brtt. 454.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:31]
Brtt. 454,1 kölluð aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 454,2 kölluð aftur til 3. umr.

7. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, EKG, GAK, JÁ, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 299, nál. 474 og 478.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]
1. gr. samþ. með 37:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, DLH, JóhS, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (ÁRJ, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, KLM, LB, MF, RG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, EKG, GAK, KolH, SJóh, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er óeðlilegt að skerða framlag til brunavarna um 13 millj. kr. a.m.k., eins og hér er lagt til, ekki síst í ljósi þess að ýmsar kerfisbreytingar sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir hafa veikt og grafið undan öryggi í eldvörnum. Þar vísa ég sérstaklega til þess að stórlega hefur verið dregið úr rafmagnseftirliti og er ástand á því sviði víða mjög bágborið. Meðal annars í ljósi þessa er fullkomið ábyrgðarleysi að veikja enn frekar brunavarnir í landinu eins og ríkisstjórnin leggur til með þessu frv.

2. gr. samþ. með 33:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMöl, BH, DO, EKG, GAK, KolH, ÓÖH, RG, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.
7 þm. (ÁSJ, ÁRJ, GÁS, JB, KLM, MF, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DO, EKG, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Málefni fatlaðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 375, nál. 468 og 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:37]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
19 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BH, DO, EKG, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni það ákvæði sem heimilar að taka af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs fatlaðra nokkra fjármuni til að greiða kostnað við félagslega endurhæfingu og sömuleiðis kostnað vegna starfsemi stjórnar sjóðsins. Fram kom í umræðum að hér er ekki um umtalsverða fjármuni að ræða og við sem skipum minni hluta félmn. leggjumst ekki gegn því að framkvæmdasjóði sé heimilað að taka þátt í þessum kostnaði og munum því sitja hjá við þetta frv. en greiðum hins vegar atkvæði gegn því frv. sem kemur næst

á dagskrá á eftir sem felur í sér hina miklu skerðingu á framkvæmdafé sjóðsins.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DO, EKG, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.
1 þm. (LB) greiddi ekki atkv.
10 þm. (BH, DO, EKG, GAK, ÍGP, KolH, RG, SJóh, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, frh. 2. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 374, nál. 467 og 475.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]
1. gr. samþ. með 36:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
7 þm. (BH, DO, EKG, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Minni hluti félmn. leggur til að þetta frv. verði fellt. Skerðingin á mörkuðum tekjum Framkvæmdasjóðs fatlaðra er úr öllu hófi miðað við áætlanir hæstv. ríkisstjórnar. Aðeins er gert ráð fyrir því að um 150 millj. kr. verði til ráðstöfunar til nýframkvæmda af heildartekjum sjóðsins upp á a.m.k. áætlaðar 575 millj. kr. og er það þó líklegt að um vanmat verði að ræða. Þetta gerist, herra forseti, mitt í hinu margrómaða góðæri og þrátt fyrir að fyrir liggi mikil verkefni sem sjóðurinn sér sér ekki fært að sinna, bæði hvað varðar húsbyggingar og að stytta biðlista eftir húsnæðisúrræðum, hvað varðar þátttöku Framkvæmdasjóðs fatlaðra í mörgum öðrum brýnum framfaramálum á þessu sviði, svo sem að bæta aðgengi fatlaðra, viðhalda húsnæði, þátttöku í samstarfsverkefnum með félagasamtökum fatlaðra og fleira mætti þar telja.

Þessi hraksmánarlega útreið á framkvæmdasjóðnum, herra forseti, er Alþingi ekki til sóma verði hún samþykkt hér.

2. gr. samþ. með 34:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (BH, DO, EKG, GAK, IP, KolH, ÓÖH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, BH, DO, EKG, GAK, KolH, KLM, MF, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 270. mál. — Þskj. 368, nál. 464 og 465.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:41]
Brtt. í nál. 464 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VE.
16 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, BH, DO, EKG, GAK, KolH, LMR, MF, SJóh, SJS, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 37:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack.
16 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BH, DO, EKG, GAK, KolH, LB, ÓÖH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DO, GAK, KolH, ÓÖH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Iðnaðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 22. mál (meistarabréf, útgáfa sveinsbréfa o.fl.). — Þskj. 22, nál. 389.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:43]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 389 samþ. með 57 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 293.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 291. mál. — Þskj. 476.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Vitamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 431, 451 og 459.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:46]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 37:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
6 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í 6. og 7. gr. er verið að leggja til nýja skatta og nýjar álögur á sjófarendur og þar eru sérstaklega valdir út smábátaeigendur, eigendur báta meðfram ströndum landsins sem stunda veiðar eða stunda sjó. Það er skoðun mín að ákveðin grunnþjónusta varðandi öryggismál meðfram ströndum landsins eigi að vera kostuð og á ábyrgð ríkisins og ekki eigi að innheimta sérstakan skatt af þessum sjófarendum og smábátaeigendum. Því eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á móti þeim sköttum sem þarna er verið að leggja til. Ég segi nei.

Brtt. í nál. 431 samþ. með 35:3 atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, JB, ÖJ.
17 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ArnbS, BH, DO, GAK, GÁ, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 36:5 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ.
15 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DO, GAK, IP, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

8.–14. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG,

SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
8 þm. (ÁSJ, ÁRJ, GIG, JóhS, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BH, DO, GAK, GÁ, HjálmJ, KolH, MF, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.
2 þm. (JB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 143, nál. 432, 452 og 469, brtt. 433.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, GIG, JóhS, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

2.–12. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, GIG, JóhS, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 433,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, GIG, JóhS, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, GAK, JóhS, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 433,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, GIG, JB, MF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, GAK, JÁ, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, GAK, JÁ, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

16.–19. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SP, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

20. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ,

HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
19 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

22.–28. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, GAK, KolH, ÓÖH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 433,3 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, GAK, GÁ, KolH, SJóh, SP, ÖS) fjarstaddir.

29. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 433,4 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DO, GAK, JÁ, KolH, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

30. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

31.–38. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DO, GAK, GÖ, JÁ, KolH, LB, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 433,5 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GIG, JóhS, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

39. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

40.–42. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BH, DO, GAK, GÁ, KolH, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 433,6 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

43. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 433,7 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

44. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SvanJ) fjarstaddir.

45.–56. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, JóhS, KolH, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 433,8 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, JóhS, KolH, SJóh) fjarstaddir.

57. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

58.–60. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRJ, BH, DO, GuðjG, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–II samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. III samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:59]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þó að það frv. sem við greiðum hér atkvæði um sé að mestu leyti til bóta, þá er það einfaldlega þannig að þar sem almannahagsmunir rekast á hagsmuni Landssíma Íslands, þá eru hagsmunir Landssíma Íslands látnir ráða. Það er eins í þessu tilviki að fyrirtæki með 98% markaðshlutdeild þarf ársaðlögun til þess að aðlagast markaðnum.

Virðulegi forseti. Við tökum ekki þátt í svona fíflagangi og sitjum hjá.

Brtt. 433,9 (nýtt ákvæði til brb., verður ákvæði til brb. IV) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, GIG, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BH, DO, DrH, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 292, nál. 434, 453 og 470.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:01]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ArnbS, BH, DO, GAK, KolH, SJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um eftirlitsstofnun á þessu sviði. Því háttar þannig til að hæstv. samgrh. er ætlað að fara með eignarhald ríkisins í því fyrirtæki sem ræður nánast öllum markaðnum. Honum er *jafnframt ætlað að hafa eftirlit með þessum markaði.* Við tökum ekki heldur þátt í svona fíflagangi og munum sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

2.–4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, DO, GAK, KF, KolH, RG, SJóh, SP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 434 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, DO, EOK, GAK, JóhS, KolH, LMR, SJóh, ÞBack) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁSJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JóhS, JB, KLM, LB, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, BH, DO, GAK, HÁs, JÁ, KolH, MF, RG, SJóh) fjarstaddir.

6.–14. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, SÞ, TIO, VE.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÁS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, DO, GAK, KolH, SJóh, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DLH, DrH, EKG, EOK, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (BH, DO, GAK, KolH, RG, SighB, SJóh) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 12:04]

[12:48]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 295. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 497.

Póst- og fjarskiptastofnun, 240. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 496.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, síðari umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228 og 489.

[12:49]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta iðnn. á þskj. 371 vegna þáltill. hæstv. iðnrh. um framhald framkvæmda *við Fljótsdalsvirkjun á þskj. 216.*

Meginniðurstaða meiri hluta hv. iðnn. er sú að meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram komu á fundum hennar, að ætíð verði að líta á manninn sem hluta af náttúrunni og leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Það er meginniðurstaða meiri hluta hv. iðnn. og mun ég draga fram meginrökin síðar í ræðu minni.

Ég vil þó áður, herra forseti, víkja að tveimur þáttum. Annars vegar starfi hv. iðnn. og vil ég þá fyrst nefna að strax á haustdögum, í september, hélt nefndin ásamt hv. umhvn. austur á land *til þess að skoða málið í tengslum við þáltill.* sem var þá ljóst að berast mundi inn á þingið. Í fylgd með báðum hv. nefndunum voru það sem kalla má færustu sérfræðinga á þessu sviði og jafnframt helstu hagsmunaaðilar. Segja má að þetta hafi verið semínar fyrir tvær þingnefndir og afskaplega góður grunnur að því starfi sem fram undan var. Ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að sérhver nefndarmanna hv. iðnn. og hv. umhvn. hefur lagt gífurlega mikla vinnu í þetta mál síðan. Málið hefur verið til formlegrar og óformlegrar vinnslu síðan í september.

Hv. iðnn. tók þá ákvörðun strax þegar málinu var formlega vísað til hennar að taka einn þáttinn af nokkrum og vísa til hv. umhvn., nefnilega þáttinn sem lýtur að náttúrufari. Hv. umhvn. skilaði síðan tveimur minnihlutaálitum og umsögn 3. minni hluta hv. umhvn. Til að gera langa sögu stutta gerir meiri hluti hv. iðnn. álit 1. minni hluta að áliti sínu, tekur undir það og vísar til þess í nál. sínu.

Ég vil nota þetta tækifæri fyrir hönd hv. iðnn. að þakka nefndarmönnum í hv. umhvn. fyrir afskaplega vel unnið starf. Þá er rétt að vekja athygli á því að fjölmargar athugasemdir bárust á heimasíðu iðnn., hátt í tvö hundruð umsagnir. Eins og vænta mátti voru skoðanir skiptar í þeim umsögnum. Fjölmargir gestir, þeir skiptu tugum, komu á fund nefndarinnar, eins og gengur og gerist í viðamiklu starfi þingnefnda, og kynntu sjónarmið sín. Er þá ógetið, herra forseti, fjölda einstaklinga og samtaka sem hafa persónulega haft samband við einstaka þingmenn hv. iðnn. eða þá í gegnum tölvupóst til einstakra hv. þingmanna.

Í annan stað, áður en ég vík að röksemdum fyrir meirihlutaáliti hv. iðnn. vil ég gera að umtalsefni nýlegan úrskurð skipulagsstjóra ríkisins vegna umhverfismats álvers í Reyðarfirði. Áður vil ég þó taka mjög skýrt fram, herra forseti, að þar er um tvö aðskilin mál að ræða, annars vegar álver í Reyðarfirði og hins vegar Fljótsdalsvirkjun. Þetta eru tvö sjálfstæð mál þó auðvitað séu tengsl þar á milli. Þar sem úrskurður skipulagsstjóra vegna álvers í Reyðarfirði hefur blandast inn í umræðuna vil ég fara nokkrum orðum um þann úrskurð. Rétt til upprifjunar ber að hafa í huga að hlutverk skipulagsstjóra við mat á umhverfisáhrifum er að fara yfir ólíkar og breiðar forsendur slíkra málum. Það lýtur ekki eingöngu að mengunarmálum heldur að öllum þáttum málsins, þar á meðal samfélagsþáttum málsins. Hins vegar er svo um að ræða starfsleyfi fyrir starfsemi eins og álver sem veitt er af Hollustuvernd ríkisins. Hlutverk Hollustuverndar er að safna gögnum frá framkvæmdaraðila og sérfræðingum og leggja mat á hvort skilyrði, einkum vegna mengunarþátta, séu uppfyllt.

Þekkt er, herra forseti, og reynslan sýnir að skipulagsstjóri hefur, og það eru fordæmi fyrir því, vísað, einkum mengunarþættinum, yfir til starfsleyfis og kallað þar eftir frekari upplýsingum enda er það í sjálfu sér ekki órökrétt þar sem Hollustuvernd er sérfræðistofnun stjórnsýsluvaldsins til þess að skoða tiltekna þætti, þ.e. mengun. Stjórnsýslan hefur full tök á málinu meðan það er undir opinberri stjórnsýslustofnun. Í úrskurði skipulagsstjóra var þessum þáttum hins vegar ekki vísað til Hollustuverndar heldur aftur heim í hérað, ef svo má segja. Úrskurður skipulagsstjóra byggir á 13 atriðum. Herra forseti, 8–9 af þeim atriðum má telja að heyri undir Hollustuvernd og hefði að mörgu leyti verið eðlilegt að skipulagsstjóri vísaði þeim yfir til Hollustuverndar en ekki aftur heim í hérað enda eru fordæmi fyrir því, m.a. voru starfshættir þannig þegar Norðurálsstarfsleyfið var afgreitt. Ég ítreka að Hollustuvernd hefur tök á málinu og gefur ekki út starfsleyfi fyrr en að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Það hlýtur, herra forseti, að vekja spurningar hvers vegna málinu var ekki vísað yfir til Hollustuverndar eins og áður hefur verið gert. Þá hlýtur í annan stað, herra forseti, að vekja spurningar að skipulagsstjóri skuli hafa vísað málinu öllu til framkvæmdaraðila og m.a., eins og segir á bls. 56 í úrskurðarskýrslu skipulagsstjóra, að skipulagsstjóri hafi viljað skoða málið hvað varðar álver í Reyðarfirði, í þrepum en ekki einungis að líta á þetta sem 480 þús. tonna álver. Á bls. 56 í skýrslunni segir, herra forseti, að á það sjónarmið hafi ekki verið fallist.

Herra forseti. Þetta er mjög vafasöm og hæpin fullyrðing með hliðsjón af því að í bréfi frá framkvæmdaraðila, undirrituðu af framkvæmdastjóranum Guðmundi Bjarnasyni, er farið sérstaklega fram á mat á áfangaskiptu álveri. Þar er þess getið að framtíðaráætlanir til lengri tíma litið snúist um 480 þús. tonna álver en megnið af bréfi framkvæmdastjóra snýst um 120 þús. tonna álver. Jafnframt kemur fram að formaður samráðshópsins hafi á fundi með skipulagsstjóra borið þau boð frá framkvæmdaraðila að óskað væri eftir mati á 120 þús. tonna álveri sérstaklega en síðar, ef og þegar ákvörðun lægi fyrir um 2. og 3. áfanga, yrði það mat gert sérstaklega.

Það hlýtur að vekja upp spurningar, herra forseti, þegar því er haldið fram í skýrslu mikilvægs embættismanns að framkvæmdaraðilar hafi í raun ekki fallist á það sem þeir eru að fara fram á. Ég tek það mjög alvarlega því á fund hv. iðnn. kom skipulagsstjóri til þess að fjalla sérstaklega um þennan úrskurð. Hv. nefndarmenn spurðu sérstaklega um hvort ekki hefði komið til greina m.a. að vísa mengunarþættinum yfir til starfsleyfisins hjá Hollustuvernd. Því var í raun svarað neitandi þrátt fyrir þá staðreynd að skipulagsstjóri í sendi bréf í lok nóvember til Hollustuverndar og óskaði eftir frekari gögnum varðandi útgáfu starfsleyfis.

Ég tek það alvarlega, herra forseti, þegar embættismaður leynir nefndarmenn upplýsingum og ég endurtek: leynir upplýsingum fyrir nefndarmönnum. Það liggur fyrir — mér tókst að útvega það eftir þennan fund — að Hollustuvernd svarar svarar bréfi Skipulagsstofnunar frá 18. nóv. 1999 þar sem Skipulagsstofnun, herra forseti, óskar eftir frekari umsögn Hollustuverndar ríkisins um 1. áfanga álvers í Reyðarfirði. Það bréf er dags. 18. nóv. 1999.

Í svarbréfi Hollustuverndar, dags. 6. desember 1999, er niðurstaðan þessi, herra forseti:

„Hollustuvernd ríkisins telur í ljósi fyrirliggjandi gagna unnt að hefja vinnu við gerð starfsleyfis þegar fullnægjandi umsókn liggur fyrir, og leggst ekki gegn því að heimilaðar verði framkvæmdir við 120.000 tonn/ár álver við Reyðarfjörð með ákveðnum skilyrðum:“ (**Gripið fram í:** Hvenær er það dagsett?) Það er dagsett, hv. þm., 6. desember 1999.

Herra forseti. Ég vil draga þetta fram, alveg óháð því í rauninni hvert málið er, vegna þess að það hlýtur að teljast grafalvarlegt þegar embættismaður, kallaður til þingnefndar til að veita upplýsingar um mál og er spurður sérstaklega um þessa þætti leynir þessum upplýsingum. Þær komu ekki fram þó að um þetta væri rætt sérstaklega á fundi hv. þingnefndar. (**Gripið fram í:** Af hverju kallaði nefndin ekki ...?) Það er mjög alvarlegt mál, herra forseti. Ég ítreka það og vildi draga þetta fram vegna þess að þessi úrskurður hefur nokkuð verið dreginn inn í umræðuna en ítreka það sem ég sagði í byrjun að hér er um tvö sjálfstæð mál að ræða. Annars vegar álverið í Reyðarfirði og hins vegar Fljótsdalsvirkjun.

En nú mun ég, herra forseti, freista þess að færa rök fyrir því nál. sem hér var vísað til og er meginrökstuðningur meiri hluta hv. iðnn. fyrir þeirri niðurstöðu sem komist er að í meirihlutaálitinu.

Ég vil þá fyrst segja, herra forseti, að forsenda fyrir skoðun og niðurstöðu okkar er sú að leyfi er til staðar, Landsvirkjun hefur leyfið lögum samkvæmt, með lögum frá 1981, og þar að auki með starfsleyfi útgefnu af þáv. iðnrh. árið 1991. Þar að auki má segja að vilji stjórnvaldsins hafi verið staðfestur með starfsleyfi til Landsvirkjunar með útgáfu starfsleyfis

fyrir Fljótsdalslínu 1 árið 1994 og eru ekki nema rúm fimm ár síðan. Þetta er fyrsta forsendan og hvað varðar lagaákvæði telur meiri hluti hv. iðnn. eins og 1. minni hluti hv. umhvn. að lagaforsendur séu til staðar.

Í annan stað hvað varðar forsendur liggur fyrir að innlendir fjárfestar og Norsk Hydro hafa óskað eftir því að fá að reisa álver í Reyðarfirði eftir þeirri tímaáætlun sem kynnt hefur verið og til þess þurfa þeir að fá afhenta orku ekki síðar en árið 2003. Það er forsenda þeirra samningaviðræðna. Í svari frá orkumálastjóra kemur fram að eina leiðin til þess að afhenda orku á þeim tímapunkti er að halda áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun. Það er eina leiðin.

Í þriðja lagi í forsendum okkar vil ég nefna að Landsvirkjun kaupir réttinn til virkjana fyrir 1,5 milljarða árið 1982 og hefur síðan fjárfest fyrir 1,5 milljarða í ýmsum rannsóknum og framkvæmdum í kringum Fljótsdalsvirkjun og nágrenni hennar.

Herra forseti. Forsendur fyrir niðurstöðum okkar snúast um fimm þætti og mun ég nú reyna að hlaupa yfir þá. Í fyrsta lagi snýst þetta um efnahagsleg rök. Rétt er að hafa í huga að til allrar hamingju hefur ríkt hér bjartsýni í atvinnulífinu allt frá því 1995 eftir langt kyrrstöðutímabil þar sem stöðnum var í efnahagslífi okkar, atvinnuleysisstigið var hátt og almenn svartsýni í atvinnu- og efnahagslífi okkar. Til allrar hamingju hefur orðið viðsnúningur hvað þetta varðar. Það er líka, herra forseti, eitt af meginmarkmiðum hæstv. ríkisstjórnar að reyna að draga úr þeim reglulegu sveiflum sem komið hafa í efnahagslífi okkar og eiga fyrst og fremst rætur í tiltölulega fábreyttu atvinnulífi. Sveiflur í efnahagslífi hafa gjarnan fylgt sveiflum m.a. í fiskstofnum. Eina leiðin til þess að draga úr slíkum sveiflum, herra forseti, er að auka fjölbreytni í atvinnulífi og einn þeirra þátta er að nýta endurnýjanlegar orkulindir okkar.

Rétt er að taka fram að eftir eitt til tvö ár mun draga úr þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi og þeim fjárfestingum sem lagt hefur verið í á síðustu árum. Að óbreyttu mun þá skapast hér niðursveifla með venjulegum afleiðingum, svo sem atvinnuleysi og samdrætti á flestum sviðum. Það eru ein rökin fyrir þeirri niðurstöðu sem meiri hluti hv. iðnn. hefur komist að. Það er líka rétt að benda á það, herra forseti, eins og fram hefur komið, m.a. hjá Þjóðhagsstofnun, að með virkjuninni og þeim framkvæmdum sem henni fylgja má búast við verulegum breytingum í efnahagslífi okkar, m.a. allt að 1,2% aukningu í varanlegri þjóðarframleiðslu. Það skiptir gífurlega miklu máli fyrir efnahagslíf einnar þjóðar.

Þá er líka vert að benda á það, herra forseti, að margfeldiáhrif af stóriðju, bæði virkjun og síðan tilheyrandi álveri eru gífurlega mikil. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að nefna örfá dæmi. Einungis í samstarfi við Ísal hafa sprottið upp minni fyrirtæki þar sem íslenskt mannvit hefur verið notað. Ég nefni t.d. ALTECH, fyrirtæki Jóns Hjaltalíns Magnússonar, sem hefur verið að selja kragaásetningarvélar fyrir álver til Noregs og búnað til þriggja annarra landa í álverum; málmsteypuna Hellu sem stendur í miklum útflutningi á skautlásum til álvera í Noregi og víðar; málmsteypu Jóns Þorgrímssonar; Kerfóðrun sem endurfóðrar ker fyrir álver í Sviss og hefur verið að vinna úr fyrirspurnum; verkefni raunvísindadeildar Háskóla Íslands sem hefur verið í þróunarverkefni með háskólanum í Nottingham í Bretlandi sem er m.a. kostað af enskum álframleiðanda; Stími sem hefur verið að vinna og framleiða skynjara fyrir steypurennur og selt til Ísals og fengið fyrirspurnir frá Bahrain, Kanada, Þýskalandi og Frakklandi; verkfræðistofu Hafliða Loftssonar sem hefur verið að þróa og framleiða stjórnkerfi fyrir álhæðaskynjara. Þannig má, herra forseti, áfram telja. Ég vil draga þetta fram vegna þess að þetta sýnir svo augljós margfeldiáhrif af álveri og stóriðju og eru þá ónefnd ýmis önnur störf sem varða t.d. verslun, hárskera og iðnaðarmenn á ýmsum sviðum. Þannig má áfram telja. Þetta eru hin efnahagslegu rök og má að lokum benda á þau jákvæðu áhrif sem Norðurál og stóriðja við Grundartanga hafa haft á Akranesi og næsta nágrenni. Svipuð er reynslan í Noregi. Þetta eru hin efnahagslegu rök.

Herra forseti. Í annan stað vil ég nefna byggðarleg rök. Stóriðja er liður í byggðaáætlun okkar Íslendinga. Það kemur fram, herra forseti, hjá fulltrúum Byggðastofnunar að stóriðja hefur verið á stefnuskrá Byggðastofnunar um lengri tíma. Þess vegna mælist Byggðastofnun, sem er sérfræðistofnun stjórnvaldsins á Íslandi í byggðamálum, mjög afdráttarlaust *með því að framkvæmdir* við Fljótsdalsvirkjun haldi áfram og álver rísi á Reyðarfirði.

Það kom jafnframt fram, herra forseti, hjá fulltrúa Byggðastofnunar að infrastrúktúr byggðar á Miðausturlandi er kominn niður undir hættumörk vegna stöðugs fólksflótta þaðan að undanförnu og telja að grípa þurfi strax til alvarlegra og harðra aðgerða til að snúa þeirri þróun við. (**Gripið fram í:** Er þetta leiðin?) Þetta er leiðin, hv. þm., sem m.a. Byggðastofnun bendir á, sérfræðingur í byggðaþróun. Hér er spurt hvort þetta sé leiðin. Þetta virðist vera eina raunhæfa leiðin að mati Byggðastofnunar. Menn hafa velt upp ýmsu öðru og m.a. gefið í skyn að lítið hafi verið reynt á Austfjörðum.

Herra forseti. Vitað er og það kom fram hjá nefndinni og hefur margsinnis komið fram í umræðum að til margra aðgerða hefur verið gripið en þær, herra forseti, hafa illu heilli ekki dugað. *Því er í rauninni verið að hefja lífróður fyrir* áframhaldandi byggð á Miðausturlandi. Rétt er að benda á, og það skiptir auðvitað máli, herra forseti, þegar stór hluti Austfirðinga og allar sveitarstjórnir á Austurlandi hvetja hv. alþingismenn til að samþykkja tillöguna vegna þess að það er mat heimamanna að þetta sé eina raunhæfa aðgerðin til að snúa þessari byggðaþróun við, til að efla aftur byggð og mannlíf á Austfjörðum.

Rétt er að benda á að um hvert starf sem losnaði hjá Norðuráli sóttu 10 einstaklingar. Hins vegar er rétt að benda á það líka, herra forseti, að þetta er ekki eingöngu mál Austfirðinga. Það er þjóðhagslega mikilvægt fyrir okkur að halda uppi byggð um landið. Það er ekki þjóðhagslega hagkvæmt að byggð verði meira og minna öll á sömu þúfunni og fyrir því hafa margsinnis verið færð rök, m.a. í umræðum á hv. Alþingi. Þetta voru sem sé, herra forseti, byggðarökin sem hv. iðnn. færir fyrir niðurstöðu sinni.

Í þriðja lagi vil ég nefna náttúrufarsþáttinn. Enginn gengur þess dulinn að með þeirri virkjun sem hér er til umræðu, herra forseti, eða öðrum virkjunum sem risið hafa hér á landi er verið að ganga á náttúruna. Enginn gengur þess *dulinn. En spurningin er alltaf sú,* hvað við erum tilbúin að færa miklar fórnir vegna þarfa mannfólksins, vegna þegna landsins? Þar er auðvitað vandinn sá að vega meiri hagsmuni fyrir minni og að finna þá mikilvægu meðalhófsreglu sem kann að vera einhvers staðar til. Í þessu sambandi hlýtur að vera dregið fram að í tvígang hefur Náttúruverndarráð, bæði 1981 og 1991, samþykkt að Eyjabökkum væri í rauninni fórnandi, m.a. var það liður í samkomulagi til þess að halda Þjórsárverum óspjölluðum ef þannig má að orði kveða. Þetta

gerðist í tvígang. Vísindalegar forsendur hafa ekkert breyst frá því 1991, herra forseti. Það hafa verið stundaðar gífurlega miklar rannsóknir á Eyjabakkasvæðinu. Endalaust má deila um hvort þær rannsóknir eru nægar og endalaust má bæta við og nægir í því sambandi, herra forseti, að vísa til rannsóknanna á Mývatni sem hafa verið stundaðar í áratugi en auðvitað aldrei nægar. En einhvern tíma kemur að því, herra forseti, að taka þarf ákvörðun: hingað og ekki lengra. Það er í rauninni það sem hv. alþingismenn standa frammi fyrir núna.

Ég vil aðeins nefna örfá atriði, m.a. svokallaða hrauka sem eru einstakt náttúrufyrirbrigði og mjög vafasamt að til séu alveg sambærileg náttúrufyrirbrigði þó bent hafi verið m.a. á svipað jarðfræðifyrirbrigði við Brúarjökul þó að það sé í umhverfi sínu ekki að öllu leyti það sama því ekki er votlendisgróður umhverfis hraukana hjá Brúarjökli. En það er alveg ljóst að hraukum verður fórnað.

Hér í umræðunni hefur verið nefnd hætta á foki þegar dregur úr lóninu, sérstaklega á vorin og á sumrin þegar vatnshæð virkjunarlónsins er lítil og menn hafa dregið upp mjög dökka mynd af fokhættunni. Á það hefur hins vegar verið bent, herra forseti, og er nauðsynlegt að það komi fram, að í verstu vatnsárum er fokhættan jafnvel minni en hún er í dag. Í dag er töluvert fok af Eyjabökkum, einkum á haustin, en með lóninu færist rofstaðurinn til sem fokhætta mun stafa af og verður á verstu vatnstímum í rauninni minni en hún er í dag. Þetta er rétt að draga fram en þar að auki að benda á að frost fer ekki úr jörðu að öllu jöfnu við Eyjabakka fyrr en komið er fram í júlí og er lónið tiltölulega fljótt að fyllast eftir það.

Engar plöntur eru á válista. 1% af álftastofni landsins verpir við Eyjabakka og er auðvitað þar af leiðandi ekki í hættu. Hvað varðar heiðagæsir hafa menn lýst ótta sínum, og er eðlilegt að lýsa honum, um að heiðagæsir, þ.e. geldgæsir sem eru í sárum við Eyjabakka vegna þess að þar hafa þær skjól og næringu, muni hverfa. Þá er rétt að benda á, herra forseti, að þetta eru geldgæsir. Þarna er ekki um varpstað gæsarinnar að ræða. Jafnframt hefur verið bent á að 1979 voru u.þ.b. 2.000 heiðagæsir, geldfuglar, við Eyjabakka, fóru síðan upp í 13.000 og hafa haldið sig í um 8.000 síðan. En í sumar sáust u.þ.b. 2.000 heiðagæsir á Blöndulóni, manngerðu uppistöðulóni við Blöndu. Af því hljóta menn að geta dregið einhverjar ályktanir.

Komið hefur fram að hreindýrastofninn þar er ekki talinn í hættu, sérstaklega ef haft er í huga að aðveituskurðir sem voru upphaflega á teikniborðinu hafa horfið og aðveitan er núna í gegnum jarðgöng þannig að hreindýrin eiga mun greiðari aðgang um svæðið en áður var. Á hitt hefur svo verið bent, herra forseti, og skal engin dul dregin á, að fegurð Eyjabakkasvæðisins er mikil. Þarna er náttúrulegt víðerni sem er gífurlega mikils virði og á það verður ekki dregin nein dul. En þetta má lengi teygja og toga og nægir að benda á, herra forseti, könnun sem gerð var meðal erlendra ferðamanna sem fóru um Þjórsár- og Tungnaársvæðið fyrir þremur árum. Ef ég man rétt var úrtakið hátt í tvö þúsund manns og voru þeir spurðir hvernig þeir upplifðu Þjórsár- og Tungnaársvæðið með tilliti til víðernis og ósnortinnar náttúru. Svarið er athyglisvert, herra forseti, eða niðurstöður úr þeirri könnun, því að fæstir þeirra telja að mannvirkin þar hafi verið að þvælast fyrir þeim. Þeir telja sig upplifa svæðið sem ósnortna víðáttu. Ef menn hafa í huga erlenda ferðamenn frá erlendum stórborgum sem hingað koma þá er þar mikill munur á, að vera í miðju erlendra stórborga eða að þvælast um Þjórsár- og Tungnaársvæðið þrátt fyrir þau mannvirki sem þar eru, aukinheldur sem mannvirkin hafa orðið til þess að ferðamenn eiga greiðari aðgang um það. Jafnframt bendi ég á, herra forseti, að í sömu könnun töldu hinir erlendu ferðamenn tvennt vera til baga. Það var annars vegar mikill ágangur ferðamanna og hins vegar íslenska veðrið og við það fáum við sennilega seint ráðið.

Herra forseti. Í fjórða lagi vil ég nefna öryggisatriði og fram hjá þeim verður ekki litið. Við höfum öll orðið vör við fréttir af ólgu bæði í Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli að undanförnu og meginþorri af raforkuframleiðslu okkar Íslendinga fer fram á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu sem er í örskotsfjarlægð frá Eyjafjalla- og Mýrdalsjökli. Við þurfum ekki mikið hugmyndaflug til að sjá hvað gerist við eldgos og þarf ekki annað en öskugos til þess að lama raforkuframleiðslu landsmanna á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Jafnháð og við erum, bæði í einkalífi og efnahagslífi okkar, raforku þá hygg ég að hér yrði mikið neyðarástand ef slíkt gerðist. Því hefur verið haldið fram og bent á að um 40% af nýtanlegu vatnsafli þjóðarinnar sé fyrir norðan Vatnajökul og það er þess vegna með öryggissjónarmið í huga mjög mikilvægt að líta til þess svæðis til að efnahagslíf og einkalíf okkar sé ekki of háð raforkuframleiðslu á einum og sama staðnum. (**Gripið fram í:** Ekki hjónalífið?) Hjá sumum kann það að vera, hv. þm.

Í fimmta lagi nefni ég það sem við höfum nefnt siðferðilegar og alþjóðlegar skyldur okkar, þ.e. að hleypa erlendum aðilum að vistvænum orkugjöfum okkar. Mér þykir miður, herra forseti, að á stundum í umræðunni er tiltölulega lítið gert með þann siðferðilega þátt að hleypa erlendum aðilum að þeim endurnýjanlegu orkugjöfum sem við eigum hér. Hreinasta orka sem hægt er að fá til raforkuframleiðslu er vatnsorkan og væntanlega kemur gufuorkan þar á eftir. Þá er rétt að hafa í huga, herra forseti, að frá 1990 hafa rúmlega 80% allrar uppbyggingar og endurnýjunar álvera í heiminum átt sér stað utan OECD-landanna, þ.e. frá árinu 1990 sem eru viðmiðunarmörk í Kyoto-bókuninni. Hvert hafa þau álver sem hafa verið byggð frá því 1990 verið flutt, herra forseti? Þau hafa verið flutt til landa sem bjóða upp á kol og olíu sem orkugjafa, mengandi orkugjafa.

Ég efa það ekki að allir sem um þetta mál fjalla séu miklir umhverfissinnar og láti sér umhugað um mengunarvarnir. Mengunarmál, sérstaklega losun gróðurhúsalofttegunda, er aldrei hægt að skoða öðruvísi en í hnattrænu samhengi. Við getum ekki horft á útblástur gróðurhúsalofttegunda sem staðbundna mengun. Við skynjum það og við vitum það og vísindin hafa sýnt það að áhrif útblásturs gróðurhúsalofttegunda hefur jafnvel áhrif á veðurfar út um allan heim. Íslendingar upplifa þetta í langvarandi sunnanáttum þegar iðnaðarpestin frá Evrópu berst hingað norður til hreina Íslands.

Jakob Björnsson, fyrrv. orkumálastjóri, hefur skrifað afskaplega athyglisverða grein og ég hvet alla hv. þingmenn til þess að lesa grein hans á heimasíðu iðnn. Hann hefur m.a. bent á rök fyrir því að með því að vísa fyrirhuguðu álveri í Reyðarfirði frá Íslandi og til Ástralíu t.d. eða Mósambík þar sem þessa dagana eru álver í uppbyggingu með kol og olíu sem verðandi orkugjafa, hafna uppbyggingu álvers á Íslandi og vísa því til kola- og olíuframleiðslu mundi útblástur gróðurhúsalofttegunda í heiminum aukast sem nemur sama magni og svarar til 15% minnkunar á heildarútblæstri okkar

Íslendinga. Þetta finnst mér mikilvægt að hafa í huga. Það nemur 15% af heildarútblæstri okkar Íslendinga ef við vísum þessu frá og látum kol og olíu taka við.

Herra forseti. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að mengun af bílum sem meginsamgöngutækum okkar hér á Íslandi mun miðað við áætlanir verða rétt eftir aldamótin meiri en af stóriðju. Annar mjög stór mengunarvaldur hvað varðar gróðurhúsalofttegundir er svo fiskiskipaflotinn. Þar eru syndir okkar mestar og ég tel að sú orka sem hefur farið í umræðuna um Fljótsdalsvirkjun hefði að mörgu leyti betur verið komin í umræðu um að draga úr mengun af völdum bíla sem er meiri en frá stóriðjunni samkvæmt öllum áætlunum og síðan fiskiskipaflotanum.

Þessir fimm þættir eru meginkaflarnir í rökum og forsendum hv. iðnn. fyrir niðurstöðu sinni. Ég vil aðeins stikla á örfáum atriðum til viðbótar. Ég hef þegar nefnt að meiri hluti hv. iðnn. telur að lagaforsendur séu til staðar, einkum út frá þeirri meginreglu í íslenskri stjórnsýslu að lög eru ekki afturvirk og vona ég að seint verði sá siður tekinn upp með tilheyrandi óvissu sem fylgdi því.

Lögformlegt umhverfismat hefur gjarnan verið nefnt hér. Þá er rétt að benda á, herra forseti, að 1994 er gefið út starfsleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun án lögformlegs umhverfismats. Fyrir einu, tveimur árum voru hafnar framkvæmdir og lokið við virkjun á Nesjavöllum, glæsilegu húsi við Bláa lónið. Náttúruhús er í smíðum hér skammt frá Alþingi, í Vatnsmýrinni, sem er ákveðinn grundvöllur fyrir lífríki tjarnarinnar. Hitaveita Suðurnesja hefur til allrar hamingju verið að stækka og bæta við hverfli hjá sér. Í engu af þessum atriðum hefur, herra forseti, komið fram jafnhávær krafa um lögformlegt umhverfismat og um Fljótsdalsvirkjun og hefur þó Fljótsdalsvirkjun í rauninni allar lagaforsendur til þess. Við skulum aðeins velta fyrir okkur hvar þessi mannvirki sem ég taldi hér upp eru staðsett, þ.e. Nesjavellir, Bláa lónið, náttúrufræðihúsið og Hitaveita Suðurnesja. Þau eru nefnilega á suðvesturhorninu þaðan sem krafan um lögformlegt umhverfismat er svo hæst hvað varðar Fljótsdalsvirkjun.

Herra forseti. Í öðru lagi hefur stundum verið nefnt að álver sé úrelt. Það sé úrelt starfsemi. Ég tel að ekki þurfi annað en að ræða við starfsfólk í álveri til að komast að hinu sanna þar. Ef menn horfa til framtíðar, hvers vegna eru stórfyrirtæki að fjárfesta í álveri? Ástæðan er augljós. Markaðurinn kallar á þau. Aukin ferðaþjónusta sem allar spár segja að eigi eftir að verða veruleg í heiminum öllum kallar á fleiri flugvélar úr áli. Aukin krafa um minni mengun frá bílum kallar á að bílaframleiðendur létti bílana og þess vegna kallar bílabransinn óhjákvæmilega á ál. Það er þess vegna rangt að segja að álframleiðsla sé úrelt og draga upp einhverja svarta mynd að slíkri starfsemi. Það er þörf til framtíðar fyrir ferðamenn og efnahagslíf heimsins að nota ál. Þess vegna er markaðurinn til staðar fyrir því. (**ÖJ:** Ekki gleyma hergagnaiðnaði.) Já, og svo er hergagnaiðnaðurinn. Við viljum nú, hv. þm., bæði þjóna ferðamönnum og létta bílana, geri ég ráð fyrir.

Í þriðja lagi hefur verið fjallað um arðsemismatið á virkuninni og skrifaðar greinar og ræður haldnar um það þar sem menn hafa dregið mjög í efa að arðsemismatið sé rétt. Þá umræðu á ég, herra forseti, afskaplega erfitt með að skilja vegna þess að grunnpunkturinn er aðeins einn og hann hefur komið ítrekað fram bæði hjá stjórn Landsvirkjunar og forstjóra Landsvirkjunar. Landsvirkjun fer í þessa framkvæmd af því hún ætlar að græða á henni. Hún ætlar að hagnast á þessari framkvæmd. Ef ekki nást samningar um orkuverð sem Landsvirkjun telur að muni færa henni hagnað verða ekki samningar. Rétt er að minna á það að við erum hér einungis að skapa forsendur fyrir samningum. Við erum ekki að taka ákvörðun um að hér rísi álver. Þar á eftir að semja um ýmsa þætti og þá nokkuð marga.

Eitt af því sem komið hefur fram í greinum um arðsemi virkjunarinnar og er svolítið villandi er að menn hafa reiknað arðsemina út frá mjög vafasömum forsendum svo ekki sé meira sagt. Það hefur meira að segja sést allt niður í 15 ára afskriftatími á Fljótsdalsvirkjun sem er algjörlega út í hött og nægir í því sambandi að benda á Sogsvirkjun sem er orðin 60 ára gömul og framleiðir meira rafmagn núna, 60 ára gömul, en hún gerði í upphafi vegna þess að tækninni hefur fleygt fram. Afskriftatíminn er a.m.k. 60 ár.

Þá er rétt að hafa í huga að álverð hefur verið lágt að undanförnu en almennt er því spáð að það sé á uppleið. Um álverð er ekki samið á dagprísum. Um það er samið til langs tíma, a.m.k. til 15 ára. Því er rétt að skoða dæmið í heild sinni frá upphafi til enda. Meginreglan er sú að álverin fá lægra álverð í byrjun á meðan þau eru að greiða niður fjárfestingarkostnað en það hækkar síðan eftir því sem á samningstímann líður. Þess vegna er óeðlilegt að líta á þetta sem einhverja dagprísa og eðlilegt að skoða samningstímann í heild sinni. Þannig má áfram telja. Þannig mun vera ástatt um helminginn af þeirri orku sem Landsvirkjun selur til stóriðju í dag.

Í fjórða lagi hafa menn hafa talað um að álverið sé þvílíkt skrímsli að íslenskur fjármagnsmarkaður muni ekki ráða við það. Viðræður standa yfir og hefur ekki verið gengið frá eignaraðildinni milli íslensku fjárfestanna og þeirra norsku. Fram kom hjá hv. iðnn. að allt upp í 40–50% eignaraðild Norðmanna væri í umræðunni. En það er alveg ljóst, herra forseti, hvað varðar stærðina að fyrirtækið er ekki stærra en svo að þegar eignaraðilar hafa lagt eigið fé fram þá þarf ekki nema um 2% af íslenska hlutabréfamarkaðnum til að dekka lánsþörfina fyrir álverinu. Fyrirtækið yrði ekki nema það níunda stærsta á Íslandi.

Í fimmta lagi vil ég nefna tímann. Menn hafa sagt að okkur liggi ekkert á og að við ættum að fresta ákvörðuninni. En í rauninni stöndum við frammi fyrir því að fyrir liggur skýr ósk frá íslensku og norsku aðilunum um að þeir verði að fá svar strax. Þá er rétt að minna á, herra forseti, að virkjun þarf alltaf að vera a.m.k. einu ári á undan framkvæmdum í stóriðjunni eðli málsins samkvæmt. Það tekur lengri tíma að byggja virkjun og áður en í hana er ráðist þarf að vera búið að semja um orkuverð. Þess vegna er mikilvægt að geta svarað beiðni erlendra og innlendra fjárfesta um afhendingu orkunnar árið 2003.

Þá er líka rétt að hafa í huga, herra forseti, að við bjuggum um tuttugu ára skeið við algera kyrrstöðu hvað varðar erlenda fjárfestingu. Frá 1995 hefur heldur rofað til. En þetta er í rauninni það eina sem er í farveginum og liggur nokkuð við núna.

Eðli málsins samkvæmt er ferlið frá fyrstu viðræðum til framkvæmda afskaplega langt og það er mjög mikilvægt, herra forseti, að framkvæmdaraðilar, samningsaðilar, geti unnið í nokkuð öruggu starfsumhverfi í þessari grein eins og öðrum greinum. Þess vegna eru það mjög hæpin skilaboð til erlendra fjárfesta ef menn ætla að rifta samkomulagi svo að segja í miðjum klíðum. Ég ítreka það, herra forseti, að

Orkustofnun segir Fljótsdalsvirkjun eina möguleikann til að afhenda orkuna árið 2003.

Herra forseti. Menn hafa nefnt að rafmagnið gæti komið annars staðar frá og um tíma var norðausturhornið í umræðunni vegna jákvæðra fyrstu prófana á norðausturhorninu hvað varðar gufuafl. Síðan hefur, herra forseti, reyndar komið í ljós að gufumagnið reyndist ekki vera jafnmikið og fyrstu athuganir bentu til, þar er óvissa enda er eðli gufuaflsvirkjana þannig að þær verður að byggja upp í áföngum. Þær eru teknar í smáum þrepum. Hvert þrep er tekið fyrir sig til þess að sjá hvað svæðið þolir mikla virkjun og tekur þess vegna langan tíma. Þar að auki, herra forseti, mun það kosta um 15–20 millj. kr. á hvern km að leggja rafmagnslínu frá virkjun að þessari gerð. Það eykur einfaldlega kostnaðinn og eykur að sjálfsögðu á mengunina, þ.e. sjónmengun og jarðrask. Ber þá að hafa í huga að upphaflega stóð til að fara með aflið frá Fljótsdalsvirkjun þvert yfir hálendi Íslands á Keilisnes. Þannig var leyfið í rauninni upphaflega, þvert yfir landið.

Herra forseti. Menn hafa nefnt fleiri atriði sem vafasöm í tengslum við virkjunina, m.a. að atvinnulífið á Austfjörðum þyldi þetta ekki. Því er í rauninni svarað m.a. af formanni útvegsmanna og sjávarútvegsins á Austfjörðum þar sem þeir gera sér grein fyrir áhrifum þess og hvetja eindregið til þess að í þessa virkjun verði ráðist þannig að álver kunni að rísa á Reyðarfirði. Það sama kemur fram hjá talsmanni og fulltrúa ferðaþjónustunnar á Austfjörðum. Þeir hvetja til þess. Atvinnulífið á Austfjörðum eins og samfélagið þar að mestu leyti virðist því vera tilbúið og hvetur til þess að af þessu geti orðið.

Menn hafa nokkuð mikið velt upp neikvæðum hlutum. Ég fer nú að stytta mál mitt, herra forseti, en vil svona rétt í lokin benda á nokkur atriði sem fram komu á fundum hv. iðnn. og kalla má jákvæð atriði í tengslum við þessa virkjun, fyrir utan þau atriði sem þegar hafa verið nefnd, efnahagsleg, byggðaleg, öryggismál og öll þau rök. Það hefur fylgt virkjunum eins og hefur þegar sýnt sig og ágætur Austfirðingur sem fór með hv. umhvn. og iðnn. á Eyjabakka í haust sagði, að í sumar hefðu fleiri farið á Eyjabakka en samtals frá landnámstíð, m.a. vegna þess að menn hafa nú aðgengi að Eyjabökkum. Virkjanirnar hafa gert almenningi kleift að ferðast betur um hálendið og að njóta fegurðar landsins en ella hefði verið. Fyrir ýmsa skiptir það gífurlega miklu máli, þ.e. þá sem ekki eiga torfæruttröll til að aka á eða hafa ekki fulla burði til gönguferða. Þá má benda á að í Bandaríkjunum eru uppistöðulón víða með eftirsóttustu ferðamannastöðum og útivistarstöðum almennings þar sem þeir dunda sér daglangt í náttúrunni við fiskveiðar og útiveru. Það má líka benda á að Bláa lónið í heimabyggð minni, líklega eftirsóttasti ferðamannastaður landsins, er í rauninni afsprengi stóriðju og ekkert annað og virðist ferðamönnum líka vel sem og Íslendingum. Ég vil líka benda á það sem mikill áhugamaður um veiði að Blanda er orðin ein fengsælasta laxveiðiá landsins. Eftir Blönduvirkjun dró úr jökullit og mjög svo lítt rómaðar veiðiaðferðir, sem stundaðar voru í Blöndu fyrir virkjun, hafa horfið og mun göfugri og fallegri veiðiskapur verið tekinn upp í kjölfar þess að Blanda er orðin ein gjöfulasta laxveiðiá landsins. Sömu áhrifum eru menn að spá hvað varðar Jökulsá. Geri ég ráð fyrir að bæði veiðimenn sem Austfirðingar horfi björtum augum til þess.

Þá hefur verið bent á að með virkjuninni muni rennsli Lagarfljóts jafnast en það mun gerast reglulega að hlaup kemur í ána með tilheyrandi raski á náttúrufari í kringum Lagarfljót. Á það hefur verið bent með rennslismælingum og rannsóknum að rennslið muni jafnast með tilkomu virkjunarinnar.

Hjá fulltrúum Landsvirkjunar kemur fram að Landsvirkjun hyggst í samstarfi bæði við sérfræðinga og heimamenn fara í landgræðslu, m.a. uppgræðslu á örfoka svæðum, fara í að reyna að ná upp gróðri á ýmsum hólmum í lóninu, taka þátt í Héraðsskógaverkefni með Austfirðingum, að endurgera votlendi með sérfræðingum, aðgerðir til þess að draga úr foki, styrkja gróður umhverfis lónið í þeirri von að gæsir muni njóta þess o.s.frv. Mótvægisaðgerðir Landsvirkjunar eru því miklar og eindreginn vilji kom fram hjá fulltrúum Landsvirkjunar til þess að vinna með sérfræðingum og heimamönnum að því að gera skaðann sem minnstan. En skaði verður auðvitað alltaf einhver á umhverfinu. Það fylgir mannskeppnunni, má segja.

Herra forseti. Þeir fimm meginþættir sem hv. meiri hluti iðnn. dregur fram, þ.e. öryggisþátturinn, efnahagsþátturinn, byggðaþátturinn, hinar alþjóðlegu skuldbindingar og náttúrufarsþátturinn, eru þættir sem alla þarf að meta en ekki bara einn þeirra. Hafandi metið alla þessa þætti kemst meiri hluti hv. iðnn. að þeirri niðurstöðu að hann vegur meiri hagsmuni fyrir minni og mælir með samþykkt þáltill.

Árekstrar eru óhjákvæmilegir, herra forseti, og árekstrar við náttúruna eru hluti af neyslusamfélaginu. Við þurfum að taka ábyrga afstöðu, sérhver þingmaður, þar sem horft er á myndina alla en ekki aðeins einn eða fáa hluta hennar. Ég efa ekki að sérhver sá sem kemur að þeirri ákvarðanatöku, sérhver hv. þm. er unnandi íslenskrar náttúru og náttúrunnar almennt. En hér er um fórnarkostnað að ræða og enginn skal taka þann rétt af hv. þingmönnum að vera unnendur náttúru. Þetta kann að vera síðasta deilan hvað þetta mál varðar því nú er unnið að því sem e.t.v. hefði átt að vera byrjað á fyrir nokkrum árum, þ.e. rammaáætlun, Maður, umhverfi, orka, þar sem verið er að skilgreina þessa þætti til lengri tíma litið, þ.e. þarfir efnahagslífsins og fólksins og möguleika okkar til að nýta náttúruna og hins vegar að varðveita náttúruperlur. Innan þriggja ára mun sú áætlun liggja fyrir þannig að þetta kann að verða síðasta verkið sem við deilum um. Þó er ólíklegt að deilum og skoðanaskiptum um nýtingu náttúrunnar ljúki nokkurn tímann.

Herra forseti. Ég vil aftur leyfa mér að vísa til ágætrar greinar Jakobs Björnssonar, fyrrverandi orkumálastjóra, þar sem hann varpar því m.a. fram hvar við Íslendingar stæðum ef við hefðum ekki rafmagn. Hann dregur fram á nokkuð skemmtilegan hátt að við tökum rafmagn í dag sem nokkuð sjálfgefnum hlut af því að við höfum alist upp við að rafmagnið er í innstungunum. En hins vegar hefur það ekki alltaf verið svo hjá íslensku þjóðinni og Jakob Björnsson bendir m.a. á hvernig sveitafólk bauð virkjunarmönnum í árdaga rafvæðingar á Íslandi upp á kaffi og pönnukökur. Það var vegna þess að sveitafólk skynjaði þarna framfarir. Það skynjaði breytta tíma og von um betra líf. Það er að sumu leyti svipað sem á sér stað í dag. En við getum líka snúið þessu við. Hvernig verður íslenskt samfélag, hvernig verða viðbrögðin — við þekkjum það þó ekki sé nema nokkurra mínútna rafmagnsleysi, hvað þá ef rafmagnsleysi yrði hér dögum saman? (Gripið fram í.)

Herra forseti. Rafmagnið er stór hluti af neyslusamfélaginu. Það er kannski kjarni alls þessa máls að Íslendingar eru þurftarfrekir. Við gerum miklar kröfur í neyslusamfélaginu.

Neyslukröfur okkar Íslendinga eru mjög miklar. Við gerum líka miklar kröfur til velferðarsamfélagsins og við eigum að gera það. En neyslusamfélaginu fylgja óhjákvæmilega árekstrar við náttúruna vegna þess að til þess að standa undir þeim væntingum sem felast í neyslusamfélaginu þurfum við að halda uppi framleiðslu, við þurfum að halda uppi öflugu efnahagslífi sem kallar á orku. Skilaboð þjóðarinnar í raun inni hvað þennan þátt varðar eru augljós og allar neyslutölur sýna það. Við sjáum það hvað varðar húsbyggingar, innflutning á bílum, innflutning á rafmagnstækjum, ferðalög og þannig má endalaust áfram telja. Þær tölur eru gífurlega háar og fara hækkandi. Íslenska þjóðin er neysluþjóð og það er e.t.v. rótin að þessu öllu saman. Þeirri vitund verður hins vegar aldrei breytt með lögum. Þar þarf aðrar aðferðir til. Það tel ég, herra forseti, að sé kjarni málsins.

[13:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í upphafi ræðu sinnar sagði hv. þm. ýmislegt og var með ásakanir á hendur skipulagsstjóra vegna þess að skipulagsstjóri hefur kveðið upp úrskurð um að fara skuli fram framhaldsmat á álverinu sem reisa á í Reyðarfirði. Þar eru þrettán atriði tínd til sem ástæður fyrir því að það þurfi á þessu mati að halda. Skipulagsstjóri upplýsir að honum hafi verið neitað um að meta fyrsta áfanga sér. Hv. þm. talaði um þetta líkt og hann væri með ásakanir á hendur skipulagsstjóra fyrir að hafa kveðið upp úrskurðinn. Þegar þeir hafa sjálfir klúðrað málum með þeim endemum sem raun ber vitni og gert það að verkum að Norsk Hydro getur ekki tekið afstöðu til málsins fyrr en eftir að fyrir liggur hver niðurstaðan verður um umhverfismat geta þeir auðvitað ekki komið þessu máli á skipulagsstjóra.

[13:48]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyndi í upphafi ræðu minnar að vekja athygli á því sem ég tel mjög alvarlegt, að fullyrðingar stangast á, annars vegar í úrskurði og skýrslu skipulagsstjóra þar sem hann segir að framkvæmdaraðilar hafi neitað þeirri skoðun sinni að það ætti að áfangaskipta álverinu, þ.e. að taka 120 tonnin sérstaklega. Ekki þarf annað en að skoða bréfið, herra forseti, sem var upphaflega sent frá framkvæmdaraðila til að sjá að ekki fer milli mála að verið er að fjalla um 120 þús. tonna álver fyrst og fremst, hitt komi síðar.

Ég var líka að reyna að draga það fram, herra forseti, að mér finnst umhugsunarefni hvers vegna skipulagsstjóra snerist hugur í málinu. Það gerðist greinilega. Hann talar fyrst um að það hafi verið skoðun sín að það ætti að fjalla um 120 tonna álver en segir svo við hv. iðnn. að hann hafi ekki treyst sér til þess. Það kemur fram á síðustu dögum sem skipulagsstjóri er með málið hjá sér. Mér finnst alvarlegt að skipulagsstjóri skuli ekki hafa upplýst iðnn. um bréf frá Hollustuverndinni sem mælir með því að vinna við útgáfu starfsleyfis fyrir 120 þús. tonna álver hefjist.

[13:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki séð að þetta þýði að skipulagsstjóri hafi leynt upplýsingum sem skiptu máli um hvort framhaldsendurmats hafi verið krafist. Það er aðalatriði málsins. Honum var neitað um að gera það með þeim hætti. Ég fer fram á að hv. þm. útskýri hvort hann hafi þarna leynt upplýsingum sem skipt hafi máli hvað þetta atriði varðar. Þeir eru augljóslega búnir að klúðra málinu því að Norsk Hydro getur aldrei tekið afstöðu til málsins fyrr en það liggur fyrir hvort þetta álver fái starfsleyfi sem þarf til að geta tekið afstöðu til framtíðar hvað alla áfanga málsins varðar. Þetta hlýtur að liggja í augum uppi. Þarna hafa menn hreinlega hlaupið á sig. (**Gripið fram í:** Hverjir hafa hlaupið á sig?) Stjórnvöld með því að neita skipulagsstjóra um að vinna með þessum hætti að málinu.

[13:49]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir hafa klúðrað máli, sagði hv. þm. Þetta mál er ekki í höndum stjórnvalda. Það fer fram á milli skipulagsstjóra og framkvæmdaraðila. Þannig er gangur málsins lögum samkvæmt. Framkvæmdaraðili óskar eftir því með bréfi 21. sept. að fram fari úttekt og undirbúningur að 120 þús. tonna álveri í fyrsta áfanga.

Herra forseti. Það er rangt að skipulagsstjóra hafi verið neitað um þessa heimild. Það er beinlínis óskað eftir úttektinni. Formaður samráðshópsins færir jafnframt þau boð framkvæmdaraðilans að þeir óski eftir mati á 120 þús. tonnum. Ég ítreka að mér þykir óeðlilegt að svar Hollustuverndar skuli ekki hafa verið upplýst þegar þetta mál er sérstaklega til umræðu á fundi iðnn.

[13:50]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur hv. formaður iðnn. látið stór orð falla um einn af æðstu embættismönnum ríkisins. Mér finnst mjög alvarlegt að gera slíkt úr ræðustóli og spyr: Hvers vegna í ósköpunum, ef hann telur tilefni til svona ásakana, er ekki iðnn. kölluð saman og fjallað um málið á þeim grundvelli?

[13:51]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nýkominn með í hendurnar þær upplýsingar sem mér tókst að fá frá Hollustuvernd. En ég vek athygli á því, eins og ég vék að í ræðu minni, að við erum fyrst og fremst að fjalla um Fljótsdalsvirkjun og iðnn. hefur nægan tíma til að skoða þetta mál eins og þingið að öðru leyti. Ef embættisfærslur eru vafasamar höfum við nægan tíma til að skoða þær. Ég varpa þessu fram vegna þess að umræðan hefur þróast eins og þetta væri eitt mál. Ég vek enn athygli á því að þetta eru tvö aðskilin og sjálfstæð mál.

[13:52]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bendi hv. formanni iðnn., Hjálmari Árnasyni, á að það er litlum vandkvæðum bundið að kalla saman iðnn. hvenær sem er hér þessa síðustu daga. Það má heita að við vinnum út í eitt og séum hér allan sólarhringinn. En mér finnst ámælisvert og áhyggjuefni ef hátt settir opinberir embættismenn eru ásakaðir héðan úr ræðustóli á þennan hátt. Telur þá hv. formaður iðnn., Hjálmar Árnason, kannski ástæðu til að reka manninn?

[13:52]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Árna Steinari Árnasyni að málið sem hér er til umfjöllunar er mjög alvarlegt, embættisfærslur háttsetts embættismanns. Í raun skiptir engu máli hvernig hann er settur. En það er líka, herra forseti, mjög alvarlegt að sitja á fundi hjá þingnefnd sem er að fjalla um tiltekið mál, þar sem þetta er sérstaklega gert að

umræðuefni og þegar spurt er um samband og tengsl Hollustuverndar við skipulagsstjóra og aðkomu Hollustuverndar að því, þá sé bréfi Hollustuverndar, sem ég er nýbúinn að fá í hendur, leynt fyrir iðnn.

Mér finnst það alvarlegt. (**Gripið fram í:** Af hverju er ...) Þess vegna er eðlilegt að það mál sé tekið til skoðunar. (**Gripið fram í:** Á að reka hann?) Taka til skoðunar, sagði ég. Það hlýtur að vera eðlilegt að fara í saumana á þessu máli og athuga það. Hér stangast ýmislegt á. Það þarf að athuga hið sanna í málinu. Fyrr er ekki hægt að taka neinar ákvarðanir. Mér þótti málið það alvarlegt að ég vildi draga það hér fram.

[13:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður iðnn. sagði í ræðu sinni: Verði ekki samið um viðunandi verð þá verður ekkert af virkjun. Nú hafa færustu hagfræðingar okkar verið að reikna út hvort virkjun geti orðið arðbær. Ég get ekki séð annað en að þeir sem hafa birt útreikninga sína komist allir að þeirri niðurstöðu að virkjun sem þessi í Fljótsdal geti ekki orðið arðbær. Því spyr ég hv. formann iðnn.: Hvert þarf orkuverð að vera svo af virkjun geti orðið? Það er grundvallaratriði að fólk viti út í hvað það er að fara og menn viti hvaða forsendur eru gefnar í sambandi við það hvort af virkjun verður eða ekki. Hversu hátt þarf orkuverðið að vera til þess að af virkjun verði?

[13:55]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af þeim spurningum sem hv. þm. beinir til mín er rétt að vekja athygli á því að við erum hér í löggjafarsamkomu en við höfum falið framkvæmdarvaldinu ýmsa praktíska þætti svo sem að semja um orkuverð. Ég held ég kjósi að svara spurningunni þannig. Ég vék reyndar í ræðu minni m.a. að arðsemisþáttunum eins og fjallað hefur verið um þá í fjölmiðlum, síðast í gærkvöldi með yfirlýsingum frá stjórn Landsvirkjunar. Ég held ég kjósi að svara því á þann hátt að orkuverðið þarf að vera þannig að Landsvirkjun hagnist á málinu. Síðan er það mat Landsvirkjunar, stjórnar og forstjóra að ákveða hvenær Landsvirkjun telur sig hafa fengið það ásættanlegt verð að stofnunin hagnist á því. Ef þeir gera sig hins vegar seka um að semja af sér þá á að sjálfsögðu að draga þá til ábyrgðar. En ég ber fullt traust bæði til forstjóra og stjórnar Landsvirkjunar. Þeir hafa enda lýst því yfir hvert markmiðið er.

[13:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var náttúrlega ekkert svar. Ekki nokkurt svar. Hversu lágt niður getum við farið með orkuverðið til þess að ekki verði tap á virkjuninni? Herra forseti. Ég ákveð að snúa spurningunni aðeins við: Hversu lágt getum við farið? Vitað er að orkuverð er frá 88 aurum upp í 1,20 kr. fyrir kílóvattstundina, við það hafa menn miðað í útreikningum sínum. Ef menn eiga að fara að taka afstöðu til þess hvort halda eigi áfram að virkja þarna verða menn auðvitað að vita hvort hér er um arðbæra framkvæmd að ræða eða ekki. Við þurfum að fá að vita hversu lágt Landsvirkjun getur farið til að ekki verði tap á virkjuninni.

Herra forseti. Ég fer fram á að fá svör við þessu áður en menn taka afstöðu til þess hvort halda eigi áfram með virkjun í Fljóstdal.

[13:57]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg með ólíkindum að hv. þm. ætlist til þess að alþingismaður nefni orkuverð í samningaviðræðum milli Landsvirkjunar annars vegar og innlendra fjárfesta hins vegar. Hér er verið að blanda saman löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi. Svarið er mjög einfalt. Verkefnið er á hendi Landsvirkjunar og hún hefur sett sér eins og henni ber og er lögbundið að skila málinu þannig að hún hafi hagnað af því. Það er verðið og hv. þm. getur ekki ætlast til þess að fá annað svar því að samningarnir eru ekki í höndum þingsins.

Varðandi það að hagfræðingar hafi fullyrt að verðið sé of lágt þá eru það sumir hagfræðingar. Hins vegar eru aðrir hagfræðingar, þar á meðal þeir sem bera ábyrgð á framkvæmd málsins, þ.e. stjórn Landsvirkjunar og reiknimeistarar þeirra, sem hafa aðrar forsendur en hagfræðingarnir sem hv. þm. vísaði til.

[13:58]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði í ræðu sinni áðan að hann teldi að þetta yrði hugsanlega síðasta deilumál varðandi virkjanir. Ég óttast að svo verði ekki, heldur sé þetta í raun upphafið að mjög heitum deilumálum framtíðarinnar. Hann vitnaði til framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar, maður, nýting, náttúra, sem er mjög góð og við hefðum átt að vera farin í fyrir löngu. En úr því að farið er að vinna þetta þá er algert skilyrði að allar jökulárnar, þ.e. Jökulsá í Fljótsdal, Jökulsá á Brú og Jökulsá á Fjöllum séu inni í þessari áætlun. Ef það á að undanskilja þessi stórfljót í þessari áætlun þá er hún markleysa.

[13:59]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi í ræðu minni að hugsanlega væri þetta síðasta deilan en dró svo í land með það. Ég bætti við að líklega munum við endalaust deila um árekstra manns og náttúru jafnvel þó rammaáætlunin liggi fyrir innan þriggja ára sem hún hefði auðvitað átt að gera fyrir nokkru en það hafði ekki verið gert. Við erum að vinna núna lögum samkvæmt. Svo lengi sem menn hafa tilfinningar til náttúrunnar munu verða deilur vegna óhjákvæmilegra árekstra milli manns og náttúru af því að mannskepnan er þurftarfrek.

[14:00]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. hvort til standi að breyta framkvæmdaáætluninni og taka inn í hana stórfljótin svo hún verði marktæk og um hana náist frekari sátt. Hann nefndi líka lífsgæðakröfur okkar Íslendinga sem eru vissulega miklar og við höfum áhyggjur af því. Enda erum við að safna skuldum erlendis vegna óhóflegrar neyslu á ýmsum sviðum. Við getum uppfyllt og látið undan þessum kröfum en við getum vissulega haft áhrif á lífstíl með löggjöf. Við getum hætt að láta undan þessum kröfum með því að hafa ekki áfram stóriðjuáætlanir á dagskrá til að uppfylla endalausar kröfur um hagsæld og hagvöxt. Það er hægt að ná hagvexti með öðrum hætti sem ekki er eins þensluhvetjandi.

Hvað gerum við, herra forseti, þegar búið er að beisla öll stórfljótin? Hvað gerum við þá?

[14:01]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að langt sé í land og verði sennilega aldrei að við beislum öll stórfljót. Í stuttu andsvari er svo sem

ekki hægt að fara út í vangaveltur um virkjunarmöguleika. Við eigum ýmsa vannýtta möguleika svo sem sjávarföll sem líklega er mjög umhverfisvæn aðgerð. Á Írlandi eru menn byrjaðir að virkja öldur í tilraunaskyni að því er virðist með mjög lofandi árangri. Við heyrðum nýlega fréttir af nýtingu vindorku. Að vísu er það umdeilt atriði. Vindmyllur valda mikilli sjón- og hávaðamengun o.s.frv. Hins vegar kann okkur hv. þm. að greina á.

Ég er til í að fara í umræðu um neyslusamfélagið og *græðgi okkar sem þjóðar. Ég er hins vegar jafnsannfærður* um að við leysum það ekki með lögum. Það eru allsherjarumræður, pólitískar umræður sem þurfa að eiga sér stað. Vitund þjóðar verður aldrei breytt með lögum. Þar þarf samstillt átak margra aðila. Þingið kemur ekki eitt að því.

[14:02]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hafa gerst alvarlegir og ámælisverðir hlutir. Hv. formaður iðnn. kemur fram með ákaflega ósæmilegar og illa rökstuddar staðhæfingar gagnvart háttvirtum embættismanni sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér. Við í minni hlutanum höfum rökstudda ástæðu til að ætla að hv. þm. Hjálmar Árnason fari hér með fleipur og ekki í fyrsta sinn í þessari umræðu.

Herra forseti. Hv. þm. kemur í þennan stól og heldur því fram að skipulagsstjóri ríkisins hafi vísvitandi og aðspurður leynt tilteknum upplýsingum. Herra forseti. Þær upplýsingar varða að vísu ekki framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun heldur við álverið. Hv. formaður iðnn. kaus hins vegar að draga málið inn með þessum hætti. Hann fór með þessar dylgjur og sagði það afskaplega alvarlegt að sitja á fundi og leyna upplýsingum sem spurt væri um. Síðar virtist hv. þm. að vísu — og það sýnir dylgjueðli ásakananna — draga í land með því að segja: *ef embættisfærslur eru vafasamar.* Fyrst kemur hv. þm. og slær viðkomandi embættismann þungu höggi en dregur síðan í land og segir að það sé ekki alveg víst.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hv. þm. kemur hér með nýjar upplýsingar inn í málið. Hann segir að iðnn. hafi verið leynd mikilvægum gögnum. Einnig er ljóst að hann hefur atað þennan embættismann auri án þess að hann eigi kost á að svara fyrir sig. Undir þessu, herra forseti, getur þingið ekki setið. Þess vegna er það krafa stjórnarandstöðunnar að þessum fundi verði frestað og kallað verði til fundar í iðnn. til að hægt sé að ganga úr skugga um hvort dylgjur hv. þm. eiga við rök að styðjast eða hvort hann er hér vísvitandi að misbeita þessum ræðustóli til að ráðast á starfsmann ríkisins sem flokkur hans hefur raunar lagt í einelti hingað til í þessu máli.

[14:04]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir kröfur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að þegar í stað verði gert hlé á þessum fundi og iðnn. þingsins komi saman til að ræða það sem hér hefur komið fram.

Hv. þm. Hjálmar Árnason var með gróf*ar og alvarlegar* dylgjur um fjarstaddan mann. Hann sakaði hann um óheiðarleika. *Þetta eru nánast ærumeiðandi yfirlýsingar. Mér er* spurn: Hvers vegna leyndi hv. þm. Hjálmar Árnason iðnn. þessum upplýsingum? Er ekki eðlilegt að koma þessum upplýsingum á framfæri við hana ef þetta er svo mikilvægt? Ég tek undir þá kröfu, herra forseti, að þegar í stað verði gert hlé á þessum fundi og iðnn. kölluð saman til að ræða þessi mál.

[14:05]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill benda á að hv. þm. Hjálmar Árnason vitnaði í gögn máli sínu til stuðnings. (**ÖJ**: Við viljum þá fá að sjá þessi gögn.) Forseti telur að hann hafi þar af leiðandi ekki sett fram óviðurkvæmilegar athugasemdir um þennan embættismann. Forseti sér ekki ástæðu til að fresta þessum fundi. Umræðunni verður haldið áfram.

[14:06]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er afskaplega undrandi og slegin vegna þess að formaður iðnn. er að vísa í fund sem haldinn var að minni ósk eftir að úrskurður var felldur um álverið. Ég hafði ekki hugsað mér að fjalla um álverið í ræðu minni í dag vegna þess að við erum fyrst og fremst að fjalla um Fljótsdalsvirkjun. En þannig háttar til að ég óskaði sérstaklega eftir því til að hafa hárréttar upplýsingar um það sem spurt var um á fundi iðnn. og bað um að fá á blaði frá Skipulagsstofnun. Ég er með það hér ef mér leyfist að lesa upp nokkrar setningar, með leyfi forseta:

„Lagði Skipulagsstofnun til við framkvæmdaraðila í bréfi, dags. 28. sept. 1999 og á fundi með framkvæmdaraðila 29. sept. 1999“ — og nú óska ég eftir að þingheimur hlusti vel — „að tilkynnt yrði til stofnunarinnar frummat á umhverfisáhrifum 120 þús. tonna álvers og kynnt áform um fyrirhugaða stækkun. Á þetta sjónarmið var ekki fallist. Þann 12. okt. 1999 tilkynnti framkvæmdaraðili með bréfi“ — takið eftir þessu, hv. þm. — „þvert á tillögur skipulagsstjóra 480 þús. tonna álver í Reyðarfirði til skipulagsstjóra ríkisins og var framkvæmdin auglýst þann 15. okt. 1999.“

Þetta var góður fundur með þremur fulltrúum Skipulagsstofnunar sem svöruðu skilmerkilega öllu sem um var spurt. Mér fannst mikilvægt að fá þennan fund. Ég þakkaði formanni iðnn. fyrir að hafa orðið við þessari ósk. Ég er því afar hissa þegar ég hlusta á hv. þm. ata þennan embættismann auri. Okkur var sagt frá því í iðnn. að hann hefði sjálfur lagt til að menn kynntu ekki stærra álver en 120 þús. tonn en framkvæmdaraðilinn valdi annað.

[14:08]

Þuríður Backman *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þá beiðni að iðnn. verði kölluð saman. Hér er komin upp alvarleg deila á milli iðnn. og formanns hennar um aðkomu skipulagsstjóra ríkisins að þessu máli. Ég er hér með skýrslu eignarhaldsfélagsins Hrauns varðandi mat á umhverfisáhrifum 480 þús. tonna álvers. Þetta er frummatsskýrslan. Farið var fram á að öll fyrirhuguð stækkun yrði metin í einum pakka. Skipulagsstjóri óskaði eftir að fyrsti hlutinn yrði eingöngu tekinn. Á það var ekki fallist.

Mig grunaði að þarna lægi fiskur undir steini þegar taka átti alla stækkunina á þessu stigi. Lög um mat á umhverfisáhrifum eru það ný og þetta er það mikið verkefni að hugsanlega yrðu önnur vinnubrögð notuð þegar kæmi að stækkunum álversins. Ég skil því alveg sjónarmið skipulagsstjóra að vilja taka fyrsta hluta. Það verður að fá úr því skorið hvernig þessi mál liggja.

Ég tek undir það mat skipulagsstjóra að í svona stórum framkvæmdum sé eðlilegt að meta áhrifin í heild, virkjunina, línurnar, vegaframkvæmdirnar og álverið í einum pakka við mat á umhverfisáhrifum. Þá fær maður þessa heildarsýn. En lögin leyfa það ekki og það er eitt af mörgu sem við þurfum

að skoða í lögunum varðandi breytingar. Þau leyfa það ekki í dag. Ég tek undir þá kröfu að iðnn. verði kölluð saman.

[14:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og staðfesti að það sem hún las upp áðan frá fundi iðnn. með skipulagsstjóra er rétt. Hvorki skipulagsstjóri né fulltrúar hans á fundinum neituðu að svara nokkru sem spurt var um. Ég, herra forseti, fer fram á það sem fulltrúi í iðnn. að nefndin komi saman og fari í gegnum þau skjöl sem formaður iðnn. telur sig hafa í fórum sínum og staðfesti þær alvarlegu ávirðingar sem komu fram í máli hans þegar hann mælti fyrir meirihlutaáliti iðnn.

Herra forseti. Ég krefst þess að fundinum verði frestað hér með og iðnn. komi saman og fari yfir þessa pappíra. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir sem hér eru á ferðinni.

(**Forseti** (GuðjG): Það stendur ekki til að fresta þessum fundi eins og forseti hefur þegar tilkynnt.)

[14:11]

Kristján Pálsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í máli hv. formanns iðnn. hefur komið í ljós að fyrir liggja gögn um mál sem ekki er hér á dagskrá, þ.e. álverið sjálft í Reyðarfirði. Það er fyrst og fremst verið að tala um gögn sem snúa að því máli en ekki því sem er hér á dagskrá, þ.e. Fljótsdalsvirkjun og framkvæmdir í kringum hana. Ég tel því, herra forseti, að krafa stjórnarandstöðunnar um að fresta þessum fundi eingöngu vegna þessa sé algjör óþarfi og útúrsnúningur. Ég tek undir með hæstv. forseta. Það sem formaður iðnn. sagði hér, hv. þm. Hjálmar Árnason, er skjalfest. Þetta eru ekki dylgjur heldur fyrst og fremst það sem komið hefur fram í gögnum um málið.

[14:12]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason ber gríðarlega alvarlegar ásakanir á skipulagsstjóra í þessu máli. Það að hann skuli gera það í dag, 12 dögum eftir að bréfið er dagsett, er mjög alvarlegt mál. Ég ætla að beina þeirri spurningu til hv. þm.: Hvenær fékk hann þessar upplýsingar? Hafi hann vitað um þetta í marga daga án þess að kalla til fundar í hv. iðnn. þá er það mjög alvarlegur hlutur. Þá mætti draga af því þá ályktun að hann hafi beðið með að gera grein fyrir þessum upplýsingum til að setja þær fram í þessari umræðu í stað þess að gera eins og hv. formanni iðnn. ber að gera í umræðunni, þ.e. að kalla saman fund í iðnn. og láta reyna á það hvort þær ásakanir sem hann ber hér fram eru rangar eða réttar.

Hv. þm. á að gefa skipulagsstjóra færi á að svara fyrir sig, virðulegi forseti. Hv. þm. verður að gera þingheimi grein fyrir því hvenær hann fékk þessar upplýsingar og hversu lengi hann hefur setið á þeim. Hvers vegna ákvað hann að setja þær fram í þessari umræðu í stað þess að kalla til fundar í hv. iðnn.? Hann skuldar þingheimi svar við þeirri spurningu, virðulegi forseti.

[14:14]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er alvarlegt áhyggjuefni hvernig ríkisstjórnin og þá ekki síst hæstv. iðnrh. reynir að skapa þrælslund innan þeirra stofnana sem undir hann heyra. Ef menn leyfa sér að hafa sjálfstæða skoðun sem stríðir gegn skoðun stjórnarherranna þá fá menn þær trakteringar sem við höfum orðið vitni að hér. Alþingi Íslendinga getur ekki leyft svona vinnubrögð. Þegar menn eru bornir dylgjum af því tagi sem við heyrðum hér áðan og óskað er eftir því að hlé verði gert á þinghaldinu til að upplýsa málið þá fæ ég ekki annað séð, herra forseti, en eðlilegt sé að verða við þeirri ósk.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti biður menn að milda skap sitt. Það líður að jólum og menn skyldu fara að vera mildir og ljúfir.)

Kominn tími til að eyðileggja náttúru Íslands?

[14:15]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Raunalegt er að sjá hv. þm. Hjálmar Árnason hér á kreiki í salnum með slitna brynju, sundrað sverð og syndagjöld, því hv. þm. liggur klofinn í herðar niður eftir þau orðaskipti sem hér hafa farið fram.

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir eftir þær upplýsingar sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir færði inn í þessa umræðu að hv. þm. Hjálmar Árnason hefur orðið uppvís að því að fara með rangt mál, annaðhvort vísvitandi eða, eins ég kýs heldur að telja, af misgáningi. En hv. þm. á um tvo kosti að velja, að koma hingað eins og drengur góður og upplýsa það að honum hafi orðið á mistök og biðja þennan ágæta embættismann afsökunar á orðum sínum — ég er viss um að menn verða við því — eða þá að lýsa því hér yfir að hann vilji hafa fund í iðnn. til þess að fara yfir þetta mál. Herra forseti. Ég get til samkomulags fallist á að fresta ekki þessari umræðu heldur verði því lýst yfir annaðhvort úr forsetastól eða þá af hv. formanni iðnn. að haldinn verði fundur um málið áður en þessari umræðu lýkur á mánudaginn eða þriðjudag, þar sem skipulagsstjóra verði gert kleift að koma sínum málstað á framfæri. En það verður að gerast áður en umræðunni lýkur því að við þurfum auðvitað að fá botn í það í þessum sal hvaða meðulum hv. þm. Hjálmar Árnason telur réttlætanlegt að beita í þeirri baráttu sem hann virðist nú heldur betur hafa tapað, herra forseti.

Undir liggur æra þingsins. Við þingmenn getum ekki setið undir því að einn úr okkar hópi komi fram með svona dylgjur og að það sé upplýst hér af einum hv. þm. úr nefndinni að hann hafi rangt fyrir sér. Í besta falli er hægt að segja að verulegur vafi sé í málinu og vegna þess að málið snýst um æru og embættisheiður fjarstadds embættismanns þá hlýtur hv. þm. að vera nægilega góður drengur til þess að fallast á að það minnsta sem hann skuldar í málinu sé að lýsa yfir að fundur verði haldinn áður en umræðunni lýkur.

(**Forseti** (GuðjG): Það er á mörkunum að þessi umræða snúist lengur um fundarstjórn forseta.)

[14:18]

Þuríður Backman *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Til að taka af allan vafa um hvað við erum að fjalla þá vil ég segja að málið er allt opið. Það er ekki eingöngu verið að fjalla um Fljótsdalsvirkjun því eins og segir í upphafi till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, með leyfi forseta:

„Á grundvelli fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, greinargerðar um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði, skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugunar á samfélagslegum áhrifum þess lýsir Alþingi ...“ o.s.frv. ...

(**Forseti** (GuðjG): Hv. þm. fékk orðið til að ræða fundarstjórn forseta.)

Já, forseta — að hér verði rætt ekki eingöngu um Fljótsdalsvirkjun og þröng málefni henni tengd heldur verði málið tekið upp eins og hæstv. iðnrh. hvatti til, þ.e. að við tökum málið upp í heild og því er álverið hér á dagskrá líka.

[14:19]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hafði svolítið gaman af því þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom upp og vitnaði til fyrri ræðu sinnar en kom síðan aftur og lýsti áhrifum þeirrar ræðu, þ.e. hvernig ég stæði óvarinn og með sundrað sverð o.s.frv. vegna áhrifamáttar (**Gripið fram í:** Vegna ræðu Rannveigar Guðmundsdóttur.) ræðu hv. þm. (**ÖS:** Vegna ræðu Rannveigar.)

Herra forseti. Ég hafna því að hér hafi verið um persónulegar ávirðingar að ræða. Ég hafna því, herra forseti. Ég vitnaði hér m.a. í bréf, opinber bréf sem lögð hafa verið fram og borist nefndinni m.a. Eitt bréf fékk ég þó síðar vegna þess að ég hafði sjálfur frumkvæði að afla þess og það er það sem ég lýsti að hefði vakið upp hjá mér verulegar spurningar um það hvers vegna við í hv. iðnn. vorum ekki upplýst um opinbert bréf frá opinberri stofnun. Ég dró það jafnframt fram, herra forseti — og ég tel það ekki ávirðingar — með því að skírskota til bréfa hvernig í fyrsta lagi framkvæmdaraðilinn er í rauninni að óska eftir því að matið verði miðað við 120 þús. tonn fyrsta kastið en vísar jafnframt til þess að á síðari stigum, ef og þegar kemur til frekari stækkunar, þá verði það tekið sérstaklega á grundvelli fyrsta áfanga. Það kemur svo jafnframt fram að fyrst telur skipulagsstjóri að hann hafi sjálfur óskað eftir því að fá að áfangaskipta verkinu en því hafi verið hafnað af framkvæmdaraðilanum. Og það stangast á við það sem stendur í upphaflegu bréfi. Það stangast á við það sem hefur komið fram í rauninni hjá öllum aðilum. Það kemur svo hins vegar, herra forseti, fram hjá skipulagsstjóra á fundi hjá hv. iðnn. að honum hafi síðan snúist hugur. Þetta segir hann fyrir framan alla hv. nefndina, þ.e. að hann hafi ekki treyst sér til að skilja á milli 120 þús. tonna álvers og 480 þús. tonna álvers án þess að viðhlítandi skýringar kæmu á því.

Ég tel þetta ekki persónulegar ákúrur. Ég vek þessar spurningar upp og það er nægur tími til þess að fara yfir það mál, herra forseti. Við erum hér að fjalla um Fljótsdalsvirkjun fyrst og fremst, um það snýst þáltill. Hitt málið er ekkert farið frá okkur.

[14:21]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta heldur dapurt, sérstaklega það að formaður iðnn. stendur í ræðustól Alþingis og snýst eins og nafur í gati í mjög alvarlegu máli. Hann hefur komið með þungar ásakanir á skipulagsstjóra ríkisins og gert embætti hans tortryggilegt á röngum forsendum. Hann hefur dregið fram vangaveltur sem skipulagsstjóri kynnti fyrir okkur að hefðu verið upphaflegar hugmyndir þeirra á stofnuninni um hvernig hefði átt að fara með álverið. En það sem skiptir máli eru beinu upplýsingarnar sem Skipulagsstofnun lagði fram á fundi iðnn. og ég óskaði eftir að fá skriflegar frá stofnuninni. Ég er með þær skriflegar í höndum frá stofnuninni. Herra forseti. Formaður iðnn. hlýtur að heyra illa vegna þess að ég las þær hér og ég óska eftir að þingmenn taki eftir: „Skipulagsstofnun lagði til við framkvæmdaraðila" — lesist Landsvirkjun — „að tilkynnt yrði" — 29. september — „til stofnunarinnar frummat á umhverfisáhrifum 120 þús. tonna álvers og að kynnt yrðu áform um fyrirhugaða stækkun." — Þetta er tillaga Skipulagsstofnunar ríkisins til framkvæmdaraðila. — „Á þetta sjónarmið var ekki fallist. Þann 12. október 1999 tilkynnti framkvæmdaraðili ..."

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. hefur orðið til að ræða fundarstjórn forseta, ekki til að lesa upp úr gögnum.)

Herra forseti. Þetta er stóra málið sem við erum að ræða hér. Þetta eru ekki sjónarmið mín eða skoðanir heldur ritaðar upplýsingar frá Skipulagsstofnun. Ég er að upplýsa þingið með það ... (**Gripið fram í:** Þetta tengist ekki fundarstjórn ...) Það er Landsvirkjun, út af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um það hvort ætti að kalla fund saman í iðnn. eða hvort formaður iðnn. óski eftir ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að þessi umræða á heima í umræðum um dagskrármálið en ekki um fundarstjórn forseta. Ég bið hv. þingmenn að halda sig við fundarstjórn forseta.)

Herra forseti. Formaður iðnn. hefur kallað þetta yfir sig. Ég skil mjög vel að stjórnarmeirihlutinn vilji þagga niður rödd mína þegar ég er að upplýsa um þetta og það verða síðustu orð mín, herra forseti, að í bréfi frá framkvæmdaraðila, þ.e. Landsvirkjun, 12. október, óskar hún eftir að tilkynnt sé 480 þús. tonna álver og (**KHG:** Þetta er bara umræðuefnið, ekki um fundarstjórn forseta. Þetta er bara móðgun við ...) þess vegna er það auglýst, herra forseti.

[14:24]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta iðnn. um þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Þingsályktunartillögu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun var formlega vísað til iðnaðarnefndar 22. nóvember 1999. Í iðnaðarnefnd var samþykkt að vísa umfjöllun um náttúru svæðisins til efnislegrar umfjöllunar í umhverfisnefnd, en að iðnaðarnefnd fjallaði um aðra þætti málsins. Umhverfisnefnd skilaði álitum sínum 6. desember og eru þau fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd voru settar fram óskir um að haldinn yrði opinn borgarafundur um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun en þeirri beiðni var alfarið hafnað af meiri hluta iðnaðarnefndar. Hinn 3. desember 1999 rituðu Kolbrún Halldórsdóttir, fulltrúi í umhverfisnefnd, og undirritaður, sem fulltrúi í iðnaðarnefnd, þingforseta bréf þar sem farið var fram á að opinn borgarafundur yrði haldinn. Meiri hluti forsætisnefndar hafnaði erindinu á fundi sínum 6. desember 1999.

Á sameiginlegum fundi iðnaðarnefndar og umhverfisnefndar sem haldinn var miðvikudaginn 8. desember voru álit umhverfisnefndar kynnt. 1. minni hluti umhverfisnefndar leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt. Undir það álit rita Kristján Pálsson, Ásta Möller, Jónas Hallgrímsson og Gunnar Birgisson. 2. minni hluti umhverfisnefndar ítrekar það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt gildandi lögum. Undir það álit rita Ólafur Örn Haraldsson, formaður nefndarinnar, og Katrín Fjeldsted.

Þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar í umhverfisnefnd rituðu svohljóðandi bréf til formanns umhverfisnefndar: „Við undirritaðir nefndarmenn í umhverfisnefnd styðjum í einu og öllu álit og niðurstöðu formanns nefndarinnar, Ólafs Arnar

Haraldssonar, og Katrínar Fjeldsted er varðar þingsályktunartillögu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, þskj. 216, 186. mál." Undir bréfið rita Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Kolbrún Halldórsdóttir. Því er ljóst að meiri hluti umhverfisnefndar er samþykkur því að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Ég vil árétta það að það er mitt mat að meiri hluti umhvn. sé fyrir því að virkjunin fari í lögformlegt umhverfismat vegna þess að bréfið sem Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa, þar sem þau eru samþykk áliti Ólafs Arnar Haraldssonar og Katrínar Fjeldsted, skapar meiri hluta í umhvn. Umhvn. skilaði síðan ítarlegu áliti sem óþarft er að fara í gegnum á þessu stigi málsins.

Á fundi iðnaðarnefndar mánudaginn 7. desember var tekið fyrir formlegt erindi frá undirrituðum þar sem farið var þess á leit að fulltrúar frá Norsk Hydro væru kallaðir á fund nefndarinnar. Erindið var tekið til atkvæðagreiðslu og felldi meiri hlutinn það. Á þingfundi sama dag kvaddi undirritaður sér hljóðs um störf þingsins og mótmælti afgreiðslu meiri hlutans, enda fáheyrt á Alþingi að nefndarmönnum sé neitað um að kalla fyrir málsaðila.

Ég átel harðlega þessa málsmeðhöndlun í iðnn. Það er lykilatriði að fá að ræða við þá sem málið varðar og það er sérstakt lykilatriði að fá að tala við fulltrúa Norsk Hydro í þessu máli vegna þess að svipan á Alþingi, svipan sem notuð er til þess að taka ákvörðun núna er Norsk Hydro og óþolinmæði þess fyrirtækis að komast í gang. Þess vegna er eðlilegt að menn vilji fá skýringar á því hvers vegna þingið þurfi með hraði að afgreiða ályktun eða afgreiða frá sér tillögu um framhald á framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun með svo miklum hraði. Að fá Norsk Hydro inn í málið og yfirheyra þá um þeirra afstöðu var lykilatriði að mínu mati.

Á fundi iðnaðarnefndar föstudaginn 8. desember óskaði minni hlutinn eftir því að þeir aðilar sem formlega, með rafrænum hætti, óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar væru kallaðir til. Meiri hlutinn felldi þá tillögu og bar við tímaskorti.

Það er neyðarlegt að við hér á hinu háa Alþingi vorum að guma af því bara fyrir nokkrum vikum síðan að vera nýtískuleg og opna störf þingsins og nefndanna, aðallega nefndanna, gagnvart almenningi. Haldinn var blaðamannafundur með pompi og pragt þar sem hinum almenna borgara var gefinn kostur á því að tengjast beint inn til nefndanna og hafa áhrif á störf.

Það er neyðarlegt að verða vitni að því að á sama tíma og við fáum gríðarleg viðbrögð utan frá með tölvupósti þá skulum við ekki geta brugðist við óskum þeirra þriggja, en á annað hundrað manns sem höfðu samband, sem óskuðu í tölvupósti formlega eftir áheyrn nefndarinnar. Því var neitað. Þetta tel ég mjög slæm vinnubrögð og alls ekki við hæfi.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þingnefnd og þingi er ekki sæmandi að afgreiða þessa tillögu þegar tvær tillögur liggja fyrir þinginu um aðra tilhögun á land- og orkunotkun í landinu. Ég vil nefna þær tillögur. Það er till. til þál. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs, sem liggur fyrir umhvn., og þar er flm. Þuríður Backman og fleiri. Síðan liggur fyrir iðnn. óafgreidd tillaga um sjálfbæra orkustefnu. Báðar þessar tillögur byggja á þeirri hugsun að farið verði öðruvísi að í notkun á auðlindunum og því væri sjálfsögð virðing við þingið að taka þær til umfjöllunar fyrst, samþykkja eða fella eftir atvikum áður en þessi tillaga getur komið fyrir. Fyrir mig sem nýjan þingmann er þetta með ólíkindum. Ég held að svona málsmeðferð gæti ekki átt sér stað í einu einasta ungmennafélagi. Menn mundu taka hlutina í réttri röð.

Tillagan um sjálfbæra orkustefnu, sem ég ætla sérstaklega að nefna hér, hún er um að:

Alþingi álykti að fela iðnrh. að undirbúa í samvinnu við umhvrh. og þingflokka sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi það markmið:

a. að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,

b. að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,

c. að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum.

Þáltill. þessi var flutt á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Tillagan er nú endurflutt nokkurn veginn óbreytt.

Sjálfbær orkustefna er ekki markmið í sjálfu sér heldur afar mikilvægur hlekkur í sjálfbærri þróun á jörðinni. Núverandi orkubúskapur heimsins er í miklu ósamræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og leiðir okkur fyrr en varir í öngstræti. Rangar áherslur í orkumálum skapa hættur fyrir umhverfi jarðar, heilbrigði og heimsfrið. Í áherslum Sameinuðu þjóðanna sem tengjast Ríó-ferlinu er meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi þætti til að stuðla að sjálfbærri orkustefnu:

Orkusparnað og bætta nýtingu orku á öllum sviðum, ekki síst í þróuðum ríkjum.

Umhverfisvæna orkugjafa, ekki síst endurnýjanlega orku og nýja og hreina tækni.

Orkugjöld vegna mengunar og/eða reglur er takmarki losun mengandi efna.

Afnám niðurgreiðslna til kjarnorku og hefðbundinna orkugjafa.

Að heildarkostnaður, m.a. vegna umhverfis, verði sýnilegur og hluti orkufjárfestingar.

Jöfnuð í aðgengi að orkuþjónustu og áhrif almennings á mótun orkustefnu.

Forustu ríkisstjórna og opinberra aðila í að ryðja braut fyrir sjálfbæra orkustefnu.

Áætlanir og aðgerðir þjóðríkja í þágu sjálfbærrar orkustefnu.

Orka er eins og margoft var tekið fram að hv. formanni iðnn. undirstaða efnahagsþróunar. Yfir tveir milljarðar íbúa jarðar hafa ekki aðgang að rafmagni eða öðrum nútímalegum orkukerfum. Söfnun og brennsla þverrandi eldiviðar er hlutskipti hundruða milljóna og kemur einkum í hlut kvenna. Orka er lykill að því að út rýma fátækt, en orkusóun eins og hún viðgengst í þróuðum ríkjum er ógnun við umhverfi og jöfnuð. Þar eru niðurskurður í orkunotkun, bætt gæði í nýtingu orku í stað aukins framboðs og vistvænir orkugjafar mál mála.

Þáltill. beinir athyglinni að íslenskum orkubúskap. Hér á eftir er bent á hvernig nýta megi endurnýjanlegar orkulindir

markvisst til stuðnings sjálfbærri orkustefnu í stað þess að binda þær í mengandi stóriðju til langs tíma.

Magn hagnýtanlegrar orku hérlendis. Íslendingar búa vel að endurnýjanlegum orkulindum að teknu tilliti til íbúafjölda. Hagkvæm nýtanleg vatnsorka hefur verið áætluð nema sem svarar til 30 teravattstunda ársframleiðslu rafmagns og jarðvarmi samsvarandi um 20 teravattstundum. Samtals eru þetta um 50 teravattstundir sem framleiðanlegar eru í landinu. Nefnd hafa verið langtum hærri fræðileg gildi um heildarmagn vatnsafls og jarðvarma sem hugsanlega mætti hagnýta að einhverju leyti síðar meir. Við þetta bætist vindorka og orka sjávarfalla sem ekki er farið að nýta að neinu leyti, svo og sólarorka.

Síðar í máli mínu mun ég færa rök fyrir því að við eigum ekki að rasa um ráð fram og samþykkja þáltill. um áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Út frá mörgum sjónarhólum þá er málið ekki fullunnið. Við eigum að staldra við. Eftir á að fara yfir efnahagsleg rök í málinu en einnig þarf að fara yfir stóru náttúrufarslegu málin.

Áður en ég held lengra vil ég koma inn á þau atriði sem meiri hluti iðnn. nefndi sem meginrök fyrir tillögu sinni um að samþykkja áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Nefndin lagði ríka áherslu á hin efnahagslegu rök. Um þau efast margir. Margir efast um að stóriðjustefna sé sá gullkálfur sem menn halda fyrir íslenskt samfélag. Við skulum átta okkur á því að áður en við fórum í síðustu þrjú stóriðjuverkefni, þ.e. Grundatangaverksmiðju, Norðurál í Hvalfirði og stækkun álbræðslunnar í Straumsvík, þá gætti hér stöðugleika í efnahagsmálum og að nokkru leyti líka í búsetumálum. Fyrir svo lítið efnahagskerfi sem Ísland er þá er ákaflega hæpið að margra mati, m.a. hafa sérfræðingar fjallað um það, að dæla slíku í efnahagskerfið á skömmum tíma. Þessi aðferð, að nota stóriðju og afleiddar framkvæmdir í virkjunum, er ekki yfir gagnrýni hafin eins og dæmin sanna. Fjórum árum eftir ákvörðun um síðasta stóriðjufasa þá stöndum við Íslendingar frammi fyrir gríðarlegum vanda sem að miklum hluta er vegna þessarar stóruppbyggingar. Það eru þensluáhrifin fyrst og fremst og afleidd áhrif þenslunnar vegna aukins peningamagns í umferð í svo litlu efnahagskerfi. Ég fullyrði að engri þjóð mundi detta í hug að dæla lánsfé í efnahagskerfið í svo miklum mæli sem við höfum gert nú á undanförnum árum.

Hverjar eru afleiðingarnar? Vegna þessa erum að biðja um heildstætt mat á framkvæmdum, lögformlegt umhverfismat, öðruvísi vinnubrögð í þinginu. Við erum ekki að stjórna fyrirtæki. Hér á hv. Alþingi Íslendinga erum við að stjórna samfélagi. Þetta er ekki ísbúð og ekki heldur stjórnarfundur í ísbúð. Við verðum að taka heildstætt á málunum og þegar við tökum ákvarðanir þurfum við að gera okkur grein fyrir afleiðingunum.

Stemmningin var þannig á Íslandi fyrir fjórum til fimm árum að hefðum við átt kost á því að fá eina til tvær stóriðjur í viðbót þá hefðum við sagt já, umyrðalaust. Ein hefði risið á Keilisnesi og magnesíumverksmiðjan helst líka. Bara eins mikið eins og hægt er á stuttum tíma. Þetta var svo gott allt saman. En það er nú öðru nær. Þensluáhrif síðustu innspýtingar stórra framkvæmda eru að koma fram núna. Stóraukinn viðskiptahalli, glymjandi bjöllur úti um allt hagkerfið, sem allir samþykkja, eru afleiðingar þessa í dag. Stórkostleg þensla í einkaneyslu og jafnvel tvöföldun á húsnæðisverði í höfuðborginni. Þetta kemur verst niður á þeim sem síst skyldi og skapar víða vandamál.

Ákvörðun um slíka innspýtingu á þetta svæði hér leiðir ekki síst til gríðarlegra fólksflutninga. Menn sækja í flotið, það er bara lögmál sem allir verða að horfast í augu við. Við erum með á þriðja þúsund manns sem vegna þenslu, uppbyggingarinnar á höfuðborgarsvæðinu, flytja sig um set þangað sem dansinn er stiginn. En er það svona gott fyrir sveitarfélögin hér að taka við þessum fjölda, er þetta svo gott fyrir samfélagið? Afleiddur herkostnaður af þessari stefnu er sennilega tugir milljarða á ári. Borgarstjóri hefur upplýst og margir skrifað um að kostnaður sveitarfélaganna við að taka við fólki út af búferlaflutningum geti verið tíu til tólf milljarðar á hvert þúsund. Eru menn meðvitaðir um þetta þegar þeir slá stóru höggin og þykjast fínir menn að reka stóran bisness? Ég held ekki.

Virðulegi forseti. Ég hef áður gagnrýnt hér úr ræðustól að hið háa Alþingi Íslendinga sé allt of upptekið af gæluverkefnum, uppbyggingu stóriðju o.s.frv. en ekki hinni heildstæðu samfélagsmynd. Við eyðum allt of litlum tíma í það. Ég sem nýr þingmaður hér upplifi það þannig að við séum frekar eins og á stjórnarfundi fyrir fyrirtæki en ekki að við séum að ræða um ramma fyrir samfélagið Ísland.

Það er talað um byggðaleg rök, að þarna sé mikil framkvæmd sem styrkja muni byggðina fyrir austan. Frá mínum bæjardyrum séð er þetta algjör tálsýn. Miðað við margra reynslu gæti þetta meira að segja snúist í höndunum á mönnum. Þetta gæti orðið til að meiri fækkun verði en annars hefði orðið. Það hafa verið unnar mjög yfirborðslegar áætlanir og álitsgerðir um byggðaþáttinn af hálfu Byggðastofnunar og Nýsis. Þar hafa verið gerðar mjög yfirborðskenndar úttektir á áhrifum þessa á byggðina fyrir austan og mjög almennt orðaðar. Að margra mati, ég deili þeirri skoðun, er ákvörðun um það að byggja stórt orkuver og iðjuver fyrir austan ekki sú *vítamínsprauta sem margir halda*. Ég hef oft tekið dæmi af Blöndu. Við uppbyggingu Blönduvirkjunar og ákvörðunartöku um að byggja Blöndu voru margir heimamanna glaðir yfir því að fá framkvæmdirnar í sveitarfélagið. Það yrði þvílík vítamínsprauta að fá þessa stóru flottu virkjun.

En hvað gerðist? Jú, nokkur umsetning var á svæðinu meðan verið var að byggja og vörubílstjórar og iðnfyrirtæki fengu vinnu en að langmestu leyti var aðflutt vinnuafl. En hvernig er staðan núna fyrir þetta svæði? Þetta er mesta láglaunasvæði á landinu. Þaðan flytur flest fólk í dag og virkjunin hefur alls ekki skilað neinu sem heitið getur fyrir þetta svæði. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að það eru tvö störf á svæðinu sem eru tengd virkjuninni, annað á Blönduósi og hitt á Sauðárkróki, en síðan eru sex manns búsettir í Reykjavík og virkjuninni allri stjórnað með rafrænum hætti frá Geithálsi.

Svona getur mönnum skjátlast þegar þeir tala um afleiðingu framkvæmda fyrir byggðarlagið. Ég er ansi hræddur um að það sé alvarlega vanmetið þegar menn tala um þau 200–220 störf sem skapist í þessu álveri og þar af er verið að tala um u.þ.b. 80 hálaunastörf, ég er ansi hræddur um það að *mönnum hafi yfirsést með marga þætti*.

Það hefur t.d. ekkert verið kannað meðal Austfirðinga sem eru brottfluttir hve margir mundu geta hugsað sér að flytja heim aftur ef þeir fengju vinnu í álveri. Það hefur heldur ekkert verið kannað sérstaklega hjá starfsfólki fyrirtækjanna fyrir austan sem nú er í fullri vinnu — og ég vil árétta að fyrir austan er ekkert atvinnuleysi, þangað er flutt inn fólk frá útlöndum, frá Rússlandi og Póllandi — hvaða fólk mundi hugsanlega sækja um vinnu í álveri, hvort það

væru tæknimenn frystihúsanna eða tæknimenn bræðslnanna o.s.frv. Þetta hefur ekki verið kannað.

Fólk í hálaunastörfum í stóriðju af þessu tagi þarf ekkert endilega að búa á Austurlandi. Og hinar dreifðu byggðir, jafnvel stærri byggðakjarnar og stærri búsetusvæði en Austfirðir eiga í vandræðum með að fá og halda menntuðu fólki á staðnum, hámenntuðu fólki, vegna hins svokallaða makavanda. Það er oft þannig í rauninni að þeir sem eru langskólagengnir hafa oft og tíðum fundið sér maka sem hefur einhverja skólagráðu sem er hliðstæð því sem makinn hefur farið í gegnum, þó að það sé í annarri grein. Og norður á Akureyri eru viss vandamál í gangi í sambandi við það að makar prófessora, t.d. við háskóla, geta ekki fengið vinnu við sitt hæfi og þurfa því að hafa heimili í Reykjavík. Slík áhrif eru stórkostlega ofmetin að mínu mati og það þarf að fara í gegnum þennan þátt mála.

Síðan er annar misskilningur á ferðinni, sem mér finnst vera gegnumgangandi, að uppbygging sjálfs orkuversins fyrir austan og síðan framkvæmdanna við álverið sem afleiðing fer fyrst og fremst í gegnum efnahagskerfið á höfuðborgarsvæðinu. Menn hafa ekkert verið að leyna því að þetta er í rauninni ekkert annað en aðferð til þess að viðhalda þenslunni og innspýtingu á lánsfé þannig að ballið í efnahagsmálunum geti haldið áfram enn um sinn. Menn hafa sagt hér fullum fetum, og hæstv. forsrh. dró ekki dul á það, að þegar framkvæmdir færu af stað í Fljótsdal og síðan uppbygging álversins í kjölfarið, væri það alveg á réttum punkti miðað við hvernig þenslan hefði verið á síðustu árum og innspýting á erlendu fé.

Það er vissulega hægt að halda ballinu áfram enn um stund en hvenær ætla menn að horfast í augu við það að hér verður að jafna hlutina og fara að reka samfélag sem er vænt fyrir fólk en ekki bara fyrir þá sem vilja göslast í stórum höggum í iðnaðaruppbyggingu? Þetta er meginmálið. Það er meginmál hvenær við ætlum að horfast í augu við það að við erum að höggva allt of stórt með innspýtingu á lánsfé á allt of stuttum tíma. Kannski getur það gengið í fjögur, fimm, sex ár í viðbót ef menn hella sér út í þetta. En ætla menn þá að taka á vandamálinu og horfast í augu við raunveruleikann 2005 eða 2006? Þetta heldur ekki áfram svona. Það er tálsýn ef menn halda að þeir þurfi ekki að horfast í augu við þetta og samfélagið verður að átta sig á því.

Þetta eru nákvæmlega hliðstæð dæmi, sem við erum komin inn í núna, og hjá manni sem hefur leiðst inn í að vinna til klukkan tólf á kvöldin til þess að redda sér aukaeyðslufé. Það er stórátak að vinda ofan af því ef menn vilja lifa hátt. Það er stórátak. En menn verða oftast að horfast í augu við að gera það annaðhvort vegna utanaðkomandi áhrifa eða þá vegna þess að menn endast ekki til þess.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á lífsstíl og lífssýn sem er stórmál. Það þarf ekki alltaf að snúa út úr, þegar talað er um að staldra við eins og ég hef oft gert, á þann hátt að menn vilji fara til baka í kúskinnskó. Þannig tala framkvæmdaraðilarnir og segja að við viljum fara að tína fjallagrös og ganga í kúskinnskóm. Þetta snýst ekki um það. Þetta snýst um nýja sýn, ný viðhorf, minnkun á eyðslu og bruðli og ágangi á náttúruna. Og við höfum öll skrifað undir þetta. Staðardagskrá 21, sem er núna í gangi hjá mörgum sveitarfélögum og þeim er raunar uppálagt að fara öll í gang með það, byggir á þessari hugsun. Á það að líðast að menn slái um sig hér í ræðustóli og segi: Við erum neyslusamfélag, við erum eyðslusöm, það er okkar eðli. Ég kaupi ekki slík rök og við megum ekki halda umræðunni áfram í þessum dúr. Þetta kemur fram hjá meiri hlutanum.

Virðulegi forseti. Það sem stendur mest upp úr hjá meiri hlutanum er að hér er sýndarmennska í gangi. Raunar hefur maður á tilfinningunni að það að lúra yfir álitum, ritum vísindamanna o.s.frv. hafi haft harla lítinn tilgang vegna þess að hér er beitt hörðu meirihlutavaldi. Og menn ætluðu sér fyrir fram að fara í þetta. Það er mín upplifun á málinu. Þess vegna virkar það sem sýndarmennska að setja fram þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun og það er sýndarmennska að fara efnislega ofan í hana og vera búinn að eyða hundruðum klukkutíma í það þegar maður upplifir það að aldrei stóð til í rauninni að hlusta á nokkurn mann. **(Gripið fram í:** Jú, jú.) Það stóð aldrei til að hlusta á nokkurn mann, hv. þingflokksformaður sjálfstæðismanna. **(Gripið fram í:** Bara hlusta.) **(Gripið fram í:** Framsóknarmanna.)

Það sýnir best að ekki stóð til að hlusta á nokkurn mann þegar málum var stillt þannig upp að bréflegri ósk okkar um að fá málsaðilann, sem rekur svo mikið á eftir, til að koma á fund var neitað. Það er nú ekki nema tveggja og hálfs tíma flug milli Óslóar og Keflavíkur og mjög auðvelt hefði verið að verða við því. Og sérstaklega átti að verða við því þegar það voru meginrök allra aðila að keyra yrði málið áfram fyrir jól vegna þess að Norsk Hydro væri svo óþolinmótt að það gæti ekki beðið.

Í kjölfarið á þessari neitun komu síðan yfirlýsingar frá Norsk Hydro um að þeir ætli nú hvort eð er sjálfir með sitt dæmi, með sinn enda, að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Að vísu orða þeir það svo að þeir ætli að fara í frekara mat og það verður gert, virðulegi forseti. Og niðurstaðan er sú að öllum líkindum er Norsk Hydro ekkert að pressa svo mikið. Niðurstaðan væri e.t.v. sú, ef við hefðum fengið að hitta þá, að þeir hefðu mjög vel getað sætt sig við að við færum í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Það er nú bara staðreyndin. En meiri hlutinn ætlaði aldrei að hlusta á þetta vegna þess að honum var svo mikið í mun.

Ég er hér með langa kafla um náttúrufarsþáttinn og rökstuðninginn fyrir því að við eigum ekki að eyðileggja Eyjabakka, og ætla ég að koma að honum í seinni ræðu minni. Frá mínum bæjardyrum séð erum við varla komin að því að þurfa að tala um að sökkva Eyjabökkum vegna þess að stóriðjustefnan sjálf, stóriðjan sem Eyjabakkar eiga að næra, — ég held að ef við færum af alvöru ofan í hvernig sú umræða hefur þjónað okkur þá væri málið fellt þar en ekki út frá náttúruþættinum. Og samkvæmt mati á umhverfisáhrifum framkvæmda þá á náttúrlega að fara í þá umræðu fyrst, þ.e. hvort þetta henti samfélaginu. Eftir að hafa skoðað málin er ég sannfærður um að við erum að vaða reyk. Þetta eru miðstýrð brögð, þetta eru miðstýrðar aðferðir þeirra manna sem eru að selja núna öll ríkisfyrirtæki en eru raunar að beita nákvæmlega sömu vinnubrögðum í atvinnuuppbyggingu hér á landi og þeir gagnrýndu Ráðstjórnarríkin fyrir að gera, Stalín og fleiri. Í raun og veru er dæmið þannig. Og þar eigum við e.t.v. að staldra við í þessu máli.

Halda menn að við værum að fjalla hér um virkjun Fljótsdals fyrir álver ef opinberir aðilar hefðu ekki komið að því? Þetta er framkallað í iðnrn. af her manna í stofnunum ríkisins, af her manna sem hefur það hlutverk og hafa sérhæft sig í gegnum árin vera sérfræðingar í að þefa uppi álver. Við erum búnir að standa í þessu í 15 ár. Þetta eru röng vinnubrögð. Og halda það síðan og stilla hlutum þannig upp hér í þinginu að það gerist ekkert annað í samfélaginu, ef við förum ekki

í álver, er þvílík forheimska að það hálfa væri nóg. Halda menn að efnahagskerfið bara stoppi? Það er nú aldeilis ekki rétt.

Og ágætu þingmenn, heiðvirtu þingmenn.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ávarpa forseta.)

Virðulegi forseti. Staðan er sú að meiri hlutinn hefur talað með skakkt bros, vinsemdarbros á vör um ferðaþjónustuna. Menn ætli nú allir í ferðaþjónustu, er sagt. Það var ekki fyrr en farið var að hreyfa því á allra síðustu mánuðum að aukningin í ferðaþjónustunni í fyrra er að gefa okkur 6 milljarða í útlendum peningum. 60% af raforkusölu Landsvirkjunar til stóriðju gaf okkur 3 milljarða, helminginn af aukningunni í ferðaþjónustunni. Og menn skulu ekki halda að það séu ekki margir aðrir möguleikar ef við víkjum frá stóriðjustefnunni.

Allar aðrar þjóðir og ekki síst Ameríkanar viðurkenna og til er bunki af gögnum um það að litlu og millistóru fyrirtækin standa fyrir aukningunni á hagvextinum í samfélaginu. Það er staðreynd og hefur komið fram hér meira að segja í *þinginu mörgum sinnum. Og það er á þeim grunni sem* við eigum að ræða þessi mál.

Við höfum líka séð út yfir heimsbyggðina að þeir sem tileinka sér grunnvinnslu, þeir sem vaða í hráefni, eiga nóg af hráefni til ráðstöfunar, eru ekki þeir sem efnast mest. Það er nú bara þannig. Það eru yfirleitt þau svæði, meira að segja innan Bandaríkjanna sem hafa minnst hráefni, sem eru mest efnuð. Það er hugvit mannanna sem býr til auð. Og þetta er spurning um það í hvernig farveg hið háa Alþingi setur þennan straum. (**Gripið fram í:** Tillaga vinstri grænna er um að hætta að fiska.) Þetta er stórmál og ekki aðhlátursefni, virðulegi flokksformaður framsóknar. (**Gripið fram í:** Þingflokksformaður.) Þingflokksformaður framsóknar, fyrirgefið, ég ætlaði nú ekki að gefa honum of mikla vegtyllu. Svona hanga málin saman í mínum huga.

Ég tel t.d., og það hefur verið skrifað um það núna á mörgum undanförnum mánuðum, að vegna magnmennskuhugsunarinnar séum við ekki með það verð fyrir fiskafurðirnar sem bæri. Við erum að veiða 1,6–2 millj. tonn af fiski á ári. Danir veiða svipað magn en kannski óhagstæðari hlutföll, þeir eru með um 2 milljónir tonna. Danir fá virðisauka fyrir magn sitt sem nemur um 140–150 milljörðum, það fer eftir árum. Ef við einsettum okkur að fara í virðisauka af því tagi *sem þar á sér stað með þróun vinnslunnar á hráefninu er* það ærin stóriðja til margra ára og slík vinna er í gangi. En ef menn sitja úti um land og bíða alltaf eftir því að „þeir" komi með eitthvað til þess að skaffa okkur, og látið þið mig vita það, ég þekki svanasönginn því að þessi söngur var í Eyjafirði og á Akureyri í tólf ár. Ætla „þeir" ekki að fara að koma með álverið? Menn gera ekkert á meðan ef þeir eiga von á því innan sex til átta mánaða. En meginmálið er að stilla sig saman til þess að vinna úr þeim afurðum sem við eigum.

Ég er hissa á hv. þm. Hjálmari Árnasyni, formanni nefndarinnar, vegna þess að hann hefur verið mikið í fjölmiðlum vegna þróunar á íslensku eldsneyti til orkugjafar. Það er stórmál fyrir okkur hvernig við nýtum auðlindirnar. Þær eru ekki ótakmarkaðar. Menn verða að átta sig á því að 480 þúsund tonna álver á Reyðarfirði, það er tvöföldun á orkuframleiðslu landsins sem þarf til þess að fóðra það.

Hvað getum við hugsað okkur annað? Er það ekki hugsunin, hv. þm. Hjálmar Árnason, að hægt er að fara hina leiðina og það er hægt að spara í staðinn fyrir að eyða? Þessi umræða er algjörlega eftir í þinginu. Við eigum auðvitað að stefna að því að spara ef við sjáum t.d. fram á að hægt sé að þróa innlenda orkugjafa til að nota á bílana og ég tala nú ekki togaraflotann. Það er ekkert vafamál. En ef við förum í 480 þús. tonna álver á Reyðarfirði og notum til þess þá orku sem til þarf norðan Vatnajökuls erum við orðin uppiskroppa með orku sem við þyrftum að nota til annarra hluta í sparnaðarskyni. Hver er staðan í orkumálunum í dag? Er hún svo björt eða er hún svo góð? Við höldum það alltaf. Við erum ekkert með ódýrari orku en dísilkynt orka í Danmörku. Hér *eru ótrúlegir prísar í gangi og það hefur ekkert verið sannað* í umræðunni að við séum ekki að greiða mismun til stóriðjunnar með okkar perum. Við erum að láta stóriðjuna hafa orku á verði undir einni krónu en Rafmagnsveitur ríkisins borga um 3,20–3,30 á kílóvattstundina til þess að keyra orku inn á allt dreifbýliskerfið.

Hvers konar búskapur er þetta? Er ekki eitthvað að? Það vill enginn upplýsa það. En ég tel mig vita af hverju enginn vill upplýsa það. Það er vegna þess að við erum að borga með þessu. Við erum að nota afskrifaðar virkjanir og jöfnun á því með því að borga með þessu. Af hverju er sú gjörsamlega óásættanlega staða nú að stór fyrirtæki í landinu eru að koma sér upp svartolíukötlum til þess að drífa starfsemina? Dæmi eru um það. Það eru líka dæmi um ný fyrirtæki sem eru nú allnærri Þjórsárvirkjunum sem fá ekki orku nema á einhverju uppsprengdu verði. Loðnubræðslurnar eru að borga 5 kr. og upp í 8 kr. á álagstímum á meðan stóriðjan borgar 98 aura.

Virðulegi forseti. Ég hef farið vítt og breitt í framsögu minni. Ég ætla að fara meira efnislega og reyna að færa mig nær Fljótsdalsvirkjunarmálinu í seinni ræðu minni. En ég tel mjög mikilvægt að fara yfir þetta vítt og breitt. Sérstaklega vegna þess að ég held að menn hafi ekki lagt nógu mikla vinnu í að ræða stóriðjustefnuna. Ég held að við séum föst í *henni og það sé vandamálið okkar. Við skulum átta okkur á* því að það er ekki eins og ekki séu stór öfl á bak við sjoppuna. Hvað halda menn að sé af peningaöflum sem þurfa blátt áfram að nærast á áframhaldi þessara framkvæmda? Það er ekki ónýtt að vera í innflutningi á túrbínum. Það er ekki ónýtt að vera með arkitekta- eða verkfræðistofu. Það er ekki ónýtt að flytja inn efni af ýmsu tagi hvort sem það er stál eða annað. Það eru gríðarlegir hagsmunir í gangi sem keyra áfram, jafnvel rangar ákvarðanir. Við vitum þetta öll. En við *hv. þm. eigum ekki að láta bjóða okkur að falla í þá gryfju* að hafa ekki heildaryfirsýn. Ég get ekki fyrir mína parta stutt hluti sem ég veit út frá athugunum mínum og gögnum að eru að naga mig í hælana, það nagar af manni hinn endann. Það er ekki hægt að vinna á þennan hátt. Svona heildstæð vinna fer ekki fram hér. Það er flumbrugangur sem á sér stað.

Ég hef að vissu leyti skýringu á því af hverju við vinnum svona. Það er vegna þess að við erum náttúrlega nýfrjáls þjóð og stjórnsýslulega höfum við kannski aldrei komist út úr því að það var Íslandsráðuneytið sem var flutt hingað á Austurvöll. Við erum svo ótrúlega samþætt framkvæmdarvaldinu og það er kannski þess vegna sem ég upplifi hv. Alþingi sem eins konar stjórnarfund fyrir fyrirtækið Ísland en ekki „forum" fyrir samfélagslega umræðu þar sem við *setjum leikreglur. Það er miður. Mér finnst það vera hart að* á árinu 1999 skulum við ekki geta hafið upp þá umræðu að setja samfélagið allt í samhengi á þennan hátt sem ég tel bráðnauðsynlegt í þessu dæmi.

Ég vil því leggja sérstaka áherslu á þetta vegna þess að hið lögformlega mat framkvæmda er náttúrlega bara verkfæri til að setja hlutina í svona heildstæðan búning. Það er

hið lögformlega mat sem fer fram. Þess vegna eigum við að kappkosta að gera það. Það er alveg ótrúlegt að menn skuli ekki vilja vanda sig þegar við erum að fara út í mestu framkvæmd Íslandssögunnar, kannski nokkru sinni. Við erum að tala um framkvæmd kannski á þriðja hundrað milljarða þegar allt dæmið er komið undir. Hvers vegna sitjum við eða stöndum hér og segjum: ja, við ætlum nú bara að hleypa þessu í gang af því að okkur liggur svo á með þetta en allt annað sem við gerum fer í lögformlegt umhverfismat. Þetta stangast hræðilega á, virðulegi forseti. Það er einmitt þessi punktur með lögformlega umhverfismatið. Þjóðin skiptist mjög í tvo hópa í þessu máli eins og menn vita. Af hverju í ósköpunum á að sverfa til stáls eins og hér er látið gera? Af hverju fara menn ekki þá leið sem lög gera ráð fyrir og menn geta sætt sig við? Að vísu túlka menn hlutina þannig að þeir séu ekki bundnir af þessum lögum. En af hverju ekki, þó menn væru ekki bundnir af lögunum, að taka bara ákvörðun um að láta þetta fara í lögformlegt umhverfismat þrátt fyrir allt þegar menn vita hvernig landið liggur? Það er stóra málið.

Síðan er rætt um skaðabótakröfur sem eitthvert stórmál. Það er ekki lengra á milli virkjunaraðilans og okkar hér en það að við eigum þetta nú að langmestu leyti, ríkið og síðan tvö stærstu sveitarfélögin. Það er ekki eins og verið sé að tala við eða semja við einhvern alls óskyldan aðila. Ég get ekki sætt mig við þá framsetningu að það þurfi að steyta á því. Auðvitað er hægt að semja um alla hluti í nýju ljósi.

Virðulegi forseti. Ég hef talað fyrst og fremst út frá grunninum í þessu en ég hef sem sagt skrifað undir nál. sem eini fulltrúinn sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð á í iðnn. Ég ætla núna að fara í gegnum niðurlag álitsins, ég ætla að fara í gegnum álitið efnislega í næstu ræðu minni.

Af framangreindum rökum sem ég hef leitt fram er ljóst að heildstæðu mati á framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun og mati á afleiddum framkvæmdum er verulega ábótavant. 1. minni hluti leggur því til að tillaga til þingsályktunar um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun verði felld og fram fari lögformlegt umhverfismat á öllum þáttum fyrirhugaðra framkvæmda. Vísað er til tillögu til þingsályktunar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram á 125. löggjafarþingi, þskj. 7, 7. mál, um mat á lögformlegum umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar.

Ég ætla aðeins að nefna áður en ég stíg úr ræðustóli, virðulegi forseti, þessar tvær till. til þál. Það er um stofnun Snæfellsþjóðgarðs og um sjálfbæra orkustefnu. Mér er í raun og veru misboðið að þær þáltill. skuli ekki hafa verið afgreiddar á undan þessari tillögu. Ég tel það grundvallaratriði vegna þess að hér er verið að leggja til aðra landnotkun og öðruvísi nýtingu orkunnar sem framleidd er í landinu. Það styrkir mann í því mati að það hafi aldrei staðið til að hlusta á nokkurn mann og það skipti í sjálfu sér ekki máli hvað við sem höfum öðruvísi sýn erum að hugsa um í þessu sambandi varðandi notkun orkunnar sem við erum að framleiða hér. Það er nefnilega algjör misskilningur eins og stjórnarmeirihlutinn hefur verið að reyna að halda fram að við séum andstæðingar þess að nýta orkuna og við viljum friða alla hluti. Þetta snýst um átök um það hvernig á að fara í hlutina og þetta eru nú engin smámál. En ég tek eftir því, virðulegi forseti, að hér eru svo sem ekki margir þingmenn viðstaddir í dag. Það voru mjög fáir frá stjórnarflokkunum. Ég hef tekið eftir að það er kannski miklu meira spennandi að sitja þingfundi og hlusta á málflutning þegar verið er að tala um 1,5 upp í 10 millj. en þegar verið er að tala um stjarnfræðilega peningaupphæðir sem menn eiga kannski erfitt með að hafa yfirlit yfir. Þetta er að vissu leyti áhyggjuefni líka.

Ætli það sé ekki þannig, hæstv. forseti, að við ætlum að viðhafa eina ferðina enn svona Íslendingsháttinn á hlutunum og kasta okkur út í það og sjá hvernig gengur. Þetta eru ekki vinnubrögð sem duga þegar ný öld er rétt handan við þröskuldinn. Það er ekki bjóðandi að kasta okkur út í þetta stóra dæmi. Það getur verið svo afgerandi fyrir íslenska þjóð til framtíðar litið ef við stígum feilspor að við höfum okkur aldrei upp úr því ef við gerum þvílík efnahagsleg mistök að við ráðum ekki við það.

Að svo mæltu lýk ég máli mínu, virðulegi forseti.

[15:14]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill minna virðulega gesti hér á þingpöllum á að það tíðkast ekki að klappa hér eða gefa frá sér önnur hljóð.

[15:14]

Útbýting þingskjals:

Málefni aldraðra, 173. mál, brtt. VS, þskj. 508.

[15:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar gerði hér að umtalsefni þrjá minni hluta umhvn. sem skiluðu áliti um þessa þáltill. iðnrh. og vildi meina að álit tveggja þingmanna í hv. umhvn., Ólafs Arnar Haraldssonar og Katrínar Fjeldsted, væri álit meiri hlutans vegna þess að þrír aðrir hefðu í raun inni stutt það álit og þar með væru komnir fimm, en álit það sem við fjögur sendum frá okkur væri þess vegna ekki álit 1. minni hluta.

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. að því hvort hann viti þá hvernig þeir þingmenn sem hann telur að hafi meiri hluta, Ólafur Örn og kó, ætli sér að styðja eða fella eða sitja hjá við afgreiðslu þessarar þáltill. sem er hér til umræðu. Það hefur nefnilega komið fram í iðnn. að þessir aðilar, þessir fimm aðilar eru ekki samstiga um það hvernig þeir ætla að greiða atkvæði um tillöguna þegar hún kemur til afgreiðslu í þinginu. Þar með er það nokkuð ljóst að álit þessara aðila (Gripið fram í.) eru ekki samstiga og þau eru ekki sammála um álitin og þar með getur þetta ekki talist vera meirihlutaálit (Gripið fram í.) í venjulegum skilningi þess orðs og þar með eru ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (ÍGP): Má forseti biðja hv. þingmenn um hljóð. Hér talar einn ræðumaður í einu.)

Herra forseti. Ég heyri að þetta er mjög viðkvæmt umræðuefni og mjög þungt fyrir fólk að heyra sannleikann í þessu máli.

Ég er einfaldlega að reyna að draga fram hvort hv. þm. hafi gert sér grein fyrir stöðu málsins þegar hann talar um álit umhvn.

[15:17]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því. Ég hef öll þessi gögn í höndum eins og hv. þm. og ég les það út úr álitunum að hv. þingmenn Kolbrún Halldórsdóttir og Katrín Fjeldsted styðja þetta álit og þar með er kominn meiri hluti fyrir hugsuninni á bak við það. (Gripið fram í.) Í mínum huga er því meiri hluti fyrir álitinu og bréfið styður það álit

þannig að ég túlka það svo að það sé hártogun að tala um þrjú álit.

[15:18]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur ekki hugmynd um hvernig þetta mál er vaxið. Það kom fram í iðnn. að Katrín Fjeldsted ætlar ekki að greiða atkvæði gegn þessari þáltill. (**Gripið fram í:** Nú?) Eftir því sem mér skildist þá ætlaði hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson ekki að gera það heldur. (**Gripið fram í:** Nú?) Það kemur einnig fram að að Kolbrún Halldórsdóttir vildi ekki gefa yfirlýsingu á fundi iðnn. um það hvernig hún mundi greiða atkvæði. (Gripið fram í.) En það er alveg ljóst eftir þann fund í iðnn. að þeir fulltrúar sem standa að minnihlutaálitunum tveimur sem hv. þm. gerði hér sérstaklega að umræðuefni, hafa ekki sagt neitt um það hvernig þeir ætli að standa að þessu nema þeir hv. þingmenn sem ég nefndi hér áðan. Hv. þm. talaði um að hér væri um meirihlutaálit að ræða þar sem menn væru sammála um afgreiðslu málsins en það er misskilningur. Þingmennirnir voru ekki sammála um afgreiðslu málsins og þar með eru þetta að sjálfsögðu tveir minni hlutar sem eru minni en sá sem ég var að tala um. (**ÁRJ:** Sammála um umhverfismat.)

[15:19]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við séum að misskilja hvorn annan. Ég er að tala um afgreiðslu umhvn. Ég tel að meiri hluti umhvn. sé samþykkur því og vilji að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat. (**Gripið fram í:** Þú ert á móti því, Árni.) Og að mínu mati er það algjör hártogun að stilla því upp þannig að stuðningsbréf við tillögu sé ekki nægjanlegt til þess að gefa til kynna að meiri hluti sé í nefndinni. Það er bara fundartæknileg hártogun. Í nefndinni er meiri hluti fyrir því að virkjunin fari í lögformlegt umhverfismat.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti minnir hv. þingmenn á að hér talar einn ræðumaður í einu.)

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Hv. 14. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:20]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég þarf ekki að nota þrjár mínútur í það sem ég ætla að segja hér en ég vil bera það af mér og mótmæla því að hér komi upp þingmaður og lýsi því yfir hvernig ég ætli að greiða atkvæði við væntanlega afgreiðslu á þessu máli. Ég mótmæli því, herra forseti. Mér finnst það í hæsta máta óviðeigandi og biðst undan slíku. (**KPál:** Þú ert ekki að mótmæla ...)

[15:21]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. Í dag stöndum við á Alþingi og slitinn hefur verið í sundur friðurinn. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar stendur svo fávíslega að málum að ósætti og heift sundra þjóðinni. Ráðamenn sem virða ekki tilfinningar fólksins til landsins og náttúrunnar en kynda ódrengilega og ósæmilega undir ósætti landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Þeir standa sjálfir fyrir mestu lífskjararöskun og menningarslysi á landsbyggðinni sem sögur fara af.

Þjóðkjörnum fulltrúum er neitað um tíma, neitað um rök, neitað um upplýsingar í afdrifaríku máli sem varðar náttúruauðæfi, svimandi fjárupphæðir og byggðir sem eiga í vök að verjast.

Þetta mál ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er ónýtt. Samt á að keyra það í gegn, gegn náttúru og umhverfi, gegn lýðræðislegum vinnubrögðum, gegn fólkinu í landinu. Þvílík fákænska, þvílík fásinna þegar upp rennur ný sól á nýrri öld.

Herra forseti. Ég gagnrýni vinnubrögð stjórnvalda. Ég gagnrýni þau fyrir að hafa ekki skoðað hagkvæmari og minna viðkvæma kosti á þeim tíma sem hefur gefist frá því að síðast var verið að skoða virkjanir og álver. Allt frá árinu 1991 hefur legið fyrir tillaga frá Orkustofnun um Hraunavirkjun meiri. Fyrsti áfangi hennar yrði nægilega stór fyrir álver í Reyðarfirði. Orkuverð frá Hraunavirkjun yrði samkvæmt mati Orkustofnunar 15–20% lægra en frá Fljótsdalsvirkjun og hún gæti orðið tvöfalt stærri í heild. Sérstaklega verður að átelja harðlega þau forkastanlegu vinnubrögð stjórnvalda að láta ekki skoða ítarlega þennan kost og að ætla að sökkva Eyjabökkum án þess að nýta að fullu þá orkuöflunarkosti sem þarna eru fyrir hendi.

Stórfelld fjárhagsleg áhætta fylgir þessari framkvæmd. Þeim sem er ætlað að taka þessa áhættu ...

(**Forseti** (ÍGP): Forseti vill minna hv. þingmenn á að það er einn fundur í þingsalnum og ekki fleiri.)

Ég vil þakka forseta fyrir að vera röggsamur á forsetastóli. Það er hvimleitt þegar þingmenn halda fund með fagráðherranum á sama tíma og talsmaður þingflokks mælir fyrir aðalviðhorfi flokks síns.

(**Forseti** (ÍGP): Enn minnir forseti hv. þingmenn á að það er einungis einn þingfundur í gangi í einu.)

Ég þakka forseta.

Herra forseti. Það sem ég var að víkja að í inngangi máls míns er að stórfelld fjárhagsleg áhætta fylgir þessari framkvæmd. Íslenskum aðilum er fyrst og fremst ætlað að taka þessa áhættu. Þar má fyrst nefna Landsvirkjun en þar að auki lífeyrissjóði landsmanna og innlendar fjármálastofnanir. Um þetta berast æ fleiri vísbendingar. Margir virtir efnahagssérfræðingar hafa lagt fram útreikninga sem benda eindregið til þess að þetta verkefni geti ekki borið sig.

Virðulegi forseti. Alvarlegt er að hlusta á formann iðnn. sem bætist í þann kór sem segir að hér séu átök á milli landsbyggðar og suðvesturhorns. Þetta er fáheyrður málflutningur. Aðalmálið og það stærsta er að hér á að fara í framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun án þess að fara að lögum sem Alþingi hefur sett um mat á umhverfisáhrifum og um það mun ræða mín að mestu leyti snúast hér í upphafi umræðunnar, herra forseti.

Ég mun víkja að nefndaráliti Samfylkingarinnar en vil taka sérstaklega fram að umhvn. var falið að fjalla um umhverfisþátt þessa máls og að umhvn. skiladi áliti til iðnn. Það álit fylgir með nefndaráliti Samfylkingarinnar sem og bréf fulltrúa Samfylkingarinnar og vinstri grænna þar sem þeir taka undir álit Katrínar Fjeldsted og Ólafs Arnar Haraldssonar frá umhvn. þannig að álit þeirra er stutt í einu og öllu fimm þingmönnum.

Herra forseti. Bréf fulltrúa vinstri grænna og Samfylkingarinnar hljóðar svo:

„Við undirrituð nefndarmenn í umhverfisnefnd styðjum í einu og öllu álit og niðurstöðu formanns nefndarinnar, Ólafs Arnar Haraldssonar, og Katrínar Fjeldsted er varðar

þingsályktunartillögu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun."

Undir þetta bréf rita Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Kolbrún Halldórsdóttir og gera þau með þessari málsmeðferð nefndarálit þeirra að sínu.

Það er mjög mikilvægt að draga það fram í þessari umræðu að það álit sem hefur borist frá umhvn. er stutt meiri hluta nefndarinnar.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að forustumenn ríkisstjórnarinnar eru ekki hér. Þeir eru handhafar þessa stóra máls. Þeir bera ábyrgð á því hvernig þetta mál kemur inn í þingið og hvernig það hefur verið borið fram fyrir þjóðina. Þegar ég tala um forustumenn ríkisstjórnarinnar þá er ég að tala um hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, og hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson. Þeir virða í engu umræðuna sem hér fer fram og undirstrika með fjarveru sinni hversu lítilsigld þeim finnst sú þáltill. sem þeir lögðu fyrir þingið og hve lítið mark þeir taka á sjónarmiðum Alþingis varðandi þetta stóra mál sem þeir eru að keyra í gegn, ekki eingöngu í gegnum þingið heldur í ágreiningi við þjóð sína.

Herra forseti. Ég mun nú víkja að áliti 2. minni hluta, þ.e. fulltrúa Samfylkingarinnar, en afstaða þingmanna Samfylkingarinnar til málsins er skýr. Gerð er krafa um að fram fari lögformlegt umhverfismat áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar enda er ekki fallist á að svo gömul leyfi sem raun ber vitni liggi til grundvallar svo umdeildum framkvæmdum.

Í samræmi við afstöðu Samfylkingarinnar til málsins lögðu þingmenn hennar fram breytingartillögu um að virkjunin færi í mat á umhverfisáhrifum. Við leggjum til að framkvæmdir hefjist ekki nema að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Viðaukatillaga okkar við tillgr. þáltill. hljóðar svo, herra forseti:

„... enda hefjist framkvæmdir ekki nema að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1993."

Með hliðsjón af þessari afstöðu þingflokks Samfylkingarinnar lögðu þingmenn hennar einnig fram frumvarp um að öll virkjanaleyfi skuli háð umhverfismati. Í frumvarpinu, sem er um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum er lögð til sú breyting á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum að taldar verði upp þær virkjanir sem skuli háðar mati á umhverfisáhrifum, enda falli þær undir skilyrði 5. gr. laganna um skyldu til umhverfismats. Þá segir í frumvarpi Samfylkingarinnar að aðrar virkjunarheimildir sem veittar hafa verið með lögum fyrir gildistöku laganna um mat á umhverfisáhrifum en eru ekki komnar til fullra framkvæmda árið 1999 skuli með sömu skilyrðum háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í grg. með frv. Samfylkingarinnar kemur fram að málið sé flutt í framhaldi af svari iðnrh. við fyrirspurn hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um virkjunarleyfi og umhverfismat, en þar benti iðnrh. á að þó nokkur fjöldi virkjunarheimilda væri í lögum, sérstaklega lögum um raforkuver, sem taldar væru undanþegnar ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, þótt framkvæmdir væru ekki hafnar. Þessar lagaheimildir ná aftur til ársins 1947, en á árunum 1947–1956 setti Alþingi fjórum sinnum lög um ný orkuver Rafmagnsveitna ríkisins. Þessi lög væru enn í gildi og þar væri að finna ónýttar heimildir, en um litlar virkjanir væri að ræða.

Þá kemur jafnframt fram í grg. með frv. að öllu alvarlegra sé að í lögum um raforkuver sé að finna virkjunarheimildir stórra raforkuvera eða heimildir til verulegra stækkana á eldri raforkuverum sem stjórnvöld telja undanþegin mati á umhverfisáhrifum um ókominn tíma. Einnig er þar bent á að undanfarin ár hafi orðið gífurleg viðhorfsbreyting meðal almennings til umhverfismála og til náttúruverndar. Það er í hæsta máta óeðlilegt að jafnvel áratuga gömul leyfi til virkjunar sem ekki hafa komið til framkvæmda skuli standa óhögguð þrátt fyrir breyttar kröfur samfélagsins. Slíkar framkvæmdir eigi og verði að vera metnar út frá umhverfissjónarmiðum sem gilda þegar framkvæmdir fara fram en ekki þegar leyfi var veitt, ef til vill mörgum árum áður, ef leyfisveiting og framkvæmdir haldast ekki í hendur.

Með þessum þingmálum áréttar Samfylkingin að farið sé að lögum í stað þess að skýla sér bak við umdeilt bráðabirgðaákvæði í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að taka það fram að mörg af þessum virkjanaleyfum sem er að finna í frv. Samfylkingarinnar eiga við svæði sem eru á suðvesturhorni landsins, ég sé sérstaka ástæðu til að undirstrika það miðað við þann málflutning sem hafður er uppi.

Samfylkingin gagnrýnir harðlega þá málsmeðferð sem málið hefur fengið á Alþingi. Umfangsmesta þætti málsins, umhverfisþætti þess, var vísað til umhvn., eins og áður hefur komið fram, en önnur atriði voru rædd í iðnn. og fékk umhvn. innan við tveggja vikna frest til að skila iðnn. áliti sínu, ég held að það hafi verið rúm vika. Í áliti 2. minni hluta umhvn., sem fulltrúar Samfylkingarinnar í umhvn. styðja samkvæmt því sem þegar hefur komið fram hér og bréfi því sem ég hef lesið, kemur fram að vegna tímaskorts hafi ekki verið hægt að kalla til fleiri aðila eða leita eftir umsögnum sem skýrt hefðu betur ýmsa grundvallarþætti málsins. Megi þar m.a. nefna lagaleg atriði, gróðurfar, dýralíf, mat á arðsemi, m.a. með tilliti til verðmætis lands, náttúru og auðlinda, mat á öðrum nýtingarmöguleikum svæðisins o.fl. Meðal þeirra aðila sem leita hefði þurft álits hjá og umsagna eru óháðir lögfróðir aðilar, m.a. frá Háskóla Íslands, aðilar með sérþekkingu á útreikningum arðsemismats, m.a. frá Þjóðhagsstofnun, Umhverfisstofnun Háskóla Íslands o.fl., og náttúrufræðingar sem rannsakað hafa dýralíf og gróðurfar svæðisins. Þá hefði einnig þurft að kalla til aðila sem hefðu afgerandi áhrif á málsmeðferð umhverfisþáttarins.

Meiri hluti iðnn. synjaði beiðnum um að umhverfisþætti málsins yrði fylgt eftir í iðnn., sem og því að leita álits sérfræðinga á gagnrýni Landsvirkjunar á álit umhvn. Ekki var heldur orðið við erindum þeirra aðila sem með tölvupósti óskuðu eftir að koma á fund nefndarinnar.

Herra forseti. Mér finnst þetta sérstaklega ámælisvert miðað við stærð málsins og miðað við hversu mikilvægt það er í umræðunni að fá fram viðbrögð aðila sem eru með ólík sjónarmið í svo stóru máli.

Stjórnarflokkarnir hafa forðast að ræða umhverfismatið og allur málabúnaður snýst um að fara fram hjá því. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir m.a. í 1. gr., með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að tryggja að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdir sem kunna, vegna staðsetningar, starfsemi sem þeim fylgir, eðlis eða umfangs, að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag ..."

Í 7. gr. laganna segir:

„Áður en hafist er handa um framkvæmdir sem lög þessi eða reglugerð samkvæmt þeim taka til skal framkvæmdaraðili senda skipulagsstjóra tilkynningu um fyrirhugaða

framkvæmd þar sem fram kemur lýsing á framkvæmdinni, ráðgerðri hönnun og hugsanlegri umhverfisröskun og fyrirhuguðum ráðstöfunum til að draga úr henni og aðrar upplýsingar sem skipulagsstjóri telur nauðsynlegar."

Mér finnst mikilvægt að þetta komi vel fram, herra forseti, sérstaklega í ljósi þeirra orðaskipta sem urðu hér í kjölfar ræðu formanns iðnn. fyrr í dag.

„Skipulagsstjóri birtir innan tveggja vikna tilkynningu framkvæmdaraðila ásamt meðfylgjandi gögnum skv. 1. mgr. með opinberri auglýsingu."

Þetta er tekið upp úr lögunum um umhverfismat og styður það sem hér kom fram fyrr í dag, að athugasemdum skuli skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.

Í 8. gr. segir, með leyfi forseta:

„Innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það hvort:

a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,

b. ráðist skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum.

Þegar ákvörðun skipulagsstjóra liggur fyrir skal hún kynnt framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Jafnframt skal birta hana opinberlega."

Í 10. gr. laganna um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að:

„Í mati á umhverfisáhrifum skal tilgreina á viðeigandi hátt áhrif sem framkvæmdir og fyrirhuguð starfsemi kunna að hafa á menn, samfélag og menningu, dýr, plöntur og aðra þætti lífríkis, jarðveg, vatn, loft, veðurfar, landslag og samverkan þessara þátta. Þar skal gera sérstaka grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu.

Innan tveggja vikna frá því að skipulagsstjóri hefur tekið á móti niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum skal hann birta þær með opinberri auglýsingu. Athugasemdum skal skilað til skipulagsstjóra innan fimm vikna frá auglýsingu."

Í 11. gr. kemur m.a. fram að innan átta vikna frá því að skipulagsstjóri hefur birt tilkynningu framkvæmdaraðila skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð á grundvelli fyrirliggjandi gagna á þessum tíma.

Í úrskurði felist að fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða, krafa sé gerð um frekari könnun einstakra þátta eða lagst gegn viðkomandi framkvæmd. Þegar úrskurður skipulagsstjóra liggur fyrir skuli hann kynntur framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og sveitarstjórnum sem hlut eiga að máli. Almenningur skuli eiga greiðan aðgang að úrskurði skipulagsstjóra, svo og niðurstöðum matsins.

Með því að tryggja að umdeild framkvæmd eins og virkjun í Fljótsdal fari í lögformlegt umhverfismat er verið að fylgja reglum sem tryggja aðkomu og andmælarétt borgaranna. Þessar reglur hefur Alþingi sjálft sett með lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Alvarlegar ábendingar hafa komið fram hjá sérfræðingum sem komu á fund þingnefndanna um fullyrðingar í skýrslu Landsvirkjunar um skort á rannsóknum á gróðurfari og dýralífi. Fullyrðingar í skýrslu Landsvirkjunar um að ítarlegar rannsóknir á gróðurfari á lónstæði Eyjabakkalóns hafi staðið yfir með hléum frá 1975 standast ekki. Engar rannsóknir hafa verið birtar frá þessu svæði sem gerðar hafa verið eftir árið 1978. Skýrsla Ágústs H. Bjarnasonar grasafræðings, sem unnin var fyrir Landsvirkjun og fjallaði m.a. á gagnrýninn hátt um fyrri gróðurrannsóknir á Eyjabökkum, var ekki birt í fylgiskjölum með skýrslu Landsvirkjunar, þrátt fyrir að vera ein helsta heimild skýrsluhöfunda um gróðurfar á svæðinu. Fullyrðingar Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, prófessors í grasafræði, um að skýrsla Landsvirkjunar endurspegli stöðu grasafræðilegrar þekkingar á Íslandi fyrir 20 árum og hún endurspegli hvorki nútímaþekkingu í plöntuvistfræði né verndunarlíffræði eru í fullu gildi. Í greinargerð sinni til iðnn. víkur Landsvirkjun sér undan því að svara málefnalega þeirri gagnrýni að nauðsynlegt sé að gera úttekt og rannsóknir á Eyjabakkasvæðinu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til slíkra rannsókna í dag.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir í greinargerð sinni til umhvn. á að mjög takmarkaðar rannsóknir hafi verið gerðar á dýralífi á Eyjabökkum. Um sé að ræða rannsóknir sem gerðar voru sumrin 1979–1981 auk einnar viku vinnu sumarið 1975. Að öðru leyti sé um að ræða talningar á gæsum og hreindýrum á Eyjabökkum dagpart á sumri hverju.

Sérfræðingar á sviði hreindýrarannsókna hafa látið í ljós það mat að ekki liggi fyrir nægilegar rannsóknir á fari og hegðun hreindýra á svæðinu til að hægt sé að meta með öryggi áhrif Eyjabakkalóns á hreindýrastofninn. Nýleg samantekt íslenskra og norskra sérfræðinga leiðir hins vegar líkur að því að áhrif virkjana norðan Vatnajökuls geti haft veruleg áhrif á stofninn.

Herra forseti. Það er alveg ljóst með þessari yfirferð á skorti á rannsóknum sem og öðrum rökum fyrir umhverfismati, að það er umhverfismatið sjálft, og farið verði að því samkvæmt þeim lögum sem Alþingi hefur sett, sem leitt getur í ljós hvort gagnrýni sem fram kemur eigi við rök að styðjast eða hvort einhverjum rannsóknarþáttum sé ábótavant. Það hefur reynst gjörsamlega útilokað fyrir Alþingi að kynna sér málin og staðhæfingar ólíkra sjónarmiða með þeim hætti að nokkurt vit sé í því fyrir Alþingi að kveða upp úr um þau mál.

Þegar ráðast á í framkvæmdir á svo viðamikilli framkvæmd á viðkvæmu svæði sem Eyjabakkasvæðið er verður að grípa til mótvægisaðgerða. Hugmyndir Landsvirkjunar um mótvægisaðgerðir á Eyjabakkasvæðinu til að bæta tap á gróðurlendum og búsvæðum fugla sem tíundaðar eru í greinargerð fyrirtækisins við álit 1. minni hluta umhvn. eru óljóst og almennt orðaðar þannig að mjög erfitt er að meta raunhæfni þeirra. Sama gildir um umfjöllun um slíkar aðgerðir í skýrslu Landsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun, umhverfi og umhverfisáhrif. Þær hugmyndir sem Landsvirkjun greinir frá og gagnast eiga fuglalífi á Eyjabakkasvæðinu, t.d. að búa til eyju eða eyjar í lóninu, sem og að styrkja náttúrulegan gróður meðfram strönd lónsins og að rækta gróður á jökulgörðum syðst í lóninu, eru samkvæmt erlendum rannsóknarniðurstöðum á sambærilegum aðgerðum ólíklegar til árangurs. Áhrif miðlunarlóns á gróður og jarðveg í Þjórsárverum, sem er ítarlegasta greinargerð sem ráðist hefur verið í hér á landi um umhverfisáhrif af völdum miðlunarlóna, er rit sem Þóra Ellen Þórhallsdóttir hefur ritað og þar kemur þetta mjög skýrt fram.

Tilbúnar eyjar munu að öllum líkindum lítið sem ekkert gagnast heiðagæs. Vandamál heiðagæsanna verður ekki skortur á eyjum, heldur skortur á próteinríkri fæðu sem er þeim nauðsynleg til að komast af og ljúka fjaðrafelli. Allt helsta beitiland heiðagæsanna á Eyjabakkasvæðinu mun hverfa undir fyrirhugað miðlunarlón og eyðileggjast, líðlega 15 km af próteinríkum votlendisgróðri. Vegna breytilegrar vatnshæðar í miðlunarlóninu má staðhæfa að nær ófært sé að

skapa aðstæður fyrir votlendisgróður á eyjunum og skiptir engu hversu margar eða stórar þær yrðu. Vegna öldurofs má jafnframt búast við að eyjarnar rýrni og hverfi fyrr en seinna.

Gera má ráð fyrir umtalsverðu rofi á mestallri strandlengju lónsins á tímabilinu júlí til október þegar vatnsborðsstaða er hæst í lóninu, bæði vegna vinds og ölduróts. Á nýja strandsvæðinu er núna ríkjandi þurrlendisgróður sem þolir ekki að blotna og þorna á víxl og því mun hann drepast og hverfa og gróðurvana belti myndast. Jarðvegurinn undir er víðast hvar leirkenndur framburður sem er einnig auðrofinn. Hér skiptir ekki meginmáli hversu bratt er upp frá ströndinni eins og gefið er í skyn í skýrslu Landsvirkjunar, en þar er notaður 7% halli sem þröskuldsgildi fyrir lítið eða mikið rof. Stór gróðurvana belti munu einmitt myndast þar sem land er flatt og hallar lítið. Engin reynsla er hér á landi af ræktunaraðgerðum til að sporna við strandrofi. Landsvirkjun hefur gert eina tilraun í þessa veru, þ.e. við Stóraversvatn í Þjórsárverum, en hún mistókst þar sem svæðið var ekki girt af og gæsir átu upp alla hnausana sem var plantað, samanber áðurnefnt rit Þóru Ellenar.

Herra forseti. Ég vil líka geta þess að á fundi með Landsvirkjun kom fram að mikill freri yrði í lóninu fram undir byrjun júní á sumri hverju og þegar hækkaði í lóninu þá væri frerinn u.þ.b. að losna úr jörð og því væri eiginlega enginn tími sem fok gæti orðið á þessu svæði. Þetta er eitt af því sem hefur verið gagnrýnt. Menn óttast að vegna hins fíngerða jarðvegs verði fok á svæðinu þegar vatnsstaða er lág þar sem allur gróður hverfur vegna hárrar vatnsstöðu vatnsins. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ekki var unnt að fá viðbrögð við í iðnn.

Ekki var gefinn kostur á að kalla til þá sérfræðinga sem hefðu getað upplýst um þetta. Þeir sérfræðingar sem ég hef rætt við segja þó allir að frerinn og vatnshæðin breyti engu í þeirri gagnrýni sem þegar hefur komið fram. Samkvæmt samantekt Þóru sem tvímælalaust er helsti plöntuvistfræðingur hér á landi og með einna mesta reynslu á umræddu sviði er ljóst að uppgræðsluaðgerðir af hvaða toga sem er verða ávallt mjög erfiðar á strandsvæðum í miðlunarlónum hér á landi, sér í lagi í mikilli hæð þar sem sumur eru stutt og köld eins og á Eyjabakkasvæðinu.

Landsvirkjun hefur haft nægan tíma til að semja skýra og ítarlega áætlun um mótvægisaðgerðir, en í stað þess ber fyrirtækið á borð ómótaðar hugmyndir þar sem fátt er fast í hendi. Krafa um slíka áætlun er ekki aðeins í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum heldur eðlileg í ljósi þess að aldrei áður hefur verið ráðist í jafn umfangsmikla framkvæmd sem raskar og eyðileggur eins víðáttumikið og fágætt votlendi í einu vetfangi á Íslandi. Vísbendingar sem byggjast á erlendri reynslu og á kringumstæðum hér á landi benda til þess að hugmyndir Landsvirkjunar og 1. minni hluta umhverfisnefndar um mótvægisaðgerðir á Eyjabakkasvæðinu séu ekki líklegar til að leiða til raunhæfs árangurs.

Enn eru ekki öll leyfi til staðar. Sú staðreynd sýnir hve illa er staðið að undirbúningi þessa stóra verkefnis. Samfylkingin vekur athygli á athugasemdum skipulagsstjóra en hann bendir á að ekki liggi fyrir deiliskipulag af þeim svæðum sem framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun eru fyrirhugaðar á. Hann telur að þær kalli á gerð deiliskipulags, annars vegar fyrir aðkomu- og stöðvarhússvæði og hins vegar fyrir stíflustæði. Þar sem aðal- eða svæðisskipulag er ekki fyrir hendi er unnt að auglýsa deiliskipulagstillögu og ganga frá deiliskipulagi á grundvelli 3. tölul. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun verður að samþykkja að auglýsa tillögu að deiliskipulagi og að fengnu samþykki hennar fer með auglýsingu og afgreiðslu deiliskipulagsins skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Liggi staðfest svæðisskipulag fyrir getur sveitarstjórn auglýst tillögu að deiliskipulagi skv. 25. gr. sömu laga án meðmæla Skipulagsstofnunar. Telur skipulagsstjóri samkvæmt þessu að Fljótsdalshreppur þurfi að leita meðmæla stofnunarinnar vegna auglýsingar deiliskipulagstillögu fyrir aðkomu- og stöðvarhússvæði en Fljótsdalshreppur og Norður-Hérað geti auglýst deiliskipulagstillögu fyrir stíflusvæði á grundvelli svæðisskipulags miðhálendis.

Þá vekur Samfylkingin athygli á því að skipulagsstjóri telur að skv. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga þyrfti byggingarleyfi fyrir varanlegum húsbyggingum í tengslum við virkjanir, en það ætti m.a. við um stöðvarhús, íbúðarhús, mötuneyti og verkstæði. Þá upplýsti hann að byggingarleyfi væri ekki fyrir hendi fyrir húsbyggingum vegna Fljótsdalsvirkjunar. Enn fremur greindi hann frá því að framkvæmdaleyfi fyrir byggingu virkjunarinnar frá sveitarstjórn, samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum, væru ekki til staðar, að undanskildu leyfi fyrir aðkomugöngum virkjunarinnar. Hjá skipulagsstjóra kom fram að hann teldi að aðrar framkvæmdir við virkjunina sem ekki væru byggingarleyfisskyldar, þar á meðal stíflugerð, vegir, veitur og efnistökustaðir, væru háðar framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, að mati Skipulagsstofnunar. Reyndar er það svo, virðulegi forseti, að iðnrh. hefur staðfest að ekki séu öll leyfi fyrir hendi.

Með hliðsjón af því hvaða áherslu ríkisstjórnin leggur á málið er furðulegt hve margir lausir endar einkenna allar hliðar þess. Í því sambandi vek ég athygli á lagaóvissunni.

Í umsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings um málið kemur fram að hún telur að tengsl ESB-réttar og EES-réttar annars vegar og EES-réttar og íslenskra laga hins vegar séu vanmetin í athugasemdum við þáltill. Lögin um mat á umhverfisáhrifum hafi m.a. verið sett til þess að uppfylla tilteknar skuldbindingar í EES-samningnum. Þessar skuldbindingar sé að finna í tilskipun ráðsins um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Í tilskipuninni sé hins vegar ekki ákvæði um það hvernig fara skuli með leyfi sem gefin voru út áður en hún kom til framkvæmda innan ESB 3. júlí 1988. Meðal annars vegna þessa hefur tugur dóma gengið þar sem ýmis ákvæði tilskipunarinnar hafa verið skýrð. Hefur dómstóll ESB í nokkrum dómum slegið því föstu að hafi formlega verið sótt um heimild til að hefja framkvæmdir eftir að tilskipunin kom til framkvæmda beri að meta umhverfisáhrif þeirra samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Í umsögn Aðalheiðar kemur hins vegar fram að ekkert þeirra mála sem dómstóllinn hefur dæmt í hafi að fullu verið sambærilegt við stöðuna í íslenskum rétti.

Þá bendir Aðalheiður á að samkvæmt íslenskum rétti sé ekki sjálfgefið hvaða leyfi sé endanlegt leyfi til framkvæmda, sbr. orðalag 2. gr. laga nr. 63/1993, þar sem framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og rekstur hennar séu háð nokkrum leyfum, m.a. virkjunarleyfi sem var gefið út árið 1991 og framkvæmdaleyfi í samræmi við 27. gr. skipulags- og byggingalaga, nr. 73/1997. Hún dregur í efa að rétt sé að líta svo á að virkjunarleyfið sé endanlegt leyfi. Jafnframt telur hún það eðlilegri lögskýringu, og frekar í samræmi við fyrirliggjandi dómafordæmi dómstóls ESB, að miða við framkvæmdaleyfi

skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga og að lögin um mat á umhverfisáhrifum eigi að gilda um framkvæmdina þar sem þetta framkvæmdaleyfi hafi ekki verið gefið út.

Í grein um efni Ríó-sáttmálans sem Einar B. Pálsson prófessor skrifaði í Morgunblaðið 14. október sl. víkur hann m.a. að hinni svokölluðu varúðarreglu. Hún er ein af meginreglum umhverfisréttarins og ein af þeim grunnreglum sem samþykktar voru af öllum þátttökuríkjum Ríó-ráðstefnunnar um umhverfismál 1992. Hér er um að ræða reglu um varúð við undirbúning framkvæmda vegna hættu á skaðlegum umhverfisáhrifum sem felur það í sér að ef óttast er að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi valdi skaðlegum umhverfisáhrifum skuli ekki ráðist í þær fyrr en sýnt er að svo sé ekki. Niðurstaða Einars er sú að í því máli sem hér er til umfjöllunar sé skylt að beita varúðarreglu Ríó-sáttmálans. Ekki eigi að ráðast í virkjunarframkvæmdir nema önnur lausn finnist sem ekki yrði talin hafa alvarleg eða óbætanleg umhverfisáhrif í för með sér.

Herra forseti. Í sama streng tóku fulltrúar Umhverfisverndarsamtaka Íslands sem komu á fund umhverfisnefndar en þeir bentu á að þrátt fyrir að Ríó-yfirlýsingin væri ekki lagalega bindandi samningur væru öll þátttökuríki siðferðilega bundin af henni. Hins vegar hefði Ísland tekið upp í íslenska löggjöf varúðarregluna með aðild sinni að EES. Þá kom fram að tilskipun ESB gerði ekki ráð fyrir undanþágu sambærilegri og er að finna í ákvæði til bráðabirgða við lögin um mat á umhverfisáhrifum. Þeir töldu því að ákvæðið stangaðist algerlega á við þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands, ekki síst þar sem framkvæmdaleyfi hefði ekki verið gefið út, og yrði að teljast ógilt samkvæmt EES-rétti og skuldbindingum Íslands.

Herra forseti. Frumskylda ríkisstjórnarinnar, þegar umræða um álver fór af stað, var að kanna fleiri virkjunarkosti á svæðinu. Það eru til fleiri möguleikar en núverandi virkjunaráform ef á annað borð á að virkja Jökulsá í Fljótsdal. Þeim hefur hins vegar verið lítill gaumur gefinn. Ég ætla að nefna þrjú atriði máli mínu til stuðnings. Það fyrsta er sameining Fljótsdals- og Hraunavirkjunar og ég tek sérstaklega fram að þar vísa ég í grg. frá Orkustofnun.

Í greinargerð Orkustofnunar frá 2. des. 1999, sem send var umhverfisnefnd, er gerð grein fyrir virkjun Hraunavatns og hugmyndum um sameiningu Fljótsdals- og Hraunavirkjunar í eina virkjun, Hraunavirkjun meiri, með stöðvarhúsi í Suðurdal í stað stöðvarhúss í Norðurdal eins og fyrirhugað er með Fljótsdalsvirkjun. Ánni væri þá veitt austur fyrir Suðurdal og fram með honum og virkjað í mynni hans. Aðalmiðlun þessarar virkjunar væri á Eyjabökkum. Hraunavirkjun væri reiknuð sem áfangaskipt virkjun sem ekki væri þörf á að byggja í fullri stærð strax heldur væri hægt að laga hana að vexti markaðar, þótt fyrsti áfanginn þyrfti orkukrefjandi viðskiptavini. Vatninu væri veitt í ámóta löng göng og í Fljótsdalsvirkjun en kostir Hraunavirkjunar umfram Fljótsdalsvirkjun fælust í meira virkjuðu rennsli við svipaðan tilkostnað ef eingöngu væri tekið vatn á gangaleiðinni. Hagkvæmt væri að auka vatnsrennsli til virkjunarinnar með tveimur öðrum veitum. Hafa kostnaðaráætlanir tekið mið af því og er hún talin ódýr virkjunarkostur. Niðurstöður benda til þess að orkuverð frá Hraunavirkjun yrði 15–20% lægra en frá Fljótsdalsvirkjun og að mun dýrara yrði að nýta vatn af Hrauna-, Suðurfjarða- og Líkárvatnssvæðum ef það yrði nokkurn tíma gert. Í stuttu máli má segja að ýmis rök hnígi að því að hagkvæmara sé að virkja rennsli Jökulsár í Fljótsdal í Suðurdal en sá kostur hefur ekki verið kannaður til hlítar þrátt fyrir að hann hafi legið fyrir frá árinu 1991.

Annar kostur sem ég vil nefna, virðulegi forseti, er Hálslón og Kárahnjúkavirkjun með veitu úr Jökulsá í Fljótsdal. Til er áætlun um Kárahnjúkavirkjun með Hálslóni sem aðalmiðlunarlóni en með veitu Jökulsár í Fljótsdal úr litlu inntakslóni og þá án miðlunar á Eyjabökkum sem yrði hlíft. Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins hefur mælst til þess í greinargerð með svæðisskipulaginu að þessi kostur yrði athugaður nánar. Miðlunarvirki við Kárahnjúka yrðu að mestu leyti eins og frumhönnun Kárahnjúkavirkjunar gerir ráð fyrir en aðalstífla yrði 4 m hærri eða 189 m. Inntakslón Jökulsár í Fljótsdal yrði 2 km fyrir neðan Eyjabakkafoss og gert er ráð fyrir veitum bæði vestan og austan við ána. Jarðgöng frá Hálslóni og Jökulsá í Fljótsdal tengdust norðan Laugarár og þaðan yrðu aðrennslisgöng norður að Teigsbjargi.

Áætlað er að afl þessarar virkjunar verði um 700 megavött og unnt væri að skipta verkinu í áfanga. Fyrst yrði Jökulsá á Brú virkjuð með Kárahnjúkavirkjun með 500 megavatta afli en síðar yrði rennsli Jökulsár í Fljótsdal tengt inn á aðrennslisgöngin og aflið aukið um 200 megavött. Þessi kostur væri óhagkvæmari en fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun og Kárahnjúkavirkjun, hvor í sínu lagi, með tilliti til orkunýtingar því að um 2,0–4,5% meiri orka fengist úr virkjununum hvorri fyrir sig. Kostnaður á orkueiningu yrði svipaður í báðum tilvikum. Kostur þessarar tilhögunar er að unnt væri að hlífa Eyjabökkum en óvíst er hvort vandamál verða vegna aurburðar í inntakslón við Jökulsá í Fljótsdal. Þessi leið er ekki talin henta þeim orkunýtingaráformum sem nú eru uppi þar sem uppsett afl í fyrri áfanga virkjunarinnar er mjög mikið. Þá er talið að ýmsar rannsóknir séu nauðsynlegar áður en endanlegt fyrirkomulag til verkhönnunar liggur fyrir. Með öðrum orðum, þessi kostur hefur ekki verið kannaður til hlítar þrátt fyrir að kostnaður á orkueiningu sé svipaður og miðað er við í núverandi virkjunaráformum.

Í þriðja lagi vil ég, herra forseti, nefna Fljótsdalsvirkjun með Hraunaveitu meiri, en það gerði ég að vísu í framsöguræðu minni við fyrri umr. þessa máls.

Unnt er að ná meira vatni af Hraunum til Fljótsdalsvirkjunar með breyttri tilhögun Hraunaveitu en með Sauðárveitu. Ég vil vekja sérstaka athygli þingmanna á því. Þetta kallar á meiri miðlun í Eyjabakkalóni vegna aukins aðrennslis til virkjunarinnar. Athuganir benda til þess að hagkvæmt verði að hækka stífluna við Eyjabakkalón um 3 m en við það stækkar yfirborð lónsins um 4 km , verður mest 48 km og miðlunin verður 625 gígalítrar í stað 500 gígalítra. Með þessari útfærslu yrði hægt að framleiða næga orku fyrir fyrsta áfanga álvers í Reyðarfirði en orkuframleiðsla fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar nægir ekki til þess. Ég bið þingmenn um að taka eftir því að fram hefur komið að þennan valkost ætlar Landsvirkjun að skoða á sumri komanda eftir að Alþingi hefur afgreitt þáltill. um að hér skuli farið í þessa framkvæmd. En það er alveg ljóst að ef slík ákvörðun væri tekin fyrir fram þá yrði Fljótsdalsvirkjun að fara í umhverfismat. Augljóst er að ákvörðun á þessari stundu um þennan kost mundi skylda framkvæmdaraðilann til að óska mats á umhverfisáhrifum í samræmi við gildandi lög. Þess vegna mun þessi kostur fyrst koma til eftir samþykkt málsins hér á hv. Alþingi.

Framkvæmdaraðilinn mundi aldrei sjálfur að eigin frumkvæði óska umhverfismats vegna þess að ef niðurstaða umhverfismats yrði sú að lakari kostur væri boðinn fram-

kvæmdaraðilanum þá væri hann með ósk sinni um umhverfismat búinn að fyrirgera rétti sínum til skaðabóta við ríkisvaldið vegna breyttrar tilhögunar. Þessu verða menn að gera sér grein fyrir.

Ég vil líka taka fram að með því að hækka stífluna og stækka lónið örlítið þá losnar framkvæmdaraðili við að virkja á öðrum stað og fara í miklar línuframkvæmdir á þessu svæði. Með því að hækka stífluna eftir að framkvæmdir hefjast kemst framkvæmdaraðilinn fram hjá slíku mati. Dæmi eru um að aðalstífla virkjunar hafi verið hækkuð eftir að framkvæmdir hófust. Jafnframt eru til dæmi um að stífla í virkjun sem hefur verið við lýði nokkurn tíma hafi verið hækkuð án umhverfismats. Nefni ég t.d. Blönduvirkjun þar sem stíflan var hækkuð um nokkra metra, þrjá ef ég man rétt, árið 1997. Um það vissi enginn enda fór ekkert umhverfismat fram. Þar var var bara ákveðið að hækka stífluna. Ég er ekki að halda því fram að sú framkvæmd hefði átt að fara í umhverfismat, það þekki ég ekki. En ég geri mér alveg grein fyrir því hver staðan er með Fljótsdalsvirkjun hvað þetta varðar. Ætla má að Landsvirkjun leiti allra leiða til að fá sem mesta orku út úr fyrirhugaðri Fljótsdalsvirkjun. Ástæða er til að ætla að stjórnvöld séu hér enn einu sinni að fara í kringum lög og reglugerðir í stað þess að meta þennan kost eðlilega með lögformlegu umhverfismati.

Fyrr í dag gagnrýndi formaður iðnn. skipulagsstjóra harkalega í framsöguræðu sinni. Skipulagsstofnun hefur lokið athugun á frummati á umhverfisáhrifum 480 þús. tonna álvers í Reyðarfirði. Ég kýs, herra forseti, þar sem málflutningur minn er um Fljótsdalsvirkjun, að vekja í engu máls á álverinu sem slíku að öðru leyti en því sem það tengist efnislega umfjöllun minni um virkjunina.

Það er mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki sé stoð fyrir því í lögum um mat á umhverfisáhrifum að krefjast þess að tengdar framkvæmdir séu metnar í einu heildarmati. Hann telur þó að slíkt heildarmat mundi stuðla að markvissari vinnubrögðum og umræðu um fyrirhugaðar framkvæmdir af þeirri stærðargráðu sem hér er um að ræða. Orkuþörf 480 þús. tonna álvers ein og sér kallar á umfangsmiklar framkvæmdir við orkuframleiðslu sem fyrirsjáanlegt er að kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Óvíst er hvernig orku til annarra áfanga en þess fyrsta verður aflað. Hins vegar hefur ríkisstjórnin undirritað yfirlýsingu þess efnis að hún muni reyna að tryggja orku til framhaldsáfanga. Skipulagsstjóri gerir vegna þessa kröfu um að ítarleg grein sé gerð fyrir jákvæðum áhrifum 480 þús. tonna álvers. Er þá átt við áhrif á byggð, samfélag og atvinnulíf á Austurlandi og landinu í heild. Einungis heildarmat á umhverfisáhrifum nátengdra stórframkvæmda gefur nauðsynlega sýn yfir alla þá þætti sem taka verður með í reikninginn þegar ákvörðun er tekin.

Þær framkvæmdir sem tengjast álverinu og verða að fara í mat á umhverfisáhrifum eru, fyrir utan álverið sjálft á Reyðarfirði: raflínan frá Fljótsdalsvirkjun að álveri, virkjun í Bjarnarflagi eða Kröflu, raflína frá þeirri virkjun að álveri sem og höfnin á Reyðarfirði.

Herra forseti. Viðkvæmasta hlið málsins er að það hefur verið kynnt sem byggðamál. Austfirðingar eru fórnarlömb loforða sem hafa vakið miklar væntingar og viðbrögð þeirra við stöðunni í dag eru afar skiljanleg. Upp úr 1980 fór sú umræða í gang á Austfjörðum að reist skyldi stóriðja á Reyðarfirði, kísilmálmvinnsla. Ekkert varð hins vegar af framkvæmdum þótt málinu væri haldið gangandi og ýmsum aðgerðum lofað af hálfu stjórnvalda. Nokkru seinna hófst umræða um álver, síðan væntingar um slípiefnavinnslu og svo álver aftur núna. Austfirðingar eru eðlilega orðnir þreyttir á loforðum stjórnvalda um stóriðju sem ekkert hefur orðið af. Þeir hafa viljað trúa því að stórrekstur af slíku tagi hefði víðtæk jákvæð áhrif fyrir byggðaþróun á Austfjörðum. Sú mikla byggðaröskun sem orðið hefur á undanförnum árum hefur ekki síður komið við Austfirði en aðra landshluta. Það er þess vegna þeim mun alvarlegra að stjórnvöld skyldu fara af stað með hugmyndir um virkjun og álver á Austurlandi og vekja þannig enn upp vonir um atvinnuuppbyggingu og að snúa mætti byggðaþróuninni við á þann hátt án þess að allir þættir málsins væru tryggðir.

Í stað þess að undirbúa málið af kostgæfni og reyna þannig að koma til móts við mismunandi sjónarmið og koma í veg fyrir illvígar deilur hefur málinu nú verið teflt í algera tvísýnu vegna þess að stjórnvöld hafa þverskallast við að fara með Fljótsdalsvirkjun í umhverfismat. Þannig hafa stjórnvöld hugsanlega enn á ný klúðrað möguleikum Austfirðinga til uppbyggingar stóriðju með vinnubrögðum sínum. (**Gripið fram í:** Kratarnir vildu að ...) Ef farið hefði verið að tillögu fyrrverandi umhvrh. og virkjunin sett í umhverfismat lægi það nú fyrir og menn hefðu fastara land undir fótum, bæði hvað varðar möguleika á Fljótsdalsvirkjun og öðrum virkjanakostum. Það þýðir ekkert í þessari stöðu að segja árið 1999: Kratarnir vildu eða þú gerðir. Það er bara ekki kostur í stöðunni í dag.

Málið er nú rekið af hálfu stjórnvalda sem byggðamál og reyna þau að réttlæta það að virkjunin fari ekki í umhverfismat á þeim forsendum. Sú niðurstaða hefur hins vegar valdið miklum deilum í samfélaginu sem ekki sér fyrir endann á. Miðað við ummæli talsmanna Norsk Hydro má allt eins ætla að ef deilurnar um umhverfisþátt málsins verða enn harðari kippi þeir að sér hendinni. Þá er málið allt í uppnámi því að fyrirtæki sem annt er um orðspor sitt, ekki síst þau sem þurfa á góðu orðspori að halda í umhverfimálum, munu ekki koma að máli sem komið er í slíkan hnút. Það er því mjög ámælisvert að stjórnarflokkarnir skyldu vanrækja undirbúning málsins svo sem raun ber vitni og þeim ekki til málsbóta að réttlæta það klúður sitt á byggðaforsendum. Ef raunverulegur vilji var til að koma til móts við væntingar Austfirðinga áttu stjórnvöld að vanda undirbúninginn, ekki að tefla málinu í tvísýnu eins og orðið er. Það er ámælisvert.

Hver er arðsemi þessa verkefnis sem leitað er stuðnings Alþingis við? Arðsemismat verkefnisins er vægast sagt umdeild. Ég ætla að eins að víkja að því örfáum orðum, herra forseti.

Ef tekið er mið af þeim forsendum sem stjórnarmeirihlutinn hefur gefið sér í málinu er rétt að benda á að fram hafa komið alvarlegar athugasemdir við arðsemismat virkjunarinnar. Í grein Sigurðar Jóhannessonar hagfræðings í tímaritinu Frjáls verslun kom m.a. fram að allt að 13 milljarða kr. tap gæti orðið af Fljótsdalsvirkjun miðað við tilteknar forsendur. Þá hafa fleiri sérfræðingar fært rök fyrir því með útreikningum að virkjun sem þessi geti aldrei orðið arðbær. Þar sem forsendur eru ekki allar þekktar stærðir hlýtur þetta að vekja menn til umhugsunar um hvort málið hafi fengið nægilega skoðun.

Í þessu stóra máli er afstaða Norsk Hydro sér kafli. Eins og fram kemur í áliti 2. minni hluta umhverfisnefndar telja íslensk stjórnvöld ekki á það hættandi að vinna málið

lengur eða betur, hvað þá að setja virkjunina í lögformlegt umhverfismat.

Í allri umræðunni hefur stjórnarmeirihlutinn hafnað lögformlegu umhverfismati, m.a. vegna þess að standa þurfi við allar dagsetningar gangvart Norsk Hydro. Yfirlýsingar Norsk Hydro síðustu vikur hafa hins vegar verið afar misvísandi. Upplýsingafulltrúi fyrirtækisins lýsti því efnislega yfir á fundi á dögunum með fulltrúum World Wide Fund for Nature að fyrirtækið vildi að tímaáætlunin sem gerð hefði verið stæðist. Það mundi hins vegar ekki þýða að fyrirtækið missti áhugann á að reisa álver ef Alþingi ákvæði að fram skyldi fara lög formlegt mat á umhverfisáhrifum.

Daginn eftir kom hins vegar önnur yfirlýsing frá fyrirtækinu þar sem sagði að tafir á byggingu fyrirhugaðrar álverksmiðju á Reyðarfirði mundu, hvort sem þær stöfuðu af aðstæðum á alþjóðaálmarkaði eða einhverju öðru, auka hættuna á að ekkert yrði úr verkefninu. Nokkrum dögum síðar sagði aðalforstjóri Norsk Hydro, Egil Myklebust, m.a. í viðtali við dagblaðið Dagens Næringsliv að fyrirtækið ætlaði sjálft að meta umhverfisþættina og það yrði gert á fyrri helmingi næsta árs.

Margir skoða þau ummæli í því ljósi að nú þyki Norsk Hydro heppilegt að hafa sett fram einhver varúðarorð til að eiga möguleika á að fara út úr málinu ef það verður pólitískt of heitt annaðhvort á Íslandi eða í Noregi. Við skulum ekki gleyma því að Norsk Hydro liggur undir ámæli heima fyrir fyrir það að ár hafa liðið frá því að þau lofuðu að endurgera, lagfæra eða endurbyggja þau álver sem eru farin að úreldast í viðkvæmum byggðarlögum út frá byggðasjónarmiði í Noregi.

Vegna alls þessa er afar nauðsynlegt að fá fram afstöðu Norsk Hydro. Bæði í umhvn. og iðnn. voru lagðar fram formlegar óskir um að fá fulltrúa Norsk Hydro til fundar en því var hafnað í umhvn. sökum tímaskorts en í iðnn. var ekki talin ástæða til að kalla þessa aðila á fund. Þar hefði verið nægur tími.

Herra forseti. Í áliti Samfylkingarinnar hafa rök fyrir umhverfismati verið reifuð og bent hefur verið á að verulega skorti á rannsóknir á gróðurfari og dýralífi á Eyjabakkasvæðinu. Engin skýr áætlun um mótvægisaðgerðir á svæðinu liggur fyrir, aðeins ómótaðar hugmyndir. Þá hefur sérstaklega verið bent á að skipulagsþáttur málsins sé umdeildur og óviss og sama er að segja um lagalega hlið málsins almennt. Nefnt hefur verið að aðrir virkjunarmöguleikar hafi ekki verið kannaðir til hlítar og einnig hefur verið bent á að arðsemismat sé umdeilt og ekki talið að nægilega hafi verið farið ofan í saumana á því. Jafnframt hafa byggðasjónarmið verið reifuð. Samfylkingin gagnrýnir málsmeðferðina á Alþingi sérstaklega, ekki síst að á það var ekki fallist að fulltrúar Norsk Hydro kæmu til fundar við umhvn. og iðnn. þrátt fyrir ítekaðar óskir þar að lútandi.

Ljóst er að í umræðunni hér mun þeim álitaefnum sem ég hef hér gert grein fyrir í framsögu minni fyrir nál. Samfylkingarinnar verða fylgt eftir af þingmönnum Samfylkingarinnar sem hér munu tala og ef þörf verður á mun ég jafnframt sjálf fylgja þeim eftir í síðari ræðu.

Herra forseti. Þetta er ein umdeildasta ákvörðun síðari ára. Menn greinir á um verðmætamatið sem felst í ákvörðun um að virkja án þess að ákveða fyrst hvaða svæði verði varðveitt fyrir komandi kynslóðir. Deilurnar sem rísa nú sem hæst eru um þá ákvörðun stjórnvalda að virkja án þess að framkvæma lögformlegt umhverfismat. Þekking almennings á miðhálendi Íslands og náttúruperlum þar er allt önnur en fyrir 10 árum, hvað þá fyrir nær 20 árum frá því virkjunarleyfið var veitt. Þess vegna, herra forseti, vísa ég allri ábyrgð á þessu máli á hendur ríkisstjórnar. Hún hafnar þeim leiðum sem að bestu manna yfirsýn mundu kalla fram haldbæra þekkingu og rök sem hægt væri að byggja rétta ákvörðun á. Hún þvingar Alþingi, skammtar þekkingu, upplýsingar og rök og knýr á með offorsi sem á enga stoð. Hún sýnir náttúruverðmætum fullkomna lítilsvirðingu og óbornum kynslóðum landsins algjört virðingarleysi.

Ég bið alla landsmenn að hlusta. Við eigum ekki að ráða ráðum okkar í þessu afdrifaríka máli á svo frumstæðan hátt. Sjálfsvirðing þjóðar okkar er í húfi en hana hefur ríkisstjórn Davíðs Oddsson að engu og það er Davíð Oddsson, forsrh. þessa lands, sem ber ábyrgð á málinu.

[16:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. og því gera sér allir grein fyrir að hér er um umdeilt mál að ræða. Það sem þingið stendur frammi fyrir er að taka ákvörðun í málinu, hvort framkvæmdum skuli haldið áfram eða ekki. Þar skiptast menn í fylkingar eftir því hvar menn standa í pólitík.

Ég ætla ekkert að fara að rifja upp fortíðina í þeim efnum hvað menn vildu gera áður, það skiptir ekki höfuðmáli. Hins vegar skiptir það mjög miklu máli þegar menn setja mál sitt fram í umræðunni að öllum forsendum sé haldið til haga, og ekki er ég að brigsla hv. þm. um að það hafi ekki verið gert.

Ég tók eftir einum þætti í ræðu hv. þm. sem mér finnst rétt að taka hér upp í andsvari og það er um arðsemismatið af framkvæmdinni. Enginn deilir um að það er mjög mikill þjóðhagslegur ávinningur af framkvæmdunum. Hér er á ferðinni mjög stórt byggðamál, sem mun hafa afgerandi áhrif, ekki bara fyrir Austurland heldur fyrir landið í heild sinni og hér er líka um viðkvæmt umhverfislegt mál að ræða.

Þegar málið er skoðað í heild skiptir auðvitað höfuðmáli hver verður arðurinn af orkusölunni. Af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vitnaði til eins virts hagfræðings á því sviði, Sigurðar Jóhannessonar, hefur það verið gert opinbert og upplýst að þær forsendur sem hv. þm. gefur sér í útreikningum sínum eru rangar. Það er þrennt sem er rangt.

Í fyrsta lagi gefur hv. þm. sér ranga forsendu sem snýr að afkastagetu virkjunarinnar sem gengur út á 1.250 gwst. en afkastagetan er 1.400 gwst. Í öðru lagi eru afkastavextir eða reiknivextir virkjunarinnar líka rangir, sem hv. þm. gengur út frá, sem er 6%, en reynslan er sú að Landsvirkjun hefur verið að fá vexti sem eru allt upp í 4,8%. (Forseti hringir.)

En stærsti þátturinn er þessi, með leyfi forseta, aðeins eitt orð. Það er orkuverðið. Um það hefur ekki verið samið og þegar tekjurnar eru ekki ljósar og gjöldin eru nokkurn veginn ljós þá er ekki hægt að reikna út arðsemismat.

[16:22]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Ég tek alveg sérstaklega undir þau orð ráðherrans hversu mikilvægt það er að forsendur séu réttar og að þingmenn séu örugglega að gefa sér réttar forsendur. Þess vegna fannst mér svo mikilvægt þegar ég var búin að sitja heilan laugardag á fundi, bara með Landsvirkjun, og Landsvirkjun var búin að bera brigður á þá útreikninga sem lágu fyrir frá hagfræðingum, að nú fengi iðnn. að kalla þá hagfræðinga til og fá skoðanaskipti um þau ólíku sjónarmið sem lögð væru

til grundvallar. Um það höfum við deilt m.a. hér hversu alvarlegt það er að iðnn. átti tíma á mánudeginum frá klukkan fjögur en það var lokað á að fá nokkurn mann í heimsókn til nefndarinnar og fundur felldur niður á mánudeginum og iðnn. gefið frí.

Þess vegna hef ég þurft að kalla eftir viðbrögðum við gagnrýni Landsvirkjunar á eigin spýtur og ég hef gert það. Ég get fullyrt að sá hagfræðingur, sem ráðherra vísaði til, hefur gert grein fyrir því að jafnvel þó hann taki tillit til þessara breytinga úr 1.250 gwst. í 1.359 gwst. standi samt þau rök hans. Ég er líka með upplýsingar frá öðrum hagfræðingi sem nefnir þetta með ávöxtunarkröfuna af því að það er verið að tala um hana alveg niður í 3 eða 4%: „Ávöxtun ræðst af áhættu, ekki því hvort ríkið tekur lánin eða ekki og meðalávöxtun á sambærilegum framkvæmdum á heimsmarkaði er 7,2%."

Hann færir fullgild rök fyrir því sem ég hef hér getið um og ég ætla líka að minna á það, af því ég tók arðsemisþáttinn í mjög fáum orðum hér, að því máli verður fylgt eftir af þingflokki Samfylkingar síðar í umræðunni.

En þær upplýsingar standast sem ég hef aflað mér og þurfti, herra forseti, að gera utan við iðnn. vegna vinnubragðanna hér.

[16:24]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að gera lítið úr þeirri miklu vinnu sem hv. þm. hefur lagt á sig við að kynna sér málið. Ég veit og þekki að það hefur hv. þm. gert.

Þegar minnst er á 13 milljarða kr. tap og vitnað er í Sigurð Jóhannesson er gengið út frá röngum forsendum. Það er gengið út frá rangri afkastagetu virkjunarinnar og það er líka gengið út frá röngum reiknivöxtum af arðseminni.

Segjum nú að við getum sæst á og gefið okkur forsendurnar sem eru kannski 5% afkastavextir virkjunarinnar og afkastageta, eða reiknivextir eru upp á 5% og afkastageta virkjunarinnar fari úr 1.250 gwst. á ári í 1.400 gwst., þá vantar einn meginþáttinn. Ég verð að syrja: Hvernig ætlar hv. þm. að reikna út eða einhver annar arðsemi af framkvæmdum þegar meginforsendurnar vantar, sem er söluverðmæti virkjunarinnar á hverju einasta ári? Þar gefa menn sér gömul orkuverð í gömlum orkusölusamningum og nýjum orkusölusamningum sem eru ekki farnir að skila sér að fullu í tekjum Landsvirkjunar.

En það get ég fullvissað hv. þm. um að ekki verður gengið til samninga um raforkuverð nema það gefi fyrirtækinu arðsemi sem standi undir þeim kröfum sem eigendur fyrirtækisins hafa gert um að Landsvirkjun geti lækkað raforkuverð til landsmanna um 20–30% að raunvirði á fyrsta áratug næstu aldar.

[16:27]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aldrei mun ráðherrann heyra mig kvarta undan vinnu sjálfrar mín hér á þingi, ég er að gagnrýna vinnubrögð nefnda. Við skulum tala um orkuverðið.

Alhæsta mögulegt orkuverð er sennilega 1,50 sem mundi skila 2% ávöxtun sem er allt of lágt. Hæsta raunhæfa orkuverð er kannski 1,20, það er orkuverð til nýrra álvera í Mósambík, Kína og Malasíu og enn þá lægra en það er að finna í þeim löndum.

Hvernig ætlar ráðherrann að ráða við það að gera kröfur um almennilegt orkuverð þegar hann er búinn að kosta öllu til í átökum þjóðar sinnar til að knýja fram stuðning Alþingis, ekki einhverja ákvörðun heldur stuðning Alþingis við áframhaldandi framkvæmd sem þeir hafa framkvæmdaleyfið að að eigin mati og eru búnir að kosta öllu til, byrjaðir á undirbúningi framkvæmdar, eins og þeir segjast þurfa að gera með nokkrum fyrirvara og setjast síðan að samningaborði hvort sem það samningaborð verður við Norsk Hydro eða annan aðila sem kemur í staðinn, og ætla að knýja fram hækkað orkuverð? Viðsemjandinn mun hafa íslensk stjórnvöld í hendi sér. Þeir eru búnir að kosta svo miklu til, þeir geta ekki hætt við, þeir geta ekkert annað gert en halda áfram og selja, jafnvel það þótt kaupandinn að utan ætli ekki að leggja kannski meira til en 20% og það í tækniþekkingu.

Þetta er vandi ríkisstjórnarinnar og þetta er sú hörmulega staða sem ríkisstjórnin hefur leitt fyrir þjóðina.

[16:27]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lýstu þeir báðir yfir, hv. formaður iðnn. og hæstv. iðnrh., að allt yrði gert sem mögulegt væri til að auðvelda almenningi aðkomu að málinu. Ég lýsti því þá í ræðum mínum að þó að ég teldi að þetta væri ekki svona fullburða aðkoma borgaranna og þetta væri frekar veikburða andmælaréttur væri þetta betra en ekki neitt.

Eitt af því sem hv. formaður iðnn. lýsti einmitt í fjölmiðlum var að menn gætu komið athugasemdum og óskum á framfæri í gegnum netið. Ég spyr þess vegna hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur eftirfarandi spurningar:

Var það svo að einhverjir aðilar eða jafnvel fjöldi einstaklinga eða samtaka óskaði í gegnum netið eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar en fékk ekki?

Spurning mín grundvallast á því að í máli hv. þm. kom það fram sem mér var ekki kunnugt um áður að einhverjir hefðu óskað eftir fundi í gegnum netið en ekki fengið það. Það er mikilvægt að þetta komi fram vegna þess að þetta er enn einn naglinn í þá líkkistu sem hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn er búinn að leggja þetta mál í, vegna þess að flest það sem þeir sögðu að mínu viti hefur ekki staðist varðandi hina lýðræðislegu aðkomu þegnanna.

Er það virkilega þannig að þrátt fyrir það sem hv. formaður iðnn. og hæstv. ráðherrar sögðu um að það ætti að veita andmælarétt í gegnum netið hafi menn sett fram óskir sem voru ekki uppfylltar? Það er ákaflega mikilvægt að þetta komi fram.

[16:29]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hárrétt. Ég lýsti því í upphafi að þetta væri leikrit sem væri sett á svið að iðnn. væri að kynna þessa aðkomu þegnanna að ákvarðanatöku við mál í nefnd. Mjög fljótt var upplýst að þau erindi sem á þann hátt mundu berast iðnn. yrðu ekki málsgögn, þau yrðu ekki tekin fyrir, þau yrðu ekki bókuð inn. Okkur var gefið upp netfangið og við þingmenn og aðrir þingmenn sem eru ekki í þessari nefnd mundu geta farið inn á vefinn og skoðað hvað fólk væri að segja eða biðja um. Lýðræðileg aðkoma? Nei. Andmælaréttur? Nei.

Það var Ásta R. Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar í nefndinni sem óskaði eftir því að öll erindin yrðu bókuð inn sem málsgögn. Eftir þá beiðni var ekki hægt annað en verða við henni. Við höfum farið yfir öll gögnin. U.þ.b. fjórðungur þeirra er með stuðning við virkjunina, $^3/_4$ þeirra

sem senda inn erindi eru að biðja um mat á umhverfisáhrifum. Allnokkrir eru að biðja um að fá að koma á fund iðnn. til að tjá hug sinn með upplýsingar sem þeir telja mikilvægar og því var neitað. Þessi erindi, sem ef ég man rétt, voru á annað hundrað hafa því ekkert að segja. Erindum, beiðnum um að koma á fund nefnar var neitað. Lýðræðisleg aðkoma? Nei. Andmælaréttur? Nei.

[16:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar upplýsingar eru ákaflega mikilvægar. Það er rétt að rifja upp að hv. þm. Hjálmar Árnason talaði í þá veru að þær ábendingar og þau gögn sem bærust frá borgurum landsins út af þessu máli gegnum netið hefðu auðvitað vægi í málinu og það var ekkert hægt að skilja hv. þm. hvorki í fjölmiðlum né í þinginu öðruvísi en að þessu yrði með einhverjum hætti svarað. Nú er það upplýst hér að það sem hv. formaður iðnn. sagði um þessi mál reyndist vera rangt. Maður er dálítið hissa, að ég ekki segi bara steinhissa að það skuli vera þannig að borgarar landsins séu ginntir til þess að koma á framfæri athugasemdum sínum með ummælum hv. þm. Hjálmars Árnasonar og loforðum um að þau verði gögn í málinu en þau eru ekki einu sinni tekin til umræðu í nefndinni. Til hvers í ósköpunum, herra forseti, var verið að plata fólk með þessum hætti? Hvers konar framkoma er þetta gagnvart borgurum í landinu?

Ég mun auðvitað, herra forseti, ræða þetta ítarlegar við betra tækifæri í þingsal við hv. þm. Hjálmar Árnason því hann á ekki kost að koma upp hérna. En ég verð að segja að ég er aldeilis undrandi á þessum upplýsingum. Ég var meðal þeirra sem létu blekkjast, herra forseti, því að ég lét það meira að segja uppskátt hér í umræðum að ég teldi að þetta væri þó a.m.k. ófullburða lýðræði, ófullburða andmælaréttur. En nú kemur í ljós að meira að segja hann var fótumtroðinn og eins og allt annað sem þessir herramenn hafa sagt þá voru þetta bara leiktjöld, Pótemkintjöld, sem núna hefur verið svipt frá.

[16:33]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þrátt fyrir að þessi réttur sem verið var að skapa með vefsíðunni og möguleikum almennings að koma sjónarmiðum sínum og óskum á framfæri við nefndir þingsins hafi verið fótumtroðinn hvað varðar vinnubrögð í nefndinni þá er ég samt mjög hlynnt því að við eflum bæði þennan þátt og annan í störfum nefndarinnar. Ég er mjög upptekin af því að við opnum nefndirnar þannig að umfjöllun í nefndum verði opin, að jafnvel verði hægt að halda sameiginlega fundi fleiri nefnda, kalla fjölmiðla til og láta þá fylgjast með störfum á Alþingi þannig að ég er mjög fylgjandi allri þróun í störfum þingsins.

Í samræmi við það sem ég sagði í upphafi þegar ég lýsti vantrú minni á að verið væri að afgreiða þetta mál lýðræðislega í upphafi umfjöllunar iðnn. um Fljótsdalsvirkjun þá hefur allt gengið eftir sem þá var sagt, því miður.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 10. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[16:34]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla sem hér féllu um ólýðræðisleg vinnubrögð, blekkingaleik og annað í þeim dúr þá er þetta náttúrlega alveg með eindæmum undarleg framsetning á málinu. Það kom fram, og strax við kynningu, m.a. frá starfsmönnum Alþingis, hvernig heimasíður og vefur einstakra nefnda yrði notaður. Gögn þar eru varðveitt til sjö ára en þau verða ekki sjálfkrafa að formlegum fundargögnum nema einstakir þingmenn óski eftir því. Hver einasti þingmaður hverrar einustu nefndar á þann rétt og getur nýtt sér þann rétt að óska eftir því að gögnin verði lögð fram sem fylgigögn með máli. Frá þessu var greint þegar þessi aðferð var tekin upp og þess vegna botna ég ekkert í því hvers vegna hv. þingmenn sem hér töluðu tveir á undan mér eru að reyna að gera þessa aðferð tortryggilega. Hv. þingmönnum hefði verið í lófa lagið að leggja þessi gögn fram.

Hitt er svo annað mál ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill að gefnu tilefni vekja á því athygli að þessi liður þingskapa, að bera af sér sakir, er nýttur til þess að gera það en ekki að halda áfram almennri umræðu um málið.)

Ég er með þessu að bera af mér sakir, herra forseti.

(**Forseti** (GÁS): Forseti óskar þess að hv. þm. styttti ræðu sína.)

Hann mun gera það.

Ég var þar kominn í máli mínu, sem fer nú að styttast, herra forseti, að þingmönnunum hefði verið í lófa lagið að leggja þessi gögn fram og ég geri jafnframt ráð fyrir því að þingmenn hafi kynnt sér það sem fram kemur á heimasíðunni. Þar að auki vitnaði ég í ræðu minni til fleiri umsagna, m.a. umsagna frá Austfirðingum, skriflegra umsagna frá Austfirðingum, tæplega þúsund talsins. Hér getur enginn talað í nafni þjóðarinnar. Jafnvel skoðanakannanir eru aðeins vísbendingar. En samkvæmt þeim skoðanakönnunum sem fram hafa komið þá virðist þjóðin þrískipt í þessu mjög viðkvæma máli.

[16:36]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti 1. minni hluta umhvn. sem undirrita auk mín hv. þingmenn Ásta Möller, Jónas Hallgrímsson og Gunnar Birgisson. Eins og kunnugt er þá skiptist umhvn. í þrjár fylkingar í þessu máli þar sem ég ásamt þeim þrem sem ég taldi upp myndum 1. minni hluta. Síðan eru tveir í 2. minni hluta og 3. minni hluti lýsir yfir stuðningi við álit 2. minni hluta.

En aðeins vegna þess að fram hafa komið efasemdir um að 1. minni hluti væri í rauninni ekki 1. minni minni hluti heldur væru hinir tveir meiri hluti þá vil ég bara segja að vegna þess misræmis sem hefur komið fram um afstöðu þeirra til málsins í heild sinni, þ.e. að hluti ætlar að sitja hjá og hluti í hinum hópnum ætlar að greiða atkvæði á móti, þá getur þetta að sjálfsögðu aldrei kallast neitt meirihlutaálit. Þó svo að hv. þm. Katrín Fjeldsted hafi komið hér áðan til að bera af sér sakir þá bar hún ekki af sér neinar sakir hvað þetta varðaði enda ekki nein sök í sjálfu sér. Þetta er bara einföld afstaða. (**SvanJ**: Þú skalt bara halda þig við þína eigin afstöðu.)

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að það sé á hreinu hvernig minnihlutaálit verða til í þessari sérstöku umræðu því að hún hefur komið fram ítrekað í fjölmiðlum og því er nauðsynlegt að fjölmiðlar geri sér grein fyrir hvernig hlutirnir eru vaxnir.

Málefni Fljótsdalsvirkjunar hafa nefnilega tekið mjög mikið rúm í umræðu manna á meðal og ég er sannfærður um það, herra forseti, að sú mikla umræða sem hefur farið

fram hefur orðið mjög til góðs fyrir umhverfis- og náttúruverndarfólk um allt land sem og landsmenn alla. Jákvæðir þættir þess eru þeir að almennt er vitneskja landsmanna um þau verðmæti sem hálendi Íslands býr yfir allt önnur og meiri en áður var og vitund okkar fyrir þeim meiri. Verðmæti hálendisins felst í fegurð þess og dulmagni sem veitir mönnum og málleysingjum skjól og ánægju. Það skapar þar að auki möguleika til þess að bæta efnahagslega velsæld þjóðarinnar með ferðamennsku og virkjun fallvatna til rafmagnsframleiðslu.

Að mínu áliti getur þetta allt farið saman þó í sumum tilfellum breytist umhverfið vegna umsvifa mannskepnunnar. Síbreytileiki íslenskrar náttúru er okkur Íslendingum að sjálfsögðu kunnur af veðurfarslegum ástæðum eins og vegna vinda og sjógangs, vegna flóða og af framgangi eða hopi jökla. Við megum því ekki verða kaþólskari en páfinn þegar við tölum um náttúru og umhverfisvernd. Að sjálfsögðu verður að gæta raunsæis og sanngirni og tryggja að öll sjónarmið fái notið sín. Sem stjórnmálamaður tel ég það skyldu mína að vinna með þeim hætti og taka afstöðu í samræmi við það, afstöðu sem ég tel að tryggi best hagsmuni landsmanna allra. Ég tel mig ekki minni umhverfis- eða náttúruverndarsinna fyrir vikið en aðrir þeir sem nú berjast harðast gegn þeirri virkjun sem hér er til umræðu. Margir þeirra hefðu með sterkri stöðu sinni í þjóðfélaginu getað á fyrri stigum stöðvað þessa virkjun ef þeir hefðu haft áhuga á því.

Herra forseti. Á liðnu sumri skoðaði ég sérstaklega málefni Fljótsdalsvirkjunar í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór í kosningabaráttunni og í prófkjörum fyrir ári síðan. Það gerði ég með því að leita þangað sem mest þekking er saman komin um þetta sérstaka mál, þ.e. til sérfræðinga Landsvirkjunar og Náttúruverndar ríkisins. Þar að auki bjó ég að nokkurri þekkingu á þessu máli eftir setu mína í umhvn. á síðasta kjörtímabili þar sem umhverfismat fyrir þessa virkjun hefur verið til skoðunar og álit hafa legið fyrir um. Umhvn. fór svo í sérstaka ferð á fyrirhugaðan virkjunarstað þar sem aðstæður voru skoðaðar og í framhaldi af því var haldinn fundur með sérfræðingum og hagsmunaaðilum á Austfjörðum.

Fyrir þessa ferð hafði nefndadeild Alþingis að mínu frumkvæði safnað saman miklum fróðleik um málið í heild sinni. Minn vilji hefur ávallt staðið til þess að ná sáttum í þessu máli milli Austfirðinga og náttúruverndarsinna. Þegar sætta skal ólík sjónarmið verða báðir aðilar að gefa eitthvað eftir af sínum óskum því annars verður engin sátt. Allir sanngjarnir menn vita mætavel að virkjun Jökulsár í Fljótsdal með lón á Eyjabökkum er löngu samþykkt mál og frágengið og þar með af náttúruverndarmönnum, Alþingi og ríkisstjórn, enda framkvæmdir við virkjunina hafnar ágreiningslaust fyrir löngu síðan.

Lög um umhverfismat undanskilja þessa virkjun umhverfismati en um þá málsmeðferð var ekki heldur ágreiningur árið 1993. Samningar um álver á Reyðarfirði eru nú á lokastigi og því hillir undir það að draumur Austfirðinga rætist um stóriðju sem að þeirra mati mun styrkja mjög allt atvinnulíf Austfirðinga, styrkja fjórðunginn og stöðva fólksflótta af svæðinu.

Þegar breyta á þessu ferli á síðustu metrunum er alveg ljóst að allir þurfa að vita að það sem gera á í staðinn verði jafnfast í hendi eða betra en það sem fyrir er. Það á að sjálfsögðu við um Austfirðingana því þeirra mál hafa verið rekin eðlilega og lögformlega.

Skipulagsstjóri ríkisins hefur ekki efast um að virkjunin sé undanskilin umhverfismati. Það kemur fram í bréfi sem hann sendi Landsvirkjun 13. ágúst 1998 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í bréfi Landsvirkjunar hefur fyrirtækið leyfi fyrir 210 mw. virkjun frá árinu 1991. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum."

Þetta er millikafli í bréfi frá skipulagsstjóra ríkisins og undir þetta ritar Stefán Thors. (**ÖS:** Hvenær skrifaði hann þetta?) Þetta kemur fram í bréfi stíluðu 13. ágúst 1998. Fyrst hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr hvenær þetta sé skrifað þá skal ég lesa bréfið í heild sinni, herra forseti. Það er stílað á Landsvirkjun og hljóðar svo:

„Efni: Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi Landsvirkjunar, dags. 31. júlí 1998, þar sem stofnuninni er boðið að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum um þá þætti eða efnisatriði, sem hún telji æskilegt að fram komi í mati á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Eins og fram kemur í bréfi Landsvirkjunar hefur fyrirtækið leyfi fyrir 210 mw. virkjun frá árinu 1991. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum."

Þannig hljóðar fyrri hluti þessa bréfs, herra forseti, sem ég tel vera mjög mikilvægt innlegg. Bréf þetta hefur náttúrlega legið lengi fyrir og sýnir að skipulagsstjóri ríkisins hefur ekki efast um að þessi leyfi hafi legið fyrir og að virkjunin sé undanþegin umhverfismati og þar með lögformlega að verkinu staðið.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan fór ég yfir þetta virkjunarmál með færustu sérfræðingum landsins í því augnamiði að finna leiðir, ef þær væru til, svo hlífa mætti Eyjabökkum frá því að fara undir vatn. (**Gripið fram í:** Var Ólafur Örn í þeirra hópi?) Ljóst er að ekki eru margar leiðir til þess né einfaldar svo ná megi svipaðri hagkvæmni. Í raun eru aðeins þrjár á öllu Austurlandi sem teljast til stóráa, þ.e. Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal, ásamt hliðarám og veitum. Þar sem Dettifoss er í Jökulsá á Fjöllum er ekki til umræðu að virkja þar, allra síst með mjög stuttum fyrirvara. Þar á eftir kemur Jökulsá í Dal sem af mörgum er talinn mjög góður virkjunarkostur þó virkjun þar teljist of stór fyrir 120 þús. tonna álver.

Þegar þessi möguleiki er skoðaður við hliðina á Fljótsdalsvirkjun sést að hann getur sameinað það að beisla orku beggja fljótanna, Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal, sem um leið gæfi möguleika á að hlífa Eyjabökkum. Slíkar hugmyndir eru til staðar hjá Landsvirkjun og eru tæknilega útfærðar. Ljóst er þó að virkjað afl verður minna með því að veita Jökulsá í Fljótsdal í göng fyrir Jökulsá á Dal.

Þó að þessi möguleiki sé til staðar hef ég ekki séð að vilji sé hjá náttúruverndarsinnum til að skoða þann valkost í staðinn fyrir Fljótsdalinn. Ef þessi kostur ætti að vera raunverulegur þyrfti hann að vera tilbúinn á réttum tíma fyrir álver í Reyðarfirði. Til að það sé hægt er ekki tími fyrir umhverfismat fyrir Kárahnúkavirkjun. Það skal reyndar viðurkennt að nokkrir umhverfissinnar eru því fylgjandi að skipta á þessu tvennu en enginn hefur viljað samþykkja þann kost án umhverfismats. Ýmsir náttúruverndarsinnar hafa reyndar með einum eða öðrum hætti lýst því yfir að þeir samþykktu aldrei virkjun við Kárahnúka hvort sem umhverfismat yrði jákvætt

eða ekki. Má þar benda á yfirlýsingu Náttúruverndarsamtaka Íslands í umhvn. 3. des. sl., yfirlýsingar hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og annarra. Síðan er hér ályktun frá aðalfundi NAUST frá 30. ágúst 1998. Þau virðulegu samtök, Náttúruverndarsamtök Austurlands álykta svo um virkjunarmál á Austurlandi, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Naust 1998, haldin að Reyðarfirði 30. ágúst ályktar eftirfarandi um virkjunarmál á Austurlandi:

1. Vatnaflutningar. Aðalfundurinn varar við öllum hugmyndum um samveitur vatnsfalla og flutning stórfljóta milli vatnasviða eins og m.a. er gert ráð fyrir norðan Vatnajökuls. Allsendis ófullnægjandi rannsóknir hafa til þessa farið fram á afleiðingum þess að veita Jökulsá á Dal til Lagarfljóts.

2. Jökulsá á Dal. Í ljósi þessa hvetur fundurinn til að allar forsendur vegna hugmynda um virkjun Jökulsár á Dal verði endurmetnar áður en lengra er haldið með rannsóknir og virkjunarundirbúning."

Það er því ljóst, herra forseti, að af hálfu þessara aðila eru vatnaflutningar sem rætt hefur verið um ekki til umræðu. Í sjálfu sér kemur það ekki á óvart. Afstaða þeirra hefur lengi legið fyrir. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að ítreka þetta vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um aðra kosti í staðinn fyrir Fljótsdalsvirkjun. Ég tel að þeir sem hafi reynt að fá fram aðra kosti af heilum hug hafi ekki fengið þær undirtektir sem þeir bjuggust við.

Allir sanngjarnir menn hljóta þó, herra forseti, að sjá að það er lítil von um sættir. Eyjabakkarnir eru í raun ekki lengur aðalatriðið í þessu máli. Hér er um að ræða prinsippmál um umhverfismat. Það eru engar málamiðlanir í þessari stöðu. Þegar svo er komið er ekki nema ein leið eftir. Hún er sú að halda áfram því verki sem hafið er og reyna að ná fram lagfæringum og leggja lóð sitt á þá vogarskál svo draga megi sem mest úr umhverfisspjöllum umfram það sem þegar hefur verið gert.

Herra forseti. Álit 1. minni hluta umhvn. er afrakstur mikils starfs okkar fjögurra til að kynna okkur málið. Ég vil draga fram eftirfarandi punkta úr áliti okkar fjórmenninganna, en þar leggjum við fram fjögur atriði sem við teljum að dregið gætu úr umhverfisspjöllum frekar en gert hefur verið. Ég vil taka fram að mjög mikið hefur verið gert frá árinu 1981 til að draga úr þeim umhverfisspjöllum sem fylgdu þessari virkjun. Í raun er þar engu saman að jafna. Við leggjum fram þessa fjóra punkta til þess að komast enn nær því að gera þetta að umhverfisvænni virkjun og þau fjögur atriði eru í fyrsta lagi að skoðað verði hvort árnar Hölkná, Laugará, Grjótá og Hafursá geti haldið rennsli sínu svo að varðveita megi fossa í þeim. Í öðru lagi að græða upp land í stað þess sem fer undir vatn. Í þriðja lagi að komið verði upp hólmum í lóninu sem verði friðland fugla. Í fjórða lagi leggjum við til að áætlað verði hvernig bregðast ætti við foki af bökkum lónsins.

Við höfum fengið svar við þessu frá Landsvirkjun. Ég hef rætt við Landsvirkjunarmenn og þeir samþykkt að ég gerði grein fyrir eftirfarandi:

a. Á meðan ferðatími stendur yfir verði fullt rennsli á Laugará. Landsvirkjun hefur einnig lýst því yfir að skurði sem fyrirhugaður hefur verið í hlíðum Snæfells til að ná vatni úr Hafursá verði sleppt og vatnið tekið í göngum í staðinn. (**Gripið fram í:** Það er löngu ákveðið.) Nei, það er ekki löngu ákveðið. Það er rangt, hv. þm. Þessi skurður hefur verið inni í myndinni og var þar til þessi yfirlýsing kom. Ég skora á hv. þm. að kynna sér þetta betur.

b. Landsvirkjun mun þegar hefja uppgræðslutilraunir m.a. á bökkum væntanlegs lóns fyrir gæsir í fjaðrafelli. Einnig verði kannaður sá möguleiki að græða upp land á öðrum stöðum til mótvægis, t.d. í Suðurdal þar sem gróðureyðing er mikil, m.a. til að endurheimta votlendi á uppþurrkuðu landi á Austurlandi. Einnig er til umræðu að styrkja Héraðsskógaverkefni á Austurlandi.

c. Landsvirkjun mun strax næsta sumar hefja uppgræðslutilraunir á landi sem mynda mun hólma í væntanlegu lóni og gæti nýst sem varp- og beitiland fyrir fugla. Einnig verði nokkrir manngerðir hólmar í sama tilgangi gerðir úr efni sem kæmi úr aðrennslisskurðum að göngunum.

d. Nákvæmlega er vitað hvernig brugðist verði við foki m.a. með því að dreifa möl yfir leirinn.

Hér hefur heilmikið verið rætt um hvernig eigi að bregðast við hugsanlegu foki. Svör við því hafa borist, m.a. frá hv. framsögumanni iðnn., formanni nefndarinnar. Landsvirkjun hefur greint frá því að að þeirra mati verði fokið jafnvel minna eftir að þetta lón kemur en í raun er af náttúrulegum ástæðum í dag. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að svæðið verði með það miklum frera langt fram á sumar að leirinn fjúki síður en þegar hann byrjar að þorna og klaka leysir þá verði lónið orðið það stórt að vatnið fari yfir þennan leir. Þannig yrði ekki um neitt fok að ræða. Þeir segja jafnframt: Ef fok verður þvert á það sem við höfum gert ráð fyrir þá verður möl dreift yfir leirinn þannig að hann fjúki ekki.

Herra forseti. Með a-lið þessarar yfirlýsingar er tryggt að fallegustu fossarnir í þessum fjórum ám, fossarnir í Laugará, Stuðlafoss og Slæðufoss, verði með vatni yfir sumartímann. Það er mynd af báðum þessum fossum í skýrslu Landsvirkjunar. Fólk getur séð hvílík náttúrufyrirbrigði báðir þessir fossar eru. (**ÖS:** Á hvaða blaðsíðu er það, Kristján minn?) Ég get flett því upp fyrir þig en ég er ekki með það hér, hv. þm., en að því væri einfalt að komast.

Auk þessa mun skurður sá sem gert var ráð fyrir í hlíðum Snæfells til að ná Hafursánni hverfa. Ég veit að þessi skurður hefur verið mikill þyrnir í augum náttúruverndarsinna. Hann er opið sár í hlíðum þessarar perlu austfirskra fjalla. Margir náttúruverndarsinna sem ég hef heyrt í hafa lagt mikla áherslu á að losna við þessi lýti þannig að svona opin hindrun á vatnsrennsli úr Snæfellshlíðum verði ekki með þessum hætti. Ég tel að með þessum yfirlýsingum hafi þegar verið komið til móts við þessi sjónarmið og það lagfært sem menn töldu und í þessu fallega fjalli.

Uppgræðsla á Austurlandi mun augljóslega fá mikla innspýtingu á næstu árum með uppgræðslu við lónið. Á hólmum munu fuglar ekki verða fyrir búsifjum og geta því unað sér þar áfram sem hingað til. Ég held að ef vel tekst til með uppgræðslu við lónið að þá muni gæsir jafnvel hafa meiri frið til beitar og meira öryggi til þess að flýja undan ásókn heldur en þær hafa í dag. Við höfum margoft séð það í sjónvarpi þegar þær flýja undan ágangi fréttamanna sem fljúga þarna yfir til þess að reyna að sjá þær í hópum einhvers staðar. Þær hlaupa þar upp um holt og hæðir til þess að reyna að komast undan. En ég get ekki séð annað en lónið ... (**Gripið fram í:** Fréttamönnum?) Já, fréttamönnum og jafnvel túristum um leið. Þetta svæði hefur verið auglýst svo mikið að það verður trúlega krökkt af túristum þar þannig að friðun dýralífs er úti.

Herra forseti. Það er augljóst að með uppgræðslu er mjög auðvelt að bæta fyrir það gróðurlendi, það beitarland sem gæsin er að tapa. Einnig er hægt að bæta fyrir varpland

álftapara, sem eru ekki mörg þarna, með hólmum sem þarna verða ræktaðir upp, hólmum sem Landsvirkjun hefur lýst yfir að verði búnir til úr efni úr skurðum og öðru.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að segja meira um fokið. Nú þegar er nóg um það sagt og mjög ítarlega sagt frá því í greinargerð frá Landsvirkjun, vegna efasemda frá 2. minni hluta um þetta mál og ég vísa til þess.

Fyrsti minni hluti vill einnig benda á þá staðreynd að stórvirkjanir landsmanna eru flestar á eldvirkum og viðkvæmum svæðum og af því fyrirkomulagi er nokkurt óöryggi. Þessi virkjun telst ekki á slíku svæði og utan jarðskjálftasvæða. Að sjálfsögðu er Ísland allt viðkvæmt svæði en að þessu leyti er dreifing virkjana ásættanlegri með þessari virkjun. Staðsetningin stuðlar að eðlilegri dreifingu og meira rekstraröryggi á raforkukerfi landsmanna.

Stækkun virkjunarinnar með stærra lóni, herra forseti, og meira aðrennsli er nú til skoðunar. Með litlum tilkostnaði má stækka þetta lón með Hraunaveitum og sú stækkun gæti orðið um 150 gígalítrar, sem mundi auka orkugetuna úr 210 megavöttum í 250 megavött, eða um 19%. Stækkun af þessari stærðargráðu gæti leitt til þess að virkjun í Bjarnarflagi vegna álsvers í Reyðarfirði, fyrsta áfanga, yrði óþörf og þar með tilheyrandi rafmagnslínur sem farið hafa fyrir brjóstið á fólki. Lónið þyrfti aðeins að stækka um 4 km við þetta eða innan við 10%. Þessi stækkun mun fara í umhverfismat ef af verður. Ég endurtek að þessi stækkun mun fara í umhverfismat og fá þá meðferð sem lög um umhverfismat gera ráð fyrir þó svo að hluti hennar þurfi ekki að fara í umhverfismat eða sé undanskilinn henni samkvæmt lögum 1993.

Ekki er vafi, herra forseti, í okkar huga sem skipum 1. minni hluta umhvn. á því að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun styðjast við lög og umhverfismat á þeirri virkjun er undanþegið, samanber bráðabirgðaákvæði II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 1993. Framkvæmdaleyfi til virkjunarinnar var gefið út af iðnrh. 1991 á sama hátt og gert hefur verið vegna virkjanaframkvæmda á hálendinu, samanber Blönduvirkjun, og án athugasemda. Þar sem framkvæmdaleyfi er eldra en breytingar á skipulags- og byggingarlögum um skipulagsmál sem og samnings um Evrópska efnahagssvæðið gilda þær ekki um þessa framkvæmd. Að okkar mati er framkvæmd þessa verks því með eðlilegum og lögformlegum hætti og ekkert sem bendir til annars en að af hálfu Landsvirkjunar hafi verið vel að undirbúningi verksins staðið. Þar má benda á rannsóknir, skýrslur og úttektir sem vísað er til í þeim greinargóðu gögnum sem fylgdu með þáltill. hæstv. iðnrh. Gögn Landsvirkjunar eru því bæði nákvæm og skýrslugerð þeirra góð.

Byggðaþáttur málsins er að sönnu mjög mikilvægur og hefur verið rakinn hér af mörgum. Í raun viðurkenna allir að byggðaþáttur málsins er mjög ofarlega í hugum allra. Ískyggileg þróun fólksflótta af landsbyggðinni er afskaplega sár fyrir alla sem unna landsbyggðinni og það er því alveg ljóst í mínum huga ef við stöndum ekki við þau loforð sem gefin hafa verið Austfirðingum að þessu leyti án þess að þeir fái neitt í staðinn eru það svik. Ég gæti aldrei sætt mig við það að landsbyggðin yrði skilin eftir í þeim sárum sem þar ættu eftir að myndast. Því segi ég að meðan menn geta ekki gert neitt annað, meðan menn geta ekki tryggt neitt annað verðum við að halda áfram með þessa virkjun, með þetta álver, og þá held ég að við getum sagt að reynt sé með öllum tiltækum ráðum að bregðast við þeim landsbyggðarvanda sem við stöndum frammi fyrir. Það er miklu alvarlegra mál en fólk gerir sér almennt grein fyrir.

Ég er hræddur um að ef þjóðin færi að safnast á þennan eina blett yrði stutt í það að þjóðarvitundin yrði ekki meiri en svo að tiltölulega auðvelt væri að komast á einhvern blett annars staðar í Evrópu. (**Gripið fram í:** Ertu að bjarga þjóðarvitundinni með þessu?) Ég er að bjarga þjóðarvitundinni, ég er líka að bjarga landsbyggðinni og ég er einnig að bjarga því að við þekkjum uppruna okkar. Ég held að fáir hefðu yndi af því að skoða þetta nema túristar fyrir rest ef hv. þm. talar með þessum hætti.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, segja það að eftir skoðun á þessu máli teljum við í 1. minni hluta umhvn. að þessa tillögu eigi að samþykkja óbreytta.

[17:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var makalaus ræða og minnti helst á ræðu Lása kokks sem vildi láta flytja Esjuna af því hún byrgði fyrir útsýnið. En, herra forseti, hv. þm. fór rétt með það sem segir í bréfi Skipulagsstofnunar frá því í ágúst 1998. En í nóvember sama ár sagði skipulagsstjóri í bréfi til umhvn., með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun telur að í ljósi breyttra viðhorfa og löggjafar í umhverfismálum sé eðlilegt að fram fari formlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem háðar eru mati skv. 5. gr. laga nr. 63/1993 þrátt fyrir að þær falli undir bráðabirgðaákvæði II."

Þetta vil ég að komi fram, herra forseti, þannig að það sé alveg ljóst hvaða álit skipulagsstjóri hefur á þessu máli. Síðan vil ég segja að það er þakkarvert að hv. þm. vill búa til manngerða hólma og skapa skjól fyrir gæsum en ég spyr hann: Ætlar hann ekki líka að slá niður stálþili í kringum hraukana? Einhvern tíma heyrði ég þá ágætu kenningu úr liði stjórnarinnar. Hvers vegna stígur hann bara ekki skrefið til fulls og byggir glerhýsi yfir þetta svæði?

[17:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. gera afskaplega lítið úr því vandamáli sem umhverfis- og náttúruverndarsinnar hafa verið að lýsa vegna þessarar virkjunar. Það hefur verið margtíundað að verið sé að eyðileggja beitiland og aðstöðu fyrir gæsir í fjaðrafelli. Þarna sé helsta skjól þeirra, þessa dýrastofns yfir ákveðinn tíma sumarsins. Reynt er að bregðast við því. Hv. þm. gerir bara grín að þessu öllu saman og þetta skiptir bara engu máli. Ég átta mig ekki á þessu. Er hv. þm. í rauninni að segja að þetta skipti engu máli, þessar gæsir geti bara farið eitthvert annað?

Varðandi það hvað skipulagsstjóri segir í einhverju öðru bréfi, skipulagsstjóri segir náttúrlega svo margt um þetta mál að það er oft erfitt að henda beinlínis reiður á því hvað verið er að meina. En í þessu tilfelli, í þessu sérstaka bréfi, fer ekkert á milli mála að skipulagsstjóri efast ekki um að þessi virkjun þarf ekki að fara í umhverfismat og á það var ég að benda.

[17:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er bara svo hissa á málflutningi hv. þm. að mér er eiginlega orða vant. Nú kemur þessi hv. þm., sem hefur hingað til verið tiltölulega hlynntur verndun Eyjabakka, og lýsir því yfir að hann vilji ekki bara hleypa þeim undir vatn heldur vill hann hækka stífluna og þá er hann farinn að vernda virkjun í Bjarnarflagi sem allir vita að er á

sérstöku náttúruverndarsvæði sem sérstök lög gilda um og þarf auðvitað að fara í umhverfismat og er fráleitt að hlaupi í gegnum það mat, herra forseti.

En hv. þm. Hjálmar Árnason sagði fyrr í dag að hraukarnir á Eyjabakka væru einstæðir og það var rétt hjá honum. Nú langar mig að lesa stefnu ríkisstjórnarinnar sem birtist í riti sem gefið var út 1996 af Náttúruvernd ríkisins þar sem segir:

„Kafli IV. Alþjóðlegar skyldur Íslands.

4.1. Verndun einstæðra jarðmyndana og landslags.

Íslendingum ber skylda til að vernda sérstaklega jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmælikvarða."

Það liggur fyrir að hraukarnir eru einstæðir á heimsmælikvarða. Hvað segir hv. þm. við þessu? Ætlar hann bara svona einn, tveir og þrír, án þess að hugsa sig betur um, að kasta þeim undir vatn? Hvað finnst honum að hér sé að gerast? Erum við ekki að brjóta þennan samning sem ég var að lesa upp úr?

[17:08]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. veit eru þær samþykktir sem við höfum undirgengist hvað þetta varðar einungis samþykktir en ekki nein lög. Hann sem fyrrv. umhvrh., sem hefur með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi verið hluti af allri þessari framkvæmd, veit ósköp vel að þessir hraukar fara undir vatn. Ef hv. þm., sem umhvrh. á sínum tíma, hefði haft áhuga á að stöðva þetta þá gat hann gert það en hann gerði það ekki.

Hv. þm. var einnig, ef ég man rétt, við fyrstu skóflustungu sem var tekin fyrir þessa virkjun og var mjög ánægður með þetta. Ég segi, herra forseti, mér finnst lítið leggjast fyrir hv. þm. þegar hann er að reyna að gera lítið úr þeim aðgerðum sem verið er að fara í út af þessari virkjun, og að við sem höfum virkilega lagt okkur fram eigum ekki svona ummæli skilin, herra forseti.

Þegar við vorum að tala um Bjarnarflag var ég fyrst og fremst að benda á að með því að sleppa því að fara í þá virkjun erum við að losna undan línum um allt hálendið.

[17:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði áðan að hann hefði ekki fengið undirtektir við aðrar leiðir en Fljótsdalsvirkjun. Ég spyr hv. þm., herra forseti, undirtektir frá hverjum? Yfirlýst afstaða þessa hv. þm., Kristjáns Pálssonar, var fram á síðustu daga að ekki skyldi sökkva Eyjabökkum.

Hvers vegna er hv. þm. fallinn frá fyrri hugmyndum sínum um að vernda Eyjabakkana, m.a. þannig að mæla með því að vatnasvið bæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Brú verði nýtt í Kárahnúkalóni? Nú er þessi hv. þm., sem var þessarar skoðunar, orðinn talsmaður stjórnarliðanna, talsmaður minni hlutans af stjórnarliðunum í umhvn. Hvernig skýrir hv. þm. þessa afstöðubreytingu, þennan viðsnúning í málinu, herra forseti?

[17:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig vera búinn að skýra það heilmikið í ræðu minni. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að því, hvort hún væri tilbúin til að samþykkja Kárahnúkavirkjun án umhverfismats, vegna þess að hún spyr að því hvers vegna ég hafi breytt um skoðun. Ég hef út af fyrir sig ekkert breytt um skoðun. En ég hef aftur á móti ekki getað séð að önnur virkjun væri í stöðunni þannig að hægt væri að standa við þau áform að reisa álver á Reyðarfirði á þeim tíma sem um hefur verið talað. Það er einfaldlega ástæðan fyrir því að ég vil frekar fara út í að reyna að lágmarka skaðann af umhverfisáhrifum þarna og standa við þau loforð sem gefin hafa verið Austfirðingum því að í raun hafa engir viljað ljá máls á því að gera þá hluti sem þarf á réttum tíma svo við getum breytt um og verndað Eyjabakkana.

[17:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ótrúlegur málflutningur hjá þingmanninum. Að halda því fram að hann hafi ekki skipt um skoðun, búinn að vera að berjast fyrir því, og aðalmálflutningur hans í prófkjöri fyrr á árinu var að það skyldi vernda Eyjabakka. Núna er hann að flytja málið fyrir hönd stjórnarliðanna í minni hlutanum í umhvn. um að það skuli sökkva Eyjabökkum. Vissulega hefur hv. þm. skipt um skoðun. Maður gæti haldið að þarna hefði hv. þm. í fyrirrúmi máltækið: Ef þú getur ekki sigrað andstæðinginn þá skaltu ganga í lið með honum.

[17:12]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. telur sig sleppa billega frá þessu. En hún svaraði ekki þeirri spurningu hvort hún mundi samþykkja það að Kárahnúkavirkjun væri án umhverfismats þannig að hægt væri að standa við loforð um atvinnuuppbyggingu á Austfjörðum. Hv. þm. lýsti því ekki yfir þannig að ég er alveg handviss um að hv. þm. var ekki tilbúinn í nokkurt einasta samkomulag. Hún svaraði þessu sjálf, herra forseti, og þess vegna segi ég: Í rauninni hefur enginn skipt um skoðun nema hugsanlega alþýðuflokksmennirnir sem lofuðu því á sínum tíma og margir af þeim komust inn á þing á sínum tíma vegna þess að það átti að virkja Fljótsdalinn til að byggja upp álver á Keilisnesi. Þá var allt í lagi að koma af stað Kárahnúkavirkjun og þótti öllum bara sjálfsagt.

Hv. þm. ætti að rifja þetta aðeins upp þannig að hún kunni forsöguna. Það eru hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem eru að breyta um skoðun en reyndar hefur ekki komið fram hvernig þeir ætla að greiða atkvæði.

[17:13]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort maður á að hlæja eða gráta að hlusta á náttúrufarslegar vangaveltur hv. þm. En ég ætla ekki að gera grín að þessum hugmyndum, ég veit að hv. þm. gengur gott eitt til að vilja bæta þann stórfellda skaða sem þarna verður. Ég hef sömuleiðis kynnt mér mjög rækilega líkurnar á því að þarna verði hægt að koma upp hólmum og setja þar þann próteinríka gróður sem gæsin mun sækjast eftir. Ég verð í þessu stutta andsvari að hryggja hv. þm. með því að til þess standa engar vonir að það muni takast enda kemur fram í því svari sem hv. þm. las að þarna er aðeins verið að lofa því að einhverjar tilraunir verði gerðar. Náttúrufræðingar, sem ég treysti betur en náttúrufarslegu mati hv. þm., segja mér að þetta muni því miður vera útilokað.

[17:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það ósköp vel að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson viti ekki hvort hann eigi að hlæja eða gráta. En það er náttúrlega alveg ljóst að við höfum ekki komist

að raun um það enn þá hvort hægt sé að rækta upp gróður á þessu svæði sem nýtist gæsum eða því dýralífi sem þarna er, sem eru fyrst og fremst þessir fuglar, gæsir í fjaðrafelli. Ég veit ekki betur, herra forseti, en að þessi fugl sé úti um allt land, á láglendi og úti um allar heiðar að éta gróður og það hefur ekki verið sannað að sá próteinríki gróður sem hv. þm. er að tala um sé sá eini sem að geti gagnast.

Herra forseti. Ég bind miklar vonir við að hægt sé að byggja þarna upp svæði með góðum vilja sem nýtist því dýralífi sem þarna hefur verið því að ekkert hefur sýnt okkur að það sé ekki hægt.

[17:16]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í svari hv. þm. birtist takmarkalaus vanþekking á gæsum og búsvæðum þeirra á miðhálendinu. Þetta minnir mig á þær hugmyndir sem komu fram þegar drekkja átti Þjórsárverum. Þá voru menn með þær hugmyndir að setja upp svæði sem gæsirnar áttu að gjöra svo vel að flytja sig til. Menn hættu við það og það mun koma í ljós að þrátt fyrir góðan vilja manna þá mun gæsin ekki láta að stjórn, þeirri stjórn sem hv. þm. vill setja fram.

En ég neyðist til þess að bera hér af mér sakir vegna fyrri málflutnings þingmannsins og mótmæla því að hann kemur hér í ræðustól hvað eftir annað og lýsir einhverjum skoðunum yfir sem þingmenn hafi haft uppi í nefnd sem eru alrangar. Hann beitti sér hér fyrr í dag með sínum málflutningi fyrir því að gera það að umtalsefni að ég hefði flutt boðskap um það hvernig ég ætla að greiða atkvæði. Þetta eru ósannindi og ósæmandi að ... (**KPál:** Hvernig ætlarðu að greiða atkvæði?) Það er ósæmandi að flytja ósannindi hingað inn í þingsalinn úr nefndum.

[17:17]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ég er mjög hissa á málflutningi hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar sem er nú skapstillingarmaður yfirleitt, að hann skuli leyfa sér að koma hér og tala um takmarkalausa vanþekkingu og svo að fullyrða það hér að engu hafi verið lýst yfir um afstöðu hans til þessa máls í hv. iðnn. (**Gripið fram í:** Þetta er alrangt.)

Meðflutningsmaður hv. þm. að áliti 2. minni hluta upplýsti í iðnn. að það hefðu verið mistök þeirra tveggja hv. þm. sem að þessu standa að ekki skyldi vera tekið fram að þeir ætluðu að sitja hjá í atkvæðagreiðslunni. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson sem sat við hliðina á hv. þm. Katrínu Fjeldsted sem sagði þetta, mótmælti því ekki. Ég skil því ekki hvers vegna verið er að bera af sér sakir út af þessu. Er nokkuð saknæmt í rauninni að segja hvaða afstöðu menn ætli að taka? Er þetta ótrúlega viðkvæmt mál? Ég verð bara að segja, herra forseti, að ég skil ekki upphlaupið út af þessu máli.

[17:18]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson styður það að Fljótsdalsvirkjun fari ekki í umhverfismat þó að mörg rök og staðreyndir styðji að virkjunin fari í gegnum það vinnuferli, m.a. vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á hönnun virkjunarinnar frá því að hún var heimiluð. Þetta eru jákvæðar breytingar en breytingar samt. Hann lýsir hér, upp úr bréfi frá Landsvirkjun, mótvægisaðgerðum sem Landsvirkjun mundi vilja fara í til þess að draga úr þeim áhrifum á umhverfið sem virkjunin mundi hafa. Allt eru það jákvæðar aðgerðir. En með því að setja virkjunina í mat á umhverfisáhrifum er með eðlilegu vinnuferli hægt að draga þetta fram og finna bestu lausnir. Ég skil því ekki þau vinnubrögð að á sama tíma og tekið er undir það að leita að mótvægisaðgerðum til að draga úr áhrifunum er jafnframt sagt nei við eðlilegu ferli.

[17:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Þuríður Backman var út af fyrir sig að lýsa yfir ánægju með það sem komið hefur fram um mótvægisaðgerðir og ég þakka fyrir það. Aftur á móti segi ég að það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég mun greiða atkvæði með þáltill. umhvrh. sem þýðir að ég muni samþykkja fyrir mitt leyti að áfram verður haldið með framkvæmdina. Ég segi þá: Þýðir það þá að þeim sem ekki ætla að greiða atkvæði sé alveg sama um Eyjabakkana? Og þýðir það þá að þeir sem ætla að greiða atkvæði á móti viljir einir umhverfismat? Það er sagt að ég sé á móti umhverfismati. Ég hef aldrei sagt að ég væri neitt á móti umhverfismati. (Gripið fram í.) Ég hef heldur aldrei sagt að ég styddi það að þessi virkjun færi í umhverfismat og ástæðan fyrir því að ég hef ekki gert það er mjög einföld. Það er búið að samþykkja það á Alþingi að virkjunin þurfi ekki að fara í umhverfismat. Þess vegna hef ég aldrei lagt því neitt lið að þessi virkjun fari í umhverfismat.

[17:21]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Um þetta snýst nú málið, þ.e. að koma virkjuninni í þetta vinnuferli sem við höfum búið okkur til. Hv. þm. bendir hér á og les upp úr bréfi Landsvirkjunar að það sé mjög hagkvæmt að stækka virkjunina úr 210 upp í 250 mw. og þetta mundi stækka lónið um 4 km og þá þurfi að setja það í umhverfismat. Af hverju ekki að gera þetta strax og finna þá jafnvel betri leiðir, aðrar leiðir? Af hverju að bíða með þetta þangað til búið er að framkvæma þetta svona? Af hverju að mála sig svona út í horn? Af hverju er ekki leitað að betri leiðum strax? Það er enginn að tala um það hér og nú varðandi þetta umhverfismat að þar með sagt séu eingöngu þeir sem eru á móti álveri sem heimti þetta mat. Það er fullt af fólki sem vill fá álver á Reyðarfirði en vill samt sem áður að virkjunin fari í þetta vinnuferli.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 7. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[17:23]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég neyðist til þess að koma hingað til að bera af mér sakir vegna hins ótrúlega hugmyndaþróttar sem hv. þm. hefur sýnt hér í dag. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. hefði komið hérna fyrr í umræðunni og haldið því fram í sinni ræðu að ég hefði verið viðstaddur fyrstu skóflustungu Fljótsdalsvirkjunar, að því er mér skildist á hv. þm., og væntanlega tekið þátt í fagnaðarlátum þar að lútandi og að þar af leiddi að ég væri öllu þessu bixi hjartanlega sammála. Ég verð að hryggja hv. þm. með því að þó að í kolli hans vakni alls konar hugmyndir mismunandi góðar og ég sé aðdáandi sumra þeirra og aðdáandi hans að flestu leyti, að ég var nú ekki staddur þarna á þessum degi. Ég minnist þess ekki að ég hafi nokkru sinni verið viðstaddur fyrstu skóflustungu á mínum ferli nema einu sinni þegar verið var að taka fyrstu skóflustungu fyrir heilsugæslustöð úti á landi, en hún tengdist sannarlega ekki Fljótsdalsvirkjun þannig að ég vísa þessu algjörlega til föðurhúsanna og

mælist undan því að hv. þm. geri mig að einhvers konar fórnarlambi þessa hugmyndaflugs sem hér brýst út eins og eldflaugasprengingar á gamlárskvöldi.

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hv. 14. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[17:24]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Kristján Pálsson vera kominn hér í málþóf við þingmenn með því að espa okkur hér upp ítrekað til að bera af okkur sakir og ég verð að gera það, herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson sagði áðan að ég hefði lýst því yfir að það hefðu verið mistök af 2. minni hluta umhvn. að lýsa ekki afstöðu til afgreiðslu málsins. En hv. þm. verður að hafa það í huga að við vorum ekki að skila álitinu inn til Alþingis eða inn í beina meðferð málsins heldur inn til iðnn. (**Gripið fram í:** Er þetta að bera af sér sakir?) Þetta er að bera af sér sakir, herra forseti, því ég er vænd um að hafa kallað slíkt mistök. Ég reyndi hins vegar og hef sennilega sagt í iðnn. að líklega hefði mátt bæta þessu við. En ég vísa því á bug að ég hafi sagt að það hafi verið mistök.

Herra forseti. Í öðru lagi þá vil ég í annað skipti mótmæla því að hv. þm. Kristján Pálsson komi hér upp og lýsi því hvernig ég ætla að greiða atkvæði um þetta mál. Það er í hæsta máta óviðeigandi og ég mótmæli þessari aðferð þingmannsins og segi: Við spyrjum að leikslokum hvernig greidd verða atkvæði í þessu máli og það kemur í ljós við afgreiðslu málsins en ekki í ræðum þingmannsins hér.

[17:25]

Kristján Pálsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við það að hv. þingmenn skuli geta komið hér upp og borið af sér sakir en viðurkenni í rauninni allt sem um var að ræða. Ég kalla það ekki að bera af sér sakir. Það kalla ég að misnota aðstöðu sína undir þessum þingskapalið, þ.e. að bera af sér sakir.

[17:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt eftir þessi orðaskipti að hæstv. forseti minnti þingmenn á að trúnaður ríkir um það sem fram fer í nefndum þingsins, þau orðaskipti sem fara fram í nefndum þingsins. Því er í hæsta máta óeðlilegt að menn séu að ræða það hér í þingsalnum hvaða orðaskipti menn hafa átt í nefndum þingsins um persónuleg málefni. Það er í hæsta máta óeðlilegt. Ég hefði talið eðlilegt, herra forseti, að forseti minnti þingmenn á það því að greinilegt er að einhverjir virðast ekki vita að trúnaður skal ríkja um það sem fram fer í þingnefndum.

[17:27]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna þessara orða hv. þm. vill forseti árétta og undirstrika að ekki hefur verið venja hér að bera orðaskipti, einstök orðaskipti í nefndum þingsins, inn í þingsal.

Forseti vill að gefnu tilefni árétta það að góður og nægur tími gefst til þessarar umræðu. Ræðutími þingmanna er ótakmarkaður. Þeir geta komið tvisvar og rætt málið. Forseti vill því beina því til hv. þingmanna að þeir nýti þá heimild sína fremur en að fara þær leiðir sem hér eru farnar, þ.e. ræði hér efnislega málið undir liðnum um fundarstjórn forseta, fari kannski stundum í að bera af sér sakir fyrir ekki allt of hörð ummæli og skapi sér þannig tækifæri til ræðutíma umfram aðra þingmenn. Þessum almennu tilmælum vildi forseti koma til þingmanna að gefnu tilefni.

[17:28]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Þeir sem knýja hér fram þá þáltill. sem liggur fyrir um framhald Fljótsdalsvirkjunar án umhverfismats bera sinn þunga bagga á þunnum ís yfir dimm og djúp vötn og þeir eru ekki öfundsverðir af sinni vegferð því að öll rök mæla með því að staldrað verði við og farið með þessa mikilsverðu og óafturkræfu aðgerð í mat á umhverfisáhrifum. Það er sáttaboð sem lagt hefur verið fram bæði af stjórnmálamönnum, embættismönnum og þjóðinni að stórum hluta. Með því að hafna því er slegið á þessa útréttu hönd.

Það liggur ljóst fyrir að náttúruverðmæti sem um er að tefla eru ekki aðeins mæld á mælikvarða Austfjarða eða Austfirðinga og ekki heldur á mælikvarða Íslendinga eða Íslands heldur er hér um náttúruverndargildi að ræða á heimsvísu. Við Íslendingar berum að þessu leyti ábyrgð gagnvart öðrum þjóðum og við eigum svo mikið undir virðingu annarra og samstarfi við aðra í umhverfismálum að við eigum ekki að höggva þegar við viljum að hlíft sé þegar við erum annars vegar.

Við Íslendingar eigum gríðarlega mikið undir samkomulagi um verndun gegn mengun hafsins. Við eigum jafnvel lífsafkomu okkar þar undir. Vaxandi mengun þekkja allir, vegna þungmálma og þrávirkra lífrænna efna. Við eigum mikið undir því að loftslag haldist stöðugt en hér verði ekki röskun á slíku, hvorki með efnum né breyttu hitafari. Þarna eigum við samleið með norrænum þjóðum og þurfum sem fyrst að gera nákvæman samning við aðrar þjóðir um þetta. Þá þurfum við að geta sýnt að við berum ábyrgð á því sem okkur er til trúað. Með því að fórna Eyjabakkasvæðinu án þess að geta sýnt fram á að við höfum farið í þann lögformlega gjörning sem alls staðar í nágrannalöndum og raunar hér hjá okkur sjálfum er viðurkenndur, erum við að sýna öðrum þjóðum og almennum viðhorfum lítilsvirðingu og við getum ekki ætlast til þess að okkur sé hlíft þegar við biðjum um grið.

Ósnortið land er takmörkuð auðlind og mun verða takmarkaðri eftir því sem lengra dregur. Manngerður heimur, náttúra sem hefur verið snortin, umturnað, eða raskað með einhverjum hætti, þau svæði fara vaxandi. Nægir að minna á eitt af okkar sáru tilvikum hér á Íslandi. Við hugsum e.t.v. ekki til þess þegar við göngum í gegnum Almannagjá að Drekkingarhylur var einu sinni allt öðruvísi en hann er nú. Hann var sprengdur upp á sínum tíma, þ.e. kletturinn þar sem hinar óhugnanlegu aftökur fóru fram. Síst vil ég halda minningu þeirra á lofti öðruvísi en að viðurkenna það að þarna er um sögulegan stað að ræða, stað sem sýnir það myrkur sem Íslendingar bjuggu við. Vegurinn er sömuleiðis sár í Almannagjá. En þarna var Drekkingarhylur eyðilagður til þess að koma þarna fyrir brú og vegi. Hversu gjarnan vildum við ekki að Drekkingarhylur væri ósnortinn? Hversu gjarnan vildum við ekki að gljúfrin í Soginu væru ósnortin? Þannig gæti ég haldið lengi áfram að telja. Manngert umhverfi er að vaxa á kostnað hins ósnortna. Þarna eigum við Íslendingar gimstein sem okkur er tiltrúað. Það kann að vera að við eigum að fórna honum vegna þess vanda sem menn telja að steðji að í byggðamálum. En að gera það án þess að þar fari fram mat eins og best gerist, er virðingarleysi sem okkur er ekki samboðið.

Umhvn. hafði afar stuttan tíma til að vinna sitt verk. Um leið og við neituðum að fara með málið í lögformlegt ferli og tókum það úr höndum þjóðar, skipulagsyfirvalda og úr hinu lögformlega ferli, með því að nýta okkur þær undanþágur sem virkjunin hefur, þá vorum við líka að taka á okkur ákveðna ábyrgð hér í þinginu, ábyrgð til að vinna sómasamlega og vel að málinu. Og svo sannarlega höfum við lagt okkur fram, öll sem eitt. En því miður er málið stærra og flóknara og umfangsmeira að vöxtum en svo að við getum sagt við verklok hér í dag að við höfum unnið fullnægjandi og gott verk. Því fer víðsfjarri. Þó hafa rannsóknargögn okkar, rannsóknarferð og gestir sem til okkar hafa komið, upplýst eitt sem er óyggjandi. Hér er um gríðarlega verðmikil náttúruverðmæti að ræða sem hefðu þurft að fá mun meiri rannsókn. Annað hefur líka komið fram á þessum skamma tíma, þ.e. rannsóknirnar eru hvergi nærri nægar til þess að byggja hina afdrifaríku ákvörðun á sem hér verður tekin núna að nokkrum dögum liðnum, hvergi nærri. Við getum deilt að sjálfsögðu. Átti að rannsaka meira eða minna eins og það er orðað? Alltaf má rannsaka meira. En þetta á ekkert skylt við einhverja löngun mína eða vísindamanna eða embættismanna til að rannsaka í hið óendanlega. Það er ómótmælanlegt að fram hefur komið að rannsóknirnar standa hvergi undir hvorki þeim rannsóknum sem við teljum okkur sæma hér í þinginu né heldur því sem mundi vera viðurkennt í matinu á umhverfisáhrifum ef þetta hefði farið í þann gjörning. Þetta undirstrikar ekki endilega það að ég hafi rétt fyrir mér eða aðrir hafi rangt fyrir sér um hvort þarna eigi að virkja eða ekki. Það sýnir aðeins eitt sem er ómótmælanlegt, þetta mál þarf meiri tíma, þetta mál þarf meiri rannsókn. Við erum að hrapa hér að ákvörðun sem aldrei verður aftur tekin án þess að geta afsakað það með nokkrum hætti miðað við þær skömmu og fáu og gloppóttu rannsóknir sem fyrir liggja.

Umhvn. fékk röska viku ef í virkum dögum er talið til þess að fara yfir gögn málsins, fá gesti til sín og ræða málið. Umhvn. fór inn á Eyjabakka til þess að skoða málið og skoðaði það sömuleiðis með mönnum fyrir austan. Það er ekki rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni að það hafi eingöngu verið gert vegna væntanlegrar þáltill. sem hér er verið að ræða. Það var gert m.a. vegna þáltill. sem ekki hefur enn verið afgreidd í umhvn., þ.e. að Fljótsdalsvirkjun færi í mat á umhverfisáhrifum.

En lítum aðeins á hvernig málið var unnið í umhvn. Lítum aðeins á gögnin. Mjög viðamikil gögn bárust. Engu að síður kom fram fjöldi ábendinga og reyndar framlagðar skýrslur sem enginn leið var að lesa eða engin leið var að afla. Ég nefni aðeins eina. Skýrsla um hreindýrastofninn lá ekki fyrir í nefndinni fyrr en undir það síðasta þegar engin tök voru á að kynna sér hana með neinum hætti eða bera hana saman við fyrirliggjandi rannsóknir.

Við hefðum viljað fá mun fleiri gesti og ég vil nefna nokkra. Norsk Hydro er örlagavaldur hér í þessari umræðu. Það er vegna yfirlýsinga fyrirtækisins sem við stöndum hér og erum að afgreiða mál með þessum hraða sem mér hefur þó heyrst á ýmsum forsvarsmönnum virkjunarmála að þeir hefðu gjarnan viljað vera lausir við og viljað fara í mat á umhverfisáhrifum, en það hefði ekki verið hægt vegna þess að menn vilja ekki taka þá áhættu sem gæti skapast af því að biðja Norsk Hydro um að bíða. Þetta er að sjálfsögðu áhrifavaldur og örlagavaldur hér í þessari umræðu. Auðvitað áttum við að fá Norsk Hydro hingað til viðræðna við okkur alveg eins og hverja aðra. Og ég er ekki sammála þeim viðhorfum að þar með séum við að knékrjúpa fyrir þessu fyrirtæki, hvorki fyrir Norðmönnum né Norsk Hydro. Við erum Alþingi Íslendinga, elsta löggjafarvald í heimi. Við erum hér sjálfstætt fólk sem getum fengið hvern og einn sem okkur sýnist til viðtals ef okkur þykir svo henta, hvort sem hann er innlendur eða erlendur. Þar erum við ekki á neinum biðilsbuxum eða á hnjánum, heldur erum við í fullum rétti að biðja um upplýsingar.

Við hefðum viljað spyrja Norsk Hydro um tvennt.

Í fyrsta lagi: Hvernig eigum við að skilja misvísandi yfirlýsingar fyrirtækisins þegar fyrri yfirlýsing fyrirtækisins er ekki dregin til baka?

Í öðru lagi hefðum við viljað spyrja Norsk Hydro um umhverfisstefnu fyrirtækisins, hvaða umhverfisstefnu fyrirtækið reki í sínu heimalandi og öðrum löndum og hvort fyrirtækið telji að rétt af því að taka þátt í slíku verkefni sem hér er um að ræða án þess að umhverfisstefna þess komi þar nokkuð nálægt. Og við hefðum viljað spyrja fyrirtækið hvort verið geti að það líti svo á að hér sé um tvær ólíkar aðgerðir að ræða, þ.e. annars vegar virkjunina og hins vegar álverið.

Ég hef kynnt mér þessi mál, hvernig með þetta er farið í öðrum löndum, í nágrannalöndum okkar. Þar er litið á þetta mál í heild sinni, þ.e. álverið og virkjunina sem heild. Norsk Hydro ber hér ábyrgð. Norsk Hydro getur ekki komið hingað til Íslands og rekið hér einhverja gamaldags nýlendustefnu, þvegið hendur sínar og firrt sig allri ábyrgð í þessu og bent á íslensk stjórnvöld og Alþingi til endanlegrar ákvörðunar, eins og það komi hvergi nærri, á sama tíma og þeir sem eru í tengslum við fyrirtækið fara undan í flæmingi um að láta fyrirtækið svara hér fyrir afstöðu sína.

Þetta náðist ekki og framhaldið þekkja allir. Iðnn. neitaði málinu. Við hefðum sömuleiðis viljað fá til okkar Þjóðhagsstofnun, ekki endilega vegna þess að við hefðum viljað rannsaka til hlítar arðsemisútreikninga. Við hefðum viljað spyrja Þjóðhagsstofnun um hvernig meta ætti náttúrufarsþátt málsins, hvernig meta ætti landið sem fer undir virkjunina og hvernig meta ætti auðlindina. Í fyrirvara sem Þjóðhagsstofnun gerir í málinu þegar hún fjallar um það, kemur fram í einni af fyrstu setningunum að undanskilinn sé náttúrufarseða umhverfiskostnaður sem ég skil að sé fórnarkostnaður við náttúruna, þ.e. landið og auðlindin sjálf. Við hefðum viljað spyrja Þjóðhagsstofnun um þessi mál því að nú þegar, eins og allir vita, eru til aðferðir sem gera mönnum kleift að gera útreikninga af þessu tagi. Líka hefði mátt reyna að átta sig á hvað annað eða hvers konar önnur verðmæti mætti hafa á þessu svæði, ef því hefði verið þyrmt og það notað til annarra þátta. Til þessa vannst ekki tími.

Við hefðum sömuleiðis viljað fá til okkar grasa- og plöntufræðinginn Ágúst H. Bjarnason sem var fulltrúi Landsvirkjunar og fékk það vandasama og ábyrgðarmikla verkefni að endurmeta þær fyrirliggjandi rannsóknir sem til eru og gera viðbótarrannsóknir til þess að styrkja gróðurfarsrannsóknirnar. Í skýrslu hans kemur hvorki fram í rannsóknargögnum né í almennum niðurstöðum að hann hafi komist inn á Eyjabakkasvæðið, enda segir hann það í skýrslu sinni. Hann hefur hins vegar látið koma fram að hann hafi komist inn á svæðið og það þykir mér ánægjulegt að heyra enda þó þess hafi ekki verið getið í skýrslunni. Við hefðum viljað vita hver viðhorf hans væru um þau efni og ég tek þann mann fyllilega trúanlegan og hefði gjarnan viljað heyra sjónarmið hans um þessi efni. Það vannst ekki tími til að gera þetta.

Það hefur varpað óvissu og vafa í huga okkar umhverfisnefndarmanna, a.m.k. þeirra sem standa hér að 2. minnihlutaáliti, um lagastoð fyrir þessum gjörningi sem hér stendur til að afgreiða. Annars vegar höfum við mat skipulagsstjóra, sem er einhver veigamesta stofnun umhverfismála á Íslandi, og það er stutt með áliti í greinargerð iðnrh. sem öllum er kunnugt um og ég mun koma að á eftir. Lögfræðingar umhvrn. eru hins vegar á annarri skoðun. Þar að auki hefur vafa verið komið á framfæri um lögmæti þessa gjörnings miðað við Evróputilskipanir og samninga sem við höfum þar undirgengist.

Nú ætlum við, herra forseti, að ganga hér til atkvæða um mál sem lagaóvissa ríkir um. Getum við farið í slíkan gjörning? Við vildum fá úr þessu skorið með því að fá til okkar gesti sem gætu eitthvað frekar um þetta sagt. Við vorum ekki að taka neina afstöðu í málinu, en við vildum fá óháða aðila sem gætu komið úr hvaða átt sem svo sem væri, óháða lögfræðinga. Háskóli Íslands hefur t.d. verið nefndur. Það var ekki hægt að gera þetta. Ég gæti haldið áfram lengi að telja, gögn, gesti og annað sem vantaði til þess að þetta mál væri unnið sómasamlega á þessari rösku viku sem við tókum í það. Herra forseti. Við þykjumst ætla að taka að okkur einhvers konar umhverfismat fyrir hönd þjóðarinnar á röskri viku. En til þess vannst ekki tími. Og þegar þessi tími var úti þá var enginn tími til ráðstöfunar til þess að fara í efnislega umræðu í nefndinni. Tíminn var úti.

Eins og menn sjá á þeim ályktunum sem hér hafa komið fram frá umhvn., þá voru skiptar skoðanir um þetta. Engin tækifæri gáfust til þess að fara í djúpa umræðu um þann ágreining sem var á milli manna um málið.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvaða kröfur menn gera hér til sjálfs sín. En ég get ekki sagt að ég hafi unnið þetta verk þannig að ég geti horft í augu þjóðarinnar, í augu kjósenda, í augu þess almennings sem hefur verið sviptur tækifærum að hafa hér lögbundin áhrif. Ég get ekki horft í augu sérfræðinga, manna sem ég veit að eru margir á heimsmælikvarða sem betur fer, og sagt við þá: Við tókum þetta af ykkur. Þið verðið að sætta ykkur við það. En við unnum þetta mál þannig að það er fullunnið og við getum tekið ákvörðun um það með afdrifaríkum hætti í Alþingi. Ég treysti mér ekki þess til að gefa slíka yfirlýsingu. Og ég undrast metnaðarleysi þingmanna, hæstv. forseti, sem telja að þetta verk sé vel unnið. Það er hvorki vel unnið með þeim rannsóknum og gögnum sem liggja fyrir og það er ekki vel unnið hér í Alþingi. Ég harma að málið skuli tekið hér til endanlegrar afgreiðslu í þessum búningi. Við höfum múrað okkur hér inni, innan við hina þykku veggi Alþingis. Úti stendur almenningur og vill fá að komast að þessu máli. En honum er haldið fyrir utan málið. Við gætum afsakað það ef við gætum gengið hér út og sagt að við höfum unnið þetta vel. En það getum við ekki.

Allt þetta sem ég hef nú rakið þurfa menn ekki endilega að taka sem rök um að ekki eigi að virkja. En allir sem sitja hér og eru sanngjarnir og horfa með tærum huga til málsins, vita að ég er að mæla sannleika. Þetta mál er ekki í þeim *búningi að við getum afgreitt það. Mál á að fara í mat á* umhverfisáhrifum samkvæmt hinum lögformlega gjörningi.

Virðulegi forseti. Þáltill. þessi er fyrst og fremst byggð á skýrslu Landsvirkjunar sem heitir Fljótsdalsvirkjun – Umhverfi og umhverfisáhrif, enda er til þess vitnað. Sú skýrsla er unnin annars vegar á grunni fyrri rannsókna og síðan á rannsóknum sem gerðar voru í nokkurri skyndingu. Skýrslan er um margt prýðilega gerð og vil ég þar sérstaklega nefna kaflana sem snúa að mannvirkjagerðinni og jarðfræðikaflann. Þeir sýnast mér að séu allvel og jafnvel prýðilega vel unnir. *En því miður er kaflinn um dýralíf og gróðurfar,* kaflinn sem er mikilsverðastur, kaflinn sem hinn stóri styr stendur um, þar sem við erum einmitt að biðja um að sé þyrmt, vægt og skoðað, slakastur í skýrslu Landsvirkjunar. Þar er stærsta gatið í þessu máli í þeim búningi sem það er fært hér inn í þingið og það er svo alvarlegur hlutur að mat á umhverfisáhrifum hlýtur að vera hið eina svar.

Meginmálflutningur allra þeirra stofnana sem komu til nefndarinnar og þau álit sem bárust frá sérfræðingum þar sem við báðum um að menn tækju afstöðu til efnislegra atriða í skýrslunni og skýrslunnar í heild, var sá að þessi skýrsla og ýmis efnistök hennar fullnægðu ekki þeim kröfum sem þyrfti að gera til þess að málið teldist fullmetið og stæðist ekki þær kröfur sem menn gera um mat á umhverfisáhrifum. Þar á meðal voru sérfræðingar og stofnanir á borð við skipulagsstjóra, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúruvernd, Náttúruverndarráð. Til nefndarinnar komu félagasamtök sem mönnuð voru sérfræðingum, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Íslands, Umhverfisverndarsamtök Íslands, Samtök útivistarfélaga og fleiri mætti telja. Hér er ekki tækifæri til þess að geta um öll þessi atriði enda koma þau fram í áliti 2. minni hluta umhvn. En ég vil aðeins tæpa á nokkrum atriðum.

Skipulagsstjóri segir að það vanti framkvæmdaleyfi, deiliskipulag liggi ekki fyrir og byggingarleyfi liggi ekki fyrir. Þetta eru ekki léttvægir hlutir þegar skipulagsstjóri ríkisins kveður upp úr með þessum hætti. Skipulagsstjóri talar ekki aðeins um þessi leyfisatriði málsins heldur kemur að ýmsum efnisþáttum öðrum, svo sem að efnistöku og dreifingu efnis eru ekki gerð fullnægjandi skil í skýrslunni. Ekki er fullnægjandi grein gerð fyrir því hvar og yfir hvers konar land eigi að dreifa gíðarlegu miklu efni og þetta efni er tíu sinnum það magn, þ.e. það lágmark sem krefst mats á umhverfisáhrifum, tíu sinnum meira. Ekki er orð um það hvar á að dreifa því eða yfir hvaða land. Á hvað kallar þetta? Þetta kallar á mat á umhverfisáhrifum og þetta segir ekki einhver maður sem hefur dottið þetta í hug af illgirni, þetta er skipulagsstjóri ríkisins sem ég ætla að skjóta hér skildi fyrir. Ég hef unnið með skipulagsstjóra ríkisins í fimm ár og átt samstarf við hann um setningu flókinna laga, svo sem skipulags- og byggingarlaga, og ég fullyrði að þar fer vandaður embættismaður sem hefur yfirburðaþekkingu, er sanngjarn og sýnir embættisheiður að öllu leyti í sínum störfum. Og þau orð sem hafa fallið hér í dag eru í engu samræmi við samstarf mitt við þennan ágæta embættismann.

Í máli og gögnum skipulagsstjóra kemur einnig fram að náttúrufarsrannsóknir eru ónógar og umsögn hans fellur í sömu átt og ég gat um áðan um dýralíf og gróður. Þá kemur einnig fram í máli og gögnum skipulagsstjóra að valkostir eru ekki reiknaðir út. Ef farið hefði verið í mat á umhverfisáhrifum þá hefðu að sjálfsögðu verið skýrðir ýmsir valkostir, aðrir kostir sem hefðu hlíft náttúrunni meir en Fljótsdalsvirkjun gerir í þeim búningi sem hún er núna. Í skýrslu Landsvirkjunar eru engir útreikningar sem sýna slíka valkosti. Þetta er mjög miður og sýnir muninn á hinum þrönga búningi sem málið kemur í til okkar og þeim búningi sem það hefði farið í ef það hefði farið í mat á umhverfisáhrifum, þar sem á að sjálfsögðu að bera saman valkosti. Allt kallar þetta á mat á umhverfisáhrifum. *Allt kallar þetta á að staldrað sé við*

þannig að við önum ekki út í fenið nema vita hvar fast er undir fæti og hvað við getum leyft okkur.

Herra forseti. Án þess að ég vitni sérstaklega til sérfræðinga, en slíkt er hægt bæði með þeim gögnum sem fyrir liggja og í því áliti sem ég tala hér fyrir, þá vil ég koma að dýralífsþættinum.

Dýralífsþátturinn snertir annars vegar hreindýr og hins vegar fugla að langstærstum hluta. Þetta eru stærstu dýrastofnar sem eiga griðland á Eyjabökkum. Almennt má segja um dýralífsrannsóknirnar að þær eru að meginstofni til gamlar og grunnur þeirra er gamall og að því leyti sem rannsóknirnar hafa verið endurnýjaðar þá eru þær stopular og þær eru ekki gerðar samkvæmt þeim aðferðum eða með þau markmið í huga sem fullnægja þeim kröfum sem við gerum hér til þess að afgreiða þetta mál.

Lítum aðeins á hreindýrin. Hreindýrarannsóknir voru gerðar fyrir nær 20 árum, en síðan hafa talningar yfirleitt farið fram einu sinni á ári, en nú undir hið síðasta einu sinni til þrisvar á ári. Og hvers vegna hafa þessar talningar verið gerðar? Þetta eru stofntalningar, talningar vegna veiði, vegna veiðiálags. En, virðulegi forseti, engar ferlirannsóknir hafa verið gerðar. Engar ferlirannsóknir um það hvaðan dýrin koma, hvert þau fara og hvernig þau hreyfa sig, hversu lengi þau staldra við á Eyjabökkum. Engar beitarrannsóknir hafa heldur verið gerðar. Síðasta sumar fór algjörlega forgörðum. Það var algjörlega vannýtt til rannsókna. Hefði nú ekki átt að ganga í það með GPS-mælingum að fylgjast með dýrunum þetta síðasta sumar sem hægt var að fylgjast með þeim? Það sýnir andvaraleysi framkvæmdaraðilans að slíkt skuli ekki hafa verið gert. Þessar aðferðir eru núna þekktar og auðveldar. Ég vil ekki segja að þær séu ódýrar. En miðað við þau ósköp sem við stöndum hér í, þá hefðu þær verið sjálfsagðar. Nú er verið að gera slíkar rannsóknir með GPS-tækjum á dýrum, m.a. á Hornströndum, þ.e. refarannsóknirnar, og fleira mætti telja. Fylgst er með farfuglum sem koma til landsins. Þessar rannsóknir með GPS-tækjum þekkja allir. En þetta var ekki gert. Þetta sýnir andvaraleysi. Ég ætla ekki að ásaka Landsvirkjun fyrir að þetta sé í illu skyni gert því Landsvirkjun hefur svo sannarlega margt vel unnið og gengið á undan með góðu fordæmi í frágangi mannvirkja og með mörgum hætti í umhverfismálum. En kröfurnar eru bara orðnar meiri núna. Kröfurnar eru orðnar meiri núna heldur en að menn geti nýtt sér gamlar rannsóknir sem gerðar eru með stofntalningum og að sumarið sé látið líða án þess að gera ferlirannsóknir. Virðulegi forseti. Af því ég tala um hreindýrin og það blasir við að virkjunum verður fjölgað á Austurlandi og á hálendinu upp af Austurlandi, þá vita allir að nærtækasta virkjunin verður Kárahnúkavirkjun. Og þá eru ekki aðeins farnir Eyjabakkar og beitilandið þar sem einn fjórði til einn þriðji hluti stofnsins hefur aðsetur og beit, heldur er burðarsvæðið líka farið, svæðið fyrir ofan Kárahnúka. Fróðir menn, sérfræðingar sem ég hef talað við, taka svo djúpt í árinni að þeir segja að við getum búist við því að þessi stofn sem lifir við jaðaraðstæður, ef ég má nota það orð, muni falla að stórum hluta, jafnvel hverfa alveg úr höndum okkar. Og þá erum við Íslendingar fátækari en áður.

Ekkert af þessu var rannsakað núna í sumar. Það er metnaðarleysi að koma síðan með þessar rannsóknir hingað inn í þingið og metnaðarleysi hjá þingmönnum sem telja að þetta séu nægar upplýsingar til þess að taka ákvörðun. Þetta eru ekki nægar upplýsingar til þess að fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögformlegum gjörningi þó að sérfræðingar mundu skerast í málið, hvað þá að því er varðar okkur sem erum fæst sérfræðingar á sviði náttúrufars og dýralífs sem þó eru hér til í þessum sal. Þá er þetta hvergi nærri fullnægjandi. Þetta kallar á mat á umhverfisáhrifum. Það liggur í augum uppi. Við getum deilt um það fram og til baka hvort hreindýrin voru tíu fleiri eða færri, hvort þau hefðu farið yfir Eyjabakkana á lengri eða skemmri tíma eða bitið þar lengur eða skemur. Við vitum þetta ekki. Við hreinlega vitum þetta ekki. Við eigum þess vegna að fara með þetta í mat á umhverfisáhrifum.

Ég vil þá koma að heiðargæsinni. Menn tala stundum af mikilli óvirðingu, ekki endilega í þessum þingsal, í almennum orðum í þjóðfélagsumræðunni, um gæsir með svona heldur léttvægum tón en átta sig ekki á því, a.m.k. mætti það af orðum dæma, að heiðargæsin er mjög sérstakur og verðmætur fugl. Þetta er verðmætur fugl. Þetta er verðmætur dýrastofn sem við Íslendingar berum meiri ábyrgð á heldur en flestar aðrar þjóðir. Allir vita, og óþarfi er að tala um það úr þessum ræðustól, að heiðargæsin fellir fjaðrir á Eyjabökkum og hún þarf alveg sérstakar aðstæður til þess að fella fjaðrir. Þær eru taldar upp í skýrslu Landsvirkjunar þar sem vitnað er væntanlega í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Landið þarf að hafa nokkur skilyrði sem gera það að kjörlendi sem fellistað fyrir gæsina. Í fyrsta lagi þarf að vera greiður aðgangur að vatni því gæsirnar fella ávallt fjaðrir í grennd við vatn og leita þangað við aðsteðjandi hættur. Gæsin þarf að hafa víðsýni. Gæsin þarf að geta séð óvini sína á löngu færi og hingað til hefur óvinur gæsarinnar fyrst og fremst verið refurinn. Refnum hefur nú borist nokkur liðsauki úr öðrum áttum og ætla ég ekki að vera með neinar samlíkingar á því sviði. Gæsin þarf að hafa næg beitarlönd þar sem prótínrík fæða er til staðar. Þessa prótínríku fæðu er ekki alls staðar að hafa. Hana er einmitt að hafa á Eyjabökkum þar sem landið kemur seint undan snjó og grasið fær kjarna sinn og safa þegar áliðið er sumars einmitt þegar gæsin kemur og er í sárum og þarf því að hafa beitarland sitt á Eyjabökkunum. Þetta búum við ekki til. Gæsin þarf að hafa afskekkt svæði þar sem mannaferðir eru ekki tíðar á fellitímanum í júlí. En þá segja menn: „Ef þetta er orðið svona mikið ferðamannasvæði þá verður það að sjálfsögðu eyðilagt og á þá að banna ferðamönnum að koma þarna og þar fram eftir götunum? Eru menn ekki orðnir tvísaga í málinu?“ Er mönnum ekki ljóst að á viðkvæmum varpsvæðum fugla, eins og t.d. við Mývatn, eru mannaferðir takmarkaðar þegar fuglinn þarf helst á friði að halda? Þurfa menn að vera nokkuð hissa á því þó að mannaferðir yrðu þá takmarkaðar um skamman tíma á Eyjabökkum? Það þýðir ekki það sama og að við ætlum ekki að hleypa nokkrum manni þangað. Að sjálfsögðu þyrfti að taka tillit til þeirrar viðkvæmu náttúru sem þar er á þeim skamma tíma sem gæsin er þarna.

Það má hafa langt mál um gæsina. Enginn veit hvað verður um gæsina og gæsastofninn þegar þessu landi verður fórnað undir vatn. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á slíku. Til eru aðferðir sem náttúrufræðingar hafa sagt mér frá sem eru áhætturannsóknir þegar náttúrufari er raskað, það hafa engar slíkar rannsóknir verið gerðar og enginn tími til slíks. Allt kallar þetta á mat á umhverfisáhrifum. Ég vil að það komi fram í umræðunni að fellistaðir gæsanna sem uppfylla þessi skilyrði um kjörlendi, sem ég var að lesa hér upp, eru takmörkuð auðlind. Hv. þm. Kristján Pálsson kom hér og talaði um að að gæsin hefði marga staði á hálendinu. Það er rétt að því leyti að gæsin hefur mjög marga varpstaði,

heiðagæsin hefur mjög marga varpstaði, verpir mjög víða, en fellistaðirnir eru fáir. Það er takmörkuð auðlind. Eyjabakkarnir eru einstakir hvað þetta varðar og allt gáleysislegt tal um heiðagæs eins og einhvern ómerkilegan dýrastofn hæfir ekki umræðunni.

Því miður hef ég miklar efasemdir um þær upplýsingar að gæsin geti sætt sig við manngerð lón. Ég efast um að þar sé farið með rétt mál. Varðandi þær hugmyndir sem hafa komið fram um manngerða hólma þar sem gæsin á að taka sér bólfestu er hugsanlegt að þessir manngerðu hólmar gætu nýst gæsinni til varps en sáralítið gætu þessir hólmar orðið fellistaður fyrir gæsina. Því miður. Ég hef kannað þetta hjá tveimur virtum náttúrufræðingum hérna og því miður er einfalt að segja það að ekki er hægt að binda vonir við þessa hólma. Kemur þar margt til, bæði stærðin og hið safaríka og prótínríka gras er ekki eins og húsagarður, þarna er um náttúrufarslegt ferli að ræða sem við eigum ekki auðvelt með að lífga með höndum okkar. Þar að auki eru allar líkur á því að rof verði gríðarlega mikið við þessa hólma þegar vatnsstaða er lág. Fleira gæti ég talið til sem náttúrufræðingar hafa sagt mér að muni að öllum líkindum verða þessari hugmynd að fjörtjóni. Í því bréfi og svari sem hv. þm. Kristján Pálsson las upp kemur fram hinn góði ásetningur, sem ég met hjá Landsvirkjun að gera tilraunir með þetta, en Landsvirkjun hefur ekkert fast í hendi og hvað þá heldur um að þarna takist að ná góðum árangri. Ég ætla ekki að fara neinum gáleysislegum eða kersknislegum orðum um þessar hugmyndir, ég held að þar liggi einlægur hugur að baki, bæði hjá þeim sem sett hafa þessar hugmyndir fram og eins líka hjá Landsvirkjum í þeim svörum. Maðurinn getur því miður ekki sagt gæsinni fyrir verkum, mönnum datt það síðast í hug þegar átti að sökkva Þjórsárverum hvort gæsin vildi ekki gjöra svo vel og færa sig á svæði sem átti að vera annars staðar en hurfu frá þeim hugmyndum.

Hvernig eru gæsarannsóknirnar gerðar? Gæsarannsóknirnar eru að stofni til gamlar. Þær gæsarannsóknir sem hafa verið gerðar eru byggðar á talningum að stofni til einu sinni á ári, þó svo þær hafi verið styrktar í nokkur skipti og þær hafa verið gerðar eins og sá sem það gerði sagði, ég stalst til að gera þær um leið og ég taldi hreindýrin. Þetta er talning á stofninum, dagspart, einu sinni, tvisvar eða þrisvar á sumrin eftir atvikum, yfirleitt einu sinni á sumri. Dagspartur einu sinni til tvisvar til þrisvar á sumri. Engar beitarrannsóknir. Samt hefur stofninn stækkað stórlega. Talað er um að þarna séu nauðbitin svæði, engar rannsóknir á beitinni. Engar rannsóknir. Engar ferlirannsóknir. Engar rannsóknir á hvenær gæsin kemur, hvert hún fer, og ekkert áhættumat sett fram um hvað muni gerast. Þetta er stofn sem við berum ábyrgð á. Hvað kallar þetta á? Þetta kallar að sjálfsögðu á mat á umhverfisáhrifum. En þingmenn ætla að sætta sig við þessa algjöru eyðu um svo ábyrgðarmikið mál og greiða atkvæði án þess að virkjunin fari í mat á umhverfisáhrifum og telja rúma viku í rannsókn umhvn. vera næga til þess að taka þessa ákvörðun.

Virðulegi forseti. Fleiri vafaatriði komu fram í umhvn. frá virtum sérfræðingum, sérfræðingum sem enginn efast um, hvorki umhvn. né annars staðar, og vil ég þar nefna eitt nafn — Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands — enginn efast um orð hennar og heiðarleika. Hún kom með margar ábendingar til nefndarinnar. Ein af þeim ábendingum sem prófessorinn kom með til okkar var að ekki væri með fullnægjandi hætti sýnt fram á í skýrslu Landsvirkjunar hvaða áhrif rof og fok gæti haft á Eyjabökkum. Þar er annars vegar byggt á nokkrum rannsóknum á Íslandi og sömuleiðis á bandarísku módeli en prófessorinn lagði fram skýr rök og gögn þess eðlis að við hljótum að efast um málið. Hvað kallar þetta á? Þetta kallar á rannsóknir, þetta kallar á mat á umhverfisáhrifum. Ég ætla aðeins að draga fram eina mynd, hún er ekki tekin upp til þess að vera með slagorð eða hrakspár. En, virðulegi forseti, í þurrum árum fara saman tveir áhættuþættir. Það fara saman tveir áhættuþættir, vatnsstaðan í lóninu verður lág og landið er þurrt sem kemur undan vatningu, eða þornar fljótt. Þetta eru kjöraðstæður fyrir rofi og fok. Hverjar eru ríkjandi vindáttir við þessar aðstæður? Það er suðvestanáttin sem kemur þurr og hlý og oft nokkuð hvöss yfir Vatnajökul og hvert ber hún leirinn og sandinn nema að sjálfsögðu niður eftir gróðurhulunni í átt til byggðarinnar? Við erum að tala um gjörólíkar aðstæður því sem við værum að tala um ef þetta land væri lægra en ekki í 650 metra hæð. Hérna erum við með jaðarsvæði sem hefur að sjálfsögðu teygt sig til hins ýtrasta. Halda menn að röskun á þessu jafnvægi hafi engin áhrif? Ég er ekki að spá því sem kann þó að gerast að þarna teygi sig sandtunga úr botni uppistöðulónsins niður eftir hinu gróna svæði. Þar segir einhvers staðar í góðum kafla eða í góðum gögnum, sem ég kem ekki fyrir mig að vitna í með fullri vissu á þessu augnabliki að þá sé hægt eða þá verði að grípa til mótvægisaðgerða og bregðast við. Því miður, hæstv. forseti, eru aðstæður við Eyjabakka þannig að mjög erfitt er að bregðast við með nokkrum hætti. Innan við lónið er jökullinn og það er mjög erfitt að bregðast við uppblæstri og foki við þessar aðstæður.

Það er öllum kunnugt, sem hafa komið nálægt þessu máli að lónið fer allt niður í átta ferkílómetra og allir vita þá hverjar aðstæðurnar eru. Hafa þingmenn ekki komið að jökuljarðvegi, jökulleir, hafa þingmenn ekki séð þetta? Ég er alinn upp á svæði sem er ekkert langt frá slíkum svæðum, ég hef haft þetta fyrir augunum, ég veit alveg um hvað við erum að tala. Við erum að tala um gríðarlega áhættu á jaðarsvæði sem við eigum e.t.v. ekki kost á að takast neitt á við. Þó að af öðrum ástæðum sé og aðrar aðstæður ætla ég að minna menn á það hvernig hefur mönnum gengið að takast á við sandfokið við Dimmuborgir. Og hefur þó verið eytt býsna miklum peningum þar. Það er að vísu við aðrar aðstæður að etja en menn sjá það þegar jaðarsvæðin inn við Eyjabakka fara að rofna, þá er voðinn vís. Hvað kallar þetta á? Þetta kallar á frekari rannsóknir og mat á umhverfisáhrifum. Við höfum ekki þá þekkingu sem réttlætir svo afdrifaríka ákvörðun.

Herra forseti. Ég hef lagt mitt til að minnismerki um hraukana hafi verið reist í þingtíðindum og þingskjölum. Hraukarnir eru jökulmyndanir eða áhrif jökuls sem eru einstæðir á heimsmælikvarða. Þeir mynduðust við þær aðstæður að undir lok síðustu aldar gekk jökullinn mjög hratt fram í gróið land. Þar urðu til hraukarnir, nokkurs konar jökulgarðar eða bylgjuhreyfing, sem er jafnvel hvergi að finna í allri veröldinni. Fregnir hafa borist án tilvitnana um að slíkir hraukar eða sambærilegir séu á Svalbarða. Engin gögn hafa verið lögð fram um það. Mér er sagt af náttúrufræðingum að hraukarnir á Íslandi séu annarrar gerðar. Mikið er lítillæti okkar þingmannanna og lítillæti okkar Íslendinga um leið og við eyðileggjum hraukana að við getum hallað okkur á hliðina og sofnað rólega og sagt: Við skulum nú ekki hafa áhyggjur af þessu, hraukarnir eru til á Svalbarða. Það er meira lítillæti en ég get sætt mig við. Þessu á að fórna, ekkert

mat á umhverfisáhrifum, engin tilraun gerð til að athuga hvort hugsanlegt væri að hafa lónið minna og reyna að verja 4–5 innstu kílómetrana sem eru verðmætastir. Ég ætla ekki að taka upp hina bráðsnjöllu og kersknislegu hugmynd hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að reka stálhlið niður inn við hraukana en það er von að hv. þm. hafi komið með slíka hugmynd í framhaldi af náttúrufræðifyrirlestrum sem hér hafa verið haldnir í þinginu. (Gripið fram í.) Þetta kallar á mat á umhverfisáhrifum.

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi rakið hér hvert atriðið á fætur öðru sem snertir viðkvæm og verðmæt náttúrueinkenni sem ekki eru rannsökuð þá er það þó ótalið sem verst er. Það eru gróðurfarsrannsóknirnar. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að mér brá mjög í brún á þeirri rúmu viku sem við höfðum málið til umfjöllunar í umhvn., að sjá hversu gloppóttar þær rannsóknir eru. Mér fannst alltaf að dýralífsrannsóknirnar væru það sem mestar áhyggjur þyrfti að hafa af. Ég vissi eins og ég hef rakið hér að þær eru gloppóttar en mér kom aldrei til hugar að svæðið hefði verið jafnlítið rannsakað frá gróðurfarslegu sjónarmiði og raun ber vitni.

Ég ætla ekki að vera með neinar ásakanir. Ég efast ekki um að þeir sem gerðu rannsóknirnar hafi gert þær af heiðarleika og vandvirkni. Þar á meðal voru færustu sérfræðinga okkar og ég geri ekki lítið úr vilja Landsvirkjunar til þess að gera þær rannsóknir sem best úr garði. En virðulegi forseti, við skulum tala hér sannleika málsins. Grunnurinn í þessum rannsóknum er 20 ára gamall. Þar eru fyrst og fremst grunnrannsóknir sem byggja á tegundatalningum sem fram hafa farið og staðháttalýsing en engar vistfræðilegar rannsóknir eru gerðar og þær hafa ekki verið endurnýjaðar.

Landsvirkjun fékk ágætan grasa- og plöntufræðing, Ágúst H. Bjarnason, til að meta fyrri rannsóknir og gera ítarlegri rannsóknir. Ég met þessa tilraun Landsvirkjunar mikils en skelfilegt er að vita til að við skulum ekki hafa ítarlegri rannsóknir frá síðasta sumri um Eyjabakkana, ekki síst verðmætasta svæði Eyjabakkanna, hið innsta og hraukana og eyjarnar. Það er hörmulegt að síðasta sumarið sem þessi gróður fær að lifa með nokkurri vissu án þess að nærri komi vinnuvélar hafi ekki verið notað betur, a.m.k. af náttúrufars- og sögulegum ástæðum ef ég má orða það svo. Ef Landsvirkjun hefði notað þetta sumar og ekki látið vatnavexti í einhverja daga koma í veg fyrir það að kortleggja þetta svæði og gert þarna rannsóknir, ekki með einum manni heldur með nokkrum vísindamönnum sem hefðu tekið svæðið rækilega til rannsókna, ef þá hefði komið í ljós að þetta svæði og gróðurfar væri eins og fyrir 20 árum, þó það væru ekki vistfræðirannsóknir heldur fyrst og fremst tegundatalningar, þá stæðum við betur. En, herra forseti, við erum tómhent. Okkur vantar upplýsingar um Eyjabakkana.

Ég spyr hv. þingmenn: Treysta þeir sér til að styðja á hnapp og taka ákvörðun sem varðar svo mikilsvert svæði án þess að hafa ítarlegri gögn um gróðurfarið á Eyjabökkum en raun ber vitni? Hvað kallar þetta á? Þetta kallar á mat á umhverfisáhrifum. Ég held því ekki fram að það eigi ekki að virkja þarna en við ættum aðeins að gera það á grundvelli bestu þekkingar og með bestu aðferðum. Það er ekki gert.

Niðurstaða okkar, virðulegi forseti, sem stöndum að 2. minnihlutaáliti umhvn. er því að Fljótsdalsvirkjun eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Það er meginniðurstaða okkar og sú efnislega niðurstaða er studd af þremur öðrum þingmönnum. Þessir fimm þingmenn eru efnislega samhljóða um sitt álit. Þessir fimm þingmenn eru að sjálfsögðu fleiri en hinir sem skrifa á 1. minnihlutaálitið. Það er hin mikilvæga niðurstaða. Í nefndinni eru fleiri þingmenn sem standa saman um þetta. Ég harma að menn hafi komið hér hvað eftir annað og reynt að tortryggja þessa niðurstöðu. Ég harma það að hv. þm. Kristján Pálsson hefur ítrekað komið í ræðustól og látið að því liggja að ég hafi með einhverjum hætti látið afstöðu mína í ljós á fundi með iðnn. þegar báðar þær nefndir hittust, umhvn. og iðnn. Það eru ósannindi og ósæmandi bera í þingsal, að bera upp á menn orð sem ekki hafa verið látin falla. (**KPál:** Hver er afstaða þingmannsins?) Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson kallar enn eftir afstöðu minni hér í þingsalnum. Mér finnst að með þessu sýni hann vanstillingu í þessu efni. Mín afstaða mun birtast þegar þar að kemur. (**Gripið fram í:** Er hún feimnismál?)

Virðulegi forseti. Fundur umhvn. og iðnn. var mjög ánægjulegur. Þar fluttu menn mál sitt af rökfestu og tilfinningu. Það var ánægjulegt og ég vil þakka hv. iðnn. og formanni hennar, hv. þm. Hjálmari Árnasyni, fyrir þann fund. En að slíkur fundur væri upplýsingafundur um atkvæði manna, jafnvel þó einhver slík orð hafi fallið, og þau orð ætti að bera inn í þingsalinn sem afstöðu þingmanna eru vinnubrögð sem ég kannast ekki við í þinghaldinu. Ég frábið mér þennan málflutning.

Meginatriði í áliti okkar er eftirfarandi:

„Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar telur 2. minni hluti nefndarinnar nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum hennar, samkvæmt gildandi lögum, svo að tryggt sé að bestu fáanlegu upplýsingar og rannsóknir liggi til grundvallar ákvörðuninni um að virkja Jökulsá í Fljótsdal. Telur 2. minni hluti að skorti á að fullnægjandi rannsóknir séu fyrir hendi. Þá telur hann ekki síður mikilvægt að allri lagaóvissu varðandi framkvæmdirnar verði eytt."

Þetta eru meginatriðin í niðurstöðu okkar. Nál. liggur hér fyrir stutt af þremur þingmönnum auk hv. þm. Katrínar Fjeldsted og þess sem hér stendur. Álitið hefur styrk af þeim stuðningi sem er efnislega samhljóða. Samstaðan sem í því birtist er í samræmi við umfjöllunina í nefndinni og niðurstöðu þeirra þingmanna í umræðunum við fyrri afgreiðslu málsins.

Virðulegi forseti. Ég ætla hér ekki að ræða frekar en þegar hefur verið gert um lagaóvissu málsins. Það tengist ekki aðeins framkvæmdaleyfi, deiliskipulagi og byggingarleyfi. Það tengist líka tilskipunum frá Evrópusamstarfinu og ég hygg að hv. þm. Katrín Fjeldsted muni gera því ítarleg skil. Nál. okkar er ítarlegt. Að baki því liggja gögn og meginniðurstaðan er sú sem hér hefur margoft verið endurtekin: Málið er ekki fullbúið til afgreiðslu í þinginu og á að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Virðulegi forseti. Mig vantar gögn sem ég ætlaði að lesa. Á borðinu mínu liggja lögin um náttúruvernd, náttúruverndarlögin liggja hér á borði sessunautar míns, ef ég má biðja hv. þingmenn og forseta afsökunar meðan ég geri málhvíld.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er sjálfsagt að bera pappír til hv. þm.)

Mér þykir vænt um það. Starf einnar nefndar var í fjölmiðlum metið af einum hv. þm. í kílóum. Mér þótti það í stíl við margt sem við erum að gera hér. Rökin eru í kílóum.

Virðulegi forseti. Ég vil vitna í náttúruverndarlögin. Náttúruverndarlögin tóku gildi 1. júlí 1999. Í 37. gr. er fjallað um sérstaka vernd og þar er mörkuð stefnan varðandi landsvæði eins og Eyjabakkana, með leyfi forseta:

„Eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:“

Virðulegi forseti. Ég óska sérstaklega eftir því að hv. formaður iðnn. veiti því athygli (**Gripið fram í:** Hann hlustar.) sem ég segi hér núna.

(**Forseti** (HBl)**:** Formaður iðnn. er óvenjuathugull maður.)

Þess nýt ég nú þegar ég les fyrir hann 37. gr. náttúruverndarlaganna sem við samþykktum. Það voru tímamótalög í umhverfismálum á Íslandi og mikill sómi að því að Alþingi *samþykkti þau, en þar segir í* 37. gr.:

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að ef prentað mál er lesið skal óska eftir heimild forseta.)

Virðulegi forseti. Ég óska eftir heimild til að lesa 37. gr. náttúruverndarlaganna en þar segir svo:

„Eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,

b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m að stærð eða stærri,“ — þetta á við um Eyjabakkana.

„c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,“ — þetta á líka við um Eyjabakkana.

„d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m að stærð eða stærri,

e. sjávarfitjar og leirur.“

Virðulegi forseti. Þetta hefur ekkert með afturvirkni laga um umhverfisáhrif að gera eða stöðu Fljótsdalsvirkjunar í því samhengi. Þetta hefur með hin bestu lög að gera. Þetta gildir um þennan gjörning og þá röskun sem þarna mun valdið hvað sem öllum virkjunar- og framkvæmdaleyfum líður. Við erum að ganga gegn því sem er einn af burðarásunum í náttúruverndinni. Ég vitna síðan aftur í lok 37. gr., með leyfi forseta:

„Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. *liggur fyrir.*“

Virðulegi forseti. Ljóst er að aðalskipulag á Eyjabakkasvæðinu hefur ekki legið fyrir né liggur það fyrir nú. Við erum að ganga gegn náttúruverndarlögunum. Það ætla menn að gera blákalt. Ég vil ekki segja að menn geri það samviskulaust því ég veit að menn hafa ríkar ástæður og gera þetta ekki ógrátandi eða með glöðu geði. Það veit ég. En mat þeirra er annað en mitt, lífssýn þeirra önnur en mín. Þeir eru tilbúnir að samþykkja þessar framkvæmdir, þeir hv. þm., án þess að þær fari í mat á umhverfisáhrifum. Ég er ekki tilbúinn til þess.

Hæstv. forseti. Ég hef enn ekki komið að nokkru sem ég vil gera að umtalsefni varðandi Eyjabakka. Við höfum skrifað undir og tekið fulla ábyrgð á alþjóðlegum samningum um náttúruvernd og náttúrufar. Með því að fara í Fljótsdalsvirkjun án mats á umhverfisáhrifum erum við að brjóta þessa samninga. Hv. þm. geta yppt öxlum og sagt: Þetta eru ekki bindandi samningar og við getum gert það sem okkur sýnist. Engu að síður höfum við, siðferðilega og að mörgu leyti öðru, undirgengist að virða þessa samninga. Þarna er um að ræða, án þess að ég hafi farið nánar út í þá, svokallaðan Ramsar-sáttmála og Bernarsáttmálann. Við höfum tekið þátt í Ríó-ferlinu og ég hef áður getið um tengsl þessa máls við Evrópusamþykktir. Gegn öllu þessum ætlum við að ganga. Við ætlum ekki að taka þátt í því starfi sem við höfum undirgengist í samráði við aðrar siðmenntaðar þjóðir.

Ég er ekki að spá því að Íslendingar verði bannfærðir. Ég hef þó sótt nokkra fundi og ráðstefnur þar sem þetta mál hefur á einhvern hátt komið til umræðu. Furða manna er mikil og menn spyrja: Hvað dregur ykkur til þessa gjörnings án þess að fara í hið lögformlega mat? Hver er neyð ykkar Íslendinga? Knýr neyðin svo hart dyra hjá ykkur að þið verðið að beita þessum aðferðum? Mér hefur orðið fátt um svör.

Virðulegi forseti. Ég hef getið um að meta þurfi þessa framkvæmd alla í heild, bæði álverið og virkjunina. Ég hef undanfarið verið í sambandi við umhverfisfræðinga og umhverfisstofnanir í nágrannalöndum okkar. Það er samdóma álit þeirra að horfa eigi á þetta í heild sinni og einnig horfa til þeirra virkjana sem óhjákvæmilega munu koma í framhaldi af þessu. Ég vitna til þess að í lok hins fræga Hallormsstaðafundar, þar sem gengið var frá samkomulagi við Norsk Hydro, var viðtal í Morgunblaðinu við þáverandi ráðuneytisstjóra og aðalsamningamann Íslands, Þórð Friðjónsson, í Morgunblaðinu. Þar getur hann þess að arðsemi virkjunarinnar muni minnka á næstu 10 árum og þá verði þörf á að stækka hana til þess að hún standi undir þeim arðsemiskröfum sem gerðar eru. Af langri reynslu tek ég fullt mark á orðum Þórðar Friðjónssonar.

Þá hlýtur að verða spurt, jafnvel þó arðsemi virkjunarinnar færi ekki minnkandi: Hvar á að virkja næst? Það vita allir. Að öllum líkindum verður virkjað í Kárahnúkum. Að sjálfsögðu áttum við þá strax að horfa til enda þessa máls og meta Kárahnúkavirkjun líka. Við áttum að sjálfsögðu að klára Bjarnarflagið og línulögnina, allt í einu vinnuferli. Fram hjá þessu er líka gengið. Hvernig halda menn að staðan verði eftir 10 ár ef arðsemi virkjunarinnar dvínar? Hvar stöndum við þá, Íslendingar og íslenskir fjárfestar, ef jafnvel fé úr lífeyrissjóðum okkar er undir í málinu? Hvað halda menn að þá verði gert? Að sjálfsögðu verður ekki hægt að standa gegn því að fara í frekari virkjanir. Mat á umhverfisáhrifum mun sennilega litlu breyta þar um. Þá höfum við tekið tvo dýrmætustu hluta landslagsheildarinnar, Eyjabakkana annars vegar og Dimmugljúfur og Kárahnúkasvæðið hins vegar. Það er verulegur munur á lífsviðhorfum mínum — ég vil þar telja mig í hópi allmargra þingmanna — og viðhorfum annarra sem finnst manngert umhverfi sambærilegt og jafnvel *eftirsóknarverðara en það ósnortna.*

Ég vitna ekki í einkasamtöl. Ég veit að oft gera menn sér leik í léttri stríðni og gamansemi. En menn sem telja Dimmugljúfur fegurri og aðgengilegri þegar þau eru orðin þurr að mestu leyti, að ágætt sé að hafa þau þannig vegna þess að þá sé hægt að ganga inn þau, sjá náttúruna í allt öðru ljósi en ég. Menn sem sjá fossana þeim mun betri sé hægt að stýra þeim með einhverjum búnaði eins og krana sjá verðmæti ósnortins lands allt öðruvísi en ég.

Við þurfum að huga að þessu þegar farið er út í þessa framkvæmd. Við þurfum að huga að því að við erum að fara út í á þar sem við eigum ekki afturkvæmt til sama lands. Því miður er málatilbúnaðurinn þannig að menn eru komnir í dýpra vatn en stígvélin þola. Menn eiga ekki nokkra leið aðra en að koma sér út í álinn þar sem hann er enn dýpri. Ég spái því að menn verði býsna blautir og hraktir þegar þeir koma upp hinum megin, fátækari og kaldari en áður en þeir lögðu í þennan hörmulega leiðangur.

Allt þetta kallar á mat á umhverfisáhrifum.

Virðulegi forseti. Í samtölum okkar við sérfræðinga hefur orðið „landslagsheild" verið notað hvað eftir annað, enda á það sér stoð í náttúruverndarlögum og í grunnhugsun um náttúruverndarmál. Einn sérfræðinganna sem heimsótti nefndina hefur orðað það svo að landslagsheildin við Eyjabakka hafi náttúruverndargildi á heimsmælikvarða. Nú er ég ekki að tala um fegurðarmat. Ég ætla ekki að rifja upp nein orð um fegurð í því samhengi. Hin ósnortnu víðerni, gróðurvana öræfin — þó þar séu stingandi strá þó við sjáum þau ekki þegar við lítum yfir — hin svarta heild, áin með gróðri sínum, jökulinn að baki og síðan hin ægifagra drottning Snæfellið ásamt gróðurþekjunni órofinni allt til sjávar, er landslagsheild sem án tilvísunar til fegurðar hefur náttúruverndargildi á heimsmælikvarða. Þó að ég viðurkenni að vatn sé ekki ljótt þá er virkjun og spjöll á þessari landslagsheild slíkt sár, slíkur skaði og missir fyrir okkur að við ættum að láta allar framkvæmdir á svæðinu fara í mat á umhverfisáhrifum.

Hæstv. forseti. Þó að ég hafi getið um landslagsheildina án tillits til fegurðar ætla ég undir lok máls míns að koma að fegurð svæðisins. Hvers virði er fegurðin okkur? Hefur fegurðin gildi? Er hún verðmæti? Hvernig metum við verðmæti? Við getum horft í huga okkar, til tilfinninga okkar, jafnvel til efnislegs mats okkar á ljóðum, höggmyndum, málverkum og útsýninu úr húsinu okkar o.s.frv. Flest af því sem ég nefni er einmitt hægt að verðleggja, listaverkin og útsýnið úr húsinu. Þegar við horfum til fortíðar, til bókmennta okkar, til ljóða skáldanna og finnum fyrir þeirri hrifningu, þeim tilfinningum sem þar koma fram og að þær tilfinningar eigi samsvörun í brjósti okkar, þá finnum við að þó að við getum ekki verðlagt ljóð Íslendinga þá hafa þau gildi. Fegurðin hefur gildi. Þau gildi hafa lengra líf og jafnvel meiri en hin efnislegu.

Menn hafa ekki viljað taka tilfinningar og fegurð inn í þetta vegna þess að yfirleitt er lítið gert úr þeim þáttum. En tilfinningar upplýstra og heilbrigðra manna eru ekki hugarórar heldur afrakstur heilbrigðrar skynsemi, heilbrigðs mats og heilbrigðrar hugsunar og samskipta manns við mann — manns við náttúru. Með því að fara í þessa virkjun án þess að með nokkrum hætti sé litið til þessara atriða og án mats á umhverfisáhrifum er verið að gera lítið úr og vanvirða tilfinningar fólks.

Allir þekkja tilvitnanir um fegurðina úr bókum og ljóðum, sögum og kvæði um. Eitt af því sem okkur hefur öllum komið til hugar þó ég muni ekki eftir því að nein hafi haft það á orði er tilvitnun í Heimsljós Halldórs Laxness. Ég vil leyfa hv. þm. sem staddir eru í salnum og öðrum sem heyra mál mitt að rifja þau orð upp með mér. En þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem jökulinn ber við loft hættir landið að vera jarðneskt en jörðin fær hlutdeild í himninum. Þar búa ekki framar neinar sorgir og þess vegna er gleðin ekki nauðsynleg. Þar ríkir fegurðin ein ofar hverri kröfu."

Það er einmitt, virðulegur forseti, þessi tilfinning sem maður fær þegar maður stendur á Eyjabökkum. Þar ber jökulinn við loft og maður finnur fyrir tilfinningum sem ekki verða verðlagðar með kílóvattstundum eða peningum sem boðnir eru í skiptum fyrir þær tilfinningar sem fyrir borð eru bornar með virkjunum.

Ég var á Eyjabökkum með iðnn. og umhvn. Ég hef reyndar komið þar áður. Ég hef oft og tíðum farið langar ferðir og verið einn úti í náttúrunni. Ég dró mig út úr hópnum á Eyjabökkum og hlustaði á náttúruna. Í því hef ég nokkuð langa reynslu og einmitt þessi þögn, óspillta víðátta og ósnortnu víðerni sem vekja hjá manni tilfinningu sem ég er ekki tilbúinn að selja nema svæðið verði metið og sýnd sú virðing sem því ber.

En eins og fegurðin ríkir ofar hverri kröfu á Eyjabökkum þá ríkir hér á Alþingi, ofar hverri kröfu sem sett er fram, virðingarleysi fyrir almenningi, virðingarleysi fyrir íslenskri náttúru, virðingarleysi fyrir komandi kynslóðum og þeim kröfum sem við eigum að gera til sjálfra okkar, þegar við hrifsum réttinn til að klára lögformlegan gjörning úr höndum almennings. Ég get ekki afsakað það fyrir mér eða öðrum. Hv. þm. Kristján Pálsson og aðrir þingmenn munu komast að því hvernig ég greiði atkvæði þegar þar að kemur.

[18:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir allítarlega ræðu um einn anga þessa máls, þ.e. náttúrufarið og fegurðina. Hlutverk iðnn. var einmitt að bera þá þætti saman við aðra sem snerta þetta mál í heild sinni.

Ég vildi varpa þremur spurningum til hv. þm. um leið og ég þakka honum hlý orð í garð iðnn. Ég ítreka þakkir til hv. umhvn. fyrir hennar þátt í málinu.

Hv. þm. nefndi ítrekað í ræðu sinni að umhvn. hefði einungis haft eina viku til að skoða málið. Hefur þá hv. þm. gleymt þeim tíma sem báðar nefndirnar fengu í september? Hefur ekkert gerst í málinu síðan? Iðnn. vann töluvert og hefur unnið nánast stanslaust í þessu síðan.

Í annan stað vil ég spyrja varðandi tímann: Hvað telur hv. þm. að taka þurfi langan tíma til að fá niðurstöðu og taka ákvörðun?

Í þriðja lagi, herra forseti, vegna fullyrðinga um að almenningi hafi verið haldið frá: Hefur þingmaðurinn ekki orðið var við greinar, aðsent efni, tölvupóst eða fengið símhringingar o.s.frv. frá almenningi?

[18:45]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, mér er það ljúft að þakka hv. iðnn. fyrir ánægjulegt samstarf og sérstaklega fyrir ferðina góðu sem við fórum saman og höfðum mikið gagn af. Ég reyndi að haga orðum mínum svo áðan að það skildist að ég var að tala um þann tíma sem við höfðum til gagnaöflunar hér á þingstaðnum og til öflunar frekari gagna og til þess að fá til okkar gesti og síðan að meta þessi gögn. Ég geri ekki lítið úr að við höfðum skoðað málið frekar, það er rétt, en það var fjarri því nóg eins og ég rakti.

Hvað þarf langan tíma? Ég treysti mér ekki til þess að kveða upp úr um hversu langan tíma þarf til þess að leysa ýmis þau álitaefni sem krefjast svara og ég rakti bæði um náttúrufar og lagaóvissu. En sá tími er þess virði að honum sé eytt miðað við þá gríðarlegu hagsmuni og þær miklu deilur sem eru uppi í þjóðfélaginu um þetta mál. (Forseti hringir.)

Ég verð að svara þriðju spurninguni síðar.

[18:47]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil enn rifja upp ágæta ferð, tveggja sólarhringa seminar, hv. iðnn. og umhvn. þar sem m.a. var dreift mjög miklu magni af gögnum og við hlýddum á afskaplega fróðlega fyrirlestra helstu sérfræðinga sem tengjast þessu máli.

Ég fullyrði að a.m.k. flestir ef ekki allir þingmenn, bæði hv. þm. iðnn. sem og umhvn., og ég taldi að svo hefði verið að ávallt síðan, hefðu unnið að þessu máli, bæði við gagnaöflun til þess að fá heildarmyndina sem og að hlusta á rödd almennings og það var í rauninni það sem ég var að reyna að draga fram og benda á, en að hér hefði ekki verið um eina viku að ræða. Það finnst mér beinlínis ekki vera rétt. (**Gripið fram í:** Þetta voru þrír dagar.)

[18:48]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við hv. þm. Hjálmar Árnason séum alveg sammála um hvernig við unnum að málinu. Það er hárrétt að við fórum inn á Eyjabakka og fengum margvísleg gögn í þeirri ferð og þar fram eftir götunum. En ég tek fram að magn er ekki sama og gæði. (Gripið fram í.) Þau gögn sem við fengum vorum prýðileg en það þurfti frekari gögn og það þurfti frekari rannsóknir. Ég er ekki að gera lítið úr því sem við fengum. Við höfum gert tilraunir til þess að fá meira en við höfðum því miður ekki nægan tíma. Og það er um þann tíma sem við höfðum hér í þinginu til þess að fjalla um málið sem ég er að tala. Ég held að við deilum ekki um það, en ég tek fullt mark á ábendingum hv. þm.

Almenningur átti sáralítinn kost á að koma að þessu máli nema í einhliða skeytasendingum til nefndanna og almenningur nýtti sér það. Þar var ekki um neitt kæruferli að ræða eða neina þá kynningu á málinu eins og ef skipulagsstjóri hefði kynnt málið með gögnum, teikningum og ... (Forseti hringir.) Þetta var því miður ekki gert.

[18:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn fór nokkrum orðum um málsmeðferð og gagnrýndi harðlega þann skamma tíma sem umhvn. hefði haft til ráðstöfunar við umfjöllun málsins. Mér þykir rétt í tilefni af þessu að taka fram að málsmeðferð í þinginu var ákveðin í samræmi við formann umhvn. og með samþykki hans.

[18:50]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það samráð var fólgið í bréfi sem iðnn. sendi umhvn. Þar var sagt að við hefðum tíma til 6. desember til þess að kanna það mál. Það var það samráð sem haft var við umhvn.

[18:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Formanni umhvn. má vera kunnugt um og má muna enn umræður í þingflokki framsóknarmanna um þetta efni.

[18:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa stórgóðu ræðu sem hér var flutt af hv. formanni umhvn. Ég legg áherslu á að herra forseti hafi hlýtt á hana mjög gaumgæfilega því að hún snertir mjög alvarlega störf þingsins. Hv. þm. og formaður umhvn. nefndi 24 atriði – svo taldist mér til en þó missti ég held ég úr — sem á skorti að hefðu fengið eðlilega umfjöllun og því þyrfti að fara fram lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Þessi atriði voru lagaleg, umhverfisleg, alþjóðleg og ekki síst um að nefndin hefði alls ekki fengið tíma til þess að fjalla um málið eins og sem stærð þess krefur.

Ég bendi hæstv. forseta á þessi orð. Og ég spyr hv. formann umhvn.: Getur við ekkert gert til að koma vitinu fyrir þessa iðnn.?

[18:52]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um að hv. þingmenn í iðnn., eins og hv. formaður gat um áðan, meta þetta mál á einhvern hátt og hafa gert það í endanlegri afstöðu sinni í málinu. Það er einungis við það mat sem leiðir skilja.

Meiri hluti iðnn. vill fara í áframhaldandi framkvæmdir án þess að fara í þetta mat. Öll þau rök sem ég rakti hér áðan og lífsskoðun mín bendir til þess að við eigum að fara í þetta mat, að við séum að fórna slíkum hagsmunum að við getum ekki gert það án mats. Þarna skilja leiðir milli mín annars vegar og þeirra. En hvað við getum gert annað en standa hér og geta ekki annað veit ég ekki.

[18:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að ítreka það að hæstv. forseti þingsins hafi hlustað á þessa ræðu hv. formanns umhvn. þar sem hann rakti lið fyrir lið að við værum að fremja lögbrot, að við værum að ganga á rétt, að við værum að ganga á siðferðislega vinnuvitund Alþingis, að umhvn. og Alþingi fengju ekki nægan og eðlilegan tíma til að fjalla um þetta stórmál.

Herra forseti. Síðan er verið að nefna það hér að einstakir þingmenn séu þegar búnir að ákveða hvernig þeir ætli að greiða atkvæði og þess vegna skipti ekki máli hvað sagt sé. Ég bendi hæstv. forseta á að þingið þarf mun meiri tíma til að fjalla um þetta mál eins og formaður umhvn. leggur áherslu á.

[18:54]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þar sem hv. þm. virðist hafa verið í andsvörum við forseta vil ég taka fram að þingið hefur að sínu leyti greitt fyrir störfum iðnn. og umhvn. með því að gera þeim mögulega vettvangskönnun eystra.

[18:54]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu beina þingmenn orðum sínum til forseta og það tel ég að hv. þm. hafi gert þó svo ég vissi að þær þakkir sem hann flutti voru ekki forseta ætlaðar heldur þeim sem hér stendur og vil ég endilega að þar fari ekki neitt á milli mála. Ég vil þakka þær undirtektir sem ég fékk frá hv. þm.

[18:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara upplýsa að í umhvn. var ekki beðið um lengri frest til þess að fara yfir gögn málsins. (**ÖS:** Þetta er rangt.) Ef hv. þm. vill hlusta þá var ekki (**ÖS:** Ég var að hlusta.) farið formlega fram á það við iðnn. að fresturinn yrði lengdur. (**ÓÖH:** Formlega?) Nei, það var ekki farið formlega fram á það. (**Gripið fram í:** Það hefði þá þurft að skrifa ykkur.) (**Gripið fram í:** Það var gert munnlega.)

Hér hefur verið gert mikið úr því að tvö álit, minnihlutaálitin, hafi í rauninni myndað eitthvert meirihlutaálit og síðan hefur verið haft orð á því að ég hafi verið að bera eitthvað á torg sem hv. nefndarmenn í umhvn. sögðu í iðnn. um afstöðu sína til málsins og að það væri einstakt að slíkt væri gert. (**ÓÖH:** Og sögðu ekki.) Hv. þm. Katrín Fjeldsted sagði þetta og hefur ekki þrætt fyrir það. Aftur á móti ætla ég að fá að lesa aðeins, herra forseti, úr smátilvitnun í þeirra eigin

greinargerð þar sem þau vitna í upplýsingar um að Ágúst Bjarnason grasafræðingur (Forseti hringir.) hafi samkvæmt skýrslu sem hann vann aldrei farið á Eyjabakka. Þarna er hv. þm. (Forseti hringir.) með kjaftasögu í áliti sínu. Hvað þýðir þetta? Er það venjan?

[18:56]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ómótmælanlegt að hv. þm. Kristján Pálsson hefur borið inn í þingsalinn orð um afstöðu mína um atkvæðagreiðslu, orð sem ég sagði aldrei. Ég gaf ekki neina skoðun upp á þessum fundi. Hann vildi draga einhverjar ályktanir af því að ég hefði setið við hliðina á öðrum þingmanni sem hann þóttist síðan geta vitnað í. Þetta er á móti öllum starfsreglum og ég hef engar upplýsingar gefið í iðnn. um þetta efni og ég mótmæli þessum málflutningi.

Varðandi ferðir Ágústs H. Bjarnasonar grasa- og plöntufræðings þá vil ég benda á að hér er ekki um neinar kjaftasögur að ræða. Álit okkar gerir grein fyrir því sem stóð í skýrslu þess ágæta manns. Þar kemur ekkert fram um að hann hafi farið inn á Eyjabakka, ekki stafkrókur. Við fengum hins vegar að frétta að hann hefði farið þangað en þess er í engu getið í skýrslunni, hvorki í rannsóknarniðurstöðum né almennum ályktunum.

[18:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Ég vil bara segja, herra forseti, að mér finnst ómerkilegt af formanni umhvn. að taka kjaftasögur inn í álit sitt og segja það einhverjar yfirlýsingar frá fólki sem hafi komið á fund nefndarinnar. Og að ekki hafi verið greint frá afstöðu manna um einstök mál í nefndum er alveg út í bláinn. Það hefur oft komið fram hver afstaða manna er gagnvart málum. Skárra væri það líka. Þingmenn eru hér til að taka afstöðu. Hún er varla neitt leyndarmál eða er það, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson?

[18:58]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við skulum hafa tvennt alveg ljóst. Á fundi iðnn. gaf ég ekki upp neina afstöðu til þessa máls og þaðan af síður hvernig ég mundi greiða atkvæði. Ég mótmæli þeim málflutningi að bera slíkt inn í þingsalinn og þá heldur að gera mér upp einhverjar skoðanir. (**KPál:** Er þetta viðkvæmt?)

Í öðru lagi vil ég láta koma fram að í skýrslu Ágústs H. Bjarnasonar stendur að hann hafi ekki komist inn á Eyjabakka vegna vatnavaxta. (**Gripið fram í:** Hann hefur mótmælt því.) Það kann að vera að hann hafi komist þangað en það var ekki í þeirri skýrslu sem við höfðum til grundvallar þegar við gengum frá okkar áliti. En það kann vel að vera að við höfum frétt það síðar eftir að þetta álit var samið. (**KPál:** Þetta hefur þá verið kjaftasaga.) Þetta kom sem sagt ekki fram í skýrslunni hans en kom e.t.v. fram síðar. Við höfum í engu haft hann að ómerkingi og ég virði það ef hann hefur farið þangað. En það kom með engum hætti fram og við höfum á engan hátt misgjört við þann ágæta mann. (**KPál:** Það stendur hérna í áliti 2. minni hluta.)

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 20.–32. mál.

Fundi slitið kl. 19:01.

50. FUNDUR

mánudaginn 20. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 22. desember 1999, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desember 1990, um heilbrigðisþjónustu.

2. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2001, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

3. Kosning eins aðalmanns í útvarpsréttarnefnd, í stað Jóhönnu Maríu Eyjólfsdóttur, til 31. desember 2001, sbr. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

4. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228 og 489. — Frh. síðari umr.

5. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267, brtt. 447. — 3. umr.

6. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 214. mál, þskj. 253, brtt. 493. — 3. umr.

7. Vitamál, stjfrv., 57. mál, þskj. 499. — 3. umr.

8. Fjarskipti, stjfrv., 122. mál, þskj. 143 (með áorðn. breyt. á þskj. 433). — 3. umr.

9. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 292 (með áorðn. breyt. á þskj. 434), brtt. 496. — 3. umr.

10. Framhaldsskólar, stjfrv., 101. mál, þskj. 502. — 3. umr.

11. Málefni aldraðra, stjfrv., 173. mál, þskj. 503, brtt. 508. — 3. umr.

12. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 251. mál, þskj. 308. — 3. umr.

13. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117, brtt. 454. — 3. umr.

14. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — 3. umr.

15. Málefni fatlaðra, stjfrv., 274. mál, þskj. 375. — 3. umr.

16. Ráðstöfun erfðafjárskatts, stjfrv., 273. mál, þskj. 374. — 3. umr.

17. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, stjfrv., 270. mál, þskj. 504. — 3. umr.

18. Iðnaðarlög, stjfrv., 22. mál, þskj. 505, brtt. 490. — 3. umr.

19. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 481. — 3. umr.

20. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 482. — 3. umr.

21. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 483. — 3. umr.

22. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243. — 3. umr.

23. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 484. — 3. umr.

24. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 485. — 3. umr.

25. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 486. — 3. umr.

26. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 487. — 3. umr.

27. Skráð trúfélög, stjfrv., 69. mál, þskj. 488. — 3. umr.

28. Skipulags- og byggingarlög, frv., 276. mál, þskj. 390. — 2. umr.

29. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 291. mál, þskj. 476. — 2. umr.

30. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 160. mál, þskj. 186, nál. 387 og 480. — 2. umr.

31. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273, nál. 446. — 2. umr.

32. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330. — 1. umr.

33. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — 1. umr.

34. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 295. mál, þskj. 497. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

[10:01]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 101. mál, þskj. 502.
Iðnaðarlög, 22. mál, þskj. 505.
Málefni aldraðra, 173. mál, þskj. 503.
Vitamál, 57. mál, þskj. 499.
Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 270. mál, þskj. 504.

Athugasemdir um störf þingsins.

Gagnrýni formanns iðnn. á skipulagsstjóra ríkisins.

[10:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í umræðum á laugardag kom fram mjög harkaleg og óvægin gagnrýni á hendur skipulagsstjóra ríkisins. Þessi gagnrýni var ekki byggð á traustum rökum.

Nú hefur hæstv. umhvrh. tjáð sig um málið í fjölmiðlum og á hæstv. ráðherra er að heyra að hún telji þá gagnrýni, sem hér kom fram, hafa verið á misskilningi byggða. Ég tel, herra forseti, að við getum ekki haldið áfram umræðu um Fljótsdalsvirkjun áður en botn er fenginn í þetta mál. Ég leyfi mér að óska eftir því að hæstv. umhvrh. staðfesti það sem fram kom hjá ráðherranum í fjölmiðlum um helgina að sú gagnrýni sem fram hefur verið sett hafi verið byggð á misskilningi.

[10:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég taldi eftir fréttaflutning helgarinnar að þetta mál væri úr sögunni og að hv. þm. Hjálmar Árnason mundi sýna þann drengskap að koma hingað og biðja þennan embættismann afsökunar. Það kom fram í tveimur sjónvarpsstöðvum í gær að hæstv. umhvrh. telur að hér hafi verið um misskilning að ræða, og það er út af fyrir sig skiljanlegt þó að mönnum verði á einhver glöp. En ég las það síðan í DV í morgun að hv. þm. Hjálmar Árnason telur að hér hafi ekki verið um neinn misskilning að ræða og hann situr fast við sinn keip. Hann ætlar sér sem sagt að naga mannorðið af þessum embættismanni án þess að hann geti nokkrum vörnum við komið.

Nú liggur það fyrir, herra forseti, að embættismaðurinn telur að hann hafi réttinn allan sín megin og hann hefur sagt í fjölmiðlum að hann sé búinn að senda greinargerð um málið til formanns iðnn. Það var hv. þm. Hjálmar Árnason sem dró

þetta mál inn í umræðuna. Þess vegna er það nauðsynlegt til að við getum lokið þessari umræðu að við höfum öll skjöl málsins. Við þingmenn verðum að hafa sömu málsgögn og hv. þm. Hjálmar Árnason. Þess vegna óska ég eftir því, herra forseti, að forsetadæmið beiti sér fyrir því að við hentugt tækifæri, til að mynda í hádeginu, verði iðnn. kölluð saman og hv. formaður iðnn. Hjálmar Árnason afhendi nefndarmönnum þau gögn. Ella verðum við að halda áfram með öðrum hætti að krefjast þessara gagna, en þetta eru málsskjöl sem við þurfum að hafa engu síður en hv. þm. til að geta gengið úr skugga um hvers konar vinnubrögð hann hefur verið að ástunda í þessum sal í skjóli þinghelgi.

[10:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa komið til umræðu mál Skipulagsstofnunar og ég vil byrja á því að leiðrétta þau orð sem voru sögð að ég hafi lagt einhvern sérstakan dóm á þetta mál, að um misskilning væri að ræða í því. Ég hef ekki lagt neinn dóm á það. Hins vegar hefur það komið fram hjá skipulagsstjóra ríkisins að hann telji að hér sé um misskilning að ræða.

Ég átti samtöl við skipulagsstjóra um helgina og kom fram hjá honum að hann mundi senda greinargerð til hv. þm. og formanns iðnn., Hjálmars Árnasonar, og mér er kunnugt um að sú greinargerð hefur verið send. Þar kemur fram sýn Skipulagsstofnunar á þetta mál. Í samtölum mínum við skipulagsstjóra kom fram að hann hefur ekki leynt iðnn. neinum skjölum og ég hef enga ástæðu til að draga orð skipulagsstjóra í efa.

[10:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta er afar alvarlegt mál og ekki á bætandi við aðra lausa enda sem hafa reynst vera í þessu stóra máli, Fljótsdalsvirkjun. Ég hef eins og aðrir fylgst með því hvernig umfjöllun hefur verið um þetta mál í fjölmiðlum um helgina. Það var alveg ljóst og kom fram í máli mínu fyrir helgi að skýr svör voru af hálfu Skipulagsstofnunar ríkisins um það sem leitað var eftir á umræddum fundi iðnn., en miðað við það sem hér hefur komið fram, að komin sé greinargerð frá skipulagsstjóra, þá geri ég kröfu til þess, herra forseti, að iðnn. komi saman og fari yfir þá greinargerð, fari yfir þetta mál vegna þess að það er ekki hægt að halda áfram hér eins og ekkert hafi í skorist og ekki er nægjanlegt að greinargerðin sem hugsanlega er komin frá skipulagsstjóra ríkisins verði lögð fram hjá þingmönnum. Nú verður iðnn. að koma saman, fara yfir málið og fá fulltrúa frá Skipulagsstofnun ríkisins á fund sinn. Annars getum við ekki haldið áfram umfjöllun eins og ekkert hafi í skorist.

[10:08]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fyrst vegna ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að hér sé verið að veitast að persónu, þá kemur það ekkert á óvart að hann skuli taka þannig til máls, enda er honum það sjálfsagt nokkuð tamt úr þessum ræðustóli. Hins vegar hefur aldrei verið veist að persónu. Hér er verið að fjalla um embættisfærslur og menn geta haft skoðanir á því og eiga að hafa þær.

Málið snýst í rauninni um tvennt, herra forseti. Það snýst annars vegar um þá fullyrðingu sem fram kemur í skýrslunni, og eru engar dylgjur, að framkvæmdaraðilar hafi ekki fallist á þá skoðun skipulagsstjóra að taka umhverfismat álvers í Reyðarfirði í áföngum og miða við 120 þús. tonna álver til að byrja með. Það hefur komið fram, herra forseti, að framkvæmdaraðili óskar eftir því. Það kemur jafnframt fram í skýrslunni, úrskurðarskýrslu skipulagsstjóra, að Náttúruvernd ríkisins mælir með því, Veðurstofan mælir með því og síðar hefur komið í ljós að Hollustuvernd ríkisins mælir með því.

Herra forseti. Ég gekk mjög eftir þessu á umræddum fundi hv. iðnn. með skipulagsstjóra og var að leita eftir afstöðu Hollustuverndar ríkisins. Hún kom ekki fram, en fram kom það mat skipulagsstjóra að hann teldi ekki hægt að áfangaskipta umhverfismatinu. Það kemur síðan í ljós, herra forseti, í bréfi frá Hollustuvernd ríkisins að mælt er með því að hafin verði vinna við útgáfu starfsleyfisins. Hollustuvernd treystir sér til þess. Níu af 13 úrskurðaratriðum fjalla einmitt um þætti sem snerta Hollustuverndina. Það sem meira er, herra forseti, í sjálfri skýrslu skipulagsstjóra er hvergi minnst á þessa niðurstöðu í niðurlagi bréfs Hollustuverndar ríkisins til skipulagsstjóra 6. desember og það, herra forseti, finnst mér óeðlilegt og kalla að leyna upplýsingum.

[10:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason tók ekki fram í ræðum sínum þegar hann veittist þrisvar sinnum að skipulagsstjóra og snoppungaði hann fjarstaddan á laugardaginn, að hann væri ekki að ráðast á persónu heldur á embætti. Það var ljóst að þetta var upphafið að skipulagðri aðför hv. þm. og e.t.v. einhverra félaga hans að þeim embættismanni vegna þess að þeir sættu sig ekki við tiltekinn úrskurð.

Herra forseti. Það mál sem hv. þm. fór síðan að reifa efnislega er þannig vaxið að þessa umræddu bréfs er getið nokkrum sinnum í skýrslunni, greinargerðum og gögnum sem frá stofnuninni bárust til nefndarinnar og ekki bara það, heldur barst sérstakt bréf undirritað af starfsmanni Skipulagsstofnunar til nefndarinnar þar sem þetta er rakið. Mig minnir að það hafi verið dagsett 6. desember. Það var lesið upp af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Á mannorð embættismanns að gjalda fyrir það að hv. þm. Hjálmar Árnason nennir ekki að kynna sér gögnin?

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. kom hingað upp og sagði efnislega að starfsmenn Skipulagsstofnunar hefðu ekki leynt iðnn. gögnum og hæstv. ráðherra sagði: Ég hef enga ástæðu til að ætla að þeir fari með rangt mál. Herra forseti. Það þarf ekki að segja annað í þessu máli, hér er aðeins eitt eftir, herra forseti, og það er að hv. þm. Hjálmar Árnason sjái sóma sinn í því að koma hingað upp og biðja þennan embættismann afsökunar. Annað væri til skammar fyrir þingið og til skammar fyrir hann.

[10:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram tek ég undir þá kröfu að hv. iðnn. komi saman og fari yfir þau gögn sem hafa komið frá skipulagsstjóra ríkisins um það mál sem var til umræðu á laugardaginn og sérstaklega eftir málatilbúnað hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem er formaður nefndarinnar. Það er full ástæða til þess að nefndin komi saman og fari yfir þau gögn því að hér er verið að veitast mjög alvarlega að embættismanni. Í umræðunni á laugardaginn var ljóst að verið var að veitast að persónu skipulagsstjóra. Talað var um að skipulagsstjóri hefði leynt okkur gögnum á klukkutímalöngum fundi þar sem farið var yfir skýrslu skipulagsstjóra upp á tæpar 60 síður, sem þingmenn höfðu ekki séð áður, og farið yfir athugasemdir upp á 13 liði þar

sem gerðar eru athugasemdir við umhverfismat vegna álvers í Reyðarfirði. Það var ekki verið að fara hægt yfir þetta, gefinn mjög skammur tími til að fara í þessa umræðu. Við sem sátum þennan fund urðum ekki vör við að verið væri að leyna nokkrum upplýsingum, eins og kom raunar fram í máli hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur.

Ég fer fram á það, herra forseti, að iðnn. komi saman og fari yfir þau gögn þannig að þessi mál verði öll skýr og vissulega á hv. þm. að biðja skipulagsstjóra afsökunar á því hvernig hann hefur komið fram og veist að honum í umræðu úr þessum ræðustóli þar sem hann er ekki til andsvara.

[10:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir viðbrögðin. Þar kom fram stuðningur við skipulagsstjóra ríkisins. Hæstv. ráðherra sagði ekki ástæðu til að efast um skýringar embættismannsins. Fyrir þetta vil ég þakka. Það er mjög mikilvægt að þetta mál sé hreinsað upp og svo hefur verið gert að nokkru leyti.

Út af stendur að boða iðnn. saman til fundar og leggja öll gögnin þar á borðið. Ég tek undir þá kröfu, sem hefur verið sett fram af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að til fundar í iðnn. verði boðað í hádegishléi og þessi mál hreinsuð þar upp og gögnin lögð á borðið.

Ég ítreka þakkir til hæstv. umhvrh. sem hér með hefur hreinsað skipulagsstjóra ríkisins af þessum ómaklega áburði.

[10:15]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tók eftir því að í síðari ræðu sinni nefndi hv. þm. Össur Skarphéðinsson ekki einu orði þau rök sem ég dró fram í málinu. (Gripið fram í.) Það var ekki áburður. Í rauninni var ekki gert annað en að vitna til opinberra gagna, til skýrslu. Ég dró fram gögn sem eru í sjálfri skýrslunni, annars vegar það að í skýrslunni er fullyrt að framkvæmdaraðili hafi ekki fallist á það sjónarmið að taka bæri álverið í áföngum og taka fyrst 120 þús. tonnin. Hins vegar koma fram andstæð sjónarmið í sjálfri skýrslunni. Það er ekki minn málatilbúnaður. Ég er einfaldlega að vitna í opinbert gagn, þessa skýrslu. Mér finnst það skipta höfuðmáli.

Í annan stað vil ég nefna að ef einhver getur bent mér á hvar í skýrslunni, hinu opinbera plaggi, niðurlagsorð í bréfi Hollustuverndar frá 6. desember eru nefnd, þá yrði ég afskaplega þakklátur fyrir það. Ég hef lesið skýrsluna aftur og aftur, en ég finn ekki þetta grundvallaratriði þar sem Hollustuvernd telur eðlilegt að hefja útgáfu starfsleyfisins. *Þetta er mikilvægt, herra forseti, vegna þess að* Hollustuvernd fjallar um mengunarþáttinn og af 13 úrskurðaratriðum má segja að níu atriði heyri beinlínis undir Hollustuvernd. Geti einhver bent mér á hvar niðurlagsorð Hollustuverndar koma fram í skýrslunni yrði ég mjög þakklátur fyrir það. Mér hefur ekki tekist að finna þau. Ég hafna því að þetta sé persónuleg árás. Ég notast einungis við opinbera skýrslu og ég er að gagnrýna hana og það eiga þingmenn að gera. En þeir eiga ekki að fara út í skæting eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerir sig sekan um nú sem oft áður.

[10:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Forseti hlýtur að sjá að ekki er hægt að halda áfram með umræðuna með þá togstreitu í salnum um hver sagði hvað. Mér hefur heyrst að hv. þm. séu allan tímann að tala um hvernig Hollustuvernd vilji bregðast við þeim 13 atriðum í niðurlagsorðum úrskurðar skipulagsstjóra sem eru ástæða þess að hann telur að fara þurfi í frekara umhverfismat með álverið. En hv. þm. er alltaf að hamra á því að skipulagsstjóri hafi ekki viljað auglýsa 120 þúsund tonna álver.

Herra forseti. Það var vegna þessarar togstreitu sem endurspeglaðist á fundi í iðnn. sem ég óskaði sérstaklega eftir að meginatriði sem þar var lýst af hálfu Skipulagsstofnunar yrðu send mér á tölvupósti og ég vísaði því til þess, með orðum Skipulagsstofnunar sjálfrar á fundi okkar fyrir helgi, að það væri nákvæmlega þannig sem skipulagsstjóri lagði til að farið yrði í málið. Skipulagsstjóri lagði til við framkvæmdaraðila, Landsvirkjun, að kynnt yrði 120 þúsund tonna álver með heimildum til stækkunar. Það var framkvæmdaraðilinn sem ákvað að kynnt yrði 480 þúsund tonn álver. Þannig stendur málið. Mér líst ekki á að við reynum að leysa þetta mál í ræðustól Alþingis og legg til að forseti verði við þeirri ósk, sem ég hef sett fram, að iðnn. komi saman, hitti fulltrúa Skipulagsstofnunar og leysi þetta mál.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frh. síðari umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228 og 489.

[10:20]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi óskaði ég eftir að fá orðið aftur til að leiðrétta sjálfa mig sóma míns vegna. Í umfjöllun okkar er alltaf talað um framkvæmdaraðila og ekkert annað og mér varð á að segja að framkvæmdaraðili væri Landsvirkjun sem að sjálfsögðu er rangt. Framkvæmdaraðili þarna er ekki Landsvirkjun. Ég er svo vön því að tala um framkvæmdaraðilann og Landsvirkjun í sama vetfangi. Að sjálfsögðu er framkvæmdaraðilinn Hraun hf. Ég vildi leiðrétta þetta.

Herra forseti. Ég óska í öðru lagi eftir því að ef útilokað er að gert verði hlé á fundi til að fara yfir þau mál sem hafa verið svo heit í umræðunni, að forseti hlutist til um að síðar á þessum morgni geti iðnn. komið saman og þá a.m.k. í tenglsum við hádegishlé til að fara yfir þetta mál. Það er ekki hægt að ljúka málinu öðruvísi en iðnn. skoði greinargerð frá Stefáni Thors skipulagsstjóra og geti komið með réttar *upplýsingar, herra forseti.*

[10:21]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið þá er það rétt sem fram hefur komið að skipulagsstjóri sendi mér skýrslu og barst hún mér seint í gærkvöldi. Og ég mun sjá til þess að henni verði dreift til hv. iðnaðarnefndarmanna strax á eftir.

[10:21]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Mér finnst andrúmsloft vera frekað eitrað á hv. Alþingi. Stemmningin verður gjarnan þannig þegar verið er að ræða umdeild og vafasöm mál. Nú er til umræðu till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Mál hafa skipast þannig að hæstv. ríkisstjórn hefur valið þann kost að fá meiri hluta sinn á hinu háa Alþingi til að samþykkja að framhald verði á þeim framkvæmdum sem hér er verið að ræða um, sennilega vegna þess að ríkisstjórnin sjálf treystir sér ekki til þess að hafa ákvörðunina á sínum herðum einum.

Þetta mál hefur þegar valdið miklum erjum í íslensku þjóðfélagi og valdið togstreitu og deilum á hinu háa Alþingi. Þetta mál hefur valdið því að þjóðinni er skipt í flokka og hefur jafnvel sett af stað ágreining á milli landshluta og það á röngum forsendum. Þetta mál er þess eðlis að mínu mati að vart kemur annað til greina en að gefa því betri og lengri tíma. Víðtækari sátt þarf að nást í málinu. Það þarf að skoða það betur og því er hér lögð fram brtt. við áðurnefnda þáltill. þess efnis að framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun verði því aðeins heimilað af Alþingi að meiri hluti kjósenda hafi áður samþykkt framkvæmdina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Flutningsmenn eru, auk þess sem hér talar, hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson og Árni Steinar Jóhannsson.

Sú umræða sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu undanfarið vegna þessa máls hefur kennt mér að það hafi leitt af sér misskilning og rangfærslur af þeirri stærðargráðu að ekki verður annað gert að mínu mati ef skynsemin á að vera leiðarljós en að stöðva málið. Ég tel að skynsamlegast sé að gera það á þann hátt sem hér er lagt til.

Sem dæmi um þann misskilning sem tengst hefur þessu máli er sú ályktun margra að þeir sem mótmæla þeim framkvæmdum sem hér eru á ferðinni séu allir á móti virkjunum og álverum, séu á móti stóriðju og séu jafnvel á móti því að Austfirðingum sé rétt hjálparhönd í þeirri erfiðu stöðu sem þar ríkir í atvinnumálum. Þetta er auðvitað fráleitt. Ég get sagt fyrir mitt leyti, herra forseti, að ég er afskaplega hlynntur því að vistvæn íslensk orka sé seld og nýtt skynsamlega í þágu almennings og ég er heldur ekki á móti stóriðju. Ég er ekkert endilega á móti Fljótsdalsvirkjun í sjálfu sér. En ég er algerlega á móti þeirri leið sem hér hefur verið valin og þeirri tímalegu spennitreyju sem hefur verið sett á þetta mál. Því að hin tímalega spennitreyja er heimatilbúin. Ég hef hvergi fundið haldbær rök sem segja mér að við séum í einhverri tímaþröng í málinu. Ég held að affarasælast sé að gera hlé á málinu og leggja það fyrir þjóðina og fá úr því skorið hvort þjóðarvilji sé á Íslandi til þess að halda áfram þeim framkvæmdum sem við erum að ræða um.

Málið hefur þróast þannig upp á síðkastið að að mínu mati snýst vandamálið alls ekki um hvort menn fallist á að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat eða ekki. Málið er orðið allt annað og mun stærra. Málið snýst ekki bara um Fljótsdalsvirkjun eina og sér. Málið snýst um það tvíeyki sem hér hefur verið til umræðu, virkjun og álverið sjálft. Að mínu mati verður ekki hjá því komist að ræða um málið í heild sinni og þar á meðal er ástæða til að skoða þá stöðu sem Íslendingar eru komnir í gagnvart Norsk Hydro.

Því hefur verið haldið fram að verið sé að ræða um byggðamál. Það er í sjálfu sér rétt að það eru mikilvægir staðbundnir hagsmunir á Austfjörðum í þessu máli. En spurningin um Fljótsdalsvirkjun og álver er spurning um heildarhagsmuni þjóðarinnar fyrst og fremst og það er fráleitt að gera það mál að togstreitu á milli Austfirðinga og landsins að öðru leyti. Sú tímaþröng sem hefur komið upp í þessu máli er auðvitað heimatilbúin og hún er sennilega afleiðingin af því að við höfum komið okkur í þá klaufalegu aðstöðu gagnvart Norsk Hydro að við erum nú rétt fyrir jól í spennu með þetta mál til afgreiðslu, fyrst og fremst til að uppfylla skilyrði sem okkur hafa verið sett eða við búið til sjálf.

Herra forseti. Hér er á ferðinni svo alvarlegt mál að full ástæða er til að vara við hugsanlegum afleiðingum af því ferli sem verið er að áforma vegna þess að ég get ekki betur séð en að sú sérkennilega mynd af íslensku lýðræði sé á hinu hv. Alþingi að búið sé að ákveða það fyrir fram að nýta meirihlutastöðu hæstv. ríkisstjórnar á Alþingi til að afgreiða þetta mál og þar með sé það fyrir fram ákveðið að þau rök, sem fram eru færð í málinu gegn því að framhald verði á framkvæmdum, séu fyrir fram dæmd úr leik.

Herra forseti. Ég man ekki betur en að það hafi gerst fyrir nokkrum árum að hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, hafi tilkynnt þjóðinni í fjölmiðlum að erlendur aðili væri alvarlega að íhuga að reisa hér á landi álver af stærðargráðunni 240–700 þúsund tonn og jafnframt að hinn erlendi aðili hefði áhuga á því að fjárfesta í nauðsynlegum virkjunum. Síðar kom í ljós að hér mun hafa verið átt við Norsk Hydro. Mál þetta hefur þróast þannig að í dag hefur Norsk Hydro bakkað með öll þessi áform þannig að nú virðist sá áhugi einn vera eftir hjá Norsk Hydro að vera 20% eignaraðili í dæminu og ég hef hvergi fundið neina haldbæra skýringu á þeim breytingum á viðhorfi og áhuga Norsk Hydro.

Samningsstaða Íslendinga gagnvart Norsk Hydro er afspyrnu léleg. Samningsstaðan er þannig að ætlunin er að reisa Fljótsdalsvirkjun og selja orkuna til eins aðila. Og við þann aðila, Norsk Hydro, erum við í viðræðum um verð á orkunni. Við erum þegar búin að fjárfesta í virkjunardæminu og áformin eru þau hjá hæstv. ríkisstjórn að halda áfram með þá fjárfestingu, vitandi það að við erum að ræða við eina kúnnann sem á að vera kaupandi að orkunni.

Í umræðunni um fjármögnun undanfarið hafa komið fram ýmsar hugmyndir. Fyrsta spurningin, herra forseti, sem ég tel að við þurfum að fá svar við er spurningin um hvort Íslendingar eigi yfirleitt að fjárfesta sjálfir í álverum. Ég tel að það sé afskaplega vafasamt og ætla að færa rök fyrir því síðar.

Einnig hafa komið upp hugmyndir um hvort íslenskir lífeyrissjóðir eigi að fá tækifæri til að vera með í fjárfestingu á álveri fyrir austan. Ég hef oftsinnis orðið var við það, herra forseti, að það eru margir á Íslandi sem vilja sækja í sjóði lífeyrisþega landsins. Það eru margir sem þola ekki þá tilhugsun að fjármunir hafi safnast fyrir hjá lífeyrissjóðum og komið hefur fram sækni í þá fjármuni með ýmsu móti.

Að undanförnu höfum við verið að ræða um íslenskt velferðarkerfi og í þeirri umræðu kom í ljós að það eru einmitt þessir lífeyrissjóðir sem eru aðalbakhjarl velferðar ellilífeyrisþega og öryrkja á Íslandi. Og það er að mínu mati fráleit tilhugsun að íslenskir lífeyrissjóðir fari að leggja áhættufé í álver á Íslandi.

Fyrir utan umræðuna um þennan hluta fjármögnunar hafa komið fram í fjölmiðlum mjög misvísandi upplýsingar um forsendur kostnaðar, forsendur fjármögnunar, og m.a. kom það fram í viðtali við hæstv. iðnrh., Finn Ingólfsson, í Morgunblaðinu í ágúst sl. að áætlaður stofnkostnaður Fljótsdalsvirkjunar væri um 30 milljarðar. Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, upplýsti í viðtali við Sigurð Jóhannesson hagfræðing í október sl. að áætlaður stofnkostnaður vegna Fljótsdalsvirkjunar og raflína tengdum væntanlegri álbræðslu í Reyðarfirði væri 25 milljarðar. En

um þessar mundir koma upplýsingar frá fulltrúum Landsvirkjunar um að stofnkostnaðurinn sé 22 milljarðar.

Upplýsingar um væntanlega orkuframleiðslu í Fljótsdalsvirkjun hafa einnig verið með ýmsu móti. Í upphafi gaf Landsvirkjun upp áætlun sem snerist um 1250 gwst. á ári. Nýlega breyttust þær tölur í 1390 gwst. á ári. Þær misvísandi upplýsingar sem hafa komið fram að undanförnu, herra forseti, hafa gert það að verkum að þeir sem hafa viljað gagnrýna þessi áform á efnahagslegum forsendum hafa verið gerðir tortryggilegir á þeirri forsendu að þeir hafi ekki haft réttar upplýsingar og ekki notað réttar tölur.

Gagnrýnisraddir hafa komið fram sem hafa leitt rök að því að Íslendingar muni í framtíðinni standa frammi fyrir stórkostlegu tapi við rekstur þeirra virkjana sem um er að ræða. Í Morgunblaðinu fyrir stuttu kom fram að núvirt tap á rekstri Fljótsdalsvirkjunar í hundrað sé á bilinu 530–3280 milljónir miðað við að gerð sé ávöxtunarkrafa upp á 4–6%. Og það er tekið fram að þetta sé samkvæmt bjartsýnisspá, en að reikna megi með 12–13 milljarða tapi á sama tímabili ef miðað er við raunsæjar forsendur.

Sigurður Jóhannesson hagfræðingur segir í Frjálsri verslun fyrir stuttu, blaði nr. 9, að 13 milljarða tap verði á virkjuninni. Í dæmi sínu reiknar Sigurður með að 14 mill fáist fyrir orkuna og hann reiknar með 6% ávöxtunarkröfu. Til viðmiðunar má geta þess að nú þegar verðið á áltonni er u.þ.b. 1.500 dollarar er gert ráð fyrir að ÍSAL kaupi orkuna á 14 mill sem er 1 kr. fyrir kwst. um þessar mundir. Og það er áætlað að Norðurál greiði 10 mill fyrir kwst. og járnblendið um 8–9 mill. Í dæmi Sigurðar er gert ráð fyrir afskriftatíma virkjunar á 45 árum.

Einnig hefur komið fram, herra forseti, gagnrýni frá Þorsteini Siglaugssyni viðskiptafræðingi og er hún mjög svipuð þeirri sem hefur komið fram hjá Sigurði Jóhannessyni eins og ég hef rakið.

Viðbrögð við þessari gagnrýni hafa fyrst og fremst einkennst af því að menn hafa verið ásakaðir um að nota rangar forsendur. En þegar betur er að gáð hafa þeir gagnrýnendur fyrst og fremst notað forsendur sem hafa fengist hjá hinu opinbera.

Gert er almennt ráð fyrir því varðandi ávöxtunarkröfu að fjárfestingar af þessu tagi skili á bilinu 5,5–7% ávöxtun. Varðandi opinberar framkvæmdir í Bretlandi er gerð almenn krafa um 6% ávöxtun fjárins. Alþjóðabankinn hefur lengst af gert kröfu um 7% ávöxtunarkröfu.

Í umræðunni undanfarið hefur komið fram að Friðrik Sophusson, núverandi forstjóri Landsvirkjunar, hafi áætlað að Fljótsdalsvirkjun skili um 5,5% ávöxtun og í tölum Landsvirkjunar hefur verið rætt um ávöxtunarkröfu upp á 5–6%.

Í Morgunblaðinu 17. des. birtist grein Stefáns Péturssonar og Kristjáns Gunnarssonar, fulltrúa Landsvirkjunar, þar sem kemur fram að Landsvirkjun sé um þessar mundir að taka lokaákvörðun um þá ávöxtunarkröfu sem fyrirtækið mun nota í samningum við Norsk Hydro. En hvað vitum við um það verð sem er raunhæft að búast við frá stóriðju af þessu tagi? Hvað er það sem við fáum í dag fyrir kwst.?

Meðalverð Landsvirkjunar til stóriðju árið 1998 voru 0,88 kr. fyrir kwst. og í umræðunni undanfarið hefur komið fram að menn gera jafnvel ráð fyrir því að verðið á áltonninu muni lækka á næstunni og mun það að sjálfsögðu hafa áhrif á það verð sem Landsvirkjun fær fyrir hverja kwst. því að eins og menn vita, herra forseti, er verð á kwst. yfirleitt tengt verði á áltonni á markaði.

Ég hef fengið þær upplýsingar, herra forseti, að kostnaðarverð við framleiðslu hverrar kwst. sé talið vera hér u.þ.b. 1,50 kr. og því sjáum við að dæmið er afskaplega dapurlegt þegar farið er yfir markaðinn og þær tölur skoðaðar sem sýna það verð sem við höfum fengið fyrir okkar orku undanfarið.

Menn hafa einnig verið að deila um afskriftatíma virkjana. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið, herra forseti, er gert ráð fyrir hjá Landsvirkjun að afskriftatími véla og búnaðar sé um 30 ár en 60 ár vegna steyptra mannvirkja. Nú er álitið að virkjun sé samansett af þessu tvennu í hlutfallinu 25% á móti 75% og það er þannig sem menn fá út afskriftatímann 45 ár. Í þeim dæmum sem gagnrýnendur þessara framkvæmdaáætlana hafa lagt fram hafa menn verið að nota upplýsingar sem ég hef verið að rekja hér. Og menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að hér sé á ferðinni veruleg áhætta og viðbrögð manna við þeirri gagnrýni bendi til þess að menn viti að þetta er mikil áhætta fyrir íslenskt hagkerfi. En það virðist vera sem svo að málið hafi tekið á sig þá mynd og fengið slíkt ferli í afgreiðslu að ekki sé tími til að skoða þær stærðir, menn séu búnir að koma sér í tímaþröng og ætli að skella skollaeyrum við þeim gagnrýnisröddum sem ég hef áður lýst.

Ég ætla mér ekki, herra forseti, að fara út í nákvæma umræðu um umhverfisáhrif, hvorki álvers né virkjunar. Það hafa menn þegar gert hér og munu gera í umræðunni í dag, menn sem hafa meiri upplýsingar og kunnáttu en ég hef í þeim efnum. En ég vek athygli á því að þingfundur dagsins byrjaði á átökum sem snúast um ábendingar skipulagsstjóra og kröfur um frekari skoðun og mat á umhverfisáhrifum. Þær deilur sem voru í upphafi þingfundar, herra forseti, segja mér það eitt að hér sé á ferðinni mál sem þurfi meiri tíma og þurfi frekari rannsókna við, mál sem kallar á betri sátt í þjóðfélaginu og það er þess vegna sem þessi brtt. er lögð fram, til þess að gefa mönnum tíma og andrúm til að stunda faglegri og vandaðri vinnu en hingað til.

Það er augljóst mál að fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa veruleg áhrif á íslenskt hagkerfi. Merkilegt er til þess að vita að það er eins og menn hafi ætlað að þær miklu fjárfestingar sem hér eru fram undan muni fyrst og fremst hafa staðbundin áhrif á Austurlandi, en muni ekki hafa skaðvænleg áhrif á hagkerfið í heild sinni þótt svo að við séum með þrisvar til fjórum sinni meiri verðbólgu í dag en að meðaltali í OECD-löndunum og að við séum að tala um jafnvel 20 milljarða fjárfestingar á ári hverju á næstunni.

Varðandi umræðuna um áhrifin á íslenska hagkerfið hefur mér, herra forseti, þótt sérstakt að fylgjast með þætti Þórðar Friðjónssonar þjóðhagstofustjóra í þessu máli. Þjóðhagstofustjóri hefur komið með varnaðarorð í fjölmiðlum, hefur boðað varúð og bent á að töluverð þensla sé í íslensku hagkerfi og menn verði að gæta sín. En sem samningamaður um álbræðslu álítur sami Þórður Friðjónsson að þetta sé ekkert mál. Þórður Friðjónsson telur einnig að það að lífeyrissjóðirnir komi til með að standa undir 30% af fjármögnun álvers sé heldur ekkert mál. Ég held að það sé afskaplega óheppilegt að gera þjóðhagstofustjóra landsins það að þurfa að sitja beggja megin borðs í svona máli því að ég er sannfærður um að ef við förum af stað með þær framkvæmdir sem eru áformaðar muni það auka verulega þenslu á landsvísu og muni gera ástandið hér á landi mun erfiðara en við viljum vera láta í umræðunni eins og hún hefur verið undanfarið.

Herra forseti. Umræðan um Fljótsdalsvirkjun og álver í Reyðarfirði hefur klofið þjóðina í andstæðar fylkingar. Eins og ég sagði áðan er meira að segja búið að gera umræðuna þannig að hún sé hagsmunaátök milli landshluta. Það er fráleitt að færa þessa deilu á slíkt plan því að það sem hér er verið að ræða um er auðvitað ekki einkamál Austfirðinga, þetta mál er mál þjóðarinnar í heild og það verður að nást frekari og meiri sátt um þetta mál en hingað til.

Þeir sem vilja staldra við og gefa málinu meiri tíma eru ekki á móti því að rétta Austfirðingum hjálparhönd í því atvinnuástandi sem þar ríkir. Þetta snýst ekkert um viðhorf þjóðarinnar til Austfirðinga. Þetta snýst um áform um Fljótsdalsvirkjun og álver, fjármögnun, umhverfisáhrif og allt annað það sem ég hef verið að ræða um.

Samningsstaða okkar gagnvart Norsk Hydro er að mínu mati fráleit. Eða hvernig lítur dæmið út? Dæmið lítur þannig út í mínum augum, herra forseti, að við höfum valið okkur einn kaupanda að vistvænni íslenskri orku. Við höfum þegar lagt mikið fé í framleiðslu orkunnar, í framleiðsluþáttinn. Við vitum hvert heimsmarkaðsverð er á þeirri orku og við vitum að við erum ekki samkeppnisfær þar. Við getum ekki keppt við Suðaustur-Asíu, við getum ekki keppt við Afríku og við getum ekki keppt við Suður-Ameríku. Við eigum að gera kröfu til þess að fá mun meira fyrir okkar orku en þessi lönd. Við eigum ekki að hafa hliðsjón af heimsmarkaðsverði á orku. Við erum í öðrum flokki.

Við eigum að staldra við og segja við Norsk Hydro: Við ætlum að bíða, gera hlé og skoða málið betur. Þjóðin þarf að vita hvers vegna Norsk Hydro hefur bakkað. Þjóðin þarf að vita hvers vegna Norsk Hydro hefur lagt til hliðar áformin um að byggja hér 240–700 þúsud tonna álver og jafnframt fjárfesta í virkjunum. Hvers vegna hafa þessi áform breyst?

Skyldi það vera vegna þess að Norsk Hydro hefur áttað sig á að þetta dæmi gengur ekki upp? Og ef svo er, að Norsk Hydro hefur áttað sig á því að dæmið gengur ekki upp, ætlum við samt að halda áfram af því að það hafa átt sér stað pólitískar yfirlýsingar, loforð og væntingar sem hafa sett þetta mál í þann farveg að við erum hér rétt fyrir jól að afgreiða þáltill. frá hæstv. ríkisstjórn?

Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því að hér er á ferðinni hið alvarlegasta mál sem kann að leiða af sér verulegt tjón, bæði fyrir land og þjóð.

Það eru rauð ljós alls staðar í kringum okkur í þessu máli. Við getum ekki afgreitt þetta mál og vita af þeim deilum sem eru í gangi í þjóðfélaginu, deilum um umhverfisáhrif, deilum um forsendur fjárfestinganna, deilum innan þings sem utan. Væri ekki eðlilegt í slíkri stöðu að stöðva málið af og jafnvel fá erlenda úttekt, ef við treystum útlendingum betur, á því máli sem hér er til umræðu?

Hvað segir sagan okkur? Muna menn eftir því þegar Union Carbide dró sig út úr samningum um eignaraðild að járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði? Þá sátu Íslendingar eftir allt í einu hálfrugladir með sárt ennið og Sigölduvirkjun í fanginu sem var beinlínis ráðist í einmitt vegna fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju. En þá kom Elkem Spigerverket til hjálpar og það fékk 20% hlutdeild í verksmiðjunni í formi tækniþekkingar án þess að leggja eina einustu krónu í hlutafé. Kannast menn við það? Og síðan fékk Elkem Spigerverket 15 ára samning um sölu afurða sem nam 3% af veltu.

Þetta kallaði fyrrverandi forstjóri járnblendiverksmiðjunnar réttilega blóðpeninga. Og tókst með harðfylgi og hjálp góðra manna að losna undan þeim samningi 11 árum síðar. Talið er að Íslendingar hafi tapað alls um 12–15 milljörðum á því ævintýri. Og sumir hafa sagt að þær tölur kunni að vera smámunir einir samanborið við áætlað tap af 480 þúsund tonna álveri, eins og menn eru með áform um nú.

Við verðum að stöðva málið hér. Við megum ekki gera þau hrikalegu mistök sem virðast vera í uppsiglingu. Við verðum að ná betri samstöðu meðal þjóðarinnar um þessi áform. Við verðum að fá upplýsingar um hvers vegna Norsk Hydro hefur bakkað út úr málinu eins og gerst hefur. Og það gerum við, herra forseti, með því að leggja áformin um áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun undir þjóðaratkvæði og nota tímann til að styrkja allan faglegan undirbúning og koma okkur í viðunandi samningsaðstöðu, bæði fyrir Austfirðinga og þjóðina í heild, vegna þess að Ísland hefur nefnilega sterka stöðu sem við nýtum ekki í þessu dæmi.

Við eigum mikla vistvæna orku hér á landi og hana eigum við að selja, herra forseti. Við eigum líka frábæran mannafla, höfum mikla kunnáttu og stöðugleiki er í íslensku þjóðfélagi. Allt þetta samanlagt á að gera Íslendingum kleift að gera betri samninga um orkusölu heldur en nokkurri annarri þjóð á að takast. Og það er þess vegna sem við verðum að stöðva málið hér og vinna það upp. Það væri fráleitt að gera annað.

[11:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða hér hvort heimila eigi áframhaldandi virkjunarframkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Afstaða Samfylkingarinnar er skýr. Við viljum að fram fari umhverfismat og ekki verði haldið áfram nema að jákvætt mat hafi komið fram í garð þess að virkjað verði.

Eins og fram kemur í nál. okkar samfylkingarþingmanna í iðnn. höfum við lagt fram tvö mál í þinginu til að leggja áherslu á þá afstöðu okkar. Annars vegar erum við með brtt. við þál. um að fram fari umhverfismat og menn verða að taka afstöðu til þess í atkvæðagreiðslu í þinginu hvort fram skuli fara umhverfismat áður en haldið verður áfram, ef það verður niðurstaðan.

Við höfum einnig lagt fram frv. um að öll virkjunarleyfi skuli háð umhverfismati, óháð bráðabirgðaákvæðinu sem ríkisstjórnin hangir í til að koma í veg fyrir að þessi virkjun fari í umhverfismat.

Við erum búin að ræða þetta mál í heilan dag og höldum nú áfram. Í umræðunni hefur komið fram mjög hörð gagnrýni á vinnubrögðin og á málsmeðferðina hér í þinginu. Frá þeim sem hafa fjallað um umhverfisþáttinn hafa komið fram gild rök fyrir því að hér skorti rannsóknir á svæðinu o.fl.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði ítarlega grein fyrir afstöðu okkar er hún mælti fyrir nál. iðnn. Ég ætla því ekki að endurtaka það sem hún sagði hér. Sömuleiðis hyggst ég ekki fara ítarlega yfir umhverfisþáttinn þar sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður umhvn., hélt ítarlega og yfirgripsmikla ræðu á laugardaginn þar sem hann fór yfir fjölmörg rök fyrir nauðsyn þess að fram fari umhverfismat áður en ákvarðanir um frekari virkjunarframkvæmdir yrðu teknar.

Herra forseti. Alvarlegast í allri þessari umræðu er hvernig stjórnvöld skella skollaeyrum við athugasemdum lærðra hagfræðinga um þetta mál. Að minnsta kosti þrír hagfræðingar hafa fullyrt í fjölmiðlum, í greinum og tímaritum, að virkjun í Fljótsdal geti ekki skilað hagnaði. Af henni verði

milljarðatap hvernig sem á það er litið. Þetta er mjög mikið alvörumál, herra forseti.

Upplýsa verður almenning, sem við vitum að mun borga brúsann, um það hvort hér er verið að fara út í bullandi taprekstur á virkjun sem í ofanálag mun leiða til gífurlegra umhverfisspjalla og leiða af sér óbætanlegt tjón fyrir íslenska náttúru. Ég get ekki séð annað, herra forseti, en að við verðum að krefjast þess að óháðir aðilar reikni út arðsemismatið og þingið fari fram á það áður en menn taka afstöðu til málsins að fram fari útreikningar á arðsemismatinu, þ.e. arðsemismati óháðra aðila, því að ef í ljós kemur að ekki er hægt að reka þessa virkjun öðruvísi en með tapi verður auðvitað ekki farið út í þetta ævintýri.

Það er með ólíkindum að stjórnvöld ætli að hunsa útreikninga þeirra hagfræðinga sem hafa með ólíkum aðferðum og á mismunandi forsendum allir komist að sömu niðurstöðu, þeirri niðurstöðu að á þessari virkjun verði milljarða taprekstur. Það gengur ekki að hlusta aðeins á hagfræðinga Landsvirkjunar sem er hagsmunaaðili í málinu.

Nú er ég ekki neinn sérfræðingur í efnahagsmálum, lærði reyndar smávegis í þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði hjá virtum prófessor við Háskóla Íslands, fyrrv. þingmanni Sjálfstfl., dr. Ólafi Björnssyni, þegar ég var þar við nám. En ég tel mig ekki vera þá fagmanneskju að geta metið þessa útreikninga á þeim upplýsingum sem liggja fyrir, hvort þeir eru réttir eða rangir. En þó, af þeirri litlu þekkingu sem ég hef, get ég ekki séð annað en að þarna sé verið að fara með nokkuð sannfærandi rök fyrir málinu. Og ég hef ekki orðið vör við það, herra forseti, að þeir sem hafa komið að málinu og reynt að hrekja staðhæfingar þessara hagfræðinga hafi á nokkurn hátt hrakið þær niðurstöður sem þeir hafa komist að.

Ég ætla mér ekki að fara ofan í útreikninga þessara aðila í smáatriðum. En ég tel mig bera ábyrgð gagnvart því fólki sem kaus mig á þing og ég get ekki séð að þingmenn, hvorki ég né aðrir, geti tekið afstöðu til áframhaldandi virkjanaframkvæmda í Fljótsdal nema það sé á hreinu hvort af henni verður tap eða ekki. Þess vegna þurfum við að fá óháð arðsemismat til að geta metið það hvort við getum samþykkt það hér í þessum sal að haldið verði áfram við þessar framkvæmdir. Það er það fyrsta sem við verðum að gera og það sem er mest aðkallandi í málinu núna eftir þær upplýsingar sem komið hafa frá þessum fræðimönnum og sérfræðingum í efnahagsmálum.

Allir útreikningar þessara þriggja manna á mismunandi forsendum, byggðir á mismunandi forsendum og aðferðum, leiða í ljós sömu niðurstöðu. Þetta eru hagfræðingarnir Sigurður Jóhannesson, Þorsteinn Siglaugsson og nú síðast Guðmundur Ólafsson. Og ef óháð mat kemst að þeirri niðurstöðu að þetta sé taprekstur og verði aldrei annað, þá þurfum við ekki að ræða hér einu sinni um umhverfismat því að það væri óðs manns æði að fara út í slíka fjárfestingu og dytti varla nokkrum heilvita manni í hug. Og þá er það skylda Alþingis að stöðva slíkt fjármálaævintýri.

Við eigum að láta þetta okkur varða. Hv. þm. Gunnar Ingi Gunnarsson, sem talaði á undan mér, fór yfir söguna í virkjanamálum Íslendinga. Ég ætla ekki að fara að endurtaka hana hér. Við eigum að láta reynsluna vera okkur víti til varnaðar og ganga þessi skref hægt. Við viljum ekki fleiri Kröfluævintýri, herra forseti.

Þeir hagfræðingar sem hafa með ólíkum aðferðum reiknað út að þetta verði aldrei annað en tap eru allir virtir fræðimenn. Og ég minni á, herra forseti, að þessir menn gera aldrei ráð fyrir að verið sé að greiða neitt fyrir þá náttúru sem þarna er til staðar, sem menn hafa bent á að eðlilegt væri og taka með í reikninginn.

Og ég velti fyrir mér, herra forseti, hvernig standi á því að ráðamenn treysta ekki frænda sínum, Sigurði Jóhannessyni, sem kemst að þeirri niðurstöðu, hvernig sem hann reiknar, að tap verði á þessu. Ég minni á að ... (**HjÁ:** Frændi hverra?) Það kemur að því, fyrst kallað er hér úr sal hver sé frændi hvers í þessum efnum, þá minni ég á að þeir frændur úr Viðey, Björn Bjarnason og Halldór Blöndal, hafa ekki sparað það að leita til þeirra frænda sinna, Sigurðar og Benedikts Jóhannessonar úr Talnakönnun þegar leita hefur átt álita á ýmsum málum sem snúa að efnahagslífi þjóðarinnar. Og þeir hafa ekki efast um þá útreikninga og þá fagvinnu sem þeir hafa unnið á fjármálasviði og hafa ekki séð ástæðu til þess að rengja neitt útreikninga þeirra og fagmennsku. (**Gripið fram í:** Hvernig eru þeir skyldir?) Þessir menn eru systkinabörn, en það á auðvitað ekki að skipta máli. Þeir hafa treyst þeim mönnum í útreikningum og ég efast ekki um að þeir eru traustsins verðir. (**KPál:** Þú dregur þetta inn í málið.) Ég dreg það inn í málið vegna þess að þeim hefur verið treyst, þeir hafa verið fengnir til að vinna fyrir ríkisstjórnina og það er hægt að treysta þeim að mínu mati og þeirra sem hafa fengið þá til að vinna fyrir sig.

En allt í einu fer ríkisstjórnin að efast um þessa útreikninga. (**KPál:** Hvenær fer skyldleikinn að hafa áhrif?) Og þegar Sigurður kemst að þeirri niðurstöðu, hvernig sem hann reiknar, að hér verður aldrei nema um tap að ræða lokar ríkisstjórnin bæði augum og eyrum, þegar sú niðurstaða sem þessir virtu fræðimenn komast að er ekki ríkisstjórninni í vil.

Það má geta þess að Sigurður Jóhannesson hefur hrakið öll rök sem komið hafa fram frá virkjunarsinnum og Landsvirkjun sem hafa verið að reyna að hrekja niðurstöðu hans. Og eftir að þeir bentu honum á að forsendur hans væru ekki réttar — reyndar notaði hann forsendur sem Landsvirkjun gaf upp sjálf — og hann leiðrétti útreikninga sína kom enn út tap og milljarðatap.

Það er sama hvernig reiknað er. Það er útilokað annað en að tap verði á Fljótsdalsvirkjun, verði hún reist, miðað við það verð sem viðgengst á mörkuðum í þessum iðnaði.

Þorsteinn Siglaugsson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri í Stokkhólmi, hefur einnig sýnt fram á það með hagfræðilegum og mjög sannfærandi rökum að tapið verði frá 4 að 20 milljörðum að gefnum mismunandi forsendum. Og ekki er hægt að tala um það að Þorsteinn sé andstæðingur ríkisstjórnarinnar eða baráttumaður gegn stóriðjustefnu, það er hann vissulega ekki. Þorsteinn er mætur sjálfstæðismaður og mikill frjálshyggjumaður, sagði hann mér sjálfur, fyrrverandi ritstjóri Stefnis og stjórnarmaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Hann telur einnig að Fljótsdalsvirkjun sé ólögleg, verði hún reist og rekin með tapi. Það kom fram í grein hans í Morgunblaðinu nýverið og væri full ástæða til að fara ofan í saumana á því, einnig hér í þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Ólögleg með hvaða hætti?) Ólöglegt er að reka með tapi og láta almenning greiða niður tap á rekstri til stóriðju samkvæmt lögum um Landsvirkjun.

Og síðast vil ég nefna þann þriðja hagfræðing sem hefur verið að gera sig gildandi í umræðunni um arðsemismál Landsvirkjunar og það er Guðmundur Ólafsson, lektor við Háskóla Íslands, sem er mikill virkjanasinni og, herra forseti, stóð í miklum deilum á netinu við þá sem voru á móti

virkjuninni um það að fara ætti í þessa virkjun. Og herra forseti getur kannað það á skjánum hjá sér, ég sé að hann er mjög iðinn við að skoða sinn tölvuskjá, og gæti farið inn á heimasíðu Guðmundar Ólafssonar og kynnt sér hvernig hann barðist fyrir því að menn færu í Fljótsdalsvirkjun.

Þegar Guðmundur Ólafsson hagfræðingur fór síðan að reikna út máli sínu til stuðnings að fara ætti í þá virkjun og notaði allar fræðikenningar í hagfræðinni til að reikna þetta út var honum heldur betur brugðið. (**KPál:** Þá var hann búinn að reikna út Samfylkinguna.) Og það var sama hvernig hann reiknaði, ekki var nokkur leið að fá hagnað út úr þessu fyrirtæki, hvorki af rekstri virkjunarinnar né af fé því sem til hennar færi.

Og, herra forseti, vegna frammíkalls Kristjáns Pálssonar verð ég að segja að það er furðulegt að stjórnvöld skuli ekki hlusta á virkjanasinnann Guðmund Ólafsson. Hann þótti nefnilega ekki slæmur pappír, hvorki í herbúðum Framsfl. né Sjálfstfl., fyrr á árinu, fyrir kosningar. Þá var hægt að vitna í hann út og suður. Þá voru útreikningar hans og skoðanir í góðu gildi, herra forseti.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég vil minna hv. ræðumann á að það ber að ávarpa þingmenn í þriðju persónu.)

Herra forseti. Þingmaðurinn var að tala við forseta í máli sínu, eins og kom fram í lok setningarinnar.

Herra forseti. Ég gæti farið í löngu máli yfir útreikninga þessara fræðimanna. Nóg hafa þeir skrifað undanfarið. En eins og ég kom að áðan er ég ekki sérfræðingur í efnahagsmálum og ég er ekki viss um að margir slíkir séu hér í salnum. Þess vegna tel ég fullkomlega eðlilegt og fullkomlega réttmæta kröfu að gert verði óháð arðsemismat á þessum framkvæmdum áður en þáltill. fer í atkvæðagreiðslu í þinginu. Það er óþolandi fyrir almenning, sem á að standa straum af kostnaði við þá virkjun og álverinu, sem mun koma í kjölfarið, ef hann þarf að bera tap af henni og þeim framkvæmdum. Það mun auðvitað lenda á almenningi, bæði með aukinni skattheimtu og skertum lífeyri ef lífeyrissjóðirnir fara í þessar fjárfestingar. Þess vegna er nauðsynlegt að fá það fram hér hver hefur á réttu að standa, Landsvirkjunarfræðingarnir, sem hafa hag af því að framkvæma, eða fræðimennirnir/hagfræðingarnir sem allir hafa komist að sömu niðurstöðu um milljarðatap.

Ég tel líka annað vera alvörumál og það er að bæði þingmönnum og almenningi eru leyndar upplýsingar, við fáum ekki upplýsingar um hverjar forsendurnar eru t.d. á verði raforkunnar. Þingmenn sem eiga að taka afstöðu til þessa máls fá ekki upplýsingar um það á hvaða forsendum útreikningarnir eru sem liggja fyrir. Og ég krefst þess að fá upplýsingar um það. Á hvaða verði ætla menn að selja raforkuna? Á hvaða verði ætla menn að selja þá raforku sem kemur úr þessari virkjun, verði hún reist?

Og hvaða leyndarmál eru þetta? Er ekki ljóst annars staðar hvaða raforkuverð viðgengst í þessum iðnaði, til orkufreks iðnaðar? Ég tel vera skyldu stjórnvalda að upplýsa okkur, sem eigum að taka afstöðu til þessa máls, um það hvaða verð eigi að vera fyrir þessa raforku.

Menn hafa verið að tala um, og síðast í fjölmiðlum um helgina, 1,30 fyrir kwst. Hæsta verð sem viðgengst í þessum iðnaði er um 1,20 kr. Hæst hafa þeir reyndar farið í 1,50 kr. og það mundi skila 2% arði, sem er allt of lágt. Ég bendi á að verðið til nýjustu álveranna, sem eru reist í þriðja heiminum, í Mósambík, Malasíu og Kína, er langt undir þeim upphæðum sem ér er að nefna hér.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég er hissa á því að stjórnarþingmennirnir, sem virðast nú ætla að samþykkja áframhaldandi framkvæmdir í Fljótsdal, skuli ekki kalla eftir upplýsingum um þetta, um forsendurnar, um arðsemina. Hafa þeir ekki áhuga á að vita hið sanna í málinu? Ætla þeir að treysta blindandi á hagfræðinga Landsvirkjunar, sem hafa enn þá ekkert gefið upp um hverjar forsendur útreikninganna eru eða verða?

Ég minni á að ef illa fer og ef hætt verður við virkjunina, þá er það auðvitað hagsmunamál fyrir Landsvirkjun að haldið verði áfram að virkja og farið verði í þessa virkjun, það er hagsmunamál þeirra manna sem eru að gefa okkur þær upplýsingar að allt verði í fínu lagi. Það er hagsmunamál þeirra að virkjað verði annars missa þeir vinnuna, án þess að ég sé að efast um eða leggja mat á hvort útreikningar þeirra séu réttir. Við verðum að fá óháða aðila til að reikna þetta út og við verðum að fá upplýsingar um á hvaða verði á að selja þetta rafmagn.

Herra forseti. Hér hafa verið allmiklar upphrópanir vegna meintra upplýsinga sem haldið hefur verið frá þingmönnum í iðnn., reyndar upplýsingum sem koma þessu máli ekkert við. En hér er vísvitandi verið að halda upplýsingum frá þingmönnum hvert verðið eigi að vera fyrir þessa orku og það eru nauðsynlegar upplýsingar til þess að við getum tekið afstöðu til málsins. Ekki að við tökum þannig afstöðu til málsins á grunni umhverfismats heldur á grunni arðsemismats, og það verður auðvitað að liggja hér fyrir. Það ætti að gefast tími til að reikna það út. Þó menn gefi sér það í allri þessari umræðu að menn hafi engan tíma til að gera nokkurn skapaðan hlut til að upplýsa um neitt sem varðar þessa virkjun, þá ætti að vera tími til þess, herra forseti, að fara í óháð arðsemismat á þessum framkvæmdum.

Við verðum líka að auka eftirlit með þeim sem eru að fara með fé annarra, fé sem þeir eiga ekki, menn sem eru í raun inni ekki að taka neina fjárhagslega áhættu sjálfir. Þetta er ekki þeirra fé, þetta er fé almennings og það er almenningur sem mun þurfa að borga tapið ef það verður. Og þetta veltir upp þeirri spurningu hvort ekki sé full ástæða til að gera Landsvirkjun að hlutafélagi þannig að það sé rekið eins og önnur fyrirtæki á markaði. Ég held að það sé full ástæða til þess að við veltum því fyrir okkur í þessari umræðu. Sporin í íslenskri virkjanasögu hræða vissulega, herra forseti, eins og hv. þm. Gunnar Ingi Gunnarsson benti á í máli sínu og rakti ítarlega og ég ætla ekki að fara út í.

Herra forseti. Fyrst hæstv. ráðherrar úr Framsfl. eru til staðar vil ég spyrja þá: Á hvaða verði ætla menn að selja rafmagnið til stóriðjunnar frá þessari virkjun? Ég óska eftir því að fá svör við því hér. Hvers vegna er verið að halda því leyndu? Ég spyr einnig, herra forseti: Eru skattgreiðendur að borga með því rafmagni? Er eitthvað til í því — af því það kom fram í grein frá hagfræðingum Landsvirkjunar rétt fyrir helgi að verðið yrði lægra í upphafi — að menn séu ekkert að borga fyrir orkuna í upphafi þegar fara á hér út í virkjanir, eins og heyrst hefur? Eru menn að fá þetta fyrir ekki neitt í upphafi þegar þeir eru að byrja að reka stóriðjuver?

Ég trúi því ekki að svo sé, en það hefur heyrst manna á meðal að verið sé að borga nánast ekki neitt fyrir raforkuna í upphafi rekstrar á stóriðju og er þá vísað til Grundartanga.

Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um hvað er hér á ferðinni. Hvaða kostakjör er verið að bjóða Norsk Hydro sem ætlar varla að setja nokkurn pening í allt þetta ævintýri? Ekki er ólíklegt, eins og komið hefur fram í umræðunni, að Norsk

Hydro hafi farið í að reikna út arðsemismatið — eins og hagfræðingarnir sem ég hef vísað til hér — og komist að þeirri niðurstöðu að það væri alls ekki arðbært að fara að setja peninga í þetta ævintýri.

Nú er svo komið að Íslendingar eiga að bera alla fjárhagslega áhættu af þessu álveri, þessari virkjun. Ég verð að segja það, herra forseti, að mér líst ekki á blikuna að eiga að hætta lífeyrissparnaði launafólks, ef lífeyrissjóðirnir fara út í þessa fjárfestingu, og það án þess að nokkur óháður aðili hafi reiknað út hvort hér sé hagnaðarvon eða ekki. Ég tel að við þingmenn berum ákveðna ábyrgð. Við berum ábyrgð í umræðunni og okkur ber að kalla fram upplýsingar í málinu þannig að hægt sé að taka afstöðu á raunhæfum forsendum. *Ég er á því, herra forseti, að það sé tími til þess.* Það er tími til þess.

Herra forseti. Ég vil benda á að höfundur Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins nú um helgina er á sömu skoðun. Hann bendir á það í Reykjavíkurbréfinu að það ætti að vera tími til þess að skoða málið betur. Aðalatriðið núna er arðsemismatið. Hvernig stendur á því að Norsk Hydro ætlar ekki að eiga nema takmarkaðan hluta af álverinu í Reyðarfirði? Hvernig stendur á því, herra forseti?

Ég bendi einnig á það, sem hefur komið fram í umræðunni og kom einnig fram í umræðunni þegar við vorum með þetta mál til 1. umr., að það eru fleiri kostir í stöðunni. Það eru fleiri kostir í stöðunni, það eru fleiri sem væru tilbúnir að koma til ef Norsk Hydro hverfur frá. Þess vegna eru ekki rök í málinu að það sé ekki hægt að fara í að skoða málið betur, bæði hvað varðar arðsemismatið og einnig hvað varðar umhverfismatið, að ekki sé tími til að fara í þær rannsóknir. Það er tími og við eigum fleiri kosti. Ég minni á að Columbian Venture hefur sýnt áhuga á því að koma inn í samningana og hefur áhuga á því að koma þarna til skjalanna til að byggja upp frekari stóriðju.

Höfundur Reykjavíkurbréfsins bendir einnig á það hér, herra forseti, og ég ætla að vitna í Reykjavíkurbréfið, með leyfi forseta. Hann spyr:

„Getur verið að í þessu þensluástandi sé beinlínis skynsamlegt og jafnvel mjög nauðsynlegt að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun í eitt ár til þess að fram komi *ákveðinn slaki í efnahagsþenslunni, slaki, sem mundi* m.a. stuðla að hóflegri kjarasamningum en ella?"

Ef menn fresta virkjun gefst auðvitað tími til að fara í allar þær rannsóknir sem hefur verið bent á æ ofan í æ í umræðunni að þarf að fara í. Ég verð að segja það, eftir að hafa skoðað rök allra þeirra sem eru að reyna að andmæla útreikningum þeirra hagfræðinga sem geta ekki fengið annað en tap út úr þessari virkjun, að þau rök eru ákaflega veik. Ég hef í rauninni ekki séð nein gild rök sem hrekja þá útreikninga. Þess vegna þurfum við auðvitað að fara í þá, þess vegna er skylda okkar þingmanna að láta reikna þetta út og fara í nánari athugun á málinu.

Herra forseti. Mig langar vegna nokkurrar umræðu um vinnubrögðin í þinginu við meðferð málsins aðeins að koma að nokkrum atriðum þar sem ég á sæti í hv. iðnn. Ég verð að segja að mér blöskrar hvernig stjórnarmeirihlutinn hefur haldið á málum í nefndinni. Eins og fram hefur komið óskaði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir eftir því í umhvn. að fulltrúar Norsk Hydro kæmu á fund nefndarinnar til að skýra mál sitt eftir mjög misvísandi upplýsingar frá þeim. Því var synjað. Það var á þeirri forsendu að ekki gæfist tími til að fá þá til fundar við nefndina.

Aftur á móti var aftur óskað eftir því í iðnn. að þeir kæmu á fund iðnn., sem hafði betri tíma og átti auðvitað að fá þessa menn til að skýra mál sitt og skýra misvísandi upplýsingar og fá á hreint hvort þeir eru tilbúnir að bíða eftir umhverfismati. Því var aftur synjað. Í tvígang fórum við fram á það í nefndinni að fá Norsk Hydro á fundinn, fyrst eftir að umhvn. hafði verið synjað að fá þá á sinn fund og síðar þegar komu enn nýjar upplýsingar frá Norsk Hydro um það hvort þeir væru tilbúnir að bíða og þeir mundu ekki falla frá yfirlýsingum sínum eða samningum um það að fara í þessar framkvæmdir. Þá var aftur synjað.

Herra forseti. Það virðist vera þannig að stjórnarliðið þori ekki að heyra hvað Norsk Hydro hefur að segja, það þori ekki að fá þá hingað til að svara þeim spurningum sem þingmenn vildu gjarnan leggja fyrir þá.

Ég gagnrýni þessi vinnubrögð. Ég gagnrýni hvernig menn voru plataðir í upphafi málsins og almenningi talin trú um að þeir gætu komið að málinu í vinnslunni í þinginu. Það er bara ekki rétt. Þau tvö hundruð eða á þriðja hundrað bréf sem nefndinni bárust voru aldrei tekin til neinnar umfjöllunar þó að þau hafi fengist bókuð eftir að ég óskaði eftir því í nefndinni að þau yrðu bókuð sem málsskjöl. Þau erindi sem komu frá almenningi í gegnum tölvupóst voru þannig, eftir að við fórum yfir þetta gaumgæfilega, að um $^1/_4$ var með því að það væri virkjað þarna, en þorri hinna, um $^3/_4$ voru á móti því. Auk þess tel ég það mjög ámælisvert í vinnubrögðum nefndarinnar að heimila ekki þeim þremur aðilum sem óskuðu eftir því í gegnum tölvupóst að fá að koma á fund nefndarinnar til að viðra viðhorf sín til málsins að koma á fund nefndarinnar þrátt fyrir að nefndarmenn í iðnn. óskuðu eftir því að fá þessa menn á fund sinn.

Ég man ekki til þess fyrr í þinginu að þingmönnum hafi verið synjað um að fá ákveðna aðila á fund nefndar til að hlusta á hver afstaða þeirra væri — og sérstaklega þegar er um að ræða mjög umdeilt mál sem ríkir alls ekki sátt um í samfélaginu. Því frekar hefðum við átt að leyfa þessum aðilum að koma á fund nefndarinnar og hlusta á viðhorf þeirra.

Herra forseti. Stjórnarliðið vill hvorki heyra né sjá í þessu máli. Ég óttast helst að það ætli að greiða atkvæði með *tillögunni með bundið fyrir augun.*

Herra forseti. Það eru margir þættir sem væri full ástæða til þess að ræða hér, fara inn í umhverfisþættina, inn í mótvægisaðgerðirnar, alla þá þætti sem snúa að málinu. En ég ætla ekki að eyða tíma í það. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar og fyrsti ræðumaður okkar í málinu á laugardaginn, fór ítarlega yfir þessa þætti þegar hún kynnti nál. og ég tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það. En vegna umræðunnar um fund skipulagsstjóra hjá iðnn. get ég ekki orða bundist yfir því hvernig veist hefur verið að þeim ágæta embættismanni í umræðunni. Ég verð að segja að ég sat *þennan umrædda fund og gestir nefndar*innar þar svöruðu hverri einustu spurningu sem fyrir þá var lögð og voru þeir með mikla og stóra skýrslu sem var upp á margar blaðsíður og höfðu þeir aðeins um klukkustund til þess að fara yfir þessa þætti.

Líka hefur verið bent á það í umræðunni að skipulagsstjóri var með 13 atriði sem hann taldi að þyrftu frekari skoðunar við. Við vitum ekki hve langan tíma tekur að skoða alla þá þætti sem snúa vissulega ekki allir að Hollustuvernd eins og kom fram í morgun. Þarna eru þættir sem snúa að Veðurstofunni og ýmsum öðrum aðilum sem þyrftu að koma

með frekari gögn. Það getur verið að þau gögn liggi öll fyrir og menn geti afgreitt umhverfismatið á verksmiðjunni á stuttum tíma en það vitum við ekkert um. Við höfum ekki fengið upplýsingar um það þó að við óskuðum eftir því í nefndinni. Þar ætti einnig að gefast tími til að skoða aðeins út í hvað menn eru að fara með þessari framkvæmd allri.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðu mínu öllu lengri þó ég gæti farið ítarlegar út í arðsemismatsmálin sem ég hef látið hagfræðinga skoða fyrir mig og reikna út. Það er alveg sama hvaða forsendur hafa verið lagðar til grundvallar, ekki er hægt að komast að annarri niðurstöðu en að tap verði á þessari virkjun. Þess vegna krefst ég þess að farið verði með þingmönnum yfir útreikningana og málið verði ekki afgreitt út úr þinginu fyrr en óháðir aðilar verði búnir að reikna þetta út og iðnn. og öðrum þingmönnum verði kynntar þær niðurstöður. Ég tel það svo alvarlegt að menn ætli að horfa fram hjá þeim niðurstöðum sem þessir hagfræðingar hafa komist að, sem hafa lýst skoðun sinni í málinu, að mér finnst ekki hægt að fara frá málinu öðruvísi en að það verði skoðað.

Herra forseti. Ég ítreka að ég vil fá upplýsingar um það á hvað á að selja rafmagnið. Hvers vegna þessi leyndarmál með allt saman? Hvað er þarna á ferðinni og hvernig geta þingmenn tekið afstöðu til þessara framkvæmda án þess að hafa allar þessar upplýsingar fyrirliggjandi? Það er ekki hægt, herra forseti, og það er ábyrgðarhluti að ætla að fara að greiða atkvæði með áframhaldandi framkvæmd þegar ekki liggja fyrir útreikningar um að annað en tap á framkvæmdinni.

[11:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé að hæstv. iðnrh. er kominn í salinn. Ég hefði ekki beðið um orðið nema vegna þess að hv. þm. var að spyrja um arðsemi virkjunarinnar og arðsemi þessara framkvæmda. Að sjálfsögðu er ekki hægt að reikna arðsemina út, alveg sama hvaða hagfræðing hv. þm. fær til þess, nema það liggi hvert verðið er á rafmagninu til álversins. Hv. þm. sagði að það væri alveg sama hvaða forsendur menn gæfu sér, það kæmi alltaf út tap. Það er skrýtin hagfræði sem hv. þm. hefur lært, enda þarf ekki neinn hagfræðing til þess að reikna þetta út.

Þetta mun að sjálfsögðu ráðast í samningum. Menn semja ekki fyrir fram í þessu máli. Ég veit ekki hvernig hv. þm. reiknar með almennt að samningar eigi sér stað, að hægt sé að upplýsa um það á þessari stundu hver verði niðurstaða þessara samninga. En að sjálfsögðu er miðað við að bæði virkjunin og álverið skili arði.

Hv. þm. hafði sérstakar áhyggjur af lífeyrissjóðunum í þessu sambandi, ef verðið á rafmagninu yrði nú lágt. Ég veit ekki betur en að lífeyrissjóðirnir hafi hugsað sér að fjárfesta í álverinu. Og ef rafmagnsverðið verður mjög hagstætt og lágt, eins og hv. þm. óttast, þá hljóta lífeyrissjóðirnir fyrst og fremst að hagnast á því.

Mér finnst þetta svo augljóst, hv. þm., að það ætti ekki að þurfa að ræða það. Ég bið hv. þm. að fara yfir sögu samninga í svipuðum málum og þá ætti þetta að liggja alveg augljóst fyrir hv. þm. Þar að auki liggur það náttúrlega alveg ljóst fyrir að ef við ætlum að reka okkar samfélag og halda uppi okkar velferðarkerfi, sem hv. þm. er alltaf að tala um, þá er nauðsynlegt að það sé atvinna í þessu landi.

[11:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að það sé atvinna í þessu landi. En það er líka nauðsynlegt að við förum ekki út í fjárfestingar sem verða með bullandi tapi. Útreikningarnir sem ég vitnaði til voru auðvitað miðaðir við það gangverð sem er á rafmagni og hæsta verð sem gefst á orkumarkaði í stóriðju í heiminum.

Ég held að það sé nauðsynlegt eftir þessa ræðu hæstv. ráðherra að iðnn. fái upplýsingar um þessa hluti og ef þetta er svona mikið leyndarmál þá fái þeir a.m.k. þessar upplýsingar (**Utanrrh.:** Hvað er ég búinn að segja við þig?) í trúnaði. Hvað getur hæstv. ráðherra farið lágt í samningunum? Hvað þarf hann að selja rafmagnið á til þess að þarna sé ekki tap?

Herra forseti. Við eigum fulla heimtingu á því að fá upplýsingar um hvað menn ætla að selja rafmagnið á. Ég vil fá útreikning á því frá mönnum sem kunna eitthvað í efnahagsmálum og eru sérfræðingar á þessu sviði. Ég vil fá upplýsingar um það og ég tel það vera skyldu okkar þingmanna að fá slíkar upplýsingar, þ.e. hvort hér er verið að fara út í eitthvert fjárfestingarglapræði eða ekki, fjárfestingarglapræði eins og margir hagfræðingar hafa bent á og þeirra rök hafa ekki verið hrakin.

Herra forseti. Ég vil fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherrum á hvaða forsendum þeir byggja sína útreikninga. Hæstv. ráðherra segir að ekki sé hægt að reikna út arðsemismatið af því hann viti ekki hvernig samningarnir verði. Á einhverju hljóta menn að byggja þegar þeir eru að undirbúa svona framkvæmdir.

[11:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir, hv. þm., að sú ríkisstjórn sem situr í landinu og stjórnarmeirihlutinn hefur trú á þessu máli og hefur trú á því að það gangi upp. En hv. þm. hefur enga trú á málinu og vill nota öll rök, alveg sama hvaða rök það eru, til þess að koma í veg fyrir að þetta verði gert. Hv. þm. dregur fyrst og fremst upp neikvæða hlið á málinu og byggir á einhverjum útreikningum sem er ekkert hægt að framkvæma fyrr en búið er að semja. (Gripið fram í.) Hv. þingmenn vita að sjálfsgöðu að þannig fara menn ekki í samninga. Ég þakka guði fyrir að hv. þm. verður ekki í samninganefndinni.

[11:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér í útreikningum er miðað við hæsta og lægsta verð sem gefst á þessum mörkuðum. Það er ekki nóg, herra forseti, að ríkisstjórnin hafi trú á þessu. Það er ekki nóg fyrir þingmenn að taka afstöðu með eða á móti því hvort að fara eigi út í þessa virkjun eftir því hvort ríkisstjórnin hafi trú á þessu eða ekki. (**KHG:** Við eigum fulltrúa í Landsvirkjun.) Hefur almenningur trú á þessu? (**Gripið fram í:** Já.) Hagfræðingar sem hafa birt sína útreikninga hafa ekki trú á þessu og þeir sýna fram á það með mjög gildum rökum að þetta getur ekki staðist, að þarna verði alltaf tap. Og sérstaklega þegar vísað er til þess hvernig hefur verið staðið að svona málum undanfarin ár.

Hvernig var ekki með Kröfluævintýrið og önnur virkjanaævintýri eins og hefur verið rakið hér í umræðunni? (**KPál:** Þá voru engir samningar.) Ja, ég ætla ekki að segja það í þessum ræðustól hvað ég vildi helst segja um þetta mál. En eftir þetta andsvar frá hæstv. ráðherra er ég vissulega enn harðari á því að iðnn. eigi að fá upplýsingar um hvað miðað

er við, við hvaða verð er verið að miða, hvaða arðsemismat og alla þá útreikninga sem menn miða við þegar þeir undirbúa þessa framkvæmd.

Ég er ekki neitt að draga úr þessu. Ég fer með varnaðarorð. Ég fer með varnaðarorð eins og vissulega er full ástæða til í þessu máli, a.m.k. í framhaldi af skrifum virtra hagfræðinga sérmenntaðra í efnahagsmálum.

[11:51]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Síðari umr. um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun fer fram þegar komið er fast að jólum og verður afgreiðsla hennar því eins og jólagjöf til þjóðarinnar. Sá hængur er þó á gjöfinni að henni er ekki hægt að skila ef tekið er við henni og það sem meira er, þjóðin á eftir að fá fleiri slíkar á næstu árum því jólagjöfin er bundin, eins og á raðgreiðslum, til frekari framkvæmda við virkjanir og álver. Að lokum verður þjóðin búin að fá þann stærsta jólapakka sem hún hefur nokkurn tíma áður fengið og mun að öllum líkindum ekki fá annan eins langt fram á næsta árþúsund.

Hér liggur fyrir þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Hún er byggð á frummatsskýrslu Landsvirkjunar, mikilli skýrslu um umhverfi og umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar. En hér er líka allt undir. Við höfum fengið nál. frá iðnn., frá meiri hluta iðnn., frá 1. minni hluta iðnn. og frá 2. minni hluta iðnn. Umhvn. skilaði sínu áliti til iðnn. og hér er búið að fara vel yfir álit umhvn., bæði efnislega og eins afgreiðslu. Ég vil sérstaklega taka það fram varðandi niðurstöðu umhvn. að verið er að reyna að gera það tortryggilegt að fimm nefndarmenn skuli ekki hafa verið saman á einu áliti. En allir vita að flokksholllusta tveggja þingmanna sem eru í stjórnarmeirihlutanum á þingi var svo mikil að þeir vildu vera sér með álit, en álitið var unnið að fullu af þeim fimm þingmönnum sem skiluðu, að mínu mati þá, meirihlutaáliti umhvn. á þann veg að þessi framkvæmd skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Það er verið að reyna að gera þetta tortryggilegt, þ.e. að þar sem þingmenn voru tveir og svo þrír saman, að þá sé þetta ekki meiri hluti. (Gripið fram í.) Undir álit 1. minni hluta rita fjórir hv. þingmenn og það er orðinn meiri hluti að áliti margra. En þegar ég ber saman töluna fjóra og töluna fimm þá er nú talan fimm hærri í mínum huga. (**KPál:** Ætlar forseti að leyfa ...)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti vill biðja hv. þm. um að gefa ræðumanni færi á því að halda ræðunni áfram.)

Hv. þm. Kristján Pálsson hefur verið hvað ötulastur við að reyna að snúa þessu út og suður. Hann hefur einhverja sérstaka náttúru til þess sem ég skil ekki. (**Gripið fram í:** Honum líður eitthvað illa.)

Um nefndarálit iðnn. vil ég segja að iðnn. hefur afgreitt tillöguna um stuðning Alþingis við Fljótsdalsvirkjun. Meiri hlutinn í nefndinni tekur undir óskir um að Landsvirkjun geri áætlun um aðgerðir til mótvægis við það náttúrutjón sem verður af Eyjabakkalóni og um endurheimt gróðurs. Þetta var samþykkt með sex atkvæðum stjórnarliða gegn atkvæði Árna Steinars Jóhannssonar sem skilar sérnefndaráliti. Tveir fulltrúar Samfylkingarinnar sátu hjá. Í nefndaráliti þeirra kemur fram að þeir vilja að ekki verði farið í þessar framkvæmdir nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. En miðað við þá skoðun nefnarmanna varð ég satt að segja mjög undrandi að þeir skyldu sitja hjá við afgreiðsluna þar sem ekki á að hlusta á þessa kröfu um að nefnd framkvæmd fari í margumrætt mat á umhverfisáhrifum.

Þetta hefur komið vel fram í máli manna og er í sjálfu sér ekkert fleira um það að segja. En ég lýsi undrun minni á þeirri afstöðu að afgreiða þetta svona. (Gripið fram í.) Ég er að tala um afgreiðslu úr iðnn.

Herra forseti. Í skjóli hæstv. ríkisstjórnar er þessari tillögu rutt fram fyrir þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem lögð var fram á fyrstu dögum þingsins, þáltill. um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Hún hefur ekki einu sinni fengist afgreidd út úr umhvn. þó að allar forsendur til þess séu fyrir hendi. Í þeirri tillögu kemur skýrt fram sú krafa að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun hefjist ekki fyrr en að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.

Þáltill. snýr að verklagi sem komið hefur verið á með lögum nr. 63/1993 og er til að draga úr umhverfisspjöllum og skaðlegum áhrifum á mannlíf og búsetu. Þetta er vinnuferli sem við höfum til að leita fleiri valkosta ef í ljós kemur að frumhönnun framkvæmda er að einhverju leyti ábótavant, sama hvort það snýr að umhverfinu, náttúrunni eða mannlífinu. Undir þessa þáltill. taka bæði þeir sem vilja vernda svæðið og ekki síður þeir sem vilja virkja, en gera það með varúð svo ekki hljótist óbætanlegur skaði af.

Það að hleypa þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum ekki út úr umhvn. er valdníðsla, herra forseti, bæði út frá því hvenær þessar tvær tillögur voru lagðar fyrir þingið og ekki síður eðli málsins samkvæmt. Þáltill. okkar hefði átt að koma fyrir þingið á undan þeirri tillögu sem nú er fjallað um. Till. til þál. um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar sem við, þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, lögðum fram var lögð fram í fjórða sinn og ekki að ástæðulausu. Þetta mál hefur lengi verið í undirbúningi. Ég er viss um að margir hefðu viljað nú að hlustað hefði verið á þessa þáltill. þegar hún kom fyrst fram. Þannig hefði unnist tími til að undirbúa þetta stóra mál eins og stór hluti þjóðarinnar óskar eftir að gert verði. Ég ætla hins vegar að vitna í hluta úr grg. með þáltill., um hvers vegna sé farið fram á þetta. Þar er vitnað í sérstaka umsögn Skipulagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun telur að í ljósi breyttra viðhorfa og löggjafar í umhverfismálum sé eðlilegt að fram fari formlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem háðar eru mati samkvæmt 5. gr. laga nr. 63/1993, þrátt fyrir að þær falli undir II bráðabirgðaákvæði þeirra."

Enn fremur segir í grg. með þáltill.:

„Í nýrri umsögn stofnunarinnar, dags. 16. júlí 1999, er ekki tekin afstaða til þess hvort virkjunin skuli sæta lögformlegu mati, en þar kemur fram að samvinnunefndin sem vann að gerð svæðisskipulags miðhálendisins og staðfest var af umhverfisráðherra 10. maí 1999, gerði í úrskurði sínum fyrirvara við virkjanaframkvæmdirnar. Að honum er vikið síðar í greinargerð þessari. En þá kemur fram nýr flötur í málinu og skal nú vitnað orðrétt í umsögn Skipulagsstofnunar. Þar segir:

„Ekki er fyrir hendi aðalskipulag Fljótsdalshrepps en áður en hægt verður að hefja framkvæmdir við virkjun þarf sveitarstjórn að auglýsa tillögu að deiliskipulagi virkjunarsvæðisins. Það verður síðan hlutverk sveitarstjórnar að fjalla um og svara þeim athugasemdum sem kunna að berast við deiliskipulagstillöguna. Samþykki sveitarstjórn deiliskipulagið sendir hún það til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt getur sveitarstjórn

veitt framkvæmdaleyfi fyrir virkjun, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fari ekki fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt lögum nr. 63/1993 má ætla að sú umræða sem hefði orðið í tengslum við það, verði þess í stað í tengslum við deiliskipulagið og það verði því hlutverk Fljótsdalshrepps en ekki Skipulagsstofnunar að vinna úr hugsanlegum athugasemdum."

Í þessu sambandi ber að athuga að allir landsmenn koma til með að hafa rétt til athugasemda um deiliskipulagstillögu sveitarstjórnarinnar og síðan eftir afgreiðslu sveitarstjórnar, kærurétt til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Sú úrskurðarnefnd hefði svo síðasta orðið á stjórnsýslustigi því að úrskurðir hennar eru fullnaðarúrskurðir samkvæmt lögunum og verður ekki skotið til umhverfisráðherra. Þeir sem vefengdu niðurstöðu nefndarinnar yrðu því að leita til dómstóla."

Ég dreg fram þessa þáltill. og grg. með henni því að málið er ekki svo einfalt að nóg sé að samþykkja þá þáltill. sem við erum að fjalla um hér og þar með renni þetta allt í gegn. Ýmis mál eru enn óunnin.

Málsmeðferðin öll hefur klofið þjóðina upp í andstæðar fylkingar sem ekki ná saman. Rök duga ekki lengur. Þau eru á þrotum og tilfinningarnar ráða einar. Fylkingum slær saman því að annarri finnst að ef menn vilji ekki fara að vilja ríkisstjórnarinnar, ganga að tilboði Norsk Hydro um þátttöku í rekstri álvers við Reyðarfjörð, þá séu menn á móti Austfirðingum og því að þeir fái það sem þeim ber af stóriðju og stórframkvæmdum.

Virkjanasinnar, sérstaklega á Austurlandi, telja að nú sé komið að þeim eftir 20 ára bið en þá loksins að komið sé að þeim þurfi allt í einu að vernda náttúruna, Eyjabakkana, það forarsvæði sem enginn hefur haft áhuga á að skoða fram til þessa. Sumum finnst þó eftirsjá að svæðinu en því verði því miður að fórna því til að fá virkjunina og álverið.

Þegar menn eru svo ákveðnir í að halda blindandi áfram hvað sem það kostar horfa menn fram hjá þörf á frekari rannsóknum og því að leita betri lausna í hönnun og umhverfisvernd. Andstæðar fylkingar hafa myndast milli virkjanasinna, sérstaklega á landsbyggðinni, og svokallaðra umhverfissinna, þá sérstaklega menntamanna og listamanna. Eða, herra forseti, eru þetta ímyndaðir andstæðingar þegar ekki er hægt að takast á málefnalega um mismunandi þarfir, kröfur og væntingar? Ef þú ert ekki með mér þá ertu á móti mér. Þeir sem vilja að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum eru að tefja málið og spilla fyrir svo ekkert verði af framkvæmdum. Þeir eru því allir á móti virkjuninni og álverinu. Þeir nota þessa málsmeðferð til að hylma yfir raunveruleg markmið sín.

Þessi málflutningur er mjög óréttmætur gagnvart þeim fjölmörgu Íslendingum sem vilja að virkjað sé áfram fyrir álver eða aðra stóriðju á Íslandi en vilja ekki spilla náttúrunni meira en nauðsyn krefur og vilja að leitað sé sátta hjá þjóðinni um svo stórar framkvæmdir.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort allir gera sér ljóst hve risastórt verkefni það er sem við mundum hefja með því að samþykkja þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Í hugum margra ætlum við að byggja hér álver eins og eru í Noregi en því miður er það ekki svo hvað stærðina snertir. Hér er um að ræða byggingu sem á að hýsa eitt stærsta álver í heimi. Við munum nota til þessa eina álvers orku sem samsvarar u.þ.b. allri þeirri raforku sem við notum í dag.

Í Noregi nemur álframleiðslan um 900 þús. tonnum á ári og framleiðslan fer fram í sjö verksmiðjum vítt og breitt um Noreg. Fyrirhuguð verksmiðja á Reyðarfirði á fullbyggð að framleiða um 480 þús. tonn, þ.e. að meðaltali sama og tæplega fjórar verksmiðjur framleiða samanlagt í Noregi. Það er ekki áhugi hjá Norsk Hydro að vera með í rekstri álsversins á Reyðarfirði nema að tryggt sé að verksmiðjan verði stækkuð í nánustu framtíð upp í þessi 480 þúsund tonn. Það er þrefalt stærra álver en álverið í Straumsvík er í dag. Fyrstu hugmyndir þeirra hjá Norsk Hydro voru um þátttöku í rekstri á 720 þús. tonna álveri. Þær hugmyndir náðu ekki fram að ganga af ástæðum sem ég þekki ekki en e.t.v hefur staðið í mönnum að láta LSD eða „langstærsta drauminn" komast í framkvæmd, þ.e. virkja allt fallvatn norðan jökla að Jökulsá á Fjöllum meðtalinni.

Menn hafa bundið sig mjög í samþykkt sem er kennd við Hallormsstaðaryfirlýsinguna, þ.e. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Norsk Hydro um koma á þessu stóra álveri og virkjun því tengdu. Allt hangir þetta saman, engin verður Fljótsdalsvirkjun nema af álverinu verði. Eins og hér hefur margoft komið fram hefur hins vegar ekki reynt á það að leita eftir því við Norsk Hydro að fresta um einhvern tíma framkvæmdum til að vinna málið betur hér heima. Það sem verra er, misvísandi upplýsingar hafa borist frá Norsk Hydro um áhuga þeirra á frekari rannsóknum. Þaðan hafa komið yfirlýsingar um að þeir hefðu ekkert á móti áframhaldandi rannsóknum þótt framkvæmdaáætlun tefðist eitthvað vegna þeirra. Hins vegar hafa komið yfirlýsingar um að það eigi að halda sig við þessar framkvæmdaáætlun.

Því var það miður að ekkert skuli hafa orðið af því að hv. iðnn. og umhvn. fengju að kalla til fulltrúa frá Norsk Hydro til að fá upplýsingar um möguleika á því að fresta þessari framkvæmdaáætlun eins og hún liggur fyrir í dag.

Herra forseti. Því miður virðist sá áróður hafa hrifið marga og sannfært að álverið á Reyðarfirði verði aldrei stærra en 120 þús. tonn. Ef af þessum framkvæmdum verður, sem allt bendir nú til, vona ég fyrir hönd okkar Austfirðinga að álverið verði aldrei stærra. Því miður er það blekking. Í síðasta mánuði var verið að vega og meta frummatsskýrslu 480 þús. tonna álvers á Reyðarfirði enda er ekki áhugi hjá Norsk Hydro að fara út í þessa miklu framkvæmd nema þeir hafi loforð um stækkun.

Þetta er blekking af verstu gerð, sett í gang til að hnappa fólki saman um framkvæmdir sem vissulega hafa jákvæð áhrif á byggingartíma og eru viðráðanlegri í fámennu samfélagi eftir að rekstur álversins er hafinn. Fólk er því ekki tilbúið til þess að líta á málið til enda og gera kröfur um mótvægisaðgerðir vegna þeirra áhrifa sem framkvæmdirnar hafa bæði á mannlíf og umhverfi.

Í úrskurði skipulagsstjóra varðandi frummatsskýrslu álversins kemur fram að mjög margt þurfi að athuga betur. Það er sett fram í 13 liðum og hefur verið farið yfir það hér. Ég ætla því ekki að endurtaka það. Þar eru liðir sem snúa að byggðaþróun og búsetu fyrir utan umhverfisáhrif og mengunarhættu. Ábendingar þessar ber að taka alvarlega.

Herra forseti. Hér er ábyrgð sveitarstjórnarmanna mikil. Samband sveitarfélaga á Austurlandi ásamt mörgum einstökum sveitarstjórnum hefur stutt framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Að mörgu leyti er þetta skiljanleg afstaða í ljósi sögunnar. Menn telja að nú sé loksins komið

að Austurlandi þegar virkja á til stóriðju og að þar eigi að staðsetja næstu stóriðju. Málinu er stillt upp sem stærsta byggðamáli sem völ er á, ekkert eitt verkefni hafi eins mikil áhrif og þetta.

En er þetta byggðamál? Spurningin er hvort þetta risaverkefni sé það sem Austfirðingar hafa verið að bíða eftir. Sjá menn ekki fyrir sér lítið, um 120 þús. tonna álver og rekstur sem félli vel inn í samfélagið og hleypti lífi í athafnalífið á byggingartímanum, fengi fólk til að flytja austur og setjast þar að, hefði áhrif á búferlaflutninga að austan og styddi jákvæða íbúaþróun til framtíðar? Er það ekki þetta sem menn hafa í huga þegar þeir biðja um álver? Er það ekki lítið álver? Þetta er hin jákvæða framtíðarsýn sem svo margir sjá í rekstri álvers á Reyðarfirði.

Það er talið hagstætt að leggja í stórverkefni í samfélaginu þegar slaki er á efnahag þjóðarinnar og atvinnuleysi ríkir. En nú er hvorugt til staðar. Það eru þensluáhrif í þjóðfélaginu og varúðarráðstafanir í gangi, bæði við fjárlagagerð hv. Alþingis og eins hafa Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilar varað við að þensla sé of mikil, það geti leitt til verðbólgu og óheilla fyrir þjóðina. Það er ekki atvinnuleysi, það vantar fólk til starfa. Þannig að burt séð frá þessum stórframkvæmdum þá hlýt ég að spyrja: Er þetta rétti tíminn til þess að setja þær í gang?

Herra forseti. Heyra menn ekki aðvörunarbjöllur klingja? Er þetta allt jafnhagstætt fyrir íbúa Austurlands og menn vilja vera láta? Eða þora menn ekki að segja neitt af ótta við að hætt verði við allt saman? Sé svo er frekari ástæða til að hafa áhyggjur. Menn hætta ekki við arðvænlegar fjárfestingar og gróðavon þó eitthvað verði að athuga betur og endurskoða með hagsmuni allra í huga, í þessu máli sérstaklega Austfirðinga og náttúru landsins.

Ég tek undir aðvörunarorð fyrri ræðumanna sem hafa bent á að það sé athugunarvert hvers vegna Norsk Hydro hefur dregið sig svo út úr þátttöku í þessu stóra fyrirtæki eins og komið hefur fram, að þeir hafi ekki áhuga í dag á að vera eignaraðilar nema í um 20%. Ef þeir teldu að þetta væri jafnmikil gróðavon og borið er á borð fyrir okkur finnst manni einkennilegt ef þeir vildu ekki græða meira og eiga þá meira í verksmiðjunni.

Að mínu mati hvílir mikil ábyrgð á sveitarstjórnarmönnum. Ekki síst verða þeir að taka tillit til annarra atvinnugreina, svo sem ferðaþjónustu sem spáð er mestum vexti og gjaldeyristekjum þjóðarinnar í framtíðinni. Ísland hefur laðað til sín ferðamenn vegna einstæðrar náttúru og sá fjöldi á eftir að aukast í framtíðinni því víðerni eru orðin fágæt í iðnvæddum heimi. Því er mikilvægt að farið sé með gát þegar hróflað er við öræfunum og þeirri ímynd sem fólk sækist eftir, víðernum, kyrrð og jafnvel ögrun, hvort sem það eru Íslendingar eða erlendir ferðamenn. Við búum á eyju langt norður í Atlantshafi og högum okkur oft eins og engum komi það við hvað við gerum hér heima fyrir.

En því miður gengur þetta ekki lengur. Heimurinn fylgist með okkur og það getur verið dýrt fyrir litla þjóð að misstíga sig í málum sem óneitanlega hafa áhrif út fyrir landsteinana. *Þessar stórframkvæmdir koma öðrum einnig við út frá* náttúruverndar- og umhverfisverndarsjónarmiðum.

Herra forseti. Því skil ég ekki ábyrgðarleysi sveitarstjórnarmanna á Austurlandi, þrátt fyrir áhuga þeirra á að álver rísi á Reyðarfirði, að þeir skuli ekki krefjast mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar til þess að reyna að tryggja að allt verði gert til að draga úr umhverfisspjöllum og að farið verði í markvissar mótvægisaðgerðir. Þegar hefur komið fram að skýrsla Landsvirkjunar er ófullnægjandi hvað varðar rannsóknir á gróðri og dýralífi, og má bæta búsetuþróun við, eins og ég nefndi áðan.

Ef ekki verður farið í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar verður ekki farið í þessa vinnu og skaðinn kemur til með að bitna einna harðast á Austfirðingum sjálfum. Ábyrgð sveitarstjórnarmanna er því mikil í þessu máli og ég tel að þeir hafi látið blindast af framkvæmdaþörf þegar litið er á málið í heild, sérstaklega út frá byggða- og umhverfissjónarmiðum.

Herra forseti. Málið hefur verið sett í algjöra sjálfheldu vegna pólitískrar þrjósku. Landsvirkjun getur ekki breytt hönnun virkjunarinnar frá því sem nú er þó vitað sé að aðrir kostir séu hentugri, ýmist fyrir virkjunaraðilann eða út frá umhverfisverndarsjónarmiðum. Herra forseti. Sannarlega eru fjölmargir sem eru á móti frekari mengandi stóriðju á Austurlandi, sem telja að ekki sé vogandi af mörgum ástæðum *að halda áfram stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar* alveg óháð því hvar á landinu reisa eigi álverin eða aðrar mengandi stóriðjur.

Í þeim hópi er Vinstri hreyfingin – grænt framboð og lögðu hv. þm. hreyfingarinnar Kolbrún Halldórsdóttir og Árni Steinar Jóhannsson, fram þáltill. um sjálfbæra orkustefnu í upphafi þingsins á þskj. 13 sem hefur heldur ekki verið afgreidd úr umhvn. Þessum vinnubrögðum og valdníðslu mótmælum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því að bæði kom tillagan fram á undan þeirri tillögu sem við erum að fjalla um núna, eða í upphafi þings, og ekki síður vegna þess að efnislega á að fjalla um hana á undan þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, framkvæmda sem eru upphaf að raforkuöflun til eins fyrirtækis, raforkuöflunar sem svarar til allrar raforkunotkunar okkar í dag.

Hvers vegna lögðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram þessa tillögu? Vegna þess að þetta er sú sýn sem við höfum til þess að stuðla að sjálfbærri þróun sem ríkisstjórn landsins hefur tekið undir og markað sér stefnu í, en undanskilur síðan þennan stóra þátt. Ég ætla að fá að lesa örlítið úr þessari þáltill.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Þingmaðurinn fær góðfúslegt leyfi til þess.)

Afsakið, með leyfi forseta, sem ég var ekki búin að biðja um því ég var ekki búin að finna það sem ég ætlaði að lesa. En upphaf þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela iðnrh. að undirbúa, í samvinnu við umhvrh. og þingflokka, sjálfbæra íslenska orkustefnu sem hafi að markmiði:

að orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum leysi innflutta orku af hólmi,

að dregið verði markvisst úr orkusóun og losun gróðurhúsalofttegunda,

að ríkulegt tillit verði tekið til náttúruverndar og umhverfis við áætlanir og ákvarðanir um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Forsenda þessarar stefnumótunar verði að Ísland gerist fullgildur aðili að Kyoto-bókuninni frá 12. desember 1997 við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Á meðan þessi stefna er í mótun verði ekki ráðist í orkufrekan iðnað umfram það sem þegar hefur verið samið um og frestað að innleiða hér reglur Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum.“

Það virðist samdóma mat hæstv. ríkisstjórnar að Landsvirkjun hafi fullt leyfi til að hefja framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun án þess að setja fyrirhugaða virkjun í mat á umhverfisáhrifum. Það sem meira er, hæstv. ríkisstjórn hefur engan áhuga á því að gera neinar þær ráðstafanir sem þyrfti til að undirbúa virkjunarframkvæmdir með nútímavinnubrögðum. Fullgild rök hafa verið færð fyrir því að lagaleg staða frekari framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, án þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993, sé ekki fyrir hendi eins og ríkisstjórnin heldur fast fram.

En með vísan til umsagnar Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings, sem birt er sem fskj. með nál. iðnn., kemur hið gagnstæða fram og vísa ég til álits hennar.

Herra forseti. Það kemur fram í umsögn Aðalheiðar, svo ég dragi fram helstu drættina, að ekki er sjálfgefið hvaða leyfi er endanlegt leyfi til framkvæmda. Og það vantar framkvæmdaleyfi, það vantar aðalskipulag af svæðinu og það vantar deiliskipulag. Fljótsdalshreppur hefur tekið þátt í svæðisskipulagi af héraðssvæðinu öllu og það stóð til að svæðisskipulagið yrði látið gilda sem aðalskipulag, en því miður er svæðisskipulaginu ekki lokið og því liggur nú á að til verði aðalskipulag yfir Fljótsdalshrepp. Það vantar sem sé og deiliskipulagið einnig.

Það má líka vísa til svæðisskipulags miðhálendisins sem nýlega hefur verið samþykkt. Þar var gerður fyrirvari um uppistöðulón á Eyjabökkum. Það er því margt að athuga.

Herra forseti. Sannarlega vilja margir segja skilið við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og nýta landið á annan hátt en stóriðjustefna krefst. Meðal þeirra fjölmörgu eru þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa, ásamt öðrum þeim tillögum sem ég hef þegar lýst, lagt fram þáltill. um stofnun Snæfellsþjóðgarðs og að nýta svæðið sem lagt er til að fari undir uppistöðulón og áveitur til annarra arðvænlegra nota.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég vísa til þáltill., en hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir stofnun Snæfellsþjóðgarðs sem taki til Snæfells og öræfanna umhverfis að meðtöldum Eyjabökkum og Jökulsá í Fljótsdal að mörkum heimalanda jarða í Norðurdal."

Því miður er með þessa þáltill. eins og hinar að hún hefur ekki fengist afgreidd úr umhvn. Þarna er verið að leggja til aðra landnotkun og því hefði hún að mínu mati og annarra átt að vera til umræðu samhliða þessu stóra máli.

Herra forseti. Í máli mínu hef ég farið nokkrum orðum um þætti sem snúa að náttúruvernd og byggðasjónarmiðum og annarri nýtingu á Eyjabökkum og víðernum norðan Vatnajökuls. Arðsemi framkvæmdanna er sá þáttur sem lítið hefur verið fjallað um í öllum þeim fjölda greina sem birst hafa um þetta umdeilda mál. Þó hafa komið fram greinar eftir ábyrga aðila sem draga í efa að hægt verði að fá svo hátt raforkuverð að framkvæmdirnar, þ.e. virkjanir og álver ásamt rekstri, komi til með að skila ásættanlegum arði. Og það sem alvarlegast er: Að öllum líkindum á þetta eftir að verða þungur baggi á íslenskum fjárfestum og á lífeyrissjóðunum í landinu ef þeir verða hluthafar í álverinu.

Að minnsta kosti virðist Norsk Hydro hafa reiknað sig út úr rekstri því eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, eftir síðustu upplýsingum, ætlar fyrirtækið ekki að taka neina áhættu, greiða um 20% með tækniþekkingu, ráða framleiðslu og sölu, en taka enga áhættu, þ.e. á mannamáli að fleyta rjómann ofan af öllu saman.

Einnig hefur verið bent á að þrátt fyrir mikil skrif í allt sumar um þetta stóra mál í blöðum og tímaritum, útvarpserindi, sjónvarpsþætti og svo mætti lengi telja, þá hafa ekki mjög margir fjallað um arðsemisþátt virkjunarinnar. Ég dreg ekki í efa að þeir sem hafa skrifað greinar um arðsemismat og hafa lagst yfir útreikninga hafi til þess þekkingu. En nú hafa komið fram þau sjónarmið að mjög hávær aðvörunartónn er varðandi málið í heild, meira að segja svo alvarlegar aðvaranir að þrátt fyrir að í útreikningum sé miðað við lægsta og hæsta fáanlega rafmagnsverð sé ekki hægt að reikna gróða inn í þetta fyrirtæki. Það er náttúrlega erfitt að segja nákvæmlega í þessum ræðustól, eins og hæstv. ráðherra hefur bent á, hvað rafmagnsverðið eigi að vera, en ég ætla rétt að vona að búið verði að reikna út hvað það þurfi að vera áður en samið er. Það er til lítils að semja og setjast síðan niður og athuga hvað það þurfi að vera út frá raforkuverðinu. (**KHG:** Það er fyrirtækið sem sér um þessa hluti, Landsvirkjun.) Það er fyrirtækið sem sér um þessa hluti, það er Landsvirkjun sem reiknar út eftir að búið er að semja. En þá er það of seint. (**KHG:** Það eru þeir sem semja.)

Að lokum, herra forseti. Í seinni ræðu minni mun ég koma inn á fleiri atriði, en í þeim málum sem ég hef farið yfir sem og í máli mínu öllu lýsi ég fullri ábyrgð í þessu máli á hendur ríkisstjórninni.

Hvað varðar málsmeðferð er hún í raun eitt sjónarspil og var aldrei ætluð til neins annars en að knýja fram ábyrgð ráðherra Sjálfstfl. í málinu svo að ráðherrar Framsfl. sætu ekki einir uppi með þetta erfiða mál sem hefur klofið þjóðina í fylkingar. A.m.k. er alveg ljóst að aldrei var ætlunin að hlusta á rök þeirra þingmanna sem hafa lagt á sig mikla vinnu til að reyna að ná sáttum í málinu. Þetta er eitt sjónarspil, það sjónarspil að setja sig í þær stellingar að þykjast vera Skipulagsstofnun en ekki hv. Alþingi.

Að lokum langar mig til að fá að lesa lítið ljóð sem okkur þingmönnum öllum hefur borist og ég hef ekki orðið vör við að neinn hafi tekið hér upp, en það er frá ljóðahópnum sem hefur staðið vaktina í haust og flutt okkur ljóð á hverjum fimmtudegi. Ljóðið er eftir Hákon Aðalsteinsson, ef ég má flytja það, með leyfi forseta, og er svohljóðandi:

Heyr vorar bænir öræfaandi
óspilltra fjalla.
Gefðu oss mátt til að geyma þinn fjársjóð
um grundir og hjalla.
Laufgaðir bakkar, lágvaxinn gróður,
lindur sem kliða,
burkni í skoru, blóm í lautu
biðja sér griða.

[12:32]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég stend upp og fer í andsvar er sú að mér fannst það koma fram í ræðu hv. þm. að ekki lægi alveg skýrt fyrir hvaða leyfi þyrfti til framkvæmda og það væri einhver vafi á því að öll tilskilin leyfi væru nú þegar til staðar varðandi heimildir til framkvæmda sem byggðu á lögunum um mat á umhverfisáhrifum.

Ég tel að þetta sé algjörlega skýrt og ef hv. þm. vill kynna sér það eru á bls. 155 og bls. 156 fylgiskjöl með þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir þar sem úrskurður umhvrn. liggur fyrir um það hvaða leyfi þurfi til. Engin breyting er frá fyrri ákvörðunum ráðuneytisins í þessum efnum vegna

þess að á grundvelli nákvæmlega sömu úrskurða og sömu niðurstaðna frá umhvrn. hafa verið veitt leyfi til að reisa orkuver í Svartsengi og til að reisa orkuver á Nesjavöllum. Því þarf enginn að velkjast í vafa um að þau tilskildu leyfi sem til þarf eru til staðar.

[12:33]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Ég var að vísa til umsagnar Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings þar sem hún segir: „Ég dreg í efa að rétt sé að líta svo á að virkjanaleyfið sé endanlegt leyfi“ — endanlegt leyfi — „og að tilvera þess geri það að verkum að lög nr. 63/1993 eigi ekki að gilda þar sem framkvæmdaleyfi er óútgefið. Jafnframt tel ég það eðlilegri lögskýringu og frekar í samræmi við fyrirliggjandi dómafordæmi EB-dómstólsins að miða við framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. laga nr. 73/1997 og að lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, eigi að gilda um framkvæmdina þar sem það leyfi er útgefið.“

[12:34]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er öllum kunnug þessi afstaða Aðalheiðar, það er í sjálfu sér ekki nýtt í umræðunni. En það er dálítið merkilegt að sú afstaða skuli ekki vera fyrr fram komin en þetta vegna þess að á nákvæmlega sömu lagaforsendum hafa verið gefin út tvö önnur leyfi eins og ég hef vitnað í. Ég var ekki að spyrja hv. þm., með leyfi forseta, um túlkun Aðalheiðar á málinu heldur var ég að spyrja hv. þm. hver væri afstaða hennar til þess hvort tilskilin leyfi væru til staðar. Ef svo er, ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að svo sé ekki, hvernig ætlar þá hv. þm. að bregðast við gagnvart þeim leyfum sem nú þegar hafa verið veitt út frá sömu lagaskilyrðum og það leyfi sem hér er verið að tala um?

[12:35]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Það má eiginlega segja að ekki sé ástæða til að endurtaka mistökin. Það vantar til viðbótar aðalskipulag, það vantar deiliskipulag. Grunnurinn er veikur og þó svo að hafi verið unnið við aðrar framkvæmdir eins og hæstv. ráðherra lýsti vantar þarna upp á og ekki er ástæða til þess að endurtaka þá vinnu sem hefur verið í gangi.

[12:36]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að hv. þm. upplýsti að þremenningarnir úr minni hlutanum í umhvn. hefðu samið nál. þeirra Ólafs Arnar Haraldssonar og Katrínar Fjeldsted, hv. þm., og staðið þess vegna með þeim og því væru atkvæðin fimm á bak við það álit en ekki tvö. Hv. þm. fullyrti það áðan.

Herra forseti. Mig langar svo að vita hvort hv. þm. mundi sætta sig við það að Eyjabökkunum yrði sökkt ef það væri umhverfismat og skipulagsstjóri sem hefðu ákveðið það, hvort þá væri réttlætanlegt að sökkva Eyjabökkum.

Ég vil einnig að það komi fram að grænt framboð vildi ekki láta afgreiða tillögu um að fram færi umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun á síðasta fundi, vildi ekki láta taka það út úr nefndinni.

[12:37]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég biðst undan því að verið sé að snúa út úr orðum mínum. Ég sagði aldrei áðan að þremenningarnir svokölluðu hafi skrifað nál. fyrir 2. minni hluta, það sagði ég aldrei. (**KPál:** Þú sagðir það.) Ég sagði að þau hefðu unnið saman að því. Enda kemur það líka fram í nál. 3. minni hluta að þau styðja það fullkomlega og þau gera það að sínu. Það að gera það að sínu er að taka undir hvert einasta orð sem þar stendur.

Ég ætla að biðja hv. þm. um að snúa ekki út úr eins og hann virðist vera að reyna að gera sig að sérfræðingi í.

Hvort ég mundi sætta mig við þá niðurstöðu að Eyjabökkunum yrði sökkt ef skipulagsstjóri hefði með málið að gera og umhverfismat: Nei, ég er þeirrar skoðunar að það eigi að nota svæðið til annarra hluta. En með því að láta hann fjalla um það yrði hægt að finna aðrar lausnir en eru í dag. Við erum orðin aðklemmd og sett út í horn eins og við vinnum í dag.

[12:38]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að það komi skýrt fram að það eru þessir fimm sem hafa þá væntanlega unnið og samið nál. saman. Það er gott að það er komið skýrt fram að þremenningarnir í minnihlutanum hafa unnið álitið og ég fagna því að það skuli koma skýrt fram.

Mér finnst líka gott að það komi skýrt fram að vinstri grænir mundu ekki þó umhverfismat afgreiði jákvætt virkjun með lóni á Eyjabökkum samþykkja að Eyjabökkum yrði sökkt þó svo að það yrði álit umhverfismats. (**Gripið fram í:** Það eru ekki ný sannindi.) Það eru ekki ný sannindi en það segir náttúrlega að þegar verið er að biðja um umhverfismat sem einhverja allherjarlausn á málinu er það ekki það sama og að vernda Eyjabakka þegar hangið er í þeirri klisjunni. Þetta er tvennt ólíkt.

[12:40]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með því að setja Fljótsdalsvirkjun í mat á umhverfisáhrifum væri jafnvel hægt að finna þá leið að þrátt fyrir að virkjunin yrði byggð væri hægt að hlífa Eyjabökkum. Ábendingar hafa komið fram um að hægt sé að fara þá leið. Hún er dýrari, en það getur verið okkar fórnarkostnaður að gera það. Við hugsum það eingöngu út frá hagkvæmni á rekstri virkjunarinnar. Hún skal ganga fyrir, það skal vera ódýrasti kosturinn hvað sem það kostar.

Það er hægt að færa lónið til ef vilji er fyrir því. Með því að setja þetta í lögformlegt mat er boðið upp á að finna fleiri lausnir. Það er munurinn.

[12:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um það í ræðu sinni að hún furðaði sig á því að fulltrúar Samfylkingarinnar hefðu setið hjá þegar málið var afgreitt úr iðnn. Ég var sannfærð um að það hlyti að vera reynsluleysi hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar eða það væri þá bara það mottó vinstri grænna að vera alltaf á móti öllu þegar hann greiddi atkvæði á móti því að málið færi út úr iðnn. því að við höfðum verið allan daginn á fundi um málið, búið var að synja öllum beiðnum um að nokkur kæmi á fund nefndarinnar. Tilkynnt hafði verið að málið fengi ekki frekari meðferð í nefndinni.

Þegar málið var síðan tekið út kom hv. þm. vinstri grænna inn á fundinn, hafði ekki verið viðstaddur þegar var búið að synja allri meðferð á málinu, þegar málið var borið upp, hvort það ætti að fara út úr nefndinni. Að sjálfsgöðu sátum við þá hjá og afgreiðslan úr nefndinni var algjörlega á ábyrgð meiri hluta iðnn. vegna þess að það var búið að synja allri meðferð í nefndinni og það átti ekkert að vinna málið meira samkvæmt meiri hlutanum. (Forseti hringir.)

Ég taldi því að það væri þá annaðhvort reynsluleysið eða það að vera alltaf á móti hvað sem tautar og raular sem réði þarna ákvörðun hv. þm. þar sem hann skaust inn á fundinn þegar var verið að afgreiða málið út úr nefndinni en hafði ekki fylgst með frekari umræðu.

[12:42]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem flutti ræðu áðan, Þuríður Backman, kom þar að nál. okkar hv. þm. Katrínar Fjeldsted og ég vil láta eftirfarandi koma fram:

Í afstöðu okkar fimmmenninganna í allri efnislegri umræðu í nefndinni kom í ljós að enginn skoðanamunur eða ágreiningur er um efnislega niðurstöðu. Við unnum nál. sameiginlega meðan við reyndum að freista þess að standa saman um stóran hluta þess og þeir þremenningar sáu drögin sem við Katrín vorum með og við nýttum okkur sömuleiðis punkta frá þremenningunum. Nál. og sameiginleg afstaða okkar er því efnislega samhljóða og full samstaða þar á milli þessara þriggja.

Við lokaafgreiðslu málsins var hins vegar valin sú leið að við Katrín Fjeldsted stæðum ein um álitið en að yfirlýsing kæmi frá þremenningunum.

[12:43]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessi svör og vona að annar hv. þm. hafi hlustað vel og tekið þessi svör góð og gild.

[12:44]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna umræðu um þáltill. vinstri grænna í umhvn., til afgreiðslu þar vil ég að það komi fram að það var fullur vilji flm., hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að fá málið afgreitt. Á þeim fundi sem tillagan var ekki afgreidd lágu þær ástæður fyrir að formaðurinn, sem hér stendur, var erlendis vegna starfa fyrir hv. Alþingi og þess vegna óskaði þingmaðurinn eftir því að tillagan yrði ekki afgreidd á þeim fundi. En það var engin andstaða á þeim fundi gegn því að afgreiða hana á þeim fundi, sú afstaða kom ekki fram, og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var ekki þar með að mínu mati að biðjast undan því að tillagan yrði afgreidd.

Ég held að hv. þingmenn eigi ekki að reyna að storka þeim sem hafa flutt hér tillögur, góðar tillögur, m.a. um mat á umhverfisáhrifum. Umhvn. hefur notið þess í sínum störfum að þáltill. lá fyrir. Fyrir það var hægt að vinna málið miklu betur og fyrr en ella.

[12:45]

Útbýting þingskjals:

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, 296. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 509.

[12:45]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ögurstundin er runnin upp, en enn er tími til að snúa til baka. Enn er tími til þess að bjarga málefnum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar úr sjálfheldu. En til þess, herra forseti, þarf vit, þor og framsýni og til þess þarf auðmýkt. Það þarf vit til þess að skilja staðreyndirnar sem við hv. þingmönnum blasa. Það þarf þor til þess að viðurkenna að áætlanir ríkisstjórnar Íslands eru feigðarflan. Það þarf nokkra framsýni til þess að átta sig á því að atvinnuhættir gamla tímans eiga ekki lengur við, ekki nú, hvað þá eftir hálfa öld.

Herra forseti. Auðmýktar er þörf, auðmýktar gagnvart komandi kynslóðum, gagnvart náttúrunni og auðmýktar gagnvart þeirri staðreynd að enginn hér inni, enginn hv. þm., veit með vissu hversu dýrkeypt fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun verður landi og þjóð. Sú óvissa ein ætti að nægja til þess að sannfæra hvert mannsbarn um að á ögurstundu skuli snúið til baka.

Í hausthefti Skírnis er athyglisverð grein eftir Guðmund Hálfdánarson sagnfræðing. Hún ber yfirskriftina Hver á sér fegra föðurland og fjallar um stöðu náttúrunnar í íslenskri þjóðernisvitund. Í greininni er eftirfarandi tilvitnun, með leyfi herra forseta:

„Menn segja að við Íslendingar séum fátækir. En fátækt er margs konar. Stundum vantar auð, stundum vit eða þekkingu, stundum siðgæði eða fegurðarþroska. Sumir menn sjá enga fegurð í kringum sig, en aðrir mikla. Þeir fyrrnefndu eru fátækir, þeir síðarnefndu ríkir. Og þessi fátækt er almenn á Íslandi. Vegna hennar hryggjast margir að óþörfu yfir kjörum sínum, þrá fjarlæga og óáanlega fegurð, en loka augunum fyrir þeirri fegurð sem umkringir þá. Þetta er sár fátækt.

En hitt er gulli dýrara, að finna uppsprettu gleði og nautna í línum fjallanna, í litbrigðum lands og lagar, við ströndina, í ólgu brimsins, í sveitinni, í hruni fossanna, á sumrin í litskrúða og formfegurð jurtanna, á vetrarkvöldum í tindrandi stjörnum og iðandi norðurljósum. Sá sem ann þessu er aldrei einn þótt fjarlægur sé hann öllum mönnum. Hann er í stöðugum lifandi tengslum við náttúruna, verður með dögum og árum auðugri að dýrðlegri, óafmáanlegum myndum þeirrar fegurðar sem allir eiga aðgang að en fáir finna."

Þessi orð ritaði faðir Framsfl., Jónas Jónsson frá Hriflu, í Skinfaxa árið 1912, herra forseti. Sjónarmið sem þessi eiga sér fáa málsvara í hinum sama flokki árið 1999. Það er einmitt svo að sjálfsvitund og þjóðarvitund okkar Íslendinga er tengd náttúrunni traustari böndum en flestum öðrum þáttum sem samtvinnaðir mynda samfélagið sem við búum í. Líklega eru það einungis fornbókmenntirnar sem eru gildari þáttur í karakter hinnar íslensku þjóðar en náttúran sjálf. Það er því ekki að undra, herra forseti, að skáldin leyfi sér að lesa upp ljóð á Austurvelli til varnar landinu. Orð skáldanna, tungan, ljóðin, eru ekkert tyllidagaprjál. Þau nálgast best kjarna þeirrar baráttu sem nú er háð fyrir framtíðinni.

Herra forseti. Verndargildi svæðisins sem fer undir Fljótsdalsvirkjun hefur ekki verið metið. Er landið verðlaust? Skiptir engu máli að hugsanlega væru óbyggðirnar norðan Vatnajökuls okkur meira virði þegar til lengdar lætur óspilltar og ósnortnar af mannanna höndum?

Norskur umhverfisfræðingur, Ståle Navrud að nafni, var staddur hér á landi á dögunum. Hann flutti landsmönnum merkileg skilaboð og við skulum staldra við þau. Hann ræddi um efnahagslegt gildi náttúrunnar og að eftir því sem ósnortnum víðernum fækkar í Evrópu og reyndar á jörðinni allri, þá eykst gildi þeirra að sjálfsögðu. En gildi náttúrunnar má vel mæla í verðinu sem þeir sem nú eru uppi og komandi kynslóðir eru tilbúnir til þess að greiða fyrir varðveislu og vernd hennar. Sé slíkt ekki tekið með í reikninginn er gildi náttúrunnar undantekningarlítið gróflega vanmetið.

Ståle Navrud bendir líka á að norskar rannsóknir sýni að hagnaðurinn af því að stofna þjóðgarð reyndist þrisvar sinnum meiri en kostnaðurinn sem fylgdi því að stofna hann. Getum við, herra forseti, kastað þessum möguleika fyrir róða? Vill hið háa Alþingi bera ábyrgð á því?

Herra forseti. Þegar öllu er á botninn hvolft vitum við ekki hvaða verðmæti tapast við að virkja í Fljótsdal. Samt stendur ekki annað til hjá ríkisstjórn Íslands en að hefja framkvæmdir sem munu valda óafturkræfum náttúruspjöllum á svæði sem er einstakt á heimsvísu.

Herra forseti. Fyrr í þessari umræðu hafa verið færð mikil og ítarleg rök og allar staðreyndir tíndar til fyrir náttúrufarslegri sérstöðu Eyjabakkanna og svæðisins alls í raun norðan Vatnajökuls og ég ætla ekki að fara að tíunda það aftur. En í þessar framkvæmdir á að fara í þágu atvinnuuppbyggingar sem ber öll einkenni hinnar gjaldþrota byggðastefnu Sjálfstfl. og Framsfl. Er nokkur furða, herra forseti, þó menn spyrji sig um forsendur, tilgang og niðurstöðu? Er nokkur furða þótt þorri almennings standi agndofa gagnvart yfirgangi og fyrirhyggjuskorti íslenskra stjórnvalda?

Í tvo áratugi hefur Austfirðingum verið boðið upp á ofurlausnir að sunnan, sápukúlu sem springur ef samkomulag næst ekki um raforkuverð. Hvað ef samkomulag næst ekki um viðunandi raforkuverð, herra forseti? Hvað þá? Hverjar eru þá áætlanir ríkisstjórnar Íslands?

Og það er merkilegt, herra forseti, að sitja á hinu háa Alþingi og hlusta á þingmenn Sjálfstfl. lofsyngja kröfur neyslusamfélagsins ellegar beita þagnarafbrigðinu eins og það hefur verið kallað í þessari umræðu þó taka beri fram að hv. þm. Kristján Pálsson er heiðarleg undantekning þar á.

Vinnubrögðin í þessu máli eru þannig að stjórnvöld í Ráðstjórnarríkjunum sálugu hefðu verið fullsæmd af þeim, þ.e. hugmyndirnar sem hér búa að baki og það offors og sá skortur á ást á lýðræðinu sem þessi vinnubrögð bera vitni um. Það er sannast sagna undarlegt að standa við þröskuld nýrrar aldar, nýrrar aldar sem mun færa okkur líklega meiri velgengni, hraðari uppbyggingu þekkingar- og upplýsingasamfélagsins en nokkurn óraði fyrir og standa hér í kappræðu við stjórnvöld um framkvæmdir sem menn hefðu verið fullsæmdir í sovét á millistríðsárunum. Og eftir stendur að engrar varúðar skal gætt, verðmætin skulu ekki metin. Það er ekki hlustað á rök. Það er ekki tekið tillit til staðreynda og það er í raun og veru alveg sama hvað við í stjórnarandstöðunni höfum sagt á liðnum vikum og mánuðum, það hefur aldrei staðið til að hlusta á vilja stjórnarandstöðunnar í þessu efni. Þáltill. ríkisstjórnarinnar var til þess eins að stilla upp sínu liði og auðvitað telja saman í liði stjórnarandstöðunnar í leiðinni.

Nei, herra forseti. Hið háa Alþingi er orðið að leikvelli stjórnlyndra manna, manna sem tjáir ekki að rökræða við, manna sem gildir einu hvaða rök eru færð fyrir máli, hvaða staðreyndir blasa við. Þeir munu líka, herra forseti, bera fulla ábyrgð á þessu máli, fulla ábyrgð. Og svo verður það líklega eftir svona hálfa öld þegar langflestir sem nú sitja á hinu háa Alþingi verða komnir undir græna torfu, að niðurstaðan mun blasa við komandi kynslóðum. Niðurstaðan mun blasa við Íslendingum nýrrar aldar sem aldrei fengu tækifæri til þess að meta verðmæti þeirrar náttúru sem nú mun glatast.

[12:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lýsti afstöðu sinni til málsins og kom þar skýrt fram að þingmaðurinn er andsvígur því að virkja í Fljótsdal. Ég gat ekki betur heyrt líka en hún væri andvíg því að byggja álver á Reyðarfirði þannig að það liggur þá fyrir sem afstaða. Um það er ekkert frekar að segja af minni hálfu þó ég sé ekki sammála þeirri afstöðu.

En mig langar að benda á tvennt. Þingmaðurinn fer fram á að Alþingi samþykki umhverfismat, það ferli, áður en lengra verður haldið, en er sjálfur þegar andvígur framkvæmdunum sem meta á. Mun þingmaðurinn halda áfram að vera andvígur virkjun jafnvel þótt niðurstaða umhverfismats yrði að lokum sú að heimila framkvæmdina? Mun þingmaðurinn þá styðja framkvæmdina?

Í öðru lagi vefengdi þingmaðurinn gagnsemi þessara framkvæmda fyrir byggð á Austurlandi. En ég heyrði ekkert í ræðu hv. þm. um hvað hún legði til. Ég gat ekki betur heyrt en þingmaðurinn væri sammála því að það væri vandi uppi í byggðamálum fyrir austan. En ég heyrði engar tillögur frá þingmanninum um hvað gera ætti til að bregðast við. Er það kannski, sem mér býður í grun, afstaða Samfylkingarinnar að ekki eigi að gera neitt?

[12:57]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf jafnmerkilegt að hlusta á textaskýringar hv. 3. þm. Vestf. Það kom ekki fram í máli mínu, sem hann fullyrti í fyrra lið andsvars síns, að hér lægi fyrir afstaða mín. Ég var að benda á það, hv. þm., að hér ætti að ana út í framkvæmdina án umhverfismats, án þess að nokkurt tækifæri væri til þess að meta þau náttúruauðæfi sem munu verða eyðilögð. Þá er um óafturkræf náttúruspjöll að ræða. Þarf kannski að stafa það svo þingmaðurinn skilji?

Hvað varðar hitt þá var ég ekki að ræða um tillögur Samfylkingarinnar í byggðamálum, enda erum við að ræða tillögur stjórnarinnar í byggðamálum, ekki satt? (**Gripið fram í:** Stóriðju.) Og þar er um tvennt að velja, hv. þm.: Auðn eða álver.

[12:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt að þegar þingmaðurinn er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða óafturkræf spjöll, þá styður hann ekki að ráðist verði í þau, hvorki með umhverfismati né án, (**Gripið fram í:** Eru þau ekki óafturkræf?) þannig að ég tel mig hafa túlkað alveg rétt afstöðu þingmannsins, þ.e. að hún sé andvíg framkvæmdunum.

Í öðru lagi kom fram í máli hv. þm. að ef ekki næðust samningar um raforkusölu þá væru menn í vanda. Og það er alveg hárrétt. Menn eru í miklum vanda ef ekki næst samningar um að selja raforkuna. Þá náum við ekki því fram sem við ætlum okur, að bæta þjóðarhag og að bæta stöðu manna fyrir austan.

En ég spyr hv. þm. sem er andvígur því að til þessara aðgerða verði gripið: Hvaða tillögur hefur þingmaðurinn til þess að bæta þjóðarhag og til þess að bæta stöðu byggðar á Austurlandi? (**SJS:** Hvaða tillögur hafið þið aðrar en álver?) (**Gripið fram í:** Á að svara þessu í andsvari?)

[12:59]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bendi hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni á að hann mun líklega fá hér tækifæri til að greiða atkvæði brtt. Samfylkingarinnar um að fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfismat áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Og ég treysti því enn að hv. alþingismenn muni koma til vits og samþykkja þá tillögu. Síðan kemur í ljós hvernig tillaga hæstv. iðnrh. verður afgreidd.

[13:00]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og ein af þingmönnum í umhvn. lýsi í fáum orðum þeirri samstöðu sem við fimmmenningarnir í umhvn. höfðum um niðurstöðu málsins. Það liggur ljóst fyrir að meiri hluti þingmanna, ég orða það svo og þannig er það rétt orðað, í umhvn. er sammála að öllu leyti um þetta mál þó svo að kosið hafi verið að skipta liði við formlega afgreiðslu málsins.

[13:01]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni umhvn. andsvarið. Það er vissulega rétt og ástæða til að ítreka að fimm hv. nefndarmenn í umhvn. styðja það að fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfismat. Á því hefur ekki leikið neinn vafi hér í haust þó að stjórnarliðar hafi reynt með miklum flækjumálflutningi að koma einhverju öðru til skila.

En ég þakka hv. formanni umhvn. fyrirspurnina og staðfesti að meiri hluti er fyrir því í hv. umhvn. að þessar framkvæmdir fari í umhverfismat.

[Fundarhlé. — 13:02]

[14:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrir skemmstu skilaði umhvn. Alþingis til iðnn. tveimur álitum varðandi það mál sem hér er verið að ræða, þáltill. um stuðning Alþingis við framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Annað af þessum álitum var stutt af fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni og þannig liggur það fyrir svo óyggjandi er, herra forseti, að meiri hluti umhvn. stendur saman málefnalega í þessu máli og styður það sjónarmið að nauðsynlegt sé að Fljótsdalsvirkjun lúti lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993.

Í áliti því sem stutt er af meiri hluta nefndarinnar eru gerðar margar alvarlegar athugasemdir við skýrslu Landsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun, umhverfi og umhverfisáhrif, en hún er eitt af grundvallargögnum málsins og eru þær athugasemdir studdar efnismiklum rökum vísindamanna og embættismanna sem komu á fund nefndarinnar.

Mikill meiri hluti þeirra gesta sem umhvn. kallaði á sinn fund lýsti stuðningi við það að virkjunin færi í mat samkvæmt lögum. Þeir af gestum nefndarinnar sem lýst hafa sig mótfallna lögformlegu mati voru hins vegar einungis hagsmunaaðilar á borð við Landsvirkjun, fulltrúar sveitarfélaga á Austurlandi, hagsmunasamtök íbúa á Austurlandi og ráðuneyti iðnaðar- og umhverfismála sem heyra undir ráðherra og geta varla talist hlutlausir aðilar.

Iðnrh. segir í grg. með þáltill. sinni að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun lúti leyfi frá þáv. iðnrh., Jóni Sigurðssyni, sem útgefið er 24. apríl 1991. En hann lætur þess jafnframt getið að sveitastjórn Fljótsdalshrepps hafi ekki veitt leyfi fyrir öðrum framkvæmdum en þeim sem lúta að aðkomugöngum virkjunarinnar. Þar með lýsir ráðherrann því yfir, herra forseti, að leyfi Fljótsdalshrepps hafi þurft fyrir áframhaldandi framkvæmdum árið 1991.

Skilningur skipulagsstjóra ríkisins er eilítið annar hvað varðar þetta atriði, en í áliti hans til umhvn., dags. 3. des. 1999, kemur fram að engar beinar leyfisveitingar vegna framkvæmda hafi verið fyrir hendi samkvæmt skipulagslögum, nr. 19/1964, með síðari breytingum, sem í gildi voru þegar virkjunarleyfi þáv. iðnrh. var gefið út, en að hans mati hafi leyfi þáv. iðnrh. verið ígildi framkvæmdaleyfis. Hins vegar hafi ekki verið til staðar leyfi fyrir húsbyggingum vegna virkjunarinnar, þar með talin eru stöðvarhús og aðrar þær húsbyggingar í tengslum við virkjunina sem reisa hefði þurft.

Iðnrh. og skipulagsstjóri virðast því sammála um að leyfi hafi skort 1991 fyrir ákveðnum þáttum framkvæmdarinnar þó að ágreiningur sé um hvers konar leyfi hafi skort.

Herra forseti. Síðan komu til sögunnar ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, en skv. 27. gr. þeirra laga eru framkvæmdir á borð við stíflugerð, vegi, veitur og efnistökustaði háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Slíkt leyfi frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps, herra forseti, er ekki til staðar. Og einnig skortir enn byggingarleyfi fyrir öllum húsbyggingum tengdum virkjuninni. Milli skipulagsstjóra og iðnrh. er uppi ágreiningur um þessa túlkun.

Álit skipulagsstjóra ríkisins til umhvn. staðfestir einnig þann ágreining sem ríkir um skipulagsþátt málsins, en samkvæmt áliti skipulagsstjóra kalla fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun á gerð deiliskipulags, annars vegar fyrir aðkomu og stöðvarhússvæði og hins vegar fyrir stíflusvæði. Á grundvelli samþykkts svæðisskipulags miðhálendisins geta því sveitarstjórnir Fljótsdalshrepps og sveitarstjórn Norðurhéraðs auglýst deiliskipulagstillögu fyrir stíflusvæði virkjunarinnar og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps getur, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar, auglýst deiliskipulagstillögu fyrir aðkomu og stöðvarhússvæði.

Það er ekki vitað, herra forseti, hversu langt vinna við deiliskipulagstillögur þessar er á veg komin. En þetta álit stangast hins vegar á við álit hæstv. iðnrh. sem lýst er í grg. með tillögunni, en þar segir, með vísan til 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgðar í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, að sveitarstjórn geti, án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag og að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar, leyft einstakar framkvæmdir sem um kann að vera sótt.

Hæstv. iðnrh. er því þeirrar skoðunar að hægt sé að undanskilja framkvæmdirnar staðfestu eða auglýstu deiliskipulagi.

Vegna þess ágreinings, herra forseti, sem ríkir um skipulagsþátt málsins og leyfisveitingar vegna framkvæmdanna er álit skipulagsstjóra ríkisins, dags. 3. des. 1999, birt í heild sinni með nál. 1. minni hluta iðnn. þannig að öllum sé ljóst í hverju þessi ágreiningur er fólginn. En um það eru engar deilur að ágreiningur er til staðar. Og hæstv. iðnrh. hefur viðurkennt, bæði héðan úr þessum ræðustól og í grg. með þáltill. sem hér um ræðir, að leyfi frá Fljótsdalshreppi skorti.

Það er því alveg ljóst, herra forseti, að ein af meginstoðum þáltill. sem hér er til umfjöllunar er brostin. Það er ekki nóg að hafa virkjunarleyfið sem þáltill. byggir á að hluta til.

En þá er rétt að huga að því hvort framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun stríði gegn tilskipun sem EES-samningurinn leggur okkur á herðar frá 27. júní 1985 nr. 85/337/EBE, og gegn tilskipun nr. 97/11/EC frá 3. mars 1997. Og þá er einnig rétt að kanna dómafordæmi frá Evrópudómstólnum í skyldum málum, sbr. kæru Náttúruverndarsamtaka Íslands til Eftirlitsstofnunar EFTA og umsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur til umhvn., dags. 1. des. 1999. Þessi fylgigögn fylgja einnig með í áliti 1. minni hluta iðnn. svo það sé alveg skýrt og stutt þeim rökum sem best eru talin um að hér sé um ágreining að ræða.

Þetta ýtir enn frekari stoðum undir það að einn grunnþátturinn í röksemdafærslu hæstv. iðnrh. er fallinn, stendur ekki réttur.

Annar þáttur sem hæstv. iðnrh. styður tillögu sína með er skýrsla Landsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun, umhverfi og umhverfisáhrif. Mikill fjöldi vísindamanna og sérfræðinga sem heimsótti umhvn. taldi framsetningu og túlkun rannsóknargagna í áðurnefndri skýrslu vilhalla framkvæmdunum og framkvæmdaraðila í hag. Þá hefur einnig komið í ljós að skýrslan gerir meira en efni standa til úr þeim gróðurfarsrannsóknum sem sagðar eru hafa átt sér stað á svæðinu sl. 25–30 ár. Þá er það einnig komið á daginn, herra forseti, að engar vistfræðirannsóknir hafa farið fram á svæðinu og þær gróðurfarsrannsóknir sem skýrslan byggir á eru lítið annað en tegundatalningar. Þar að auki virðast rannsóknir þær sem gerðar hafa verið komnar til ára sinna það mikið að öðrum aðferðum væri beitt við sams konar rannsóknir í dag.

Þá er skýrslan greinilega ekki skrifuð af líffræðingum, náttúrufræðingum eða vistfræðingum sem hlýtur líka að teljast veikleiki, herra forseti, en við getum nefnt í því sambandi áhrifin á náttúru svæðisins. Eyjabakkar eru að öllum líkindum flæðiengi, en engar rannsóknir hafa farið fram, herra forseti, til að skilgreina það vistkerfi gróðurs og dýra sem þarna er að finna og gera höfundar skýrslunnar enga tilraun til að varpa ljósi á vistfræðilega þáttinn. Skýrslan gerir enga tilraun til að meta verndargildi svæðisins, herra forseti.

En þegar þau gögn sem bárust umhvn. við afgreiðslu málsins eru skoðuð má draga þá ályktun að hér sé um einstakt landsvæði að ræða, herra forseti, og í alla staða óbætanlegt. Einungis er talið að til séu fimm eiginlegar gróðurvinjar á miðhálendi Íslands. Eyjabakkar eru sú stærsta, sú sem er í mestri hæð yfir sjávarmáli og, herra forseti, sú eina sem er hluti af samfelldri gróðurþekju frá fjöru til jökla. Fari fram sem horfir, herra forseti, með framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun er unninn óafturkræfur skaði á lífríki sem að öllum líkindum er einstakt í sinni röð.

Skýrsla Landsvirkjunar, sem er ein af meginstoðunum í þáltill. hæstv. iðnrh., gerir fremur lítið úr náttúruverndargildi svæðisins og gerir ekki grein fyrir því að það land sem þarna tapast er óafturkræft og verður að öllum líkindum ekki endurheimt á nokkurn hátt þrátt fyrir vilja til mótvægisaðgerða. Þær mótvægisaðgerðir sem skýrslan gerir ráð fyrir eru að mati margra gesta umhvn. ófullnægjandi. Þær áætlanir sem skýrslan gerir grein fyrir varðandi endurheimt votlendis í stað þess sem tapaðist færu allar fram á láglendi fjarri Eyjabökkum. Þá er einnig á það bent að ekki liggja fyrir nægilegar rannsóknir á því votlendi sem hefur verið endurheimt á landinu sl. ár svo ekki er hægt að draga neina ályktun, herra forseti, á grundvelli þeirra tilrauna til endurheimtar sem hafa farið fram hér á landi.

Í sumum tilfellum er ekki getið um neinar mótvægisaðgerðir. Til dæmis er ekki getið um frágang haugstæða með tilliti til landmótunar og annarra þátta þar að lútandi. Rannsóknir á öldurofi og foki virðast ófullnægjandi að mati gesta umhvn. og ekki er hægt að fallast á það, herra forseti, að það líkan sem skýrsluhöfundar notast við frá Iowa State University gagnist við íslenskar aðstæður, auk þess sem landhalli við lónið, bæði austan og vestan megin, yrði á stórum svæðum meiri en 7%. Ekki er vitnað í íslenskar rannsóknir sem þó eru til hjá Landsvirkjun vegna strandrofs við Blöndulón, en þær rannsóknir sýna fram á mikil merki um fok, m.a. 50x55 metra tungu af sandi sem huldi gróður árið 1998.

Skýrsluhöfundar eru gagnrýndir fyrir að ganga út frá meðalvatnshæð þegar mögulegt fok úr lónsbotninum er metið. Þá er nauðsynlegt að ganga út frá hæstu eða lægstu vatnsstöðu en ekki meðalvatnshæð. Á það er bent, herra forseti, að í þurru ári standi 20–30 km af lónsbotni ofan vatnsborðs. Og það er fráleitt að telja, herra forseti, að ekki rjúki úr því svæði. Ekki liggja fyrir nægilega miklar rannsóknir á grunnvatnsstöðu til að hægt sé að fullyrða að grunnvatnsborð hækki eftir að lónið yrði tekið í notkun, eins og gert er í skýrslunni.

Á það er einnig bent, herra forseti, að þurru áttirnar á svæðinu eru suðlægar. Og hvað þýðir það? Jú, leirinn úr lónsstæðinu kemur til með að rjúka til norðurs, ef eðlisfræðin bregst mér ekki. Og hvert rjúka þær þá? Yfir gróið land, yfir Fljótsdal, með ófyrirséðum afleiðingum.

Herra forseti. Um þetta er ekki getið í skýrslu Landsvirkjunar, einu af grunngögnunum undir þáltill. sem hér er til umræðu, tillögu sem Alþingi er ætlað að styðja með því framkvæmdir sem eru reistar á skýrslu sem er svo götótt sem raun ber vitni og ég hef nú tíundað að litlu leyti.

Herra forseti. Mig langar að fara örfáum orðum um dýralífið og dýralífsþætti skýrslunnar, en þeim þætti virðist sannarlega áfátt í mörgum atriðum.

Það er mat færustu sérfræðinga á sviði hreindýrarannsókna að ekki liggi fyrir nægilegar rannsóknir á fari og hegðun hreindýranna á svæðinu til þess að hægt sé að draga þær ályktanir sem skýrsluhöfundar gera. Til marks um það er skýrsla sem lögð var fyrir umhvn. og heitir Environmental Impact of the Fljótsdalur and Kárahnjúkar Hydro Electric Power Supply to Aluminium Smelters, by Norsk Hydro in Iceland, Preliminary Assessment of Impact on Reindeer. En í þeirri skýrslu, herra forseti, kemur m.a. fram að möguleg áhrif virkjunarinnar á íslenska hreindýrastofninn geta orðið mjög alvarleg. Á það er bent að hreindýrin hafi áður verið dreifð um allt land en landið umhverfis Snæfell er eini staðurinn þar sem þau hafa þraukað. Það bendir til þess að náttúrleg skilyrði þess landsvæðis henti hreindýrum umfram önnur svæði hér á landi. Afleiðingar þess að svipta dýrin þeim gróðri sem Eyjabakkasvæðið býður þeim upp á síðsumars getur þar af leiðandi leitt til þess að kýrnar nái ekki að fita sig nægilega mikið fyrir veturinn og að þær geti þar með ekki alið heilbrigða kálfa. Þannig kann kálfadauði að aukast til muna og á endanum kann það, herra forseti, að hafa umtalsverð áhrif á viðkomu stofnsins. Ýmislegt sem bent er á í skýrslunni þarfnast nánari athugunar áður en ákveðið er að svipta hreindýrin því landsvæði sem hefur veitt þeim lífsbjörg hingað til.

Herra forseti. Mikils misræmis gætir víða í skýrslu Landsvirkjunar þar sem eitt kemur fram í meginmáli en annað er dregið fram í samantekt eins og við sem áttum að nýta okkur skýrsluna létum okkur nægja að lesa samantektina, herra forseti. Sem betur fer létum við okkur það ekki nægja. En dæmi um slíkt misræmi sem ég nefni hér er að finna t.d. í kaflanum um áhrif virkjunarinnar á smádýralíf.

Á bls. 79 í skýrslu Landsvirkjunar er þess getið að þrátt fyrir erfiðar aðstæður sumarið 1979, þegar voraði óvenju seint og kannanir á smádýralífi fóru fram, hafi þær kannanir leitt í ljós að furðu margar tegundir lifi á svæðinu. Talið er að 120 tegundir skordýra hafi fundist, 9 tegundir áttfætlna, 3 tegundir lindýra, 3 tegundir liðorma, auk nokkurra þráð-

orma. En í samantekt kaflans, herra forseti, á bls. 80 segir hins vegar að smádýralíf sé fábreytt og á engan máta einstætt.

Herra forseti. Það er margs sem saknað er úr skýrslu Landsvirkjunar og þar af leiðandi erum við farin að draga í efa þennan stóra burðarás í þáltill. hæstv. iðnrh. En nú skulum við líta á enn einn þátt sem skýrsla Landsvirkjunar sinnir ekki nægilega vel og það er sá þáttur að meta aðra virkjankosti. Þeir valkostir sem skýrslan getur um eru settir fram á þann hátt, herra forseti, að það er erfitt að átta sig á ólíku gildi þeirra, kostnaði þeirra eða umhverfisáhrifum. Skýrsluhöfundar virðast afgreiða þá alla sem óframkvæmanlega eða a.m.k. verri en þann sem liggur fyrir með 43 km miðlunarlóni á Eyjabökkum.

Herra forseti. Varðandi framkvæmd á borð við þá sem hér er til umfjöllunar hlýtur að teljast skynsamlegt að vega og meta kostina á eins vandaðan hátt og framast er unnt svo um raunverulegt val á milli ólíkra kosta geti verið að ræða. Varðandi þá staðreynd að fyrsti áfangi álvers í Reyðarfirði útheimti meiri orku en Fljótsdalsvirkjun getur látið í té, eins og hún er hönnuð í þeim tillögum sem liggja fyrir, hefði verið skynsamlegt að meta kosti Hraunaveitu meiri áður en framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun hefjast. Sú virkjunartilhögun hefði ekki í för með sér miklu meiri umhverfisskaða en hlýst af þeirri tilhögun sem nú er í umræðunni en gæti, herra forseti, aukið afl virkjunarinnar umtalsvert. Með því móti væri hægt að sleppa við virkjun í Bjarnarflagi sem er nú gert ráð fyrir að afli þeirrar viðbótarorku sem þörf er til að uppfylla í orkuþörf fyrsta áfanga álversins.

Herra forseti. Hér er einungis ein lausn sem gæti leitt í ljós og vegið og metið eðlilega alla virkjanakosti sem eru í stöðunni. Sú aðferð heitir „Mat á umhverfisáhrifum, eins og kveðið er á í lögum um mat á umhverfisáhrifum". Værum við að fara þá leið væri verið að meta alla kosti. Þá væri verið að spyrja þeirra spurninga sem við höfum spurt hér og þrástagast á úr þessum ræðustól, herra forseti, og ekki fengið nein viðhlítandi svör við.

Herra forseti. Þegar maður kemur að þessu máli á seinustu stigum þess er manni skapi næst að hætta við að flytja allar ræður, að hætta við að segja allt sem manni býr í brjósti því við vitum að það er ekki til neins. Við vitum að hæstv. ríkisstjórn Íslands ætlar málinu að fara í gegnum þingið. Við vitum að það er meirihlutavilji á Alþingi fyrir því að þessi þáltill. verði samþykkt. En, herra forseti, við vitum líka að úti í samfélaginu er stór hópur fólks, sennilega 60%, jafnvel 80% þjóðarinnar, sem er mótfallinn og á móti þessum meiri hluta hv. Alþingis. Fólk hefur talað og er að tala, það stendur eins og hrópendurnir í eyðimörkinni og biður um að lögformlegt mat verði látið fara fram á virkjuninni, en Alþingi, herra forseti, hlýðir ekki vilja þjóðarinnar. Meiri hluti Alþingis ætlar að láta þetta yfir okkur ganga hvað sem tautar og raular. Eins og ég sagði, herra forseti, er manni skapi næst að hætta að tala og gefast upp því á ákveðnum punkti hætta fórnarlömbin að berjast um á hæl og hnakka og lyppast niður og láta allan viðbjóðinn yfir sig ganga.

En, herra forseti, ég ætla að bíta á jaxlinn og ég ætla að sýna kjark og ég ætla ekki að lyppast niður strax þannig að ég ætla að halda áfram að tala. Ég hef hér nokkra pappíra sem mig langar til að vitna í og af því að mikið hefur verið talað um úrskurð skipulagsstjóra á umhverfismati á álverinu fyrirhugaða langar mig til að geta þess að þetta álver og allt sem hangir á þeirri spýtu er enn einn af máttarstólpunum undir þáltill. hæstv. iðnrh. Við erum búin að nefna skýrslu Landsvirkjunar, hún er eitt plaggið, greinargerð um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði er eitt plaggið, hún er góð og gild. Skýrsla um þjóðhagsleg áhrif álversins er eitt plaggið og svo að lokum athugun á samfélagslegum áhrifum þess.

Herra forseti. Þrjár af þessum meginröksemdum undir þessa till. til þál. standast ekki lengur. Í fyrsta lagi er skýrsla Landsvirkjunar ófullnægjandi plagg. Hún fullnægir ekki einu sinni kröfum þeim sem gerðar eru til frummatsskýrslu og þar með tek ég aftur, herra forseti, þau orð sem ég sagði úr þessum ræðustól við fyrri umræðu málsins þar sem ég hélt því fram að frummatsskýrsla Landsvirkjunar væri ágæt sem slík. Í sannleika sagt, herra forseti, er hún það ekki. Því á fundi umhvn. og skipulagsstjóra kom fram að hefði þetta plagg farið í venjubundið ferli hefði uppkast að skýrslunni verið lagt fyrir sérfræðinga Skipulagsstofnunar og þeir hefðu gefið ábendingar um hvað betur hefði mátt fara áður en skýrslan var gefin út. Og, herra forseti, ég ætla að telja upp örfá atriði af því sem skipulagsstjóri og fólk hans hefði gefið Landsvirkjunarmönnum í nesti við að ljúka skýrslunni.

Það hefði verið óskað eftir því að Hraunaveita meiri yrði reiknuð út til fulls og umhverfisáhrif hennar metin þar sem sáralítill aukinn umhverfisskaði hefði hlotist af þeirri framkvæmd. Óskað hefði verið eftir því að frekari umfjöllun um efnistökustaði færi fram því að í sannleika sagt, herra forseti, er einungis getið um efnistökustaði í þremur námum af átta í skýrslunni. Talað er um þró á Teigsbjargi, en ekkert getið um frágang efnis sem kemur þaðan. Ekki er lýst í neinu landmótunartillögunum, það er bara talað um að einhvers konar landmótun eigi að fara fram, en henni er ekki lýst. Þar hefði verið hægt að gefa sérfræðingum Landsvirkjunar ábendingu um hvernig þeir ættu að lýsa því. Síðan vantar hönnun vegar frá Laugará að stíflu. Það hefði skipulagsstjóri getað bent skýrsluhöfundum á fyrir fram og þeir hefðu getað gert úrbót þar. Þeim hefði verið bent á að ekkert gróðurkort væri fyrir vegastæði en margir vegir eru á grónu landi, herra forseti. Ekkert gróðurkort er til eða fylgir þessari skýrslu yfir það svæði sem þar yrði eyðilagt eða í uppnámi. Á þetta hefðu sérfræðingar Skipulagsstofnunar bent fyrir fram. Þeir hefðu bent á atriði er varða jarðvegs- og gróðureyðingu og þeir hefðu bent á atriði er varða strandrof þannig að þar hefðu Landsvirkjunarmenn fengið betra nesti og getað unnið betur.

Bent hefði verið á óskir um frekari upplýsingar er varða fok og þá hefði mátt vitna til þeirra skýrslna sem þegar eru til vegna rannsókna um fok úr Blöndulóni. Sennilega hefði verið bent á það líka að gögn sem eru til varðandi Blöndulón yrðu nýtt í skýrsluna. Sennilega hefði verið gerð athugasemd við það hversu gamlar gróðurfarsrannsóknirnar væru og það hefði verið óskað eftir því að Eyjabakkarnir og landsvæðið allt yrði borið saman við önnur sambærileg svæði á hálendinu. Það hefðu skýrsluhöfundar Landsvirkjunar fengið ábendingu um frá sérfræðingum Skipulagsstofnunar fyrir fram ef leitað hefði verið til stofnunarinnar. Sömuleiðis hefði skipulagsstjóri á því stigi gert athugasemdir við hugmyndir skýrsluhöfunda um mótvægisaðgerðirnar og óskað eftir frekari ummælum þar að lútandi.

Einnig hefði verið bent á að endurheimt votlendis sé erfitt mál og bent hefði verið á að það eru engar áætlanir um endurheimt votlendis tíundaðar í skýrslunni þannig að þar hefðu skýrsluhöfundar Landsvirkjunar getað fengið efni í frekari rannsóknir og frekari vinnu.

Einnig hefði verið talað um votlendisbanka. Þeim hefði verið bent á að þeir sem raska votlendi gætu mögulega greitt

í bankann. Það eru alls kyns reglur um hvernig vernda má fræbanka og hvernig fræbankar geta unnið með landinu. Þetta vita sérfræðingar Skipulagsstofnunar og hefðu getað bent skýrsluhöfundum á fyrir fram. Svona gæti ég haldið áfram að telja, herra forseti.

Ef þetta mál hefði verið í hinu lögformlega ferli hefðum við betri frummatsskýrslu en raunin er á. Sem sagt, skýrsla Landsvirkjunar er, herra forseti, ófullnægjandi plagg, fullnægir ekki einu sinni kröfum þeim sem gerðar eru til frummatsskýrslu.

Annað plaggið sem er meginfóturinn undir tillögu hæstv. iðnrh. eru niðurstöður skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þjóðhagsleg áhrif fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði en þau hafa, herra forseti, verið dæmd í meira lagi vafasöm. Margir sérfræðingar, eins og hefur komið fram úr þessum ræðustól, hafa gengið fram fyrir skjöldu og gert athugasemdir við hinn þjóðhagslega þátt. Og, herra forseti, það eru ótal fræðimenn og meira að segja a.m.k. þrír hagfræðingar Þjóðhagsstofnunar, sem ég hef hlustað á flytja lærð erindi upp á síðkastið, sem telja að einn afskaplega veigamikinn þátt vanti inn í það reikningsdæmi sem samkvæmt forstjóra Þjóðhagsstofnunar skilar okkur 3–4 milljörðum í tekjur af raforkusölu á ári.

Þátturinn sem vantar í dæmið er umhverfiskostnaðurinn, fórnarkostnaður umhverfisins. Sá þáttur hefur aldrei verið reiknaður. Ég sætti mig ekki við að Þjóðhagsstofnun reikni ekki þann þátt. Ég sætti mig ekki við það, herra forseti, að okkur sé gert að lúta meirihlutavaldi á Alþingi þegar einn af þeim veigamestu þáttum sem þetta mál fjallar allt saman um er óreiknaður. Ég held að við hljótum að eiga kröfu á að dæmið sé reiknað til enda.

Í þriðja lagi er skýrsla Nýsis um samfélagsleg áhrif, sem fylgir einnig tillögu hæstv. iðnrh., núna metin marklaust plagg. Hvar er hún metin marklaust plagg? Í skýrslunni um úrskurði Skipulagsstofnunar um álverið á Reyðarfirði. Hún er dæmd úr leik og það er óskað eftir öflugri rannsóknum og betri gögnum til þess að einhverjar stoðir geti talist vera fyrir þeim fullyrðingum að álver á Reyðarfirði hafi jákvæð samfélagsleg áhrif.

Þar með er aðeins einn af máttarstólpum tillögu hæstv. iðnrh. sem stendur eftir óhaggaður og það er greinargerð Orkustofnunar um orkuöflun fyrir álver á Reyðarfirði. Jú, það er rétt að 480 þúsund tonna álver í Reyðarfirði þyrfti u.þ.b. jafnmikla orku og við erum að framleiða í þessu landi í dag til allra okkar þarfa, til allra almenningsveitna og til allrar stóriðju sem fyrirfinnst í landinu í dag. Við erum að tala um að auka orkuöflun landsins um helming, um nákvæmlega það magn sem framleitt er í dag. Allt það magn á að fara í eitt fyrirtæki austur á Reyðarfirði, 480 þús. tonna álbræðslu. (**Gripið fram í:** Sjö teravattstundir.) Sjö teravattstundir, takk fyrir.

Á teikniborðinu eru fimm virkjanir vegna þessa álvers, a.m.k. fimm. Þessum virkjunum fylgja flóknar veitur, skurðir og guð veit hvað. Þetta eru virkjanirnar Fljótsdalsvirkjun, Kárahnjúkavirkjun, Brúarvirkjun, Arnardalsvirkjun og virkjun við Bjarnarflag. Greinargerð Orkustofnunar, herra forseti, er vandað plagg sem gerir góða grein fyrir ólíkum virkjanakostum að öðru leyti en því að kostnaðarhliðin er ekki skilgreind svo neinu nemi, einungis sagt að eitt sé hagkvæmt en annað ekki. Dæmin eru ekki reiknuð að öðru leyti. Það væri kannski ekki úr vegi að vitna í greinargerð Orkustofnunar, kaflann um Fljótsdalsvirkjun og ólíka möguleika á framkvæmd og tilhögun þeirrar virkjunar. Það eru ýmsir kostir í stöðunni, herra forseti.

Ég nefndi áður Hraunaveitu meiri, herra forseti. Jafnframt er möguleiki á minna lóni en lónið sem nú er gert ráð fyrir á Eyjabökkum veldur ágreiningi. Í skýrslu Orkustofnunar er þess getið, með leyfi forseta, að lónsstæði á Eyjabökkum sé mjög flatt og þar segir að til að ná í helming ráðgerðrar miðlunar þurfi t.d. lón sem væri 80% af flatarmáli fyrirhugaðs Eyjabakkalóns. Bara tilað ná helmingi af ráðgerðri miðlun þarf 80% af því landi sem fer undir vatn. Við sjáum hversu flatt landið er og illa til þess fallið að gera þar uppistöðulón.

Varðandi það hve illa það er til þess fallið getum við nefnt, herra forseti, að munurinn á yfirborði lónsins er gífurlegur frá vori og fram á haust. Í lægstu stöðu er lónið ekki nema 8 km að stærð en í hæstu eða stöðu 44 km . Það sveiflast frá 8 km upp í 44 km . Það er u.þ.b. 11 metra munur á vatnsyfirborðinu þannig að hólmarnir sem hv. þm. Kristján Pálsson hefur lagt til að verði settir út í lónið fyrir blessaðar gæsirnar yrðu í þurru ári a.m.k. ellefu metra fallusartákn um allt lón. Það yrðu nú hólmar hv. þm. Kristjáns Pálssonar fyrir blessaðar gæsirnar. Hvað ætli hv. þm. vilji láta marga fallusa rísa í lóninu? Ætli gæsirnar yrðu glaðar?

Ég ætla að halda áfram að vitna til, herra forseti, Orkustofnunar og skýrslu um orkuöflun fyrir álver á Reyðarfirði. Þar er getið um Hraunaveitu meiri sem, eins og ég hef sagt áður, er skynsamlegur kostur, ef við getum á annað borð talað um að skynsamlegt sé að virkja. Af þeirri framkvæmd mundi umhverfisskaðinn aukast sáralítið, a.m.k. hvað varðar Eyjabakkana sjálfa þó að veitur af austursvæðinu yrðu meiri og við vitum ekkert hvaða áhrif Hraunaveita meiri kæmi til með að hafa á grunnvatn eða vatnasvæðið austan Eyjabakka.

Í skýrslu Orkustofnunar kemur fram að unnt sé að ná umtalsvert meiri miðlun á Eyjabökkum en nú er ráðgerð með því að auka landrými lónsins sáralítið. Breyting í þá veru er í sjálfu sér ekki til þess fallin að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdanna. En á tvennt verður þó að líta. Annars vegar mætti nýta lónið til verulega aukinnar orkuframleiðslu og þar með minni umhverfisáhrifa á hverja orkueiningu og hins vegar gerði stækkun lónsins frekari orkuöflun við Kröflu eða í Bjarnarflagi óþarfa í því skyni að afla viðbótarorku fyrir álver í Reyðarfirði. Slík stækkun virkjunarinnar rúmast innan gildandi heimildarlaga um Fljótsdalsvirkjun. Herra forseti, ég endurtek að slík stækkun virkjunarinnar rúmast innan heimildarlaga um Fljótsdalsvirkjun. Á hinn bóginn þyrfti nýtt framkvæmdaleyfi frá ráðherra.

Hvað ef yfirfallshæð yrði hækkuð í 677 m yfir sjávarmál sem í núverandi tillögum eru 664,5 m? Þá færi 3,3 km meira undir vatn og miðlunin mundi stækka um u.þ.b. 139 gígalítra, úr 500 í um 625 gígalítra. Þegar heimildarlögin um Fljótsdalsvirkjun voru samþykkt 1981 var reiknað með þessari yfirfallshæð. Auk þess var þá gert ráð fyrir samtals um 130 gígalítra miðlun á Fljótsdalsheiði. Það er áþekkt því sem Orkustofnun hefur áætlað að fá megi með lóni í Kelduá og ýmsum smálónum á Hraunum. Með því að nýta jafngildi þeirra miðlana sem heimildalögin gerðu ráð fyrir væri mögulegt að stækka veitu af vatnasviði Kelduár til Fljótsdalsvirkjunar að því marki sem hagkvæmt er. Fyrirkomulag slíkra veitna kemur fram á 4. korti, Fljótsdalsvirkjun með Hraunaveitu. Ég er enn að vitna, herra forseti, í greinargerð um orkuöflun fyrir álverið í Reyðarfirði. Nú er ég að koma að lokum kaflans. Honum lýkur svona, herra forseti, með yðar leyfi:

„Eins og þegar hefur komið fram í 2. kafla þessarar greinargerðar kemur þessi breyting á fyrirkomulagi virkjunarinnar mjög til álita, þar sem þá væri að fullu séð fyrir orkuþörf umrædds álversáfanga. Unnt ætti að vera að ljúka framkvæmdum við þannig breytta virkjun í tæka tíð fyrir árslok 2003. Breytingin kallar á hinn bóginn" — og nú kemur rúsínan í pylsuendanum — „á mat á umhverfisáhrifum á hinum breyttu þáttum."

Já, herra forseti, þar með hef ég lokið umfjöllun um greinargerð um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði. Kjarni málsins er að ríkisstjórnin hæstv. vill ekki gera þessar breytingar, sem þó virðast vera afskaplega skynsamlegar, vegna þess að þá þyrftum við að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Hér berst hæstv. ríkisstjórn um á hæl og hnakka við að forðast skynsamlegar ákvarðanir til þess að þurfa ekki að fara í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Ég sé ekki nokkur skynsamleg rök fyrir þessu háttalagi hæstv. ríkisstjórnar. Umfram allt ekki lögformlegt mat á umhverfisáhrifum!

Herra forseti. Eitt af því sem hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson sagði í ræðu sinni hér á Alþingi þegar þessu máli var fylgt úr hlaði á sínum tíma er að Fljótsdalsvirkjun komi ekki til með að hafa svo neikvæð áhrif á hið náttúrlega umhverfi sitt að sá þjóðfélagslegi ávinningur sem hlýst af virkjuninni yfirvinni það ekki. Hver er allur þessi þjóðfélagslegi ávinningur? Við skulum aðeins líta nánar á það.

Ég hef undir höndum erindi flutt þann 23. nóv. 1999 á ráðstefnu Verkfræðingafélagsins og Tæknifræðingafélagsins sem haldin var undir heitinu Arðsemi virkjana, þátttaka Íslendinga í stóriðju. Erindið flutti dr. Páll Harðarson hagfræðingur á Þjóðhagsstofnun. Yfirskrif erindisins er Þjóðhagsleg arðsemi virkjana og stóriðju.

Herra forseti. Í erindi þessu kemur fram að mikil óvissa ríki þrátt fyrir allt um hversu mikill ávinningur hafi hingað til verið af stóriðjunni. Um það er óvissa, herra forseti, og það staðfestir dr. Páll Harðarson í þessu erindi. Það hefur komið fram að árlegur ávinningur af stóriðju sé talinn 90 milljarðar kr. á árabilinu 1966–1997, þ.e. 90 milljarðar kr. á verðlagi ársins 1997. Þetta mun samsvara árlegum ávinningi um 0,5% af þjóðarframleiðslu á hverjum tíma. Þetta eru kannski talsverð áhrif. Auðvitað viðurkenna það allir, en þess ber þó að geta, herra forseti, að þessi áhrif fást einungis þegar umhverfisþátturinn er ekki reiknaður inn í dæmið. Þarna er ekki reiknað með fórnarkostnaði, ekki króna greidd fyrir landið. Þarna er ekki sá kostnaður sem yrði af því að standa virkilega vel að öllum mótvægisaðgerðunum sem vinna þyrfti að. Aldrei hefur verið reiknað hversu mikið það kostar okkur að stunda allar þær mótvægisaðgerðir.

Herra forseti. Dr. Páll Harðarson fjallar um þjóðhagslegan hagnað okkar og segir að gróflega áætlað valdi 120 þús. tonna álver um 0,5% varanlegri hækkun þjóðarframleiðslu ef reiknað er með fullum fórnarkostnaði framleiðsluþáttanna, þ.e. um 3–4 milljarða kr. hækkun þjóðarframleiðslu miðað við núverandi verðlag. Hann segir að þá eigi eftir að taka til greina allan umhverfiskostnað vegna stóriðju og virkjanaframkvæmda. Síðan segir, herra forseti, í þessu erindi að þann kostnað verði að að taka til greina áður en ávinningur þjóðarinnar er metinn.

Herra forseti. Dr. Páll Harðarson segir að við verðum að taka umhverfisþáttinn inn í áður en þjóðhagslegur ávinningur er metinn. Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvenær ætlar hann að sýna okkur dæmi þar sem umhverfisþátturinn er reiknaður inn út frá þeim hugmyndum sem dr. Páll Harðarson er með í sínu erindi og ég er sannfærð um að hæstv. iðnrh. hefur heyrt? Hvenær fáum við að sjá umhverfisþáttinn reiknaðan inn í myndina?

Herra forseti. Ég ætla síðan að vitna beint í erindi dr. Páls, með yðar leyfi:

„Þrátt fyrir að þjóðhagslegt mat á efnahagslegum áhrifum gefi vissulega vísbendingar um þjóðhagslega arðsemi framkvæmda og hafi þannig upplýsingagildi er ég þeirrar skoðunar að við þær aðstæður sem nú ríkja geti slíkt mat ekki legið til grundvallar ákvörðunum um hvort virkja skuli eður ei. Þar leikur arðsemismat Landsvirkjunar og annarra innlendra fjárfesta vegna nauðsynlegra framkvæmda aðalhlutverkið."

Ég spyr hæstv. iðnrh.: Hvenær fáum við að sjá arðsemismatið? Ég minni á að samkvæmt NORAL-yfirlýsingunni sem undirrituð var 29. júní á Hallormsstað í sumar ætlaði Landsvirkjun að vera búin að semja um orkuverðið fyrir 31. des. 1999. Ég bendi hæstv. iðnrh. á að það eru ellefu dagar til stefnu. Arðsemismatið hlýtur að liggja fyrir og alþingismenn, sem eru að gera mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar út frá þeim þáttum sem hæstv. iðnrh. hefur lagt til grundvallar, eiga heimtingu á því að fá að sjá þetta arðsemismat.

Nei, herra forseti, við höfum ekki fengið að sjá arðsemismatið vegna þess að það er trúnaðarmál. Það er trúnaðarmál Landsvirkjunar, iðnrn., Norsk Hydro og einhverra fjármögnunaraðila, einhverra Íslendinga sem eru að reyna að reikna sig í gegnum það að 480 þús. tonna álver á Reyðarfirði sé arðbær framkvæmd.

Herra forseti. Ég hef sjálf heyrt úr röðum lífeyrissjóðanna að það gæti verið miklu skynsamlegra og áhættuminna að fjárfesta beint í Norsk Hydro en í áhættusömu álveri austur á Reyðarfirði. Það verður vonandi raunin að íslenskir fjárfestar komist til vits hvað þetta varðar og hætti við hugleiðingar um áhættusamt álver á Reyðarfirði og fjárfesti þá bara, ef þá langar að fjárfesta í málmbræðslu, í Norsk Hydro sem er að gera það gott.

En aftur, herra forseti, að arðsemismatinu og orkusölusamningunum. Orkusölusamningar Landsvirkjunar eru trúnaðarmál. En þó getum við rýnt, herra forseti, í ársreikninga Landsvirkjunar og það höfum við gert. Það hafa færir hagfræðingar og eðlisfræðingar gert og þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að Fljótsdalsvirkjun sé í hæsta máta óarðbær framkvæmd. Ekki bara einn hagfræðingur og ekki bara einn eðlisfræðingur og ekki einhverjir kverúlantar, herra forseti, heldur málsmetandi hagfræðingar sem ríkisstjórnin hefur oft leitað til. Þetta eru hagfræðingar á besta mælikvarða þjóðar okkar. Og hér hefur verið gert lítið úr útreikningum þeirra, þeir hafa reiknað dæmið aftur á bak og áfram og það hefur alltaf verið sagt: Þeir eru að gefa sér rangar forsendur. En hvaðan eru forsendurnar komnar? Þær eru komnar, herra forseti, úr ársreikningum Landsvirkjunar. Þeir útreikningar gefa okkur óyggjandi vísbendingar um að hér sé í öllu falli feigðarflan, kannski fullkomið feigðarflan í efnahagslegu tilliti.

Og hvað gerir hæstv. iðnrh. með mat þeirra hagfræðinga sem hafa tjáð sig um málið? Hann og forstjóri Landsvirkjunar ganga fram fyrir skjöldu og lýsa því yfir að mennirnir séu í sjálfu sér að reikna rétt. Jú, jú, þeim skjöplast ekki í að leggja eigi saman og draga frá. En forsendurnar eru rangar.

Herra forseti. Má ég benda á að þær forsendur eru komnar úr þeim opinberu plöggum sem við höfum aðgang að, ársreikningum og skýrslum Landsvirkjunar.

Eitt dæmi um ótrúverðugan og ósannfærandi málflutning hæstv. iðnrh. og forstjóra Landsvirkjunar kom þannig upp að þegar þeir fóru að skoða útreikninga hagfræðinganna og þessar neikvæðu útkomur og að því er virtist í miklu írafári og rökþroti að leita að feilum í útreikningunum, þá fundu Landsvirkjunarmenn það út að hagfræðingarnir væru með rangar forsendur hvað varðar meðalorkugetu virkjunarinnar. Þeir höfðu reiknað út frá því að hún væri 1.250 gwst. á ári. Þeir gefa sér rangar forsendur, sagði forstjóri Landsvirkjunar í fjölmiðlum, forsendur sem enn voru komnar úr skjölum Landsvirkjunar og af heimasíðu Landsvirkjunar. Og þegar þetta uppgötvaðist og hagfræðingarnir bentu á hvaðan forsendurnar væru komnar var því borið við að heimasíðan hefði verið skökk, vitlausar upplýsingar hefðu verið á heimasíðunni.

Þá voru upplýsingarnar þar sem sagt leiðréttar, og heildarorkugetan var hækkuð upp í tæplega 1.400 gwst., 1.390 gwst. Gott og vel. Hagfræðingarnir fóru aftur að reikna. Og síðan fóru Landsvirkjunarmenn að gera frekari athugasemdir. Þeir gerðu athugasemdir við ávöxtunarkröfuna og raunvaxtastigið. Gott og vel. Hagfræðingarnir breyttu aftur forsendum sínum og reiknuðu aftur upp á nýtt en allt kom fyrir ekki. Það vantaði enn þá geigvænlega mikið upp á að Fljótsdalsvirkjun gæti talist arðbær.

Herra forseti. Niðurstöðurnar voru allar á einn veg. Til þess að virkjunin kæmi út bara á núlli, varð orkuverðið að vera 1,35–1,45 kr. á kwst. Og má ég benda á, herra forseti, að á síðasta ári var meðalorkusala til stóriðju á 0,88 kr., þ.e. 88 aurar á kwst. Á sama tíma greiddu almenningsveiturnar 2,86 kr. Er það kannski svo að almenningsveiturnar séu að greiða niður orkuna til stóriðjunnar? Skyldi það vera, herra forseti?

Lög banna að orkusala til stóriðju sé greidd niður af almenningsveitum. En til að taka af allan vafa um þetta atriði, herra forseti, óska ég eftir svari frá hæstv. iðnrh., ef hann má vera að því að hlusta, og ég óska eftir rökstuðningi þar að lútandi: Stendur raforkusala til stóriðju undir sér eða er hún niðurgreidd af almenningsveitunum? (**Iðnrh.:** Núna?) Já. (**Iðnrh.:** Hún stendur undir sér.) Ég vil fá rökstuðning og útreikning. Og hvenær eigum við að fá að sjá, herra forseti, opinbert arðsemismat vegna þessarar virkjunar? Ég spyr hæstv. iðnrh. og ég vona sannarlega að í ræðum sínum, sem hann á auðvitað eftir að flytja í málinu síðar í dag eða á morgun eða hinn eða hinn, komi hann með þetta arðsemismat því annað er óeðlilegt.

Herra forseti. Á lofti eru ótal vísbendingar sem gefa tilefni til að efast um fullyrðingar stjórnvalda og Landsvirkjunar er lúta að arðsemi raforkusölu til stóriðju. Sömuleiðis eiga viðvörunarbjöllur þær sem hljóma í samfélaginu fullan rétt á sér því hér er verið að flana að hlutum og rasa um ráð fram án þess að nokkurrar varúðar sé gætt.

Það er ekkert nýtt í þessum málaflokki. Má ég benda á að þegar ráðist var í Blönduvirkjun á sínum tíma var ekkert vitað hvað gera ætti við raforkuna, ekki nokkur skapaður hlutur. Og þegar ráðist var í Kröflu var allsendis óvíst hversu mikils jarðhita væri þar að vænta. Og eftir því sem næst verður komist mun einnig hafa verið ráðist í Sigölduvirkjun af fljótfærni. Á Alþingi Íslendinga á nú að þvinga fram í skjóli meirihlutavalds samþykki fyrir því að fara út í enn eitt stóriðjuævintýrið og orkusalan er rökstudd með bulli, hreinu bulli, eins og um væri að ræða mögulegan lottóvinning, herra forseti. En það eru afar litlar líkur á því, herra forseti, að við vinnum í þessu lottói. Íslensk stjórnvöld hafa lagt sig fram um það og eytt miklu fé í að markaðssetja Ísland sem láglaunasvæði með orku á útsöluverði sem tilvalið umhverfi fyrir þá sem vilja setjast niður með eimyrjuspúandi málmbræðslur í fögru umhverfi þar sem meginreglur umhverfisréttar eru forsmáðar.

Herra forseti. Ég bendi hv. þm. og hæstv. ráðherrum á að þeim ber skylda til að fresta ákvörðun um þetta mál þar til öll gögn eru í þeirra höndum. Og í dag hafa þeir ekkert í höndunum sem bendir til þess að Fljótsdalsvirkjun borgi sig. Búi hæstv. ráðherrar yfir einhverjum upplýsingum sem afsanna fullyrðingu mína skora ég á þá að leggja þær fram hér og nú. Framganga stjórnvalda í þessu máli er til háborinnar skammar og það er þyngra en tárum taki að þurfa að standa hér eins og hrópandinn í eyðimörkinni með öll rökin sín megin, með öll bestu spilin á hendinni, en vita að maður þarf að lúta í lægra haldi fyrir þeim öflum sem svífast einskis í valdhroka sínum og óbilgirni, herra forseti. Það er verið að svindla í þessu tafli.

En lítum nú aðeins til framtíðar. Það er vitað að víða um hinn vestræna heim eru vísindamenn og hugvitsmenn í óðaönn að vinna að uppfinningum sínum, studdir af fjársterkum aðilum sem veðja á framtíðina. Margar eru þessar uppfinningar og rannsóknir þeim tengdar gerðar í því augnamiði að vernda umhverfið. Já, herra forseti, margar af uppfinningum dagsins í dag ganga út á það sjónarmið, sem óumdeilanlega vegur þungt í hinu tæknivædda borgarsamfélagi, nefnilega að náttúrlegt umhverfi sé orðið af svo skornum skammti í veröldinni að það beri að vernda það ef þess er nokkur kostur í sem upprunalegastri mynd. Aðrar uppfinningar ganga út á það að finna leiðir til að framleiða hráefni til iðnaðarframleiðslu án þess að mengun sé endilega óhjákvæmilegur fylgifiskur eins og hingað til hefur verið. Menn eru komnir langt á veg með að finna efni sem eiga í nánustu framtíð eftir að leysa af hólmi efni á borð við ál. Við fengum fyrir nokkrum dögum fréttir af því að íslenskur uppfinningamaður ætti þátt í uppfinningu á vindrafstöð og væri aðferð hans að gefa 20% meira afl slíkra rafstöðva en hingað til hefði reynst kleift. Bara þetta litla dæmi segir okkur, herra forseti, að við erum svo gamaldags, við erum svo aftarlega á merinni að vera að hugsa um þessar fáránlegu virkjanir sem eru á teikniborðinu uppi á hálendinu norðan Vatnajökuls.

En hvers vegna erum við ekki að ræða um eflingu hugvits og þekkingar hér á Alþingi? Hvers vegna erum við ekki að leggja drög að því að ungir Austfirðingar geti starfað við það sem þá langar til að starfa við? Ég trúi því ekki að alla unga Austfirðinga langi mest af öllu til að starfa í álveri, því trúi ég ekki. Og ég held því fram að það sé hallærisleg lausn á erfiðu atvinnuástandi sem ungt fólk færi í af því að ekkert annað byðist. Einungis vegna þess að ekkert annað byðist færi unga fólkið á Austfjörðum inn í álverið.

Og af því að staðarvalsnefnd fyrir álver á Reyðarfirði hefur verið svo ötul að gera skoðanakannanir og spurt ólíklegustu spurninga, eins og t.d. hvort Íslendingar vilji fá Norðmenn til Íslands, hvers vegna hafa þeir þá ekki sýnt okkur skoðanakönnun sem sýnir okkur vilja ungra Austfirðinga? Hvers konar störf þeir vildu stunda ef þeir gætu valið. Hvers vegna hafa brottfluttir Austfirðingar ekki verið spurðir í skoðanakönnunum hvort þeir mundu flytja aftur heim ef

þeim byðist starf í álveri? Og hvers vegna hafa Íslendingar ekki verið spurðir grunvallarspurningarinnar: Mundir þú, góði Íslendingur, flytja austur á land ef á Reyðarfirði verður byggt 480 þús. tonna álver?

Það á eftir að spyrja ótal spurninga, herra forseti. Þær spurningar sem þó gefa okkur vísbendingar úr skoðanakönnunum eru fyrst og síðast spurningarnar sem lúta að lögformlegu mati á umhverfisáhrifum þar sem æ ofan í æ hefur komið fram meirihlutavilji þjóðarinnar fyrir því að þessi virkjun lúti lögformlegu mati. Og ef vilji eða döngun er til staðar í þessum sal samþykkja þingmenn ekki þáltill. sem hér er til umræðu nema það verði að undangengnu lögformlegu mati. Reyndar er ekki hægt að samþykkja þessa tillögu á nokkurn hátt þar sem allar forsendur hennar eru brostnar.

Fjölmiðlar hafa gengið fram fyrir skjöldu hver á fætur öðrum og reynt að leiða okkur það fyrir sjónir að hér sé um feigðarflan að ræða. Morgunblaðið hefur verið sterkasti bandamaður þeirra sem mæla varnaðarorð og tala fyrir lögformlegu mati. Og það er svo komið, virðulegi forseti, að ólíklegustu menn eru farnir að tala um Morgunblaðið sem sitt blað. En það er ekki bara Morgunblaðið, allir fjölmiðlar hafa gengið fram fyrir skjöldu meira eða minna og nú síðast Dagur. Mig langar til að fá að vitna í leiðara Dags þann 15. des., en þar segir Elías Snæland Jónsson, ritstjóri Dags, með leyfi forseta:

„En þar sem ekki er farið eftir reglum um lögformlegt umhverfismat mun Landsvirkjun fá leyfi til framkvæmdanna án þess að hafa áður gert þær viðbótarrannsóknir og þær áætlanir sem sérfræðingar telja nauðsynlegar og án þess að þurfa að svara þeim mörgu spurningum sem enn eru uppi um áhrif virkjunarinnar. Þannig fer þegar eðlilegum kröfum um lögformlegt umhverfismat er hafnað."

Þetta er óyggjandi, herra forseti. Fjölmiðlarnir hafa allir gengið fram fyrir skjöldu og þeir tala núna einu máli.

Ef við skoðum aðeins frekar þetta lögformlega mat á umhverfisáhrifum, herra forseti, og þau lög sem starfað er eftir í landinu og hv. Alþingi hefur samþykkt, þá langar mig að geta sérstaklega um það að líftími bráðabirgðaákvæðisins margfræga, undanþáguákvæðisins sem Fljótsdalsvirkjun er að fara í gegn á, er orðinn tveimur árum lengri en góðu hófi gegnir því samkvæmt tilskipun frá Evrópusambandinu áttu Íslendingar að vera búnir að breyta lögum sínum ekki síðar en 14. mars 1999 og í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins. Við erum með tillögu stjórnskipaðrar nefndar sem skilaði af sér þann 10. des. 1998 tillögu að frv. til endurskoðaðra laga um mat á umhverfisáhrifum sem, eins og ég sagði áðan, stjórnvöldum bar lagaskylda til þess að endurskoða í síðasta lagi fyrir mars 1999.

En umhvrn. hefur setið á þessu endurskoðaða frv. núna í meira en ár. Það er að mínu mati, herra forseti, með öllu óeðlilegt. Eins og kunnugt er hef ég spurt hæstv. umhvrh. hvernig á þessum drætti standi, hvort ekki sé von á því frv. Þann 20. okt. sl. svaraði hæstv. umhvrh. úr þessum stól að reiknað væri með að frv. yrði lagt fram á næstu vikum. Síðan eru meira en átta vikur, herra forseti. Þetta frv. er til og það er tilbúið og ég hef haldið því fram, herra forseti, og ég geri það enn að hér sé óeðlilega að verki staðið. Það ætti fyrir löngu að vera búið að leggja fram nýtt frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum.

En í tillögu stjórnskipaðrar nefndar, sem ég nefndi áðan, að endurskoðuðum lögum um mat á umhverfisáhrifum, er gert ráð fyrir því að umhvrh. geti, í þeim tilvikum sem fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega og lögð fram samtímis til athugunar Skipulagsstofnunar. Er ég þá komin að einu veigamiklu atriði í máli mínu sem gengur út á það, eins og ég hef gert grein fyrir áður, að þessi framkvæmd eigi að skoðast í heild sinni, virkjun í Fljótsdal, virkjun við Kárahnjúka, virkjun í Arnardal eða hvar svo sem annars staðar kæmi til greina að virkja fyrir 480 þús. tonna álver, allar línulagnir, hafnarframkvæmdir, álverið sjálft, vegaframkvæmdir, brúasmíð og svona má lengi telja. Þetta er stór og mikil framkvæmd þar sem hvert hengir sig á annars horn. Þessa framkvæmd ætti að meta sameiginlega frá upphafi til enda.

Ákvæði af því tagi sem ég var að gera grein fyrir hefði gert að verkum að þessar framkvæmdir, þrjár stórvirkjanir á hálendinu hið minnsta, sennilega fimm, ásamt öllum línulögnum og ásamt gufuaflsvirkjun í Bjarnarflagi, ásamt línulögnum til Reyðarfjarðar, ásamt álverinu sjálfu, höfn á Reyðarfirði, vegagerð og brúagerð hefði allt verið metið samtímis. Það er einungis þannig sem hægt er að segja til um umhverfisáhrif fyrirhugaðra stórframkvæmda svo einhver mannsbragur sé að. En um þessa skynsamlegu leið eru stjórnvöld að neita íslensku þjóðinni með því að liggja eins og klessur á löngu tilbúnu frv. til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum.

Af því að hæstv. umhvrh. er staddur í salnum, og ég er afskaplega þakklát fyrir það, vil ég spyrja hæstv. umhvrh. hversu lengi hún ætli að lúra á þessu frv. enn um sinn. Og í framhaldi af því: Hvað eigum við að gera með orð hæstv. umhvrh. sem hún mælti úr þessum ræðustól 20. okt. sl. þar sem hún gaf þær yfirlýsingar að nýtt frv. yrði lagt fram á næstu vikum? En það bólar ekkert á því, herra forseti.

Ég held því enn fram að hæstv. umhvrh. sé að halda þessu frv. frá þinginu mögulega fyrir tilskipun frá flokksbræðrum hennar, hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh., til þess að þeir fái óáreittir að troða Fljótsdalsvirkjun niður í kokið á þjóðinni með svívirðilegum bolabrögðum. Mér þætti vænt um að fá það staðfest eða eftir atvikum hrakið af hæstv. umhvrh.

En ríkisstjórnin hefur látið í veðri vaka að hér sé farið lýðræðislega að málum þar sem 63 þjóðkjörnir fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi fái það verkefni að leggja mat á frummatsskýslu Landsvirkjunar. Lýðræðislega að verki verið, herra forseti.

Ég segi nei. Hér er ekki lýðræðislega að verki verið því hér er verið að þvinga hv. alþm. til að gera hluti sem þeir eru í raun og veru ekki færir um að gera. Hér er verið að láta okkur taka fram fyrir hendurnar á sérfræðingum sem lögum samkvæmt eiga að vera að inna þá vinnu af hendi sem við hv. alþm. erum að vinna.

Mig langar til að vitna til orða hæstv. utanrrh. sem hann viðhafði úr þessum ræðustól þegar Fljótsdalsvirkjun kom til fyrri umr. Þá sagði hæstv. utanrrh. að menn mættu ekki líta á það þannig að ekkert væri verið að vinna í umhverfismálunum í sambandi við málið, hann gat um miklar rannsóknir og að ríkisstjórnin mundi skýra sjónarmið sín. Ég er að vitna í ræðu hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar sem hann flutti á 5. fundi þessarar löggjafarsamkundu, 125. löggjafarþingi, þegar mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar var til umræðu, þ.e. þáltill. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þá sagði hæstv. utanrrh., með leyfi forseta:

„Miklar rannsóknir hafa átt sér stað og það mun koma fram skýrsla frá Landsvirkjun og ríkisstjórnin mun flytja

þáltill. um þetta mál þar sem hún mun skýra sjónarmið sín og þá myndast möguleikar til að fjalla um þetta mál ítarlega á Alþingi, leita eftir áliti aðila og fá jafnframt álit þeirra sem vilja láta álit sitt í ljós."

Hvað gerist svo með álit þeirra sem leitað hefur verið til? Ýmsir innan dyra hafa gert lítið úr áliti þeirra sem leitað hefur verið til. Þess er skemmst að minnast sem fram hefur komið í ræðum hv. þm. sem eiga sæti í hv. iðnn. að þar var ekkert gert með á annað hundrað bréf sem komu frá almenningi. Ég segi líka, herra forseti, að í hv. umhvn. fengum við ekki einu sinni leyfi til að prenta þessi bréf sem gögn í málinu. Því var hafnað, herra forseti. Það er nú þetta sem gert er með álit þeirra sem áttu að fá leyfi til að koma að málinu. Hér er verið að svívirða almenning, hér er verið að svívirða sérfræðingana sem vita mest í málinu og verið er að misnota hv. Alþingi.

Mig langar til að vitna aftur síðar í ræðu hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar þar sem hann var kominn þar í ræðu sinni að spurningin væri sú hvort rétt væri að setja Eyjabakka undir vatn eða ekki. Utanrrh. sagði í þessari ræðu að ef menn teldu það ekki rétt yrði ekki virkjað. Ef menn teldu ekki rétt að setja Eyjabakka undir vatn yrði ekki virkjað. En það kom ekkert fram í máli hæstv. utanrrh. hvaða menn ætti að hlusta á. En greinilegt er að hér er um menn og meiri menn að ræða.

Og áfram, ef ég fæ að vitna, með yðar leyfi, herra forseti, til ræðu hæstv. utanrrh. frá 5. fundi Alþingis nú í haust. Þá sagði hann:

„Ég held að hv. alþm. séu alveg jafnfærir um að svara þeirri spurningu og skipulagsstjóri ríkisins og ég tel þá í reynd hæfari til þess. Ég tel að hv. alþm. hafi allar upplýsingar í höndum til að taka afstöðu til þess. Þeir geta leitað ráða hjá skipulagsstjóra ríkisins, ekki hef ég á móti því. En ég tel eðlilegt að það séu þingmenn sjálfir sem taka þá mikilvægu ákvörðun að þetta yrði með einhverju móti afturkallað."

Herra forseti. Þetta segir maður sem í skjóli meirihlutavalds getur ráðið því sem hann vill ráða, nákvæmlega því sem hann vill ráða. Þetta er bara til að bæta gráu ofan á svart í þeirri aðför sem hér hefur staðið yfir úr þessum sal að embætti skipulagsstjóra ríkisins. Skipulagsstjóri þurfti að svara fyrir sig þegar þessi ummæli hæstv. utanrrh. voru viðhöfð og hann gerði það sem hann gat fyrir sig og stofnun sína til þess að bera hönd fyrir höfuð sér. Enn þarf skipulagsstjóri og Skipulagsstofnun að bera hönd fyrir höfuð sér. Ekki er sæmandi hv. Alþingi að ganga svona fram fyrir skjöldu og gera lítið úr stofnun sem við leitum til lögum samkvæmt og eigum að treysta. Þetta er fagstofnun sem er borið mikið traust til í samfélaginu og það er síst héðan sem eiga að koma endalausar efasemdarraddir og niðurrifsstarfsemi af þessu tagi á ekki að leyfast úr þessum stól, herra forseti.

Eins og ljóst er gæti ég talað í allan dag og ég gæti talað langt fram á morgundaginn. En ég er í sannleika sagt að hugsa um að reyna að hlífa hv. alþm. og þjóðinni við því, því margt hefur verið sagt og sennilega er þetta það mál sem Íslendingar hafa tekist á um hvað dramatískast af öllum málum sem upp hafa komið meðal þjóðarinnar síðan Laxárdeilan átti sér stað. Dramatíkin í málinu hefur verið afskaplega mikil og hún hefur verið á báða bóga, bæði hjá virkjanasinnum og hinum sem vilja ekki virkja, hinum sem vilja nota landið á annan hátt, hinum sem vilja láta meta kosti þessa lands og fá viðurkennt verðgildi þess.

Herra forseti. Hvers vegna erum við ekki að lúta lögum og setja virkjunina í lögformlegt umhverfismat? Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum að það eigi að meta hérna 120 þús. tonna álver en ekki 480 þús. tonna álver. Hvers vegna? Jú, vegna þess að það sé það sem sé mest í umræðunni. Það sé eðlilegt að meta 120 þús. tonna álver fyrst það sé mest í umræðunni. Ég leyfi mér að andmæla þeirri fullyrðingu því það sem mest er í umræðunni er Fljótsdalsvirkjun. Ef það á að meta það lögformlega sem mest er í umræðunni á að meta lögformlega Fljótsdalsvirkjun og það á að byrja á því. Auðvitað væri skynsamlegast og okkur öllum mestur sómi að ef við værum að meta þessa framkvæmd heildstætt frá upphafi til enda.

En af því að ég er að undirbúa mig, herra forseti, undir það að ljúka máli mínu langar mig til að gera það með tilvitnun í skáld nokkurt sem ritaði árið 1970 grein undir yfirskriftinni „Hernaðurinn gegn landinu". Þetta er Halldór Laxness sem fær að eiga lokaorðin í ræðu minni í dag, herra forseti, með yðar leyfi:

„Vandræðin byrja þegar stofnun sem fæst við niðurskipun orkuvera handa einhverri tilvonandi stóriðju veitir virkjunarfyrirtækjum fríbréf til að sparka í landinu eins og naut í flagi og jafnvel hyllast til þess að skaðskemma ellegar leggja í eyði þau sérstök pláss sem vegna landkosta, náttúrudýrðar ellegar samhengis eru ekki aðeins íslensku þjóðinni hjartfólgin heldur njóta frægðar um víða veröld sem nokkrir eftirlætisgimsteinar jarðarinnar.

Ég sagði að vandamálið væri ekki stóriðja sem dembt væri yfir okkur með offorsi að nauðsynjalausu. Vandamálið er oftrú þeirra í Orkustofnun á endalausar málmbræðslur sem eiga að fylla þetta land. Þá fyrst er land og lýður í háska þegar svona kontór ætlar með skírskotun til reikningsstokksins að afmá eins marga helga staði Íslands og hægt er að komast yfir á sem skemmstum tíma, drekkja frægum byggðarlögum í vatni — tólf kílómetrum af Laxárdal í Þingeyjarsýslu átti að sökkva samkvæmt áætlun þeirra — og helst fara í stríð við allt sem lífsanda dregur á Íslandi."

[15:12]

Útbýting þingskjala:

Flutningur eldsneytis á Reykjanesbraut, 212. mál, svar samgrh., þskj. 426.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, 186. mál, brtt. KolH, þskj. 510.

[15:13]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hv. þm. sem ég vil gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi varðandi skipulagsmálin þar sem dregið var fram að framkvæmdin þyrfti framkvæmdaleyfi og væri þess vegna ekki komin með öll leyfi. Við létum skoða þetta sérstaklega í umhvrn. og þau gögn hafa verið send umhvn. Alþingis. Mig langar að lesa, með leyfi forseta, aðeins upp úr því bréfi sem kom frá lögfræðingum umhvrn. En þar segir:

„Skipulagsstofnun telur að þær framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun sem ekki eru byggingarleyfisskyldar séu framkvæmdaleyfisskyldar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga. Þessa skoðun byggir Skipulagsstofnun á því að skipulags- og byggingarlög, sem tóku gildi þann 1. jan. 1998, eigi við um Fljótsdalsvirkjun þótt stofnunin telji í greinargerð sinni að fyrir liggi leyfi til framkvæmda sem undanþiggur virkjunina mati á umhverfisáhrifum. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar, um að skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, eigi við, samræmist ekki þeirri meginreglu

íslensks réttar um bann við afturvirkni laga, sérstaklega þegar um íþyngjandi ákvæði eins og í þessu tilviki er að ræða, nema lög mæli sérstaklega fyrir um slíkt."

Ég vildi draga fram að það er skoðun lögfræðinga umhvrn. að ekki þurfi framkvæmdaleyfi fyrir þessa framkvæmd. Aðalatriðið er að Skipulagsstofnun og umhvrn. eru sammála um að lagalega þurfi ekki mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdina. Þar eru menn sammála.

Svo vildi ég líka koma inn á þá spurningu sem var beint sérstaklega til mín um endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það var ekki alveg rétt, sem kom fram, að við ættum að setja hana inn í lög í vor heldur áttum við að setja hana inn í lög núna í haust, en það er hárrétt að við erum tiltölulega sein í því máli en það frv. er núna á lokastigi og er í undirbúningi að það komi inn í þingið.

[15:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. umhvrh. fyrir að hafa setið hér við alla ræðu mína. Það er meira en hæstv. iðnrh. og hæstv. utanrrh. hafa gert þó ég hafi einnig beint máli mínu til þeirra ekki síður en hæstv. umhvrh.

Herra forseti. Mergurinn málsins í þessum skipulagsmálum er að um þau er ágreiningur. Ég tel að lögformlegt umhverfismat mundi færa okkur nær lausninni, nær því að miðla málum, þ.e finna hver hefur rétt fyrir sér, því það er ekki alveg einboðið að Skipulagsstofnun og lögfræðingar umhvrn. séu sammála. Mér virðist að formsatriðin séu ekki alveg samhljóða hjá þeim lögfræðingum sem hafa að þessu komið.

Ég bendi á að það er um mörg leyfi að ræða, herra forseti. Hér er t.d. um að ræða leyfi til framkvæmda. Ég vil leyfa mér að vitna í greinargerðina með þáltill. sem hér er til umræðu þar sem hæstv. iðnrh. viðurkennir að ekki liggi fyrir formlegt samþykki Fljótsdalshrepps fyrir frekari framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun umfram það sem hefur verið veitt leyfi fyrir hvað varðar aðkomugöng. Hæstv. iðnrh. viðurkennir því að ákveðin leyfi skortir frá Fljótsdalshreppi.

Það hefur líka komið fram í máli gesta sem hafa heimsótt umhvn., bæði frá skipulagsstjóra og sömuleiðis frá umhvrn., að ágreiningur um framkvæmdaleyfin séu til staðar, þ.e. hvort það eigi að veita byggingarleyfi samkvæmt gömlu lögunum eða nýju lögunum. Skipulagsstjóri segir að það sé alveg sama hvort litið sé á gömlu lögin eða nýju, ákveðnir þættir í leyfisveitingunum séu enn óafgreiddir.

[15:17]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt, sem fram kemur í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að margir hafa túlkað lögin á mismunandi hátt. En það sem mestur styr hefur staðið um er hvort þessi framkvæmd eigi að fara í lögformlegt umhverfismat eftir nýjum lögum um umhverfismat eða ekki. Þess vegna vil ég draga það sérstaklega fram að umhvrn., Skipulagsstofnun og iðnrn. eru sammála um að Fljótsdalsvirkjun sé ekki matsskyld framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Því er alveg ljóst að við erum að vinna eftir lögum og ekkert ólöglegt við það að framkvæma hlutina eins og við erum að gera hér.

[15:18]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Það er alveg rétt að skipulagsstjóri hefur litið svo á að virkjunin sé undanþegin mati á umhverfisáhrifum. Um það hefur ekki staðið ágreiningur. Ágreiningurinn stendur um frekari leyfisveitingar og hann er talsverður. Umhvrn. hefur eina sýn í málinu sem hefur komið fram í bréfum til umhvn. Skipulagsstjóri hefur aðra sýn.

En ég bendi á það, herra forseti, að Landsvirkjun hefur ítrekað óskað eftir leyfum frá Fljótsdalshreppi og ekki fengið. Það er einn skemmtilegasti þátturinn í greinargerð hæstv. iðnrh. með tillögunni þegar hann lýsir þrautagöngu Landsvirkjunar þar sem hún gengur á milli Heródesar og Pílatusar til að fá leyfin, en fær ekki og hefur ekki enn fengið. Það er staðfest af hæstv. iðnrh. í þessari greinargerð.

En af því ég er í andsvari við hæstv. umhvrh. langaði mig aðeins til að segja að í riti sem ég hef undir höndum og heitir Skýrsla um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi á árinu 1997 og gefin er út af umhvrn. í september 1999, kemur fram að umhvrh. hafi skipað í október 1997 nefnd sem falið var það hlutverk að endurskoða lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með hliðsjón af fenginni reynslu og að fella breytingar á tilskipun Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum að lögum, en skv. tilskipuninni höfðum við frest til 14. mars 1999.

Ég sé því ekki betur en umhvrn. hafi staðfest að þessi dagsetning sé rétt og ég vona sannarlega, herra forseti, að þetta frv. láti ekki á sér standa. Og ég vona sannarlega að þessi þáltill. verði ekki farin í gegnum þingið þegar nýju lögin verða samþykkt.

[15:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram að þrír hv. þm. sem lýstu yfir stuðningi við álit hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og Katrínar Fjeldsted í umhvn. hafi gert álitið saman. Í áliti 2. minni hluta umhvn. stendur, með leyfi forseta:

„Þá fékk nefndin þær upplýsingar að Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur, sem samkvæmt skýrslu Landsvirkjunar vann að athugunum á Eyjabakkasvæðinu sumarið 1998, hefði aldrei farið inn á Eyjabakkasvæðið heldur gert athuganir á Fljótsdalsheiði og við Hölkná, Laugará og Grjótá sem ekki eru á vatnasvæði Jökulsár í Fljótsdal heldur renna niður Hrafnkelsdal."

Þetta kemur fram í áliti ykkar fimmenninganna. Hins vegar segir, með leyfi forseta, í yfirlýsingu frá Ágústi H. Bjarnasyni:

„Því miður komst ég ekki út í eyjar vegna vatnavaxta en fór inn allt Snæfellsnes og inn undir Háöldu."

Ég er ekki viss um að fólk átti sig almennilega á þessu nema þeir sem eru mjög kunnugir. Fljótsdalsheiði er lengst fyrir neðan Eyjabakka. Á bls. 42 er kort sem sýnir nokkuð greinilega hvar Fljótsdalsheiði er og líka hvar Hölkná er. Hún er fyrir vestan Snæfell. (Gripið fram í.) Aftur á móti er Snæfellsnes fyrir austan Snæfell eða við Eyjabakkalónið. Þetta er á bls. 42 í skýrslunni um Fljótsdalsvirkjun. Snæfellsnesið og hlíðar Snæfells ná síðan upp með Eyjabakkasvæðinu, því svæði sem Ágúst H. Bjarnason hefur greinilega skoðað þegar hann var að kanna gróðurfar á þessu svæði.

Nú kemur þetta fram í því áliti sem hv. þm. hefur sagst hafa samið. Hefur hún þá ekki ákveðið að bera til baka fullyrðingar sínar í skýrslunni um ferð Ágústs H. Bjarnasonar um Eyjabakka?

[15:22]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir að ég vorkenni hv. 8. þm. Reykn., Kristjáni Pálssyni, fyrir að vera í þeirri klemmu og klípu sem hann greinilega er í vegna þess að

hann er að mínu viti að svíkja samvisku sína og kjósendur sína í öllu falli.

Ég skildi ekki alveg spurninguna, en ég ætla samt að reyna að svara henni vegna þess að ég held að ég viti hvað honum liggur á hjarta. Álit hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, formanns hv. umhvn., og hv. þm. Katrínar Fjeldsted er samið af þeim. Þeirra uppkast var samt sem áður ekki leyndarmál. Uppkast þeirra var lagt fyrir okkur þremenningana sem rituðum bréf og lýstum yfir stuðningi við hvert einasta orð sem í áliti þeirra stóð. Við þremenningarnir sömdum ekki álit hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og Katrínar Fjeldsted. En það var, eins og ég segi, ekki skot í myrkri að við studdum það álit. Og við skrifum undir hvert orð, líka það er lýtur að þætti Ágústs H. Bjarnasonar í þessu máli.

Það var alveg ljóst á öllum gögnum sem við höfðum þegar þetta álit var búið til að Ágúst H. Bjarnason hafði ekki farið alla leið yfir í Þóriseyjar og ekki inn að hraukum. Og satt að segja, herra forseti, hefur því þar af leiðandi ekki verið hægt að rannsaka mjög stóran hluta af Eyjabakkasvæðinu vegna vatnavaxta. Ágúst H. Bjarnason hefur aldrei sagt að hann hafi farið neitt annað en hann fór. Það hefur heldur enginn í raun og veru borið það upp á Ágúst H. Bjarnason að hann hafi verið að skrökva einhverju til. Hann bara fór ekki út í Þóriseyjar og hann fór ekki að hraukunum. Þar af leiðandi stendur það eftir, herra forseti, að stór hluti af Eyjabakkasvæðinu var ekki rannsakaður sumarið 1998 af Ágústi H. Bjarnasyni.

[15:24]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fullyrt í álitinu að Ágúst H. Bjarnason hafi ekki farið á Eyjabakkasvæðið. Það er fullyrt í álitinu. Ég las það upp áðan. Það þýðir ekkert að reyna að þræta fyrir það. Það stendur þarna. (**Gripið fram í:** Í hvaða vandræðum er þingmaðurinn með sannleikann?) Ég er ekki í neinum vandræðum. Ég er að benda á þetta vegna þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi mikið um að Landsvirkjunarskýrslan væri svo ómarktæk, þar væri ekki tekið á málunum og að frjálslega væri farið með. Ég segi: Í þessu áliti 2. minni hluta umhvn. er farið með hreinar kjaftasögur og þær notaðar sem rök í málinu. Það er fullyrt að þessi virðulegi vísindamaður hafi ekki farið þangað sem hann fór, að hann hafi aldrei komið á Eyjabakkasvæðið.

Það hefur verið upplýst að þessi vísindamaður kom á Eyjabakkasvæðið. Hann fór upp með öllu Snæfelli. Þó hann hafi ekki komist út á hólmana sem eru í miðju flæðinu þarna, þá er það algjört aukaatriði og engin ástæða er til að ætla að þar sé neitt öðruvísi en annars staðar á þessu svæði.

Herra forseti. Ég er einfaldlega að benda á að hv. þingmenn sem semja þetta álit fara rangt með. Þeir hafa vísindamenn fyrir rangri sök en hafa ekki hugsað sér að leiðrétta það. Og mér finnst það ekki mjög fagmannlega unnið af fólki sem er síðan að reyna að rífa niður aðra skýrslu. Það ætti þá kannski að átta sig á að það er ekki alveg sama hvernig hlutir eru bornir fram.

[15:26]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með skýrslu Ágústs H. Bjarnasonar, Flóru og gróður á fyrirhuguðu virkjunarsvæði upp af Fljótsdal í ljósi fyrri kannana. Það sem Ágúst H. Bjarnason ætlaði sér að gera og gerði sumarið 1998 var að leggja mat á þær rannsóknir sem þegar höfðu verið gerðar og bæta við aukarannsóknum. Og hann rannsakaði talsvert veitusvæðin í kringum Grjótá og Hölkná og þær ár sem hv. þm. hefur nú nefnt.

En það stendur á 1. bls. í skýrslu Ágústs H. Bjarnasonar að vegna vatnavaxta hafi hann ekki komist út í Þóriseyjar eða að hraukum og þar er byggt á fyrri athugunum. Þetta er stór hluti af Eyjabakkasvæðinu og hvergi í þessari skýrslu er getið um rannsóknir á gönguleiðinni inn Snæfellsnesið og upp á Háöldu. Í þessari skýrslu er ekki getið um neinar rannsóknir á því svæði. (**KPál:** Lestu Moggann.) Ég les skýrslu Ágústs H. Bjarnasonar og ég trúi henni betur en Mogganum þó að Morgunblaðið sé gott blað, herra forseti.

[15:27]

Katrín Fjeldsted:

Hæstv. forseti. Hér er rætt um þáltill. sem lögð var fram af hæstv. iðnrh. nýverið og á grundvelli þriggja skjala sem fylgja með þessari þáltill., þ.e. skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar, í öðru lagi greinargerð um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði og í þriðja lagi skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugun á samfélagslegum áhrifum þess, þá á Alþingi að lýsa yfir stuðningi við að haldið sé áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun. Þar er vísað til laga frá 1981 um raforkuver, samnings ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar frá 1982 og síðan laga um Landsvirkjun frá 1983.

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur nefndarálit iðnn. Henni var falið að fjalla um hluta þessa máls, en umhverfisþátturinn var fenginn hv. umhvn. Umhvn. klofnaði í afgreiðslu sinni í tvo minni hluta þannig að umhvn. skilaði tveimur álitum og hefur hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson gert grein fyrir því áliti sem við höfum saman undirritað. Athygli vakti og hefur verið í umræðu hér að þrír aðrir nefndarmenn, þau hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir og hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýstu stuðningi við álit okkar Ólafs þannig að ljóst má vera hverjum manni að fimm nefndarmenn í umhvn. eru samstiga í þeirri skoðun sinni að rétt sé að fram fari mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar og þar með tryggja almenningi formlega kost á að gera athugasemdir. Fyrir þeirri skoðun eru færð ítarleg rök í áliti okkar Ólafs Arnar Haraldssonar.

Mat á umhverfisáhrifum má segja að séu alþjóðlegar vinnureglur. Þær eru kallaðar á norrænum málum miljö konsekvens analysur og á ensku Environmental Impact Assessment sem er skammstafað EIA og ég kem að því síðar í ræðu minni.

En af hverju á að vera að hleypa almenningi að umræðu um málið eða gefa almenningi kost á að gera athugasemdir? Lítum nú á stöðu Reykvíkinga gagnvart Landsvirkjun. Landsvirkjun er í eigu Reykvíkinga að u.þ.b. 65%, þ.e. ríkið á helming, Reykjavíkurborg á 44,5% og síðan á Akureyrarbær tæp 5,5%. Reykvíkingar eru tæp 40% af landsmönnum. Þess vegna er afar eðlilegt að málið komi Reykvíkingum við þó lítið hafi verið gert úr því af sumum.

Skoðanakannanir hafa sýnt mikinn stuðning við að fram fari mat á umhverfisáhrifum, allt að 80% landsmanna þegar hæst stóð. En í nýlegri könnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir STAR, sem er skammstöfun á Samstarfsnefnd um staðarval fyrir álver á Reyðarfirði, í október og nóvember á þessu ári á afstöðu Íslendinga til stóriðju, virkjana og umhverfisáhrifa kemur m.a. fram að um 60% landsmanna sem tóku afstöðu eru fylgjandi því að mat á umhverfisáhrifum fari fram. Þar má benda á að 47% eða næstum því helmingur sjálfstæðismanna og framsóknarmanna eru þeirrar skoðunar.

Ég hlýt sem þingmaður Reykvíkinga að hlusta á raddir kjósenda minna eins og aðrir þingmenn gera. Ég tel að í þjóðfélaginu sé afstaða fólks til málsins þverpólitísk og það verður að teljast afar skiljanlegt eðli málsins samkvæmt. Ég hlýt líka að vekja athygli á því að sjálfstæðismenn eru ekki einsleitur hópur virkjanasinna heldur er þar einnig að finna fjölmargt fólk með mikla þekkingu, menntun og reynslu af umhvefismálum, fólk sem ég tel víðsýnt og vill að náttúran njóti vafans, fólk sem vill ekki að virkjað sé á hálendinu nema allar hliðar máls séu gaumgæfðar og tekin upplýst afstaða en hvorki handstýrð afstaða né miðstýrð. Ég tel að ég sé fulltrúi þessara sjónarmiða sem þingmaður Sjálfstfl. í Reykjavík.

Herra forseti. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að frummatsskýrslu um 480 þús. tonna álver sem var gerð að umræðuefni fyrr í dag. Eins og fram hefur komið var skipulagsstjóra ríkisins send frummatsskýrsla frá eignarhaldsfélaginu Hrauni ehf. og verkefnisstjórn STAR um álver í Reyðarfirði. Þar er fjallað um fyrirhugað 480 þús. tonna álver í landi Hrauns norðanvert við fjörðinn í um sex kílómetra fjarlægð frá þéttbýlinu Búðareyri, sex kílómetra fjarlægð. Skipulagsstjóri hefur verið ómaklega tortryggður að mínu mati en hann hefur reyndar svarað fyrir sig hvers vegna hann úrskurðar um 480 þús. tonna álver en ekki 120 þús. tonna verksmiðju eins og hann hafði reyndar sjálfur lagt til en verið hafnað af framkvæmdaraðila. Þó er víða í úrskurði skipulagsstjóra tekið á þeim þremur áföngum sem fyrirhugaðir eru við byggingu álversins.

Úrskurður skipulagsstjóra ríkisins byggir m.a. á umsögnum fjölmargra stofnana ríkisins, svo sem Veðurstofu Íslands, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Siglingastofnunar, veiðimálastjóra, Þjóðminjasafni, en einnig frá heimamönnum, t.d. Heilbrigðiseftirliti Austurlands og frá Bændasamtökum Íslands.

Mörg atriði orka tvímælis í frummatsskýrslunni og er sagt frá umsögnum sérfræðinga um þau svo og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í úrskurði skipulagsstjóra. Ég vil nefna nokkur þessara atriða sem talin eru orka tvímælis, svo sem samspil mengunar og veðurfars.

Margir telja að veðurfar í Reyðarfirði sé ekki heppilegt til að staðsetja þar stóriðju vegna þess að fjörðurinn er djúpur og þröngur, staðviðri eru þar tíð og að búast megi við mörgum samfelldum stilludögum. Slíkar aðstæður kalla á að mengun geti lokast inni í tiltölulega tíðu hægvirði í löngum, aðkrepptum firði. Hvaða áhrif getur það haft? Nefnum sem dæmi brennisteinsdíoxíðmengun, SO en brennisteinsdíoxíð er ásamt flúor, svifryki, sýaníði, kerbrotum, tjöruefnum og fleiri efnum mengunarvaldur við starfrækslu álvers. Við veðraskil safnast brennisteinsdíoxíð í logni á milli laga þar sem kalt loft er undir og hlýrra loft ofan á.

Þegar fjallað var fyrir nokkrum árum um staðarval fyrir álver voru efst á baugi þrír staðir, Keilisnes, Eyjafjörður og Reyðarfjörður, en önnur staðarvalsnefnd hafði reyndar starfað fyrr. Mér er sagt að á þeim tíma hafi norsku fyrirtæki verið fengið það tveggja ára verkefni að kanna aðstæður á þessum stöðum, einkum hvað varðaði vind- og hitastig. Og í skýrslu sem þetta norska fyrirtæki síðan skilaði hafi staðið á titilblaði að ekki væri mælt með því að álver yrði byggt í firði.

Ætla má að jafnvel þar sem álver er í 13 km fjarlægð frá þéttbýli, eins og gert var ráð fyrir þegar skoðað var staðarval fyrir 200 þús. tonna álver við Eyjafjörð í 13 km fjarlægð frá þéttbýli muni 200 þús. tonna álver valda því að ungbörn, astmaveikir og gamalt fólk fái einkenni frá lungum eftir tveggja til fjögurra daga logn.

Við Reyðarfjörð er verksmiðjunni ætlaður staður ekki í 13 km fjarlægð frá þéttbýli, eins og var í Eyjafirði, heldur í 6 km fjarlægð. Við Reyðarfjörð er meira logn og oftar logn en við Eyjafjörð og er þó talsverð veðurblíðan þar í sæluríkinu nyrðra. Ég hef heyrt þær tölur að logn sé á Reyðarfirði jafnvel um 45% af tímanum eða eitthvað slíkt.

Þess vegna er ég þess fullviss, hæstv. forseti, að þótt margir Reyðfirðingar segi nú: Ef við fáum ekki álver þá erum við farin, þá muni dæmið snúast við þegar álver hefur risið því þá fyrst fari þeir. Ég hef ekki trú á því, herra forseti, að nærvera risaálvers geri það aðlaðandi að búa á Búðareyri við Reyðarfjörð.

Fleiri atriði en brennisteinsdíoxíð koma fram þegar rætt er um mengun frá álveri, en með svokölluðum vothreinsibúnaði, sem er ekki gert ráð fyrir að verði komið fyrir í verksmiðjunni við fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að hægt sé að hreinsa um 90% af brennisteinsdíoxíði.

Fleiri mengunarvalda langar mig að nefna, ég taldi upp nokkra áðan. Ég vil t.d. tala um svokölluð kerbrot. Kerbrot eru samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins skilgreind sem sértækur úrgangur og að förgun þeirra þurfi að fara fram á sérstökum losunarsvæðum með skilgreindum síudúkum og allt vatn sé meðhöndlað og mælt. Í frummatsskýrslu um 480 þús. tonna álver í Reyðarfirði er gert ráð fyrir að kerbrot verði urðuð í flæðigryfjur sitt hvorum megin við höfn álversins. En þannig er staðið að verki í Straumsvík. Endanlega ákvörðun um staðsetningu þeirra á þó að taka í samráði við Hollustuvernd ríkisins.

Rétt er að vekja athygli á því að mögulega munu umhverfisyfirvöld í Noregi þvinga norskan áliðnað til að fara eftir reglugerð ESB hvað förgun kerbrota varðar en sú aðferð er dýrari en núverandi aðferð sem menn hyggjast sætta sig við á Reyðarfirði. Náttúruvernd ríkisins bendir á að mjög mikið magn af kerbrotum muni koma frá álverinu. Allt að 1,5–6 tonn á ári. Og af sýaníði sem menn þekkja sem mjög hættulegt eiturefni muni falla til um 3–12 tonn á ári. Þetta fer eftir stærð verksmiðjunnar. Rannsóknir frá kerbrotagryfjum í Straumsvík eru ekki taldar tæmandi og aðstæður þar eru allt aðrar en í Reyðarfirði þar sem trúlega verður meiri uppsöfnun mengunarefna. Þess vegna segir Náttúruvernd ríkisins að leita eigi nýrra leiða fyrir endurnýtingu kerbrota. Hollustuvernd ríkisins bendir á að förgun kerbrota sé til endurskoðunar erlendis og varhugavert sé að leggja að jöfnu áhrif frá kerbrotagryfju við Straumsvík og í Reyðarfirði. Herra forseti. Hér hef ég tekið til tvö atriði sem skoða þarf þegar litið á mengunarvalda frá álveri en þeir eru að sjálfsögðu miklu fleiri og ég ætla ekki að fara að tíunda þá alla hér.

Næst langar mig að víkja nokkuð að arðsemi. Við útreikninga Landsvirkjunar, sem hefur iðulega verið vitnað til og er vitnað til þegar virkjunarsinnar vitna til hve hagkvæmt sé að virkja á Fljótsdal, er ljóst að landið kostar ekki neitt. Umhverfiskostnaður er nefnilega núll. Eru það nútímaleg vinnubrögð, herra forseti? Hafa virkjunarsinnar ekki frétt af því að margar háskólagreinar snúast um verðmæti umhverfisins og að til eru leiðir til að meta verðmæti af þessu tagi? Spyrja má hvort slíkir útreikningar sýni að verðmæti þess sé núll eins og hér er gert ráð fyrir. Mér finnst með ólíkindum að menn sendi frá sér skýrslu, m.a. um hagkvæmni Fljóts-

dalsvirkjunar, án þess að beita nútímalegum vinnubrögðum hvað þetta varðar. Er svo einhver orkukaupandi sem knýr á dyr? Er Norsk Hydro í slíkum spreng að öllu verði til að fórna? Ekki sýnist mér að hraðinn geti kallast á ábyrgð Norsk Hydro. Ég tel að tímapressan sé heimatilbúin, herra forseti. Það fæst ekki tími til að gera mat á umhverfisáhrifum, þess í stað er sagt að virkjunin verði að vera tilbúin svo álver geti hafið rekstur árið 2003. Það eru kosningar, herra forseti, í síðasta lagi vorið 2003. Einkennileg tilviljun.

Mér sýnist vera byrjað á öfugum enda úr því að umhverfismálin eru ekki á hreinu. Væri ekki réttara að sjá á hvaða verði væri hægt að selja raforku og meta síðan kostina í framhaldi af því?

Hæstv. iðnrh. hefur sjálfur sett á laggirnar nefnd um rammaáætlun og forgangsröð um framtíðarvirkjunarkosti á Íslandi og hef ég fyrr úr þessum ræðustól hrósað honum fyrir það. Þannig á einmitt að vinna, hæstv. forseti. Það sem á vantar er að Fljótsdalsvirkjun fái að fljóta þar með. Þar er kusk á hvítflibba ráðherrans, herra forseti.

Mér finnst blasa við að enginn sem ekki er til þess neyddur muni vilja fjárfesta í verkefninu og eins og kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur hér áðan hafi menn það jafnvel við orð að árangursríkara sé að fjárfesta beint í Norsk Hydro. Löngum þótti það vera einn af kostum stóriðju á Íslandi, og var nú reyndar pólitískur ágreiningur um það í landinu, að fá inn í landið erlent fjármagn. Hvert barn hlýtur að sjá að fari í þetta verkefni innlent fjármagn, eins og menn tala um nú, er það fjármagn ekki nýtt í önnur verkefni á meðan.

Virtir fræðimenn eins og Þorsteinn Siglaugsson og Sigurður Jóhannesson hafa sett fram skoðanir sínar á arðsemi framkvæmdarinnar svo eftir hefur verið tekið og svarað gagnrýni Landsvirkjunar eftir málefnalega umfjöllun. Nú hefur Guðmundur Ólafsson hagfræðingur bæst í hóp þeirra hafandi þó í upphafi ætlað sér að sýna fram á að þeir Þorsteinn og Sigurður hefðu rangt fyrir sér því að hann er nefnilega virkjunarsinni að eigin sögn. Hann nefnir í máli sínu að það sé bjartsýnisspá að arðsemiskrafa geti verið 4% og að kílóvattstundin sé seld á eina krónu en raunsæisspá sé nær því að vera 88 aurar. Ef ekki tekst að selja allt rafmagnið strax, tæpar 1.400 gígavattstundir heldur einungis kannski 1.200 getur tapið á þessari virkjun orðið 12–13 milljarðar. Að vísu er reiknað yfir langan tíma en það eru gríðarlegir fjármunir, herra forseti.

Að mati Guðmundar Ólafssonar nær virkjunin því varla að verða hagkvæm þótt 1,50 kr. fengist fyrir kílóvattstundina. Þessar tölur eru með ólíkindum, herra forseti.

Arðsemi virkjunarinnar er þannig enn ein hlið þessa magnaða máls og mörgum finnst sjálfsagt að ekki verði virkjað ef ekki fæst nægur arður af aurum fjárfesta og þetta segja menn blákalt. Án þess að ég vilji gera lítið úr því í sjálfu sér, auðvitað vil ég að fjárfestar uppskeri eitthvað fyrir fjárfestingar sínar en ég vil benda á hve arðsemi fjárfestanna er miklu þyngri á vogarskálunum en umhverfið. Ef við setjum þetta á vogarskálar, umhverfið öðrum megin og arðsemina hinum megin, hvernig fara þá skálarnar?

Nokkur orð um gróðurfar, herra forseti. Miklar athugasemdir bárust umhvn. Alþingis um gróðurfar og hefur verið vitnað til þeirra í máli fyrri ræðumanna en mig langar að nefna fjögur atriði sem Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor sagði í umsögn sinni til umhvn., með leyfi forseta.

Í fyrsta lagi nefndi hún að gróðurhluti skýrslunnar væri byggður á um 20 ára gömlum rannsóknum. Enda þótt niðurstöður þeirra standi enn vel fyrir sínu geta þær ekki talist fullnægjandi miðað við þær kröfur sem eðlilegt er að gera nú til slíkra rannsókna.

Í öðru lagi er á nokkrum stöðum í skýrslunni að mati Þóru Ellenar Þórhallsdóttur ekki rétt með farið eða skýrsluhöfundar taldir teygja sig of langt við að draga úr vægi óæskilegra áhrifa annars vegar og hins vegar of lítið gert úr líffræðilegu mikilvægi svæðisins.

Í þriðja lagi finnst henni stærsti annmarki skýrslunnar þó vera sá að nær engin tilraun er gerð til að setja gróður svæðisins í stærra samhengi með því að bera hann saman við gróður annars staðar á hálendinu eða skoða mikilvægi hans í evrópsku eða hnattrænu samhengi.

Fjórða atriðið sem Þóra Ellen tiltekur er að greina verði á milli grundvallarúttektar á náttúru svæðis sem líkja má við vörutalningu og rannsóknum sem beinast að því að spá fyrir um áhrif framkvæmdarinnar. Af því sem fram kemur í skýrslu Landsvirkjunar sýnist henni að lítið hafi verið hugað að beinum eða óbeinum umhverfisáhrifum lónsins eða áhrifum af breyttu rennsli Lagarfljóts.

Hvað byggðamál varðar hefur komið fram að Byggðastofnun telji búsetuþætti ekki hagstæða álverinu. Fámenni á Miðausturlandi mæli gegn uppbyggingu risaverksmiðju. Ljóst er að í september 1999 vantaði fólk í 100–200 störf á Miðausturlandi. Þegar mest verður er gert ráð fyrir 1.200 störfum við virkjun og byggingu álvers en það eru tímabundin störf. Ekki hefur verið kannað hvort brottfluttir Austfirðingar séu líklegir til að snúa til baka þótt það sé haft við orð sem mjög líklegt. Ekki hefur heldur verið kannað hvort Austfirðingar, sem starfa nú við annað í fjórðungnum sjálfum, muni velja að starfa við virkjunarframkvæmdir og byggingu álvers og þá hverjir muni gegna þeirra núverandi störfum og ganga inn í þau. Ekkert af þessu liggur fyrir þótt menn fullyrði.

Margir benda á að við byggingu virkjana sé almennt gengið út frá því að aðflutt vinnuafl þurfi og má telja líklegt að flestir sem við Fljótsdalsvirkjun mundu starfa kæmu frá höfuðborgarsvæðinu. Ekki dregur það úr svokallaðri þenslu á þessu landshorni.

Í greinargerð með þáltill. iðnrh. er lagt til í fskj. IV að í framkvæmd við vegagerð á Austfjörðum verði ráðist, ekki síst til að stækka vinnusóknarsvæðið og dreifa atvinnuáhrifum af verkefninu um svæðið. Þar á meðal er mælt með því að gerð verði jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar sem samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar muni kosta rúmlega 2,3 milljarða kr. en nettókostnaður af þeim jarðgöngum yfir til Fáskrúðsfjarðar eru rúmir 1,4 milljarðar kr. ef aðrir vegarkaflar verða ekki endurbyggðir.

Einnig eru nefnd ný jarðgöng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar um Oddsskarð. Þau eru ekki verðlögð. En hvorug þessara jarðganga eru á 12 ára vegáætlun og því þarf að fjármagna þau sérstaklega. Það er von að Austfirðingum finnist eftir einhverju að slægjast. En hvaða áhrif mun það hafa í öðrum landshlutum sem einnig berjast um að fá vegafé til sinna samgöngubóta? Ég sé ekki annað en vegaframkvæmdir og jarðgangagerð á Austfjörðum, sem ég tel að sjálfsögðu afar þarfa og líklega til að stuðla að blómlegri byggð í fjórðungnum umfram verksmiðjubyggingu, komi beint niður á vega- og jarðgangaframkvæmdum í öðrum landshlutum nema auka eigi vegafé og taka upp vegáætlun sérstaklega í

þessu skyni. Skyldu þingmenn annarra landshluta hafa áttað sig á þessu og greint kjósendum sínum frá því? Ég spyr, herra forseti.

Ef við víkjum að hálendinu, eru þeir menn til sem hafa lýst því yfir að uppistöðulón sé miklu fallegra en núverandi Eyjabakkasvæði, vatn sé svo fallegt. En ég spyr, herra forseti: Er náttúrulegt stöðuvatn eða náttúrulegt mýrlendi sambærilegt við uppistöðulón? Er manngert lón fallegra en mýri eða flæðiengjar með náttúrulegum gróðri og viðeigandi dýralífi? Ég tel ekki að svo sé, herra forseti. Lónið verður t.d. ekki stöðugt að stærð. Þegar minnkar í því verða sýnilegir gráir leðjubakkar. Munurinn á vatnsfletinum er talinn geta sveiflast milli 43 km niður í 8 km , þ.e. það verða verulegar vatnsborðssveiflur enda er það eðli lóna sem eru uppistöðulón fyrir virkjanir.

Við langvinna þurrka skapast skilyrði fyrir vindrof og sömu skilyrði leiða einnig til þess að lágt verði í lóninu. Álitamál er uppi einkum varðandi fok á lónstæðinu og áhrif þess á gróður og hugsanlegt rof úr bökkum lónsins en í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar hefur komið fram sú staðhæfing að fokhætta yrði jafnvel minni eftir að virkjað hefur verið. Ég get hvergi fundið þeirri skoðun stað í gögnum málsins og hef ég þó lúslesið þau og verð því að draga hana í efa og segja hana óskiljanlega.

Ég tel varhugavert að eyða takmörkuðum auðlindum okkar lands.

Hálendið er auðlind sem hægt er að verðleggja á ýmsa vegu eins og ég nefndi fyrr í máli mínu. Rökin fyrir því að virkja á Eyjabökkum mætti t.d. nota á Þingvöllum. Þar hefur fækkað fólki á síðustu áratugum og þess vegna mætti réttlæta það með sömu rökum að virkja t.d. Öxarárfoss og setja upp silungsniðursuðuverksmiðju á bökkum vatnsins. Ekki dettur nokkrum manni það í hug. Eða ef gengið hefur illa í sauðfjárrækt í Þingvallasveit, þá væri rétt að afnema friðun Þingvalla og beita fénu í þjóðgarðinum. Til allrar hamingju dettur ekki nokkrum manni það í hug. En sama gildir um íslenska þjóð sem á hálendið og ég tel að nágrenni þess helga fjalls Austurlands, Snæfells, hljóti að eiga betra skilið en þessa meðferð.

Víða um hinn siðmenntaða heim hefur fólk ákveðið að rétt sé að hlífa regnskógunum við Amazon og að gildi þeirra sé á alþjóðlegan mælikvarða. Mér dettur ekki í hug að leggja Eyjabakka að jöfnu við Amazon, a.m.k. ekki stærðarinnar vegna. En ég bendi á að heimsbyggðin tók þessa afstöðu til regnskóganna án þess að hafa heimsótt svæðið eða orðið bergnumin. Það er nefnilega aukaatriði eins og við Eyjabakka.

Þeir sem erfa landið, kynslóðirnar sem á eftir okkur koma, munu ekki þakka okkur verði þessar framkvæmdir að veruleika. Við Eyjabakka eru fyrirhugaðar óafturkræfar framkvæmdir. Þar með er gengið á takmarkaða auðlind og ég tel víst að barnabörnin okkar muni vilja gefa mikið fyrir að við höldum í hana. Við hljótum að teljast fulltrúar ekki einungis okkar eigin kynslóðar heldur einnig þeirra sem koma á eftir okkur. Við eigum að búa í haginn fyrir börnin okkar og ekki fara í óafturkræft skemmdarverk á hálendinu.

Geirfuglinn varð útdauður á sínum tíma. Mundu menn í dag hafa viljað koma í veg fyrir ýmis skemmdarverk fyrri tíma? Ég tel það víst. Við mundum sennilega ekki valda því að geirfuglinn yrði útdauður ef við gætum ákveðið það núna. Það uppgötvaðist nefnilega ekki að hann væri merkilegur fyrr en um seinan og þá sögðust menn líka trúa því að slíkt gæti ekki gerst aftur. En það getur bara því miður gerst aftur. Sporin hræða.

Árið 1992 var haldin fjölþjóðleg ráðstefna í Rio de Janeiro sem hefur verið kennd við þá borg og kölluð Ríó-ráðstefnan. Þar urðu menn sammála um markmið í umhverfismálum sem nefnt hefur verið sjálfbær þróun og hefur verið tekið upp í sáttmála og samninga ríkisstjórna víða um heim. Nafnið hefur fengið mjög víðtæka merkingu. Enn fremur voru samþykktar nokkrar meginreglur um réttindi og skyldur aðila á sviði umhverfismála sem ríki heims voru hvött til að taka einnig upp í umhverfislöggjöf sinni. Frá þessu segir í bæklingi sem umhvrn. gaf út í júní 1997 undir heitinu Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, og er hið besta plagg.

Þáv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason ritaði formála og hvatti landsmenn til dáða við framfylgd Ríó-sáttmálans. En meginreglur Ríó-sáttmálans eru þessar:

1. Upplýsinga- og aðildarregla (Environmental Rights Principle). Sérhver einstaklingur skal eiga rétt á upplýsingum um umhverfið og einnig rétt til þátttöku í ákvörðunum sem snerta nánasta umhverfi hans.

2. Varúðarregla (Precautionary Principle). En varúðarreglan er regla um varúð við undirbúning framkvæmda vegna hættu á skaðlegum umhverfisáhrifum. Reglan býður að ef óttast er að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi valdi skaðlegum umhverfisáhrifum skuli ekki ráðist í þær fyrr en sýnt er að svo sé ekki.

3. Nytjagreiðsluregla (User Pays Principle). Nytjagreiðsluregla er um greiðslu kostnaðar við verndun og viðhald náttúruauðlinda. Reglan kveður á um að þeir sem nýta auðlindirnar skuli greiða kostnað við verndun og viðhald þeirra.

Til viðbótar skal greint frá reglu sem ekki er getið í greinargerð umhvrn. en hún heitir samvinnuregla. Samvinnureglan (Cooperation Principle) er um að jafna ágreining í umhverfismálum með þátttöku allra sem málið varðar. Að kappkosta að ná tilteknu umhverfismarkmiði með samningum þar sem m.a. er gætt gagnkvæmrar hófsemdar af fúsum vilja frekar en að ríkisvald þurfi til að koma.

Herra forseti. Samkvæmt samvinnureglunni skal kappkosta að jafna ágreining í umhverfismálum og gæta gagnkvæmrar hófsemdar. Í þessu tilviki er það sjálft ríkisvaldið sem stendur fyrir ágreiningi við stóran hluta almennings í landinu. Ríkisvaldið vill reka Fljótsdalsvirkjun ofan í kok okkar sem teljum að fjölmörg rök séu fyrir því að fara sér hægar og leita eftir leiðum sem sátt geti orðið um.

Hvar er hann Þorgeir á þingi, Þorgeir lögsögumaður sem lagðist undir feld sinn þegar í óefni var komið meðal þingmanna fyrir þúsund árum? Ég hef alið þá von í brjósti, herra forseti, að hæstv. forsrh. tæki upp merki Þorgeirs nú þúsund árum síðar og rétti umhverfissinnum þá sáttarhönd að þyrma Eyjabökkum. Það eru til aðrar leiðir, herra forseti.

Halda menn virkilega að bæði verði sleppt og haldið, að við Íslendingar getum valið einstök atriði úr alþjóðlegum sáttmálum og samningum sem íslenskir ráðamenn undirrita með pomp og prakt og sagt er frá í fjölmiðlum sem um stórfréttir sé að ræða? Þegar við á alþjóðavettvangi viljum semja um hagsmunamál okkar, um mengun hafsins og varnir gegn henni, um fiskstofna eða hvali eða annað sem að okkur snýr, þá þurfum við sjálf að sýna gott fordæmi til að teljast trúverðug. Ef staðið er að virkjunum á hálendi Íslands á þennan hátt tel ég að við veikjum samningsstöðu okkar um önnur atriði.

Herra forseti. Ég hef ekki skipað mér í hóp þeirra sem halda að ferðamenn muni flykkjast á Eyjabakka, enda er það varla æskilegt stóran hluta sumars vegna dýralífs eða auðvelt vegna votlendis. Það er hins vegar tilvist þessa votlendis í samræmi við svokallaðan Ramsar-sáttmála sem mér finnst skipta miklu og vil vernda. Ljóst er að það væri hægt ef menn gæfu sér tíma. Ég tel að það hafi ótvírætt gildi fyrir umræðuna um Fljótsdalsvirkjun að draga skýrt fram gildi Eyjabakkavæðisins sem votlendis og fyrir fuglalíf. Um leið er það kynning á Ramsar-sáttmálanum sem ekki hefur verið haldið mikið á lofti af íslenskum stjórnvöldum.

Nýlega lagði ég fyrirspurn um Ramsar-svæði á landinu fyrir hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttur. Hún svaraði mér skilmerkilega en tók sérstaklega fram að þegar hefði verið ákveðið að fórna votlendinu á Eyjabökkum, það lægi fyrir. Sáttmálinn sjálfur var undirritaður í Ramsar í Íran 1971 og tók gildi á Íslandi 5. maí 1977 í ráðherratíð Eysteins Jónssonar. Sáttmálinn fjallar um votlendi og hve mikilvægt sé að vernda það. Nýlega var samþykkt meðal Ramsar-þjóðanna að fjölga þessum svæðum á heimsvísu úr rúmlega 1.000 í 2.000. Fyrirspurn mín til hæstv. umhvrh. var hugsuð til þess að hvetja ráðherrann til að taka það alvarlega hve miklu votlendi hefur verið raskað á Íslandi í gegnum árin.

Á árum áður var það keppikefli frumkvöðlanna að ræsa fram mýrar hér á landi. Árum saman fengu bændur meira að segja greitt fyrir að grafa skurði, jafnvel þótt landið yrði ekki að túni. Þannig hafa verið grafnir 33 þús. kílómetrar af skurðum og með því hefur helmingi votlendis á landinu verið eytt. Helmingi votlendis í þéttbýli á landinu hefur verið eytt með 33 þús. kílómetrum af skurðum. Til að endurheimta votlendið hefur verið mokað ofan í eina 2–3 km á síðustu árum. En votlendi er erfitt að endurheimta, herra forseti. Að mati þeirra sérfræðinga sem umhvn. hefur spurt er erfitt að endurheimta votlendi. Mótvægisaðgerðir í byggð duga skammt til þess að bæta fyrir mistök þau sem menn ætla að gera á hálendi Íslands nú. Mótvægisaðgerðir á hálendinu eru ekki taldar framkvæmanlegar segja sérfræðingar sem hv. umhvn. hefur leitað til.

Það verður að teljast afar villandi, herra forseti, að halda því fram að álver staðsett á Íslandi hafi merkjanleg áhrif til betri vegar fyrir kolefnabúskap heimsins þótt benda megi á hlutfallslegan ávinning af nýtingu hreinni orkulinda. Fullyrðingar um að álver sem nýta íslenska vatnsorku hafi jákvæð hnattræn áhrif eru því afar hæpnar. Það skýrist m.a. af þeirri staðreynd að jafnvel þótt öll virkjanleg orka hér á landi yrði flutt um kapal til Evrópu þá nægði slíkur útflutningur vart fyrir 1% af orkunotkun álfunnar. Hins vegar er ljóst að ímynd Íslands muni njóta góðs af því að geta kallast ósnortið umfram önnur lönd sem sum hver eiga varla til nokkurn skika sem ekki hefur verið skipulagður, ræktaður eða byggður.

Bent hefur verið á að með byggingu 480 þús. tonna álvers við Reyðarfjörð verði magn gróðurhúsalofttegunda á hvern íbúa meira á Íslandi en í flestum öðrum löndum. Það er því, herra forseti, ekki hægt að réttlæta stórkostlega eyðileggingu íslenskra náttúruverðmæta með skírskotun til hnattræns ávinnings fyrir heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í heiminum af nýtingu á vatnsorku hér á landi. Það eru einnig veigamikil rök að raska ekki ósnortnu svæði og á það verða menn að horfa út frá tveimur sjónarhornum: notkun svæðisins og varðveislu svæðisins.

Til viðbótar kvikna spurningar um framhaldið: Hvernig ætla menn að útvega rafmagn fyrir 480 þús. tonna álver? Um það er fjallað í greinargerð frá Orkustofnun í fskj. II með þáltill. hæstv. iðnrh. Tvískinnungurinn blasir við alls staðar þegar ýmist er fjallað um 120 þús. tonna álver í umræðunni og virkjunarþörf fyrir það en hins vegar send frummatsskýrsla fyrir 480 þús. tonna álver sem ekki er ljóst hvernig fá eigi rafmagn. Verði farið af stað eins og til stendur, byggt 120 þús. tonna álver, til þess virkjað á Eyjabökkum og hundur leiddur frá Bjarnarflagi eða Kröflu, verða menn að segja sannleikann um framhaldið. Málið verður sett í slíkan hnút með þessum framkvæmdum að ekki verður annað hægt en halda áfram, byggja meira og virkja meira. Mun heillavænlegra tel ég að fara aðra hvora leiðina sem Landsvirkjun hefur sjálf bent á, að það séu til aðrar leiðir, m.a. að virkja neðar og þyrma innstu 4 eða 5 km Eyjabakkavotlendisins eða þá fara beint í Kárahnjúkavirkjun. (**Gripið fram í:** Styður þingmaðurinn það?)

Ég hef bent á lagalega óvissu í þessu máli. Ég vísa þar til álitsgerðar Aðalheiðar Jóhannsdóttur lögfræðings. Hún átti aðild að því að semja frv. um mat á umhverfisáhrifum á sínum tíma sem starfsmaður umhvrn. og er nú í doktorsnámi í umhverfisrétti í Svíþjóð. Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég hef áður vitnað til úr álitsgerð hennar en niðurstaðan er sú að virkjunarleyfi sé talið í gildi fyrir þessari virkjun en að framkvæmdaleyfið vanti. Hún telur að samkvæmt Evróputilskipun þurfi öll leyfi til þess bærra lögaðila að liggja fyrir og svo sé ekki í þessu máli þar sem framkvæmdaleyfi vantar. Það er tíundað á bls. 9 í greinargerð með þáltill. iðnrh. að það vanti. Þar kemur fram að þrívegis hafi Landsvirkjun leitað eftir slíku leyfi.

Framan af var sagt að virkjunin væri undanþegin vegna bráðabirgðaákvæðis II í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Við athugun á gögnum málsins frá þeim tíma er fjallað var um frv. leitaði ég eftir ummælum manna í ræðum í þinginu en þar kom ekkert fram því til sönnunar. Við umræður í þinginu, við umræður í umhvn. og í gögnum umhvn. er þess hvergi getið að nokkur maður hafi haft virkjanir í huga. Þvert á móti má leiða að því líkur að þetta umdeilda ákvæði hafi komið inn á lokastigum umfjöllunar um frv. með það eitt í huga að hindra ekki ýmsar vegaframkvæmdir sem í bígerð voru og unnið var að sumarið 1993. Það telst varla lagaskýring ef ekki eru til nein gögn til staðfestingar eða sönnunar eða hvað, herra forseti?

Hæstv. iðnrh. vitnaði fyrr í dag í bréf umhvn. í fskj. IX á bls. 155 með tillögu hans en þar segir að Fljótsdalsvirkjun sé ekki matsskyld samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Í því bréfi kemur hins vegar alls ekki fram hvort virkjunin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt öðrum lögum. Það kemur ekki fram þar, herra forseti.

Þá hafa Náttúruverndarsamtök Íslands sent kæru um málið til Eftirlitsstofnunar EFTA. Fari svo, herra forseti, að Evrópudómstóllinn kveði upp úr með þetta mál og dæmi þannig að framferði okkar Íslendinga, að fara í þessar framkvæmdir án mats á umhverfisáhrifum, standist ekki tilskipun ESB þá stendur Alþingi frammi fyrir því að hafa samþykkt þáltill. sem ekki stenst. Telur herra forseti ekki að það mundi vera álitshnekkir fyrir Alþingi Íslendinga að samþykkja þáltill. sem vafi getur leikið á um að standist lög? Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, eru byggð á tilskipun frá Evrópusambandinu og að miklu leyti samhljóða þeirri tilskipun. Árið 1997 kom síðan ný útgáfa, ný tilskipun og skyldu íslensku lögin endurskoðuð í síðasta lagi í mars á

þessu ári og ættu að hafa tekið gildi. Það hefur því miður ekki verið gert enn og hefur ekki verið fullnægjandi skýrt eða rökstutt.

Þótt ýtrustu lagakröfur stæðu e.t.v. ekki til þess að fram færi mat á umhverfisáhrifum samkvæmt þeim lögum, þar sem þau eru ekki afturvirk þó sum lög séu afturvirk, þá vantar enn framkvæmdaleyfi frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps eins og skýrt kemur fram í greinargerð með þáltill. hæstv. iðnrh. Framkvæmdaleyfi er veitt samkvæmt öðrum lögum, þ.e. skipulags- og byggingarlögum. Verði það leyfi gefið út gæti á grundvelli þeirra þurft mat á umhverfisáhrifum til að framkvæmdir gætu hafist. Slíkt framkvæmdaleyfi fellur auk þess úr gildi eftir 12 mánuði hefjist framkvæmdir ekki þannig að gamalt framkvæmdaleyfi, þótt það lægi fyrir, væri gagnslítið.

Samkvæmt dómum Evrópudómstólsins hefur, eftir mínum upplýsingum, verið miðað við að fyrir þurfi að liggja öll leyfi lögbærra aðila áður en lagt er í framkvæmdir af þessu tagi. Samkvæmt íslenskum lögum er þörf á bæði virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi. En þarna liggur lagaóvissa, herra forseti. Hvað sem því líður er ljóst að nútímaleg vinnubrögð hins siðaða samfélags eru að beita leikreglum af þessu tagi, leikreglum sem settar voru af hinu háa Alþingi af framsýnum þingmönnum sem voru að hegða sér á heimsins hátt til að tryggja góða umgengni við umhverfið og tryggja að náttúran njóti vafans. Það er ekki boðlegt, herra forseti, að leita þess í stað að smugum og lagakrókum til að komast hjá vönduðum vinnubrögðum. Það er ekki boðlegt, herra forseti.

Formaður hv. iðnn. sagði í ræðu sinni að æskilegt væri að hleypa erlendum aðilum að hreinni vistvænni orku hér á landi. Ég get vel tekið undir það. Hinn 8. september sl. sat ég ráðstefnu hér í bænum um vistvænt eldsneyti. Þar var rætt um alls konar orku sem hægt er að framleiða hér á landi sem getur haft mun jákvæðari áhrif á umhverfið og skuldbindingar Íslendinga á alþjóðavettvangi. Mig langar til að nefna nokkrar slíkar aðferðir.

Það er, sem skemmtilegt má telja, eldsneytisframleiðsla úr Alaskalúpínu þó ég hugsi að hún dugi ekki til að knýja stóriðju. Það er metanólframleiðsla sem hefur auðvitað verið til umræðu á Alþingi. Það er metanólknúinn bíla- og fiskiskipafloti sem þarf ekki að vera draumsýn heldur getur orðið veruleiki. Það er metangasframleiðsla úr sorpi. Sú tækni er þegar fyrir hendi. Það er metanólframleiðsla úr kolsýru frá jarðhitavirkjunum. Það er binding kolsýrings eða CO í afgasi frá járnblendi og einnig var á þessari ráðstefnu drepið á orkuframleiðslu úr sólarljósi og vindvirkjanir.

Því var haldið fram af fræðimönnum þar að draga megi úr gróðurhúsalofttegundum hér á landi í 45% af núverandi útblæstri með því að við framleiðum eigið eldsneyti og drögum úr innflutningi. Það er því ljóst að við höfum í ýmis horn að líta hvað orku viðvíkur og þurfum því ekki að fórna fegursta landslagi varanlega.

Þáltill. iðnrh. byggir í fyrsta lagi á fyrirliggjandi skýrslu um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar sem hlotið hefur mikla gagnrýni. Sumt af því er maklegt og annað ekki eins og gengur. Starfsmenn Landsvirkjunar fengu nauman tíma til að vinna skýrsluna og menn verða að muna eftir því. Það munu einungis hafa verið um þrír mánuðir sem þeir höfðu til þess risavaxna starfs og í hana vantar mikið af upplýsingum eins og kemur fram í áliti mínu og hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og okkar fylgifiska úr umhvn. Þáltill. iðnrh. byggir einnig á greinargerð um orkuöflun fyrir álver í Reyðarfirði.

Í þriðja lagi byggir þáltill. á skýrslu um þjóðhagsleg áhrif álversins og athugun á samfélagslegum áhrifum, þ.e. fskj. III og IV með tillögunni.

Þjóðhagsleg áhrif hafa þegar verið rædd nokkuð og ekki eru menn á eitt sáttir um þau. Dregin hefur verið í efa arðsemi virkjunar og álvers. Athugun á samfélagslegum áhrifum er allsendis ófullnægjandi og ekki byggð á neinum rannsóknum. Áhrif á starfandi fyrirtæki á Austfjörðum og þróunarmöguleikar í öðrum greinum eru að engu metin og reiknað er með störfum vegna verksmiðjunnar sem hreinni viðbót. Fullyrðingar um háar menntunarkröfur til starfsmanna og um að ungt fólk og brottfluttir Austfirðingar muni leita eftir vinnu í verksmiðjunni í verulegum mæli hafa við lítið sem ekkert að styðjast, engar rannsóknir hafa verið gerðar á því. En á grundvelli þessara atriða samkvæmt þáltill. hæstv. iðnrh. á Alþingi að lýsa yfir stuðningi við að haldið verði áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun. Það er mér allsendis ófært, herra forseti.

Ég hef haldið því fram að lagaóvissa ríki um þessar framkvæmdir og tel að úr þeim verði jafnvel ekki skorið nema fyrir dómstólum.

Fjölmargir umhverfissinnar hafa látið í sér heyra. Frjáls félagasamtök á borð við Umhverfisvini sem nú standa fyrir undirskriftasöfnun til stuðnings því að fram fari mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og hvetja landsmenn til að taka afstöðu í málinu. Umhverfissamtök Íslands, Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd og fleiri eiga meiri virðingu skilið en að hæðst sé að þeim. Ljóðahópur hefur sýnt og sannað að tilfinningar fyrir umhverfinu eru sannar og trúverðugar. Margir umhverfisandstæðingar hafa haft í flimtingum tilfinningar fólks á höfuðborgarsvæðinu og skellt skollaeyrum við þeim, ekki síður en vel ígrunduðum rökum sem styðjast við vísindalegar rannsóknir. Það verður víst svo að vera, herra forseti.

Ég fékk nýverið kort undirritað af Guðmundi Páli Ólafssyni og var á því fögur mynd af snævi þöktu fjalli þar sem fjallstindur og hlíðarjaðrar voru þó snjólausir og líktust mest vængjum á fugli, enda heitir myndin Fjall með vængi. Undir myndinni stendur, með leyfi forseta: „Tilfinningar gagnvart náttúrunni eru ekki aðeins eðlilegar og sjálfsagðar, þær eru dýpstu rök mannsins í sambúð við hana."

Mig langar að fara með aðra tilvitnun, herra forseti, en hún er um Eyjabakka, úr Ferðabók Þorvalds Thoroddsens, III. bindi, bls. 274:

„Graslendið á eyrunum milli kvíslanna er mjög víðlent og ákaflega loðið, eins og best í byggð, en galli er á gjöf Njarðar: bleyturnar á eyrunum eru svo miklar, að þar kemst víðast enginn yfir, nema fuglinn fljúgandi, alls staðar eru ófær kviksyndi, og menn hafa jafnvel séð hreindýr hverfa í ysjuna, og eru þau þó allvel fær á blautum jarðvegi. Hestarnir okkar höfðu nóg að bíta á útjöðrunum við ystu kvíslarnar, en út á eyrarnar þorðu þeir ekki að fara, enda svignaði jarðvegur fljótt undan þeim, þó þeir stæðu þar sem best var."

Herra forseti. Þessi tilvitnun í Ferðabók Þorvaldar Thoroddsens lýsir einna best því verðmæta votlendi sem til stendur að fórna óafturkræft fyrir ímyndaðan tímabundinn ávinning en ljóslega er sú sorglega fórn óþörf fyrir utan að vera í óþökk stórs hluta þjóðarinnar.

Síðasta tilvitnun mín í bókmenntir eru þó í höfuðskáld-

ið Halldór Kiljan Laxness en í ljóði sínu um Únglínginn í skóginum segir hann, með leyfi forseta:

Eia!
Eia perlur! Eia gimsteinar!
Eia leikur
leikur í sólskini
útí skógi.

Af hverju tek ég þetta upp, herra forseti? Af því að hann ritar eyja á mjög sérkennilegan hátt. Hann ritar „eia" og það vill svo til, herra forseti, að EIA er skammstöfunin á mati á umhverfisáhrifum, eins og ég sagði í upphafi máls míns, þ.e. Environmental Impact Assessment, sem er mat á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Ég tel að Halldór Laxness hafi lagt okkur réttu línurnar fyrir mörgum áratugum varðandi Eyjabakka. Eyjaperlur, EIA-perlur, herra forseti, þyrmum þeim. En mér er samt hryggð í huga, herra forseti.

[16:22]

Útbýting þingskjals:

Starfræksla miðlægs gagnagrunns á heilbrigðissviði, 192. mál, svar heilbrrh., þskj. 498.

[16:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted hefur lýst skoðunum sínum í löngu máli og kom þar fram að þingmaðurinn *vefengdi alla þætti málsins*, taldi það rangt að ávinningur gæti verið af málinu byggðarlega séð, taldi rangt að um arðsemi gæti verið að ræða af framkvæmdinni, lýsti andstöðu við byggingu álvers í Reyðarfirði og almennt andstöðu við byggingu álvers í fjörðum og í stuttu máli lýsti andstöðu við alla meginþætti málsins. Ég spyr hv. þm. hvort ég hafi skilið mál hennar rétt. Ég gat ekki fengið aðra niðurstöðu úr máli hennar.

Þess vegna kemur á óvart að niðurstaða þessarar skoðunar kemur fram í þeirri tillögu að þingmaðurinn leggur til að fram fari mat á umhverfisáhrifum. Á hv. þm. von á því að slíkt mat á umhverfisáhrifum breyti byggðarlegu mati hennar á áhrifum framkvæmda á byggðir, breyti mati hv. þm. á arðsemi framkvæmdarinnar o.s.frv.? Ég fæ ekki séð að það geti verið. Ég skil því ekki alveg niðurstöðu hv. þm. út frá þeim sjónarmiðum sem hún setti fram í málinu.

Eitt vildi ég líka spyrja um af því að hv. þm. lagði mikla áherslu á nútímaleg vinnubrögð siðaðra manna þar sem hún taldi sig vera í þeim hópi og þá sem ekki eru sammála hv. þm. í öðrum hópi sem hvorki væru nútímalegir né siðaðir. Hv. þm. hefur ekki lýst skoðunum sínum á öðrum framkvæmdum sem unnar eru samkvæmt sama skilningi á lögum um mat á umhverfisáhrifum, svo sem um Nesjavelli og Svartsengi. Er allt í lagi með þær framkvæmdir, herra forseti?

[16:24]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ansi viðamikil spurning og ég kemst ekki yfir að svara þessu öllu en ég vil ítreka að það sem ég sagði rökstuddi ég og vitnaði til sérfróðra aðila í hverjum þætti fyrir sig. Ég er ekki að finna upp þyngdarlögmálið, herra forseti. Ég hef farið mjög ítarlega yfir gögn þessa máls og þetta er niðurstaða mín eftir þá yfirferð.

Að beita nútímalegum vinnubrögðum gildir jafnt um Nesjavelli og Svartsengi eins og um Eyjabakka. Það gildir að nútímaleg vinnubrögð skuli viðhöfð samkvæmt leikreglum sem Alþingi setti sér sjálft 1993 og sæmir ekki að leita eftir smugum og lagakrókum til að komast undan því heldur á hnarreist að horfast í augu við það sem staðreynd og á með gleði að undirgangast slíkt mat á umhverfisáhrifum sem við erum að fara fram á vegna þess að mat á umhverfisáhrifum innifelur þessa þætti sem hv. þm. var að nefna hér, m.a. byggðaþróun. Það kemur fram í mati á umhverfisáhrifum, ef hann kynnir sér lögin.

[16:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði. Hv. þm. gat ekki fært rök fyrir niðurstöðu sinni út frá þeim sjónarmiðum sem hún setti fram. Það er alveg augljóst mál að þegar hv. þm. hafnar því alfarið að rekstur stóriðjuvers við Reyðarfjörð hafi áhrif á byggðaþróun, þá breytir umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun engu þar um.

Það er líka ljóst að verði valdir dýrari virkjunarkostir en áformað er í Fljótsdal, þá bætir það ekki arðsemismat hv. þm. á framkvæmdunum. Ég fæ því ekki skilið þá niðurstöðu sem þingmaðurinn kemst að, að vera á móti málinu á öllum stigum þess en segja svo í lokin að hann geri kröfu um umhverfismat. Af þeirri einföldu ástæðu hlýtur maður að álykta að hv. þm. muni vera á móti málinu hver sem svo niðurstaða af umhverfismati yrði og því á hv. þm. einfaldlega að stíga fram og segja þá skoðun sína og standa fyrir henni en skjóta sér ekki á bak við skjöld eins og þennan.

Hitt þótti mér mjög merkilegt þó að það sé kannski ekki beinlínis mitt mál hvernig hv. þm. afgreiddi Sjálfstfl. og skipti honum í tvær fylkingar. Annars vegar voru þeir sem eru virkjunarsinnar og hins vegar þeir sem hafa mikla menntun, þekkingu og reynslu í umhverfismálum. Þetta var sérkennileg flokkun á stuðningsmönnum Sjálfstfl.

[16:27]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég læt nú útúrsnúninga og geðvonsku hv. þm. lítil áhrif á mig hafa. Ég rökstuddi mitt mál ítarlega. Ég var að vekja athygli á og draga fram í dagsljósið ýmis atriði um rekstur álvers úr því að farið var að ræða um frummatsskýrslu um 480 þúsund tonna álver við Reyðarfjörð. Það var ekki ég sem gerði það að fyrra bragði, það var gert í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar fyrr í umræðununum. Þess vegna taldi ég rétt að koma inn á það mál.

Ég held nefnilega að Reyðfirðingum, Austfirðingum eða öðrum landsbyggðarmönnum hafi alls ekki verið gerð grein fyrir því hvað það þýðir að búa í nágrenni við 480 þúsund tonna álver. Ég held að menn átti sig alls ekki á því, því miður, og ég held að stuðningur þeirra við þetta mál væri ekki slíkur sem hann er á Austfjörðum ef menn áttuðu sig á því af hverju fólk fælist mengandi stóriðju og af hverju hún er kölluð mengandi stóriðja. Fyrir öllu þessu tel ég, herra forseti, að ég hafi reynt að færa fram gild rök.

Hv. þm. tekst ekki að setja mig upp við vegg með það að ég sé á móti málinu hvernig sem það snúi. Það er akkúrat verkefni mats á umhverfisáhrifum að skoða allar hliðar svona máls. Ef virkjun sem ekki skaðar hálendið á þennan hátt gæti nýst til að byggja 120 þúsund tonna álver sem er minna mengandi en 480 þúsund tonna álver sem yrði með hreinsibúnaði sem er hægt væri að sætta sig við, en það stendur ekki til með 120 þúsund tonna álverið sem er á teikniborðinu nú, þá er það niðurstaða sem þarf að skoða. Ég er ekki tilbúin að svara því hér og nú að ég sé alfarið á móti slíkri niðurstöðu. En ég krefst þess að eftir slíkri niðurstöðu sé leitað og það er

það sem mat á umhverfisáhrifum á að færa okkur.

[16:29]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted fyrir frábæra ræðu og þakka það að hún hefur dregið fram með nokkuð öðrum efnistökum en aðrir hafa gert ýmsa nýja þætti sem ekki hafa verið í umræðunni. Það er góð og málefnaleg viðbót við önnur þau rök sem flutt hafa verið hér í þessari umræðu, bæði af þeim sem hér stendur og öðrum sem talað hafa.

Ég kemst ekki hjá því að biðja hv. þm. að staðfesta þær fullyrðingar sem koma fram í nál. okkar en bornar hafa verið brigður á hér. Ég stend á því fastar en fótunum að í nál. okkar standi að verkmaður Landsvirkjunar í gróðurfarsrannsóknum, Ágúst H. Bjarnason, hafi ekki sett það fram í sinni skýrslu sem við höfðum þegar við sömdum okkar nál., að hann hefði farið inni á Eyjabakka, hvorki út í Eyjar né gönguleiðina inn Snæfellsnesið og inn að Háöldu. Þær upplýsingar komu síðar fram eftir að nál. var skrifað, og mig langar til þess að spyrja hv. þm. um viðhorf hans og staðfestingu á þessum orðum og þeim upplýsingum sem hv. þm. Kristján Pálsson dregur hér hvað eftir annað inn í umræðuna. Þær komu eftir að nál. var skrifað og voru birtar í Morgunblaðinu en ekki gafst tóm til í því ágæta blaði að bera fram nokkrar þær gróðurfarsrannsóknir sem fylgt hafa þessu máli.

[16:31]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Við í 2. minni hluta umhvn. höfðum í nál. okkar gögn að styðjast við þegar við settum fram umsögn okkar um rannsóknir Ágústs H. Bjarnasonar grasafræðings en það var umsögn Þóru Ellenar Þórhallsdóttur prófessors sem við vorum að vitna þar í. Hvorki ég né hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson né Þórunn Sveinbjarnardóttir, Kolbrún Halldórsdóttir eða Össur Skarphéðinsson vorum stödd þar að fylgjast með ferðum Ágústs H. Bjarnasonar. Við vorum ekki til vitnis um hvar hann fór og hvar hann fór ekki. Það eina sem við höfum eru upplýsingar frá honum sjálfum og upplýsingar um þær rannsóknarniðurstöður sem hann lagði fram og það sem við vitnuðum til í nefndaráliti okkar var eftirfarandi setning frá Þóru Ellen Þórhallsdóttur: „Eins og fram kemur í skýrslu Ágústs H. Bjarnasonar fór hann aldrei á Eyjabakkasvæðið sumarið 1998 en gerði athuganir við Hölkná, Laugará og Grjótá.“ Það er ekki sæmandi hv. þm. Kristjáni Pálssyni að koma ítrekað upp í ræðustól og væna þingmenn um að bera kjaftasögur. Þetta er óviðeigandi, óviðurkvæmilegt, herra forseti, og ég fer fram á að forseti geri athugasemdir við þingmanninn vegna orða hans.

[16:39]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er enn á dagskrá mál sem mikið hefur verið rætt, bæði í þingsölum og víða í samfélaginu og það til fjölda ára.

Ég hef í meginatriðum komið sjónarmiðum mínum á framfæri í fyrri umræðum um þetta mál en tel nauðsynlegt að bæta nokkru við og rifja örfá atriði upp en í upphafi vil ég, herra forseti, segja þetta.

Þetta mál er ekki þess eðlis að skoðanir í því skiptist eftir stjórnmálaflokkum. Þetta mál er ekki þess eðlis að það skiptist eftir hreinum línum milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þess vegna, herra forseti, er nauðsynlegt að taka fram að ef einhverjir hv. þm. gleyma sér í hita leiksins og telja sig tala fyrir munn stjórnarandstöðunnar í heild, fyrir munn þingflokks Samfylkingarinnar í heild, þá er það ekki svo. Í þessu máli getur enginn talað fyrir þessa hópa í heild sinni.

Herra forseti. Viðhorf mín í þessu máli eru kunn. Ég vil aðeins til þess að hafa sagt það, segja að það er ljóst að í stefnuyfirlýsingu og verkefnaskrá Samfylkingarinnar fyrir síðustu þingkosningar er ekkert, ekki eitt einasta atriði sem er í andstöðu við málflutning minn í þessu máli.

Herra forseti. Áður í umræðunni hefur verið rætt um skoðanakönnun sem gerð var fyrir nokkru og í fyrri umræðu um málið gerði ég hana að nokkru umræðuefni sérstaklega varðandi almenna þekkingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Nú hefur skoðanakönnunin verið birt í heild sinni og er greinilegt að það sem ég lét mér um munn fara í fyrri umræðunni hefur verið staðfest og færð enn færð enn frekari rök fyrir því.

Herra forseti. Ljóst er að meginniðurstaða þessarar könnunar er sú að yfirgnæfandi meiri hluti landsmanna er fylgjandi starfandi stóriðju í landinu og telur hana hafa góð áhrif á atvinnu- og efnahagslíf. Viðhorfin hafa ekki breyst í áratug. Meira að segja eru ívið fleiri jákvæðir nú en í könnun sem gerð var árið 1989. Íslendingar telja jákvætt að byggja upp stóriðju á Íslandi sem byggir á mengunarlausri orku frekar en að fylgja eftir alþjóðlegum samþykktum um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda. Nærri helmingur landsmanna telur engu að síður að mengun frá stóriðju sé mikið eða nokkurt vandamál. Nær 60% landsmanna eru fylgjandi því að áfram verði haldið að virkja vatnsafl þrátt fyrir að virkjunum fylgi oft röskun af völdum miðlunarlóna. Meira en helmingur landsmanna telur að stóriðja, virkjanir og ferðaþjónusta geti farið vel saman á Austurlandi og svo virðist sem landsmenn séu ekki viðkvæmari gagnvart virkjunum á Austurlandi en annars staðar á landinu hvað varðar áhrif á ferðaþjónustu.

Herra forseti. Samkvæmt þessari skoðanakönnun vita 80% landsmanna og 67% Austfirðinga lítið eða ekkert um hvað felst í lögum um mat á umhverfisáhrifum. 63% landsmanna segjast ekki vita hver hefði annast umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun samkvæmt gildandi lögum. Innan við 10% landsmanna vita að framkvæmdaraðilinn, Landsvirkjun, hafði séð um matið og greitt kostnaðinn af því.

Herra forseti. Þetta er afar athyglisvert í ljósi ýmissa ummæla sem fallið hafa varðandi t.d. undirskriftasöfnun sem hér fer fram og ég mun gera að umtalsefni skömmu síðar í ræðu minni.

Herra forseti. Stuðningur Austfirðinga við álverið er mun meiri en annarra landsmanna en andstaðan er hlutfallslega nærri því jafnmikil á Austurlandi og annars staðar á landinu. Mun fleiri hafa tekið afstöðu í málinu á Austurlandi en annars staðar á landinu en á Austurlandi eru innan við 10% hlutlausir en hins vegar er fjórðungur hlutlaus á landinu öllu. Stuðningur Austfirðinga við virkjun í Fljótsdal er líka mun meiri en annarra landsmanna en andstaðan er nærri jafnmikil og annars staðar. Áberandi er, herra forseti, hve útbreitt það viðhorf er meðal landsmanna að álverið og virkjunin styrki byggð og atvinnulíf á Austurlandi. Þá er eftirtektarvert að bæði Austfirðingar og landsmenn allir nefna stóriðju næst á eftir sjávarútvegi en næst á undan ferðaþjónustu þegar spurt er hvaða atvinnugrein sé áhrifamest til að styrkja byggð og atvinnulíf á Austurlandi.

Væntingar Austfirðinga og landsmanna eru miklar sem sést m.a. á því að mikill meiri hluti telur að tilkoma álvers muni stuðla að því að hækka laun á Austurlandi og íbúum í fjórðungnum muni fjölga. Einnig er athyglisvert að skoða skoðanakönnunina í samræmi við það hvernig hugmyndir og skoðanir skiptast milli stjórnmálaflokka. Um 75% kjósenda ríkisstjórnarflokkanna eru jákvæðir í garð stóriðju. Um 60% kjósenda Samfylkingarinnar eru einnig jákvæðir í garð stóriðju og það er ekki síður athyglisvert að um 30% kjósenda vinstri grænna eru jákvæðir í garð stóriðju. Stór hluti kjósenda stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi er jákvæður gagnvart stóriðju og virkjun á Austurlandi þvert gegn því sem meiri hluti hv. þm. þessara flokka hafa haldið fram hér innan veggja.

Herra forseti. Hægt væri að fara yfir þessa skoðanakönnun lið fyrir lið og velta fyrir sér tengslum við málflutning og m.a. þá undirskriftasöfnun sem átt hefur sér stað. Ég vil þó ekki þreyta þingheim eða draga þá umræðu sem hér á sér stað á langinn með því að fara nákvæmlega yfir. Áður en ég skil við þessa könnun vil ég þó taka fyrir tvær athyglisverðar spurningar sem skýra hugsanlega ýmislegt í þessu máli. Þær eru í tengslum við það að hv. þm. vinstri grænna hafa gjarnan í umræðunni talað eins og þeir væru að tala fyrir munn meiri hluta þjóðarinnar, þeir tala fyrir munn hóps sem allt veit um málið.

Herra forseti. Í skoðanakönnuninni er m.a. spurt: „Telur þú að fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun muni hafa áhrif á Dettifoss?" Hver er niðurstaðan? Jú, meiri hluti þeirra sem svara segja nei, tæplega 63%. Herra forseti. Vegna þess að ég nefndi það ekki í upphafi, er sú skipting sem ég nefndi hér, skipting eftir Austurlandi, þ.e. þetta er það hvernig Austfirðingar svöruðu könnuninni. Nú kem ég að því sem mér þótti hvað merkast í könnuninni en það er það þegar skoðað er hvernig kjósendur vinstri grænna skiptast í þessari könnun, þá er að sjálfsögðu afar athyglisvert að rétt tæplega 47% þeirra svara neitandi spurningunni: Telur þú að fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun muni hafa áhrif á Dettifoss? Það er meiri hluti kjósenda vinstri grænna á Austurlandi sem svarar því annaðhvort játandi eða óviss eða rétt tæp 54% telur að Fljótsdalsvirkjun muni hafa áhrif á Dettifoss eða er ekki viss um það.

Herra forseti. Önnur spurning ekki síður athyglisverð er svohljóðandi: „Telur þú að fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun muni hafa áhrif á Hafrahvammagljúfur eða Dimmugljúfur öðru nafni?" Hver er niðurstaðan? Jú, hún er þessi: Mikill meiri hluti kjósenda vinstri grænna á Austurlandi eða tæp 78% svara þessari spurningu játandi eða eru óvissir. Það eru einungis rétt rúmlega 24% þeirra sem eru vissir um það að fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun muni ekki hafa áhrif á þessi fögru gljúfur.

Herra forseti. Ég læt að sinni lokið umfjöllun minni um þá skoðanakönnun sem hefur upplýst okkur mjög um þá þekkingu sem fyrir er varðandi þetta mál meðal almennings.

Það er athyglisvert í allri þessari umræðu hvernig andstæðingarnir hafa stöðugt verið á flótta í málinu. Eitt atriði hefur vakið sérstaka athygli mína, en það er það þegar stjórnmálaflokkurinn Vinstri hreyfingin – grænt framboð er jafnvel kominn svo langt í málflutningi sínum að kalla til tilskipanir Evrópusambandsins máli sínu til stuðnings. Þessi hópur sem varla má nokkuð heyra úr þeirri átt getur þó nýtt einstaka pappíra ef talið er að þeir henti í málinu. Ég lít ekki á mig sem mikinn sérfræðing í tilskipunum Evrópusambandsins en þessi umræða vakti þó hjá mér löngun til að skoða örlítið þessa pappíra. Herra forseti. Hér segir í 1. gr. 5. tölul. þeirrar tilskipunar sem hvað mest hefur verið fjallað um:

„Tilskipunin gildir þó ekki um framkvæmdir sem landslög hafa þegar verið sett um í einstökum atriðum þar eð í slíkum tilvikum hefur markmiðum hennar, þar á meðal upplýsingamiðlun verið náð með lagasetningu."

Herra forseti. Ég ætla ekki að kveða fastar að orði um þetta en það hlýtur a.m.k. einhver vafi að vera í þessu máli og vekja efasemdir um málflutning þeirra sem hafa talið þetta vera styrk í málflutningi sínum.

Þá kem ég, herra forseti, að öðrum þætti sem hefur einnig verið athyglisverður í þeim flótta sem átt hefur sér stað undanfarnar vikur. Allir kannast við hina svokölluðu Umhverfisvini sem hafa farið mikinn á undanförnum vikum, sem virðast hafa ótakmarkaðan aðgang að fjármagni, fjármagni sem ekki hefur verið upplýst hvaðan kemur, fjármagni, herra forseti, sem við ættum að velta fyrir okkur hvort væri ekki rétt að um samtök sem þessi ættu að gilda svipaðar reglur og margir hv. þm. hafa krafist að ættu að gilda um stjórnmálaflokka, þ.e. reikningshald slíkra samtaka væri gert opinbert. Að sjálfsögðu er afar mikilvægt að vita hverjir standa á bak við allt það fjármagn sem er greinilega á ferðum þarna.

Herra forseti. Ég talaði um flóttann. Örlítil og örstutt tilvitnun í grein talsmanns hinna svokölluðu Umhverfisvina, þess ágæta manns, Ólafs F. Magnússonar sem nú fyrir stuttu eftir væntanlega miklar og ítarlegar rannsóknir þótti ástæða til að upplýsa Reykvíkinga í sjónvarpsstöð sem eingöngu er bundin við höfuðborgarsvæðið og fjallaði sérstaklega um heilsufar Reyðfirðinga árið 2015. Herra forseti, það væri athyglisvert fyrir þennan vandaða vísindamann að mæta til Reyðfirðinga sjálfra og fjalla um það hvernig hann telur að heilsufar þeirra verði árið 2015.

Herra forseti. Með leyfi forseta hljóðar þessi tilvitnun í grein talsmanns hinna svokölluðu Umhverfisvina frá því 17. desember þannig:

„Þannig hefur fjöldi undirskrifta glatast, þegar listar hafa verið fjarlægðir af óprúttnum aðilum. Einnig hefur verið reynt að hrekja Umhverfisvini með undirskriftalista burt úr verslunarmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og sums staðar tekist."

(**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki fallegt.) Það er ekki furða, herra forseti, þó markmiðunum stóru og miklu hafi ekki verið náð þrátt fyrir að beitt væri nýjustu tækni. Það mátti hringja í ákveðið símanúmer og pikka inn kennitölur. Þar hefði jafnvel mátt hafa þjóðskrána við hlið sér, hvernig átti að vera hægt að sannreyna annað? Að vísu sögðu talsmenn hinna svokölluðu Umhverfisvina að fylgst yrði með. Það er kannski skýringin á því að hægt hefur á söfnuninni. Þeir eru væntanlega uppteknir við það nú að fara yfir lista sína, hringja og athuga: Átt þú að vera hér? Hefur þú gefið heimild til þess að þitt nafn sé hér skráð eða hvað?

Herra forseti. Ég vitnaði í ummæli starfsmannsins, framkvæmdastjórans eða hvaða titil viðkomandi ber hjá svokölluðum Umhverfisvinum, þar sem hann gaf í skyn að það væri að sjálfsögðu ekkert óruggt í þessari frekar en í öðrum undirskriftasöfnunum sem efnt hefði verið til. Gerði viðkomandi lítinn greinarmun á því hvort pikkaðar væru kennitölur í gegnum síma eða hvort menn mættu út í búð og skrifuðu á lista nafn vina, kunningja eða þess vegna óvina.

Herra forseti. Það er býsna merkilegt að bera saman yfirlýsingar frá þessum hópi. Enn minni ég á að ég er að ræða

um þetta í samhengi við þann flótta sem þessi hópur hefur verið á í málinu. Það er ekki langt síðan því var lýst yfir af forsvarsmönnum svokallaðra Umhverfisvina að nú yrði safnað 70 þús. undirskriftum á undraskömmum tíma og listarnir síðan afhentir. Enginn hefur séð þessa lista. Engir listar hafa verið afhentir og nú heyrum við í fjölmiðlum að þar séu aðrar tölur á ferðinni. Það er búið að fresta afhendingunni og nú skal haldið áfram fram á næsta ár. Hversu lengi veit enginn vegna þess að enn eru uppi markmið um það að ná ákveðnum tölum. Ekki lengur 70 þús. Nei, það virðist svo fjarlægt að þeir eru hættir að tala um það. Nú er enn vitnað til undirskriftasöfnunarinnar um Varið land og nú skal reynt að slá Íslandsmet og fara aðeins yfir þau mörk sem þar var náð. Enn hefur dregið úr því göfuga markmiði hinna ágætu Umhverfisvina að slá öll met með glæsibrag. Nú er markmiðið aðeins að fá einu nafni meira en náðist með Vörðu landi og er þá ekki rætt um hlutfall af íbúum landsins í því samhengi.

Herra forseti. Hvað sem líður vandræðagangi og örvæntingu svokallaðra Umhverfisvina þá stendur eftir að þeim hefur ekki tekist að safna nema um það bil helmingi þeirra undirskrifta sem gert var ráð fyrir í upphafi. Í raun segir það allt sem segja þarf. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir að svokallaðir Umhverfisvinir hafi stóran hluta fjölmiðlaaflsins með sér þar sem sjónarmiðum andstæðinga stóriðju á Austurlandi er stöðugt hampað. Hér þarf ekki, herra forseti, að tína til alla þá fjölmiðla sem hér komu við sögu. Það hefur væntanlega ekki farið fram hjá nokkrum hv. þm.

Herra forseti. Þetta er niðurstaðan. Auglýsingaherferð í ljósvakamiðlum og dagblöðum og skrifstofuhald sem samtals kostar milljónir króna hefur ekki skilað meiri árangri. Herra forseti. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir allt fræga fólkið, menningarvitana og listamennina sem hafa farið mikinn til stuðnings svokölluðum Umhverfisvinum. Herra forseti. Þetta er niðurstaðan þrátt fyrir að reynt hafi verið að greiða ýmsum frjálsum félagasamtökum fyrir að veita aðstoð við söfnun undirskrifta. Það er rétt og skynsamleg ákvörðun hjá svokölluðum Umhverfisvinum að lýsa yfir að undirskriftasöfnunin sé farin í jólaleyfi. Sagnfræðingar framtíðarinnar meta það kannski svo að uppgjafaryfirlýsing þessi hafi verið eina gáfulega ákvörðun hinna sérkennilegu samtaka á stuttu og ólánslegu æviskeiði.

Herra forseti. Úrskurður skipulagsstjóra vegna álvers á Reyðarfirði. hefur verið dregið fram í þessari umræðu sem eitt af þeim vandamálum sem upp hafi komið. Ég bendi á þetta í tengslum við flótta andstæðinganna vegna þess að þessi úrskurður átti að breyta öllu ferlinu og skapa allt aðrar tímaforsendur en áður höfðu verið. Það held ég að sé á miklum misskilningi byggt. Í samræmi við það sem ég sagði áðan þá mun ég ekki fara að rekja öll þau bréfaskipti sem átt hafa sér stað út af þessu máli en ég hef hér í höndum töluverðan bunka af bréfum sem farið hafa á milli og skapa ýmsar efasemdir um þá niðurstöðu að í úrskurðinum væri ekki hægt að fjalla sérstaklega um 120 þús. tonna álver við Reyðarfjörð.

Herra forseti. Í þessu samhengi er einnig nauðsynlegt að vekja athygli á því að til eru fleiri úrskurðir en eingöngu þessi um álverið við Reyðarfjörð. Það er einnig til úrskurður um álver við Hvalfjörð. Það er afar athyglisvert að bera þá saman. Við sjáum hér að mikill munur er á pappírsflóði en einnig á niðurstöðum. Við Hvalfjörð var talið mögulegt að veita heimild og hafa hana áfangaskipta eins og óskaði hafði verið eftir varðandi álver við Reyðarfjörð. Herra forseti. Ég vil aðeins vitna í eitt bréf þessu til staðfestingar. Í bréfi sem sent var til Skipulagsstofnunar, dags. 18. nóvember sl. segir, með leyfi forseta:

„Eins og lýst er í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum er áformað að álverið verði byggt í áföngum á löngum tíma og fyrsti áfangi er 120 þús. árstonn. Framkvæmdaraðili gerði ráð fyrir að umsókn um mat á umhverfisáhrifum yrði einnig afgreidd með hliðsjón af áætluðum áföngum enda er verulegur munur á 120 þús. tonnum og 480 þús. árstonna álveri. Þannig yrði mat og skilyrði fyrir fyrsta áfanga byggt á fyrirliggjandi umhverfisrannsóknum í Reyðarfirði, síðari áfangar yrðu háðir skilyrðum um frekari rannsóknir eftir þörfum á grundvelli reynslu af rekstri og mengunarvörnum í fyrsta áfanga og mældum áhrifum á umhverfið."

Herra forseti. Hér er held ég tekinn af allur vafi um að það var ekki í andstöðu við framkvæmdaraðila að áfangaskipta úrskurði. Hins vegar varð niðurstaðan önnur. Það útilokar þó ekki að á seinni stigum verði niðurstaðan í þessa átt.

Herra forseti. Orkuverðið hefur einnig komið nokkuð við sögu. Ýmsir svokallaðir virtir hagfræðingar hafa reiknað og reiknað og komist að niðurstöðu. Það er alveg sama þó oft hefur verið bent á að inn í þá miklu og væntanlega vönduðu útreikninga vanti lykiltölur og á þessu stigi sé ekki um þær að ræða. Við höfum lög um Landsvirkjun og þar eru reglur um hvernig megi semja um orkuverðið. Þessi umræða hefur augljóslega þann eina tilgang að reyna að hafa áhrif á væntanlega fjárfesta. Við höfum séð það, herra forseti, að í þessu máli virðast því miður of margir beita öllum brögðum til að hafa áhrif, eftir öllum leiðum sem þeim koma í hug. Annað atriði sem væntanlega allir hv. þm. hafa orðið varir við er að reynt hefur verið að hafa áhrif á norska fyrirtækið Norsk Hydro og þeim brögðum beitt sem til falla hverju sinni til að reyna að hræða þá frá því að fjárfesta hér.

Herra forseti. Hér liggur ekki eingöngu fyrir þáltill. frá hæstv. iðnrh. heldur liggja hér einnig fyrir tvær brtt. Önnur þeirra fjallar um að málið sé sett í þann farveg sem lög um mat á umhverfisáhrifum gerir ráð fyrir. Ýmsir hv. þm. segjast ekki á móti virkjun en telja eðlilegt að málið fari þennan farveg. Þetta er á margan hátt mjög skiljanleg afstaða. Það mun reyna á meininguna á bak við þessi orð þegar kemur að lokaafgreiðslu málsins. Þegar búið er að greiða atkvæði um brtt. og hún, eins og línur liggja í þingsal, hefur verið felld þá reynir á hvort hv. þm. hafa meint það sem þeir segja, að þeir séu í raun ekki á móti virkjun. Þá mun á það reyna.

Herra forseti. Önnur brtt. sem ég tel afar sérkennilega fjallar um að málið skuli fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Af hverju segi ég að hún sé sérkennileg? Jú, hv. flutningsmenn tillögunnar hafa talað á þeim nótum að afar nauðsynlegt væri að þessi framkvæmd færi í mat á umhverfisáhrifum. Með því að senda málið í þjóðaratkvæðagreiðslu er í raun verið að segja að málið fari ekki í mat á umhverfisáhrifum heldur eigi almenningur í landinu að taka afstöðu til framkvæmdarinnar, ekki til þess hvort hún fari í umhverfismat. Það hefði að vissu leyti verið skiljanlegri tillaga.

Herra forseti. Stærsti og viðamesti þáttur þessa máls er að sjálfsögðu atvinnu- og byggðamálaþátturinn. Um það snýst þetta mál í raun og veru. Ég tel mig hafa gert þeim þætti þokkalega skil í fyrri ræðum mínum við fyrri umræðu um þá þáltill. sem hér liggur fyrir. Í millitíðinni hafa hins vegar birst nýjar tölur um íbúaþróun í þessu landi. Ég held að það fari ekki fram hjá nokkrum manni sem kynnir sér þær tölur að nauðsynlegt er að fara í þær framkvæmdir sem hér er fjallað

um. Ég á að sjálfsögðu við, herra forseti, að það er ekki hægt að skilja á milli virkjunarframkvæmda og byggingu álvers við Reyðarfjörð. Í raun snýst þetta mál um hvort við viljum nýta þau tækifæri sem nú gefast til að hafa áhrif á þá óheillavænlegu byggðaþróun sem allt of lengi hefur verið í okkar landi.

Herra forseti. Margar blaðagreinar hafa verið ritaðar um þetta mál, bæði með og á móti. Í máli ýmissa hv. þm. hefur einnig verið sáð efasendum um að bygging álvers við Reyðarfjörð muni hafa áhrif á byggðaþróun á Austurlandi. Ein er sú grein sem ég tel að svari þessu öllu. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna til blaðagreinar sem birtist í Morgunblaðinu þann 4. desember sl. Þessi grein er rituð af Gísla Gíslasyni, bæjarstjóra á Akranesi, en eins og væntanlega öllum hv. þm. er kunnugt eru stóriðjuver ekki fjarri þeim ágæta kaupstað. Þar segir:

„Það fer ekki fram hjá neinum að mál málanna nú um stundir snýst um virkjanir og stóriðju á Austurlandi. Fyrir þá sem búa á Akranesi og í nágrenni er umræðan kunnugleg. Upp er risið þjóðlið sem hvorki vill virkjun né stóriðju, en Austfirðingar gera sér grein fyrir mikilvægi málsins og eiga þeir við ramman reip að draga í umfjöllun sinni um það. Þessi staða er áþekk því þegar fjallað var um byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og álver Norðuráls hf. Hart var gengið fram í andstöðu við þessi tvö fyrirtæki á Vesturlandi, en andstaðan virðist vera enn óvægnari við þessi áform á Austurlandi. Virðist sem byggða- og atvinnumál séu ekki sú tískulína sem áhugavert sé að safna undirskriftum fyrir. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá er rétt að huga nokkuð að þeirri þróun sem átt hefur sér stað við Hvalfjörðinn þegar atvinnumál og byggðaþróun á Austurlandi er skoðuð."

Herra forseti. Síðar í greininni segir Gísli Gíslason, með leyfi forseta:

„Ekki lái ég Austfirðingum að horfa vongóðir til þess að bygging álvers á Reyðarfirði og nauðsynlegar undirbúningsframkvæmdir muni hleypa miklum krafti í allt athafnalíf. Það er sú reynsla sem ólygin er af Vesturlandi. Á árunum frá 1952 til 1959 fjölgaði íbúum á Akranesi um 1.000 manns og má rekja stóran hluta þeirrar fjölgunar til framkvæmda við sementsverksmiðjuna og þeirra umsvifa sem verksmiðjan skapaði hjá fyrirtækjum sem hafa um langan aldur þjónað verksmiðjunni. Þegar hafist var handa um undirbúning og framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga hljóp mikið líf í flutninga til Akraness og á árunum frá 1973 til 1980 fjölgaði Skagamönnum um tæplega 800 manns. Eftir samdráttartíma og fækkun íbúa á Akranesi hefur þróunin snúist við, m.a. í kjölfar framkvæmda við álver Norðuráls hf. og Hvalfjarðargöng og er nú útlit fyrir að um næstu áramót hafi frá árinu 1996 fjölgað á Akranesi um rúmlega 200 manns og forsendur eru fyrir því að sú ánægjulega þróun haldi áfram."

Herra forseti. Að lokum vil ég lesa lokaorðin í þessari ágætu grein bæjarstjórans á Akranesi, með leyfi forseta:

„Engin af þeim hrakspám sem settar voru fram varðandi járnblendiverksmiðjuna og álverið á Grundartanga hafa ræst. Vonandi munu Austfirðingar njóta þess í sinni umræðu hvernig til hefur tekist við Hvalfjörðinn þannig að hagsmunir þeirra verði metnir á grundvelli röksemda og staðreynda en ekki þeirrar tísku í umhverfismálum sem við þekkjum erlendis frá og viljum varast."

Þetta voru lokaorð greinar Gísla Gíslasonar, bæjarstjóra á Akranesi. Ég vona að hv. þingmenn taki tillit til þeirra sem tala af reynslu og viti um þetta mál.

Herra forseti. Það mun koma í ljós við lokaafgreiðslu þessa máls hverjir hv. þm. meta atvinnu- og byggðarökin ofar þrengstu umhverfissjónarmiðum. Það verður prófsteinn á það hvaða hv. þm. treysta sér til að vera trúverðugir í þeirri baráttu sem fram undan er til að sigrast á þeim þjóðarvanda sem hin óheillavænlega byggðaröskun er.

Herra forseti. Þeir hv. þm. sem greiða atkvæði gegn þeirri þáltill. sem hér er til umræðu hafa að mínu mati dæmt sig úr leik í þeirri baráttu.

[17:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns auglýsa eftir hæstv. iðnrh. Finni Ingólfssyni.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Ég mun láta athuga það.)

Reyndar hefði ég kosið að fleiri ráðherrar ríkisstjórnarinnar hefðu verið til staðar við þessa umræðu. (**Iðnrh.:** Ég get gegnt fyrir hana.) Hæstv. iðnrh. sem er ekki hógværasti maður ofan jarðar segist gegna fyrir ríkisstjórnina alla (**Gripið fram í:** Í þessu máli.) í þessu máli. Reyndar held ég að þetta mál sé þannig vaxið að þetta komi ekki neinum einum ráðherra við. Þetta kemur ríkisstjórninni allri við, öllum ráðherrum og þjóðinni allri.

Við erum að fjalla um till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Reyndar kemur fram í þáltill. að hún er víðfeðmari en þessi fyrirsögn gefur til kynna vegna þess að í tillögunni er vísað til grg. þar sem fram kemur að um er að ræða fleiri virkjanir og fleiri mannvirki en Fljótsdalsvirkjun eina.

Þessi umræða hefur spannað allvítt svið. Hún hefur verið frá sjónarhorni umhverfis- og náttúruverndar, hún hefur verið frá sjónarhóli byggðamála, atvinnumála og efnahagsmála almennt. Ég ætla, herra forseti, að gera hlé á máli mínu þar til þögn er í þessum sal.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að hafa þögn í salnum.)

Ég sagði, herra forseti, að þessi umræða hefði farið fram og málin skoðuð frá mörgum sjónarhólum, t.d. náttúruverndar, byggðamála, efnahagsmála, frá sjónarhóli arðseminnar í þröngum og víðum skilningi. Mest hefur borið á náttúruverndar- og umhverfisrökum, enda ekki að undra. Það á að eyðileggja, fórna fallegum náttúruperlum þessa lands og það sem meira er, þau verk sem þar verða unnin verða ekki aftur tekin. Mikið er því í húfi. Um það deilir enginn maður. Það deilir enginn maður um að eftirsjá er að þeim náttúruperlum sem á að fórna. En svo miklir hagsmunir eru í húfi, segir ríkisstjórnin og þar með hæstv. iðnrh., að þau sjónarmið verði að víkja og það er meira að segja tilvinnandi að brjóta alþjóðlega samninga sem við höfum gert og skuldbindingar eru látnar víkja til hliðar fyrir þessum miklu hagsmunum. Og hverjir eru þeir? Það er byggðastefna, atvinnuuppbygging og það eru þjóðhagslegir hagsmunir þegar heildstætt er á málin litið.

Hæstv. iðnrh. sem ég gat um áðan að væri ekki hógværasti maður ofan jarðar segir í fréttaviðtali fyrir nokkrum dögum undir fyrirsögninni „Hafa hæst sem minnst vita" og vísar í þá sem hafa gagnrýnt þessa ráðagerð að hér hafi mikið breyst til batnaðar á undanförnum árum, frá því um miðjan þennan áratug. Hann segir að mikið atvinnuleysi hafi verið um miðjan áratuginn 1995. Síðan þegar aukin stóriðja kom til sögunnar hafi hagur þjóðarinnar vænkast og hann segist

vera þess fullviss að þær virkjanir sem við erum að fara að ráðast í núna og bygging málmbræðslu í Reyðarfirði sé framfara- og happaspor fyrir þjóðina. Hann gengur reyndar lengra og segir að það deili enginn um þjóðhagslegan ávinning af þessum framkvæmdum. Reyndar telur hæstv. iðnrh. og viðskrh. að ávinningur sé að þessu máli hvernig sem á það er litið. Þannig talar hann um 5–6% arðsemi hjá Landsvirkjun af þessari framkvæmd, og þegar á þjóðarhag er litið, þegar heildstætt er litið á málin, þá deili enginn um að þetta sé til góðs.

En hann gekk lengra og hann gengur lengra. Í ræðu hér sl. laugardag sagði hæstv. iðnrh. að svo mikill væri ávinningurinn af þessu að unnt væri að lækka orkuverð til landsmanna, til almennings, um 20–30% á næsta áratug. Þetta sagði hæstv. ráðherra orðrétt. (**Iðnrh.:** Það er stefna Landsvirkjunar að gera það.) Stefna Landsvirkjunar? Hér var það hæstv. iðnrh. sem talaði til þjóðarinnar á Alþingi. (**Iðnrh.:** Í hennar umboði.) Og sagði: „Það er unnt að lækka orkuverð til landsmanna um 20–30% á fyrsta áratug næstu aldar.“ Ég skráði þetta niður og setti innan gæsalappa. Þetta voru orð hæstv. iðnrh. sem vísaði til þess ávinnings sem yrði af virkjunarframkvæmdum í Fljótsdal. Og hvað erum við þá að tala um? Hvað erum við að tala um ef við ætlum að lækka orkuverð til landsmanna, almennings, um 20–30%? Hvað skyldi þetta þýða? Hvað skyldi þetta þýða fyrir Reykvíkinga? Fyrir Reykvíkinga þýðir þetta 420 millj. á ári. Fyrir landsmenn alla hálfan annan milljarð og nú fer maður að skilja þegar menn segja, hinir smærri hagsmunir, náttúruperlurnar, verða að víkja fyrir hinum stóru, hinum þjóðhagslega ávinningi og hæstv. iðnrh. er byrjaður að telja upp og hann segir:

Í fyrsta lagi munum við fyrir vikið geta lækkað orkuverð til almennings um hálfan annan milljarð á ári og þetta mun gerast á næsta áratug vegna þessara framkvæmda.

En víkjum aðeins að þeirri staðhæfingu hæstv. ráðherra að enginn deili um ávinninginn af þessum framkvæmdum. Skyldi það nú vera alveg rétt? Eða hefur hæstv. ráðherra ekki lesið greinar og greinargerðir hagfræðinga á borð við Sigurð Jóhannesson, Jóhann Rúnar Björgvinsson, Þorstein Siglaugsson og fleiri? (Gripið fram í.) Og Guðmund Ólafsson. Það skyldi þó aldrei vera að þeir einir sem starfa á vegum hæstv. iðnrh. eða tengjast ráðuneyti hans verji þessa ráðagjörð. Það skyldi þó aldrei vera að þeir séu á einhvern hátt tengdir Landsvirkjun eða iðnrn. Það skyldi þó aldrei vera, en að aðrir setji fram gagnrýni.

Birst hafa margar greinar, sagði síðasti ræðumaður, um þetta mál og það er rétt. Þar á meðal birtist grein eftir tvo starfsmenn Landsvirkjunar rétt fyrir helgina í Morgunblaðinu, Kristján Gunnarsson og Stefán Pétursson. Þeir voru að ræða um þjóðarhaginn sem hæstv. iðnrh. segir engan mann deila um. Í þessari grein segja þeir, með leyfi forseta:

„Nokkuð hefur borið á því í umræðunni að undanförnu að Landsvirkjun leggi þjóðhagsleg áhrif til grundvallar þegar kemur að samningum um stóriðju. Jákvæð þjóðhagsleg áhrif eru að sönnu mikilvæg en þau hafa engin áhrif á ákvarðanatöku fyrirtækisins um að ráðast í framkvæmdir.“

Við erum ekki að hugsa um þjóðarhag, segir Landsvirkjun og talsmenn hennar, við erum að hugsa um arðsemina fyrir Landsvirkjun og undir þetta tekur hæstv. iðnrh. í greininni í DV sem ég vísaði til áðan. Hann segir: Arðsemin af þessari framkvæmd fyrir Landsvirkjun verður á bilinu 5–6%, og þetta ítrekaði hæstv. ráðherra í ræðu sinni á laugardag. (**Iðnrh.:** Verður að vera.) Verður að vera 5–6%. Hæstv. iðnrh. kallaði hér fram í og sagði: Arðsemin verður að vera 5–6%, til þess væntanlega að farið verði í þessar framkvæmdir. (**Iðnrh.:** Það mundi lækka orkuverðið.) Til þess að farið verði í þessar framkvæmdir væntanlega. Við skulum þá hyggja að þessum stærðum í málinu og hverjar eru stærðirnar sem við verðum að skoða? Í fyrsta lagi: Hvað kemur virkjunin til með að kosta? Hvað kostar virkjunin? Þegar við ræddum þetta mál við fyrri umræðu þá vorum við að tala um 30 milljarða, er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Jú.) Það er rétt. Í seinni tíð hafa menn viljað lækka þessa tölu og þar með talin er Landsvirkjun. Þegar útreikningarnir fóru á verða henni mótdrægir, þá var þessi tala lækkuð niður í 25 milljarða kr. Við skulum halda okkur við þá stærð. Við skulum halda okkur við þá stærð sem Landsvirkjun sjálf vill ræða, 25 milljarða kr.

Hvað framleiðir þessi virkjun mikið? Fyrst þegar farið var að ræða þessi mál var talað um 1.250 gwst. og hagfræðingarnir reiknuðu. Landsvirkjun, iðnrn. og hæstv. iðnrh. óttuðust að tölurnar yrðu þeim mótdrægar. Þá var hækkað. Þá var framleiðslugetan hækkuð í 1.390 gwst. Höldum okkur við þá stærð sem Landsvirkjun og hæstv. iðnrh. komu með. 1.390 gwst. og við skulum reikna með því að þessi orka skili sér algerlega til fyrirtækisins. Ég hef spurst fyrir um það hve mikið af orkunni megi reikna með að skili sér og sérfræðingar segja að reikna megi með því að á bilinu 5–7% tapist á leiðinni.

Við skulum segja að það sé heldur minna, að orkan skili sér betur. Við skulum gefa okkur að 96% af þessari orku skili sér til málmbræðslunnar. Þá erum við að tala 1.335 gwst. sem skila sér til málmbræðslunnar. Þá erum við komin með tvær stærðir. Við erum komin með framkvæmd sem kostar 25 milljarða, við erum komin með orku sem mæld er í 1.335 gwst. sem skilar sér inn í fyrirtækið. Hvað kostar þessi orka?

Eigum við að halda okkur í þeirri tölu sem er hagstæðust núna í orkusölu til stóriðju á Íslandi? Hver skyldi hún vera? Hún er 14 mill. Hún er ein króna á kwst. Við þurfum ekkert að fara niður í orkuverðið frá 1998 þegar hún var 88 aurar. Við skulum halda okkur í meðaltalinu eins og það hefur verið undanfarin ár og tala um 14 mill, krónu á kwst., höldum okkur við það. Við skulum ekki gleyma því að í þáltill. talar ríkisstjórnin um markaðsverð í heiminum þegar hún er að tala um orkuverð. Hvernig skyldi markaðsverð í heiminum vera?

Í Morgunblaðinu nú fyrir helgina kom fram frétt um að áliðnaðurinn í Ástralíu væri að flytja úr því landi. Bæði fögnuðu stjórnvöld því vegna þess að þau sögðu að fyrir vikið mundi draga úr losun koltvísýrings um 5–6% og af þessu væri mikill hagnaður, en þetta var ekki meginástæðan. Meginástæðan var sú að álfyrirtæki voru að leita í lægra orkuverð. Orkuverðið í Ástralíu er núna innan við 10 mill. Þessi álfyrirtæki eru að leita til landa sem bjóða enn betur, enn lægra verð, Mósambík, Malasía og Kína, langt innan við 10 mill.

En ég segi: Höldum okkur í háu verði, höldum okkur í 14 mill, höldum okkur í einni krónu á kwst. Við erum búin að fá það út að 1.335 gwst. fara til fyrirtækisins, það eru 1.335 millj. kwst. og við fáum eina krónu fyrir kwst. Þá fáum við inn 1.335 millj. kr. Nú erum við komin með enn eina stærðina, 25 milljarða fyrirtæki, og við fáum fyrir það 1.335 millj. kr. á ári.

Nú má deila um orkuverðið og þeir leyfa sér það spekingar Landsvirkjunar. Þeir segja að það komi til greina að

hafa lægra verð fyrst í stað og ég ætla að vitna í þessa grein, með leyfi forseta:

„Það má líkja þessu við leigusala sem leigir viðskiptaeða hagfræðistúdent húsnæði í langtímaleigu. Hann getur verið tilbúinn til þess að lækka leiguna tímabundið ef hann hefur tryggingu fyrir hærri leigugreiðslum á síðari stigum er greiðsluhæfi leigjandans hefur hækkað til muna."

Ég spyr nú: Hvað gerist þegar hagfræðistúdentinn hættir námi, og hann kemst í eitthvað feitara, lægra orkuverð? (**Gripið fram í:** Þá flytur hann út.) Þá flytur hann út. Þá fer hann eitthvað annað.

Höldum okkur við þessar stærðir, og ef þær eru rangar þá þarf að gera grein fyrir því í þessum ræðustól. Hvað er þetta mikil upphæð og mikið hlutfall af bruttófjárfestingunni, þær 1.335 millj. sem við erum að fá inn? 6%. Það eru um 6% sem við erum að fá þannig inn.

En eitthvað kostar þetta, þetta er ekki hreinn gróði. Við verðum að reikna með afskriftum í fyrsta lagi og við verðum að reikna með viðhaldskostnaði og við verðum að reikna með rekstrarkostnaði. Hér hafa menn líka verið að deila um stærðirnar. Þó eru þær deilur ekki mjög djúptækar. Sigurður Jóhannesson hagfræðingur, sem reiknaði með 11–13 milljarða tapi á virkjuninni í Fljótsdal, reiknaði með 45 ára afskriftatíma. Þegar rætt var um Keilisnes fyrir tíu árum reiknaði Þjóðhagsstofnun með 40 ára afskriftatíma. Þegar Búrfellsvirkjun var til umræðu á sínum tíma var reiknað með 50 árum. Nú skulum við bara líta á þær tölur sem Landsvirkjun sjálf notar, hvað segir hún?

Hún segir að eðlilegt sé að reikna með afskriftum á mannvirkjunum, steyptum mannvirkjum á 60 árum, það eru 75% af virkjuninni, af bruttófjárfestingunni. En með vélabúnaðinum á 30 árum, það eru 25%. Hvað er vegið meðaltal af þessu? *Það eru 45 ár sem við höfum þar. Hvað er það mikið?* Það er 2,2% á ári. Þá erum við komin með í afskriftir 2,2% af bruttófjárfestingunni í afskriftir á ári.

Hvað með viðhald og rekstur? Eigum við að byggja á ársskýrslu Landsvirkjunar og nota hálft annað prósent, 1,5% í rekstur og viðhald, eigum við að gera það? Það væri að vissu leyti mjög raunsætt vegna þess að þetta er búið að vera svona um árabil og hefur ekki farið lækkandi þrátt fyrir aukna umsetningu. Eða eigum við að vera íhaldssamari og láta Landsvirkjun og hæstv. iðnrh. og ráðgjafa hans njóta vafans og hafa lægri kostnað? Við skulum gera það. Við skulum fara alla leið niður í 0,8%. Við skulum fara niður í 0,8%.

Hvað erum við komin þá með í afskriftir og rekstrarkostnað? Það eru 3%. Það eru 3% sem við erum komin með þar. Þá drögum við 3% frá í afskriftir og rekstur og viðhald — hvað erum við þá með eftir? Þá erum við eftir með 668 milljónir. Árleg innkoma var 1.335 millj., og við drögum núna þessi 3% frá, 668 millj., og hvað stöndum við þá með eftir? Við stöndum eftir með 667 millj. kr.

Þar með er ekki öll sagan sögð. Lítum nú á skilyrði Landsvirkjunar og ekki bara Landsvirkjunar heldur hæstv. iðnrh. Finns Ingólfssonar sem hann staðfesti áðan í frammíkalli um að krefjast ávöxtunar, arðsemi upp á 5–6%. Er það há ávöxtun? Er það mikil ávöxtun? Ekki finnst þeim það hjá Alþjóðabankanum. Þeir setja lágmark 7% arðsemi skilyrði fyrir lánveitingum. Ég er ekki í aðdáendaklúbbi Alþjóðabankans eða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en þetta eru þau skilyrði sem sú stofnun setur fyrir lánveitingum. Hvað skyldu menn vilja á markaði þegar um áhættufjárfestingu er að ræða? Þetta er áhættufjárfesting, vegna þess að við erum að tala um virkjun sem á að lána til eins fyrirtækis. Þetta er ekki til almennings. Þetta er dæmalaust í sögunni. Það er verið að reisa virkjun sem á að veita orku til eins fyrirtækis, þetta er áhættufjárfesting. Hver skyldi vera arðsemiskrafan í áhættufjárfestingum? *Hún er á bilinu 12–20%.*

Ef við höldum okkur samt við þessar lágu arðsemiskröfur, þessar lágu arðsemiskröfur hæstv. iðnrh. og höldum okkur við þær tölur sem Landsvirkjun sjálf reiðir fram. Hún segir að hún vilji fá 5,5% ávöxtun á eigið fé, hvað eru það þá miklir peningar? Við byggjum á skýrslum og þeim gögnum sem liggja frá Landsvirkjun um eigið fé sem er 30% og þar af leiðandi lánsfé 70%, og við byggjum á þeirra skilyrðum sem þeir setja sér sjálfir og hæstv. iðnrh. staðfestir, 5,5% ávöxtun af eigin fé. Þá erum við að tala um 413 millj. kr. Þeir vilja fá 5,2% af lánsfénu, það eru 910 millj. kr. — sem við eigum ekkert í og Landsvirkjun á ekkert í en verður að ná inn til að fullnægja þessum skilyrðum sem hún sjálf og stjórnvöld eru að setja.

Hvað gerir þetta samtals? Þetta gerir samtals 1.323 millj. kr. En eins og kom fram áðan áttum við bara eftir 667 milljónir þegar við vorum búin að draga frá afskriftirnar og viðhalds- og rekstrarkostnað. En hér kemur fram að við þurfum 1.323 millj. kr. til þess að fullnægja þeim skilyrðum sem Landsvirkjun og hæstv. iðnrh. og ríkisstjórn setja sjálf um arðsemi. Ef við nú drögum frá þá upphæð sem við áttum eftir, 667 milljónir, frá þeirri upphæð sem við þurfum á að halda, 1.323 milljónum, standa eftir 656 milljónir, þetta er hallinn. Þetta er hallinn á hverju ári.

Þetta þýðir með öðrum orðum, miðað við hátt orkuverð eins og það gerðist til álvera í heiminum og mjög lága ávöxtunarkröfu, þýðir þetta tap upp á 656 millj. kr. á ári.

En hvað um verðgildi Eyjabakkanna? Ég er ekki byrjaður að ræða um það. Hvað um verðgildi Eyjabakkanna, eru þeir kannski einskis virði? Ég er ekki með það inni í þessum útreikningum. Hvað með 213 þús. tonn af koltvísýringi sem álverksmiðja af þessari stærðargráðu pumpar út í andrúmsloftið, hvað kostar þetta? Þar hafa menn verið að tala um 1.000 kr. á tonnið. Hvað þýðir þetta þá í krónum talið ef við fengjum leyfi fyrir þessum kvóta? Við erum að tala þar um rúmar 200 millj. kr.

Í þessu dæmi hef ég ekki tekið með í reikninginn að Fljótsdalsvirkjun þarf að skila meira, þ.e. álverksmiðjan þarf á meiri orku að halda en Fljótsdalsvirkjun ein annar. Þar nægja engar 1.335 gígavattstundir. Það þarf 1.700 gígavattstundir sem er 27% meiri orka. Þar af leiðandi þarf að uppreikna tapið hlutfallslega sem verður samkvæmt þessu 854 millj. kr. Þá reikna ég ekki með mengunarkostnaði sem mundi færa þessa tölu yfir einn milljarð. Við skulum reikna með því að mengunarkostnaðurinn lendi á álverinu eins og stundum hefur verið rætt, á lífeyrissjóðunum sem hæstv. iðn.- og viðskrh. vill binda í þessari framleiðslu. Ef við reiknum hann hins vegar inn í kostnað af virkjuninni þá erum við að tala um einn milljarð á ári hverju.

Í umræðunni fyrr í dag sté í ræðustól hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. Hann sagði í andsvari við þingmann sem hér hafði rætt þessi mál að ekki væri hægt að tala um arðsemi af þessari framkvæmd. Það væri ekki hægt á þessari stundu. Það hefur hæstv. viðskrh. engu að síður gert. Hann hefur talað um lágmarksarðsemiskröfu upp á 5–6%. En til þess að ná því marki þá vildi ég fá það staðfest hjá hæstv. ráðherra hvort það sé ekki rétt hjá mér að til að ná því marki þyrfti

orkuverðið ekki að vera ein króna á kwst. heldur 1,50 kr. eða 20 mill. Ef þetta er rangt hjá mér þá krefst ég þess að sýnt verði fram á það. Ef ekki er hægt að hrekja þetta þá játa menn á sig fúsk sem er ekki hægt að bjóða Alþingi Íslendinga og ekki hægt að bjóða íslensku þjóðinni. Það hlýtur að vera krafa okkar að fá fram rök sem hrekja það sem hér er sagt.

Samkvæmt samþykkt sem gerð var sl. sumar, eins og rifjað var upp af þingmönnum hér fyrr við umræðuna, hv. þm. Þuríði Backman og Kolbrúnu Halldórsdóttur, áttu samningur um rafmagnsverð og heimildir til þessara framkvæmda að liggja fyrir, þessar upplýsingar ættu að liggja fyrir fyrir 31. des. 1999. Þá áttu þessar upplýsingar að liggja fyrir. Nú spyr ég: Eru ekki einhver rök fyrir því að við frestum afgreiðslu þessa máls þar til gengið hefur verið frá þessum samningum? Getum við ráðist í að eyðileggja þessa náttúruperlu, smærri hagsmunina sem eiga að víkja fyrir hinum stærri, fyrr en við vitum hverjir þeir eru? Er þetta ekki lágmarkskrafa fyrir hönd náttúrunnar, hinna smærri hagsmunum sem menn leyfa sér að kalla svo og eiga að víkja fyrir hinum stærri, þegar í ljós kemur að öll þessi spilaborg er bara spilaborg, að þessar röksemdir eru reistar á sandi? Það stendur ekki steinn yfir steini. Menn leyfa sér að koma fram í fjölmiðlum og segja að um þetta standi engar deilur. Þegar menn fara að skoða málin kemur í ljós að aðeins þeir sem eru tengdir ríkisstjórninni og sérstaklega iðnrn. verja þessa gjörð á efnahagslegum forsendum. Það eru þeir einir.

Ég hefði að vissu leyti virt það ef menn hefðu sagt opinskátt: Við teljum þjóðhagslegan ávinning af því að niðurgreiða orkuverð til stóriðju svo mikinn að við erum reiðubúin að ráðast í þessa framkvæmd, hin þjóðhagslegu rök mæla með því. Ég hefði viðurkennt það sem rökvísi. Svo hefði mátt deila um hvort það væri rétt eða rangt. En við stöndum ekki frammi fyrir þessu. Menn bera það á borð að Landsvirkjun eigi að bera arð af þessum framkvæmdum.

Nú spyr ég hæstv. iðnrh. og bíð spenntur eftir því að heyra hans rök hér á eftir. (**Iðnrh.:** Ég þarf að fara fljótlega.) Ég skal ekki vera lengi í stólnum, því mig þyrstir í þessar samræður. (Gripið fram í.) Já, við þurfum að fá þessi rök fram á sjónarsviðið. Spurningarnar eru komnar fram. Margar spurningar hafa komið fram. (Gripið fram í.) Já, gott. Nú bíð ég eftir að heyra þær röksemdir.

Í seinni ræðu minni mun ég fjalla um aðra þætti þessa máls sem lúta að 480 þús. tonna álveri og 300 milljarða innspýtingu í hagkerfið sem við erum vöruð við að sé að ofhitna með 5,6% verðbólgu á liðnum tólf mánuðum og þjóðhagsspá upp á 4,5%. Nú er Þjóðhagsstofnun eitthvað að draga í land. Þjóðhagsstofnun er að draga í land, enda tengist hún ríkisstjórninni, og leyfir sér náttúrlega að amast út í láglaunafólkið sem krefst hækkunar á lúsarlaunum. Það veldur ofhitnun og kemur til með að gera í málflutningi þessara aðila á næstu vikum og mánuðum. Ég efast ekkert um það. En núna, vegna þess að ríkisstjórnin þarf að koma þessu í gegn þá verður dregið aðeins í land í þessum efnum, ég spái því.

En mér leikur forvitni á að vita: Ef það er rétt niðurstaða hjá mér að um sé að ræða verulegar niðurgreiðslur á orkuverði til stóriðju sem nemur allt að einum milljarði kr. á ári, hvaða augum líta áhugamenn um alþjóðavæðingu fjármagnsins, um GATT og EES, á framtíð niðurgreiðslna af þessu tagi? (**Gripið fram í:** Er það ekki lögbrot?) Kemur ekki til með að verða litið á það sem svo? Ég bara spyr. Ég er ekki að gera þetta að meginmáli, alls ekki. Ég er aðallega að tala um íslenskan þjóðarhag. En það væri fróðlegt að heyra vangaveltur hæstv. iðnrh. að þessu leyti.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt að þessu sinni. Ég mun hlýða vandlega á það sem frá hæstv. iðnrh. kemur. Þessari umræðu er ekki lokið. Henni verður fram haldið og hún mun halda áfram í kvöld væntanlega og á morgun, kannski hinn, ég veit það ekki. Hins vegar hefði ég kosið að þessi umræða yrði stytt og ákvörðun tekin um að setja þetta mál út af borðinu þar til niðurstaða fæst í samningum um orkuverð. Þannig gætum við raunverulega vitað hvað menn eiga við með því að minni hagsmunir eigi að víkja fyrir meiri hagsmunum. Er ekki grundvallaratriði að vita hverjir þessir meiri hagsmunir eru?

[17:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson efast um getu Landsvirkjunar til að meta arðsemi virkjunarinnar. Stjórnendur og lykilmenn Landsvirkjunar, sem er opinbert fyrirtæki, eru tilnefndir af Alþingi, alla vega stjórnin. Er hv. þm. Ögmundur Jónasson farinn að efast um ágæti ríkisrekstrar? Hefur hann skipað sér í hóp okkar einkavæðingarsinna?

Herra forseti. Talað er um að íslenskir lífeyrissjóðir fjárfesti í álverinu við Reyðarfjörð. Hv. þm. talar um milljarða mistök við þá fjárfestingu. Efast hv. þm. Ögmundur Jónasson um hæfi stjórna íslenskra lífeyrissjóða til að taka slíka ákvörðun? Er það vegna þess að hann situr sjálfur í stjórn eins slíks lífeyrissjóðs, LSR?

[17:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði þingmaður sem gefur sig út fyrir að vera mikill reikningsmaður og frjálshyggjumaður sem hugsar um arðsemi. Ég var sannast sagna að vonast til þess þegar hann bað um orðið að hann ætlaði að leggja eitthvað til málanna til að skýra málin. Þá kemur hann hér upp með útúrsnúninga.

En ég skal svara spurningum hans. Hann spyr hvort ég sé að gagnrýna Landsvirkjun sem opinbera stofnun og telji hana til lítils megnuga sem slíka. Ég hef sagt það áður að ég er ríkisforsjármaður. En þarna koma fram ákveðnir veikleikar þegar við búum við ríkisstjórn sem beitir valdi og reynir að skapa undirgefni hjá öllum sem henni þjóna. Þá birtast hættulegir veikleikar. Því miður sýnist mér þetta gerast í þessu máli. Menn reyna að sverta þá sem gagnrýna fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir. Ég hef vakið athygli á því að þeir sem tjá sig um þetta mál með útúrsnúningi og rökleysu tengjast á einhvern hátt ríkisstjórninni og hæstv. iðnrh. Ég er sannfærður um að ef samviskan en ekki fyrirmæli að ofan réði ferðinni hjá Landsvirkjun eða öðrum þeim sem véla með þessi mál þá yrði niðurstaðan önnur.

Varðandi getu lífeyrissjóðanna til að taka ákvarðanir þá vona ég að lífeyrissjóðirnir muni haga sé af skynsemi í þessu máli. Ég vona það sannarlega en þá höfum við samt sem áður eyðilagt þessa náttúrperlu. Ég hef varað við því. Ég vona hins vegar að ef hv. þm. kemur upp aftur þá leggi hann eitthvað málefnalegt til þessa máls.

[17:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþingi er núna að skapa forsendur fyrir því að fara út í virkjun. Síðan er það Landsvirkjunar að taka ákvörðun um hvort farið verði í að virkja. Það er þeirra sem fjárfesta í álverinu að taka ákvörðun um hvort þeir fari út í þá framkvæmd.

Mér finnst hv. þm. hafa verið að lýsa hér veikleikum opinbers rekstrar yfirleitt. Þar ber enginn ábyrgð. Ef Landsvirkjun væri einkafyrirtæki þá væru menn að hætta sínu eigin fé. (**Gripið fram í:** Rétt.) Rétt. Hv. þm. er að lýsa veikleikum opinbers rekstrar. Það á ekki bara við þarna, það á við alls staðar. Í menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og alls staðar veður þessi veikleiki uppi. Þetta er bara gallinn á opinberum rekstri, herra forseti.

Varðandi þátt lífeyrissjóðanna í þessu. Þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í þessu álveri. Hv. þm. hefur lýst því yfir í ræðu sinni að það séu milljarða mistök. Hann lýsir því hvernig lífeyrissjóðir, kollegar hans, muni fara út í milljarða mistök. Mér finnst athyglisvert þegar hv. þm. heldur þessu fram. Hann lýsir vantrausti á stjórnir allra lífeyrissjóða. Og ég spurði hv. þm. hvort hann treysti ekki kollegum sínum, því hann er sjálfur í stjórn lífeyrissjóðs, til að taka slíkar ákvarðanir.

[17:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að vonast til að geta treyst félögum mínum hér á þingi, samþingmönnum, þar á meðal Pétri H. Blöndal, sem hefur ekkert málefnalegt að leggja til þessara mála. Ekkert annað en fáfengilega útúrsnúninga. Ég bíð eftir því að heyra hv. þm. koma upp og ræða þessi mál og reyna að hrekja þær staðreyndir sem ég setti fram.

Opinber rekstur hefur kosti og hefur líka galla. Einkarekstur hefur kosti og galla. Það er hlutverk okkar að reyna að finna á skynsamlegan hátt kosti og galla á hverjum tíma. Ég hef verið að benda á galla í þessu, ég hef verið að gera það. Þó er ég hlynntur því og frábið mér að reynt sé að snúa út úr því, ég er hlynntur því að Landsvirkjun sé í eigu almennings. En ég er líka hlynntur því að farið sé fram af einhverri skynsemi í þessu máli og menn færi rök fyrir máli sínu og skýri reikningslegar forsendur sínar. Ég lýsi undrun minni á því að hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem kemur ítrekað í ræðustól og gefur sig út fyrir að vera maður skynseminnar og arðseminnar, frjálshyggjunnar og samkeppninnar, hefur ekkert til málanna að leggja. Þetta kemur okkur ekki við, segir hv. þm. Hvílík málefnafátækt. Það er í skjóli þessa sem hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson getur farið fram með þessa dellu, þetta efnahagslega fúsk, vegna þess að hann fær enga viðspyrnu neins staðar, ekki úr Landsvirkjun, ekki úr Þjóðhagsstofnun, ekki innan ráðuneytis síns og við höfum heyrt hvernig fylgismenn hans á þingi haga sér.

[17:47]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ nú tækifæri til að svara hv. þm. nákvæmar en í þessu andsvari. En ég dáist að þeim reiknikúnstum sem hv. þm. var með í umræðunni áðan. Það var mjög margt til, hv. þm., eins og hann stillti máli sínu upp, í þessum útreikningum.

Ég ætla hins vegar, þegar upp verður staðið, að taka meira mark á útreikningum þeirra aðila, bæði erlendra sérfræðinga, innlendra sérfræðinga, þegar mat verður lagt á þann orkusölusamning sem gerður verður hverju hann muni skila en þeim tölum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson var með. Ég skal alveg viðurkenna að ég hlustaði á hann með athygli og það var margt athyglisvert sem þar kom fram og ég get sagt hv. þm. það að hann var alveg á réttu róli. En stundum fór hann allverulega út af sporinu því það er aðeins eitt sem við erum orðnir sammála um, að afkastagetan er meiri en þær forsendur sem menn gáfu sér.

En ég ítreka að auðvitað er algjörlega útilokað að reikna út arðsemina fyrr en orkusölusamningurinn liggur fyrir. Þá geta menn gefið sér þær tölur sem hv. þm. var að burðast við að gefa sér til útreikninga en þá verður að taka tillit til allra þátta málsins, m.a. þess kostnaðar sem til fellur. Ég er ekki að staðfesta að þær tölur séu réttar en ég hafði gaman af því að mér fannst hv. þm. hafa oft verið miklu fjarri raunveruleikanum í umræðu sinni í þessu máli en í þeim tölum sem hann fór með þannig að ég tel að hann hafi verið að nokkru leyti á réttu róli.

En aðalatriðið er þetta, það undirstrika ég og það sagði ég á laugardaginn: Ekki verður samið um orku til nýs álvers frá Landsvirkjun nema sá orkusölusamningur skili 5–6% arðsemi eins og eigendur fyrirtækisins hafa lagt upp með. Ef það gengur eftir getum við lækkað orkuverð til landsmanna með samningnum og fleiri samningum sem þar koma inn um 20–30% á fyrsta áratug þessarar aldar. Það er markmiðið.

[17:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég var ekki langt frá raunveruleikanum þá er hæstv. iðnrh. og ríkisstjórn langt frá skynseminni í málflutningi sínum.

Fyrst varðandi afkastagetuna þá talaði ég um afkastagetu 1.390 gwst. sem er sama tala og hæstv. iðnrh. talaði um sjálfur. (**Iðnrh.:** Það var það eina rétta.) Er það það eina rétta? (**Iðnrh.:** Já.) Þá verður hæstv. iðnrh. að gera mér grein fyrir þessu. Réttu róli — þetta eru réttar tölur. Ég færði rök fyrir því hvers vegna þær eru réttar. Ég sagði líka að ef við ætluðum að ná þeirri arðsemiskröfu sem hæstv. iðnrh. talar um sjálfur og Landsvirkjun leggur til grundvallar í útreikningum sínum, 5–6%, þá verður orkuverðið að vera 1,50 kr. á hverja kwst. sem eru 20 mill. Þá spyr ég hæstv. iðnrh.: Í ljósi þess orkuverðs sem er til boða í álheiminum, er raunsætt að ætla að það komist upp í þessa tölu? Í ljósi þess að álver er að flytja frá Ástralíu, þar sem orkuverðið er innan við 10 mill, til landa á borð við Malasíu, Mósambík og Kína, sem er langt fyrir neðan, finnst honum líklegt að sömu fyrirtæki komi hingað norður í Dumbshaf og kaupi orkuna á 20 mill? Svar óskast.

[17:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að segja til um hvort menn geta sætt sig við það orkuverð sem hv. þm. hefur talað um. Það kemur hins vegar ekki í ljós hvaða orkuverð verður samið um fyrr en orkusölusamningurinn hefur verið gerður. En ég segi: Orkusölusamningur sem skilar Landsvirkjun ekki 5–6% arðsemi verður ekki gerður vegna þess að það eru þær kröfur sem eigendur fyrirtækisins hafa gert til fyrirtækisins til að geta lækkað orkuverð til landsmanna um 2–3% á raunvirði á hverju einasta ári á fyrsta áratug næstu aldar.

Vafalaust mun hv. þm. Ögmundur Jónasson verða með betri upplýsingar en kannski nokkur annar þingmaður um það hvaða orkuverð verður samið um og sennilega betri upplýsingar en iðnrh. þegar þar að kemur, vegna þess að það verða fjárfestar innlendir og erlendir sem móta álfyrirtækið. Það er álfyrirtækið sem semur síðan við Landsvirkjun um orkuverðið. Það eru þeir aðilar, lífeyrissjóðir eða hverjir svo sem það verða sem verða aðaleigendur að álfyrirtækinu, innlendir og erlendir, það eru þeir sem verða að gera samningana.

Það kann vel að fara svo að ef Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins vill gerast aðili að þessu fyrirtæki lendi hv. þm. Ögmundur Jónasson í því að semja um þetta orkuverð þegar þar að kemur. Þá verður hv. þm. í dálítið einkennilegri stöðu, a.m.k. miðað við þann málflutning sem hv. þm. hefur verið með hér.

[17:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mergurinn málsins. Það eru fjárfestar sem eiga að ráða því hvort við fórnum Eyjabökkum. Það er ekki Alþingi Íslendinga sem á að taka þar ákvörðun og leggja mat á minni hagsmuni og meiri hagsmuni í ljósi staðreynda sem liggja fyrir, það eru fjárfestar. Verið er að lýsa því yfir við Alþingi Íslendinga að það skipti engu máli hvað sagt er um þetta mál, ákvarðanir um þetta eigi að taka í kauphöllum heimsins.

[17:53]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður heldur áfram að mátthleysast í þessu máli og vonleysið er að ná yfirtökum. En ég ætla samt að upplýsa hv. þm. Ögmund Jónasson, sem var búinn að leggja mikið á sig við að skýra fyrir okkur þetta reikningsdæmi allt saman, að það er ein tala í dæminu sem ég get boðið í betur. Það er talan um losunarkvótann og kostnaðinn við losunarkvótann. Ég hef komist í skýrslu ráðgjafarnefndar sem vann undir stjórn Friðriks M. Baldurssonar og skilaði niðurstöðu 21. apríl 1999. Samkvæmt þeirri skýrslu er verð á losunarkvóta á alþjóðamarkaði 2.000 kr. á koltvíildið, ígildistonn losað frá verksmiðju á ári. 2.000 en ekki 1.000 eins og hv. þm. var með í dæmi sínu.

Það er annað sem ég get líka upplýst í sambandi við þetta sem vantaði einnig inn í útreikninga hv. þm., það er kostnaðurinn við að binda koltvíildi í skógrækt eða landgræðslu. Kostnaðurinn við að binda eitt koltvíldistonn á Íslandi er 20.455 kr. Þá getur þingmaðurinn reiknað út frá þeirri gífurlegu losun sem hann hafði í dæmi sínu.

En það eru enn kostnaðarliðir sem ég get nefnt sem vantar í dæmi hv. þm., það er kostnaður við endurheimt á votlendi og öðru gróðurlendi sem tapast vegna lóns og annarra mannvirkja, það er kostnaður við líkindi á aukinni tíðni sjúkdóma í tengslum við mengun frá álveri, m.a. hærri tíðni á lungnakrabbameini hjá starfsmönnum og hærri tíðni astma hjá börnum. Frummatsskýrslan um álver á Reyðarfirði sýnir að slík áhætta er fyrir hendi. Hér eru fleiri kostnaðarliðir sem vantar inn í dæmi hv. þm. og geta þá þingmenn reiknað hver fyrir sig og ég sé að iðnrh. er byrjaður.

[17:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa ábendingu, að losunarmengunarkostnaðurinn á hvert tonn er 2.000 kr. en ekki 1.000 eins og ég hafði reiknað með, sem gerir kostnaðinn ekki að 200 milljónum heldur 400 milljónum (**Gripið fram í:** Heldur minni.) Heldur meiri. Ef við erum að tala um 13.000 tonn þá erum við að tala um 426 millj. kr.

En eins og hv. þm. heyrði e.t.v. á máli mínu var ég að reyna að halda mig í allra hógværasta kanti, að taka þær tölur sem hæstv. iðnrh. hefur reitt fram, Landsvirkjun og aðrir þeir aðilar og svona heldur taka þær í lægri kantinum. Taka t.d. ekki rekstrar- og viðhaldskostnaðinn hálft annað prósent af bruttótilkostnaði eða veltu heldur halda mig við 0,8%. En þetta er leiðrétting sem hv. þm. hefur komið með fram varðandi tilkostnaðinn á losunarkvóta og ég þakka fyrir það.

Síðan er náttúrlega spurning hvort leyfi fengist fyrir þessu. Það er svo allt önnur spurning sem við þyrftum líka að velta fyrir okkur. Þá komum við alltaf aftur að sömu niðurstöðu. Í þessa framkvæmd á ekki að fara og má ekki fara fyrr en allar forsendur liggja ljósar fyrir. Þetta er mergurinn málsins og á það legg ég höfuðáherslu.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 17:59]

Um fundarstjórn.

Fundur í iðnn. með skipulagsstjóra ríkisins.

[20:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka fyrir að orðið var við ósk fulltrúa stjórnarandstöðnnar í iðnn. af hálfu forseta þingsins og reyndar formanns iðnn. að haldinn var fundur klukkan sex í iðnn. um ágreiningsmál sem hér hefur verið rætt aftur og aftur frá því við byrjuðum þessa umræðu á laugardaginn. Það var vegna ásakana og orða sem féllu úr ræðustól á hendur skipulagsstjóra ríkisins. Þess vegna var mikilvægt að iðnn. kæmi saman, ræddi málin og ætti orðastað við skipulagsstjóra eftir að hann hafði skilað greinargerð til þingsins sem þingmenn í iðnn. hafa fengið og þeir sem áhuga hafa á málinu hafa getað kynnt sér.

Herra forseti. Þetta var afar mikilvægur fundur, góður og gagnlegur og það var sannfæring mín að honum loknum að öll mál hefðu verið skýrð og við gætum sameinast um afstöðu til að ljúka þeim þætti hvað skipulagsstjóra ríkisins og embætti hans varðaði. Það var von okkar í stjórnarandstöðu að skipulagsstjóri hefði varpað svo góðu ljósi á vinnuferli og ábyrgð skipulagsstjóraembættisins að við gætum sameinast um bókun. Tillaga okkar var að bóka að iðnn. hafi fundað með skipulagsstjóra ríkisins, hann hafi skýrt vinnuferli stofnunarinnar við úrskurð vegna frummatsskýrslu og að iðnn. væri sannfærð um að stofnunin hefði ekki af ásetningi leynt nefndina neinum gögnum. Við vorum ekki upptekin af orðalagi en iðnn. var sameiginlega sannfærð um að skipulagstjóri ríkisins hefði ekki af ásetningi leynt nefndina neinum gögnum. Ég minni á að skipulagsstjóra ríkisins hefur verið legið á hálsi fyrir það að niðurlagsorð í einu af þremur bréfum Hollustuverndar ríkisins, sem hafa fylgt greinargerð hans, hafi ekki verið birt í skýrslu hans um umhverfismat. Við þessu var ekki orðið vegna þess að meiri hlutinn er mjög upptekinn af því að halda því áfram fram að skipulagsstjóri hafi leynt nefndina upplýsingum. Á það getum við í stjórnarandstöðunni alls ekki fallist.

Þetta vil ég að komi fram úr þessum ræðustóli, herra forseti.

[20:03]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil á sama hátt og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir koma því á framfæri að haldinn var fundur í iðnn. klukkan sex í dag vegna þeirra orða sem féllu um Skipulagsstofnun á laugardaginn. Ég tel að út úr þeim fundi hafi komið sú niðurstaða að engan veginn er hægt að væna þá stofnun um að hafa af ásetningi leynt neinum gögnum fyrir iðnn. Það er mjög mikilvægt að það komi fram og áréttað í

Alþingi að svo var ekki. Við í minni hlutanum, tveir fulltrúar Samfylkingarinnar og ég, undirritum sérbókun vegna þess að við gátum ekki fallist á orðalag meiri hlutans.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir hv. þm. á að hann fékk orðið til að ræða fundarstjórn forseta.)

Virðulegi forseti. Ég vil enn og aftur þakka fyrir þennan fund og vona að sjónarmiði okkar varðandi Skipulagsstofnun sé þar með komið á framfæri.

[20:04]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa undrun minni yfir framgöngu hv. stjórnarandstæðinga í þessum umræðum í upphafi fundar. Það mál er til umræðu sem þau gera að umfjöllunarefni undir liðnum um fundarstjórn forseta. Þeim er ekkert að vanbúnaði að koma sjónarmiðum sínum að um þetta mál í ræðum sínum undir dagskrármálinu. Ég tel að um sé að ræða misnotkun á þingsköpum að fara upp til að ræða efnislega um þetta mál, fullkomlega fráleit framkoma fyrir utan það að ekki eru bornar brigður á að það sé rétt sem haldið var fram að mikilvægar upplýsingar komu ekki fram í iðnn. Það er kjarni málsins.

[20:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við hefjum nú aftur umræður um þetta dagskrárefni, (**KHG:** Nei, þú ert að ræða um fundarstjórn forseta.) já, já, og ég vil taka undir þakkir fyrir að gert var hlé á þingstörfum til þess að geta fundað í iðnn. vegna mjög alvarlegra ummæla sem komu fram á laugardaginn í garð embættismanns sem ekki gat varið sig hér úr ræðustól Alþingis. Embættismaðurinn kom á fund nefndarinnar til að skýra mál sitt.

Það var alveg ljóst, eins og reyndar okkur þingmönnum Samfylkingarinnar hefur verið ljóst frá upphafi að ekki var verið að leyna nefndina nokkrum upplýsingum, herra forseti. (**KHG:** Það kom ekki fram.) Það kom fram og ég vil taka það fram hér að ekki komu beinar spurningar á fundi nefndarinnar í þá veru sem hv. þm. Hjálmar Árnason fullyrti úr þessum ræðustóli. (**KHG:** Þær upplýsingar komu ekki fram. Ætlar þingmaðurinn að halda því fram að það sé ósatt?) Ég verð að segja það, herra forseti, miðað við óróleikann hjá stjórnarþingmönnum vegna þessa máls, að þeir hafa greinilega vondan málstað að verja. (**KHG:** Ætlar þingmaðurinn að halda því fram að það sé ósatt?) Þeir geta ekki sætt sig við að það var úrskurður skipulagsstjóra að taka allt álverið í Reyðarfirði ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti verður enn að minna á að hér er verið að ræða fundarstjórn forseta en ekki efnisatriði dagskrármálsins.)

Herra forseti. Ég vona að allir haldi ró sinni í þessari umræðu. Ég hefði gjarnan viljað koma athugasemdum mínum að vegna þessa fundar sem haldinn var í fundarhléi og mér þykir það leitt að menn skuli ekki geta viðurkennt mistök sín í umræðunni, herra forseti, en vissulega munum við koma að þessu máli síðar.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. þingmenn að ræða þetta undir dagskrárliðnum sem verður á dagskrá í allt kvöld og fram á nótt.)

[20:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í upphafi fundar urðu umræður um þær alvarlegu ásakanir sem féllu á fundi á laugardag og þá var rætt um störf þingsins með eðlilegum hætti og það varðaði framhald þeirrar umræðu sem síðan hefur farið fram í dag. Það voru uppi óskir um að henni yrði frestað en síðan þróuðust mál á þann veg sem menn létu gott heita að menn beittu sér fyrir því að fundur yrði haldinn í iðnn. og m.a. var bréfað til forseta út af því máli í dag, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. forseta sé kunnugt. Ég tel það því fullkomlega eðlilegt að menn skýri frá niðurstöðu þess fundahalds og það varðar tilhögun þessa fundar og framhaldið hér í ljósi þess að það er búið að vera hér á dagskrá og hefur borið á góma áður.

Ég tel þar af leiðandi, herra forseti, að það sé ekki tilefni til að kvarta undan því að hér sé gerð grein fyrir þeirri stöðu málsins áður en umræðan heldur frekar áfram, auk þess sem það er auðvitað forseta að úrskurða um slíkt og sjá um að menn haldi sig við dagskrárefnin en ekki sjálfskipaðra siðameistara í umræðum, eins og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem notaði síðan ræðutíma sinn, sem hann ásakaði aðra fyrir að hafa misnotað, til að ráðast mjög ómálefnalega að öðrum í fullkomlega efnislegri umræðu um málið.

Ég held hins vegar, herra forseti, með vísan til þeirra raka sem ég hef flutt að það sé fullkomlega eðlilegt að menn geri grein fyrir lyktum mála í iðnn. með þeim hætti sem hér var gert af hv. þingmönnum Rannveigu Guðmundsdóttur og Árna Steinari Jóhannssyni.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti er ósammála því að lyktir mála í iðnn. hafi eitthvað með fundarstjórn forseta að gera og minnir á að forseti Alþingis varð við því í dag að fresta fundi Alþingis klukkan sex svo að nefndin gæti komið saman. Forseti telur að menn geti rætt það sem gerðist í iðnn. í umræðunum í kvöld og í nótt en þetta snýr ekki að fundarstjórn forseta.)

[20:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að hér hefur verið rekinn endahnútur á mál sem var upp tekið í gær í kjölfar þess að skipulagsstjóri ríkisins var borinn þungum og að mínum dómi ómaklegum sökum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók málið upp á Alþingi og sjálfur tók ég það upp í morgun og óskaði eftir því að fundur yrði haldinn í iðnn. Alþingis og málið upplýst.

Hæstv. umhvrh. gaf mjög mikilvæga yfirlýsingu um málið í morgun og lýsti trausti á skipulagsstjóra ríkisins, sagði sérstaklega að ekki væri ástæða til að efast á nokkurn hátt um trúverðugleika hans. Nú hefur þetta mál verið tekið til umfjöllunar í iðnn. þingsins. Ég vil þakka formanni iðnn., hv. þm. Hjálmari Árnasyni, fyrir að hafa boðað til fundar og tekið málið til umfjöllunar. Hann er maður að meiri fyrir vikið að mínum dómi og ég vil lýsa ánægju minni yfir þessum málalyktum.

[20:10]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það lýtur að sjálfsögðu að fundarstjórn forseta og virðingu þingsins þegar vegið er að starfsheiðri embættismanns ríkisstofnunar á þann hátt sem gert hefur verið í sölum Alþingis. Það lýtur að sjálfsögðu að fundarstjórn forseta og umræðan um það í samræmi við það bréf sem síðan var sent til forseta í dag er eðlileg. Það er fullkomlega fráleit framkoma að vega að starfsheiðri eins manns á þann hátt sem hér hefur verið gert þegar margt í gögnum þessa máls er á þann veg að hægt er að draga í efa að öll kurl séu komin til grafar.

[20:11]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti ítrekar það enn að þessar umræður eru meira og minna ekki um fundarstjórn forseta og biður hv. þingmenn að misnota ekki þetta ákvæði í þingsköpum.

[20:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tel alveg morgunljóst að það er fullkomlega fráleit fullyrðing eins og hér kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, að gera þyrfti einhverja sérstaka grein fyrir fundahöldum í iðnn. undir dagskrárliðnum um fundarstjórn forseta. Það eru engin rök fyrir þeirri skoðun, þau hafa ekki komið fram og ég á ekki von á því að þau muni koma fram því að jafnvel þótt sá þingmaður sé nokkuð fimur í röksemdafærslu, þá held ég að honum takist ekki að búa til nein rök sem styðja það.

Hafi menn einhverjar meiningar um þetta mál eiga þeir auðvitað að bera þær fram í ræðum sínum undir dagskrárefninu. Ræða formanns iðnn. var flutt í umræðuefninu undir dagskrárliðnum og það er eðlilegt að menn bregðist þá við henni á sama vettvangi eða í umræðunum. Mig furðar dálítið hvað stjórnarandstaðan veigrar sér við því að ræða málið efnislega undir dagskrárliðnum heldur stendur fyrir uppþoti og fundahöldum til að slá ryki að því er virðist í augu manna um aðalatriði málsins. Það verður fróðlegt að heyra það sem fram kemur í máli stjórnarandstæðinga þegar þeir fást til þess að ræða það efnislega á réttum vettvangi. En ég vil lýsa yfir fullu trausti við forseta og ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. er ekki að ræða um fundarstjórn forseta. Nú er nóg komið.)

[20:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ágreiningur hefur verið uppi. Embættismaður hefur verið borinn sökum. Um það hefur verið tekist á í þessum ræðustól. Ég kom hér í upphafi til að þakka fyrir að veitt var stutt fundarhlé til að iðnn. gæti fundað. Við höfum skýrt frá því hvernig við vildum ljúka þeim fundi, að ekki var samstaða um það í nefndinni. Auðvitað hefði ég viljað að fram hefði komið hvernig meiri hlutinn bókaði afstöðu sína í nefndinni en það er þeirra að gera það.

Það kemur mér mjög á óvart eins og prúðmannlega hefur verið komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar í upphafi fundar í umræðu um fundarstjórn forseta og þar sem við eigum engan annan kost að lýsa því að iðnn. hafi fundað og hverjar hafi orðið lyktir þess máls, þá skil ég ekki og sérstaklega þar sem hæstv. forseti hefur setið fund okkar í iðnn. að hann skuli vera með þennan pirring út í þingmennina vegna þess að mér finnst að alveg sérstaklega prúðmannlega hafi verið komið fram með upplýsingar sem skipta máli og menn hafi hvorki farið í atyrðingar né persónuleg átök (Gripið fram í.) nema einn formaður þingflokks sem ég ætla ekki að nefna. Ég þakka forseta kærlega fyrir hlutdeild hans í að þessi fundur var haldinn en ég er ekkert að þakka fyrir hvernig brugðist var við því sem hér hefur komið fram því að mér finnst að það hafi ekki farist vel úr hendi af hálfu forseta.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti kannast ekkert við að vera sérlega pirraður. Hann vill hins vegar að hv. þingmenn fari að þingsköpum og forseta er falið að stjórna fundum Alþingis samkvæmt þingsköpum og hlýtur að reyna að halda sig við það.)

[20:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ítreka ánægju mína að málin skuli hafa verið rædd sem eðlilegt getur talist að yrði gert í iðnn. Hins vegar verður að sjálfsögðu að gera grein fyrir niðurstöðu málsins í umræðum á Alþingi og Alþingi getur ekki búið við það að embættismenn séu bornir röngum og ómaklegum sökum. Ég harma það að sjálfsögðu að ekki skuli hafa náðst samstaða í nefndinni á svipuðum nótum og við fengum í yfirlýsingu hæstv. umhvrh. fyrr í dag sem lýsti trausti á þann embættismann sem um ræðir.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frh. síðari umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228, 489 og 510.

[20:16]

Sturla D. Þorsteinsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði síðastur áður en hlé var gert á þingfundi kl. 18. Hv. þm. fór mikinn í ræðu sinni og ég verð að játa það í upphafi máls míns að það leggst lítið fyrir kappann mig að koma í ræðustól í kjölfar hv. þm. Ögmundar Jónassonar. (**Gripið fram í:** Hann bítur ekki.) Nei, ég veit allt um það.

Herra forseti. Nú fer þingsetu minni að ljúka í bili og af því tilefni langar mig að segja örfá orð um það mál sem er til umræðu.

Ég er einn af þeim sem skrifa undir meirihlutaálit iðnn. um þáltill. um áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun. Ég styð virkjunaráform í Jökulsá í Fljótsdal og það verði að færa þá fórn að virkja ána með uppistöðulóni á Eyjabökkum. Í huga mínum snýst þetta um nýtingu auðlinda til að efla hag landsmanna í framtíðinni.

Ekki er hægt að búast við því að lífsgæði í landinu aukist ef við nýtum ekki það sem landið hefur að bjóða. Einhverju verður að fórna, undan því verður ekki komist. Atvinnu- og byggðaþáttur og efnahagsleg þýðing málsins skiptir mestu máli. Íslensk þjóð lifir á náttúruauðlindum landsins og sjávarins kringum landið.

Herra forseti. Austfirðingar þurfa nauðsynlega á nýjum störfum að halda til að skapa fjölbreytni í atvinnulífinu. Virkjun og álver koma til með að virka sem vítamínsprauta inn í allt atvinnulíf á Austurlandi. Íbúar Austurlands heyja nú harða baráttu til að viðhalda byggð á Austurlandi. Mikil eining er meðal sveitarstjórnarmanna á Austurlandi um þetta mál. Í huga þeirra er atvinnuuppbygging og viðspyrna vegna fólksflótta aðalatriðið.

Samtökin afl fyrir Austurland telja hreint siðleysi að sleppa þessu tækifæri og að gera ekki neitt væri hrein afturför. Ferðamálasamtök Austurlands hafa fjallað um þetta mál og mæla með þessum framkvæmdum. Í greinargerð Jóns Gauta Jónssonar landfræðings um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á ferðamennsku segir í niðurstöðu m.a., með leyfi forseta:

„Ferðamönnum sem vilja lágmarksþjónustu og sækja í einveru og kyrrð mun líklega fækka, en í stað þeirra kemur fjölmennari hópur, sem er tilbúinn til að kaupa betri og fjölbreyttari þjónustu en nú er boðið upp á. Mun það að líkindum leiða til þess að hægt verði að snúa vörn í sókn, en svæðið hefur átt undir högg að sækja í „baráttunni“ um

ferðamanninn á síðustu árum, m.a. vegna slæmra samgangna og takmarkaðra möguleika til gistingar."

Herra forseti. Í allri þeirri umræðu sem fram hefur farið um þetta mál er ýmislegt sem hefur komið varaþingmanninum er hér stendur á óvart. Í flestum tilvikum hefur umræðan verið málefnaleg en þó eru undantekningar frá því og vil ég þar í fyrsta lagi nefna skrif nokkurra hv. þm. í dagblöð. Þar er ekki verið að skafa utan af hlutunum gagnvart öðrum hv. þm. Mig langar af því tilefni að vitna í lítinn greinarstúf sem birtist í Morgunblaðinu nýlega, með leyfi forseta:

„Ófyrirleitið framkvæmdarvald, með meiri hluta þingmanna eins og truntur í tjóðri, er hættulegt þingræði og lýðræði."

Ég hélt nú satt best að segja að ég ætti betra viðurnefni skilið en þetta.

Í öðru lagi og ekki hvað síst er framganga hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinar – græns framboðs í þeirri undirskriftasöfnun sem hefur farið fram úti í þjóðfélaginu um að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat. Það er skoðun þess er hér talar að þessi virka þátttaka hv. þm. í undirskriftasöfnuninni orki mjög tvímælis svo ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Öllum ætti að vera ljóst að virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun hefur verið gefið út og það sem meira er, framkvæmdir eru þegar hafnar. Enginn getur afturkallað slíkt leyfi nema hið háa Alþingi með lagabreytingu.

[20:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem talaði áðan fyrir prýðilega ræðu. Það kom fram í máli hv. þm. að hann mun nú senn yfirgefa okkur og ég vil af því tilefni segja að ég vona að hv. þm. eigi afturkvæmt hingað undir öðrum kringumstæðum en nú því að ég tel að hann eigi sannarlega erindi í hóp okkar og þó að ég að vísu hafi gerst sekur um það, eins og hv. þm. vinstri grænna, að hafa farið í það verk að safna undirskriftum, finnst mér það ágætt þegar hingað kemur inn hress varaþingmaður og segir okkur til syndanna. Eins og fram hefur komið, herra forseti, þá hvessir auðvitað stundum hér og ekkert óeðlilegt er við það. Það hefur hvesst hér á síðustu dögum og það er ekkert óeðlilegt við það. Það er bara partur af lýðræðinu. Ég segi að mér finnst það til fyrirmyndar hjá hv. þingmönnum vinstri grænna að hafa tekið þátt í því að safna þessum undirskriftum en um það getum við deilt eins og svo margt annað og það er bara partur af lýðræðinu. Ég vænti þess síðan að þessi hv. þm. fari héðan með ekki allt of bitrar minningar úr þessum sölum og komi nú að því að þegar hann snýr hingað aftur verði hann ekki kalinn á hjarta.

Herra forseti. Þessi umræða sem hér hefur staðið linnulítið í tvo daga og á kannski eftir að standa svolítið lengur hefur um margt verið ákaflega fróðleg. Ég held að alveg sé hægt að fullyrða það að hlutverkin hafa skipst gersamlega frá því í fyrri umræðu. Við fyrri umræðu málsins þegar hv. þingmenn stjórnarliðsins tóku til máls hver um annan þveran voru þeir fullir af sjálfstrausti og það einnkenndi þá og þeir geisluðu af þeirri vissu að málið væri mjög gott. Mér kom það ekki á óvart, herra forseti. Ég taldi sjálfur þegar umræðan hófst um þáltill. hæstv. iðnrh. að það mál sem stjórnin hefði í höndum væri a.m.k. frá sjónarhóli þeirra ekki aðfinnsluvert að því marki sem nú liggur fyrir. Ég taldi t.d. í ljósi þeirra miklu og digru yfirlýsinga alls konar manna á vegum Landsvirkjunar, á vegum stjórnarflokkanna beggja og ýmissa stofnana sem hafa komið að málinu að það væri alveg ljóst að rannsóknarhluti málsins væri óaðfinnanlegur. Ég taldi einfaldlega að það sem við mundum gera hér, herra forseti, væri að vegast á um pólitík málsins eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði. Stjórnarliðið hefur tekið pólitíska ákvörðun um að málið skuli í gegn. Ég gat út af fyrir sig skilið þá ákvörðun og ég gat skilið það sem að baki lá og ég taldi þess vegna, herra forseti, að umræðan mundi engu skila. Ég var þeirrar skoðunar að menn mundu vegast á með tiltölulega hefðbundnum vopnum og víglínan væri skýr. En í gegnum umræðuna hafa viðhorf mín að þessu leyti algerlega breyst. Ég átti á dauða mínum von fremur en því að sitja í umhvn. í nokkra daga og hlýða þar yfir bæði talsmönnum Landsvirkjunar, iðnrn. en ekki síst ýmsum hlutlausum rannsóknarstofnunum íslenska ríkisins sem hver um aðra þvera drógu fram sínar fræðilegu kanónur og skutu stór göt á skútu ríkisstjórnarinnar í málinu.

Eftir þessa yfirferð, herra forseti, liggur alveg ljóst fyrir að málabúnaðurinn af hálfu ríkisstjórnarinnar, einkum og sér í lagi það sem varðar rannsóknir á hinu umdeilda virkjanasvæði, er gríðarlega áfátt. Fram hefur komið eins og ég mun rekja síðar í ræðu minni að það virðist sem Landsvirkjun hafi vísvitandi reynt að blekkja þingmenn. Ég hef áður látið þessa getið í fjölmiðlum, en ég mun, herra forseti, nota þetta tækifæri til þess að reifa þetta viðhorf mitt í miklu ítarlegra máli í þessum ræðustól.

Fyrst verð ég að segja það, herra forseti, að ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að mér þykir gott að hæstv. forseti hefur gefið tóm til þess að iðnn. mætti funda um það umdeilda mál sem hér hefur einkennt umræðuna síðustu daga. Þar á ég við hinar dæmalausu ásakanir hv. þm. Hjálmars Árnasonar í garð fjarstadds embættismanns. Stjórnarandstaðan óskaði ákaflega eindregið eftir því að iðnn. fengi tóm til þess að funda um málið og ég ítreka þakkir mínar til hæstv. forseta að hafa orðið við því og sömuleiðis þrátt fyrir þær deilur sem ég hef átt við hv. þm. Hjálmar Árnason finnst mér það a.m.k. drengilegt af honum að hafa tekið málið til umræðu.

Það kann að vera ákaflega erfitt að játa á sig að manni hafi orðið á mistök, það hafa flest okkar þurft að gera einhvern tíma, og ég tel að af hálfu Framsfl. a.m.k. sé búið að hreinsa þetta mál upp. Þó að hv. þm. Hjálmar Árnason skirrist skiljanlega við að koma hingað og stíga skrefið til fulls og biðjast afsökunar á ummælum sínum, er alveg ljóst að einn af ráðherrum Framsfl., hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir, hefur lýst því yfir eftir að hafa skoðað málið að starfsmenn Skipulagsstofnunar hafi með rökum sett fram þá skoðun sína að með engu móti hafi menn vísvitandi verið að leyna upplýsingum fyrir iðnn. og hún hefur jafnframt lýst því yfir úr þessum stóli að hún hafi enga ástæðu til þess að efast um það. Mér þykir þetta drengilega mælt af hæstv. ráðherra og mér finnst rétt af Framsfl. að hreinsa málið upp með þeim hætti og lít svo á að það sé úr sögunni og það sé hv. þm. Hjálmars Árnasonar að gera það upp við sjálfan sig í einrúmi hvernig hann e.t.v. hefði átt að bregðast við þessu.

Það sem ég vildi segja, herra forseti, í upphafi máls míns er að minna á það hvernig þingmönnum var fengið þetta mál til umfjöllunar. Það var í andstöðu við flesta hygg ég, jafnvel marga þingmenn stjórnarliðsins að málinu var ýtt með þeim hætti sem raun bar vitni hingað inn í þingið. Við fengum það hlutverk að gerast eins konar umhverfismatsmenn. Mér

fannst fráleitt að láta þingið gegna slíku hlutverki og lét þess oft getið. Ég sagði jafnframt að með vissum rökum væri hægt að fallast á að þetta væri ekki alröng aðferð. Ég átti þar við, herra forseti, að ég teldi ákaflega nauðsynlegt að þegnarnir, hinir íslensku borgarar, ættu einhvers konar tök á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Því var lofað hátt og í hljóði af hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem og hæstv. iðnrh. að gerður yrði reki að því að borgararnir gætu komið athugasemdum sínum á framfæri. M.a. efndi hv. þm. Hjálmar Árnason til sérstaks blaðamannafundar þar sem hann lýsti opnun vefsíðu iðnn. sem átti að gera borgurunum kleift að koma athugasemdum sínum á framfæri. Það reyndist þegar upp var staðið talsverður hópur manna sem notfærðu sér það.

Sömuleiðis voru ýmsir sem höfðu skilið mál hv. formanns iðnn. með sama hætti og ég að það væri hægt í gegnum netið að óska eftir því að ná fundi iðnn. til þess að koma sjónarmiðum á framfæri. Þegar upp er staðið er reyndin sú að ekki var staðið við þetta. Athugasemdir sem bárust í gegnum netið voru ekki einu sinni lagðar fram sem málsskjöl og ég verð auðvitað að gera ágreining, herra forseti, við forsetadæmið um þetta efni því að hér er ekki að sakast við hv. formann iðnn. eða aðra þá sem hér eru kjörnir til starfa heldur var þetta úrskurður forseta þingsins að þannig skyldi farið með aðsendar athugasemdir. Ég tel það ákaflega miður. Hins vegar áfellist ég auðvitað meiri hluta iðnn. fyrir að hafna þeim tilmælum sem bárust í gegnum netið um að ná fundi nefndarinnar. Það var með engu móti hægt að fallast á slíkt.

Herra forseti. Ég dreg sérstaklega fram að í umræðunni um starfstilhögunina var aftur og aftur vísað til starfa heilbrn. að frv. um miðlægan gagnagrunn. Þar var aftur og aftur sagt að sú nefnd hefði getað náð því að tala við alla sem vildu koma til nefndarinnar og með sama hætti var sagt að iðnn., og eftir atvikum umhvn., gætu þá rætt við þá sem vildu ná fundi nefndanna. Þarna voru menn leiddir á villigötur því að þegar upp var staðið var þetta ekki leyft. Þetta var auðvitað partur af þessum blekkingaleik sem ég skil núna að átti bara að verða til þess að fá þingið til að stimpla þetta mál og keyra það síðan hljóðalítið í gegn. Vafalítið hefði það tekist ef ekki hefði verið þessi staða sem ég lýsti, herra forseti, að hvað eftir annað komu í ljós ákaflega alvarlegir skafankar á þessu máli.

Ég hlýt líka að áfellast meiri hlutann fyrir að hafa ekki gefið umhvn. meiri tíma. Við sinntum þessari vinnu eins vel og af eins mikilli kostgæfni og okkur var kostur. En það var merkilegt að í nefndaviku skyldi umhvn. einungis fá tvo, þrjá daga mætti kannski segja, til að starfa að þessu máli. Það lá ljóst fyrir að þetta yrði umdeildasta og erfiðasta mál þingins og það hefði ekkert verið skrýtið þó að þessar tvær nefndir, fyrst umhvn. og síðan iðnn. hefðu í rauninni fengið forgang á þennan tíma, eins og sumir hv. þingmanna tóku undir í nefndunum. En við fengum einungis tvo eða þrjá daga til að skoða þetta mál. Það má auðvitað vera að meiri hlutinn hafi talið að málið væri svo þaulrannsakað að þetta lægi borðleggjandi fyrir eins og ég taldi líka í upphafi, þ.e. að hér væri einungis um pólitískan ágreining að ræða en ekki faglegan eins og raunin síðan varð.

Maður veltir því fyrir sér hvernig í ósköpunum standi á því að hv. þingmenn meiri hlutans halda svona á málinu. Ég vil í fyllstu vinsemd segja að ég tel að þetta hafi skemmt málabúnaðinn allan verulega fyrir þá. Við í umhvn. hefðum varla þurft nema svona kannski fjóra, fimm daga til viðbótar til þess að geta sagt að við hefðum skoðað málið ákaflega vel. Við vorum komin vel á veg með það. Við höfðum rætt við flestar þær stofnanir sem við vildum. Eigi að síður voru ákveðnir þættir algerlega ókannaðir. Ég vísa sérstaklega til, herra forseti, þeirra miklu umræðna sem hér hafa orðið um lagalega óvissu í málinu, sem var ókannað af okkar hálfu.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted hafði að sönnu sýnt lofsvert frumkvæði að því að afla álitsgerðar frá útlöndum frá fyrrverandi lögfræðingi umhvrn. sem nú sérmenntar sig í umhverfisrétti. Þetta álit, eins og ítarlega var rakið í fjölmiðlum, opnaði nýja hlið á málinu. Þar var sýnt fram á og ákaflega vel rökstutt að það var álitaefni, sem við höfðum áður talið liggja ljóst fyrir, hvort þessi umdeilda framkvæmd félli undir bráðabirgðaákvæði II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 1993.

Við áttum þess ekki kost, herra forseti, að kveðja til okkar t.d. fulltrúa Lagastofnunar Háskólans eða sérstaka fulltrúa lagadeildar Háskólans til þess að ræða þetta eitt og sér. Við fengum ákveðin álit frá mönnum, eins og dr. Katli Sigurjónssyni, sem komu til fundar við nefndina og afhentu að eigin frumkvæði gögn sem bentu til þess að þarna væri um alvarlegri veilur að ræða en við höfðum talið.

Herra forseti. Ég nefni líka að mikilvæg samtök sem við höfðum vænst að geta fengið þokkalega leiðbeiningu frá töldu sig ekki hafa ráðrúm til þess að skila álitsgerð sökum tímaskorts. Ég nefni sérstaklega Landvernd sem gegnir þeirri sérstöðu að vera frjáls félagasamtök. Það hefði auðvitað verið mikill akkur og fengur að því fyrir okkur að fá fram viðhorf þeirra samtaka sér í lagi vegna þess að þau gegna mikilvægu hlutverki við pólitíska stefnumótun af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessu máli þar sem þeim hefur verið falin útfærsla á framkvæmdaþætti svokallaðrar rammaáætlunar um nýtingu fallvatna og víðerna. Ég held þess vegna að það hafi skaðað þetta mál ákaflega mikið að umhvn. fékk ekki rýmri tíma. Ég verð líka segja að mér urðu það ákveðin vonbrigði að við fulltrúar Samfylkingarinnar í umhvn. höfðum ekki tök á því að kalla sérstaklega fyrir einn einasta gest, þ.e. sá gestalisti sem kom fyrir nefndina og segja má með ágætum rökum að hafi verið giska langur, var allur að frumkvæði þingmanna úr stjórnarliðinu, en við fulltrúar Samfylkingarinnar lögðum aldrei fram okkar gestalista. Það var ekki fyrr en á síðasta fundinum þegar það rann upp fyrir mönnum að standa átti við hina upphaflegu dagsetningu um skiladaginn 6. desember að þingmenn Samfylkingarinnar létu það uppi að þeir hefðu ákveðinn lista yfir gesti sem þeir vildu gjarnan kalla til. En það er alveg ljóst að formaður nefndarinnar ætlaði sér að hlíta þeirri dagsetningu sem hann hefði fengið og við því var ekkert að gera, herra forseti.

Það sýnir síðan líka hvernig stjórnarliðið gekk að þessu máli að ekki var nokkur leið að fá kvadda til fundar við umhvn., og að því er mér skilst ekki heldur við iðnn., fulltrúa þess fyrirtækis sem hefur ritað undir yfirlýsingu um byggingu álvers á Reyðarfirði, þ.e. Norsk Hydro. Það var sérdeilis slæmt, herra forseti. Norsk Hydro gaf út ákaflega merkilegar yfirlýsingar tvisvar sinnum á meðan á skoðun okkar á þessu máli stóð. Fyrri yfirlýsingin fjallaði um það að fyrirtækið hefði ekkert á móti því þó að málið teðist vegna þess að það þyrfti að fara með það í mat á umhverfisáhrifum. Þetta kom ekki á óvart sökum þess að fyrirtækið hefur á síðasta áratug reynt eftir megni að fylgja almennum alþjóðlegum reglum sem hafa verið að skapast um umgengni við umhverfið. Þetta var sérlega mikilvægt, herra forseti, vegna þess að í röksemdafærslunni sem kemur fram í greinargerð

hæstv. iðnrh. eru bara tvenn rök nefnd fyrir því hvers vegna nauðsynlegt sé að keyra þetta mál í gegn án umhverfismats.

Hið fyrra er miklu léttvægara og varðar meinta skaðabótaábyrgð sem það gæti bakað ríkinu gagnvart stofnun sem það á að vísu meiri hluta í, Landsvirkjun, ef tafir yrðu á verkinu eða ef hætt yrði við það vegna niðurstöðu á mati á umhverfisáhrifum.

Hitt var samkomulagið frá því í júní við Norsk Hydro. Það voru meginrökin. Sagt var ítrekað í greinargerð hæstv. iðrnh., aftur og aftur í umræðum, og alltaf var hangið á því þegar hæstv. ráðherrar hafa varið málið í fjölmiðlum, að það væri ekki hægt að taka þann tíma sem þyrfti til þess að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna þess að þá væri hætta á að Norsk Hydro gengi úr skaftinu. Síðan gerist það sem sagt að Norsk Hydro gefur yfirlýsingu um að fyrirtækið muni ekki taka það illa upp, þrátt fyrir það samkomulag sem undirritað var 29. júní, þó að tekinn yrði tími til þess að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Degi síðar kom önnur yfirlýsing eftir að hæstv. ráðherrar, sér í lagi hæstv. iðnrh., höfðu auðvitað legið grenjandi í símanum til Norsk Hydro. Það má vera að fleiri ráðherrar hafi komið að því máli eins og sagan á væntanlega eftir að leiða í ljós og vonandi fyrr en síðar. En a.m.k. var nauðsynlegt að ganga úr skugga um það, herra forseti, hvort Norsk Hydro væri reiðubúið til þess að standa við þessi orð, ekki síst í ljósi þess að seinni yfirlýsing fyrirtækisins dró í engu til baka yfirlýsinguna sem áður hafði komið. Þetta var þess vegna ákaflega mikilvægt, herra forseti. En það verður að segjast eins og er að meiri hlutinn lagðist gegn þessu, væntanlega vegna þess, eins og kemur reyndar fram á 1. bls. í greinargerð hæstv. iðnrh., að það er engu líkara en iðnrn. hafi gefið sér það að ef farið yrði í mat á umhverfisáhrifum, þá mundi framkvæmdin ekki standast það mat.

Herra forseti. Ég verð að segja að eftir því sem þessari rannsókn þingsins á málinu hefur undið fram, þá er ég þeirrar skoðunar að þetta sé rétt mat hjá hæstv. iðnrh. Ég tel að á því séu ákaflega litlar líkur. Miðað við þær fábrotnu upplýsingar sem liggja fyrir og nýjar upplýsingar sem ekki er að finna í skýrslunni finnst mér ólíklegt að þessi framkvæmd yrði heimiluð. Það liggur einfaldlega fyrir að þær upplýsingar sem hægt hefur verið að draga fram úr ýmsum áttum og ekki er að finna í þessari skýrslu Landsvirkjunar, benda í vaxandi mæli til þess að sérstaða Eyjabakka og sér í lagi lónstæðisins sé slík að varla sé á þetta hættandi. Ég vil eigi að síður, herra forseti, segja það alveg skýrt, m.a. út af ummælum nokkurra hv. þingmanna hér, og ítreka það sem ég hef áður sagt, að ég er þeirrar skoðunar að mat á umhverfisáhrifum sé þær leikreglur sem við höfum sett okkur og ég er þeirrar skoðunar að ef því yrði beitt á þessa framkvæmd og niðurstaðan yrði sú að ásættanlegt væri að leggja í framkvæmdina, þá mundi ég styðja það en ekki leggjast gegn því. Þetta vil ég að sé algjörlega ljóst, herra forseti.

Stærsti gallinn sem komið hefur fram við rannsókn þessa máls blasir auðvitað við þegar maður ber saman annars vegar framkvæmdina, Fljótsdalsvirkjun sjálfa, og hins vegar það álver sem fyrirhugað er að reisa á Reyðarfirði. Við erum í þessu tiltekna þingmáli, herra forseti, að slást fyrir því að í mat á umhverfisáhrifum verði sett virkjun sem dugar ekki nema til þess að framleiða 100 þúsund tonn af áli. Á sama tíma er verið að meta umhverfisáhrif stóriðjuvers á Reyðarfirði sem á hins vegar ekki að framleiða 100 þúsund tonn heldur 480 þúsund tonn. Þá er óhjákvæmilegt að menn spyrji: Hvaðan á öll þessi mikla orka að koma? Það liggur auðvitað ljóst fyrir að uppi eru miklar hugmyndir um stóriðju á svæðinu norðaustan Vatnajökuls. Fyrir utan Fljótsdalsvirkjun eru menn að ræða um stækkaða Fljótsdalsvirkjun. Menn eru að ræða um Hraunaveitur, Hraunavirkjun. Menn eru að ræða um Kárahnúkavirkjun og menn eru auðvitað ekki að öllu leyti búnir að varpa fyrir róða hinum skelfilegum hugmyndum um að virkja Jökulsá á Fjöllum og setja krana á Dettifoss.

Herra forseti. Það er nauðsynlegt, ef menn ætla að hafa eitthvert skipulag eða yfirsýn yfir þetta mál, að geta gert grein fyrir því hvaðan orkan eigi að koma til þess að standa undir þeim 380 þúsundum tonna sem orkan úr Fljótsdalsvirkjun dugar ekki til að knýja. Engin svör hafa komið við því, herra forseti. En það liggur alveg ljóst fyrir að stefnt er að því að fara í Kárahnúkavirkjun og ef menn tækju saman mat á Fljótsdalsvirkjun og Kárahnúkavirkjun eins og hefði auðvitað verið eðlilegt, þá blasti auðvitað við allt önnur niðurstaða varðandi ýmis mikilvæg atriði eins og t.d. gæsina, en kannski fyrst og fremst hreindýr. Þá er t.d. alveg ljóst að mikilvægir bithagar hreindýra sem sagt er að ættu að nægja þeim í Kringilsárrana, mundu fara undir vatn. En annað mundi líka gerast, svo að ég taki dæmi um hvers vegna þarf að meta þetta saman. Það allra sérstæðasta í landslagi og jarðmyndunum sem er að finna á áhrifasvæði Fljótsdalsvirkjunar eru hraukarnir á Eyjabökkum. Hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa varið förgun þeirra sem er óhjákvæmileg eins og hv. þm. Hjálmar Árnason hefur samviskusamlega gengist við. Þeir hafa varið það með því að vísa á töðuhraukana í Kringilsárrana.

Ef hv. þm. Hjálmar Árnason heyrir mál mitt, þá vil ég spyrja hann eftirfarandi spurningar: Er það ekki rétt skilið hjá mér að ef virkjað verður í Kárahnúkum þá fara þeir undir vatn? Það er nauðsynlegt að svona liggi fyrir, herra forseti, því að ekki dugar að segja í þessari umræðu eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sagði í sinni ræðu þegar hann mælti fyrir áliti meiri hluta iðnn., að þó að hraukarnir á Eyjabökkum færu undir vatn þá yrðu menn að horfa til þess að til væru svipaðar jarðmyndanir, að vísu ekki alveg eins en svipaðar eins og hv. þm. sagði, og að við hefðum þá þó töðuhraukana í Kringilsárrana eftir. En er ekki alveg ljóst, herra forseti, að töðuhraukarnir mundu tapast ef farið yrði í Kárahnúkavirkjun? Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason vegna þess að hann nefndi þetta sérsaklega: Er hann tilbúinn til að lýsa því yfir að til þess að vernda þessar sérstöku landmyndanir þá verði ekki farið í þá virkjun? Þetta er eitt af því sem við þurfum að ræða, herra forseti. Því tel ég að það sé hárrétt hjá hinum vandaða embættismanni, skipulagsstjóra, þegar hann gaf út álit sitt við frumathugun á álverinu á Reyðarfirði að það hefði auðvitað verið æskilegra að fara í heildarmat á þessu öllu saman, þ.e. 480 þúsund tonna álveri á Reyðarfirði og öllum þeim virkjunum sem þarf að ráðast í til þess að afla orku til þess að standa undir því. Það hefði verið æskilegt og það hefði verið sanngjarnt. En eins og bent er á, herra forseti, (**KHG:** Hefði það verið heildar ...?) þá er ólíklegt að lagaheimildir séu fyrir því. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Hér kallar fram í hv. þm. Kristján Pálsson: „Hvað með Dimmugljúfur?" Hann er mikill áhangandi þeirra alveg eins og þjóðin veit af frábærri grein sem hann skrifaði í fyrra. Hann er líka mikill aðdáandi Eyjabakka og hefur sagt að hann vilji margt og mikið á sig leggja til að vernda þá. En hvað með Dimmugljúfur? Þetta er auðvitað allt saman orpið undir þessa leikreglu sem ég nefndi áðan. Ef það er niðurstaða, herra forseti, mats á umhverfisáhrifum

samkvæmt þeim lögum sem við höfum sett okkur að verjanlegt sé að sökkva þeim eða þurrka þá eftir atvikum, þá tel ég einfaldlega að ekki sé hægt að mæla gegn því. Þá tel ég að menn hafi komist að því eftir að hafa metið allt sviðið að hægt sé að verja það og það er nákvæmlega það sama og ég segi fyrir mína parta um Eyjabakka. Ef eftir yfirferð allra málsatvika er hægt að segja: Við getum varið það að því svæði verði sökkt, t.d. með vísun til þess að önnur svæði viðlíka muni ekki glatast, þá er það orðið ásættanlegt.

Herra forseti. Af því að hv. þm. Kristján Pálsson er staddur í salnum og af því að hann hefur verið einna virkastur þeirra þingmanna stjórnarliðsins sem tekið hafa þátt í umræðunum hérna, þá þætti mér fengur að því að fá frá honum frekari skýringar á þeim mótvægisaðgerðum sem hann hefur einmitt lagt inn í þessa umræðu. Hv. þm. sem er e.t.v. sérstakur vinur forustu Landsvirkjunar gerðist a.m.k. málflutningsmaður hennar fyrr í umræðunni og sagðist hafa heimild til þess að leggja fram ákveðnar hugmyndir um mótvægisaðgerðir. Ég nefni þetta sérstaklega, herra forseti, vegna þess að ég varð þess áskynja, án þess að ég ætli að fara að rekja hér samtöl sem áttu sér stað innan umhvn., að sá partur af skýrslu Landsvirkjunar um umhverfi og umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar sem augljóslega sætti mestri gagnrýni af hálfu stjórnarliða voru þessar svokölluðu mótvægisaðgerðir.

Eitt af því sem mat á umhverfisáhrifum á að leiða til er einmitt að finna aðgerðir sem gætu með einhverju móti dregið úr þeim skaða sem tiltekin framkvæmd sem er undir mati leiðir til. Getum við einhvern veginn gripið til einhverra aðgerða sem draga úr þessum skaða? Ég nefni dæmi, herra forseti: Eyjabakkar eru augljóslega merkilegt votlendi á hálendissvæði. Ef það fer forgörðum, er þá mögulegt á einhvern hátt að endurheimta votlendi í svipaðri hæð? Er einhvern veginn hægt að finna aðferðir til þess að binda koltvíildi, en ákveðnir möguleikar til þess glatast þegar menn sökkva votlendinu á Eyjabökkum? Ég spyr hv. þm. Kristján Pálsson vegna þess að hann hefur fært þetta inn í umræðuna: Hvernig sér hann möguleika á því t.d. að grípa til aðgerða til þess að endurheimta votlendi? Mér þætti líka gaman að vita, ef slíkar hugmyndir eru uppi, hvort hann telji þá ekki að réttara hefði verið af Landsvirkjun að geta þeirra ítarlega í sinni skýrslu?

Það er nefnilega þannig að það sem hv. þingmenn Sjálfstfl. í umhvn., og ekki sá fulltrúi flokksins sem hefur farið gegn flokknum í þessu máli, höfðu fyrst og fremst gegn þessari skýrslu var skortur á útfærslu þessara mótvægisaðgerða. Ég bendi líka á að hv. þm. Kristján Pálsson hefur lýst því hér og sagst hafa heimild til þess að gera það fyrir hönd Landsvirkjunar að eitt af því sem menn vildu freista að gera væri að búa til hólma. Hann telur með öðrum orðum í fullri alvöru að manngerðir hólmar í hinu fyrirhugaða lóni séu mótvægisaðgerð sem hægt er að tala um sem raunverulega.

Herra forseti. Ég vek líka eftirtekt á því að því hefur verið kastað fram í umræðunni, að vísu ekki í þessum sal en hins vegar af hálfu stjórnarliðsins, drepið hefur verið á það í samtölum við fjölmiðla, að það kunni að vera gerlegt að vernda hraukana sem ég hef áður nefnt í þessari tölu minni eða hluta þeirra með því að reka niður stálþil í kringum þá. Mér finnst þetta auðvitað víðáttuheimskuleg hugmynd en hún hefur eigi að síður verið rædd, m.a. hefur verið drepið á hana innan umhvn. Látum það nú vera hversu heimskuleg mér kann að þykja slík hugmynd en, herra forseti, ég hefði verulega gaman af því að heyra skoðun hv. þm. Kristjáns Pálssonar á því sem sérstaks áhugamanns um mótvægisaðgerðirnar, hvort ekki hefði verið miklu vitlegra af Landsvirkjun að koma fram með þessar hugmyndir í sinni skýrslu.

Herra forseti. Ég velti því upp hvort skýring kunni að vera á þessu. Gæti verið að þessar aðgerðir, til að mynda endurheimt votlendis, væru það erfiðar og dýrar að Landsvirkjun væri að reyna að skjóta sér undan þeim? Ástæðan fyrir því að ég segi þetta, herra forseti, er að ég finn ekki í þessari skýrslu hérna neinar mótvægisaðgerðir kynntar sem eiga beinlínis að vega upp á móti eyðingu votlendis og gróðurs á Eyjabökkum. Á bls. 120 er sagt, með leyfi forseta:

„Ekki er ljóst hvort virkjanaframkvæmdir í Fljótsdal falla undir þessi ákvæði, þ.e. hvort Landsvirkjun sé skylt að bæta með einhverjum hætti þá tæplega 30 km af grónu landi, sem fara undir mannvirki Fljótsdalsvirkjunar."

Þarna er verið að vísa til 17. gr. landgræðslulaganna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau."

Það er alveg ljóst hvað landgræðslulögin segja um þetta. Það er alveg ljóst samkvæmt þessu að ef ráðist er í þessa framkvæmd, þá ber Landsvirkjun að reyna með einhverjum hætti að bæta fyrir það tap á gróðri og þau landspjöll sem þarna verða. En jafnljóst er að á bls. 120 er Landsvirkjun greinilega meðvitað að reyna að skjóta sér undan þessari ábyrgð. Ég trúi varla að Landsvirkjunarforustan hafi verið svo full af hroka þegar hún lagðist í þetta verk sem birtist okkur í þessari skýrslu að hún hafi haldið að hún kæmist upp með að senda þetta í gegn rétt sisona án þess að menn ræddu þetta í þinginu og bentu á að hún er þarna bersýnilega að skjóta sér undan þeirri skyldu að benda á mótvægisaðgerðir.

Ég held því fram, herra forseti, að þarna sé á ferðinni einfaldlega meðvituð tilraun Landsvirkjunar til þess að skjóta sér undan þeim kostnaði sem hlýst af þessum aðgerðum og ég held, því miður, að hún telji sig hafa ráð þingmeirihlutans svo í hendi sér að henni verði kápan úr því klæðinu. Ég verð hins vegar að segja hæstv. umhvrh. og forvera hennar til hróss að Framsfl. hefur þó lagt ákveðið fordæmi um þetta tiltekna efni, herra forseti. Ég vísa til þess að umhvrh. hefur í mati á umhverfisáhrifum í tilteknu máli úrskurðað að í stað votlendis sem eyðist við framkvæmdir skuli endurheimta jafnríkt votlendi. Hins vegar eru engar tillögur um þetta í skýrslu Landsvirkjunar heldur segir Landsvirkjun miklu fremur á síðunni á undan þeirri sem ég var að vitna í áðan, bls. 119, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðuneytið hefur ekki gert slíkar kröfur varðandi virkjanaframkvæmdir í Fljótsdal, e.t.v. af því að framkvæmdaleyfi stjórnvalda er frá árinu 1991. Ekki liggur fyrir hvaða svæði ... taka mætti til endurheimtu í staðinn fyrir votlendið á Eyjabökkum."

Af því að hæstv. umhvrh. er staddur í salnum, þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki að það sé óhjákvæmilegt að umhvrn. geri a.m.k. kröfu um að votlendi sem telja má sambærilegt því sem er að finna á Eyjabökkum verði endurheimt ef ráðist verður í þessa framkvæmd. Ég spyr líka hæstv. ráðherra: Hefur einhver vinna farið fram innan ráðuneytisins til þess að hægt sé að ráðast í slíkar framkvæmdir? Er með öðrum orðum búið að finna landsvæði eða kann að vera, eins og prófessor Eyþór Einarsson telur og reyndar prófessor Þóra Ellen Þórhallsdóttir, að ekki sé hægt að finna

neitt landsvæði í þessari hæð, þ.e. 650 m yfir sjávarmáli, sem mætti nota til þess að endurheimta votlendi? Ef svo er þætti mér vænt um að hæstv. umhvrh. svaraði eftirfarandi spurningu: Telur hún þá gerlegt og verjanlegt að ráðast í þessa framkvæmd?

Herra forseti. Ég sagði áðan að það sem er langverst við þessa skýrslu Landsvirkjunar er sá þáttur sem varðar rannsóknir á gróðri, dýralífi og almennu náttúrufari á Eyjabakkasvæðinu. Til þess að það sé enginn vafi á því hvaða kröfur beri að gera til þessarar skýrslu, þá er rétt að greina frá því að bæði í formála skýrslunnar og í fjölmörgum bréfum sem Landsvirkjun sendi ýmsum aðilum sem tengjast málinu með einum eða öðrum hætti kemur fram eftirfarandi tilgangur með skýrslunni, eins og segir t.d. í bréfi Landsvirkjunar til sveitarstjórnar Norður-Héraðs sem dagsett er 31. júlí. Þar er greint frá eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þó svo að Landsvirkjun hafi fullar heimildir fyrir byggingu Fljótsdalsvirkjunar og sé ekki skylt lögum samkvæmt að vinna mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar hefur stjórn fyrirtækisins eigi að síður ákveðið að láta gera slíkt mat fyrir virkjunina. Með matinu og tengdum rannsóknum er ætlunin að leiða í ljós raunveruleg umhverfisáhrif virkjunarinnar og hvaða leiðir séu færar til að draga úr þeim."

Tilgangurinn, herra forseti, er með öðrum orðum algerlega ljós og það kemur einnig fram að fjölmargar stofnanir svara þessu bréfi, lýsa yfir ánægju sinni með þetta og lýsa jafnframt yfir að þær eru reiðubúnar til þess að aðstoða Landsvirkjun við þetta.

Sér í lagi finnst mér nauðsynlegt að draga fram bréf frá Náttúruvernd ríkisins sem Árni Bragason forstjóri skrifar undir og er dagsett 9. september á þessu ári. Þar er vísað í bréf frá Landsvirkjun þar sem óskað er eftir ábendingu frá Náttúruvernd ríkisins. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þar sem fram hefur komið í samtölum milli Landsvirkjunar og Náttúruverndar ríkisins að leggja eigi framangreinda matsskýrslu fyrir Alþingi veitir Náttúruvernd ríkisins fúslega ábendingar við vinnslu skýrslunnar."

Fleiri stofnanir sem vinna að náttúrufræði Íslands bjóða fram þessa aðstoð. Hvað blasir svo við, herra forseti? Það blasir við þegar við höfum þessa skýrslu í höndunum að það er deginum ljósara að enginn líffræðingur hefur komið að endanlegri gerð skýrslunnar, enginn líffræðingur hefur lesið skýrsluna yfir og engin af þeim stofnunum sem sjálfviljugar buðu fram aðstoð sína hefur verið fengin til þess að lesa hana yfir. Fyrir vikið stöndum við uppi með hrákasmíð þar sem eru beinlínis settar fram villandi staðreyndir, rangar staðreyndir, þar sem augljóslega vantar rannsóknir, bæði rannsóknir sem ekki hafa verið gerðar en hefði verið hægt að gera en jafnframt vantar niðurstöður rannsókna sem þó eru til í landinu. Það var ákaflega undarlegt að lesa bréf forstjóra Náttúrufræðistofnunar þar sem hann harmar það hvernig gögn frá stofnuninni hafa verið notuð af höfundum skýrslunnar og segir jafnframt að verulegir gallar séu á tilteknum þáttum, t.d. varðandi rof og fok frá væntanlegu lóni, en segir að fyrir liggi rannsóknir í landinu í opinberum skýrslum sem hefði verið hægt að nota til þess að svara mjög áleitnum spurningum um þau tilteknu efni. Herra forseti. Þetta er auðvitað ákaflega ámælisvert og má þar með segja að ill hafi gangan fyrsta verið af hálfu Landsvirkjunar varðandi náttúrufarsþáttinn. En ekki batnaði hún þegar á leið.

Það er óhætt að fullyrða að allir sem hafa lesið náttúrufarskafla skýrslu Landsvirkjunar hafa gagnrýnt hana ákaflega harkalega. Við rannsókn okkar hv. þm. umhvn. á málinu rann smám saman upp fyrir mönnum að þær rannsóknir, sem lýst var svo fallega og stóryrt við fyrri umræðu málsins og talsmenn Landsvirkjunar í þessum sal og utan þingsins höfðu sagt að búið væri að gera, höfðu einfaldlega ekki verið framkvæmdar. Ég rifja það upp að einn hv. þm. sem sæti á í iðnn. af hálfu meiri hlutans, ríkisstjórnarinnar, sagði í ræðu sinni við fyrri umræðu málsins að enginn lófastór blettur á landinu væri jafn vel rannsakaður og Eyjabakkar og það þarf ekki, herra forseti, að rifja upp hin stóru orð hæstv. forsrh. sem talaði þungt mál og lét stór orð falla við fyrri umræðu málsins og sagði aftur og aftur að ekkert svæði á landinu væri jafn vel rannsakað og Eyjabakkasvæðið.

Þessu trúði ég auðvitað, herra forseti. En þegar ég les þessa skýrslu og ber saman við frumheimildirnar þá sé ég að enginn líffræðingur, vistfræðingur eða náttúrufræðingur hefur komið að samningu skýrslunnar. Rétt er að það komi fram að við spurðum þá sem komu að þessu fyrir hönd Landsvirkjunar og iðnrn. Það var ekki hægt að benda á nokkurn einasta náttúrufræðing sem lesið hafði þessa skýrslu yfir. Mikil skelfing held ég að þeir Austfirðingar sem helst hafa talað fyrir þessari framkvæmd verði óhressir með þátt Landsvirkjunar í málinu þegar upp verður staðið. Allur sá vandi sem stjórnarmeirihlutinn á núna við að glíma og stóru holurnar í málinu eru vegna afglapa hjá forustu Landsvirkjunar. Það er með ólíkindum að setja fram skýrslu þar sem vitað var að mesta og harðasta gagnrýnin mundi beinast að náttúrufarsþáttum en enginn sérfræðingur hafi verið fenginn til að lesa þetta. Það er auðvitað með ólíkindum.

Herra forseti. Í þessari skýrslu um áhrif Fljótsdalsvirkjunar á umhverfi virkjunarsvæðisins þá fullyrðir Landsvirkjun t.d. að byggt sé á athugunum á gróðurfari Eyjabakka sem ljóst er að aldrei voru gerðar. Forusta Landsvirkjunar hefur lagt fram skýrslu þar sem vísað er til rannsókna á gróðurfari árið 1998 sem sannarlega voru ekki gerðar, eins og ég mun rekja í máli mínu. Sömuleiðis liggur fyrir að staðhæfingar Landsvirkjunar í skýrslunni um að rannsóknir á dýralífi svæðisins hafi verið gerðar eins í hartnær 30 ár eru sömuleiðis ákaflega gróf ýkjur. Í skýrslunni segir, herra forseti, á bls. 66 um athuganir á gróðurfari Eyjabakkasvæðisins, með leyfi forseta:

„Sumarið 1998 gerði Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur athuganir á svæðinu." Einnig er fullyrt að, með leyfi forseta: „.... ítarlegar rannsóknir vegna virkjunaráforma hófust 1975 og hafa þær staðið yfir með hléum síðan." Þetta er, herra forseti, hvort tveggja ósatt. Af a.m.k. hluta þessara röngu staðhæfinga hljóta sérfræðingar Landsvirkjunar að hafa vitað ef þeir hafa lesið skýrslu grasafræðingsins sem þessi þáttur á að byggja á.

Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur skilaði greinargerð sinni til Landsvirkjunar í mars á þessu ári. Hún tók yfir athuganir sem hann gerði sumarið 1998. Þar segir orðrétt, herra forseti, og nú þætti mér vænt um að hv. þm. Kristján Pálsson hlýddi á orð mín vegna þess að hann gerði þetta að umræðuefni fyrr í dag. En í skýrslunni segir orðrétt, herra forseti:

„Vegna vatnavaxta varð ekki komist út í Þóriseyjar eða að hraukum og er þar byggt á fyrri athugunum." Niðurstaðan er sem sagt sú að grasafræðingurinn komst ekki út í Eyjabakka eins og hann gerir Landsvirkjun skilmerkilega grein fyrir. Þess vegna er það ekki satt hjá Landsvirkjun þegar hún segir að skýrslan byggi á athugunum á gróðurfari Eyjabakka

sumarið 1998. Það er ákaflega athyglisvert, herra forseti, að í hnausþykku fylgiriti sem hv. þm. fengu, með flestum skjölum málsins og að ég held öllum þeim greinargerðum sem varða náttúrufar og sendar voru til Landsvirkjunar um rannsóknir á náttúrufari vegna þessa máls, þá vantar bara eina skýrslu. Það er skýrsla grasafræðingsins Ágústs H. Bjarnasonar.

Maður veltir því fyrir sér hvernig á því stendur að engir vísindamenn vissu um þessa skýrslu fyrr en langt var liðið á rannsókn málsins, það hafði enginn séð hana. Grasafræðiprófessor sem fann hana loks á bókasafni Landsvirkjunar kom henni í hendur þingmanna. Það skiptir í sjálfu sér engu máli. Það sem skiptir máli er hvað í henni stendur. Herra forseti. Hvaða ítarlegu gróðurrannsóknir eru það svo sem stóðu á Eyjabökkum með hléum frá árinu 1975? Að beiðni umhvn. kannaði Náttúrufræðistofnun hvaða rannsóknir hefðu verið gerðar á gróðri Eyjabakka. Niðurstaðan varð þessi: Árið 1975 var gróður kannaður í 7 daga. Árið 1997 var gróður kannaður í 10 daga. Orðrétt segir í bréfi Náttúrufræðistofnunar til umhvn., með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki vitneskju um aðrar gróðurrannsóknir á þessu svæði fyrir utan rannsóknir Steindórs Steindórssonar frá Hlöðum árið 1935."

Landsvirkjun leyfir sér að halda því fram gagnvart Alþingi Íslendinga að rannsóknir sem stóðu samtals í 17 daga fyrir 22 árum séu ítarlega rannsóknir sem með hléum hafi spannað aldarfjórðung. Herra forseti. Hvað heitir þetta? Ef hv. þm. Kristján Pálsson vill t.d. spyrja mig eins og hann spurði annan þingmann í dag: Hvað þýðir þetta? Þá segi ég: Þetta þýðir einungis eitt. Landsvirkjun er að segja ósatt. Hún felur skýrslu þar sem grasafræðingur segir skilmerkilega að hann hafi aldrei farið út í Eyjabakka. (**KPál:** Hann segir það annars staðar.) Hv. þm. Kristján Pálsson segir að hann segi það annars staðar. Það er ekki rétt. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að Ágúst H. Bjarnason haldi því fram annars staðar að hann hafi farið út í Eyjabakka. Hið rétta í þessu máli er það hins vegar að höfundar skýrslunnar segja í grein, svari við grein minni í Morgunblaðinu, að þó hann hefði að sönnu ekki komist í Þóriseyjar, sem eru hjarta Eyjabakkanna, þá hafi hann eigi að síður farið, ég vitna í svar höfundanna, með leyfi forseta: „um lónsstæðið vestan Jökulsár, alveg frá stíflustæði og inn undir jökul. Hann kannaði gróður á Hafursárufs, í Snæfellsnesi, undir Hálsi og í Þjófagilsflóa til samanburðar við eldri rannsóknir."

Gott og vel, herra forseti. Segjum svo að grasafræðingurinn hafi farið þarna um. Gallinn er sá að hvergi í greinargerðinni er stakt orð að finna um athuganir á þessu svæði. Ef hv. þm. Kristján Pálsson eða einhverjir aðrir hv. þm. úr hópi hans eru sammála Landsvirkjun um að ég hafi ekki alls kostar farið með rétt mál þegar ég hélt því fram að grasafræðingur stofnunarinnar hafi ekki farið inn á Eyjabakka þá vil ég taka af allan vafa um þetta mál. Ég tel rétt að upplýsa það hér, herra forseti, að Ágúst H. Bjarnason hefur sjálfur staðfest það skriflega í bréfi til mín að hann hafi gert athuganir á gróðurfélögum á þremur lónstæðum og við aðkomugöng en ekki á Eyjabökkum. Ég held, með fullri virðingu fyrir hv. þm. Kristjáni Pálssyni, að grasafræðingurinn sé betur að því kominn að segja til um sínar eigin ferðir en hann og veit ég þó að hv. þm. Kristján Pálsson veit margt og mikið.

Herra forseti. Ég hef undir höndum bréf sem mig minnir að sé frá 4. desember, sent í tölvupósti til mín frá grasafræðingnum Ágústi H. Bjarnasyni. Hann segir þar alveg klárt og kvitt að hann hafi gert athuganir á gróðurfélögum á þremur lónstæðum og við aðkomugöng en ekki á Eyjabökkum. Það liggur þess vegna ljóst fyrir að þessi tiltekni vísindamaður hefur staðfest að hann fór ekki inn á Eyjabakka, bara svo það sé alveg klárt. Þó það væri rétt sem kemur fram hjá fjórmenningunum sem skrifuðu greinargerð í Morgunblaðið og lýstu því hvert hann fór þá er hins vegar ljóst að ekki eitt einasta orð er að finna um það í greinargerð hans.

Í skýrslu Landsvirkjunar segir líka á bls. 133, með leyfi forseta:

„... rannsóknir á dýralífi við Eyjabakka hafa nú staðið yfir í hartnær 30 ár ..." Þetta er eins og ég sagði áðan ekkert annað en grófar ýkjur. Hið sanna er að þessar rannsóknir stóðu aðeins yfir sumrin 1989–1981 auk einnar viku sumarið 1975. Síðan hafa að vísu gæsir og hreindýr verið talin dagpart á sumri hverju. Þetta, herra forseti, er einnig staðfest í öðru bréfi frá Náttúrufræðistofnun Íslands til umhvn. Alþingis. Við báðum Náttúrufræðistofnun um að fara yfir þetta mál og þetta er niðurstaðan.

Það er líka athyglisvert, herra forseti, að Landsvirkjun segir að í greinargerð grasafræðingsins sé skilmerkilega greint frá fyrri gróðurrannsóknum á svæðinu. En hver er niðurstaða grasafræðingsins sjálfs? Í ályktunum greinargerðarinnar um gróður á svæði fyrirhugaðs Eyjabakkalóns segir, með leyfi forseta:

„Meginþorri þeirra gróðurlýsinga, sem til eru af þessu svæði, eru almenns eðlis. Gróður á fyrirhuguðu svæði Eyjabakkalóns er því aðeins þekktur í stærstu megindráttum, þar sem fáar eða nær engar nákvæmar athuganir hafa verið gerðar."

Ég spyr, herra forseti: Er þetta kannski ástæðan fyrir því að Landsvirkjun kinokaði sér við að láta greinargerð grasafræðingsins fylgja með riti sínu til okkar þingmanna? Hérna er því einfaldlega lýst heiðarlega yfir í skýrslunni af sjálfum grasafræðingi Landsvirkjunar að á Eyjabakkasvæðinu hafi því miður næstum engar nákvæmar rannsóknir verið gerðar. Ég spyr, herra forseti: Eru þeir menn í lagi sem andspænis þessum ályktunum grasafræðingsins Ágústs H. Bjarnasonar halda því fram að Eyjabakkasvæðið sé mest rannsakaða svæðið á landinu? Það er fullkomlega út í hött.

Það er líka rétt, herra forseti, að halda áfram að vitna frekar í greinargerð Ágústs H. Bjarnasonar. Hann segir að vísindamennirnir sem gerðu einu marktæku rannsóknirnar á Eyjabökkum, Hjörleifur Guttormsson, Kristbjörn Egilsson að ég held og einhverjir með honum, telji greinilega sjálfir að athuganir þeirra séu forathuganir. Þetta sést af eftirfarandi orðum grasafræðingsins þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Hafa skal í huga að höfundar setja sér ekkert tilgreint markmið, heldur ber lýsing þeirra með sér, að þeir líta svo á, að hér sé um undanfara nánari könnunar að ræða."

Herra forseti. Ef sjálfur grasafræðingur Landsvirkjunar kemst að þessari niðurstöðu, þá spyr ég: Hvers vegna í ósköpunum réðst Landsvirkjun aldrei í alvörurannsóknir? Ef það er ljóst af úttekt mannsins, sem sérstaklega var ráðinn af fyrirtækinu til að fara ofan í þær rannsóknir sem til voru, að endanlegar rannsóknir vantaði, hvers vegna gerði fyrirtækið þær ekki? Þessar upplýsingar tel ég lykilatriði í málinu. Það er lykilatriði að þingmenn og þjóðin geri sér grein fyrir því að Landsvirkjun hélt þessum upplýsingum frá alþingismönnum. Þetta var ekki að finna í fylgiritinu þó að þar væru allar aðrar greinargerðir sem vitnað er til í skýrslunni.

Herra forseti. Til hægðarauka fyrir hv. þm. Kristján Pálsson og til að létta lund hans í kvöld þá leyfi ég mér að segja honum að bréfið sem ég vísaði til áðan er dagsett 4. desember 1999 og þar segir, ég vitna orðrétt:

„Í annan stað gerði ég athuganir á gróðurfélögum á þremur lónstæðum og við aðkomugöng en ekki á Eyjabökkum.“ Það liggur ljóst fyrir að miðað við þær upplýsingar sem umræddur vísindamaður hefur veitt mér skriflega í tölvupósti þá fór hann ekki inn á þetta svæði. Ef hv. þm. Kristján Pálsson hefur aðrar upplýsingar þá harma ég það og skil ekki hvernig á því stendur. Það skiptir þó ekki meginmáli vegna þess að í sjálfri greinargerð grasafræðingsins er ekkert að finna um athuganir hans á þessu svæði.

Landsvirkjun hefur reynt að svara þessum harkalegu staðhæfingum mínum og ásökunum á hendur henni sem ég hef sett fram bæði hér við fyrri umræður en líka opinberlega. Svipaðar staðhæfingar koma fram í álitum stjórnarandstæðinga í iðnn. Sömuleiðis hefur Landsvirkjun sent frá sér plagg, dagsett 10. desember, þar sem reynt er að svara ýmsum atriðum sem koma fram í áliti 2. minni hluta umhvn. Alþingis. Það sem þar segir, herra forseti, er ákaflega fróðlegt að lesa á eftir því sem ég hef lesið upp eftir grasafræðingi stofnunarinnar sjálfrar. Þar segir, m.a., með leyfi forseta:

„Í skýrslunni og fylgiriti er mjög víða vitnað í innlendar og erlendar rannsóknir um áhrif virkjunarframkvæmda á náttúrufar á svæðinu. Hins vegar er engan veginn unnt að telja upp í skýrslunni aðrar skýrslur í fórum Landsvirkjunar og annarra aðila um þetta efni almennt sem eru margir hillumetrar.“

Herra forseti. Fyrir liggur að nánast engar athuganir hafa verið gerðar síðustu 20 árin. Það eru 22 ár síðan síðustu alvörurannsóknirnar voru gerðar en Landsvirkjun lætur að því liggja að svo mikið sé til af rannsóknum á náttúrufari áhrifasvæðis Fljótsdalsvirkjanir að það séu margir hillumetrar. En bara af því að margir þingmenn hafa auga fyrir því sem skondið er þá væri gaman að lesa fyrir þá það sem segir annars staðar í þessari greinargerð, með leyfi forseta: „Auðvitað er æskilegt að rannsaka gróðurfar sem mest en einhvers staðar verður að setja mörkin.“ Herra forseti. Hvar voru mörkin sett af Landsvirkjun? Þau voru sett áður en rannsóknirnar byrjuðu. Rannsóknirnar sem áttu að fara fram árið 1998 voru aldrei gerðar. Svo einfalt er þetta mál.

Mér þykir reyndar átakanlegt að þegar Landsvirkjun reyndi að svara staðhæfingum í nefndarálitum sem ég vísaði til og ýmsu í máli stjórnarandstöðunnar í fjölmiðlum, þá var áberandi hversu lítinn skilning Landsvirkjun hafði þó á þeim staðreyndum sem fyrir lágu í málinu. Mér fannst áberandi hvernig fyrirtækið ruglaði saman ártölum og svæðum og það var stundum engu líkara en menn væru áfram að reyna að slá ryki í augu fólks. Auðvitað er það skiljanlegt í ljósi þess hversu herfilega útreið náttúrufarsparturinn af skýrslu Landsvirkjunar hefur fengið í þessum sölum og annars staðar í samfélaginu þar sem sérfræðingar sem vit hafa á hafa um það fjallað.

Það er athyglisvert að í svörum Landsvirkjunar hefur fyrirtækið m.a. vísað til þess að umfjöllun um dýralíf á svæðinu sé ófullburða, t.d. rannsóknir á gæsum, og það verið rakið til þess að þar liggi ekki fyrir gögn. Þannig hefur verið bent á að talningar á heiðagæsum sem fyrirtækið kostaði 1991–1992 séu ekki fullunnar og því umhendis að nota þær við þessa skýrslu. Því er borið við að skýrsla um þær rannsóknir sé enn þá í vinnslu og þar af leiðandi sé ekki hægt að nota hana. Tæknilega, herra forseti, er þetta alveg rétt. Hitt liggur eigi að síður fyrir eins og skýrsluhöfundar ættu a.m.k. að vita að allar meginniðurstöður úr þeirri rannsókn birtust í svokallaðri SINO-skýrslu árið 1992. Þar kom ákaflega glöggt fram hversu mikilvægir Eyjabakkar eru fyrir heiðagæsir.

Ég vil einnig benda á, til að setja málflutning Landsvirkjunar í rétt ljós, að í svargrein sinni sem birtist í Morgunblaðinu sagði Landsvirkjun að m.a. ég og aðrir andmælendur hefðum vitnað í Náttúrufræðistofnun Íslands um gæsarannsóknir en ekki verið með réttar upplýsingar, þ.e. það hafi verið rangt hjá okkur að rannsóknir á gæsum hafi staðið yfir í þrjú sumur árið 1979–1981 auk dagparts á sumri hverju. Máli sínu til stuðnings nefndi Landsvirkjun t.d. að Arnþór Garðarsson prófessor í dýrafræði við háskólann hefði, og ég vitna í svarið, með leyfi forseta: „... kannað svæðið frá Snæfelli og í Grágæsadal og fann þá einungis smáhópa af heiðagæsum.“ Þetta er alveg rétt. En við þetta er því að bæta að vísindamaðurinn var að leita að hreindýrum en ekki gæsum. Það sem skiptir hins vegar öllu máli er að hann fór ekki inn á Eyjabakka heldur um svæðið frá Grágæsadal og að Snæfelli. Það er forkostulegt að lesa svona athugasemdir frá Landsvirkjun.

Einnig er mikilvægt, herra forseti, að Náttúrufræðistofnun Íslands tjáði Landsvirkjun að hún treysti sér ekki til þess að meta áhrif virkjunarframkvæmda á bæði far og viðkomu hreindýrastofnsins á grundvelli þeirra gagna sem lágu fyrir. Þetta kemur fram í bréfi sem dags. er 22. september 1999. Þar segir Náttúrufræðistofnun eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun treystir sér ekki til að spá fyrir um hugsanleg áhrif fyrirhugaðs lóns á far hreindýra á þessu svæði eða um önnur áhrif á hreindýrastofninn á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Vísað er til embættis veiðistjóra í því sambandi.“

Hvað, herra forseti, segir veiðistjóri? Hann segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Veiðistjóri telur helst skorta upplýsingar um far og notkun hreindýra á Eyjabakkasvæðinu (þ.e. fjölda eftir árstíðum og hversu lengi þau dvelja á svæðinu) en þeirra gagna væri m.a. hægt að afla með því að setja GPS-sendi á nokkurn fjölda dýra.“

Með öðrum orðum liggur ljóst fyrir að átakanlega skortir upplýsingar um þennan mikilvæga þátt lífríkisins, þ.e. hreindýr. Landsvirkjun er auðvitað mörgum árum of sein til að grípa til viðeigandi ráðstafana í þeim efnum. Af hverju stafar það, herra forseti? Stafar það af einhverri inngróinni andúð á þeim vísindamanni sem hefur Íslendinga gerst rannsakað hreindýr? Ég á auðvitað við þá staðreynd að Skarphéðinn Þórisson, menntaskólakennari og líffræðingur, er sá sem mest hefur rannsakað hreindýr á Íslandi. Því er átakanlegt að lesa hina slöppu yfirferð skýrslunnar um hreindýr og komast að því að fyrirtækið hefur ekki leitað til langþekktasta og virtasta sérfræðings okkar á því sviði. Getur verið, herra forseti, að fyrirtækið hafi vitað að umræddur vísindamaður er ákaflega krítískur á þessa framkvæmd? Þarna er alla vega um að ræða mjög alvarlegan galla á skýrslunni.

Eins og fram hefur komið, m.a. í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, þá barst okkur eigi að síður óbirt grein eftir umræddan vísindamann og erlenda kollega hans þar sem fram koma mjög alvarlegar upplýsingar um áhrif virkjunarinnar á hreindýr. Þar kom fram að ef ráðist yrði í að gera Fljótsdalsvirkjun og jafnframt síðar Kárahnúkavirkjun þá yrðu um 50–80% af vorhögum, sumarhögum og hausthög-

um hreindýra fyrir áhrifum af þessum virkjunum. Talið er að það muni leiða til þess að notkun hreindýrastofnsins á því svæði mundi minnka um 40–95%. Þetta þýðir, herra forseti, að þessar tvær virkjanir, ef saman yrðu virkjaðar, mundu hafa gríðarlega alvarleg áhrif á hreindýrastofninn.

Ég tek þetta dæmi sérstaklega til að sýna fram á að nauðsynlegt er, þegar við erum að ræða þessar framkvæmdir, að ræða ekki eingöngu Fljótsdalsvirkjun þó hún sé sú framkvæmd sem hér er formlega til umræðu. Það er ljóst að með einhverjum hætti þarf að afla frekari orku til þess að standa undir hinu gríðarstóra álveri á Reyðarfirði. Það er langlíklegast að farið verði í Kárahnúkavirkjun og þess vegna hefði verið æskilegt að taka hana undir líka í þessa umræðu og það mat sem jafnvel Alþingi er að reyna að framkvæma af ákaflega veikum burðum. Ef það hefði verið gert hefði komið í ljós að þær virkjanir hefðu ógnað verulega hreindýrastofninum.

Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að frá því að hreindýrin voru flutt til landsins hafa þau átt erfitt uppdráttar. Þau hafa dáið út alls staðar nema á þessum svæðum. Eyjabakkasvæðið og Kringilsárrani eru mikilvægustu svæðin og þangað hafa dýrin leitað og getað hjarað í gegnum erfiðustu kuldatímabil Íslandssögunnar á síðustu öldum. Þetta er með öðrum orðum lífsnauðsynlegt svæði fyrir hreindýrastofninn. Nú kann auðvitað að vera að mögulega sé hægt að verja það að fórna þessum nýjasta þegni í fánu Íslands fyrir virkjun. Ég skal ekki útiloka það þó að ákaflega sé það ósennilegt. Hins vegar er ljóst að það er ekki hægt fyrr en búið er með einhverjum hætti að rannsaka þetta mál. Það er órannsakað enn þá, herra forseti.

Ég gæti, herra forseti, vísað til margra og alvarlegra umsagna sem prófessorarnir Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Eyþór Einarsson veittu umhvn. Ég ætla hins vegar að geyma mér það til síðari ræðna ef af þeim verður. Auk þess hafa ýmsir aðrir sem hér hafa talað á undan mér farið ítarlega í það. Það sem alvarlegast er við þau gögn er að á 3–4 stöðum benda þessir ágætu vísindamenn á alvarlega rangar staðhæfingar, lykilstaðhæfingar í skýrslunni.

Herra forseti. Af því að ég veit að hæstv. umhvrh. er mikil áhugamanneskja um skipulagsmál og ég deili þeim áhuga með henni þá langar mig, síðasta klukkutíma ræðu minnar, að fjalla örlítið um Eyjabakkana í ljósi nýrra skipulagslaga. Ég er þeirrar skoðunar að forusta Landsvirkjunar deili þeim leiða sið með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að nenna ekki að vinna heimavinnuna sína og tel að Landsvirkjun hafi komið sjálfri sér í ákaflega mikinn bobba með því að vantúlka eða kannski frekar að oftúlka fyrri skipulagslög.

Til að vera algerlega heiðarlegur í þessari umræðu, herra forseti, þá tel ég að Landsvirkjun hefði auðveldlega getað komist hjá öllum umræðum um hina formlegu og lagalegu óvissu um virkjunina ef hún hefði farið eftir hæstv. páv. umhvrh. sem sat 1993–1995 og túlkun hans á skipulagslögum sem þá voru í gildi. Í mínum huga voru Eyjabakkarnir, herra forseti, þegar virkjunarleyfið var gefið út fyrir Fljótsdalsvirkjun árið 1991, ekki á skipulagsskyldu svæði. Með nýjum skipulagslögum sem voru samþykkt 1997 og nýjum sveitarstjórnarlögum frá því árinu síðar var allt hálendið og þar með taldir Eyjabakkarnir orðnir skipulagsskyldir.

Í þeim deilum sem geisað hafa um þetta mál, herra forseti, þá finnst mér að mönnum hafi yfirsést hvaða áhrif þessi nýju lög hafa haft á framvindu málsins og munu gera núna á næstu mánuðum. Ég tel að þeim lögum verði fylgt út í æsar og allir kærumöguleikar sem þar gefast nýttir á hvern veg sem málið fer. Það leiðir til þess að þegar upp verður staðið muni framkvæmdaraðilar virkjunarinnar, ef þeir ná því að ráðast í framkvæmdir, tapa af næsta sumri. Ég held að í krafti þeirra laga sem búið er að samþykkja sé það óhjákvæmilegt. Virkjunarsinnar hafa einfaldlega ekki hugsað þetta mál til enda. Þeir hefðu auðvitað betur gert það. Best hefðu þeir gert með því að fara að þeim skilningi sem umhvrh. frá 1993–1995 hafði á hinum fyrri lögum.

Ég vísa til þess, herra forseti, að í gömlu skipulagslögunum er einungis kveðið á um það að sveitarfélög væru skipulagsskyld. Þágildandi sveitarstjórnarlög skilgreindu hins vegar sveitarfélag þannig að sveitarfélag tæki einungis yfir byggðina í landinu. Hálendið var þess vegna utan sveitarfélaga og Eyjabakkar fyrir ofan hefðbundin staðarmörk sveitarfélaga. Ég tel að þeir hafi ekki verið skipulagsskyldir á þeim tíma og í reynd hafi verið kolrangt hjá Landsvirkjun að óska eftir formlegu leyfi hreppsins á þeim tíma. Þetta er mín skoðun, herra forseti.

Þessi staða gerbreyttist hins vegar þegar menn samþykktu nýju skipulags- og byggingarlögin 1997 og nýju sveitarstjórnarlögin. Í kjölfar þeirra var allt hálendið skipulagsskylt. Það sem mestu skiptir, sem er hlálegt í augum okkar sem börðumst harkalega við sama þingmeirihluta og nú vill keyra þetta mál í gegn, er að þá leiddu nýju sveitarstjórnarlögin eigi að síður til þess að staðarmörk sveitarfélaga eru nú dregin inn að miðju landsins. Það þýðir m.a. að engar framkvæmdir má hefja fyrr en fyrir liggur formlegt leyfi Fljótsdalshrepps og hann hefur gefið út byggingarleyfi fyrir hvers konar byggingum ofan jarðar og neðan. Sömuleiðis þarf hann að veita framkvæmdaleyfi fyrir, eins og segir í lögunum: „Meiri háttar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess“ — en eru hins vegar ekki byggingarleyfisskyldar. Það er alveg ljóst að Landsvirkjun getur ekki hafið gerð miðlunarlóns við Eyjabakka fyrr en Fljótsdalshreppur hefur gefið framkvæmdaleyfi. Fræðilega gæti hreppurinn því stöðvað þessar framkvæmdir þó að ég telji engar líkur á því, herra forseti.

Ef það gerðist væru ákveðnar leiðir fyrir virkjunarmenn í þeim efnum. Það sem hins vegar skiptir máli er að til að hreppurinn geti gefið út nauðsynleg leyfi þarf að liggja fyrir deiliskipulag fyrir Eyjabakka. Nú er Landsvirkjun sjálf að vinna að gerð deiliskipulags fyrir Eyjabakka. Það kann að virðast undarlegt í augum margra þó fyrir því sé stoð í reglugerð. Ég finn aftur á móti enga stoð í lögum fyrir þeirri reglugerð en ég ætla ekki að gera það að umræðuefni hér.

Þegar Landsvirkjun er búin að ljúka gerð deiliskipulagsins, þá leggur hún það fyrir sveitarstjórn Fljótsdalshrepps sem samþykkir eða hafnar deiliskipulaginu eftir atvikum. Þá gæti Landsvirkjun hins vegar samkvæmt þessum nýju lögum skotið ákvörðun hreppsins til sérstakrar úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. Ég held að þessi lög hljóti að vera umhugsunarefni fyrir þá sem vilja hafna því að sú framkvæmd sem við erum að ræða hérna fari í umhverfismat og vísa í tímaskort. Ég get vel skilið að menn telji sig hafa fullan rétt sínum megin sökum undanþáguákvæðisins frá 1993. En ég held að það sé rangt að ekki sé tími til að fara í þetta mat. Þess vegna held ég að það sé fróðlegt að skoða hversu langan tíma mun taka að ljúka þessu deiliskipulagi. Samkvæmt nýju lögunum, herra forseti, er ferlið eftirfarandi:

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi ber henni að auglýsa það opinberlega og hengja upp til

kynningar í fjórar vikur. Síðan er frestur til að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna næstu tvær vikur eftir að kynningu lýkur eða í sex vikur frá auglýsingu. Að honum loknum fjallar skipulagsnefnd sveitarfélagsins um athugasemdirnar og að lokum sveitarstjórnin sjálf. Sú umfjöllun tekur vart minna en tvær vikur. Það er auðvitað alveg ljóst að andstæðingar Fljótsdalsvirkjunar munu gera ákaflega flóknar og viðamiklar athugasemdir við framkvæmdina. Það þarf auðvitað drjúgan tíma til þess að vinna úr þessum athugasemdum og það er ólíklegt annað en að sveitarstjórnin þurfi einhverja sérfræðinga sér til liðsinnis. Ég tel að það sé ákaflega óráðlegt að ætla minna en fjórar vikur til þessa verks. Fari svo að Fljótsdalshreppur geri breytingar á deiliskipulaginu til þess að koma til móts við athugasemdir sem er alls ekki ólíklegt í svona umdeildu máli, þá þarf að senda málið upp á nýtt í ofangreint ferli. Og ef því lyktar með því að sveitarfélagið samþykkir deiliskipulagið, þá er líka alveg ljóst að andstæðingar virkjunarinnar munu nota sér alla möguleika og alla mögulega kærufresti og þeir munu að sjálfsögðu vísa málinu til úrskurðarnefndarinnar sem ég gat um hér áðan. Hún hefur þá tvo mánuði til þess að skila af sér en getur samt fengið frest í einn mánuð til viðbótar ef, eins og segir í lögunum, málið er viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðslan taki lengri tíma. Ég held því, herra forseti, að það taki aldrei minna en 26 vikur að ljúka samþykkt deiliskipulagsins. Og ef það er svo að enn þá, frá þessum degi, séu fjórar vikur í að deiliskipulagið sé fullgert og lagt fyrir sveitarstjórn, þá er alveg ljóst að þó að sveitarstjórnin taki ekki nema tvær vikur undir fyrri umræðuna, þá geta alls liðið átta mánuðir áður en búið er að samþykkja deiliskipulag fyrir hin umdeildu svæði. Þetta sýnir mér auðvitað, herra forseti, að miðað við það sleifarlag sem hefur verið á öllum undirbúningi af hálfu Landsvirkjunar, þá er alveg ljóst að þeir háu herrar munu tapa af sumrinu til framkvæmda. Og þá má auðvitað spyrja: Ef þeir geta ekki ráðist í framkvæmdir á næsta sumri, er þá ekki tími til þess að leita sátta í þessu máli og fara með það í mat á umhverfisáhrifum? Ég spyr, herra forseti, vegna þess að rökin sem menn hafa einkum fært fram gegn matinu er að það taki of mikinn tíma og að líklegt sé að Norsk Hydro gangi þá úr skaftinu.

Herra forseti. Nýju lögin gera það að verkum að byggingarleyfi þarf fyrir varanlegum húsbyggingum sem verða gerðar í tengslum við virkjunina. Það á við um stöðvarhús, mötuneyti, íbúðarhús og verkstæði og byggingarleyfi verður að vera í samræmi við hið nýja og samþykkta deiliskipulag. Hins vegar er ekki hægt að gera deiliskipulag nema fyrir sé aðalskipulag eða svæðisskipulag og það liggur fyrir samkvæmt skilgreiningu skipulagsstjóra sem enginn hefur mótmælt að tvenns konar deiliskipulag þarf til þess að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir.

Á efra svæðinu vantar deiliskipulag fyrir sjálft lónstæðið og síðan á neðra svæðinu vantar deiliskipulag fyrir byggingarnar. Nú liggur fyrir staðfest svæðisskipulag sem nær yfir þann hluta landsins þar sem lónstæðið er að finna og á grundvelli þess getur Fljótsdalshreppur auglýst deiliskipulagið þannig að þar verða varla vandamál. En varðandi hitt svæðið, neðra svæðið þar sem mannvirkin eru, þá getur Fljótsdalshreppur alls ekki auglýst deiliskipulagið sem þarf þar til að öðlast nauðsynleg leyfi nema með meðmælum hins virta skipulagsstjóra sem hér hefur nokkuð komið til umræðu.

Herra forseti. Með öðrum orðum helgast það af vilja og meðmælum skipulagsstjóra hvort hægt sé að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir í tengslum við Fljótsdalsvirkjun eða ekki og þetta er atriði sem menn hafa ekki gert sér grein fyrir.

Slík meðmæli hafa auðvitað fengist áður frá skipulagsstjóra. En þau eru sjaldgæf. Og það sem skiptir miklu máli, herra forseti, er e.t.v. það sem kemur fram í eftirfarandi orðum skipulagsstjóra sjálfs í umsögn sem hann umbeðinn sendi umhvn. Þar segir, herra forseti:

„Við framkvæmd skipulags- og byggingarlaga hafa slík meðmæli fyrst og fremst verið veitt fyrir óverulegum framkvæmdum, svo sem stökum húsbyggingum í dreifbýli sem ekki er talin ástæða til að ætla að ágreiningur kunni að rísa um."

Herra forseti. Skilja menn nákvæmlega hvaða skilaboð felast í þessu? Skipulagsstjóri er að segja að það sé fátítt að hann mæli með slíku deiliskipulagi nema um sé að ræða óverulegar framkvæmdir, stakar húsbyggingar í dreifbýli sem ekki er talin ástæða til að ætla að ágreiningur kunni að rísa um. Herra forseti. Eftir alla þessa umræðu má ætla að sú framkvæmd sem hér um ræðir sé ekki líkleg til þess að vekja deilur. Ég sé það á greindarlegri höfuðhneigingu hæstv. forseta að hann telur að svo sé ekki þó að mér sé auðvitað að öðru leyti óheimilt að lesa í svipbrigði þess ágæta forseta sem jafnan er manna svipbrigðaríkastur þó.

Nú má auðvitað velta því fyrir sér hvort einhverjar líkur sé á því að skipulagsstjóri muni líta svo á að enginn ágreiningur sé um þessa framkvæmd. Hann hefur nú átt höfuðleður sitt að verja, sá ágæti maður, síðustu dægur fyrir ásókn hv. þm. Hjálmars Árnasonar og mér sýnist að nægur sé ágreiningurinn um þetta. En hvaða líkur er að finna í umsögn hans sjálfs, herra forseti?

Það vill svo til að í þessari umsögn sem ég hef hér í höndunum er að finna hvorki meira né minna en 11 atriði sem skipulagsstjóri segir að sé áfátt við þá frummatsskýrslu sem hér er til umræðu. Það kemur fram að forsendan fyrir þeirri skoðun skipulagsstjóra er auðvitað það sem kemur fram í aðfaraorðum að skýrslunni, þ.e. að hún sé unnin af Landsvirkjun í samræmi við kröfur þær sem gerðar eru til frummatsskýrslu í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Með öðrum orðum, vegna þess sem Landsvirkjun sjálf segir í aðfaraorðum þessarar skýrslu þá auðvitað tekur skipulagsstjóri það bókstaflega og beitir sömu aðferðafræði á þessa skýrslu, þ.e. það sem í henni kemur fram, og hann gerir jafnan um aðrar frummatsskýrslur. Og þar kemur fram, herra forseti, að hann telur að það vanti upplýsingar um stærð efnistökusvæða. Skipulagsstjóri telur jafnframt að það vanti upplýsingar um magn efnis sem er áætlað að taka. Hann átelur jafnframt að ekki er greint frá magni efnis sem er gert ráð fyrir að komi úr veituskurðum.

Í fjórða lagi bendir hann á að gert sé ráð fyrir því að setja 1,7 millj. rúmmetra af efni úr jarðgöngum í hauga og hann bendir á að í skýrslunni er ekki fjallað frekar um þessa tilhögun eða umhverfisáhrif þessa gernings. Síðan bendir skipulagsstjóri á að hér sé um að ræða rúmlega tífalt meiri efnistilflutninga en eru matsskyldir samkvæmt 4. tölulið 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem ég veit að þingheimur allur kann utan bókar.

Í fimmta lagi bendir hann á að í skýrslunni er ekki lagt mat á hversu stór rofsvæði geta myndast við strönd hins fyrirhugaða lóns né heldur á hve stórum svæðum sandur getur fokið úr að sumar- og vorlagi í mismunandi árferði.

Hann telur að það verði nauðsynlegt að grípa til einhvers konar gagnráðstafana ef það kemur í ljós að uppblástur mun hefjast, en bendir á að hvorki er greint frá því hverjir verði ábyrgir fyrir erftirliti með því eða til hvers konar ráðstafana eigi að grípa.

Í sjötta lagi bendir hann á að umfangsmestu áhrif framkvæmdarinnar verði auðvitað það sem ég hef gert að aðalefni í minni ræðu, þ.e. áhrifin á gróður á sjálfu lónstæðinu og umhverfis það á Eyjabökkum. Og hann bendir á að mat á áhrifum framkvæmdarinnar á gróður byggist á ríflega 20 ára gömlum rannsóknum. Hann bendir síðan á þennan leyndardóm sem ég a.m.k. hef reynt að upplýsa í kvöld og segir að byggt sé á rannsóknum sem gerðar eru árið 1998. En svo segir sá góði maður, með leyfi forseta:

„En niðurstöður hennar eru ekki meðal fylgiskjala skýrslu Landsvirkjunar og því er ekki unnt að leggja mat á forsendur niðurstöðu skýrslunnar um áhrif á gróður."

Þetta er auðvitað ákaflega alvarlegur ágalli, herra forseti.

Í áttunda lagi bendir skipulagsstjóri á að framkvæmdin muni hafa í för með sér gríðarmikla skerðingu á votlendi og samkvæmt þeim náttúruverndarlögum sem við samþykktum í fyrra undir lok þings er skylt að mýrar og flóar sem eru yfir þrír hektarar að umfangi eða stærri skuli njóta sérstakrar verndar og á þeim skal forðast röskun eins og kostur er. Skipulagsstjóri bendir á að í ljósi þess og í ljósi stefnu hæstv. umhvrh. varðandi endurheimt votlendis þá hljóti að þurfa að leggja mat á mikilvægi þess votlendis sem tapast og jafnframt hljóti að vera forsenda þess að hægt sé að taka þessa skýrslu góða og gilda að í henni sé að finna áætlun um það hvernig megi endurheimta votlendi til jafns við það sem raskast við framkvæmdina.

Í níunda lagi bendir skipulagsstjóri á að beitarálag á hálendinu norðaustan Vatnajökuls sé við þolmörk og hann segir auðvitað að ekkert mat sé lagt í þessari skýrslu á áhrif hugsanlegs aukins beitarálags á öðrum svæðum ef Eyjabakkalónið, sem er grösug vin í hálendinu, verður að veruleika. En hann telur að það kunni að hafa í för með sér aukið gróðurrof og aukið jarðvegsrof.

Hann bendir í tíunda lagi á þær rannsóknir sem ákaflega gallaðar eru og ófullkomnar varðandi heiðagæsastofninn og ég hef þegar gert grein fyrir og síðan í ellefta lagi gerir hann grein fyrir þýðingu svæðisins fyrir hreindýrin, en segir að það skorti á að gerð sé grein fyrir mótvægisaðgerðum vegna þeirra fyrirsjáanlegu afleiðinga sem virkjunarframkvæmdir munu hafa á viðkomu hreindýrastofnsins.

Herra forseti. Ég tel þessi ellefu atriði jafnítarlega og raun ber vitni vegna þess að skipulagsstjóri bendir á þau og það er skipulagsstjóri sem verður að veita meðmæli sín með deiliskipulaginu fyrir neðra virkjunarsvæðið þar sem húbyggingar vegna virkjunarframkvæmda þarf að staðfesta til þess að það sé hægt að ráðast í þær. Og ef það er ekki hægt að fá meðmæli skipulagsstjóra, þá einfaldlega ráðast menn ekkert í þær. Svo einfalt er það. Það hefur komið fram, eins og ég hef lesið hérna, herra forseti, að skipulagsstjóri gerir slíkt yfirleitt ekki nema um sé að ræða léttvægar byggingar sem ekki er líklegt að ágreiningur standi um.

Herra forseti. Ég nefndi áðan að það hefði verið betra fyrir Landsvirkjun að hlíta þeim skilningi á gömlu skipulagslögunum sem ég hafði. Ástæðan er sú að þegar menn tala um að lagaóvissa sé um það hvort framkvæmdin falli undir bráðabirgðaákvæði II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum frá 1993, þá hangir það allt á hinni heimskulegu túlkun sem Landsvirkjun lagði í gömlu lögin. Ég hef fyrr í máli mínu fært rök að því að það var auðvitað óþarfi fyrir Landsvirkjun að fara þá leið sem hún kaus. En hún kaus, og gerði það meira að segja skriflega, að túlka lögin þannig að samþykki viðkomandi sveitarfélags væri forsenda þess að hægt væri að ráðast í framkvæmdina. Ég tel að það hafi verið rangt. En Landsvirkjun hefur sagt að ég hafi haft rangt fyrir mér og þessi skilningur hennar liggur skriflega fyrir. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rakti það í ágætri ræðu sinni fyrr í dag að eitt það skondnasta sem lesa mætti í þessari skýrslu eða fylgiritunum reyndar væru einmitt hinar sérkennilegu bréfaskriftir milli Landsvirkjunar og sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps sem standa með hléum í, ég held tvö ár, þar sem Landsvirkjun aftur og aftur ítrekar þá ósk sína að sveitarstjórnin veiti formlegt framkvæmdaleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun. En það gerist aldrei, herra forseti. Það eina sem Fljótsdalshreppur veitir leyfi fyrir eru aðkomugöngin þannig að eina formlega framkvæmdaleyfið sem Landsvirkjun hefur haft er fyrir aðkomugöngunum og eins og segir neðst á bls. 6 í greinargerð hæstv. iðnrh., þá er ekkert formlegt framkvæmdaleyfi fyrir þessari framkvæmd. Það skiptir máli þegar við lesum svo saman við ESB-réttinn, herra forseti.

Árið 1985 var gefin út tilskipun af hálfu ESB um að aðildarlönd að þeim samningi skyldu leiða í lög hjá sér sérstaka lagabálka um mat á umhverfisáhrifum. Þetta gerðu Íslendingar eftir að þeir urðu aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu með lögunum umdeildu um mat á umhverfisáhrifum frá 1993. Í þessari umdeildu tilskipun kemur hvergi fram að heimilt sé að undanþiggja með nokkrum hætti framkvæmdir, hvort sem þær hafi framkvæmdaleyfi eða ekki. Alls konar óvissa ríkir um réttarfarslega útfærslu þessarar tilskipunar en ESB-dómstóllinn hefur reynt að fylla upp í þá óvissu með nokkrum dómum og þeir hafa auðvitað engir verið með nákvæmlega eins framkvæmd og við erum að ræða hér. En aftur á móti liggur ljóst fyrir að alls staðar þar sem óvissa hefur ríkt um hvort framkvæmd sé orpin undir viðkomandi lög í þeim þjóðlöndum sem tilskipunin varðar hefur niðurstaðan verið sú að ef framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út fyrir lögleiðingu viðkomandi bálks, þá er hún undanþegin.

En það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að hæstv. iðnrh. viðurkennir í greinargerð sinni að ekki liggur fyrir formlegt framkvæmdaleyfi varðandi Fljótsdalsvirkjun og af því leiðir óvissan. Og samkvæmt því, herra forseti, held ég að ekki sé hægt að halda því fram að ljóst sé að Fljótsdalsvirkjun skuli undanþegin mati á umhverfisáhrifum, það er einfaldlega ekki hægt.

Í öðru lagi er líka ljóst að tilskipunin frá 1985 var endurskoðuð fyrir nokkrum missirum og samkvæmt henni bar öllum þeim sem voru orpnir undir viðkomandi tilskipun að endurskoða löggjöf sína og samkvæmt henni áttu Íslendingar að vera búnir að endurskoða lögin um mat á umhverfisáhrifum fyrir 14. mars sl. Og ljóst var samkvæmt hinni nýju útgáfu tilskipunarinnar að Íslendingar hefðu orðið að varpa fyrir róða hinu umdeilda bráðabirgðaákvæði II sem deilur okkar standa um.

Þessi löggjöf er til, herra forseti, það hefur komið fram í umræðu af hálfu hæstv. umhvrh. Hún liggur á borði ríkisstjórnarinnar og ef hún væri orðin að veruleika er ljóst, þrátt fyrir fyrri leyfi og óvissu, að Fljótsdalsvirkjun gæti ekki farið af stað nema að undangengnu mati. Það er því fullkomlega eðlilegt að menn haldi því fram að óvissa ríki í besta falli um þetta tiltekna mál.

Það er annað sem skiptir líka máli í þessu efni, herra forseti, en hefur ekki verið rætt svo ýkja mikið og það er varúðarreglan svokallaða. Varúðarreglan er að vísu ekki leidd í lög á Íslandi en það er hins vegar ljóst að Íslendingar skrifuðu eins og aðrar þjóðir undir yfirlýsingu um það í Rió de Janeiro 1992 að þeir hyggist fylgja þessari reglu. Það er rétt að fram komi að nú eru byrjaðir að ganga dómar í öðrum löndum þar sem öll leyfi fyrir umdeildum framkvæmdum hafa verið fyrir hendi en þar sem Ríó-yfirlýsingin hefur ekki haft sterkari stöðu en hér á landi. Eigi að síður hafa dómarar farið þá leið að beita varúðarreglunni sem réttarheimild í dómsmálum þó hana sé ekki að finna í löggjöf viðkomandi þjóða. Þetta skiptir ákaflega miklu máli vegna þess að með hliðsjón af því hvernig við framkvæmum hinn íslenska rétt þá er sá möguleiki fyrir hendi að íslenskur dómstóll kæmist að sams konar niðurstöðu, þ.e. fellt yrði úr gildi ótímabundið virkjanaleyfi sem hefði verið veitt án undangengins mats á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Ef svo færi að við lentum í dómsmáli út af þessu, þá mundu menn væntanlega líka líta til þess hvernig staðan hefði verið og hver viðhorf hefðu verið hjá þeim mönnum sem gerst vissu hvernig haga skyldi virkjanamálum á þeim tíma sem menn voru að veita leyfi fyrir þeirri virkjun sem við erum að deila um.

Og þá vísa ég til þess, herra forseti, að Jakob Björnsson, fyrrverandi orkumálastjóri, *er líklega einhver helsti og besti* talsmaður virkjunarsinna í þessu máli. Hann skrifaði bréf til þáv. iðnrh., dagsett 2. sept. 1991, þar sem hann óskar eftir því að fá stækkanir á ýmsum virkjunum og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Stofnunin telur að ráðuneytið ætti að taka það upp sem almenna, ófrávíkjanlega reglu að virkjunarleyfi falli sjálfkrafa *úr gildi ef fimm ár líða frá því að leyfi er gefið út* án þess að framkvæmdir séu hafnar af fullri alvöru að mati ráðherra."

Með öðrum orðum, herra forseti, sá maður sem var þá í fremstu víglínu í virkjanamálum Íslendinga var þeirrar skoðunar nákvæmlega á þeim tíma sem leyfið var gefið út að slík leyfi ættu einungis að gilda í fimm ár.

Ég vísa líka til *nýrrar löggjafar sem óhjákvæmilega mundi* koma til álita í slíku dómsmáli. Í núgildandi skipulags- og byggingarlögum er að finna í 27. gr. ákvæði um að framkvæmdaleyfið skuli falla úr gildi eftir tólf mánuði. Þetta varðar auðvitað ekki þá framkvæmd sem við erum að ræða um, herra forseti, en sýnir hins vegar hver vilji löggjafans er gagnvart öðrum framkvæmdum. Ef þetta mál færi í dóm væri óhjákvæmilegt að þetta hlyti að koma til álita.

Jafnframt finnst mér nauðsynlegt, herra forseti, að rifja það upp að virkjunarleyfið, sem stjórnarmeirihlutinn hefur svo kirfilega hengt sinn hatt á, var klárlega gefið út af ákveðnu tilefni, þ.e. álveri á Keilisnesi. Þetta kemur afskaplega skýrt fram í bráðabirgðaákvæði I í lögunum frá 1990 en þar segir, með leyfi forseta:

„Takist samningar um að reisa nýtt álver á grundvelli yfirlýsingar, dags. 13. mars 1990, milli ríkisstjórnarinnar og Atlantal-aðilanna um ásetning að ljúka samningum um nýtt álver með 200 þús. tonna framleiðslu á ári skal mæta orkuþörf þess með því að ráðast auk Blönduvirkjunar í eftirtaldar framkvæmdir, sbr. 1. og 2. gr. þessara laga og 6. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun: 1. Fljótsdalsvirkjun."

Með öðrum orðum, virkjunarleyfið er háð bráðabirgðaákvæði í lögunum frá 1990 þar sem verið er að heimila ákveðna framkvæmd og Fljótsdalsvirkjun á að verða til þess að afla orku til þeirrar framkvæmdar. Allir vita að sú framkvæmd eða það tiltekna stóriðjuver er fyrir löngu komið út í hafsauga þannig að það veikir líka málið ef til dóms kæmi. Ég tel afskaplega mikilvægt, herra forseti, að menn geri sér grein fyrir að málið er miklu veikara en ríkisstjórnarliðið virðist skilja, ef kemur til kasta dómstóla úti í Evrópu að ákvarða hvort við höfum brotið ESB-réttinn.

Áður en ég lýk við þann kafla af ræðu minni sem fjallar um þá óvissu sem er um hina lögfræðilegu hlið, þá finnst mér rétt að víkja að því að ein af grunnreglunum sem er að finna í yfirlýsingunni sem var samþykkt af þátttökuríkjum Ríó-ráðstefnunnar um umhverfismál frá 1992, varúðarreglan, hefur líka verið tekin upp í íslensku löggjöfina eftir að við urðum aðilar að EES. Í 73. gr. EES-samningsins er fjallað um umhverfismál og sú grein, eins og allar aðrar í kaflanum, hefur lagagildi hér á landi eins og undirstrikað er með lögunum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Í þeirri grein er varúðarreglan undirstrikuð.

Ljóst er að í gegnum aðild okkar að EES höfum við tekið upp varúðarregluna. Þessu hafa menn ekki gert sér grein fyrir en umhvn. var bent á þetta af prófessor í lögum við Háskóla Íslands.

Ég er því þeirrar skoðunar, herra forseti, að eitt af því sem hefði þurft að skoða miklu betur er sú óvissa sem ríkir í kringum hið lagalega umhverfi Fljótsdalsvirkjunar. Ég held að það sé fjarri því að hægt sé að fullyrða með jafnmikilli vissu og mér virðist ýmsir þingmenn stjórnarliðsins gera, að þessi framkvæmd sé undanþegin mati á umhverfisáhrifum þrátt fyrir bráðabirgðaákvæði II í lögunum frá 1992.

Herra forseti. Af því að hér hefur verið rætt mikið um arðsemisþáttinn þá ætla ég ekki að gera hann að umræðuefni hér en geyma hann e.t.v. til seinni ræðu minnar. Það er að lokum eitt sem mig langar þó að nefna varðandi þessi mál. Það er skorturinn á því í skýrslunni um Fljótsdalsvirkjun að menn skuli reifa valkosti. Ég hef rifjað það upp þrisvar sinnum í ræðu minni að í inngangínum að skýrslunni um umhverfi og umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar er það ítrekað að tilgangur skýrslunnar sé að vera eins og raunveruleg frummatsskýrsla. Við vitum að í slíkri frummatsskýrslu samkvæmt þeirri reglugerð og lögum sem gilda um mat á umhverfisáhrifum þá ber framkvæmdaraðilanum að reifa ýmsa valkosti. Og það er ljóst að þó að drepið sé á nokkra valkosti þá fylgja engir útreikningar og hvergi er reynt að reifa ítarlega ýmsa möguleika.

Mér finnst t.d. alveg makalaust, vegna þess að þessi deila hefur að verulegu leyti staðið um það hvort þyrma eða farga eigi Eyjabökkum, að menn skuli ekki hafa ítarlega af hálfu stjórnvalda rætt þann möguleika og kannað hann til hlítar sem t.d. hv. þm. Kristján Pálsson reifaði hér mjög stíft á síðasta ári, þ.e. að þyrma Eyjabökkum með því að virkja jökulsárnar á Brú og Fljótsdal saman í Kárahnúkavirkjun þannig að vatnasvið beggja yrði nýtt í lóninu þar. Þá væri hægt að þyrma Eyjabökkum.

Ég geri mér auðvitað grein fyrir því, herra forseti, að þar er um að ræða miklu stærri virkjun en Fljótsdalsvirkjun. En ég held hins vegar að stjórnarliðum hefði átt að vera það ljóst að þar hefðu þeir getað séð sér leik á borði vegna þess að umræðan af hálfu andstæðinganna, sérstaklega þeirra sem harðast hafa talað fyrir náttúruverndarsjónarmiðum, snýst aðallega um að þyrma Eyjabökkum. Ég held þess vegna að

þeir hefðu a.m.k. átt að reifa þennan möguleika en þeir gera það ekki.

Það er annað sem mér finnst alveg ótrúlegt, herra forseti, og skil ekki hvernig stendur á því að iðnrn. og Landsvirkjun skuli ekki hafa skoðað það betur, fyrst menn eru á annað borð að ráðast í þessa virkjun, en það er Hraunavirkjun sem okkur í umhvn. var kynnt sem valkostur við Fljótsdalsvirkjun. Við óskuðum eftir sérstakri greinargerð um þetta mál, herra forseti, og til þess að forðast misskilning er alveg ljóst að sú virkjun bjargar ekki Eyjabökkum. En við erum að reyna að búa til rafmagn og sem mest af því og með sem minnstum tilkostnaði. Þess vegna rak mig í rogastans þegar ég las í minnisblaði sem við fengum, dags. 2. des. 1999, frá auðlindadeild Orkustofnunar og þar er þessari Hraunavirkjun lýst og kemur fram að raforkuframleiðslan er áætluð miklu meiri en frá Fljótsdalsvirkjun. Þar kemur líka fram að niðurstaðan bendi til þess að orkuverð frá þessari virkjun yrði 15–20% lægra en frá Fljótsdalsvirkjun.

Herra minn trúr, herra forseti, hvað er hér á ferðinni? Fyrst menn ætla sér á annað borð að eyðileggja Eyjabakka hvers vegna í ósköpunum velja þeir ekki þá virkjun sem gefur mesta orku og sem ódýrasta? Mér er þetta hulin ráðgáta, herra forseti, algjörlega hulin ráðgáta. Eina skýringin sem ég get séð er sú að ef menn hefðu farið í þetta hefðu þeir orðið að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Með öðrum orðum, við erum að fórna möguleika sem gerir okkur kleift að búa til orku með 20% lægra verði en kemur frá Fljótsdalsvirkjun til þess að skjóta okkur hjá umhverfismati, en eyðileggjum Eyjabakkana með fyrirhugaðri framkvæmd. Þetta eru auðvitað svo svakaleg mistök, herra forseti, af hálfu Landsvirkjunar að ég get varla ógrátandi lokið ræðu minni, vegna þess að það hlýtur auðvitað að vera skylda fyrirtækis af þeim toga að hafa í huga hagsmuni borgaranna ef á annað á að fara í þessa framkvæmd og eyðileggja Eyjabakka. Er þá ekki rétt að menn geri það á þann hátt að þeir fái þá sem mest af orku fyrir fórnina á sem ódýrustu verði?

Herra forseti. Menn hafa verið að deila um þær forsendur sem gefnar hafa verið við arðsemisútreikninga og iðnrh. hæstv. hefur ítrekað komið og sagt að hagfræðingar, Sigurður Jóhannesson og Þorkell Siglaugsson, hafi gefið sé rangar forsendur þegar þeir reikna arðsemi sína og finna út að ekki er fræðilegur möguleiki að þessi framkvæmd, virkjunin sjálf, muni nokkru sinni standa undir sér. Meira að segja einn af virtustu hagfræðingum Háskóla Íslands, sem hefur alltaf haft sérdeilis mikið dálæti á okkur þingmönnum Samfylkingarinnar, Guðmundur Ólafsson, hefur líka reiknað þetta út. Byrjaði sem eindreginn virkjanasinni en komst að þeirri niðurstöðu að þessir sérfræðingar hefðu rétt fyrir sér.

Hæstv. iðnrh. hefur sagt ... (**Gripið fram í:** Hvar er ráðherrann?) Það þarf ekkert á ráðherranum að halda, ég gef honum leyfi til þess að vera í burtu. En hæstv. iðnrh. hefur sagt að þessir sérfræðingar hafi gefið sér rangar forsendur um líklega þrennt: Í fyrsta lagi sé rangt hjá þeim að nota 6% vexti, í öðru lagi sé rangt hjá þeim að nota afskriftatíma upp á 40 ár og í þriðja lagi hefur hæstv. ráðherra kvartað undan því að þeir hafi gefið sér rangar forsendur um framleiðslugetu orku og í fjórða lagi hefur hann sagt að orkuverðið sé rangt.

Að því er varðar orkugetu Fljótsdalsvirkjunar er rangt hjá ráðherranum að þeir hafi gefið sér upp þær 1.250 gwst. sem þeir nota í útreikningum sínum. Það voru til skamms tíma þær upplýsingar sem finna mátti á vefsíðu Landsvirkjunar og í riti sem ég hef undir höndum og fékk afhent þegar ég heimsótti stofnunina til að kynna mér þessi mál í sumar.

Þessu var skyndilega breytt og látum það vera, ég tek það gott og gilt, og það er hægt að framleiða þarna 1.390 gwst. í staðinn. En það er ekki hægt að segja að þeir hafi haft rangt fyrir sér. Höfðu þeir rangt fyrir sér um 6% og höfðu þeir rangt fyrir sér um 40 ára afskriftatímann? Hafi þeir haft rangt fyrir sér, herra forseti, þá hefur Orkustofnun líka haft rangt fyrir sér því að hér stendur við útreikning hennar á arðsemi Hraunavirkjunar að gert sé ráð fyrir 40 ára afskriftatíma og 6% ársvöxtum.

Herra forseti. Starfsmenn iðnrn. nota sömu gögn við útreikninga sína og hæstv. iðnrh. segir að sé rangt hjá þeim öðrum óháðu sérfræðingum sem eru að reikna út.

Herra forseti. Svo vill til að við getum núna lagt af deilur um það hvað þarf að fá fyrir þetta rafmagn til að ekki verði tap á Fljótsdalsvirkjun. Í þessu minnisblaði, sem mér er til efs að hæstv. iðnrh. viti að sé til, er sagt frá því að niðurstaðan á útreikningum Orkustofnunar, auðlindadeildar Orkustofnunar, bendi til þess að orkuverð frá Hraunavirkjun yrði 15–20% lægra en frá Fljótsdalsvirkjun og er gefið upp að það verði 20 mill. Þá getur hinn snjalli stærðfræðisnillingur, hv. þm. Kristján Pálsson, bara reiknað út hvert lágmarksverðið er sem auðlindadeild Orkustofnunar telur að þurfi að fá fyrir þetta rafmagn, það eru 24 mill. Getum við þá ekki hætt að deila um hvort þetta er arðsöm virkjun eða ekki? Þetta er nákvæmlega það sem er lágmarksverðið sem við þurfum að fá fyrir rafmagnið.

Herra forseti. Rétt er að það komi fram að á fundi umhvn. sagði maður að nafni Agnar, ég man nú ekki hvers son, sem er verkfræðingur hjá Landsvirkjun að líkast til yrði byrjað með að fá orkuverð í kringum 18–22 mill. Með öðrum orðum, samkvæmt þessum upplýsingum frá auðlindadeild Orkustofnunar, samanborið við þær upplýsingar sem bárust munnlegar inn á fund umhvn. frá Landsvirkjun, er ekki vinnandi vegur að þessi virkjun verði nokkru sinni rekin nema með tapi.

[22:04]

Útbýting þingskjala:

Málefni aldraðra, 173. mál, brtt. GHall, þskj. 512.

Póst- og fjarskiptastofnun, 240. mál, þskj. 501.

Útlán hjá tryggingafélögum og eignarleigum, 247. mál, svar viðskrh., þskj. 511.

[22:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson beindi til mín spurningum varðandi kröfur um mótvægisaðgerðir. Varðandi það vil ég segja að þegar virkjunarleyfi var gefið út á sínum tíma var það gert án krafna um endurheimt votlendis. Hins vegar hef ég rætt þetta sérstaklega við nokkra aðila, eins og reyndar þingnefndir hafa gert hér, s.s. Náttúruvernd ríkisins, formann nefndar um endurheimt votlendis, Níels Árna Lund í landbrn., og Landsvirkjun. Í þeim samtölum hefur komið fram og í umfjöllun umhvn. að Landsvirkjun hefur nú sem fyrr reiknað með að ákveðið hlutfall af stofnkostnaði mannvirkja verði varið til mótvægisaðgerða. Þetta hafa þeir gert áður líka og hafa reyndar farið fram úr því hlutfalli eins og við Blönduvirkjun, við mótvægisaðgerðir þar, en vegna votlendisins sérstaklega er Landsvirkjun að vinna að áætlun um endurheimt votlendis í samvinnu við sérfræðinga, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, RALA, og Landgræðsluna.

Hins vegar er ekki hlaupið í þessa endurheimt í dag vegna þess að skrá vantar yfir votlendissvæði sem hægt væri að endurheimta, svokallaðan votlendisbanka ef menn kjósa að orða það þannig, en nefnd um endurheimt votlendis er að fara að vinna slíka skrá og mér er kunnugt um að þeir munu bráðlega senda út rit eða bækling til allra býla í dreifbýli þar sem þeir biðja um ábendingar um uppþurrkuð svæði sem hægt væri að nota til að endurheimta votlendi.

[22:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau geta út af fyrir sig ekki verið skýrari af hennar hendi en mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra léti uppi álit sitt á því hvort ekki hefði verið æskilegra að í skýrslunni kæmi einhvers staðar fram hvaða hlutfall af mannvirkjakostnaði eigi að verja til endurheimtar votlendis eða annarra mótvægisaðgerða. Ég rakst a.m.k. ekki á það í yfirferð minni í skýrslunni en kannski hæstv. ráðherra geti bent mér á hvar það er að finna, ég held að það sé ekki í skýrslunni. Hefði það ekki verið æskilegra og er þetta ekki, herra forseti, dæmi um það hversu flaustурslega þessi stofnun Landsvirkjun hefur farið í málið?

Að því er varðar þessa áætlun sem Landsvirkjun er nú að gera um endurheimt votlendis þá hef ég aldrei heyrt minnst á hana áður. Ég man ekki eftir því að hún hafi komið til tals í yfirferð okkar með fulltrúum Landsvirkjunar þegar þeir komu til fundar við umhvn. en hér sitja tveir hv. þingmenn sem voru þar, held ég, þegar fulltrúarnir komu. Hvernig má það vera, herra forseti, og bið ég nú ekki hæstv. ráðherra að svara því, en hvernig má það vera að þegar Landsvirkjun kemur og talar við okkur í nefndinni að hún geri okkur ekki grein fyrir því að verið sé að vinna þessa áætlun? Var kannski verið að byrja á henni í gær?

[22:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hárrétt sem kemur fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það er ekki að finna, a.m.k. fann ég það ekki í skýrslu Landsvirkjunar, hvaða hlutfall þetta væri af stofnkostnaði sem færi til mótvægisaðgerða.

Hins vegar kemur mjög skýrt fram í áliti 2. minni hluta umhvn. að það hafi komið fram í umræðum í þeirri nefnd að þar hafi Landsvirkjun komið skilaboðum skilmerkilega á framfæri að þeir noti venjulega ákveðið hlutfall til þessara mótvægisaðgerða. Ég leitaði sérstaklega eftir ítarlegri upplýsingum hjá Landsvirkjun af því að sömu spurningar vöknuðu hjá mér og hjá hv. þm. Svar þeirra sem ég fékk — nú tek ég fram að það var einungis í síma sem ég leitaði eftir þessum upplýsingum — en hið almenna svar eða hin almenna prósenta sem Landsvirkjun hefur notað til mótvægisaðgerða hjá sér þegar þeir fara út í mannvirkjagerð er í kringum 1–2%. Ef maður heimfærir það upp á þessa virkjun hugsa ég að það hlaupi á 200–300 millj. kr.

[22:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Ég er ekki þekktur húmoristi, herra forseti, en mér finnst þetta hlægilegt, 1–2% af þessum kostnaði finnst mér ansi lítið.

En að öðru leyti, herra forseti, var mér ekki nákvæmlega kunnugt um að þetta kæmi fram í áliti 2. minni hluta og vil nota tækifærið til að ítreka það í þessum sal vegna þess að hv. þm. Kristján Pálsson hélt því fram í dag að ég hefði meðal annarra þingmanna átt þátt í því að semja það ágæta álit. En auðvitað styð ég það.

[22:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessu síðasta sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði þá kom hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson í stól í dag og upplýsti að þessir tveir minni hlutar hefðu staðið saman að samningu álitsins þannig að þetta kemur beint frá öðrum þeirra aðila sem skrifa undir. (**ÖS:** Ég bara lendi svona inn í ...) Já, en bara svo að hv. þm. viti það, en ég heyri að hann er búinn að setja sig vel inn í málið og hélt alveg ljómandi góða ræðu en spyr spurninga, m.a. um votlendið sem hæstv. umhvrh. hefur svarað ágætlega. Þingmaðurinn spyr um hólma og hvort það sé raunveruleg mótvægisaðgerð og svo um þessa hugmynd um stálþil í kringum hraukana sem ég hef hvergi heyrt nema frá honum.

En það kemur fram í svari Landsvirkjunar við hugmyndum 1. minni hluta um mótvægisaðgerðir, það kemur skriflegt svar og það fylgir með áliti okkar, það fylgir líka með skýrslu iðnn. þannig að það svar er skriflegt, það er ekkert leyndarmál og er ekki eins og það sé að koma í gegnum síma eða með þeim hætti að einhver einn megi túlka það á sinn hátt. En það sem stendur hér, með leyfi forseta, er t.d. að Landgræðslan efli og styrki gróður í Suðurdal þar sem gróðureyðing er fyrir hendi og hugsanlega styrkja Héraðsskógaverkefnið, þetta er uppgræðsluverkefni, með leyfi forseta. Loks hefur verið ræddur sá möguleiki að finna heppilegt uppþurrkað land á Austurlandi og endurgera þar votlendi.

Fleira kemur hér fram:

„Meðal þess sem rætt hefur verið um að gera á Eyjabakkasvæðinu er að mynda eyju eða eyjar úr uppgreftri úr aðrennslisskurði að göngum á stíflustæði þar nærri, en þó er ólíklegt að þær gagnist fuglalífi svæðisins svo nærri umferð ferðamanna.“

[22:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að Landsvirkjun vill leggja eitthvað af mörkum. Það var erfitt að ráða það úr skýrslu fyrirtækisins.

Ég held að það sem hv. þm. var hér að lesa upp og hefur áður reifað í þessum ræðustól hafi komið frá fyrirtækinu vegna þrýstings frá hv. þingmönnum stjórnarliðsins sem blöskraði það, fleirum en hv. þm. Kristjáni Pálssyni, að í skýrslunni var að finna ákaflega ófullburða umfjöllun um mótvægisaðgerðir. Út af fyrir sig getur maður verið þakklátur fyrir það en ég ítreka það sem ég sagði um hæstv. ráðherra að það er með ólíkindum að það skuli þurfa að toga þetta með töngum út úr stofnuninni fyrir utan að ég tel þetta fjarri því að vera fullnægjandi. Svona átti að vera reifað í skýrslunni sjálfri. Það var ekki gert eins og ég reifaði áðan vegna þess að mér sýnist að á bls. 120 komi fram í skýrslunni að þar sé Landsvirkjun að reyna að skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem hæstv. ráðherra taldi þó að hún hefði, a.m.k. siðferðilega vegna fordæma í málinu. En þar er það einfaldlega sagt af hálfu höfunda skýrslunnar að ekki sé ljóst hvort Landsvirkjun þurfi að sæta tilteknum ákvæðum landgræðslulaganna um mótvægisaðgerðir ef gróður eða votlendi tapast. Það tel ég vera fordæmanlegt af hálfu Landsvirkjunar en gleðst yfir því ef það verður niðurstaðan, sem ég dreg ekkert í efa eftir að stjórnarliðið er farið í málið.

Aðalatriði málsins er þetta: Þessar upplýsingar koma ekki fram í skýrslunni. Hún er að verulegu leyti ónýt hvað varðar mótvægisaðgerðir, hún er ónýt hvað varðar náttúrufarsþátt-

inn og einungis stjórnarliðið er að berja stofnunina til að sýna einhvern lit en fjarri því nógan í þessu máli.

[22:14]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé hægt að segja um Landsvirkjun að þar hafi verið unnið mikið gróðurstarf á þeim virkjunarsvæðum þar sem þeir hafa verið, í kringum Blöndu og miklu víðar. Þeir hafa gert þetta mjög faglega og ég veit ekki annað en að landeigendur og aðrir sem koma að þessu séu mjög ánægðir með samstarfið við Landsvirkjun hvað þetta varðar. Ég veit ekki annað en að fræðimenn séu það einnig og ég held við höfum ekki neinu að kvíða varðandi þessa virkjun frekar en hinar.

Varðandi eitt atriði, herra forseti, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á í sinni ágætu ræðu var bréf sem hann hafði fengið frá Ágústi H. Bjarnasyni grasafræðingi þar sem hann heldur því fram að þessi virðulegi fræðimaður hafi ekki farið á Eyjabakkasvæðið. Hann segir í grein í Morgunblaðinu 9. desember — bréfið sem hv. þm. Össur fékk er síðan 4. desember — en hann segir hér í þessu Morgunblaðsviðtali, með leyfi forseta:

„Hvað varðar gagnrýni um að hann hafi ekki farið um allt svæðið segir Ágúst: „Því miður komst ég ekki út í Eyjar vegna vatnavaxta en fór inn allt Snæfellsnes og inn undir Háöldu.““

Með öðrum orðum þýðir þetta að farið hefur verið frá neðsta hluta væntanlegs lóns og alveg upp að jökli, sem sagt meðfram austurhlíðum Snæfells. Það er náttúrlega sannanlega vestari hlutinn við Jökulsá í Fljótsdal og að sjálfsögðu nákvæmlega sami gróðurinn meðfram fljótinu beggja megin. Og þessi vísindamaður var fyrst og fremst að kanna hvort, samkvæmt rannsóknum Hjörleifs Guttormssonar og fleiri, væri ástæða til að ætla að þetta svæði hefði breyst á þeim 20 árum sem liðin voru frá því að þeir höfðu farið þarna um.

[22:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar gæsku Landsvirkjunar við gróður þessa lands og landsmenn þá held ég nú að hv. þm. Kristján Pálsson ætti að kynna sér t.d. viðhorf bænda í Þingvallasveit til þessa fyrirtækis. Ég er ekki viss um að hann kæmist að sömu niðurstöðu eftir þá rannsóknarför.

Varðandi deilur okkar um það hvert Ágúst H. Bjarnason fór eða fór ekki þá kann auðvitað að vera að viðkomandi vísindamaður hafi skipt um skoðun frá 4. des. til 9. des. á því hvað nákvæmlega teljist vera Eyjabakkar. Ég skal ekkert um það segja. Mér virðist á því sem hv. þm. les hér upp að Ágúst H. Bjarnason segist hafa farið um svæði sem ég í svona fljótu bragði segði 15–20% af Eyjabökkum.

Það skiptir hins vegar engu máli. Ekkert úr þessu ferðalagi grasafræðingsins birtist í greinargerð hans. Þar er ekki orð um þessa gönguferð hans. Að öðru leyti vil ég minna á að ég hef undir höndum bréf frá þessum vísindamanni þar sem hann tjáir mér þetta sjálfur. Ég get vel fallist á að hann hafi farið um þetta svæði sem hv. þm. nefnir hér. Það bara skiptir engu máli, það eru engar niðurstöður úr því ferðalagi í skýrslu hans.

[22:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér þætti vænt um að hæstv. iðnrh. yrði gert viðvart. Ég tel eðlilegt að hann sé hér viðstaddur. Ég er ekki aðili að því samkomulagi sem hv. síðasti ræðumaður og hæstv. ráðherra kunna að hafa gert um fjarveru hins síðarnefnda en mér er ekkert að vanbúnaði að hefja mál mitt í trausti þess að hæstv. ráðherra komi innan skamms.

Ég tel, herra forseti, eðlilegt að rifja það upp, af því að við erum nú komin hér dálítið djúpt inn í mikla umræðu, að í raun er hér um óvenjulegan og afar sérkennilegan málatilbúnað að ræða. Hér liggur fyrir tillaga frá hæstv. ríkisstjórn til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Þessi tillaga er ábyggilega nánast einstök í þingsögunni. Hún er einhvers konar beiðni til Alþingis um stuðningsyfirlýsingu við mál sem er á ferðum úti í bæ.

Þetta stafar að sjálfsögðu af þeirri klemmu sem málið var í. Annars vegar halda Landsvirkjun og ríkisstjórn því fram að þeir hafi allar tilskildar heimildir til að hefjast handa við framkvæmdina. Hins vegar treysta stjórnvöld eða fyrirtækið sér ekki til að halda málinu áfram öðruvísi en að fá þessa sérstöku samþykkt, stuðningsyfirlýsingu samþykkta á Alþingi. Með öðrum orðum er ekki verið að afla sérstakrar heimildar fyrir samningagerð, lagaforsendna í málinu eða annars af því tagi. Nei, menn segjast hafa það allt saman en eftir sem áður kemur málið hér fyrir þingið í formi þessa sérkennilega fyrirbæris þar sem kallað er eftir einhvers konar stuðningsyfirlýsingu þingsins við að framkvæmdin haldi áfram. Þetta er óvenjulegt, herra forseti, og vekur auðvitað strax ýmsar spurningar, t.d. um tilganginn með þessum málflutningi.

Ég tek það skýrt fram að ég held að það hafi verið til bóta að Alþingi fékk málið til umfjöllunar, reyndar til viðbótar öðrum sem lágu fyrir. Af því hefur kviknað talsverð umræða og komið fram ýmsar skoðanir á málinu.

Mér sýnist, herra forseti, að tvennt hafi aðallega gengið hæstv. ríkisstjórn til. Þetta er greinilega einhvers konar örþrifaráð Framsfl. sem virðist hafa átt að þjóna tvíþættum tilgangi. Sagan segir að þetta sé rakið til sérstaks neyðarfundar ráðherra Framsfl. á Austurlandi síðsumars þegar þeim þótti örvænt um stöðu sína í málinu. Fyrri ástæðan, herra forseti, er greinilega sú, sem kannski er því miður að einhverju leyti að heppnast hér hjá stjórnarflokkunum, þá sérstaklega Framsfl., að komast hjá því að grundvallarspurningin um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar komi til afgreiðslu á Alþingi.

Þessi skrýtni málatilbúnaður er öðrum þræði klæðskerasaumaður til að komast hjá því að Alþingi standi frammi fyrir þeirri grundvallarspurningu skýrt og afdráttarlaust. Hefði þetta mál ekki komið frá ríkisstjórn hefði að sjálfsögðu orðið enn erfiðara fyrir meiri hlutann hér að koma í veg fyrir að efnisleg afgreiðsla fengist á endurfluttu þingmáli um að Alþingi tæki af skarið í því efni.

Seinni megintilgangur þessa skrýtna málatilbúnaðar, herra forseti, er augljóslega að binda samstarfsflokkinn, þ.e. samstarfsflokk Framsfl., og gera samsekan í málinu. Á því leikur enginn vafi að hæstv. iðnrh. og framsóknarforustan taldi sig í sálarháska stödd á haustdögum, með allar byrðarnar af óvinsældum þessa máls á herðunum og þá hraklegu stöðu í sambúð umhvrn. og iðnrn. í þessu máli en samstarfsflokkinn fríspilandi. Þetta er hin meginástæðan fyrir þessum skrýtna málatilbúnaði.

Ég held að þessar tilraunir Framsfl. séu báðar á góðri leið með að mistakast. Umfjöllunin hér hefur dregið fram svo mikla veikleika í undirbúningi málsins að sennilega standa stjórnarflokkarnir verr að vígi í áróðri sínum nú en þeir gerðu þó í haust. Umfjöllunin hefur einfaldlega sýnt fram á hversu

órafjarri er að hér sé um sómasamlegan grundvöll slíkrar ákvarðanatöku að ræða.

Í öðru lagi hefur meiri hlutinn hér á Alþingi veikt stöðu sína stórkostlega frammi fyrir alþjóð með því að beita þannig vinnubrögðum í þingnefndum og í kringum þetta mál að ámæli sætir í þjóðfélaginu. Í þriðja lagi, herra forseti, held ég að þessari málsmeðferð sé á allan hátt svo ábótavant að öll þjóðin skynji að um málamyndaafgreiðslu sé að ræða. Allir sjá að þessi skrýtna stuðningsyfirlýsing við þetta mál er knúin í gegn af handjárnuðum og samanbörðum meiri hluta stjórnarflokkanna. Menn eru sérstaklega teknir á beinið t.d. af þingflokksformanni Framsfl., hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, ef það vottar fyrir því að menn ætli að hafa sjálfstæða skoðun á málinu og vísað til flokksaga úr þingflokki Framsfl.

Þetta sjá menn í gegnum og skynja að hér er ekki á ferðinni hlutlæg og efnisleg afgreiðsla Alþingis á þessu máli. Það er því miður ekki svo, herra forseti. Þetta er fyrirframákvörðun um að berja í gegnum þingið og fá stimpil þingsins á málamyndatilbúnaði, stuðningsyfirlýsingu við það sem ríkisstjórn, fyrirtækið Landsvirkjun og væntanlegir framkvæmdaraðilar álvers hafa komið sér saman um að búa til.

Herra forseti. Vinnubrögðin hér í þinginu hafa afhjúpað áframhaldandi veikleika í meðferð málsins. Þar er ekki aðeins um að ræða tilraunir til að hindra að hér komi til efnislegrar atkvæðagreiðslu grundvallarspurning um lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Eins hafa vaknað spurningar vegna ákvörðunar meiri hlutans og forustunnar hér í þinginu um að hafna óskum um að almenningur komist að þessu máli, t.d. á opnum fundum með þingnefndum, þvert ofan í yfirlýsingar, sjálfbirgingslegar yfirlýsingar um að allri þjóðinni sé hleypt að málinu í gegnum Alþingi. Er það í samræmi við yfirlýsingar sem koma bæði frá hæstv. iðnrh. og frá hv. formanni iðnn. um að þetta ferli væri meira og minna sambærilegt við lögformlegt mat á umhverfisáhrifum af því að þingið taki málið í sínar hendur og almenningur komist að málinu í gegnum þingið? Eitt af því fyrsta sem meiri hlutinn beitti valdi til að gera var að hafna óskum um að nefndirnar byðu sameiginlega þeim sem sérstaklega vildu koma á fund nefndarinnar á opinn borgarafund eða annan slíkan vettvang.

Munnlegum og bréflegum óskum um að kalla fyrir nefndirnar einn aðalmálsaðilann, þ.e. fyrirtækið Norsk Hydro, hefur verið hafnað. Það er kannski ein alvarlegasta valdbeitingin í meðferð þessa máls þegar betur er að gáð. Það er nánast óskráð hefð í þingstörfum, í samræmi við anda þingskapalaganna og í samræmi við allar hefðir, að senda mál út til umsagnar eða kalla til gesti samkvæmt óskum nefndarmanna, ekki síst þá sem hlut eiga að málinu. Ég held að það sé leitun að verra dæmi um valdbeitingu af þessu tagi, um að komið hafi verið í veg fyrir að jafnafgerandi aðili að máli, eins og fyrirtækið Norsk Hydro sannarlega er í þessu efni, væri kallaður til. Það er þrátt fyrir þau marggefnu tilefni til þess í meðferð málsins. Því var engu að síður hafnað, fyrst í umhvn. og borið við tímaskorti og síðan í iðnn. Ég þekki fá dæmi þess, herra forseti, að meiri hluti í þingnefnd eða í þinginu hér hafi beitt valdi sínu með jafnólýðræðislegum og ópingræðislegum hætti.

Auk þess má nefna að hv. form. iðnn., sem væri nú ákaflega æskilegt að lyki framgöngu sinni í þessu máli með því að vera hér við umræðuna, blés til fjölmiðlafunda og baðaði sig í sviðsljósinu og tilkynnti að í krafti nýrrar tækni hefði nú verið opnuð heimasíða fyrir iðnn. Þar átti öllum þegnum, þeim sem kæmust á netið, að gefast kostur á að komast í milliliðalaust samband við nefndina.

Samt hafa menn enn einu sinni beitt meiri hluta sínum og valdi til að ómerkja þessi fögru fyrirheit með því að fallast ekki á að þetta fylgdu með sem eðlilegar umsagnir. eða verða við óskum um fundi sem bárust nefndum með rafpósti. Það var sem sagt ekki tekið gilt, þegar á hólminn var komið, þvert ofan í hin fögru fyrirheit og hástemmdu lýsingar formanns iðnn. á því að þarna væri brotið í blað í sögu þingsins, það væri að opnast og efla tengsl sín við þjóðina, m.a. með því að opna heimasíðuna.

Herra forseti. Þessi dæmi, og reyndar mætti nefna fleiri, sýna að það skortir svo mikið upp á að hér hafi meiri hlutinn í þinginu unnið eðlilega að framgangi málsins að málsmeðferðin er þegar af þeim sökum ómarktæk. Hún er ekki marktæk. Þetta eru ekki þingræðislega samboðin vinnubrögð og það eykur enn á þá slagsíðu sem er á þessum málatilbúnaði öllum, dregur betur fram í dagsljósið en áður var að tilgangurinn er ekki sá að fá hér hlutlæga og vandaða umfjöllun um málið. Hann er allur annar. Hann er þessi stimpiltilgangur og samsektargjörð stjórnarflokkanna þannig að þeir séu báðir með þetta á herðunum.

Engu að síður er það nú svo að pólitískir skýrendur eins og leiðarahöfundar Morgunblaðsins telja að þetta muni nú ekki duga því Sjálfstfl. muni sleppa frá málinu meira og minna hvítþveginn og syndin verða öll á herðum Framsfl.

Herra forseti. Það er reyndar athyglisvert hversu oft á undanförnum vikum leiðarahöfundar Morgunblaðsins og höfundar Reykjavíkurbréfa hafa séð sig knúna til þess að setja opinberlega ofan í við ríkisstjórnina fyrir það hvernig hún heldur á þessu máli. Í tvígang hafa leiðarahöfundar Morgunblaðsins lýst yfir stuðningi við þá sjálfsögðu ósk að þeirra mati, fyrst hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og síðan einnig hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, fulltrúa okkar í iðnn., að fyrirtækið Norsk Hydro væri kvatt fyrir þingnefndirnar. Í tvígang hefur það í leiðurum Morgunblaðsins verið talin eðlileg og réttmæt og sjálfsögð ósk. Og jafnoft eða oftar hefur sérstaklega verið sett ofan í við ríkisstjórnina fyrir vinnubrögðin í þessu máli auk þess sem rök hafa verið færð fram fyrir því í ítarlegu máli að þessi framkvæmd eigi að fara í hið lögformlega umhverfismat.

Herra forseti. Í þriðja lagi vil ég víkja að einum þætti þessa máls sem ég sé mig knúinn til að gera hérna lítillega að umtalsefni þó aðrir hafi reyndar þegar gert það og málið hafi fengið nokkra umfjöllun hér bæði í dag og á laugardaginn var og það er það sem ekki er hægt að kalla annað en sérstaka og ógeðfellda aðför, fyrst hæstv. utanrrh., formanns Framsfl., og síðan þó einkum og sérstaklega formanns iðnn., Hjálmars Árnasonar, að embætti skipulagsstjóra og skipulagsstjóra sjálfum. Tónninn var gefinn af hæstv. utanrrh. í umræðum hér um þetta mál fyrir nokkrum vikum síðan og það vakti auðvitað mikla athygli að hæstv. utanrrh. skyldi velja sér að gera skipulagsstjóra þá, á þeim tímapunkti málsins, sérstaklega að umtalsefni á þann hátt sem hann gerði. En þannig var að hæstv. utanrrh. lét í raun og veru að því liggja að þingmenn væru hæfari til þess að meta umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar en embætti skipulagsstjóra eða skipulagsstjóri ríkisins sem þó hefur lögum samkvæmt verið falið það hlutverk af þinginu. Það var í raun mjög sérkennilegt útspil af hálfu hæstv. utanrrh. sem mun nú reyndar hafa valdið því að skipulagsstjóri skrifaði nefndum ráðherra bréf og leitaði

eftir skýringum á því hvert væri verið að fara með þessum ummælum.

En síðan kom hv. þm. Hjálmar Árnason eins og frægt er orðið og lét að því liggja hér á laugardaginn, og ekki bara lét að því liggja heldur fullyrti í raun og veru að skipulagsstjóri hefði á fundi iðnn. leynt nefndina upplýsingum og það var engin leið að ráða í orðalag hv. þm. óðruvísi en þannig að um vísvitandi gjörning hefði verið að ræða. Ef það var ekki hugsun hv. þm. Hjálmars Árnasonar, formanns iðnn., þá var engin ástæða til að orða hlutina eins og hann gerði.

Það er auðvitað geysilega alvarleg ásökun að ásaka opinberan embættismann um að leyna þingnefnd upplýsingum, en upplýsingagjöf fyrir þingnefndir er jú ein af ríkum skyldum hins opinbera kerfis og Alþingi hefur sérstakan og lögvarinn rétt eins og kunnugt er til þess að krefja um upplýsingar. Og það þarf mjög sterk rök til þess að verða ekki við slíku og þá og því aðeins að hægt sé að bera við öðrum lögvörðum og ríkari rétti eða stjórnarskrárvörðum rétti manna til friðhelgi einkalífs og einkaupplýsinga eða annarra slíkra hluta. Hér er að sjálfsögðu ekkert slíkt á ferðinni þannig að augljóst mál er að upplýsingaskyldan við nefndirnar er rík.

Ég tók hins vegar eftir því að hv. þm. Hjálmar Árnason var í umræðum í dag að reyna að forða sér yfir í það að það væru ágallar á skýrslu skipulagsstjóra þar sem farið er fram á frekara mat, en niðurstaða hennar er frekara mat á áhrifum 480 þús. tonna álsvers í Reyðarfirði. Það er allt annar hlutur. Skýrslan er opinbert plagg sem að sjálfsögðu er hægt að taka og grandskoða og gagnrýna og menn þurfa ekkert endilega að vera sáttir við það eftir atvikum hvernig hún er fram sett af hálfu embættisins. En þá er líka hægt að ræðast við um það. En að standa í þessum ræðustóli og bera opinberum embættismanni það á brýn að hann hafi leynt þingnefnd upplýsingum á fundi í þingnefnd og velja sér þennan vettvang þar sem viðkomandi embættismaður hefur að sjálfsögðu ekki tök á að verja sig og talað er í krafti þinghelgi, er afar dapurlegur gjörningur þegar menn geta svo ekki staðið við hann. Mér finnst hv. þm. Hjálmar Árnason stórkostlega maður að minni að fara nú á þennan flótta yfir í skýrsluna og hverfa í raun þannig frá ummælum sínum hér á laugardaginn var — ég bíð nú útskriftar ræðu hans frá ræðuritun Alþingis — án þess að vera þá maður til þess að draga þau ummæli til baka og beina gagnrýni sinni að öðrum þáttum og reyna þá að rökstyðja þá hluti.

Nú sat ég að sjálfsögðu ekki fundi þessarar nefndar og hef ekki tök á því að blanda mér í það sem slíkur sem þarna fór fram. En eins og þetta birtist mér og ég hef hér farið yfir þetta þá er hlutur hv. þm. Hjálmars Árnasonar afar dapurlegur. Þetta tvennt minnir auðvitað óhugnanlega á aðrar sambærilegar tilraunir sem bera keim af því að það eigi að tyfta menn og refsa mönnum fyrir að hafa skoðanir eða framkvæma embættisgjörninga sem koma sér illa fyrir hæstv. ríkisstjórn.

Það var t.d. afar athyglisvert, herra forseti, þegar hæstv. iðnrh. svaraði þáverandi einnig opinberum embættismanni, Tryggva Felixsyni nokkrum sem þá vann, að ég hygg hjá fjmrn. Ekki sjaldnar en í þrígang sá hæstv. iðnrh. ástæðu til að minna embættismanninn á það hver væri vinnuveitandi hans með því að tala um embættismann í þjónustu ríkisstjórnarinnar, opinberan embættismann o.s.frv. Nú var hér um að ræða svar við blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu undir nafni þessa manns og hann var að skrifa sem einstaklingur og ekki talandi fyrir hönd ráðuneytisins eða slíks.

Er það þá virkilega orðið þannig, herra forseti, á Íslandi að mönnum sé ekki einu sinni frjálst að hafa sínar persónulegu skoðanir? Ef þær koma sér illa fyrir viðkomandi ráðherra eða ríkisstjórn þá eru þeir teknir á beinið og barðir eins og hæstv. iðnrh. gerði þarna með því augljóslega að minna manninn aftur og aftur á það hvar hann væri í vinnu. Það er von að spurt sé, herra forseti, þegar dæmin hrannast upp af þessu tagi og framkoman við menn er með þessum hætti.

Staðreyndin er sú að þetta mál í okkar litla fámennissamfélagi ber mikinn keim af því að allir helstu aðilar sem eðlilegt væri að leita mætti til um hlutlæga og hlutlausa afstöðu, svo dæmi sé tekið varðandi t.d. hinar þjóðhagslegu forsendur málsins, eru meira og minna flæktir í það. Einstaklingar eiginlega á öllum vígstöðvum sem það mál varða eru þvers og kruss, fyrrverandi eða núverandi starfsmenn í iðnrn. eða nátengdir og krossaðir í þessu máli, enda er það fyrst og fremst svo að sjálfstætt starfandi aðilar utan úr bæ virðast einir vera í stöðu til eða hafa áhuga á eða möguleika til að halda uppi sjálfstæðri gagnrýni.

Herra forseti. Ég tel að allar forsendur ákvarðanatöku í þessu máli séu undirorpnar svo mikilli óvissu og málatilbúnaðurinn allur svo veikur að það sé algjörlega ósamboðið stærð og mikilvægi málsins. Við erum að ræða hérna um stærstu fyrirhugaða, ef af yrði til fullrar stærðar, fjárfestingu Íslandssögunnar. Það hefur aldrei áður verið á borðinu í einum pakka önnur eins gríðarleg fjárfesting og þetta álver í fullri stærð upp á 480 þús. tonn og tilheyrandi virkjanir yrðu. Það yrði meira en heils árs fjárlög íslenska ríkisins, nokkuð á þriðja hundrað milljarða kr. ef að líkum lætur, þ.e. álverið í fullri stærð og allar tilheyrandi virkjanir.

Er það þá boðlegt að leggja upp, leggja af stað, í slíkan mögulegan leiðangur á jafnveikum forsendum, umdeildum og með jafnmiklar efasemdir uppi um fjölmarga veigamikla þætti málsins og raun ber vitni? Hvað sem aðstandendur málsins hér reyna að segja þá þýðir ekki að neita því að uppi er þessi lagalega óvissa, uppi eru miklar efasemdir um arðsemi í málinu, stórkostlega er ábótavant undirbúningsrannsóknum og upplýsingasöfnun og margir fleiri endar eru lausir sem varða efnislega þætti, stjórnsýslulega, lögformlega eða lagalega o.s.frv.

Ég ætla hér að staldra við eina fjóra þætti sem flokka má undir réttaróvissu eða lögformleg atriði, herra forseti. Það fyrsta er auðvitað hið margfræga ákv. til brb. II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum og spurningin um það hvort þessi virkjun falli í raun undir það ákvæði með öllu því sem skoða verður í því sambandi. Frábið ég mér þá lögskýringar af því tagi að þar sem einhverjar aðrar fyrr framkvæmdar virkjanir hafi farið fram, þá sé málið sannað úr því að ekkert var látið á það reyna eða þau mál komu ekki upp til sérstakrar skoðunar. Það er að sjálfsögðu ekki frambærileg röksemdafærsla heldur verður að rökstyðja málið á efnislegum forsendum ef það á að halda.

Ég held að það hljóti að vera stórkostlegt vafamál ef það mál gengi til enda, sem það kannski gerir fyrir dómstólum, innlendum eða erlendum, að þetta í raun fái staðist á grundvelli þessa löngu útgefna virkjunarleyfis í ljósi þess að önnur tilskilin leyfi og ýmsar aðrar lögformlegar forsendur málsins voru ekki fyrir hendi. Þar má nefna að sjálfsögðu framkvæmdaleyfi. Þar má nefna nauðsynlegar skipulagslegar forsendur og fleira.

Herra forseti. Skipulagsmálin koma hér við sögu. Og það verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst með ólíkindum

ef umfjöllun um þetta mál á að ljúka á Alþingi á jafnóskýrum forsendum og þau mál virðast nú standa á. Mér þykir vænt um að hæstv. félmrh. er viðstaddur umræðuna sem ráðherra málefna sveitarfélaganna því að sjálfsögðu hlýtur það að geta komið til kasta hæstv. félmrh. að gæta þess að yfir þau sé ekki vaðið í þessum efnum. Þó svo að viðkomandi löggjöf sem þarna á í hlut sé sett af umhvrh., þ.e. skipulags- og byggingarlög, þá er það þó þannig að hæstv. félmrh. er almennt sá ráðherra sem fyrir hönd sveitarfélaganna fer með þeirra mál og, við skulum segja, gætir þeirra hagsmuna að breyttu breytanda.

Herra forseti. Nú er það óumdeilt að hvorki aðalskipulag né deiliskipulag er fyrir hendi í Fljótsdalshreppi til að heimila þessar framkvæmdir. Það er óumdeilt. Og það var að því er virðist óumdeilt á árunum í kringum 1991–1993 að þessa forsendu skorti. Til marks um það eru bréfaskipti Fljótsdalshrepps og Landsvirkjunar endurtekin á þeim árum. Þetta hefur komið fram, herra forseti, hér í umræðunum að hluta til og er að hluta til rakið í greinargerð en þó ekki að öllu leyti að því er ég hef bestar heimildir um.

Það kemur fram að strax í nóvember 1990 ritaði Landsvirkjun bréf og fór þess á leit í samráði við Skipulag ríkisins að hreppsnefndin leyfði byggingu Fljótsdalsvirkjunar í samræmi við skipulagslög. Sveitarstjórn svaraði með bréfi dagsettu 20. nóvember og lýsti þá því að frestað hefði verið að taka afstöðu til málsins. Vísað var til þess að útvega þyrfti gögn og upplýsingar um rétt og stöðu hreppsnefndar í þessum málum. Aftur ritaði Landsvirkjun 23. nóvember sama ár og óskaði eftir að fá að ráðast í gerð aðkomuganga. Hreppurinn heimilaði gerð aðkomuganga með bréfi dagsettu 30. nóvember 1990.

Er þá ekki þarna, herra forseti, þegar komin ákveðin sönnun þess að í einstaka framkvæmdaþætti eða framkvæmdina sem slíka verður ekki ráðist öðruvísi en með samþykki sveitarstjórnar? Ætla skyldi maður það og að Landsvirkjun hafi í reynd með þessu viðurkennt stöðu sveitarfélagsins og rétt þess.

Áfram heldur málið og áfram halda þessar bréfaskriftir, fyrst frá skipulagsstjóra til hreppsins þar sem tilkynnt er um að skipulagsstjórn hafi samþykkt að mæla með leyfisveitingunni, þ.e. fyrir aðkomugöngunum. Og í maí, nánar tiltekið 13. maí 1992 óskar Landsvirkjun enn á ný eftir leyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun og á grundvelli sömu málsgreinar og lagagreinar skipulagslaga.

Með bréfi dagsettu 24. júní 1992 svaraði hreppsnefndin bréfi Landsvirkjunar á þá leið að ekki hafi verið tekin endanleg afstaða til málsins og telji sveitarstjórn æskilegt að aðilar fundi um þessi mál og önnur sem sveitarstjórn hefði áhuga á að ræða. Svo eru í greinargerð með tillögu iðnrh., sem margoft hefur verið vitnað til, þessi fleygu orð, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu liggur ekki fyrir formlegt samþykki Fljótsdalshrepps fyrir frekari framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun en áðurgreindum aðkomugöngum."

Herra forseti. Ég hef ástæðu til að ætla að hér sé ekki öll sagan rakin. Ég hef grun um að svo seint sem á árinu 1993 hafi lögfræðingur fyrir hönd Fljótsdalshrepps skrifað Landsvirkjun og lýst fyrir hönd sveitarstjórnar eða yfirvalda sveitarfélagsins þau tilbúin til viðræðna við Landsvirkjun um málið. En þar virðist hinum formlegu eða bréfuðu samskiptum Landsvirkjunar og Fljótsdalshrepps ljúka, þ.e. með þessu bréfi frá lögfræðingi sveitarfélagsins svo seint sem á árinu 1993.

Síðan hefur sveitarstjórnin ekki formlega fengið erindi frá Landsvirkjun það ég best veit en óformlegir fundir hafa átt sér stað með lögfræðingum og yfirmönnum Landsvirkjunar annars vegar og forsvarsmönnum sveitarfélagsins og að ég hygg lögfræðingi þeirra hins vegar.

Hins vegar eru nú liðnar allmargar vikur án þess að sveitarstjórn hafi nokkuð frá fyrirtækinu heyrt. Og vegna þeirrar sérkennilegu lagatúlkunar sem uppi hefur verið hér að því er virðist á köflum, að ekki þurfi frekari leyfi til þá hlýt ég nú að spyrja hæstv. umhvrh., og auðvitað væri æskilegt að hæstv. iðnrh. úttalaði sig einnig í þessum efnum, en hann ber ábyrgð á þessari greinargerð hér m.a.: (**Iðnrh.:** Búinn að því.) Líta menn svo á að ekki þurfi skipulagslega samþykki sveitarstjórnar fyrir frekari framkvæmdum? (Gripið fram í.) Og er þá ekki ljóst, herra forseti, að ófullnægt er þeirri forsendu málsins að í aðalskipulagi og deiliskipulagi Fljótsdalshrepps verði þessar heimildir teknar inn og þær samþykktar, eða a.m.k. að sveitarstjórnin á grundvelli annarra úrræða þá gefi formlegt samþykki sitt?

Ef svarið við þessu er játandi — ef hæstv. ráðherrar gætu borið saman bækur sínar á eftir. Ég skal gera hlé á ræðu minni ef hæstv. iðnrh. vill hvísla einhverju að hæstv. umhvrh. um málið. (**Iðnrh.:** Það er allt annað ...) Nú, það er gott. Ég var sem sagt að spyrja hæstv. ráðherra og vil þá spyrja í fyrsta lagi: Hvað veldur því að málið er jafnlangt *framgengið og raun ber vitni án þess að farið hafi fram á* nýjan leik formleg samskipti við Fljótsdalshrepp um leyfisveitingar í þessu máli? Hvað veldur þeirri undarlegu töf í ljósi þess hvernig Landsvirkjun hamraði á því á sínum tíma að fá slíkar heimildir?

Hvað hyggjast stjórnvöld gera í þessu máli? Er hæstv. umhvrh. ekki þeirrar skoðunar að óumflýjanlegt sé að með þetta mál fari að núgildandi skipulagslögum? Er nokkur minnsti vafi á því að þessar framkvæmdir hljóta hvað varðar að falla undir núgildandi skipulagslög?

Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá þetta skýrt fram og í raun held ég að málið sé alvarlegra en þetta. Ég held, herra forseti, að færa megi fyrir því mjög sterk rök að virkjanaleyfi Landsvirkjunar frá árinu 1991 hafi í reynd aldrei orðið virkt vegna þess að þessum lögformlegu skilyrðum sem til viðbótar þurftu að sjálfsögðu að koma, var aldrei fullnægt. Það voru aldrei gefin út framkvæmdaleyfi og aldrei var fullnægt þeim skipulagsforsendum sem leyfið hlaut að þurfa að byggja á áður en hafist gætu framkvæmdir, að öðru leyti en það sem snýr að aðkomugöngunum. Og þá hlýtur það að bætast við röksemdir sem benda í þá átt að það að ætla nú á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum frá sínum tíma að undanskilja þessa framkvæmd í dag lögformlegu mati á umhvefisáhrifum, veikist enn að miklum mun hafi lögformlegum forsendum virkjanaleyfisins verið svo stórlega áfátt sem raun ber vitni og þá má færa fyrir því rök, að mínu mati, að virkjanaleyfið hafi í reynd aldrei verði virkt.

Herra forseti. Ég vil spyrja í þriðja lagi hvað varðar þessi atriði um skipulagsmál í sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Er það ekki svo að í núgildandi skipulagi fyrir Reyðarfjarðarhrepp, sem áður var en er nú hluti af Fjarðabyggð, sé ekki gert ráð fyrir stóriðju á því svæði sem áformuð staðsetning álversins er? Þýðir það ekki að sömuleiðis þar er eftir skipulagsvinna sem á eftir að fara fram og hlýtur að þurfa að koma til og

vera forsenda áður en aðrar ákvarðanir og leyfisveitingar fyrir álverinu geta átt sér stað? Ég þykist vita að í skipulagi fyrir þetta svæði í Fjarðabyggð sé ekki gert ráð fyrir stóriðju eða stóriðnaði, en í því sveitarfélagi hugsanlega talað um minni og meðalstóran iðnað eða venjulegan iðnað.

Fjórða og síðasta atriðið, herra forseti, varðar einn þátt hins þjóðréttarlega samhengis þessa máls, ef svo má að orði komast, þ.e. skuldbindingar okkar út á við sem eru auðvitað margar. Hér hafa fyrri ræðumenn nefnt nokkrar þeirra svo sem Ríó-samninginn þar sem við höfum skuldbundið okkur til að taka upp svonefnda varúðarreglu í samskiptum við náttúruna og fleira í þeim dúr.

En ég ætla aðeins að gera hér að umtalsefni, herra forseti, þá staðreynd að íslensk stjórnvöld hafa ekki tekið upp í íslenskan rétt þá tilskipun Evrópusambandsins sem varðar mat á umhverfisáhrifum og við höfum samningsbundið okkur til að gera, þ.e. tilskipun Evrópusambandsins, 85/337/EBE, frá 27. júní 1985 sem EES-samningurinn leggur okkur á herðar, og tilskipun 97/11/EC, frá 3. mars 1997. Síðan þarf þarna að líta til dómafordæma Evrópudómstólsins sem bætast við þegar rétturinn er túlkaður.

Herra forseti. Ekki er um það deilt, hygg ég, að þessa tilskipun höfðum við skuldbundið okkur til að taka upp í réttinn hér í marsmánuði sl. og það er ljóst. (**Gripið fram í:** Ágúst.) Ágústmánuði. Jæja, það gildir nú einu. En sá tími er a.m.k. liðinn sem við áttum að hafa til að koma þessu í verk. Við slíkar gjörðir, herra forseti, stofnast ákveðinn réttur þegnanna á svæðinu og sem þeim á að vera tryggður. Ef sá réttur er ekki stofnaður þá geta ríkin, eins og dæmin sanna, orðið skaðabótaskyld.

Herra forseti. Nú væri gott ef hæstv. utanrrh. væri einhvers staðar í nágrenninu því eitthvað heyra þessi mál nú undir hæstv. utanrrh. Á ég þá ekki við stóriðjumálin heldur EES-samskiptin. Nú stendur svo á að nýfallinn er hæstaréttardómur sem hlýtur að geta komið mjög til skoðunar í þessu samhengi, a.m.k. sem lögjöfnunar- eða lögskýringargagn. Ég held að sá dómur eigi eftir að vekja meiri athygli en hingað til hefur orðið og þó síðar verði. Ég fór í að lesa þennan dóm og reyna að átta mig á því hvort hann gæti haft eitthvert gildi gagnvart þeim þætti þessa máls að Íslendingar hafa vanefnt að taka upp þá tilskipun í umhverfismálum sem ég vitnaði til hér áðan.

Herra forseti. Þannig var að málið höfðaði aðili sem vann hjá hlutafélagi sem varð gjaldþrota vegna þess að launakröfu sem forgangskröfu í búið var synjað af ábyrgðasjóði launa með vísan til laga, innlendra laga, þar sem ákvæði voru sem heimiluðu að falla frá eða leysa ábyrgðasjóðinn undan greiðsluskyldu ef um náinn skyldleika var að ræða við eigendur eða stjórnendur fyrirtækja þannig að sá sem í hlut átti átti að mega vita um stöðu fyrirtækisins. Þannig var þessi réttur hér hjá okkur.

En Íslendingar áttu sem sagt að hafa tekið upp í löggjöf landsins tilskipun Evrópusambandsins nr. 80/987 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota, eins og þessi tilskipun var tekin upp í 24. tölulið 18. viðauka við EES-samninginn. Þessi tilskipun færði í þessu tilviki viðkomandi þolanda meiri rétt að mati hans eða lögmanns hans og á þeim grundvelli var stefnt.

Hæstiréttur féllst á það með héraðsdómi að ekki væri samræmi milli tilskipunarinnar og innlendra laga og væri misræmið verulegt hvað varðaði málþolandann. Vísað var til álits EFTA-dómstólsins þess efnis að samkvæmt grundvallarreglum EES-samningsins bæru aðilar hans skaðabótaábyrgð gagnvart einstaklingum á því tjóni sem hlytist af ófullnægjandi lögfestingu tilskipunarinnar. Samningsaðilarnir, í þessu tilviki íslenska ríkið sem ber ábyrgð á framkvæmdinni hér, skapar sér, með öðrum orðum, bótaskyldu ef það tekur ekki upp í réttinn réttarbætur af þessu tagi. Niðurstaðan er sem sagt sú að meginmál EES-samningsins hefði, eins og áður sagði, lagagildi hér á landi samkvæmt 2. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og væri eðlilegt að lögin sem lögfestu samninginn væru skýrð svo að einstaklingar ættu kröfu til þess að íslenskri löggjöf væri hagað til samræmis við EES-reglu. Tækist það ekki eða væri það ekki gert, má væntanlega umorða það, leiddi það af lögum og meginreglum og markmiðum EES-samningsins að ríkið yrði skaðabótaskylt að íslenskum rétti. Að þessu virtu, svo og aðdraganda og tilgangi laga nr. 2/1993, var skaðabótaábyrgð ríkisins vegna ófullnægjandi lögfestingar tilskipunarinnar talin fá næga stoð í þeim lögum, en ljóst þótti að stefnandi hefði fengið greiðslur úr ábyrgðasjóði launa hefði aðlögunin verið með réttum hætti. Varð niðurstaðan því sú að ríkið hefði í verulegum mæli brugðist þeirri skyldu að tryggja stefnanda réttindi til greiðslu úr ábyrgðasjóði launa við gjaldþrot að íslenskum rétti svo sem því hefði borið. Bæri ríkið skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna þessara mistaka og færi um bótaábyrgð þess samkvæmt almennum reglum um bótaábyrgð hins opinbera varð því staðfest niðurstaða héraðsdóms um að ríkið skyldi greiða stefnanda skaðabætur vegna synjunar ábyrgðasjóðsins.

Herra forseti. Hér virðist sú niðurstaða vera alveg skýr sem ætti í sjálfu sér ekki að þurfa að koma mikið á óvart. Ég hygg að þeir sem fóru í gegnum umræðuna á sínum tíma, á árunum 1992–1993 um EES-samninginn, minnist þess að einmitt svona var þetta reifað þá af þeim sem um fjölluðu, þ.e. að þetta væri ekkert val. Menn eiga ekkert val í þessum efnum og menn geta ekkert trassað þetta utan endis. Við höfum skuldbundið okkur með lögum sem hér hafa verið sett til að taka upp þennan rétt, nema gripið sé þá til neitunarvalds eða öryggisákvæða, og ef við gerum það ekki þá getur það skapað stöðu af þessu tagi, að þegnar landsins eigi ríkari rétt samkvæmt tilskipunum í Evrópuréttinum og þá geta þeir sótt sér hann fyrir dómstólum. Og það veldur skaðabótábyrgð eða annarri ábyrgð íslenska ríkisins ef slíkur réttur er frá þeim tekinn. Ef túlkað er á svipaðan hátt að meginhugsun og meginandi laganna um mat á umhverfisáhrifum sé m.a. sá að gefa almenningi kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, sem er næsta borðleggjandi í þessum efnum með sama hætti og í dómnum er túlkað að andi laganna um ábyrgð ríkissjóðs vegna launagreiðslna í gjaldþrotum sé sá að bæta mönnum laun sem þeir brenna inni með ef fyrirtæki verða gjaldþrota, þá er mjög líklegt að niðurstaðan í máli sem höfðað væri á þessum grundvelli, þ.e. að vegna vanefnda íslenskra stjórnvalda á að taka þessa nefndu tilskipun um umhverfismál upp í réttinn, mundi skerða stöðu manna og þar bæru þá íslensk stjórnvöld ábyrgð.

Ég held, herra forseti, að lögfræðingar ríkisstjórnarinnar ættu að fara að kíkja á þessi mál. Þarna er enn ein fallöxin hangandi yfir þessum málatilbúnaði öllum. Eins og mig rekur minni til hefur nánast hvert einasta mál sem gengur t.d. sem prófmál eða til enda fyrir EFTA-dómstólnum eða Evrópudómstólnum sjálfum og varðar rétt almennings af þessum toga verið dæmt á ýtrustu forsendum þeim rétti í

vil. Réttarþróunin er að flestra mati sem til þekkja sú. Það kæmi því mjög á óvart ef túlkun réttarins að þessu leyti yrði ekki almenningi í vil í þeim skilningi t.d. að menn ættu lögvarinn rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar mál af þessu tagi væru á ferðinni. Og það þýðir sama og lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Af þeim ástæðum einum gætu íslensk stjórnvöld verið komin með þessi mál í bullandi vanda þó ekki kæmi allt hitt til sem við bætist. Ég held að fróðlegt væri að heyra hvort menn hafa litið á þennan þátt málsins sem varðar hina miklu óvissu að þessu leytinu til.

Nú háttar svo til að mál mun hafa verið hafið fyrir þessum erlenda dómstóli hvað varðar frammistöðu íslenskra stjórnvalda og verða menn þá að sjá hverju fram vindur með það, en mér sýnist ljóst, herra forseti, að tilefnin og möguleikarnir sem menn hafa fyrir dómstólum bæði innan lands og utan séu mörg og margvísleg og ærin, jafnbrotakenndur og allur málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar er í þessum efnum.

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þá veikleika í rannsóknargögnum og undirbúningsskjölum þessa máls sem snúa að umhverfinu. Ég mun þó fara mjög hratt yfir sögu, enda hafa ýmsir aðrir þingmenn gert prýðilega grein fyrir þeim hlutum á undan mér. Ég nefni þar hv. þingmenn Ólaf Örn Haraldsson, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Össur Skarphéðinsson svo einhver nöfn séu nefnd. Allir þessir hv. þingmenn hafa að mínu mati gert svo vel rökstuddar og alvarlegar athugasemdir við mörg af þeim gögnum sem hér liggja fyrir, þar á meðal hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, ég held í 13 liðum eða voru það 23 tölusettir liðir, að mér finnst það mjög sérkennilegt og metnaðarlítið, herra forseti, ef aðstandendur málsins ætla að reyna að fara í gegnum umræðuna hér án þess að svara þeim. Ég spyr t.d.: Skrifaði hæstv. iðnrh. niður spurningar og athugasemdir flokksbróður síns, formanns umhvn. Alþingis, og ætlar hann að virða hann þess að svara þeim? Fáum við greinargerð frá iðnrn. þar sem komið er inn á þá gagnrýni og þá veikleika sem formaður umhvn. Alþingis fór yfir í ræðu sinni? Fáum við það eða á að sulla þessu áfram eins og gert hefur verið hingað til án þess að virða slíkar vel rökstuddar skoðanir og aðfinnslur eiginlega svars?

Málatilbúnaður af því tagi, herra forseti, er og verður ekki trúverðugur. Tugir atriða hafa komið fram sem kölluðu á ítarleg og rökstudd svör eða a.m.k. tilburði til þess að hafa slíkt uppi.

Af fjölmörgum þáttum í náttúrufræðum þessa máls, herra forseti, sem ræðumaður hefði getað haft yndi af að fara yfir, t.d. allt sem lýtur að jarðfræði og jarðefnum á svæðinu, spurningum um rof og aðra slíka hluti, ísaldarmenjar og því um líkt, ætla ég að takmarka mig við tvennt eða þrennt. Það fyrsta eru jarðvegshraukarnir eða múgarnir, sem ég hef nú stundum leyft mér að nefna þá og veit ég ekki almennilega af hverju það nafn hefur fest mér í munni, en ég hygg að í gömlum fræðum hafi þetta stundum verið nefnt því nafni.

Ég fór á þetta svæði í sumar, hafði reyndar komið þar áður en ekki gert þar jafnvíðreist og farið jafnvandlega um það og ég gerði í sumar með leiðsögn góðra manna. Og sá er munurinn á mér og ýmsum sem nefndir hafa verið til sögunnar að ekkert hindraði för og við gátum farið um alla þá hluta svæðisins sem okkur lysti. Ég ætla þá að segja hér til þess að hafa sagt það að ég var mjög djúpt snortinn af þessu svæði. Mér finnst menjarnar við jökulgarðana, hraukarnir, lónið, Eyjafellið og næsta nágrenni á syðri hluta svæðisins vera næsta einstök í sinni röð, ein allra fallegustu svæði af þeim toga sem ég hef komið á á landinu og hef ég þó gert þokkalega víðreist um hálendi Íslands, leyfi ég mér að halda fram, einkum það sem er norðan jökla.

Ég tel að hraukarnir séu svo einstök náttúrufyrirbæri, svo víðfeðm, mikil og sterk að leitun sé að öðru eins, og þau séu meðal nokkurra helstu sérstakra gersema sem við eigum af þessu tagi. Á Íslandi eru margar heimssögulega merkilegar síðjökultíma- og ísaldarlokamenjar, það er óumdeilt. Erlendir vísindamenn hafa um áratuga skeið komið tugum og hundruðum saman til Íslands, alveg sérstaklega til að skoða hinar merku menjar frá síðjökultíma, ísaldarlokum og landmótunina sem síðan er hér orðin í þessu merkilega unga landi, sem er eitt af yngstu löndum heimsins og þar á ofan mjög mótað af náttúruöflunum alveg fram á líðandi stund, þ.e. jöklunum á sínum tíma og svo eldgosum og öðrum hlutum síðar.

Ég fullyrði það að menjarnar framan við Eyjabakkajökul, að hraukunum ekki minnst töldum, eru afar merkilegar og sérstæðar í sinni röð. Það er kannski helst hægt að jafna hvað jökulgarða og slíka hluti varðar, t.d. jaðar- og hliðarmóreinunum við Kvíárjökul og því sem finna má á Breiðamerkursandi og víðar, saman við það sem þarna er á ferðinni. Mér finnst menn, hverjir sem það nú eru, og veit ég ekkert um höfundarrétt á því, býsna kaldir að taka þannig til orða að hér sé ekki um einstök, fágæt og stórfelld verðmæti að ræða. Ég held að ef þetta væri sett í rétt ljós og metið, t.d. af vísindasamfélagi heimsins, þá þætti þessi eina ástæða býsna gild gagnvart því að fórna ekki þessu svæði, þó ekkert annað kæmi til en þessi einstöku fyrirbæri sem þarna eru á ferðinni. Og að skjóta því að í framhjáhlaupi og fjalla ekkert um það frekar að mögulega sé eitthvað sambærileg fyrirbæri að finna á Svalbarða segir mér nú harla lítið í viðbót, og nefna svo til Kringilsárranann sem á svo kannski að sökkva undir Hálslón, eru enn minni vísindi að mínu mati. Þarna er ósköp einfaldlega farið yfir hlutina á ódýran hátt, herra forseti, nánast gert lítið úr þessum sérstöku og fágætu menjum.

Herra forseti. Annað sem ég staldra lítillega við er spurningin um lónið sjálft, um fok úr lónstæðinu og um rof við vatnsborðið í kringum lónið. Ég undrast hversu einfaldlega menn ætla að afgreiða þá hluti. Mér finnst það stórkostlegur galli og veikleiki á skýrslunni að það er nánast ekkert gert úr hinu afar sérstaka eðli þessa lóns sem þarna verður. Það verður allt öðruvísi en þau lón önnur sem við höfum hingað til byggt, þ.e. manngerð stöðuvötn, því að þetta lón hefur þann stórkostlega annmarka að vera mjög víðáttumikið en grunnt og skila í rauninni mjög lítilli miðlun af því að það er afar óhagkvæmur geymir. Þetta er svipað og ætla að geyma vatn á grunnri undirskál eða diski, flötum diski. Og menn borða yfirleitt ekki grautinn sinn af flötum diski, er það, herra forseti? Nei, af því það kemst lítið á hann í einu.

(**Forseti** (HBl): Það fer nú eftir því hvort það er þurrmeti eða vökvi.)

Og sullast út úr ef það er vökvi, herra forseti. Þetta er alþýðleg eðlisfræði sem allir skilja, að flatur diskur eða grunnur diskur er ekki mjög góður vatnsgeymir. Þannig er þetta uppistöðulón. Það eru 43 km í fullri vatnshæð en það er aðeins 500 gígalítra miðlun. Það er mjög lítið miðað við jafngífurlegt flatarmál sem fer undir vatn. Það sem er þó alvarlegra, herra forseti, er að þetta lón á nánast að tæma þannig að yfirborð þess skreppur saman niður í 8 km í lægstu vatnsstöðu. Með öðrum orðum, það verður nánast

allt þurrt þegar það verður í lægstu vatnsstöðu. Þetta er allt öðruvísi fyrirbæri en Þórisvatn og jafnvel Blöndulón þar sem vatnsborðssveiflurnar eru mun minni. Geri ég þó ráð fyrir að mönnum þyki ýmsum nóg um þar. En sú er ástæðan að þetta lón hefur það eðli að vera eins og pönnukaka í laginu, vera í rauninni afar óhagkvæm miðlun í öllu tilliti. Fyrir það fyrsta er landið allt gróið, það er jafnflatt og raun ber vitni og miðlunin ekki meiri en þetta og síðan á nánast að tæma lónið, þurrka það upp í lægstu stöðu.

Að Hálslóni undanskildu, herra forseti, eru því miður meira og minna öll lónstæði sem menn hafa talað um á hálendinu norðan Vatnajökuls sama marki brennd. Af hverju? Af því að þetta er háslétta, þetta er meira og minna gömul háslétta og hún er tiltölulega flöt. Það eru því engir góðir kostir til stórfelldrar miðlunar á þessu svæði. Og öllum þeim lónum sem menn tala þarna um fylgja stórfelldar fórnir í umhverfi. Ekki er nú Arnardalslón betra sem verður svipað að stærð, leggst nánast allt yfir gróið land og sömu sögu *má næstum segja um Fagradal. Að því leyti er þó Hálslón* skömminni skást að það er ekki nema lítið eitt stærra en Eyjabakkalón en er þó með um fjórfalda miðlun eða um 2.000 gígalítra eða hátt í það. (**Gripið fram í:** Nei, 1.500.) Ja, ég hef nú séð tölur alveg frá 1.500 upp í 1.800 og á einum stað 2.000 í þessum gögnum, og þar er nú eitt ósamræmið sem þarf að skoða. En þó það væri ekki nema 1.500 þá er það þreföld miðlunin úr Eyjabakkalóni.

Með öðrum orðum, herra forseti, það er alveg sama hvernig *menn nálgast þetta mál, það er alveg hörmulega óhagstætt* að sökkva öllu þessu fagra og sérstaka landi undir svona gífurlegt vatnsflæmi og fá jafnlitla miðlun út úr því eins og raun ber vitni. Það er leitun að grátlegri kosti til að geyma á vatn en þessum flötu og fögru Eyjabökkum.

Herra forseti. Ég fullyrði að menn renna að verulegu leyti blint í sjóinn með hverjar afleiðingar þess verða að tæma þetta lón svona algjörlega á vorin eins og menn ætla að gera eða á veturna og skilja það þannig eftir að vori. Ég hef *miklar efasemdir um að hægt sé að taka erlendar formúlur*, flytja þær til Íslands á eldfjalla- og öskukenndan jarðveg og undirstöðu þar sem frost og þíða skiptast á með öðrum hætti en gerir á nefndu svæði í útlöndum, og fá mikið vit út úr því að reikna slíkt út frá halla á vatnsbökkum og öðru slíku. Ég hef mjög miklar efasemdir um að út úr því komi mikil vísindi. Og ég hef líka mjög miklar efasemdir um að samanburður við önnur fyrri lón Landsvirkjunar gefi okkur mikið í þessum efnum af því að aðstæður eru þar að verulegu leyti og í grundvallaratriðum ólíkar.

Ég óttast að ljót sár myndist, einkum við lónsbakkana að austanverðu, og ég óttast að ekki verði fallegt um að litast í þurrum og hlýjum suðvestanvindum, t.d. í júnímánuði ef vorað hefur vel, lónið er galtómt, ísa hefur leyst og víðáttumiklar leirsléttur með 2–4 mm lagi af fínum leir eða silti blása upp í vindinum.

Ég hvet menn til að fara og sjá, t.d. úr lofti ef vel viðrar þegar flogið er norður yfir heiðar, hversu langt norður í Blöndulónið árauðarnir eru nú þegar komnir. Það vakti undrun mína að sjá í sumar bæði af landi og eins úr lofti hve mikið hefur gerst þar á skömmum tíma. Hvernig mun þetta verða með Eyjabakka? Jú, þar mun setmyndunin verða mest innst á svæðinu, þar fyllist lónið fyrst og þar myndast sléttur sem smátt og smátt og verða að hræðilegum eyðimörkum þegar þær eru ofar vatnsborðs. Það verða ekki mjög skemmtileg fyrirbæri hygg ég, herra forseti, í þurrkatíð, hlýindum og hvössum suðvestanáttum.

Hafa engir verið á norðaustan- og austanverðu landinu í strekkings suðvestanvindi þegar strókarnir taka sig upp af aurunum norðan við Dyngjujökul og sjá mökkinn leggja norðaustur yfir hálendið þannig að það verður móska í lofti alla leið út á sjó? Það minnir mann helst á Eddukvæðin, herra forseti, lýsingarnar sem mætti hafa um það, birtuna og allt sem því fylgir.

Ég held, herra forseti, að þarna séu atriði sem menn hafi því miður gefið allt of lítinn gaum og afgreitt án verulegrar umhugsunar. Ein helsta huggunin í þessu máli er þó að að sjálfsögðu er Jökulsá í Fljótsdal ekki nándar nærri jafnaurug og Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum, sem eru afkastamestu fljót landsins og afkastamestu flutningstæki náttúrunnar við að flytja jarðefni á haf út. Þó munar um þau hundruð þúsund tonna sem Jökulsá í Fljótsdal ber fram á ári hverju.

Herra forseti. Ég met það svo að þetta mál í heild sinni sé svo stórt að óverjandi sé að hleypa því af stokkunum eins og hér á að gera. Ég get bara ekki sætt mig við það. Ég sé í hendi mér, herra forseti, möguleikana á að sporna gegn frekari áföngum, stækkun og fleiri virkjunum ef þetta hjól fer af stað. Þeir verða ekki beysnir. Ég óttast, herra forseti, og ég hef lengi kviðið því að menn séu í raun að slá af umhverfis- og náttúruvernd og friðun þessa svæðis norðan og norðaustan jökla. Ég óttast að í kjölfarið mundi fylgja, knúið m.a. af efnahagslegri nauð vegna álvers og virkjunar sem Íslendingar ættu nánast einir, krafan um áframhaldandi framkvæmdir og stækkun, virkjun Jökulsár á Dal, síðan Kreppu og Jökulsár á Fjöllum. Ég óttast að þá verði viðspyrna til að standa þar í móti ekki eins og vera ætti, m.a. vegna þess að menn munu segja: Það er þegar búið að fórna hluta þessa svæðis. Það er ekki ósnert lengur og ekki til varðveislu eins og það var, hálfur skaðinn er þegar skeður og munar lítið um það sem eftir er.

Hvers vegna í ósköpunum, herra forseti, er ekki málið í heild sinni tekið fyrir og sett í eitt heildarmat þannig að við vöndum þá ákvarðanatöku um nýtingu, ekki nýtingu eða tilhögun nýtingar á öllu þessu svæði? Hvers vegna förum við ekki yfir það rækilega hvort eða hvernig við nýtum eitthvað af afli jökulánna norðan og norðaustan Vatnajökuls? Þannig vildi ég nálgast málið. Eða hvar, herra forseti, getur hæstv. iðnrh. sagt okkur að taka eigi orkuna í frekari áfanga upp í 480 þús. tonna álver? Hvar ætlar hæstv. iðnrh. að taka hana? Eru aðrir líklegir kostir í stöðunni en Jökulsá á Dal, Kreppa og Jökulsá á Fjöllum? Ef svo er hverjir eru þeir? Hvert ætlar hæstv. iðnrh. að sækja orkuna ef lagt er af stað með vilyrði og skuldbindingu stjórnvalda til að fara í fulla stærð?

Herra forseti. Ég tel að allt svæðið frá Ódáðahrauni í vestri, með Herðubreið og Herðubreiðarlindum, með Öskju og Dyngjufjöllum, með Kverkfjöllum og Krepputungu, með Fagradal og Arnardal og allt norður til Jökuldalsheiðar, upp um Hrafnkelsdal að Snæfelli og allt nágrenni þessa svæðis, myndi eina heildstæða og stórbrotna einingu. Þetta er stærsta, eins og margir hafa sagt — því miður er kannski ekki rétt að segja ósnortna — lítt snortna víðerni í Evrópu. Um það er ekki deilt. Það hefur marga einstæða eiginleika.

Ég tel ekki hægt að fara og plokka þar innan úr rúsínurnar og segja svæðið svo jafngott á eftir. Það er bara ekki þannig, því miður. Ég held að allir sem taka sig til og keyra meira og minna malbikaða vegi upp með Þjórsá átti sig á því að það svæði hefur að verulegu leyti breytt um eðli. Gott og vel,

menn fóru þar út í nýtingu. Ég held að að mörgu leyti séu gild sjónarmið að klára þá nýtingu eftir því sem ásættanlegt er úr því að hún er hafin á annað borð. En svæðið er allt annað en það var á sínum tíma. Þar eru núna malbikaðir vegir, stutt á milli sjoppa og margs konar mannvirkja sem maður sér nánast hvert sem litið er. Auðvitað hefur þetta svæði gjörbreytt um eðli, það er af öðrum karakter. Við öðru er ekki að búast.

Svo mun líka fara um svæðið norðan jökla ef farið verður út í þessi stófelldu nýtingaráform, sér í lagi ef það verður gert af jafnmikilli hörku gagnvart þeim sem reyna að verja þar perlur eins og Eyjabakka, Jökulsá á Fjöllum, Kreppu, Arnardal og Fagradal, svo eitthvað sé nefnt.

Því miður, herra forseti, þá held ég að þessu máli hafi verið teflt í mjög óskynsamlega stöðu fyrir alla málsaðila. Fyrir þá sem bera umhverfisverndina einkum fyrir brjósti augljóslega, þeir hafa átt erfitt uppdráttar með sjónarmið sín í málinu þannig að á þau væri hlustað og tillit til þeirra tekið, þó ekki væri nema krafan um að farið sé lögformlega í mat á umhverfisáhrifum. Fyrir stjórnvöld einnig sem að mínu mati hafa teflt málinu í mikinn hnút, þverklofið þjóðina í málinu. Sérstaklega er þó málið slæmt fyrir Framsfl. sem er í þessu máli í þeirri stöðu að engin vinningsleið er sjáanleg. Ég held að hvernig sem málið fer þá hafi Framsfl. með framgöngu sinni skaðað sig stórkostlega.

Látum það nú vera. Það er ekki sérstakur hausverkur ræðumanns. Ég held að fyrir Austfirðinga hafi þetta mál teflst hörmulega. Ég líð önn fyrir það á köflum hvernig komið er í þeim efnum. Hvað sem menn segja um hlutföll þar, hvort þau eru 25:75 eða 80:20, með eða á móti þá skiptir það ekki máli, á Austurlandi er djúpstæður og erfiður ágreiningur um þetta mál. Fyrir Austfirðingafjórðung í heild held ég að þetta hafi ekki verið þægilega eða að öllu leyti skemmtileg umræða. Ég hef miklar áhyggjur af því á hvorn bóginn sem málið fer að þá sé ekki bitið úr nálinni með það hversu vel þetta eigi eftir að reynast Austfirðingum.

Sé t.d. litið til þess, herra forseti, hver samningsstaða Íslendinga er í málinu eins og á þessu hefur verið haldið, er líklegt að hún sé mjög sterk? Er líklegt að íslensk stjórnvöld geti haft alla þá fyrirvara á að samþykkja niðurstöðuna sem þau þyrftu að hafa? Er heppilegt að stjórnvöld keyri málið áfram en ekki væntanlegir framkvæmdaraðilar?

Ég skil að þeir sem hafa áhuga á að byggja álver, græða peninga á því að reka álver og þeir sem eru í þeim bisness að virkja, vilji drífa framkvæmdirnar áfram. Þeir eiga auðvitað að gera það. En eiga stjórnvöld landsins að vera aðaljarðýtan á bak við málið? Er það heppilegt? Svarið er auðvitað nei. Þau eiga frekar að halda sér til baka og segja: Já, reynið þið að semja um orkuverð og aðra slíkt, láta rannsaka umhverfið og svona. Við höfum alla fyrirvara á um endanlegt samþykki og stuðning við málið. Þannig ætti það að vera. Þannig hygg ég að það sé í öðrum ríkjum, en ekki hér.

Hér hafa mál skipast þannig, og ekkert nýtt, að íslensk stjórnvöld ganga í það með miklu offorsi að koma þessu á koppinn. Þau eru náttúrlega á engan hátt í hlutlausri eða hlutlægri afstöðu gagnvart málunum. Menn geta sjálfsagt sagt að þeirra hlutverk, einhverjir mundu gera það, sé að drífa þessi mál áfram. En er það ekki pínulítið gamaldags, eða hvað? Er það grundvallarhlutverkið hjá stjórnvöldum nú um stundir að keyra aðra hlið málsins áfram með þessum hætti? Öllum er ljóst að hin hliðin, þar sem menn eiga að vera á varðbergi t.d. hvað umhverfismálin snertir, er bara ekki með. Hún er skuggahlið einhvers staðar langt aftan við hús.

En kannski var, herra forseti, aldrei von á góðu. Staðreyndin er sú að okkur *Íslendingum hefur gengið illa* að losa okkur upp úr því fari, því gamla blinda stóriðjufari sem hér ríkti að mörgu leyti með dapurlegum árangri. Þegar fyrsta stóriðjuverið var byggt á sínum tíma lá svo mikið á að við það var gerður einhver hörmulegasti raforkusamningur sem um getur á byggðu bóli. Flestir held ég að viðurkenni það í dag. Hann var svo hörmulega lágur að fyrirtækið Landsvirkjun væri sjálfsagt gjaldþrota í dag ef ekki hefði náðst fram endurtekin leiðrétting á honum. Menn gætu svo sem rifjað upp hver var upphafsmaður að því að herja á um þá leiðréttingu og rífa Íslendinga lausa úr þeim hörmungarsamningum sem *upphaflegu raforkusamningarnir til álversins í Straumsvík* voru. Á annan tug milljarða hefur skilað sér í þjóðarbúið vegna þeirra hækkana sem um samdist á níunda áratugnum.

Í þessari umræðu hafa samskiptin við Elkem Spigerverk verið rifjuð upp
og það var nú eins og það var. Það fyrirtæki gerði fína samninga um að eiga heilmikið í stóriðjufyrirtæki uppi á Íslandi og þurfti vart að borga nokkuð fyrir það. Það gerði enn þá betri samninga um að taka að sér að selja framleiðsluna fyrir háa þóknun á ári hverju sem fyrrv. framkvæmdastjóri fyrirtækisins hefur kallað blóðpeninga. Seint hefur okkur gengið *að læra, herra forseti.*

Ég er hér með bók sem ég held mikið upp á í vissum skilningi. Ég ætla að gæta hennar vel því ég held að þegar frá líður eigi hún eftir að reynast — ég skal sýna forseta líka — þvílíkur bautasteinn um framgöngu íslenskra stjórnvalda í þessum efnum. Frá árinu 1995 er plaggið og mun þykja merkilegt og sögulegt þegar þar að kemur. Lægsta orkuverð í Evrópu, fyrir nýja samninga. Stökkbretti inn í Evrópu. Ætli við mundum ekki þýða þetta þannig, „spring-board", stökkbretti inn í Evrópu. (Gripið fram í.) Fyrir hverja? Bandaríkjamenn trúlega. Lægsta orkuverð í Evrópu, komið þið. Stökkbrettið og lægsta orkuverðið. (**Gripið fram í:** *En hver er kostnaðurinn* við álið?) Svo komu hér fleiri rúsínur um það hversu einstaklega þægilegir menn væru í samningum um kaup og kjör á Íslandi. Ekki þyrfti að borga mönnum mjög mikið í laun, það þótti enn ein ástæðan til þess að koma. Síðan kom að umhverfismálunum: „Minimum" og „red tape". Það er ekki verið að nöldra mikið í umhverfismálum á Íslandi.

Svona var verið að markaðssetja Ísland fyrir opinbert fé svo seint sem árið 1995. (**Iðnrh.:** Og er enn.) Og er enn, segir hæstv. iðnrh. og er sjálfsagt hreykinn af. (**Iðnrh.:** Við erum samkeppnishæf.) Já. Þetta er stórkostlegt, herra forseti. Svona á að fara í samningaviðræður. Ef við værum að spila brids þá mundi maður samkvæmt þessu segja við andstæðinginn: Sko, ég er með svoleiðis hunda, nú skaltu dobla. Nú skaltu redobla mig, doblaðu og doblaðu því ég er með hunda á hendinni.

Nei, auðvitað leggja menn af stað á hnjánum þegar þetta hugarfar er á bak við. Staðreyndin er líka sú, herra forseti, að ástæða er til að hafa áhyggjur. Maður gæti bundið vonir við að menn hefðu eitthvað lært en þegar það birtist okkur hvernig þetta mál er keyrt áfram fer hrollur um mig. Tölurnar um hlutföllin hvað stóriðjan borgar í rafmagn og hvað almenningur borgar, segja sína sögu. Þegar sömu aðilar hafa talað um að réttlætanlegt væri að selja raforku til stóriðju á 20–35% lægra verði en til almennings, fyrir því væru alveg gild rök en ekki miklu meira, en við blasir ár eftir ár að

innlendi markaðurinn er að borga um þrefalt verð, þá verður að gefa skýringar á þeim mun. Hver er þá að borga með hverjum? Hver er að borga með hverjum þegar rafmagnsverðið er jafnvel ár eftir ár í kringum 88, 90 aurar á kwst. til stóriðjunnar?

Er það virkilega svo að menn komist í gegnum umræðurnar um arðsemi með því að segja einfaldlega að menn gefi sér rangar forsendur? Eru allir þeir hagfræðingar sem reiknað hafa undanfarna daga og vikur að gefa sér rangar forsendur? Hverjar eru þá forsendur Landsvirkjunar í þessum efnum? Ef raforkuverðið er svona gott af hverju er þá ekki hægt að gefa upplýsingar um það? Auðvitað er barnalegt að bera við einhverjum viðskiptaleyndarmálum þegar altalað er að allir viti allt sem þeir þurfi að vita um þessi mál úti í hinum stóra heimi. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki fyrst að semja um það?) Jú, semjið þá um almennilegt raforkuverð og komið svo og biðjið um að fá framkvæmdirnar í ... (Gripið fram í.)

Staðreyndin er auðvitað sú, herra forseti, að því miður hefur þetta mál teflst þannig að öllum er ljóst og væntanlega ekki síst fyrirtækinu Norsk Hydro, sem verður fyrir þeirri furðu, sem ég spái að það hafi vakið í höfuðstöðvum þess fyrirtækis, þegar þaðan berst yfirlýsing um að þeir mundu í sjálfu sér ekki missa áhuga á álverinu né setja sig upp á móti framkvæmdinni þó að hún færi í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Þá kemur ekki umsvifalaust skeyti frá umhvrh. sem fagnar þessu og telur nýjan flöt á því að ræða málið í því samhengi að fyrst fari fram umhverfismat. Nei, það koma neyðarhringingar um að þessi yfirlýsing sé dregin til baka og að andlitinu á hæstv. iðnrh. sé bjargað.

Hvað haldið þið nú að Norsk Hydro-menn læri af þessu? Já, þeir eru svona gráðugir í þetta. Ja, þeir þurfa þá líklega ekki mikið fyrir rafmagnið. Allt ber að sama brunni, herra forseti. Hér eru íslensk stjórnvöld á hnjánum af því að þetta mál er keyrt áfram í pólitískri herleiðingu og það lýtur ekki hlutlægum forsendum. Það er alveg ljóst, herra forseti, að einhvern veginn hefur þetta mál þróast þannig í höndum framsóknarmanna að þeir eru í slíkum örvæntingarleiðangri að koma þessu máli fram að menn eru meira og minna á hnjánum gagnvart hlutum af þessu tagi, samningum um orkuverð, umhverfishlið mála og annað í þeim dúr.

Síðan er sú hætta, herra forseti, augljós að til þess að komast hjá frekari pólitískum hremmingum og herkostnaði en orðinn er og til þess að lokka að fjárfestana fari menn alveg niður í svartasta botn með orkuverðið. Ástæða þess að Landsvirkjun er líkleg til að gera það líka er m.a. sú staða sem fyrirtækið er í. Hún er í öðru lagi sú að sagan hræðir, sporin hræða, hjá því fyrirtæki í þeim efnum. Það er fullkomin ástæða til að spyrja að því: Hafa menn lært eitthvað, hefur eitthvað breyst?

Hvers vegna er framleiðslan þá ekki sett í sjálfstætt dótturfyrirtæki sem verður að standa efnahagslega á eigin fótum þannig að engar deilur þurfi að vera uppi um það hver sé að borga með hverjum? (Gripið fram í.) Nei, það gæti nefnilega verið. Skiptir þá þrátt fyrir allt máli að hafa bakið á Jóni og Gunnu á bak við fjárfestinguna upp á að hlaupa ef á þarf að halda? Það skyldi nú ekki vera? Það skyldi nú ekki vera þrátt fyrir allan fagurgalann um að lækka sérstaklega rafmagnið á Íslandsmönnum?

Herra forseti. Auðvitað er það svo að það á ekki að vera sá metnaður sem Alþingi sýnir þessu máli að það láti bjóða sér viðskiptaleynd á raforkuverðinu. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh.: Mun raforkuverðið verða upplýst í iðnn. þegar samningar liggja fyrir, þó í trúnaði verði? Mun það verða gert? Eða verður því jafnvel neitað að þeir sem eiga að skoða málið faglega fyrir hönd þingsins hafi aðgang að slíkum upplýsingum þó í trúnaði væri sem ég sé reyndar harla litla ástæðu til að vera að pukrast með því ekki reikna ég með að það mundi breyta miklu?

Herra forseti. Örfá orð um byggðamálin og þó þau væru fleiri. Aðstandendur álversins hafa gjarnan ráðist á þá sem hafa gagnrýnt og spurt: Hvað viljið þið gera? Það hefur verið aðalframlag t.d. hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hefur farið í ótal andsvör við málefnalegar ræður sem hafa verið fluttar að ég tel í þessari umræðu í það heila tekið. Menn hafa að sjálfsögðu verið ósammála, það hafa komið fram sjónarmið frá báðum hliðum, sem er vel, þannig eiga umræður og rökræður að vera á hinu háa Alþingi. Það hefur verið alveg sérstakt hlutskipti sem þeir hafa valið sér, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Kristján Pálsson, sem hafa verið mjög í því að rjúka til í andsvörum við málefnalegar ræður sem hafa verið fluttar með satt best að segja á köflum mjög sérkennilegum hætti. Annars vegar hefur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sérstaklega verið að prófa menn í því hvað þeir meini með lögformlegu umhverfismati ef þeir séu ýmist með eða móti virkjuninni. Telur hann, að mér skilst, hvort tveggja jafnvitlaust því menn eigi bara annaðhvort að vera með eða á móti virkjuninni og þá þurfi ekkert umhverfismat. Hins vegar hefur hv. þm. mjög oft afgreitt byggðamálin þannig að hann hefur sagt við þá sem hafa haft efasemdir um byggingu þessarar virkjunar og tilheyrandi álvers: Já, en hvað ætlið þið þá að gera? Er það þá þannig sem umræðan snýr að það standi upp á stjórnarandstöðuna eða gagnrýnendur máls af þessu tagi að koma með öll svörin? Mætti ekki snúa þessu við og spyrja: Hvað annað en álver? Hvað er ríkisstjórnin með annað en álver? Hvað fyrir aðra, önnur byggðarlög og aðra landshluta? Hverju eru menn nær í Dölum, í Húnavatnssýslum, á Vestfjörðum, á norðausturhorni landsins, í Skaftafellssýslum o.s.frv. þó að þetta álver rísi við Reyðarfjörð og jafnvel þó að vonir rættust um að það yrði mönnum til einhverrar viðspyrnu þar í byggðamálum, sem eru vissulega ýmis sjónarmið uppi gagnvart? Er það þá þannig að ríkisstjórn Íslands og t.d. þeir aðilar sem hafa borið ábyrgð á byggðamálum í á níunda ár, eins og hæstv. forsrh., með frammistöðu af því tagi sem blasir við alþjóð, geti keypt sér fjarvistarsönnun frá hinum almenna atvinnu- og byggðavanda í landinu með þessu máli og lamið á þeim sem hafa efasemdir um málið eða eru því andvígir með rökstuddum hætti, t.d. vegna umhverfissjónarmiða? Það er ekki mjög rismikill málflutningur, satt best að segja. Það er það ekki, og menn vaxa ekki af slíku í mínum huga.

Við í þingflokki Vinstri hreyfingar – græns framboðs höfum gert byggðamál að mikilvægu forgangsmáli hjá okkur. Eitt af okkar fyrstu stóru þingmálum í haust var till. til þál. um víðtækar aðgerðir í byggðamálum þar sem við erum ekki að reyna að leysa vandann með innfluttum patentlausnum í stykkjavís og með stóriðjukostum af þessu tagi, sem geta aldrei nema í besta falli orðið lausn fyrir mjög takmarkað svæði. Það liggur alveg í augum uppi. Við höfum verið að reyna að nálgast þetta með aðgerðum sem tækju á sjálfum grunni byggðanna, undirstöðunum sem eru að veikjast og valda því að af margvíslegum ástæðum horfir jafnógæfulega fyrir landsbyggðinni og raun ber vitni.

Það er ekki í grunninn atvinnuleysið sem hrjáir landsbyggðina mest. Það eru fjölmargar samþættar undirliggjandi

ástæður sem eru til að mynda vel greindar í skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors. Vandinn er samsettur úr fjölmörgum félagslegum og efnislegum þáttum. Það má færa fram mjög sterk rök fyrir því ef ekkert breytist nema að til komi vinnustaðurinn einn, sem sækir sér jafnvel að einhverju leyti vinnuafl úr öðrum greinum atvinnulífs á sama svæði þá geti það breytt sorglega litlu fyrir viðspyrnuna á viðkomandi svæði ef áfram hallar á menn í öllum þeim þáttum öðrum sem nú gerir.

Jú, menn geta að sjálfsögðu sagt: Þetta verður þó allténT eitthvað til bóta. Gott og vel, ég vil svo sannarlega leyfa mönnum að njóta vafans í þeim efnum. En ég óttast því miður, herra forseti, að jafnvel þó svo að af þessu verði reynist það minna hjálpræði byggðum á Austurlandi en margir hverjir binda þar vonir við og það væri sorglegt. Hitt veit ég, herra forseti, að verði ekki af þessum framkvæmdum verður það skelfilegt. Það hef ég reynt að segja allan tímann. Þurfa menn ekki að gæta sín áður en þeir keyra upp væntingar umfram efni í þessu máli, ef svo færi nú að ekki verði af framkvæmdunum? Getur þá niðurstaðan af málflutningi af því tagi, eins og við höfum heyrt að þetta sé stærsta byggðamál allra tíma, orðið önnur en sú með gagnályktun, að ef ekki verður af framkvæmdunum verði það áfall? Ég held ekki, því miður. Auðvitað væri það mjög slæmt ofan í þá erfiðu stöðu sem menn eru að berjast í á þessu svæði eins og reyndar meira og minna annars staðar á landsbyggðinni því miður.

Það er ekki þannig, herra forseti, hvort sem menn hafa minnsta áhuga á því eða leggja á það trúnað eða ekki, að við sem erum andstæðingar þessara stóriðjuframkvæmda gerum það vegna þess að okkur skorti skilning á eða samúð með Austfirðingum í þeirri erfiðu stöðu sem þeir eru í í byggðamálum sínum. Það eru aðrir hlutir sem vega þyngra þegar við tökum ákvörðun okkar og geta menn ekki bara viðurkennt að þannig er það að við komumst að ólíkum niðurstöðum vegna þess að hlutirnir vega misþungt hjá okkur?

Hægt væri að segja mönnum ýmislegt af því t.d. hvernig biðin eftir álveri fór með Akureyri og Eyjafjörð á sínum tíma. Það jaðrar við að hægt sé að tala um glataðan áratug á því svæði þegar umræðan snerist meira og minna öll um það að nú væri álver eina von manna. Sem betur fer hvarf það svo út úr myndinni enda leitun að óheppilegri stað fyrir álver en hinn þrönga og staðviðrasama Eyjafjörð — sem er því miður að vísu býsna skyldur veðurfarslega Reyðarfirði — og menn fóru að snúa sér að öðrum hlutum og hefur gengið sæmilega og þó auðvitað engan veginn nógu vel.

Herra forseti. Að lokum verður að segja alveg eins og það er að það jaðrar við að maður geti haft samúð með Framsfl. vegna þess að ég skil að flokkurinn er búinn að koma þessu máli í hörmulega sjálfheldu og á sér enga vinningsvon í stöðunni. Hann er keyrður áfram í þeirri blindgötu sem þetta mál var sett í, flokkspólitíska hagsmuna í upphafi fyrir alþingiskosningarnar síðustu og finnur enga leið út. Stjórnarflokkunum hefur því miður ekki lánast að finna sér neina leið, þó ekki væri nema koma eitthvað til móts við hinar skiptu skoðanir í þjóðfélaginu í þessu máli þannig að mönnum gengi þá betur að búa við niðurstöðuna hver sem hún verður því það munu menn þurfa að gera. Þjóðin ætlar væntanlega að halda áfram að lifa saman í landinu hvernig sem málinu lýkur og andstæðingar virkjunarmála sem og stuðningsmenn jafnt hinum sem hafa kannski ekki mjög heitar skoðanir í málinu til eða frá.

Það er þó þannig að samúð manns með Framsfl. minnkar þegar manni er ljóst að um sjálfskaparvíti er að ræða. Það er vissulega þannig og sannast enn hið fornkveðna að sjálfskaparvítin eru verst. En þetta er sjálfskaparvíti og ekkert annað en sjálfskaparvíti Framsfl. að keyra málin í þennan hnút sem raun ber vitni. Það var formaður Framsfl., hæstv. iðnrh., sem gerði sig tíðindamann og merkisbera þessa máls í aðdraganda alþingiskosninga á Austurlandi og það er iðnrh. Framsfl. sem hefur keyrt áfram með þeim hætti sem raun ber vitni og alþjóð veit og metur að verðleikum ef marka má skoðanakannanir, og það er umhvrh. Framsfl. sem hefur staðið jafnlinlega í ístaðinu í þeim efnum eins og menn hafa horft upp á.

Herra forseti. Það er dapurlegt þegar stjórnvöld eru ekki í takt við þjóð sína, daga uppi með einhverjum hætti í málum. Staðreyndin er sú að hér hafa menn ekki hvað varðar viðhorf og framgöngu á æðstu stöðum, í ríkisstjórn, ráðuneytum og í sumum stofnunum og fyrirtækjum, sem þessu máli tengjast, áttað sig á því að það eru breyttir tímar, það er breytt gildismat og það eru breytt viðhorf. Það eiga menn að hlusta á og það eiga menn að viðurkenna. Ég held að ekki þýði að keyra hlutina áfram með þeim hætti og í þeim dúr sem menn hafa verið að gera og nota næstum áratuga gamlar ákvarðanir á hæpnum forsendum til að réttlæta að standa nú að málum, rétt augnabliki fyrir aldamótin, með þeim hætti sem er sannarlega úr takti við þau viðhorf sem nú ríkja. Andi allra þeirra gerninga, sáttmála og lagasetninga sem við sjáum í kringum okkur, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í Evrópu og meira að segja á Íslandi gengur í aðra átt. Að nálgast þessi mál með öðrum hætti, að umgangast náttúruna, verðleggja hana, virða og meta á allt annan og ríkari hátt en fyrr.

Herra forseti. Mér finnst líka að framganga stjórnarflokkanna sé *mótuð af viðhorfi þeirra til valdsins sem hafa kannski* haft of mikið af því og of lengi, að þeir séu orðnir yfir það hafnir að hlusta mikið á þjóðina nema þá rétt fyrir kosningarnar á fjögurra ára fresti þegar nauðsynlegt er að reyna að ná eyrum fólksins. Síðan er valdið þeirra og þeirra einna. Það þyrmdi eiginlega yfir mig, herra forseti, þegar ég var í ónefndri þingnefnd um daginn að tala fyrir því að mál færu *allvíða út til umsagnar og ég áttaði mig á því að það var* vaxandi pirringur í röðum ónefndra þingmanna yfir þessum tillögum mínum þangað til einn þeirra hreytti út úr sér: Já, en það er búið að ákveða þetta. Já, það er nefnilega það. Það er búið að ákveða þetta. Hvers vegna þá að vera senda málið út til umsagnar? Hvers vegna að standa í þessum leiðindum? Af hverju erum við að tala fyrir öðrum sjónarmiðum úr því að það er búið að ákveða þetta? Jú, það er vegna þess, herra forseti, að það er skylda okkar. En hitt, að verða vitni að viðhorfi af því tagi, sem mér finnst anda í gegnum þetta mál, er dapurlegt.

Herra forseti. Að lokum. Sennilega er það íslenskt skáld sem menn tengja nú einna sterkast við þessar slóðir sem umrædd virkjun og mögulegar nágrannavirkjanir ættu að rísa á, Kristján Jónsson Fjallaskáld, sem er kenndur við fjallabyggðina á norðausturhálendinu. Hann bar reyndar beinin á Vopnafirði sem er fæðingarstaður hæstv. utanrrh. svo að maður haldi þeim sögulegu tengslum til haga og Kristján Jónsson var vel kunnugur á þessu svæði, það er vitað. Hann fór um þetta svæði bæði til smalamennsku og hann orti falleg kvæði um margar helstu náttúruperlur þessa svæðis.

Í ævisögu Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi eða umfjöllun hans um Kristján er komist mjög skemmtilega að orði

um Fjallaskáldið og mannlífið á fjöllunum eins og það var í þá daga, á ofanverðri 19. öldinni, þegar Kristján Jónsson var þar á dögum ungur maður. Það á býsna vel við vegna þess að Benedikt höfðar til landsins af orðkynngi sinni. Með leyfi forseta ætla ég að vitna í það sem Benedikt Gíslason frá Hofteigi sagði í þessari bók um mannlífið á fjöllum:

„Það er viss hrikahátt ur í sveitarlífinu. Fjallamenn eru ekki mysumenn í lífsháttum, margir greindir og vel lesnir menn, talsmáti fólks ákveðinn og oft næsta grófur og stórgerður. Það gerir landslagið, víðáttan blönduð auðnum við kjarnagresjur. Landið svíkur ekki og þá ber mönnum ekki að svíkja landið, hvorttveggja gefur mikið og heimtar mikið — það er Fjallalíf."

Af mörgum kvæðum Kristjáns um náttúruperlur á hálendinu svo sem eins og hið magnaða kvæði um Herðubreið og kvæði um fleiri staði og ferðalög á þessu svæði held ég þó kannski að Dettifoss sé magnaðastur því þar sameinast allt í mögnuðum kveðskap skáldsins, lotningin fyrir náttúrunni og fyrir hinu hrikalega fyrirbæri, Dettifossi, en líka svartmyrkrið sem grúfði yfir sál skáldsins sem var þá illa kominn þegar ljóðið var kveðið. En það er alveg ljóst að Kristján Jónsson sá framtíðina þannig fyrir sér að Dettifoss mundi kveða, syngja eða hlæja um aldir alda, hvort sem það yrði yfir beinum hans eða ekki. Ég ætla að leyfa mér að ljúka máli mínu, herra forseti, með því að lesa kvæðið Dettifoss eftir Kristján Jónsson Fjallaskáld:

Þar sem aldrei á grjóti gráu
gullin mót sólu hlæja blóm
og ginnhvítar öldur gljúfrin háu
grimmefldum nísta heljarklóm,
Kveður þú, foss, minn forni vinur,
með fimbulrómi sí og æ.
Undir þér bergið sterka stynur,
sem strá í næturkuldablæ.

Kveður þú ljóð um hali horfna
og hetjulíf á fyrri öld;
talar þú margt um frelsið forna
og frægðarinnar dapra kvöld.
Ljósgeislar á þér leika skærir,
liðnir frá sól í gegnum ský.
Regnbogalitir titra tærir
tröllauknum bárum þínum í.

Ægilegur og undrafríður
ertu, hið mikla fossaval;
aflrammur jafnt þú áfram líður
í eyðilegum hamrasal.
Tímarnir breytast; bölið sára
það brjóstið slær, er fyrr var glatt;
en alltaf söm þín ógnarbára
ofan um veltist gljúfrið bratt.

Stormarnir hvína, stráin sölna,
stórvaxin alda rís á sæ,
á rjóðum kinnum rósir fölna
í reginköldum harmablæ,
brennandi tár um bleikan vanga
boga, því hjartað vantar ró;
en alltaf jafnt um ævi langa
aldan í þínu djúpi hló.

Blunda vil ég í bárum þínum,
þá bleikur loksins hníg ég nár,
þar sem enginn yfir mínu
önduðu líki fellir tár.
Og þegar sveit með sorgarhljóði
syngur döpur of ann´ra ná,
í jörmunelfdum íturmóði
yfir mér skaltu hlæja þá.

Þetta, herra forseti, var kvæði Kristjáns Jónssonar Fjallaskálds um Dettifoss.

[23:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem við erum að fjalla um er pólitískur leikur Framsfl. Hún er tilraun til að stilla pólitískum andstæðingum og reyndar líka pólitískum samstarfsmönnum upp að vegg, láta þá bera ábyrgð með Framsfl. á máli sem þeim fannst að þeir stæðu einir uppi með. Þeim fannst og kannski var það rétt að þeir væru einir að taka út erfiðleikana sem fylgdu því að fara í þessa virkjun og þessa stóriðju og að Sjálfstfl. slyppi eins og stundum áður við gagnrýnina en fengi aftur á móti hrósið og það sem félli til af upphefð fyrir það sem verið var að gera. Þeir ákváðu að leggja það til að þetta mál yrði tekið inn í Alþingi, ekki af því að þeir teldu að væri á því nein nauðsyn heldur vegna þess að þeir töldu að það væri pólitískt skynsamlegt. Það mundi rétta Framsfl. við og það mundi kannski koma einhverjum illa.

Nú er að sannast að þessi leiðangur er að mistakast hjá Framsfl. og það illa. Framsfl. er ekki að uppskera úr þessum leiðangri það sem hann hafði hugsað sér vegna þess að þegar menn bjóða upp á sýningu á verkum sínum, þegar gestirnir koma og verða margir til að skoða sýninguna fer ekki hjá því að verkin verða metin. Hér hafa menn verið að meta verkin. Hver er niðurstaðan? Það er nánast hægt að setja út á allt sem viðkemur undirbúningi málsins, því miður. En stjórnarliðar, fylgismenn Framsfl. og Sjálfstfl., sem tóku við þessu máli inn í sali Alþingis, eru tilbúnir að fylgja því hvernig sem það lítur út að lokum. Það hefur komið í ljós í umræðunni og í umfjöllun málsins, í nefndum og meðal þingmanna. Umræðan gefur ekki af sér breytingar á afstöðu manna, ekki ef þeir eru í stjórnarflokkunum. Hins vegar hefur margt komið fram í þessu máli sem gerir það t.d. að mörgu leyti öðruvísi í mínum augum en það var þegar það kom fyrst fyrir mín augu í þinginu. Margt hefur verið upplýst í umræðunni.

Hæstv. forsrh. hefur alveg sérstaka ánægju af því að gera lítið úr Samfylkingunni og niðurlægja hana. Um daginn lýsti hann því þannig að Samfylkingin hefði enga skoðun á málinu, hún vildi bara eitthvert umhverfismat, hún vildi bara láta skipulagsstjóra og umhvrh. ráða niðurstöðunni. Í þessu felst alveg gersamlega fullkomin fyrirlitning á því sem hefur verið ákveðið á hv. Alþingi að sé háttur á að meðhöndla mál eins og þetta. Hæstv. forsrh. ber enga virðingu fyrir þeim vinnubrögðum sem hafa verið ákveðin á hv. Alþingi. Hann gerir bara grín að þeim. Á sama tíma, reyndar fáeinum dögum áður, upplýsti hæstv. forsrh. líklega nokkru fyrr en hann ætlaði að gefa út ævisögu sína að þegar verið var að byggja ráðhúsið, sem var umdeild bygging og stendur hér stutt frá, hefðu margir verið óánægðir með það mál. Hver voru aðalrökin hjá þeim sem voru á móti ráðhúsinu? Þau voru að ráðhúsið væri of stórt, það tæki of mikið pláss í Tjörninni og það væri of dýrt. Hæstv. forsrh. upplýsti að hann hefði

verið á móti ráðhúsinu vegna þess að ráðhúsið var of stórt. Það tók of mikið pláss í Tjörninni og hann var hræddur um að það yrði of dýrt. Hann var sem sagt sammála þeim sem voru að berjast gegn ráðhúsinu. Hann var að hæla sér af því við þjóðina núna eftir öll þessi ár að hann hefði verið á móti þessu máli. Ég spyr: Er alveg víst að hæstv. forsrh. styðji það mál sem við erum núna að fjalla um? Er það alveg öruggt eða hefur hann kannski orðið undir í ríkisstjórninni eins og hann var forðum undir þegar þeir voru að byggja ráðhúsið? (**Gripið fram í:** Það skyldi nú ekki vera?) Það skyldi nú ekki vera.

Því miður er niðurstaðan af þessari skoðun á málinu sú að hægt er að líkja henni við það þegar nemandi er sendur heim úr skólanum með verkefni, við skulum segja að þetta hafi verið verkefni í reikningi, og þegar kennarinn er búinn að fara yfir verkefnið er ekki eitt einasta dæmi rétt. Þegar nemandinn, sem hreykinn kom með verkefni sitt í skólann og lagði það fram, fær plaggið í hendur aftur þá er allt strikað með rauðu, ekkert dæmi rétt, alls staðar athugasemdir og alls staðar vitlaus útkoma. Þannig er þetta, því miður.

Það er eitt sem hefur verið eins og rauður þráður í gegnum umræðuna hjá þeim sem hafa mælt með þessu máli eins og það liggur fyrir, en það er byggðastefnan. Verið er að reyna að gera þá tortryggilega sem eru ekki ánæðir með hvernig þetta mál hefur verið undirbúið með því að tala til þeirra eins og þeir séu á móti landsbyggðinni, þeir séu á móti því að Austfirðingar fái loksins eitthvað sem geti bjargað byggðunum fyrir austan.

Ég er afar ósáttur við þennan málatilbúnað einfaldlega vegna þess að stóriðja getur ekki verið byggðastefna. Það er útilokað. Það er of mikið í húfi. Menn geta aldrei notað stóriðju á þann hátt vegna þess að þá eru menn að segja að þeir séu tilbúnir til að taka á sig tapið. Ætla menn að taka ákvarðanir um álver og virkjun fyrir austan til að bera af því tap vegna byggðamála? Væntanlega ekki. Ég tel að það geti ekki verið. Auðvitað verður stóriðja að byggðamáli ef niðurstaðan er jákvæð en til þess þurfa menn að fara yfir málið fyrst. En það er ekki hægt að leggja upp með stóriðjustefnu sem byggðastefnu. Þar eru menn að snúa hlutunum á haus.

Hér hefur verið spurt hvað menn vilji gera ef ekki þetta í byggðamálum. Ég svara því einfaldlega þannig að stóriðjustefna getur aldrei orðið byggðastefna. Það getur hins vegar komið byggðum vel ef menn komast að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að virkja og byggja álver eða stóriðju. Við höfum auðvitað séð það vel á sunnanverðu Vesturlandi hvað stóriðja getur gert í atvinnumálum. Það út af fyrir sig er líka notað sem rök í þessu máli og kannski eðlilega. En þar má líka sjá dæmi um hvernig ekki á að standa að undirbúningi stóriðju.

Sannleikurinn er sá að vafasamt er hvort Íslendingar séu farnir að hagnast á járnblendifélaginu. Akurnesingar hafa hagnast á því og svæðin í kring en landið í heild hefur sennilega ekki hagnast á því enn þann dag í dag. Vegna þess að þannig var til stofnað í upphafi að raforkuverðið sem þar hefur verið það lágt og var reyndar lágt vegna þess að menn höfðu þá virkjað áður í Blöndu og höfðu ekki markað fyrir orkuna, og það vissu þeir auðvitað sem sömdu um raforku fyrir járnblendifélagið og fundu verð sem var þeim hagkvæmt og hefur verið býsna lágt fram á þennan dag, auk þess sem íslenska ríkið lagði ítrekað fram hlutafé í þetta og á tímabili voru það orðnir 4 milljarðar. Ég veit ekki hvort 1,5 milljarðar hafa skilað sér til baka. Það eru þær tölur sem mig minnir að séu réttar. Það eru því líkur á því að við eigum eftir að sjá hagnaðinn af því fyrirtæki. En vonandi mun sá rekstur halda áfram að ganga eins og hann hefur gert undanfarin ár og að lokum verði það hagkvæmt.

En hvað er það sem umræðan hefur leitt í ljós í umfjöllun þingnefnda Alþingis og hér í þingsölum? Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í umhverfisþáttinn, það hafa ýmsir þingmenn gert mjög vel og engin ástæða til að endurtaka þau rök. En þau rök sem hafa verið færð fram hvað varðar undirbúning málsins að þessu leyti segja öll, þau hrópa það raunverulega, að þarna hafi illa verið að málum staðið. Það er allt of mikið af vel rökstuddum ábendingum frá hv. þm. sem sanna það að þarna hafa menn ekki staðið rétt í ístaðinu.

Ég er einn af þeim sem telja að ef farið hefði verið í eðlilegt umhverfismat og umfjöllun þessa máls, þá hefði það getað leitt til þess að við hefðum valið hagkvæmasta kostinn og þann kost sem hefði getað leitt til sátta.

Það sem nú liggur fyrir og hefur komið skýrt fram í gögnum sem hafa verið til umfjöllunar hjá hv. þingnefndum er að með því að virkja á Eyjabökkum á þann hátt sem nú liggur fyrir og ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér, þá er ekki verið að nýta virkjunarkosti sem fyrir hendi eru að fullu. Það er mjög alvarlegt mál og verður kannski aðalumfjöllun máls míns að fara yfir það. Það liggur nefnilega fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir ætla sér að sökkva Eyjabökkum — sem margir líta á sem mjög alvarlegt umhverfisslys — án þess að nýta það vatnsafl til fulls sem er á þessu svæði. Það er að mínu viti mjög alvarlegt mál.

Þarna er ég að vísa til þess að Orkustofnun hefur skoðað annan möguleika á virkjun á þessu svæði, svokallaða Hraunavirkjun. Sú virkjunartilhögun var skoðuð í framhaldi af því á sínum tíma þegar niðurstaðan var sú að hagkvæmara væri að bora göng en nota þá skurði sem í upphafi var reiknað með í þessari virkjun. Ég vitna hér til greinagerðar um Hraunavirkjun frá Orkustofnun en hennar er getið í bréfi frá 2. desember 1999, en þar segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Á fundi umhvn. hinn 30. nóv. sl. voru fulltrúar Orkustofnunar beðnir um nánari greinargerð um svokallaða Hraunavirkjun. Meðfylgjandi er minnisblað sem dr. Hákon Aðalsteinsson hefur dregið saman af þessum sökum."

Á þessu minnisblaði er talað um virkjun Hraunavatns og þar kemur fram að sú virkjun er nefnd í yfirlíti um þróun virkjunarhugmynda í greinargerð Orkustofnunar með till. til þál. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Þar kemur enn fremur fram að stórt inntakslón á enda langs skurðar, Gilsárvatnalón, réð mestu um að Fljótsdalsvirkjun með veitu norðan Norðurdals varð fyrir valinu.

Ég ætla að vitna í þetta áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar ákveðið var að færa aðrennslisveitu virkjunarinnar af yfirborði í göng, ákvað Orkustofnun að skoða einnig möguleika á betri nýtingu Hraunavatns. Á þessum árum, (1989–1991) var beðið eftir Fljótsdalsvirkjun vegna álvers á Keilisnesi, og því augljóslega ekki tími til að verkhanna nýjan kost."

Ég vek athygli á að þetta er á árunum 1989–1991. Síðan er virkjuninni lýst stutt: „Sameining Fljótsdals- og Hraunavirkjana í eina virkjun, Hraunavirkjun meiri, með stöðvarhúsi í Suðurdal." — Í stað Norðurdals sem hin virkjunin er. — „Þetta er í raun byggt á sömu útfærslu og tilhögun Hraunavirkjunar, en gangaleggnum norðan Norðurdals sleppt en aðalgöng sunnan Suðurdals stækkuð í staðinn. ... Aðalmiðl-

un Hraunavirkjunar, hvort sem það er hin minni eða meiri, er á Eyjabökkum."

Það er sem sagt ekki verið að tala um virkjun sem breytist að þessu leyti. Áfram er gert ráð fyrir lóni á Eyjabökkum. Þetta er tillaga um áfangaskipta virkjun, þ.e. fimm áfanga, og ég vek athygli hv. alþm. á því að þeir fimm áfangar gefa af sér 2.800 gwst. á ári. En eins og þingmenn muna er gert ráð fyrir að Fljótsdalsvirkjun sem hér er til umfjöllunar gefi af sér 1.390 gwst. á ári. Þarna erum við sem sagt að tala um helmingi stærri virkjun. Og hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Þessi tafla segir enn fremur að þessi virkjun stendur hvorki né fellur með einstaka veitum og því er ekkert tilefni til að hafna hugmyndinni í heild, þótt menn séu ekki fyllilega sáttir við allt sem hefur verið skoðað fram til þessa. Orkustofnun hefur reynt að fara yfir sem mest af virkjunarsvæðinu með sérfræðingum til að safna upplýsingum um náttúrufar, til að endanleg forathugun og frumhönnun verði markviss."

Síðan er vitnað í helstu rannsóknir sem hafa birst í skýrslum til stuðnings þessari tillögu Orkustofnunar.

Hraunavirkjun er kynnt sem valkostur við Fljótsdalsvirkjun. Í stað þess að veita Jökulsá í Fljótsdal út Fljótsdalsheiði og virkja í mynni Norðurdals eins og lagt er til í áætluninni um Fljótsdalsvirkjun er ánni veitt austur fyrir Suðurdal og fram með honum og virkjað í mynni hans. Það er gert ráð fyrir að byggingarkostnaður útfærslnanna verði svipaður, um 50 milljarðar kr., miðað við verðlag í desember 1994. Þá er þessi tillaga tilbúin eins og hún liggur fyrir og er kynnt af Orkustofnun.

Orkuverð frá Hraunavirkjun yrði 15–20% lægra en frá Fljótsdalsvirkjun. Ég endurtek: 15–20% lægra orkuverð en frá Fljótsdalsvirkjun og þessi tillaga er tilbúin 1994. Þeir segja enn fremur á minnisblaðinu um skýrsluna:

„Útgáfa þessarar skýrslu um Hraunavirkjun markar tímamót hvað varðar forathuganir Orkustofnunar á virkjunarkostum."

Gera hv. alþm. sér grein fyrir því hversu alvarlegt þetta mál er? Að til skuli vera valkostur, tillaga ekki frá hverjum sem er, heldur frá Orkustofnun þar sem Orkustofnun gerir ráð fyrir því að orkuverð frá þeirri virkjun verði 15–20% lægra en frá Fljótsdalsvirkjun og að við stöndum frammi fyrir því árið 1999 að þessi kostur hafi verið geymdur, hann hafi ekki verið skoðaður. Honum er ekki lýst í gögnunum sem hér liggja fyrir heldur hefur Orkustofnun komið þessu á framfæri í viðtali við þingnefndir. Þegar þetta mál er reifað í þingnefndum og á hv. Alþingi, þá spyr ég, sjá menn ekki hversu fáránlegt það er að sökkva Eyjabökkum sem er mikið umhverfisslys í augum fjölmargra Íslendinga og það án þess að nýta bestu virkjunarkosti á svæðinu? Hverjir bera ábyrgð á slíku, hæstv. forseti?

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Velti hann þessu máli aldrei fyrir sér, að það þyrfti að skoða það? Hvers vegna í ósköpunum lét hæstv. ráðherra ekki skoða þetta mál? Skipti það engu að hægt yrði að fá 15–20% lægra raforkuverð á svæðinu? Að menn væru að kasta náttúruverðmætum án þess að nýta að fullu það svæði sem um væri að ræða? Er það í takt við afstöðu fólks í dag við að skerða náttúruna að kasta frá sér slíkum möguleikum eins og þarna eru fyrir hendi?

Síðan vil ég vekja athygli hv. þm. á því hversu stærðarmunurinn á þessari virkjun og Fljótsdalsvirkjun er mikill. Við erum annars vegar að tala um Hraunavirkjun sem getur orðið allt að 2.800 gwst. en hins vegar Fljótsdalsvirkjun sem er 1.390 gwst. og fyrsti áfangi Hraunavirkjunar yrði samkvæmt þessum hugmyndum nægilega stór fyrir álverið í Reyðarfirði. En auðvitað þarf að koma til viðbótarvirkjun við Fljótsdalsvirkjun ef svona verður farið að eins og hér er til stofnað af hæstv. ríkisstjórn.

Hver gæti verið ástæðan fyrir því að menn hafa látið þennan möguleika óskoðaðan frá því 1994, svo ég fari nú ekki aftar? Tillagan er að vísu frá 1991 en þær rannsóknir sem Orkustofnun leggur til grundvallar hugmyndinni eins og hún liggur fyrir núna eru sumar hverjar fram til ársins 1994 og tíminn frá 1994 hefur ekki verð nýttur að neinu leyti til þess að skoða þennan kost. Hver gæti verið ástæðan?

Því miður, hæstv. forseti, tel ég að ástæðan fyrir þessu geti eingöngu verið ein. Hún er sú að hæstv. ríkisstjórn einblínir á að ekki megi meta umhverfisáhrif af þessari virkjun. Hæstv. ríkisstjórn hlýtur að telja að ef það verði gert þá verði hætt við þennan kost. Það er a.m.k. það sem ég get helst látið mér detta í hug. Hvaða ríkisstjórn horfir fram hjá því að hægt sé að fá 15–20% lægra orkuverð af jafnstórri virkjun og þessari nema hafa fyrir því einhverja ríka ástæðu? Ég held því fram að þetta atriðið sé næg ástæða til að hér verði staldrað við og að menn láti þetta mál ekki ganga til enda. Það liggur fyrir rökstudd tillaga frá Orkustofnun sem bendir eindregið til að meira að segja sé hægt að hafa hagnað af þessu álveri sem menn hafa verið að reikna sig fram og til baka með ef þessi kostur yrði valinn. En til þess þarf að fara yfir allt málið eins og reyndar aðrir hv. þm. hafa rökstutt að gera þurfi hvort sem er, ætli menn að sýna þessu máli þá virðingu í sölum Alþingis sem því ber.

Það hefur verið rætt töluvert, hæstv. forseti, hvernig ganga muni hjá Landsvirkjun að semja um raforkuverð svo dugi. Menn hafa haft um það efasemdir. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu en verð því miður að segja að ég tel að Landsvirkjun gæti ekki valið sér erfiðari samningsaðila í þessu máli. Íslenskir aðilar sem koma að þessu máli munu finna það best allra hversu langt er hægt að teygja Landsvirkjun og íslensk stjórnvöld í þessu máli. Ég er sannfærður um að þeir sitja nú og reikna út svartasta lágmark á raforkuverði sem pólitísk samstaða geti orðið um. Þeir þurfa ekki að semja um meira því að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt svo mikið undir í spilinu að hún verður að ganga að þessu svartasta lágmarki. Hún er búin að kynna þetta mál sem eitt af sínum allra stærstu málum og getur ekki annað en gengið brautina á enda.

Það hefur margoft komið fram hjá ríkisstjórninni að hún er að reyna að nota einn af aðalsamningsaðilunum, Norsk Hydro, sem einhvers konar grýlu á pólitíska andstæðinga sína. Sagt hefur verið að Norsk Hydro stilli okkur upp við vegg, að ef ekki verði gengið í þetta núna strax þá verði bara hætt við allt saman. Hins vegar hafa komið yfirlýsingar frá Norsk Hydro um að þeir séu ekki á móti því að fram fari umhverfismat. Ég verð að segja að mér finnst ótrúlegt að Norsk Hydro, eftir að hafa sent frá sér slíka yfirlýsingu, sé að stilla okkur upp við vegg. Hvers vegna ættu þeir að gera það? Ef það er eitthvað að marka það sem þeir segja þá hljóta þeir að vera tilbúnir að gefa okkur tækifæri til að fara yfir málið og fara yfir það með okkur. Hvers vegna er Norsk Hydro að spila út þessum varnöglum? Af hverju ættu þeir að segja það en í raun og veru meina að ef við göngum ekki að þessu þá hætti þeir bara við? Hver gæti ástæðan verið? Það væri þá bara ein ástæða, sú að stjórnendur Norsk Hydro vilji hafa útgönguleið í þessu máli, að þeir vilji geta hætt við. Er

hugsanlegt að þeir vilji hætta við af umhverfisástæðum? Það er einn möguleikinn.

Ég trúi því ekki að þeir sömu menn og sagt er að stilli okkur upp við vegg og krefjist þess að málið sé keyrt nógu hratt áfram, eins og stjórnarliðar fullyrða, séu með yfirlýsingar um að þeir séu tilbúnir til að fara í umhverfismat. Það hafa þeir gert og samkvæmt fréttum frá Noregi hefur fyrirtækið verið að reyna að ná vopnum sínum með því að sýnast umhverfisvænna en það hefur verið á undanförnum áratugum.

Auðvitað væri líka hægt að láta sér detta í hug að þetta fyrirtæki sé á svo veikum efnahagsgrunni reist að ef menn ekki láti reyna á þetta núna, að semja strax, sé möguleikinn ekki til staðar. Er það þannig? Halda menn virkilega að það standi allt og falli með því hvort gengið verði að þessu í vetur? Er þá mikið í þetta að sækja? Ætli hagnaðurinn sem menn eru að takast á um sé þá mikill? Hann getur varla verið mjög mikill ef allt stendur og fellur með því að gengið verði í málið núna eins og það liggur fyrir og ekki gefst tími til að skoða möguleika á því að framleiða rafmagnið með 15–20% lægri tilkostnaði en ráð er fyrir gert í þeim áætlunum sem nú liggja fyrir. Þetta er dæmi um hve hörmulega íslensk stjórnvöld hafa klúðrað undirbúningi þessa máls. Við þessa umfjöllun kemur í ljós að möguleiki sé á að framleiða rafmagn 15–20% ódýrara en hann hafi verið látinn eiga sig árum saman í skúffum Orkustofnunar. Það er furðulegt að hæstv. ráðherra hafi ekki látið sér detta í hug að undirbúa málið og hafa það tilbúið þegar kæmi að möguleikum á að selja orku til stóriðju.

Komið hefur fram að Norsk Hydro sé tilbúið að vera með okkur í þessu, fyrirtækið sé tilbúið að eiga 20–30%. Þó hefur farið á milli mála hvað þeir vildu eiga mikið. Það eru ýmsar vísbendingar um að þeir hafi takmarkaðan áhuga á verulegum eignarhlut. Hvað segir það okkur? Norsk Hydro *gæti haft hag af því að taka þátt í þessu álveri þó enginn* hagnaður yrði af því. Fyrirtækið getur hagnast verulega á því að taka þátt í álverinu þó hagnaður af því verði enginn. Það er gert ráð fyrir því að þeir selji aðföngin og framleiðsluna *og eins er gert ráð fyrir því að þeir fái verulega upphæð fyrir* tækniþekkinguna. Álverið þarf ekki að bera sig til þess að Norsk Hydro hafi hagnað af þátttöku sinni.

Hvernig verður þetta þá? Íslenskir aðilar taka þátt í samningunum með Norsk Hydro til að ná sem lægstu raforkuverði. Hvar verður áhættan? Hún verður hjá Landsvirkjun. Þeir hjá Landsvirkjun sögðust ætla að reikna allt raforkudæmið sér, það yrði sér stóriðjupakki hjá þeim og þeir ætluðu sér ekki að tapa á þessu dæmi. Nei, ekki aldeilis. Þeir ætluðu ekki að gera það. Batnandi er mönnum best að lifa en það hefur komið fyrir að Landsvirkjun hafi tapað. Sannleikurinn er sá að Landsvirkjun hefur ekkert til að veðsetja nema íslenska neytendur á markaðnum, ekkert annað.

Maður getur velt því fyrir sér, út frá tölum um raforkuverð til stóriðju og raforkuverð til almennra nota á Íslandi, hvort Landsvirkjun hafi einhvern tíma áður tapað á sölu raforku til stóriðju. Ég er með línurit sem sýnir raforkuverð frá árunum 1966–1998. Það þarf ekki mjög glögg augu til að sjá að frá árinu 1966 og til 1974 hækkaði raforkuverð til almennra nota stórkostlega í hlutfalli við raforkuverð til stóriðju. Af hverju skyldi það hafa verið? Það var vegna þess að menn gerðu á sínum tíma mjög vondan samning um sölu á raforku til Ísals. Almennir raforkunotendur á Íslandi þurftu að borga með honum. Þeir borguðu með honum þar til hann fór að lækka, þessi mismunur á raforku til stóriðju og til almennra nota, á árunum í kringum 1974–1980.

Þá fór mismunurinn að aukast aftur. Hvað hafði gerst? Jú, menn höfðu byggt Blönduvirkjun og ekki bara Blönduvirkjun heldur var gerður raforkusamningur vegna sölu á rafmagni inn í Hvalfjörð, til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Hvað skyldu menn hafa fengið fyrir rafmagnið þar? 6,5 mill var það. Þeir seldu rafmagn til þessa fyrirtækis á 6,5 mill frá því að fyrirtækinu var komið í gang og ég skal ekki segja hve lengi. Ætli það hafi ekki verið í fyrra sem gerður var annar samningur. Þetta fyrirtæki þurfti ekki einu sinni að borga 6,5 mill allan tímann. Eitt skiptið þegar það var nánast farið á hausinn þá samdi Landsvirkjun við það um að lækka raforkuverðið allverulega frá þessum 6,5 millum sem þeir voru með.

Þannig er þessi raunasaga og sama tíma jókst aftur munurinn milli almenns raforkuverðs og raforkuverðs til stóriðju. Svo gerist undrið upp úr árinu 1988. Þá minnkar munurinn aftur. Hann hefur verið að minnka, hann minnkaði til ársins 1993–1994 og hefur verið svipaður síðan. Þessi mismunur á raforkuverðinu er einna minnstur núna frá upphafi. En nú á að gera samning. Ég held að það sé eðlilegt að þeir sem stjórna Landsvirkjun vilji forðast að sá samningur verði svipaður og þeir samningar sem ég lýsti á undan. Það er enginn vafi á því að íslenskir raforkunotendur hafa greitt niður raforku til stóriðju hvað eftir annað á þessum árum. Það þarf ekki að segja mér annað en að Landsvirkjun hefur enga til að setja í pant nema okkur. Þeir munu ekki geta skilið á milli þegar á reynir, milli almennra raforkunotenda á Íslandi og stóriðjunnar. Ef þeir tapa á því að selja stóriðjunni þá verða þeir að innheimta það af almennu raforkusölunni, því miður.

Ég ætla ekki að blanda mér í umræðuna um þá fjárfesta sem eiga að koma til skjalanna á Íslandi. Eitt vil ég þó segja *um það mál. Mér finnst með miklum eindæmum sem hér* hefur gerst á undanförnum mánuðum. Allt í einu þykir ekkert mál fyrir Íslendinga að byggja svo sem eitt álver, upp á 480 þús. tonn jafnvel. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar gengur um *og gerir lítið úr þessu, segir að þetta sé ekkert mál.* Það eru aðeins örfá missiri síðan fluttar voru ræður um að Íslendingar gætu ekki tekið svona áhættu. Hvað skyldi vera langt síðan Íslendingar seldu meiri hluta sinn í járnblendifélaginu? Út á hvað gekk rökstuðningurinn fyrir því að selja meiri hlutann þar? Hann gekk út á að vitlaust væri að taka þá áhættu að eiga þetta. Íslendingar ættu ekkert að vera að því. Ríkið ætti ekkert að vera að því heldur ætti bara að selja þetta. Fjárfesting sem þessi var talin tóm vitleysa. Mig minnir að rætt hafi verið um að Íslendingar ættu ekki að eiga í þessum stóru fyrirtækjum vegna áhættunnar.

Það hefur líka komið fram svo það sé nefnt, meira að segja í síðasta bréfi frá Seðlabankanum sem kom í hólf þingmanna, að efnahagsleg vandamál Íslendinga væru fólgin í því að það væru of fá og stór egg í körfunni. Vandinn væri sá að við værum með allt of stóran hluta okkar í sjávarútveginum og álinu. Þetta var í bréfi Seðlabankans frá einhverju virtu erlendu hagfræðifyrirtæki sem ... (**Gripið fram í:** Standard & Poor´s.) Já, rétt hjá hv. þm. Nú ætlum við að bæta enn við og ekkert lítið. Við ætlum að fara út í mjög stórt álfyrirtæki.

Nú hefur komið fram eitthvert vandamál í sambandi við umhverfismat á þessu álveri og þetta umhverfismat virðist ætla að tefjast eitthvað. Ég hef velt því dálítið fyrir mér hvaða áhrif það geti haft. Mér sýnist að það geti haft þau

áhrif að ekki sé endilega víst að Norsk Hydro sé tilbúið til að ganga til samninga á meðan ekki er vitað hvaða skilyrði eru gerð fyrir þessu fyrirtæki þarna fyrir austan því að auðvitað þurfa menn að vita það. Eitthvað kostar það af peningum að koma til móts við kröfur vegna umhverfismála sem gætu komið upp og á meðan menn vita ekki hvaða kröfur það eru, eru menn kannski ekki alveg jafnfrjálsir til samninga. Ég held að það geti skýrt þá miklu taugaveiklun sem hefur verið undanfarna daga út af úrskurði skipulagsstjóra, að menn telji að þetta geti tafið málið og að vorið geti kannski dottið upp fyrir hjá hæstv. iðnrh., hann geti bara ekki klárað málið fyrir þinglok t.d., því að það er á honum að skilja í þingsölum að hann telji að það þurfi að koma með málið inn til þingsins. Þess vegna gæti verið að sú taugaveiklun sem við höfum orðið vör við væri vegna þess að það þyrfti að skipta snarlega yfir í fyrsta áfanga ef ætti að vera hægt að klára þetta mál.

Hæstv. forseti. Það var ekki ætlun mín að fara að halda langa ræðu. Ég tel hins vegar að þetta mál sé svo illa undirbúið frá hæstv. ríkisstjórn að það sé með eindæmum að menn skuli ekki vera tilbúnir til að hlusta á gagnrýnisraddirnar. Í dag held ég að menn gætu verið menn að meiri að gera það og mér hefur sýnst að síðasta dæmið um að menn séu tilbúnir að endurskoða pólitískar ákvarðanir sínar segi okkur að það þurfi ekki endilega að vera vont fyrir þá.

Sjálfstæðismenn í höfuðborginni gengust fyrir undirskriftasöfnun. Þeir börðust gegn máli sem meiri hlutinn í Reykjavík hafði ætlað sér að framkvæma, þ.e. að láta byggja í Laugardalnum. Andstaðan við þetta mál í borginni reyndist verulega mikil. Þegar meiri hlutinn í Reykjavík fór að skoða málið komst hann að þeirri niðurstöðu að hann ætti að hlusta á fólkið í borginni. (**Gripið fram í:** Jafnvel þó að það væri samþykkt skipulag.) Jafnvel þó að það væri samþykkt skipulag, já. Það var ekki vegna þess að menn hefðu neyðst til þess að gera þetta á einhverjum lagalegum forsendum eða eitthvað slíkt, nei. Það er vegna þess að meiri hlutinn í Reykjavík ákvað að hlusta á fólkið í borginni, jafnvel þó að það væru sjálfstæðismenn sem höfðu haft forgöngu í málinu. Ákveðið var að hætta við þetta, skoða málin upp á nýtt. Ég er sannfærður um að meiri hlutanum í Reykjavík mun ekki verða legið á hálsi í framtíðinni fyrir það að hafa verið tilbúinn að endurskoða afstöðu sína. Það var ekki vegna þess að menn væru mjög sáttir við það. Þeir höfðu greinilega þá skoðun að skynsamlegt væri að byggja, a.m.k. sagði borgarstjórinn það í viðtölum. Hann ákvað samt að hlusta á fólkið í borginni. Ég held að mönnum væri nær að hlusta á fólkið í landinu en að ana áfram með bundið fyrir augun eins og hæstv. ríkisstjórn er að gera. Satt að segja er ég ekki spámaður, enda mundi fara illa fyrir ríkisstjórninni ef ég væri það. Mér finnst einhvern veginn að göngulag ríkisstjórnarinnar í þessu máli hljóti að enda með því að hún falli með einhverjum hætti um koll og þessar fyrirætlanir muni að lokum verða þessari hæstv. ríkisstjórn til ófarnaðar.

Ég held að hún hefði átt að hafa vit á því að hlusta á gagnrýnina sem hefur komið fram við umfjöllun málsins, taka það úr þessum farvegi, ræða við Norsk Hydro um að taka þetta mál allt til skoðunar til að finna hagkvæmasta kostinn til að virkja fyrir austan og þann kost sem hægt væri að ná viðtækri sátt um, taka sér tíma í þetta mál, þann tíma sem þarf. Ef það er svona hagkvæmt að virkja þarna og ef það er svona hagkvæmt að framleiða ál, hleypur sá möguleiki ekki frá okkur á nokkrum mánuðum. Í áliðnaðinum hugsa menn í áratugum, það höfum við a.m.k. heyrt fram að þessu en íslenska ríkisstjórnin talar eins og að í áliðnaðinum sé hugsað sé í vikum.

Ég hef tekið eftir því, hæstv. forseti, að margir hv. þingmenn verða mjög skáldlegir og vitna í bókmenntir, fara með kvæði og stökur þegar þeir ljúka ræðum sínum í þessu máli. Ég velti því svolitla stund fyrir mér hvar væri að finna einhverja hliðstæðu í bókmenntunum við þessa vegferð hæstv. ríkisstjórnar. Ég er ekki mjög lesinn maður, en að lokum flaug mér í hug kvæði eftir skáld. Þetta kvæði er eftir Guðmund Böðvarsson úr Borgarfirði. Ég hugsa að hann hafi með innsæi sínu séð fyrir sér íslensku ríkisstjórnina þegar hann var að kveða þetta kvæði á sínum tíma því að þetta kvæði er um afreksverk sem unnið var á fjöllum og ríkisstjórnin hefur hugsað sér að vinna afrek á fjöllum. Mér fannst einhvern veginn þegar ég fór að hugsa málið að þetta væri kannski það sem kæmist næst því í mínum huga. Þetta minnir mig á þessa tilraun ríkisstjórnarinnar til afrekanna.

Hæstv. forseti. Ég fer fram á að fá að lesa þetta kvæði.

(**Forseti** (ÍGP): Þingmaðurinn fær leyfi til þess.)

Vallhumall vex í þúfu
Völku gömlu frá Tjörnum.
Stóð sú við sætingu og rakstur
sjaldan á engjateigi,
fornleg um þykkju og þel.
Langtímis fór hún á fjalli
að fé, með toppmjóa húfu,
gagnkunnug hálendishagans
holtum, móum og dýjum,
Einbúa og Útbrúnir þekkti,
Illasund, Háamel,
því hún rak á hverjum degi
hreppstjórans ær úr kvíum,
með sér að morgni tók hún
mal sinn og blöndulegil,
staf sinn, og stytti sig vel.

Valka var vel að manni,
í vextinum stutt og digur,
ótæpt var í hana spunnið
andanum til að duga,
og ófremdin sárt henni sveið,
oft vó hún upp stórgrýti í vörður
og vann þar lofsverðan sigur,
en oflangt frá alfaraleið,
því henni brann það í huga
að hafa sér nokkuð unnið
til frægðar fyrri en væri
fram hjá í markleysu runnið
örfleygt ævinnar skeið.

Kristfinnur Kortsson af Skaga
var kaupamaður á Tjörnum,
kattliðugt kvikindi var hann
og kræktí leikandi báðum
hælunum aftur fyrir haus,
list sína löngum á kvöldum
hann lék fyrir krakkaskarann
og hélt sínum fræknleik til haga
hreykinn af sínum dáðum,
galandi gort og raus,
kallandi kalls til Völku:

— klofstutt og rasssíð er Valka,
brauðstirð og liðalaus.

Það var á aftni einum
að örfáar gamalrollur
kreikuðu heim undir kvíar,
komnar án hunds og smala,
margs var þá spurt, — og spáð
að ef til vill álfasollur,
iðkandi brellur nýjar,
villt hefði um fyrir Völku,
var þá með nokkrum kala
munuð mörg þeirra dáð,
en ekki var um að tala:
afi var sendur að leita.
Drjúg eru reynds manns ráð.

Afi á Refsstaða-Rauðku
reið nú skætinginn glaðan,
margur var brekkubollinn,
Berjadalinn og Flatann
leitaði hann inn og út,
og vestur við Vatnsmýrarpollinn
Völku fann hann að lokum,
og dauðskelfdur datt hann af baki
og drottin um liðsinni bað hann,
því illa var ástatt um Völku:
öðrum stuttfæti sínum
kræikt hafði hún yfir kollinn
og kom honum ekki þaðan,
allt var í hörðum hnút.

En Valka mín, — okkur öllum
sem ætluðum stórt að gera,
skal endast til hugarhægðar
í hjásetu á lífsins fjöllum,
sú lífsreynsla mín og margra,
að misheppnan afreksverksins —
fékk manni nokkurrar frægðar,
og fráleitt er því að bera
frá tapinu sorg og súr.

[00:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Ég mun í upphafi aðeins ræða um náttúruna og hvernig við nálgumst hana, hvernig við virðum hana og metum og hvernig við njótum hennar og hvernig við leyfum henni síðan að njóta vafans þegar hann er.

Fólk byggir mat sitt á náttúrunni að miklu leyti á því hve vel *það skilur þá vistfræðilegu krafta sem viðhalda náttúrunni* og ákvarða hvernig hún birtist okkur. Þekking af þessu tagi getur umbreytt óspennandi náttúrufyrirbærum í önnur einstæð. Að sama skapi getur hún leitt í ljós að gildi annarra náttúrufyrirbrigða sé ofmetið. Náttúran öðlast gildi í huga okkar vegna skynjunar á tilvist og sögu samverkandi ferla sem móta náttúruleg fyrirbæri. Ef við meðhöndlum eða upplifum náttúruna sem aðskilda einstaka hluti, gróður, dýralíf, jarðfræði, menningu er hætt við að við missum af þeim margfeldisáhrifum sem samverkanin getur kallað fram.

Herra forseti. Hægt er að tapa án þess að vita af því. Eins og við metum meira upprunaleg listaverk en eftirgerðir eða falsanir þeirra, þá metum við meira raunverulega náttúru en tilbúna eins og uppistöðulón. Að sama skapi má spyrja sig hvort *sérstaða náttúrulegra fyrirbæra og upprunaleiki hafi* aðeins gildi ef við vitum af honum eða skynjum hann. Höfum við tapað einhverju þegar við höfum falsað málverk á veggnum, sem við höldum að sé eftir Kjarval, og svo lengi sem við vitum ekki að upprunalegu myndinni hafi verið skipt út fyrir falsaða eftirmynd? Framdi sá sem skipti út myndunum glæp svo lengi sem við vitum ekki af verknaðinum? Náttúruleg fyrirbæri geta tapað gildi án þess að við verðum vör við missinn, einfaldlega vegna þess að okkur var aldrei gefinn kostur á að kynnast því hvert hið raunverulega gildi var.

Herra forseti. Við höfum mætt hér svokallaðri vistfræðilegri afstæðishyggju þar sem einstaklingurinn sjálfur er einn mælikvarði á rétt og rangt og gildi náttúrunnar kemur fram í ýmsu. Dæmi um það eru ummæli eins og að virkjanaframkvæmdir hafi jákvæð áhrif á ferðaþjónustu vegna þess að auðveldara verði fyrir ferðamenn og útivistarfólk að njóta náttúrufegurðar árgljúfra eftir að ár væru fjarlægðar úr farvegi sínum því væntanlega gæti fólk þá gengið um þar þurrum fótum. Af sama meiði eru ummæli um að virkjanir styrki ferðaþjónustu, m.a. vegna þess að hægt verði að sigla á seglbátum um virkjunarlónin.

Það þarf ekki að fjölyrða um þessa náttúrusýn en það er spurning hvort þjóðin vill gera hana að sinni. Þá sem haldnir eru vistfræðilegri afstæðishyggju skortir forsendur til að meta gildi eða verðmæti náttúrunnar nema út frá sjálfum sér óháð því hvað öðru fólki kann að finnast. Ofangreindum spámönnum mun verða að ósk sinni ef þess verður gætt að fara hljótt með hugsanlegt rask þannig að eftir því verði ekki tekið, sérstaklega þar sem ekki verður um neinn samanburð að ræða. Fólk sem ekki veit af því að hvítfyssandi ár hafi runnið um árgljúfur og mótað þau eða að margvíslegur gróður og dýralíf hafi þrifist þar sem síðan þekja landið miðlunarlón, mun í krafti þeirrar vanþekkingar njóta þessara gæða, eða hvað?

Já, verðmætamatið er misjafnt og markaðssamfélagið nærist á mismunandi gildum fólks og því að hafa áhrif á þau. Mat á virði fer eftir því hver metur og verðmætamat er einstaklingsbundið. Hvort sem fólk telur sig byggja mat sitt á skynsemi eða tilfinningum þá er niðurstaðan jafngild fyrir markaðssamfélagið. Virði ræðst af tekjumöguleikum eða notagildi í framtíðinni og virði byggist á upplýsingum og gildum.

Herra forseti. Þegar ráðist er í svo stórvirka framkvæmd, svo mikið inngrip í náttúruna, svo mikil inngrip inn í náttúruauðlindir okkar Íslendinga og þeim ráðstafað með þeim hætti að þau verða óafturkallanleg, þá er afar mikilvægt að vandað sé til þess ákvarðanaferlis sem slík mannvirkjagerð fer í gegnum samkvæmt kröfu nútímans en ekki hvað síst gagnvart kröfu framtíðarinnar.

Ákvarðanaferli í slíkri stórframkvæmd ætti að vera þannig, herra forseti, að fyrst ætti að gera grunnrannsóknir sem taka til alls lífríkis, jarðfræði- og lífræðilegra ferla sem og samfélagslegra þátta. Þessar rannsóknir ættu að vera framkvæmdar af óháðum aðilum sem ekki starfa fyrir eða eru á neinn hátt háðir þeim sem hyggja á röskun viðkomandi svæðis. Niðurstöður rannsókna þarf að kynna öllum almenningi ítarlega og með sönnum hætti. Þekkingu á umhverfisáhrifum og samfélagslegum afleiðingum framkvæmda ætti

að miðla til almennings ásamt öðrum valkostum áður en framkvæmdaferli fer af stað.

Herra forseti. Sönnunar- og upplýsingabyrðin verður að hvíla á framkvæmdaraðilanum. Það er hann sem verður að sanna að það sem fram er lagt fullnægi og réttlæti þær framkvæmdir sem í á að ráðast. Allir hagsmunaaðilar eiga að hafa aðgang að og geta byggt ákvarðanir sínar á þekkingu á hugsanlegum afleiðingum og ávinningi mismunandi valkosta, þar með talinni endurskoðun fyrri ákvarðana.

Herra forseti. Hægt er að flokka stjórnvöld í hverju landi eftir því hvort þau sameina eða sundra þjóðinni. Lýðræði felst ekki í því að meiri hluti kúgi minni hlutann eða að þeir sem fara með völdin á hverjum tíma hunsi skoðanir annarra. Það er hlutverk stjórnmálamanna að ná sátt um framgang mála og að sem flestir þjóðfélagshópar megi vel við una. Sátt og samlyndi eru hér lykilorð.

Íslenska þjóðin hefur borið gæfu til þess að vera samlynd í veigamiklum málum, í sjálfstæðisbaráttunni gegn Dönum og líka í þorskastríðinu sem getur kallast sjálfstæðisbarátta hin seinni. Sigur í þessum tveimur málum hefði ekki náðst nema því aðeins að þjóðin stóð saman og var sammála um markmið og allar aðgerðir.

Herra forseti. Mig hryggir að segja að tími einingar og eindrægni meðal þjóðarinnar virðist liðinn. Það má vel merkja í byggðamálum, en við höfum orðið vitni að því hvernig hagsmunir landsbyggðarinnar hafa verið hunsaðir kerfisbundið. Sama má segja um fiskveiðistjórn sem engin sátt er um. Þessi tvö mál sem tengjast fiskveiðunum og byggð í landinu eru auðvitað nátengd og hafa átt stóran hlut í því að auka úlfúð og misskiptingu í landinu.

En þessi listi er því miður lengri. Við getum einnig tekið dæmi af Íslenskri erfðagreiningu þar sem einu einkafyrirtæki eru afhentar þær upplýsingar sem þjóðin hefur safnað um sjálfa sig frá upphafi landnáms.

Herra forseti. Nú er hið sama að gerast í virkjunarmálum. Ríkisstjórn Íslands er með ofbeldi að sundra þjóðinni með því að virkja Eyjabakkasvæðið án þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum sem Alþingi og þjóðin hefur sjálf sett sér. Já, herra forseti, án þess að hyggileg og sjálfsögð arðsemiskönnun fari fram og án þess að reyna að ná nokkurri sátt um málið meðal þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég bendi á að það mætti nálgast þá sátt með því að virkjunaráformin öll á þessu svæði, þar með talin Fljótsdalsvirkjun, færu í það ferli sem Alþingi sjálft hefur markað við mat á áhrifum slíkra stórframkvæmda á náttúrufar, náttúruauðlindir, til skemmri og lengri tíma, svo og á þau þjóðfélagslegu áhrif sem stórvirkjanir og stóriðja hafa. Það yrðu þó aldrei allir fullkomlega sáttir við niðurstöðuna hver sem hún yrði. En þá yrði viðurkennt að stórmál sem þetta hefði farið þann farveg ákvörðunar sem Alþingi sjálft hefði markað og það treystir best. Það er engin framtíðarsýn og ekki Alþingi samboðið í svo stóru máli sem þessu að vitna til undanþágna, undanþágna sem hefðu átt að vera löngu liðnar, sem afsökun fyrir því að veita skuli undanþágu bara fyrir þessa framkvæmd en svo skulum við vera góð og fara eftir þeim lögum sem við höfum sett. Svona framkoma, herra forseti, er niðrandi. Hún er vanvirða Alþingis gagnvart þjóðinni.

Víkjum aðeins að öðrum þáttum, herra forseti. Víkjum að skipulagsmálum. Þau hafa hv. þingmenn reyndar rætt hér mjög ítarlega. Ég vil sérstaklega vitna til ræðu hv. formanns umhvn. Umhvn. Alþingis, herra forseti, er ein veigamesta nefnd þingsins. Hún er sú nefnd sem við felum málefni framtíðarinnar, umhverfismál, náttúrumál og auðlindir okkar. Þessi mál fara til umfjöllunar í umhvn. og okkur ber að taka leiðsögn hennar alvarlega. Hún er nefnd framtíðarinnar. Hvað sagði hv. formaður umhvn.? Hann rakti hvern þáttinn á fætur öðrum varðandi náttúrufar, gróðurfar og umhverfismál, sem væri svo illa rannsakaður og svo illa kannaður að engin leið væri að gera sér nokkra hugmynd um hvaða áhrif Fljótsdalsvirkjun hefði á umhverfið, vegna þess að forsendurnar væru ekki fyrir hendi og að nauðsyn væri á því að virkjunin færi í mat á umhverfisáhrifum.

Hann rakti ekki aðeins þessi náttúrufræðilegu og umhverfisfræðilegu atriði virkjunarinnar og þessara framkvæmda. Hann rakti líka lagalegu hliðina, að Alþingi væri að reyna að skjóta sér hjá því að uppfylla lagaskyldur sínar og markaðar starfsreglur sem það sjálft hefði sett sér. Og því bæri virkjuninni að fara í þetta ferli sem Alþingi sjálft hefði ákveðið, þ.e. í mat á umhverfisáhrifum. Ég ítreka, herra forseti, að hv. formaður umhvn. og meiri hluti umhvn. leggur þetta afar eindregið til.

Herra forseti. En við sitjum uppi með nefnd, hv. þingnefnd sem kölluð er iðnn. og hún virðist vinna eftir aðferðum fortíðarinnar. Hún vinnur eftir aðferðum og áherslum fortíðarinnar. Hún vill ekki taka leiðsögn umhvn. Nei, hún vill fara hina þjösnafullu leið fortíðarinnar þar sem allt skal undan láta, þar sem valdi gagnvart íslenskri náttúru skal beitt. Það er hörmulegt að vita að iðnn. skuli ekki geta horft fram á veginn, horft fram til niðja okkar ókominna, heldur þjösna málinu í gegnum hv. Alþingi eins og við stöndum nú frammi fyrir.

Einu vil ég þó líka vekja athygli á, herra forseti, og það er hreint skipulagsmál. Hvaða samband hefur verið haft við heimaaðila? Hver er staðan gagnvart Fljótsdalshreppi sem hefur líka með þetta mál að gera? Við höfum sett okkur skipulagslög. Í skipulagslögum stendur að sveitarstjórn þurfi að gefa út byggingarleyfi. Sveitarstjórn þarf að deiliskipuleggja og sveitarstjórn gefur út framkvæmdaleyfi. Það hefur verið upplýst hér í umræðunum að ekkert af þessum formlegu leyfum liggur fyrir. Það virðist vera látið að því liggja, og maður hyllist til þess að lesa það út úr því sem hér er sagt, að ætlunin sé að fara algjörlega fram hjá skipulagslögum, fara fram hjá því ákvörðunarvaldi sem er heima í hreppunum. Ég hefði viljað spyrja hæstv. félmrh. sem fer með málefni sveitarfélaganna: Finnst honum það ásættanlegt að ganga eigi fram hjá sveitarfélögunum í allri þessari vinnu og við þessa ákvarðanatöku?

Herra forseti. Ítrekað hefur líka verið bent á varðandi fram lagða skýrslu Landsvirkjunar um Fljótsdalsvirkjun, hve gögn séu þar illa unnin, að þau dragi ekki fram öll þau atriði sem þar ættu að koma fram, þau séu ekki ábyggileg og alls ekki fullnægjandi til þess að leggja hér það mat á sem okkur alþingismönnum er ætlað að gera.

Það hefur m.a. komið fram, t.d. í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að bréfaskipti Fljótsdalshrepps og Landsvirkjunar hafi ekki öll komið fram í þessari skýrslu. Það hefur verið látið að því liggja að málið væri afgreitt gagnvart Fljótsdalshreppi. En, herra forseti, svo er alls ekki. Bréf sem Fljótsdalshreppur skrifaði Landsvirkjun 19. okt. 1993 í framhaldi af bréfaskiptum um framhald málsins, um það að Fljótsdalshreppur gæfi út framkvæmdaleyfi sem Landsvirkjun hefur ekki einu sinni er ekki hér í þessari möppu. Hvers vegna? Mér er spurn.

Hér er margt tínt til af skjölum og bréfum. Hvers vegna er þetta bréf ekki látið fylgja, síðasta bréfið sem gengur frá Fljótsdalshreppi til Landsvirkjunar sem aldrei hefur verið svarað? Því hefur ekki verið svarað og þetta var árið 1993, herra forseti. Síðan þá hafa ekki verið formleg bréfaskipti á milli þessara aðila enda á Landsvirkjun eftir að svara þessu bréfi og halda áfram þeirri vinnu sem Fljótsdalshreppur gerði ráð fyrir. Kannski þjónar það ekki hagsmunum Landsvirkjunar að draga þessi mál fram. En það er alvarlegt mál ef ganga á fram hjá lögboðnum stjórnvöldum í héraði.

Eitt hið alvarlegasta í röksemdunum fyrir þessari virkjun og álveri á Reyðarfirði eru tengslin við byggðamál, herra forseti. Þessar framkvæmdir eru sagðar ein stórvirkasta og mikilvirkasta aðgerðin í byggðamálum. Er það trúverðugt að þessi stjórn Sjálfstfl. og Framsfl., sem verið hefur við stjórnvölinn bráðum í áratug, hafi allt í einu svona ofboðslegan áhuga á byggðamálum? Á seinni árum hefur aldrei orðið eins mikil byggðaröskun og í stjórnartíð þessara tveggja flokka. Þar hefur ekkert verið gert sem raunhæft getur talist. Þrátt fyrir allmargar skýrslur og ábendingar um hvað gera megi þá hefur stjórnin gjörsamlega haldið að sér höndum, kannski til að skapa þær aðstæður að hægt sé að bjóða hvað sem er.

Ef hæstv. ríkisstjórn er virkilega áhugasöm um byggðamál, af hverju lætur hún það þá ekki sjást? Af hverju hefur hún ekki látið það sjást í vegamálum, í vegáætlun? Eitt álver á Reyðarfirði er engin töfralausn fyrir byggðamál í landinu. Það hefur hvað eftir annað komið fram, herra forseti, að eitt hið mikilvægasta fyrir byggð í landinu er bættar samgöngur. Í þeim málum þyrfti stórátak. Það hefur komið fram í ítarlegum skýrslum Byggðastofnunar og hvarvetna annars staðar. Meira að segja skynsemin — svo ég leyfi mér að vitna til hennar hér á hv. Alþingi — segir okkur mikilvægi þess. Í tillögu til þál. sem ekki hefur verið mælt fyrir enn um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 er hvergi að sjá boðað stórátak í samgöngumálum, þetta stórátak sem meira að segja Byggðastofnun lagði til að gert yrði í að bæta vegi inn um sveitir og dali og út til stranda svo tengja mætti byggðirnar saman, lífæðar fólksins. Þar er ekki að sjá það stórátak sem boðað var. Nei, herra forseti, þar sést enginn áhugi á byggðamálum.

Hvernig var með jarðgöngin sem stóð til að gera á Austfjörðum og stóð til að gera til Siglufjarðar? Þessi jarðgöng koma ekki af sjálfu sér. Þau þarf að undirbúa með rannsóknum. Þau þarf að hanna og það gerist ekki bara með himnasendingu. Það verður að vinna að því. Til þessara merku framkvæmda og nauðsynlegu aðgerða í byggðamálum er ekki varið einni einustu krónu á fjárlögum. Meðan svo er gerist ekkert. Þar sést a.m.k. ekki áhugi ríkisstjórnarinnar í byggðamálum.

Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs, lögðum fram tillögu við afgreiðslu fjárlaga um að gera lágmarksátak í vegamálum til að styrkja byggð í landinu. Við lögðum líka fram tillögu um að lágmarksfjármagni yrði varið til rannsókna og undirbúnings jarðgangagerðar á áðurnefndum stöðum og á Vestfjörðum. Nei þessar tillögur þjónuðu ekki hagsmunum ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans hér á Alþingi, átak í byggðamálum. Nei, því miður, herra forseti, svo var ekki.

Skattamál. Ef við vildum gera átak í byggðamálum þá gætum við leiðrétt mismun á gjöldum þegnanna eftir búsetu í gegnum skattálagningu. Þar er ekki heldur nein viðleitni. Meira að segja í smærri málum eins og varðandi Endurbótasjóð menningarbygginga þótti ástæða til að skera verulega niður til að draga úr þenslu. Það er engin þensla úti á landi. Hefði það valdið þenslu ef fjármagni hefði verið varið til að halda áfram að gera upp hið merka hús Búnaðarskólans í Ólafsdal? Þar keppast heimamenn við að gera húsnæðið upp og verja skemmdum. Hefði það valdið þenslu í Dölum? Nei. Eða stórmerkt hús á Blönduósi þar sem fólki fækkar. Hefði það verið til þenslu að veita þangað fé? Nei, herra forseti, þetta er engin sýn í byggðamálum.

Því miður er, herra forseti, með því að draga þetta fram sem byggðamál, verið að etja Austfirðingum gegn öðrum landsmönnum. Það er engin sátt um þessa aðgerð í þjóðfélaginu. Með því að segja þetta byggðamál, draga það svo sterkt fram, vex vandinn milli landsbyggðar og þéttbýlis. Það er afar ósanngjarnt og hræsni gagnvart landsbyggðinni. Ef við vildum gera eitthvað í byggðamálum þá mundum við gera það og ekki með svo einhæfum og þjösnalegum hætti. Það er ekki nokkur lausn fyrir byggðirnar í landinu. Þetta er engin lausn og ekki sanngjarnt að stilla Austfirðingum svona upp og segja þeim að álver sé hið eina sem í boði er í byggðamálum. Þeim eru aðeins gefnir tveir kostir: álver eða ekki neitt.

Ég tel mig vera málsvara og talsmann byggðastefnu í verki. Ég tel að stjórnvöld eigi að beita sér til þess að halda jafnvægi í búsetu á landinu. Við hljótum að hafa lært eitthvað af mistökum okkar á síðustu áratugum. Við hljótum að hafa lært þá lexíu að byggðastefna sem byggist á stökum stórverkefnum sem eru bæði fjárfrek og áhættusöm er ekki aðeins gagnslítil heldur geta slík verkefni gert illt verra. Í byggðamálum, í búsetumálum og í efnahagsmálum þjóðarinnar verðum við að laga heildarmyndina, sem snýr þá að landsbyggðinni allri.

Við viljum almennar aðgerðir í byggðamálum en ekki bara sértækar. Reyndar vil ég vekja athygli á því að stefna núverandi hæstv. forsrh. í byrjun þessa áratugar var ljós. Hann lýsti því yfir að tími sértækra aðgerða væri liðinn. Líklega hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þetta var sagt. Þetta álver og þessi virkjun þar sem ráðstafa á svo stórum hluta af virkjanlegri orku okkar til einnar verksmiðju fyrir austan verður að kallast stærsta sértæka byggðaaðgerð sem Íslendingar hafa nokkru sinni lagt í. Ég minni á það sem hæstv. forsrh. sagði þegar hann boðaði stefnu sína í byrjun þessa áratugar. Hann sagði að tími sértækra aðgerða væri liðinn og styðja bæri altækar aðgerðir sem næðu til stórra hópa og landsins alls.

Herra forseti. Ég vil efla byggð á Austfjörðun en virkjun og álver eru ekki rétta leiðin til þess sé litið á byggðir Austfjarða í heild. Þess er skemmst að minnast er Blönduvirkjun var rekin með gífurlegu tapi fyrstu árin því að rasað var um ráð fram við framkvæmdir þar nyrðra. Þá eins og nú var allt óljóst um fyrirhugað álver. Nú virðast íslensk stjórnvöld ætla að gera sömu mistök aftur. Það virðist bjargföst áætlun stjórnarflokkanna að virkja jafnvel þótt flest varðandi byggingu álvers á Reyðarfirði sé óvissu undirorpið, orkuverð, arðsemi, fjármögnun og þáttur Norsk Hydro meira að segja sem oft hefur verið nefnt hér. Þeirra þáttur er óviss og ljóst að þar mun fjármagnið a.m.k. ekki koma beint inn í landið.

Herra forseti. Ég vil halda áfram að vitna til orða hæstv. forsrh. í ræðu hans 17. júní nú í sumar. Ræða hans var góð og ég hreifst af þegar hann sagði að menn ættu að flýta sér hægt til þess að eiga ekki á hættu að tapa þjóðarverðmætum.

Ég tel að þessi orð eigi við fleira en íslenska kúakynið, sem ég þó ber fulla virðingu fyrir.

Mér finnst einsýnt að ekki verði virkjað fyrir austan fyrr en við vitum nákvæmlega hvað við erum að leggja út í. Við þurfum að vita með vissu hvaða umhverfisspjöll muni verða og á hvaða rekstrargrunni þessar framkvæmdir standa. Nokkrir bestu og virtustu hagfræðingar landsins hafa birt útreikninga sem sýna að ekkert annað blasi við en að framgreind virkjun verði rekin með tapi, jafnvel með milljarðatapi. Það hefur ekki verið hrakið. Ég leyfi mér að minna á ágæta ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem rakti afar ítarlega hina efnahagslegu áhættu, hversu gífurlega fjárhags- og efnahagslega áhættu við munum taka verði hrapað að þessari virkjun eins og hér ráðgert.

Herra forseti. Mér finnst að við eigum að flýta okkur hægt. Öllum er ljóst að byggðaröskun er mikil um landið allt sem stendur. En það er hræsni og engan veginn réttlætanlegt að hnýta þetta tvennt saman, Fljótsdalsvirkjun og byggðaaðgerðir fyrir landið allt. Stjórnvöld gerðu getur með því að kynna og beita sér fyrir raunhæfum byggðaaðgerðum sem engin óvissa væri um, sem sátt væri um og mundi stappa stálinu í fólk úti á landi og einnig hér í þéttbýlinu. Öll viljum við standa saman um að byggja landið. Við getum hins vegar ekki lagt í 30 milljarða fjárfestingu án þess að þekkja til hlítar þá þætti sem máli skipta. Í fyrsta lagi þurfa óháðir aðilar að meta áhrifin af því sem hér er verið að ráðst í og í öðru lagi verður að liggja fyrir mat á þeirri arðsemi og áhættu sem þessu er samfara. Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir verður að kynna þær fyrir þjóðinni og fylgja ákvörðunarferlinu fyrir opnum tjöldum í þeim farvegi sem Alþingi sjálft hefur markað. Okkur ber að fara eftir því.

Herra forseti. Okkur ber að sýna framtíðinni, óbornum kynslóðum, þá virðingu og ábyrgð að hrapa ekki að framkvæmd þeirri sem hér er til umræðu af slíku ábyrgðarleysi sem hingað til hefur verið sýnt.

Herra forseti. Framtíðarsýnin, flokkur framtíðarinnar krefst þess að vinna og undirbúningur að svona stórframkvæmdum lúti þeim bestu lagasetningum, þekkingu og bestu vitund sem við höfum yfir að ráða á hverjum tíma.

Herra forseti. Til framtíðar.

[01:17]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þessi þáltill. snýst samkvæmt heiti sínu um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Við höfum reyndar á tilfinningunni að hún snúist um ýmislegt fleira, ekki bara um virkjunina og ekki bara um 480 þús. tonna álverið — risaálverið — heldur sé verið að takast á um eða leggja áherslu á ýmislegt fleira, jafnvel í samskiptum þeirra tveggja flokka sem hér mynda meiri hluta á Alþingi. En yfirborðið er að hér verði framkvæmt það formsatriði að Alþingi samþykki stuðning við framkvæmdir í Fljótsdal sem ríkisstjórnin telur sig þó hafa fullt leyfi fyrir. Í samræmi við þann ásetning er málið lagt fram á Alþingi og má kannski segja að það sé í samræmi við þann tilgang sem menn höfðu þegar farið var af stað, að vinnslan hér hefur fyrst og fremst haft það í för með sér að skerpa enn og dýpka þann ágreining sem risið hefur með þjóðinni um þetta mál. Umræðan og umfjöllunin hefur, þótt margir hafi lagt sig fram, leitt það í ljós að af hálfu ríkisstjórnarinnar er hér einungis um sýndarmennsku að ræða. Niðurstaðan var gefin fyrir fram og engu, herra forseti, hefur skipt málefnaleg gagnrýni eða nýjar upplýsingar. Að minnsta kosti ekki fyrir þá stjórnarliða sem ákváðu þegar í upphafi þessarar umfjöllunar að þeir mundu dansa með alla leið. Og ráðherrar hafa látið hafa það eftir sér í síðari umr., herra forseti, að þeir komi sterkari til samninga við kaupendur orkunnar eftir samþykkt Alþingis. Ég segi nú bara — guð láti gott á vita, en það virðist þó fráleitt því umræðan hefur a.m.k. leitt í ljós djúpstæðan ágreining og í raun fóðrað hann einnig. Umræðan hefur líka leitt í ljós veikleika málsins sem er annars vegar það verð sem virðist unnt að fá fyrir orkuna og hins vegar umhverfisþátturinn þar sem menn hafa fráleitt sagt sitt síðasta orð.

Herra forseti. Aðaldeilan hefur nefnilega staðið um það hvort setja ætti framkvæmdina í umhverfismat samkvæmt gildandi lögum. Það eru ekki allir sammála um það hvort virkjunin sé undanskilin þeim lögum, en jafnvel þó svo væri, vilja ýmsir þeirra sem samþykkja að virkjunin sé undanþegin umhverfismati, að ákvörðun verði samt tekin um lögformlegt mat, vegna þess að þeir hinir sömu vilja að farið sé að þeim leikreglum sem Alþingi hefur samþykkt. Meðal annars til að koma í veg fyrir það ferli sem ríkisstjórnin hefur sett í gang á Alþingi með flutningi þessarar þáltill., að mál sem þessi, stórmál, endi í ófrjórri deilu. Og þeir eru líka margir sem telja að það sé eina sáttaleiðin í málinu að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum og með því séu kallaðir fram þeir valkostir sem eru í stöðunni og undirbúningur allur verði vandaðri.

Herra forseti. Bagalegt er að það skuli geta orkað tvímælis hver meðferð mála á að vera. Í svari hæstv. viðskrh. við fyrirspurn frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni á haustdögum kom fram að leyfi hafa verið gefin fyrir fjölda mögulegra virkjana sem iðnrh. túlkar að séu undanþegnar lögum um mat á umhverfisáhrifum. Það er fráleitt að gömul virkjunarleyfi skuli halda gildi sínu, jafnvel áratugum saman, og framkvæmdir hugsanlega taka mið af viðhorfum sem eru löngu úrelt, í stað þess að taka mið af því laga- og viðhorfsumhverfi sem er þegar ráðist er í framkvæmdina. Það er líka afleitt þegar deilur rísa um framkvæmdir og til að öllum vafa um réttarstöðu virkjana sé eytt, flytja þingmenn Samfylkingarinnar frv. til laga um það að til að öðlast framkvæmdaleyfi til virkjana á þeim stöðum sem nú þegar hafa virkjunarleyfi, skuli viðkomandi framkvæmd fara í umhverfismat samkvæmt gildandi lögum áður en framkvæmdaleyfi fæst. Það er betri aðgerð, herra forseti, en sú að láta Alþingi endurtaka fyrri ákvarðanir eða framkvæma sýndarmat eins og við höfum nú reynslu af hvernig virkar á hinu háa Alþingi.

Mér finnst, herra forseti, stjórnvöld vera búin að klúðra þessu máli og mér finnst meðferðin á Alþingi vera hluti af því klúðri. Það er alltaf erfitt að tala um mál í viðtengingarhætti, en það er þó nauðsynlegt hér vegna þess að auðvitað átti að fara að tillögu þáv. umhvrh., Guðmundar Bjarnasonar, sem hann setti fram fyrir u.þ.b. einu og hálfu ári um að Fljótsdalsvirkjun færi í umhverfismat samkvæmt lögum þar um. Með því hefðu stjórnvöld sýnt vilja til vandaðra vinnubragða og verið trúverðugri í meintri byggðastefnu sinni. Og einmitt af því að búið er að egna svo oft fyrir Austfirðinga með stóriðju, þá var svo mikilvægt, herra forseti, að standa vel að verki og vekja ekki væntingar á meðan málið var meira og minna óklárt, eins og það er enn að mínu mati og fjölmargra annarra. Breytir þá litlu þó ríkisstjórnin láti meiri hluta sinn á Alþingi samþykkja það sem þeir sjálfir segja sjálfsagðan rétt sinn, að halda áfram framkvæmdum í Fljótsdal.

Upp úr 1980 var sú umræða komin í gang á Austfjörðum að reist skyldi stóriðja á Reyðarfirði, kísilmálmvinnsla. Þá

varð hins vegar ekkert af framkvæmdum þó málinu væri haldið gangandi og ýmsum aðgerðum lofað af hálfu stjórnvalda. Nokkru seinna var komin í gang umræða um álver, síðan væntingar um slípiefnavinnslu og álver aftur núna. Og Austfirðingar, herra forseti, eru eðlilega orðnir þreyttir á loforðum stjórnvalda um stóriðju og aðra uppbyggingu sem ekkert hefur orðið af. Þeir hafa margir viljað trúa því að stórrekstur hefði víðtæk og jákvæð áhrif á byggðaþróun á Austfjörðum. Sú mikla byggðaröskun sem orðið hefur á undanförnum árum hefur ekki síður komið við Austfirði en aðra landshluta. Ég geri sannarlega ekki lítið úr þeim væntingum Austfirðinga að vilja sjá uppgang á fleiri sviðum hjá sér en í uppsjávarveiði og vinnslu. Ég skil vel að fólk sem hefur horft á húseignir sínar falla í verði vilji sjá uppgang og þenslu í sínum ranni. Ég skil það líka að mönnum sé nákvæmlega sama í bili hvar þeir koma upp, bara ef þeir fá að stinga sér í þessa laug. Hitt er þó sönnu nær að hér erum við að tala um stefnu sem gjörbreytir samfélaginu og gerir það að allt öðru samfélagi en það er, eða var, og menn geta svo sem kallað það byggðastefnu, en í rauninni er verið að leggja til algjöran umsnúning á þeim samfélögum sem hér eiga í hlut, ef það gengur eftir að þarna verði byggt risaálver með öllu sem því fylgir.

En eins og ég sagði, herra forseti, ég get að mörgu leyti skilið þá Austfirðinga sem horfa vonaraugum til þess að framkvæmdir og þensla verði a.m.k. á næsta leiti við þá og þeir geti horft á framtíðina og verðgildi eigna sinna þeim augum að til einhvers hafi verið byggt upp og barist. En það er þeim mun alvarlegra að farið skyldi af stað enn á ný með hugmyndir um virkjun og álver á Austurlandi og enn vaktar upp vonir um atvinnuuppbyggingu sem mætti snúa byggðaþróuninni við með þeim hætti án þess að allir þættir málsins væru tryggðir. Enn er farið af stað með málin óklár. Í stað þess að undirbúa málið af kostgæfni og reyna þannig að mæta mismunandi sjónarmiðum og koma í veg fyrir illvígar deilur hefur málinu nú verið teflt í algjöra tvísýnu, aðallega vegna þess, herra forseti, að stjórnvöld hafa þverskallast við að fara með Fljótsdalsvirkjun í umhverfismat.

Og þannig hafa stjórnvöld hugsanlega enn á ný klúðrað möguleikum Austfirðinga með vinnubrögðum sínum. Ef farið hefði verið að tillögu fyrrv. umhvrh. eins og ég gat um áðan og virkjunin sett í umhverfismat og það lægi nú fyrir hefðu menn fastara land undir fótum, bæði hvað varðar möguleika á Fljótsdalsvirkjun eða öðrum virkjanakostum og hagstæðari. Ég vil í því sambandi vísa til þess sem hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir hér í ræðu sinni fyrr í kvöld. Það er líka svo, herra forseti, að miðað við ummæli talsmanna Norsk Hydro má allt eins ætla, að ef deilurnar um umhverfisþátt málsins verða enn harðari, þá kippi þeir að sér hendinni. *Þá er málið allt í uppnámi því veruleikinn er sá að fyrirtækjum sem annt er um orðspor sitt, ekki síst fyrirtækjum sem þurfa á góðu orðspori að halda í umhverfismálum, þau fyrirtæki munu ekki koma að máli sem er í slíkum hnút.* Og væntanlega væri það þá þannig, herra forseti, að þau fyrirtæki sem vildu koma að málinu væru fyrirtæki sem við vildum síst eiga samstarf við. Það er því mjög ámælisvert að undirbúningur skyldi vanræktur svo mjög sem raun ber vitni og það er stjórnarflokkunum ekki til málsbóta að réttlæta það klúður sitt eða óvandvirkni á byggðaforsendum. Ef raunverulegur vilji var til að mæta væntingum Austfirðinga, þá átti að vanda undirbúninginn en ekki tefla málinu í tvísýnu eins og orðið er.

Herra forseti. Ef framkvæmdin hefði verið sett í umhverfismat værum við í betri málum núna. Meiri líkur væru til þess að sátt næðist nokkurn veginn um framkvæmdirnar vegna þess að þá væri hægt að fullyrða að farið hefði verið að leikreglum. Væntanlega hefðu menn fundið út þann kost sem hagstæðastur er í fleiri en einu tilliti, bæði hvað varðar umhverfi og arðsemi. Eins og ég hef rakið áður eru þeir býsna margir sem vilja að virkjunin fari í umhverfismat þó þeir séu hreint ekki andvígir virkjunum eða álverum eða stóriðju af neinum grundvallarástæðum. Og, herra forseti, ég mótmæli þeim málflutningi að þeir sem vilja umhverfismat samkvæmt lögum í stað pólitískra deilna á Alþingi séu með því að sýna byggðafjandsamleg viðhorf. Það er alhæfing sem er málinu ekki til framdráttar.

Að lokum varðandi umhverfismat og hugsanlega sátt í málinu. *Þá er rétt að rifja upp hvað Ríó-sáttmálinn segir* um þetta atriði. Í svokallaðri samvinnureglu eða Cooperation Principle, sem er regla um að jafna ágreining í umhverfismálum með þátttöku allra sem málið varðar, segir: „Kappkosta skal að ná tilteknu umhverfismarkmiði með samningum þar sem m.a. er gætt gagnkvæmrar hófsemdar af fúsum vilja frekar en að ríkisvald þurfi til að koma."

Þessi regla, herra forseti, kemur til viðbótar reglunum um upplýsingar og aðild, um varúð, um mengunarbætur og nytjagreiðslur. Ég er ekki viss um að stjórnvöld hafi staldrað lengi við þau ákvæði sem Ríó-sáttmálinn inniheldur og hljóta að binda hendur okkar, hljóta að eiga að vera vegvísir í þessu máli sem öðrum.

Nokkuð hefur verið rætt um arðsemi hugsanlegrar virkjunar, herra forseti, og ekki að ófyrirsynju. Því hefur ekki enn verið svarað með sannfærandi hætti sem fram hefur komið í skrifum og umfjöllun þeirra Sigurðar Jóhannessonar, Guðmundar Ólafssonar og Þorsteins Siglaugssonar. Hæstv. iðnrh. hefur talað um að þessir menn gætu ekki reiknað því þeir hefðu ekki forsendur. Það hefur verið marghrakið vegna þess að menn hljóta að geta gefið sér forsendur sem eru það nærri lagi, sem eru það í takti við þann veruleika sem þessir menn þekkja, að mark sé á takandi. Menn vita nokkurn veginn hvaða verð fæst fyrir orku til stóriðju, bæði í heimshluta okkar og annars staðar. Menn vita hversu langur afskriftatími er á virkjunum. Menn þekkja hver arðsemiskrafan hefur verið. Væntanlega hafa fleiri en ég heyrt þegar hæstv. iðnrh. hefur talað um að arðsemiskrafan ætti að vera 6–7%, stundum 5–6, í dag kom hvort tveggja fram, ég skráði það niður eftir hæstv. ráðherra. Það kom mér nefnilega nokkuð á óvart þegar talan 6–7 birtist. (Gripið fram í.) 6–7 og aftur 5–6 síðar í andsvörum í dag. (**Gripið fram í:** Það geta hafa verið mismæli.) Já, en þó hún væri 5–6%. Menn hafa jafnvel verið að fara niður í forsendum sínum. Ég spyr vegna þess að hæstv. ráðherra hefur jafnframt komið og sagt okkur að ekki yrði samið ef ekki fengist viðunandi verð, ég sé reyndar ekki fyrir mér hvar hann sér þá stöðu fyrir ríkisstjórnina að ná ekki samningum miðað við hvernig hefur verið haldið á málum. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra, hvað ef samkomulag næst ekki? Hvað ef samkomulag næst ekki? Er til B-plan? Ef til er B-plan, ef samkomulag næst ekki sem mér sýnist að allt stefni í miðað við hvernig stjórnvöld hafa haldið á málum, hvað á þá að gera? Hver verður þá staða Austfjarða eftir að búið er að keyra þetta mál upp með þeim hætti sem gert hefur verið? Ef ekki er til B-plan, herra forseti, ef það er ekki til staðar, finnst mér a.m.k. allt hjal um byggðamál og byggðastefnu fallið um sjálft sig, bæði dautt og ómerkt.

Herra forseti. Eðlilegt er að hér sé talað um arðsemi og það er rétt að gera kröfur. Virkjanir eru dýrar, þessi mun hafa þá sérstöðu að vera einungis til að framleiða orku fyrir stóriðju. (Gripið fram í.) Virkjanir eru dýrar, sagði ég, og þess vegna er svo mikilvægt að það sé vel að öllu staðið. Það hefur komið bæði mér og fleirum á óvart að vangaveltur um arðsemi virðast ekki halda vöku fyrir ríkisstjórninni. Ekki virðist arðsemi hugsanlegrar virkjunar á Fljótsdal eiga að vera hluti af mati Alþingis á málinu. A.m.k. höfum við ekki fengið þær upplýsingar sem hér hefur verið kallað eftir svo við mættum meta málið öðruvísi en með forsögn þeirra hagfræðinga sem ég taldi upp hér áðan og hafa að því er virðist býsna traustar forsendur fyrir útreikningum sínum og gefa sér margar og mismunandi breytur en hafa verið gagnrýndar og reknar til baka af hálfu hæstv. ráðherra. En arðsemin er mikilvæg vegna þess að virkjunin verður í okkar eigu. Það liggur ljóst fyrir. Þessi virkjun verður í eigu opinberra aðila ef svo má segja, hún verður í eigu ríkisins og stærstu sveitarfélaganna og þessir aðilar hljóta að verða að huga að arðsemi þegar um slíka stórframkvæmd er að ræða. Þess vegna vil ég segja það enn og aftur, herra forseti, að mér ofbýður eiginlega hversu glannalega mér finnst farið, nema hæstv. ráðherra eigi eitthvað uppi í erminni sem hann á eftir að sýna okkur og þyrfti þá að gerast áður en málið kemur til lokaatkvæðagreiðslu.

Herra forseti. Ég harma að málið skyldi leggjast í þann farveg sem raun ber vitni. Ég harma að þetta mál skuli verða til þess að kljúfa þjóðina upp í svo harðvítuga deiluhópa. Ég held að sú staða sem komin er upp sé sú versta fyrir alla. Ekki hefur verið samið um raforkuverðið og enginn veit hvort samningar nást. Hvað ef Norsk Hydro dregur sig í hlé vegna deilna um umhverfisþáttinn? Þetta eru veikleikar málsins, herra forseti, þarna reynir á ríkisstjórnina og mér sýnist að málið sé þannig vaxið að sú ákvörðun að fara ekki með framkvæmdina í umhverfismat, verði hinn raunverulegi banabiti.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa, herra forseti, flutt um það brtt. að ekki verði farið í framkvæmdir fyrr en umhverfismat hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að slíkt sé verjanlegt. Ég bind enn vonir við að hún verði samþykkt.

Herra forseti. Ég ætla svo í lokin að fara með lítið ljóð eftir Böðvar Guðmundsson. Það er ekki ættjarðarljóð, heldur fjallar um þann sem tekur áhættu, fórnar, þó sú fórn sé til lítils þegar til kastanna kemur, því „festur mun slitna". Ljóðið heitir Týr og er svona:

> Ég lagði að veði hönd í gapandi gin
> gráðugs og lævíss úlfsins, en hinir beindu
> augum til jarðar, horfðu gneypir í gaupn.
>
> Og loks, þegar Gleipnir herti að frekans fótum
> og fjöturinn hvorki brast né raknaði sundur,
> litu þeir upp og lausn sína glaðir hlógu,
> þar lét ég hönd mína þeim,
>
> en festur mun slitna.

[01:40]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágætis innlegg í umræðuna, margt þar var mjög skynsamlega sagt. Einu vil ég þó halda til haga og mér finnst rétt að gera það hér. Mér finnst oft í umræðunni að við séum komin dálítið fram úr sjálfum okkur og flestar þær ræður, margar ágætar, sem haldnar hafa verið í kvöld ganga allar út á það að menn vilja fá alla samninga á borðið. Samningarnir sem um er að ræða og talað er um í tengslum við þetta verkefni, eru samningar sem hafa ekki verið gerðir enn, þar á meðal er einn mikilvægur í því sambandi, orkusamningurinn. Þegar að því kemur að búið verður að semja endanlega um alla þætti málsins, málið frágengið og framkvæmdir geta farið af stað — og ég tók eftir því í einni ágætri ræðu hér hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni í kvöld að hann gekk út frá því að menn færu af stað með virkjunina án þess að búið væri að semja, það verður auðvitað ekki gert — allir þeir samningar sem gera þarf til að verkefnið í heild sinni komi saman og sé orðið um heildstætt verkefni að ræða, munu koma til umræðu á Alþingi; fjárfestingarsamningurinn, lóðarsamningurinn, skattasamningurinn, sem ég býst fastlega við að þurfi að gera í tengslum við málið, allt þetta mun koma til umfjöllunar. Einn samningur sem ekki þarf að koma til umfjöllunar er orkusamningurinn. Reynslan er hins vegar sú og ég beitti mér bæði fyrir því þegar við gengum frá samningum við Grundartanga og eins þegar við gengum frá samningum við Norðurál, þeir samningar voru til sérstakrar umfjöllunar í iðnn. þingsins, þar sem farið var yfir með innlendum sérfræðingum það álit erlendra sérfræðinga á samningnum líka og mat þeirra erlendu fyrirtækja á því hver væri áhættan sem Landsvirkjun væri að taka með að gera slíka samninga, allir þessir hlutir voru til umfjöllunar í iðnn. Mér finnst að sá háttur eigi líka að vera á þegar málið kemur inn í þeim búningi. Við erum ekki komin á það stig, við erum á fyrsta stigi núna.

[01:42]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hagfræðingar sem hafa ekki verið vefengdir vegna annarra skrifa eða útreikninga, koma fram með útreikninga, sem eins og ég sagði áðan, byggja á mörgum og mismunandi breytum um stærð, verð og afskriftir, og því er ekki svarað með sannfærandi hætti þó að þeir útreikningar leiði oftar en hitt í ljós að hér muni verða um framkvæmd að ræða sem verður stórtap á, þá hljóta menn að fara að kalla eftir svörum. Menn fá eðlilega á tilfinninguna að annaðhvort sé um það að ræða að menn ætli sér að fara út í framkvæmd án þess að huga að arðseminni, ellegar séu með eitthvað uppi í erminni sem ekki sé búið að sýna. Það er mjög eðlilegt þegar verið er að leggja það fyrir Alþingi að taka ákvörðun í svo stóru máli, að menn kalli eftir eins miklum upplýsingum og unnt er að fá, og ekki síst þessum, vegna þess að þetta er það fyrirtæki sem á að vera í eigu opinberra aðila, þ.e. það fyrirtæki sem sér um virkjanaþáttinn og orkusöluna.

Við hljótum að undrast þá trú sem hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn virðist hafa á framkvæmdinni, nema eitthvað fleira sé í þessu en þegar hefur komið fram og við hljótum að kalla eftir því að það verði birt hér. Svo vil ég endurtaka ósk mína um að hæstv. ráðherra segi okkur frá B-planinu ef það er til vegna þess að miðað við það hvernig málið liggur núna, þá sýnist mér a.m.k. allt eins gæti farið svo, annaðhvort af umhverfisástæðum eða vegna arðsemismatsins og samninga sem nást ekki að það verði ekkert af framkvæmdum, a.m.k. ekki í þessari atrennu. Ég vænti þess að menn hafi þá B-planið á hreinu, því að svo er nú búið að kynda upp væntingarnar og vildi þá gjarnan að hæstv. ráðherra segði okkur eitthvað af því.

[01:45]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal reyna í ræðu sem ég vonandi fæ tækifæri til að halda á morgun, segja frá B-plani, eins og hv. þm. orðar það. Það er alveg rétt að mjög mikilvægt er að átta sig á því, og reynslan er sú, að í fleiri tilfellum en færri hafa samningar um slíka hluti mistekist sem betur fer. Á síðari árum hefur okkur gengið tiltölulega vel að semja, ná samningum og ná árangri í þeim samningum. Þegar að því kemur að menn gera orkusölusamninginn þá er það alveg skýrt, og því hefur verið lýst yfir af stjórnendum Landsvirkjunar, að staðið verður við þá stefnu sem eigendur fyrirtækisins hafa markað því, þ.e. að arðsemi af orkusölusamningum sem gerðir verða verði á bilinu 5–6%. Hafi ég sagt 6–7% hér fyrr við umræðuna í dag — ég man nú ekki eftir því en ég ætla ekkert að rengja hv. þm. í þeim efnum — þá hafa mér orðið þar á mismæli. Það liggur fyrir í skjölum að eigendur fyrirtækisins hafa mótað fyrirtækinu þessa stefnu.

Svo er það líka rétt að margir hagfræðingar hafa lagt margt misjafnlega skynsamlegt til málanna. Þeir hafa verið að gefa sér forsendur um hver arðsemin yrði. Ég held ég verði þó að segja alveg eins og er að ég hlustaði hér á ræðu í dag úr þessum ræðustóli. Þar var ekki hagfræðingur á ferð. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gaf sér líka forsendur. Ég er ekki frá því að hann hafi verið nær útkomunni en allir blessaðir hagfræðingarnir sem hafa laggt til málanna. (**RG:** Enn óvíst hvernig þetta er.) Það er algjörlega óvíst, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, og það er auðvitað ekki hægt að gefa sér forsendur um tekjurnar fyrr en búið er að semja. En hv. þm. Ögmundur Jónasson fór aðra leið. Hann reiknaði aftur á bak og reiknaði út hvert verðið þyrfti að vera til þess að standa undir samningunum. Og það held ég að Landsvirkjun muni gera.

[01:47]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er lítið rólegri eftir þessi svör hæstv. ráðherra. Væntanlega verður meira í ræðu hans á morgun eins og hann boðar.

Af því hann talar um þær forsendur sem menn gefa sér og alla þá óvissuþætti sem þar eru, þá vitum við þrennt nú þegar. Við vitum um stærðina. Við vitum um afskriftatímann, a.m.k. hvernig Landsvirkjun hefur reiknað hann. (**Iðnrh.:** Hann skiptir ekki máli.) Og við vitum um arðsemiskröfuna. Við vitum um hana. Og þá er bara ein breyta eftir, þ.e. verðið á orkunni sem þarf að reikna upp í þetta. (Gripið fram í.) Það er kannski ekkert óskaplega flókið. (Gripið fram í.) Eða hvað? Nákvæmlega. Hvar eru menn þá staddir? Eru menn þá staddir einhvers staðar við hliðina á Norsk Hydro? Eru menn þar? Ég er ansi hrædd um ekki. Ég er því nokkuð viss um að hæstv. ráðherra verði að taka B-planið sitt og skoða það mjög vel. Ég held því miður að þessari framkvæmd hafi verið stefnt í þá óvissu sem hún er komin með vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar eins og ég sagði hér í minni ræðu. En það er enn möguleiki á því að samþykkja hér breytingartillögu við þá tillögu sem liggur fyrir, breytingartillögu sem gengur út á að þessi framkvæmd verði sett í umhverfismat. Út úr því gætum við fengið skynsamlega niðurstöðu, bæði fyrir umhverfið og hvað varðar arðsemi og ég trúi því enn að það muni gerast hvenær sem við komumst til þeirrar atkvæðagreiðslu.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3. og 5.–34. mál.

Fundi slitið kl. 01:50.

---

51. FUNDUR

þriðjudaginn 21. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 22. desember 1999, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desember 1990, um heilbrigðisþjónustu.

2. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2001, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

3. Kosning eins aðalmanns í útvarpsréttarnefnd, í stað Jóhönnu Maríu Eyjólfsdóttur, til 31. desember 2001, sbr. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

4. Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, stjtill., 186. mál, þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228, 489 og 510. — Frh. síðari umr.

5. Byggðastofnun, stjfrv., 224. mál, þskj. 267, brtt. 447. — 3. umr.

6. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 214. mál, þskj. 253, brtt. 493. — 3. umr.

7. Vitamál, stjfrv., 57. mál, þskj. 499. — 3. umr.

8. Fjarskipti, stjfrv., 122. mál, þskj. 500. — 3. umr.

9. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 240. mál, þskj. 501, brtt. 496. — 3. umr.

10. Framhaldsskólar, stjfrv., 101. mál, þskj. 502. — 3. umr.

11. Málefni aldraðra, stjfrv., 173. mál, þskj. 503, brtt. 508. — 3. umr.

12. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 251. mál, þskj. 308. — 3. umr.

13. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117, brtt. 454. — 3. umr.

14. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 244. mál, þskj. 299. — 3. umr.

15. Málefni fatlaðra, stjfrv., 274. mál, þskj. 375. — 3. umr.

16. Ráðstöfun erfðafjárskatts, stjfrv., 273. mál, þskj. 374. — 3. umr.

17. Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, stjfrv., 270. mál, þskj. 504. — 3. umr.

18. Iðnaðarlög, stjfrv., 22. mál, þskj. 505, brtt. 490. — 3. umr.

19. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 161. mál, þskj. 481. — 3. umr.

20. Gjaldeyrismál, stjfrv., 162. mál, þskj. 482. — 3. umr.

21. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 200. mál, þskj. 483. — 3. umr.

22. Tollalög, stjfrv., 209. mál, þskj. 243. — 3. umr.

23. Skattfrelsi norrænna verðlauna, stjfrv., 4. mál, þskj. 484. — 3. umr.

24. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 5. mál, þskj. 485. — 3. umr.

25. Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, stjfrv., 25. mál, þskj. 486. — 3. umr.

26. Ættleiðingar, stjfrv., 68. mál, þskj. 487. — 3. umr.

27. Skráð trúfélög, stjfrv., 69. mál, þskj. 488. — 3. umr.

28. Skipulags- og byggingarlög, frv., 276. mál, þskj. 390. — 2. umr.

29. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 291. mál, þskj. 476. — 2. umr.

30. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 160. mál, þskj. 186, nál. 387 og 480. — 2. umr.

31. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273, nál. 446. — 2. umr.

32. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330. — 1. umr.

33. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — 1. umr.

34. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 295. mál, þskj. 497.

Fjarvistarleyfi:

Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.

[10:00]

Útbýting þingskjals:

Fjarskipti, 122. mál, þskj. 500.

[Fundarhlé. — 10:01]

Athugasemdir um störf þingsins.

Athugasemdir um álver á Reyðarfirði í skýrslu norska sendiherrans.

[10:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna frétta í Ríkisútvarpinu í morgun. Þar segir af skýrslu norska sendiherrans á Íslandi til stjórnvalda í Noregi þar sem hann fjallar um málefni Fljótsdalsvirkjunar og álvers í Reyðarfirði. Í skýrslunni segir ráðherrann að ráðherra í íslensku ríkisstjórninni, Siv Friðleifsdóttir, hafi sagt að ef Norsk Hydro dragi sig út úr fjárfestingum í álveri gæti það leitt til verulegs álags í samskiptum ríkjanna, Íslands og Noregs.

Ég spyr: Eru stjórnvöld orðin svo illa stödd í þessu máli að samstarfsráðherra Norðurlanda er fenginn til að óska eftir því við norsk stjórnvöld að þau beiti Norsk Hydro þrýsingi í málinu? Eru stjórnvöld að hafa í hótunum við Norðmenn á þennan hátt eins og segir í Dagens Næringsliv, norska dagblaðinu í morgun? Ég spyr enn: Er þetta gert að beiðni eða undirlagi ríkisstjórnarinnar eða forsrh.? Við þessu verða að fást svör áður en umræða um Fljótsdalsvirkjun hefst á fundinum. Þetta er mjög alvarlegt mál.

[10:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í morgun vöknuðu landsmenn upp við fréttir af því að íslensk stjórnvöld hefðu haft í hótunum við Norðmenn. Ef fyrirtækið Norsk Hydro ekki sýndi samstarfsvilja gagnvart virkjunarframkvæmdum austur á Fljótsdal, þá gæti það haft slæmar afleiðingar í samskiptum Íslendinga og Norðmanna. Þetta eru að sjálfsögðu mjög alvarlegar fréttir og fáheyrð framkoma af hálfu íslenskra stjórnvalda og í samskiptum þessara þjóða.

Nú er eðlilegt að spurt sé hvaða aðili hafi gengið fram fyrir skjöldu með þessum hætti. Ekki reyndist það vera hæstv. iðnrh. eins og einhvern kynni að hafa grunað heldur var það hæstv. umhvrh. Af öllum ráðherrum er það sá sem á að standa vörð um hagsmuni náttúrunnar og umhverfisins innan ríkisstjórnarinnar (**KHG:** Íslendinga.) sem hefur í hótunum við þá sem vilja láta umhverfið njóta vafans í lögformlegu umhverfismati og hótar nú Norsk Hydro og Norðmönnum að þeir skuli hafa verra af ef þeir ekki makka rétt í þessu máli.

Að mínum dómi er það ekki hæstv. umhvrh. einn sem skuldar Alþingi og þjóðinni skýringar heldur hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar.

[10:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Um miðjan nóvember hafði norski sendiherrann samband við umhvrn. og óskaði eftir viðtali við mig. Þar sem ég er samstarfsráðherra Norðurlandanna og hann er nýr í starfi þá ákvað ég að verða við þeirri beiðni, enda sjálfsagt mál. Okkar samtal var mjög vinsamlegt og þar bar ýmislegt á góma. Við ræddum stjórnmál á Íslandi og efnahagsmál mjög almennt. Virkjunarmál og bygging álvers á Reyðarfirði voru meðal þess sem þar barst í tal. Og það er af og frá að ég hafi í þessu spjalli okkar látið að því liggja að það gæti haft áhrif á samskipti þessara frændþjóða ef Norsk Hydro hætti við þátttöku í byggingu álvers á Austurlandi.

Ég fékk þessa skýrslu í hendur nú fyrir skömmu, í morgun, og hef lesið hana. Þar kemur fram hjá norska sendiherranum að ég hafi sagt að ríkisstjórnin hafi lagt áherslu á að ná málinu fram og að ekki væru allir sammála um þetta mál í þjóðfélaginu. Ég spyr: Er það eitthvað nýtt? Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á málið og það eru ekki allir sammála um það í þjóðfélaginu. Síðan koma vangaveltur sendiherrans þar á eftir og þar er ýmislegt sagt sem mér heyrist að verið sé að reyna að snúa upp á mig. En ég ber enga ábyrgð á vangaveltum sendiherrans. Og það er ekkert í okkar samtali og því plaggi sem ég hef lesið í morgun sem er hægt að túlka eins og sem mér heyrist að t.d. að fjölmiðlar hafi reynt að gera í morgun. Íslensk stjórnvöld hafa alltaf meðhöndlað þetta mál þannig að hér sé um að ræða samskipti viðskiptalegs eðlis við Norsk Hydro. Þetta er ekki pólitískt mál á milli ríkjanna. Þetta er viðskiptamál. Hins vegar hafa andstæðingar virkjunarinnar, stjórnarandstæðingar og fleiri andstæðingar, reynt að snúa þessu upp í pólitískt deilumál og það má segja að það endurspeglist í skýrslu norska sendiherrans.

[10:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það sem hæstv. umhvrh. sagði áðan, að það hefur alltaf verið stefna Íslendinga í þessu máli að það væri íslenskt mál, að ákvörðunin og ábyrgðin í málinu ætti að liggja hér og hvergi annars staðar. Hins vegar höfum við orðið þess vör að andstæðingar málsins hafa borið sig upp við Norðmenn. Andstæðingar málsins hafa gengið á fund Norðmanna. Andstæðingar málsins hafa sent bænarskrár til Norðmanna. Það hefur ríkisvaldið ekki gert og ríkisstjórnin ekki gert. Við lítum svo á að hér sé um alíslenskt mál að ræða. Þátturinn sem snertir Norsk Hydro er eingöngu viðskiptalegs eðlis. Verði sá þáttur ekki aðgengilegur, þá verður ekkert mál. Það höfum við alltaf sagt

og þannig er málið. Ég sé því ekki að nokkurt tilefni sé til upphlaups vegna þessarar skýrslu norska sendiherrans sem mér finnst að vísu dálítið sérkennilegt að skuli vera komin á borðið með þeim hætti sem hér hefur gerst. Það er hárrétt sem umhvrh. segir að þetta er íslenskt mál, íslensk ákvörðun og íslensk ábyrgð.

[10:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er að mínu mati mjög alvarlegt þegar því er haldið fram á hv. Alþingi að íslensk stjórnvöld hafi haft í hótunum við Norðmenn. (Gripið fram í.) Ef íslensk stjórnvöld vildu reka þetta mál með þeim hætti, ætli það sé þá ekki líklegt að það hefði verið tekið upp við norska ráðherra?

Málið er akkúrat á hinn veginn. Andstæðingar þessa máls á Íslandi og stjórnarandstaðan hafa verið að reyna að gera það að pólitísku máli sem íslensk stjórnvöld hafa verið algerlega andvíg vegna þess að virkjunarmálið er alíslenskt mál sem kemur ekki Norsk Hydro við eða Norðmönnum. Álverið er viðskiptamál milli íslenskra aðila og fyrirtækisins Norsk Hydro.

Ég átti síðast fyrir nokkrum dögum samtal á förnum vegi við norska viðskiptaráðherrann þar sem við fórum yfir þetta mál og við vorum algerlega sammála um þessa túlkun. Því er rangt að haft hafi verið í hótunum við norsk stjórnvöld, enda væri fráleitt að reyna að gera málið að pólitísku máli eins og það liggur. En svo virðist að það sé áhugamál m.a. stjórnarandstöðunnar á Alþingi að gera málið að pólitísku máli og þess má sjá stað í skýrslu norska sendiherrans.

[10:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Auðvitað veit öll þjóðin að ríkisstjórnarflokkarnir hafa alls ekki haft þetta fyrir pólitískt mál, það er nú eitthvað annað. Það var t.d. ekki pólitík þegar hæstv. utanrrh. og 1. þm. Austurl. boðaði austfirskum sveitarstjórnarmönnum fagnaðarerindið sem 1. þm. kjördæmisins og sem hæstv. utanrrh. (**Forsrh.:** Pólitískt ... Norðmönnum.) (**Utanrrh.:** Var ég að tala við Norðmenn á Austurlandi? Hvaða Norðmenn voru á fundinum?) Ég heyri að hæstv. ráðherrum er órótt sem vonlegt er.

Herra forseti. Ég held að ekki séu öll kurl komin til grafar í samskiptum íslenskra stjórnvalda t.d. við fyrirtækið Norsk Hydro. Hvað með yfirlýsingar og pantaðar yfirlýsingar frá því fyrirtæki? Ætli það geti ekki verið svo án þess að ég geti lagt dóm á orð sem ég heyrði ekki. Ég var ekki vitni að fundi hæstv. umhvrh. og þessa norska sendiherra. Eitthvað gefur þessum embættismanni tilefni til þeirra hugleiðinga þó sem kannski er ranglega verið að leggja umhvrh. í munn. En þetta má vera býsna ónákvæmur embættismaður sem í skýrslugjöf til sinnar ríkisstjórnar er með vangaveltur af þessu tagi ef þær eru algerlega út í loftið. Auðvitað er einfalt fyrir hæstv. umhvrh. að koma hér og láta fullyrðingu standa gegn fullyrðingu og verður sjálfsagt lítið sannað í því. En er þetta, herra forseti, ekki því miður mjög því marki brennt sem flest annað í málsmeðferðinni hefur verið, að pólitísk örvænting, sérstaklega Framsfl., er orðin þvílík í þessu máli að það er einskis svifist og ekki er hikað við að gera ómaklegar árásir að mannorði embættismanna ef svo ber undir? Og hvað munar þá um að draga pínulítið úr trúverðugleik norska sendiherrans? Það er varla alvarlegra mál en t.d. aðförin að skipulagsstjóra á dögunum.

Herra forseti. Því miður stöndum við frammi fyrir því að tilgangurinn helgar hér algjörlega meðalið hjá stjórnarflokkunum.

[10:41]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segir að það sé fráleitt að haft hafi verið í hótunum við norsk stjórnvöld. Var hæstv. utanrrh. viðstaddur þennan fund? Nei, hann var það ekki. Fékk hæstv. utanrrh. hins vegar skýrslu af þessum fundi? Svo virðist vera samkvæmt þeim ummælum sem hann hefur hér. Það er eins og hann viti hvað þarna fór fram.

Það er ekki verið að efna til upphlaups á Alþingi eins og hæstv. utanrrh. segir. Það er í hæsta máta eðlilegt að menn komi og spyrji út í fréttir í ríkisfjölmiðlum sem eru þess eðlis að það er nauðsynlegt að ræða þær hér. Hér er það haft eftir sendiherra Norðmanna að hæstv. umhvrh. hafi tekið það mjög skýrt fram að ríkisstjórnin legði mjög mikinn pólitískan metnað í að keyra málið í gegn. Það er haft eftir hæstv. umhvrh. að það gæti leitt til verulegs álags á samskipti Íslands og Noregs ef Norsk Hydro drægi sig út úr þessari fjárfestingu og það er haft eftir hæstv. umhvrh. að þetta mál gæti leitt til verulegs álitshnekkis fyrir hæstv. utanrrh.

Hæstv. umhvrh. verður að koma hingað og tala skýrar. Hún verður að segja það skýrt og skorinort að ekkert af þessu hafi hún gert og eftir það hlýtur hæstv. utanrrh. að neyðast til þess að kalla norska sendiherrann á sinn fund og spyrja hann hvernig á því standi að hann fari að senda ósannar fregnir til Noregs af samtölum sínum við íslenska ráðamenn. Í framhaldinu hljóta íslensk stjórnvöld að krefjast þess að sendiherrann verði kallaður heim því það er ólíðandi að hafa slíka menn sem fara með rangt mál, ekki bara um hæstv. utanrrh. heldur líka hafa rangt eftir hæstv. umhvrh.

Herra forseti. Því miður er það þannig að þó að hæstv. umhvrh. segi að málið sé viðskiptalegs eðlis en ekki pólitískt, þá er alveg ljóst að hún hefur sem samstarfsráðherra átt viðtöl um þetta viðskiptalega mál við norska sendiherrann. Það var þessi ákveðni stjórnmálamaður sem einmitt kom nánast inn í ríkisstjórnina með það á vörunum að það ætti að setja þetta tiltekna mál í mat á umhverfisáhrifum og að Íslendingar yrðu að vernda hálendið. Maður spyr sig auðvitað, herra forseti: Hvers konar hamskipti eru að verða hér?

Herra forseti. Að lokum spyr ég: Hefur hæstv. umhvrh. haft samband við aðrar stofnanir í Noregi vegna þessa máls bréflega eða munnlega? Því verður hún að svara.

[10:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vissi ekki af þessum fundi. Og hvaða skýrsla er þetta? Þetta er sendiskýrsla frá sendiherranum á Íslandi til norskra stjórnvalda. Þannig skýrslur eru sendar frá sendiráðum, ég segi ekki daglega, en áreiðanlega mánaðarlega. Af hverju menn sjá ástæðu til þess að leka þessari skýrslu út veit ég ekki, þ.e. hvað mönnum gengur til í þeim efnum.

Ég hef lesið þessa skýrslu og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fer hér með tilvitnanir í orð hæstv. umhvrh. og ég skildi hann þannig að hann vitnaði líka í orð mín. Það eru ekki tilvitnanir. Það er ein tilvitnun ... (**ÁRJ:** Í fréttunum í morgun. Í ríkisfréttunum.) Ég heyri það á hv. stjórnarandstöðu að það er alveg nóg fyrir hana að hlusta á fréttir á morgnana og það er ekkert verið að skoða þær fréttir. Það er ekkert verið að athuga áreiðanleika þeirra frétta. Það er bara farið í umræður utan dagskrár á Alþingi alveg eins og þegar Bill Arkin segir

eitthvað, þá hefur stjórnarandstaðan alltaf farið í umræður utan dagskrár. Þetta er sambærilegt mál. Það er alveg sama hvað sagt er í fréttum á morgnana. Það er alltaf ástæða til þess að rjúka í umræður utan dagskrár í stað þess að kynna sér málin einhvern tíma.

[10:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er réttilega bent á að þetta er íslensk ákvörðun en þetta snertir fleiri en Íslendinga eina. Þetta snertir erlenda samstarfsaðila, nú um stundir stórfyrirtækið Norsk Hydro. Menn vilja aðgreina ákvörðun um álver annars staðar og virkjun hins vegar. Staðreyndin er hins vegar sú að virkjunin er reist til þess eins að sjá einu álveri fyrir orku þannig að þetta er að sjálfsögðu samhangandi.

Þetta mál fjallar um viðskipti. Þetta mál fjallar um efnahagsmál. Byggðamál hefur nokkuð borið á góma í umræðunni hefði ég haldið og allt er þetta pólitík, það eru umhverfismálin líka. En síðan er það hæstv. umhvrh. sem gengur fram fyrir skjöldu og afsalar sér ábyrgð á þeim málaflokkum sem henni hefur verið treyst fyrir. Og ég spyr: Er það svona að hafa í hótunum við samstarfsaðila sem ríkisstjórnin kemur fram og er hér komin skýringin á því að þeir einir sem mæla þessu máli bót innan kerfisins, þeir einir sem gera það úr hópi hagfræðinga, koma frá stofnunum sem heyra undir ríkisstjórnina og eru undir járnhæl hennar, Landsvirkjun og stofnanir sem heyra sérstaklega undir iðnrn.? Er hér komin skýringin á því?

Nú er ríkisstjórnin að sýna sitt rétta andlit í þessu máli.

[10:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega bjóða velkomna ráðherra Sjálfstfl. á ráðherrabekkina. Þeir hafa ekki sést mikið í þessari mikilvægu umræðu og það hlýtur að vekja athygli allra viðstaddra að allur tólf manna skarinn er nú mættur. Ég vek athygli á þessu vegna þess að það hefur verið alveg ljóst frá upphafi umræðunnar um mál sem ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að það er Framsfl. sem er látinn bera hitann og þungann af því deilumáli sem nú er rætt á Alþingi og alls staðar í þjóðfélaginu og það er kominn tími til að þjóðin öll fái að vita að þetta mál er á ábyrgð Sjálfstfl. og forsrh. Davíðs Oddssonar. Þetta vil ég árétta í upphafi máls míns.

Herra forseti. Það má vel vera að ástæða sé til fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar að bera stjórnarandstöðuna sökum vegna þess að hún ber inn á Alþingi alvarlegan fréttaflutning en má ég þá spyrja: Er það ekki dálítið alvarlegt fyrir ríkisstjórnina þegar sendiherra Noregs á Íslandi ritar skýrslu, sendir hana Magne Bondevik forsætisráðherra, sendir hana norska utanríkisráðuneytinu, olíu- og orkumálaráðuneytinu, umhverfisráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu og segir það skoðun sína að þetta mál ætli að þróast í nýtt deilumál Íslendinga og Norðmanna?

Herra forseti. Það er ekki stjórnarandstaðan sem er að halda þessu fram. Það er sendiherra Noregs á Íslandi sem er að fjalla um pólitískt ástand hér og mál sem ríkisstjórnin rekur fram af mikilli hörku. Það er staðreyndin.

Herra forseti. Afskaplega er ég ánægð að heyra að hæstv. umhvrh. eigi ekki þann hlut að máli eins og hér hefur verið kynnt vegna þess að umhvrh. mun úrskurða að lokum um umhverfismatið og ef þessi frétt væri að hluta til sönn, sem hún reynist greinilega ekki vera miðað við viðbrögðin hér, þá hefði íslenska ríkisstjórnin sannarlega verið í vondum málum.

[10:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. nefndi til sögunnar alla þá ráðherra sem fá afrit af umræddri skýrslu. Ég fullyrði að þessum ágætu ráðherrum í Noregi mun koma þessi skýrsla mjög á óvart vegna þess að þeir hafa átt samtöl við okkur starfsbræður sína hér, bæði forsætisráðherra, utanríkisráðherra og aðrir slíkir á undanförnum vikum og mánuðum. Það hefur aldrei komið fram af hálfu Íslands það viðhorf sem sendiherrann er þarna að lýsa þannig að sendiherrann er af einhverjum ástæðum að misskilja fullkomlega stöðuna. Við það fáum við ekkert ráðið. Málið liggur algerlega klárt fyrir af okkar hálfu. (**RG:** ... stjórnarandstaðan núna?) Stjórnarandstaðan hefur sjálfsagt ekki hjálpað til með málflutningi sínum sem hefur verið óábyrgur, fyrst hv. þm. vill kalla það fram. En þetta pantaði hv. þm. hér og svo sannarlega hefur stjórnarandstaðan ekki staðið sig vel í þessum umræðum, þær hafa ekki verið málefnalegar.

En hitt er annað eins og við höfum sagt, þetta mál er algerlega íslenskt mál. Við viljum eingöngu hafa það sem íslenskt mál. Ábyrgðin er á Íslendingum. Ábyrgðin er á íslenskum ráðamönnum. Ábyrgðin er á stjórnarflokkunum báðum, forustumönnum þeirra og ráðherrum öllum. Þannig er málið vaxið og undan þeirri ábyrgð mun enginn hlaupa.

[10:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég heyri að það sem ég sagði áðan hefur ekki alveg komist til skila. Ég vil sérstaklega ítreka það að vegna þessa samtals sem ég átti við Kjell Halvorsen, norska sendiherrann, þá var ekkert sem kom fram í því samtali sem gaf til kynna að þetta mál gæti haft einhver pólitísk áhrif á milli þessara tveggja landa, Íslands og Noregs, alls ekki. Hér kemur fram í skýrslu hans, sem ég hef verið að lesa, að hann hefur það eftir mér að ríkisstjórnin hafi lagt áherslu á að ná málinu fram og það séu ekki allir sammála um málið hér innan lands. Það er bara nokkuð það sem allir vita. Allt annað í þessu plaggi sýnist mér vera vangaveltur sendiherrans og nú vilja menn reyna að gera mig ábyrga fyrir þeim vangaveltum og ég frábið mér það. Ég frábið mér það að ég þurfi að bera ábyrgð á vangaveltum norska sendiherrans á Íslandi.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frh. síðari umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228, 489 og 510.

[10:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þar sem ég get ekki kvatt mér hljóðs um störf þingsins vegna tímatakmörkunar langar mig aðeins til að benda á að hæstv. umhvrh. ...

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm., umræðu um störf þingsins er lokið. Hv. þm. kvaddi sér hljóðs undir liðnum um fundarstjórn forseta. Hv. þm. hóf ræðu sína með því að segja að honum væri ekki heimilt að taka til máls undir liðnum um störf þingsins þar sem hv. þm. hafi talað tvisvar. Þar með gerir hv. þm. ... (**ÁRJ:** Nei, hv. þm. hefur aðeins talað ...)

Ja, ég bið afsökunar á því en hv. þm. hafði ekki kvatt sér hljóðs þær 20 mínútur sem umræðan stóð og hann hefur ekki heimild til að halda þeim umræðum áfram sem voru um störf þingsins.)

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt að forseti leyfi mér að segja hér nokkur orð. Ég tel það mjög mikilvægt að hæstv. umhvrh. leiðrétti þá við norsk stjórnvöld það sem kemur fram hjá sendiherranum í fréttum.

(**Forseti** (HBl): Ég ætla að biðja hv. þingmenn að virða þingsköp. Ég brást mjög vel við beiðni hv. þm. um að hér yrðu umræður um störf þingsins og hv. þingmenn þekkja þær reglur sem um það gilda. Það höfðu allir þingmenn tekið til máls um störf þingsins sem höfðu kvatt sér hljóðs. Hv. þm. hafði ekki gert það og það er ekki hægt að halda þessum umræðum áfram undir liðnum um fundarstjórn forseta. Ég hafði þegar tekið mál á dagskrá ...)

Herra forseti. Ég tek til greina athugasemdir forseta og vík því héðan úr ræðustólnum.

[10:55]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hef ég nokkrum sinnum komið upp í þennan ræðustól en nú er mér þungt fyrir brjósti og ég finn fyrir miklum vonbrigðum með hvernig þetta stóra hagsmunamál okkar Íslendinga hefur þróast nú við lok umræðunnar um þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Herra forseti. Má ég biðja forseta um að hringja bjöllunni.

(**Forseti** (HBl): Það er rétt ábending hjá hv. þm. að ástæða er til að biðja hv. þm. um að hafa hljóð í salnum.)

Til hvers var verið að leggja þáltill. fram? Var það til þess að kæfa þá þáltill. sem lögð var fram í fjórða sinn við upphaf þingsins um að Fljótsdalsvirkjun ætti að fara í mat á umhverfisáhrifum? Var það vegna þess að hávær krafa er í þjóðfélaginu um að viðhöfð séu eðlileg vinnubrögð við stærstu framkvæmd sem fyrirhugað er að ráðast í eða var það til að sýna hver ræður? Var það vegna þess að hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa lagt pólitíska stöðu sína að veði í þessu máli og því verði allt að ganga fram eins og þeir hafa lofað? Eða var það til að knýja fram afstöðu þingmanna og ráðherra Sjálfstfl. sem margir hverjir hafa komist létt frá þessu erfiða máli, sem mest hefur mætt á ráðherrum Framsfl., gera þá jafnábyrga og sýnilega í málinu?

Tillagan var sannarlega ekki lögð fram til að koma þessu erfiða máli út úr þeirri sjálfheldu sem það er í í dag. Ég kalla það sjálfheldu þegar pólitískt stolt og þrjóska heldur málinu öllu svo aðklemmdu að ekki er hægt að leita ásættanlegra leiða fyrir uppistöðulón virkjunarinnar á Eyjabökkum. Virkjunarleyfið er bundið þeirri hönnun sem gerð var fyrir 20 árum og þykir ekki ásættanleg í dag. Ef vikið er frá þeirri hönnun, þá fellur framkvæmdin sannarlega undir lög um mat á umhverfisáhrifum og það má ekki því þá særist pólitískt stolt hæstv. ráðherra Framsfl., þeirra Finns Ingólfssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Það má sem sagt ekki leita eftir annarri eða öðrum lausnum þó hagkvæmari kynnu að reynast eins og þeirri að hækka stíflugarð Fljótsdalsvirkjunar um fáeina metra og fullnægja þannig orkuþörf 120 þúsund tonna fyrsta áfanga Fljótsdalsvirkjunar og komast hjá því að virkja gufuafl við Bjarnarflag og leggja þaðan raflínur yfir öræfin.

Einnig hefur verið bent á aðrar lausnir varðandi legu uppistöðulónsins sem hlífa mundi hinum viðkvæmu og umdeildu Eyjabökkum en það má heldur ekki því að þá verður að hvika frá yfirlýstri stefnu. Í þessu máli er ekki hægt að ná sáttum nema þessar miklu framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum, fari í það sem nú er farið að kalla lögformlegt mat á umhverfisáhrifum því að í því vinnuferli er hægt að leita annarra leiða, finna aðra valkosti til samanburðar sem sátt næst um. Yfir þetta hefur margoft verið farið héðan úr þessum ræðustóli og auðvitað á að vera óþarfi að endurtaka það, en góð vísa er aldrei of oft kveðin þó að manni finnist lítið vera hlustað.

Krafan um mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar verður víst að koma að utan frá Norsk Hydro svo pólitísk staða hæstv. ráðherra Framsfl., þeirra Halldórs Ásgrímssonar og Finns Ingólfssonar, biði ekki hnekki. Það kann að verða niðurstaðan í þessu stóra máli því samkvæmt fréttinni í morgun er málið farið að valda titringi í Noregi, spennu milli frændþjóða. Hótanir komnar í loftið eftir þeim fréttum sem bárust í morgun og vitnað er þar til sendiherra Noregs. Þetta er ekki lengur eingöngu viðskiptamál. Þetta er að þróast í deilumál milli Íslands og Noregs og það er ekki stjórnarandstaðan sem stendur að því. Í fréttum í morgun var verið að vitna í norska sendiherrans á Íslandi en ekki í þingmenn minni hlutans hér á þingi.

Reynt er að telja þingmönnum og þjóðinni allri trú um að hér hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar. Þessi vinna sé mjög vel unnin í hv. umhvn. og að hv. iðnn. hafi farið yfir málið og unnið úr því. Því hefur meira að segja verið haldið fram úr þessum ræðustóli að þessi vinna sé meiri en ef málið hefði farið eða eftir lögum nr. 63/1993 þar sem 63 þingmenn komi til með að fella úrskurð en ekki einn skipulagsstjóri. Því er þessi málsmeðferð í raun ofbeldi í þinglegri meðferð, ofbeldi gagnvart réttarstöðu málsins, ofbeldi gagnvart viðurkenndum vinnubrögðum, ofbeldi gagnvart þjóðinni og náttúru landsins. Þetta mál hefur klofið þjóðina í fylkingar sem erfitt verður að sætta.

Herra forseti. Í ræðum margra hv. þingmanna, t.d. Ólafs Arnar Haraldssonar, Kolbrúnar Halldórsdóttur, Katrínar Fjeldsted, Ögmundar Jónassonar, Steingríms J. Sigfússonar, Þórunnar Sveinbjarnardóttur, Össurar Skarphéðinssonar og Jóns Bjarnasonar, svo nöfn fárra séu nefnd, hafa komið fram mjög margar ábendingar um vanhæfni þessarar þáltill. og ábendingar um að vinna þurfi málið betur. Því mun ég ekki fara frekar yfir alla þá þætti. Það hefur verið rækilega gert í fyrri ræðum og virðist engin áhrif hafa á afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Í þessu stóra máli vísa ég allri ábyrgð á hæstv. ríkisstjórn.

[11:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ekki er ofsögum sagt að við erum að fjalla um eitt umdeildasta mál síðari tíma á Íslandi. Það er alveg ljóst að málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar allrar er með þeim hætti að þetta mál hefur skipt þjóðinni í tvær stríðandi fylkingar. Ríkisstjórnin hefur framkallað alvarlegar og illvígar deilur með því að fara ekki með málið í umhverfismat. Krafan um lögformlegt umhverfismat er vissulega ekki ný og ekki er boðlegt að halda því að þinginu að tímaskortur komi í veg fyrir það. Ef farið hefði verið að því sem margir í stjórnarandstöðunni óskuðu eftir fyrir svo sem hálfu öðru ári og reyndar fyrrv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason líka að farið yrði með málið í lögformlegt umhverfismat, þá stæðum við ekki í þeim sporum nú rétt fyrir aldamótin að svo er komið að ríkisstjórninni hefur tekist að skipta þjóðinni upp í

tvær stríðandi fylkingar í þessu máli og málið er orðið mjög alvarlegt hvernig sem á það er litið.

Ég held líka að við stöndum frammi fyrir því núna þegar á að fara að afgreiða þetta mál og setja það í atkvæðagreiðslu að ríkisstjórnin hafi sett það í mikla óvissu enda tel ég nokkuð ljóst að deilur muni harðna ef það á að knýja það í gegn. Raunar er fullkomin óvissa um það hvort um þátttöku Norsk Hydro verði að ræða eða hvort þeir dragi sig út úr myndinni. Reyndar er staðreyndin sú að málið er vanbúið til ákvarðanatöku, bæði varðandi umhverfisþáttinn og fjárhagslegar forsendur.

Ég held einfaldlega að við stöndum frammi fyrir því og sú málsmeðferð sem málið hefur hlotið á þingi og öll meðferð þess innan þings og utan sýni okkur raunverulega eitt, að það er raunverulega ein niðurstaða í þessu máli. Hún er sú að ríkisstjórnin þorir ekki að fara með þessar fyrirhuguðu framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun í umhverfismat. Það er raunverulega það sem upp úr stendur eftir umræðuna.

Ég mun gera það helst að umræðuefni í ræðu minni sem snýr að fjárhagslegum forsendum þessa máls og Fljótsdalsvirkjunar sem ég held að sé því miður öll í skötulíki. Alveg burt séð frá umhverfisþættinum, alveg burt séð frá lögformlegu umhverfismati og við stæðum bara frammi fyrir því að meta hvort þetta væri fjárhagslega hagkvæmt fyrir þjóðina og fyrir Austfirðinga og atvinuuppbyggingu þar, þá hlýtur að vera mikill vafi í hugum þingmanna og þeirra sem eiga að taka ákvörðun hvort fjárhagslegar forsendur séu undir þessu máli. Ég held nefnilega að staðreyndin sé sú að fjárhagslega standi þetta allt á miklum brauðfótum. Þess vegna snýst málið ekki eingöngu um lögformlegt umhverfismat hvort í það á að fara eða ekki heldur hvort fjárhagslegar forsendur séu fyrir þessu máli öllu, hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt og hvort þetta mál, þegar upp verður staðið, skili sér aðeins í því ef á annað borð verður farið út í það að þetta verði stór og mikill reikningur á skattgreiðendur. Um það hafa ekki fengist svör í umræðunni og fást ekki þegar gengið verður til atkvæðagreiðslu.

Áður en ég vík að fjárhagslegri undirstöðu þessara framkvæmda vil ég aðeins svara í það sem menn hafa helst sett á oddinn vitaskuld sem er lögformlegt umhverfismat. Ég las með mikilli athygli álit sem kom frá umhvn. sem fjallaði um þetta mál. Ég verð að segja að mér fannst og finnst að álit umhvn. — hvort sem litið er á álit 1. minni hluta sem fulltrúar stjórnarflokkanna skipa sem eru hlynntir þessu, Kristján Pálsson og Ásta Möller, eða 2. minni hluta sem aðrir nefndarmenn umhvn., undir forustu Ólafs Arnar Haraldssonar, hafa sett fram. Mér finnst bæði þessi álit tæta niður skýrslu Landsvirkjunar og það standi ekki steinn yfir steini að því er varðar umhverfismat. Ekki steinn yfir steini. Það er niðurstaðan varðandi meðferðina í þinginu á umhverfisþættinum að málið er allt hið versta og mjög vanbúið og raunverulega staðfestir það sem þeir hafa sagt sem talað hafa fyrir lögformlegu umhverfismati hvað það er nauðsynlegt.

Reyndar var það svo að þegar ég var að lesa álit 1. minni hluta umhvn. hélt ég lengi vel að ég væri að lesa álit þeirra sem standa fyrir og vilja fá lögformlegt umhverfismat sem sýnir náttúrlega hvað þeim líður illa sem hafa þurft að standa í umhvn. að þessu áliti 1. minni hluta. Það er réttilega tekið fram, mjög heiðarlega af 1. minni hluta eins og segir hér:

„Fyrsti minni hluti telur ljóst að gróið og mjög sérstakt land fer undir vatn við virkjunarframkvæmdirnar og fossar hverfa sem eftirsjá er að. Má nefna að hraukar, sem eru sérstæð landform sem eiga sér fáar hliðstæður svo vitað sé, munu hverfa með tilkomu lónsins. Þá hefur því oft verið lýst að Eyjabakkar hafi sérstöðu vegna hæðar sinnar yfir sjávarmáli en Eyjabakkar og Vesturöræfi munu vera hæstu stóru samfelldu gróðurlendin á miðhálendi Íslands. Þá er mikil fossaröð í Jökulsá í Fljótsdal enda fellur áin 600 m á 30 km. Með virkjuninni hverfur jökulvatnið úr farvegi hennar og má búast við að aðeins seinni part sumars, þegar miklar leysingar eru í jöklinum og lónið er orðið fullt, verði rennsli í fossunum að einhverju verulegu marki."

Síðan segir, en það er verið að vitna í skýrslu Landsvirkjunar, með leyfi forseta: „Þar kemur fram að áhrif virkjunarframkvæmda á náttúrufar og friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá verða mikil á Eyjabakkasvæðinu."

Þetta eru allt lýsingar sem hægt er að taka undir. Þetta er álit 1. minni hluta. Þau sem skipa 1. minni hluta, hv. þm. Kristján Pálsson og Ásta Möller, hafa því verið í miklum erfiðleikum þegar þau voru að semja þetta nál. og hefur örugglega liðið mjög illa. Ég skil mjög vel að það hefur verið erfitt mál fyrir þau tvö að þurfa að standa að við hliðina á ríkisstjórninni sem ætlar með góðu eða illu að keyra þetta mál í gegn.

Auðvitað mætti lesa ýmislegt annað sem fram kemur í þessu áliti sem hægt er að taka undir. Það er nánast hægt að taka undir allt sem stendur í þessu áliti 1. minni hluta. Þeir benda á mótvægisaðgerðir ef ég man rétt og það er fært niður hjá 2. minni hluta líka að þær eru allar í skötulíki og raunverulega ekki hægt að taka neina ákvörðun um það hvort þetta séu einhverjar mótvægisaðgerðir sem er byggjandi á.

Vissulega er rétt líka hjá 1. minni hluta umhvn. að ástæða er til þess að hafa verulegar áhyggjur af þróun byggðar á þessu svæði þar sem þessar virkjunarframkvæmdir eiga að vera og vissulega er rétt að fólki hefur fækkað mjög í fjórðungnum eins og raunverulega víða á landinu. Þetta er allt saman satt og rétt. En menn verða að athuga og gera upp við sig, hvort þetta sé rétta leiðin til atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Erum við að gera þarna rétt með því að fara þessa leið? Það eru stór spurningarmerki í mínum huga varðandi það þegar litið er fram hjá umhverfismatinu hvort rétt sé að fara í þessar framkvæmdir.

Ég þarf ekki að segja margt um álit 2. minni hluta sem er mjög vel unnið og sýnir hvað málið er raunverulega allt hálfkarað hvað varðar mat á umhverfisáhrifum. Það kemur líka vel fram í áliti 2. minni hluta hvað mikil handabakavinnubrögð hafa verið á þessu máli af hálfu ríkisstjórnarinnar og hvernig hefur raunverulega verið traðkað á lýðræðinu vegna þess að aftur og aftur kemur fram að vinnubrögðin hafi verið með þeim hætti að vegna tímaskorts var ekki hægt að kalla hina og þessa til sem ástæða væri til. Ekki var hægt að kalla til þá sem óskuðu eftir og ríkisstjórnin eða forsvarsmenn málsins buðu upp á að fólk gæti komið og fengið viðtöl við umhvn. og iðnn. sem væri raunverulega ígildi lögformlegs umhverfismats og réttar fólks til að tjá sig í málinu. Hvað eftir annað kemur fram að vinnubrögðin eru með ólíkindum.

Mér fannst það mjög sérstakt miðað við hvernig þessi mál hafa þróast, miðað við það sem fram kom hjá Norsk Hydro að nefndin skyldi ekki hafa gefið sér tíma, sem hefði ekki þurft að vera langur, til að kalla til fulltrúa Norsk Hydro sem voru með miklar meiningar í þessu máli um lögformlegt umhverfismat og hafa sjálfir sett fram að þeir vilja stuðla að því að slíkt umhverfismati fari fram. Þetta eru aðilar Norsk Hydro sem hafa komið mikið inn í þessa umræðu sem taka

ekki mikla fjárhagslega áhættu í málinu. Það virðist fyrst og fremst eiga að vera íslenska þjóðin og skattgreiðendur sem eiga að standa undir áhættunni af allri framkvæmdinni.

Annar minni hluti hefur farið út í þá lagaóvissu sem er fyrir hendi í málinu og bendir þar m.a. á nýja og endurskoðaða tilskipun EES sem hefur verið sett fram þar sem Íslandi bar að lögleiða efni hennar í landsrétti fyrir mars á þessu ári sem snertir umhverfismat. Þeir benda einnig á eins og hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Lagaóvissan er fyrst og fremst fólgin í því að þótt gilt virkjunarleyfi sé talið vera fyrir hendi bendi öll rök til þess, m.a. studd af dómafordæmum frá EB-dómstólnum, að fyrir þurfi að liggja öll leyfi lögbærra aðila áður en lagt er í framkvæmdir af þessu tagi og samkvæmt íslenskum lögum séu það virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum."

Síðan er bent á að sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hafi ekki gefið út framkvæmdaleyfi og það sé staðfest í greinargerð með tillögu iðnrh. Þá vekur nefndin athygli á því að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendis Íslands gerir fyrirvara um lónstærð á Eyjabakkasvæðinu og aðra tilhögun virkjunar og komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegra væri að virkja við Kárahnúka en Eyjabakka ef á annað borð yrði virkjað á svæðinu. Athugasemdirnar sem hér hafa komið fram eru því ekki fáar.

Loks er farið út í það sem ég mun gera að meginmáli, þ.e. ófullkomið arðsemismat. Raforkuverð liggur ekki fyrir en það er ein af þeim forsendum sem leggja þarf til grundvallar við arðsemismat virkjunarinnar. Út af fyrir sig er auðvitað hægt að skilja að ríkisstjórnin, sem á eftir að fara í samningaviðræður, vilji ekki sýna allt sem hún hefur á hendi varðandi orkuverðið. Það er þó ein af meginforsendum þess að þingmenn geti lagt mat á það hvort við séum að fara út í arðbæra framkvæmd eða ekki. Ég veit ekki hvort það hefur komið fram í þessari umræðu en ég óska þess að hæstv. iðnrh., ef það er þá hægt, svari þinginu með því að segja hve hátt orkuverðið þyrfti að vera til að standa undir þessum framkvæmdum. Ég held að það sé ekki til of mikils mælst að spyrja hvert verðið þyrfti að vera til að standa undir þeim framkvæmdum.

Í áliti 2. minni hluta er einnig farið út í hinar svokölluðu mótvægisaðgerðir sem að mati 2. minni hluta þurfa að vera stórfelldar. Þær eru jafnframt algerlega ómótaðar. Ekki liggur fyrir hvar, hverjar eða hvenær þær verða og þaðan af síður hversu kostnaðarsamar þær verði og hver eigi að greiða fyrir þær. Slíkar aðgerðir hafa ekki verið kynntar sem hluti af stofnkostnaði við virkjunina. Margir treysta mjög á þessar mótvægisaðgerðir og ég veit ekki til þess að fyrir liggi hvernig ganga eigi frá þeim þætti málsins.

Auk þessa fer 2. minni hluti yfir það sem hann álítur brot á alþjóðasamningum í þessu máli og nefnir þar Ramsar-samninginn um verndun votlendis sem Íslendingar gerðust aðilar að árið 1978. Jafnframt er bent á á að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi einnig gert athugasemdir við umfjöllun um tvo aðra alþjóðasamninga, annars vegar um Ríó-samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Stofnunin telur umfjöllunina mjög takmarkaða og villandi. Þar kemur sá misskilningur fram að samningurinn snúist nær eingöngu um hættuna á útrýmingu tegunda. Loks er nefndur til Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. Mér finns álit 2. minni hluta mjög fróðlegt og gott innlegg í umræðuna. Í einni setningu má segja að álit 2. minni hluta tætir niður skýrslu Landsvirkjunar, þar stendur ekki steinn yfir steini eftir að málið hefur verið skoðað. Þetta mál er bersýnilega vanbúið varðandi lögformlegt umhverfismat og ekki hefur verið farið yfir hvaða áhrif það hefur á náttúruna ef Eyjabökkum verður sökkt.

Ég hafði ekki hugsað mér að hafa langt mál við þessa umræðu. Ég vil þó fjalla aðeins um arðsemina annars vegar og hins vegar hverju þetta mun skila fyrir byggðina á Austfjörðum. Mikið er lagt upp úr áhrifunum á byggðir á Austfjörðum og atvinnuuppbyggingu. Auðvitað er erfitt að leggja mat á það þegar svo margir veigamiklir þættir arðseminnar eru óljósir. Almennt má segja að vandi Austfjarða er mjög mikill eins og annars staðar á landinu. Auðvitað er sú staða og byggðaröskun sem átt hefur sér stað mjög alvarleg. Það er augljóst af því að á fyrstu níu mánuðum þessa árs fluttu 1.320 manns frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Að viðbættum flutningi frá útlöndum til höfuðborgarsvæðisins fluttu rúmlega 2.000 til höfuðborgarsvæðisins. Það segir okkur hve staðan er alvarleg á landsbyggðinni. Þar þarf að bregðast við í atvinnuuppbyggingunni en spurningin er hvort þetta sé rétta leiðin.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa bent á að kostnaður fyrir sveitarfélögin hér sé 3–5 millj. kr. fyrir hvern þann sem hingað flytur. Miðað við tölur frá fyrstu níu mánuðum þessa árs er um að ræða 6–10 milljarða vegna búferlaflutninga fólks frá landsbyggðinni. Byggðavandinn er auðvitað vandi landsins alls eins og ýmsir hafa haldið fram í þessum ræðustól. Undir það skal tekið. Búferlaflutningar kosta okkur mjög mikið, hvort sem litið er til landsbyggðarinnar eða höfuðborgarsvæðisins. Þetta er sameiginlegt vandamál sem taka þarf á en spurningin er hvort þeir fjármunir sem fara eiga í þessar framkvæmdir og Fljótsdalsvirkjun séu ekki betur nýttir með öðrum hætti til að stuðla að atvinnusköpun og uppbyggingu á landinu.

Talað er um að áhrifin á Austfirði verði þau að 270 störf verði til í fyrsta áfanga. Auðvitað munar verulega um það auk 200–250 afleiddra starfa. Þetta gæti orðið aukning um 1.250–1.350 störf á Miðausturlandi á um það bil 15 árum miðað við 480 þús. tonna álver. Það er ekkert skrýtið að slík fjölgun á störfum eins og hér er lýst freisti Austfirðinga. En því miður, jafnvel þó að þetta mál verði samþykkt á þingi þá er mikil óvissa um þessi störf og hvort þessi framkvæmd verður að veruleika. Eftir að hafa farið yfir málið, sérstaklega varðandi arðsemina, er ég ekki viss um að af þessari framkvæmd verði.

Það má einnig líta til þess, herra forseti, að skipulagsstjóri hefur sett ýmislegt fram í sínum athugasemdum. Það gefur til kynna að ekki sé allt sem sýnist varðandi byggða- og samfélagsþróun á Austfjörðum eins og þeir vilja vera láta sem tala fyrir þessum framkvæmdum. Að mati skipulagsstjóra ríkisins vega byggðasjónarmið þungt í ákvarðanatöku um byggingu álvers. Til þess hins vegar að geta metið jákvæð og neikvæð áhrif þarf afdráttarlaust að gera grein fyrir því í hverju jákvæð áhrif á byggð felast, betur en gert er í frummatsskýrslu, t.d. um áhrif á byggðir á Austurlandi utan Miðausturlands um varanleika áhrifa á fólksfjöldaþróun og um áhrif á vinnuafl í þeim atvinnuvegum sem fyrir eru á svæðinu.

Skipulagsstjóri lítur á þetta sem óvissuþátt í þessu öllu saman. Það er ekki svo lítið. Þetta er það sem menn eru að horfa á varðandi atvinnuuppbygginguna. Síðan segir skipulagsstjóri að í sérfræðiáliti um samfélagsleg áhrif komi fram

að talið sé að talsvert skorti á að mat á samfélagslegum áhrifum sem lagt er fram í frumatsskýrslu og fylgiskjölum hennar sé fullnægjandi. Matið gerir ekki á fullkomlega viðunandi hátt skil ýmsum atriðum eins og áhrifum á fólksfjölda, búsetu, samsetningu íbúa, atvinnuþróun og atvinnugreinar í nærliggjandi byggðarlögum. Ekki er fjallað um tímabundin neikvæð áhrif sem vinnuaflsskortur geti haft í öðrum iðnaði sem fyrir er innan þjónustugreina og ferðaþjónustunnar. Skipulagsstjóri hefur ýmsa fyrirvara að því er varðar byggð og samfélagsþróun á Austfjörðum verði þessar framkvæmdir að veruleika.

Ég vil, herra forseti, aðeins víkja að fjárhagslegum undirstöðum þessara framkvæmda. Eitt af því sem ríkisstjórnin og hæstv. iðnrh. hafa fyrst og fremst teflt fram í þessu máli er að efnahagslegi ávinningurinn af Fljótsdalsvirkjun vegi þyngra en þau náttúruverðmæti sem muni glatast. Þá skiptir miklu að menn standi traustum fótum að því er varðar fjárhagslegan ávinning af þessari framkvæmd. Ef fórna á dýrmætu náttúrusvæði undir þessar framkvæmdir þá hljóta menn að þurfa að vera nokkuð vissir um fjárhagslegar undirstöður þeirra, sem ég tel að séu á brauðfótum.

Ýmsir hagfræðingar hafa í þessu máli komist að niðurstöðum sem eru nokkuð ógnvekjandi og benda til þess að hér séum við ekki að fara út í eitthvað sem gæti kallast arðbær framkvæmd. Þorsteinn Siglaugsson hefur m.a. sett fram ýmsa útreikninga í þessu efni sem starfsmenn Landsvirkjunar hafa svo aftur reynt að hrekja. Mér finnst það hafa verið veikburða tilburðir af hálfu Landsvirkjunarmanna og lítið hald í rökum þeirra. Landsvirkjun hefur reynt að hrekja útreikninga sem ýmsir hagfræðingar hafa sett fram, m.a. Þorsteinn Siglaugsson. Þorsteinn hefur sett fram áætlanir sem miðast við mismunandi líftíma og mismunandi ávöxtun og orkuverð. Það er sama við hvað er miðað, það virðist tap á þessum framkvæmdum, alveg sama hvernig á þær er litið.

Hér er t.d. teflt fram 22 milljarða fjárfestingu, 40 ára líftíma, 1 kr. á kwst. í orkuverð og 6% ávöxtun. Samt er 7 milljarða tap. Þorsteinn setur líka fram 60 ára líftíma, 22 milljarða fjárfestingu, 1 kr. á kwst. í orkuverð og 6% ávöxtun. Niðurstaðan er engu að síður 3,6 milljarða tap. Síðan teflir hann fram því sem hann telur raunhæfa áætlun sem er 40 ára líftími, 30 milljarða fjárfesting, 0,88 aurar á kwst. og 7,20% ávöxtun sem er meðalávöxtun á sambærilegum framkvæmdum á heimsmarkaði. Þá er 22 milljarða kr. tap. Ef maður gefur sér sömu forsendur en 60 ára líftíma þá er tapið 19 milljarðar.

Sambærilegt má segja að hafi komið fram hjá Guðmundi Ólafssyni og fleiri hagfræðingum sem hafa sett fram útreikninga í þessu máli, að tapið er yfirleitt á bilinu 10–20 milljarðar. Það er óviðunandi staða, herra forseti, að ætla þinginu að taka ákvörðun um þessa framkvæmd með allt í vindinum að því er varðar fjárhagslegar forsendur. Ég held að það standi í Morgunblaðinu í dag að ekki verði gengið til samninga náist ekki viðunandi arðsemi. Það segja sérfræðingar Landsvirkjunar. Þeir ítreka að allur undirbúningur Landsvirkjunar fyrir orkusölu til álvers í Reyðarfirði miði að því að tryggja arðsemi framkvæmdarinnar. Fyrirtækið mun ekki ganga til samninga ef viðunandi arðsemi náist ekki út úr þeim samningaviðræðum sem fram undan eru.

Þetta er afar skýrt og auðvitað er það alveg sjálfsagt að það verður varla gengið til samninga nema menn séu nokkuð öruggir á því að arðsemin verði viðunandi. En hvað er þá viðunandi arðsemi í þessu efni? Ef menn ætla að byggja ákvörðun sína á viðunandi arðsemi, þá bara stöndum við, held ég, frammi fyrir því að aldrei verði farið út í neinar framkvæmdir. Við erum ekki að tala um neitt smátt ef það á að fara út í 480 þús. tonna álver með heildarfjárfestingu upp á 230 milljarða. Það hefur t.d. verið sett fram að ef þessir 230 milljarðar skiptist jafnt milli álvers og virkjunar, þá megi reikna með 100 milljarða tapi.

Menn hafa leikið sér með tölur varðandi orkuverðið og hafa talað um þetta allt frá 88 aurum upp í 1,50 kr. Því hefur verið haldið fram að alhæsta orkuverð sem nefnt er, 1,50 kr., mundi skila 2% ávöxtun sem er allt of lágt. Hvað segir hæstv. iðnrh. um það ef við fengjum nú orkuverð sem væri 1,50 sem er það hæsta sem nefnt hefur verið og menn hafa reiknað út að það mundi skila 2% ávöxtun? Telur hæstv. ráðherra að það sé ekki allt of lágt? Mér fannst það mjög sérstakt þegar iðnrh. sagði í Morgunblaðinu 20. ágúst að áætluð heildarfjárfesting við fyrsta áfanga væri 60 milljarðar sem skiptust jafnt milli virkjunar og álvers. En eftir að umræðan hófst um arðsemi virkjunarinnar þá lækkaði sú tala skyndilega um 8 milljarða. Það liðu bara örfáar vikur frá því að ráðherrann hélt þessu fram og að menn voru skyndilega komnir með þetta niður í það að fjárfestingin lækkaði skyndilega um 8 milljarða kr. Ég held því að það sé mjög mikil óvissa í þessu öllu saman. Maður veltir fyrir sér varðandi raforkuverðið hvort við stöndum bara ekki frammi fyrir því að tvennt geti raunverulega orðið niðurstaðan í þessu máli ef menn ætla að ana út í þessar framkvæmdir án þess að hafa fjárhagslega traustar forsendur, þ.e. að verð til almennra notenda hækki eða þessi framkvæmd skili rekstrartapi sem skattgreiðendur verða að bera. Það er þetta sem ég óttast og það er kjarninn í mínu máli að ég óttast að við gætum staðið frammi fyrir því.

Ef fara á í 480 þús. tonna álver, þá erum við að tala um orku sem jafngildir allri virkjaðri raforku á Íslandi í dag og stofnkostnaður álvers af þessari stærð jafngildir allri virkjaðri orku á Íslandi þannig að við erum ekki að tala um neitt smáræði í þessu efni.

Herra forseti. Ég held út af fyrir sig að það þjóni ekki miklum tilgangi að halda langa tölu um þetta mál. Ég held að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. iðnrh. séu sannfærð um að þetta sé framkvæmd sem í eigi að ráðast og ætli sér að keyra málið í gegn með góðu eða illu og að þrátt fyrir allt sem hér er teflt fram af hagfræðingum og öðrum sem innlegg í þetta mál til að reyna að sýna fram á að það er svo langt í frá að hægt sé að gera sér góðar vonir um arðsemi af framkvæmdinni þá ætli þeir sér engu að síður að keyra málið í gegn. Maður veltir fyrir sér tilgangi þess að fara í gegn með málið eins og þeir ætla sér. Það hefur komið fram í þessum ræðustól, og held ég að þeir hafi rétt fyrir sér sem því halda fram, að Framsfl. hafi fyrst og fremst komið með málið inn í þingið, sem var út af fyrir sig óþarfi fyrst þeir ætluðu ekki að fara með málið í lögformlegt umhverfismat, til að reyna að stilla Sjálfstfl. við hlið sér í þessu máli.

Herra forseti. Mér þykir mjög slæmt að hæstv. umhvrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu vegna þess að ég hef aldrei heyrt hana svara almennilega fyrir ummæli sem hún lét frá sér fara þegar hún sóttist eftir því að verða varaformaður Framsfl. fyrir rúmu ári síðan. Þá var hún einmitt spurð um fyrirhugaðar framkvæmdir í Fljótsdalsvirkjun. Ég spyr, (Gripið fram í.) herra forseti, um hæstv. ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. umhvrh. er í húsinu og forseti getur (Gripið fram í.) gert ráðstafanir til að láta hana vita að hennar sé óskað.)

„Það er svo langt síðan", segir hæstv. umhvrh. Menn verða að standa við sín orð, alveg sama hvort þau eru gömul eða ný, þegar þetta mál er annars vegar. Menn geta ekki sagt eitt í dag og annað á morgun í svona stóru máli. Menn verða að geta treyst því sem ráðherrar segja í þessu efni. Að vísu var hæstv. umhvrh. ekki þá orðinn umhvrh. en hún var að sækjast eftir því að fá stöðuhækkun, ef svo má orða það, í sínum flokki til þess að eiga meiri líkur kannski á ráðherrastól. Hún sóttist eftir því að verða varaformaður Framsfl. Þar gaf hún ákveðnar yfirlýsingar til fólks sem horfði því mikið til hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur í þessu efni eftir að hún varð ráðherra og fólk taldi málinu vel borgið í hennar höndum og að það væri nokkuð ljóst að þessi framkvæmd mundi fara í lögformlegt umhverfismat þegar þetta væri komið í hennar hendur. Það er alveg ástæða til þess að heyra álit hæstv. ráðherra í þessu máli.

Þá kemur hæstv. ráðherra í salinn. Ég ætla ekki að ónáða ráðherrann mikið í þessu efni. Ég held að hún sé alveg ákveðin, alveg sama hverju teflt er fram í þessu máli, hvort sem það eru rök sem sýna fram á að það er glæfraspil að fara út í þessa framkvæmd með svo ótraustar fjárhagslegar forsendur og undirstöður undir þessu máli eða að málið sé allt mjög vanbúið til þess að fara í umhverfismat. Umhvn. hefur sýnt fram á það í sínu áliti og líka í framsögum og ræðum manna í umhvn. að þeir hafa algerlega hrakið það sem er í skýrslu Landsvirkjunar þar sem stendur ekki steinn yfir steini. Það sem ég var að vitna í, herra forseti, og vil beina því til hæstv. umhvrh. eru orð sem hún lét falla þegar hún var að bjóða sig fram til varaformanns Framsfl. og taldi Framsókn vera helsta mótvægið við Sjálfstfl. Þá var hún spurð um afstöðu til málefna hálendisins, virkjana og stóriðju. Þetta var 19. nóvember 1998. Þá sagði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, núverandi umhvrh., með leyfi forseta:

„Okkur er öllum að verða betur ljóst hvað hálendið er dýrmætt. Við erum í hópi útvalinna þjóða hvað óspillta náttúru varðar. Ég tel að við verðum að vernda hálendið, sem og aðrar náttúruperlur landsins. Ég útiloka þó ekki frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana, en við verðum að fara með gát."

Síðan kemur það sem ég spyr hæstv. ráðherra um. Áfram heldur núverandi umhvrh. og segir, með leyfi forseta:

„Það er von mín að Landsvirkjun taki frumkvæði í því að láta umhverfisathuganir sínar fara í sama ferli og lögformlegt umhverfismat. Landsvirkjun hefur í dag virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun, en það leyfi var gefið út áður en lög um umhverfismat voru samþykkt. Það er mitt almenna sjónarmið að náttúran eigi að njóta vafans og nota eigi bestu tæki, svo sem umhverfismat, til að dæma um áhrif framkvæmda."

Þarna er hæstv. umhvrh., sem að vísu var ekki orðinn umhvrh. þegar þessi orð voru töluð, raunverulega að segja að hún telji nauðsynlegt að fólk geti nýtt sér andmælarétt og að mál eigi að fara í eðlilegan umsagnarferli og lögformlegt umhverfismat. *Öðruvísi skil ég ekki hæstv. ráðherra.* Þegar hún setti þessi orð fram í samtali við að ég held Morgunblaðið fyrir réttu ári síðan þá taldi hún nauðsynlegt að málið færi í lögformlegt umhverfismat. Ég get ekki skilið ráðherrann öðruvísi og ég bið hana því um að túlka það sem þarna kemur fram. En það er ekki hægt að túlka þetta öðruvísi þegar hv. þm. og núverandi ráðherra sagði:

„Það er mitt almenna sjónarmið að náttúran eigi að njóta vafans og nota eigi bestu tæki, svo sem umhverfismat, til að dæma um áhrif framkvæmda."

Og þegar við erum að tala um bestu tæki í því efni, þá er varla um það deilt að við erum að tala um lögformlegt umhverfismat. Það skulu því vera mín lokaorð að beina því til hæstv. umhvrh. að hún svari þeirri spurningu sem hér er lögð fram.

Herra forseti. Ég vil þó að lokum segja að þetta mál allt saman og málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar hefur fyrst og fremst haft þær afleiðingar að skipta þjóðinni í tvær stríðandi fylkingar og það er miður að ríkisstjórnin skuli fara af stað með málið með þeim hætti þar sem tilgangurinn var enginn annar hjá Framsfl. en að festa Sjálfstfl. með sér í þessu máli og skipta þjóðinni upp í stríðandi fylkingar. Það hefur verið margsýnt fram á það af hagfræðingum að fjárhagsgrundvöllur framkvæmdanna stendur á mjög ótraustum fótum og eins víst að tugmilljarða tap verði á þessum framkvæmdum ef út í þær verður farið sem enginn mun greiða að lokum nema skattgreiðendur.

Það eina sem er öruggt í þessu máli er að ef á annað borð verður ráðist í þessar framkvæmdir þá munu dýrmætar náttúruperlur glatast og að því munu komandi kynslóðir seint geta fyrirgefið okkur að hafa staðið. Ég held því að ríkisstjórnin verði bara sjálf að bera ábyrgð á því mikla umhverfisslysi sem hér er í uppsiglingu. Það versta við þetta allt saman er að ef ráðist verður í það, þá eru allar líkur á að við séum ekki að fara út í arðbærar framkvæmd heldur sé verið að taka hér ákvörðun um að vísa tugum milljarða á skattgreiðendur.

[11:44]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var beint til mín spurningu frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi viðtal sem ég átti á síðasta ári en þar sagði ég að ég útilokaði ekki frekari uppbyggingu vatnsaflsvirkjana. Það var rétt eftir haft. Ég sagði einnig að það væri von mín að Landsvirkjun tæki frumkvæðið, og þeir höfðu alveg möguleika á því að gera það en gerðu það ekki, *að setja þetta í lögformlegt umhverfismat.*

Ég dró einnig fram í þessu viðtali að Landsvirkjun hefur í dag virkjunarleyfi fyrir Fljótsdalsvirkjun og að við yrðum að hafa í huga að þeir hefðu varið háum fjárhæðum til þess að undirbúa þetta mál og gætu líklega krafist skaðabóta ef virkjunarleyfið yrði tekið af fyrirtækinu þannig að ég dró það fram að þetta mál væri alls ekki einfalt eins og við öll vitum á hinu háa Alþingi. Ég sagði einnig að það væri mitt almenna sjónarmið að náttúran ætti að njóta vafans og ég stend alveg fyllilega við það. Það er mitt almenna sjónarmið. En þetta mál er þannig vaxið að búið var að gefa út virkjunarleyfi til Landsvirkjunar áður en lögin um umhverfismat voru sett og hún hefur það virkjunarleyfi.

Það sem hefur síðan gerst eftir að þetta kom fram er að Landsvirkjun tók þá ákvörðun að senda sínar rannsóknarniðurstöður á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar til stjórnvalda og til þingsins um leið og þær lágu fyrir. Það fannst mér afar gott. Í framhaldinu geta þingmenn tekið ákvörðun á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem til eru, þó að reyndar sé deilt um hvað þær séu mikilvægar, og gert upp hug sinn í málinu. Ég tel því að við séum með þetta mál í umhverfismati. Þó að það sé alls ekki hægt að kalla það lögformlegt umhverfismat þá erum við með það í umhverfismati. Við erum að meta umhverfisáhrifin af þessari virkjun.

[11:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði: „Við erum að meta umhverfisáhrifin af þessari virkjun." Hver er niðurstaðan eftir að þingið hefur fjallað um þetta? Að málið algerlega vanbúið að því er varðar umhverfisþáttinn til að taka ákvörðun um þessa framkvæmd.

Hæstv. ráðherra dró ekkert undan enda hefur hún auðvitað ekki getað það. Hún sagði fyrir rúmu ári að framkvæmdin ætti að fara í lögformlegt umhverfismat og hún sagði að Landsvirkjun hefði getað haft frumkvæði að því að setja framkvæmdina í lögformlegt umhverfismat en gerði ekki, sagði hæstv. ráðherra. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra, sem er nú einu sinni yfirmaður umhverfismála: Hvað hefur ráðherrann gert frá því að hún settist í ráðherrastól til að beita sér fyrir því að þessi framkvæmd fari í lögformlegt umhverfismat? Hefur ráðherrann gert eitthvað? Getur hún sýnt fram á það, sagt eitthvað í þessum ræðustól sem sýnir fram á það að hún hafi beitt sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að málið færi í lögformlegt umhverfismat? Hefur ráðherrann reynt það innan ríkisstjórnar, gert tilraun til þess meðal samráðherra sinna að fá þá í lið með sér til þess að þetta færi í lögformlegt umhverfismat? Ráðherrann segir að það sé almennt sjónarmið hennar að náttúran eigi að njóta vafans og nota eigi bestu tæki, svo sem umhverfismat til þess að dæma um áhrif framkvæmda. Ef ég skil ráðherrann rétt úr þessum ræðustól, þá er hæstv. ráðherra enn þeirrar skoðunar að nota eigi bestu tæki svo sem umhverfismat til að dæma um áhrif framkvæmda.

Því er það spurning mín: Hvað hefur hæstv. ráðherra gert til þess að þessi virkjun fari í lögformlegt umhverfismat frá því að hún settist í stól ráðherra? Hefur verið gerð tilraun af hennar hálfu innan ríkisstjórnarinnar að svo verði gert?

[11:48]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mat hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að sú umfjöllun sem hér er til grundvallar sé í skötulíki og málið sé allt vanbúið. Það er alls ekki mat ríkisstjórnarinnar né ríkisstjórnarflokkanna og ég vil draga það sérstaklega fram að málið er í umhverfismati en það er ekki í lögformlegu umhverfismati og um það hafa staðið deilur á hinu háa Alþingi.

Það er einnig rétt að Landsvirkjun hefði getað sett málið í lögformlegt umhverfismat hefðu þeir óskað eftir því. Þeir hafa ekki gert það heldur kosið að fara aðra leið, þ.e. að taka saman viðamikla umhverfismatsskýrslu og senda hana hingað til Alþingis til skoðunar þannig að allir alþingismenn geti tekið ákvörðun um hvort þeir vilji standa við það sem Alþingi hefur áður ákveðið, þ.e. að hleypa virkjuninni fram með þeim hætti sem var ákveðið 1991 þegar Jón Sigurðsson gaf út virkjunarleyfið sem kom úr Alþfl. og ég veit að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kannast mjög vel við.

Ég vil líka draga það fram að bæði Framsfl. og Sjálfstfl., æðstu stofnanir þessara flokka hafa ekki skipt um skoðun í málinu. Þær hafa stutt málið í þeim farvegi sem það er í nú. Þannig fórum við í gegnum síðustu kosningar, það er alveg ljóst. Það er ákveðin mótsögn í því að ætlast til þess að ég styðji ekki þá leið sem málið er í núna af því að ég hef sérstaklega dregið það fram að Landsvirkjun hefur þetta leyfi og allir vita að þeir hefðu getað kosið sjálfir að fara með virkjunina í lögformlegt umhverfismat. En það er ekki hægt að setja ferlið af stað nema breyta lögum og um það hefur verið tekist á Alþingi.

[11:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. umhvrh. er að reyna að koma sér hjá því að svara þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra. Ég spurði hæstv. ráðherra hvað hún hefði gert frá því að hún settist í ráðherrastól til að reyna að koma þessari framkvæmd í lögformlegt umhverfismat eins og hún taldi nauðsynlegt nokkrum mánuðum áður en hún varð ráðherra. Gerði hún tilraun til þess í ríkisstjórn að fá málið í lögformlegt umhverfismat?

Ég hef tvívegis kallað eftir því héðan úr þessum ræðustól núna. Ráðherrann kemur sér hjá því að svara. Þess vegna verð ég að draga þá ályktun, nema annað komi í ljós hjá hæstv. ráðherra, að ekkert hafi verið að marka orð hæstv. ráðherra í nóvembermánuði 1998 þegar hún var að reyna að fá kjósendur til að styðja sig eða stuðningsmenn Framsfl. í varaformannskjör og tefldi því m.a. fram að hún vildi lögformlegt umhverfismat, það hefur ekkert verið að marka hennar orð. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekkert gert í stól ráðherra til að fá málið í lögformlegt umhverfismat. Orð hennar sem hún viðhafði fyrir ári eru þá hreinlega marklaus.

Ef ráðherrann hefði haft áhuga á því að málið færi í lögformlegt umhverfismat, þá er ráðherrann yfirmaður umhverfismála og hefði haft alla stöðu til þess innan ríkisstjórnarinnar að fá ríkisstjórnina í lið með sér í því efni og fá málið a.m.k. í þá stöðu að Landsvirkjun hefði frumkvæði að því að setja málið í lögformlegt umhverfismat. Að vísa til þess að málið sé í einhverju umhverfismati innan þingsins er bara hlægilegt. Það er allt annað en lögformlegt umhverfismat þar sem fólkið í landinu fær tækifæri til þess að nota andmælarétt og segja hvað það vill í þessu efni.

Því miður finnt mér slæmt að þurfa að lýsa því yfir að ráðherrann hefur ekki farið með rétt mál þegar hún sagði í nóvember fyrir ári að hún vildi lögformlegt umhverfismat, það er ekkert að marka ráðherrann í því.

[11:52]

Útbýting þingskjals:

Fjarskipti, 122. mál, brtt. ÁJ, þskj. 512.

[11:52]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Árni Steinar Jóhannsson):

Virðulegi forseti. Umræða um þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun hefur nú staðið fram á nótt í nokkra daga og flest af því sem þarf að draga fram í því efni hefur svo sem komið fram en þó vil ég drepa á örfá atriði.

Mér finnst menn gera lítið úr lagaóvissu. Ég held að við getum átt í erfiðleikum vegna þess að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun stríði gegn tilskipun 85/337 EBE frá 27. júní 1985, sem EES-samningurinn leggur okkur á herðar, og tilskipun nr. 97/11 EC frá 3. mars 1997. Þá er einnig rétt að kanna dómafordæmi frá Evrópudómstólum í skyldum málum samanber kæru Náttúruverndarsamtaka Íslands til Eftirlitsstofnunar EFTA og umsögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur til umhvn., dags. 1. des. 1999, sem fylgja þessu áliti. Það er álit 1. minni hluta iðnn. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun.

Mér finnst með ólíkindum að hafa komið að þessu ferli og upplifa hvað vinnubrögðin eru slæleg. Það er svo himinklárt í mínum huga að það að færa þetta mál til umfjöllunar inn í hið háa Alþingi með þeim hætti sem gert er er algerlega óviðunandi og það sannar líka niðurstaða umhvn. þar sem

meiri hluti nefndarinnar greiðir atkvæði í raun og veru með því og er með ályktun um að framkvæmdin eigi að fara í lögformlegt umhverfismat.

Ástæða er til að draga fram að það eru engin plön og engar skýrslur eða áætlanir um mótvægisaðgerðir sem er mjög alvarlegt mál. Það er mjög ófullnægjandi fram sett hvaða áhrif þessar framkvæmdir munu hafa á dýralíf og í raun og veru kemur fram á öllum stigum málsins þegar farið er í gegnum skjöl og rannsóknir að miklu minna hefur verið unnið að rannsóknum en menn hafa viljað vera láta í gegnum allt þetta ferli. Við erum á engan hátt í stakk búin til þess að sjá fyrir hvað við erum að taka ákvörðun um, hvað varðar mótvægisaðgerðir eða áhrif á dýralíf.

Síðan er það náttúrlega í mínum huga alveg sérstaklega alvarlegt eins og hefur komið fram í umræðunni að aðrir kostir skuli ekki vera metnir og það lýtur að öðrum kostum, eins og Kárahnúkavirkjun og það hefur komið fram að afl Fljótsdalsvirkjunar einnar dugar ekki til að mæta þörfum orkuvers í Reyðarfirði þannig að það þarf að sækja um 40 megavött í Bjarnaflagsvirkjun eða væntanlega Kröflu og að meta ekki aðra kosti, svo sem eins og Hraunaveitu eða Kárahnúkavirkjun og setja fram áætlun um slíkt er að mínu mati mjög óvönduð vinnubrögð og sérstaklega í ljósi þess að að komið hefur fram að rafmagn frá þeirri verksmiðju yrði ódýrara.

Það sem mér finnst langalvarlegast í umræðunni er skammsýni í nýtingu náttúruauðlinda. Ég kom að því í fyrri ræðu minni að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram tvær þáltill. sem ættu að mínu mati og út frá öllum félagslegum reglum að koma til ákvarðanatöku eða afgreiðslu fyrst. Það er þáltill. um sjálfbæra orkustefnu og líka þáltill. um Snæfellsþjóðgarð. Þáltill. um sjálfbæra orkustefnu er hjá iðnn. en þáltill. um Snæfellsþjóðgarð er hjá umhvn. Þar sem báðar þessar tillögur gera ráð fyrir öðruvísi notkun og eru komnar fram áður en þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun er sett fram er skylda þingsins og nefnda að fara ofan í þau mál og afgreiða þau fyrst. Það er ekkert sjálfgefið að ef við fengjum á alvarlegan hátt umfjöllun t.d. um sjálfbæra orkustefnu, þá rekst það gjörsamlega á þessa ákvörðun sem verið er að taka núna um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun því að markmiðið með mati á umhverfisáhrifum er m.a. að meta líkleg áhrif framkvæmda á náttúruauðlindir.

Helstu orkulindir Íslendinga eru takmarkaðar. Talið hefur verið að fjárhagslega geti verið hagkvæmt að virkja og framleiða sem svarar 30 þús. gígavattstundum eða 30 teravattstundum af raforku úr vatnsaflinu og um 20 þús. gígavattstundir á ári með virkjun jarðvarma eða samtals um 50 þús. gígavattstundir, þ.e. 50 teravattstundir. Frá þessum virkjunarkostum er skynsamlegt að draga a.m.k. helming orkunnar, þ.e. um 25 þús. gígavattstundir á ári vegna verndunarsjónarmiða. Nú þegar eru framleiddar um 6.050 gígavattstundir á ári eða um fjórðungur af því sem gæti verið til ráðstöfunar í heild. Sú tala á eftir að hækka í um 9.000 gígavattstundir á ári á næstu árum vegna fyrri skuldbindinga um orkusölu til stóriðju, Ísals, Norðuráls, Íslenska járnblendifélagsins. Miðað við framangreindar forsendur standa eftir um 16 þús. gígavattstundir á ári.

Orkuspárnefnd gerir ráð fyrir 2% aukningu almennrar raforkunotkunar í landinu fram til 2050 og það svarar til viðbótar sem nemur um 5.500 gígavattstundum á ári frá aldamótum talið. Eftir eru þá aðeins 10.500 gígavattstundir á ári sem nægja tæpast til að framleiða vetni eða annað vistvænt eldsneyti sem komið gæti í stað innflutts eldsneytis miðað við núverandi notkun olíuafurða. Mun ekki veita af talsverðri beislun vinds að auki til raforkuframleiðslu til að ná því markmiði að gera vetnissamfélagið hérlendis að veruleika á komandi öld. Hér er vitnað í minnisblað frá Orkustofnun, eldsneytisnotkun Íslendinga 1996 með þáltill. um sjálfbæra orkustefnu. Það er 13. mál 125. löggjafarþings.

Af þessu sést hversu andstætt það væri sjálfbærri orkustefnu að ráðstafa meiri orku til hefðbundinnar stóriðju en nú þegar er, hvað þá 6.700 gígavattstundum á ári sem þyrfti fyrir 480 þús. tonna álverksmiðju. Til skammsýnnar notkunar náttúruauðlinda verður einnig í mörgum tilvikum að telja ráðstöfun lands undir miðlunarlón, raforkumannvirki sem setja mark sitt á lítt snortin svæði hérlendis. Það á ekki síst við um fyrirhugaðar virkjanir norðan Vatnajökuls í þágu álvers eins og hér um ræðir.

Ég vil líka koma inn á áhrif þessara framkvæmda fyrir austan á byggð og samfélag. Þær rannsóknir og skoðanakannanir sem gerðar hafa verið eru mjög yfirborðskenndar. Einkum hefur verið vitnað í skýrslu Nýsis og framsetningu Byggðastofnunar á áhrifum á byggð og samfélag. Milljónum króna hefur verið eytt í alls konar skoðanakannanir varðandi virkjanirnar sjálfar og álverið en fá gögn byggja á því hvað Austfirðingar eru í raun hugsa sér í þessum málum, hvað heimamenn hugsa sér í sambandi við ný tilboð í atvinnumálum. Engir tilburðir eru til að kanna afstöðu brottfluttra Austfirðinga til þess að flytja heim aftur til að vinna í nýju fyrirtæki af þessu tagi. Hér er meira og minna um alls konar spekúlasjónir að ræða og hvað menn ætla að muni gerast fremur en það sé undirbyggt með könnunum á viðhorfum þeirra sem um er að ræða.

Veðurfarsathuganir og loftdreifispá er einnig mjög ábótavant. Á sjálfu virkjunarsvæðinu hafa veðurathugunarstöðvar aðeins verið um skamman tíma og því mjög erfitt að byggja niðurstöður á tímaskeiðinu sem um ræðir, það kemur fram í skýrslum frá Veðurstofu og fleiri aðilum.

Fluttar hafa verið langar ræður um hin efnahagslegu áhrif. Ég vil sérstaklega vísa til ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem hann flutti í gær og fór ítarlega yfir þau mál. Margar lærðar greinar hagfræðinga sýna fram á að hér erum við að taka stórkostlega áhættu og ákvörðun sem reist er á mjög veikum grunni hvað efnahagsleg áhrif snertir.

Þeir sem ferðinni ráða á hinu háa Alþingi segja að ekki verði samið nema viðunandi orkuverð fáist. En við skulum bara líta á staðreyndir. Við erum beggja vegna borðsins. Hér er um opinbera framkvæmd að ræða þó að við skýlum okkur ávallt á bak við það að fyrirtækið Landsvirkjun muni sjá um framkvæmdina. Það er pólitískt samhengi milli þingsins, framkvæmdarvaldsins, stofnana ríkisins og Landsvirkjunar, sem eru í okkar eigu. Hér er um samþættingu að ræða sem er mjög varhugaverð og hefur kostað okkur mikið í gegnum árin. Þegar svo stór högg eru greidd í atvinnumálum og um svo stórar upphæðir er að ræða er von að menn vilji staldra við og íhuga næstu skref af nákvæmi.

Málið snýst ekki um neina smáframkvæmd. Við munum tvöfalda orkuframleiðsluna í landinu miðað við 480 þús. tonna álver og við höfum alls ekki efni á því að misstíga okkur. Þetta eru svo stórar upphæðir, framkvæmdir sem í heild gætu kostað á þriðja hundrað milljarða. Hér hafa verið nefnd tvö hundruð til á þriðja hundrað milljarða. Þetta eru svo gígantískar upphæðir að allur almenningur áttar sig ekki

á því hvað um er að ræða nema kafað sé ofan í málið. Efnahagslegu áhrifin eru, eins og fram hefur komið í ræðum fjölmargra þingmanna, mjög vafasöm að ekki sé meira sagt.

Ekki hafa verið gerðar miklar tilraunir til að meta hvers virði óspillt náttúra er. Í fyrri ræðu minni fjallaði ég um að óspillt náttúra er auðvitað auðlind í sjálfu sér. Nærtækast að meta hana út frá þeim beinu tekjum sem við höfum af ferðamannaþjónustu í landinu. Hér hefur margoft komið fram að aukningin í ferðamannaþjónustunni á síðasta ári gefur okkur tvöfalt meiri tekjur í erlendum gjaldeyri en öll sala á rafmagni til stóriðju. Aukningin í ferðamannaþjónustunni er um 6 milljarðar en salan til stóriðjunnar losar ekki nema rétt rúma 3 milljarða. Við verðum að fá betri upplýsingar og setja meiri vinnu í að meta hvers virði óspillt náttúra er, í peningum en jafnframt hugarfarslega og andlega.

Margir segja að arðsemi Fljótsdalsvirkjunar sé torfundin. Ég kom inn á það áðan. E.t.v. verður aldrei hægt að koma mönnum á eina niðurstöðu en það eru óyggjandi rök fyrir því að hér séum við á tæpasta vaði með þessar framkvæmdir. Þess vegna er fyllsta ástæða til að fara fetið.

Einnig væri ástæða til að staldra við niðurstöður frumathugana skipulagsstjóra sem hann sendi frá sér hinn 10. desember 1999. Hann sendi frá sér niðurstöður frumathugunar og úrskurð skipulagsstjóra um 480 þús. tonna álver á Reyðarfirði. Niðurstaða stofnunarinnar er, virðulegi forseti:

„Við frumathugun hafa komið í ljós veigamiklar athugasemdir við marga þætti málsins, m.a. varðandi framkvæmdatilhögun, grunnupplýsingar um náttúrufar og staðhætti sem mat grundvalli á, við aðferðir sem beitt er við mat, viðmiðunargildi mengunar og við niðurstöður mats. Í kjölfar þessara athugasemda hefur framkvæmdaraðili lagt fram þónokkrar viðbótarupplýsingar sem eingöngu hafa hlotið kynningu fyrir sérfræðistofnunum á þeim sviðum sem efni viðbótargagna fjallar helst um.

Á grundvelli framlagðra gagna við frumathugun er það mat skipulagsstjóra ríkisins að ekki hafi verið lagðar fram nægar upplýsingar um framkvæmd og umhverfisáhrif framkvæmdarinnar til að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort hún muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hvorki varðandi fyrsta né síðari áfanga framkvæmdarinnar. Því er niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins sú að ráðast skuli í frekara mat á umhverfisáhrifum álvers í Reyðarfirði sbr. 8. gr. laga og 12. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Í frekara mati verði gerð frekari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, náttúruauðlindir og samfélag, eins og nánar er tilgreint í 6. kafla þessa úrskurðar."

Hvað er verið að segja með þessum orðum? Málið er alls ekkert undirbúið. Það er ekki undirbyggt að siðaðra manna hætti. Eftir á að fjalla um mjög mörg atriði. Við getum ekki anað áfram og skilað afdráttarlausu áliti séum við ekki búin að fara yfir öll gögn til að taka ákvörðun.

Virðulegi forseti. Skipulagsstjóri ríkisins fjallar einnig um tengdar framkvæmdir. Á öðrum stað í skýrslu skipulagsstjóra segir, með leyfi forseta:

„Við frumathugun hafa komið fram fjölmargar athugasemdir við að ekki skuli vera lagt heildarmat á umhverfisáhrif álversins í Reyðarfirði og fyrirhugaðar framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun, lagningu háspennulínu, hafnargerð, Bjarnarflagsvirkjun, Kárahnúkavirkjun o.fl.

Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum kemur fram að eðlilegt verði að telja að framkvæmdaraðili álvers beri einungis ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum þeirra tilteknu framkvæmda sem hann hyggst hefja. Framkvæmdaraðili álvers verður annar en t.d. framkvæmdaraðili vatnsaflsvirkjana.

Að mati skipulagsstjóra ríkisins er ekki stoð fyrir því í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, að krefjast þess að tengdar framkvæmdir séu metnar í einu heildarmati. Skipulagsstjóri bendir í þessu sambandi á úrskurð umhvrh. um mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga. Slíkt heildarmat mundi stuðla að markvissari vinnubrögðum og umræðu um fyrirhugaðar framkvæmdir af þeirri stærðargráðu sem álver við Reyðarfjörð, virkjunarframkvæmdir og lagning háspennulína eru. Skipulagsstofnun beindi í september 1999 þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að mat á umhverfisáhrifum nýrrar hafnar við fyrirhugað álver og háspennulínu að álverinu yrði auglýst samtímis. Jafnframt að auglýst yrði á sama tíma mat á umhverfisáhrifum jarðgufuvirkjunar við Bjarnarflag sem talin var nauðsynleg forsenda fyrir fyrsta áfanga álversins. Við þessu var ekki orðið og bent á að um aðra framkvæmdaraðila væri að ræða. Þá er rétt að benda á að vegna mikillar óvissu um 480 þús. tonna álver á samfélag og atvinnulíf á Austurlandi og óvissa um orkuöflun vegna þess lagði Skipulagsstofnun til við framkvæmdaraðila að tilkynnt yrði til stofnunarinnar frummat á umhverfisáhrifum 120 þús. tonna álvers og kynnt álver um fyrirhugaða stækkun. Á þetta sjónarmið var ekki fallist.

Orkuþörf 480 þús. tonna álvers ein og sér kallar á umfangsmiklar framkvæmdir við orkuframleiðslu sem fyrirsjáanlegt er að kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif að mati skipulagsstjóra ríkisins. Vert er að minna á að starfsemi 480 þús. tonna álvers krefst 6.640 gígavattstunda af raforku á ári, sem er meira en heildarframleiðsla Landsvirkjunar árið 1998. Einnig að ekki hafi verið lagðar fram upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að afla orku til 480 þús. tonna álvers, utan hvað fyrir liggur að fyrsta áfanga álvers sé fyrirhugað að virkja Jökulsá í Fljótsdal og í Bjarnarflagi auk þess sem Kárahnúkavirkjun, sem samkvæmt svæðisskipulagi miðhálendisins ætti að framleiða 3.200 gígavattstundir, er tilgreind í Noral-samkomulaginu frá 29. júní 1999 til orkuöflunar fyrir álverið. Af þessum ástæðum verður að gera kröfu um að ítarlega sé gerð grein fyrir jákvæðum áhrifum 480 þús. tonna álvers sem vega kunni upp þau hugsanlegu umtalsverðu umhverfisáhrif sem framkvæmd hennar kunni beint og óbeint að hafa í för með sér. Þar er átt við áhrif á byggð, samfélag og atvinnulíf á Austurlandi og í landinu í heild."

Ekki er minnst um vert að vekja athygli á því að setja verður fram áætlun um hvaða áhrif þetta hafi á landið í heild.

Af framangreindu er ljóst, herra forseti, að ég get ekki, eins og fram hefur komið í nefndaráliti 1. minni hluta í iðnn., tekið ábyrgð á ákvörðun af þessu tagi á hinu háa Alþingi. Ég krefst þess að þessi framkvæmd í heild sinni fari í lögformlegt umhverfismat þar sem allir þættir séu teknir fyrir, allir þeir þættir sem við höfum rætt af miklu kappi undanfarna daga. Að mínu mati er ekki hægt að taka þessa ákvörðun miðað við þær forsendur sem gefnar eru og þess vegna mun ég og félagar mínir í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggja til að þáltill. um áframhaldandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun verði felld og fram fari lögformlegt umhverfismat á öllum þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Vísað er til till. til þál. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði fram á 125. löggjafarþingi, þskj. 7, um mat á lögformlegum umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar.

Herra forseti. Málið hefur verið keyrt áfram afar höstuglega og borið við tímaskorti vegna óþreyju Norsk Hydro, samstarfsaðila okkar vegna hugsanlegs álvers. Vegna þessa vil ég lýsa vanþóknun minni á því að iðnn. skuli ekki hafa orðið við beiðni minni og stjórnarandstöðunnar í iðnn. um að fá fulltrúa frá Norsk Hydro til viðræðu, augliti til auglitis. Það hefði ég talið rausnarlegt af ríkisstjórninni, sérstaklega vegna þess að málum er stillt upp þannig að við séum í tímapressu vegna þrýstings frá Norsk Hydro og óþolimæði þeirra.

[12:15]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í þeim löngu umræðum sem hér hafa farið fram hafa flest eða öll rök málsins þegar komið fram og sum verið tví- eða jafnvel þrítekin. Ég tel því ástæðulaust að hafa langt mál um það dagskrármál sem liggur fyrir en vil þó tína saman nokkur atriði sem mér finnst a.m.k. skipta mig máli.

Í fyrsta lagi er því haldið fram af mörgum stjórnarsinnum að við stjórnarandstæðingar séum á móti því að virkja orku fallvatna á Íslandi. Það er rangt. Ég er í hópi þeirra sem eru fylgjandi því og það eru margir í hópi okkar stjórnarandstæðinga sem eru það. Við gerum okkur hins vegar ljóst að orkan sem við getum virkjað á Íslandi er takmörkuð auðlind. Auðvitað skiptir máli hvernig þær auðlindir eru nýttar. Ég gæti trúað því að ónýtt orkuvinnslugeta íslenskra orkulinda, þ.e. bæði jarðhita og vatnsorku í dag mundi nægja rafmagnsþörfum u.þ.b. hálfrar Lundúnaborgar. Sú orka er ekki miklu meiri og hún stendur ekki til eilífðar og því skiptir máli hvernig hún er nýtt. Því gerum við virkjunarsinnar okkur fyllilega grein fyrir, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Í öðru lagi hafa margir stjórnarsinnar haldið því fram að við í stjórnarandstöðunni séum á móti því að nýta íslenska orku í þágu stóriðju. Það er líka rangt. Ég er ekki andvígur því og svo er um marga fleiri í stjórnarandstöðuhópnum. Við gerum okkur ljóst að ef á að virkja hagkvæmustu virkjunarkostina sem oft eru jafnframt þeir stærstu, þá verður það ekki unnt nema samið sé við stóran kaupanda raforkunnar og íslenskur raforkumarkaður verður aldrei það orkusveltur að hann þurfi á tiltölulega skömmum tíma að halda á allri þeirri orku sem krafist er að framleidd verði í hagkvæmustu orkuverum okkar. Forsendan fyrir mörgum virkjunum er einmitt sú að finna stóran kaupanda að orkunni en þá er ekki að finna nema annaðhvort í hópi þeirra sem vilja standa að því með okkur að reisa stóriðju hér á landi eða kaupa orkuna e.t.v. í gegnum sækapal til útlanda. Að mínu viti er miklu skynsamlegra að virðisaukinn af nýtingu orkunnar verði áfram kyrr í landinu fremur en að orkan verði seld úr landi þar sem virðisaukinn kæmi fram í öðrum löndum. Það er því ekki rétt að við stjórnarandstæðingar séum allir á móti því að nýta orku í þágu stóriðju, það er ekki rétt.

Í þriðja lagi hafa stjórnarsinnar haldið því fram að við stjórnarandstæðingar séum allir einnig á móti uppbyggingu orkufreks iðnaðar á landsbyggðinni. Það er líka rangt. Það er skoðun mín að það sé í þágu öryggis raforkukerfisins að virkja víðar en á Þjórsársvæðinu og það er líka skoðun mín og margra fleiri að rétt sé að stuðla að því að atvinnustarfsemi eins og orkufrekur iðnaður dreifist sem víðast um landið. Ég er sannfærður um að uppbygging slíkrar starfsemi úti á landsbyggðinni er vel til þess fallin að styrkja atvinnustarfsemi þar þó að ég sé ekki þeirrar skoðunar að það sé eina eða virkasta tækið til þess en vissulega er það virkt. Það eru því rangar fullyrðingar sem settar hafa verið fram af hálfu stjórnarliða um andstöðu okkar stjórnarandstæðinga upp til hópa gegn öllum þessum atriðum.

Hins vegar gerum við okkur það fyllilega ljóst að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, ekki síst vegna þeirrar stærðargráðu sem um er að ræða, þ.e. að búa til í áföngum stærstu vatnsaflsvirkjun á Íslandi til að framleiða orku fyrir stærsta áliðjuver sem byggt hefur verið hér á landi. Þetta er viðkvæmt mál, bæði frá sjónarmiði orkuöflunar og ekki síður frá sjónarmiði náttúruverndar því að okkur ber að sjálfsögðu skylda til þess að skila börnum okkar og barnabörnum ekki síðra landi en við tókum í arf frá foreldrum okkar, öfum og ömmum. Einmitt vegna þess hversu viðkvæm þessi mál eru höfum við búið til ákveðnar leikreglur um hvernig eigi að haga ákvarðanatöku í slíkum málum. Leikreglurnar felast í lögum um mat á umhverfisáhrifum og leikreglurnar eru mjög skýrar. Þær eru til þess að tryggja að í svo viðkvæmum málum sé í fyrsta lagi tryggt eins og við mögulega getum að ávallt sé valinn besti kosturinn frá umhverfisverndarsjónarmiði séð. Í öðru lagi eru þessar leikreglur til þess að tryggja að mat á umhverfisáhrifum fari fram á öllum þáttum þeirra framkvæmda sem í á að ráðast. Í þriðja lagi eru þær leikreglur þannig að tryggð sé aðild almennings að ákvörðunarferlinu og andmælaréttur almennings og allra þeirra aðila sem telja sig eiga hagsmuna að gæta. Í fjórða lagi eru þessar leikreglur til að tryggja að aðkoma allra bestu vísindamanna Íslendinga sé að málinu. Og í fimmta lagi eru leikreglurnar þannig að þær ætlast til þess að ákvörðun um framkvæmdir sé ekki tekin fyrr en niðurstaða liggur fyrir af öllum þeim þáttum sem ég rakti áðan.

Nú hafa stjórnvöld valið þá leið að nota lagasmugu til að koma sér hjá því að ákveðinn þáttur þessara framkvæmda allra sem eru eins og sama eðlis, a.m.k. í mínum huga, verði felldur utan laganna um umhverfismat, þ.e. bygging Fljótsdalsvirkjunar, þó að allir aðrir þættir í þessum framkvæmdum, þ.e. bygging álvers við Reyðarfjörð og hugsanleg frekari orkuöflun til þess á hálendinu norðan Vatnajökuls eigi að falla innan umhverfismats, þá er lagasmugan notuð til þess að koma í veg fyrir að ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun fari sömu leið. Þannig velur ríkisstjórnin sér þá útgöngu úr málinu að sniðganga leikreglur sem Alþingi hefur sett um hvernig fara skuli með mál af þessu tagi. Ég fullyrði og þykist þekkja það vel til að þegar undanþáguákvæði var sett um lög um mat á umhverfisáhrifum, þá hafði enginn þingmaður Fljótsdalsvirkjun eða aðrar virkjunarframkvæmdir sem búið var að veita framkvæmdaleyfi fyrir á þeim tíma í huga. Þau virkjunaráform voru t.d. ekki á borði iðnrn. því að þá voru ekki líkur á því að í neina slíka virkjun yrði ráðist.

Í svari við fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. iðnrh. fyrr á vetrinum kemur í ljós hvaða aðrar framkvæmdir það eru á raforkusviði sem hann telur að falli undir þetta undanþáguákvæði og ég er alveg sannfærður um að fram að þeim tíma þegar þeirri fyrirspurn var svarað var enginn þingmaður á hinu háa Alþingi sem hafði hugmynd um að í þær framkvæmdir sem þar eru nefndar væri hægt að ráðast án þess að mat á umhverfisáhrifum færi fram. Þess vegna orðaði ég það svo að hæstv. ríkisstjórn sé að nota sér lagasmugu til að komast hjá því að ákveðinn þáttur samstæðra framkvæmda fari í umhverfismat þótt allir aðrir þættir þessara samstæðu framkvæmda eigi að fara í hið sama umhverfismat. Ég tel að með þessu sé hæstv. ríkisstjórn að vekja óþarfa andúð og andstöðu við málið og sé að kljúfa þjóðina að þarflausu.

Auðvitað er það svo að fyrir liggur að einhverjir, bæði innan og utan veggja Alþingis hafa frá upphafi og munu til enda vera alfarið andvígir þeim framkvæmdum sem hér stendur til að ráðast í og skiptir þá engu máli hvort hinum almennu leikreglum í samfélaginu, hvernig að ákvörðunum eigi að standa, sé fylgt eða ekki. En það er stór hópur manna sem er fylgjandi þeim framkvæmdum sem á að ráðast í að því tilskildu að leikreglunum sé fylgt líka. Það er þann hóp sem hæstv. ríkisstjórn er að mana til andstöðu við málið gersamlega að þarflausu og ástæðulausu.

Herra forseti. Mér finnst mjög miður hvernig á þessu máli hefur verið haldið og ég óttast að það hafi í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar sem ekkert okkar óskar eftir. Ég óttast það mjög. Ég óttast að verið sé að vekja andstöðu hjá miklu fleiri þjóðfélagsþegnum en ástæða er til, þar á meðal hjá þjóðfélagsþegnum sem væru fylgjandi þessum framkvæmdum sem um ræðir ef aðeins væri fylgt réttum leikreglum um ákvörðun þeirra. Ég mun því greiða atkvæði með brtt. Samfylkingarinnar við þessa þáltill. og með því að í framkvæmdirnar verði ráðist að samþykktri þeirri tillögu. En ef hæstv. ríkisstjórn velur hins vegar þá leið að magna upp eins mikla andstöðu og unnt er með þjóðinni, m.a. andstöðu fólks sem er algerlega opið fyrir því og reiðubúið til að styðja þær framkvæmdir verði réttum leikreglum fylgt, þá treysti ég mér ekki til þess að bera ábyrgð á slíkri afgreiðslu og því áframhaldi sem sá afgreiðsluháti gæti verið að boða.

Ég ítreka, herra forseti, að ég hef miklar áhyggjur af því að hér séu menn að efna í óþarfaátök sem kunni að hafa í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

[12:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágætisinnlegg í umræðuna og ég efast ekkert um að hv. þm. er stuðningsmaður þess að nýta innlendar orkulindir og byggja upp atvinnu á grunni þeirra. Það sýna ótvírætt störf hans sem fyrrv. iðnrh. Það kom mér hins vegar á óvart í ræðu hv. þm. hversu þunga áherslu hann lagði á að leikreglum væri fylgt. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að gera. En hv. þm. verður að hafa það í huga þegar slíkt er sagt að menn verða þá að meina það að leikreglunum eigi að fylgja. Leikreglurnar eru m.a. þær að lög séu ekki afturvirk og þeir sem búa eiga við þann lagaramma og þau lög sem sett eru frá Alþingi eiga að geta treyst því að þeir geti starfað á grundvelli þeirra laga sem sett eru. Það er það sem Landsvirkjun hefur gert. Því fyrirtæki var afhentur þessi réttur árið 1981 og það veit ég að hv. þm. þekkir betur en nokkur annar að virkjunarleyfið var síðan afhent fyrirtækinu 1991 í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Það er líka skýrt í lögunum um mat á umhverfisáhrifum sem hér voru samþykkt, að það velktist enginn í vafa um að verið var að undanþiggja Fljótsdalsvirkjun því að hún færi í mat á umhverfisáhrifum. Þetta eru leikreglurnar. Og ef menn ætlast til þess að leikreglunum sé fylgt, þá verða menn líka að virða það að þær eru þannig.

[12:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt ábending hjá hæstv. iðnrh. að lögin standa til þess að hægt sé að ráðast í þessa framkvæmd án þess að mat á umhverfisáhrifum fari fram. En hinar almennu leikreglur eru þær að svo skuli gert, þetta er undanþáguákvæði. Menn hafa áður beitt skynseminni um miklu minni framkvæmdir sem deilur stóðu um. Þetta undanþáguákvæði í lögunum um mat á umhverfisáhrifum var sérstaklega sett með framkvæmdir við brú yfir Gilsfjörð í huga. Það var sérstaklega sett með tilliti til þess að matið á umhverfisáhrifum tefði ekki þá framkvæmd. Það kom hins vegar í ljós um þá tiltölulega litlu framkvæmd að um hana var mikill ágreiningur, m.a. vegna umhverfisáhrifa, og þá tóku menn þá ákvörðun að fylgja hinum almennu leikreglum og láta fara fram mat á umhverfisáhrifum á framkvæmdinni þó svo undanþáguákvæðið hafi sérstaklega verið sett inn í lögin um mat á umhverfisáhrifum til að undanþiggja þessa framkvæmd slíku mati, þessa framkvæmd sérstaklega. Það er það sem ég er að segja við hæstv. iðnrh.

Ljóst er að með því að beita þessu undanþáguákvæði laganna, sem ég dreg ekki í efa að er lagaleg heimild fyrir, þá eru menn að undanþiggja framkvæmdirnar frá hinum almennu leikreglum og ég tel að átökin og deilurnar í þjóðfélaginu um að það verði ekki gert séu svo miklar að skynsamir menn hefðu átt að sjá að sér og eigi að sjá að sér og láta hinar almennu leikreglur í málinu gilda til að magna ekki upp óþarfa andstöðu og neyða menn eins og þann sem hér stendur, sem er fylgjandi því að í þessar framkvæmdir verði ráðist ef almennum leikreglum er fylgt, til að taka aðra afstöðu.

[12:32]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé það og heyri að ég og hv. þm. erum í rauninni alveg sammála um grundvöll málsins, þ.e. menn eru algerlega að fara að lögum í þessu sambandi. Við kunnum síðan endalaust og getum endalaust deilt um hvað menn hafi nákvæmlega átt við með bráðabirgðaákvæðinu á sínum tíma. Það er margoft búið að fara í gegnum það. Menn hafa lagt mismunandi skilning í þá niðurstöðu sem Alþingi komst að á sínum tíma. Það er hins vegar enginn vafi í mínum huga að Fljótsdalsvirkjun var inni í þeim pakka. Það er enginn vafi í huga Landsvirkjunar sem hafði þessi réttindi að verið var að veita henni undanþágu frá lögum um mat á umhverfisáhrifum þannig að sá réttur hennar væri tryggður sem hún hafði fengið á sínum tíma. Um þetta er í sjálfu sér ekki deilt á milli mín og hv. þm.

Það er örlítið sem mig langar til að bæta við af því að ég sé að samkvæmt klukkunni hef ég örlítið meiri tíma. Það er alveg rétt að verið er að ráðast í alveg gríðarlegar framkvæmdir á sviði orkufreks iðnaðar ef af þessu verður. Þær eru þó ekkert stærri í sniðum en þau áform sem uppi voru 1991 og þá var tiltölulega góð samstaða um að menn ættu að ráðast í þær. Ég held að við séum á skynsamlegri leið í þessu en auðvitað þurfa menn líka að doka við og velta fyrir sér að kannski er þessi orkuauðlind okkar takmarkaðri en við höfum reiknað með fram undir þetta og hvernig skynsamlegast er að nýta hana þannig að við fáum sem mest verðmæti út úr henni. Ég tel að þetta sé ein af mörgum leiðum sem til greina komi. Fleiri leiðir eru líka til og við erum ekki að ganga það nærri orkuauðlindinni með þeim framkvæmdum sem þarna er verið að fara í að við höfum ekkert eftir.

[12:34]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei deilt um það við hæstv. iðnrh. eða neinn annan að lögin um mat á umhverfisáhrifum veita heimild til að undanþiggja Fljótsdalsvirkjun frá því mati sem lögin kveða á um að eigi að fara fram. Ég hef aðeins sagt að þegar þessi lagasetning var til umræðu á Alþingi, þá hafi Fljótsdalsvirkjun ekki verið efst í huga manna eða aðrir þeir

virkjunarkostir sem síðar kom í ljós að hæstv. iðnrh. telur að falli undir undanþáguákvæðið.

Það sem ég hef hins vegar sagt við hæstv. iðnrh. og aðra er að beita ætti skynseminni þegar séð var að andstaða fjölmargra aðila í samfélaginu við slíka framkvæmd byggðist fyrst og fremst á því að undanþiggja ætti hana almennum leikreglum. Þá átti að beita skynseminni og halda ekki fast við lagasmuguna heldur reyna að fá eins marga í lið með sér í þessu mikla deilumáli með því að fallast á að það ætti að lúta almennum leikreglum.

Það er rétt að á árinu 1991 voru menn með ýmis plön uppi sem ekki mundu samræmast þeim viðhorfum í umhverfismálum sem eru í dag. Ástæðan er einfaldlega sú að heimurinn breytist og mennirnir með. Þau atriði sem við leggjum áherslu á í dag, átta árum síðar, eru eðlilega talsvert öðruvísi en menn hugsuðu fyrir átta árum. Menn dá margir Einar Benediktsson skáld fyrir hugsjónir hans um beislun íslenskrar vatnsorku en ég er alveg sannfærður um að ef þær hugmyndir um virkjun Gullfoss og fleiri sem hann bar fram á sínum tíma og mörgum núlifandi mönnum þykir hið merkilegasta framtak væru á dagskrá Íslendinga í dag, þá mundu þær ekki verða framkvæmdar vegna þess að hugsunarháttur okkar hefur breyst. Þær voru ekki stöðvaðar á þeim tíma frá náttúruverndarsjónarmiðum heldur af ótta við erlent fjármagn. Nú er sá ótti ekki fyrir hendi en slík framkvæmdaáform yrðu stöðvuð í dag frá náttúruverndarsjónarmiðum og til slíkra breytinga verðum við að taka tillit.

[12:36]

Útbýting þingskjala:

Greiðslur frá Íslenskri erfðagreiningu, 298. mál, fsp. ÖJ, þskj. 514.

Ríkisreikningur 1998, 297. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 513.

[12:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég held að fátt skýri alvöru þessa máls betur en orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, og þau varnaðarorð sem hann bar fram. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að hugsunarháttur hefði breyst, okkur bæri nú að beita skynseminni, og ég vek athygli á því, herra forseti, að þetta eru orð frá einum af þeim hv. þm. sem hafa verið hvað harðastir stóriðjusinnar og stórvirkjunarsinnar í gegnum árin. En hv. þm. hefur einnig gert sér grein fyrir því og predikar það nú að beita beri skynseminni, sýna beri varúð og fara að þeim leikreglum sem Alþingi og þjóðin hefur sett sér og það veit best á hverjum tíma.

Ferill þessa máls er í raun með eindæmum. Rakið hefur verið lið fyrir lið að nánast allir þættir sem snerta umhverfi, náttúru og rannsóknir á þessum mikilvægu náttúruperlum eru ófullburða og þörf er á ítarlegri vinnu. Það hefur meira að segja komið fram að síðasta sumar, sem átti þó að vera eitt síðasta sumarið til undirbúnings þessari virkjun og þeim framkvæmdum til að leggja mat á og leggja síðustu hönd á, var ekki einu sinni nýtt til þess að afla gagna eins og skyldi.

Bent hefur verið á að lagaforsendur fyrir þessum stórframkvæmdum eru afar veikar. Beitt hefur verið undanþáguákvæðum sem eru svo veik að þeim er nánast ætlað að vera orð en ekki til þess að standa á bak við gjörðir. Bent hefur verið á að hvorki virkjunarleyfi né framkvæmdaleyfi liggi fyrir svo fullnægjandi sátt sé um. (**Gripið fram í:** Virkjunarleyfi.) Nei, herra forseti, það er ekki þannig. Það liggur ekki fyrir til að ráðast í þá virkjun sem hér á að ráðast í, það er ekki full sátt um það, um það hef ég fengið upplýsingar og ekki síst frá heimaaðilum. Þar eru áhöld um þær góðu lagalegu forsendur sem þetta á að byggja á. (Gripið fram í.) Ja, herra forseti, það er deilt um framkvæmdaleyfið en það er heldur ekki allt klárt með virkjunarleyfið.

Deiliskipulag liggur ekki fyrir og eðlileg skipulagsvinna heima í héraði liggur ekki fyrir, þannig að farið er á svig. Það má vel vera eins og hæstv. iðnrh. kom inn á í máli sínu í nótt að það sem hér er verið að fara fram á er að fá heimild til að halda áfram um málið en ekki veita leyfi til eins eða neins sem slíks, hvorki framkvæmdaleyfi, virkjunarleyfi, skipulagsleyfi né neitt slíkt. Það er alveg hárrétt. Það er verið að fá leyfi Alþingis til að mega halda áfram að vinna málið eftir þeim farvegi sem nauðsyn krefur. Engu að síður er látið að því liggja að þetta og þetta leyfi sé fyrir hendi sem ágreiningur er um.

Þá hafa einnig hinar fjárhagslegu, efnahagslegu forsendur fyrir þessa stórframkvæmd verið dregnar afar mikið í efa. Ekki aðeins hvaða áhrif þetta hefði á efnahagslíf í landinu, heldur einnig fyrir rekstrargrundvöll og arð af því fyrirtæki sem þarna er verið að huga að.

Það er alveg ljóst að það mikla fjármagn sem þarna færi inn í samfélagið og ég tala nú ekki um ef í það færi innlent fjármagn að mestu leyti, mundi virka eins og hrein olía inn í hagkerfi okkar og mundu þá ekki önnur stórverk, önnur fjárfrek verk sem brýn þörf er á, ef þetta verður sett í forgang, verða að lúta. Gagnvart efnahagslífi landsins er þarna einnig verið að taka mikla áhættu.

Herra forseti. Þetta er mikið deilumál með þjóðinni, það er öllum alveg ljóst. Þetta er stærsta deilumál meðal þjóðarinnar sem upp hefur komið á síðari árum. Það er því, herra forseti, nöturlegt að ein afsökunin eða ein réttlætingin fyrir hinni stóru virkjun og framkvæmd, því stóra álveri sem allt tengist saman í einu afmörkuðu byggðarlagi, eigi að gerast í nafni búsetu- og byggðaáætlunar. Framkvæmd sem sjálfsagt og eðlilega mun hafa mikil áhrif á byggðir þar í nágrenninu og næsta nágrenni en mun jafnframt verða til þess að aðrar byggðaaðgerðir vítt og breitt um landið sem eru líka brýnar og nauðsynlegar og hefði verið virkilega þörf á að tekið hefði verið á, verða settar í uppnám því að þessi aðgerð er bara byggðaáætlun gagnvart afar takmörkuðu svæði þarna. Og hvað þá með allt hitt? Ekki setjum við álver og virkjun á hvern stað, hvern fjörð?

Ég er hlynntur virkjunum sem eru vel grundaðar og undirbúnar samkvæmt bestu vitund og í sátt við samfélag og náttúru og uppbyggingu verkefna á þeim grunni. En það er afar ósanngjarnt að keyra þetta mál sem svo mikil ósátt er um meðal þjóðarinnar, ekki síst hvað snertir vinnubrögð, sem byggðamál því ef ríkisstjórninni væri verulega umhugað um byggðamál, þá hefur hún fullt af verkefnum sem hún getur ráðist í og full sátt er um.

Ég tel mig finna, bæði á Alþingi og úti í samfélaginu, aukinn skilning og sterka hvatningu til að stjórnvöld taki á í byggðamálum í alvöru í stað þess að safna bara skýrslum og skapa störf fyrir stjórnmálamenn sem eru að hverfa af sjónarsviðinu. Ef stjórnvöld mundu taka á í byggðamálum þá væri hljómgrunnur fyrir því. En að nota þetta illa unna verk og keyra það fram sem byggðamál, í skjóli nauðar byggðanna, er afar ósanngjarnt. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn og Alþingi til að endurskoða röksemdir sínar og fara í byggðaaðgerðir sem þjóðin er sátt við.

Það má reyndar ráðast í önnur byggðamál sem ekki ríkir sátt um, t.d. fiskveiðistjórnarkerfið. Ég vísa til ágætrar ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um mikilvægi ferðaþjónustu og ferðamála og þeirra tekna sem öflum þar. Þær aukast hraðar en við gerðum nokkur ráð fyrir. Þessar framkvæmdir eru ekki hluti af framtíðarsýn flestra þeirra sem stunda ferðaþjónustu.

Herra forseti. Átaks er þörf í byggðamálum og átaks er þörf í samgöngumálum. Þess sér ekki stað í áætlunum ríkisstjórnarinnar. Átaks er þörf í menntamálum út um landið, uppbyggingu framhaldsnáms og framhaldsskóla. Á miklu fleiri stöðum þarf að efla grundvallaratriðin fyrir búsetu í landinu. Á þessum sviðum er lítil áhersla.

Herra forseti. Sú leið sem hér er valin til að knýja áfram stórmál eins og þetta er ekki í samræmi við þjóðarvitundina. Hún er ekki í samræmi við leikreglurnar. Hún er hvorki í samræmi við framtíðarsýn okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði né skoðun meginþorra þjóðarinnar.

[Fundarhlé. — 12:49]

[13:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það líður senn að lokum umræðunnar um þetta stóra mál sem hér hefur verið til umfjöllunar á síðustu vikum og mánuðum raunar og árum í þessu samfélagi. Hún hefur leitt margt nýtt í ljós þó að mörg þau rök sem hér hafa verið tínd fram séu kunnugleg frá fyrri tíð. Það er býsna merkilegt að fylgjast með umræðunni í því ljósi að það var hæstv. ríkisstjórn sem um það tók ákvörðun að fara með þetta mál inn á hið háa Alþingi og leita eftir sérstökum stuðningi Alþingis við framhald framkvæmda þegar fyrir liggur og ítrekað hefur verið og ég deili ekki um að ekki var á því brýn nauðsyn. Margar kenningar hafa verið á lofti um ástæður þess að hæstv. ríkisstjórn kaus að fara þá leið að færa þetta mál inn í sali Alþingis og ekki ætla ég svo sem að kvarta yfir því. Ein kenningin er sú, sem kannski er ekki fjarri lagi, að ríkisstjórnin hafi talið það nauðsynlegt til þess að berja sitt fólk til hlýðni við málstaðinn og það virðist hafa tekist að langstærstum hluta til.

Það er hins vegar áhyggjuefni að það mál sem hér um ræðir hefur í vaxandi mæli vegna verklags og vinnubragða ríkisstjórnarinnar skipt þjóðinni í tvo helminga, klofið hana í herðar niður raunar í heitfenginni afstöðu með málinu og móti því. Nú er það svo sem ekki nýtt að umræður og skoðanir hafi verið skiptar um ágæti virkjanaframkvæmda og álverksmiðja en ég hygg að sjaldan sem nú hafi skoðanir verið jafnskiptar og heitar og ég vil kenna því um að ríkisstjórnin hafi haldið óhönduglega á málinu, hafi sumpart keyrt það fram með of miklu offorsi, hafi sumpart ekki áttað sig á kalli tímans og hefði getað farið fram með þetta mál með öðrum hætti. Ég er hins vegar ekki það barn að ætla að þó að ríkisstjórnin hefði kosið — að réttu að minni hyggju — að fara að eigin frumkvæði með þetta mál í lögformlegt umhverfismat, við skulum segja fyrir ári síðan, að þá hefði sett niður allar deilur í landinu og í þessum sal um ágæti þessarar virkjunar. Ég er ekki í þeim hópi sem hefur litið á umhverfismat sem allra meina bót og hinn eina stórasannleik sem leysi úr öllum álitaefnum sem uppi eru vegna virkjana fyrr og nú. Umhverfismat er auðvitað ekkert annað en söfnun upplýsinga fyrst og síðast, sérfræðinga og fræðimanna sem koma að málinu frá hinum ýmsu hliðum og reyna að skýra það og skilgreina. Niðurstöður umhverfismats verða auðvitað aldrei þannig að það taki af stjórnmálamönnum þá ábyrgð að þurfa að taka afstöðu. Ég er því ekki í þeim hópi alþingismanna og annarra stjórnmálamanna sem hefur talið að umhverfismat leysi okkur stjórnmálamenn undan ábyrgð á því að taka afstöðu, enda er umhverfismat í raun og sanni ekkert annað en stærra og viðameira skipulagsferli sem a.m.k. þeir sem starfað hafa í sveitarstjórnum þekkja býsna vel. Það skipulagsferli er smærra í sniðum og gjarnan þannig að gerðar eru athugasemdir við skipulag, annaðhvort af einstaklingum eða sérfræðingum og sveitarstjórnir reyna að mæta því og laga að þeim athugasemdum ef kostur er. Stundum er þó aldrei hægt að ganga alla þá leið. Það er aldrei hægt að koma þannig til móts við alla aðila að full sátt verði um og þá er það auðvitað á ábyrgð stjórnmálamanna í sveitarstjórnum og hér í þjóðmálunum að taka af skarið. Ekki ætla ég að víkjast undan því í þessum sal þó að ég ítreki að aðkoma málsins hingað inn sé nokkuð sérkennileg.

Herra forseti. Umræðan hefur af þessum sökum farið um víðan völl og að mestu leyti verið háð í skotgröfum. Mér hefur fundist sem einstakir hópar hafi verið fastir í sínum skotgröfum og viljað draga upp hina svart/hvítu mynd í þessum málum, hafi því illa náð saman í eðlilegri rökræðu um málið. Annars vegar eru þeir sem sjá fjandann í hverju horni, finna þessu máli allt til foráttu, nánast sama hvar drepið er niður, og svo eru hinir í hópi stjórnarliða sem vilja ganga mjög hart fram í málinu og sjá ekkert nema plúsa. Auðvitað er þetta mál ekki þannig vaxið. Það eru á því vankantar og það eru á því stórir kostir. Þetta þurfa menn að vega og meta og því sakna ég þess að menn hafa sett þetta mál í þennan harða hnút og þannig komið í veg fyrir að eðlileg skoðanaskipti ættu sér stað hér.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að hafa þögn í salnum, sýna ræðumanni tilhlýðilega virðingu.)

Ég þakka fyrir, herra forseti. Þeir hlusta sem á þurfa að halda. Hinir gera það ekki. (**Gripið fram í:** Gott ef ekki.) Þeir gera það. (**SJS:** Sennilega er það alveg öfugt.)

Herra forseti. Ég hef aldrei verið í þeim hópi sem trúir á mátt sérfræðinga, hinn algilda mátt þeirra. Ég rifja það gjarnan upp af því að menn læra auðvitað af reynslunni á eigin beinum hvernig þessi mál ganga fram, og ég hef stundum sagt þá sögu opinberlega og í einkaviðræðum, að þegar fyrir dyrum stóðu breytingar á rekstri álversins í Straumsvík forðum daga þá var hér stofnun sem heitir enn Hollustuvernd ríkisins. Hafnfirðingar ætluðu þá að þróa byggð í syðri enda bæjarins á svokölluðu Hvaleyrarholti. Reis þá upp sérfræðingur nokkur frá Hollustuvernd og reiknaði það út samkvæmt líkindareikningi að það fólk sem þar mundi reisa sér byggð og bú mundi verða mikilli brennisteinsmengun frá álverinu í Straumsvík að bráð. Það horfði allt til þess að settar yrðu verulegar hömlur og nánast bann á þessa nýju byggð sem nú er að sönnu risin og reis fyrir átta eða níu árum síðan. Þá stóð sveitarfélagið frammi fyrir því að þurfa að afsanna þennan meinta glæp og það gerði sveitarfélagið. Hvernig gerði það það? Það gerði það á þann einfalda hátt að setja upp mælitæki í þessu væntanlega íbúðarhverfi. Þetta mælitæki var rekið og um það séð af hálfu bæjarins og á þess kostnað og niðurstöðurnar komu eftir ár. Þær leiddu í ljós að mengun frá álverinu í Straumsvík á þessu svæði var langt undir viðmiðunarmörkum. Raunar var það svo að þegar hæstu gildi mældust stóð vindur frá Reykjavík þannig að í ljós kom að þessi nálgun sérfræðingsins frá Hollustuvernd var fjarri lagi.

Það var leitt í ljós að þessi líkindanálgun hennar, þetta var raunar kona, stóð hvergi nærri neinum veruleika.

Þetta dreg ég upp bara til þess að undirstrika það að menn mega ekki í blindni horfa á niðurstöður ágætra einstakra sérfræðinga á hvaða vettvangi sem það er. Menn verða sjálfstætt að reyna að afla sér upplýsinga sem víðast og ef ekki vill betur, eins og í tilfelli Hafnfirðinga forðum daga, að rannsaka sjálfir. Mér er kunnugt um að menn á þessum vettvangi hafi kannski dálítið lært af þessum mistökum fyrri tíðar. Þau eru ekkert mjög gömul. Ef ég man kom þetta mál upp fyrir um tíu árum. Nú er þarna tvö þúsund manna byggð og öllum líður vel. Þessa sönnu dæmisögu set ég fram til að vara menn við því að trúa blint á mátt og megin sérfræðinga hversu ágætir sem þeir eru því að hér hafa auðvitað farið fram á völlinn sérfræðingar á hinum ýmsum sviðum og menn hafa eðlilega lesið upp niðurstöður þeirra á báða bóga.

Herra forseti. Íslenska þjóðin er ekki mjög rík af náttúruauðlindum í jörðu. Hér eru engin kol. Hér er engin olía. Í gegnum árin og áratugina höfum við gjarnan horft til þess að verðmætin sem í okkar þjóð búa eru auðvitað í okkur sjálfum, fólkinu sem yrkir landið. En ekkert síður höfum við vísað til heita vatnsins í iðrum jarðar og fallvatnanna. Alveg undir það síðasta hafa menn svo sem ekki velt mikið vöngum yfir því hvort að nýta ætti þessar orkulindir okkar, fallvötnin, heldur hafa menn kannski öllu heldur eðlilega deilt um það og rætt hvernig það ætti að gerast.

Nú er hins vegar svo komið að ákveðin tímamót, vatnaskil, eru að verða í málum af þessum toga og menn ræða það hér hispurslaust, sem er tiltölulega nýtt í hinni stjórnmálalegu umræðu, hvort hér eigi að láta við sitja. Ég hygg að það sé ekki ofsagt að þessi deila um Eyjabakkana sé af þeim toga hvort menn taki til þess afstöðu að nú sé komið nóg eða hvort menn telji enn þá vera svigrúm til þess að virkja þessi verðmæti okkar, þessi orkuverðmæti sem við höfum átt og nýtum og eigum. Þetta er í raun ein stóra spurningin í þessari umræðu og við tökum afstöðu til.

Önnur stóra spurningin í þessari umræðu er sú hvaða skilaboð Alþingi Íslendinga er að senda dreifðari byggðum landsins. Það er auðvitað sárara en tárum taki að rekja raunir landsbyggðarinnar, ekki síst á síðasta yfirstandandi áratug þar sem fólksfjölgunarþróun hérlendis er slík að maður er farinn að trúa því að sá ótti sé raunverulegur að byggðir leggist af í stórum stíl og að við stefnum óðfluga í borgríki á suðvesturhorni landsins. Ég segi það, herra forseti, að ég hef af því áhyggjur hvaða skilaboð það eru austur á firði, og ekki aðeins austur á firði heldur líka vestur á firði, heldur líka á Norðurlandið, ef það yrði niðurstaða Alþingis Íslendinga rétt við aldahvörf að komið hafi í ljós að virkjun fallvatna norðan hálendis og orkan sem frá henni kæmi mætti ekki nýtast úti á landi. Það er óhjákvæmilegt annað, herra forseti, en að rifja það upp að árið 1983 — þessa upprifjun vil ég fara í vegna þess að ég sjálfur var einn af þátttakendum í þeirri þróun allri — voru uppi áform einu sinni sem oftar um virkjun á Fljótsdal. Þá var um það rætt að nýta þá orku til að reisa kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ég var í framboði fyrir Alþfl. í þá daga. Hann var ekki mjög sterkur á svellinu í því kjördæmi. (**HBl:** Það var mesta furða.) Það veit ég ekki um. Atkvæðin sýndu annað á þeim tíma en það hafa nú orðið betrumbætur þar á sem betur fer og ýmsir góðir hlutir gerst þar í millitíðinni.

Mér er hins vegar minnisstætt að allir frambjóðendur allra flokka, og þeir voru ófáir í þeim kosningum 1983, átta talsins held ég að þeir hafi verið, studdu það heils hugar og með ráðum og dáð að kísilmálmverksmiðja risi á Reyðarfirði. Þar var ekki sístur baráttumanna þáv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, sem er raunar andlegur leiðtogi eins flokks á hinu háa Alþingi í umhverfismálunum. Ekki minnist ég þess á þeim 14 framboðsfundum sem haldnir voru í þeirri kosningahríð að sá hv. þm. og þá hæstv. ráðherra hafi skorið sig sérstaklega úr í hópi þeirra baráttumanna sem vildu sjá kísilmálmvinnslu rísa á Reyðarfirði. Ekkert varð úr áformum þá af ýmsum ástæðum sem ég hirði ekki um að rekja hér en árið 1991 var kosið til Alþingis Íslendinga á ný. Þá voru enn uppi áform um að virkja á Fljótsdal. Þá voru raunar uppi áform um það að leiða orkuna sem frá henni kæmi suður yfir heiðar og í mitt kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, á Keilisnesið. Það voru margir baráttumenn fyrir því (**Gripið fram í:** Og konur.) og konur (**Gripið fram í:** Konur eru menn.) og margt það fólk sem er í þessum sal hélt margar og merkar ræður fyrir því máli. Ég held að ég geti fullyrt að það hafi verið í öllum flokkum sem menn sáu kosti þess. Ég var meðal þeirra stuðningsmanna og studdi það með ráðum og dáð. Það varð því miður ekkert úr framkvæmdum á þeim tíma af ýmsum ástæðum.

Nú rennur upp árið 1999. Herra forseti. Ég hef ekki skipt um skoðun og get það ekki samvisku minnar vegna. Ég studdi þetta mál vegna þess að ég taldi það skynsamlegt þá og tel það skynsamlegt enn þann dag í dag. Auðvitað er ég meðvitaður um það eins og allir aðrir að tiltekin viðhorfsbreyting hefur átt sér stað í samfélaginu. Það er ekkert launungarmál að augu manna, ekki bara hér á landi heldur um heimsbyggð alla, hafa opnast fyrir mikilvægi þess að vernda náttúruna og vernda umhverfið. Þó að sumir haldi því fram að þeir hafi fundið upp hjólið í gær eða fyrradag hvað þetta varðar og umhverfisvernd hafi verið fundin upp einhvern tíma rétt fyrir síðustu kosningar er það auðvitað fjarri lagi. En vissulega hafa augu manna opnast fyrir mikilvægi þess að við göngum vel um náttúru okkar og umhverfi og ég fagna þeim sinnaskiptum. Ég vil hins vegar að þau sinnaskipti verði með þeim hætti að menn haldi ró sinni og yfirvegun og yfirsýn og geti lifað áfram í landinu en missi sig ekki út í öfgar.

Menn hafa sett á þetta ýmsa merkimiða. Sumir eru kallaðir verndunarsinnar, og það þykir sennilega best, og merkir að það má þá helst ekkert gera og þýðir í raun og sanni að því svæði sem við ræðum hér, Eyjabakkasvæðinu, ætti að loka fyrir umferð manna með öllu og leyfa þá gæsunum og öðru því náttúrulífi sem þar ræður ríkjum að vera í friði. Síðan eru til aðrir menn sem vilja blanda þessu saman, eru umhverfissinnar, vilja láta umhverfisþáttinn vera framar öllu en nýtingu mannsins á náttúrunni í öðru sæti. Síðan eru til menn sem telja að þetta geti vel farið saman. Ég tel mig vera í þeirra hópi. Ég tel mig vera framkvæmdasinnaðan umhverfismann og sé ekkert að því. Þannig hef ég í stjórnmálastörfum mínum sem ég hef haft tök á reynt að haga mér. Það gerði ég í þeim málum sem ég hafði tök á að móta heimabyggð mína og taldi mig geta gert það býsna bærilega og vel enda fannst mér á þeim tíma að kjósendur skildu það. Síðan eru þeir menn til væntanlega líka, þó að ég telji þá tæpast vera til í þessum sal þó að sumir fari auðvitað mikinn í þessu máli, sem vilja bara framkvæma framkvæmdarinnar vegna. Í þessa fjóra höfuðflokka er hægt að skilgreina þetta en auðvitað er hægt að gera það með víðfeðmari og margslungnari hætti.

Herra forseti. Það er kannski þessi hætta, að vera að setja menn í þessar skotgrafir, setja þessa merkimiða á stjórnmálamenn og einstaklinga. Málin eru ekki svona svart/hvít eins og við höfum rætt í tvo eða þrjá sólarhringa eða eins og ég var kannski að reyna áðan, að setja merkimiða á stjórnmálamenn og einstaklinga. Að þessi sé umhverfissinni og þá geti hann ekki verið framkvæmdarsinni og umhverfissinni sé eitthvað gott og framkvæmdarsinni sé eitthvað slæmt. Svona einföld er myndin auðvitað ekki. Hún er langtum flóknari eins og ég gat um áðan. Enn þá flóknari er myndin þegar við skoðum stjórnmálaflokkana í dag í þessum efnum. Það er þannig, herra forseti, að í öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi eru skiptar skoðanir um þetta mál nema ef vera skyldi hjá vinstri grænum. Ég rifja það upp að á árum áður voru þeirra helstu talsmenn, varaþingmenn, miklir ákafamenn um þessar framkvæmdir og raunar voru einnig einstakir þingmenn vinstri grænna í þessum sal áfram um það, töldu það mikilvægt til þess að rétta hag íslenskrar alþýðu að fara í framkvæmdir af þessum toga. Þá skiptust menn hins vegar dálítið í tvö horn um það hvort ætti að fjármagna slíkar framkvæmdir með erlendu fé eða hvort Íslendingar ættu að eiga meiri hluta eða helst kannski alla framkvæmdina. Þá stóðu deilurnar helst og fyrst um það. Nú hafa orðið nokkrar breytingar þar á.

Í hinum þremur flokkunum eru skiptar skoðanir og það er svo sem ekkert að undra. Í Samfylkingunni, í þessari stóru breiðfylkingu hafa menn mismunandi áherslur í þessum málaflokki og það er ekkert launungarmál. Í Sjálfstfl. er það sama uppi við og ég þori nánast að fullyrða það við þessa umræðu að væru ekki til staðar handjárn ríkisstjórnaraðildar þá væru það sennilega fjórir eða fimm þingmenn sem hrykkju undan. Í Framsfl. er þetta svipað. Væru ekki til staðar ríkisstjórnarhandjárn utanrrh. væru það sennilega þrír eða fjórir aðilar sem mundu hrökkva undan. Þetta get ég auðvitað ekki fært sönnur á en ef maður skoðar málflutning manna fyrir síðustu kosningar og á umliðnum árum getur maður ímyndað sér slíka niðurstöðu. (**Utanrrh.:** Það er ímyndun.) Ja, ímyndun og ekki ímyndun. Við skulum ekki fara í deilur um það. Ég held hins vegar að aldrei sé hægt að færa á þetta sönnur því að þessi ríkisstjórnarhandjárn eru svo sannarlega á þessum sömu þingmönnum.

Það er hins vegar merkilegt að fylgjast með því hvernig ríkisfjölmiðlarnir og Morgunblaðið reynir að skilgreina einmitt þessa pólitísku stöðu. Í Reykjavíkurbréfi á sunnudaginn var farið yfir hana og þess getið að Framsfl. mundi *sennilega tapa miklu fylgi í Reykjavík — og fer þá eðlilega* utanrrh. á dyr, þolir illa að hlusta á það — en það yrði sennilega Framsfl. til björgunar að einn þingmanna einmitt héðan úr Reykjavík væri andstæðingur Fljótsdalsvirkjunar. Á sama hátt sagði höfundur Reykjavíkurbréfs, væntanlega ritstjóri blaðsins, að Sjálfstfl. mundi sigla lygnan sjó í þessu máli og sennilega græða á öllu saman. Ástæðan væri sú að hann væri einhuga utan þess að hv. þm. Katrín Fjeldsted væri merkimiði umhverfisverndar á flokknum og mundi þar með víkka ásýnd Sjálfstfl. Með öðrum orðum þegar Morgunblaðið skilgreinir Sjálfstfl. og þeirra breidd og skoðun á viðhorfum sem þar eru annars vegar, þá sýnir það umburðarlyndi og *vídd hans. Hins vegar þegar Samfylkingin sýnir* ekkert ósvipaða ásýnd og þessa breidd viðhorfa, sýnir það klofning. Þetta segi ég bara, herra forseti, þó að þetta komi auðvitað ekki umræðunni við, hvað hægt er að skekkja þessa fjölmiðlaumræðu í blöðum og gera úr henni eitthvað sem alls ekki er.

Herra forseti. Ég lofaði því að vera ekki langorður. Ég ætla því að lyktum aðeins að segja að ég mun vitaskuld styðja brtt. Samfylkingarinnar um að í undanfara framkvæmda fari fram lögformlegt umhverfismat og ég geri ráð fyrir því að ríkisstjórnin sjái að sér á lokasprettinum og það verði sáttargjörðin í málinu því það virðist vera ráðrúm í tíma til að fara þá leiðina. Ég hygg að það mundi sætta mjög viðhorf og við gætum séð niðurstöðu þar sem upp undir 50 þingmenn af 63 eða jafnvel fleiri gætu fylgt framkvæmdinni undir þeim formerkjum. Ég bind því víð það vonir í lengstu lög að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér. Ef hún er hins vegar föst í sinni og vill ekki hreyfa sig og vera í þessum harða hnút áfram sem hún hefur sett málið í mun ég ekki láta Austfirðinga gjalda hins slaka verklags ríkisstjórnarinnar. Þá mun ég ekki láta landsbyggðina gjalda fyrir forklúðrun ríkisstjórnarinnar og greiða málinu atkvæði. Austfirðingar hafa beðið eftir þessu í 20 ár. Landsbyggðin hefur beðið eftir raunverulegum stuðningi og nýjum atvinnutækifærum úti á landi í jafnlangan tíma og ég vil ekki láta Austfirðinga eða landsbyggðina gjalda klúðurs ríkisstjórnarinnar í málinu og mun því fylgja málinu og styðja það.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi athyglisverða ræða var kannski ekki alveg að öllu leyti svo nákvæmlega skýr að ég skildi hvað hv. þm. væri að fara í einstökum atriðum. Það eru einkum tvær fullyrðingar sem hv. þm. fór með eða gerði að sínum sem ég vil spyrja nánar út í.

Sú fyrri er að hér hafi einhverjir tekið afstöðu í þessu máli eða deilurnar hafi að einhverju leyti staðið eða snúist um það hvort halda eigi áfram yfir höfuð að nýta innlenda orku eða ekki. Ég vil spyrja hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson: Hvern hefur hann heyrt halda því fram að alls ekki eigi að fara út í neina frekari orkunýtingu á Íslandi? Það hafa a.m.k. ekki verið þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs. Við höfum þvert á móti flutt tillögur um mótun sjálfbærrar orkustefnu sem felur að sjálfsögðu í sér nýtingu á orku en á þeim forsendum sem þar greinir.

Seinni spurningin er sú sem lá í orðum hv. þm., að einhverjir hafi tekið afstöðu í málinu og lagst gegn framkvæmdunum eystra vegna þess að menn séu á móti því sem slíku að atvinnuppbyggingin eða iðnaðurinn sé þar ef í það yrði ráðist á annað borð, þ.e. hvort hann hafi heyrt einhvern í umræðunum leggjast gegn staðsetningunni einni en styðja málið að öðru leyti. Ef svo er, hverjir eru það þá, því það geta ekki heldur verið þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs því að það höfum við að sjálfsögðu ekki gert að neikvæðum þætti þessa máls.

Mér fannst, herra forseti, ég verð að leyfa mér að segja það, hafandi spurt að þessu, að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafi fallið í þá gryfju að gera fremur ódýrar einfaldanir, svo ekki sé sagt útúrsnúninga sumra stjórnarsinna sem talað hafa á þessum nótum að sínum og það er miður.

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er eldri en tvævetur í pólitík. Ég sagði það almennum orðum að ég hefði af því áhyggjur að ef þessi áform yrðu skotin í kaf núna og ekki yrði af frekari framkvæmdum, þyrfti mjög mikið til að koma þannig að hægt yrði að setja ný áform af þessum toga í gang á nýjan leik. Ég spyr hv. þm. af hreinskilni hvort hann

sjái raunverulegan pólitískan möguleika á því, hvaða ríkisstjórn sem sæti, að fara af stað með virkjunaráform af einum eða öðrum toga. Ég spyr hann af fullkominni hreinskilni um það því að ég hef áhyggjur af því að ef niðurstaðan yrði sú að menn settu á stopp, yrði það stóra stoppið. Þetta get ég auðvitað ekkert fullyrt um og ég hélt því ekki fram, herra forseti, að einstakir þingmenn hefðu sagt eða barist fyrir því. Hins vegar segir pólitísk tilfinning mín það að svona sé þetta mál í pottinn búið.

Hvað varðar síðan hinn þátt málsins að hér hafi nokkrir þingmenn sérstaklega lagst í víking gegn málinu vegna þess að orkuna ætti að nýta úti á landi, þá voru það ekki mín orð. Ég sagði að það væri ekki að undra að þeir Austfirðingar og landsbyggðarmenn settu málið upp með þeim hætti í ljósi þess að 1991 stóð til að flytja þessa orku suður yfir heiðar til að reisa stórt álver í kjördæmi mínu, Reykjaneskjördæmi. Þá heyrðist ekki múkk, ekki hljóð úr horni. Og er það að undra þó að Austfirðingar, sem hafa beðið í 20 ár, segi sem svo: Loksins þegar á að nýta orkuna í heimahéraði, þá finna menn vandamál undir hverjum steini.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir og mér þykir vænt um að þessum misskilningi var eytt. Hv. þm. var sem sagt ekki að eigna neinum þingmönnum þær skoðanir sem ég komst eiginlega ekki hjá að ætla af fyrri ræðu hans. En nú er vísað til hins almenna samhengis málsins og þetta tekið upp sem í orðastað Austfirðinga væri og þá snýr málið að sjálfsögðu öðruvísi við.

Ég held hins vegar alveg gagnstætt við það sem lá í svari hv. þm. að verði þetta mál knúið fram með þeim hætti sem nú stendur til verði það miklu frekar til þess að torvelda samkomulag um frekari framkvæmdir og framhald mála á þessu sviði en hið gagnstæða. Enginn vafi er í mínum huga að með þessari framgöngu ríkisstjórnarinnar er verið að segja svoleiðis í sundur friðinn í landinu um þessa hluti að menn eru ekki búnir að bíta úr nálinni með það þó svo að þetta mál kunni kannski að komast á áfangastað. Öfugt held ég að ef menn hefðu séð að sér og breytt um vinnubrögð og aðferðafræði hefðu verið miklu meiri líkur til þess að á komandi árum hefði verið hægt að ná einhverjum þokkalegum friði um tiltekna orkunýtingu á forsendum sem væru umhverfinu boðlegar og í takt við nútímaviðhorf í þeim efnum.

Þessi aðferð segir í sundur friðinn. Þessi þvingunargerð ríkisstjórnarinnar mun miklu frekar að mínu mati slá því á langan frest að menn leggi upp með aðrar slíkar eða sambærilegar framkvæmdir og jafnvel þó minni væru vegna þess að með þessu er verið að sá þvílíkum fræjum tortryggni og úlfúðar með þjóðinni um þessi mál að menn eru fjarri því að vera búnir að bíta úr nálinni með það.

[14:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. getum verið sammála um það sem ég lagði ríka áherslu á í ræðu minni, að ríkisstjórnin hefði gert ítrekaðar tilraunir til að stefna þessu máli í harðan hnút og skapa um málið ósætti eins og raun ber vitni.

Það kann vel að vera að hv. þm. hafi rétt fyrir sér, að þessi málatilbúnaður allur og umgjörð málsins verði til þess að lengra verði ekki haldið þó að málið verði samþykkt. En jafnmikla hættu tel ég á, svo ég endurtaki það sem ég sagði áðan, að ef ekki verði aðhafst þá versni ástandið.

Kjarni málsins er sá að að landsbyggðin og fólk í landinu hefur liðið fyrir gjörðir eða aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Nú er nóg komið. Ég segi: Þrátt fyrir þetta klúður ríkisstjórnarinnar í málinu þá vil ég ekki láta Austfirðinga né annað fólk á landsbyggðinni gjalda þess.

[14:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Nú er komið að lokum umræðu um till. ríkisstjórnarinnar til þál. (**ÖS:** Hver segir það?) um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, þ.e. hér á Alþingi. Það er hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þessari umræðu er engan veginn lokið þótt umræðum ljúki hér. Nú síðast hellti hæstv. umhvrh. olíu á eldinn með því að leyfa sér að hafa í hótunum við Norðmenn. Hún hótar versnandi sambúð við Norðmenn ef stórfyrirtækið Norsk Hydro makki ekki rétt í þessu máli. Það hefur e.t.v. farið fram hjá mörgum í þessari umræðu en upplýsingar um þessa afstöðu Norðmanna eru ekki runnar frá Íslendingum, þær eru ekki frá Íslendingum komnar. Þær eru frá Norðmönnum komnar. Sendiherra Norðmanna á Íslandi sér ástæðu til að senda ríkisstjórn sinni upplýsingar um viðræður við umhverfisráðherra Íslands. Þar kemur fram að greinilega hefur verið haft í hótunum við Norðmenn ef þeir makki ekki rétt í þessu máli. Það er mjög alvarlegt.

En það er önnur ástæða fyrir því að ég segi að þessari umræðu sé ekki lokið. Ég vona að henni sé ekki lokið og ég ætla að lýsa ástæðunni fyrir því. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson rifjaði upp söguna, dró aðrar ályktanir og annan lærdóm af sögunni en ég vil gera. Það er mikilvægt að læra af sögunni og þar er að finna mörg dæmi sem hræða.

Í þáltill. ríkisstjórnarinnar er farið fram á að Alþingi lýsi stuðningi við framkvæmdir sem byrjað var á fyrir réttum áratug. Hvað stóð þá til að gera? Það er rétt að rifja það upp. Þá stóð til að virkja í Fljótsdal í tengslum við samninga sem þá stóðu yfir við alþjóðlega stórfyrirtækið Atlantal. Þegar framkvæmdir fyrir austan voru rétt hafnar sleit Atlantal viðræðunum. Þá var viðræðum slitið vegna þess, að því er íslensk stjórnvöld sögðu þá, að álverð á heimsmarkaði hefði skyndilega lækkað. Þáv. iðnrh. lýsti yfir að innan fárra mánaða eða missira, í hæsta lagi ára, mundu álfurstar þessir koma aftur þar eð ástæða skyndilegs brotthvarfs þeirra væri einungis tengd tímabundnum erfiðleikum á álmarkaði. Nú eru liðin hartnær tíu ár síðan þetta gerðist. Ekkert bólar á viðræðum þessara aðila við íslensk stjórnvöld.

Í tengslum við væntanlegan samning við þetta fyrirtæki var ráðist í framkvæmdir við væntanlega Fljótsdalsvirkjun upp á tæpan milljarð króna. Að auki, eins og við munum, festu íslensk stjórnvöld kaup á landi á Keilisnesi fyrir mikla fjármuni, 100–200 millj. kr. Ástæða þess að stjórnvöld telja sér ekki skylt að fara með væntanlega Fljótsdalsvirkjun í umhverfismat, eins og lög segja til um með allar slíkar framkvæmdir, stafar af þessu bráðræði Landsvirkjunar á sínum tíma, að rjúka í framkvæmdir áður en ljóst var að samningar við hið erlenda stórfyrirtæki tækjust. Frammi fyrir þeirri hættu stöndum við aftur núna. Þess vegna segi ég: Það er mikilvægt að fá þessa umræðu aftur hingað inn.

Fyrir fáeinum árum boðaði íslenska ríkisstjórnin, þá var það hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson sem fór fremstur í flokki, að erlendir aðilar, sem reyndust vera Norsk Hydro, hygðu á fjárfestingu í álbræðslu á Reyðarfirði. Í fyrsta sinn í Íslandssögunni var rætt um að til þess gæti komið að fyr-

irtækið mundi einnig fjármagna fyrirhugaða virkjun, a.m.k. fjárfesta í henni. Umræðan hefur síðan snúist um að í undirbúningi væri að semja við Norsk Hydro vegna væntanlegrar álbræðslufjárfestingar fyrir austan. Eftir því sem á þessa umræðu hefur liðið hefur hlutdeild Norsk Hydro minnkað af einhverjum orsökum. Fyrst var tilkynnt um að þeir hygðust einungis fjárfesta í álverinu en Landsvirkjun mundi sjá um að afla orkunnar. Síðan hafa birst ýmsar tilkynningar, misvísandi að vísu, um væntanlegan en síminnkandi hlut Norsk Hydro í álversframkvæmdunum.

Til skamms tíma hefur þó verið talað um þá sem aðalsamningsaðila en að þeir kynnu að leggja sitt af mörkum, hugsanlega 20% í formi tæknilegrar sérfræðiaðstoðar. Allt þetta hljómar kunnuglega. Allt hefur þetta gerst áður.

Hliðstætt þessu stóð á 8. áratugnum til að reisa járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þá var rokið til að hefja framkvæmdir við Sigölduvirkjun í tengslum við samningaviðræður við Union Carbide. Þegar virkjunarframkvæmdir voru komnar vel á veg ákvað Union Carbide að hætta við að fjárfesta. Þar með sat Landsvirkjun og þjóðin, að sjálfsögðu sem eigandi Landsvirkjunar, með sárt ennið og sá sig tilknúna, vegna þess að þegar var búið að fjárfesta að stórum hluta í nýrri virkjun, að fá inn nýjan fjárfesti sem vegna stöðu málsins gat sett samningamönnum ríkisins þá afarkosti að fá í sinn hlut 20% hlutafjár í væntanlegu fyrirtæki með því að leggja fram tækniþekkingu. Hið nákvæmlega sama er nú upp á teningnum í umræðunni um Norsk Hydro. Ekki skiptir minna máli að til viðbótar ætlar fyrirtækið að hafa milligöngu um að selja afurð fyrirtækisins gegn 3% söluþóknun. Þetta eru hinir frægu blóðpeningar sem fyrrv. forstjóri járnblendiverksmiðjunnar kallaði á sínum tíma og komst síðan undan eftir miklar raunir.

Annað dæmi um mistök Landsvirkjunar af þessu tagi er t.d. Blönduvirkjun sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vék að áðan. Þá voru sett fram þau rök að með því að hafa tiltæka orku mundi samningsstaða Íslendinga gagnvart áhugasömum fjárfestum í stóriðju verða betri. Á þeim tíma stóð til að reisa kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Síðan kom á daginn að hugsanlegir fjárfestar gerðu miklu meiri kröfur til arðsemi en Íslendingar höfðu talið, töluðu um 12–15% arðsemi í stað 5–7% sem áður hafði verið reiknað með. Hér erum við að nálgast þungamiðjuna í ræðu minni.

Í fyrsta skipti eru Íslendingar að reisa virkjun sem á að þjóna einni verksmiðju. Það er meira að segja svo að orkan frá Fljótsdalsvirkjun nægir ekki til að þjóna 120 þúsund tonna málmbræðslu í Reyðarfirði. Þar þurfa að koma til sögunnar 1.700 gígavattstundir en ekki tæplega 1.400 eins og koma mundu úr Fljótsdalsvirkjun. Kaupandinn er aðeins einn.

Nú er gert ráð fyrir einum kaupanda að þessari verksmiðju. Í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin, Norsk Hydro og Landsvirkjun sendu frá sér í júnílok í sumar voru gefin fyrirheit um að fyrir 31. desember, núna eftir fáeina daga, ætti að liggja fyrir samningur um orkuverð. Það bólar ekkert á honum. Í ljósi sögunnar, í ljósi samningaviðræðna við Atlantal sem runnu út í sandinn, í ljósi framkvæmdanna við Sigöldu á sínum tíma og samningaviðræðna sem þá fóru fram, í ljósi þess sem gerðist í tengslum við Blönduvirkjun og fyrirhugaða verksmiðju í Reyðarfirði sem aldrei reis og í ljósi þess að í fyrsta skipti er verið að reisa virkjun sem á að þjóna einum aðila þannig að um er að ræða geysilega áhættufjárfestingu, spyr ég: Mun ríkisstjórnin ráðast í virkjunarframkvæmdir áður en endanlega hefur verið gengið frá öllum samningum um þetta efni? Þetta er lykilatriði. Það verða að liggja fyrir skýr og afdráttarlaus svör frá ríkisstjórninni. Verður gefið grænt ljós á framkvæmdir í tengslum við þessa virkjun áður en öll kurl eru komin til grafar? Við verðum að fá skýr svör við þessu.

Herra forseti. Ég rakti í ræðu minni í gær ýmsa efnahagslega þætti og grunnforsendur í þessu máli og ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það núna. En ég ræddi þar um stærð virkjunarinnar, verðið fyrir orkuna sem frá henni kemur og hélt mig þar í mínum reikniforsendum við háar tölur og hagstæðar fyrir Landsvirkjun. Ég ræddi um afskriftir og viðhalds- og rekstrarkostnað, stillti öllum kostnaði þar mjög í hóf til að fá út eins hagstæðar tölur og gerlegt var fyrir Landsvirkjun. Ég ræddi um arðsemiskröfur sem stillt væri upp, hélt mig við þær kröfur sem Landsvirkjun hefur sett fram sjálf og hæstv. iðnrh. hefur staðfest, 5–6% arðsemi, 5,5 af eigin fé, 5,2 af lánsfé. Ég vakti athygli á því að hér væri um mjög lága arðsemiskröfu að ræða, ekki síst þar sem um áhættufjárfestingu er að ræða. Þar er að jafnaði talað um 10–20% arðsemiskröfu. Alþjóðabankinn krefst 7% en hér er verið að tala um 5–6%. Þó stillti ég dæminu þannig upp til að við fengjum eins hagstæðar tölur fyrir Landsvirkjun og kostur er. Síðan ræddi ég um verðið á orkunni og er ég búinn að geta þess reyndar.

Út úr þessu hagstæða dæmi kom tap fyrir Landsvirkjun upp á 656 millj. á ári hverju og þetta hefur enginn hrakið, enginn. Ég bætti líka við til að stækka virkjunina upp í það sem þarf til að þjóna þessari álverksmiðju, um 27% upp í 1.700 gwst. Þá er tapið orðið 854 millj. kr. og er þá ekki reiknaður með kostnaður við losunarkvóta sem mundi færa tapið upp í milljarð. Ég hélt mig við þessar lágu tölur. Nú finnst mér alveg heiðarlegt, ef menn vilja, að ráðast í þessa rosaframkvæmd sem byggðastyrk, niðurgreiddan byggðastyrk. En það eru menn ekki að gera. Menn segjast vera að ráðast í arðsama fjárfestingu. Það segja menn. Til þess að hún verði arðsöm á þessum forsendum þarf verðið fyrir orkuna að vera, ekki 14 mill, ekki ein króna á kwst. eins og hún er núna og er þó hagstætt verð, heldur 1,50 kr., 20 mill, sem er miklu hærra verð en gerist nokkurs staðar í heiminum. Ég spyr: Hvers konar rugl er þetta? Hvers konar fúsk er hér á ferðinni?

Nú stöndum við frammi fyrir annarri hættu. Ég vildi gjarnan fá svör frá hæstv. iðnrh. þegar hv. þm. Kristján Pálsson lýkur sínu eintali við hæstv. ráðherra. Það er undarlegt að menn vilji tefja þessa umræðu nú. Ég segi að við stöndum frammi fyrir ákveðinni hættu. Hún er sú sem fram kom í grein í Morgunblaðinu á föstudaginn og er skrifuð af tveimur sérfræðingum Landsvirkjunar, Kristjáni Gunnarssyni og Stefáni Péturssyni. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Reynst hefur nauðsynlegt í þeim samningum sem gerðir hafa verið við nýja stóriðju á undanförnum árum, að semja um lægra orkuverð í upphafi sem verður í staðinn þeim mun hærra á síðari stigum samningstímans."

Síðar segir: „Það má líkja þessu við leigusala sem leigir viðskipta- eða hagfræðistúdent húsnæði í langtímaleigu. Hann getur verið tilbúinn til þess að lækka leiguna tímabundið ef hann hefur tryggingu fyrir hærri leigugreiðslum á síðari stigum er greiðsluhæfi leigjandans hefur hækkað til muna."

„Hvers vegna hagfræðistúdent?", kann einhver að spyrja. Vegna þess að menn í hagfræði fara á verðbréfaþing og fá

hátt kaup. (**KPál:** Er þetta hættuleg auglýsing?) Ég veit ekki hvað vakir fyrir hæstv. iðnrh. En ég er ekki að grínast með þetta. Ég er að segja að við stöndum frammi fyrir þeirri hættu að menn reyni núna að ná samningum við álfyrirtæki á þeim forsendum sem oft er gert, að bjóða lágt verð í upphafi á meðan menn eru í námi í von um að verðið hækki þegar fram líða stundir. En gæti nú verið að í leiguhúsnæðinu Íslandi muni menn ekki una sínum hag þegar leigan verður hækkuð og vilji halda á vit annarra þjóða og í önnur lönd sem bjóða upp á hagstæðari húsaleigu, svo sem Mósambík, Malasíu og Kína? Í öllum þessum löndum er nú verið að bjóða upp á orkuverð sem er langt undir því sem við erum að bjóða, undir 10 mill. Ég er búinn að leiða rök að því í mínu máli að til þess að þessi fjárfesting borgi sig þá verðum við í það minnsta að fá 20 mill. Við verðum að fá 1,50 kr. fyrir hverja kwst.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna. En ég ætla að segja að lokum að í umræðu um þetta mál hafa menn haldið því fram, nú síðast í morgun í umræðum um störf forseta og stjórn þingsins, að við ættum ekki að rugla saman annars vegar umræðu um orkuveituna og hins vegar um álverið. Í þáltill. sem við erum að taka til afgreiðslu er skírskotað til álbræðslunnar. Til þess er verið að reisa þessa virkjun. Nú spyr ég þar sem menn eru farnir að ávísa á íslenska lífeyrissjóði og íslenska þjóðfélagið sem ætli að reka þetta og fjárfesta í þessu: Ef þetta er slík gósenhít sem menn vilja vera láta, hvers vegna í ósköpunum munu þá ekki álrisar heimsins flykkjast hingað og berjast um þennan gullmola? Hvers vegna? Og þegar menn leyfa sér að koma hér upp eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson gerði hérna áðan, því miður, og talaði um það sem tilræði við byggðastefnu og Austfirðinga að samþykkja ekki þessa dellu, (**KPál:** Þetta er alveg rétt hjá honum.) *þá verð ég, herra forseti, að lýsa mikilli undrun á slíkum málatilbúnaði og slíkri rökleysu vegna þess að ef eitthvað er þá er þetta tilræði við byggðastefnu og sérstaklega við Austfirðinga.*

[14:39]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram við síðari umræðu þessarar þáltill. Nokkrar spurningar hafa verið bornar upp og ætla ég í þessari ræðu að reyna að svara þeim allflestum. Kannski kann svo að fara að einhverjum þeirra verði ósvarað. En þá gefst mér tækifæri síðar við umræðuna að smala þeim betur saman og veita svör ef hv. þm. verða ekki alls kostar ánægðir með svörin nú.

Í fyrsta lagi hefur komið fram hjá nokkrum ræðumönnum að menn hafa spurt hver sé tilgangurinn með þessum tillöguflutningi. Í öðru orðinu er þessi spurning sett fram og í hinu orðinu segja menn að það sé alveg nauðsynlegt að Alþingi fjalli um málið. Það verður ekki dregið í efa að allar lagalegar heimildir voru til staðar fyrir Landsvirkjun til að fara af stað með þessar framkvæmdir. Það er ekki dregið í efa nema af sárafáum hv. þm. sem hér hafa talað við þessa umræðu. En meginmálið er það að árið 1981 samþykkti Alþingi þessi réttindi með lögum um raforkuver til handa Landsvirkjun. Samningur ríkisstjórnarinnar við Landsvirkjun er síðan 1982. Virkjunarleyfi var gefið út 1991 og síðan er virkjunin undanþegin mati á umhverfisáhrifum með lögunum um mat á umhverfisáhrifum þegar þau á sínum tíma voru sett.

Það hefur orðið mikil breyting á Alþingi frá 1981 þegar þessi upphaflegu réttindi voru veitt. Þess vegna var mjög eðlilegt að menn spyrðu hvort það væri alveg víst að jafngóður meiri hluti væri fyrir þessum framkvæmdum og þegar réttindin á sínum tíma voru afhent Landsvirkjun. Það er eðlilegt að sú spurning hafi komið fram og hún kom fram mjög ítrekað sl. sumar og í haust, þ.e. að það væri vafasamt, ekki síst í ljósi þess að einstakir þingmenn í stjórnarliðinu gáfu mjög skýrar vísbendingar um að þeir styddu ekki þessar framkvæmdir. Þess vegna var nauðsynlegt að leggja þessa þáltill. fram til að ganga úr skugga um það hvort ekki væri skýr meiri hluti á Alþingi fyrir því að halda þessum framkvæmdum áfram. (**Gripið fram í:** Er þetta allt út af Kristjáni Pálssyni?) Það er ekkert nauðsynlegt að velta fyrir sér afstöðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar vegna þess að hún hefur komið einna skýrast fram við þessa umræðu. (**ÓÖH:** Og í fyrra.) Já, og í fyrra líka þannig að það þarf ekkert að vera að draga afstöðu hans í þessu máli í nokkurn efa. (**SJS:** Hann er á móti því á sléttum tölum en með því á oddatölum.)

Í öðru lagi leikur ekki nokkur vafi á því að þegar þessi þáltill. verður samþykkt, eins og ég vonast til, þá hefur samningsaðstaða íslenskra stjórnvalda verið treyst í málinu. Á því er ekki nokkur einasti vafi.

Í þriðja lagi er með þessari þáltill. verið á Alþingi að opna fyrir lýðræðislega umræðu um málið. Það er auðvitað eðlilegt að löggjafarsamkoma þjóðarinnar fái slíkt stórmál til umfjöllunar á fyrstu stigum þess eins og hér er um að ræða. En ég kem inn á það á eftir að auðvitað þegar við komum að samningum öllum, þá munu þeir líka koma hér til umfjöllunar. (**Gripið fram í:** En vinnubrögðin í þinginu verða að vera lýðræðisleg.) Já, þau þurfa að vera lýðræðisleg, hv. þm., herra forseti. Og það hafa verið viðhöfð lýðræðisleg vinnubrögð við framkvæmd málsins á Alþingi. (Gripið fram í.)

Þegar ljóst var að áhugi allra aðila sem að málinu komu í upphaflegum viðræðum, þ.e. Norsk Hydro, íslenskra stjórnvalda og Landsvirkjunar stæði til þess að reyna að ná samningum um byggingu álvers á Reyðarfirði og að þar af leiðandi þyrfti Landsvirkjun að sjá um að útvega raforku á samkeppnisfæru verði til þeirrar virkjunar, þá þegar vilji allra þessara aðila lá fyrir töldum við nauðsynlegt að breyta um takt í þeim samningaviðræðum sem menn höfðu reynslu af, og menn þekkja reynsluna af slíkum viðræðum. Hver tilraunin af annarri hefur verið gerð í þá veru að reyna að ná samningum um orkufrekan iðnað í landinu. En það hefur mistekist. Þess vegna settust aðilar niður og gengu frá samstarfsyfirlýsingu sem undirrituð var á Hallormsstað 29. júní og gengur út á það að tímasetja einstaka þætti málsins með það í huga að lokaákvörðun um málið yrði tilbúin fyrir 1. júní á næsta ári.

Þessi samstarfsyfirlýsing er raunverulega grundvöllur þess samstarfs sem verið hefur í gangi síðan þar sem allir aðilar hafa lýst því yfir að nauðsynlegt sé að standa við þessi tímamörk og keppa að því að taka þessa ákvörðun fyrir 1. júní, þ.e. heildarákvörðunina.

Þessi samstarfsyfirlýsing gengur út á að binda samninga um tiltekna þætti málsins og tilteknir samningar og tiltekin atriði við undirbúning heildarsamnings eiga að vera tilbúin á tilsettum og ákveðnum tímum eins og yfirlýsingin gengur út á. Það kann vel að vera, og ég ætla ekki að neita því, að einstakir þættir við einstaka samninga geti eitthvað hreyfst *til í tíma og hv. þingmenn hafa bent á það í umræðunni* að tiltölulega skammur tími sé nú til þess að ljúka einstökum samningum. Það þýðir ekki að ekki sé hægt að ljúka heildarsamningum, lokasamningum um verkefnin í heild sinni fyrir

1. júní. Ekkert hefur komið fram á þessari stundu sem ætti að koma í veg fyrir að þeir samningar muni nást hvað tímaskort snertir. Hins vegar er alveg ljóst að eftir er að semja um marga mjög mikilvæga þætti málsins eins og orkuverðið sem ég tel nú að sé langstærsti þáttur málsins og geti haft úrslitaáhrif á það hvort samningar nást eða ekki. En aðalatriðið er að fyrir 1. júní tel ég að okkur eigi að takast að ganga frá lokasamningi.

Eitt af því sem mér finnst hafa staðið upp úr við síðari umræðuna eru þeir arðsemisútreikningar og hagkvæmni sem af þessu hlýst. Þar hafa menn vitnað í hvern hagfræðinginn á fætur öðrum og þær forsendur sem þeir hafa verið að gefa sér við útreikningana hafa verið mjög mismunandi og þær hafa verið misgóðar. Menn hafa gefið sér mismunandi forsendur varðandi stofnkostnað. Menn hafa gefið sér mismunandi forsendur varðandi orkugetuna, það sem snýr að stofnkostnaðinum. Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni í gær við umræðuna að menn töluðu um að heildarfjárfestingin í orkumannvirkinu gæti verið í kringum 30 milljarðar kr. Á þá tölu reynir ekki fyrr en menn sjá hvað út úr tilboðunum kemur. (**KolH:** Plús fórnarkostnaðurinn, umhverfiskostnaðurinn.) Það er alveg sératriði í þessu en ekki beinn hluti af stofnkostnaði við byggingu þessarar virkjunar. (**KolH:** En ætti að vera það.) Nei, það eru auðvitað aðrir þættir sem koma inn í þessa útreikninga líka og ég kem kannski að þeim örlítið síðar.

Það reynir fyrst á hvort þessi tala í fjárfestingunni við virkjunina í heild sinni muni standast eða ekki þegar tilboðin í virkjunina verða opnuð. Reynslan er hins vegar sú að tilboð sem gerð hafa verið í þessi mannvirki eru yfirleitt alltaf undir kostnaðaráætlun, ekki bara þarna heldur almennt út af þeirri samkeppni sem er á markaðnum.

Varðandi orkugetuna voru menn á villigötum í upphafi, reiknuðu með 1.200 gwst. afkastagetu á ári. Það var leiðrétt. Þau mistök má rekja til margra þátta og er engin ástæða til að rifja það sérstaklega upp. Hins vegar hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að afkastagetan sé 1.390 gwst. á ári.

Orkuverðið hafa menn líka verið að gefa sér og byggt það á orkuverði eins og menn lesa það út úr ársskýrslu Landsvirkjunar á síðasta ári (**KolH:** Og skýrslu Orkustofnunar.) og skýrslu Orkustofnunar sem byggir bara á skýrslu Landsvirkjunar. Þá kemur í ljós að menn eru þar með ótrúlega lágt orkuverð og á því eru skýringar.

Í fyrsta lagi hafa tiltölulega nýir samningar verið gerðir og það liggur fyrir og var kynnt á Alþingi á sínum tíma að á fyrri hluta samningstímans greiða menn lægra orkuverð en á síðari hlutanum sem þýðir ekki, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson var að ýja að áðan, að þegar menn væru komnir að því að fara að greiða háa orkuverðið mundu þeir hlaupa út undan sér og snúa sér eitthvað annað. (**ÖJ:** Menn gera það í Ástralíu.) (Gripið fram í.) Þannig höfum við Íslendingar ekki samið og þannig munum við ekki semja. Inn á það kem ég örlítið síðar.

Aðalatriðið er að menn munu semja um meðalverð á öllum samningstímanum sem er 25 ár og það orkuverð mun skila sér verðtryggt í heild sinni til fyrirtækisins þegar upp er staðið. Inni í þessum tölum er líka orkuverð sem menn sömdu um fyrir löngu eins og tiltölulega mjög lágt orkuverð til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga sem var í tíð þessarar ríkisstjórnar hækkað allverulega. Tiltölulega lágt orkuverð var líka til Ísals (**KolH:** Hversu lágt?) og þegar gengið var til þess verks að ná samningum um stækkun álversins í Straumsvík voru gerðir nýir samningar sem hækkuðu raforkuverðið stórlega og eru ekki nema að litlu leyti enn þá farnir að skila sér inn í tekjur Landsvirkjunar.

Í þriðja lagi verða menn líka að hafa það í huga að þessi raforka og það orkuverð sem menn eru þarna að bera saman er að koma frá virkjunum sem eru orðnar mjög gamlar, afskrifaðar ef menn geta talað um afskriftir í þeim efnum. Ég kem aðeins inn á það hér á eftir að menn eiga ekki að tala um afskriftir og afskriftatíma í þeim efnum heldur hver sé raunverulegur rekstrarkostnaður viðkomandi virkjunar á ári. Hins vegar liggur fyrir að lán hvíla ekki lengur á þessum virkjunum nema að litlum hluta til þannig að orkukostnaður á einingu frá þessum virkjunum er tiltölulega lágur orðinn í samanburði við nýja virkjun. Þetta eru ástæðurnar fyrir því þegar á þetta er horft. Reyndar er eitt atriði enn sem ég má ekki gleyma, þ.e. af því að við erum farnir að tengja raforkuverið mjög verulega álverði á heimsmarkaði eða markaði í London, þá hefur það líka áhrif á orkuverðið eins og það er skráð í ársreikningi fyrirtækisins á hverjum tíma fyrir sig þegar það er lágt en það skilar sér síðar þegar verðið er hærra og hvort sem það verður hærra eða ekki vegna þess að þá munu menn greiða það upp á síðari hluta samningstímans.

Menn þurfa ekki að deila um rekstrarkostnaðinn. Hann er tiltölulega skýr og ekki bara hér á landi heldur almennt í vatnsaflsvirkjunum og er mjög þekktur. Það er föst tala á ári sem ég tel að eigi að nota í útreikningum, fasta tölu á ári í rekstrarkostnaði hvort sem sá rekstrarkostnaður fellur til á því ári eða ekki. (**ÖJ:** Hver er hann?) Hann er vitaður fyrir. Það má lesa það út úr reikningum Landsvirkjunar. (**ÖJ:** Eitt og hálft prósent?) Ég er ekki með þá tölu nákvæmlega fyrir framan mig, hv. þm. (**ÖJ:** Eitt og hálft prósent.) En það má lesa og ég efast ekkert um það. Hv. þm. þarf ekki að spyrja mig að því (**ÖJ:** Nei.) í ræðustóli ef hann veit töluna. (**ÖJ:** Já, hún lægri sem við notuðum í okkar ...) Aðalatriðið er að sá kostnaður á að falla til á hverju ári og reiknað er með því um ótakmarkaðan tíma á meðan slík virkjun er í gangi. Endingartíma eða afskriftatíma er ekki hægt að tala um. Ég skal taka dæmi.

Er það ekki svo að hús Landsbankans í Austurstræti, sem er yfir 100 ára gamalt, er ekkert að skila Landsbankanum síðri tekjum í dag, kannski miklu meiri en það skilaði Landsbankanum fyrir 105 árum? Hefðu menn þá átt að segja: „Eftir 20, 30, 40 eða 50 ár er þetta húsnæði sem Landsbankinn er í og skapar tekjur fyrir Landsbankann afskrifað og við reiknum ekki með því lengur"? Það er ekki hægt vegna þess að Landsbankinn — ég tek hann sem dæmi — hefur árlegan rekstrarkostnað af því fyrirtæki, af þessu húsi og það er þannig, með tekjustreyminu, sem menn eiga að reikna út arðsemina en binda sig ekki við endingartíma í þessu tilfelli. Ég gæti tekið mörg önnur dæmi af slíku.

Ávöxtunarkrafan er líka eitt sem menn hafa deilt um í þessu, þ.e. hversu hátt hlutfall á eigið fé að vera? Þar hafa hagfræðingarnir nefnt 30% af því að Landsvirkjun er með 30% eigið fé. En eigið fé í öllum vatnsaflsvirkjunum í heiminum, hvar sem menn horfa á það, er miklu lægra og þar af leiðandi þegar þetta dæmi er reiknað skekkir það myndina alveg stórkostlega. Menn gera lægri kröfur. (**ÖJ:** En arðsemishlutfallið er hið sama þegar ...) Nú vonast ég til, herra forseti, að hv. þm. fái annað tækifæri. Nei, hv. þm. er því miður búinn að nota allan sinn ræðutíma og á bara eftir andsvör þannig að ég skil að hv. þm. vilji koma mörgu að við umræðuna þegar sígur á seinni hlutann.

Aðalatriðið er þetta: Menn hafa notað lægra eiginfjárhlutfall í þeim samningum sem þeir hafa gert og þar höfum við reynslu. Í fyrsta lagi höfum við reynslu af samningum hér við stækkun járnblendifélagsins. Við vorum með lægra eiginfjárhlutfall. Við vorum líka með lægra eiginfjárhlutfall í þeim samningum sem við gerðum við Norðurál. Því er ekki rétt að miða við þessi 30%. Þannig má auðvitað lengi halda áfram.

En það merkilega í þessu öllu saman er að fjöldinn allur af hagfræðingum, eins og komið hefur fram í umræðunni, hefur verið að leggja mat á þessa hluti með því að gefa sér mismunandi forsendur en sá sem ég tel að hafi komist næst í þessum útreikningum öllum saman er einmitt ekki hagfræðingur. Það er hv. þm. Ögmundur Jónasson þannig að með sanni má segja að hann sé ekkert lakari hagfræðingur en þeir mætu menn sem hér hafa verið dregnir til vitnis, m.a. af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og fleirum sem hafa farið í þessa umræðu. (**Gripið fram í:** Er þetta þá ekki vonlaust?) Alls ekki. Ég er ekki að segja að útreikningar hv. þm. Ögmundar Jónassonar séu alveg hárréttir, síður en svo. Það eru meginvillur í þeim. En hv. þm. er þó nær sannleikanum en nokkur af þeim hagfræðingum sem hefur verið vitnað í við umræðuna. Ég held að við getum orðið sammála um að kannski sé bara meira mark takandi á hv. þm. Ögmundi Jónassyni í þessari umræðu hér en öllum þessum útreikningum sem byggðir eru á einhverjum tölum sem menn gefa sér algerlega út í loftið og að hann gæti verið reiknimeistari fyrir þetta reikniverk allt saman og að meira mark sé takandi á honum en þeim hagfræðingum sem hafa gefið sig fram við umræðuna. (**ÖJ:** En hann segir að þetta sé glapræði.) Hv. þm. Ögmundur Jónasson? (**ÖJ:** Já.) Það er ekki hægt að búast við öðru en hann segði það því það er allt saman glapræði sem ríkisstjórnin er með hversu gott sem málið er.

Meginatriðið er þetta: Samningar verða ekki gerðir — það hef ég og fleiri ráðherrar undirstrikað margoft úr þessum ræðustól og það hefur margoft verið undirstrikað af Landsvirkjun — samningar verða ekki gerðir nema þeir skili Landsvirkjun 5–6% arði. Af hverju ekki? Jú, eigendur fyrirtækisins hafa mótað Landsvirkjun þá stefnu að enginn slíkur samningur skuli gerður nema hann skili 5–6% arði til þess að hægt sé að tryggja að lækka megi orkuverð til landsmanna að raunvirði um 2–3% á hverju einasta ári, eða um 20–30% á fyrsta áratug næstu aldar. Þetta er markmiðið. Nú vonast ég til að hv. þm. geti orðið sæmilega sáttur og treysti því að þetta verði ekki gert nema það markmið náist.

En það sem mestu ræður um þetta er hvaða orkuverð menn munu semja um. Meðan ekki er ákveðið hvert orkuverðið verður getur hvorki hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem er mikill reiknimeistari, né aðrir hagfræðingar gefið sér neinar tekjur í þessu og reiknað síðan út dæmi þar sem menn eru með allar breyturnar kolvitlausar. Markmiðið er þetta og því ætla menn að ná.

Í fjórða lagi hafa margir hverjir komið mjög inn á stærð álversins og tengsl þess við þær virkjanir sem menn ætla að ráðast í. En áður en ég kem inn á það ætla ég að svara einni beinni spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar frá síðustu ræðu hans þar sem hv. þm. spyr: „Verður ráðist í framkvæmdir, byggingu Fljótsdalsvirkjunar, án þess að búið sé að ganga frá samningum?“ Ég segi nei. Menn hafa slæma reynslu af því að ráðast í slíkar framkvæmdir ef samningar hafa ekki verið frágengnir. En til eru núna samningar þar sem hægt er að tryggja algjört skaðleysi og þá gerðum við þegar við fórum af stað með stækkunina eða fimmta áfanga Kvíslárveitna, stækkun Blöndulóns. Þá voru samningar ekki undirritaðir en algjörlega tilbúnir og aðilar búnir að ganga frá samkomulagi um að þetta mundi ganga eftir. Allir meginþættir málsins voru frágengnir. Þá réðst Landsvirkjun í framkvæmdir. Það gerðist með þeim hætti að aðilinn sem var að byggja álverið setti tryggingar fyrir hverri einustu krónu sem Landsvirkjun lagði í kostnað við við orkuframkvæmdirnar. Með öðrum orðum, hefði viðkomandi aðili farið út úr samningunum hefði það þýtt að Landsvirkjun hefði engan skaða borið vegna þess að allar þær framkvæmdir og allt sem Landsvirkjun hafði lagt í kostnað við að undirbúa það að fara af stað með virkjunarframkvæmdirnar var að fullu greitt af framkvæmdaraðila álversins. Þannig tel ég að við eigum líka að ganga fram í þessu máli. Ég tel óhætt að það sé gert.

Þetta jafngildir því að menn fari ekki af stað með framkvæmdirnar fyrr en samningar eru frágengnir eða trygging er fyrir því að Landsvirkjun verði ekki fyrir neinum skaða eins og Landsvirkjun varð fyrir varðandi Blönduvirkjun.

Hér tala menn annars vegar um 120 þús. tonnin og hins vegar um 480 þús. tonnin. Það er alveg skýrt í Hallormsstaðaryfirlýsingunni að menn stefna í framtíðinni að byggingu 480 þús. tonna álvers, taka það í áföngum. Áfangaskiptingingin er ekkert ákveðin. Menn ætla þó að taka einn áfanga sem er 120 þús. tonnin og til þess þurfa menn Fljótsdalsvirkjun og aðra virkjunarkosti sem gætu verið Bjarnarflag eða stækkun Kröfluvirkjunar. Það eru hlutir sem verða líka skoðaðir þannig að menn hafa ekki tekið ákvörðun um það. En það er tiltölulega miklu styttri byggingartími á gufuaflsvirkjun heldur en vatnsaflsvirkjun þannig að menn þurfa í sjálfu sér ekki að taka ákvörðun um það strax.

Aðrir virkjunarkostir hafa ekki verið ákveðnir. Af hverju ekki? Jú, vegna þess að nú stendur yfir vinna sú sem ríkisstjórnin setti af stað við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til langs tíma. Um þetta er öllum samningsaðilum fullkunnugt. Sú vinna byggir á því að meta alla virkjunarkosti, þar á meðal Kárahnúka og aðra virkjunarkosti sem uppi eru. Sem betur fer erum við mjög snemma á ferðinni í þessum efnum. Við þessa umræðu hafa menn margoft sagt hversu Norðmenn eru góð fyrirmynd í þeim efnum að hafa farið af stað með slíka rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma til langs tíma. Hvenær fóru Norðmenn af stað? Þeir fóru af stað þegar þeir voru búnir að nýta 67% af öllum sínum orkukostum. Við erum miklu framsýnni. Við erum að fara af stað þegar við erum búin að nýta á bilinu 12–15%. Við erum, að við höfum talið, með 50 teravattstundir í nýtanlegu vatnsafli og jarðvarma á Íslandi. Vel kann að vera að umhverfissjónarmið og umhverfismál setji okkur einhverjar skorður í þeim efnum. Ég ætla ekkert að gefa mér í því. Það á að koma út úr þeirri vinnu sem við erum nú að setja af stað. Þetta eru 30 teravattstundir í vatnsafli og 20 í jarðvarma.

Þeir aðilar, og þeir eru til í þessum sal, þeir hv. þm. sem ætla sér að koma í veg fyrir að öll vatnsorkan norðan Vatnajökuls verði nýtt, ætla að slá af a.m.k. 30% af öllu nýtanlegu vatnsafli í landinu. Eru menn tilbúnir til að bera ábyrgð á því? Ég er ekki tilbúinn til þess, a.m.k. ekki fyrr en ég sé hvað kemur út úr þeirri rammaáætlun sem núna er í undirbúningi af hálfu ríkisstjórnarinnar. En ég heyri það á einstökum hv. þm. að þeir eru tilbúnir í það alveg burt séð frá því hvað út úr þeirri rammaáætlun kemur.

Til eru fleiri kostir. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir minntist á vindorkuna sem væri stórkostlegt tækifæri sem við hefðum. Ég held að það sé rétt. Íslenskir hugvitsmenn eru að verða fremstir í heiminum á því sviði. Nýstofnað er hér fyrirtæki sem heitir Vindorka. En það get ég sagt hv. þm. að það fyrirtæki er fyrst og fremst til orðið fyrir aðstoð iðnrn. og verkefnis sem þar var í gangi sem hét átak til atvinnusköpunar. (**Gripið fram í:** Heyr. Það er gott.) Þetta er eitt af mjög mörgum verkefnum á því sviði sem menn hafa verið að berjast fyrir að koma upp. Hins vegar er ég sannfærður um að vindorkan kemur aldrei hjá okkur í staðinn fyrir vatnsaflið eða jarðvarmann.

Þá kem ég að þeim þætti sem snýr að samningsstöðu okkar í málinu. Það er ágætt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gengur í salinn (**SJS:** Það er nú líkast til.) vegna þess að enginn hafði jafnmörg orð um það hversu mikið við hefðum veikt samningsstöðu okkar í þessu máli. Af orðum hv. þm. mátti skilja að þar færi þrautreyndasti samningamaður á Íslandi og að aldrei hefðu nokkurn tíma verið gerðir samningar um nokkurn skapaðan hlut sem máli skipti öðruvísi en að sá hv. þm. hefði komið þar að. (**Gripið fram í:** Ekki ljúga.) Þessi hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon, sat í ríkisstjórn frá 1988–1991. Allan þann tíma voru samráðherrar hans í þeirri ríkisstjórn og að einhverju leyti hv. þm. sjálfur sem ráðherra að reyna að ná samningum um byggingu orkufreks iðnaðar á Íslandi. Ég veit að hv. þm. hafði ákveðna sérstöðu í málinu. Sú sérstaða var mjög undirstrikuð hér í yfirlýsingu eða blaðaviðtali sem hv. þm. sendi frá sér á þeim tíma þar sem hv. þm. lagði höfuðáherslu á að byggt yrði álver á Reyðarfirði, annað kæmi ekki til greina. Það kæmi ekki til greina að byggja það á suðvesturhorni landsins. En reynslan er sú að þrátt fyrir að ríkisstjórnin væri með þennan þrautreynda samningamann innan borðs, þá tókust ekki samningar, allan tímann. Og ef við lítum á hvaða samningar voru gerðir í tíð þessarar ríkisstjórnar, þá kom hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að einum slíkum samningi. Það var búvörusamningur, sennilega sá samningur sem lagði grunninn að hruni í sauðfjárræktinni. Það eru samningarnir sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur komið að og finnst þó alveg sjálfsagt að koma í þennan ræðustól og setja sig í þær stellingar að bara enginn hefði neitt vit á samningum nema sá hv. þm. Það er bara ekki svo. Menn eiga aðeins að líta til baka og fara yfir ferilinn.

Það sem hefur hins vegar gerst er að í tíð þessarar ríkisstjórnar og þeirrar fyrri sem starfaði frá 1995 til þessa dags, hafa verið gerðir stærri og mikilvægari orkusamningar og samningar um uppbyggingu stóriðju á Íslandi heldur en nokkru sinni fyrr á jafnskömmum tíma í tíð nokkurrar ríkisstjórnar. Það eru samningar sem hafa lagt grunninn að því að okkur muni takast að lækka raforkuverð á Íslandi um 20–30% á fyrsta áratug næstu aldar. Gömlum samningum er breytt og verðið hækkað sem skilar sér núna og mun skila sér í lægra orkuverði til landsmanna. Þetta eru samningarnir um stækkun Ísals, byggingu álvers á Grundartanga, Norðurál og stækkun Járnblendifélagsins. Aukin umsvif í íslenskum þjóðarbúskap verða beinlínis rakin til þessara samninga, þ.e. að við komumst út úr þeirri kreppu sem við bjuggum við á árunum 1991–1995. Einn þriðja af efnahagsuppsveiflunni á þessum tíma má beinlínis rekja til þess árangurs sem náðist af þessum samningum. Það er sjálfsagt að þiggja góð ráð í því hvernig standa skuli að samningum og ég þakka hv. þm. fyrir þau. Við munum vafalítið taka tillit til orða hans.

Þá kem ég að orkuverðinu sem menn hafa gert mikið að umtalsefni, annars vegar orkuverði til stóriðju og hins vegar til almenningsveitnanna. Heildarorkusala Landsvirkjunar til stóriðjunnar er 3.470 gígavattstundir. Heildarorkusala til okkar stærstu og mikilvægustu atvinnugreinar á Íslandi, sem er fiskiðnaðurinn, er 274 gígavattstundir. Á þessu er nokkur munur. Það er tífalt meiri sala til orkufreks iðnaðar en til langmikilvægustu atvinnugreinar okkar. Er þá nokkuð skrýtið að aðrir samningar skuli gilda þar en á almenna markaðnum? Og af hverju gilda aðrir samningar? Jú, í fyrsta lagi vegna þess að menn gera langtímasamninga til orkufreks iðnaðar, til 25 ára með endurskoðunarákvæði eftir 25 árin. Það því er ekki rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þegar lága tímabilið væri úti og menn ætluðu að fara að hækka raforkuverið þá mundu menn hlaupa í burtu. Þannig samninga höfum við aldrei gert. Við höfum gert samninga til 25 ára með jafnaðarorkuverði sem getur komið inn mismunandi hátt eftir því m.a. hvernig álverð sveiflast og eftir því á hvaða tíma peningarnir koma inn. (**ÖJ:** Það gerðu Ástralíumenn líka. En þeir eru að fara. Álverin eru að fara.) Nú erum við ekki í Ástralíu, hv. þm. Við erum á norðurhjara veraldar. Við erum á Íslandi. (**ÖJ:** Álverin eru að fara.) Það er bara misskilningur. Við erum á norðurhjara veraldar, á Íslandi, og við erum að semja á Íslandi en ekki í Ástralíu og það verður hv. þm. að hafa í huga.

Þetta þýðir að með 25 ára samning sem svona er gerður, alveg burt séð frá því hvort viðkomandi fyrirtæki fari á hausinn eða ekki, þá fáum við greitt fyrir raforkuna vegna þess að tryggingar eru fyrir því frá erlendum lánastofnunum að raforkan sé greidd alveg burt séð frá því hvort menn nota orkuna eða ekki eða hvort að þau fyrirtæki sem gera slíkan samning við okkur verða gjaldþrota eða ekki. Landsvirkjun selur með öðrum orðum tiltekið magn af raforku í 25 ár, fær það allt saman greitt og er með bankatryggingu fyrir því að það verði greitt þannig að það skiptir engu máli hvort fyrirtækið notar það eða notar það ekki. Við erum með tryggingar fyrir greiðslunum. Þetta erum við ekki með gagnvart íslensku atvinnulífi. Þetta erum við ekki með gagnvart almenningi. Þetta eru forsendurnar fyrir því að menn geta samið um lágt orkuverð, þ.e. mikil orka, tryggar greiðslur og afhendingaröryggið skiptir engu máli.

Ég vonast til þess að hv. þm. Ögmundur Jónasson sem talaði mikið um það áðan að hann hefði setið ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands þar sem Egill B. Hreinsson prófessor hélt ágæta ræðu. Megininntak ræðu hans, þessa prófessors frá Háskóla Íslands, var — og af því að hv. þm. brosir, þá veit ég að við þekkjum báðir þennan prófessor frá háskólanum vegna þess að hann leiddi okkur til góðrar niðurstöðu í rafmagnsöryggismálunum á sínum tíma. (**ÖJ:** Mjög umdeildrar.) Ja, af minni hálfu (Gripið fram í.) var hún ekkert umdeild. Þarna snerti ég við viðkvæman streng þannig að við skulum ekki rifja það upp.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti minnir hv. þingmenn á að einn ræðumaður talar í senn.)

Við skulum ekki fara að rifja það upp hér, en niðurstaða Egils B. Hreinssonar prófessors er sú að það hefur komið íslenskum neytendum til góða að blanda saman stóriðjusamningunum og sölunni til almenna markaðarins. Þetta eru bestu rökin fyrir því að mínu viti. Þau færði hann fram í ágætri ræðu og ætla ég ekki að fara yfir þau frekar. Þetta er að skila fólki og fyrirtækjum í landinu lægra orkuverði fyrir bragðið.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði í gær hvort nokkurt

plan B væri til, hvað taki við ef Norsk Hydro hættir. Við stöndum við yfirlýsinguna frá Hallormsstað. Við látum á hana reyna, þ.e. hvort við náum samningum fyrir 1. júní eða ekki. Við erum ekki bundin af þessu. Við erum í samningum við einn aðila en hins vegar liggur fyrir að fleiri aðilar hafa sýnt áhuga á að taka þátt í þessu verkefni, m.a. fyrirtæki sem við þekkjum ágætlega sem er Columbia Ventures Corporation eða Norðurál á Grundartanga. Það hefur líka sýnt þessu áhuga og bíður eftir því hvað muni þarna gerast og er tilbúið til samningaviðræðna án þess að þaðan séu nokkrar skuldbindingar um það hvað út úr því muni koma. Ef til vill sættir hv. þm. sig við það sem plan B. Í sjálfu sér er ekkert skipulagt af okkar hálfu með þessum hætti en fleiri aðilar sem ekki hafa verið áður, eru tilbúnir til þess að skoða þessa kosti.

Herra forseti. Það eru nokkur atriði enn sem ég skal hlaupa hratt yfir. Hvað er fram undan? Það er eins og það sé ekkert vandamál að hlaupa frá þessu öllu saman því að það hér taki nóg við, t.d. þensla í hagkerfinu sem menn verða að passa. Það er að vissu leyti alveg rétt. Menn verða að fara gætilega í þeim efnum. En það sem er að gerast er að nú dregur mjög hratt og mjög mikið úr fjárfestingu í orkufrekum iðnaði. Fjárfesting í orkufrekum iðnaði mun fara úr 24,7 milljörðum kr. árið 1998 niður í 200 millj. kr. árið 2002 ef ekkert nýtt kemur til. Þetta þýðir raunverulega að hætta er á að aftur skapist svipað ástand og skapaðist á árunum 1991–1995, þ.e. atvinnuleysi, kjaraskerðing, skattahækkanir, fjárlagahalli og stórfelld skuldasöfnun. Það er ástand sem við viljum ekki lenda í aftur. Og besta vörnin í því er að halda áfram framkvæmdum og uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Hvað hefur breyst? Menn hafa ekki mikið fyrir sér og segja: Það er allt breytt síðan 1991 þegar allir voru tilbúnir til að fara af stað með þessar framkvæmdir. Það hefur ekki allt breyst. Það er bara eitt sem hefur breyst. Varðandi Fljótsdalsvirkjun erum við núna að gæta enn frekar að umgengni við náttúruna en nokkru sinni fyrr. Minna gróðurlendi fer undir vatn og það eru engir skurðir sem menn ætla að grafa núna yfir þvera og endilanga Fljótsdalsheiði. Byggðaáhrifin eru ekki síður mikilvæg nú en þau voru fyrir átta árum. Þjóðhagslegu áhrifin eru okkur ekki síður mikilvæg nú en þau voru fyrir átta árum. Viðhorf almennings hefur hins vegar breyst. Það gæti hins vegar verið skyndiviðhorfsbreyting vegna þess að nú leikur allt í lyndi. Við búum við einna best lífskjör í heimi. (**ÖJ:** Sérstaklega öryrkjar.) Almennt gerum við það. Það kann vel að vera, hv. þm., að menn þurfi að gæta að einstökum hópum í samfélaginu. Ég ætla ekkert að útiloka það. En við höfum á fjórum árum lyft okkur úr því að vera í 11. sæti þjóða heims yfir þær þjóðir sem skapa þegnum sínum bestu lífsgæðin upp í 5. sæti. Við erum á hraðri uppleið yfir þær þjóðir þar sem lífskjörin eru best í heiminum. Það leikur allt í lyndi. En það er ekki víst að þetta sé trygging sem við höfum alla tíð fyrir því að svo verði. Það kann nefnilega að vera þegar viðhorfin breytast og atvinnuleysi fer aftur að gera vart við sig, að þá spyrji menn: „Hvað voru stjórnmálamenn á þessum tíma, einmitt við þessar umræður, að hugsa?“ Þá hugsa ég að einhverjir segi: „Það var allt saman ríkisstjórninni að kenna hvernig þetta fór.“ Það er ekki hlutverk stjórnmálaflokka að hlaupast alltaf frá vandanum, sveigja af leið, hlaupa þar í skjól sem menn telja að það sé mest. Það getur hins vegar verið hlutverk stjórnmálaflokka að berjast fyrir því sem menn hafa sannfæringu fyrir (**Gripið fram í:** Þetta er rétt.) og það hefur Framsfl. í þessu tilfelli gert. Hann trúir því að þær framkvæmdir sem þarna er um að ræða leggi grunn að varanlegum lífskjarabótum fyrir Íslendinga alla og það er á þeirri forsendu sem við rekum þetta mál áfram. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[15:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði hæstv. ráðherra í ræðu minni við umræðuna hvort hann hefði síðan hann tók við embætti, og nú er komið á sjötta ár síðan, skoðað tillögu Orkustofnunar um annars konar virkjun á Eyjabökkum, Hraunavirkjun, og ef hann hafi ekki skoðað það mál eða látið skoða það, hvers vegna hann hafi ekki gert það. Í þeirri tillögu kemur fram að hægt sé að fá 15–20% lægra orkuverð með því að virkja þarna með öðrum hætti og byggja þarna upp virkjun sem geti skilað helmingi meiri orku en sú Fljótsdalsvirkjun sem er til umræðu.

Ég krefst svara af hæstv. ráðherra vegna þess að ef menn ætla að sökkva þeim náttúruverðmætum sem þarna eru, þá er það þó a.m.k. lágmarkið að það sé gert þannig að menn nýti þá möguleika sem svæðið gefur til orkuöflunar.

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerð með þessari þáltill. og í þeirri skýrslu sem fylgir með sem fylgiskjal frá Orkustofnun kemur mjög skýrt fram að stofnunin sjálf kemst að þeirri niðurstöðu að miðað við þá tímaáætlun sem menn hafa sett sér sé ekki um annað að ræða en fara í þessa virkjun sem er Fljótsdalsvirkjun, nákvæmlega þannig.

[15:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er þvílíkur útúrsnúningur að ekki er hægt að una við það. Hæstv. ráðherra er búinn að vera á sjötta ár í embætti. Tillagan hefur legið fyrir allan tímann og hún bendir eindregið til þess að hægt sé að fá 15–20% lægra orkuverð af þessu svæði, hægt sé að fá helmingi stærri virkjun og hann gengst fyrir því að ganga þessa göngu til enda að sökkva Eyjabökkum án þess að láta skoða þennan möguleika og hann hefur engin svör. Hann er að vísa í gögn sem fylgja málinu núna þegar allt er komið í eindaga.

Hvað varstu að gera í ráðherraembætti, hæstv. ráðherra, þennan tíma?

[15:20]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt og ég heyri að hv. þm. dregur það ekkert í efa að niðurstaða Orkustofnunar liggur fyrir að ef eigi að vera hægt að afhenda orkuna á tilsettum tíma þá þurfi að ráðast í þessar framkvæmdir í Fljótsdal.

Hitt er svo aftur annað mál að þarna er um virkjunarkost að ræða sem hefur mjög mikið verið skoðaður og Orkustofnun hefur verið að skoða en það er mjög mikill misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að hægt sé að ljúka rannsóknum á tilteknum virkjunarkostum á sex árum, það er mjög mikill misskilningur. Ef Orkustofnun teldi sér fært að svara því afdráttarlaust að þarna væri kostur sem stæði til boða í staðinn fyrir Fljótsdalsvirkjun, þá hefði það verið gert. Hún treystir sér ekki til þess því að það hefur ekki verið rannsakað.

Hitt er annað mál og það ætla ég að benda á af því að hv. þm. spurði hvað ég hefði verið að gera. Orkustofnun hefur nú og hefur í minni tíð haft meiri fjármuni til að rannsaka virkjunarkosti en í mjög langan tíma áður.

[15:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hafa verið gefnar mjög mikilvægar yfirlýsingar af hálfu hæstv. iðnrh. Hann segir: Ekki verða hafnar neinar framkvæmdir í Fljótsdal fyrr en gengið hefur verið frá væntanlegum samningum. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Er hann reiðubúinn að ganga skrefinu lengra og heita því að þeir samningar sem kunna að verða gerðir verði teknir fyrir á Alþingi? Er hæstv. ráðherra tilbúinn að heita okkur því?

Síðan vil ég segja þetta: Hæstv. ráðherra hefur gefið margar skuldbindandi yfirlýsingar. Ekki verður gengið frá samningum nema arðsemi upp á a.m.k. 5–6% fyrir Landsvirkjun verði tryggð, að vegna þessara samninga verði unnt að lækka raforkuverð til landsmanna um 20–30%, (Forseti hringir.) ekki verði gengið frá samningum nema þetta gerist áður. Þetta þýðir að mínum dómi rafmagnsverð upp á 20 mill.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hv. þingmenn á að virða tímamörk.)

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti ekki von á öðru en hv. þm. byggist við því að fá svör við spurningum sínum. Ég sá það auðvitað þegar ég kom í þennan ræðustól að útilokað væri að ljúka þingi og senda hv. þm. í einni taugahrúgu heim í jólafrí og með alla óvissuna á herðum sér þannig að það varð að létta óvissunni af hv. þm. Þessar yfirlýsingar hafa legið fyrir frá upphafi. Auðvitað verður ekki ráðist í þessar framkvæmdir nema búið sé að semja um alla þætti málsins nema þá að tryggingar, sem ég lýsti áðan, séu fyrir því að Landsvirkjun verði ekki fyrir neinum skaða af málinu.

Ég sagði í gær í andsvari við hv. þm. að allir þeir samningar sem Alþingi þarf að fjalla um sem er fjárfestingarsamningur, sem er skattasamningur, sem er lóðarsamningur, munu koma inn á Alþingi eins og ávallt hefur gerst. Sama gildir um orkusamninginn sem þarf ekki að fara til sérstakrar umfjöllunar. Hann var til umfjöllunar á sínum tíma í hv. iðnn. þingsins þar sem farið var yfir skýrslu erlendra sérfræðinga á því hversu mikil hætta væri á að Landsvirkjun yrði fyrir einhverjum skaða. Það var auðvitað gert.

[15:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég segja þetta: Þær forsendur sem hagfræðingar, sem hafa gagnrýnt þessar framkvæmdir, hafa gefið sér eru byggðar á raunveruleikanum og forsendum Landsvirkjunar. Það sem ég óttast og þessir hagfræðingar óttast líka er að hér sé allt of vægt reiknað. Arðsemiskrafa upp á 5–6% sé allt of lág arðsemiskrafa.

Það sem veldur mér áhyggjum og á að vera þjóðinni til umhugsunar er að svona hefur verið talað um áratuga skeið eins og hæstv. iðnrh. gerði áðan. Engu að síður er það sannanlegt og óumdeilt að tap Landsvirkjunar á undangengnum áratugum nemur tugum milljarða kr. Síðan má deila um hitt hver hafa verið þjóðhagsleg áhrif af þessari niðurgreiðslu. Það er allt önnur umræða. (Forseti hringir.) Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en þau vekja óneitanlega ugg í bland þótt þau hafi að sumu leyti verið ágæt.

[15:25]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara hafa það alveg skýrt að forsendurnar sem hagfræðingarnir hafa yfirleitt gefið sér hafa verið á misskilningi byggðar. Ég fór yfir það áðan og ég skil ekkert í hv. þm. Ögmundi Jónassyni (**ÖJ:** Hvaða forsendur?) sem ég er búinn að gera í þessum umræðum að merkilegri hagfræðingi en öllum þeim sem hér hefur verið vitnað í vegna þess að hv. þm. væri nær raunveruleikanum en nokkur annar í útreikningum sínum. Ég skil ekkert í hv. þm. að halda enn fram þeim röngu forsendum sem þessir hagfræðingar hafa gefið sér. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég efast hins vegar um hagfræðiþekkingu Ögmundar Jónassonar eftir þetta andsvar vegna þess að ef Landsvirkjun hefur verið að tapa stórkostlegum fjármunum og tugum millj. kr. á undanförnum árum hvernig í ósköpunum getur þá staðið á því að fyrirtækið er með 26 milljarða kr. í eigið fé? Hvernig kemur hagfræðingurinn Ögmundur Jónasson þessu heim og saman? (**ÖJ:** Almenningur blæðir.)

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Flótti hæstv. iðnrh. aftur í fortíðina í hvert skipti sem eitthvað er saumað að hæstv. ráðherra er afar athyglisverður. Hæstv. iðnrh. og viðskrh. sótti áðan rök hér jafnvel svo langt aftur og svo langt í burtu frá efninu sem í níu ára gamlan búvörusamning og segir það sína sögu um málflutningsstöðu hæstv. ráðherra.

Að ég hafi sagt að enginn hafi neitt vit á samningagerð nema ég sjálfur, ekkert slíkt fólst í mínu máli. Það sem ég sagði hins vegar, herra forseti, og stend við og meina er að samningsstaða Íslendinga almennt í þessu máli er hörmuleg. Ég lýsti þeirri skoðun minni og því mati mínu að íslenskir aðilar væru sem á hnjánum í því tilliti vegna þess að þetta mál er keyrt áfram á flokkspólitískum forsendum en ekki faglegum og ekki viðskiptalegum.

[15:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það með hv. þm. að það er mjög mikilvægt þegar menn standa í alþjóðasamningum eins og þessum að menn gæti vel að í öllum efnum og það hefur verið gert. Ég fór yfir það áðan í ræðu minni að þeir samningar sem við höfum verið að gera á undanförnum árum hafi skilað íslensku þjóðarbúi ótrúlegum ávinningi, ekki bara beint inn í þjóðarbúið heldur líka inn í orkufyrirtæki eins og Landsvirkjun sem skapar þau tækifæri sem ég lýsti áðan um lækkun raforkuverðs til almennings í upphafi nýrrar aldar.

Mér fannst hv. þm., og ég bið hann afsökunar á því ef það hefur ekki verið meiningin, vera hálfgert að setja sig á háan hest í fyrri ræðu sinni og vanda um fyrir mönnum hvernig staðið væri að. Þá kom upp í huga minn hvort það gæti verið að hv. þm. hefði það mikla reynslu af samningum eins og þessum að fullt mark væri takandi á honum. Ég tek hins vegar fullt mark á öllum viðvörunarorðum í þessum efnum. En reynsla hv. þm. er ekki mikil og það var í hana sem ég vitnaði.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra er nú að draga í land og hefur sennilega séð að það var ekki málflutningi hans sérstaklega til framdráttar að fara í skógarferðir af því tagi og vitna til alls óskyldra hluta aftan úr fortíðinni eins og hæstv. ráðherra var að gera. Það hefur gjarnan verið háttur hæstv. ráðherra þegar hann lendir í þrengingum í röksemdafærslu sinni.

Varðandi samningana sem hæstv. ráðherra mærir hér um stækkun og viðbætur í stóriðjumálum Íslendinga þá er ekki bitið úr nálinni með það hversu góðir þeir reynast okkur og

hversu mikið almenningur á Íslandi á kannski enn eftir að borga með þeim fyrirbærum sem stóriðjusamningarnir eru. Þessir samningar hefjast, að ég hygg, flestir ef ekki allir á löngum afsláttartímabilum á mjög lágu verði og hæstv. ráðherra hefur sjálfur viðurkennt að það útskýri hið hraklega lága orkuverð sem borgað hefur verið undanfarin ár.

Í öðru lagi eru eftir atvikum einhver gólf í þessum samningum og í þriðja lagi er ávinningsvon Íslendinga bundin við tengingu á heimsmarkaðsverði eða Lundúnaverði á áli. Það er fullkomlega óséð um það enn þá hversu miklu þessir samningar vegna tenginganna við álverið eiga eftir að skila íslenska þjóðarbúinu.

[15:30]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst miður og mér finnst það hafa komið fram við umræðuna að menn eru að reyna að rugla fólk í ríminu varðandi þessa orkusölusamninga. Verðið í upphafi skiptir engu höfuðmáli. Það sem skiptir máli er tengingin við álverðið sem menn hafa yfirleitt fest í þessum samningum og svo hitt að þó svo verðið sé lágt í upphafi eru það skuldbindingar inn í framtíðina sem menn munu greiða. Það skiptir höfuðmáli og þarna tel ég vera skynsamlega að verki staðið í samningum vegna þess að fjárfestingin hjá þeim fyrirtækjum sem ráðast í þetta er yfirleitt mest í upphafi.

En hv. þm. verður að virða það að örlítið má minnast á fortíðina. Ég veit að hún er honum sár af mörgum mörgum ástæðum, í hvaða flokki maðurinn hefur verið og þar fram eftir götunum. Vinna hans og seta í ríkisstjórn á sínum tíma þegar þessi mál voru öll til umræðu eru viðkvæm mál en auðvitað er búvörusamningurinn það viðkvæmasta af öllu saman.

[15:31]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú tíðkast aldeilis hin breiðu spjótin og hæstv. iðnrh. birtir okkur þá framtíðarsýn að ef við höldum ekki áfram við uppbyggingu orkufreks iðnaðar blasir ekkert annað við en atvinnuleysi, skattahækkanir, kjaraskerðing og ég man satt að segja ekki hvað fleira en allt var það heldur vont. Þess vegna langar mig að biðja hæstv. iðnrh. að svara því hvort það skiptir einhverju máli varðandi það sem við erum að fjalla um núna að hér er alfarið um innlenda fjárfestingu að ræða, bæði í virkjun og í verksmiðju?

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að svara spurningunni beint, þá skiptir það ekki höfuðmáli. Aðalatriðið er að fjárfesting verði til sem leggi grunn að varanlegum útflutningsverðmætum þjóðarinnar, sem leggi grunn að varanlegum lífskjarabótum fyrir Íslendinga alla. Hvernig getur það gerst? Það getur aðeins gerst þannig að um hagvöxt í efnahagslífinu verði að ræða og sá hagvöxtur byggist á fjárfestingu.

Það var ekki falleg mynd sem ég dró upp, það er alveg hárrétt. En það er myndin sem blasti við íslensku þjóðinni frá 1991–1995 og það var fyrir tilkomu þeirra samninga á sviði orkufreks iðnaðar að við komust út úr þeirri kreppu. Það er mikill misskilningur ef menn halda að þetta sé ævilöng trygging fyrir því að slíkt ástand geti aldrei skapast aftur. Það er styttra í það en menn halda ef ekki verður af áframhaldandi framkvæmdum á þessu sviði, því miður.

[15:33]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var myndin sem blasti við frá 1988 og af því að hæstv. ráðherra orðaði það þannig að það væri ekki höfuðmál, þá hlýtur það að skipta máli ef menn eru að tala um að byggja upp varanleg lífskjör, hvort um er að ræða innlenda fjárfestingu eða hvort um það er að ræða að við séum að fá viðbótarpeninga inn í landið með erlendri fjárfestingu. Það hlýtur að skipta máli. Ég hef a.m.k. skilið málið þannig vegna þess að við eyðum ekki sömu krónunni tvisvar. Það hefur verið reynt oft og mörgum sinnum á Íslandi en við erum búin að læra að það er ekki hægt.

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt. Það er ekki hægt að eyða sömu krónunni tvisvar enda er það óskaplegur misskilningur ef hv. þm. heldur að peningar sem menn setja í fjárfestingu sé eyðsla. Hefur hv. þm. heyrt talað um slagorðið „Gefum sparnað í jólagjöf"? Sparnaður leggur grunn að fjárfestingunni í landinu og þeir peningar sem við setjum í fjárfestingu eru peningar sem munu skila okkur meiri peningum inn í framtíðina vegna þess að fjárfestingin leggur grunn í þessu efni að auknum útflutningstekjum þjóðarinnar og auknum hagvexti í landinu sem skilar okkur auknum lífskjarabótum. Það skiptir ekki höfuðmáli hvort peningar eru innlendir eða erlendir.

Ég get hins vegar tekið undir með hv. þm. af því að við þurfum á aukinni erlendri fjárfestingu inn í landið að halda. Við erum því miður ekki með meira en 1% erlenda fjárfestingu af landsframleiðslu sem er mjög lágt ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir. Þess vegna vildi ég frekar að það kæmi meira inn en það þarf ekki allt saman að koma inn á sviði orkufreks iðnaðar. Það gæti komið inn á öðrum sviðum líka, við þurfum á því að halda en það skiptir ekki höfuðmáli varðandi vöxtinn í efnahagslífinu hvort þetta eru innlendir eða erlendir peningar.

[15:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Tveir hæstv. ráðherrar hafa komið með þá skoðun sína í umræðunni, í gær hæstv. utanrrh. og í dag hæstv. iðnrh., að menn eigi að vera fylgjandi málinu vegna þess að ríkisstjórnin hafi trú á því. Nú er ekki hægt að byggja afstöðu sína í þessu máli á trúnni einni saman þó að trúarhátíð sé í nánd en mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. í framhaldi af máli hans áðan þar sem hann lýsti því yfir að allir samningar kæmu inn í þingið varðandi málið. Munu þingmenn verða upplýstir um orkuverðið og hvernig það muni tengjast álverði þannig að menn geti þá tekið afstöðu til þess þar hvort verði farið út í fjárfestingu af þessu tagi þar sem menn hafa haft ákveðnar efasemdir um að þessi virkjun og allur þessi rekstur muni geta staðið undir sér? Mér finnst mikilvægt að það komi fram. Verður hægt að taka afstöðu til þess og verða þingmenn upplýstir um málið þegar það kemur inn í þingið með þessum samningum?

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er alveg hárrétt að menn hafa misjafnlega mikla trú á ríkisstjórninni og ekkert er við því að segja. Það fer dálítið eftir því hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Varðandi spurningu hv. þm. er reynslan sú, og ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, að komi til þess að menn geri

slíka samninga um byggingu orkufreks iðnaðar á Austurlandi, þurfum við að öllum líkindum að gera einhvers konar fjárfestingarsamning sem snýr að skattamálum. Við þurfum að gera einhvers konar samning um lóðamál. Við þurfum að gera einhvers konar samninga um hugsanlega byggingu álversins sem snýr beinlínis að byggingu álversins eins og hafnargerð og öðru slíku.

Reynslan er sú að allir slíkir samningar hafa komið til umfjöllunar Alþingis og það veit ég að hv. þm. man bæði frá Norðuráli og eins þegar við vorum að breyta samningunum um byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Samningurinn um orkusöluna hefur ekki og þarf ekki að koma til kasta Alþingis vegna þess að Landsvirkjun er sjálfstætt fyrirtæki sem er 50% í eigu ríkisins og í eigu annarra aðila líka þannig að Landsvirkjun ber ábyrgð á þeim samningi. (Forseti hringir.) En sá samningur var í trúnaði til umfjöllunar í iðnn. þingsins. Þar á hann að vera.

[15:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta smámisskilning. Það var ekki trúin á ríkisstjórnina sem ég var að ræða heldur trú ríkisstjórnarinnar á þetta verkefni sem er þessi virkjun og að hún muni verða arðbær sem sum okkar efumst um og jafnvel virtustu hagfræðingar. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort sá samningur um orkuverð sem til stendur að gera og er fram undan muni koma til umfjöllunar í þinginu. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra þannig að hann kæmi hingað til umfjöllunar. Ég spyr hæstv. ráðherra. Ef svo er ekki, er hann tilbúinn að láta koma til umfjöllunar þannig að þingmenn geti þá tekið afstöðu til þess hvort þessi samningur er þess eðlis að ástæða væri til þess að hafa trú á því að virkjunin muni verða arðvænleg.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi svarað þessu skýrt. Orkusölusamningurinn kemur ekki til umfjöllunar Alþingis. Hann kemur ekki til umfjöllunar í borgarstjórn Reykjavíkur og hann kemur ekki til umfjöllunar í bæjarstjórn Akureyrar. Þetta eru eigendurnir að Landsvirkjun. Landsvirkjun er sjálfstætt fyrirtæki sem ber ábyrgð á gerð samningsins á grundvelli þeirra áherslna og þeirrar stefnumótunar sem eigendur fyrirtækisins hafa lagt upp með gagnvart fyrirtækinu.

Ég hef sagt og ítreka það að ég tel eðlilegt að iðnn. Alþingis, sem mun vonandi fá þetta mál til umfjöllunar þegar það er að fullu frágengið, verði greint frá því hvað er í orkusölusamningnum eins og gert var bæði við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og byggingu álversins á Grundartanga. Eins stækkun álverksmiðjunnar hjá Ísal í Straumsvík. Þar var farið yfir alla þá útreikninga sem lágu að baki orkuverðinu og líka útreikninga erlendu aðilanna yfir því hver áhættan væri sem Landsvirkjun væri að taka.

[15:40]

Útbýting þingskjals:

Rekstrarkostnaður Húsnæðisstofnunar og Íbúðalánasjóðs, 232. mál, svar félmrh., þskj. 507.

[15:40]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Til mín hefur verið beint ýmsum spurningum varðandi skipulagsmál. Þær hafa snúið að ýmsum leyfum og hvort framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun ættu ekki að heyra undir núgildandi skipulagslög. Hér er um afar flókið mál að ræða. Ég tel rétt að það skili sér inn í umræðuna hvernig þessum málum er háttað og tel því eðlilegt að fara aðeins yfir þau mál.

Umhvrn. skoðaði þessi mál sérstaklega, þ.e. deiliskipulag og byggingarleyfið og framkvæmdarleyfi, og hvernig þessi leyfi sneru að byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Mig langar að vísa til minnisblaðs sem umhvrn. tók saman vegna þessa og sendi til hv. umhvn. Alþingis.

Þar kemur fram varðandi deiliskipulag og byggingarleyfi að í 23. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sem tóku gildi 1. jan. 1998, segir að deiliskipulag skuli gera á grundvelli aðalskipulags en engin heimild er til að byggja deiliskipulag á svæðisskipulagi.

Hvað varðar þær byggingar sem eru byggingarleyfisskyldar er ljóst að sveitarstjórn getur að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar leyft einstakar framkvæmdir sem kann að verða sótt um þótt ekki sé fyrir hendi aðalskipulag eða deiliskipulag, samanber heimild í 3. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997. Skipulagsstofnun getur bundið samþykki sitt skilyrðum en samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun veitir hún ekki meðmæli fyrir svo umfangsmiklum framkvæmdum sem fylgja virkjuninni, til að mynda íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk, verkstæði o.fl. nema unnið sé deiliskipulag fyrir svæðið. Á þetta við um allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir sem tengjast virkjuninni.

Þegar metið er hvaða byggingar séu byggingarleyfisskyldar í þessu tilviki verður það mat að eiga sér stað á grundvelli eldri byggingarlaga, þ.e. laga nr. 54/1978 og framkvæmd þeirra. Fyrir liggur að Skipulagsstofnun er ekki sammála þeirri skoðun iðn.- og viðskrn. að stöðvarhús virkjunarinnar sé hluti hennar og því ekki byggingarleyfisskylt. Þegar þessi ágreiningur kom í ljós kannaði umhvrn. sérstaklega framkvæmd laganna hvað þennan þátt snertir og niðurstaðan er sú að engin byggingarleyfi höfðu verið gefin út fyrir stöðvarhúsum vatnsaflsvirkjana sem byggðar voru á gildistíma þeirra laga. Ekki verður séð að ný skipulags- og byggingarlög hafi breytt framkvæmdinni og má í því sambandi benda á að ekki var gefið út byggingarleyfi fyrir Vatnsfellsvirkjun. Ráðuneytið er því þeirrar skoðunar eftir þessa athugun að stöðvarhúsið sé hluti virkjunar og því ekki byggingarleyfisskylt eins og ofangreind framkvæmd staðfestir. (Gripið fram í.) Það er rétt sem hér er kallað fram í að skipulagsstjóri sé annarrar skoðunar og þess vegna létum við kanna þetta sérstaklega og þetta er niðurstaða umhvrn.

Varðandi framkvæmdarleyfi hefur Skipulagsstofnun talið að þær framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun sem eru ekki byggingarleyfisskyldar séu framkvæmdaleyfisskyldar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997. Þessa skoðun byggir Skipulagsstofnun á því að skipulags- og byggingarlög sem tóku gildi þann 1. jan. 1998 eigi við um Fljótsdalsvirkjun þó að stofnunin telji í greinargerð sinni að fyrir liggi leyfi til framkvæmda sem undanþiggur virkjunina mati á umhverfisáhrifum. Þessi niðurstaða Skipulagsstofnunar um að skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, eigi við samræmist ekki þeirri meginreglu íslensks réttar um bann við afturvirkni laga, sérstaklega um íþyngjandi ákvæði eins og í þessu tilviki nema lög mæli sérstaklega fyrir um slíkt.

Hafa verður í huga að framkvæmdir við virkjunina hófust sumarið 1991 og hefur ekki verið ágreiningur um það. 3. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 1998, var settur til að ítreka að

lögin væru ekki afturvirk og til að útbúa þeim framkvæmdum sem hafnar voru á grundvelli eldri laga farveg til að afgreiðast samkvæmt þeim.

Landsvirkjun sótti á sínum tíma, eins og komið var inn á fyrr í umræðunni, um undanþágu frá skipulagi — ég ítreka það — undanþágu frá skipulagi vegna virkjunarinnar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. eldri skipulagslaga, nr. 19/1964, og fyrir liggur afgreiðsla sveitarstjórnar hvað varðar aðkomugöng virkjunarinnar. Ljóst er að virkjunin er ekki byggingarleyfisskyld framkvæmd en eldri byggingarlög kváðu á um að þótt mannvirki væru ekki byggingarleyfisskyld skyldu þau vera í samræmi við ákvæði skipulagslaga og lög um náttúruvernd.

Í eldri skipulagslögum segir að öll sveitarfélög séu skipulagsskyld og hefur ákvæðið verið skýrt á þann veg að miðhálendi Íslands hafi ekki verið skipulagsskylt, en samkvæmt eldri sveitarstjórnarlögum, þ.e. lögum nr. 8/1986, skiptist byggðin í landinu í staðbundin sveitarfélög. Eldri skipulagslög áttu því ekki við um framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun utan marka sveitarfélaga, samanber og eldri byggingarlög, en spurningar hafa m.a. snúist að þessum þætti.

Skipulagsstofnun hefur engar efasemdir um að öll leyfi séu fyrir aðkomugöngum virkjunarinnar en þá stendur eftir stöðvarhúsið sem er og var innan marka sveitarfélagsins. Það er skoðun lögfræðinga umhvrn. eftir að hafa skoðað þetta sérstaklega að Landsvirkjun hafi einungis þurft að sækja um undaþágu frá skipulagi vegna þess hluta virkjunarinnar sem var innan skipulagsskyldra marka sveitarfélagsins, þ.e. stöðvarhússins og hluta aðkomugangna.

Ráðuneytið lítur svo á að undanþága samkvæmt 2. mgr. 5. gr. eldri skipulagslaga hafi ekki verið framkvæmdaleyfi í skilningi 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, enda er hér um nýtt lagaákvæði að ræða til að tryggja að framkvæmdir sem ekki voru byggingarleyfisskyldar en höfðu áhrif á umhverfið þyrftu sérstakt leyfi sveitarstjórna, sérstakt framkvæmdaleyfi. Ef undanþága 2. mgr. 5. gr. eldri skipulagslaga hefði verið túlkuð sem leyfi til framkvæmda þá hefði ákvæði 27. gr. verið óþarft en því var skotið inn í skipulags- og byggingarlög í meðförum málsins á Alþingi. Það er rétt að ítreka hér að lögfræðingar umhvrn. telja að skipulags- og byggingarlög sem tóku gildi þann 1. janúar 1998 eigi ekki við um framkvæmdir sem voru hafnar fyrir gildistöku laganna.

Að lokum, virðulegur forseti, eftir þessa lesningu sem er afar flókin þar sem um mörg lög er að ræða sem eru hér undir, vil ég sérstaklega draga það fram að bæði Skipulagsstofnun og umhvrn. eru sammála um að Fljótsdalsvirkjun sé ekki matsskyld framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

[15:49]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér liggur við að segja að þetta hafi verið önnur skipulagstugga eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði fyrri ræðu hæstv. umhvrh. við þetta mál. Það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk hendi reiður á því í þessum sal hvað um er að ræða þegar málin eru flutt á þessum nótum þar sem stöðugt er vitnað til laga og lagagreina og ekkert er gert til að einfalda þetta flókna mál.

Hæstv. umhvrh. segir réttilega að hér sé um flókið mál að ræða. Það er svo flókið að um það stendur mikill styr og sá möguleiki er fyrir hendi að ekki verði hægt að greiða úr þessari flækju nema fyrir dómstólum, herra forseti. Það eru miklar líkur á því að þar þurfi þetta mál að enda. En ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Með hvaða rökum segir umhvrn. að ekki þurfi byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsi sem lýtur öllum lögmálum húsbyggingar? Það á að hýsa fólk að störfum. Alls kyns staðla þarf að uppfylla í öllu því sem heitir rými þar sem fólk á að haldast innan veggja og sinna sínum störfum. Það þarf að gæta að öryggiskröfum og guð veit hverju. Því spyr ég: Með hvaða rökum segir umhvrn. að ekki þurfi byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsinu? (Gripið fram í.) Já, byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsinu. Ég spyr líka og vil fá skýrt svar: Á að gera deiliskipulag á svæðinu þar sem stöðvarhúsið er, þ.e. neðra svæðinu í Fljótsdal? Á að gera deiliskipulag þar? Ég spyr sömuleiðis: Á að klára aðalskipulag eða deiliskipulag uppi á hálendinu þar sem virkjanasvæðið er? Samkvæmt mínum skilningi á þessum lögum þarf hvort tveggja, deiliskipulag fyrir neðra svæðið og efra svæðið.

Svo vil ég ítreka það, herra forseti, að það hefur alltaf þurft frekara leyfi fyrir þessari virkjun heldur en leyfi fyrir aðkomugöngum.

[15:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hárrétt að það virkar eins og hálfgerð tugga að fara yfir þessi skipulagsmál og leyfi. En það er mjög erfitt að komast hjá því að láta það virka þannig vegna þess að þetta eru mjög flókin mál og það er afar erfitt að setja þau fram á mjög einfaldan hátt. Því miður er það þannig.

Skjalið sem ég las hér upp var samið í byrjun desember og var sent til umhvn. þar sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir situr þannig að ég vænti þess að hv. þm. og aðrir þingmenn í umhvn. hafi getað skoðað það. Það er búið að liggja í möppum þeirra síðan í byrjun desember. Ég veit að það er mjög erfitt að skilja þetta svona spontant hér í salnum. Það er ekki hægt að ætlast til þess.

Það má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. að greiða þurfi úr þessum skipulagsmálum fyrir dómstólum ef einhver telur að það sé leiðin. Það er opið fyrir hvern sem er að fara með það fyrir dómstóla.

Varðandi meginspurningu hv. þm. sem mér heyrðist vera um það hvers vegna ekki þurfti byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsið, þá kom ég einmitt inn á það áðan í máli mínu að það er vegna þess að stöðvarhúsið er hluti af virkjun. (Gripið fram í.) Það er rétt. Skipulagsstjóri telur að svo sé ekki. En það telja (**Gripið fram í:** Með hvaða rökum?) lögfræðingar umhvrn. með þeim rökum að þetta var kannað sérstaklega, framkvæmdin hvað þennan þátt snerti, og niðurstaðan var sú að engin byggingarleyfi höfðu verið gefin út fyrir stöðvarhúsum vatnsaflsvirkjana sem byggðar voru á gildistíma laganna. Ekki var séð að ný skipulags- og byggingarlög hefðu breytt þessari framkvæmd og var vísað til þess að ekki hafði verið gefið út byggingarleyfi fyrir vatnsaflsvirkjunum þannig að það er niðurstaða umhvrn. að stöðvarhúsið sé ekki byggingarleyfisskylt.

[15:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta hæpin rök því til eru ákveðnir staðlar um allar húsbyggingar sem eiga að hýsa fólk og það er röksemdin sem skipulagsstjóri færir fyrir því að stöðvarhúsið sé byggingarleyfisskylt.

Ég spurði sömuleiðis hæstv. umhvrh. hvort gera ætti deiliskipulag af neðra svæðinu og hvort það ætti að gera deiliskipulag af efra svæðinu. Samkvæmt mínum skilningi laganna þarf það af báðum svæðunum.

Varðandi skjalið sem hæstv. umhvrh. segir réttilega að umhvn. hafi fengið, þá er það hárrétt að það er búið að vera í okkar möppum og það er búið að paullesa það. Það er hins vegar ekki auðskilið og þetta plagg kom svo seint að það var aldrei til umfjöllunar á fundi hv. umhvn.

En eftir að hafa skoðað þetta plagg mjög vel þá er ljóst að orð standa gegn orði. Túlkun umhvrn. er önnur en túlkun Skipulagsstofnunar á þessum málum í mörgu tilliti og ég vil halda því fram að túlkun skipulagsstjóra sé skýr, opin og auðskiljanleg. Hún kemur líka fram í plöggum sem hv. umhvn. hefur haft til umfjöllunar og ég vil halda því fram að virkjunarleyfið frá 1991 sem allur þessi stóri styr stendur um, sem allt þetta mál er reist á að meira eða minna leyti, hafi aldrei verið að fullu gilt vegna þess að alltaf hafi skort hluta af framkvæmdaleyfunum og það sannar greinargerð hæstv. iðnrh. sem fylgir þessari þáltill. þar sem hann staðfestir á bls. 9 að leyfi frá Fljótsdalshreppi hafi aldrei verið til staðar. Það er ekki til staðar enn. Þetta virkjunarleyfi frá 1991 hefur þar af leiðandi aldrei verið gilt, herra forseti.

[15:55]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er spurt hvort það eigi að deiliskipuleggja gagnvart þessum byggingum og þessari virkjun. Því er til að svara að það er sveitarfélagið sem deiliskipuleggur og ég er ekki neinni stöðu til að svara fyrir sveitarfélagið. En við höfum samt skoðað þetta í umhvrn. og samkvæmt lögum þarf ekki að deiliskipuleggja á virkjunarsvæðinu, þ.e. svæðinu sem var utan sveitarfélaga á sínum tíma. Það þarf ekki að deiliskipuleggja gagnvart stöðvarhúsinu þar sem það er hluti af virkjun. Önnur hús sem tengjast virkjuninni eins og mötuneyti, verkstæði og hugsanlega fleiri hús, þurfa hins vegar byggingarleyfi og þar af leiðandi að byggjast á skipulagi. En sveitarstjórn getur sótt um undanþágu frá skipulagi til að reisa byggingar sem eru byggingarleyfisskyldar, þ.e. leyfi til einstakra framkvæmda, þannig að sveitarfélagið gæti sótt um undanþágu. Þeir gerðu það reyndar fyrir aðkomugöngin og það var afgreitt. En þeir gætu sótt um undanþágu vegna annarra húsa, verkstæðis og mötuleytis, sótt um leyfi til einstakra framkvæmda sem byggist á 3. tölulið ákvæðis til bráðabirgða skipulagslaga. Þau gætu beðið um undanþágu frá skipulagi þar sem ekki er fyrir hendi aðal- eða deiliskipulag.

Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun þarf hún að gefa umsögn og hún mun að öllum líkindum ekki gefa jákvæða umsögn um slíkt þannig að ef þetta fer í það ferli þyrfti sveitarfélag að deiliskipuleggja gagnvart þessum öðrum húsum sem eru í byggðinni. Það er mál sem ég býst við að komi upp þegar þessi önnur hús svokölluð verða byggð, þ.e. mötuneyti, verkstæði o.fl. Menn munu þá fara í að deiliskipuleggja það svæði.

[15:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé algjörlega ótækt að umræðunni ljúki án þess að skipulagsþáttur málsins og staða sveitarfélagsins Fljótsdalshrepps komist betur á hreint en hingað til hefur verið.

Herra forseti. Mér virðist því miður vera í gangi hérna mjög ljótur leikur. Nú er það sannað og ekki umdeilt að einasta leyfið sem sveitarfélagið fyrir sitt leyti hefur gefið er fyrir aðkomugöngunum þannig að það hlýtur að teljast mjög langsótt að ætla á grundvelli þess í raun og veru að klippa það frá hvað varðar frekari leyfisveitingar í málinu og beita svo þeirri lagatúlkun í andstöðu við álit skipulagsstjóra að ekki þurfi sérstakt leyfi og deiliskipulag fyrir stöðvarhúsi og frekari byggingarframkvæmdum sem tengjast virkjuninni.

Hvers vegna var þá Landsvirkjun í fyrsta lagi á árunum 1990–1992 að skrifa eftir frekari leyfum? Hvers vegna var bréfi frá lögfræðingi Fljótsdalshrepps 1993 ekki svarað? Telur hæstv. umhvrh. að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir án þess að deiluskipulag fari fram fyrir svæðið? Já eða nei. Nú liggur fyrir samkvæmt orðum hæstv. umhvrh. áðan að skipulagsstjóri mun ekki fallast á að sveitarfélagið heimili framkvæmdina á grundvelli þess sem var ákvæði í 2. mgr. 5. gr. eldri laga þegar um svona miklar framkvæmdir er að ræða, heldur krefjast deiliskipulags. Er með þessari lagatúlkun og með því að umhvrn. virðist þarna vera að taka afstöðu með iðnrn. en móti skipulagsstjóra verið að reyna að komast hjá því að láta lögin gilda að þessu leyti og sleppa í gegnum þetta mál út á samþykki aðkomuganganna einna? Ef svo er, herra forseti, er þar í gangi ljótur leikur og ég held að hæstv. umhvrh. verði að gera betri grein fyrir stöðu þessa máls.

[16:00]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef reynt að gera þessum málum greinargóð skil í umræðunum en ég viðurkenni að þau eru ansi flókin og hægt að gleyma sér í þeim útskýringum.

Ég er spurð að því af hverju bréfum hafi ekki verið svarað. Ég skal ekkert segja um það af hverju bréfum var ekki svarað. Aðrir verða að svara því sem áttu að svara bréfum sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon dró hér inn. Ég er spurð að því hvort hægt sé að fara út í þessar framkvæmdir án deiliskipulags. Ég var að reyna að draga það fram að samkvæmt lögum er það hægt.

Ég sagði í fyrra andsvari við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að gagnvart virkjuninni eða stíflusvæðinu þyrfti ekki deiliskipulag. Gagnvart stöðvarhúsinu, sem er hluti af virkjuninni, þarf heldur ekki deiliskipulag. Gagnvart öðrum húsum, sem tengjast virkjunni, þ.e. mötuneyti, verkstæði og öðrum slíkum húsum þarf ekki samkvæmt lögum deiliskipulag. Fyrir byggingar, sem eru byggingarleyfisskyldar, getur sveitarstjórn eftir meðmæli frá Skipulagsstofnun sótt um undanþágu frá skipulagi, leyfi til einstakra framkvæmda byggða á 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum þar sem ekki er fyrir hendi deiliskipulag. Það hefur hins vegar komið fram að Skipulagsstofnun sem á að gefa umsögn um slíka beiðni mun vilja fá deiliskipulag af svæðinu þar sem þessi önnur hús eiga að rísa.

Reyndar er hægt gagnvart þeirri umsögn Skipulagsstofnunar að kæra hana til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. (Forseti hringir.) Þetta eru, virðulegi forseti, afar flókin mál en ég hef reynt að gera grein fyrir þeim í þessum ræðum.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þessi mál þurfi ekkert að vera óskaplega flókin. Ég held að þau gætu gerst afar einföld ef hæstv. umhvrh. stæði með Skipulagsstofnun og tæki af skarið hvað það varðar að það skuli gera deiliskipulag af svæðinu. Ekki þarf frekari rök til en þau sem komu í reynd fram í máli hæstv. ráðherra áðan að skipulagsstjóri leyfir ekki framkvæmdir af þessari stærðargráðu á grundvelli undanþáguákvæðisins sem áður var 2. mgr. 5. gr. eldri skipulags- og byggingarlaga heldur fer fram á að gert sé deiliskipulag.

Ég sé ekki annað en hæstv. ráðherra væri í lófa lagið að eyða a.m.k. þessari óvissu og standa með embættinu að þessu leyti og þar með væri óvissan úr sögunni.

Auðvitað er það þannig, herra forseti, að menn gerast ærið tortryggnir þegar ljóst er hvernig málsaðilar, Landsvirkjun og stjórnvöld, leita stanslaust að lagasmugum til að komast því að uppfylla gildandi lög í landinu. Það er gert með því að hafna öllum öðrum kostum hvað varðar tilhögun Fljótsdalsvirkjunar enda yrði þá óumdeilanlega um matsskyldar framkvæmdir að ræða og nú virðist það einnig eiga að gerast með lagatúlkunum og með því að fara sikk sakk og svig í gegnum skipulags- og byggingarlög og túlka þau að hluta til í andstöðu við embætti skipulagsstjóra sem fer með framkvæmdina þannig að framkvæmdaraðilinn komist jafnvel hjá því að leita frekar til sveitarfélagsins.

Það er algert hneyksli, herra forseti, ef nú á að snúa við blaðinu og hunsa sveitarfélagið sem fyrirhugaðir framkvæmdaraðilar áður stóðu í áralöngum bréfaskriftum við til að sækja eftir frekari leyfum. Hvað hefur breyst? Ekkert annað en það að hugsunarhátturinn er núna orðinn sá að *hunsa allt sem hægt er að hunsa í þessum efnum og stytta sér alls staðar leið.*

[16:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kallar eftir því að óvissu sé eytt. Í hugum okkar sem stöndum að þessu máli er engin óvissa og ekki heldur í hugum lögfræðinga umhvrn. Þetta var skoðað sérstaklega og sú *skoðun leiddi til þess að ráðuneytið telur að Landsvirkjun* hafi á sínum tíma einungis þurft að sækja um undanþágu frá skipulagi vegna þess hluta virkjunarinnar sem var innan skipulagsskyldra marka sveitarfélagsins, þ.e. í byggðinni. Það er stöðvarhúsið og hluti aðkomuganganna sem er innan skipulagsskyldra marka sveitarfélagsins þannig að hér er engin sérstök óvissa. Hægt er að fara í þessa framkvæmd án deiliskipulags. (**SJS:** Án frekari leyfa frá sveitarfélaginu?) Hins vegar, virðulegi þm., ég er að reyna að svara þér í andsvari, hins vegar hefur það komið fram að Skipulagsstofnun sem veita þarf umsögn um þá beiðni að fá undanþágu frá skipulagi og þá á ég við á skipulagsskyldu svæði, ekki uppi á hálendinu heldur í byggðinni, mun að öllum líkindum ekki veita jákvæða umsögn gagnvart slíkri beiðni. Þá þarf Fljótsdalshreppur í þessu tilviki að fara í deiliskipulag varðandi þetta svæði eða kæra þessa umsögn skipulagsstjóra til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála.

[16:07]

Útbýting þingskjala:

Byggðastofnun, 224. mál, brtt. SJS, þskj. 515.

Flugmálaáætlun 2000–2003, 299. mál, skýrsla samgrh., þskj. 516.

[16:07]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið löng umræða og ströng og menn hafa fært rök fyrir máli sínu, bæði þeir sem eru fylgjandi tillögunni og þeir sem eru henni andvígir.

Ég ætla ekki að flytja langa ræðu, virðulegi forseti, en ég vil segja það í upphafi máls míns að ég hef alla tíð verið mjög efins um að sú tillaga sem liggur fyrir þinginu sé þingtæk. Í raun og veru hefur hún ekkert annað efni en það að Alþingi álykti að varðandi framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun skuli farið að öllum lögum að undanskildum lögum um umhverfismat. Það er í raun og veru efni tillögunnar og er mjög merkilegt að hingað inn á Alþingi komi tillaga með þessu efni. Ég held að það sé mjög merkilegt og ég hugsa, virðulegi forseti, að það sé einsdæmi að það gerist að hæstv. ríkisstjórn komi hingað inn með þáltill. þess efnis að farið skuli að öllum lögum um tiltekna framkvæmd að einum undanskildum.

Ég held að þetta sé mjög alvarlegt, virðulegi forseti, og sýnir okkur kannski að mörgu leyti á hvaða vegferð menn eru með þetta mál. Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að hugmyndir um nýtingu á náttúrunni og umgengni við hana hafa breyst til mikilla muna og hugmyndir sem eru uppi í dag voru allt aðrar þó ekki væri nema fyrir átta árum. Það er alveg fráleitt að við séum að horfa upp á að menn séu að leita leiða í þessu máli til að komast hjá því að fara eftir réttum leikreglum.

Það er einfaldlega þannig að ef við förum ekki að þeim leikreglum sem okkur eru settar í samfélaginu er lýðræðinu hætta búin. Ég lít það mjög alvarlegum augum að við skulum vera að ræða tillögu í þessu formi sem hefur með það eitt efni að gera að ekki sé farið eftir þeim reglum sem við höfum sett okkur fyrir löngu.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að við sem mörg erum fylgjandi því að virkjað sé þar sem það er hagkvæmt og við mörg sem erum fylgjandi því að farið sé í stóriðju þar sem það er hagkvæmt og hægt að fá menn til þess að byggja hana upp getum ekki á grundvelli þess að ekki sé farið eftir réttum leikreglum í samfélagi okkar stutt þetta mál. Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin hefur sett þetta mál í slíkt uppnám að hún hefur gert það að verkum að mjög margir sem ella hefðu stutt málið geta ekki stutt það. Það er þannig sem hún hefur sett þetta mál upp og því miður, virðulegi forseti, óttast ég að þegar umræðunni hér lýkur sé langt í frá að umræðum um þetta mál sé lokið. Það stafar einfaldlega af því að ríkisstjórnin hefur lagt upp í þá vegferð sem við ræðum á hinu háa Alþingi, virðulegi forseti.

[16:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ef maður gerir tilraun til þess undir lok umræðunnar, a.m.k. er það fyrir mitt leyti, að draga saman aðalatriði þessa máls, þá gætu þau komið mér fyrir sjónir með eftirfarandi hætti.

Þetta mál var frá upphafi lagt upp á flokkspólitískum forsendum af hálfu Framsfl. Það var hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson, ekki iðnrn. eins og eðlilegt hefði mátt telja, sem flutti mönnum fagnaðarboðskapinn um að nú skyldi ráðist í byggingu álvers á Reyðarfirði. Hæstv. iðn.- og viðskrh., Finnur Ingólfsson, hefur keyrt málið áfram af óvenjulegri hörku og sérstakir trúnaðarmenn hans á ýmsum stöðum í stjórnkerfinu, í iðnrn., í Þjóðhagsstofnun og í Landsbanka hafa á vígstöðum sínum sömuleiðis knúið málið áfram. Það er því þannig að íslenska stjórnkerfið er allt meira og minna þvælt inn í málið og leitun að aðilum sem hafa þá óháðu stöðu eða þá hlutlægu sýn á málið að þaðan sé að vænta einhverrar gagnrýnnar eða hlutlausrar skoðunar eða umfjöllunar um málið.

Í öðru lagi, herra forseti, lítur það þannig út, því miður, að hæstv. umhvrh. hafi orðið að gjalda ráðherradóm sinn býsna dýru verði og vonir manna um að þar yrði staðið í ístaðinu og náttúran ætti sér þar málsvara og skjöld hafa ekki gengið eftir. Þvert á móti hafa ýmis ummæli hæstv. ráðherra og framganga að ýmsu leyti valdið miklum vonbrigðum. Það

bætist við þá staðreynd, að ég hygg að ég megi segja, að umhvrn. á Íslandi er mjög veikt og hefur því miður aldrei náð þeirri sterku stöðu sem umhvrn. í sumum nálægum löndum hafa fyrir löngu gert.

Í þriðja lagi, herra forseti, blasir það við að engar alvörutilraunir hafa verið gerðar af hálfu stjórnvalda til að leita sátta eða finna málamiðlunarkosti í stöðunni. Engar athuganir hafa fengist á öðrum mögulegum virkjunarkostum. Menn hafa borið við heimatilbúinni tímanauð þannig að ekki væri unnt að fara út í frekari rannsóknir og mat á umhverfisáhrifum og fleira mætti þar til telja. Öllum mögulegum brögðum hvað varðar lögskýringar og túlkanir hefur verið beitt til þess að fara fram hjá núgildandi lögum sem mestu varða í þessum efnum, þ.e. að sjálfsögðu í fyrsta lagi lögunum um mat á umhverfisáhrifum og einnig skipulags- og byggingarlögum eins og við heyrðum m.a. áðan.

Er það ekki, herra forseti, býsna dapurleg vígstaða og framganga hjá einni ríkisstjórn og meiri hluta á Alþingi, löggjafarsamkomu þjóðarinnar, að velja sér þá stöðu í hverju málinu á fætur öðru, hverjum efnisþættinum á fætur öðrum, að leitað er þeirra leiða sem undanskilja menn að þeirra mati eða koma þeim hjá því að þeirra mati að uppfylla ákvæði gildandi laga? Engin minnsta deila er um það að fengju núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum án sérstakra undanþága að gilda aftur í tímann og fengju núgildandi lög um skipulags- og byggingarmál frá 1997 að gilda, þá væri allt önnur staða uppi í málinu. Þá væri bæði matsferli og skipulagsferli með kynningaraðdraganda til staðar sem gerði bæði heimamönnum og öllum almenningi kleift að komast að þessu máli með allt öðrum hætti en á að leyfa með þessari málsmeðferð. Hér er sannarlega, herra forseti, verið að leita að smugum til þess að komast fram hjá gildandi lögum og það þó sum þeirra séu orðin sex ára gömul. Svona langt aftur í tímann fara menn til þess að reyna að skjóta þessum framkvæmdum fram hjá slíkum hlutum.

Í fjórða lagi hefur komið fram, herra forseti, að tímanauðin sem menn hafa borið fyrir sig í málinu er heimatilbúin. Stjórnvöld kjósa eða meiri hluti þeirra á Alþingi kýs að láta ekki reyna á það, leyfa því ekki að koma í ljós, t.d. með því að kalla fyrir fyrirtækið Norsk Hydro, hvort menn gætu jafnvel náð samkomulagi um að taka þann tíma inn í ferlið sem þarf fyrir lögformlegt mat á umhverfisáhrifum og haga málum jafnvel þannig að af því þyrfti ekki að hljótast nema tiltölulega takmörkuð töf miðað við það sem er enn uppi í þessu máli, hvað þá ef menn hefðu fyrr tekið þá skynsamlegu ákvörðun.

Í fimmta lagi, herra forseti, blasir við að málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar er afar sérkennilegur. Ég spái því að í þingsögunni eigi þessi tillaga hæstv. iðnrh. eftir að þykja söguleg af því að hún er næsta einstæð eins og ég hef nokkrum sinnum áður, herra forseti, við fyrri umræðu málsins og einnig í fyrri ræðu minni vakið athygli á. Þessi mjög svo sérstaka stuðningsyfirlýsing Alþingis við atburði úti í bæ er afar óvenjuleg í þingsögunni og skýrist af þeirri furðulegu stöðu, sem er uppi, að annars vegar segir ríkisstjórnin og Landsvirkjun: Við höfum allar heimildir sem við þurfum, getum farið áfram, þurfum ekkert að tala við Alþingi, en hins vegar leggja menn tillöguna fyrir þar sem þeir óska eftir sérstakri uppáskrift eða stimplun Alþingis á því að þeir megi halda áfram því sem þeir segjast geta gert hvort sem er. Er nema von, herra forseti, að ýmsum gangi erfiðlega að skilja þetta?

Þegar ég hef verið að ræða þetta við gesti og gangandi, fólk á förnum vegi, þá hafa menn átt mjög erfitt með að botna í því að eðli tillögunnar sem hér er til umfjöllunar sé ekki með einhverjum hætti afdráttarlaus heimild eða lögformlegur grundvöllur þessara framkvæmda. Nei, það er ekki. Þetta er stuðningsyfirlýsing. Við stöndum með ykkur. Það sem meiri hlutinn ætlar að segja á Alþingi ef við samþykkjum þessa tillögu er: Við stöndum með ykkur, við Friðrik Sophusson og kó. Haldið áfram, við stöndum með ykkur. Það er óvenjuleg afgreiðsla á Alþingi, á löggjafarsamkomunni og spurning hverjum verður sýnd samstaða næst með þessum hætti. Verður þetta kannski að venju í þingsögunni að menn flytja svona tillögur um stuðningsyfirlýsingar við menn eða málefni af þessu tagi úti á örkinni?

Í sjötta lagi, herra forseti, er alveg ljóst, og það hefur þó umfjöllun þingsins að verulegu leyti hjálpað til við að upplýsa þannig að það er langt frá því að það hafi verið í tilgangsleysi sem þessi umræða og þessi skoðun hefur farið fram, að í mörgum og vel rökstuddum ræðum hefur verið sýnt fram á hversu stórlega ábótavant öllum undirbúningi málsins er farið. Skýrsla Landsvirkjunar er mjög litað plagg eins og mátti í raun og veru búast við. Ég fullyrði að hefði það verið frummatsskýrsla, sem hefði átt eftir að fara í gegnum alla þá gagnrýnu skoðun sem slíkt ferli býður upp á, hefði hún verið öðruvísi úr garði gerð. Svo einfeldningslega hefði Landsvirkjun ekki lagt upp málin eins og gert er í þessari skýrslu ef það hefði verið eiginleg frummatsskýrsla eða því trúi ég varla því að það er allt of auðvelt verk að taka hana í sundur.

Tugir vel rökstuddra athugasemda hafa verið gerðir við ýmis gögn frá Landsvirkjun án þess að viðhlítandi skýringar eða svör hafi fengist.

Í sjöunda lagi, herra forseti, er mikil lagaóvissa undirorpin í þessu máli. Málaferli eru þegar farin af stað og fleiri kunna að vera í farvatninu vegna þessa sem hlýtur að teljast eðlilegt í umdeildu máli af þessu tagi þegar jafnrík óvissa er um fjölmargar lagalegar forsendur málsins. Það snýr að hinu margfræga ákv. til brb. II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Það snýr að því að aldrei hefur nema hluti af þeim leyfum, sem þurfa sannanlega að liggja fyrir áður en svona framkvæmd getur hafist, verið gefin út. Margir lögfræðingar telja að í raun og veru hafi virkjunarleyfið þar með aldrei orðið virkt vegna þess að ýmsar aðrar lögformlegar forsendur vantaði fyrir framkvæmdunum. Það snýr að fullnægjandi forsendum hvað varðar skipulagshlið mála og ég held að það sé alveg augjóst að þær forsendur eru ekki fyrir hendi og það snýr síðast en ekki síst að ýmiss konar óvissu sem varðar nýtilkomnar þjóðréttarlegar skuldbindingar okkar. Þar má nefna varúðarregluna samkvæmt samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika og þar má nefna tilskipanir Evrópusambandsins á þessu sviði og vísað til nýgengins hæstaréttardóms sem markar viss tímamót í þeim efnum hvað varðar ábyrgð íslenskra stjórnvalda á því að taka slíkar tilskipanir upp í réttinn.

Í áttunda lagi, herra forseti, eru þjóðhagslegar forsendur málsins allar í uppnámi. Margir hagfræðingar úr ólíkum áttum hafa undanfarna daga og undanfarnar vikur birt útreikninga sem hníga allir í sömu átt, allir sýna þeir tap á virkjuninni og sumir þeirra stórfellt tap þannig að nemur jafnvel tugum milljarða. Landsvirkjun mótmælir að sönnu en alltaf með sömu rökum. Menn gefa sér ekki réttar forsendur og búið.

Síðan verð ég að segja, herra forseti, og ég skýt því inn í að þvert ofan í umræður á Alþingi, t.d. við afgreiðslu fjárlaga um ofhitnun í hagkerfinu og þensluhættu, kemur hæstv. iðnrh. með þá sérkennilegu hagfræðikenningu að í raun skapist umsvifalaust jafnvægisleysi í íslenskum þjóðarbúskap nema jafnóðum sé dælt inn í hagkerfið milljarðatugafjárfestingum vegna stóriðju, þá er það sem hæstv. iðnrh. var að segja áðan að ef ekki koma jöfnum höndum inn í hagkerfið milljarðatugir vegna stóriðjufjárfestinga verði hér atvinnuleysi og dauði og djöfull. Hæstv. iðnrh. sér þetta með öðrum orðum þannig fyrir sér að eina aðferðin, eina ráðið til þess að halda efnahagslífinu á Íslandi á floti, sé að ein til tvær stóriðjuframkvæmdir séu í gangi á hverjum tíma. Þannig verði þetta bara að rúlla. Hvað á svo að taka við af þessu? mætti spyrja hæstv. iðnrh.

Í níunda lagi hefur byggðaþáttur málsins, herra forseti, verið gerður mjög að umtalsefni. Þar gætir mikillar tilhneigingar til oftúlkana svo vægt sé til orða tekið. Meira og minna allur sá málatilbúnaður, herra forseti, er því miður á mjög veikum grunni. Auðvitað er fráleitt að stjórnvöld, sem bera sjálf ábyrgð á framkvæmd byggðamála í landinu og hafa gert um árabil, geti með þessu máli keypt sér fjarvistarsönnun frá hinum almenna atvinnu- og byggðavanda í landinu. Það er fráleitt að reyna að stilla hlutum þannig upp og það sjá allir landsmenn að svo er það auðvitað ekki.

Meðferð málsins í þinginu, herra forseti, er svo í tíunda lagi stórlega ábótavant. Aftur og aftur hefur orðið að deiluefni hér hvernig meiri hlutinn hefur beitt valdi sínu og hafnað rökstuddum og hefðbundnum óskum, t.d. um að gestir kæmu fyrir þingnefndir. Það er ljótur blettur á meðferð málsins í þinginu því að þrátt fyrir deilumál og átök á undangengnum árum, sem ræðumaður hefur t.d. tekið þátt í býsna mörgum, enda ekki alveg nýr af nálinni hér eins og einhver sagði áðan, þá minnist ég þess varla að menn hafi ekki getað orðið sammála um þann hluta málsmeðferðar að rétt væri að öll sjónarmið fengju að koma fram og ættu jafngreiðan aðgang að t.d. þingnefndum.

Ég get borið um það af áratugar löngu starfi í efh.- og viðskn. þar sem mörg af stærstu ágreiningsmálum á sviði efnahagsmála og skatta hafa verið til umfjöllunar undanfarin ár að aldrei minnist ég þess úr starfi þeirrar nefndar að núv. eða fyrrv. formenn í þeirri tíð sem ég man þá, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, hv. þm. Halldór Ásgrímsson og hv. þm. Matthías Bjarnason, hafi í eitt einasta skipti hafnað því svo fremi sem forsendur væru fyrir hendi að gestur væri kallaður fyrir nefndina. Ég ber ábyrgð á því, herra forseti, að hafa kallað þá býsna marga fyrir í gegnum tíðina. Ég fullyrði að á hverja einustu ósk mína um slíkt hefur verið fallist nema þá menn yrðu sammála um að ekki væru tæknilegar forsendur til þess að fá einhverja gesti til fundar. Þetta er, herra forseti, ljótur blettur á hinni svo kölluðu þinglegu meðferð málsins og talar í raun og veru fyrir sig. Ekki þarf frekar vitnanna við. Úti í þjóðfélaginu skilja menn að sjálfsögðu ekkert í því ekki sé hægt að verða við svo sjálfsögðum og réttmætum óskum eins og þeim að kalla fyrir aðra hvora þingnefndina sem hafa haft þetta mál til umfjöllunar vikum saman, einhvern fulltrúa frá hinu erlenda stórfyrirtæki sem á að vera samkvæmt yfirlýsingu stjórnvalda sjálfra grundvöllur sjálfs málsins því það er sagt við okkur: Ef Norsk Hydro bakkar út, þá er málið búið að vera. Dettur þá einhverjum í hug að halda fram eða bera við aðildarskorti eins og sagt væri fyrir dómstólunum? Er hægt að bera við aðildarskorti Norsk Hydro að málinu? Nei, ég held varla. Þá er það ekki sá grundvöllur málsins sem menn í hinu orðinu vilja vera láta.

Í ellefta lagi, herra forseti, vil ég nefna að gætt hefur sorglegrar tilhneigingar til þess að berja niður, gera ótrúverðug eða jafnvel nánast gera mannorðsárás á aðila sem hafa með einhverjum hætti með orðum sínum, gjörðum eða embættisathöfnum sagt eða gert eða staðið fyrir einhverju sem hefur reynst stjórnvöldum óþægilegt. Mér finnst, herra forseti, langt síðan jafnmikill hrollur hefur farið um mann gagnvart því viðhorfi sem mér finnst glitta hér í og gildir þá einu hvort verið er að naga æruna af skipulagsstjóra eða norska sendiherranum á Íslandi. Það er heldur ógeðfellt, herra forseti, þegar stjórnvöld, sem eiga sjálf að standa að breyttu breytanda frekar á bak við starfsmenn sína, bregðast þannig við að gera þá að blóraböggli og sökudólgum og reyna að rýra orðstír þeirra og veikja stöðu embætta þeirra sem þeir fara með að lögum og í umboði löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það er líka, herra forseti, heldur dapurlegur angi málsins sem við höfum fengið að upplifa á undanförnum sólarhringum.

Í tólfta lagi, herra forseti, vil ég nefna að Alþingi sjálft verður að líta í eigin barm og spyrja sig að því: Er sú málsmeðferð sem hér hefur farið fram okkur samboðin? Er það, herra forseti, þannig sem við viljum hafa það að endurflutt þáltill. um að Alþingi taki af skarið um það grundvallaratriði hvort fara skuli fram lögformlegt mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar, endurtekin tillaga, búin að fara út til umsagnar á fyrri þingum, búin að vera unnin í nefnd, flutt sem eitt fyrsta þingmál þessa þings, liggur afvelta inni í umhvn., búin að vera þar í tvo og hálfan mánuð? Með því er í reynd verið að koma í veg fyrir að Alþingi taki fyrst efnislega afstöðu til þess grundvallaratriðis. Það er ekki lýðræðislegt, herra forseti. Ef menn telja sig vera vissa um að fyrir því sé ekki stuðningur á að leyfa því að koma í ljós í atkvæðagreiðslu í salnum og það á að fella þá tillögu og þá bera menn auðvitað ábyrgð á því. En að skjóta sér undan því og koma í veg fyrir það í máli af þessu tagi, sem þarf að taka afstöðu til núna, hvorki fyrr né síðar, er ekki gott, herra forseti, og ég fullyrði að þannig mundu menn ekki standa að hlutunum í nágrannaþjóðþingunum. Það er alveg augljóst mál.

Hver á að vera vilji okkar, herra forseti, varðandi skipulag þingstarfanna? Hver er frumskylda okkar allra sem berum einhverja ábyrgð þar á? Hún er sú að vilji þingsins fái að birtast og þannig er það í öllu lýðræði, þannig er það á öllum fundum og öllum samkomum sem hafa ákvarðanatökuvald að ríkasta skylda manna er að standa þannig að málum að vilji manna fái jafnan að birtast og reyna ekki að beita fundatæknilegum brögðum eða klækjum af öðru tagi til þess að koma í veg fyrir það.

Ræðumaður starfar í Norðurlandaráði og hefur gert um nokkurra ára bil og er ánægjulegt að upplifa þá sterku hefð sprottna — ég verð því miður að segja meira upp úr hinum norrænu þjóðþingunum heldur en hinu íslenska að haga fundarstjórn og vinnu og skipulagningu jafnan þannig að vilji samkomunnar fái á hverjum tíma að birtast sem allra skýrast. Þetta get ég ágætlega borið um, herra forseti, eftir að hafa verið stundum í nokkrum minni hluta á vettvangi Norðurlandaráðs, t.d. með sjónarmið mín í utanríkismálum. En hinu hef ég ævinlega geta treyst að sjónarmið mín fengju að koma þar fram og þau fengju að ganga til atkvæða. Þar leggja menn sig fram um að bera tillögur upp, t.d. hverja á

móti annarri ef um gagnstæð sjónarmið er að ræða þannig að þær fái ævinlega báðar sína mælingu í salnum hjá samkomunni. Hér vantar mikið upp á, herra forseti, að svo sé. Hefði ekki í raun og veru verið sterkast fyrir lýðræðið að þessir tveir meginkostir hefðu fengið að birtast gagnstæðir hvor öðrum þannig að menn hefðu stuðlað að því að hér yrði tekin grundvallarákvörðun og valið milli tveggja meginkosta sem í boði eru, þ.e. að framkvæmdirnar hefjist án þess að farið sé í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum eða þær hefjist í öllu falli ekki fyrr en að því undangengnu? Þetta eru tveir meginkostir í stöðunni. Það er augljóst mál, herra forseti, að í grunninn snýst þetta um að gera fyrst upp þennan hlut hér. Svo geta menn rætt um framhaldið og haft sínar tilfinningar og afstöðu til þess.

Því miður, herra forseti, virðast mál vera að skipast þannig — og ég tel því miður á ábyrgð ríkisstjórnarinnar — að þetta verður ekki á þann veginn eða ekki með þeim skýra hætti sem átt hefði að vera með því að afgreiða tillögu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs út og hafa hana hér jafnframt til umræðu og standa síðan einhvern veginn að því að þessar tillögur yrðu samferða til að sjónarmiðum væri ekki mismunað með því móti sem hér er gert. Auðvitað geta menn sagt að meiri hlutinn beri ábyrgð á þessu og verði að axla sín pólitísku skinn í þessu sambandi og það er að sjálfsögðu þannig en út frá grundvallarlýðræðislegum prinsippum, herra forseti, lítur þetta ekki vel út og þetta er ekki gott.

Herra forseti. Í þrettánda lagi vill svo vel til sem ekki lá ljóst fyrir á sumri og fram á haust að þær tilraunir hafa verið afhjúpaðar til að reyna að koma þessari ákvörðun í gegn í heild sinni sem slíkri að hún snúist aðeins um 120 þús. tonna álver. Svo vel vill til að framkvæmdaraðilar álvers á Reyðarfirði sóttu um mat á umhverfisáhrifum fyrir 480 þúsund tonna álver. Það er þrisvar sinnum stærra álver en álverið í Straumsvík. Það yrði stærsta álver í Evrópu og eitt af stærstu álverum í heiminum og það kæmi til með að taka fullbyggt við sjálfsagt um 20–30% af ónýttri raforku landsmanna miðað við þær hugmyndir sem menn hafa nú um nauðsynlega afskrift á orkupottinum út frá umhverfissjónarmiðum. Því er ekki í lítið ráðist, herra forseti. Hér er stór ákvörðun á ferðinni, stærsta fjárfesting í sögu lýðveldisins og langstærsta einstaka ákvörðun hvað varðar ráðstöfun auðlinda af þessu tagi.

Getur það þá gengið, herra forseti, að menn leggi upp í það ferðalag án þess að sjá það fyrir í heild sinni fyrst og skoða áhrifin af því í fullri stærð? Veikir það ekki enn til mikilla muna málflutningsástæður hæstv. ríkisstjórnar að ætla að skjóta þessu máli fram hjá umhverfismati og fram hjá skipulags- og byggingarlögum, að í sjónmáli eru slíkir viðbótaráfangar í stækkun iðjuversins? Jú, auðvitað. Menn segja að vísu: Framhaldið yrði matsskylt, og engum dettur í hug að halda öðru fram. En við vitum öll inn í hvaða samhengi þá er komið. Hver verður t.d. staða þeirra sem nú eru að andæfa við málinu ef menn snúa við blaðinu eftir að hafa byggt stífluna í þá hæð sem nú er talað um og segja eftir eitt til tvö ár: Það er svo bráðhagkvæmt að hækka hana og þá fáum við viðbót og það er hvort sem er búið að sökkva Eyjabökkunum. Er þá ekki bara best að drífa því? Er ekki hætt við að varnirnar verði litlar, herra forseti? Svarið er jú.

En af hverju koma menn þá ekki hreint til dyranna og leggja spil sín á borðið og reyna að nálgast þetta á heiðarlegan og einarðan hátt? Af því að hér er í gangi ljótur leikur, sá leikur að koma þessu máli af stað þannig að ekki verði aftur snúið, og hafa síðan þá pressu sem þegar hafnar framkvæmdir og efnahagsleg nauðsyn í fyrirtæki sem að öllu leyti er á íslenskum hefðum knýr á um, t.d. þegar lífeyrissjóðir og fleiri slíkir aðilar eru orðnir miklir hagsmunaaðilar í málinu, þá verði varnirnar litlar til þess að andæfa gegn frekari áföngum í stækkun framkvæmdanna.

Gulrótinni sem beitt er fyrir fjárfestana og á augljóslega að gera er stækkunin og það vita allir sem kynnt hafa sér málefni áliðnaðarins að ekki er reiknað með því að álver af þessari stærð verði til langframa hagstæð eining í rekstri. Það er því tímabundið ástand í besta falli og þá fyrst og fremst á meðan menn eru að njóta góðs af mjög lágu orkuverði í byrjun sem dæmið gengur upp. Síðan mun reynast nauðsynlegt að stækka og þannig er þróunin alls staðar. Hana sjáum við líka í hinum álverunum, þar sem Straumsvík er þegar komin í mun meiri framleiðslu en þetta og menn keppast við um að undirbúa frekari stækkun á Grundartanga til að koma því álveri jafnframt í hagkvæma stærð.

Í fjórtánda lagi, herra forseti, er svæðið norðan og norðaustan Vatnajökuls frá Ódáðahrauni í vestri og austur um Snæfell, Eyjabakka og yfir í Lónsöræfi í austri næsta einstakt í sinni röð. Það er stærsta lítt snortna víðernið í Evrópu og ekki bara ein heldur margar tegundir eiga þar heimkynni sín að stórum hluta til og þar er ekki bara ein heldur margar náttúruperlur sem mynda allar saman eina stórbrotna heild. Það er því gríðarlega stór og afdrifarík ákvörðun sem ekki verður aftur tekin að hefja nýtingu á þessu svæði, ég tala nú ekki um með þeim fórnum sem uppistöðulón á Eyjabakka hefur í för með sér. Þar er um óafturkræfa ákvörðun að ræða því það svæði verður ekki endurheimt í sinni núverandi mynd þó að mönnum kynni einhvern tíma að snúast hugur.

Sá er munur á þessum framkvæmdum og á virkjunum jökulánna sem byggja á mikilli miðlun og t.d. ýmsum kostum sem við eigum í svo til beinum rennslisvirkjunum og gufuaflsvirkjunum að þær eru afturtækar. Þau mannvirki má fjarlægja, veita má vatninu á nýjan leik í sinn gamla farveg, gufuaflsvirkjanir má taka niður og loka holunum og þá eru öll ummerki meira og minna horfin um nýtingu slíkra svæða, ef svo ber undir að síðari tímar leiði í ljós að þeir hlutir verði með öðrum hætti, svæðin séu verðmætari án slíkrar nýtingar sem þarna kom til, en það verður ekki hægt þarna. Þegar tímar líða munu þvert á móti safnast mikil vandamál á hendur mönnum. Ég hef áður nefnt það þó að það eigi kannski ekki sérstaklega við um Eyjabakka, fremur um lón sem mundu fylgja Kárahnúkavirkjun eða uppistöðulónum í Arnardal eða Fagradal, að að því kemur t.d. innan 200–400 ára að þessi lón fyllast og þá er ég að tala um að þau verði algerlega full. Menn hafa ekki miklar áhyggjur af því í dag eða hvað? Nei. En erum við tilbúin að ganga þannig fram í landinu, herra forseti, að jafnvel í þó ekki lengri framtíð en þetta þá skiljum við eftir handa komandi kynslóðum mikil vandamál því að ég held að engum detti í hug að halda öðru fram en því að þær víðáttumiklu og flötu leirsléttur sem munu að lokum mynda yfirborðið á þessum stóru flæmum, 40–60 km uppistöðulónum sem þarna fyllast smátt og smátt, verði annað en ein ægileg eyðimörk sem verði komandi kynslóðum til mikilla vandræða. Ég spái því að gangi öll þessi áform eftir um uppistöðulón og virkjanir norðan og norðaustan Vatnajökuls, þá verði Norðausturland meira og minna óbyggilegt svæði eftir 200–400 ár vegna þess að svo stórfelldur aurburður verði í lofti, svo stórkostlegt áfok af þessum miklu leirsléttum sem

þarna munu myndast að þar verði t.d. meira og minna allur gróður í hættu. Og kannski verður einhvern tíma flett upp á þessari þingræðu, herra forseti, ef Alþingi Íslendinga verður þá að störfum sem við skulum vona, segum árið 2270, og þá verði hér til umræðu neyðarráðstafanir vegna þess að Norður- og Norðausturland sé allt meira og minna að gerast óbyggilegt vegna áfoks af leirsléttunum miklu sem í sunnan- og suðvestanáttum blæs meira og minna af allt sumarið.

Í fimmtánda lagi, herra forseti, blasir það við okkur að málið er keyrt áfram og sú hætta er fyrir hendi að íslenskum hagsmunum verði fórnað á altari þess, mér liggur við að segja þess flokkspólitíska lífsháska sem Framsfl. er greinilega staddur í í þessu máli. Mér sýnist ráðamenn Framsfl. líta svo til að þeir séu í flokkspólitískum lífsháska með stöðu sína í þessum málum. Af því markast öll þeirra framganga. Af því markast heiftarlegar árásir á opinbera embættismenn. Af því markast framganga hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. og síðast en ekki síst hæstv. utanrrh. Þessi lífsháski verður þeim mun meiri sem forsendur og grundvöllur málsins verður veikari. Ein stærsta breytingin í málinu frá því að það var upphaflega kynnt er sú staðreynd að Norsk Hydro er bakkað út úr málinu. Fyrirtækið Norsk Hydro er meira og minna bakkað út úr málinu. Það bara má ekki viðurkenna það. Norsk Hydro ætlar sér ekki að eiga nema um 20% í fyrirtækinu og leggja drjúgan hluta þess eignarhlutar fram í öðrum hlutum en fjármunum.

Í sextánda lagi, herra forseti, vil ég láta þá skoðun mína í ljós við lok umræðna um þetta mál að afgreiðsla meiri hlutans á þessari sérkennilegu tillögu hæstv. iðnrh. er málamyndagerningur. Það sjá allir í gegnum að hér er í raun um alls ómerka umfjöllun um grundvallaratriði málsins að ræða. Sú stimplun Alþingis á málinu jafngildir ekki lögformlegu mati á umhverfisáhrifum. Hér hafa hlutirnir ekki gengið þannig til að hægt sé að líkja því við faglega, óhlutlæga og vandaða umfjöllun á öllum þeim þáttum sem máli skipta. Enda hefur Alþingi ekki forsendur til þess og því er ekki boðið upp á t.d. að kalla á frekari rannsóknir. Við erum ekki í færum til að krefjast samanburðar á fleiri kostum og t.d. hafa engin svör fengist við spurningum af því tagi hvers vegna aðrir virkjunarkostir eru ekki bornir saman við þennan, þó ekki væri nema önnur virkjunartilhögun Jökulsár í Fljótsdal? Menn heyrðu svör eða öllu heldur ekki svör hæstv. iðnrh. áðan.

Það er því niðurstaða mín, herra forseti, að þó að þessi dapurlegi en einskis verði stimpill verði settur á þetta mál af hálfu meiri hluta Alþingis breytir það harla litlu. Vígstaða stjórnarflokkanna hefur veikst til mikilla muna í málinu. Það er þeirra sjálfskaparvíti og það er vel og hún heldur áfram að veikjast því að þessi málsmeðferð hefur afhjúpað mikla veikleika í sjálfum grundvelli málsins.

Baráttan mun halda áfram og hún mun að lokum hafa betur hvort sem það verður í þessu máli eða öðrum sem á eftir koma. Ég hugga mig fyrst og fremst við það núna, herra forseti, að fari svo að þessi ógæfulega ákvörðun verði knúin í gegn og framkvæmdir á grundvelli hennar gangi eftir, þá verði það í síðasta sinn sem slíkir atburðir gerast á Íslandi og menn munu aldrei aftur komast upp með sambærilega hluti. Það er ég nokkuð sannfærður um. Það yrði að vísu einu sinni of oft og við yrðum einni náttúruperlunni fátækari án þess að á nokkurn hátt hefði verið réttlætanlega að þeirri ákvarðanatöku unnið, að taka ákvörun um að fórna henni. Þar er því miður, herra forseti, fyrst og fremst á ferðinni það fyrirbæri sem ég get ekki fundið betra orð yfir en að kalla skammsýni. Ég held að þegar upp er staðið sé það kannski sú lýsing sem eigi hérna best við. Það er ótrúleg og dapurleg skammsýni sem einkennir framgöngu stjórnvalda í þessu máli sem sitja föst í gamaldags og úreltri stóriðju- og virkjanastefnu í stað þess að hafa náð að tileinka sér þau viðhorf sem núna ríkja í þessum efnum og megna að ganga í takt við þjóð sína.

[16:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú styttist óðum í þeirri umræðu sem hér hefur staðið um nokkurt skeið um þáltill. hæstv. iðnrh. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Áður hefur komið fram í umræðunni og eins í fyrstu ræðu minni í fyrri umferð að ég hef efasemdir um að þessi málsmeðferð sé nauðsynleg. Í raun liggja fyrir allar heimildir sem þarf til að halda áfram framkvæmdum sem hafnar voru árið 1991.

Í þessu máli hafa flestir hv. þingmenn komið sér fyrir í pólitískum skotgröfu og haldist þar. Því miður hefur minna borið á að menn hafi reynt að taka málefnalega á viðfangsefninu og reynt að bæta það sem bæta má. Sem dæmi má nefna að ekki hefur verið fjallað nægjanlega um ýmsar mótvægisaðgerðir sem hugsanlega má þó enn bæta. Það væri vitanlega betra því auðvitað eru þær nauðsynlegar.

Herra forseti. Ég hef áður flutt nokkrar ræður í þessu máli og tel viðhorf mín komin fram. Ég mun því ekki tala lengi að þessu sinni.

Ég gerði í ræðu minni í gær grein fyrir skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar háskólans og tengdi ýmsar nðurstöður hennar við svokallaða umhverfisvini og undirskriftasöfnun sem þeir hafa staðið að. Ég tel mig hafa fært gild rök fyrir því að ekki þurfi mikið að óttast þessa undirskriftasöfnun bæði vegna þess hvernig hún hefur gengið og síðan vegna nýrra og gamalla yfirlýsinga þeirra sem að undirskriftasöfnuninni standa ekki síst ef það er tengt þekkingu almennings á málinu og öllum þeim málatilbúnaði sem viðhafður hefur verið.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp að flestir fjölmiðlar þessa lands hafa látið í það skína að þeir séu að uppfræða almenning um málið. Í því ljósi kemur að sjálfsögðu ýmislegt á óvart í þeirri skoðanakönnun sem ég vitnaði til. Það hafa ekki bara verið einn og einn fjölmiðill eða einn og einn þáttur í þessu hlutverki. Nei, ekki aldeilis. Stærsta dagblað landsins, Morgunblaðið, ekki bara í fréttum heldur líka í forustugreinum og Reykjavíkurbréfi, hefur tekið einarða afstöðu gegn virkjunaráformum. Sama gildir um dagblaðið Dag, bæði í forustugreinum og fréttasíðum. DV hefur einnig í forustugreinum og fréttasíðum tekið afdráttarlausa afstöðu í málinu. Við þurfum ekki að tína upp einstaka sjónvarpsþætti sem hafa verið sýndir í ríkissjónvarpinu með það fyrir augum að uppfræða almenning í landinu um málið. Ég tala nú ekki um þátt eins og Spegil í Ríkisútvarpinu sem af og til hefur fjallað um þessi mál. Að lokum skal nefndur þáttur sem hvað mest hefur líklega einbeitt sér að umfjöllun um þessi mál en það er þátturinn Í vikulokin á Rás 1. Um margra mánaða skeið hefur þetta mál tekið þar drjúgan tíma.

Herra forseti. Ég gerði í gær að umtalsefni það sem ég kallaði flótta virkjunarandstæðinga. Við höfum enn mátt heyra nokkuð af því. Tínd hafa verið til ýmis efnahagsleg rök og forsendur gefnar varðandi orkuverð. Svo langt hafa sumir hv. þm. gengið að þeir hafa gefist upp áður en gengið er til samninga. Þeir hafa gefið sér það að ekki sé hægt að ná viðunandi samningum. Ef slíkt yrði látið ráða för í

samningsgerð þá væri niðurstaðan yfirleitt ljós. Ég treysti því, herra forseti, að meiri reisn verði yfir samningamönnum sem til þeirra samningaviðræðna ganga heldur en ætla mætti af máli ýmissa hv. þingmanna.

Herra forseti. Hér hefur verið rifjuð upp fortíð ýmissa hv. þm. í þessu máli. Ég þarf ekki að eyða löngu máli í það. Það var skilmerkilega í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og er í raun engu við það að bæta. Þó var því hér haldið fram að þegar lög um mat á umhverfisáhrifum voru samþykkt hafi það ekki verið í huga neins þingmanns að Fljótsdalsvirkjun félli undir undanþáguákvæði þeirra. Að vísu hafa bæði formaður og varaformaður þáv. umhvn. þingsins gefið yfirlýsingar um allt annað, en látum það vera. Gæti ástæðan fyrir því að þingmenn hafi ekki verið með hugann svo mjög við þessa virkjun verið að hv. þm. vissu að búið var að gefa heimildina, lögin voru samþykkt og framkvæmdir hafnar? Að sjálfsögðu hefur ekki nokkrum hv. þm. dottið í hug að lögin ættu að gilda aftur fyrir sig, ekki í þessu tilfelli frekar en öðrum.

Herra forseti. Að lokum langar mig til þess að rifja upp að ýmsar ályktanir hafa verið samþykktar, m.a. víða í hreyfingum launafólks. Ég nefni þar Verkamannasamband Íslands og Alþýðusamband Norðurlands. Einnig hafa sveitarfélög mjög víða samþykkt ályktanir. Þar er auðvitað efst á blaði Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Nýlega, herra forseti, samþykkti Alþýðusamband Austurlands á stjórnarfundi sínum ályktun sem ég vil, með leyfi forseta, lesa:

„Stjórn Alþýðusambands Austurlands lýsir yfir fullum stuðningi við þingsályktun um að framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun verði haldið áfram. Stjórnin leggur áherslu á að tilkoma virkjunar og álvers á Austurlandi mun hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnulífið í fjórðungnum og gegna mikilvægu hlutverki í að snúa við hinni óhagstæðu byggðaþróun sem verið hefur.

Álver á Austurlandi mun auka fjölbreytni í atvinnulífi fjórðungsins og vega að verulegu leyti upp á móti þeim störfum sem tapast hafa í frumvinnslugreinunum. Þá mun tilkoma álvers og starfsfólk þess skjóta styrkari stoðum undir þjónustugreinar í landshlutanum.

Færa má sterk rök fyrir því að Fljótsdalsvirkjun og álver við Reyðarfjörð sé veigamesta byggðaaðgerð sem unnt er að ráðast í um þessar mundir. Þá er einnig ljóst að þessar framkvæmdir eru jákvæðar fyrir íslenskt efnahagslíf.

Alþýðusamband Austurlands vill vekja athygli á því að störf í nútímaálverum eru fjölþætt, eftirsótt og vel launuð. Þá er vinnutími hóflegur og vinnufyrirkomulag stöðugt. Allir þessir þættir vega þungt í afstöðu stjórnar Alþýðusambands Austurlands til þessa máls."

Herra forseti. Við höfum orðið vitni að því að þeir sem hafa aðgang að fjármagni hafa dreift og auglýst rækilega. T.d. hafa 100 listamenn gefið frá sér yfirlýsingar og einnig hafa 100 læknar hafa gert slíkt hið sama. Nú hafa 100 íbúar á Austurlandi, 100 launamenn, einnig undirritað yfirlýsingu. Herra forseti. Ég vil, með leyfi forseta, lesa þá yfirlýsingu sem undirrituð hefur verið af 100 launamönnum á Austurlandi.

„Við undirrituð erum 100 launamenn á Austurlandi í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Sambands bankamanna.

Íslendingar hafa engin efni á að láta fram hjá sér fara tækifæri til að treysta byggð í landinu og reyna að stöðva strauminn til höfuðborgarsvæðisins. Við hvetjum stjórnvöld til að hvika hvergi frá áformum um að virkja á Austurlandi og reisa álver í Reyðarfirði. — Hefjumst handa."

Herra forseti. Þessi yfirlýsing verður ekki birt í heilsíðuauglýsingu í dagblöðum landsins.

Herra forseti. Að lokum vil ég leyfa mér í tilefni af því að hjá hv. þingmönnum sem dvöldu hér í nótt og hlustuðum á ræður í gær, þá komst á sú venja að ræðum hv. þm. lyki með ljóðalestri. Ég ætla, herra forseti, ekki að flytja ljóð. Ég ætla að lesa örstutta framtíðarsýn þjóðþekkts manns, Hrafns á Hallormsstað, sem höfð er eftir honum í viðtalsbók sem gefin var út 1986. Enginn efast um að Hrafn hafi líklega haft eina mestu þekkingu á því svæði sem hér er fjallað um. Þessi kafli hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ofan við hina fyrirhuguðu stíflu verður stöðuvatn álíka og Þingvallavatn að flatarmáli og skal ná inn að Eyjabakkajökli. Þetta verður nokkuð djúpt vatn og ég hef verið eins og karlinn með ráðagerðirnar í þjóðsögunni, að byggja skýjaborgir um atvinnuveg þarna inn frá að mannvirkinu loknu, þ.e. ferðamannaþjónustu á heimsmælikvarða.

Gistihús með sundlaug verður reist við Hafursfell þar sem heitar lindir streyma úr jörð, upphleyptur vegur þangað á ruðningum meðfram aðveituskurðinum. Þá verður ferjuskip á Eyjabakkalóni og siglir inn að jökli að sumarlagi en á vetrum verður farið á ís sömu leið. Ferjan leggst að jöklinum og þar verður snjóbíla- og snjósleða-leigustöð og skipulegar ferðir um Vatnajökul — til Kverkfjalla, vestur í Vonarskarð og Nýjadal, suður á Öræfajökul og til Grímsvatna svo ég nefni nokkra staði. Þetta verður sólbaðsland í heiðríkju á sumrin þar sem gestir fá brúnan lit á skrokkinn á skemmri tíma en á sólarströndum, skíðaland árið um kring og upp á Snæfell verður strengd loftbraut svo að allir sem vilja, skíðamenn jafnt sem gamalmenni, geti svipast um af kolli fjallsins.

Að sjálfsögðu verður lagður fyrsta flokks vegur vestur í Hrafnkelsdal og opnaður hringvegur til Jökuldals og um heiðar og víðáttur norðan Vatnajökuls.

Skemmtiferðaskip flytja farþega til Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar en flugvélar til Egilsstaða. Fjöldi fólks fær atvinnu við þennan túrisma.

Allar hafa framangreindar ráðagerðir við að styðjast traust rök sem liggja í augum uppi og þann kost m.a. að lítil umhverfisspjöll fylgja þar sem aðalsvæðið verður jökullinn.

Ég er heldur fylgjandi því að þessir virkjunarmöguleikar verði nýttir. Að vísu sé ég eftir Eyjabökkum undir vatn, einkum vegna hreindýranna sem halda sig þar á vissum tímum og fuglalífsins, en ekki eftir öðru landi á þessum slóðum. Það er allt annað að sökkva landi í óbyggðum en í byggð. Svona virkjun krefst stóriðju og ekki er því að neita að hún geti átt rétt á sér svo framarlega sem kostnaðarverð fæst fyrir orkuna. Hér eiga mannvirki a.m.k. að vera tryggari en á suðvesturhálendinu þar sem eldgos með hraunflóðum kynnu að vaða yfir mannvirki og jarðskjálftar að tæma uppistöðulón á sprungnum hraunum. Með Fljótsdalsvirkjun opnast fyrst öllu rólfæru fólki möguleikar til náttúruskoðunar og ferðalaga um slóðir sem til þessa hafa verið lokaðir öllum sem farartækja þarfnast til að bera sig um óbyggðir."

[16:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson vitnar í einstaklinga og samþykktir félagasamtaka og verkalýðssamtaka. Slíkt ber að virða í lýðræðislegri umræðu um mál sem skipt hefur þjóð okkar í fylkingar. Það ber að virða lýðræðislega umræðu. Það gerði hv. þm. Einar Már Sigurðarson því miður ekki sjálfur. Hann réðst harkalega á alla sem leyfa sér að halda uppi gagnrýni á þessa ráðagjörð í fjölmiðlum, leiðaraskrifum, útvarpspistlum og þar fram eftir götunum. Þar er hann í félagi við hæstv. iðnrh. sem komist hefur að því að allir hagfræðingar landsins sem ekki eru undir járnhæl hans hafa sett fram harða gagnrýni á þessa ráðagjörð.

Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar: Gæti verið að fólkið sem skrifar leiðara, gerir útvarpspistlana og fyllir síður blaðanna hafi eitthvað til síns máls? Gæti það verið?

[17:00]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn á ný virðist misskilningur hv. þm. Ögmundar Jónassonar leiða hann á villigötur. Ég minnist þess ekki að hafa ráðist harkalega á alla leiðarahöfunda og pistlahöfunda og þáttagerðarmenn í fjölmiðlum landsins. Það er af og frá. Ég setti þetta í það samhengi að þrátt fyrir að alls staðar væri verið að fjalla um þessi mál og sá yfirlýsti tilgangur væri að uppfræða fólk um málið, þá virtist það ekki hafa gengið vel og vitnaði ég þá til niðurstaðna í skoðanakönnunum.

Ég spyr hins vegar hv. þm.: Getur það verið að það sé einmitt tilgangurinn með ýmsu því sem skrifað hefur verið að fjalla ekki um málið þannig að það væri upplýsandi fyrir almenning? Það skyldi þó ekki vera.

Hins vegar vegna spurningar hv. þm. er það að sjálfsögðu ljóst að ýmislegt er til í því sem þarna kemur fram. Það hef ég aldrei efast um. Ég virði svo sannarlega reglur lýðræðisins og ég virði líka rétt meiri hlutans til þess að koma sínum málum fram.

[17:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur áður komið fram að við höfum sérstakt lag á að misskilja hvor annan, ég og hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Ég vona að við séum að gera það. En staðreyndin er sú að þeir sem hafa haldið uppi gagnrýni á þessa ráðagerð, á þessar framkvæmdir hafa þurft að brjótast í gegnum sönnunarmúrinn vegna þess að valdið í þessu máli er á hendi ríkisstjórnarinnar, er á hendi hæstvirtra ráðherra og meiri hluta Alþingis. (Gripið fram í.) Og það er þeirra sem hann nefnir sérstaklega, pistlahöfundanna, leiðarahöfundanna og hagfræðinganna að brjótast í gegnum þennan sönnunarmúr. Ég vona að okkur hafi tekist það. Það kemur í ljós við atkvæðagreiðslu um þetta mál sem fram fer síðar í dag.

[17:02]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að benda á að þrátt fyrir þetta ægivald í fjölmiðlaheiminum og hið mikla fjármagn sem menn hafa greinilega haft aðgang að, þá hefur ekki dugað það markmið sem þeir menn settu sér, sem settu af stað hina svokölluðu undirskriftasöfnun hinna svokölluðu umhverfisvina. Á því er ég að vekja athygli og þess vegna, hv. þm., var ég að segja að ég virti hinar lýðræðislegu leikreglur. Ég virði vilja meiri hlutans. Það hefur ekki tekist, sem var augljóslega tilgangurinn með þessu öllu saman, að láta í það skína að meiri hluti þjóðarinnar væri annarrar skoðunar en menn gera ráð fyrir að meiri hluti Alþingis sé. Það hefur gjörsamlega mistekist og það er einnig athyglisvert, herra forseti, að hv. þm. hefur ekki tekið eins vel undir þær ályktanir sem fjöldi samtaka launafólks og launafólk hefur verið að gera og eftir því var tekið.

[17:03]

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 300. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 517.

[17:03]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Herra forseti. „Þetta er alíslenskt mál." Þannig hljóðaði yfirlýsing forsrh. landsins í morgun en hann er nú að burðast við að taka ábyrgð á stærsta pólitíska máli ársins, e.t.v. kjörtímabilsins. Það sem hann kallar alíslenskt er að ákveðið er að fara ekki í umhverfismat af því að Norsk Hydro vill ekki taka þá áhættu að þessi framkvæmd dragist, Norsk Hydro sem hugsanlega verður með 20% aðild að álveri og í formi tækniþjónustu.

Það sem forsrh. kallar alíslenskt er að mikil fjárfestingaráhætta fylgir þessu verkefni og hana bera íslenskir aðilar, Landsvirkjun, lífeyrissjóðir landsmanna og íslenskar fjármálastofnanir og það er vissulega alíslenskt.

En það sem mér finnst vera alíslenskt er barátta Austfirðinga við byggðaflótta og að þeir hafa bundið alla von sína við Noral-verkefnið sem ríkisstjórnin hefur stefnt í voða með vinnubrögðum sínum og við höfum rætt um í þrjá daga. Og Norsk Hydro er í lykilhlutverki við allan málabúnað stjórnvalda.

Ríkisstjórnin stóð í morgun frammi fyrir pólitísku mati óháðs aðila, sendiherra Noregs, sem lýsir tveimur kostum í stöðunni fyrir norsk stjórnvöld. Hann telur að báðir kostir geti reynst vondir fyrir sína þjóð. Annars vegar gæti Norsk Hydro hætt við allt saman og þá ættu norsk stjórnvöld yfir höfði sér reiði íslensku ríkisstjórnarinnar og kólnandi sambúð ríkjanna tveggja samanber ummæli sem sendiherrann vitnaði til og við skulum muna að norska ríkið á tæpan helming hlutabréfa í Norsk Hydro og hefur mikil völd í stjórn fyrirtækisins.

Hinn kosturinn sem sendiherrann bendir á er að Norsk Hydro fjárfesti í álveri á Austurlandi, þá muni andstæðingar framkvæmdanna á Íslandi og í Noregi leggjast á sveif með alþjóðlegum umhverfissamtökum, þar sem Norsk Hydro og norsk yfirvöld yrðu sökuð um að eiga þátt í að eyðileggja íslenskar náttúruperlur og þetta gæti skaðað ímynd Noregs.

Sendiherrann gerir sér grein fyrir því að það hvernig haldið er á málum hér gæti eyðilagt orðstír Noregs. Það er von að ríkisstjórn Íslands, forsrh., bregðist ókvæða við. Honum er nefnilega alveg sama um orðstír, a.m.k. á meðan hann getur látið Framsfl. bera þungann af ólýðræðislegum vinnubrögðum í þessu máli og það hefur hann svo sannarlega gert fram að þessu. Þjóðin á þess vegna að hlusta á það að forsrh. segist bera ábyrgð á málinu í dag. Hann ætlar að axla ábyrgð á því hvernig málið kemur fyrir þingið og er með yfirlýsingar um að taka á sig ábyrgð á því að ekki er farið með Fljótsdalsvirkjun í umhverfismat sem er grundvöllur þeirrar sáttargjörðar sem nauðsynleg er varðandi svo umdeilda framkvæmd í dag.

Virðulegi forseti. Það er sorglegt hvernig Sjálfstfl. og reyndar ríkisstjórnin öll lætur kröfur um umhverfismat sem vind um eyrun þjóta. En það er athyglisvert að þegar óþægilegar fréttir berast þá skammar forsrh. stjórnarandstöðuna eins og hún hafi borið fréttirnar heim til Íslands.

Það er líka athyglisvert að á meðan hæstv. forsrh. gerir lítið úr fréttum um alvarlega stöðu málsins í Noregi þá mætir hann um leið í fyrsta sinn með fullskipað lið sitt á ráðherrabekkina og allir gera sér grein fyrir því hve illa honum verður við og hversu alvarlegt málið er.

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa fylgt nefndaráliti fulltrúa sinna í iðnn. úr hlaði í þessari umræðu og gert það vel. Þeir hafa gert skorti á gróðurrannsóknum ítarleg skil. Þeir hafa bent á að mótvægisaðgerðum er ábótavant og þar er eingöngu um óljósar hugmyndir að ræða. Þeir hafa bent á að engin tilraun er gerð til að meta Eyjabakkana sem hluta af miðhálendinu út frá mikilli stærð og dýrmætu svæði.

Eins og við vitum öll er miðhálendið mikil auðn. Þar er stórhrikalegt landslag með tiltölulega fáum en sérstæðum gróðurvinjum. Verðmæti þess að gera ekkert við land hefur ekki verið skoðað og það er áfellisdómur á ríkisstjórnina hvernig haldið hefur verið á máli, bæði varðandi það að meta land, að meta virkjun og hvaða virkjunarkostir eru í stöðunni. Þannig hefur Samfylkingin bent á að Hraunavirkjun hefur ekki verið skoðuð síðan árið 1991 þrátt fyrir að Orkustofnun hafi bent á að hún sé ódýr kostur. Þar er meiri orku að hafa og henni má áfangaskipta.

Það hefur komið fram að Landsvirkjun ætlar að skoða það á sumri komanda að hækka stífluna við Eyjabakka og ná þar með þeirri vatnsorku úr Fljótsdalsvirkjun sem þarf fyrir álver á Reyðarfirði. Og ef fórna á Eyjabökkum á auðvitað að skoða þann kost fyrir fram, en það mundi þýða lögformlegt umhverfismat og fram hjá því kemst þessi ríkisstjórn ekki. Þess vegna fer hún bara af stað með gamlan virkjunarkost og breytir svo framkvæmdunum eftir á. Þetta kallar maður að dansa í kringum eigin lög því það var ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem setti lög um umhverfismat.

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur verið vikið að heildarmati, en það hefur alls ekki fengið þá athygli sem þurft hefði. Skipulagsstjóri ríkisins hefur verið dreginn inn í þessa umræðu með afar vafasömum hætti og það er ómaklegt hvernig stjórnarliðar hafa reynt að skora keilur á kostnað virtra embættismanna. Það er alveg ljóst að Skipulagsstofnun hefur engu leynt, hvorki iðnn. né á öðrum stöðum þar sem við höfum unnið með Skipulagsstofnun að þessu máli. Þvert á móti hefur hún tekið inn í úrskurðarskýrslu sína allt það sem máli skiptir fyrir úrskurðinn sem felldur var. Það sést best á hve veikum grunni stjórnarliðarnir standa á því að þeir reyna að drepa málinu á dreif með þessum hætti.

Fram hefur komið ábending frá skipulagsstjóra um að ekki sé stoð fyrir því í lögum að gera mat á umhverfisáhrifum um heildarframkvæmd, að heildarmat færi fram á öllum tengdum kostum í stórri framkvæmd og þetta er mjög mikilvægt. Þessu eigum við að breyta í lögunum um mat á umhverfisáhrifum þannig að hægt sé að gera kröfu um heildarmat framkvæmda þegar þær ná yfir mörg svæði og um margar tengdar framkvæmdir er að ræða.

Framkvæmdaraðilinn kynnti 480 þús. tonna álver til Skipulagsstofnunar eins og kunnugt er en fyrsti áfanginn er eingöngu 120 þús. tonn. Að mínu mati erum við að þjóna Norsk Hydro með því að tilkynnt var 480 þús. tonna álver og þannig í raun vakin upp þau viðbrögð sem við höfum fjallað hér um á undanförnum dögum. Ef 480 þús. tonna álver verður hins vegar byggt þurfum við fyrst að reisa Fljótsdalsvirkjun til að útvega orku fyrir fyrsta áfanga álvers og til viðbótar henni Kröfluvirkjun eða Bjarnarflag, eða þá að hækka stífluna eins og ég hef oft gert að umtalsefni. Fyrir næsta áfanga álversins þarf Kárahnúkavirkjun sem dugir fyrir 360 þús. tonna álver. Enn þarf að virkja fyrir síðasta áfangann, en enginn veit hvar þá verður virkjað, hvort það verður Kreppa, Jökulsá á Fjöllum eða hvar menn ætla að bera niður.

Auðvitað ætti Alþingi Íslendinga að vera að skoða heildarframkvæmdina. Auðvitað ættum við núna að láta meta umhverfisáhrif heildarframkvæmda á hálendinu. Nei, hér er fyrsti áfangi knúinn í gegnum Alþingi án umhverfismats og fæstir gera sér grein fyrir því að þessi framkvæmd, Fljótsdalsvirkjunin, er upphaf að gífurlegu heildardæmi á svæðinu norðan jökla. Ef til vill verða þetta þrjár eða fleiri virkjanir, línur, jarðgöng, stíflur og lón. Landslagið verður gjörbreytt og við munum skoða það í áföngum og leggja mat á það í áföngum. En þannig eru lögin um mat á umhverfisáhrifum og þar sem þau ná ekki einu sinni fram að ganga við fyrsta áfangann þá eigum við að sameinast um það að endurskoða þau lög áður en næst verður áfram haldið.

Herra forseti. Eins og ég hef getið um í ræðu minni hafa þingmenn Samfylkingarinnar fylgt úr hlaði nefndaráliti og fylgt sannfæringu sinni í umræðum á Alþingi eins og komið hefur í ljós. Samfylkingin hefur flutt brtt. við þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Þetta er viðaukatillöga, þ.e. brtt. sem í raun telst viðauki við tillögu stjórnarflokkanna, og hljóðar viðauki okkar þannig, með leyfi forseta:

„... enda hefjist framkvæmdir ekki nema að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1993."

Herra forseti. Ég er enn að láta mig dreyma um að þessi tillaga nái fram að ganga, að menn geri sér grein fyrir því eftir þessa umræðu um hvað málið snýst, hver sé grundvallarforsenda framkvæmda norðan Vatnajökuls.

Ég harma vinnubrögð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Mér finnast öll vinnubrögðin ólýðræðisleg. Ríkisstjórnin hefur neitað öllum ráðum sem við teljum mikilsverð til að komast að réttri niðurstöðu. Þetta harma ég, herra forseti, og lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og stjórnarflokkanna á Alþingi.

[17:14]

Útbýting þingskjals:

Nefnd um innlenda orkugjafa, 301. mál, fsp. KolH, þskj. 518.

[17:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Nú er þessi umræða senn á enda og það styttist í atkvæðagreiðslu um þáltill. iðnrh. þar sem hann óskar eftir klappi á bakið og hvatningu, hip, hip, húrra frá hv. lýðræðislega kjörnu Alþingi til þess að fá að halda áfram hernaðinum gegn landinu.

Hér hafa verið fluttar ótal ræður í tvo daga við síðari umræðu þessa máls og, herra forseti, þær hafa satt að segja verið afskaplega málefnalegar. Hér hafa þingmenn lagt sig í líma við að kynna sér málið ofan í kjölinn. Þingmenn eru orðnir mjög vel að sér í þeim gögnum sem liggja að baki og hér hefur verið bent á ótalmörg atriði í þessum gögnum

sem betur hefðu mátt fara og betur þyrfti að skoða áður en þessari stuðningsyfirlýsingu verður gefið loft undir vængina á hv. Alþingi. En það er ekki hlustað. Það er ekki hlustað á það að allar meginstoðirnar fyrir þáltill. hæstv. iðnrh. eru fallnar um sjálfar sig.

Skýrsla Landsvirkjunar hefur verið metin ónýtt plagg sem þyrfti að vinna frá grunni upp á nýtt, senda þyrfti flestar rannsóknirnar aftur í gegnum ákveðið ferli til að þær geti kallast viðunandi og til að hægt sé að réttlæta þá framkvæmd sem við stöndum frammi fyrir að meta. Skýrslan hefur verið sögð hlutdræg og síðast en ekki síst byggð á allsendis ófullnægjandi og ónógum upplýsingum.

Skýrslan um þjóðhagsleg áhrif álversins hefur verið dregin í efa og það hefur verið dregið fram í dagsljósið að þjóðhagslegar forsendur þessarar framkvæmdar séu vægast sagt afskaplega hæpnar. Þjóðhagslegu forsendurnar eru nefnilega, herra forseti, vitlaust reiknaðar. Ekki hefur ekki gert ráð fyrir fórnarkostnaði. Ekki hefur ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði sem þarf að leggja í vegna landsins og þeirra fórna sem íslensk náttúra þarf að lúta og greiða fyrir með sjálfri sér. Í þessu þjóðhagslega dæmi eru ekki allir þættir reiknaðir, herra forseti, og það virðist ekki eiga að gera það því hér hefur verið beint spurningum til hæstv. ráðherra varðandi þetta atriði og það fást engin svör. Það virðist ekki hlustað og enginn vilji er til að fylla upp í þessa mynd.

Þá er komið að athugun á samfélagslegum áhrifum þessa álvers, skýrslu Nýsis sem fylgir þáltill. hæstv. iðnrh. Hún hefur sömuleiðis verið dæmd ómerkt plagg og alla þætti hennar þarf að setja í frekara ferli. Ég vil, virðulegi forseti, nota tækifærið og lesa úr skýrslu sem birt var hér á landi í mars 1983 og fjallaði um staðarval fyrir orkufrekan iðnað. Í skýrslunni, sem var unnin af opinberri nefnd, er fjallað um einhæfa iðnaðarstaði, og ég fullyrði að á Reyðarfirði kemur til með að verða til einhæfur iðnaðarstaður nái áform um 480 þús. tonna álver fram að ganga. Í þessari skýrslu, sem varar við þessum einhæfu iðnaðarstöðum, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Margir þessara staða eiga nú við margháttuð vandamál að etja í atvinnu- og félagsmálum" — og hér er, herra forseti, átt við staði í Noregi t.d. — „og má rekja þau annars vegar til hins öra vaxtar þeirra í upphafi og hins vegar til þess hversu háðir stóriðjuverum þeir eru." Síðar í skýrslunni í kaflanum um einhæfa iðnaðarstaði, herra forseti, segir: „Margfeldisáhrif iðjuvera eru jafnan óveruleg á einhæfum iðnaðarstöðum og takmarkast við nauðsynlegustu þjónustu við fyrirtæki og starfslið þess. Annars vegar hefur annað atvinnulíf að mestu lagst niður þar sem það hefur ekki staðist samkeppnina um vinnuaflið. Hins vegar er reynslan sú að stóriðjuver hafa lamandi áhrif á staðbundið frumkvæði í atvinnulífi á einhæfum iðnaðarstöðum."

Herra forseti. Þetta er hættan sem blasir við Reyðarfirði. Þetta er hættan sem blasir við Fjarðabyggð og með leyfi forseta kem ég með eina tilvitnun enn í skýrslu staðarvalsnefndar frá 1983 um einhæfa iðnaðarstaði en þar segir: „Bæjarfélög og íbúar verða háðir stóriðjuverunum í þeim mæli að ný fyrirtæki treysta sér ekki til að keppa við þau um aðstöðu og vinnuafl. Þannig verka iðjuverin hamlandi á önnur fyrirtæki á sama stað sem getur orðið til þess að viðleitni til að auka á fjölbreytni atvinnulífs ber ekki árangur."

Að allra síðustu, herra forseti: „Staðarvalsnefnd gengur út frá þeirri forsendu að ekki beri að stuðla að myndun einhæfra iðnaðarstaða."

En hvað erum við að gera hér, herra forseti? Við erum að stuðla að myndun einhæfra iðnaðarstaða austur á landi, og hverjum er greiði gerður með því? Hvers vegna, herra forseti, erum við ekki að skoða aðrar hugmyndir?

Hér var nýverið eftir ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar talað um hvort menn væru að gera lítið úr einu eða öðru, hvort verið væri að gera lítið úr skoðunum eða hugmyndum Austfirðinga og þeirra sem hafa verið að berjast fyrir þessari virkjun og fyrir þessu álveri. Það er ekki svo, herra forseti. Hér er ekki gert lítið úr skoðunum fólks. Hér er hins vegar búið að kljúfa þjóðina í tvo parta. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerði að mínu mati lítið úr því fólki sem hefur lagt í það að skrifa undir undirskriftalistana sem hann gerði að umtalsefni í ræðu sinni í gær. (Gripið fram í.) Hann gerði lítið úr því fólki og hann gerði lítið úr þeirri undirskriftasöfnun en ég vil benda á, herra forseti, að á undirskriftalistana hafa nú skrifað yfir 40 þúsund einstkalingar, kannski 44.377. Herra forseti. Ég geri ekki lítið úr þessum einstaklingum, en sú tala sem ég nefni, 44.377, eru atkvæðin sem Samfylkingin fékk í síðustu kosningum. Mér dettur ekki í hug að gera lítið úr því fólki sem stendur á bak við þau og ég geri heldur ekki lítið úr þeim Austfirðingum sem hafa lagt mikið í sölurnar við að berjast fyrir þeirri virkjun og fyrir því álveri sem hér er í farvatninu. Ég held því hins vegar fram, herra forseti, að þetta álver komi ekki til með að verða Austfirðingum til heilla og það hef ég stutt rökum.

Herra forseti. Hér hefur ríkisstjórnin hamast eins og hún hafi átt lífið að leysa við að koma þessari virkjun niður kokið á íslensku þjóðinni. Nákvæmlega sömu aðferðum var beitt á hinu háa Alþingi í fyrra þegar var verið að koma gagnagrunninum þversum niður kokið á þjóðinni. Hér er leikinn sami leikurinn og lýðræðislega kjörið Alþingi er ofbeldi beitt.

Herra forseti. Ekki liggur fyrir svar frá hæstv. iðnrh. um orkuöflun fyrir þetta álver. Ég hef lagt fram fyrirspurn á Alþingi sem hefur ekki fengist svarað og ég hef bent hæstv. forseta á að hæstv. iðnrh. hafi skirrst við að svara hluta af spurningum mínum varðandi orkuöflunina. Hæstv. iðnrh. hefur aldrei svarað því hvar eigi að fá orku til síðari áfanga álversins. Hvar á að fá orkuna fyrir þriðja áfanganum? Á að fá þá orku úr Jökulsá á Fjöllum? Þessari spurningu hefur ekki verið svarað þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Hæstv. iðnrh. hefur heldur ekki svarað spurningunni um það hver sé að gera samninga við Landsvirkjun eða ræða við Landsvirkjun um mögulega orkusölusamninga. Hann segir æ ofan í æ: Væntanlegt hlutafélag sem stofnað verður um rekstur álversins. Í Noral-yfirlýsingunni sem undirrituð var á Hallormsstað 29. júní sl. kemur fram að eftir 10 daga, herra forseti, eigi að liggja fyrir drög að orkusölusamningum. Hæstv. iðnrh. hefur ekki svarað okkur því hvar orkusölusamningarnir eru á vegi staddir og við hverja verið er að ræða í því sambandi. Hverjir eru samningsaðilar Landsvirkjunar? Eigum við ekki að fá að heyra neitt um það í umræðunni, herra forseti? Eigum við að ganga til atkvæða áður en þessum spurningum er svarað?

Herra forseti. Ég vil nefna enn eitt til. Hæstv. iðnrh. hefur sagt að hér sé verið að nota orkuna í fjórðungnum og gerir mikið úr því. Þar með þurfi ekki að leggja háspennulínur yfir allt hálendið þvers og kruss eins og einu sinni hafi staðið til.

En ég spyr, herra forseti. Getur hæstv. iðnrh. fullyrt héðan úr þessum ræðustóli að ekki þurfi að koma til línulagnir yfir hálendi Íslands verði raforkan nýtt í fjórðungnum? Getur hann fullyrt að þegar til stækkunar álversins kemur þurfi

ekki að leggja tvöfalda háspennulínu yfir hálendi Íslands? Hæstv. iðnrh. á eftir að svara þessari spurningu. Hvað um öryggismálin? Hvað ef fer að gjósa á Suðurlandsundirlendinu eða á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu, þessu ótrygga svæði þar sem öllum virkjununum hefur verið valinn staður hingað til? Getur hæstv. iðnrh. staðfest að jafnvel þó svo við séum með virkjanirnar okkar á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu á óöruggu svæði verði ekki lagðar háspennulínur þvert yfir hálendi Íslands til að koma einhverjum hluta af orkunni sem á að afla norðan Vatnajökuls hingað til höfuðborgarsvæðisins? Þeim spurningum þarf að svara, herra forseti, og óeðlilegt er að ýta svo á eftir þessu máli og senda Alþingi inn í umræðu um þetta á síðustu dögum Alþingis þegar allir eru orðnir þreyttir og hverju málinu á fætur öðru hefur verið rutt í gegn á óeðlilegum hraða og það er rekið á eftir okkur með þetta mikla mál sem við höfum svo sannarlega, herra forseti, getað talað um miklu lengur því að það er svo margt ósagt.

Það er líka ósagt og óhreinsað, þessi aðför að skipulagsstjóra og Skipulagsstofnun ríkisins sem hefur verið ómakleg í hæsta máta svo ekki sé meira sagt. Vegna þess að hér hefur verið ýtt á eftir, hefur þetta mál ekki verið til lykta leitt.

Herra forseti. Stjórnvöld eru flækt í alla þætti málsins. Þau hafa róið að því leynt og ljóst að fá sitt fram. Þau hafa haft í hótunum við Norðmenn. Þau hafa reynt á lúalegan hátt að ræna skipulagsstjóra mannorðinu. Þau hafa reynt að koma í veg fyrir að lýðræðislega kjörnir alþingismenn fái að ræða grundvallaratriði málsins við stóran aðila að málinu, Norsk Hydro. Stjórnvöld lofuðu að hér kæmist almenningur að málum og fengi að gefa umsagnir. Umsagnir þeirra yrðu ekki smáðar eða fótumtroðnar, þeir fengju að gefa þær til iðnn. og til umhvn. Hver er raunin? Lýðræðisleg aðkoma almennings að málinu, að því umhverfismati sem hv. Alþingi hefur verið að reyna að leggja á framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun hefur engin verið.

Hv. iðnn. neitaði minni hluta nefndarinnar um það sjálfsagða réttlætismál að umsagnir frá einstaklingum, sem skrifuðu til nefndanna, yrðu skráðar sem gögn í málinu. Því var hafnað. Valdbeiting og hroki hefur einkennt alla afgreiðslu málsins, herra forseti, og afgreiðsla þessa máls er ekki til sóma, hvorki hæstv. ríkisstjórn né hinu háa Alþingi. Þjóðin á betra skilið af okkur en að við hröpum svona að þessum hlutum og það að þjóðin sé klofin upp í þessar fylkingar sem raun ber vitni er sannarlega ómaklegt.

Herra forseti. Verið er að nota lagasmugu til þess að koma risastórri virkjun í gegn á hinu háa Alþingi, lagasmugu sem um stendur styr. Ekki er einu sinni á hreinu að virkjunarleyfi fyrir þessa virkjun gildi þó að hingað til hafi það verið talið svo og hv. þm. hafa verið að benda á það í þessum umræðum að frekari könnun þurfi að fara fram bæði á þessari lagastoð bráðabirgðaákvæðisins, sömuleiðis á virkjunarleyfinu sjálfu og ég bendi til fylgiskjala sem fylgja með minnihlutaáliti 1. minni hluta hv. iðnn. þar sem birt er kæra Náttúruverndarsamtaka Íslands sem gengur út á það að stjórnvöld séu að brjóta gegn Evrópurétti.

Herra forseti. Ríkisstjórnin tekur ekki rökum í þessu máli. Hvers vegna leggur hæstv. ríkisstjórn á sig þennan slag? Hvers vegna lúffar ekki ríkisstjórnin og segir bara: Við skulum bera klæði á vopnin. Sendum framvæmdina í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Látum meta framkvæmdina í heild, allar virkjanirnar sem þarf til að afla 480 þús. tonna álvershlussunni rafmagns austur á Reyðarfirði, allar vegaframkvæmdirnar, alla brúarsmíðina, allar línulagnirnar, allt sem heiti hefur í þessari framkvæmd ætti að meta í einu lagi. Það gera reyndar væntanleg lög um mat á umhverfisáhrifum, frv. ti nýrra laga, ráð fyrir að gert verði, herra forseti. Mig langar til að lesa grein, sem er í uppkasti að frv. til laga þar sem fjallað er um matsskyldar framkvæmdir. Þetta er frv. til laga sem er í umsagnaferli og bíður eftir að komast út úr umhvrn. og hingað fyrir hið háa Alþingi. Um matsskyldar framkvæmdir segir þar:

„Í þeim tilvikum er fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði getur ráðherra ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega og lögð fram samtímis til athugunar Skipulagsstofnunar."

Svona ættum við að vera að vinna, herra forseti. Sömuleiðis ættum við að setja Fljótsdalsvirkjun undir rammaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ég hef áður úr þessum ræðustóli prísað þá rammaáætlun sem er í undirbúningi og er í vinnslu. Hún er sannarlega af hinu góða og, herra forseti, við erum líka að undirbúa þá vinnu á réttum tíma eins og hæstv. iðnrh. hefur margoft bent á og ég er honum hjartanlega sammála áður en í óefni er stefnt með ofvirkjanir hér á landi.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og á hæstv. iðnrh. að leyfa Fljótsdalsvirkjun og náttúrunni í kringum hana, Eyjabökkum, að njóta vafans og fara undir rammaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Það er ósanngjarnt að sýna ekki skynsemi í þessu máli. Það er ósanngjarnt að Fljótsdalsvirkjun skuli undanþegin þeirri skynsemi sem rammaáætlun ríkisstjórnarinnar byggir á. Við þurfum á sátt að halda í þessu máli. Við þurfum ekki á ofbeldi og offorsi ríkisstjórnarinnar að halda. Þjóðin er klofin og það er ríkisstjórnarinnar að sameina hana. Ríkisstjórnin hefur allt í hendi sér til að gera það en það skortir vilja, herra forseti. Ég spái því hins vegar að ríkisstjórnin geti öðlast þann vilja með því að hugsa málið upp á nýtt, með því að ákveða að náttúran fái að njóta vafans, með því að ákveða það og viðurkenna það að málin snúi þannig að jörðin þurfi ekkert á okkur að halda. En við getum ekki án jarðarinnar verið.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn og á þá alþingismenn sem ætla að fara að greiða atkvæði um þetta stóra mál á eftir að hafa það í huga að það er réttlætismál að setja Fljótsdalsvirkjun í lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Sé það ekki gert má líkja því við það að í landi hafi verið ákveðið að afnema dauðarefsingar á þann hátt þó að þeir sem hafa hlotið dauðadóm eigi samt sem áður að deyja. Við skuldum náttúru Íslands og þeim sem unna henni enn betri skýringar. Þær fást einungis með því að setja þessa framkvæmd í hinn lögformlega farveg.

Herra forseti. Það væri okkur til sóma að samþykkja lögformlegt mat á umhverfisáhrifum fyrir Fljótsdalsvirkjun.

[17:33]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það voru tvær spurningar frá hv. þm. í umræðunni sem hann taldi sig ekki hafa fengið svar við í fyrri ræðu minni. Í fyrsta lagi varðandi hvort ég gæti tryggt það að ekki yrðu nokkurn tíma lagðar línur yfir hálendi landsins. Það er útilokað fyrir mig að gefa út einhverja yfirlýsingu um slíka tryggingu. Alveg burt séð frá því hvort nokkurn tíma verður af einhverjum stórum virkjunum norðan Vatnajökuls liggur það alveg fyrir að á einhverju stigi málsins þurfa menn að tengja saman orkukerfið fyrir sunnan og austan. Ég tel hins vegar að með þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið af

ríkisstjórninni að menn ætli að nýta orkuna í heimabyggð eða á heimaslóð að þá komumst við hjá því að leggja 400 kílóvatta háspennulínur yfir landið eins og áformað var á sínum tíma til að flytja orkuna að austan suður.

Hin spurning hv. þm. sneri að því hver væri hinn raunverulegi orkukaupandi. Hér er hópur innlendra fjárfesta í samstarfi sín á milli. Sá aðili er að undirbúa samninga við Landsvirkjun um orkukaup. Þegar hlutafélag hefur verið stofnað um byggingu álversins verður það sá aðili sem semur endanlega við Landsvirkjun um orkukaupin. Eins og ég sagði áðan mun ekki skipta höfuðmáli hvort einhver dráttur verður á þar í fáa daga eða fáar vikur hvenær gengið verður frá þeim samningi. Aðalatriðið er að menn geti tekið endanlega ákvörðun um alla þessa samninga fyrir 1. júní þannig að verkefnið geti orðið að veruleika.

En af því að nú er komið að lokum umræðunnar vil ég nota tækifærið til að þakka öllum þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni, þakka umhvn. Alþingis fyrir starf sitt og undirbúning að þeim síðari hluta umræðunnar sem hér hefur átt sér stað og sérstaklega iðnn. þingsins sem hefur borið hitann og þungann af þessu máli milli fyrri og síðari umr. fyrir mjög gott starf. Ég tel að málið liggi mjög skýrt fyrir þannig að okkur sé ekkert að vanbúnaði að fara í atkvæðagreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:37]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 512 og 515. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, frh. síðari umr.

Stjtill., 186. mál. — Þskj. 216, nál. 371, 427 og 450, brtt. 228, 489 og 510.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]

Brtt. 228 felld með 43:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DLH, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, GIG, ÞSveinb, ÖS, ÁRJ, BH.

nei: FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, HGJ, ÞBack, ÖJ, ArnbS, SÞ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, HBl.

3 þm. (SJóh, ÁJ, EOK) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er komin fram tillaga um að Fljótsdalsvirkjun og þær framkvæmdir fari í umhverfismat. Ég styð tillöguna og mun að henni samþykktri styðja tillögu um Fljótsdalsvirkjun. Ég segi já.

[17:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þessi breytingartillaga frá þingmönnum Samfylkingarinnar er tilraun til sáttargerðar í þessu viðkvæma deilumáli og með samþykkt hennar er skotið stoðum undir málsmeðferðina og tilraunir til að leiða saman ólík sjónarmið í málinu. Þótt lög kveði ekki á um nauðsyn mats af umhverfisáhrifum vegna Fljótsdalsvirkjunar er skynsamlegt að fara þá leið málsins vegna. Með samþykkt tillögunnar kann að vera að einhverra mánaða töf verði á framkvæmdum en með jákvæðri afgreiðslu hennar er þó jafnframt tryggt að framkvæmdir munu ganga fram en um leið byggja á traustum grunni og fjölga til muna stuðningsmönnum virkjunaráforma. Ég segi já.

[17:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Nefndum Alþingis var ætlað að vinna einhvers konar anga af mati á umhverfisáhrifum og leggja niðurstöðu sína fyrir Alþingi. Svo hæfir sem þingmenn eru hafa þeir ekki til að bera þá sérþekkingu sem til þarf til að vinna það verk. Gögnin sem lögð voru til grundvallar þessari vinnu, sérstaklega skýrsla Landsvirkjunar, standast engan veginn þær lágmarkskröfur sem gerðar eru til sambærilegra gagna vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda eins og þær sem hér um ræðir.

Náttúrufar á Eyjabökkum er verðmætt, jafnvel einstætt í sinni röð. Það verðskuldar sérstakt mat. Efnahagsleg áhrif framkvæmdanna eru óljós og þarf að skoða betur og ef horft er á byggðaáhrifin til framtíðar eru einnig margir óljósir þættir. Þeir verðskulda einnig vandað mat á áhrifum framkvæmdanna. Ég segi já.

[18:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hér er stórmál til afgreiðslu sem klofið hefur þjóðina í tvo hluta. Tekist er á um vinnubrögð. Forsenda þess að ná megi sátt um þessa framkvæmd er að fram fari umhverfismat. Þess vegna flytur Samfylkingin þessa sáttatillögu og hefur reynt í málflutningi sínum að ná um hana stuðningi.

Tillagan er í raun viðauki við tillögu ríkisstjórnarinnar um að enda hefjist framkvæmdir ekki nema að fengnu jákvæðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna samkvæmt ákvæðum laga nr. 63/1993. Það hefði verið sómi Alþingis að segja já við þessari tillögu. Ég harma viðbrögð stjórnarsinna. Ég segi já.

[18:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi tillaga felur í sér tvennt, þ.e. stuðning við Fljótsdalsvirkjun með sama orðalagi og í þáltill. ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er í síðari hlutanum tekið undir umhverfismat. En þar sem tillagan í heild sinni felur í sér *stuðning við virkjun þótt skilyrtur sé og þar með að Eyjabökkum verði sökkt, erum við henni andvíg.* Ég segi nei.

[18:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og stjórnarmeirihlutinn á Alþingi ætlar að hunsa vilja meiri hluta þjóðarinnar um að lögformlegt umhverfismat fari fram vegna

virkjunar í Fljótsdal. Það er vilji 80% landsmanna. Hér er lagt til að fram fari lögformlegt umhverfismat. Það verður aldrei sátt um annað. Ég segi já.

Brtt. 510 felld með 36:24 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, DLH, GAK, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KF, KolH, KLM, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

2 þm. (EOK, SJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þar sem tillagan sem hér hefur legið fyrir og hefur verið til umræðu í tvo daga er studd gögnum sem færustu vísindamenn, embættismenn ríkisstofnana og fagmenn í þeim greinum sem hlut eiga að máli hafa dæmt gölluð og allsendis ófullnægjandi og þar sem komnar eru upp rökstuddar efasemdir um að hér sé farið að lögum, þá er ein leið til að koma í veg fyrir að stórslys verði. Sú leið heitir lögformlegt mat á umhverfisáhrifum. Meiri hluti umhvn. hefur lýst því yfir að þannig skuli á málum haldið. Þess vegna flyt ég þessa brtt. um að Alþingi álykti að ríkisstjórnin láti fara fram mat samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar og segi því já.

[18:07]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Með virkjun Jökulsár í Fljótsdal verður spillt gríðarlega miklum náttúruverðmætum sem aldrei verða aftur fengin. Verndun íslenskrar náttúru, ekki síst náttúruperlna á hálendi landsins, er eitt brýnasta verkefni í umhverfismálum Íslendinga. Við berum ekki aðeins ábyrgð á íslenskri náttúru, heldur ber okkur einnig að gæta þeirra verðmæta vegna komandi kynslóða.

Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt lögformlegu ferli tryggir að fullnægjandi rannsóknir fari fram og mat óháðra sérfræðinga verði lagt fram. Enn fremur verði þá betur kannaðir aðrir virkjunarkostir, lagaóvissu eytt og áhrif á byggðir og mannlíf verða ljósari. Því styð ég, herra forseti, að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum og segi já.

[18:08]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Með virkjun Jökulsár í Fljótsdal verður spillt gríðarlega miklum náttúruverðmætum sem aldrei verða aftur fengin. Verndun íslenskrar náttúru, ekki síst náttúruperlna á hálendi landsins, er eitt brýnasta verkefni í umhverfismálum Íslendinga. Við berum ekki aðeins ábyrgð á íslenskri náttúru, heldur ber okkur einnig að gæta þeirra verðmæta vegna komandi kynslóða.

Mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar samkvæmt lögformlegu ferli tryggir að fullnægjandi rannsóknir fari fram og mat óháðra sérfræðinga verði lagt fram. Enn fremur verði þá betur kannaðir aðrir virkjunarkostir, lagaóvissu eytt og áhrif á byggðir og mannlíf verði ljósari. Því styð ég að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum og segi já.

Tillgr. samþ. með 39:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BBj, DO, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, DLH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KLM, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, HGJ, ArnbS, SÞ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, HBl.

nei: BH, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KF, KolH, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, ÁSJ, ÁRJ.

2 þm. (GAK, GIG) greiddu ekki atkv.

2 þm. (EOK, SJóh) fjarstaddir.

31 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að afgreiða viðamikið mál sem gengur út á að sneiða fram hjá almennum leikreglum um umhverfismat. Lögleg má þessi leið vera, herra forseti, en umfram allt er hún siðlaus. Á slík vinnubrögð get ég ekki fallist og segi því nei.

[18:10]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Nú er greitt atkvæði um það mál sem er líklega hvað stærst ef litið er til atvinnu- og byggðamála í landinu. Aðstæður okkar eru því miður þannig að hallað hefur mjög á hinar dreifðu byggðir. Hér verður gerð tilraun til þess að snúa þeirri þróun við.

Herra forseti. Það bendir flest til þess að þetta muni gefa okkur ný tækifæri á Austurlandi og landinu öllu til að vinna gegn hinni uggvænlegu þróun. Herra forseti, ég segi já.

[18:11]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég trúi því að við séum hér að stíga gæfuspor. Ég er sannfærður um að með samþykkt þessarar tillögu færumst við nær því að geta tekið þá ákvörðun að byggja upp orkufrekan iðnað á Austurlandi. Samþykkt tillögunnar styrkir samningsstöðu okkar og um leið mun okkur takast að halda áfram uppbyggingu orkufreks iðnaðar sem leggur grunn að varanlegum og betri lífskjörum fyrir þjóðina alla. Ég segi já.

[18:12]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni langstærsta byggðamál sem rekið hefur á fjörur Alþingis í háa herrans tíð. Fljótsdalsvirkjun og álver í Reyðarfirði mun stöðva fólksfækkun á Austurlandi, auka fjölbreytni atvinnulífsins og skapa mikinn fjölda nýrra starfa. Ég minni á eindreginn vilja íbúa Austurlands sem speglast í ályktun sveitarstjórnarmanna á svæðinu sem samþykktu með 41:2 atkvæðum að mæla með þessum framkvæmdum. Ég styð þennan eindregna vilja heimamanna og segi já.

[18:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég studdi áform um Fljótsdalsvirkjun upp úr árunum 1980 þegar stefnt var að því að framleiða rafmagn til kísilmálmvinnslu á Reyðarfirði. Ég studdi Fljótsdalsvirkjun árið 1990 eða þar um bil þegar orkuna átti að flytja suður yfir heiðar vegna álverksmiðju á Keilisnesi. Ég styð því Fljótsdalsvirkjun árið 1999 þegar orkunýting verður á Reyðarfirði vegna álverksmiðju þar eystra.

Ríkisstjórnin hefur haldið illa á þessu máli. Ég læt hins vegar Austfirðinga ekki gjalda þess né heldur landsbyggðina alla. Landsbyggðinni hefur blætt undir stjórn núverandi ríkisstjórnar. Það er nóg komið. Nú þarf að snúa vörn í sókn. Austfirðingar og landsbyggðarfólk allt á annað og betra skilið en að enn og aftur verði svikin gömul fyrirheit. Nóg er nú samt. Ég er umhverfis- og framkvæmdasinni. Ég vil ganga vel um landið mitt en styrkja um leið landsbyggðina og kjör fólksins í landinu. Ég segi já.

[18:14]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Umhverfismat verður ekki að raunveruleika, sú tillaga var felld og slíkt ber að harma. Náttúrunni er fórnað, það verður ekki aftur tekið. Fjármunum er sóað og vafi er á arðsemi framkvæmdanna. Þetta er ekki gæfuspor í mínum huga og ég segi nei.

[18:15]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um verulega stórt mál fyrir íslenska þjóð. Verði þáltill. hæstv. iðnrh. samþykkt mun hún styrkja atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar. Verði hún samþykkt mun hún styrkja byggð á Miðausturlandi og þar með snúa þeirri byggðaþróun við sem átt hefur sér stað að undanförnu. Verði hún samþykkt mun hún efla öryggi í rafmagnsframleiðslu landsmanna. Verði hún samþykkt mun hún ýta undir nýtingu vistvænna orkugjafa. Ég segi því já, herra forseti.

[18:15]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Hér fær lýðræðið að hafa sinn gang byggðum landsins í vil. Þetta er siðleg ákvörðun og gleðileg, styrkir byggðir landsins og styrkir þjóðina. (**ÖJ:** Kristilega?) Já. Enginn sökkvir landi með neinni gleði en það er fórnarkostnaður þessu viðvíkjandi. Ég segi já og þó fyrr hefði verið.

[18:16]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Í upphafi átti ég nokkuð erfitt í þessu máli enda er ég umhverfissinni. Eftir að hafa farið um svæðið, hitt fjölda vísindamanna, sveitarstjórnarmanna og almennra borgara á Austurlandi fannst mér ekki annað hægt en vinna þessu máli brautargengi. Orkufrekur iðnaður á Austurlandi leysir ekki allan vanda Austfirðinga en hann er kærkomin viðbót við atvinnuflóruna þar. Ég veit að sveitarstjórnarmenn eru sífellt að leita að nýjum atvinnutækifærum. Þess vegna segi ég já.

[18:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga er pólitísk leiksýning stjórnarflokkanna. Aldrei hefur staðið til að taka mark á þeim staðreyndum sem umfjöllun Alþingis og nefnda þess hafa leitt fram. Meiri hluti á Alþingi áformar að fórna umdeildum náttúruverðmætum án þess að nýta að fullu þá virkjunarkosti sem eru fyrir hendi á því svæði sem um er rætt. Orkustofnun hefur lagt fram tillögu um skoðun á öðrum kosti sem hún telur að gefi 15–20% lægra orkuverð en Fljótsdalsvirkjun gerir. Þessi tillaga hefur lengi lengið fyrir. Það verður að fordæma þessi forkastanlegu vinnubrögð. Það er gersamlega óhæfa að svona skuli að þessum málum staðið. Ég ætla ekki að taka þátt í því. Ég segi nei.

[18:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á alvarlegum og illvígum deilum sem hafa skipt þjóðinni í stríðandi fylkingar með því að fara ekki með Fljótsdalsvirkjun í lögformlegt umhverfismat. Fjárhagsgrundvöllur þessara framkvæmda stendur á brauðfótum. Mat á byggðaáhrifum framkvæmdanna er líka í mikilli óvissu. Það eina sem er öruggt er að ríkisstjórnin þorir ekki með framkvæmdina í lögformlegt umhverfismat og ef í hana verður á annað borð ráðist munu dýrmæt náttúruverðmæti glatast. Ríkisstjórnin verður sjálf að bera ábyrgð á þessu umhverfisslysi, ekki síst þegar mestar líkur eru á bullandi tapi á allri framkvæmdinni sem skattgreiðendur þurfa að bera. Þingmaðurinn segir nei.

[18:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við framkvæmd þessarar tillögu og undirbúning hennar er rangt að verki staðið. Verið er að storka framtíðarsýn þjóðarinnar og þeim reglum sem hún hefur sjálf sett sér í umgengni við náttúruauðlindir landsins. Náttúruperlur landsins eiga að njóta vafans. Það er afar ósanngjarnt og rangt að stilla þessu máli upp sem byggðamáli og stilla þannig landsbyggðinni upp gagnvart þeirri framtíðarsýn sem umhverfis- og náttúruvernd á að njóta. Ég segi nei.

[18:20]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Samþykkt þeirrar tillögu sem er til lokaafgreiðslu styrkir stöðu stjórnvalda í samningum við Norsk Hydro um framleiðslustarfsemi, byggða á nýtingu raforku frá orkulindum á Austurlandi. Verkefnið mun ef af verður styrkja stöðu íslensks efnahagslífs og auka þjóðartekjurnar, jafnframt því að auka iðnaðarframleiðslu í atvinnulífinu og þar með styrkja stoðir atvinnulífsins í landinu. Jafnframt mun það styrkja byggð og auka fjölbreytni atvinnulífs á Austurlandi. Ég segi já.

[18:20]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Það eru nútímaleg vinnubrögð hins siðaða samfélags að beita leikreglum á borð við mat á umhverfisáhrifum, leikreglum sem settar eru á Alþingi af framsýnum þingmönnum sem voru að hegða sér á heimsins hátt til að tryggja að náttúran njóti vafans.

Ég hef haldið því fram, herra forseti, að lagaóvissa ríkti um þessar framkvæmdir og tel að úr þeim verði jafnvel ekki skorið nema fyrir dómstólum. Til stendur að fórna verðmætu votlendi óafturkræft fyrir ímyndaðan tímabundinn ávinning og í óþökk stórs hluta þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég segi nei.

[18:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þó svona fari, þá er síðasta orðið ekki sungið í þessum söng, það fullyrði ég. Í skjóli valds og hroka er verið að troða stórri ákvörðun niður kokið á þjóðinni. Það er mikið öfugmæli sem haldið hefur verið fram í umræðunni að hér skuli notuð hreina orkan okkar — í hvað? — í eimyrjuspúandi álbræðslu á Austurlandi sem á ekki eftir að verða neinum til góðs, engum af þessari þjóð. Hér er verið að fremja óafturkræft spellvirki á íslenskri náttúru og þetta á eftir að verða okkur dýrkeypt og þungbært. Landsbyggðin og þjóðin öll á betra skilið en að fjöreggið sé tekið frá henni.

Ég lýsi yfir andstöðu við þessa orkufrekju og ég lýsi yfir mikilli hryggð. Ég segi: Virkjum þjóðina en björgum hálendinu. Ég segi nei.

[18:22]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég lýsi yfir vonbrigðum með þá niðurstöðu að stjórnarmeirihlutinn treystir sér ekki til að styðja eðlilegan og nútímalegan farveg fyrir Fljótsdalsvirkjun þannig að fram fari lögformlegt umhverfismat. Staða landsbyggðarinnar er slík að lífsnauðsynlegt er að snúa við öfugþróun þeirra mála. Bygging álvers á Reyðarfirði er mál af þeim toga. Slíkar tilraunir get ég ekki annað en stutt. Ef ekki verður brugðist við fólksflutningum frá landsbyggðinni hér og nú verður illa við málið ráðið. Þrátt fyrir vankanta á málinu af hálfu ríkisstjórnar styð ég viðnámsaðgerðir af þessu tagi sem treysta byggð í landinu.

Herra forseti. Ég segi já.

[18:23]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við erum að greiða atkvæði um hvort loforð okkar til að styrkja landsbyggðina standi eða ekki. Ekkert hefur komið fram í umræðum síðustu daga sem gefur tilefni til að ætla að önnur leið sé til svo efna megi þetta loforð og um leið að hlífa Eyjabökkum. Málflutningur andstæðinga Fljótsdalsvirkjunar snýst um prinsipp en ekki úrræði. Ekkert bendir heldur til annars en að ríkisstjórnin hafi staðið eðlilega og lögformlega að málinu að öllu leyti. Ég segi já, herra forseti.

[18:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við umræðu um þessi mál á Alþingi hefur komið berlega í ljós að hér takast á tvö mjög sterk sjónarmið sem mörgum reynist erfitt að gera upp á milli enda hefði það ekki þurft að gerast. Hér er um að ræða byggða- og atvinnumál annars vegar og náttúruvernd hins vegar. Það er sorglegt að ríkisstjórnin, sem hefur í raun undirbúið þessa stóru framkvæmd á Austurlandi í langan tíma, skyldi ekki bera gæfu til að samræma þessi tvö sjónarmið. Það var og er hægt að gera með því að láta fara fram vandað mat á umhverfisáhrifum. Ríkisstjórnin brást því hlutverki sínu. Ég segi nei.

[18:25]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar eru gríðarlega mikil. Með virkjuninni verða eyðilögð óafturkræf náttúruverðmæti sem hafa mikið náttúruverndargildi. Því fer fjarri að umhverfisáhrifin hafi verið könnuð nægjanlega til að taka svo afdrifaríka ákvörðun. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum. Með því væri tryggt að fullnægjandi rannsóknir færu fram, óháð mat sérfræðinga yrði lagt fram, aðrir virkjunarkostir yrðu metnir og almenningi gæfist kostur á að kynna sér málið og taka afstöðu til þess. Þar sem þáltill. gerir ekki ráð fyrir slíku lögformlegu umhverfismati treysti ég mér ekki til að styðja þáltill. hæstv. iðnrh. og segi því nei.

[18:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar stendur svo fávíslega að málum að ósætti og heift sundra þjóðinni. Þjóðkjörnum fulltrúum er neitað um tíma, neitað um rök, neitað um upplýsingar í afdrifaríku máli sem varðar náttúruauðæfi, svimandi fjárupphæðir og byggðir sem eiga í vök að verjst.

Tillaga um umhverfismat, sem hefði bætt úr þessu og rík krafa er um, hefur verið felld. Þjóðareining og sátt eru orðin tóm á Alþingi. Ég segi nei.

[18:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ef þessi sérkennilega samstöðuyfirlýsing verður samþykkt gæti það markað upphaf þess að fórna náttúruperlum á svæðinu norðan og norðaustan Vatnajökuls þar sem er stærsta lítt snortna víðerni Evrópu. Fyrst til að falla í valinn yrði þá náttúruperlan Eyjabakkar.

Herra forseti. Það er að mínu mati fráleitt að tala um þetta mál sem innlegg í hinn almenna atvinnu- og byggðavanda landsbyggðarinnar og það kemur úr hörðustu átt frá þeim stjórnvöldum sem bera ábyrgð á einu mesta byggðaröskunarskeiði lýðveldistímans. Herra forseti. Hér hefur ógæfulega verið staðið að verki. Ríkisstjórn og þó einkum Framsfl. hefur klofið þjóðina í herðar niður en reyndar komið sjálfum sér í pólitíska lífsháska í leiðinni og er það vel.

Mér segir svo hugur að hæstv. ríkisstjórn verði harla litlu nær í málinu að afgreiddum þeim málamyndagjörningi sem hér er að fara fram. Ég segi nei, herra forseti.

[18:28]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hef fremur verið í hópi náttúrunýtingarsinna en náttúruverndarsinna en framganga ríkisstjórnarinnar og vinnubrögð ásamt upplýsingum sem komið hafa fram m.a. um arðsemi framkvæmdanna auk þess sem tillaga um umhverfismat hefur nú verið felld gera það að verkum að ég greiði atkvæði gegn framhaldi framkvæmda og segi nei.

[18:29]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Þingmenn Frjálslynda flokksins greiða ekki atkvæði í þessari atrennu enda á eftir að greiða atkvæði um þá viðaukatillögu sem við erum flutningsmenn að en þar er gert ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Ég greiði ekki atkvæði.

[18:30]

Valgerður Sverrisdóttir:

Herra forseti. Það er talað um að náttúran eigi að njóta vafans. Í mínum huga er ekki mikill vafi í þessu máli. Hins vegar eru færðar fórnir. Við fórnum landsvæði sem er engum gleðiefni. Það er hins vegar verjandi vegna þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Skoðanakannanir hafa sýnt að stór hluti þjóðarinnar vill nýta vatnsorkuna sem er ein af okkar meginauðlindum. Þetta mál gengur út á að gera það. Þjóðarbúskapurinn og sérstaklega landsbyggðin þarf á þessum framkvæmdum að halda. Ég segi já.

[18:31]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar svífst einskis í krafti meiri hluta síns á hinu háa Alþingi. Með málatilbúnaði sínum hefur hún alið á ósætti og illdeilum meðal þjóðarinnar. Fljótsdalsvirkjun verður um aldir alda minnisvarði um ólýðræðisleg vinnubrögð og fullkomið ábyrgðarleysi gagnvart komandi kynslóðum. Fljótsdalsvirkjun verður minnisvarði ríkisstjórnar sem fann í pússi sínu eina ofurlausn í byggðamálum, ofurlausn sem öllu var fórnandi fyrir. Herra forseti. Sagan mun dæma þessa menn. Íslendingar eiga betra skilið. Ég segi nei.

[18:32]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér erum við að taka fyrsta skrefið að þeirri verstu náttúruröskun sem samþykkt hefur verið fram til þessa á Íslandi. Með samþykkt þáltill. iðnrh. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun erum við að fórna náttúruperlu sem ekki verður endurheimt, náttúruperlu sem hefði mátt hlífa með öðrum vinnubrögðum eins og margoft hefur verið farið yfir hér í þessum sal.

Málinu er stillt upp sem byggðamáli en ég dreg í efa að það muni reynast sá bjargvættur sem fram kemur í málflutningi stuðningsmanna stóriðju. Eins dreg ég í efa efnahagslegar forsendur framkvæmdanna. Í þessu máli er margt óunnið, bæði í rannsóknum og eins er lagaleg staða málsins mjög ótrygg. Því segi ég nei, herra forseti.

[18:33]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í umræðunni um virkjunarframkvæmdir á Fljótsdal hefur viðkvæðið af hálfu ríkisstjórnarinnar verið að minni hagsmunir verði að víkja fyrir meiri, náttúrunni verði að fórna fyrir efnahagslega hagsmuni sem séu í húfi. Nú hefur verið sýnt fram á að þetta er rökleysa. Hér er um að ræða fullkomið efnahagslegt glapræði.

En þessu máli er ekki lokið og ég vil vekja athygli á að hæstv. iðnrh. gaf mjög mikilvæga yfirlýsingu og skuldbindingu undir lok umræðunnar, þ.e. að ekki verði ráðist í virkjunarframkvæmdir eða neinar framkvæmdir sem þeim tengjast áður en allir samningar um hugsanlegt álver liggja fyrir. Þessari umræðu er ekki lokið. Hún er rétt að hefjast. Ef rétt og málefnalega verður að málum staðið og af dugnaði, þá verður Eyjabökkum þyrmt. Ég segi nei.

[18:34]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um það hvort Alþingi árið 1999 leggur blessun sína yfir framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. Lagasetning um Fljótsdalsvirkjun átti sér stað í Alþingi 1981 að frumkvæði Hjörleifs Guttormssonar. Leyfi til framkvæmda var veitt árið 1991 og þá hófust framkvæmdir við virkjunina, hæstv. forseti, fyrir átta árum síðan.

Við skulum minnast þess að síðan hafa áfram verið stundaðar miklar umhverfisrannsóknir á svæðinu. Við skulum minnast þess að hér er um mest rannsakaða virkjunarsvæði landsins að ræða. Við skulum minnast þess að hér er um bráðnauðsynlega framkvæmd að ræða fyrir efnahagslíf landsins. Við skulum minnast þess að hér er verið að leggja grunn að varanlegum lífskjarabótum Íslendinga. Við skulum minnast þess að íslenska velferðarkerfið stenst ekki nema með nýrri innspýtingu í efnahagskerfið á réttum tíma. Við skulum minnast þess að hér er um byggðamál að ræða og hér er um framkvæmd að ræða sem hefur gífurlega jákvæð áhrif á byggðaþróun á Austurlandi. Austfirðingar treysta því að Alþingi muni samþykkja þessa þáltill.

Hæstv. forseti. Ég samþykki þessa tillögu og segi já.

[18:36]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Í bréfi til hv. alþingismanna fyrir nokkrum dögum frá svokölluðum ljóðahóp er vitnað í ljóð Hákons Aðalsteinssonar, ort á Eyjabökkum í haust leið.

Heyr vorar bænir öræfaandi
óspilltra fjalla.
Gefðu oss mátt til að geyma þinn fjársjóð
um grundir og hjalla.
Laufgaðir bakkar, lágvaxinn gróður,
lindur sem kliða,
burkni í skoru, blóm í lautu
biðja sér griða.

Herra forseti. Það gengur ekki að raska tilveru óspilltra fjalla, grundum og hjalla. Hlusta verður á lindir sem kliða biðja sér griða.

Herra forseti. Hjarta mitt slær með landinu sem náttúrubarni. Gagnkvæm virðing verður að ríkja í vinarþeli lands og þjóðar.

Herra forseti. Það gengur ekki að samþykkja Fljótsdalsvirkjun og ýmsa aðra atvinnuskapandi möguleika nema manni þyki enn vænna um fólkið sitt en landið sjálft. Ég segi já.

[18:37]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst málatilbúnaður hér með ólíkindum. Ég er hryggur yfir því að þjóðinni skuli vera neitað um nútímaleg vinnubrögð við upphaf nýrrar aldar og að fram fari lögformlegt umhverfismat á stærstu fjárfestingu Íslandssögunnar. Ég segi nei.

[18:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér eru stjórnvöld að þröngva þessu umdeilda máli í gegnum þingið eftir að sýnt hefur verið fram á að rannsóknum er áfátt, verið er að brjóta alþjóðasamninga, óvissa er um lögmæti og stjórnvöld hafa ekki hrakið rök og staðhæfingar óháðra hagfræðinga um að tap verði á virkjuninni.

Hér er verið að staðfesta að framin verði óbætanleg náttúruspjöll á einstöku landsvæði á hálendi okkar. Samþykkt þessa mun hafa meiri og alvarlegri afleiðingar en nokkurn órar fyrir. Ég segi nei.

Brtt. 489 felld með 35:10 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, GIG, JB, KF, KolH, ÓÖH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

15 þm. (ÁRJ, BH, DLH, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

3 þm. (EOK, EMS, SJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þingflokkur Samfylkingarinnar er hlynntur því að lög verði sett sem heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins í stórum málum sem snerta hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar. Í þessu máli hefur lögformlegu umhverfismati verið hafnað. Fjárhagsgrundvöllur framkvæmdanna og arðsemi er líka í fullkominni óvissu. Málið er því vanbúið til þjóðaratkvæðagreiðslu. Því greiði ég ekki atkvæði.

[18:39]

Gunnar Ingi Gunnarsson:

Herra forseti. Nú hefur meiri hluti hv. þm. hafnað því að Fljótsdalsvirkjun fari í lögformlegt umhverfismat. Með þeirri ákvörðun hefur meiri hlutinn augljóslega farið gegn vilja stórs hluta íslensku þjóðarinnar og þess verður sennilega lengi minnst. En með því að hafna þeirri tillögu sem hér er til afgreiðslu, þá sendir Alþingi Íslendinga þau skilaboð til þjóðarinnar að henni sé málið óviðkomandi með öllu.

Í lýðræðisþjóðfélagi eru það aðeins hin verstu mál sem fá þess konar afgreiðslu. Þessu mótmæli ég og segi því já.

[18:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegur forseti. Nú þegar þjóðinni hefur verið neitað um lögformlegt umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun þá tel ég að sú tillaga sem hér er fram borin, viðaukatillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu, sé leið til þess að sætta þjóðina og segi því já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KLM, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GAK, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KF, KolH, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (EOK, SJóh) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 521).

Um fundarstjórn.

Atkvæðagreiðsla um Fljótsdalsvirkjun.

[18:43]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Nú hefur tvívegis verið greitt atkvæði á Alþingi um nákvæmlega sömu tillöguna, þ.e. núna við lok afgreiðslu málsins þegar búið var að fella allar brtt. þar á meðal viðaukatillöguna og í þriðju atkvæðagreiðslunni á þinginu þegar búið var að greiða atkvæði um tvær brtt. og tillagan var borin upp eins og hún kemur frá hæstv. ríkisstjórn og eins og hún var samþykkt þá. Hins vegar eru úrslitin ekki þau sömu þannig að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar þegar greidd voru atkvæði um þessa tillögu í fyrra skiptið kemur ekki heim og saman við niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar um sömu tillögu í síðara skiptið. Því spyr ég hæstv. forseta: Með hvaða afgreiðslu hyggst hann senda málið til ríkisstjórnarinnar og hvernig túlkar hann afgreiðslu hv. Alþingis á málinu þegar Alþingi hefur tvívegis greitt atkvæði um nákvæmlega sömu tillöguna frá orði til orðs og fyrri úrslitin eru ekki í samræmi við þau síðari?

[18:45]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég hélt, hv. þm., að þessar umræður hefðu staðið það lengi að einstakir þingmenn ættu að átta sig á skoðunum annarra þingmanna.

[18:45]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þar sem ég hef ekki verið á Alþingi nema eilítið lengur en hæstv. forseti verður að búast við því að ég sé ekki orðinn fullnuma í þeim fræðum sem hér standa. Ég spurði hæstv. forseta einfaldrar spurningar og hæstv. forseti hlýtur að svara þeirri spurningu. Þegar um er að ræða tvær atkvæðagreiðslur um nákvæmlega sömu tillöguna og niðurstöður fyrri og síðari atkvæðagreiðslunnar eru ekki þær hinar sömu, þá spyr ég hæstv. forseta og hann hlýtur að svara því með hvaða úrslitum og hvaða niðurstöðu í þessari atkvæðagreiðslu ætlar hann sem forseti Alþingis að afgreiða málið til hæstv. ríkisstjórnar.

[18:46]

Forseti (Halldór Blöndal):

Eins og ég hef áður tekið fram var tillagan í heild samþykkt með 39:22 atkv.

Byggðastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 267, brtt. 447 og 515.

[18:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 515, tillögu sem ég boðaði — á ég kannski að gera hlé á máli mínu á meðan menn koma sér út úr salnum, herra forseti?

(**Forseti** (HBl): Ætli hv. þingmenn geti ekki farið að haga sér þannig að mælt mál heyrist í salnum?)

Herra forseti. Ég held að það þurfi að fara að taka þá venju til athugunar að strax eftir atkvæðagreiðslur og aðra slíka hluti þegar mönnum er gefið orðið, þá standa tveir þriðju til þrír fjórðu hlutar þingmanna upp með miklu skvaldri og í 2–3 mínútur er ekki vinnufriður í salnum. Ég neyðist til, herra forseti, að vekja máls á þessu því að mér er farið að ofbjóða. Ég fer fram á það að þingflokksformenn taki þessi mál fyrir í þingflokkum sínum. Það er ekki góður svipur á því fyrir Alþingi, sama hver í hlut á og hvaða mál er á dagskrá eða hver er í ræðustól, að mönnum sé svo brátt í brók út úr þingsalnum þegar þeir hafa gert þá skyldu sína að greiða atkvæði að ekki sé vinnufriður í salnum næstu 2–3 mínútur. Mér finnst að menn gætu setið kyrrir smástund og reynt síðan að draga sig hægt og hljótt í hlé eins og segir í danslagatextanum.

Herra forseti. Ég ætla að mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 515 við frv. til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun. Ég boðaði þessa tillögu að nokkru leyti ...

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þm. að verða við tilmælum hv. þm. sem er í ræðustól, 3. þm. Norðurl. e., þannig að hægt sé að tala úr ræðustóli. Hv. 3. þm. Norðurl. e. heldur áfram ræðu sinni.)

Ég þakka forseta. Ég er að reyna að brýna raustina þannig að þetta heyrist kannski frekar, a.m.k. á fremstu bekkjunum, en það er eins og í fleiri stofnunum að það heyrist oft illa og athyglin minnkar eftir því sem kemur aftar í bekkjaraðirnar.

Það var aðallega erindið, herra forseti, að mæla fyrir þessari litlu breytingartillögu.

Reyndar ætlaði ég að segja nokkur orð í viðbót um þetta mislukkaða mál hæstv. ríkisstjórnar og fer kannski vel á því að það sé hér í röðinni, næst á eftir því sem síðast var

afgreitt. Eins og kunnugt er á ferðinni frægt hrossakaupamál stjórnarflokkanna sem þeim liggur mikið á að fá afgreitt núna fyrir jólaleyfið eða áramótin því þá stendur mikið til. Þá þarf að ganga frá því hverjir verða nýir kommissarar í Byggðastofnun, hver fær Seðlabankann og jafnvel heyrast fréttir af enn þá frekari hrókeringum í embættaveitingum svona til gamans núna milli hátíðanna þannig að eitthvað hafa ráðamenn að sýsla milli jóla og nýárs.

Ég hef fært fram fyrir því rök, herra forseti, og að ég tel alveg frambærileg að það sé síður en svo sjálfgefið og í raun býsna langsótt að flytja Byggðastofnun, ráðgefandi og stefnumótandi stofnun stjórnvalda um byggðamál og byggðaþróun, undir iðnrn. eða iðn- og viðskrn. Ég sé ekki beint hið skynsamlega og rökrétta samhengi í því, herra forseti, að taka þessa stofnun sem faglega ráðgjafar- og stefnumótandi stofnun og eftir atvikum að einhverju leyti framkvæmdatæki ríkisvaldsins og færa hana undir eitt af atvinnuvegaráðuneytunum og þá það atvinnuvegaráðuneyti sem hefur einna minnst tengsl við höfuðatvinnugreinar landsbyggðarinnar en það er iðnrn. nema þá kannski í fyllingu tímans ef hæstv. *iðnrh. og stjórnvöldum* tekst að troða álveri í hvern fjörð, þá verði það að lokum rökrétt að byggðamál heyri undir iðnrn. En þá framtíðarsýn held ég að ekki margir deili með hæstv. iðnrh. ef hann hefur hana þá sjálfur sem ég svo sem veit ekki.

Ég leyfi mér því, herra forseti, þar sem mér sýnist ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætli að knýja málið til afgreiðslu að leggja til þá breytingartillögu að standi til að færa forræði þessarar stofnunar til innan Stjórnarráðsins á annað borð, verði Byggðastofnun og byggðamál sem málaflokkur flutt undir félmrn. en ekki iðnrn. Helstu rök mín eru þau, herra forseti, að félmrn. fer með málefni sveitarfélaganna og það fer með húsnæðismál og það fer með fleiri viðamikla málaflokka sem eru að mörgu leyti nálægt því að geta kallast það sem annars staðar er talið til innanríkismála. Félmrn. er því að ýmsu leyti næst því að geta kallast einhvers konar innanríkisráðuneyti Íslendinga. Með því að færa byggðamál undir það ráðuneyti, og reyndar kæmu ýmsir fleiri málaflokkar jafnvel til greina, mætti hugsanlega styrkja þetta ráðuneyti og það væri gert í tengslum við þá endurskipulagningu og þann verkefnatilflutning á milli ríkis og sveitarfélaga sem gæti líka tengst þeim málum.

Atvinnuráðgjöf og atvinnuþróunarstarf er t.d. að miklu leyti á hendi sveitarfélaga og ein af skyldum sveitarfélaga *samkvæmt lögum um sveitarstjórnarmál* er, ef ég man rétt í 6. gr. þeirra laga eða framarlega í röðinni, að byggja upp og efla atvinnulíf á sínum svæðum. Því er að mörgu leyti eðlilegt og hagkvæmt að sama ráðuneyti fari með byggðamál og fari með ráðuneyti sveitarfélaga og þessi löggjöf heyrir undir.

Ég hafði gert ráð fyrir því, herra forseti, að fram kæmi einnig við 3. umr., ég vil spyrja að því, brtt. sem flutt var við 2. umr. af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og kölluð aftur til 3. umr. ef ég veit rétt og liggur þar með fyrir. Það er upplýst og ég þakka fyrir það og ég vil láta það álit mitt í ljós að ég styð þá tillögu. Ég tel tvímælalaust til bóta að breyttu breytanda að áfram yrði þingkjörin og þverpólitísk stjórn fyrir þessari stofnun. Ég tel reyndar, herra forseti, að færa megi fyrir því sterk rök að menn séu á góðri leið með að velja versta kostinn, velja millileið sem getur aldrei orðið annað en bastarður eðli málsins samkvæmt. Það er handskipuð eða handvalin sjö manna stjórn sem ráðherra einhendis tilnefnir stofnuninni og jafnmarga menn til vara. Í raun og veru er miklu betra að sleppa því að hafa sérstaka stjórn fyrir stofnuninni, gera hana að hreinni ríkisstofnun eða stjórnsýslustofnun sem ber beint og millilíðalaust ábyrgð gagnvart ráðherranum. Það eru hreinni og beinni brautir í stjórnsýslunni ef menn vilja ekki reyna að tryggja sjálfstæði og þverpólitískt bakland stofnunar af þessu tagi með þingkjörinni stjórn.

Mörg rök, herra forseti, gætu verið fyrir því að reyna að þróa Byggðastofnun, sérstaklega ef sú stofnun hefur viðamiklu og umtalsverðu hlutverki að gegna, þróa hana í burtu frá framkvæmdarvaldinu og í öfuga átt við það sem verið er að leggja til þannig að hún gæti staðið óháðari gagnvart pólitískum sviptivindum á hverjum tíma og væri þess umkomin að hafa sjálfstæðari stefnu ef svo bæri undir í þessum efnum og jafnvel lýsa henni þó í andstöðu væri við einhverjar ákvarðanir stjórnvalda. Það verður harla lítið, herra forseti, að gera með Byggðastofnun sem verður svo ofurseld undir vald ráðherrans að einu má gilda í framtíðinni hvort pappírarnir koma að nafninu til frá Byggðastofnun eða viðkomandi ráðuneyti. Ég tala ekki um ósköpin eins og stjórnsýsluhættir hafa verið að mótast í tíð núv. og reyndar síðustu ríkisstjórnar og viðhorf t.d. til faglegra ákvarðana og faglegrar framgöngu embættismanna hafa birst okkur að undanförnu frá hæstv. ríkisstjórn.

Að mínu mati, herra forseti, er því fátt gott um þessar breytingar að segja og í raun og veru nánast ekki neitt nema að tækifæri hafa gefist til að ræða lítillega um byggðamál í tengslum við umfjöllun Alþingis um málið. Þetta er ekki framfaraskref í byggðamálum á nokkurn hátt. Ekki er verið að efla þessa stofnun heldur að veikja. Það er verið að draga úr sjálfstæði hennar. Ekki eru í farvatninu auknir fjármunir til þessarar stofnunar og ekki eru breytingar sem eru á neinn hátt líklegar til að efla eða gera hana sérstaklega betur færa til að sinna hlutverki sínu. Ég legg því þessa brtt. fram sem varatillögu, herra forseti, í ljósi þess að mér sýnist því miður stefna í afgreiðslu málsins. Helst hefði ég kosið að það næði ekki fram að ganga. Ég mun greiða atkvæði gegn því en teldi þó þá breytingu sem ég legg til, sem og þá brtt. sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er 1. flm. að, kannski eini flm., hvora tveggja vera til bóta og mun styðja þær.

[18:56]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það var með talsverðri eftirvæntingu að maður beið frv. til laga um Byggðastofnun og vænti þess eftir þá öfugþróun sem átt hefur sér stað í byggðamálum á umliðnum árum að þar væri að finna metnaðargjarna lagasmíð þar sem snúið væri vörn í sókn. Hins vegar kemur á daginn að þó um sé að ræða þolanlega spretti í þessu frv. er aðdragandi þess og innihald allt því marki brennt að það *er afrakstur hrossakaupa á stjórnarheimilinu frá sl. vori* þar sem stjórnarflokkarnir skiptu herfanginu sín á milli og lögðu á ráðin um hvernig einstök ráðuneyti og undirstofnanir ættu að falla stjórnarflokknum í skaut. Þetta er afrakstur þeirra hrossakaupa sem lutu ekki eingöngu að því að skipta á ríkisstofnunum og skipta á verkefnum *milli stjórnarflokkanna* heldur komu þar einnig við sögu einstaklingar, ráðherrar og aðrir vinir stjórnarflokkanna.

Við höfum fylgst með því í fjölmiðlum hvernig þau kaup hafa gerst. Auðvitað eru ekki meðmæli með því frv. sem hér um ræðir að sá vonbiðill, sá kandídat sem kallaður var til þeirra starfa að verða stjórnarformaður hinnar nýju Byggðastofnunar, hefur afþakkað þann virðingarsess með öllu með

þeim orðum að það væri engin alvara af hálfu ríkisstjórnarinnar með því frv. sem hér um ræðir og enginn hugur þar að baki. Ég hugsa að satt að segja þurfi ekki frekari vitnanna við þegar hæstv. félmrh. Páll Pétursson, sem nefndur var í stól formanns stjórnar Byggðastofnunar, gefur þessu frv. þá einkunn sem ég lýsti.

Út af fyrir sig alger óþarfi fyrir okkur stjórnarandstæðinga að fara frekari orðum um það því að ef einhver ætti að þekkja undirbúning og aðkomu að málinu er það auðvitað hann. Eins og ég segi er þetta liður í lönguvitleysu, stórum og löngum kapli þar sem verið er að raða á jötuna hér og þar og alls staðar. Í því samhengi er einnig eitt stykki seðlabankastjórastaða og í fjölmiðlum sér maður að þar gæti verið líka á ferðinni hugsanleg langavitleysa með tilheyrandi dóminóeffektum.

Herra forseti. Ég hef að þessu sögðu lagt fram litla brtt. vegna þess að mér hefur fundist í síðari tíð að sú þróun væri í öfuga átt þegar Alþingi hefur æ ofan í æ afsalað sér völdum í hendur framkvæmdarvaldinu. Það höfum við gert um leið og við höfum hlutafélagavætt stofnanir á borð við Póst og síma. Það höfum við gert í viðskiptabönkunum og margir hafa haldið merkar og lærðar ræður um að það sé rétt að þessi mál væru öll á hendi þess aðila sem bæri ábyrgð á málinu hjá framkvæmdarvaldinu, nefnilega viðkomandi ráðherra. Gott og vel. Það eru ákveðin rök í því. En á hinn bóginn hafa menn í upphafi farið fram á þann veg að viðkomandi ráðherra hefur látið í veðri vaka og jafnvel framkvæmt það fyrsta kastið að skipan stjórnarstarfa væri í réttu hlutfalli við þingstyrk og vægi stjórnmálaflokkanna þannig að hinar pólitísku raddir fengju að heyrast jafnt eftir sem áður í þessum stjórnum þótt þær væru þar í umboði ráðherra. Því miður hefur það þróast þannig til að mynda í viðskiptabönkunum, að ég tali ekki um Íbúðalánasjóð sem var raunar skipaður þannig strax hið fyrsta, að þar var með ... (**Gripið fram í:** Sementsverksmiðjan.) Sementsverksmiðjan, er kallað fram í og er ástæða til að bæta því við.

Í Íbúðalánasjóði er það þannig að það er ekki einn einasti stjórnarandstæðingur sem situr þar í sjö manna stjórn. Það er bara svona. Það er einn fyrrv. þingmaður sem var óháður á síðustu dögum síðasta kjörtímabils en útilokað að rödd stjórnarandstöðunnar fái að heyrast þar, eins mikinn áhuga og þeir flokkar sem þar eru nú hafa sýnt málefnum húsbyggjenda og íbúðareigenda á kjörum fólks í landinu. Það vekur manni auðvitað nokkra tortryggni. Þess vegna finnst mér málið tvíþætt. Annars vegar að forræðið sé á hendi Alþingis. Þetta stóra mál er þannig vaxið að við sjáum að framkvæmdarvaldið hefur sýnt því lítinn áhuga og reyndar er þessi tillaga þannig fram sett að Sjálfstfl. hefur gefist upp á verkefninu að stýra Byggðastofnun. Hæstv. forsrh. hefur verið byggðamálaráðherra umliðinna þriggja ríkisstjórna og niðurstaðan er öllum kunn. Óþarfi að lengja umræðuna með því að rekja þá sorgarsögu alla og réttir nú keflið í áttina að Framsfl. sem hefur kannski ekki allt of glæsta fortíð í byggðamálunum heldur þannig að þessar breytingar, þessi hausavíxl auka manni ekki bjartsýni og þor.

Mikils er um vert þó í þessari þröngu stöðu að eftir sem áður verði stjórn Byggðastofnunar skipuð á þann veg að sjónarmið stjórnmálaflokkanna í Alþingi fái að njóta sín. Það finnst mér mest um vert og ég vil trúa því að þannig gangi mál fram.

[19:02]

Útbýting þingskjala:

Banka- og póstafgreiðslur, 302. mál, fsp. SvanJ, þskj. 519.

Póstþjónusta, 303. mál, fsp. SvanJ, þskj. 520.

[19:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 3. umr. frv. til laga um Byggðastofnun. Ég hef áður í umfjöllun um frv. varpað fram athugasemdum bæði efnislega og síðan beint varðandi einstakar greinar sem ég hefði viljað óska svara við.

Það er í fyrsta lagi rökin fyrir því að setja þetta undir iðnrn., að færa stofnunina frá forsrn. og setja hana undir iðnrn., eitt afmarkað ráðuneyti. Við höfum atvinnuvegaráðuneyti; landbrn., sjútvrn., menntmrn. og félmrn. sem fer með verkefni sveitarfélaganna. Ég vil taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að iðnrn. er kannski það síðasta sem manni dytti í hug að setja þau verkefni og þá stofnun undir eins og hér er fyrirhugað að gera. En engu að síður í tengslum við það vil ég spyrja, ég veit reyndar ekki, hæstv. forseti, hver er til svara varðandi þetta frv. sem flutt er af einum ráðherra fyrir annan. (**Gripið fram í:** Það er ...) Það er hér alvarleg spurning sem ég hefði viljað varpa fram og ég harma að enginn ráðherra skuli sýna byggðamálum meiri virðingu en svo að hverfa ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hef gert ráð fyrir því að hæstv. iðnrh. verði kvaddur til.)

Ég þakka fyrir það því að byggðamálin eru ekki búin þó að hæstv. ráðherra hafi fengið samþykkta þáltill. um Fljótsdalsvirkjun, um áframhaldandi framkvæmdir á þeirri vinnu. Meðan ég bíð eftir hæstv. iðnrh. vil ég fara í önnur atriði.

Ég hef vakið athygli á því að verið sé að veikja stofnunina og verið sé að veikja verkefnaflokkinn með því að breyta henni úr sjálfstæðri stofnun í sérstaka stofnun og meiningin sé að gera þetta að stjórnsýsluskrifstofu eða skrifstofu í iðnrn. Ég hef gagnrýnt það. Ég tel að þarna sé verið að veikja málaflokkinn í heild. Það verði þá að gerast á grundvelli heildarsýnar. Ekki er lögð fram nein sérstök byggðasýn í frv., enda snýst það ekki um það. Þetta snýst um hrein tæknileg verklagsatriði og hvar einhverjir kontóristar eigi að sitja.

Ég hef líka vakið athygli á því, herra forseti, og óskað eftir því að það yrði kannað hvort 11. gr. frv. stenst miðað við stjórnsýslulega stöðu, þ.e. hvort þessari stofnun verði heimilt að veita lán með þeirri stjórnsýslulegu uppbyggingu sem fyrirhuguð er.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að hæstv. iðnrh. er kominn. Það er eitt atriði, hæstv. forseti, sem ég hefði viljað spyrja hæstv. iðnrh. um. Það sem verið er að ýja þarna að um störf og aðkomu þessarar stofnunar að rannsóknum í þeim umræðum sem hafa heyrst — fyrirgefið, hæstv. forseti, að ég ber þetta með þessu móti hér inn — að að störfum sé nefnd sem eigi að kanna hvernig megi sameina rannsóknastofnanir atvinnuveganna í eitt og undir iðnrn. Ég hefði viljað spyrja hæstv. iðnrh. líka um þessa skýrslu hér þar sem gerð er tillaga um að þjappa saman rannsóknastofnunum atvinnuveganna upp á Keldnaholti og sem stofnanir sem heyra undir iðnrn. eiga aðild að, í ljósi þeirra orða sem standa bæði í 8. gr. og 2. gr. frv. um að stofnunin undir þessu ráðuneyti eigi að vera samræmingaraðili og eigi að vera rannsóknastofnun. Er eitthvað hæft í því að með vitund iðnrn. sé verið að vinna að uppbyggingu og sameiningu á stórtækum

framkvæmdaáætlunum og hugmyndum um rannsóknastofnanir atvinnuveganna á Keldnaholti og færa þær saman undir iðnrn.? Ég vil fá svar við því hvort eitthvað sé hæft í þessu og hvort þetta sé þá hluti af þeim pakka sem hérna er verið að búa til.

Ég get ekki sagt annað, herra forseti, en að mér finnst þetta frv. til laga um Byggðastofnun hafa fært niður verðgildi byggðamála og stöðu þeirra. Það má vel vera að styrkja megi hana með öðrum hætti og ég tel að styrkja ætti hana með því að styrkja önnur ráðuneyti og láta þau vera meira meðvituð um verkefni sín, sjútvn. um fiskveiðistjórnina og landbrn. um stöðu sauðfjárbænda, ekki er hún svo beysin, frekar en að færa þau saman undir eitt ráðuneyti. Það getur orðið til þess að hin atvinnuvegaráðuneytin telji sig ekki þurfa að sinna þeim málaflokkum sem skyldi vegna þess að þau séu á hendi þessa ráðuneytis.

Herra forseti. Ég hefði talið að meiri þörf væri á því að leggja fram markvissar og ákveðnar aðgerðir í byggðamálum en að flytja frv. til laga einungis um vistaskipti á stofnun og færa hana niður í verðgildi. Ég ítreka, herra forseti, að ég vil gjarnan fá svör við aðild iðnrn. að samþjöppun rannsóknastofnana atvinnuveganna.

[19:10]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að hægt væri að stokka upp í því rannsóknarkerfi og rannsóknastofnanakerfi sem við búum við í dag. Það þýðir ekki að ég telji að flytja þurfi alla rannsóknastarfsemi í landinu suður til Reykjavíkur, það er af og frá. Ég tel að með auknu samstarfi stofnana, með sameiningu stofnana sé hægt að ná fram verulegum sparnaði í rekstri þeirra. Sem iðnrh. hef ég beitt mér fyrir slíku. Ég nefni tvennt.

Í fyrsta lagi hef ég beitt mér fyrir samstarfi Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins sem hefur skilað góðum árangri.

Í öðru lagi hef ég beitt mér fyrir því að rannsóknastofnanir landbúnaðarins, RALA, og Iðntæknistofnun hafi unnið meira saman á matvælasviði. Þannig tel ég að hægt sé að auka og þróa það samstarf enn frekar frá því sem nú er. Það þýðir ekki að færa þurfi alla rannsóknastarfsemina á einn stað suður í Reykjavík, en ég held hins vegar að sú rannsóknastarfsemi sem núna er á Keldnaholti sé þar vel fyrir komið. Ég hefði t.d. áhuga á því að Orkustofnun sem staðsett er á Grensásveginum flytti líka á Keldnaholt, en með auknu samstarfi þessara stofnana á mjög mörgum sviðum, sameiningu þeirra, þá tel ég að við eigum að geta náð þeim sparnaði og sá sparnaður á að leiða til þess að fjármunirnir sem við höfum í beinar rannsóknir gætu aukist.

Það verkefni hefur lengi verið á verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar að reyna að hrinda í framkvæmd, að ná fram aukinni hagræðingu sem leiddi til þess að fjármunir í rannsóknastarfseminni muni aukast. Menn hafa horft á m.a. hvernig hægt væri að byggja upp rannsóknastarfsemi t.d. á Akureyri. Það er nú að takast. Þannig mætti á fleiri sviðum auka rannsóknastarfsemina úti um land. Akureyri er að mínu mati kjörinn staður í tengslum við háskóla til að styrkja enn frekar rannsóknastarfsemi á mjög mörgum sviðum.

Það hefur hins vegar gengið mjög illa að ná samkomulagi um hvernig standa eigi að slíku samstarfi eða slíkri sameiningu stofnana. Það byrjaði með því að sett var á nefnd til að reyna að komast að niðurstöðu. Sú nefnd komst í raun og veru ekki að neinni niðurstöðu. Það var algert ósætti. Ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem rannsóknastarfseminni tengjast voru fengnir til að gera tillögur. Það leiddi ekki til niðurstöðu. Þess vegna tel ég að menntmrh. hafi stigið hárrétt spor þar sem hann óskaði eftir tillögum frá Rannsóknarráði Íslands eða með öðrum orðum að vinna málið innan frá, vinna málið innan stofnananna til að ná niðurstöðu og það var niðurstaðan að Rannsóknarráði var falið þetta verk, þeir eru núna að koma með tillögur í þeim efnum. Ég tel að rannsóknastarfsemin eigi að heyra undir menntmrn. og það eru engin áform uppi í þeim efnum að vera að sameina þær stofnanir undir iðnrn. Það get ég fullvissað hv. þm. um. Þetta á að heyra undir menntmrn. eins og það gerir í dag.

[19:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hann gaf um að ekki væri verið að vinna neina formlega vinnu sem lyti að því að færa þessar rannsóknastofnanir saman og undir iðnrn. Ég tek alveg heils hugar undir það að samstarf er gott og þarf að eflast og er aldrei nógu mikið, er stöðugt eitthvað sem unnið er að.

Ég verð þó, herra forseti, að benda á þá sterku tilhneigingu sem er í því að draga alla rannsókna- og þróunarvinnu og þekkingariðnað til Stór-Reykjavíkursvæðisins. Það þarf að beita afli til að hún fari fram annars staðar. Það er líka hættulegt að beita hugtakinu hagræðing og þess háttar hugtökum í því sambandi. Það er pólitísk sýn og vilji sem þar þarf að vera og ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. standi að þeirri pólitísku sýn og gefi henni afl, að rannsókna- og þróunarstarfsemin geti byggst í auknum mæli upp út um land, út um héruðin á forsendum heimamanna.

[19:16]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að nefndin sem ég vitnaði til, þ.e. Rannsóknarráðið er að vinna að þessari tillögugerð. Ég veit ekki hvað felst í tillögum þeirra en mér er sagt að þeir muni ljúka störfum mjög fljótlega. Ég hef ekki trú á því að þeir muni leggja til að þessi starfsemi verði öll sameinuð undir iðnrn. Ég er þeirrar skoðunar að hún eigi að heyra undir menntmrn.

Ég tek undir áhyggjur hv. þm. og deili þeim að vissu leyti með honum. Það þarf að gæta að því að starfsemi rannsóknastofnana færist ekki öll utan af landi hingað til Reykjavíkur. Það þarf að passa það. Í mínum huga er lítið mál að koma þessari starfsemi upp úti á landsbyggðinni. Við búum í upplýsingasamfélaginu þar sem enginn vandi er að færa upplýsingarnar frá einum stað til annars. Við eigum að koma þessum rannsóknum fyrir á heimaslóð eftir því sem hægt er.

[19:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því í máli hæstv. iðnrh. að hann nefndi einungis menntmrn. Ég vil vekja athygli á því að það eru rannsóknastofnanir undir landbrn. einnig, undir sjútvrn. og undir iðnrn. Vissulega eru líka rannsóknastofnunanir undir menntmrn.

Persónulega tel ég ekki ástæðu til þess og raunar rangt að flytja rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem eru undir öðrum ráðuneytum, t.d. undir menntmrn. Ég tel það rangt, ef það hefur legið í orðum hæstv. iðnrh. Ég vil þó ekki leggja honum orð í munn.

[19:18]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta getur verið mjög stutt. Ég hef engin áform í þá veru að taka allar atvinnuvegarannsóknir og setja undir menntmrn. Rannsóknastarfsemi í landinu á að heyra undir menntmrn. en starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna, eftir því hvar þær leggjast eftir atvinnugreinum, mun heyra undir viðkomandi ráðuneyti.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að menn þurfi að horfa á atvinnugreinaskiptinguna algerlega upp á nýtt innan Stjórnarráðsins.

[19:19]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um Byggðastofnun sem hér er til umfjöllunar vekur vonbrigði. Miðað við þá stöðu sem nú er í byggðamálum þá batt maður vonir við að tekið yrði myndarlega á stöðu landsbyggðarinnar með kerfisbreytingum við endurskoðun á lögum um Byggðastofnun.

Ég hefði talið eðlilegt að stofna a.m.k. tímabundið innanríkisráðuneyti. Hér er um virkilega stórt atriði að ræða, líka peningalega, kannski tugmilljarðadæmi sem við stöndum frammi fyrir vegna fólksflutninga. Ég tel algerlega rangt að setja málið í þann farveg sem það er sett í með þessu frv. Þar er um að ræða flutning til fagráðuneytis, frá forsrn. og til iðnrn. Mér finnst að í því felist viss einsporun á vandamálum landsbyggðarinnar. Menn ætla sér með beinum aðgerðum í gegnum iðnrn. að leysa vandamál landsbyggðarinnar. Það er gömul aðferð sem við höfum áratuga reynslu af og skilar ekki árangri fyrir landsbyggðina.

Heildstæðar víðtækar aðgerðir þurfa að eiga sér stað og þess vegna hefði tímabundin stofnun innanríkisráðuneytis verið vel við hæfi til þess að taka á þessum gríðarlegu vandamálum núna. Samkvæmt þeim skýrslum sem unnar hafa verið á vegum Byggðastofnunar og fleiri aðila undanfarið þá er himinklárt að það eru ekki atvinnumálin einvörðungu sem eru til vandræða í búsetuþróun í landinu. Það er samdóma álit flestra sem úttekt hafa gert á því að fjölmargir málaflokkar vegi þar þungt. Menn hafa talað um allan skalann, þ.e. menningarmálin, atvinnumálin, samgöngumálin og rekstur ríkisstofnana svo sem heilsugæslu, skóla o.s.frv. Einsporun inn í eitt fagráðuneyti þar aðeins á að fókusera á atvinnumálin er að mínu mati röng stefna. Eigi að vista Byggðastofnun inni í einhverju ráðuneytanna, eigi ekki að velta fyrir sér möguleikum á t.d. tímabundnu innanríkisráðuneyti sem þessi stofnun gæti verið grunnur að þá held ég að tillaga Steingríms J. Sigfússonar um vistun Byggðastofnunar í félmrn. sé miklu nær lagi. Félmrn. hefur með málefni sveitarfélaganna að gera og hefur breidd og víðsýni til að taka á öllum þeim málum sem eru grundvallaratriði í stöðu landsbyggðarinnar: menningarmálum, atvinnumálum, samgöngumálum, rekstri ríkisstofnana, heilsugæslu og skóla.

Við atkvæðagreiðsluna verður lögð fram þessi brtt. sem ég styð eindregið en ég vil árétta það að mér finnst of lítið gert úr þessu máli. Með endurskoðun á lögunum um Byggðastofnun var kærkomið tækifæri til að taka heildstætt og af myndarskap á stöðu landsbyggðarinnar. Það verður ekki gert með þessu og ég er hræddur um að með þessum tilflutningum festist menn í gömlu aðgerðunum sem við höfum áratuga reynslu af en hafa ekki virkað til þess að sporna á móti flótta landsbyggðarfólks til höfuðborgarsvæðis.

[19:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér, um Byggðastofnun og færslu Byggðastofnunar undir iðnrn., er mál sem ég tjáði mig um við 1. umr. og lýsti mig andvígan. Ég er enn þeirrar skoðunar að hér sé ekki stigið gæfuspor.

Það er rétt sem komið hefur fram í máli hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, þó sérstaklega síðasta ræðumanns, hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, að byggðamálin eru í mjög alvarlegri stöðu í heild sinni. Það eru ævinlega að koma nýjar tölur um fólksflutningar af landsbyggðinni. Úr Vestfjarðakjördæmi er áætlað að hátt í 300 manns muni flytja á þessu ári.

Þessi staða er að stórum hluta komin til vegna þess að atvinnuöryggi í hinum dreifðu byggðum landsins, sjávarbyggðunum, er fyrir borð borið. Fólk finnur ekki til öryggis í heimabyggð sinni miðað við atvinnustefnu stjórnvalda, sérstaklega varðandi stjórn fiskveiðimálanna. Fólk kýs oft og tíðum að bregða búi og komast í burtu ef það á kost á því. Jafnvel þó ekki séu endilega yfirvofandi erfiðleikar bregða menn á það ráð að flytja úr byggðinni vegna þess að það treystir ekki á framtíð landsbyggðarinnar. Þetta er auðvitað afleiðing þess að hægt er að færa atvinnuréttinn, fiskveiðiréttindin, þ.e. kvótann burt hvenær sem er, hvert sem er og enginn getur sagt neitt við því. Það var gert með lögum nr. 38/1990 sem leyfa frjálst framsal innan kvótakerfisins. Þetta hefur nú verið viðurkennt m.a. í skýrslu Byggðastofnunar um byggðir á Íslandi. Hins vegar eru tillögur stofnunarinnar um viðbrögð ekki mjög markvissar að mínu mati. Ég held að það verði ekki tekið á stórum þáttum þessa máls öðruvísi en að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða, afhenda fólki réttinn aftur og afnema það frjálsræði sem útgerðarmenn hafa nú til að gera nánast það sem þeim dettur í hug við aflakvótann og atvinnuréttinn í leiðinni.

Fram hafa komið tvær brtt. við þetta frv. um Byggðastofnun. Ég tel skárri lausn sem þar er lögð til að Byggðastofnun færist undir félmrn. fremur en hún færist undir iðnrn. Ég held að byggðamálin eigi meira sameiginlegt með málaflokkum félmrn., í sambandi við sveitarstjórnarmál og fleiri mál heldur, en málum undir stjórn iðnrn.

Önnur brtt. er um að kosið skuli í stjórn Byggðastofnunar af Alþingi og ég styð hana líka. Ég tel þær tvær brtt. sem hér eru til bóta þó að ég telji frv. í heild sinni ekki til bóta. Það verður hins vegar sjálfsagt keyrt í gegn af meiri hluta stjórnarflokkanna eins og aðrar tillögur ríkisstjórnarinnar. Hér er auðvitað um kaup kaups að ræða þar sem Sjálfstfl. fær Seðlabankann til sín en Framsfl. byggðamálin. Ég hefði talið að margt nauðsynlegra en það sem nú er lagt upp með sem verður byggðamálunum ekki til framdráttar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (breyting ýmissa laga, yfirstjórn). — Þskj. 253, brtt. 493.

[19:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil rifja það upp og undirstrika að þessa breytingu á vistun Seðlabanka Íslands í stjórnkerfinu hefðum

við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs vel getað hugsað okkur að styðja. Það eru mörg rök fyrir því að Seðlabanki Íslands geti bærilega verið til húsa í Stjórnarráðinu og æðsti yfirmaður hans sé forsrh., yfirmaður efnahagsmála. Það má einnig færa rök fyrir því að heppilegt sé að Seðlabankinn tilheyri öðru ráðuneyti en því sem fer með bankamál almennt.

Ástæða þess að við höfum fyrirvara á stuðningi við þetta mál er hins vegar fyrst og fremst samhengi þess við næsta mál á undan á dagskránni, þ.e. breytingu á stjórnsýslu Byggðastofnunar. Hér er um að ræða tvíburafrumvörp á vegum hæstv. ríkisstjórnar sem eru innbyrðis tengd. Þetta er niðurstaða af kaupskap milli stjórnarflokkanna um slétt skipti á þessum stofnunum. Það fyrirkomulag og þau vinnubrögð viljum við ekki styðja og því munum við væntanlega sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[19:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 493 við það frv. sem hér er til umræðu. Flutningsmenn eru sú sem hér stendur ásamt hv. þingmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur, Lúðvíki Bergvinssyni og Svanfríði Jónasdóttur.

Í þeim brtt. sem við leggjum fram er lagt til að aðeins einn bankastjóri verði við Seðlabanka Íslands. Stóll seðlabankastjóra hefur verið laus í eitt og hálft ár og ekki er hægt að sjá að það hafi haft nein áhrif á bankann til hins verra. Hann hefur síður en svo gengið illa þó að lögmæt tala bankastjóra hafi ekki verið fyllt.

Það hlýtur líka að vera fjarstæða að hér á landi þurfi fleiri en einn bankastjóra til að stýra daglegum rekstri Seðlabankans. Til samanburðar má nefna að í Bandaríkjunum og í Bretlandi nægir einn bankastjóri til að stýra margfalt umfangsmeiri rekstri en við Seðlabanka Íslands. Hér er sem sagt lagt til að hin lausa staða bankastjóra Seðlabankans verði ekki fyllt og fækkað verði um einn bankastjóra þegar skipunartími seðlabankastjóra rennur út næst en eins og mönnum er e.t.v. kunnugt eru bankastjórar Seðlabankans skipaðir nú til fimm ára. Eins og við þekkjum hefur þessi lausa staða verið auglýst en hægt er að draga þá auglýsingu til baka ef menn hafa áhuga á að hafa sama háttinn á í Seðlabankanum og menn höfðu í Landsbanka þegar landsbankastjórum var fækkað niður í einn. Lagt er til í nokkrum atriðum hvernig að þessu verði staðið. Verði þessi breyting samþykkt verður aðeins einn bankastjóri við Seðlabanka Íslands eftir að annar af þeim bankastjórum sem nú sitja hefur lokið starfstíma sínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vitamál, 3. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 499.

[19:34]

Frsm. 1. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Megintilgangur þessa frv. er að leggja gjald á smábátaeigendur. Það á að leggja gjald á smábátaeigendur til þess að greiða í rekstur á vita- og siglingabúnaði meðfram ströndum landsins. Þetta er grunnöryggisbúnaður sem íslenska ríkið á að vera stolt af að geta staðið undir og rekið sem grunn að öryggisþjónustu sinni. Það er algerlega gegn þeim hugmyndum og þeim hugsjónum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum að skattleggja með þessum hætti sjófarendur á litlum bátum meðfram ströndunum.

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiða því atkvæði gegn þessu frv. þó að aðrar greinar þess feli í sér margt gott sem vert væri að styðja en megintilgangur þessa frv. er aukin skattheimta á smábátaeigendur og því höfnum við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 160. mál (aðsetur ríkisstofnana). — Þskj. 186, nál. 387 og 480.

[19:37]

Frsm. meiri hluta allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 387 um frv. til laga um breytinu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, frá meiri hluta allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gunnar G. Schram, prófessor við Háskóla Íslands, og Pál Hreinsson, dósent við Háskóla Íslands.

Með dómi Hæstaréttar frá 18. desember 1998 í máli nr. 312/1998 var ákvörðun umhverfisráðherra um að flytja starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness dæmd ólögmæt þar sem ráðherra hefði ekki aflað sér lagaheimildar fyrir flutningi stofnunarinnar frá Reykjavík til Akraness. Í dómi sínum leit Hæstiréttur m.a. til þess að ekki nyti við almennra lagafyrirmæla um staðsetningu ríkisstofnana. Andstætt því sem ráðherra hafði lagt ákvörðun sinni til grundvallar og stjórnvöld höfðu fram að því talið rúmast innan valdheimilda sinna sló Hæstiréttur því föstu að skortur á ákvæði um staðsetningu stofnunarinnar í lögum veitti ráðherra ekki frjálst val um það hvar stofnunin skyldi staðsett. Taldi réttурinn að vöntun á ákvæði um þetta í lögum mætti helst skýra með því að fyrirmæli væru í stjórnarskrá um staðsetningu ráðuneyta. Hefði það verið talið svo sjálfsagt fram á síðari ár að stofnanir sem undir þau heyrðu hefðu einnig aðsetur í höfuðborginni að ekki þyrfti að taka það fram í lögum.

Fordæmisáhrif dómsins eru í stuttu máli þau að líta verður svo á að þegar Alþingi kveður ekki á um aðsetur ríkisstofnana í lögum beri þeim að eiga aðsetur í Reykjavík. Þá geti ráðherra ekki að óbreyttum lögum tekið ákvörðun um að flytja aðsetur ríkisstofnana frá Reykjavík.

Frumvarpið er lagt fram til að taka af allan vafa um heimildir til að starfrækja ríkisstofnanir utan Reykjavíkur. Er það ekki síst gert vegna ríkisstofnana sem þegar eru staðsettar utan borgarmarkanna án þess að mælt sé fyrir um það í lögum. Er því í raun aðeins verið að leysa úr réttaróvissu sem skapaðist í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Landmælinga, en um leið er lögfest það ástand sem menn töldu gilda áður en dómurinn féll. Er því með frumvarpinu lagt til að lögfest verði heimild fyrir ráðherra til að ákveða aðsetur ríkisstofnana sem undir ráðuneyti þeirra heyra. Til að taka af allan vafa um gildi þeirra ákvarðana sem hingað til hafa verið teknar um aðsetur stofnana utan Reykjavíkur er einnig lagt til að ákvæði þar að lútandi verði fest í viðkomandi lög.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frumvarpsins.

Undir nál. rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þingmenn Katrín Fjeldsted, Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Jónsson, Ásta Möller og Helga Guðrún Jónasdóttir, og hv. þm. Gunnar Ingi Gunnarsson með fyrirvara.

[19:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er kominn gamall kunningi, frv. til laga um breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Ég er mjög andvígur þessari lagabreytingu sem felur í sér að takmarka vald Alþingis en færa ráðherrum aukin völd í hendur. Ég vil mótmæla þeirri túlkun sem fram kom hjá hv. framsögumanni meiri hluta, Valgerði Sverrisdóttur, að þess hafi gerst þörf að taka af réttaróvissu. Réttaróvissan hefur skapast við það eitt að lögin voru brotin. Það gerðist þegar Landmælingar ríkisins voru fluttar frá Reykjavík til Akraness á sínum tíma án þess að fyrir því væri lagastoð.

Síðan hafa menn deilt um hvar ákvarðanir af þessu tagi skuli teknar. Ríkisstjórnin er greinilega á því máli og meiri hluti væntanlega að baki henni í því efni að ráðherrar eigi þar um að véla en eins og fram kom í fyrri umræðu um þetta mál á Alþingi erum við mörg þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að mál af þessu tagi komi til kasta Alþingis og þar séu málin rædd. Þess eru mörg dæmi þegar engar deilur eru á ferðinni að þetta gangi afar greiðlega fyrir sig þannig að hér er ekki verið að bæta úr neinni réttaróvissu. Hér er verið að gera það eitt að skerða og takmarka áhrif Alþingis og auka ráðherravaldið og treysta það. Ég mæli gegn því að þetta frv. til laga um Stjórnarráð Íslands verði samþykkt.

[19:41]

Frsm. minni hluta allshn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta nál. en mótmæla því sem formaður hv. allshn. sagði í ræðu sinni áðan að með þessu væri verið að eyða réttaróvissu. Engin réttaróvissa er í þessu máli og hefur ekki verið. Sú eina réttaróvissa sem hefur skapast í þessu máli er sökum þess að hæstv. ríkisstjórn telur algerlega ófært að ákvörðunarvaldið um það hvar heimilisfang einstakra ríkisstofnana eigi að vera samkvæmt Hæstarétti skuli vera hjá Alþingi. Hæstv. ríkisstjórn vill hafa þetta ákvörðunarvald sjálf.

Við þekkjum það af sögunni að ráðherrar hafa oft og tíðum farið illa með þetta vald og með geðþóttaákvörðunum tekið um það ákvörðun að færa ríkisstofnanir.

Sú deila sem hér stendur snýst aðeins um það hvort þetta vald eigi að vera hjá Alþingi eða hvort það eigi að vera hjá ráðherra. Við teljum að þetta vald eigi að vera hjá Alþingi og við teljum jafnframt sem stöndum að þessu minnihlutaáliti, sem ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu, að þetta vald eigi að vera hjá Alþingi, ekki ríkisstjórn. Við teljum að Alþingi eigi að geta ákveðið hvar heimilisfang þessara stofnana eigi að vera þó að störf í viðkomandi stofnunum séu flutt eitthvert annað eða ekki enda er sú bylting sem á sér nú stað í upplýsingamálum til þess fallin að ekki þarf að binda öll störf við tiltekið heimilisfang.

Í öðru lagi vil ég ítreka mótmæli við það sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, formaður allshn., sagði áðan um að Alþingi væri að eyða réttaróvissu. Ríkisstjórnin er að kalla til sín vald sem Hæstiréttur taldi að hún hefði ekki.

Að öðru leyti vísa ég til nál. á þingskjalinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 501, brtt. 496.

[19:44]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. frá meiri hluta samgn. við frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Brtt. felur nánast eingöngu í sér orðalagsbreytingar á ýmsum greinum og samræmingu þannig að ég sé ekki ástæðu til að gera sérstaklega grein fyrir þeim fimm liðum sem fjallað er um en engu að síður töldum við ástæðu til að leggja fram brtt. til að lagfæra svo að betur mætti fara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 500, brtt. 512.

[19:46]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. um fjarskipti. Brtt. er svohljóðandi:

Við 39. gr. 1. málsl. 3. mgr. orðist svo: Framleiðandi eða umboðsmaður hans sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað í tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

Þetta er einnig að hluta til samræmingar atriði til að ekki verði árekstrar í framgangi mála og um það snýst brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 3. umr.

Stjfrv., 101. mál (aðlögunartími, fornám, samræmd lokapróf o.fl.). — Þskj. 502.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 503, brtt. 508.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur). — Þskj. 308.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunavarnir og brunamál, 3. umr.

Stjfrv., 244. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 299.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 3. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 375.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstöfun erfðafjárskatts, 3. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 374.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, 3. umr.

Stjfrv., 270. mál. — Þskj. 504.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 22. mál (meistarabréf, útgáfa sveinsbréfa o.fl.). — Þskj. 505, brtt. 490.

[19:49]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 490 brtt. við gildistökugrein frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum sem er 22. mál þessa þings.

Frv. gerir ráð fyrir því að iðnrh. ákveði í reglugerð hvaða iðngreinar séu löggiltar en í dag ákveður menntmrh. það, sbr. reglugerð nr. 648 frá 1999. Sú reglugerðarheimild er í 3. málsl. 2. mgr. 16. gr. laga um framhaldsskóla en ekki 2. málsl. eins og segir í frv. Þessari tilvísun verður að breyta og gengur brtt. út á það.

Jafnframt má skilja niðurlag 5. gr. frv. svo að reglugerðarheimild menntmrh. nái til fleiri starfsgreina en löggiltra iðngreina. Svo er ekki og ætlunin var að fella þessa reglugerðarheimild niður eða öllu heldur flytja hana til iðnrh. Með breytingunni er tekinn af allur vafi um að 3. málsl. 2. mgr. 16. gr. framhaldsskólalaganna fellur brott. Þar sem þessi brtt. var nauðsynleg vegna leiðréttingar á tilvísun en varðar á engan hátt efni frv. leyfi ég mér sem formaður nefndarinnar að flytja hana í eigin nafni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 161. mál (lausafé lánastofnana). — Þskj. 481.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldeyrismál, 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur). — Þskj. 482.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 200. mál. — Þskj. 483.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 209. mál (tölvuvædd tollafgreiðsla). — Þskj. 243.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattfrelsi norrænna verðlauna, 3. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 484.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 5. mál (persónuafsláttur maka). — Þskj. 485.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 3. umr.

Stjfrv., 25. mál (EES-reglur). — Þskj. 486.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ættleiðingar, 3. umr.

Stjfrv., 68. mál (heildarlög). — Þskj. 487.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráð trúfélög, 3. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 488.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 2. umr.

Frv. umhvn., 276. mál. — Þskj. 390.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 291. mál. — Þskj. 476.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (gjald fyrir veiðikort). — Þskj. 273, nál. 446.

[19:54]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Með frumvarpinu er lagt til að hækka gjald fyrir veiðikort og að lögbinda upphæð þess. Einnig er lögð til sú breyting að allir verðandi veiðimenn verði skyldaðir til að taka próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Auk þess er lögð sú skylda á veiðistjóra að halda námskeið til undirbúnings hæfnisprófunum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigmar B. Hauksson frá Skotvís.

Í frv. er annars vegar lagt til að gjald fyrir veiðikort verði hækkað í 1.900 kr. og hins vegar að þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skuli hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Nefndarmenn leggja þann skilning í síðari liðinn að þeir sem stunda veiðarnar og hafa áður fengið útgefið veiðikort þurfi ekki að fara á námskeið.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Gunnar Birgisson, Ólafur Örn Haraldsson og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[19:55]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Það þingmál sem hér er til umfjöllunar á rætur sínar í löngu starfi í rjúpnarannsóknum. Vaxtarsproti þess var í þáltill. sem flutt var af þeim sem hér stendur. Í þeirri þáltill., sem samþykkt var á síðasta þingi, var fyrst og fremst miðað að því að rjúpnastofninn yrði rannsakaður sérstaklega með tilliti til vetraraffalla. Rannsóknir á vetrarafföllum eru afar mikilvægar, sérstaklega í ljósi þess að komið hefur fram að veiðar hafa áhrif en þó mismunandi eftir landshlutum. Ef grípa ætti til einhvers konar aðgerða vegna veiða þá er afar mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því hvernig veiðiálagið er og hvaða áhrif friðunaraðgerðir hafa.

Til að koma fótum undir þáltill. og framkvæmd í samræmi við hana hefur verið farin sú leið að sækja fé til verkefnanna annars vegar í ríkissjóð og hins vegar í veiðikortasjóðinn. Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að þegar þáltill. var flutt var það ekki ætlunin þó svo ég fari að sjálfsögðu ekki með fjárveitinga- eða fjárlagavald í þinginu um leið og ég flyt þáltill. Ég tel að í fyrsta lagi beri ríkisvaldið þá skyldu að stunda rannsóknir á rjúpnastofninum burt séð frá því hvort veitt sé af honum eða ekki. Að mínu mati er það því verkefni ríkisins að fjármagna rannsóknirnar.

Í öðru lagi vil ég geta þess að veiðikortasjóðurinn er viðkvæmt fyrirkomulag, fyrst og fremst vegna þess hversu skamman tíma fyrirkomulagið hefur verið. Það byggir alfarið á góðri samvinnu og sátt milli veiðikortshafa, þ.e. skotveiðimannanna, veiðistjóra og umhvrn. Því er ekki að leyna að þetta samstarf hefur þurft að ganga í gegnum nokkrar hremmingar. Menn hafa ekki alltaf verið á eitt sáttir. Þar nægir að minna á harða gagnrýni sem fram kom strax við

tilurð sjóðsins þegar hann var nýttur til að fjármagna fjárfestingar sem þurfti til þess að koma veiðikortasjóðnum af stað.

Ég ætla ekki að rekja þá hnökra sem á samstarfinu voru. Því er ekki að leyna að það stefndi í gott samkomulag veiðikortshafa við umhvrn. og veiðistjóra. Það að veiðikortagjaldið er hækkað, enda þótt það sé ekki mikið, verður til þess að veiðimenn finna fyrir þessu. Gjaldið var hækkað þó gefinn hafði verið ádráttur og að sumra mati algert loforð um að það yrði ekki hækkað. Þó að það hafi verið hækkað jafnlítið og raun ber vitni þá var það gert án samráðs við veiðimennina. Það var ekki einu sinni svo að haldnir væru fundir með skotveiðimönnum eða Skotvís sem eru samtök veiðimanna. Þetta var gert algerlega án samráðs við þá. Enn fremur hygg ég að leita hefði mátt samráðs við fleiri aðila.

Þá hefði e.t.v. mátt skoða aðrar hugmyndir en þær sem hér hafa komið fram, t.d. hugmynd sem ég heyrði nefnda, þ.e. að þeir sem eftir veiðikortum sækja borguðu hærra gjald ef þeir yrðu seinir til og sæktu um eftir ákveðinn tíma.

Ég vil þá koma að þeim þætti sem e.t.v. er mikilvægastur í þessu máli. Hann er sá að með því að setja samstarf veiðikortahafa við umhvrn. og veiðistjóra í uppnám eða hættu getum við átt von á að einhverjir hætti að greiða veiðikortin. Ég er ekki að hóta þessu fyrir hönd nokkurs manns en reynslan segir okkur að það gæti gerst. Hvar stöndum við ef þetta vöktunarkerfi sem við höfum verið að setja upp og byggir á góðu samstarfi brestur? Við erum þarna með vöktun sem ekkert eftirlit er hægt að hafa með. Ef kerfið brestur þá erum við illa sett og getum ekki fylgst með veiðum á fuglum og villtum dýrum. Ég tel því að hér sé afar óheppilega af stað farið með þessum málflutningi í þinginu. Það mun koma fram í afgreiðslu minni við málslok í þinginu.

[20:01]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að þetta mál bar þannig að nefndinni að formaður hennar, hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, kynnti það sérstaklega og þegar málið var afgreitt úr nefndinni var sá fundur undirbúinn af formanni nefndarinnar. Um leið sá hann um hverjir yrðu boðaðir á fund nefndarinnar í það skipti. Þar var boðaður til einn aðili sem var formaður Skotvíss. Hann gerði engar athugasemdir við þetta mál að öðru leyti en því að honum fannst, eins og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson segir, að það hefði átt að hafa samráð við Skotvís um hækkun á veiðikortagjaldinu. Þó verður að segjast eins og er, að veiðikortagjaldið hefur ekki hækkað mjög lengi. Með venjulegri hækkun samkvæmt vísitölu hefði gjaldið a.m.k. hækkað um 100 kr. og væri 1.700 í staðinn fyrir 1.900. Ef það hefði hækkað á hverju ári gæti vel hugsast að hækkunin væri enn meiri á þeim tíma. Við erum kannski að tala um 150–200 kr. hækkun á þessu gjaldi.

Ég á ekki von á því, herra forseti, að áhrifin verði þau að menn hætti að borga gjaldið eða leysa út veiðikort sín. Það er engin ástæða til þess. Þetta rennur að sjálfsögðu allt til að efla rannsóknir á þeim veiðidýrum sem veiðimenn eru að elta. Þær hafa verið stundaðar í góðri samvinnu við veiðimenn yfirleitt.

Ég get aftur á móti tekið undir að eðlilegast hefði verið að ráðuneytið hefði samráð við Skotvís og veiðistjóra. Ég geri fastlega ráð fyrir að svo hafi verið og þeim hafi verið málið ljóst.

[20:03]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil endurtaka, vegna orða hv. þm. Kristjáns Pálssonar, að ég álít að rjúpnarannsóknirnar séu nú þegar kostaðar af veiðikortasjóði í svo miklum mæli að ekki er á bætandi. Ríkisvaldinu er skylt að sjá til þess að stundaðar séu náttúrufarsrannsóknir á borð við rjúpnarannsóknirnar. Þær á að gera af ríkinu en ekki ganga stöðugt á veiðikortasjóðinn.

Veiðikortagjaldið hér er svipað því sem gerist í nágrannalöndunum en þar er mun meiri þjónusta við veiðimenn en er hér á landi.

Varðandi afgreiðslu málsins, fyrst hv. þm. Kristján Pálsson gefur mér tækifæri til að bregðast við því í andsvari, vil ég upplýsa að ég gerði ekki ráð fyrir að afgreiða málið úr nefndinni. Það gerði varaformaður nefndarinnar, hv. þm. Kristján Pálsson, að eigin frumkvæði. Þar hafði formaður Skotvíss verið boðaður en ég, ef ég hefði stýrt þeim fundi, hefði að sjálfsögðu gert ráð fyrir öðrum fundi þar sem við boðuðum veiðistjóra en við hann var hvorki talað í umhvn. né við undirbúning málsins. Fleiri aðila hefði mátt kalla til vegna þessa.

Ég harma að svona tókst til og get því ekki tekið þátt í þessari afgreiðslu auk þeirra ástæðna sem ég hef áður til talið.

[20:05]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir að það er verra að ekki var haft samráð við Skotvís um þessa hækkun. Ég efast ekkert um að Skotvísmenn hefðu samþykkt að hækka gjaldið um þessar 150–200 kr. sem í sjálfu sér er enginn peningur fyrir þessa menn til að setja í auknar rannsóknir. Það er alltaf betra að gera þetta í samráði. Að því leyti tek ég heils hugar undir þessi sjónarmið hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar.

Ég lít svo á að það sé ráðuneytisins að ræða við embættismenn sína um það hvernig mál séu undirbúin. Málið kom frá um umhvrn. inn í nefndina með sérstökum skilaboðum frá hæstv. umhvrh. í gegnum formann nefndarinnar. Á þessum fundi benti ekkert til annars en að þetta væri síðasti fundurinn sem haldinn yrði fyrir þinghlé og því nauðsynlegt að ljúka þessu fyrir þinghlé þar sem gert er ráð fyrir þessu í fjárlögunum. Náttúrlega má endalaust deila um hver hefði átt að gera hvað. Ég ætla ekki að munnhöggvast neitt sérstaklega út af þessu. Ég held að allir geti út af fyrir sig verið sáttir við þetta. Ég vil fyrir mitt leyti eiga gott samstarf og samráð við Skotvísmenn. Ég er félagi í Skotvís og hef mætt á fundi hjá þeim, ber virðingu fyrir þeim félagsskap og vonast til að hann nái að þroskast áfram sem hingað til.

[20:07]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að við hv. þm. Kristján Pálsson áttum tal saman fyrir þennan afgreiðslufund sem hann vitnar til. Honum mátti fullljóst vera að það var ekki ætlun mín sem formanns að afgreiða málið á þessum fundi. Auðvelt hefði verið að halda aðra fundi til afgreiðslu málsins.

[20:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Áður en lögin sem hér er rætt um að breyta voru samþykkt, lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, var málum þannig háttað að um 3,5 millj. fóru á ári til rjúpnarannsókna. Þá

fjárhæð greiddi ríkið. Í aðdraganda þess að veiðikortin voru gefin út og veiðikortasjóður varð til áttu sér stað viðræður m.a. við skotveiðimenn, Skotvís. Það samkomulag átti sér mjög langan aðdraganda. Upphaflega var ekki ætlunin, eftir því sem ég best veit, að hafa fast verð á veiðikortum í frv. en síðan var tekin ákvörðun um það og þá m.a. vegna áskorunar sem komu frá bændasamtökum um að þar yrði föst upphæð.

Í lögunum er gert fyrir að hámarki 1.500 kr. sem taki verðlagsbreytingum í takt við vísitölu á hverju ári. Það er rétt sem hér kom fram að ef veiðikortin hefðu fylgt vísitölunni þá hefði orðið um 100 kr. hækkun frá þeirri upphæð sem er í lögunum. Engu að síður vil ég, virðulegi forseti, ítreka það sem ég sagði við 1. umr. um frv.: Þegar þetta samkomulag var gert 1994, lögin voru samþykkt og ákveðið að koma á veiðikortum og veiðikortasjóði, þá voru framlög til rjúpnarannsókna 3,5 millj. kr. Í samkomulaginu var því heitið að þessi framlög yrðu ekki skert, að það sem kæmi inn í veiðikortasjóðinn yrði hrein viðbót við það sem færi til rjúpnarannsókna.

Því miður varð raunin allt önnur. Árið 1995 ákvað fyrrv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason að skerða þau framlög sem ákveðin höfðu verið til þessara rannsókna og láta veiðikortasjóðinn fjármagna þær að fullu. Síðan þá hafa farið um 4–4,5 millj. á ári til rjúpnarannsókna, eitt árið 4,7 millj. kr. Annars hafa 4–4,5 millj. á ári runnið í þessar sérstöku rannsóknir. Þegar veiðikortasjóðurinn varð til átti einnig að setja skýrar reglur um úthlutun úr sjóðnum til þeirra verkefna sem honum er ætlað að fjármagna. Það hefur ekki verið gert.

Við 1. umr. kom fram að núv. hæstv. umhvrh. hefur fullan hug á því að setja þessar reglur. En það er dálítið erfitt að gera það. Þó svo núv. hæstv. umhvrh. setti reglurnar núna er þegar búið að binda framlög úr sjóðnum um óákveðinn tíma við gæluverkefni fyrrv. ráðherra. Það var eingöngu ákvörðun ráðherrans í hvaða verkefni þessi sjóður skyldi notaður. Því miður virðist mér að þar hafi ekki verið um þá skýru stefnumörkun að ræða við úthlutun eins og talað var um þegar veiðikortasjóður varð til. Þetta er auðvitað verulegur galli.

Veiðikortasjóðurinn fær á hverju ári á annan tug millj. kr. til ráðstöfunar. Annað sem kemur í veg fyrir að hægt sé að nota hann beint til vöktunar og rannsókna eins og upphaflega stóð til er að veiðikortasjóðurinn stendur að fullu undir umsýslu sjóðsins. Mig minnir, virðulegi forseti, að þessi kostnaður hafi verið afar misjafn, rétt rúmar 4 millj. og upp í rúmar 7 á ári. Þar er um að ræða m.a. mjög dýran tölvubúnað. Þeir fjármunir sem fara ættu til rannsókna hafa orðið minni vegna þessa og verkefnin liðið fyrir óskýrar reglur um úthlutun úr sjóðnum.

Ég tel mjög brýnt mál að settar verði skýrar reglur um úthlutun úr veiðikortasjóði sem taka mundu af þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur nú þegar. Endurmeta þyrfti skuldbindingar hans og setja nýjar reglur.

Ég er þeirrar skoðunar að sé rétt haldið á málum geti veiðikortasjóðurinn staðið undir þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af samþykkt þáltill. sem alger samstaða var um í umhvn. á síðasta ári, þ.e. um rannsóknir á vetraraföllum rjúpu. Áætlað var að sá kostnaður væri um 4 millj. Ég tel að ef rétt væri á málum haldið þá gæti veiðikortasjóðurinn, án hækkunar gjaldsins, dekkað það sem færi til þessara rannsókna. Þannig hefði ekki verið þörf á að hækka sérstaklega veiðikortagjaldið. Það kostaði þáv. hæstv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson sem hér gengur í salinn, töluvert mikla vinnu að ná samningum um að koma á veiðikortagjaldi og veiðikortasjóði. Ég ítreka, virðulegi forseti, að í því samkomulagi var gert ráð fyrir að þeir fjármunir sem áður hefðu farið til rjúpnarannsókna mundu halda sér, sú upphæð var 3,5 millj. Ef það hefði gengið eftir værum við með í kringum 8 millj. til ráðstöfunar á ári hverju til rjúpnarannsókna. Þá hefðu sjálfsagt þegar verið hafnar rannsóknir á vetraraföllum rjúpu sem við urðum hins vegar að samþykkja sérstaklega þáltill. um á síðasta þingi.

Samstarfið sem þarna fór af stað er viðkvæmt og eðlilega þarf það töluverðan tíma til þess að þróast. Um er að ræða þá bestu leið sem farin hefur verið til að hafa virkt eftirlit með veiðum. Því mun ekki haldið áfram nema með gagnkvæmu samstarfi milli skotveiðimanna annars vegar og hins vegar umhvrn. Þeir sem voru á þingi þegar lögin voru sett muna umræðuna í kringum þessa lagasetningu. Ég vil því taka undir með hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni, sem hér talaði áðan. Ég tel að þetta mál hefði þurft að skoða betur og gera kröfur um að settar yrðu skýrar reglur um úthlutun úr þessum sjóði.

Það er nánast ófyrirgefanlegt, virðulegi forseti, að æ ofan í æ séum við að gera frv. að lögum sem gera ráð fyrir því að reglur verði settar um eitt og annað en það síðan dragist árum saman. Þetta á ekki síst við um peningaúthlutanir, úthlutanir sem eiga að fara til ákveðinna skilgreindra verkefna eins og hér er um að ræða. Um þær var mikið rætt í aðdraganda þess að frv. varð að lögum á sínum tíma.

Umhvn. fór fram á að fá lista yfir úthlutanir úr þessum sjóði, mig minnir að hv. þm. Kristján Pálsson hafi verið í umhvn. á síðasta ári og hann man sjálfsagt eftir því, en þá kom einmitt í ljós að þessar reglur höfðu ekki verið settar. Enn og aftur, sem hafði verið gert nánast árlega, var starfsmaður ráðuneytisins boðaður á fund umhvn. vegna þess. Hér í þingsölum var hæstv. þáv. umhvrh. jafnframt hvattur til þess að koma því í verk að setja þessar reglur.

Því miður, virðulegi forseti, virðist þáv. hæstv. ráðherra umhverfismála og reyndar landbúnaðarmála líka hafa verið margt annað betur lagið en að setja skýrar reglur um starfsemi sjóða sem heyra undir þessi ráðuneyti.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og tel að þetta hefði þurft að skoða betur. Með því er ég ekki á nokkurn hátt að setja út á meðferð hv. umhvn. Ég er alls ekki að ásaka hana um slæleg vinnubrögð en þegar allt sumarið hefur gefist til að fást við þetta verkefni þá hefði verið eðlilegt að skoða veiðikortasjóð og setja skýrar reglur um úthlutun úr honum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 20:19]

Byggðastofnun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 224. mál (heildarlög). — Þskj. 267, brtt. 447 og 515.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:11]

Brtt. 515 felld með 32:14 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
6 þm. (ÁRJ, DLH, LB, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, ÁJ, BH, EOK, GAK, GÁS, GÁ, ÍGP, ÓÖH, RG, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 447 felld með 34:10 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, GIG, JóhS, JB, KolH, MF, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
10 þm. (DLH, EMS, GÖ, JÁ, KLM, LB, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BH, EOK, GAK, GÁS, ÍGP, LMR, ÓÖH, RG, SJóh) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 38:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:13]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um hvort gera skuli frv. um Byggðastofnun, sem hefur verið til stuttrar umfjöllunar í Alþingi, að lögum. Eins og fram kom í máli mínu við bæði 1. og 2. umr. hef ég efasemdir um ýmis atriði í þessu frv. Allshn. komst að þverpólitískri niðurstöðu um afgreiðslu málsins og ég virði þá niðurstöðu.

Meginmarkmiðið er að unnið verði af krafti að byggðamálum og hin nýja Byggðastofnun og hinn nýi húsbóndi byggðamála, hæstv. iðnrh., snúi sér að því af afli að takast á við það sem allir, a.m.k. í orði, líta á sem stærsta vandamál íslensks þjóðarbúskapar í dag. Í trausti þess að skapast muni friður um störf Byggðastofnunar og sem minnst röskun verði um þær stjórnsýslubreytingar sem nú fara í hönd mun ég greiða frv. atkvæði mitt.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 522).

Seðlabanki Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (breyting ýmissa laga, yfirstjórn). — Þskj. 253, brtt. 493.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:15]
Brtt. 493 felld með 35:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, VS*, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VE.
2 þm. (GAK, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, EOK, GÁS, ÍGP, SJóh) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GAK, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BH, EOK, GÁS, GÖ, KLM, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 523).

Vitamál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 499.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:17]
Frv. samþ. með 37:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, GAK, GIG, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, EOK, GÁS, JóhS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 524).

Fjarskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 122. mál (heildarlög). — Þskj. 500, brtt. 512.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:18]
Brtt. 512 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÖS.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, EOK, GAK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 525).

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 240. mál. — Þskj. 501, brtt. 496.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:19]
Brtt. 496 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (BH, EOK, GÁS, RG, SJóh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁSJ, BH, EOK, FI, GÁS, IP, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 526).

Framhaldsskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 101. mál (aðlögunartími, fornám, samræmd lokapróf o.fl.). — Þskj. 502.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:20]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BH, EOK, GAK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 527).

Málefni aldraða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 173. mál (heildarlög). — Þskj. 503, brtt. 508.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:21]
Brtt. 508 samþ. með 59 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BH, EOK, GHall, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 528).

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur). — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:22]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BH, EOK, GHall, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 529).

Brunavarnir og brunamál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 244. mál (brunavarnagjald). — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:23]
Frv. samþ. með 37:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, GAK, GIG, JóhS, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (DLH, EMS, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 530).

Málefni fatlaðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 274. mál. — Þskj. 375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:23]
Frv. samþ. með 43:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁRJ, JóhS, JB, LB, MF, RG, ÞSveinb, ÞBack.
8 þm. (ÁSJ, GAK, GIG, KolH, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 531).

Ráðstöfun erfðafjárskatts, frh. 3. umr.

Stjfrv., 273. mál. — Þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:24]
Frv. samþ. með 37:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
6 þm. (BH, EOK, GÁS, GIG, LB, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 532).

Þjóðarbókhlaða og endurbætur menningarbygginga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 270. mál. — Þskj. 504.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:24]
Frv. samþ. með 37:15 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, EMS, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (DLH, GAK, GIG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, EOK, GÁS, GÖ, KLM, RG, SJóh, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 533).

Iðnaðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 22. mál (meistarabréf, útgáfa sveinsbréfa o.fl.). — Þskj. 505, brtt. 490.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:25]
Brtt. 490 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 534).

Seðlabanki Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 161. mál (lausafé lánastofnana). — Þskj. 481.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:26]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁSJ, BH, EKG, EOK, EMS, GÁS, GunnB, GIG, KLM, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 535).

Gjaldeyrismál, frh. 3. umr.

Stjfrv., 162. mál (EES-reglur). — Þskj. 482.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:26]
Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 536).

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 200. mál. — Þskj. 483.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:27]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BH, EOK, GÁS, LB, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 537).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 209. mál (tölvuvædd tollafgreiðsla). — Þskj. 243.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:27]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BH, EOK, GÁS, IP, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 538).

Skattfrelsi norrænna verðlauna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 4. mál. — Þskj. 484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:28]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BH, EOK, GÁS, JóhS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 539).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 5. mál (persónuafsláttur maka). — Þskj. 485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:28]
Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 540).

Innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 25. mál (EES-reglur). — Þskj. 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:28]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

5 þm. (BH, EOK, GAK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 541).

Ættleiðingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 68. mál (heildarlög). — Þskj. 487.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:29]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GIG) greiddi ekki atkv.
6 þm. (BH, EOK, FI, GÁS, IP, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 542).

Skráð trúfélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 488.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:29]
Frv. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 543).

Skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.

Frv. umhvn., 276. mál. — Þskj. 390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:30]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 291. mál. — Þskj. 476.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:31]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
2.–4. gr. og ákv. til brb. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv.

Stjórnarráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 160. mál (aðsetur ríkisstofnana). — Þskj. 186, nál. 387 og 480.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:32]
1. gr. samþ. með 38:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 38:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55:3 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ÁSJ, SJS, ÖJ.
1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.
4 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (gjald fyrir veiðikort). — Þskj. 273, nál. 446.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:35]

1. gr., inngmgr. og a-liður, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, KF, KHG, KPál, LB, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, GIG, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, ÓÖH, RG, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, EOK, GHall, GÁS, LMR, SighB, SJóh, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [21:33]

Ólafur Örn Haraldsson:

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er veiðikortagjald hækkað vegna rjúpnarannsókna. Það er m.a. gert í framhaldi af þáltill. þess þingmanns sem hér stendur. Að mínu mati á ríkisvaldið að standa undir þessum náttúrufarsrannsóknum. Veiðikortagjaldið og veiðikortakerfið er vöktunarkerfi sem á sér skamma reynslu að baki og byggir á samkomulagi og trausti milli veiðimanna annars vegar og veiðistjóra og umhvrn. hins vegar. Nokkrir hnökrar voru í þessu samstarfi en þeir höfðu verið leystir og horfðu menn fram á betri tíð. Með frv. þessu án samráðs við skotveiðimenn gæti það samstarf raskast.

Ég tel jafnframt að finna hefði mátt aðrar leiðir til þess að afla fjár í sátt við skotveiðimenn og enn fremur hefði þurft að ná samkomulagi um reglur um úthlutun úr veiðikortasjóði. Því greiði ég ekki atkvæði.

1. gr., b-liður, samþ. með 34:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.

nei: ÁJ, GAK, GIG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EKG, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

5 þm. (BH, EOK, GHall, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [21:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þessi grein, stafliður b, er m.a. um það að frændur mínir úr Grímsey þurfi í framtíðinni að taka próf í svartfugli til að mega veiða hann.

Herra forseti. Með því að samþykkja greinina væri ég komin of langt frá uppruna mínum. Ég greiði því ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 38:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.

nei: GAK, GIG.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BH, EOK, GHall, GÁS, JÁ, LB, SJóh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack.

6 þm. (ÁRJ, GAK, JB, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BH, EOK, GHall, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3., 13. og 32.–34. mál.

Fundi slitið kl. 21:38.

---

52. FUNDUR

þriðjudaginn 21. des.,
að loknum 51. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 22. desember 1999, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desember 1990, um heilbrigðisþjónustu.

2. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2001, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

3. Kosning eins aðalmanns í útvarpsréttarnefnd, í stað Jóhönnu Maríu Eyjólfsdóttur, til 31. desember 2001, sbr. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

4. Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, stjtill., 112. mál, þskj. 122, nál. 327. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Skipulags- og byggingarlög, frv., 276. mál, þskj. 390. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 109. mál, þskj. 117, brtt. 454. — 3. umr.

7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 291. mál, þskj. 476. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 160. mál, þskj. 186. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 228. mál, þskj. 273. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 300. mál, þskj. 517.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:40]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 10. dagskrármáls og 2. umr. 5., 7., 8. og 9. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 58 shlj. atkv.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórnarnefnd ríkisspítalanna til fjögurra ára, frá 22. desember 1999, skv. 30. gr. laga nr. 97 28. desember 1990, um heilbrigðisþjónustu.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Thomas Möller framkvæmdastjóri (A),
Margrét S. Björnsdóttir framkvæmdastjóri (B),
Esther Guðmundsdóttir þjóðfélagsfræðingur (A),
Pálmi Ragnar Pálmason verkfræðingur (A).

Varamenn:
Sigríður Finsen hagfræðingur (A),
Ari Skúlason framkvæmdastjóri (B),
Hanna Birna Kristjánsdóttir stjórnmálafræðingur (A),
Einar Skúlason tölvunarfræðingur (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. janúar 2000 til 31. desember 2001, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974, um breytingar á henni.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólafur Oddsson menntaskólakennari (A),
Ragnheiður Sigurjónsdóttir forstöðumaður (B),
Magdalena Sigurðardóttir skólafulltrúi (A).

Varamenn:
Brynhildur Anna Ragnarsdóttir kennari (A),
Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjumaður (B),
Ólafía Ingólfsdóttir skrifstofumaður (A).

Kosning eins aðalmanns í útvarpsréttarnefnd, í stað Jóhönnu Maríu Eyjólfsdóttur, til 31. desember 2001, sbr. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Kristín Pétursdóttir lögfræðingur.

Aðild að Haagsamningi um vernd barna og ættleiðingu milli landa, frh. síðari umr.

Stjtill., 112. mál. — Þskj. 122, nál. 327.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:43]
Tillgr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (ÁRJ, BH, EOK, GÁS, SJóh) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 544).

Skipulags- og byggingarlög, 3. umr.

Frv. umhvn., 276. mál. — Þskj. 390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:44]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
5 þm. (BH, EOK, GÁS, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 545).

Reynslusveitarfélög, 3. umr.

Stjfrv., 109. mál (gildistími o.fl.). — Þskj. 117, brtt. 454. [21:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 454 og varðar það að bæta einu ári við gildistíma þessara

heimildarlaga fyrir reynslusveitarfélög eða reynsluverkefni á vegum sveitarfélaga.

Tilefni þessarar tillögu er að borist hafa um það óskir frá m.a. sveitarfélaginu Reykjavík og það sjónarmið hefur víðar komið fram hjá sveitarstjórnarmönnum, svo sem á fundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og eins frá einstökum sveitarstjórnarmönnum víðar að af landinu, a.m.k. í eyru þess sem hér talar að óheppilegt sé að gildistími laganna um reynslusveitarfélög renni út nokkrum mánuðum fyrir næstu reglubundnar sveitarstjórnarkosningar en eins og gildistíma frv. er stillt af falla lögin úr gildi í lok ársins 2002.

Það hafa sem sagt komið fram þau sjónarmið, herra forseti, að heppilegra væri að gildistíminn væri einu ári lengri þannig að hann næði fram yfir næstu reglulegar sveitarstjórnarkosningar og þó reyndar sjö mánuðum betur þannig að ekki skapaðist nein tímapressa af því að mögulega kæmi til að skorta lagaheimildir fyrir áframhaldandi reynsluverkefnum þegar líður að lokum gildistíma frv. eins og það er úr garði gert og þá fáeinum mánuðum fyrir í hönd farandi sveitarstjórnarkosningar.

Rétt er að vekja athygli á því, herra forseti, að hér er um heimildarákvæði að ræða, hér er um heimildarlög í eðli sínu að ræða þannig að vandséð er að það geti komið að sök að leyfa lagaheimildinni að vera fyrir hendi og leyfa henni að lifa óháð því hvort á hana reynir eða á henni þurfi að halda eða ekki. Ég hvet hv. þm. til að hugleiða það hvort ekki sé rétt að verða við þessum vel rökstuddu óskum þeirra sveitarfélaga eða sveitarstjórnarmanna sem sett hafa fram beiðnir um að þarna verði aðeins meira svigrúm fyrir hendi og hef ég átt og á erfitt með að skilja, herra forseti, andstöðu ýmissa aðila fyrir því að gera þessa sjálfsögðu breytingu.

[21:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. er samið og flutt í samráði við fyrirsvarsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga. Þeir óskuðu eftir að þessi dagsetning yrði sett m.a. með tilliti til þess að vera kann að um þessi áramót yrðu málefni fatlaðra færð til sveitarfélaganna og þá væri skothent að hafa reynslusveitarfélagaverkefnið lifandi áfram. Ef svo yrði ekki er svo sem tækifæri til þess að framlengja þennan frest ef mönnum sýnist að ekki sé tímabært að flytja verkefnið þannig að ég leggst gegn þessari brtt. að svo komnu máli.

[21:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að hér sé ekki um frambærilega röksemdafærslu að ræða af hálfu hæstv. félmrh. Ég vek athygli á því að þetta er spurning um gildistíma heimildarlaganna en hér er ekki á ferðinni ákvörðun um það hversu lengi einstök reynsluverkefni kunna að standa. Það er annað mál óháð þessu. Og þó svo að málaflokkurinn málefni fatlaðra yrði að fullu og öllu fluttur yfir til sveitarfélaganna fyrir þessi tímamót, þá gætu reynsluverkefni á öðrum sviðum þess vegna lifað lengur, dæmi að taka á sviði skipulagsmála eða heilbrigðismála og þó svo jafnvel, herra forseti, að engin reynslusveitarfélagaverkefni féllu akkúrat saman við þessi tímamörk gætu heimildarlögin sem slík verið til staðar. Það eina sem verið var að fara fram á af hálfu þeirra sveitarstjórnarmanna sem báðu um rýmri fresti var að fyrir því yrði séð að sú staða kæmi ekki upp að lagaheimildina mundi bresta nokkrum mánuðum fyrir næstu reglubundnar sveitarstjórnarkosningar.

Ég hef ekki enn, herra forseti, þrátt fyrir mikinn vilja að reyna að átta mig á því hvað veldur stirfninni í þessu máli, fundið nein haldbær rök gegn því að leyfa að þessi lagaheimild verði fyrir hendi og mig undrar þetta mál mjög, herra forseti, og hlýt að fara að álykta sem svo að hér liggi eins og stundum er sagt einhver fiskur undir steini.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:50]

Brtt. 454,1 felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, ÍGP*, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, ÓÖH, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

7 þm. (BH, EOK, GuðjG, GÁS, GÁ, MF, SJóh) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 454,2 felld með 35:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GAK, GÖ, GIG, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

7 þm. (BH, EOK, GuðjG, GÁS, GÁ, MF, SJóh) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GAK, GHall, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BH, EOK, GuðjG, GÁS, GÁ, MF, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 546).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 291. mál. — Þskj. 476.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:53]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GAK, GHall, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BH, EOK, GuðjG, GÁS, GÁ, MF, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 547).

Stjórnarráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 160. mál (aðsetur ríkisstofnana). — Þskj. 186.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:54]

Frv. samþ. með 36:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, EKG, FI, GHH, GAK, GHall, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE.

nei: ÁSJ, ÁRJ, DLH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, ÓÖH, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BH, EOK, GuðjG, GÁS, GÁ, MF, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 548).

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (gjald fyrir veiðikort). — Þskj. 273.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:54]

Frv. samþ. með 37:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DO, DrH, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SÞ, TIO, VS, VE, ÞSveinb.

nei: GAK, GIG, ÓÖH.

18 þm. (ÁRJ, DLH, EKG, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (BH, EOK, GÁS, MF, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 549).

Frestun á fundum Alþingis.

Stjtill., 300. mál. — Þskj. 517.

[21:55]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. febrúar 2000."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:56]

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, DLH, DrH, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, GIG, HÁs, HBl, HGJ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SÞ, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (BH, EOK, GÁS, MF, SJóh) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 550).

Jólakveðjur.

[21:56]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá er komið að lokum seinasta fundar Alþingis á þessu ári. Jólahátíðin er í nánd og gefst nú hv. alþm. og starfsfólki Alþingis tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðarnar og njóta með þeim friðsemdar jólanna eftir annasamar vikur.

Ég færi alþingismönnum öllum svo og starfsfólki Alþingis bestu óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð og færi þeim bestu þakkir fyrir samstarfið á því ári sem senn er á enda. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[21:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir gott samstarf og ég ætla að leyfa mér að bæta í og þakka fyrir mjög gott samstarf við þingflokksformenn og aðra þingmenn á þessu haustþingi. Á þessu þingi hafa menn skipst á skoðunum og stundum tekist á, ekki síst nú undir lokin, enda stórmál og hitamál á ferðinni.

Ég þakka forseta fyrir hlý orð í garð okkar þingmanna og vil fyrir okkar hönd óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þá vil ég sérstaklega þakka starfsfólki Alþingis fyrir dugnað og þolinmæði í okkar garð og óska því gleðilegra jóla. Ég bið hv. þingmenn að taka undir góðar óskir til starfsfólks

Alþingis og hæstv. forseta og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[21:58]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. 13. þm. Reykv. hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og innilegustu jóla- og nýjársóskir til hv. þm. og alls starfsfólks Alþingis.

Þingfrestun.

[21:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands gjörir kunnugt: „Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frá 21. desember 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. febrúar árið 2000.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Odsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 22:00.

---

53. FUNDUR

þriðjudaginn 1. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, stjfrv., 272. mál, þskj. 373. — 1. umr.
2. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 261. mál, þskj. 331. — 1. umr.
3. Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, þáltill., 190. mál, þskj. 220. — Fyrri umr.
4. Lífskjarakönnun eftir landshlutum, þáltill., 264. mál, þskj. 335. — Fyrri umr.
5. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.
6. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 291. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 1. febrúar 2000 kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 24. janúar 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs og þakka hið liðna. Ég býð þá velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna. Jafnframt vil ég nota þetta tækifæri, nú á fyrsta fundi Alþingis á þessu ári, til að óska alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs. Ég vænti þess að störf okkar á síðari hluta þessa þings verði þjóðinni til farsældar.

Mörg mál liggja enn fyrir þinginu og fleiri eiga eftir að koma fram. Í þessu sambandi tel ég mikilvægt að fastanefndir þingsins hefji störf af fullum krafti nú að loknu þinghléi og reyni sem fyrst að ljúka afgreiðslu þeirra mála sem vísað var til þeirra fyrir þinghlé.

Þó hin eiginlegu þingstörf séu vissulega mikilvægasti þáttur þingmannsstarfsins verður ekki horft fram hjá því að samband þingmanna við kjósendur er einnig þýðingarmikill þáttur í starfi þeirra. Ég vona að hlé það sem verið hefur á reglulegum fundum Alþingis hafi nýst alþingismönnum vel til að halda fundi í kjördæmum þeirra og til annarra samskipta við kjósendur. Ég á von á því að það starf skili sér í störfum Alþingis.

Sú breyting hefur orðið á starfsáætlun Alþingis að þinghléið stóð einni viku lengur en ráðgert var. Engu að síður tel ég að Alþingi eigi að geta lokið störfum 11. maí eins og gert er ráð fyrir í starfsáætlun. Um þetta atriði vænti ég góðrar samvinnu við ríkisstjórn og þingmenn almennt.

Afsal þingmennsku.

[13:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hinn 30. desember sl. barst svohljóðandi bréf:

„Með bréfi þessu afsala ég mér þingmennsku frá og með næstu áramótum.

Ég árna Alþingi heilla í mikilvægum störfum og vænti góðs samstarfs við alþingismenn á öðrum starfsvettvangi. Jafnframt þakka ég ánægjulegt samstarf undangengin ár.

Finnur Ingólfsson, 12. þm. Reykv."

Í stað Finns Ingólfssonar tekur nú sæti á Alþingi Jónína Bjartmarz. Hún verður 16. þm. Reykv. og samkvæmt venju breytist kosningatala þess þingmanns Framsfl. sem ofar er á listanum, þ.e. Ólafur Örn Haraldsson verður 12. þm. Reykv.

Kjörbréf Jónínu Bjartmarz hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:37]

Forseti (Halldór Blöndal):

Jónína Bjartmarz hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp, að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Aðalmenn taka sæti á ný.

[13:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hinn 30. desember sl. barst svohljóðandi bréf:

„Það tilkynnist hér með að fæðingarorlofi mínu lýkur 1. janúar árið 2000.

Virðingarfyllst,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn."

Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn., tekur sæti á Alþingi á ný í dag.

Mannabreytingar í nefndum.

[13:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svofellt bréf:

„Þess er hér með óskað, með vísan til 16. gr. þingskapa, að Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv., taki sæti Valgerðar Sverrisdóttur, iðn.- og viðskrh., í eftirtöldum nefndum: Allshn., félmn., heilbr.- og trn., kjörbréfanefnd, landbn. og utanrmn.

Enn fremur er þess óskað að hún taki sæti í Íslandsdeild Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og sem varamaður í Íslandsdeild NATO-þingsins.

Kristinn H. Gunnarsson,
formaður þingflokks Framsfl."

Ef enginn hreyfir andmælum taka mannaskiptin gildi í dag.

Enn fremur að hún tæki sæti í Íslandsdeild Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og sem varamaður í Íslandsdeild NATO-þingsins.

Tilkynning frá sjávarútvegsráðherra.

[13:39]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur eftirfarandi bréf frá sjútvrh., dags. 31. desember 1999:

„Í lögum nr. 11 27. mars 1998, um Kvótaþing, og lögum nr. 13 27. mars 1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs, eru ákvæði til bráðabirgða sem kveða á um að sjútvrh. skuli fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu um starfsemi áðurgreindra stofnana. Því miður tókst ekki að ljúka skýrslunni fyrir áramót þar sem gagnaöflun og úrvinnsla þeirra tók lengri tíma en áætlað var. Það tilkynnist hér með að skýrslan verður lögð fyrir Alþingi snemma á nýju ári.

Árni M. Mathiesen."

Tilkynning um dagskrá.

[13:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 4 í dag fer fram umræða utan dagskrár um starfsleyfi fyrir gagnagrunni á heilbrigðissviði. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. heilbr.- og trmrh. verður til andsvara.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Stjfrv., 272. mál. — Þskj. 373.

[13:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Mér er sérstök ánægja að fá tækifæri til að gera það í dag, 1. febrúar, sem er afmælisdagur Kvenfélagasambands Íslands. Þetta merka samband er 70 ára í dag. Ég vil nota tækifærið og færa því árnaðaróskir. Jafnframt færi ég árnaðaróskir formanni Kvenfélagasambandsins, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, sem einnig á merkisafmæli í dag.

Frv. um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla var lagt fram á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Eftir umfjöllun um það á þinginu var það tekið til endurskoðunar í félmrn. og hefur sætt nokkrum breytingum frá upphaflega frv. Er það frv. nú lagt fram.

Raunar er það svo að réttindi kvenna eru með lögum betur tryggð á Íslandi en í flestum ef ekki öllum öðrum löndum. Þó þótti ástæða til að endurskoða lögin. Undirbúningsvinna að þessu frv. hófst þegar ég skipaði nefnd sumarið 1998 í þeim tilgangi að endurskoða lög nr. 28/1991. Í nefndinni voru hv. þm. Árni M. Mathiesen, núv. hæstv. sjútvrh., Elín R. Líndal, formaður Jafnréttisráðs, Elsa S. Þorkelsdóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisráðs og Sigríður Lillý Baldursdóttir, skrifstofustjóri í félmrn., sem var formaður nefndarinnar.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru frá árinu 1991 eins og áður sagði. Góðu heilli hefur ýmislegt breyst til betri vegar á sviði jafnréttismála á þeim tíma sem síðan er liðinn. Ekki svo að skilja að jafnrétti sé í höfn heldur hafa orðið breytingar á verkefnum og aðferðafræði í jafnréttismálum. Þá hefur komið í ljós að á ýmsum mikilvægum sviðum samfélagsins hefur lítið miðað í jafnréttisátt þrátt fyrir gildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Því var ástæða til að taka úrræði stjórnvalda í jafnréttismálum til gagngerðrar endurskoðunar, stjórnsýslulega stöðu málaflokksins og efnisákvæði laganna.

Ríkisstjórnin einsetti sér að taka myndarlega á jafnréttismálum eins og framkvæmdaáætlun um jafnréttismál sem samþykkt var fyrir tveimur árum ber með sér. Frv. sem hér er til umræðu er til marks um þennan vilja ríkisstjórnarinnar. Frv. er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og jafnri stöðu kvenna og karla á sem flestum sviðum samfélagsins og í því tilliti er því ætlað að auka rétt kvenna á sviðum þar sem á konur hallar og jafnframt að styrkja rétt karla þar sem þeir hafa rýrari rétt.

Í frv. er lögð áhersla á að jafnréttismál þurfi að vera viðfangsefni beggja kynja enda njóta bæði kynin góðs af auknu jafnrétti í samfélaginu. Fram að þessu hafa konur verið virkari í jafnréttisbaráttunni en undanfarin ár hafa karlar kvatt sér hljóðs og krafist réttar á sínum eigin forsendum. Sú réttindabarátta styður baráttu kvenna fremur en hún gangi gegn henni. Mikilvægt er að styrkja þá þróun með lagasetningu. Á norrænum vettvangi höfum við raunar haft forustu í því efni. Konum og körlum þarf að skapa jöfn tækifæri til að nýta krafta sína, sjálfum sér og samfélaginu til góða. Mikilvægt er að ekki sé mismunað á grundvelli kynferðis. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar getur ekki talist mismunun kynjanna.

Við samningu frv. var sérstaklega hugað að skyldum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist á grundvelli EES-samningsins. Þá voru alþjóðlegir samningar, framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna frá því í Peking árið 1995 og norrænt samstarf í jafnréttismálum, hafðir til hliðsjónar við gerð frv. Helstu nýjunar frv. eru sérstaklega tíundaðar í athugasemdum með frv. Lagt er til að jafnréttismálin heyri áfram undir félmrn. en sérhvert ráðuneyti skipi jafnréttisfulltrúa sem hafi umsjón með jafnréttismálum á málasviði ráðuneytis síns. Þetta er gert til þess að styrkja jafnréttisstarf á öllum sviðum samfélagsins enda varðar jafnrétti kynjanna alla málaflokka ef grannt er skoðað.

Ástæða er til að taka fram að fjarri lagi er að gert sé ráð fyrir að ráða þurfi nýja starfsmenn í ráðuneytin vegna þessa. Unnt er að fela einhverjum núverandi starfsmanna ráðuneytanna verkið. Lagt er til að skrifstofa jafnréttismála, sem samkvæmt núgildandi lögum er skrifstofa Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála, verði sérstök stofnun sem heyri undir dómsmrn. og fái skilgreind verkefni. Í því felst sú meginbreyting að verkefni sem samkvæmt núgildandi lögum eru á ábyrgð Jafnréttisráðs verða falin stofnun til framkvæmda. Stofnunin þarf ekki endilega að vera staðsett í Reykjavík og ég mun athuga vandlega hvort væri ekki unnt að koma henni fyrir annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Í ljósi þess að undanfarin ár hafa stjórnvöld í síauknum mæli skuldbundið sig til að sinna ákveðnum verkefnum í jafnréttismálum þykir vert að leggja til að jafnréttisstofnun stjórnvalda, skrifstofa jafnréttismála, heyri beint undir ráðuneytið en sé ekki stjórnað af fjölskipaðri nefnd. Að formi til er því um að ræða nýja stofnun. Samkvæmt frv. flytjast verkefni Jafnréttisráðs til skrifstofu jafnréttismála sem að auki fær skilgreint eftirlitshlutverk með framkvæmd laganna. Henni er m.a. sérstaklega ætlað að örva jafnréttisstarf karla.

Gert er ráð fyrir því að Jafnréttisráð verði áfram skipað svipað og tíðkast hefur hingað til. Verkefnasvið þess er þó afmarkað við jafnréttismál á vinnumarkaði. Þetta er mikilvægt og brýnt verkefni en jafnrétti á vinnumarkaði er lykilþáttur í frekara jafnrétti kynjanna á öðrum sviðum samfélagsins. Félmrh. skipar sex aðila að fengnum tillögum Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, fjmrn., Háskóla Íslands, Kvenfélagasambands Íslands, Kvenréttindafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands er ætlað að tilnefna sameiginlega einn aðila. Sú breyting er einkum gerð í samræmi við breytt hlutverk Jafnréttisráðs.

Í frv. er gert ráð fyrir að kærunefnd Jafnréttismála muni áfram starfa eins og hún gerir samkvæmt gildandi lögum en skýrar er kveðið á um hvernig upplýsingaöflun kærunefndar skuli lögð fram. Með þessu er tryggður andmælaréttur málsaðila sem og að mál verði nægjanlega upplýst áður en kærunefnd jafnréttismála skilar áliti sínu. Þá er lagt til að kærunefndin geti óskað eftir frekari gögnum telji hún málið ekki nægilega upplýst. Þetta á að koma í veg fyrir að kærunefndin þurfi að vísa málum frá vegna skorts á upplýsingum. Þetta er gert til samræmis við gildandi stjórnsýslulög en ekki þótti rétt að kveða sérstaklega á um hvers konar upplýsinga nefndinni beri að afla líkt og gert er í gildandi lögum. Það fer eftir eðli máls hvers konar upplýsingar koma að gagni hverju sinni.

Þá þótti það ekki samrýmast góðum stjórnsýsluháttum að kærunefnd gefi ráðgefandi álit en sé síðan aðili að sama máli fyrir dómstólum. Eðlilegast er að aðilar málsins hefji sjálfir mál sín fyrir dómstólum sætti þeir sig ekki við álit nefndarinnar eða vilji tryggja rétt sinn enn frekar, enda ekki um bindandi álit að ræða.

Í frv. er lagt til að stjórnendur stofnana eða fyrirtækja þar sem fleiri en 25 manns starfa skuli gera jafnréttisáætlanir sem taki m.a. til launa og almennra starfskjara eða kveði sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

Í frv. er að finna ákvæði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er viðfangsefni í norrænni samvinnu, hjá Evrópuráðinu, Evrópusambandinu og hjá Sameinuðu þjóðunum. Með auknum kröfum kvenna um að vera fullgildir þátttakendur í atvinnulífinu og kröfu karla til að fá að njóta fjölskyldulífs hefur jafnréttisumræðan tekið á sig nýja mynd sem gæti skilað okkur í átt til samfélags sem hentar báðum kynjum og tekur tillit til fjölþættra þarfa og langana þegnanna allra.

Kynferðisleg áreitni er skilgreind í frv. og skilgreindar ákveðnar skyldur atvinnurekenda og skólastjórnenda til að koma í veg fyrir hana, svo og hvernig staðið skuli að meðferð máls komi slíkt upp á vinnustað eða í skóla. Vakin er athygli á því að ákvæðið nær einungis til ábyrgðar atvinnurekenda og skólastjórnenda á að kynferðisleg áreitni verði ekki látin viðgangast á vinnustað eða í skóla. Sá sem beitir annan mann kynferðislegri áreitni getur orðið refsiábyrgur samkvæmt almennum hegningarlögum.

Menntmrh. er í frv. gert að fara með mál er varðar menntun eins og verið hefur en auk þess félags- og íþróttastarf. Sérstaklega er kveðið á um rannsóknir í kynjafræðum og er það í fyrsta sinn sem slíkt er gert í lögum.

Í frv. er sérstakt ákvæði um greiningu tölfræðiupplýsinga eftir kynjum. Þá er skerpt á bannákvæðum gildandi laga varðandi kjör, ráðningu, vinnuskilyrði og brottrekstur.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði þetta frv. sent hv. félmn. til athugunar.

[13:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn ræðum við tillögur og reglur sem eiga að laga stöðu kynjanna. Í meira en 20 ár höfum við haft algeran jöfnuð milli kynjanna samkvæmt lögum og ekkert hefur breyst. Launamisréttið fer frekar vaxandi en hitt og það sem meira er um vert, konur fá ekki vel borgaðar stöður. Ekki þarf annað en líta á myndir af aðalfundi Seðlabankans til að sjá það.

Ég beini spurningu til hæstv. ráðherra: Trúir hæstv. ráðherra enn að reglur ofan frá lagi stöðuna eftir 20 ára reynslu?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna ræður stjórnandi stofnunar óhæfari karlmann á hærri launum en hæfari konu? Getur hæstv. ráðherra útskýrt það fyrir mér? Er það vegna þess að hann vill ekki græða? Er það vegna þess að arðsemiskröfu vanti í fyrirtækið?

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til þess að svara því af hverju stjórnandi ræður óhæfan eða miður hæfan karlmann frekar en konu. Ég vona að þau tilfelli séu færri en fleiri og að þeim fari fækkandi.

Varðandi það að hægt sé að laga jafnréttismál ofan frá eða koma jafnrétti á ofan frá er það auðvitað ekkert einfalt mál. En ég tel að það sé skylda stjórnvalda að reyna að gera það sem í þeirra valdi stendur til að lagfæra þetta. Við höfum

gengið í gegnum rannsókn hjá sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna varðandi mismunun gagnvart konum og Ísland fékk í þeirri rannsókn mjög góða einkunn. Á tveimur sviðum var talið standa verulega upp á okkur Íslendinga. Í fyrsta lagi væri hér kynbundinn launamunur staðreynd. Menn geta deilt um hvað hann er mikill en hann er einhver sem ekki er hægt að skýra með öðru en kynferði. Í öðru lagi réttleysi sveitakvenna en sveitakonur á Íslandi eru réttminni en aðrar konur, t.d. varðandi atvinnuleysisbætur.

[13:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fullyrti að þeim dæmum færi fækkandi þar sem ráðinn er óhæfari karlamaður en hæfari kona. Þá vil ég útvíkka spurninguna: Hversu oft kemur það fyrir að ráðinn er óhæfari karlmaður en hæfari karlmaður? Er þetta ekki spurningin um jafnrétti fólks sem birtist í því að jafnrétti kynjanna er eins og það er? Getur ekki verið að við séum að glíma við rangan sjúkdóm? Erum við ekki að framkvæma hjartauppskurð á nýrnasjúklingi? Að við séum í rauninni að ræða um jafnrétti fólks en ekki um jafnrétti kynjanna?

Það er svo sem ágætt að við fáum góða einkunn. Ég er mjög ánægður með að við séum betur sett en í Kína eða öðrum löndum en það er ekki þar með sagt að við séum ánægð. Ég held nefnilega að þetta sé spurning um jafnrétti fólks og það kosti þjóðfélagið mjög mikið að nýta ekki hæfustu einstaklinga til bestu starfanna og það gerist ef við ráðum óhæfari karlmann í staðinn fyrir hæfari karlmann í stjórnunarstöðu. (**Gripið fram í:** Nefndu dæmi.)

[13:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfsagt er mikið til í því að það komi fyrir að hæfasti karlmaðurinn sé látinn sitja hjá en annar minna hæfur ráðinn í staðinn ekki síður en að um kynjamismunun sé að ræða. En það er einhvern veginn svo að öllum getur skjátlast. Mér kemur í hug ágæt, þingeysk gömul vísa:

Allir hafa einhvern brest,
öllum fylgir galli.
Öllum getur yfirsést
og einnig þeim á Fjalli.

[13:58]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er í raun mikið gleðiefni að búið skuli vera að leggja fram að nýju frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Ég vona að við náum að klára frv. í þetta sinn eftir að það er komið úr nefnd og það verði að lögum en slíkt gerðist ekki með hið fyrra frv. sem tekið var á 123. löggjafarþingi.

Síðasta frv. er frá 1991 og því má mörgu við það bæta til að það verði betra. Það fer ekki hjá því að þessi tvö frv. verði borin saman og skoðað hvað var tekið út og hverju var bætt við. Sumt er af hinu góða en annað ekki.

Mig langar aðeins að fara í gegnum frv. þó að fjallað verði um það í félmn. þegar málið fer þangað. Það er afar fróðlegt að bera frv. saman og hefur svo sem engin breyting verið gerð á markmiðssetningu laganna. Í II. kafla eru þó gerðar ýmsar breytingar, t.d. hvað varðar stjórnsýsluna. Þar er kveðið nánar á um umboð ráðherra. Vel má vera að hægt sé að styrkja stofnunina í sessi við það en við eigum kannski eftir að fá um það faglegar umræður í nefndinni. Ég mun ekki fara nánar út í það. En í 3. gr. er jafnframt hnykkt á því að þar er aftur sett inn umboð ráðherra.

Það er ýmislegt sem ég sakna úr fyrra frv. þegar verið er að tala um Skrifstofu jafnréttismála, ekki hvað síst það að í gamla frv. var skrifstofunni gefið færi á því að leita sátta milli einstaklinga eða hópa annars vegar og fyrirtækja eða stofnana hins vegar í ágreiningsmálum sem skrifstofunni bárust og vörðuðu ákvæði laganna. Það er ekki inni núna og ég held að það sé í rauninni mjög mikilvægt að það komi inn aftur, að ekki sé alltaf valin dómstólaleiðin þannig að við höfum þarna þessa möguleika. Ég tel það mjög brýnt og ég legg til að við skoðum það í nefndinni.

Þar sem talað er um að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Skrifstofu jafnréttismála hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar, er mjög gott. Þetta er mjög brýnt og líka mjög mikilvægt að skrifstofan og jafnvel Jafnréttisráð geti gripið inn í mál og haft frumkvæði að málum.

Varðandi 4. gr. var kærunefndin áður úrskurðarnefnd en er núna kærunefnd. Þar komum við aftur að því sem er nýmæli að aðilar geti lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti. Nú getur nefndin ekki lengur gert það og ég held að það sé líka mikilvægt að kærunefndin hafi þetta umboð til þess að fara í prófmál sem þarf að skoða og maður vill láta reyna á. Mér finnst því að við ættum að skoða það líka. Fjöldi mála er ef til vill kominn í umræðuna og þau mál loksins farin að bíta, þá eru þau kannski tekin út. Mér finnst því að við ættum að skoða það hvort við eigum að reyna að setja þetta einhvern veginn inn þannig að það sé ekki bara aðili heldur bæði nefndin og skrifstofan sem geti rannsakað mál.

Hins vegar er skrifstofunni gefið umboð í 5. gr., þ.e. hún getur beðið um að sérstök erindi séu tekin þar til umfjöllunar og það er vel.

Ef við tökum 6. gr., um upplýsingaöflun kærunefndar jafnréttismála, þá var 6. gr. tekin út í gamla frv. um viðmið við mat á hæfni. Í þeirri grein er sagt um mat á því hvort ákvæði laganna sem hafi verið brotin, að taka skuli mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu. Þetta ákvæði er tekið út. Það er spurning af hverju það var tekið út. Hverjir vildu það? Mig minnir endilega að það hafi komið frá umboðsmanni Alþingis og að þetta er kannski eitt af því sem þarf að liggja til grundvallar svo við vitum í rauninni á hvaða forsendum við eigum að fjalla um málin.

Ef við skoðum Jafnréttisráð, þá er alveg kúvent þar. Í fyrra frv. er sú hugmynd að hafa Jafnréttisráð og jafnréttisþing saman þannig að við sæjum þetta mjög svipað og Náttúruverndarráð er skipulagt núna með náttúruverndarþinginu, þaðan hefðu þá aðilar komið inn í Jafnréttisráðið af jafnréttisþingi. Það er horfið frá því og búið að tengja aftur inn vinnumarkaðinn, þannig að við erum komin aftur í það eins og þetta er núna, enda má í rauninni segja sem svo að við þurfum að ákveða í hvaða átt við viljum fara. Það sem hefur verið að gerast á Norðurlöndum er að verið er að leggja niður jafnréttisráðin þar í þeirri mynd sem þau eru núna og kannski meira farið að skoða þetta með þeim grasrótarhreyfingum og öðrum sem koma að þessum málum. Það hefur því verið horfið frá þeirri hugmynd í fyrri lögunum og er aftur þetta sama, þ.e. tilnefning frá ýmsum aðilum. Mér finnst mjög áhugavert að þarna eru Kvenfélagasambandið og Kvenréttindafélagið sem munu skiptast á um einn fulltrúa

sem getur verið ár í senn en jafnframt á auðvitað að gera það með aðilum vinnumarkaðarins. Þarna er er BSRB og ASÍ en ég vildi gjarnan sjá BHMR líka þannig að þessi þrjú félög gætu róterað fulltrúum. Þetta er eitt sem mér finnst að við ættum að skoða í félmn. Samtök atvinnulífsins eru alveg með á hreinu að þau eru með fulltrúa sinn alveg einan og óskertan og þurfa ekki að skipta mikið út.

Hlutverk Jafnréttisráðs breytist líka. Búið er að skera dálítið af því í 8. gr. nú miðað við það sem hún var áður. Ef Jafnréttisráð á ekki að deyja út þá held ég að mjög mikilvægt sé að við gefum því ákveðið frumkvæði í tímabundnum aðgerðum og það verður að gera í þessum lögum til að ráðið geti nýtt sér það. Einnig það, eins og segir í fyrra frv., að Jafnréttisráð sé stjórnvöldum, stofnunum og félagasamtökum til ráðgjafar. Auðvitað er núna verið að styrkja skrifstofuna en það verður jafnframt að gefa Jafnréttisráðinu meira hlutverk. Spurning er um að hún geri ákveðna framkvæmdaáætlun þannig að allir þættir vinni saman, líka vegna þess að jafnréttisáætlanir, jafnréttisfulltrúarnir og jafnréttisráðgjafar eru auðvitað nýmæli. Það er því mjög mikilvægt að þetta haldist svolítið í hendur.

Mig langar að fara beint í sveitarfélögin. Allar stofnanir sveitarfélaga hafa nú í æ ríkari mæli verið að gera jafnréttisáætlanir fyrir hvern málaflokk fyrir sig og það er mjög mikilvægt að reyna að nýta þá reynslu sem þar er búið að vinna þannig að hvorki ráðuneyti né ríkisstofnanir, og það væri mjög áhugavert að hafa bankastofnanir sérstaklega inni, nýti sér í rauninni þau módel sem búið er að vinna svo ekki sé alltaf verið að finna upp hjólið. Gerðar séu áætlanir sem hægt væri að fylgjast með og fara yfir hvað gengi eftir og hvernig við gætum sett þær í annan farveg ef við vildum sjá fleiri framkvæmdir.

Það er líka mjög mikilvægt að þeir jafnréttisfulltrúar sem ráðuneytin eru með komi þá líka með skýrslu til þingsins. Það er eitt af því sem mér fyndist að mætti bæta þarna við.

Í sambandi við vinnumarkaðinn og jafnréttisáætlanirnar er mikilvægt að menn reyni að nýta sér það sem fyrir er, eins og ég sagði áðan, og að enginn þurfi að vera hræddur um að þetta séu ómöguleg verkefni því að þetta er vel hægt og hefur gengið mjög vel.

Mikið er af góðum nýmælum hérna t.d. í 16. gr., samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Þetta hefur verið í umræðunni á síðustu árum og við viljum einhvern veginn gleyma að ekki sé búið að lögfesta þetta allt saman þó að það sé komið inn í ýmsar framkvæmdaáætlanir og annað. Það er mjög mikilvægt að jafnréttisáætlanir stofnana og fyrirtækja taki einmitt á því hvernig þau vilja sjá þessa hluti í framkvæmd þannig að hægt sé að fylgjast með og enginn sé banginn.

Í 17. gr. er mjög ánægjulegt nýmæli varðandi kynferðislega áreitni. Hún er sá raunveruleiki sem við búum við, bæði konur og karlar. Þó að konur séu í stærsta hópnum sem verður fyrir kynferðislegri áreitni, þá á það líka við um karlmenn. Það sem mætti koma þarna inn er spurning um — ég veit ekki hvort það ætti kannski að vera í lögunum — að það komi inn á starfssvið skrifstofunnar að hún verði með leiðbeiningar þegar svona mál koma upp og hún geti jafnframt verið með ráðgjöf þegar svo ber við. Það ætti því ekki að vera nein hindrun heldur fyrst og fremst styrking.

Í 19. gr., um menntun og skólastarf, er mjög mikilvægt að jafnrétti sé eðlilegur hluti af bæði kennslu og öðru, og að strákar og stelpur geti séð sig sem jafningja og jafnhæfa.

20. gr., þátttaka í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, er nýmæli og þetta á einungis við um tilnefningar. Mér finnst það spurning hvort þetta eigi ekki líka við um skipan í nefndir. Af hverju erum við bara með tilnefningar þarna og það er spurning hvort ekki eigi að víkka þetta út. Við þekkjum vel að nágrannaþjóðir hafa verið með átök og annað í slíkum málum.

Það sem fram kemur í 21. gr. og vísar líka beint í fyrstu markmiðsgreinina, þ.e. að greina tölfræðiupplýsingar eftir kyni og efla rannsóknir í kynjafræðum, er líka mjög ánægjulegt og mikilvægt nýmæli. Það er mjög mikilvægt að við getum lesið í þróun og þjónustu varðandi ýmsa hópa í samfélaginu, hvernig samsetningin er og hvernig við getum í rauninni lesið í samfélagið með því að leggja áherslu á þetta.

Ég fagna því að þetta frv. skuli vera komið fram. Það eru ýmsar athugasemdir en þær munu þá koma fram í félmn. en grunnurinn er mjög góður.

[14:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. ræddi mikið um tæknilega útfærslu frv., hvernig tilnefnt er í stjórnir og ráð. Hún talaði um Jafnréttisráð, jafnréttisfulltrúa, jafnréttisráðgjafa, jafnréttisáætlun, jafnréttisnefndir sveitarfélaga, hv. þm. ræddi sem sagt almennt um jafnréttisiðnaðinn eins og hann leggur sig. Svo ræddi hún alltaf um þessa hausatalningu sem menn eru svo hrifnir af, að jafnmargir hausar ættu að vera af hvoru kyni. En hv. þm. ræddi ekkert um til hvers frv. væri. Ég ætla að spyrja hv. þm.: Telur hv. þm. að þessi lög muni laga misrétti milli karla og kvenna? Telur hv. þm. að launamisrétti minnki eða jafnvel hverfi? Telur hv. þm., sem er meira um vert, að konur verði ráðnar í leiðandi stöður? Það er miklu meira mál en að koma á jafnrétti karla og kvenna í lágt launuðum stöðum. Fá konur yfirleitt tækifæri til þess að verða stjórnendur og leiðandi? Trúir hv. þm. því?

[14:13]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, því miður held ég að við vinnum seint bug á samtryggingarkerfi karla í valdastofnunum. En frv. er þannig úr garði gert að möguleiki er á því að við fáum opna umræðu. Við höfum náð langt. Nú eru konur t.d. orðnar 30% þingheims sem var ekki áður. Hins vegar veit ég ekki hvort konur fái tækifæri, við fáum kannski fyrst og fremst tækifæri ef við jöfnum hlutfallið milli karla og kvenna og náum því að fjölskylduábyrgðin verði jöfn þannig að konur séu jafnt ráðnar til starfa þrátt fyrir barneignir og fæðingarorlof og að karlar standi jafnfætis í þeim málum.

[14:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi aðeins: Mikil er trú þín, kona.

[14:14]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að hafa ákveðna trú. Ég væri alveg til í að finna út úr því með hv. þm. Pétri H. Blöndal, hvernig við brjótum upp þetta samtryggingarkerfi varðandi stöðuráðningar og annað.

[14:14]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar nýtt frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þetta frv. er heildarend-

urskoðun á jafnréttislögum og það sést á öllum umbúnaði að töluverð vinna hefur verið lögð í frv. Meðal nefndarmanna er fólk sem hefur mikla þekkingu og reynslu varðandi jafnréttismál, enda ber frv. þess merki að vandað hefur verið til verksins.

Eins og kom fram í framsögu hæstv. félmrh. hefur frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verið til umfjöllunar í þinginu áður, á vorþinginu 1999, fór þá í gegnum 1. umr. og til nefndar og var sent til umsagnar ýmissa aðila. En í því frv. sem við höfum fyrir framan okkur hefur ýmsum atriðum verið breytt frá því það var til umfjöllunar í þinginu fyrir tæpu ári. Víða er leitað fanga og í heildina séð er frv. nútímalegt og getur leitt til framfara í málaflokknum. Í frv. er ýmislegt til bóta sem getur styrkt stöðu jafnréttismála hér á landi þegar til lengri tíma er litið. Hins vegar eru ákveðin atriði sem ég vil benda á að geti hugsanlega veikt stöðu jafnréttismála og ýmis umhugsunarefni sem ég vænti að hv. félmn. taki til skoðunar.

Þrátt fyrir að mikið hafi verið gert í jafnréttismálum á undanförnum árum og áratugum til að vekja til umhugsunar og aðgerða í jafnréttismálum er enn þá langt í land. Ný kynslóð er að vaxa úr grasi sem ég vænti að hafi allt önnur viðhorf til jafnréttismála en þau sem við sem eldri erum höfum búið við og sem staðið hafa í vegi fyrir frekari þróun í jafnréttisátt. Ég vænti því þess að nýjar hugmyndir í jafnréttismálum falli í betri jarðveg en áður og uppskeran verði meiri og betri í þessum málaflokki í framtíðinni.

Á undanförnum vikum hafa borist ýmsar upplýsingar og vísbendingar sem sýna svart á hvítu að staða jafnréttismála er ekki sem skyldi. Enn er langt í land með að launajafnrétti náist. Kynbundinn launamunur er ítrekað staðfestur í könnunum. Starfsval ungs fólks virðist enn bundið á kynjaklafa. Ný könnun á þætti kvenna í fjölmiðlum bendir til að lítið hafi miðað í jafnréttisátt á síðustu árum. Þetta eru einungis örfá dæmi sem ég tek hér.

Ég ætla að fjalla um einstakar greinar frv. Í 1. gr. koma fram markmið með jafnréttislögum og þau eru gerð miklu skýrari og hugmyndafræðileg nálgun jafnréttismála er gerð nútímalegri. Þau eru ekki skoðuð út frá hagsmunum kvenna eingöngu heldur er litið á jafnréttismál sem samfélagsleg málefni sem varði bæði kynin, jafnan rétt þeirra til að hafa áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku í samfélaginu og jafnan rétt til þátttöku í störfum sem varða grunneiningu samfélagsins sem er fjölskyldan. Í 1. gr. eru settar fram leiðir til að ná markmiðum laganna þar sem m.a. er lögð sérstök áhersla á rannsóknir í kynjafræðum, að efla fræðslu í jafnréttismálum og greina tölfræðilegar upplýsingar eftir kyni, sem oft er forsenda þess að hægt sé að taka á málum sem varða misrétti kynjanna eins og í launamálum. Þessi tölfræðilega kynjagreining hefur þegar birst í tölum frá opinberum stofnunum í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 1997–1998 og einnig í kjararannsóknum bæði á almennum markaði og hinum opinbera markaði undanfarin ár.

Annar kafli frv. fjallar um stjórnsýslu jafnréttismála. Þar kemur fram ein stærsta breytingin á lögunum. Hún varðar breytta skipan stjórnsýslu jafnréttismála í landinu. Samkvæmt núgildandi lögum er sjö manna Jafnréttisráð jafnframt stjórn Skrifstofu jafnréttismála og hefur með höndum stefnumörkun í málaflokknum og fylgir henni eftir. Jafnréttisráð hefur samkvæmt núgildandi lögum stefnumarkandi hlutverk, ráðgefandi og fræðandi hlutverk, rannsakar mál og hrindir einstökum verkefnum í framkvæmd til að ná markmiðum laganna um jafnrétti kynjanna á öllum sviðum. Skrifstofa jafnréttismála er síðan tæki Jafnréttisráðs til að sinna þeim verkefnum. En sú nýskipan er lögð til í frv. að skera á formlega og stjórnunarlega tengingu milli Jafnréttisráðs og Skrifstofu jafnréttismála. Samkvæmt frv. á hið nýja Jafnréttisráð að stuðla að jafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum og vera stjórnvöldum til ráðgjafar um vinnumarkaðsmál og er þessi breyting á ráðinu veruleg.

Jafnframt er rétt að benda á að hugmyndir um hlutverk ráðsins hafa breyst verulega frá því að frv. um sama efni var til umfjöllunar fyrir um ári. Einnig er lögð til sú breyting á skipan ráðsins frá núgildandi lögum að í stað þess að Kvenfélagasamband Ísland og Kvenréttindafélagið tilnefni hvort um sig einn fulltrúa tilnefna félögin sameiginlega einn fulltrúa. Ekki er gert ráð fyrir að formaður kærunefndar jafnréttismála sitji í ráðinu. Þess í stað verði skipaður einn fulltrúi fjmrn. og einn fulltrúi Háskóla Íslands í Jafnréttisráð. Í því sambandi vil ég varpa fram þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvers vegna fulltrúar annarra samtaka opinberra starfsmanna, þ.e. fulltrúar Bandalags háskólamanna og kennarasamtakanna eru ekki skipaðir í ráðið. BSRB er þrátt fyrir að vera ágæt samtök ekki sami samnefnari fyrir opinbera starfsmenn sem ASÍ er fyrir þá sem eru starfandi á almenna markaðnum. Einnig spyr ég hvað liggi á bak við það að fulltrúum kvennasamtaka er fækkað í ráðinu. Reyndar heyrði ég svör hæstv. ráðherra áðan að það væri í samræmi við breytt hlutverk ráðsins. En mig langar til að fá nánari útskýringu á þessu. Þá mætti jafnvel hugsa sér að fulltrúar sveitarfélaga komi í ráðið, enda er samkvæmt frv. lögð mikil ábyrgð á sveitarfélög í jafnréttismálum þar sem lögbundið verður að skipa jafnréttisnefndir í öllum sveitarfélögum.

Samkvæmt frv. mun Skrifstofa jafnréttismála taka yfir hlutverk núverandi Jafnréttisráðs auk þess sem það fær ný verkefni og fellur stjórnskipulega beint undir félmrh. Það módel sem er sett fram í frv. að stjórnsýsla jafnréttismála hefur fyrirmynd í skipan stjórnsýslu náttúruverndarmála sem hefur verið mjög til umræðu undanfarna daga. Hið fyrra Náttúruverndarráð, eins og menn muna, hafði bæði ráðgjafar- og framkvæmdahlutverk sem var með lögum nr. 93/1996 skipt upp í annars vegar ráðgjafarhlutverk sem nýtt Náttúruverndarráð hefur með höndum og hins vegar Náttúruvernd ríkisins sem hefur framkvæmdahlutverk. Fyrstu viðbrögð mín við þessari breytingu á skipan jafnréttismála voru efasemdir um að þessar hugmyndir yrðu til bóta fyrir framkvæmd jafnréttismála þar sem ég tel að að öllu jöfnu felist árangur í stjórnsýslu í að sami aðili, sama „apparat", eigi að bera ábyrgð á stefnumótun í málaflokki og hrinda hugmyndum í framkvæmd. Þannig lægi heildarábyrgð á tilteknum málaflokki á einum stað sem eykur líkur á að raunhæfum hugmyndum sé hrint í framkvæmd. Þessi grundvallarhugmynd birtist m.a. í skipan mála í manneldisráði og áfengis- og vímuvarnaráði, þar sem ráðin mynda raunverulega stjórn málaflokksins, eru stefnumótandi aðilar og framkvæmdaaðilar, en framkvæmdastjórar og skrifstofur ráðanna fylgja málum eftir, stjórna daglegu starfi og eru í daglegu forsvari. Hins vegar eftir töluverðar vangaveltur og eftir að hafa rætt við ýmsa aðila komst ég að þeirri niðurstöðu að sú skipan mála sem frv. leggur til sé tilraunarinnar virði.

Ég nefndi að þetta módel hefði verið við lýði í stjórnskipan náttúruverndarmála undanfarin ár og þótt reynslutíminn hafi ekki verið langur er ég ekki frá því að fyrirkomulagið

hafi verið málaflokknum til framdráttar þótt reyndar sýnist sitt hverjum í þeim efnum eins og umræðan síðustu daga um skipan og störf Náttúruverndarráðs hefur leitt í ljós. Jafnréttisráð, sem sjálfstætt ráð, sem er skipað aðilum sem hafa fingurinn á púlsinum í málaflokknum, reyndar á afmörkuðum þætti jafnréttismála sem varða vinnumarkaðinn, hefur möguleika á að veita gagnrýnið aðhald og fleyta málum áfram ef vel er á haldið. Í sjálfu sér má segja að hlutverk ráðsins með þessari skipan sé að einhverju leyti hið sama og hlutverk frjálsra félagasamtaka sem koma með gagnrýni, ábendingar, ráðgjöf og aðhald að stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Hins vegar er ráðið skipað aðilum sem í samræmi við bakgrunn sinn bera tiltekna ábyrgð og hafa ákveðna þekkingu á málaflokknum sem getur nýst til að skapa umræður og aðhald varðandi jafnréttismál.

Í þessu sambandi langar mig þó að benda á að hlutverk Jafnréttisráðs eins og það er hugsað með þessu frv. er mun takmarkaðra en hlutverk Náttúruverndarráðs eins og það er samkvæmt núgildandi lögum. Samlíkingin við skipan náttúruverndarmála nær hins vegar ekki lengra því samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir jafnréttisþingi eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Því vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvaða rök liggi þar að baki, en jafnréttisþing er vettvangur skoðanaskipta um jafnréttismál þar sem ýmsir hagsmunaaðilar geta ráðið ráðum sínum, borið saman bækur sínar um markmið og leiðir í málaflokknum, samanber hlutverk náttúruverndarþings á sviði náttúruverndar. Það er mat mitt að það sé afturför ef jafnréttisþing verður lagt niður.

Í 4. gr. frv. er fjallað um kærunefnd jafnréttismála. Sú breyting er lögð til á starfsemi kærunefndar að ekki er lengur gert ráð fyrir að nefndin fylgi eftir úrskurðum sínum gagnvart aðilum sem ekki hafa hlýtt tilmælum hennar með kæru til dómstólanna. Kærunefnd jafnréttismála getur því ekki lengur fylgt málum sínum eftir til dómstólanna. Samkvæmt frv. verða einstaklingar sem brotið hefur verið á, sjálfir eða félagasamtök sem standa að baki þeim, að fylgja eftir málum sínum til dómstólanna telji þeir ástæðu til. Þetta er að mínu mati skref aftur á bak því einstaklingar sem brotið er á hafa ekki alltaf möguleika, t.d. af fjárhagslegum ástæðum, að fylgja eftir málum sínum og ekki hafa allir launamenn félagslegan bakgrunn til að styðja sig við eða félagasamtök fjárhagslegt bolmagn til að fylgja málum eftir. Því bendi ég hv. félmn. á að skoða þetta atriði sérstaklega.

Í 13. gr. frv. um vinnumarkaðinn er kveðið á um að fyrirtæki sem eru með 25 starfsmenn eða fleiri skuli setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni. Ég hef mikla trú á þessu ákvæði frv. því reynslan sýnir að jafnréttisáætlanir í fyrirtækjum hafa skilað árangri. Ég vísa t.d. til Eimskipafélagsins í því sambandi sem hefur markvisst breytt kynjahlutfalli í stjórnunarstöðum í því fyrirtæki. (**ÖS:** Og Reykjavíkurborg.) Og Reykjavíkurborg, bendir hv. þm. Össur Skarphéðinsson réttilega á. (**Gripið fram í:** Og ríkisstjórnin.) Og ríkisstjórnin. Fleiri tillögur? Fyrirtækið Eimskip hefur í gegnum tíðina haft mjög sterka karlímynd en hefur með markvissum áætlunum breytt þeirri ímynd sinni og lært að meta störf kvenna og að þau séu ekki minna virði en störf karla. Í því sambandi tek ég undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að þetta er mannréttindamál. Starfsmannastefna er yfirlýsing fyrirtækis um hvernig það muni haga áherslum sínum í starfsmannamálum og hún er gefin frá æðstu stöðum innan fyrirtækisins. Þannig er tryggður stuðningur ofan frá því jafnréttismál eru eins og önnur gæðamál að árangur næst ekki nema með fullum stuðningi, skilningi og ásetningi æðstu yfirstjórnenda fyrirtækis.

Í 14. gr. er fjallað um launajafnrétti. Þessi grein er mun skýrari en sams konar grein núgildandi laga. Hún tekur af allan vafa um skilgreiningu á hvað eru laun og þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum skuli vera þau sömu fyrir konur og karla.

Í 16. gr. er fjallað um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Í frumvarpstextanum er nefnt foreldraorlof. En foreldraorlof hefur ekki verið útfært hér á landi sem kunnugt er þrátt fyrir tilskipanir Evrópusambandsins þar um og vænti ég þess að það verði tekið upp í samninga milli aðila sem fyrst ellegar það komi hingað inn til þingsins. En þetta hugtak kemur þarna fram án þess að í rauninni liggi nokkuð þar að baki annað en hugtakið.

Í 17. gr. er fjallað um skilgreiningu á kynferðislegri áreitni og hvernig skuli tekið á slíkum málum. Mig langar til í því sambandi að benda á að í könnun sem gerð var fyrir rúmum þrem árum á vegum nokkurra stéttarfélaga, opinberra starfsmanna, Sóknar, Starfsmannafélags ríkisstofnana og Félags ísl. hjúkrunarfræðinga, kom í ljós — könnunin var um ofbeldi á þeim stofnunum sem félagar þessara stéttarfélaga störfuðu á — að á sex mánaða tímabili fyrir gerð könnunarinnar höfðu 6% starfsmanna orðið fyrir líkamlegri kynferðislegri áreitni og um 7% fyrir kynferðislegri áreitni með orðum. Þetta eru hærri tölur en maður hafði gert sér grein fyrir áður og fleiri kannanir hafa leitt í ljós að þetta er vandamál á vinnustöðum, vandamál sem þarf að opna umræðu um og taka á. Því fagna ég að tekið er á þessu máli í jafnréttislögum.

Í 19. gr. er fjallað um menntun og skólastarf með tilliti til jafnréttismála. Í þessu sambandi hef ég sérstakar áhyggjur af þeim hefðum sem hafa skapast hér á landi í starfsvali kynjanna. Í þeirri stétt sem ég tilheyri, hjúkrunarstéttinni, er 98% stéttarinnar hér á landi konur. Þetta er eitt stærsta hlutfall kvenna í stéttinni í Evrópu. Sem dæmi má nefna eru karlar um 10% hjúkrunarstéttarinnar í Noregi og 17% í Hollandi.

Nýleg könnun á störfum íslenskra ungmenna, sem birt var nýverið, veldur áhyggjum þar sem starfsval þeirra bendir ekki til að breytinga sé að vænta í þessum efnum nema skólakerfið nái að snúa þróuninni við með jafnréttisfræðslu. Það er ekki nóg að skólakerfið geri það heldur þurfa aðrir þættir samfélagsins að taka þátt í þeirri umræðu líka.

Einnig er ánægjulegt í frv. að lögð er áhersla á auknar rannsóknir í kynjafræðum sem er grundvöllur ásamt tölfræðilegum niðurstöðum að frekari ákvörðunum um stefnur og leiðir í jafnréttismálum.

Að lokum vil ég nefna nokkur atriði. Í 25. gr. er fjallað um bann við uppsögnum þar sem kveðið er á um að atvinnurekanda sé óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli jafnréttislaga. Ég skil síðustu málsgrein 25. gr. svo að atvinnurekanda sé heimilt að reka starfsmanninn vegna kröfu um leiðréttingu á grundvelli laganna hafi eitt ár liðið frá því leiðréttingarkrafan er sett fram. Í þessu felst ekki nægilega vernd fyrir launþega og ég hvert hv. félmn. að taka þetta atriði til frekari skoðunar. Atvinnurekandinn getur sem sagt hummað fram af sér að taka á málinu en rekið starfsmanninn ári seinna án frekari eftirmála.

Í 27. gr. segir að óheimilt sé að afsala sér réttindum sem lögin kveða á um og tel ég það vera fagnaðarefni að svo skýrt er kveðið á um þetta atriði.

Að lokum fagna ég því að brot á tilteknum greinum frv., verði það að lögum, varði sektum. Það eru þá líkur á að ákvæði laganna verði tekin alvarlegar hér eftir en hingað til. Ég hefði viljað fjalla um fleiri atriði sem eru til bóta í jafnréttismálum í þessu frv. en ég læt staðar numið.

[14:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna þessu fram komna frv. um endurskoðun á jafnréttislögum og vona að Alþingi auðnist að ljúka því verki fyrir vordægur og áður en þingið lýkur störfum að vori því það er án efa tímabært og þarft að fara yfir þessi mál og skoða hvað betur megi fara. Ég hygg að taka megi undir röksemdafærsluna í greinargerð frv. að það séu a.m.k. tvær veigamiklar ástæður fyrir því að endurskoðun laganna sé tímabær, þ.e. annars vegar ýmsar breytingar sem hafa orðið síðan núgildandi löggjöf var sett og breyttar aðstæður sem menn þurfa að taka mið af og svo hins vegar að að ýmsu leyti hefur mönnum miðað miklu skemur en menn bundu vonir við þegar jafnréttislög voru sett. Því er nauðsynlegt að fara yfir það hvað hefur brugðist að svo miklu leyti sem það snýr að löggjöfinni og er líka þarft að fá í leiðinni umræður um stöðu þessara mála almennt.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, herra forseti, að vandinn er augljóslega ekki sá að núgildandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla séu í aðalatriðum gölluð eða ekki fullnægjandi, þau eru það. Það eru fullnægjandi og skýr bannákvæði í þeim lögum nú þegar sem banna mismunun á grundvelli kynferðis, sem mæla fyrir um sömu laun fyrir sömu vinnu o.s.frv. Í raun og veru er ekki nema í mjög litlum mæli verið að breyta stöðunni í grundvallaratriðum hvað það varðar. Þetta snýst meira um breytt skipulag, breytta stjórnsýslu og kannski að einhverju leyti að menn orða í aðalatriðum sömu hluti öðruvísi. Vandinn hefur heldur ekki verið sá undanfarin ár að ekki séu ágæt ákvæði í jafnréttislögum um þessa hluti. Vandinn er sá að ekki er farið eftir þeim. Vandinn er sá að það hefur gengið allt of hægt að fá vinnumarkaðinn og þjóðfélagið til þess að virða þessi lög. Mismunun á grundvelli kynferðis er klárlega bönnuð, ekki má ráða karl í starf sem jafnhæf eða hæfari kona sækir um en það er samt gert. Menn eru að tapa slíkum málum sem eru án efa allt of fá rekin fyrir kærunefnd eða dómstólum. Menn eru samt að tapa fjölmörgum slíkum málum á ári hverju af því að jafnréttislögin eru miskunnarlaust brotin. Það hendir ótrúlegustu aðila að lenda í þessu, jafnvel sjálf yfirvöld þessara mála eða trúnaðarmenn stjórnvalda á sviði jafnréttismála, eins og ég hygg að séu nýleg dæmi um, að verða svo fyrir því á heimaslóðum að brjóta augljóslega jafnréttislögin.

Herra forseti. Við þekkjum umræðuna um hinn kynbundna launamun og við höfum átt um það orðaskipti nú fyrir jólin, ég og hæstv. félmrh., þar sem ég spurði hæstv. ráðherra út í stöðuna í þeim málum. Við fáum ársfjórðungslega skýrslur, launakönnunarskýrslur frá kjararannsóknarnefnd og jafnvel gögn frá fleiri aðilum á vinnumarkaði eins og einstökum stéttarfélögum, Verslunarmannafélaginu og öðrum slíkum. Allar segja þær okkur sömu stöðuna eins og stóra úttektin á þessum málum fyrir tveimur, þremur árum sem Jafnréttisráð stóð fyrir, gerði líka, að það er umtalsverður kynbundinn launamunur fyrir hendi á vinnumarkaðnum á Íslandi. Þegar allar skýringar sem hægt er að taka með góðum vilja til greina eru þrotnar hvað varðar mismunandi vinnuþátttöku og vægi í yfirmannastöðum og annað slíkt stendur eftir nakinn kynbundinn launamunur upp á 10–15%. Hann er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við þrátt fyrir skýlaust bannákvæði í lögunum.

Ég held eftir sem áður, herra forseti, eftir að hafa sagt þetta um ágæti gildandi laga og að vandinn í grunninn sé ekki sá að það séu ekki fullnægjandi og í sumum tilfellum jafnvel skýrari bannákvæði fyrir hendi en ætlunin er að taka upp í þessu nýja frv. A.m.k. í einu tilviki sýnist mér að menn séu ekki að ná því að orða þar hlutina betur eða skýrar heldur ef eitthvað er jafnvel óljósar. Ég kem að því hér á eftir. Vandinn er sem sagt ekki sá, herra forseti, heldur hitt að ekki er farið eftir þessum lögum og margir þurfa að skoða stöðu sína.

Herra forseti. Ég tel samt að ýmis nýmæli í þessu frv. séu til bóta. Ég ætla ekki að tjá mig mikið um stjórnsýslulega þáttinn. Ég er ekki sérstaklega vel að mér um það og hef ekki miklar skoðanir á því hvort nákvæmlega svona eða hinsegin sé betra að hafa þessa hluti. Ég hygg þó að það sé tímabært og rétt að fela sérstakri stjórnsýslustofnun framkvæmd þessara mála. Það er í samræmi við það sem gert er á mjög mörgum öðrum sviðum að til verði jafnréttisstofnun sem beri stjórnsýslulega ábyrgð á framkvæmd málaflokksins. En það má ekki verða til þess að veikja á neinn hátt stöðu Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála og það hlutverk sem þeir aðilar hafa þá eftir sem áður með höndum þó þessu sé skipt þannig upp.

Í öðru lagi held ég að tímabært sé að mæla fyrir um það í lögum að sérstakir jafnréttisfulltrúar skuli starfa í hverju ráðuneyti. En það mun vera gert í einni ágætri grein í frv. sem er 11. gr. en þar stendur: „Sérhvert ráðuneyti skal skipa jafnréttisfulltrúa sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins.“ Þetta bætist þá við þær jafnréttisáætlanir sem þar á að vinna eftir. Vonandi verður þetta til þess að við sjáum þess stað í verki að mönnum miði eitthvað áfram.

Ég held t.d., herra forseti, að það sé alveg sérstaklega þarft að það komi jafnréttisfulltrúi til starfa í iðn.- og viðskrn., alveg sérstaklega brýnt að það ráðuneyti fái slíkan embættismann. Ég segi þetta að gefnu tilefni, herra forseti. Það er nokkur skaði að nýskipaður iðn.- og viðskrh. skuli hafa þurft að hverfa af þingi í þann mund að þessi umræða hófst. Fróðlegt væri að vita hvort hæstv. iðn.- og viðskrh. er í húsinu.

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. iðn.- og viðskrh. er í húsinu.)

Það er nú ánægjulegt. Það væri æskilegt að hæstv. forseti vildi vera svo góður að gera hæstv. ráðherra viðvart um að nærveru hæstv. ráðherra væri gjarnan óskað í salnum. (**Gripið fram í:** Af hverju vantar fulltrúa í það ráðuneyti?) Ég mun fara yfir það af hverju ég tel sérstaklega brýnt að fá jafnréttisfulltrúa í iðn.- og viðskrn. en bíð með það þangað til á það reynir hvort ráðherra kemur í salinn.

Í þriðja lagi tel ég að ágætt sé að mæla fyrir um að gera skuli sérstakar jafnréttisáætlanir innan fyrirtækja sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að staðaldri í störfum. Þá er orðið um að ræða það stóra vinnustaði að kynjahlutföll skipta þar miklu máli og þó ekkert væri annað en að reyna með slíkum hætti að tryggja að einhver meðvitund sé á ferðinni hjá vinnuveitendum að þessu leyti held ég að það geti verið hið besta mál.

Í fjórða lagi fagna ég sérstaklega því sem þarna kemur inn í lögin og varðar samræmingu fjölskylduaðstæðna og þátttöku í atvinnulífinu. Auðvitað eru þetta aðeins orð, herra forseti. Okkur er ljóst að það er langur vegur frá því að það verði þannig í reynd að íslenskt atvinnulíf og aðstæður á vinnumarkaði verði eins og við gætum best kosið í þessu sambandi. Allir þekkja þann mikla mun sem er á aðstæðum á Íslandi hvað varðar vinnutíma og fleira því tengt borið saman við hin Norðurlöndin, svo dæmi sé tekið. Hinn erfiði vítahringur lágra launa og langs vinnudags ásamt tiltölulega ósveigjanlegum vinnumarkaði er án efa eitt af því allra versta sem við glímum við í þessu sambandi og bitnar mjög á jafnréttismálunum og stöðu fjölskyldunnar að öllu leyti. Það þarf að heyja stríðið á öllum vígstöðvum. Auðvitað þarf að fá aðila vinnumarkaðarins til að taka það upp sem sérstakt forgangsverkefni í samskiptum sínum að þróa kjarasamninga og leikreglur á vinnumarkaði í þá átt að þær séu vinsamlegri fjölskyldunum. Það verður að ná árangri í því að stytta vinnuvikuna og auka sveigjanleika hvað varðar töku orlofs og að auka réttindi til að vera heima vegna veikinda barna og fleira í þeim dúr. Þar þarf, herra forseti, samstillt átak allra aðila, stjórnvalda, skattalaga og umhverfisins að því leyti sem spilar þarna inn í, reglna um fæðingarorlof og síðast en ekki síst einfaldlega ákvæða í kjarasamningum og samskipti aðila vinnumarkaðarins. Þetta er ekki mál frekar en margt fleira í þessu sambandi sem verður leyst einfaldlega með boðum og bönnum þó hér komi falleg orð inn í löggjöfina, þó þau séu að sjálfsögðu velkomin og þörf, um að það skuli reyna að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku, þarf auðvitað margt fleira að koma til.

Að lokum nefni ég eins og fleiri hv. ræðumenn hafa gert að hér koma inn bein ákvæði sem skilgreina kynferðislega áreitni. Þau banna hana að sjálfsögðu og skilgreina hvað við er átt og hvað slíkt athæfi felur í sér. Það er mjög nauðsynlegt og tímabært og þó fyrr hefði verið.

Bannákvæðin, herra forseti, sem hér eru sett upp í sérstökum kafla eru að sjálfsögðu ákaflega mikilvæg. Það má náttúrlega ekki nálgast þessa hluti með þeim hætti sem mér fannst aðeins gæta í orðaskiptum hv. þm. Péturs H. Blöndals og hæstv. ráðherra, að af því að svona ákvæði hafa verið í lögum um árabil en enn er um misrétti að ræða, þá séu þau óþörf eða þá sé ekkert gagn í því að reyna að herða á þeim. Þau þurfa að sjálfsögðu að vera þarna til staðar og eru þess þá mikilvægari sem við höfum ekki í reynd enn þá náð fram fullu jafnrétti. Ekki bætti það ástandið að fella þau niður eða hvað? Nei, vegna þess að í þeim er að sjálfsögðu fólginn sá möguleiki að leita réttar síns og á því er byggt. Ef eitthvað er þá þarf að skerpa á þeim. Það er hins vegar veruleikinn sem við stöndum frammi fyrir að þau ein og sér duga ekki og það tekur miklu lengri tíma en menn höfðu bundir vonir við að ná þessu fram í reynd. En það þýðir ekki að gefast upp og væri náttúrlega að fara í algjörlega öfuga átt að draga þá óskynsamlegu ályktun af ástandinu að þessi ákvæði væru þar með gagnslaus þótt fullt jafnrétti í reynd hafi ekki komist á þrátt fyrir skýlaust lagaboð þar um á síðustu árum.

Herra forseti. Ég var að fagna því ákvæði að ráðuneytin ættu að skipa sér jafnréttisfulltrúa sem ættu að hafa eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði ráðuneytisins. Ég leyfði mér að nefna sérstaklega mikilvægi þess fyrir iðn.- og viðskrn. að koma sér upp slíkum jafnréttisfulltrúa. Það er nefnilega þannig, herra forseti, að í lögunum og í þessu frv., í 20. gr. þessa frv., eru ákvæði sem skylda ráðuneyti og þar með ráðherra til þess að tryggja jafnrétti alls staðar þar sem ráðuneytið hefur tök á því að ná slíku fram eftir því sem aðstæður leyfa, algerlega skýlaus ákvæði og hafa verið um hríð. Nú hafa ráðherrar stundum getað skotið sér á bak við það að þeir hafi ekki haft algert sjálfdæmi í þessum efnum. Það er t.d. þannig að margar stjórnskipaðar nefndir og ráð hafa verið mannaðar á grundvelli tilnefninga frá mismunandi aðilum. Þá liggur í hlutarins eðli að það getur verið erfitt að koma því við að hafa hlutföll kynja alveg jöfn en það á auðvitað að gera bæði samanber anda jafnréttislaganna og skýlaus ákvæði í núverandi 12. gr. jafnréttislaga og væntanlegri 20. gr. samanber þetta frv. En 12. gr. laganna er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar og skal ávallt á það minnt þegar óskað er tilnefningar í hlutaðeigandi stjórnir, nefndir og ráð."

Þegar ekki er um tilnefningar að ræða og síðari hluti setningarinnar á þar af leiðandi ekki við, þá hefur ráðherra um þetta sjálfdæmi. Það á við t.d. þegar ráðherra skipar einn án tilnefninga í stjórnir eða nefndir. Ber þá ekki að líta svo á að einhverjar mjög sérstakar aðstæður þurfi að koma til ef ráðherra tryggir ekki með skipan sinni að um það bil jafnræði ríki milli kynja þegar þetta er gert? Jú, það skyldu menn ætla.

Samt gerðist það, herra forseti, fyrir nokkrum dögum að hæstv. iðn.- og viðskrh. skipaði nýja stjórn Byggðastofnunar og í henni er aðeins ein einasta kona en sex karlar. Það sem var merkilegra, herra forseti, var það að iðn.- og viðskrh. henti út úr stjórninni einu konunni sem þar var fyrir og sem var númer tvö í 20 ára sögu Byggðastofnunar, í þeirri merku stjórn. Höfðu fram að þessu setið tvær konur en eitthvað um 20 karlar. Samt, herra forseti, og þrátt fyrir þessi lagaákvæði valdi hæstv. iðn.- og viðskrh. að fara þannig með vald sitt og mætti margt um það segja í öðru samhengi en ég er eingöngu að taka þennan hluta þess máls sem snýr að jafnrétti og jafnréttislögum.

Ég get ekki betur séð, herra forseti, en hæstv. iðn.- og viðskrh. sé í afar erfiðu ljósi hvað varðar sjálf jafnréttislögin með þessari embættisgjörð sinni. Ég ætla ekki að fara að segja, herra forseti, að þetta sé skýlaust brot á jafnréttislögum vegna þess að orðanna hljóðan er þannig að auðvitað má um það deila og þræta annars vegar hvað sé því sem næst jafnmargar konur og karlar. Ég hygg þó að fáir hafi þann stærðfræðilega skilning á þessum orðum að ein kona og sex karlar séu því sem næst jafnmargir. Ef hæstv. iðn.- og viðskrh. hefur lært stærðfræði sína þannig væri fróðlegt að heyra hver kenndi greinina í (Gripið fram í.) barnaskólanum í Grýtubakkahreppi.

Nei, herra forseti. Ég held að hæstv. iðn.- og viðskrh. hafi þarna misstigið sig herfilega hvað varðar jafnréttislögin fyrir utan allt annað sem segja má um þetta mál og vonandi gæti jafnréttisfulltrúi, sem héldi ráðherranum við efnið, og t.d. hefði það hlutverk í ráðuneytinu sem ég gæti vel ímyndað mér að ætti að vera samkvæmt þessari skipan að lesa yfir og fara yfir það sem kæmi frá ráðuneytinu eða þá hluti sem ráðuneytið væri að vinna með af þessum toga til þess að tryggja að jafnréttismálin gleymdust ekki. Það er alveg sérstaklega neyðarlegt fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh. sem gerði það að umtalsefni í tengslum við skipan sína í embættið að það væri fagnaðarefni, sem það auðvitað er, að konum væri að fjölga í ríkisstjórninni og hlutföllin væru þar að lagast að

lenda svo í fingurbrjót af þessu tagi, svo vægt sé til orða tekið, strax á fyrstu dögum sínum í embætti.

Herra forseti. Ég vil aðeins undir lokin biðja síðan þá nefnd, hv. félmn., sem málið fær til umfjöllunar að skoða m.a. og sérstaklega eitt atriði sem verið er að breyta og það varðar ósköp einfaldlega framsetningu bannákvæðanna, annars vegar eins og þau hafa verið í lögunum, í 4. og 6. gr. hvað varðar sjálfa mismununarbönnunina, ef svo má að orði komast, þ.e. upphaf 4. gr. þar sem kveðið er á um í gildandi lögum að: „Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf." Síðan í upphafi 6. gr. að: „Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um:" — síðan eru talin upp laun, ráðningar, stöðuhækkanir o.s.frv. Þetta eru gildandi ákvæði og þau eru að mínu mati algerlega skýr og afdráttarlaus. Ég er ekki viss um að fólgin sé framför í framsetningunni eins og hún er núna í 14. og 23. gr. frv. Mér finnst til að mynda upphaf 14. gr., ef eitthvað er, heldur veiklulegra en þau bannákvæði sem fyrir eru í gildandi lögum. Ég vonast til þess að hv. nefnd fari rækilega yfir að engin hætta er á því að menn með samanburði fari að túlka það svo að svigrúm hafi nokkurs staðar verið aukið til þess að komast fram hjá því afdráttarlausa ákvæði að bannað sé að greiða ekki sömu laun fyrir sömu vinnu.

Það kann að vera að þetta séu ástæðulausar áhyggjur af minni hálfu en ég vonast samt til þess að þetta verði skoðað mjög rækilega vegna þess að það væri mjög bagalegt ef menn vegna þessara breytinga og breyttu framsetningar þar sem valið er þarna að setja bannákvæðin yfir sérstakan kafla og færa þau frá hinum ákvæðunum, þá yrði mönnum neitt á messunni í þessum efnum.

Herra forseti. Ljóst er að jafnrétti næst aldrei fram eingöngu með boðum og bönnum með ákvæðum í lögum. Jafnrétti snýst um hugarfar, það snýst um uppeldi, það snýst um siðferðisþroska og það snýst um menningu samfélagsins. Verkefni okkar er að knýja á um þróun í rétta átt í þessum efnum og sætta okkur alls ekki við að það slái í bakseglin, að sofna ekki á verðinum og slá hvergi slöku við. Að mínu mati þarf fyrst og fremst að stórefla það sem snýr að áróðri, snýr að fræðslu í skólakerfinu, snýr að áróðri á vinnumarkaði. Það þarf að auka aðhald á vinnmarkaðinum og tryggja að þeim sem eru að brjóta þessi ákvæði og standa sig illa sé refsað og þeir sæti aðhaldi. Það þarf að auðvelda fólki að leita réttar síns og það þarf að gera þær leiðir greiðari. Það er ekki víst samanber það sem hér kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns að þar sé að öllu leyti verið að stíga skref í rétta átt í þessum efnum, þ.e. með því að láta Jafnréttisráð sjálft hverfa út úr því hlutverki sem það hefur haft öðrum þræði, að geta rekið slík mál fram að þessu. Þessi atriði öll, herra forseti, þarf að skoða í hv. nefnd og ég vænti þess að það verði gert og málið afgreitt í vor.

[14:52]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að það er afskaplega góð tímasetning á þessu frv. að það skuli koma fram á afmælisdegi Kvenfélagasambands Íslands. Gleðilegt er til þess að vita að hæstv. félmrh. skuli hafa haft það í huga þegar þessu máli er komið á dagskrá því að hér er mjög mikilvægt og öflugt mál á ferðinni. Eðli málsins samkvæmt er eðlilegt að um það fari fram miklar umræður og fjörugar en ég verð að segja við hæstv. félmrh. að ég hefði kosið að sjá svolítið meira hrist upp í þessu frv. en gert er hér. Ég verð að segja að það veldur mér vonbrigðum árið 2000 að orðalag og stíll á frv. af þessu tagi skuli vera svona þurr og óaðlaðandi eins og raun ber vitni í þessu plaggi. Ég ætla að hafa það hvatningu mína til hv. félmn. að hún geri allt sem hægt er til þess að hrista upp í þeim orðaforða sem hér er notaður og þeim hugmyndum sem hér liggja að baki og þar með getum við átt von á að út úr þessu komi á endanum löggjöf sem getur skipt sköpum í málaflokki sem þarf að breyta frá grunni yst sem innst.

Þetta er auðvitað spurning um mannréttindi. Jafnréttismál eru mannréttindamál. En það drepur málinu kannski örlítið á dreif að fara að ræða um kvenfrelsi sem mannréttindamál. Ég hef t.d. tilhneigingu til að ræða frekar um kvenfrelsi en jafnrétti. Mér finnst kvenfrelsi sem jafnréttismál vera einhver loðmulla sem hefur ekki fært okkur neitt. Jafnréttismálin hafa enn ekki fært okkur konum nema lítið brot af því sem við vorum kannski að vona, þær konur sem hófu baráttuna fyrir 25–30 árum voru að vona þær yrðu komnar lengra árið 2000. Það hefur því miður gengið afskaplega hægt. Kannski eigum við bara að kalla þennan málaflokk oftar en við gerum málaflokk kvenfrelsis því enn þá eru það konur sem reyna að sækja sama rétt til lífs eins og karlar.

Ótal grundvallaratriði hafa verið nefnd eins og launamisréttið. Það vex. Þátttaka kvenna í fjölmiðlum, í fréttum er enn þá sáralítil miðað við þátttöku karla. Enn þá eru það karlar sem segja flest orð í fréttum sjónvarps. Enn þá eru það konur sem eru í minni hluta í stjórnum fyrirtækja eða í forstjórastöðum. Enn þá eru það konur sem bera umtalsvert meiri ábyrgð á uppeldi barna og umönnun barna inni á heimilunum og umtalsvert meiri ábyrgð á öllum heimilisstörfum. Enn þá eru konur að standa undir tvöföldu vinnuálagi. Konur eru enn í meiri hluta þeirra sem leita réttar síns fyrir kærunefnd jafnréttismála og jafnvel þó svo þær séu að leita réttar síns fyrir kærunefndinni, hverju eru þær þá bættari? Það er allt of sjaldan sem einhverjar úrlausnir finnast og það er alltaf of seint að grípa um rassinn þegar allt er komið í buxurnar og það er allt of oft sem konur þurfa að sætta sig við orðinn hlut af því að jafnréttis eða kvenfrelsis hefur ekki verið gætt í meðferð mála.

Enn er ekki farið eftir t.d. þeim ákvæðum að störf skuli opin jafnt báðum kynjum. Alltaf er verið að auglýsa eftir körlum eða konum í ákveðin störf þannig að enn leyfum við þessar flokkanir starfa jafnvel þó að löggjöf okkar geri ráð fyrir því að öll störf eigi að vera opin körlum jafnt sem konum.

Mig langar, herra forseti, að vitna til greinarinnar sem fjallar um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem er 16. gr. í frv. Vissulega lýsir hún göfugri hugsun og hugsun sem við verðum öll að gefa gaum og ekki bara gefa gaum, heldur finna leiðir til að hún geti orðið að veruleika í samfélagi okkar. Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig sér hann þessa hugsun geta orðið að veruleika í samfélaginu sem við búum við í dag miðað við það ástand sem við þekkjum í dag? Greinin er svohljóðandi, herra forseti:

„Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna, þar með talið að þeim sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar-

eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna."

Við vitum að þetta hefur verið markmið okkar í mörg ár. Um þetta hefur verið talað í áratugi og sáralítið hefur rekið í átt til betra lífs hvað þetta varðar. Hvernig sér hæstv. félmrh. að hægt sé að gera atvinnurekendum það skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að konur og karlar geti samræmt starfsskyldur sínar?

Ég sé ekki annað en að við verðum að skera upp herör gegn þeim þröngu og neikvæðu hugsunum er ríkja í samfélaginu í garð kvenfrelsis. Það gerum við í gegnum uppeldi, það gerum við í gegnum áróður og stöðugar hvatningar til fólks, karla og kvenna. Við þurfum stöðugt að minna sjálf okkur á. Förum við eftir þeim sjálfsögðu hugmyndum að allir menn séu jafnir, að allir geti notið sama réttar? Ég held að það sé oftar en ekki sem við erum málsvarar misréttis. Við hv. alþm. erum ekki nægilega vakandi með lagasetningum okkar gagnvart því hvaða áhrif þær hafa á jafnrétti eða kvenfrelsi. Við hristum okkur ekki nægilega oft. Í frv. er tekið fram að menntun og skólastarf skipti miklu máli en kannanir sýna að stúlkur búa við mikið misrétti í menntakerfinu. Nefnum einfalt dæmi. Sýnt hefur verið fram á það í könnunum að stúlkur þurfa að lúta því að þær séu sjaldnar ávarpaðar með nafni en drengir af kennurum sínum, jafnvel af foreldrum sínum. Stúlkan er alltaf „vinkona" eða „ljúfa" eða „vina" á meðan drengurinn fær að heita nafninu sínu. Við áttum okkur ekki alltaf á svona einföldum hlutum. Við þurfum að ná að vekja hvert annað. Við þurfum að ná að vekja þá í samfélaginu sem mest áhrif hafa á uppeldi barna, þ.e. foreldra, kennara og heilsugæslufólk, það eru stórar starfsstéttir sem móta þau áhrif sem við höfum — sem samfélagið hefur á börnin. Það er þar sem við þurfum að taka best og kannski fyrst skarpast á málum.

Í 14. gr. frv. er sagt að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Við vitum, herra forseti, að þetta hefur verið markmið okkar lengi og það gengur afskaplega hægt að þoka nokkru til í þessum efnum. Í þeim heimi sem við lifum í núna er rætt um fyrirtækjasamninga og markaðssamninga. Hvers konar samningar eru það? Það eru leynisamningar þar sem launatölurnar eru ekki opinberar. Hvernig eiga konur að geta gætt réttar síns í þeim heimi sem þær lifa í í sambandi við launamál? Við erum að stuðla að því að launakerfin verði lokuð þannig að enginn komist að því hve mikil mismununin er í raun og veru og hvernig hún fer fram. Á þennan hátt stuðlum við ekki að kvenfrelsi eða jafnréttismálum.

Ég er sannfærð um að gaman verður að takast á um þetta mál í félmn. og að í félmn. eigi eftir að fara fram hressileg umræða. Ég vona svo sannarlega að nefndarmenn verði óragir við að draga fram nýja sýn í jafnréttismálum, í kvenfrelsismálum, búi til ný hugtök, finni ný orð til að lýsa því sem hér um ræðir. Ekki þýðir að hanga áfram í sama farinu, við finnum að þetta skilar okkur ekki nægum árangri. Reynum nýjar leiðir, hreyfum nýjum hugmyndum, hefjum okkur upp fyrir þá bragðdaufu umræðu sem hefur einkennt þennan málaflokk síðasta áratug.

[15:02]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir mjög svo góð orð í Kvenfélagasambands Íslands og þeirrar sem hér stendur í upphafi máls síns í dag um leið og hann lagði fram þetta mikilvæga frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hér er mjög mikilvægt mál á ferðinni því að jafnrétti í reynd er það sem við viljum öll stefna að. Ég er ekki sammála öllum þeim sem tala um að við höfum stigið skref aftur á bak í jafnréttismálum, ég held að við þokumst alltaf áfram þó hægt fari. Mjög mikið hefur áunnist og má bara líta á hve margar konur sitja nú á þingi og ber að fagna því. Ein bættist í hópinn í dag og ég vil bjóða hana sérstaklega velkomna. Ég held að það sé e.t.v. í verkahring okkar að hvetja aðrar konur áfram. Töluverð fjölgun kvenna hefur orðið í sveitarstjórnum en þetta gerist ekki af sjálfu sér, það þarf að vinna mjög markvisst til að ná þeim markmiðum að fjölga konum í ábyrgðarstöðum. Ég held að það skipti mjög miklu máli að við höfum þetta frv. til laga að leiðarljósi.

Stundum hefur hv. þm. Pétur Blöndal rætt um að við þurfum ekki lög um jafnréttismál. Þar er ég honum ósammála. Ef við lítum á umferðarlögin — við verðum að hafa umferðarlög — þá er alltaf einhver að brjóta þau, alltaf aka einhverjir yfir á rauðu ljósi. Við verðum að hafa lög til að leiðbeina okkur þegar við ætlum að fara yfir á rauðu ljósi.

Ég ætla ekki að ræða mjög mikið um frv. núna, við munum taka það til skoðunar í félmn., en mig langar að ræða nokkrar greinar og þá fyrst um samsetningu Jafnréttisráðs í 7. gr. Þar segir hverjir eiga að skipa Jafnréttisráð. Ég tel mjög mikilvægt að frjáls félagasamtök eigi aðild að Jafnréttisráði. Ég held að það skipti grasrótina mjög miklu máli að hafa þar málsvara. Ég tek undir með þeim sem hafa rætt um að það ættu þá fleiri að skipta um fulltrúa en ekki bara kvennasamtökin, Kvenréttindafélagið og Kvenfélagasambandið, til þess að fá meiri breidd í ráðið. Frjáls félagasamtök gegna sífellt meira og mikilvægara hlutverki í þjóðfélagi okkar. Samræming fjölskyldu og atvinnulífs er mjög mikilvægur þáttur og ég tel að það sé í rauninni mikilvægasti þátturinn í frv. um leið og rætt er um vinnumarkaðinn og launajafnrétti. Ég vildi sjá fæðingar- og foreldraorlof sem jafnast á milli kynjanna. Það væri það sem ég vildi sjá til framtíðar.

Þá er jafnrétti í menntun og skólastarfi mjög mikilvægt. Ég tek undir að það skal gæta sérstaklega að kennslutækni og að kennslubækur séu þannig úr garði gerðar að kynjunum sé ekki mismunað en því miður eru margar kennslubækur enn mjög gamaldags og sýna oft og tíðum ekki rétta mynd af þjóðfélaginu eins og það er í dag.

Ég tel mjög mikilvægt að haft sé í huga að sem mest jafnræði kynjanna sé í þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Ávallt verður að vera þar á vaktinni og minna á að hafa þar jafnræði.

Mjög nauðsynlegt er að laun karla og kvenna séu jöfn. Það var ánægjulegt að sjá í Vísi í gær að laun kvenna hækkuðu um 6,5% en karla um 5,9%. Það var í skýrslu kjararannsóknarnefndar fyrir þriðja ársfjórðung 1999, þannig að konur hafa þó aðeins sótt þar á. Mér þótti verra í þessu að laun á höfuðborgarsvæðinu hækkuðu um 6,7% en laun utan höfuðborgarsvæðisins hækkuðu um 5,5%. Misrétti milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar hvað varðar launamun er fyrir mér miklu meira áhyggjuefni í jafnréttismálum og þá á ég við alla, hvort sem það eru karlar eða konur.

Ég tel að við verðum ávallt að hafa jafnrétti í huga, það skiptir okkur miklu máli að konur og karlar komi jafnt að málum og sem breiðust umræða sé um jafnréttismál, þ.e. virðing á milli karla og kvenna.

[15:09]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það frv. sem hér er lagt fram sé að flestu leyti til bóta frá núgildandi lögum. Sumt í því frv. sem við sáum hér fyrr lagt fram hefði einnig orðið til bóta ef það hefði verið mælt fyrir því aftur en ég tel að sú lending sem við sjáum hér sé að mestu leyti til bóta.

Ég vil þó byrja á því strax í upphafi máls míns að nefna eina breytingu sem ég tel vera verulega afturför frá núgildandi lögum. Það er sú staðreynd að málskotsréttur kærunefndar jafnréttismála er tekinn burt. Það var þannig, herra forseti, og er þannig í núgildandi lögum, að ef ekki er farið eftir þeim tilmælum um úrbætur sem kærunefnd jafnréttismála hefur beint til hlutaðeigandi aðila er nefndinni heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti kæranda í samráði við hann. Nú er þetta tekið burt og eftir stendur að einungis aðilum máls er heimilt að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla. Þetta tel ég vera mikla afturför vegna eðlis þeirra mála sem koma gjarnan fyrir kærunefnd jafnréttismála. Þau eru mjög oft viðkvæm og oft er erfitt fyrir þá einstaklinga sem fara fram með þau mál að standa undir þeim, að ég tali ekki um þegar í húfi er atvinnan sjálf. Atvinnurekandi getur vissulega sagt upp starfsmanni sem fer í mál jafnvel þó það sé ákvæði í lögunum sem segir að þetta sé ekki heimilt. En atvinnurekanda er heldur ekki skylt að rökstyðja uppsögn sína þannig að hann þarf ekkert að gera frekari grein fyrir því.

Ég held að þetta sé veruleg afturför, herra forseti, og vona að hæstv. félmn. geri breytingu á þessu ákvæði. Ég fullyrði að með þessari breytingu séu nánast dregnar tennurnar úr þeim heimildum sem kærunefnd jafnréttismála hefur í dag og eru nú margir sem telja að þær séu ekki nægilega miklar. Eins og ég sagði áðan eru málin oft viðkvæm, atvinnan í húfi o.s.frv., þannig að ég held að hið háa Alþingi þurfi að breyta þessu í meðförum þingsins.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir fór ítarlega yfir frv. áðan í framsögu sinni og gerði grein fyrir afstöðu okkar í þingflokki Samfylkingarinnar til málsins í heild og til einstakra efnisatriða. Ég vil einungis taka undir þær áherslur sem hún lagði til og tel ekki þörf á að endurtaka það sérstaklega. En ég vil fara ofan í nokkrar greinar frv. eigi að síður.

Til að byrja með vil ég segja vegna þeirrar gagnrýni og þeirra spurninga sem hv. þm. Pétur Blöndal lagði fyrir hæstv. félmrh., og ég hef heyrt Pétur spyrja áður: Er það svo að löggjöf eins og þessi hafi skilað okkur áleiðis? Breytir þessi löggjöf einhverju fyrir okkur? Þessar spurningar eru góðra gjalda verðar. En ég er fullviss um að hefði aldrei verið nein löggjöf, hefði aldrei verið farið út í markvissar aðgerðir til þess að breyta því ástandi og þeim órétti sem konur bjuggu við. Við skulum muna það, herra forseti, að konur fengu ekki kosningarétt hér á landi fyrr en árið 1915. Það hefur áunnist, hefur gerst með markvissum aðgerðum. Með lögum, með því að skylda endalaust aðila vinnumarkaðar og aðra til að muna eftir því að karlar og konur eiga að njóta sama réttar í lífinu. Það hefur ekki verið þannig. Við megum ekki draga þá ályktun þó að löggjöfin hafi ekki skilað okkur kannski alveg þangað sem við vildum vera í dag að hún hafi engin áhrif. Vissulega breytir hún ekki öllu, hún er gríðarlega mikilvægur liður í því að minna á að það er í raun og veru mannréttindaspurning sem við erum að tala um að konur og karla njóti sama réttar.

Þá erum við líka komin mjög nálægt því sem ég ætla líka að gera að umtalsefni frekar á eftir, það er um það hvernig opinberar stofnanir, opinberir aðilar eins og hið háa Alþingi og ráðuneytin hafa staðið sig gagnvart konum í þjónustu sinni. Það er ekkert til fyrirmyndar, herra forseti, því miður.

Ég vil koma inn á 3. gr. frv. en þar er tekið fram að verkefni sem Skrifstofa jafnréttismála annast í umboði félmrh. séu m.a., síðan er það talið upp. Ég tel óæskilegt að hafa hér inni orðin „í umboði félagsmálaráðherra“ og ekki bara óæskilegt heldur tel ég það stangast á við verkefnin sem Skrifstofu jafnréttismála eru síðan falin. Ef við lesum þetta í samhengi við þá tölul. sem koma á eftir: „Verkefni sem Skrifstofa jafnréttismála annast í umboði félagsmálaráðherra eru meðal annars: „... að koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra.“ Er eðlilegt að það geri hún í umboði hans? Við getum líka bent á að henni er falið í umboði hans „að veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf.“ Ég held að í raun og veru megi alveg sleppa þessum orðum „í umboði félagsmálaráðherra“ vegna þess að ég tel að það skerði í raun og veru sjálfstæði Skrifstofu jafnréttismála óeðlilega mikið. Miklu eðlilegra væri að sleppa þessum orðum þannig að hún geti komið ábendingum og tillögum um aðgerðir á framfæri við félmrh. jafnvel þótt það sé ekki gert í umboði hans. Vissulega er það ekki alltaf þannig, geri ég ráð fyrir, að þeir sem annast daglegan rekstur Skrifstofu jafnréttismála séu endilega sammála þeim áherslum sem eru lagðar hverju sinni hjá ríkisstjórn þó skrifstofunni sé vissulega falið að starfa eftir þeirri stefnu sem þar er lögð. Ég held að mikilvægt sé að taka þessi orð út þannig að sjálfstæði skrifstofunnar sé ekki skert um of.

Ég vil koma aðeins inn á 7. gr., um skipan Jafnréttisráðs. Á það hefur verið bent hér að óskað sé eftir því að tilnefndur sé einn aðili sameiginlega af Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands. Ég tel þetta ekki góða breytingu og í raun alveg út í hött. Þó að þessi tvö félagasamtök hafi átt ágætt samstarf í gegnum tíðina, hafi sameiginlegt húsnæði o.s.frv. og hafi oft og tíðum rekið mjög svipaða stefnu þá hefur það alls ekki alltaf verið þannig. Auk þess eru þau algerlega óháð hvort öðru. Ég tel mjög óeðlilegt að þeim sé falið að tilnefna einn aðila saman rétt eins og bara skella þessu saman, því sem heitir kven-eitthvað, í eitt. Ég tel það mjög óeðlilegt, herra forseti, og held að æskilegra hefði verið að leysa þetta á annan hátt eða hafa þetta hreinlega eins og það hefur verið, að hvor aðili eigi sinn fulltrúa í Jafnréttisráði.

Ég vil benda á 2. mgr. 7. gr. þar sem tilnefningaraðilum í Jafnréttisráð er gert að tilnefna einn karl og eina konu til setu í Jafnréttisráði. Ég tel þetta mjög gott ákvæði. Við skipun í ráðið skal þess gætt að hlutfall kynjanna verði sem jafnast. En ég hefði gjarnan viljað sjá, herra forseti, að svipað ákvæði væri haft um 20. gr. þar sem getið er um þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Það ákvæði er óbreytt frá núgildandi lögum að því er ég best fæ séð. Af hverju stígum við ekki skrefið til fulls og segjum að við tilnefningar í nefndir og ráð á vegum hins opinbera skuli jafnan tilnefndir einn af hvoru kyni og á endanum sé það sá sem tilnefnir eða skipar sem ber ábyrgð á að velja samsetningu þannig að staða kynjanna verði sem jöfnust? Við vitum að þetta ákvæði eins og það er núna segir okkur ekki neitt, að segja að sem næst jafnmargar konur og karla skuli sitja í nefndum og ráðum. Eins og bent var á áðan má kannski segja að það séu sem næst jafnmargar konur og karlar að hafa sex karla

og eina konu sem við sjáum allt of oft. Þá er oft vísað þá á tilnefningaraðilana og sagt að þeir tilnefni alltaf karla. Af hverju ekki að stilla þeim upp við vegg? Komið með einn karl og eina konu og síðan ber ráðherrann sem endanlega skipar ábyrgðina á því að þessir hlutir komist í höfn. Hann hefur þá alltaf kost á að velja karl og konu. Ég tel að við ættum að stíga skrefið til fulls og fara þá leið. Það hafa önnur ríki gert víða í nágrannalöndum okkar með góðum árangri.

Ég vil einnig nefna 16. gr. um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Hún er góðra gjalda verð og málstaðurinn að mörgu leyti góður. Ég get þó ekki annað en hugsað til þeirra starfshátta sem við búum við hér á Alþingi og t.d. í ráðuneytunum, þegar ég les í gegnum þennan kafla. Ég get ekki annað en spurt hvort við eigum ekki að leggja dálitla áherslu á að breyta vinnubrögðum í eigin garði áður en við höldum lengra. Við erum alltaf að tala um að fjölga þurfi konum á Alþingi og að fá þurfi ungt fólk til starfa inn á Alþingi. Hvort sem það eru karlar eða konur er fólk gjarnan með lítil börn og fjölskylduábyrgð. Við höfum rætt það nokkrum sinnum í þinginu að breyta t.d. þingsköpum í þá veru að hægt sé að setja plön sem standast þannig að fólk geti skipulagt vinnutíma sinn. Ég tel mikilvægt að gera það og setja svolítinn kraft í að gera breytingar á þingsköpum þannig að fólk geti skipulagt vinnutíma sinn. Það er mjög erfitt fyrir fólk að samræma þetta tvennt þegar við höfum ekki dags fyrirvara til að sjá hvernig dagurinn lítur út.

Þjóðþingin í nágrannalöndunum hafa gert breytingar í þessa veru. Ég vil nefna sænska þingið sem dæmi. Ég hef heyrt að menn hafi fyrir nokkrum árum gert breytingra á þingskapalögum í þá veru að takmarka ræðutíma þannig að hægt sé að sjá fyrir hvenær þingi lýkur hvern dag. Ég held að það sé ekki til of mikils ætlast að við skipuleggjum okkur þannig. Það eru vinnubrögð sem við gerum kröfur um til annarra og til atvinnurekenda, að þeir geri nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ég held að það sé líka mjög mikilvægt að gera það hér og í ráðuneytunum.

Í grg. segir um 16. gr.:

„Ein leiðanna að þessu markmiði er að auka sveigjanleika við skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að hagsmunir allra séu hafðir að leiðarljósi. Sem dæmi má taka að erfitt er fyrir foreldra ungra barna að vera á fundum á þeim tíma sem sækja þarf börn á leikskóla. Þá geta stjórnendur fyrirtækis hvatt foreldra til að skipta veikindadögum barns á milli sín ef þau eru bæði útivinnandi. Jafnframt er mikilvægt að auðvelda starfsmönnum að koma aftur til starfa eftir fæðingarorlof eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Æskilegt er að setja fram aðgerðir sem stefna að settu marki í jafnréttisáætlanir eða í starfsmannastefnur fyrirtækja eða stofnana ef starfsmenn eru fleiri en 25."

Þetta er vissulega góðra gjalda vert en ég held að við ættum að huga svolítið að breytingum á okkar starfsháttum sem orðið gætu til þess að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð að sinna störfunum hér.

17. gr. fjallar um kynferðislega áreitni. Ég held að það sé til verulegra bóta sem þar er gert. Hún er skilgreind nákvæmlega og þar er lögð ákveðin skylda á skólastjórnendur eða atvinnurekendur til að gera eitthvað í þeim málum. Ég held að það sé af hinu góða. Eins og reyndar 19. gr., um kennslu, menntun, skólastarf og um að efla skuli rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi.

Ég held að það sem lagt er til í 21. gr. sé líka mjög æskilegt:

„Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því."

Það er mikilvægt að í hagsýslugerð séu upplýsingar greindar niður eftir kyni. Okkur vantar mjög slíkar upplýsingar til að geta metið út af hverju staða kvenna og karla er ekki hin sama á hinum ýmsu sviðum. Einstakar góðar og ítarlegar kannanir hafa verið gerðar en þær eru dýrar og viðamiklar vegna þess að mjög oft vantar tölfræðina sem að baki býr. Við getum rifjað upp skýrsluna um kynbundinn launamun sem var, muni ég rétt, hluti af norrænu jafnlaunaverkefni. Mig minnir að skýrslan hafi komið út árið 1995 eða svo. Sú skýrsla skilaði mjög góðri umræðu í þessum málum hér á landi. Henni fylgdu ferskir vindar vegna þess að þar komu fram ýmsar mjög áhugaverðar upplýsingar um ástæður þess að konum og körlum er mismunað, t.d. úti á vinnumarkaði og hvernig það gerist t.d. að launin eru ekki hin sömu hjá körlum og hjá konum. Mér þótti sú skýrsla mjög fróðleg. Hún var grundvöllur að mörgum fundum og margri orðræðunni um þessi mál og skilaði okkur svolítið áfram. Við getum endalaust fárast yfir því að staðan skuli ekki vera betri en við þurfum að hafa grundvallarupplýsingar til að byggja á svo við vitum hverju þarf að breyta og hvað þarf að bæta.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt mikið lengra um þetta frv. Það er að flestu leyti ágætt en ég vil hvetja til þess að ákvæðið um málskotsrétt kærunefndar verði tekið til alvarlegrar skoðunar í hv. félmn.

[15:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir það að leggja þetta frv. fram og þá miklu vinnu sem ráðuneytið hefur lagt í það. Það er vel við hæfi að við skulum ræða það hér á afmælisdegi Kvenfélagasambandsins sem að auki er afmælisdagur formanns Kvenfélagasambandsins. Í ljósi þess er þetta skemmtilegur dagur til að taka frv. til umræðu.

Hæstv. forseti. Það var kominn tími til þess að endurskoða lagasetninguna um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Það vekur alltaf umræðu. Þótt við séum ekki að gera neina byltingu þá vekur það umræðu í þjóðfélaginu og hjá okkur þingmönnum. Það er nauðsynlegt að taka slíka lagabálka til umræðu og endurskoðunar með jöfnu millibili til að komast að því hvort okkur miðar eitthvað áfram.

Það mátti skilja það á orðum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur hér áðan að frv. væri afskaplega leiðinlegt og við þyrftum að taka upp ný orð til að gera frv. og umræðuna skemmtilegri. Ég er ekki viss um að það sé nauðsynlegt. Við þurfum hins vegar að vinna áfram því þrátt fyrir allt hefur okkur miðað áfram. Það að nota einhver tískuyrði í þessari umræðu tel ég ekki hafa sérstakan tilgang. Við gætum auðvitað ráðið rithöfund eða jafnvel leikritahöfund til þess að semja slíkt frv. en ég held að það sé ekki til þess að hjálpa umræðunni sérstaklega eða málefninu sem slíku. Hugsanlega setti það eitthvað skemmtilegri svip á þingið en það er allt annar hlutur. Það má kannski hugsa sér slíkt með fleiri frv. eins og í efnahagsmálum o.s.frv., að fá annan stíl á

frv. en ég er ekki viss um að það skili árangri fyrir málefnin sem slík.

Ég vil leggja á það áherslu að hér er um mannréttindamál að ræða. Þetta málefni er í sjálfu sér ekki félagslegt úrræði. Það hefur margoft komið fram að hugsanlega væri þessi málaflokkur betur kominn undir forsrn. en félmrn. (**Gripið fram í:** Þetta er byggðamál.) Ég held að þetta sé íhugunarefni. Við verðum auðvitað að muna að þessi málaflokkur snýst um mannréttindamál. Við þurfum sífellt að vinna að viðhorfsbreytingum varðandi þennan málaflokk. Það gerist með því að breyta einnig svona þáttum, t.d. því hvar þessi flokkur á heima í stjórnsýslunni.

Ég tel hins vegar að þetta frv. sé mjög vel unnið og stjórnsýslan í því í sjálfu sér mjög góð. Ég vonast til að með þessu fáum við væntanlega annan vinkil á málaflokkinn þegar hlutverk Skrifstofu jafnréttismála og kærunefndarinnar breytist. En alltaf hljótum við að leggja mesta áherslu á að leita nýrra leiða í þessum málaflokki, ekki síst til að útrýma hinum miklum launamuni kynjanna.

Það er ánægjulegt að við verðum vör við breytt viðhorf hjá ungu fólki varðandi verkaskiptingu kynjanna. Ungir karlar virðast hafa mun meiri áhuga á jafnréttismálum og að þeir hafi jafnan rétt til að sinna fjölskyldu og börnum og konurnar. Þetta frv. gerir einmitt ráð fyrir áherslunni á jafnrétti karla til að geta sinnt þessu hlutverki.

Ég vil einnig nefna að í umsögn karlanefndar Jafnréttisráðs var lögð áherslu á að hér væri um mikið mannréttindamál að ræða, að taka þennan fjölskylduvinkil inn gagnvart körlunum. Ég tel að þetta frv. sé mikil framför í því efni.

Ég vil einnig nefna það sem kemur fram í 20. gr. varðandi þátttöku í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Í frv. eins og það var lagt fram á 123. þingi var inni ákvæði þess efnis að þar sem yrði tilnefnt í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skyldi tilnefna tvo aðila, konu og karl, og við skipun yrði þess síðan gætt að skipting milli kynja yrði sem jöfnust. Í því ákvæði eins og það var í 21. gr. þess frv. var einnig varnagli gagnvart þessu þar sem erfitt er að framfylgja jafnri skiptingu. Ég verð að segja fyrir mig að ég held að það hefði verið tilraunarinnar virði að taka upp þetta ákvæði. Þar er einmitt sagt: „Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. ef sérstakar ástæður leiða til þess að illmögulegt er að framfylgja þeim," sem auðvitað getur komið til. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að tilnefningaraðilar skuli tilnefna einn karl og eina konu til setu í Jafnréttisráði og ég sé það ekki geta gerst að t.d. Kvenréttindafélagið tilnefni karl, hugsanlega er það mögulegt en ég held að það gæti orðið mjög erfitt og ég tala nú ekki um Kvenfélagasambandið. Ég held að það séu afskaplega fáir karlar í Kvenfélagasambandinu þannig að af sjálfu leiðir að þarna þyrfti að grípa til undanþáguákvæða. Þar með þyrftu Vinnuveitendasambandið, ASÍ og aðrir tilnefningaraðilar þá að skipa karla á móti þeim konum sem kæmu fram hjá þessum félögum kvenna. Þetta hefur auðvitað sína kosti og galla en ég held að það hefði verið mjög skemmtilegt að prófa þetta ákvæði gagnvart öðrum nefndum og ráðum.

Ég nefndi að meginmálið væri í okkar frjálsa samfélagi að vinna að viðhorfsbreytingu. Ég held að slík viðhorfsbreyting yrði með því að fá sem jafnast vægi í nefndir og ráð. Ég held að mikil viðhorfsbreyting yrði ef karlar fengju aukinn hlut í fæðingarorlofi og það sé í rauninni afskaplega mikilvægt verkefni að vinna að því þannig að viðhorfsbreyting yrði gagnvart körlum á vinnumarkaði. Konur yrðu þá ekki verðfelldar í samkeppni um störf á vinnumarkaði í sama mæli og nú gerist. Þetta væri allt þáttur í að breyta viðhorfi í samfélagi okkar. Ég held að ef umfjöllun fjölmiðla breyttist verulega þá mundi verða mikil viðhorfsbreyting. Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands þar sem viðfangsefni frétta er greint eftir kyni viðmælanda kemur fram að viðmælendur eru 18,2% konur og 81,8% karlar. Það segir sig sjálft að slík umfjöllun í fréttum hefur áhrif á viðhorf fólks til karla og kvenna. Þetta er auðvitað ekki einfalt atriði en víða hefur komið fram í umfjöllun um þetta málefni að afskaplega nauðsynlegt sé að breyta til í stjórnunarstöðum í fjölmiðlum. Þetta gerum við auðvitað ekki með lagasetningu á Alþingi. Þetta þarf að gerast sem þáttur í því að fjölmiðlar landsins, hinir frjálsu fjölmiðlar vilji vera nútímalegir fjölmiðlar sem fjalla jafnt um alla hópa samfélagsins, karla og konur þar með.

Ég vildi einnig nefna að nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum hefur starfað að viðhorfsbreytingum. Fyrir síðustu alþingiskosningar hrinti nefndin af stað auglýsingaherferð þar sem foringjar stjórnmálaflokkanna voru sýndir í nýju ljósi. Það var auðvitað mjög umdeild aðferð, að mínu mati mjög skemmtileg og kannski kom þá þessi skemmtilegi vinkill inn í jafnréttismálin sem var verið að leita eftir áðan, en allt hefur þetta þau áhrif til að breyta viðhorfinu og það er enn og aftur það sem skiptir máli, viðhorfsbreytingin.

Ég vil segja að lokum að það er mjög áhugavert verkefni fyrir hv. félmn. að fjalla um þetta frv. og ég vil óska eftir góðri samvinnu við nefndarmenn þannig að okkur takist að ljúka frv. á vorþinginu því að ég held að það sé málaflokknum mjög til framdráttar að þessi nýi lagarammi komi utan um hann.

[15:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér í þeirri ágætu umræðu sem hér fer fram að rifja upp hvernig það frv. sem hér birtist endurbætt varð til sl. vor. Þetta er þverpólitískt mál og eins og hér kemur fram er áhugi á því. Það ætti því að vera hið besta mál að stjórnmálaflokkar ynnu saman að frv. og lagasetningu um jafnréttismál. Jafnréttismál eru ekki í eðli sínu flokkspólitísk heldur getur áhugasamur og metnaðarfullur ráðherra í þessum málaflokki að sjálfsögðu beitt sér til að jafnréttismálum fleyti áfram á sama hátt og ef máttlaust frv. kemur inn, þá gerist náttúrlega lítið í málaflokknum. Ég harmaði það sl. vor að stjórnarandstöðunni hefði ekki verið boðið upp á að taka á jafnréttisgrundvelli þátt í tilurð frv. og minni á það hér.

Það er líka sérkennilegt til þess að hugsa að í febrúar vorum við að ræða jafnréttisfrv. og við trúðum því þá að það frv. yrði að lögum fyrir vorið. Þetta var sérkennilegt vor. Það var athyglisvert að upplifa hvaða mál voru sett á oddinn og hvernig forgangsröðun ráðherra var og það vakti eftirtekt okkar að jafnréttismálin voru ekki sett í forgang. Þetta mál var langt komið í vinnslu í félmn. og mikill vilji til þess af hálfu stjórnarandstöðunnar að meðferð þess yrði lokið í nefndinni og það mætti verða að lögum fyrir vorið þegar það var skyndilega slegið af á einum fundi félmn. Ákveðið var að lengra yrði ekki haldið og málið yrði ekki eitt af þeim sem yrði að lögum um vorið. Ég vil taka sérstaklega fram að það var ekki vegna erfiðleika með stjórnarandstöðuna.

Það er mikilvægt að við munum þetta núna þegar við komum til umræðu um þetta frv. galvösk, mest galvaskar, að ræða stöðuna í jafnréttismálunum og lýsum vilja okkar enn

á ný til þess að gott frv., hugsanlega, verði að góðum lögum með því að ábendingar nái fram að ganga.

Mér finnst að menn hafi verið lengi að skoða þetta mál frá sl. vori. Mér finnst að þetta mál hefði átt að geta komið inn með sínum „úrbótum" strax á haustdögum þannig að alveg ljóst væri að jafnréttislögum yrði breytt áður en þingi lyki. En þetta er vinnulag sem sá sem valdið hefur hefur ákveðið og nú erum við ári síðar að ræða frv. á ný.

Herra forseti. Það gengur miklu hægar en við trúum hverju sinni að ná jafnrétti kvenna og karla. Stundum upplifum við eins konar stökk fram á við. Það gerðist í nokkur skipti á 9. áratugnum en svo er eins og okkur sé kippt til baka í einu vetfangi vegna þess að áhrif laga, viðburða eða aðgerða hafi ekki þau umtalsverðu áhrif á samfélagsþættina sem við vonuðum. Núna ætla ég að vona að fjölgun kvenna í ríkisstjórn verði konum lyftistöng og að jafnrétti kynjanna fái einhvers konar púst við það.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að koma með viðbrögð við ræðu hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, sem talaði á undan mér, þar sem hún hafði efasemdir um að rétt væri að skylda það að tilnefna konur og karla. Að sjálfsögðu hefði slíkt lagaákvæði einhvers konar undantekningu varðandi það ef um er að ræða samtök því að þetta eru oftast nær samtök, ekki félög, sem fá að tilnefna ef þau eru bundin við annað kynið. En við erum nú að komast inn í þann nútíma að í flestum tilfellum er verið að opna á það að báðum kynjum sé heimiluð aðganga að félögum og félagasamtökum.

Ég ætla hins vegar að taka undir málflutning þingmanna Samfylkingarinnar, hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur og Bryndísar Hlöðversdóttur, og jafnframt nefna það sem kom fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að mikilvægt er að þingið temji sér nýtt vinnulag og hér verði hægt að gera áætlanir, en hrædd er ég um að þá verði vinnulag og vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og ráðherra í ríkisstjórn að breytast. Þá gengur það ekki að hér sé tiltölulega léttvægt að fjalla um stjórnarfrumvörp af því að þau eru svo fá hverju sinni frá því að þing kemur saman að hausti og fyrst eftir jólahlé og síðan hrúgast málin inn laust fyrir jól og laust fyrir vor og næstum öll eiga fram að ganga með því vinnulagi sem þá er uppi.

Herra forseti. Um leið og ég tek undir með stallsystrum mínum í Samfylkingunni vil ég sérstaklega geta þess að mér finnst að sú setning að Skrifstofa jafnréttismála eigi að annast stjórnsýslu jafnréttismála í umboði ráðherra rýra stöðu Skrifstofu jafnréttismála. Ég skil hana ekki. Ég skil ekki að hvaða leyti ráðherrann ætlar að kássast inn í þau verkefni miðað við hvernig Skrifstofa jafnréttismála hefur starfað hingað til og á bæði að skila upplýsingum til ráðherrans og sjá um eftirlit og úrræði samkvæmt lögum. Mér finnst að í þessari setningu geti það falist að Skrifstofu jafnréttismála sé ekki heimilt á hverjum tíma að grípa til þess sem lögin heimila öðruvísi en a.m.k. spyrja ráðherrann ef hún óttast að ráðherrann hafi e.t.v. einhverja skoðun á málinu eða vilji hafa um það að segja hvernig með málið sé farið. Þetta finnst mér slæmt.

Annað sem ég vil nefna er úrskurðarnefndin. Ég tek undir það sem þegar hefur komið fram hjá þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég fagnaði þessu nýmæli í frv. fyrir ári en nú er það farið út. Úrskurðarnefndin átti t.d. að fela Skrifstofu jafnréttismála að leita sátta í málum þar sem hún taldi að það væri unnt. Að öðru leyti átti hún að koma með rökstuddan úrskurð.

Nú er það svo að kærunefndin, sem er komin inn aftur, á eingöngu að vera með rökstudd tilmæli um það sem hún hefur fjallað um og á þessu er mikill munur. Það er búið að draga á einhvern hátt tennurnar úr því sem þarna átti að gerast og enn á ný stöndum við frammi fyrir því að ekki náðist samstaða um að taka nú vel til hendinni í jafnréttismálunum og menn víkja til baka inn í eitthvað kunnuglegt, eitthvað sem ögrar ekki atvinnulífinu, eigum við ekki að segja vinnuveitendum of mikið því að svo mikið vitum við að það voru fyrst og fremst vinnuveitendur sem óttuðust þetta ákvæði sl. vor.

Í 4. gr. frv. sem við fjölluðum um sl. vor kemur fram að nýja ákvæðið um úrskurðarnefnd var dálítið meira en bara eitthvert ákvæði. Úrskurðarnefndin átti að taka til meðferðar, rannsaka og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði laganna hefðu verið brotin og úrskurðarnefnd jafnréttismála átti væntanlega að ráða sér starfsfólk til að fjalla um þessi mál til viðbótar því sem þegar er hjá Jafnréttisráði og kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðast úr ríkissjóði.

Þetta er athyglisvert og eitt af því sem við höfum gagnrýnt þegar komið hafa til umræðu frv. um jafnréttismál, þ.e. að engu sé kostað til. Í öllum þeim mikilvægu úrræðum sem grípa þarf til í jafnréttismálum er aldrei kostað neinu til. Ég bið hv. þm. að líta á bls. 21 í frv. sem við fjöllum um. Þar segir fjmrn. að gera megi ráð fyrir að útgjaldaauki ríkissjóðs geti numið 0,5–1,0 millj. kr. á ári verði frv. óbreytt að lögum. Þarna á ekki að kosta neinu og kemur engum á óvart sem áður hefur fjallað um mál af þessum toga. Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þessu.

Þó ég hefði kosið að fjalla um flesta þætti þessa frv. þá ætla ég ekki að fara inn á sömu atriði og þingmenn Samfylkingarinnar hafa þegar farið yfir. Ég ætla að spyrja sérstaklega um 13. gr. Þar segir:

„Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni."

Ég spyr félmrh. hvort hann hafi gert kröfur um þessar jafnréttisáætlanir og skýrslum þar um. Hefur hann kallað eftir því hvaða árangri jafnréttisáætlanir liðinna ára hafa skilað og lagt mat á eða brugðist við þar sem stofnanir gera það ekki? Þetta nefni ég í tilefni af umræðu um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir tveimur árum.

Jafnréttisnefndir sveitarfélaganna eru mikilvægar og að það sé stutt við bakið á þeim. Ég minni á nýlega úttekt í jafnréttisnefnd Kópavogs sem fór yfir hlut kvenna í nefndum og ráðum. Út úr því kom athyglisverð skýrsla og alveg ljóst að ef slíkar skýrslur eru unnar í sveitarfélögunum þá hefur það áhrif vítt og breitt um landið þegar jafnréttisnefndir hittast og fara yfir verkefnin og það sem út úr þeim hefur komið.

Sú grein sem ég vil hins vegar staldra við og gera að umtalsefni er 16. gr., um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Ég vek athygli þingmanna á því að í 29. gr. er kveðið á um mögulegar sektir vegna brota á lögum verði frv. þetta samþykkt. Þau sektarákvæði varða ekki 16. gr. um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Ég varpa því fram og bið félmn. að kanna hvort þarna eigi að íhuga það að sekta fyrirtæki og stofnanir sem setja ekki í jafnréttisáætlanir sína ákvæði um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs er eitt það mikilvægasta í öllu jafnréttisstarfi, í raun grunnþátturinn og til marks um að við meinum eitthvað með jafnréttismálum.

Hv. þm. Ásta Möller nefndi fæðingarorlofsmálið sem kom hérna inn með tilskipun Evrópusambandsins. Þannig er að þessi ríkisstjórn fær á sig dóma. Hún fær á sig dóma

vegna fiskveiðistjórnarkerfisins, ekki bara einn heldur tvo. Þessi ríkisstjórn fær á sig dóma t.d. eftir að Öryrkjabandalagið hefur leitað réttar síns og ekkert er að gert og jafnvel þó að dómar hafa fallið bæði í undirrétti og Hæstarétti. Launþegar hafa þurft að skjóta þessu máli til Eftirlitsstofnunar EFTA, þ.e. því að ríkisstjórnin stendur ekki við þetta ákvæði Evrópusambandsins. Ég spyr ráðherrann hvort það fari ekki að verða dálítið pínlegt fyrir ríkisstjórnina að fá á sig hvern dóminn á fætur öðrum og að hvort heldur launþegar eða öryrkjar þurfi að leita réttar síns í gegnum dómskerfið. Það dugir ekki að eiga viðræður við ríkisvaldið sjálft og tala um sanngirni og réttlæti í stjórnkerfi ríkisins. Meginatriðið í kærunni er að þungaðar konur njóta ekki fjárhagslegs réttar. Nefndir eru 60 dagar vegna veikindaleyfis á meðgöngu og tilskipunin kveður á um að þungaðar konur njóti verndar sem svarar launum. Fæðingarorlof á að vera minnst 14 vikur en þó að tíminn sé uppfylltur þá eru greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins í fæðingarorlofi lægri en veikindagreiðslur. Þarna er strax kominn ágreiningur á milli þeirra sem tilskipunin nær til og framkvæmdarvaldsins. Þetta er mjög alvarlegt.

Hins vegar vil ég einnig nefna annað sem er jákvætt, þ.e. að félmrh. hefur lagt fyrir þingið frv. um að fullgilda tilskipun 156 varðandi uppsagnir vegna fjölskylduábyrgðar. Ég hef stutt ráðherrann af fullum krafti í því og treysti því að félmn. afgreiði málið sem allra fyrst þannig að sú ILO-samþykkt geti fengið fullgildingu héðan frá þinginu sem allra fyrst. Ég spyr ráðherrann hvort samþykkt 156 hafi einhver áhrif sem ég hef ekki séð fyrir, þ.e. í þessu fæðingarorlofsmáli sem nú hefur verið kært til ESA.

Að lokum, herra forseti. Hér á Alþingi var samþykkt tillaga um opinbera fjölskyldustefnu. En það er ekki nóg að samþykkja tillögu. Fjölskyldustefna verður að vera virk. Það þarf að skoða alla þá þætti sem ákveðið var að taka á, hvernig skipa eigi þeim málum og setja lög sem geri fjölskyldustefnuna virka. Það hafa ekki sést mörg frv. sem byggja á fjölskyldustefnunni en vel útfærð fjölskyldustefna bæði hjá stjórnvöldum og í sveitarstjórnum styður betur en annað við jafnrétti milli hjóna. Það er alveg ljóst. Styðji eitthvað jafnrétti kynjanna þá er það vel útfærð fjölskyldustefna. Það vantar margar stjórnvaldsaðgerðir til að slíkt geti orðið. Sumt kostar peninga og þess vegna vek ég athygli á fjárhagsáætlun fjmrn. sem ætlar 500 þús. til 1 millj. í kostnað við þetta frv.

Ég minni á að í fjölskyldustefnu félmrh. var ákveði um fjölskyldusjóð tekið út. Sjóðurinn átti að standa undir rannsóknum á því hvernig stjórnvaldsaðgerðir hitta fjölskylduna fyrir og ólíka fjölskylduhópa. Í staðinn kom inn falleg markmiðsgrein um að félmrn. muni standa fyrir könnun á áhrifum aðgerða opinberra aðila til styrktar fjölskyldunni og skoða hvort og hvernig skilyrði fjölskyldunnar í samfélaginu hafi batnað vegna slíkra aðgerða. Fögur orð. Ég spyr félmrh. hvort eitthvað hafi verið gert í þessu og hvort slíkar kannanir séu í gangi.

Að lokum, herra forseti, minni ég á að starfsmatsnefnd var að störfum. Sérstök verkefni voru sett í gang og áttu að liggja til grundvallar aðgerðum í launajafnrétti, Ríkisspítalarnir, Hitaveitan, Félagsmálstofnun, Reykjavíkurborg, — allir voru með tilraunaverkefni. Nefndin sjálf var u.þ.b. að ljúka störfum nokkru fyrir kosningar en þá var málið rifið úr höndum hennar með þeim afleiðingum að bæði verkalýðshreyfingin og fjmrn. sögðu sig frá verkefninu. Að mínu viti var þetta mjög misráðið vegna þess að þrátt fyrir allt hafði nefndin unnið gott starf og mjög mikilvægt að allir aðilar stæðu að verkefninu, bæði fjmrn., stjórnsýslan og ekki síst launþegasamtökin. Svo varð ekki og ég vil spyrja ráðherrann hvernig þau mál standi núna.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir hv. þm. á að það ber að ávarpa hæstv. ráðherra og hv. þm.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:54]

Umræður utan dagskrár.

Starfsleyfi fyrir gagnagrunni á heilbrigðissviði.

[15:59]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í janúarmánuði gekk heilbrrn. frá samningum við einkahlutafélagið Íslenska erfðagreiningu um rekstrarleyfi á gagnagrunni á heilbrigðissviði. Þar lauk enn einum áfanganum í átakasögu sem ekki er séð fyrir endann á. Í uppsiglingu eru málaferli og átök innan heilbrigðiskerfisins. Mannréttindasamtökin Mannvernd eru að undirbúa málsókn gegn ríkinu og læknar hafa lýst andstöðu sinni og telja sig ofríki beitta og margir úr þeirra hópi hafa lýst því yfir að þeir muni leita til dómstóla og jafnvel út fyrir landsteinana ef nauðsyn krefji til varnar réttindum sjúklinga. Þetta þarf engum að koma á óvart. Í húfi eru siðareglur lækna og skyldur þeirra gagnvart sjúklingum og skjólstæðingum. Þessar siðareglur eru alþjóðlegar og snúa auk þess að samvisku hvers manns. Nú bregður svo við að heilsugæslulæknir lýsir því yfir að hann hyggist rita öllum sjúklingum sínum og gera þeim grein fyrir því að engin gögn um þá verði afhent fyrirtækinu sem heilbrrn. hefur gert viðskiptasamning við nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sjúklings. Annar læknir segir að hann muni hætta störfum sem sérfræðingur á sjúkrahúsi ef stjórn sjúkrahússins skipi sér að gera trúnaðarupplýsingar að hlutabréfamarkaðsvöru eins og hann komst að orði í viðtali við fjölmiðil. Þessi afstaða læknanna finnst mér eðlileg og heiðarleg og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem þeir hafa undirgengist og vísindasamfélagið samþykkt um upplýst samþykki og trúnað við sjúklinga. Nú hefur það sýnt sig að pólitískir fulltrúar ríkisstjórnarinnar í heilbrigðisstofnunum eru á öðru máli. Þeir hafa haft í hótunum við lækna beint og í fjölmiðlum og hefur þjóðin fylgst agndofa með. Í fréttum var haft eftir virtum yfirlækni á sjúkrahúsi að í tengslum við þetta mál væru það einkum heilsugæslulæknar og sérfræðingar á sjúkrahúsum sem ættu í vök að verjast gagnvart stjórnvöldum. Ég endurtek: sem ættu í vök að verjast gagnvart stjórnvöldum. Þetta þykja mér alvarleg tíðindi og alvarleg staða sem upp er komin, að trúnaðarbrestur skuli vera orðinn eins djúptækur og raun ber vitni á milli stjórnvalda annars vegar og lækna hins vegar. Því er efnt til þessarar utandagskrárumræðu hér á fyrsta degi þinghaldsins til að krefja hæstv. heilbrrh. svara á hvern hátt ráðherrann hyggst axla þá ábyrgð að tryggja að ekki sé brotið á réttindum starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar sem vilja framfylgja sjálfsögðum og eðlilegum skyldum sínum gagnvart skjólstæðingum sínum. Er það e.t.v. samkvæmt fyrirmælum hæstv. heilbrrh. að pólitískar stjórnir heilbrigðisstofnana í landinu hafi í hótunum við lækna?

Svo hefur verið búið um hnúta í samningi sem gerður var við Íslenska erfðagreiningu að læknar koma þar ekki við

sögu heldur einvörðungu pólitískar stjórnir. Nú er það með öðrum orðum hlutverk stjórnmálamanna að fara með trúnaðarupplýsingar um sjúklinga en ekki lækna og hefur formaður Læknafélags Íslands lýst því yfir að í þessu felist grundvallarbreyting á afstöðu til persónuverndar og er Læknafélagið mjög gagnrýnið á þessa þróun og segir hana í andstöðu við það sem sé að gerast erlendis þar sem menn leggi aukna áherslu á vernd einstaklingsins. Eðlilegast hefði verið að mínum dómi að heilbrn. þingsins hefði gefist kostur á að fara í saumana á samningnum og í kjölfarið hefði farið fram umræða á Alþingi um hann áður en frá honum var gengið og hann undirritaður. Þetta var ekki gert. En hvernig ætlar ráðherrann hæstv. að bera sig að gagnvart Alþingi?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. hvernig sé varið eftirliti tölvunefndar eða annarra aðila innan veggja Íslenskrar erfðagreiningar. Þar er að finna mikið magn lífsýna, þar er að finna ítarlegar ættfræðirannsóknir og gögn og núna liggur fyrir viðskiptasamningur um aðgang að heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar. Hvernig er varið eftirliti varðandi notkun þessara gagna og samkeyrslu? Ekki má gleyma því hverjir væntanlegir viðskiptavinir fyrirtækisins eru, erlend lyfjafyrirtæki og tryggingafélög sem hugsa nú gott til glóðarinnar að fá aðgang að Íslendingunum, kjörþjóðinni, „The Ideal Nation" svo vitnað sé í auglýsingabækling Íslenskrar erfðagreiningar til þessara aðila.

[16:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fá tækifæri til að ræða nokkur af þeim grundvallaratriðum sem hafa verið áberandi í umræðunni um gagnagrunn á heilbrigðissviði eftir að rekstrarleyfi var gefið út 22. janúar sl. Raunar eru þetta sömu atriðin og rædd hafa verið í tæp tvö ár og sum atriðin kom málshefjandi inn á, önnur eiga vafalaust eftir að koma fram hér á eftir.

Mér var frá upphafi ljóst að skiptar skoðanir væru um þetta mál meðal lækna. Ég bendi þó á að þessi andstaða hefur fyrst og fremst byggst á því að um væri að ræða persónugreinanlegar upplýsingar. Gagnagrunnurinn mun hins vegar ekki innihalda slíkar upplýsingar um einstaka sjúklinga og úrvinnsla úr sjúkraskrám fer einungis fram á viðkomandi heilbrigðisstofnun. Þessi vinna verður unnin af starfsmönnum viðkomandi stofnunar samkvæmt ströngustu verklagsreglum undir eftirliti tölvunefndar. Ég vænti þess því þegar menn hafa kynnt sér þær ströngu öryggiskröfur sem gerðar verða til að tryggja að einstaklingar verði aldrei persónugreinanlegir muni draga verulega úr andstöðu við gagnagrunninn. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur einmitt fjallað um öryggismál og heldur því fram að öryggi einstaklinganna sé ekki tryggt eins og lögin kveða skýrt á um. Tveir íslenskir lagaprófessorar fjalla um þetta í virtu evrópsku lagatímariti sem er að koma út og annar höfundanna, prófessor Davíð Þór Björgvinsson, bendir á það í grein í Morgunblaðinu á dögunum, að þrír aðilar, starfrækslunefnd, tölvunefnd og þverfagleg siðanefnd, hafi eftirlit með gerð og starfrækslu grunnsins. Síðan segir lagaprófessorinn orðrétt, með leyfi forseta:

„Þetta öryggis- og eftirlitskerfi er svo mikið og ítarlegt að engu verður við jafnað þegar um upplýsingar í sjúkraskrám er að ræða, hvorki hér á landi né annars staðar."

Hér talar lagaprófessor sem gjörþekkir lögin, leiðir og alþjóðalög, sem gilda um gagnagrunna. Það liggur í hlutarins eðli að eftirlit þessara stofnana nær auðvitað inn í fyrirtækið sjálft. Ég vona að þetta svari spurningum hv. þm. Hagsmunagæsluaðili sjúklinga í landinu, Sigurður Guðmundsson landlæknir, segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Ég held að óvíða hafi jafnmiklar girðingar verið settar og mikill varnarmúr reistur um persónuvernd fólks." — Þetta segir landlæknir í samtali við Morgunblaðið 27. janúar sl.

Ég vek sérstaka athygli á því að ekki er verið að ræða um öryggiskröfur sem settar eru í eitt skipti fyrir öll og verða síðan úreltar, það er beinlínis gert ráð fyrir að skilyrðum verði breytt í samræmi við breyttar aðstæður. Af því að þeir sem gagnrýna gagnagrunninn hvað harðast og þrástaglast á því að lög, samningar og reglugerðir séu brotin er rétt að fara með grein 1.7 í rekstrarleyfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Rekstrarleyfið, starfsræksla gagnagrunnsins og meðferð upplýsinga úr honum skal á hverjum tíma vera í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, eins og þau eru á hverjum tíma, alþjóðasáttmála, alþjóðasamninga og hvers konar alþjóðlegar samþykktir sem Ísland er eða verður aðili að."

Skýrara verður það ekki sagt og, hæstv. forseti, að skilyrðum settum er það hreint og beint hlægilegt að heyra gagnrýnendur hrópa á torgum: mannréttindabrot, mannréttindabrot. Rekstrarleyfishafi verður að fara að ákvæðum í rekstrarleyfi og eins og fram kemur í lögum skal starfsrækslunefnd m.a. hafa eftirlit, því að brot á ákvæðum í rekstrarleyfi getur varðar sviptingu leyfis.

Svo er spurt að því hvernig meðhöndlun Alþingis verði á þessu máli. Rekstrarleyfið hefur þegar verið sent fulltrúum í heilbr.- og trn. og jafnframt hefur ráðuneytið boðist til að fylgja því eftir með sérfræðingum ráðuneytisins sem komið hafa að málinu. Þegar því er haldið fram að læknar séu og verði sniðgengnir þegar upplýsingar sem unnar eru úr sjúkraskrám eru fluttar í gagnagrunn, þá er það líka rangt. Eins og fram kemur í gagnagrunnslögunum eru það heilbrigðisstofnanir sem ákveða hvort gengið verður til samninga við rekstrarleyfishafa við flutning upplýsinga í gagnagrunninn. Síðan er það yfirstjórn hverrar heilbrigðisstofnunar, þ.e. stjórn og framkvæmdastjóri, sem mun taka ákvörðun um samninga við rekstrarleyfishafa að höfðu samráði við læknaráð og faglega stjórnendur stofnana. (Forseti hringir.)

Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Mig langar aðeins að segja hér í lokin að það er fjöldi lækna sem bíður eftir því að þessi gagnagrunnur verði að veruleika. Mig langar, virðulegi forseti, alveg í blárestina að segja að þetta snýst ekki aðeins um lækna, þetta snýst líka um sjúklinga. Og, með leyfi forseta, þá var í Morgunblaðinu ...

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. ráðherra verður að ljúka máli sínu og fær orðið aftur í lokin.)

Ég er að ljúka máli mínu, bara í blárestina: þetta snýr líka að sjúklingum og sjúklingur skrifar í Morgunblaðið 29. janúar, (Forseti hringir.) með leyfi forseta ...

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. ráðherra verður að nota seinni umræðutíma sinn fyrir þetta það er komin mínúta fram yfir.)

Ég skal gera það, en ég endurtek: þetta snýst líka um sjúklinga, virðulegi forseti.

[16:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Nú er nokkuð um liðið síðan lögin um gagnagrunn á heilbrigðissviði voru sett en þrátt fyrir mörg viðvörunarorð um áhrif lagasetningarinnar og ábendingar um vankanta á henni, ákvað meiri hluti Alþingis að samþykkja frv. Nýlega veitti heilbrrh. svo leyfi til rekstrar og starfrækslu grunnsins og hlutabréf í rekstrarleyfisfyrirtækinu

eru nú skráð á margföldu gengi miðað við það sem áður var. Verðmætaaukningin sem spáð var að leyfinu mundi fylgja hefur því berlega komið í ljós og staðfest að gríðarleg verðmæti hafa verið afhent þessu tiltekna fyrirtæki og þeim sem hlut eiga í því. Ég ætla ekki að gera þann þátt málsins að aðalumtalsefni heldur snúa mér að þeim vandamálum sem snúa að frekari útfærslu laganna. Gagnagrunnslögin skapa nefnilega mikla togstreitu á sjúkrastofnunum þar sem þau stangast hreinlega á við þau siðferðisviðmið sem heilbrigðisstéttir hafa tileinkað sér. Lögin gera ráð fyrir að rekstrarleyfishafa sé heimilt að ganga til samninga við sjúkrastofnanir um færslu upplýsinga í grunninn. Slíka samninga á eftir að gera og er líklegt að áður en af því getur orðið þurfi að yfirstíga margar hindranir. Hin mikilvægasta þeirra er siðferðiskrafan um samþykki sjúklings en án hennar verður erfitt að koma á samningum sem kosta ekki ófremdarástand inni á heilbrigðisstofnunum. En af hverju skyldi þetta vera svona? Jú, vegna áreksturs þessara laga við siðferðisvitund heilbrigðisstarfsmanna. Lögin gera ráð fyrir að stjórnir stofnana taki ákvörðun um hvað eigi að fara í grunninn og eins og menn muna skylda þau ekki að samþykkis sé leitað hjá sjúklingum áður en upplýsingar eru færðar í grunninn. Heilbrigðisstarfsmenn telja sig almennt ekki geta afhent upplýsingar sem þar eru og byggðar á trúnaðarsambandi milli starfsmanns og sjúklings nema fyrir liggi samþykki sjúklingsins. Eina leiðin til að tryggja frið í kringum gagnagrunnsmálið til frambúðar er að hafa í heiðri þá siðferðisstaðla sem við höfum lagt til grundvallar í gegnum tíðina. Munum líka að þeir voru settir í ljósi biturrar reynslu sem menn gátu ekki ímyndað sér að yrðu nokkurn tímann að veruleika. Það er nefnilega full ástæða til að hafa þetta stóra „ef" alltaf til hliðsjónar þegar viðkvæm málefni eins og heilbrigðisupplýsingar eru annars vegar.

[16:13]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það vekur mikla athygli að nú er mjög mikið talað um að rekstur heilbrigðisgrunna í vísindaskyni stangist á við siðferði heilbrigðisstétta. Slíkur rekstur hefur gengið í nágrannalöndum okkar í yfir hálfa öld. Í yfir hálfa öld hafa verið notaðir miklu viðameiri gagnagrunnar en hér er um að ræða með miklu viðkvæmari upplýsingum og nefni ég þar alveg sérstaklega danska gagnagrunninn. Upplýsingar í danska grunninum og öðrum skandinavískum grunnum eru ekki dulkóðaðar. Það er því ljóst að Íslendingar eru hér og nú að ryðja braut að því er varðar örugga varðveislu og hátæknilega nýtingu heilsufarsupplýsinga í þágu læknavísinda og heilbrigðiseftirlits. Verið er að þróa hér nýjar aðferðir, við erum að ganga lengra og höfum komist lengra í þessum efnum en aðrar þjóðir hafa gert og það er litið til okkar sem þeirrar þjóðar sem er að ryðja brautina.

Ég vil gjarnan biðja hv. málshefjanda að nefna mér eitt dæmi, eitt einasta dæmi um ríki þar sem eins vel er staðið að varðveislu og öryggi heilsufarsupplýsinga sem notaðar eru í vísindaskyni og hér er gert. Ég veit að hann getur ekki gert það vegna þess að þessar heilsufarsupplýsingar eru hvergi dulkóðaðar með þeim hætti sem hér er verið að gera. Ég vil einnig geta þess af því það hefur verið vitnað hér mjög mikið í alþjóðasamtök lækna að þá er einmitt þessi grundvallarmisskilningur sem er hér víða í gangi, að hægt sé að tala um að þetta séu vísindarannsóknir á fólki sem hér er verið að ræða, en svo er ekki. Svo er ekki. Alþjóðasamtök lækna gera greinarmun á þessu og hægt er að vitna í þau gögn. (Gripið fram í.) Ég get afhent það þeim þingmönnum sem vilja skoða það í hreinskilni og einlægni. Ég get afhent þeim þessi gögn og ég hef birt um þetta greinar í blöðum þar sem er vitnað í þessi gögn af fullkomnum heiðarleika og allir þeir þingmenn sem hér eru inni geta kynnt sér þau.

[16:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að beðið var um þessa utandagskrárumræðu því að nú þegar reglugerð hefur verið sett um rekstur miðlægs gagnagrunns kemur í ljós eins og bent hafði verið á að ekki eru allir sáttir við hvernig eigi að afgreiða upplýsingar í grunninn og þegar hafa nokkrir læknar neitað að afhenda sjúkraskýrslur sínar.

Í reglugerðinni er getið um að það eigi að fara eftir lögum og reglum sem í gildi eru en við búum við lög sem eru um réttindi sjúklinga. Í 10. gr. er fjallað um samþykki fyrir vísindarannsóknir og þar kemur alveg skýrt fram að sjúklingur skal samþykkja formlega fyrir fram þátttöku í vísindarannsókn. Það er á þessu ákvæði sem strandar ásamt ákvæðum í alþjóðasiðareglum lækna sem eru alveg skýrar og skyldum þeirra gagnvart sjúklingum og trúnaði við sjúklinga. Þær upplýsingar og þau samskipti eru trúnaðarmál og læknir ber ábyrgð á varðveislu þessara samskipta. Yfir þetta hefur margoft verið farið og því verður að vera ljóst og ég vona að það skýrist núna í umræðunni hvernig það má þá vera að stjórnir heilbrigðisstofnana geti farið með og ákveðið afgreiðslu á sjúkraskýrslum til þriðja aðila.

[16:17]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Eftir mjög ítarlega umræðu um gagnagrunninn á hv. Alþingi, bæði í þingsölum og ekki síður í nefnd, afgreiddi hv. Alþingi lög með mjög afgerandi hætti. Á grundvelli þeirra laga hefur hæstv. heilbrrh. gefið út starfsleyfi. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er gætt þar ýtrustu öryggis- og eftirlitskrafna.

Umræðan kemur nú aftur til kasta Alþingis og ég tel hana í rauninni allsendis óþarfa. Ég tel í rauninni að í þessu stóra og mikilvæga máli, sem skapar vissulega mikil sóknarfæri fyrir íslenska þjóð, eigi menn að einhenda sér að því að slípa til þá óhjákvæmilegu byrjunarörðugleika sem hljóta ávallt að koma þegar ný spor eru stigin. Spurningin er hvort við eigum við að einblína á einstaklinga, einstaka lækna sem kunna að leggjast gegn gagnagrunninum ellegar hvort við eigum að skoða málið í stærri heild. Eigum við að slípa þetta til þannig að gagnagrunnurinn nái þeim markmiðum sem sett eru með honum, þeim markmiðum að flýta framförum í læknavísindum fyrir allt mannkyn, styrkja íslenskt heilbrigðiskerfi og örva ungt íslenskt menntafólk til að koma til starfa? Þannig má áfram telja. Eru það þeir þættir sem við eigum að horfa á eða eigum við að horfa á afstöðu einstakra lækna?

Fjárfestar hafa trú á því síðarnefnda, sömuleiðis almenningur. Flestir læknar virðast hafa sömu trú og ekki síst sjúklingar sjálfir. Þetta hefur ítrekað komið fram í fjölmiðlum.

Herra forseti. Nýlega birtist viðtal við Þórarin Tyrfingsson yfirlækni SÁÁ þar sem hann segist m.a. verða orðinn leiður á þexinu um grunninn og vill einblína á þá möguleika sem felast í gagnagrunninum. Undir þau sjónarmið tek ég.

[16:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þegar verið var að keyra gagnagrunnsmálið í gegn á Alþingi sögðum við jafnaðarmenn ítrekað í umfjöllun um málið að illa væri staðið að lagasetningunni af hálfu stjórnarliða að allt færi í uppnám þegar rekstrarleyfið yrði veitt og það kom á daginn. Heilbrigðisþjónustan er víða í uppnámi, átök eru milli lækna og yfirmanna sjúkrastofnana, málaferli eru yfirvofandi. Þetta var allt saman fyrir séð, enda var málið ekki unnið í sátt við þá aðila sem það varðaði, við stóran hóp lækna, sjúklingahópa, skjólstæðinga sjúklinga og ýmsa vísindamenn. Því var rutt í gegn eins og menn muna.

En ég vil gera að umræðuefni gjaldið sem fyrirtækinu, sem fær einkaréttinn á þessari auðlind, er ætlað að greiða til okkar sem eigum hana. Ráðherra krefur fyrirtækið aðeins um 70 millj. sem gæti þó tvöfaldast í mesta lagi fyrir aðganginn að öllum heilsufarsupplýsingum landsmanna. Hér er enn einu sinni verið að hlunnfara þjóðina. Sameiginlega auðlindin, heilsufarsupplýsingarnar, eru færðar fyrirtækinu á útsöluprís. Þetta er ekki einu sinni brot af því sem það hefur kostað okkur að safna, vinna og varðveita þær upplýsingar. Fyrirtækið, sem margfaldaðist að verðmæti við að fá þennan samning, 120 milljarða fyrirtæki, út á þetta rekstrarleyfi sem reyndar enginn veit afkomuna hjá, á að borga 70 millj. á ári, í mesta lagi 140 millj. Þetta eru smáaurar fyrir aðganginn að þessum upplýsingum sem eru í eigu allrar þjóðarinnar.

[16:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Íslensk erfðagreining sem er hér til umræðu hefur gert fjölda af vel menntuðu ungu fólki kleift að snúa til landsins og nýta hæfileika sína og menntun í þágu þjóðarinnar. Þetta er mjög jákvætt og sá samningur sem gerður hefur verið um gagnagrunninn eykur enn frekar þessi áhrif. Auk þess mun gagnagrunnurinn og vinnsla á honum stuðla að aukinni þekkingu á sjúkdómum og alls konar krankleikum sem herja á mannkynið. Ef þetta lagar og bætir kjör fólks, sjúklinga um allan heim, tel ég þetta mjög jákvætt. Ég tel jafnjákvætt að gefa upplýsingar um gen mín inn í gagnagrunninn og að gefa blóð. Þessar upplýsingar gagnast einhverjum sjúklingi úti um heim og það mættu þeir hafa í huga sem hafa neitað að gefa upplýsingar inn í gagnagrunninn að þeir eru í rauninni að neita að gefa blóð. Það er einmitt þannig.

Svo er mjög jákvætt að ætlunin er að greiða 70–140 millj. á ári í eins konar auðlindaskatt sem er algert nýmæli og er það hvorki meira né minna en 840–1.680 millj. á þessum tíma. Það eru ekki litlir peningar, það eru um 10% af því sem áætlað var að það mundi kosta að gera grunninn.

Gagnrýni hefur komið fram á einkaverndina, þ.e. að persónuupplýsingar liggi þarna opnar. Ég bendi á að engar nýjar upplýsingar verða til, eingöngu er verið að vinna úr þeim upplýsingum sem liggja þegar fyrir hjá heilsukerfinu — stórir gagnagrunnar ganga undir kennitölum og nafni.

[16:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Spurning mín til hæstv. heilbrrh. er einungis ein: Hvers vegna er ekki krafist upplýsts samþykkis fyrir flutningi upplýsinga í grunninn?

Ég beini sjónum sérstaklega að börnum í gagnagrunninum. Vegna þess að ekki er gerð krafa um upplýst samþykki fólks fyrir því að upplýsingar um það fari í grunninn, þá fara allar upplýsingar um börn sjálfkrafa þar inn. Eins og við vitum eru upplýsingarnar sem einu sinni eru komnar inn fastar. Ekki er hægt að afmá þær. Hvers eiga börn þá að gjalda þegar börn sem eru 18 ára gömul komast að því að foreldrar þeirra hafa ekki gætt réttar þeirra sem skyldi? Þau eiga engan rétt. Þau geta ekki fengið afmáðar upplýsingarnar um sig með neinum ráðum. Það er kaldhæðnislegt, herra forseti, að við sem höfum verið að ræða jafnréttismál í allan dag skulum ekki vera komin lengra eða gera meira með þau sjálfsögðu mannréttindi sem börn eiga að njóta samkvæmt barnalögum og samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. (**KPál:** Þau njóta betri heilsu.) Það er glapræði að fótumtroða rétt barna á þennan hátt og ég treysti því að á einhverju stigi alþjóðaréttar ef ekki vill betur verði hægt að forða þessari ósvinnu. Sama gildir raunar um þroskahefta, alzheimersjúklinga og alla þá sem vegna alvarlegs heilsubrests hafa ekki möguleika á að tjá sig um vilja sinn til veru sinnar í gagnagrunni á heilbrigðissviði. Réttur þessara þegna er fótumtroðinn og það er enginn sem stendur vörð um rétt þeirra.

Hver er réttur dáins fólks? Hann er enginn því allar heilsufarsupplýsingar sem til eru um íslensku þjóðina í dag eiga að fara inn í þennan grunn og þar er enginn andmælaréttur virtur, herra forseti. Ekki skiptir máli, herra forseti, hversu mikið hæstv. heilbrrh. hamast. Upplýsingarnar í grunninum eru persónugreinanlegar og það skiptir engu máli þó þrír aðilar komi að eftirlits- og öryggiskerfi í grunninum. Hörðu hakkararnir segjast víst geta komist inn.

[16:26]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ástæða er til að hafa áhyggjur af þeim óróleika sem orðið hefur eftir að gagnagrunnurinn komst aftur í sviðsljósið nú eftir að Íslensk erfðagreining hlaut rekstrarleyfið. Ég bind þó vonir við að það náist að upplýsa landsmenn betur um eðli og tilgang grunnsins svo uppbygging hans og starfsemi geti mætt væntingum. Ákvæði reglugerðar og rekstrarleyfis eru þar til bóta.

Herra forseti. Ég er hlynnt því að fyrirtækið greiði þann kostnað sem fellur til vegna starfsemi þess og einnig fyrir að fá að sækja í sameiginlegar auðlindir okkar. Það vakti því athygli mína þegar reglugerðin og rekstrarleyfið voru kynnt að þótt hér sé um nýja atvinnugrein að ræða er fyrirtækinu gert að greiða allan kostnað ráðuneytis, landlæknisembættis, starfrækslunefndar, þverfaglegrar siðanefndar og tölvunefndar vegna framkvæmdar laganna. Allan þann kostnað sem tengist útgáfu leyfisins, allan kostnað vegna vinnslu upplýsinga til flutnings í grunninn og auk þess að láta opinberum aðilum í té ýmsar upplýsingar úr grunninum sem gætu nýst til gerðar heilbrigðisskýrslna, áætlana, stefnumótunar og fleira. Auk þess á fyrirtækið að greiða beint allt að 140 millj. árlega.

Það er vel að ný fyrirtæki geti greitt fyrir sig. En þetta fyrirkomulag getur ekki einungis átt við nýju fyrirtækin í nýju starfsgreinunum. Ég lít svo á að með þessari ákvörðun séu stjórnvöld að marka þá stefnu að aðrar atvinnugreinar greiði einnig fyrir þá þjónustu sem þær njóta hjá opinberum aðilum og fyrir aðgang að auðlindum okkar.

Mikið er talað um jafnræði þessa dagana. Ef ný fyrirtæki sem eru að hasla sér völl hafa svigrúm til þess að greiða fyrir þessa þætti ættu þau sem hafa lengi notið þjónustu og aðgengis að auðlindum okkar fyrir litlar eða engar greiðslur

að hafa það. Annars eru þau einfaldlega ekki að standa sig nógu vel.

[16:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður en þó sakna ég þess að þeim spurningum sem ég bar fram væri svarað. (**Heilbrrh.:** Þeim var öllum svarað.) Þeim var öllum svarað. Við skulum þá hyggja að svörunum.

Hæstv. ráðherra sagði að hvergi í víðri veröld væru reistir eins háir og traustir múrar til varnar persónuvernd og undir þetta hafa hv. þm. tekið, hv. þm. Tómas Ingi Olrich og fleiri. Staðreyndin er sú að hvergi í heiminum er gengið eins langt í að versla með heilsufarsupplýsingar heillar þjóðar og hér er gert og þeir eru margir, ekki bara hér á landi heldur víða um heim, sem telja að þessi viðskipti séu ósiðleg og að þau stríði gegn hugmyndum um friðhelgi einstaklingsins. Læknar og mannréttindasamtök hafa af því áhyggjur að þær upplýsingar sem gangi inn í grunninn séu persónugreinanlegar og í uppsiglingu eru málaferli af þessum sökum. Það er rétt að hæstv. ráðherra svaraði þessum aðilum og sagði að sú gagnrýni sem borin væri fram af mannréttindasamtökum og læknum væri hlægileg. Ráðherrann sagði að það væri hlægileg umræða og hlægileg gagnrýni sem læknar og mannréttindasamtök hefðu fram að færa. Mér finnast ummæli af þessu tagi áhyggjuefni frá æðsta yfirmanni heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi.

Síðan er talað um að þessi gagnagrunnur muni leiða til framfara í vísindum og lækningum. Gagnrýnin gengur einmitt út á það að svo verði ekki. Verið er að loka upplýsingar inni. Verið er að fela þær í hendur einokunarfyrirtæki sem gæti selt að þeim aðgang og menn hafa af því áhyggjur að þetta komi til með að torvelda framfarir á sviði vísindanna. Ég sakna þess að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég bar fram: Hvaða eftirlit er haft með þessu einokunarfyrirtæki? Hvað gerist þar innan veggja með lífsýni, með upplýsingar um ættfræði og aðganginn að heilsufarsupplýsingum íslensku þjóðarinnar? Hvernig er eftirlitinu varið?

[16:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. stjórnarandstæðingar kjósa alltaf að tala eins og um trúnaðarupplýsingar sé að ræða og persónugreinanlegar upplýsingar, þeir festa sig algerlega í því. Ég fór yfir það áðan hvernig eftirliti með fyrirtækinu verður háttað og ég hef ekki tíma til að fara yfir það aftur. En það er alveg traust og þar eru traustir múrar. (Gripið fram í.) Það eru traustir múrar, hv. þm., og ég vitnaði bæði í landlækni og prófessor í lögum varðandi það.

Vegna þess að ég hafði ekki tækifæri til þess áðan langar mig að segja að hér er um það að ræða að við náum nýjum tökum á læknavísindunum. Í Morgunblaðinu 29. janúar er haft eftir sjúklingi, með leyfi forseta:

„Hver veit — kannski losnar lítið barn við að fá sykursýki á næstu öld vegna þátttöku minnar í grunninum? Ég vil ekki bera ábyrgð á því að skorast undan." Ég nefni þetta mönnum til umhugsunar.

Hér hafa hv. þingmenn einnig talað um að gjaldið væri ekki nægilega hátt og fara þeir þá algerlega í kringum sjálfa sig í því. Þeir eru á móti málinu en vilja samt fá hærri upphæðir. Við erum að tala um að þarna gæti verið um 140 millj. kr. að ræða árlega fyrir utan allan kostnaðinn við að byggja upp grunninn, allan kostnaðinn í kringum þetta. Mér finnst því undarlegt þegar menn tala um að þeir séu algerlega á móti málinu en vilja samt fá meiri fjármuni út úr því. (**ÖJ:** Á ekki að svara spurningunni?)

[16:32]

Útbýting þingskjals:

Gróðurvinjar á hálendinu, 304. mál, fsp. ÖS, þskj. 551.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 272. mál. — Þskj. 373.

[16:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér fagurt frv., velviljað og fullt af fyrirheitum. Þetta eru fögur orð á pappír en því miður, herra forseti, tel ég þetta vera skýjaborgir.

Tölfræðin segir okkur að staða kvenna hafi hrakað frekar en hitt síðustu 20 árin og launamunur aukist. Ég sé ekki fleiri konur í leiðandi störfum en verið hefur undanfarið, því miður. Það er von að konum svíði þetta misrétti. Stjórnvöld reyna að bregðast við með krampakenndum aðgerðum eins og oft áður. Þau leggja fram frv. sem laga á stöðuna með því að ganga á rétt einstaklinga og fyrirtækja, auka kostnað en ég tel að það skili engu.

Ég ætla rétt aðeins að fara í gegnum nokkrar greinar. T.d. stendur í 3. gr.:

„Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum er skylt að veita Skrifstofu jafnréttismála hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar."

Ég ætla að vona að Skrifstofa jafnréttismála verði ekki allt of dugleg að heimta upplýsingar. Þá endar það með því að atvinnulífið gerir ekki annað og hefur það þó nóg á sinni könnu við að sinna heilbrigðiseftirliti, vinnueftirliti og öllu því eftirliti sem atvinnulífinu er skylt að sinna. Það koðnar niður ef þessar stofnanir sem eiga rétt á að heimta upplýsingar eru of duglegar.

Í 14. gr., herra forseti, kemur að mjög viðkvæmu máli. Það á að greiða jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Ég var eitt sinn í þeirri stöðu að ráða fólk, sem forstöðumaður fyrirtækis. Ekkert er erfiðara en þetta. Þegar ég talaði við manneskju sem hafði mikla reynslu þá leit hún að sjálfsögðu þannig á að reynslan væri mjög mikilvæg og verðmæt. Þegar ég talaði við manneskju með menntun þá leit hún þannig á að menntun væri að sjálfsögðu verðmæti sem meta ætti til launa. Þegar ég talaði síðan við manneskjuna sem var óskaplega dugleg og skaffaði tvöfalt á við hina þá taldi hún að sjálfsögðu að meta ætti dugnaðinn til launa. Þegar ég talaði við náungann sem var óskaplega snjall og leysti allt saman snilldarlega, var frekar latur en skilaði góðu starfi með snilld sinni, þá leit hann að sjálfsögðu þannig á að það ætti að meta snilldina sérstaklega. Sumir voru stundvísir og vildu endilega láta meta það enda góður eiginleiki. Aðrir voru mjög góðir í félagsskap annarra, komu á góðu skapi í kringum sig og þeir vildu láta meta það. Það er ekkert erfiðara en að meta þetta. Það er eiginlega ekki hægt þannig að öllum líki.

Í 24. gr. stendur:

„Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kynferðis."

En þeir mega mismuna að öðru leyti, herra forseti. Því til staðfestingar ætla ég að nefna eitt lítið dæmi. Við skulum hugsa okkur að auglýst sé starf hjá stóru fyrirtæki og voldugu. Það á að ráða í starf deildarstjóra. Forstjórinn í þessu fyrirtæki stendur frammi fyrir þremur umsóknum. Þar eru í fyrsta lagi ein stúlka og einn karlmaður, jafngömul. Við skulum segja að þau séu þrítug og afskaplega fær og dugleg, með umsagnir um að þau séu mjög dugleg, samviskusöm og með góða menntun einmitt á því sviði sem fyrirtækið þarf, þ.e. gott starfsfólk. Þriðji umsækjandinn er karlmaður sem hefur enga menntun, er frekar hyskinn og latur en pabbi hans spilar brids við forstjórann vikulega. Af einhverjum ástæðum fær hann starfið. Þá gerist það merkilega, herra forseti. Konan getur kært á grundvelli þessara laga, þessi hæfileikaríka kona getur kært en hæfileikaríki karlmaðurinn getur ekki kært, ekki samkvæmt lögum. Hann hefur enga möguleika á að kæra. Hvar er jafnréttið og jafnræðið samkvæmt þessum lögum? Það má mismuna karlmönnum. Allt í lagi. Það má mismuna konum gagnvart hver annarri. En það má ekki mismuna kynjunum.

Herra forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir — hún er reyndar fjarverandi núna — gat um að samkvæmt umferðarlögum væri bannað að ganga yfir eða keyra á rauðu, þótt það sé einstaka sinnum brotið. En hvað mundi hv. þm. segja ef við hefðum í 20 ár brotið umferðalögin nokkuð reglulega? Menn keyrðu bara yfir ýmist á rauðu eða grænu, það skipti ekki máli. Mundu menn ekki hugleiða hvort ráð væri að breyta umferðarlögunum ef menn færu ekkert eftir þeim? Það er nefnilega akkúrat það sem gerist með þessi jafnréttismál. Þar ekkert er farið að lögunum.

Nú vill svo til, herra forseti, að ríkasti Íslendingurinn er kona. Það vill svo til, herra forseti, að tekjuhæsti Íslendingurinn er kona. (**Gripið fram í:** Hver er þetta?) Björk, væntanlega. (**ÖS:** Hefur þá ekki eitthvað miðað?) Þá er spurningin: Er sú staðreynd eitthvað betri fyrir konu í láglaunastarfi sem kemst ekki áfram? Nei, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það bjargar ekki þeirri manneskju nokkurn skapaðan hlut. Þetta er ekki spurningin um það að telja hausa kynjanna eða finna meðaltal. Þetta er spurningin um það að gæta jafnréttis og þess að sá hæfileikaríkasti fái stöðuna.

Ég vona, herra forseti, að þetta frv. nái markmiði sínu, að launamunurinn hverfi og konur fái leiðandi stöður. Það er ekki nóg að launamunurinn hverfi þannig að konur séu allar í láglaunastörfunum og karlmenn allir í hálaunastörfunum. Konur þurfa að eiga möguleika á að komast í hálaunastörfin. Það er ekki síðra verkefni, raunar miklu meira. Launamunurinn sem menn hafa talað um, 10–15%, er miklu meiri. Það er hið langlægsta sem hægt er að komast upp með þegar búið er að þurrka út allt sem mönnum dettur í hug. Launamunurinn er meiri og alveg sérstaklega vegna þess að konurnar komast ekki í leiðandi störf. Við Íslendingar verðum að nýta krafta kvenna í leiðandi stöðum.

Herra forseti. Þó ég sé ekki bjartsýnn á árangurinn af þessu frv. þá er ég bjartsýnn að öðru leyti. Út í þjóðfélaginu er nefnilega dálítið merkilegt að gerast. Þar malar verðbréfamarkaðurinn alla daga, það er talað um gengi og forstjórarnir standa tiplandi á tánum við reyna að auka arðsemi fyrirtækja sinna. Nú hafa þeir vonandi ekki lengur efni á að ráða síður hæfa starfsmenn í staðinn fyrir hæfari, hvort sem er karl eða kona. Þeir verða hægt og bítandi að átta sig á því að þeir þurfa að ráða hæfasta starfsfólkið hvort sem það eru karlar eða konur. Ég tel að þessi krafa um arðsemi muni, miklu frekar en þetta frv., leiða til þess að jafnrétti náist. Þarna er von. Það að Eimskip skuli hafa uppgötvað þetta er ekkert skrýtið. Eimskip er á verðbréfamarkaði og verður að sýna hagnað. Þess vegna ráða þeir hæfasta fólkið hvort sem það er karl eða kona. Það vill nefnilega svo til að það eru yfirleitt konur vegna þess að þær eru vanmetnar annars staðar. Þær fá ekki stöður við hæfi annars staðar.

Herra forseti. Ég hef margoft bent á að við séum að ræða um jafnrétti fólks. Sjúkdómurinn sem við erum að glíma við er að jafnrétti fólks er ekki til staðar. Fjöldinn allur af ungu fólki, vel menntuðu, sem sækir um góðar stöður fær höfnun. Við fyrstu höfnun kemur upp vonleysi. Við aðra höfnun bognar einstaklingurinn og fer að efast um eigið ágæti. Er ég kannski svona hæfileikaríkur? Hef ég kannski ekki þessa menntun? Er ég kannski ekki svona góður eða duglegur? Frumkvæði mannsins er drepið niður þegar hann sækir um stöður en alltaf eru ráðnir einhverjir aðrir síður hæfir. Þetta á við bæði um karla og konur en kannski frekar konur eins og hefur sýnt sig. Áhrifin af þessu misrétti eru mjög hættuleg. Sá beygði er ekki duglegur og sýnir ekki frumkvæði. Öll þjóðin tapar á þannig kerfi. Það er mjög mikilvægt að breyta þessu viðhorfi, að fyrirtæki hætti að ráða síður hæfan karlmann eða óhæfan einstakling. Fyrirtækin þurfa að neyðast, í krafti arðsemiskröfu, til að ráða alltaf hæfasta einstaklinginn. Þá munum við fá jafnrétti sjálfkrafa, sjálfkrafa jafnrétti milli karla og kvenna.

En það eru fleiri atriði sem þarf að laga. Ég hef margoft bent á að laga verði fæðingarorlofið þannig að karlmenn taki þátt í því ekki síður en konur. Það er hið eina sem ég sé kynbundið í lögum í dag. Þessi kynbundni mismunur, að karlmenn ganga ekki með börn. Það hefur sýnt sig, ég hef alla vega tekið eftir því. Og þar af leiðandi er þar ákveðinn mismunur. (**Gripið fram í:** Sem verið hefur ákaflega lengi.) Já.

Í allri þessari umræðu hefur enginn svarað spurningunni sem ég varpaði fram til hæstv. félmrh. í upphafi umræðunnar. Hvers vegna í ósköpunum ræður stjórnandi karlmann í staðinn fyrir hæfari konu? Af hverju þarf að setja lög til að refsa fyrir að ráða ekki hæfasta einstaklinginn þó það væri eðlilegast og sjálfsagt? (**Gripið fram í:** Þú hefur svarað þessari spurningu sjálfur.) Menn segja: Setjum lög, við skulum refsa, heimta upplýsingar og síðan spyrja af hverju menn gera þetta. Við kærum menn o.s.frv. en enginn hefur spurt af hverju í ósköpunum menn gera ekki hið sjálfsagða, að ráða hæfasta einstaklinginn. Hvernig stendur á því? Enginn hefur enn svarað því.

Ég held að þetta sé meinið í öllu málinu. Það er verið að setja flókin lagafrumvörp sem eiga að reyna að laga eitthvað ekki ætti að þurfa að laga. Þar kemur krafan um arðsemi inn í. Í opinberum fyrirtækjum er ekki krafa um arðsemi, þar er öllum sama. Í mörgum fyrirtækjum sem ég kalla fé án hirðis er ekki krafa um arðsemi. Þar er ekki skrýtið að misrétti aukist vegna þess að þar er ekki krafist arðsemi.

Ég tel mjög brýnt fyrir þjóðina að koma á jafnrétti. Við verðum að nýta hvern einasta einstakling og hæfileika hans til hins ýtrasta. Við megum ekki drepa niður dugnað og frumkvæði ungs fólks með því að láta það aftur og aftur upplifa það að síður hæfur umsækjandi fái stöðuna sem það hafði sótt um. Ég tel það mjög brýnt.

[16:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Aðalsmerki hv. þm. Péturs H. Blöndals er að hann er á móti lögum og ég verð að segja að ég ber nokkra virðingu fyrir því viðhorfi hv. þm. Ég hef reyndar sagt það stundum í þessum stóli að því færri lög sem þing setji því betra er þingið. Mér finnst samt sem áður að það dugi ekki fyrir hv. þm. að koma með jafnbillegan málflutning og hann, sem endranær er með rökföstustu mönnum, viðhafði áðan í málflutningi sínum.

Mér fannst ákaflega margt í málflutningi hv. þm. reka sig hvað á annars horn. Til að mynda sagði hv. þm. í upphafi máls síns að því miður hefði allt baks okkar síðustu 20 árin, mig minnir að hann hafi sagt síðustu 20 árin, ekki leitt til þess að um nokkra framför væri að ræða á sviði jafnréttis. Síðar í ræðunni kom hv. þm. með ákaflega merkilegan punkt sem ýmsir hafa tekið eftir að hefur einmitt leitt til þess að jafnræði með kynjunum á atvinnumarkaði er að aukast og það er arðsemiskrafa markaðarins. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. Ekki er lengra síðan en í gær að ég átti dágott samtal við flokkssystur hans sem hafði lent í ákveðinni gerningahríð fyrr á árum. Hún var að benda á hversu yngri konur standa miklu styrkari fótum í þessari baráttu en áður á vinnumarkaðinum vegna þess að í ríkari mæli er gerð arðsemiskrafa, hörð krafa til fyrirtækjanna og stjórnendur, sem eru enn þá flestir karlkyns, hafa einfaldlega ekki efni á því að hafna hæfum starfskröftum á grundvelli kyns þeirra. Ef hv. þm. er sammála mér um þetta sem hann hefur lýst yfir getur hann ekki haldið því fram, ef hér er um framfaraspor að ræða, og meira að segja að hans hyggju talsvert mikilvægt, að engu hafi miðað fram á við. Hann getur hins vegar sagt að lögin, sem hafa verið í gildi, hafi ekki átt neinn þátt í þessu. Ég held eigi að síður að það sé líka rangt hjá hv. þm. Sú umræða sem hefur farið fram, m.a. í krafti laga á undangengnum árum, ég nefni t.d. á jafnréttisþingi sem hæstv. félmrh. hefur að vísu kosið að varpa fyrir róða, á vissu skeiði voru þau ákaflega mikilvægur aflvaki í umræðunni og köstuðu upp hlutum sem vöktu strauma í samfélaginu þannig að ég er andstæður þessari skoðun hv. þm.

Mér finnst reyndar að flokkssysturnar, sem hafa tekið þátt í umræðunni í dag, hafi tekið með heldur miklum silkihönskum á hv. þm. þegar hann talar hér og hefur bersýnilega ekki lesið þetta frv. í þaula. Hv. þm. spurði margsinnis í dag hvort einhver gæti bent honum á einhver ákvæði í þessu frv. sem væru líkleg til þess að hnika fram jafnréttinu. Hann er eiginlega búinn að svara sjálfum sér. Hv. þm. hefur t.d. bent á að innan fyrirtækja eins og Eimskipafélagsins, sem var til margra ára eins konar bólvirki karlmennskunnar í íslensku viðskiptalífi í sinni verstu mynd, hefur verið tekin upp gersamlega ný stefna vegna þess að menn skilja að bæði er það markaðurinn sem ræður þessu en líka þegar fyrirtækin gefa af sér þessa nýju mynd höfða þau til breiðari hóps og þau höfða ekki síst til yngri kynslóðarinnar sem er að vaxa upp. Ég tel, eins og fram hefur komið í umræðunni, m.a. hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, að nýrra viðhorfa gæti hjá yngra fólki. Í þessu frv. er einmitt að finna ákvæði sem skylda fyrirtæki sem hafa 25 manns eða fleiri í störfum, til að setja upp slíkar jafnréttisáætlanir. Ég held því fram, herra forseti, og hv. þm. verður þá að mótmæla því með einhverjum almennilegri rökum en svona snakki eins og áðan að þetta geti skipt sköpum.

Við sjáum það hjá Eimskipafélaginu. Tökum gerólíkt dæmi sem er Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg hefur tekið lofsvert frumkvæði að því að setja í gang jafnréttisáætlanir. Menn höfðu ekki mikla trú á því í upphafi. Það tók mörg ár en það er heldur betur farið að skila árangri. Borginni er ekki verr stjórnað og ég mundi leyfa mér að halda því fram að henni væri mun betur stjórnað en fyrir nokkrum árum og við sjáum að þar eru konur komnar á hvern valdastólinn á fætur öðrum í krafti jafnréttisáætlunar. Núna sjáum við að risinn handan við götuna, Síminn hf., er að taka þetta upp líka.

Að vísu getur hv. þm. komið og bent á að í þessu frv. er svo sem ekki að finna mikið tangarhald fyrir þá sem vilja með einhverjum hætti þröngva fyrirtækjunum til þess að gera þetta. Ég held að það skipti ekki máli. Ég held að þegar þetta er komið inn í lögin og þegar hægt er að minna á þetta, þegar þetta fer að verða partur af meginstraumi hugsunar í þessum efnum, muni fyrirtækin hvert af öðru taka þetta upp alveg eins og þau taka hvert af öðru upp umhverfisstefnu í rekstri sínum. Þetta mun verða eitt af því sem mun verða lagt til grundvallar í rekstri fyrirtækja og þau fyrirtæki sem skerast úr leik eftir 10 eða 20 ár njóta ekki náðar fyrir augum okkar neytenda þannig að þetta skiptir máli.

Ég er líka sannfærður um það, herra forseti, að ákvæði um að það skuli vera sérstakur jafnréttisfulltrúi í hverju ráðuneyti muni einhvern tíma skipta máli. Ég vísa því algerlega á bug sem hv. þm. sagði. En það sem ég var fyrir mestum vonbrigðum með hjá hv. þm. voru þau aumu rök sem hann færði til grundvallar þeirri skoðun sinni að þetta væri ónýtt frv. Hv. þm. nefndi þrjár lagagreinar. Í fyrsta lagi nefndi hann 3. gr. þar sem fyrirtæki eru skyldug að veita upplýsingar ef Skrifstofa jafnréttismála æskir upplýsinga til þess að reyna að grafast fyrir um stöðu mála. Nú gæti ég auðvitað verið með tátólógíu og sagt sem svo: Ja, við getum aldrei bætt stöðuna ef við vitum hana ekki og við vitum hana ekki nema við fáum upplýsingarnar. En ég skil auðvitað mætavel hvað hv. þm. á við. Hann á við að eftirlitsiðnaði í landinu sé að aukast þarna blóð og það verði erfiðara og kostnaðarsamara fyrir fyrirtækin að starfa.

Hv. þm. hefur að nokkru leyti rétt fyrir sér. Þetta held ég hins vegar að sé sá fórnarkostnaður sem sé í lagi að setja á fyrirtækin. Vegna þess að ég held að þau verði í framtíðinni, eins og hann sagði sjálfur, í krafti markaðarins betur rekin ef jafnrétti eykst innan þeirra. En ég segi að hv. þm. hefur þarna örlítið til síns máls. Frá því þrönga sjónarhorni sem hann beitir í þessu máli, þá má segja það.

Hin dæmin voru afleit. Hv. þm. vísaði til 14. gr. þar sem talað er um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greiða sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Síðan fer hv. þm. í einhverja lautarferð um eigin reynslu af fyrirtækjarekstri og segir að hann hafi ekki lent í neinu sem sé jafnerfitt og að gera upp á milli manna og meta þetta. Það kann vel að vera rétt. Hv. þm. tók að vísu dæmi af snjöllum manni og menntaðri konu. Það kynni að vera til menntuð kona sem líka er snjöll en, herra forseti, þessar raunir hv. þm. skipta engu máli. Þær munu alltaf vera til staðar í öllum fyrirtækjum. Það sem hér er verið að tala um er að setja grundvallarreglu sem við reynum að fara eftir og erfiðleikar hv. þm. og reynsla af þessu skiptir engu máli um þessa grein hvort hún er vond eða slæm.

Versta dæmið sem hv. þm. tók hins vegar var af 24. gr. þar sem hv. þm. vísar til þess að efni greinarinnar mæli svo fyrir um að ekki megi mismuna á grundvelli kynferðis, en síðan segir hann: Það er hægt á öðrum grundvelli. Hann tók

dæmi af konu og karli sem eru jafnfær, algerlega jafnfær og sækja um tiltekið starf og síðan er einhver annar maður, þriðji aðili sem sækir um og er sýnu óhæfastur en fær starfið vegna þess að pabbi hans spilar brids með forstjóranum. Konan gæti í þessu tilviki kært en ekki maðurinn.

Nú er það svo að ef það gengur upp sem hv. þm. segir að markaðurinn sé að taka völdin, þá þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessu í einkageiranum vegna þess að, ef hv. þm. hefur rétt fyrir sér sem ég held að hann hafi, þá er það þannig að pabbanum yrði vísað úr starfi vegna þess að við hluthafarnir og neytendurnir mundum ekki láta hann komast upp með það. Ef þetta væri hins vegar innan ríkisgeirans er alveg ljóst að við höfum ákveðin ákvæði í stjórnarskránni, í stjórnsýslulögum frá 1995 sem gera það alveg fortakslaust mögulegt fyrir viðkomandi karl að æskja sömu upplýsinga og konan í þessu tilviki. Nú er það einfaldlega þannig að ef einhver einstaklingur sækir um starf hjá opinberri stofnun og fær það ekki á hann í krafti stjórnsýslulaganna rétt á því að fá sömu skýringu á því og konan. Ég kaupi þetta ekki, herra forseti. Kunni það að vera að hv. þm. hafi eitthvað fyrir sér í þessu, þá er það eigi að síður þannig að hann kemur hingað og segir: Þetta frv. skiptir engu máli. Hann nefnir þrjár lagagreinar, þetta eru allt saman ákaflega veik rök. Við getum svo velt því fyrir okkur, herra forseti, hvort hægt sé með lögum að breyta viðhorfi í þessum efnum. Ég hef þegar rætt það sem ég tel ákaflega merkilegt nýmæli. Má auðvitað vera að reynslan leiði í ljós að það sé ekkert merkilegt en ég fagna því eigi að síður og það eru þessar jafnréttisáætlanir. Ég held sem sagt að þær muni skipta máli.

En ef ég má nú ganga í smiðju til Kvennalistans og femínistanna, sem voru að reyna að ala mína kynslóð upp, og taka til umræðu eitt tiltekið hugtak sem var haft að háði og spotti sem var reynsluheimur kvenna. Ég þekki hann að sönnu ekki en ég veit það að breytingar á mínum eigin reynsluheimi leiða til breytinga á viðhorfum mínum. Ég er þeirrar skoðunar að eins og lögin eru í dag séu það ekki síst við karlar sem séum sviptir ákaflega mikilvægum réttindum til þess að umgangast börn okkar á mjög ungum aldri. Þetta skiptir verulega miklu máli, herra forseti. Misrétti kynjanna birtist kannski gleggst með tvennum hætti, þ.e. úti á vinnumarkaðinum og inni á heimilunum. Það er niðurstaða mín, a.m.k. skoðun mín, að misréttið inni á heimilunum, sem ég tel reyndar að sé að verulegu leyti ein aðalorsökin að samsvarandi spegilmynd misréttis úti á vinnumarkaðinum, stafi af þessum skorti á möguleikum okkar til þess að koma að uppeldi ungra barna. Ég held þess vegna að þegar menn eru að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að breyta þessu — ég ætla ekki að segja að það sé töfralausn — verði langmesta stoðin í þeirri baráttu að efla fæðingarorlof karla. Það var mikilvægt skref að fá þessar tvær vikur.

Um leið og karlmenn eru farnir að taka þátt í því að ala upp börn sín, ég tala nú ekki um ef þeir eru á miðjum aldri þegar þeir verða feður, þá aukast tengsl þeirra við börnin og það breytir viðhorfum þeirra. Og ef þeir fengju t.d. að vera sex mánuði með barni sínu fyrstu mánuðina, það mundi ekki bara auka tengslin milli þeirra, heldur mundi það leiða til þess að þeir mundu með allt öðrum hætti taka þátt í heimilisstörfum og ég held að það mundi breyta öllu viðhorfi þeirra til jafnréttis innan heimila.

Niðurstaðan í umræðu minni er sú að hægt sé að breyta stöðunni í jafnréttismálum kynjanna verulega með lagasetningu. Ég er að halda því fram, herra forseti, að ef það yrðu að frumkvæði löggjafans sett lög um stóraukið fæðingarorlof karla mundi ekkert breyta jafnmiklu til framtíðar. Þetta er skoðun mín og þetta er reynsluheimur minn. Ég er alveg sannfærður um þetta. Þess vegna held ég að það sem skipti mestu máli varðandi jafnréttismálin sé að auka fæðingarorlof karla. Það kann að hljóma skrýtilega en ég er þessarar skoðunar og þar af leiðandi er ég þeirrar skoðunar að hv. þm. Pétur Blöndal hafi algerlega rangt fyrir sér þegar hann segir að ekki sé hægt að hnika þessum málum verulega fram með lögum.

Að öðru leyti, herra forseti, finnst mér margt til bóta í þessu frv. Ég held að jafnréttisfulltrúarnir, sem ég hef þegar rætt um, séu til bóta. Jafnréttisáætlanirnar eru það sem skiptir mestu máli og fjölskyldustefnan.

Nú er það auðvitað þannig að hér eru menn að feta sig inn á nýjar brautir og ég er viss um að reynslan mun sýna að þessi ákvæði eru meira og minna gölluð. Hugsunin er rétt, held ég, og ég held þess vegna að þó að 16. gr., sem fjallar um fjölskyldustefnu, sé ákaflega loðin þá sé meginhugsunin rétt. Ég held að það skipti ákaflega miklu máli og ekki síst fyrir karla að rekstri fyrirtækja sé hagað þannig að auðveldara sé fyrir þá sem hafa fjölskylduábyrgð að sinna af fullum krafti starfi og þátttöku í heimilishaldi og uppeldi. Ég held að það mundi auka hagkvæmni viðkomandi fyrirtækja þar sem starfsfólkið yrði ánægðara og alveg örugglega mundi þetta skipta miklu máli fyrir okkur, þann part heimilanna sem eigum allt of lítinn kost á því að vera heima hjá okkur með börnunum. Það er einfaldlega svo.

Ég er alveg sannfærður um að þegar þetta er komið inn í lög og þegar þessu verður ýtt að stórfyrirtækjum taki þau við sér. Reynslan sýnir það. Ég held líka að markaðurinn muni ýta þessu að þeim og ég tek aftur dæmið af umhverfisumræðum. Það er bara allt annað viðhorf hjá fyrirtækjum í dag en fyrir fimm árum og það er ekkert bara út af Kyoto og Fljótsdalsvirkjun og öllu þessu. Þetta er bara orðinn partur af því hvernig þau kynna sjálf sig, partur af framleiðslustefnunni. Þegar fram í sækir verður þetta líka partur af því hvernig þau „agera" á markaði og sú staða mun líka koma upp alveg eins og gerist úti í Evrópu núna þar sem menn sniðganga einfaldlega fyrirtæki ef þau haga sér ekki vel í umhverfismálum, þá mun það gerast líka með þessum hætti. Það tekur lengri tíma. Alveg eins og neytendur í Evrópu tóku þátt í því að brjóta niður apartheit-stefnuna í Suður-Afríku með því að sniðganga fyrirtækin sem ekki virtu óskir hluthafanna. Besta dæmið var auðvitað af Barkley-bankanum sem ég veit að hv. þm. þekkir ákaflega vel en hann var beygður af hluthöfunum til þess að draga sig út úr Suður-Afríku. Ég nefni þetta sem dæmi vegna þess að viðhorfin á markaði — að því leyti er ég sammála hv. þm., hann hefur bara ekki hugsað þetta nógu langt — þau munu í framtíðinni skipta nokkru máli.

Ég held líka að ákvæðið um kynferðislega áreitni sem hefur oft og tíðum verið haft að háði og spotti í þessum sölum þegar það hefur komið fram, ég minni sérstaklega á umræður sem urðu fyrir nokkrum árum þegar hv. þáv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafði frumkvæði að því að koma þessu hérna inn, þá var bara gert grín að þessu í fjölmiðlum. En við sem höfum með einhverjum hætti í gegnum starf okkar kynnst svona dæmum, t.d. úr skólum, vitum að þetta er skelfilegt fyrir þá sem lenda í þessu.

Í þessu frv. er ekki neitt sem segir að ef einhver beitir kynferðislegu áreiti sé hægt að taka hann í karphúsið. Viðurlagaákvæðin eru ákaflega veik. En ef ég man rétt er

þetta í fyrsta skipti sem þetta kemur inn í lög og góð er sú gangan fyrsta. Ég fagna því þess vegna. Hins vegar skil ég mætavel þegar einhverjir koma upp eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og segja að þetta gangi nokkuð skammt. Ég sé í þessu marga ljósa punkta en ég get auðvitað ekki annað en tekið undir það að ég fæ svolítinn sting í magann þegar ég les þetta frv. og sé hve ofsalega mikill stofnanablær er á þessu. Mér finnst að það sé búið að stofnanagera jafnréttismálin svo mikið með þessu. Það er þessi skristofa sem starfar eins og tvítekið er, í umboði félmrh., þannig að mér finnst þó að ég lesi 3. gr. og hina ýmsu stafliði þar, þá er það þannig að það er verið að veita þessari skrifstofu í alls konar svigrúm, held ég samt að hið ógnþrungna vald ráðherrans sé svo mikið að það dragi allan frumkvæðisþrótt úr þessu.

Sömuleiðis er ég þeirrar skoðunar að það sé missir að jafnréttisþingi. Það var að vísu búið að ganga sér til húðar, ég er alveg sammála því. En það hefði verið hægt að láta það ganga í endurnýjun lífdaganna með því að skipa öðruvísi á það. Ég flutti einu sinni ræðu jafnréttismálaráðherra í fjarvera kollega míns Jóhönnu Sigurðardóttur, núv. hv. þm., á einhverju skelfilegu þingi þar sem engar merkar umræður urðu en þarna höfðu átt sér stað jákvæðar umræður sem sköpuðu straum út í samfélagið á árum fyrri. Ég held líka þess vegna að eitt af því sem nefndin þurfi að velta sterklega fyrir sér sé að breyta t.d. skipun þessa Jafnréttisráðs þar sem allt er steypt í fastar viðjar. Ég held að bæði hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og hv. þm. Ásta Möller hafi tekið dæmi af því hvernig þetta er í náttúruverndargeiranum þar sem þing fulltrúa utan úr samfélaginu kýs hluta af fulltrúunum. Ég held að inn í þetta Jafnréttisráð vanti kverúlantana og hæstv. félmrh., sem þekkir marga kverúlanta af eigin raun úr þessum sölum, hlýtur að vera mér sammála um að þó að þeir geti verið þreytandi stundum og leiðigjarnir eru það þeir sem koma með nýju hlutina, vekja upp umræður og kasta steinum þannig að yfirborið gárast eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur reyndar margoft gert og í þessari umræðu líka. Þess vegna held ég að það eigi að velta því fyrir sér hvernig hægt er með einhverjum hætti að opna glufur út í samfélagið þannig að einhverjum stofnunum, ráðum og guð má vita hvað þetta allt saman heitir geti komið þarna og sagt skoðun sína á því sem er að gerast.

Ég held líka að það sé galli á þessum lögum að skrifstofa jafnréttismála er ekki lengur í fær um, eða kærunefndin, að höfða mál fyrir hönd umbjóðenda sinna. Ég held að oft og tíðum sé svo erfitt að lenda í þeirri stöðu sem oft hefur komið upp varðandi kærumál að það þurfi þann félagslega stuðning og fjárhagslega líka til þess að fólk láti á þetta reyna. Þetta er eitt af því sem ég vænti þess að nefndin ræði.

En að lokum, herra forseti. Ég held að í þessu frv. sé margt sem horfi til bóta en það er of steypt í viðjar stofnananna.

[17:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varla hægt að tala um ræðu hv. þm. því að þetta var andsvar við mína ræðu í dálítið undarlegu formi og erfitt að svara andsvari sem kemur fram í 20 mínútna ræðu þar sem eru kannski 10–15 punktar sem ég þarf að svara á tveim mínútum.

Ég ætla að byrja á því að segja að ég sagði aldrei að þetta væri ónýtt frv. Ég sagðist meira að segja vona að það næði markmiði sínu en ég tryði því ekki. (Gripið fram í.) Nei, ég vona það, ég vona það virkilega en ég hef bara ekki þá sömu trú. Og hann misskildi líka grundvallarspurninguna sem ég kom fram með sem var. Hvers vegna ræður stjórnandi fyrirtækis óhæfari karlmann í staðinn fyrir hæfari konu? Af hverju þarf að setja lög og reglur og refsa honum fyrir það að gera ekki svo sjálfsagðan hlut? Þessari spurningu var ekki svarað. Ég spurði aldrei hvernig hnika á fram jafnréttinu. Ég spurði þessarar spurningar og einskis annars.

Ég setti líka spurningarmerki við það að setja upp jafnréttisáætlanir og allt það sem menn eru að gera í þessu frv. vegna þess að verið er að setja upp alls konar reglur til að þvinga fram eðlilega hegðun, þ.e. ráða hæfasta einstaklinginn. Það var það sem ég sagði. Og hv. þm. fór í gegnum mína punkta og byrjaði yfirleitt á að segja að þetta væri vitleysa og della hjá mér og síðan að nokkuð væri til í þessu, og sagði meira að segja að ræða mín hefði verið snakk, sem ég var ekkert voðalega ánægður með. Ég nota ekki slík orð um hv. þingmenn.

Hann ræddi m.a. um 14. gr. þar sem ég sagði frá reynslu minni hve erfitt væri að meta jafnverðmæt og sambærileg störf. Nú á að setja það í lög að finna eigi jafnverðmæt og sambærileg störf. Þetta er gersamlega útilokað að mínu mati. Það er ekkert prívatreynsla mín sem kemur þar inn í.

Ég get því miður ekki, herra forseti, komið fleiri punktum að í þessari atrennu en reyni í öðru andsvari.

[17:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég átti ekki að kalla ræðu hans snakk og ég bið hann afsökunar. En jafnhlýtt og mér er til hv. þm., þá verð ég samt að segja í fullri vinsemd að honum kemur nákvæmlega ekkert við hvernig ég haga ræðu minni. Ef hann lítur svo á að mín 20 mínútna ræða sé andsvar við ræðu hans og hann telji sér eitthvað að vanbúnaði að svara henni í stuttum andsvörum, þá getur hann bara tekið til máls á eftir og talað í aðrar 20 mínútur og ég skal með mikilli gleði hlusta á hann.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal verður stundum að fara sér örlítið hægar í ræðustól og leyfa sér stundum þann munað að hugsa áður en hann talar. (**Gripið fram í:** Það á nú við um fleiri.) Hann segir, herra forseti, að hann hafi ekki sagt að frv. væri ónýtt. Eigi að síður gengst hann við því að hann hafi sagt að hann vonist til þess að það nái markmiðum sínum en hann tryði því ekki.

Herra forseti. Hinn skarpi hæstv. félmrh. sem hlýddi á þetta hlýtur að vera mér sammála um að með þessu er hv. þm. að segja að frv. hæstv. ráðherra sé ónýtt.

Varðandi það sem hv. þm. sagði að það væri umhendis að setja í lög að greiða ætti jafnmikið fyrir jafnverðmæta vinnu, þá verð ég að segja að skilningur minn er eiginlega sá að þetta sé nánast bundið í stjórnarskrána eins og hún er núna. Það er einfaldlega svo að mér finnst jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar vera þess eðlis að þau meini mönnum að gera eitthvað annað en hér segir. Þess vegna mætti kannski halda því fram með einhverjum rökum að óþarft væri að setja þetta í lögin. Ég tel þó að svo sé ekki því að hér er verið að útfæra hugsun sem er bundin í stjórnarskrána. Við erum síðan einfaldlega ósammála um gildi þessara jafnréttisáætlana. Ég tel að það sé eitt það merkasta sem er að finna í frv. og ég vona að þau markmið sem sett eru fram með þessum áætlunum náist og ég trúi því líka.

[17:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Aftur fékk ég pillu um það að ég hugsaði áður en ég talaði og þykir mér það miður. En svo ég haldi áfram að fara í gegnum punktana sem komu fram í ræðu hv. þm. *þá nefndi ég sérstaklega fæðingarorlofið, alveg sérstaklega*, að nauðsynlegt er að virkja karlmenn í fæðingarorlofinu til að laga þetta eina atriði sem að mínu mati skilur á milli karla og kvenna í dag í lagasetningu.

Ég talaði líka um 24. gr., að óheimilt sé að mismuna umsækjendum um starf á grundvelli kynferðis. Hv. þm. fór í gegnum dæmið sem ég nefndi og síðan sagði hann að stjórnarskráin, jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar verndaði drenginn, þennan hæfileikaríka dreng sem tapaði stöðunni *fyrir hæfileikalausum dreng, þ.e. jafnréttisákvæðið* verndaði drenginn. Það gerir það líka fyrir stúlkuna og til hvers eru þessi lög þá? Til hvers hafa menn þetta ákvæði fyrst það verndar bæði? Þetta ákvæði er tómt og óþarft. Það má færa rök fyrir því að jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar geri það að verkum að engin jafnréttislög þurfi.

Ég fékk enn ekki svar við spurningunni sem var eftirfarandi: Hvers vegna ræður stjórnandi fyrirtækis óhæfari einstakling, karlmann, í staðinn fyrir að ráða hæfasta einstaklinginn? *Ég taldi mig einmitt koma inn á það að þessi* lög munu ekki breyta þessu. Það er arðsemiskrafan á markaðnum, þ.e. að búið verði að setja upp verðbréfamarkað og gerð sé krafa um arðsemi fyrirtækja, sem mun laga þessa stöðu, vona ég. Og meira að segja trúi ég því. Ég segi ekki að þetta frv. hér sé slæmt. Það hefur eflaust einhver áhrif en það hefur ekki þau áhrif að laga þessa stöðu. Það er miklu fremur arðsemiskrafan sem mun gera það.

[17:10]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði bæði í ræðu sinni áðan og fyrr í dag í andsvari við hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur að hann teldi að ekki væri hægt að jafna stöðu kynjanna með lögum. Ég skildi mál hans þannig og reyndar hefur hann ekki mótmælt því vegna þess að ég hef lýst þeim skilningi í ræðu minni. Eigi að síður segir hann, sem ég tók ekki eftir og ég rengi hann ekkert með það, að hann sé þeirrar skoðunar að jafna þurfi þennan rétt varðandi fæðingarorlofið. Mér finnst þá að hann sé í rauninni að segja að hægt sé að jafna stöðu kynjanna með því að breyta lögum en það er allt annað en hann sagði fyrr í umræðunni í dag.

Það sem skiptir þó e.t.v. máli er að ég held að við séum sammála um að markaðurinn mun skipta miklu máli og við erum þegar farin að sjá það. Ég held að í þeim fyrirtækjum sem eru farin að virka á markaði þar sem arðsemiskrafan er drifhvatinn, þá sjáum við nefnilega ákveðnar breytingar. Og það sem skiptir máli er að ungum konum finnst að þær finni þetta á eigin skinni, svo ég trúi því.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að viðhorfsbreytingar séu að verða í hugsun manna um þetta, ekki síst karla og ég rek þær að talsverðu leyti til karlanefndar Jafnréttisráðs sem ég held að hafi unnið ákaflega gott verk og hafi komið mörgum karlmönnum til þess að hugsa um þetta upp á nýtt og ég held reyndar konum líka og ég held að ýmsar tillögur sem þar hafa gengið fram — og menn höfðu þessa karlanefnd að háði og spotti fyrir nokkrum árum — horfi mjög til betri áttar í þessum efnum.

[17:12]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Það er afskaplega mikilvægt að gera sér grein fyrir því að jafnrétti skuli ná til beggja kynja *því að jafnrétti karla er að mínu mati mikilvægt fyrir jafnrétti* kvenna og öfugt.

Ég vil taka undir marga mikilvæga þætti og röksemdir sem komu fram í máli hv. þm. Ástu Möller áðan en ég vil þó staldra við fáein atriði og þá fyrst við 2. og 3. gr. Það er að mínu mati mikilvægt að til sé stjórnsýslustofnun, eins og Skrifstofa jafnréttismála, sem sjái um þennan mikilvæga málaflokk eins og 3. gr. kemur inn á, þ.e. hlutverk hennar og þau eru mörg mikilvæg að mínu mati. Ég vil m.a. *koma inn á það hvort eitt af hlutverkum hennar verði ekki* að framfylgja könnunum. Nú er búið að gera margar og merkar kannanir á jafnréttismálum og vil ég m.a. minnast á þær kannanir sem birtar voru um daginn um stöðu kvenna í fjölmiðlum eða réttara sagt um rýran hlut kvenna eins og kannanirnar bentu til, þ.e. að um rýran hlut kvenna væri að ræða í fjölmiðlum. Hann var afskaplega rýr, að einungis væru um 15% viðmælenda í dagblöðum konur og varðandi hið talaða mál var hlutfallið svipað í sjónvarpi. Staðan þar er því rýr. Ástæðurnar eru margar. Þjóðfélagsmyndin sem blasir við okkur er sú að hlutverk kvenna sé rýrt á mörgum sviðum þjóðfélagsins, en þó ekki svona. Það eru fleiri konur sem eru t.d. í pólitík og það er ánægjulegt að konur hafa aukið hlut sinn á hinu háa Alþingi. Starfsviðhorf fjölmiðla koma þarna inn í líka og síðan tregða kvenna til að tjá sig. Það er afskaplega mikilvægt að t.d. Skrifstofa jafnréttismála komi þar inn í og reyni að hvetja konur hvort sem þær eru í stjórnmálum eða atvinnulífi til að tjá sig við fjölmiðla og stíga það erfiða skref sem það oft er að ræða við fjölmiðla.

Ég vil koma aðeins inn á hlutverk Jafnréttisráðs. Mér finnst svona við fyrstu sýn — annað verður þá bara að koma fram við síðari meðferð málsins — að hlutverk Jafnréttisráðs sé frekar rýrt samkvæmt 8. gr. Það virðist í raun aðeins verða hugmyndavettvangur fyrir jafnréttismál, ekki mikið meira. Mig langar að ítreka þær fyrirspurnir sem hafa komið fram fyrr í dag: Hvað varð um jafnréttisþingið sem getið var um í fyrri frumvarpsdrögum?

Í III. kafla frv. um réttindi og skyldur er fjallað um mörg mikilvæg og merkileg atriði. Ljóst er að kynbundinn launamunur er enn mjög mikill og margar kannanir hafa sýnt fram á þann mikla launamun sem er á milli kynjanna. Þetta launamisrétti virðist birtast á öllum sviðum þjóðlífsins og í atvinnulífinu. Ástæður þess kunna að vera margvíslegar og bent hefur verið á að viðhorfsbreytingar sé þörf hjá stjórnendum fyrirtækja og hugsanlega þurfi að bæta lagaumhverfið. Ég held að þetta frv. sé skref í þá átt að styrkja enn frekar stöðu kvenna í baráttunni fyrir að jafna launamuninn.

Eins og ég gat um skiptir viðhorfsbreyting mjög miklu máli meðal forráðamanna, stjórnenda fyrirtækja og stofnana. Ég verð að taka undir það hve ánægjulegt er að fylgjast með fyrirtækjum á hinum almenna vinnumarkaði. Hér í ræðustóli hefur verið minnst á Eimskip og geta mætti um fleiri fyrirtæki, t.d. Tal, sem gera sér grein fyrir því hversu mikilvægt er að vinna að jafnréttismálum og nýta mannauð allra starfsmanna fyrirtækjanna.

Ég held líka að um leið hafi þessi fyrirtæki gert sér grein fyrir því hve ríkur þáttur þetta er til að efla samkeppnisstöðu þeirra á markaðnum og um leið arðsemiskröfu fyrirtækjanna.

Hinn frjálsi markaður er þarna ótvírætt kominn til liðs við jafnréttisbaráttuna og það er gríðarlega mikilvægur þáttur.

Í III. kaflanum er einnig mjög mikilvægt ákvæði sem er 16. gr. Ég held að sú grein komi ekki einungis til með að ýta enn frekar undir þá viðhorfsbreytingu sem við þegar höfum orðið vör við. Vonandi mun það einnig ýta undir samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Ég vil taka undir orð hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að það er eðlilegt fyrir hið háa Alþingi að huga að breyttum starfsaðferðum með tilliti til ungra foreldra á meðal þingmanna og starfsmanna þingsins. Ég tel að um leið mundi Alþingi sýna gott fordæmi í þessum málum.

Ég vil einnig nefna nokkur lykilorð varðandi samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs. Það hefur verið talað um fæðingarorlofið og ég tek eindregið undir það. Ég held að það sé lykilatriði í að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Fæðingarorlofið, lenging þess og jöfnun orlofsréttarins á milli kynjanna er mikilvægur þáttur í að jafna réttinn á milli kynjanna og auka sveigjanleikann í fæðingarorlofinu. Sveigjanleikinn til þess að taka fæðingarorlof er enginn í dag, akkúrat enginn. Það skiptir miklu máli í jafnréttisumræðunni að jafna réttinn á milli kynjanna þannig að sveigjanleiki sé til staðar. Ég tel að nútímatækni bjóði upp á að sveigjanleikinn nýtist ekki bara þeim sem taka fæðingarorlof heldur og fyrirtækjum og stofnunum.

Ég tel að þessi atriði varðandi jöfnun réttarins til að taka fæðingarorlof á milli kynjanna auk sveigjanleikans geti haft mikil áhrif á að minnka og hugsanlega útrýma kynbundnum launamun þar sem misréttið er einna mest. Við verðum að átta okkur á því að þegar atvinnurekandi stendur frammi fyrir því að ráða karl eða konu þá er afskaplega mikilvægt að þau standi jafnfætis gagnvart atvinnurekandanum. Atvinnurekandinn þarf þannig að gera sér grein fyrir því að bæði taki fæðingarorlof. Það er gríðarlega mikilvægur punktur í jafnréttisbaráttunni.

Þessi umræða um fæðingarorlofið og kannanir á því hvernig þar eigi að standa að málum eru til gaumgæfilegrar skoðunar hjá fjmrn. og ég er handviss um að það muni leiða til farsællar lausnar.

Í lokin vil ég varðandi fjölskyldulífið, af því að það er til umræðu í 16. gr., velta því fyrir mér hvort við eigum einungis að eyrnamerkja þessa grein ungum fjölskyldum. Ættum við ekki að taka þarna inn í líka hugsunina um eldri borgara? Þá er ég aðallega með það í huga að það skiptir miklu máli fyrir eldri borgara að eiga kost á sveigjanlegum starfslokum. Þar er enn einn þáttur í að gera atvinnulífið og fjölskyldulífið samræmanlegt.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan er þetta frv. mjög mikil framför fyrir jafnréttismálin og fjölskyldur í landinu. Ég vona hins vegar að félmn. taki þau atriði sem verið hafa til umfjöllunar í ræðum hv. þm. til ítarlegrar skoðunar.

[17:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir að þetta frv. er hér til umræðu. Núgildandi lög eru frá árinu 1991 en þetta er sá málaflokkur sem stöðugt þarf að vera í endurskoðun og taka breytingum eftir tíðarandanum. Sem betur fer hefur margt breyst á þessum tíma þó ekki sé það eins mikið og a.m.k. flestar konur hefðu viljað sjá. Nú erum við komin inn í nýja öld. Ég ætla að vona að við berum öll gæfu til að standa að frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þannig að sómi sé að. Þetta er ekki aðeins mál kvenna heldur er þetta mannréttindamál. Þetta er þverpólitískt mál sem okkur öllum ber að vinna vel að og leggja okkur fram við að fari vandlega unnið frá okkur.

Ég tek undir það sem hér kom fram að margt hefur verið fært til betri vegar í frv. eins og það er nú lagt fram. Í frv. eru nýmæli sem eru til bóta en jafnframt er frv. svolítið bundið við það fasta form sem verið hefur utan um þessa löggjöf. Ég hvet félmn. til að taka tillit til þeirra athugasemda sem koma fram og vera opið fyrir breytingum varðandi einstaka liði og frv. allt.

Mér finnst ánægjulegt að þetta frv. skuli hafa komið fram á 70 ára afmælisdegi Kvenfélagasambands Íslands en afmælishátíð þess stendur einmitt yfir. Ég óska því til hamingju með þennan merkisdag. Hvort sem það er tilviljun eða ekki er skemmtilegt að þetta frv. skuli lagt fram núna.

Mig langar að fara nokkrum orðum um frv. án þess að fara ítarlega í hverja grein. Til þess að ná árangri í þessum málum þarf stofnun sem hefur visst sjálfstæði eins og gert er ráð fyrir í frv., með stofnun Skrifstofu jafnréttismála sem heyri beint undir ráðherra. Einnig er nauðsynlegt að geta fylgt málum eftir og krafist upplýsinga, fylgt eftir t.d. því að sveitarfélög sinni jafnréttismálum. Þessi stofnun verður því að hafa eitthvert vald.

Varðandi 4. gr. tek ég undir það sem hér hefur komið fram. Það eru mjög viðkvæm mál oft og tíðum sem koma inn á borð til kærunefndar jafnréttismála og erfitt fyrir mjög marga að koma fram og kæra. Margir óttast að kæran verði til þess að þeir missi atvinnu sína eða standi verr að vígi á eftir. Því tek ég undir ábendingar um að málskotsréttur verði hjá kærunefnd jafnréttismála og að kærunefndin hafi einnig möguleika á að leita sátta í viðkvæmum málum, að ekki þurfi nauðsynlega dómsúrskurð til að útkljá málin. Þetta gæti gert mörg mál einfaldari og hlíft mörgum einstaklingum.

Varðandi ábendingu 7. gr. um Jafnréttisráð, að Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands tilnefni sameiginlega einn fulltrúa, þá tel ég að það geti varla staðist. Þetta eru sjálfstæð félög og þó að þau byrji bæði á „Kven-" held ég að varla sé hægt að ætlast til að þau tilnefni fulltrúa saman. Ég legg til að sú tillaga verði skoðuð frekar.

Ég hef trú á því að lög sem þessi skili okkur áleiðis. Það er ekki bara hinn frjálsi markaður sem jafnar stöðu kynjanna heldur skiptir miklu máli að við höfum lög til að byggja á. Það að hvert þing setji sér áætlun í jafnréttismálum á hverju kjörtímabili þýðir að hvert þing er betur meðvitað um þennan málaflokk. Þannig gleymist verkefnið ekki heldur er það í stöðugri endurskoðun. Þetta er mjög mikilvægt, ekki bara á þinginu heldur líka í sveitarfélögunum. Jafnréttisnefndir sveitarfélaganna hafa verið misjafnlega virkar. Með einhverjum hætti þyrfti að gera störf þeirra sýnilegri og ábyrgari þannig að vinna þeirra komi fram í gegnum sveitarstjórnirnar og skili sér inn til Skrifstofu jafnréttismála. Það þyrfti að ýta við þeim og gera ljóst að þessi málaflokkur er ekki bara eitthvað sem sveitarfélög eru skyldug til að sinna, nefnd sem aðeins þurfi að manna, heldur ynni nefndin í jafnmikilvægum málaflokki og aðrar nefndir sveitarfélaganna. En það þarf að styrkja þessar nefndir. Það er alveg augljóst.

Í III. kafla, um réttindi og skyldur, er m.a. fjallað um launajafnrétti. Kaflinn um réttindi og skyldur er mjög mikilvægur. Ef við náum ekki launajafnrétti, jafnrétti á vinnumarkaðinum í heild varðandi öll réttindi og skyldur, þá miðar okkur lítið áfram. Ef við náum því fram að fyrirtæki og stofnanir þar

sem fleiri en 25 starfsmenn starfa skuli setja sér jafnréttisáætlun og hún verði virk, þá er það nákvæmlega hið sama og með Alþingi. Það verður að vinna eftir áætluninni, ekki bara að setja sér það markmið að ráða jafnmargar konur og karla eða það sé passað upp á kynjahlutfallið. Málið snýst líka um markmið hverrar stofnunar, um að vinnutilhögunin verði þannig að karlar jafnt sem konur eigi möguleika á að sækja vinnuna með sveigjanlegri vinnutíma og með því að gera umræðuna um laun innan stofnana opnari en er í dag. Starfsmenn þurfa að vita hvar þeir standa og að atvinnustefnan sé virk, að jafnréttisstefna sé virk innan hverrar stofnunar. Þetta er mjög mikilvægt og ég hef trú á því að þetta muni skila okkur áleiðis. En veldur hver á heldur.

Maður hefði vonað að á árinu 2000 stæðu karlar og konur jafnari fótum varðandi sambærileg laun í sambærilegum störfum. En því miður er það ekki svo og því miður held ég að núverandi launakerfi með einstaklingsbundnum samningum, með aðlögunarsamningum, sé okkur kvenþjóðinni í óhag þar sem leynd hvílir yfir samningunum, þar sem við höfum ekki allt opið. Því miður er það þannig. Við þurfum líka að gæta þess þegar við erum að setja lög eins og þessi að ekki sé á öðrum stöðum í þjóðlífinu verið að brjóta niður það sem vel hefur tekist til eða gæti stuðlað að jafnari launum.

Varðandi 15. gr. um laus störf, starfsþjálfun og endurmenntun, er mjög nauðsynlegt að hvetja konur til að nýta sér þau réttindi sem þær hafa. 16. gr. er kannski mikilvægasta greinin, þ.e. um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Það hefur komið fram hjá flestum sem hafa tekið til máls hversu mikilvæg þessi grein er. Margt sem er að gerast í þjóðfélagi okkar gæti stangast á við að greinin standi. Það er búið að *einsetja grunnskóla. Það gerir mörgum konum erfitt fyrir að* vinna hálfan daginn og því miður er það þannig að það hefur frekar bitnað á konum en körlum. Ef hægt er að koma því að til að uppfylla 16. gr. að karlar tækju jafnan þátt í að taka á móti börnunum þegar skóla er lokið, þá *stigjum við* stórt skref. Hvað varðar fæðingarorlofið er trúlega það mikilvægasta að gefa feðrum og mæðrum möguleika á lengra fæðingarorlofi og þá sérstaklega feðrum að þeir fái lengra fæðingarorlof en þeir fá í dag. Það þarf sveigjanleika inn í fæðingarorlofið til að ná þeim markmiðum sem við erum að setja okkur. Það þarf líka að koma sveigjanleika inn á vinnumarkaðinn varðandi vinnutíma.

21. gr., um greiningu á tölfræðiupplýsingum, er sá grundvöllur sem lögin eiga að byggja á. Skrifstofa jafnréttismála þarf að hafa góðar upplýsingar til að vinna úr svo hægt sé að koma með breytingar og leiðréttingar til að ná markmiðum frv.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka það frv. sem lagt er fram og tel það að mörgu leyti til bóta og einnig *hafa umræður í dag leitt það í ljós. Það eru hins vegar hagir* einnar stéttar sem mig langaði að vekja athygli á við umræðuna þannig að það sjónarmið komi þá a.m.k. fram og menn ræði það kannski við umfjöllun málsins í nefnd. Það eru hagsmunir sjómanna í þessum málum.

Nú er það einfaldlega svo að starf sjómanna, sem er sennilega eitt helsta karlastarfið sem þekkist í þjóðfélaginu, er þannig að þeir eiga ákaflega litla samleið í því að njóta þeirra réttinda sem verið er að mæla fyrir í þessu lagafrv. Í 1. gr., í a-lið, segir að það skuli gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins og síðan í c-lið að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þarna komum við einmitt að þessari miklu sérstöðu sjómannastéttarinnar.

Það hefur verið þannig á undanförnum árum að sjómannasamtökin í landinu hafa verið með það í kjarakröfum sínum að semja um rétt sjómanna, t.d. til að taka tímabundið veikindaorlof út á það ákvæði, sem má finna í kjarasamningum sumra stétta í landinu nú þegar, að foreldri megi vera heima hjá veikum börnum sínum. Sjómenn hafa og m.a. meðan ég var þar í forustu verið með þessar kröfur í tví- eða þrígang inni í kjarakröfum og ábendingum okkar hefur ævinlega verið hafnað af hálfu útgerðarmanna sem óréttmætum og órökstuddum.

Auðvitað verðum við að viðurkenna að sérstaða sjómanna í þessu máli er talsverð. Hins vegar ber að líta til þess að ef maki sjómanns er útivinnandi kann starf makans að vera með þeim hætti að hann eigi alveg jafnerfitt með að taka sér frí og sjómaðurinn og jafnvel frekar. Við í sjómannasamtökunum töldum því að það væri réttlætismál að koma slíku ákvæði inn í kjarasamninga. Það tókst ekki og það er náttúrlega dálítið athyglisvert að þurfa að segja það í þessum ræðustól *í hv. Alþingi að það er m.a. Alþingi sjálft sem hefur séð til* þess því að í tví- eða þrígang hafa verið sett lög á hv. Alþingi um að stöðva kjaradeilu sjómanna án þess að nokkurn tíma hafi verið tekið tillit til þessarar kjarakröfu okkar, að það væri yfirleitt til umræðu að sjómenn ættu einhvern rétt að þessu leyti. Hér hafa verið sett lög á kjaradeilur sjómanna þar sem m.a. krafan um það að feður gætu fengið að vera hjá börnum sínum og haft til þess laun í einhvern tíma, hefur verið blásin út af borðinu og Alþingi hefur sem sagt sett lög á kjaradeiluna án þess að taka neitt mark á því að sjómenn væru þarna að sækja sambærilegan rétt og aðrir. Sama á við um framkvæmd þess að sjómenn geti tekið fæðingarorlof. Menn hafa rætt það í kjarasamningum við útgerðarmenn án þess að fá neinar undirtektir í því máli og með sama hætti hefur því líka verið sparkað fyrir borð þegar Alþingi hefur sett lög á kjaradeilur sjómanna. Ég vildi því vekja sérstaka athygli á því undir þessari umræðu að Alþingi sjálft hefur tekið að sér að koma í veg fyrir það að ein stétt manna, sem á að vísu mjög undir högg að sækja í þessa veru, næði neinum réttindum. Ég held að það sé rétt að draga það mjög skýrt fram.

Ég vil hins vegar vekja sérstaka athygli á því að í sjómennskustörfunum hefur í gegnum tíðina að því er ég best veit ekki verið neitt launamisrétti í fjölda ára, ef ekki áratugi. Það eru einfaldlega bara kjarasamningar til um störf ákveð*ins fólks um borð í skipum hvort sem það eru farskip eða* fiskiskip, varðskip eða hafrannsóknaskip. Hver sem gegnir þessum störfum fær þau laun og skiptir þá eigi máli hvort það er karl eða kona.

Langmestur hluti starfandi sjómanna er karlmenn en á undanförnum árum hafa sem betur fer nokkrar konur gegnt sjómannsstörfum og m.a. menntað sig til sjómannastarfa, bæði sem vélstjórar og skipstjórnarmenn. Auðvitað hafa konur haft góða þekkingu á matreiðslu svo að eitthvað sé nefnt og oft gegnt þeim störfum með miklum ágætum og a.m.k. þar sem ég þekki til hafa konur ekki brugðist í þeim störfum sem þær hafa verið ráðnar í til sjós. Ég held að í flestum tilfellum hafi þeim í engu verið hlíft og þær hafa reyndar ekki sóst eftir því sjálfar að vera hlíft í neinu vegna þess að það eru nú einu sinni svolítið kjarkaðar konur sem

sækjast eftir því að fara til sjós og þar sem ég þekki til hafa þær staðið sig vel.

Ég vildi draga þetta sérstaklega fram vegna þess að þó svo að þetta frv. kveði á um að tryggja þurfi jöfn laun fyrir sömu vinnu, þá á það ákvæði við til sjós, ég fullyrði það. Það á við til sjós að konur hafi sömu laun fyrir sömu störf og karlmenn. Þetta hefur verið lengi í launakerfum til sjós. Að því leyti til þurfum við sjómenn og konur sem starfa til sjós ekki að kvarta. Hins vegar er undan miklu að kvarta í þeim réttindamálum sem ég benti á áðan og ég veit til þess að konur sem hafa starfað til sjós og þurft að fara í barneignarfrí hafa átt í miklum erfiðleikum með að ná einhverjum rétti í þeirri stöðu. Ég held meira að segja að ég geti fullyrt að það hafi ekki tekist hjá þeim að ná þeim rétti, a.m.k. hvað atvinnurekanda varðar.

Á þessu vildi ég vekja sérstaka athygli vegna þess að í allri þeirri umræðu sem hefur farið fram í dag og hefur verið mjög góð og athyglisverð hefur ekki verið vikið með neinum hætti að réttindum sjómanna.

Kannski er rétt að minnast á örfáar greinar í þessu frv. Það er m.a. vikið að skipun Jafnréttisráðs og ég sé að sjómannastéttinni er hvergi ætlaður vettvangur þar til að koma áhrifum sínum eða skoðunum á framfæri. Það kann að vera að menn hafi hugsað fyrir því í 12. gr. þar sem talað er um jafnréttisráðgjafa sem geti tekið við tímabundnum verkefnum og unnið að jafnréttismálum á tilteknu sviði. Það kann að vera að þar hafi menn hugsað einhvern veginn á ská og skakk fyrir þörfum sjómanna og þarna eigi þau sjónarmið sem hafa a.m.k. ekki verið í þessari umræðu og hafa oft og tíðum ekki átt upp á pallborðið og hafa a.m.k. ekki í lagasetningum Alþingis á kjaradeilum sjómanna átt neina samúð svo vægt sé til orða tekið. Það kann að vera að þeim sé komið fyrir í 12. gr. þar sem jafnréttisráðgjafar eiga að vinna tímabundin verkefni. En ég vildi benda á að mér fyndist ekki fara illa á því þó að sú stétt sem á kannski hvað erfiðast með að sækja þennan rétt ætti fulltrúa í Jafnréttisráði.

Ég geri mér grein fyrir því að Alþýðusambandið er þarna tilnefnt og hluti af íslenskum sjómönnum er innan Alþýðusambandsins.

Í 13. gr. frv. er talað um að gera jafnréttisáætlanir og tryggja að störfum verði gegnt jafnt af konum og körlum. Ég hygg að í ljósi reynslunnar sé ákaflega erfitt að koma þessu fyrir við sjómannsstörfin. Það er einfaldlega ekki það mikið sótt af kvenfólki í þau störf að þetta séu raunhæf markmið við störf til sjós.

Í meginatriðum var það ekki fleira sem ég vildi sérstaklega koma á framfæri. Ég held að frv. sé að mörgu leyti gott og beri að fagna því að það verði að lögum vonandi. Ég vonast til þess að þau orð sem ég hef látið falla verði mönnum umhugsunarefni í félmn. sem fær málið væntanlega til umfjöllunar. Það er þó eitt sem ég ætla að vekja athygli á til viðbótar, í 20. gr. er talað um að í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefnt jafnt í þessar nefndir. Nú er það stundum svo að sjómannasamtökin eru beðin að tilnefna í nefndir og eiga þá samkvæmt þessu frv. m.a. að tilnefna bæði karl og konu. Það getur verið afar vandfundið hjá samtökum sem hafa svo fáar konur innan vébanda sinna að tilnefna í nefndastörf. Við höfum auðvitað orðið þess varir að sjútvn. hefur skrifað samtökum sjómanna bréf í þessa veru en ég veit til þess að sjómannasamtökin hafa ekki getað orðið við þeirri beiðni og ekki getað bent á konur til að starfa í nefndum eða ráðum. Það er eðlilegt því að það eru ákaflega fáar konur sem gegna sjómannsstörfum. En ég vil bara að endingu leggja áherslu á að ég held að leitun sé að stétt þar sem er eins mikið jafnræði í launum á milli karla og kvenna og í sjómannsstörfum.

[17:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir góðar viðtökur sem frv. hefur fengið og málefnalega umfjöllun sem hefur verið öll á einn veg, þ.e. á jákvæðum nótum. Þó voru örfá atriði sem mig langar til að koma inn á til skýringar og til að þau glatist ekki í þessari umræðu og séu með í umræðunni.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði mikið mál úr því að jafnréttislög sem voru til umræðu á þinginu í fyrra hefði ekki verið forgangsmál og taldi að það væri merki þess að ríkisstjórnin vildi ekki sinna málaflokknum. Þetta er ekki rétt. Það voru aðrar orsakir sem lágu að baki því að frv. dagaði uppi. Það var vegna þess að ég var tekinn úr umferð, ég lagðist inn á spítala og missti af síðustu dögum þingsins og varð að kveðja til varamann til þess að gegna fyrir mig. Ég var því ekki til staðar til að miðla málum eða beita mér fyrir lokaafgreiðslu frv. því að það voru fleiri en eitt sjónarmið og reyndar mörg sjónarmið um þetta vandasama mál. Það er orsökin fyrir að frv. náði ekki fram að ganga. Ég er út af fyrir sig ekkert að harma það, þ.e. mér þótti náttúrlega slæmt að verða lasinn en ég er ekkert að harma það þó að frv. hafi ekki náð fram að ganga í fyrra. Það fékk mikla umræðu, mjög ítarlegar umsagnir frá mörgum aðilum og við lögðumst yfir það í sumar að fara yfir þær umræður, ábendingar og gagnrýnisatriði sem fram höfðu komið. Ég nefni eitt gagnrýnisatriði sem dæmi. Frv. í fyrra hét frv. til jafnréttislaga. Lögin eins og þau standa í dag heita lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þetta heiti, jafnréttislög, hlaut verulega gagnrýni í fyrra því talið var að það væri misvísandi. Einungis væri verið að tala um eitt þröngt svið í jafnrétti. Það væri ekki verið að tala um jafnrétti milli landshluta, jafnrétti milli borgaranna innbyrðis en þetta væri jafnrétti milli karla og kvenna. Þess vegna breytti ég heitinu og nú heitir frv. „frumvarp um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla“ eins og gildandi lög. Það var enginn trassaskapur að þetta mál kom ekki til umræðu fyrr en nú, 1. febrúar, eins og skilja mátti á orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Þetta frv. var lagt fram fyrir jól. Það hefur bara ekki komist á dagskrá fyrr en nú. Eins og menn sjá á málsnúmerinu þar sem þetta er 272. mál þingsins, þá er frv. búið að vera í þinginu og á borðum þingmanna allnokkurn tíma.

Það mátti líka reyndar skilja á hv. þm. að frv. ætti ekki að kosta nema 500 þús. eða í mesta lagi 1 millj. og vitnaði í fjmrn. Það er ekki alls kostar rétt vegna þess að þetta er aukakostnaður fram yfir það sem gildandi lög kosta en á fjárlögum eru 37–38 millj. veittar til Jafnréttisráðs og þetta er einungis viðbót við það sem í ár er varið til málaflokksins.

Nefnd um kynhlutlaust starfsmat lauk störfum þegar menn voru komnir í kosningaham og farnir að ýtast á í seinustu vikum fyrir kosningar. Nefndin kláraði þó að sumir nefndarmenn væru óánægðir með það og vildu ekki taka ábyrgð á niðurstöðum nefndarinnar. Hún var búin að ljúka störfum og skilaði ágætu verki og prýðilegu formi, menn hafa prýðilegt módel til þess að gera kynhlutlaust starfsmat ef þeim svo hentar.

Eins og ég sagði áðan voru allar þær breytingar sem gerðar voru á frv. í sumar gerðar í framhaldi af meðferð

málsins á Alþingi og í þjóðfélaginu. Leitað var lögfræðilegrar ráðgjafar. Hvergi er tekinn neinn réttur af konum. Það var alger útgangspunktur að taka hvergi rétt af konum sem þær hafa samkvæmt gildandi lögum. Hér hefur verið minnst á það að í fyrra frv. var gert ráð fyrir að kærunefndin gæti haft frumkvæði að því að taka málið upp fyrir dómstólum. Eðlilegra þótti að lögfræðilegu áliti að brotaþoli leiti réttar síns. Kærunefnd getur að sjálfsögðu aðstoðað hann eða Jafnréttisráð ef því svo býður við að horfa og brotaþoli óskar eftir því en það er hans að hafa frumkvæði, ekki að verið sé að kæra yfir hausinn á honum.

Menn hafa rætt um hverjir eigi að skipa Jafnréttisráð og út af fyrir sig er hægt að hafa margar skoðanir á því. Það er nánast smekksatriði hverjir þar eigi að vera og margir sem til greina gætu komið. En til þess að ráðið sé skilvirkt tel ég að gæta verði hófs um fjölda þeirra sem í ráðinu sitja þannig að það verði ekki of stórt og það eru rökin fyrir því að hafa ekki fleiri.

Menn hafa rætt um launamun karla og kvenna og það var út af fyrir sig fróðleg ræða sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flutti áðan og benti á að launamunur tíðkaðist ekki til sjós og það er vel. Ég reiknaði reyndar ekki með því að svo væri. En samkvæmt könnun sem Verslunarmannafélag Reykjavíkur gerði — nú veit ég ekki hversu vísindalega sú könnun var gerð en könnun var það — hjá ýmsum félögum í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur hvaða kaupkröfur viðkomandi gerði og virtist niðurstaðan vera sú að konur sættu sig við lægri laun. Karlarnir verðlögðu vinnu sína hærra. Þetta kann að vera einn þátturinn. Það er líka sennilega staðreynd að konur eru bundnari heimili og heimilisstörfum og vinna meira að heimilisstörfum, því miður, en karlar. Það er ekki nokkur vafi á því að þetta hefur færst til betri vegar nú á síðustu árum og yngra fólk er miklu jafnvígara í heimilishaldi og barnauppeldi en við þessir eldri vorum á sínum tíma þegar við vorum með litla krakka.

Ég vil auka rétt feðra til fæðingarorlofs og ég tel að það sé mjög mikilvægt jafnréttis- og fjölskyldumál og ég er að vinna að því. Ég er líka með á prjónunum lagasetningu um foreldraorlof sem kemur ekki bara sjómönnum til góða heldur foreldrum öllum, þ.e. foreldrar geti átölulaust verið heima 13 vikur samtals á fyrstu átta árum barns.

Fyrir þinginu liggur frv. frá mér fyrir starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Það er lagasetning sem er nauðsynleg í framhaldi af fullgildingu ILO-samþykktar 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þ.e. ekki er hægt að reka starfsmann fyrir það eitt að þurfa að vera heima yfir öðrum fjölskyldumeðlimum, barni, foreldri eða öðrum nákomnum vegna veikinda eða tímabundins lasleika. Fólki sé því gert kleift að rækja fjölskylduábyrgð sína. Þetta kemur vonandi sjómönnum líka til góða eins og foreldraorlofið. Ég hef lagt mikla áherslu á að fá aðila vinnumarkaðarins til að semja um hlutina. Ég held að það sé langfarsælast að fara þá leiðina en ef það tekst ekki þá getur í sumum tilfellum orðið að höggva á hnútinn. M.a. hjó ég á hnútinn í lokaafgreiðslunni á ILO-samþykktinni sem ekki var samkomulag um upphaflega og reyndar langt í milli manna en ég skýrði frá því að ég mundi beita mér fyrir fullgildingu og óskaði eftir að aðilar vinnumarkaðarins kæmu sér saman um orðalag. Það gerðu þeir og fyrir það er ég mjög þakklátur. Samkomulag varð um orðalagið.

Menn velta því fyrir sér að það sé afturför að taka út ákvæðin um jafnréttisþing sem voru í frv. í fyrra. Þessi hugmynd þótti mjög í lausu lofti og hlaut verulega gagnrýni í umræðunni og meðferð málsins á þinginu í fyrra. Hún er því ekki með. Hins vegar tel ég að með merkum nýmælum, sem ég er nokkuð stoltur af, í þessu frv. sé greinin um kynferðislega áreitni sem mér skilst að ekki hafi verið reynt að forma í lög neins staðar annars staðar fyrr en þarna. En í stuttu máli, svo að ég fari yfir það, herra forseti, þá er gripið á því máli í 17. gr. og þeirri skilgreiningu sem er svo, með leyfi forseta:

„Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður," — ég undirstrika í óþökk þess sem fyrir henni verður — „hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin."

Fólk má sem sagt reyna hvert við annað en ef gefið er skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin, þá er það harðbannað. (**Gripið fram í:** En ef báðir vilja?) Ef báðir vilja, hv. þm., þá getur þetta gengið alveg átölulaust af minni hendi og fremur að ég fagni því en hitt, en ég vil þó bæta því við að í greininni stendur: „Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt." Jafnvel þó að ekki sé um endurtekningu að ræða en er alvarlegt. Menn verða því að passa sig á að vera ekki allt of grófir í þessu.

Þetta er um kynferðislega áreitni. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég tel að félmrn. hafi staðið sig ágætlega í jafnréttismálum og ég vænti þess að þessi lagasetning verði enn eitt gott spor í þá átt.

[18:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. að flestu leyti en þó eru eitt eða tvö atriði sem mig langaði í tilefni af ræðu hæstv. ráðherra að drepa á og spyrja hann út úr. Nú er það svo eins og kunnugt er að þegar horft er á 20. gr. frv. þar sem vísað er til mikilvægis þess að í nefndum, ráðum og stjórnum sé gætt jafnræðis þá hefur samsvarandi lagagrein verið í gildi í núgildandi lögum. En þegar horft er yfir sviðið blasir ýmislegt við og m.a. í hv. félmrn. þar sem Jafnréttisráð er eingöngu skipað konum, þar sem svæðisráð vinnumiðlana er yfirleitt að langmestu leyti skipað körlum, þar sem í stjórn Vinnueftirlits ríkisins eru sitjandi átta karlar og ein kona, þar sem í kærunefnd húsaleigumála eru þrír karlar, þar sem í Félagsdómi eru fjórir karlar og ein kona og þannig gæti ég haldið áfram.

Ég átta mig fyllilega á því að til að mynda í mörgum þessara tilvika háttar þannig til að hæstv. ráðherra kallar eftir tilnefningum frá fjölmörgum aðilum og lætur vafalaust fylgja áminningu þess efnis að gætt skuli að jafnræði. En gangurinn er yfirleitt sá að tilnefningaraðilar hugsa með sjálfum sér að það séu einhverjir aðrir en þeir sem ætli að sjá um að gæta að þessu jafnræði. Síðan fær hæstv. ráðherra allar tilnefningarnar í hendur og þær eru einlitar á annan hvorn veginn og getur ekkert gert. Hvernig vill hæstv. ráðherra bregðast við vanda af þessum toga?

[18:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það er aðeins misbrestur á þessu atriði en í öllum tilnefningarbeiðnum, bréfum sem við sendum úr ráðuneytinu, er undantekningarlaust minnt á 12. gr. gildandi jafnréttislaga þar sem minnt er á þá skyldu að gæta kynjajafnréttis.

Í talningu sem gerð var fyrir örfáum árum vegna fyrirspurnar á Alþingi um hlut kvenna í nefndum og ráðum kom

í ljós að félmrn. var með langbestan hlut kvenna allra ráðuneyta, þ.e. 41% af þeim sem sátu í nefndum á vegum félmrn. voru konur. Ég get getið þess líka til fróðleiks, sem hv. þm. veit sjálfsagt, að rúmlega $^2/_3$ af starfsmönnum félmrn. eru konur og það hlutfall hefur farið hækkandi síðan hann var í því ráðuneyti. Um daginn var fundur lögfræðinga í félmrn., þ.e. lögfræðingar sem starfa í félmrn. áttu með sér fund og þar voru sjö konur og einn karl. Að vísu er þar svo komið að jafnréttið er ekki virt með nógu góðum hætti en á heildina litið er þetta í lagi hjá okkur en ég viðurkenni að mjög erfitt er að fá tilnefningar sem fullnægja þessu skilyrði í alla staði.

[18:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að gagnrýna í einu eða neinu frammistöðu félmrn. í þessum efnum og var kunnugt um þetta hlutfall ráðuneytisins þegar á heildina er litið. Ég var að vekja athygli á því, og þótti við hæfi að tína til dæmi úr jafnréttisráðuneytinu sjálfu, að það verða til karlanefndir og kvennanefndir og það finnst mér kannski áhyggjuefni. Eins og ég gat um í andsvari mínu er það kannski erfitt við að eiga þegar tilnefningar koma frá fjölmörgum aðilum og áminningarbréf vigtar ákaflega létt þegar tilnefningaraðilinn á að tilnefna einn aðila og veit ekki hvort hinir tilnefna karl eða konu þannig að kannski er ekkert við þetta ráðið. En það er ekki nógu góð mynd af þessu — og menn hafa með réttu verið að ræða skipan Jafnréttisráðs — þegar yfirskrift þessa frv. er jöfn staða kvenna og karla að það sé einlitt hvað varðar kynjaskiptingu. Tilnefningaraðilar eru fjölmargir og þess vegna árétta ég spurningu mína. Ég hef ekki svar við henni og kannski er það svar ekki til. Mér dettur í hug í fljótu bragði hvort það er gerlegt ef tilnefningar verða með þeim hætti eins og gerst hefur í núverandi Jafnréttisráði að þetta verði allt konur, að ráðherrann geti sent út bréf til allra tilnefningaraðila á nýjan leik og beðið þá um að gaumgæfa þá stöðu sem ráðherra stendur frammi fyrir. Í öðrum tilvikum þar sem um svokallaðar karlanefndir er að ræða geti hann gripið til einhvers konar slíks áfrýjunarréttar. Þetta er vandamál og ég held að það sé kannski sýnu minnst í félmrn., enn þá meira í öðrum ráðuneytum, og ég held að ekki sé hægt að horfa fram hjá því þegar við erum að endurskoða lögin með annars jafnágætum hætti og raun ber vitni.

[18:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er vandamál eins og hv. þm. segir. Eins og hér hefur komið fram er t.d. frá Sjómannasambandinu, í undantekningartilfellum ef ekki er tilnefndur karl, ekki það að sjómenn séu ekki kvenhollir, það er ekki það, heldur er það að í stéttinni eru fyrst og fremst karlar.

Varðandi Jafnréttisráð er það einhvern veginn svo að tilnefningarnar hljóðuðu upp á að það væru konur. Ég stóð frammi fyrir dálitlum vanda. Ég hafði skipað á sínum tíma formann Jafnréttisráðs sem hefur staðið sig framúrskarandi vel og er kona. Ég teldi mjög mikilvægt að njóta starfskrafta hennar áfram en ég vil jafnframt láta þess getið að varamaður hennar er að sjálfsögðu karl.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Stjfrv., 261. mál (undanþágur). — Þskj. 331.

[18:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og það er á þskj. 331. Þetta er tiltölulega mjög einfalt frv. Það er þess efnis að við 14. gr. laganna um atvinnuréttindi útlendinga, sem ég vil nú reyndar minna á að þarf að endurskoða áður en langt um líður, bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

„Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu skv. 1. mgr."

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 133 21. des. 1994, um atvinnuréttindi útlendinga, eru útlendingar sem gegna tilteknum störfum undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi, enda starfi þeir ekki hér á landi lengur en í fjórar vikur á hverju tólf mánaða tímabili. Ákvæði þessa efnis var nýmæli í lögunum en það var sett inn til þess að efla menningarlífið og meðal þeirra sem undanþágan gilti um voru listamenn. Starf listamanns er hins vegar ekki skilgreint í lagagreininni en í athugasemdum með frv. að lögunum var gert ráð fyrir að hugtakið yrði túlkað rúmt.

Á þeim tíma sem liðinn er, frá 1994, hafa orðið verulegar breytingar í þjóðfélaginu. Ljóst er að óhjákvæmilegt er að skilgreina hugtakið „listamaður" og að skýra það kannski þrengra en menn gerðu þá. Markmið undanþáguheimildar fyrir listamenn var fyrst og fremst að gefa Íslendingum möguleika á að kynnast mismunandi listformi og fá tækifæri til að sjá listamenn hér á landi í sambandi við einstaka viðburði en ekki að skapa grundvöll fyrir viðvarandi atvinnustarfsemi.

Þetta frv. er flutt til þess að mynda lagastoð til að setja reglugerð þar sem tiltekið er hvaða stéttir það yrðu sem mundu falla undir hugtakið listamaður, þ.e. skáld, rithöfundar, tónskáld, myndlistarmenn, hljóðfæraleikarar, hljómsveitarstjórar, hljóðgervingarmenn, söngvarar, leikmyndahönnuðir, þjóðdansarar, ballettdansarar, leikarar, leikstjórar, svo og þátttakendur og starfsmenn við leiksýningar, kvikmyndir, fjölleikahús og sérstaka list- eða menningarviðburði, svo sem ljósameistarar, förðunar- og búningameistarar, hljóðmeistarar o.s.frv. Gera verður ráð fyrir að hér sé ekki um tæmandi skilgreiningu á hugtakinu listamaður að ræða og að fleiri kunni að falla þar undir innan sama ramma og að framan. Um aðra sem falla ekki undir skilgreiningu sem ákveðin yrði í reglugerð gildir undanþágan ekki.

Þetta frv. er sem sagt þess efnis að sækja verður um atvinnuleyfi fyrir starfsfólk sem menn vilja ráða til sín sem er ekki búsett á Evrópsku efnahagssvæði.

Mikil umræða hefur orðið í þjóðfélaginu um svokallaðar nektardansmeyjar og starfsemi nektardansstaða sem samkvæmt síðustu upplýsingum sem ég hef eru orðnir 12 talsins og ekki einungis hér á höfuðborgarsvæðinu heldur eru þrír á Akureyri og einn í Reykjanesbæ. Starfsemi þessara staða felst í því að gestum er boðið upp á að horfa á nektardans stúlkna í veitingasal en einnig boðið upp á sérstaka einkadansa sem viðskiptavinir þurfa að greiða sérstaklega fyrir. Stúlkur í þessum dansi eru af ýmsu þjóðerni. Sumar eru íslenskar en í stórum dráttum má lýsa því svo að þriðjungur þeirra sé af Evrópsku efnahagssvæði og þessi lagasetning hefur engin áhrif á starfsemi þeirra, þriðjungur er frá austantjaldslöndunum eða löndunum sem voru í Austur-Evrópu og þriðjungur frá Kanada eða Bandaríkjunum. Þessar stúlkur

hafa sumar lent í vandræðum, einkanlega þær sem koma frá Austur-Evrópu. Þær eiga við tungumálaerfiðleika að etja, þær eiga við erfiðleika að etja vegna þess að þær eiga ekki aðgengi að sendiráði. Ég man eftir dæmum af ungverskum stúlkum sem hingað komu og lentu í vandræðum og þurftu aðstoð frá sendiráði til að komast til baka og hafði ekki verið komið sómasamlega fram við þær. Þeirra hlutur væri miklu betur tryggður ef þær hefðu atvinnuleyfi.

Þetta er ekki frv. um að banna þessa nektardansstaði enda er það ekki á vegum félmrn. Þetta er ekki frv. sem kemur í veg fyrir það að hingað komi útlendar stúlkur til þess að dansa því að eins og ég sagði áðan geta danskar og enskar stúlkur og stúlkur annars staðar af Evrópsku efnahagssvæði komið hingað alveg átölulaust. Þetta er fyrst og fremst til þess að ef hingað koma stúlkur frá Austur-Evrópu eða Bandaríkjunum þá þurfi þær að hafa atvinnuleyfi og njóta réttinda sem atvinnuleyfið veitir, m.a. með heilbrigðisskoðun og til launakjara o.s.frv.

Ég veit að hæstv. samgrh. er að hugleiða breytingar á lögunum um veitinga- og gististaði sem mundu taka á nektardansstöðunum með öðrum hætti. Félmrn. hefur ekkert yfir þeim að segja að öðru leyti en því að hægt er að krefjast atvinnuleyfis af ákveðnum hluta þessara stúlkna og auka með því starfsöryggi þeirra og forða þeim hugsanlega frá vanda og hremmingum sem hefur sannarlega komið fyrir að þær hafa lent í hér.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til hv. félmn. til athugunar.

[18:19]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að fagna þessu frv. sem hæstv. félmrh. hefur lagt fram. Við þekkjum vel af hverju þetta mál er hér komið og mér finnst hæstv. félmrh. hafa brugðist mjög skjótt við. Ég legg líka til að frv. fái tiltölulega skjóta meðferð í félmn. þar sem mjög brýnt er að taka á þessum málum því að þetta er svo sannarlega tilraun til að stemma stigu við þeirri þróun sem á sér stað. Og við vonum náttúrlega að þær konur sem hafa dansað við súlu fari ekki fram á þjóðdansaleyfi, við skulum því halda vöku okkar í málinu. Ég fagna þessu frv. og tel mjög mikilvægt að ráðherra geti sett reglur til að skilgreina nánar þessi störf og við förum að gera þessi mál sýnilegri sem ekki hefur mikið verið talað um.

[18:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þegar lesið er yfir greinargerð frv. þá er hún á hálfgerðu rósamáli og lengi vel hélt ég að hæstv. félmrh. ætlaði aldrei að koma sér að því að útskýra meginefni og tilgang frv., þ.e. þann að hafa nokkur áhrif á réttarstöðu þessara starfsmanna í klámiðnaðinum sem ráðherra nefndi þó undir lok ræðu sinnar og þá loksins skýrðist tilefni þessa vefréttarlega frv. (**Félmrh.:** Ég var bara að gera þingheim spenntan.) Og má segja að það hafi tekist. Það var þó alveg skýrt í lokin að tilgangurinn er sem sagt fyrst og fremst sá að breyta reglum sem lúta að atvinnuleyfi eða ekki atvinnuleyfi þessara „listamanna" sem sloppið hafa inn í landið á þeirri undanþáguheimild sem er í lögunum um atvinnuréttindi útlendinga og ætluð var fyrir íhlaupavinnu eða tímabundnar stuttar heimsóknir listamanna til landsins, þ.e. þeirra sem koma utan hins sameiginlega vinnumarkaðar Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég fagna þessu frv. eins og hv. síðasti ræðumaður. Örlítill litur er sýndur í þá átt að taka á þessu máli þegar það er orðið að miklum hausverk og vandamáli eins og svo oft vill verða hjá okkur Íslendingum. Gjarnan hefði verið ástæða til að fá líka skýrar upplýsingar um það hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst fyrir í þessum efnum að öðru leyti. Ég hygg að í umræðum um þessi mál fyrr á þinginu, fyrir jól, hafi verið boðað að á þeim yrði tekið á vettvangi ríkisstjórnarinnar þannig að tveir og jafnvel fleiri ráðherrar mundu þar leggja í púkk, hæstv. félmrh. með þessum breytingum á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, samgrh. sem ráðherra ferðamála með breytingum á lögum um flokkun skemmtistaða og jafnvel hugsanlega dómsmrh. einnig. Þó veit ég ekki hvort þetta kæmi hugsanlega við þann hluta þessara mála sem heyra undir dómsmrh., útlendingaeftirlit og annað því um líkt. Ef hæstv. ráðherra hefur frekari upplýsingar um hvernig verið er að taka á þessu hjá ríkisstjórninni í heild, þá væri æskilegt að fá það fram hér því að þetta er einungis lítill angi þessa *máls og, eins og hæstv. ráðherra sjálfur kom inn á, breytir* a.m.k. ekki þeim hluta þessara starfsmanna eða kvenna, sem ég held að sé nú í nánast öllum tilvikum, sem koma af Evrópska efnahagssvæðinu í krafti þess réttar að ferðast frjálst um Evrópska efnahagssvæðið og leita sér að atvinnu.

Ég held, herra forseti, að uppkoma og uppgangur þessara nektarbúllna, nýjasta afsprengis klámiðnaðarins sem hér hefur fest rætur á Íslandi á síðustu missirum, sé eiginlega algerlega dæmigert fyrir þann sofandaháttt sem við Íslendingar sýnum oft í málum af þessu tagi. Ég minnist þess þegar hv. fyrrv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók þetta mál upp hér, líklega í tengslum við það þegar fyrsti eða annar staðurinn af þessu tagi var að spretta upp í borginni, og hóf um það umræður á þinginu og spurðist t.d. fyrir um hvort þetta væri viðurkennt sem listgrein þannig að rétt væri að líta svo á að þarna væru á ferðinni listamenn sem ættu að eiga greiða leið inn í landið á grundvelli undanþágna sem slíkum væru ætlaðar. Ég hygg að hv. þm. hafi einnig spurt að því hvort slíkar konur hefðu atvinnuleyfi og það skyldi nú ekki vera að mönnum hafi beinlínis þótt þetta hlægilegt á þeim tíma að vera að gera sér rellu út af slíkum hlutum. Það var algert andvaraleysi ríkjandi, að sjálfsögðu eins og venjulega. Síðan vakna menn upp við vondan draum. Staðirnir eru orðnir 12 eða 13 sagði hæstv. ráðherra og í þeim byggðarlögum þar sem þeir hafa hreiðrað um sig er uggur í fólki yfir því sem þarna fer fram og þá kannski ekki síður því sem gjarnan fylgir með í kaupunum þegar starfsemi af þessu tagi festir rætur. Það eru hlutir sem ég held að ekkert samfélag óski sérstaklega eftir að fá.

Nú eru menn komnir með hausverk út af öllu saman og þá koma vandræðaleg viðbrögð af þessu tagi þegar á grundvelli áralangs andvaraleysis er búið að opna allar gáttir fyrir þessum hlutum sem að mínu mati hefði verið heppilegast að reyna að finna leiðir til að banna og koma í veg fyrir að yfir höfuð væru hér á ferðinni því að þetta er heldur ógeðfelld starfsemi og henni fylgir fátt gott það ég þekki til, t.d. miðað við þau vandamál sem slíkri starfsemi eru yfirleitt tengd erlendis og tengjast fíkniefnum, alvarlegum glæpum o.s.frv.

Það er ekkert leyndarmál, herra forseti, að þessi iðnaður er í grófum dráttum rekinn af mafíunni. Á meginlandi Evrópu er slíkur iðnaður að mestu leyti rekinn núna af rússnesku mafíunni eða rússnesku mafíunum sem hafa náð undirtökunum í þeim heimi á meginlandi Evrópu og eru jafnvel farnar að færa út kvíarnar á austurströnd Bandaríkjanna. Hvað fylg-

ir með þegar svona þrælahald í gróðaskyni er rekið af slíkum aðilum? Því fylgir harðara ofbeldi og glæpir til að gæta þeirra miklu hagsmuna sem þarna eru á ferðinni. Í skjóli þessa þrífst vændi og í skjóli þessa þrífst eiturlyfjadreifing og til að passa upp á þá hagsmuni og þá fjármuni sem þarna fara um hendur eru oftar en ekki vopnaðir ofbeldismenn hafðir til að gæta hagsmuna þeirra sem að rekstrinum standa. Ég held að við Íslendingar ættum að gera okkur grein fyrir því að við stöndum frammi fyrir grafalvarlegum hlutum. Það eru öll einkenni þess, t.d. hvernig þær ógæfumanneskjur sem í þetta þrælahald hafa verið hnepptar, að við gætum staðið frammi fyrir sambærilegum hlutum og gerum það kannski nú þegar. Ég hvet því til þess að menn skoði það af mikilli alvöru að reyna að leita leiða þó seint sé til að koma þessum ófögnuði af höndum okkar á nýjan leik.

Að svo miklu leyti sem eitthvað af þessu tagi verður talið skylt að leyfa hér eða menn velja að leyfa hér, þá ætti auðvitað að gera það á grundvelli mjög strangra reglna, eingöngu á stöðum sem uppfylla mjög strangar kröfur um öryggi og hafa sérstök starfsleyfi, eru flokkaðir í sérstakan flokk sem næturskemmtistaðir eða annað því um líkt. Það er í rauninni algerlega fráleitt að starfsemi af þessu tagi skuli geta komist á fót í skjóli almennra skemmtanaleyfa eða vínveitingaleyfa og í skjóli þess einnig að búið er að gefa opnunartíma skemmtistaða frjálsan. Menn hafa því í rauninni nánast hent frá sér öllum möguleikum til að hafa eftirlit með þessu.

Borgaryfirvöld og bæjaryfirvöld virðast ekki hafa borið gæfu til að fara þá leið að krefjast þess að starfsemin væri staðsett á sérstökum stað eða með sérstökum hætti þannig að unnt væri að viðhafa sérstakt eftirlit o.s.frv. heldur er þessu eftir atvikum dreift tilviljanakennt um sveitarfélögin og fleira mætti nefna í þeim dúr.

Dapurlegast af öllu, herra forseti, finnst mér þó vera það þrælahald sem þarna er stundað á ógæfusömum ungum konum sem gjarnan eru hnepptar í slíka starfsemi vegna fátæktar og neyðar heima fyrir. Það er auðvitað engin tilviljun að þær eru að stórum hluta frá þeim löndum í austanverðri Evrópu þar sem félagsleg upplausn, fátækt og neyð hefur herjað og herjar enn. Ég yrði stoltur af því, herra forseti, ef Íslendingar hefðu manndóm í sér til að banna þessa starfsemi með sambærilegum hætti og við bönnum t.d. box og er eitt af því fáa sem enn getur þó gert mann hreykinn að við höfum kjark til þess að verja það bann. Ég vildi gjarnan sjá að við værum menn til þess og þyrðum að hafa okkar áherslur í málum af þessu tagi jafnvel þó þær brytu eitthvað í bága við það sem gerist í öðrum löndum. En að fara algerlega á hina hliðina og hafa þetta kannski eftirlitslausara og aðhaldslausara en víðast hvar annars staðar, og er þá langt til jafnað, er náttúrlega alveg grátlegt, herra forseti. Ég vona því að þetta sé frekar upphafið og aðeins það fyrsta sem við sjáum af einhverjum alvörutilraunum til að koma böndum á þessa starfsemi og helst koma henni með öllu úr landinu.

[18:29]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þetta frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga sem hér er lagt fram og er hið þarfasta plagg. Það er angi af miklu stærra máli en titillinn gefur til kynna. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem fór yfir sviðið og talaði tæpitungulaust er þetta fyrsta skrefið til þess að geta komið einhverjum böndum á þá starfsemi sem hefur náð hér fótfestu, þ.e. nektardansstöðum og klámiðnaði víða um borgina, á 12–13 stöðum á landinu.

Árið 1994 þegar lögin um atvinnuréttindi útlendinga voru sett með undanþágu fyrir listamenn fylgdi engin skilgreining á orðinu listamaður. Ég held að árið 1994 hafi hreinlega ekki hvarflað að nokkrum manni hvernig hægt yrði að teygja orðið listamaður. En tímarnir hafa breyst hratt og við höfum ekki alveg náð að fóta okkur í þessari þróun í skemmtanalífinu. Því miður erum við svolítið á eftir með lagarammann og verðum að gera það sem við getum til að grípa í taumana og bæta umhverfi okkar þannig að hér þrífist ekki rekstur í skjóli almennra vínveitingastaða þegar alls staðar annars staðar í kringum okkur gilda ákveðnar reglur um næturklúbba eða starfsemi af þeim toga sem komist hefur á legg á Íslandi í dag. Nú er klámiðnaðurinn viðurkenndur hér á landi.

Ég tek undir það sem kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, um það sem gerðist þegar komið var með athugasemdir um þessa iðngrein, sem skilgreind hefur verið sem listdans í kringum súlu, og þegar það var tekið upp á þinginu lenti umræðan út og suður í alls konar kjánaskap og útúrsnúningi. Mönnum fannst hálfhjákátlegt að taka þessa umræðu upp á þinginu en hefðu betur hlustað þá og gert þær ráðstafanir sem við sjáum í dag að verður að gera.

Í ljós hefur komið að þessar stúlkur sem koma hingað í fjórar vikur í senn undir því yfirskini að þær séu listamenn að dansa á skemmtistöðum eru réttlausar. Það er ekki alltaf farið vel með þær, tala mætti um þrælahald og misnotkun og í kringum þessa skemmtistaði þrífst vændi. Við erum ekkert öðruvísi en aðrar þjóðir og vændi þrífst í kringum þessa staði. Í kringum klámiðnaðinn þrífst líka og dafnar neysla á ólöglegum fíkniefnum. Hvort sem mafían er komin hingað til Íslands eða er væntanleg þá er þetta rekstur sem mafían hefur tileinkað sér og stundar a.m.k. í löndunum í kringum okkur.

Því fagna ég því að þetta frv. til laga um breytingu á lögunum um atvinnuréttindi útlendinga er komið fram þannig að hægt sé að skilgreina í reglugerð hverjir teljist listamenn svo hægt sé að vinna áfram að öðrum lagasetningum sem skilgreina þá klám og skilgreina vínveitingastaði. Þannig berum við hugsanlega gæfu til þess að hreinlega banna þennan iðnað á Íslandi.

[18:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka góðar viðtökur þessa litla frv. og jákvæðar undirtektir. Staðirnir sem auglýsa þennan dans eru 12 og samkvæmt upplýsingum okkar í félmrn. má áætla að á milli 50 og 70 konur starfi í einu á þessum stöðum. Þetta er því töluverður hópur og þarna er töluverð starfsemi.

Í kjölfar mikilla umræðna um þessa nektardansstaði hafa fylgt staðhæfingar um að vændi sé stundað í tengslum við þessa starfsemi á Íslandi. Það hefur komið fram í þessum umræðum en rannsóknir lögreglu hafa ekki staðfest þennan orðróm. Íslensk yfirvöld hafa tekið þátt í samnorrænni umræðu um þróun og útbreiðslu vændis á Norðurlöndum og könnun á mögulegum aðgerðum til að sporna við frekari útbreiðslu. Talið er að rekja megi vændi að einhverju leyti til skipulagðrar glæpastarfsemi þar sem fram fer verslun með konur til kynlífsþrælkunar. Jafnvel er talið að Ísland sé ekki undantekning þar en í þeim efnum hefur ekkert sannast, því miður eða kannski sem betur fer. Væri þetta í mjög ríkum

mæli orðinn þáttur í þjóðlífinu þá held ég að lögreglan hlyti að hafa komist á snoðir um það.

Þessi umræða um verslun með konur á alþjóðavettvangi hefur staðið í nokkur ár. Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins stóð fyrir ráðstefnu um þessi mál árið 1998 þar sem fram kom að margar þeirra kvenna sem lenda í þessari aðstöðu eru frá Mið- og Austur-Evrópu. Þær eru tældar til Vesturlanda í von um betra líf en bíður þeirra í heimalandi þeirra. Þegar þær eru komnar yfir landamæri landsins sem förinni er heitið til er algengt að vegabréf þeirra séu tekin af þeim og þær lokaðar inni í vændishúsum. Við þekkjum dæmi þess hér að vegabréf hafi verið tekin af þessum stúlkum, að forráðamenn þessara húsa hafa tekið af þeim vegabréf og farseðla. Þær njóta náttúrlega hvorki heilbrigðis- né félagsþjónustu á vegum þess opinbera í þeim löndum þar sem þær dveljast.

Ráðherraráð Evrópuráðsins hefur látið vinna drög að leiðbeinandi reglum til aðildarríkjanna gegn flutningi fólks til kynlífsmisnotkunar ásamt greinargerð. Drögin hafa verið send dóms- og kirkjumrh., heilbr.- og trmrn., menntmrn. og samgrn. til kynningar. Þau verða lögð fram á fundi ráðherraráðs Evrópuráðsins þann 12. febrúar næstkomandi til samþykktar.

Eins og ég sagði áðan kom á síðasta ári upp atvik þar sem erlendar konur sem ráðnar voru til starfa á nektardansstöðum leituðu aðstoðar við að komast af landi brott. Þær töldu sig hafa verið sviknar um vinnuskilyrði og aðbúnað og leituðu til Kvennaathvarfsins um húsaskjól vegna ábendinga íslenskra aðila. Þær leituðu jafnframt til sendiráðs Ungverjalands í Stokkhólmi eftir liðsinni. Í framhaldi af þessu var ákveðið að efna til samstarfs og 12. janúar sl. var haldinn fundur með fulltrúum félmrn., Kvennaathvarfs, útlendingaeftirlits og lögreglunni í Reykjavík. Einnig var boðinn á fundinn fulltrúi félagsþjónustunnar í Reykjavík en hann komst ekki vegna forfalla. Niðurstaða fundarins var að þegar svipuð mál kæmu upp skyldi Kvennaathvarfið hafa samráð við útlendingaeftirlitið eða lögregluna í Reykjavík. Ef nauðsyn er á félagslegri þjónustu þá á að hafa samband við félagsþjónustuna í Reykjavík. Almenna reglan í þessu sambandi er að miðað er við dvalarstað viðkomandi. Hér er miðað við að dvalarstaður þeirra sé Kvennaathvarfið.

Eins og ég sagði áðan er verið að endurskoða lögin um atvinnuréttindi útlendinga. Nefndin er að störfum, það er náttúrlega nefnd á vegum félmrn. Þetta er hluti af hennar verki sem okkur þótti það áríðandi að taka yrði það strax fyrir. Því er þetta frv. flutt svo snubbótt.

Þá kemur að fjármálahlið málsins. Við höfum fylgst með fréttum, sem ég rengi ekki, um greiðslukortaúttektir á ótrúlegum upphæðum. Ef ég man rétt þá eyddi einn viðskiptamaðurinn milljón á tveimur kvöldum og annar 800 þúsundum á einu kvöldi. Forsvarsmaður greiðslukortafyrirtækisins kom í sjónvarpið og kallaði þessar greiðslur graðgreiðslur ef ég man rétt og rímar það við raðgreiðslur. Reyndar neitaði greiðslukortafyrirtækið eðlilega viðskiptum við tvo tilgreinda skemmtistaði. Nú hafa þeir að vísu náð samningum um viðskipti aftur.

Síðan kemur manni í hug: Hvað er klám og hvað er klámiðnaður, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon? Ég hef af því fréttir úr blöðum að í höfuðborg kjördæmis hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, Akureyri, hafi um síðustu helgi verið opnuð listsýning. Hún heitir Losti 2000. Ég hef einungis fréttir úr blöðunum. Ég hef séð myndir, t.d. af hæstv. iðn.- og viðskrh. sem var að skoða sýninguna furðu lostin á svip og má segja að hún ræki upp stór augu. Í blöðum hafa birst fréttir af nokkuð vafasamri hegðun sýningargesta. Þetta er ekki súludans sem þarna fer fram. Þar er eitthvað annað á ferðinni og ég veit satt að segja ekki hvert við erum komin. Ég hélt að Akureyringar hefðu náð botninum þegar þeir sýndu málverkið eftir köttinn en það er lengi hægt að bæta pinkli á Skjónu.

[18:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú held ég að hæstv. félmrh. hafi orðið hált á svellinu. Hann ruglar saman óskyldum hlutum. Við gerðum réttast í því ef við færum og skoðuðum þessa sýningu og dæmdum þannig fremur en að fjalla um hana óséða eins og mér virðist hér vera gert. Auk þess geri ég afar mikinn greinarmun á listsköpun sem getur farið inn á þessi svið og kallast erótísk list af einhverju tagi eða sýningar. Myndlist og annað í þeim dúr er vel þekkt grein innan listarinnar en á alls ekki nokkurn skapaðan hlut skylt við þá ógeðfelldu starfsemi sem hefur nektina að féþúfu eins og gert er á þessum búllum og allt sem þessari starfsemi tengist.

Ég tek fram að þau dæmi sem ég nefndi eru fyrst og fremst niðurstaða reynslu manna af sambúð við þessa hluti erlendis. Ég fullyrði ekkert um á hvaða stigi þessi mál eru nákvæmlega hér. Ég þekki ekkert til þess og sjálfsagt er ekki fullreynt enn þá hvernig þróunin verður hér. Það sem ég er að vara við er hættan á því að þróunin verði sambærileg hér og orðið hefur í nálægum löndum. Þar tengjast þessari starfsemi mjög óæskilegir hlutir sem ég held að við gætum örugglega öll orðið sammála um að við vildum helst vera laus við hér á Íslandi og auðvitað alls staðar.

Ég er ekki viss um að dæmi sem hæstv. ráðherra tók af tiltekinni sýningu norður í landi eigi nokkurt sérstakt erindi inn í þessa umræðu, né heldur nafngreining á þeim ágæta höfuðstað Norðurlands, Akureyri, sérstaklega. Þar er að vísu er eitthvað um þessa starfsemi en hún hefur fest rætur í mörgum fleiri sveitarfélögum og er væntanlega mun umfangsmeiri hér í höfuðborginni og á höfuðborgarsvæðinu. Það skiptir svo sem ekki máli hvar þetta er staðsett heldur hvað þarna er á ferðinni.

[18:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þori ekki að fullyrða um það en einhvern veginn finnst mér að erótískir dansstaðir séu flestir á Akureyri miðað við fólksfjölda. Þó að hv. þm. vilji að sjálfsögðu sóma síns byggðarlags eða höfuðstaðar Norðurlands eystra sem mestan þá verður hann að búa við þetta.

Erótík er falleg og skemmtileg og því ber að fagna þegar vel tekst til. En spurningin er: Hvar endar listin og hvar byrjar klámiðnaðurinn? Ég leyfi mér að fullyrða að það er engin goðgá að hafa til hliðsjónar þessa sýningu. Ég hef að vísu ekki skoðað þessa tilteknu listsýningu en af þeim fréttum sem fjölmiðlar hafa borið af henni þá leyfi ég mér að kalla hana klámiðnað.

[18:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað geta verið vandamál því samfara að draga landamæri hér. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því. Það er erfitt að svara þessari spurningu sem enginn einhlítur mælikvarði er til um: Hvar endar listin og hvar byrjar klámiðnaður eða klám? Einhvern tímann var bönnuð sýning á málverki í borginni. Það nefndist Vorleikur og þætti ekki hneykslunarefni í dag. Þetta er auðvitað líka

háð tíðarandanum og viðhorfum manna á hverjum tíma sem breytast.

Ég get alveg tekið undir það að í sjálfu sér mætti heimfæra sjálfan dansinn sem fram fer á þessum stöðum undir list. Hann sem slíkur er ekki hið ógeðfellda sem þarna er á ferðinni heldur hitt sem tengist þessu. Þetta er fjárplógsstarfsemi. Þetta eru okurbúllur, það bera allar upplýsingar vitni um. Verðlag er þarna himinhátt og beinlínis svindlað á mönnum eftir því sem sagt er. Þó er það sennilega miklu alvarlegra sem yfirleitt fylgir með, afsprengi þessarar starfsemi sem þrífst í skjóli hennar hvar sem hún hefur skotið rótum. Í skjóli nektarstaða er tilhneiging til upp komi vandamál eins og vændi, fíkniefnaneysla og harðsvíraðir ofbeldisglæpir, vopnuð gæsla og annað í þeim dúr. Rekstraraðilarnir verða oftar en ekki skipulögð glæpasamtök sem gera út ógæfumanneskjur, hafa þær nánast í ánauð og flytja hreppaflutningum milli staða og milli landa. Við verðum að horfast í augu við þessa hluti. Við getum ekki reiknað með því að sleppa við hina neikvæðu fylgifiska þessarar starfsemi frekar en aðrar þjóðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 190. mál. — Þskj. 220.

[18:49]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum á þskj. 220. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson og Einar Oddur Kristjánsson. Tillgr. er svo hljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að undirbúa stofnun miðstöðvar nýbúa á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarstjórnir, Rauða kross Íslands og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Hlutverk miðstöðvarinnar verði að greiða fyrir samskiptum Íslendinga og erlendra ríkisborgara, vinna með sveitarstjórnum að eflingu þjónustu fyrir erlenda ríkisborgara, fyrirbyggja vandamál í samskiptum fólks af margvíslegum menningarsvæðum og auðvelda aðlögun erlends fólks að íslensku þjóðfélagi."

Eins og menn vita hefur sú breyting orðið á íslensku þjóðfélagi að á allra síðustu árum hefur það aukist mjög að hingað sæki fólk af ýmsu þjóðerni frá fjölbreytilegum menningarsvæðum. Enginn vafi er á því að þetta hefur í langflestum tilvikum tekist ákaflega vel. Fjölbreytni samfélagsins hefur aukist, ný atvinnustarfsemi hefur byggst upp. Hér hefur orðið vart menningarstrauma sem annars voru okkur ókunngir. Með öðrum orðum er þetta ákaflega jákvæð þróun fyrir samfélag okkar og skilar okkur heilmiklu. Við höfum líka opnað landið að mörgu leyti. Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu er auðvitað gott dæmi um það. Norðurlandabúar áttu mjög auðvelt með að fá vinnu á sínum tíma og eiga það að sjálfsögðu enn. Með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu hefur þetta opnast betur, fyrir fólk sem þar býr kýs að búa. Auk þess hefur auðvitað um mjög langan aldur verið ákveðin hefð fyrir því að hingað komi fólk til skemmri tíma til vinnu á Íslandi.

Fyrir ekki mjög mörgum árum tíðkaðist að hingað kæmi fólk frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu sem dvaldist í nokkra mánuði í senn. Það kaus að koma við á Íslandi og kynnast aðeins landi og þjóð, vinna sér fyrir farareyri til þess að geta haldið áfram að ferðast um Evrópu og allt var þetta auðvitað ákaflega gott. Þetta treysti bönd, menn stofnuðu til hjónabanda og allt var þetta af hinu góða.

Á síðustu árum höfum við séð að vaxandi þörf er fyrir vinnuafl víða úti á landsbyggðinni í störfum sem Íslendingar af ýmsum ástæðum kjósa að vinna ekki. Þessu hefur verið mætt með því að hingað hafa flust heilmargir útlendingar sem tekið hafa upp þessi störf og það hefur verið mjög mikilvæg búbót fyrir efnahagslíf okkar Íslendinga og mannlífið úti á landsbyggðinni.

Ekki er hægt að horfa fram hjá því að breytingum af þessu tagi geta fylgt vandamál. Sem betur fer hafa þessi vandamál verið ákaflega fátíð og í langflestum tilvikum hefur þessu fólki gengið vel að eiga samskipti við Íslendinga. Auðvitað er mismunandi hvernig fólki hefur gengið að aðlagast samfélaginu í þessum byggðarlögum. Stundum hefur það gerst, stundum ekki. Það eru auðvitað heilmiklir tungumálaerfiðleikar, tungumálaþröskuldar sem erfitt er að komast yfir. Þetta hefur gert það að verkum að sú staða hefur komið upp í t.d. í litlum þorpum þar sem búsettir eru margir útlendingar sem ekki tala hvorki íslensku eða alheimsmálið ensku. Það hefur auðvitað ýtt undir einangrun sem getur ef illa tekst til leitt af sér fordóma og jafnvel vandamál í samskiptum fólks þó ekki hafi komið til þess hingað til.

Ef við skoðum það sérstaklega þá er greinilegt að Vestfirðir standa mjög upp úr að þessu leytinu. Þar býr langstærsta hlutfall þeirra sem kallaðir eru nýbúar, fólk með erlent ríkisfang. Af þeim tölum sem fram koma í greinargerð þessarar þáltill. má sjá að samkvæmt nýjustu tölum sem voru þá fáanlegar, þ.e. frá 31. desember 1998, voru 7,3% íbúa á Vestfjörðum með erlent ríkisfang eða 630 manns. Það var talsverð fjölgun frá árinu á undan, þá voru það 5,3% íbúa eða 461 maður á Vestfjörðum með erlent ríkisfang. Auðvitað er hlutfallið býsna misjafnt eftir sveitarfélögum. Hlutfallið getur líka verið misjafnt milli ára. Stundum háttar þannig til að mikill uppgangur getur á ákveðnum tíma verið í fiskvinnslu á einum stað. Kannski vantar fólk til starfa tímabundið, það hækkar þessa tölu á viðkomandi svæði. Þannig getur þetta auðvitað breyst talsvert mikið.

Ef við skoðum samsetningu þessa hóps, þá er það svo að meiri hluti útlendinga á Vestfjörðum er frá Póllandi eða 363 af 630, það eru 57,6% fólks með erlent ríkisfang á Vestfjörðum frá Póllandi.

Menn koma jafnframt frá enn fjarlægri stöðum. Íbúar á Vestfjörðum með erlent ríkisfang eru frá alls 40 þjóðlöndum sem er býsna mikið í svo litlu samfélagi. Margt hefur verið gert til að reyna að auka samkennd íbúanna að þessu leyti. Hjá fólki sem gleggst þekkir til á Vestfjörðum er mikill áhugi á að reyna að styðja við að fólk geti samlagast sem best. Á Vestfjörðum hefur komið í ljós að ýmsir þeir erlendu íbúar sem hafa búið þar um tíma hafa sýnt því áhuga að flytja þangað með fjölskyldur sínar og setjast að, verða nýtir og góðir þjóðfélagsþegnar. Því ber að fagna og auðvitað styður það nauðsynina á því að við reynum að byggja upp þessa þjónustu sem allra best þar sem hennar er þörf.

Vestfirðingar hafa sjálfir haft mikið frumkvæði að því að auka þessa samkennd, m.a. með því að efna til svokallaðrar þjóðahátíðar þar sem íbúar af Vestfjörðum með erlent

ríkisfang hafa haft veg og vanda af mjög vandaðri menningardagskrá í tvígang, kynnt siði og venjur frá heimalandi sínu og borið fram veglega veislurétti. Á þessum vetri er fram undan slík þjóðahátíð sem að þessu sinni verður haldin í Bolungarvík. Áður höfðu þær verið haldnar á Ísafirði og Flateyri. Allt er þetta mjög mikilvægt til þess að styðja við þessa þróun sem allir vilja að eigi sér stað.

Ljóst er að fella þarf stuðning við nýbúana inn í fastmótaðan farveg svo vel takist til. Það þarf að uppræta alla fordóma sem við gerum fyrst og fremst með því að auka þekkingu fólks á högum hvers annars og tryggja þannig að samskipti þess gangi sem best. Við vitum að þetta getur verið kostnaðarsamur stuðningur. Sveitarfélögin eru mjög mörg veik fjárhagslega, ekki síst vegna þeirrar neikvæðu íbúaþróunar sem þar hefur verið á undanförnum árum. Við eigum að sjálfsögðu að byggja upp þennan stuðning og þetta starf í gegnum félagsþjónustu hvers sveitarfélags fyrir sig. Engu að síður þarf einhvers konar samþættingu, einhvers konar aðstoð. Það er langeðlilegast að hún fari fram á þessu svæði sjálfu. Ég veit að af hálfu félmrn. hefur verið unnið mjög gott starf að þessu leyti. Mér er líka kunnugt um að í krafti þess mikla afls sem í höfuðborginni býr hafi svona uppbygging átt sér stað þar. Ég hef haft aðstöðu til að kynna mér það að nokkru leyti en það sýnir hins vegar nauðsynina á því að við getum byggt upp þjónustu af þessu tagi úti á landsbyggðinni, á Vestfjörðum þar sem hennar er mikil þörf. Ég held að það væri mikilvægt fyrir alla að vel takist til.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, virðulegi forseti, að þessari till. til þál. verði vísað til hv. félmn. og seinni umr.

[18:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á vegum félmrn. er starfandi starfshópur um málefni nýbúa. Í hópnum eru fulltrúar frá samtökum atvinnulífsins, dóms- og kirkjumrn., utanrrn., heilbrrn., Sambandi ísl. sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands og menntmrn. Samkvæmt skipunarbréfi er hópnum m.a. falið að kanna grundvöll fyrir stofnun landsmiðstöðvar eða annars samstarfsvettvangs um málefni útlendinga. Um yrði að ræða þjónustu- eða fræðslumistöð sem falin yrði m.a. eftirtalin verkefni: Upplýsingaþjónusta og útgáfa fræðsluefnis, ýmsar leiðbeiningar og ráðgjöf, túlka- og þýðingarþjónusta, umsjón með grunnnámskeiðum og fræðslu, margþætt menningarstarfsemi og aðstaða fyrir ýmsa aðila sem starfa nú þegar að málefnum útlendinga.

Fyrsta verk þessa starfshóps er að afla gagna og upplýsinga. Í stað þess að kalla fyrir nefndina fjölda fólks er stefnt að því að halda stóran vinnufund innan skamms með fulltrúum frá fjöldamörgum samtökum og stofnunum sem koma að þessum málaflokki. Verður m.a. leitað álits á því hvernig best verði komið fyrir þjónustu við innflytjendur í því skyni að tryggja betur en nú er gert að komið sé til móts við þarfir þessa fólks. Það hefur verið óskað eftir þátttöku fulltrúa frá Rauða krossinum og ýmsum samtökum útlendinga, frá útlendingaeftirlitinu, frá Vestfirðingum, þ.e. áhugahópi um menningarfjölbreytni, frá flóttamannaráði, lögreglunni og fleirum. Til samvinnu verða kallaðir ýmsir rannsakendur sem hafa gert eða eru að vinna að rannsóknum á högum og aðstæðum innflytjenda hér á landi, bæði fullorðnum og börnum.

Stefnt er að því að safna fróðleik úr þeim skýrslum og könnunum sem gerðar hafa verið um útlendinga hér á landi og ná saman upplýsingum frá þeim sem best þekkja til. Verði í framhaldinu talið reynast nauðsynlegt að kanna nánar ákveðin svið getur komið til þess að efna til sérstakrar könnunar. Það er eðlilegt og að mörgu leyti jákvætt að mörg ráðuneyti koma að þessum málaflokki en á hinn bóginn getur það líka staðið þróunarvinnu fyrir þrifum að málefni útlendinga heyra undir a.m.k. fjögur ráðuneyti, dómsmrn., menntmrn., heilbrrn. auk félmrn. Sú staðreynd rennir stoðum undir það sjónarmið að nauðsyn sé á aukinni samræmingu í vinnubrögðum og þjónustu við innflytjendur. Þess er vænst að niðurstöður starfshópsins leiði til þess.

Ég held að okkur beri skylda til að sinna þessu máli. Erlent vinnuafl er gildur þáttur í þjóðarbúskapnum og við komumst ekki af án erlends vinnuafls fyrir utan það að útlendingar hafa á mörgum sviðum auðgað menningu okkar svo ómetanlegt má teljast. Ég spyr t.d. hvernig menn hugsa sér að tónlistarlíf Íslendinga væri ef til landsins hefðu ekki komið útlendingar, sest að og farið að starfa að tónlist.

Við höfum fengið verulega reynslu í félmrn. af móttöku flóttamanna. Við höfum reynt að vinna að aðlögun þeirra að íslensku þjóðfélagi. Við höfum gefið út handbók fyrir þá sem starfa með útlendingum. Við höfum styrkt orðabókaútgáfu. Við höfum gefið út bæklinga fyrir útlendinga á níu tungumálum, að mig minnir, um réttindi og skyldur fyrir þá sem koma til landsins. Við höfum einnig styrkt t.d. Alþýðusamband Vestfjarða til að þýða kjarasamningana.

Ég var á ferð á sunnanverðum Vestfjörðum fyrir nokkrum dögum og varð þá enn ljósari þörfin á því að vinna markvisst að þessum málum. Ég mun hafa það í huga reyna að efna til miðstöðvar fyrir nýbúa. Ég tel alveg einboðið að hafa hana á Ísafirði vegna þess að hér í Reykjavík hefur borgin sinnt þessum málum myndarlega enda eru hér miklu fleiri úrræði fyrir aðkomufólk en eru fyrir vestan.

Að endingu get ég látið þess getið að ég hlakka til að þiggja boð á þjóðahátíðina í Bolungarvík.

[19:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna góðum undirtektum félmrh. við þetta mál. Ég held að þingmenn Vestfjarða séu hér að hreyfa hinu þarfasta máli. Vestfirðir eru sá landshluti þar sem sennilega hlutfallslega flestir erlendir ríkisborgarar starfa. Vegna fjölskylduhaga minna þekki ég ákaflega vel til að þess leyti. Ég þekki mjög marga útlendinga sem starfa á Vestfjörðum og hafa starfað þar í mörg ár. Sumir þeirra hafa nú þegar sótt um íslenskan ríkisborgararétt eða eru að huga að slíku og um það er ekkert nema gott að segja.

Maður hefur hins vegar greinilega orðið var við að fólkið veit lítið um rétt sinn, allt of lítið. Það er mjög lengi að átta sig á félagslegu réttindum sínum. Það býr hér kannski í nokkur ár áður en það fær höndlað sjálfsagða hluti t.d. eins og að fylgjast með fjölmiðlum og fréttum. Það veit ekki hvað er að gerast. Það nær ekki að kynna sér nægilega vel það sem um er að vera og lifir jafnvel í hópi án þess að íslenskur veruleiki sé þeim alveg ljós. Ég held að það væri afar þarft að koma á fót nýbúamiðstöð þar sem fólkinu stæði til boða ýmis þekking um réttindi og skyldur þess í íslensku samfélagi. Einkum er mikilvægt að huga að málakunnáttu fólksins, að hjálpa því að öðlast nokkurt vald á íslensku máli.

Það er ákaflega fróðlegt að sjá þegar sumt erlent fólk hefur verið hér í 2–3 ár. Þá koma stundum börn þessa fólks

til dvalar hér á landi. Ég hef tekið eftir því að börnin fara eðlilega í skóla og umgangast jafnaldra sína. Börn eru ákaflega fljót að læra tungumál og það er mjög athyglisvert að kannski 10–12 ára barn er orðið altalandi á íslenskt mál, á sína félaga og fellur mjög vel að íslensku samfélagi, en er síðan að túlka fyrir foreldra sína vegna þess að þeir hafa ekki fengið þá þjálfun sem barnið hefur fengið. Ég held að við gætum gert þjóðinni mikið gagn og þessu fólki með því að gefa því kost á stuttum og hnitmiðuðum námskeiðum í íslensku. Þar mætti ekki fara í of mikið í einu. Þetta fólk er náttúrlega allt í fullri vinnu en þetta þyrfti að vera mjög skipulagt og þannig að fólk gæti tekið hvern áfangann á fætur öðrum. Auðvitað hefur svolítið verið gert af þessu og stéttarfélög á Vestfjörðum hafa látið þýða kjarasamninga sína á pólsku svo dæmi sé tekið. Ég er á því að við Íslendingar mundum mjög fljótlega njóta góðs af því í meira mæli ef þessu fólki væri fyrr gert kleift að skilja tungumál okkar, öðlast skilning á venjum okkar og framkomu. Þannig mundum við í raun öðlast meira af því sem þetta erlenda fólk getur fært okkur ekkert síður en við getum fært því meira.

[19:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þáltill. sem hér er til umræðu um nýbúamiðstöð á Vestfjörðum og eflingu starfs á þessu sviði þar. Það er klárt að fólk frá hinum ýmsu löndum sem starfar og dvelur á Vestfjörðum eru hinir bestu þjóðfélagsþegnar hvort sem þeir starfa hér lengur eða skemur. Margt fólk ílendist hér og því er sjálfsagt að styrkja stöðu þess og jafnframt að gera því auðveldara að starfa í íslensku samfélagi og verða hluti af því.

Ég hlýt að leggja þunga áherslu á tungumálakunnáttuna, þ.e. á íslenskukennsluna. Þetta fólk þarf á sem skemmstum tíma að geta tileinkað sér íslenskt tungumál þannig að samskipti þess við aðra landsmenn verði sem greiðust og best. Tungumálið er lykillinn og ber að hafa það mjög svo rækilega í huga við eflingu þessa starfs.

Herra forseti. Ég lýsi því yfir að þetta er hið besta mál að mati okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

[19:09]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil láta í ljósi ánægju yfir þeim góðu viðtökum sem málið hefur fengið í umræðunum. Það kemur mér þó ekki á óvart. Ég hef orðið var við að þetta mál hefur fengið ákaflega jákvæðar viðtökur. Þetta mál var flutt á síðasta þingi. Þá var málinu vísað til félmn. Það var kallað eftir umsögnum en tókst ekki að afgreiða það af eðlilegum ástæðum. Umsagnir um tillöguna voru almennt taldar mjög jákvæðar. Við flutningsmenn tókum tillit til þeirra ábendinga sem við töldum að gætu komið að gangi, m.a. frá bæjarstjórn Vesturbyggðar um að þessi stuðningur við nýbúa yrði ekki síst látinn fara fram í gegnum félagsþjónustukerfi í sveitarfélögunum. Það er náttúrlega eðlilegt þannig að við nýtum þá stjórnsýslulegu uppbyggingu sem til staðar er. Engu að síður er mjög mikilvægt að við höfum líka miðstöð sem menn gætu snúið sér til vegna þess að mörgu af þessu fólki er ekki ljós réttur sinn. Það er alveg rétt sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, að þar þarf örugglega að vinna skipulegar.

Það er líka rétt sem hv. þm. sagði og fleiri tóku undir. Við Íslendingar eigum að líta þannig á að hér sé um að ræða mjög góða viðbót við þjóðfélag okkar, þ.e. að til okkar komi fólk frá útlöndum. Það gerir þjóðfélag okkar fjölbreyttara, þróar það, kynnir okkur nýja menningarstrauma og styrkir á allan hátt þjóðfélag okkar.

Hæstv. félmrh. vakti athygli á að m.a. værum við mjög illa stödd í listalífi, ekki síst tónlistarlífi, ef við hefðum ekki fengið hingað til lands útlendinga sem auðgað hafa menningu okkar. Þeir hafa komið til liðs við okkur þar sem við höfum staðið höllum fæti. Ég vil í þessu sambandi einnig nefna þá miklu breytingu sem hefur orðið í veitingahúsaflóru landsins vegna þess að hingað hafa komið útlendingar sem kynnt hafa okkur fyrir nýjum og framandi siðum í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég vil þó sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félmrh. að hann teldi að stofna ætti miðstöð nýbúa á Íslandi og einboðið að hún yrði á Vestfjörðum. Ég held að þetta sé mjög mikilvæg yfirlýsing og eindreginn stuðningur við mál sem allir hv. þm. Vestfirðinga hafa flutt. Við erum einhuga um þetta mál. Ég held að þetta sé mjög í samræmi við þá hugsun sem við höfum lagt upp með, að þessi þjónusta sé skipulögð sem næst þeim sem hennar eiga að njóta. Þess vegna mæla öll rök með því að þetta sé gert eins og hæstv. félmrh. styður okkur í. Þessi yfirlýsing er stuðningur við þessa tillögu og mjög mikilvægt frumkvæði af hálfu hæstv. félmrh. sem ég þakka sérstaklega fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífskjarakönnun eftir landshlutum, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 264. mál. — Þskj. 335.

[19:13]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Helsta verkefni þessa þings og næstu þinga er að snúa við þeirri byggðaröskun sem verið hefur undanfarin ár. Byggðaröskunin er ekki eingöngu vandi landsbyggðarinnar heldur landsins alls. Byggðaröskun er og verður ekki síður vandi höfuðborgarsvæðisins þegar fram líða stundir. Í raun hefur óeðlileg spenna á vinnumarkaði, eftirspurn eftir húsnæði og félagslegri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu valdið sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu erfiðleikum við að uppfylla kröfur sem skapast hafa í íbúaþróun undanfarinna ára.

Í dag liggur fyrir heilmikil vitneskja um hvers vegna fólk flytur í svo ríkum mæli frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins eða frá dreifbýli í þéttbýli. Orsakir fólksflutninganna eru breyttir hættir í landbúnaði og fiskveiðum, fábreytt atvinnulíf, aukinn hluti þekkingar í framleiðslu og breytt gildismat fólks. En til þess að geta brugðist rétt við og snúið þessari óheillaþróun við þurfum við að skapa skilyrði til að styðja sérstaklega aðgerðir á afmörkuðum svæðum. Þar sem veruleg röskun er á atvinnuháttum og búsetu þurfum við að hafa enn betri þekkingu á ýmsum þáttum sem snúa að fólkinu sjálfu og kjörum þess.

Herra forseti. Því mæli ég fyrir till. til þál. um lífskjarakönnun eftir landshlutum. Tillagan er á þskj. 335 og er 264. mál þingsins. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson. Tillagan er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að láta gera ítarlega könnun á lífskjörum landsmanna, sundurliðaða eftir

helstu þáttum og flokkaða eftir landshlutum þannig að marktækur samanburður fáist. Kannaðir verði allir sömu þættir og skoðaðir hafa verið í neyslukönnunum Hagstofu Íslands svo að nota megi hana til að meta framfærslukostnað fjölskyldna. Auk þess verði metnir allir helstu þættir sem áhrif hafa á almenn lífskjör, svo sem laun, verðlag, kostnaður við skólagöngu barna og ungmenna, kostnaður við heilbrigðisþjónustu og samgöngur, húshitunarkostnaður og aðgangur að almennri þjónustu."

Óþarft er að tíunda þá miklu umræðu sem farið hefur fram að undanförnu um byggðaþróun á Íslandi. Í þeirri umræðu hefur hins vegar náðst sá mikilsverði áfangi að nú er orðið viðurkennt að þessi mikla byggðaröskun er ekki einungis vandi landsbyggðarinnar heldur landsins alls. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um sérstakar aðgerðir í byggðamálum, á þskj. 10, 10. máli þingsins, þar sem fram koma hugmyndir þingflokksins um almennar aðgerðir í þessum málaflokki. Ljóst er að til viðbótar almennum aðgerðum verða að koma staðbundnar aðgerðir miðaðar við aðstæður í einstökum byggðarlögum.

Í skýrslu sem Stefán Ólafsson vann fyrir Byggðastofnun um orsakir búferlaflutninga á Íslandi og gefin var út í nóvember 1997 kemur fram að einn helsti orsakavaldur byggðaröskunarinnar er mismunur á launakjörum og vöruverði milli landshluta. En þar að auki er nauðsynlegt að átta sig á því hvernig einstök byggðarlög eru í stakk búin til að tryggja almenna velferð íbúanna. Aðgangur að hvers kyns félagslegri þjónustu er snar þáttur í almennum lífskjörum og er vissulega misjafn eftir byggðarlögum. Nauðsynlegt er að draga þennan mun fram og í kjölfarið að stuðla að sem jöfnustum rétti allra landsmanna í þessum efnum sem öðrum.

Til að bregðast markvisst við þessum vanda er nauðsynlegt að vinna úr traustum grunnupplýsingum. Mikilvægt er að fá fram vandaða skýrslu um alla þá þætti sem skapa aðstöðumun milli byggðarlaga þannig að í ljós komi til hvers konar aðgerða þarf að grípa á hverju svæði. Sem stendur liggja þessar upplýsingar ekki fyrir þótt finna megi ýmsar vísbendingar um ástand mála í eldri skýrslum. Þar má helst nefna síðustu neyslukönnun Hagstofu Íslands, sem unnin var árið 1995, og ýmsar tölfræðilegar upplýsingar frá sama ári sem fram koma í skýrslu þróunarsviðs Byggðastofnunar um forsendur stefnumótandi byggðaáætlunar 1999–2002.

Í neyslukönnun Hagstofunnar árið 1995 kom fram talsverður munur á meðalársútgjöldum heimila eftir búsetu. Meðalútgjöld heimilis á höfuðborgarsvæðinu voru 2.309.091 kr., í öðru þéttbýli 2.429.970 kr. og 1.985.888 kr. í dreifbýli. Jafnframt kom í ljós að meðalstærð heimila er mjög mismunandi eftir búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu var hún að meðaltali 2,65 en 3,0 í öðru þéttbýli og 3,4 í dreifbýli. Helstu atriði í neysluvísitölunni eru sett upp í töflu sem flokkuð eftir búsetu og birt er með greinargerðinni.

Í töflunni sést að í dreifbýli eru útgjöld til kaupa á mat og drykkjarföngum mun stærri liður í neyslunni en í þéttbýlinu og sama má segja um ferða- og flutningskostnað. Þarna eru vísbendingar um aðstöðumun en flokkunin er allt of gróf til að nokkuð megi af henni ráða um einstök svæði. Vitað er að kostnaður við framhaldsnám unglinga er mikill þar sem sækja verður menntunina í önnur byggðarlög. Sama máli gegnir um húshitunarkostnað á svokölluðum köldum svæðum landsins. Á þessum sviðum og fleirum er verulegur aðstöðumunur sem hefur mikil áhrif á viðhorf fólks til búsetu á tilteknum svæðum. Þetta kemur bæði fram í fyrrnefndri skýrslu sem unnin var af Stefáni Ólafssyni og heitir Búseta á Íslandi og í nýrri skýrslu Byggðastofnunar sem nefnist Byggðir á Íslandi. Í þeirri síðarnefndu er sérstaklega lögð áhersla á nauðsyn þess að grípa til sértækra svæðisbundinna aðgerða í þeim byggðarlögum sem standa hvað höllustum fæti í dag.

Eins og áður sagði eru heildarútgjöld heimilanna í dreifbýli að meðaltali talsvert lægri en í þéttbýli. Það verður að sjálfsögðu að skoða í samhengi við tekjuskiptingu landsmanna. Í fyrrnefndri skýrslu um þróunarsvið Byggðastofnunar kemur fram að meðaltekjur árið 1995 voru mjög mismunandi eftir landsvæðum. Til að mismikil atvinnuþátttaka skekki ekki myndina eru reiknaðar meðaltekjur á íbúa. Þá kemur í ljós að tekjur á íbúa voru hæstar í Ísafjarðarsýslu og Vestmannaeyjum. Nánari sundurliðun sýnir þó að á Vestfjörðum og víðar þar sem sjávarútvegur vegur þungt eru það háar tekjur sjómanna sem hækka meðaltalið en að þeim slepptum eru meðallaun lág. Lægstar voru tekjurnar í Vestur-Skaftafellssýslu, í Dalasýslu og í Reykhólasveit. Frávik frá landsmeðaltali og hlutfallsleg breyting á fjölda ársverka eftir landsvæðum sl. 10 ár voru eins og segir í töflu í grg. sem tekur til margra sveitarfélaga á landinu. Hún sýnir umtalsverð frávik.

Af framansögðu má ljóst vera að þörfin fyrir þá upplýsingasöfnun sem gert er ráð fyrir í tillögunni er brýn svo að hægt sé að sporna við byggðaröskuninni með markvissum aðgerðum sem taka mið af aðstæðum í hverju byggðarlagi.

Herra forseti. Íbúaþróunin og byggðaröskunin heldur áfram eins og síðustu ár. Ekkert virðist hafa dregið úr fækkun í hinum dreifðu byggðum og þéttbýli á landsbyggðinni. Það þarf að koma til markvissra aðgerða þegar á þessu ári svo sveitum landsins verði bjargað frá auðn í nánustu framtíð. Fólk verður að finna von og fá trú á þeim möguleikum sem landsbyggðin hefur upp á að bjóða. Til að svo verði þarf þegar að bregðast jákvætt við ef við viljum halda byggð í landinu. Það er okkur öllum til heilla að sameinast um leiðir til þess að stöðva fólksflóttann og treysta eðlilega íbúaþróun utan höfuðborgarsvæðisins í náinni framtíð. Einhverjir mundu e.t.v. segja að nú sé beðið um enn eina skýrsluna og vissulega er það. En þessi þáltill. er byggð nýlegri úttekt Byggðastofnunar. Hún nefnist Byggðir á Íslandi, aðgerðir í byggðamálum. Þar er hvatt til þess frekari skoðunar á þeim þáttum sem hér hafa verið nefndir til að aðgerðir stjórnvalda verði markvissari.

Ég ætla að vona að það dragist ekki að afgreiða þessa þáltill. í nefndinni sem fær hana til skoðunar. Eitt er þó víst. Í allt of mörgum byggðarlögum vítt og breitt um landið ríkir vonleysi, deyfð og svartsýni sem er bráð nauðsyn á að vinna bug á. Byggðir landsins geta og ættu að eiga sér bjarta framtíð. Það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér.

Herra forseti. Ég óska eftir því að þessari þáltill. verði annaðhvort vísað til allshn. eins og kom fram í upphafi þáltill. þar sem er vísað til Hagstofu Íslands og úttektar hjá henni eða til iðnn. þar sem Byggðastofnun var flutt undir þá nefnd um áramót.

[19:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þáltill. um að fram fari sérstök lífskjarakönnun flokkuð eftir landshlutum eða svæðum þannig að marktækur samanburður fáist er hluti af málafylgju okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við

tókum þá ákvörðun strax á sl. hausti að taka byggðamál sérstaklega fyrir og láta þau hafa umtalsverðan forgang í störfum okkar.

Fyrr á þessu þingi var mælt fyrir tillögu okkar um sérstakar aðgerðir í byggðamálum. Þar var í 12 tölusettum liðum kveðið á um umtalsvert átak í þessum efnum í formi fjárveitinga og stefnumótunar þannig að raunveruleg tilraun og marktæk væri gerð til að snúa þessari óheillaþróun við.

Enginn vafi er á því að liður í því að skilja betur þennan vanda og greina og átta sig á því hvar skóinn kreppir eru gögn af því tagi sem þessi tillaga kveður á um að skuli unnin, þ.e. ítarleg könnun á lífskjörum landsmanna nægjanlega sundurliðuð eftir helstu þáttum og flokkuð eftir búsetu og landshlutum þannig að hægt sé að gera þar marktækan samanburð.

Ýmsir þættir þessa máls liggja fyrir í mismunandi greinargóðu formi. Þar má taka til að ákveðinn samanburður á launum liggur fyrir, flokkað gróft milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar, t.d. í launakönnunum kjararannsóknarnefndar. Þó þarf að vinna þau gögn jafnvel betur, sundurliða og sundurgreina frekar en fyrir liggur. Á bak við meðaltöl leynast oft ýmis frávik sem ástæða er til að hyggja að. Þannig hefur sú klisja verið býsna lífseig í umræðunni að ekki gætu launakjörin haft stórt hlutverk því að meðallaun séu t.d. þau hæstu í landinu á Vestfjörðum. Kannast ekki hv. þm. við að hafa heyrt þetta?

Þegar betur er að gáð kemur í ljós að þetta meðaltal er híft upp af háum launum einnar stéttar sem vissulega er hlutfallslega allfjölmenn í þeim landshluta, það eru sjómenn. Þegar meðallaun annarra starfsgreina eru skoðuð þá eru þau yfirleitt langt undir meðaltali. Þannig er það víða. Ef tekjuhæsta hópnum, sem vissulega skiptir máli og hefur áhrif á t.d. útsvarstekjur sveitarfélaga og annað slíkt, er sleppt og laun annarra stétta skoðuð, t.d. verslunarfólks eða verkafólks eða skrifstofumanna, þá eru þau yfirleitt til muna lægri á landsbyggðinni og það á yfirleitt við hana sem heild. Ekki skiptir síður máli að útgjöld fjölskyldnanna séu skoðuð og sundurgreind þannig að marktækur samanburður fáist einnig að því leyti. Nauðsynlegt er að bera lífskjörin í allra víðtækustu merkingu þess orðs saman með þessum hætti enda ljóst, eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, að þau skipta miklu máli þegar fjölskyldur ákveða hvar þær vilja búa. *Lífskjörin í víðtækri merkingu* þess orðs hafa afgerandi áhrif á ákvarðanir af því tagi.

Einnig er ástæða, herra forseti, til að leggja áherslu á að nauðsyn þess að ný gögn séu unnin í þessu sambandi sprettur ekki síst af þeim breytingum sem augljóslega hafa orðið á allra síðustu missirum. Vegna þeirrar miklu þenslu sem ríkt hefur á ákveðnum svæðum í landinu með tilheyrandi launaskriði og áhrifum á vinnumarkaði er ástæða til að ætla að þessi hlutföll hafi breyst og þenslan margumtalaða hafi að mestu leyti sneitt hjá garði á landsbyggðinni, hennar sjái fyrst og fremst stað í verðlagi og launakjörum þar með talið á höfuðborgarsvæðinu. Því er ástæða til að fá ný samanburðarhæf gögn í þessu sambandi.

Síðast en ekki síst má nefna, herra forseti, að síðasta neyslukönnun Hagstofunnar er frá árinu 1995. Hún er að verða fimm ára gömul og ærin ástæða til að fá þar nýjar upplýsingar í hendurnar þó ekki kæmi til það tilefni sem hér er til umræðu, þ.e. að vinna gögnin þannig að þau dugi til samanburðar á byggðarlögum. Slík gögn væru um leið nýr grundvöllur til könnunar á framfærslukostnaði fjölskyldna í landinu. Það munu nýtast í margvíslegu skyni. Það eru *upplýsingar sem víða er byggt á eða reynt er að hafa hliðsjón* af. Ég nefni sem dæmi framfærslukostnað námsmanna og annað í þeim dúr. Nýrra gagna frá Hagstofunni er þörf til ýmissa verkefna.

Herra forseti. Auðvitað væri tilefni til að hafa fleiri orð um stöðu byggðamála en knappur ræðutími við fyrri umræðu þáltill. gefur tilefni til. Satt að segja er ótrúlegt að sjá tómlætið og deyfðina sem ríkir í þessum málaflokki þegar staðan er skoðuð. Hér hverfa þingmenn stjórnarflokkanna yfirleitt úr þingsalnum, þeir sem ekki eru handjárnaðir við stólana eða bundnir af öðrum verkefnum, þegar byggðamál ber á góma. Ég hef tekið eftir því, herra forseti, og það hefur ekki brugðist, að þegar byggðamál hefur borið á góma á þessu þingi þá spýtast þeir fáu þingmenn Framsfl. sem kunna að hafa verið í salnum á dyr. Þetta er engin undantekning frá þeirri reglu að hér séu þau mál rædd fyrir tómum sölum, a.m.k. hvað framsóknarmenn varðar. Á þó að heita svo að málaflokkurinn sé í fóstri þar á bæ, samanber flutning Byggðastofnunar frá forsrn. til iðnrn. nú fyrir jólin.

Frammistaða íslenskra stjórnvalda í þessum efnum er dapurleg. Menn hafa horft á ástandið versna ár frá ári síðan árið 1993 án þess að segja megi að farið hafi verið í nokkrar marktækar eða efnislegar aðgerðir. Menn hafa fyrst og fremst látið sér nægja tvennt, þ.e. skýrslugerð og blaður. Það hefur verið framlag stjórnvalda, ríkisstjórna Davíðs Oddssonar til þessa málaflokks það sem af er. Ástandið hefur versnað ár frá ári síðan 1993.

Nú er ekki svo að ástæðulaust sé að ætla að hafa megi áhrif á þessa þróun með markvissum aðgerðum. Dæmin annars staðar frá sýna það. Norðmenn hafa náð umtalsverðum árangri í að sporna við byggðaröskun og jafnvel snúa henni við þar sem aðstæður voru þó að mörgu leyti mjög erfiðar í hinum dreifðu og fjarlægu byggðum Vestur- og Norður-Noregs. Enn skýrari eru þó dæmi um árangur frá Skotlandi þar sem menn hafa algerlega snúið þróuninni við hvað varðar byggðamunstrið á skosku eyjunum svo dæmi séu tekin. Það hefur m.a. verið gert með markvissum flutningi verkefna og starfa frá þéttbýlissvæðum til dreifðari byggða. Það er því ekki tilefni til uppgjafar, herra forseti, þegar finna má dæmi um að árangur næst þar sem viljinn er fyrir hendi.

[19:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða hið þarfasta mál. Það er vissulega mikill fengur í því ef þessi tillaga verður samþykkt sem vonandi verður þó að áhugi a.m.k. stjórnarþingmanna sé ekki mikill á þessu máli að því er virðist, ekki miðað við fjölda þeirra í þingsalnum. Ég held að vinna eins og sú sem lögð er til í þessari þáltill. geti skýrt margt fyrir okkur og kortlagt mun betur hvernig vandamálin liggja í hinum dreifðu byggðum landsins.

Á suðvesturhorni landsins hefur verið þensla, hér hefur allt verið á fullri ferð. Það hefur ekki verið þannig á landsbyggðinni. Í Vestfjarðakjördæmi, þaðan sem ég kem, þá held ég að málin hafi þróast í alveg öfuga átt við það sem hér hefur verið. Þar hefur ekki verið nein þensla, þar hefur störfum fækkað. Þaðan hefur kvótinn farið, kvótinn sem í rauninni er atvinnuréttur fólksins. Hann er seldur eins og lögin um stjórn fiskveiða heimila nú og um það hefur fólk ekkert að segja, það er algerlega réttlaust varðandi það hvort atvinnurétturinn er seldur burt með kvótanum. Það er

spurning hvort verið sé í rauninni að selja burt mannréttindi fólks. Var einhvern tíma tekin ákvörðun um það á hinu háa Alþingi að framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða gæti þýtt að mannréttindi fólks á Íslandi væru til sölu? Ég dreg mjög í efa að menn hafi nokkurn tíma rætt það hver staða fólks yrði úti um hinar dreifðu byggðir þegar atvinnuréttarinn, sem hefur verið undirstaða allra þessara byggðarlaga vítt og breitt um landið, er farinn og seldur burt með þeim hætti sem nú er heimilt í lögum um stjórn fiskveiða.

Þenslan á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið til þess að fasteignaskattar úti á landi hafa hækkað. Ekki hefur það orðið til þess að hjálpa fólkinu í byggðarlögunum á neinn hátt heldur hefur það hreinlega orðið íþyngjandi og þannig verkar uppsveifla eða þensla á suðvesturhorninu sem kostnaðarauki úti um landsbyggðina.

Komið var inn á það áðan og vikið að því í máli flm. og reyndar einnig í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að t.d. á Vestfjörðum væri það sýnt með meðaltölum að tekjur fólks væru yfir landsmeðaltali. Það hefur sennilega verið svo um nokkurra ára skeið en ansi er ég hræddur um að nú hafi tekið í bakseglin á Vestfjörðum. Þannig er að allar horfur eru á því að í Ísafjarðarbæ, sem núna nær frá Þingeyri yfir Dýrafjörð allan og hluta af sveitarfélaginu í Arnarfirði, Önundarfjörð, Flateyri, Suðureyri, Ísafjarðarkaupstað og Hnífsdal, hafi orðið verulegt tekjufall. Það er einfaldlega þannig að samkvæmt nýjustu skýrslu sem unnin var fyrir Byggðastofnun rétt fyrir áramótin um atvinnuástand í Ísafjarðarbæ og Hrísey, þá voru leiddar líkur að því að ef fiskikvóti fyrirtækis sem heitir Básafell á Ísafirði færi allur úr Ísafjarðarbæ, þá mundi þorskígildi Ísafjarðarbæjar, þessa sameinaða sveitarfélags, minnka úr tæpum 30 þúsund þorskígildum niður í um 10 þúsund þorskígildi eða um $^2/_3$. Þetta hefur auðvitað gerst með því að skip hafa verið seld af svæðinu og enn þá stendur til að selja þau skip sem voru í rekstri Básafells og selja kvóta og líkur eru til að rekstur Básafells verði ekki í framtíðinni á Vestfjörðum í neinum mæli miðað við það sem áður var.

Ég hygg að þetta þýði að meðaltekjur á Vestfjörðum hafi snarlækkað því það er alveg rétt að sjómannsstörfin á Vestfjörðum hafa haldið uppi tekjumeðaltalinu þar að langmestu leyti. Þetta er m.a. eitt af því sem vonandi mundi koma í ljós með því að vinna málin upp á þann hátt sem hér er lagt til. Þó að ég hafi tekið þetta dæmi af Vestfjörðum, og ég held að með því að vinna þetta upp eftir landshlutum, þá sjái menn ýmsar upplýsingar sem ella sjást ekki nægilega vel og vissulega eru margar fleiri ástæður fyrir því að byggðin á undir högg að sækja. En ég hygg þó að á engu hafi menn eins illan grun um stöðu byggðanna í landinu og því að það skuli vera hægt að selja þennan atvinnurétt sem er grunnatvinnuréttur fólks í öllum sjávarbyggðum.

Ég spyr því enn á ný: Hafa menn einhvern tíma hugleitt rétt fólks að búa þar sem það hefur valið sér búsetu og að í rauninni sé hægt að selja þann grunnrétt fólks að fá að búa að því sem það hefur búið að alla sína ævi? Og hvar eru þá lögin um hefð? Hvar er hefðarréttur fólks fyrir að fá að lifa af því sem það hefur lifað við? Ef ég man rétt úr lögunum um hefð, sem eru nú orðin ansi gömul, þá vinnur fólk sér hefðarrétt með ýmsum hætti eftir 10–20 ára athafnir við eitthvað tiltekið. Og á ýmsum nytjum sem taldar eru almenningsnytjar með 40 ára samfelldri hefð eða samfelldri notkun vinnur fólk sér ákveðinn hefðarrétt. Ég er ansi hræddur um að með lögunum um stjórn fiskveiða sé núna á síðustu missirum búið að brjóta ýmsan rétt á fólki sem það á, og það er ekki víst að það verði bara þeir dómar sem þegar hafa gengið í Hæstarétti, í Valdimarsmálinu svokallaða um veiðileyfin, og hins vegar á Vestfjörðum um dóminn í Vatneyrarmálinu, sem muni ganga til dómstóla. Það kunna að verða miklu fleiri mál í framtíðinni og þau kunna að verða byggð á fleiri rökum heldur en hingað til hafa verið tínd til.

Hver skyldi vera réttur fólks með tilliti til mannréttinda þegar löggjöfin er þannig úr garði gerð að hægt er að selja þann grunnrétt fólks að fá að búa að því sem það hefur búið við alla sína tíð?

[19:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum hér till. til þál. um lífskjarakönnun eftir landshlutum. Eins og hv. frsm. Þuríður Backman kom inn á erum við að sækja okkur aukin rök til að berjast áfram í byggðamálunum. Við erum að sækja aukin rök til að styðja þá málefnalegu baráttu sem við heyjum fyrir enn sterkari aðgerðir í byggðamálum.

Það verður að segjast, herra forseti, að það var á vissan hátt dapurlegt að við afgreiðslu fjárlaga fyrir jól skyldi ekki takast að samþykkja tillögur sem miðuðu að stærri átökum og stærri áföngum í aðgerðum í byggðamálum en raun ber vitni og það hörmum við.

Ég vil, herra forseti, gera að umtalsefni bara einn ákveðinn þátt sem við þurfum að draga enn skýrar fram hvað varðar lífskjör fólks og jöfnun þeirra út um allt land. Ég vil draga menntamálin sérstaklega fram. Eitt af grunnatriðum um mat á lífskjörum er að eiga aðgang að góðri og fjölbreyttri menntun fyrir ungt fólk. Við höfum hækkað sjálfræðisaldurinn upp í 18 ár en, herra forseti, víðast hvar og mjög víða um land er ekki aðgengi að menntun fyrir ungt fólk lengur en að 16 ára aldri. Og eitt af því sem við leggjum til grundvallar varðandi lífskjör er m.a. hvað við eigum gott aðgengi að menntun. Ég tel, herra forseti, að afla þurfi svolítið sterkari gagna til þess að sækja þar fram og fara fram á breytingar á menntakerfi landsins sem taki mið af íbúum alls landsins, og taki líka mið af þeirri breyttu stöðu að foreldrar og fjölskyldurnar bera nú ábyrgð á sínu unga fólki til 18 ára aldurs og því eðlilegt að því fylgi líka ábyrgð á menntun þannig að ekki þurfi að senda þau að heiman nema í sem allra fæstum tilfellum til þess að sækja hana.

Ég bendi á heilu byggðarlögin þar sem ekki er völ á menntun fyrir fólk á aldrinum 16–20 ára. Ég bendi á t.d. Stykkishólm með 113 unglinga á aldrinum 16–20 ára og Grundarfjörð með 72, Ólafsvík með 113 íbúa á aldrinum 16–20 ára. Á þessu svæði er ekki völ á menntun heima fyrir fyrir þetta fólk. Það væri þess vegna verulegur ávinningur ef hægt væri að breyta menntakerfinu þannig að samfelld menntun í heimabyggð til 18 ára aldurs yrði sett sem markmið. Við höfum upplifað það mörg okkar að menntun stöðvaðist við 12 ára aldur, síðan við 14 ára aldur, nú 16 ára aldur, og aðgengi að menntun er einmitt eitt af því sem við leggjum afar mikið upp úr þegar við erum að meta góð lífskjör.

Þetta er eitt af því sem könnunin mundi m.a. laða fram, laða fram fleiri ástæður, fleiri rök, fleiri þætti sem ber að vinna að jöfnuði á á milli allra landsmanna. Könnunin mundi líka geta laðað fram á margan hátt góða kosti og það góða sem við finnum í því að búa úti á landi, sem er þá líka hluti af lífskjörunum.

Herra forseti. Það er virkilega ástæða til þess að sækja sér aukin vopn í baráttunni fyrir jöfnun aðstöðu fólks hvar sem það býr. Tilgangur þessarar þáltill. er að sækja sér aukin vopn til að berjast áfram fyrir jöfnun lífskjara í landinu öllu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábúðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 291.

[19:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem flutt er á þskj. 291 og er 239. mál þingsins. Verði frv. þetta að lögum mun það hafa í för með sér breytingar á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Frumvarp til laga um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, er lagt fram í þeim tilgangi að koma á samræmdu verðmati mannvirkja og endurbóta í eigu fráfarandi ábúenda á jörðum yfir landið allt.

Í frv. er gert ráð fyrir verulegum breytingum á VI. kafla laganna sem ber nafnið „Um úttektir á leigujörðum." Samkvæmt 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, er landeiganda skylt að kaupa af fráfarandi ábúanda mannvirki og umbætur sem er til frambúðar komið haganlega fyrir og sem nauðsynlegar eru til búrekstrar á jörðinni, á því verði sem úttektarmenn meta eða eftir atvikum yfirmatsnefnd ef úttektarmati er skotið til yfirmats skv. 64. gr. laganna.

Samkvæmt gildandi lögum skulu sérstakir úttektarmenn, tveir í hverju sveitarfélagi, framkvæma úttektir og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda við ábúðarlok. Mati þessara úttektarmanna verður síðan skotið til yfirmatsnefnda en í hverri sýslu starfar ein sérstök yfirmatsnefnd.

Ljóst er að mikil hætta er á að við þessar aðstæður sé lítið samræmi í mati á mannvirkjum og endurbótum fráfarandi ábúenda víðs vegar um landið eða þar sem svo margir matsmenn eru við störf. Þessu fyrirkomulagi er því nauðsynlegt að breyta eða a.m.k. mjög æskilegt. Í gildandi lögum eru jafnframt engin ákvæði um hvaða sjónarmið úttektarmönnum eða yfirmatsnefndum beri að leggja til grundvallar við mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda. Það hefur leitt til þess að þegar úttektarmat liggur fyrir ríkir oft mikil óvissa hjá báðum aðilum um hvort mat úttektarmanna sé rétt eða hvort rétt sé að skjóta því til yfirmats. Yfirmat tekur oft langan tíma og kostar oft talsvert fé. Með því að setja skýrar reglur um matsaðferðir er líklegt að þeim úttektum sem skotið er til yfirmats verði fækkað verulega en með frv. þessu er stefnt að því að settar verði skýrar og gagnsæjar reglur sem leiða eiga til þess að aðilar úttektarmats eigi að geta séð greinilega hvort ástæða sé til að skjóta mati úttektarmanna til yfirmats eða ekki.

Með frv. þessu er leitast við að ráða bót á þeim annmörkum sem eru á gildandi löggjöf og gerð hefur verið grein fyrir. Helstu nýmæli frv. eru þau að gert er ráð fyrir að gagngerðar breytingar verði á núverandi fyrirkomulagi um skipan úttektarmanna og yfirmatsnefndar. Við samningu frv. var talið nauðsynlegt að úttektarmenn og yfirmatsmenn starfi á landsvísu og var ákvæði þess efnis tekið inn í frv. til að tryggja að fullt samræmi náist við mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda alls staðar á landinu. Við samningu frv. þessa voru einnig ýmsar leiðir skoðaðar varðandi það hvaða tilhögun ætti að hafa á skipan úttektarmanna og yfirmatsnefnda. Auk þeirrar leiðar sem lögð er til í frv. þessu var m.a. skoðað hvort rétt væri að haga skipan úttektarmanna og yfirmatsnefndar þannig að tilnefningar úttektarmanna og aðila í yfirmatsnefnd væru eingöngu á hendi aðila utan Bændasamtaka Íslands og landbrn., t.d. þannig að allar tilnefningar úttektarmanna og yfirmatsmanna væru á hendi dómstóla eða annarra aðila. Í frv. er hins vegar farin sú leið að gert er ráð fyrir að landbrh. skipi tvo úttektarmenn, annan án tilnefningar en hinn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Jafnframt er gert ráð fyrir að landbrh. skipi þrjá menn í yfirmatsnefnd, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands. Gert er ráð fyrir að sá síðastnefndi verði formaður yfirmatsnefndarinnar. Að mati þeirra sem stóðu að samningu frv. var þessi leið ekki síður talin til þess fallin að tryggja jafnræði aðila við úttektir og yfirmat þar sem gert er ráð fyrir að bæði Bændasamtök Íslands og landbrh. eigi einn fulltrúa hvor í undirmati og yfirmatsnefnd. Með því er tryggt að sjónarmið hlutaðeigandi aðila fái ávallt komist að við meðferð sérhvers máls. Við yfirmat er auk þess gert ráð fyrir að Hæstiréttur Íslands tilnefni oddamann í yfirmatsnefnd. Varamenn skulu skipaðir bæði fyrir úttektarmenn og yfirmatsmenn. Ekki eru í frv. gerðar kröfur um sérstaka menntun úttektarmanna eða yfirmatsmanna en mikil áhersla verður lögð á að í þessi störf veljist menn með góða þekkingu og færni til að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað að sinna ef frv. þetta verður að lögum.

Í frv. er enn fremur það nýmæli að gert er ráð fyrir að lögfest verði að ákveðnu marki hvaða sjónarmið úttektarmönnum og yfirmatsnefndarmönnum beri að leggja til grundvallar við mat á mannvirkjum og endurbótum fráfarandi ábúanda. Gert er ráð fyrir að miðað verði við raunvirði eigna og endurbóta fráfarandi ábúanda en einnig er gert ráð fyrir að úttektarmenn hafi ákveðið svigrúm til að hækka og lækka mat á einstökum eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda eftir ástandi þeirra, viðhaldi o.fl. Gert er ráð fyrir að landbrh. setji reglugerð um framkvæmd mats að öðru leyti.

Meginefni frv. er samkvæmt framansögðu að skv. 1. gr. frv., 38. gr. laganna, verður enn skylt að framkvæma úttektir við ábúðarlok við mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda sem lagt skal til grundvallar við ákvörðun á kaupverði þeirra mannvirkja og endurbóta sem jarðeiganda er skylt að kaupa af fráfarandi ábúanda.

Samkvæmt 2. gr. frv., 39. gr. laganna, skulu úttektir framkvæmdar af lögskipuðum úttektarmönnum og er gert ráð fyrir að úttektarmenn starfi á landsvísu.

Í 3. gr. frv., 40. gr. laganna, er ákvæði um starfshætti úttektarmanna, um frest til að byrja úttekt, skyldu til að framkvæma vettvangsskoðun, að þeir skuli gefa fráfarandi jarðeiganda og viðtakandi ábúanda kost á að vera viðstaddir og gæta réttar síns og um atriði sem úttektarmenn skulu skoða við úttekt.

Í 4. gr. frv. eða 41. gr. laganna, er ákvæði um sjónarmið sem úttektarmönnum ber að leggja til grundvallar við mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda, þá að miða skuli við raunvirði eigna, en reglur þessar hafa þó að geyma ákveðið svigrúm til að taka tillit til ástands og viðhalds eigna og feira.

Í 5. gr. frv., 42. gr. laganna, er ákvæði um að úttektarmenn skuli skila skriflegum, rökstuddum niðurstöðum, undirrita

úttektir og skila úttektum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk.

Í 6. gr. frv., 43. gr. laganna, eru ákvæði um greiðslu kostnaðar af úttektum, en hann skiptist að jöfnu milli jarðeiganda og fráfarandi ábúanda.

Í 7. gr. frv., 44. gr. laganna, eru ákvæði um að jarðeigandi og ábúandi geti krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda innan tveggja vikna frá dagsetningu úttektar. Einnig eru þar ákvæði um skipan yfirmatsnefndar sem er eins og áður hefur verið gerð grein fyrir framkvæmd af landbrh. samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og Hæstaréttar Íslands auk þess sem einn aðili er skipaður án tilnefningar. Enn fremur eru þar ákvæði um að reglur 3.–5. gr. frv., eða 40.–43. gr. laganna, skuli gilda um störf yfirmatsnefndar eða sambærileg ákvæði og um úttektarmenn. Svo og ákvæði um að yfirmatsnefnd skuli ráða niðurstöðum sínum á fundum að lokinni vettvangsskoðun, að afl atkvæða ráði úrslitum ef ágreiningur verður, að nefndin skuli skila skriflegum rökstuddum niðurstöðum, að nefndarmenn skuli staðfesta yfirmatsgerðir með undirritun sinni og skila niðurstöðum sínum eigi síðar en fjórum vikum eftir að vettvangsskoðun lauk. Þá er þar ákvæði um að yfirmatsnefnd úrskurði um hver skuli greiða kostnað af störfum hennar. Að öðru leyti er fram kemur í frv. gilda um störf úttektarmanna og yfirmatsnefndar almennar reglur og gildandi löggjöf á hverjum tíma. Felld eru úr eldri lögum ákvæði um að úttektir skuli fara fram fyrir 20. júní ár hvert svo og ákvæði um þóknun úttektarmanna og yfirmatsmanna. Fyrir úttektir og matsstörf skuli miðað við dagkaup eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni, en hvorugt ákvæðið þykir raunhæft í framkvæmd. Eins og áður segir er með frv. þessu stefnt að því að færa mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok til eðlilegra horfs og nútímalegri stjórnsýslu og mun því leitast við að stuðla að samræmdu og óháðu mati yfir allt landið. Er það ætlun mín að sú tilhögun sem þetta frv. hefur að geyma muni leiða til réttlátari niðurstöðu við úttektir og eftir atvikum yfirmat fyrir bæði seljendur þá eða fráfarandi ábúendur og kaupendur þá eða jarðeigendur.

Hæstv. forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðar þeirrar er fylgir frv. og athugasemda með frv.

Sá sem hér stendur átti sér auðvitað þann draum að tala fyrir þessu máli á haustþinginu og að það tæki gildi helst um síðustu áramót, við upphaf nýrrar aldar. Sá draumur er farinn þannig að þarna mun auðvitað landbn. gera einhverja breytingu á.

Hæstv. forseti. Að lokum legg ég til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill segja til huggunar fyrir hæstv. landbrh. að það er tæpt ár þangað til ný öld hefst.)

[19:58]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir með hæstv. ráðherra að hér er vissulega með því frv. sem hæstv. ráðherra leggur nú fram, þ.e. frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum, tekið á ýmsum annmörkum í gildandi lögum. Hins vegar er spurning hvort hér er gengið nægjanlega langt og hvort það hefði þurft að líta til fleiri greina í núverandi lögum.

Áður en ég vík að því vil ég nefna aðeins eitt af þeim atriðum sem kemur fram í frv. en það varðar 2. gr. frv., eða 39. gr. núgildandi laga, en í athugasemdum segir einmitt, með leyfi forseta:

„Ekki eru í frumvarpinu gerðar kröfur um sérstaka menntun úttektarmanna en ljóst er að mjög mikilvægt er að til starfa fáist menn með góða þekkingu og færni þessu sviði.“

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að hv. landbn. muni grandskoða þetta og velta því fyrir hvort þurfi að setja inn í textann skýrari fyrirmæli um það hvernig við getum nálgast það sem best að fá úttektarmenn sem fylla þau skilyrði sem hér eru nefnd. En eins og ég sagði áðan þarf kannski helst að velta vöngum yfir því hvort nægjanlega víða sé tekið á í gildandi lögum.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á stjórnsýsluendurskoðun sem Ríkisendurskoðun vann og skilaði af sér í sérstakri skýrslu í október 1998. Þar kemur einmitt fram að Ríkisendurskoðun telur að gera þurfi ýmsar lagfæringar á núgildandi lögum. Ég vil vitna í skýrsluna þar sem fjallað er um þessi mál. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun kannaði þá fjárhæð sem ábúendur umræddra ríkisjarða greiða á ári í leigu eða svonefnt afgjald fyrir jarðirnar. Lagaákvæðum um leigufjárhæðir ríkisjarða er ekki til að dreifa utan 33. gr. ábúðarlaganna, nr. 64/1976, sem fjallar um jarðir sem eru í erfðaábúð en þær jarðir eru eins og áður hefur komið fram ekki sérstaklega til skoðunar hér.“

Hér vekur Ríkisendurskoðun sérstaka athygli á því að lögin taka ekki nægjanlega skýrt á afgjaldi fyrir jarðirnar og í þessari skýrslu er ekki verið að fjalla um þær jarðir, þ.e. sem eru í erfðaábúð sem fjallað er um í 33. gr. laganna, en þar eru ákvæði um leigufjárhæðir. Áfram segir, með leyfi forseta, í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Engin skylduákvæði eða settar reglur er að finna um afgjald eða leigu annarra ríkisjarða sem eru í ábúð. Í 7. gr. ábúðarlaga er að finna ákvæði sem heimilar samningsfrelsi á þessu sviði en þar er einnig heimildarákvæði um viðmið leigufjárhæðar.“

Herra forseti. Það er eimitt hér sem ég tel ástæðu til að velta vöngum yfir hvort ástæða hefði verið til þess að endurskoða 7. gr. og hafa ákvæði þar skýrari en er í núgildandi lögum. En með leyfi forseta vil ég halda áfram með skýrslu Ríkisendurskoðunar, því hér segir:

„Ríkisendurskoðun beindi fyrirspurn til jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins um leigufjárhæðir, sérstaklega með tilliti til ofangreinds. Í svari ráðuneytisins segir orðrétt:

„Á árinu 1979 eða 1980 ákvað ráðuneytið að leiga eftir ríkisjarðir skyldi vera 3% af fasteignamati á landi jarðar og þeirra mannvirkja sem ríkið ætti á viðkomandi jörð. Jafnframt 3% af mismun á fasteignamati og úttektarmati (kaupverði) mannvirkja.“

Herra forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á þeirri setningu sem hér kemur síðan áfram í svari ráðuneytisins:

„Ekki hefur tekist að fá upplýsingar um þessa ákvörðun til þess að varpa ljósi á það hvers vegna 3% eru valin en ekki t.d. 5%, eða þá önnur viðmiðun.““

Herra forseti. Ýmislegt virðist benda til þess í tilvitnuðum orðum að ástæða sé til að skoða sérstaklega þessi ákvæði í núgildandi lögum. Enn vil ég halda áfram, því í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir hér örlítið aftar:

„Það er mat Ríkisendurskoðunar að leiga sem nemur 3% af fasteignamati jarðar og mannvirkja sé of lág með tilliti til þeirra fjármuna sem liggja í þeim eignum sem hér um ræðir

og má sjá nánari rökstuðning fyrir þessu áliti Ríkisendurskoðunar í öðrum köflum í skýrslunni."

Áfram er haldið í skýrslu Ríkisendurskoðunar og það er kannski meginniðurstaðan varðandi það sem ég hef verið að segja því hér segir þegar enn er búið að taka saman hluta af því sem ég hef áður sagt, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar er tímabært að taka löggjöf um ríkisjarðir að þessu leyti til endurskoðunar."

Herra forseti. Full ástæða er til þess að hvetja hv. landbn. til þess að skoða þetta frv. vel í ljósi og í samhengi við stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar og gildandi lög. Þess vegna tel ég brýnt að nefndin fari yfir málið og kalli til sín, ekki aðeins fulltrúa ráðuneytisins, heldur einnig fulltrúa Ríkisendurskoðunar, þannig að fara megi gaumgæfilega yfir málið og það náist eins og hæstv. landbrh. tilgreindi í ræðu sinni að væri megintilgangur frv., að fella burt helstu annmarka í gildandi lögum.

Að lokum, herra forseti, vil ég taka undir orð hæstv. forseta að það er nægur tími til að ná þessu máli fram fyrir upphaf næstu aldar, nýrrar aldar. Ég vil því að lokum koma þeirri ósk á framfæri að okkur í landbn. takist að afgreiða málið frá okkur töluvert fyrr þannig að það megi ná breytingum fram á þessum lögum á þessu ári.

[20:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, einkum er varðar úttektir á jörðum og þegar leiguliðaskipti verða á jörðum. Ljóst er að gildandi ábúðarlög eru í ýmsu úrelt, t.d. hvað það varðar að hreppstjórar skuli vera úttektarmenn hver í sínum hreppi og í rauninni stýra úttektinni en því miður hefur hreppstjórastarfið víðast hvar verið lagt niður á landinu. Eðlilegt er að gera þurfi breytingar m.a. með tilliti til þess. Ég vil þó leggja áherslu á að það ber að auðvelda leiguliðaskipti á jörðum, þau þurfa að vera eins auðveld, einföld og skýr og kostur er þannig að sem minnst hætta sé á að upp komi ágreiningur. Markmið þessara breytinga stuðla að því. Það tel ég vera ágætt.

Herra forseti. Ég vil gera fyrirspurn til hæstv. ráðherra og hv. landbn. um hvort nauðsynlegt sé að gera úttekt með þessum hætti að skyldu. Það eru fleiri en ríkið sem er skylt að leigja jarðir og leigja jarðir til ábúðar, það eru líka einstaklingar og félagasamtök og fleiri aðilar, allir sem eiga jarðir sem uppfylla skilyrði og kröfur um að skuli vera í ábyrgð þegar þeir leiga þær í ábúð. Það getur verið hið besta samkomulag milli bæði landeiganda og fráfarandi leiguliða um hvernig skuli háttað mati á eignum jarðarinnar og jafnvel til næsta manns. Mér finnst því að það eigi að skoða hvort það eigi að skylda þetta, hvort það eigi ekki bara að vera með þeim hætti að þegar aðilar hafa ekki náð samkomulagi eða óska eftir því að þetta mat fari svona fram þá fari það fram en ekki sé verið að skylda þá aðila sem með sínum góða og gegna hætti geta náð þar fullu samkomulagi og látið það ganga þannig.

Nú er líka aðeins óljóst í framkvæmd á leiguliðaskiptum varðandi þetta mat. Kannski er enginn viðtakandi reiðubúinn til þess að greiða fyrir þau mannvirki eða viðtakandi leiguliði, að vísu er honum heimilt þá að semja við leigusala sinn en það gæti þurft að gera þetta frjálsara þar sem fullt samkomulag er um.

Ég bendi líka á, í framhaldi af því, 6. gr. þar sem kostnaður við úttekt greiðist að jöfnu af landeiganda og fráfarandi ábúanda. Þetta er mjög opið varðandi kostnaðinn. En þarna er það landeigandinn í sjálfu sér sem setur reglurnar í flestum, þó svo að rétturinn sé líka ábúandans, en um getur verið að ræða verulegan kostnað og ég tel að það ætti að skoða hvort ekki væri sett þarna takmörkun á kostnaðinn. Fráfarandi ábúanda getur verið heilmikið mál að greiða háa reikninga fyrir úttekt, jafnvel sem full sátt og samkomulag hefur verið um og jafnvel án úttektar. Ég tel að þetta atriði eigi að skoða.

Að öðru leyti legg ég áherslu á það að ég tel að ríkið eigi að eiga jarðir og vera góður jarðaeigandi og fara vel með eignir sínar og tel mikilvægt að ríkið geri það. Ég er algjörlega andvígur þeirri umræðu að ríkinu beri að losa sig við jarðeignir sínar. Að sjálfsögðu er eðlilegt að leiguliðar sem sitja og búa jarðir eigi greiðan aðgang að því að kaupa sínar jarðir til búskapar en að öðru leyti er það í góðu lagi að ríkið eigi jarðeignir sem það getur varið bæði til einstaklings og almenningsnota þegar svo ber við. Ekki er neinn akkur fyrir ríkið í sjálfu sér að vera að losa sig við jarðeignir akkúrat vegna þess að það sjái ekki neinn tekjumöguleika af þeim í ár.

Varðandi jarðeignir eru þetta auðlindir sem við horfum til, ekki bara til örfárra ára, heldur kannski tuga eða hundrað ára og okkur ber að hugsa þannig. Ég vil ítreka það. Skoðun mín er sú að jarðarafnotum til leiguliða sem sitja og búa jarðir með viðunandi og góðum hætti, það er ekki endilega kappsmál fyrir ríkið að vera að innheimta háa leigu ef búseta er tryggð og vel farið með eignina. Ábúendur á jörðum eru ekki aðeins ábúendur að mannvirkjum, þeir eru líka landverðir, þeir eru verðir þeirra náttúruauðlinda sem ríkið á og þeim er þá falin eins konar landvarsla á og það ber einnig að horfa til þess og sýna því fulla virðingu.

Herra forseti. Ég ítreka að það ætti að skoða hvort ekki megi gefa opna heimild þar sem fullt samkomulag er um þannig að ekki þurfi að hleypa þessu í rándýrar úttektir nema þegar nauðsynlegt er. Ég get svona skotið því að í lokin að ég vona, enda þótt ráðherra hafi gert þetta að fyrsta frv. sínu á þessu ári, að hann telji ekki mikilvægast að fara að skipa úttektarmenn á stöðu bænda í landinu. Það hefði samt verið ágætt að við hefðum hafið árið með einhverju myndarlegra frv. gagnvart bændum og landbúnaðinum.

[20:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar tvær ágætu ræður sem hér voru fluttar um þetta mál. Að hefja árið með myndarlegra frv., það var auðvitað ætlunin. En það var ekki síst fyrir mælsku þingsins á haustþingi að þetta frv. mitt dagaði hér uppi. Vinstri grænir hafa verið iðnir í stólnum við að ræða þjóðmálin sem betur fer og leggja gott til. Ég komst því ekki að fyrir jólin með þetta litla frv. mitt sem ég tel reyndar mjög mikilvægt. Þar eru ýmis atriði sem mikilvægt er að fylgja eftir.

Ég vil segja við hv. þm. að það er rétt sem fram kom í báðum ræðum að Ríkisendurskoðun gagnrýndi árið 1998 ýmislegt í framkvæmd ábúðarloka á ríkisjörðum, sölu ríkisjarða, útleigu á ríkisjörðum o.s.frv. Ýmis ný lög frá Alþingi hafa gert það að verkum að beita þarf öðrum vinnubrögðum, lög um jafnræði, lög um stjórnsýslu, lög um upplýsingaskyldu o.s.frv. Alþingismenn gera kröfu um heiðarlegt þjóðfélag. Þeir gera kröfu til þess að mönnum sé ekki mismunað. Það hefur verið vaxandi krafa Alþingis Íslendinga á síðustu misserum. Sem betur fer, segi ég.

Þetta frv. og sú breyting sem það gerir ráð fyrir taka á einum þætti þessa máls, óháðu mati og hlutlausu á kaupum eigna á ríkisjörðum við búskaparlok. Hins vegar vil ég benda á að forveri minn, Guðmundur Bjarnason, tók á mörgum öðrum þáttum sem hann setti skýrar reglur um í samráði við Ríkisendurskoðun eftir þá úttekt sem gerð var. Þær reglur undirskrifaði hann hinn 1. maí sl. Þar er t.d. gert ráð fyrir að allar ríkisjarðir sem leigja skal eða selja skuli auglýsa opinberlega. Kauprétt og mat á jörðum sem landseti hefur setið tíu ár eða lengur skal og meta af Ríkiskaupum. Það kann vel að vera að þetta hlægi hv. þm. en Guðmundur Bjarnason vann eftir þeirri reglu sem forverar hans höfðu unnið eftir, hvað þeir heita nú allir: Halldór Blöndal, Steingrímur J. Sigfússon, Jón Helgason og þannig get ég rakið aftur. Þá voru aðrar reglur en nú eru gerðar kröfur um að unnið sé eftir eins og ég hef rakið. Ég held að það hafi verið mjög mikilvægt.

Hér hafa hv. þm. komið inn á ýmis atriði. Auðvitað treysti ég því, þegar ég kem hér sem landbrh. með svo mikilvægt mál inn í þingið, að hv. landbn. taki það til þeirrar skoðunar sem hún telur þörf á. Og vissulega hefði ég viljað leggja hér fram lagabálkinn allan en því miður er endurskoðun enn í gangi. Ég tel hins vegar brýnt að fara að tillögum Ríkisendurskoðunar hvað þetta varðar og koma því á hreint sem fyrst að menn búi í þeim efnum við ein lög og eina reglu eins og sagt var á Þingvöllum árið 1000.

Hv. 4. þm. Austurl., Einar Már Sigurðarson, talaði hér um leigugjaldið, hvort það er 3% eða 5%. Auðvitað er það matsatriði. Ég hef vissulega orðið var við að miðað við þær litlu tekjur sem margir hafa af jörðum sínum þá þeim finnst leigan há þegar hún er 3%. En þetta er matsatriði og mörkin sem sett verða eru auðvitað til skoðunar og nefndin fer yfir það. Hv. þm. taldi nægan tíma til að ná þessu máli fram og *ég vona að það verði nú á vorþinginu. Hann nefndi einnig* og taldi sjálfsagt eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. að kaupréttur leiguliða eftir tíu ár væri virtur. Svo er auðvitað en það er annað mál og öðruvísi á því tekið.

Hv. þm. Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v., hvatti til að auðvelda leiguliðaskipti og það að selja ábúendum ríkisjarðir. Hann varaði við ýmsu við sölu ríkisjarða. Ég vil auðvitað lýsa því hér yfir að ég er þeirrar skoðunar að ríkisjarðir séu betur komnar í höndum þeirra sem sitja þær heldur en ríkisins. Ég hvet þá óspart til þess að kaupa það land, ekki síst ef þeir hafa áhuga á því. Þeir styrkja sjálfa sig og byggð sína með því. Það er ljóst að þrátt fyrir stöðu landsbyggðarinnar og erfiða stöðu landbúnaðarins þá fer landverð á Íslandi hækkandi.

Hvort sem um er að ræða eyðijarðir eða bújarðir þá hefur landverð sennilega aldrei verið jafnhátt. Ég er sannfærður um að land eigi eftir að verða enn eftirsóttara en það er í dag. Því miður er það ekki alltaf svo að fólk komi og setjist að á landi sem það kaupir. Land er keypt undir sumarhús o.s.frv. En vissulega er fengur fyrir byggðina að fá til sín gott fólk sem tekur þar þátt í mannlífi og rækir ýmsar skyldur sínar. Það styrkir. Einnig ber að hafa í huga þá framtíðarsýn að á Íslandi muni fleiri og fleiri búa yfir þeirri menntun og færni að geta notað þá tækni þjóðfélagsins sem við þurfum auðvitað sem fyrst til að ná árangri í að koma til fólksins almennilegum símakerfum og tækni, ljósleiðurum o.s.frv. Þannig munum við styrkja búsetu í hinum dreifðu byggðum.

Hv. þm. Jón Bjarnason efaðist um að rétt væri að hafa þarna skyldu. Ég held að það verði nú að ríkja alveg skýrar reglur í þessu efni, ákveðin tímamörk til að forðast deilur og til þess að menn viti við hvað þeir búa, alla vega þegar ríkið á í hlut. Til að losna við klögumál og létta störf lögfræðinganna eins og hægt er tel ég best að hafa þarna skýr lög, skýrar reglur og skýrar tímasetningar. Hitt er svo annað mál hvað menn gera á eigin jörðum. Þannig verður þetta hins vegar að vera hvað ríkið varðar.

Hv. þm. ræddi um kostnað sem greiðist að jöfnu. Nú veit ég ekki hver kostnaður verður í þessu, ég sé kannski ekki fyrir mér að hann verði neitt verulega hár. Þetta eru ekkert mjög margar jarðir á hverju ári, kannski fer þeim fækkandi sem þarf að taka svona út. Þessir úttektarmenn munu auðvitað búa yfir þekkingu til þess og taka jarðir í kippum í héruðum og meta þær. Ég er því ekkert viss um að það verði mikill kostnaður af þessu. Ég get t.d. miðað við úttekt á jörðum þar sem menn sem hafa setið tíu ár og lengur og eru að kaupa. Ríkiskaup hafa annast úttektina og það er ekki mikill kostnaður af henni. Ég bind vonir við að kostnaðurinn geti verið í lágmarki. Það er sjálfsagður hlutur að huga að því sem hv. þm. nefnir, um hvort hafa eigi þak á þessu eða eitthvað slíkt. Ég ætla ekki að úttala mig um það en ég vona að af þessu þurfi ekki að vera mikill kostnaður.

Hv. þm. mælir með lágri leigu. Einu verðum við að átta okkur á sem ég hef orðið mjög var við vaxandi óánægju með. Ef ríkið skaffar sitt fyrir lítið eða ekkert þá er óánægja nágrannans töluverð. Menn gera kröfu um það í landbúnaði sem og öðrum atvinnugreinum að búa við nokkurt jafnræði. Ég vil minna á að of lág leiga gæti kallað á deilur. En sem betur fer þá held ég að flestar ríkisjarðir séu leigðar fyrir nokkuð sanngjarnt verð og vona ég að svo verði áfram.

Hv. þm. minntist á eyðijarðir. Þær eru auðvitað mikil auðlind og sameign íslensku þjóðarinnar en þar verða menn að fara varlega. Eitt er víst að ef tekin verður upp einhver ákvörðun um sölu á þeim þá megum við ekki eyðileggja markaðinn með því að demba þeim á sölu. Allar þær jarðar sem seldar verða verður að auglýsa, alveg eins og allar jarðir til leigu verða auglýstar. Þetta er auðvitað opinbert mál í hvert sinn. Ég get tekið undir það með hv. þm. að ríkinu liggur ekki nein ósköp á í þeim efnum. Þessi verkefni eiga að vera í góðu samráði við heimamenn, ekki síst sveitarstjórnir.

Ég þakka þessar ágætu ræður og lýk máli mínu, hæstv. forseti.

[20:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínu viti taka þessi lög til allra jarða en ekki bara ríkisjarða. Þeir sem leigja jörð til ábúðar skulu samkvæmt þessum lögum láta leiguliðaskipti fara þannig fram. Vissulega er þó mikill meiri hluti jarða í sjálfu sér ríkisjarðir. *Ég ítreka að sú lagabreyting sem hér stendur til er brýnt* verkefni og virkilega tímabært eins og hæstv. ráðherra hefur rækilega gert grein fyrir. Það sem ég átti við var hins vegar að ég hefði heldur viljað sjá frv. um bráðaaðgerðir vegna suðfjárbænda í landinu sem margir hverjir búa við mjög erfiða stöðu. Ég vil ítreka að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum virkilega styðja við bakið á hæstv. landbrh. þegar hann kemur fram með markvissar og góðar tillögur, t.d. til að styðja sauðfjárbændur í landinu.

[20:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega getur hv. landbn. skoðað það atriði sem hv. þm. nefnir, þ.e. þegar einstaklingar eða aðrir en ríkið eiga í hlut. Ég vil hafa það alveg klárt að mín skoðun

er að mikilvægt er, þegar ríkið á í hlut, að þar fari fram formleg úttekt. En nefndin fer nú yfir þetta.

Síðan vil ég þakka hv. þm. þann stuðning sem hann ætlar að sýna í sauðfjársamningunum. Ég segi eins og Kári Sölmundarson: Ber er hver að baki nema sér bróður eigi. Ég fagna þeirri mikilvægu yfirlýsingu og lýsi því yfir að ég vona að þeir samningar sjái dagsins ljós sem allra fyrst. Alla vega vinnur nefndin nú hratt að því að klára samningana gagnvart sauðfjárbændum þannig að þar líti dagsins ljós langtímasamningur sem skilað gæti þeirri búgrein fram á veginn á nýrri öld, sem að mínu mati hófst um síðustu áramót.

[20:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við munum að sjálfsögðu styðja góðan sauðfjársamning ef hann verður fullnægjandi og vit í honum fyrir sauðfjárbúskap í landinu. Betur væri að ráðherra ráðfærði sig oftar við okkur í þeim efnum. Það sem ég lagði áherslu á hér voru hins vegar bráðaaðgerðir fyrir sauðfjárbændur. Samningurinn sem hæstv. ráðherrann var að tala um kemur ekki til framkvæmda fyrr en u.þ.b. að ári liðnu, á því bili sem við deilum um hvort hefjist fyrsta ár nýrrar aldar eða hin nýja öld. Við þyrftum því nú þegar — og reyndar á nýliðnum haustdögum í síðasta lagi — að fara í bráðaaðgerðir varðandi stöðu sauðfjárbænda. Það var það sem ég átti við. En ég ítreka, herra forseti, að ég fagna því að hæstv. landbrh. muni leita til okkar þingmanna vinstri grænna svo eitthvað gott muni standa í þessum sauðfjársamningum.

[20:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir mjög mikilvægt þegar sá samningur lítur dagsins ljós að þingið komi sem fyrst að því máli. Landbn. tekur það til umfjöllunar og þar kemur allur hinn skynsami þingheimur að því að landbn. er vel skipuð.

Ég verð kannski að hryggja hv. þm. með því að ég veit ekki hvort samningarnir duga fyrir alla sauðfjárbændur en ég vona að þeir geti hleypt þeim krafti í þá búgrein að hún styrkist. Beingreiðsluhafar í sauðfjárrækt eru 2.500–2.600 og margir búa smátt. En ég bind samt sem áður vonir (**Gripið fram í:** Hvað ætlið þið að skera marga?) við að samningurinn verði góður. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem tekið hefur þátt í því vandasama starfi sem það er fyrir sauðfjárræktina að gera búvörusamning og er minnugur þeirra gerða um þessar mundir, spyr auðvitað stórra spurninga sem eðlilegt er, enda maðurinn með gott hjarta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 20:32.

---

54. FUNDUR

miðvikudaginn 2. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, stjfrv., 272. mál, þskj. 373. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 261. mál, þskj. 331. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, þáltill., 190. mál, þskj. 220. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Lífskjarakönnun eftir landshlutum, þáltill., 264. mál, þskj. 335. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 291. — 1. umr. (Atkvgr.)

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Um klukkan hálffjögur fer fram umræða utan dagskrár um stærð álvers við Reyðarfjörð og orkuöflun til þess.

Málshefjandi er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 272. mál. — Þskj. 373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 261. mál (undanþágur). — Þskj. 331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 190. mál. — Þskj. 220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Lífskjarakönnun eftir landshlutum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 264. mál. — Þskj. 335.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Ábúðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 291.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:36.

---

55. FUNDUR

miðvikudaginn 2. febr.,
að loknum 54. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Starfsemi Ratsjárstofnunar, fsp. EKG, 211. mál, þskj. 248.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Tannréttingar barna og unglinga, fsp. GÁS, 179. mál, þskj. 206.
3. Þjónusta við geðsjúk börn, fsp. ÁRJ, 215. mál, þskj. 255.
4. Neyðarmóttaka fyrir geðsjúk börn, fsp. ÁRJ, 216. mál, þskj. 256.
5. Geðsjúk börn á nýja barnaspítalanum, fsp. ÁRJ, 217. mál, þskj. 257.
6. Langtímameðferð fyrir geðsjúk börn, fsp. ÁRJ, 218. mál, þskj. 258.

Til fjármálaráðherra:

7. Fæðingarorlof, fsp. PM, 153. mál, þskj. 174.
8. Endurskoðun skattalöggjafarinnar, fsp. ÁGunn, 157. mál, þskj. 178.

Til umhverfisráðherra:

9. Íslenski hrafnastofninn, fsp. ÖS, 169. mál, þskj. 195.
10. Kortlagning ósnortinna víðerna, fsp. KolH, 252. mál, þskj. 311.

Til iðnaðarráðherra:

11. Smíði skipa, fsp. JÁ, 178. mál, þskj. 205.

Til viðskiptaráðherra:

12. Banka- og póstafgreiðslur, fsp. SvanJ, 302. mál, þskj. 519.

Til samgönguráðherra:

13. Rekstur Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum, fsp. ÍGP, 234. mál, þskj. 285.
14. Loftskeytastöðin á Siglufirði, fsp. KLM, 248. mál, þskj. 304.
15. Póstþjónusta, fsp. SvanJ, 303. mál, þskj. 520.

Til dómsmálaráðherra:

16. Nálgunarbann, fsp. ÖJ, 282. mál, þskj. 422.
17. Leiðbeiningar- og tilkynningarskylda fyrir brotaþola, fsp. ÖJ, 283. mál, þskj. 423.

Starfsemi Ratsjárstofnunar.

Fsp. EKG, 211. mál. — Þskj. 248.

[13:36]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ratsjárstofnun er sérstök stofnun á vegum utanrrn. sem annast rekstur ratsjárkerfis sem íslensk stjórnvöld starfrækja eða láta starfrækja í þágu varna landsins á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá 1951. Ratsjárstofnun annast rekstur ratsjárstöðva á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli, Stokksnesi og á Miðnesheiði.

Nú er það þannig eins og menn vita að þessar stöðvar, sem starfræktar eru úti um landið, byggja tilveru sína í rauninni á því að nýta fullkomnasta fjarskiptabúnað sem til er hverju sinni. Þess vegna er það þannig að ljósleiðararnir sem liggja hringinn í kringum landið eru lagðir frá ratsjárstöðvunum og hingað á suðvesturhornið og eru auðvitað grundvöllur fyrir þeirri fjarvinnslu sem er núna sem óðast að ryðja sér til rúms á landinu.

Það er líka þannig að það er ásetningur núverandi hæstv. ríkisstjórnar að efla sem hægt er atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, m.a. á grundvelli þessa fjarskiptakerfis og tölvutækni sem byggir á fjarskiptakerfinu. Þetta vekur athygli á sérstöðu málsins og möguleikunum sem eru óneitanlega til staðar í því að færa verkefni frá höfuðborgarsvæðinu og út á land. Það er augljóst mál að menn hljóta sérstaklega í þessu sambandi að beina sjónum sínum að starfsemi ratsjárstöðvanna úti um landið. Frá því að þær tóku til starfa fyrir allnokkrum árum hafa þær verið auk alls annars mikilvægur þáttur í atvinnustarfsemi í viðkomandi byggðarlögum og hvort sem mönnum líkar betur eða verr sú ákvörðun sem var á sínum tíma tekin með ratstjárstöðvunum eru þær auðvitað staðreynd og sú atvinnustarfsemi sem er í kringum þær er líka staðreynd.

Spurningin lýtur þess vegna ekki að því pólitíska ágreiningsefni sem er uppi um veru varnarliðsins heldur eingöngu um það skipulag sem er á þeirri atvinnustarfsemi sem ratsjárstöðvarnar eru þáttur í.

Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 248 að leggja eftirfarandi fyrirspurnir til hæstv. utanrrh. um starfsemi Ratsjárstofnunar:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fjölga störfum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi, meðal annars með því að færa þangað störf og verkefni sem nú eru unnin á vegum Ratsjárstofnunar á höfuðborgarsvæðinu?

2. Er eitthvað í vegi fyrir því tæknilega, með hliðsjón af nútímafjarskiptatækni, að vinna slík störf utan höfuðborgarsvæðisins?

Af ástæðum sem ég hef þegar rakið sýnist manni að um sé að ræða alveg rakið mál sem ætti að vera hægt að hrinda í framkvæmd mjög fljótlega. Við vitum að oft er verið að

auglýsa eftir starfsmönnum til verka á vegum Ratsjárstofnunar og því mjög mörg tækifæri til að nýta sér þá möguleika til þess að færa til verkefni af því tagi sem hæstv. ríkisstjórn vill að gert sé.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningu hv. þm. vil ég taka fram að þau störf sem unnin eru á ratsjárstöðvunum þremur sem hv. þm. tilgreinir miðast alfarið við rekstrarþörf hverrar stöðvar. Það er því ekki tilefni til fjölgunar starfa hvað rekstur stöðvanna snertir.

Á höfuðborgarsvæðinu eru tíu starfsmenn við störf á skrifstofu Ratsjárstofnunar í Reykjavík sem eru um 15% allra starfsmanna stofnunarinnar. Þeir annast stjórnar- og rekstrarþætti er varða allar rekstrareiningar hennar svo sem fjármál, gæðastjórnun, þjálfun, samningagerð auk almennrar skrifstofuþjónustu.

Starfsfólk skrifstofunnar í Reykjavík ferðast mikið til ratsjárstöðvanna svo og til hugbúnaðarstöðvar, birgðastöðvar og stjórnstöðvar á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þrátt fyrir mikla notkun nútímafjarskiptatækni eru umræddar ferðir óumflýjanlegar. Rétt er að geta þess að dreifð staðsetning rekstrareininga stofnunarinnar er hluti af rekstrarsamningi íslenskra og bandarískra stjórnvalda en bandarísk stjórnvöld greiða rekstrarkostnað Ratsjárstofnunar. Sú ákvörðun að staðsetja skrifstofu Ratsjárstofnunar í Reykjavík var tekin að lokinni ítarlegri umfjöllun íslenskra og bandarískra samningsaðila.

Að því er varðar aðra spurninguna er rétt að taka það fram að eðli starfsemi sinnar vegna er Ratsjárstofnun í fararbroddi hvað nútímafjarskiptatækni varðar. Hins vegar eru verkefni skrifstofunnar í Reykjavík þess eðlis að þau verða ekki leyst með fjarskiptatækni einvörðungu. Skrifstofan hefur ekki aðeins samskipti við fyrrgreindar ratsjárstöðvar, hún á einnig mikil og tíð samskipti við ráðuneytisstofnanir og fagaðila á höfuðborgarsvæðinu og síðast en ekki síst þær deildir varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sem nýta og greiða þjónustu Ratsjárstofnunar.

Til frekari útlistunar vil ég endurtaka að Ratsjárstofnun rekur einnig hugbúnaðar- og birgðastöð á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli sem er hluti af ratsjárstöðinni á Miðnesheiði. Því vil ég að lokum taka fram að við núverandi aðstæður og þær samningsskuldbindingar sem liggja fyrir eru ekki taldir möguleikar til breytinga hvað svo sem síðar kann að verða.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með fyrirspyrjanda að ef starfsemi af þessu tagi er uppi í landinu á annað borð þá er að breyttu breytanda æskilegt að henni sé dreift út um landið.

Ég vil hins vegar spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort ekki sé líklegt að þessi starfsemi verði óþörf innan skamms vegna tæknilegra breytinga og að vöktun með gervihnöttum eða öðrum slíkum hætti leysi landstöðvar af þessu tagi af hólmi þegar tæknin er orðin slík að t.d. bandarísk hermálayfirvöld geta sannanlega hlerað öll örbylgju- og gervihnattasímtöl í heiminum og ljósmyndað úr gervihnöttum hluti á jörðu niðri af þvílíkri nákvæmni að sögn kunnugra að lesa má fyrirsagnir í New York Times á jörðu niðri með því að stækka upp ljósmyndir úr njósnahnöttum hermálayfirvalda.

Þá er spurning mín fyrst og fremst sú: Er ekki allt eins skynsamlegt að búa sig undir það að í fyrirsjáanlegri framtíð og kannski nær okkur en við höldum í tímanum gæti komið til þess að starfsemi af þessu tagi yrði óþörf og hún yrði lögð niður?

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinargóð svör þó ekki geti ég sagt að ég sé með nein sérstök húrrahróp yfir efnisinnihaldi svarsins eða niðurstöðunum sem hæstv. utanrrh. komst að varðandi þá möguleika sem kynnu að vera til staðar að flytja þessi verkefni út á land. Út af fyrir sig get ég ekki heldur sagt að ég hafi orðið ýkja undrandi. Það er því miður oftast nær þannig að þegar við erum að reyna að velta þessum málum fyrir okkur rekum við okkur alltaf á þennan vegg. Greinilega er mikil andstaða almennt innan stjórnkerfisins af hálfu embættismanna við að færa verkefni sem unnin eru á höfuðborgarsvæðinu út á land og það er bara þannig. Ég geri mér grein fyrir því að hæstv. utanrrh. fær þær upplýsingar sem er verið er að byggja á. Ég vil í þessu sambandi vekja sérstaklega athygli á því að í svari hæstv. ráðherra kom fram að auk annarra starfa sem unnin eru hjá Ratsjárstofnun eru m.a. almenn skrifstofustörf. Við vitum það einfaldlega að nútímafjarskiptatækni leyfir að slík störf séu unnin með öðrum hætti núna en var fyrir nokkrum árum. Fjarskiptatæknin sem við erum svo mikið að tala um á hátíðarstundum gefur möguleika og tilefni til að vinna dreifðar en gert hefur verið.

Það er alveg rétt sem hæstv. utanrrh. vakti athygli á að þessar stöðvar byggja auðvitað á því að vera í fararbroddi hvað varðar nútímafjarskipti og því hefði maður talið að einmitt þessi stofnun af öllum væri líklegust til að skilja þá möguleika sem felast í nútímafjarskiptum og fyrirtæki í einkaeign sem þurfa að hugsa um að græða peninga eru t.d. meira og meira að tileinka sér en því miður ganga málin af hálfu hins opinbera óskaplega hægt fyrir sig.

Því vil ég að lokum, vegna þess að ég veit að það er líka vilji hæstv. utanrrh. að dreifa störfunum sem mest um landið og efla þessa atvinnustarfsemi á landsbyggðinni, hvetja hæstv. utanrrh. til að gera enn eina atrennu að þessari stofnun og kanna hvort ekki sé hægt að flytja t.d. einhvern hluta þeirra almennu skrifstofustarfa sem nú eru unnin á höfuðborgarsvæðinu út á land til svo ágætra byggðarlaga sem Þórshafnar eða Bakkafjarðar, Hornafjarðar og Bolungarvíkur.

[13:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. fyrirspyrjanda um að miklir möguleikar eru í því að flytja ýmis störf á grundvelli þeirrar fjarskiptatækni sem nú er fyrir hendi úti um land og við eigum að vinna að því af meiri krafti. Hins vegar bendi ég á að hér er um stofnun að ræða sem rekin er í umboði Bandaríkjastjórnar og við erum með samningsbundnar skuldbindingar gagnvart þeim. Við erum því ekki einir um það að taka ákvarðanir sem þessar. Ég bendi hins vegar á að í undirbúningi eru viðræður við Bandaríkjamenn um framhald á því hvernig við stöndum að ýmsum málum sem varða varnarsamninginn og þeim viðræðum verður lokið 2001. Þetta er eitt af þeim atriðum sem við munum hafa í huga. Hins vegar er eingöngu um tíu störf að ræða. En ég geri mér grein fyrir því að hvert og eitt starf getur skipt miklu máli í litlum byggðarlögum.

Að því er varðar fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar eru engin áform um að leggja þessar ratsjárstöðvar niður. Þær eru mikilvægar að því er varðar varnir á Norður-Atlantshafi. Vel má vera að einhver ný tækni komi til í framtíðinni. Þessi tækni var mjög framarlega á sínum tíma, skipti miklu máli í sambandi við þróun fjarskiptatækni hér á landi, skipti miklu máli fyrir landsbyggðina og ekki eingöngu að því er varnarmál varðar heldur vegna þess að ljósleiðarinn átti að mörgu leyti upptök sín í því að þetta net var byggt upp. Það er því ekkert sem bendir til þess á þessari stundu að stöðvarnar verði lagðar niður.

Tannréttingar barna og unglinga.

Fsp. GÁS, 179. mál. — Þskj. 206.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Á þskj. 206 hef ég beint fjórum fyrirspurnum til hæstv. heilbr.- og trmrh. sem varða tannréttingar barna og unglinga og opinberan stuðning við þær.

Ég spyr í fyrsta lagi: Hvernig er háttað opinberum stuðningi við börn og unglinga vegna nauðsynlegra tannréttinga og um hve háar fjárhæðir er að ræða? Einnig óska ég eftir því að hæstv. ráðherra sundurliði þær upphæðir síðustu tíu ár.

Tilefni þessarar spurningar er að það hefur verið breytingum undirorpið hvernig hið opinbera hefur komið að stuðningi við tannréttingar og ýmsar breytingar þar átt sér stað, síðast undir stjórn núv. hæstv. heilbrrh. þar sem ákveðin upphæð til handa hverju barni og hverjum unglingi var tilgreind og var tilraun til þess að draga úr umfangi og kostnaði hins opinbera af þessari þjónustu. Nú ætla ég ekki að kveða upp stóra dóma um það atriði en það vekur hins vegar upp aðrar spurningar, m.a. þá sem ég get hér um og er númer tvö:

Hver er þessi opinberi stuðningur hlutfallslega miðað við áætluð heildarútgjöld í tannréttingum? Þá er ég að leita eftir því hvort þessi nýskipan mála hafi gert það að verkum að heildarkostnaður hafi að einhverju leyti breyst og hvort hið opinbera hafi með þessu ráðslagi sínu dregið úr hlutfallslegum stuðningi sínum vegna tannréttinga til barna og unglinga.

Í þriðja lagi er spurt: Er haft eftirlit með því að aðstandendur leiti lækningar fyrir börn sín þegar þörf krefur og ef svo er hvernig er því háttað? Þessi spurning byggir einnig á fyrri tveimur spurningunum, þ.e. hvort þessi nýskipan mála hafi gert það að verkum að dregið hafi úr því að fólk, foreldrar leiti með börn sín til lækninga vegna þessara kvilla. Spurningin er hvort og hvernig hið opinbera hefur eftirlit í þessum efnum. Hafa tilraunir hins opinbera til að hafa með því eftirlit minnkað með þessari nýskipan mála þegar ákveðinn hundraðshluti er ekki lengur greiddur eins og áður var?

Í fjórða og síðasta lagi: Er vitað hvort og þá í hversu miklum mæli fólk sækir ekki þessa læknisþjónustu fyrir börn sín vegna mikils útlagðs kostnaðar umfram opinberan stuðning? Nú eru tannréttingar með ýmsu móti. Sumir halda því fram að í of ríkum mæli sé um fegrunaraðgerðir að ræða en því er hins vegar ekki á móti mælt að í fjölmörgum tilvikum og langflestum er um að ræða alvarlegt heilbrigðisvandamál og vandamál sem oft og tíðum kemur ekki fram með fullum þunga fyrr en síðar á ævinni. Þess vegna eru þessar spurningar lagðar fram.

[13:52]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spurði mig fjögurra spurninga. Við fyrstu spurningunni er það svar að fyrir rúmum tíu árum, þann 1. janúar 1990, tóku gildi lög nr. 122/1989 þar sem var m.a. kveðið á um að aðeins kæmi til greiðslu vegna tannréttinga að fyrir lægi sérstök umsókn þar sem fram kæmi flokkun tannskekkju. Aldrei náðust samningar um fyrirkomulag við réttingartannlækna um þátttöku almannatrygginga í þessu.

Með lögum nr. 1/1992 frá 24. janúar það ár voru öll almenn ákvæði varðandi tannréttingar felld úr almannatryggingalögum að undanskildu bráðaákvæði um áframhaldandi þátttöku hins opinbera í tannréttingakostnaði þeirra sem áttu þann rétt frá árinu 1991 til ársloka 1993.

Eftir 1. jan. 1994 voru því engin ákvæði um greiðslur vegna tannréttinga í almannatryggingalögunum önnur en þau að heimilt var að veita styrk vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa. Þessi ákvæði eru enn í lögunum.

Með reglum nr. 58 frá 26. jan. 1994 var kveðið á um að tiltekin alvarleg tilvik sem væru þess eðlis að almannatryggingar tækju þátt í kostnaði við meðferð þeirra. Endurgreiðslan nam 50–100% af kostnaði eftir eðli tannskekkjunnar, efnahag og aldri sjúklings. Þó voru almennar tannréttingar ekki niðurgreiddar.

Með reglum nr. 663 frá 20. des. 1996 tók ráðuneytið þá ákvörðun í fyrsta skipti í langan tíma að taka aftur upp endurgreiðslur fyrir almennar tannréttingar. Samkvæmt reglum tryggingaráðs frá 21. febr. 1997 var þátttaka almannatrygginga í kostnaði við tannréttingar vegna alvarlegra tilvika ákveðin 70 þús. kr. fyrir hvern sjúkling. Styrkurinn greiðist út í þrennu lagi á tveimur árum eða skemur eftir framgangi meðferðar. Þessi tilhögun skilaði því fljótt að meðferð stóð skemur en áður og kostaði þar af leiðandi minna.

Í reglum tryggingaráðs er bráðabirgðaákvæði um greiðslu styrks aftur í tímann til þeirra sem höfðu byrjað í meðferð fyrir gildistöku reglnanna en ekki hlotið neina endurgreiðslu samkvæmt fyrri reglum. Með endurbættum reglum tryggingaráðs frá 28. nóv. 1997 var styrkupphæðin hækkuð í 100 þús. kr. samtals fyrir hvern sjúkling og er það sú upphæð sem gildir í dag. Samkvæmt könnun sem tryggingayfirlæknir gerði í tengslum við setningu þessara reglna var meðalkostnaður hvers sjúklings árið 1996 frá tæpum 200 þús. kr. en gat farið upp í 400 þús. kr. hjá einstökum sérfræðingum. Í alvarlegustu tilvikum svo sem vegna klofins góms greiða almannatryggingar 75% af kostnaði tannréttinga. Stuðningurinn getur þó farið allt upp í 90% af kostnaði og miðast hann þá við efnahag aðstandenda.

Varðandi aðra spurningu hv. þm. er því til að svara að á undanförnum tíu árum hefur opinber stuðningur við tannréttingar hjá Tryggingastofnun ríkisins numið 110 millj. kr. að meðaltali en það svarar til 13,2% útgjalda við tannlækningar í heild. Árið 1998 voru veittar 120 millj. kr. í þennan lið sem svaraði til 15% af útgjöldum til tannlækninga í heild það ár. Útgjöld vegna tannlækninga hafa farið heldur hækkandi á síðustu árum en hlutdeild í tannréttingum er á svipuðu róli.

Varðandi þriðju spurningu: Almennt verður að teljast að tannlæknar séu vel meðvitaðir um tannskekkju og vísi börnum sem þurfa meðferð til réttingartannlækna. Hvort og þá í

hve miklum mæli aðstandendur fara að slíkum ráðum hefur hið opinbera ekki vitneskju um enn sem komið er en engin opinber skráning er á tannheilsu barna, hvorki hvað varðar eðli eða tíðni tannskekkju né tannskemmda og annarra þátta.

Þetta eru mjög viðamiklar spurningar og ljósið er þegar farið að blikka á mig þannig að ég á eftir að svara fyllilega þriðju og fjórðu spurningu hv. þm. og mun gera það í seinni ræðu minni.

[13:57]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili átti ég sæti sem varamaður í tryggingaráði og þar tók ég þátt í endurskoðun á reglum um hlut sjúkratrygginga í kostnaði við tannréttingar. Það var í nóvember 1997. Þegar þessar reglur voru teknar til endurskoðunar ríkti ákveðið frumskógarlögmál í þessum málum og kostnaður kominn úr böndum. Gjaldskráin var frjáls og þar sem þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði einstaklinga var hlutfallsleg greiddi stofnunin mismunandi verð fyrir sömu meðferð allt eftir gjaldskrá tannlæknanna.

Þetta ástand var ótækt, það var ekki til hagsbóta fyrir einstaklingana en gagnaðist helst tannlæknunum sjálfum sem ákváðu verðið einhliða. Kærumál til tryggingaráðs vegna tannréttinga voru afar fyrirferðarmikil, um 500 umsóknum til tannréttinga var synjað á árinu 1996 til samanburðar við 46 synjanir á árinu 1999.

Sú niðurstaða um þátttöku í kostnaði við tannréttingar sem núgildandi reglur byggja á var að mínu mati afar skynsamleg og friður ríkir um þær. Allir sem byrja tannréttingameðferð undir 21 árs aldri fá sama styrk og það tryggir jafnræði, eykur kostnaðarvitund og styrkir samningsstöðu þeirra sem þurfa að fara í tannréttingar gagnvart tannlæknum eða að leita bestu verða.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Enginn vafi er á því að skerðingarnar á endurgreiðslu tannlæknakostnaðar, sérstaklega í tíð ríkisstjórnar Alþfl. og Sjálfstfl. á árunum 1992 og 1993, voru veruleg atlaga að velferð þeirra sem fyrir urðu, þ.e. barnafjölskyldur og elli- og örorkulífeyrisþegar. Á síðasta ári var að vísu tekið nokkuð skref til baka í rétta átt en betur má ef duga skal. Ég minni í því sambandi á frv. sem liggur fyrir þinginu, flutt af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Þuríði Backman, um að endurgreiðsluhlutföll verði hækkuð og aldursmörkum breytt eins og þar gefur að lesa.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, minna á einn hóp alveg sérstaklega sem ég hygg að hafi farið mjög illa út úr þessum breytingum og þeim reglum sem gilt hafa og það eru börn með ýmsa meðfædda galla, t.d. að taka börn sem fæðast með þann sjúkdóm að fá ekki fullorðinstennur nema að litlu og jafnvel engu leyti síðar á ævinni. Ég þekki mörg dæmi um foreldra sem hafa orðið fyrir ómældum kostnaði vegna slíkra tilvika.

[14:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er slæmt þegar hæstv. ráðherra nær ekki að svara öllum spurningunum. En mig langar til að benda á að ég hef orðið vör við það að fólk er að borga mjög mismunandi háar upphæðir fyrir tannréttingar barna sinna eftir því hjá hvaða sérfræðingi þau eru. Það virðist vera mjög mismunandi fyrir nákvæmlega sömu aðgerðir. Ég held að það sé m.a. ástæðan fyrir því að það er verið að greiða þennan fasta styrk.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á hvort ekki sé full ástæða til að stjórnvöld komi á stofu á vegum hins opinbera þar sem er metin þörfin og hvað það muni kosta. Þessi aðferð er farin í nágrannalöndunum. Með þessari aðferð getum við ráðist gegn því ef það eru einhverjir svartir sauðir innan um sem eru að maka krókinn á þessum aðgerðum, sem á auðvitað ekki að líðast. Með svona flokkunar- og skoðunarstöð á vegum hins opinbera væri e.t.v. hægt að setja meiri peninga í styrki til einstaklinga sem eru með börnin sín hjá tannréttingarsérfræðingum.

[14:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar fyrirspurnir frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og tek undir málflutning hans. Staðreyndin er sú að tannlæknakostnaður er þungur baggi hjá mörgum fjölskyldum í landinu. Sá baggi var þyngdur í byrjun tíunda áratugarins og kom fram í könnun sem landlæknisembættið gerði á sínum tíma þar sem spurt var hvort sjúkrakostnaður væri farinn að mismuna fólki. Í ljós kom að það voru einkum tannlækningarnar sem efnalítið fólk veigraði sér við. Í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum við reynt að snúa þessari öfugþróun við og orðið nokkuð ágengt.

Staðreyndin er sú að það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að meðaltalskostnaður sumra tannréttingasérfræðinga mun vera um 200 þús. kr. á sama tíma og hann er 400 þús. hjá öðrum. Þetta kom reyndar fram í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn frá mér fyrir nokkrum mánuðum. Ég sagði þá að mér fyndist vel koma til álita að beita verðlagsákvæðum á þessa stétt. Ef það verður hins vegar ekki gert þarf að upplýsa almenning um verðlagninguna þannig að hún verði gagnsæ. Það er mjög mikilvægt að svo verði gert.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin svo langt sem þau ná. Þetta eru að vísu viðamiklar spurningar og mér dettur helst í hug að ég muni endurprenta þær að hluta að breyttu breytanda og óska eftir skriflegu svari.

En aðeins almennt um málið. Orð hæstv. ráðherra um það að upplýsingar um tannheilsu og stöðu þeirra mála liggi ekki fyrir vekja auðvitað athygli. Ég lýsti því í fyrirspurn minni í fyrri ræðu að ég hefði áhyggjur af því að það væru allt of stórir hópar sem væru ekki sýnilegir af þeim sökum að foreldrar þeirra barna sem hlut ættu að máli þyrðu ekki að leggja á þennan bratta, þyrðu ekki að hefja meðferð, dýra meðferð sem ekki væri séð fyrir endann á.

Ég spyr líka hvort það hafi verið kannað, þegar um hefur verið að ræða höfnun á erindrekstri til Tryggingastofnunar um hlutdeild vegna alvarlegra tilvika og því verið hafnað, hvort þessir sömu foreldrar hafi þá ekki hrokkið hreinlega undan og ekkert orðið af meðferð. Við verðum að glöggva okkur á atriðum af þessum toga, hvort tryggingakerfið sé með þetta nauðsynlega öryggisnet sem við erum að guma okkur af á hátíðarstundum eða hvort einhverjir lendi milli skips og bryggju. Í þessum tilvikum hef ég af því áhyggjur að svo sé. Þessar almennu meðaltalstölur segja okkur ekki nema hálfa sögu. Það eru auðvitað tilvik sem eru langtum, langtum dýrari og maður veit um fjölskyldur sem hafa hreinlega farið á hausinn vegna þess að eitt eða fleiri börn hafa

þurft að leita þessarar þjónustu og opinber stuðningur hefur ekki verið nægur.

Ég ætla svo sem ekkert að fara í neinar einkunnagjafir hér á núverandi eða fyrri ríkisstjórnum. Ég held að þetta sé sameiginlegt viðfangsefni sem við eigum ekki að deila um og við eigum að tryggja það að þeir sem þurfa nauðsynlega á þjónustu að halda geti fengið hana. Við eigum líka að taka höndum saman um að þeir sem eru að ræna og rupla ríkissjóð og þá foreldra sjúklinga fái ekki að gera það í friði. Þar hefur verið við ramman reip að draga og reyndar ýmsar leiðir og þessi er kannski heppileg, ég skal ekki um það segja, en allt að einu er greinilega mál á ferðinni sem þörf er á að ræða miklu nánar.

[14:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kemur að þetta er allt of stuttur tími til að ræða svo umfangsmikið mál. Fjórða spurning hv. þm. var: Er vitað hvort og þá í hve miklum mæli fólk sækir ekki þessa læknisþjónustu fyrir börn sín vegna mikils útlagðs kostnaðar umfram opinberan stuðning?

Það er alveg ljóst að það er samspil margra þátta í þessu máli og við höfum verið að auka verulega fjármagn til þessa málaflokks sem sést best á því ef við lítum á það hvað lagt var til tannréttinga 1999 þá voru það 55 millj. kr., 1994 eru það 72 millj., 1998 eru það 120 millj., þannig að við höfum verið að bæta verulega við þarna. Varðandi alvarleg tilvik sem hafa verið rædd eru það um 90% sem fólk getur fengið endurgreitt í alvarlegustu tilvikum.

Ég er alveg sammála því sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að þetta þarf að vera gagnsætt kerfi og ég held að einmitt með því greiðsluformi sem áðan var lýst verði þetta miklu gagnsærra og fólk leitar til þeirra tannréttingasérfræðinga sem eru með taxta sem eru bærilegir eins og maður segir. (**ÁRJ:** Hvernig veit fólk það?) Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kallar fram í og spyr: Hvernig veit fólkið það? Þetta eru ekki margir aðilar, ætli það séu ekki tíu í það heila tekið, og menn spyrja áður en þeir fá þá þjónustu hvað hún muni kosta.

Þjónusta við geðsjúk börn.

Fsp. ÁRJ, 215. mál. — Þskj. 255.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Málefni geðsjúkra barna og unglinga hafa verið í brennidepli af og til í samfélaginu. Þegar þessi mál hafa verið til umræðu hefur komið í ljós að þjónustu bæði við þau og foreldra þeirra hefur verið á margan hátt mjög ábótavant og vegna þessa hefur ástandið oft verið mjög alvarlegt hjá þeim fjölskyldum þar sem börn eru haldin geðrænum sjúkdómum.

Þess vegna hef ég lagt fram nokkrar fyrirspurnir sem varða þjónustu við þennan hóp barna og spyr á þskj. 255:

Eru það áform heilbrigðisyfirvalda að BUGL eða barna- og unglingageðdeild Landspítalans verði lokuð um helgar til frambúðar?

Nú hefur BUGL verið lokuð frá því 1995 um helgar og þá hafa börnin sem hafa legið þar inni verið send heim. Foreldrar hafa lýst mjög erfiðu ástandi þegar er verið að senda þessi börn heim um helgar. Þetta eru börn sem þurfa heilbrigðisþjónustu eins og aðrir meðan þau liggja inni á sjúkrahúsi og ekki forsvaranlegt að senda þau heim um helgar. Foreldrarnir eru einnig bundnir yfir börnunum meðan þau eru inni á geðdeildinni, þau þurfa að sækja þangað meðan þau eru þar og síðan eru þau send heim um helgar. Ég vil því fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort þetta verði til frambúðar því að þetta er óviðunandi ástand gagnvart þessum hópi.

Á sama þskj. spyr ég einnig: Hvenær má vænta þess að aðstandendum geðsjúkra barna standi til boða hvíldarinnlagnir fyrir þau, sambærilegar við þau úrræði sem t.d. fötluðum börnum og foreldrum þeirra standa til boða?

Það er afleitt ástand hjá þessum hópi vegna þess að engin hvíldarinnlögn er fyrir geðsjúk börn og ekki er síður mikilvægt og mikil þörf fyrir það að þessi börn fái hvíldarinnlagnir og foreldrar þeirra til að geta t.d. sinnt öðrum börnum og til að hvíla þau því það er ekki minna álag að vera með alvarlega geðsjúkt barn á heimili en að vera með mikið fatlað barn, það er alveg augljóst.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Stendur til að koma á hvíldarinnlögnum fyrir þennan hóp sem er mjög brýnt mál?

[14:10]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvort það sé áform heilbrrh. að BUGL verði lokuð um helgar til frambúðar. Í upphafi er nauðsynlegt að upplýsa hv. þm. að það er fagfólk og stjórnendur stofnunar sem meta og taka ákvarðanir um atriði eins og helgarlokanir. Þær eru teknar á grundvelli faglegra og rekstrarlegra sjónarmiða. BUGL var breytt í fimm daga deild fyrir nokkuð mörgum árum. Um leið var göngudeild styrkt. Á unglingadeild er 24 tíma vakt alla daga vikunnar og þar eru allt að 8 sólarhringspláss og þegar sérstök þörf er fyrir hendi er unnt að halda barnadeildinni opinni yfir helgar. Börn af barnadeild geta auk þess legið á unglingadeild um helgar. Þess dagana er einnig verið að bæta móttöku fyrir unglinga með tveimur viðbótarrýmum til þessara nota.

Á BUGL er rekin fjölbreytt þjónusta fyrir börn og ungmenni og foreldra og með aukinni dagdeildarþjónustu og göngudeildarþjónustu hefur tekist að þjóna mun fleirum. Á tímabilinu frá janúar til september 1999 fjölgaði legudögum um 37,5% miðað við sama tíma árið áður en minnkað á móti á dagdeildum þannig að á síðasta ári hefur verið brugðist við aukinni þörf fyrir sólarhringsþjónustu. Á síðustu árum hefur fjármagn til BUGL ítrekað verið aukið, sérstaklega til að fjölga starfsfólki og bæta þannig þjónustuna. Síðasta ár, 1999, voru teknar ákvarðanir um að auka fjármagn til þessara mála um yfir 120 millj. kr. sem skiptist á BUGL og Barnaverndarstofu. Frá því í nóvember 1997 hefur setnum stöðum verið fjölgað um 21 eða rúmlega 30% en nú eru setnar 79 stöður á barna- og unglingageðdeild.

Bent skal á að hluti fjölgunarinnar er vegna flutnings Kleifarvegsheimilisins til BUGL en með þessari fjölgun á að vera unnt að sinna mun fleiri einstaklingum. Fjölgun starfsfólks á þessu sviði hefur verið erfið m.a. þar sem skortur hefur verið á sérmenntuðum barnageðlæknum en það mun horfa til bóta. Þá eru þessi störf mjög krefjandi og erfið og því miður endast margir stutt í þeim.

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr einnig um hvenær vænta megi að hvíldarinnlagnir standi til boða fyrir geðsjúk börn. Stuðningsúrræði fyrir aðstandendur barna eru fyrst og fremst innan félagsþjónustunnar og fyrir fatlaða á vegum svæðisskrifstofa. Þá eru að sjálfsögðu önnur úrræði eins og lið-

veisla og stuðningsfjölskyldur á vegum félagsmálayfirvalda sem koma til hjálpar við þessar erfiðu aðstæður. Hugmyndir um hvíldarinnlangir sem stuðning við aðstandendur hafa komið fram en ekki eru uppi áætlanir um að þær verði á barnageðdeildinni. Hins vegar kæmi til greina að þær væru skipulagðar utan BUGL og þá jafnvel á vegum félagsmálayfirvalda með svipuðum hætti og aðstandendum fatlaðra barna stendur nú til boða.

Í þessu efni verðum við stöðugt að vera vakandi og þróa þjónustu og úrræði eftir því sem faginu fleygir fram og þeirri þörf sem fyrir hendi er. Samkvæmt upplýsingum BUGL hefur náðst að stytta biðlista verulega eða um 40%, ég endurtek að biðlistar hafa styst um 40%. Þetta gerist á sama tíma og nýjum málum fjölgar um allt að þriðjung frá fyrra ári. Þessar staðreyndir vekja vonir um að aukið fjármagn og fjölgun starfsfólks sé að skila sér áþreifanlega til þeirra sem þurfa að nýta sér þessa þjónustu.

[14:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hreyfir þýðingarmiklu máli og dregur fram þá staðreynd sem við hefur blasað í nokkur ár sem er fjárskortur barna- og unglingageðdeildar.

Ég kem til að minna á umræðu um vímuefnamál fyrir tveim, þremur árum og kröfur Alþingis um úrræði. Þá veitti hæstv. heilbrrh. 12 millj. kr. til barna- og unglingageðdeildar sem átti að veita ráðgjöf til foreldra barna í vímuefnaneyslu.

Ég spyr: Hvernig í ósköpunum getur barna- og unglingageðdeild veitt slíka ráðgjöf þegar þar er lokað, t.d. um helgar þegar slík mál koma upp? Hvað hefur gerst í þessum málum? Hvernig er þeim málum háttað sem ráðherra lofaði á sínum tíma en virðast aldrei hafa komið til framkvæmda? Hver er þáttur barna- og unglingageðdeildar í málum barna í vímuefnaneyslu?

[14:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir þessar fyrirspurnir og að taka þessu brýnu mál til umfjöllunar hér í þinginu. Nýlega bundust foreldrar geðsjúkra barna samtökum sem hafa m.a. það markmið að vinna að bættri þjónustu fyrir geðveik börn og aðstandendur þeirra. Á síðasta ári buðu þessi samtök fulltrúum allra þingflokka til fundar við sig. Mér er óhætt að segja að alla hafi sett hljóða þegar þessi mál bar þar á góma.

Í kjölfarið lagði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fram till. til þál. þar sem kveðið var á um að komið yrði á fót hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin lögðum við til fjárveitingu til þessa málefnis. Það var ekki samþykkt en ég fékk ekki betur skilið á tali hæstv. ráðherra en að ríkisstjórnin væri að íhuga að koma þessari starfsemi á fót og það væri vel.

[14:16]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því eins og aðrir þingmenn á undan mér að þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessar fyrirspurnir. Mér finnst það skólabókardæmi um aðstæður barna með geðræn vandamál hvernig þessir málaflokkar skarast. Geðræn vandamál eru ákveðin fötlun og þessi hópur á auðvitað að fylgja þeim hópi. Það sem gerist þarna er hins vegar að annar hópurinn er á vegum heilbrigðisgeirans meðan hinn er á vegum félagsþjónustunnar. Ég held að það væri mjög verðugt verkefni að skoða hvernig leiðrétta megi þetta þannig að börn með þessa fötlun sitji við sama borð og börn með annars konar fatlanir.

Vitað er að það vantar sérhæfða skammtímavist. Hún gæti þá nýst þessum börnum ásamt öðrum fötluðum sem jafnvel þjást líka af þessari fötlun. Þetta er spurning um að drifið verði í því að samræma þetta og samhæfa börnunum til hagsbóta.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Mér þykir leitt að heyra það frá hæstv. ráðherra að barna- og unglingageðdeildin eigi áfram að vera lokuð um helgar. Vissulega er það ekki af faglegum ástæðum að barnadeildinni er lokað um helgar. Það er líklega frekar af rekstrarástæðum, ég þekki það og hef skoðað þetta mál vel. Það eru ekki settir fjármunir í að reka deildina um helgar. Hún heldur því fram að börnin séu sett inn á unglingadeildina um helgar þegar þörf er á. Það algjörlega í undantekningartilvikum.

Varðandi hvíldarinnlagnirnar þá tek ég undir það sem komið hefur fram hér í umræðunni. Það verður að koma á hvíldarinnlögnum fyrir þetta fólk. Það er ekki hægt að setja börnin í venjulega pössun. Það er ekki hægt að senda þessi börn til ömmu og afa eða einhverra nákominna í pössun. Þau þurfa mann og jafnvel tvo með sér, börn með alvarlega geðsjúkdóma. Foreldrar þessara barna er í verulegum vandræðum og verulegum hremmingum. Þeir geta hvergi sent þau inn þegar þeir þurfa á hvíld að halda. Foreldrarnir eru vakandi jafnvel nótt og dag yfir þessum börnum. Þetta hefur áhrif á önnur börn í fjölskyldunum sem verða út undan. Foreldrarnir geta aldrei farið neitt með hinum börnunum í fjölskyldunni og sinnt þeim svo nokkuð sé. Þjónustuleysið sem þessi hópur býr við hefur brotið niður margar fjölskyldur, sérstaklega þegar kemur að hvíldarinnlögnunum. Það mál verður að leysa og ég treysti því að hæstv. ráðherra fari í það. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur, þetta er hópur sem verður á milli í kerfinu. Þegar félagsmálayfirvöldum hentar eru þau flokkuð sem sjúklingar, þegar heilbrigðisyfirvöldum hentar eru þau flokkuð sem fötluð. Síðan fá þau enga þjónustu af því að þau verða þarna á milli.

Þessu verður að taka á og bæta það ástand sem ríkir í málefnum geðsjúkra barna.

[14:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Með auknu fjármagni og fjölgun starfsfólks höfum við sem betur fer getað bætt þjónustuna við þessi börn. Við viljum gera enn betur í því. Ég lýsti í fyrri ræðu minni hversu miklu meira fjármagni er varið til þessa málaflokks en áður hefur verið og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hitti naglann á höfuðið þegar hún sagði að meiri samvinnu þyrfti milli þeirra aðila sem vinna með þessi börn. Og þess vegna höfum við komið á samvinnu með Barnaverndarstofu, SÁÁ og barna- og unglingageðdeild, einmitt til að tengja þetta saman.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spyr um 12 millj. kr. upphæð sem veitt var fyrir nokkrum árum til barna- og unglingageðdeildar og átti að verja sérstaklega vegna vímuefnavandans. Síðan þá hefur ýmislegt gerst. Við opnuðum t.d. um síðustu áramót unglingadeild á Vogi fyrir börn í vímuefnavanda. Það er ýmislegt að gerast í þessum geira og

sérstaklega mikilvægt að allir þessir þræðir séu samanflétt-aðir þannig að við nýtum þá alla sem best. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað um að þetta er trúlega sá allra stærsti vandinn sem fólk með börn með geðræn vandamál og slíkar fatlanir stendur frammi fyrir.

Neyðarmóttaka fyrir geðsjúk börn.

Fsp. ÁRJ, 216. mál. — Þskj. 256.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég held áfram að spyrjast fyrir um málefni geðsjúkra barna. Hér er til umræðu neyðarmóttaka fyrir geðsjúk börn. Því miður er engin neyðarmóttaka til staðar fyrir geðsjúk börn. Eins og fram kom í fyrirspurninni hér á undan er barna- og unglingageðdeildin, barnadeildin, lokuð um helgar. Það kom fram hjá foreldrum þessara barna sem við ræddum við að börnin hafa verið tekin inn á neyðarmóttöku geðdeildarinnar á Landspítalanum og jafnvel verið vistuð með fullorðnum geðsjúklingum sem er náttúrlega afleitt. Ef lítil börn eiga við geðræna sjúkdóma að stríða og þurfa aðstoð í neyðartilvikum þá er náttúrlega eitthvað mjög alvarlegt á seyði. Þegar börn koma inn í neyðarmóttöku er ástand þeirra mjög alvarlegt og þá er ekki boðlegt, eins og hefur því miður komið fyrir, að börnin séu vistuð með fullorðnum inni á geðdeild.

Reyndar var í sumar til umræðu að koma á neyðarmóttöku fyrir geðsjúk börn og jafnvel fíkniefnaneytendur á sama stað sem menn voru nú kannski ekki alveg sammála um hvort ættu samleið. Vissulega þurfa báðir þessir hópar einhverja leið til að fá þjónustu. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað líður áformum sem uppi hafa verið um að koma á fót neyðarmóttöku fyrir geðsjúk börn?

[14:24]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þessar fyrirspurnir tengjast allar mjög náið og ég minni á að á unglingadeildinni er 24 tíma vistun alla daga vikunnar, líka um helgar. Hún er í sama húsi og barnadeildin, bara svo að menn viti hvernig þetta er skipulagt.

Varðandi spurningu hv. þm. um áform um að koma á fót neyðarmóttöku fyrir geðsjúk börn þá vil ég svara því til að á fundi ríkisstjórnarinnar þann 24. júní 1999 var ákveðið að veita 30 millj. kr. til að setja á fót bráðamóttöku fyrir 8–10 unglinga vegna hegðunar- og geðraskana. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 2000 eru ætlaðar 70 millj. kr. til þessa verkefnis. Lögð er áhersla á samvinnu BUGL og Barnaverndarstofu í þessu sambandi en verkefni þessara stofnana skarast eins og svo oft hefur komið fram.

Á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnarinnar gerðu ráðherrar félagsmála og heilbrigðis- og tryggingarmála með sér samkomulag. Samkomulagið felur í sér m.a. að gerður verði þjónustusamningur á milli Barnaverndarstofu og barna- og unglingageðdeildar Landspítalans um að reka bráðamóttöku á vegum BUGL. Vísir að rekstri slíkrar deildar er þegar kominn á Landspítalanum þar sem tvö herbergi eru nú nýtt fyrir þessa þjónustu með sérstakri aukafjárveitingu frá sl. vori, en það er til bráðabirgða eins og hv. þm. benti á. Þá er gert ráð fyrir að BUGL veiti faglega þjónustu á Stuðlum á grundvelli þjónustusamnings sem mun efla bráðaþjónustu þar og auka afkastagetu. Bráðamóttakan verður því á tveimur stöðum eftir eðli málsins en samvinna milli stjórnenda þessara stofnana er aukin til muna.

Stofnað hefur verið samstarfsráð um meðferð barna og unglinga með vímuefnavanda, hegðunar- og geðraskanir. Ráðinu er m.a. ætlað að framfylgja þeim ákvörðunum um neyðarmóttöku er hér hafa verið kynntar. Í ráðinu sitja fulltrúar heilbr.- og trmrn., félmrn., Barnaverndarstofu, BUGL, Stuðla og SÁÁ. Jafnframt fékk barna- og unglingageðdeild 15 milljónir á sl. ári til að efla starfsemi og ráða fleira fagfólk. Í fjárlögum þessa árs er rekstrargrunnur barna- og unglingageðdeildar einnig hækkaður verulega.

Ég minni jafnframt á það sem ég sagði áðan. SÁÁ hefur nýlega opnað sérstaka deild fyrir börn og unglinga í vímuefnavanda og hefur verið veitt fé til þeirrar deildar á fjárlögum þessa árs. Reksturinn á ársgrundvelli er um 60 millj. kr. og ríkið hefur þegar lagt 45 millj. kr. í stofnkostnað. Með þessu aukna fjármagni og meiri og betri samvinnu hjá þeim sem veita þessa þjónustu mun móttaka og meðferð barna og unglinga með geðræna sjúkdóma batna til muna.

[14:27]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að þessi mál skuli hafa verið tekin hér upp. Það þyrfti náttúrlega að gera oftar og hafa þá lengri tíma fyrir umræðu. En mig langaði aðeins að koma því að að þau úrræði sem barna- og unglingageðdeild virðist hafa yfir að ráða duga ekki alltaf.

Ég þekkti til fyrir tveimur árum 15 ára stúlku sem átti við það alvarlega geðræna erfiðleika að stríða að þeir treystu sér ekki til að hafa hana á BUGL. Hvað var þá gert? Hún var send heim. Engin úrræði reyndust til. Það var reynt að nota bráðamóttöku á Landspítala en það úrræði hélt ekki. Ég verð að segja að sá vandræðagangur sem var í kringum það mál kom mér í opna skjöldu og ég held því miður að síðan hafi ekkert gerst sem breytt hafi þeim aðstæðum.

[14:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. heilbrrh. að þessar fyrirspurnir eru samtengdar, þær fjalla um fjárveitingar og þær fjalla um skipulag.

Þessi málaflokkur er erfiður viðfangs og flókinn. Þó ber að varast að gera hann flóknari en hann er. Það finnst mér stjórnvöld oft reyna að gera til að skjóta sér undan pólitískri ábyrgð. Mér fannst þetta henda hæstv. ráðherra hér í svari héðan.

Hæstv. ráðherra sagði að deildum væri lokað að ráði fagfólks, þetta væru faglegar ákvarðanir. En faglegar ákvarðanir eru teknar í ljósi þeirra fjárveitinga sem viðkomandi stofnun hefur úr að spila. Ég vil að þetta komi fram. Ég vil leggja áherslu á að endanlega er þessi málaflokkur og fjárveitingin til hans á ábyrgð stjórnvalda, í þessu tilviki ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni fyrir innlegg þeirra og fagna því að heyra það frá hæstv. ráðherra að hann sé að reyna að koma á neyðarmóttöku. Um leið bendi ég á að ekki er hægt að segja að unglingadeild barna- og unglingageðdeildarinnar sé neyðarmóttaka, það er bara ekki þannig. Aftur á móti þarf auðvitað að koma á neyðarmóttöku fyrir þessa hópa.

Það er vísað í fjármuni sem búið er að veita til Barnaverndarstofu og barna- og unglingageðdeildarinnar, einhverja fjámuni sem þeir þurfa síðan að fara að skipta á milli sín, en alveg ljóst er að þeir fjármunir sem hafa verið settir í þetta duga ekki til. Við verðum að forgangsraða ef svo ber undir og þarna er hópur sem er í mikilli hættu.

Ég get ekki gleymt orðum móður sem lýsti því fyrir mér hvernig hún stæði frammi fyrir þessari þjónustu með son sinn sem hún hefur þurft að fara með nokkrum sinnum inn á geðdeild í neyð og hann hefur verið sendur heim náttúrlega eftir skammtímavistun á barna- og unglingageðdeildinni. Hann kveikir í sér, hann sker sig. Þetta eru hryllilegar lýsingar hjá þessum foreldrum og síðan er ekki nein neyðarmóttaka fyrir þessi alvarlega sjúku börn. Það er ekki bara að þau séu andlega sjúk heldur eru þau þá líka slösuð, þau koma inn alvarlega slösuð í mörgum tilvikum þannig að það þarf sérstaka neyðarmóttöku fyrir þessi börn. Ekki er hægt að vísa á almennar deildir eða unglingadeildina fyrir börn sem eru það mikið veik að þau skaða sjálf sig á þennan hátt.

Ég treysti því, herra forseti, að hæstv. ráðherra taki á sig rögg og drífi í því að bæta ástandið í þessum málum.

[14:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Það var rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan að þetta eru mjög flókin mál og erfið viðfangs. En við höfum einmitt verið að reyna að leysa úr þeim með samvinnu við t.d. Barnaverndarstofu og SÁÁ vegna þess að þetta er mjög samtvinnað. Ég tel að menn séu almennt sammála um að það sé rétt.

Hv. þm. og fyrirspyrjandi spurði áðan um neyðarmóttökuna. Þá sagði ég henni ekki frá því en ég get gert það nú, að inni á BUGL er verið að undirbúa tvö rými einmitt fyrir neyðarmóttöku sem er nú á Landspítalanum, af því að það er þægilegra að hafa þetta inni á BUGL en inni á Landspítala, og undirbúningur er þegar hafinn. En sem betur fer sjá þeir sem koma inn á barna- og unglingageðdeild að þar er unnið geysilega gott starf. Þar er mjög heimilislegt umhverfi og þar eru sérfræðingar á öllum sviðum sem taka mjög vel á þessum málum. Þó svo að barnadeildin hafi ekki verið opin um helgar segi ég enn og aftur að þá er unglingadeildin opin og börnin hafa getað farið þangað í vissum tilvikum. Auðvitað geta komið upp um helgar mjög alvarleg tilvik eins og hv. þm. benti á og auðvitað er reynt að grípa þar inn í. Ég endurtek að þessi neyðarmóttaka er í undirbúningi á barna- og unglingageðdeild.

Geðsjúk börn á nýja barnaspítalanum.

Fsp. ÁRJ, 217. mál. — Þskj. 257.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég kem aðeins inn á annan vinkil í málefnum geðsjúkra barna og það er það sem snýr að nýjum barnaspítala á landspítalalóð. Maður bjóst við því þegar ákveðið var að reisa barnaspítala, sem var náttúrlega gleðiefni að einn spítali yrði fyrir öll börn, að þar mundu þá öll börn eiga inni. Síðan kemur í ljós að hluti barna á ekki að fá að koma eða eiga athvarf á barnaspítalanum. Börn með geðræna sjúkdóma eiga að vera annars staðar.

Það þótti mikið framfaraspor í þjónustu við geðsjúka þegar geðdeild var sett upp á Landspítalanum með öðrum sjúkradeildum. Því miður eru enn í gangi allnokkrir fordómar í garð geðsjúkdóma og þess vegna furða ég mig á því og velti því fyrir mér hvort það geti verið rétt að geðsjúk börn eigi ekki að fá að eiga inni á nýja barnaspítalanum sem fyrirhugaður er á landspítalalóðinni. Ég spyr hvort það sé stefna stjórnvalda að útiloka þennan hóp barna frá þjónustu á þessum nýja barnaspítala. Hvað er það sem ræður þarna ferðinni? Er það stærð lóðarinnar, er það stærð sjúkrahússins? Hvers vegna eiga þessi börn að vera annars staðar?

Nú hefur það verið þannig að á Akureyri hefur verið starfrækt barnageðdeild með öðrum deildum inni á sjúkrahúsinu þar, þjónusta hefur verið við geðsjúk börn eins og önnur börn á sama stað. Ég veit að það hefur verið mun auðveldara fyrir foreldra þessara geðsjúku barna að geta sagt: Barnið mitt er inni á barnadeild, það er veikt, og það er enginn að velta því fyrir sér hvort það er geðveikt eða einhver annar sjúkdómur sem hrjáir það. Þetta er mun auðveldara á allan hátt og ég hef heyrt það frá þeim sem starfa á Akureyri að þetta hefur reynst vel.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að þessi börn eiga ekki að eiga inni á þessum nýja barnaspítala? Þessi börn eru langveik börn, mörg hver, og ég bendi á að oft er stutt á milli líkamlegra og andlegra sjúkdóma eins og hefur reyndar komið fram hér í umræðunni á undan.

Ég vil gjarnan fá skýringar á því frá hæstv. ráðherra hvort það er stefna stjórnvalda að skilja þessi börn frá öðrum börnum eða er eitthvað annað sem ræður þarna ferðinni þegar ákveðið er að geðsjúk börn, alvarlega geðsjúk börn eigi ekki að eiga inni á nýjum barnaspítala.

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Spurningin er að sumu leyti villandi. Sérhæfð þjónusta fyrir börn með geðræna sjúkdóma er skipulögð undir faglegri yfirstjórn á geðsviði. Að sjálfsögðu fá þessi börn inni á barnaspítalanum ef þau veikjast og þurfa að fá sérhæfða meðferð sem veitt er á barnaspítala.

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur bygging nýs barnaspítala verið fyrst í forgangsröð yfir framkvæmdir á Landspítalanum í mörg ár og er það því sannarlega gleðiefni að framkvæmdir skuli vera komnar á skrið. Þegar barna- og unglingageðdeildin var stofnsett var hún á Barnaspítala Hringsins. Fagfólki þótti reynslan af því ekki nægilega góð og beitti sér fyrir því að deildin væri flutt yfir á svið geðlækninga. Þessi ákvörðun var tekin af faglegum ástæðum því að talið var að með þessu móti fengju börnin betri þjónustu þar sem sérhæfing fagfólks á geðsviði mundi nýtast barna- og unglingageðdeildinni vel. Þá var sú stefna einnig við lýði að deildin ætti ekki að vera í nánd við aðrar deildir Landspítalans heldur í umhverfi sem minni sem minnst á sjúkrahús.

Þeir sem koma á BUGL sjá að þar ríkir heimilislegt andrúmsloft og hlýlegt svo tekist hefur vel til hvað það varðar. Erlendis er þessari þjónustu fyrir komið með mjög mismunandi hætti og greinilegt að ekkert eitt rétt svar hefur fundist við þessu. Leitað er bestu leiða á hverjum tíma og eftir aðstæðum í hverju landi. Við undirbúning á byggingu barnaspítalans var unnin mikil vinna við þarfagreiningu og á því stigi voru þjónustunefndir BUGL og Ríkisspítalanna sammála um að deildin ætti ekki að vera í hinum nýja barnaspítala. Þeir töldu eðlilegra að deildin yrði innan geðdeildar,

jafnvel sjálfstætt svið á Ríkisspítölum eða jafnvel sjálfstæð stofnun.

Vegna þessa samdóma álits yfirmanna var frá upphafi ekki gert ráð fyrir því að starfsemi BUGL yrði á hinum nýja barnaspítala. Eftir að undirbúningur var langt kominn var ljóst að nýjar áherslur höfðu komið fram og nýir yfirmenn töldu æskilegt að starfsemi BUGL yrði komið fyrir á barnaspítalanum. Á því stigi var málið hins vegar komið svo langt að ekki var talið mögulegt að breyta um stefnu, slíkt hefði tafið mjög fyrir byggingunni.

Virðulegi forseti. Vert er að benda á að vel hefur tekist til við samvinnu barnaspítalans og BUGL og áformað er að tiltekin göngudeildarstarfsemi BUGL verði á barnaspítalanum. Með því er vonast til að báðar einingarnar styrkist og þjónustan batni og það er markmiðið sem stefnt er að. Við megum auðvitað ekki í þessu sambandi algjörlega festast í húsaskipan.

Miðað við núverandi áætlanir og þá uppbyggingu sem þegar er að eiga sér stað er full ástæða til að ætla að því markmiði verði náð.

[14:41]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Í skýrslu nefndar um stefnumótun í málefnum langveikra barna sem unnin var á vegum heilbr.- og trmrn., og dagsett var í júní 1999 kemur fram sú skoðun að þjónusta við börn og unglinga með langvinna, geðræna sjúkdóma sé mun minni hér á landi en í nágrannalöndunum. Með leyfi forseta vil ég vitna í skýrslu nefndarinnar en þar segir m.a.:

„Með talsverðum rökum má telja þessa þjónustu vera svarta blettinn á annars góðri heilbrigðisþjónustu hér á landi."

Það hefur komið fram í svörum heilbrrh. í dag að verulega mikið hefur verið unnið í þessum málaflokki á undanförnum mánuðum og árum. En nefndin sem ég minntist á lætur það álit í ljós að úrbætur í málefnum geðsjúkra barna eigi að hafa forgang í heilbrigðiskerfinu á næstunni. Hún leggur til að hugað verði að því að geðheilbrigðisþjónusta við börn verði í starfstengslum við barnadeild.

Ég hef áður á öðrum vettvangi látið í ljós það álit mitt að fyrirhuguð bygging barnaspítala við Landspítala geti ekki staðið undir nafni sem miðstöð heilbrigðisþjónustu við börn nema gert verði ráð fyrir þjónustu við geðsjúk börn. Framtíðarsýn mín um barnaspítala er að hann verði eining með töluverðu sjálfstæði, raunuveruleg miðstöð þjónustu við sjúk börn og fjölskyldur þeirra þar sem þörfum sjúkra barna fyrir heilbrigðisþjónsutu er sinnt hvort sem veikindi þeirrar eru af líkamlegum eða geðrænum toga.

[14:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að harma þau orð er féllu hjá hæstv. heilbrrh. og ég túlka í raun sem aðskilnaðarstefnu af því að þetta er það í raun sem hún var að lýsa. Það að ekki hafi verið gert ráð fyrir geðsjúkum börnum á hinum nýja barnaspítala lýsir grundvallarmistökum í stefnumörkun í heilbrigðismálum á Íslandi. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði, þetta snýst ekki bara um húsaskipan. Þetta snýst um fordómana í samfélaginu gagnvart geðsjúkdómum, þetta snýst um viðhorf okkar gagnvart geðsjúku fólki og þetta snýst um vilja stjórnvalda til að ganga fram fyrir skjöldu þannig að geðsjúkum sé gert jafnhátt undir höfði hér og öðrum sem eiga við sjúkdóma að stríða.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég harma þau svör hæstv. ráðherra að niðurstaðan hafi orðið sú að þessi börn fengju ekki inni á nýjum barnaspítala vegna þess að það hefði tafið fyrir byggingu, eins og kom fram hér. Mér finnst átakanlegt að hlusta á hæstv. ráðherra tala svona. Ég tek heils hugar undir orð hv. þm. Ástu Möller að nýr barnaspítali getur ekki staðið undir nafni nema hann rúmi öll börn.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að ekki er farið í það að reisa þennan spítala, barnaspítala, þannig að hann geti rúmað öll börn? Það væri hægt að reisa þennan spítala í tengslum við Sjúkrahús Reykjavíkur þar sem er bráðamóttaka og slysadeild. Ég benti á það í svari mínu hér á undan að oft þarf slysadeild að vera til staðar þegar þessi börn koma t.d. í bráðainnlögn. Hvernig stendur á því að stjórnvöld horfa ekki til þess að þessi spítali rúmi alla?

Og að vísa til fagfólks — allt fagfólk sem ég hef talað við telur að börn með geðræna sjúkdóma eigi að vera með öðrum veikum börnum. Ég bendi líka á að ýmis langveik börn með aðra sjúkdóma, t.d. krabbamein, eða hjartasjúkdóma, eru haldin ýmsum geðrænum kvillum eftir langvinn veikindi, t.d. þunglyndi. Það er oft ekki auðvelt að greina á milli þegar börn eru veik. Ég verð að segja að ég harma að þarna eigi að útiloka þennan hóp barna. Ég óttast að þetta ýti undir frekari fordóma sem því miður eru til staðar gagnvart geðsjúkdómum eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir nefndi hér áðan. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra sjái sig um hönd og sjái til þess að nýr barnaspítali verði fyrir öll sjúk börn.

[14:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég minni aftur á það að barna- og unglingageðdeildin var fyrst til húsa í Barnaspítala Hringsins og var þar í nokkurn tíma, í nokkur ár. Síðan var það fagfólkið sem tók þá ákvörðun að færa hana út af spítalanum vegna þess að það taldi að börnin þyrftu heimilislegra umhverfi en spítalinn gat boðið upp á og það þyrfti meira svigrúm en ein spítalalóð getur boðið upp á. Það var af þessum sökum sem byggt var upp á Dalbrautinni og ég vona að flestir hv. þm. hafi komið þangað því að ég tel að þar hafi margt mjög vel tekist til.

Ég er ekki aðskilnaðarstefnumanneskja á einn eða annan hátt. En ég hef hlustað á það fagfólk sem tók þessa ákvörðun og ég samþykkti ákvörðun þess hvað þetta varðar. Menn geta deilt um það, og ég sagði í fyrri ræðu minni að það er ekkert eitt rétt eða satt í þessu. Þetta er með ýmsu móti í löndunum í kringum okkur. Ég er ekki komin til að segja að það sé hið eina rétta að börnin séu einhvers staðar annars staðar en á barnaspítala. En þetta er ákvörðun sem tekin hefur verið (**ÁRJ:** Stjórnvaldsaðgerðir.) og það hefur verið byggt upp mjög myndarlega á Dalbrautinni eins og ég sagði áðan. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kallar nú fram í og segir að stjórnvöld hafi tekið þessa ákvörðun. Við hlustuðum á fagfólkið á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin. En það er alveg rétt að síðan hefur komið nýtt fagfólk inn á barna- og unglingageðdeild sem hefur önnur sjónarmið en þá var nokkuð seint að breyta þeim ákvörðunum sem þegar lágu fyrir.

Langtímameðferð fyrir geðsjúk börn.

Fsp. ÁRJ, 218. mál. — Þskj. 258.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Þetta er fjórða og síðasta fyrirspurnin sem varðar þjónustu við geðsjúk börn sem ég legg fyrir hæstv. ráðherra að þessu sinni. Nú hefur komið fram að langtímameðferð fyrir geðsjúk börn er til staðar og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort fyrirhugað sé að hefja langtímameðferð eða framhaldsmeðferð að lokinni meðferð barna og unglinga sem hafa dvalið á barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Foreldrar þessara sjúku barna kvörtuðu yfir því við okkur þingmenn sem komu á fund þeirra í fyrra, og hv. þm. Ögmundur Jónasson vísaði til í máli sínu fyrr á fundinum, að það væri mikið vandamál að barna- og unglingageðdeildin sinnir aðeins skammtímameðferð. Það hefur viljað brenna við að börnin fara inn í e.t.v. sex vikur, þá eru þau útskrifuð og send heim og ekkert tekur við. Foreldrarnir eða jafnvel einstætt foreldri, móðir eða faðir, eru heima með vandann og barnið er jafnmikið veikt og það var þegar það fór inn á geðdeildina sex vikum áður. Síðan gengur þetta alltaf sama hringinn, barnið er heima vissan tíma og síðan kemur það í bráðainnlögn og er lagt aftur inn á barnageðdeildina í einhverjar vikur og síðan aftur útskrifað heim.

Þetta er ástand sem er alls ekki hægt að búa við. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort áform séu uppi um frekari langtímameðferð. Það kom fram í umræðunni áðan að það eru nokkur pláss, sex pláss á Kleifarveginum, en það er alls ekki nóg. Það eru tíu til fimmtán börn í samfélagi okkar sem þurfa þessa þjónustu, það eru hvíldarinnlagnirnar og það er þessi langtímameðferð. Það er ekki hægt að leggja það á þær fjölskyldur sem eiga þessi börn að þær taki alltaf við vandanum heim.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvaða áform eru uppi til að bjóða upp á langtímameðferð eða framhaldsmeðferð eftir barna- og unglingageðdeildina fyrir fleiri en þau sex börn sem komast inn á Kleifarveginn?

[14:51]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. gat um áðan þá er veitt þjónusta á hæfingardeild fyrir veik börn sem þurfa langtímaframhaldsmeðferð að lokinni meðferð á barna- og unglingageðdeild. Hins vegar skortir enn sambærilegt úrræði fyrir unglinga. Komið hafa fram tillögur um sérhæfða hæfingardeild fyrir unglinga 12–18 ára á Landspítalanum en nú er leitað heppilegri lausna á því sviði.

Það er ljóst að hér er um afar mikilvægt mál að ræða. Þó að hópurinn sem þarf á þessari þjónustu að halda sé sem betur fer ekki stór er þetta fólk í mjög brýnni þörf fyrir þessa þjónustu. Þessi vandi er sérstaklega brýnn hér á suðvesturhluta landsins. Það mál hefur verið skoðað sérstaklega í tengslum við stefnumótunarvinnu í málefnum langveikra barna og unglinga en eins og kunnugt er samþykkti ríkisstjórnin sl. haust að skipa nefnd með fulltrúum fjögurra ráðuneyta til að semja drög að heildstæðri og samræmdri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna og unglinga.

Þess má einnig geta að ýmis önnur úrræði, m.a. í skólaheilsugæslu, er einnig fyrirhugað að styrkja sem koma ekki síst þessum hópi langveikra barna til góða og þegar eru tvö tilraunaverkefni í gangi.

Eins og fram kom í fyrra svari hefur göngudeild og dagdeildarþjónusta á BUGL verið efld verulega á síðustu árum sem er í samræmi við þróun í meðferð fyrir börn og unglinga víðast hvar í heiminum. Þegar slíkt úrræði dugir ekki er hins vegar mikilvægt að hafa til boða langtímameðferð á stofnunum og eins og ég nefndi er verið að skoða það mál sérstaklega.

Eins og fram hefur komið hefur verið veitt stóraukið fjármagn til barna- og unglingageðdeildarinnar að undanförnu. Markmiðið með þessu fjármagni er að sjálfsögðu að auka þjónustu við börn og unglinga, m.a. með því að bæta við starfsfólki til að sinna þessu brýna verkefni.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur skilning á því að það þurfi langtímavistun og framhaldsmeðferð. En það dugir ekki að skipa bara nefnd og það er ekki nóg að vera alltaf að skoða málin. Þetta er svo stór og brýnn vandi að ekki er hægt að bíða endalaust eftir að menn tali sig út úr honum.

Ég ætla aðeins að segja ykkur hvernig móðir lýsti þessu fyrir okkur. Hún var að segja okkur frá því þegar sonur hennar, sem er barn, kemur heim og hún fær enga framhaldsmeðferð fyrir hann. Og hún segir: „Hann er svo veikur að hann ræðst á mig og hann gengur í skrokk á mér og ég get ekkert gert. Ég bíð eftir bara að hann geri út af við mig eða sjálfan sig. Það er enginn staður fyrir hann.“ Og hún ákallaði okkur þingmenn: „Hjálpið okkur.“

Ég spyr bara hæstv. ráðherra: Ætlar hún að láta þessi mál danka endalaust í einhverjum nefndum eða að láta starfsmenn eða einhverja vera að skoða þessi mál endalaust? Við höfum vitað það a.m.k. í á annað ár að þessi vandi er fyrir hendi og hann er mjög stór og þetta eru fáir einstaklingar eins og ég benti á. Þetta eru nokkur börn. Við höfum ekki efni á því núna í góðærinu þegar menn geta eytt tugum ef ekki hundruðum milljóna í hesta eða þjónustu við þá að ekki sé hægt að bjarga fólki og fjölskyldum sem eru í svona stórri neyð eins og foreldrar þessara barna eru, þessara barna sem eru hvað veikust af þessum alvarlega sjúkdómi.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega útúrsnúningur að segja að þessi mál séu eingöngu í nefndum. Eins og hefur komið fram í máli mínu á undan höfum við aukið fé til þessa málaflokks og við höfum stóraukið fjármagn til þessa málaflokks. Við höfum fjölgað starfsfólki til að þjóna þessum einstaklingum. Áðan kom fram að a.m.k. 11 nýir starfsmenn hafa komið bara á sl. einu og hálfu ári. Við höfum auðvitað tekið mjög myndarlega á þessu þó að við þurfum að gera enn betur.

Lýsingar hv. þm. hér áðan eru allar sannar og ég þekki það best vegna þess að þetta fólk kemur oft til mín. Ég skil mjög vel aðstæður þessa fólks. Þess vegna höfum við sett þetta í forgang og við höfum reynt eftir fremsta megni að koma til móts við þetta fólk með ýmsu móti. En það er aldrei nóg þegar svo mikill vandi er eins og hér var lýst en með þeim aðgerðum sem við erum þegar búin að gera og erum að vinna að þá bætum við hag þessa fólks. Það kemur mér mjög á óvart vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur oft rætt um það í þingsal hve það sé einmitt mikilvægt að samþætta störf þessara aðila sem eru að vinna með börn eins og félmrn., menntmrn. og heilbrrn. sem við erum að

gera, ef hv. þm. og fyrirspyrjandi telur það svo einskis virði þegar það er gert.

[14:57]

Útbýting þingskjala:

Afskrifaðar skattskuldir, 305. mál, fsp. JóhS, þskj. 554.

Áhrif stækkunar Evrópusambandsins á Evrópska efnahagssvæðið, 307. mál, fsp. ÖS, þskj. 556.

Tóbaksvarnir, 310. mál, fsp. GHall, þskj. 559.

Umhverfisstefna í ríkisrekstri, 306. mál, fsp. KolH, þskj. 555.

Rekstur Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum.

Fsp. ÍGP, 234. mál. — Þskj. 285.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgrh. Í sumar ákvað ríkisstjórn Íslands samkvæmt reglum sem hún hefur sett sér og reglum Evrópska efnahagssvæðisins að bjóða út rekstur og starfsemi Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfs. Ákvörðun þessi kom á óvart og hefur leitt til talsverðrar óvissu bæði hjá íbúum Vestmannaeyja og starfsmönnum Herjólfs. Að sögn framkvæmdastjóra Herjólfs er þegar komið los á starfsmenn ferjunnar vegna óvissu um framhald rekstrar.

Stjórnarformaður Herjólfs sagði í útvarpsviðtali þann 26. júní sl. að fyrrv. samgrh. Halldór Blöndal hefði gefið út yfirlýsingu í Vestmannaeyjum að ekki kæmi til greina að bjóða út rekstur Herjólfs. Því er greinilega um stefnubreytingu að ræða. Í samkomulagi fulltrúa Vegagerðarinnar og Vestmannaeyjabæjar, sem undirritað var 21. des. 1995, 2. gr. þess samkomulags segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Vegagerðin mun ekki gera breytingar á rekstri og rekstrarformi Herjólfs eða endurnýja eða velja annað skip til þess að annast flutninga á fólki, bílum og vörum til og frá Vestmannaeyjum nema í samkomulagi við bæjarstjórn Vestmannaeyja. Heimahöfn Herjólfs skal vera í Vestmannaeyjum.“

Hvað veldur þessari stefnubreytingu? Ég lagði fram fyrirspurn þessa í nóvember sl. en þá var óvíst hvernig farið yrði með þetta mál á nýbyrjuðu ári. Hins vegar var gerður samningur til eins árs um miðjan desember sl. þannig að reksturinn verður óbreyttur til 1. janúar 2001.

Í millitíðinni skapaðist mikil og óþolandi óvissa bæði fyrir íbúa Vestmannaeyja og starfsmenn Herjólfs. Þegar nýr Herjólfur hóf siglingar á milli lands og Eyja sagði þáv. samgrh. að nú væri loks komin brú á milli lands og Eyja. Brýr eru hluti af þjóðvegakerfinu, þess vegna má segja að Herjólfur sé þjóðvegur Vestmannaeyinga. Þetta er því í fyrsta sinn sem þjóðvegur verður boðinn út á Íslandi.

Fyrirspurn mín er svohljóðandi:

1. Hvað líður fyrirhuguðu útboði á rekstri Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum?

2. Hvað sparast ef rekstur og starfsemi Herjólfs hf. verður boðinn út?

3. Hvernig sér ráðherra fyrir sér rekstur og starfsemi Herjólfs hf. í framtíðinni?

Auðvitað er mjög mikilvægt fyrir okkur þingmenn Suðurlands og reyndar þingmenn alla að vita hvernig þessum málum verður varið í framtíðinni og þess vegna óska ég eftir svörum við fyrirspurn minni.

[15:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hefur borið fram fsp. í þremur liðum og vil ég leitast við að svara þeim. Fyrst er spurt: Hvað líður fyrirhuguðu útboði á rekstri og starfsemi Herjólfs hf. í Vestmannaeyjum?

Svar mitt er svohljóðandi: Með bréfi, dagsettu 11. ágúst sl., fól samgrn. Vegagerðinni að gera drög að útboðsskilmálum vegna þjónustusamninga um ferjuleiðir. Um er að ræða leiðirnar Þorlákshöfn/Vestmannaeyjar, þ.e. Herjólfsleiðina, Stykkishólmur/Flatey/Brjánslækur, sem Breiðafjarðarferjan Baldur siglir um, og síðan Ísafjörður/Vigur/Æðey þar sem Fagranesið hefur verið nýtt til siglinga og Árskógssandur/Hrísey þar sem Sævar hefur siglt. Rekstur ferjuleiðarinnar Dalvík/Grímsey, þar sem Sæfari hefur siglt, var fyrst boðinn út árið 1993 og síðan aftur 1996. Hefur sú tilhögun gefið góða raun og ekki um annað kunnugt en að almenn ánægja sé meðal heimamanna með þá þjónustu sem núverandi rekstraraðili veitir.

Gert er ráð fyrir að fyrstu drög að útboðsskilmálum liggi fyrir í febrúarmánuði nk. og verða kynnt fyrir viðkomandi aðilum í mars og apríl á næsta ári þar sem heimamönnum mun gefast kostur á að koma að athugasemdum sínum við útboðsgögn. Lokahönd verður væntanlega lögð á útboðsgögnin í maí og fer úboð fram í framhaldi af því. Bjóða verður út á Evrópska efnahagssvæðinu og er útboðsferlið því nokkuð langt en gera má ráð fyrir að samningar á grundvelli útboða verði gerðir á haustdögum árið 2000 með upphafi gildistíma 1. jan. 2001. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að núverandi rekstraraðilar ferja, þar með talinn Herjólfur hf., geti og muni bjóða í þennan rekstur.

Þann 7. des. sl. var undirritaður skammtímasamningur við Herjólf hf. þar sem núgildandi þjónustusamningur var framlengdur til eins árs til samræmis við framangreint, þ.e. til 1. jan. 2001. Samsvarandi skammtímasamningar munu verða gerðir við aðra rekstraraðila þjónustuleiða.

Annar liður fyrirspurnar hv. þm. er: Hvað sparast ef rekstur Herjólfs hf. verður boðinn út?

Tilgangurinn með útboðum er fyrst og fremst sá að leitast við að ná fram lægra verði í innkaupum á vöru og þjónustu og skapa markaðslegan jafnræðisgrundvöll undir rekstur og þjónustu en það er ekki gerlegt til lengdar með samningum án útboðs. Að sjálfsögðu er ekki hægt að segja til um fyrir fram í hverju einstöku tilviki hvort eða hversu mikið sparast hverju sinni en almennt séð er reynslan sú að með útboðum má lágmarka kostnað og auka hagkvæmni í rekstri. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að beita útboðum til að ná framangreindum markmiðum. Til þess að styrkja þessa viðleitni hefur henni verið markaður lagarammi með lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, sbr. lög nr. 55/1993 og lög nr. 85/1998 og reglugerð um innkaup ríkisins nr. 302/1996. Auk þess hefur Ísland með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbundið sig til að bjóða út innkaup og verkframkvæmdir, samanber t.d. tilskipun Evrópubandalagsins nr. 92/50/EB frá 18. júní 1992, um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu.

Í þriðja lagi er spurt: Hvernig sér ráðherra fyrir sér rekstur og starfsemi Herjólfs hf. í framtíðinni?

Því er til að svara að góðar samgöngur eru grundvöllur að traustu efnahagslífi og góðu mannlífi. Siglingar Herjólfs

milli lands og Eyja er sú vegtenging sem Vestmannaeyjar hafa. Í þeim útboðsgögnum sem er nú verið að vinna, og það vil ég undirstrika, er meginhersla lögð á að þjónusta Herjólfs verði ekki minni en nú er og leitast verður við að setja inn í samningsgögnin hvata til þess að þjónustan verði enn bætt. Er því vonast til að í framtíðinni megi Vestmannaeyingar búa við bættar samgöngur svo sem aðrir landsmenn.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Eins og fram kom í svörum hæstv. ráðherra talaði hann um ferjuna sem gengur m.a. milli Dalvíkur og Hríseyjar sem sér fyrst og fremst um vöruflutninga og þó líka auðvitað fólksflutninga á milli þessara staða. Eins og ég hef sagt og kom fram í ræðu minni áðan þá er Herjólfur í raun og veru þjóðvegur á milli lands og Eyja og það skiptir auðvitað mjög miklu máli að sá þjóðvegur sé greiðfær og opinn. Hugsanlega skildi ég ekki hæstv. ráðherra fullkomlega þegar hann var að tala um dagsetningar í þessu, hann talaði um febrúar á næsta ári og mars og apríl á næsta ári. Á hann við að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessu fyrr en árið 2002? (**Samgrh.:** Það er á þessu ári.) Það er á þessu ári, þá eru þetta mismæli hæstv. ráðherra þannig að þetta er að ganga í gegn.

En við getum líka velt fyrir okkur rekstri þessa skips. Um tíma voru miklar umræður um fargjöld með Herjólfi og þá gripu bæjaryfirvöld bæði í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum til þess ráðs að lækka hafnargjöld af skipinu og með þeim hætti var hægt að ná niður fargjöldum. Það skiptir Vestmannaeyinga gríðarlega miklu að þessi mál séu í föstum skorðum og ég gleðst reyndar yfir því að ráðherra tekur skýrt fram að þjónustan komi ekki til með að minnka og þjónustan verði hugsanlega bætt og vonandi stendur hæstv. ráðherra við það. En eins og kom fram í fyrri ræðu minni tók fyrrv. samgrh. Halldór Blöndal skýrt fram að ekki ætti að hrófla við rekstri Herjólfs en ég treysti núv. samgrh. til að efla þjónustuna vegna þess að rekstur Herjólfs skiptir íbúa Vestmannaeyja og reyndar einnig íbúa fastalandsins mjög miklu máli.

[15:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Mér þykir leitt ef þetta tilefni er notað til þess að gera útboðsstefnu ríkisstjórnarinnar tortryggilega af hálfu stjórnarþingmanns. Það hefur legið fyrir að við höfum skyldum að gegna hvað þetta varðar. En ég held að aðalatriðið hljóti að vera að hagkvæmustu leiða sé jafnan leitað í rekstri ríkisins ef um leið er tryggt að þjónustan verði jafngóð og jafnvel betri. Ég hef lýst þeirri afstöðu minni að rekstur Herjólfs er þvílíkt grundvallaratriði fyrir Vestmannaeyinga að það má engin óvissa ríkja. Ég hef þess vegna brugðist ítrekað við í fréttablöðum, sem gefin eru út í Vestmannaeyjum, til þess að reyna að koma í veg fyrir að misskilningur sé á ferðinni. Í mínum huga er fyrst og fremst verið að leita leiða til að ná fram kostum útboðs og ná fram lægri kostnaði en að þjónustan verði eftir sem áður til staðar og ég fæ ekki séð annað en það ætti að geta tekist.

Hvað varðar yfirlýsingar forvera minna í þessum efnum þá þekki ég það ekki og þar sem hv. þm. vitnaði til samnings eða yfirlýsingar sem er frá árinu 1995 gat ég ekki séð að þau áform sem ég hef uppi um útboð stangist á nokkurn hátt á við þær yfirlýsingar. Það skiptir miklu máli að þetta gerist í góðri sátt við heimamenn og ég hef leitast við að svo yrði.

Íslenski hrafnastofninn.

Fsp. ÖS, 169. mál. — Þskj. 195.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Um aldir hefur krummi krunkað úti og kallað á nafna sinn. Þessi merki fugl hefur sett það sterk mörk á umhverfi Íslendinga að segja má að hann sé einn af einkennisfuglum þessa lands. Hann er sérlega hnýsinn um hagi mannanna og hefur fylgt okkur frá örófi alda, hann er partur af sögu okkar, ég minni á hrafna Óðins, Hugin og Munin. Ég minni líka á það að þegar Flóki Vilgerðarson kom hingað og fann Ísland þá gerði hann það fyrir atbeina hrafna þriggja sem fylgdu honum á leið.

Að óathuguðu máli kemur vafalaust flestum á óvart að hér skuli vera innt eftir heilbrigði íslenska hrafnastofnsins. Flestir gera því líklega skóna að hann sé í góðu ástandi. Ekki er langt síðan, herra forseti, að hrint var í framkvæmd lögum um veiðikort. Þau eru forsenda veiða og veiðimenn fá ekki veiðikortin endurnýjuð nema þeir leggi fram skýrslur um veiðar sínar. Þetta var tekið upp til þess að hægt væri að gera sér mynd af veiðiálagi og ástandi stofna og nota upplýsingar sem fram kæmu í þessum skýrslum til þess að meta heilbrigði stofnanna.

Þegar fyrstu upplýsingarnar tóku að berast úr þessum veiðiskýrslum veiðimanna urðu margir forviða yfir þeirri staðreynd hve margir hrafnar voru felldir af veiðimönnum árlega en fyrstu upplýsingar benda til þess að hvorki fleiri né færri en 6.000 hrafnar séu drepnir með þessum hætti. Upplýsingar sem lágu þá fyrir, byggðar á tiltölulega veikburða rannsóknum um ástand hrafnastofnsins, bentu því til þess að það væri verið að ofveiða stofninn. Það liggja líka fyrir upplýsingar sem benda til þess að um staðbundna ofveiði á hröfnum sé að ræða á Suðvesturlandi og við Breiðafjörð og síðan er það alveg óyggjandi að rannsóknir dr. Ólafs K. Nielsen í Þingeyjarsýslum benda til þess að frá 1991 hafi hröfnum fækkað þar allmikið.

Nú er það svo, herra forseti, að þetta bendir allt saman til þess að hrafnastofninn sé ekki í því góða ástandi sem menn töldu áður. Þess vegna hef ég varpað fram þessari fyrirspurn til hæstv. umhvrh. Ég vísa til þess líka, herra forseti, að það liggja fyrir ákaflega nákvæmar rannsóknir á nokkrum stöðum, t.d. voru öll hrafnasetur könnuð milli áranna 1981 og 1987 á Suðvesturlandi af Kristni Hauki Skarphéðinssyni. Þess vegna hægt að fara í rannsóknir og kanna muninn sem hefur orðið á stofninum á þessu svæði milli þessara ára og þar með að draga ályktanir af ástandi stofnsins í heild.

Ég spyr því hæstv. umhvrh.: Hyggst hún beita sér fyrir því að í slíkar rannsóknir verði farið? Í annan stað: Hvert er álit hennar á stöðu hrafnastofnsins? Í þriðja lagi, ef hún er mér sammála um að hann sé í nokkurri hættu og ekki nægilega sterkur, til hvaða ráða hyggst hún grípa? Sér í lagi spyr ég, herra forseti: Hefur hæstv. ráðherra velt því fyrir sér að setja íslenska hrafninn á válista?

[15:14]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég svara fyrirspurn á þskj. 195 um hrafnastofninn. Í fyrsta lagi er spurt: Hvaða upplýsingar liggja fyrir um ástand íslenska hrafnastofnsins?

Í árslok 1997 veitti umhvrn. Náttúrufræðistofnun Íslands styrk úr veiðikortasjóði til þess að kanna áhrif veiða á íslenska hrafnastofninn í þeim tilgangi að meta áhrif núverandi veiðiálags á stofninn og hins vegar til þess að semja áætlun um vöktun hrafnastofnsins. Í rannsókninni voru tekin saman öll tiltæk gögn um stofnbreytingar hrafna frá 1981.

Áreiðanlegustu upplýsingar sem til eru um ástand hrafnastofnsins byggjast á gögnum sem safnað var skipulega í Þingeyjarsýslum á árunum 1981–1998. Þar kemur fram að hrafnsóðulum í ábúð fækkaði á athugunartímanum um 2,1% á ári. Jafnframt liggja fyrir upplýsingar um veiðar á hrafni samkvæmt veiðiskýrslum veiðimanna frá því að veiðikortakerfið og skýrslugjöf veiðimanna hófst árið 1995 og þær gefa ákveðnar vísbendingar um stofninn. Auk þess hafa einstaka veiðimenn veitt Náttúrufræðistofnun upplýsingar um veiðar á hrafni í Þingeyjarsýslum. Líklegasta skýringin á fækkun hrafna í Þingeyjarsýslum er ofveiði. Þó má benda á að ætismöguleikar hrafnsins hafa farið minnkandi með betri frágangi á bæði rusli og færri skreiðarhjöllum víða um land. Því er e.t.v. ekki rétt að einblína á veiðarnar.

Í öðru lagi er spurt hvort það sé mat sérfræðinga að hann sé í hættu. Því er til að svara að veiðitölur áranna 1995–1998 sýna að veiðar á hrafni farið minnkandi þó þær séu talsverðar eins hér var dregið fram. Árið 1995 voru veiddir 7.100 hrafnar, veiðitölur hafa lækkað reglulega frá þeim tíma og 1998 voru veiddir 5.500 hrafnar. Stofnstærðarmat fyrir landið allt, sem byggist á ýmsum gögnum frá árunum 1981–1985, gerir ráð fyrir um 2.000 varppörum, 4.000 geldfuglum og 5.000 ungum, eða samtals 13.000 fuglum í lok varptíma. Ef miðað er við þetta stofnstærðarmat Náttúrufræðistofnunar Íslands ætti stofnstærð hrafna að hafa minnkað nokkuð. Samkvæmt veiðiskýrslum hefur veiðin verið meiri en áætluð viðkoma hrafnastofnsins er. Ég bendi þó á að samkvæmt þessari stofnstærð eru yfir 5.000 ungar en núna 1998 er veiðin 5.500 hrafnar, þannig að það er enginn gífurlegur munur þar á. Að vísu er stofnstærðarmælingin nokkuð gömul. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að segja til um í hve mikilli hættu hrafnastofninn er nema með nánari rannsóknum. Samkvæmt starfsáætlun Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir árið 2000–2004 er fyrirhugað að meta áhrif veiða á stofninn á Reykjanesskaga og við Breiðafjörð á næstu tveimur árum og er þess vænst að þær rannsóknir gefi fyllri mynd af ástandi hrafnastofnsins. Þessi svæði eru nokkuð hentug til rannsókna þar sem til eru tölur til samanburðar frá fyrri tíð.

Í þriðja lagi er spurt: Ef svo er, þ.e. ef hrafnastofninn er í hættu, til hvaða aðgerða er áformað að grípa? Því er til að svara að í kjölfar þeirra rannsókna sem ég hef fyrr gert grein fyrir er þess vænst að fyrir liggi nægilega góðar upplýsingar til að meta þörf á aðgerðum. Það er alveg rétt sem hér kom fram að stofninn hefur líklega farið minnkandi, það eru fleiri ástæður en einungis veiði. Ekki hægt að segja á þessari stundu hvort stofninn sé í sérstakri hættu en þó ber að hafa varann á og menn vilja gjarnan rannsaka á næstu tveimur árum til þess að geta tekið frekari ákvarðanir.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Sem áhugamanni um velferð íslenska hrafnsins þótti mér svar hæstv. ráðherra firnalega merkilegt. Í því komu fram upplýsingar sem ég sé í hendingsbragði að er ekki unnt að túlka öðruvísi en með miklu alvarlegri hætti en hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra bendir á að í Þingeyjarsýslunum hafi hrafninum fækkað um ríflega 2% á ári síðan 1991, með öðrum orðum hefur honum fækkað um meira en 20% á þessum áratug. Það er alvarleg fækkun. En hæstv. ráðherra kom með aðrar tölur sem eru miklu eindregnari vísbendingar um þetta. Hæstv. ráðherra sagði að árið 1995 þegar fyrstu upplýsingar komu fram úr skýrslum veiðimanna hefðu verið veiddir ríflega 7.000 hrafnar en síðustu upplýsingarnar frá síðasta árinu sem liggur fyrir eru þeir orðnir 5.000. Eigi að síður liggur það fyrir samkvæmt því sem hæstv. ráðherra sagði að veiðiálagið hefur ekki minnkað heldur líkast til hefur það aukist. Þá þýðir það með öðrum orðum, herra forseti, sama veiðiálag en minni veiði bendir til þess að í stofninum hafi fækkað mun meira en hæstv. ráðherra telur. Ég held þess vegna að ekki sé hægt að tala um þetta eins hæstv. ráðherra gerir. Hún gerir því skóna að hér sé ekki um alvarlega stöðu að ræða. Ég held að þær vísbendingar sem koma fram í svari hæstv. ráðherra bendi til þess að þegar í stað þurfi að grípa til einhverra viðbragða. Ekki er hægt að segja hér að ekki sé hægt að benda á veiðar sem einhlíta skýringu. Það skiptir engu máli þó skýringar séu margar. Við þurfum ekki að grípa til þess aftur að dreifa sorpi og úrgangi út um mýrar og móa sem voru áður heppileg fæða fyrir hrafninn. Það eina sem við getum gert, herra forseti, eina breytan sem við getum breytt í þessu dæmi er að draga úr veiðunum. Niðurstaða mín af þeim upplýsingum sem hæstv. ráðherra kemur fram með er ákaflega augljós. Miðað við þessar upplýsingar er ekki annað hægt en að láta náttúruna njóta vafans og láta íslenska hrafninn þegar í stað á válista. Ekkert þýðir að bíða eftir einhverjum rannsóknum sem þar að auki á bara að gera á tveimur afmörkuðum svæðum.

[15:21]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Sú stofnun sem er aðallega ráðgefandi í þessu er Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt því sem þeir hafa skoðað og sérstaklega þessar rannsóknir í Þingeyjarsýslu gefa þessar rannsóknir vísbendingu um að hrafnastofninn kunni að vera í hættu en að mati stofnunarinnar er þó ekki hægt að segja í hve mikilli hættu stofninn er nema með nánari rannsóknum. Því er lagt til samkvæmt starfsáætlun þeirra að á næstu tveimur árum verði farið í rannsóknir á stofninum á Reykjanesskaganum og við Breiðafjörð þannig að þá og ekki fyrr en þær tölur eru komnar getum við sagt með vissu hvernig ástandið er til að geta gripið til aðgerða.

Kortlagning ósnortinna víðerna.

Fsp. KolH, 252. mál. — Þskj. 311.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Þann 10. mars 1999 samþykkti Alþingi Íslendinga með 47 samhljóða atkvæðum að fela umhvrh. að láta kortleggja ósnortin víðerni á Íslandi. Einnig kveður

svo á í þáltill. að gerð verði áætlun um verkefnið, umfang þess og kostnað og nauðsynlegt framlag markað í fjárlögum. Tillaga þessi átti sér nokkurn aðdraganda þar sem áður hafði verið unnið að því að skilgreina hugtakið „ósnortið víðerni". Starfshópur sem fékk það verkefni skilaði af sér niðurstöðu í febrúar 1998 og var skilgreining hans á hugtakinu sett inn í náttúruverndarlög sem samþykkt voru á Alþingi í mars í fyrra. Skilgreiningin er eftirfarandi:

„Landsvæði sem er a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum."

Nú er það svo að þrátt fyrir talsverða baráttu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við fjárlagagerðina fyrr í vetur, fékkst ekki samþykki Alþingis fyrir því að verkefninu yrðu markaðir fjármunir í fjárlögum. Þá á ég við fjárlög yfirstandandi árs. Þó er ég ekki úrkula vonar því ég er að vona að hæstv. umhvrh. eigi einhverja möguleika á að verkefnið hljóti brautargengi í ár og spyr hana þess vegna: Hvað líður kortlagningu ósnortinna víðerna á Íslandi?

[15:24]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Í kjölfar samþykktar þingsályktunar Alþingis um kortlagningu ósnortinna víðerna 10. mars sl., fól umhvrn. Náttúruvernd ríkisins að vinna áætlun um verkefnið, umfang þess og kostnað, í þeim tilgangi að hægt yrði að taka tillit til kostnaðar og nauðsynlegra fjárframlaga við fjárlagagerð eins og kveður á um í þingsályktuninni. Náttúruvernd ríkisins hefur nýverið gert ráðuneytinu grein fyrir framvindu og stöðu málsins og hvernig fyrirhugað er að ljúka gerð áætlunarinnar. Þar kemur fram að stofnunin telur brýnt að afmarka ósnortin víðerni á korti, t.d. í mælikvarðanum 1:750.000 og hefur stofnunin þegar haft samband við Landmælingar Íslands sem getur unnið kort þar sem stuðst verður við vinnuaðferðir Norðmanna, þ.e. að kortleggja ósnortin víðerni með tilliti til fjarlægðar frá mannvirkjum, þannig að ná megi fram fjórum flokkum. Það fer eftir því hvað mannvirkin eru í margra km fjarlægð frá þar sem svæði I er 5 km eða lengra í næsta mannvirki, sem er þá besta svæði. Þegar liggur fyrir lauslegt mat á vinnuframlagi og kostnaði Landmælinga Íslands vegna verkefnisins og á næstu vikum er fyrirhugað að Náttúruvernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar fari yfir verkefnið í heild og hvernig verkþættir verkefnisins skiptast á milli stofnananna, tímaáætlun og kostnaður við verkið í heild. Á fjárlögum þessa árs, yfirstandandi árs, eru 5 millj. kr. til gerðar náttúruverndaráætlunar sem á að skila inn til þings árið 2002, sem er fyrsta sinnar tegundar heildstæð á landsvísu. Verið er að ráða fólk til að sinna þeirri vinnu sem þar verður innt af hendi í sambandi við þá áætlun og er að hefjast núna. Samkvæmt upplýsingum mínum frá Náttúruvernd ríkisins mun sú vinna nýtast að talsverðu leyti til þessarar kortlagningar sem hér um ræðir. Því verður nú þegar unnt að hefja það verk með vinnu við náttúruverndaráætlunina. Samkvæmt upplýsingum mínum frá Náttúruvernd ríkisins er búist við því að unnt verði að ganga frá kortlagningu ósnortinna víðerna á næsta ári.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með þetta svar hæstv. umhvrh. og ég vona að það orðalag sem við heyrðum áðan að á næstu vikum verði litið heildstætt yfir verkefnið þýði ekki það sama og það þýddi þegar ég spurði hæstv. ráðherrann hér fyrr í vetur um það hvenær yrði lagt fram frv. um ný lög um mat á umhverfisáhrifum. Það átti líka að gera „á næstu vikum". Ég vona sannarlega að þessi orð ráðherrans fái staðist og að á næsta ári verði gengið frá kortlagningu þeirra ósnortnu víðerna sem við höfum yfir að ráða í landi okkar. Það er vægast sagt mikilvægt að kortlagningunni verði lokið og þá á ég sérstaklega við áður en ráðist er inn á stóran hluta þessara víðerna og þau hreinlega eyðilögð um aldur og ævi.

Mig langar, herra forseti, til að ljúka máli mínu með því að vitna í greinargerð starfshópsins sem skilgreindi hugtakið „ósnortið víðerni" en í niðurstöðu starfshópsins segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Meginmarkmið með skilgreiningu og afmörkun ósnortinna víðerna er að varðveita svæði þar sem náttúran ræður ríkjum og maðurinn kemur þangað einungis sem gestur. Í þeim tilgangi er nauðsynlegt að draga úr ummerkjum um mannvist eins og kostur er, takmarka þarf vélknúna umferð og stefna markvisst að fækkun slóða og skála á svæðinu."

Markmikið með varðveislu ósnortinna víðerna er samkvæmt tillögu starfshópsins, með leyfi forseta, „að taka frá samfelld ósnortin svæði fyirr komandi kynslóðir, að tryggja óhefta þróun náttúru samkvæmt eigin lögmálum um ókomin ár, að viðhalda samfelldum og ósnortnum svæðum til útivistar, rannsókna og fræðslu og að lokum að tryggja og treysta ímynd Íslands sem óspillts lands með óspillta náttúru."

[Fundarhlé. — 15:29]

Umræður utan dagskrár.

Stærð álvers við Reyðarfjörð og orkuöflun til þess.

[15:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef óskað eftir umræðu um stöðuna í álversviðræðum ríkisvaldsins og Landsvirkjunar við Norsk Hydro. Ég harma að ekki skyldi vera hægt að fara að óskum mínum um lengda umræðu sem ég lagði mikla áherslu á að fá, enda tel ég fulla ástæðu til og er greinilega ekki ein um þá skoðun þar sem Morgunblaðið spyr í leiðara sínum í morgun: Hvað er eiginlega um að vera?

Ljóst er að frá því að þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun var samþykkt á Alþingi hafa ýmis þau tíðindi gerst sem vert væri að fá brugðið á nánara ljósi. Það er orðið ljóst að Norsk Hydro óskar eftir tryggingu fyrir því að stærð fyrirhugaðs álvers verði 480 þús. tonn. Það kemur m.a. fram í ummælum Thomasar Knutzens, upplýsingafulltrúa Norsk Hydro, í fréttum Stöðvar 2 sl. mánudagskvöld þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Málmbræðsla á Íslandi verður að sjálfsögðu að vera samkeppnisfær á alþjóðamarkaði. Þess vegna viljum við hafa hana stóra á alþjóðlegan mælikvarða, þ.e. 480 þús. tonn. 120 þús. tonna álver hentar ekki."

Hæstv. fyrrv. ráðherra Finnur Ingólfsson talaði þannig í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun að séð yrði til þess að 120 þús. tonna áfanginn væri þannig hugsaður að hann stæði undir sér. Hann sagði að stækkunarmöguleikinn væri að sjálfsögðu inni í myndinni en til hans yrði að taka afstöðu sérstaklega þegar þar að kæmi. Þannig virðast fulltrúar eignarhaldsfélagsins Hrauns líka meta stöðuna en þeir hafa farið fram á að úrskurður skipulagsstjóra um frekara mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs 480 þús. tonna álvers verði *ógiltur eða, til vara, að heimilaðar verði strax framkvæmdir* við 120 þús. tonna áfangann án frekara mats.

Nú hefur Norsk Hydro lýst þeirri stefnu sinni að það vilji ná samningum um 480 þús. tonna álver. Yfirmaður áldeildar fyrirtækisins, Eivind Reiten, hefur lýst því yfir við íslenska fjölmiðla að skilyrðið fyrir þátttöku Norsk Hydro sé að tryggja fáist fyrir stækkun álversins. Nú spyr ég hæstv. iðnrh. Valgerði Sverrisdóttur: Getur hún staðfest að samningar við Norsk Hydro miðist við byggingu 480 þús. tonna álvers og ef svo er, hvaðan á að afla orkunnar? Hvaða virkjanakostir eru til umræðu? Telur ríkisstjórnin sig hafa rétt til að semja um svo stóra verksmiðju án þess að fyrir liggi samþykki Alþingis fyrir þeim virkjanakostum sem væru forsenda hennar?

Ég vil í því sambandi benda hæstv. ráðherra á 40. gr. stjórnarskrárinnar en í henni segir, með leyfi forseta:

„Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Ef svar hæstv. iðnrh. við spurningunni um hvort Norsk Hydro geri kröfu um slíkar tryggingar yrði jákvætt vildi ég spyrja í framhaldinu: Hvenær hyggst hæstv. ráðherra gera Alþingi Íslendinga grein fyrir því hvaða virkjanir séu til umræðu til að útvega 480 þús. tonna álbræðslu nauðsynlega orku?

Norsk Hydro réði á dögunum virtan sérfræðing til að yfirfara skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif væntanlegrar Fljótsdalsvirkjunar. Sá maður nýtur trausts hvarvetna á Norðurlöndunum. Niðurstöðu hans er að vænta innan skamms. Að mínu mati gefur Norsk Hydro skýrslu Landsvirkjunar falleinkunn með þessu eins og íslenskir umhverfisverndarsinnar og ýmsir vísindamenn gerðu raunar meðan skýrslan var til umræðu hér í þinginu. Sömuleiðis lýsir Norsk Hydro að mínu mati vantrausti á vinnubrögð íslenskra stjórnvalda við undirbúning málsins. Þá hefur það líka komið fram í ummælum fulltrúa Norsk Hydro að fyrirtækið yrði ekki afhuga verkefninu þó það tefðist vegna frekari rannsókna á umhverfisþætti málsins. Mig langar að spyrja hæstv. iðnrh.: Hver er afstaða hennar til tímasetninga verkefnisins sem hvort eð er eru allar komnar úr skorðum frá því sem Noralyfirlýsingin gerir ráð fyrir? Kæmu íslensk stjórnvöld til með að missa áhugann á verkefninu ef það tefðist eitthvað vegna frekari rannsókna á umhverfisþættinum?

Að lokum herra forseti: Er það ekki alveg á hreinu, frá sjónarhóli stjórnvalda, að ef ekki verður hægt að ná samningum um hagkvæmt orkuverð þá verði Fljótsdalsvirkjun ekki reist?

[15:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á kynningarfundi um álver á Reyðarfirði sl. mánudag og í samtölum við fjölmiðla í framhaldi af honum kom fram að Norsk Hydro og íslenskir samstarfsaðilar þeirra í Reyðaráli leggja áherslu á að stefnt verði að því að álver á Reyðarfirði þurfi að vera samkeppnisfært á alþjóðamarkaði og því sé miðað við að þar verði hægt að framleiða 480 þús. tonn af áli. Jafnframt hafa þeir lagt áherslu á að fyrsti áfangi þess, 120 þús. tonna álver, þurfi að vera hagkvæmur og skila nægilegri arðsemi, ella verði ekki unnt að fjármagna þá framkvæmd.

Þetta kemur skýrt fram í ítarlegri umfjöllun Morgunblaðsins um fundinn. Þetta hefur raunar legið fyrir og ætti ekki að koma þingmanninum á óvart. Í viðtali við Stöð 2 segir fulltrúi Norsk Hydro, Thomas Knutzen, að vissulega sé 480 *þús. tonna álver hagkvæmara en hann segir einnig, og ég* reyni að segja það á norsku: „120.000 tons vil slite mer."

Þessi orð voru ekki rétt þýdd. Thomas segir ekki að 120 þús. tonna álver henti ekki, eins og undirtexti stöðvarinnar sagði, heldur að rekstur 120 þús. tonna álvers yrði erfiðari.

Sem kunnugt er kærði Hraun úrskurð skipulagsstjóra um álver á Reyðarfirði til umhvrh. Það er því rangt að beðið hafi verið um úrskurð fyrir 120 þús. tonna álver. Það hefur frá upphafi verið stefna þeirra sem að málinu standa að kynna álverið í þeirri stærð sem stefnt er að. Ef það væri ekki gert væri verið að villa um fyrir almenningi og þeim stjórnvöldum sem þurfa að fjalla um málið.

Íslensk stjórnvöld geta að sjálfsögðu ekki tryggt Norsk Hydro eða íslenskum fjárfestum að hægt verði að stækka álverið í 480 þús. tonn. Öllum má vera þetta ljóst. Til þess að unnt verði að stækka álverið þarf m.a. heimildir frá Alþingi til virkjana og mat á umhverfisáhrifum nýrra virkjana. Öllum má ljóst vera af umræðum og yfirlýsingum Norsk Hydro að fyrirtækið virðir vilja Alþingis og íslensk lög. Auðvitað gildir hið sama um íslensku fjárfestana. Þetta breytir því hins vegar ekki að vilji stjórnvalda eins og fjárfestanna stendur til að unnt verði að stækka álverið í 480 þús. tonn ef það reynist hagkvæmt og aðstæður leyfa.

Rétt er að undirbúningur og samningaviðræður eru lítið eitt á eftir áætlun. Frávikin eru hins vegar ekki meiri en svo að allir aðilar eru sammála um að unnt eigi að vera að taka lokaákvarðanir um að ráðast í byggingu Fljótsdalsvirkjunar og fyrsta áfanga álvers í júníbyrjun. Hv. þm. spyr um þenslu og hvernig stjórnvöld muni leitast við að halda henni í lágmarki. Framkvæmdir munu ná hámarki á árinu 2002 og 2003 og því er ekki tímabært að fjalla um það nú hvort og þá hvaða ráðstafanir þarf að gera komi til þeirra. Við vitum ekki hvernig mun fiskast, hvernig verður með aðrar framkvæmdir o.s.frv.

Norsk Hydro hefur kynnt sér skýrslu Landsvirkjunar um umhverfisáhrif Fljótsdalsvirkjunar sem og sjónarmið ýmissa aðila, bæði þeirra sem komu að gerð hennar og þeirra sem gefið hafa álit á henni. Þetta er hluti af vinnu fyrirtækisins til að skapa sér heildarmynd af málinu áður en það tekur lokaákvörðun. Sú staða sem hv. þm. spyr um getur því ekki komið upp.

Ekki stendur til að reikna sérstaklega út umhverfiskostnað vegna framkvæmdanna en við ákvörðun um hvort ráðist verður í álver við Reyðarfjörð verður þjóðhagsleg hagkvæmni framkvæmdarinnar metin með þeim aðferðum og tækjum sem tiltæk eru. Auk þess munu framkvæmdaaðilar að sjálfsögðu meta arðsemi framkvæmda sinna. Vonandi verður niðurstaðan sú að framkvæmdin verði hagkvæm, bæði fyrir fjárfestana og þjóðina.

Ekki liggur fyrir að virkjanir á hálendinu hafi skaðað ferðaþjónustuna. Þvert á móti má halda því fram að betri vegir vegna virkjana hafi styrkt þá starfsemi. Ferðaþjónustan er í örum vexti og ég tel mikilvægt að við styrkjum hana,

ekki síst þá starfsemi sem fram fer í hinum dreifðu byggðum landsins.

Fyrir liggur yfirlýsing frá forstjóra Landsvirkjunar um að ef ekki náist samningar um orkuverð við Reyðarál sem skilar Landsvirkjun fullnægjandi arðsemi verði ekki ráðist í virkjunina vegna þessa verkefnis.

Hæstv. forseti. Þessi umræða virðist því miður byggð á misskilningi á ummælum Norsk Hydro í viðtali á Stöð 2 sl. mánudag. Ekkert nýtt hefur gerst í þessu máli sem kallar á umræðu um þetta mál á hv. Alþingi frá því að þingið samþykkti að halda áfram framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun fyrir jól. Málið er í þeim farvegi og að því er unnið eins og aðilar ákváðu á Hallormsstað sl. sumar. Stefnt er að ákvörðun um framkvæmdir í byrjun júní.

[15:44]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Já, hvað skyldi vera um að vera? er spurt.

Ég er ekki forspár maður en ég hef vitni að þeim orðum mínum, þegar það spurðist að fyrrv. iðnrh. Finnur Ingólfsson hefði brugðið undir sig betri fætinum og skundað niður í Seðlabanka, að hann væri að flýja Eyjabakka, álver í Reyðarfirði og Norsk Hydro.

Orð fulltrúa Norsk Hydro urðu ekki misskilin, jafnvel þó maður eigi íslenskan maka. Þau urðu ekki misskilin, og báru með sér að Norsk Hydro hefði verið gefið meira en undir fótinn með 480 þús. tonna álver. Hafi Finnur Ingólfsson gefið ádrátt um slíkt álver áður þá hefur hann gefið loforð þegar hann lá á hnjánum fyrir framan þá í aðventunauðum sínum hér á hinu háa Alþingi við rekstur málsins eftir yfirlýsingar sem þaðan höfðu borist.

Það er engum vafa undirorpið hvað hér er á ferðinni. Þó að ég sé ekki forsagnarmaður þá ætla ég að endurtaka þann spádóm minn að það á mikið vatn eftir að renna óbeislað til sjávar í Fljótsdal austur. En það verður ekki kátt í hárri höll þegar framsóknareignirnar byrja að kenna hver annarri um ófarirnar enda Finnur úti á fjósbita.

[15:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Oft hafa utandagskrárumræður orðið að ástæðulitlu. En það er trúlega langt síðan þær hafa haft eins litla ástæðu og þessar umræður hafa. Hér hefur ekkert nýtt gerst í umræðu um álver við Reyðarfjörð, allt það sem sagt hefur verið hefur áður verið sagt, allt það sem sagt hefur verið um stærð álversins hefur áður verið sagt, allt sem sagt hefur verið um áfangaskiptingu álversins hefur áður verið sagt.

Ætíð hefur legið fyrir að Norsk Hydro hefur viljað fá svokallaðar tryggingar fyrir því að hugsanlegt væri að stækka álverið. Þó það nú væri. Hins vegar liggur fyrir að nú er unnið að samningum um að byggja 120 þús. tonna álver við Reyðarfjörð, það er mál dagsins. Hins vegar verður að sjálfsögðu inni í þeim samningum einhver trygging fyrir því ef allir endar verða hnýttir að það megi horfa til stækkunar þessa álvers. (**SvH:** Já, var það ekki?) Að sjálfsögðu. Hugsanlega er hægt að vitna til ýmissa orða fyrrv. iðnrh. þegar hann sjálfur stóð í þeim sporum að reyna að tryggja stóriðjuver við Reyðarfjörð, því það var ekki ætíð álver.

Þó er eitt gleðilegt í þessum umræðum og það er að nú skuli andstæðingar álversins beina umræðunum hingað inn á þetta svið en ekki horfa eingöngu út fyrir landsteinana og reyna að hafa áhrif á aðila sem þar eru.

Herra forseti. Það eina nýja í málinu er það sem fram kom í fréttum í gær að því miður hafa einhverjir Íslendingar gengið svo langt að hóta aðilum lífláti. Við skulum vona að ekki verði áframhald á umræðunum í þá átt.

[15:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það form á umræðum á Alþingi að kalla þingheim til utandagskrárumræðu út af engu er orðið mikið umhugsunarefni. Hvaða fréttir hafa verið að gerast sem kalla á það að þingheimur þurfi að koma til umræðu utan dagskrár? Ekki nokkur skapaður hlutur. Þetta er svoleiðis gjörsamlega farið að ganga sér til húðar hvernig menn nota þetta form að það er þingheimi ekki til framdráttar að hafa þennan hátt á.

Hvað er verið að ræða hér? Hvaða upplýsingar hafa ekki komið fram áður sem er verið að ræða núna? Allt sem menn eru að draga fram í umræðuna hefur verið sagt áður. Alltaf hefur legið fyrir að stefnt hefur verið á það að byggja 480 þús. tonna álver við Reyðarfjörð. Það liggur jafnframt fyrir að þetta álver á að verða áfangaskipt. Fyrsti áfangi er 120 þús. tonn. Ekki er hægt að gefa þær tryggingar að orkuöflun fyrir 480 tonna álver takist en við vitum hins vegar að við eigum mikið af fallvötnum og mikla orku norðan Vatnajökuls sem ég vona sannarlega að verði notuð til þess að byggja upp atvinnu á Austurlandi og að lokið verði við að byggja upp 480 þús. tonna álver að lokum.

[15:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það er áhyggjuefni að nýr hæstv. iðnrh. skuli ekki sjá ástæðu til þess að brjóta blað og taka upp ný vinnubrögð varðandi orkuöflun til álvers á Austurlandi. Það er hryggilegt til þess að hugsa að við þurfum að byggja á þeim upplýsingum sem eru gefnar af útlendum aðilum, samstarfsaðila Íslendinga. Hér tala stjórnarliðar um vinnubrögð en neita hins vegar að horfast í augu við að fyrir þinginu liggja tillögur sem byggja á öðruvísi notkun á þeirri orku sem fyrir hendi er í landinu. Bendi ég þá á till. til þál. um sjálfbæra orkustefnu. Sorglegt er til þess að vita að þegar þingið er búið að segja a með stjórnarmeirihlutanum að þá skuli þinginu vera neitað um þá vinnu sem nauðsynleg er til þess að fá heildarmynd af því ævintýri sem við erum að fara út í.

Það er 480 þús. tonna álver sem um er að ræða. Á sama tíma lokar stjórnin og hæstv. iðnrh. augunum fyrir því að nauðsynlegt er fyrir þjóðina og þingið að hafa heildarmynd af pakkanum. Lögformlegt umhverfismat Fljótsdalsvirkjunar, lögformlegt umhverfismat á Kárahnúkavirkjun, lögformlegt umhverfismat á Arnardalslóni, línulögnum o.s.frv. til þess að standa frammi fyrir pakkanum sem menn eru sammála um að sé stefnt að.

Þetta er áhyggjuefni fyrir þingið vegna þess að ef menn ætla að taka ákvörðun um sjálfbæra orkustefnu, sem mjög er gumað af að þurfi að koma í framkvæmd og stjórnarliðar í aðra röndina eru að stefna að, er ekki pláss til orkuöflunar fyrir sjálfstæða orkuöflun og sjálfbæra orkustefnu Íslendinga og að fara í ævintýri af því tagi sem stefnt er að með 480 þús. tonna álveri austur á fjörðum.

[15:51]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það sem hér hefur komið fram hjá hv. málshefjanda og öðrum andstæðingum hugsanlegrar virkjunar í

Fljótsdal hefur í rauninni allt komið fram. Það kom fram í löngum og miklum umræðum á hv. Alþingi fyrir áramót.

Síðan þá hefur í rauninni ekkert breyst í málinu. Ég tel að tvennt komi fram og það hefur komið fram núna í þessari stuttu umræðu. Það er annars vegar óskhyggja andstæðinga Fljótsdalsvirkjunar um að ekkert verði af virkjun og hins vegar nauðhyggja hv. þm. Sverris Hermannssonar gagnvart Finni Ingólfssyni. Það er heldur ekkert nýtt.

Það er heldur ekkert nýtt, herra forseti, að Norðmenn hafa lýst því yfir að þeir stefni að og telji æskilegast að upp komi 480 þús. tonna álver við Reyðarfjörð. Það er heldur ekkert nýtt og það hefur alla tíð legið fyrir að það vilja þeir gera í þremur áföngum. Fyrsti áfanginn á þeirri leið er 120 þús. tonn samkvæmt upphaflegum áætlunum. Það hefur legið fyrir, það er ekkert nýtt. Það er líka mjög skynsamleg leið að taka þetta í áföngum, taka fyrsta áfangann 120 þús. tonn og meta þau áhrif sem af því koma, bæði rekstrarleg áhrif, umhverfisáhrif, byggðaáhrif o.s.frv. Í ljósi þeirrar reynslu er eðlilegt að skoða möguleika á stækkun.

Þetta hefur ávallt legið fyrir, herra forseti, þetta er ekkert nýtt. Þess vegna tek ég undir það, sem hér hefur verið sagt, að umræðan núna er tilefnislaus. En það sem ég nefndi hér sýnir líka gildi þess og mikilvægi að fjalla um málið í áföngum enda eru upphafleg bréf í þeim dúr.

Hvað orkuverðið varðar liggur það fyrir nú sem fyrr að ekkert verður af samningum nema semjist um ásættanlegt orkuverð. Verði ekki af samningum er víst að hv. stjórnarandstaða hefur lagt sitt af mörkum til þess.

[15:54]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Finnur Ingólfsson, sá er nú vermir húsbóndastól í Seðlabankanum, var ekki til viðræðu um annað en 120 þús. tonna álver í Reyðarfirði í umræðunni um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun á hinu háa Alþingi fyrir jól. Sú umræða er þingheimi í fersku minni.

Hér á landi vill Norsk Hydro reisa í samstarfi við íslenska fjárfesta stærsta álver í Evrópu, 480 þús. tonna álver. Annað er ekki hagkvæmt þegar til lengri tíma er litið, segja forráðamenn fyrirtækisins. Nýjustu yfirlýsingar Norsk Hydro varpa enn og aftur ljósi á það hversu einkennilegur og veikburða málatilbúnaður hæstv. ríkisstjórnar er í málinu. Stjórnvöldum er hollast að viðurkenna hér og nú að allt hálendið norðan Vatnajökuls er undir þegar stóriðjuáform á Austurlandi eru annars vegar. Fljótsdalsvirkjun mun ekki einu sinni duga fyrir fyrsta áfanga álversins, hvað þá fyrir 360 þús. tonnum í viðbót. Stefnan hefur verið tekin á Kárahnúka og svo á Arnardalinn.

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað kallað eftir ábyrgum vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar við undirbúning virkjanaframkvæmda. Það er dagljóst að eina leiðin til þess að tryggja skynsamlega nýtingu vatnsorku og jarðvarma hér á landi er að allar fyrirhugaðar virkjanir séu metnar saman innan rammaáætlunarinnar sem nú er unnið að á vegum iðnrn. Í því sambandi þarf einnig að hafa í huga að samkvæmt lögum ber að samþykkja náttúruverndaráætlun til fimm ára árið 2002.

Herra forseti. Ég skora á nýskipaðan hæstv. iðnrh. að taka virkjanaáform vegna álvers á Reyðarfirði til gagngerrar endurskoðunar í ljósi yfirlýsinga Norsk Hydro og þess að allar helstu gróðurvinjar öræfanna norðan Vatnajökuls hafa verið lagðar undir í stóriðjupóker ríkisstjórnar Íslands.

[15:56]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Tilefni þessarar utandagskrárumræðu er lítið annað en að vekja athygli á þeirri afstöðu meginhluta stjórnarandstöðunnar að hún er andsnúin því að styrkja efnahagsstöðu Íslendinga og byggð á Íslandi með því að nýta vatnsaflið til stóriðjuframkvæmda.

Það er því gott tækifæri til þess að rifja upp ákveðna ályktun sem er í gildi og Alþingi samþykkti 3. mars á síðasta ári eða skömmu áður en þingmenn héldu til alþingiskosninga. Í þeirri ályktun sem samþykkt var mótatkvæðalaust á Alþingi segir, með leyfi forseta:

„Nýjum stóriðjuverkefnum verði fundinn staður utan athafnasvæða höfuðborgarinnar og þannig stuðlað að varanlegri fólksfjölgun og fjölbreyttara framboði atvinnutækifæra þar.“

Í framsöguræðu minni hluta allshn. um þessa ályktun um byggðastefnu á Íslandi árið 1999–2001 kemur hvergi fram, hvorki í áliti 1. minni hluta, hv. fyrrv. þingmanns Kristínar Halldórsdóttur, né á áliti frsm. 2. minni hluta, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, nein andstaða við þetta efnisatriði þáltill. Þvert á móti er tekið fram að helsti gallinn við þingmálið er að menn treysti því ekki að stjórnvöld hrindi í framkvæmd þeim góðu áformum sem er að finna í ályktunartillögunni. Þess vegna treystir stjórnarandstaðan sér ekki til að greiða atkvæði með þáltill. en muni að sjálfsögðu ekki, eins og tekið er fram í ræðum beggja þingmanna, greiða atkvæði gegn tillögunni vegna þess að efnisatriðin eru góð.

[15:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er ekki tilefnislaus. Myndin er alltaf að skýrast betur fyrir Íslendingum. Stjórnarliðar hafa sagt að aldrei hafi verið gefnar tryggingar til Norsk Hydro fyrir því að þetta álver verði stækkað upp í 480 þús. tonn. Það berast fréttir af því að þar hafa menn litið öðruvísi á málið.

Þetta mál var dregið inn í Alþingi að tilhlutan Framsfl. vegna þess að hann vildi ekki bera einn ábyrgð á því að framkvæma það eins og til stóð. Þeir sögðu í umræðunni að það ætti bara að byggja hérna lítið, sætt álver og álíka litla og sæta virkjun með því. En nú er komið í ljós að menn þurfa að fá að vita meira. Norsk Hydro vill auðvitað vita meira.

Ættu ekki allir að skilja að stórt fyrirtæki eins og það sem hér er um að ræða vilji vita hvaða framtíð bíður eftir því fyrirtæki sem það ætlar að fara hér af stað með? Auðvitað. Það sem við hljótum að gagnrýna harðlega er að menn horfa ekki yfir málið í heild. Vitanlega á að verða til hér rammaáætlun um virkjanir áður en menn taka afstöðu til málsins. Það á ekki að fela sig með þau mál fyrir samningsaðilum eins og Norsk Hydro.

Þetta á að liggja fyrir. Menn eiga að fara til Norsk Hydro og ræða um málið á þessum grundvelli í heild og semja um það til þeirrar framtíðar sem það á að fara í. Ekki er mögulegt að fara í þann farveg sem ríkisstjórnin hefur stefnt í með þessu máli eins og hún hefur lagt það fyrir. Það er bara ekki hægt.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann ekki að beita sér fyrir því að framhaldið verði þannig að farið verði í þessa rammaáætlun um virkjanirnar og að farið verði í umræðu

um allt málið í heild þannig að hægt sé að svara Norsk Hydro hreint út um hversu stórt álver er hægt að byggja á Reyðarfirði?

[16:00]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Málið er allt misskilningur og byggist á því að þýðendur Stöðvar 2 kunna ekki norsku. Ekkert nýtt hefur gerst í málinu, segir hæstv. iðn.- og viðskrh. Og hv. þm. og formaður iðnn., Hjálmar Árnason, kemur hingað og segir: Hvað eru menn að belgja sig hérna út? Þetta kom allt saman fram áður, menn höfðu áður í umræðunni talað um 480 þús. tonna álver.

Það er að sönnu rétt, menn gerðu það og aðstoðarmaður iðnrh. lét þess einnig getið á frægum fundi á Egilsstöðum að jafnvel væri mögulegt að fara í 720 þús. tonna álver. En það sem gerðist ekki í umræðunni fyrir jól var að hv. þingmenn stjórnarliðsins og hæstv. þáv. iðnrh. treystu sér til að tala um svona stórt álver. Þegar ég og ýmsir aðrir þingmenn fórum fram á þá sanngirni að menn ræddu um þá virkjunarkosti sem hlytu að verða undir ef stefnt væri að 480 þús. tonna álveri þá sagði hæstv. þáv. iðnrh. að einungis væri til umræðu 120 þús. tonna álver og hann gaf það fyllilega til kynna að ef það tækist að ná þessum áfanga yrði ekki ráðist í annað.

En hvað er það sem er raunverulega undir, herra forseti? Menn eru með lævi og blekkingum að fara ákveðna leið til þess að ná öllu svæðinu norðaustan Vatnajökuls undir raforkuframleiðslu. Menn fara þessa leið, herra forseti: Fyrst vilja þeir fá Fljótsdalsvirkjun og þegar þeir hafa einu sinni laskað landið með henni er miklu auðveldara að ná fram samþykki fyrir að fara í Kárahnúkavirkjun og síðan annað. Við verðum auðvitað að skoða þetta allt í samhengi. Verið er að tala um Eyjabakkana, það er verið að tala um Kárahnúkavirkjun og það er líka verið að tala um Jökulsá á Fjöllum og þar með Dettifoss og Bjarnarflagið. Er það virkilega svo, herra forseti, að mönnum finnist það umhendis og ósanngjarnt af okkur að koma hingað og spyrja: Hvað er á seyði? Spurningin sem hæstv. iðnrh. verður að svara er þessi: Hafa íslensk stjórnvöld gefið Norsk Hydro einhvers konar formleg eða óformleg vilyrði fyrir því að ráðist verði í þessar virkjanir? Hæstv. ráðherra verður að svara því skýrt og skorinort: Er búið að lofa Norsk Hydro að leggja allt svæðið norðaustan Vatnajökuls undir virkjanir?

[16:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér á allt að vera á misskilningi byggt og hér eru allir sakaðir um skort á tungumálakunnáttu. En þetta heitir í sannleika sagt, herra forseti, rétti maður nokkrum litla fingurinn þá skyldi maður gá að því að hann verði ekki búinn að gleypa höndina áður en maður veit af því það er hálendið norðan Vatnajökuls sem við erum að fjalla um. Það verður að fá svar hæstv. ráðherra við því hvort íslensk stjórnvöld séu að gefa Norsk Hydro einhvers konar vilyrði fyrir 480 þús. tonna álveri áður en 120 þús. tonna álverið verður reist.

Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði í ræðustóli rétt áðan að það sé skynsamleg leið að meta 120 þús. tonnin fyrst og í ljósi þeirrar reynslu sem síðan kæmi af þeim áfanga mætti skoða stækkun. Nákvæmlega sama tugga kom frá hæstv. fyrrv. iðnrh. og ekki fengum við skýrari svör frá núv. hæstv. iðnrh. í ræðunni áðan. Hafi hæstv. umhvrh. flutt skipulagstuggu í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallaði ræðu hennar þá, vil ég fullyrða það, herra forseti, að hér hefur hæstv. iðnrh. Valgerður Sverrisdóttir flutt loðmullu, því ræðan var þvílíkt tog að hún var eins og tyggjó sem maður gat ekki fótað sig í.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, að ég hef hér úrklippu úr Dagens Næringsliv, þar sem það er alveg ljóst hvernig umræðan er orðin á Norðurlöndunum núna. Í Dagens Næringsliv í gær segir, með leyfi forseta, og ég ætla að fá að vitna í þetta á norsku:

„Norsk Hydro utvider Island-prosjekt. Norsk Hydro trosser massive protester og miljøadvarsler og går videre med planene om å bygge et aluminiumsverk med en kapasitet på 480.000 tonn på Island".

Ég læt hæstv. iðnrh. það eftir að þýða.

[16:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér þótti hv. málshefjandi bara býsna góður í norsku og ég hef ekki sakað neinn hér um skort á tungumálakunnáttu. Hins vegar gat ég ekki annað en greint frá því að það var ekki rétt þýðing sem kom fram á Stöð 2 í sambandi við það sem kom fram hjá Knutzen, upplýsingafulltrúa Norsk Hydro. Hann sagði ekki það sem haft var eftir honum, eins og þýðingin var. Hann sagði einungis að 120 þús. tonna álver væri erfiðara, 480 þús. tonna álver væri hagkvæmara, fjárhagslega hagkvæmara. (**Gripið fram í:** Á að tryggja þeim það?) Ég get ekkert annað en virt skoðun þessa ágæta manns og eins og kom fram í mínu máli áður, eru íslensk stjórnvöld þeirrar skoðunar að það sé áhugavert að stækka þetta álver ef það reynist hagkvæmt en ekki er með nokkru móti hægt að tryggja það gagnvart því fyrirtæki sem er í samningaviðræðum við Ísland að það verði gert. Það er svo margt sem þarf að gerast áður, m.a. það að aðrar virkjanir þurfa að sjálfsögðu að fara í gegnum umhverfismat og jafnvel álverið líka. Það fer eftir því hvernig því ferli lýkur sem nú er í gangi.

Varðandi það hvaða virkjanir það yrðu sem kæmu helst til greina ef um stækkun verður að ræða þá er það ekkert launungarmál að þar er verið að tala um Kárahnúkavirkjun, en að vera að blanda Dettifossi inn í þetta eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerir er bara ekki á nokkrum rökum reist og það er bara til þess að dreifa umræðunni. Nógu dreifð og rugluð er hún fyrir að mínu mati.

Ég vil svo segja það líka varðandi stærð álversins að ég var nýlega í heimsókn í því ágæta sveitarfélagi Fjarðabyggð og þar er eitt fyrirtæki til staðar sem er með um 400 manns að störfum.

[Fundarhlé. — 16:09]

Banka- og póstafgreiðslur.

Fsp. SvanJ, 302. mál. — Þskj. 519.

[18:03]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að það skiptir verulegu máli fyrir alla að eiga greiðan aðgang að ýmiss konar þjónustu í nútímasamfélagi. Þar er mikilvæg bankaþjónusta, póstþjónusta, ég ætla ekki að telja upp alla velferðarþjónustuna sem menn telja mikilvæga og er mikilvæg. En það er a.m.k. eitt af því sem við verðum að horfa til að bættar samgöngur hafa breytt dálítið þjónustumynstrinu í landinu.

Þegar fækkun íbúa á sér stað gerist það líka, herra forseti, að erfiðara verður að halda uppi þeirri þjónustu sem menn telja sig þó ekki geta verið án.

Þegar Póstur og sími sálugi varð hlutaður sundur í Landssímann og Íslandspóst höfðu menn af því vissar áhyggjur að þjónustan mundi dragast saman hjá Íslandspósti vegna þess að það var almælt að þar væru peningamál og rekstur mun erfiðari en í símageiranum.

En menn hafa fundið leiðir til þess að mæta kröfu um þjónustu. Íslandspóstur hefur farið í samstarf við aðra aðila um afgreiðsluhúsnæði og menn hafa farið út í það að aðrir aðilar hafa tekið yfir þjónustu. Það er t.d. þannig í Grímsey að sá aðili sem er starfsmaður eða sér um þjónustu við flugið sér jafnframt um póstafgreiðslu. Þetta er auðvitað til hagsbóta fyrir alla, það er til hagsbóta fyrir alla ef við getum haldið úti reglulegri póstþjónustu.

Sums staðar hefur það líka gerst að bankar eða sparisjóðir hafa farið í samstarf við póstinn en þar er þá eingöngu um það að ræða að menn eru að samnýta húsnæði. Auðvitað er það af hinu góða en þó ekki nægjanlegt að mati margra. Þegar bankarnir eða sparisjóðirnir eiga í hlut virðast lög standa í vegi fyrir því að aðilar geti valið sér það form samstarfs sem þeir telja að henti best aðstæðum.

Þannig kemur það fram, herra forseti, í frétt um samstarf Landsbankans og Íslandspósts í Sandgerði, sem gengur nú eingöngu út á samnýtingu húsnæðis, að þegar fram líða stundir og lög leyfi þá muni aðilar taka upp það fyrirkomulag sem þeir virðast báðir telja hagkvæmara, sem er að Landsbankinn taki að sér þjónustu Íslandspósts svo það verði ekki einungis um að ræða samnýtingu á húsnæði heldur líka á mannskap. Mér er kunnugt um það, herra forseti, að víðar bíða bankastofnanir eða sparisjóðir eftir að þær aðstæður skapist að samvinna þeirra við póstinn geti orðið með hagkvæmara móti.

Ég hef þess vegna á þskj. 519 lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. viðskrh.:

1. Hvað stendur í vegi fyrir því að bankar eða sparisjóðir taki yfir afgreiðslu Íslandspósts á stöðum þar sem það hentar báðum?

2. Eru fyrirhugaðar breytingar á lögum af hálfu ráðherra til að af slíku samstarfi megi verða?

[18:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hvað varðar fyrri spurningu hv. þm. þá hefur Fjármálaeftirlitið fjallað um álitaefnið og tekið afstöðu til þess. Í afstöðu eftirlitsins kemur fram að skv. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sé starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í tengslum við slík viðskipti. Í 1.–14. tölulið er síðan talin upp sú starfsemi sem þessum stofnunum er heimil. Í 5. mgr. sömu greinar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- eða sparisjóðsstarfsemi. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi."

Í 2. gr. laga nr. 113/1996 segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einungis heimilt, nema annað leiði af lögum, að stunda viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laga þessara."

Með vísan til þessara ákvæða hefur Fjármálaeftirlitið talið það andstætt lögum nr. 113/1996 að viðskiptabankar eða sparisjóðir reki póstþjónustu. Þá hefur einnig komið fram að Fjármálaeftirlitið telji að viðskiptabönkum og sparisjóðum sé ekki heimilt að fela öðrum aðilum að sinna grundvallarþáttum í starfsemi sinni sem þessar stofnanir stunda á grundvelli starfsleyfis viðskrh. samkvæmt lögum nr. 113/1996. Með hliðsjón af þessu hefur Fjármálaeftirlitið talið að samstarf Íslandspósts hf. annars vegar og viðskiptabanka og sparisjóða hins vegar geti að óbreyttum lögum einungis falist í samnýtingu húsnæðis og starfsfólks enda sé tryggður fullnægjandi aðskilnaður í starfsemi hvors aðila um sig.

Hvað varðar síðari spurningu hv. þm. er rétt að benda á að viðskrh. hefur skipað nefnd sem hefur m.a. það hlutverk að endurskoða lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Eitt af þeim málum sem sú nefnd mun taka afstöðu til er hvort rétt sé að heimildir til samstarfs á þessu sviði verði rýmkaðar en fram hafa komið ábendingar í þá átt. Ráðuneytið og Fjármálaeftirlitið hafa talið slíkar breytingar eðlilegar og mun ráðuneytið beita sér fyrir þeim.

[18:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil fagna þessari fsp. frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Ég tel að í rauninni sé um stórt hagsmunamál að ræða, ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir og hin smærri þéttbýli vítt um land þar sem um er að ræða að tryggja þjónustu, t.d. banka og póstþjónustu eins og hér er talað um. Kannski er smáðin það mikil að það þarf að láta samkeppnislög og annað slíkt víkja fyrir þjónustukröfunni. Ég tek undir að það sé fyllilega ástæða til þess við skoðun laga og umgerðar um bankana og bankastarfsemina verði heimilað að tengja þessa þjónustu saman þar sem það á við og þá eftir þá skilgreindum reglum svo allt fari sem best saman. Ég styð að þetta verði gert.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hér koma fram. Ljóst er af því sem kom fram í máli hennar að jákvæður vilji er til þess að breyta lögunum þannig að þetta geti verið með þeim hætti sem a.m.k. ég tel æskilegast og sömuleiðis sá sem hér síðast talaði, þ.e. að menn leggi sig fram við þær breytingar á lögunum að þessi þjónusta, svo mikilvæg sem hún er, geti verið sem víðast og að sparnaður eða hagkvæmni geti orðið í starfseminni til þess að hún geti í rauninni borið sig en samt sem áður geti hún átt sér stað vegna þess að menn eigi þess kost að eiga með sér hagkvæmt samstarf.

Ég held að samkeppnislög komi ekki að þessu máli þannig að það ætti að vera til neinna trafala. Fjármálaeftirlitið hlýtur að vera sá aðili sem þarna hefur eitthvað að segja og eftir því sem fram kemur í máli hæstv. ráðherra eru aðilar þar á bæ jákvæðir gagnvart því að breytingar verði gerðar á lögunum. Það eina sem mig langar til að vita í framhaldinu er hvenær menn reikna með að sú nefnd sem er að störfum, skili vinnu sinni þannig að við getum vænst þess að sjá frv. til laga um breytingar á þessum lögum og þá í framhaldinu séð fyrir okkur hvenær menn geta farið að hugsa á þessum nýju nótum um þjónustuna.

[18:12]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kem einungis upp til að þakka hv. þm. fyrir að bera fram þessa fsp. Mér finnst hún mjög eðlileg og vil aðeins ítreka það sem ég lét koma áðan fram í svari mínu að ráðuneytið er þeirrar skoðunar, og einnig Fjármálaeftirlitið, að það beri að athuga það algjörlega til hlítar hvort ekki sé rétt að gera þessa breytingu á lögunum sem opni það að viðskiptabankar geti farið með þessa þjónustu. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að hlutirnir eru að breytast mikið með breyttum samgöngum. Eitt af því sem gerir líf á landsbyggðinni jákvæðara og áhugaverðara er það að fólk þurfi ekki að sækja langt í þjónustu sem er eins sjálfsögð eins og póstþjónusta.

Hv. þm. spurði hvenær þessari vinnu lyki í nefndinni. Því miður get ég ekki svarað því nákvæmlega en ég geri mér vonir um að það verði það fljótt að hægt verði að gera breytingar á þessum vetri hvað þetta varðar en þori ekki algjörlega að fullyrða það þar sem ég hef því miður ekki sett mig nægilega vel inn í öll mál í ráðuneytinu.

Póstþjónusta.

Fsp. SvanJ, 303. mál. — Þskj. 520.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í sjálfu sér er mjög eðlilegt að ræða þessa fyrirspurn í framhaldi af þeirri sem við vorum að fara yfir. Það er áhugavert að átta sig á því hvernig þær breytingar sem hafa orðið á samgöngum, á þjónustu, í því umhverfi sem fólk býr við hefur verið mætt af hálfu þeirra aðila sem eru að halda úti þjónustu um landið eins og hjá Íslandspósti. Ég held að það hafi verið í Hrísey í júlí 1998 sem fyrst var efnt til samstarfs af hálfu Íslandspósts og bankastofnunar sem er Sparisjóður Svarfdæla. Ég veit að miklar vonir voru bundnar við þetta samstarf og það hefur gengið mjög vel. Menn eru almennt mjög ánægðir, bæði með það að hafa með þessum móti haldið bankaþjónustu sinni og haldið póstþjónustu sinni.

Ég vék áðan að því hvernig fyrirkomulagið er úti í Grímsey og nú er ég búin að nefna báðar eyjarnar í mínu kjördæmi þar sem ég þekki til en víðar þar á hinum minni stöðum þar hefur einmitt verið efnt til samstarfs af slíku tagi til þess að verja þessa þjónustu.

Mér fannst hins vegar einhvern tíma í þingsölum að menn væru sér ekki meðvitaðir um breytingarnar og ákvað að gefa hæstv. samgrh. færi á því að útskýra fyrir þingheimi hvað væri að gerast í þessum efnum því að komið hefur verið að þessu með margvíslegu móti.

Hæstv. viðskrh. sagði okkur áðan frá því að væntanlega munum við sjá breytta löggjöf sem gerir það að verkum að menn geti haft þetta samstarf með nýjum hætti og jafnvel enn hagkvæmari fyrir aðila áður en langt um líður. En fyrirspurn mín til samgrh. þessi:

Hvar er Íslandspóstur kominn í samstarf um þjónustu og afgreiðslu við aðra? Hvernig er því samstarfi háttað og um hvaða aðila er að ræða á hverjum stað?

[18:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þá fyrirspurn sem ég vil svara, en hún er svohljóðandi: Hvar er Íslandspóstur kominn í samstarf um þjónustu og afgreiðslu við aðra? Hvernig er því samstarfi háttað og um hvaða aðila er að ræða á hverjum stað?

Svar mitt er byggt á upplýsingum frá Íslandspósti og er svohljóðandi: Íslandspóstur er í samstarfi um afgreiðslu við eftirtalda aðila á eftirtöldum stöðum: Í Sandgerði við Landsbanka Íslands, í Bíldudal við Landsbanka Íslands, á Flateyri við Sparisjóð Önfirðinga, í Hrísey við Sparisjóð Svarfdæla, eins og kom nú raunar fram áðan. Á Grenivík við Sparisjóð Höfðhverfinga, á Laugum í Reykjadal við Sparisjóð Suður-Þingeyinga, í Reykjahlíð í Mývatnssveit við Sparisjóð Suður-Þingeyinga. Á þessum stöðum er samstarf aðila takmarkað við ákvæði bankalaga um heimild banka og sparisjóða til að stunda óskylda starfsemi.

Á Hólmavík er samstarf við Sparisjóð Strandamanna um rekstur húsnæðis. Á Stað í Hrútafirði rekur Staðarskáli hf. póstafgreiðslu sem verktaki. Í Grímsey er samnýting með Flugmálastjórn um húsnæði og starfslið. Auk þess hefur sölustöðum frímerkja fjölgað verulega og eru það stórmarkaðir, bensínstöðvar, bókabúðir og ýmsar aðrar verslanir, alls um 60 talsins.

Rétt er að geta þess að frumkvæði að þessu samstarfi, sem ég tel mjög merkilegt og af hinu góða, mun hafa komið frá sparisjóðunum. Ljóst er að Íslandspóstur hefur haft hag af samstarfinu og hefur tekist að draga verulega úr kostnaði hjá Íslandspósti vegna þessa samstarfs, það er ástæða til að geta þess. Upphaflegar hugmyndir um þetta samstarf voru á þá leið að sparisjóðir og bankar sinntu póstþjónustu sem verktakar með eigin starfsmönnum og með því mætti ná ýtrustu hagræðingu fyrir báða aðila og jafnframt renna styrkari stoðum undir þjónustu beggja aðila á viðkomandi stað. Póst- og fjarskiptastofnun gerði ekki athugasemd við samstarfið enda væri póstþjónustan á þessum stöðum eftir sem áður á ábyrgð Íslandspósts.

Eins og fyrr hefur komið fram var afstaða bankaeftirlits Seðlabankans sú að þessari leið var hafnað á grundvelli laga. Til þess að bregðast við þessu var farin sú leið að reka aðskildar afgreiðslur í sama húsnæði. Sú leið skilar hins vegar ekki þeirri hagkvæmni sem að var stefnt því hagræðingin liggur fyrst og fremst í að geta samnýtt starfsfólk fyrir báða aðila. Ljóst er að víða um land er hægt að koma á samvinnu Íslandspósts við banka og sparisjóði sem mundi tvímælalaust styrkja stöðu beggja aðila á þeim stöðum. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að ekki séu lagalegar hindranir á því að bankar og sparisjóðir geti sinnt póstþjónustu sem verktakar eins og að var stefnt.

[18:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir mikilvægi þessa máls sem hér er vakin athygli á, þ.e. stöðu póstþjónustu og bankaþjónustu í hinum dreifðu og minni byggðum. Það var athyglisvert sem hæstv. samgrh. sagði að samstarfið hefði verið að frumkvæði sparisjóðanna en ekki að frumkvæði Íslandspósts. Ég legg áherslu á að Íslandspóstur þarf að vera með afar sterka þjónustulund og þjónustuvitund og það ber að hvetja til þess arna og að skapa lagalega umgjörð. Ég nefni staði í kjördæmi mínu eins og Varmahlíð og Hofsós þar sem bæði póstþjónustan og bankastarfsemin stendur höllum fæti og er t.d. verið

að skera niður póstþjónustu við pósthúsið í Varmahlíð, og þetta er meira að segja í sama húsi þar.

Við eigum að stefna þarna að hagræðingu til að efla og styrkja þjónustuna.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég stend upp einungis til þess að þakka ráðherra fyrir þau svör sem hér komu fram. Ég tel að í svari hans og þeirri upptalningu sem hann var með felist sá rökstuðningur sem þarf í rauninni að vera fyrir því að þeim lögum sem standa í vegi fyrir ýtrustu hagkvæmni á þessu sviði verði breytt vegna þess að við hljótum að sameinast í því að koma málum svo fyrir að þessi mikilvæga þjónusta geti verið sem víðast.

Kannski er eðlilegt að þetta gerðist á sínum tíma að frumkvæði sparisjóðanna vegna þess að þeir eru mjög víða um landið og hafa sinnt hinum dreifðu byggðum. Þar hefur auðvitað brunnið á mönnum þegar þessar breytingar hafa verið að gerast hvernig þeir gætu haldið úti þjónustunni og hafa því leitað samstarfs við aðra aðila til að svo mætti verða.

En ég vænti þess að á þessum vetri náum við að breyta löggjöf þannig að þessir aðilar geti haldið áfram að vinna að nánara samstarfi þannig að sú þjónusta sem við erum öll sammála um að er svo mikilvæg geti orðið sem víðast til farsældar fyrir landsbyggðina og þá sem þar búa.

[18:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóni Bjarnasyni vakti athygli á því að frumkvæðið hefði komið frá sparisjóðunum en ekki Íslandspósti. Mátti draga þá ályktun af orðum hans að það bæri vott um að fremur væri þjónustulundin hjá sparisjóðunum en Íslandspósti. (**JB:** Nei.) Ég held að þetta sé ekki rétta skýringin, þetta sé ekki skýringin á þessu heldur hitt að Íslandspóstur er eins og við þekkjum stórt og mikið fyrirtæki sem er með rekstur og þjónustu um allt landið og ber rekstur sinn af sameiginlegum tekjum. Hins vegar verða sparisjóðirnir að standa og falla með þeim tekjum á mjög litlu upptökusvæði viðskiptanna ef svo mætti segja og eiga ekki annarra kosta völ en að leita allra leiða til hagkvæmni. Það held ég að hljóti að hafa verið undirrót þess að þeir leituðu eftir þessu samstarfi sem er mjög af hinu góða og ég held að sé dæmi um það hvernig hægt er í hinum dreifðu byggðum að snúast til varnar til þess að halda uppi þjónustunni sem fyrirspyrjandi og hv. þm. Jón Bjarnason hafa bent á að er mikilvæg. Undir það vil ég taka.

Ég tel að þetta frumkvæði og þessar staðreyndir um samstarf þessara aðila eigi að hvetja okkur á hinu háa Alþingi til að breyta lögum þannig að þetta megi auðvelda. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu og mér finnst það ekki geta verið sérstök ástæða til að bankalöggjöf komi í veg fyrir samstarf póstþjónustu og banka. Ég tel að þeir sem sinna póstþjónustunni sinni ekki veigaminni eða vandaminni störfum en þeir sem vinna í bönkum. Ég tel því að þetta fari mjög vel saman og mun beita mér fyrir því að Íslandspóstur leiti eftir samstarfi þar sem það er talið hagkvæmt.

Loftskeytastöðin á Siglufirði.

Fsp. KLM, 248. mál. — Þskj. 304.

[18:26]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fyrirspurn mín á þskj. 304 var lögð fram á Alþingi 3. des. sl. Hún var lögð fram vegna fyrirhugaðrar lokunar á Loftskeytastöðinni á Siglufirði. Nú þegar fyrirspurn mín er loksins á dagskrá á hv. Alþingi ber svo við að þau sorglegu tíðindi hafa gerst að slökkt var á öllum tækjum stöðvarinnar á miðnætti 1. febrúar sl. eftir 66 ára starfsemi og mikla og góða þjónustu við landsmenn alla. Starfsmenn Landssímans hafa verið að rífa niður tæki og tól og flytja hingað suður til Reykjavíkur. Ég sagði rífa niður tæki og tól og þannig má einnig segja að verið sé að rífa niður störf manna á landsbyggðinni með því að flytja þau hingað suður til Reykjavíkur enda bauð Landssíminn öllum starfsmönnum loftskeytastöðvarinnar áframhaldandi vinnu og það auðvitað á höfuðborgarsvæðinu.

Af því að við erum að tala um flutning á störfum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðis, ekki bara þessi sex störf á Siglufirði, heldur ótal önnur vítt og breitt um landið, þá jafngilda þessi sex störf því að um 550–600 störf væru flutt héðan af höfuðborgarsvæðinu. Ég býst við, herra forseti, að ýmsum þætti slíkur flutningur mikil tíðindi og þau ill.

Önnur spurning mín er um það hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir að einhver störf, sem eru nú unnin á höfuðborgarsvæðinu hjá Landssímanum, verði flutt til Siglufjarðar í stað þeirra sem lögð eru niður hjá Landssímanum. Tilefni þessarar spurningar minnar eru orð fyrrv. hæstv. samgrh. Halldórs Blöndals við umræðu um þetta mál í nóvember 1998 en þar taldi hann sjálfsagt og einhlítt að nota tímann þangað til stöðinni yrði lokað til að Landssíminn geti í samráði við heimaaðila athugað hvort ekki megi koma upp annarri starfsemi í stað þeirrar sem lögð yrði niður. Þess vegna ítreka ég nú aðalatriði spurningar minnar til núv. hæstv. samgrh.: Hefur eitthvað verið gert í þessum efnum?

Þriðja spurning mín til hæstv. samgrh. er hvort ráðherrann telji nútímatækni í fjarskiptum ekki gera okkur kleift að vinna ýmis störf á vegum Landssímans utan höfuðborgarsvæðisins þar sem húsnæði í eigu Landssímans er nægjanlegt og mikið framboð af sérþjálfuðu starfsfólki til staðar. Þessi spurning er m.a. sett fram vegna þess að svo virðist að opinber fyrirtæki svo og flestar ríkisstofnanir hafi lítið sem ekkert gert í því að færa slík störf út á land. Fjarvinnsluverkefni á vegum ríkisins og ríkisfyrirtækja hafa sárafá verið flutt út á land en einkafyrirtæki hafa staðið sig betur. Nýlega flutti Kaupþing lítinn hluta af starfsemi sinni til Siglufjarðar. Að sögn forráðamanna þess fyrirtækis var það m.a. gert til að komast í stöðugra og betra starfsumhverfi og um væri að ræða vinnslu á verkefni sem væri hægt að vinna hvar sem er á landinu með nútímatækni. Frumkvæði og framtakssemi Kaupþingsmanna ætti að vera leiðarljós fyrir alla ráðherra til að flytja störf út á land. Vilji er allt sem þarf.

[18:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir þessa fyrirspurn. Hún hljóðar svo í fyrsta lagi: Er enn þá ætlun Landssíma Íslands að leggja niður loftskeytastöðina á Siglufirði? Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að þessi fyrirspurn var borin fram fyrir jól en í öllum þeim önnum

sem þá voru komst hún ekki á dagskrá þannig að það er skýringin á því að þessu er ekki svarað fyrr en nú.

Svar mitt við þessari fyrstu spurningu er að þann 1. okt. 1997 fól þáv. samgrh. Póst- og fjarskiptastofnun að ganga til samninga við Landssíma Íslands hf. um að strandastöðvaþjónustu yrði skipt í neyðar- og öryggisþjónustu og símtala- og skeytaþjónustu.

Á grundvelli þessa var myndaður vinnuhópur er skilaði af sér skýrslu í maí 1998 um hvernig hagræða mætti í rekstri án þess að dregið yrði úr öryggi. Það var m.a. ráðgert að loftskeytastöðinni á Siglufirði yrði lokað 1. júní 1999. Talsverð umræða varð um hagræðingu í rekstri strandstöðva sem leiddi til þess að Landssími Íslands hf. ákvað að halda starfsemi á Siglufirði úti til 1. febrúar 2000. Fram að þessu hefur afgreiðsla strandstöðvarinnar á Siglufirði verið opin á daginn en tækjum verið fjarstýrt að næturlagi og um helgar. Á þeim tíma fluttist afgreiðslan til starfsmanna í stöðinni í Gufunesi en strandstöðin í Vestmannaeyjum er til vara eins og áður.

Ástæður þess að talið var æskilegt að hagræða starfsemi strandstöðva eru einkum fjórar. Í fyrsta lagi er tilkynningarskylda skipa að verða sjálfvirk. Í annan stað hefur alþjóðlegt fyrirkomulag neyðarfjarskipta verið tekið upp í siglingum, svokallað GMDSS-kerfi sem er alþjóðlegt neyðarfjarskiptakerfi. Í þriðja lagi er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að draga úr gífurlegu rekstrartapi þessarar þjónustu. Í fjórða lagi verður stöðugur samdráttur í notkun strandstöðva vegna annarra fjarskiptamöguleika, einkum farsíma. Engu að síður hef ég haft forgöngu um að gerður verði samningur við Landssíma Íslands sem felur í sér að þjónusta strandstöðva verður áfram við lýði á kostnað ríkissjóðs. Þannig er öryggi sjómanna tryggt enda verður strandstöðvunum hér við land stjórnað eftir ströngustu öryggiskröfum.

Í annan stað spyr hv. þm., með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir að störf sem nú eru unnin á höfuðborgarsvæðinu verði flutt til Siglufjarðar, í stað þeirra sem lögð verða niður?“

Því er til að svara að starfsmönnum strandstöðvar á Siglufirði mun lengi hafa verið ljóst að afgreiðsla loftskeytastöðvarinnar á Siglufirði yrði lögð niður. Við lokun stöðvarinnar voru starfsmenn aðeins þrír. Af þessu má sjá að raunverulega er ekki um umtalsverða fækkun að ræða þegar litið er á starfsmannafjölda þessa fyrirtækis í heild sinni. Á hinn bóginn er brýnt að á landsbyggðinni séu fjölbreytt störf í boði eins og við hv. þm. vitum allir. Með nýjum viðhorfum í fjarskiptum opnast viðskiptatækifæri sem allur almenningur hvar sem er á landinu getur nýtt sér. Þessi nýju viðskiptatækifæri gera það kleift að landsmenn, þar á meðal Siglfirðingar, geta tekið þátt í uppbyggingu nýrra starfa á Íslandi með þessa nýju tækni að vopni. Það er ástæða til að vekja athygli á því að á síðasta einu og hálfu ári fjölgaði starfsmönnum Landssímans um hundrað og þar af um fjörutíu úti á landi. Vandinn hefur hins vegar legið í því að ekki hefur verið hægt að koma beint til móts við þá starfsmenn sem misstu stöður sínar á Siglufirði.

Í þriðja lagi spyr hv. þm., með leyfi forseta:

„Telur ráðherra að nútímatækni í fjarskiptum geri kleift að vinna ýmis störf á vegum Landssímans utan höfuðborgarsvæðisins þar sem húsnæði er nægilegt og mikið framboð af sérþjálfuðu starfsfólki?

Því er til að svara að möguleikar landsbyggðarinnar til að byggja upp atvinnugreinar byggðar á nútímatækni í fjarskiptum eru nú meiri en nokkru sinni fyrr. Eins og þingmaðurinn bendir á er húsnæði þar nægilegt og mikið framboð af sérþjálfuðu starfsfólki. Af þeirri ástæðu hafa fyrirtæki nú í vaxandi mæli flutt starfsemi sem byggir á upplýsingatækni út á land. Landssími Íslands er þar engin undantekning eins og ég gat um í svari mínu við öðrum lið fyrirspurnarinnar.

[18:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál snýst ekki eingöngu og aðeins um störf þessa tæknimenntaða fólks á Siglufirði sem vissulega er þó alvarlegt mál. Staðreyndin er sú að Landssíminn er ekki að fækka fólki. Hann er að fjölga því eins og hæstv. ráðherra kom hér inn á og það ekkert smáræði. Á grundvelli tækni og tækniframfara ætti einmitt að vera hægt að deila afmörkuðum þáttum starfsins út um land. Að mínu mati er í sjálfu sér visst viljaleysi þarna á ferðinni. Sé vilji til þess að taka á þá getum við bent hæstv. samgrh. á að beita sér fyrir því að flytja t.d. Póst- og fjarskiptastofnun í áföngum til Siglufjarðar. Þetta er sjálfstætt starfandi stofnun með afmörkuð verkefni sem getur verið hvar sem er í sjálfu sér. Hún þarf bara að búa við gott umhverfi. Svo háttar til á Siglufirði. Ég legg það til við hæstv. ráðherra að hann skoði það.

[18:35]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra foreti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svör hans við fyrirspurn minni en jafnframt lýsa yfir vonbrigðum með niðurstöðu þessa máls. Hæstv. ráðherra sagði að starfsmennirnir hefðu eingöngu verið þrír í restina. Ég held þeir hafi nú ekki verið nema tveir. Það er alveg rétt að fjórir voru hættir vegna þess að búið var að gefa það út að þessu yrði lokað. Þeir fóru af staðnum, létu af störfum. Það er nefnilega líka hægt að draga máttinn úr með því að láta vita hvað standi til. Auðvitað munar mikið um þessi störf í ekki stærra samfélagi en sextán hundruð manna byggðarlagi. Auðvitað munar miklu um þau og auðvitað er atvinnulífið fátækara á eftir þegar sex störf hafa verið lögð niður í þessum geira. Það er nefnilega svo að tæknin er tvívirk og hæstv. ráðherra sagði áðan að stöðinni hefði upp á síðkastið verið fjarstýrt að sunnan um nætur. Væri ekki hægt að fjarstýra stöðinni hér fyrir sunnan allan sólarhringinn, t.d. frá Siglufirði suður í Gufunes?

Ég held að þetta sé enn eitt dæmið um á hvaða stigi við erum í byggðamálum. Við látum allt yfir okkur ganga. Ráðherrar jafnt sem aðrir telja að ekkert sé hægt að gera annað en draga allt hingað suður á höfuðborgarsvæðið. Þetta er eins og ég segi enn eitt dæmi um byggðaáætlun sem er mjög fátækleg og lítið annað en orð á blaði í áætlun, því miður. Enn þá viðhelst sá þjóðarvandi að fólk flytur suður. Hvað ætlum við svo að gera þegar vandinn verður orðinn enn þá meiri? Væri ekki betra að spyrna við fótum strax og snúa vörn í sókn? Það er sannarlega mjög alvarlegt að starfrækslu loftskeytastöðvarinnar á Siglufirði skuli hætt, eins og ég sagði, eftir sextíu og sex ár, og að við skulum ekki nota tæknina til að flytja einhver störf í þessum geira þangað í dag eins og einkafyrirtækin gera. Þau sjá sér mikinn hag í að komast í ódýrara starfshúsnæði kannski, vera með stöðugra vinnuafl og þannig fram eftir götunum.

[18:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á því að það hefur reynst þrautin þyngri einnig hjá einkafyrirtækj-

um að flytja fjarvinnsluverkefni og verkefni út á land. Við þekkjum það að Íslensk miðlun hefur unnið þar ágætt starf en starfsstöðvar hennar standa tómar. Þetta er því ekki eins einfalt og menn kannski halda. Það er ekkert viljaleysi á ferðinni hér eins og hv. þm. Jón Bjarnason sagði og hugmyndina um að flytja Póst- og fjarskiptastofnun til Siglufjarðar má svo sem skoða. En það hefði verið betra að stofna hana á Siglufirði fremur en að rífa hana upp eftir að henni hefur verið komið á stofn. En hvað um það. Hugmyndin er komin fram.

Vegna þess að hv. fyrirspyrjandi sagði að mennirnir hefðu hætt vegna þess að búið hefði verið að tilkynna um lokunina með fyrirvara þá vil ég rifja það upp að forveri minn, hv. þm. Halldór Blöndal, páv. samgrh., hafði lagt sig mjög fram um að finna leiðir til að hægt væri að halda þessari starfsemi úti. Hann hafði mikinn vilja til þess.

Ég vil að lokum segja frá því að í október í haust skrifaði ég öllum stofnunum sem heyra undir samgrn. og sömuleiðis þeim tveimur fyrirtækjum sem á vegum samgrn. starfa, þ.e. Íslandspósti og Landssímanum. Ég skrifaði stjórnum þessara fyrirtækja og stofnununum bréf og óskað eftir því að allra leiða yrði leitað til að færa störf þessara stofnana út á land og ef ný verkefni vöknuðu yrði reynt að vinna þau úti á landi og hvert tækifæri notað til að færa störf til stofnana úti á landi. Ég hef mikinn vilja til að leita eftir þessu og mun að sjálfsögðu fylgja því eftir. En allt gengur náttúrlega út á að verkefni séu til staðar.

Út af dagskrá voru tekin 7.–8., 11. og 16.–17. mál.

Fundi slitið kl. 18:41.

---

56. FUNDUR

fimmtudaginn 3. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Afnotaréttur nytjastofna á Íslandsmiðum, þáltill., 172. mál, þskj. 198. — Fyrri umr.
2. Stjórn fiskveiða, frv., 229. mál, þskj. 275. — 1. umr.
3. Stjórn fiskveiða, frv., 230. mál, þskj. 276. — 1. umr.
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 231. mál, þskj. 278. — 1. umr.
5. Stjórn fiskveiða, frv., 249. mál, þskj. 305. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.

Umræður utan dagskrár.

Vatneyrardómurinn og viðbrögð stjórnvalda.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um Vatneyrardóminn og viðbrögð stjórnvalda. Málshefjandi er hv. 4. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, en til andsvara verður hæstv. sjútvrh., Árni M. Mathiesen. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:30]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar Hæstiréttur felldi sinn dóm í svokölluðu kvótamáli í desember 1998 greindi menn sannarlega á um hvað út úr þeim dómi mætti lesa. Margir og m.a. sú sem hér stendur voru á þeirri skoðun að sú röksemdafærsla sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að ef 5. gr. sem fjallar um veiðileyfin væri ósamrýmanleg jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar hlyti það sama að eiga við um 7. gr. sem fjallar um úthlutun varanlegra aflahlutdeilda, enda hvor tveggja rétturinn tengdur fyrra eignarhaldi á skipum. Í upphafi þessa árs var sú skoðun síðan staðfest í svokölluðum Vatneyrardómi.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við kvótadóminum fyrir um ári og þær lagabreytingar sem fylgdu í kjölfarið voru hreint ekki rökréttar og sannarlega var það upplifun fyrir þjóðina núna að fylgjast með viðbrögðum stjórnvalda, hvernig hæstv. forsrh. mætti niðurstöðum Vatneyrardómsins með heimsendaspám og birti þjóðinni þá sýn að hér yrði allt ein rjúkandi rúst ef Hæstiréttur staðfesti. Já, ef forréttindi þeirra sem einokað hafa aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar yrðu í einhverju skert var greinilega mikil vá fyrir dyrum. Engar voru þó hugmyndirnar um það hvernig mætti bregðast við til að tryggja starfsgreininni traustara starfsumhverfi. Nei, öll viðbrögð tóku mið af þröngri hagsmunagæslu gagnvart þeim sem notið hafa góðs af óbreyttu kerfi. Ef ekkert er að gert getur auðvitað skapast hér óvissuástand og öngþveiti ef niðurstaðan verður sú að allir megi róa og að þær reglur sem nú gilda séu ekki boðlegar. En einmitt þess vegna þarf að bregðast við með ábyrgum hætti.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar í sjútvn. lögðum til á fundi nefndarinnar þann 7. janúar sl. að nefndin legði í það vinnu að láta skoða þær aðferðir við úthlutun aflahlutdeilda sem samrýmst gætu jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, að Alþingi tækist þannig á við það verkefni að undirbúa breytingar á 7. gr. svo koma mætti í veg fyrir frekari óvissu og öngþveiti. Þessi tillaga var studd af öðrum fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni en hlaut ekki náð fyrir augum stjórnarmeirihlutans. Það er miður en hvað sem nefndinni líður hlýtur hæstv. sjútvrh. að vera það ljóst að svigrúmið til að bregðast við ef Hæstiréttur staðfestir Vatneyrardóminn verður afar þröngt og hætt er við að fólkið í landinu hafi litla þolimæði gagnvart þeim sem til þessa hafa einokað auðlindina í skjóli laga ef Hæstiréttur staðfestir að í úthlutun varanlegrar aflahlutdeildar samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða felist sama mismunun tengd fyrra eignarhaldi á skipum og Hæstiréttur dæmdi ósamrýmanlega jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar í áður nefndum kvótadómi.

Þrátt fyrir þann ríka og margítrekaða vilja hæstv. forsrh. að slá skjaldborg um þá sem hafa makað krókinn á óbreyttu kerfi, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi ekki birt þjóðinni neinar hugmyndir um það hvernig takast mætti á við nýjar aðstæður og þrátt fyrir að hugmyndum sem aðrir hafa verið að setja fram um lausn mála hafi verið vísað á bug jafnvel með stóryrðum og hroka, þrátt fyrir allt þetta verður því ekki trúað að stjórnvöld og hæstv. sjútvrh. sem fer með framkvæmd laga sem dæmd hafa verið andstæð stjórnarskrá sýni það ábyrgðarleysi gagnvart atvinnugreininni að leita ekki leiða til að eyða þeirri réttaróvissu sem nú er og verður reyndar

áfram hver sem niðurstaða Hæstaréttar verður og setur svip sinn á alla umfjöllun um sjávarútveg. Ég hef því óskað eftir því að hæstv. sjútvrh. geri okkur grein fyrir eftirfarandi:

Munu stjórnvöld bregðast við með einhverjum hætti áður en dómur fellur í Hæstarétti um svokallaðan Vatneyrardóm og ef það verður gert, hver verða þá viðbrögð stjórnvalda?

Ef ekki á að bregðast við áður en dómur fellur, hvaða leiðir sér þá hæstv. sjútvrh. ef Hæstiréttur staðfestir dóminn?

[10:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Af hálfu stjórnvalda hefur þegar verið brugðist við hinum svokallaða Vatneyrardómi. Ríkissaksóknari sem fer með málið ákvað að áfrýja málinu til Hæstaréttar og þar með frestast áhrif dómsins og engin breyting hefur átt sér stað stjórnskipulega fyrr en málið hefur hlotið afgreiðslu Hæstaréttar.

Ég er ósammála þessum dómi og hlýt því að gera ráð fyrir að líkur séu til þess að dómurinn verði ekki staðfestur í Hæstarétti. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að ef dómurinn verður staðfestur óbreyttur, þá geti komið upp mjög erfið staða og jafnvel eins og hún orðar það sjálf öngþveiti og má þá jafnvel gera ráð fyrir að hv. þm. sé sammála þeim orðum sem hæstv. forsrh. hefur látið falla í fjölmiðlum um þær afleiðingar sem gætu hlotist af því ef þessi dómur yrði staðfestur.

Það er líka rétt hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að ef dómurinn verður staðfestur, þá verður mjög lítið svigrúm eða svigrúmið þröngt eins og hún orðaði það til að bregðast við. En það eru hins vegar ekki forsendur til þess að bregðast við fyrr en hæstaréttardómur í málinu liggur fyrir. Þar til það er ljóst þá vantar forsendurnar til að bregðast við málinu. Málið verður aftur á móti alvarlegt ef það gerist að dómurinn verði staðfestur. Ég hef hins vegar þá trú að það muni ekki gerast. Eins og aðrir á ég ekki möguleika á því að sjá inn í framtíðina svo öruggt sé. Ég get því ekki verið þess fullviss hvernig dómurinn verður, en ég vona að hann verði ekki staðfestur og þá verði það öngþveiti sem hv. þm. nefndi ekki uppi.

[10:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi við dómi Hæstaréttar í svonefndu Valdimarsmáli í desember 1998 eru nú að koma þessum aðilum í koll. Síðan þá hefur óvissa hangið yfir málefnum sjávarútvegsins og gerir enn. Vanstillingarleg viðbrögð einkum hæstv. forsrh. við dómi Héraðsdóms Vestfjarða benda eindregið til þess að ekki eigi að gera neitt og orð hæstv. sjútvrh. áðan staðfesta það. En þetta bendir einnig til þess að það hafi aldrei staðið til að gera neitt og að sáttahjalið fyrir síðustu kosningar hafi verið 100% marklaust og þær nefndir sem skipaðar hafi verið hafi eingöngu haft það hlutverk að drepa málinu á dreif. Þetta eru mjög óskynsamleg og mjög ógæfuleg málefnatök af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hvað sem dómum líður.

Við núverandi ástand í málefnum sjávarútvegsins verður ekki unað. Óbreytt kerfi með þeirri röskun, samþjöppun og gróðasöfnun einstaklinga sem því fylgir verður ekki varið til frambúðar. Það er að mínu mati aðeins tímaspursmál hvenær og hvernig það muni brotna upp. Eina ábyrga leiðin er að horfast í augu við þetta og nota tímann til þess að undirbúa breytingar sem skapað geti meiri sátt um þetta kerfi. Það að taka sénsinn eins og hæstv. sjútvrh. lýsir yfir að ríkisstjórnin velji að gera og veðja á það að dómur Hæstaréttar falli réttu megin, m.a. undir hótunum um heimsendaspár ef hann gerir það ekki, er ábyrgðarleysi, það er algert ábyrgðarleysi af hálfu stjórnvalda. Þess vegna gagnrýni ég það og átel að ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi skuli ekki þegar í stað leggja grunninn að vinnu sem skapað geti farsælli lyktir þessa máls, herra forseti.

[10:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Núverandi fyrirkomulag á úthlutun aflaheimilda er þess eðlis að segja má að Alþingi Íslendinga hafi heimilað sjútvrh. að afhenda fáum útvöldum hluta af mannréttindum fólksins í sjávarþorpunum kringum Ísland. Alþingi hefur líka heimilað þessum fáu útvöldu að selja þau mannréttindi. Atvinnuréttindi fólksins í sjávarbyggðunum ganga nú kaupum og sölum.

Verðlag á þessum mannréttindum, atvinnufrelsi fólksins í sjávarþorpunum, hefur tekið mið af spákaupmennsku og jaðarviðskiptum. Veiðiheimild á óveiddum þorski er seld á leigumarkaði á jafnvel hærra verði en fæst fyrir aflann eftir að hann hefur verið sóttur á haf út.

Þetta brask með mannréttindin og atvinnufrelsið gengur oftast hjá aðdáendum kvótabrasksins undir nafninu „hagræðing". Með hagræðingu er átt við að hagkvæmt sé fyrir útvalda að fá að selja mannréttindi annarra til að braska með að eigin geðþótta.

Aldrei tala sægreifar um að fórnirnar með slíkri millifærslu mannréttinda voru að eigur almennings í sjávarþorpunum voru gerðar nánast verðlausar og atvinnan hvarf.

Kíkirinn er settur fyrir blinda augað meðan eigur þúsunda fjölskyldna allt í kringum Ísland hafa verið gerðar verðminni og atvinnuleysi fólks tekið við. Hvers eiga sjómenn t.d. að gjalda sem fá ekki að stunda fiskveiðar þó að það hafi verið atvinna þeirra áratugum saman vegna þess að forgangshópar gjafakvótans eiga einir réttinn á óveiddum fiski?

Stóra spurningin sem ekki virðist mega ræða er þessi: Er hægt að selja mannréttindi með þessum hætti? Er það löglegt? Má gera eigur almennings í dæmigerðu sjávarþorpi verðlitlar? Er ekki tímabært að sjútvn. Alþingis taki til hendinni og fari að vinna af meiri ábyrgð í þessum grundvallaratriðum og stjórnarflokkarnir hætti í sínum látbragðsleik með meiri hluta sjútvn. Alþingis? Á sú nefnd ekki einmitt nú að taka til hendinni þegar framkvæmdarvaldið er í annað sinn á rúmu ári með löggjöf um stjórn fiskveiða í uppnámi?

[10:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Dómurinn í Vatneyrarmálinu er eðlilegur í ljósi dóms Hæstaréttar í máli Valdimars Jóhannessonar frá því í fyrra. Því ættu menn að efast um visku stjórnvalda sem túlkuðu þann dóm og framfylgdu honum á þeim grundvelli að það hefði verið brot á stjórnarskránni, brot á jafnræðisákvæðum hennar og brot á atvinnufrelsisákvæðum hennar ef menn fengju ekki veiðileyfi á skipin sín. Og nú geta allir sem eiga bát fengið slík veiðileyfi til að hengja upp á vegginn hjá sér og stjórnarskráin því í fullum heiðri höfð, eða hvað? Þessir nýju sægreifar fá ekki einu sinni að veiða einn einasta fisk en búið er að fullnægja rétti þeirra gagnvart stjórnarskránni.

En úr því að þetta var rétt niðurstaða hvað varðaði veiðileyfin og um það eru ekki deilur, hverjum dettur þá í hug að þegar kemur að hinum raunverulegu réttindum til að

veiða fisk, þá þurfi ekki að hafa jafnræði og atvinnufrelsi í heiðri? Jú, stjórnvöldum á Íslandi dettur það greinilega í hug. Viðbrögð þeirra við dómnum í Vatneyrarmálinu hafa sýnt svo ekki verður um villst að ekkert er að marka loforðin í síðustu kosningabaráttu um að leitað yrði sátta í þessu mesta deilumáli margra síðustu ára.

Hæstv. forsrh. mætti í sjónvarpið eftir fréttirnar á dómnum og vakti forundran og hneykslan í landinu með framferði sínu. Hann lét eins og dekraður strákur sem kastar sér í gólfið og lemur niður löppunum þegar hann fær ekki sínu framgengt. Hann spáði hruni efnahagslífsins og gerði kanarífuglinn að skjaldarmerki Sjálfstfl.

Hæstv. sjútvrh. skilar sjálfur auðu í þessu máli en kallar fram komnar tillögur um leigukvóta skattheimtu á sjávarútveginn. Ég vil spyrja hann og ég fer fram á að hann svari: Ef tillögur um leigukvóta eru skattheimta á sjávarútveginn, er þá núgildandi fyrirkomulag framsal skattlagningarvalds til útgerðarinnar?

[10:45]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Fyrir um ári síðan ákvað Alþingi að fram skyldi fara gagnger endurskoðun á fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Hæstv. sjútvrh. skipaði sérstaka nefnd á liðnu hausti skipaða fulltrúum stjórnar og stjórnarandstöðu til þess að fara ofan í þessi mál. Svo kemur stjórnarandstaðan hingað og segir að nú eigi að hefja þessa endurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni sem er í fullum gangi. Þessi vinna stendur yfir. Einn burðarmesti þáttur þess máls er 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna sem verið var að taka afstöðu til í þessum fræga Vatneyrardómi. Auðvitað er sú nefnd sem er að vinna að endurskoðun fiskveiðistjórnarlöggjafarinnar að fjalla um það mál eins og önnur mál. Eðlilegast er að halda þessu áfram í þessum farvegi alveg eins og ríkisstjórnin hefur lagt til og var niðurstaða sjútvn. á sínum tíma. (Gripið fram í.)

Nú skulum við aðeins fara yfir þetta mál. Um hvað erum við að fjalla? Um hvað snýst þessi deila sem við erum að ræða? (**Gripið fram í:** Um peninga.) Hún snýst fyrst og fremst um spurninguna um veiðiréttinn, hvort það eigi að skilgreina þennan veiðirétt og þá hvernig. Sumir hafa talað um að eðlilegast sé að gera það á grundvelli uppboða og nýlega var skilað áliti sem kvað á um að allt að 20% eða fimmtungur aflaheimildanna eigi að fara á uppboð. Hvaða áhrif halda menn að það hefði? Ég held að þessi spurning um veiðiréttinn eigi ekki eingöngu að snúast um það sem menn hafa kallað á tyllidögum jafnræðisregluna. Hún á líka að snúast um það hvernig við viljum tryggja veiðiréttinn þannig að hann komi sem best að notum fyrir byggðirnar í landinu alveg eins og kveðið er á um í fiskveiðistjórnarlögunum. Ég held að það væri ekki óeðlilegt að menn reyndu líka í þessari umræðu að beina sjónum sínum í ríkari mæli að þessari spurningu sem er auðvitað grundvallarspurningin, þ.e. hvernig við ætlum að reyna að tryggja að veiðiréttinn skili sem mestum arði og mestum ábata fyrir byggðirnar í landinu, en ekki bara um það sem menn hafa gert að aðalatriði, að afla fjár fyrir ríkissjóð.

[10:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi dómur Héraðsdóms Vestfjarða staðfesti í rauninni skoðun meginþorra þjóðarinnar að engin sátt er um framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins eins og við upplifum það nú. Það er engin sátt um það að einstaklingar eða einstök fyrirtæki geti slegið eign sinni á auðlindir sjávarins. Það er engin sátt um að veiðirétturinn, sameign þjóðarinnar, sé tekin frá byggðunum í landinu, frá fólkinu meðfram ströndum landsins og færður í hendur einstaklinga sem versla síðan með hann. Það er engin sátt um að ganga þannig um þessi lög að þarna hafi verið um eignaúthlutun að ræða. Lög eru um úthlutun á veiðirétti. Lögin voru sett til fiskveiðistjórnar á sínum tíma við erfiðar aðstæður en fjölluðu alls ekki um eignaúthlutun.

Herra forseti. Þessi lög sýna að þinginu ber að taka á þessu máli en ekki bara að skjóta sér undan því með orðhengilshætti. Þetta er eitt stærsta mál þingsins til að takast á við og það er eitt stærsta mál þjóðarinnar að færa þennan rétt aftur til fólksins í landinu. Og það, herra forseti, var einmitt Héraðsdómur Vestfjarða að leggja til með sínum dómi.

[10:49]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í hæstaréttardómnum sem kenndur hefur við Valdimar Jóhannesson komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er uppbyggt væri andstætt jafnréttisákvæðum stjórnarskrárinnar og ákvæðum um atvinnufrelsi. Það var ekki tilviljun að Hæstiréttur notaði í aðfararorðum sínum bæði orðin veiðileyfi og veiðiheimildir. Hann var að sjálfsögðu að vísa til þess að hann væri sömu skoðunar um úthlutun veiðiheimilda og veiðileyfa. Því er mjög eðlilegt að menn spyrji: Hvernig geta menn stýrt fiskveiðum þannig að stýrikerfið uppfylli jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæðið um atvinnufrelsi? Ég er þeirrar skoðunar að það verði ekki gert nema með því að tryggja öllum Íslendingum jafnan aðgang. Ég er þeirrar skoðunar að það verði ekki gert óðruvísi en svo að afnema þann rétt einstaklinga sem nú telja sig eiga sameiginlegar auðlindir til þess að skattleggja þessa auðlind í eigin þágu eins og menn eru að gera núna.

Hvernig stendur á því, virðulegi forseti, að sá stjórnmálaflokkur sem ber einna mesta ábyrgð á þessu kerfi á engan málsvara í þessum umræðum? Það hefur enginn framsóknarmaður skráð sig inn í þessar umræður. (**SJS:** Það er enginn í þingsalnum.) Formaður þingflokks Framsfl. lýsti því þó yfir eftir Vatneyrardóminn að hann væri sammála niðurstöðu dómsins. Hvar er hann? Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir að lög um stjórnkerfi fiskveiða þyrftu að vera í stöðugri endurskoðun. Hvar er hann? Hverjar eru raddir Framsfl., höfuðkvótaflokksins á Íslandi að áliti margra, í þessari umræðu? Er það Sjálfstfl. einn sem nú stendur á verði um sérhagsmuni einstaklinganna?

[10:51]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst eins og þetta mál hafi verið rætt hér fyrr og sumt af því sem sagt hefur verið nú sé ekki nýtt. Þó verð ég að segja eins og er að mér finnst sérkennilegt að heyra nú af hálfu hv. þingmanna að héraðsdómur staðfesti úrskurði Hæstaréttar eins og sagt var hér áðan. Er farið að snúa við dómskerfinu í landinu? Það getur vel verið rétt af einhverjum þingmönnum að vera þeirrar skoðunar að þessi úrskurður héraðsdóms sé eðlilegur, eins og einn sagði. En við eigum eftir að fá úrskurð Hæstaréttar og þeim dómi verður ekki áfrýjað.

Ég verð að segja þá skoðun mína — ég hef sagt hana fyrr og það liggur bara fyrir af hátterni þingmanna í þingmálum að sumir sem nú tala fjálglega um að við ættum að bregðast við hafa í raun verið þeirrar skoðunar a.m.k. áður og eru það

kannski í raun enn — að það sé ekki réttmætt samkvæmt því stjórnkerfi sem við höfum og þrígreindu valdi að framkvæmdarvaldið bregðist við dómum lægra réttarstigsins án þess að áfrýjað sé og fjallað um á hærra dómsstigi.

Á hinn bóginn verðum við að leggja mat á hina efnislega stöðu málsins. Þá verður að segjast eins og er að eftir fyrri dóm Hæstaréttar sem hér var nefndur áðan um 5. gr. laganna — ekki þessa sem menn fjölluðu um í þessum dómi. Þessi umrædda grein var alls ekki nefnd í úrskurðarorði Hæstaréttar í Valdimarsmálinu — en ef svo fer í Hæstarétti sem héraðsdómur segir þá er alveg ljóst af hljóðan 5. gr. að fiskiskipaflotinn í dag, sem hefur miklu meiri sóknargetu en aflaheimildir núna, mun stækka stórkostlega vegna þess að í raun er opið fyrir innflutning fiskiskipa sem fullnægja eðlilegum skilyrðum um öryggi og aðbúnað. Þá mun sóknargeta flotans margfaldast og hann verður ekkert allur íslenskur. Ég held að við verðum þá í raun að ræða allt önnur viðfangsefni í stjórn veiða en nú.

[10:53]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hvar eru framsóknarmennirnir sem eiga að vera talsmenn kvótakerfisins og hvar eru þeir núna við þessa umræðu? Þeir eru einhvers staðar í burtu.

Þeir sem komust að niðurstöðu í Vatneyrardómsmálinu stóðu sig vel. Þeir sýndu kjark. Þeir sýndu áræði og réttsýni að mínu mati þvert á aðgerðarleysi og stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur ríkt allt frá því að svonefndur Valdimarsdómur var kveðinn upp. Þá gerði hæstv. ríkisstjórn þær minnstu breytingar sem komast mátti af með og með því var viðhaldið óvissu og óbreyttri framkvæmd fiskveiðistjórnarkerfisins og íslensk þjóð hefur fengið yfir sig nóg af þeirri framkvæmd.

Menn heyrðu hvað hæstv. sjútvrh. sagði rétt áðan. Hann vill óbreytt kerfi. Hann vill kerfi þar sem einstaklingar geta gengið út með milljarða. Hann vill kerfi sem býður upp á að töskubankastjórar eru komnir á kreik í Reykjavík sem sýsla með fjármuni sem koma úr kvótakerfinu.

Hvað vilja landsmenn? Framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar brennur á landsmönnum og þeir gera kröfu um breytingu sem aflétti eignarhaldi og komi í veg fyrir brask og að séð verði til þess að brottkast verði takmarkað við ónýtar afurðir og verðlausar. Þetta þýðir að allan veiddan fisk skuli færa til hafnar og að öll raunveruleg verðmæti eiga að koma í land. Ég tel að hv. Alþingi verði að sýna röggsemi og taka á málinu áður en Vatneyrardómurinn kemur fyrir Hæstarétt. Það er rétt að benda á að sama er hver niðurstaðan verður, óeirðir munu brjótast út á Íslandi vegna þessa ósættis um framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar.

[10:56]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í Vatneyrardómnum svokallaða kemst Héraðsdómur Vestfjarða að þeirri niðurstöðu að 7. gr. laga nr. 38/1990 stangist á við jafnræðis- og atvinnuréttarákvæði stjórnarskrárinnar, en ekki bara 5. gr. Þetta er sama niðurstaða og ég þóttist lesa út úr hæstaréttardómi 3. desember 1998 og kemur fram í till. til þál. sem ég flyt á þskj. 198 sem er fyrsta mál á dagskrá þessa fundar.

Það er ekki nóg með að fólk megi kaupa sér skip og hafi heimild til að veiða ekki neitt á meðan tiltölulega fáir eiga rétt til frambúðar til að fá sérstakt veiðileyfi og mega veiða. Ef Hæstiréttur staðfestir Vatneyrardóminn þá sé ég tvær lausnir, annars vegar uppboð þar sem ríkið býði kvótann upp og hins vegar að dreifa kvótanum á alla þjóðina sem ég hef lagt til að verði skoðað. Uppboðið er ríkisvæðing, stóraukin ríkisvæðing. En það að dreifa kvótanum á þjóðina er einkavæðing, almenningsvæðing og á þessu er mikill munur.

Í báðum tilfellum verður að gera þetta á löngum tíma, 20 árum eða svo til þess að valda ekki kollsteypum í efnahagslífinu.

Ég tel brýnt að Alþingi hafi tilbúnar tillögur til samþykktar ef Hæstiréttur staðfestir Vatneyrardóminn sem að sjálfsögðu er ekkert sjálfgefið.

[10:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason fór yfir það áðan hver staðan gæti orðið ef Hæstiréttur staðfestir Vatneyrardóminn. Eigi að síður er það mat hæstv. sjútvrh. að ekki séu forsendur til að bregðast við fyrr en dómur liggur fyrir.

Herra forseti. Að bregðast við getur þýtt margt, m.a. það að menn sinni nauðsynlegum undirbúningi eins og þeim sem við fulltrúar Samfylkingarinnar í sjútvn. lögðum til. Því var ekki sinnt.

Herra forseti. Það eru vissulega forsendur fyrir því að fara í þessa vinnu hvernig sem dómur Hæstaréttar verður. Það kemur nefnilega til með að ríkja réttaróvissa áfram. Það kemur til með að ríkja óvissa um stöðu sjávarútvegsins hvernig sem dómur fellur vegna þess að það er ljóst og viðurkennt af öllum að það ríkir slíkt ósætti um það fyrirkomulag sem nú er við lýði að á því verður að taka.

Það er nefnd að vinna. Það er rétt. En hún verður ekki búin að skila áður en dómur fellur. Þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt að Alþingi takist á við þetta mál. Nefnd sem kosin er af Alþingi er ekki afsökun fyrir Alþingi sjálft. Hún er ekki fjarvistarsönnun.

Herra forseti. Það er merkilegt að Framsfl. skuli hins vegar vera með fjarvist í salnum í dag og manni dettur í hug að þessi staðreynd sýni e.t.v. það sem okkur hefur sýnst að gæti verið ósætti um það hvernig eigi að takast á við þetta mál, þ.e. að þar á bæ séu menn ekki á einu máli um hvernig beri að bregðast við.

Herra forseti. Sjávarútvegurinn þarf miklu frekar en aðrar atvinnugreinar á traustu starfsumhverfi að halda. Það er þess vegna fullkomið ábyrgðarleysi af hæstv. sjútvrh. og stjórnvöldum að bregðast ekki við eins og hér hefur verið lýst að þyrfti að gera.

[11:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það hefur komið fram hjá nokkrum hv. ræðumönnum að sjútvrh. ætti að bregðast við dómi Héraðsdóms Vestfjarða áður en dómur gengur í Hæstarétti og eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir, ekki að taka sénsinn. En það sem ég vil vita er við hverju ég á að bregðast áður en ég geri eitthvað því það er Hæstiréttur sem er endanlegur dómari í þessu máli en ekki Héraðsdómur Vestfjarða. Málinu hefur verið áfrýjað og mun þar af leiðandi koma til kasta Hæstaréttar og eftir dómi Hæstaréttar mun ég bíða.

Menn hafa þóst lesa heilmikið út úr 5. greinar dómi Hæstaréttar frá því í desember 1998 og það er út af fyrir sig gott að menn rýni í hann og skoði hann. En sá dómur fjallar bara ekki um 7. gr. eins og Vatneyrardómurinn svokallaði gerir. Í tvígang hefur fallið dómur í héraðsdómi, bæði Héraðsdómi Reykjavíkur og eins í Héraðsdómi Vestfjarða þess eðlis að Hæstiréttur hafi ekki verið að fjalla um 7. gr. í desember 1998.

Það hefur einnig komið fram hér í umræðunum að ríkisstjórnin hafi ekki ætlað sér að leita víðtækari sátta varðandi fiskveiðistjórnina eins og fram hefur komið í yfirlýsingum forustumanna stjórnarinnar og í stjórnarsáttmálanum. Þetta er auðvitað kolrangt og úr lausu lofti gripið eins og nefndaskipan undanfarinna mánaða sýnir og það starf sem í gangi er. Það má raunar segja að starf hafi verið í gangi í nærri tvö ár við endurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar en að dómstólar hafi að vissu leyti í tvígang gripið inn í það og orðið til þess að sú vinna frestaðist.

Hv. þm. Gísli S. Einarsson vildi gera mér upp skoðanir í ræðu sinni. (Forseti hringir.) Ég er einfær um að lýsa þeim sjálfur, en þakka honum samt kærlega fyrir. Hann sagði að þeir sem kváðu upp (Forseti hringir.) Vatneyrardóminn, herra forseti, hefðu verið hugrakkir menn. Ég vil benda honum á (Forseti hringir.) að einungis einn dómari kvað upp þennan dóm. En 63 þingmenn greiddu atkvæði um fiskveiðistjórnarlögin eins og þau eru í dag.

Athugasemdir um störf þingsins.

Utandagskrárumræður og viðvera stjórnarþingmanna.

[11:03]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Við höfum verið að ræða utan dagskrár eitt langvinnasta og mesta deilumál í íslenskum stjórnmálum um árabil og það stingur í augu að einn stjórnmálaflokkurinn á Alþingi hefur ekki tekið þátt í umræðunum. Hér hefur setið einn hv. þm. úr þeim flokki sem situr nú sinn þriðja dag á Alþingi þannig að það er að sjálfsögðu ekki eðlilegt að gerðar séu þær kröfur til þess hv. þm. að hún komi fram fyrir hönd flokksins. En formaður þingflokks þessa sama flokks hefur lýst því yfir að hann væri sammála niðurstöðu héraðsdóms. Hún er mjög í augu stingandi þessi allsherjarfjarvera Framsfl. úr þessum umræðum miðað við það sem á undan hefur gengið.

Hæstv. forseti gerði grein fyrir því í upphafi umræðna áðan að fjarvistarskrá lægi frammi. Nú vildi ég biðja hæstv. forseta að upplýsa okkur úr ræðustól hvaða þingmenn hafa fjarvistarleyfi, hvort það sé svo að allir þingmenn Framsfl. utan sá eini hv. þm. sem hér hefur setið og hlustað á umræður, hafi fjarvistarleyfi. Ef svo er ekki þá er fjarvera Framsfl. í þessum umræðum enn meira áberandi.

[11:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég skal svara hv. þm. Þeir hv. þingmenn sem beðið hafa um fjarvistarleyfi í dag eru hv. 19. þm. Reykv., Ásta Möller, og hv. 3. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson.

Óhjákvæmilegt er fyrir forseta að taka fram að gengið var inn á það að hér yrði umræða utan dagskrár í hálftíma. Forseti gætti þess ekki að umræðunni yrði stungið inn í dagskrá vegna þess að ef svo hefði verið þá hefði hv. þm. ekki getað haldið áfram umræðunni hér með því að kveðja sér hljóðs um störf þingsins. Efnislega er það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áður í takt við það sem hann sagði í ræðu sinni í umræðum utan dagskrár þar sem umræður eru takmarkaðar í tvær mínútur. Ég tel að með þessum hætti sé verið að teygja umræðu utan dagskrár á langinn. En um það var samið að umræðan stæði í hálftíma.

[11:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins er önnur en hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því hvernig þingmenn stjórnarflokkanna bregðast við umræðu á Alþingi. Í gær var beðið um utandagskrárumræðu og þingmenn sem komu í umræðuna atyrtust út í þá beiðni og kvörtuðu undan því að vera kallaðir til utandagskrárumræðu um mál sem hefði verið rætt í haust. Þetta var stærsta mál haustþingsins og þingmaður var að bregðast við ummælum forsvarsmanns Norsk Hydro í fjölmiðlum og taldi þau varpa nýju ljósi á þetta stóra mál.

Í dag ræðum við um eitt stærsta deilumál þjóðarinnar sem er stjórn fiskveiða og tilflutningur auðs og fjármagns vegna þess hvernig þeim málum er háttað. Hvað gerist þá hér? Það er komið og sagt: „Hvað eruð þið að ræða þetta? Málið er í nefnd. Hvað er Alþingi að taka þetta til umræðu?“ Ég verð að segja að þegar ráðherra sjávarútvegsmála fer síðan að telja hausa á Alþingi og bera saman við dómstóla, þá er mér allri lokið. Mér finnst það mikið umhugsunarefni hvernig á að bregðast við þessum yfirráðum stjórnarmeirihlutans. Það er eðlilegt að þingmenn séu ósammála í pólitískum málum. Það er fullkomlega óásættanlegt hvernig þeir bregðast við því að Alþingi er stofnun lýðræðis og málfrelsis. Ég óska eftir því, herra forseti, að forseti beiti sér fyrir umræðu um þessi mál hjá stjórnarflokkunum og þakka fyrir.

[11:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að taka fram að forseti hefur brugðist mjög ljúfmannlega við beiðnum um utandagskrárumræðu um bæði þau mál sem hv. þm. minntist á og getur ekki fallist á að þingið hafi með einum eða neinum hætti vegið að málfrelsi þingmanna.

Ég minni aftur á að umræður hér eru utan dagskrár og um það var samið og ákveðið að þær skyldu standa í hálftíma.

[11:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil segja það um störf þingsins í fyrsta lagi að mér finnst menn ganga óþarflega langt í því að harma fjarveru Framsfl. Ég sýti það ekkert stórfellt þó að þeir séu ekki hér sem oftast í ræðustólnum.

Í öðru lagi tek ég undir orð hv. síðasta ræðumanns. Ég tel ástæðu til að vekja á því athygli í umræðum um störf Alþingis að það hefur gerst ærið oft nú á síðustu dögum að amast er við því að umræður fari hér fram um mikilvæg þjóðmál. Höfð eru uppi þau ummæli sérstaklega af hálfu þingmanna stjórnarliðsins að umræður séu óþarfar, að menn séu orðnir hundleiðir á umræðum um þetta eða hitt málið og þar fram eftir götunum. Þetta er í rauninni í anda þess lýðræðisskilnings sem mjög er ástundaður um þessar mundir af t.d. ráðherrum í ríkisstjórn, þ.e. að taka illa allri gagnrýni á störf sín og verða það jafnan fyrst fyrir að velta því fyrir sér hvort ekki sé einhvern veginn hægt að þagga hana niður, t.d. með því að slá af þá stofnun sem uppi hefur eitthvert andóf eða múður.

Herra forseti. Maður fer að velta því fyrir sér á hvaða braut lýðræðið á Íslandi er ef svo er komið að jafnvel þingmenn sjálfir amast við því að á Alþingi, einum meginvettvangi pólitískra skoðanaskipta í landinu, sé slíkum umræðum uppi haldið. Ég held að þeir hv. þm. ættu að fara á námskeið

og reyna að læra þær staðreyndir að Alþingi er ekki bara löggjafarsamkoma. Það er líka mikilvægasti vettvangur pólitískra rökræðna og skoðanaskipta í landinu og hefur lengi verið. Það er innbyggt í þingsköpin og með margvíslegum hætti tryggt að slík skoðanaskipti eigi að geta farið hér fram.

Ég tek það fram að lokum að ekki er við hæstv. forseta að sakast í þessum efnum því að forseti hefur einmitt gert rétt í því að bregðast lipurlega við þegar farið er fram á slíkar umræður.

[11:11]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Út af ummælum hæstv. forseta áðan vil ég taka fram að utandagskrárumræðan var um Vatneyrardóminn og viðbrögð stjórnvalda. Það var efni hennar. Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs um störf þingsins til að biðja hæstv. forseta að upplýsa úr forsetastóli hvaða þingmenn væru með fjarvistarleyfi til þess að fá skýringu á því, ef hennar væri þar að leita, hvers vegna fjarvera eins flokks er svo áberandi. Ég ræddi ekki um þau málefni sem voru til umræðu í utandagskrárumræðunni heldur um þessa beiðni til forseta sem hæstv. forseti hefur svarað og ég þakka honum fyrir. En það skýrir ekki fjarvistirnar.

[11:12]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði það að umtalsefni að stjórnarþingmenn hefðu amast við því að mál væru tekin fyrir utan dagskrár. Ég vil eingöngu koma þeirri skoðun minni að að forseti Alþingis hefur brugðist jákvætt við öllum þeim beiðnum um utandagskrárumræður sem fram hafa komið eftir að þing hófst að nýju eftir áramót. Stjórnarandstaðan verður að sjálfsögðu að sætta sig við það að þingmenn stjórnarinnar, stjórnarliðarnir, geta auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvort þau mál sem beðið hefur verið um að ræða utan dagskrár séu utandagskrárumræðumál eða ekki. Að sjálfsögðu geta verið mjög skiptar skoðanir um það. Við höfum auðvitað öll okkar rétt til að hafa þá skoðun að í einhverjum tilfellum geti verið að þau mál hafi ekki verið af því tagi að endilega væri ástæða til að ræða þau utan dagskrár. (**SJS:** Ertu þá ósátt við forseta, að hann skuli leyfa þetta?) Nei.

[11:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég kom með þá hógværu beiðni að forseti beitti sér fyrir því að umræða færi fram innan stjórnarflokkanna um þessa stofnun, lýðræði og málfrelsi sem hér á að vera og tek undir það að þetta er mikilvægur vettvangur skoðanaskipta.

Ég kvaddi mér hljóðs á ný til að taka það sérstaklega fram hvað ég er ánægð með að forseti Alþingis verður ljúflega við beiðnum um þessar hálftímaumræður og fyrrv. forseti, enda beindist ábending mín ekki til hans.

Ég heyri það að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir er að mæla því bót að þingmenn stjórnarliðanna eru að gagnrýna væntanlega þá ákvörðun forseta að hann kveður upp úr með að umræðuefnið sé utandagskrárumræðuefni. Ég lít á þessar hálftímaumræður sem mjög mikilvægan þátt í skoðanaskiptum hér og til halda uppi einmitt því sem hér hefur verið bent á. Ég óska eftir því að þær verði eins oft og þurfa þykir, að hér verði frjó umræða, ekki síst um þau mikilvægu mál sem brenna á fólki í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í annað sinn sérstaklega til að geta þess hve forseti hefur orðið vel við beiðnum um utandagskrárumræður og vona að svo verði áfram en tel mikilvægt að allir þingmenn geri sér grein fyrir til hvers við erum hér í þessu húsi að ræða þjóðmál og þingmál.

[11:15]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér er ljúft að verða við beiðni hv. þm. og hvet formenn þingflokka að brýna fyrir þingmönnum að ræða í þingflokkum hversu brýnt sé að menn standi sig vel í störfum sínum fyrir land og þjóð á Alþingi.

[11:15]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er rangt að ég hafi með orðum mínum áðan gagnrýnt forseta fyrir að taka þau mál á dagskrá sem hér hafa verið til utandagskrárumræðu. Ég vakti hins vegar sérstaka athygli á því að auðvitað hljóta þingmenn stjórnarflokkanna sem einstaklingar að hafa rétt á að hafa skoðun á því hvort þau mál séu endilega þess efnis að þau beri að ræða utan dagskrár eða ekki.

Afnotaréttur nytjastofna á Íslandsmiðum, fyrri umr.

Þáltill. PHB, 172. mál. — Þskj. 198.

[11:16]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að skipta árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum milli íbúa landsins. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna kosti og galla þess að árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum verði skipt jafnt milli allra íbúa landsins. Nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði í september 1999 og hefur það hlutverk að endurskoða og koma með tillögur til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, verði falið að hafa forgöngu um að gera þessa könnun og henni verði lokið 1. september 2000."

Ég vil undirstrika, herra forseti, að hér er lagt til að kannaðir verði kostir og gallar þessarar tillögu.

Herra forseti. Á 122. löggjafarþingi var flutt tillaga sama efnis en fékkst ekki útrædd. Ýmislegt hefur gerst síðan og ber þar hæst dóm Hæstaréttar frá 3. desember 1998 og einnig dóm Héraðsdóms Vestfjarða í hinu svonefnda Vatneyrarmáli. Úthlutun byggðakvóta hefur auk þess átt sér stað og aukin umræða er um fólksflótta af landsbyggðinni sem sumir kenna fiskveiðistjórnarkerfinu um. Nú síðast bárust tíðindi af gífurlegri sölu á hlut í sjávarútvegsfyrirtæki. Ný ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur tekið við völdum og í stefnuyfirlýsingu hennar stendur m.a. að stjórnin ætli „að vinna að sem víðtækastri sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið." Það er í anda þessarar stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sem þáltill. er flutt.

Með flutningsmanni vann Markús Möller hagfræðingur og skrifaði hann III. kafla greinargerðarinnar.

Úr forsendum kvótadóms Hæstaréttar les ég þá niðurstöðu að allir eigi að hafa sama rétt til að stunda fiskveiðar þegar til langs tíma er litið. Þá dugir ekki að fólk megi fara á sjó heldur verður það að fá að veiða einhverja fiska. Ég sé aðeins tvær meginlausnir á þessum vanda. Annars vegar þá að ríkið bjóði upp aflaheimildir á einhvern hátt og allir

séu jafnsettir að bjóða í, eins og áhugahópur um auðlindir í almannaþágu leggur til. Hins vegar er sú leið sem hér er lögð til, að einstaklingar í landinu fái aflaheimildirnar allir jafnt.

Á þessum leiðum er nokkur munur. Sú fyrri felst í stóraukinni ríkisvæðingu sem flokkur minn er almennt á móti. Hin síðari byggist á almannavæðingu þar sem einstaklingurinn er í öndvegi. Sú fyrri, þ.e. uppboð á kvóta, þýðir að einn aðili býður upp og getur beitt afarkostum, þ.e. ríkisvaldið, t.d. sett lágmarksverð o.s.frv. Hann mun óhjákvæmilega bjóða upp í stórum einingum og einstaka sinnum yfir árið.

Sú leið sem ég legg til í þáltill. minni þýðir að 100 þúsund bjóðendur eða fleiri séu að bjóða kvóta og það er meira jafnræði á milli seljenda og kaupenda sem gætu t.d. verið trillukarlar. Það yrði alvöru, óskekkt og samfelld markaðssetning allt árið eins og við þekkjum t.d. á húsbréfamarkaði. Fyrri leiðin, þ.e. uppboð, er eingöngu mál ríkis og útgerðar. Seinni leiðin snertir alla þjóðina, hvern einstakling.

Herra forseti. Greinargerð tillögunnar er í níu köflum. Því miður vinnst ekki tími til að fara ítarlega yfir alla greinargerðina en hún er 19 síður. Það er útilokað að fara yfir hana alla á 15 mínútum og því mun ég stikla á meginatriðum en vísa að öðru leyti til grg.

Um hvað snýst kvótaumræðan? Þegar rætt er um kvótamál er brýnt að halda vel aðskildum eftirfarandi þáttum:

Fiskveiðistjórnarkerfinu, þ.e. hvort notað er aflamark eða sóknarmark.

Framsali kvóta. Í hvoru tveggja kerfinu yrði að hafa framsal kvóta hvort sem það yrði aflamark eða sóknarmark.

Eignarhaldið á kvótanum, sem myndast í báðum kerfunum og svo árlegum og varanlegum kvóta.

Að síðustu vísindalegri stjórnun fiskveiða.

Í umræðunni hefur þessum þáttum nokkuð mikið verið ruglað saman. Menn tala almennt um kvótakerfið en eiga þá við einstaka þætti sem hér eru nefndir.

Umræðan meðal almennings snýst aðallega um eignarhald á veiðiheimildum út frá réttlætissjónarmiðum. Hvernig geta útgerðarmenn selt fiskinn í sjónum, sameign þjóðarinnar, fyrir hundruð millj. kr.? Önnur sjónarmið hafa komið upp að undanförnu þegar fólk sér varanlegar veiðiheimildir hverfa úr einstökum byggðarlögum. Íbúunum eru allar bjargir bannaðar þar sem nýir aðilar geta ekki hafið útgerð við núverandi kerfi. Það er útilokað að nýir aðilar geti hafið útgerð og keypt veiðiheimildirnar á yfir 100 kr. kílóið.

Fyrra sjónarmiðið, þ.e. um eignarhaldið, snýr að sameign þjóðarinnar og það síðara að hegðun einstaklinga sem rædd verður hér á eftir þegar velt verður upp þeirri spurningu hvort auðlind þjóðar geti yfirleitt verið í eigu einstaklinga. Niðurstaða mín er sú að kvótaumræðan snýst fyrst og fremst um eignarhald á fiskveiðiheimildunum.

Spurt er: Hvers vegna þarf að breyta? Það er mikil óánægja með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi meðal almennings, þá sérstaklega með eignarhaldið. En það er líka hættulegt að hafa núverandi kerfi vegna þess að einstaklingar sem hafa tök á auðlindinni hegða sér alltaf miðað við eigin hagsmuni, sama hvort þeir eru Íslendingar eða útlendingar. Þannig munu Íslendingar hegða sér nákvæmlega eins og útlendingar, ef þeir hefðu fiskveiðiheimildirnar á sinni hendi. Þetta hefur komið í ljós þegar útgerðarmenn sem þrátt fyrir að þeim þyki vænt um átthaga sína selja kvótann úr byggðinni vegna þess að þeir hagnast á því og losna hugsanlega úr skuldum jafnframt.

Herra forseti. Veltum upp þeirri spurningu hvort auðlind þjóðar geti verið í eigu eða forsjá einstaklinga. Í umræðu um eignarhald á fiskveiðiheimildum heyrist iðulega að fiskimiðin í kringum landið séu auðlind þjóðarinnar. Að því gefnu að sátt sé um hugtakið þjóð er rétt að skoða hugtakið auðlind þjóðar. Það er væntanlega eitthvað sem færir þjóðinni tekjur án þess að hún þurfi að vinna sérstaklega fyrir þeim. Getur auðlind þjóðar verið í eigu eða á forsjá einstaklinga?

Ef hagur einstaklingsins af auðlindinni rekst á hagsmuni þjóðarinnar mun einstaklingurinn, sem ræður yfir eða tekur ákvörðum um auðlindina, að sjálfsögðu taka ákvörðun í samræmi við hagsmuni sína nema mjög litlu muni. Við höfum séð að fólk selur og flytur kvóta frá heimabyggð sinni, jafnvel þótt því þyki vænt um átthaga sína. Þannig má rökstyðja að ekki er hægt að líta á auðlind í eigu eða á forsjá einstaklinga sem auðlind þjóðar.

Núverandi kerfi þar sem umráðaréttur yfir auðlindinni er í höndum tiltölulega fárra einstaklinga útilokar að hægt sé að líta á fiskimiðin sem auðlind íslensku þjóðarinnar. Þá mætti spyrja: Til hvers var þá landhelgisbaráttan? Verði ekki breyting á umráðarétti yfir fiskimiðunum er mikilvægt að hætt verði að vernda sjávarútveginn með þvílíkum lagabálkum og hann þarf að búa við í dag. Þá er líka eins gott að hætta að telja fólki trú um að auðlindin sé eign þjóðarinnar og snúa sér að öðru.

Þeir sem ráða yfir auðlindinni munu ekki hegða sér einungis með hag átthaganna í huga. Þeir munu flytja kvótann frá heimabyggðinni ef á þarf að halda og þeir munu líka hætta að hugsa um hagsmuni Íslands sem ættjarðar sinnar. Þeir munu að sjálfsögðu hegða sér nákvæmlega eins og útlendingar þegar kemur að því að flytja afurðir út eða stýra veiðum.

Í greinargerðinni er fjallað nokkuð um hugmyndir erlendra hagfræðinga. Ég ætla að fara þar mjög hratt yfir sögu. Þar eru þrír nefndir til sögunnar, Nóbelsverðlaunahafar sem allir eru baráttumenn fyrir frjálshyggju. Þeir segja að ábatinn af einkavæðingunni renni eingöngu til þeirra sem tekst að hrifsa til sín eignarréttinn eða tryggja sér hann með öðrum hætti, hann renni ekki til þjóðarinnar almennt.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega yfir dóm Hæstaréttar en vil geta þess að þegar hann birtist las ég hann mjög ítarlega. Ég taldi mig komast að sömu niðurstöðu og Héraðsdómur Vestfjarða komst síðar að, að ekki sé nægjanlegt að veita öllum þeim sem eiga skip veiðiheimildir. Það þarf líka að leyfa þeim að veiða einhvern fisk.

Í þáltill. er gert ráð fyrir að könnuð verði áhrif hugmyndarinnar á mismunandi hópa, sjómenn, fiskvinnslufólk, sveitarfélög o.s.frv., einnig á hagvöxt og samkeppnisstöðu. Einnig yrðu könnuð áhrifin á útgerðina og þjóðhagsleg áhrif en ég fer ekki nánar ofan í það.

Sú tillaga sem hér er rædd er sú eina sem fram hefur komið sem er tæknilega fullkomlega útfærð. Fyrir tveimur dögum kom reyndar fram tillaga frá áhugahópi um fiskveiðikvóta þar sem þeir útfæra aðra hugmynd sem byggir á uppboði. Það er þá önnur tillagan sem hefur komið fram. Aðrar útfærðar tillögur hafa ekki komið fram.

Kosturinn við þessa tillögu, herra forseti, er að hún eykur ekki ríkisumsvif. Hún bætir samkeppnisstöðu Íslands vegna þess að fyrirtæki á Íslandi búa við það að einstaklingar sem vinna hjá þeim fá kvóta við að búa á Íslandi, nokkuð sem fyrirtæki í útlöndum búa ekki við. Íslensk fyrirtæki öðlast því betri samkeppnisstöðu gagnvart erlendum fyrirtækjum.

Þá væri einnig möguleiki þegar allir fá eingreiðslu á hverju ári sem er reyndar óviss, háða markaðslögmálum, að taka upp flatan tekjuskatt. Þetta kerfi yrði afskaplega félagslegt. Það er gert ráð fyrir að allir fái kvóta, öryrkjar, aldraðir, barnafólk og börn. Þetta er því mjög félagslegt kerfi. Þá er hugsanlegt að taka megi út úr skattkerfinu þann félagslega þátt, persónuafsláttinn, sem að mínu mati veldur því að fólk er ekki lengur eins viljugt til að vinna og setja á flatan tekjuskatt.

Í grg. kemur fram að best reknu fiskveiðifyrirtækin í útgerð á Íslandi ná ekki nema 10–30 kr. á kg í hagnað af fiskveiðiheimildum. Þetta er mjög athyglisverð niðurstaða. Þau gætu ekki borgað meira en svona 10–15 kr. á kg ef þau ættu að kaupa allan kvóta. Það er að mínu mati verðið sem kvótinn mun nálgast þegar þetta kerfi verður komið í fullan gang. Ég geri ráð fyrir að það verði mikill hvati til aukinnar arðsemi þannig að verðið gæti hugsanlega farið upp í 20–30 kr. Herra forseti. Það merkilega er að það verða sennilega trillukarlar sem geta boðið best. Sennilega geta trillukarlar veitt fiskinn ódýrast vegna þess að fjárfestingin á bak við hvern sjómann á trillu er miklu minni en fjárfestingin á bak við hvern sjómann á skuttogara. Það er því hugsanlegt að mikil breyting verði á — og hér gengur fulltrúi sjómanna inn í salinn — að trillukarlar á Vestfjörðum munu sennilega geta boðið best í kvótann og fengið eins mikinn kvóta eins og þeir þurfa til að veiða alla þá daga ársins að þeir komast á sjó.

Herra forseti. Hugmyndin hefur verið gagnrýnd, t.d. sagt að hún valdi byggðaröskun. Fullyrt er að slík dreifing skaði landsbyggðina vegna þess að íbúarnir fái miklu minni aflahlutdeild en fyrirtæki á staðnum þurfa að kaupa. Í grg. tek ég dæmi af Vestmannaeyjum þar sem íbúarnir fengju 1,7% af öllum aflaheimildum en fyrirtæki á staðnum þyrftu að kaupa 11–12% af öllum aflaheimildum til að veiða sama magn og hingað til. Þessi fullyrðing væri rétt ef Vestmannaeyjar væru lokað hagkerfi og ef íbúar Vestmannaeyja væru jafnframt allir í útgerð. En svo er ekki. Útgerðarfyrirtæki í Vestmannaeyjum eru í eigu stórra fjárfesta í Reykjavík. Fólk í Vestmannaeyjum stundar ekki útgerð almennt. Spurningin er því: Hvaða útgerðarfyrirtæki getur veitt ódýrast? Af hverju skyldi vera útgerð í Vestmannaeyjum og hafa verið um aldir? Vegna þess að fiskurinn er rétt við Eyjarnar og þar er ódýrast að róa til fiskjar frá Vestmannaeyjum og kannski Vestfjörðum. Þeir sem geta veitt fiskinn ódýrast geta að sjálfsögðu boðið mest í kvótann og fá hann. Þetta er einmitt kosturinn við þessa tillögu. Þessi mikla markaðsvæðing mun laga stöðu landsbyggðarinnar, t.d. Grímseyjar.

Einnig er líka tekið á því hvort kvótinn safnast á fáar hendur. Því er svarað í grg., einnig hvort hugmyndin er framkvæmanleg og hvort slíkt kerfi sé til erlendis.

Ég hef því miður ekki meiri tíma, herra forseti, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði þáltill. vísað til hv. sjútvn.

[11:32]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er ekki ný af nálinni og hefur svo sem hvorki versnað né batnað síðan hún var fyrst lögð fram. Ég sé að henni fylgja mjög nákvæmir útreikningar þannig að vel er fyrir öllu séð og öllu hugsað. Svona til gamans, með leyfi hæstv. forseta, stendur í inngangi greinargerðar:

„Til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan hvata til að flytjast til landsins fái fólk ekki hlutdeild í aflaheimildum fyrr en það hefur búið hér á landi í t.d. þrjú eða fimm ár. Börn öðlist hlut í árlegum veiðirétti við fæðingu, enda eigi foreldrar þeirra hlut. Ýmis tilvik þarf að kanna sérstaklega. Til að mynda að þeir sem flytjast til útlanda fái ekki aflahlutdeild á meðan þeir búa erlendis nema þeir séu í viðurkenndu námi. Þeir fái t.d. aflahlutdeild að láni og þurfi ekki að endurgreiða hana ef þeir búa hér á landi í tíu ár að námi loknu."

Það er ýmislegt sem er ófyrirséð þegar svo hátt er reitt til höggs og ánægjulegt að sjá að hv. þm. leggur sig mjög fram um að skýra kerfið sem allra nákvæmast og best. Þannig stendur á öðrum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef kerfið hefði verið komið í fullan gang um síðustu áramót (1998/1999) hefði hver sá sem var á þjóðskrá 1. desember 1998, alls 275.264 einstaklingar, fengið ávísun um að hann ætti rétt á að veiða $^{1}/_{275.264}$ = 0,00036328761% af öllum þeim veiðiheimildum sem heimilt verður að veiða frá 1. september 2002 til 31. ágúst 2003. Búið væri að úthluta veiðiheimildum fiskveiðiáranna fram til 2001/2002. Miðað við reynslu undanfarinna ára má reikna með að heildarveiðiheimildir séu um 550.000 þorskígildistonn og fengi hver einstaklingur að veiða árlega u.þ.b. 2 þorskígildistonn. Miðað við markaðsverð núna, um 100 kr. á kg, gæfi þetta 200 þús. kr. á ári. Verðið mun hins vegar lækka mikið þegar allar veiðiheimildir verða seldar á markaði, jafnvel niður í 20 kr./kg. Því er líklegt að salan muni skila hverjum einstaklingi um 40–80 þús. kr. eða 160–320 þús. kr. til hverrar fjögurra manna fjölskyldu."

Síðar í grg. talar hv. þm. um að fjölskyldurnar geti veitt sér utanlandsferðir eða nýjan bíl fyrir afrakstur þess að fiskveiðiheimildirnar skyldu boðnar upp. Þetta kerfi á með öðrum orðum að búa til ný verðmæti. Til að fylgja þessu öllu eftir talar hv. þm. um að verulegar aflatilfærslur verði á milli byggðarlaga og tekur sérstaklega fram að nauðsynlegt sé að styrkja sum byggðarlög með opinberu fé, a.m.k. til að byrja með. Jafnframt er þess einhvers staðar getið að menn megi geyma sér að bjóða upp aflaheimildir þannig að algerlega óvíst er að þær komi allar til skila svo að hægt sé að veiða þann afla sem þó fiskveiðifræðingar gera ráð fyrir til að afraksturinn af veiðunum fyrir þjóðarbúið verði mikill. Svo er eftirtekarvert að hv. þm. sér það fyrir sér að við Íslendingar hverfum til þess að leggja niður togaraútgerð og menn fari allir á trillur.

Nú veit ég ekki hvernig hv. þm. sér fyrir sér stöðugleika í landvinnslu með því háttarlagi eða hvort hann býst við því að menn muni fá mikið af grálúðu á trillu. Fróðlegt væri að fá um það upplýsingar hjá hv. þm. hvernig hann sér fyrir sér grálúðuveiðarnar.

Ekki hefur heldur komið fram hjá hv. þm. hvort eigi að skipta fiskinum nákvæmlega niður á íbúa, ákveðið magn af þorski, ákveðið magn af grálúðu og þar fram eftir götunum. A.m.k. kemur það fram að hann gerir ráð fyrir því að sjútvrn. hafi um það einhverja milligöngu að útgerðarfyrirtæki geti skipt með sér einstökum fisktegundum. Ofan á allt þetta setur hv. þm. óskaplega mikið eftirlitskerfi sem var svo flókið að ég skildi það ekki til fullnustu en hinu tók ég sérstaklega eftir að hann hrærir mjög mikið í skattalögum. Þannig sér hann t.d. fyrir sér að nú á að leyfa á nýjan leik afskriftir af kvótakaupum. Á hinn bóginn er mér óljóst hvort hv. þm. sér það fyrir sér að fjölskyldurnar séu búnar að borga tekjuskattinn þegar kemur að því að þær kaupi nýja bílinn því að auðvitað

er það þannig um allar tekjur, líka þessar að ef menn fá gefins verða menn auðvitað að greiða tekjuskatt af því sem viðkomandi er gefið. Er þá reiknað með því, hv. þm., að sá kostnaður sem fer í það að greiða uppboðshöldurum fyrir það að bjóða upp aflaheimildirnar verði frádráttarbær áður en til skatts kemur? Hvað hugsar hv. þm. sér að það séu mörg ársverk að henda reiður á öllum þessum ávísunum? Hvað munu t.d. allar þessar fasteignasölur og verðbréfasölur þurfa að fjölga mikið fólki til þess að hægt sé að halda öllum þessum ávísunum rækilega til skila og ganga lögformlega frá hverjum pappír?

Fróðlegt væri að fá nákvæma útlistun á því. Þetta er kannski atvinnuskapandi en í augnablikinu er ekki atvinnuleysi hér á landi, til allrar hamingju, þannig að þess vegna þurfum við ekki að búa til kerfi af þessu tagi.

Ég held með öðrum orðum, herra forseti, að þessi tillaga sé dæmigerð um ýmsar þær hugmyndir sem fram hafa komið upp á síðkastið um það hvernig rétt sé að við Íslendingar nýtum fiskstofna okkar þegar málin eru ekki hugsuð í botn. Það sem mestu máli skiptir fyrir okkur er að við nýtum fiskstofnana vel, að útgerðin sé rekin með það fyrir augum að hún skili þjóðarbúinu miklu og hafi bolmagn til þess að sækja á mið utan 200 mílnanna. Ætlast hv. þm. t.d. til þess að þær aflaheimildir séu líka boðnar upp? Auðvitað hljótum við að hugsa til þess að sjávarútvegur geti áfram haldið uppi sómasamlegum lífskjörum hér á landi.

[11:40]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir athugasemdir hans. Hann tekur á nokkrum atriðum sem eru útfærsluatriði og að sjálfsögðu nákvæmlega útfærð af því að ekki vildi ég láta fólk gagnrýna tillöguna fyrir að vera illa útfærð. Það er ósköp eðlilegt að reynt sé að sjá fyrir alla enda og anga sem koma til, t.d. hverjir teljist til þjóðar og líka t.d. hvernig eigi að skipta upp kvótanum. Ég tók það nákvæmlega fram til að það fari ekki á milli mála svo að allir geti skilið um hvað er að ræða. Þetta er fyrsta og eina tillagan sem hefur verið útfærð á þennan hátt, herra forseti.

Um það hvort búin eru til ný verðmæti, þá eru búin til ný verðmæti í dag. Það vill svo til að fyrir tveim dögum eða einum degi var einhver að selja kvóta á 3.100 millj. Það eru ný verðmæti sem sá einstaklingur fær út úr kerfinu. Það er ekki endilega að hann fjárfesti aftur í sjávarútvegi, hann þarf þess ekki og margir hafa ekki gert það. Þeir hafa fjárfest í Kringlum og slíku eða í útlöndum. Þetta eru þau nýju verðmæti sem ég tel að hafi skapast og sé sjálfsagt að þjóðin njóti.

Það var ýmislegt sem hv. þm. sagði, t.d. að leggja niður togaraútgerð. Ég sé ekki hvernig í ósköpunum hann les það út úr tillögunni. Það eina sem ég sagði var það að trillukarlar gætu hugsanlega boðið meira í þorsk sem þeir veiða, en að þeir veiði grálúðu datt mér aldrei í hug og mér dettur ekki annað í hug en frystitogararnir geti boðið í kvóta líka.

Varðandi skattskyldu er að sjálfsögðu lagt til að þetta verði skattskylt eins og aðrar tekjur. Það verði hugsanlega tekin af því staðgreiðsla. Framkvæmdin er ákaflega einföld nú á dögum, sérstaklega eftir að komin verður rafræn skráning verðbréfa. Þá er þetta afskaplega einfalt og verðbréfamarkaðurinn ræður við þetta með mjög litlum kostnaði.

[11:42]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum að hv. þm. skyldi ekki koma að því að hann hefur gerst talsmaður þess að við færum að styrkja sjávarútveginn með opinberum framlögum eins og stendur á bls. 2 í grg. hans. Mér þótti hitt undarlegt að hann skyldi halda því fram að Þorsteinn Vilhelmsson, sá mikli aflamaður, hafi tekið nýjar fúlgur út úr kerfinu. Ég veit ekki hvort þessum hv. þm. er kunnugt um að Þorsteinn Vilhelmsson átti engar eignir og hann átti engan kvóta þegar kvótakerfinu var komið á. Það er algerlega rangt ef hv. þm. er að gefa það í skyn. Þvert á móti keyptu þeir frændur fyrirtæki syðra sem hét Samherji, átti pólskan togara, Guðstein, sem hafði ryðgað og legið við bryggju svo mánuðum skipti, ég hygg í eina 8–9 mánuði, þegar þeir keyptu þann togara, hófu síðan útgerð á honum ásamt með Skagstrendingi og lögðu grunninn að því að kaflaskipti urðu í íslenskum sjávarútvegi með því að við Íslendingar náðum tökum á sjófrystingu og þeim möguleikum sem því fylgdi.

Jafnframt hefur fyrirtækið Samherji markað kaflaskil með því að það hefur lagt mikið af mörkum til að afla heimilda utan 200 mílnanna og haslað sér völl í ýmsum löndum við Atlantshafið til að breikka grundvöll íslensks sjávarútvegs og sýna fram á þann möguleika sem okkar mikla þekking á því sviði gefur okkur ef rétt er á haldið. Því er algerlega ómaklegt af hv. þm. að vera hér með skæting í garð þess merka og mikla athafnamanns Þorsteins Vilhelmssonar.

[11:44]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða einstök fyrirtæki hérna. En ég var ekki með neinn skæting. Ég var bara að geta þess sem er staðreynd að þarna voru seld mikil verðmæti og ég var ekkert að segja að það væri ómaklegt, ég sagði það aldrei þannig að það getur mjög vel verið og ég tel það meira að segja að Samherji sé mjög vel að þeim hagnaði kominn sem þeir hafa því þeir hafa rekið fyrirtækið afskaplega vel.

Varðandi það að þetta væru styrkir til sjávarútvegsins, þá skil ég það nú ekki. Hvergi kemur fram að það eigi að styrkja sjávarútveginn á nokkurn hátt. Þetta eru meira að segja, eins og hv. þm. sagði, kvaðir á sjávarútveginn frekar en hitt en ekki styrkir.

Það sem hann gat um áðan að sjútvrn. ætti að sjá um hlutina. Það sér aldeilis um hlutina í dag. Sennilega er engin atvinnugrein í heiminum eins mikið undir reglum og lögum og sjávarútvegur á Íslandi. Það er meira að segja þannig að útgerð fjallar meira um lögfræði en veiðarfæri og fisk. Það er yfirleitt lagt til í þeim tillögum, sem hv. þm. gat ekki um, að létt yrði af útgerðinni öllum þeim kvöðum sem er búið að leggja á hana í áranna rás vegna þess að menn hafa með krampakenndum hætti reynt að halda auðlindinni hjá þjóðinni, þ.e. ríkinu. Menn hafa sett samasemmerki milli þjóðar og ríkis. Til að halda auðlindinni hjá þjóðinni er bannað fyrir útlendinga að fjárfesta, það eru þessar reglur og hinar reglurnar, framsalskvaðir o.s.frv. Allt þetta yrði óþarft ef þjóðin fengi kvótann fyrir fram og mundi selja hann á uppboði. (**GAK:** Er sama hver veiðir?)

[11:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að fram hafi komið að það sem hv. þm. sagði um Þorstein Vilhelmsson í fyrri

ræðu sinni hafi verið sagt honum sérstaklega til hróss. Ég er ánægður yfir því.

Hv. þm. segir hér á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðkvæmustu byggðirnar verði í upphafi styrktar sérstaklega með fjárframlögum eða sérstakri kvótaúthlutun."

Ef þetta er ekki styrkur til sjávarútvegs, þá veit ég ekki hvað þetta er. Hv. þm. hefur sennilega ekki verið með sjálfum sér þegar hann skrifaði þetta.

Hér stendur á öðrum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst virðist að smábátaútgerðin í landinu yrði meira en samkeppnisfær á þessu verði. Því væri skynsamlegast fyrir stóru útgerðirnar að selja frá sér eitthvað af árlegum veiðiheimildum, leigja skipin og hætta veiðum og sýna margfaldan hagnað!"

Með þessu er hv. þm. að segja berum orðum að þetta kerfi eins og það er hugsað af hans hálfu muni torvelda togaraútgerð við Ísland. Hið sama sagði hann raunar í ræðu sinni áðan þegar hann talaði um að allir þeir sem vildu eignast smábáta gætu fengið svo mikinn þorskafla sem þeir vildu því að þeir væru samkeppnishæfari en togararnir. Fyrir honum vakir með öðrum orðum að ná fram einhverju því kerfi sem leggur togaraútgerð okkar Íslendinga í rúst. Ummæli hans verða ekki skilin öðruvísi og þýðir ekki fyrir hann nú að hrista höfuðið. Ef ummæli hans hafa ekki þýtt þetta þá er mér ekki ljóst við hvað hann átti. Hugmyndir af þessu tagi er auðvitað hægt að setja fram af léttúð. Að mínu viti er hins vegar fullkomlega óábyrgt að hræra í þessari umræðu á þann hátt að enginn skilur upp né niður í því sem maður er að segja.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við fyrstu sýn virðist þessi tillaga vera býsna snjöll lausn á því vandamáli að útdeila veiðiréttindunum og arðinum af þeim til allrar þjóðarinnar. Hún virðist í 100% samræmi við þá meginreglu laganna um stjórn fiskveiða, 1. gr. þeirra laga, að um sé að ræða sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Tæpast verður á móti því mælt að hér væri fundin lausn á öllum hugsanlegum vandamálum sem tengdust jafnræði og atvinnufrelsi.

En þegar betur er að gáð þá eru kannski ýmsir vankantar og álitamál einnig uppi í tengslum við þetta fyrirkomulag. Í raun er á ferðinni þekkt aðferð. Þetta er sú aðferð sem Rússar ætluðu að nota að hluta til við að útdeila til rússnesks almennings eignum rússnesku þjóðarinnar í sameignarfyrirtækjum sem þar höfðu verið við lýði í öðru kerfi. Alla vega voru einhverjar tilraunir gerðar í þá átt og sumar nokkuð frægar að endemum, þessi rússneska aðferð var að senda öllum almenningi hlutabréf í ríkisfyrirtækjum.

Staðreyndin er hins vegar sú, virðulegi forseti, að ég held að fáir vilji upplifa afleiðingarnar af fyrirkomulaginu þar eystra. Af einhverjum undarlegum ástæðum söfnuðust þessi stórfyrirtæki með undraskjótum hraða á hendur helstu valdamanna og auðmanna Rússlands þannig að þeir sem voru í aðstöðu til sópuðu þeim til sín. Eftir fáein missiri áttu einstakir valdamenn heilu stórfyrirtækin og fyrst skal þar frægan telja Chernomyrdin sem mun vera aðaleigandi að einu stærsta ef ekki stærsta olíu- og gasfyrirtæki heimsins, GasProm. Menn vissu þó ekki til þess að hann væri sérstakur auðmaður þegar þær breytingar hófust.

Í öðru lagi, herra forseti, er rétt að horfa á það að þetta fyrirkomulag er einhvers konar tilraun til allsherjareinkavæðingar í þeim skilningi að gera alla landsmenn að litlum kapítalistum sem eigi hlutabréf í fiskimiðunum. Í raun og veru er þetta tilraun til þess að búa til 275 þúsund litla sægreifa sem geti síðan höndlað með þennan rétt.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hef talsverðar efasemdir um að þetta byggi á réttum skilningi á því fyrirbæri sem við erum með í höndunum, þ.e. sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Ég tel að fiskimiðin við Íslandsstrendur og fiskstofnarnir á miðunum séu ekki hlutafélag sem íslenska þjóðin á, að þar eigi hver sinn hlut í. Ég tel að leggja beri þann skilning í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að um sé að ræða skilgreiningu á félagslegri sameign þjóðarinnar. Ég tel að 1. greinin sé fyrst og fremst til að undirstrika að um slíka félagslega sameign þjóðarinnar sé að ræða, sem löggjafinn og ríkisvaldið fyrir hönd almennings hafi ráðstöfunarréttinn á og setji leikreglurnar um hvernig skuli notað. Þetta var sérstaklega undirstrikað með breytingunum á 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða árið 1990 þegar sett voru inn viðbótarákvæði til að tryggja þennan óskoraða rétt löggjafans til að setja leikreglurnar.

Ég tel að 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða hafi ekki átt að upphefja þá staðreynd að á Íslandi er verkaskipt þjóðfélag. Það hefur lengi verið svo að hluti þjóðarinnar vinnur við sjósókn og fiskvinnslu en aðrir gera eitthvað annað. Ég tel að það beri ekki að leggja þann skilning í dóma Hæstaréttar eða héraðsdóma að menn afneiti þar möguleikum og rétti stjórnvalda til þess að setja leikreglur sem taki mið af því að á Íslandi sé verkaskipt þjóðfélag. Hins vegar þarf að vera innbyrðis jafnræði og eftir atvikum mögulegt að komast inn í þessa atvinnugrein eins og aðrar.

Ég spyr á móti tillögu af þessu tagi: Er þá réttarstaða þeirra sem hafa sjávarútveg að aðalatvinnu nákvæmlega söm réttarstöðu hinna sem aldrei hafa nálægt sjávarútvegi komið? Er það skilningur hv. þm. að ekki sé hægt að segja að neins konar atvinnuréttindi af einum eða neinum toga fái staðist í sjávarútvegi? Ef þau fá ekki staðist þar, t.d. leikreglur sem tryggja stöðu íbúa sjávarútvegsbyggðanna, fiskverkafólks í landi og að sjálfsögðu þá einnig stöðu sjómanna, erum við þá ekki komin að þeirri niðurstöðu að hið sama hljóti að gilda alls staðar annars staðar? Getum við hv. þm. þá ekki farið nk. föstudagskvöld á einkabílum okkar, hafið leigubílaakstur í Reykjavík og farið í mál ef okkur verður meinað það vegna þess að það sé brot á jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar? Stenst þá sú stýring eða takmörkun sem stjórnvöld lögvernda t.d. í því tilviki o.s.frv.?

Ég held, herra forseti, að menn verði að fara mjög varlega bæði í að vantúlka en líka oftúlka þá hluti sem við höfum í höndunum.

Ég les út úr þessari hugmynd, herra forseti, ákveðna útfærslu á mjög gamalkunnri hugmynd um meðferð þessara réttinda, þ.e. að bjóða þau upp en að uppboðsaðilinn í þessu tilviki séu einstaklingarnir, allir landsmenn, í stað ríkisins fyrir hönd landsmanna. Það er sú útgáfa af uppboðshugmyndum sem venjulegastar eru. Á þessu er fyrst og fremst sá munur að í staðinn fyrir að ríkið, sem yfirleitt hefur verið miðað við að mundi bjóða veiðiheimildirnar upp og taka arðinn í hinn sameiginlega sjóð allra landsmanna geri það, þá geri einstaklingarnir það sjálfir hver fyrir sig. Það er náttúrlega býsna viðamikið og flókið kerfi. Mér finnst spurning hvort þar sé rétt nálgun lögð til grundvallar. Væri til að mynda ekki alveg eins eðlilegt að réttinum yrði skipt milli þess hluta landsmanna og þeirra byggðarlaga í landinu sem hafa gert sjávarútveg að undirstöðu sinni og atvinnu,

að þeir tækju afraksturinn ef við viðurkennum að verkaskipt þjóðfélag á lögmætum grunni sé í landinu.

Að lokum vil ég, herra forseti, hrósa hv. þm. fyrir tillöguna og þá vinnu sem að baki liggur. Það er aðdáunarvert í hvert skipti sem það birtist okkur að menn, hvað sem innihaldinu og hinum pólitísku skoðunum líður, ráðast í fyrirtæki af því tagi sem hér gefur að líta, mjög ítarlega unna tillögu með greinargóðum röksemdafærslum og skýringum þar sem meira að segja er svo langt gengið að fara út í orðskýringar á fyrirbærinu þjóð.

[11:56]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir málefnalega ræðu. Hann segir að Rússar hafi notað þessa aðferð hjá sér. Það er rétt og þó ekki rétt. Þeir seldu stofninn. Þeir seldu stofninn en ekki afraksturinn. Þegar maður selur stofninn þá geta einstakir aðilar eignast stofninn með því að kaupa hann. Þegar maður selur afraksturinn eins og hér er lagt til þá getur hins vegar enginn einn aðili keypt hann. Sá hinn sami yrði á hverju einasta ári að kaupa allar fiskveiðiheimildir á Íslandi og bjóða það mikið að kvótinn mundi hækka í verði, upp í himininn. Hann yrði að geta veitt fiskinn ódýrar en aðrir, sem hann ekki getur því það er alltaf einhver sem getur boðið betur.

Það er rétt að hér er um algera einkavæðingu að ræða. Þetta eru 270 þúsund sægreifar, það er rétt. Ég skil vel að *hv. þm. hafi athugasemdir við það enda hefur hann aðra* heimssýn en ég. Ég virði það og skil mjög vel að hann líti á þetta sem félagslega sameign og líti á framkvæmdarvaldið og ríkislöggjafarvaldið sem handhafa þess og sama sem þjóðina. Ég geri það ekki. Ég geri mikinn mun á þjóð og ríki. Það sem gert hefur verið með útgerðina ber einmitt keim af því að löggjafarvaldið er að vernda þetta fyrir hönd þjóðarinnar, hefur sett óskaplegar kvaðir á útgerðina þannig að ég er viss um að hún geti grætt miklu meira. Sjómenn mundu einnig hagnast ef öllum þessum kvöðum yrði aflétt.

Það er meira að segja þannig að ef ég veiði fisk og ætla að selja hv. þm. þá má hann ekki borga mér beint. Það er fleira sem ég ætlaði að koma inn á en ég geri það í seinna andsvari.

[11:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Rússneska aðferðin er að því leyti öðruvísi að þar voru fyrirtækin seld í eitt skipti fyrir öll og hlutabréf í þeim. Hér er hins vegar um að ræða eins konar leiguuppboð ef svo mætti segja, þ.e. leiguuppboð til eins eða nokkurra ára, án þess að grundvallarrétturinn sé seldur eða liggi áfram hjá eigandanum.

Í báðum tilvikum er þó að mér sýnist gert ráð fyrir fullkomlega frjálsum eftirmarkaði. Í tillögunni sé ég ekki neinar hugmyndir, takmarkanir eða kvaðir á því hvað gerst geti með veiðiheimildirnar á eftirmarkaði. Það er sammerkt með þessum uppboðsaðferðum yfirleitt að því er mér sýnist. Ég hygg t.d. að hugmyndir Morgunblaðsins gangi út á að í kjölfar uppboðs á veiðiheimildunum sé um algerlega frjálsan eftirmarkað að ræða. Það er ekki síst sá hildarleikur sem ég mundi horfa til með nokkrum kvíða ef þessar leiðir yrðu valdar og svo auðvitað hitt að í frumútboðinu mundi afl fjármagnsins að sjálfsögðu ráða.

Það væri fróðlegt, herra forseti, að fara í frekari umræður um grundvallarskilgreiningar hugtaka sem ég tel að allan tímann hafi skort á í þessum efnum. Hvers eðlis er rétturinn sem fiskveiðistjórnarlöggjöfin fjallar um? Er það eignarréttur? Er það afnotaréttur eða hvað? Hvaða skilning ber að leggja í sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða? Ég hef sagt að ég lít á þetta sem félagslega sameign þjóðarinnar. Með því er ég ekkert að leggja ríkið og fólkið að jöfnu, það er hártogun. En slíkar félagslegar sameignir höfum við út um allt. Þær eru kannski enn þá algengari á hinu stjórnsýslustiginu, þ.e. hjá sveitarfélögunum. Sveitarstjórnir landsins fara með forræði fyrir gríðarlegum félagslegum sameignum íbúanna í sveitarfélögunum. Í sjálfu sér er ekki deilt um það fyrirkomulag, að þannig hljóti það að vera.

[12:00]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt skilið hjá hv. þm. að fullkomlega frjáls eftirmarkaður eigi að vera á þessum veiðiheimildum þannig að hver og einn geti keypt, jafnvel útlendingar. Þá er það bara spurningin hver geti veitt ódýrast. Ég treysti nefnilega Íslendingum, íslenskum sjómönnum og íslenskum útgerðarmönnum, betur en útlendingum til að veiða miklu ódýrar við Íslandsstrendur. Það er traust sem ég ber til íslenskrar útgerðar og íslenskra sjómanna.

Varðandi eignarréttinn og afnotaréttinn, þá yrði það mjög þörf umræða. Því miður gefst ekki möguleiki á að fara í gegnum hana í stuttu andsvari.

Hvort við séum með verkaskipt þjóðfélag? Við erum vissulega með það. Hvort réttarstaða þeirra sem stundað hafa útgerð eigi að vera engin umfram hina? Hvað með t.d. kaupmanninn á horninu í Reykjavík? Hvar er atvinnuréttur hans? Af hverju verður hann að hætta jafnvel með gjaldþroti? Hvar er atvinnuréttur hans til að fá að stunda starf sitt sem kaupmaður á horninu?

Ef við tökum sem dæmi leigubíla, lækna og því um líkt þá erum við líka með andstæð sjónarmið sem er neytendavernd. Við viljum t.d. takmarka aðgang manna að læknastéttinni af því að við viljum ekki láta hvern sem er skera okkur upp. Þarna stangast því á andstæð sjónarmið og ég geri ráð fyrir að leigubílatakmörkunin sem er þó ekki alls staðar til, ekki í öllum löndum, sé af sama toga, þ.e. neytendaverndin vegur þyngra.

Það að skipta kvótanum á íbúa sveitarfélaga kæmi vel til greina. Ég fór einmitt í gegnum það í grg. að það leiðir til svindls vegna þess að fólk getur skráð sig í sveitarfélög og ekki búið þar og menn hafa leikið þann leik. En það er svo erfitt að henda reiður á því hverjir búa í sveitarfélaginu og hvort þeir hafi skráð sig í sveitarfélögin til að fá kvótann eða hvort þeir raunverulega búa á staðnum. Þetta þekkjum við og hefur komið upp aftur og aftur og þess vegna er það rökstutt í grg. að ef á að styrkja byggðirnar, þá eru það sveitarfélögin sem verða að fá styrkinn.

[12:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. svari því að nokkru leyti sjálfur í tillögu sinni með hugmyndum um að styrkja byggðarlög sem yrðu undir í samkeppninni hvaða afleiðingar slíkur fullkomlega frjáls markaður geti haft og reyndar stöndum við frammi fyrir því nú þegar í því markaðskerfi sem að hluta til er í dag með frjálsu framsali veiðiréttindanna þrátt fyrir þá úthlutun sem byggt er á í grunninn, að menn eru komnir með byggðakvóta og menn eru komnir með ýmsar aðgerðir vegna þess að hliðarverkanir eða aukaverkanir af kerfinu eru slíkar gagnvart ýmsum byggðarlögum að menn

treysta sér ekki til að horfast í augu við þær án þess að grípa til aðgerða. (**PHB:** Vegna fortíðar?)

Ég talaði ekki um réttarstöðu útgerðarinnar eingöngu. Þvert á móti minnti ég á hina meginaðilana í sjávarútveginum sem allt of lítið hafa fengið að koma inn í þessa umræðu og spurninguna um réttarstöðu og atvinnuréttindi þeirra, fiskverkafólks, fólksins í sjávarútvegsbyggðunum og auðvitað sjómannanna sjálfra sem ekki hafa þarna neinn skilgreindan lögvarinn rétt. Við erum í verkaskiptu þjóðfélagi. Það erum við hv. þm. sammála um, en það ríkir alls ekki frelsi gagnvart öllum atvinnugreinum með sama hætti og kannski gerir í smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu. Komið er við ýmsum takmörkunum og þær eru kannski aðallega af tvennum toga. Annars vegar felast takmarkanir í kröfum sem gerðar eru til ýmissa starfsgreina. Það er talið óhjákvæmilegt að gera kröfur um menntun og hæfni og ýmsa slíka hluti sem sjálfkrafa leiða af sér takmarkanir, að ekki geti allir labbað inn af götunni og hafið lækningar eða annað því um líkt. Hins vegar höfum við orðið sammála um að nauðsynlegt sé að innleiða takmarkanir í þágu almannaheilla, t.d. vegna þess að annars yrðu fiskstofnarnir ofnýttir eða vegna þess að ef ekki væru takmarkanir á einhverjum sviðum samgangna eða öðru slíku, þá yrði af því ringulreið og vitleysa og dæmi um það gæti þá verið leigubílaaksturinn í Reykavík. Þess vegna erum við með ákveðna sambúð frelsisákvæða og takmarkana sem af mismunandi ástæðum hefur þótt nauðsynlegt að innleiða.

[12:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru orð hv. þm. um atvinnuréttindi sem fengu mig til að koma hér upp í andsvari. Mig langar til að fá að vita nákvæmlega hvað hv. þm. á við með tali um atvinnuréttindi í sjávarútvegi. Eru þessi atvinnuréttindi réttindi sem eru seljanleg eða eiga að vera seljanleg? Eru þetta atvinnuréttindi sem hafa orðið til vegna þess að menn hafa verið í einhverri tiltekinni starfsemi og hafi rétt til að vera í henni áfram eða eru þetta réttindi sem menn geta selt? Eru þetta þess vegna hlunnindi, sérréttindi eða eignarréttindi?

Ég kann ekki annað dæmi um það en úr sjávarútveginum ef þetta ætti að kallast atvinnuréttindi, að menn geti selt atvinnuréttindi sín. Og það eru eingöngu þeir sem hafa verið eigendur útgerða sem hafa þessi réttindi, ekki sjómennirnir, ekki fólkið á ströndinni heldur eingöngu þessi útvaldi hópur. Og ef á að skilgreina þetta sem atvinnuréttindi, þá þurfa menn að koma með skýrari skilgreiningu en ég hef heyrt fyrr vegna þess að nú er verið að kaupa og selja það sem ég vil kalla hlunnindi, sérréttindi eða eignarréttindi. Önnur orð hef ég ekki fundið sem geta passað við þau réttindi sem núna tíðkast í sjávarútvegi.

[12:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi annaðhvort misskilið mig algerlega eða þá að hann er að reyna að leiða mig í einhverja gildru sem ég ætla ekki að ganga í. Ég var ekki að tala um kvótakerfið og úthlutun þess til útgerðarinnar sem nú er við lýði. Þvert á móti var ég að varpa fram spurningum sem lúta að stöðu annarra aðila í þessari grein og ég hélt að það hefði komið skýrt fram. Ég nefndi sjómenn, fiskverkafólk og ég nefndi sjávarútvegsbyggðarlögin.

Það sem auðvitað gerist þegar kvótakerfinu er komið á og sú takmörkun verið við lýði, þá eru réttindin færð einum aðila, þ.e. útgerðinni sem getur höndlað með þau eins og við þekkjum báðir mætavel, en það er ekkert litið til stöðu annarra sem eru komnir í annað samhengi með hagsmuni sína en þeir voru áður á meðan kerfið var opið og frjálst. Það er auðvitað augljóst mál. Staða fiskverkafólks í byggðarlögunum er önnur núna og lakari en hún var á meðan kvótakerfið var ekki komið og takmarkanir af því tagi því að þröskuldurinn til að hefja útgerð og ná sér í hráefni til vinnslu var lægri. Það var spurningin um þá réttarstöðu og atvinnuréttindi sem eru vernduð víða í þjóðfélaginu. Það eru löggiltar faggreinar og alls konar atvinnuréttindi í gangi, ekki satt? Við getum ekki farið og keyrt leigubíl á föstudaginn kemur, ég og hv. þm. Pétur Blöndal. Ég get ekki farið að kalla mig landslagsarkitekt á morgun og opnað arkitektastofu o.s.frv. Spurningin er þar af leiðandi sú hvort starfsfólkið sem byggt hefur upp þessa grein, fiskverkafólk, sjávarútvegsbyggðirnar, sjómennirnir og út af fyrir sig aðrir sem að henni koma vegna þjónustu við hana, sölu afurðanna o.s.frv., hafi að öllu leyti 100% sambærilega stöðu við þann hluta landsmanna eða afgang landsmanna sem aldrei hafa nálægt sjávarútvegi komið. Erum við komin út á þá braut að túlka jafnræðis- og frelsisákvæði stjórnarskrárinnar þannig að engum slíkum atvinnubundnum réttindum verði við komið og þá er ég ekki, og ég endurtek það aftur, ég er ekki að tala um kvótann hjá útgerðinni í því samhengi.

[12:09]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef oft áður heyrt hv. þm. útskýra að skilgreina þurfi afnotaréttinn af fiskstofnunum. Ég taldi í einfeldni minni að hann væri líka að láta að því liggja að þar þyrfti að taka til hendinni og finna niðurstöðu, en þegar hann nefndi leigubílana, líklega til að benda á eitthvert dæmi, þá kom mér auðvitað í hug eins og kannski flestum öðrum að ekki hefur verið lýst yfir þjóðareign á leigubílaakstri á Íslandi. Ég vil líka taka fram annað, ég tel alls ekki einsýnt að einkaréttur eigi að vera á því að keyra leigubíl á Íslandi. Ég tel það reyndar brjóta í bága við eðlilegar reglur um að allir eigi að hafa rétt til að stunda atvinnustarfsemi í frjálsu samfélagi á Íslandi. Og reglur aðrar en fjöldatakmarkanir eða eitthvað slíkt sem taka tillit til menntunar eða annarra krafna sem eiga eðlilega að liggja að baki slíkum réttindum eða leigu, eigi síðan að sjá til þess að þjónustan sé í lagi.

Ég tel að ekki sé undan því vikist í þeirri umræðu sem nú fer fram um sjávarútvegsmál að menn segi nákvæmlega hvað þeir eigi við. Ég er þess vegna að biðja hv. þm. að útskýra núna fyrir okkur því að nú er kannski meiri ástæða til að spyrja um þessi mál en oft áður: Hvernig skilgreinir hann afnotarétt útgerðarinnar að fiskimiðunum, aðganginum að fiskimiðunum? Hvað telur hann að eigi að liggja að baki því að menn fái úthlutað veiðiheimildum?

[12:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er albúinn í umræður um þessi mál við hv. þm. en þarf helst meira en tvær mínútur í andsvari við ræðu sem ég flutti um tillögu hv. þm. Péturs Blöndals til að útskýra grundvallarviðhorf mín í þeim efnum og tala fyrir stefnu þeirrar stjórnmálahreyfingar sem ég er í forsvari fyrir.

Mér er alveg mætavel ljóst að kúnnarnir hjá leigubílstjórum í Reykjavík eru ekki þjóðareign, enda var ég ekki að leggja þá hluti að jöfnu og ég bið hv. þm. að varast að oftúlka orð eða leggja mönnum orð í munn eða lesa annað út úr orðum þeirra en hér er mælt. Ég var ekki að leggja kvótakerfið í sjávarútvegi að jöfnu við leigubílatakmarkanir í Reykjavík,

en ég var að benda á og nefna nokkur dæmi um margs konar takmarkanir og/eða atvinnuréttindi og atvinnuvernd sem er við lýði í þjóðfélaginu af ýmsum toga. Ég var að reyna að draga inn í umræðuna spurninguna um stöðu annarra aðila í sjávarútvegi en þeirra sem fengu öll réttindin. Ég hef í 16 ár einmitt gagnrýnt það að þegar þetta kerfi var sett á var ekkert jafnvægi innleitt í það milli þeirra helstu hagsmunaaðila sem hafa byggt greinina upp og gera að nokkru leyti enn. Það þarf enginn að fara í grafgötur um afleiðingarnar af því. Völdin hafa öll legið hjá útgerðinni síðan þetta gerðist vegna þess að þar liggur rétturinn. En réttur annarra sem auðvitað voru og eru eða þyrftu að vera alveg jafngildir aðilar í þessu máli var fyrir borð borinn. Þess vegna eru deilur sjómanna og útgerðarmanna um samskipti sín af því að réttarstaða sjómannanna er öll önnur og lakari í kerfinu heldur en útgerðarinnar sem hefur réttinn. Þess vegna gengur jafnmikið á hlut landvinnslunnar og raun ber vitni vegna þess að hún er réttlaus gagnvart útgerðinni sem hefur kvótann. Þess vegna er óöryggi sjávarútvegsbyggðanna eins og það er og þá er náttúrlega sú spurning uppi: Er þar þá enginn réttur sem við þurfum að líta til? Eru þar ekki hagsmunir sem þjóðfélagið þarf líka að líta til og verja?

[12:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tæki ofan fyrir hv. þm. Pétri Blöndal ef ég hefði eitthvað á höfðinu fyrir að leggja fram þessa tillögu á hv. Alþingi því að töluvert þarf til að undirbúa svona mál og líka þarf töluvert til að taka á móti þeim köldu kveðjum sem menn fá ef þeir voga sér að koma fram með hugmyndir um breytingar á því kerfi um stjórn fiskveiða sem hefur verið við lýði í mörg ár.

Ég lagði fram tillögu einu sinni í hv. Alþingi um breytingu á þessu kerfi og man vel eftir umræðunni um hana. Hún fékk frekar kaldar kveðjur, ég á því von á að slíkt muni halda áfram á meðan menn eru að verja eignarhaldið á veiðiheimildunum á miðunum við Ísland. Þetta segir ekki að ég sé sammála hv. þm. um þá aðferð sem hann er að leggja til að verði viðhöfð. Ég er þó sammála honum um grundvallaratriðið á bak við tillögu hans en það felst í því að eignarhaldið á veiðiheimildunum eða veiðiréttinum við Ísland sé sameiginleg eign okkar og við eigum að hafa við lýði kerfi sem tryggir það að allir Íslendingar eigi þennan rétt saman og að atvinnugreinin útgerð sé opin þeim sem vilja vera útgerðarmenn á Íslandi og vilja reyna sig í samkeppninni í þeirri atvinnugrein. Þetta eru þau grundvallaratriði sem ég tel að við séum algerlega sammála um.

Síðan er ástæða til að velta fyrir sér hvernig eigi að leysa *það vandamál sem er uppi um eignarhaldið á auðlindinni* eins og það liggur núna fyrir. Það hefur verið skoðun mín að til þess þurfi ákveðinn aðlögunartíma. Ég hef talið að mjög erfitt væri að láta nýja tilhögun taka gildi á einum degi. Þess vegna finnst mér afar óábyrgt hjá stjórnvöldum núna þegar yfir vofir að dómur komi í Hæstarétti að bíða þess dags sem dómurinn fellur og ætla þá að bregðast við því að ég efast ekki um að þann dag sem Hæstiréttur mundi staðfesta dóm af því tagi sem var kveðinn upp í Vatneyrarmálinu muni verða kaflaskipti í afstöðu almennings til þessa máls. Menn munu ekki vera afskaplega hrifnir af því að réttindi sem Hæstiréttur hefur dæmt af þeim sem stunda nú útgerð á Íslandi yrði rétt þeim til baka sisvona og sagt: Nú skulið þið bara hafa 10, 15, 20 ár í aðlögun að nýrri og breyttri skipan.

Ekki má taka orð mín svo að ég sé að halda því fram að ekki væri hægt að finna einhverja leið sem réttarkerfið mundi skrifa upp á. Ég er að tala um hina pólitísku niðurstöðu og þá samúð sem þjóðin hefði þá með þeirri niðurstöðu sem fengist. Ég er sannfærður um að eftir slíkan dóm yrði samúð almennings miklu minni með því að gefa nægilega langan aðlögunartíma að breyttu kerfi. Þess vegna tel ég að það sé afar mikið áhyggjuefni að stjórnvöld skuli tala með þeim hætti sem nú er gert, það skuli bíða dóms Hæstaréttar og síðan skuli bara sjá til hvað gerist.

Óhjákvæmilegt er að nefna þessa hluti vegna þess að allt sem nú gerist hvað varðar stjórn fiskveiða hlýtur að verða að hugsa út frá því að þessi dagur geti runnið upp innan skamms. Ég tel að tillaga hv. þm. Péturs Blöndals dugi ekki til að koma í staðinn fyrir það kerfi sem nú gildir falli dómurinn í þessa átt. Þar er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að kanna kosti og galla á þeirri tillögu sem hér er lögð til. Hún er öll saman vel útfærð og allt það, en ég býst við að til þess þurfi býsna langan tíma. Síðan þyrftu menn auðvitað að gera upp við sig hvenær og hvernig menn settu þetta á því að aðlögunin sem þyrfti að vera að kerfinu verður að vera öllum ljós og það þarf að vera hægt að sjá til þess, hvort sem þessi breyting yrði á lögunum um stjórn fiskveiða eða einhver önnur, að atvinnurekstrinum sem slíkum verði ekki stefnt í voða. En það sem ég sakna í allri umræðunni er að menn þori að koma með ábyrgum hætti fram og ræða um aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er eignarrétturinn. Um það eru átökin.

Þeir sem vilja breyta stjórnkerfi fiskveiða í raun og veru, vera á móti sjálfu kvótakerfinu og líka á móti eignarréttinum, vilja gera tvær byltingar í einu. Ef kollvarpa á bæði kvótakerfinu sem slíku og líka að taka á eignarréttarvandamálinu þýðir það að við erum að gera tvær byltingar í einu. Ég held að það sé ekki skynsamlegt. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa tekið þátt í umræðum um þessi mál býsna lengi að ekki sé skynsamlegt að gera báðar byltingarnar í sama skiptið. Ég held að við eigum að nýta kvótakerfið áfram og gera breytingar sem nægja til þess að það uppfylli jafnræðis- og atvinnuréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Auðvitað er þetta hægt. Hægt er að benda á ýmsar leiðir til að gera það með markaði þar sem allir útgerðaraðilar hafa jafnan aðgang að og á nægilega löngum aðlögunartíma til að kollvarpa ekki þeim fyrirtækjum sem nú eru í sjávarútvegi.

Ég hef þá skoðun að affarasælast væri fyrir alla sem eru að berjast gegn eignarhaldsfyrirkomulaginu í kvótakerfinu að sameinast um slíka leið því að um leið og við erum búin að vinna þann slag um eignarréttinn opnast allt aðrir og betri möguleikar til að ræða um sjálft stjórnkerfi fiskveiðanna og *þá galla og þær breytingar sem þyrfti að gera á því.*

[12:22]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Tillaga hv. þm. Péturs Blöndals um breytingar á stjórnun sjávarútvegsmála kemur fram í annað eða þriðja sinn, endurbætt í hvert sinn, en hugmyndirnar alltaf þær sömu, að öllum aflaheimildum þjóðarinnar verði úthlutað á hvert mannsbarn.

Menn hafa rekið upp stór augu þegar þeir hafa reynt að rýna í þessar tillögur og átta sig á því hvað er í rauninni verið að meina. Margir hafa líkt þessu við mestu sósíalíseringu sem uppi hefur verið höfð hér á landi fyrr og síðar en aðrir vilja segja að þetta sé kapítalisminn í sinni verstu mynd ef það mætti orða það þannig. Allt eru þetta þá öfgar sem lýsa

því kannski hver niðurstaðan getur orðið að hér er einfaldlega verið að bjóða upp á stjórnleysi miðað við þá reynslu sem menn hafa af þessum kerfum óheftum að þau munu ekki nýtast almenningi eins og hv. flm. er örugglega að reyna.

Það er kannski hluti af þessu dæmi öllu hvað ríkt er í fólki að vera á móti núverandi stjórn á fiskveiðimálum þjóðarinnar og reyna að finna leiðir til þess endalaust sem eigi að bæta úr og gera þetta betra og ég er svo sem ekkert á móti því. En sú tillaga sem hér er fram borin er í mínum huga afskaplega vanhugsuð ef ég mætti orða það svo, herra forseti, en ég vil samt reyna að gera mitt besta til þess að komast ofan í hvað er verið að meina hérna.

Hv. þm. segist ætla að úthluta þessu jafnt á alla þjóðina. Eftir því sem mér skilst er um að ræða tvö þorskígildistonn á hvern einasta íbúa landsins. Burt séð frá því hver talan er, þá er verið að gera ráð fyrir því að allir fái jafna aflaheimild úr öllum fiskstofnum landsins. Það er sem sagt þorskur, ufsi, karfi, ýsa, grálúða, keila, lúða, rækja, síld, loðna, hörpudiskur og allt þetta á að úthlutast í réttum hlutföllum á hvern einasta einstakling í landinu. Menn eiga ekki að fá hreinan þorsk, hreinan ufsa eða hreina ýsu. Menn eiga að fá þetta allt saman úthlutað til hvers og eins einasta manns í landinu. Það gefur auga leið að þetta verða afskaplega fá kíló á hvern einstakling, sumt af þessu, því að þetta eru litlar tegundir sem verið er að úthluta til tiltölulega fárra sérleyfa eins og hörpudiskveiðarnar t.d. eru. Margar fisktegundir eru afskaplega veikar og þola litla veiði þannig að það er lítil úthlutun og jafnvel svo að það tekur því varla að veiða þær en þarna er samt verið að gera ráð fyrir því að þessu sé úthlutað með þessum hætti á hvern einasta mann.

Ég átta mig ekki almennilega á því hvernig á að selja þetta svo til baka, hvernig á að koma þessu aftur í veiði. Eflaust er hægt að setja upp eitthvert kerfi sem tekur við þessu og passar upp á að öll þau kíló sem menn setja inn verði veidd en þetta verður samt sem áður mjög flókið því að menn hafa sérhæft sig mikið í veiðum í dag. Ákveðinn flokkur skipa er nánast eingöngu á loðnu- og síldveiðum, aðrir eru á botnfiskveiðum, enn aðrir eru á rækjuveiðum innfjarðar og annað slíkt. Þetta er því fyrirbæri sem hefur þróast á mjög löngum tíma og ég get ekki séð annað en að með þessari hugmynd sé verið að koma þessu nákvæmlega öllu í uppnám því það er engin trygging fyrir því að þeir fái þau kíló sem úthlutað verður á þessa 274 þúsund íbúa landsins. Ég sé ekkert sem tryggir það að Hólmarar fái hörpudiskinn sem er úthlutað 70% til Reykjavíkur. Ekki er einu sinni trygging fyrir því að þeir sem fá þennan hörpudisk úthlutaðan átti sig á því að þeir eigi að selja hann. Hann gæti þess vegna verið óveiddur. Ég held að vitund fólks fyrir svona fyrirkomulagi sé engin.

Síðan segir á bls. 15 í tillögunni að með því að kaupa aflaheimildir beint séu sjómenn alveg jafnsettir þó svo arðurinn af fjármagninu í kvótanum yrði tekinn með veiðunum. Með öðrum orðum, það skipti í rauninni ekki neinu máli fyrir sjómanninn hvor leiðin verði farin. Það getur vel verið að sjómennirnir gætu fengið sambærilegan hlut út úr veiðinni hvort sem þessi leið yrði farin eða einhver önnur.

Ég velti því samt sem áður fyrir mér að ef arðurinn af veiðinni á allur að fara í það að kaupa veiðiheimildina eins og við vitum að uppboðskerfið mun þýða munu hundruð milljóna fara frá ákveðnum svæðum inn í ríkiskassann við uppboð. Við sjáum að t.d. á Vestfjörðum munu fara 400 millj. í uppboði ef kílóið kostar 10 kr. af þeim fiski sem á að bjóða upp gagnvart Vestfirðingum eða á þeim kvóta sem þar er sem er 41 þúsund tonn þannig að 10 kr. eru 410 millj. sem mundu fara beinlínis út af svæðinu. Þarna er því verið að tala um að arðurinn af sjávarútveginum í dag fari til þeirra sem eiga kvótann, þ.e. þeirra sem fá hann úthlutaðan og þar með eigi sjómenn að vera jafnsettir. Ég velti því fyrir mér hvort nokkur vilji fara á sjó undir svona kringumstæðum. Það er engan arð að hafa, ekki er hægt að taka þá áhættu að leggja út í mikla fjárfestingu ef ljóst er að arðurinn af öllu dæminu fer til þess að kaupa kvótann hverju sinni til að hægt sé að stunda sjó.

Mér finnst í rauninni dálítið slæmt að það skuli koma fram svona tillögur sem ég hef heyrt að sumu fólki finnst spennandi, mönnum finnst þetta nýtt innlegg en mér finnst þetta dálítið hættulegt innlegg. Það sé ekki til þess að koma okkur á rétt spor ef það mætti orða það þannig. Það er reyndar ýmislegt sem mætti laga í kvótakerfinu. Við erum allir sammála því en mér finnst þetta ekki vera það vel rökstutt að við getum sagt að við séum að fara í þá átt að gera þessa þjóðareign, við skulum hafa það þannig, enn verðmætari í höndum okkar.

[12:30]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson kom inn á ýmis atriði. Hann talaði um að sumir litu á þetta sem sósíalseringu, aðrir litu á þetta sem argasta kapítalisma. Ég er mjög ánægður með að skoðanir skuli vera svona skiptar. Þetta er kannski eitthvað þar á milli.

Ég tel að þetta sé fyrst og fremst markaðsvæðing og einstaklingsvæðing, ekki kapítalismi, ekki sósíalsering. Þetta er alls ekki sósíalsering vegna þess að sósíalsering felst í því að eignir eru fluttar til ríkisins en ekki til einstaklinga, þetta er því verulega frábrugðið sósíalseringu.

Hann talaði líka um stjórnleysi. Það má vel vera að allur markaður sé stjórnleysi. Það getur verið að það sé stjórnleysi að menn geti keypt epli á hvaða verði sem er hvaðan sem er. Það lítur hugsanlega út sem stjórnleysi í hugum þeirra sem þekkja ekki markaðinn. En markaðurinn lýtur ákveðnum lögmálum og hann er alls ekki stjórnlaus.

Síðan sagði hv. þm. að þetta væri vanhugsað. Þetta er örugglega ekki vanhugsað. Það er búið að hugsa mikið um þetta en það getur verið að þetta sé illa hugsað og kannski er ég ekki nógu greindur til að gera þetta en þetta er ekki vanhugsað, ég mótmæli því.

Hv. þm. talaði um margar tegundir og að menn gætu ekki ráðið við það. Því er lýst nákvæmlega á síðu 12 hvað gerist. Útgerðir geta keypt hlutdeild í kvóta og síðan skipt á aflaheimildum í einstökum tegundum eða kvótasjóðir munu kaupa kvótann, árlega veiðiheimild, og síðan selja úr honum hörpudisk eða rækju o.s.frv. Það mun myndast markaður með hörpudiskinn og þeir sem geta veitt hann ódýrast, þ.e. Snæfellingar, munu geta boðið best og þeir munu fá eins mikinn kvóta og kerfið leyfir og þeir geta veitt. Þeir sem veiða ódýrast munu því fá mesta kvótann. Ég held nefnilega að Vestfirðingar og Vestmannaeyingar og fleiri sem hafa farið halloka í núverandi kerfi muni hagnast mest á þessu. Arðurinn fer ekki til ríkisins eins og hv. þm. sagði heldur til einstaklinga.

[12:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við erum að leita að kerfi sem finnur ódýrustu leiðina til að ná aflanum, þá erum við með þá aðferð

nú þegar í gangi, þ.e. kvótakerfið. Það hefur leitt til þess að menn hafa sífellt verið að reyna að bæta veiðiaðferðirnar, minnka sóknargetuna til að ná meiri arði og hagkvæmni út úr veiðinni. Þetta þekkjum við sem höfum getað borið þetta saman við sóknarstýrikerfið þar sem allir hópuðust á sjó í kapp hver við annan til að ná sem mestu á sem skemmstum tíma. Kvótakerfið er alveg þveröfugt við þetta og þess vegna hefur það reynst eins hagkvæmt og raun ber vitni fyrir þjóðina að stýra veiðunum í aflaheimildirnar á þann hátt. Þess vegna er alveg ástæðulaust að fara út í aðrar tilraunir með einhverja öfgafulla hugmynd sem enginn getur í sjálfu sér áttað sig á hvernig mundi enda. Ég tel að við séum að taka ótrúlega áhættu á því hvernig þjóðin mundi fara út úr slíku dæmi fjárhagslega og sem sjálfstæð þjóð værum við að fara út í algera ófæru.

Ég held að við eigum að sameinast um að reyna að finna leiðir til að gera kvótakerfið ásættanlegra fyrir þjóðina en það er í dag. Eflaust má reyna að finna einhverjar leiðir sem ég vona að þær nefndir sem núna eru í gangi reyni að finna eða þær voru alla vega settar upp til þess. Ég hef kallað eftir því að þessi blessaða nefnd sem sett var upp til að finna leiðir til að verðleggja mætti auðlindir okkar fari að láta eitthvað frá sér heyra.

[12:35]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að það er mjög mikilvægt og bráðnauðsynlegt að finna ódýrustu leiðina og ódýrasta kerfið. Hann fullyrðir að núverandi kerfi sé ódýrast. Það er það ekki vegna þess að fjöldi útgerða hafa fengið kvótann gefins, aldrei borgað fyrir neitt og þær eru í samkeppni við aðrar útgerðir sem hafa borgað allt upp í 800 kr. fyrir kílóið af varanlegum kvóta. Á meðan sú staða varir, og hún varir í 20–30 ár, er hægt að reka fyrirtæki illa sem fékk kvótann gefins. Ár eftir ár eftir ár er hægt að reka það illa. Núverandi kerfi er því ekki eins hagstætt og það gæti orðið. Það er reyndar hagstætt og miklu hagstæðara en sóknarmarkskerfi, ég er sammála því. Ég er alveg sammála því að frekar eigi að taka aflamarkskerfi en sóknarmarkskerfi. En það er ekki eins hagstætt og það gæti verið, sérstaklega vegna þess að menn eru búnir að setja óskaplegar hömlur á framsal og alls konar kvaðir á útgerðina, t.d. eignarhald útlendinga o.s.frv. Allt eru þetta hömlur sem hljóta að minnka arðsemi útgerðarinnar. Ég er sannfærður um að ef útgerðin fengi algerlega frjálst spil eins og annar atvinnuvegur gæti hún skilað enn meiri hagnaði og miklu meiri hagnaði en í dag.

Hv. þm. sagði að ekki væri ástæða til að gera aðrar tilraunir. Það er ekki lagt annað til í þessari tillögu en að skoða kosti og galla, ekki er annað lagt til. Það er ekki lagt til að þetta skuli tekið upp á morgun. Það á að skoða kosti og galla og ég ætla þessari nefnd að fara í gegnum það.

Síðan sagði hv. þm. að enginn arður yrði í útgerðinni. Að sjálfsögðu bjóða menn ekki meira í kvótann en svo að fyrirtækin skili hagnaði. Þeir væru vitlausir annars. Útgerðin mun að sjálfsögðu bjóða það verð í kvótann sem miðast við gefinn hagnað. Það er þekkt um allan heim.

[12:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að fjöldi útgerða hafi fengið kvótann gefins. Það er náttúrlega lengi hægt að tuða um að einhverjir hafi fengið kvótann gefins. Samherji sem hefur verið dálítið til umræðu byrjaði starfsemi sína akkúrat um það leyti sem kvótakerfið varð til og þeir hafa safnað aflaheimildum löglega, bæði með samruna, kaupum og öðrum þeim hætti sem notaður er í dag og eru núna með eitt öflugasta fyrirtæki sem komið hefur verið upp á Íslandi síðustu áratugi. Þeir eru að selja hlut sinn eins og komið hefur fram, einn einstaklingur fyrir um 3 milljarða. Þetta er náttúrlega sönnun þess hversu gríðarlegur kraftur er í þessu kerfi. Ekkert annað kerfi hefur getað keppt í dag t.d. við hugbúnaðarfyrirtæki eða líftæknifyrirtæki. Hverjum hefði getað dottið það í hug að útgerð gæti orðið það spennandi að hún keppti við þessa aðila um hluthafa? Mér finnst þetta einmitt sönnun þess hversu kvótakerfið er eftirsóknarvert í hugum fjárfesta.

Aftur á móti stöndum við frammi fyrir því vandamáli að fólkið í landinu sættir sig ekki við að þetta safnist með þessu móti á fárra hendur eða nýir aðilar komist ekki inn í kerfið ellegar þeir sem eru í fiskvinnslu og vilja byrja fiskvinnslu geti ekki keypt sér neinn fisk vegna þess að hann er ekki til á markaði. Það er staðreynd að fiskurinn er ekki lengur til staðar. Þótt einhverjir vilji vinna fisk í dag fá þeir engan fisk vegna þess að hann er ekki á markaði. Nýja kerfið mun ekki tryggja neitt slíkt því að það er í valdi þeirra sem kaupa væntanlega hvað þeir gera.

Aftur á móti höfum við breytt fiskveiðistjórnarkerfinu á ýmsan hátt á undanförnum 3–4 árum sem ég er alveg sammála hv. þm. um að voru slæmar breytingar, t.d. línutvöföldunin, ýmsar hömlur og fleira í kringum kerfið sem hafa orðið til skaða frekar en hitt og hlýtur að verða að breyta aftur.

[12:40]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það sem fyrst og fremst er að er framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar og það sem fyrst og fremst er að framkvæmdinni er ósveigjanleikinn. Enginn möguleiki er til að bregðast við breytingum og uppákomum svo sem aflabresti í ákveðnum tegundum svo eitthvað sé nefnt. Framkvæmdin býður upp á að einstaklingar geta farið með gífurlega fjármuni frá sameign þjóðarinnar, langtum meiri fjármuni en nokkurn mann grunaði að gætu hlaðist á einn einstakling. Einmitt þess vegna eru menn að setja fram tillögur til breytinga. Ég fagna hverri einustu tillögu og nánast hver einasta tillaga sem sett hefur verið fram upplýsir um galla á stjórnarkerfinu eða a.m.k. á framkvæmd kerfisins. Þetta á við um fjölmargar tillögur stjórnarliða sem sjá galla kerfisins, sem sjá misréttið, sem sjá ósómann. Þess vegna fagna ég tillögu hv. þm. Péturs Blöndals. Í hana hefur verið lögð mikil vinna og mikil hugsun. Hún er í samræmi við það sem fjöldi manna og kvenna í landinu hugsar.

Það stendur nefnilega í lögunum að nytjastofnarnir séu í sameign þjóðarinnar og tillagan sem hér er til umræðu lýtur að því í framkvæmd og þess vegna get ég sagt af heilindum, ég fagna tillögunni.

Stjórnarandstaðan hefur eins og ég sagði flutt aragrúa af tillögum. Þær fást varla ræddar. Stjórnarliðar, m.a. hv. þm. Guðjón Guðmundsson og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hafa lagt fram tillögur sem enga náð hafa hlotið fyrir augum þingsins eða ráðamannanna í ríkisstjórninni. Þessar tillögur svo ég nefni þær lúta að því að koma í veg fyrir brask og koma í veg fyrir brottkast. Ekki er hlustað á þær tillögur. Ég vil meina að þetta sé dæmigert fyrir stjórnunarstílinn hjá Davíðsstjórninni. Fótgönguliðarnir mega gjamma en á þá er ekki hlustað. Því miður hygg ég að svo verði með ágæta

vinnu og þá hugmyndafræði sem er á bak við tillögu hv. þm. Péturs Blöndals að á hana verði ekki hlustað. Það er því miður spádómur minn. En ég tel að hún sé samt einn liður inn í það fjölþætta kerfi tillagna sem menn hafa lagt fram gegn framkvæmd þess kerfis sem við búum við.

Það er, herra forseti, ástæða til að fara nokkrum orðum um verstu galla kerfisins en þeir eru m.a. eftirfarandi. Það eru braskmöguleikarnir, það er brottkastsneyðin eins og ég vil kalla hana, brottkastsneyðin vegna þess að menn eru neyddir til að henda á brott verðlausum eða verðminni afla. Það er milljarðaflutningur úr atvinnugreininni og hömlur eru á atvinnufrelsi.

Ég tel að til viðbótar sé rétt að geta þess svona í framhjáhlaupi að grálúðan, sem er einhver verðmætasti fiskurinn í dag, er nánast upp veidd. Það tekur að mati fiskifræðinga 15–18 ár, jafnvel meira, að byggja hann upp. Ég veit að stofninn er á uppleið en kannski hafa fiskifræðingar ekki rétt fyrir sér í þessu.

Ufsastofninn er í mikilli lægð en hann er að koma. Það vantar mikið á að hann geti skilað sömu veiðigetu og á milli áranna 1960 og 1980. Lúðu hefur verið eytt í Faxaflóa, bókstaflega gersamlega eytt en hún var algeng tegund í afla línubáta og í dragnót. Lúðan í Faxaflóa er horfin. Um ástandið á karfastofninum veit hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson manna best af þekkingu sem skipstjóri. Karfastofninn er mjög illa kominn. Menn eru að drepa þar fisk sem tekur meira en áratug að verða kynþroska. Þessi stofn hefur verið ofveiddur á því sem ég vil kalla got- og getnaðartíma um árabil meðan þorskstofninn naut verndar. Þetta eru alvarlegir hlutir sem þarf að taka á. Ýsustofninn er í lægð og leyfð veiði hefur ekki náðst.

Ég vil segja það, herra forseti, að ástæða er til að koma með tillögur eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur lagt hér fram og fjölmargir hv. þm. Ég minni á að undirritaður flutti tillögu með fyrrv. þm. Ágústi Einarssyni um að auka veiðiskyldu skipa í 80%. Sú hugmynd var í þá átt að koma í veg fyrir brask eða minnka brask, sú tillaga hlaut enga náð fyrir augum stjórnarherranna frekar en aðrar tillögur sem fluttar hafa verið. Ég býst því við, herra forseti, að á hvorn veginn sem Vatneyrarmálið fer, hvort sem dómur héraðsdóms verður staðfestur í Hæstarétti eða jafnvel þó að honum verði hafnað, að allt verði vitlaust og ekki síst vegna þess að fólk hefur verið að átta sig á því að á undanförnum dögum eða a.m.k. á undanförnu ári er komin sérstök stétt sem kalla mætti í daglegu tali töskubankastjóra. Hvernig þrífast þeir?

Jú, þeir hafa af einhverjum ástæðum jafnvel komist yfir kvótagróða, leggja hann fram sem 30% veð á móti erlendum fjármunum, koma inn í íslenska hagkerfið með þessa peninga, nota þá m.a. til hlutabréfakaupa og hafa skapað þann þrýsting á krónuna að búast má við gengisfellingu mjög fljótlega, bara út af því fyrir utan svo allt annað.

Herra forseti. Ég hef margt fleira um þetta mál að segja og kem kannski inn á það síðar en ég læt staðar numið í bili.

[12:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Sú þáltill. sem við ræðum er um breytta aðferð við úthlutun aflakvótans þar sem byggt er á því að þjóðin öll fái til sín ákveðna hlutdeild af heildarkvóta sem ákveðið er að leyfa að veiða á Íslandsmiðum á hverju ári. Þar til viðbótar eru engar hömlur settar við framsali milli manna í þessari tillögu. Ég óttast að væri hún upp tekin óstýrð og algerlega óstýrt uppboð eða útboð eða sala á aflaheimildum þá mundi ástandið ekki lagast sérlega mikið.

Ég virði hins vegar algerlega þær skoðanir sem settar eru fram í þessu plaggi og tel mjög eðlilegt að málið fái athugun. Það mundi vafalaust leiða ýmislegt í ljós sem ég held að okkur sé hollt að dregið sé fram og skoðað gaumgæfilega.

Út af fyrir sig get ég deilt skoðunum með hv. þm. Pétri Blöndal um að væri aflaheimildum hleypt óstýrt út í þjóðfélagið mundu smæstu bátarnir, þ.e. einyrkinn í útgerð, geta náð til sín aflaheimildum. Ég óttast hins vegar að hinir stóru muni bindast einhvers konar samtökum um að nálgast aflaheimildirnar eftir þessari aðferð með öllum tiltækum ráðum í skjóli þess forgangs sem er búið að gefa þeim núna í 17 ár í kvótakerfinu. Búið er að færa mönnum óhemjufé með aðferðinni sem við höfum notað til að útdeila aflakvótanum, ekki með því að ákveða heildaraflann heldur með því að útdeila aflakvótanum og fá mönnum þar óskoraðan sölu- og braskrétt. Ég er andvígur því að slíku kerfi verði viðhaldið hér, að þessi sölu- og braskréttur manna haldi áfram. Ég held að aldrei verði friður um svoleiðis útfærslu.

Hitt má vera alveg ljóst að ef menn væru að keppa um aflaheimildir, þá býst ég við því að hraðskreiðir fiskibátar, sem eru ekki tiltölulega dýrir, þar sem eru kannski bara tveir menn á bát og tveir menn í landi að beita á línu, mundu ná upp meiri afköstum en frystitogararnir. Spurningin er hins vegar: Er æskilegt að allur okkar floti færist yfir í svoleiðis báta? Það er ég ekki viss um og dreg það reyndar mjög í efa jafnvel þó menn geti fært fyrir því rök að þar sé um vistvænar veiðar að ræða. En ég held að það sé sama hvort við tölum um þá aðferð sem hv. þm. Pétur Blöndal leggur til eða einhverjar aðrar aðferðir við stýringu fiskveiðanna og útdeilingu aflaheimildanna, fyrsta skilyrðið sem við verðum að gefa okkur er að hugsa fyrir því að skipta flotanum upp í einhvers konar aðgreinda útgerðarflokka til að stýra byggð og atvinnumöguleikum einstakra útgerða svo þær haldi velli í þessu landi. Annað verður of tilviljunarkennt. Við höfum í raun búið við þessar tilviljanir í núverandi kvótakerfi sem hafa þó verið í þá áttina að frystitogaraútgerðin hefur safnað til sín aflaheimildum. Þannig hefur það gengið hingað til.

Úreldingarreglur og ýmsar aðrar reglur urðu þess valdandi að hinum hagkvæma vertíðarflota var eytt. Ég hygg að hinn almenni vertíðarbátur af stærðinni kannski 10 upp í 150 rúmlestir sem gerður er út frá ströndinni með tiltölulega litlum útgerðarkostnaði sé ein hagkvæmasta veiðiaðferð hér við land með hliðsjón af nýtingu á a.m.k. mörgum fiskstofnum. Þar fyrir utan er mjög mismunandi hvaða fiskstofna við erum að nýta og hvaða hluti flotans nýtir hvaða fiskstofn. Ég held því að þetta atriði þurfi menn að gaumgæfa mjög. Skoðun mín er sú að við hvers konar endurskoðun, sem ég tel mjög æskilega á stjórn fiskveiða, þurfum við að líta til mismunandi útgerðarflota. Við þurfum að hafa mismunandi útgerð í landinu til að nýta hina einstöku fiskstofna. Þess vegna þarf að búa til einhvers konar stýringu í útgerðarmynstrið. Það held ég að sé forsenda þess að fólk skilji hvað við ætlum að fást við.

Ég heyrði orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar úr þessum ræðustól áðan þar sem hann lýsti áhyggjum sínum af því að ekkert væri að frétta af störfum svokallaðrar sáttanefndar, menn væru ekkert að vinna í málunum. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson lýsti því hins vegar fyrr að menn væru að vinna störf sín. Það er hins vegar ekki verið að vinna þau í sjútvn. þingsins. Ég hefði talið fulla þörf á því fyrir

sjútvn. þingsins að fá að vita m.a. hvað svokölluð sáttanefnd hefur verið að aðhafast. Við óskuðum reyndar eftir því strax í kjölfar Vatneyrardómsins, stjórnarandstaðan í sjútvn., en því var ekki sinnt. Betur færi að tekið yrði til við að fá yfirlit yfir það hvað er þá verið að aðhafast. Það hlýtur að vera á ábyrgð þingsins.

[12:56]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um frjálst framsal og hann hefði ekki trú á því að það bætti neitt. Ég gat reyndar ekki komið inn í frjálst framsal í framsöguræðu minni, en það er ákveðinn kafli um það í greinargerðinni. Ljóst er að ef útgerðarmaður á tvö skip og gæti veitt aflann með öðru skipinu þá borgar sig að gera út eitt skip en ekki tvö. Það er jafnaugljóst að ef tveir útgerðarmenn eiga tvö skip og annar gæti veitt en hinn lagt skipi sínu, þá er hagkvæmara ef eitt skip gæti veitt allan aflann. Framsal er því nauðsynlegt til að arðsemi sé í kerfinu og þá er alveg sama hvort um er að ræða aflamark eða sóknarmark. Eftir því sem framsalið er frjálsara, því meiri hagnaður. Það skyldi ekki vera að minnkandi hagnaður útgerðarfyrirtækja undanfarið sé vegna þess að búið er að setja upp kvótaþing og búið að skerða mjög verulega framsalsheimildir fyrirtækjanna. Þegar fyrirtækin græða geta þau að sjálfsögðu borgað sjómönnum hærri laun.

Hv. þm. óttast að stóru útgerðirnar bindist samtökum um kaup í kvóta á hærra verði en aðrir. Það þýðir að þau verða að veiða enn þá hagkvæmar, sem þau geta ekki samanber niðurstöður sem sýna að stóru fyrirtækin hafa 20–30 kr. hagnað af hverju þorskígildistonni sem þau veiða. Þau mundu tapa og þá kæmu minni spámenn og trillusjómenn og slíkir sem mundu bjóða betur næst og fara upp fyrir þá. Þessi röksemd gengur því ekki.

Síðan ræddi hv. þm. um hraðskreiða báta. Þar kemur hann inn á öryggismál sem þarf að taka sérstaklega fyrir. En það er önnur umræða hvaða skip eru örugg og hvaða skip eigi að gera út á vissa veiði. Það er fráleitt að trillur veiði karfa. Það held ég að allir átti sig á. Það þarf togara til að veiða karfa og þeir mundu þá veiða karfa og kaupa kvóta.

[12:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var reyndar ekki að tala um hraðskreiða fiskibáta út frá öryggissjónarmiði. Ég var að tala um þá út frá hagkvæmnissjónarmiði, hve auðvelt þeir eiga með að fara til sjávar á örskömmum tíma þegar þannig viðrar, hvað þeir eru fljótir í förum og geta afkastað miklu. Ég hygg að flest þau óhöpp sem hafa orðið hjá smábátaflotanum á undanförnum árum tengist ekki endilega því að þau hafi orðið fyrir miklum óhöppum vegna veðurs eða hraða. Ég held miklu frekar að þau hafi orðið fyrir óhöppum vegna hleðslu, vegna mikils afla, mikilla afkasta. Ég hef ekkert sértakar áhyggjur af hraðanum.

Í reynd er það þannig og hefur vissulega komið mér sjálfum á óvart, eftir að ég hef prófað að vera á þessum hraðfrystibátum, hvað þetta eru í raun miklu meiri sjóskip en sambærilegir bátar af trillustærðinni áður. Það er einmitt á því sem ég byggi það að ef þessu væri nú öllu hleypt óstýrt af stað þá gæti farið svo að trilluútgerðin mundi safna til sín aflaheimildum. Ég held að það sé ekki síður hagur togaraútgerðanna eða hins almenna útgerðarmanns á stærri skipum að sett verði stýring á flotann og menn takist á við þetta sem atvinnugrein sem þarf að hafa svolítla flóru fiskiskipa en ekki að æða tilviljunarkennt yfir í fjölda frystitogara annan áratuginn og síðan í smábáta hinn áratuginn. Slík stýring held ég að sé ekki af hinu góða.

[13:00]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði mikils reynslu hv. þm. af útgerð og sjómennsku og það kemur fram að hann áttar sig á því að hraðskreiðir bátar eru mjög afkastamiklir og hagkvæmir. Hann gat þess áður í ræðu sinni að frystitogaraútgerðin hefði safnað til sín heimildum á kostnað skipa sem væru í rauninni miklu hagkvæmari, þ.e. skipa á bilinu frá 10–150 tonn.

Hvað er hann að segja með þessu? Hann er að segja að núverandi kerfi og núverandi eignarhald og kannski sérstaklega reglur um brottkast hjá frystitogurum leiði til óhagkvæmni. Ég tel að það kerfi sem hér er lagt til muni leiða til þess að hagkvæmustu skipin verði gerð út hvort sem það eru hraðskreiðir bátar eða 10–150 tonna skip.

Það mun ekki verða kollsteypa vegna þess að gert er ráð fyrir 20 ára aðlögun í kerfinu. Útgerðirnar hafa því 20 ár til þess að aðlaga sig nýjum aðstæðum til þess að fara yfir í hagkvæmustu skipin hægt og rólega. Þær gera það á þessum 20 árum. Því verður engin kollsteypa hvorki gagnvart lánastofnunum sem hafa lánað í þessi skip, gagnvart eigendum fyrirtækjanna, gagnvart verðbréfamarkaðinum né því að skipta yfir í afkastameiri skip og hagkvæmari.

Ég er sammála hv. þm. um að það er afskaplega slæmt ef það verða miklar kollsteypur í breytingum á atvinnugreininni.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:31]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til umfjöllunar, till. til þál. um að skipta árlegum afnotarétti nytjastofna á Íslandsmiðum milli íbúa landsins, er athyglisverð og ég vil eins og margir aðrir hv. þingmenn hafa gert þakka hv. 10. þm. Reykv., Pétri Blöndal, fyrir að leggja mikla vinnu í nýjar hugmyndir um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það þýðir ekki að ég sé sammála hugmyndum hv. þm. Péturs Blöndals um þessa leið en ég tel að allar hugmyndir útfærðar inn í þá umræðu sem nú fer fram um nýtt fyrirkomulag á fiskveiðistjórnarkerfinu séu góðra gjalda verðar. Eins og fram hefur komið í máli margra þingmanna, hefur hér verið lögð vinna í útfærslu sem er vert að lofa og ég tek því undir málflutning þeirra manna.

Markaðsvæðing eða útboð af þeim toga sem hv. þm. Pétur Blöndal leggur til er ekki að mínu skapi. Það er ekki sú leið sem fara ber. Ég vil bara nefna sem dæmi að úti í samfélaginu hafa gríðarleg vandamál verið að skapast vegna stjórnar fiskveiðikerfisins. Miðað við markaðsvæðingu af því tagi sem hv. þm. talar um þá gætum við t.d. markaðsvætt andrúmsloftið. Ef við hefðum kost á því og ef það gengi kaupum og sölum hefði það í sjálfu sér svipuð áhrif og framsal kvóta og það kerfi sem kippir raunar tilverurétti undan mörgum byggðarlögum. Þetta eru hlutir sem ég fyrir mína parta get ekki skrifað undir. Við eigum að stjórna eins og við teljum best. Við búum við markaðssamfélag en landið og þjóðin eru ekki markaðstorg og hv. Alþingi á ekki að einbeita sér að málum eins og gert er í allt of ríkum mæli hér, þ.e. að tala um markaðinn og peningahyggjuna. Við erum að stjórna samfélagi. Við erum að búa til ramma um það hvernig samfélaginu er best stjórnað og það er mergurinn málsins.

Þetta er innlegg í umræðu um nýtt fyrirkomulag fyrir stjórn fiskveiða og ég tel að allt of fáir hafi þorað eða viljað koma fram með tillögur til þessarar umræðu. Nefndin um breytingar á fyrirkomulagi um stjórn fiskveiða sem nú er að störfum þarf á slíkri vinnu að halda og hún þarf á svona vinnu frá fleiri aðilum að halda, ekki bara frá hv. 10. þm. Reykv., Pétri Blöndal, sem þekktur er fyrir sínar skoðanir um stjórnunarhæfileika markaðarins, heldur frá mörgum fleiri þannig að hægt verði að setjast niður og vinna þá vinnu sem vinna þarf.

Hrikalegar afleiðingar fiskveiðistjórnarkerfisins blasa við. Við vitum að fjölmörg byggðarlög úti um allt land eru í stökustu vandræðum. Þar hefur svo að segja við malbikað yfir afkomumöguleika fólksins, malbikað yfir kartöflugarða fólksins eins og ég hef orðað það stundum. Það er kerfi sem er ranglátt og það verður að finna leiðir til þess að breyta og færa til betri vegar. Innlegg þetta er innlegg í þá umræðu og eins og ég segi, það er vel.

Fiskveiðistjórnarkerfið verður að byggja á því að við finnum leið til þess að allir sem landið byggja, hvar sem þeir búa, hafi jafna möguleika á því að nýta auðlindir náttúrunnar. Auðlindir náttúrunnar eru forsenda þess sem menn hafa byggt og búið sér í haginn úti um allar jarðir. En kerfið sem við höfum byggt á síðasta áratug hefur leitt af sér að byggð hefur á mörgum stöðum landsins gjörsamlega farið í súginn og hefur eyðilagt fyrir fjölda fólks, fjölskyldum og byggðarlögum. Þetta eru þær staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við.

Hæstv. forsrh. lét taka við sig viðtal upp úr áramótunum og lýsti hrikalegum afleiðingum þess ef menn gætu sótt frjálst í auðlindir hafsins og lýsti yfir efnahagslegu hruni fyrir Ísland. En ég er ansi hræddur um að það sem hæstv. forsrh. fyrir hönd sinnar ríkisstjórnar var að lýsa gildi í raun og veru nú þegar um stóran hluta landsins. Sú lýsing að efnahagskerfið hrynji á í raun við um stóran hluta landsins, mjög mörg byggðarlög, þó með undantekningum. En það er staðreynd málsins.

Einkavæðingarstefna, hagræðingarstefna, að setja auðlindir í fárra manna hendur, afrakstur hugunin ein er að leiða okkur í ógöngur í þessu samfélagi. Það er morgunljóst. Og sú lýsing sem hæstv. forsrh. gaf í umræddu sjónvarpsviðtali, sem öll þjóðin kann og hefur fjallað um, er kannski ekki svo fráleit þegar við horfum 10–15 ár fram í tímann. Hvar stansar stjórnunarform auðhyggjunnar? Stansar það í Reykjavík? Stansar það bara á fimm póstum á landinu þar sem verða blómlegar útgerðir eða, eins og hæstv. forsrh. var kannski að ýja að, er Reykjavík eða höfuðborgarsvæði og kannski fjórir aðrir staðir þegar litið er á hagræðingu í útgerðarmálum, bara áfangi á leið t.d. til eignarhaldsfélags í Lúxemborg eða annars staðar í heiminum þar sem fjármagnið ræður? Gæti þá farið svo að formúlan sem gildir um hinar dreifðu byggðir sem hafa misst allt sitt nú þegar, eigi að gilda líka fyrir þá staði sem blómlegir eru nú um stundir en gætu átt sömu örlög fyrir höndum og þeir staðir sem við erum gjarnan að vitna til þegar við tölum um vanda landsbyggðarinnar og möguleika hinna dreifðu byggða til þess að afla sér viðurværis?

Þetta eru grafalvarleg mál sem verður að taka á. Þetta er ekki mál þeirra sem standa í atvinnurekstri. Þetta er mál samfélagsins um að gera ramma sem við viljum sjá fyrir heildina. Það er mergurinn málsins. Okkur á hinu háa Alþingi er allt of tamt að tala bara út frá hagsmunum þeirra sem standa í rekstrinum, uppgjörum þeirra og hvernig starfsemi þeirra stendur. En við hv. þingmenn gleymum því oft og tíðum — ég tala af reynslu minni hér sem nýr þingmaður um þriggja mánaða skeið — við gleymum því allt of oft að Ísland er ekki fyrirtæki. Ísland er samfélag og það á að reka samfélag á samfélagsnótum.

[13:40]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að þessi þáltill. er lögð fram og túlkar mínar skoðanir, þ.e. sú lausn sem lögð er fram. En samt sem áður er einungis í því fólgið að það eigi að kanna kosti og galla þessarar tillögu. Því er ekki haldið fram að hér sé á ferðinni einhver heilagur sannleikur sem leysi allan vanda heldur á að kanna kosti og galla.

Ég hef reyndar ekki enn þá fundið neinn agnúa á þessu en það kann að vera einhver agnúi sem mér hefur yfirsést og einhver annar gæti bent mér á.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um að kvótinn stöðvaðist kannski ekki endilega í Reykjavík, þá er það einmitt atriði sem ég kem inn á í greinargerðinni, í lið 2 á bls. 18. Þar segi ég, með leyfi herra forseta:

„2. Í auknum mæli hafa íslensk útgerðarfélög keypt útgerðir í mörgum löndum, orðið alþjóðleg. Þessi þróun er í fullum gangi. Þegar slíkt alþjóðafyrirtæki stundar útgerð í mörgum löndum heims, þar á meðal á Íslandi, er nokkuð víst að arðsmiðja þess mun ekki vera á Íslandi heldur yrði Ísland verstöð jafnsett hinum verstöðvum fyrirtækisins. Verksmiðjuskip fyrirtækisins kæmu jafnvel aldrei til hafnar á Íslandi. Auðlindin væri orðin alþjóðleg. Staðsetning höfuðstöðva fyrirtækisins skiptir hér engu eða ríkisfang eigenda."

Þeir munu hegða sér eins og allir einstaklingar. Ef hagsmunir þeirra rekast á hagsmuni þjóðarinnar þá munu þeirra hagsmunir ríkja en hagsmunir þjóðarinnar víkja nema litlu muni. Þetta urðum við vör við þegar skip voru seld frá Vestfjörðum til Akureyrar, að þrátt fyrir mikla átthagaást eigandans þá seldi hann af því að hann var bæði skorinn niður úr snörunni sem hann var kominn í og fékk auk þess mjög myndarlegan lífeyri.

[13:42]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt þetta sem ég tel nauðsynlegt að komi fram í umræðunni. Ég held eins og hv. þm. Pétur Blöndal bendir á að kapítalið, fjármagnið eiri engu og þess vegna er ég honum sammála um þær bollaleggingar og þá sýn sem hann setur fram í tillögu sinni. Ég tel að við þurfum að hafa svona hluti að leiðarljósi þegar við fjöllum um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu.

Hvaða sýn sem maður hefur eða lífsstíl eða lífsmáta þá er það nefnilega ekkert sjálfgefið, eins og hv. 10. þm. Reykv., Pétur Blöndal, kemur inn á, að útgerðin stöðvist við á þessum fimm eða sjö stöðum með því fyrirkomulagi sem við höfum keyrt eftir nú um nokkurra ára skeið, eins og ég nefndi. Það er áhyggjuefni Íslendinga að horfa fram á að eignarhald á grunnatvinnuþáttunum, grunnatvinnunni í landinu færist til útlanda á eignarhaldsfélög eins og ég tel að við höfum þegar fengið forsmekkinn af. Þjóðin klappar fyrir mönnum sem eiga peninga og hafa kannski að mestu leyti dregið þá út úr sjávarútveginum, mönnum sem eiga peninga og eru að þreifa fyrir sér í hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi eins og það er kallað, þreifa fyrir sér. Það er atrenna, er það ekki, að því að stunda og rækta auðlindina kannski frá ströndum meginlands Evrópu en ekki héðan eins og ég tel að þorri þjóðarinnar sé

sammála um að við eigum að gera. En í blindni erum við með allt aðra stefnu í gangi sem mun að óbreyttu leiða til þess að sú sýn sem sett er fram í greinargerðinni hjá hv. þm. mun rætast og við viljum hana ekki.

[13:44]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat um það sérstaklega að auðlind þjóðar gæti ekki verið í einkaeign. Þá er hún ekki lengur auðlind þjóðar. Við höfum háð landhelgisstríð til þess að ná yfirráðum yfir þessari auðlind og þessi sýn sem ég nefndi áðan, þ.e. að arðsmiðja auðlindarinnar fari til útlanda þó að staðsetningin og skrifstofan sé hér á landi, er aðalhvatinn þess að ég flutti þáltill. upphaflega og er aðalhvatinn fyrir því að ég flyt hana enn.

Það eru ekki endilega réttlætisrök hjá almenningi sem þó vega þungt sem hafa hvatt mig til þess að koma með þessa lausn vegna þess að það er svo erfitt að meta hvað er réttlátt og sýnist sitt hverjum. En sú sýn að arðsmiðjan fari úr landi og Ísland verði aðeins verstöð, er aðalástæðan fyrir því að ég flutti þessa tillögu.

Það að kapítalið eiri engu er ekki rétt. Kapítalið leitar bara hagstæðustu leiða fyrir sig og það er í sjálfu sér hvorki siðlaust né siðsamt. En þessi auðlind sem við búum við og þau auðæfi sem hafa orðið til úr engu, vegna þess að útgerðin var rekin með miklum halla áður en fiskveiðistjórnarkerfið var tekið upp, er búin til af ríkisvaldinu með þeim takmörkunum sem settar voru á aðgang að auðlindinni. Þar með urðu þessi verðmæti til. Ríkisvaldið bjó til þessi verðmæti og þess vegna finnst mér mjög eðlilegt að dreifa þessum verðmætum til þjóðarinnar.

[13:46]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn og aftur þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir heiðarlega nálgun mála út frá sinni lífssýn. Það er meira en sagt verður um þorra þeirra þingmanna sem styðja hæstv. ríkisstjórn og segja eitt en eru í raun með grunn sem stefnir að allt öðru. Þess vegna finnst mér gott að fá innlegg af þessu tagi í púkkið til þess að vinna vinnuna, innlegg sem byggir á því sem menn hjartanlega meina. Ég hef séð fyrir mér nákvæmlega sömu hættumerki og sett eru fram í greinargerð hv. 10. þm. Reykv. Þess vegna vil ég beygja af leið og byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Það er svo himinklárt í mínum huga að það verður að leggjast í þá vinnu að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu, vinda ofan af því, færa það í þá átt sem við viljum sjá um framtíðarþróun íslensks samfélags, þ.e. að byggja á auðlindinni fyrir okkur og okkar fólk þannig að við missum það ekki út úr höndunum á okkur eins og er að gerast í núverandi stjórnarstefnu á mörgum póstum í einkavæðingarstefnunni þó svo að hv. þingmenn sem styðja stefnuna segi eitt og meini kannski í hjarta sínu allt annað. Það er mergurinn málsins.

[13:48]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir þá tillögu sem hann leggur fram og þá augljóslega miklu vinnu sem hann hefur lagt í þessa tillögugerð. Ég held að það sé til mikillar fyrirmyndar að menn reyni að nálgast þetta verkefni eins og hv. þm. gerir og það er alveg augljóst þegar menn fara yfir þá greinargerð sem þessari tillögu fylgir að í hana hefur verið lögð mikil vinna. Hins vegar má benda á, og það jaðrar kannski við útúrsnúning, að tillagan gerir ráð fyrir að hlutir verði skoðaðir og ætlast til að hún verði samþykkt, en síðan er greinargerðin meiri útfærsla á hugmyndum hv. þm. Kannski hefði hann mátt gera ítarlegri grein fyrir þessari tæknilegu útfærslu í tillögunni en gera það ekki einungis í greinargerðinni. En þetta er í sjálfu sér ekki aðalatriði málsins.

Grundvallarhugsun hv. þm. í þessu máli virðist mér vera að sækja til baka þau verðmæti sem takmarkaður aðgangur að auðlindinni augljóslega er. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ríkisvaldið hefur búið til þessi verðmæti með því að takmarka aðganginn að henni, hefur úthlutað þeim verðmætum, og hv. þm. er að setja fram hugmyndir um það hvernig megi sækja þessi verðmæti til baka. Það er því alveg augljóst að hv. þm. er að reyna að vinna til baka hugsanlega þann skaða sem stjórnmálamenn fyrri áratuga hafa nú þegar unnið. Hv. þm. er að reyna að vinda ofan af því.

Í tillögum hv. þm. kemur fram að hann ætlar að gera þetta á 20 árum. Hv. þm. ætlar að reyna að sækja þessi réttindi til baka og skila þeim til þjóðarinnar á 20 árum, þ.e. afskrifa á hverju ári 5% af þeim heimildum sem nú er úthlutað og gera það þannig að á öðru ári verði það 10%, þriðja árið 15% og svo koll af kolli þar til allar þessar heimildir hafa verið sóttar til baka með þeim afskriftafræðum sem hv. þm. setur fram.

Hann rökstyður mál sitt með því að segja að þetta sé ekki hægt að gera í einu vetfangi vegna þess að í fyrsta lagi lendi ákveðinn stöðugleiki í samfélaginu og efnahagskerfinu í hættu ef farið verður í þetta verk í einu lagi og í öðru lagi er það einfaldlega þannig að okkar helstu lögspekingar hafa á það bent að þetta verði ekki gert í einu vetfangi nema til komi þá hugsanlega bætur til þeirra sem nú hafa öðlast þessi réttindi. Ég held að þessi aðferðafræði standist bæði umræðuna um stöðugleikann og eins þá almennu umræðu sem fram hefur farið um lagaleg áhrif þessa.

Hins vegar má segja sem svo að þegar menn eru að leita leiða í jafnstóru máli og þessu, þá sé alveg ljóst að þeir komist ekki fyrir allar víkur og í þessari umræðu er ekki mikið farið út í þau áhrif sem þetta kann að hafa á byggðarlögin, enda kannski gersamlega vonlaust að reyna að gera sér grein fyrir hvaða áhrif þetta kann að hafa.

Í fyrsta lagi er það markmið að reyna að vinna til baka til þjóðarinnar þau réttindi sem ríkisvaldið hefur afhent og í öðru lagi að úthluta þeim á nýjan leik og það er í grunninn sú hugsun sem hér býr að baki.

Ég velti því hins vegar fyrir mér, og það er kannski meginástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs í þessari umræðu, hvernig hv. þm. sér þessa þróun, þ.e. alla vega fyrstu árin, að 5–15% útboð á aflaheimildum muni í raun hafa nokkur áhrif á verðið, þ.e. að þetta sé svo lítið að það muni ekki hafa áhrif á verðmyndun frá því sem nú er. Og það er eitt sem ég held að við þurfum að hugleiða mjög alvarlega, þ.e. hvort sú prósentutala sem hv. þm. leggur hér af stað með sé í raun til þess fallin að lækka það verð sem nú er bæði á leigukvóta innan árs og eins á varanlegum aflaheimildum, því a.m.k. hvað varðar varanlegar aflaheimildir þá er þetta svo lítið að það er kannski bara rétt til þess að koma inn í þann jaðarkvóta sem nú er seldur á markaði á mjög háu verði. Það er kannski sú spurning sem ég vil fyrst og fremst beina til hv. þm.

Hins vegar vekur það vissulega eftirtekt að hv. þm. sem að öllu jöfnu hefur talað fyrir einstaklingsfrelsi og gert það af einurð og hugrekki og verið mjög heiðarlegur í þeim málflutningi sínum, er að mörgu leyti núna að leggja fram tillögu sem er kannski meiri sósíalismi, ef nota má það orð,

en lagður hefur verið fram á þingi í háa herrans tíð, þ.e. að þau réttindi sem ríkisvaldið hefur úthlutað með þeim hætti sem það hefur gert til einstaklinga og félaga eru innkölluð til þess að afhenda þau allri þjóðinni og það er kannski meira í ætt við aðra hugmyndafræði en þá sem hv. þm. er hvað þekktastur fyrir og vekur eftirtekt þegar yfir þessa greinargerð er farið.

Hins vegar er það svo að þegar við ræðum þessi mál þá ræðum við þau náttúrlega út frá þeim forsendum sem við búum við í dag, út frá þeirri stöðu sem við búum við í dag, og það takmarkar kannski umræðuna að miklu leyti.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég vil þakka hv. þm. fyrir tillögurnar. Ég held satt best að segja að þetta jaðri við að vera fjarvistarsönnun Sjálfstfl. frá því að hann hafi áhuga á þessum málum að öðru leyti en því að viðhalda óbreyttu kerfi. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þá vinnu sem hann hefur lagt hér í en augljóslega er lítill stuðningur úr hans flokki við hugmyndir af þessum toga, enda er hann einn á þeirri vegferð sem hann leggur upp í.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, þá vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm. hvernig hann sjái verðmyndun á aflaheimildum a.m.k. fyrstu árin, þ.e. hvenær sú lækkun sem a.m.k. er reynt að gera grein fyrir í þessari greinargerð komi hugsanlega til framkvæmda því að ég er smeykur um að þessi prósentutala sé í reynd allt of lág ef slá á á það verðlag sem nú ríkir í þessum markaði.

[13:55]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að hér er verið að breyta eignarhaldinu á kvótanum. En það er ekki verið að vinna aftur til baka þau auðæfi sem menn hafa fengið. Menn eru búnir að nýta hlunnindin því að útgerðin hefur breyst úr því að vera í bullandi halla yfir í það að vera í góðri afkomu og flest útgerðarfyrirtæki í dag skila góðum hagnaði. Það er ekki meiningin að taka þetta til baka, heldur á að taka hægt og rólega þennan ókeypis kvóta sem menn hafa fengið varanlega sem var þó í raun og veru aldrei úthlutað varanlega því að það hefur alltaf verið fyrirvari á því.

Það sem útgerðin fær í staðinn er að hún hefur þennan kvóta algerlega frjálsan og það svarar kannski spurningu hv. þm. um verðið. Verðið í dag á kvótanum er svona hátt vegna allra þeirra takmarkana sem búið er að setja á kvótann. Framsal, erfðir, veðsetning, eignarhald útlendinga o.s.frv., allt er þetta íþyngjandi fyrir útgerðina, mjög íþyngjandi, þannig að það er með ólíkindum að hún skuli skila hagnaði þrátt fyrir allar þessar kvaðir. En hún gerir það að sjálfsögðu vegna þess hve arðsemin af auðlindinni er mikil. Ég reikna því með að þessi kvóti útgerðarinnar muni fara mikið á markað, þessi kvóti sem hún heldur í 20 ár. Það verður algerlega frjálst og óbundið skipum. Síðan er reiknað með því að árlegar veiðiheimildir verði seldar fram í tímann þannig að fyrsta árið koma fimm plús tíu plús fimmtán prósent, þ.e. 30% á markað til næstu þriggja ára og síðan 20% árið þar á eftir þannig að það kemur umtalsvert til sölu strax við gildistöku laganna.

[13:57]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að þó að ég taki kannski ekki undir þessar hugmyndir þá hafi ég sagt að ég sé mjög hugsi og mjög jákvæður gagnvart ákveðnum grundvallarviðhorfum sem hér birtast. Ég sagði einnig að ég skildi þessar hugmyndir þannig að verið væri að kalla til baka þau verðmæti sem nú hefði verið úthlutað og dreifa þeim til þjóðarinnar.

Í sjálfu sér taldi ég ekki að hugarórar mínir einir byggju þar að baki heldur fyrst og fremst sú greinargerð sem hv. þm. hefur lagt fram. Þar segir m.a. í fyrsta lagi þar sem dregnar eru saman niðurstöður þeirra hugmynda sem hann ber fram: „Mikilvægt er að breyta eignarhaldinu þannig að sátt náist um það meðal þjóðarinnar.“ Í öðru lagi segir hv. þm., og það er niðurstaða hv. þm. hvað varðar 1. gr. laga um stjórn fiskveiða: „Með núverandi fyrirkomulagi eru nytjastofnarnir augljóslega ekki sameign þjóðarinnar.“ Niðurstaðan er síðan sú að auðlindin geti ekki verið í eigu einstaklinga eða fyrirtækja þeirra.

Virðulegi forseti. Þetta verður ekki lesið öðruvísi en svo að auðlindin sé núna í eigu einstaklinga og fyrirtækja þeirra og að hér sé verið að leggja til að þessu eignarhaldi verði breytt á þann hátt sem hér er lagt til, þ.e. að það verði kallað til baka frá einstaklingum og fyrirtækjum og því síðan dreift aftur út á meðal þjóðarinnar. Ég sé því ekki annað en að svo sé, virðulegi forseti, og bið þá um betri rök ef það er ekki réttur skilningur hjá mér að hér sé verið að kalla til baka þau réttindi sem úthlutað var eins og nú hefur verið gert og dreifa þeim og skipta þeim upp að nýju.

Virðulegi forseti. Ég kalla eftir röksemdum ef þetta er rangur skilningur.

[13:59]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú arðsemi sem menn hafa haft af kvótanum hingað til er ekki kölluð til baka. Hún er komin í hús. Það sem kallað er til baka er stofninn sem menn höfðu hvort sem er aldrei varanlega. Það var ætíð háður fyrirvari á því að þessi kvóti væri ekki eign útgerðarfyrirtækjanna. Þar sem það stendur að auðlindin sé sameign þjóðarinnar þá er a.m.k. ekki verið að taka þetta til baka lögfræðilega.

Hv. þm. sagði að ég hefði ekki rætt um áhrifin á byggðarlögin. Það er alveg sérstakur kafli í grg. um áhrifin á byggðarlögin. Ég tel nefnilega að þetta muni ekki hafa skaðleg áhrif á byggðarlögin út um allt land heldur geti jafnvel orðið til góðs vegna þess að verðið á veiðiheimildunum muni lækka mjög verulega eins og sýnt er með því að hagnaður stærstu útgerðarfyrirtækjanna sem eru best rekin er 10–30 kr. á hvert kg sem þau mega veiða. Þau geta sem sagt ekki borgað mikið meira.

Varðandi spurninguna hvort þetta sé sósíalismi eða ekki þá hefur það verið margsagt af mörgum að þetta sé sósíalismi. Í mínum huga þýðir orðið sósíalismi að eignir eru teknar af einstaklingum og fluttar til ríkisins. Það er minn skilningur á orðinu sósíalismi. Það að taka eignir sem eru núna í eigu ríkisins og flytja til einstaklinga er þá antisósíalismi. Ég kalla það almenningsvæðingu og jafnvel einkavæðingu.

[14:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er alla vega þessi misskilningur um eignarhaldið og arðsemina leiðréttur. Hv. þm. notaði orðið „eignarhald“ áðan en ég heyri það núna að hann hefur leiðrétt það og talar um arðsemi.

Varðandi byggðarlögin þá sagði ég ekki að ekkert væri fjallað um áhrifin á þau en hins vegar voðalega erfitt að spá hvaða afleiðingar þetta gæti haft í för með sér. Það er eins og með alla spádóma að þeir byggja aðeins á þeim forsendum

sem við höfum í dag. Við getum ekki sagt til um hvernig fólk bregst við.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki vera að æsa hv. þm. upp á því að hann sé hér að leggja fram tillögur sem byggi á grunni einhvers konar sósíalisma. Hann hefur verið á ákveðnum flótta frá því í þessari umræður. Ég heyri að hann kann því ekki vel. Það breytir hins vegar ekki hinu, að grundvallarhugmyndafræði hans er sú að breyta eignarhaldinu frá því sem það er í raun í dag, kalla það inn með ákveðnum afskriftarreglum og dreifa því að nýju til þjóðarinnar.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það getur ekki til lengdar orðið sátt um þau réttindi sem ríkisvaldið bjó til og dreifir síðan eins og gert er. Ég er því sammála þessum grundvallarviðhorfum þó ég hafi ákveðnar efasemdir um þá aðferðafræði sem hér er beitt.

[14:02]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég vil þakka þá ítarlegu og málefnalegu umræðu sem hér hefur átt sér stað. Hér hefur margs verið spurt og margar skoðanir komið fram og það ber að þakka. Það er innlegg í málið.

Varðandi það að þessi hugmynd kunni hugsanlega að styrkja byggðirnar þá vil ég nefna að á bls. 7 í greinargerð með frv. kemur fram að nú eru menn að úthluta heimildum til byggða. Það er ákaflega vandasamt og veldur deilum. Erfitt er að hanna kerfi sem dreifir kvóta á byggðarlögin. Hverjum á að bæta tjónið? Þá erum við að tala um tjónið sem núverandi fiskveiðistjórnarkerfi og eignarhald hafa valdið. Við erum ekki að ræða um tjón eftir breytinguna heldur því sem valdið hefur verið hingað til. Á að bæta sjómönnum það eða útgerðarmönnum, frystihúsum, sveitarfélaginu, verslunareigendum eða húseigendum? Fyrirtæki hafa fara á hausinn, verið sameinuð öðrum fyrirtækjum á öðrum stöðum og jafnvel flutt starfsemi sína annað. Einstaklingar hafa látist eða flutt burt. Ný fyrirtæki hafa verið stofnuð og nýtt fólk flutt til staðarins og börn fæðst. Hver á að fá kvótann, ef á að bæta fyrir þann skaða sem orðið hefur? Ég sé ekki nema einn aðila sem hægt er að bæta kvótamissinn eða tapið, ætli menn að gera það yfirleitt, og það er sveitarfélagið. Það er eini aðilinn sem stendur eftir. Hvort sveitarfélagið fær peninga eða kvóta, þegar hann er orðinn seljanlegur, er í raun nokkurn veginn hið sama. Sveitarfélagið gæti þá lækkað skatta á borgara sína og fyrirtæki í staðinn.

Það er ómögulegt að skilyrða slíkar heimildir þannig að aflanum verði landað á staðnum. Þetta hafa menn reynt en það gengur ekki. Menn geta landað honum á staðnum og flutt hann burt. Fyrirtæki á staðnum geta keypt þennan kvóta og selt þann kvóta sem þau eiga fyrir eitthvað annað. Það er því ekki hægt að skilyrða veiðiheimildir þannig að aflanum verði landað á staðnum. Niðurstaðan eftir þessar röksemdafærslur er að ef taka á upp byggðakvóta, sem ég er ekkert endilega viss um, þá skuli hann renna til sveitarfélaganna og þau geti svo selt hann.

Ég ætla að fjalla um nokkrar spurningar sem ég sleppti í fyrri ræðu minni á bls. 4 í greinargerðinni. Þar eru nokkrar spurningar um núverandi kerfi. Hvernig varð það til? Hvers vegna fengu útgerðarmenn verðmæti en ekki skipstjórar og sjómenn sem þó sóttu aflann? Voru útgerðarmennirnir ekki búnir að fá þann arð af rekstrinum sem fyrir lá að þeir gætu vænst? Af hverju áttu þeir löngu seinna að fá einhverja uppbót? Voru þeir ekki búnir að fá sína umbun fyrir þá áhættu sem þeir tóku? Voru ekki sjómennirnir búnir að hætta lífinu og fá laun sem skipstjórar? Þessi úthlutun til útgerðarmanna er miklu líkari happdrætti sem sumir fengu að taka þátt í en ekki allir.

Svo má benda á, eins og hefur komið fram í umræðunni, að ef ríkisvaldið hefði ekki takmarkað aðganginn að auðlindinni þá væri hún sennilega bara búin. Þá ætti útgerðin ekki neitt og sjómenn ekki heldur.

Einnig mætti spyrja: Af hverju er þetta tímabil, nóvember 1982 til október 1983, valið? Margir útgerðarmenn höfðu veiðireynslu bæði fyrir og eftir þetta tímabil. Sumir voru með skipin sín í viðgerð á þessum tíma, bara ósköp venjulegri klössun. Þeim er refsað illilega fyrir það eftir á. Hvers lags kerfi er þetta eiginlega? Þeir hefðu aldrei sett skipin sín í klössun á þessum tíma ef þeir hefðu vitað að það yrði miði í lottói.

Hvers vegna fengu fiskverkunarhús og starfsmenn þeirra engan hlut í verðmætunum þó að þau séu mjög háð veiðunum? Hvers vegna fengu sveitarfélögin engan hlut þó að þau hafi skapað aðstöðu og þjónustu fyrir útgerðina og það fólk sem vann við veiðar og vinnslu og eru mörg hver mjög háð aflanum? Hvers vegna fékk ríkið engan hlut þó að það hafi lagt til ríkisábyrgð á láni til skipa, kostað rannsóknir, byggt hafnir og hafði meira að segja búið til auðlindina? Hvers vegna fékk fólkið í landinu ekkert? Þetta eru spurningar sem vakna þegar menn líta á núverandi kerfi.

Í fyrri ræðu minni náði ég ekki að fjalla um áhrif þessa frv. á útgerðir og sjómenn. Það er sérstaklega áhugavert að ég held að hægt væri að lofa útgerðinni, í staðinn fyrir missi kvótans, að aflétta af henni öllum kvöðum sem settar hafa verið á útgerð umfram aðrar atvinnugreinar. Það eru óskaplegar kvaðir á útgerð og sumir hafa sagt við mig að útgerð snúist meira um lögfræði en veiðar. Með því að aflétta þessum kvöðum af útgerðinni, t.d. framsalinu, þá getur verið að þessi eign sem afskrifast á 20 árum og er bara svífandi — hún þarf ekki að vera bundin við skip, ekki að vera bundin við persónur eða nokkurn skapaðan hlut, það má framselja hana eins og mönnum dettur í hug — yrði miklu verðmeiri en núverandi eign. Hún mundi skapa meiri arð í greininni en núverandi eign sem er pikkföst við skip og alls konar óhagræði sem fylgir því að flytja hana á milli. Þetta mundi hugsanlega sætta útgerðina við þessa breytingu.

Sá langi aðlögunartími sem reiknað er með, 20 ár, og það að heimila skattalega afskrift þessarar eignar um leið og hún er afskrifuð hjá fyrirtækjunum gæti einnig stuðlað að sátt um breytinguna hjá útgerðarmönnum. Svo má ekki gleyma því að útgerðarmennirnir hafa mjög neikvæða ímynd vegna kvótasölunnar sem þeir eiga ekki sök á. Útgerðarmenn sem eru í útgerð í dag hafa ekki selt kvóta heldur hafa þeir margir hverjir keypt hann háu verði. Það á ekki að skamma þá, þeir hafa rekið sín fyrirtæki vel, hafa verið í útgerð og eru enn. Útgerðin gæti því hagnast á þessari breytingu. En ef, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á, Vatneyrardómurinn verður staðfestur og ekkert hefur verið gert þá verður það mjög skaðlegt fyrir útgerðina. Ef Vatneyrardómurinn verður felldur og ekkert verður gert þá yrði það líka mjög skaðlegt fyrir útgerðina. Það er nokkuð sama hvað gerist, ég tel að það muni skaða útgerðina. Þess vegna er brýnt að svona tillögur og aðrar verði skoðaðar og það liggi fyrir eitthvað sem menn geti gripið til þegar dómurinn fellur, á hvorn veginn sem hann fer.

Síðan vil ég ræða um áhrif þessa á sjómenn. Sjómenn hafa tekið þátt í kvótakaupunum. Sá væri blindur sem héldi öðru

fram. Tonn á móti tonni er ekkert annað en það að sjómenn borga fyrir kvótann. Hvað á sjómaður að gera þegar hann stendur frammi fyrir því að kvótinn er búinn? Nú leggjum við skipinu og þú tekur bara pokann þinn eða við getum keypt þennan kvóta en við getum ekki gert út á hann, hann er svo dýr. Þú verður að taka þátt í kaupunum. Hvað halda hv. þm. að sjómenn geri í slíkri stöðu? Þeir taka að sjálfsögðu þátt í að greiða kvótann. Sjómenn hafa greitt fyrir kvóta og meira að segja mjög hátt verð, miklu hærra en hér er verið að tala um. Ég hugsa að þessi breyting muni frekar verða jákvæð fyrir sjómenn heldur en hitt.

Herra forseti. Ég ræddi um það í fyrri ræðu minni að ýmiss konar gagnrýni hefði komið fram á hugmyndina. Ég náði ekki að klára það allt. Ég ræddi um það hvort tillagan ylli byggðaröskun og komst að þeirri niðurstöðu að hún gerði það ekki vegna þess að málið snerist aðeins um hvaða útgerðarfyrirtæki gætu veitt ódýrast. Það eru útgerðirnar á stöðum nálægt miðunum. Þannig kynni þetta jafnvel að valda því að heimildir færu út á land en ekki öfugt. Síðan er það spurningin um hvort kvótinn muni safnast á fáar hendur. Menn hafa haldið því fram að útlendingar muni kaupa þetta allt. Það er reiknað með því að útlendingar megi eiga þetta. Því er til að svara að ef einhver ætlaði sér að kaupa allan kvótann þá yrði hann að gera það ár eftir ár eftir ár. Á hverju einasta ári yrði hann að bjóða meira en nokkurn önnur útgerð í landinu sem mundi um leið þýða að hann yrði að veiða ódýrar en allir aðrir. Hafa menn virkilega trú á því að einhver einn aðili geti veitt ódýrar en allir aðrir? Ég hef ekki þá trú. Ég hef heldur ekki þá trú að útlendingar geti veitt ódýrar hér við land en Íslendingar. Hér við strendur landsins.

Þá er það spurningin: Er hugmyndin framkvæmanleg? Fyrir einum eða tveimur áratugum hefði hún ekki verið framkvæmanleg. En eftir að verðbréfamarkaðurinn þróaðist eins og hann hefur gert, reynsla er komin t.d. af sölu húsbréfa sem er mjög lipur og eftir að tekin verður upp rafræn skráning verðbréfa, sem verður innan nokkurra mánaða, þá er leikur einn að selja verðbréf sem þessi úthlutun eða ávísun yrði. Ég bendi á að þegar Búnaðarbankinn var seldur þá bauð þriðjungur þjóðarinnar með viku fyrirvara. Fólkið er nefnilega aldeilis tilbúið að taka þátt í slíkri markaðsvæðingu. Þetta frv. er nefnilega markaðsvæðing fyrst og fremst.

Síðan kemur að spurningu sem ég hef oft verið spurður. Er einhvers staðar slíkt kerfi til erlendis? Ég verð því miður að segja nei. Ég hef ekki getað fundið slíkt kerfi neins staðar erlendis. Það er til svipað kerfi í Alaska en ekki á sama hátt og hér er ráð fyrir gert: Að arðinum sé dreift út til þjóðarinnar, enda held ég að það séu ekki voðalega margar þjóðir sem búa við sömu aðstæður og við, með fiskimið í kringum landið sem vegna aðgerða ríkisvaldsins hafa öðlast mikil verðmæti. Auk þess eru þau meginuppspretta lífskjara þjóðarinnar. Það eru ekki mörg lönd sem búa við slíkar aðstæður.

Herra forseti. Í greinargerðinni eru samandregin nokkur rök fyrir þessari breytingu. Þar eru nokkur rök sem enn hafa ekki komið fram, t.d. það sem iðnaðurinn hefur margoft bent á, þ.e. að hér á landi verða reglulega sveiflur þegar útgerðin gengur vel, hún borgar hærri laun og hefur rústað iðnaðinum reglulega. Þeir segja á sjö ára fresti. Það hefur vantað sveiflujöfnun á útgerðina. Hér verður til sveiflujöfnun. Þegar mjög vel gengur í útgerðinni, þá hækkar verðið á kvótanum. Þegar erlent verð hækkar, þá hækkar verðið á kvótanum því að margir vilja gera út og eru tilbúnir til að borga mikið fyrir það. Þegar verðið hækkar þá flyst arðurinn yfir til heimilanna og þau geta þá annaðhvort lagt fyrir, gert sér dagamun eins og nefnt hefur verið eða farið í fjárfestingar. Þegar illa gengur hjá útgerðinni þá mun verðið á kvótanum lækka. Það getur jafnvel lækkað mjög mikið í vissum fisktegundum. Hver verður þá að blæða fyrir það? Það eru heimilin í landinu.

Ég hugsa að heimilin í landinu séu sá aðili sem best er fær um að sveiflujafna. Það er sá aðili sem er miklu betur fær um að sveiflujafna en nokkurn tíma ríkið. Ef ríkið fær miklar tekjur eitt árið þá reisir það spítala, skóla og annað slíkt og ræður fólk. Það situr uppi með kostnaðinn og losnar ekki við hann þegar illa gengur. (**GAK:** Þarna er kominn Kanaríeyjaferðin.) Þarna er komin Kanaríeyjaferðin, já eða nýr bíll, ný húsgögn eða eitthvað slíkt. Fólk þarf að kaupa slíkt en ekki endilega akkúrat núna.

Einnig hef ég bent á að þetta muni bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart útlöndum. Það fer í auknum mæli að reyna á hvernig lönd standa sig í samkeppni um peninga, fyrirtæki og fólk. Þegar fólk fær fyrir fram, segjum 50 þús. kr. á hvern fjölskyldumeðlim fyrir það að búa á Íslandi umfram það sem fyrirtæki þurfa að búa við annars staðar í öðrum löndum, þá verður auðveldara að reka atvinnustarfsemi hér en erlendis. Það verður auðveldara og það þarf ekki að borga eins há laun á Íslandi vegna fyrirframgreiðslunnar sem fólk fær fyrir það að búa hér á landi. Þetta mun líka halda fólki á Íslandi, að eiga von á slíkri árlegri greiðslu. Þetta mundi bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart útlöndum, hvað varðar fyrirtæki, fólk og jafnframt varðandi fé.

Menn hafa sagt að þetta væri mikil blóðtaka fyrir útgerðina sem muni jafnvel verða arðlaus og tapa. Því er til að svara að ekkert fyrirtæki í venjulegum rekstri greiðir meira fyrir aðföng en það gefur í arð. Útgerðin mun greiða akkúrat það verð fyrir kvótann sem mun að meðaltali gefa henni arð. Hún mun kaupa kvóta á sama hátt og olíu og önnur aðföng.

[14:17]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kærkomið að ræða örlítið um markaðinn og markaðsáhrif í framhaldi af ræðu hv. 10. þm. Reykv., Péturs H. Blöndals. Það er nefnilega farið með þvílíku offorsi í þær breytingar sem hv. þm. boðar í samfélaginu í heild sinni að þjóðin fylgir í raun og veru ekki með. Í ræðum margra þingmanna er verið að dást að því að stór hluti þjóðarinnar, 90–120 þúsund manns, hafi t.d. hlaupið til og keypt hlutabréf í einum banka. Ég fullyrði að stærstur hluti þessa fólks er ekki að fjárfesta í viðkomandi banka á þeim forsendum eða með þeim huga sem hlutafjárkaup eiga og eru í eðli sínu nauðsynleg.

Þegar fólk er að kaupa vegna markaðsvæðingar í írafári eins og framkvæmt hefur verið af núverandi ríkisstjórn og hefur verið gert núna um nokkurra ára skeið, þá er fólk ekki að kaupa hlutabréf, það er að spila í lottói. Það er óheilbrigt að stilla hlutum upp á þennan hátt, í hæsta máta óheilbrigt. Og það er vegna þessa ástands og þess hraða sem er á málunum og hvernig þingið og ríkisstjórnin stillir málunum upp sem við erum komin í mjög óheilbrigt efnahagsástand. Það er lottóspil sem hefur ekkert að gera með þennan fjárfestingaranda eða innstillingu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal boðar, því miður. Þannig gerast kaupin á eyrinni. Og eftir nokkra mánuði, talandi um Búnaðarbankann, eru að mér skilst ekki nema 40 þúsund hluthafar eftir úr öllu írafárinu. Hraðinn, óhemjugangurinn í sölu ríkiseigna hefur leitt til þess að hér er mórall gullgrafaranna svífandi yfir vötnunum og það er

það sem við erum að bíta úr nálinni með á hinum ýmsu sviðum samfélagsrekstursins.

[14:19]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hv. þm. hefur ekki mikla trú á markaði og það er honum alveg í sjálfsvald sett að hafa ekki mikla trú á markaði. Þeir höfðu það heldur ekki austur í Sovét og það gekk nú eins og menn vita með antimarkaðsvæðinguna þar að stýra öllu að ofan frá grænum skrifborðum.

Ég hef aftur á móti þá trú að markaðurinn geti leyst mikið af þeim vandamálum sem við erum að glíma við vegna þess að hann finnur alltaf rétta verðið á vöru og þjónustu.

Varðandi það að menn hafi fjárfest í Búnaðarbankanum og þar eigi „aðeins" 40 þúsund manns hlutabréf enn, þá er það aldeilis hellingur og hefði einhver átt að segja fyrir svo sem eins og þrem, fjórum árum að eitt hlutafélag á Íslandi hefði selt 40 þúsund manns varanlega hlutabréf. Sá fjöldi hefur því væntanlega keypt vegna þess að fólk hefur mikla trú á fyrirtækinu og arðsemi þess.

Ég held því að Íslendingar séu mjög móttækilegir fyrir einmitt markaði og séu tilbúnir til þess að láta markaðinn ráða verðlagningu á vöru og þjónustu. Þar á meðal t.d. í því kerfi sem hér er lagt til, allsherjarmarkaðsvæðing á kvótanum, sem muni lækka verðið og flytja veiðiheimildir til þeirra sem geta veitt fiskinn ódýrast. Það er engin önnur leið en markaðurinn, hvorki á grænum skrifborðum sovétherranna á sínum tíma né annars staðar, sem hefur sýnt sig að finna rétta verðið á slíkum vörum.

[14:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að við lifum í markaðssamfélagi. Það er ekki það sem málið snýst um. Málið snýst um breytingar á kerfum, málið snýst um það ef við förum ofan í fjölskyldubúskap að taka ákvörðun um að selja fjölskyldusilfrið. Það er þar sem þetta óheilbrigða ástand verður til, þegar menn fara að rífast um fjölskyldusilfrið á algerlega óeðlilegum forsendum.

Vandamálin í íslensku efnahagskerfi í dag eru út af ákvarðanatöku um sölu á fjölskyldusilfrinu og æðibunugangurinn í kringum það mál allt, hraðinn, óvönduð vinnubrögð, markaðshugsunin hér í þinginu allsráðandi, viðskiptaleg hugsun en ekki hugsunin um það hvernig á að búa til ramma sem gagnast öllum þannig að allir eigi jafnan rétt. Hér hefur verið opnaður veðhlaupabás á nokkurra mánaða festi um nokkurra ára skeið, veðhlaupabás þannig að markaðsvæðingin verður tryllt, ekki gróðahyggja því að fyrirtækin verða að græða, hér erum við komin yfir mörkin í að græða og yfir í græðgi. Það er mergurinn málsins. Og það er það fyrst og fremst sem þjóðin er ósátt við.

Ég er að mæla þessi orð vegna þess að hér verður að vanda til verka. Ísland er samfélag, Ísland er ekki fyrirtæki og við þurfum að einbeita okkur að því á hinu háa Alþingi að hugsa um Ísland sem samfélag og hugsa minna um það sem fyrirtæki eins og brennur við í ræðu allflestra, a.m.k. stjórnarliða, og það er það sem ég er ósáttur við og vara við.

[14:23]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við Íslendingar erum núna að hverfa frá mjög miðstýrðu sovétkerfi og það er viðbúið að upp komi ýmiss konar barnasjúkdómar við þá breytingu, ýmislegt sem þurfi að skoða og breyta, t.d. viðhorfum, lögum og reglum. Og nýjasta dæmið er þetta upphlaup varðandi innherjaviðskipti þar sem reglurnar eru ekki nægilega útfærðar og viðbúið er að menn lendi í slíkum vandræðum þegar verið er að gera svona mikla breytingu frá miðstýringu yfir í markað.

En það er ekki þar með sagt að markaðurinn sé slæmur þó að upp komi einhverjir barnasjúkdómar eða að markaðsvæðingin sé tryllt. Hún er það alls ekki. Ég hugsa að almenningur sé miklu meira meðvitaður núna um atvinnulífið, um gildi atvinnulífsins fyrir þjóðina en áður. Nú þykir engin skömm að því að fyrirtæki séu vel rekin og bjóði ódýra þjónustu og skili hagnaði samt. Menn eru búnir að átta sig á því að hagnaður fyrirtækja verður oft til úr engu. Fyrirtæki getur skilað miklu tapi með nákvæmlega sama mannskap og aðföngum og það getur líka skilað hagnaði bara með því að skipuleggja reksturinn betur og hafa betri stjórnun. Á þessu eru menn farnir að átta sig og ég held að sú sýn sem hv. þm. hefur á hinum íslenska borgara sé röng, hinn almenni borgari er ekki svona vitlaus. Hann hefur miklu meiri athyglisgáfu og hann er að læra á kerfið og mér finnst að almenningur á Íslandi hafi núna miklu meiri skilning á atvinnulífinu en hann hafði fyrir um fimm eða tíu árum.

[14:25]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þessi þáltill. er nú endurflutt. Ég og hv. þm., flutningsmaður hennar, höfum rætt þessi mál nokkuð oft áður. Það er því kannski ekki neitt nýtt í þeim en þó held ég að rétt sé að fara yfir þessa hluti nokkrum orðum.

Það er athyglisvert við þennan tillöguflutning hv. þm. að hann er samstofna mjög mörgum vitringakórum sem heyrast núna þessa daga í þjóðfélaginu um það hvernig stýra eigi fiskveiðimálum og allir þessir kórar eru sammála um eitt og ganga út frá einum grundvallarhlut. Þeir eru að tala um hvernig úthluta eigi aflakvótum, allir. Í þáltill. sem hér liggur fyrir kemur það líka mjög skýrt fram strax í I. kaflanum hjá flutningsmanni því að hann segir þar: „Ekki verði hróflað við aflamarkskerfinu." Þetta er meginmálið, herra forseti. Þessar tillögur hv. þm. ganga út frá því að hrófla ekki við aflamarkskerfinu eins og mjög margar aðrar sem láta á sér kræla í þjóðfélaginu.

Við getum náttúrlega deilt um það endalaust, þetta er svona eilífðardeila, hvernig eigi að úthluta aflamarkskerfi og við höfum gert það áður og ég ætla ekki að eyða þeim fáu mínútum sem fást til að ræða það hér.

Ég ætla hins vegar, herra forseti, að rifja það upp að deilurnar um fiskveiðistjórnarkerfið eins og það birtist okkur sem vorum þá útgerðarmenn 1983 og 1984, deilurnar milli útgerðarmanna og milli fólks þá í upphafi voru ekki svona. Deilurnar voru um það hvort það stýra ætti með aflamarkskerfi eða á einhvern annan hátt. Um það snerust deilurnar. Við sem vorum á móti aflamarkskerfi héldum því þá fram að aflamarkskerfi væri vond aðferð til að stýra fiskveiðimálum. Við vorum sannfærðir um það þá og öll þau ár sem liðin eru síðan hafa sannfært mig enn frekar um að aflamarkskerfið er nánast vonlaus aðferð til að stýra fiskveiðum til að ná því markmiði að þurfa að hámarka þessa auðlind þjóðinni til blessunar. Það er allt sem mælir gegn því, öll reynsla okkar mælir gegn því. Þetta kerfi er stórhættulegt fyrst og fremst gagnvart líffræðinni í hafinu. Þegar við erum að veiða botnlægu tegundirnar, þá liggur það fyrir að við erum að veiða ofan af stofninum því að auðvitað sækja allir í verðmætasta fiskinn. Við erum að veiða þorsk á Íslandsmiðum sem er

af stærðargráðunni frá 1,5 kg til 15 kg og verðmunurinn er gríðarlegur. Þegar menn fá úthlutað í kílóum, þ.e. þyngdareiningum, hverju sækjast þeir eftir? Því verðmætasta. Þetta eru nú einu sinni mannheimar og þeim verður seint breytt. Við erum að gera mjög rangt gagnvart hafinu. Þetta kerfi býður upp á það. Og allir vita að sérhver maður sem er neyddur til að vinna í slíku kerfi reynir að lifa af. Það þýðir ekkert fyrir fólk að neita þeirri staðreynd að sóunin á Íslandsmiðum og brottkastið er svo skelfilegt að við megum ekki lifa við það. Við megum ekki láta það viðgangast.

Við horfum líka upp á það að í þessu kerfi erum við að reyna að vera með fullvinnsluskip þar sem bakreikna á kvótann. Allir vita það, hver einasti maður að með þeirri aðferð erum við að skekkja samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar svo hroðalega að við erum að eyða tilverurétti sjávarbyggðanna kringum ströndina. Það að mismuna í samkeppnisstöðu er mjög alvarlegur hlutur í því markaðssamfélagi sem við viljum lifa í og við lifum í. Það er nákvæmlega það sama að mismuna í samkeppni eins og að skekkja kompás. Ef einhver skekkir einn kompás, þá siglir viðkomandi bara vitlaust. Þetta látum við viðgangast þó að allir viti að þetta sé svona.

Svo ég tali nú ekki um hið alvarlegasta í þessu öllu saman, það er hvernig skýrslurnar í aflamarkskerfi afvegaleiða hina ágætu vísindamenn sem eru hér og við viljum hafa og viljum treysta og vonum að hafi þau gögn að þeir geti unnið eins vel og þekking þeirra nær. Það er verið að afvegaleiða hafrannsóknir stórkostlega með skýrslugjöf á undanförnum árum, enda eru þeir mjög langt frá því að hafa sömu meiningar um stöðu helstu nytjastofna og þeir sem stunda sjóinn, eins og sjómenn á Íslandsmiðum. Hafrannsóknastofnun heldur að við séum að byggja upp þorskveiðar og hér sé þorskveiðistofn í vexti þegar allir sjómenn vita betur. Hafrannsóknastofnun sem hefur heilmarga eftirlitsmenn virðist alls ekki vita það að firðir og flóar eru yfirfullir af grindhoruðum þorski, og á sama tíma erum við að banna mönnum að bjarga sér.

Ég er, herra forseti, t.d. sannfærður um að röng fiskveiðiráðgjöf er búin að skaða þjóðfélagið á þessum áratug langt á annað hundrað millj. í útflutningstekjum. (**Gripið fram í:** Milljarða.) Milljarða í útflutningstekjum. Þetta er höfuðvandamálið. Það er þetta sem við stöndum frammi fyrir en umræðan fæst ekki um þetta. Réttilega segir flutningsmaður hér: „Niðurstaða: Kvótaumræðan snýst fyrst og fremst um eignarhald á fiskveiðiheimildum.“ Þetta er rétt hjá flutningsmanni. Umræðan snýst um þetta. Menn geta svo sem eytt tíma í það. Ég ætla ekki að gera það núna. En það sem umræðan þyrfti að snúast um er fiskveiðistjórnin sjálf og það er þeim mun alvarlegra þar sem fullt af fólki virðist vera vel meðvitað um það að þessi náttúra landsins er fengin að láni og að við eigum að skila henni. Fólk kemur fram, bæði hér á þingi og í fjölmiðlum og vitnar um það hversu mjög það tekur nærri sér ýmsar mosaþembur hingað og þangað um hálendið en engin umræða eða a.m.k. sáralítil er um það hvernig við förum með þá náttúru sem er fyrir neðan sjávarmálið og er þó þúsund sinnum verðmætari en allar mosaþembur hálendisins. Því miður snýst umræðan um þetta en ekki um það sem hún ætti að snúast.

[14:32]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í grg. með tillögunni kemur fram, ég tók það sérstaklega fyrir í fyrri ræðu minni, að þegar rætt er um kvótamál er brýnt að halda eftirfarandi þáttum vel aðskildum: Fiskveiðistjórnarkerfinu, þ.e. hvort notað er aflamark eða sóknarmark, framsali á kvóta, eignarhaldi á kvóta, árlegum og varanlegum kvóta og vísindalegri stjórnun fiskveiða.

Hv. þm. ræddi um aflamarkskerfið eða sóknarmarkskerfið. Það er engin afstaða tekin til þess í tillögunni, sama hvort kerfið yrði notað. Þó að það væri sóknarmark myndast líka kvóti. Togtímum eða dögum yrði úthlutað eða það einhvern veginn mælt hvað menn mættu veiða mikið og lengi, aðallega lengi og á þá úthlutun kæmi verð. Ef menn ætla ekki að hafa þann kvóta framseljanlegan mundi kerfið vera óhagkvæmt. Ef þeir hafa hann framseljanlegan myndast verð og þá þarf líka að taka afstöðu til eignarhalds á þeim kvóta. Hvað við seljum t.d. daginn á fyrir einn togara. Það sem hér er rætt um er eingöngu eignarhaldið vegna þess að það er mest í umræðunni og mest óánægja með það. En ég tek alveg undir með hv. þm. að ræða þarf hitt líka, kosti og galla sóknarmarkskerfis og aflamarkskerfis því bæði hafa kosti og galla. En það er ekki það sem við ræðum hér. Það þarf líka að ræða um vísindalega stjórnun sem hv. þm. kom inn á. Er verið að veiða rétt? Eru mælingarnar réttar? Eru vísindin yfirleitt rétt? En þetta er bara ekki sá þáttur þessa dæmis sem við ræðum hér. Við erum að ræða um eignarhaldið á þeim verðmætum sem myndast þegar aðgangur að auðlindinni er takmarkaður, hvort sem það er gert með aflamarki, sóknarmarki eða öðrum vísindalegum aðferðum.

[14:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók þetta bara eins og segir í grg., að flutningsmaður væri að segja eins og hér stendur: „Ekki verði hróflað við aflamarkskerfinu.“ (Gripið fram í.) Nú, það stendur hér í grg. með tillögunni, þannig að ég taldi það vera skoðun hans úr því að það stóð þarna.

Hins vegar er ég alveg sammála honum í því að það er alveg sama hvernig við takmörkum aðhaldið og hvernig við takmörkum aðganginn að fiskimiðunum að við það verður til verðmæti að sjálfsögðu. Ég hef líka heilmiklar meiningar um það hvernig á að fara með slíkt verðmæti. Ég er hræddur um að ég og hv. flutningsmaður séum kannski ekki alveg sammála um það en það skiptir þá ekki meginmáli.

Ég vildi bara nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að ég hef verið sannfærður um að þessi umræða væri á villigötum í þjóðfélaginu vegna þess að það skiptir miklu meira máli að ræða það á hvaða villigötum við erum að leiðast með þessu aflamarkskerfi heldur en hitt hvernig við förum með einhvern hugsanlegan arð sem kann að myndast. Það getur verið eilífðarvandamál. Aðalmálið er það að við séum ekki að vinna gegn hagsmunum okkar og framtíðarinnar með þeirri skipan sem við höfum.

[14:36]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Neðst á síðu 2 í grg. með þáltill. stendur:

„Í þingsályktunartillögunni er ekki tekin afstaða til þess hvort stjórnunarkerfið eigi að nota heldur er einungis tekið á eignarhaldi á þeim verðmætum sem verða til þegar aðgangur að fiskstofnum er takmarkaður og skilyrði til hagkvæmrar nýtingar sköpuð.“

Sérstaklega er tekið fram að ekki er verið að fjalla um fiskveiðistjórnarkerfið sem slíkt, heldur eingöngu eignarhaldið.

En ég vil spyrja: Hvað sér hv. þm. fyrir sér sem lausn ef Hæstiréttur samþykkir dóm undirréttar í Vatneyrarmálinu?

[14:37]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að biðja hv. þm. afsökunar ef ég hef misskilið þetta eða lesið rangt. Mér fannst þetta bara augljóst í því sem ég las en ég hef þá hlaupið yfir hina setninguna. Það skiptir samt ekki máli. Ég er búinn að koma sjónarmiðum mínum á framfæri og þetta misskilst ekki.

Frá því að við hófum umræðunar fyrst um stjórn fiskveiða kom til mikilla átaka innan LÍÚ meðal útvegsmanna um hvernig við skyldum gera þetta. Ég var þá eins og ég gat um í fyrri ræðu minni sannfærður um að við værum að gera rangt með því að úthluta þyngdareiningum. Við ættum að úthluta sókn. Það væri hægt að skilgreina sóknarmátt og það er hægt að skilgreina sóknarmátt. Það hefur verið sýnt fram á það. Við ættum að gera það vegna þess að landsbyggðin ætti að njóta landkosta sinna. Það væri verðmæti í sjálfu sér að byggja þetta land. Ég er alls ekki sammála því að allir eigi að hafa sama rétt til sjávarútvegs. Ég held því fram að þeir sjómenn sem hafa stundað sjóinn, það fólk sem byggir sjávarbyggðirnar og það fólk sem á verðmæti kringum ströndina og á allt sitt undir því að þar sé byggð hljóti að hafa rétt umfram aðra. Ég veit ekki betur en að í stjórnarskránni sé fullt af atriðum þar sem fólki er mismunað og ég vil ekki trúa því að það verði þannig og ég treysti því að þessi löggjöf beri gæfu til að hafa það svo.

Hvernig sem þessi dómur fer, sem ég ætla ekkert að ræða um og er í engum færum til þess, þá treysti ég því að menn taki þetta upp frá grunni, reyni að skoða galla þess og kosti og reyni að horfa á það opnum augum hvaða tjón við erum búin að gera með því kerfi sem við höfum haft núna. Opnum það þannig að við förum að nýta hafið eins og við gerðum og nýtum þá einstaklinga sem hafa í gegnum alla tíðina sýnt forustu umfram aðra, gerhygli, dugnað og þrautseigju, þá einstaklinga sem hafa borið uppi sjávarútveginn og þessa þjóð.

[14:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór mikinn í umfjöllun sinni um auðlindir sjávar. Hann fór þar bæði frá hinum dýpstu miðum og inn til heiða í tali sínu um náttúruauðlindirnar.

Ég vil leggja áherslu á að Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á vistvænar veiðar, það er ein af grundvallartillögum okkar. Við höfum þungar áhyggjur af meðferð fiskimiðanna. Við höfum þungar áhyggjur af því hvernig farið er með karfamiðin þar sem kórallinn er skrapaður upp til að ná þeim karfatittum sem þar eru eftir. Við höfum af þessu verulega þungar áhyggjur.

Við höfum líka þungar áhyggjur af slæmri umgengni á heiðalöndum eða hvar sem er, hvort sem það er inn til dala eða út til strandar. Það ber að umgangast náttúruauðlindirnar, sem við höfum aðeins af láni og afnotarétt af en ekki eignarhald á, með næstu kynslóðir í huga.

Ég vil minna á, herra forseti, að einmitt í skjóli framkvæmdar laga um stjórn fiskveiða fer þessi ósvinna fram. Hún fer fram, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson minntist á, með miklu brottkasti af afla á skipum. Það er fjarri því að komið sé að landi með allt slóg. Stór hluti þess sem veiddur er kemur aldrei til lands til nýtingar.

Herra forseti. Það er afar brýnt að taka upp framkvæmd þessara laga um stjórn fiskveiða þannig að bæði nýting auðlindanna verði með þeim hætti að sómasamlegt sé og til heiðurs fyrir okkur gagnvart næstu kynslóðum og fyrir íbúa alls landsins, íbúana sem eiga rétt til þessara auðlinda meðfram ströndum landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK, 229. mál (veiðar umfram aflamark). — Þskj. 275.

[14:42]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er ekki mjög stórt í sniðum að texta til né fyrirferðarmikið á blaði. Það tekur hins vegar á mjög einkennilegu fyrirbæri í núverandi lögum um stjórn fiskveiða sem er hin svokallaða tegundatilfærsla. Í 10. gr. laganna um stjórn fiskveiða er heimilað að breyta botnfisktegundum í aðrar botnfisktegundir í hlutfalli við verðmæti að ákveðnu marki, þó ekki í þorsk.

Í 10. gr. er einnig talað um hvað megi veiða umfram á hverju ári og frv. gengur í raun og veru út á það í fyrsta lagi að fella niður tegundatilfærsluna alfarið og í öðru lagi að taka þá 5% reglu sem er í frv. um að veiða megi fram fyrir sig á hverju fiskveiðiári og setja hana niður í 2% og það sé þá jafnt í öllum tegundum. Þetta er meginefni frv. Þessi stutta lagagrein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Heimilt er að veiða 2% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, síldar, úthafsrækju, innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun næsta árs til viðkomandi fiskiskips í sömu fisktegund.

b. 2., 4. og 5. mgr. falla brott."

Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Með því að fella áðurnefndar málsgreinar út úr lögunum er tekið á því vandamáli sem fylgt hefur tegundatilfærslum á undanförnum árum þar sem útgerðin hefur í reynd búið sér til sjálftökukvóta langt umfram leyfilegan úthlutaðan fiskikvóta af viðkomandi fisktegund. Svo rammt hefur kveðið að þessu að haldið hefur verið uppi miklu meira veiðiálagi á karfastofna, svo dæmi sé tekið, en úthlutað var árum saman af þessari fisktegund. Þessi ofveiði sem stórútgerðin hefur haldið uppi á karfa með þessu tegundaflakki sést best í meðfylgjandi töflu" — sem er prentuð aftan á blaðið og ég skal fara yfir á eftir — „frá Fiskistofu sem sýnir að fisktegundir bátaflotans næst ströndinni hafa verið notaðar til framleiðslu á karfakvóta.

Þetta kvótahopp hefur í mörg ár, eins og sést í töflunni, orðið til þess að hér við land hefur verið haldið uppi ofveiði á karfastofninum. Mjög margir skipstjórnarmenn hafa einmitt varað við þessu á undanförnum árum, svo og samtök þeirra eins og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands."

Aftan á frumvarpstextann er prentuð tafla, sem tekin er saman af Fiskistofu og er fylgiskjal með þessu máli, fyrir fiskveiðiárin 1992–1993, 1993–1994, 1994–1995, 1995–1996, 1996–1997, 1997–1998 og 1999. Ég held að afar fróðlegt væri að fara dálítið í gegnum þessa töflu vegna þess að hún sýnir okkur í reynd hvað hér hefur verið að eiga sér stað og hvaða tegundir hafa þá verið notaðar til að framleiða þá kvóta sem ég áður nefndi en tegundatilfærslan í heild

sinni hefur almennt verið sú að framleiða karfakvóta annars vegar og grálúðukvóta hins vegar í langflestum tilvikum.

Ef farið er yfir þá liði sést að á fyrsta árinu sem í töflunni birtist hafa verið búin til með þessari tegundatilfærslu 6.756 tonn af karfa umfram leyfðar aflaheimildir og 5.750 tonn af grálúðu. Til að framleiða slíka tegundatilfærslu voru notaðar hinar virðulegu tegundir ýsa og ufsi. Þetta eru reyndar hvort tveggja tegundir, bæði ýsan og ufsinn, sem hafa ekki veiðst flestöll ár kvótakerfisins eins og gert hefur verið ráð fyrir og leyfilegt hefur verið að mati fiskifræðinga og hefur í rauninni verið tillaga þeirra ár eftir ár um hvað heimilt væri að veiða af þessum fisktegundum.

Þegar skýrsla Hafrannsóknastofnunar kom út síðasta vor lagði ég vinnu í að taka saman hvernig ýsuráðgjöfin hjá Hafrannsóknastofnun hefði verið í gegnum árin og hvernig aflinn hefði síðan verið af viðkomandi fisktegund og hvort við hefðum keyrt þar mikið fram úr og hvaða skýring hefði þá verið á því að leyfður heildarafli ýsunnar, byggður á tillögum Hafrannsóknastofnunar, hefur verið keyrður niður síðustu árin. Í ljós kemur að veitt var 61 þús. tonn eða 4 þús. tonnum minna en Hafrannsóknastofnun lagði til fiskveiðiárið 1994–1995. 1995–1996 var lagt til að veiða 55 þús. tonn en veidd voru 54 þús. tonn. 1996–1997 var lagt til að veiða 40 þús. tonn en veidd 51 þús. tonn eða 11 þús. tonn umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og 1997–1998 var lagt til að veiða 30 þús. tonn en veidd 38 þús. tonn eða 2 þús. tonn umfram það sem leyft hafði verið.

Samanlögð framúrkeyrsla á þessum árum er þá aðeins 4 þús. tonn þannig að varla verður nú nær farið ráðgjöf stofnunarinnar í öðrum fisktegundum en gert var í ýsunni. Þetta segir okkur auðvitað að ekki var umframkeyrsla á veiðinni, miðað við þær tillögur sem gerðar höfðu verið, sem olli því að ýsukvótinn var skorinn niður. Og það sést líka í töflunni frá Fiskistofu að ýsan hefur einmitt verið notuð til að framleiða þessa kvóta eins og ég hef áður vikið að, karfann og grálúðuna, í gegnum tegundatilfærsluna.

Það eru fleiri tegundir sem hafa verið notaðar í þessu sambandi eins og t.d. ufsinn sem flest árin hefur verið notaður í tegundatilfærslu og mest bar á því fiskveiðiárið 1996–1997 þegar tæp 16 þús. tonn af ufsa voru notuð í tegundatilfærslur og framleitt með þeim þá 9 þús. tonn af karfa og 630 tonn af grálúðu.

Það vita allir sem vilja vita að ufsinn er flökkutegund. Og þegar fiskimenn hér við land, skipstjórnarmenn, vöruðu við því fyrir nokkrum árum að ufsakvótinn væri nú sennilega of rýmilegur miðað við ástand stofnsins þá tók það Hafrannsóknastofnun samt tvö ár að skera hann niður. Nú vill hins vegar svo til að ufsi er farinn að veiðast mjög víða í kringum landið. Og skyldi það þá ekki vera eins og venjulega að það taki Hafrannsóknastofnun tvö ár að átta sig á því ástandi. Það er auðvitað mjög sérstakt með fisktegund eins og ufsann, sem er viðurkennd flökkutegund innan og utan lögsögu, og kemur hér án þess að menn verði hans beint varir sem uppvaxandi fisks og fer allt í einu að veiðast sem mjög stór og góður ufsi.

Við stöndum sennilega mjög bráðlega frammi fyrir því ef heldur fram sem horfir með aflabrögðin að menn verða búnir með ufsakvótann og þá kemur upp sú merkilega staðreynd sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vék að áðan að á skýrslum Hafró hættir að skrást ufsi. Og hvað þýðir það hjá Hafrannsóknastofnun? Það þýðir að mjög léleg aflabrögð eru á ufsa. Menn halda sem sagt áfram að standa við þá fullyrðingu að þetta ufsaskot hafi bara verið mjög tímabundið og engin framtíð sé í því og ekki þurfi að taka neitt tillit til þess. Sama á í raun og veru við varðandi skarkolann sem var nú skorinn niður í 3 þús. tonn á síðasta ári og ráðherrann er nýbúinn að hækka upp í 4 þús. tonn.

Með svona hressilegum niðurskurði getur það orðið til þess að öll skýrslugjöfin verði mjög röng. Menn sækja sem sagt ekki inn á skarkolableyðurnar, þar af leiðandi kemur minni afli í togveiðarfærin af skarkola. Þegar Hafrannsóknastofnun tekur saman niðurstöður skýrslna sinna kemur í ljós að skarkolaaflinn er minnkandi. Og hvernig reikna menn það til framtíðar? Lélegur stofn sem vex lítið upp en vísindin eru rétt þó að undirbyggingin og ályktanirnar séu rangar. Svona getur þetta farið.

Ég held að nauðsynlegt sé að ráðherrann endurskoði úthlutað aflamark á ufsa miðað við það hvernig málin hafa verið að þróast. Ég tel að sú tegundatilfærsla sem hér hefur verið í lögunum á undanförnum árum eigi ekki rétt á sér. Hún hefur kannski að sumu leyti gert það að verkum að menn hafa haldið að allar fisktegundir sem úthlutað hafi verið hafi veiðst eins og ráðgjöfin hefur gefið tilefni til. Svo er auðvitað alls ekki.

Síðan steinbíturinn var tekinn inn í kvóta, sem var fiskveiðiárið 1996–1997, þá hefur steinbíturinn verið notaður til að framleiða karfa og grálúðu að þó nokkrum hluta. Tæp 500 tonn af honum voru notuð á fyrsta fiskveiðiárinu, tæp 1.700 tonn af steinbítskvótanum voru notuð á öðru fiskveiðiárinu 1997–1998 til að framleiða karfa upp á 700 þús. tonn og grálúðu upp á tæp 900 þús. tonn. og reyndar var þá einnig farið að nota aðrar virðulegar fisktegundir eins og skarkola og skrápflúru til að framleiða þessar tegundir sem veiðast lengst frá landinu sem eru karfinn í útköntunum og grálúða niður að 600–700 föðmum. Sem sagt mestu grunnslóðarfiskarnir urðu allt í einu að tegundum sem veiddar voru á mesta djúpsævinu við Ísland og skiptu algjörlega um nafn. En í staðinn kom fram í skýrslum að þessir kvótar hefðu eyðst. Tegundatilfærslan gerði það að verkum.

Ég held að það sé mjög af hinu góða að afnema tegundatilfærslu þannig að þessum blekkingaleik ljúki og að sú krafa beinist þá mjög skýrt bæði að sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun að vera með viðmiðanir fyrir kvótasetningu sem mér finnst að væri þá einhver stafur fyrir, því að ég lít svo á að ef fisktegund veiðist ekki árum saman upp í ráðgjöfina sem lögð er til eða heimilaðan afla og ekkert sem bendir til að tegundin sé á neinu hættusviði, og bendi ég þar á steinbítsaflann t.d. Það er ekkert sem bendir til þess að stunduð sé ofveiði á steinbít og í nýjustu skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá því í vor kemur beinlínis fram að steinbítsstofninn sé bara í mjög þokkalegu lagi. Samt er verið að taka steinbítinn inn í kvótakerfið og nota af honum á síðasta fiskveiðiári 2.998 tonn í tegundatilfærslu. Til hvers? Hvers konar fíflaleikur er þetta? Hvaða blekkingastarfsemi er hér á ferðinni?

Í tifandi tímasprengju smábátakerfisins segir að kvótasetja skuli ýsu, ufsa og steinbít, þær tegundir sem hafa hér í mörg, mörg ár verið notaðar í tegundatilfærsluna. Til hvers? Hvaða rök eru fyrir því að kvótasetja þær? Engin. Þetta er algjörlega út í bláinn og verið er að halda hér uppi blekkingaleik sem á ekki við nein rök að styðjast, hvorki fiskifræðileg né nýtingarleg. Menn eru hreinlega með innbyggt í kerfið eitthvert rugl sem ætti löngu að vera farið þaðan.

Ég hygg að nú um stundir sé mikil ástæða til að hafa áhyggjur af karfastofninum við Ísland. Langmestar áhyggjur

mínar eru þær og reyndar margra skipstjórnarmanna að á karfastofninn hafi verið gengið á undanförnum árum enda hefur tegundatilfærslan verið langmest í þá áttina að framleiða karfakvóta. Og gæti ég trúað, þó að ég hafi ekki lagt það saman, að bara á þessum sjö fiskveiðiárum sé þetta kannski upp undir 40–50 þús. tonn sem hér er framleitt af karfakvóta.

Það hefur einnig verið framleitt nokkuð af grálúðukvóta með þessari tilfærslu. Nú hagar hins vegar þannig til í grálúðunni að afli er mjög vaxandi og hefur verið mjög vaxandi síðustu tvö fiskveiðiárin á togstund. Þrátt fyrir að skipstjórnarmenn hafi bent á þá staðreynd og þrátt fyrir að uppistaðan í þeim afla séu árgangar sem alla vega í skýrslunni frá Hafrannsóknastofnun í vor voru enn þá í ágiskaðri stærð, voru sem sagt ekki skilgreindir öðruvísi en að það væri ágiskuð stærð, þá hafa ekki fengist nein viðbrögð við því frá Hafrannsóknastofnun að hægt væri að auka þar kvótann, heldur halda menn áfram tegundatilfærslum og framleiða kvóta í gegnum þann blekkingaleik sem hefur fylgt þessari lagagrein, 10. gr. laganna.

Það er auðvitað mjög fróðlegt að fara skipulega yfir skýrslu Hafrannsóknastofnunar og velta því fyrir sér hvernig þeim hefur til tekist á undanförnum árum í ráðgjöf sinni og hvað hefur svo komið út úr henni. Ég minnist þess að fyrir jólin var fullyrt úr þessum ræðustól að nánast allt í þessari framsetningu Hafrannsóknastofnunar væri rétt og hefði staðist og menn væru í mjög góðu uppbyggingarstarfi gagnvart fiskstofnunum. Ég fullyrði hér og nú að það er rangt. Það er fátt sem hægt er að færa fram sem rök fyrir því að við höfum verið í miklu uppbyggingarstarfi undir stjórn kvótakerfisins.

Ef tekið er saman hvað gerst hefur frá því að kvótakerfið var tekið upp og það borið saman við fiskveiðiárið núna, þ.e. árið 1999–2000, og leyfður heildarafli af hinum ýmsu fisktegundum borinn við það sem við gerðum í 50 ár þar á undan þá kemur merkileg staðreynd í ljós. Því hefur verið haldið fram að við værum í góðu uppbyggingarstarfi á öllum fiskstofnum. Ráðherrar hafa meira að segja hælst af því erlendis hversu gífurlegum árangri við hefðum náð í þessu uppbyggingarstarfi. Við samanburðinn kemur hins vegar í ljós að meðalaflinn af þorski er 371 þús. tonn sl. 50 ár. Núna erum við að leyfa veiði upp á 250 þús. tonn.

Menn geta auðvitað haldið því fram að þetta sé mikið uppbyggingarstarf frá því að við skárum kvótann niður í 155 þús. tonn, menn hafi bætt við sig 90–100 þús. tonnum síðan þorskkvótinn var skorinn mest niður. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að þegar við berum saman ársaflann af leyfðum þorskafla í ár og það sem veitt var í hálfa öld þar á undan, bæði innan og utan stjórnkerfa, þá vantar 121 þús. tonn á hverju einasta ári upp á meðalaflann í þroski, sé það borið saman á þessum forsendum. Því verður ekkert á móti mælt. Þetta eru bara hinar köldu tölur. Það kann vel að vera að á þessu séu einhverjar skýringar, líffræðilegar eða aðrar, en því verður ekki haldið fram að kvótakerfið hafi byggt þetta upp. Því verður bara ekki haldið fram með neinum rökum.

Þá getum við nefnt ýsuna. Heildarafli af ýsu var árlega í 50 ár að meðaltali 60 þús. tonn. Hvað er hann núna? Hann er 35 þús. tonn, 25 þús. tonnum minni en við höfum veitt undanfarin 50 ár að meðaltali. Ætla menn svo að halda því fram að við höfum náð sérstökum árangri í uppbyggingu á ýsustofninum? Eru menn að halda því fram?

Ég fór yfir það áðan að a.m.k. síðustu fjögur, fimm fiskveiðiárin höfum við aðeins keyrt 400 þús. tonnum fram úr ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, þ.e. samanlagt á síðustu fjórum til fimm árum. Það að menn hafi farið á skakk og skjön við ráðgjöfina hefur varla valdið þessum niðurskurði. Við þetta er mjög margt að athuga.

En ef við förum í ufsann þá hefur meðalaflinn af ufsa verið 70 þús. tonn á hverju einasta ári síðustu 50 ár að meðaltali. Hver er hann núna? Hann er 30 þús. tonn. Það vantar 40 þús. tonn upp á að við náum meðalafla af því sem við höfum veitt í hálfa öld. Svo geta menn haldið því fram að við séum í rosalega miklu uppbyggingarstarfi á ufsanum inni í kvótakerfinu. Okkur hefur ekki tekist það. Þar er langur vegur frá og mér finnst virkilega kominn tími á að Hafrannsóknastofnun fari í naflaskoðun á allri sinni ráðgjöf. Á meðan ættum við náttúrlega að fara í naflaskoðun á stjórnkerfi okkar, m.a. af þessum orsökum en ekki bara vegna kvótadóms í desember 1998, Valdimarsmálinu, ekki bara vegna Vatneyrardóms í Héraðsdómi Vestfjarða, ekki bara vegna þess að menn hafa eignast 500 þús. kr. á dag í 17 ár inni í kvótakerfinu. Það áttu allir að vita a.m.k. síðustu tíu árin. Þannig er kerfið og þurfti ekkert að fara neitt dult með það.

Hins vegar vil ég segja, úr því að ég vék að þessu atriði, að auðvitað hefðu klárir fiskimenn eins og Þorsteinn Víglundsson plumað sig í sóknarkerfi eða öðru kerfi. Auðvitað hefðu þeir gert það. Hins vegar er hægt að færa rök fyrir því að helmingurinn af þeim fjármunum þeir fá út úr kerfinu eða út úr eignamyndun sinni sé tengdur úthlutun veiðiheimildanna, gjöf Alþingis til útgerðarmanna. Um það verður auðvitað aldrei sátt, aldrei nokkurn tíma, að þessu sé þannig varið.

Ef við víkjum að karfanum þá hefur meðalafli af karfa verið 92 þús. tonn í 50 ár. Við leyfum núna veiðar á 60 þús. tonnum af því sem við köllum gullkarfa og djúpkarfa innan lögsögunnar. Þar til viðbótar höfum við á undanförnum árum veitt 45 þús. tonn af úthafskarfa utan lögsögunnar en innan hennar líka vegna þess að við höfum skilgreint úthafskarfasvæði inn á 150 mílur. Það vantar sem sagt 32 þús. tonn á þessu ári og því síðasta upp á að veiðarnar hafi farið nálægt meðaltalinu.

Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt að karfastofnar láti undan togveiði. Það hlýtur einfaldlega að gerast. Karfastofnar láta undan togveiði því að karfinn er hægvaxta fiskur en veiðarfærið afkastamikið. Þar fyrir utan verður því aldrei á móti mælt að botnvarpa hefur áhrif á vaxtarskilyrði karfans sem lifir í útköntunum víðast hvar hér við landið og lifði áður á kóralsvæðum. Á sumum þeirra svæða höfum við togaraskipstjórarnir, m.a. sá sem hér stendur, breytt botnlaginu. Það fer ekkert á milli mála. Það kunna að vera deilur um hversu mikið það er og hversu óæskilegt það er, en það hefur sums staðar breyst. Sem betur fer er botnlag við Ísland víða þannig að ekki er fært um það með botnvörpu, a.m.k. ekki enn þá. Kóral hefur því ekki verið eytt við Íslandsstrendur eins og margir vilja vera láta. Að auki vil ég taka fram, úr því að ég nefndi þetta, að ég álít að botnvarpan breyti ekki öllu botnlagi og hafi ekki afgerandi áhrif til ills á sumt botnlag, m.a. þéttan malarbotn eða skeljasandsbotn.

Þá komum við að steinbítnum, þeirri virðulegu tegund Vestfirðinga. Af honum höfum við veitt 15 þús. tonn að meðaltali sl. 50 ár. Núna er leyft að veiða 13 þús. tonn eða 2 þús. tonn undir meðaltalinu. Þegar maður skoðar steinbítsaflann og sögu steinbítsveiða yfir þetta tímabil þá er ekkert í sögunni sem segir að setja þurfi kvóta á steinbítsveiðar. Það

eru ekki ein einustu rök fyrir því. Hvergi er hægt að finna þau. En af þessari tegund voru notuð tæp 3 þús. tonn til að framleiða karfa og grálúðu á síðasta fiskveiðiári.

Þá komum við að blessaðri grálúðunni. Við höfum stundað kraftveiðar á henni í 30 ár en ekki í 50 ár, að meðaltali um 30 þús. tonn á ári, 29 þús. tonn rúm. Kvótinn er núna 10 þús. tonn. Ég tel að hann hefði átt að aukast í fyrra og líka átt að aukast á þessu fiskveiðiári. Ég hygg að það sé skoðun fjölmargra fiskimanna. En því miður komum við aftur að því að Hafrannsóknastofnun er alltaf tvö ár að hugsa, hvort sem það er í niðursveiflu eða uppsveiflu. Það er bara þannig og það er afar slæmt hve seinir þeir eru að taka við sér, hvort sem er í niðursveiflu eða uppsveiflu fiskstofna. Ég álít að grálúðustofninn sé núna á verulegri uppleið og það má kannski þakka það ýmsum aðgerðum. Við höfum tekið það upp að hafa t.d. seiðaskiljur á öllum rækjuvörpum þannig að grálúðuafli í rækjuvörpum er horfin. Smálúðan sem eyddist kannski líka við rækjuveiðarnar, eyðist ekki lengur. Þetta kann að eiga þátt í því hversu hratt stofninn virðist hafa byggst upp á undanförnum tveimur til þremur árum. Ég hygg þó frekar að mjög breytilegar göngur grálúðunnar inn fyrir lögsögu okkar valdi þeim snöggu umskiptum í aflabrögðum sem átt hafa sér stað.

Ég hygg að menn muni segja: Ja, er þetta ekki ómöguleg viðmiðun að miða við hálfa öld, fiskveiðisögu í hálfa öld, og bera saman við síðustu þrjú ár? Eru það rétt vinnubrögð? Ég held að reynslan verði ólygnust um hvernig okkur hefur tekist til á undanförnum árum og hvernig fiskveiðar hér við land hafa þróast.

Ég er hér eingöngu að leggja til breytingu á 10. gr. laganna um tegundatilfærslu sem er auðvitað bara smáangi af hinu hörmulega kvótakerfi sem við notum hér við land við stjórn fiskveiða eins og það er útfært. Ég hygg þó að allir geti verið sammála um að ákveða skuli heildarafla. Við í Frjálslynda flokknum höfum marglýst því yfir að við vildum reyna að ná einhverri annarri lendingu og meiri sátt um stjórn fiskveiðanna en nú er og breyta aðferðunum sem við notum. Þó að ég hafi gagnrýnt ráðgjöfina sem Hafrannsóknastofnun hefur sett fram þá verðum við auðvitað að ákveða heildarafla. Mér finnst hins vegar að Hafrannsóknastofnun hafi verið í ofvernduðu glerbúri við ráðgjöf sína og ekki þolað t.d. að skipstjórnarmenn, sem ég álít að öðrum ólöstuðum að hafi einna mesta þekkingu á lífríkinu við Ísland og veiðistofnunum, fengju tækifæri til að koma að ráðgjöfinni áður en hún er gefin út. Þeir þyrftu að fá tækifæri til að rökræða við fiskifræðingana um ráðgjöf þeirra og framsetningu áður en tölurnar eru ákveðnar. Þess í stað sitja þeir í heilögu búri og leggja fram tölur og venjulega eru þær stimplaðar af ráðherranum athugasemdalaust. Ef einhver vandræði eru í því þá er frekar reynt að lagfæra það aftur síðar, samanber það sem núna gerðist með kolaúthlutunina.

Ég ætla að endurtaka tilmæli mín til sjútvrh. við þessa umræðu að afar brýnt sé fyrir ráðherrann að endurskoða úthlutunina þegar á þessu fiskveiðiári, bæði á grálúðu og ufsa. Mér sýnist allt í aflabrögðum benda til þess að það sé nauðsynlegt ef ráðherrann ætlar ekki viljandi að standa fyrir því að menn hendi fiski í sjóinn. Það þýðir ekkert að vera með ráðgjöf sem ekki samræmist raunveruleikanum. Svo eiga bara skýrslurnar að passa þegar menn eru búnir með kvótann, þá hætta þeir að skrá aflann. Menn fá auðvitað réttar skýrslur í kerfinu. En eiga menn bara að passa upp á þær þegar þeir eru búnir með aflaheimildirnar vegna þess að þær passa ekki við raunveruleikann? Eiga þeir bara að passa upp á skýrslurnar, að það sé aðalmálið? Ég segi nei.

Ábyrgðin á að vera hjá ráðherranum. Hann á að endurskoða aflaheimildirnar og tölurnar hjá Hafrannsóknastofnun. Það á ekki að vera falin í hvorki kvótakerfinu né öðru fiskveiðistjórnarkerfi sérstök heimild til tegundatilfærslu til að fela það að eitthvað sé veitt. Það tekur náttúrlega út yfir allt ef það á svo að fara að kvótasetja ýsu, ufsa og steinbít í smábátakerfinu þegar það er notað til breytinga í tegundatilfærslu.

[15:12]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd skattskila, 308. mál, fsp. JóhS, þskj. 557.

Gagna- og fjarvinnsla á landsbyggðinni, 309. mál, fsp. SJS, þskj. 558.

[15:13]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er að mínu mati hreyft mjög athyglisverðu máli sem ég lýsi yfir að ég tel að eigi að fá mjög jákvæðar viðtökur. Menn ættu að fara mjög vel í þetta í meðförum hv. sjútvn. þegar það kemur til hennar. Ég held að málið sé þess eðlis að menn ættu að skoða það mjög jákvætt hvort hægt sé að afgreiða það einhvern veginn.

Það flögraði að mér þegar ég hlýddi á hv. 4. þm. Vestf. fara yfir þetta mál að fyrir 2000 árum var það kallað kraftaverk þegar fáeinir fiskar dugðu til þess að metta fimm þúsund manns. Ég veit ekki hvað menn mundu kalla það á þessum tíma þegar karfi breytist skyndilega í ufsa og grálúða í þorsk eða þorskur í grálúðu, a.m.k. held ég að hugtakið kraftaverk hefði nú einhvern tíma komið upp í huga manna.

Í huga mínum er dálítið farið að snjóa yfir aðdraganda þessa máls, þ.e. hvernig það bar að á sínum tíma þegar menn voru að móta kvótakerfið upp úr miðjum níunda áratugnum. Mér er það ekki í fersku minni en þó held ég að ég muni það rétt að á þeim tíma hafi átt að reyna að setja inn í löggjöfina nokkuð sem menn kölluðu sveigjanleika, sem gerði það að verkum að hægt væri að vinna með kerfi sem úthlutaði bátum heimildum til veiða upp á tonn og kíló, kannski með einum og tveimur aukastöfum. Auðvitað sáu það allir að kerfi af því tagi gat aldrei gengið upp nema menn byggðu í það einhverja sveigju. Á þeim tíma, ef ég man þetta rétt, reyndu menn að búa til eitthvað sem gerði það að verkum að hægt væri að vinna í þessu kerfi, gerði það að verkum að sjómenn og útvegsmenn gætu fengið skammtað á hvern bát tilteknu veiðimagni í hverri tegund. Þá varð til þetta fyrirbrigði sem við höfum kallað tegundatilfærslu og hv. 4. þm. Vestf. hefur lýst mjög vel. Ég ætla alls ekki að endurtaka það hér enda verður ekki miklu við það bætt.

Í öðru lagi var sett inn ákvæði um að menn gætu veitt umfram sinn eiginn kvóta á einu ári og sem dregið var af kvóta næsta árs. Út af fyrir sig hefur mér alltaf fundist það skynsamlegt. Þær aðstæður geta einfaldlega skapast meðan við búum við þetta kvótakerfi eins og hv. þm. nefndi áðan. Þegar þannig árar blossar stundum upp veiði á tegund sem ekki hafði verið gert ráð fyrir, jafnvel í lok fiskveiðiárs eða lok almanaksárs eins og þá gilti. Þá voru menn við það að ná kvóta sínum og auðvitað þurfti að hafa einhverja sveigju þarna til eða frá. Þess vegna hefur mér alltaf fundist ósköp eðlilegt að menn hefðu einhverja möguleika á að rétta af kúrsinn hjá sér í þeirri stöðu.

Sama gildir um hugmyndina um að geyma hluta af aflaheimildum sínum. Það var á vissan hátt stutt með fiskifræðilegum rökum, þeirri hugsun að hægt væri að geyma kvóta og síðan ávaxtaði hann sig. Að vísu hef ég miklar efasemdir um það. Ég held reyndar að reynslan hafi sýnt, svo maður taki ekki mjög djúpt í árinni, að setja megi stórt spurningarmerki við þá hugsun að hægt sé að geyma kvóta og hann ávaxti sig um einhver prósent á ári líkt og peningar á bók og síðan geti menn tekið út aðeins meira eftir einhvern tíma. Sú hugsun út af fyrir sig er skökk en að mínu mati eru einu rökin fyrir þeirri sveigju, að geyma hluta af aflaheimildum sínum, byggð á því að reyna að gera það liðlegra að vinna með þessu kerfi sem annars skammtar mönnum reglurnar. Sama má segja um framsalið sem var í upphafi hugsað út frá því að útbúa einhverja sveigju og auðvelda mönnum að vinna með í kerfinu.

Ég held að það sé hárrétt hjá hv. þm. þegar hann benti á varðandi tegundatilfræslurnar að þetta er kerfi sem greinilega hefur gengið sér til húðar. Á því eru einfaldlega svo miklir annmarkar að allir sjái að við verðum að skoða breytingar á því máli. Greinilegt er að sumar tegundir hafa þarna skipt meira máli. Ef við tökum t.d. ufsann þá hafa tilfærslur á honum verið um eitthvað 12–15 þús. tonn, eins og fram kom í máli hv. þm. Með karfann er þessu hins vegar alveg öfugt farið upp á 11–13 þús. tonn. Af grálúðu hafa veiðst, eins og kemur hér fram í töflunum um 2–5 þús. tonn vegna tegundatifærslu á henni. Ef ég man rétt þá held ég að á árunum fyrir tímabililið sem hv. þm. er með upplýsingar um í töflum sínum hafi tegundatilfærslurnar frá þorski, ef ég man það rétt, yfir í grálúðu verið enn þá meiri en er á þessum árum. Ég a.m.k. man þá tíð að menn gerðu þetta á sínum tíma, spiluðu bókstaflega á kerfið og það var bara eðlilegt. Lögin bjuggu mönnum þennan ramma og þeir spiluðu á að nýta þorskinn til að auka grálúðuheimildirnar sínar. Ég veit að hv. þm. man þetta örugglega ekki síður en ég.

Við sjáum einnig að eftir að steinbíturinn var kvótasettur fyrir nokkrum árum að þá hefur hann líka orðið — hvað á að segja — tæki til að búa til aðrar aflaheimildir fyrir menn. Að vísu er heildarkvótinn í steinbíti ekki mjög mikill. Leyfður heildarafli var á síðasta fiskveiðiári sem hérna er undir, þ.e. 1998–1999, 13 þús. tonn og tegundatilfærsla neikvæð um 3 þús. tonn í steinbíti. Við sjáum að hér er um að ræða einn fjórða eða hér um bil 20–25% af leyfilegum steinbítsafla. Við sjáum að það sem upphaflega hefur verið hugsað sem sveigja í kerfinu hefur orðið til þess að skapa mikla skekkju.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins segja að ég tel að í þessu frv. sé hreyft mjög þarfri hugmynd. Ég held að eins og með önnur mál þurfi að skoða nákvæmlega hvaða áhrif afnám tegundatilfærslunnar hefði. Því þurfum við að velta fyrir okkur betur. Ég er ekki búinn að skoða það alveg í botn. Við munum í sjútvn. kalla fyrir okkur þá aðila sem málið snertir, bæði sjómenn og útvegsmenn. Þeir hafa þá tækifæri til að segja sína skoðun á þessu. Ég hygg hins vegar að svo miklir annmarkar séu á þessu kerfi að við eigum að skoða þetta mjög jákvætt. Ég vil lýsa því yfir fyrir mína parta að þetta mál eigi að fá jákvæða framgöngu í sjútvn.

[15:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tel að hér sé til umræðu afar mikilvægt mál. Eins og hv. flm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði þá lætur þessi breyting kannski lítið yfir sér en er angi af miklu stærra máli.

Það sem ég vil gera að umtalsefni er úthlutun á aflaheimildum og tilfærslur á þeim út frá ýmsum forsendum. Ég vil þó í upphafi leggja áherslu á mikilvægi rannsókna og ráðgjafar í þessu. Ég tel að við Íslendingar höfum þar náð langt þó þar megi mjög úr bæta og kannski gera markvissari rannsóknir þannig að þær beinist að þessum þáttum sem hér er verið að fjalla um.

Mig langar til að fjalla um þá skoðun sem er ekki aðeins vísindamanna heldur og fólks sem uppalið er meðfram ströndum landsins og hefur sótt miðin, sótt veiðar um áratugabil. Það er á þeirri skoðun að ákveðinn hluti af fiskstofnunum okkar sé meira eða minna staðbundinn. Við vitum klárlega að ákveðnir stofnar eru staðbundnir, t.d. skelfiskur og aðrar meira og minna botnfastar tegundir. Því er erfitt að úthluta aflakvótum í slíkar tegundir á milli landshluta.

Mér kemur í hug t.d. í sambandi við þorskinn að ég minnist þess að faðir minn sem stundaði sjó við Húnaflóann um áratugaskeið talaði um Húnaflóaþorsk og síðan aðkominn þorsk. Hann þóttist geta þekkt þetta í sundur ýmist á bragðinu eða útlitinu, að þar væri þorkstofn sem héldi sig innan Húnaflóans að meira eða minna leyti og síðan kæmi annar fiskur þar inn. Ég hef heyrt einnig heyrt það hjá vísindamönnum að þeir telja að ákveðinn hluti fiskstofna innan hverrar tegundar geti verið meira eða minna staðbundinn á þessum flóum.

Herra forseti. Þetta er allt of lítið rannsakað. Það þýðir lítið að gefa út aflaheimildir á fisk á allt öðrum stað en hann svo er, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom rækilega líka inn á.

Í þessu sambandi vil ég líka benda á kolann. Úthlutun á aflaheimildum í kola hef ég ekki heldur skilið. Mér skilst að kolinn sé tiltölulega staðbundinn fiskur. Ég hef ekki mikla trú á því — samt ætti kannski ekki blanda trú inn í þetta þó hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði einmitt um trú og vitnaði til fiskanna sem mettuðu þúsundir — að kolinn í Húnaflóa, kolinn í Skagafirði eða Skjálfandaflóa flakki suður á Faxaflóa. Mér skilst þó að úthlutun aflaheimilda úr kolanum sé á landsvísu. Það höfðar bara ekki til skynsemi manna með nokkrum hætti að hafa tilhögunina þannig. Það yrði þá a.m.k. að vera rækilega rökstutt.

Ég tel t.d. að úthlutanir á aflaheimildum í kola séu reistar á afar veikum grunni. Þó talað sé um ofveiði á kola hér við suðvesturstöndina og vesturstöndina þá ætti það ekki að hafa þau áhrif að dregið sé úr aflaheimildum á kola á Skagafirði eða fyrir Norðurlandi.

Herra forseti. Ég tel að það þurfi að eiginlega gjörbreyta hugsunarhættinum gagnvart þessum auðlindum. Má ég benda á hvað hefur verið verið gert varðandi beitarstjórn og nýtingu á landi. Þar hefur síðustu ár verið lögð áhersla á að koma upp staðbundnum rannsókna- og eftirlitsstöðvum, mönnum sem hafa bæði faglega og vísindalega þekkingu á því sem um er að ræða. Þeir starfa þá á meðal fólksins, meðal neytendanna og þeirra sem nýta þessar auðlindir, fylgjast með stöðu þeirra, með því hvernig gróðurinn vex, hversu mikið beitarálag hann þolir og gefa ráð þar um. Þetta er gert í nábýli við það fólk sem er einmitt að nýta þessar auðlindir. Þannig kemst á trúverðugleiki og líka rétt og góð vinnubrögð.

Mér finnst því athugandi, herra forseti, að komið verði upp, eða a.m.k. skoðað mjög vandlega að koma upp staðbundnum rannsókna-, ráðgjafar- og eftirlitsstöðvum sem hafi það hlutverk að fylgjast með stöðu þessara náttúruauðlinda

í sjónum, bæði fisks og annarra þeirra auðlinda sem þar eru nýtanlegar. Þær mundu einnig hafa eftirlit með almennri stöðu lífríkis á grunnslóðinni. Þá væri hægt að veita staðbundna ráðgjöf og leiðsögn um nýtingu þessara auðlinda. Sem stendur er ekki hægt að veita ráðgjöf og leiðsögn á landsvísu varðandi þessar auðlindir meðfram ströndunum.

Ef við tökum Húnaflóann t.d. þá væri alveg sanngjarnt að hann væri eitt rannsókna-, ráðgjafar- og eftirlitssvæði. Þar væri slík stöð og slíkt starf. Vinnan væri á ábyrgð og í forsjá heimafólks, fyrirtækja, einstaklinga og félaga sem eiga allt sitt undir bæði meðferð og nýtingu þessara auðlinda sinna. Þar af leiðandi mundu heimamenn virða staðbundna ráðgjöf varðandi umgengni við lífríkið. Þetta er lykilatriði bæði í dag og ekki síður til framtíðar, hvernig við umgöngumst og virðum náttúruauðlindirnar. Ein slík stöð gæti verið á Vestfjörðum.

Herra forseti. Það er engin ástæða til þess að miðstýra þessu frá einni miðstöð þó að þangað mætti sækja faglegan styrk, kraft og ráðgjöf og þátttöku í ákveðnum þáttum rannsóknarinnar og ráðgjafarinnar.

Ég vil draga þetta afar sterkt fram. Þetta væri liður í að efla og styrkja vistvænar strandveiðar sem ætíð eru stundaðar í öruggri sátt við lífríkið af því fólki sem býr með þessum auðlindum og á afkomu sína undir þeim. Að úthluta aflaheimildum þvers og kruss, milli fisktegunda, milli landshluta, inni á strandgrunnunum, er hvorki vísindalegt né gáfulegt á neinn hátt. Það er engin leið að sannfæra nokkurn um að það séu gáfuleg vinnubrögð.

Herra forseti. Þess vegna tel ég að þó að málið sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hreyfir hér láti lítið yfir sér þá sé það samt stórmál í meðferð, nýtingu og verndun auðlinda meðfram ströndum landsins. Þær á að nýta af því fólki sem býr sem næst þeim. Það verður best gert þannig að þeir sömu beri ábyrgð á eftirliti og sókn í þessar auðlindir.

[15:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að taka undir með hv. flm. þessa máls. Ég tel að hann sé með skynsamlega tillögu um hvernig eigi að breyta þeim reglum sem þarna hafa gilt. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið. Ég held að búið sé að útskýra þetta mjög vel í þeim ræðum sem hafa verið haldnar hér. En ég minni á að ýmsir hlutar þessa kvótakerfis, sem hefur verið lýst þannig að þeir væru til að auka sveigjanleikann, liðka fyrir útgerðinni og gera henni kleift að búa við þetta kerfi, virðast í grundvallaratriðum hugsaðir út frá rekstri útgerðarinnar. Lífríkinu virðast menn hins vegar alveg gleyma.

Menn mega t.d. framselja veiðiheimildir. Ef þeir ekki geta fiskað á sinn bát það sem þeir mega fiska þá geta þeir komið því á einhvern annan. Ef ekki er hægt að ná því á einni verstöðinni þá er hægt að komast með þessar veiðiheimildir á aðra verstöð og veiða upp í þær þar. Gott dæmi er að þegar menn náðu engan veginn þeirri úthlutuðu þorskveiði sem leyfð var á árunum 1992 og 1993 voru veiðiheimildir sendar allt í kringum landið til að hægt væri að elta uppi þá þorska sem veiða mátti. Með svona kerfi er ekki tekið mark á lífríkinu. Harðast er gengið fram þegar stofnarnir eru verst settir. Einn af þeim göllum sem kvótakerfi í samanburði við sóknarstýringar, sem ævinlega eru miðaðar við að hamla sókn í lífríkið og draga þannig úr því sem veitt er, er að kvótakerfið virkar þegar verst gegnir með þessum hætti. Þá standa öll spjót á viðkomandi tegund.

Síðan virðist ráða sú hugsun að veiða eigi nákvæmlega jafnmikið öll ár, að til sé einhvers konar jafnstöðuafli sem alltaf eigi að reyna að ná. Gagnvart lífríkinu er það náttúrlega afskaplega heimskuleg aðferð. Ég get nú ekki haft önnur orð um það. Vitanlega vita það allir að fiskur gengur í mismiklum mæli á miðin. Auðvitað væri eðlilegast að veiðin væri dálítið misjöfn því að annars vill fara þannig að æti á miðunum gengur til þurrðar. Miðunum er hreinlega ekki sinnt eins og skyldi því að mátuleg veiði er ábyggilega það sem gefur mestan afrakstur af lífríkinu. Gallarnir á fiskveiðistjórnarkerfinu sem við höfum núna eru örugglega þeir að afköst lífríkisins eru miklu minni en ef menn stjórnuðu veiðunum fyrst og fremst með það í huga að ná sem mestum afrakstri úr lífríkinu.

Mér finnst einnig eiga við að minna á þessa umræðu líka í þessu sambandi. Mér fannst afar mikilvægt það sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson taldi hér upp með samanburði aftur í tímann, þ.e. hvað við höfum leyft veiðar á núna í miklu magni og hvernig þetta var áður. Það ætti nú kannski að verða einhverjum til umhugsunar sem hafa breitt út þann boðskap um allan heim að við höfum náð svo óskaplega miklum árangri í stjórn fiskveiða. Þannig lítur það út í yfirlýsingunum a.m.k., að sá árangur sé ekki bara efnahagslegur heldur og aðdáunarverður fyrir stjórnina á nýtingu lífríkisins.

Þessar tölur segja aldeilis aðra sögu. Það er engin spurning um að við veiðum miklum mun minna af þeim tegundum núorðið sem hér voru nefndar en áður. Þó að tæknin til að veiða hafi kannski breyst mikið, menn geti veitt og ekki standi á þeim afköstum sem til þarf þá hefur það allt saman tekist með þeim vopnum sem menn höfðu áður. Það virðist ekki hafa haft eins slæm áhrif á náttúruna þá og það virðist hafa núna, ef við eigum að taka mark á þeirri ráðgjöf sem stuðst hefur verið við.

Þá kem ég að því sem ég ætlaði að minnast á að lokum. Þar þurfa menn að fara nákvæmlega yfir hlutina og velta fyrir sér hvort við séum á réttri braut og hvort ýmislegt í þeirri ráðgjöf og framkvæmd á fiskveiðistefnunnar geti verið betra en nú er. Ég set a.m.k. æði mörg spurningarmerki við að þær aðferðir og veiðistjórnin sem viðhöfð hefur verið undanfarin ár sé sú eina rétta. Ég tel t.d. orka mjög tvímælis að við eigum alltaf að veiða jafnmikið á miðunum og fara bara eftir tölum og línuriti frá Hafrannsóknastofnun, nokkurn veginn jafnt á hverju ári, stígandi eða lækkandi eins og okkur hefur verið ráðlagt á undanförnum árum. Ég tel að á undanförnum árum hafi komið fram vísbendingar og upplýsingar sem taka ætti mark á, t.d. um að sennilega hefði mátt veiða verulega miklu meira af þorski undanfarin ár. Margir sjómenn sem þekkja miðin vel halda því fram að það þarna höfum við sleppt fram hjá okkur toppi í lífríkinu, séum að sleppa honum fram hjá og munum ekki geta nýtt okkur í sama mæli og ef við hefðum sveigjanlegri fiskveiðistjórn. Þá er ég ekki að tala um að menn eigi að taka glannalegar ákvarðanir í þessu efni heldur fyrst og fremst að menn horfi yfir þessi mál í heildina og gleymi því ekki að þetta er allt lifandi, lífríkið í hafinu, og að mestu máli skipti að afköst þess njóti sín í þeim tegundum sem skipta okkur mestu. Það gengur ekki að búa bara til svona hæfilegan skammt handa útgerðarmönnum í landinu til að skipta á milli sín, meira máli skiptir hvað hægt er að veiða í heildina til lengri tíma litið.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hyggst nú ekki lengja mjög umræður um þetta mál. Hér hafa að vísu verið áhugaverð skoðanaskipti um ýmislegt sem varðar sjálfan grundvöll fiskveiðistjórnar og nýtingar fiskstofnanna. Auðvitað mætti margt um það segja. Ég ætla hér að halda mig við örfá atriði sem tengjast efni þessa frv. sem gengur út á að setja undir þann leka að tilfærsla milli tegunda og réttur til framúrtöku í einstökum tegundum og samspil þess í núverandi kerfi sem geti orðið til að menn fara langt fram úr settum mörkum með kvótatilfærslu eða tilfærslu milli tegunda, þeirri tegund kvótahopps eins og það er kallað í greinargerð með frv.

Í reynd er þarna búinn til pappírsfiskur ef svo má að orði komast. Það er búinn til reikningslegur grunnur til að taka meira en ráðgjöfin gengur út á og kerfið hefur gefið út að æskilegt sé. Til viðbótar því má hafa í huga að grunnurinn sjálfur er ekki endilega vísindalega reiknaður að öllu leyti. Þar með hafa menn t.d. bent á að ekki sé endilega víst að skráning aflans á gengnum árum hafi verið nákvæmlega rétt í tegundum talið, stundum hafi verið landað meiru af einni tegund en minna af annarri en hinar opinberu skýrslur kveða á um. Sá orðrómur var til að mynda þrálátur þegar mest var siglt með ísfisk hér á árunum að ekki væri endilega alltaf sama tegundin á botni karanna og efst í þeim.

Herra forseti. Jafnframt held ég að þetta dragi athyglina að öðru vandamáli sem framsögumaður kom reyndar lítillega inn á og ég hef smátt og smátt hneigst til að telja einn af mörgum veikleikum í þessari löggjöf okkar, burt séð frá öllum deilum um hana. Það er ósköp einfaldlega að grundvöllurinn fyrir þeirri stóru ákvörðun að kvótasetja tegund er kannski veikari oft og tíðum en menn hafa viljað vera láta. Það vald sem í því er fólgið að geta tekið þá ákvörðun er náttúrlega mjög afgerandi. Þegar t.d. forsendurnar eru ekki sterkari en raun ber vitni þegar kvótasetja á tegundir eins og steinbít þá er auðvitað ekkert smávald í því er fólgið að ákveða að setja hann í kvóta, færa hann inn í kerfið og gera að hluta þessa skiptimarkaðar sem þarna getur þrifist.

Þarna hefði að mínu mati þurft að vinna miklu betri grundvallarvinnu, setja ákveðin viðmiðunarmörk eða viðmiðunarreglur sem stuðst væri við þegar þetta væri metið, þ.e. hvenær nauðsyn bæri til að takmarka það magn sem koma mætti með að landi úr einstökum tegundum. Þá mætti kannski líka skilgreina hvenær fella ætti kvótasetningu niður þegar þannig háttar kannski árum saman að forsendur fyrir því eru brostnar að viðkomandi tegund sé inni í kvótakerfinu. Þar situr hún samt þar sem engin dæmi eru um að menn hafi farið með nokkurt einasta kvikindi í hina áttina. Það rígbinst þarna inni hvað sem öllum aðstæðum líður. Það má alveg örugglega finna dæmi um tegundir þar sem bæði fiskifræðileg rök og aðstæður í flotanum og veiðunum gerðu að það mundi litlu og jafnvel engu breyta hvort viðkomandi tegund hefði verið í kvóta árum saman eða ekki. Það er engin ástæða til að ætla að sóknin hefði orðið meiri í hana þó þar hefði enginn kvóti verið.

Þegar litið er á t.d. hvernig þetta hefur komið út fyrir karfann þá eru það afar athyglisverðar upplýsingar sem hér eru í fskj. með þessu frv. Út frá þeim er ekki annað hægt en að viðurkenna að þarna hefur átt sér stað stórfelldur framúrakstur, ef svo má að orði komast, hlutfallslega. T.d. er áberandi hve miklu meira er tekið af karfa á árunum 1994–1995, 1995–1996 og áfram reyndar, þó þau tvö ár standi nú upp úr, en hin fiskifræðilega ráðgjöf gekk út á. Ég held að það sé ómögulegt annað en að horfast í augu við og viðurkenna að þarna er brotalöm í kerfinu hvað sem öðru líður. Þarna er stórfelld brotalöm í kerfinu hvað sem öðru líður.

Við getum svo sett þetta í örlítið samhengi við hörkuna sem beitt er gagnvart því þegar einhverjir lenda eitt einasta kíló fram yfir í veiðum sínum. Þá er það stórmál. Út af fyrir sig er ekki um annað að ræða en að framfylgja lögunum ef menn eru að veiða þetta án heimildar, svo lengi sem kerfið stenst. Á sama tíma fara menn tugi þúsunda tonna fram úr í tegund eins og karfa. Það er framúrkeyrsla upp á ein 15–17% sem mér sýnist þarna á ferðinni þegar mest lætur. Hvert kíló hins vegar sem hver einstakur aðili kynni að lenda fram úr því sem hann hefur fengið úthlutað eða keypt til sín varðar þungu straffi. Í þessu tvennu er því auðvitað mikið ósamræmi.

Ég held líka, herra forseti, að kerfið hafi verið svifaseint að bregðast við aðstæðum sem menn hafa talið vera uppi. Reyndir skipstjórnarmenn og sjómenn hafa jafnvel árum saman, fyrir daufum eyrum, varað við því að í óefni stefndi með ákveðnar tegundir og er grálúðan kannski nærtækt dæmi þar sem búið var að vara við því lengi að þar væri að síga mjög á ógæfuhliðina. En af einhverjum ástæðum var kerfið svifaseint og viðbragðssljótt.

Herra forseti. Þetta tel ég vera hluta af þessu kerfi sem full ástæða væri til að taka mjög rækilega til skoðunar. Ég vænti þess að það verði gert samanber orð formanns sjútvn., hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, áðan. Ég fagna því að þetta verði skoðað því að hvað sem líður framtíð kerfisins og þeim stóru spurningarmerkjum sem þar eru þá verða menn að búa við það á meðan það er í gildi. Þá er náttúrlega ástæða til að reyna að lagfæra augljósar brotalamir sem blasa eins við öllum og þarna eru á ferð.

Það hefur verið, herra forseti, dálítið einkenni eiginlega á allri umræðunni um sjávarútvegsmál — kannski er það í og með vegna þess að um sjálfan grundvöll kerfisins hafa staðið hatrammar deilur — að furðu erfitt hefur verið að fá til skoðunar, ég tala nú ekki um tillögur til lagfæringa af þessu tagi og ýmsar aðrar sem hafa í raun verið næsta augljósar. Það er eins og sú tilhneiging að ýta öllu slíku frá sér og standa með hausinn undir sér í vörn fyrir kerfið óbreytt hafi orðið öllu öðru yfirsterkari. Það hefur verið afar lítill vilji til þess, til hliðar við deilur um grundvallaratriðin, að hafa þessa löggjöf jafnframt til meðferðar til að reyna að lagfæra hana hvað sem öðru líður og sníða af henni augljósa ágalla. Mér sýnist hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafa dregið fram brotalamir í þessari framkvæmd sem eru eiginlega svo augljósar að ég skil ekki hvernig menn ætla að daufheyrast við því að taka það til alvarlegrar athugunar.

Ég verð að viðurkenna að þrátt fyrir að ég hafi talið mig fylgjast sæmilega með þessum hlutum á undanförnum árum og vera sæmilega umræðuhæfan um þau mál þá koma þessar upplýsingar mér allverulega á óvart. Ég hafði t.d. ekki áttað mig á því að um svo stórfellda farmúrkeyrslu hafi verið að ræða í gegnum þetta skiptikerfi eins og þessar tölur frá Fiskistofu, sem væntanlega verða ekki vefengdar, bera vitni um, sérstaklega hvað karfann varðar.

[15:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka jákvæðar undirtektir og ábendingar þeirra hv. þm. sem hafa komið hér í ræðustól. Auðvitað er það rétt ábending hjá hv. þm. Einari K. Guð-

finnssyni um 20%, ekki er lagt til að breyta þeim í þessu frv., þ.e. því að menn megi geyma aflaheimildir á milli ára. Þeirri lagagrein er ekki breytt með þessari tillögu. Hins vegar er lagt til að 2% komi í staðinn fyrir 5% sem nú eru inni í lögunum. Það er nú kannski ekki meginmálið hvort menn eru að tala um 2, 3, 4 eða 5% í þessa veru. Meginmálið er auðvitað þessi tegundatilfærsla sem ég hef gert að umtalsefni og frv. fjallar um.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á að það skiptir byggðirnar höfuðmáli hvernig gengið er um fiskimiðin sem næst þeim liggja, þar sem fólk á þeim svæðum byggir nánast alfarið afkomu sína á. Við getum tekið Húnflóa sem dæmi. Margir staðir við Húnaflóa frá Drangsnesi í vestri til Skagastrandar í austri hafa byggt á nýtingu flóans að langmestu leyti á undanförnum áratugum með veiðum á rækju sem hefur verið það sjávardýr sem haldið hefur uppi veiðum og vinnslu í byggðunum við flóann að stórum hluta að vetrinum. Nú hagar svo til að þar er ekki leyfð nein veiði á innfjarðarrækju. Auðvitað kemur það ekki harðar niður á neinum öðrum en fólkinu sem þar býr. Það að rækjustofninn hefur látið svo mikið á sjá er að stórum hluta vegna þess að sjór hefur verið hlýr á undanförnum árum og þorskur hefur sótt inn í flóann undanfarin tvö ár í meiri mæli en verið hefur árin þar á undan, ég tala nú ekki um ef menn fara nokkur ár aftur í tímann þegar oft á tíðum var ekki ugga að hafa af botnfiski í Húnaflóa.

En þá missa byggðirnar veiðiheimildir sínar. Bátarnir við flóann sem hafa nýtt innfjarðarrækjuna eru yfirleitt ekki mjög stór skip, á bilinu um 20 og upp í 100 brúttórúmlestir, og liggja mjög vel við nýtingu flóans. En ekki virðist mega grípa til þess ráðs að leyfa þeim að auka veiði sína í flóanum og taka af þorskstofninum sem sótt hefur í flóann og étið niður lífsafkomu þeirra. Þetta er alveg dæmigert fyrir það hvernig fólk í hinum ýmsu sjávarbyggðum við landið ætti að hafa miklu meira um það að segja hvernig háttað skuli nýtingu á viðkomandi miðum og hvernig réttur fólksins skuli tryggður.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson vék hér að atriði sem ég ætla að ræða aðeins meira um og snýr að því að kvótakerfi verður harðasta sóknarkerfi sem finnanlegt er í veröldinni þegar ráðgjöfin er ekki rétt. Það getur ekkert annað gerst. Ef aflaúthlutunin er röng og of mikil af einhverjum ástæðum vegna þess að rangt hafi verið ályktað um það hversu mikið væri til af fiski á miðunum við landið, þá er ekki til harðara sóknarkerfi en kvótakerfið og ekki til harðara veiðikerfi yfirleitt en kvótakerfi með framseljanlegum kvóta. Þá fyrst verður það hart þegar menn geta framselt kvótann til þeirra sem hafa öflugustu sóknina og bestu möguleikana til að veiða og menn halda þá uppi sókn sem aldrei fyrr þrátt fyrir að aflabrögðin séu léleg. Um þetta eru dæmi hjá okkur, ekki mjög gömul, frá því að þorskstofninn var frekar á niðurleið hér við land á fiskveiðiárunum 1992–1993. Þrátt fyrir að keyrt væri allt í kringum landið af fullum krafti í veiðum á þorski þá tókst ekki að veiða þorskaflann. Þarna var haldið uppi mjög hörðu sóknarkerfi og kom í ljós að ekki tókst að veiða aflann. Það endurspeglaði það að stíft sóknarkerfi er auðvitað það sem segir mest um hvaða ályktanir megi draga af því hvaða ástand er í náttúrufarinu og á miðunum. Það sýnir hvort mikill fiskur eða lítill fiskur er ef menn hafa sóknarkerfi í gangi sem sýnir aflabrögð. Það mælir þau með breytileika á milli ára því að úthlutun kvóta getur skekkt þá mynd sem menn þurfa að hafa af því hvernig fiskigengdin er.

Þetta vildi ég draga fram og ég vona, eins og undirtektirnar hafa verið, að málið fái jákvæða afgreiðslu og þær upplýsingar sem dregnar verða fram í sjútvn., m.a. með þessu máli, sýni það sem ég hef haldið fram í þessum ræðustól, að nýting okkar á fiskstofnunum við landið hafi verið betri sl. hálfa öld og við náð mun meiri afla sl. hálfa öld en undir stýringu hins umdeilanlega, framseljanlega kvótakerfis sem nú er við lýði.

Ég legg svo til að málinu verði vísað til sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK, 230. mál (frystiskip). — Þskj. 276.

[15:56]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir er einnig um stjórn fiskveiða eins og hið fyrra sem var hér til umræðu en snýr að allt öðrum þætti málsins. Það snýr að því að breyta 11. gr. laga um stjórn fiskveiða. Í frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Við 6. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir er verða 2. og 3. málsl. og orðast svo: Þó er óheimilt að flytja aflamark eða framselja aflahlutdeild til frystiskipa umfram þá aflahlutdeild sem þau höfðu 1. september 1999. Heimilt er að flytja aflaheimild og aflahlutdeild milli frystiskipa sé um sambærileg skip að ræða, sbr. 1. mgr."

Um margra ára skeið hefur sú þróun átt sér stað í kvótakerfinu að botnfiskaflakvótinn hefur safnast til frystiskipa fiskveiðiflotans og jafnframt hefur hefðbundnum fiskibátum fækkað mikið. Aflakvóti bátaflotans hefur einnig minnkað mikið sem hlutfall af úthlutuðum kvóta til fiskiskipa stærri en 6 tonn, krókabáta, þó svo að það hafi í raun verið falið með því að taka fleiri strandveiðifisktegundir, eins og sandkola, skrápflúru og steinbít, inn í kvóta og fjölga þannig þorskígildum bátaflotans.

Það er svo saga út af fyrir sig hvernig áðurnefndar viðbótartegundir í kvótakerfinu hafa verið notaðar í svokallaða tegundatilfærslu og þannig búið til sjálftökukvóta í karfa og grálúðu, sem var það mál sem við ræddum hér áðan.

Hér er lagt til að sett verði í lög ákvæði sem kemur í veg fyrir að frystiskipin geti haldið áfram að safna til sín veiðiheimildum bátaflotans, með öðrum orðum að sá floti verði þá að „hagræða" aflaheimildum innbyrðis milli frystiskipa ef á að færa á þau meiri afla í almennum botnfisktegundum. Við umfjöllun um frumvarpið er rétt að skoða hvort slík takmörkun eigi ekki að ná til t.d. karfa og grálúðu sem eru tvímælalaust þær fisktegundir sem best nýtast frystiskipum til verðmætasköpunar, enda er líklegt að einmitt frystiskipin nýti 80–90% af öllum grálúðuheimildum hér við land og sennilega um 80% af öllum karfaheimildum sem veiddar eru hér við land. Þetta eru því vissulega mikilvægar fisktegundir fyrir frystiskipaútgerðina og væru ekki betur nýttar held ég með öðrum hætti.

Fjöldamörg rök má færa fyrir því að setja slíkt ákvæði í lög. Ekki verður á móti mælt að á bak við útgerð frystiskipa eru öll fjárhagslega sterkustu fyrirtækin í sjávarútvegi. Því liggur í augum uppi að ef þennan öfluga flota vantaði

kvóta gætu svo fjársterkir aðilar keypt upp veiðirétt eins eða tveggja lítilla útgerðarstaða án þess að þurfa lántöku eða sérstaka fjármögnun til kaupanna. Í þessu liggur viss hætta sem fylgir þeirri einstæðu útfærslu sem við höfum komið okkur upp í kvótaverslunarkerfinu þar sem í því eru engar girðingar svo að koma megi í veg fyrir slys eins og þau að niðurskurður á úthafskarfakvóta verði ekki sjálfkrafa til þess að byggð leggist af t.d. á Hólmavík eða Þórshöfn, svo að dæmi séu tekin, vegna þess að þaðan fór kvótinn sem vantaði í úthaldseyðuna sem myndaðist hjá frystiskipunum. Þótt hér sé aðeins lagt til að setja slíka takmörkun á framsal til frystiskipa má vafalaust benda á rök í þá átt að almennt sé rétt að setja nokkrar girðingar í núverandi kvótakerfi og skipta þannig flotanum upp í útgerðarflokka. Það mundi örugglega auðvelda meðferð og lagfæringar á miklum göllum kvótabrasksins í kerfinu.

Í upphaflegri stefnu Fjálslynda flokksins fyrir síðustu kosningar og síðan hefur Frjálslyndi flokkurinn viljað hverfa frá núgildandi úthlutun kvóta í einni svipan með því að hverfa til þess tíma sem ríkti fyrir upphaf núgildandi fiskveiðistjórnar árið 1984, þ.e. með því að gefa allar veiðar frjálsar eins og kostur væri um tveggja eða þriggja ára skeið með sóknarstýringu og árlegu hámarksaflamagni í mikilvægustu tegundum. Að vísu hefur flokkurinn lagt til sem aðferð til að milda slíka ráðstöfun, þorskafla verulega ofan við núgildandi mörk, m.a. með tilliti til mikils brottkasts af fiski í hafi innan núgildandi kerfis sem hvergi sér stað í aflaskýrslum.

Frjálslynda flokknum hefur frá upphafi verið ljóst að afleiðingar slíkrar stefnubreytingar og svo bratt fráhvarf frá gildandi brakskkerfi kynni að koma illa við ýmsa útgerðaraðila. Í því sambandi höfum við haft mestar áhyggjur af minni útgerðum sem hafa freistað þess að kaupa sér aflaheimildir á háu verði sem eru stórt hlutfall af því sem þær hafa fengið úthlutað gefins. Flokkurinn hefur haft minni áhyggjur af hinum stóru sem hafa keypt til sín aflaheimildir á háu verði sem ræðst af því að þetta eru jaðarviðskipti, eða búið sér til stórfelldar pappírseignauppfærslur á kvótum með sameiningu fyrirtækja og öðrum slíkum ráðum. Ljóst er að hvers konar skerðing, svo ekki sé talað um afnám núgildandi kvótaúthlutunar, hefur áhrif til lækkunar á skráðri eign útgerða og þeim mun meiri sem þær hafa gengið harðar fram í kaupum á kvóta og eignauppfærslum í tengslum við sameiningar fyrirtækja. Sú breyting kann að leiða af sér lækkun markaðsverðs hlutabréfa í einstökum fyrirtækjum að því leyti sem það hefur endurspeglað hið óraunhæfa verðlag sem útgerðirnar hafa búið til í samkeppni þeirra í milli.

Breytingin ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á rekstur og rekstrarafkomu fyrirtækja nema helst þeirra sem hafa byggt afkomu sína á leigutekjum fyrir kvóta. Skerðing á afkomu þeirra fyrirtækja og tilflutningur hennar til annarra verður að teljast sanngjörn leiðrétting á misnotkun á gildandi kerfi.

Nú væri þörf að bregðast við þeirri réttaróvissu sem hæstaréttardómur í árslok 1998 svo og nýgenginn héraðsdómur í svonefndu Vatneyrarmáli hafa skapað. Telja verður algjört ábyrgðarleysi af hálfu Alþingis og raunar brot á þeim eiðstaf og drengskaparheiti um verndun stjórnarskrárinnar sem hver þingmaður hefur undirritað að láta eins og ekkert sé þegar veigamiklar efasemdir rísa um að lög sem þingið hefur sett fái staðist mikilvæg ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði þegna lýðveldisins.

Nú er nauðsyn til sátta um hvernig mætti feta sig út úr þeim ógöngum sem núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi með óheftum heimildum til framsals og leigu veiðiheimilda hefur leitt yfir þjóðina. Við teljum að kvótabraskið verði að hverfa. Nauðsynlegt er að greina sundur meginþætti gildandi kerfis. Það er grundvallaratriði til skilnings á þeim vanda sem fást þarf við að menn hætti að tala um kvótakerfi sem sé svo stórkostlegt að því er haldið fram að það veki heimsathygli.

Þetta kerfi er samansett úr tvennu sem skoða verður hvort í sínu lagi ef menn eiga að geta rætt fyrirbærið með þeim skilningi á eðli þess sem nauðsynlegur er. Annars vegar er kvótasetning, þ.e. ákvörðun um hversu mikið eigi veiða af hverri fisktegund til að nýting stofnsins og viðgangur þyki innan öryggismarka og sé líkleg til að gefa af honum hámarksafrakstur. Þessi hluti íslenska kvótakerfisins er umdeildur þó illdeilur séu ekki eins miklar og um kvótabraskið og um önnur atriði sem má deila um í því efni.

Hins vegar er um að ræða úthlutun hins leyfða kvóta sem er allt annað mál og höfuðatriði hins pólitíska ágreinings í þessu mikla deilumáli meðal þjóðarinnar. Fyrirsvarsmenn núgildandi úthlutunar, þ.e. gjafaveiðiréttarins til þeirra sem skip áttu á tilteknu tímabili endur fyrir löngu og afkomenda þeirra, telja þetta hina einu leið til hagfelldrar útgerðar á Íslandsmiðum. Er þá með öllu litið fram hjá ágöllum úthlutunarinnar svo sem hróplegu samkeppnisforskoti stóru útgerðanna gagnvart hinum smærri, lokun kerfisins á nýliðun í útgerð, óörygginu sem aðferðin býr sjávarbyggðunum, flæði fjármagns út úr greininni þegar útgerðarmenn eða erfingjar þeirra selja hlut sinn í sameign þjóðarinnar, skefjalausu brottkasti fisks sem kerfið leiðir af sér og síðast en ekki síst þeirri taumlausu skuldsetningu sem útgerðin tekur á sig þegar sægreifarnir eru keyptir út úr greininni. Eru þá ótalin stjórnarskrárákvæðin sem fyrr var vitnað til.

Gríðarlegum fjármunum hefur verið varið til áróðurs í hinni pólitísku varðstöðu um kerfið undir stjórn öflugustu auglýsingamanna landsins. Sérhagsmunirnir sem verið er að verja eru líka gríðarlegir. Þjóðin hefur þó ekki látið blekkjast en of stór hluti hennar hefur látið stjórnarflokkana komast upp með þeirra grímulausu varðstöðu um þá sérhagsmuni sem Alþingi hefur búið til með óskynsamlegri löggjöf sem ekki fær staðist neinar réttlætiskröfur og eykur stórlega á vanda sjávarbyggðanna.

Þeir sem best þekkja til erlendis vilja ekki svona kerfi. Íbúum Nýfundnalands, Færeyingum eða Norðmönnum sem allir þekkja til þess hvernig Íslendingar fóru að í þessu efni, kemur ekki til hugar að innleiða sömu aðferð. Þeir sjá hvernig hún drepur niður smærri rekstur og eyðir byggðum. Verið getur að einhverjar þjóðir sem eru nógu langt í burtu og hafa fengið til sín trúboða íslenska sjútvrn. láti sér koma til hugar að apa þetta eftir enda eiga í hlut þjóðir sem hafa langa hefð fyrir að hygla vel metnum einstaklingum. Það kunna Íslendingar hins vegar ekki að meta.

Misræmið milli núgildandi kvótaúthlutunar og reglna stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði er grunnvandinn sem við er að fást. Hann snýst þess vegna ekki um kvótakerfið í heild sinni heldur einungis um úthlutun kvótans að því leyti sem til kvótasetningar þarf að koma. Spurninging er: Hvenær þarf kvótasetningu?

Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði hvenær og hvort nauðsynlegt er að setja fisktegund undir afltakmarkanir. Þegar sagan er skoðuð kemur í ljós að það er regla fremur en undantekning að útgerðin nær ekki að veiða að fullu þann afla sem sjútvrn. hefur leyft, sem oftast er í námunda við þá

ramma sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til. Hin eðlilegu viðbrögð í þessari stöðu ættu að vera að taka þá tegund sem ekki tekst að veiða út úr kvótasetningu þar til ætla mætti að henni sé ofboðið. Svo mikil hefur verið þjónkun sjútvrh. við hagsmuni einstakra útgerðarmanna að þetta hefur ekki verið gert. Þess í stað hefur verið leidd í lög röklaus og fáránleg heimild fyrir útgerðarmenn að breyta tegund sem ekki veiðist í aðra sem veiðist, þó ekki þorsk. Það er tegundatilfærslan sem við ræddum hér áður. Undir þessum formerkjum hafa stofnar karfa og grálúðu verið stórlega veiddir umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar svo nemur þúsundum tonna um ótalin ár. Umhyggja LÍÚ og stjórnvalda fyrir fiskstofnunum nær ekki lengra en þetta þegar hún telst rekast á hagsmuni stórútgerðarmanna.

Sé vilji til þess að nálgast það verkefni að skipuleggja það að ná sátt um nýja útfærslu stjórnkerfis fiskveiða á að byrja á því að skipta fiskiskipaflotanum upp í þrjá aðgreinda útgerðarflokka. Nauðsyn ber til að skilgreina skipin í aðgreinda útgerðarflokka fiskiskipa með sambærilegan möguleika til fiskveiða og nálgast þannig jafnræði milli þeirra sem starfa og gera út álíka kraftmikil veiðiskip sem hafa mismunandi áhrif á náttúrulega viðkomu í lífríki sjávar.

Þar ber fyrst að nefna flokk frystitogara og nóta- og togveiðiskipa sem veiða nú þegar innan og utan 200 sjómílna fiskveiðilögsögunnar, bæði botnfisktegundir og uppsjávarfisk eins og loðnu, síld, kolmunna og makríl. Þessi fiskiskipafloti frysti- og nótaskipa verði sérgreindur frá og mörkuð afla- og veiðistýring sem hentar honum í því alþjóðlega uppboðs- og samkeppniskerfi kvótaveiði, sóknar og alþjóða- eða milliríkjasamninga sem stórútgerðin starfar í.

Annar sérgreindur útgerðarflokkur væri stærri togveiðiskip sem landa ísvörðum fiski til landvinnslu. Þar þarf að taka tillit til eðlilegrar nýtingar á veiðislóð og fiskstofnum samfara takmörkuðum möguleikum til sóknar út fyrir lögsögu og eðlilegs aðgangs að öllum fisktegundum þar sem í togveiðarfæri kemur afli af mörgum fisktegundum. Tæknivædd línuveiðiskip með beitningarvélar veiða einnig fjölmargar fisktegundir, oftast innan 200 sjómílna fiskveiðislögsögunnar og stórir netabátar geta einnig átt heima í þessum útgerðarflokki. Fyrir fram, að lítið skoðuðu máli, er næsta víst að útfærslan hjá þessum þremur gerðum, ísfisktogurunum, beitningarvélabátunum og stóru netabátunum, þarf ekki að vera eins þrátt fyrir að vegna stærðar og afkasta og útiverutíma og veiðisvæða falli þessi fiskiskip saman í útgerðarflokk.

Þriðji flokkurinn við uppskiptingu flotans yrði síðan strandveiðiflotinn. Skipt yrði upp í fyrstu í báta undir sex tonnum, smábáta, og önnur dagróðraskip undir t.d. 120–140 brúttótonnum. Minnstu bátum strandveiðiflotans yrði gefið eins mikið frelsi til fiskveiða og frekast er kostur. Eins og málum er nú komið víða í kvótalausum sjávarbyggðum verður að opna möguleika strandveiðanna til aukins frjálsræðis. Afgjald af veiðifrelsi strandveiðiflotans rynni til útgerðarstaðanna til eflingar landsbyggð á nýjan leik.

Sú viðleitni Frjálslynda flokksins til sátta um nýja fiskveiðistjórn við Ísland sem ég hér ræði um felur í sér fáein meginmarkmið og leiðir auk hinnar almennu viðleitni til að láta löggjöf landsins ríma við stjórnarskrá lýðveldisins.

Í fyrsta lagi ætti að gera umhverfismat fyrir hvern útgerðarflokk og veiðarfæra. Tilgangurinn væri að meta faglega helstu áhættuþætti sem fylgja veiðum með tilteknum veiðarfærum við fiskveiðar. Strandveiðiflotanum sem enn er til í sjávarbyggðunum umhverfis landið verði gert mögulegt að sækja sjóinn með lágmarkshömlum og afla þannig bæði sjómönnum og landverkafólki sjávarbyggðanna lífsviðurværis. Kvótasetning verði afnumin á þeim tegundum nytjafiska sem ekki hefur tekist að veiða upp tvö fiskveiðiár í röð. Af slíkum afla verði greitt gjald sem Alþingi ákveður með lögum af hverju kílói eftir landaðri vigt. Framsal og framleiga á veiðiheimildum verði þegar í stað bönnuð.

Hinum smærri sem tilheyra munu strandveiðiflotanum og hafa taka tekið þátt í því fjárhættuspili sem framsalsheimildirnar frá 1990 hafa búið til verði forðað frá stóráföllum með skattalegri afskrift kvótaandvirðis.

Úthlutun kvóta eftir núgildandi reglum á þeim fisktegundum sem eftir væru undir kvótasetningu verði fryst að því er tekur til magns en jafnframt afnumin í fimm jafnstórum skrefum á næstu fimm árum þannig að fyrsti fimmtungurinn verði felldur niður við upphaf næsta fiskveiðiárs og síðan árlega koll af kolli.

Veiðiheimildum sem losna undan kvótaúthlutun samkvæmt því sem áður er sagt, aukningu á leyfilegu veiðimagni samkvæmt nýrri kvótasetningu og nýjum tegundum sem teknar yrðu undir kvótasetningu yrði annars vegar úthlutað með því að bjóða veiðiheimildirnar upp á opnum tilboðsmarkaði á ríkisins vegum og þá hæstu boð látin ráða, og hins vegar með greiðslu aflagjalds hjá strandveiðiflotanum.

Fyrstu tvö ár hins nýja kerfis skal leyfilegt heildarmagn þorsks aukið um 100.000 tonn hvort ár umfram venjubundna kvótasetningu.

Öll framkvæmd umskiptanna frá gömlu kerfi yfir í hið nýja væri í höndum sjálfstæðrar þriggja manna stjórnarnefndar óvilhallra manna sem Hæstiréttur tilnefnir en sækir umboð sitt beint til Alþingis. Stjórnarnefndin hefði bæði víðtækt úrskurðarvald um ágreiningsefni og lagaskyldu til að ráðleggja sjávarútvegsráðherra og eftir atvikum Alþingi um vandamál sem ráðherra eða Alþingi þyrfti að taka á í framkvæmd hinnar nýju stefnu. Stjórnarnefndin hefði enn fremur víðtækt ákvörðunarvald um ýmis atriði hinnar nýju stefnu, samanber það sem hér fer á eftir. Þá skal nefndin gera tillögu um hvernig þeim útgerðum sem mestu hafa varið hlutfallslega til kaupa veiðiheimilda á undanförnum árum verði forðað frá áföllum þegar kerfið er afnumið.

Tillaga okkar um uppboð á veiðiheimildum fer ekki einungis fram undir stjórn stjórnarnefndar hinnar nýju fiskveiðistjórnarstefnu heldur hefði hún heimild til að koma í veg fyrir að hóflausum yfirboðum stórútgerða yrði tekið sem og heimildir til að koma í veg fyrir að einstakar sjávarbyggðir verði út undan í slíkum útboðum þótt raunverulegt markaðsverð yrði að ráða í slíkum viðskiptum. Komi til þess, í uppboðum á veiðiheimildum og í hinum frjálsu veiðum strandveiðiflotans, að ójafnvægi myndist milli hinna þriggja hluta flotans yrði heimild til að skipta aflamagninu milli strandveiðiflotans og hinna tveggja hluta flotans.

Æskileg skipting aflamagns verði í samræmi við þá fisktegund sem mest er veidd hverju sinni af viðkomandi útgerðarflokki, eftir veiðarfærum, t.d. karfi og grálúða í troll.

Í mótun hins nýja fiskveiðistjórnkerfis verði hverjum þessara útgerðaflokka afmörkuð veiðislóð í sem bestu samræmi við það hvaða hluta flotans hentar best að nýta veiðislóðina með hagkvæmum og vistvænum hætti.

Við endanlega röðun í strandveiðiflota dagróðrarbáta með kyrrstæð veiðarfæri, línu, handfæri og net, þarf að skilgreina hvar sá floti hefur forgang. Strandveiðiflotanum sem stundar veiðar með togveiðarfærum á grunnslóð, dragnót og botnvörpu, þ.e. rækjuvörpu, þarf einnig að marka ramma líkt og gert er í dag með veiðisvæðaskiptingu.

Til að tryggja hagsmuni strandveiðiflotans og hinna dreifðu sjávarbyggða, sem og til að gera útboð veiðiheimilda viðráðanlegri með fækkun bjóðenda, er lagt til að strandveiðiflotinn taki ekki þátt í uppboðum veiðiheimilda heldur hafi frjálsa sókn á þeim svæðum sem honum eru mörkuð en greiði við löndun hverju sinni fjárhæð á hvert kíló kvótasetts fisks, að hámarki 15% af mánaðarlegu meðalverði á fiskmörkuðum. Stjórnarnefndinni væri þó heimilt að lækka þessa prósentu með hliðsjón af markaðsverði í útboði aflaheimilda. Æskilegt væri að aflagjald strandveiðiflotans rynni til uppbyggingar í viðkomandi byggðarlögum. Landað magn strandveiðiflotans með þessum hætti drægist jafnharðan frá hinu leyfða aflamagni eins og það hafi verið selt á markaðnum.

Útboð fari fram á opnum tilboðsmarkaði allt árið og heimildir leigðar til eins árs í senn. Ef heimildir fiskveiðiárs samkvæmt kvótasetningu þess þrýtur geta fiskiskip einungis einbeitt sér að veiðum tegunda sem eru utan kvótasetningar. Kvótasettur afli sem skip hefur ekki leigt rétt fyrir skal fluttur að landi, seldur fyrir hæsta fáanlegt verð og aflaverðmætinu skipt eftir reglum um lágverðsafla.

Við gerum ráð fyrir skyldu til að allur afli sem á skip kemur verði fluttur í land. Til að tryggja þetta og búa til hvata fyrir sjómenn og útgerðir til að sinna þessari lagaskyldu, þvert ofan í það sem núgildandi kerfi gerir, er gert ráð fyrir að slíkur lágverðsafli verði seldur á hæsta fáanlegu verði og andvirðinu skipt til helminga milli sérstaks brottkastssjóðs annars vegar en skips og áhafnar hins vegar. Reglunni er ætlað að ná því jafnvægi í þessum skiptum að hvatningin sé næg til að komið sé með fiskinn í land en ekki svo mikil að slíkur veiðiskapur verði stundaður sem viðvarandi útgerð.

Verði Vatneyrardómurinn hins vegar staðfestur af Hæstarétti óbreyttur er slík aðferð sem hér hefur verið rædd útilokuð og því nauðsynlegt að finna aðferð sem fullnægir jafnræðisreglu stjórnarskrár strax eftir þannig dóm Hæstaréttar. Þá væri nærtækast að byggja á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997. Þar eru nægar heimildir í 6.–8. gr. til þess að stjórna fiskveiðum og engin ástæða til að ætla að hér fari allt í forarpytt og vandræði ef ráðherra á annað borð vill stjórna samkvæmt áðurnefndum lögum.

Ég hef nú farið yfir það hvernig við í Frjálslynda flokknum teljum að vænlegt sé að nálgast það vandasama verk að búa hér til nýtt og betra fiskveiðistjórnarkerfi sem uppfylli jafnræðisákvæði stjórnarskrár og tryggi jafnan atvinnurétt fólksins í þessu landi. Það skal líka tekið fram að okkur er það kappsmál að vinna málið með öðrum stjórnmála- og hagsmunaaðilum hafi þeir vilja til verksins. Við álítum sem sagt ekki að það sem við setjum fram sé heilagt og fáist ekki breytt í samstarfi við aðra. Öllum hlýtur hins vegar að vera ljóst að núverandi braskkerfi sem grefur undan byggð í landinu og flýtir fyrir flótta fólks af landsbyggðinni er ekki leið sem við viljum byggja á, enda brýtur kvótabraskkerfið öll gildi sem Frjálslyndi flokkurinn vill standa fyrir. Við viljum að sátt ríki í landinu og að réttur fólksins sé í öndvegi.

Frv. sem ég hef hér mælt fyrir og kveður á um það að frystiskipaflotinn verði færður í sérkerfi innan núverandi kerfis þar sem hann geti ekki lengur flutt til sín meiri aflaheimildir er í raun fyrsti vísirinn að því að skipta íslenska veiðiflotanum upp í aðgreinda útgerðarflokka þannig að tala megi um þetta vandasama og mikla mál og nálgast vandann við stjórn fiskveiðanna hér við land með uppskiptingu flotans. Við í Frjálslynda flokknum teljum það grundvallaratriði til að ná eðlilegri fiskveiðistýringu og sátt um það að hér megi stunda fiskveiðar í friði við þjóðina að virtum öllum réttindum hennar.

Ég geri mér fyllilega ljóst að þeir sem nú gera út frystiskip hér á landi munu finna þessari tillögu ýmislegt til foráttu. Ég vil hins vegar benda á að t.d. í ályktunum Farmanna- og fiskimannasambandsins, bæði á sl. hausti og fyrir rúmum tveimur árum síðan, var samþykkt tillaga um að frystitogaraflotanum væri ekki heimilt að úrelda frekar bátaflotann til að færa til sín aflaheimildir af bátaflotanum. Menn sáu sem sagt vandann sem í þessu felst.

Á fiskveiðiárinu sem nú er að líða var rúmum 92 þús. tonnum úthlutað til togaraflotans og 72 þús. til bátaflotans. Hér er ég að tala um slægðan fisk og þyrfti að bæta 16% við til að færa þetta yfir í óslægt. Þetta þýðir í reynd að togarafloti landsmanna er að veiða u.þ.b. 60% af þorskaflanum og bátaflotinn um 40%. Ég held að á árum áður, þegar menn voru að skipta upp aflanum milli þessara skipagerða, hafi skiptingin oftast verið 48–50% á togaraflotann og 50–52% á bátaflotann. Ég held að allir sem hafa kynnt sér veiðar og fylgst með áhrifum veiðarfæra á fiskstofna hafi séð að það eru takmörk fyrir því hve mikið hlutfall af fiskstofninum má taka með togveiðarfærum svo að ekki láti á sjá. Hitt er jafnframt ljóst að togveiðarfærin eru bráðnauðsynleg til að nýta fiskislóðina og sumar fisktegundir. Í því sambandi get ég nefnt þær tegundir sem eru úthafsflotanum mest virði, frystitogaraflotanum, úthafskarfann og grálúðuna.

Við skulum líka gera okkur grein fyrir því að á undanförnum árum hefur einmitt þessi floti, hinn öflugi úthafstogarafloti okkar fengið til sín auknar heimildir. Hann hefur fengið úthlutað karfa á Reykjaneshrygg og þær útgerðir hafa langmestan hluta þess sem úthlutað var í norsku lögsögunni með samningum við Norðmenn. Við erum einnig að nota stór og öflug frystiskip til veiða niðri á Flæmingjagrunni. Á sama tíma og við vorum með niðurskurð í veiðum innan lögsögunnar, eins og ég vék hér að í framsögu fyrir fyrra frv. um tegundatilfærsluna, á þeim tegundum sem hinn hefðbundni floti innan lögsögunnar hefur sótt í þá var þessi floti að bæta við sig veiðiheimildum.

Nótaflotinn hefur einnig bætt við sig veiðiheimildum á undanförnum árum og hefur nú orðið full verkefni við að veiða ýmsar uppsjávarfisktegundir, síld innan lögsögunnar úr norsk-íslenska síldarstofninum, úr loðnustofninum, úr kolmunnastofninum og jafnvel heimildir til þess að veiða makríl. Þessi tveir flotar, hinn afkastamikli og öflugi úthafsfrystiskipafloti og nótaflotinn, hafa full verkefni haft á undanförnum árum þegar aðrir hafa tekið á sig niðurskurð. Þeir hafa jafnframt getað leigt frá sér heimildir til bátaflotans meðan þeir hafa unnið sér veiðirétt annars staðar eins og þekkt var meðan menn voru að vinna sér veiðirétt í úthafskarfanum og eins í Smugunni.

Þrátt fyrir lögin um veiðar utan lögsögu, þar sem ákveðið er að skila eigi ákveðnum afla inn í lögsöguna þegar úthlutað er til einhvers hluta flotans utan lögsögunnar, þá hefur það skilað ákaflega litlu. Aðferðin sem notuð var, t.d. varðandi karfann á Reykjaneshrygg, var að heimildunum mátti skila

inn og menn máttu velja sér fisktegundina. Þá völdu menn ufsann sem ekki veiddist það ár og skiluðu inn pappírsfiski þannig að bátaflotinn innan lögsögunnar sem átti að fá smáviðbót fyrir það að hinir fengu mikla viðbót fékk í raun og veru bara pappírsfisk. Þetta vita allir sem hafa fylgst með.

[16:26]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég ætla að fjalla aðeins um þetta frv. sem hv. flm. Guðjón A. Kristjánsson hefur fylgt úr hlaði. Hins vegar ætla ég ekki að blanda mér í efnislega umfjöllun um stefnuskrá Frjálslynda flokksins sem hann las hér líka upp.

Hvað þetta frv. áhrærir get ég tekið undir með honum að það er full ástæða til að skoða þessar girðingar sem hann telur að reisa eigi á milli tegunda veiðiskipa. Það er með ólíkindum að þrátt fyrir að mikið hafi verið talað um að smábátaútgerðin, trillurnar gæfu hinum smærri plássum líf, þá eru ekki mörg ár síðan samþykkt var á Alþingi fall næstsíðasta vígis í þessu kvótakerfi eða kvótabraski, eins og menn hafa kallað, þegar 62 þingmenn ýmist sátu hjá eða samþykktu að færa braskið yfir á trillurnar. Þeir sömu og sögðu að trillurnar væru það sem gæfi lífinu lit og héldi smærri byggðum í byggð töldu að rétt væri að flytja fleiri aflaheimildir á trillurnar.

Síðan fara frystitogararnir að kaupa þessar trillur upp og aflaheimildirnar með. Þannig má segja að ekki hafi nú allir verið sjálfum sér samkvæmir í þessu máli frá upphafi og til þessa dags, frá árinu 1984 þegar þetta dundi yfir. Þetta hefur nánast verið sjálftökukvóti síðan. Hann hefur aðallega vaxið þannig að ekki hefur verið um varanlegar úthlutanir á kvóta að ræða í þeim skilningi hjá sjútvrn. heldur hefur þetta gerst af sjálfu sér frá 1984.

Ég tel einnig mikið áhyggjuefni þegar útgerð með frystitogara, þeim hefur gengið best og eru í bestri stöðu til að kaupa kvóta, skuli ganga svo langt sem raun ber vitni, að víða horfir til stórra vandræða í hinum smærri fiskiplássum.

Það er hins vegar eitt sem mig langar til að spyrja síðasta ræðumann, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson: Hvað telur hann liggja til grundvallar þeim stóra vanda sem blasir við á Vestfjörðum öðrum byggðarlögum fremur? Hvað veldur þessum vanda þar en virðist ekki jafnafgerandi í öðrum landshlutum? Er það eitthvað sem menn geta rakið til fortíðar, að einhverjir hafi talað öðruvísi en staðreyndir lágu fyrir um? Eða voru menn bara villir síns vegar og trúðu því að einhvern tíma yrði yrði kvótakerfið aflagt? Unnu þeir ekki heimavinnuna sína? Þetta er mikið umhugsunarefni. Menn heyra það hér í þéttbýlinu að þaðan kemur kallið en ekki jafnáberandi t.d. frá Austfjörðum, svo nefndur sé einhver landsfjórðungur.

Annað kom þingmaðurinn inn á, brottkastið sem lítið hefur verið rætt. Náttúrlega er full ástæða til að það mál sé skoðað alvarlega. Hvað er þar raunverulega að gerast? Menn koma og segja að málið sé svona. Aðrir mótmæla. Flestir hafa þó það í undirmeðvitundinni að nokkuð sé til í því að talsverðum afla sé hent fyrir borð. Enginn hefur þó komið fram með hreinar sannanir fyrir því. Það vantar í þessa umræðu að menn geti talað um það tæpitungulaust og fullyrt hvernig þessum málum sé háttað. Ég vildi rétt aðeins hreyfa þessum málum og þegar hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flutti ræðu sína þá vaknaði þessi hugsun hjá mér um ástandið hjá Vestfirðingum, þ.e. hverjar væru meginskýringarnar þar á bak við.

Ég verð nú að segja það líka að þegar þetta gerðist, þ.e. þegar framsalsheimildin var færð yfir á trillurnar þá held ég að mönnum hafi mjög brugðið, mörgum hverjum sem áður höfðu talað um að þetta væri lyftistöng hinna smærri byggða. Ég get alveg heils hugar tekið undir það. Hins vegar er hálf óhugnanlegt að horfa á þá þróun sem er að verða aftur til fortíðar. Það kann vel að vera að þessar trillur séu miklu meiri sjóskip en áður var en á þeim sækja menn sjó allan ársins hring eins og raun ber vitni á Vestfjörðum. Þar er nánast enginn eiginlegur vertíðarbátur til heldur er sjórinn sóttur af kappi og vonandi forsjá á 6–8 tonna trillum allan ársins hring. Þetta er náttúrlega mjög alvarleg þróun sem vissulega þarf að hugleiða.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að mér finnst frv. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur lagt hér fram allrar athygli vert. Ég tek fram að þetta er ekki langt frá mínum hugmyndum eins og málin hafa þróast, þ.e. að settar séu upp girðingar á milli skipastærða, skipaflokka og bátategunda og komið í veg fyrir að menn geti flutt aflaheimildirnar á milli. Þó verð ég líka að taka það fram, sérstaklega vegna síðasta máls sem hér er á dagskrá um afnám framsals aflaheimilda að ég vík hvergi frá skoðun minni, sem komið hefur fram á nokkrum undanförnum þingum. En það er mál sem verður tekið fyrir síðar á fundinum.

[16:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sem flutt er af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni felur í sér tillögur um að flotinn verði lagskiptur og færsla á aflaheimildum á milli einstkra flokka flotans verði takmörkuð. Jafnframt er hér lögð áhersla á sérgreiningu strandveiðanna.

Áherslurnar í þessu frv. eru í mörgu samhljóða því sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum varðandi nýtingu auðlinda fiskimiðanna. Hér er ekki aðeins tekið tillit til réttarstöðu byggðanna og þess fólks sem þar er og auðlindanna meðfram grunnslóðinni heldur er þetta einnig gæðanýting þessara auðlinda og vistvæn nýting þeirra, ekki aðeins fisksins sjálfs heldur er einnig inn í meðferð á miðunum og umgengni þar.

Það stríðir eiginlega gegn skynsemi okkar eða þeirri tilfinningu sem við höfum fyrir því hvernig stjórna skuli sókn í þessar auðlindir að stór frystiskip, búin til þess að vera úti dögum, vikum og jafnvel mánuðum saman, með veiðarfæri sem eru svo stórvirk að þau taka yfir stór hafflæmi þegar þau eru að veiðum, hafi sama möguleika til að fá afnotarétt af fiskimiðunum á grunnslóðinni. Það er því mikið hagsmunamál, bæði fyrir nýtinguna á auðlindunum og öryggi hinna dreifðu byggða að flotinn sé lagskiptur, honum skipt í úthafsflota og grunnslóðarflota eða dagróðraflota, þ.e. trillur og stærri dagróðrabáta.

Herra forseti. Ég var í Skotlandi fyrir nokkrum árum og fór um vesturströnd Skotlands og út til eyjanna fyrir ströndum Norður-Skotlands. Þar var versnandi ástand í afkomu fólks og búsetu. Þegar við fórum að spyrja þetta fólk hvað hefði þar ráðið mestu um þá sagði það að rétturinn til að veiða fiskinn sem það hafði byggt afkomu sína á hefði verið seldur langt í burt þannig að fólkið átti þar ekki nokkurn forgangsrétt. Menn héldu að þeir mundu kannski græða á olíunni þegar hún fannst úti fyrir ströndum þeirra en hún var líka í eigu annarra en þeirra sem bjuggu á þessu svæði. Allt sem virtist vera hægt að flytja burt, allur afnotaréttur,

allur réttur að auðlindum sem virtist hægt að flytja burt úr héruðunum á þessum svæðum var flutt burt. Ekki var hægt að reiða sig á þennan afnotarétt varðandi atvinnu og byggð á þessu svæði.

Íbúar þessa svæðis gripu þá til þess ráðs að reyna að finna upp einhverja atvinnu sem ekki væri hægt að flytja burt. Þar voru m.a. mjög athyglisverðar tilraunir gerðar til að laða fram sögu bygginga og búsetu í eyjunum, gera upp gömul hús og laða fram sögu þeirra. Það er þó ekki hægt að flytja þessi gömlu hús burt, sögðu menn. En engan veginn var þetta samt nóg. Fólkið sem við hittum var sammála um að byggðunum kæmi best að færa þennan afnotarétt, forgangsréttinn til þess að nýta auðlindirnar meðfram ströndum landsins, aftur til þeirra. Það væri öruggast fyrir byggðina þar.

Nú á síðustu árum hefur það einmitt verið að gerast smátt og smátt aftur á þessu svæði. Augu stjórnvalda sem ráðstöfuðu áður þessum rétti hafa opnast. Rétturinn til þess að nýta þessar auðlindir hefur smám saman færst til baka, þ.e. forgangsréttur þeirra.

Herra forseti. Þetta er því ekkert alíslenskt fyrirbrigði. Við ættum þess vegna að geta leitað að fyrirmyndum annars staðar vegna þeirrar ráðstöfunar sem við búum við núna og höfum gert síðustu ár varðandi aðgengi að þessum náttúruauðlindum okkar. Við mundum sjá að í öðrum löndum leiðir þessi tilhögun ekki til annars en misskiptingar valds og auðs og byggðaröskunar. Einnig er þekkt að hægt er að snúa þessu við ef vilji er til. Herra forseti. Hlutverk Alþingis er að gera svo og hafa frumkvæði um það með lagasetningu. Hafi lagasetning eða framkvæmd laga mistekist þá ber okkur líka að taka þau lög upp og breyta þannig að vilji laganna nái fram að ganga. Með fiskveiðistjórninni eigum við að skila náttúruauðlindum til hinna dreifðu byggða kringum allt land, réttinum til að stunda fiskveiðar, forgangsréttinum. Þennan rétt eigum við á Alþingi að tryggja.

Frv. sem hér er lagt fram af hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni leggur þessu einmitt lið. Það er einn þáttur til þess að skoða í þá veruna. Ég tel því mikilvægt að þetta frv. fái *mjög vandlega skoðun í sjútvn. þó að einhver skoðanamunur* geti kannski verið um útfærsluatriði. Ég tel að meining þessa frv. sé mjög í anda þess sem við viljum sjá.

[16:42]

Útbýting þingskjals:

Tóbaksvarnir, 310. mál, fsp. GHall, þskj. 559.

[16:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að frv. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flytur hér sé góðra gjalda vert. Ég held reyndar að átt hefði að taka á þessum málum fyrir löngu síðan. Sannleikurinn er sá að kerfið sem við búum við er þannig að á einni nóttu væri hægt að flytja allan veiðirétt af grunnslóðinni og út á stóru skipin nema 13,75% afla í þorskaflahámarki sem festur er á trillurnar í dag. Tæknilega væri þetta því hægt. Auðvitað hefur ýmislegt gerst í þessu á undanförnum árum. Það er búið að flytja mikinn aflarétt af grunnslóðinni og leggja af veiðar með stórum hluta grunnslóðarflotans árin hér á undan.

Ég tel að þetta frv. geti út af fyrir sig staðist þó að við gerðum breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég er raunar svolítið upptekinn af því að sú breyting verði á fiskveiðistjórnarkerfinu að kerfið rími við stjórnarskrána. Þær tillögur sem við höfum verið að fást við í Samfylkingunni og munum kynna innan fárra daga eru allar hugsaðar út frá því að þær geti staðist jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæðið um atvinnufrelsi.

Ég tel einfaldlega að jafnvel þó að hæstaréttardómurinn kæmi ekki til þá þurfum við að hafa þá kröfu sem leiðarvísi við tillögur sem lagðar eru fram í þessu stóra máli. Ég tel jafnframt að þetta þurfi að gerast á vissum aðlögunartíma. Ég ætla ekki að að endurtaka það sem ég sagði við umræðuna hér á undan um þá hluti en þó vil ég endurtaka að ekki er skynsamlegt að leggja í margar byltingar í einu. Það að ná saman góðri samstöðu um að taka á eignarhaldinu í kvótakerfinu held ég að sé skref sem menn verði kannski að sætta sig við að taka áður en aðrar byltingar verða gerðar.

Í sambandi við það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan um að í Skotlandi væru menn að gera veiðar við strendurnar aftur að forgangsrétti íbúanna við ströndina, þá vil ég nefna að veiðar við Ísland hafa aldrei verið forgangsréttur strandbyggðanna. Menn hafa hins vegar haft betri aðgang að nálægum fiskimiðum en þeir sem hafa búið annars staðar á landinu — þangað til menn fundu upp eignarhaldið á kvótanum. Ég er því á þeirri skoðun að breyting á fiskveiðistjórnarkerfinu sem gengi út á að aðgangurinn að veiðiheimildunum yrði gerður jafn fyrir alla gæti fært þessum byggðarlögum svipaða stöðu og þau höfðu áður en kerfið kom til. Ekki er ég að halda því fram að það sé nóg. Ég held því hins vegar fram að það muni bæta stöðu þeirra byggðarlaga verulega hafi þau sama aðgang að veiðiheimildum, þ.e. þeir sem búa á þessum stöðum, og þeir sem fyrir eru í útgerðinni. Nýir útgerðaraðilar ættu ævinlega að geta mætt að borðinu þar sem menn skipta veiðiheimildunum á jafnréttisgrundvelli við hina sem fyrir eru.

Vegna þess sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði áðan þegar hann talaði um að Vestfirðingar hefðu kannski, eins og hann orðaði það — farið villir síns vegar og ekki unnið heimavinnu sína í sambandi við kvótann, þá verður nú að minna á það í þessari umræðu að mönnum var haldið uppi á blekkingum, hvort sem það var vísvitandi eða ekki, í *fjöldamörg ár frá upphafi þessa kerfis. Það var framlengt um* eitt ár í einu oftast nær, síðan um tvö ár í einu og alltaf var talað um að þetta væri ekki frambúðarkerfi. Fyrir þeim sem voru að vinna í útgerð á þessum árum var þetta allt saman bráðabirgðaástand, ef þeir tóku mark á því sem sagt var. Það er því ekki hægt að sakast við menn sem á þeim árum trúðu ekki á framtíð kvótakerfisins.

Síðan er spurningin hvað segja á um tímabilið frá 1990 því um það leyti og eftir það fóru menn almennt, sem stutt hafa þetta kerfi, að tala um það sem framtíðarfyrirbrigði eða framtíðarkerfi við stjórn fiskveiðanna. Eftir það held ég að menn hafi þurft að horfast í augu við að þetta væri stefnan. En fjöldamargir hafa þó aldrei viljað gefast upp fyrir þessari stefnu og baráttan gegn henni hefur auðvitað skilað því að enn þá eru möguleikar til að hrinda henni af. Kannski eru þeir möguleikar meiri nú en í mörg ár til að menn fari út í það að koma til móts við kröfurnar um að gerðar verði þannig breytingar á þessu kerfi að hægt sé að búa við það til frambúðar, og a.m.k. að réttlætissjónarmiðum verði þar fullnægt.

En ég endurtek að ég tel að í raun og veru eigi þessi tillaga sem hér er til umræðu fullt erindi hingað þó að sú breyting yrði á lögunum um stjórn fiskveiða sem þyrfti að verða og mæli þess vegna með henni. Ég þakka hv. flm. fyrir að koma með hana til umræðu á hv. Alþingi.

[16:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á jafnan rétt allra. Ég get svo sem tekið undir það, að hann sé jafn, en hann er líka félagslegur réttur og það er svolítill greinarmunur á því hvort þetta sé bara eins og hlutafélag þar sem allir eiga sína jöfnu hluta eða hvort þetta er félagslegur réttur og félagsleg sameign sem er ráðstafað af félagslegri ábyrgð til einstaklinga eða félaga.

Við verðum að hafa hugfast þegar við ætlum að tryggja að íbúar alls landsins eigi öruggan og jafnan aðgang, að þá getur þurft að beita einhverjum stýringarákvæðum og ráðstöfunum til þess að svo verði en mismunun getur líka komið til. Við vitum það nú þegar allir eiga að vera jafnir gagnvart ákveðinni þjónustu í landinu óháð búsetu en við vitum að svo er alls ekki. Í I. kafla laganna um um stjórn fiskveiða segir:

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

[16:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er á þeirri skoðun að mismunun í aðgangi að fiskimiðunum geti ekki samræmst stjórnarskránni. Vilji menn styðja byggðarlög með einhverjum hætti á það að felast í því að menn geti notið þeirrar aðstöðu sem byggðarlögin byggðust reyndar á í upphafi, þ.e. nálægð við fiskimiðin, að þeir fái aftur möguleikana sem sú nálægð gaf þeim. Ef menn þurfa síðan að styðja við bakið á byggðarlögum vegna byggðasjónarmiða þá verða menn að gera það á þeim forsendum. Ég tel að það sé mjög erfitt að finna einhverja aðferð sem getur gengið upp við jafnræði og jafnan aðgang manna að atvinnu sem gerði jafnframt upp á milli þeirra sem fá að stunda sjó á Íslandsmiðum.

[16:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að nálægð fiskimiðanna ætti að koma byggðunum til góða en þá má lagaleg umgjörð eða framkvæmd laganna ekki vera þannig að það hindri byggðirnar í að njóta þess. Aflakvóti í dagróðrarfæri frá byggðinni ætti því ekki að vera seldur eða afhentur útgerð eða skipi sem ekki er hæft til að veiða á þessum slóðum, er annars staðar en hefur einungis þennan rétt til að selja og braska með hann. Þetta kerfi mismunar einmitt hvað þetta varðar nú. Því meiri almennri kerfislegri mismunun sem við getum kippt burt því eðlilegra getur þetta ástand orðið einmitt gagnvart möguleika byggðanna til að njóta nálægðarinnar við fiskimiðin.

[16:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Kerfið sem nú er í gangi mismunar á mjög margan hátt og við þurfum auðvitað að losna út úr því kerfi. Ég tel hins vegar að við verðum að passa okkur á að fara ekki úr öskunni í eldinn. Við verðum að hafa reglur sem taka við þannig að rétturinn sé sem almennastur og við getum fært okkur til baka í tímanum þannig að byggðarlögin fái að njóta sín að nýju. En handstýrðar úthlutanir á einhvers konar réttindum og sérréttindum munu einungis leiða til ófarnaðar. Menn þurfa að geta stýrt þessum fiskveiðum fyrst og fremst með almennum hætti og við það eiga reglurnar að miðast.

Ég tel að hægt sé að ná þeim árangri til að byrja með með því að koma á leigu aflaheimilda á markaði þar sem allir hafa jafnan aðgang og það sé sú sáttaleið sem menn þurfi að sætta sig við að fara til að komast út úr eignarhaldskerfinu sem við erum í og ná eignarhaldinu til baka. Eftir að það hefur verið gert þá held ég að umræðan um stjórn fiskveiða geti loksins farið að snúast um raunverulega stjórn fiskveiða og hvernig við getum nýtt okkur lífríkið sem allra best allt í kringum landið.

En við skulum taka eina byltingu í einu.

[16:56]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. sem komið hafa í ræðustól og tekið undir það meginsjónarmið að rétt sé að takast á við að skilgreina flotann einhvern veginn. Frv. gerir auðvitað ráð fyrir því að sá hluti flotans sem hefur í raun haft mesta möguleika á undanförnum árum verði skorinn frá öðrum hlutum flotans að því er varðar uppkaup á aflaheimildum og að frystitogaraflotinn og nótaflotinn, a.m.k. frystitogaraflotinn og æskilegt væri að nótaflotinn verði tekinn þarna líka út fyrir sviga af því að þetta eru hvort tveggja flotar veiðiskipa og útgerðarmynstur sem á undanförnum árum hafa haft yfirdrifin verkefni við veiðar innan og utan lögsögunnar. Mér finnst ekki ástæða til að ganga frekar á kvótarétt annarra í flotanum með því að hafa þetta óbreytt og hefði verið betra að það hefði verið gert fyrr.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson spurði mig hvað ég teldi að hefði sérstaklega valdið vanda Vestfirðinga umfram aðra. Ég er alls ekki viss um að reyna eigi að svara þeirri spurningu á þessum nótum. Það kann að vera að vandi okkar fyrir vestan hafi birst fyrr en annars staðar á landinu. Ég hygg að hann hafi birst fyrr vegna þess að við höfðum svo fátt annað að fara í.

Þegar grálúðukvótinn, sem var stór hluti í afla togara á Vestfjörðum, var færður til með millifærslum í gegnum meðalkvóta og annað slíkt, og þegar þorskurinn var skorinn niður sem var 60–70% af tekjum vestfirskrar útgerðar þá var ekkert annað sem tók við. Menn reyndu í staðinn að gera t.d. út rækjuskip sem menn tóku þá á leigu. Hvað gerðist þegar kvótinn var settur á rækjuna? Þá fengu útgerðirnar sem skipin áttu rækjukvótann en ekki þeir sem til höfðu kostað með því að setja veiðarfæri á skipin og jafnvel breyta þeim til viðkomandi veiða. Því tók þetta talsverðan kraft úr útgerð á Vestfjörðum.

Ég býst náttúrlega við að allir þeir sem setið hafa hér á þingi og fylgst með þjóðmálum undanfarin ár viti um þann mikla vanda sem fylgdi rangt skráðu gengi á árunum fyrir 1990. Það hafði veruleg áhrif á tekjur á Vestfjörðum eins og reyndar á öðrum landshlutum. En við höfðum hins vegar ekkert annað, síld eða loðnu til að bjarga okkur. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson bar ástandið saman við Austfirði. Þá ber að hafa í huga að Austfirðir hafa af miklum krafti farið út í uppsjávarveiðar sem var mikið atvinnuátak þó að það hafi hins vegar orðið til þess að vinna á Austfjörðum hefur á undanförnum árum orðin árstíðabundin. Vinna á Austfjörðum er orðin allt öðruvísi en hún var fyrir nokkrum árum. Hún er miklu meiri skorpuvinna meðan síldveiðar standa yfir eða meðan loðnuveiðar standa yfir. Á öðrum tíma ársins er ekkert sérstaklega gott atvinnuástand á Austfjörðum. Það veit ég að þingmaðurinn veit eftir sameiginlega ferð okkar um Austfirði fyrr í haust þar sem greinilega kom fram að atvinnuástandið á Austfjörðum er gott meðan mikið

veiðist af loðnu og síld en ekkert sérstakt þegar svo er ekki. Austfirðingar hafa vissulega misst aflahlutdeildir í botnfiski almennt eins og Vestfirðingar.

Það kann hins vegar vel að vera að Vestfirðingar hafi ekki verið nógu fljótir til á sínum tíma að fara yfir í frystitogaraútgerðina. Reksturinn þar var að mestu í landvinnslu og útgerð togara sem öfluðu hráefnis fyrir landvinnsluna. Við fórum tiltölulega seint yfir í frystiskipin. Það kann að vera einhver skýring.

En við skulum heldur ekki gleyma því að við vorum með fiskveiðistjórnarkerfi frá árinu 1984 og fram undir 1990 sem samsett var af tveimur kerfum, sóknarkerfi og aflamarkskerfi. Hvað sem hver segir þá væri hægt að fletta upp tölum sem sýna að útgerðarmennirnir, margir hverjir, völdu sér frekar sóknarmarkskerfi en aflamarkskerfi. Fleiri og fleiri fóru inni í sóknarmarkskerfi. Þeim fjölgaði á árunum 1986–1989 sem völdu sér sóknarkerfi öndvert við þá sem völdu sér aflamarkskerfi. En það voru hins vegar hinir hörðu hagsmunir samtaka útgerðarmanna sem börðu það fram að hér var eingöngu tekið upp aflakvótakerfi.

Guðmundur vék hér að brottkastinu, sagðist hafa af því áhyggjur og velti fyrir sér hve mikið það væri, það kæmi oft upp í umræðunni og það er auðvitað alveg rétt. Þetta er ein af þeim huldustærðum sem ákaflega erfitt er að festa hendur á. Á meðan ég gegndi starfi forseta Farmanna- og fiskimannasambandsins fékk ég mörg símtöl þar sem menn sögðu mér frá því að þeir hefðu lent í að hafa ekki heimildir fyrir aflanum sem þeir veiddu og þeir hafi þurft að velja úr.

Annað og verra gerði það líka að verkum að menn fóru að velja úr aflanum í miklum mæli, það voru leiguviðskipti á aflaheimildum. Þegar leiguverð fer upp í jafnmiklum mæli og þá, eins og menn hér í salnum muna, er auðvitað komin upp erfið staða hjá hinum kvótalitla hluta flotans sem eru nú ekkert mjög fá skip, líklega hafa á milli 100 og 120 skip í bátaflotanum litlar aflaheimildir eða jafnvel engar og eru í þessum leiguviðskiptum, ýmist hjá fiskvinnslufyrirtækjum sem eiga útgerð nú eða leigja hann frá stórútgerðinni. Þá standa menn uppi með það að leiguverð á þorski er yfir 100 kr., 115–116 kr., og verð fyrir landaðan þorsk getur á markaðnum verið 150 og upp í 200 kr. fyrir stærsta fiskinn. Það er auðvitað mjög mikil pressa á menn að reyna að hafa eitthvað út úr þessari okurleigu þrátt fyrir allt ef þeir þurfa að gera út á leigðan afla.

Ég hygg einmitt að í dag sé það frekar á bátaflotanum sem menn lenda í þessu brottkasti gegn vilja sínum, þeir eiga kannski fárra kosta völ. Ég veit að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson þekkir glögglega til að jafnvel verðsamningar kveði á um að menn fá í viðskiptasamning og að landa skuli fiski af ákveðinni stærð til viðkomandi manns. Ég veit að Guðmundur Hallvarðsson veit þetta fullvel og hefur séð svona samninga. Hvað gera menn þá við hitt? Það er mjög margt að athuga í þessu máli. Þegar menn eru spurðir hvort þeir hafi tekið þátt í að kasta fiski fyrir borð þá segja þeir: „Já já, en það er ekki á skipinu sem ég er á í dag.“ Það var alltaf á skipunum sem þeir voru á áður. Þetta eru bara eðlileg viðbrögð. Menn geta ekkert sagt: Ég er á skipinu Jóni Jónssyni og ég þarf að henda fiski. Menn geta ekkert sagt það. Það þýðir ekkert að tala neina tæpitungu um það. Jafnvel þó menn séu í svona ömurlegri stöðu þurfa þeir að halda atvinnu sinni. Þeir kjósa fremur að lenda í svona leiðinlegum og erfiðum kringumstæðum heldur en missa lífsafkomuna. Þetta er einn af göllunum við leigaframsal aflaheimildanna og hið mikla vald sem þeir sem eiga aflaheimildirnar, hafa til að setja mönnum alls konar skilyrði.

Auðvitað er alveg rétt hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að menn ættu að hafa áhyggjur af harðnandi sókn smábáta. Sem betur fer held ég þó að þessi skip, smábátarnir, plastbátarnir nýjustu séu ákaflega góð sjóskip. Á undanförnum árum hafa menn öðlast mikla reynslu við að stjórna þessum skipum. Við skulum ekkert gleyma því að það eru engir viðvaningar sem stjórna þessum smábátum í dag. Þar eru jafnvel okkar reyndustu togaramenn í gegnum árin, menn sem byrjuðu ungir, ólust upp á smábátum með feðrum sínum eða frændum og fóru síðan á vertíðarbátana og þaðan á togara. Þeir eru búnir að veiða um öll heimsins höf og eru nú aftur komnir á þessa litlu báta. Og ég hygg að ef menn fara með gætni á þessum bátum og nota ekki vélarnar úr hófi fram við erfiðar aðstæður þá megi lengi ferðast svo framarlega sem bátarnir eru rétt hlaðnir.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að. Menn veltu því oft fyrir sér þegar verið var að setja þetta kerfi á til bráðabirgða, fyrst í eitt ár, aftur í eitt ár og síðan í tvö ár með tvenns konar stýrikerfi, hvort þetta væri frambúðarkerfi eða kerfið sem fleiri og fleiri útgerðaraðilar völdu sér, sem var sóknarkerfi, yrði ofan á. Staðreyndin er hins vegar sú að hið framseljanlega kvótakerfi var tekið upp með lögum nr. 38/1990 og sóknarkerfið lagt til hliðar. Við þá framkvæmd tel ég að menn hafi ekki gætt þess hvaða afleiðingar það gæti haft. Ég minnist þess að Farmanna- og fiskimannasambandið, sem ég veitti forstöðu árið 1990, sendi frá sér alveg sérstaka ályktun um hvaða afleiðingar gætu fylgt þessari breytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu, að hér yrði tekið upp frjálst framsal og færa mætti aflaheimildir af skipum án þess að skipið fylgdi með. Það þýddi auðvitað að menn gerðu skip kvótalaus. Ljóst þótti að vandamál mundu koma upp í misjafnri tekjuskiptingu milli sjómanna innbyrðis, milli hinna dreifðu byggða úti um landið. Þetta var allt tekið saman í þessari ályktun og við sendum þetta frá okkur árið 1990. Því miður var of lítið hlustað á orð okkar þó að ég viti að þingmaður eins og Guðmundur Hallvarðsson, sem þekkti til málsins, hafi hlustað á, fylgst með þessum málum og séð að það sem menn vöruðu við er því miður vandi dagsins í dag. Það hefði verið betra ef menn hefðu fengist til þess á skynsemisnótum að setjast niður eins og boðið var upp á, m.a. af Farmanna- og fiskimannasambandinu, og reyna að finna þessa ágalla sem menn töldu að væru á kerfinu og reyna að ýta þeim til hliðar þannig að sátt mætti nást um þetta fyrir framtíðina.

Það var ekki gert og menn sitja uppi með þær stórkostlegu deilur sem í þjóðfélaginu eru. Mönnum finnst óréttlátt að einstakir aðilar í útgerð, þó þeir hafi staðið sig mjög vel, geti labbað út úr þessu með milljarða á milljarða ofan. Það er óréttlæti og þýðir ekkert að mæla því mót.

Ég skal fyllilega viðurkenna að margir af þeim sem hafa verið að gera út skip á undanförnum árum eru útsjónarsamir dugnaðarforkar sem hefðu spjarað sig í hvaða fiskveiðistjórnarkerfi sem er. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að löggjöf frá Alþingi færði mönnum gjafakvóta. Það er stór hluti af þeim verðmætum sem menn eru að selja í dag og það særir réttlætiskennd fólks að sumir geti labbað út úr þessu kerfi moldríkir, ef hægt er að orða það svo. Ég hef ekki nokkra öfundartilfinningu til þeirra sem verða moldríkir. Ég hygg að við verðum allir jafnríkir þegar við förum undir græna torfu, hvort sem við vorum ríkir í þessu lífi eða öðru.

Ríkidæmi er ekki bara peningar. Ríkidæmi er líka hamingja fólks og annað sem fólk hefur út úr lífinu þannig að menn ættu ekkert að öfundast sérstaklega út af því.

Málið snýst heldur ekkert um það. Málið snýst um að þetta er óeðlilegt. Það er hreinlega óeðlilegt að menn hafi þessar heimildir og geti selt þær svona. Þetta átti aldrei að vera annað en nýtingar- og veiðiréttur eins og ég veit að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er algjörlega sammála mér um.

[17:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir það sem hér kom fram og ágæta ræðu hans. Ég spurðist fyrir um sérstöðu Vestfirðinga. Ég bið menn um að skilja mig ekki svo að það hafi verið í einhverri niðrandi merkingu um þá ágætu íbúa fyrir vestan. Einhverra hluta vegna hefur hins vegar borið meira á því í umræðunni frá Vestfjörðum hver staðan þar er.

Það var dálítið merkilegt að fara þangað vestur með hv. sjútvn., heimsækja fólkið á þessum stöðum og ræða við það. Þar var t.d. ungur maður sem nýbúinn var að kaupa sér húsnæði en allir í viðkomandi plássi töldu að hann væri ekki með réttu ráði, að fjárfesta í húsnæði í þessu óvissuástandi væri hrein firra. En hann sagðist samt hafa trú á framtíðinni. Hann trúði því að fiskveiðar yrðu áfram um ókomna tíð stundaðar á Vestfjörðum og einhvern tíma kæmi að því að hagurinn mundi nú vænkast. Það var kjarkur í þessum unga manni og betur að ekki væri fullt af útúrlufólki til að draga úr mönnum áræði, kjark og þor.

Mér fannst gott að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson skyldi koma hér fram og skýra það sem mikil þörf hefur verið á að skoða gegnum árin, þ.e. stöðu Vestfjarða. Menn spyrja hvers vegna. Menn hafa sagt: Vestfirðingar. Ef eitthvað kemur upp á þá eru þeir fyrstir til að koma fram með athugasemdir eða heimta eitthvað annað og meira. Staðan er bara ekki þannig. Þetta er dugnaðarfólk sem vant er að vinna myrkranna á milli og lætur þess vegna í sér heyra ef illa stefnir sem því miður hefur gert um of langan tíma í þessu byggðarlagi.

Það er líka svolítið merkilegt þegar menn tala um framlegð í sjávarútvegi og þá miklu aukningu í verðmætasköpun sem orðið hefur í sjávarútveginum. Menn telja jafnvel að kvótinn eigi hlut að því máli vegna hagræðingar í veiðum. En hvað var þá með vinnsluna? Hvað með kröfur sjómanna á sínum tíma um markað? Þegar það loksins náðist fram þá spretta upp fullt af góðum, litlum fiskverkendum sem taka til sín meðafla sem stóru útgerðirnar hafa ekki hug á að vinna og kæra sig ekkert um. Einungis molarnir af borði stóra bróður duttu til þessara aðila. Þar birtist framlegðin, aukningin og verðmætasköpunin sem var miklu meiri þegar á allt var litið vegna þess að markaðirnir hjálpuðu þeim.

Nú höfum við því miður tekið það óheillaspor að ekki er lengur skerðing á sölu fisks í gámum til útlanda. Og það er eins og við manninn mælt þegar talað er við þá litlu aðila, einyrkjana, sem eru í fiskverkun með fáeina með sér að það er strax orðið vandamál. Nú eru menn farnir að flytja meira í gámum en þeir gerðu áður vegna þess að engin skerðingarákvæði eru á því að fiskur sé fluttur út í gámum.

Ég spyr sjálfan mig að því hvort þetta hafi verið rétt og svara því neitandi. Þó að menn tali um frjálsræðið og það eigi að vera allsráðandi, markaðslögmálið eitt eigi að gilda þá eru þó takmörk fyrir öllu. Og eftir að hafa hitt ungt fólk sem stýrði fiskvinnslu hér við Faxaflóasvæðið en flutti vestur til Bolungarvíkur af því að þar var meiri möguleiki á að afla hráefnis, fullt bjartsýni og vonglatt um að þarna gæti það staðið sig vel í stykkinu, betur en á Faxaflóasvæðinu, þá óttast ég að þessi breyting á útflutningi og afnám skerðingarinnar geti komið alvarlega niður á fiskvinnslunni og jafnvel dregið úr þeirri arðsemi sem við höfum séð þar á umliðnum árum.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á brottkast við veiðar og sagði eins og svör hafa verið frá sjómönnum í gegnum árin: Það er ekki kastað neinu frá mínu skipi en það er hins vegar hent af skipinu sem ég var á áður. Þetta er mjög alvarlegt mál. Við erum búin að standa frammi fyrir þessu ár eftir ár. Það er rætt um þetta, hafðar uppi getgátur í tonnum talið hve miklu er hent en við höfum ekki lagt í það að gera eina allsherjarkönnun. Og af því að hæstv. sjútvrh. er hér meðal okkar beini ég orðum mínum til hans: Er ekki grundvöllur fyrir því að fá óvilhallan aðila sem mundi í fullum trúnaði og trausti við sjómenn leita glöggra og skilmerkilegra upplýsinga um hvað er raunverulega að gerast á miðunum, hverju væri hent. Því að það væri slíkt vægi fyrir hæstv. sjútvrh., sjútvn. og fyrir Alþingi allt að taka á og skoða. Ef við fengjum slíkar upplýsingar sem við gætum stólað 100% á, þá hlyti að vera hægt að horfa til þessara átta enn frekar en við höfum gert og fiskveiðistjórnin tæki mið af því og málum yrði stýrt í samræmi við það.

Er það kannski rétta sporið sem við ættum að stíga, ef þetta næst ekki í gegn, að segja að koma skuli með allan afla að landi og það sem er undirmáls seljist á lægra verði en verði ekki dregið frá kvóta? Þetta er slíkt stórmál að við getum ekki lengur látið þessa eyðu við okkur blasa án þess að gera eitthvað í málunum.

Það er rétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á varðandi hina fræknu sjómenn á litlu bátunum. Þetta eru, eins og sagt er, hundvanir sjómenn, búnir að vera áratugi til sjós, hafa eflaust byrjað á litlum hornum, á fjörðum, vogum og víkum og farið síðan á stór fiskiskip og eru nú komnir aftur nærri til uppruna síns ef svo má segja.

En hverjir eru það sem munu taka við? Hvert horfa menn til framtíðar? Horfum á Sjómannaskólann. Horfum á meðalaldur þeirra sem eru á togurunum. Greinilegt er að í ófremdarástand stefnir ef ekki verður eitthvað gert enn frekar og meira varðandi það að yngja upp og bæta í svo sjósókn, sjómennska og fiskimennskan verði eftirsóknarverð. Við sjáum hvernig kaupskipaflotinn hefur farið. Ég spáði því, þá formaður Sjómannafélags Reykjavíkur fyrir 20 árum, að stefna mundi í það sama með fiskiskipaflotann eins og þá stefndi í með kaupskipaflotann. Áður en við vissum af væri meginhluti íslenska fiskiskipaflotans aflagður en kominn undir hentifána.

Það er í umræðunni núna að vera með einhverja tvíflöggun og guð má vita hvað. Þetta er það sem blasir við okkur. Eins og ásóknin sýnir í Stýrimannaskólann eða farmannastéttina, er það þá álitlegt fyrir unga menn að leggja út í að læra til stýrimennsku eða vélstjórnar á skipum með það yfir höfði sér að ekki sé mikil framtíð í þeirri atvinnugrein? Ja, guð hjálpi þjóðinni þá.

Ég heiti á hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir því að efla gildi sjómannamenntunar svo að við stefnum ekki í þá glötun að þurfa jafnvel að fá erlenda aðila til að stunda sjósókn við Ísland.

[17:21]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Oft hefur verið rætt um með hvaða aðferðum menn gætu áttað sig á þessu brottkasti. Ég held í raun og veru að það sé hægt en það þarf þá kannski svolítið snögg viðbrögð og áræði til. Ég held að það væri ákaflega fróðlegt ef hæstv. sjútvrh. gæfi út þá heimild að menn mættu landa afla utan aflamarks í t.d. einn og hálfan mánuð yfir vertíðina. Menn yrðu þá bara að gera grein fyrir því hvaða afli væri utan aflamarks og hann yrði seldur á fiskmörkuðum. Þá sæist vafalaust hvað kæmi að landi, hvort það væri í algjöru ósamræmi við það sem verið hefur í veiðum á undanförnum árum. Hvort allt í einu færi að koma mikið af dauðum fiski að landi, dauðblóðguðum fiski eða smáum fiski.

Þetta væri hægt að gera. Það er vissulega umdeilanlegt og menn mundu deila um hvort þetta væri eðlileg aðferð til að kanna þetta mál. En það er líka hægt, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi, að fá einhvern óvilhallan utanaðkomandi aðila til að gera könnun á því leynilega hvort afla er hent og þá hversu miklum. Þetta eru nú þær tvær aðferðir sem ég held að væru fljótlegastar til að átta sig á því hvernig þetta er gert.

Þetta verður ekki gert af Fiskistofu eða sjútvrn. Menn munu ekki segja rétt til um það, það er alveg borin von. Ef sjómannasamtökin gera könnun þá verður sagt: Ja, þeir segja ykkur eitthvað allt annað. Ef LÍÚ gerir könnun þá verður sagt að það væri ótrúverðugt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Frv. EKG og EOK, 231. mál (fasteignagjöld). — Þskj. 278.

[17:23]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, á þskj. 278. Flm. ásamt mér er hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson.

Í 16. grein núverandi laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins segir að sjóðurinn skuli vera undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem hann eignast og að öll skjöl viðvíkjandi lánum sem sjóðurinn taki skuli undanþegin stimpilgjöldum. Í frv. sem nú er til umræðu er lagt til að fyrri málsliður greinarinnar sem ég nefndi áðan falli brott þannig að undanþága sjóðsins frá greiðslu fasteignagjalda verði afnumin. Hér er með öðrum orðum eingöngu verið að leggja til að þessi undanþága varðandi fasteignagjöldin verði afnumin en að öðru leyti standi ákvæðið óbreytt.

Þegar lögin um Þróunarsjóðinn voru sett á sínum tíma, árið 1994, var ákveðið að sjóðurinn fengi heimild til að leysa til sín og eignast fiskvinnsluhúsnæði. Hugsunin var sú sama og þegar ákveðið var að Þróunarsjóðurinn keypti upp gömul skip. Þarna var fyrst og fremst verið að reyna að stuðla að hagræðingu í greininni. Menn bentu á að með sama hætti og offjárfesting væri í fiskiskipaflotanum væri offjárfesting í fiskvinnsluhúsunum og með þessu vildu menn reyna að leysa greinina úr þeim kröggum og þess vegna var þetta ákvæði sett inn eins og menn muna.

Reynslan varð sú að sjóðurinn eignaðist ekki mjög mörg hús og var sett vinnuregla um að almennt skyldi sjóðurinn ekki kaupa hús nema ljóst væri að hann gæti selt þau aftur til annarra nota en fiskvinnslu. Gert var ráð fyrir því að slík sala færi fram með tapi alla jafna en hugsunin með þessu var að sjóðurinn eignaðist húsin, seldi þau síðan á lægra verði í samræmi við markaðsverð á hverjum tíma. Mér er ekki kunnugt um nákvæmlega hver reynslan varð eða hverjar tölurnar þarna voru en þetta gerðu menn og var að mínu mati á þessum tíma skynsamleg ráðstöfun sem ég studdi heils hugar.

Þá var þetta ákvæði sett inn sem hér er verið að fjalla um, þessi undanþága frá því að greiða fasteignagjöld, og tilgangurinn var sá að þar sem engin starfsemi færi fram í fasteignunum á meðan þær væru í eigu sjóðsins væri eðlilegt að þær nytu undanþágu frá fasteignagjöldum og að um leið og þeim væri ráðstafað af sjóðnum til annarra nota yrðu fasteignagjöld lögð á að nýju. Þess vegna má segja sem svo að menn hafi gengið út frá því í lagasetningunni á sínum tíma að eignarhald sjóðsins á húsunum yrði ævinlega til skamms tíma og þannig var það reyndar í langflestum þeirra tilvika sem til komu hjá sjóðnum að sjóðurinn átti sín hús í frekar skamman tíma og seldi þau síðan aftur.

Um nokkurra ára skeið, sennilega alveg frá 1994, 1995 hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins átt húsnæði á tveimur stöðum á landinu, á Patreksfirði og Ísafirði, án þess að komið hafi til sölu. Og vegna undanþágunnar sem frá greinir í 16. gr. laganna hefur sjóðurinn ekki þurft að borga fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga frá því að hann eignaðist húsin.

Ég tel óeðlilegt, miðað við þann upphaflega tilgang sem var til staðar og fram kemur í athugasemdum við frv. þegar það var samið á sínum tíma, að þetta sé svona til frambúðar og augljóst að það er líka fullkomlega óeðlilegt frá samkeppnislegu sjónarmiði. Við getum séð það í hendi okkar að stór húseigandi eins og Þróunarsjóðurinn getur skapað sér allt aðra aðstöðu, t.d. við að leigja út frá sér í samkeppni við þá sem greiða fasteignagjöld. Og af því að í tísku er að tala um jafnræðið, jafnræðisregluna og jafna samkeppnisstöðu þá held ég að þetta væri nú einn af þeim þáttum sem ég geri ráð fyrir að sú merka stofnun Samkeppnisstofnun gæti farið að reka hornin í ef þetta héldi áfram óbreytt. Að mínu mati hníga öll rök að því að eðlilegt sé að Þróunarsjóðurinn greiði fasteignagjöld eins og aðrir húseigendur í þeim sveitarfélögum þar sem þeir eiga húsnæði.

Í þeim tveim tilvikum sem ég fjalla hér um er um að ræða stór og myndarleg fiskvinnsluhús, annað er reyndar talsvert gamalt, og samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá Þróunarsjóðnum þegar ég var að undirbúa þetta frv. kom fram að fasteignamat húsanna á Patreksfirði er um 40 millj. kr. og á Ísafirði um 140 millj. kr. Þó skal haft í huga að fasteignamatið eins og menn þekkja myndar hins vegar ekki gjaldstofninn sem fasteignaskatturinn er reiknaður af, heldur er það útreiknaður gjaldstofn sem m.a. tekur mið af því hvert sé verð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu, og það hefur eins og allir vita hækkað gríðarlega mikið. Fasteignagjöldin hafa því almennt verið að hækka hjá húseigendum í landinu og m.a. úti á landi þrátt fyrir að þar hafi húsnæðisverð líka verið lækkandi.

Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér frá Ísafjarðarbæ við undirbúning þessa máls voru álagðir fasteignaskattar af húseignum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins á Ísafirði um

2,8 millj. kr. á árinu 1999. Samkvæmt ákvæðum laganna, sem bæjaryfirvöld standa einfaldlega frammi fyrir og hafa fengið úrskurð um og álit síns lögmanns, er ekki heimilt að innheimta þessa skatta. Bæjaryfirvöld og bæjarlögmaður telja þess vegna að þeir verði að fella niður álagninguna á fasteignasköttunum, þ.e. að Þróunarsjóðurinn þarf ekki að borga fasteignaskattshlutann af fasteignagjöldunum heldur eingöngu það sem kallað hefur verið þjónustugjöld en þá er átt við lóðarleigu, holræsa-, vatns- og sorphirðugjald.

Þetta eru sem sagt 2,8 millj. kr. á árinu 1999 og mér sýnist miðað við það að ekki sé fjarri lagi að tekjutap Vesturbyggðar gæti af sömu ástæðum verið nálægt 1 millj. kr. á ári. Það er með öðrum orðum alveg ljóst mál að þó þettu séu kannski ekki mjög stórar tölur í hlutfalli við ýmislegt annað þá eru þetta tölur sem munar um fyrir þessi sveitarfélög. Öll rök, jafnræðisrök ekki síst, hníga að því að á meðan Þróunarsjóðurinn á þessi hús sé hann látinn borga fasteignagjöld enda sjá menn í hendi sér að það væri mjög óeðlilegt ef Þróunarsjóðurinn mundi síðan selja þessar eignir á morgun þá væri kaupandinn strax farinn að borga 2,8 milljónir af þessu húsnæði sem Þróunarsjóðurinn þurfti ekki að gera. Við sjáum því í hendi okkar að þetta er mjög afkáralegt þegar það er sett í þetta samhengi. Og þó svo kunni að hafa verið á þeim tíma, á árinu 1994, að menn hafi ekki gert ráð fyrir því að Þróunarsjóðurinn ætti húsin mjög lengi þá er þetta hins vegar reynslan og menn standa frammi fyrir henni. Því er skynsamlegt að reyna að vera vitur og bregðast við og breyta lögunum.

[17:31]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur nokkuð til síns máls. En mér þykir þó rétt að leiða hugann að því sem hér er sett á blað og hefur verið rætt.

Ég hef alltaf litið svo á að Þróunarsjóðnum væri raunverulega ætlað að koma til hjálpar þegar fiskvinnslufyrirtæki væru komin í vandræði. Í ljósi þess sem við okkur hefur blasað í gegnum árin, minnkandi fiskvinnslu í landi og þar af leiðandi færri hús nauðsynleg til fiskverkunar, hafa málin þróast þannig að mörg fiskvinnsluhús stóðu auð í fjölmörgum byggðarlögum og voru til vandræða. Þau fóru jafnvel á uppboð og lítil voru afskipti af viðkomandi húsnæði. Þess vegna má segja varðandi Þróunarsjóðinn sem kemur til hjálpar og leitar leiða til að leysa þann vanda sem við blasir ef húsin eru ekki lengur nýtanleg vegna breyttra ytri aðstæðna í sjávarútveginum, leitar leiða til þess að selja húsnæðið aftur — honum er skylt að gera það — að það er umhugsunarefni hvort ekki sé eðlilegt að fasteignagjöldin séu látin niður falla á meðan þetta ástand varir.

Hins vegar get ég alveg tekið heils hugar undir það með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að fari Þróunarsjóðurinn hins vegar að reka viðkomandi hús, leigi það t.d. út eða sé í beinni samkeppni við aðra fasteignaeigendur á viðkomandi stöðum þá er í hæsta máta óeðlilegt að hann greiði ekki fasteignagjöld.

Þetta er mín meginskoðun á þessu máli án þess að ég ætli að teygja lopann lengi í þessu. Ég skil það mæta vel að sveitarfélögin eru ekkert allt of vel sett og ekkert allt of sæl af sínu miðað við það sem hefur verið að gerast á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel þó að ekki sé hægt að leggja það að líku að segja beint að jafnræðisreglan sé hér brotin með það í huga að þarna er Þróunarsjóðurinn í björgunaraðgerðum og á meðan það varir a.m.k. er ekki eðlilegt að rukka hann um fasteignagjöld.

[17:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að þetta sé nú bara réttlætismál sem hér er hreyft og eðlilegt að það fái framgang. Það getur ekki gengið, þó að um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sé að ræða, að hann eigi stórar fasteignir í einhverjum sveitarfélögum og greiði ekki af þeim gjöld árum saman. Þetta er talsvert mál fyrir viðkomandi sveitarfélög og það er einfaldlega svo að það hefur orðið talsvert tekjufall í báðum þeim sveitarfélögum sem hér um ræðir og þeim veitir ekki af sínum tekjum, samanber það að hér fyrir jól voru afgreidd sérstök lög, m.a. um að bæta sveitarfélögum sem orðið hefðu fyrir miklum tekjusamdrætti og þar sem íbúum hefur fækkað, upp þann tekjumissi.

Ég veit ekki hvort hægt er að orða það eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðasson, að Þróunarsjóður hefði komið þarna inn til að bjarga einhverjum málum. Ég held að það eigi ákaflega illa við í þessu tilfelli. Þróunarsjóður keypti þessi hús en ég held að þeim kaupum hafi nú fylgt lítil björgunaraðgerð, a.m.k. fyrir Ísafjörð og þau hafa ekki orðið til þess að þau fyrirtæki sem runnu saman þegar þessi kaup fóru fram hafi náð að halda velli fyrir vestan og halda þar uppi öflugu atvinnulífi. Það horfir alla vega ekki svo nú um stundir þó að það hafi verið um tíma.

Ég held að enginn sjái sérstök not fyrir þessi hús núna. Það er mikið af húsnæði á Ísafirði á lausu og það getur alveg farið svo að Þróunarsjóðurinn muni eiga þessar húseignir áfram um nokkurt árabil. Ég tel eðlilegt að við breytum lögunum í þessa veru. Það var ekki tilgangurinn með lögunum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að hann ætti þessar eignir um langan tíma. Þetta átti að verða til hagræðingar og síðan gæti sjóðurinn selt þetta frá sér aftur til annarra nota reyndar en fiskvinnslu.

Það er vonandi að svo fari sem allra fyrst að inn í þessi miklu húsakynni komi einhver atvinnustarfsemi og að einhver sé tilbúinn að kaupa þau. En ég held að við höfum það ekki í hendi fyrir vestan eins og er. Mér finnst eðlilegt að þetta ástand geti ekki varað um ókomna tíð meðan ástandið er eins og það er og ekki horfur á að það breytist.

[17:37]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem fram fóru um þetta frv. Ég vil aðeins gera athugasemdir við það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði um þessi mál.

Í fyrsta lagi er ekki rétt lýsing hjá honum á því sem gerðist þegar Þróunarsjóðurinn var að kaupa þau tilteknu hús sem hér er um að ræða. Það var ekki þannig að menn hefðu ekki hirt um húsin, öðru nær. Það var ágætlega um þessi hús hirt.

Við skulum bara ekki gleyma því til hvers Þróunarsjóðurinn var settur á laggirnar. Hann var settur á laggirnar til þess að reyna að hjálpa til í sjávarútveginum á þeim tíma til að þar gæti farið fram ákveðin skipulagsbreyting, hjálpað mönnum við það t.d. að sameina aflaheimildir á skipum og þess vegna keypti hann upp skip og síðan gátu menn þá sameinað aflaheimildir og hann greiddi úr þessu o.s.frv. Og svo voru menn að selja skipin úr landi eins og við þekkjum. Allt var þetta hugsað til þess að reyna að styrkja og efla sjávarútveginn og hann stóð síðan undir þessu með tilteknu þróunarsjóðsgjaldi eins og við munum. Nákvæmlega sama var gert varðandi fiskvinnsluna. Fiskvinnslan var í þessari

stöðu eins og menn sögðu. Húsin voru of mörg miðað við þann samdrátt sem hafði orðið og þess vegna var farið í þetta mál.

Nú getum við auðvitað deilt um þetta. Þetta varð niðurstaðan á sínum tíma. En ég held að hugsunin hafi aldrei verið sú að þetta yrði gert þannig að það ylli tekjutapi sveitarfélaga í þeirri stöðu að þar væru hús sem keypt yrðu upp. Ég get ekki ímyndað mér það og ég þóttist nú fylgjast nokkuð vel með þegar þessi umræða fór fram á sínum tíma í þinginu. En ég held að það hafi aldrei nokkurn tíma verið í umræðunni að þetta ætti að valda því að tekjurnar minnkuðu. Það var ekki sérstakur greiði fyrir þessi sveitarfélög að sjóðurinn fór að kaupa upp fiskvinnsluhús heldur var þetta hluti af ákveðinni uppstokkun sem menn vildu að ætti sér stað í sjávarútveginum. Þegar uppstokkunin átti sér stað átti ekki að senda sveitarfélögunum reikninginn í formi þess að þau innheimtu lægri fasteignagjöld.

Á þetta, hv. þm., erum við flutningsmenn í raun og veru að leggja áherslu og alveg sérstaklega í ljósi þess að sú staða er uppi að nú hefur það bara æxlast þannig að tvö hús hafa orðið eign sjóðsins í öll þessi ár, í kannski fimm ár eða svo. Þess vegna er þetta mjög óeðlilegt til frambúðar a.m.k. Ég tel það reyndar í alla staði óeðlilegt til lengri eða skemmri tíma. En a.m.k. er það mjög óeðlilegt til frambúðar að sjóður eins og Þróunarsjóðurinn, húseigandi í tveimur sveitarfélögum, sé undanþeginn fasteignagjöldum. Það er bara ekki í samræmi við þá hugsun sem fasteignagjöldin byggjast á og þess vegna er langsamlega eðlilegast eins og hér er verið að leggja til að þessi heimild sé afnumin og Þróunarsjóurinn, meðan hann eigi þessi hús, borgi sína skatta og skyldur eins og hver annar húseigandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 249. mál (framsal veiðiheimilda). — Þskj. 305.

[17:41]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta frv. um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er lagt fram á Alþingi. Meðflutningsmaður minn að þessu frv. er hv. þm. Guðjón Guðmundsson.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji útgerð skips að ekki náist að veiða upp í úthlutað aflamark skips af einhverri tegund skal útgerðin tilkynna Fiskistofu um hve mikið af aflamarki tegundarinnar hún hyggst ekki nýta á fiskveiðiárinu. Aflamarki hverrar tegundar sem þannig er skilað til Fiskistofu skal úthlutað á fiskveiðiárinu, gegn umsýslugjaldi er renni í ríkissjóð, til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum. Aflamarki tegunda, sem ekki nýtast á fiskveiðiárinu og ekki er heimilt að flytja milli ára skv. 12. gr., skal í byrjun næsta fiskveiðiárs úthlutað gegn umsýslugjaldi til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum.

Umsýslugjald skal miðast við 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á síðastliðnu fiskveiðiári.“

2. gr. frv. er um breytingar á 11. gr. laganna og 3. gr. þess fjallar um 12. gr. laganna. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, enda sé um jöfn skipti á tegundum að ræða að mati Fiskistofu. Þó er óheimilt að skipta aflamarki þeirra tegunda sem skipið fær til sín samkvæmt ákvæði 5. mgr. 7. gr. í lögum þessum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og eru skiptin ekki heimil fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um þau frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill.“

Frumvarp þetta var flutt á 122. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það hefur þann tilgang að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiheimildum sem ekki veiðast á fiskveiðiárinu verði skilað til Fiskistofu og þeim síðan úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum sem eru ónýttar í lok fiskveiðiársins verði úthlutað á næsta fiskveiðiári gegn umsýslugjaldi. Markmið frumvarpsins er að einfalda og auka skilvirkni gildandi kerfis um stjórn fiskveiða og renna þannig stoðum undir almennari þjóðarsátt þar um.

Framsal veiðiheimilda á grundvelli heimilda í lögum um stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnt látlaust á undanförnum árum.

Ég vek athygli á því að það eru líklega ein þrjú ár síðan þetta frv. var flutt fyrst og við stöndum nú frammi fyrir því að ef nokkurn tíma hafi verið háværar gagnrýnisraddir í þessu þjóðfélagi um þetta framsal og sölu þegar menn yfirgefa þessa grein þá er það líklega nú um þessar mundir.

Gagnrýnin hefur verið færð fram af mörgum samtökum, félögum og einstaklingum úr öllum þjóðfélagshópum. Vafasamt er að þjóðarsátt sé um gildandi kerfi um stjórn fiskveiða, hvað þá heldur almenn sátt um framsal veiðiheimilda.

Yfirlýstur tilgangur með setningu laga um stjórn fiskveiða var af tvennum toga. Í fyrsta lagi átti kerfið að tryggja að heildarafli tegunda í kvóta skyldi vera innan þeirra marka sem stjórnvöld ákvæðu hverju sinni. Í öðru lagi var reiknað með að kerfið leiddi til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi þar sem það mundi með sjálfvirkum hætti leiða til að afkastageta fiskiskipaflotans aðlagaðist afrakstursgetu fiskstofnanna við landið. Það sem átti að koma í kring þessari aðlögun var fyrst og fremst frjálst framsal veiðiheimilda og þröngar takmarkanir á aukinni veiðigetu fiskiskipaflotans, samanber ákvæði þar um.

Afar erfitt er að mæla hreinan ávinning í sjávarútvegi, ef einhver er, af framsali veiðiheimilda þar sem taka verður tillit til ýmiss konar kostnaðar sem framsalið leiðir af sér. Í þessu sambandi ber að nefna beinan viðskiptakostnað samhliða samningum og umsjón með tilfærslum veiðiheimilda milli aðila, en fjöldi tilfærslna á hverju fiskveiðiári er mjög mikill. Þessi miklu umsvif með framsali veiðiheimilda hafa kallað á síaukið opinbert eftirlit til að sjá um að farið sé að lögum. Þá ber að nefna að framsal veiðiheimilda hefur í för með sér óbeinan kostnað sem stafar af miklu óöryggi í rekstri fyrirtækja og framfærslu heimila í þéttbýli á landsbyggðinni sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Einnig ber

að tilgreina tvö allsherjarverkföll sjómanna á fiskiskipum á undanförnum árum. Verkföllin má að stærstum hluta rekja til óánægju sjómanna með versnandi hlutskipti sitt þar sem þeir hafa nauðugir viljugir verið látnir taka þátt í kostnaði við kaup á veiðiheimildum. Þessi nauðung virðist enn eiga sér víða stað þrátt fyrir setningu nýrra ákvæða í ýmsum lögum til að sporna við þessum gjörningum.

Eins og áður segir er vafasamt að framsal veiðiheimilda hafi skilað sjávarútveginum þeim ávinningi sem upphaflega var reiknað með. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að framsalið leiði til aukins kostnaðar fyrir greinina og þjóðarbúið í heild. Ef fram heldur sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau. Það er meginmarkmið frv.

Herra forseti. Það eru nokkur ár síðan þetta frv. var flutt fyrst og það er athyglisvert, eins og ég gat um áðan, að lifa við vaxandi óánægju manna í þjóðfélaginu vegna framsals heimildanna. Og það er líka athyglisvert að hafa upplifað viðtal við formann LÍÚ um þær mundir sem einn ágætur útgerðarmaður hætti rekstri útgerðar sinnar og seldi hana alla og hafði upp úr því nokkur hundruð milljónir, þá hafði formaður LÍÚ það á orði að það væri nú ekki ósanngjarnt að útgerðarmaðurinn fengi þessar fjárhæðir í sinn vasa eftir langt og erfitt starf. Á sama tíma og við stöndum frammi fyrir þessum málum háttar þannig til í starfi sjómanna að þar er slysatíðni mjög mikil. Hún er þar hvað mest meðal starfsgreina á Íslandi og jafnvel á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað. Og þegar svo ber við að sjómaður er dæmdur öryrki þá skal hann leita til síns eigin sjóðs. Þá er það Lífeyrissjóður sjómanna eða lífeyrissjóðir sjómanna sem skulu taka við. Það er kaldhæðnislegt að þetta skuli gerast með þessum hætti. Jafnframt höfum við líka staðið frammi fyrir því að horfa á tryggingamál sjómanna sem eru nú einstök að því leyti til að ef þeir lenda í slysi um borð þá er það þeirra að sanna sök.

Það er ekki langt síðan að ég flutti þáltill. um endurskoðun slysabóta sjómanna. Mér varð það á í messunni að taka fram í þeirri þáltill. að eðlilegt væri að fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna og tryggingarfélaga tækju sæti í tiltekinni nefnd til að endurskoða bótafjárhæðirnar. Eftir líklega þriggja ára starf skilaði nefndin af sér og niðurstaða hennar varð sú að hún var sammála um að vera ósammála, en var þó sammála um að hækka lítillega fébætur vegna fatnaðar og eigna sjómanna þegar skip færust. Þó að þetta sé kannski ekki málið þá tengist það samt sem áður þeirri stöðu og umræðu sem er í þjóðfélaginu í dag um framsalið eins og það er og þegar menn selja skip og kvóta þegar þeir láta af starfi sínu sem útgerðarmenn. Það er ekki nema von þótt margir sjómenn hafi spurt hvort þeir ættu ekkert tilkall til kvótans eftir að hafa verið 30 eða 40 ár til sjós og aflað viðkomandi útgerðarmanni þess kvóta sem hann selur við starfslok og formaður LÍÚ telur hæfilegan lífeyri. Það er von að menn spyrji.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[17:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. sé í húsinu, ég vil óska eftir að hann verði viðstaddur ræðu mína.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. ráðherra er í húsinu og forseti skal senda honum skilaboð.)

Herra forseti. Við ræðum nú síðasta mál á dagskrá í kippu fimm mála sem öll lúta að málefnum sjávarútvegsins. Mörg þeirra fjalla í raun og sanni um grundvallaratriði í þeim efnum, þ.e. um það fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum búið við á umliðnum áratug og rúmlega það, hátt á annan áratug. Það hefur vakið athygli mína að hér hafa ræðumenn annað slagið þakkað hæstv. sjútvrh. viðveru við þessa umræðu og ég tek undir þær þakkir. En það sem vekur sérstaka athygli mína er hins vegar þögn hans þegar kemur að þeirri umræðu sem hér á sér stað. Ekki að það komi mér sérstaklega á óvart að hæstv. ráðherra hafi lítið til málanna að leggja þegar sjávarútvegsmál eru annars vegar, því hann hóf feril sinn í ráðherraembætti með þeirri yfirlýsingu að hann vildi ekki hafa skoðanir á grundvallaratriðum í fiskveiðistjórnarmálum eða öðrum þáttum sjávarútvegsmála því þau væru á svo viðkvæmu stigi. Þau væru í tveimur nefndum sem framkvæmdarvaldið hefði skipað, raunar sjútvrh., annars vegar í auðlindanefndinni og hins vegar kvótanefndinni, og á meðan vildi hann ekki hafa skoðanir á málinu.

Þetta var ákaflega sérkennileg byrjun hjá nýjum ráðherra, en þetta var tillegg hans til umræðunnar um sjávarútvegsmál. Og hann bregður ekki út af þeim vana sínum við þessa umræðu um þau atriði sem rædd hafa verið í dag og ekki síst í því frv. sem hér er til umræðu.

Það sem vekur sérstaka athygli er að það eru flokksmenn hans sem bera þessi mál hér upp. Fyrst ber að telja hv. þm. Pétur H. Blöndal sem lagði fram tillögu til þál. um ekkert minna en þjóðnýtingu auðlindarinnar og síðan endurúthlutun hennar til allra íbúa landsins. Síðan bætist við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, raunar þingmaður Frjálslynda flokksins en fyrrum varaþingmaður Sjálfstfl., og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson með mál sem einnig fjallar um ákveðin grundvallaratriði og tæknileg útfærsluatriði í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Í þriðja lagi er hér á ferðinni athyglisvert frv. frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni og Einari Oddi Kristjánssyni um skyldur Þróunarsjóðs sjávarútvegsins og nú síðast eru það flokksbræður hæstv. ráðherra, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson, sem fara hér fram með mál sem er eins og fram kom í framsögu hv. frsm. Guðmundar Hallvarðssonar ekki nýtt af nálinni.

Það er tvennt sérstaklega athyglisvert í þessu sambandi. Annars vegar æpandi þögn hæstv. ráðherra sem hefur greinilega engar skoðanir á þessum málum, því það er alkunna að hér við þingstörfin koma ráðherrar gjarnan inn í umræðu með almennar ábendingar, athugasemdir og sitthvað sem að gagni mætti koma þegar sjútvn. eða aðrar nefndir þingsins fara yfir málin. Nei, ekki aukatekið orð. Ekki andvarp. Og það vekur athygli. Hitt er líka athyglisvert í þessu sambandi að þeir flokksbræður hæstv. ráðherra sem fara hér fram með þessi mál með góðum huga og af fullum þunga að ég hygg, og ég trúi því, skuli láta sér þetta lynda. Að þeir skuli sitja undir þessari afskiptasemi og þessari æpandi þögn hæstv. ráðherra. Hin hlið málsins er líka sú að þeir sömu flokksmenn, þeir sömu aðilar hafa þrátt fyrir allt tekið því fjarri þegar til kastanna hafa komið hugmyndir og tillögur um að gjörbreyta fiskveiðistjórnarkerfinu. Það væri fróðlegt í því

samhengi, af því ég er nú að reyna að færa þessi mál út á hið almenna pólitíska landakort, hvort svo sé komið að baklandið í Sjálfstfl., hinir almennu þingmenn hans átti sig á því þvert á það sem forusta flokksins talar fyrir, nú síðast í utandagskrárumræðu í upphafi þessa fundar, að ekki sé allt í lagi með þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við. Og það þurfi meira en hefðbundnar plástranir á það heldur þurfi í raun grundvallarbreytingar á því. Það er að vísu alveg rétt að hæstv. ráðherra lagði til málanna í upphafi þingfundar í utandagskrárumræðu, þar sem hann spilaði sína gömlu plötu og sagðist ekki ætla að gera neitt, a.m.k. ekki þar til að hæstaréttardómur félli, og væntanlega þá um leið samkvæmt gömlu plötunni þar til að nefndirnar hefðu skilað af sér.

Herra forseti. Mér finnst ekki hægt að ljúka þessum fundi öðruvísi en að draga þennan kalda pólitíska veruleika hér fram. Hann er auðvitað himinhrópandi og kemur svo sem ekkert á óvart, en það er óhjákvæmilegt að draga þetta fram. Mér dettur ekki í hug, herra forseti, að þessi orðræða mín verði til þess að hæstv. ráðherra láti svo lítið að koma í þennan ræðustól og ræða efnislega það mál t.d. sem hér er til umræðu. Mér kemur það ekki í hug því það væri algjörlega úr fasa og engan veginn í stíl við framgöngu hans á þeim mánuðum sem hann hefur setið í stóli sjútvrh. Hann hefur ekki með öðrum orðum skilað neinum efnislegum atriðum inn í þá almennu sjávarútvegsumræðu sem alls staðar er á ferðinni í samfélaginu. Maður kemur ekki svo saman í hópi fleiri eða færri manna að þau mál séu ekki rædd. Sá einasti sem er stikkfrí frá því er hæstv. sjútvrh. Þrátt fyrir að þessir hv. þingmenn, flokksbræður hans, segi ekki margt um framgöngu ráðherrans, þá trúi ég því að þeim sé þungt fyrir og heitt í hamsi þegar kemur að þessari æpandi þögn. En svona er veruleikinn í dag, svona er Ísland í dag, svona er pólitíkin í dag, svona er ríkisstjórnin í dag, svona er hæstv. sjútvrh. í dag.

[17:59]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson ræða um þessi þingmál og þáltill. og lagabreytingar sem sjálfstæðismenn hafa verið að tala fyrir í dag. Þetta sýnir kannski best breidd Sjálfstfl., hve hún er mikil og skoðanaskiptin mörg. Skoðanaskiptin eru góð. Það var eitt sem ég hjó þó sérstaklega eftir í ræðu hv. þm. og það var hversu undrandi hann var á því að þeir sjálfstæðismenn sem hafa talað í dag séu að tala að hluta til gegn forustunni eins og hann komst að orði. Ég þykist alveg finna það að Samfylkingin er í miklum vanda, hún vill líklega tala eins og forusta þess hóps vill en hún er bara ekki til og þess vegna líður þeim illa yfir því að geta ekki einhent sér í að tala um stefnu forustunnar sem ekki er til.

[18:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Samfylkingin og þeir flokkar sem að henni standa hafa lýst einum rómi stefnu sinni í sjávarútvegsmálum. Þeir hafa haft hið pólitíska markmið að gjörbreyta þessu fiskveiðistjórnarkerfi, eðli þess og þeim grunni sem það byggir á. Sú afstaða sem birtist í hæstaréttardómi frá fyrra ári og héraðsdómi á þessu ári, eru niðurstöður sem við spáðum fyrir löngu. Þar tölum við fullkomlega einum rómi. Þar þurfum við ekki að bera það sérstaklega á borð að það sýni aukna breidd er menn fara með mismunandi skoðanir upp í þennan ræðustól.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson undirstrikaði og staðfesti það sem ég sagði áðan, að ég hefði rétt fyrir mér. Það er augljóst að utan ráðherraliðsins í stjórnarflokkunum eru þingmenn sem átta sig á því og skynja af samtölum við landsmenn að svona getur þetta ekki gengið lengur. Þess vegna koma þeir upp hver á fætur öðrum í dag og raunar áður og lýsa yfir efasemdum sínum með ákveðna grundvallarþætti. En þeir eru þar með að slá ryki í augu kjósenda. Þegar til kastanna kemur standa þeir því miður bakvið þá ríkisstjórnarstefnu sem ráðherrar þeirra hafa fylgt og munu fylgja. Með öðrum orðum, þeir vilja ekki gera neinar grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það er bara veruleiki þessa máls. Það getur vel verið að erfitt sé að una við hann en svona er það nú samt.

Samfylkingin mun á næstu dögum leggja fram tillögur og frv. sem gjörbylta munu þessu kerfi og taka á öllum þáttum þess. Hins vegar hafa þingmenn Samfylkingarinnar á yfirstandandi þingi flutt fjölmörg mál sem til bóta horfa og taka á ýmsum þáttum þessa máls. Þeir hafa langt í frá skilað auðu í þessari umræðu, ekki frekar en þeir gerðu í dag. Talsmenn hennar hafa ítrekað komið með efnislegar athugasemdir og yfirleitt tekið vel undir þau stefnumið sem fram hafa komið.

[18:03]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom ekki inn á það sem ég gat um áðan. Munurinn á Sjálfstæðisflokknum og hans ágæta flokki eða flokksbrotum er sá að við erum óhræddir við að koma fram með skoðanir okkar. Þannig hefur það verið lengi vel. Mér kom til hugar að mikill væri máttur þessarar Samfylkingar ef hún er að undirbúa hið fullkomna frv. um stjórn fiskveiða. Það verður mjög áhugavert að skoða það. En mikill er máttur þessarar fylkingar ef hún hefur á skömmum tíma farið í gegnum sjálfa sig og fundið lausn við öllum þeim vanda sem við blasir í sjávarútveginum. Það verður mikil tilhlökkunarefni að sjá þetta frv.

Við höfum flutt þetta frv. hér í nokkur skipti, ég og hv. þm. Guðjón Guðmundsson, þannig það kemur þingmannin um væntanlega ekkert á óvart þó hann sjái að við höfum ákveðnar skoðanir. Ég held að flestir sjálfstæðismenn að ég tali nú ekki um þingflokkinn sjálfan hafi mjög ákveðnar skoðanir. Auðvitað höfum við skiptar skoðanir á þessum málum en við leitum þó leiða til að finna sameiginlegan flöt nema, þar er undantekning á, eins og hv. þm. hefur orðið vitni að í dag.

[18:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum ræða þessi mál eins og þau eru. Það er auðvitað lenska í þessum flokki sem kallar sig Sjálfstfl. að menn tala tungum tveimur. Það er yfirlýst í gegnum tvennar kosningar hið minnsta og væntanlega fleiri að þingmenn flokksins á Vestfjörðum hafa lýst sig andsnúna grundvallarþáttum kvótakerfisins. Í dag hafa verið fluttar ræður og tillögur í þá veru. Þær ganga einnig í berhögg við þann grundvöll sem kvótakerfið byggir á.

Herra forseti. Hér kemur hv. þm. og lýsir því sem sérstökum styrk Sjálfstfl. að hann geti haft margar skoðanir. Það getur vel verið. En ég vakti hins vegar athygli á því að lítið fer fyrir þeim köppum þegar til kastanna kemur. Hinar stóru ákvarðanir eru teknar samkvæmt forskrift hæstv. ráðherra, forvera hans og ríkisstjórnarinnar í heild. Það er kjarni

málsins. En það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að Sjálfstfl. hefur komist upp með þetta árum og áratugum saman að tala fleiri tungum en einni eða tveimur og orðað eins og hver vill heyra, andað upp í eyrun á fólki eftir því sem hentar. Það er auðvitað kominn tími til að afhjúpa það og kannski við okkur að sakast, andstæðinga flokksins, að hann skuli komast upp með þetta ár eftir ár, kosningar eftir kosningar.

Ekki síst þess vegna er ég hér kominn og vek athygli á því að hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni þykir ekkert athugavert að hæstv. ráðherra hans sitji hér þegjandi undir mikilvægri umræðu um sjávarútvegsmál daglangt án þess að leggja neitt til málanna. Mér finnst máttur manna ekki mikill þegar þeir meira að segja þola ráðherrum sínum það. Ég er hins vegar hér sem almennur þingmaður eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, og kalla eftir að sá sem fer með málefni sjávarútvegsmála í þessari ríkisstjórn leggi í umræðuna efnisleg atriði. Ég árétta ósk mína um það.

[18:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu mál sem flutt hefur verið á nokkrum þingum og hefði nú farið betur að menn tækju þetta mál alvarlega þegar það var flutt fyrst, fyrir einum fjórum árum. Það sem kemur fram í greinargerðinni hefur nefnilega allt gengið eftir. Í niðurlagi almennra athugasemda segir:

„Ef heldur áfram sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau."

Ef menn hefðu nú borið gæfu til þess að taka m.a. þessum ábendingum jákvætt á sínum tíma þegar þær komu fram þá væru menn kannski ekki í eins ömurlegri stöðu og þeir eru núna, með stjórnkerfi fiskveiðanna nánast allt upp í loft. Ég kalla það að málin séu upp í loft þegar fallnir eru tveir dómar. Annars vegar féll hæstaréttardómur í máli Valdimars Jóhannessonar í desember 1998 um að eigi megi mismuna mönnum með veiðileyfi, að öll skip með haffæri eigi að hafa veiðileyfi. Núna er síðan fallinn héraðsdómur um að eigi megi mismuna mönnum viðvarandi með þeirri aflakvótaúthlutun sem verið hefur í gangi undanfarin ár og ósætti verið um.

Ég ítreka það við þessa umræðu að kannski hefði farið betur á því ef menn hefðu hlustað á aðvaranir Farmanna- og fiskimannasambandsins fyrir tíu árum og reynt að ná skynsamlegri lendingu um hvernig mætti stjórna fiskveiðum hér við land án þess að allt væri upp í loft í ósætti og braski. Þetta frv., þegar það kom fram á sínum tíma, átti fyllilega rétt á sér og á enn þá fyllilega rétt á sér. Það er bara að verða ansi seint í rassinn gripið þegar málið er komið í þann hnút sem það er í í dag. Mín spá er sú að það sé nánast sama á hvorn veg hæstaréttardómur í Vatneyrarmálinu fer, það verður bullandi ósætti á hvorn veginn sem fer. Þetta er afleiðingin af varðstöðu þeirra sem mestan hag hafa af kerfinu, stórútgerðarmanna og kvótaeignarmanna. Þeir hafa aldrei fengist til að hlusta á neina málefnalega gagnrýni. Aldrei nokkurn tímann.

Ekki verður horft fram hjá því að margir flokkar hafa staðið saman í undanförnum ríkisstjórnum að því verja þetta kerfið óbreytt. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., alla vegana þessir. Sama hvar menn hafa verið í flokki, hvort menn hafa verið í Sjálfstfl. eða í öðrum flokkum, menn hafa komið með athugasemdir og ábendingar en það hefur aldrei verið hlustað á neitt. Kannski er það þess vegna sem sjútvrh. situr steinþegjandi hér í allan dag. Honum er eðlilega þungt í huga að vita hvers konar staða er uppi í þessu máli. Ég veit að hann gerir sér grein fyrir því að það er nánast sama hvernig þessi Vatneyrardómur fer, málið er bara ekki leyst.

Málið verður ekki leyst fyrr en menn endurskoða fiskveiðistjórnarkerfið, afnema eignarhaldið og braskið og reyna að ná einhverri skynsamlegri lausn við að stjórna fiskveiðum hér við land án þess að örfáir einstaklingar geti ráðið því hvort atvinna helst í ákveðnum byggðarlögum eða ekki, hvort aflakvótinn er til staðar eða ekki. Í núverandi kerfi geta menn ákveðið að taka fé sitt út úr sjávarútveginum, gjafafé að stórum hluta, án þess að nokkurs staðar sé nein ábending um það frá stjórnarflokkunum og ríkisstjórninni að þeir ætli sér að taka á verstu göllum þessa kerfis.

Í kosningabaráttunni var talað um að búa til sátt. Það kann að vera að hún komi einhvern tímann í ljós. Það hafa engin merki þess sést í málflutningi stjórnarherranna, hvorki hæstv. sjútvrh. né hæstv. forsrh., að koma eigi á sátt í þessu máli. Ég held það að allri þjóðinni hafi virkilega brugðið við ummæli forsrh. í kjölfar Vatneyrardómsins. Hann lýsti því yfir að hér færi allt í kalda kol, hér yrði ekkert framhald ef Vatneyrardómurinn væri staðfestur. Auðvitað veit sjútvrh., ef forsrh. veit það ekki, að það eru til fleiri lög í landinu heldur en lögin um stjórn fiskveiða. Það eru m.a. til lög um veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í þeim eru nægar heimildir fyrir hæstv. sjútvrh. til þess að hafa alls konar áhrif til stýringar á fiskveiðum hér við land, jafnvel þó að Vatneyrardómurinn yrði staðfestur. Það kæmi alls ekki upp algjört stjórnleysi. Veiðarnar mundu halda áfram. Auðvitað þyrfti að stýra þeim með einhverjum hætti en hinar raunverulegu tekjur sem útgerðin á að hafa af veiðum þær héldu áfram að koma inn. Salan, leigan og braskið færi burtu.

Hefur einhverjum dottið í hug að til standi að taka þær útgerðir sem gert hafa út á Íslandsmið, hengja þær upp á snaga og þurrka þær? Halda menn að önnur veiðikerfi sem hér yrðu tekin upp gerðu það að verkum að útgerðirnar fengju ekki að halda áfram veiðum? Auðvitað er það ekki svo. Auðvitað munu útgerðir halda áfram veiðum þó breytingar verði gerðar á kerfinu. Spurningin er hins vegar um hvernig eigi að uppfylla þau ákvæði sem verið hafa til meðferðar hjá dómstólunum, t.d. jafnréttisákvæðið. Að mínu viti þarf að afnema braskið sem þetta frv. m.a. gerir atlögu að.

[18:14]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum nú er flutt í annað sinn. Í fyrri skiptin fór það til sjútvn. þingsins en var ekki afgreitt þaðan, því miður. Hér er gerð þriðja tilraun. Markmið frv. sem við ræðum hér er að framsal veiðiheimilda verði að mestu bannað nema þegar um er að ræða skipti á jöfnum heimildum og á þeim tegundum sem sæta aflamarki. Þar með teljum við að komið verði í veg fyrir þá takmarkalausu verslun sem verið hefur með aflaheimildir um langt árabil. Það er enginn vafi á því að þessi verslun er höfuðástæða þeirrar miklu óánægju sem kraumar víða í þjóðfélaginu vegna fiskveiðistjórnarkerfisins.

Óánægja þessi hefur ekki síst verið hjá sjómönnum sem hafa talið kjör sín skerðast vegna þátttöku í kvótaleigu og sú

óánægja hefur ítrekað leitt til allsherjarverkfalla sjómanna, líklega í þrígang.

Það er fróðlegt að fletta upp í þeim umsögnum sem sjútvn. bárust um þetta frv. þegar það var fyrst lagt fram. Í umsögn LÍÚ segir að stjórn LÍÚ hafi samþykkt að mæla gegn samþykkt frv. og kom engum á óvart. Síðan er lögð áhersla á ágæti framsalsveiðiheimilda. Í niðurlagi umsagnar LÍÚ segir, með leyfi forseta:

„Það er sama hvar borið er niður um efni þessa frumvarps. Með samþykkt þess yrði sjávarútveginum valdið ómældum skaða um alla framtíð."

Þessi umsögn kemur svo sem ekkert á óvart. Hér er verið að fjalla um gríðarlaga hagsmuni, hagsmuni sem nema milljörðum og jafnvel tugum milljarða og það er út af fyrir sig skiljanlegt að handhafar kvótans verji þá hagsmuni af öllu afli. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að skynsamlegra væri hjá LÍÚ að ljá máls á því að sníða af kerfinu verstu vankantana, þ.e. að hætt verði þessari ótakmörkuðu verslun með óveiddan fisk í sjónum sem er sameign þjóðarinnar skv. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ég tel að það hefði verið skynsamlegt hjá þeim að gera það vegna þess að það verður aldrei sátt um þetta verslunarkerfi og óánægjan með það hefur vaxið ár frá ári og kraumar um allt þjóðfélagið. Ég hefði haldið að það væri útvegsmönnum í hag að ná sem víðtækastri sátt um stjórn fiskveiðanna. Það gera menn ekki meðan þeir lemja hausnum við steininn og vilja engar breytingar á þessu sviði. Í umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins segir, með leyfi forseta:

„Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lýsir yfir stuðningi við lagafrumvarpið og hvetur alþingismenn til þess að afgreiða málið eins og það liggur fyrir. Með slíkri afgreiðslu er hægt að vona að meiri sátt gæti skapast um gildandi fiskveiðikerfi sem virðist eiga þverrandi stuðning hjá almenningi í landinu."

Sjómannasamband Íslands sendi mjög ítarlega umsögn og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Allt frá því að byrjað var að stjórna fiskveiðum með þeim hætti sem nú er gert hefur Sjómannasamband Íslands haft fyrirvara varðandi þann þátt fiskveiðistjórnarinnar er snýr að frelsi útgerðarmanna til að versla með veiðiheimildir. Sérstaklega hafa hin svokölluðu leiguviðskipti með veiðiheimildir, þ.e. framsal veiðiheimilda innan fiskveiðiársins, verið þyrnir í augum Sjómannasambandsins. Á undanförnum árum hefur það sýnt sig að viðskipti með veiðiheimildir eru nánast eingöngu notuð til að lækka uppgjörsverð til sjómanna, þar sem aðeins er gert upp við sjómenn miðað við peningagreiðslu fyrir aflann, en verðmæti veiðiheimildanna, sem einnig er hluti af greiðslu fyrir aflann, er sleppt við uppgjör.

Framangreind viðskipti hafa átt sér stað í skjóli ímyndaðrar hagræðingar, en þegar grannt er skoðað á þessi viðskiptamáti ekkert skylt við hagræðingu. Ekki er eingöngu verið að hlunnfara sjómenn með slíkum viðskiptaháttum heldur þýðir þetta að hafnir landsins eru hlunnfarnar um hafnargjöld og sama er að segja um sjóðagjöld til Fiskveiðasjóðs. Það sem alvarlegast er í þessum viðskiptum er að ríki og sveitarfélög eru einnig hlunnfarin um opinber gjöld af þeim tekjum sjómanna sem þeir ættu að fá ef rétt væri gert upp samkvæmt kjarasamningi."

Síðar í þessari sömu umsögn segir, með leyfi forseta:

„Sú skoðun hefur verið ríkjandi innan Sjómannasambands Íslands að afnema þyrfti sem fyrst frelsi einstakra útgerðarmanna til að versla með veiðiheimildir. Sjómannasamband Íslands hefur margsinnis lagt til þá reglu sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins, þ.e. að geti skip ekki veitt það magn sem því er heimilt samkvæmt úthlutun veiðiheimildanna ætti að skila því sem eftir er til baka, þannig að hægt væri að endurúthluta því til annarra skipa. Sjómannasamband Íslands fagnar því 1. og 3. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að útgerðir skili til baka þeim veiðiheimildum sem þær ekki geta nýtt sjálfar auk þess sem leiguviðskipti með veiðiheimildir verða afnumin. Þrátt fyrir breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða skv. 3. gr. frumvarpsins um afnám leiguviðskipta verður áfram hægt fyrir útgerðir að skipta innbyrðis á jöfnum verðmætum heimildanna. Sjómannasamband Íslands fellst á að þannig viðskipti leiði til hagræðingar og samþykkir því að slík viðskipti verði ekki afnumin. Að öðru leyti felur frumvarpið í sér afnám leiguviðskipta með veiðiheimildir og er sú aðgerð löngu orðin tímabær. Sjómannasamband Íslands styður því 1. og 3. gr. frumvarpsins og leggur til að Alþingi samþykki þær óbreyttar."

Í umsögn Vélstjórafélags Íslands segir, með leyfi forseta: „Vélstjórafélag Íslands hefur frá upphafi stutt hið svokallaða „kvótakerfi" og talið að þrátt fyrir fjölmarga galla sé það engu að síður skásta kerfið sem völ er á í dag. Félagið hefur einnig talið að frjálst framsal veiðiheimilda sé ein af forsendum þess og studdi það á sínum tíma með því skilyrði að kaup einstakra útgerða á veiðiheimildum hefði ekki áhrif á kjör sjómanna, þ.e. rýrði þau ekki. Um þetta skilyrði taldi félagið á sínum tíma að ríkti fullt samkomulag við forustu útvegsmanna en það er í andstöðu bæði við landslög og gerða kjarasamninga að láta sjómenn taka þátt í kaupum á veiðirétti. Því miður hefur forusta útgerðarmanna ekki staðið við sitt nema síður sé sem hefur leitt til þess að brask með veiðiheimildir er komið út fyrir öll velsæmismörk og bara það eitt, ef látið verður afskiptalaust, mun ganga af þessu stjórnkerfi dauðu innan skamms. Að öllu þessu skoðuðu er það mat félagsins að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu nauðsynlegar. Þær ættu að geta tekið fyrir braskið en viðhalda engu að síður allnokkrum sveigjanleika varðandi millifærslur aflaheimilda."

Ég ætla að lokum að vitna í umsögn Alþýðusambands Vestfjarða þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarfundur Alþýðusambands Vestfjarða mælir eindregið með samþykkt frv. til laga með breytingu á lögum nr. 38, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum." — Þ.e. þetta mál sem hér er til umræðu. Síðan segir í umsögninni:

„Með samþykkt þessa frumvarps væri að miklum hluta komið í veg fyrir það gengdarlausa brask með veiðiheimildir sem átt hefur sér stað undanfarin ár og skert hefur lífskjör sjómanna og fiskverkafólks í ríkum mæli. Atvinnuöryggi og afkoma þessa fólks er komið undir því hvernig hinir svokölluðu umráðamenn veiðiheimildanna, útgerðaraðilar, ráðstafa og selja þessa þjóðareign. Öll framkvæmd þeirra viðskipta hefur verið svo siðlaus að við svo búið er ekki hægt að una. Með samþykkt þessa frumvarps væri hægt að ná einhverjum áttum í þeim frumskógi sem kvótakerfið er."

Þessar umsagnir helstu samtaka sjómanna eru mjög skýrar. Öll þessi samtök mæltu eindregið með því að óheft framsal veiðiheimilda verði afnumið. Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasambandið, Vélstjórafélag Íslands og Alþýðusamband Vestfjarða tala fyrir munn nánast allra þeirra sjómanna sem vinna eftir gildandi kerfi. Og þegar þessi heildarsamtök sjómanna tala með svo skýrum hætti

gegn ákveðnum þætti í lögum um stjórn fiskveiða, þá held ég að flestir hljóti að sjá að taka verður tillit til slíkra sjónarmiða. Það gengur einfaldlega ekki að skella skollaeyrum við þeim, enda mun þetta kerfi auðvitað ekki halda velli óbreytt þegar svo eindregin andstaða er gegn því meðal sjómanna. Óánægja þessara aðila með óbreytt kerfi hefur, eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni, leitt til ítrekaðra allsherjarverkfalla sjómanna. Ég held að það bendi ekkert til annars en óánægja með þetta óhefta framsal veiðiheimildanna muni halda áfram og muni halda áfram að vaxa ef ekkert verður að gert. Framsalið hefur þróast á allt annan hátt en gert var ráð fyrir þegar lögin um stjórn fiskveiða voru upphaflega sett. Framsalið var fyrst og fremst hugsað til hagræðingar, t.d. til að skipta á veiðiheimildum, karfa fyrir þorsk eða ýsu fyrir ufsa o.s.frv. eða færslu heimilda milli skipa í eigu sömu útgerðar eða óvæntra atvika eins og skipsskaða eða bilana. En allar þær fjölbreyttu aðferðir sem þróast hafa til að versla með heimildirnar, óveiddan fiskinn í sjónum, sá enginn fyrir. Um þetta geta menn sannfærst með því að lesa ræður þingmanna frá þeim tíma sem lögin voru upphaflega sett.

Þegar slík verslun með veiðiheimildir er gagnrýnd, þá er svar þeirra sem vilja óbreytt kerfi eiginlega staðlað: „Frjálsa framsalið er undirstaða kerfisins, án þess er kvótakerfið einskis virði.“ Þetta höfum við heyrt aftur og aftur síðasta áratuginn og er má segja staðlað svar. Meiningin með frjálsa framsalinu þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett var út af fyrir sig ágæt, en það sem ég tel að hafi brugðist er að undirbúningur hefur ekki verið sem skyldi þegar lögin voru sett og lögin urðu einfaldlega of götótt þannig að kvótaeigendum tókst að finna hinar fjölbreyttustu leiðir til að gera veiðiheimildirnar að verslunarvöru.

Það er um gífurlegar fjárhæðir að ræða í þessum kvótaviðskiptum. Tilfærslur aflaheimilda milli aðila hafa verið á þriðja hundrað þúsund tonn reiknað í þorskígildum. Stærsti hluti þessara tilfærslna er talinn vera skipti á tegundum og færsla milli skipa í eigu sömu útgerðar og þær tilfærslur eru eðlilegar og sjálfsagðar og til mikils hagræðis. Menn hefur greint nokkuð á um það hve hátt hlutfall framsalsins eru slíkar tilfærslur en talið er að varlega megi áætla að 20–30% framsalsins séu bein viðskipti, þ.e. leiga og sala á kvóta eða 40–60 þúsund þorskígildistonn og þá er það náttúrlega reikningsdæmi hversu gífurlegar fjárhæðir eru á ferðinni í slíkri verslun.

Hörð viðbrögð þeirra sem hafa aðstöðu til að fénýta kvótann skýrast náttúrlega af þessum gríðarlegu hagsmunum. Þeir vilja ekki breyta þessu, vilja geta verslað áfram með veiðiheimildirnar og út af fyrir sig er ekkert við þá aðila að sakast. Þeir eru ekki að gera neitt rangt. Þeir eru einfaldlega að vinna eftir gildandi lögum, en það er skoðun okkar flutningsmanna þessa frv. að þeim lögum þurfi einfaldlega að breyta og út á það gengur frv.

Bent hefur verið á að skuldir sjávarútvegsins hafi vaxið mikið á undanförnum árum en fjárfestingar í greininni hafi hvergi nærri aukist að sama skapi. Skýringin er auðvitað sú að menn hafa verið að fara út úr greininni með mikinn söluhagnað af kvótanum en þeir sem eftir sitja hafa skuldsett sig stórlega til að kaupa af þeim kvóta.

Því hefur oft verið haldið fram í þessari umræðu að vertíðarbátum muni fækka mjög ef leiga á kvóta verði bönnuð því að kvótaleigan sé forsenda fyrir rekstri þessara báta í dag. Ég er algerlega ósammála þessu. Staðreyndin er sú að þeim bátum hefur fækkað mjög ört á undanförnum árum. Vertíðarbátarnir svokölluðu eru flestir horfnir úr flotanum. Nýlega var sagt í útvarpi frá fundi sjómanna á Ísafirði þar sem fram kom að eftir væru orðnir þrír vertíðarbátar á öllum Vestfjarðakjálkanum. Hver hefði trúað því fyrir tíu árum að það væru þrír vertíðarbátar á Vestfjörðum því að óvíða eiga vertíðarbátarnir betur við en á því svæði. Þróunin hefur orðið þessi og mun halda áfram að öllu óbreyttu. Ástæðan er náttúrlega sú að menn halda það ekki út ár eftir ár að gera út báta á leigukvóta, kvóta sem þeir þurfa að leigja til sín á svipuðu verði og þeir fá fyrir fiskinn upp úr bát. En yrði þetta frv. að lögum mundu þessir bátar fá aukinn kvóta þegar farið verður að endurúthluta þeim kvóta sem ekki veiðist og ekki verður þá hægt að versla með eins og tíðkast hefur á undanförnum árum.

Herra forseti. Sá þáttur fiskveiðistjórnarinnar sem lýtur að óheftu framsali aflaheimilda hlýtur að láta undan. Það verður enginn starfsfriður í þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, ef við búum við það kerfi sem sjómannastéttin og reyndar stærsti hluti þjóðarinnar er jafnósátt við og raun ber vitni. Það verður aldrei sátt um óbreytt ástand með öllum þeim aðferðum sem menn hafa þróað til að versla með fiskveiðiheimildirnar sem kórónast í því að kvótinn gengur í arf og er bitbein í skilnaðarmálum hjóna. Það verður að stöðva kvótaverslunina. Því fyrr, því betra.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að það sé gert með því að bannað verði að fénýta kvótann en skipti á veiðiheimildum leyfð, enda er stórkostlegt og ótvírætt hagræði af þeim. Þetta frv. gengur út á að framsal aflaheimilda verði með þeim hætti sem þingmenn ætluðust til þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett og allir þeir braskmöguleikar sem menn hafa þróað í kerfinu eftir að hið frjálsa framsal var samþykkt á Alþingi 1990 verði afnumdir. Það er von mín að þingmenn geti sameinast um það þjóðþrifaverk. Þá fyrst verður sátt um stjórn fiskveiðanna og er nú tími til kominn.

Ég vil aðeins, herra forseti, áður en ég lýk máli mínu víkja að makalausri ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Hann kom hér í ræðustól, hélt langa og ítarlega ræðu og komst hjá því að segja eitt einasta orð um málið sem er á dagskrá. Ég var nákvæmlega jafnnær á eftir hvort hv. þm. var sammála einhverju í frv. eða ekki því hann minntist ekki á það. Öll hans ræða var eitthvert kersknishjal í garð hæstv. sjútvrh., einhverjir Hafnarfjarðarbrandarar, þeir eru jú báðir úr Hafnarfirði, en ég held að það sem við þurfum á að halda í umræðunni um þennan mikilvæga málaflokk, sjávarútvegsmálin, sé eitthvað annað en Hafnarfjarðarbrandarar.

Hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að við sem stæðum að þessu frv. hefðum jafnan setið hjá þegar hér hefðu komið fram merkar breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Þetta er bara einfaldlega rangt. Við höfum hins vegar ekki verið tilbúnir að samþykkja tillögur Samfylkingarinnar sem allar ganga út á skattheimtu, aukna skattheimtu á undirstöðuatvinnuveg okkar. Við erum einfaldlega ósammála því. Við teljum okkur hins vegar benda á raunhæfa leið með frv. til að eyða ósættinu um fiskveiðistjórnina og þó að við gerum það, þá erum við ekki endilega sammála öllu ruglinu sem kemur frá Samfylkingunni, síður en svo.

Hv. þm. nefndi líka að lítið hefði farið fyrir þeim köppum þegar ráðherrar sjávarútvegsmála og flokksbræður okkar hefðu verið að berja í gegn ýmis mál, og ég skildi hv. þm. þannig að við hefðum alltaf látið það yfir okkur ganga og verið sammála. Það er einfaldlega rangt líka. Ég minni á

að ég hef í öllum tilfellum greitt atkvæði gegn því þegar verið var að festa í sessi eitthvað sem varðaði framsalið. Ég greiddi atkvæði gegn afnámi línutvöföldunarinnar og fleiru og fleiru, en ég minnist þess hins vegar að þegar hv. þm. og ég studdum sömu ríkisstjórnina og ég var að brölta þetta og greiða atkvæði gegn einstökum málum, þá greiddi hann alltaf atkvæði með þeim. Þá var hann ráðherravænni en allir aðrir menn í þeim ríkisstjórnarflokkum.

[18:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í þessu máli sem hér er til umræðu er lögð til sú aðferð að banna framsalið. Út af fyrir sig er rétt að um það hefur staðið mikill styr gegnum tíðina. Það er hins vegar rétt að minna á að menn voru farnir að selja þessi réttindi áður en framsalið var leyft. Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Guðjón Guðmundsson að því hvort hann telji að mikið muni skila sér til endurúthlutunar þegar menn geta fært aflaheimildir á milli skipa innan sömu útgerðar. Það er hægt að hafa býsna stóran hatt yfir einni útgerð og mörg skip geta verið undir þeim hatti. Mun það ekki einfaldlega verða þannig að menn munu stækka þessa hatta þannig að þeir geti fært á milli sín veiðiheimildir eins og þeim sýnist undir þeim? (Gripið fram í.) Þá á sama útgerðin öll skipin og þá er hægt að færa veiðiheimildirnar á milli ef menn gera það þannig.

Eins og ég sagði áðan, þá minni ég á að áður en farið var að leyfa að selja aflaheimildirnar þá fundu menn upp skúffusamningana þar sem þeir seldu hver öðrum varanlegar heimildir og þeir munu finna ráð við þessu.

Síðan er annað sem varð aðallega til þess að ég kom hér upp og það er þetta: Trúir hv. þm. því að þetta kerfi muni standa áfram, að það verði ekki fellt úr gildi, því að menn hafa náttúrlega bent með þungum rökum á að eignarhaldið á þessum veiðiheimildum sem á þá að haldast áfram miðað við þetta frv. sem hér liggur fyrir, standist ekki stjórnarskrárákvæðin um þátttöku í atvinnulífinu og jafnræði?

[18:33]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég trúi því að þetta kerfi standi áfram að verulegu leyti og ég tel reyndar að það sé mjög margt ágætt við þetta fiskveiðistjórnarkerfi. Auðvitað verðum við að hafa stjórn á fiskveiðunum. Það er ekkert sem heitir. Höfuðágreiningurinn er ekki um það hvort við eigum að stjórna veiðunum eða ekki. Hann er hins vegar um eignarhaldið og hvernig með það er farið.

Ég er ekki hræddur um að allar útgerðir í landinu fari undir einn allsherjarhatt þó að þetta frv. næði fram að ganga og treysti sjútvn. þingsins vel til að ganga þannig frá málum að menn geti ekki svindlað neitt á þessu. Ég minni á að allir þessir ágætu umsagnaraðilar, Sjómannasambandið, Farmanna- og fiskimannasambandið, Vélstjórafélag Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða mæltu mjög eindregið með þessu frv. og enginn þeirra sá ástæðu til að óttast þetta.

[18:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átti ekki við það að allar útgerðir færu undir einn hatt. Hins vegar gætu ýmsir bátar og nokkuð margir farið undir sama hattinn, við skulum segja á einni verstöð eða veiðistöð eða svæði og þannig gætu menn fært á milli veiðiheimildir til þess að lenda ekki í því að þurfa að skila þeim inn og viðskiptin gætu blómstrað með ýmsu móti undir slíkum höttum.

Ég hef aftur á móti óbilandi trú á því að eignarhaldið á þessum veiðiheimildum geti ekki staðist stjórnarskrána nokkurn tíma og að menn muni að lokum þurfa að hrekjast undan því að sú mismunun sem gerð er með þessu kerfi sem hér er við lýði, þ.e. að ekki skuli vera jafn réttur til þess að taka þátt í þessum hluta atvinnulífsins eins og í öðrum greinum atvinnulífsins á Íslandi, muni að lokum falla á menn, að það muni enda með því að dómur falli í Hæstarétti um að þarna skuli líka ríkja jafnræði. Ég er farinn að vona að sá tími sé kannski ekkert mjög langt undan. Þó að þetta mál sem núna bíður eftir Hæstarétti nái kannski ekki til enda, þá kemur bara annað mál og menn muna ekkert komast upp með að tefja þetta mál eða nota einhvers konar undanbrögð til þess að komast undan því að svara þessu. Það er búið að svara þessu máli að mínu viti einu sinni mjög skýrt. Þá var ekki hlustað. En það mun koma að því að menn verða að taka á þessu máli fyrr en seinna.

[18:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði. Ég kom við auman blett hjá hv. þm. Sjálfstfl. þar sem ég vakti sérstaka athygli á því að þeir tala tungum tveim og stefna flokksins og störf eru allt önnur en ummæli fjölmargra þingmanna hans á hinu háa Alþingi svo að ég tali nú ekki um þegar þeir koma heim í hérað.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson kvartaði yfir því að ég hefði látið hjá líða að fara orðum um efnisleg atriði þessa frv. Kjarni málsins er sá — og stefna Alþfl. og síðar Samfylkingarinnar í þessum efnum hefur verið ákaflega skýr — að það að taka út einstaka þætti í fiskveiðistjórnarkerfinu en láta grundvöll kerfisins kyrran liggja, nefnilega það að menn séu að versla með meintar eignir sem þeir eiga ekki, er ekki nógu gott. Á því þarf að taka og í því samhengi hefur okkar málflutningur bæði innan ríkisstjórnar og utan verið sá að hóflegt afnotagjald væri lágmarkskrafa í þessum efnum. Það er alveg hárrétt sem hér kemur fram að ég hef af því áhyggjur að taka framsalið eitt og sér út en skilja grundvöll og eðli kerfisins eftir óbreyttan að öðru leyti. Og ég sé ekki í fljótu bragði ekki til hvers slíkt mundi leiða.

Á það var bent réttilega að nú er svo komið að það er ekki verið að versla með aflamarkið eða aflahlutdeildina eina og sér. Það er verið að versla með hlutabréf fyrirtækja sem eru kannski í fjórum landshornum. Ég spyr hv. þm. hvernig með það eigi að fara að öðru óbreyttu.

Herra forseti. Allt leiðir þetta til þeirrar niðurstöðu að það er gjörsamlega ómögulegt að horfa framan í Sjálfstfl. og stefnu hans í sjávarútvegsmálum. Maður fær engan botn í það. Þegar tveir hv. þm. koma hér fram og eru samkvæmt bestu vitund að reyna að lappa upp á og laga kerfið, ber þá að skilja það þannig að þeir séu tveir í 26 manna þingmannahópi sem hafa þessa stefnu? Það væri fróðlegt að heyra það.

[18:38]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. taldi sig hafa komið við auman blett á mér. Ég kannast ekkert við það. Ég er algerlega óaumur eftir þessa ræðu hans. Hins vegar átti hann alla samúð mína fyrir að halda hér langa ræðu án þess að koma einu einasta orði að málinu sem var á dagskrá og ef það er hans háttur þá verður hann að hafa sína aðferð við það.

Hann talar um að við tölum tungum tveim. Ég mótmæli því algjörlega. Ég vil bara biðja hv. þm., af því að ég veit að hann er sannleiksunnandi maður og vill hafa það sem sannara reynist, að fletta upp og lesa ræður mínar um sjávarútvegsmál síðan ég kom á þing. Í þeim er ekki talað tungum tveim. Ég hef haft mjög skýrar skoðanir á þessum málum sem ég hef sett fram aftur og aftur á hverju einasta ári á Alþingi. Því er auðvitað ekki þannig farið því miður að allir þingmenn flokksins hafi verið mér sammála. Ég held að við værum í betri málum í dag ef svo væri.

Hv. þm. talaði um að stefna Samfylkingarinnar væri ákaflega skýr. Það er þá eina málið sem þessi ágæta Samfylking er með skýra stefnu í. Ég hef reyndar ekki séð skýrleikann í henni að öðru leyti en því, eins og hann nefndi, að setja afnotagjald á útveginn, setja afnotagjald, nýjan skatt á undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Halda menn virkilega að það sé það sem við þurfum? Halda menn virkilega að allar þær útgerðir vítt og breitt um landið sem vinna eftir þessu kerfi — við skulum ekki gleyma því að stærstur hluti útvegsmanna á Íslandi og útgerða vinnur eftir þessu kerfi án þess að vera að braska og bulla — að slík fyrirtæki hefðu gott af því að fá á sig allt í einu nýjan skatt? Þetta er bara eins og hvert annað rugl. Af því að mér er hlýtt til hv. þm. og veit að hann er á leið í formannskjör í Samfylkingunni þá ætla ég rétt að vona að hann taki sér nú tak og tali aðeins skýrar en hann hefur gert í þessu máli og af meira viti.

[18:40]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð. En hvað efnisatriði málsins varðar, ber að skilja það svo að hv. þm. og flutningsmenn þessa máls líti ekki á þau verðmæti sem skipta um hendur í viðskiptum með aflaheimildir á ári hverju séu ekki ígildi skatts fyrir greinina og fyrir þá sem í henni vinna? Hv. þm. sagði sjálfur að þeir peningar sem skiptu um hendur þegar verið væri að versla með aflaheimildir skiptu milljörðum. Áttar hv. þm. sig ekki á því að þar er um ígildi skattþyngingar að ræða fyrir greinina sjálfa? Eða er það kannski bara bannað að þjóðin, eigandi auðlindarinnar, fái þetta í sínar hendur? Er það sem er kjarni málsins? Nei, ég hafði einmitt skilið það í málflutningi hv. þm. og þeirra tveggja sem hér fara fram með málið að þeir vildu breyta þessu. En við viljum ganga skrefinu lengra og teljum eðlilegt að eigandi auðlindarinnar fái eitthvað í sinn hlut sem og mætir þeirri kröfu Hæstaréttar og dómsvaldsins í þessu landi að þetta varanlega framsal auðlinda í eigu þjóðarinnar gangi ekki. Það er kjarni málsins. Og billegir útúrsnúningar eins og að afnotagjald og leigugjald fyrir aflahlutdeild sé skattur á landsbyggðina er eins og hvert annað kjaftæði og hreinn útúrsnúningur. Það veit hv. þm.

Sannleikurinn er auðvitað sá að Samfylkingin og forverar hennar, Alþb. og Alþfl., hafa farið fram með rauðan þráð í þessum málum. Ég kem frá Alþfl. Kollegi minn í Samfylkingunni, Jóhann Ársælsson, var á hinu háa Alþingi sem þingmaður Alþb. Við höfum talað mjög í sömu veru í þessum málum þannig að það eru bara billegir útúrsnúningar og ekki samboðnir jafnágætum þingmanni og hv. þm. Guðjón Guðmundsson er að vera með málflutning af þessum toga því ég vil taka hann alvarlega og ætla að gera það áfram þrátt fyrir allt.

[18:42]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort ég líti ekki á kvótabraskið sem ígildi skatts eins og það er framkvæmt í dag. Auðvitað er það skattur en það er bara skattur á þá sem vilja taka þátt í því. Ég var að reyna að segja það í mínu fyrra andsvari (Gripið fram í.) að stærstur hluti útgerðana á Íslandi tekur ekki þátt í þessu bölvaða braski en með tillögum Samfylkingarinnar á að skattleggja öll þau ágætu fyrirtæki sem vinna af heiðarleika og festu í þessu kerfi í dag.

Ég er einfaldlega (Gripið fram í.) ósammála því, hv. þm. Það er enginn skattur á þessum fyrirtækjum í dag. Það er auðvitað ákveðinn skattur á þeim sem eru að kaupa kvóta og skuldsetja sig fyrir hann eins og ég gat um í ræðu minni áðan. En stærstur hluti útgerðarinnar á Íslandi tekur ekki þátt í því. (**GÁS:** Koma þeir peningar af himnum ofan?)

Hv. þm. sagði að það væri bara bull og útúrsnúningar sem ég hefði sagt, þ.e. að þetta væri skattur á landsbyggðina. Ég nefndi það ekki einu orði. En fyrst hann nefnir það þá skal ég taka undir það. Auðvitað er þetta skattur á landsbyggðina. Hvar haldið þið að þær lendi þyngst þessar skattatillögur Samfylkingarinnar ef þær verða að veruleika einhvern tíma, sem þær verða vonandi aldrei? Auðvitað á landsbyggðinni sem síst af öllu má við því.

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það að þessi hv. þm. sem er á leið í formannsslaginn í Samfylkingunni verður að tala öðruvísi en svona. Menn verða ekki formenn í stjórnmálaflokki með einhverju kersknishjali og Hafnarfjarðarbröndurum. Það er alveg sama þó að við séum fáir hér í dag. Þetta spyrst út. Ég vil hv. þm. það vel að ég vona að hann hagi málflutningi sínum með öðrum hætti fram að formannskjörinu í apríl. (**GHall:** Að hann sigri í formannskjörinu.)

[18:44]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég er aldeilis óvanur því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kalli sérstaklega eftir því að ég taki til máls eða lýsi mínum skoðunum eða að hann hafi neina tilhneigingu til þess að hlusta á það sem ég hef að segja. En það er kannski Hafnarfjarðarbrandarinn í þessari umræðu að hann skuli gera það einmitt í kvöld.

Hins vegar er vandratað meðalhófið. Annars vegar er mér legið á hálsi fyrir að skipa formenn í nefndum með fyrir fram pantaðar niðurstöður og hins vegar, þegar ég reyni að sýna nefndum þá tillitssemi að vera ekki mikið að lýsa mínum skoðunum á málefnum sem þær hafa til úrlausnar, þá er mér legið á hálsi fyrir að vera skoðanalaus og koma ekki fram með mínar eigin skoðanir. Ég veit því eiginlega ekki alveg hvernig best er að snúa sér í þessu þegar viðkvæm mál eru í nefndarstarfi, þ.e. hvort ráðherrarnir eigi að tjá sig samkvæmt því sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vill eða hvort ráðherrarnir eigi helst ekki einu sinni að hafa afskipti af því hvernig nefndir eru skipaðar sem þeir þó að nafninu til eiga að skipa.

Ég er þeirrar skoðunar að fiskveiðistjórnarkerfi okkar sé í grundvallaratriðum gott kerfi og engum hefur tekist að benda mér á annað kerfi sem er betra. Ég tel tvö atriði sérstaklega mikilvæg. Annars vegar að veiðiheimildunum sé úthlutað á varanlegan hátt. Þegar ég segi varanlegan, þá segi ég ekki endilega til eilífðar, heldur að í rekstrarlegu samhengi séu heimildirnar varanlegar. Það er til þess að þeir sem stunda útgerð umgangist auðlindina, fiskstofnana, af fullri ábyrgð

og nýti hana með langtímahagsmuni í huga. Hitt atriðið sem ég tel að skipti mestu máli er frjálst framsal. Því að einungis í gegnum frjálst framsal er atvinnugreininni kleift að mæta nýjum aðstæðum og þróast fram á veginn til að hagræða og skapa okkur sem í þjóðfélaginu lifum meiri verðmæti því að við búum að miklu leyti að því sem þessi atvinnugrein gefur okkur. Almennt þarf atvinnugreinin á stöðugu umhverfi að halda en líka á umhverfi sem gefur færi á sveigjanleika. Ég tel að fiskveiðistjórnarkerfi okkar uppfylli í megindráttum þessi skilyrði. Illa ígrundaðar hugmyndir um uppboð á veiðiheimildum og himinháar skattprósentur gera það ekki. Allar hugmyndir um mikla skattheimtu og mikla töku fjármuna út úr atvinnugreininni í sköttum eru til þess fallnar að setja óeðlilegan þrýsting á breytingar í greininni, sem mun koma verst niður á landsbyggðinni. Það er því rétt sem kom fram fyrr í umræðunni að auðlindaskattur, veiðigjald, eða hvað menn vilja kalla það, er fyrst og fremst skattur á landsbyggðina sem mun leiða til mikilla breytinga og fólksflutninga. Það mun ekki bara koma niður á landsbyggðinni heldur líka á suðvesturhorninu sem mun taka á móti þeim fbúum sem af landsbyggðinni munu flytja.

Í umræðunni í dag hefur verið efast um vilja forustumanna ríkisstjórnarinnar til að gera breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég á afar erfitt með að skilja þær fullyrðingar, því að í bráðum tvö ár hafa verið að störfum fyrst ein og síðan tvær nefndir sem hafa verið að vinna einmitt að þessu markmiði. Í báðum þessum nefndum hafa ekki bara verið fulltrúar stjórnarflokkanna, heldur bæði fulltrúar annarra flokka hér á Alþingi og eins fulltrúar sem ekki eiga sæti á Alþingi. Það að bera brigður á vilja stjórnarinnar til að leita víðtækari sátta um stjórnkerfi fiskveiða á þennan hátt, er að bera brigður á störf þeirra sem í þessum nefndum starfa.

Ég hef hins vegar líka nefnt að það sem hefur haft áhrif á þessi störf eru tveir dómar sem hafa fallið að undanförnu er varðar fiskveiðistjórnina, annars vegar í Hæstarétti og hins vegar í héraði. Það hefur haft og mun hafa þau áhrif að því starfi mun eitthvað seinka. En ég vonast hins vegar til þess að það markmið takist sem ríkisstjórnin hefur sett sér um að ná víðtækari sátt á grundvelli þess að taka tillit til þarfa atvinnugreinarinnar, þarfa byggðanna og þarfa alls almennings í landinu og við munum eftir þá vinnu standa með fiskveiðistjórnarkerfi sem veitir okkur bæði stöðugleika og sveigjanleika til að bregðast við nýjum viðhorfum og nýjum ögrunum í framtíðinni þjóðinni allri til heilla.

[18:50]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að leggja hér orð í belg. Það var eitt rétt í ræðu hans; ég held að það hafi ekki gerst áður að ég hafi sérstaklega kallað eftir viðhorfum hans. En það kom að því, því ég tel það mikilvægt eins og sakir standa að landi og þjóð sé ljóst á hvaða ferðalagi hann er og þar með ríkisstjórnin. Það var ákaflega skýrt, hvað sem öllum „svonefndum" sáttanefndum líður. Honum finnst núverandi fiskveiðistjórnarkerfi það besta sem völ er á og hefur í engu áform um að breyta því í grundvallaratriðum. Þá liggur það fyrir. Og það eru sérstaklega tvö atriði í hans huga sem standa þar upp úr. Annars vegar frjálsa framsalið þar sem flokksbræður hans, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson, eru algerlega á öndverðum meiði. Þeir hljóta þá að hafa sérstaklega fagnað þeirri yfirlýsingu ráðherrans, hygg ég. Í öðru lagi telur hann annan af tveimur höfuðkostum kerfisins vera hið „varanlega" framsal. Að vísu hafði hann fyrirvara á því að ekki væri um eilífðarframsal að ræða, enda hygg ég að tæpast sé á færi neins að úthluta einhverju til eilífðar. Það er einmitt það sem dómstólar eru í dag að gera athugasemdir við og telja að það vegi að grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar, nefnilega atvinnufrelsinu annars vegar, og jafnræðisreglunni hins vegar. Og það er einkar athygli vert að hæstv. ráðherra, þingmaður og ráðherra Sjálfstfl., sem hefur gjarnan á hátíðarstundum talið sig fara fyrir atvinnufrelsinu, skuli telja það einn af höfuðkostum þessa kerfis að koma í veg fyrir það.

Herra forseti. Það eru því einkar skýrar og afdráttarlausar yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra hefur gefið hér og ljóst að hið svokallaða sáttastarf í nefndum muni í engu breyta, því að ríkisstjórnin mun auðvitað taka sína endanlegu ákvörðun með liðstyrk þingmeirihlutans á hinu háa Alþingi.

[18:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú kannski kominn tími til að ég kalli eftir sjónarmiðum hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar því honum tókst ágætlega að endursegja ræðu mína í aðeins styttra máli, en á sama hátt og fyrr í umræðunni kom ekkert fram um afstöðu hans, flokks hans, flokksbrots eða fylkingar, til málsins. Hver er afstaða hv. þm. og Samfylkingarinnar til framsalsins? Eru þeir fylgjandi framsali, eru þeir bara fylgjandi framsali undir einhverjum tilteknum kringumstæðum eða eru þeir aldrei fylgjandi framsali? Það væri mjög athyglisvert fyrir þingheim að heyra afstöðu þeirra til þessa þáttar fiskveiðistjórnarinnar.

[18:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst verð ég að þakka hæstv. ráðherra á nýjan leik að honum skuli hafa þótt ástæða til að gera athugasemdir við endursögn mína á ræðu hans. Það ber þá að festa hér í þingbækur að þetta er afstaða hans til þeirra verkefna sem fram undan eru.

Hæstv. ráðherra kallar hér eftir afstöðu minni og Samfylkingarinnar til grundvallaratriða í fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég vísaði til þess að hér hafa komið fram frv. hjá aðildarflokkum Samfylkingarinnar um þau efni, fleiri en eitt, fleiri en tvö og fleiri en þrjú og ég vísa til þeirra. Að öðru leyti vil ég segja um það atriði af því hann spyr sérstaklega um framsalið og framleiguna að ég tel ekki unnt að taka á því máli einu, algjörlega óháð öðrum. Ég sagði frá því áðan að þingflokkur Samfylkingarinnar er að undirbúa heildstæða löggjöf í þeim efnum sem tekur á þessum þáttum heildstætt. Það er á dagskrá að staða greinarinnar er sérstaklega skoðuð, það að eigandi auðlindarinnar fái afraksturinn í auknum mæli til sín en í minna mæli þeir sem eru að gera viðskipti sín á milli og í minnstum mæli þeir sem eru að fara út úr greininni með stórkostlegum gróða og greinin sjálf þarf að setja sig í miklar skuldir til þess að greiða fyrir þær heimildir. Við erum líka með sérstaka athygli og sýn á hinar dreifðari byggðir og sjávarbyggðirnar hringinn í kringum landið. Ef einhverjir aurar fást inn með þeim hætti þá verður þeim auðvitað beint heim í hérað aftur. Við ætlum að taka á þeim málum heildstætt og erum á lokasprettinum. Og ég bið hæstv. ráðherra að leggja eyrum við og athyglina þegar að því kemur, það verður engin hefðbundin plástrun sem þar verður á ferðinni. Og þar verður engu skotið undir teppið í einhverjar nefndir hér eða þar eða alls staðar.

[18:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þinheimur bíður auðvitað spenntur eftir að sjá frv. Samfylkingarinnar og hvers konar málamiðlunum hún hefur komist að í þessu máli að þessu sinni. Það verður mjög athyglisvert að sjá hvort Samfylkingunni hefur tekist betur upp að stilla strengi í þessu máli heldur en þeim tókst að stilla strengi í því stóra máli sem fyrr var til umræðu á þessu þingi, um Eyjabakkana og Fljótsdalsvirkjun, þar sem ég vil gjarnan minna á að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var í andstöðu við flesta sína félaga og meira í takt við ríkisstjórnarmeirihlutann en Samfylkinguna.

[18:56]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur hæstv. sjútvrh. greinir á um að framþróun í fiskveiðum byggist á framsalsheimildum, þar ber verulega í milli, þ.e. að tilfærsla innan útgerðarinnar muni leiða til góðs. Við getum litið til skuldaaukningar í útgerðinni, eins og hv. þm. Guðjón Guðmundsson kom inn á áðan í ræðu sinni, að ekki hafi verið gerð grein fyrir hvar um 30 milljarða skuldir útgerðarinnar af um 60 milljörðum hafi lent. Og það er álit manna að það sé m.a. hluti málsins, eins og við urðum vitni að fyrir nokkrum dögum þegar einstaklingur hættir í útgerð og fær í sinn hlut hundruð milljóna.

Að lokum langar mig til að vitna til hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, fyrrv. formanns Alþfl., sem segir svo, með leyfi forseta:

„Framsal aflaheimilda er óaðskiljanlegur hluti aflamarkskerfisins. Sé framsal aflaheimilda bannað er eins gott að leggja aflamarkskerfið [þ.e. kvótakerfið] niður og taka upp annað stýrikerfi, því aflamarkskerfið þjónar þá ekki lengur neinum tilgangi."

Þetta er ein skoðun úr þeirri ágætu fylkingu, Samfylkingunni.

[18:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til að taka hér til máls sérstaklega vegna þess sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði áðan um meinta skattheimtu sem fælist í tillögum Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Nú eru þessar tillögur sem Samfylkingin er að vinna að ekki komnar fram enn þá. Í þeim er gert ráð fyrir að jafnræði verði með útgerðum í landinu til að nálgast veiðiheimildir á markaði. Sú skattheimta sem gæti falist í því er þá einfaldlega það afgjald sem útgerðarmenn komast að niðurstöðu um að þeir vilji greiða fyrir aðganginn að auðlindinni. Til að halda í aflamarkskerfið og gera þessum grundvallarþáttum samt skil þannig að aðgangurinn að þessum atvinnuvegi standist stjórnarskrárákvæðin, þá þarf að gera þetta á þennan hátt. Það er held ég engin deila um að slíkt geti gengið og það kerfi er í rauninni fyrir hendi hér, nema í þeim skilningi að þeir sem selja aðganginn eru ekki eigendur auðlindarinnar heldur útgerðarmenn á Íslandi. Hæstv. ráðherra hefur leyft sér að kalla hugmyndir okkar skattheimtuhugmyndir.

Ég spurði hér í dag — mér þykir vont að hæstv. ráðherra skuli hafa þurft að víkja af fundi en ég ætla ekki að gera athugasemdir við það — þegar ráðherra talaði um að hugmyndir okkar væru skattheimtuhugmyndir: Ef hugmyndir okkar fela í sér skattheimtu er það þá framsal á skattheimtu til útgerðarmanna að leyfa þeim að versla með veiðiheimildir? Það hlýtur þá að mega líta þannig á málið. En þá er það gjörsamlega ólöglegt. Ég er á þeirri skoðun að eignarhald á veiðiheimildum geti ekki gengið. Menn verða einfaldlega að fara út úr þeirri aðferð. Að það yrði skattur á landsbyggðina að menn gætu keypt veiðiheimildir á markaði og verðlagt þær sjálfir, ég neita því. Það er ekki skattur á landsbyggðina. Það er bara sameiginleg tekjuöflun sem menn verða þá líka að taka afstöðu til hvernig eigi að deila út, verði það miklir peningar. Það vita menn heldur ekki fyrr en á reynir.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að núverandi kerfi væri gott og nefndi tvö atriði sem gerðu kerfið gott. Annað var varanleg úthlutun. Hann taldi að rökin fyrir því að varanleg úthlutun væri svona mikilvægt væru þau að þá mundu menn umgangast auðlindina af ábyrgð. Hvað fær hæstv. ráðherra til að tala svo? Hvers vegna ættu menn yfirleitt að umgangast auðlindina eitthvað betur þó þeir hafi veiðiheimildina til lengri tíma? Ekki eru þeir einir að nýta þær. Þeir nýta auðlindina í samkeppni hver við annan. Sá sem nær sem mestu til sín úr þessari auðlind með minnstum tilkostnaði græðir mest. Það verða að vera aðrir hvatar til þess að menn gangi vel um auðlindina en að þeir hafi veiðiheimildir til lengri tíma. Enda, eins og hæstv. ráðherra sagði, vill hann hafa þetta framseljanlegar heimildir. Þar með er enginn varanleiki til í því. Menn geta selt þessar heimildir þegar þeim sýnist og þá eru þeir ekki lengur að horfa langt fram í tímann í útgerð sinni því að þeir geta selt þessar veiðiheimildir þegar þeim þóknast.

Hitt atriðið var einmitt frjálsa framsalið, að það væri það mikilvægasta. Í því telur ráðherra að felist möguleiki til þróunar og sveigjanleiki sem nauðsynlegur sé fyrir kerfið. Í okkar tillögum er gert ráð fyrir því að á aðlögunartímanum, þ.e. á meðan verið er að losa sig út úr eignarhaldi á auðlindinni, verði framsal svipað og það hefur verið. Það er niðurstaðan sem við munum kynna, að við viljum ekki rugga þessum báti meira en nauðsynlegt er. Við þurfum að taka á eignarhaldsmálinu þannig að engin stórvandræði verði í þessum atvinnuvegi. Það er hægt. Við köllum á samstöðu um að vinna þannig að þessu máli að útgerðin í landinu verði ekki fyrir stóráföllum og hún geti aðlagað sig að breyttum tíma.

Hæstv. ráðherra var að kvarta undan því að menn efuðust um vilja til breytinga vegna þess að menn hafa hér kallað eftir svörum. Það hefur nú aldeilis nokkuð gerst síðan þessar nefndir voru settar á fót. Nú er kominn annar dómur. Margt bendir til þess og full ástæða er til að gera ráð fyrir því að Hæstiréttur geti komið með niðurstöðu í Vatneyrarmálinu sem verði samhljóma dómi Héraðsdóms Vestfjarða og dómi Hæstaréttar í fyrra. Þeir sem ekki ætla sér að horfa fram hjá því að þetta geti gerst eru að stinga höfðinu í sandinn. Ég tel að það sé ástæða til að efast um vilja manna í þessu máli ef þeir eru ekki í fullri alvöru að leita leiða til að bregðast við slíkri niðurstöðu. Það er óábyrgt vegna þess að daginn sem slíkur dómur fellur verða hér veðrabrigði. Það mun ekki þýða að koma með sömu lausnina eftir að sá dómur yrði felldur og hægt væri að koma með áður en hann væri felldur. Almenningur í landinu mundi segja að Hæstiréttur væri búinn að dæma þessi réttindi af útgerðarmönnum. Stjórnmálamennirnir ætla kannski að koma á eftir og segja nei, að nú vilji þeir afhenda útgerðarmönnunum aftur þessi réttindi og láta þá hafa einhver 10–15 ár til að trappa þessi réttindi aftur til baka. En samúð með slíku mundi minnka æðimikið þann dag sem Hæstiréttur kvæði upp slíkan dóm. Því spái ég.

Hæstv. ráðherra talaði um áhrif dómanna, þau væru m.a. seinkun á niðurstöðum úr nefndunum. Þetta veldur mér vonbrigðum einfaldlega vegna þess að áhrif þessa síðasta dóms áttu auðvitað að vera þau að menn sneru sér að því af fullum krafti að leysa þetta mál þannig að hægt yrði að fá niðurstöður sem gætu tekið við, reglur sem gætu tekið við eftir að dómur félli eða öllu heldur áður en hann félli.

Hér var spurt um framsalið og Samfylkinguna. Ég ætla að skýra það bara aðeins nánar. Við höfum komist að þessari niðurstöðu. Framsalið sem nú er leyft er hluti af kerfi sem verið hefur til staðar um þó nokkuð langan tíma. Við teljum að á meðan verið er að trappa niður eignarhaldið á veiðiheimildunum þá sé ekki rétt að breyta reglunum sem menn hafa unnið eftir. Þess vegna viljum við að á aðlögunartímanum verði þessum reglum ekki breytt.

Og að lokum, hæstv. forseti, um Eyjabakkana og Fljótsdalsvirkjun. Það var verið að minna á að við í Samfylkingunni hefðum ekki öll verið sammála í Eyjabakkamálinu. Og hver var að minna á það? Það var hæstv. sjútvrh. sem hélt ræðu yfir þingsal eftir að flokksmenn hans báru fram alls konar mál sem hann er á móti. Það eru ekki aldeilis sömu reglur sem gilda um Sjálfstæðisflokkinn og Samfylkinguna í þessari umræðu. Hæstv. ráðherra situr hér allan daginn yfir málum frá sínum eigin flokksmönnum sem fara í allt aðrar áttir en hann vill fara. Hann er bara hreinlega á móti þeim. Það þarf nú ekki langa yfirlegu til þess að skilja það. Flokksbræður hans leggja hér fram frv. sem hæstv. ráðherra er alfarið á móti en hann kemur hér upp í ræðustól til að skamma Samfylkinguna fyrir að ekki hafi allir verið sammála í máli sem afgreitt var hér fyrr í vetur. Ja, sér er nú hvað.

[19:08]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson var hissa á því að ég skyldi tala um að tillögur Samfylkingarinnar varðandi skatt á sjávarútveginn vegna þess að þær væru ekki komnar fram enn þá. Ég var í fyrsta lagi að vitna til ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar þar sem hann talaði um afnotagjald á útgerðina. Það skildi ég þannig að þar væri nýr skattur á útgerðina. Ég held að það hafi ekki farið á milli mála enda neitaði hv. þm. því ekki þegar við fórum í andsvör.

Í öðru lagi vitnaði ég í tillögu Samfylkingarinnar frá því fyrir kosningar, þeir hljóta nú að móta sína stefnu þar og þar kom skýrt fram að Samfylkingin vildi leggja mjög miklar byrgðar á sjávarútveginn. Þær voru að vísu mismiklar eftir því hvort maður hlustaði á Ágúst Einarsson, Sighvat Björgvinsson, Margréti Frímannsdóttur eða einhverja aðra, það lék svona á bilinu 5, 10, 20 og 30 milljörðum og gott ef ekki enn meira. Þar var náttúrlega boðuð skattheimta á sjávarútveginn skýrum orðum.

Ég vil svo bara endurtaka, svo það sé nú alveg á hreinu, að ég lít á það sem tvennt ólíkt, skattheimtu á útgerðina eða kvótabraskið í dag, þ.e. framsal aflaheimilda. Þar velja menn sjálfir sinn skatt. Þeir greiða þann skatt sem treysta sér til þess en ef einhvers konar flatur skattur verður settur á sjávarútveginn þá lendir hann á öllum. Staðreyndin er sú, eins og ég gat um áðan, að langminnstur hluti útgerðarinnar í landinu tekur þátt í þessum braskleik. Langstærsti hlutinn vinnur eftir kerfinu eins og á að vinna eftir því og fyrir þau fyrirtæki mundi þetta þýða nýja skattheimtu, á því er ekki nokkur vafi. Af því hv. þm. Jóhann Ársælsson sagðist ekki vilja rugga bátnum og ég veit hann meinar það þá held ég að nýr skattur á útgerðina, ekki síst á landsbyggðinni, muni rugga bátnum svo rosalega að sumir bátar verði ekki á réttum kili á eftir.

[19:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. kallar skatt er í raun aðferð við að útdeila veiðiheimildum þannig að hægt sé að uppfylla þau ákvæði sem stjórnarskráin felur í sér varðandi aðgang að þessum atvinnuvegi. Mér finnst alls ekki vera hægt að kalla slíkt skatt. Ég held því fram að úr þessu verði ekki flatur skattur. Það verður úr þessu einhvers konar gjald sem útgerðarmenn ákveða sjálfir út frá rekstri sínum. Menn eru ekkert sjálfráðir með það hvað þeir borga í þessari útgerð í dag. Þar er allur kvóti á markaði hvort sem hann er til skamms tíma eða langs og hann er seldur á hæsta verði. Það kunna útgerðarmenn að notfæra sér og gerðu strax og þeir fengu heimildir til. Menn sem ætla að vera í þessum atvinnurekstri og þurfa að fá til sín veiðiheimildir hafa ekki um neitt að velja. Það að við séum að tala um að leggja miklar byrðar á sjávarútveginn með tillögu okkar kallar á eina spurningu: Hvernig vill hv. þm. Guðjón Guðmundsson þá leysa þann vanda að allir hafi jafnan aðgang að þessari atvinnugrein? Telur hann að það sé hægt með einhverjum öðrum hætti en þessum, ef hann vill þá ekki setja á sóknarstýringarkerfi, ef Hæstiréttur kveður upp þann dóm sem við höfum verið að ræða hér í dag? Hefur hann einhverja aðra lausn á því máli en að menn geti nálgast veiðiheimildir á markaði? Eða vill hann að hin leiðin verði valin, að setja á sóknarstýringarkerfi í sjávarútveginum?

[19:12]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að þetta væri nú eiginlega ekki skattur heldur aðferð til að útdeila aflaheimildum. Það er kannski kurteislegra og fínna orðalag en auðvitað er það nýr skattur á útgerðina. Menn eiga ekki að þræta fyrir það. Hann segir að menn hafi ekki um neitt að velja. Ég veit að hv. þm. þekkir marga góða útgerðarmenn og fyrirtæki í okkar kjördæmi sem taka ekki þátt í þessum darraðardansi í kringum kvótabraskið. Á þessa aðila er auðvitað um nýjan skatt að ræða þó menn kalli það aðferð til að útdeila aflaheimildum. Þetta er nýr skattur á útgerðina og mun koma mjög þungt niður, ekki síst á landsbyggðinni. Ég hef mjög miklar áhyggjur af því ef þetta nær fram að ganga.

Varðandi það hvernig ég ætli að bregðast við dómi Hæstaréttar þá ætla ég nú fyrst að sjá dóm Hæstaréttar áður en ég fer að tjá mig um hann.

[19:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nákvæmlega af þessu sem ég hef áhyggjur. Menn ætla að bíða dóms Hæstaréttar. Menn virðst farnir að treysta á það að heimsendaspár hæstv. forsrh. og spár um það hvernig fari ef eignarhaldinu verði hnekkt á veiðiheimildunum á Íslandsmiðum verði til þess að Hæstiréttur hrekist frá því að komast að sömu niðurstöðu og komist var að í Héraðsdómi Vestfjarða og Hæstiréttur komst að í dómi sínum um 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða fyrir ári. Ég verð að segja að mér finnst dapurlegt að menn ætli sér að bíða þess dags að þessi dómur verði felldur. Þann dag munu menn ekki hafa sömu möguleika til að fá aðlögunartíma handa útgerðinni á Íslandi að nýju kerfi eða breyttu stjórnkerfi fiskveiðanna.

[19:15]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Það er mjög liðið á fundartímann og ég ætla ekki að halda langa tölu. En aðeins út af síðustu orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann gat um heimsendaspá hæstv. forsrh. en ég held að honum og flokksmönnum hans og öllum alþingismönnum hafi brugðið við því fljótlega eftir Vatneyrardóminn mátti heyra af því og sjá í fréttum að a.m.k. 30 skip voru komin á sjó sem höfðu ekki kvóta eða heimildir til veiðanna. Okkur er öllum ljóst að eins og menn hafa lýst áhyggjum sínum yfir niðurstöðu Hæstaréttar þá hafa menn áhyggjur af þessu og hv. síðasti ræðumaður gat um áhyggjur sínar af þessu. Hin svonefnda heimsendaspá sem hv. þm. nefndi áðan er náttúrlega engin heimsendaspá. Þetta er spá um alvarleika málsins við Íslandsstrendur ef dómur fellur í þá átt að allir megi fara á sjó. Það er því ákveðið vandamál sem fylgir þessu og hæstv. forsrh. gerði sér fulla grein fyrir og gerði þjóðinni eftirminnanlega grein fyrir því. Hitt er svo annað mál að tungutak hans í útlistuninni á því hvernig málin muni þróast virðist hafa farið fyrir brjóstið á samfylkingarmönnum ef svo fer sem menn eru ýmist að vona að fari eða fari ekki.

[19:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef þessi dómur fellur með þeim hætti sem við erum að ræða hér, við erum a.m.k. að ræða þann möguleika að slíkt geti gerst, og ef menn ætla ekki að gera neitt, getur niðurstaðan auðvitað orðið sú sem hæstv. forsrh. spáði. Þess vegna er afar óábyrgt að ætla ekki að gera ráð fyrir því að þetta geti gerst. Hins vegar er alveg ljóst að það er hægt að halda áfram að stjórna fiskveiðum á Íslandi þó að eignarhaldið á veiðiheimildunum verði ekki haft til staðar áfram eins og það er. En menn virðast ætla sér að bíða eftir dómi Hæstaréttar í þeim tilgangi einum að það verði þvílíkt öngþveiti að menn geti þá líklega gert það sem mönnum sýnist því ekki má taka á málinu áður. Það hefur komið fram, fyrst hjá hæstv. forsrh. og nú í dag hjá hæstv. sjútvrh., að hvað sem á dynur muni menn ekkert gera fyrr en eftir að dómurinn er fallinn. Þá geta allir róið ef menn hafa ekki brugðið á einhver ráð til að breyta reglunum sem eru til staðar núna. Það er aftur á móti vel hægt og við erum með í smíðum tillögur sem við munum kynna innan skamms um það hvernig við viljum standa að málinu. Ég geri kröfu um það, ég segi það alveg eins og er, ég geri bara kröfu um það til allra þingmanna að þeir hljóti að velta því alvarlega fyrir sér hvort menn þurfi ekki að vera viðbúnir því að þetta geti gerst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:20.

57. FUNDUR

mánudaginn 7. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Afnotaréttur nytjastofna á Íslandsmiðum, þáltill., 172. mál, þskj. 198. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Stjórn fiskveiða, frv., 229. mál, þskj. 275. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórn fiskveiða, frv., 230. mál, þskj. 276. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 231. mál, þskj. 278. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stjórn fiskveiða, frv., 249. mál, þskj. 305. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 326. — 1. umr.
9. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 290. mál, þskj. 472. — 1. umr.
10. Þinglýsingalög, stjfrv., 281. mál, þskj. 421. — 1. umr.
11. Brunatryggingar, stjfrv., 285. mál, þskj. 429. — 1. umr.
12. Fjárreiður ríkisins, frv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.
13. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 150. mál, þskj. 171. — 1. umr.
14. Tollalög, frv., 196. mál, þskj. 229. — 1. umr.
15. Fjárreiður ríkisins, frv., 243. mál, þskj. 298. — 1. umr.
16. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 256. mál, þskj. 322. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögmanni.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 3. febr. 2000:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum, auk sérstakra embættisstarfa utan bæjar næstu daga, get ég ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur og leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 2. varaþingmaður Framsfl. í Vesturl., Þorvaldur T. Jónsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþingmanns.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl."

Þá hefur borist annað bréf, dags. 4. febr. 2000.

„Vegna sérstakra anna get ég ekki tekið sæti Ingibjargar Pálmadóttur, 2. þm. Vesturl., á Alþingi að þessu sinni.

Virðingarfyllst,
Magnús Stefánsson,
1. varaþingmaður Framsfl. í Vesturl."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Þorvaldi T. Jónssyni sem er 2. varamaður á lista Framsfl. í Vesturlandskjördæmi. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[15:02]

Frsm. kjörbréfanefndar (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd kom saman og fór yfir kjörbréf Þorvaldar T. Jónssonar, 2. varaþm. Framsfl. í Vesturl., sem landskjörstjórn gaf út fyrr á þessum degi.

Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Þorvaldar T. Jónssonar verði samþykkt.

Kjörbréf Þorvaldar T. Jónssonar samþykkt án atkvæðagreiðslu.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf Þorvaldar T. Jónssonar verði samþykkt.

Kjörbréfið er samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Þorvaldur T. Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og undirritað drengskaparheit. Hann er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þá hefur borist svofellt bréf, dags. 4. febrúar 2000:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp, að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Vesturl., Helga Halldórsdóttir skrifstofumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl."

Kjörbréf Helgu Halldórsdóttur hefur verið samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Helga Halldórsdóttir, 1. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Helga Halldórsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um breytingar í embættum fastanefnda.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 3. febr. 2000:

„Á fundi heilbr.- og trn. í dag var Jónína Bjartmarz kosin formaður heilbr.- og trn. í stað Valgerðar Sverrisdóttur.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst, Hafdís Ólafsdóttir nefndarritari."

Hér er annað bréf, dags. 7. febr. 2000, og er svohljóðandi:

„Á fundi allshn. í dag var Jónína Bjartmarz kosin varaformaður nefndarinnar í stað Valgerðar Sverrisdóttur.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst, Hafdís Ólafsdóttir nefndarritari."

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sala jarðeigna ríkisins.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvað líði eða hver sé almenn stefna hæstv. ríkisstjórnar í málefnum ríkisjarða hvað varðar meðferð eigna ríkisins. Nú er uppi sérkennileg umræða í þjóðfélaginu á þá leið að Alþingi eða meiri hluti Alþingis hafi samþykkt að selja tilteknar eignir, tilteknar jarðir, t.d. eyjarnar Málmey og Elliðaey. Það sem hér var afgreitt fyrir jól, herra forseti, var að mínu mati fyrst og fremst heimildir til handa hæstv. ríkisstjórn að selja eða eftir atvikum selja ekki viðkomandi eignir.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Lítur hann svo á að sú skylda hvíli á ríkisstjórninni eftir að hafa fengið nefndar heimildir í hendur að koma þessum eignum út eða eru þetta heimildir samkvæmt orðanna hljóðan sem eftir atvikum má nýta eða nýta ekki?

Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. forsrh.: Er einhver samræmd stefna til staðar af hálfu ríkisstjórnarinnar eða gildir um þetta geðþóttavilji og tilviljanakenndar ákvarðanir einstakra ráðherra?

Jarðirnar heyra undir mismunandi ráðuneyti, þrjú, fjögur ráðuneyti, og jafnmargir hæstv. ráðherrar fara með forsvar þessara mála eftir því undir hvaða ráðuneyti viðkomandi stofnanir stjórnsýslulega heyra, hvort um er að ræða jarðadeild landbrn., Siglingastofnun undir samgrn. o.s.frv. Þar af leiðandi er eðlilegt að spurt sé: Gildir einhver samræmd stefna á vegum ríkisstjórnarinnar um meðferð þessara mála eða ekki?

Í þriðja lagi. Telur hæstv. forsrh. ekki að fortakslaust skuli auglýsa slíkar eignir ríkisins áður en þær eru seldar, sbr. t.d. 11. gr. stjórnsýslulaga, og sbr. reglugerð nr. 651/1994, um ráðstafanir á eignum ríkisins?

Að lokum. Hvað finnst hæstv. forsrh. sjálfum persónulega um það að selja í hendur einstaklingum tilteknar náttúruperlur og hvaða samræmi er í því og framgöngu ríkisstjórnarinnar að öðru leyti sem t.d. þykir gera nokkuð harðar kröfur á hendur landeigendum á grundvelli þjóðlendulaganna svonefndu? Er þá á ferðinni samræmi í framgöngu stjórnvalda að þessu leyti að á aðra hliðina eru gerðar miklar landakröfur en á hina hliðina stendur til að því er virðist að selja jarðnæði úr almannaeigu?

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Allar þessar miklu spurningar hefðu nú verið efni í drjúga og langa umræðu af minni hálfu en ég vona að mér fyrirgefist þó að ég láti hjá líða að fara í löngu máli yfir stefnu ríkisstjórnarinnar hvað alla þessa þætti varðar.

Í fyrsta lagi varðandi það sem hv. þm. nefndi um hvernig líta bæri á heimildir af því tagi, þá er ég sammála túlkun hans að þar er um heimild að ræða en ekki skyldu ríkisstjórnarinnar að koma í lóg, ef það er rétta orðalagið, þeim eignum sem heimildin hefur gefist til, enda segir sagan okkur að heimildir hafi verið veittar til sölu tiltekinna eigna ár eftir ár eftir ár án þess að þær hafi verið nýttar. Það liggur fyrir og það þekkja menn.

Ég hygg að meginreglan sé sú að eignir af þessu tagi séu auglýstar. Ég vil ekki fullyrða að það hafi alltaf verið gert. Nú hefur hv. þm. sem ráðherra selt eignir og sumar svo frægt var. Margt er því til í þeim efnum eins og menn vita, og er það sjálfsagt dálítið mismunandi eftir ráðuneytum og hefðum hvað það varðar.

Hvað varðar þriðju spurninguna, þá segi ég fyrir mína parta að ég tel að menn eigi að fara mjög varlega í að selja náttúruperlur af hvers konar tagi. Engu að síður getur farið vel á því að slíkar perlur séu í einstaklingseigu. Nú síðast keyptu einstaklingar Kerið hér sunnan lands. Ríkisvaldinu var boðinn forkaupsréttur og ríkisvaldið taldi ekki nauðsynlegt að notfæra sér þann forkaupsrétt. En ég tek undir með þingmanninum að það er hárrétt að fara þar varlega.

Í fjórða lagi tel ég alls ekki hægt að blanda neitt saman þjóðlendumálum og kröfugerðum sem þar voru reistar. Þær eiga ekkert skylt við þetta mál sem hv. þm. reifaði hér.

Ég verð að láta þetta nægja.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og fagna því að hæstv. ráðherra telur að þarna eigi að ganga hægt um gleðinnar dyr en það hefur því miður ekki verið gert og mér sýnist ljóst, herra forseti, að í raun og veru ríki fullkomið uppnám í þessum efnum, engin samræmd stefna sé lögð til grundvallar framgöngu stjórnvalda. Og ég er ekki sammála því að það sé ekki eðlilegt að líta til þess hvernig ríkið sem jarðeigandi, landeigandi eða forsvari lands, eins og í tilviki þjóðlendna, gangi fram að öðru leyti.

Hvað auglýsingar varðar, þá er auðvitað nauðsynlegt að menn átti sig á því og ekki síst hæstv. ráðherrar að þarna erum við komin í nýtt samhengi. Búið er að setja stjórnsýslulög og búið er að gefa út reglugerð um meðferð þessara eigna frá því að sá sem hér talar varð ráðherra. Þeir tímar eru því ekki sambærilegir. Að minnsta kosti er alveg ljóst, herra forseti, að hæstv. samgrh. þarf að fara á námskeið í þessum efnum því haft er eftir honum í Dagblaðinu í dag að það sé í raun og veru algert matsatriði og geti verið bara tilviljanakennt hvort svona eignir eru auglýstar eða ekki. Ég fullyrði að það sé brot á stjórnsýslulögum eða anda þeirra og augljóslega brot á þessari reglugerð ef svo er ekki gert.

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég undirstrika að það er sjálfsagt og eðlilegt að sú meginregla sé virt að slíkar eignir séu auglýstar.

Það væri þá í undantekningartilvikum sem yrði að skýra sérstaklega ef það yrði ekki gert.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði vegna þess að komið hefur fram í fjölmiðlum að okkar ástsæla söngkona Björk Guðmundsdóttir hafi velt fyrir sér að kaupa tiltekna eyju í Breiðafirði, þá er það rétt að það hefur komið til tals. Ég gæti reyndar mjög vel hugsað mér að hún fengi þar aðstöðu til þess að reisa sér hús. Og ég get mjög vel hugsað mér að hún gæti fengið slíka aðstöðu leigulaust í áraraðir því að hún hefur gert meira fyrir Ísland en langflestir Íslendingar sem við þekkjum við að auka frægð og frama Íslands. En henni var jafnframt gert ljóst að ef til þess kæmi að um sölu yrði að ræða, þá yrði þessi eign auglýst þannig að aðrir gætu komið að málinu.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég biðst undan því að ræða þessi mál út frá tilteknum nafngreindum einstaklingum. Það er án efa svo að það er fjöldi ágætra Íslendinga sem eru vel að því komnir út af fyrir sig að geta búið vel um sig einhvers staðar í landinu. En ég tel að við eigum ekki að ræða þetta út frá þeim hlutum heldur út frá grundvallaratriðum málsins.

Það er alveg ljóst að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum andvígir því í grundvallaratriðum að taka land og ég tala nú ekki um verðmætar og sérstæðar náttúruperlur eins og sumar af merkustu eyjum við landið eru, taka þær úr almannaeigu og selja þær í hendur einstaklingum, hverjir sem þeir eru, sem geta í framhaldinu lokað þær af og jafnvel torveldað afganginum af landsmönnum að njóta þeirra sem slíkra. Það er röng stefna og verið að fara í öfuga átt með þessa hluti. Þess vegna fer ég fram á að það verði meira en orðin tóm af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þó að mér þyki það í sjálfu sér gott að forsrh. hvetur til þess að þarna sé farið varlega.

Ég skora á hæstv. forsrh. að hlutast til um að nú verði ekki um frekari sölur af þessu tagi að ræða fyrr en mótuð hefur verið almenn og samræmd stefna um meðferð þessara mála.

[15:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég nefndi nafn þessarar ágætu söngkonu aðeins vegna þess að það hefur verið nefnt opinberlega og í annan stað til að undirstrika það sem hér er nefnt að jafnvel þó slíkt hefði verið rætt, þá mundi sú regla áfram gilda að þessi tiltekna eyja yrði auglýst. Heimildin til að selja er fyrir hendi af hálfu þingsins og ef það yrði gert yrði það auglýst. Ég segi jafnframt að ég get vel hugsað mér að við greiðum götu þessarar söngkonu og henni sé sýndur eins mikil sómi og við getum, því að ég þekki ekki nokkurn einstakan aðila sem hefur gert meira fyrir Ísland hvað ferðamálaþáttinn snertir og þekkingu á Íslandi en einmitt þessa ágætu söngkonu, sem fylgir hv. þm. til að mynda í virkjunarmálum eins og kunnugt er.

Löggæsla í Grindavík.

[15:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Í kosningabaráttunni lögðu stjórnarflokkarnir mikla áherslu á eflingu löggæslu í landinu og nauðsyn þess að takast á við hinn stóra fíkniefnavanda. Nú berast fréttir af því í blöðum og fjölmiðlum að það séu áform af hálfu dómsmrn. að skera niður eða a.m.k. breyta um áherslur varðandi löggæslu í einum af stóru kaupstöðunum á Suðurnesjum, Grindavík. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að þingheimur sé upplýstur um hver áform ráðuneytisins eru varðandi framtíð löggæslu í Grindavík.

Í öðru lagi spyr ég hvort það samrýmist stefnu ríkisstjórnarinnar um að auka og bæta löggæslu að vera með bollaleggingar ef þær eru fyrir hendi um að draga úr löggæslu í stað þess að efla hana eins og fyrirheit hafa verið gefin um.

[15:16]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn vegna þess að ég var einmitt á mjög fjölmennum fundi í Grindavík fyrir nokkrum dögum þar sem þessi mál voru rædd. Bæjarstjórnin hafði komið þeim skilaboðum á framfæri við mig að þeir óskuðu eftir að koma á fund í dómsmrn. og ræða þessi mál þar sem sýslumaðurinn hygðist leggja til breytingu á löggæslumálum í bænum. Það varð úr að ég kallaði til bæjarstjóra og allt bæjarráðið á fund í dómsmrn. sl. mánudag og eins líka ríkislögreglustjóra og sýslumanninn í Keflavík. Þar voru tillögurnar ræddar og kynntar fyrir Grindvíkingum. Ég tel að það hafi verið mjög gott mál vegna þess að þarna skorti e.t.v. nokkuð á að menn hefðu rætt saman.

Sýslumaðurinn fól sérstökum starfshópi að fara yfir það hvernig löggæslumálum yrði best háttað í umdæminu og þeir gerðu ákveðnar tillögur. Ákveðið vandamál hafði falist í því að lögregluliðið hefði verið eins og tvískipt, rekið annars vegar frá Keflavík og hins vegar frá Grindavík, með þeim afleiðingum að það hafa borist kvartanir frá ýmsum öðrum stöðum í umdæminu sem telja að þeim hafi ekki verið nægilega vel sinnt. Þess vegna taldi sýslumaðurinn ástæðu til að leggja fram tillögu til breytinga í þeim tilgangi að bæta löggæsluna í umdæminu. Lögreglustöðin sem hefur verið þarna á staðnum verður áfram. Engin áform eru um að hætta að nota hana eða selja og forvarnafulltrúinn eða aðstoðaryfirlögregluþjónn sem þarna hefur verið að störfum verður þar líka áfram að störfum. Gert er ráð fyrir að sólarhringsvöktum verði komið upp alls staðar í umdæminu þannig að ég tel eftir að hafa séð þessar tillögur og eftir að ríkislögreglustjóri hefur farið yfir þær og mælt með þeim að hér sé á ferðinni bætt þjónusta í löggæslu.

[15:18]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör en samt sem áður liggur það á borðinu að það er uggur í brjósti margra heimamanna út af þessum málum. Því væri e.t.v. ástæða til þess að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort tillögur lögreglustjóranna séu til komnar vegna þröngrar fjárhagsáætlunar sem var samþykkt í þinginu í desember og hvort þær tillögur, sem hafa nú verið samþykktar og eru uppi á borðinu, séu tillögur sem byggja á því að hæstv. dómrmh. hefur afskipti af málinu og þess vegna séu hlutirnir leiðréttir. Það er mikilvægt varðandi stöðu t.d. annarra umdæma í þessu sambandi.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég tók undir það á þessum fundi og lýsti því yfir að ég gæti vel skilið að menn hefðu áhyggjur af þessum breytingum. Því miður er það svo að við höfum séð t.d. vaxandi magn fíkniefna í umferð þannig að það er ósköp

skiljanlegt að fólk hafi áhyggjur og vilji tryggja sem besta löggæslu.

Ég taldi reyndar skynsamlega tillögu sem kom fram í þessu máli um að sértakt teymi yrði myndað milli aðila þarna í bænum sem lögreglan tæki þátt í. Það gæti komið inn í svokallaða grenndargæslu sem ég tel að sé mjög gott mál og þarft í þessum tilvikum, sérstaklega til þess að fylgjast með börnum og unglingum og þar er ég að tala um samstarf milli t.d. skóla, íþróttafélaga, kirkju og lögreglu.

Varðandi þessar tillögur vildi ég koma til móts við þá umræðu sem þarna átti sér stað og þessar áhyggjur manna. Ég taldi því rétt að sýslumaðurinn mundi beita sér fyrir því að halda fundi þar sem yrði farið yfir þetta mál og eins að *ríkislögreglustjóri mundi gera úttekt á því hvernig* þessar breytingar hefðu reynst eftir sex mánuði.

[15:21]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna að sjálfsögðu þeirri lausn sem er komin að því er virðist fyrir Grindavík og að því er virðist er komið á móts við óskir íbúanna ef ég skil hæstv. dómsmrh. rétt. Það er einmitt þetta sem brennur á mönnum raunar út um allt land, það er þessi grennd eða að lögreglan sé á staðnum. Víða eru menn að gera miklar breytingar og ástæða er til að vekja athygli á því. Ég tel að mál Grindavíkur sé bara eitt mál af mörgum sem gera íbúana órólega. Það er verið að færa til og þjóna með bílum, sums staðar um lengri veg og fólk sættir sig ekki við þetta í nútímasamfélagi. Ég vildi bara koma þessu að.

Ég árétta enn og aftur að enn er það áhyggjuefni mjög margra frá bænum Grindavík hvernig málum er komið og hvernig á að skipa þeim þó svo hér hafi verið gefnar upplýsingar um að fullnægjandi sé.

[15:22]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég gleymdi áðan að svara því til sem var spurt um að þessar tillögur eru ekki viðkomandi þeim fjárhagsáætlunum sem gerðar hafa verið þannig að það er ekki verið að draga úr fjárframlögum til sýslumannsins í Keflavík, svo það komi skýrt fram, heldur er þar líklega eitt hæsta hlutfall á kostnaði sem á sér stað við rekstur á þessu lögregluembætti.

Ég vil líka taka það fram að grenndargæsla felst ekkert endilega í því að það sé lögreglustöð á staðnum þó það sé auðvitað mjög ákjósanlegt að þar starfi menn sem þekkja vel til heldur er það svo að það hefur gefist vel t.d. á höfuðborgarsvæðinu að tveir menn í bíl hafi fylgt eftir t.d. í foreldraröltinu og í ýmsum hverfum í borginni hafa verið gerðar tilraunir með það fyrirkomulag og það hefur gefið góða raun.

Ég vil líka taka skýrt fram, herra forseti, að dómsmrn. hefur gert árangursstjórnunarsamninga við *öll sýslumanns*embætti á landinu og auðvitað bera sýslumenn ábyrgð á rekstri embætta sinna þar með.

Öryggismál á hálendi Íslands.

[15:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. dómsmrh. hvernig sé háttað öryggi landvarða vítt um landið þar sem þeir starfa. Starf landvarða er mjög mikilvægt við vörslu og fræðslu um umgengni á hálendinu og margar náttúruperlur. Eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um eru landverðir starfandi á *einum tíu* svæðum og þar *af eru tveir* þjóðgarðar. Í sumum af þeim svæðum, herra forseti, starfar bara landvörðurinn einn, það er einmenningsstarf. Þetta er jafnvel inni á hálendinu þar sem er umferð fólks, gangandi og akandi. Orðrómur er um að ekki sé farið að ýtrustu landslögum varðandi ákveðinn hluta af þessari umferð, hún *sé bæði utan vega og á vegaslóðum til lítils sóma.* Jafnvel heyrist sá orðrómur að þeir sem þar fara um séu kannski ekki í ökuhæfu ástandi. Ég hef heyrt þær sögur frá sumum landvörðum sem sinna þessum störfum að þeir séu sjálfir jafnvel í hættu við að umgangast þetta fólk.

Það er ekki aðeins það að fólk starfi aleitt inni á óbyggðum heldur er það líka öryggið gagnvart því verkefni sem landverðir hafa að vernda náttúruna, auk þess líka að þurfa að umgangast fólk sem þeir eru í rauninni ekki færir um. Þeir hafa í rauninni enga heimild til að starfa þarna sem neinir löggæslumenn en það verður hlutverk þeirra í allt of mörgum tilvikum og öryggi þeirra er þar af leiðandi stefnt í hættu.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort þetta sé svo, hvaða öryggi þeir búi við og hvort úrbætur séu væntanlegar fyrir sumarið.

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki heyrt umræðu um þetta mál hvað snertir málefni löggæslu og dómsmrn. Auðvitað vita allir að það er stríður ferðamannastraumur á marga staði og því miður misjöfn umgengni manna sums staðar en ég mun að sjálfsögðu leita eftir upplýsingum um þetta mál og athuga hvort einhverjar kvartanir hafi borist til umhvrh. frá þeim aðilum sem gegna þessum störfum.

[15:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna undirtektum hæstv. dómsmrh. um að staða þessara mála verði könnuð því að sá orðrómur sem *ég hef er einmitt sá að margir landverðir sé* uppteknir við að reyna að fylgja eftir löggæslu bæði hvað varðar umgengni við náttúruna og einnig við umferð og öryggi fólks en þeir hafi minni tíma til þess að sinna því sem þeir séu ráðnir til sem sé landvarsla og fræðsla og upplýsingar um náttúruna á þessum svæðum. Ég tel í rauninni, herra forseti, að þetta sé stóralvarlegt mál.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég ítreka að ég hef ekki fengið neinar ábendingar um þetta mál til dómsmrn. Hins vegar er alveg ljóst að það getur verið mjög viðamikið og ábyrgðarmikið starf sem landverðir gegna en ég verð að segja það að af reynslu minni og því sem ég hef séð til starfa þeirra að þeir hafa staðið sig ákaflega vel.

[15:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það með hæstv. dómsmrh. að landverðir standa sig vel og sinna starfi sínu mjög vel miðað við erfiðar aðstæður. Ég vil leggja áherslu á öryggismál þeirra þar sem þeir eru aleinir inni á öræfum og eiga að sinna verkefni sínu við oft erfiðar aðstæður. Ég tel að það eigi að skoða þessi mál bæði gagnvart öryggi þeirra, gagnvart öryggi náttúrunnar og gagnvart öryggi fólks sem

þarna er að fara um og síðan ekki gleyma því fræðsluhlutverki sem einmitt landverðir hafa gagnvart þessari umferð.

Afnotaréttur nytjastofna á Íslandsmiðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. PHB, 172. mál. — Þskj. 198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 229. mál (veiðar umfram aflamark). — Þskj. 275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 230. mál (frystiskip). — Þskj. 276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Frv. EKG og EOK, 231. mál (fasteignagjöld). — Þskj. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 249. mál (framsal veiðiheimilda). — Þskj. 305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál. — Þskj. 326.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs frá 1991, með síðari breytingum. Í þessu frv. felast tvær breytingar. Í fyrsta lagi er verið að koma til móts við sjónarmið sem grundvallast á breyttum stjórnarskrárákvæðum um heimildarleysi ráðherra til þess að breyta sköttum og lagt til að í stað þess að í aukatekjulögunum séu safnliðir sem ráðherra er síðan falið að útfæra, séu þeir liðir tæmandi upptaldir í lögunum. Þetta er að sjálfsögðu í samræmi við þá stefnu sem er nú reynt að fylgja í öllum lögum að heimildir til skattbreytinga séu eingöngu á valdi löggjafans sjálfs en ekki framseldar til einstakra ráðherra.

Í öðru lagi er um að ræða nokkrar minni háttar breytingar á gjöldum og nokkur ný gjöld sem eru tekin inn í frv. að tilhlutan ýmissa ráðuneyta, ýmist til samræmingar eða til að laga gjaldtökuna að öðrum liðum í þeirri gjaldskrá sem felst í raun í þessum lögum.

Eitt gjald er lagt til að falli brott sem er gjald fyrir rekstrarleyfi til starfrækslu rækju- og hörpudisksvinnslu en slík gjöld hafa ekki tíðkast af leyfum vegna annarra tegunda fiskvinnslufyrirtækja og er eðlilegt að samræma ákvæði um slík rekstrarleyfi.

Einnig er lagt til, herra forseti, að gjald fyrir ökuskírteini 65 ára og eldri verði lækkað um helming úr 2.000 kr. í 1.000 kr. enda þurfa aðilar 65 ára og eldri að endurnýja skírteini sín oftar en aðrir og er sanngirnismál að draga úr þeirri gjaldtöku.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., herra forseti. Meginefni þess felst í að afnema safnliði í fjórum ákvæðum gildandi laga og telja upp með tæmandi hætti þau ákvæði sem ráðherra hefur áður ákveðið með reglugerð. Reyndar má segja að á árinu 1991 hafi verið stigið stóra skrefið í þessu efni þegar reglugerð um aukatekjur ríkisins sem fjmrh. gaf út var breytt með lögum í núgildandi lög um þetta efni.

Áður gaf ráðherra út með árlegri reglugerð allar ákvarðanir sínar um gjaldtöku að þessu leyti. Upp úr því spunnust iðulega deilumál og jafnvel dómsmál eins og margir muna eflaust frá því fyrir um 10 árum þegar gjöld vegna ýmissa leyfa, m.a. leyfa eða réttinda sem menn höfðu aflað sér með löngu háskólanámi, voru stórhækkuð og það fyrirvaralaust. Nú er þetta skýrt í lögum og þessum gjöldum verður ekki breytt framvegis nema með atbeina löggjafans og það er einmitt um það sem þetta frv. snýst. Nokkrum heimildum er breytt eða lagt til að þeim verði breytt og síðan er um það að ræða að fella niður þá safnliði sem ég hef gert að umtalsefni.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um auktekjur ríkissjóðs, og þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði frá gildandi lögum eru vissulega til bóta, þ.e. að afnema safnliði og telja upp með tæmandi hætti þá gjaldliði sem um er að ræða og leggja skal á samkvæmt gildandi lögum. Engu að síður langar mig til þess við 1. umr. um þetta mál að beina til hæstv. ráðherra fyrirspurnum hvað

varðar frv. og þann grunn sem er á bak við ákvörðun þessara gjalda.

Í 1. gr. frv. er t.d. upptalning á 39 liðum þar sem um er að ræða ýmsa þætti sem á að taka fyrir leyfi eða skírteinaútgáfu um 5.000 kr. gjald. Síðan eru aftur í 3. gr. nokkrir liðir þar sem um er að ræða 3.000 kr. gjaldtöku og í 2. gr. þar sem um er að ræða nýja liði sem koma inn frá viðskrn. hvað varðar verðbréfasjóði, kauphallir, skipulega tilboðsmarkaði, verðbréfamiðstöðvar, leyfisbréf fyrir skaðatryggingafélög og líftryggingafélög, og síðan nýir þættir sem byggðir eru á lögum sem samþykkt voru 1998 og varða ýmsa rannsóknavinnu og rannsóknaþætti. Maður hlýtur að velta fyrir sér þegar þessi gjaldtaka er skoðuð hvað liggur að baki ákvörðunar um hvað skal tekið fyrir hvert leyfi.

Til að mynda er í 1. gr., 38. lið, þar sem talið er upp það sem fellur undir gjaldflokkinn 5.000 kr., eitthvað sem heitir naglabyssuskírteini. Nú veit ég ekki hvað naglabyssuskírteini er en það er talið upp þarna og hæstv. ráðherra getur ábyggilega uppfrætt okkur um það hvað naglabyssuskírteini er. Þetta er í 1. gr.

Í 3. gr. er hins vegar leyfi til reksturs skotvopnaleigu. Það er aðeins *á 3.000 kr. og skotvopnaleyfið sjálft er á 3.000* kr. Leyfi til útflutnings skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda, 3.000 kr. Skotvopnaleyfi til félags, stofnunar eða einstaklings ef slíkur aðili þarf nauðsynlega á því að halda vegna starfsemi sinnar, 3.000 kr. Leyfi til félags sem hefur iðkun skotfimi að markmiði, 3.000 kr. Leyfi til innflutnings skotfæra og skotvopna til eigin nota, 3.000 kr.

Þegar ég var lesa þetta yfir og bera síðan saman við þessa 39 liði sem eru í 1. gr. þessa frv. þá hlýtur maður auðvitað að velta því fyrir sér hvað það er sem segir að leyfi skv. 3. gr. og þeir liðir sem ég hef talið upp kosti 3.000 kr. hver, hvaða mat liggur þar að baki. Síðan eru hinir 39 liðirnir sem kosta 5.000 kr. þar sem um er að ræða m.a. leyfi og skírteini vegna veitinga atvinnuréttinda og tengdra réttinda, þar á að greiða 5.000 kr. og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi, leyfi til að stunda almennar lækningar, sérfræðilækningar, leyfi til að stunda almennar tannlækningar, sérfræðitannlækningar, leyfi til ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sérfræðileyfi til hjúkrunarfræðinga, leyfi til lyfsala, lyfjafræðinga, sérfræðileyfi lyfjafræðinga og leyfi til aðstoðarlyfjafræðinga eða þetta sem heitir naglabyssuskírteini. Fyrir þessi leyfi er alveg samasemmerki á milli og það skal greiða 5.000 kr. Í þessum 5.000 kr. flokki eru leyfi til dómtúlka, skjalaþýðenda, leigubifreiðaaksturs, leyfi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga, leyfi til endurskoðenda, löggilding manna um ævitíð, meistarabréf, sveinsbréf, atvinnuréttindi skipstjórnarmanna A-, B- og C-vélstjórnarskírteini o.s.frv.

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Hvernig fer þetta mat fram? Hvað er það sem liggur að baki hverri ákvörðun um hvert leyfi eða hvert skírteini? Það verður harla forvitnilegt í ljósi þess þegar maður les yfir þetta frv. og þá náttúrlega ekki síst þessir nýju liðir sem koma inn í 2. gr. þessa frv., sem eru leyfi fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfasjóði, kauphallir og skipulega tilboðsmarkaði þar sem um er að ræða í flestum tilvikum 100 þús. kr., í einstaka tilvikum 50 þús. kr. Síðan koma leyfi sem veitt eru skv. 34., 35. og 36. lið og byggja á lögum sem samþykkt voru 1998. Það er leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á lághitasvæðum, grunnvatns og hveraörvera, sbr. 4., 6. og 34. gr. laga nr. 57/1998. Fyrir þetta leyfi skal greiða 25 þús. kr. Í 35. lið er kveðið á um leyfi til rannsókna og nýtingar jarðvarma á háhitasvæðum og jarðefna, sbr. 4. og 6. gr. laga nr. 57/1998, það er 100 þús. kr. Í 36. lið. segir að leyfi til leitar og hagnýtingar á efnum á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1990, sé 100.000 kr. Þessir liðir koma nýir inn ásamt öðrum töluliðum í 2. gr. þessa frv. og fróðlegt er að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig þessi gjaldtaka er áætluð.

Það kom fram þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir þessu frv. áðan að þetta er m.a. sett inn til þess að koma í veg fyrir hártogun á gildandi lögum sem oft hefur verið og reyndar verið kært.

Fyrir liggur niðurstaða umboðsmanns Alþingis um eitt slíkt mál frá árinu 1992 þegar þágildandi reglugerð nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs, hækkaði gjald fyrir leyfi til að stunda málflutning fyrir héraðsdómi úr 4 þús. kr. í 50 þús. kr. Sama hækkun varð eins og segir í greinargerð umboðsmanns á gjöldum fyrir almennt lækninga- og tannlækningaleyfi. Reyndar er um aðra gjaldtöku að ræða samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt stjórnarskránni er skattur sem lagður er á og innheimtur óháður þeirri þjónustu sem ríkið veitir skattgreiðendum. Ekki má samkvæmt stjórnarskránni breyta honum né taka hann af nema með lögum. Hann má ekki leggja á, breyta né taka af nema með lögum. Meginreglan ætti auðvitað að vera sú sama um alla gjaldtöku ríkisins. Vegna þess að í þessum lögum um aukatekjur ríkissjóðs var um safnliði að ræða þá þótti þetta mjög umdeilanlegt atriði og eðlilegra að hafa tæmandi upptalningu. Ég er sammála því mati og fagna að því leyti frv. sem hér er til umræðu.

Hins vegar ítreka ég að mér finnast þeir liðir sem hér um ræðir ekki vera mjög vel ígrundaðir eða þær forsendur sem liggja að baki ákvörðuninni um leyfisgjaldið eða gjald fyrir skírteini hvers konar. Í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu segir, með leyfi forseta:

„Frv. þetta snýr einkum að tekjuhlið ríkissjóðs en með því er lagt til að ákvæði laga um aukatekjur ríkissjóðs verði gerð skýrari um skattskyldu en nú er með því að útfæra gjaldtökuheimildir þannig að þær standist betur kröfur sem ákvæði stjórnarskrárinnar gera til slíkra heimilda. Felst breytingin aðallega í því að afnumdir yrðu safnliðir fjögurra ákvæða gildandi laga en í stað þess er gert ráð fyrir að talin verði upp með tæmandi hætti í lögunum þau gjöld sem innheimt eru. Lagt er til að innheimt verði gjöld fyrir útgáfu tíu leyfa sem fram til þessa hafa verið gefin út án gjalds. Þar er annars vegar um að ræða starfsleyfi á fjármagnsmarkaði og hins vegar leyfi til rannsókna, nýtingar, leitar og hagnýtingar á verðmætum er finnast á lág- og háhitasvæðum og á, í eða undir hafsbotni utan netlaga. Þar sem útgefin leyfi af þeim toga eru ekki mörg á ári hverju eru þær tekjur taldar verða óverulegar. Verði frumvarpið að lögum er ekki talið að það hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs svo nokkru nemi."

Virðulegi forseti Hér vantar auðvitað upplýsingar um heildartekjur ríkissjóðs vegna svokallaðra aukatekna. Um hvaða tekjur er hér að ræða? Hvað fær ríkissjóður inn á hverju ári? Vegna þess að hér er í raun bara um skattlagningu að ræða og eðlilegt að frv. fylgi upplýsingar um hverjar heildartekjur ríkisins eru af slíkri álagningu og skilgreining á því hvernig hún er ákveðin hverju sinni.

Alþingi samþykkti á vordögum 1993 till. til þál. sem hv. þm. Jóhann Ársælsson flutti og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, skuli vera metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að skattleggja tiltekna þjónustu skal koma skýrt fram við innheimtu hve hár skatturinn er, við hvaða stjórnvaldsákvarðanir er stuðst og hvernig útreikningi er háttað."

Þessi þál., virðulegi forseti, var afgreidd frá Alþingi 8. maí 1993. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort þessi endurskoðun hafi átt sér stað og hver hafi orðið niðurstaða hennar. Ég hlýt að beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra. Í greinargerð með þáltill. sem hv. þm. Jóhann Ársælsson flutti, segir með leyfi forseta:

„Tillaga þessi var flutt á 115. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu úr nefnd og er því endurflutt.

Margvísleg gjaldtaka er viðhöfð í stofnunum ríkisins, t.d. fyrir vottorð, leyfi, skírteini, þinglýsingar og stimpilgjöld, svo og þjónustugjöld stofnana af ýmsu tagi. Mjög mikilvægt er að opinberir aðilar innheimti aldrei óeðlilega há gjöld fyrir veitta þjónustu. Gjöld, sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu, skulu þess vegna vera metin sem hlutdeild í henni eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.

Ýmis gjöld, sem hér er vísað til, eru það há að þau geta ekki verið eðlilegt endurgjald fyrir þjónustu og verður því að líta svo á að um skattlagningu sé að ræða. Full ástæða er til að meta að nýju hvort eðlilegt sé að ríkið noti sér ýmis þessara gjalda til sérstakrar tekjuöflunar. Það að taka háar fjárhæðir í ríkissjóð í stimpilgjöld eða fyrir skírteini, leyfi eða þjónustu án tillits til efnahags eða ástæðna þeirra er í hlut eiga er brot á þeim réttlætisviðhorfum sem ríkja skulu við ákvörðun skattstofns."

Greinargerðin er lengri og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður þessari endurskoðun? Fyrir ekki löngu síðan var lagt fram, að mig minnir, frv. um stimpilgjöld sem ekki var afgreitt. Ég tel fulla ástæðu til þess að efni þessarar þingsályktunar verði virt, að farið verði í heildarendurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs, þeim sem taldar eru upp í frv. sem við fjöllum hér um og einnig hvað varðar stimpilgjöld og aðrar tekjur ríkisins. Við í efh.- og viðskn. hljótum að fara fram á það, hafi þessi skoðun eða athugun farið fram og liggi niðurstöður fyrir, að fá þær niðurstöður við umfjöllun um frv. í nefndinni. Jafnframt þarf að fara yfir einstaka þætti, t.d. hvað liggur að baki ákvörðunum um upphæð þess gjalds sem greiða skal.

Alla vega, virðulegi forseti, tel ég nauðsynlegt að fram fari heildarendurskoðun á svokölluðum aukatekjum ríkissjóðs. Mér finnst þetta frv., virðulegi forseti, líta út eins og hálfgerð ruslakista þar sem settir eru inn allir þeir þættir sem ekki komast fyrir í öðrum lögum. Þarna er safnað saman á einn stað ýmsum gjöldum sem ríkið leggur á, sem eru auðvitað hrein og bein skattlagning enda frv. til þess gert að styrkja það hlutverk að um skattlagningu sé að ræða en ekki gjald þar sem einungis er innheimt fyrir veitta þjónustu.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta fyrr en ég hef fengið svör við þeim spurningum sem ég hef borið fram.

[15:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er árviss viðburður að við fáum inn í þingið breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Oftar en ekki eru þar hækkuð ýmis gjöld á einstaklinga, ekki síst fasteignaeigendur og þá sem eru í miklum vanskilum, með hækkun á dómsmálagjöldum. Svo er þó ekki nú sem betur fer heldur eru þetta minni háttar breytingar eins og hæstv. ráðherra hefur upplýst og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir farið yfir. Því er ekki gert ráð fyrir að þetta skili miklum tekjum í ríkissjóð.

Engu að síður gefur þetta frv. tilefni til að ræða skilgreiningu á skatti og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom hér inn á. Auðvitað er það að gefnu tilefni, ekki síst í ljósi svara á þessu þingi við fyrirspurnum frá þingmönnum Samfylkingarinnar, annars vegar frá Jóhanni Ársælssyni og hins vegar Guðmundi Árna Stefánssyni. Þar er spurt út í þessa gjaldtöku og aukatekjur ríkissjóðs.

Í ljósi þess að hæstv. fjmrh. tilheyrir þeim flokki, Sjálfstfl., sem gefur sig út fyrir að vilja ekki hækka skatta á fólk en talar meira fyrir því að setja á alls konar þjónustugjöld er mikil ástæða til að fá frekari upplýsingar um þetta mál. Ég hef grun um, eins og mér fannst hv. þm. Margrét Frímannsdóttir einnig koma inn á, að þessi þjónustugjöld og þá aukatekjur ríkissjóðs séu dulin skattheimta að mörgu leyti. Ég tel mörg dæmi um það og ég skal nefna nokkur hér á eftir, dæmi um að þessi gjaldtaka gefur miklu meira en nemur kostnaði við veitta þjónustu. Mér finnst ærið tilefni til þess, herra forseti, að fara nokkuð inn á það við þessa umræðu.

Í fyrsta lagi var þál. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi hér áðan, um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana, samþykkt sem ályktun Alþingis 8. maí 1993. Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði fjmrh. ákveðinna spurninga varðandi þetta frv. og þá niðurstöðu sem þar var. Þær tengjast þessum aukatekjum og gjaldtöku ríkissjóðs. Mér finnast svör hæstv. fjmrh. við þessum fyrirspurnum frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni mjög athyglisverð. Hv. þm. spyr t.d.:

„Hefur það markmið sem lýst er í þingsályktuninni, þ.e. „að gerður verði skýr greinar munur á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu hjá hinu opinbera" náðst?"

Hæstv. ráðherra svarar:

„Í ráðuneytinu hefur farið fram skipulögð endurskoðun á skatta- og gjaldtökuákvæðum sem eru á valdsviði þess. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að slíkt verði einnig gert í öðrum ráðuneytum. Hefur ráðuneytið í því sambandi fylgst sérstaklega með því að lagafrumvörp sem lögð eru fyrir þingið uppfylli þau skilyrði sem gilda um innheimtu skatta og þjónustugjalda."

Síðan spyr hv. þm. áfram:

„Hefur það markmið náðst sem lýst er í þingsályktuninni að þjónustugjöld sem innheimt eru hjá hinu opinbera skuli aldrei vera hærri en sá kostnaður sem af þjónustunni hlýst?"

Þá svarar hæstv. ráðherra:

„Gjöld eru tekin fyrir opinbera þjónustu af ýmsu tagi. Með þjónustugjaldi er átt við að sérgreint endurgjald fæst gegn greiðslu gjaldsins og miðast það við þann kostnað sem hlýst af því að veita þjónustuna eða hluta kostnaðarins. Þetta þýðir að með gjaldtökunni má ekki afla tekna umfram það sem starfsemin eða þjónustan kostar. Gjaldtakan má með

öðrum orðum ekki byggjast á skattalegum sjónarmiðum um almenna tekjuöflun ríkisins."

Fjórða spurningin er: „Gera opinberar stofnanir skýra grein fyrir því við innheimtu hver kostnaðurinn við viðkomandi þjónustu er og hversu hár „skattur" er innheimtur umfram þjónustuna, sé um slíkt að ræða, eins og fyrir er lagt í ályktun Alþingis?"

Þá er svarið mjög skýrt og það kemur fram í lokin:

„Ef gjald reynist vera hærra en nemur kostnaði sem af þjónustu leiðir kann það að kalla á endurgreiðsluskyldu ríkissjóðs á grundvelli laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, nr. 29/1995."

Mér finnast þessi svör mjög athyglisverð og spyr hæstv. ráðherra með vísan í þessi svör hvort farið hafi verið yfir allar aukatekjur ríkissjóðs sem innheimtar eru samkvæmt þeim lögum og athugað hvort þær uppfylli þau sjónarmið sem hæstv. ráðherra setur fram í þessu athyglisverða svari við fsp. Jóhanns Ársælssonar.

Ég vil nefna tvö dæmi sem að mínu viti sýna að ekki er farið eftir því sem hæstv. ráðherra setur skilmerkilega fram í svari sínu til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar.

Hér liggur fyrir annað svar, svar dómsmrh. við fyrirspurn Guðmundar Árna Stefánssonar um gjald fyrir ökupróf, ökuskírteini og vegabréf. Það er sett fram á yfirstandandi þingi. Þar kemur annars vegar fram hvaða tekjur ríkissjóður hefur af ökuskírteinum og hins vegar hver séu bein útgjöld ríkissjóðs af útgáfu ökuskírteina. Síðan eru upplýsingar um heildartekjur ríkissjóðs af vegabréfum og hver kostnaðurinn er við útgáfuna á þessum vegabréfum. Þar kemur fram að tekjur ríkissjóðs vegna ökuskírteina eru 65.950.000 kr. en að útgjöld ríkissjóðs séu 15 millj. rúmar. Mismunurinn á 65 og 15 millj. eru 50 millj. sem ég sé ekki annað en sé bein skattheimta sem ríkið fær í ríkiskassann.

Þarna virðist ekki innheimt með aukatekjum nákvæmlega fyrir kostnaði af útgáfu ökuskírteina heldur hefur ríkissjóður þarna, með meiri skattlagningu en þarf vegna útlagðs kostnaðar, ákveðnar tekjur í ríkissjóð. Þetta er ekki annað en dulin skattlagning. Þetta skyldu menn hafa í huga þegar talað er um að Sjálfstfl. sé á móti því að hækka skatta á fólk en fylgjandi þjónustugjöldum. Hvernig er farið að því? Það er eins og ég lýsti, með dulinni skattheimtu.

Sama gildir um vegabréfin í þessu svari. Heildartekjur ríkissjóðs af útgáfu vegabréfa eru um 121 millj. kr. en útgjöldin vegna útgáfu þeirra eru um 55 millj. kr. Við erum því að tala um mismun um meira en helming sem ríkisstjórnin virðist taka í ríkissjóð með aukatekjum.

Þetta kom reyndar fram í allshn., að ég held í fyrra. Þá spurðum við sérstaklega um þetta í tengslum við yfirferð allshn. á kafla sem sneri að dómsmrn. varðandi vegabréf og ökuskírteini. Þá kom fram að kostnaður við gerð vegabréfa var 351 kr. á hvert vegabréf en fyrir það þarf fólk hins vegar að borga 4.600 kr. Ríkið hefur því tekjur af vegabréfum þannig að þarna á sér stað gífurleg skattheimta í gegnum aukatekjur ríkissjóðs og svokölluð þjónustugjöld. Ég held að það sé afar mikilvægt að fá fram það svar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kallaði hér eftir.

Hið sama gildir um ökuskírteinin. Hér stendur að kostnaður við gerð hvers ökuskírteinis sé 564 kr. en að útgefið ökuskírteini kosti almennt 3.000 kr. Þarna er verið að taka inn í ríkissjóð, bæði í gegnum vegabréfin og ökuskírteini margfalt meira, fimmfalt meira heldur en sem nemur kostnaði í kringum útgáfuna á vegabréfum og ökuskírteinum. Þessu finnst mér mikilvægt að halda til haga og spyr ráðherra að gefnu tilefni um þessi atriði. Mér finnst svarið sem hv. þm. Jóhann Ársælsson fékk mjög skilmerkilegt og spyr því hvort farið hafi verið í saumana á þessum þjónustugjöldum í ráðuneytinu og hvort þau standist lög um aukatekjur ríkissjóðs. Stenst þessi gjaldtaka þau sjónarmið og grundvallaratriði sem ég er sammála og fram koma í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar?

Í lokin, herra forseti, af því að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi hér stimpilgjöldin. Þau er mjög mikilvægt að ræða hér af því að stimpilgjöld eru mikil útgjöld fyrir einstaklinga sem standa í íbúðakaupum. Ríkissjóður hefur gífurlegar tekjur af þeim, 2,7 eða 2,8 milljarða á þessu ári. Mikið af því eru stimpilgjöld vegna íbúðakaupa. Ég er alveg sannfærð um að ef sú gjaldtaka yrði grannt skoðuð þá kemur örugglega miklu meira inn í ríkissjóð en það sem fer í kostnað vegna stimpilgjalda.

Ég tek undir þessa spurningu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um hvort fyrir dyrum standi endurskoðun á lögum um stimpilgjöld. Ég held að tvö til þrjú ár séu síðan lagt var fyrir frv. varðandi það efni. Ég er ekki alveg klár í áherslunum þar en ég held að það hafi gert ráð fyrir einföldun og samræmingu á þessari gjaldtöku sem er mjög þungbær fyrir t.d. íbúðarkaupendur.

Fleira mætti nefna í þessum lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem snertir einstaklinga í miklum vanskilum o.s.frv., varðandi fjárnám og nauðungarsölu sem iðulega er farið í að hækka þegar ríkissjóður þarf á tekjum að halda. Það er örugglega grundvallarspurning sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lagði fyrir hæstv. ráðherra um hvort ekki væri full ástæða til að endurskoða frá grunni þessi lög um aukatekjur ríkissjóðs.

En fyrirspurnir mínar til hæstv. fjmrh. eru skýrar og ég vona að hann svari þeim við þessa umræðu.

[16:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim tveim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir athyglisverðar hugleiðingar um aukatekjur ríkissjóðs og ýmis málefni sem þeim tengjast. Reyndar er mjög ánægjulegt að allir skuli hafa áttað sig á því að gjaldtaka af þessu tagi ber að styðjast við lagabókstaf og heimildir í lögum en ekki eins og áður var reglugerðarheimildir sem ráðherra hefur í hendi sér og hafa á fyrri tíð verið misnotaðar eins og ég nefndi í framsögu minni og eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir rakti reyndar í ítarlegra máli en ég gerði hvernig var í pottinn búið, t.d. með breytingum 1989 í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem þá sat. Sú mikla hækkun sem þá var t.d. gerð á leyfum fyrir tiltekin réttindi sem menn afla sér með háskólanámi, úr 4 þús. kr. minnir mig upp í 50 var náttúrlega ekki vel rökstudd og var hrakin til baka. Samkvæmt þessu frv. verður gjald fyrir slík leyfi 5.000 kr. eins og verið hefur undanfarin ár.

Það var spurt hvernig stæði á misræmi milli ákveðinna gjalda. Fyrir sumt ber að greiða 5.000 kr., fyrir annað 3.000 en lögin eru þannig upp byggð að þau eru flokkuð í ákveðna kafla eftir eðli gjaldanna og eftir eðli þeirrar starfsemi sem þau eru lögð á. Þannig er að í 10. gr. laganna sem hér er lögð til breyting á með 1. gr. þessa frv. er fjallað um gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda, í IV. kafla laganna. Þar eru bara þrjár setningar í dag þar sem segir að fyrir útgáfu leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og

tengdra réttinda skuli greiða 5.000 kr. gjald og fyrir endurnýjun 1.000 kr. Hér er lagt til að þessi listi verði tæmandi upptalinn í 39 liðum og þar upp tekin öll þau atvinnuréttindi og skyld réttindi sem hingað til hafa borið gjald. Þar á meðal eru t.d., eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi, réttindi sem byggjast á handhöfn tiltekinna skírteina eins og skírteini fyrir suðumenn, naglabyssuskírteini o.s.frv. Þetta eru atvinnutengd réttindi og ekki skyld þeim réttindum eða leyfum réttara sagt sem getið er um í 3. gr. þessa frv. en tilheyra 12. gr. laganna og eru þar í VI. kafla sem varða leyfi vegna meðferðar manna á ýmsum hættulegum efnum og tækjum eins og skotvopnum. Þess vegna er þarna ekki á ferðinni sama gjaldið þó að annað sé naglabyssa en hitt sé skotvopn.

Síðan má að sjálfsögðu ævinlega deila um það hvort menn hafi hitt á réttu tölurnar í þessu efni en þetta eru hins vegar tiltölulega lágar upphæðir miðað við þau réttindi og þá starfsemi sem menn geta stundað á grundvelli þessara réttinda.

Að því er varðar 2. gr. þessa frv. um leyfisbréf vegna ýmissar starfsemi á fjármagnsmarkaði, sem hér er lagt til að tekin verði inn í fyrsta sinn, þá er þar um að ræða atriði sem er nú að finna í 11. gr. laganna og eru ekki tengd veitingu atvinnuréttinda heldur leyfi fyrir atvinnustarfsemi og sambærilega hluti. Þar er um að ræða gjöld sem eru yfirleitt á bilinu 50–100 þúsund þó allt niður í töluvert lægri upphæðir en vegna þess að um er að ræða starfsemi á fjármagnsmarkaði hefur verið farin sú leið í þessu frv. að taka upp sömu gjöld eða leggja til sömu gjaldtöku og er af annarri starfsemi á fjármagnsmarkaðnum, starfsleyfum fyrir viðskiptabanka og sparisjóði, útgáfu leyfisbréfa fyrir lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, verðbréfasjóði, kauphallir, skipulega tilboðsmarkaði, verðbréfamiðstöðvar og skaðatryggingafélög og líftryggingafélög. Þarna er um að ræða að lagt er til að gjöld fyrir þessi leyfisbréf verði sambærileg öðrum gjöldum varðandi fjármagnsmarkaðinn.

Þá er spurningin næst: Eru þetta réttu tölurnar? Eru þetta eðlileg gjöld? Það kann að vera erfitt að svara því og auðvitað er nauðsynlegt að meta reglulega hvort farið er offari í þessu efni. Það getur verið erfitt þegar um er að ræða hrein þjónustugjöld að meta með nákvæmni hvernig kostnaði er háttað enda eru gjaldtökuheimildir mismunandi nákvæmar og mismunandi rúmar. Hins vegar teljum við að mikil framför hafi átt sér stað í þessum efnum á undanförnum árum og ég tel að m.a. í kjölfarið á þál. hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, sem var samþykkt 1993, hafi verið farið skipulega í saumana á þessum málum og lögunum breytt ítrekað síðan, m.a. til að koma til móts við þau sjónarmið sem komu fram í þeirri þál.

Spurt var um stimpilgjöld. Þau eru vissulega mikilvægur tekjustofn fyrir ríkisvaldið. Stimpilgjöldin skila um það bil 3 milljörðum kr. í ríkissjóð og rúmlega það. Það er alveg ljóst að sá tekjustofn verður ekki afnuminn á einni nóttu án þess að eitthvað komi í staðinn. Hins vegar eru miklir annmarkar á þeirri gjaldtöku eins og við þekkjum og þess vegna var lagt fram frv. fyrir einum þremur árum, sem náði þó ekki fram að ganga vegna annmarka sem á því voru, um að breyta stimpilgjöldunum. Það er ekkert leyndarmál og það hefur komið áður fram af minni hálfu að unnið er að því að reyna að endurskoða þennan skattstofn, stimpilgjöldin, með það fyrir augum að einfalda hann og gera hann þannig úr garði að hann hamli ekki íslensku atvinnulífi en eins og nú er getur stimpilgjaldakostnaður til að mynda ráðið úrslitum um það í einhverjum tilvikum hvort atvinnufyrirtæki taka lán innan lands eða í útlöndum o.s.frv. Hins vegar er rétt að hafa í huga að stimpilgjöldin eru skattur, þau eru ekki þjónustugjöld og eru þar af leiðandi eðlisóskyld ýmsum öðrum tekjum sem ríkið aflar sér.

Að því er varðar síðan hvaða tekjur ríkið hefur af lögunum um aukatekjur, er hægt að fletta upp í fjárlögunum og rýna í það. Að vísu er enginn einn tekjuliður sem heitir bara tekjur af aukatekjum eða aukatekjur ríkissjóðs heldur er þetta sundurliðað og kannski ekki svo einfalt að átta sig á því. En sem dæmi mætti nefna að gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa, þ.e. 10. gr. laganna og 1. gr. þessa frv., gefa ríkissjóði 3 millj. samkvæmt fjárlögum í ár. Það eru ekki stórir peningar í allri tekjumynd ríkisins en hins vegar ekkert óeðlilegar tekjur með tilliti til þess að þessari útgáfu réttinda fylgir kostnaður.

Herra forseti. Ég hygg að ég hafi reynt að svara öllum þeim spurningum sem hv. þingmenn beindu til mín af þessu tilefni. Í þessu frv. er alvöruviðleitni til að taka á þeirri nauðsyn til samræmingar sem verið hefur í þessu efni. Við sem tókum þátt í að breyta stjórnarskránni árið 1995 gerum okkur grein fyrir því að það er alveg nauðsynlegt að fara skipulega í gegnum lagasafnið og afnema allar reglugerðarheimildir sem veita ráðherrum, framkvæmdarvaldinu, heimildir til þess að leggja á, breyta eða lækka einstaka skatta. Þetta er verið að gera og þetta er bara eitt af mörgum málum sama eðlis sem hafa verið að koma fram í þinginu að undanförnu, bæði frá mér og öðrum ráðherrum, og sem eru væntanleg á næstunni. Unnið hefur verið skipulega í þessum atriðum en því miður vorum við komin svo langt út á þær brautir á Íslandi að fela framkvæmdarvaldinu meðferð skattlagningar að það er býsna mikið verk að afturkalla allar slíkar heimildir og koma þeim aftur þangað sem þær eiga heima, þ.e. hingað inn í Alþingi.

Ég vænti þess, herra forseti, að um þetta mál í sjálfu sér, sem er lítið að efni og vöxtum, þurfi ekki að verða miklar deilur í efh.- og viðskn. Ég veit að hún mun fara vel og samviskusamlega yfir málið og þá jafnframt þau atriði sem þingmenn hafa nefnt og sem ég kann annaðhvort að hafa gleymt að svara eða ekki svarað nægilega vel eða ítarlega að mati þingmanna.

[16:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og tek undir það sjónarmið hans að þetta frv. eins og það er eða markmið þess er mjög gott. Það er liður í því að afnema þær víðtæku heimildir sem ráðherrar hafa haft og þeim hafa verið afhentar samkvæmt lögum til að ákveða slík gjöld eða skatta og kominn tími til að fjárveitingavaldið sé þar sem það á heima samkvæmt stjórnarskránni. Undir þau orð tek ég.

Hins vegar hlýt ég að segja að það er afar einkennileg flokkun sem liggur að baki frv. hvað varðar aukatekjur ríkissjóðs. Ég á t.d. erfitt með að sjá, virðulegi forseti, að sami flokkur eða sömu forsendur liggi á bak við ákvörðun á leyfisveitingu eða skírteinisveitingu, t.d. til almennra lækninga, sérfræðilækninga og svo aftur þegar komið er aftar í þessa upptalningu þar sem eru þessi svokölluðu naglabyssuskírteini eða skírteini fyrir suðumenn, að þessi leyfi eigi heima í sama flokki þó að um atvinnutengd leyfi eða atvinnutengd skírteini sé að ræða. Því að sannarlega er um atvinnutengd skírteini eða leyfi að ræða í 3. gr. þar sem

leyfi er til reksturs t.d. skotvopnaleigu, það er atvinnustarfsemi, og í 2. gr. þar sem fara saman öll leyfisbréf fyrir lánastofnanir og rannsóknastarfsemi. Síðan kemur allt í einu þar á eftir skemmtanaleyfi vegna einstakra tilvika, 5.000 kr., leyfi til reksturs miðlunar með leiguhúsnæði, 5.000 kr., leyfi til að reka skyndihappdrætti, 5.000 kr., leyfi til reksturs ferðaskrifstofu til tveggja ára, 5.000 og til 5 ára, 5.000 kr.

Ég held, virðulegi forseti, að mikil nauðsyn sé á að fara yfir alla þessa þætti þó að þetta hafi verið sett fram og flokkað með svipuðum hætti núna og gert hefur verið undanfarið ár. Það er mikil nauðsyn á að taka upp alla þætti sem falla undir þessi lög um aukatekjur ríkissjóðs, flokka upp á nýtt og endurmeta þær forsendur sem liggja að baki ákvörðun um gjaldtöku fyrir hvert og eitt, enda sést að töluverður munur er á þeim nýju töluliðum sem koma inn í 2. gr. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvort það sé eðlilegt að skemmtanalífið vegna einstakra tilvika kosti 5.000 kr. en síðan sé leyfi til að reka miðlun á leiguhúsnæði allt árið það sama, 5.000 kr. gjald. Það þarf að skoða hvort kostnaðurinn á bak við eða sú vinna sem á sér stað við að skoða þá sem sækja um leyfi hverju sinni sé nákvæmlega sú sama, og hvort jafnmikil vinna liggur að baki því að sá einstaklingur sem sækir um þetta margumrædda naglabyssuskírteini hljóti sömu skoðun og að sömu kröfur séu gerðar til hans og annarra sem taldir eru upp fyrr í 1. gr., eins og þeir sem hafa leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti og héraðsdómi. Ég held því að það þurfi fara í endurskoðun á allri þessari flokkun.

Þetta er ekki bara spurning um hvort hér sé um réttar tölur að ræða, sem ég dreg sannarlega í efa, heldur einnig hvort flokkunin sé rétt en markmiðið er gott að ákvörðunarvaldið sé hjá Alþingi hvað varðar álagningu gjalda og skatta. Ég tek undir það markmið. Ég tek einnig undir þá gagnrýni sem komið hefur fram sérstaklega á þá reglugerð sem sett var 1989 og skoðuð var af umboðsmanni Alþingis og hann skilaði ítarlegri greinargerð um. En mér sýnist þurfa, þó að það verði kannski ekki gert núna, ég ætla ekki að hóta því að efh.- og viðskn. fari í heildarendurskoðun á þessari flokkun núna, enda er kannski eðlilegt að kalla eftir tillögum frá ráðuneytinu í þeim efnum og horft verði þá til þess næst þegar slíkt frv. verður lagt fram af hálfu hæstv. ráðherra.

Ég vil líka, virðulegi forseti, taka undir að það er mjög nauðsynlegt að fara í heildarendurskoðun á lögunum um stimpilgjöldin. Það frv. sem lagt var fram fyrir þremur árum var vissulega gallað og hefði verið ástæða til þess fyrir hv. efh.- og viðskn. og hv. þingmenn að skoða það frv. vel og leggja í það vinnu að skoða hvernig stimpilgjöldin sem sannarlega skila miklum tekjum í ríkissjóð en eru bara skattlagning á þá sem taka lán og það bitnar mjög illa á t.d. smærri fyrirtækjum og einstaklingum. Það þarf að fara í endurskoðun á öllum þessum þáttum og ekki bara af hálfu ráðuneytis heldur og ekki síður af hálfu þingmanna og t.d. efh.- og viðskn. Það vill nú svo til að ég hef nefnt það við formann efh.- og viðskn. og hann hefur tekið vel í að nefndin fari í þá vinnu en hún er töluverð. Stimpilgjöld eiga sér langa forsögu hér sem og annars staðar því að þetta er eins í þeim löndum sem við miðum okkur gjarnan við, að þar er lagt á stimpilgjald eða ígildi þess, þó undir mismunandi nöfnum. En það er mikil nauðsyn og ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji láta skoða þennan gjaldflokk og við verðum auðvitað að skoða þær tekjur sem þetta skilar ríkinu en það yrði þá kannski um leið, virðulegi forseti, farið í heildarendurskoðun á útgjöldum ríkisins, þau endurskipulögð meira í takt við þarfir nútímans en ekki að byggja þar á áratugagömlum hefðum á framlögum í einstök verkefni sem ekki eiga lengur heima hjá ríkinu en þar eru jafnvel að bætast við verkefni, eins og sjást dæmi um á fjárlögum fyrir þetta ár, sem vandséð er að sé endilega hlutverk ríkisins í breyttu samfélagi að sinna.

[16:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er hægt að vera sammála um ýmislegt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að útfæra á gjaldtökuheimildir á þann hátt að þær standist stjórnarskrána og ég er alveg sammála honum um að á nokkrum umliðnum árum hafa orðið endurbætur að því er varðar ákvæðin um aukatekjur ríkissjóðs.

Aftur á móti fannst mér hæstv. ráðherra skauta mjög létt fram hjá þeim spurningum sem voru þó kjarnaatriði sem ég beindi til hans og snerta þá ályktun sem Alþingi samþykkti á árinu 1993 og það svar sem hæstv. ráðherra gaf hv. þm. Jóhanni Ársælssyni á þessu þingi. Mér finnst að þar fari ekki saman það svar sem hæstv. ráðherra gaf hv. þm., sem er mjög afdráttarlaust, um að ekki eigi að innheimta og ekki megi innheimta meira fyrir þjónustuna en sem nemur kostnaði við hana og meira að segja er gengið svo langt í svarinu að talað er um að ef gjald reynist vera hærra en kostnaðurinn sem af þjónustunni leiðir kunni það að kalla á endurgreiðsluskyldu ríkissjóðs á grundvelli laga um endurgreiðslu oftekinna skatta. Þegar litið er til þess sem ég sagði bæði varðandi ökuskírteinin og vegabréfin, þá hefur ríkissjóður innheimt margfalt meira af fólki vegna ökuskírteina og vegabréfa en sem nemur kostnaðinum þannig að skiptir tugum milljóna. Ég get ekki dregið aðra ályktun af svari ráðherrans við fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar en þá að fólk eigi bara inni töluverðar tekjur hjá ríkissjóði miðað við þetta og þarna hafi verið verulega oftekið í sambandi við vegabréfin og ökuskírteinin og sennilega marga fleiri þætti. Ég held því að nauðsynlegt sé með tilliti til þessa að efh.- og viðskn. fari mjög ofan í saumana á þessu máli í tengslum við þetta frv., í raun og sannleika ber henni skylda til þess.

Ég vil nefna, herra forseti, og ég vona að hæstv. ráðherra hlusti á mál mitt að þegar þessi þál. var samþykkt, um aukatekjur ríkissjóðs, á árinu 1993, þá stóðu allir í efh.- og viðskn. að þessari tillögu og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, skuli vera metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar, en aldrei hærri.“ — Þetta er mjög skýrt og síðan stendur:

„Ákveði hið opinbera að skattleggja tiltekna þjónustu skal koma skýrt fram við innheimtu hve hár skatturinn er, við hvaða stjórnvaldsákvarðanir er stuðst og hvernig útreikningi er háttað.“

Þetta kemur fram í þáltill. og þar er verið að tala um m.a. þinglýsingar og stimpilgjöld sem eru ekkert undanþegin í þessari ályktun. Til að greiða fyrir umræðunni í efh.- og viðskn. sem við sannarlega munum taka um þetta efni þar, þá vil ég gjarnan fá fram álit hæstv. ráðherra á því hvort hann telji ekki að verið sé að taka meira í ýmsa gjaldtöku varðandi

aukatekjurnar — ég hef nefnt ökuskírteinin, vegabréfin og stimpilgjöldin — en ríkissjóði er í raun og sanni heimilt eða a.m.k. að það stangist á við það sem fram kemur í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar sem er mjög skýr um það, eins og segir, með leyfi forseta:

„Þetta þýðir að með gjaldtökunni má ekki afla tekna umfram það sem starfsemin eða þjónustan kostar. Gjaldtakan má með öðrum orðum ekki byggjast á skattalegum sjónarmiðum um almenna tekjuöflun ríkisins."

Mér fannst ráðherrann ekki gefa nægilega skýr svör við þessu og þess vegna hlýt ég að endurtaka spurningar mínar um leið og ég spyr hæstv. ráðherra að því — ég er honum auðvitað sammála um að á einni nóttu verður ekki kippt burt þremur milljörðum sem ríkissjóður hefur í tekjur af stimpilgjöldum. En mun verða lagt fram á þessu þingi frv. til laga um breytingu á stimpilgjöldum?

Fyrir þremur árum lá fyrir frv. sem náðist ekki samstaða um að lögfesta. Ég held að við hljótum að stefna að því að draga úr þessari skattlagningu varðandi simpilgjöldin. Þetta er óréttlát skattheimta á margan hátt, ekki síst fyrir íbúðakaupendur. Mikil gjaldtaka frá ríkissjóðibeinist að því fólki sem er að standa í því að koma sér upp þaki yfir höfuðið og ef farið er yfir alla þá gjaldtöku sem ríkissjóður hefur af íbúðaeigendum, bæði þeim sem eru að kaupa og þeim sem lenda í vanskilum, skiptir það mörgum milljörðum. Mér finnst því full ástæða til þess að endurskoða það, ekki síst stimpilgjöldin.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra skýrt: Telur hann ekki að sú gjaldtaka sem ég nefndi stangist á við þau svör sem hann gaf hv. þm. Jóhanni Ársælssyni á þessu þingi um þá tillögu sem hv. þm. beitti sér fyrir að var samþykkt á þingi 1993?

[16:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Brýnt er að hafa í huga hver aðgreiningin er milli þjónustugjalda og skatta. Stimpilgjöld eru ekki þjónustugjöld heldur skattur. Þau eru að vísu frumstæður skattur og gamaldags og upphaflega til komin vegna þess að þar lá fyrir tiltölulega auðvelt andlag skattlagningar, auðvelt fórnarlamb ef svo mætti segja. Með sama hætti var upphafleg skattlagning flestra ríkja eignarskattur á fyrirliggjandi eignir eins og tíundin var á Íslandi á sínum tíma. En nú eru breyttir tímar og auðvitað eigum við að laga skattlagningu okkar að því. Verið er að endurskoða lög um stimpilgjöld. Ég get ekki fullyrt að sú endurskoðun leiði til þess að frv. komi fram á þessu þingi en ég vona það. Auðvitað væri það mjög gott.

Vandinn í málinu eru sem sagt þeir rúmlega 3 milljarðar sem ríkið hefur í tekjur af þessum skatti sem er ekki þjónustugjald heldur skattur.

Um þjónustugjöldin gildir það sem segir í svari mínu við fyrirspurn Jóhanns Ársælssonar að með gjaldtöku af því tagi má ekki afla meiri tekna en það sem starfsemin eða þjónustan kostar. Í einhverjum tilfellum getur verið um það að ræða að erfitt getur verið að skilgreina nákvæmlega hvort um er að ræða þjónustugjald eða skatt. Þá þarf að fara betur ofan í saumana á því máli og þess vegna get ég ekki tekið undir hugrenningar þingmannsins um það efni hér en það er rétt að efh.- og viðskn. skoði einstök atriði í því máli, m.a. það sem hún hefur hér nefnt.

[16:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel alveg skýrt eftir það sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra að það þarf að skoða þessi mál. Hæstv. ráðherra er alls ekki viss um hvort verið sé að framfylgja í einu og öllu því sem fram kemur í þessari ályktun og efh.- og viðskn. studdi og fram kemur líka í því svari sem hæstv. ráðherra gaf þinginu. Ráðherrann segir að stimpilgjöldin séu skattur en ekki gjaldtaka. Ég hygg að um það megi deila. Sjálfstfl. og forsvarsmenn hans mega ekki haga sér þannig að kalla tiltekna tegund gjalda skatt þegar þeim hentar en þjónustugjöld þegar svo ber við.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvort er gjald fyrir ökuskírteini og gjald fyrir vegabréf, skattur eða þjónustugjald? Ég held að það ætti tvímælalaust að fella undir það sem hæstv. ráðherra nefndi í svari til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að þar megi ekki fara umfram kostnaðinn við útgáfu á vegabréfum og ökuskírteinum. Þar hefur greinilega verið farið langt umfram það, 80 millj. umfram varðandi vegabréfin á síðasta ári og 50 millj. að því er varðar ökuskírteini. Mér finnst því mjög brýnt að ráðherrann úttali sig um það hvort hann telji að þarna sé um kostnað að ræða eða þjónustugjald, gjald fyrir veitta þjónustu eða hvort hann telur að þetta séu skattar.

Það stendur eftir eftir þessa umræðu að efh.- og viðskn. á mikið verk fyrir höndum að fara ofan í þessi mál, ekki síst með tilliti til þeirrar ályktunar sem efh.- og viðskn. mælti sjálf með að yrði samþykkt á Alþingi um aukatekjur ríkissjóðs.

[16:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að farið hafi verið eftir efni þessarar ályktunar 1993 og þessi lög hafa ítrekað verið endurskoðuð, m.a. og ekki síst í ljósi þeirrar samþykktar sem síðar var gerð með breytingu á stjórnarskránni 1995 þegar lögð var ákveðin lína í þetta mál og reglugerðaframsalið sem tíðkast hafði beinlínis bannað. Það er það sem við erum að vinna að með ótal lagabreytingum, m.a. þeirri sem hér er verið að fjalla um.

Markalínan milli skatta og þjónustugjalda getur verið óljós. Það er gott ef efh.- og viðskn. getur gefið sér tíma til þess að fara ofan í saumana á slíkum vafamálum og gert tillögur til okkar í þinginu um þau mál. En ég held að þetta frv. sé í eðli sínu svo einfalt að það kalli ekki á miklar vangaveltur eða fræðilegar útlistanir á eðli skattheimtunnar í landinu til þess að hljóta afgreiðslu í nefndinni. Nefndin verður auðvitað að meta það sjálf eins og venjulega.

[16:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. fjmrh. er í mestu vandræðum með þetta mál og ég ítreka einfalda spurningu mína: Hvort er gjald sem fólk þarf að greiða fyrir vegabréf og ökuskírteini skattur eða þjónustugjald? Hæstv. fjmrh. hlýtur að geta svarað þeirri einföldu spurningu hvort um er að ræða skatt eða þjónustugjald, þ.e. gjaldtöku fyrir útlagðan kostnað á ökuskírteinum og vegabréfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:38]

Útbýting þingskjals:

Staða verkmenntunar á framhaldsskólastigi, 294. mál, svar menntmrh., þskj. 552.

Skráning og mat fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 290. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 472.

og

Þinglýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 281. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 421.

og

Brunatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 429.

[16:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Frv. þetta er lagt fram samhliða þeim frv. sem verða rædd undir þessum lið, þ.e. frv. dóms- og kirkjumrh. um breyting á þinglýsingalögum og frv. iðn.- og viðskrh. um breyting á lögum um brunatryggingar.

Megintilgangur frumvarpanna, einkanlega þess frv. sem ég mæli hér fyrir, er að koma á fót samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi fyrir allar fasteignir í landinu er nefnist Landskrá fasteigna. Með tilkomu Landskrár fasteigna verður í fyrsta sinn til samhæft gagna- og upplýsingakerfi um allar fasteignir á Íslandi sem mun nýtast almenningi, fyrirtækjum og opinberum aðilum og öllum þeim er halda sérstakar fasteignaskrár en í þeirra hópi eru Fasteignamat ríkisins, þinglýsingastjórar hjá sýslumannsembættum, byggingarfulltrúar sveitarfélaganna og álagningardeildir þeirra, Hagstofa Íslands, þjóðskrá ásamt ýmsum öðrum aðilum í viðskiptalífinu.

Þrír fyrstnefndu aðilarnir, Fasteignamat ríkisins, þinglýsingastjórar og byggingarfulltrúar skrá upplýsingar um fasteignir í mismunandi tilgangi og eftir mismunandi lögum er geyma ólík ákvæði um skráningu fasteigna. Hefur þetta leitt til misræmis í þeim upplýsingum sem skrárnar hafa að geyma um einstakar fasteignir. Einkanlega hefur skort samræmdar reglur um hvenær ný fasteign verður stofnuð í einstökum skrám. Vegna þessa misræmis hefur ekki verið unnt að tengja skrárnar saman. Þannig hefur verið viðhaldið margverknaði, margskráningu sem fylgir óhjákvæmilega skráarhaldi margra aðila um sömu upplýsingaratriðin.

Með þessar staðreyndir í huga og með endurbætur á fasteignaskráningu opinberra aðila að markmiði var verkefninu um Landskrá fasteigna hrundið af stað innan stjórnkerfisins fyrir rúmlega sjö árum. Svonefndur stýrihópur verkefnisins hefur haft umsjón með því en í honum hafa setið ráðuneytisstjórar fjmrn., dómsmrn., félmrn. og umhvrn., hagstofustjóri, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga og fulltrúi Reykjavíkurborgar. Hér er því um að ræða umbótamál sem mjög margir aðilar hafa komið að og sem unnið hefur verið að á heildstæðan og markvissan hátt.

Með verkefninu voru sett þau markmið að með gerð Landskrár fasteigna yrði komið á laggirnar einskráningu upplýsinga í skilvirku skráningarferli með skýra hlutverkaskiptingu skráningaraðila að leiðarljósi.

Meginmarkmiðið með gerð landskrárinnar er að uppfylla þörf fyrir einhlíta og varanlega skrá um lönd, lóðir og fasteignir þeim tengdar er komið gætu að almennum notum fyrir þá er þurfa á henni að halda líkt og þjóðskrá Hagstofu Íslands. Auk greiningar verkþátta og vinnuferla lét stýrihópurinn framkvæma tilraunaverkefni í Kópavogi og í Árnessýslu við að koma á samræmdri fasteignaskráningu hjá Fasteignamati ríkisins, þinglýsingastjóra og byggingarfulltrúa. Segja má að það fyrirkomulag sem frv. þetta og samhliða flutt frv. dómsmrh. um breytingu á þinglýsingalögum, það fyrirkomulag sem þessi frv. marka sé að nokkru leyti byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur í þessum tilraunaverkefnum.

Skipta má efni lagabreytinganna í þrennt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að komið verði á fót samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi, Landskrá fasteigna, um allar fasteignir m.a. með samruna fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabóka sýslumanna.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir nýju samræmdu verklagi um fasteignaskráningu hjá skráningaraðilum fasteigna en þeir eru sveitarfélög, Fasteignamat ríkisins og sýslumenn.

Í þriðja lagi er lagður grunnur að skráningu eignamarka lands með hnitum en slík skráning nýtist m.a. til rekstrar landupplýsingakerfa.

Einn helsti ávinningurinn af þessari breytingu er sá að með því að hvert upplýsingaatriði er aðeins fært einu sinni í Landskrá fasteigna sparast sú margskráning sem fer nú fram hjá ýmsum skráarhöldurum og þeir geta lagt af sjálfstætt skráarhald. Slík einskráning leiðir af sér meiri áreiðanleika í skráningu og eykur þar með öryggi í fasteignatengdum viðskiptum. Verulegur þjóðfélagslegur og efnahagslegur ávinningur hlýst af tilkomu Landskrár fasteigna. Fasteignaverð allra fasteigna í landinu nemur nú um 1.200 milljörðum kr. og brunabótamat um 2.000 milljörðum kr. og má því fullyrða að fasteignir séu ein mikilvægasta stoðin undir efnahagskerfi þjóðarinnar. Samhæfð, áreiðanleg og markviss skráning þessara eigna og réttindi er þeim tengjast er því ein af meginstoðum frjálsra viðskipta og hagvaxtar. Landskrá fasteigna er þannig m.a. til þess fallin að styrkja efnahagslífið og tryggja öryggi í viðskiptum með þessar mikilvægu eignir.

Ávinningur viðskiptalífsins af Landskrá fasteigna mun felast í auknu aðgengi að upplýsingum um fasteignir og réttindi þeim tengd í tölvutæku formi. Af því mun svo hljótast hagræði fyrir opinbera aðila, fjármálastofnanir, fasteignasala og fleiri er sinna lánastarfsemi og fasteignaviðskiptum. Sem lið í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið er ráð fyrir því gert að sett verði á veraldarvefinn sérstök útgáfa af landskránni.

Eins og fyrr segir er landskráin gagna- og upplýsingakerfi um allar fasteignir í landinu. Ætlunin er að skráin verði í umsjá Fasteignamats ríkisins eins og nánar kemur fram í 1. gr. frv. Í greinargerð þess kemur fram sú fyrirætlun að halda

landskrána á Akureyri þar sem stofnunin rekur í dag umboðsskrifstofu. Til greina kemur einnig að fela einkaaðilum þar í bæ eða eftir atvikum annars staðar að reka tölvukerfin í kringum landskrána frekar en reka hana á umdæmisskrifstofunni sjálfri en slíkt verður að sjálfsögðu metið þegar málið verður komið lengra á rekspöl.

Landskrá fasteigna er samkvæmt a-lið 7. gr. frv. samsett af fjórum skráarhlutum sem hver um sig ber sérstakt heiti og geyma ólíkar upplýsingar. Þeir eru í fyrsta lagi stofnhluti, er geymir upplýsingar um heiti, auðkenni og afmörkun fasteigna, í öðru lagi mannvirkjahluti, er geymir upplýsingar um byggingarfræðileg atriði mannvirkja, í þriðja lagi fasteignamatshluti, er geymir matsforsendur og matsverð, og loks í fjórða lagi þinglýsingahluti er geymir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og annað er þinglýsingabók heldur. Um þinglýsingahlutann gilda að öðru leyti ákvæði þinglýsingalaga.

Í 2. gr. frv. er fjallað um matshlutverk Fasteignamats ríkisins en það ákvæði var áður hluti af 1. gr. laganna um fasteignamatið. Felur þetta í sér breyttar áherslur í starfsemi Fasteignamats ríkisins sem verður hér eftir ekki síður skráningarstofnun en matsstofnun. Þegar hefur verið stigið skref í að styrkja starfsemi stofnunarinnar til að tryggja að hún verði vel í stakk búin til að takast á við ný verkefni.

Í 3. gr. frv. er lögð til breyting á skilgreiningu fasteignahugtaksins og tekur hin nýja skilgreining bæði mið af hefðbundinni skilgreiningu hugtaksins fasteign samkvæmt eignarrétti og skiptingu fasteigna í einstakar skráningareindir í Landskrá fasteigna.

Með því samstarfi skráningaraðila sem gert er ráð fyrir í frv. er tekin upp svonefnd forskráning í stofnhluta Landskrár fasteigna. Ráðgert er að Fasteignamat ríkisins eða eftir atvikum byggingarfulltrúi sveitarfélags í umboði þess annist forskráningu fasteigna upplýsinga. Slík skráning telst vera skráning til bráðabirgða er bíður staðfestingar með þinglýsingu. Telst það þá fullnaðarskráning eins og nánar greinir í b-lið 7. gr. frv.

Í c- og d-lið 7. gr. frv. er mælt fyrir um skráningarleg auðkenni landskika og fasteigna. Samkvæmt ákvæðunum skulu allir landskikar bera skráningarlegt auðkenni er nefnist landsnúmer. Gert er ráð fyrir því að allar lóðir og lendur beri slíkt númer sem er forsenda fyrir gerð korta er sýna eignamörk lands. Með sambærilegum hætti skulu allar fasteignir bera skráningarlegt auðkenni er nefnist fastanúmer. Ef fasteign er mynduð af fleiri en einum landskika skal hver skiki auðkenndur með sérstöku landnúmeri. Auk fastanúmers er svo mælt fyrir að hver fasteign skuli bera heiti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða lögum um bæjarnöfn. Með heiti fasteignar er því vísað til götuheitis og húsnúmers auk heitis séreignarhluta í fjöleignarhúsi.

Nýmæli í e-lið 7. gr. frv. er að allar nýjar fasteignir skulu stofnaðar með skráningu svonefnds stofnskjals. Í því skulu koma fram heiti landeignar samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, landnúmer lóðar og þess lands sem lóð er tekin úr, afmörkun lóðar og staðfestum uppdrætti skipulagsyfirvalda, fastanúmer hverrar fasteignar sem stofnuð er auk nafns og kennitölu eiganda fasteignar.

Engin nýmæli felast í 1. og 2. mgr. f-liðar 7. gr. en í 3. mgr. felst heimild til að setja reglugerð um skráningu mannvirkja. Er þeirri heimild ætlað að skjóta traustari stoðum undir gildandi reglugerðir um skráningu fasteigna.

Í g-lið 7. gr. er lagt til að sveitarstjórn skuli tilkynna Fasteignamati ríkisins ef breytingar verða á heiti fasteigna. Fasteignamat ríkisins safnar slíkum tilkynningum og sendir viðkomandi þinglýsingarstjóra til staðfestingar. Að skráningu lokinni fær Hagstofa Íslands tilkynningu um þá breytingu sem orðið hefur.

Rétt þykir að vekja sérstaka athygli á h-lið 7. gr. frv. sem leggur þá skyldu á landeiganda eða eftir atvikum sveitarfélag að ný fasteign verði stofnuð í Landskrá fasteigna með þinglýsingu stofnskjals áður en til veðsetningar eða mannvirkjagerðar kemur. Skylda þessi er lögð á með þeim rökum að brýnt er að allar nýjar fasteignir verði færðar í Landskrána, enda er það forsenda fyrir frekari þinglýsingu skjala. Einnig er mikilvægt að haldnar verði upplýsingar um eignamörk og eignarhald á landi. Stendur það sveitarstjórn næst að uppfylla þessar skyldur, enda er sveitarfélag og landeigandi í mörgum tilvikum einn og sami aðili. Þegar um eignarlönd í eigu annarra en sveitarfélags er að ræða þykir rétt að sveitarfélög sem skipulagsyfirvöld bindi heimild til mannvirkjagerðar á lóð því skilyrði að viðkomandi fasteign hafi áður verið stofnuð í Landskrá fasteigna.

Stefnt er að því að myndun Landskrár fasteigna verði lokið fyrir árslok 2003. Mun dómsmrn. í samstarfi við Fasteignamat ríkisins annast innfærslu efnis þinglýsingabóka í Landskrá fasteigna.

Í i-lið 7. gr. er lagt til að nefnd fimm manna er ráðherra skipar skuli vinna að því að samræma skráningu fasteigna og vera viðkomandi aðilum til ráðgjafar um myndun og þróun Landskrár fasteigna og framkvæmd laga þessara. Lagt er til að í nefndinni sitji fimm menn sem fjmrh. skipar. Einn nefndarmaður verði tilnefndur af ráðherra sem formaður nefndarinnar, einn tilnefndur af dómsmrh., einn af umhvrh., einn af Hagstofu Íslands og loks einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frv. til laga um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna og frv. til laga um breyting á þinglýsingalögum voru fyrst lögð fram á Alþingi á 125. löggjafarþingi en hlutu þá ekki afgreiðslu. Frv. eru nú lögð fram að nýju að lokinni endurskoðun á efni þeirra ásamt frv. um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994. Á milli þinga hefur verið leitað umsagnar um efni framangreindra tveggja frv. hjá hagsmunaaðilum eins og Sýslumannafélagi Íslands, Félagi fasteignasala og Húseigendafélaginu. Frá þessum aðilum hafa komið gagnlegar ábendingar sem tekið hefur verið tillit til við endurskoðun frv.

Í 8. gr. segir að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 2001 og er það sami gildistökudagur og í fyrrnefndu frv. til breytinga á þinglýsingalögum. Er af augljósum ástæðum æskilegt að hvor tveggja þessi lög gildi frá sama tíma. Hins vegar er gert ráð fyrir að breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, taki gildi nú þegar, enda á sú breyting að tryggja fjármögnun á nauðsynlegum undirbúningi að gerð Landskrár fasteigna.

Það er ljóst, herra forseti, að mál af þessu tagi kallar á nokkur útgjöld af hálfu ríkisins, einkanlega fyrst í stað, en það er jafnframt ljóst að breytingin mun þegar fram í sækir skila mjög miklum ávinningi og sparnaði ekki síst hjá þeim sem að þessum málum starfa úti í atvinnulífinu eða koma með einum eða öðrum hætti að viðskiptum með fasteignir.

Til þess að tryggja að unnt sé að hrinda þessu verkefni í framkvæmd eru lagðar til breytingar á þeim lögum sem ég nefndi um brunatryggingar. Þar er lagt til að breytt verði

ákveðnum gjaldstofni til að standa undir þessum kostnaði en hann er ráðgerður fyrst í stað 150 millj. á ári í fjögur ár þar til búið verður að byggja upp þessa skrá en eftir það má gera ráð fyrir árlegum kostnaðarauka miðað við núverandi rekstur fasteignamatsins sem gæti orðið um 100 millj. kr. en hvor tveggja þessi kostnaður yrði borinn uppi af þeirri breytingu á lögum um brunatryggingar sem ég hef getið um.

Hver annar sparnaður verður er erfitt að fullyrða um. Það mun koma til margvíslegur sparnaður og hagræðing víða í þjóðfélaginu, hjá sýslumannsembættum sem vinna við þinglýsingar, enda munu þinglýsingar breyta mjög um svip og þeim mun fækka mikið sem þurfa að koma þar í afgreiðslu til að fá eða afhenda upplýsingar, enda munu pappírslaus samskipti stuðla enn frekar að þeirri þróun. Vinna byggingarfulltrúa sveitarfélaganna mun líka breytast og væntanlega mun verða heilmikill sparnaður á þeim vettvangi. Síðast en ekki síst mun Landskráin spara mörg sporin í viðskiptalífinu, greiða fyrir viðskiptum hvort sem er fyrir byggingarfyrirtæki, fjármálastofnanir, banka, verkfræðistofur, fasteignasala eða kaupendur og seljendur fasteigna. Hún mun verða til hagræðis fyrir iðnaðarmenn og þá sem annast viðhald og umsýslu fasteigna og hún mun síðast en ekki síst auka viðskiptaöryggi vegna nákvæmari skráningarreglna og samræmdrar skráningar. Fyrir almenning í landinu er þetta mikið umbótamál, fyrir alla fasteignaeigendur að eiga t.d. aðgang að netútgáfu Landskrárinnar auk þess sem nýir möguleikar opnast fyrir húseigendur til að skrá viðhaldssögu fasteigna, fundargerðir húsfélaga og ýmis slík atriði sem upp munu koma og í ljós koma þegar framfaramál af þessu tagi nær fram að ganga.

Ég geri ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins muni í samráði við tölvunefnd síðan leggja línurnar um aðganginn að Landskránni þegar frv. þetta verður orðið að lögum og verður þá að sjálfsögðu reynt að gæta allra eðlilegra sjónarmiða í því efni, m.a. eðlilegs trúnaðar um það sem rétt er að gæta trúnaðar um í sambandi við einstaklingsbundin atriði og fleira þess háttar sem vissulega koma hér við sögu.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lokinni þessari umræðu að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fór í gegnum kosti þessarar nýju matsskrár og þeir eru umtalsverðir fyrir atvinnulífið út um allt. Við erum að taka upp rafræna skráningu verðbréfa og það stefnir í að stóri bróðir sé með allar eignir landsmanna í takinu og hér hefur verið rætt mjög mikið um verndun persónuupplýsinga í heilbrigðiskerfinu og þar eru tekin upp mjög ströng ákvæði um dulkóðun en á sama tíma er ríkisvaldið að stórauka aðgang að upplýsingum um eignir manna og skuldir. Hér á að rekja allar veðskuldir o.s.frv. Meira að segja viðhaldssögu fasteigna. Allt í góðu gert.

Ég spyr hæstv. fjmrh. vegna þess að ekki er orð um það í frv., a.m.k. gat ég ekki fundið það, að menn hefðu áhyggjur af persónuupplýsingum og verndun þeirra: Hvar stendur einstaklingurinn gagnvart ríkinu þegar við erum komin með svona mikið batterí?

[16:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engu líkara en hv. þm. hafi ekki hlýtt á lokaorð ræðu minnar en þar var ég einmitt að tala um þessi atriði. Auðvitað er mjög brýnt að gæta fyllsta trúnaðar í skrám af þessu tagi gagnvart því sem leynt ber að fara. En við skulum gá að því að margt af þeim upplýsingum sem fer inn í þessa skrá er opið og aðgengilegt í dag, eins og t.d. í veðbókum sýslumanna þar sem menn geta fengið vottorð og upplýsingar um hvað eignir hafa verið veðsettar fyrir miklum skuldum o.s.frv.

En ég legg áherslu á að ég er auðvitað sammála þingmanninum í því að við þurfum að gæta fyllsta öryggis í þessu efni. Það má vel vera að búa þurfi til sérstök kerfi, dulkóðun eða annað af því tagi til að vernda ákvæðinn hluta þessara upplýsinga, en t.d. viðhaldssaga og þess háttar er auðvitað fyrst og fremst hugsað, ef menn vilja fara út í það og kerfið mun bjóða upp á þann möguleika, til að vernda t.d. rétt nýrra kaupenda að fasteign, auðvelda mönnum að sannreyna upplýsingar sem á borð eru bornar, greiða sem sagt fyrir því að eðlileg viðskipti og samskipti geti orðið um þessi atriði. En í grundvallaratriðum er það rétt að auðvitað á að reyna að gæta fyllsta trúnaðar og stefnt verður að því að svo verði þó svo að margt af þessu séu nú þegar upplýsingar sem allir geta haft aðgang að þótt stundum þurfi eilitla fyrirhöfn til.

[16:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki nóg að starfsmenn stóra bróður gæti trúnaðar gagnvart litla bróður í þjóðfélaginu ef starfsmenn stóra bróður mega segja hver öðrum frá upplýsingunum og stóri bróðir geti fylgst með aðgerðum litla mannsins dag frá degi. Það er ekki nóg. Ég vil að nefndin sem um þetta fjallar fari sérstaklega í gegnum það hvernig hægt sé að tryggja einstaklinginn fyrir ofríki ríkisvaldsins þegar svo viðamikil skrá eins og hér um ræðir — þetta mun verða ein langstærsta tölvuskrá sem sett hefur verið saman hér á landi — er komin á laggirnar. Ég vil því að menn skoði sérstaklega það atriði hvernig einstaklingurinn verði verndaður.

En eins og ég gat um áðan er þetta mjög gott mál að mörgu leyti. Þarna er verið að leggja á ákveðið gjald sem ég vildi gjarnan sjá tímabundið og lækkandi eftir það því að þetta á að skila hagnaði fyrir alla aðila, líka ríkið. En ég vil að nefndin skoði sérstaklega hvert við erum að stefna með stöðu einstaklingsins gagnvart ríkisvaldinu.

[16:59]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978. Frv. þetta er lagt fram samhliða frv. fjmrh. til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna og frv. iðnrh.- og viðskrh. til breytinga á lögum um brunatryggingar.

Í þessum frv. er gert ráð fyrir myndun sameiginlegs gagna- og upplýsingakerfis fyrir allar fasteignir er nefnist Landskrá fasteigna eins og nánar er rakið í skýringum athugasemda við 1. gr. frv. til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna.

Í a-lið 7. gr. sama frv. er gert ráð fyrir að Landskrá fasteigna skiptist í:

Stofnhluta, fyrir grunnupplýsingar um auðkenni og afmörkum fasteigna.

Mannvirkjahluta, fyrir byggingarfræðilegar upplýsingar.

Fasteignamatshluta, fyrir matsforsendur og verð.

Þinglýsingarhluta, fyrir upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir og önnur atriði er þinglýsingabók geymir.

Með tilkomu Landskrár fasteigna mun öll fasteignaskráning og þinglýsing fasteignatengdra skjala fara fram

í sameiginlegu gagna- og upplýsingakerfi. Í sameiginlegum hluta Landskrár fasteigna verða fasteignir skilgreindar með heiti, auðkenni og afmörkun. Má að þessu leyti líkja stofnhluta Landskrár fasteigna við kennitöluskrá Hagstofu Íslands, þjóðskrár. Skráningaraðilar í Landskrá fasteigna verða byggingarfulltrúar um land allt, Fasteignamat ríkisins og þinglýsingarstjórar.

Til þess að takast megi að koma á samhæfðum vinnubrögðum allra þessara skráningaraðila er nauðsynlegt að taka upp reglur um hvernig fasteign verði stofnuð í Landskrá fasteigna. Um það eru sett nánari fyrirmæli í fyrrgreindu frv. fjmrh. til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna auk fyrirmæla í 9. gr. þessa frv. Í meginatriðum er sett það skilyrði fyrir stofnun fasteignar í Landskrá fasteigna að Fasteignamat ríkisins hafi forskráð efni svonefnds stofnskjals í landskrána áður en til þinglýsingar þess kemur. Stofnskjal er nýtt hugtak í lögum. Með því er átt við skjal er felur í sér skilgreiningu nýrrar lóðar eða landeignar í Landskrá fasteigna.

Mikilvæg forsenda fyrir myndun Landskrár fasteigna er að þinglýsingabókum sýslumanna verði komið í tölvutækt form og er mælt fyrir um slíka tilhögun þinglýsingar í 2. gr. frv. Einnig er víða í frv. að finna nauðsynlegar breytingar á einstökum greinum þinglýsingalaganna af þessu tilefni.

Það nýmæli er lagt til í a-lið 1. gr. frv. að halda skuli dagbók yfir þau skjöl sem afhent eru þinglýsingarstjóra til aflýsingar. Með þessu munu réttaráhrif aflýsingar miðast við þann dag er beiðni um aflýsingu er móttekin en ekki hvenær aflýsing fór fram eins og nú er. Jafnframt er gert ráð fyrir því í a-lið 4. gr. að tölvuskráning aflýsingar komi í stað útstrikunar- og brottnáms skjala úr skjalahylkjum. Það hefur í för með sér nokkurn vinnusparnað fyrir starfslið þinglýsingadeildar sýslumannsembætta.

Í b-lið 1. gr. frv. er mælt fyrir um aukna heimild þinglýsingarstjóra til að vísa skjali frá þinglýsingu ef form þess er ekki í samræmi við auðkenni og afmörkun fasteignar í stofnhluta Landskrár fasteigna. Breyting þessi er nauðsynleg til að tryggja að skjali verði þinglýst á rétta fasteign í landskrá og fylgt verði þeim formkröfum er gilda munu um stofnun nýrra fasteigna.

Þá vil ég að lokum geta þess að í bráðabirgðaákvæðum frv. er mælt fyrir um hvernig samræmingu verði náð ef misræmi er á efni þinglýsingabóka og fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins í Landskrá fasteigna.

Hæstv. forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[17:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. fyrir hönd viðskrh. Það er frv. til laga um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 429 og er 285. mál þingsins.

Frv. þetta er lagt fram samhliða frv. fjmrh. um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna og frv. dóms- og kirkjumrh. um breyting á þinglýsingalögum og fylgir þeim.

Frv. fjmrh. gerir ráð fyrir myndun sameiginlegs gagna- og upplýsingakerfis fyrir allar fasteignir er nefnist Landskrá fasteigna. Með tilkomu Landskrár fasteigna verður sú breyting á hjá Fasteignamati ríkisins að hætt verður að halda sérstaka fasteignaskrá fyrir brunabótamat. Í stað þess verður til eitt samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi er þeim tengjast, Landskrá fasteigna, og stór hluti hennar eru upplýsingar um byggingarfræðileg atriði er máli skipta við mat á endurstofnverði húseigna sem aftur er grunnur að ákvörðun um brunabótamat þeirra og aðrar viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til ákvörðunar brunabótamats ásamt upplýsingum um þinglýsta eigendur. Skilvirk söfnun, viðhald og framsetning grunnupplýsinga þeirra sem Landskrá fasteigna mun halda er mikilvæg forsenda þess að unnt verði að ákvarða brunabótamat með áreiðanlegum hætti.

Með frv. þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar á lögum um brunatryggingar. Annars vegar kemur tilvísun til Landskrár fasteigna í stað tilvísunar til fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins. Hins vegar er lögð til breyting á svonefndu umsýslugjaldi skv. 6. gr. laganna er nú rennur til Fasteignamats ríkisins til að standa straum af kostnaði við að uppfæra og halda skrá yfir brunabótamat húseigna. Lögð er til hækkun á umsýslugjaldinu úr 0,025 prómillum af brunabótamati hverrar húseignar í 0,1 prómill af brunabótamati hverrar húseignar til að standa straum af kostnaði við að uppfæra og halda Landskrá fasteigna. Áætlað er að umsýslugjaldið gefi 200 millj. kr. á ári í stað 50 millj. kr.

Í kostnaðaráætlun frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. er fylgir framangreindu frv. fjmrh. um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, er kostnaður við að koma á fót gagna- og upplýsingakerfi Landskrár fasteigna áætlaður um 150 millj. kr. á ári fram til ársloka 2003 en þá er áætlað að hún verði að fullu komin í gagnið. Í því felst m.a. kostnaður við innfærslu þinglýsingabóka sýslumanna í Landskrá fasteigna og uppbygging kerfisins. Er áætlað að allt að 100 aðilar hjá sveitarfélögum og sýslumannsembættum muni annast skráningu í kerfið. Jafnframt er gert ráð fyrir auknum verkefnum á sviði gagnavinnslu og upplýsingagjafar til notenda Landskrár fasteigna.

Væntanlegir notendur landskrár verða fjölmargir. Þar á meðal má nefna atvinnulífið, svo sem fjármálastofnanir, vátryggingafyrirtæki, byggingarfyrirtæki, fasteignasölur og opinbera aðila svo sem ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög. Auk þess mun allur almenningur geta haft aðgang að Landskrá fasteigna, t.d. í gegnum vefútgáfu.

Fasteignamat ríkisins mun reka Landskrá fasteigna og er áformað að halda skrána á Akureyri þar sem stofnunin rekur umdæmisskrifstofu. Til að þessi fyrirætlun styrki atvinnulífið á Akureyri eins og kostur er kann að vera heppilegra að fá tölvufyrirtæki til að reka landskrána þar, fremur en að hún sé rekin af umdæmisskrifstofunni sjálfri. Reynslan sem fæst af því að reka slíka skrá getur fremur nýst fyrirtæki en ríkisstofnun til vaxtar og skapað reynslu og grundvöll til að taka að sér fleiri verkefni á þessu sviði eða bjóða fram tengda þjónustu. Grundvöllur þess að Landskrá fasteigna sé rekin á Akureyri er að gagnaflutningur til og frá umdæmisskrifstofunni sé hraðvirkur og öruggur.

Breytingin mun leiða til nokkurrar hækkunar á fasteignasköttum. Fyrir eigendur íbúða er hækkunin yfirleitt innan við 1.000 kr. á ári. Nánari grein er gerð fyrir áhrifum breytingarinnar í grg. með frv. Fyrirhuguð gildistaka framangreindra frv. um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna og breyting á þinglýsingalögum er 1. janúar 2001. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 3. gr. að lög þessi öðlist gildi nú þegar, enda tryggir breytingin fjármögnun á nauðsynlegum undirbúningi að gerð Landskrár fasteigna.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[17:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég gera athugasemdir við tvennt. Þessi þrjú mál tengjast eins og hér hefur komið fram enda mæla ráðherrarnir þrír fyrir þeim í röð áður en óbreyttir þingmenn komast að. Ég tel því eðlilegt að þessi mál fari öll í sömu nefnd, efh.- og viðskn. Það er fyrri athugasemd mín.

Ég geri einnig athugasemd við það að ég óskaði eftir því að hæstv. dómsmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu. Mér skilst að dómsmrh. sé ekki viðstaddur og hafi fengið leyfi forseta til að yfirgefa þennan sal þó að mál hennar sé á dagskrá. Ég geri alvarlega athugasemd við það vegna þess að hæstv. ráðherra hefur viðveruskyldu, ekki síst þegar mál hennar er hér á dagskrá. Ég geri alvarlega athugasemd, herra forseti, við að hún skuli hafa fengið leyfi forseta til þess að fara úr þingsal. Hún rétt mælir fyrir því á hlaupum en gefur okkur ekki færi á að spyrja hana ákveðinna spurninga sem væri mjög nauðsynlegt. Þær athugasemdir sem ég geri við þetta frv. snerta til að mynda það sem komið var inn á áðan, þ.e. persónuverndina. Það er hæstv. dómsmrh. sem á að svara fyrir það, herra forseti. Ég geri athugasemdir við þetta og vonast til að þetta verði tekið upp í forsn. og komið á framfæri við hæstv. dómsmrh.

Meginuppistaða þessa frv. er breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna eins og hér hefur komið fram. Síðan kemur breytingin á þinglýsingalögum en þá skráningu á að fella að nýrri Landskrá fasteigna eins og aðalfrv. gerir ráð fyrir. Síðan kemur frv. um breytingu á lögum um brunatryggingar þar sem gert er ráð fyrir að fasteignaeigendur standi undir öllum kostnaði af þessari kerfisbreytingu. Þar sem efni þessara frv. tvinnast saman tel ég eðlilegt að þau séu tekin til umræðu samtímis og einnig að þau fari í sömu nefnd eins og ég nefndi áðan. Ég óska eftir því að hæstv. forseti taki tillit til þess.

Þetta frv. hefur lengi verið í smíðum eða allt frá árinu 1992 eins og hér hefur komið fram. Hér virðist á ferðinni gagnlegt og þarft mál varðandi skráningu og mat fasteigna sem felur í sér að sameina helstu skrár um fasteignir í landinu, fasteignaskrár Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabækur sýslumanna með það að markmiði að mynda samhæft gagna- og upplýsingakerfi um allt er viðkemur fasteignamarkaðnum. Margir sjálfstæðir aðilar virðast áður hafa haldið saman skrám og upplýsingum um fasteignir auk fasteignamatsins, byggingarfulltrúar, Hagstofan og þeir sem sjá um þinglýsingar, sveitarfélögin vegna álagningar o.s.frv. Þannig mætti ætla að þetta leiddi bæði til hagræðingar og nauðsynlegrar samræmingar, að búa til samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir í landinu sem nýtast öllum þeim sem með einum eða öðrum hætti þurfa á upplýsingum um fasteignir, lönd eða lóðir þeim tengdar að halda. Engu að síður vakna ýmsar spurningar við lausan yfirlestur þessa frv. sem nauðsynlegt er að fara yfir og meta hvort á þeim séu eðlilegar skýringar. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fær málið til meðferðar og þarf því ekki að dvelja lengi í ræðustól vegna þessara frv. Ég vil þó nefna örfá atriði hér.

Ég tel ljóst að umfang þessa verks sé ærið og ljóst að rekstur á tölvukerfum í þessari landskrá, sem svo er nefnd, sem þjónusta á allt að 100 skráningaraðila hjá sveitarfélögum og sýslumannsembættum, sé mjög mikið. En ég skil málið svo að þjónustan sé einnig falin í upplýsingagjöf um notendur Landskrár fasteigna sem eru bæði fjármálastofnanir, tryggingafyrirtæki, byggingarfyrirtæki og fasteignasölur auk opinberra aðila hjá ríki og sveitarfélögum. Einnig sýnist mér á greinargerðinni að markmiðið sé að upplýsingar í landskrá nýtist sem gögn í upplýsingakerfum.

Einnig var upplýst að í þessum gögnum ætti að vera hægt að sjá viðhaldssögu fasteigna og ég geri enga athugasemd við það. Ég held að það sé ágætt ef hægt er að fá slíkt fram vegna þess að á því hefur verið misbrestur og oft erfitt að afla upplýsinga um viðhaldssögu fasteigna þannig að það er út af fyrir sig jákvætt.

Gert er ráð fyrir að allur almenningur muni geta haft aðgang að landskránni gegnum vefútgáfu sem er hið besta mál ef rétt og eðlilega er að málum staðið. En mér finnst kostnaðurinn afar mikill við landskrána, bæði í stofni og rekstri og athyglisvert að ekki er gert ráð fyrir honum í fjárlögum fyrir árið 2000. Það hlýtur einnig að orka tvímælis að bæta enn einum kostnaðinum á fasteignaeigendur sem ég hlýt að koma að síðar í máli mínu og athyglisvert að það kemur í hlut hæstv. landbrh. Guðna Ágústssonar að mæla fyrir þeim pinkli sem á að setja á fasteignaeigendur, svo oft sem hann stóð í ræðustól sem óbreyttur þingmaður til að halda uppi vörnum fyrir stöðu heimilanna og þá skattlagningu sem ríkisstjórnin væri ávallt að setja á fasteignaeigendur. (**Gripið fram í:** Svo á að einkavæða.) Já, svo á að einkavæða ofan á það allt saman þannig að mikið er lagt á hæstv. landbrh. á einum og sama deginum.

Mér sýnist ljóst að ekki sé verið að draga saman ríkisbáknið eins og hv. þm. Pétur Blöndal var að ýja að heldur sé frekar verið að þenja það út ef eitthvað er. Síðan er sú meginspurning sem hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á sem er þetta með persónuverndina. Það hefði hæstv. dómsmrh. auðvitað átt að ræða í máli sínu en kom ekkert inn á. Eftir því sem ég best gat heyrt kom hún ekkert inn á persónuverndina í málflutningi sínum en hljóp síðan á dyr og sá ekki ástæðu til að sitja fyrir svörum þingmanna um það efni svo mikið sem hefur verið rætt um persónuverndina úr þessum ræðustól.

Þó að hæstv. fjmrh. hafi nefnt að farið verði yfir það með tölvunefnd þegar þetta mál er orðið að lögum er það vissulega ekki nægjanlegt. Auðvitað hefði átt að fara yfir þetta allt saman með tölvunefnd meðan frv. var í smíðum og athuga hvert álit eða umsögn tölvunefndar væri í þessu máli þannig að ef vera kynni að við þyrftum að laga löggjöfina eitthvað að áliti tölvunefndar hefði það verið hægt meðan frv. er til meðferðar í þinginu en láta ekki tölvunefnd leggja mat á það eftir á hvort það sé tryggt gagnvart lögum um persónuvernd sem á að fara að gera með þessari landskrá. Það gagnrýni ég mjög.

Það eru mjög margir aðilar sem eiga að geta haft aðgang að þessum upplýsingum, ekki bara atvinnulífið og fyrirtæki, heldur eru það tryggingafélög og fasteignasölur, og í frv. til breytinga á þinglýsingalögum segir í greinargerð: „Forsenda fyrir heildstæðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir er tölvuvæðing þinglýsingabóka hjá embættum sýslumanna og samhæfing þeirra við Landskrá fasteigna.“ Þar er vitnað til þinglýsingalaganna sem kveður á um heimild til að tölvuvæða þinglýsingabækur en fram kemur að sú heimild hafi verið nýtt við embætti sýslumanna í Reykjavík, á Ísafirði og í Hafnarfirði. Þinglýsingarhluti væntanlegrar Landskrár fasteigna á að geyma „upplýsingar um þinglýsta eigendur og eignarhlut þeirra ásamt upplýsingum um veðbönd, kvaðir

og annað er þinglýsingabók heldur". Ljóst er að sumpart er um mjög miklar persónuupplýsingar að ræða bæði persónulegar og viðkvæmar upplýsingar sem snerta fjárhag og skuldastöðu einstaklinga en tölvuvæðing þinglýsinga er í frv. sögð frumforsenda þess að unnt sé að samhæfa efni þinglýsingabóka og Landskrá fasteigna.

Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir og spyr fjmrh. um það hvort þetta frv. hafi verið yfirfarið með tilliti til laga um persónuvernd og er tryggt að viðkvæmar upplýsingar um fjárhag einstaklinga liggi ekki öllum opnar? Ég geri mér fulla grein fyrir að það er hæstv. dómsmrh. sem á að svara þessari spurningu sem ég hér legg fram vegna þess að hún snertir þinglýsinguna og veðböndin, en ég spyr um það: Er vitað um að þetta hafi verið yfirfarið með tilliti til persónuverndar? Ég get ekki heyrt það af máli hæstv. fjmrh. sem vísar öllu í tölvunefnd eftir að þetta er orðið að lögum. Það hefur greinilega ekki verið leitað eftir umsögn nefndarinnar með tilliti til persónuverndar og það er ljóst að mjög víðtækur aðgangur verður að þessari skrá. Atvinnulífið, fjármálastofnannir, tryggingafyrirtæki, byggingarfyrirtæki, fasteignasölur og opinberir aðilar hafa aðgang að landskránni og einnig erum við að tala um vefútgáfu. Hvað þýðir þetta í raun og sanni? Hefur allur almenningur aðgang í gegnum vefútgáfu að fjármálum einstaklinga, skuldum og veðum eins og fram kemur í þinglýsingabók?

Spurning er líka hve víðtækan aðgang einstakar stofnanir eins og tryggingafyrirtæki og atvinnulífið hafa að þessari skrá og hvort aðgangurinn verður takmarkaður og skýrður við hverja stofnun og aðila sem aðgang hefur að upplýsingum úr skránni eftir eðli þess verkefnis sem hver stofnun hefur. Ég nefni t.d. tryggingafélögin sem dæmi. Er nauðsynlegt að þau hafi aðgang að upplýsingum um veðbönd og skuldastöðu einstaklinga? Í þessu sambandi mætti líka nefna opinbera aðila eins og byggingarfulltrúa. Varla þurfa þeir aðgang að upplýsingum um veð eða skuldir einstaklinga heldur einungis að mannvirkja- eða fasteignamatshluta landskrárinnar. Ég spyr því hæstv. fjmrh. hvort aðgangsheimildin verði skilgreind eftir því hver á í hlut til að tryggja sem best persónuvernd til að koma í veg fyrir misnotkun á upplýsingum? Þetta tel ég afar brýnt að fá fram og hefði greitt fyrir málinu í hv. efh.- og viðskn. ef hæstv. dómsmrh. hefði séð af dýrmætum tíma sínum til þess að sitja undir umræðunni.

Það er líka ástæða til að spyrja um hvaða aðgang almenningur á að hafa að landskránni og í hvaða tilgangi. Það er alveg ljóst að það þarf að fara ítarlega yfir þetta mál í efh.- og viðskn. einmitt með tilliti til þessa þáttar og munum við hv. þm. Pétur Blöndal alveg örugglega sjá til þess með tilliti til þess sjónarmiðs sem hann hefur í málinu. Einnig er ástæða til að ræða kostnaðinn við þessa landskrá og hvort eðlilega sé að því staðið og hverjir standi undir landskránni sem mér virðist að geti þanist út sem nokkurt bákn ef ekki er rétt á málum haldið. Þetta vekur líka spurningar um hvort að þessu verkefni hafi verið staðið á sem ódýrastan og hagkvæmastan hátt.

Sjálfstæðismenn hafa oft talað um „báknið burt" en hvað erum við að gera með báknið? Mér sýnist að við getum verið að búa til nokkurt bákn í kringum þessa landskrá. A.m.k. er ástæða til þess að vara við því í upphafi þegar hún er að fara af stað. Ég hef út af fyrir sig ekki haft tíma eða forsendur til að leggja á það mat en það verður væntanlega gert í efh.- og viðskn. en það er ágætt að fá skoðun ráðherrans á því hér við 1. umr. málsins hvort hún beri engan kvíða í brjósti um að við séum að þenja eitthvað út báknið.

Ég sé að gert er ráð fyrir að efla eigi tölvudeild Fasteignamats ríkisins en ætlunin er að þessi starfsemi verði á umdæmisskrifstofu Fasteignamats ríkisins á Akureyri og nefnt að þar verði um að ræða 10–12 störf hvers verkefni er að reka tölvukerfi sem haldi Landskrá fasteigna, þjónusti notendur skrárinnar og annist almenna þjónustu Fasteignamats ríkisins á Norðurlandi en þar starfa nú fimm menn. Það er auðvitað hið besta mál að Landskrá fasteigna sé haldin á Akureyri en forsenda þess er að gagnaflutningur til og frá umdæmisskrifstofunni sé hraðvirkur. En spurningin er: Er um viðbótarstörf að ræða í heild sinni frá því sem verið hefur við skráningu upplýsinga vegna fasteigna eða lóða þeim tengdum eða er bara um að ræða tilflutning á störfum frá opinberum aðilum sem með einum eða öðrum hætti hafa haft skráningu á fasteignum í einhverju formi á sinni könnu sem eins og áður hefur komið fram eru byggingarfulltrúar, sveitarfélög, Hagstofa, þinglýsingastjóri o.s.frv.? Ég fékk ekki skilið af orðum hæstv. fjmrh. hvort verið væri að bæta við störfum. Hæstv. ráðherra nefndi að þetta mundi fela í sér einhvern sparnað hjá þessum aðilum en enginn veit hve mikill hann er og hvort við erum að tala um fleiri störf eða í hverju þessi sparnaður eigi að felast, hvar hagræðingin á að vera í því. Mér finnst það allt mjög óljóst. Þegar verið er að fara af stað með svona mikla kerfisbreytingu sem ég efast ekki um að er gagnleg, ég vona að enginn misskilji orð mín um það, en hún er nokkuð dýr, þá hlýtur maður að velta fyrir sér hvort hún leiði til sparnaðar og hagræðingar hjá ríkinu fyrir utan að hún mun auðvitað gagnast mörgum aðilum.

Ég vil líka nefna kostnaðinn. Mér sýnist að verið sé að færa verkefni sem t.d. sveitarfélög hafa haft með höndum og því hlýtur að draga úr kostnaði og verkefnum hjá sveitarfélögum vegna þessara kerfisbreytinga. Þá er e.t.v. rétt að velta fyrir sér spurningum um kostnaðinn, hvort sveitarfélögin eigi með einhverjum hætti að taka þátt í þessum kostnaði vegna þess að þetta nýtist sveitarfélögunum mjög mikið. Mér sýnist að það eigi að velta honum yfir á fasteignaeigendur, það séu fasteignaeigendur sem eigi að standa undir þessum kostnaði einir og sér. Þeir hafa ærin útgjöld fyrir vegna fasteigna en auðvitað hefði verið ástæða til þess að rifja upp nokkur af þeim gjöldum sem fasteignaeigendur hafa. Við förum aðeins í gegnum það í málinu sem var á dagskrá á undan eins og stimpilgjöld, þinglýsingagjöld og ýmis fleiri gjöld sem fasteignaeigendur hafa fyrir utan bara venjuleg fasteignagjöld og eignarskatta o.s.frv. Það eru margir pinklar sem settir eru á fasteignaeigendur og hér á að bæta einum við. Verið er að færa kostnað við þessa kerfisbreytingu á landskránni yfir á fasteignaeigendur í því frv., og nú vænti ég að hæstv. starfandi viðskrh. hlusti á mál mitt, það er verið að leggja til að fasteignaeigendur standi straum af kostnaði Fasteignamats ríkisins við að uppfæra og halda landskrána og skulu húseigendur greiða sérstakt umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins. Gjaldið sem nú er 0,025‰ (prómill) af brunabótamati hverrar fasteignar hækkar í 0,1‰ (prómill) af brunabótamati hverrar húseignar og umsýslugjaldið á að gefa 200 millj. kr. á ári í stað 50 millj. kr. áður.

Eins og fram kemur í því frv. sem starfandi hæstv. viðskrh. mælti fyrir leggst þetta misjafnlega á fasteignaeigendur eftir stærð húseigna, gjaldið er að vísu ekki hátt, innan við þúsund kr. en samt bætist það á mikla skattheimtu sem fyrir er á húseigendum. Við erum að tala um 600 millj. á fjórum árum sem íbúðaeigendur eiga að standa undir. Ég spyr:

Er ekki eðlilegra að notendur þessarar þjónustu, notendur þessara upplýsinga borgi, að þetta verði hluti af þjónustu þeirra við íbúðaeigendur og fasteignaeigendur? Af hverju eiga ekki notendur upplýsinganna, eins og tryggingafélög, fasteignasalar, sveitarfélögin og þeir aðilar sem nota þessar upplýsingar, að greiða fyrir þær? Af hverju er verið að velta þessu yfir á fasteignaeigendur?

Eins og fram kemur í frv. og hefur margoft komið fram, á landskráin að þjónusta marga notendur og þessir notendur taka nú þegar verulegar fjárhæðir af fasteignaeigendum, þ.e. sveitarfélögin, tryggingafélögin, fasteignasalarnir o.s.frv. þannig að maður spyr hvort þetta geti ekki verið hluti af því að þeir borgi sem nota þessa þjónustu. Ég hefði haldið að það væri í samræmi við þá stefnu sem hæstv. fjmrh. vildi tala fyrir, væntanlega einnig hæstv. viðskrh., að þeir sem nota þjónustuna eigi að greiða fyrir hana. Ég tel að það sé þessara aðila sem við höfum verið að nefna, atvinnulífið, fjármálastofnanir, tryggingafyrirtæki, byggingarfyrirtæki, fasteignasölur og opinberir aðilar, að greiða fyrir þá þjónustu sem landskráin veitir en ekki að það sé gert með beinni gjaldtöku á fasteignaeigendur til viðbótar öllu því sem þeir greiða nú þegar. Ég vil því spyrja þá tvo hæstv. ráðherra sem hér eru viðstaddir, hæstv. fjmrh. og hæstv. starfandi viðskrh., hvort það sé ekki eðlilegra en að vera að blóðmjólka fasteignaeigendur eins og hér er lagt til?

Það vakti líka athygli mína af því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta frv. er lagt fyrir þingið, það var einnig lagt fyrir 123. löggjafarþing, að þá kom allt annað mat frá Fjárlagaskrifstofunni en við erum með hér. Hér er verið að tala um 615 millj. árlega á fjórum árum, þar af í rekstrarkostnað hvorki meira né minna en 232 millj. Við hljótum að gera kröfu til þess í efh.- og viðskn. að fá sundurliðun á þessum rekstrarkostnaði, hvað menn eru að hugsa þar og hvað liggur þar að baki. Restin er ýmis stofnkostnaður hjá Fasteignamati ríkisins og stofnkostnaður hjá sýslumannsembættum og annað ófyrirséð. En í fyrra mati fjárln. er talað um allt annan og minni kostnað. Hér er verið að tala um stofnkostnað upp á 66 millj. og um rekstrarkostnað, ég sé miklu lægri tölur nefndar hér, 15 millj. vegna tölvukerfis hjá Fasteignamati ríkisins og síðan eru lægri fjárhæðir nefndar sem ég sé að ég hef ekki tíma til þess að nefna við 1. umr. en þar er að ræða um allt aðrar tölur en við erum að fjalla um í þessu frv. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvað veldur þeim mikla mismun sem er á kostnaði varðandi frv. sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi og því sem er nú lagt fram fyrir utan að ég ítreka þær spurningar sem ég lagði fyrir ráðherrann um kostnaðinn almennt og persónuverndina.

[17:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil fyrst gera athugasemd við 1. gr. Þar er nefnd Landskrá fasteigna og lagt til að þau lög taki gildi nú þegar. Í öðrum frv. sem þessu tengjast á gildistakan að vera í ársbyrjun 2001. Ég velti fyrir mér hvort Landskrá fasteigna verði yfirleitt til þegar þetta frv. tekur gildi. Þetta er smáathugasemd sem ég vil að menn skoði.

Hér er verið að hækka einn sértæka skattinn enn. Ég hef nefnt það áður að stöðugt er verið að bæta litlum og nettum pinklum á atvinnulífið, á dráttarklárinn sem dregur velferðarkerfið. Af því að mér er annt um velferðarkerfið vil ég gæta þess vel að þessi klár sligist ekki undan öllum litlu pinklunum.

1.000 kr. til viðbótar eru kannski ekki voðalega mikið á sæmilega stóra eign en þetta er til viðbótar, eftir að fólk er búið að borga skatt af öllum sínum tekjum, borga fasteignagjöld og borga það sem þarf til að lifa. Þetta enn eitt sem þarf að greiða og suma munar virkilega um að borga 1.000 kr. Við erum sem sagt að ræða enn eitt góða málið sem réttlætir enn einn pinkilinn á klárinn.

Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Af hverju eru fasteignaeigendur látnir greiða þetta? Af hverju ekki þeir sem njóta, þ.e. þeir sem spara, sýslumannsembættin og sveitarfélögin varðandi skráningu fasteigna o.s.frv.? Mér þætti eðlilegra að þeir borguðu, alla vega í framtíðinni. Þess vegna vil ég að það verði skoðað í hv. efh.- og viðskn. sem ég á sæti í að 6. gr. verði hreinlega felld niður, umsýslugjaldið til Fasteignamats ríkisinsverði verði fellt niður algerlega og í staðinn komi bráðabirgðaákvæði sem gildi í fimm ár um að umsýslugjald skuli verða 0,1 prómill í þessi fimm ár en að þeim tíma loknum falli gjaldið niður. (**JóhS:** Hver á að greiða það?) Þá gæti þetta hreinlega verið á fjárlögum vegna lækkunar á kostnaði til sýslumanna, sem ætti að vera miklu meiri. Þeir ættu auðvitað að spara miklu meira en þessar 50 millj. Fyrir utan það sem gleymist alltaf í allri umræðu um svona litla skatta. Það kostar lifandis býsn að halda utan um allar þessar litlu greiðslur. Það þarf færslu fyrir hverja einustu þó að það séu tölvufærslur þá þarf að gæta að því að þetta sé innheimt. Það kostar.

Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. setti í gang könnun á því hve mikið kostar að innheimta mikið af þeim sköttum sem hans ráðuneyti innheimtir, t.d. bifreiðagjöld. Mér segir svo hugur að oft og tíðum fari stór hluti af skattinum sjálfum í innheimtukostnað, svo maður tali nú ekki um greiðslur eins og talað hefur verið um hingað til, 325 kr. af 13 millj. kr. eign. Það kostar aldeilis að halda utan um þessa greiðslu. Ég hugsa að það kosti jafnvel 400–500 kr. að halda utan um eina færslu og þá er lítið orðið eftir af skattinum. Ég vildi gjarnan að það yrði skoðað.

Ég vil endilega að menn skoði það að fella þetta gjald hreinlega niður og þetta verði síðan sett á fjárlög vegna þess að annað eins sparast hjá sýslumannsembættum og víðar í kerfinu. Þetta er jú ætlað til þess að spara.

[17:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel að hér hafi margt forvitnilegt borið á góma í tengslum við þetta mál. En það er með þetta eins og önnur framfara- og umbótamál að það vakna alltaf sömu spurningarnar. Í fyrsta lagi: Hvað kostar þetta og hver á að borga kostnaðinn? Í öðru lagi, vegna þess að hér er um að ræða mál sem byggir á tölvuvinnslu og stofnun tiltekins gagnagrunns, þá vakna spurningar um persónuvernd og hvernig unnt sé að tryggja hana og vernda réttindi einstaklingsins gagnvart slíkum grunni.

Ég tel að þetta séu eðlilegar spurningar. Ég tel sjálfsagt að spyrja þeirra og reyna að svara þeim eftir bestu getu. Við höfum lagt hér fyrir upplýsingar um hvað þetta kerfi muni kosta samkvæmt bestu fyrirliggjandi áætlunum. Talið er að það muni kosta um 615 millj. yfir fjögurra ára tímabil að koma þessu á laggirnar. Það eru vissulega miklir peningar en við gerum ráð fyrir tiltekinni fjármögnun eins og fram kom í máli hæstv. viðskrh., að þetta verði lagt á tiltekinn gjaldstofn sem fyrir er og fasteignaeigendur bera.

Ég tel hins vegar að það komi fyllilega til greina að kanna t.d. hvort eðlilegt sé að þeir sem njóta hagræðis af þessu fyrirkomulagi í framtíðinni, t.d. sveitarfélög eða aðrir, taki

sinn þátt í þessum kostnaði. Auðvitað er sjálfsagt að þeir sem fá aðgang að skránni greiði eitthvað fyrir þann aðgang. Það er þá auðvitað upp í rekstrarkostnaðinn á skránni í anda þeirrar umræðu sem hér fór fram um þjónustugjöld áðan að menn greiði fyrir slík afnot. Enda er það þannig í dag að Fasteignamat ríkisins hefur þó nokkrar sértekjur vegna þeirra greiðslna sem t.d. fasteignasalar og aðrir sem þar geta leitað upplýsinga greiða fyrir þjónustuna. Það er því að sjálfsögðu opið mál og einboðið að menn geti ekki hagnýtt sér upplýsingar úr skránni án þess að greiða eitthvað fyrir þær. En það þarf þó að stilla því í hóf og vega og meta hvers konar upplýsingar er verið að láta af hendi.

Í tilefni af umræðum um persónuverndina, bæði af hálfu hv. þm. Péturs Blöndals og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, tel ég rétt að þingnefndin fari sérstaklega yfir það atriði. Þetta frv. hefur ekki, eftir því sem ég best veit, verið sérstaklega yfirfarið með tilliti til þess sem hv. þm. spurði um. En auðvitað hefur alltaf verið gengið út frá því að tryggilega yrði staðið að þessum þætti málsins. Ef einhver ákvæði vantar í frv. til að tryggja það þá þarf bara að bæta þeim inn í við meðferð þingsins. Þar hefur ekki annað staðið til en að gæta fyllsta öryggis um þær upplýsingar sem leynt eiga að fara. Hins vegar má ekki gleyma því, eins og ég sagði áðan, að mikið af þessum upplýsingum eru núna tiltækar ef fólk ber sig eftir þeim eins og kunnugt er, til að mynda í formi veðbókarvottorða og þess háttar skjala.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hvort aðgangsheimild að landskránni yrði skilgreind eftir því hver ætti í hlut. Ég tel að það sé augljóst að svo verði, að tilteknir aðilar geti fengið aðgang að tilteknum upplýsingum en ekki endilega öðrum. Það verður auðvitað að vinna það mál til hlítar og ekki víst að allt slíkt eigi erindi inn í löggjöfina heldur inn í reglur sem koma á eftir, á grundvelli laganna þegar þau hafa verið sett. Þannig á auðvitað eftir að vinna úr ýmsum atriðum.

Síðan bar hér á góma, eins og ég rakti í framsögu minni, að ætlunin er að nota þetta mál að hluta til til að efla tölvuvinnslu og atvinnuuppbyggingu norður í landi. Ég tel að það sé aukakostur við þetta mál að það skuli þess eðlis að hægt er að setja verulegan hluta af þessari skráningu og vinnslu niður úti á landi. Við höfum miðað við að það yrði gert á Akureyri vegna þess að þar er öflugasta umdæmisskrifstofa Fasteignamatsins í dag og það öflugt tölvuumhverfi að það á ekki að vera vandkvæðum bundið, að því gefnu að gagnavinnslulínur séu fyrir hendi, að setja þetta þar niður og afla þess starfskrafts sem þörf er á á atvinnusvæðinu í kringum Akureyri. Við erum þarna að tala um 10–12 viðbótarstörf á þessu sérhæfða sviði. Auðvitað getur endað með því að einhvers staðar annars staðar í ríkiskerfinu, t.d. á vettvangi einhverra sýslumannsembætta, kannski ekki síst hjá stóru embættunum fyrir sunnan, minnki þörfin fyrir starfskraft vegna þess að skráningin mun auðvitað breytast heilmikið eins og ég hef sagt. Eflaust minnkar líka þörfin fyrir starfskraft hjá stærstu sveitarfélögunum sem geta þá endurskipulagt störf byggingarfulltrúa sinna og starfsemi sem þeim tengist með þetta í huga. Ég tel að það sé viðbótarávinningur í þessu máli að hægt sé að nota það sem stýritæki til að efla tölvuvinnslu og atvinnuuppyggingu á þessu sviði, annaðhvort með því að fela umdæmisskrifstofunni að annast þetta allt sjálf eða með því, eins og ég gat um og hæstv. viðskrh., að leita eftir samstarfi við fyrirtæki á þessu sviði fyrir norðan og eftir atvikum annars staðar á landsbyggðinni sem gætu tekið þetta að sér. En það er auðvitað matsatriði að hve miklu leyti eigi að vinna svona hluti innan dyra í starfsemi af þessu tagi og að hve miklu leyti eigi að leita út fyrir til fyrirtækja sem valdið geta þessu verkefni. Þetta held ég að sé mjög jákvæður þáttur í þessu máli og Akureyrarbær mun áreiðanlega taka því opnum örmum ef frv. verður að veruleika í þessari mynd og við náum að byggja þetta upp eins og hér er fyrirhugað.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat þess að rétt væri að fara ítarlega yfir þetta frv. í nefndinni. Ég tek að sjálfsögðu undir það. Auðvitað er margt í svona máli sem skoða þarf rækilega í þingnefnd. Hér er verið að fara út á nýjar brautir í ýmsu og þarf að skoða rækilega, m.a. gjaldtökuhliðina sem menn hafa rætt mikið hér, ekki síst hv. þm. Pétur Blöndal. Það þarf að fara í saumana á kostnaðaráætluninni en hún liggur að sjálfsögðu fyrir og verður lögð fram í þingnefndinni til að þingmenn geti þar áttað sig á tölunum sem liggja að baki áætlunum um kostnað við þetta mál.

Eins og ég gat um og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir einnig, er þetta mál búið að vera sjö til átta ár á undirbúningsstigi, í vinnslu alveg frá því að hv. þm. var félmrh. Hún tók þátt í að skipa fyrstu nefndina og stýrihópinn í þetta mál. Þetta mál er ekki eitt af þeim málum sem verður hrist fram úr erminni á einni nóttu heldur er þetta vandlega unnið mál. Þetta eru vandlega unnin frv. sem margir fagaðilar og sérfræðingar hafa komið að. Útkoman er sú sem hér hefur verið kynnt þótt að sjálfsögðu megi eflaust endurbæta þar eitthvað og stendur ekki á mér að samþykkja betrumbætur sem kynnu að koma upp úr kafinu í hv. efh.- og viðskn.

Þegar öllu er á botninn hvolft er hér um að ræða mikið framfaraspor þar sem við færum okkur í nyt kosti þeirrar tækni sem nú er á boðstólum til að halda utan um upplýsingar. Við vitum að misbrestur hefur verið á því í gegnum tíðina að samræmi hafi verið milli þessara skráa, að þær hafi haft að geyma allar þær upplýsingar sem eðlilegt er að gera kröfu um. Einnig hefur vantað á að þær hafi verið uppfærðar jafnóðum eins og krafist er nú til dags. Ég sé ekki annað en þetta sé hið besta mál og ótvírætt framfaraspor í viðleitni okkar til að halda utan um þann stofn sem fasteignir á Íslandi eru, þennan grunnstofn efnahagslífs og velmegunar á landinu sem hér er á ferðinni.

[17:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég skil málflutning hans svo að hann sé í megindráttum sammála mér og þeirri gagnrýni sem ég hef sett fram varðandi þetta frv. Ekkert tillit hefur verið tekið til persónuverndar eða það hefur ekki verið skoðað sérstaklega hvort frv. stangist á við lög um persónuvernd. Ég óska þess að þar sem hæstv. dómsmrh. er ekki hér viðstödd að hæstv. ráðherra beini því til hæstv. dómsmrh. að hér hafi komið fram eindregin ósk um að tölvunefnd láti umsögn sína í té um frv. áður en það verður að lögum. Ég tel það grundvallaratriði að svo verði gert. Það er auðvitað ámælisvert að ríkisstjórnin og ráðherrar setji fram þetta frv. án þess að skoðað hafi verið sérstaklega hvort ekki hafi verið tekið tillit til persónuverndar í frv.

Ég fagna því sem hæstv. fjmrh. segir, hann tekur raunverulega undir það að notendur eigi að greiða en ekki skattpíndir fasteignaeigendur og íbúðareigendur. Hann tekur undir það sjónarmið að þeir sem njóta hagræðis, notendurnir, tryggingafélögin, fasteignasalarnir, atvinnulífið, sýslumannsembættin og sveitarfélögin, eiga að standa straum af þessari

Landskrá en ekki fasteignaeigendur með 150 millj. kr. skattpíningu eins og hæstv. starfandi viðskrh. leggur hér til. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh., sem hlýtur að koma fram með það hér á eftir hvert sjónarmið ráðherrans er í þessu máli, hvort fallið verði frá skattheimtu á íbúðaeigendur en þess í stað verði notendur látnir greiða.

Síðan fagna ég því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að aðgangsheimildin verði skilgreind betur en gert er í frv. með tilliti til þess hver á hlut að máli. Verði þessir þættir skoðaðir ásamt því að fara ítarlega yfir þessar 600 millj. og rekstrarkostnaðinn og stofnkostnaðinn sem hér er lagður til, þá sé ég ekki annað en að hugsanlega verði hægt að ná bærilegri sátt um frv.

[17:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað sjálfsagt mál og þarf ekki að beina því með milligöngu minni til dómsmrh. að leitað verði álits tölvunefndar. Þingnefndin biður bara um það, hún biður um umsögn tölvunefndar og það er sjálfsagt mál að gera það. Gengið hefur verið út frá því að allir aðilar sem á einhvern hátt tengjast þessu verði beðnir um umsögn.

Að því er varðar kostnaðarþáttinn þá verð ég að segja að einhver smámisskilningur er hér á ferðinni. Ég er meðflutningsmaður og stuðningsmaður þess frv. sem hæstv. viðskrh. mælir fyrir um umsýslugjald sem leggist á fasteignir til að byggja upp þetta kerfi. Ég hef ekki andmælt því, enda væri það út í hött. Það þarf að koma þessu kerfi á laggirnar og það kostar heilmikla peninga eins og við höfum sagt. Það sem ég var að tala um og tók undir með þingmanninum var að þegar kemur að rekstri kerfisins, þegar menn geta fengið þar aðgang að upplýsingum þá eigi þeir auðvitað að borga eitthvað fyrir og það verður hluti af þeim kostnaði sem fylgir því að reka kerfið, þ.e. þjónustugjöld vegna aðgangs að kerfinu sem vonandi geta staðið undir rekstri þess að stærstum hluta þó að við vitum ekki um það á þessari stundu.

[17:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki sjálfsagðara en svo að tölvunefnd kíkti á þetta mál að í framsöguræðu sinni sagði hæstv. fjmrh. að tölvunefnd ætti að skoða þetta eftir að málið yrði að lögum. Ég er að tala um að tölvunefnd á að fara yfir þetta og gefa álit sitt og umsögn til Alþingis áður en frv. verður að lögum og á því er mikill munur. Enn og aftur ítreka ég að það er ámælisvert að hæstv. dómsmrh. eða hæstv. fjmrh. hafi ekki séð ástæðu til þess að gera það áður en málið kom fyrir þingið.

Sjálfsagt er misskilningur í því sem ég hélt fram áðan. Ég hélt að hæstv. ráðherra væri að taka undir með mér að fasteignaeigendum og íbúðareigendum yrði hlíft en greinilega vill hæstv. ráðherra að íbúðarkaupendur standi undir þessum stofn- og rekstrarkostnaði sem verður næstu fjögur árin og það ber að harma. Ég hélt að hæstv. ráðherra væri að taka undir með mér að það væru notendurnir sem ég taldi upp, t.d. sýslumannsembættin, tryggingafélögin, atvinnulífið og fasteignasalar sem ættu að standa undir þessu frá upphafi. Ýmsir af þessum aðilum hafa þurft að leggja í kostnað til að halda utan um fasteignir og lóðir með einum eða öðrum hætti þannig að strax er þá verið að draga úr þeim kostnaði sem þeir hafa haft af því. Þeir eiga því auðvitað þegar í upphafi að taka þátt í að koma þessu á laggirnar.

Ég geri mér vissulega grein fyrir því að hæstv. ráðherra fylgir stjfrv. sem hæstv. starfandi viðskrh. mælir fyrir. En ég vænti þess og eygi von í hæstv. starfandi viðskrh. með tilliti til málflutnings hans þegar hann var óbreyttur þingmaður að hann muni fallast á þau sjónarmið að notendurnir eigi að greiða fyrir þetta þegar í upphafi og hann muni mæla því bót hér og mæla fyrir því að fasteignaeigendum verði hlíft og að efh.- og viðskn. skoði þá leið að flytja þennan kostnað, 600 millj., frá íbúðareigendum yfir á notendurna, eins og hér hefur verið lagt til.

[17:52]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engir notendur að kerfinu fyrr en það er komið í gagnið og það mun taka ákveðinn árafjölda, þrjú til fjögur ár að búa þetta kerfi til. Það kostar ákveðna fjárhæð sem við höfum reiknað út að gæti numið um rúmlega 600 millj. Undir þessum kostnaði er ætlunin að standa með þeirri hækkun á umsýslugjaldi sem viðskrh. mælti fyrir.

Ég hef tekið undir það sjónarmið að það sé rétt að notendur kerfisins, eftir að það kemur í gagnið, greiði fyrir aðgang sinn að því og borgi eins og tíðkast þjónustugjöld fyrir þá þjónustu sem þeir fá út úr kerfinu og standi þar með undir hluta, vonandi sem stærstum hluta af rekstrarkostnaðinum við þetta, endurnýjunarkostnaði o.s.frv. Það má nú ekki snúa út úr öllu sem hér er sagt eða leggja hlutina alla út á hinn versta veg.

Ég verð síðan að segja að mér er farið að ofbjóða skammir hv. þm. á dómsmrh. fyrir að vera ekki hér. Það liggja góðar ástæður að baki því að dómsmrh. er ekki hér og við viðskrh. höfum tekið að okkur að standa fyrir málinu í fjarveru hennar. Ég er alveg sannfærður um að hún mun halda uppi vörnum fyrir sinn hluta að þessu máli þótt síðar verði en það er búið að kvarta undan þessu einum fjórum sinnum af hálfu þingmannsins í dag og mér finnst það meira en nóg satt að segja.

[17:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef áhuga á að hæstv. ráðherra upplýsi mig dálítið um meininguna með þessu máli. Það virðist samkvæmt frv. eingöngu vera átt við skráningu fasteigna en það stendur síðan í athugasemdum við lagafrv., með leyfi forseta:

„Með frv. þessu um breyting á lögum um skráningu og mat fasteigna og frv. til laga um breyting á lögum um brunatryggingar, er stigið þýðingarmikið skref í átt að því að sameina helstu skrár um fasteignir í landinu, fasteignaskrá Fasteignamats ríkisins og þinglýsingabækur sýslumanna."

Hæstv. ráðherra talaði um að beita nýjustu tækni og þekkingu til að halda utan um upplýsingar. Ég lít þannig á að þarna sé um að ræða að stórum hluta til þjónustuhlutverk við fasteignaeigendur og aðra sem eiga eða þurfa að sækja þjónustu til sýslumannsembætta og annarra slíkra. Mér leikur forvitni á að vita hvort menn hafi hugsað sér að þinglýsingar á öðru en fasteignum yrðu með í þessu og hvort menn hafi hugsað sér að landskráin þýði það að menn þurfi ekki að fara milli þjónustusvæða en geti óskað eftir og látið framkvæma þinglýsingar hjá sýslumannsembætti í sínu umdæmi, þurfi ekki að senda gögn eða fara milli sýslumannsembætta með skráningu eða þinglýsingar á því andlagi sem menn vilja láta þinglýsa. Þetta virðist gefa alla vega tilefni og möguleika til þess. En ég tek eftir því að í 1. gr. frv. um breyting á þing-

lýsingalögum er m.a. sagt „skjal er afhent í röngu umdæmi" sem forsendur fyrir því að máli sé vísað frá.

Ég spyr: Er ekki meiningin með því sem hér er verið að gera að hagræða fyrir þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda með því að þeir geti nýtt sýslumannsembætti í heimahéraði?

[17:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg reyndar að það sé einmitt meiningin með slíkri samtengingu að auðvelda þau samskipti hvort sem heimaembættið eða embættið þar sem viðkomandi eign er staðsett eða skráð kunni síðan að þurfa að leggja endanlega blessun sína yfir gjörninginn eða ljúka málinu með einhverjum hætti. Hugmyndin er náttúrlega sú að menn geti komist inn í þetta hvar sem er, byggingarfulltrúar sveitarfélaga geti komist inn í skrána með sín gögn, allir sýslumenn hvar sem þeir eru og síðan að fasteignasalar geti komist inn í það sem þeir þurfa o.s.frv. Hugmyndin er einmitt sú að auðvelda þessi samskipti og spara mönnum sporin, spara mönnum ferðir og þess háttar.

[17:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Ég skildi þetta kannski í upphafinu þannig, en mér finnst aftur á móti dálítið dularfullt að hvergi skuli vera minnst á annað en fasteignir í þessum frv. Í þinglýsingabókum er ýmislegt fleira en fasteignir og hefði verið ástæða til að það kæmi fram hvort meiningin væri að þær þinglýsingar á slíku andlagi sem þar væru þinglýstar gætu farið fram annars staðar en í heimahéraði, því að ég tók eftir því í frv. um breyting á þinglýsingalögum að skjal sem er afhent í röngu umdæmi geti kallað á það að málinu verði vísað frá af viðkomandi sýslumanni.

[17:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur verið um þessi mál. Ég vil segja í upphafi máls míns að ég — hvernig orðar maður það, hæstv. forseti? — hér stend ég og get ekki annað. Ég tók að mér að flytja málið í fjarveru hæstv. viðskrh. Faglega hef ég því ekki getað kafað djúpt í það öðruvísi en að ég samþykkti það í ríkisstjórn og mínum þingflokki að þetta mál yrði lagt fram til meðferðar og umfjöllunr í þinginu með þeim rökum sem hér eru kynnt í dag.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín spurningum og lýsti eftir því hvort ég væri ekki enn sami drengurinn og ég var. Ég get upplýst að auðvitað er ég sömu skoðunar og ég hef ávallt verið. Það er margs að gæta um skuldastöðu heimilanna o.s.frv. sem hv. þm. minntist á. Það þarf því að mörgu að hyggja.

Ég vil segja það sem stjórnmálamaður að ég fagna því hversu okkur hefur vel tekist eftir að kratarnir voru lagðir til hliðar að bæta hag þjóðfélagsins og margt er í öðrum farvegi en áður var, uppgangur í landinu, bætt kjör hjá fólkinu, atvinnuleysið horfið. (**Gripið fram í:** Íslenska kýrin er nú enn í hættu.) Hv. þm. telur íslensku kúna í hættu. Ég held að svo sé ekki því að það flæðir úr henni mjólkin aldrei jafnmikið og nú, hún hefur því tekið allverulega við sér. En ég vil segja án þess að vera með neitt grín, að vissulega hef ég áhyggjur af öllum viðbótarsköttum. 1 þús. kr. eru 1 þús. kr. heillin, sagði kerlingin einhvern tíma. Þær eru auðvitað teknar úr missterkum eða misríkum vösum og hafa sín áhrif. Það á því að vera verkefni okkar sem leiðum ríkisstjórnina í dag að reyna að leita allra leiða til að lækka skatta og gjöld, ég tala nú ekki um á eignum manna. Í rauninni höfum við sem stöndum að ríkisstjórninni heitið því að með upptöku fjármagnstekjuskatts verði sérstaklega hugað að því að lækka fasteignaskatta. Ég hef haldið því fram að fasteignaskattar ekki síst á landsbyggðinni séu hærri en þeir eiga að vera og hærri en raunverulegt verð á eignum er þar í dag. Þetta vil ég láta koma alveg skýrt fram.

Þegar ég sé hversu mikil viðbótargjöld þetta eru, að 50 millj. kr. umsýslugjald fer upp í 200 millj., þá eru það miklir peningar og eins og hv. þm. sagði áðan, yrði á fjórum árum 600 millj. Vissulega eru það miklir peningar.

Ég velti því fyrir mér af því að ég held að menn séu hér að koma með skilvirkt kerfi sem eigi fyllilega rétt á sér og ég trúi því að þingnefndin, Alþingi Íslendinga, muni eðlilega kafa ofan í það hvernig þessu er best fyrir komið. Kannski er það svo að þegar það opinbera á í hlut, þá er farið að hugsa þetta öðruvísi þegar eitthvað á að vera á landsbyggðinni. Ég hef áhyggjur af því. Það er eins og það opinbera hafi lögheimili í Reykjavík og gjaldandinn sé alltaf fólkið sjálft þegar kemur að landsbyggðinni, þ.e. reksturinn er jafnan tekinn í gegnum það opinbera og skattana þegar eitthvað er í höfuðborginni en í vaxandi mæli því miður sú hugsun að hver og einn finni það ef eitthvað á að vera á landsbyggðinni, þannig að ég treysti því nú að til að standa undir þessu nýja kerfi fari Alþingi Íslendinga vel ofan í þennan lið, eins og hv. þm. kom að og benti á. Ég vil segja það sem ráðherra og sem þingmaður að ég tel það sjálfsagðan hlut. Ég hef ekki fest mína hugsun svo í þessu máli að finnist ekki betri leið undir þeim feldi sem þetta mál fer í í þinginu, þá gæti ég mjög vel hugsað mér að menn skoði það grannt út frá því sjónarmiði að leggja alla að jöfnu og spyrja sjálfa sig þeirrar spurningar hver eigi í rauninni að borga þennan kostnað. Er það ekki alveg eins sanngjarnt að skoða þá leið að þeir mörgu notendur sem hér hafa verið nefndir komi eitthvað til sögunnar og pinkillinn á fjölskyldunni og fólkinu verði minnkaður?

[18:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. starfandi viðskrh. hefur gefið ákveðna opnun í þessu máli á að falla frá þeirri gjaldheimtu sem er ákveðin eða er verið að leggja til á íbúðaeigendur og að það verði aðrir sem standi undir þessu, atvinnulífið og aðrir sem eiga að njóta þessarar þjónustu og það er vel. Ég finn auðvitað á þessum svörum ráðherra að honum líður oft og iðulega illa í þessari ríkisstjórn.

Hitt er annað mál að hæstv. ráðherra skyldi tala varlega þegar hann talar um að þessi ríkisstjórn sé að hugsa um hag fjölskyldnanna og heimilanna og hann nefndi skuldir heimilanna. Þær hafa vaxið um sennilega 150 milljarða í tíð þessarar ríkisstjórnar eða einhvers staðar nálægt 500 milljörðun. Þær hafa því vaxið verulega. Barnabætur hafa verið skertar um sennilega 1.000–1.200 millj. og markaðir tekjustofnar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra skertir um 1.200 millj. Verðbólga hefur aukist mikið á undanförnum mánuðum án þess að ríkisstjórnin geri nokkuð og viðskiptahallinn aukist. Hæstv. ráðherra skyldi því tala varlega þegar hann er að tala um hag fólks og skuldir heimilanna vegna þess að þær hafa vaxið alveg gríðarlega í tíð ríkisstjórnarinnar sem hann styður. Mér finnst hann stundum, þegar hann er að tala um að allra leiða skuli leita til að lækka gjöld á heimilin,

segja annað en hann framkvæmir nema hann sé þá að afneita ríkisstjórninni, ég veit það ekki, herra forseti. Stundum mætti skilja það á hæstv. ráðherra.

En kjarninn í svari hans er það mál sem hér er til umræðu að hæstv. ráðherra veitir opnun á að fallið verði frá þessari gjaldtöku á íbúðaeigendur. Þessi skoðun ráðherra verður svo sannarlega tekin upp í efh.- og viðskn. og reynt að fylgja henni aftur inn í þingsalinn með brtt. á þessu frv. þar sem fallið verði frá þessari gjaldtöku.

[18:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er vissara að tala varlega og oft hendir það þann sem hér stendur að tala óvarlega. En það hendir hv. þm. líka að tala ekki alltaf af fullri gætni og hefur hv. þm. nú átt töluverðan þátt í þunglyndi þjóðarinnar með ræðuflutningi sínum á hinu háa Alþingi. Svartsýnin er böl og það er sagt að þeir standi jafnir að því leyti, svartsýnismaðurinn og bjartsýnismaðurinn að báðir hafi oft rangt fyrir sér en mismunurinn sé sá að bjartsýnismanninum líður miklu betur og mér finnst betra að vera í sporum hans.

Auðvitað orkar margt tvímælis. Okkur hefur vegnað nokkuð vel síðustu árin. Það eru ekki öll mál í höfn og hægt að taka heila umræðu um hvernig þjóðfélagið hefur þróast en eigi að síður finna það flestir menn að staðan er öðruvísi en hún var fyrir fimm árum, sem betur fer.

Ég vona að alltaf verði tröllatrú á Alþingi Íslendinga. Ég hef tröllatrú á þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar og ég trúi að að bestu manna yfirsýn verður niðurstaðan farsæl þegar málið kemur til baka til þingsins.

[18:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil segja út af þunglyndinu sem hæstv. ráðherra nefndi að betra er að segja þjóðinni satt en skrökva að henni. En það að staðan sé öðruvísi hjá heimilunum en var fyrir fimm árum, það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, ég tek undir það. Skuldir heimilanna hafa vaxið um 140 millj., barnabætur hafa verið skertar um 1.200 millj. Fasteignaverð hefur hækkað á örfáum mánuðum um 35%, viðskiptahallinn aukist o.s.frv. Ég bið hæstv. ráðherra því að tala varlega. Ekki eru allir sammála hæstv. ráðherra, ekki fólk sem hefur borið skarðan hlut frá borði í tíð þessarar ríkisstjórnar, t.d. lífeyrisþegar. En ég ætla ekki að halda langa ræðu um það í stuttu andsvari. Ég var mjög hrædd um það á tímabili að hæstv. ráðherra væri að draga þau orð til baka sem hann sagði hér áðan. Hann sagði að það ætti að skoða málið og hann gaf opnun á að falla frá þessari gjaldtöku á fasteignaeigendur en sem betur fer staðfesti hann í lokaorðum sínum að það ætti að skoða alvarlega í nefndinni hvort ekki ætti að gera breytingar á þessu frv. Það er kjarnaatriðið í málinu og ég fagna því, herra forseti.

[18:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þetta. Ég vil þó segja við hv. þm. að gamalt spakmæli sem er nokkuð gott segir: Oft má satt kyrrt liggja. Ég ætla ekki út í þjóðfélagsumræðuna en vil þó segja að menn verða auðvitað að skoða heildarmyndina og sjálfsagt eigum við eftir að taka umræðu um þá stöðu. Það er skoðun mín og skoðun Framsfl. að auðvitað þurfum við mjög að huga að málefnum þeirra sem eru fátækir á Íslandi. Við þurfum að huga að málefnum barnmargra fjölskyldna. Auðvitað hefur barnmörgum fjölskyldum fækkað miðað við það sem áður gerðist en eigi að síður er mikilvægt að þar sé jafnræði. Fjölskyldan er stór í huga Framsfl. og við teljum málefni hennar mikilvægt. En við verðum þó að hafa í huga að við verðum einhvers staðar að staðsetja samhjálpina. Þó að menn séu vinstri menn mega þeir ekki vera svo vitlausir í skattamálum að ætla að drepa þá kynslóð sem á að vinna fyrir fyrir íslensku þjóðinni. Við megum ekki skattleggja svo hart að margt unga fólkið sem er á vinnumarkaðinum hreinlega sligist undan sköttum. (**JóhS:** Hætta að skattleggja ...) Ég hef opnað á það eins og hv. þm. sagði að menn fari yfir allar skynsamlegar leiðir í þeim efnum, mér finnst það sjálfsagður hlutur. En ég vil minna á að það er líka til einn þolandi í viðbót, fólkið sem er úti á vinnumarkaðinum, vinnur langan vinnudag og borgar mikla skatta til þjóðfélagsins. Ég harma að í umræðum vinstri manna á Íslandi er oft eins og þeir sjái aðeins eina leið og enga aðra en þá að skattleggja vinnandi fólk og fyrirtæki. Þar með deyða þeir kraftinn í þjóðfélaginu, áhugann á vinnunni. Við þurfum fyrst og fremst að finna hverjir það eru sem þurfa á samhjálpinni að halda, þangað þurfum við að koma henni en síðan að reka þjóðfélagið skynsamlega á öllum sviðum.

[18:12]

Útbýting þingskjals:

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, 312. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 562.

[18:12]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja umræðuna mikið. Ástæðan fyrir því að ég kem hingað upp er fyrst og fremst orð hæstv. starfandi viðskrh., sem fór út um víðan völl í þjóðfélagsumræðunni þótt hann hygðist ekki gera það. Það er gott að fá fram að Framsfl. telur sig ekki vinstri- eða félagshyggjuflokk lengur heldur til hægri og fylgir þar af leiðandi pólitík þeirrar stefnu — (**Gripið fram í:** Miðjan.) enda kemur það mjög fram. Hæstv. viðskrh. gumar af því að hagur heimilanna hafi batnað í ríkisstjórnartíð flokksins en ætli það sé ekki að meðaltali.

Auðvitað hefur hagur þeirra fjölskyldna batnað sem hafa fengið verkfæri upp í hendurnar á mjög auðveldan hátt á síðustu árum til þess að raka að sér stórfé í milljónatugum, hundruðum milljóna og milljörðum. Þetta gerir gott meðaltal en eftir standa tugþúsundir manna, ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar, jafnvel þeir sem vinna í grunnatvinnugreinum þjóðarinnar, svo sem verksmiðjufólk. Ætli það gumi af bættum hag heimilanna, fólk sem er margt hvert á 70 þús. kr. mánaðarlaunum?

Ég kem upp, virðulegi forseti, til þess að taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að það er alger nauðsyn að skoða málið betur í nefnd. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh. að auðvitað hefur nefndin möguleika á að kalla eftir skoðunum tölvunefndar í þessu sambandi. Sú hæstv. ríkisstjórn sem nú starfar hefur áorkað að búa til og veita leyfi fyrir miðlægum gagnagrunni fyrir genin og iðrin öll. Nú á greinilega að hafa sömu tilburði gagnrýnislaust og gera miðlægan gagnagrunn ef að líkum lætur yfir hag allra, hvers sem er. Þetta er ekkert einfalt mál og það er ekki sama hverjir hafa aðgang að þessu. Þetta eru gríðarlegar upplýsingar sem þarna er safnað saman á einn stað og ég vil skoða það mjög grannt eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, hvernig að þessum málum er staðið. Vel getur verið að sumar upplýsingar úr fasteignaskrá eigi að vera aðgengilegar fyrir fasteignasala. En kannski eru margar aðrar upplýsingar sem

eiga alls ekki að vera það og það er umhugsunarefni hverjir eigi eiginlega að hafa aðgang að þessum miðlæga grunni með fjölþættum upplýsingum. Ef ríkisstjórnin er inni á því að ganga svo fram að gerðir séu miðlægir gagnagrunnar til að fylgjast með nánast öllu og hafa yfirlit yfir allt sem við gerum í samfélaginu þá er hún sannarlega á réttri braut.

En ég legg áherslu á að málið verði tekið upp í nefnd, skoðað gagnrýnið tölvunefnd kölluð til og farið yfir þá vankanta sem hafa komið fram og hefur verið bent á í umræðunni. Það er meginmál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Frv. GAK, 150. mál (iðgjöld). — Þskj. 171.

[18:16]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Frv. sem ég mæli fyrir, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, nr. 45/1999, er ætlað að taka á mjög miklu vandamáli sem komið hefur upp í Lífeyrissjóði sjómanna. Fyrir því eru tvær ástæður. Áður en ég fer fleiri orðum um það langar mig að byrja á því að lesa 1. gr. frv. en þar er lagt til að 1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

„Iðgjald til sjóðsins skal nema 11% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og launagreiðandi 7%."

Jafnframt er lagt til ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. laganna myndar 1% af greiðslu launagreiðanda ekki réttindi til lífeyris frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2009."

Um alllangt skeið hafa eignir Lífeyrissjóðs sjómanna ekki staðið undir framtíðarskuldbindingum sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegu mati. Stjórn sjóðsins hefur leitað leiða til að minnka muninn milli eigna hans og skuldbindinga. Í nokkur skipti hafa verið gerðar lagabreytingar sem allar hafa haft í för með sér mikla skerðingu á lífeyrisskuldbindingum félaga í sjóðnum. Þrátt fyrir þetta vantar enn u.þ.b. 5% upp á að eignir sjóðsins standi undir skuldbindingum hans.

Með því að hækka lögbundið framlag launagreiðenda í Lífeyrissjóð sjómanna um eitt prósentustig, án þess að lífeyrisréttindi sjóðfélaga aukist, er stigið mikilvægt skref í þá átt að brúa það bil sem upp á vantar svo að sjóðurinn eigi fyrir framtíðarskuldbindingum sínum. Auk þess er það réttlætismál að launagreiðendur leggi fram sinn skerf og taki þátt í því að koma sjóðnum á réttan kjöl. Til þess hníga ýmis rök, svo sem afar háar greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna vegna örorkulífeyris sem er afleiðing af því hversu hættulegt sjómannsstarfið er. Á undanförnum árum hefur örorkulífeyrir verið nálægt 45% af heildargreiðslum Lífeyrissjóðs sjómanna. Sambærilegt hlutfall hjá öðrum sjóðum er mun lægra, í sumum tilfellum aðeins 20%.

Í frumvarpinu er lagt til að þessi hækkun á hlutfallslegri greiðslu launagreiðanda myndi ekki aukinn rétt til lífeyris til 31.desember 2009. Þess í stað muni auknar greiðslur í sjóðinn af þessum toga notaðar til að auka eignir svo að þær geti frekar staðið undir framtíðarskuldbindingum og bætt hag sjóðfélaga.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns eru aðallega tvær ástæður fyrir því að svo er komið fyrir Lífeyrissjóði sjómanna að grípa þarf til þeirra skerðinga sem lýst hefur verið.

Í fyrsta lagi var það árið 1981 að sjómönnum í Lífeyrissjóði sjómanna var heitið því að fest skyldi í lög að sjómenn gætu tekið lífeyri frá 60 ára aldri eftir ákveðinn starfstíma til sjós. Þessi gerð var hluti af félagsmálapakka til sjómanna en þá tíðkuðust mjög félagsmálapakkar við lausn ýmissa kjaradeilna og gáfu sjómenn eftir hluta af fiskverðshækkun til að ná fram þessari lagabreytingu. Þessi lög voru samþykkt á Alþingi með samþykki allra alþingismanna, ef ég man rétt. Þessum lögum hefur hins vegar aldrei fylgt nokkur fjármögnun. Sá kostnaður sem fallið hefur á sjóðinn vegna hinna auknu réttinda sem lögin frá 1981 færðu sjóðfélögum hefur eingöngu bitnað á sjóðfélögum.

Hægt væri að vitna í margar greinargerðir frá fyrri árum um baráttu sjómannasamtakanna fyrir fjármögnun vegna þessarar lagasetningar. Til eru skjöl bæði frá árunum 1982 og 1984 sem vitna um að menn ætluðu að finna leið til fjármögnunar. Auðvitað var leitað til ríkisins með það en það verður að segjast eins og er að þrátt fyrir þrautagöngu sjómannasamtakanna í hartnær tvo áratugi þá hefur ekki fengist fjármögnun sem dugað hefur til að mæta þeim kostnaðarauka sem af reglunni varð.

Á sl. hausti var ákveðið í stjórn lífeyrissjóðsins að leita til fjmrh. með formlegt erindi um að bæta áfallinn kostnað sem á sjóðfélögum hafði lent á þessu tímabili frá árinu 1981. Tryggingafræðingur mat það svo að rúmir 1,3 milljarðar kr. hefði lent á sjóðfélögum á þessum árum. Búið er að breyta 60 ára reglunni þannig að menn geta eftir sem áður tekið lífeyrinn sextugir en þeir taka þá skerðingu með honum. Í raun er búið að gera 60 ára regluna hlutlausa sé miðað við lífslíkur karlmanna. Miða má við það að menn geta annars vegar tekið út úr lífeyrissjóðnum sextugir og þá með 0,4% skerðingu fyrir hvern mánuð. Lífeyrisþegi sem mundi ekki nýta sér þetta heimildarákvæði og byrjaði að taka út 65 ára mundi um 80 ára aldur hafa tekið út jafna upphæð úr sjóðnum. Nú er svo komið að þessi félagsmálapakki er í raun orðinn hlutlaus að þessu leyti. Menn hafa valið ef aðstæður þeirra eru þannig að nauðsynlegt er fyrir þá að byrja að taka lífeyri sextugir en þeir taka lífeyrinn skertan.

Erindi því sem ég gat um áðan og farið var með á fund fjmrh., um að fjármagna þessa 1,3 milljarða sem út af stæðu til að sjóðfélagar þyrftu ekki að bera þá í aukinni skerðingu lífeyrisréttindanna, neitaði fjmrn. með bréfi í byrjun nóvember á sl. ári. Viðbrögð mín m.a. við því voru að ég lagði 4. nóvember sl. fram þetta frv. sem ég er að mæla fyrir.

Annað ákvæði er mjög sérstakt í Lífeyrissjóði sjómanna og er rétt að gera grein fyrir því. Það er hluti af vanda Lífeyrissjóðs sjómanna einnig og í raun rök fyrir því að útgerðarmenn leggi sjóðnum nokkuð til, til viðbótar við þau almennu rök að þeir eru aðilar að Lífeyrissjóði sjómanna, eru þar í stjórn og hljóta að bera sameiginlega ábyrgð á lífeyrissjóðnum til jafns við sjómenn. Það er sá einkennilegi þáttur sem kemur fram í reikningum Lífeyrissjóðs sjómanna að örorkulífeyririnn er yfir 40% í þeirri útgreiðslu sem lífeyrissjóðurinn greiðir á hverju ári í lífeyri.

Eins og ég gat um áður er þetta hlutfall almennt 20–25% í öðrum lífeyrissjóðum. Það helgast auðvitað af hættulegu starfi sjómanna að örorkuþátturinn skuli vera svo hár. En þá kemur auðvitað þessi spurning: Var einhvern tíma ætlast til þess að Lífeyrissjóður sjómanna virkaði eins og tryggingafélag fyrir útgerðina að þessu leyti? Ég held að það sé ekki

hægt að ætlast til þess. Þess vegna held ég að það sé komið að útgerðarmönnum að leggja sinn skerf til að mæta halla sjóðsins og skertum réttindum manna í Lífeyrissjóði sjómanna. Sú skerðing, upp á 11,5% sem síðar verður 12% árið 2001 ef ekki verður komin betri staða hjá Lífeyrissjóði sjómanna, er ekki eina skerðingin sem orðið hefur á réttindum manna í Lífeyrissjóði sjómanna á undanförnum árum.

Það hafa verið gerðar fleiri breytingar á lögum og reglum um Lífeyrissjóð sjómanna sem virkað hafa til lækkunar á lífeyri. Í því sambandi mætti nefna atriði eins og að hætta að miða við launavísitölu og miða við lánskjaravísitölu. Það hafði áhrif til lækkunar á útgreiddum lífeyri úr lífeyrissjóðnum.

Ég hef undir höndum nýlega stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna eftir árið 1999. Sem betur er afkoma sjóðsins, þ.e. ávöxtun eigin fjár góð og kannski mun betri en menn þorðu að vonast eftir. Ávöxtunin á árinu 1999 var 12,5% en var 8% árið 1998. Afleiðing þess er að staða Lífeyrissjóðs sjómanna hefur batnað örlítið hraðar en menn gerðu ráð fyrir fyrir rúmu ári síðan. Þá var staða Lífeyrissjóðs sjómanna metin upp á -13,7% en er núna metin upp á -3,2%. Sú aðgerð að skerða lífeyrisrétt sjóðfélaganna var auðvitað stærsta lagfæringin í rekstrarlegri stöðu sjóðsins upp á framtíðina. Til viðbótar kemur góð ávöxtun sjóðsins og bætir um betur.

Auðvitað má velta því fyrir sér hversu hratt 1% getur lagað stöðu sjóðsins og hvort þetta ártal, 2009, sé eina rétta ártalið. Ekki ætla ég að fullyrða um það. Það kynni að vera að ef ávöxtun sjóðsins yrði áfram jafngóð og hún hefur verið að meðaltali síðustu þrjú árin, þá þyrfti þetta ákvæði ekki að vera fram til 2009 heldur gæti verið einhvers staðar nær okkur í tíma. En þetta má auðvitað skoða þegar málið fer til umfjöllunar í nefnd og meta hvaða líkur eru á að hægt sé að laga útgreiddan lífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna með þessu 1% sem lagt er til að verði aukið í inngreiðslu frá atvinnurekendum í sjóðinn, án þess að það myndi réttindi. Ég tel að ef þetta ákvæði yrði samþykkt væri innan tveggja ára hugsanlegt að fara að slaka út aftur bata til sjóðfélaga upp á kannski 3%, það væri sennilega ekki meira.

Lífeyrissjóður sjómanna hefur auðvitað lent í því eins og aðrir lífeyrissjóðir að þurfa að hlíta lögum nr. 129/1997, um almenna starfsemi lífeyrissjóða. Í þeim lögum segir að sjóðir skuli almennt eiga fyrir skuldbindingum sínum og stjórnir sjóðanna skuli bregðast við ef viðkomandi lífeyrissjóður á ekki fyrir 95% af sínum skuldbindingum, þá verði þeir að bregðast við. Staðan í Lífeyrissjóði sjómanna var einfaldlega sú að hann uppfyllti ekki þessi lagaákvæði eftir að þessi lög tóku gildi. Þess vegna urðu menn að bregðast við.

Ég tel hins vegar að svo mikið hafi verið gert í að skerða réttindi lífeyrisþega á undanförnum árum að það verði að grípa til einhverra lagfæringa. Þess vegna ákvað ég að leggja þetta frv. fram. Mér finnst frv. sanngjarnt og alls ekki ósanngjarnt að ætlast til að útgerðarmenn greiði í sjóðinn til að mæta því tekjutapi sem lífeyrisþegar hafa orðið fyrir. Ég verð líka að segja að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með fulltrúa ríkisvaldsins í þessu máli. Eftir að hafa starfað sem forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í 16 ár og gengið nánast á hverju einasta ári á fund fjmrh. hverrar ríkisstjórnarinnar á fætur annarri til að reyna að fá leiðréttingu þá verð ég að lýsa vonbrigðum mínum með þá niðurstöðu sem nú er fengin, sérstaklega með tilliti til þess að sjómenn hafa tekið á sig að skerða þau réttindi sem þeim voru þó fengin með félagsmálapakkanum 1981. Þau áttu að vera jafngildi ýmissa félagsmálapakka sem aðrir launþegahópar voru þá að fá og gerðu 60 ára regluna jafngilda 65 ára reglunni að því leyti til að hún er ekki lengur dýrari í sjóðnum. Það skiptir ekki máli fyrir sjóðfélagana hvort maður byrjar að taka lífeyrinn sextugur vegna þess að þá tekur hann lífeyrinn skertan eða hvort hann byrjar að taka hann 65 ára. Báðir hafa um 80 ára aldur tekið jafnmikla peninga út úr Lífeyrissjóði sjómanna að því gefnu að þeir hafi báðir haft sambærileg réttindi. Sjómenn hafa sýnt fulla ábyrgð í þessu máli en ég tel að formælendur ríkissjóðs á hverjum tíma, fjármálaráðherrar eða forsætisráðherrar hafi ekki gert hið sama.

Lífeyrissjóður sjómanna mun sjálfsagt fara í mál við ríkið og reyna að sækja þetta fyrir dómstólum. Ég hef heyrt því fleygt að ríkið ætli að bera fyrir sig í vörn sinni tómlætisáhrifum, að sjómenn hafi ekki sótt þetta mál af krafti fyrr en nú með málssókn. Ég held að einfalt verði að fletta upp í öllum þeim bréfaskriftum sem sjómannasamtökin hafa átt við fjmrh. á hverjum tíma og öllum þeim ferðum sem fulltrúar sjómannasamtakanna hafa farið til fjmrh. til þess að reyna að fylgja málinu eftir. Mér kæmi afar mikið á óvart ef vörn ríkisins, út frá tómlætisáhrifum, hefðu nokkuð að segja í þessu máli. Það eru þá einhver önnur rök sem þar duga.

Ég ætla ekki að lengja þetta mikið. Ég vona að ég hafi mælt það skýrt fyrir þessu að menn skilji um hvað málið snýst. Annars vegar örorkubáttinn og hins vegar vanefndir á félagsmálapakka frá 1981 um það að sjómenn ættu að geta tekið lífeyri frá 60 ára aldri. Þann félagsmálapakka, sem samþykktur var samhljóða í Alþingi, hefði eðlilega þurft að fjármagna einhvern veginn. Það var því miður ekki gert og það hefur bitnað á sjómannastéttinni.

[18:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að flytja þetta mál. Það er löngu kominn tími til þess að ríkisvaldið manni sig upp í að taka á þessu máli. Málið er aftur og aftur að koma fyrir þingið án þess að tekið sé á því þannig að það sé til einhverrar frambúðar. Auðvitað er það ljóst og eiga allir að vita að það hefur verið farið mjög illa með sjómenn í þessu máli. Allt sem lýtur að því að reyna að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins virðist miða að því að skerða réttindi sjómanna.

Við skulum átta okkur á því að það er verið að tala um að fara að lögum sem hafa verið sett, t.d. varðandi lífeyristökualdurinn, sem var lækkaður. Það er ein afleiðing þess að fjárhagsstaðan er ekki nægjanlega góð og líka það sem við verðum að viðurkenna, eins og fram kemur í greinargerðinni, að lífeyrisgreiðslur eru hærri í þessum sjóðum en öðrum sjóðum af eðlilegum ástæðum. En þegar við fjölluðum um þetta mál fyrir rúmu ári hér í þingsal, og það er ástæðan fyrir að ég kem hér upp, þá var talað um að það vantaði 8 milljarða til þess að sjóðurinn gæti staðið við framtíðarskuldbindingar sínar.

Með þeirri leið sem hv. þm. leggur til um hækkun á iðgjöldum til sjóðsins, að þau nemi 11% af heildarlaunum, hefur hv. þm. reiknað út, eða hefur það kannski farið fram hjá mér ef hann hefur nefnt það hér í ræðustól, hversu langt við göngum í að taka á fjárhagsstöðu sjóðsins ef sú leið er farin sem hv. þm. leggur til. Hvað mundi þetta kosta atvinnurekendur ef þessi leið væri farin?

En Alþingi hefur skyldur í því efni að taka á þessum málum. Þetta er mikið út af lagasetningu sem hefur komið frá Alþingi og ég tel að þetta hljóti að verða brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar ef ekki er tekið á málinu. Ég

á sæti í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til meðferðar og mun leggja mitt af mörkum til að reynt verði að komast til botns í málinu varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins til að komið verði í veg fyrir að sífellt sé verið að skerða lífeyri sjómanna.

[18:36]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um ákveðnar tölur. Ég er því miður ekki með þær undir höndum núna. En eins og ég gat um í ræðu minni hefur það verið eins konar áætlun okkar í sjómannasamtökunum þegar við skoðuðum þetta að innan tveggja ára ef þetta yrði samþykkt væri líklegt að staða sjóðsins yrði komin plús-megin. Þá gengum við út frá því að ávöxtunin væri um 8% en núna er hún ívið betri. Hún var 12,5 í fyrra þannig að sjóðurinn er núna með neikvæða stöðu upp á rúma tvo milljarða, ég man ekki nákvæmlega töluna, rúma 2 milljarða kr. en var með um 9 milljarða eins og hv. þm. gat um í fyrra. Það er því álit okkar að á tveimur árum ætti sjóðurinn að vera kominn í plús. Samkvæmt lögum um almenna lífeyrissjóði þarf hann að komast 5% í plús til þess að aftur megi fara að bæta réttindi sjóðfélaga. Við vorum að ímynda okkur að það gæti farið að sjást í það eftir 2–3 ár.

[18:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir upplýsingarnar. Þetta eru tölur sem við í hv. efh.- og viðskn. þurfum að fá þegar við fjöllum um málið til að geta lagt mat á áhrifin af þessu. Auðvitað er kostnaðarsamt að fara í aðgerðir til að brúa fjárhag sjóðsins svo að hann standi undir skuldbindingum sínum. Vera má að það þurfi að skoða þetta í einhverjum lengri áföngum en hv. þm. nefnir. Hann talar um að á tveim árum mundi skapast jafnvægi í stöðu sjóðsins eins og hann leggur málið upp og má vera að það þurfi að skoða það á eitthvað lengri tíma. Ég vil ekkert fullyrða um það en aðalatriðið er að fá allar upplýsingar inn í efh.- og viðskn. um málið og ég hvet hv. þm. til þess að beita sér líka fyrir því að nefndin og nefndarmenn fái allar tiltækar upplýsingar sem hægt er í þessu máli þannig að hægt sé að leggja á það þetta mat. En ég mun leggja mitt af mörkum til að málið fái ítarlega skoðun í nefndinni.

[18:39]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er rétt sem hefur komið fram að það hefur oft á umliðnum árum verið fjallað um Lífeyrissjóð sjómannan á hinu háa Alþingi. Þegar til þess er litið að sjóðurinn er að borga meira í örorkulífeyri en ellilífeyri sjá menn náttúrlega alvöru málsins.

Eins og fram hefur komið greiddi Lífeyrissjóður sjómanna á árinu 1999 354 millj. í örorkulífeyri sem er 42% af lífeyrisgreiðslum sem voru 829 millj. í fyrra. Örorkulífeyrir 354 millj. en ellilífeyrir um 341 eða 41% á móti 42% í örorkulífeyri.

Þetta er til umhugsunar um stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna. Það er rétt hjá hv. ræðumanni og flutningsmanni þessa frv. að þetta er mjög alvarleg staða sem upp er komin með tilliti til þeirrar miklu slysatíðni sem er meðal sjómanna og það held ég að hafi aldrei verið í hugum manna að Lífeyrissjóðurinn væri jafnafgerandi styrkveitingaraðili til sjómanna í örorkumálum sem eru allt of mikil, því miður. Enn er allt of há slysatíðni til sjós, um 400-500 sjómenn slasast árlega og virðist ákaflega lítið lát vera á slysatíðni meðal sjómanna.

Mér dettur í hug að nefna það hér, með leyfi forseta, þegar skoðuð er hin mikla slysatíðni sem verður á sjó, þá er hér m.a. ályktun frá aðalfundi LÍÚ í október 1997 þar sem þeir segja, með leyfi virðulegs forseta:

„Slys á fiskiskipaflotanum eru allt of tíð. Við vitum að hér er um áhættusöm störf að ræða en fjöldi slysa er langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Því er mikil ástæða til að efla alla fræðslu sem stuðlað getur að fækkun slysa. Full ástæða er til þess fyrir útvegsmenn að ganga ríkt eftir því að framkvæmdar séu æfingar á slysavörnum um borð í hverju skipi með reglulegum hætti."

Ekki er langt síðan, herra forseti, að ég flutti þáltill. um endurskoðun slysabóta sjómanna. Í maí 1994 var þessi þáltill. samþykkt og send aðilum sem áttu að vinna að skoðun málsins. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar útgerðar, sjómanna og tryggingafélaga. Það er athyglisvert að skoða nefndarálitið og niðurstöðu þessarar nefndar sem var sammála um að vera ósammála. Í texta þessarar nefndar sem skilar af sér til samgrh. fyrir réttu ári segir, með leyfi forseta:

Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afstöðu til viðfangsefnisins og með bréfi þessu fylgja tvær tillögur varðandi framhald málsins. Önnur tillagan felur í sér að skaðabótaábyrgð útgerðarmanna verði hlutlæg, þ.e. að þeir beri bótaábyrgð á slysum er sjómenn verða fyrir í starfi í þágu útgerðar án tillits til sakar. En sjómenn þurfa ávallt að sanna sök ef þeir verða fyrir slysi til að geta gert bótakröfu.

Hin tillagan gerir ráð fyrir að ekkert frekar verði aðhafst af hálfu löggjafarvaldsins að því er varðar bótaábyrgð eða vátryggingarfjárhæðir í slysatryggingu sjómanna. Eðlilegt sé að sjómenn og útgerðarmenn ákveði í kjarasamningum hvernig málum sé skipað að þessu leyti.

Það hittist nú svo á að ekki er langt í kjarasamninga milli sjómanna og útgerðarmanna og verður mjög áhugavert að fylgjast með framvindu málsins, hvernig tekið verður á málinu í þeim samningum sem fram undan eru, vegna þess eins og ég sagði í upphafi máls míns. Eins og fram kom líka hjá hv. framsögumanni, Guðjóni A. Kristjánssyni, er slysatíðni meðal sjómanna allt of mikil og enginn lífeyrissjóður á landinu kemst í hálfkvisti á við þær miklu örorkubætur sem lagðar eru á Lífeyrissjóð sjómanna og annarra smærri sjóða úti á landi sem eru með sjómenn innan vébanda sinna. Ekki þekkist jafnhá örorkugreiðsla út úr nokkrum sjóði og þar sem sjómenn eiga hlut að máli.

Þegar hins vegar er litið til þess sem verið hefur að gerast nú, þá er það rétt eins og hér kom fram að þetta mál á sér sögu allar götur frá 1981 þegar félagsmálapakkar voru mjög í umræðunni og þótti sjálfsagt að allar starfsstéttir landsins fengju sérstaka umbun fyrir að gera ekki kröfu um launahækkanir sem væru í allt öðrum mæli en kjarakröfur sem voru þá lagðar fram hljóðuðu þá upp á.

Meðal annars er rétt að rifja aðeins upp að sjómenn féllu frá 3% hækkun fiskverðs sem voru engar smáupphæðir þá, auk þess að falla frá kröfu um 3% hækkun á kauptryggingu.

Virðulegi forseti. Staða Lífeyrissjóðs sjómanna er nú þannig að árið 1998 vantaði 13,6 milljarða upp á að sjóðurinn ætti fyrir skuldbindingum sínum í þann viðsnúning að núna að loknu uppgjöri 1999 vantar upp á um 3,2 milljarða að hann eigi fyrir skuldbindingum sínum. Þetta stafar fyrst og fremst af breyttum lögum og góðri ávöxtun. Staða sjóðsins væri sú að ef honum væri lokað í dag ætti hann 4,3 milljarða í plús, þ.e. umfram skuldbindingar sínar.

Fyrir viku var lögð fram tryggingafræðileg úttekt á Lífeyrissjóði sjómanna þar sem segir að staða sjóðsins nú sé þannig að væri iðgjaldið hækkað um 1% eins og frv. sem er til umræðu gerir ráð fyrir, þá mundi sjóðurinn í nánustu framtíð eiga fyrir skuldbindingum sínum, þ.e. að óbreyttum starfsreglum sjóðsins eins og þær eru í dag með þeim skerðingum sem hafa þegar verið framkvæmdar.

Ég ætla ekki að hafa orð mín miklu fleiri, virðulegi forseti, um þetta mál en ég tel eins og kom fram hjá framsögumanni og í orðum mínum í upphafi máls míns að þau áföll sem sjóðurinn er að taka á sig ættu að vera annars staðar en innan dyra lífeyrissjóðsins. Örorku- og slysabætur vegna tíðra slysa sjómanna ættu auðvitað að vera innan útgerðarinnar sjálfrar og það væri útgerðarinnar að standa straum af þeim mikla kostnaði sem fylgir óeðlilega hárri slysatíðni meðal sjómanna. Ég er ekki að segja að það hefði bein áhrif á slysatíðni sjómanna en ég er sannfærður um að fleiri mundu koma að málinu og leggja sig fram um að breyta þeirri miklu slysatíðni sem er meðal sjómanna, leggja sig fram um það að reyna að minnka slysatíðnina og gera þetta þannig að ekki væri lengur hægt að tala um óeðlilega slysatíðni. Hún þekkist hvergi nokkurs staðar meðal sjómanna í nágrannalöndunum né almennt þannig að hér er mikið verk að vinna. Því hefur þessi mikli þungi verið lagður á lífeyrissjóðinn eins og ég kom áðan að.

[18:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir stuðningi við frv. til laga sem hér er til umræðu og er flutt af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni. Frv. kveður á um að launagreiðendur verði skyldaðir til að hækka framlag sitt í Lífeyrissjóð sjómanna um 1% þannig að þeir greiði 7% á móti 4% framlagi launþegans.

Frv. er lagt fram til að rétta af erfiðan búskap hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Heildarstaða sjóðsins er neikvæð upp á rúma 2 milljarða, 2.185 millj. kr. eða um 3,2%. Þessi staða var enn lakari fyrir nokkru síðan en samkvæmt útreikningum Talnakönnunar nam þessi halli eða þessi neikvæða staða 13,6% árið 1998 eða tæpum 10 milljörðum kr.

Eins og hér hefur komið fram hefur staða sjóðsins batnað fyrir tvær sakir. Í fyrsta lagi er ávöxtun á fjármunum sjóðsins miklu betri en hún var áður og hefur stórbatnað á undanförnum árum, var 6,81% árið 1995 svo dæmi sé tekið en er núna komin upp í 12,54% en það mun hún hafa verið á síðasta ári.

Hin ástæða þess að staða sjóðsins hefur batnað er sú skerðing sem ákveðin var samkvæmt lögum og tók gildi 1. júlí 1999. Samkvæmt þeim lögum skyldu lífeyrisréttindin skert um 11,5% en gert er ráð fyrir að skerðingin verði enn meiri eftir 2001 en á miðju ári 2001 mun skerðingin nema 12%.

Það er eðlilegt að ríkið komi einnig að þessu máli. Ástæðan kom fram í málflutningi hv. flm. Guðjóns A. Kristjánssonar og einnig í málflutningi hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar en þeir hafa bent á að ríkið hefur komið að þessum málum áður fyrr. Þannig háttar til að á árinu 1981 var gerður svokallaður félagsmálapakki sem ríkið kom að. Sjómenn afsöluðu sér 2–3% í fiskverði á þeim tíma. Til sögunnar kom svokölluð 60 ára regla sem kvað á um að sjómenn gætu hætt störfum 60 ára að aldri en ríkissjóður ætlaði að koma að fjármögnun þessarar reglu. Það mun ekki hafa verið gert. Ef ríkissjóður hefði gert þetta hefði þurft fjármagn upp á 1,3 milljarða kr. að mati fróðra manna og reiknimeistara og er eðlilegt að það verði skoðað.

Reyndar var það svo að þegar skerðingarlögin voru samþykkt fyrir fáeinum missirum tók hæstv. fjmrh. því vel eða ekki fjarri að þessi mál yrðu alla vega endurskoðuð.

Að lokum vil ég taka undir það sem kom fram í máli flm. frv., hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að í ljósi þeirra miklu örorkugreiðslna sem fara út úr þessum sjóði er eðlilegt að um hann gildi aðrar reglur en um aðra sjóði. Það kemur fram í grg. frv. að á undanförnum árum hafi örorkulífeyrir verið nálægt 45% af heildargreiðslum Lífeyrissjóðs sjómanna en þetta hlutfall mun vera um 20–25% í öðrum lífeyrissjóðum. Það er eðlilegt að atvinnurekendur fjármagni þennan kostnað með öðrum hætti en um þennan sjóð einan.

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að lýsa stuðningi við það frv. sem hér er til umræðu og þær röksemdir sem hér hafa verið reiddar fram vil ég einnig gera að mínum.

[18:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir hv. þm. sem hafa tekið þátt í að ræða þetta mál. Það er svo sem ekki miklu við það að bæta öðru en því að ég tel að ríkið hafi ekki staðið við loforð sín gagnvart sjómannastéttinni hvað varðar þann réttindaauka sem átti að færa sjómannastéttinni 1981.

Það verður auðvitað reynt á það með málsókn og kemur þá í ljós hvort málið verður metið þannig að sjómannasamtökin eigi þar rétt fyrir hönd sinna manna. Ef ekki, þá verða menn sjálfsagt að bíta í það súra epli en ég er alveg viss um að frá fyrstu tíð þegar sjómenn slökuðu út fiskverðshækkuninni til að fá þessa 60 ára reglu inn, þá litu sjómenn svo á að það væri framlag ríkisins til að leysa þá kjaradeilu sem þá var uppi, 1981, og við sjómenn höfum litið svo á að hér væri um vanefndir ríkisins að ræða að þessu leyti.

Ég legg svo til að málið fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 256. mál (bifreiðar fatlaðra). — Þskj. 322.

[18:56]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 322 hef ég lagt fram frv. til laga um breyting á lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3/1987, með síðari breytingum og er þetta 256. mál þingsins. Meðflutningsmenn mínir að frv. eru hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Sigríður Anna Þórðardóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Sturla D. Þorsteinsson.

Í 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Við B-lið 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Fella skal niður þungaskatt innheimtan samkvæmt ökumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur sérútbúinnar bifreiðar í eigu fatlaðra einstaklinga, sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur.“

Í 2. mgr. segir svo:

„Við 3. mgr. A-liðar 7. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Fella skal niður eða endurgreiða þungaskatt af sérútbúnum bifreiðum í eigu fatlaðra einstaklinga sem fá örorkulífeyri eða örorkustyrk. Sama gildir um sérútbúnar bifreiðar foreldra eða framfærenda barna sem fá umönnunargreiðslur."

Virðulegi forseti. Það eru þó nokkrir eða líklega um tíu einstaklingar sem eiga sérútbúnar bifreiðar með sérstaka lyftu fyrir hjólastóla, komast ekki ferða sinna öðruvísi og er eðlilegt að mínu mati að þeim sé umbunað þannig að þeir geti rekið bifreiðar sínar. Annars yrði þjóðfélagið að sjá um úrræði til að þeir komist á milli staða. Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta var áður flutt á 123. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á vegum Reykjavíkurborgar er rekin ferðaþjónusta fyrir fatlaða samhliða rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Þessi þjónusta hefur mælst vel fyrir en hefur þó þá annmarka að panta þarf far með dags fyrirvara auk þess sem þjónustan er lokuð frá kl. 23.00 til kl. 9.00 á morgnana. Enn fremur reka sameiginlega þessa þjónustu Hafnarfjörður, Bessastaðahreppur og Mosfellsbær annars vegar og hins vegar Kópavogur og Garðabær. Nokkrir fatlaðir einstaklingar, sem áður hafa notið þessarar þjónustu, hafa með ýtrasta sparnaði og ráðdeildarsemi fest kaup á eigin bifreið og þannig létt ákveðnu álagi af ferðaþjónustunni. Í nokkrum tilfellum, þegar um mikið fatlaða einstaklinga er að ræða, hafa þeir þurft að kaupa sér sendiferðabifreið sérinnréttaða með lyftu fyrir hjólastól.

Það er ljóst að fatlaðir einstaklingar og foreldrar eða framfærendur barna, sem fá umönnunargreiðslur, geta af illri nauðsyn þurft á stærri bifreiðum að halda og velja því í sumum tilfellum dísilbifreiðar í sparnaðarskyni, þrátt fyrir að þær séu oftast dýrari í innkaupum. Sparnaður sem næst með notkun dísilbifreiðar yrði að engu ef þeir sem hér um ræðir þyrftu að greiða þennan skatt. En sem kunnugt er þarf mikinn akstur til að ná sparnaði með rekstri dísilbifreiðar þegar nefndur skattur er greiddur.

Þessir einstaklingar þurfa að greiða geysiháan þungaskatt af bifreiðum sínum þar sem fjárhæð skattsins miðast við þyngd hvort sem greitt er kílómetragjald samkvæmt ökumæli eða árlegt fastagjald, sbr. lög um fjáröflun til vegagerðar.

Hér er lagt til að fella niður fyrrnefndan skatt af bifreiðum í eigu þessara einstaklinga."

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram hefur þetta frv. verið lagt áður fyrir Alþingi. Ég tel ekki ástæðu til þess tímans vegna að hafa fleiri orð um þetta en legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12., 14. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

58. FUNDUR

þriðjudaginn 8. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 326. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 290. mál, þskj. 472. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þinglýsingalög, stjfrv., 281. mál, þskj. 421. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Brunatryggingar, stjfrv., 285. mál, þskj. 429. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lífeyrissjóður sjómanna, frv., 150. mál, þskj. 171. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Fjáröflun til vegagerðar, frv., 256. mál, þskj. 322. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, stjfrv., 267. mál, þskj. 350. — 1. umr.
8. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — 1. umr.
9. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 118. mál, þskj. 130. — Fyrri umr.
10. Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, þáltill., 174. mál, þskj. 201. — Fyrri umr.
11. Almenn hegningarlög, frv., 204. mál, þskj. 238. — 1. umr.
12. Tekjustofnar í stað söfnunarkassa, þáltill., 213. mál, þskj. 252. — Fyrri umr.
13. Hjúskaparlög, frv., 255. mál, þskj. 321. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Páll Pétursson félmrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Breyting á áfengiskaupaaldri, 323. mál, fsp. JóhS, þskj. 573.

Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, 320. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 570.

Höfundalög, 325. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 575.

Innherjaviðskipti, 318. mál, fsp. EKG, þskj. 568.

Notkun íslenska skjaldarmerkisins, 314. mál, fsp. GHall, þskj. 564.

Notkun þjóðfánans, 315. mál, fsp. GHall, þskj. 565.

Póstburður, 324. mál, fsp. JB, þskj. 574.

Skylduskil til safna, 326. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 576.

Starfsemi öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila, 319. mál, fsp. GuðjG, þskj. 569.

Upplýsingamiðlun EFTA til væntanlegra ESB-landa, 316. mál, fsp. ÖS, þskj. 566.

Varðveisla sjaldgæfra hrossalita, 317. mál, fsp. ÖS, þskj. 567.

Þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, 321. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 571.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skráning og mat fasteigna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 290. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þinglýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 281. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 421.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Brunatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 150. mál (iðgjöld). — Þskj. 171.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 256. mál (bifreiðar fatlaðra). — Þskj. 322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, 1. umr.

Stjfrv., 267. mál. — Þskj. 350.

[13:37]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Með frv. þessu er lagt til að sett verði nauðsynleg lagaákvæði til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum samkvæmt samningi þessum sem gerður var í París þann 13. janúar 1993. Með þál. þann 28. apríl 1997 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samninginn og var hann fullgiltur fyrir Íslands hönd sama dag.

Samningurinn var lagður fyrir 47. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna árið 1992 og þar voru öll ríki heims hvött til að gerast aðilar að samningnum. Samningurinn hefur verið undirritaður af fulltrúum 169 ríkja og aðildarríki samningsins eru nú 126 talsins.

Með efnavopnasamningnum skuldbinda aðildarríkin sig til að virða bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og að eyða þeim vopnum sem til eru. Einnig felur samningurinn í sér skyldu fyrir aðildarríkin til að gefa út yfirlýsingu um hvort efnavopn séu geymd á landsvæði þeirra og hvort þar séu framleiðslustöðvar efnavopna.

Þá hefur samningurinn að geyma ákvæði um alþjóðlegt eftirlit með framkvæmd hans og eru þau ákvæði hin ítarlegustu í afvopnunarsamningi til þessa. Þannig er gert ráð fyrir sannprófunum og öðru eftirliti á vettvangi í aðildarríkjunum.

Herra forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir efnavopnasamningnum og mun gera grein fyrir meginákvæðum frv.

Í 1. gr. frv. er skilgreint hvað telst efnavopn og er sú skilgreining samhljóða því sem er í efnavopnasamningnum.

Í 2. gr. frv. er að finna almennt bann við hvers konar meðferð efnavopna en brot við slíku banni varðar refsingu samkvæmt 6. gr. laganna. Brot af þessu tagi geta vitanlega verið mjög alvarleg og því er lagt til að refsimörk verði fangelsi allt að sex árum.

Í 3. gr. frv. er að finna ákvæði um innlent eftirlit með framkvæmd laganna og efnavopnasamningsins hér á landi. Lagt er til að Hollustuvernd ríkisins verði falið það eftirlit. Þetta þykir eðlilegast með hliðsjón af þeim verkefnum sem sú stofnun hefur þegar með höndum, svo sem á grundvelli laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988.

Þá er í 4. gr. að finna heimildarákvæði fyrir erlenda eftirlitsmenn sem starfa á grundvelli efnavopnasamningsins til að framkvæma hér á landi skoðanir sem gert er ráð fyrir í samningnum í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort Ísland fullnægi alþjóðlegum skuldbindingum á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að fulltrúar utanrrn. og Hollustuverndar verði viðstaddir slíkar skoðanir.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því að frv. er komið fram til að fullnægja lagaskyldum Íslands á grundvelli þessa alþjóðasamnings sem við höfum undirritað og reyndar staðfest fyrir nokkru.

Því miður er að alloft misbrestur á að Íslendingar taki skyldur sínar samkvæmt slíkum samningum alvarlega. Við höfum undirritað allmarga mikilvæga alþjóðasamninga og jafnvel fullgilt án þess að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar að landslögum til að taka þær skyldur í hinn innlenda rétt sem þar er mælt fyrir um.

Hér er orðið við einum af mikilvægustu alþjóðasamningum sem tengjast afvopnun og öryggismálum á síðari árum. Enginn vafi er á því að fyrir utan samninga um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn og samninginn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna er þessi samningur einn sá merkasti sem náðst hefur á þessu sviði á síðustu árum svo ekki sé sagt áratugum. Ég fagna því sérstaklega að í framhaldinu sé brugðist við og tekin upp í landslög þau ákvæði sem okkur ber að setja til að fullnægja fyrir okkar leyti innanlandsskyldum okkar samkvæmt samningnum. Þetta mætti verða mönnum fordæmi til að fara yfir fleiri slíka samninga. Það er til að mynda, herra forseti, harla dapurlegt að Íslendingar skuli ekki, áratugum síðar eftir að Genfarsáttmálarnir voru gerðir, hafa gert fullnægjandi ráðstafanir í landslögum til að taka upp ákvæði sem samningsríki þar eru skuldbundin að gera, til að mynda að setja löggjöf sem bannar þátttöku í stríðsglæpum, bannar þátttöku í þjóðarmorðum og öðru slíku.

Ég leyfi mér, herra forseti, að minna á það hér, rétt til þess að halda því til haga sögulega, að á annan áratug hefur Alþingi með reglubundnu millibili haft til meðferðar lagafrv. um nákvæmlega þetta efni. Ég hef frá 1985, ef minni mitt svíkur ekki, lagt til í frumvarpsformi að Íslendingar tækju upp í landslög bann við efnavopnum og endurflutt slíkt frv., að vísu ásamt banni við kjarnorkuvopnum, einum fimm sinnum. Það má vera nokkurt umhugsunarefni, herra forseti, að ekki í eitt einasta skipti hefur hv. utanrmn. séð sér fært að fjalla efnislega um eða afgreiða þennan þátt málsins. Hefði henni þó verið í lófa lagið að aðskilja þetta tvennt ef vilji hefði verið fyrir hendi til að taka upp í landslög bann við notkun efnavopna, bann við þátttöku í að þróa, útbreiða, safna eða geyma efnavopn.

Ég gef mér, herra forseti, að ástæðan fyrir því að Alþingi hefur ekki afgreitt slíkt frá sér í ein 12–14 ár sé ekki andstaða við málið eða viljaleysi til þess að í íslenskum lögum séu efnavopn bönnuð. Ég trúi því ekki að svo sé. Þess vegna vænti ég hins gagnstæða, að þetta frv. fái einróma stuðning. Ég sé engin tilefni til annars. Það má vera okkur umhugsunarefni að í ein 12–14 ár skuli nákvæmlega sami hlutur hafa legið fyrir þinginu í frumvarpsformi endurfluttur aftur og aftur, stundum af þingmönnum allra flokka nema eins, þ.e. Sjálfstfl., en málið aldrei fengið afgreiðslu. Ég verð að segja, herra forseti, að eftir því sem árum mínum á Alþingi fjölgar fer meira og meira í taugarnar á mér sleifarlagið í vinnubrögðum, að þingmál skuli liggja afvelta árum og kjörtímabilum saman án þess að fá nokkurn tíma efnislega afgreiðslu. Það er vanvirðing við það starf sem hér fer fram að það skuli alfarið ráðast af flutningsmönnum að því er virðist hvort mál fá brautargengi eða ekki.

Ég er ekki í neinum minnsta vafa um að þetta stjfrv. um bann við efnavopnum fær skjóta afgreiðslu. Ég fyrir mitt leyti er tilbúinn til að stuðla að því og vænti þess að sama sé um aðra. Mér sárnar hins vegar fyrir hönd okkar þingmanna sem hér höfum árum og áratugum saman reynt að leggja okkar af mörkum með því að flytja þingmál, að þessum hlutum sé svona komið.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vekja athygli á því að þetta mál er ekki nýtt. Þetta er ekki lagt fyrir Alþingi Íslendinga í fyrsta sinn, að inn í lög komi ákvæði sem banni efnavopn. Það hefur legið fyrir þinginu í talsvert á annan áratug án þess að fá afgreiðslu en vonandi verður þar nú breyting á þannig að þetta mál fái farsælan endi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 1. umr.

Stjfrv., 280. mál. — Þskj. 399.

[13:47]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Frv. er ætlað að lögtaka efni tilskipunar Evrópusambandsins frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Hún öðlaðist gildi innan aðildarríkja ESB þann 24. október 1998.

Þessi tilskipun var í júní á þessu ári felld undir EES-samninginn og þá var íslenska ríkinu veittur sex mánaða frestur til að breyta löggjöf sinni um meðferð persónuupplýsinga þannig að hún verði í samræmi við efnisákvæði tilskipunarinnar. Er lögtaka þessa frv. því óhjákvæmileg til að fullnægja þjóðréttarlegri skuldbindingu Íslands.

Markmið tilskipunarinnar er að hindra að ósamræmi í löggjöf um vernd persónuupplýsinga innan aðildarríkja ESB geti staðið í vegi fyrir frjálsu flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkja ESB og skapað vandkvæði í efnahagslegu samstarfi þeirra. Frv. er ætlað að koma í stað laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989. Var það niðurstaða nefndar sem skipuð var til að endurskoða þau lög af tilefni umræddrar tilskipunar, að hún kallaði á það miklar breytingar á gildandi rétti að hagkvæmara væri að semja frá grunni frv. til nýrra laga fremur en að leggja til breytingar á einstökum ákvæðum gildandi laga. Efnislega má þó segja að hæst rísi eftirfarandi nýmæli:

Lagt er til að sett verði á laggirnar ný sjálfstæð ríkisstofnun, Persónuvernd, sem fái það hlutverk að annast eftirlit með framkvæmd laganna. Sú stofnun sem haft hefur eftirlit með framkvæmd gildandi laga er tölvunefnd. Nafngiftin tölvunefnd hefur oft valdið misskilningi gegnum tíðina og reynst vera nokkuð misvísandi. Er því í frv. lagt til að nafninu verði breytt í Persónuvernd. Tölvunefnd hefur verið vistuð í dómsmrn. en löngu er orðið nauðsynlegt að bregðast við auknum málafjölda með því að fjölga starfsmönnum og tryggja nauðsynlegan aðbúnað.

Tilskipun Evrópusambandsins leggur ríka áherslu á sjálfstæði slíkrar stofnunar og verður það bæði sýnilegra og virkara verði tengslin við ráðuneytið rofin.

Þá er lagt til að gildissvið laga um meðferð persónuupplýsinga verði afmarkað með öðrum hætti en nú er. Sú breyting er þríþætt.

Í fyrsta lagi er lagt til að gildissviðið verði í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins rýmkað þannig að það skírskoti ekki lengur sérstaklega til eðlis upplýsinganna heldur eigi við um allar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar.

Í öðru lagi er gildissviðið þrengt þannig að það tekur fyrst og fremst til upplýsinga um einstaklinga en hvorki til stofnana, fyrirtækja né annarra lögpersóna eins og nú er. Er bæði talið að í því felist ákveðin þversögn að kalla upplýsingar um lögpersónur persónuupplýsingar auk þess sem óeðlilegt sé að veita lögpersónum vernd í lögum sem lúta að grundvallarréttindum manna, einkum réttinum til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt. Hins vegar er áfram miðað við að búa fyrirtækjum óbreytta vernd um fjárhagsmálefni sín.

Í þriðja lagi er lagt til að gildissviðið taki til persónupplýsinga óháð því hvort þær séu í skrám eða ekki. Þess í stað er megináherslan lögð á að lögin skuli taka til vinnslu persónuupplýsinga, aðallega rafrænnar vinnslu en þó jafnframt að nokkru til handvirkrar vinnslu. Er þetta gert til samræmis við tilskipun ESB og í ljósi þess að hin öra tækniþróun, þar á meðal þróun ýmiss konar vöktunarbúnaðar, hefur leitt til þess að erfitt er orðið að nota skráarhugtakið þegar gildissvið persónuverndarlaga er afmarkað.

Þá er lagt til breytt vinnufyrirkomulag í framkvæmd laganna. Í dag er flestöll vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga háð leyfi tölvunefndar. Hefur því fylgt mikil skriffinnska sem tekið hefur upp svo mikið af tíma nefndarinnar að hún hefur í raun haft takmarkað svigrúm til annarra verkefna, svo sem skilvirks eftirlits. Tilskipun ESB miðar við að í stað þess að vísindamenn og aðrir sem vinna með persónuupplýsingar þurfi að fá leyfi slíkrar eftirlitsstofnunar skuli þeir senda henni tilkynningar um vinnsluna og hún bregst við hverju sinni eftir því sem henni sýnist þörf til að tryggja gæði vinnslunnar og örugga persónuvernd. Þessu fylgir og það hagræði að vinnsla getur hafist þótt ekki liggi fyrir svar Persónuverndar. Er þannig komist hjá þeim ókosti að afgreiðsla leyfisveitinga geti tekið langan tíma og sett vinnslu sem á endanum reynist í góðu lagi í biðstöðu meðan rannsókn fer fram.

Þetta fyrirkomulag hefur vakið þá spurningu hvort fækkun leyfisskyldra verkefna dragi úr persónuvernd. Því er til að svara að með ýmsum ákvæðum um bættan og aukinn rétt einstaklingsins hefur verið komið til móts við slík sjónarmið og gerðar ráðstafanir sem vega þar upp á móti. Þessar ráðstafanir má greina í fjóra hluta en þeir eru:

Í fyrsta lagi verður til skrá um allar persónuupplýsingaskrár. Í tilskipun ESB eru fyrirmæli um að öll vinnsla persónuupplýsinga skuli verða tilkynningarskyld og að til verði skrár yfir allar innsendar tilkynningar. Þessi skrá skal vera almenningi aðgengileg. Í dag er mjög undir hælinn lagt hversu almenningur er sér vel meðvitaður um réttindi sín samkvæmt lögum um vernd persónuupplýsinga, enda næstum ógerlegt orðið fyrir fólk að átta sig á þeim fjölda skráa sem fyrirfinnst og því sem þar er skráð. Má telja að slík skrá sem hér um ræðir geti verið áhrifaríkt tæki fyrir hinn almenna borgara til að gæta réttar síns að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um hann.

Í öðru lagi er lögð aukin ábyrgð og skylda til innra eftirlits á þá sem vinna með persónuupplýsingar. Eftirlitið verði bæði í höndum þeirra sjálfra og Persónuverndar en líklegt má telja að slíkt geri þá sem nota persónuupplýsingar betur meðvitaða um skyldur sínar í vinnslu persónuupplýsinga og tryggi betur en ella aðgát þeirra í nærveru slíkra upplýsinga.

Í þriðja lagi er mælt fyrir um að persónuvernd geti stöðvað vinnslu sem henni er tilkynnt um eða mælt fyrir um önnur úrræði til að bæta gæði vinnslunnar og tryggja öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Er og lagt til að hún geti lagt dagsektir á þann sem ekki hlítir fyrirmælum hennar.

Í fjórða lagi skal Persónuvernd leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, m.a. með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir. Erlend reynsla sýnir að slíkar starfsreglur skapa aukinn skilning meðal hlutaðeigandi aðila og leiða til bættrar persónuverndar.

Í frv. er þó ekki gert ráð fyrir að leyfisveitingar muni hverfa með öllu. Af tilskipun ESB leiðir að skylt er að setja sérstakar reglur um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Í tilskipuninni er mælt fyrir um sérstaka meðferð þeirra tilvika þegar vinnsla getur skert réttindi hins skráða en það er á valdi hvers ríkis að ákveða hvaða vinnsla sé líkleg til þess.

Í gildandi lögum eru strangar reglur um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Er í raun sömu stefnu fylgt í frv. þessu en ítarlegri reglur settar um hvenær vinnsla þeirra sé heimil án sérstaks leyfis frá Persónuvernd. Er síðan lagt til að í öðrum tilfellum sé vinnsla þeirra háði leyfi Persónuverndar en auk þess að Persónuvernd geti ákveðið að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar.

Í frv. er að finna nokkrar nýjar efnisreglur. Er einkum gert ráð fyrir fjölgun efnisreglna um réttindi þeirra einstaklinga sem upplýsingar fjalla um. Ákvæði tilskipunar ESB byggja á því grundvallarviðhorfi að það sé réttur hvers einstaklings að ráða sjálfur yfir upplýsingum sem hann sjálfan varðar og er á því byggt í frv. Samkvæmt því er í fyrsta lagi lagt til að rýmkaður verði réttur manna til að fá almenna vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga og er það ekki bundið við hinn skráða. Er hér byggt á tilskipun ESB.

Í öðru lagi er lagt til að menn eigi í vissum tilvikum rétt á að fá fræðslu og aðvaranir þegar notaðar eru upplýsingar um þá. Skulu þeir sem vinna með persónuupplýsingar veita tiltekna fræðslu þegar upplýsingum er safnað hjá hinum skráða og aðvara hann þegar upplýsingum um hann er safnað annars staðar frá.

Í þriðja lagi er í frv. ákvæði um rétt hins skráða til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig. Slíkur réttur er talinn eitt áhrifaríkasta úrræðið til þess að koma í veg fyrir vinnslu rangra og villandi upplýsinga eða upplýsinga sem óheimilt er að vinna með.

Í fjórða lagi er í frv. ákvæði um rétt hins skráða til að fá rökstuðning fyrir ákvörðun sem byggist alfarið á rafrænni vinnslu. Oft fer beiting réttarreglna og ákvarðanataka fram með sjálfvirkum hætti við úrvinnslu í tölvum. Þá getur oft verið erfitt fyrir þann einstakling sem á hlut að máli að skilja hvaða regluverk býr að baki tiltekinni ákvörðun um rétt hans og skyldur. Því er í frv. lagt til að hann eigi bæði rétt á að fá rökstuðning fyrir niðurstöðunni þar sem gerð verður grein fyrir þeim reglum sem liggja ákvörðun til grundvallar og jafnframt að hann eigi rétt á að fá slíka ákvörðun unna handvirkt, þ.e. reiknað út í höndunum. Er hér byggt á tilskipun ESB.

Í fimmta lagi er í frv. að finna ákvæði um rétt manna til að láta leiðrétta, eyða eða bæta við ófullkomnar upplýsingar. Hér er gengið heldur lengra en í gildandi lögum. Lagt er til að Persónuvernd geti bannað notkun upplýsinga sem óheimilt

er að eyða eða breyta vegna ákvæða annarra laga. Einnig eru ákvæði um að hafi sá sem vinnur með persónuupplýsingar miðlað röngum eða villandi upplýsingum skuli hann eftir því sem honum er frekast unnt hindra að slíkt hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Í sjötta lagi er að finna ákvæði um þau lágmarksskilyrði sem vinnsla þarf að uppfylla. Þar er m.a. það ákvæði að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum um meðferð persónuupplýsinga.

Í sjöunda lagi er í frv. að finna ákvæði sem lúta að vöktun en tækniþróun hefur í seinni tíð gert það kleift að fylgjast með þegnum samfélagsins með nýjum og áður óþekktum aðferðum. Löggjöf hér á landi hefur á hinn bóginn ekki fylgt þeirri þróun eftir sem skyldi. Er því tímabært að bregðast við því svo sem gert er í frv. þessu, en það hefur að geyma ýmis ákvæði um vöktun, m.a. um aðvaranir og fleira.

Loks er í frv. gert ráð fyrir að settar verði reglur um notkun kennitölu og lagt til að hún sé heimil eigi hún sér lögmætan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu.

Hæstv. forseti. Ég hef nú rakið efnisatriði þessa mikilvæga frv. Þetta er stórt mál og viðamikið mál og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvaða áhrif telur hæstv. ráðherra að þetta frv., ef það verður að lögum, muni hafa á starfandi gagnagrunna, t.d. þjóðskrána, þar sem eru persónugreinanlegar upplýsingar t.d. um aldur og búsetu? Hvaða áhrif hefur þetta á hinn nýja gagnagrunn sem við ræddum um í gær, þ.e. skráningu fasteigna yfir allt landið og hvaða áhrif hefur þetta á grunna eins og krabbameinsskrána og fjölda annarra grunna sem við höfum í dag? (**ÖJ:** Gagnagrunn á heilbrigðissviði?) Hann er reyndar persónuógreinanlegur, herra forseti. En persónugreinanlegir grunnar eru til mjög víða og hvaða áhrif hefur það t.d. á grunna sem geymdir eru í Reiknistofu bankanna svo fáein dæmi séu nefnd?

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ábendingar hans. Ég geri ráð fyrir að þessar skrár muni halda sínu fulla gildi. Hins vegar verði mun strangari reglur sem gildi um söfnun upplýsinga og meðferð þeirra. En ég treysti því að hv. allshn. sem fær frv. til meðferðar muni skoða málið vel og ég trúi því að þar komi fram ýmsar mikilvægar upplýsingar m.a. í umsögnum sem veittar verða um frv.

[14:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég heyrði að hæstv. dómsmrh. treystir því að hv. allshn. sjái til þess að þetta fari ekki út um víðan völl og afgreiðsla málsins verði með þeim hætti að það verði þinginu til sóma. Ég á sæti í hv. allshn. og mun leggja mitt af mörkum til að svo geti orðið.

Virðulegi forseti. Það var dálítið áberandi í framsöguræðu hæstv. dómsmrh. að tilefni og tilkoma þess máls inn á hið háa Alþingi sé einkanlega það að uppfylla verði skyldur sem Evrópusambandið og EES-samningurinn leggur á okkur.

Ég vil halda því fram, virðulegi forseti, í ljósi þeirrar öru þróunar sem er í upplýsinga- og tölvumálum að gríðarlega mikilvægt sé að löggjöfin í þessum málum fylgi eins og kostur er tækniþróun á þessu sviði því að með hverju árinu breytast möguleikarnir á að nýta upplýsingar sem þessar og því held ég að það sé skylda stjórnvalda að leggja mikla áherslu á þennan þátt mannlífsins, þ.e. að tryggja persónuverndina. Ég ítreka það einnig að stjórnarskráin kveður skýrt á um að Alþingi skuli setja lög sem hafi það að markmiði að vernda þessa persónuvernd. Ég vil því miklu frekar leggja þá áherslu á málið að það sé skylda okkar að setja þessi lög en ekki að við séum hrakin til þess af Evrópusambandinu þó að margt gott komi nú þaðan.

Virðulegi forseti. Á 20 árum hafa verið í gildi þrenn lög um þetta svið, allt frá árinu 1991. Verði þetta frv. að lögum, sem ég geri fastlega ráð fyrir, þá eru þetta fjórðu lögin sem taka gildi hér á landi á 20 árum og það eitt segir okkur hversu ör þróunin er á þessu sviði. Á því gilda vitaskuld nokkuð margar reglur sem við verðum að horfa til og má þar nefna 71. gr. stjórnarskrárinnar sem leggur þá skyldu á herðar stjórnvöldum og Alþingi að setja reglur um vernd einkalífs, ýmsa mannréttindasáttmála sem við höfum undirgengist og staðfest, XXV. kafla almennra hegningarlaga, lög um réttindi sjúklinga og lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga sem þessu frv. er ætlað að leysa af hólmi.

Þetta er sá grunnur, virðulegi forseti, sem gerir það að verkum að okkur ber skylda til að setja skýrar og góðar reglur um persónuverndina og ég held að ef hv. þingnefnd er samstiga í þessu máli, þá megi sníða þá agnúa af því frv. sem við fjöllum um og ég ætla að gera að umræðuefni.

Eins og hæstv. ráðherra kom inn á eru nokkur grundvallarsjónarmið sem ganga í gegnum frv. Í fyrsta lagi er það persónuverndin sem reyna á að tryggja að verði í góðu lagi og í öðru lagi — það er kannski undirtónninn í þessu — eru það viðskiptasjónarmiðin. Það sem stingur talsvert í augu þegar frv. er lesið í gegn er að viðskiptasjónarmiðum almennt er gert dálítið hátt undir höfði. Og þegar viðskiptasjónarmið rekast á sjónarmið um persónuvernd, þá er það oft þannig að mönnum finnst eins og viðskiptasjónarmiðin séu sett framar. Þetta er verulegt umhugsunarefni, virðulegi forseti, í ljósi þeirra miklu möguleika sem breytingar á tölvu- og upplýsingakerfum samtímans gefa möguleika til.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, vil ég gagnrýna að hér er lagt upp með svokallaða tilkynningarskyldu, þ.e. ekki er hinni væntanlegu persónuverndarstofnun, sem mun verða stofnuð í kjölfar samþykktar þessa frv., ætlað að veita leyfi fyrir því að vinnsla á upplýsingum hefjist, heldur á frekar að fara þá leið að menn þurfa að tilkynna um að menn ætli að hefjast handa við þessar upplýsingar. Ég tel, virðulegi forseti, að miklu vænlegra væri að fara bannleiðina, þ.e. að veita þurfi leyfi fyrir því að vinna slíkar upplýsingar. Því við sjáum að þeir möguleikar sem tölvu- og upplýsingabyltingin gefur okkur geta gert það að verkum að menn eru á leiðinni með að fara með þessar upplýsingar kannski ekki eins vel og nauðsynlegt er. Menn geta hafið vinnslu áður en Persónuvernd hefur fjallað um beiðni viðkomandi vegna þess að menn geta hafið vinnslu eins og fram kemur í frv. um leið og tilkynning um væntanlega vinnslu er sett af stað, þ.e. áður en opinberir aðilar eru búnir að fjalla um hvort vinnslan sé með þeim hætti að hún uppfylli þessar kröfur, heldur hitt að hægt er að hefja vinnsluna um leið og tilkynning er send. Ég geld dálítinn varhug við þeirri leið og hvet hv. allshn. til

að taka þá hugmyndafræði til skoðunar, skoða hvort ekki sé varlegra þegar verið er að fara af stað í þessum efnum að menn byrji á því að krefjast þess að veitt sé leyfi og menn fari þá vandlega yfir það hvaða vinnsla á að fara fram. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og ég held að við þurfum að fara mjög varlega á þessu sviði.

Í stað þess að fara þá leið sem er í núgildandi lögum, þ.e. að hafa í gildi reglur um að bregðast við eða vera með fyrirbyggjandi ráðstafanir, þá á að vera með ráðstafanir eftir á. Það er nú einfaldlega þannig að slíkar ráðstafanir geta verið þess eðlis að of seint er að bregðast við ástandinu þegar það er komið upp.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég vekja athygli á því að í því frv. sem hér liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir því að einstaklingur sem hefur gefið samþykki sitt fyrir því að persónulegar upplýsingar um hann verði nýttar geti mótmælt þeirri vinnslu á meðan hún á sér stað. Þessu er á annan veg farið í þeirri tilskipun sem frv. er að hluta til unnið upp úr. Í grg. á bls. 34, segir, með leyfi forseta:

„Í frv. er ekki að finna ákvæði sem hafa beina samsvörun við hin tilvitnuðu ákvæði tilskipunarinnar," — þ.e. rétt hins skráða til að mótmæla tiltekinni vinnslu persónuupplýsinga — „en telja verður að þau réttindi hins skráða sem hér um ræðir séu nægilega tryggð í ákvæðum 25. og 26. gr. frv."

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé ekki nægilega vel frá málum gengið. Ég held að mikilvægt sé að þessi réttur aðila, þ.e. að þeir geti afturkallað samþykki sitt því að í raun og veru er ekki um neitt annað að ræða, verði tryggður í frv. og þar af leiðandi í lögum, verði frv. að lögum.

Þá vek ég líka athygli á því, virðulegi forseti, að eitt meginsjónarmiðið sem lagt er upp með í frv. er frjáls flutningur persónuupplýsinga milli landa sem væntanlega tengist þeirri grundvallarhugsun um EES-samninginn, þ.e. að löggjöf á öllu svæðinu sé mjög svipuð og ekkert megi hindra að eðlileg viðskipti eigi sér stað á þessu svæði og sambærilegar reglur gildi.

Ég held, virðulegi forseti, m.a. með tilliti til þess sem ég sagði áðan, að mjög hættulegt sé að þegar slíkar upplýsingar eru orðnar til, þá megi fleyta þeim áfram alveg án nokkurs eftirlits. Því legg ég á það verulega áherslu að við snúum þessari hugmyndafræði við, þ.e. að nægilegt sé að tilkynna að einhver starfsemi eigi að fara fram, heldur að hún hefjist ekki fyrr en leyfi er veitt. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Við fórum í gegnum grundvallarumræðu í fyrra um gagnagrunninn og það er náttúrlega nákvæmlega það sama sem hér er á ferðinni. Þetta er grundvallarumræða um persónuupplýsingar og við verðum að ganga mjög varlega um hvernig með þær er farið.

Það sem kannski vekur ekki síst athygli, virðulegi forseti, þegar þetta er skoðað að í fyrra í umræðunum um gagnagrunninn var kynnt fyrir hv. heilbr.- og trn. frv. til laga um persónuverd sem lá fyrir þegar sú umræða fór fram og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það hefði verið miklu eðlilegra að mínu viti að almenn umgjörð um persónuvernd, persónuupplýsingar og meðferð þeirra hefði legið fyrir áður en frv. um gagnagrunnin var lagt fram. Vegna þess að þegar þessi tvö frv. eru lesin saman, þ.e. frv. í fyrra sem hér kom fram áður en frv. um gagnagrunninn var samþykkt og það sem nú liggur fyrir, þá virðist manni vera alveg augljóst að þetta frv. er hannað eftir þeim kröfum sem frv. og lögin um gagnagrunna setja. Og það er mjög alvarlegur hlutur, virðulegi forseti, að hinar almennu leikreglur sem við erum að setja um persónuvernd skuli vera hannaðar eftir hugmyndinni um gagnagrunninn og vinnslu hans og það finnst mér bera merki þess hvaða forsendur hafðar eru að leiðarljósi og hafðar í forgang við setningu þessara laga.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að taka nokkur dæmi um breytingar sem hafa átt sér stað frá því að frv. sem kynnt var í heilbr.- og trn. kom fram í fyrra til þess frv. sem við fjöllum um hér.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, er í 2. gr. í þessu frv. fjallað um viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla á þeim upplýsingum er reyndar að mestu leyti leyfisskyld sem betur fer þó mjög sé dregið úr því í þessu frv. frá því sem var í drögunum. Í þeim sagði, virðulegi forseti — en það er ekki í frv. nú — og ég leyfi mér að vitna í þar sem fjallað er um hvað teljist viðkvæmar persónuupplýsingar. Í frv. frá því í fyrra töldust það viðkvæmar persónuupplýsingar að fara með upplýsingar um einkafjárhag. Ég tel, virðulegi forseti, að það séu viðkvæmar upplýsingar, að fjalla um einkafjárhag. Það finnst mér vera grundvallarupplýsingar um persónu, eitt af því sem skiptir hvað mestu máli. Þetta þóttu í fyrra viðkvæmar upplýsingar en af einhverjum ástæðum er það horfið úr frv. núna. Þetta finnst mér mjög merkilegt.

Í grein sem núv. ráðuneytisstjóri í iðn.- og viðskrn. skrifaði í Tímarit lögfræðinga — ég hef víst ekki tölublaðið hér — fjallar hann einmitt um að svið einkalífs skuli njóta nokkuð rýmri verndar. Hann vitnar í XXV. kafla almennra hegningarlaga og tekur t.d. dæmi af fjárhagsmálefnum, þ.e. að fjárhagsmálefni séu heyri vitaskuld til viðkvæmra persónuupplýsinga. Þetta kemur fram í grein núv. ráðuneytisstjóra í iðn.- og viðskrn. Ég held, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmrh. skuldi okkur skýringu á því að meðferð á upplýsingum um einkafjárhag skuli ekki teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga.

Ég veit ekki hvort það er í mínum verkahring að leiða líkur að einhverju svari. En í gær fjölluðum við um merkilegt frv. um Landskrá fasteigna. Ég er ekki frá því að það sé m.a. ástæðan fyrir því að þetta var tekið út. Þetta finnst mér mjög alvarlegt ef grundvallarsjónarmiðið í þessu frv. er að tryggja að hægt sé að ná í allar upplýsingar en persónuverndin sé einhvers konar afgangsstærð. Mér finnst mjög alvarlegt ef það er rétt ályktað hjá mér, virðulegi forseti.

Annað dæmi sem ég vil taka um breytingar frá því í fyrra, á því sem þótti viðkvæmar persónuupplýsingar í fyrra en þykir ekki núna. Í g-lið 2. gr. frumvarpsdraganna sagði, og ég ætla að leyfa mér að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Upplýsingar um félagsleg vandamál og önnur einkalífsatriði sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari."

Virðulegi forseti. Það þarf nú kannski ekki að halda um þetta langa ræðu. En er þetta ekki eitt af grundvallaratriðunum þegar litið er til viðkvæmra persónuupplýsinga? Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. komi hér upp á eftir og skýri hvað veldur því að upplýsingar um einkafjárhag, viðkvæm félagsleg vandamál og önnur einkalífsatriði töldust viðkvæmar persónuupplýsingar í fyrra en teljast það ekki núna. Ég hef ekki orðið var við að viðhorf til þessara mála hafi almennt breyst svo stórkostlega.

Annað dæmi, virðulegi forseti, vil ég nefna. Í 9. tölul. 9. gr. frumvarpsdraganna frá því í fyrra segir, þegar fjallað er um vinnslu viðkvæmra persónulegra upplýsinga:

„Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er því aðeins heimil að: ... vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- og vísindarannsókna," — þetta er hið sama og segir í frv. sem nú

liggur fyrir þinginu. Hins vegar er dottin út þessi aukasetning: „enda sé útilokað að hún geti haft bein áhrif á hagsmuni einstaklinga."

Ég held, virðulegi forseti, að hér sé dæmi um að hin almenna umgjörð um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sé eiginlega hönnuð eða formuð, ef svo má að orði komast, að núgildandi lögum um gagnagrunninn. Mér finnst af þeim dæmum sem ég hef nefnt hér, mjög alvarlegt ef hinar almennu reglur um persónuvernd eiga að taka mið af hagsmunum af þessum toga. Ég hefði haldið að hin almenna persónuvernd og meðferð slíkra upplýsinga ætti að vera í forgangi en annað eigi síðan að taka mið af þeim reglum. Hér er þessu snúið við. Mér finnst alvarlegt að þetta skuli vera lagt upp þannig eins og ég sagði í upphafi máls míns.

Mér finnst þetta frv. lykta talsvert af því að þar sem viðskiptasjónarmið og sjónarmið um vernd persónu og persónuupplýsinga rekast á sé viðskiptasjónarmiðunum gert fremur hátt undir höfði. Mér finnst það vera alvarlegt, einkanlega í ljósi stórkostlegra breytinga í tölvu- og upplýsingamálum og möguleikum manna á að nýta upplýsingar. Þetta er rauði þráðurinn í þessu frv. Ég tel það gagnrýni vert og vona að hv. allshn. muni fara mjög vandlega ofan í þennan þátt málsins. Þarna tel ég að byggt sé á forgangsröðun sem ekki er ásættanleg fyrir hinn almenna borgara.

Virðulegi forseti. Ég hef hér í máli mínu fjallað um það sem ég tel gagnrýnivert í þessu frv. Ég hef einbeitt mér að því að fjalla um hvað ég tel að bæta megi í frv. áður en það verður að lögum. Ég vil hins vegar jafnframt taka fram að mjög margt í þessu frv. er gott. Það munum við án efa fjalla vel og vandlega um í nefndinni og bæta þar sem við á. En ég vil vekja athygli á þessum grundvallarsjónarmiðum og gera athugasemdir við þau. Við megum ekki leika okkur að því að ganga um þetta svið þannig að hætta sé á að þessar upplýsingar verði misnotaðar. Við verðum að hafa möguleika á að grípa inn í í tíma. Við þurfum að setja persónuverndina ofar hugmyndum um viðskiptasjónarmið, a.m.k. meðan við erum að feta okkur inn á að tryggja þessar upplýsingar með löggjöf. Þróunin er svo gríðarlega ör að ég tel skynsamlegra að fara varlega af stað og breyta þá reglunum fremur en að opna þetta allt upp á gátt og sitja kannski eftir með sárt ennið. Það gæti orðið afdrifaríkt fyrir þá einstaklinga sem yrðu fyrir því að upplýsingar um þá væru misnotaðar.

Virðulegi forseti. Hér er mjög stórt mál á ferðinni og Alþingi verður að vanda til verka við afgreiðslu þessa máls.

[14:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um leið og ég þakka hv. þm. fyrir ábendingar hans þá vil ég bregðast nokkuð við þeim. Ég átti sjálf sæti í heilbr.- og trn. þegar frv. að lögum um gagnagrunn voru í vinnslu þar. Þar komu fram ákveðnar upplýsingar, drög að frv. að nýjum lögum um persónuvernd, það var ekki fullkomið frv. sem þar var kynnt. Þeim atriðum sem hv. þm. nefndi hefur m.a. verið breytt til að aðlaga þetta frv. betur að þessari tilskipan Evrópusambandsins. Þessi atriði verða þó væntanlega eins og önnur skoðuð sérstaklega í hv. allshn. Ég tek undir með honum að þróunin í þessum málum er gríðarlega ör og því full ástæða til að skoða þetta mál vel og vandlega.

[14:25]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að reyna að skýra það sem ég spurði hana um. Ég vil þó nefna sérstaklega að ákveðin atriði verðum við sjálf að taka til athugunar og meta sjálfstætt. Mér finnast atriðin sem ég vitnaði til áðan vera grundvallaratriði í persónuvernd. Mér finnst ekki hægt að skýla sér á bak við það að hugsanlegt sé að þarna hafi menn verið að aðlaga þetta frv. að tilskipunum Evrópusambandsins. Ég dreg stórlega í efa að í Evrópusambandinu teljist ekki einkamál auk fjárhagsmálefna o.fl. til atriða sem njóta þurfi persónuverndar. Ég efast um það, virðulegi forseti.

[14:26]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og hér hefur verið rakið má segja að tilurð þessarar endurskoðunar á lögunum um persónuvernd sé fyrst og fremst aðlögun íslenskra laga að tilskipun ESB frá 24. okt. 1995. Vissulega er ýmislegt í þessu frv. til bóta frá núgildandi lögum, sem eru nokkuð við aldur miðað við þá þróun sem átt hefur sér stað á sviði rafrænnar skráningar og vinnslu upplýsinga. Þar af leiðandi er tími til kominn að endurskoða lögin frá grunni.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því og í upphafi máls míns spyrja dómsmrh. hverju sæti þær tafir sem orðið hafa á framlagningu þessa frv. og umræðum um það. Með það í huga að tilgangur frv. er fyrst og fremst sá að aðlaga íslenskan rétt að þessari tilskipun Evrópusambandsins þá bendi ég á að í tilskipun Evrópusambandsins segir að aðildarríkin skuli eigi síðar en þremur árum eftir samþykkt tilskipunarinnar innleiða hana í sinn rétt. Það hefði, eftir því sem mér best sýnist, átt að gerast 24. okt. 1998, fyrir rúmu ári síðan.

Þetta er sérlega undarlegt í ljósi þess að fram kemur í athugasemdum með frv. að nefnd sú sem samdi frv. undir forustu Þorgeirs Örlygssonar, páv. prófessors og formanns tölvunefndar, lauk störfum 1. okt. 1998. Hún hefur skilað sínu verki innan tilskilins tíma. Því vekur það óneitanlega undrun að þetta mál skuli ekki hafa komið hér fyrr fyrir Alþingi, ekki síst í ljósi þess stóra máls sem við ræddum hér á síðasta ári, um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði. Í tengslum við það var margoft kallað eftir því að þetta frv. kæmi til umræðu í þinginu þannig að umræður gætu verið málefnalegri en reyndin varð. Í þessu frv. hér höfum við nefnilega stóra leiðarvísinn, leikreglurnar og grundvöllinn. Við vorum alltaf að ræða um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði án þess að hafa þessar leiðbeiningarreglur hér við höndina.

Drögin að frv. sem þá lá fyrir í dómsmrn. voru reyndar afhent heilbr.- og trn. og komu inn í umræðuna eins og hér hefur reyndar verið rakið. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson bar saman þau drög og þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil samt sem áður ítreka spurningu mína til hæstv. dómsmrh. um það hvernig standi á því að ekki mátti bregðast við fyrr og koma þessu máli á tilsettum tíma inn í þingið. Það hefði óneitanlega stytt okkur leið í þeirri miklu vinnu sem lá að baki gagnagrunnsumræðunni.

Ég verð þó að segja að mig grunar að ástæðan fyrir því að þetta mál var ekki tekið hér fyrr sé sú sem ég og margir fleiri andstæðingar gagnagrunnsfrv., sem orðið er að lögum, héldum fram, að þetta frv. stangaðist í megindráttum á við gagnagrunnsfrv. sem varð síðan löggilt. Þess vegna tengj-

ast þessi tvö mál óneitanlega, bæði hvað varðar efnislegt innihald og málsmeðferð.

Ég vil líka vekja athygli á því sem dregið er fram í athugasemdum um þetta frv. þar sem rætt er um alþjóðlega þróun reglna á þessu sviði. Á bls. 19 í frv. er mjög greinargóður kafli um alþjóðlega þróun réttarreglna um vernd persónuupplýsinga og dregnir fram þeir helstu sáttmálar eða samningar og alþjóðlegar yfirlýsingar sem við erum skuldbundin af eða höfum tekið til hliðsjónar við smíð þessara reglna. En það er líka bent á að alþjóðlegt samstarf á sviði persónuverndar hefur farið mjög vaxandi á síðari árum og ýmis fjölþjóðleg samtök hafa sinnt persónuverndarmálum í auknum mæli. Íslendingar hafa hin seinni ár tekið virkan þátt í slíku starfi Evrópuráðsins og víðar. Þetta minnir okkur líka á mikilvægi þess að vera virk í alþjóðlegri umfjöllun um þessi mál og kannski gerir það að verkum að við förum aftur að hugsa um gagnagrunnsmálið þar sem því var gjarnan stillt upp sem séríslensku máli sem þyrfti ekki að taka tillit til þess umhverfis sem við búum við en eins og við munum kom fram mikil andstaða við það mál mjög víða að úr umheiminum. Því miður óttast ég nú að það mál eigi ekki eftir að verða landi okkar og þjóð til sóma í náinni framtíð.

Ég ætla ekki að fara ofan í efnisákvæði frv. að öllu leyti en dreg einungis fram þau atriði sem ég tel vert að gera athugasemdir við á þeim stutta tíma sem ég hef hér til umfjöllunar. En ég vil kannski byrja á því sem er þó grundvallaratriði og snertir enn og aftur gagnagrunninn margumrædda, það er skilgreiningin á því hvað eru persónugreinanlegar upplýsingar eða persónuupplýsingar.

Í þessu frv. segir: „Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, hins skráða."

Síðan segir í sjálfri tilskipun Evrópusambandsins sem við erum hér að innleiða í 2. gr.: „„persónuupplýsingar": allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, („hinn skráða"). Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti;"

Enn og aftur minnir það okkur á að upplýsingarnar sem eru í gagnagrunninum eru persónugreinanlegar samkvæmt þessari skilgreiningu og það var ekki síst sú skilgreining og umfjöllun um hana í þessu frv. og þeim drögum sem lágu fyrir þinginu í fyrra þegar við vorum að ræða um gagnagrunninn sem sagði okkur að þetta er algjörlega ólíkt því sem byggt er á í gagnagrunnsmálinu og hv. þm. Pétur Blöndal minnti hér á áðan, en þar var sá brauðfótur sem þau lög standa á og byggist á því að upplýsingarnar séu persónugreinanlegar, eins og hv. þm. Pétur Blöndal orðaði það, en var talað um sem ópersónugreinanlegar í lögunum.

Ég vil líka spyrja hæstv. dómsmrh. um hvernig hann sjái að þessi tvenn lög geti samrýmst, annars vegar lögin um gagnagrunn hvað þessa skilgreiningu varðar og hvort það í raun og veru gangi, eftir að þessi tilskipun hefur verið felld inn í íslensk lög, að hafa þessa skilgreiningu í gagnagrunnslögunum á þann veg sem gert hefur verið. Ég óttast að eftirmál verði af því hvernig við höfum unnið það mál og m.a. hvernig við höfum skilgreint hugtakið „persónugreinanlegar upplýsingar" og vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig hann sjái að þetta í raun og veru standist tilskipunina.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fór yfir mismuninn á frumvarpsdrögunum og þessu frv. að því er vék að einkafjárhag og upplýsingum um félagsleg vandamál. Ég vil sérstaklega gera upplýsingar um félagsleg vandamál að umtalsefni því að mér sýnist auðséð að þar sé verið að aðlaga þetta frv. að gagnagrunnslögunum því að eins og við sáum í Morgunblaðinu, þar sem sagt var frá og reglurnar birtar sem gilda um rekstrarleyfi vegna gagnagrunnsins, að þar er m.a. gert ráð fyrir að skrá félagsleg vandamál af ýmsum toga. Það stangast með öðrum orðum á við það sem a.m.k. var lagt til í þeim drögum sem komu frá nefndinni sem samdi frv., það er tekið hér út að því er mér sýnist án nokkurra skýringa, en í grg. með þessu frv. segir, með leyfi forseta:

„Ákvæðið svarar að mestu til 4. gr. gildandi laga að því frátöldu að upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál teljast ekki lengur til viðkvæmra upplýsinga." Punktur. Svo kemur reyndar í framhaldi. „Á hinn bóginn er tekið fram að með upplýsingum um heilsuhagi sé m.a. átt við upplýsingar um erfðaeiginleika." En það eru nú varla félagsleg vandamál. Ég get alla vega ekki séð beint samhengi þar þá milli.

Með öðrum orðum, þetta er tekið út úr þessum frumvarpsdrögum án nokkurra skýringa og er í núgildandi lögum líka. Og ég velti því fyrir mér hvernig það verður túlkað af lögskýrendum síðar þegar þetta er tekið úr lögum, jafnvel þó ég geri mér grein fyrir því að þessi upptalning sé ekki tæmandi og það megi svara því á þann hátt að hún sé ekki tæmandi, hvorki í tilskipunin né hér, þá eigi að síður: Af hverju er verið að taka þetta út og af hverju er það ekki skýrt frekar í greinargerð? Ég vil biðja um skýringar á því af hverju ákvæðið um félagsleg vandamál er tekið út einhverjar aðrar en þær að upptalningin sé ekki tæmandi því annars gætum við tekið bara eitthvað annað út ef við vildum án þess að skýra það neitt frekar. En þetta skiptir máli varðandi lögskýringu á greininni í framtíðinni.

Ég vil líka víkja aðeins að almennum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, II. kafla frv. en í 2. tölulið 7. gr. er m.a. sagt eftirfarandi, með leyfi forseta: „fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt".

Ef við nú skoðum þetta í samhengi við það sem sagði í frumvarpsdrögunum þá er í raun og veru um allt annað að ræða. Þar er yfirskrift greinarinnar Málefnalegur tilgangur vinnslu, og þar segir:

„Vinnsla persónuupplýsinga skal eiga sér skýrt afmarkaðan, málefnalegan og lögmætan tilgang miðað við eðli þeirrar starfsemi sem ábyrgðaraðili hefur með höndum."

Og þarna komum við aftur að öðru stórmáli í gagnagrunnsmálinu. Það er spurningin um tengslin á milli tilgangs skráningarinnar og hins vegar notkunar þeirra og síðan er spurningin um að afhenda upplýsingarnar þriðja aðila. Og aftur erum við komin að ákvæði, a.m.k. í eldri frumvarpsdrögunum sem komu frá nefndinni og stangast á við gagnagrunnslögin en hefur verið svolítið lagað að þeim lögum að mínu mati í þessari útgáfu sem við sjáum hér.

„Ekki má vinna", segir í eldri tillögu nefndarinnar, „með aðrar persónuupplýsingar en þær sem þýðingu hafa fyrir yfirlýstan tilgang og skal vinnsla þeirra verið eðlilegur þáttur í starfsemi ábyrgðaraðila."

Ef við síðan skoðum í þessu samhengi grein sem Þorgeir Örlygsson, fyrrv. prófessor, sem samdi lögin, skrifaði í Úlf-

ljót, tímarit laganema sem heitir Meðferð persónuupplýsinga í vísindarannsóknum. Þar segir um þetta, með leyfi forseta, þar sem hann er að rekja skilyrði persónuverndarreglna fyrir skráningu heilsufarsupplýsinga:

„Fyrsta skilyrði tölvulaga er það sem fram kemur í 3. gr. laganna, að kerfisbundin skráning persónuupplýsinga sé því aðeins heimil að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi skráningaraðila og taki einungis til þeirra sem tengjast starfi hans eða verksviði. Þannig má sem dæmi nefna að sá sem heldur skrá um fjárhagsmálefni og lánstraust samkvæmt ákvæðum V. kafla tölvulaga, skráir ekki heilsufarsupplýsingar í vísindaskyni. Slíkt getur hins vegar verið eðlilegt af hálfu lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsmanna heilbrigðisstofnana. Sömuleiðis af hálfu starfsmanna háskóla-, vísinda- og rannsóknastofnana hvort heldur sem þær eru í eigu hins opinbera eða einkaaðila."

Þarna komum við aftur að einni meginröksemdinni sem ríkisstjórnin hafði í gagnagrunnsmálinu, þ.e. upplýsingar liggja hvort eð er úti um allar trissur. En þar liggja þær í beinum tengslum við þann tilgang sem lá að baki þegar þeirra var aflað og þar af leiðandi er stór munur á því.

Með öðrum orðum, búið er að bæta inn í þetta frv. frá því sem tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir að frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt. Ég held að þarna sé mjög augljóslega verið að aðlaga þessar almennu leikreglur að sérreglunum um gagnagrunninn.

Það er líka ein grein í eldri tillögum nefndarinnar sem ég finn ekki í yfirferð minni í frv. sem nú liggur fyrir, og ég vil því biðja hæstv. dómsmrh. að leiðrétta mig ef efnisatriði þeirrar greinar er að finna annars staðar í frv., en það er 8. gr. eldra frv. sem bar yfirskriftina Vinnsla í nýjum tilgangi:

„Hafi persónuupplýsingum verið safnað í ákveðnum tilgangi má því aðeins vinna með þær í nýjum tilgangi að hinn skráði samþykki vinnslu í nýjum tilgangi eða lagaheimildir standi til vinnslu í nýjum tilgangi."

Þarna höfum við reyndar lagaheimild í gagnagrunnsmálinu. En ég velti því fyrir mér í fyrsta lagi hvort það sé þá rétt hjá mér að þessi grein hafi verið tekin út og þá af hverju, vegna þess að hún hefur vissulega þýðingu eins og hún kemur fyrir í tillögum nefndarinnar og er að því er mér sýnist tekin út án þess að það sé sérstaklega rakið. Ég vildi gjarnan fá skýringar á því, en sérstaklega vegna þess að í frumvarpsdrögunum frá nefndinni er það tekið fram í athugasemdum að þessi grein lögfesti í raun og veru fyrirmæli tilskipunar Evrópusambandsins sem hér um ræðir og reyndar líka framkvæmd tölvunefndar. Þannig að ef greinin er ekki efnislega einhvers staðar í frv. þá spyr ég: Hvernig á að lögfesta þetta skilyrði eða þessi fyrirmæli tilskipunarinnar ef það er ekki gert í þessari grein?

Ég vil aðeins gera að umtalsefni 10. gr. frv. Þar er fjallað um notkun kennitölu og ég held að það sé mjög æskilegt sem lagt er til í tilskipuninni að aðildarríki setji skýrar reglur um notkun kennitölu vegna þess að ég held að við Íslendingar notum kennitölu óvenju mikið ef við berum okkur saman við marga aðra. Við getum varla farið út á myndbandaleigu eða pantað okkur flugmiða eða guð má vita hvað öðruvísi en að þurfa að gefa upp kennitölu og væntanlega eru þá til hinir ýmsu gagnabankar um okkur í hinum og þessu söluturnum og annars staðar í samfélaginu. Ég held að mjög gott væri ef um þetta yrðu settar skýrari reglu en nú eru vegna þess að með auknum tæknimöguleikum varðandi samkeyrslu upplýsinga og annað þá held ég að mjög æskilegt sé að við förum svolítið sparlega með það að gefa upp kennitöluna okkar. Og að því er mér sýnist þá mun lögleiðing þessarar tilskipunar hafa það í för með sér að settar verði um það reglur og fagna ég því.

Ég vil líka benda á eitt lítið atriði í 14. gr. sem vekur spurningar. Þar segir:

„Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum tiltekinna greina svo fljótt sem verða má ... "

Í tillögum nefndarinnar var sagt að ábyrgðaraðili skuli verða við kröfum svo fljótt sem verða má. Þarna er því ákveðinn munur á. Mér finnst munur á því að afgreiða erindi, eins og nú er lagt til, eða verða við þeim kröfum sem upp eru settar og spyr ég hverju þetta sæti, hvers vegna sú leið sé farin að afgreiða erindi, og hvort það þýði þá að ekki þurfi að verða við þeim kröfum sem koma fram í því erindi. Þetta er sem sagt í upphafi 14. gr.

Ég vil í lokin drepa á skipulagi persónuverndar og stjórnsýslu. Mér sýnist að samkvæmt þeim tillögum sem nefndin lagði fram hafi verið gert ráð fyrir meiri starfsemi í kringum persónuverndina. Í dag er talað um stofnun sem heyri stjórnarfarslega undir dómsmrh., sem hefur í raun ekki málskotsrétt. Ákvörðunum hennar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda þannig að hún hefur ekki málskotsrétt. Í eldra frv. var gert ráð fyrir að annars vegar yrði sérstök skrifstofa og hins vegar ráð og ákvörðunum Persónuverndar mætti skjóta til áfrýjunarnefndar persónuverndarmála. Mér sýnist, eins og þetta er lagt upp hér, að hér sé gert ráð fyrir að þetta verði nokkurs konar undirstofnun dómsmrn. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvers vegna ekki hafi verið farið að þeim tillögum sem nefndin lagði til, sérstaklega að því er varðar málskots- eða áfrýjunarmöguleikann sem ég tel mikilvægan í þessu tilviki, að sérstök áfrýjunarnefnd sé starfandi eins og lagt var til í upphaflegu drögunum.

[14:45]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér koma fram margar spurningar og ábendingar. Ég vil fyrst taka fram að hv. þm. hefur greinilega undir höndum drög að sem voru í vinnslu og voru kynnt í heilbr.- og trn. á síðasta ári. Ég hef þau drög ekki undir höndum og get því ekki farið í nákvæman samanburð í þessu máli. Ég vil hins vegar vísa til þess sem ég sagði áðan við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson um að skoða þurfti málið mun betur og koma með ákveðnar breytingar, m.a. til að aðlaga það betur að þessari tilskipun. Það er greinilegt að það mál þurfti ákveðinn tíma. Ég vil þó vekja athygli á því að þetta frv. kom fram fyrr í vetur en eins og hv. þingmönnum er kunnugt um þá gafst ekki tími til þess að ljúka meðferð þess fyrir jólin.

Einnig var minnst á lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði og þau borin saman við það frv. sem hér er til umræðu. Þau eru sérlög og ganga því framar almennum lögum um persónuvernd. En það er sérstaklega farið inn í þetta mál varðandi skilgreiningar sem hv. þm. spurði um á bls. 43 í frv. Ég vitna til þess í grg. og hv. þm. geta litið á það.

Varðandi 14. gr. segir í athugasemdum að þar sé gengið lengra en er í tilskipun ESB, þar er ekki að finna heildarákvæði eins og hér er lagt til að lögfest verði heldur aðeins dreifð ákvæði um kröfu til málsaðila af hálfu ábyrgðaraðila. Mér sýnist því að þetta ákvæði feli í sér réttarbætur fyrir einstaklinginn frekar en hitt.

[14:48]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á að drögin sem ég hef undir höndum eru tillögur nefndarinnar eins og þær komu frá nefndinni, sem vann í raun frv. og þess vegna er ekkert óeðlilegt að þetta tvennt sé borið saman. Ég geri mér grein fyrir því að þetta voru frumvarpsdrög. Þau voru hins vegar lögð fyrir heilbr.- og trn. að kröfu nokkurra stjórnarandstæðinga í nefndinni þar sem þessi mál tengjast óneitanlega. Það er mjög eðlilegt að þetta tvennt sé borið saman, annars vegar tillögur nefndarinnar og hins vegar sú útgáfa sem hér kemur fram og eðlilegt að beðið sé um skýringar á því.

Varðandi gagnagrunnslögin annars vegar og hins vegar þetta frv. er það rétt sem hæstv. dómsmrh. segir að sérlög ganga framar almennum lögum. Það er almenn regla. Eigi að síður þurfa sérlög að standast alþjóðasamþykktir. Við erum hér að lögleiða ákveðna tilskipun Evrópusambandsins sem innifelur ákveðna skilgreiningu á hvað séu persónugreinanlegar upplýsingar. Á meðan sú skilgreining stangast á við þessi ákveðnu sérlög er ekki óeðlilegt að við spyrjum: Hvernig telur hæstv. dómsmrh. að gagnagrunnslögin standist þessa skilgreiningu? Í raun er mjög skýrt, eins og ég rakti í máli mínu áðan, hvernig tilskipunin tekur á þessu. Þegar við lögleiðum þessa tilskipun þá hljótum við að lögleiða hana almennt og einnig varðandi þessi sérlög. Ekki er nóg að lögleiða hana bara í almennum lögum. Sérlög þurfa vissulega að taka tillit til og vera byggð og grundvölluð á alþjóðasamþykktum og alþjóðlegum skuldbindingum sem við þurfum að fara eftir.

[14:50]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka tilmæli mín til hv. þm. um að hann líti á það sem stendur á bls. 43 í þessu frv. þar sem segir í grg., með leyfi virðulegs forseta:

„Af þessu leiðir að ákvæði frumvarps þessa breyta ekki þeirri niðurstöðu að upplýsingar sem verður að finna í gagnagrunni á heilbrigðissviði teljast ekki persónuupplýsingar, enda verði gætt allra þeirra öryggisráðstafana til verndar upplýsingunum sem lögin mæla fyrir um. Fullt samræmi er milli þeirrar skilgreiningar sem byggt er á í þessu frumvarpi annars vegar og þeirrar sem byggt er á í lögum nr. 139/1998 hins vegar."

[14:51]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil svara með því að lesa hér upp úr skilgreiningu tilskipunarinnar sem þessum lögum er ætlað að lögleiða. Þar segir:

„Persónuupplýsingar: Allar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Maður telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti."

Ég vil svara með þessu.

[14:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu mjög mikilvægt mál, frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ég vil taka undir ábendingar og gagnrýni sem fram hefur komið í máli þeirra tveggja þingmanna sem fjallað hafa um málið auk hæstv. ráðherra, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og Bryndísar Hlöðversdóttur. Þau hafa bæði vakið athygli á frumvarpsdrögum sem sýnd voru einni starfsnefnd Alþingis haustið 1998 þegar gagnagrunnur á heilbrigðissviði var til umfjöllunar á Alþingi.

Hvers vegna voru nefndinni sýnd þessi drög? Jú, vegna þess að menn höfðu áhyggjur af persónuvernd í nýjum lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Þess vegna voru frumvarpsdrögin sýnd nefndinni.

Ég er ansi hræddur um að hæstv. heilbrrh. skuldi Alþingi skýringar á því að úr frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir hafa verið tekin ýmis ákvæði sem áður var að finna í umræddum frumvarpsdrögum. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gerðu grein fyrir þessu og vísuðu til 2. gr., 9. gr. og 7. gr. frumvarpsins og einnig má vísa til 33. gr. Ég vil gera ábendingar þeirra að mínum að mestu leyti.

Í 2. gr. er m.a. fjallað um skilgreiningu á viðkvæmum persónuupplýsingum. Eins og fram kom í máli þeirra hafa tveir liðir verið felldir út í frv. eins og það kemur nú fyrir Alþingi, annars vegar upplýsingar um einkafjárhag, það ákvæði hefur verið fellt út úr frv., og hins vegar ákvæði sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Upplýsingar um félagsleg vandamál og önnur einkalífsatriði sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari."

Þetta ákvæði hefur einnig verið fellt úr frv. Hér erum við að vísa til skilgreiningar á viðkvæmum persónuupplýsingum.

Þegar flett er upp á 33. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Án leyfis Persónuverndar er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga óheimil í öðrum tilvikum en þeim sem falla undir 1. mgr. 9. gr."

Með öðrum orðum, hér er í fyrsta lagi vísað til skilgreiningar á viðkvæmum upplýsingum og það er gert í 2. gr. frv. Í 33. gr. frv. er vísað til hvaða upplýsingar er heimilt að vinna með. Í 9. gr. frv., sem 33. gr. vísar til, er að finna ákvæði þar sem segir, með leyfi forseta: „vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna." Vinnslan er heimil sé vinnslan nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsókna. Í frumvarpsdrögum sem kynnt voru heilbrn. Alþingis í nóvember 1998 er rekinn endahnútur á þessa setningu. Þar segir, með leyfi forseta:

„... enda sé útilokað að hún geti haft bein áhrif á hagsmuni einstaklinga."

Þar erum við aftur komin að hinum viðkvæma gagnagrunni á heilbrigðissviði. Það er deilt um að hvaða marki þær upplýsingar sem fara inn í grunninn séu persónugreinanlegar. Miklar deilur standa um það í þjóðfélaginu að hvaða marki þær eru persónugreinanlegar. Þess vegna skuldar hæstv. heilbrrh. Alþingi skýringu á því hvers vegna verið er að þrengja vernd einstaklingsins eins og gert er í þessu frv.

Herra forseti. Þetta frv. er mjög mikilvægt og því nauðsynlegt að það fái vandaða umfjöllun í meðferð þingsins. Ég get heitið því að ég mun leggja mitt af mörkum sem áheyrnarfulltrúi í allshn. til að svo verði gert.

Almennt vil ég segja um þetta frv. að það er eitt af mikilvægustu verkefnum samtímans að feta einstigið á milli þess annars vegar að verja og vernda upplýsingar um einstaklinginn og hins vegar að sjá til þess að við lokum ekki samfélaginu, að feta einstigið á milli lokaðs samfélags og samfélags þar sem einstaklingurinn nýtur persónuverndar. Margt er að gerast í samtímanum sem veldur því að þessi vandi er stór og mikill. Annars vegar fleygir tækninni fram á tölvusviði og gefur okkur og samfélaginu mikla möguleika

á að skrá niður hvers kyns upplýsingar og þar af leiðandi að fylgjast með einstaklingnum. Annars vegar er það tæknin og hins vegar er það pólitíkin, hvernig þessi tækni er nýtt og hér á þinginu erum við stöðugt að fjalla um lagasetningu sem snýr að þessu, Schengen er eitt, gagnagrunnur á heilbrigðissviði er annað.

Í gær var til umfjöllunar frv. til laga um mat og skráningu á fasteignum og þótti þar mörgum of langt gengið gegn einstaklingnum. Ég á eftir að skoða það betur sjálfur og hug minn í því efni en ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég vil þjóðfélagið eins opið og kostur er þegar snýr að eignum og tekjum fólks. Þess vegna er ég ekki viss um að ég muni gera athugasemdir við það þó eitthvað verði dregið úr verndinni varðandi einkafjárhaginn. Ég er ekki viss um að það snerti hjarta mitt á sama hátt og ég hef áhyggjur af öðrum lið sem þar var felldur út sem lýtur að félagslegum vandamálum og atriðum sem sanngjarnt getur talist að leynt fari.

Eins vitum við að margir telja það óeðlilegt og óæskilegt að þjóðin hafi upplýsingar um tekjuskiptingu. Það veldur titringi þegar skattskýrslurnar koma til umfjöllunar í fjölmiðlum á hverju sumri. Ég er því fylgjandi sjálfur, ég vil hafa opið samfélag að þessu leyti. Ég fylgdi því mjög eindregið eftir þegar upplýsingalögin voru til umfjöllunar á Alþingi að ekki yrði lokað á upplýsingar um tekjur opinberra starfsmanna. Sú viðleitni er mjög rík að loka á upplýsingastreymi á því sviði. Samtök launafólks hafa barist gegn þeirri lokunartilhneigingu sem gerir vart við sig í ráðuneytum og stofnunum samfélagsins. Ég er því fylgjandi að opna allt, opna allar gáttir hvað þetta snertir. En þetta nefni ég aðeins til að leggja áherslu á að við erum að feta einstigi á milli persónuverndar og lokaðs samfélags hins vegar. Ég vil tryggja persónuverndina en ég vil ekki loka samfélaginu.

[15:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um það að hér er um stórt og mikilvægt mál að ræða. En hvað teljast viðkvæmar persónuupplýsingar? Hv. þm. nefndi sérstaklega breytingar sem hefðu verið gerðar á 2. gr. frv. frá þeim drögum sem hér eru margumrædd. En ég vil benda á athugasemdir með þeim lið frv. á bls. 47, þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Viðkvæmar persónuupplýsingar. Í þessu ákvæði og í 9. gr. frv. er tekið upp ákvæði 8. gr. tilskipunar ESB. Ákvæðið skýrir hvað teljast vera viðkvæmar persónuupplýsingar og hefur það fyrst og fremst þýðingu við afmörkun á því hvenær vinnsla persónuupplýsinga er leyfisskyld skv. 33. gr. Ákvæðið svarar að mestu til 4. gr. gildandi laga að því frátöldu að upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál teljast ekki lengur til viðkvæmra upplýsinga. Á hinn bóginn er tekið fram að með upplýsingum um heilsuhagi sé m.a. átt við upplýsingar um erfðaeiginleika. Þá er það nýmæli að finna í frumvarpsgreininni að upplýsingar um stéttarfélagsaðild teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, en þar er tekið mið af 1. mgr. 8. gr. tilskipunar ESB."

Ég segi því, hæstv. forseti, að það virðist vera nokkuð misjöfn áhersla manna á hvað teljast viðkvæmar persónuupplýsingar. Enn fremur segir hér aðeins neðar:

„Ljóst er að oft geta aðrar upplýsingar en þær sem hér eru taldar upp verið viðkvæmar fyrir hlutaðeigandi. Í framkvæmd verður að taka tillit til slíks, jafnvel þótt ekki sé um að ræða upplýsingar sem teljast viðkvæmar samkvæmt upptalningu þessa ákvæðis."

[15:03]

Katrín Fjeldsted:

Hæstv. forseti. Ég stíg í ræðustól fyrst og fremst til að fagna þessu frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en því er ætlað að svara kröfum Evrópusambandsins, tilskipun þess frá því í október 1995. Ég er ein af þeim sem eiga sæti í allshn. og tel viturlegra að tjá mig í ítarlegra máli um efni þessa frv. þegar það kemur úr nefndinni og ætla þess vegna að vera mjög stuttorð hér og nú. Ég lít svo á að frv. og í kjölfarið þau lög sem sett verða á Alþingi um þetta efni hljóti að verða hönnuð eftir þeim kröfum sem Evrópusambandið gerir og byggja eigi á tilskipun þess. Öll þau atriði hljóta að hafa forgang við vinnu allshn.

Ég ætla ekki að blanda mér í það hvort upptalningin er tæmandi í 2. gr. um viðkvæmar persónuupplýsingar en þetta eru atriði sem allshn. mun að sjálfsögðu fara ítarlega í. Við Íslendingar erum kannski ekki eins á varðbergi fyrir viðkvæmum persónuupplýsingum og ýmsar aðrar þjóðir sem vilja ekki einu sinni taka upp kennitölur. Við erum orðin svo vön því að þjóðfélagið snúist um kennitöluna að það liggur við að maður segi fyrst kennitöluna og næst til nafns þegar maður heilsar. Við þurfum kannski að staldra svolítið við eins og komið hefur fram í máli manna. Til stendur að setja skýrari reglur um persónuvernd fyrst og fremst byggðar á þeim grundvelli að ekki sé hægt að misnota persónuupplýsingar. Stóri bróðir leitar eftir þeim og ýmsir vilja upplýsingar af ýmsum toga um hag granna sinna eða samferðamanna. Ég fagna því líka að gert er ráð fyrir að búa betur að vaxandi starfsemi tölvunefndar.

Ég hnaut svolítið um þetta nýja heiti á stofnuninni, Persónuvernd. Þótt orðið sé gegnsætt þá getur það vafist fyrir þeim sem sér þetta heiti utan á húsi, hvort þarna sé um grasrótarsamtök að ræða eða opinbera stofnun, en að sjálfsögðu hlýtur það að verða einnig til umræðu í allshn. Það er vandlifað í henni veröld en með því að hafa lög um persónuvernd skýr auðveldar það samskipti manna.

[15:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum gott mál og þarft. Búa á til nýja stofnun, eins og við gerum gjarnan á tveggja vikna fresti. Sú stofnun verður að sjálfsögðu í Reykjavík, ég vil benda landsbyggðarþingmönnum á það, og hún mun kosta 50 millj. kr., ég vil benda skattgreiðendum á það, og allt er þetta í nafni góðra mála, herra forseti. Þetta var bara rétt inngangurinn.

Það mál sem er hér á ferðinni er mjög þarft mál og þetta er mjög stórt mál. Það bætir vonandi stöðu einstaklingsins gagnvart stóra bróður, vegna þess að í sívaxandi mæli er verið að safna saman miklum gögnum í stóra gagnagrunna í nafni hagræðis, sparnaðar og léttari stjórnsýslu. Við ræddum í gær um Landskrá fasteigna sem á að spara mikið og auka hagræði en gerir það að verkum að á einum stað eru geymdar upplýsingar um eignir manna og skuldir í verulegum mæli. Í dag er hægt að rekja ferðir nánast hvers einasta Íslendings um allan heim hjá krítarkortafyrirtækjunum. Við vitum allt um fjárhagsstöðu einstaklinga í skattskrám, og allar þessar skrár eru farnar að geyma mjög miklar upplýsingar um menn. GSM-síminn gerir það að verkum að hægt er að rekja hvar menn eru staddir frá mínútu til mínútu og svo má lengi telja.

Herra forseti. Hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar þarf að kanna hvaða áhrif það hefur á alla þá gagnagrunna

sem eru í gangi í dag, og ég nefni nokkra. Það er þjóðskráin, þar getur hver landsmaður framkvæmt pínulitla vinnslu, hann getur t.d. kannað hverjir eru fæddir sama dag og hann, hann getur kannað hverjir eiga heima í ákveðnu húsi o.s.frv. og fengið pínulitlar upplýsingar. Það er ákveðin vinnsla. Símaskrárnar eru komnar með miklar upplýsingar um hverjir eiga heima á ákveðnum stöðum, oft á tíðum betri en þjóðskráin, þær eru oft nýrri. Landskrá fasteigna verður með miklar upplýsingar, um veð og annað slíkt, veðbönd og jafnvel upplýsingar um viðhald fasteigna o.s.frv. sem á geyma þar inni. Krabbameinsskráin hefur miklar upplýsingar, aðallega um konur, sem eru mjög viðkvæmar og allt geymt undir kennitölu. Reiknistofa bankanna hefur upplýsingar um öll fjármál okkar meira og minna. Svo er ein skrá sem ég hef aldrei skilið af hverju er ekki búið að eyða nú þegar, það er skrá yfir þær konur sem hafa farið í fóstureyðingu. Þar eru upplýsingar geymdar undir kennitölu, að mér skilst og sé ég engan tilgang með þeirri skrá. Svo eru það skattskrár og læknaskýrslur sem læknar hafa verið að búa til áratugum saman, með alls konar upplýsingum, þörfum og óþörfum, um sjúklingana. Nefndin þarf að kanna hverju af þessum gögnum má hreinlega eyða. Það á að eyða þeim samkvæmt þessu frv. ef af lögum verður.

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég rak augun í sem eru mikilsverð. Það er í fyrsta lagi 6. gr. Þar stendur að lögin gildi um vinnslu ef ábyrgðaraðilinn hefur staðfestu hér á landi og svo segir að þau gildi einnig um vinnslu þó ábyrgðaraðilinn hafi staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. En það vantar að geta þess hvað gerist með aðila sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er reyndar tekið fram annars staðar, en það væri betra að hafa það þarna, þannig að það sé tæmandi upptalning.

Í 7. gr. er sagt: „Við meðferð persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu:“ Síðan er talið upp 1, 2, 3, 4 og 5 atriði, en ekki sagt hvort það er og/eða, hvort öll atriðin eigi að gilda samtímis eða hvort eitt eigi að gilda. Það vantar því inn í. Ég þóttist lesa út úr grg. með frv. að í 7. gr. ætti að standa á eftir 4. tölul. og 5. lið „skal afmá eða leiðrétta“ þannig að allir liðirnir eigi að vera í gildi. Samkvæmt grg. með frv. þá á hins vegar í 8. gr. að standa „eða“, eitt af atriðunum á að gilda, ekki öll. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt þegar lögin eru lesin, þar þarf því að standa á eftir næstsíðasta liðnum „eða“. Sömuleiðis taldi ég mig sjá í 9. gr. að þar ætti að standa „eða“, sem sagt: „Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er því aðeins heimil að:“ eitt af atriðunum sé uppfyllt. Þetta er náttúrlega mjög mikilvægt rökfræðilega þegar menn fara að lesa lögin ef frv. verður að lögum. Þetta þarf hv. nefnd að taka til greina og reyna að bæta úr.

Herra forseti. Að öðru leyti tel ég að þetta frv. taki á þeim vanda sem við er að etja, t.d. 17. gr., þar sem hin nýja stofnun, Persónuvernd, á að birta lista yfir allar þær skrár sem eru í gangi sem hún er búin að samþykkja. Aðrar skrár eru væntanlega ólöglegar, þannig að þær eiga ekki að vera til og það sem kannski er mest um vert er í 18. gr. þar sem mjög mikilvægt ákvæði er um að hinn skráði eigi rétt á að fá upplýsingar frá ábyrgðaraðila hvaða upplýsingar eru geymdar um hann og hver tilgangur vinnslunnar er og hver hafi fengið upplýsingar um hann og hvenær. Það tel ég vera eitt almikilvægasta málið og hefði sennilega dugað í gagnagrunnsfrv. í staðinn fyrir að fara þá miklu og þungu leið til dulkóðunar sem um leið eyðileggur gildi gagnagrunnsins að einhverju leyti. Ég tel að ef þessi leið hefði verið farin með gagnagrunninn í heilbrigðiskerfinu hefði hann verið fullt eins öruggur til notkunar eins og hann er í dag og jafnvel öruggari.

Herra forseti. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða meira um frv., það er mjög mikilvægt. Það stendur vörð um einstaklinginn gagnvart stóra bróður að svo miklu leyti sem það er hægt, því að öll þessi samansöfnun á upplýsingum hlýtur að leiða til þess að staða einstaklingsins verður mjög viðkvæm og hættuleg þegar og ef einhver kemst í þá aðstöðu að nota öll þau gögn sem um einstaklinginn eru geymd.

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. þm. hafi komið fram með gagnlegar upplýsingar. Til dæmis benti hann á það að hætta væri á ákveðnum misskilningi við nokkrar gr. frv., m.a. 7., 8. og 9. gr. þar sem margir liðir eru taldir upp. Til þess að fyrirbyggja hættu á slíkum misskilningi tek ég undir með hv. þm. og vísa því til hv. allshn. að athuga hvort ekki er hægt að bæta þar úr. Það er líka rétt hjá hv. þm. að vekja athygli á því að afskaplega mikið er um það að upplýsingar eru skráðar um fólk í þjóðfélaginu en þessu frv. er einmitt ætlað að tryggja enn betur öryggi og réttarvernd í því sambandi.

[15:15]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. sagði áðan. Mig langar til að beina til hans einni spurningu vegna þeirrar fullyrðingar sem hann gaf sjálfur í ræðu sinni áðan, þ.e. að einstaklingar eiga orðið erfitt sökum þess að það er mikil og almenn upplýsingasöfnun í samfélaginu. Breytir þá nánast engu hvar borið er niður hjá einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, að það er almennt mikil upplýsingasöfnun í gangi. Mig langar því til að beina þeirri spurningu til hv. þm. hvort hann telji ekki eðlilegra við þessar aðstæður þegar við erum að feta okkur inn á þessa braut, feti framar en síðast, að við beitum ákveðnum varúðarsjónarmiðum og höfum þá frekar höft á þessu en almenna opnun á meðan við fetum okkur inn á þessa slóð því að eins og vitum erum framfarir í tækni og upplýsingamálum alveg gífurlega örar.

[15:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum setur höft á það sem hefur verið óheft hingað til. Ég tel því að það sé mjög mikilvægt skref í þá átt. Hins vegar þarf að gæta þess vel að hefta ekki of mikið vegna þess að allir þessir gagnagrunnar eru settir á í nafni hagræðingar og sparnaðar þannig að menn þurfa dálítið að gæta sín að vera ekki of harðir í höftunum til að byrja með. Eins og ég gat um þá munu margir grunnar lokast við samþykkt þessa frv. Ég nefni fóstureyðingarskrána sem dæmi og margar læknaskýrslur líka því að oft og tíðum eru óþarfa upplýsingar geymdar þar. Við þurfum dálítið að passa okkur á því að vera ekki með of mikil höft strax í byrjun þannig að við lokum einhverju sem ekki verður svo tekið upp aftur. Hins vegar held ég að umræðunni eigi ekkert að ljúka með samþykkt þessa frv. ef það verður samþykkt, heldur eigi hún að halda áfram því að þróunin er mjög ör og við stöndum sífellt í baráttu fyrir réttindum einstaklingsins gagnvart þessu mikla gagnasafni.

[15:18]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Það hefur komið fram í máli allmargra þingmanna að þeir vilja blanda þessu máli saman við gagnagrunnsmálið svokallaða. Það er þá gert í skjóli þess að þar sé um að ræða persónuupplýsingar, þ.e. í gagnagrunnsmálinu. Ég sé að þeir þingmenn voru ganga í salinn og það er ánægjulegt að þeir gera það (Gripið fram í.) vegna þess að hér er um að ræða mikilsvert skilgreiningaratriði. Í þessu mikilvæga máli, gagnagrunnsmálinu, svo og í þessu máli sem einnig er mjög víðfemt og mikilvægt mál, er brýnt að við þingmenn reynum að leita leiða til þess að vera sammála um skilning á þeim gögnum sem liggja fyrir. Þá er ég að tala um alþjóðlega samninga og hins vegar gögn sem eru líka gild gögn, en það eru reglur alþjóðalæknasamtakanna, Helsinki-samþykktirnar svokölluðu, um vinnureglur lækna. Þó þær hafi ekki lagagildi og þó þær viðurkenni að vinnureglur lækna víki fyrir lögum þá hafa þær engu að síður mjög mikið gildi í þessu samhengi.

Til að byrja með langar mig samt til þess að koma inn á það að verði menn sammála um það sem mér heyrist að menn séu nú ekki, þ.e. að þetta frv. hér snerti ekki gagnagrunnsfrv. — ég tel augljóst mál að það geri það ekki — þá stendur eftir sem áður að þetta frv., ef af lögum verður, mun snerta starfsemi ýmiss konar grunna sem nú eru við lýði á Íslandi og eru upplýsingagrunnar og notaðir af þriðja aðila. Þetta á alveg sérstaklega við um svo ég taki sem dæmi krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins sem er grunnur sem er undir persónuupplýsingum. Og þetta á líka við um gagnabanka erfðafræðinefndar Háskóla Íslands, en í þeim gagnabanka eru upplýsingar um á fimmta hundrað þúsund Íslendinga og þær eru unnar upp úr þjóðskrá með milligöngu Hagstofu Íslands, fæðingar- og dánarskýrslum og ýmsum öðrum gögnum.

Það er ljóst að koma þarf í veg fyrir að þetta frv., ef að lögum verður, hindri starfsemi Krabbameinsfélagsins eða setji það með einhverjum hætti í uppnám. Þess vegna þarf að líta alveg sérstaklega til þeirra greina þessa frv. sem gætu þar haft áhrif á starfsemi af þessu tagi. Ég benti á það við umræðu í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og benti ráðherrunum sérstaklega á að ósamræmi væri milli orðalags 8. gr. og athugasemda um 8. gr. Í athugasemdum um 8. segir í 1. mgr.:

„Af ákvæðinu leiðir að vinnsla er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert þeirra sjö skilyrða sem þar eru talin upp."

Samkvæmt þeim venjum sem ég hef kynnst í t.d. alþjóðlegum sáttmálum um þessi mál þá er 8. gr. þannig orðuð að það þarf að uppfylla öll skilyrðin til þess að hægt sé að vinna persónuupplýsingar. Ég get nefnt sérstaklega dæmi til samanburðar að þessu leyti og nefni þá 30. gr. Ef menn sjá hvaða lagatæknilegum aðferðum er beitt þar þá kemur orðið „eða" á eftir hverjum einstökum tölululið í 30. gr. Það þýðir að verið er að setja sem skilyrði einn af þessum sex töluliðum.

Sama er að segja um 8. gr. og hugsanlega 9. gr. einnig, að nauðsynlegt er að setja þetta orð þar inn til þess að samræmi sé á milli 8. gr. og athugasemda um 8. gr. Hér er um afar mikilvægt atriði að ræða vegna þess að ef þetta væri samþykkt í þessu formi, þá væri í raun og verið að setja upp hindranir fyrir því til dæmis að Krabbameinsfélagið gæti haldið áfram starfsemi sinni sem hefur lagt grundvöll að mjög athyglisverðum rannsóknum á sviði krabbameins og læknisfræði sem tengist krabbameini og hefur staðið lengi og hefur verið sátt um.

En ljóst er af þessu frv. og af tilskipun Evrópusambandsins að þessi notkun hefur ekki verið fyllilega í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins og heldur raunar ekki fyllilega í sambandi við samþykktir Evrópuráðsins. En Evrópuráðið er þannig skipað að öll meðlimaríki Evrópusambandsins eru í því. Ísland er í Evrópuráðinu. Það eru 44 ríki í Evrópuráðinu og þau hafa komið sér saman um reglur um þessi mál sem eru raunar nýrri en tilskipunin og síðustu reglurnar sem hafa verið samþykktar á þeim vettvangi um þessi mál eru frá 1997. Þess vegna er afar mikilsvert að þetta verði skoðað rækilega í nefndinni.

Að því er varðar almennar upplýsingar um það hvernig megi fara með upplýsingar og hvað teljist persónugreinanlegar upplýsingar, hvað teljist persónuupplýsingar og hvað teljist ópersónugreinanlegar upplýsingar annars vegar og svo hins vegar hvaða grundvallarreglur eigi að taka mið af þegar verið er að setja ákveðnar kröfur um meðferð upplýsinga, þá er afar mikilvægt að menn komist að einhverju samkomulagi um hvað sé að ræða. Mikilsverðast er þó að menn geri sér grein fyrir því hvað teljast vera rannsóknir á mönnum og hvað teljist vera nýting upplýsinga sem er ekki aflað í rannsóknarskyni heldur aflað eingöngu í því skyni að lækna fólk. Það er ekki bara að alþjóðlegir samningar geri mjög mikinn greinarmun á þessu. Samkvæmt þeim greinarmun fjallar t.d. gagnagrunnurinn ekki um rannsóknir á fólki heldur nýtingu upplýsinga sem er safnað í öðrum tilgangi en vísindatilgangi. Þetta er ekki einungis skoðun sem kemur í ljós í alþjóðlegum sáttmálum um þessi mál heldur kemur þetta líka fram af hálfu alþjóðasamtaka lækna. Í Helsinki-yfirlýsingu alþjóðafélags lækna segir einmitt, og þar er skilgreining á þessu mjög mikilvæg:

„Í læknisfræðilegum vísindarannsóknum verður að gera glöggan greinarmun á þeim rannsóknum sem í eðli sínu miða að greiningu á kvilla hins sjúka og lækningu hans og hins vegar á læknisfræðislegum rannsóknum sem gerðar eru í vísindaskyni eingöngu og hafa ekki beint gildi fyrir sjúkdómsgreiningu sjúklingsins eða meðferð þess sem undir rannsóknina gengst."

Hér er um grundvallarmismun að ræða sem er afar mikilvægt að við komumst að samkomulagi um. Þegar einstaklingur gengst undir það að taka þátt í vísindarannsóknum gilda almennt þær reglur að hann þarf að gefa upplýst samþykki. Það þarf að gera honum grein fyrir því hvert sé upphaf rannsóknarinnar, hver tilgangur hennar er og hann á á öllum stigum málsins að geta gengið út úr þessu enda er ekki tilangur slíkrar vísindarannsóknar að bæta heilsu hans á nokkurn hátt, heldur er tilgangurinn vísindalegs eðlis. Hér á landi eins og annars staðar í heiminum gilda reglur sem hafa verið settar um þessi mál og koma raunar fram í samþykktum Evrópuráðsins, um að í öllum tilfellum er krafist þess sem heitir upplýst samþykki. Hér á Íslandi eru slíkir vísindagrunnar til og í öllum tilfellum hefur verið farið fram á upplýst samþykki þess sem gengst undir rannsóknina. Þegar hins vegar er verið að nýta upplýsingar sem eru skráðar í þeim tilgangi að hjálpa sjúklingnum, bæta stöðu hans, finna lækningu á sjúkdómi hans, verður til heilmikill gagnabanki sem er eingöngu komið upp til þess að lækna sjúklinginn eða veita honum úrræði á heilsugæslustöð eða heilbrigðisstofnun.

Þessar upplýsingar hlaðast upp og eru mjög mikils virði fyrir læknavísindin. Í þeim tilfellum að þessar upplýsingar eru notaðar í vísindaskyni, þá eru ákvæði sem heimila það. Þetta viðgengst t.d. í öllum skandinavísku löndunum. Þetta hefur viðgengist í 50 ár í Danmörku og skal ég koma hér á eftir ef ég hef tíma til frekar inn á þann upplýsingagrunn sem er gífurlega stór og miklu viðameiri en íslenski gagnagrunnurinn. Í þessum tilfellum er ekki beðið um upplýst samþykki. Það er ekki beðið um upplýst samþykki vegna þess að í raun hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að það er ekki framkvæmanlegt. Danski gagnagrunnurinn er t.d. þannig að þar er ekki beðið um upplýst samþykki. Hann er notaður með mjög viðamiklum hætti í vísindarannsóknum. Það er heldur ekki svo með gagnagrunnana sem verða til á þennan hátt úr sjúkraskrám á Norðurlöndunum að beðið sé um upplýst samþykki vegna þess að það er ekki hægt að nota prinsippið um upplýst samþykki í slíkum tilfellum. Íslenski gagnagrunnurinn er grunnur sem nýtir upplýsingar úr sjúkraskrám sem verða til vegna sjúklinganna sjálfra og er þar af leiðandi sambærilegur við aðra slíka grunna sem eru ekki skráðir í vísindatilgangi heldur í þeim tilgangi að veita læknisfræðileg úrræði.

Það er afar mikilvægt að menn komist að samkomulagi um þetta vegna þess að það þýðir ekki fyrir menn að halda fram hér á Íslandi þetta sé einhvern veginn öðruvísi og sleppa því að taka tillit til alþjóðlegra samþykkta um þessi mál og sleppa því að taka tillit til Helsinki-yfirlýsingar alþjóðafélags lækna. Það nær engri átt.

Þær upplýsingar sem þannig verða til í slíkum gagnagrunnum ná yfir margar kynslóðir. Hluti af þeim sem upplýsingarnar eru um eru látnir og ég hef bent á það hér áður að það er gjörsamlega tilgangslaust að ætlast til þess að ég, ef t.d. einhverjar upplýsingar liggja fyrir um þann sem hér stendur sem tengjast t.d. krabbameini, geti gefið heimild til þess í dag að slíkar upplýsingar verði notaðar eftir fimmtíu ár, þar sem ómögulegt er að vita hvers slags spurninga verði spurt þá. Það er ekki hægt að krefjast upplýsts samþykkis í slíkum tilfellum. Hins vegar legg ég mikla áherslu á að þessir upplýsingagrunnar sem eru að sjálfsögðu viðkvæmir — það er hárrétt hjá þeim þingmönnum sem hafa lagt áherslu á að það beri að fara mjög varlega með þá — eru gífurlega verðmætir fyrir vísindin. Það eru ekki allar þjóðir sem nýta slíka grunna. En þá er yfirleitt ástæðan sú að grunnarnir eru lélegir, ófullkomnir. Skandinavísku þjóðirnar eru hins vegar mjög agaðar þjóðir og hafa komið sér upp mjög fullkomnum grunnum að þessu leyti og nýta þessa grunna í vísindarannsóknir. Ég skal með ánægju, annað hvort í seinni ræðu minni eða hér á eftir, ef ég hef tíma til, fara yfir notkun danska gagnagrunnsins, Landspatientregisteret, með þingmönnum þannig að þeir átti sig á því hvernig slíkur gagnagrunnur er notaður. Það vill nefnilega svo til að búið er að upplýsa menn hér á Íslandi allvel um þennan grunn. Það var haldið erindi um hann í Odda í tengslum við gagnagrunnsmálið.

Að því er varðar fullyrðingar sem hér hafa komið fram um að íslenski gagnagrunnurinn sé með persónugreinanlegum upplýsingum þá langar mig til að benda á samþykktir um þetta. Ég er með samþykkt frá Evrópuráðinu frá 1997 sem fjallar um vernd heilsufarsupplýsinga. Þar er einmitt talað um hvað séu persónugreinanlegar upplýsingar og hvað ekki. Ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að þýða þetta úr ensku:

„Hugtakið persónulegar upplýsingar nær til allra upplýsinga sem snerta einstakling sem er persónugreindur eða persónugreinanlegur. Einstaklingur verður ekki skoðaður sem persónugreinanlegur ef það að greina persónu hans krefst óeðlilega mikils tíma eða mannafla til að vinna verkið. Í þeim tilfellum að einstaklingur er ekki persónugreinanlegur er vitnað í upplýsingar um hann sem ónafngreindar upplýsingar." Á ensku er notað orðið anonymous.

Í Evrópusambandinu hefur verið settur á fót sérstakur sérfræðingahópur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Við erum að tala um lagasetningu sem byggist á tilskipun Evrópusambandsins. Hann heitir á ensku, með leyfi forseta, The European Group on Ethics in Science and new Technologies. Hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að skráning upplýsinga í hinum íslenska, miðlæga gagnagrunni teljist ópersónugreinanlegur, anonymized personal health data, eins og segir í þeirra álitsgerð.

Ástæðan fyrir því er sú að mjög alvarleg tilraun er gerð til að dulkóða upplýsingarnar og ýmsar varúðarráðstafanir aðrar eru gerðar til að koma í veg fyrir að persónuupplýsingarnar séu persónugreinanlegar. Því er alveg ljóst að í tengslum við alþjóðasamninga þá stenst gagnagrunnurinn, eftir því sem mér sýnist, fullkomlega þær skilgreiningar um ópersónugreinanleg gögn sem fyrir hendi eru. Hins vegar ber að geta þess að auðvitað þurfum við að þróa hugmyndir okkar um þetta. Þetta er lifandi umræða sem verður að halda áfram. Mig langar til að geta þess að alþjóðasamtök lækna hafa sem slík ekki tekið afstöðu til gagnagrunnsins. Þau ætla hins vegar að tjá sig nú áður en langt um líður um gagnagrunna, ekki íslenska gagnagrunninn heldur gagnagrunna almennt. Það er að sjálfsögðu rétt afstaða að taka afstöðu til gagnagrunna almennt, sem eru þá notaðir á svipuðum grundvelli. Þau ætla sér að móta stefnu um slíka gagnagrunna og ég vænti þess að það verði mjög gagnlegt plagg sem þar birtist.

Varðandi sambærilega gagnagrunna ber að geta þess að mjög erfitt er fyrir mig og aðra að halda því fram að tveir gagnagrunnar séu fyllilega sambærilegir. Ég get t.d. ekki sagt það að danski gagnagrunnurinn Landspatientregistret sé fyllilega sambærilegur við íslenska gagnagrunninn. Notkunin á honum er heldur ekki fyllilega sambærileg við þá notkun á upplýsingum úr sjúkraskýrslum á Íslandi sem er mjög viðamikil. Ég ætla aðeins að geta þess í lokin hvers konar grunnur þarna er á ferðinni.

Landspatientregistret er langsamlega stærsti grunnurinn sem til er í Danmörku með heilsufarsupplýsingum. Tilgangur grunnsins er að afla heilbrigðisyfirvöldum efnis til tölfræðilegra rannsókna og byggja upp grundvöll fyrir áætlanir í heilsugæslumálum og rannsóknir í læknavísindum. Í grunninum eru hvorki meira né minna en upplýsingar um alla sjúklinga sem útskrifaðir hafa verið frá dönskum sjúkrastofnunum eða fengið úrræði á dagdeildum eða slysamóttökum. Á þessum grundvelli er skráin talin nálgast 100% tilfella. Á ári eru skráðar rúmlega ein milljón útskrifta í þessa skrá og skráin nær yfir persónuupplýsingar — ég tek það fram — persónuupplýsingar um 700 þús. einstaklinga í árgangi, þ.e. þá sem hafa verið lagðir inn einu sinni eða oftar. Þessar upplýsingar eru notaðar í rannsóknarskyni með leyfi heilbrigðisyfirvalda eftir ákveðnum reglum og háð eftirliti. Óháð nefnd lækna veitir heilbrigðisyfirvöldum ráðgjöf varðandi meðferð upplýsinganna.

Síðan kemur það sem ég tel að skipti miklu máli í þessu sambandi. Ekki er stuðst við upplýst samþykki fyrir notkun upplýsinganna í rannsóknarskyni. Í 50 ára sögu þessa grunns

hefur aldrei komið eitt einasta dæmi um misnotkun á þessum upplýsingum.

Frá árinu 1995 hafa upplýsingar frá geðdeildum og geðlækningastofnunum verið skráðar í þennan grunn. Þær eru sendar þaðan úr grunninum til þess sem heitir á dönsku Det Physiske Centralregister þar sem upplýsingar eru nýttar í rannsóknarskyni, upplýsingar frá geðdeildum og geðlækningastofnunum. Vélrænn flutningur upplýsinganna er með milligöngu þess sem kallað er CPR-registret sem er oft kallað Data-centralen. CPR-registret er rekið af einkafyrirtæki í eigu ameríska hluthafa. Fyrirtækið heitir raunar Data-centralen A/S en ameríska heitið á þessu fyrirtæki er Dan Computer Management. Þessi skrá er keyrð saman við fjölmarga læknisfræðilega grunna í Danmörku sem tengjast Landspatient-registrinu.

Þessi mikli gagnagrunnur Dana er einnig notaður í heild sem hluti af öðrum grunnum og er keyrður saman við aðra grunna, svo sem það sem heitir á dönsku Forbyggelse-registret en tilgangur þess grunns er að skapa grundvöll fyrir tölfræðilega úrvinnslu og rannsóknir á heilbrigðisástandi dönsku þjóðarinnar í heild. Í þennan grunn streyma upplýsingar um greiðslur til sjúklinga úr tryggingakerfinu, ýmsar bótagreiðslur og félagslegar upplýsingar.

Þau dæmi sem ég hef nefnt hér eru tekin til þess að undirstrika að að sjálfsögðu er hver gagnagrunnur með sínu sniði. Í *raun er ekki hægt að fullyrða að neinir tveir grunnar séu fyllilega* sambærilegir en það er náttúrlega ekki hægt að fallast á að íslenski miðlægi gagnagrunnurinn sé þannig vaxinn að það eigi að gilda sérreglur um hann vegna þess hve umfangsmikill hann sé. Þessi grunnur, þ.e. Landspatientregistret, er að sjálfsögðu miklu umfangsmeiri en gagnagrunnurinn íslenski, hann er umfangsmeiri bæði að því er varðar fjölda einstaklinga og víðfeðmi upplýsinganna.

Í öðru lagi ber að geta þess að óvenjulegt er að byggja kröfu um sérmeðferð á upplýsingum úr sjúkraskrá á magni upplýsinganna. Ég minnist þess þess ekki að hafa séð nokkurs staðar í alþjóðlegum gögnum um sambærileg mál að magn upplýsinga skeri úr um kröfur um meðferðina. Ég hef aldrei heyrt það fyrr. Siðfræði er í raun ekki magnfræði heldur byggist siðfræði á ákveðnum grundvallarreglum sem ber að virða í öllum tilfellum þegar um sambærilega notkun er að ræða.

Ég hygg að ég eigi nú möguleika á að koma hér aftur upp í umræðunni en þetta vildi ég gera að umræðuefni sérstaklega vegna þess að mér finnst að um þennan þátt málsins hafi verið talað án þess að taka tillit til viðeigandi alþjóðlegra samþykkta. Það á jafnt við um alþjóðlegar stofnanir eins og Evrópuráðið en einnig um alþjóðasamtök lækna.

[15:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir málefnalega ræðu þótt ég sé honum ekki sammála um allt.

Ef ég skil hann rétt þá segir hann að á Íslandi sé að verða til gagnagrunnur á heilbrigðissviði vegna sjúklinganna sjálfra, að þessar upplýsingar verði hægt að nota til að hjálpa sjúklingunum. Síðan séum við með grunna sem séu settir á fót í vísindaskyni og þar gildi Helsinki-sáttmálinn um upplýst samþykki.

Ég held að mjög erfitt sé að draga línu á milli gagnagrunna sem verða annars vegar til vegna sjúklinganna og hins vegar vísindanna. Ég held að torvelt sé að gera það. Spurningin er þessi: Hvernig er gagnagrunnurinn notaður?

Gagnagrunnurinn sem við erum að koma á fót verður notaður í vísinda- og tilraunaskyni og krefst því að mínum dómi upplýsts samþykkis. Hvernig verður hann notaður í rannsókna- og vísindaskyni? Jú, einn af þeim aðilum sem hefur fengið þennan grunn boðinn til kaups eða aðgangs að eru lyfjafyrirtæki. Til hvers? Til að unnt verði að fylgjast með því hvaða áhrif lyf hafa á tiltekinn hóp einstaklinga. Hver er sá hópur? Það er íslenska þjóðin. Þess vegna á að spyrja íslensku þjóðina, hvern og einn sem hugsanlega verður nýttur í þessu skyni um upplýst samþykki.

[15:40]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér varð ekki alveg ljóst á máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar hvort hann féllst á þá skilgreiningu sem ég rakti hér áðan, þ.e. skilgreiningu alþjóðafélags lækna og skilgreiningu sem kemur fram í alþjóðlegum samþykktum. Þar er talið mjög brýnt að komast að niðurstöðu um það hvort við erum að tala um vísindarannsóknir á fólki eða um nýtingu á upplýsingum sem safnað er vegna sjúklinganna sjálfra. Ég held að þetta sé alveg skýrt mál.

Það er alveg ljóst að upplýsingarnar sem fara í gagnagrunninn koma úr sjúkraskýrslum og þeim er ekki safnað í vísindaskyni heldur til að veita sjúklingunum úrlausn. Þess vegna gilda sömu lögmál þar og fyrir krabbameinsskrána og danska grunninn að þar er verið að endurnýta upplýsingar um sjúklingana í vísindaskyni. Þess vegna er alveg ljóst að allir þessir grunnar með upplýsingum úr heilufars- og sjúkraskrám eru notaðir í vísindaskyni. Þeir eru notaðir í vísindaskyni en ekki sem rannsóknir á mönnum, ekki sem vísindarannsóknir á mönnum. Það er í raun ekki mjög gott ef hv. þm. vill ekki átta sig á þessum greinarmun sem allir aðilar málsins, þeir sem standa fyrir alþjóðlegum sáttmála um þetta og alþjóðalæknafélagið gera sér grein fyrir. Það er dapurlegt ef hv. þm. vill ekki taka upp þessar skilgreiningar sem eru grundvallarskilgreiningar í læknavísindum.

[15:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Grunnurinn er settur á fót til að gera tvennt í senn, að safna upplýsingum frá sjúklingum, væntanlega með það fyrir augum að lækna þá og enn fremur eru þessar upplýsingar boðnar til kaups í vísinda- og rannsóknarskyni. Einn af eigendum fyrirtækisins og stjórnandi hefur sent lyfjafyrirtækjum bækling þar sem boðið er upp á kjörþjóðina Ísland, The Ideal Nation. Lyfjafyrirtækjum er m.a. boðið upp á aðgang að þessari þjóð til þess væntanlega að fylgjast með áhrifum lyfja á hana.

Hvernig skyldi standa á því að fyrirtækið Íslensk erfðagreining, sem fylgdist mjög rækilega með gangi þessa máls og reyndi að hafa áhrif á frv. — ef það smíðaði ekki frv. sjálft — vildi og lagði áherslu á að settar yrðu inn í grunninn upplýsingar ekki aðeins frá læknunum og sjúkrahúsunum heldur líka frá lyfsölum? Þannig hefðu menn alveg á hreinu að lyfin sem sjúklingurinn ætti að taka væru tilgreind, líka yrði fylgst með að hann hefði örugglega tekið þau. Til hvers var þetta gert? Til þess að geta fylgst með áhrifum lyfjatökunnar. Ef þetta eru ekki tilraunir þá veit ég ekki hvað.

Menn verða að gera sér grein fyrir því, þegar þeir eru að bera íslenska gagnagrunninn saman við danska eða aðra

gagnagrunna, að við erum að fara inn á nýjar brautir. Þetta er í fyrsta skipti sem heilsufarsupplýsingar heillar þjóðar eru boðnar til kaups, eins og til stendur, lyfjafyrirtækjum, tryggingafyrirtækjum og öðrum slíkum.

Ég vil að lokum geta þess og leggja áherslu á að ég er hlynntur rannsóknum. Ég vil hins vegar að ýmsum forsendum sé fullnægt um upplýst samþykki. Það vegur þyngst. Við lögðum fram á Alþingi frv. um dreifða gagnagrunna á heilbrigðissviði með upplýstu samþykki og undir ströngu eftirliti.

[15:44]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri sér ekki fyllilega grein fyrir hlutverki eftirlitsaðila í þessu máli, tölvunefndar og sérstakrar vísindasiðnefndar. Auðvitað fara þær yfir allar spurningar sem fyrir grunninn koma. Ef í ljós kæmi að lyfjafyrirtæki væru að gera tilraunir á mönnum gegnum grunninn þá er það ekki heimilt. Það vill bara svo til að það er ekki heimilt. Lyfjafræðiupplýsingar eru ekki í þessum grunni.

Hins vegar er það svo annað mál að ef lyfjafræðiupplýsingar hefðu verið í grunninum þá hefðu þær að sjálfsögðu líka getað verið aðferð til að ganga úr skugga um hvort lyf eru ofnotuð. Það eru til ýmsar hliðar á þessu máli. En nú eru lyfin ekki inni í grunninum þannig að þetta kemur ekki til álita.

Það er að sjálfsögðu hlutverk vísindasiðanefndarinnar að fara yfir þær spurningar sem koma fyrir grunninn og ganga úr skugga um að þær samrýmist tilgangi málsins. Tilgangur málsins er ekki sá að nálgast einstaklinga í grunninum. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á því að grunnur þessara vísindarannsókna er tölfræðilegur. Það er mjög sjaldan sem raunverði vísindarannsókna tengist einstaklingum í grunninum. Fyrst og fremst er verið að skoða heildarupplýsingar og tölfræðiupplýsingar í þessum grunni. Út úr því geta svo komið mjög verðmætar upplýsingar sem snerta einstaklinga en kerfi okkar gerir ekki ráð fyrir því að hægt sé að rekja þetta til baka til einstaklinganna. Það var reyndar gagnrýnt af sumum aðilum málsins sem vildu láta þann möguleika, þ.e. að rekja til einstaklinga, vera inni í málinu, en við komumst að þeirri niðurstöðu að svo skyldi ekki vera af öryggisástæðum. Komi einhverjar mikilvægar upplýsingar úr grunninum sem snerta stöðu einstaklinga er reiknað með því að menn nálgist sjúklingana í gegnum þeirra eigin heimilislækna þannig að ekki sé verið að nota grunninn til þess að nálgast einstaklingana.

[15:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið afar athyglisvert að hlusta á þessa umræðu. Hún hefur verið málefnaleg og alveg er greinilegt að þeir sem hingað til hafa tekið þátt í umræðunni hafa farið vel yfir frv. og hafa á því mótaðar skoðanir. Það er mikilvægt fyrir okkur hin sem vinnum ekki í þessum málaflokki og látum okkur nægja að taka þátt í umræðunni á grundvelli þess að hlusta á umfjöllun og reyna að átta okkur á hvað séu meginatriði og hvað sé gagnrýnivert í frv. þegar það er gert með þeim hætti sem hér hefur gerst í dag. Það er ekki æsingur yfir umræðunni en allir benda á hversu stórt og þýðingarmikið þetta mál er og undir það tek ég. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði fyrir nokkrum mínútum að hann kysi að umræðunni lyki ekki með afgreiðslu þessa frv. og ég tek undir það. En ég vil líka koma með þá áréttingu að þessi umræða hófst þegar við vorum að vinna með gagnagrunnsfrv. á sínum tíma. Og þá, herra forseti, er ég komin að ástæðu þess að ég kveð mér hljóðs og tek þátt í umræðunni og það er til að tala um vinnubrögð. Af hverju í ósköpunum þurfum við á Alþingi að viðhafa þau vinnubrögð sem gera það að verkum að við erum að taka mál fyrir í öfugri röð? Af hverju í ósköpunum er það þannig hjá okkur að við erum að auka átök og jafnvel búa til ótta af því ekki eru tekin fyrir á Alþingi mál sem mundu geta leyst ágreininginn?

Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti á í ræðu sinni kom fram frv. um persónuvernd sem átti að leggja fyrir heilbr.- og trn., það voru drög sem kynnt voru heilbr.- og trn., drög sem voru ekki tekin fyrir í umræðunni og þetta voru tillögur nefndar sem skilaði tímanlega miðað við Evróputilskipunina og hefði verið eðlilegt að þá hefðu verið sett lög samhliða lögum um gagngrunn. Enginn vafi er í mínum huga á því að ástæða þess að menn geymdu lögin um persónuvernd var nákvæmlega þessi heita umræða um gagnagrunninn sjálfan. Menn voru uppteknari af því að koma lögum um gagnagrunninn í gegn og setja lög til að tryggja ákveðna hagsmuni en að komast að skynsamlegri og heilbrigðri niðurstöðu um hvernig við viljum sjá lög um gagnagrunna og hvernig við viljum tryggja persónuvernd. Þess vegna erum við núna, löngu síðar, að fá hingað frv. sem hefur verið breytt í grundvallaratriðum frá þeim drögum sem lögð voru fyrir þingið á þeim tíma sem gagnagrunnurinn var afgreiddur. Þess vegna eru slík vinnubrögð til þess fallin að skapa tortryggni og þess vegna komu góð vinnubrögð sem hefðu getað farið hér fram, ekki í veg fyrir þann ótta sem hefur fylgt samþykktinni á gagnagrunni á heilbrigðissviði alveg frá því hann var lögfestur og þess vegna er spurningum ekki svarað fullnægjandi enn í dag sem tengjast þeim grunni sem og öðrum.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hélt því fram að þetta frv. um persónuvernd snerti ekki gagnagrunn á heilbrigðissviði. Hann snerti bara aðra grunna, svo sem Krabbameinsfélagsins og gagnagrunn erfðafræðideildar Háskóla Íslands. Auðvitað eigum við að tryggja persónuvernd í öllum grunnum og auðvitað erum við langt á eftir öðrum þjóðum að ganga þannig frá málum að ekki sé verið að valta og skalta með persónulegar upplýsingar um einkalíf og einkahagsmuni fólks hér og þar í kerfinu. Það er alvarlegt umhugsunarefni að það skuli yfirleitt gerast vegna atbeina EES-samningsins að verið er að færa inn í þingið mikilvæg réttindamál eða frv. sem varða öryggislöggjöf af ýmsum toga af því við gerðumst aðilar að EES-samningnum og eigum þess vegna að taka við tilskipunum Evrópusambandsins og laga íslensk lög að þeim. Stundum velti ég því fyrir mér hvort við værum hvorki farin að setja lög um peningaþvætti eða ýmis félagsleg réttindi sem og lög um persónuvernd, nema af því við hefðum gerst aðilar að EES og verðum að skoða Evróputilskipanir á því sviði. Við ættum í rauninni að vera að tala um það hvort við þingmenn, Alþingi, þurfi ekki að taka sér tak og fara svolítið yfir á víðtækan hátt hin ýmsu mál sem snerta einkalíf fólks, hvort við eigum alltaf að bíða eftir því að menn hafi vit fyrir okkur þarna úti í hinni stóru Evrópu og að tilskipanir þaðan komi hingað inn í þingið og menn komi með frv. sem geta þó verið jafnólík á ýmsum sviðum eins og drög að frv. sem var kynnt í heilbr.- og trn. fyrir einu og hálfu ári og það frv. sem kemur nú hingað inn og ætlað er að verði að lögum.

Hins vegar, herra forseti, tek ég eftir að hæstv. dómsmrh. kýs í andsvörum sínum við ræðum þingmanna hér, að segja

að ýmislegt þurfi að skoða betur í frv. og hæstv. dómsmrh. er, sýnist mér, að leggja talsvert miklar skyldur á allshn. og formann allshn. um að fara yfir frv. og skoða þær ábendingar sem fram hafa komið og gera e.t.v. breytingar á frv. Það vekur líka upp spurningar um hvers vegna það þurfi að vera svo að þegar nýtt frv. kemur inn, svo breytt frá fyrri drögum að ekki sé búið að fara svo vel yfir það á einu og hálfu ári að ekki þurfi að koma hér ítrekað í ræðustól og segja að mikilvægt sé að allshn. skoði þetta mál og kanni hvort ekki þurfi að breyta þessu lagaákvæði, o.s.frv. Allt þetta gerir það að verkum, þó að ekki felist tortryggni í því, að maður hugsar — af hverju þarf þetta að vera svona? Við erum sammála um að tryggja persónuvernd á öllum sviðum og í öllum grunnum og við erum líka, held ég, öll sammála um að efla rannsókna- og vísindastörf og reyna að nýta þær upplýsingar sem við eigum til að stuðla að bæði auknum lækningamöguleikum og hvernig lyf sé hægt að nota o.s.frv.

Hv. þm. Tómas Ingi Olrich nefndi danska gagnagrunna, ég þekki þá ekki, en ég geri mér alveg grein fyrir því vegna umræðunnar í þjóðfélaginu að opinberir rannsóknargrunnar í höndum annaðhvort háskólasjúkrahúsa eða annarra tilsvarandi stofnana, njóta ákveðinnar tryggingar í hugum fólks, ég er alveg sannfærð um það. En það er mjög erfitt fyrir gagnagrunn á heilbrigðissviði varðandi alla umfjöllun um hann hve hann er tengdur miklum viðskipta- og fjármálahagsmunum. Það hvarflar ekki að mér að við Íslendingar getum tekið einhver fordæmi úr opinberum rannsóknargrunnum og sagt að þeir geti átt við um gagnagrunn á heilbrigðissviði sem er allt annars eðlis eins og við höfum fengið að kynnast, og ekki síst á hlutabréfamarkaði.

Ég þarf ekki að endurtaka það sem komið hefur fram hjá þingmönnum Samfylkingarinnar, bæði hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, en hann fór vel yfir frv. og grg. og nefndi í framsögu sinni að þetta frv. væri hannað til að falla að þörfum gagnagrunnsins. Það er mjög alvarlegt vegna þess að það er ekki þannig sem við eigum að vinna, við ættum í rauninni fyrst að vinna að lögum um persónuvernd. Hvernig viljum við tryggja persónuvernd okkar, barnanna okkar og Íslendinga allra og síðan þegar við heimilum vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum um okkur verður sú vinnsla að lúta að lögmálum persónuverndarinnar. Þannig er unnið ef maður ætlar að vera vandvirkur og gera hlutina í réttri röð.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson benti á að það sem hefði verið skilgreint sem viðkvæmar persónuupplýsingar í drögum að fyrra frv. hefði m.a. verið upplýsingar um einkafjárhag. Skyldi nokkur efast um að upplýsingar um einkafjárhag séu viðkvæmar persónuupplýsingar? Hitt sem hann nefndi var að félagsleg vandamál voru áður skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar og eru ekki lengur í þessari upptalningu. Skyldi nokkur efast um að félagsleg vandamál séu viðkvæmar persónuupplýsingar? Bara þetta tvennt gerir það að verkum að fólk horfir á þetta frv. og hugsar um lögin sem verða til í kjölfar þess og fyllist tortryggni. Erum við að þjónka einni tegund gagnagrunns eða ætlum við að vinna með hagsmuni neytenda, fólksins í landinu í huga, og gera þá kröfu að allir þeir grunnar, hvort sem það er gagnagrunnur á heilbrigðissviði, grunnar Krabbameinsfélagsins eða aðrir rannsóknargrunnar falli að þessu? Ég fagna því út af fyrir sig að ráðherrann skuli, varðandi ýmsar ábendingar, nefna að nefndin skoði einstaka þætti. Ég treysti því að allshn. fari ítarlega ofan í þetta mál og gefi sér góðan tíma í það þó ekki sé mælt fyrir því fyrr en núna undir miðjan febrúar vegna þess að það er þá a.m.k. hægt að bæta fyrir hraðann og offorsið sem einkenndi alla vinnuna við lagasetninguna um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Herra forseti. Ein grundvallarspurning sem sett var fram í umræðunni var um hvort gagnagrunnslögin og þá væntanlega líka þetta frv. sem hefur verið aðlagað stæðust tilskipunina sem var orsök lagasetningarinnar. Ég minni á þessa spurningu og verði henni ekki svarað til hlítar í umræðunni þá bið ég um að hún verði skoðuð ítarlega í nefndinni.

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns hef ég ekki farið í gegnum frv. heldur hef ég fylgst með umræðunni og drep því á viðbrögðum mínum við því sem hér hefur komið fram. Ég hef metnað fyrir hönd þessarar stofnunar og mikið vildi ég óska að við værum alltaf að gera hlutina rétt, ég er ekki að gera þá rétt. En hér er áþreifanlegt dæmi um öfuga atburðarás og með því, herra forseti, lýk ég máli mínu, enda er klukkan fjögur.

[15:59]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að það er mjög aðgengilegt fyrir hv. þm. að kynna sér efni frv. og efni tilskipunarinnar með því að fara yfir frv. sem hér er til umræðu. Þar koma fram mjög ítarlegar upplýsingar og einnig í grg.

Virðulegi forseti. Ég fagna lokaorðum hv. þm. vegna þess að sú gagnrýni undraði mig nokkuð sem hann lét koma hér fram um meðferð málsins og skilaboð mín til allshn. Hingað til hefur það verið talin sjálfsögð kurteisi að ráðherra vísi því til hv. þingnefnda sem fjalla um mál að þær taki til sérstakrar skoðunar ýmsar ábendingar sem hv. þingmenn hafa komið fram með í umræðu um málin. Því er alveg óþarfi hjá hv. þm. að tortryggja málið eða meðferð þess. Ég var sjálf formaður allshn. í átta ár og ekki teldi ég það heppilegt gagnvart þrískiptingu ríkisvaldsins að hendur mínar hefðu verið bundnar á þennan hátt gagnvart stjórnarfrumvörpum.

[16:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því hvað hægt er að fá upplýsingar um í þessu frv. og ég er búin að vera að kíkja á ýmislegt sem kemur fram í greinargerð og annars staðar. Það sem ég átti við í ræðu minni um málið var að ég hef ekki farið í hverja grein frv. á sama hátt og hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Bryndís Hlöðversdóttir og Lúðvík Bergvinsson, sem hafa verið megintalsmenn þingflokks míns í þessu máli. Þegar ég nefni viðbrögð ráðherrans þá er ég að vekja athygli á því að fram hafa komið alvarlegar spurningar í umræðunni. Í stað þess að þær væru skýrðar þá hefur ráðherrann valið að vísa frekari skoðun á málinu til allshn. Mér fannst það athyglisvert. Ég er ekki að harma það. Það er mjög gott ef það á að verða kannski hin nýja lína hjá ríkisstjórninni að koma með málin þannig inn að beinlínis sé opnað á að þau taki sem allra mestu breytingum eða lagfæringum í nefnd. Því hef ég ekki beinlínis vanist af þessari ríkisstjórn þannig að það er áhugavert ef það er að breytast. Ég veit líka að mál hafa oft breyst í nefnd vegna þess að nefndir þingsins vinna mjög vel ef þeim er gefinn tími til þess. Þær kalla fólk til og skoða breytingar. En stundum hef ég líka vitað til þess að góður formaður í þingnefnd fær ekki að gera þær breytingar sem hann telur skynsamlegar vegna þess að ráðherrann leggst gegn því. Ég tek því náttúrlega þessi ummæli ráðherrans þannig að ábendingar um að nefnd

skoði málið þýði opnun á að nefndin geti gert breytingar kjósi hún það.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

59. FUNDUR

miðvikudaginn 9. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, stjfrv., 267. mál, þskj. 350. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Magnúsi Guðmundssyni.

[13:30]

Útbýting þingskjala:
Gerð neyslustaðals, 311. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 561.
Íslenski hrafninn, 313. mál, fsp. ÖS, þskj. 563.
Lánveitingar til sjávarútvegsfyrirtækja, 327. mál, fsp. JóhS, þskj. 577.

Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 267. mál. — Þskj. 350.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Viðskiptasiðferði og verklagsreglur á fjármálamarkaði.

[13:32]

Margrét Frímannsdóttir:
Herra forseti. Þegar Alþingi kom saman í haust lagði þingflokkur Samfylkingarinnar fram fjögur mál sem sneru öll að því hvernig mætti herða eftirlit á fjármagnsmarkaði án þess að skerða á nokkurn hátt möguleika markaðarins til áframhaldandi þróunar. Þá var komin upp í þjóðfélaginu umræða sem dró úr trúverðugleika ýmissa fjármálastofnana og starfsmanna þeirra. Rætt var um hættu á óeðlilegri samþjöppun og eignamyndun á markaðnum, hættu á innherjaviðskiptum og nauðsyn á skýrum samræmdum verklagsreglum. Til að mæta þessari gagnrýni lögðum við m.a. fram þáltill. um að fela viðskrh. að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðnum settu sér siðareglur í viðskiptum. Þær fælu í sér að þeim sem vinna við fjármálafyrirtæki bæri að varast að hagnýta sér tiltekið ástand beint eða óbeint til eigin framkvæmda.

Íslensk fjármálafyrirtæki sem höndla með verðbréf hafa í flestum tilvikum sett sér verklagsreglur sínar en það er ekki nóg ef ekki er farið eftir þeim. Það hefur komið berlega í ljós á síðustu vikum að lánastofnanir og fyrirtæki hafa viðurkennt að hafa brotið verklagsreglur sínar, nánast hunsað þær alveg. Því er borið við að þær séu úr sér gengnar og þarfnist breytinga í takt við breyttar aðstæður. Það er léleg afsökun þar sem fyrirtækin sjálf semja reglurnar og hefðu því að mínu mati átt að koma umkvörtunum sínum og brtt. á framfæri mun fyrr þannig að koma mætti í veg fyrir þau vinnubrögð sem hafa komið í ljós á síðustu dögum þar sem reglur er varða viðskipti með óskráð bréf hafa verið þverbrotnar.

Fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir við framkvæmd verklagsreglna hjá sex fyrirtækjum, m.a. Búnaðarbankanum sem lýtur ótvírætt yfirumsjón ráðherra. Ráðherra hefur sagt að hún sé tilbúin til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum til að koma í veg fyrir slíkar uppákomur hjá fjármálafyrirtækjum og tryggja að eftir reglum sé farið. Ég spyr því: Í hverju eru þær breytingar fólgnar? Telur hæstv. ráðherra nauðsynlegt að lögbinda ákveðnar verklagsreglur um eigin viðskipti starfsmanna og stjórnenda lánastofnana og verðbréfafyrirtækja? Ákvæði um verklagsreglur ná aðeins yfir lánastofanir og verðbréfafyrirtæki. Telur hæstv. ráðherra þá ekki eðlilegt í ljósi breyttra aðstæðna á fjármagnsmarkaði þar sem þátttaka ýmissa sjóða í verðbréfamarkaðnum er mikil að verklagsreglur nái yfir fleiri stofnanir og sjóði, t.d. lífeyrissjóðina, vátryggingafélög og aðra eftirlitsskylda aðila?

Við afgreiðslu Alþingis á frv. sem heimilaði sölu hluta í Landsbanka og Búnaðarbankanum gagnrýndu þingmenn Samfylkingarinnar harðlega þann stutta undirbúningstíma sem ætlaður var til sölu á hlutum í þessum fjármálastofnunum. Við drógum í efa að hægt væri að ganga þannig frá málum að sem best væri staðið að sölunni. Eftir að salan fór fram hafa komið upp ýmis álitamál um framkvæmdina. Sérstaklega er spurt um hvort eðlilegt sé að sömu aðilar og semja útboðslýsingu varðandi sölu bréfanna geri sjálfir tilboð í bréfin og fái þannig stórar fjárhæðir í sinn hlut. Reglur er varða innherjaviðskipti eru alls ekki nógu skýrar. Aldrei má leika nokkur vafi á því að þessir aðilar gæti fyrst og fremst hagsmuna viðskiptavina sinna en láti eigin hagsmuni víkja.

Ég tel eðlilegt að í lögum um verðbréfaviðskipti séu skýr ákvæði um þetta. Skýr ákvæði er að finna í dönskum lögum en ekki hér. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Mun hún beita sér fyrir því að sett verði strangari löggjöf um innherjaviðskipti, t.d. skýrari ákvæði um hverjir teljist innherjar og bann við viðskiptum innherja að liðnum ákveðnum tíma frá birtingu afkomutalna fyrirtækja?

Þá hafa eigin viðskipti fjármálafyrirtækja verið mjög áberandi á síðustu vikum. Fjármálafyrirtæki hafa verið að kaupa stóra hluti í fyrirtækjum og selt síðan aftur fyrir dá-

góðan hagnað. Ef viðskipti með fyrirtæki sem keypt er í eru lítil getur fjármálafyrirtækið í raun stjórnað verði þess. Á eins litlum markaði og hér er getur hættan á slíkri verðstýringu verið töluverð. Er ekki ástæða til að skoða þennan þátt viðskiptanna sérstaklega og takmarka jafnvel svigrúm fjármálafyrirtækja til eigin viðskipta af þessu tagi? Það er alveg ljóst að það verður að eiga sér stað siðbót á fjármálamarkaðnum. Hegðun manna síðustu vikur hefur síst orðið til að auka traust fólks á fjármálastofnunum og nægir að vísa til frétta á Bylgjunni í hádeginu í dag þar sem fjallað var um Búnaðarbankann.

Setning siðareglna í viðskiptum yrði áreiðanlega til þess að efla siðferðisvitund þeirra sem í hlut eiga. En þó má gera enn betur, t.d. með því að koma á laggirnar sérstakri siðanefnd sem hefði það hlutverk að sjá um að settum siðareglum væri framfylgt og fjallaði um siðferðileg álitaefni. Því spyr ég: Mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði siðareglur í viðskiptum eins og þáltill. Samfylkingarinnar gerir ráð fyrir og jafnframt verði komið á fót sérstakri siðanefnd sem fjalli um siðferðileg álitamál? Ríkið á að sjá um að settar séu skýrar og afdráttarlausar leikreglur á fjármagnsmarkaði og að þeim sé framfylgt.

Á haustþingi voru lögð fram tvö frv. um styrkingu Fjármálaeftirlitsins, annað frá Samfylkingunni, hitt frá ríkisstjórn. Eru breytingarnar sem þar eru lagðar til nægjanlegar eða þarf enn frekari styrkingu á heimildum Fjármálaeftirlitsins í ljósi atburða og umræðu í síðustu viku?

[13:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun leitast við að svara þeim spurningum sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir beindi til mín.

Í fyrsta lagi er spurt um breytingar þær sem ég hyggst leggja til á verðbréfaviðskiptalögunum. Frv. um breytingar á verðbréfaviðskiptalögum hefur verið til vinnslu í viðskrn. frá því í haust og er nú til umsagnar hjá hagsmunaaðilum. Í frv. er m.a. mælt fyrir um skýrari aðskilnað einstakra starfssviða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Þessum aðilum ber að sýna fram á með verklagsreglum, staðfestum af Fjármálaeftirlitinu, að komið sé í veg fyrir árekstra með skýrum aðskilnaði starfssviða.

Þá er kveðið á um skýrari umgjörð utan um verklagsreglur um eigin viðskipti fyrirtækjanna og starfsmanna þeirra og Fjármálaeftirlitinu tryggð betri staða við setningu og eftirfylgni reglnanna. Þessar reglur skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Í öðru lagi er spurt um hvort verklagsreglur um eigin viðskipti eigi að ná til allra eftirlitsskyldra aðila. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að skoða alvarlega. Ef til þess kemur þurfa reglurnar þó að sjálfsögðu að taka mið af því að starfsemi lífeyrissjóða annars vegar og vátryggingafélaga hins vegar eru um margt ólík starfsemi lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Í þriðja lagi er spurt um innherjamál. Um viðskipti innherja er fjallað í IV. kafla verðbréfaviðskiptalaga og í reglum Verðbréfaþings. Breytingar á þessum ákvæðum eru vandasamar og þarfnast mikillar yfirlegu. Ég tel að vel komi til greina að setja takmarkanir á viðskipti innherja eftir ákveðinn tíma frá birtingu afkomutalna. Slíkt ákvæði mundi án efa minnka tortryggni í garð innherjaviðskipta. Ég tel þó að ákvæði af þessu tagi eigi fremur heima í reglugerð en í lögum.

Í fjórða lagi er spurt um eigin viðskipti fjármálafyrirtækja hér á landi. Eins og annars staðar á EES-svæðinu hefur verið farin sú leið að leyfa lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum að stunda alhliða verðbréfastarfsemi en þess krafist að skýr aðskilnaður eða svokallaðir kínamúrar séu á milli einstakra starfssviða. Í frv. um breytingu á verðbréfaviðskiptalögum er einmitt lagt til að kínamúrar verði styrktir. Ég tel ekki á þessu stigi ástæðu til að setja takmarkanir á eigin viðskipti fjármálafyrirtækja.

Í fimmta lagi er spurt um siðanefnd. Stofnun siðanefndar eða sérstaks verðbréfaráðs hefur oft komið til umræðu, núna síðast við vinnu við gerð kauphallarlaga. Þá var ákveðið að leggja ekki til að komið yrði á fót siðanefnd. Sameiginlegt hagsmunamál okkar allra hlýtur að vera að auka siðferðisvitund á markaði. Síðan er spurning hvaða leið við förum að þessu markmiði. Áður en hægt er að svara því hvort æskilegt sé að koma á fót sérstakri siðanefnd verða að liggja fyrir betri hugmyndir um verksvið slíkrar nefndar, skörun við núverandi eftirlitsaðila, hverjir skuli tilnefndir í slíka nefnd og þar fram eftir götunum. Segja má að stjórn Verðbréfaþings gegni að mörgu leyti því hlutverki sem líklegt má telja að siðanefnd mundi gegna. Auk þess gegnir Fjármálaeftirlitið mjög mikilvægu hlutverki í þessu sambandi. Ég tel almennt að við ættum að einbeita okkur að því að styrkja Fjármálaeftirlitið og Verðbréfaþingið.

Í sjötta lagi er spurt um frumvörp um styrkingu Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur sinnt starfi sínu af stakri prýði í þeim málum sem upp hafa komið. Markmiðið er hins vegar að styrkja heimildir þess til aðgerða enn frekar. Ég tel ákvæði stjfrv. fullnægjandi til að ná fram því markmiði. Ég legg hins vegar áherslu á að lög og reglur eru harla lítils virði ef hugur fylgir ekki máli. Hugarfar stjórnenda og starfsmanna fjármálafyrirtækja skiptir sköpum. Nauðsynlegt er að þessir aðilar temji sér það viðhorf að hlutirnir séu ekki endilega í lagi þó ekki sé kveðið á um blátt bann við ákveðnum athöfnum í lögum.

[13:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eftir umræður undanfarnar vikur um þetta efni, bæði innan þings og utan, stendur eitt upp úr og það er skortur á siðgæðisvitund og sjálfsaga innan fjármálaheimsins. Ekki er rétt að alhæfa í þessu efni og ekki er ég að vísa til allra starfsmanna sem starfa við þennan geira, en það er greinilega svo að margir þeirra sem sýsla með verðbréf hafa séð að þar getur verið skjótfenginn gróði og margir þessara aðila ruglast í ríminu og láta eigin hag og fégræðgi stýra för og gerðum sínum.

Af þessum sökum er mjög mikilvægt að um þessi efni séu mjög skýrar reglur og fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs krafðist ég þess í tengslum við mál sem komu upp hjá Búnaðarbankanum að þessi mál yrðu tekin til skoðunar á Alþingi um leið og það kæmi saman.

Í gær var ágæt yfirferð í efh.- og viðskn. þingsins um reglugerðarverkið og lögin og mér sýnist að þverpólitísk samstaða geti skapast um að taka á þessum málum á ábyrgan hátt. Hitt er svo annað mál að ekki er séð fyrir endann á þessum málum og vísa ég þar í hádegisfréttir Bylgjunnar þar sem því er haldið fram að Búnaðarbankinn hafi gefið Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankaum vísvitandi rangar upplýsingar um viðskipti bankans við fyrrverandi viðskiptavin. Þessi mál þarf öll að skoða. En hvað siðgæðið og sjálfsagann snertir, þá er ég ekki viss um það eins og hitt að við náum

pólitískri samstöðu. Það munum við ekki gera meðan landinu stjórnar ríkisstjórn sem telur að ábatavonin og græðgin séu helstu aflvakar samfélagsins. Við því kann ég aðeins eitt ráð og það er að efla þann pólitíska valkost í landinu sem segir þessari hugsun stríð á hendur og vill efla samkennd og samvinnu og það er Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

[13:45]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég beið eftir því að hv. síðasti ræðumaður legði til að stofnað yrði eitt ríkisverðbréfafyrirtæki sem yrði fyrirmynd allra annarra í siðlegum viðskiptum. En það sem málið snýst um er að þessi markaður er ungur og mörg af þeim viðfangsefnum sem koma upp á markaðnum eru mjög lýsandi fyrir það þróunarstig sem hann er á. Það eru mörg viðfangsefni sem við er að glíma og markaðurinn sjálfur eða þeir aðilar sem á honum starfa hafa að því er mér sýnist sýnt fulla ábyrgð í því að taka þátt í að bæta og auka fagmennsku þar.

Við skulum alveg gera okkur grein fyrir því að í þeim fyrirtækjum sem þarna starfa er verið að höndla með mikla fjármuni og það skiptir máli að til þessara fyrirtækja sé litið með trausti og þau gæti ýtrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina. Þetta er einfaldlega mál sem þarf að fara yfir frá öllum hliðum og ná bestu lendingu í.

En það er ýmislegt sem búið er að koma hér inn á sem mætti svo sem fjalla um miklu lengur. Ég tek undir það að í lögunum um innherjaviðskipti þarf að taka betur á og sérstaklega tel ég að skýra þurfi betur yfirmannsábyrgð þannig að á viðskiptum starfsmanna sé skýr yfirmannsábyrgð og menn séu ekki hver um sig að versla með verðbréf án þess að yfirmenn eða stjórn samþykki það í hverju tilviki.

Varðandi siðanefnd og umræðu um hana, þá get ég um margt séð það að slík siðanefnd yrði til góðs. Hún yrði þá fyrst og fremst að vera nefnd aðila á markaðnum þar sem menn mundu leitast við að bæta starfshætti og auka þá fagmennsku sem þarf að vera við lýði á þessum markaði.

[13:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það sýnir mikinn siðferðisbrest á fjármálamarkaðnum að sex fjármálafyrirtæki hafi brotið verklagsreglur um viðskipti starfsmanna og stjórnenda með verðbréf. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort eftir því verði ekki gengið hversu lengi þessi brot hafi viðgengist og hversu umfangsmikil þau eru og einnig hvort hún telji að að fullu séu rannsökuð innherjaviðskipti sem fóru fram í Búnaðarbankanum nýlega.

Íslenski markaðurinn er í verulegri mótun og óþroskaður að mörgu leyti og full ástæða er til að ætla að upplýsingaleki um trúnaðarupplýsingar hafi leitt til óeðlilegra viðskipta með hlutabréf. Meðal annars þess vegna þarf í fullri alvöru að skoða lagasetningu sem hreinlega bannar viðskipti forstöðumanna eða starfsmanna fyrirtækja með hlutabréf þeirra fyrr en að liðnum tilteknum tíma eftir að uppgjör, milliuppgjör eða ársuppgjör er birt, og krefjast ákveðins eignarhaldstíma á bréfunum.

Ég held líka að ástæða sé til að vara við því að rýmkaðar verði heimildir til viðskipta með óskráð verðbréf en Verðbréfaþing áætlar að 10–20% markaðarins séu viðskipti með óskráð verðbréf sem þeir telja að hafi vaxið með tilkomu óskráðra verðbréfa í deCODE-fyrirtækinu sem raskað hafi þessum hlutföllum skráðum verðbréfum í óhag.

Það er líka fullt tilefni til að hafa áhyggjur af því og gera á því athugun hvort sú sprenging sem orðið hefur á gengi hlutabréfa í fjölda fyrirtækja endurspegli verðmæti fyrirtækjanna og hvort verðmyndun á bréfunum sé eðlileg. Spyrja má líka hvort það leiði ekki til hagsmunaárekstra og hvaða áhrif gífurlega mikil viðskipti verðbréfafyrirtækjanna sjálfra fyrir eigin reikning hafa á verðmyndun hlutabréfa og hvort hægt sé að treysta eðlilegri ráðgjöf verðbréfafyrirtækja við einstaklinga og fyrirtæki sem sjálf standa í miklu braski eða viðskiptum á hlutabréfamarkaðnum. Það mál mun ég sérstaklega taka upp í efh.- og viðskn.

Aðeins í lokin. Sé það rétt sem fram kom í fréttum að aðalbankastjóri Búnaðarbankans hafi gefið Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum vísvitandi rangar upplýsingar, þá eru þar á ferðinni svo alvarlegir siðferðisbrestir og embættisafglöp að á því ber að taka af fyllstu hörku.

[13:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það hefur verið einörð stefna ríkisstjórnarinnar að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og stefna að því að selja þá á almennum markaði. Það er okkar skoðun að það sé skynsamleg og eðlileg leið og farsæl fyrir þjóðina.

Á leiðinni hafa orðið hnökrar sem ástæða er til að staldra við og velta fyrir sér hvort við getum ekki bætt úr þeim reglum sem við styðjumst við og bæta úr þeim ágöllum sem fram hafa komið.

Það sem einkum og sér í lagi vekur athygli er hversu mikið hlutabréf í einstökum bönkum sem seld hafa verið hafa hækkað mikið skömmu eftir að salan fór fram. Mest er þetta áberandi í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þar sem hækkun hefur verið um 50% á mjög skömmum tíma. Sama hefur líka verið í Búnaðarbankanum þar sem hlutabréf hafa hækkað um 15% í verði á mjög skömmum tíma.

Þetta leiðir auðvitað hugann að því hvort menn hafa ekki gætt sín á að huga að verðlagningu þessara hlutabréfa. Hver er skýringin á því að þau hækka svona mikið mjög skömmu eftir að ákveðið er að selja þau? Ég skil vel að mönnum sé misboðið eins og t.d. gerist í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þar sem einstakir starfsmenn bankans kaupa hlutabréf fyrir háar fjárhæðir og auðgast mjög mikið á mjög skömmum tíma. Síðan ákveði bankinn að greiða út arð í peningum fyrir háa fjárhæð eða á annan milljarð kr. og þannig fá starfsmennirnir pening til að standa undir þeim kaupum sem þeir hafa ráðist í. Þetta eru hlutir sem við þurfum að skoða. Við þurfum að gæta að því að við stígum vel og varlega til jarðar og seljum eignir ríkisins á sannvirði á hverjum tíma.

[13:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Kannski er að koma á daginn að sú margrómaða „háeffun“ ríkisbankanna og einkavæðing í fjármálageiranum, sem átti að leysa allan vanda þannig að helst var á máli manna að heyra að hann mundi gufa upp eins og dögg fyrir sólu þegar hinn vondi ríkisrekstur yrði aflagður, hafi ekki öll gengið eftir og ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns í þeim efnum.

Það er enginn vafi á því að verulega skortir á að hinn svokallaði, liggur mér við að segja, verðbréfamarkaður á Íslandi sé það þroskaður að hægt sé að treysta því að þau siðalögmál og þær verklagsreglur, sem verður að hafa í heiðri eigi

almenningur að treysta þessum stofnunum fyrir fjármunum sínum, séu hafðar í heiðri. Það mun koma þeim stofnunum sjálfum í koll fyrr eða síðar að grafa undan eigin trausti með þeim hætti sem nú virðist hafa verið gert á síðustu missirum. Siðareglur, verkfallsreglur og lög koma fyrir lítið eins og hæstv. viðskrh. reyndar kom inn á ef hugarfarið er að allir, þar með taldar fjármálastofnanirnar sjálfar og starfsmenn þeirra skuli spila með í þessu lottói í eigin ágóðaskyni og slík vanþroskamerki, herra forseti, hringja viðvörunarbjöllum. Ég minni þar t.d. á mikilvægi þess að tryggja dreifða eignaraðild í slíkum stofnunum þannig að einstakir aðilar fái þar ekki undirtökin.

Kaup starfsmanna fjármálastofnana á bréfum í eigin ágóðaskyni hafa verið mjög til umræðu að undanförnu. En ég tel, herra forseti, að það sé ekki síður ástæða til að athuga kaup fjármálastofnananna sjálfra fyrir eigin reikning. Það eru fjölmörg dæmi um það frá undanförnum mánuðum að menn hafa markvisst keypt upp gengi í fyrirtækjum, jafnvel hafa viðskiptabankarnir spilað þannig með gengi í fyrirtækjum sem eru í viðskiptum hjá þeim. Og er það verjandi, herra forseti, að takmarka þá ekki a.m.k. verulega ef ekki banna að einhverju leyti svigrúm þessara stofnana til að eiga slík viðskipti á sama tíma og þau bjóða almenningi að ávaxta þeirra fé að þessu leyti. Það fer ekki saman ef menn kunna ekki fótum sínum forráð í þeim efnum, herra forseti.

[13:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Allur atvinnurekstur sem á í samkeppni þarf á trausti að halda, sérstaklega fjármálafyrirtæki. Þau lifa á trausti. Viðskiptavinurinn þarf að treysta því að hann fái sömu afgreiðslu og aðrir. Þetta sjá fyrirtæki í auknum mæli og setja sér siðareglur. Þau segja: Við erum heiðarleg, við erum sanngjörn, við erum framsækin o.s.frv. Það má nánast flokka traust og virðingu fyrirtækja sem eign.

Herra forseti. Miklar breytingar hafa átt sér stað og starfsmenn og stjórnir fjármálafyrirtækja mæta nýjum siðferðilegum vandamálum nærri daglega. Mikil breyting hefur orðið frá því sem áður var. Áður var það þannig að lántakendum var mismunað meðvitað og þótti engum merkilegt. Fólki var mismunað meðvitað og engar umræður voru um það á Alþingi. En nú er orðin sú breyting á að búið er að hlutafjárvæða og einkavæða hluta af þessum markaði og þá kemur upp mjög skemmtileg umræða um siðferði.

Starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja þurfa stöðugt að spyrja sig hvort þeir séu að gera rétt eða rangt. Þeir þurfa að setja sér siðareglur sjálfir og endurskoða þær oft í ljósi breytinga. Ég vil nefna það hér að hugtakið innherji er afskaplega erfitt viðureignar. T.d. geta spilafélagar og aðrir slíkir orðið innherjar en eru það ekki samkvæmt lögunum. Reglur að ofan eru góðar og gildar en geta aldrei komið í stað innri siðareglna sem fyrirtækin setja starfsmönnum sínum og vanda sig við að framfylgja. Ef þau gera það ekki, missa þau viðskiptavini sína.

[13:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Íslenski hlutabréfamarkaðurinn er mjög ungur og er í örri þróun og augljóst er af þeim fréttum sem við höfum fengið undanfarið að þar er mjög margt sem má til betri vegar færa. Íslenska hagkerfið er líka mjög smátt. Þekking, vinskapur og tengingar innan þess gerir það vitaskuld að verkum að mjög mikil upplýsingamiðlun er milli manna sem leiðir til þess að þeir sem hafa puttann á púlsinum geta nýtt sér slíkar upplýsingar til að hagnast á, líkt og tíðkast víðast hvar í veröldinni. Það er einmitt af þeim sökum, þ.e. hve ungur markaðurinn er og íslenska hagkerfið er lítið sem ríkar kvaðir hvíla á yfirvöldum landsins að sjá til þess að mjög stífar reglur verði settar um viðskipti á þessum markaði. Það er nú einu sinni þannig að ef við ætlum að byggja þennan markað upp af einhverju viti, þá verður hann að byggja á trausti. Hann mun aldrei geta byggst á neinu öðru. Og ef við sjáum ekki til þess að yfirvöld hafi eftirlit með slíku og þá ekki síst að menn komi upp þeim vinnubrögðum að menn reyni að byggja upp traust til þess að viðskipti geti átt sér stað og menn haldi áfram að byggja þetta upp. Ef það gerist ekki þá er ég voðalega smeykur um að sú tilraun til að hlutabréfavæða eða byggja upp hlutabréfamarkað mistakist. Þess vegna er mjög mikið undir að vel takist til í þessum efnum.

[13:57]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á þessu máli og þakka afdráttarlaus svör hæstv. viðskrh. Hæstv. viðskrh. brást mjög hratt og vel við þegar í ljós kom að ákveðnir starfsmenn í ákveðnum fjármálafyrirtækjum höfðu jafnvel verið að bjóða í hlut í þeim fyrirtækjum og um hugsanleg innherjaviðskipti hafi verið að ræða, og ber að þakka hæstv. ráðherra fyrir skörulega framgöngu í því máli. (**ÖJ:** Og ríkisstjórninni allri.)

Íslenskur fjármálamarkaður er barn síns tíma eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson veit og hér á landi er í raun og veru svipuð þróun og átt hefur sér stað í öðrum löndum hvað hlutafjármarkaðinn varðar þar sem hlutafjármarkaður hefur verið að ryðja sér til rúms. Auðvitað spyrja menn sig um verðgildi ákveðinna hlutabréfa en það er greinilegt að Íslendingar hafa vaxandi áhuga á fjármagnsmarkaðnum og fjármögnun í þeim efnum og jafnvel er talað um að ákveðnir hópar í samfélaginu leiki sér á þessum fjármagnsmarkaði eins og um spilakassa, lottóspil eða þess háttar væri að ræða.

Við megum heldur ekki gleyma því að gerbreyting hefur orðið á fjölmörgum fyrirtækjum sem hafa verið boðin út á þessum frjálsa markaði. Rekstur þeirra hefur gengið um margt betur en áður var og hagkerfi okkar er mun opnara en það var.

Í ríkisstjórnartíð Framsfl. hefur verið gætt að verðgildi þeirra stofnana, ríkisstofnana sem seldar hafa verið, passað hefur verið upp á að selja þær á sem allra hæstu verði. Þar hefur betur tekist til en í ríkisstjórnartíð Alþfl. og Sjálfstfl. (**ÖS:** En Áburðarverksmiðjan?)

[13:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör áðan og jafnframt taka undir þau orð sem fallið hafa í hennar garð varðandi viðbrögð þegar uppvíst var fyrir ekki löngu síðan að nokkur fyrirtæki á okkar viðkvæma fjármálamarkaði hefðu brotið þær verklagsreglur sem þau höfðu sett sér. Þau viðbrögð voru hárrétt og einnig það sem kom fram í svörum ráðherra við fyrri hluta þeirra spurninga sem ég lagði fyrir hana.

Ráðherrann sagði að mikil nauðsyn væri á réttu hugarfari og ég tek undir að það er nauðsynlegt að hugarfar stjórnenda fyrirtækja á fjármálamarkaðnum sé rétt. Hins vegar vil ég

benda á það að skýrar siðareglur eins og þær sem Samfylkingin hefur lagt til að verði settar fyrir þennan markað munu hjálpa þeim sem búa ekki við skýra siðferðisvitund til þess að færast yfir á rétta braut. Þess vegna beini ég því nú eindregið til hæstv. ráðherra að hún leggi lið þeirri þáltill. sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa flutt undir forustu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, að hún verði samþykkt og í framhaldi af því verði sett siðanefnd sem aðilar þessa markaðar eigi aðild að. (**Landbrh.:** Hverjir eiga að vera í henni?) Við munum örugglega finna út úr því, hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson. En það er nauðsynlegt að það séu þeir aðilar sem eiga hlut að máli hvað þennan markað varðar. Ég held að með samþykkt tillögu okkar um setningu siðareglna og með því að til yrði slík nefnd sem færi yfir ýmis álitamál værum við mun betur sett en við erum í dag. Það er mjög nauðsynlegt að það sé traust á þessum markaði og þessum fyrirtækjum. Það er alveg hárrétt, þau lifa á því trausti.

Því miður hafa sum þeirra brugðist því illilega á undanförnum vikum. Á því verður að taka, virðulegi forseti.

[14:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu, mér finnst hún hafa verið málefnaleg. Eins og hefur komið fram er markaðurinn ungur og við höfum orðið vör við ákveðna vaxtaverki.

Það er verið að fara yfir þetta mál frá öllum hliðum, vil ég meina. Ég er ekkert frá því að þverpólitísk samstaða muni nást um þær breytingar sem þarf að gera. Það hefur verið talað um að hér ríki skortur á siðferði á verðbréfamarkaði og í verðbréfastarfsemi og þau orð hef ég látið falla sjálf.

Markaðurinn hefur sent Fjármálaeftirlitinu nýjar verklagsreglur sem eru þar til umfjöllunar og munu líta dagsins ljós áður en mjög langur tími líður. Um meint innherjaviðskipti í Búnaðarbanka sem hér voru nefnd vil ég segja það að Verðbréfaþing taldi skýringar bankans fullnægjandi og sendi málið því ekki áfram til Fjármálaeftirlitsins. Ég hef ekki haft svigrúm til þess að kynna mér það mál sem vitnað hefur verið til í umræðunni og var til umfjöllunar í hádegisfréttum. Ég tel að það mál sé í ákveðnum farvegi og samkvæmt fréttinni er málið til athugunar hjá Fjármálaeftirlitinu.

Ég vil að síðustu segja, hæstv. forseti, að fjármálafyrirtæki eiga allt sitt undir trausti viðskiptavina. Viðskiptavinir fyrirtækjanna verða að geta treyst því fullkomlega að hagsmunir þeirra sitji í fyrirrúmi en ekki hagsmunir fyrirtækisins sjálfs, starfsmanna þess eða aðrir hagsmunir. Á síðustu vikum hafa komið fram ámælisverð tilvik sem eru til þess fallin að grafa undan trausti almennings á fjármálafyrirtækjum. Lækningin á ekki aðeins að vera fólgin í bættu regluverki og eftirliti með því heldur ekki síður í breyttu hugarfari fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra.

Fundi slitið kl. 14:04.

---

60. FUNDUR

miðvikudaginn 9. febr.,
að loknum 59. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Áhrif stækkunar Evrópusambandsins á Evrópska efnahagssvæðið, fsp. ÖS, 307. mál, þskj. 556.

Til fjármálaráðherra:

2. Fæðingarorlof, fsp. PM, 153. mál, þskj. 174.

3. Endurskoðun skattalöggjafarinnar, fsp. ÁGunn, 157. mál, þskj. 178.

Til iðnaðarráðherra:

4. Smíði skipa, fsp. JÁ, 178. mál, þskj. 205.

5. Gagna- og fjarvinnsla á landsbyggðinni, fsp. SJS, 309. mál, þskj. 558.

Til dómsmálaráðherra:

6. Nálgunarbann, fsp. ÖJ, 282. mál, þskj. 422.

7. Leiðbeiningar- og tilkynningarskylda fyrir brotaþola, fsp. ÖJ, 283. mál, þskj. 423.

Til umhverfisráðherra:

8. Gróðurvinjar á hálendinu, fsp. ÖS, 304. mál, þskj. 551.

9. Umhverfisstefna í ríkisrekstri, fsp. KolH, 306. mál, þskj. 555.

Áhrif stækkunar Evrópusambandsins á Evrópska efnahagssvæðið.

Fsp. ÖS, 307. mál. — Þskj. 556.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Nú stendur fyrir dyrum umfangsmikil stækkun Evrópusambandsins en sambandið hefur samþykkt að eiga viðræður við ein tólf ríki um aðild. Sú breyting hefur auðvitað áhrif á stöðu og vægi samnings okkar um Evrópska efnahagssvæðið sem kunna að draga dilk á eftir sér inn í framtíðina.

Okkur sem fyrir hönd Alþingis eigum í samstarfi við þing annarra þjóða, ekki síst þeirra sem eru innan ESB, dylst ekki að Evrópska efnahagssvæðið er ekki mjög ofarlega í hugum evrópskra þingmanna. Oft og tíðum vita þeir harla lítið um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þeir hafa lítinn áhuga á því og yfirleitt gera þeir sér ákaflega litla grein fyrir því um hvað það snýst. Það er ákveðin hætta, herra forseti, að þessi stækkun ESB kunni að draga enn úr vægi samningsins. Ég tel enn fremur að á síðustu árum hafi formlegt vægi EES í Evrópusamstarfinu minnkað og samhliða hafi dregið úr möguleikum landa eins og Íslands til að hafa áhrif á þær ákvarðanir ESB sem varða beinlínis hag landa eins og okkar.

Ég minni t.d. á breytingarnar sem voru gerðar á Maastricht-sáttmálanum á fundinum í Amsterdam fyrir nokkrum árum þar sem komið var upp sérstöku samráðsferli milli ráðherraráðsins og Evrópuþingsins til þess að draga úr ágreiningi á milli þessara tveggja stofnana. En eins og það ferli er sett upp tel ég að dregið sé verulega úr möguleikum EFTA-landanna til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða beinlínis hag okkar og sem lenda í þessu samráðsferli. Samhliða dvínandi möguleikum okkar til þess að hafa áhrif innan ESB er ljóst að viðræðurnar vegna stækkunar ESB,

sem kunna að standa yfir við allt að tólf ríki í einu, munu taka mikinn tíma og mikið atgervi frá embættismönnum og stjórnmálamönnum Evrópusambandsins. Ég óttast að þetta langvinna stækkunarferli kunni í sjálfu sér að hafa áhrif og leiða til enn minni áhrifa okkar innan Evrópska svæðisins og sömuleiðis getu ESB til þess að sinna þróun og framkvæmd EES-samningsins. Ég óttast með öðrum orðum, herra forseti, að ESB sé í rauninni að þróast frá Evrópska efnahagssvæðinu og geti haft óheillavænlegar afleiðingar fyrir okkur Íslendinga. Þetta eru þess vegna mál sem hljóta að verða á dagskrá og eru ákaflega mikilvæg fyrir okkur og mikilvægt er að við bregðumst rétt við þessari þróun.

Ég hef þess vegna spurt hæstv. utanrrh. hvaða áhrif hann telji að fyrirhuguð stækkun Evrópusambandsins hafi á stöðu, framkvæmd og þróun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ég spyr hann sérstaklega eftir því hvort hann telji að möguleikar okkar til að hafa áhrif á ákvarðanir sambandsins sem varða beinlínis hag okkar kunni að minnka við þessa stækkun.

[14:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hvorki innri þróun Evrópusambandsins né stækkun þess breyta í sjálfu sér efnisákvæðum EES-samningsins. Hann stendur eftir sem áður sem hluti af samningsskuldbindingum Evrópusambandsins gagnvart Íslandi, Liechtenstein og Noregi. Stofnanakerfi það sem sett er á fót með samningnum stendur óháð stækkun ESB. Ný aðildarríki ESB verða jafnframt aðilar að EES-samningnum og því þátttakendur með Íslandi í fjórfrelsinu svokallaða. Eftir að þessi ríki eru orðnir aðilar verða þau kölluð til umsagnar um öll þau mál sem varða okkar hagsmuni og EES-samninginn. Því ríður á að efla tvíhliða samskipti við þau hvert og eitt.

Almennt má segja að kostir EES-samningsins felist einkum í því að hann gefur aðgang fyrst og fremst að þeim þáttum Evrópusamstarfsins sem voru áhugaverðastir fyrir okkur á þeim tíma en aðrir þættir, sem hafa höfðað minna til íslenskra hagsmuna, standa utan samningsins. Gallar hans eru einkum fólgnir í verulegum takmörkunum á aðgangi að almennri umræðu og mótun nýrra gerða. Þessi munur á aðstöðu aðildarríkja annars vegar og EFTA/EES-ríkja hins vegar er innbyggður í EES-samninginn og var alltaf ljós.

Áhrif framkvæmdastjórnar ESB á mótun nýrrar Evrópulöggjafar hafa verið takmörkuð. Þetta hefur áhrif á aðgang okkar að ákvarðanatöku og ákvarðanamótun þar sem samningsbundinn aðgangur EFTA/EES-ríkjanna að mótun gerða á vegum ESB var í gegnum og er í gegnum framkvæmdastjórnina. Vegna fyrirsjáanlegrar stækkunar má vænta enn frekari breytinga á stofnanakerfi ESB. Ólíklegt er að það auki hlut framkvæmdastjórnarinnar aftur og því líklegra að það veiki enn frekar stöðu okkar í þessu samstarfi.

Gangi eitt eða fleiri EES-ríkjanna í ESB á næstu árum er ljóst að það mun hafa umtalsverð áhrif á EES-samstarfið og stöðu okkar í Evrópusamstarfinu almennt. Ákveðið var sl. haust að gera úttekt á þessu máli þar sem farið væri yfir starf Evrópussamstarfsins lið fyrir lið. Þar verður leitast við að draga fram hver staða Íslands yrði án samninga, því næst hvernig EES-samningurinn, samstarfssamningurinn um Schengen og aðrir þeir samningar sem gerðir hafa verið nýtast okkur og loks hugað að þeim möguleika að Ísland sé aðili að ESB.

Skýrslugerðinni miðar vel og ég vonast til þess að geta lagt úttektina fyrir ríkisstjórn fljótlega og í framhaldi af því hér á Alþingi. Ekki er ætlunin að setja fram beinar tillögur í þessu máli heldur skýra stöðu okkar við breyttar aðstæður. Úttekt af þessu tagi ætti því að geta skapað grundvöll fyrir góða og málefnalega upplýsta umræðu á næstu missirum um þetta mikilvæga mál.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra fyrir það hversu fljótt hann bregst við þessari fsp. Ég lagði hana fram fyrir örfáum dögum og hæstv. ráðherra svarar henni núna einum þremur dögum eftir að hún kom fram.

Ég þakka líka hæstv. ráðherra fyrir svör sem voru næsta skýr þrátt fyrir að málið sé ákaflega flókið og viðamikið. Ég er sammála hæstv. ráðherra í því að þróunin sem er fyrirsjáanleg innan Evrópusambandsins muni að öllum líkindum veikja stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu og muni draga úr vægi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Eins og ég skynja þróun Evrópusambandsins finnst mér sem það gæti ákveðinnar stöðnunar í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og að hann nái ekki að fylgja eftir þróun Evrópusambandsins. Þess vegna segi ég það að ég hlakka til þess að hæstv. ráðherra leggi fram þá skýrslu sem er nú verið að vinna að í ráðuneyti hans. Ég heyri það á máli hæstv. ráðherra að þar er um að ræða viðamikið efni en ákaflega forvitnilegt. Þar er m.a. verið að velta upp þeim kostum sem eru í stöðunni fyrir Ísland andspænis þeirri þróun sem hæstv. ráðherra dró þannig upp að útlínur þeirrar þróunar virtust ákaflega skýrar.

Ég held þess vegna, herra forseti, að eins og staðan er í dag í þessum málum muni þetta óhjákvæmilega verða á dagskrá íslenskra stjórnmála á næstu árum.

Gróðurvinjar á hálendinu.

Fsp. ÖS, 304. mál. — Þskj. 551.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. umhvrh. hvort hún hyggist beita sér fyrir því að gróðurvinjum á hálendinu verði bætt við þær landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Þessi lög voru samþykkt á síðasta vori, herra forseti, og þar er í fyrsta skipti fjallað um að sérstök vernd skuli gilda og ná yfir ákveðnar landslagsgerðir. Þar er m.a. talað um eldvörp, gervigíga og eldhraun, stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóa, fossa, hveri og aðrar heitar uppsprettur. Mér þykir hins vegar, herra forseti, að inn í þessa upptalningu vanti gróðurvinjar á hálendinu.

Þær eru margar hverjar mikilvægar, að sumu leyti einstakar, og það er nauðsynlegt að vernda þær. Frá sjónarhóli líf- og vistfræðinnar hafa þær mikið gildi. Gróðurvinjarnar gegna hlutverki fræbanka og þegar skilyrði til gróðurfars breytast, t.d. með breyttu loftslagi eða með minna beitarálagi, eru það fræin úr fræbanka gróðurvinjanna sem aðstoða við uppgræðsluna. Mikilvægt er að undirstrika að þessar gróðurvinjar eru leifar miklu víðfeðmari gróðurlendna sem hafa látið undan síga. Þær eru ákaflega viðkvæmar fyrir hvers kyns raski og nýtingu og því tel ég nauðsynlegt að hæstv. ráðherra hlutist til um málið.

Ég bendi á að á nýafstöðnu náttúruverndarþingi kom þetta mál til umfjöllunar og þar var einróma samþykkt að beina þessu til ráðherrans. Ég hef orðið þess áskynja í kjölfar þingsins að hæstv. ráðherra telur að nauðsynlegt sé að ná góðu og miklu sambandi við Náttúruverndarráð. Þess vegna tel ég að einboðið væri að hæstv. ráðherra tæki undir þetta og lýsti því yfir hér að hún hyggist beita sér fyrir því að lögunum verði breytt með þessum hætti. Ef hæstv. ráðherra ætlar ekki að beita sér fyrir því mun Samfylkingin gera það.

[14:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Í 37. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, er kveðið á um landslagsgerðir sem njóta skuli sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í því felst m.a. það að ef menn hafa áhuga á að raska slíkum svæðum þarf a.m.k. að leita umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en farið yrði í slíkt þannig að svæðin yrðu skoðuð sérstaklega.

Meðal þeirra landslagsgerða sem falla undir lagagreinina eru mýrar og flóar, þrír hektarar að stærð eða stærri. Samkvæmt upplýsingum mínum frá Náttúruvernd ríkisins falla flestar gróðurvinjar á hálendinu undir þessa skilgreiningu. Því var ekki talin ástæða þegar lögin voru sett í fyrra að taka sérstaklega út úr gróðurvinjar á hálendinu þegar náttúruverndarlögin voru sett. Ef raska ætti þessum stærri gróðurvinjum sem falla undir lögin eins og þau hljóma í dag þyrfti að sjálfsögðu einnig að fara í lögformlegt umhverfismat þannig að þau fengju sérstaka skoðun.

Það er hins vegar annað mál varðandi smærri gróðurvinjarnar á hálendinu, þær falla ekki undir 37. gr. náttúruverndarlaganna, en það eru smærri gróðurvinjar, sérstaklega á gosbeltinu, og þeim er helst ógnað af beit búfjár. Þau svæði eru til umræðu í tengslum við gerð náttúruverndaráætlunar, en skv. 65. gr. þeirra laga skal umhvrh. eigi sjaldnar en á fimm ára fresti láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir allt landið og leggja fyrir Alþingi. Það á að leggja slíka áætlun í fyrsta sinn fyrir Alþingi árið 2002. Það er hlutverk Náttúruverndar ríkisins í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur og hlutaðeigandi náttúruverndarnefndir að sjá um undirbúning og öflun gagna vegna áætlunarinnar. Í dag eða á morgun er mér kunnugt um að Náttúruvernd ríkisins mun eiga fund við Landgræðsluna og Skógræktina þar sem verður einmitt fjallað um þessar minni gróðurvinjar á hálendinu til þess að fella það inn í náttúruverndaráætlunina hvernig menn ætla að standa að verndun þessara svæða.

Ég minni einnig á það í þessu sambandi að vinna við rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er nýhafin undir yfirskriftinni Maður, nýting, náttúra. Þar hefur verið skipuð sérstök verkefnisstjórn sem á að vinna með fjórum faghópum en það er markmið þessarar áætlunar að leggja mat á og flokka virkjunarkosti eftir ýmsum mælikvörðum þar sem á að taka m.a. tillit til náttúrunnar. Reiknað er með því að þessar tillögur muni liggja fyrir vonandi á þessu kjörtímabili, e.t.v. ekki fyrr en í upphafi næsta kjörtímabils, þannig að gróðurvinjarnar á hálendinu fá einnig sérstaka skoðun í gegnum rammaáætlunina.

Svar mitt við þessari fyrirspurn er að ég tel enga sérstaka ástæðu til að beita mér fyrir því að gróðurvinjar á hálendinu verði teknar sérstaklega inn í 37. gr. náttúruverndarlaganna þar sem ég tel að nú þegar séu þær að mestu leyti innan lagarammans fyrir utan að vinjarnar fá víðtæka skoðun, bæði í gegnum rammaáætlun ríkisstjórnarinnar og í gegnum náttúruverndaráætlun sem er verið að vinna að, og þá eru hinar smærri gróðurvinjar skoðaðar sérstaklega í gegnum þá vinnu.

[14:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er athyglisvert mál á ferðinni og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrirspurnina. En ég verð að lýsa yfir örlitlum vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra þar sem hún nefnir sannarlega rammaáætlun ríkisstjórnarinnar sem er í undirbúningi og náttúruverndaráætlun en nefnir ekki skyldur okkar samkvæmt Ríó-sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytni. Við vitum að við höfum þar ákveðnar skuldbindingar og m.a. skuldbindingar er lúta að því að skrá búsvæðin á landinu. Hæstv. ráðherra hefur oft vakið athygli á því að kortagerð sé ekki í nægilega góðu horfi í landinu og er að gera átak í þeim efnum og ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra tala um að undirbúningur fyrir flokkun og skráningu búsvæða í landinu væri í undirbúningi. Ég nefni það hér að Norðmenn, vinir okkar, eru að gera slíka kortlagningu hjá sér og þeir hafa nú þegar skráð 56 búsvæði og verða með þau fullskráð á árinu 2003.

[14:22]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri fyrirspurn sem hér hefur verið lögð fram. Hún vekur athygli á þeim landslagsheildum og því gróðurfari sem á mjög í vök að verjast á hálendi Íslands. Ég tel þarft að ræða þau mál hvernig þessi svæði og staða þeirra er tryggð, hvort heldur er innan þess ramma sem hæstv. ráðherra gat hér um og ég tek fyllsta mark á.

En það sem ég vildi draga fram er það að mjög mikill skortur er á rannsóknum á þessum gróðurvinjum. Ég vil nefna flæðiengin, Hvítárnes, Þjórsárver, Eyjabakka. Þetta eru ekki sams konar svæði, það skortir allar rannsóknir og samanburð á þessum svæðum, það skortir samanburð á gróðurfari og dýralífi.

Ég skora á þá sem með fjármál fara í landinu að efla rannsóknir til þess að tryggja framtíð þessara svæða.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Það er ekkert lát á algjörum skilningsskorti þessa hæstv. ráðherra gagnvart náttúruvernd í landinu. Ég hefði nú talið að þessi hæstv. ráðherra þyrfti að hysja upp um sig buxurnar í þeim efnum eftir þau áföll sem hún hefur orðið fyrir í samskiptum sínum við náttúruverndarsinna. Ég bendi á þann dóm sem hæstv. ráðherra fékk á nýafstöðnu náttúruverndarþingi. Að koma hingað og segja í löngu máli: Nei, hún hafði ekki einu sinni hugsað sér að huga að þessu máli.

Í máli hennar kemur tvennt fram. Hún telur að flestar gróðurvinjarnar á hálendinu falli undir núgildandi lög. Ég er henni ósammála um það. En það eitt að segja „flestar" þykir mér benda til þess að það eru a.m.k. einhverjar gróðurvinjar sem ekki falla undir það. Allar gróðurvinjarnar sem einhverju máli skipta, sem ná yfir einhver flæmi á hálendinu, sæta núna árásum og atlögum Landsvirkjunar, nánast hver og ein einasta. Mál er til komið að þessi ráðherra standi upp og sýni hvar hún stendur í þessu máli. Ætlar umhvrh. virkilega að fylkja sér með Landsvirkjun í hverju málinu á fætur öðru?

Ef ég hefði lengri tíma hérna, herra forseti, hefði ég viljað ræða við hæstv. ráðherra um afstöðuna til Þjórsárvera af því að hún nefndi þau hér í umræðunni. En við gerum það víst við annað tækifæri.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram, herra forseti, að ég tel að hæstv. ráðherra sé að bregðast skyldum sínum sem umhvrh. Það liggur fyrir að allt það sem lýtur að votlendi og vernd votlendis af hálfu umhvrn. síðustu árin er í skötulíki. Það liggur fyrir að ekki er búið að kortleggja votlendi landsins eins og ber að gera fyrir tiltekinn tíma samkvæmt Ramsar-samningnum. Það liggur einnig fyrir að stofnanir ráðuneytisins hafa ekki tæmandi yfirlit yfir þessar gróðurvinjar og það kom glögglega fram máli hæstv. ráðherra að hún gerir sér ekki heldur grein fyrir hvað felst í hugtakinu „gróðurvin á hálendinu".

Þetta finnst mér vera alvarlegt mál, herra forseti. Ég vil bara nefna eitt: Það er ekki langur tími síðan að Orravatnsrústir voru nánast gjöreyðilagðar. Það var bara fyrir atbeina eins einstaks vísindamanns að tókst að bjarga þeim. Og það eru ábyggilega fleiri ... (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið, en mér rennur auðvitað í skap yfir svona svari.

[14:25]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki á því hví hv. þm. þurfa að æsa sig svona í fyrirspurnatíma og það er af og frá að hér séu einhverjir að bregðast skyldum sínum. Hér er verið að reyna að svara fyrirspurn eftir besta mætti.

Það er alveg ljóst, eins og ég sagði í fyrra svari mínu, að hinar stærri gróðurvinjar á hálendinu falla undir 37. gr. náttúruverndarlaganna samkvæmt upplýsingum mínum frá Náttúruvernd ríkisins. Ég efast ekki um að þær upplýsingar séu réttar.

Menn þurfa því ekki að hafa þær áhyggjur sem hér eru látnar í ljós að mínu mati. (Gripið fram í.) Flestar gróðurvinjar. Ef hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hefur heyrst að ég segði „allar" er það ekki rétt. Flestar gróðurvinjar á hálendinu falla undir 37. gr. náttúruverndarlaga eins og hún hljómar í dag. Þar stendur að mýrar og flóar stærri en þrír hektarar falli undir þessar skilgreiningar. Það eru gróðurvinjarnar okkar á hálendinu flestar, ekki hinar smærri. Ástæða væri til að hafa áhyggjur af hinum smærri, en tekið er á þeim í gegnum náttúruverndaráætlun sem á að leggja fyrir Alþingi árið 2002 og Náttúruvernd ríkisins er einmitt í viðræðum við Landgræðsluna og Skógræktina varðandi þessar smærri gróðurvinjar.

Engin ástæða er til þess að fara upp með slíkum hætti eins og hér var gert vegna virkjanamálanna. Við erum að vinna og hefja umfangsmikla vinnu við rammaáætlunina. Það er alveg ljóst líka að ef á að nýta þau svæði þar sem hinar stærri gróðurvinjar eru uppi á hálendinu í dag undir t.d. miðlunarlón er slíkt ekki gert nema að undangengnu umhverfismati þannig að þau mál fari algjörlega í þann farveg að menn muni skoða gróðurvinjarnar í gegnum mat. Því er engin ástæða til að hafa áhyggjur af þessu máli og ég mun ekki beita mér sérstaklega fyrir því að þær verði teknar inn í náttúruverndarlögin.

Umhverfisstefna í ríkisrekstri.

Fsp. KolH, 306. mál. — Þskj. 555.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ríkisendurskoðun gaf nýverið út ritið Umhverfisstefna í ríkisrekstri, framkvæmd umhverfisstefnu í skrifstofuhaldi Stjórnarráðsins. Er þessu riti ætlað að varpa ljósi á það hvernig unnið er eftir umhverfisstefnu í ríkisrekstri en tillögur um slíka stefnu voru samþykktar í ríkisstjórninni í febrúar 1997 og var það gert að frumkvæði þáv. hæstv. umhvrh. Guðmundar Bjarnasonar sem stofnaði starfshóp um slíka umhverfisstefnu 1996 í kjölfar fundar umhverfisráðherra aðildarlanda Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD. Í upphafi máls míns má geta þess að umhvrn. gekk að sjálfsögðu á undan með góðu fordæmi og skjalfesti umhverfisstefnu fyrir það ráðuneyti.

Meðal þess sem kemur hins vegar fram í þessu riti Ríkisendurskoðunar er að það hefur verið grennslast fyrir um hversu vel að sér stjórnendur ráðuneytanna eru almennt um innihald þeirrar stefnu. Í ljós hefur komið að í flestum ráðuneytum hafa stjórnendur vitað um tilvist hennar en fæstir þeirra virðast hafa sýnt henni sérstakan áhuga eða sett markmið hennar í forgang að nokkru leyti. Einungis fjögur af tólf ráðuneytum hafa skjalfest einhvers konar umhverfisstefnu og mikið virðist á það skorta að nógu langt sé gengið. Hvergi er t.d. lífrænn úrgangur aðgreindur frá öðru sorpi sem er þó sú aðgerð sem mestan ávinning hefur í för með sér út frá umhverfissjónarmiðum.

Þau fjögur ráðuneyti sem skjalfest hafa einhvers konar umhverfisstefnu eru, auk umhvrn. sem þegar er nefnt, heilbr.- og trn. og menntmrn. sem bæði hófu átak í sínum málum á síðasta ári, og loks samgrn. En samgrn. nýtur talsverðrar sérstöðu í hópi þessara fjögurra því það er eina ráðuneytið sem gert hefur svokallaða umhverfisyfirlýsingu sem á þá við málaflokk ráðuneytisins allan en ekki einungis skrifstofuhald þess.

Í riti Ríkisendurskoðunar kemur einnig fram að samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. muni ekki vera á döfinni að gera Ríkiskaupum, sem er sú stofnun sem sér um innkaup fyrir öll ráðuneytin, skylt að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi við innkaup þrátt fyrir ákvæði umhverfisstefnu þeirrar sem ríkisstjórnin samþykkti 1997. En í umhverfisstefnunni segir að við innkaup skuli tekið tillit til umhverfissjónarmiða jafnt sem kostnaðar og gæða.

Herra forseti. Þegar á allt er litið er niðurstaða þeirrar umhverfisendurskoðunar sem fram hefur farið sú að leiðbeiningum umhverfisstefnu í ríkisrekstri sé slælega fylgt í ráðuneytunum og ég legg á það áherslu að Ríkisendurskoðun var einungis að skoða skrifstofuhald ráðuneytanna sjálfra í þessari yfirferð. Og nú spyr ég hæstv. umhvrh.:

Til hvaða aðgerða má gera ráð fyrir að gripið verði í ljósi þessarar nýútkomnu skýrslu um stöðuna í umhverfisstefnu í ríkisrekstri?

[14:31]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég tel vera mikinn feng í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem nýlega var kynnt og ég vænti þess að hún muni veita ráðuneytum og stofnunum aðhald og ýta undir framkvæmd umhverfisstefnu í ríkisrekstri.

Eins og málið hefur verið lagt upp er ábyrgð á framkvæmd stefnunnar fyrst og fremst hjá hverju ráðuneyti fyrir

sig og stofnunum. Til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég taka það fram strax að umhverfisstefnu í ríkisrekstri sem umhvrn. beitti sér fyrir hefur aldrei verið ætlað að vera miðstýrt átaksverkefni heldur að gefa leiðbeiningar um hvaða leiðir séu færar til að bæta umhverfið sem síðan yrðu nánar útfærðar á hverjum vinnustað og hrint í framkvæmd.

Eftir því sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur þetta verið gert að einhverju leyti í flestum ráðuneytum en þó í of litlum mæli eins og hér kom fram hjá fyrirspyrjanda. En skýrsla Ríkisendurskoðunar nær eingöngu til framkvæmda á vegum ráðuneyta og því er ljóst að það er þörf að taka til hendinni bæði innan þeirra en ekki síður þörf að taka til hendinni innan stofnana. Þannig væri æskilegt að Ríkisendurskoðun skoðaði einnig hvernig áætluninni hefði verið fylgt eftir á stofnunum ríkisins.

Umhvrn. hefur þegar óskað eftir því að önnur ráðuneyti taki mið af ábendingum Ríkisendurskoðunar varðandi framkvæmd umhverfisstefnu í ríkisrekstri og að þau leggi sérstaka áherslu á að kynna stefnuna á stofnunum sínum. Umhvrn. hefur einnig hvatt ráðuneytin til þess að gera betur og að skjalfesta umhverfisstefnu eins og hér var dregið fram að hefur ekki verið gert nema í fjórum ráðuneytum. Þetta hefur verið gert með fundi. Mér er ekki ljóst hvort fundurinn er búinn en það var meiningin að ráðuneytisstjóri umhvrn. tæki þetta sérstaklega upp við ráðuneytisstjóra annarra ráðuneyta þannig að menn mundu örugglega taka sig á þessum efnum.

Í tilefni skýrslu Ríkisendurskoðunar er forvitnilegt að velta fyrir sér af hverju útkoman er ekki betri. Sennilega er skýringin sú að þeir sem stýra rekstri þessara stofnana hafa oft og tíðum takmarkaða þekkingu á umhverfisþætti rekstursins. Umhvrn. hyggst reyna að bæta úr þessu m.a. með útgáfu leiðbeininga um umhverfisvæn innkaup sem unnar hafa verið í samvinnu við Ríkiskaup og fulltrúa atvinnulífs og sveitarfélaga, en sú útgáfa mun líta dagsins ljós fljótlega.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig nota tækifærið til þess að víkja aðeins að því hvernig umhvrn. sjálft hefur reynt að fylgja málum eftir innan sinna raða. Ráðuneytið hefur sett sér verklagsreglur um framkvæmd umhverfisstefnu í ríkisrekstri í almennum rekstri ráðuneytisins. Í ár verður þetta starf ráðuneytisins styrkt og farið út í greiningu á umhverfisþáttum í starfsemi ráðuneytisins og þróaðir mælikvarðar til að skoða árangur svo að menn geti séð það í einhverju tölulegu formi. Niðurstöðurnar verða síðan kynntar öðrum ráðuneytum með það fyrir augum að þær nýtist þeim einnig í kjölfarið.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vildi satt að segja óska að hæstv. umhvrh. hefði getað gefið okkur svar um að lengra væri komið en í ljós kemur í svari hennar. En það er alveg ljóst að kynningarfundur á borð við þann sem hæstv. ráðherra er að lýsa hér var haldinn fyrir rúmlega tveimur árum í öllum *ráðuneytunum þar sem ráðuneytisstjórum allra ráðuneyta* var kynnt þetta plagg sem ég held á og heitir Umhverfisstefna í ríkisrekstri, og eru tillögur starfshóps sem hóf störf 1996 og tillögur starfshópsins voru samþykktar í ríkisstjórninni sem leiðarljós fyrir umhverfisstefnu í ríkisrekstri. Kynningarfundurinn sem nú á að halda hefur því verið haldinn.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. umhvrh. svara okkur einhverju til um undirstofnanir umhvrn. og nafngreina þær, þ.e. Veðurstofuna, Hollustuvernd, Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnunina. Nú er mér alls ekki kunnugt um hvort þessar stofnanir hafi nokkra umhverfisstefnu. Það kann vel að vera og ég vona svo sannarlega að svo sé. Og ég treysti því að hæstv. umhvrh. sé með það á döfinni að taka allan þann málaflokk sem heyrir undir ráðuneytið til bæna en ekki einungis almennan rekstur ráðuneytisins eins og kom fram í svari hennar.

Mig langar í niðurlagi máls míns, virðulegi forseti, að vitna til ritsins sem Ríkisendurskoðun gaf út nýverið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Umhverfismál hafa á stundum tilhneigingu til að lenda utanborðs. Í daglegum störfum geta mál eins og flokkun úrgangs frá skrifstofuhaldi eða hvort báðum megin sé skrifað á pappír sýnst vera smámunasemi. Í raun er þó um að ræða framlag til sjálfbærrar þróunar, smátt að vísu, sem hefjendur þessa máls, umhverfisráðuneytið og ríkisstjórn Íslands hafa einsett sér að setja í framkvæmd. Þörfin á samhæfingu og styrkri stjórn helgast ekki síst af því að um er að ræða heildarstefnumörkun fyrir ríkisgeirann allan og að yfirlýst markmið verkefnisins er að gefa öðrum aðilum í þjóðfélaginu gott fordæmi."

[14:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar sýnir nákvæmlega það sem hv. fyrirspyrjandi var að draga hér fram og ég var að ýja að í svari mínu, þ.e. að menn hefðu getað gert betur. Það er alveg ljóst. Það er því mjög gott að fá þessa skýrslu í hendurnar til að nota hana til að ýta á ráðuneytin og undirstofnanir þeirra. Það höfum við gert með því að eiga fund — sem vonandi er afstaðinn — með ráðuneytisstjórunum þar sem á að ræða sérstaklega við þá um að þeir taki sig á og láti þessa stefnu ganga betur fram innan ráðuneytanna og hafi einnig áhrif á undirstofnanir viðkomandi ráðuneytis. Menn verða að treysta því að það verði gert.

Að sjálfsögðu verða þessi mál skoðuð í framhaldinu aftur og við þurfum að vera sívakandi og ýta á af því að þessi mál eru þess eðlis. Það er svona ákveðin nýjung að setja sér svona umhverfisstefnu á vinnustað. Það á alveg jafnt við um ráðuneyti og aðra vinnustaði.

Í umhvrn. eru þessi mál í góðum farvegi að mínu mati. Við höfum átt fund með forstöðumönnum undirstofnana okkar þar sem rædd voru fjölmörg mál og þar á meðal umhverfisstefnan. Forstöðumennirnir gerðu grein fyrir því hvernig að þessum málum var staðið í viðkomandi stofnunum og ýmsir gallar komu í ljós. Sumir gleymdu að slökkva ljósin og svo voru einhver atriði sem mönnum þykir þó frekar einfalt að muna eftir. En þeir töldu að menn þyrftu að vera sívakandi yfir umhverfisstefnunni til þess að ýta á að menn framfylgdu henni.

Ég tel að þessi mál séu í góðum farvegi og ég vona að sjálfsögðu að menn taki sig á af því að niðurstaðan sýnir að menn hafa ekki gert nógu vel. En ég vona að sá farvegur sem við erum að setja málin í núna muni ýta við ráðuneytum og undirstofnunum þeirra.

Smíði skipa.

Fsp. JÁ, 178. mál. — Þskj. 205.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 205 ber ég fram fyrirspurn til hv. iðnrh. svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Hve mörg skip lengri en 15 m eru nú í smíðum fyrir Íslendinga

a. innan lands,

b. erlendis?

Fram komi í hvaða löndum þau eru smíðuð.

2. Hve mörg ný skip lengri en 15 m voru smíðuð fyrir Íslendinga á árunum 1995–1998

a. innan lands,

b. erlendis?

Fram komi í hvaða löndum þau voru smíðuð.

3. Hefur eða hafði Siglingastofnun Íslands eftirlit með smíði skipa sem spurt er um í 1. og 2. lið, og þá hve mörgum? Fram komi skipting eftir löndum varðandi þau skip sem smíðuð voru erlendis.

Allir skynsamir menn viðurkenna að skipaiðnaðurinn er mikilvægur fyrir okkur Íslendinga. Fyrir fáum árum hrundi þessi iðnaður nánast til grunna eftir áratuga uppbyggingarstarf sem hafði þá áður skilað árangri. Það fóru nánast allar skipasmíðastöðvar á hausinn á þessum tíma. Ástæðurnar voru undirboð, fjármögnuð með ríkisstyrkjum frá löndunum hér í kringum okkur. Flest skipin og ekki bara skipin, líka þjónusta og viðgerðir, komu frá Póllandi. Þar fengu stöðvarnar lán og hráefni á mjög lágu verði. Ekkert var gert fyrr en allt var komið í óefni.

Nú hefur verið almennt betra ástand í járniðnaði og mörg önnur verkefni en á sviði skipasmíða hafa bæst við á undanförnum árum hjá þeim fyrirtækjum sem hafa unnið í þessum iðnaði. En núna síðustu missirin hefur verið að síga á ógæfuhliðina. Mikil eftirspurn eftir vinnuafli hækkaði launin og veikti samkeppnisaðstöðuna. Og þó að nú sé formlega góðæri þá er að grafa undan framtíð íslensks járniðnaðar. Við gætum séð svipað ástand og lagði þennan iðnað í rúst eftir skamman tíma.

Eina stóra skipasmíðaverkefnið hér innan lands er varðskip eða hugmyndir um að smíða varðskip fyrir Íslendinga, og þá er reyndar meiningin að smíða skrokkinn annars staðar.

En sífellt berast fréttir af nýsmíði fyrir Íslendinga í Kína og Póllandi og sú spurning verður áleitin hvort sagan sé að endurtaka sig. Til þess að fá upplýsingar um stöðu þessara mála og hvert stefni er þessi fyrirspurn borin fram. Ég óttast að á næsta leiti sé svipað ástand og lagði íslenska skipasmíðaiðnaðinn í rúst fyrir nokkrum árum.

[14:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þessu ári hafa tíu skip lengri en 15 m verið í smíðum fyrir Íslendinga hér heima. Þrjú þeirra eru þegar tilbúin og sjö eru í smíðum. Eitt þeirra er að fullu smíðað hér heima en það er ferja sem Stálsmiðjan smíðar. Bolir allra hinna skipanna níu eru smíðaðir í Póllandi. En skipin eru að öðru leyti fullsmíðuð hér. Nú eru 19 skip í smíðum fyrir Íslendinga í útlöndum. Flest eru í smíðum í Kína eða 14 talsins, fjögur skip eru í smíðum í Chile og eitt í Póllandi.

Á þessu tímabili, frá 1995–1998, voru tíu skip í smíðum fyrir Íslendinga. Hér innan lands var helmingurinn eða fimm skip smíðaður og jafnmörg skip erlendis. Tvö þeirra voru smíðuð í Noregi, eitt í Litháen, eitt í Hollandi og eitt í Póllandi.

Spurt er, með leyfi forseta:

„Hefur eða hafði Siglingastofnun Íslands eftirlit með smíði skipa sem spurt er um í 1. og 2. lið, og þá hve mörgum? Fram komi skipting eftir löndum varðandi þau skip sem smíðuð voru erlendis."

Svarið er: Lítum fyrst á þau skip sem smíðuð hafa verið hér á landi. Siglingastofnun Íslands hefur að öllu leyti haft eftirlit með smíði þeirra fimm skipa sem smíðuð voru innan lands á árunum 1995–1998 og fimm af þeim tíu skipum sem hafa verið í smíði hér á landi á þessu ári. Hin skipin fimm sem verið hafa í smíðum hér á landi á þessu ári hafa lotið eftirliti flokkunarfélaga en öryggisbúnaður verið undir eftirliti Siglingastofnunar Íslands.

Hvað varðar skip sem smíðuð hafa verið í útlöndum þá voru öll skipin sem smíðuð voru árin 1995–1998 undir eftirliti flokkunarfélaga en öryggisbúnaður undir eftirliti Siglingastofnunar Íslands. Skipin sem verið hafa í smíðum í útlöndum á þessu ári hafa einnig verið undir eftirliti flokkunarfélaga en samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands sem hefur veitt allar þessar tölulegu upplýsingar liggur ekki fyrir með hvaða hætti skoðun á björgunar- og öryggisbúnaði verður.

Þó hér sé sagt að flokkunarfélag hafi eftirlit með smíði skipa er nauðsynlegt að hafa í huga að Siglingastofnun Íslands fer yfir allar teikningar og tæknilýsingar af skipum til að tryggja að íslenskum reglum sé framfylgt.

Auk þess er um að ræða ýmis atriði sem flokkunarfélög vísa beinlínis til úrskurðar stofnunarinnar enda vinna flokkunarfélög hér í umboði samgrn. Þar með er unnt að fela þeim eftirlit með björgunar- og öryggisbúnaði samkvæmt nánari fyrirmælum stofnunarinnar. Ég lít svo á að ég hafi svarað fyrirspurninni.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Í þessu svari felst í raun og veru staðfesting á því sem ég var að segja áðan, að sama ástand er að koma upp í skipasmíðaiðnaði og var fyrir nokkrum árum þar sem allar skipasmíðastöðvar hættu smíði skipa og jafnvel viðgerðir og minni háttar breytingar fóru úr landi. Þetta er vissulega fyrirkvíðanlegt. Það væri svo sem hægt að sætta sig við sumt af þessu ef mann grunaði ekki að svipað ástand réði þarna ferðinni, þ.e. að niðurgreiddur skipaiðnaður annars staðar væri að eyðileggja fyrir iðnaði í landinu.

Þess vegna vil ég bæta við spurningu til hæstv. ráðherra um það hvort hann ætli sér að láta yfirfara eða endurskoða reglur um undirboðs- og jöfnunartolla. Þær reglur sem eru núna í gildi eru frá 1994 og þær hafa ekki virkað. Þar er um að ræða neitunarvald sjávarútvegsins og látið var reyna á þær reglur hvað varðaði skipasmíðarnar og það kom ekkert út úr því. Þessar reglur eru gagnslausar. T.d. dældi erlent súkkulaðifyrirtæki inn á markaðinn súkkulaði á lágu verði til að drepa niður innlenda samkeppni og ekkert var hægt að gera í því. Sænskur hveitiinnflytjandi fyllti markaðinn með hveiti á lágu verði til að drepa íslenska fyrirtækið Kornax og ekkert var hægt að gera í því. Regluverkið og framkvæmdin á þessu er algerlega ónýt. Það ætti að koma faghópur í staðinn fyrir ráðuneytin og ráðherrann sjálfan í þessu máli. Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann sér að láta yfirfara reglurnar um

undirboðs- og jöfnunartolla með það að markmiði að samkeppnisreglur í íslenskum iðnaði gagnvart erlendum verði eðlileg þannig að þessi samkeppni sé sanngjörn og byggist á því að fyrirtækin standi sig vel en ekki á því að yfirvöld í viðkomandi löndum standi sig vel við að styðja þau?

[14:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að leyna því að vitanlega hefði verið æskilegt að þau verkefni sem fallið hafa í skaut útlendingum og útlendum skipasmíðaiðnaði hefðu í stað þess verið unnin hérna heima. Þeirri skoðun deili ég með hv. fyrirspyrjanda. En við Íslendingar höfum lengi barist á móti ríkisstyrkjum til skipasmíða. Innan EES-svæðisins eru takmarkaðir ríkisstyrkir viðurkenndir samkvæmt svokallaðri 7. tilskipun ESB og nýta mörg aðildarríkin sér það. Stuðningur við þessa ríkisstyrki er þó á undanhaldi og skortir fyrst og fremst að fá samþykki Bandaríkjamanna til að svonefnd OECD-samþykkt um algert bann við opinberum styrkjum til skipasmíða verði staðfest á alþjóðavettvangi.

Hv. þm. talaði um reglur undirboðs- og jöfnunartolla. Ég tel ekki að þar sé einhverju ábótavant en mér finnst alveg sjálfsagt að láta fara yfir það í ráðuneytinu. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar er ég sammála hv. þm. hvað það varðar að við vildum fá miklu meira af þessum verkefnum hingað heim. Hins vegar hefur ástandið verið bærilegt síðustu árin, en það er rétt, sem kemur fram í máli hans að frekar er farið að halla undan nú síðustu mánuði og missiri.

[14:49]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með útlendingum, 328. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 578.

Vegalög, 322. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 572.

Gagna- og fjarvinnsla á landsbyggðinni.

Fsp. SJS, 309. mál. — Þskj. 558.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. iðnrh. hvað líði framkvæmd af hálfu ríkisstjórnar eða eftirfylgju á skýrslu um gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni sem Iðntæknistofnun vann fyrir Byggðastofnun, forsrn. og sjálfa sig og gefin var út í septembermánuði sl.

Það er svo að á síðustu mánuðum eða missirum hefur orðið talsverð umræða um þá möguleika sem fólgnir væru í gagna- og fjarvinnslumöguleikum til að flytja verkefni og störf út um land og láta vinna hluti þar. Má nefna í því sambandi þá uppbyggingu sem orðið hefur hjá fyrirtækinu Íslenskri miðlun og hefur vakið mikla athygli og fjölmörg byggðarlög hafa nú þegar notið góðs af. Menn hafa eðlilega spurt: Úr því að slík þróun getur orðið á vegum einkaaðila, hvað þá með þá miklu möguleika sem hið opinbera ætti að hafa til að dreifa starfsemi á sínum vegum eða láta vinna hluta starfa sem tilheyra opinberri stjórnsýslu, opinberum rekstri af ýmsum toga út um landið á grundvelli þessarar tækni?

Þá má nefna að skýrslu þessari tengdust talsverðar væntingar þegar hún kom út í septembermánuði sl. og þar eru flokkaðir upp þeir kostir sem skýrsluhöfundar telja koma til greina eftir því hversu auðvelt og fljótt ætti að mega færa einhverja af þeirri starfsemi til með þessum hætti.

Síðan þetta var, herra forseti, eru liðnir allmargir mánuðir og enn bólar lítt á aðgerðum af hálfu hins opinbera og farið er að gæta vaxandi óþreyju eftir því að fá niðurstöður eða hreyfingu á hlutina. Reistar hafa verið stöðvar sem bíða eftir verkefnum og er þá ekki síst horft til þeirra verkefna sem fjallað var um í þessari skýrslu og vonir voru bundnar við að hið opinbera gæti stuðlað að að yrðu unnar út um landið. Má sem dæmi taka að í Ólafsfirði og í Hrísey, þar sem atvinnuástand er mjög bágborið vegna áfalla í sjávarútvegi, bíða menn nú eftir því að fá verkefni til fjarvinnslu sem menn hafa þar ætlað sér að reyna að koma í gang.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, að leggja spurningar fyrir hæstv. iðnrh., sem fer með byggðamál samkvæmt nýrri skipan og ég gef mér að hafi þessi mál á sinni könnu, til að fá upplýsingar um hvar málin eru á vegi stödd og spyr:

1. Hvernig hefur verið unnið að því af hálfu ríkisstjórnarinnar að fylgja eftir skýrslu Iðntæknistofnunar um nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni frá því í september sl.?

2. Hefur verið tekin ákvörðun um flutning einstakra verkefna og ef svo er, hver eru þau og hvert verða þau flutt?

[14:53]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Skýrslan sem fyrirspyrjandi vitnar til heitir *Nýsköpun í gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni* og var hún unnin af Iðntæknistofnun samkvæmt beiðni forsrn. og Byggðastofnunar.

Í skýrslunni voru settar fram hugmyndir um verkefni sem eru á forræði ríkisins og gætu hugsanlega hentað til fjarvinnslu úti á landi. Sumar verkefnahugmyndir, sem eru settar fram, snerta verksvið fleiri en eins ráðuneytis og því er mikilvægt að viðhafa samræmd og fagleg vinnubrögð. Ég hef því tekið málið upp í ríkisstjórn og samþykkti ríkisstjórnin að eiga samstarf um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni með notkun upplýsingatækninnar. Það verður gert með því að ráðuneytið skoðar sameiginlega hvaða verkefni henti best til vistunar á landsbyggðinni, hvaða skilyrðum slík vistun þurfi að vera háð og hvernig að flutningi þeirra skuli staðið. Þessi samþykkt ríkisstjórnarinnar hefur verið kynnt ráðuneytisstjórum allra ráðuneytanna.

Í framhaldi af þessu vænti ég þess að þessi mál verði tekin til umræðu í hverju ráðuneyti fyrir sig.

Hvað varðar iðn.- og viðskrn. hef ég boðað alla forstöðumenn stofnana sem starfa á verksviði þeirra ráðuneyta á minn fund til að ræða sérstaklega þau atriði sem koma fram í 6. tölul. þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1999–2001. Iðnrn. hefur í samvinnu við Byggðastofnun og Iðntæknistofnun ákveðið að vinna að útfærslu a.m.k. 10 verkefna sem henta til fjarvinnslu. Við val á verkefnum verður leitað álits frá mismunandi aðilum til frekari skoðunar. Þegar verkefnin hafa verið valin verða gerðar viðskiptaáætlanir fyrir þau sem munu þjóna tvíþættu hlutverki:

Í fyrsta lagi munu þessi verkefni og þær viðskiptaáætlanir sem þeim fylgja nýtast sveitarfélögum og/eða fyrirtækjum til uppbyggingar gagna- og fjarvinnslu á viðkomandi svæði.

Í öðru lagi tel ég að þær viðskiptaáætlanir sem verða unnar geti orðið fyrirmynd að því hvernig hægt er að móta viðskiptaáætlanir á þessu sviði. Ég tel afar brýnt að allt þetta mál verði unnið eins faglega og framast er kostur. Því miður

höfum við dæmi um að ráðist hafi verið í fjárfestingar á þessu sviði án þess að rekstrargrundvöllur hafi verið tryggður.

Á vegum Byggðastofnunar er unnið að nokkrum verkefnum er tengjast fjarvinnslu. Stofnunin er nú að vinna að því að setja upp upplýsingavef um verkefni og þjónustu á sviði fjarvinnslu. Á þennan vef munu einstaklingar og fyrirtæki geta skráð grunnupplýsingar um þá þjónustu sem þau geta boðið. Ríkisstofnanir og aðrir sem vilja láta vinna fyrir sig verkefni geta á sama hátt skráð þau í þennan upplýsingavef. Þessi vefur yrði því eins konar markaðstorg hvað varðar framboð og eftirspurn eftir þjónustu á þessu sviði.

Þá er Byggðastofnun að vinna að sérstakri athugun á hindrunum og tækifærum í uppbyggingu fjarvinnslu og gagnavinnslu á landsbyggðinni. Í þessari athugun verður m.a. skoðuð reynsla nágrannaþjóða og sérstaklega kannað hvaða áhrif þessi nýja atvinnustarfsemi hefur haft á þróun byggðar.

Svar við síðari spurningunni er á þessa leið: Frá því að ég tók við starfi iðn.- og viðskrh. um síðustu áramót hef ég ekki látið gera sérstaka athugun á því að hvaða marki ráðuneyti og stofnanir í eigu ríkisins hafa nýtt sér þjónustu þeirra aðila sem bjóða upp á gagna- og fjarvinnslu á landsbyggðinni. Ég veit þó af því að Þjóðminjasafnið hefur verið að vinna að samningi á þessu sviði við aðila á Húsavík um skráningu muna í gagnagrunn. Á næstu vikum og mánuðum vænti ég þess að ýmislegt muni gerast í þessum málum og sérstaklega bind ég miklar vonir við skráningu heilbrigðisgagna sem er gríðarlega viðfangsmikið verkefni sem þarf að ráðast í á næstunni.

[14:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sniglar og skjaldbökur eru hreinustu spretthlauparar í samanburði við það sem gerist þegar verið er að tala um að færa verkefni frá hinu opinbera á höfuðborgarsvæðinu út á land. Við skulum tala tæpitungulaust um þetta. Þannig er það. Það blasir við að þrátt fyrir að við höfum margoft í þessum þingsal ályktað um að stefna eigi að því að færa verkefni frá hinu opinbera af höfuðborgarsvæðinu út á land og nota til þess nútímatækni á sviði fjarskiptamála gerist óskaplega fátt. Það er bara einfaldlega þannig. Núna eru að verða fimm mánuðir eða svo síðan skýrsla kom sem kvað á um að það væru til 211 verkefni sem hægt væri að flytja strax út á land og við sjáum að því miður er afraksturinn ákaflega lítill. Ég met hins vegar mikils það frumkvæði sem hæstv. iðnrh. er núna að sýna en ég held hins vegar að tíminn sé að hlaupa frá okkur. Fólk á landsbyggðinni er því miður að missa trúna á að eitthvað gerist í þessum efnum og þess vegna hvet ég hæstv. iðnrh. til að taka málið mjög föstum tökum og herða þau þar sem hægt er og gera yfirmönnum stofnana og ráðuneyta ljóst að það er fullkomin alvara á bak við það að flytja þessi verkefni út á land.

[14:58]

Helga Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Þó ég hafi enga ástæðu til annars en halda að þessum málum verði vel fylgt eftir bið ég menn um að ganga hægt um gleðinnar dyr því við höfum því miður dæmi þess þar sem farið er með nýsköpun út á landsbyggðina, en henni ekki fylgt eftir á réttan hátt.

Nú er það svo að víða um land hafa íbúar bundið miklar vonir við störf af því tagi sem skýrslan gerir ráð fyrir og þetta er að mínum dómi mál sem allir ættu að geta lagt lið bæði í orði og á borði.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og undirtektir sem þetta mál hefur fengið frá hv. þm. En ég hlýt að segja það einnig fyrir mitt leyti að mér eru nokkur vonbrigði hversu hægt hlutirnir ganga fyrir sig. Það er mikið umhugsunarefni að hin opinbera stjórnsýsla og verkefni á vegum hins opinbera skuli reynast svona þung í vöfum í þessu sambandi á sama tíma og við sjáum hversu greiðlega hlutir geta stundum gengið fyrir sig þegar í hlut eiga einkaaðilar.

Í skýrslunni sem er hér sérstaklega til umfjöllunar eru nefnd ákveðin verkefni sem maður hefði haldið að hægt væri að taka grundvallarákvarðanir um að skyldu flutt. Ég hefði sætt mig prýðilega við það þó að í svari ráðherra hefði komið fram að það mundi taka mánuði, jafnvel missiri, að vinna að þeim flutningum. Mér þykir hins vegar miður að ekki skyldu koma fram neinar upplýsingar um að grundvallarákvarðanir hefðu verið teknar um það að tiltekin verkefni eins og firmaskrá, hlutafélagaskrá eða aðrir slíkir verkþættir yrðu unnir á landsbyggðinni og síðan yrði markvisst unnið að flutningi þeirra og menn hefðu sett sér þar einhvern tímaramma og helst ekki neinn snigilshraða í þeim efnum.

Að sjálfsögðu þarf að vinna að þessu yfirvegað og gæta þarf fyllsta tillits gagnvart því starfsfólki sem í hlut á en hitt er ljóst að einmitt um þessar mundir eru mjög hagstæðar aðstæður á vinnumarkaði til þess að svona færsla fari fram. Það er þensla á vinnumarkaði, umframeftirspurn eftir vinnuafli og ástæða er til að ætla að breytingar af þessu tagi gætu núna gerst án nokkurrar sársaukafullrar röskunar á högum starfsmanna ef skynsamlega væri að þessu unnið. Þess vegna er núna upplagt tækifæri til að gera athafnir úr orðum. Mikið hefur verið talað á undanförnum árum um möguleika hinnar nýju tækni til að koma okkur að liði í þessum efnum í sambandi við stöðu byggðarmála en því miður, herra forseti, hefur fram að þessu fyrst og fremst verið talað.

[15:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek alveg undir að mikið hefur verið talað og miklar væntingar eru í þessu máli. Ég hef líka sjálf miklar væntingar. En ég geri þetta ekki ein. Ég hef verið að leggja mig fram um að koma þessum málum í ákveðinn farveg síðan ég kom í iðn.- og viðskrn. og tel að þó nokkuð hafi áunnist, en ég er samt alls ekki ánægð með frammistöðu mína eða annarra.

Það er líka mikið búið að tala um flutning stofnana út á land en hins vegar hefur minna orðið um framkvæmdir og því miður er það oft þannig á Íslandi og hér á hv. Alþingi.

Það kom fram í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að hægt ætti að vera að flytja strax ákveðin verkefni. Ég tel það einnig vera svo. En eins og kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar verðum við að vinna þetta yfirvegað og fara ekki fram úr sjálfum okkur og ákveðnar reglur gilda um útboð þegar um starfsemi ríkisins er að ræða sem við þurfum að virða. Hins vegar eru reglurnar líka þannig að þegar um þróunarverkefni er að ræða höfum við ákveðna möguleika til að senda verkefni sem tilraunaverkefni út á land. Þetta verður allt saman skoðað í mikilli alvöru. Ég lét það koma fram í máli mínu áðan að ég teldi að ekki mundu líða margir mánuðir alla vega þangað til við færum að sjá árangur af því

starfi sem nú er hafið og það vil ég hafa sem lokaorð mín.

Nálgunarbann.

Fsp. ÖJ, 282. mál. — Þskj. 422.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Í þeirri umræðu sem verið hefur í þjóðfélaginu um afbrot og ofbeldi hefur oft komið fram að huga þurfi sérstaklega að réttarstöðu fórnarlambanna og möguleikum þeirra til að forðast áreitni eða ágang þess ógæfufólks sem beitt hefur það ofríki eða ofsóknum. Þetta hefur ekki síst verið rætt þegar um heimilisofbeldi hefur verið að ræða eða mál sem varðar umgengni við börn og unglinga.

Flestum er einnig kunnugt um þann vanda sem konur standa oft frammi fyrir í þessum efnum eins og margsinnis hefur komið fram, t.d. þegar fjallað hefur verið um starfsemi Kvennaathvarfsins. Hugmyndir um að vernda brotaþola með lögfestum ákvæðum um bann við því að sá sem beitir hann ofríki nálgist hann á nokkurn hátt hafa því oft verið ræddar, en slík ákvæði er víða að finna í lögum í öðrum löndum, svo sem bæði í sænskum lögum og í norskum lögum.

Árið 1993 skipaði þáv. dómsmrh. nefnd sem m.a. hafði það hlutverk að huga sérstaklega að réttarstöðu brotaþola og gera tillögur til úrbóta. Nefndin hóf vinnu sína á því að kynna sér norrænar reglur um ríkisábyrgð á greiðslu skaðabóta til þolenda ofbeldis og skilaði frv. um það efni árið 1995 og það frv. varð síðan að lögum árið eftir, árið 1996. Eftir nokkurt hlé sem varð á störfum þeirrar nefndar þegar vinnu við frv. var lokið skilaði hún ítarlegri skýrslu í febrúar 1998. Þó margar þeirra ábendinga nefndarinnar sem fram koma í skýrslunni og varða réttarstöðu þolenda sé nú að finna í lögum um meðferð opinberra mála er nauðsynlegt að fram komi að nefndin hafði fleiri mikilvægar tillögur sem ekki eru komnar fram í lögum. Svo er um tillögur nefndarinnar um að lögfest verði ákvæði um nálgunarbann.

Nefnd dómsmrh., sem áður er getið, lagði til að lögfest yrði ákvæði um nálgunarbann ef það felur í sér að hægt verði að banna manni að dvelja á ákveðnum stað, fylgja, heimsækja eða á annan hátt ofsækja einstakling með bréfum, símhringingum eða öðru ónæði. Nefndin taldi að ákvæði um nálgunarbann gæti átt samleið með ákvæðum um þvingunarúrræði í lögum um meðferð opinberra mála.

Fleiri stjórnskipaðar nefndir hafa fjallað um lagaákvæðin um nálgunarbann og lagt til að slík ákvæði verði tekin í íslensk lög. Dómsmrh. skipaði því árið 1997 nefnd sem ætlað var að huga sérstaklega að úrbótum varðandi heimilisofbeldi. Nefndin skilaði áliti í apríl 1998 og lagði í skýrslu sinni til að ákvæði um nálgunarbann yrði tekið upp í lög um meðferð opinberra mála. Ákvæði um nálgunarbann getur nýst þolendum kynferðisofbeldis, t.d. nauðgunarþola, sem hefur kært og ofbeldismaðurinn lætur ekki í friði. Sama gildir þegar börn eiga í hlut og loks er að geta um konur sem hafa flúið heimili sín vegna barsmíða og ofbeldis. Því er þeirri spurningu beint til hæstv. dómsmrh. hvenær þess sé að vænta að lagaákvæði um nálgunarbann verði sett í íslensk lög eins og a.m.k. tvær stjórnskipaðar nefndir hafa gert tillögur um.

[15:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Í fyrirspurn þessari er spurt hvenær þess sé að vænta að sett verði lagaákvæði um nálgunarbann, sbr. tillögur tveggja nefnda á vegum dómsmrn. þar um, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um í fyrirspurn sinni.

Eins og fram hefur komið hafa nefndir sem störfuðu á vegum dómsmrn. lagt til að lögfest verði ítarlegri ákvæði um nálgunarbann. Annars vegar var um að ræða nefnd sem skipuð var til að fjalla um stöðu brotaþola og hins vegar þrjár nefndir sem skipaðar voru til að fjalla um heimilisofbeldi, en skýrslum allra þessara nefnda var dreift á Alþingi vorið 1998. Ýmsar lagabreytingar hafa síðustu árin verið gerðar sem miða að því að bæta stöðu þolenda afbrota og má þar nefna breytingar sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála á sl. ári og voru að nokkru leyti byggðar á niðurstöðum fyrrnefndrar skýrslu dómsmrh. um stöðu brotaþola. Helsta nýmælið með þeim er að nú er heimilt í ákveðnum tilvikum að skipa brotaþola réttargæslumann.

Enn er unnið að lagaumbótum í þágu brotaþola. Um þessar mundir er verið að taka saman frv. í dómsmrn. um nálgunarbann og stefni ég að því að leggja það frv. fram á þessu þingi.

Á Norðurlöndunum, m.a. í Svíþjóð og Noregi, eru í gildi ákvæði um nálgunarbann. Ég tel brýnt að löggjöf um nálgunarbann verði samþykkt hér á þinginu. Það er vissulega rík þörf á virku úrræði fyrir einstaklinga sem verða fyrir ofsóknum og hefur nálgunarbann víða reynst vel í því augnamiði.

Eins og hv. þm. benti á hefur verið lagt til að slíkt ákvæði feli í sér heimild til þess að banna manni að dvelja á ákveðnum stað, fylgja, heimsækja eða á annan hátt ofsækja annan mann með bréfum, símhringingum eða ónáða með öðrum hætti. Sjálfgefið skilyrði slíks banns er að hætta sé á að sá sem banninu er beint gegn skerði frið og frelsi þess sem bannið á að vernda. Tilkoma slíks ákvæðis fæli í sér mikilvæga vernd gagnvart hvers kyns ofsóknum sem einstaklingar geta orðið fyrir, en er ekki síst hugsað til verndar þeim sem orðið hafa fyrir ofbeldi á heimili sínu og þurfa að þola ofsóknir af hálfu brotamanns, jafnvel löngu eftir skilnað eða sambúðarslit sem er því miður ekki óþekkt vandamál.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þetta þarf ekki að orðlengja. Fyrirspurn minni er svarað og vil ég sérstaklega fagna þeim ásetningi hæstv. dómsmrh. að festa í íslensk lög ákvæði um nálgunarbann.

[15:10]

Útbýting þingskjals:

Starfsheiti landslagshönnuða, 21. mál, nál. iðnn., þskj. 579.

Leiðbeiningar- og tilkynningarskylda fyrir brotaþola.

Fsp. ÖJ, 283. mál. — Þskj. 423.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. 44. gr. í lögum um meðferð opinberra mála fjallar um tilkynningarskyldu lögreglu og ríkissaksóknara í

ofbeldismálum gagnvart þolendum þeirra. Það er mikils virði að reglugerð um þetta efni, byggð á ofangreindri grein, verði sett sem fyrst þar sem hagsmunir brotaþola varðandi það að fá að fylgjast með máli sem hann varðar eru óumdeildir.

Eftir breytingu sem gerð var á lögum um meðferð opinberra mála í fyrra hljóðar 44. gr. laganna svo, með leyfi forseta:

„1. Lögreglu er skylt, eftir því sem við á, að leiðbeina brotaþola um réttindi hans lögum samkvæmt.

2. Nú liggur fyrir hver brotaþoli er og skal þá tilkynna honum ef rannsókn máls er hætt eða það fellt niður með öðrum hætti án tillits til þess hvort hann hefur kært brotið. Ber að rökstyðja ákvörðunina ef brotaþoli krefst þess. Jafnframt skal lögregla benda brotaþola á að hann geti borið ákvörðun hennar um að hætta rannsókn undir ríkissaksóknara skv. 1. mgr. 76. gr.

3. Ef ákæra er gefin út skal ákærandi tilkynna brotaþola það þegar hún hefur verið birt. Jafnframt ber ákæranda að tilkynna brotaþola um niðurstöðu dóms, ef því er að skipta, eða afdrif máls að öðru leyti, svo sem ef málinu eða einkaréttarkröfu hans er vísað frá dómi.

4. Dómsmrh. setur í reglugerð nánari ákvæði um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein."

Í greinargerð með frv. til laga um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála kemur fram að meginmarkmið þess hafi verið að styrkja réttarstöðu brotaþola, þ.e. þeirra einstaklinga sem hafa verið þolendur afbrota eða hefur verið gert mein, en sérstaklega var tilgangurinn að bæta réttarstöðu þeirra sem beittir hafa verið ofbeldi í einhverri mynd. Þessu hugarfari við breytingar á lögunum ber að fagna. Þolendur afbrota eiga sérstakra hagsmuna að gæta umfram aðra þótt þeir séu ekki beinir aðilar að sakamáli á sama hátt og ákæruvaldið og hinn ákærði. Þetta er t.d. sérstaklega áríðandi í ofbeldismálum, svo sem þegar um er að ræða kynferðislegt ofbeldi. Þó að erfitt sé að gera sér í hugarlund skelfingu, ótta og angist þeirra sem fyrir slíku ofbeldi hafa orðið þarf ekki mikið hugarflug til að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að brotaþola sé á hverjum tíma ljóst hver staða máls er þar sem hann hefur átt hlut að máli, t.d. hvort rannsókn þess hefur verið hætt eða hún felld niður, hvort ákæra hefur verið gefin út eða dómur upp kveðinn. Brotaþoli kann einnig að þurfa á leiðbeiningum að halda eða öðrum stuðningi og má hér vísa til þess sem sagt var fyrr í dag um nálgunarbann og mikilvægi þess að ákvæði um nálgunarbann verði sett í íslensk lög.

Eins og fram kemur í áðurnefndri lagagrein er kveðið á um að dómsmrh. skuli setja í reglugerð nánari ákvæði um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu til brotaþola. Því er sú spurning lögð fyrir hæstv. dómsmrh. hvenær sé að vænta reglugerðar um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu lögreglu og ríkissaksóknara um gang mála fyrir þolendur kynferðisofbeldis eins og kveðið er á um að setja skuli í lögum um meðferð opinberra mála.

[15:13]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Í fyrirspurn þessari er spurt hvenær vænta megi reglugerðar um leiðbeiningar- og tryggingarskyldu lögreglu og ríkissaksóknara um gang mála fyrir þolendur kynferðisofbeldis eins og kveðið er á um að setja skuli í 4. mgr. 44. gr. a-liðar í lögum um meðferð opinberra mála og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir í máli sínu.

Með lögum nr. 36/1999, sem tóku gildi þann 1. maí sl., voru lögfest ákvæði um heimild til að tilnefna brotaþola réttargæslumann. Í 44. gr. a. laganna er mælt fyrir um leiðbeiningarskyldu lögreglu við brotaþola um réttindi hans lögum samkvæmt. Þar er einnig lögð skylda á lögreglu að tilkynna brotaþola ef rannsókn máls er hætt og ber að rökstyðja slíka ákvörðun ef brotaþoli krefst þess. Þá skal ákærandi tilkynna brotaþola þegar ákæra hefur verið birt og um niðurstöðu dóms eða önnur afdrif máls. Loks er gert ráð fyrir því að nánari ákvæði verði sett í reglugerð um leiðbeiningar- og tilkynningarskyldu samkvæmt þessari grein laganna.

Um þessar mundir er unnið að setningu reglugerðar samkvæmt þessu ákvæði laganna um meðferð opinberra mála. Réttarfarsnefnd hefur þetta verkefni með höndum og þegar drög nefndarinnar að reglugerð liggja fyrir verða þau send bæði lögreglu og ríkissaksóknara til umsagnar. Ég vænti þess að ekki líði langur tími þar til þessar reglur verði settar. Reglugerðin mun útskýra nánar inntak þeirra skyldna sem felast í umræddu lagaákvæði svo þær verði öllum sem hlut eiga að máli ljósar. Engu að síður eru ákvæði laganna skýr, en reglugerðin mun styrkja framkvæmd þeirra.

Eins og margt annað sem lögfest var með breytingu á lögum nr. 36/1999, um meðferð opinberra mála, eru umrædd lagaákvæði mjög til bóta fyrir þolendur afbrota. Tilgangur lagabreytinganna var m.a. að draga úr skaðlegum áhrifum brots og málsmeðferðar innan réttarkerfisins á brotaþola. Sú reglugerð sem nú er unnið að mun verða í þessum anda og styrkja stöðu brotaþola enn frekar.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn, sem sett var fram fyrir alllöngu en hefur ekki komið til umræðu fyrr en nú, var sett fram til að knýja á um að farið yrði að lögum og reglugerð um þessi efni yrði sett. Gott er til þess að vita að nú sé unnið að smíði reglugerðarinnar í dómsmrn. og þess sé skammt að bíða að hún komist til framkvæmda. Því vil ég fagna.

Fæðingarorlof.

Fsp. PM, 153. mál. — Þskj. 174.

[15:17]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði fyrirspurn til hæstv. fjmrh. á þskj. 174 um jöfnun réttar mæðra og feðra til töku fæðingarorlofs. Fyrirspurnin er lögð fram af hv. 7. þm. Reykn., Páli Magnússyni, er sæti tók á Alþingi sem varamaður á yfirstandandi þingi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Jöfn tækifæri karla og kvenna verði tryggð í hvívetna svo sem með lengingu fæðingarorlofs og jöfnun réttar mæðra og feðra til töku þess."

Virðulegi forseti. Ljóst er að aukin þátttaka karla í heimilis- og uppeldisstörfum er lykilatriði í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Karlanefnd Jafnréttisráðs hefur lagt áherslu á þetta og sagt reglur um fæðingarorlof þar skipta miklu. Það þarf að lengja fæðingarorlofið og hafa hugmyndir um 12 mánaða orlof verið settar fram, m.a. af karlanefndinni. Þá verða fjórir mánuðir bundnir við föður, fjórir mánuðir

bundnir móður en fjórum mánuðum geta foreldrar skipt eftir hentugleikum.

Í dag fá feður aðeins tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns. Því spyr ég hæstv. fjmrh. í ljósi þeirra orða sem ég vitnaði í úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar:

Hvernig og hvenær hyggst ríkisstjórnin ná markmiðum sínum, sem lýst er í stjórnarsáttmála, um lengingu fæðingarorlofs og jöfnun réttar mæðra og feðra til að taka það?

[15:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um er sérstakt ákvæði um þetta málefni í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og er það að ég hygg mjög í samræmi við þá stefnumótun sem stjórnmálaflokkarnir í landinu almennt hafa mótað sér.

Um er að ræða mikilvægt hagsmuna- og framfaramál fyrir foreldra í landinu og gríðarlega mikilvægt að vel takist til. Hins vegar er málið ekki jafneinfalt í gerðinni eins og margur kynni að halda vegna þess að hér er á ferðinni ákveðið samspil milli löggjafans og svo samninga sem gerðir eru á vinnumarkaði, bæði af hálfu ríkisins og opinberra starfsmanna en einnig á hinum almenna vinnumarkaði.

Markmiðin með þessu máli eru skýr. Þau eru eins og segir í stefnuyfirlýsingunni annars vegar þau að lengja fæðingarorlofið en hins vegar að jafna réttindin sem því fylgja milli karla og kvenna. Ég vil hins vegar gjarnan bæta því við að ég tel líka eðlilegt að jafna eða í það minnsta hnika í átt til jöfnunar réttindum þeim sem tengjast þessu máli og eru mismunandi eftir vinnuveitendum, þ.e. eftir því hvort menn vinna hjá því opinbera eða starfa á almennum vinnumarkaði. Ég tel að það sé líka ákveðið réttlætismál þó að auðvitað þurfi að gera það þannig að heildarréttindum þeirra sem hafa í dag meiri réttindi verði ekki raskað. Þetta er það sem málið snýst um.

Síðan er næsta spurning: Hvenær verður hægt að gera eitthvað í þessu? Um það er ekki hægt að fullyrða á þessu stigi þar sem margir aðilar koma að málinu. Þetta kostar auðvitað peninga og það þarf að tryggja fjármögnunarþáttinn í málinu áður en lengra er haldið. Því er er ekki hægt að fullyrða hvenær unnt verður að efna þetta ákvæði stjórnarsáttmálans eða hversu langt verður hægt að ganga í fyrstu. Auðvitað má hugsa sér að móta ákveðna stefnu og gefa ákveðna stefnumótun í því efni þó svo öll ákvæði hennar komi ekki til framkvæmda strax. En niðurstaðan er sem sagt ekki fyrir hendi og að þessu máli koma margir aðilar, mörg ráðuneyti og hinir ýmsu samningsaðilar á vinnumarkaðnum í landinu eins og ég gat um áðan.

Ég vona að þetta svari fyrirspurn hv. þm. Ég efast ekki um að í þingsalnum stendur almennt séð mjög eindreginn vilji til að ráðast í umbætur á þessu sviði og virðist um þetta ekki mikill pólitískur ágreiningur.

[15:22]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að sjá að hv. þm. ríkisstjórnarinnar muna eftir loforðunum frá því fyrir kosningar. Eins og við munum var þverpólitísk samstaða um að bæta stöðu foreldra í fæðingarorlofi.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að með túlkun sinni á fæðingarorlofstilskipun Evrópusambandsins hefur hæstv. ríkisstjórn komið í veg fyrir verulega réttarbót á þessu sviði en tilskipunin gæti falið í sér verulega hækkun lágmarksgreiðslna í fæðingarorlofi ef hún væri túlkuð á annan veg en ríkisstjórnin gerir. Samtök launafólks hafa nú kært þessa túlkun til Eftirlitsstofnunar EFTA og málinu er ekki lokið. Ég vil draga þetta inn í umræðuna og vekja athygli á því að það er tómt mál að tala um lengingu fæðingarorlofs ef ekki er líka hugað að því að lágmarksgreiðslurnar í fæðingarorlofi séu þannig að fólk geti í raun og veru lifað af þeim á meðan á fæðingarorlofi stendur því að annars hefur fólk einfaldlega ekki efni á því að taka sér það fæðingarorlof sem um er talað.

[15:23]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Að gera fæðingarorlofið lengra, sveigjanlegra og síðast en ekki síst að gera það jafnara á milli kynjanna er lykilatriði til að ná fram frekari jafnrétti kynjanna og að hægt verði að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf. Því skiptir miklu máli að þetta mál sé kannað vel eins og hæstv. fjmrh. virðist vera að gera og síðan verði ákvarðanir teknar sem geri fæðingarorlofið lengra, sveigjanlegra og jafnara.

Það er alveg ljóst að við sjálfstæðismenn gleymum ekki kosningaloforðunum en ég vil líka minna á söguna því að fæðingarorlofið var sett í lög undir forustu Sjálfstfl. Það var lengt í sex mánuði undir forustu Sjálfstfl. og því er eðlilegt að álykta að nú þegar þessi fæðingarorlofsmál eru til umræðu verði þau leyst undir forustu Sjálfstfl. eins og góð orð hæstv. fjmrh. gefa til kynna.

[15:24]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þetta mikilvæga mál og legg á það áherslu að ekki er eingöngu verið að tala um að gefa körlum kost á að vera heima hjá sér og annast nýfætt barn heldur einnig til þess að atvinnurekendur geti ekki mismunað konum og körlum og kannski frekar ráðið til sín unga karlmenn en ungar konur vegna þess að konur munu taka lengra fæðingarorlof. Þess vegna er skipting á fæðingarorlofi nútímaleg aðgerð.

Hæstv. fjmrh. ræðir um að þetta kosti mikla peninga. Það er vafalaust alveg hárrétt en á það ber að minna að í tíð núverandi og fyrrv. hæstv. ríkisstjórna hafa barnabætur verið skertar um a.m.k. tvo milljarða miðað við raungildi síðustu fjögur ár þannig að eitthvað mætti taka af þeim peningum inn í þetta.

[15:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn sem hreyfir afskaplega mikilvægu máli en ég verð að segja, herra forseti, að ég hafði búist við örlítið efnismeira svari frá hæstv. fjmrh. Mig langar að bæta við og hnykkja á spurningum sem komu fram í máli flutningsmanns tillögunnar, hv. þm. Jónasar Hallgrímssonar. Ég vil fá að vita hvort ríkisstjórnin hyggst gera eitthvað í komandi kjarasamningum sem gæti lagt lóð á vogarskál þessa máls. Ég vil fá að vita hvar málið er statt í ríkisstjórninni. Það lítur út á svari hæstv. fjmrh. að það sé hvergi statt, því hafi ekki verið hreyft frá síðustu kosningum. Það er eindreginn vilji allra stjórnmálaflokka í landinu að tekið sé á málinu og það er undir sjálfstæðismönnum komið að gerðar verði breytingar, og þá verðum við líka að fá að heyra hvað er að gerast í þessum málum. Eindreginn vilji dugir skammt.

[15:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er löngu tímabært að við ræðum þetta mál. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að viljinn er fyrir hendi að jafna rétt foreldra og lengja fæðingarorlofið. En ekkert var sagt um það hvenær eða hvernig eigi að jafna þennan rétt. Hvað er verið að gera, hæstv. ráðherra? Hvaða hugmyndir eru í gangi? Eru menn að hugsa um sérstakan sjóð eins og þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað lagt til í fæðingarorlofsmálinu á þingi? Eru menn með einhverjar hugmyndir varðandi kjarasamningana? Full ástæða er til þess að við fáum svör við þessu. Við verðum að fá skýrari svör um þetta mikilvæga mál. Þetta er í stjórnarsáttmálanum og full ástæða er til að menn fari að huga að endurbótum á fæðingarorlofi.

[15:27]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að það sé ein af forsendum þess að við náum frekari áföngum í jafnréttisbaráttunni að fæðingarorlof feðra verði lengt. Það þarf að auka sjálfstæðan rétt feðra til þess.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að viljinn væri fyrir hendi en það kom líka fram að það er ekkert sérstakt að gerast. Hæstv. ráðherra gat þess sem þingheimur vissi auðvitað að þetta er hluti af stjórnarsáttmálanum sem lagður var fram þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð. En mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir einu. Hann sagði að þetta mál væri flókið og þyrfti að ræða við marga, m.a. aðila vinnumarkaðarins. Er það svo að þetta kosningaloforð Sjálfstfl. og þessi varða í stjórnarsáttmálanum eigi að verða einhvers konar skiptimynt í kjarasamningum? Ég trúi því ekki, herra forseti, og ég bið hæstv. ráðherra að staðfesta að þessi skilningur minn á máli hans hafi verið rangur.

[15:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli sem skiptir þjóðfélagið allt mjög miklu. Það er rétt sem hér kom fram að það er mikilvægur áfangi í jafnréttisbaráttunni að tryggja sjálfstæðan rétt karla og um það hefur verið rætt í þeim tillögum sem hafa verið á sveimi í þjóðfélaginu að skapa körlum sjálfstæðan rétt þannig að þeir eigi ekki annarra kosta völ, ef foreldrarnir ætla að nýta réttinn en að feðurnir geri það. Þetta er því mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt þegar fundin er lausn á fæðingarorlofsmálum að við finnum samtryggingarleið sem tryggir rétt foreldranna og tryggir rétt barnsins til þess að vera samvistum við foreldra sína. Til þess að svo geti orðið þarf að búa um hnúta þannig að foreldrarnir haldi tekjum sínum óskertum í fæðingarorlofi og þess vegna minni ég á tillögur sem fram hafa komið á Alþingi m.a. frá undirrituðum, frá samtökum launafólks BSRB um fæðingarorlofssjóð sem leysi þennan vanda.

[15:30]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og öðrum þeim sem hafa tekið til máls. Þetta er greinilega brennandi mál, ekki bara í þingsölum heldur líka úti í þjóðfélaginu því sem kunnugt er hefur verkalýðshreyfingin lagt ríka áherslu á að réttarbætur komi til foreldra til aukinnar orlofstöku vegna fæðingar og umönnunar barna. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. er um mismunun að ræða eftir tegund atvinnu, eftir því hvar fólk vinnur þannig að greiðslur til þeirra sem vinna hjá ríki og sveitarfélögum eru í mörgum tilfellum verulega hærri en til þeirra sem vinna á almennum markaði.

Virðulegi forseti. Hér þarf vitaskuld að verða breyting á svo meiri jöfnuður skapist og þeir sem lakar eru settir öðlist meiri rétt en nú tíðkast.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er eins og ég hélt að það virðist vera nokkuð almenn og breið samstaða hér í þingsalnum um nauðsyn þess að koma betra lagi á þessi mál en verið hefur. Í þessu máli eru margir þættir aðrir en þeir sem hér hafa verið nefndir eins og foreldraorlof sem er nátengt þessu máli en eigi að síður eilítið öðruvísi sem leiðir af einni tilskipun ESB.

Ég held að það sé mjög mikilvægt hvernig svo sem við botnum þetta mál að leggja áherslu á aukinn sveigjanleika þannig að foreldrar hafi meira valfrelsi í því við hvaða aðstæður þeir taka fæðingarorlof sitt, hvort það er gert til að mynda hálfan daginn einhvern hluta tímabilsins, hvort fólk tekur fæðingarorlof í einhverjar vikur, kemur síðan til starfa og fer svo aftur í orlof o.s.frv. Þetta held ég að sé líka mjög brýnt að gera í þessu máli.

Mikill kostnaður fylgir þessu, það er rétt, ég gat um það. Það liggur ekkert fyrir um hvernig hann skiptist og hann verður ekki eingöngu borinn af ríkinu. Það er líka áreiðanlega nauðsynlegt að tryggja þátttöku atvinnulífsins í þessum kostnaði og vissulega kemur vel til greina að gera það í formi einhvers konar fæðingarorlofssjóðs eins og margir aðilar í þjóðfélaginu hafa lagt til og er alls ekki fráleit hugmynd.

Síðan er spurt um þetta mál í tengslum við komandi kjarasamninga. Ég vil geta þess að staðið hafa yfir viðræður við opinbera starfsmenn um þetta mál í samræmi við yfirlýsingar sem voru gefnar í síðustu kjarasamningum. Þær eru í sjálfu sér ekki hluti af þeim kjarasamningum sem ætlunin er að fara í í haust en eigi að síður partur af því viðræðuferli sem á sér stað milli ríkisins og starfsmanna þess. Síðan hefur verið nefnt og vitað er að aðilar vinnumarkaðarins hafa verið að ræða þetta mál sín í milli. Þeir hafa ekki komið með neinar ákveðnar tillögur til okkar um þetta mál og fráleitt er að tala um þetta sem einhverja skiptimynt í kjarasamningum. Ég held að þetta sé mál sem allir flokkar vilja gjarnan leysa. Ef það mætti verða til að greiða fyrir gerð kjarasamninga þá er það líka til hins betra.

Endurskoðun skattalöggjafarinnar.

Fsp. ÁGunn, 157. mál. — Þskj. 178.

[15:33]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég fylgi úr hlaði fyrirspurn til hæstv. fjmrh. á þskj. 178, um endurskoðun skattalöggjafarinnar. Fyrirspurnin er lögð fram af hv. 2. þm. Norðurl. v., Árna Gunnarssyni, er tók sæti á Alþingi sem varamaður á yfirstandandi þingi. Ástæður þessarar fyrirspurnar eru fyrirheit um endurskoðun skattalöggjafarinnar er fram koma í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar frá því í maí á sl. ári.

Stefnuyfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar er metnaðarfull og í henni er lýst helstu verkefnum sem stjórnarflokkarnir náðu samkomulagi um að vinna að á kjörtímabilinu. Meðal þeirra

er að endurskoða skattalöggjöfina, reyndar bæði hvað varðar tekjuskatt og eignarskatt. Sú fyrirspurn sem hér er fylgt úr hlaði snýr að tekjuskatti einstaklinga og jaðaráhrifum í skattkerfinu en í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar er sett fram eftirfarandi markmið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að endurskoða skattalöggjöfina með það að markmiði m.a. að draga úr jaðaráhrifum og mismunun innan skattkerfisins og stuðla þannig að aukinni skilvirkni þess."

Í fyrrnefndri stefnuyfirlýsingu koma jafnframt fram fyrirheit um að skattkerfið verði endurskoðað með hagsmuni fjölskyldunnar að leiðarljósi þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta, að stjórnarflokkarnir munu vinna að því:

„Að styrkja fjölskylduna sem hornstein þjóðfélagsins og treysta samheldni hennar og velferð. Meðal annars verði dregið úr tekjutengingu í barnabótakerfinu, t.d. með útgáfu sérstakra barnakorta eða öðrum sambærilegum aðgerðum."

Virðulegi forseti. Spurning mín til hæstv. fjmrh. er hvað líði endurskoðun skattalöggjafarinnar, og þá sérstaklega með hliðsjón af þeim markmiðum er ég vitnaði til hér á undan í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar.

[15:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru ýmis atriði sem lúta að skattamálum og að sjálfsögðu er unnið að þeim öllum. Þegar er búið að lögbinda til að mynda eitt ákvæði úr stefnuyfirlýsingunni sem lýtur að millifæranlegum persónuafslætti maka og að öðrum atriðum verður unnið jafnt og þétt. Hins vegar eru þetta, eins og margoft hefur komið fram, markmið sem stjórnarflokkarnir ætla að ná á kjörtímabilinu og ekki hægt að tímasetja einstök atriði önnur með neinni nákvæmni.

Í því ákvæði stefnuyfirlýsingarinnar, sem vitnað er til í hinni prentuðu fyrirspurn segir m.a. að endurskoða skuli skattalöggjöfina að því er varðar eignarskatt, að álagning eignarskatts verði samræmd og skatthlutföll lækkuð, að skattlagningu fyrirtækja verði breytt til að gera hana einfaldari til að tryggja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Hugað verði að því hvernig skattareglur virki hvetjandi til rannsókna, þróunar og almennrar nýsköpunar o.s.frv.

Þetta eru atriði sem eru öll í vinnslu alveg eins og önnur þau atriði sem hv. þm. vék að. En venjan er nú sú að skattbreytingar eru gerðar á haustþingi í tengslum við afgreiðslu fjárlaga þegar menn hafa heildardæmið fyrir sér, tekjur og gjöld ríkisins, en þó með þeim undantekningum ef sérstakar aðstæður krefjast eða nauðsyn ber við að þá er að sjálfsögðu hægt að breyta lögum um skatta eða gjöld á öðrum tímum en þessum.

Þessi mál eru því til úrvinnslu og ég get ekki fullyrt með neinni nákvæmni hvað verður næsta skrefið. Við höfum verið að mæla fyrir alls kyns umbótamálum á þessu sviði sem lúta að gjaldtöku ríkisins til þess að samræma öll gjaldtökuákvæði í lögum ákvæðum stjórnarskrárinnar frá 1995, ákvæðum sem þá komu um bann við að framselja skattlagningarheimildir til ráðherra. Von er á fleiri slíkum málum og alhliða breytingum af því tagi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en ég hygg að þingheimur muni á næstu mánuðum og missirum verða áþreifanlega var við hvernig þessum stefnuákvæðum verður hrint í framkvæmd.

[15:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hér er fulltrúi Framsfl. að bera formlega fram fyrirspurn til fulltrúa Sjálfstfl. varðandi efndir á kosningaloforðum Framsóknar. Rétt er að benda á að Framsfl. hefur átt þess kost að standa við loforð sín í skattamálum en látið hjá líða, því með samþykkt fjárlaga ársins 2000 var Framsókn ásamt Sjálfstfl. í raun að samþykkja að skattbyrði launafólks yrði aukin. Skattahækkunin er framkvæmd með því að láta skattleysismörkin hækka minna en launin og þegar skattleysismörkin síga þá eykst ójöfnuðurinn. Þannig var tekin ákvörðun um að ráðstöfunartekjur hálaunafólks hækkuðu meira en láglaunafólks. Það gerist, herra forseti, þegar skattleysismörkin hækka einungis um 2,5% en laun um 5% eins og gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaganna.

Þetta voru athyglisverð skilaboð til verkalýðshreyfingarinnar, herra forseti, nú þegar kjarasamningar á almenna markaðnum fara í hönd en ekki síður athyglisverð efnd kosningaloforða Framsfl.

[15:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að skattbyrðin hefur verið að aukast og þeir stjórnarflokkar sem hér eru að kallast á í þinginu hafa ekkert gert í málunum. Mig langar til að spyrja í framhaldi af því: Hvað ætla framsóknarmenn og sjálfstæðismenn að gera við þeirri atlögu sem t.d. hefur verið gerð að barnafjölskyldunum í landinu, að barnafólkinu, með tekjutengingunni á barnabótunum, sem hefur gert það að verkum að æ færri fá barnabætur greiddar nú í launaþróuninni undanfarið? Það hefur orðið 2 milljarða kr. viðbótarskattlagning á þetta fólk.

Tal um barnakort og annað í þeim dúr virkar bara sem falskur tónn í því tali þegar menn takast ekki á við þetta. Eða eru menn búnir að ákveða að leggja niður barnabætur til barnafjölskyldna? Að ég tali ekki um hvernig þessi jaðaráhrif hafa lent á lífeyrisþegunum sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni hér.

[15:41]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Þessi fyrirspurn frá hv. varaþm. Árna Gunnarssyni, fyrrv. formanni ungra framsóknarmanna, er mjög skiljanleg. Hún sýnir líka óþolinmæði ungra framsóknarmanna í garð ríkisstjórnarinnar. Ungir framsóknarmenn telja að Framsókn þurfi að fara í naflaskoðun vegna samstarfs síns við Sjálfstfl., m.a. vegna skattamála. Ja, bragð er að þá barnið finnur, eins og þar stendur.

Núverandi ríkisstjórn er sannarlega skattpíningarstjórn. Hún hælir sér af miklum afgangi á fjárlögum og að efnahagsstjórn sé í besta lagi. Breytingar í skattamálum er látið kyrrt liggja, samanber skattleysismörk. Beinir skattar sem eru að langstærstum hluta skattar af tekjum og eignum einstaklinga hafa hækkað úr 8,2% af vergri landsframleiðslu árið 1987 í 16,8% árið 1988. Þeir hafa sem sagt hækkað jafnt og þétt í tíð núverandi ríkisstjórnar. Skattleysismörkin hafa ekki hækkað, þau eru nú í kringum 63–64 þúsund en ættu að vera 80 þúsund hefðu þau fylgt hækkun verðlags og launa.

Herra forseti. Ég skil mjög óþolinmæði framsóknarmanna í þessum málum.

[15:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er tekist á um eitt af grundvallarmálunum í samfélagi okkar í dag. Við vitum að skattleysismörk og tekjutenging hafa bitnað illa á barnafólki og verst á barnafólki og fjölskyldufólki og stríðir þar með gegn stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna að þeir hafi ætlað að stunda einhverja fjölskylduvæna stefnu.

Ég saknaði eins úr svari hæstv. fjmrh. Hann nefndi að eitt mikilvægt mál sem væri þegar búið að sinna væri millifæranlegur persónuafsláttur hjóna. En, herra forseti, þar varð einn hópur þó illa út undan. Það eru einstæðir foreldrar. Ræddi ríkisstjórnin ekkert möguleikann á því að einstæðir foreldrar fengju einhvers konar ívilnun eins og þó makar fengu með þessum millifæranlega persónuafsætti? Er ríkisstjórnin ekkert að ræða um millifæranlegan persónuafslátt barna til einstæðra foreldra?

[15:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er hreyft við mjög mikilvægu máli varðandi endurskoðun skattalöggjafarinnar. Það er áhyggjuefni hver þróunin hefur orðið í þeim efnum á síðustu árum. Eða skyldu menn hafa tekið eftir því að í fjárlögum fyrir þetta ár er gert ráð fyrir því að framlag ríkissjóðs til barnabóta verði 320 millj. kr. lægra en það var á síðasta ári? Þessu veldur að viðmiðunarmörk barnabótanna eru ekki látin fylgja almennri launaþróun í landinu.

Hið sama hefur verið uppi á teningnum varðandi skattleysismörk, ekki aðeins á þessu ári, þar sem gert er ráð fyrir 2,5% hækkun á móti 5% launahækkun heldur hefur þessi þróun gengið eftir undanfarin ár og valdið því að skattbyrðum hefur verið hlaðið á láglaunafólk og millitekjuhópa. Það er kominn tími til að snúið verði af þessari óheillabraut.

[15:45]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans og öðrum sem hafa tekið til máls. Ljóst er að þetta málefni vekur mikla athygli og mikill áhugi er á því. Til áréttingar því sem kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur er þessi stjórnarsáttmáli í fremstu röð á nýrri öld. Hann er stjórnarsáttmáli Sjálfstfl. og Framsfl. og hér er væntanlega ekki einungis verið að efna kosningaloforð Framsfl. heldur ekki síður Sjálfstfl. Það er svo í samstarfi tveggja flokka að viðhorf beggja koma fram.

Ég er sannfærður um að unnið sé ötullega að því að þeim stefnumörkum ríkisstjórnarinnar sem fram komu hjá ráðherra verði náð og markmiðin komist þar með í höfn á kjörtímabilinu. Ég þakka svör hans.

[15:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Unnið er að undirbúningi margra skattamála í fjmrn. og því verður haldið áfram eins og ég sagði áðan. Hins vegar hefur þessi umræða kannski eins og vænta mátti snúist um eilítið annað af hálfu þeirra sem hafa gert athugasemdir en það sem um er spurt. Menn vilja ræða almennt um skattkerfið og eðli þess sem er það að skattbyrðin eykst þegar tekjur hækka og skattbyrðin minnkar þegar tekjur lækka. Þetta hefur löngum verið talið þessu skattkerfi til tekna alveg frá því að það var innleitt 1988.

Ég verð að leiðrétta það sem sagt var. Ekki er gert ráð fyrir 5% launahækkun í fjárlögum þessa árs. Það er einhver misskilningur sem er kominn á kreik og hver maður étur upp eftir öðrum, bæði hér í þingsal og í fréttabréfum frá virðulegum samtökum hér í bæ. Gert var ráð fyrir 3% launahækkun í fjárlögunum og 1% var að auki sett á sérstakan launa- og verðlagslið til ráðstöfunar eftir því sem sérstök tilefni gæfust til. Skattleysismörkin hækka um 2,5% eins og ákveðið var með lögum 1997. Það reyndist vera undir verðlagshækkunum öll árin síðan, 1997 og 1998, og óvíst hvernig verður með árið í ár. En það verður ekki bæði haldið og sleppt í þessu frekar en öðru. Stefnan hefur verið sú, og hún er eðlileg að mínum dómi, að reyna að miða hækkanir bótamarka við hækkun verðlags en að menn sætti sig síðan við það, eftir því hvort laun eru undir eða yfir verðlaginu, að skattbyrðin sveiflist til til þess að kerfið virki sveiflujafnandi. Það er lykiatriðið í málinu. Þannig var þetta kerfi hugsað og þannig hefur það virkað í öll þessi ár.

Fundi slitið kl. 15:48.

---

61. FUNDUR

fimmtudaginn 10. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 119. — 1. umr.
2. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 120. — 1. umr.
3. Rafræn eignaskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 189. — 1. umr.
4. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 286. mál, þskj. 435. — 1. umr.
5. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231. — 1. umr.
6. Viðlagatrygging Íslands, frv., 181. mál, þskj. 210. — 1. umr.
7. Sameining ríkisbanka áður en þeir verða seldir, þáltill., 265. mál, þskj. 342. — Fyrri umr.
8. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frv., 288. mál, þskj. 449. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Páll Pétursson félmrh.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, 331. mál, fsp. SvanJ, þskj. 582.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, 329. mál, fsp. KolH, þskj. 580.

Tækjabúnaður til að minnka koltvísýringsmengun, 330. mál, fsp. GE, þskj. 581.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Um klukkan þrjú síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um framtíð Rafmagnsveitna ríkisins. Málshefjandi er hv. 1. þm. Suðurl., Árni Johnsen. Hæstv. iðnrh., Valgerður Sverrisdóttir, verður til andsvara.

Lausafjárkaup, 1. umr.

Stjfrv., 110. mál (heildarlög). — Þskj. 119.

[10:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra laga um lausafjárkaup á þskj. 119 og er þetta 110. mál þingins. Frv. er, ef að lögum verður, ætlað að leysa af hólmi gildandi lög um það efni, nr. 39/1922.

Frv. þetta var lagt fyrir á 123. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga vegna mikilla anna í þinginu í vor. Frv. er að mestu leyti óbreytt en þó hefur við undirbúning málsins að þessu sinni verið tekið tillit til ábendinga sem komu fram við meðferð málsins hjá efh.- og viðskn. þegar það var þar til umfjöllunar síðast eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við frv.

Aðdragandann að samningu frv. má rekja til þess að á árinu 1992 fól viðskiptaráðherra Magnúsi Þ. Torfasyni, fyrrverandi hæstaréttardómara, að endurskoða lög nr. 39 frá 19. júní 1922, um lausafjárkaup. Skyldi endurskoðun laganna hafa það að markmiði að færa ákvæði þeirra til samnorræns horfs, en Íslendingar tóku um skeið, eins og síðar verður nánar rakið, þátt í störfum norræns vinnuhóps sem fékk það verkefni að endurskoða norrænu kaupalögin frá fyrri hluta þessarar aldar, og skilaði vinnuhópurinn áliti sínu á árinu 1984. Einnig skyldi Magnús kanna hvort og þá hvernig lögfestar yrðu hér á landi alþjóðlegar reglur um lausafjárkaup sem samdar voru að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna árið 1980. Magnús Þ. Torfason lést á árinu 1993, og var endurskoðun hans á lögum nr. 39/1922 þá skammt á veg komin.

Eftir andlát Magnúsar Þ. Torfasonar fól iðnaðar- og viðskiptaráðherra þeim Stefáni Má Stefánssyni og Þorgeiri Örlygssyni, prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands, að vinna að endurskoðun laga nr. 39/1922 í þeim anda sem að framan var lýst. Nánar segir í erindisbréfi þeirra að þeir skuli semja fyrir ráðuneytið „frumvarp til laga um lausafjárkaup, sem leysi af hólmi gildandi lög um það efni, nr. 39/1922. Skal frumvarpið hafa að fyrirmynd samnorrænt nefndarálit um sama efni frá árinu 1984.“ Þá kemur fram í erindisbréfinu að í þeim tilvikum þar sem nýleg löggjöf í Skandinavíu um lausafjárkaup sé ólík um einstök efnisatriði skuli frumvarpshöfundar meta í samráði við ráðuneytið hvaða leið sé heppilegast að fara í lagasetningu hér á landi. Einnig segir í erindisbréfinu að samhliða samningu frumvarps til nýrra kaupalaga skuli höfundar gera athugun á því hvort æskilegt sé að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um lausafjárkaup frá 1980 með tilliti til fullgildingar samningsins og lögleiðingar hans og hver áhrif EES-samningurinn komi til með að hafa á þá endurskoðun.

Að höfðu samráði við utanrrn. er gert ráð fyrir að utanrrh. leggi fram till. til þál. um öflun heimilda til að staðfesta þennan samning Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlega samninga í lausafjárkaupum.

Nýja kaupalagafrumvarpið hefur fimm meginmarkmið að leiðarljósi, þ.e. í fyrsta lagi að aðlaga íslenska viðskiptalöggjöf breyttum viðskiptaháttum og breyttri þjóðfélagsumgjörð, enda bráðum 80 ár frá lögfestingu gildandi kaupalaga, í öðru lagi að efla réttarstöðu neytenda, í þriðja lagi að tryggja norræna réttareiningu á sviði kauparéttar og í fjórða lagi að leiða í lög hér á landi efnisákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja frá 1980, United Nations Convention for the International Sale of Goods (CISG). Æskilegt er að sem mest samræmi sé á milli þjóðlegra og alþjóðlegra reglna á sviði lausafjárkaupa. Ástæðan er m.a. sú að þeir sem viðskipti stunda geta þá fremur reitt sig á að svipaðar reglur gildi í megindráttum um sömu réttaratriðin, hvort sem kaupin gerast á innlendum eða erlendum vettvangi. Er hinu nýja frumvarpi ætlað að tryggja þetta. Í fimmta lagi hefur við undirbúning frumvarpsins verið litið til tilskipunar 99/44/EB um tilteknar hliðar á sölu vöru til neytenda og ábyrgðaryfirlýsingar í því sambandi, frá 25. maí 1999. Samkvæmt beinum ákvæðum tilskipunarinnar er aðildarríkjunum ekki skylt að leiða í lög ákvæði hennar fyrr en 1. janúar 2002, en þar sem efni hennar varðar frumvarp það sem hér er nú lagt fram þótti eðlilegt að tekið væri tillit til hennar nú þegar það er endurflutt á 125. löggjafarþingi.

Frumvarp það til laga um lausafjárkaup sem hér liggur fyrir byggist í meginatriðum á þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem norræni vinnuhópurinn kom fram með á árinu 1984. Þó er rétt að hafa í huga að í ýmsum greinum er reynt að taka tillit til sérískenskra aðstæðna. Þá leiðir það af ákvæðum frumvarpsins, svo sem síðar verður rakið, að lagt er til að ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um sölu á vöru milli ríkja frá 1980 verði leidd í lög hér á landi með svokallaðri aðlögun. Í því felst að einstakar efnisreglur frumvarpsins, sem eins og fyrr segir byggjast að meginstefnu til á norræna nefndarálitinu frá 1984, hafa verið aðlagaðar samningi Sameinuðu þjóðanna.

Með gildistöku laga nr. 39/1922 má segja að komist hafi á réttareining milli Íslands og annarra þjóða á Norðurlöndum á sviði kauparéttar. Hélst svo allt þar til gerðar voru breytingar á kaupalögum Dana, Svía og Norðmanna á árunum 1973–1979 í átt til aukinnar neytendaverndar og í kjölfar þess setning nýrra kaupalaga í Finnlandi (1987), Noregi (1988) og Svíþjóð (1989) svo sem nánar verður rakið síðar.

Óhætt er að segja að þjóðfélagsaðstæður hér á landi hafa breyst mjög mikið á þeim tæpu 80 árum sem liðin eru frá því að gildandi lög um lausafjárkaup voru lögfest. Auk þess sem þjóðfélagsumgjörðin hefur öll breyst hafa hinar miklu framfarir í tæknisviði einnig haft umtalsverð áhrif á verslun og viðskipti manna í milli.

Segja má að gildandi kaupalög hafi að ákveðnu marki lagað sig að þeirri samfélagsþróun sem hér var lýst, m.a. vegna þess hve lögin eru sveigjanleg í uppbyggingu sinni. Þá eru lögin frávíkjanleg, en það hefur aftur leitt til þess að venjur hafa myndast á ákveðnum sviðum viðskipta, og hefur þannig verið vikið frá ýmsum ákvæðum laganna í framkvæmd þeirra. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að tilvist samnings Sameinuðu þjóðanna hefur tvímælalaust aukið þörfina fyrir endurskoðun laganna, og áhrif í sömu átt hefur EES-samningurinn haft og reyndar einnig samning-

arnir um ESB. Þá verður einnig að telja að ný samnorræn kaupalög einfaldi mjög verslunarviðskipti milli ríkja á Norðurlöndum og að þau séu jafnframt til þess fallin að stuðla að því að gera Norðurlöndin að einsleitu markaðssvæði innan Evrópubandalagsins og hins Evrópska efnahagssvæðis.

Mikilvægur þáttur í endurskoðun íslenskra kaupalaga hlýtur jafnan að vera að varðveita norræna réttareiningu á þessu mikilvæga sviði réttarins, en fyrir slíkri réttareiningu er löng hefð.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember 1966 ályktun þess efnis að sett skyldi á laggirnar sérstök nefnd á vegum samtakanna sem hafa skyldi það hlutverk að efla og styrkja samræmingu alþjóðlegrar viðskiptalöggjafar. Nefndin sem tók til starfa skömmu síðar var kölluð The United Nations Commission on International Trade og hefur hún aðsetur í Vínarborg í Austurríki. Hún fékk það verkefni að undirbúa gerð áðurnefnds alþjóðasamnings um kaup, þ.e. samninginn frá árinu 1980. Gerð þess samnings tók tæpa tvo áratugi og hafði sú vinna það m.a. að markmiði að koma fram með nýjan samning á þessu réttarsviði sem leyst gæti af hólmi Haag-samningana frá 1964.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna boðaði til alþjóðlegrar ráðstefnu sem haldin var vorið 1980 í Vínarborg í Austurríki þar sem komu saman fulltrúar 62 ríkja og átta alþjóðastofnana. Á ráðstefnunni var gengið frá nýjum samningi um alþjóðleg lausafjárkaup, þ.e. CISG. Ráðstefnan hófst 10. mars 1980 og lauk henni 11. apríl sama ár.

Eftir samþykkt samnings Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup 11. apríl 1980 varð um það sammæli meðal norrænna ríkja að hefja skyldi á nýjan leik endurskoðun norrænu kaupalaganna. Á fundi norrænna dómsmálaráðherra sem haldinn var í Helsinki 10. júní 1980 var komið á laggirnar samnorrænum vinnuhópi sem fékk það verkefni að kanna möguleika þess að setja samræmd kaupalög fyrir Danmörku, Noreg, Svíþjóð og Finnland. Vinnuhópurinn fékk einnig það verkefni að kanna afstöðu norrænu landanna til sameinuðuþjóðasamningsins.

Vinnuhópurinn hélt síðasta fund sinn í Helsinki 29.–30. október 1984 og voru tillögur að nýjum kaupalögum eins og áður segir lagðar fram og kynntar í samnorrænu nefndaráliti, NU 1984:5.

Árangurinn varð síðan sá að í Finnlandi voru almenn kaupalög lögtekin á þessum grundvelli árið 1987, í Noregi árið 1988 og í Svíþjóð árið 1990, en Danmörk og Ísland hafa enn ekki gert breytingar á sínum kaupalögum.

Í tillögum sínum byggði norræni vinnuhópurinn sem skipaður var árið 1980 að hluta til á sameinuðuþjóðasamningnum og þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem settar höfðu verið fram á árinu 1976. Eftir fremsta megni var reynt að ná samræmi í löggjöf þeirra ríkja sem aðild áttu að vinnuhópnum og varð samkomulag um öll helstu efnisatriði nýrra kaupalaga þótt ekki næðist það markmið að koma fram með tillögur um lagafrumvörp sem væru í öllu tilliti efnislega samræmd.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir byggist í meginatriðum á þeim tillögum til nýrra norrænna kaupalaga sem birtar voru í hinu samnorræna nefndaráliti. Þar sem leiðir skildu í hinum norrænu tillögum með einstökum ríkjum hefur að meginstefnu til verið fylgt þeirri leið sem Norðmenn völdu. Það felur í aðalatriðum í sér tvennt: Í fyrsta lagi eru ákvæði um neytendavernd í kaupalögunum sjálfum, en ekki í sjálfstæðum lögum um það efni. Í öðru lagi felst í þessu að almennar kauparéttarreglur, byggðar á hinum samnorræna grundvelli, hafa verið aðlagaðar ákvæðum sameinuðuþjóðasamningsins eftir því sem kostur er þótt einnig sé að finna í frumvarpinu sérákvæði sem eingöngu eiga að gilda í alþjóðlegum kaupum.

Neytendaréttur hefur verið í örri þróun á síðustu árum jafnt á Íslandi sem í öðrum ríkjum á Norðurlöndum. Eins og ég gat um áður voru gerðar lagabreytingar í öðrum ríkjum á Norðurlöndum á áttunda áratugnum í þá átt að auka vernd neytenda, ýmist með setningu sérstakra laga um neytendakaup eða með því að gera ýmis ákvæði í kaupalögum þessara ríkja ófrávíkjanleg, ef um var að ræða neytendakaup. Á Íslandi varð niðurstaðan hins vegar sú að bíða átekta með lagasetningu á þessu réttarsviði enda var þá þegar hafin umræða um nauðsyn þess að endurskoða þyrfti gildandi lög um lausafjárkaup, m.a. með hliðsjón af réttarþróun á Norðurlöndum, svo og annars staðar.

Á undanförnum árum hefur mikil áhersla verið lögð á aukna vernd fyrir neytendur á öllum sviðum og hefur umfang neytendaverndar vaxið ört hér á landi. Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var ákveðið að eitt svið samninganna skyldi vera um neytendavernd. Með aðild Íslands að EES skuldbundu stjórnvöld sig til þess að setja í innlendan rétt ýmsar tilskipanir Evrópusambandsins, þar á meðal á þessu réttarsviði. Í viðauka XIX, neytendavernd, í EES-samningnum er að finna upptalningu þeirra EB-gerða sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn.

Nýlega hefur sameiginlega EES-nefndin fellt inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið tilskipun 99/44/EB um tilteknar hliðar á söluvöru til neytenda og ábyrgðaryfirlýsingar í því sambandi. Eins og ég gat um í upphafi hefur í frv. því sem liggur nú fyrir verið tekið tillit til ákvæða þessara nýju tilskipunar eins og sést í 17. gr. og athugasemdum við einstakar greinar frv.

Ný lagafyrirmæli hafa verið sett á undanförnum árum til þess að fullnægja framangreindum samningsskyldum Íslands og/eða gerðar nauðsynlegar breytingar á gildandi lögum til þess að innleiða ákvæði tilskipananna. Frá gildistöku EES-samningsins hafa því verið sett lög um vernd neytenda gegn villandi auglýsingum, lög um húsgöngu- og fjarsölu og lög um neytendalán, reglur settar um verðmerkingar og ótvírætt einingaverð á vöru, lög um alferðir, lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis svo dæmi séu nefnd af þessu réttarsviði. Auk þess hefur ákvæðum samningalaganna verið breytt í því skyni að styrkja réttarstöðu neytenda gagnvart óréttmætum samningsskilmálum í viðskiptum en spor í þá átt hafði áður verið stigið með setningu laga nr. 11/1986.

Jafnframt því að efnisréttur hér á landi hefur þróast samkvæmt framansögðu að mestu leyti til samræmis við efnisrétt annarra ríkja á Norðurlöndum hefur einnig verið lögð áhersla á annars konar samstarf um málefni neytenda, t.d. á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar, svo sem með þátttöku í ýmsum fastanefndum sem fjalla um neytendamál o.fl., enda rík hefð fyrir náinni samvinnu milli norrænu landanna á sviði kaupa- og neytendaréttar. Ísland tekur einnig þátt í samvinnu aðildarríkja ESB á sviði neytendamála en í bókun 31 við EES-samninginn er að finna ályktun ráðsins frá 13. júlí 1992 um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd, sbr. 92/C 186/01.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er sem fyrr segir að finna margvísleg ákvæði um neytendakaup sem verða nýmæli í

íslenskri löggjöf ef frv. verður að lögum. Horfa ákvæði þessi öll tvímælalaust í þá átt að styrkja mjög og efla réttarstöðu neytenda. Lögfesting slíkra reglna mun því samkvæmt framansögðu fylla inn í þá eyðu sem myndast hefur hér á landi í annars heildstæðri löggjöf á sviði neytendaverndar. Vernd neytenda á Íslandi verður þá orðin sambærileg að lögum og tíðkast í nágrannaríkjum okkar. Framvegis mun því verða unnt að leggja áherslu á að innlend löggjöf fylgi réttarþróun í grannríkjum okkar og á fjölþjóðlegum vettvangi, auk þess sem áherslan mun í framtíðinni beinast að ýmsum atriðum sem varða framkvæmd neytendaverndar hér á landi.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. til frekari meðferðar og til 2. umr.

[10:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að ég fari rétt með að þetta sé fyrsta stjfrv. sem núverandi viðskrh. mælir fyrir úr þessum ræðustól þannig að ég vil nota tækifærið og óska nýkjörnum viðskrh. velfarnaðar í starfi. Ég vonast til að eiga góð samskipti við hæstv. ráðherra um þau mikilvægu mál sem hæstv. ráðherra fer með og eru til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti.

Full ástæða er til að fagna því frv. sem er til umræðu enda löngu orðið tímabært að fá nýja heildarlöggjöf um lausafjárkaup. Þessi frumvarpssmíð hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi eða um átta ára skeið, frá 1992. Það var lagt fyrir þingið 1998 og til meðferðar í efh.- og viðskn. þar sem það náði ekki fram að ganga. Af sjálfu leiðir að gífurlegar breytingar hafa orðið á öllum viðskiptaháttum og umhverfi viðskipta og þjónustu jafnt innan lands sem utan frá því að núgildandi lög um lausafjárkaup voru sett árið 1922. Eftir því sem ég hef haft tíma til að skoða þennan stóra og mikla lagabálk sýnist mér að um sé að ræða mjög vandaða lagasmíð. Til grundvallar henni er fyrst og fremst lögð norræn kaupalöggjöf eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra.

Það sem ég tel mikilvægast við þetta yfirgripsmikla frv. eru ákvæðin um aukna neytendavernd og betri réttarstöðu neytenda með ákvæðum þessa frv. Fram kemur í greinargerð frv. að margvísleg ákvæði um neytendakaup sé að finna í frv. sem Neytendasamtökin hafa m.a. lagt ríka áherslu á að verði lögfest.

Neytendasamtökin hafa í gegnum árin krafist þess að gerðar verði breytingar á lögum um lausafjárkaup og lögfest lagaákvæði um neytendakaup, einnig að lengja fresti kaupenda til að gera athugasemdir og koma fram bótakröfum. Þegar frv. þetta var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. á árinu 1998 komu Neytendasamtökin fram með mjög ítarlegar og margar breytingartillögur sem snertu m.a. ákvæði um neytendakaup og neytendavernd. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti upplýst hvort og þá að hve miklu leyti tekið hefur verið tillit til ábendinga Neytendasamtakanna þegar frv. hefur verið lagt fram á nýjan leik.

Ég hef undir höndum umsögn sem lögð var fyrir efh.- og viðskn. frá Neytendasamtökunum og dagsett er 18. febrúar 1999. Þar eru gerðar athugasemdir sem ég vil fjalla um. Vitnað er til þess að lögin um lausafjárkaup séu ekki samræmd á Norðurlöndum, að nokkur munur sé á í ýmsum efnum og síðan er sagt orðrétt:

„Það sama gildir hins vegar um þær breytingar, sem að gerðar hafa verið á lögunum á hinum Norðurlöndunum, að þær hafa nánast allar verið til þess að styrkja stöðu neytenda.

Ákveðin samræming í þessum efnum er nauðsynleg miðað við alþjóðlegt viðskiptaumhverfi nútímans. Þá er samræming nauðsynleg með tilliti til væntanlegra reglna Evrópubandalagsins þar sem gengið er út frá því, að komið verði á fót úrskurðarnefndum sem neytendur geti lagt mál sín fyrir og fengið úrlausn vegna ágreiningsmála sinna og seljenda með skjótum og ódýrum hætti."

Inn á þessar úrskurðarnefndir mun ég koma síðar í máli mínu. Ég tel þær mjög mikilvægar en áfram segir í umsögn Neytendasamtakanna, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin telja því brýnt, að þegar verði gerðar breytingar á lögum um lausafjárkaup varðandi stöðu neytenda til samræmis við sambærileg lög á hinum Norðurlöndunum."

Síðan er farið yfir það sem talið er að þurfi að breyta. Talið er nauðsynlegt að taka upp ákvæði í lögum um lausafjárkaup og einnig telja Neytendasamtökin nauðsynlegt að gera óundanþæg ýmis ákvæði sem eru undanþegin í núgildandi lögum og einnig samkvæmt frv. Það á einkum við um ákvæði sem heimila seljendum að undanþiggja sig ábyrgð á söluhlut með einum eða öðrum hætti.

„Neytendasamtökin telja að í neytendakaupum eigi almennir söluskilmálar til varnar hagsmunum neytenda að gilda undantekningalaust og óheimilt verði fyrir seljendur, sem hafa atvinnu af því að selja hluti, að undanþiggja sig ábyrgð við sölu þeirra. Þá bar nauðsyn til að endurskoða og breyta einstökum ákvæðum með tilliti til réttarþróunar og þjóðfélagsaðstæðna."

Síðan segja samtökin, með leyfi forseta:

„Þá er í frumvarpinu að finna ýmis nýmæli, sem að mati Neytendasamtakanna eru til mikilla bóta. Þrátt fyrir það telja Neytendasamtökin ekki hafa verið gengið nægilega langt í neytendavernd í ákveðnum tilvikum." Síðan er gerð nánari grein fyrir því í ítarlegu máli þar sem farið er yfir ýmsar greinar frv. og gerðar tillögur til breytinga.

Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er: Að hve miklu leyti hefur, í frv. sem nú er lagt fyrir þingið, verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem koma fram hjá Neytendasamtökunum í umsögn þeirra til hv. efh.- og viðskn.?

Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki eðlilegra að hafa ein heildarlög um neytendavernd eða neytendalöggjöf fremur en að lagaákvæði um neytendavernd sé að finna í mörgum lögum eins og getið er um í frv. og hæstv. ráðherra kom inn á í máli sínu. Reyndar er annað mál á dagskrá, frv. um þjónustukaup minnir mig að það að heiti, sem fjallar um málefni neytenda. Maður veltir fyrir sér hvort ekki sé hægt að setja inn heildarlöggjöf um neytendavernd eða neytendalöggjöf. Ég spyr hæstv. ráðherra um skoðun hennar á því, hvort hún telji ekki eðlilegt að stefna að því að samræma þessi ákvæði.

Það er skoðun mín að fyllilega hljóti að koma til greina að samræma öll lagaákvæðin í eina heildarlöggjöf um neytendavernd þó ekki væri nema til að gera öll hin fjölmörgu ákvæði í ýmsum lögum aðgengilegri fyrir neytendur sem eðli máls samkvæmt þurfa oft að leita með mál sín í þá löggjöf sem gildir um neytendavernd. Ef ég man rétt hefur t.d. Svíþjóð farið þá leið að setja heildarlög um neytendavernd. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort það sé ekki rétt.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji að með lögfestingu á því frv. sem er til umræðu sé neytendaréttur og neytendavernd á Íslandi sambærileg við það sem gerist t.d. annars staðar á Norðurlöndum og það sé fullkomlega

tryggð í þessari löggjöf sambærileg staða neytenda hér á landi og í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Þar vitna ég einmitt til þess sem fram kom hjá Neytendasamtökunum og ég nefndi áðan. Þau telja að a.m.k. í því frv. sem var lagt fyrir þingið 1998 sé neytendavernd ekki nægilega tryggð en ég hef ekki átt þess kost að bera saman hvort breytingar hafi verið gerðar á frv. sem lagt var fyrir 1998 og því sem við erum að fjalla um núna eða að hve miklu leyti hafi verið tekið tillit til ábendinga og umsagna sem fram hafa komið í nefndinni til að styrkja enn frekar neytendavernd í löggjöf.

Einnig væri áhugavert að fá fram skoðun hæstv. viðskrh. á því hvort hæstv. ráðherra telji rétt að stjórnvöld stofni til sérstaks embættis umboðsmanns neytenda. Ég held að það sé mjög áhugavert mál að skoða hvort eðlilegt sé að stefna að því að stofna til embættis umboðsmanns neytenda. Neytendamál eru sífellt að verða flóknari og umfangsmeiri og væri fróðlegt að fá fram álit hæstv. ráðherra á því hvort ekki væri a.m.k. eðlilegt að skoða það mál að fara þá leið.

Í því sambandi vil ég minna á tillögu sem flutt var árið 1995 af þáv. varaþm. Þjóðvaka, Vilhjálmi Inga Árnasyni, og árið 1996 af hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og fleirum, en sú þáltill. laut að stofnun úrskurðarnefndar í málefnum neytenda. Efnisatriði í þeirri ályktun var að fela ríkisstjórninni að koma á fót tveimur úrskurðarnefndum í málefnum neytenda. Í fyrsta lagi „nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja; nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af viðskiptaráðherra, öðrum tilnefndum af Neytendasamtökunum og þeim þriðja tilnefndum af því opinbera þjónustufyrirtæki sem mál varðar hverju sinni.“ Í öðru lagi „nefnd sem fjalli um ágreiningsmál neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga; nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, einum tilnefndum af viðskiptaráðherra, öðrum tilnefndum af Neytendasamtökunum og þeim þriðja tilnefndum af því fagfélagi sérfræðinga sem mál varðar hverju sinni.“

Í grg. þeirrar þáltill. kom ýmislegt fram sem erindi á inn í þessa umræðu hér og nú.

Þar segir að þannig hafi „íslensk stjórnvöld, ein stjórnvalda á Norðurlöndum, ekki átt frumkvæði að því að auðvelda neytendum aðgang að ódýrum og aðgengilegum valkostum til að fá niðurstöðu í ágreiningsmálum sín og seljenda eða veitenda.“ Og komum við kannski nánar að því í því máli sem er á dagskrá hér á eftir um þjónustukaup.

Einnig segir í grg. að á „sama tíma og áhugi íslenskra stjórnvalda á neytendamálum hefur verið takmarkaður og einkennst af andvaraleysi hefur ríkur skilningur verið á því annars staðar á Norðurlöndum að mikilvægt sé fyrir neytendur að eiga kost á að fá niðurstöðu í ágreiningsmálum sínum við seljendur og veitendur á hraðvirkan og ódýran hátt. Þar hafa stjórnvöld stofnað sérstök embætti umboðsmanna neytenda, komið á fót úrskurðarnefndum, auðveldað aðgengi neytenda og samtaka þeirra að dómstólum og sett sérstaka löggjöf til hagsbóta fyrir neytendur.“ Hér er sagt að annars staðar á Norðurlöndum hafi verið stofnað til sérstakra embætta umboðsmanna neytenda. Ég hef ekki átt þess kost að kanna sérstaklega hvort það hafi verið gert og spyr hæstv. ráðherra hvort slík embætti sé að finna á hinum Norðurlöndunum og ef svo er, hvaða reynsla er þá fengin af þeim embættum.

Herra forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort hæstv. ráðherra er að hlýða á mál mitt eða ekki af því að nú er hún ekki í salnum en ég vænti þess af því að ég er að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra að hún hlýði á mál mitt.

(**Forseti** (ÍGP): Forseti skal sjá til þess. Hæstv. ráðherra birtist hér í dyrunum.)

Ég geri ekki athugasemd við það að ráðherra sé hér í hliðarsal að ræða við ráðgjafa sína svo fremi ég sé örugg um að hún hlýði á mál mitt.

Spurning mín lýtur að þessu sérstaka embætti umboðsmanns neytenda, hvort ráðherra geti staðfest að það sé til staðar annars staðar á Norðurlöndum og þá hvaða reynsla er af þeim fengin.

Síðan segir í grg.: „Íslensk stjórnvöld hafa eins og fyrr segir ekki átt frumkvæði að setningu neytendalöggjafar umfram það sem þau hafa orðið að gera í tengslum við EES-samninginn. Í skýrslu frá viðskrn. til EFTA árið 1991 er það sérstaklega tekið fram að engin umræða hafi farið fram nýlega um stofnun smámáladómstóls hér á landi og að í næstu framtíð séu ekki áformaðar neinar breytingar þar að lútandi.

Ég geri mér vissulega grein fyrir því, herra forseti, að frá því að þessi grg. er rituð, á árinu 1996–1997, en hún fylgdi með þáltill. á 121. löggjafarþingi, hefur verið gerð nokkur breyting til þess að styrkja stöðu neytenda og er það ekki síst þó að finna í því frv. sem við ræðum nú og því sem er hér síðar á dagskrá þessa fundar.

Í lokin vil ég vitna til þess sem hér segir. „Afskipti stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndum af ágreiningsmálum neytenda og veitenda þjónustu eru víðtæk. Í Svíþjóð og Finnlandi eru starfandi sérstakir umboðsmenn neytenda“ — hér stendur að vísu í Svíþjóð og Finnlandi eingöngu — „og úrskurðarnefndir í ýmsum málaflokkum sem kostaðar eru af ríkinu. Í Noregi og Danmörku eru einnig sérstakir umboðsmenn neytenda“ — hér kemur fram að þetta sé í öllum löndunum — „auk þess sem úrskurðarnefndir eru starfandi í fjölmörgum málaflokkum. Ljóst er að stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndum láta sig neytendamál meira máli skipta en íslensk og veita umtalsvert meiri fjármuni miðað við höfðatölu til að tryggja þegnum sínum skjóta og ódýra úrlausn mála sinna.“

Ég held, herra forseti, að þar sem ég á sæti í efh.- og viðskn., sem fær þetta frv. til umfjöllunar, að ég fari ekki efnislega yfir einstakar greinar eða þætti frv. Ég hef vikið að málinu í stórum dráttum þar sem ég hef beint ákveðnum spurningum til hæstv. ráðherra sem allar lúta að neytendaverndinni og hvort nægilega langt sé gengið í því efni og hvort ekki sé ástæða til að huga að því, þó að það sé ekki endilega í tengslum við þetta frv., að stofnað sé til embættis umboðsmanns neytenda.

Ég mun gera það, herra forseti, sem í mínu valdi stendur til að greiða fyrir málinu í efh.- og viðskn. sem fær málið til meðferðar. Að vísu er hér um stóran og viðamikinn málaflokk að ræða og með frv. og grg. er þetta vel á annað hundrað blaðsíður. Efh.- og viðskn. á því ærinn starfa fyrir höndum að fara yfir þetta frv.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það má segja um lögin frá 1922, sem hér er verið að endurskoða, að þau hafa reynst augljóslega bæði endingargóð og vönduð og ég held að við gætum verið stolt af því nú á dögum ef okkur tækist að setja fram slíka löggjöf að menn gætu búið við hana í hartnær öld án þess að það væri

til stórfelldra vandræða. En það er sjálfsagt engu að síður svo að óhjákvæmilegt er eða rétt að gera ýmsar breytingar á og það eru ekki síst gerbreyttir viðskiptahættir, staða okkar gagnvart öðrum löndum þannig að réttarumhverfið hér sé með sambærilegum hætti og t.d. annars staðar á Norðurlöndunum og svo auðvitað ekki síst staða neytenda og þau viðhorf sem nú eru uppi í þeim efnum, að eðlilegt sé að tryggja betur stöðu þeirra en kannski var gert á sinni tíð líka í ljósi breyttra viðskiptahátta og þess viðskiptaumhverfis sem nú er við lýði.

Þetta frv. var flutt á næstsíðasta þingi, var til umfjöllunar á sl. vetri og þá talsvert unnið í hv. efh.- og viðskn. Ég sé í grg. að sú vinna hefur verið höfð til hliðsjónar áður en málið var endurflutt. Ég vænti því þess að málið eigi að geta fengið framgang á þessu þingi og náð að verða að lögum. Það verður að vísu augljóslega ekki svo hröð afgreiðsla á þessu að ákvæði 99. gr. geti gengið fram óbreytt en þar stendur að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 2000. Það mun tæpast verða úr þessu, en því þarf að sjálfsögðu að breyta og tekur mið af því að frv. hefur verið samið áður en þau tímamót gengu í garð. Síðasta ár aldarinnar hófst þá eins og menn vilja hafa það í Þjóðvinafélaginu.

Vegna þess sem hér var rætt áðan af hv. síðasta ræðumanni, Jóhönnu Sigurðardóttur, þá vil ég taka undir að það er auðvitað eðlilegt að menn velti fyrir sér stöðu neytenda í lagalegu tilliti í þessum efnum og hvort jafnvel væri heppilegra að reyna að færa saman inn í ein heildarlög allt sem snýr að neytendavernd. En það hefur þó líka galla. Staðreyndin er sú að í samkeppnislögum og/eða annars staðar þar sem verið er að ganga frá leikreglum á einhverjum einstökum sviðum, þá er í rauninni líka að mörgu leyti heppilegt að neytendaverndin eða ákvæði sem lúta sérstaklega að stöðu almennings sé þar að finna, þannig að þarna eru kannski kostir og allar á í báðum tilvikum.

Að síðustu ætla ég, herra forseti, aðeins að velta upp spurningum um umboðsmann neytenda sem hluta af því lagalega og stjórnsýslulega kerfi sem á að tryggja stöðu þeirra í sífellt flóknari heimi og við rekumst auðvitað á það á öllum sviðum. Ég held að áður en menn færu út á þá braut t.d. að bæta við einu umboðsmannsembættinu enn, sem væri þá umboðsmaður neytenda, ætti að fara fram almenn grundvallarumræða um hvort það er það fyrirkomulag sem við ætlum að fara að styðjast við almennt og í vaxandi mæli. Á Íslandi hefur þróunin ekki orðið sú sama og annars staðar á Norðurlöndunum, t.d. í Svíþjóð, þar sem þetta umboðsmannakerfi er umfangsmest hygg ég vera og þar eru eiginlega umboðsmenn orðnir fyrir flesta helstu þjóðfélagshópa og hagsmunasvið þjóðfélagsins. Það fyrirkomulag er þar mjög útbreitt og þróað. En ég held að með alveg sama hætti og menn mundu geta rökstutt þörfina fyrir umboðsmann neytenda kæmu upp hugmyndir um umboðsmann aldraðra, sjúklinga og fleiri slíkra hópa. Ég held því að það væri kannski skynsamlegt að velta því upp sem grundvallarspurningu hvort við ætlum lengra inn á þá braut en orðið er með þeim tveimur embættum sem nú eru við lýði, þ.e. umboðsmanni Alþingis sem er auðvitað almenns eðlis og tekur til stjórnsýslunnar og þeirra þátta og svo umboðsmanni barna sem ég tel að hafi verið og séu mjög sérstök rök fyrir. Það embætti er kannski í ákveðnum sérflokki vegna eðlis þeirrar hagsmunagæslu sem þar er á ferðinni, sem sagt umboðsmaður eða réttargæslumaður fyrir hóp sem á mjög erfitt sjálfur með að gæta réttar síns eðli málsins samkvæmt.

Ég vona að þetta misskiljist ekki þannig að ég sé á móti því eða telji það ekki að mörgu leyti hið þarfasta mál að velta upp spurningum um umboðsmann neytenda, en ég hefði þá gjarnan viljað sjá það rætt í tengslum við almenna umræðu um það hvort við værum að fara lengra inn á þá braut og við mundum kannski stefna að því að setja upp umboðsmannsembætti fyrir helstu hópa og hagsmunasvið sem í raun og veru mundi þá gilda svipað um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta er flókinn og mikill bálkur sem sjálfsagt er þörf á að fara enn einu sinni rækilega yfir en ég hygg þó að sú vinna sem þegar hefur verið unnin í þessum efnum og vandaður aðdragandi þessa máls sem hefur farið út til umsagna fjölmargra aðila á undirbúningsstigi eigi að tryggja að sæmilega sé fyrir því séð að öll helstu sjónarmið hafi komið fram og það séu ekki í þessu stórfelldir fingurbrjótar, enda um þetta vélað af miklum kunnáttumönnum eins og fram kemur í grg. með frv.

[11:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem frv. fékk hjá hv. þingmönnum og tek undir það að ég tel að aðdragandinn sé vandaður og frv. sé ágætlega úr garði gert þó að að sjálfsögðu þurfi alltaf að skoða mál vel í nefndum og til þess treysti ég hv. efh.- og viðskn. ákaflega vel.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hvort tekið hefði verið tillit til þeirra ábendinga sem Neytendasamtökin komu fram með á sínum tíma. Það var gert að nokkru leyti en þó kannski ekki að öllu leyti. Það var stefna Neytendasamtakanna að ekki ætti að vera hægt að semja sig frá ákvæðum laganna. Það var grundvallarstefna og ekki er tekið tillit til þess, a.m.k. ekki að öllu leyti, en ég tel að þarna þurfi að ríkja ákveðinn sveigjanleiki og frv. er þannig úr garði gert.

Um heildarlöggjöf um neytendavernd, sem hv. þm. ræddi einnig, er það að segja að það er ekkert ólíklegt að mál geti þróast þannig hjá okkur líka eins og hefur verið að gerast að einhverju leyti annars staðar á Norðurlöndunum að öll þessi mál og allir þessir málaflokkar verði settir í einn lagabálk en það frv. sem liggur fyrir og er til umfjöllunar er a.m.k. góður áfangi á þeirri braut. Ég útiloka ekkert í þeim efnum að ekki geti komið til þess síðar meir að heildarlöggjöf verði sett hér á sviði neytendaverndar. Hv. þm. nefndi Svíþjóð í þessu sambandi en sennilega eru Finnarnir þó komnir enn lengra hvað það varðar að setja þessi ákvæði öll í ein lög.

Ég endurtek það sem ég sagði í framsöguræðu minni að ég tel að með samþykkt þessa frv. sé neytendavernd hér á landi orðin sambærileg við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og það held ég að væri mikill sómi að. Þess vegna geri ég mér vonir um að þetta frv. eigi greiðan gang í gegnum þingið.

Um það atriði sem hv. þm. nefndi einnig og varðar umboðsmann neytenda, mun svo vera að annars staðar á Norðurlöndum sé embætti sem kalla mætti því nafni en ég segi fyrir mig að ég hef verið svolítið treg í þeim efnum að fjölga mjög umboðsmönnum. Ég tel að okkar eini og sanni umboðsmaður sé umboðsmaður Alþingis en ef við hugsum það hlutverk sem hugsanlegur umboðsmaður neytenda ætti að hafa, yrði sú ákvörðun tekin, þá tel ég að Samkeppnisstofnun fari með mjög áþekkt hlutverk. Eins og hv. þingmenn vita er að koma inn í þingið nýtt frv. um samkeppnislög sem er til þess að styrkja þá löggjöf og ég held að við séum á

alveg réttri braut hvað það varðar að koma þeim málum í það horf sem viðunandi er og gott betur.

Að síðustu vildi ég nefna það, hæstv. forseti, að gildistökuákvæði frv. er líklega orðið úrelt því að þar er kveðið á um að lögin skuli taka gildi 1. janúar 2000. Í sjálfu sér er ekki stórmál að breyta því en það er eitt af því sem hv. nefnd þarf að hafa í huga þegar málið verður afgreitt.

[11:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Að nokkru leyti hefur verið tekið tillit til ábendinga Neytendasamtakanna en ekki að fullu og öllu og við munum fara ítarlega yfir það í hv. efh.- og viðskn.

Ég heyri að það fær sæmilegar undirtektir hjá hæstv. ráðherra að stefna að heildarlöggjöf um málefni neytenda og þróa okkur í þá átt og ég get alveg verið sammála hæstv. ráðherra um það að það frv. sem við ræðum nú er áfangi á þeirri leið.

Samkeppnisstofnun sem hæstv. ráðherra nefndi er vissulega mjög mikilvæg til að tryggja eðlilega samkeppni og hagsmuni neytenda en ég held að Samkeppnisstofnun geti aldrei komið í stað umboðsmanns neytenda sem hefði þar miklu víðtækara hlutverk.

Hæstv. ráðherra segist vera íhaldssöm gagnvart fjölgun umboðsmanna. Út af fyrir sig eru á því ýmsar hliðar sem ég get verið sammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að slíkt þurfi að ræða í víðu samhengi. Engu að síður held ég að við þurfum að taka þá umræðu með einum eða öðrum hætti.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra úr því að það fær ekki undirtektir að koma á fót umboðsmanni neytenda hvort hún teldi þá ekki, til að mynda í tengslum við þetta frv., rétt og eðlilegt að koma á ákveðnum úrskurðarnefndum í málefnum neytenda eins og lagt var til í þeirri tillögu sem ég nefndi. Þar var rætt um tvær nefndir sem fjalla áttu um ágreiningsmál annars vegar neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja og hins vegar nefnd sem fjalla átti um ágreiningsmál neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Ég er ekki endilega að tala um úrskurðarnefndirnar svona tvískiptar eins og hér er lagt til en ég held að við verðum að fikra okkur inn á þá braut að til sé ákveðin nefnd eða úrskurðaraðilar sem geta tekið afstöðu og fjallað um deilumál og úrskurðað í málefnum neytenda. Ég hef ekki farið svo ítarlega yfir þetta frv. að ég geti fullyrt að það finnist ekki í því frv. sem við fjöllum hér um að með einhverjum hætti sé tekið á því en ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki að það væri rétt og eðlilegt að skoða úrskurðarnefnd í málefnum neytenda í tengslum við það frv. sem hér er til umræðu.

[11:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í sjálfu sér ekki útiloka neitt í þeim efnum sem hv. þm. talaði um og tel reyndar að það sé nokkuð um það á sérsviðum að hér séu starfandi nokkurs konar úrskurðarnefndir. En allt þarf þetta yfirlegu og ég tel að við eigum ekki að ana að neinu í þessum efnum. Ég býst alveg við að nefndin fjalli um þetta eins og margt annað. Almennt séð held ég að við tökum stórt skref í réttindamálum neytenda með því að lögfesta það frv. sem hér er til umfjöllunar og síðan verði það að sjálfsögðu skoðað í fyllingu tímans hvaða ákvæði það eru sem mætti hugsanlega auka við til þess að bæta enn hag neytenda.

[11:23]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að afar þýðingarmikið sé að hægt sé að ná breiðri og góðri samstöðu um það mikilvæga frv. sem við fjöllum um hér og efh.- og viðskn. mun fá til meðferðar. Það hefur komið skýrt fram í máli mínu að ég tel að það sé mikið framfaraskref sem við stígum hér með samþykkt slíkrar löggjafar.

Ég skil mál hæstv. viðskrh. þannig að hún sé því alls ekki fráhverf að það mál sé skoðað að stofnaðar verði úrskurðarnefndir í málefnum neytenda. Ég mun a.m.k. beita mér fyrir því í efh.- og viðskn. að það mál fái nokkra umfjöllun þar og um það geti náðst samvinna. Ég óska eftir því að efh.- og viðskn. geti átt gott samstarf við viðskrn. og hæstv. ráðherra um að þróa mál svo að við getum stigið skref í þá átt að stofna til slíkrar úrskurðarnefndar í málefnum neytenda sem ég tel mjög brýnt vegna þess að aftur og aftur koma upp deilumál sem snerta neytendur með einum eða öðrum hætti. Ég held því að það sé mjög brýnt að slík nefnd sé fyrir hendi.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég lít á mál ráðherra með þeim hætti að hún sé reiðubúin til að skoða það mál með jákvæðu hugarfari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustukaup, 1. umr.

Stjfrv., 111. mál. — Þskj. 120.

[11:25]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um þjónustukaup á þskj. 120 sem er 111. mál þingsins. Frv. var samið af nefnd sem fyrrv. hæstv. viðskrh. skipaði og í voru fulltrúar viðskrn., Samtaka iðnaðarins, Neytendasamtakanna og Samkeppnisstofnunar.

Frv. hefur áður verið lagt fram á Alþingi en ekki áður náð fram að ganga enda óskaði efh.- og viðskn. eftir því að þetta frv. og frv. til laga um lausafjárkaup fylgdust að við meðferð í þinginu.

Ráðuneytið hefur athugað efni frv. nánar og m.a. borið það undir höfunda að frv. til nýrra kaupalaga, einnig í samræmi við óskir efh.- og viðskn. Niðurstaða þeirrar athugunar ráðuneytisins er að frv. þetta er nú lagt fram í óbreyttri mynd.

Á undanförnum árum hefur þörf á almennri lagasetningu sem tekur til seldrar þjónustu farið vaxandi. Þjóðfélagið tekur örum breytingum og verður flóknara og neytendur þurfa í síauknum mæli að treysta á þjónustu sem hinar ýmsu fagstéttir veita. Jafnframt verður að leggja áherslu á að staða neytenda er önnur þegar um er að ræða kaup á þjónustu en þegar um er að ræða kaup á vörum. Þegar samningur er gerður um kaup á þjónustu getur neytandi ekki skoðað það sem keypt er með sama hætti og þegar keyptur er hlutur. Mikilvægt er því að treysta réttarstöðu neytenda, einkum og sér í lagi þeirra sem hafa ekki yfir sérþekkingu að ráða. Við kaup á þjónustu reynir á mörg þau sömu atriði og koma upp í viðskiptum með vörur, t.d. ef keypt þjónusta reynist vera gölluð eða dráttur kann að verða á afhendingu hennar o.s.frv.

Í einstaka tilvikum hefur verið reynt að beita lögum um lausafjárkaup til að leysa úr ágreiningi undir slíkum kringumstæðum en ljóst er að þau lög veita ekki fullnægjandi réttarvernd fyrir neytendur. Lög um þjónustukaup hafa verið

sett annars staðar á Norðurlöndum að Danmörku undanskilinni. Finnsk lög um þjónustukaup ganga einna lengst í vernd til handa neytendum en sænsk og norsk lög nokkru skemmra.

Frv. þetta tekur mið af lagasetningu annars staðar á Norðurlöndum en danskt frumvarp sem samið var árið 1988 um þetta efni hefur enn fremur verið haft til hliðsjónar við samningu frv. Ákvæði þessa frv. um neytendavernd þegar keypt er þjónusta er nýmæli í löggjöf hér á landi.

Velta þjónustugreina hefur aukist um 10–20% að raunvirði á tímabilinu 1990–1998. Þar af hefur velta í bifreiðaviðgerðum aukist um 15% og velta í skóviðgerðum um 5%. Velta í greinum eins og tölvuþjónustu hefur aukist mun meira.

Hlutur þjónustu af einkaneyslu landsmanna hefur jafnframt aukist, eða úr 35,4% af allri einkaneyslu á árinu 1990 og upp í 36,1% af einkaneyslu árið 1998. Enn fremur er þjónusta sem veitt er í tengslum við fasteignir og sumarhús stór útgjaldaliður enda hefur fasteignum fjölgað mjög á seinni árum og nauðsynlegt viðhald og endurbætur á þessum eignum þar af leiðandi stóraukist.

Nýjar þjónustugreinar hafa bæst við, eins og geymsla á lausafjármunum, þar sem engin eiginleg vinna er tengd hlutunum, t.d. búslóðageymsla, frystigeymslur o.fl. Af þessari ástæðu ná ákvæði frumvarpsins einnig til þjónustu sem felst í geymslu muna og er stunduð í atvinnuskyni gegn endurgjaldi.

Umsvif aukast sífellt á sviði seldrar þjónustu, svo og fjölbreytni hennar, og má nefna í því sambandi ráðgjafarþjónustu af ýmsu tagi. Um ýmsar þjónustugreinar gilda einnig oft á tíðum sérlög, sbr. t.d. lög nr. 34/1986, um fasteignasala, og lög nr. 117/1994, um ferðaskrifstofur. Aðalhvatinn að lagasetningu á sviði þjónustu hér á landi er hinn sami og í öðrum ríkjum sem sett hafa sérstök lög um þjónustukaup, þ.e. að leysa úr brýnni þörf á lagareglum til að greiða úr réttarágreiningi sem kann að rísa vegna kaupa á þjónustu. Að vísu geta skýr samningsákvæði seljanda og kaupanda þjónustu oft leyst úr vandamálum er upp kunna að koma en sjaldgæft er að gert sé ítarlegt samkomulag um þau þjónustuverk sem á að vinna. Enn fremur er oft stuðst við ákvæði laga sem gilda um kaup á vöru þegar leysa á úr réttarágreiningi en takmarkaðar leiðbeiningar getur verið að finna í slíkum lagaákvæðum. Að öllu framangreindu athuguðu þótti rétt að leggja fram frv. til laga um þjónustukaup.

Að vísu geta skýr samningsákvæði seljanda og kaupanda þjónustu oft leyst úr vandamálum er upp kunna að koma en það er sjaldgæft að gert sé ítarlegt samkomulag um þau þjónustuverk sem á að vinna. Enn fremur er oft stuðst við ákvæði laga sem gilda um kaup á vöru þegar leysa á úr réttarágreiningi en takmarkaðar leiðbeiningar getur verið að finna í slíkum lagaákvæðum.

Að öllu framangreindu athuguðu þótti rétt að leggja fram frumvarp til laga um þjónustukaup.

Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, gera grein fyrir meginákvæðum þessa frv. Frv. skiptist í tíu kafla sem hafa að geyma alls 41 grein auk athugasemda. Í I. kafla er kveðið á um gildissvið frv.

Samkvæmt 1. gr. gilda ákvæði þess um hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í atvinnustarfsemi hans.

Samningar um þjónustu sem frv. þetta tekur til getur verið um vinnu sem seljandi lofar að framkvæma, t.d. viðgerð á hlut sem neytandi vill að sé lagaður, hvers konar viðgerðarþjónusta fellur því undir frv., svo sem bifreiðaviðgerðir, viðgerðir á heimilistækjum o.s.frv. Ekki er hægt að telja upp með tæmandi hætti allar þær mismunandi þjónustugreinar sem frv. þetta tekur til. Rétt er þó að nefna að ákvæðum frv. er einnig ætlað að ná til samninga sem seljandi þjónustu gerir um vinnu við fasteignir eða aðrar framkvæmdir á landi, svo sem málningarvinnu, þakvinnu og lagningu gangstétta, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Samkvæmt 3. tölul. 1. gr. er frv. einnig ætlað að gilda um ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við endurbætur á fasteignum. Frv. tekur einnig til þeirra tilvika þegar engin eiginleg vinna er framkvæmd í tengslum við hlut, sbr. ákvæði 4. tölul., en samkvæmt honum tekur það til geymslu á lausafjármunum.

Í 2. gr. er að finna ýmsar mikilvægar undantekningar frá gildissviði frv. en meginatriði þeirrar afmörkunar er að ef um viðskipti aðila fer eftir ákvæðum laga um lausafjárkaup gilda ekki ákvæði þessa frv. Í frv. er nokkrum sinnum vísað til laga nr. 39/1922, um lausafjárkaup. Tilvísun til þeirra laga er einnig að finna í athugasemdum við einstakar greinar frv. en þar hefur verið kosið að nota orðið kaupalög í stað hins formlega heitis laganna enda eru þau ekki síður þekkt undir því heiti.

Í II. kafla er að finna ákvæði sem hafa þýðingu við samningsgerð um kaup á þjónustu. Hér er kveðið skýrt á um að rík skylda hvílir á seljanda þjónustu, að veita neytanda allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu þess verks sem neytandi vill að hann framkvæmi. Seljendum þjónustu ber að upplýsa neytendur á grundvelli sérþekkingar og reynslu sem fagmanns og hafa hana að leiðarljósi þegar hann veitir neytanda leiðbeiningar, t.d. um hvaða efni skuli notuð við verkið. Þetta er þýðingarmikið því eins og ég hef nefnt áður er eitt megineinkenni í þjónustukaupum að neytandinn sér ekki árangur verksins fyrr en því er lokið. Tilsögn um allt það sem varðar framkvæmd verksins og að það sé framkvæmt þannig að það standist t.d. kröfur sem gerðar eru um öryggi eða samkvæmt almennum stöðlum eru því þýðingarmikil og hefur áhrif á efni þess samnings sem seljandi og neytandi gera um framkvæmd verksins. Hvort seljandi hefur sinnt leiðbeiningarskyldu sinni fullnægjandi hefur einnig áhrif þegar leysa þarf úr ágreiningi sem kann að rísa um kaup á þjónustu og uppgjör milli aðila í því sambandi. Einnig er að finna ákvæði um svonefnd viðbótarverk. Algengt er að eftir að verk er hafið komi í ljós að eðlilegt sé að vinna meira en upphaflega var samið um. Undir þessum kringumstæðum reynir enn á leiðbeiningarskyldu seljanda þjónustu rétt eins og skyldu til að halda vinnu áfram.

Í III. kafla er fjallað um galla á seldri þjónustu og úrræði kaupanda í tilefni af því að þjónusta sem hann hefur keypt reynist gölluð. Þjónusta telst t.d. vera gölluð ef árangur af því verki sem unnið er reynist ekki í samræmi við þær kröfur sem er eðlilegt að gerðar séu eða vikið hefur verið frá þeim almennu öryggiskröfum sem gerðar eru varðandi verkið. Um nánari skilgreiningi á gallahugtakinu vísast að öðru leyti til 9. gr. frv. og athugasemda við þá grein. Neytanda er rétt að krefja seljanda þjónustu um að hann bæti úr göllunum enda sé það án þess að það valdi honum verulegu óhagræði. Önnur úrræði sem neytanda eru tiltæk er að krefjast afsláttar frá uppsettu verði þjónustunnar eða krefjast riftunar ef um verulegan galla er að ræða. Neytandi sem vill bera fyrir sig galla verður þó að tilkynna seljanda um það innan sanngjarns frests frá því hann vissi eða mátti vita að hin selda

þjónusta sé gölluð. Í öllum tilvikum fellur þó niður réttur neytanda til að bera fyrir sig gallann innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu, nema seljandi hafi með ábyrgðaryfirlýsingu tekið að sér ábyrgð í lengri tíma, sbr. 17. gr. frv.

Í IV. kafla er fjallað um það er áhætta af verki flyst. Þegar keypt þjónusta varðar hlut sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu er meginreglan sú að áhættan flyst að nýju til neytanda þegar seljandi hefur skilað af sér verkinu og hluturinn er kominn aftur í vörslu neytandans.

V. kafli frv. fjallar um það er dráttur verður á að ljúka þjónustu og heimildir neytanda til þess að rifta samningi eða krefjast skaðabóta, vanefni seljandi þjónustusamning þeirra með þeim hætti.

Í VI. kafla er að finna ákvæði um tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það. Meginreglan er sú að seljandi þjónustu ber áhættu af því ef hlut er stolið eða hann skemmist af öðrum óviðráðanlegum orsökum eftir að neytandi hefur afhent seljanda hlutinn til viðgerðar, sbr. ákvæði 26. gr.

Í VII. kafla um verð er að finna nokkur ákvæði um þau meginatriði sem liggja til grundvallar þegar ákveðið er verð keyptrar þjónustu sem frv. þetta tekur til. Meginreglan er sú, eins og sést af 28. gr. frv., að samningur aðila um verð þjónustunnar skal lagður til grundvallar þegar viðskipti þeirra eru gerð upp. Hafi hins vegar ekki verið samið um verð þjónustunnar er að finna í þessari grein vísireglur í því sambandi. Hliðsjón skal höfð af því hvað telst sanngjarnt hverju sinni. Verðið skal m.a. ákveðið með hliðsjón af eðli og magni þjónustunnar sem keypt er og hversu vel verk hefur verið unnið. Hafi seljandi gert verðáætlun, er miðað við að hann geti ekki farið verulega fram úr þeirri áætlun. Það verður síðan að vera undir mati dómstóla að ákveða við hvaða mörk skuli miða í þessu sambandi en það kann að fara nokkuð eftir þeim venjum sem myndast hafa í einstökum þjónustugreinum. Hins vegar þótti ekki rétt að setja í lög ákveðna viðmiðun í þessu efni eins og gert var í Svíþjóð, þar eð slík regla kann að vera óþarflega ósveigjanleg í framkvæmd.

Í VIII. kafla er fjallað um rétt neytenda til að afpanta verk og um rétt seljanda til þess að krefjast greiðslu fyrir þá vinnu sem hann hefur þegar innt af hendi.

Í IX. kafla eru ákvæði sem veita leiðbeiningu um hvernig með skuli fara þegar um er að ræða hluti sem neytandi sækir ekki þrátt fyrir viðvaranir þar um. Undir slíkum kringumstæðum er seljanda heimilt að selja hlut á kostnað neytanda enda séu a.m.k. þrír mánuðir liðnir eða meira frá því að sækja átti hlutinn.

Í X. kafla er að finna ákvæði um það er neytandi hefur afhent tilkynningu í samræmi við ákvæði laganna og henni seinkar eða kemst ekki til skila. Þá glatar hann ekki rétti til að bera slíka tilkynningu fyrir sig.

Í gildistökuákvæði er lagt til að sex mánuðir líði frá samþykkt frv. þar til lögin taka gildi. Þetta er lagt til í því skyni að nægilegt svigrúm gefist til þess að kynna efni þess fyrir neytendum svo og seljendum þjónustu. Einnig kunna ýmsir aðilar að vilja þróa og auka notkun staðlaðra samninga í viðskiptum sínum og mun þá gefast nokkur tími til slíks undirbúnings.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla nánar um efni frv. eða einstakar greinar þess á þessu stigi en legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[11:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og það frv. sem við ræddum áðan er markmið þessa frv. að tryggja réttarstöðu neytenda og í þessu tilviki að auka vernd neytenda við kaup á þjónustu. Ég er sammála því að það er mjög æskilegt að þessi mál, frv. til laga um þjónustukaup, og það sem við ræddum áðan, um lausafjárkaup, fylgist að enda eru þessi mál mjög tengd þó út af fyrir sig væri hægt að afgreiða þau hvort í sínu lagi. Þetta frv. hefur eins og hið fyrra komið áður fyrir þingið og verið til umræðu í efh.- og viðskn. Einnig í þessu máli hef ég skoðað umsögn Neytendasamtakanna og finnst mér þar, líkt og í hinu málinu, koma fram afar þarfar ábendingar og tillögur sem eru þess virði að þær séu skoðaðar og teknar upp í frv. Nú veit ég ekki fremur en í hinu málinu, af því mér hefur ekki unnist tími til að bera þetta nákvæmlega saman, að hve miklu leyti hefur verið tekið tillit til ábendinga Neytendasamtakanna í þessu tilviki, en vil nefna tvö atriði af mörgum brtt. sem Neytendasamtökin lögðu til þegar þetta mál var til skoðunar fyrir tveimur árum og nefna sérstaklega þessar tillögur af því mér finnst þær athyglisverðar og að þær eigi heima í þessari löggjöf.

Í fyrsta lagi nefni ég tillögur eða athugasemdir Neytendasamtakanna þar sem þeir gera athugasemdir við 4. tölul. 1. mgr. 1. gr. og segja, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin leggja til að gildissvið þessa töluliðar verði rýmkað þannig að frv. taki til hvers konar ráðgjafarþjónustu en ekki einungis ráðgjafarþjónustu í tengslum við vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi.“

Ég spyr hvort þetta hafi verið tekið upp og ef ekki hver er þá ástæða þess og hvort hæstv. ráðherra telji ekki brýnt að frv. taki til hvers konar ráðgjafarþjónustu en ekki einungis ráðgjafarþjónustu í tengslum við vinnu við fasteignir eða byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á landi eins og þar er sagt.

Einnig finnst mér afar athyglisverð tillaga sem fram kemur við 4. mgr. 17. gr., en Neytendasamtökin leggja til að bætt verði við 4. mgr. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Geti neytandi sýnt fram á að hann hafi ekki orðið gallans var eða mátt verða hans var innan tveggja ára frá afhendingu hinnar seldu þjónustu, heldur hann rétti til að bera gallann fyrir sig í eitt ár frá því hann varð gallans var, en þó ekki lengur en fimm ár frá því að þjónusta var innt af hendi.“

Ég held að þetta sé eðlilegt svigrúm sem þarf að vera þegar um er að ræða galla í seldri þjónustu og vildi gjarnan heyra álit ráðherrans á þessu ákvæði. Um önnur atriði sem Neytendasamtökin hafa gert athugasemdir við mun ég láta mér nægja að fara yfir í efh.- og viðskn.

En ég stóð aðallega upp til þess að ræða þann þátt í þessu frv. sem snertir vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi, þ.e. 2. tölul. í 1. gr. I. kafla. En um þennan þátt segir í 1. gr.:

„Í 2. tölul. er kveðið svo á að þjónusta sem felur í sér vinnu við fasteignir, byggingaframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á landi falli undir gildissvið frv. Vart er unnt að telja upp með tæmandi hætti þau tilvik sem fallið geta undir þennan lið. Nefna má þó að hvers kyns þjónusta, sem veitt er í tengslum við fasteignir, svo sem vegna pípulagna, raflagna, málningarvinnu, þakvinnu og annarrar þjónustu, hvort heldur sem er innan eða utan húss, fellur undir gildissvið frv. 2. tölul. kveði á um þjónustu sem feli í sér vinnu við fasteignir,

byggingarframkvæmdir og aðrar framkvæmdir sem á landi falla undir gildissvið frv. Hið sama gildir um vinnu við nýbyggingar.“ Síðar segir um þessi ákvæði að þar sé um að ræða kaup á tiltekinni þjónustu og um vanefndir vegna galla fari eftir ákvæðum þessa frv.

Ég bið hæstv. ráðherra að taka sérstaklega eftir því er lýtur að V. kafla þegar um er að ræða að dráttur verði á að ljúka þjónustu og heimildir neytenda til að rifta samningi eða krefjast skaðabóta vegna vanefnda seljanda þjónustu samkvæmt samningi þeim sem þá verður lagður til grundvallar. Nú spyr ég um það sérstaklega vegna þess að ég tel mjög brýnt að styrkja mjög ákvæði í löggjöf um fasteignaviðskipti sem lýtur að ýmsum göllum sem í ljós koma eftir að kaup hafa verið gerð milli kaupenda og seljenda og hef reyndar beitt mér fyrir því hér á þingi og fékk á sínum tíma fyrir nokkrum árum samþykkta þáltill. á Alþingi þar að lútandi um kaup og sölu á fasteignum sem fól í sér endurskoðun á löggjöf um fasteignaviðskipti þar sem átti að kveða nánar á um og fara yfir þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu gilda, svo sem um skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá sem hvílir á sölu- og kaupaðilum í slíkum viðskiptum svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi. Ég spyr hvort ákvæðin í þessari löggjöf taki til þeirra þátta sem ég nefndi og eru í þeirri þáltill. sem ég vitnaði í.

Ég rifja upp að fyrir skömmu, seint á síðasta ári, kom fram að töluvert mikið hefði verið um vanefndir við afhendingu á fasteignum hjá byggingaraðilum og engin skýr ákvæði væru um dagsektir eða önnur ákvæði sem styrktu stöðu fasteignakaupenda þegar um slíkar vanefndir væri að ræða. Hæstv. dómsmrh. kom inn í þá umræðu ef ég man rétt og sagðist mundu beita sér fyrir endurskoðun á ákvæðum laga um fasteignaviðskipti þar sem tekið væri á slíkum vanefndum. Því leikur mér hugur á að vita hvort þetta frv. skarist þá eitthvað á við löggjöf um fasteignaviðskipti og hvort slíkar vanefndir ættu þá frekar heima í þeirri löggjöf sem hæstv. dómsmrh. nefndi heldur en í þessari löggjöf. Ég spyr um það vegna þess að ég tók eftir því að þetta ákvæði nær til fasteigna og til vanefnda vegna galla er verið að tala um í þessu tilviki, en alla vega nær þetta til fasteignaviðskipta með ákveðnum hætti. Ég spyr því: Hvar liggja mörkin milli laga um fasteignaviðskipti og þau ákvæði sem þar lúta að ýmsu sem fram kemur í fasteignaviðskiptum og því sem kveðið er á um í þessu frv.? Ég geri ráð fyrir að ráðherrann hafi skýr svör við þessu. Mér er þetta ekki ljóst og vildi þess vegna gjarnan að ráðherrann færi aðeins yfir það þegar við ræðum þetta mál. Ég verð að segja að taki þetta frv. ekki á þeim þáttum sem lúta að vanefndum sem ég nefndi þá finnst mér að töluvert liggi á því að hæstv. dómsmrh. leggi fyrir þingið frv. til laga um breytingu á lögum um fasteignaviðskipti sem tekur á þessum málum, vegna þess að það er allt of algengt í fasteignaviðskiptum að um vanefndir sé að ræða og tjón fyrir þá sem eru að kaupa sér fasteignir af þeim sökum.

En Alþingi hefur raunverulega lýst vilja sínum til þess hvernig á þessu máli er tekið með þeirri þál. sem ég hef lýst, um kaup og sölu á fasteignum á sínum tíma og samþykkt var samhljóða hér á þinginu.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að fara ítarlegar yfir þetta mál en ég hef hér gert í örstuttu máli, en vildi samt spyrja í lokin að einu atriði sem ég hef velt fyrir mér af því hér er verið að treysta stöðu neytenda og auka vernd þeirra við kaup á þjónustu. Nú er það svo og við þekkjum það að ýmis þjónusta sem fólk kaupir sér fer fram í gegnum nótulaus viðskipti. Taka ákvæðin alveg til slíkrar þjónustu sem veitt er í kringum nótulaus viðskipti eða eru þau með einum eða öðrum hætti undanþegin þegar ekki er hægt að sýna fram á að slík viðskipti hafi átt sér stað með eðlilegum hætti milli þeirra sem veita þjónustuna og þeirra sem kaupa þjónustuna? Þetta teldi ég áhugavert að fá fram vegna þess að við erum alltaf að reyna að girða fyrir það að verið sé að nota nótulaus viðskipti milli kaupenda og seljenda þjónustu eða vöru. Að öðru leyti, herra forseti, þá er hið besta mál hér á ferðinni sem ég mun styðja og veita eins og hægt er brautargengi í efh.- og viðskn., en auðvitað er með þetta mál eins og önnur þó góð séu, að fara þarf náið yfir það og það mun efh.- viðskn. gera með það að leiðarljósi eins og er meginmarkmið þessa frv. að styrkja réttarstöðu neytenda í viðskiptum við kaup á þjónustu.

[11:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir ágætar undirtektir við frv. og tek undir það sem hún sagði í lokin að auðvitað þarf að skoða öll mál í nefnd og svo er einnig með þetta frv. Ýmislegt af því sem hv. þm. nefndi má kannski kalla tæknileg mál og þau munu að sjálfsögðu verða rædd í nefndinni. Frv. er flutt óbreytt. Það er þess vegna ástæða til að skoða þær umsagnir sem hafa borist. Ástæður þess að frv. er flutt óbreytt eru m.a. þær að nýtt þing er að störfum og ástæða til að leyfa nýju þingi að skoða frv. eins og það var unnið upphaflega af nefndinni og síðan verður að koma í ljós hver viðbrögðin verða. Ýmislegt af því sem hv. þm. nefndi var einmitt rætt í nefndinni fram og til baka, en niðurstaðan varð sem sagt sú að flytja frv. óbreytt.

Það sem hv. þm. nefndi í sambandi við fasteignakaup eða fasteignaviðskipti, þá er það þannig að frv. til fasteignakaupa er til umfjöllunar og verið er að vinna að slíku frv. í dómsmrn. Ég hef að sjálfsögðu ekki séð það frv. Ég tel ekki nokkra hættu á því að það muni skarast á við það frv. sem við erum hér með til umfjöllunar, þess hlýtur að verða gætt að svo verði ekki. Í gildi eru lög um réttindi og skyldur fasteignasala og það sem hv. þm. nefndi í sambandi við fasteignir almennt — ég veit að hv. þm. hefur sinnt þessum málum mjög mikið og hefur mikinn áhuga á þeim, en þetta frv. sem við fjöllum um hér fjallar fyrst og fremst um þjónustu, um viðgerðir á fasteignum og annað slíkt, það er því ekki það sama. Hv. þm. nefndi nótulaus viðskipti sem eiga ekki að eiga sér stað, en margir telja að eigi sér stað. Þetta frv., ef af lögum verður, ætti að stuðla að því að öll viðskipti komi upp á yfirborðið vegna þess að neytandinn nýtur ekki réttar samkvæmt lögunum nema hann hafi undir höndum nótu. Og það er eitt af því sem gerir þetta frv. áhugavert og er til þess að bæta viðskipti í landinu og koma þeim upp á yfirborðið ef það er rétt að þau hafi ekki verið það í öllum mæli.

[11:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér fannst rök hæstv. ráðherra nokkuð veik um að málið væri flutt óbreytt frá því að efh.- og viðskn. fjallaði um það á sínum tíma vegna þess að nýtt þing væri að störfum sem ætti að fá tækifæri til að ræða málið eins og það var lagt fyrir af því að hæstv. ráðherra upplýsti í hinu fyrra málinu sem við ræddum að einhverjar breytingar hefðu verið gerðar á því frá því að það var lagt fram 1998. Og ef þessi

rök ættu að gilda þá hefðu þau eins átt að gilda um hið fyrra frv. sem við ræddum. Hæstv. ráðherra nefndi að ýmislegt af því sem hefði komið fram í ræðu minni áðan hefði verið rætt í nefndinni. Nú hef ég ekki vitneskju um það vegna þess að ég átti á síðasta þingi ekki sæti í efh.- og viðskn. Þess vegna set ég fram ýmislegt af því sem hefur vakið athygli mína núna við skoðun á þessu máli sem ég hef skoðað sérstaklega með tilliti til þess að eiga sæti í efh.- og viðskn.

Hæstv. ráðherra var spurð — en svaraði ekki — um tvær megintillögur sem ég tel mjög athyglisverðar í umsögn Neytendasamtakanna, þ.e. að frv. taki til hvers konar ráðgjafarþjónustu en ekki bara ráðgjafarþjónustu í tengslum við fasteignir og vinnu við byggingarframkvæmdir og eins hitt að hafa eðlilegt svigrúm þegar um er að ræða að neytendur geti sýnt fram á galla sem hafa verið við afhendingu hinnar seldu þjónustu, að eðlilegur frestur megi líða þannig að hann geti leitað réttar síns varðandi slíka galla á seldri þjónustu sem koma fram síðar. Mér fannst mikilvægt að fá skoðun ráðherrans á þessu máli áður en málið fer til efh.- og viðskn. þar sem ég mun sérstaklega taka þá þætti upp.

Varðandi fasteignaviðskiptin og skörun á lögum um fasteignaviðskipti sem heyrir undir dómsmrh. og þessi lög, þá heldur ráðherrann því fram að þar sé ekki um neina skörun að ræða og ætla ég út af fyrir sig ekki að rengja það. Þetta þýðir með öðrum orðum að frv. taki þá ekki til vanefnda á samningum í fasteignaviðskiptum ef ég skil málið rétt. Það var m.a. það sem ég var að vitna til þegar um er að ræða vanefndir á afhendingu fasteigna. Ég spyr ráðherrann aftur skýrt um það hvort það sé þá svo að þetta frv. nái ekki til vanefnda á samningum vegna fasteignakaupa, m.a. á afhendingu eigna. Frv. nái fyrst og fremst til galla sem koma fram á fasteignunum sjálfum eftir að þær hafa verið þá afhentar væntanlega? Eru skilin þessi sem ég er að lýsa? Mér finnst líka athyglisvert það sem fram kom hjá hæstv. ráðherra, sem er auðvitað eðlilegt, að ákvæði þessa frv. sem er til hagsbóta til að bæta réttarstöðu neytenda, að annað gildi þegar um er að ræða nótulaus viðskipti og viðkomandi njóti ekki réttar nema hafa nótu undir hendi. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að það er auðvitað mjög þýðingarmikið til þess að koma í veg fyrir nótulaus viðskipti. Mér finnst því afar brýnt að þetta frv. ásamt hinu frv. verði kynnt sérstaklega fyrir neytendum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort einhver áform séu um það af hendi viðskrn. að kynna sérstaklega þau ákvæði sem fela í sér réttarbót fyrir neytendur í landinu.

Það er allt of oft sem fólk, neytendur, veit ekki um réttarstöðu sína og við þurfum að gera bragarbót á því að kynna fólki þau réttindi sem það nýtur samkvæmt þeim lögum sem við erum að setja hér á Alþingi, ekki síst þegar um er að ræða ákvæði sem styrkja réttarstöðu neytenda bæði varðandi kaup á þjónustu og vöru eins og við höfum verið að ræða á þessum morgni.

[12:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að mjög mikilvægt er að þetta frv., ef af lögum verður, verði kynnt fyrir neytendum. Ég er sannfærð um að neytendur vita allt of lítið um réttarstöðu sína almennt. Með því að bæði þau frv. sem hafa verið á dagskrá í dag verði að lögum tel ég það mikilvægt að þau verði kynnt neytendum þó að ég geti ekki kveðið upp úr um það á þessari stundu hvernig það skuli gert.

Síðan var það spurning um vanefndir á afhendingu fasteigna. Það er svo að þetta frv. nær ekki til þess efnis heldur önnur lög. Í þriðja lagi spurði hv. þm. hvers vegna frv. næði ekki til hvers konar þjónustu. Það þótti ekki raunhæft að hafa frv. þannig vegna þess að það væri að æra óstöðugan að hafa það svo víðtækt.

Ég sagði áðan að það væri vegna þess að hér sæti nýtt þing að frv. væri flutt óbreytt og ég held mig við það að ég held að það sé alveg ástæða til að nýtt þing fái að fjalla um þetta mál í upphaflegri mynd. En auðvitað er það eins og vanalega að fastanefnd í þinginu er ekki algjörlega bundin af vilja ráðherrans þó ég meti ákaflega mikils að hv. þm. vill gjarnan fá hann nákvæmlega fram í umræðunni.

Þegar ég talaði um að ýmis ákvæði sem Neytendasamtökin hefðu bent á hefðu verið rædd í nefndinni var ég ekki að vitna til hv. efh.- og viðskn. heldur til þeirrar nefndar sem samdi frv. Hún fjallaði um ýmis þau atriði sem hv. þm. nefndi og komst að þeirri niðurstöðu að flytja frv. í þeim búningi sem það er í í dag og síðan er það nefndarinnar að fjalla um málið. Ég trúi því að það verði málefnaleg yfirferð.

[12:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru sumpart mjög skýr, í öðrum efnum ekki. Það liggur alveg fyrir að þessi lög taki ekki til vanefnda í samningum vegna fasteignakaupa. Við munum þá kalla frekar eftir því að hæstv. dómsmrh. leggi fram slíkt frv. sem ég tel að liggi mjög á.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra tekur undir þá skoðun mína að ef þessi tvö frv. verða að lögum verði gert sérstakt átak til að kynna þær réttarbætur sem í þeim felast fyrir neytendur.

Í lokin þetta, herra forseti: Ég kaupi illa rök ráðherrans fyrir því að frv. taki ekki til hvers konar ráðgjafarþjónustu heldur einungis til ráðgjafarþjónustu í tengslum við vinnu við fasteignir eða byggingarframkvæmdir. Rök ráðherrans voru þau að það væri að æra óstöðugan, eins og hún orðaði það, ef þetta ætti að taka til allrar ráðgjafarþjónustu. Það er náttúrlega ýmis ráðgjafarþjónusta sem fólk leitar eftir, ekki bara vegna fasteigna og byggingarframkvæmda heldur ýmiss konar ráðgjafarþjónusta. Ég sé ekki af hverju á endilega að einskorða þetta við fasteignir og byggingarframkvæmdir. Við hljótum að skoða að hafa þetta víðtækara að því er snertir ráðgjafarþjónustuna. Ég mun beita mér fyrir því í nefndinni að það verði sérstaklega skoðað, jafnvel þó það verði til þess að æra óstöðuga í efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafræn eignaskráning á verðbréfum, 1. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 189.

[12:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignaskráningar á verðbréfum. Frv. er á þskj. 189 og er 163. mál þingsins.

Forsaga málsins er sú að fyrir tveimur árum voru samþykkt á Alþingi lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Frá því lögin voru sett hefur undirbúningur

að stofnun verðbréfamiðstöðvar verið í fullum gangi og er þess að vænta að slíkri skráningu verðbréfa verði hrint í framkvæmd þegar á næsta ári. Í athugasemdum við það frv. sem síðar varð að fyrrnefndum lögum, nr. 131/1997, var gerð grein fyrir því að tekið yrði til nánari athugunar hvort breyta þyrfti ákvæðum einhverra laga vegna þess nýmælis sem felst í rafrænni eignaskráningu verðbréfa.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er að finna tillögur til fáeinna lagabreytinga sem eftir samráð við ýmsa aðila er talið nauðsynlegt að gera vegna tilkomu rafrænnar eignaskráningar verðbréfa í verðbréfamiðstöð. Í þinginu hefur áður verið fjallað ítarlega um þetta mál og það mikla hagræði sem felst í því að taka upp slíka skráningu verðbréfa fyrir samfélagið í heild. Ég tel því ekki þörf á að fara aftur yfir þau atriði nú en vil þó minna á að rafræn eignaskráning verðbréfa sem gefin er út hér á landi, svo sem hlutabréfa og annarra mikilvægra markaðsverðbréfa, mun einnig leiða til þess að erlendir fjárfestar sýni íslenskum fjármagnsmarkaði aukinn áhuga og til lengri tíma litið mun það styrkja undirstöður og uppbyggingu atvinnulífsins hér á landi.

Ég vil þá, með leyfi hæstv. forseta, víkja að einstökum ákvæðum frv.

Í I. kafla eru lagðar til breytingar á lögum nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Í 1. gr. er lagt til að í 15. gr. laganna komi ákvæði sem veiti Seðlabanka Íslands beinan innlausnarrétt á þeim rafrænu verðbréfum sem reiknistofnun kann að hafa lagt fram til tryggingar ef brýnar ástæður gera það nauðsynlegt fyrir bankann að ganga að slíkum tryggingum til að tryggja fullar efndir á eignaskráningum sem reiknistofnun hefur framkvæmt í verðbréfamiðstöð.

Meðal hlutverka Seðlabanka Íslands er að bankinn stuðli að öryggi í greiðslumiðlun í landinu og hefur ákvæði 15. gr. laganna tekið mið af því. Það að veita Seðlabankanum beinan innlausnarrétt eins og lagt er til í þessari grein er því til þess fallið að auka öryggi á uppgjöri í viðskiptum á fjármagnsmarkaðnum.

Í 2. gr. er lögð til smávægileg lagfæring á orðanotkun sem skýrir sig að öllu leyti sjálf.

Í 3. gr. er lagt til að bætt verði við nýjum málslið inn í ákvæði til bráðabirgða II og þar með kveðið skýrt á um að þegar innköllun er lokið á áþreifanlegum verðbréfum og þau gefin út sem rafræn þá séu hin áþreifanlegu verðbréf ógild. Fyrirhugað er, eins og kemur fram í þessu ákvæði laganna, að gefa út reglugerð um nánari framkvæmdaatriði yfirfærslunnar en sú breyting sem hér er lögð til mun jafnframt styrkja lagastoð þeirrar reglugerðar.

Í II. kafla er lögð til smávægileg breyting á lögum nr. 21/1991, um gjaldþrot o.fl., en við nánari athugun þótti rétt að inn í upptalningu í 2. mgr. 82. gr. laganna verði bætt orðinu „verðbréfamiðstöð" til frekari áréttingar. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringar.

Í III. kafla er lögð til breyting á 22. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Nú þegar er orðið mikið magn húsbréfa á verðbréfamarkaði eins og alkunna er. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að hagræðið sem felst í rafrænni skráningu þessara bréfa verði sem fyrst að veruleika eftir að slík skráning verður framkvæmanleg og verðbréfamiðstöð tekur til starfa. Nauðsynlegt er því að ákvæði 22. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, séu skýr að þessu leyti. Jafnframt þykir rétt að í ákvæðinu komi fram nánari reglur um hvernig yfirfærslan skuli gerð samanber m.a. ákvæði greinarinnar um auglýsingar Íbúðalánasjóðs um yfirfærsluna, tilhögun útgreiðslna á útdregnum húsbréfum eftir að yfirfærslan hefur átt sér stað o.s.frv.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[12:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem er til umræðu. Ljóst var strax þegar samþykkt var að fara í rafræna skráningu að það þyrfti að breyta fleiri lögum í kjölfar þess og það frv. sem hér liggur fyrir er svar við því. Má ekki seinna vera því að mér skilst að þessi rafræna eignaskráning verðbréfa sé u.þ.b. að hefjast núna á næstunni. En í athugasemdum við lagafrv. mætti hins vegar skilja það svo að það sé í upphafi næsta árs — ég tók ekki eftir hvort hæstv. ráðherra talaði í þá veru. En eftir því sem ég best veit þá hefst þessi rafræna eignaskráning á allra næstu dögum eða vikum og má ekki seinna vera að leggja frv. fram. Því ef eitthvað getur orðið til að auðvelda markaðinn og að hann sé opnari og það liggi fyrir meiri upplýsingar um það sem er að gerast á verðbréfamarkaði hverju sinni er þetta í raun og veru grundvöllur þess að rafræn eignaskráning verði tekin upp. Mikil nauðsyn er á því að hún hefjist sem allra fyrst. Það sem gerist m.a. í kjölfar þess — og ég vildi nú ræða við hæstv. ráðherra því í sjálfu sér eru ekki mörg atriði í þessu frv. umfram það sem búast mátti við — að tekin var ákvörðun um þessa rafrænu eignaskráningu. Það er fyrir það fyrsta hvort rafræn eignaskráning getur hafist óðruvísi en að efh.- og viðskn. samþykki það fylgifrv. sem hér er, og hvaða tíma er verið að tala um að nefndin hafi til umfjöllunar um frv. og Alþingi á afgreiðslu. Það er fyrsta spurningin sem ég vildi beina til hæstv. ráðherra.

Í Morgunblaðinu núna einhvern daginn, ég er ekki með dagsetningu, er viðtal við framkvæmdastjóra Verðbréfaþings Íslands um tímasetningu innherjaviðskipta í hlutafélögum, og innherjaviðskipti hafa verið töluvert í umræðunni og m.a. á hv. Alþingi í gær, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nafnbirting vegna viðskipta innherja mun hefjast í kjölfar þess að farið verður að eignarskrá hlutabréf rafrænt hjá Verðbréfaskráningu sem verður á næstunni, að sögn Stefáns Halldórssonar.

Hann segir að á Verðbréfaþingi sé nú unnið að endurskoðun reglna um nafnbirtinguna. Fram til þessa hafi birting nafna verið erfiðleikum bundin. Tilkynningar um innherjaviðskipti hafi borist of seint frá félögunum, þar sem upplýsingar um eigendaskipti að hlutabréfum séu lengi að berast hlutaskrám."

Við vorum með fund í efh.- og viðskn. á þriðjudaginn þar sem fyrst og fremst var rætt um innherjaviðskipti og farið yfir þær reglur sem eru í gildi. Þá kom mjög skýrt fram hjá öllum þeim aðilum sem mættu á fund efh.- og viðskn. að í raun og veru þyrfti að leggja megináherslu á að allar þær reglur sem þyrfti að taka upp og breyta í kjölfar þess að rafræn eignaskráning væri tekin upp þyrftu að vera tilbúnar núna innan mjög stutts tíma. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort það sé þannig að það séu einhverjir þeir þættir, hvort sem um er að ræða reglugerðir eða reglur er varða þessi viðskipti á verðbréfamarkaðnum, sem þurfi eða eigi eftir að vinna og í hvaða tilvikum það sé og um hvers konar nafnbirtingar sé að ræða hvað varðar innherjaviðskipti.

Hvernig er það kerfi sem Stefán Halldórsson er að vitna til um reglur um nafnbirtingu innherjaviðskipta sem fylgir því að þessi rafræna eignaskráning verði tekin upp og þær reglur sem hann segir að verið sé að vinna að og eru í öllum tilvikum varðandi þessa framkvæmd? Eru þær unnar í samráði við ráðuneytið eða starfsmenn ráðuneytis og samþykktar og viðurkenndar af ráðuneyti eða Fjármálaeftirlitinu?

Í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið tel ég líka afar mikilvægt að það sé vönduð yfirferð yfir málið í heild sinni, hvernig að allri framkvæmdinni verður staðið, að farið verði yfir það með efh.- og viðskn. því að mjög berlega kom í ljós á fundi efh.- og viðskn. þar sem var rætt var um innherjaviðskipti að þarna er um mjög flóknar reglur og flókið ferli að ræða. Þingmenn, sem eiga að hafa visst eftirlit með því að þarna sé eðlilega og rétt staðið að málum og að lögum sem hér eru samþykkt sé framfylgt á eðlilegan hátt, voru kannski ekki með allar þessar reglur á hreinu.

Ég tel því mjög nauðsynlegt að fyrir liggi skýrar upplýsingar um það hvernig staðið verður að málum eftir að rafræn eignaskráning er tekin upp og þær upplýsingar liggi fyrir ekki bara hjá þeim sem eru á þessum margumtalaða verðbréfamarkaði sem er víst stór hluti þjóðarinnar miðað við upptalningu á öllum þeim sem eiga hlutabréf í hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum. Eins og kom fram í fjölmiðlum í gær er það orðinn mjög stór hluti þjóðarinnar sem er einhvers staðar með hlutabréf og hefur áhuga á þessum viðskiptum. En ég tel mjög nauðsynlegt að þær reglur sem gilda þarna séu öllum ljósar. Spurningin er þá hvort hæstv. ráðherra muni standa fyrir kynningu eða útgáfu á einhverju upplýsingariti þar sem farið yrði yfir framkvæmd eftir að rafræn eignaskráning verður tekin upp.

[12:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mál hennar. Ég vil að það komi fram að rafræn eignaskráning á verðbréfum er u.þ.b. að hefjast og tilraunaútgáfa í ríkisvíxlum er að hefjast mjög fljótlega. Reglugerð er í smíðum þannig að allt er þetta í ágætis farvegi að mínu mati, þ.e. verði það frv. að lögum sem er til umfjöllunar. Hv. þm. spurði um tíma í því sambandi. Samkvæmt reynslu minni er alltaf viðkvæmt mál að ráðherrar séu að setja nefndum mjög nákvæm tímamörk en auðvitað væri æskilegt að þetta frv. gæti fengið greiðan gang í gegnum þingið.

Ég tel að með því að þetta frv. verði að lögum séu lagaákvæði orðin mjög viðunandi og í nokkuð góðu lagi hvað varðar það að taka upp rafræna skráningu. En ég vil þó nefna að alltaf er ástæða til að endurskoða ýmis lög sem skipta máli í þessu sambandi og verður unnið að því á næstu missirum en ég sé ekki að þar sé neitt sem kalli á skjót viðbrögð. Vissulega eru miklar breytingar sem við erum að tala um í þessu sambandi. Verklagsreglur þurfa að miðast við breytta og nútímalegri viðskiptahætti og ég hef enga trú á öðru en að það muni allt saman ganga eftir.

Hvernig þetta verði kynnt og almennt um það hvort það verði kynnt er það sjálfsagt mál að svo verði. Ég get alveg hugsað mér að gefið verði út einhvers konar upplýsingarit um það þegar frv. hefur öðlast lagagildi.

[12:21]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að fara fram á að hæstv. ráðherra setti okkur nein tímamörk sem yrðu að halda. Mér er kunnugt um að allir nefndarmenn leggja áherslu á að hægt verði að taka þetta rafræna skráningarkerfi í notkun. Hins vegar er mjög gott fyrir nefndarmenn að vita, ef þetta frv. er ekki samþykkt innan ákveðins tíma, hvort það hamli því að hægt sé að fara í rafræna skráningu. Þá verður það ósköp einfaldlega að vera þannig að nefndin verður að leggja aðeins meiri vinnu á sig til þess að klára þetta. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að ljúka málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsvirkjun, 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (aðild að fjarskiptafyrirtækjum). — Þskj. 231.

[12:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun. Í 2. gr. núgildandi laga um Landsvirkjun er kveðið á um tilgang fyrirtækisins. Í 2. mgr. greinarinnar segir að Landsvirkjun sé heimilt að hagnýta sér þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála.

Þá segir að Landsvirkjun sé einnig heimilt að stofna og eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknar- og þróunarverkefni, þó ekki að taka að sér ráðgjöf eða verktöku í samkeppni við önnur fyrirtæki á almennum markaði hér á landi. Loks segir að Landsvirkjun sé heimilt að eiga aðild að innlendum fyrirtækjum sem annast framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu orku.

Í frv. því sem ég mæli fyrir er lagt til að Landsvirkjun verði auk ofangreinds veitt heimild til að eiga aðild að fjarskiptafyrirtækjum. Í greinargerð með frv. kemur fram að það kerfi sem Landsvirkjun á og rekur vegna starfsemi sinnar geti komið að gagni fyrir fleiri aðila, m.a. þá sem starfa að öryggismálum. Ef frv. verður að lögum veitir það Landsvirkjun lagaheimild til að eiga aðild að slíkum fyrirtækjum enda eðlilegt að slík starfsemi sé rekin utan hefðbundins reksturs fyrirtækisins.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði eftir 1. umr. vísað til hv. iðnn.

[12:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðdragandi þess að frv. þetta er lagt fram er umfjöllun um svokallað TETRA-farstöðvakerfi eða fjarskiptakerfi sem var í umræðunni fyrir um ári, það nær ekki ári miðað við þau erindi sem hafa verið send frá Landsvirkjun og ríkislögreglustjóra. En samkvæmt því var það þannig að embætti ríkislögreglustjóra ásamt Slökkviliði Reykjavíkur kannaði möguleikann á að koma upp fullkomnu stafrænu fjarskiptakerfi, byggðu á TETRA-staðli og, virðulegi forseti, ég ætla ekki að reyna að útskýra hvað það er. En núverandi fjarskiptakerfi þessara aðila er gamalt og úrelt og farið að bitna á aðgerðum.

Að mati slökkviliðsstjóra og ríkislögreglustjóra og reyndar fleiri aðila — björgunarsveitirnar komu inn í þetta á einhverjum tímapunkti — var talinn vænlegur kostur að fara í samstarf við Landsvirkjun þannig að Landsvirkjun notaði

það kerfi sem hún á og rekur í dag, að það væri notað sem boðkerfi þar sem ekki þyrfti á nokkurn hátt að leggja nýtt heldur að nýta það kerfi sem Landsvirkjun hefði og ræki. Það er upphafið að því að Landsvirkjun sækir um heimild til að eiga aðild að fjarskiptafyrirtækjum.

Hins vegar gerist það í framhaldinu að þessi hugmynd sem kemur fram hjá ríkislögreglustjóra og Slökkviliðinu í Reykjavík um TETRA-fjarskiptakerfi er boðið út og aðrir aðilar fengu það þannig að ekki er um sömu nauðsyn að ræða og kannski hefði verið ef það hefði á sínum tíma verið samið beint við Landsvirkjun. Mér hefur skilist að aðrir aðilar hafi fengið þennan rekstur, hann hafi verið boðinn út, enda kemur það fram í bréfi sem ríkislögreglustjóri skrifar Landsvirkjun að það þurfi að bjóða þetta kerfi út. Menn eru á þeim tíma að reyna að gera sér grein fyrir kostnaði við rekstur kerfisins sem ríkisstjórnin sýndi á þeim tíma mjög mikinn áhuga á að yrði að veruleika og fékkst reyndar sérstök aukafjárveiting til undirbúnings þessa kerfis. Vegna þess að það var talið mjög mikilvægt fyrir löggæsluna í landinu sýndi hæstv. ríkisstjórn þann áhuga að leggja til sérstaka aukafjárveitingu til undirbúnings þessa TETRA-verkefnis. Gert var ráð fyrir að samið væri við þjónustuaðila og verkefnið mundi hugsanlega kosta um 300 millj. kr., 60 milljónir á ári miðað við fimm ára þjónustusamning.

Mér er ekki kunnugt um hver kostnaðurinn er eftir að útboðið var framkvæmt og spyr þess vegna hæstv. ráðherra hvort það liggi fyrir hver kostnaðurinn við TETRA-kerfið er, hver fékk það, hver fékk verkefnið sem upphaflega átti að vera samstarfsverkefni milli ríkislögreglustjóra og Landsvirkjunar. Engu að síður virðist Landsvirkjun hafa haldið umræðunni áfram innan sinna veggja um að mega gerast aðili að fjarskiptafyrirtækjum og semja við þau og þá fyrst og fremst með það í huga að nýta þau mannvirki sem Landsvirkjun hefur til umráða. Til þess þurfti að mati lögfræðinga þeirrar stofnunar að breyta lögum þannig að Landsvirkjun fengi þessa heimild.

Það er umhugsunarvert og á eftir að koma fyrir í fagnefnd sem fjallar um þetta mál Landsvirkjunar, þó að Landsvirkjun eigi og reki mjög öflugt kerfi í dag, hvort það liggi í hlutarins eðli að veita eigi Landsvirkjun heimild til þess að fara út í annars konar rekstur en Landsvirkjun stendur fyrir núna og lögin heimila henni. Það hlýtur að vera umhugsunarvert, ekki síst í ljósi þess að það hefur komið fram í umræðunni á undanförnum dögum að ef orkufyrirtæki á Akureyri er að sameinast Rarik, að sumra sögn að kaupa Rarik, og jafnvel að Landsvirkjunarhluti þeirrar veitu fari inn í það nýja fyrirtæki, hvort það er á þessum tímapunkti rétt að veita auknar heimildir til Landsvirkjunar. Það hlýtur að vera að það þurfi a.m.k. að fara mjög vel yfir alla þessa þætti.

Nú eru nokkur fyrirtæki í fjarskiptum og má vera að þau séu öll þannig að þau óski eftir samstarfi um einstök verkefni við Landsvirkjun til þess að nýta þau mannvirki sem Landsvirkjun hefur. En við hljótum samt sem áður að velta því fyrir okkur hvort þetta sé rétt leið og hvort hún samrýmist öðrum þeim frv. sem áður hafa komið fram og yfirlýstri stefnu ráðherra um þróun fjarskiptamála á landinu, hvort eðlilegt sé að veita þessu fyrirtæki sem er í meirihlutaeign ríkisins og reyndar tveggja stærstu sveitarfélaganna — það er í eigu hins opinbera — þessa heimild og hvort það samræmist þeirri stefnu sem hefur verið sett fram hvað varðar fjarskipti og fjarskiptafyrirtæki. Nefndin hlýtur að fara mjög vel yfir það.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að ég man ekki eftir því að við höfum rætt sérstaklega um þetta TETRA-fjarskiptakerfi hér: Hvaða aðilar buðu í og fengu verkið? Hvað kostar það? Hvernig miðar því og hefur fyrirtæki það sem fékk verkefnið hugsað sér að semja við Landsvirkjun um notkun á kerfi Landsvirkjunar?

Nú getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi ekki svör við þessum spurningum á takteinum hér og nú vegna þess að ég hafði ekki rætt það við ráðherrann að halda fyrir okkur neitt fræðsluerindi um TETRA-fjarskiptakerfið. En það tengist þessu frv. og frv. verður til vegna þeirrar umræðu sem á sér stað milli ríkislögreglustjóra og Landsvirkjunar og þeirra erinda sem fóru þar á milli fyrir tæpu ári síðan og virðist vera upphafið að því að Landsvirkjun sækist eftir því að vera með aðild að fjarskiptafyrirtækjum. Þess vegna hljóta spurningarnar í sjálfu sér að vera eðlilegar. Tengist Landsvirkjun áfram þessu TETRA-fjarskiptakerfi? Hvað kostar þetta verkefni sem hér er verið að tala um? Við munum auðvitað skoða það vel hvort það sé eðlileg þróun að Landsvirkjun fari inn á þennan fjarskiptamarkað eins og hann er og miðað við þá stefnu sem hefur verið sett fram af stjórnvöldum.

[12:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til að auka enn starfsvettvang Landsvirkjunar sem er opinbert fyrirtæki í helmingseigu ríkisins og tveggja sveitarfélaga.

Ég vildi beina nokkrum spurningum til hæstv. iðnrh. í þessu samhengi. Forveri hæstv. ráðherra flutti hér þáltill. á síðasta kjörtímabili um mikla samkeppni og einkavæðingu í orkugeiranum. Við sjáum þessa samkeppni aukast mjög hratt þessa dagana. Reykjavíkurborg er komin með Nesjavelli. Ég nefni Suðurnesin. Ég nefni Villinganesvirkjun o.s.frv. Margir aðilar eru farnir að keppa á þessum markaði og hræringar eiga sér stað í kringum Rarik. Það er spurning hvort hér eigi sér ekki í raun stað misvísandi þróun þar sem verið er að víkka út starfssvið ríkisfyrirtækis á sama tíma og menn þykjast ætla sér að koma á samkeppni á orkusviðinu.

Ég er með nokkrar spurningar til hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi: Hyggst hæstv. ráðherra halda áfram þeirri stefnu sem forveri hans, þáverandi hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, hafði um að auka samkeppni í orkugeiranum og þá hvernig?

Í öðru lagi: Hyggst hæstv. ráðherra vinna að einkavæðingu Landsvirkjunar þannig að hún verði jafnvel hlutuð upp í minni einingar og það ægivald sem hún hefur í orkugeiranum í dag verði brotið niður og þá hvernig?

Í þriðja lagi: Hvernig samrýmist þetta lagaákvæði um að auka enn meira vægi Landsvirkjunar og opinberra aðila ákvæðum EES-samningsins um samkeppni á orkusviði og fjarskiptasviði?

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að þetta er ákveðið stílbrot í ríkjandi þróun. Ég vil frekar að menn standi á bremsunni í ríkisvæðingunni heldur en að auka hana eins og hér er lagt til þannig að ríkisfyrirtæki hasli sér völl á nýjum og nýjum sviðum. Það er ekki langt síðan — ég held það sé eitt ár — að samþykkt var á hv. Alþingi að Landsvirkjun fengi að fara út í ráðgjafarþjónustu og taka þátt í vetnisfyrirtæki og þannig er hægt og rólega verið að auka verksvið þessa opinbera risa á orkusviðinu inn á önnur óskyld svið sem það hefur ekki stundað hingað til. Ég hef miklar efasemdir um þessa þróun.

Ég vil því ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort ekki væri best að selja Landsvirkjun eða einkavæða hana, sérstaklega í ljósi ákvæða EES, eða hvort menn ætla að láta reka sig til þess.

[12:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við fyrstu sýn virðist hér ekki vera stórt mál á ferðinni og það er ekki löng greinargerð sem fylgir þessari litlu lagabreytingu eða frv. um breytingu á lögum sem hljóðar svo, með leyfi foreta:

„Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum."

Það er sem sagt verið er að leita eftir heimild hjá Alþingi til þess að veita Landsvirkjun heimild til þess að eiga aðild að fjarskiptafyrirtæki.

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal áðan að það er í raun verið að ríkisvæða fjarskiptamarkaðinn frekar en nú er, ef svo má að orði komast, þ.e. við erum nú fyrir með fyrirtæki í eigu ríkisvaldsins sem hefur um það bil 96–98% af þessum markaði og núna er verið að leita eftir heimild Alþingis fyrir því að Landsvirkjun sem er að 50% í eigu ríkisins en 45% í eigu Reykjavíkurborgar og að mig minnir 5% í eigu Akureyrarbæjar, fái heimild til þess að eiga aðild að fjarskiptafyrirtækum.

Virðulegi forseti. Þegar greinargerðin, sem er nú ekki efnismikil, er lesin er maður eiginlega engu nær og áttar sig ekki almennilega á því hvað þarna er á ferðinni. Maður veltir því í fyrsta lagi fyrir sér hvort hugsanlegt sé að hér sé á ferðinni einhvers konar undanfari þess að fyrirtækið verði einkavætt, þ.e. að fyrirtækið geti nýtt það fjarskiptakerfi sem það á sem ég reyndar þekki ekki nægilega vel og veit ekki hversu öflugt er. Hugsanlegt er að með því að leggja þetta fjarskiptafyrirtæki inn í önnur fjarskiptafyrirtæki þá sé verið að undirbúa einkavæðingu. Ég veit það ekki. En ég er ekki í nokkrum vafa um að ef þetta er hugmyndin þá er það án efa til þess fallið að auka verðmæti Landsvirkjunar. Ég held að það sé ekki nokkur spurning því að vöxturinn á fjarskipta- og tölvumarkaði er slíkur að leitun er að öðru eins í sögunni.

Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að það sé mjög mikilvægt að hæstv. viðskrh. skýri betur út fyrir okkur á hinu háa Alþingi hverju sé verið að leita eftir og hvaða hugmyndir liggi þarna að baki. Það er a.m.k. skoðun þess sem hér stendur að ekki sé ástæða til þess að ríkið auki hlutdeild sína á fjarskipta- og tölvumarkaði frá því sem nú er. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt fyrir hæstv. iðnrh. að skýra frekar en hér kemur fram á hvaða vegferð ríkisstjórnin er í þessu máli.

[12:40]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu tiltölulega stutt frv. sem felur ekki í sér neinar stórvægilegar breytingar. En það er eðlilegt að hv. þingmenn velti upp hvaða afleiðingar þessar breytingar hafi í för með sér, eins og hér hefur komið fram í ræðum hv. þingmanna.

Frv. gengur í rauninni ekki út á annað en að veita Landsvirkjun heimild til þess að taka þátt í öðrum fyrirtækjum og er í sjálfu sér ekkert nýmæli. Auðvitað er mikilvægt að taka slíkt til gaumgæfilegrar athugunar og umhugsunar, eins og bent hefur verið á, þegar verið er að stíga slík skref og velta því upp hvort verið sé að auka ríkisvæðingu eða afskipti ríkisins eða hvort verið sé að stíga skref einkavæðingar eða einhvers þar á milli.

Herra forseti. Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að hafa í huga að innan hins öfluga fyrirtækis Landsvirkjunar er gífurlega mikil þekking, bæði tækniþekking — þar hefur verið fjárfest mikið í tækni alls konar — og ekki síður er þar gífurlega verðmætur mannauður sem hefur skapast af þeim verkefnum sem Landsvirkjun hefur lagt í landsmönnum öllum til gagns á undanförnum áratugum. Sú tækniþekking og sá mannauður sem þar hefur upp safnast er í rauninni mjög sérhæfður. Landsvirkjun starfar á mjög sérhæfðu sviði. Og þá, herra forseti, kviknar sú spurning hvort eðlilegt sé að loka þessa þekkingu, bæði tæknibúnað og mannauðinn, inni í ríkisfyrirtækinu eða hinu opinbera fyrirtæki Landsvirkjun.

Ég tel sjálfur, herra forseti, að það væri óábyrgt að nýta ekki bæði mannauðinn og þá tækni sem er til staðar eins vel og hægt er, en þetta er mjög sérhæft og dýrmætt hvernig sem á er litið. Ég tel í rauninni að þetta frv. snúist eingöngu um að nýta búnað sem þegar er til staðar.

Ég vil taka dæmi af breytingum sem orðið hafa og ítreka að hér er í rauninni ekki verið að stíga ný skref. Fyrir rúmu ári var stofnað á Íslandi alþjóðlegt félag í samstarfi innlendra aðila og erlendra um vetnisvæðingu íslenska samfélagsins með 51% eignaraðild ýmissa fyrirtækja og stofnana í eigu Íslendinga. En afgangurinn er í eigu erlendra aðila. Eðli málsins samkvæmt hlýtur Landsvirkjun að tengjast umræðu um vetnisvæðingu enda þarf raforku til þess og fyrir lá, herra forseti, mikill áhugi Landsvirkjunar á að taka þátt í stofnun þess félags. En lög heimiluðu það ekki. Og m.a. þess vegna var samþykkt á hv. Alþingi á síðasta ári breyting á lögum sem gerði Landsvirkjun kleift að ganga inn sem lítill aðili í þetta félag. Það hlýtur að styrkja Landsvirkjun en ekki síður styrkir það líka þetta félag.

Ég tel að með þessu frv. sé verið að stíga mjög svipuð skref. Þetta snýst í rauninni bara um að nýta búnað sem Landsvirkjun á og styðja þar með ýmis einkafyrirtæki sem vilja fá að nýta þennan búnað. Ég tel því að þetta geti verið mjög skýrt dæmi um heppilegt samstarf hins opinbera og einkageirans.

Nú er ljóst að fram undan eru miklar breytingar á raforkusviði sem hafa verið ræddar nokkrum sinnum á hv. Alþingi, þ.e. það er verið að innleiða samkeppni í raforkuframleiðslu og grundvallarhlutverk Landsvirkjunar mun þar af leiðandi breytast. Því er mjög mikilvægt að nýta þann uppsafnaða mannauð og þekkingu sem þar hefur skapast þannig að þetta öfluga fyrirtæki geti sótt fram á öðrum sviðum.

Í þessu tilviki er í rauninni ekki verið að ræða um annað en að nýta búnað sem er til staðar aðallega upp til fjalla og á svæðum þar sem eru dauðir punktar í fjarskiptum. Eins og við þekkjum af umræðum bæði á hv. Alþingi og í samfélaginu öllu þá hefur umferð fólks, bæði innlendra ferðamanna og erlendra um miðhálendið og í óbyggðum, farið mjög vaxandi þar sem fólk vill njóta fegurðar fjallanna getum við sagt, en fjarskipti eru þar afskaplega slitrótt. Það eru margir dauðir punktar.

Nú háttar svo til að vegna ýmissa virkjana á miðhálendinu hefur Landsvirkjun af öryggisástæðum komið sér upp ljósleiðara og búnaði til þess að hafa fjarskipti manna á milli nokkuð þokkaleg í þeim mannvirkjum sem Landsvirkjun á þar. Og þegar einkaaðilar óska síðan eftir því að fá að nýta þá samgönguæð sem ljósleiðarinn er og þann tæknibúnað sem Landsvirkjun á þá er mjög eðlilegt að bjóða einkaaðilum að nýta þann búnað. Ég skil a.m.k. frv. þannig að það sé ekki Landsvirkjun sem ætli sér að fara að taka upp samkeppni

í símaþjónustunni heldur einungis að leigja og leyfa öðrum aðilum, einkaðilum, afnot af búnaði sínum. Það tel ég vera styrk fyrir Landsvirkjun en ekki síst fyrir ferðamenn. Með þessu er í rauninni verið að auka öryggisþáttinn á miðhálendinu. Því má segja að að nokkru leyti sé þarna opinbert fyrirtæki að stuðla að auknu öryggi en jafnframt að gefa einkaaðilum möguleika á því að auka þjónustumöguleika og tekjumöguleika sína með því að nýta þetta til fjarskipta.

Herra forseti. Þannig skil ég frv. og tel að það sé af hinu góða og mun því styðja það.

[12:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst málið skýrast talsvert við ræðu hv. þm. þó að ég hefði viljað spyrjast frekar fyrir um nokkur atriði. Ég skil málið þannig að það sé lagt fram í þeim tilgangi að Landsvirkjun nýti þau verðmæti sem hún á fyrir nú þegar á fjarskiptasviðinu og hafi hugsað sér annaðhvort að eiga samstarf eða leigja út þessi tæki og tól til annarra aðila.

Vitaskuld hefur þessu kerfi verið komið upp í skjóli þeirrar einokunar sem Landsvirkjun hefur haft í gegnum tíðina og þess vegna held ég að það sé algjört grundvallaratriði, og það þarf að liggja fyrir hér áður en Alþingi samþykkir þetta, hvernig Landsvirkjun hyggist leigja þessi tæki út, þ.e. að allir hafi þá a.m.k. jafnan möguleika og jafnan aðgang til að komast inn á þessi tæki. Þær reglur þurfa náttúrlega að liggja mjög skýrt og klárlega fyrir því ég held að ég og a.m.k. fleiri þingmenn hér inni séu þess lítt fýsandi að ríkið komi inn á þennan fjarskiptamarkað af meiri þunga en er nú þegar.

Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hv. þm., þar sem hv. þm. er formaður iðnn., hvort ekki verði þá ekki reynt að tryggja það að ef af þessu verður þá verði öllum fyrirtækjum sem á því hafa áhuga gert jafnhátt undir höfði og tryggt að allir eigi jafnan aðgang að þessu kerfi ef til þess kemur að það verði leigt út. En ég skil þá jafnframt frv. þannig að ætlunin sé ekki sú að leggja þennan hluta af tækjum og tólum og eigum Landsvirkjunar inn í önnur fjarskiptafyrirtæki.

[12:49]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi að Landsvirkjun hefði komið sér upp búnaði vegna einokunar. Það er þó rétt að taka fram að þetta er búnaður sem Landsvirkjun hefur þurft að koma sér upp til þess að geta tryggt öruggt samband milli stöðva, starfsstöðva Landsvirkjunar á miðhálendinu. Þær aðstæður hafa í rauninni neytt fyrirtækið til að leggja í þann kostnað og er nokkuð öruggur búnaður. Neyðin hefur sem sagt rekið fyrirtækið til þess.

Síðan kemur í ljós að sá búnaður opnar möguleika fyrir ýmsa aðra. Framtakssöm fyrirtæki sjá þar ákveðin sóknarfæri í viðskiptum sínum og hafa greinilega óskað eftir að fá að nýta þennan búnað. Ég held að ljóst sé að eðli málsins samkvæmt muni venjuleg fjarskiptafyrirtæki aldrei leggja slíkan búnað uppi á miðhálendinu einfaldlega vegna þess að umferðin þar er svo lítil og viðskiptin þar eru svo lítil að sá stofnkostnaður mundi aldrei borga sig og þess vegna er mjög skynsamlegt að nýta þann búnað sem er til staðar.

Auðvitað get ég ekki svarað því hvernig að því verður staðið. Það er að sjálfsögðu verkefni sem hv. iðnn. mun skoða þegar málið kemur til hennar. En afstaða mín er sú að Landsvirkjun, eins og ég reyndi að segja í ræðu minni áðan, eigi ekki sjálf að fara í að afgreiða símtöl, getum við sagt, heldur eigi hún að bjóða þeim fyrirtækjum sem vilja fara um þessa þjóðbraut að keppa þar á jafnréttisgrundvelli. Að því leytinu til erum við hv. þm. sammála, hygg ég.

[12:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. má ekki skilja orð mín svo að ég telji það eitthvað óeðlilegt þó að þeir hafi komið þessu upp. Það er í sjálfu sér ofur eðlilegt. En hins vegar hefur það orðið til í skjóli einokunar og það er ekkert í sjálfu sér að því að finna.

Það sem ég var að benda á, og ég skildi hv. þm. svo að hann væri því sammála, var að ef af þessu yrði og Alþingi veitti þessa heimild þá yrði einfaldlega að tryggja að öll fyrirtæki sem á því hafa áhuga gætu komist þarna inn á jafnréttisgrunni. Það er í raun það meginatriði sem ég vildi leggja áherslu á og ég fagna því að hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn. Alþingis, sé þessu sammála.

[12:52]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að fögnuður hv. þm. skuli vera mikill. Ég held ekki þurfi að hafa miklu fleiri orð um það að Landsvirkjun væri aldrei stætt á öðru en bjóða þetta út og gefa fyrirtækjum jafnan kost á því að fara þarna inn. Annað stenst ekki samkeppnislög. Ég held að þau muni nú tryggja það, auk almenns vilja í samfélaginu. En þetta er spennandi verkefni sem iðnn. mun fara í saumana á.

[12:53]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. kom fram að frv. fæli ekki í sér stórvægilegar breytingar. Hér væri aðeins verið að nýta mannauð og tækni hjá Landsvirkjun og að bjóða ætti einkaaðilum að nýta þann búnað sem er til staðar.

Upphaflega er þetta gert vegna þess að verið var að biðja um samstarf út af svokölluðu TETRA-kerfi þar sem átti að bjóða út kerfi og þjónustu TETRA-kerfisins. Ríkislögreglustjóri, Landsvirkjun, slökkviliðið, Landsbjörg og fleiri aðilar ræddu það.

Eftir því sem ég best veit er búið að bjóða kerfið út og það var ekki Landsvirkjun sem fékk. Þetta er eðlisbreyting, þetta er stórvægileg breyting vegna þess að frv. felur í sér að Landsvirkjun fær heimild til að taka þátt í og eiga fyrirtæki á sviði fjarskipta, auk orkumála og tengdrar starfsemi sem hún hefur í dag. Þarna er því verið að gefa mjög víðtæka heimild. Eftir því sem manni sýnist, þó að ég viðurkenni að afar lítið er í frv. sjálfu um innihald þess, hvorki í athugasemdunum né í greininni, en það stendur þó í fskj. fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem er alltaf mikið að marka, að verið sé að veita Landsvirkjun heimild til að taka þátt í og eiga fyrirtæki á sviði fjarskipta auk orkumála og tengdrar starfsemi.

Það er því ekki eingöngu svo að verið sé að nýta búnaðinn og þetta er stórvægileg breyting.

[12:55]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að ég sé sammála hv. þm. um að þetta sé stórvægileg breyting. Í fyrsta lagi er ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Þessi skref hafa verið stigin áður og það hefur komið fram hér í umræðunni, þar sem Landsvirkjun hefur verið heimilað að taka þátt í og eiga í öðrum fyrirtækjum með þeim rökum að það styðji annars vegar Landsvirkjun og hins vegar viðkomandi fyrirtæki eða

safn fyrirtækja eins og ég nefndi dæmi um með vetnisfélagið. Þar má segja að um svipað dæmi sé að ræða.

Hvað varðar þátttöku Landsvirkjunar í fyrirtæki eða í rekstri fjarskipta um öryggismál þá finnst mér það vera af allt öðrum toga hvort Landsvirkjun fari í samstarf með lögreglunni og björgunarsveitum á grundvelli öryggismála eða hins vegar að Landsvirkjun fari í að afgreiða dagleg símtöl í hreinum viðskiptum, svipað og Landssíminn, Íslandssími eða önnur slík fyrirtæki sem rekin eru af hagnaðarsjónarmiði, getum við sagt, og á viðskiptagrundvelli, eða hvort um er að ræða starfsemi sem snertir eingöngu öryggisatriði. Á því er grundvallarmunur.

[12:56]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að spyrja hv. þm., formann iðnn., hvort ekki sé rétt að búið sé að bjóða þetta verkefni út. Miðað við þau erindi sem voru uppi fyrir tæpu ári þá er ekki svo að málið sé statt á sama punkti. Það er ekki bara verið að biðja um samstarf Landsvirkjunar. Búið er að bjóða út verkefnið og annar aðili fékk það. Er það ekki rétt?

Og það er ekki eingöngu um öryggisatriði að ræða. Það er ekkert í frv. og ekkert í grg. sem segir að þetta sé eingöngu vegna þess, af því að stofnunin má eiga fyrirtæki. Í athugasemdum frv. segir, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun á og rekur fjarskiptakerfi vegna starfsemi sinnar. Það kerfi getur komið að gagni fyrir fleiri aðila, m.a. þá sem starfa að öryggismálum."

Það sama gildir um Landssímann, Tal og öll þessi fjarskiptafyrirtæki. Þau koma vonandi að gagni hvað varðar öryggisþættina.

Virðulegi forseti. Ég hlýt, af því að hv. þm. Pétur Blöndal talaði hérna áðan, að segja að ég er hrædd um að þetta frv., hv. þm. Pétur Blöndal, sé enn eitt innleggið í að lækka frelsisvísitöluna sem er uppáhaldsvísitala ríkisstjórnarinnar.

[12:58]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur áður komið fram og ég hef lýst því yfir áður að hvað varðar fyrirkomulag á notkun á slíkum tæknibúnaði þá er það verkefni sem hv. iðnn. mun skoða. Hins vegar er líka rétt í framhaldi af síðustu ræðu hv. þm. að leggja áherslu á að í grg., þó stutt sé, er meginatriði sem þar er dregið fram, þ.e. öryggismálin. Ég held að allir viti að öryggisþátturinn er kveikjan að þessu. Það er fyrst og fremst öryggisþátturinn og öllum er kunnugt um að fjarskiptavandamál eru á miðhálendinu, þar eru margir dauðir punktar bara vegna þess að dreifikerfið nær ekki þangað. Því hafa bæði björgunarsveitir og lögregla séð þarna ákveðin sóknarfæri. Ég hef engar athugasemdir við það. Eftir því sem ég best veit er það grunnurinn að því að með þetta mál er farið af stað.

En ég held að hvergi hafi komið fram að Landsvirkjun ætli sér að opna almenna fjarskiptaþjónustu og fara að hafa einhvern hagnað af því. Það held ég að hafi hvergi komið fram. En málið verður skoðað, herra forseti.

[12:59]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Komið hefur fram hjá hv. formanni iðnn., Hjálmari Árnasyni, að þetta sé lítið frv., lítið mál. En það eru nú oft stórmál fólgin í kannski fjórum, fimm orðum í lagabreytingu. Ég skil þessa breytingu á frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun allt öðruvísi en talað hefur verið um hér úr stólnum af hv. formanni iðnn. vegna þess, með leyfi forseta, að:

„Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum."

Ég skil þetta á þann hátt að fyrirtækinu sé þá heimilt að kaupa sig inn í hlutafélag, kannski Tal, kannski Landssímann, og þar með verða aðili að fjarskiptafyrirtæki eða kaupa það allt. Þetta er í allt öðrum dúr en menn túlka innihald þessara breytinga, sérstaklega hv. formaður iðnn., Hjálmar Árnason.

Það er nauðsynlegt að menn átti sig á því hvað þeir meina þegar þeir breyta lögunum og auðvitað erum við öll inni á því að það er í þágu þjóðarinnar að sem flestir geti notað þær rásir og þann fjarskiptabúnað sem fyrirtækið býr yfir. Ég held að allir séu á því. Það er að sjálfsögðu stórmál og gott fyrir þjóðina alla að sá búnaður sé notaður af sem flestum hvort sem það eru björgunarsveitir eða þau símafyrirtæki sem nú eru starfandi í landinu.

En ég skil þessa lagabreytingartillögu á allt annan hátt en hér hefur verið túlkað. Ég held að nauðsynlegt sé að þetta verði skoðað í nýju ljósi hvort sem málið fer til iðnn. eða samgn. og menn leggi a.m.k. niður fyrir sér og séu með það á hreinu hvað þeir eru að meina með breytingunum, hvert þeir eru að stefna. Ég held að það sé ekki á hreinu miðað við þær umræður sem hér hafa farið fram.

Það er líka alveg nauðsynlegt að taka hlutina í réttri röð. Staða Landsvirkjunar er þannig núna að stóru eignaraðilarnir hafa komið með hugmyndir um breytingar á rekstrarformi. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að lýsa áhuga á því að ganga út úr fyrirtækinu, þannig að innan kannski örfárra missira eða ára erum við að horfa fram á stórbreytingar á fyrirtækinu. Bæði Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa reifað og sett fram hugmyndir og sýnt áhuga jafnvel, á því að selja fyrirtækið og hafa þreifað á málinu frá þeim sjónarhóli.

Ég held að þó að þetta séu ekki mörg orð í lagabreytingunni þá geti þetta verið miklu stærra mál en virðist og alveg nauðsynlegt frá mínum bæjardyrum séð að menn viti hvert þeir stefni. Ég vil bara árétta það að við erum öll með á því að öryggis sé gætt á hálendinu og það er sjálfsagður hlutur að nota þann búnað sem fyrirtækið hefur komið sér upp sjálft til að vakta mannvirki sín. En það er ekki sama hvernig að því er staðið. Ég held að við værum mjög illa sett ef við mundum gefa heimild til þess að blokkera kannski alla aðra en einn aðila, kannski óheppilegasta aðilann í geiranum, til að nota þessar rásir. Þá væri staðan kannski sú að jafnvel björgunarsveitir og aðrir gætu ekki notað rásirnar. Og þá er verr af stað farið en heima setið.

Þessum atriðum vildi ég koma á framfæri. Ég held að við eigum að ræða þetta í réttri röð. Við eigum að gera okkur grein fyrir því hvert stefnir með þetta fyrirtæki, hver áhugi eignaraðilanna er, hver sýn þeirra er varðandi þróunina næstu mánuði og missiri og síðan að fara ofan í þetta mál og laga tillöguna um breytingar á lagatexta að því sem menn virkilega meina.

[Fundarhlé. — 13:04]

[13:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í þeim umræðum sem átt hafa sér stað um þetta mál á fundinum hafa komið fram sjónarmið sem eru

dæmigerð sjónarmið ríkisvæðingarsinna sérstaklega hjá hv. þm. Hjámari Árnasyni, formanni iðnn.

Landsvirkjun framleiðir rafmagn og hefur gert lengi en til að framleiða rafmagn hefur hún komið sér upp sérfræðiþekkingu og fer fram á að fá heimild til að taka þátt í fyrirtækjum sem veita ráðgjöf. Svo er hún látin taka þátt í fyrirtækjum sem sjá um að framleiða vetni og nú hefur hún vegna þess að hún þarf á því að halda búið til símafyrirtæki sem er allt annar atvinnurekstur en að framleiða rafmagn. Maður spyr: Af hverju kaupir Landsvirkjun ekki þessa þjónustu að í staðinn fyrir að framleiða hana sjálf?

Þetta er einmitt dæmigert um vöxt og framgang ríkisfyrirtækja. Við kynntumst þessu mjög vel hjá Sementsverksmiðju ríkisins sem var komin með rekstur á öllum sviðum, hótel, mötuneyti, trésmíðaverkstæði, járnsmíðaverkstæði, bifreiðaverkstæði o.s.frv. Ég spyr: Hvenær ætlar Landsvirkjun að baka brauð af því að starfsmennirnir þurfa eflaust brauð með kaffinu? Það getur vel verið að þar sé bakað brauð og þá vill hún eflaust fá að taka þátt í brauðgerð.

Hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., sagði að venjuleg fjarskiptafyrirtæki hefðu aldrei lagt þetta kerfi um hálendið. Það er ekki furða. Þau voru ekki beðin um það, það var engin eftirspurn vegna þess að þetta stóra, mikla ríkisfyrirtæki gerði það bara sjálft. Ef ríkisfyrirtæki hefði sagt: Okkur vantar þetta fjarskiptakerfi inni á hálendinu, hefðu örugglega fundist hér aðilar. Þá var reyndar ekki neitt frelsi í fjarskiptum en þeir mundu örugglega finnast núna ef Landsvirkjun vildi bara selja fjarskiptarekstur sinn, þetta símafyrirtæki út úr rekstri sínum og gera við þá þjónustusamning til margra ára til að tryggja öryggi og annað slíkt eins og menn gera alltaf þegar þeir ætla að kaupa símaþjónustu eða hvað sem er. Þetta er önnur leið. Landsvirkjun þarf ekkert að eiga í viðkomandi fyrirtæki. Hún bara gerir samning við eitthvert fjarskiptafyrirtæki, Tal, Landssímann eða eitthvað um að taka að sér þennan rekstur sem er eitthvað allt annað en að framleiða rafmagn. Þannig hefur röksemdunum verið snúið við.

Menn segja: Af því að við höfum þessa tækni, þá þekkingu og þessi tæki til staðar ætlum við að taka þátt í að eiga með einhverjum fyrirtækjum þennan rekstur í stað þess að kaupa hann bara að eins og menn kaupa að brauð og kaffi vænti ég. Þeir setja ekki upp kaffibrennslu af því að kaffi vantar handa starfsfólkinu.

Ég tel að sú þróun sem hefur átt sér stað hjá Landsvirkjun sé dæmigerð fyrir ríkisfyrirtækin sem loki inni tækni og þekkingu í staðinn fyrir að dreifa henni. Ef Landsvirkjun hefði boðið þessa símaþjónustu sína út og gert samning við aðilann, ef þetta hefði verið t.d. Tal eða Landssíminn, þá væri sá aðili fyrir löngu búinn að koma sér inn á markaðinn til að þjónusta björgunarsveitir og aðra slíka, hann væri fyrir löngu búinn að því. Þá mundi hann selja þessa símaþjónustu til Landsvirkjunar og allra annarra sem kynnu hugsanlega að nýta hana. Þetta kerfi sem við erum með lokar þekkinguna inni.

Svo er ekki fram hjá því að líta að stjórn Landsvirkjunar er pólitískt kosin. Hún er kosin af Alþingi að stórum hluta, ef ég man rétt. Það vill svo til að pólitískt kosnir aðilar taka pólitískar ákvarðanir. Hvernig ætlar Landsvirkjun að taka þátt í fyrirtækjum? Maður óttast að sjálfsögðu að það verði einhver önnur sjónarmið en hagræn sjónarmið sem valdi því að menn taki þátt í einhverjum gæluverkefnum. Ég segi ekki að vetnisfyrirtæki sé slíkt en það gæti verið það og það er ákveðin hætta á því þegar pólitískt kjörin stjórn tekur ákvarðanir sem þá eru pólitískar. Og það gæti verið að Landsvirkjun væri með þrýstingi að stofna eitthvert sérstakt fyrirtæki um fjarskipti.

Menn segja að þetta sé lítið mál, herra forseti. En ef maður les frv. þá stendur einfaldlega að Landsvirkjun megi eiga aðild að fjarskiptafyrirtækjum. Það er ekki lítið. Landsvirkjun gæti keypt hlut í Landssímanum eða Tali og vegna þess að Landsvirkjun er sá aðili á Íslandi sem hefur mest eigið fé fyrir utan lífeyrissjóðina. 35 milljarða þegar ég frétti síðast, Landsvirkjun á 35 milljarða í eigin fé en lífeyrissjóðirnir eru með alls konar takmarkanir á fjárfestingu sinni. Þeir mega ekki kaupa hlutabréf nema fyrir ákveðinn hluta af eigin fé. En Landsvirkjun hefur ekki slíkar takmarkanir á sínu eigin fé. Landsvirkjun er því sennilega eini innlendi aðilinn sem gæti keypt Landssímann í einum bita og hér er verið að opna á það. Hér er verið að opna á það að Landsvirkjun sem er opinbert fyrirtæki kaupi Landssímann sem þá var opinbert fyrirtæki og verður áfram opinbert fyrirtæki. Ég hef því miklar efasemdir um þessa breytingu og vil að hv. iðnn. taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar og sérstaklega það sem hér hefur verið bent á að þetta galopnar fyrir Landsvirkjun að fara út í alls konar rekstur og settar verði þá a.m.k. einhverjar takmarkanir á það hvað hún megi kaupa fyrir mikið.

[13:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er sannarlega hreyft máli sem leynir á sér og þó að frv. sé ekki margort, þykkt eða greinargerðin stór, þá er greinilega um að ræða mun stærra mál en þetta litla frv. gefur til kynna.

Það er alveg ljóst að Landsvirkjun, sem er ríkisfyrirtæki í almannaeign, nýtur umtalsverðra sérréttinda samkvæmt lögum. Þar nægir bara að nefna að þessu fyrirtæki er heimilt að taka lán og taka ábyrgð á greiðslum og þetta er fyrirtæki sem er undanþegið tekjuskatti, eignarskatti og stimpilgjöldum vegna lána sem fyrirtækið tekur. Það er undanþegið útsvari, það er undanþegið aðstöðugjaldi svo og öðrum gjöldum til sveitarfélaga. Það er því alveg ljóst að hér er um fyrirtæki að ræða sem hefur yfirburðastöðu á markaðnum, á markaði orkusölu og orkudreifingar sem er og hefur verið meginverksvið þessa fyrirtækis.

Það er síðan í bígerð og hefur verið stundað núna upp á síðkastið að víkka út starfsemi fyrirtækisins. Eins og hv. þm. sem hér hafa talað hafa bent á rekur Landsvirkjun ráðgjafarþjónustu og ætlar að fara að hasla sér völl á símamarkaði eða fjarskiptamarkaði og við vitum að sjálfsögðu ekki hvað meira býr að baki. Hv. þm. Pétur Blöndal benti á að bakarí gæti verið á næsta leiti eða annað í þeim dúr. Hvað vitum við?

En það er algerlega ljóst að svona stórt fyrirtæki sem hefur milli 300 og 400 ársverk sinna starfsmanna, fastráðinna og lausráðinna, er yfirburðafyrirtæki. Það er risi, eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði áðan. Maður spyr: Hvað rekur fyrirtæki af þessu tagi og þá sem eru ábyrgir fyrir því út í slíka útþenslustefnu? Hvað býr hér að baki? Eðlilegt er að spyrja slíkra spurninga, ekki síst í ljósi þess sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og hefur komið fram í stefnuræðu hæstv. forsrh. að fyrir dyrum standi að breyta skipulagi orkumála þannig að samkeppni verði innleidd til að auka hagkvæmni og lækka orkuverð. Ég verð að segja, herra forseti, að ræða hæstv. iðnrh. áðan þar sem hún fylgdi

frv. úr hlaði brá ekki ljósi á þau atriði sem vekja spurningar. Hvað býr hér að baki?

Hv. þm. Hjálmar Árnason, sem hélt ræðu áðan af miklum móð eins og hann væri orðinn málsvari Landsvirkjunar á Alþingi, brá heldur ekki ljósi á það hvað hér býr að baki. Hér hafa verið viðraðar óljósar og þokukenndar útskýringar hv. þm. Hjálmars Árnasonar og hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Hv. þm. Hjálmar Árnason heldur því fram að neyð sé að reka Landsvirkjun út í að koma sér upp fjarskiptabúnaði, neyð sé að reka fyrirtækið út á þetta svið, ég tek þá skýringu ekki gilda, herra forseti. Ég tel hana í hæsta máta undarlega. Það er engin neyð í gangi hjá Landsvirkjun. Það er eitthvað annað sem hefur ekki verið sagt hér og hæstv. ráðherra á eftir að skýra það fyrir þingmönnum hvað það er sem hér býr að baki. Hvers vegna er farið út í þennan breytta starfsvettvang Landsvirkjunar?

Hv. þm. Hjálmar Árnason lýsti því einnig áðan hvernig fyrirtækið væri að nýta mannauðinn sem býr í fyrirtækinu og að því er mér skildist bara hreinlega fyrir góðmennskusakir að sjá til þess að öryggi ferðamanna sem eiga leið um miðhálendið sé tryggt. Herra forseti. Þetta er heldur ekki gild skýring. Það er eitthvað annað sem á eftir að segja hér. Hvað hefur sú samkeppni, sem boðuð er á fjarskiptamarkaðnum og er í raun orðin staðreynd, leitt af sér? Hvað er hún að leiða af sér sem gerir það fýsilegt fyrir Landsvirkjun að fara inn á þann markað? Þeirri spurningu þarf að svara. Það er alveg ljóst að þessi samkeppni er á næsta leiti. Það hvarflar sannarlega að manni, herra forseti, að hér sé verið að víkka út starfssvið Landsvirkjunar mögulega í því skyni að gera það að fýsilegri kosti þegar þar að kemur þegar þarf að fara að liða fyrirtækið í sundur, búta það upp og selja einkaaðilum. Er það það sem verið er að gera, að gera fyrirtækið þannig úr garði að það verði fleiri einkaaðilar sem eigi möguleika á því að koma hér að málum þegar við stöndum frammi fyrir því að þetta fyrirtæki sem er nú í eigu almennings verði limað í sundur og selt í einingum? Þessari spurningu þurfum við að fá svarað, herra forseti.

Ég vitna að lokum í ársskýrslu Landsvirkjunar frá 1998 sem er hið merkasta plagg. Þar segir og styður það mál mitt hve skammt er í þá samkeppni sem fram undan er. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það stefnir í aðskilnað meginþátta framleiðslu og flutnings í starfsemi Landsvirkjunar með einhverjum hætti og ljóst er að vinnsla annarra framleiðenda á eftir að aukast enn meira."

Fleiri vísbendingar eru í þessari skýrslu sem gefa okkur til kynna að Landsvirkjun er vel undir það búin að fara út í þetta hlutverk sem virðist liggja fyrir fyrirtækinu að vera limað sundur, brotið upp í einingar og sett á markað og selt hæstbjóðanda.

[13:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þó nokkrar umræður hafa orðið um þetta frv. sem lætur ekki mikið yfir sér. Mér finnst að nokkuð hafi gætt tortryggni hjá ákveðnum hv. þm. og það er spurt hvað búi að baki. Mig langar að lesa tvær málsgreinar úr greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun á og rekur fjarskiptakerfi vegna starfsemi sinnar. Það kerfi getur komið að gagni fyrir fleiri aðila, m.a. þá sem starfa að öryggismálum."

Þetta er kjarni málsins. En ef hv. þm. þykir ekki nógu glöggt hvernig þetta er sett fram í frv. er að sjálfsögðu alltaf sá möguleiki fyrir hendi að skerpa betur gildissviðið í umfjöllun í hv. iðnn. En ég ítreka að að mínu áliti er málið eingöngu til framfara. Það er verið að tala um að nýta búnað sem er til staðar en vegna lagaumhverfis getur Landsvirkjun ekki nýtt hann nægilega almenningi í hag eins og lög eru í landinu.

Ég segi allt orkar tvímælis þá gert er. En í þessu tilfelli finnst mér að málið horfi til framfara.

Hv. þm. Pétri H. Blöndal spyr hvort ég muni halda áfram stefnu fyrrv. hæstv. iðnrh. í orkumálum og auka samkeppni. Það er svo að það er ekki stefna eins einstaklings sem ræður ferð í ríkisstjórn heldur stefna viðkomandi stjórnmálaflokka og stefna í stjórnarsáttmála sem þeir koma sér saman um og gefa út. Engin breyting er uppi í sambandi við orkumál við það að nýr iðnrh. taki við. Eins og hv. Alþingi hefur fjallað um eru breytingar fyrirhugaðar í þessum geira og nefnd hefur verið að störfum sem hefur mótað tillögur um svokallað Íslandsnet þar sem verið er að tala um hringnet, hringkerfi orkunnar. Ég geri alveg ráð fyrir því að ég muni leggja mig fram um að hafa frv. tilbúið á þessum vetri til umfjöllunar og til að kynna þó ég reikni ekki með að það verði að lögum á þessu ári.

Um einkavæðingu Landsvirkjunar er það að segja að meðeigendur hafa óskað eftir umræðum um breytt eignarhald og breytta eignaraðild. Það er mál sem er til skoðunar í ráðuneytinu og ætla ég ekki að fara frekar í það að þessu sinni. Hv. þm. velti fyrir sér hvort þetta frv. stæðist ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Ég segi að ekki verður séð að þetta frv. sé í nokkurri andstöðu við þann samning. Í öllum aðalatriðum sýnist mér að hv. þingmenn geti verið bærilega afslappaðir í sambandi við málið. Það er a.m.k. alveg ljóst að ekkert býr að baki sem hefur ekki komið fram. Ég vil þó ítreka það sem ég sagði áðan að ef hv. þingmenn telja að skerpa þurfi betur gildissviðið er hv. iðnn. fullfær um að gera tillögur um slíkt.

[13:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er rétt hjá hæstv. ráðherra að frv. sem við ræðum hér er ekki efnismikið og við allar venjulegar aðstæður ætti það að vera auðskiljanlegt. Hins vegar er það einfaldlega svo að lagatextinn og greinargerðin ganga ekki upp, þ.e. það er ekki sama efni í lagatextanum og greinargerðinni. Í lagatextanum segir að verið sé að veita heimild til þess að eiga aðild að fjarskipafyrirtækjum. Það má skilja m.a. á þann veg að þeir geti lagt fjarskiptabúnaðinn inn í önnur fyrirtæki, þeir geti keypt hlutafé í öðrum fyrirtækjum o.s.frv. Hins vegar segir í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Það kerfi getur komið að gagni fyrir fleiri aðila ..." Þ.e. það má skilja það þannig að það eigi að leigja fjarskiptakerfið út. Þess vegna segi ég að orð lagatextans og orð greinargerðarinnar fara ekki alveg saman. Það er kannski þess vegna sem hv. þingmenn spyrja sig þeirrar spurningar: Á hvaða vegferð er hæstv. viðskrh. í málinu?

[13:53]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. sé í orðaleik í sambandi við þetta mál. Það sem um ræðir er að þetta kerfi sem er nú þegar til staðar geti komið að meira gagni en er í dag. Miðað við það hvernig fyrirtækið Landsvirkjun er upp byggt og m.a. ýmis skattfríðindi sem það býr við og hefur verið nefnt í umræðunni verður ekki hægt að koma þessu fjarskiptakerfi í notkun þannig að vel fari nema með því að lagabreyting eigi

sér stað um Landsvirkjun. Svo einfalt er málið. Þess vegna er frv. lagt fram og það er einlæg von mín að það verði að lögum.

[13:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel halda því fram að hér sé einhver orðaleikur á ferðinni en orðaleikurinn hófst vitaskuld í iðnrn. því að þar var frv. var samið og þar var það þannig úr garði gert að lagatexti og orð greinargerðar fara ekki saman. Ef um orðaleik er að ræða erum við einfaldlega þátttakendur í leik sem hæstv. iðnrh. lagði upp með.

En ég skil hæstv. iðnrh. þá á þann veg að ekki sé verið að leggja hér til að Landsvirkjun verði aðili að einhverju fjarskiptafyrirtæki. Það er ekki verið að leggja til að þeir kaupi hlutafé í öðrum fjarskiptafyrirtækjum og það er ekki verið að leggja til að fjarskiptafyrirtækið gangi inn í önnur fyrirtæki heldur einvörðungu þannig að það sé verið að leita lagaheimildar hjá Alþingi til að fá heimild til þess að leigja þetta fjarskiptafyrirtæki öðrum fyrirtækjum til þess að þjónusta á hálendinu. Ég skil þetta frv. þannig, virðulegi forseti, og ef það er ekki réttur skilningur, held ég að hæstv. viðskrh. verði að koma upp og leiðrétta hann. Öðruvísi er ekki hægt að skilja þetta ef marka má orð hæstv. ráðherra.

[13:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta gengur út á að stofnað verði nýtt fyrirtæki um þennan rekstur, m.a. á ljósleiðaranum, og það fyrirtæki lýtur almennum reglum í sambandi við skatta og skyldur sem Landsvirkjun gerir ekki í dag.

[13:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mönnum hefur orðið töluvert tíðrætt um helstu rök sem hæstv. ráðherra og hv. formaður iðnn. hafa komið fram með að fyrst og fremst sé um það að ræða að nýta það fjarskiptakerfi sem Landsvirkjun á í dag vegna öryggismála og almannahagsmuna og ljósleiðarakerfið og hálendið eru sérstaklega tekið þar sem dæmi.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeim spurningum sem ég lagði fram áðan en upphaflega fer umræðan af stað vegna svokallaðs TETRA-fjarskiptakerfis sem ríkislögreglustjóri ásamt slökkviliði Reykjavíkur kannaði möguleika á að Landsvirkjun tæki þátt í. Þá var um að ræða að bjóða út kerfið og þjónustuna vegna þess að það kerfi sem menn hafa notast við er orðið úrelt. Leitað var eftir því við Landsvirkjun hvort fyrirtækið væri tilbúið til þess að taka þátt í því útboði. Menn reiknuðu út kostnaðinn við að reka kerfið í um það bil fimm ár og gáfu á sínum tíma þær upplýsingar að sá kostnaður gæti orðið allt að 300 millj. kr.

Nú gerist það að rekstur TETRA-fjarskiptakerfisins sem er þetta öryggiskerfi, það þýðir ekkert að horfa fram hjá því og það er ekki hægt að ræða annars vegar bara um Landsvirkjun og fjarskiptakerfi Landsvirkjunar og öryggishagsmuni eða almannahagsmuni vegna þess að TETRA-kerfið sem um er að ræða er það sem málið snýst um. Er það þá þannig að það sé í höndum Landsvirkjunar? Nei, það er boðið út og hver fékk? Það er fyrirtæki sem heitir Irja eftir þeim upplýsingum sem ég hef, var stofnað í október sl. og eigandi þess er Jón Þóroddur Jónsson, sem er stjórnarformaður, og eiginkonan varaformaður stjórnar. Það er ekki þannig að þessi öryggismál séu í höndum Landsvirkjunar og þar standi menn hjá ríkislögreglustjóra, hjá Landsbjörg eða hjá slökkviliðinu í Reykjavík á öndinni yfir því hvort Alþingi sé ekki tilbúið til þess að veita Landsvirkjun þessa heimild vegna þess að þessar stofnanir sem fara með öryggismál okkar Íslendinga ætli að semja beint við Landsvirkjun. Spurningin hlýtur að vera sú, hvort sá einstaklingur eða það fyrirtæki sem bauð í rekstur TETRA-fjarskiptakerfisins og þjónustuna gerði það með þeim formerkjum að það leigði kerfið af Landsvirkjun vegna þess að kostir Landsvirkjunar eru bara tveir í málinu. Annar er sá að Landsvirkjun tæki þátt í þessu sameiginlega útboði vegna TETRA-kerfisins með þeim aðilum sem hafa undirbúið útboðsgögn vegna málsins og þeim aðilum sem ég hef hér talað um og að Landsvirkjun yrði skilgreind sem notandi kerfisins á sama hátt og aðrir. Þá væri það þó þannig að þeir hefðu sérstöðu af því að þeir legðu fram verðmæti umfram aðra aðila, þ.e. kerfið sjálft. Vissulega þyrfti lagaheimild til þess að Landsvirkjun gæti farið þessa leið en þá væri það heimild til að leigja hluta af fjarskiptakerfinu vegna öryggishagsmuna og til þess að reka þetta kerfi, TETRA-kerfið, ekkert annað, bara bundið því. Það er ein leiðin.

Hin leiðin er sú að Landsvirkjun taki að sér að reka fyrirtæki sem væri með hreinan og kláran fjarskiptarekstur án þess að nokkurs staðar kæmi fram að sá rekstur væri bundinn því að Landsvirkjun væri þátttakandi í þessu öryggiskerfi, TETRA-kerfinu. Landsvirkjun getur því samkvæmt heimildinni ekki bara farið og sinnt þessum öryggismálum — sem væri gott mál. Það væri kostur — heldur getur Landsvirkjun gerst aðili að hverju því fjarskiptafyrirtæki sem henni sýnist. Hvað þýðir að gerast aðili? Hvað þýðir það að Landsvirkjun geti gerst aðili að fyrirtæki? Það getur verið með 99% eignaraðild og er aðili þess vegna. Þetta er mjög stórt mál. Ég átti satt að segja von á því að hér kæmu nánari útskýringar á frv. en hafa komið fram í umræðunni og ég átti satt að segja von á því að menn færu yfir þennan aðdraganda þannig að þingheimi væri ljóst að heimildin væri eingöngu til þess að geta sinnt þessari öryggisþjónustu. En hún er það ekki. Hún er víðtæk.

Ég fagna því sannarlega að hæstv. ráðherra segir að það megi takmarka heimildina þannig að eingöngu verði um að ræða að núverandi fjarskiptakerfi sem Landsvirkjun á og rekur, að það nýtist vegna öryggismála í TETRA-fjarskiptakerfi. En þá hlýt ég líka að spyrja hvað lá að baki hjá þeim einstaklingi sem bauð í kerfið og þjónustuna. Útboðið hlýtur annars vegar að hafa hljóðað upp á að menn rækju kerfið, settu upp nýtt kerfi og veittu þessa þjónustu eða að viðkomandi einstaklingur hafi gert samninga við þá sem eiga kerfið í dag, þ.e. Landsvirkjun. Ég hlýt að fara fram á svör. Það má vel vera að hæstv. ráðherra geti ekki svarað þessu hér og nú en nefndin hlýtur að fara fram á svör vegna þess að það er ekki einungis að verið sé að hugsa um almannahagsmuni. Það er líka verið að hugsa um kerfið sem Landsvirkjun á og rekur. Landsvirkjun hefur fram undir þetta ekki átt marga samkeppnisaðila, einungis Landssímann sem er líka í eigu ríkisins. Nú eru komnir aðrir aðilar inn á fjarskiptamarkaðinn og Landsvirkjun þarf að eiga við allt annað umhverfi. Fjarskiptakerfið sem þeir eiga á hálendinu er lítil eign fyrir Landsvirkjun ef önnur fjarskiptafyrirtæki eru tilbúin til að reisa annað kerfi við hliðina á því. Þá er þessi eign ekki lengur eins verðmæt og hún hefur verið fram að þessu. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Hafi menn búist við því að frv. með afar lítilli greinargerð — það er ein grein sem hljóðar ósköp einfaldlega: „Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum.“ — rynni bara í gegn

vegna öryggishagsmuna þá er það rangt. Málið snýst ekki eingöngu um að nýta mannafla, þekkingu og afburðahæfileika þeirra sem starfa hjá Landsvirkjun. Málið snýst ekkert um það þó að það sé út af fyrir sig mjög gott. Mannauður, tækni og þekking finnast hjá fleiri fyrirtækjum og það má ekki afgreiða þetta á svona ódýran hátt. Það hefur gerst hér að farið hafa í gegn frv. þar sem túlkun á heimildum sem frv. hafa veitt hefur verið allt önnur í framkvæmd en kynnt hefur verið á hv. Alþingi. En ég hlýt að spyrja frekar um þetta fyrirtæki, Irju, sem fékk verkefnið sem málið snerist um í upphafi, þ.e. TETRA-verkefnið. Ég hlýt að spyrja hvort þetta fyrirtæki hafi boðið í í samstarfi við Landsvirkjun og þá með það í huga að nota það kerfi sem fyrir er. Eða hljóðaði útboðslýsingin þannig að viðkomandi aðili sem fékk verkefnið hafi þurft að setja upp nýtt kerfi til þess að geta veitt þá þjónustu sem hér um ræðir? Hún er nauðsynleg. Það er nauðsynlegt að þessi þjónusta sé til staðar. En af einhverjum ástæðum öðrum en þeim að heimildin var ekki til staðar var farið í að bjóða verkið út og það samþykktu þeir sem að verkefninu standa, þ.e. ríkislögreglustjóri og slökkviliðsstjórinn í Reykjavík. Þeir aðilar sem hlut eiga að máli.

[14:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið athyglisvert að hlusta á umræðurnar sem hér hafa farið fram. Hæstv. iðnrh. hefur ítrekað sagt að þetta frv. láti ekki mikið yfir sér, það sé fremur einfalt, að þetta sé fyrst og fremst öryggisþáttur og fjarskiptauppbygging Landsvirkjunar sé þess eðlis að það sé öryggisatriði fyrir þjóðina að nýta hana.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að halda því fram að miðað við umræðurnar eins og þær eru þróast sé þetta frv. algjört hneyksli. Það er algjört hneyksli að leggja þetta frv. fyrir þingið eins og það er gert. Hér segir, með leyfi forseta:

„1. gr.

Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum."

Greinargerðin er sex og hálf lína. Hún er svona:

„Í 2. gr. laga um Landsvirkjun er greint frá tilgangi fyrirtækisins og heimildum til að taka þátt í og eiga fyrirtæki á sviði orkumála og tengdrar starfsemi.

Landsvirkjun á og rekur fjarskiptakerfi vegna starfsemi sinnar. Það kerfi getur komið að gagni fyrir fleiri aðila, m.a. þá sem starfa að öryggismálum. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir samstarfi við Landsvirkjun um fjarskiptastarfsemi þar sem fjarskiptakerfi fyrirtækisins yrði notað. Til að af slíku geti orðið þarf Landsvirkjun lagaheimild, enda eðlilegt að slík starfsemi sé rekin utan hefðbundins reksturs fyrirtækisins."

Herra forseti. Þetta er frv. og greinargerðin. Hvað gerist síðan þegar umræða hefst á hv. Alþingi? Hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir og Lúðvík Bergvinsson hafa komið hér með mikilvægar ábendingar og áleitnar spurningar. Það hefur verið fátt um svör frá ráðherranum þar til í ræðunni nú að loknu matarhléi. Margrét Frímannsdóttir hefur bent á öryggiskerfi ríkisins og farið orðum um TETRA-verkefnið. Hv. þm. Hjálmar Árnason vekur athygli á því í sinni ræðu að þetta auki möguleika Landsvirkjunar á að styrkja fyrirtæki með eins konar aðild alveg eins og Landsvirkjun hafi í raun styrkt vetnisfélagið með aðild sinni og nú geti Landsvirkjun komið inn í fleiri félög með þessum hætti. Þá vaknaði að sjálfsögðu þessi spurning: Hvernig á að velja þau fyrirtæki sem þarna yrðu studd af Landsvirkjun? Það hefur ekki verið mjög góð reynsla af því hvernig ríkisstjórnin hefur stýrt ríkisfyrirtækjum inn í fyrirhugað einkavæðingarferli og óljóst af þessu frv. hvort það sé undirbúningur að slíku eins og oft hefur gerst.

Það er þó ekki hið alvarlega í málinu varðandi framsetningu frv. og greinargerð, nei, heldur hitt að nú í síðari ræðu hæstv. iðnrh. koma fram alveg nýjar upplýsingar. Nefnilegar þær að það á að stofna nýtt fjarskiptafyrirtæki. Þetta nýja fjarskiptafyrirtæki verður stofnað um ljósleiðarann sem Landsvirkjun á í dag.

Herra forseti. Hvernig stendur á því að þetta frv. fjallar ekki um það? Hvernig stendur á því að í greinargerð með frv. skuli ekki vera fjallað um að það eigi að stofna nýtt fjarskiptafyrirtæki um ljósleiðarann? Það sagði hæstv. ráðherra hér fyrir hálfri stundu síðan. Hvernig stendur á því að það skuli koma fram í þessari umræðu eins og aukaupplýsingar í málinu á meðan að það er staðreynd af talsverðri vigt, ekki síst lítandi til þess hversu stórt fyrirtæki Landsvirkjun er og möguleika Landsvirkjunar, yfirráðamöguleika Landsvirkjunar varðandi þau félög sem hún kýs að fara inn í eins og hv. þm. Hjálmar Árnason gat um áðan. En það að nýtt fjarskiptafyrirtæki verði stofnað um ljósleiðarann er alveg sérstakt mál og mjög mikilvægar upplýsingar fyrir þessa umræðu.

Við hljótum að velta þessu fyrir okkur í tengslum við umræðuna sem farið hefur fram á Alþingi um Landssímann. Hér hafa verið heitar umræður í fjarskiptamálum um það hvort ríkið eigi að eiga fjarskiptakerfið, þó svo e.t.v. þjónustufyrirtæki Landssímans yrðu seld. Það mál hefur ekki verið til lykta leitt enn þá heldur hafa verið gefnar upplýsingar um að það sé mjög erfitt að skilja fjarskiptakerfið frá Landssímanum, sem líkja má við vegakerfið í landinu að stærð, þyngd og pólitísku mikilvægi. Við höfum lesið það út úr umræðum og skrifum manna að það megi alveg gera ráð fyrir því að þegar og ef Landssíminn verður seldur þá verði allt selt, Landssíminn og fjarskiptakerfið. Og það hefur valdið mörgum okkar áhyggjum með tilvísun til þess að fjarskiptanetið sem þjóðin sjálf hefur byggt upp út um allt land, út á hvert einasta nes, er svo mikilvægt að það ríkir ákveðinn ótti, þ.e. ef einkaaðilar eiga að halda utan um það, við þá viðskiptahugsun sem um leið kemur inn í fyrirtæki sem er komið út á markað. En nú fáum við þessar nýju upplýsingar, herra forseti. Það á að stofna nýtt fjarskiptafyrirtæki um ljósleiðarann sem Landsvirkjun á í dag og sem er svo vel úr garði gerður að hann nær um allt hálendið. Takmarkaðar upplýsingar eru í frv. Takmarkaðar upplýsingar hafa komið fram hjá ráðherranum sjálfum. Við eigum rétt á að gera kröfu um að ráðherrann skýri þetta mál alveg upp á nýtt og gefi ítarlegar upplýsingar um hvað felist í þessari lagasetningu.

Herra forseti. Að lokum þetta. Á þriðjudaginn vorum við að ræða stórt frv., stjfrv. um persónuvernd sem hæstv. dómsmrh. mælti fyrir. Í hvert sinn sem mikilvægar upplýsingar komu fram eða harðar pólitískar spurningar um frv. sem hafði tekið miklum breytingum frá því að fyrra frv. um persónuvernd var kynnt í heilbr.- og trn. og frá því að stórt og umdeilt frv. var gert að lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði, í hvert einasta skipti sem alvarlegar umræður og ábendingar komu fram, kom ráðherrann í ræðustól og lýsti því yfir að þetta yrði að skoðast vel í allshn. og að mikilvægt væri að allshn. færi yfir þetta ákvæði. Við þekkjum vel hvernig farið er með þessi mál í nefnd og þess vegna er það ekki ásættanlegt ef það á að vera lenska ráðherranna við 1. umr. um frv. að líta til þess að það sé hið besta mál að skerpa

á frv. eða skerpa á ákvæðum í iðnn., eins og ráðherrann tók til orða hér fyrir hádegið, heldur eigum við að fá þær upplýsingar sem liggja til grundvallar því hvernig, í þessu tilfelli iðnn., fer í málið á fundi sínum.

Herra forseti. Ég kalla eftir því að hæstv. ráðherra skýri þessi mál nánar.

[14:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. sagði í umræðum um þetta frv. til laga að allt orkaði tvímælis þá gert er. Mér finnst alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram hvaða skilning hæstv. ráðherra hefur á þeirri tillögu sem hér er lögð fram um breytingu á lögum um Landsvirkjun, vegna þess að í einu orðinu er talað um aðgengi sem sé þjóðarnauðsyn í kerfi sem fyrirtækið er búið að koma sér upp, en í hinu orðinu er talað um og hæstv. ráðherra gerði það í andsvari, stofnun fyrirtækis. Þetta eru tvö algjörlega ólík mál. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þá ég held að öll þjóðin geti verið sammála um nauðsyn þess að nota slík kerfi til að stunda fjarskipti þar sem þau ná um, en það gildir allt öðru máli um að gera fyrirtækinu kleift að gerast aðili að fjarskiptafyrirtækjum, eins og stendur klárlega í textanum, það er allt annar handleggur.

Ég vil undirstrika það sem kom fram í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að Landsvirkjun hefur mjög mikla sérstöðu fyrirtækja hér á landi, er undanþegið sköttum og skyldum og hefur þar af leiðandi yfirburðastöðu fyrir margra hluta sakir, ekki bara vegna markaðsstöðu sinnar. Það er því stórmál að nálgast hlutina með þeim hætti sem gert er hér og við verðum að ræða þessi mál miklu ítarlegar og fá fram vilja stjórnarmeirihlutans, hvað hann ætlast fyrir. Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir því eða séu ekki samstiga í þessum efnum vegna þess að þeir fulltrúar stjórnarmeirihlutans sem hafa talað hér hafa mjög ólíkan skilning á þessu. Og ef á að stofna fyrirtæki, eins og allt bendir til samkvæmt tillögunni, þá á að segja svo. En ef menn ætla bara að nota þessar fjárfestingar til að auðvelda fjarskipti um hálendið og víðar, þá eiga menn að breyta textanum þannig að klárlega komi fram hver vilji manna er. Þetta er meginatriði.

Ég vil líka árétta það sem ég drap á í fyrri ræðu minni og hæstv. iðnrh. kom inn á að það eru mjög miklar bollaleggingar, mjög mikið hugsað í þessum geira innan Landsvirkjunar. Eignaraðilarnir, eins og fram hefur komið, hafa sett fram hugmyndir um og jafnvel óskað eftir viðræðum um sölu á sínum eignarhlutum, bæði Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, og hæstv. iðnrh. undirstrikaði það áðan. Ef menn ætla að fara í þetta stóra mál og veita fyrirtækinu leyfi eða gera fyrirtækinu kleift að stofna fyrirtæki er aldeilis brýnt í mínum huga að menn velti því fyrir sér hvert þeir ætla að stefna með þetta fyrirtæki, að stjórnarmeirihlutinn leggi það niður fyrir sér hvort hann sé tilbúinn t.d. að ganga til alvarlegra viðræðna við Akureyrarbæ eða Reykjavíkurborg eða báða, um hugsanleg kaup á Landsvirkjun og hvaða form menn ætla að hafa á því.

Réttindi hugsanlegra annarra orkuframleiðenda til að fara inn á dreifikerfið er líka mál sem liggur fyrir. Þetta er óafgreitt mál. Ef menn ætla að taka svo stórt upp í sig eins og hér er lagt til þarf það miklu meiri umfjöllun í nefndum og ég geri ráð fyrir að hv. iðnn. taki þetta mál og vinni og kalli til sín þá aðila sem til þarf til að leggja það niður fyrir sér. En það sem er himinklárt er að stjórnarmeirihlutinn verður að vita hvað hann vill. Og eins og fram hefur komið í máli hv. formanns iðnn., eins og hans hugsun er varðandi þetta mál, þá er sú hugsun ekki á móti mínu skapi, þ.e. aðgangur að þessum búnaði. En fyrirtækjadæmið, eins og fram kemur í textanum og heimild er veitt til ef frv. verður að lögum, er stóra málið sem þarf að fá ítarlega umfjöllun að mínu mati.

[14:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki miklu við þessa umræðu að bæta. Það hefur eiginlega tekist með lagni að fá fram hvað hér er raunverulega á ferðinni. En ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa lýst yfir ákveðinni vanþóknun á því hvernig þetta mál er lagt fyrir Alþingi og ég tel það til lítils sóma fyrir þann hæstv. ráðherra sem kom með málið hér inn að það skuli ekki skýrt betur út í gögnum en raun ber vitni. En ég kem hingað upp fyrst og fremst í því skyni að beina einni spurningu til hæstv. ráðherra og hún er þessi: Er hugmyndin sú að leggja fjarskiptabúnað Landsvirkjunar til þessa fyrirtækis sem hlutafé og mun Landsvirkjun þá jafnframt ein eiga aðild eða eiga allt hlutafé í þessu fyrirtæki, eða liggur fyrir einhvers konar yfirlýsing um samstarf við einhverja aðra aðila?

Síðan er annað sem ekki hefur komið fram í þessari umræðu, virðulegi forseti, en það er að kynning á því hvað hér er raunverulega á ferðinni, hvort hér sé aðeins um lítið fjarskiptakerfi á hálendinu að ræða eða hvort hægt sé að nýta það með einhverjum öðrum hætti. Það liggur ekki fyrir og ég ætla ekkert að krefja hæstv. ráðherra svara um það hvort heldur er. En fyrst og fremst langar mig að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hugmyndin sé sú að Landsvirkjun eigi þetta fjarskiptafyrirtæki ein eða hvort fyrir liggur einhver viljayfirlýsing eða ásetningur um samstarf við önnur fjarskiptafyrirtæki til reksturs á þessu nýja hlutafélagi.

[14:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Stundum finnst mér eins og hv. þingmenn vilji ljúka umræðunni við 1. umr., vilji fara það náið í málin, en samkvæmt þingsköpum á 1. umr. að vera til þess að fjalla almennt um mál en ekki að fara alveg ofan í hvert einasta atriði. En þetta litla frv. hefur kallað á þó nokkuð mikla umræðu hér á hv. Alþingi og í sjálfu sér er ekkert um það að segja. En út af orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um að óviðeigandi sé að ráðherrar bendi á að mál séu skoðuð í nefnd, þá finnst mér það ekki vera eðlileg athugasemd þar sem nefndastarfið er náttúrlega mikilvægasta starfið á hv. Alþingi. En mér finnst liggja alveg ljóst fyrir hvað verið er að gera með frv. og það kemur fram í þeim snarpa texta í athugasemdum við lagafrv. Hvernig skilja hv. þm. þennan texta, með leyfi forseta:

„Ýmsir aðilar hafa óskað eftir samstarfi við Landsvirkjun um fjarskiptastarfsemi þar sem fjarskiptakerfi fyrirtækisins yrði notað. Til að af slíku geti orðið þarf Landsvirkjun lagaheimild, enda eðlilegt að slík starfsemi sé rekin utan hefðbundins reksturs fyrirtækisins."

Þetta finnst mér vera ákaflega skýrt. Landsvirkjun sjálf ætlar ekki að reka þetta heldur setja reksturinn inn í annað fyrirtæki sem er þá í eðlilegu skattumhverfi o.s.frv. Það kemur líka fram í grg. að aðilar hafa óskað eftir samstarfi við Landsvirkjun. Ég held því að hv. þm. séu að mikla þetta eitthvað fyrir sér og kannski óþarflega mikið. Það er ekki mitt hlutverk að svara nákvæmlega fyrir um það hvernig Landsvirkjun mun síðan spila úr þessum málum. Auðvitað

er stjórn yfir þessu fyrirtæki og því er ekki fjarstýrt úr iðnrn. ef einhver heldur það. Það er bara ekki þannig. Ég tel að mér beri ekki nein skylda til að svara í smáatriðum hlutum sem eru til umfjöllunar hjá þessu fyrirtæki frekar en mörgum öðrum fyrirtækjum sem heyra undir ráðuneytið. Og eins og allir vita á ríkið ekki eitt þetta fyrirtæki, Landsvirkjun.

Varðandi mál sem nefnd voru hér og spurningar komu fram um ákveðið fyrirtæki sem vinnur að öryggismálum, þá tel ég ekki ástæðu til að svara því nákvæmlega hvert verksvið þess fyrirtækis er og hvernig það tengist þessu máli, því það hlýtur þá að vera mjög óbeint. Hér er einungis um heimild að ræða fyrir Landsvirkjun til að útvíkka starfsemi sína þar sem fyrirtækið er rekið í mjög sérstöku umhverfi. Við vitum að um fjarskiptabúnað er að ræða sem gæti nýst almenningi betur ef þetta frv. verður að lögum, og það sem er kannski allra mikilvægast að hann gæti nýst í sambandi við öryggismál.

[14:26]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta er afskaplega auðskiljanlegt að farið sé í töluverða umræðu um frv. því það er afar óljóst og allir þættir þess. Og sérstaklega í ljósi þess að hér er aftur og aftur og nú síðast hjá hæstv. ráðherra talað um öryggismál og að þetta fyrirtæki sem hefur nú fengið TETRA-fjarskiptakerfi, sem er umrætt öryggiskerfi, komi málinu bara harla lítið við. En samt er það þannig að málið snýst um öryggismál. Það er kominn tími til, virðulegi forseti, að þegar á að fara að afgreiða lög frá Alþingi og frv. lagt fram þá liggi fyrir alveg skýr skilgreining á því hvað það frv. feli í sér. Og hvernig skiljum við það að ýmsir aðilar hafi óskað eftir samstarfi? Hvernig skilja menn það? Ég spurði m.a. hvort sá aðili sem fékk rekstur TETRA-fjarskiptakerfisins, sem er það öryggiskerfi sem verið er að tala um hérna og alltaf er verið að reyna að setja inn í þetta frv. en virðist þó ekki vera þar, hafi samstarf við Landsvirkjun? Við hljótum að spyrja um það vegna þess að málið allt snýst nákvæmlega um þetta. Almennar upplýsingar um hvað þetta frv. þýðir liggja ekki fyrir og það eru mjög margar spurningar eftir, virðulegi forseti, sem bíða 2. og 3. umr. Það er þannig. Það var bara alls ekki svo að við ætluðum að fara að afgreiða málið í eitt skipti fyrir öll, við erum bara rétt að byrja að ræða um mikilvægi þessa fyrirtækis, Landsvirkjunar, mikilvægi öryggismála. Ekki er hægt að afgreiða þetta þannig að það fyrirtæki sem fékk reksturinn á TETRA-fjarskiptakerfinu skipti ekki máli vegna þess að það er ríkið sem borgar, það erum við sem borgum, og þetta er eitt af verkefnum samfélagsins. (Forseti hringir.) Reiknað var með að verkefnið kostaði 300 millj. á fimm árum og þess vegna hljóta allar upplýsingar um þennan rekstur að verða að liggja fyrir, virðulegi forseti. Og takk fyrir, virðulegi forseti, að ekki skuli vera sá háttur hafður á af hálfu forseta að liggja á bjöllunni.

[14:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ráðherrar velji mjög oft að láta eins og þeir skilji ekki spurningar eða að horfa fram hjá því sem um er spurt. Ábendingar eru teknar þannig að snúið er út úr þeim og það var gert að þessu sinni. Að sjálfsögðu hef ég ekki á móti því að mál sé skoðað í nefnd. Að sjálfsögðu vil ég að nefndavinnan sé öflug, ég hef sjálf stýrt nefnd á Alþingi um fjölda ára. Það sem ég er að gagnrýna er að þegar þingmenn í umræðu biðja um svör sem varpi ljósi á umræðuna, svör um eitthvað sem ekki er ljóst, þá óska þeir eftir að það svar komi fram og málið sé skýrt vegna umræðunnar hér sem er veganesti inn í nefndastarfið. Þetta veit hæstv. ráðherra harla vel.

Ráðherrann hefur aftur og aftur sagt „þetta litla frv.“ og það fær mig til að velta því fyrir mér hvort stærð máls sé mælt í texta frv. hjá ráðherra iðnaðar- og viðskiptamála. Þetta er mjög lítið frv. og ég er að gagnrýna það að ekki hafi komið fleiri upplýsingar fram, en svo sannarlega getur mál verið gríðarlega stórt þó það sé tilvísun í örlitla breytingu á lagatexta. Það getur verið svo stórt að það gjörbreyti öllu lagaumhverfi í viðkomandi málaflokki. Það sem málið snýst um er að verið er að veita Landsvirkjun heimild til þess að eiga hlut í öðrum fyrirtækjum, það hefur komið fram í umræðunni að stofna á nýtt félag um ljósleiðarann, annað hefur ekki komið skýrt fram í umræðunni. Það verður að sjálfsögðu skýrt í nefndinni. En ég harma að snúið sé út úr umræðunni eins og hér var gert af ráðherrans hálfu.

[14:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Skoðanaskiptin sem hér eiga sér stað eru svo sannarlega skiljanleg. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með hæstv. iðnrh. sem telur sér ekki skylt að skýra nánar þá hluti sem hér er um spurt. Hún vitnar til þingskapa um hvernig 1. umr. eigi að vera og hvað hún eigi að fela í sér og sér ekki ástæðu til að svara ákveðnum spurningum sem hér eru lagðar fyrir hana til að varpa ljósi á frv. sem hér er til umræðu. Ég er harla hissa, herra forseti, á þessum viðbrögðum og tek undir þau orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem talaði hér á undan mér og lýsti sams konar furðu á viðbrögðum ráðherra.

Til þess að hér séu tekin af öll tvímæli óska ég eftir því að hæstv. ráðherra svari skýrt og klárt hvers vegna frv. er ekki bundið við heimild til samvinnu við aðila sem starfa í löggæslu- eða öryggismálum um rekstur kerfis sem Landsvirkjun þegar á og rekur. Getur hæstv. iðnrh. ekki svarað því hvers vegna heimildin í þessu frv. á að vera svona víð og opin? Það veldur hv. þm. áhyggjum. Þingmenn hafa lýst því yfir í ræðum sínum að það að þarna er til fjarskiptakerfi sem getur lagt okkur lið í öryggismálum og löggæslu sé af hinu góða. Þess vegna spyr ég og held að hæstv. iðnrh. hljóti að bera skylda til að svara því: Hvers vegna er frv. ekki bundið við heimild til samvinnu við aðila löggæslu- og öryggismála?

Ég verð, herra forseti, einnig að lýsa furðu minni á því að hæstv. ráðherra skuli hafa lýst því yfir í ræðu sinni áðan að hér væri um að ræða stofnun nýs fyrirtækis. Það gerði hæstv. ráðherra, hún ræddi um stofnun nýs fyrirtækis á fjarskiptamarkaði sem lyti almennum skattareglum en nyti ekki þeirra ívilnunarákvæða sem Landsvirkjun býr við í dag. Nýtt fjarskiptafyrirtæki getur eðlilega ekki búið við þær ívilnanir sem Landsvirkjun býr við. Ég óska eftir því að ráðherrann svari þeim spurningum sem hér hafa verið bornar upp og ítreka að umræðan sem hér fer fram er eðlileg í ljósi þess hversu óljósir hlutir eru á ferðinni í þessu „litla frv.“ eins og hæstv. ráðherra kallar það og „þessum snarpa texta“.

[14:34]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög og hafði raunar ekki ætlað að taka þátt í henni. En ég get ekki

orða bundist eftir því sem þessari umræðu hefur undið fram vegna viðbragða hæstv. iðnrh. og raunar stjórnarliða allra sem að málinu hafa komið og bera það hér upp.

Fyrst vil ég segja, herra forseti, að mér fannst nýr hæstv. iðnrh. byrja býsna hressilega í sínu starfi. Mér fannst mannsbragur á fyrstu embættisverkum hennar. Hún kom með öðrum orðum með nýjan andblæ í þetta ráðuneyti og ríkisstjórnina. Þess þurfti með. Hitt er svo annað mál að heldur finnst mér hún hafa fellt seglin þegar kemur að umræðunni sem hér á sér stað.

Herra forseti. Þegar hæstv. ráðherrar leggja fram mál sem eru stefnumarkandi eins og það sem hér um ræðir og kalla þau smámál en fá yfir sig þungar og viðamiklar spurningar um tæknileg og pólitísk efni þá gengur ekki að reyna að víkja sér undan þeirri umræðu með því að vísa á nefndina. Það er hárrétt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði hér áðan. Nú á tveimur dögum hafa tveir nýir ráðherrar, annars vegar hæstv. dómsmrh. og nú hæstv. iðnrh., skotið sér undan þegar bornar hafa verið upp erfiðar spurningar, pólitísks eðlis eða tæknilegs, og sagt: Nefndin reddar þessu, þetta er ágætis ábending en nefndin fer í þetta og lagar.

Það er út af fyrir sig alþekkt á hinu háa Alþingi að nefndir þingsins hafi stundum þurft að færa til betri vegar frv. sem komið hafa úr einstökum ráðuneytum. Við því er ekkert að segja en ráðherrar geta hins vegar ekki skotið sér fram hjá 1. umr. máls með því að vísa til nefndarstarfs. Það hafa þær stöllur gert hér, hæstv. dómsmrh. í gær og hæstv. iðnrh. núna. Ég lýsi yfir sérstökum vonbrigðum mínum með það. Þannig má þetta ekki ganga og á því er enginn mannsbragur.

Hér er stórt mál á ferðinni og ekki nýtt af nálinni. Það er enn einn liðurinn í þeirri eðlilegu og umfangsmiklu umræðu sem farið hefur fram vegna breytinga sem eiga sér nú stað á fjarskiptamarkaði og grundvallast á þjóðvegakerfinu í fjarskiptum sem stundum hefur verið nefnt upplýsingahraðbrautin. Það er ekki lítið mál þegar menn ræða um breytt eðli og hlutverk fyrirtækis á borð við Landsvirkjun. Fyrirtækis sem í fyrsta lagi skuldar tugmilljarða króna, í öðru lagi veltir það svipaðri upphæð, er í þriðja lagi að fara í fjárfestingar sem skipta tugmilljörðum kr., hundruðum milljarða þegar allt verður tínt saman. Í fjórða lagi er fyrirtækið að helmingi í eigu ríkissjóðs. Menn ræða það ekki í einhverju framhjáhlaupi þegar Alþingi Íslendinga ætlar að taka ákvörðun um að þetta fyrirtæki hasli sér völl á nýjum vettvangi, verði meðeigandi í öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaheiminum. Þá geta menn ekki sagt: Þetta er smámál og ef eitthvað þarf að lappa upp á og laga þá gera menn það í nefndinni.

Svona koma menn ekki til þings, herra forseti. Alls ekki nýir, ferskir og djarfir hæstv. ráðherrar. Ég sé hins vegar að hæstv. ráðherra er gjörsamlega hættur í þessu máli. Hún er greinilega að búa sig undir hið næsta. En um það er ekkert að segja, herra forseti. Hæstv. ráðherra. hefur talað hér þrisvar en á þess þó kost að taka þátt í umræðunni hér með andsvörum, en er líka hætt því. (**Iðnrh.:** Nei, nei.) Það verður þá svo að vera. Ég vil hins vegar hafa það niðurskráð að þetta er engin frammistaða. Það er sannarlega hárrétt að hv. iðnn. og raunar efh.- og viðskn. og samgn., sem þurfa líka að koma að þessu máli, þurfa að vinna þetta mál allt frá grunni. Hér er komið til þings með frv. af þessari stærðargráðu, með greinargerð sem telur sex línur og athugasemdir frá fjmrn. upp á þrjár línur þar sem fullyrt er að þetta hafi engin áhrif á ríkissjóð. Líklega má til sanns vegar færa að það hafi ekki áhrif á ríkissjóð til skamms tíma, en á efnahagskerfi landsins, maður lifandi. Þetta er auðvitað móðgun og, herra forseti, algjör sóun á pappír hafa kápu utan um þetta frv. Það er ekkert nema forsíðan.

Herra forseti, svona gera menn ekki og alls ekki nýir ráðherrar sem ætla að taka upp ný og betri vinnubrögð. Hæstv. iðnrh. gerir vonandi betur næst.

[14:40]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. síðasta ræðumanns kom m.a. fram að hann taldi að greinargerð frv. væri of stutt. Ég tel nú eðlilegt að benda á að gæði fylgja ekki alltaf lengdinni. Ég tel ræðu hv. þm. vera kannski gleggsta dæmið um það. Hún fjallaði minnst um frv. sem hér er til umfjöllunar. Málið er í raun afskaplega einfalt. Landsvirkjun á ljósleiðara sem hún hefur þurft að koma sér upp af öryggisástæðum, til að geta stjórnað því mikla púsluverki sem Landsvirkjun er og sér landsmönnum sem kunnugt er fyrir rafurmagni. Síðan hefur það einfaldlega gerst að aðrir aðilar sjá möguleika á að nýta þennan ljósleiðara, m.a. og fyrst og fremst af öryggisástæðum. Þá er spurningin sú: Á Landsvirkjun að leyfa það? Það er líka vert að draga fram, herra forseti, að hér er ekki verið að tala um ljósleiðara í þéttbýlinu heldur uppi á fjöllum. Þess vegna er talað um öryggisatriði í þessu máli. (Gripið fram í.) Það hefur síðan gerst að aðrir, einkaaðilar, vilja líka komast inn á þessa hraðbraut til þess að geta þjónað ferðamönnum á hálendinu. Það er í sjálfu sér líka öryggisatriði. Hins vegar er Landsvirkjun undanþegin sköttum og skyldum eins og hv. þm. hafa bent á og þess vegna er rökrétt og eðlilegt að stofna fyrirtæki um rekstur inn á þessari upplýsingahraðbraut. Málið er ekkert flóknara en það, herra forseti.

[14:42]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, málið er greinilega miklu flóknara en það. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur ekki lesið frv. þó stutt sé. Það snýst auðvitað ekki um að Landsvirkjun taki ákvörðun um að hleypa einhverjum inn á þennan ljósleiðara og leyfa öðrum aðilum að nýta hann. Það snýst um að Landsvirkjun verði aðili að þeim fyrirtækjum. Það er bara allt annar hlutur. Ég bið hv. þm. að lesa þetta frv., það er stutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (ársfundur og skipan stjórnar). — Þskj. 435.

[14:43]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61/1997, með síðari breytingum. Um er að ræða einfalda breytingu á 4. gr. laganna sem felur í sér að halda skuli ársfund Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir 1. maí ár hvert og að nánar verði kveðið á um ársfundinn í reglugerð.

Viðskrh. skipar á ársfundi fimm menn í stjórn Nýsköpunarsjóðs. Aðrar breytingar eru ekki lagðar til í frv. þessu sem m.a. felur í sér að áfram sitja fimm menn í stjórninni. Eins og áður verður hún skipuð einum manni tilnefndum af iðnrh., einum eftir tilnefningu iðnrh. samkvæmt ábendingum atvinnufyrirtækja í iðnaði, einum eftir tilnefningu sjútvrh.,

einum eftir tilnefningu sjútvrh. samkvæmt ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og einum samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands.

Ástæða fyrir þessu frv. til laga um breytingar á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er að á þeim tíma sem sjóðurinn hefur starfað hefur komið í ljós að þörf er á því að reglulega verði haldnir ársfundir eins og almennt tíðkast í atvinnulífinu. Þörf fyrir miðlun upplýsinga er tengjast starfsemi Nýsköpunarsjóðs og annarra stofnana sem ráðstafa opinberu fé er síst minni en almennt gildir í atvinnulífinu. Á grundvelli þess er í frv. þessu lagt til að ársfundir Nýsköpunarsjóðs verði festir í sessi. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari ákvæði um dagskrá og fyrirkomulag funda í reglugerð en við það miðað að dagskrá ársfunda Nýsköpunarsjóðs verði með hefðbundnu sniði.

Ég mælist til þess, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnn. og 2. umr.

[14:45]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta litla frv. er svolítið annars eðlis en það sem við vorum að ræða áðan og gefur örugglega ekki tilefni til annarrar eins umræðu og verið hefur um frv. um Landsvirkjun. Ég tel þetta til bóta og reyndar sjálfsagt að haldnir séu reglulegir ársfundir og þar skili þessi sjóður skýrslu eins og reikna má með að gera eigi í slíkri starfsemi. Hins vegar væri gaman, þó við sleppum því kannski í dag, virðulegi forseti, að hafa umræðu um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og hvort hann hefur sinnt því hlutverki sem honum var ætlað samkvæmt lögum þegar hann var settur á laggirnar. Ég tel fulla þörf á að fara yfir hvort þau markmið sem þar voru sett hafi náðst. Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir slíkri umræða, ef ekki þá munum við í Samfylkingunni gera það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðlagatrygging Íslands, 1. umr.

Frv. BjörgvS o.fl., 181. mál (styrkir til forvarna). — Þskj. 210.

[14:47]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992. Fyrsti flm. þessa máls er Björgvin G. Sigurðsson sem sat hér um skeið sem varaþingmaður en situr ekki núna og þess vegna mæli ég fyrir frv. Auk okkar tveggja er hv. þm. Einar Már Sigurðarson flm. að frv.

Í 1. gr. frv. er lagt til að hlutverk Viðlagatryggingar verði breytt þannig að hún vátryggi gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara og veiti styrki til rannsókna og framkvæmda sem ætlað er og sýnt er fram á að varni og dragi úr tjóni af völdum náttúruhamfara.

2. gr. frv. hljóðar svo, en það er breyting á 21. gr.:

„Stjórn stofnunarinnar skal veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara sé sannanlega sýnt fram á að um virkar forvarnir sé að ræða. Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs. Árleg heildarfjárveiting í þessu skyni má þó ekki vera meiri en 8% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs."

Í 3. gr. er mælt fyrir um að lög þessi öðlist þegar gildi þegar Alþingi hefur samþykkt þau.

Virðulegi forseti. Frv. þetta er lagt fram í því skyni að koma í veg fyrir þær miklu og ófyrirséðu hörmungar sem náttúruhamfarir geta valdið með tilheyrandi eignatjóni og mannskaða. Með náttúruhamförum er m.a. átt við jarðskjálfta, skriðuföll, vatnsflóð og snjóflóð. Mikilvægt er að öflugt forvarnastarf verði unnið á þessu sviði svo að koma megi í veg fyrir eða minnka hættuna á eignatjóni og mannskaða. Sérstaklega er brýnt að afstýra tjóni sem orðið getur á heilbrigðisstofnunum, skólum og elliheimilum. Í mörgum tilfellum er einnig mikilvægt að veita einstaklingum styrki til slíkra forvarna sé sannanlega sýnt fram á að yfir lífi þeirra og eignum vofi vá náttúruhamfara.

Það hefur margoft komið í ljós að náttúruhamfarir hafa valdið meira tjóni en orðið hefði ef forvarnastarfi hefði verið betur sinnt og meira fé runnið til þess. Viðlagatrygging Íslands ætti að hafa skýrara hlutverki að gegna í þessu sambandi og því er mikilvægt að umboð hennar og hlutverk til þess að veita fé til forvarna sé skýrara en það er nú. Því er lagt til í frv. þessu að hún skuli veita fé til forvarna gegn náttúruhamförum sé sannanlega sýnt fram á að þær séu virkar.

Í tíð Íslandsbyggðar hafa náttúruhamfarir margoft valdið gríðarlegu tjóni. Það eina sem komið getur í veg fyrir og minnkað hættuna sem af þeim stafar er fé til forvarna. Sem dæmi má nefna að hægt er að veita stofnunum og einstaklingum á jarðskjálftasvæðum fé til að styrkja gler í gluggum og til að koma upp neyðarútgönguleiðum úr byggingum og eins þyrfti að tryggja að þær byggðir landsins sem eru á snjóflóðasvæðum séu varðar sem skyldi.

Í frv. er lagt til að hlutverk Viðlagatryggingar Íslands sé aukið í þá veru að hún virki sem forvörn gegn yfirvofandi náttúruhamförum auk þess að vátryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laganna. Því er einnig mikilvægt að árleg heildarfjárveiting til Viðlagatryggingar Íslands megi vera hærri og lagt til að hún sé hækkuð í 8% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs svo að stofnunin geti sinnt þessu aukna hlutverki.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málið fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sameining ríkisbanka áður en þeir verða seldir, fyrri umr.

Þáltill. GAK og GIG, 265. mál. — Þskj. 342.

[14:51]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sameiningu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hagkvæmni þess að sameina ríkisbanka áður en til sölu þeirra kemur til að tryggja þjóðinni hámarksarð af eign sinni."

Viðskrh. lagði í desember sl. fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Samkvæmt frv. sem nú er orðið að lögum var stefnt að því að 15% af hlutafé ríkisins í hvorum banka yrðu seld í lok desember 1999. Það gekk eftir og seldist allt hlutaféð.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, með leyfi forseta:

„Hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu.“ Þar segir enn fremur: „Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum.“

Við flutningsmenn tillögunnar, sá sem hér stendur og 1. vþm. Frjálsl. fl., Gunnar Ingi Gunnarsson, sem sat á þingi fyrir áramót, teljum víst að ríkisstjórnin vilji standa að sölu þessara eigna í samræmi við stefnuyfirlýsingu sína og því hljóti að teljast eðlilegt að auka verðmæti eignanna eins og mögulegt er áður en þær verða falboðnar að öllu leyti.

Komið hefur fram opinberlega í viðtölum við stjórnendur banka að þeir telji að bankar verði sameinaðir þegar ríkið á ekki lengur meiri hluta. Því er rétt að sameina bankana fyrst til að þjóðin fái hámarksarð af eign sinni og að þeir 3–4 milljarðar, sem verðmæti sameinaðs banka, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, gæti aukist um eftir sameiningu þeirra, komi inn áður en þjóðin selur þessa eign sína. Ef Landsbanki Íslands yrði t.d. sameinaður Íslandsbanka væri verið að rétta eigendum einkabankanna að gjöf helminginn af þeirri verðmætaaukningu sem sameining Landsbanka og Búnaðarbanka gæfi í aðra hönd. Rétt er að minna á að enn hafa ekki verið settar reglur um dreifða eignaraðild og því erfitt að sjá fyrir hvernig mál þróast verði einungis tekið mið af markmiðum ríkisstjórnarinnar um dreifða eignaraðild, eins og segir orðrétt í frv. hæstv. viðskrh. eins og það var samþykkt á hinu háa Alþingi fyrir jól.

Nú hefur verið upplýst af stjórnendum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að bankinn hyggist opna fyrir innlánsviðskipti og almenna bankaþjónustu fyrir einstaklinga. Í ljósi þessa er enn frekar ástæða til að stíga þetta skref, að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann í einn öflugan banka áður en þeir verða einkavæddir með sölu á þeim hluta sem er í eigu þjóðarinnar og tryggja þannig að sem mest verð fáist fyrir bankana við sölu. Svo er annað mál hvort menn vilja nota það fé sem fæst við sölu þessara banka fljótlega eftir að þeir peningar koma inn til ríkissjóðs eða síðar. Það fer auðvitað eftir ástandi í þjóðfélaginu hverju sinni. Taka þarf mið af því hvort mikil þensla er fyrir í þjóðfélaginu eða ekki. Eftir sem áður væri hægt að finna mörg verkefni sem koma mundu þjóðfélaginu vel og hægt væri að framkvæma fyrir hið aukna fé sem fengist við sölu bankanna ef þeir yrðu sameinaðir áður en til sölu kemur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 14:55]

Umræður utan dagskrár.

Framtíð Rafmagnsveitna ríkisins (Rarik).

[15:00]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Framganga hæstv. iðnrh. vegna hugmynda um framtíð Rafmagnsveitna ríkisins, Rariks, hefur valdið óþarfa misskilningi, uppnámi, ruglingi í fréttaflutningi og óvissu og tortryggni meðal starfsmanna og notenda.

Rarik er landsbyggðarfyrirtæki með um 240 starfsmenn sem dreifast um allt land en 60 af 240 starfsmönnum eru staðsettir í höfuðstöðvum Rariks í Reykjavík. Hæstv. ríkisstjórn hefur samþykkt að heimila iðnrn. viðræður við Akureyrarbæ um könnun á mögulegri eignarformsbreytingu á Rarik með aðkomu Akureyringa og flutningi höfuðstöðva fyrirtækisins til Akureyrar.

Vegna stórfellds misskilnings í fréttaflutningi varðandi þessa hugmynd óska ég eftir því að hæstv. iðnrh. staðfesti hér að einungis sé um að ræða heimild til viðræðna um hugmynd og að engin ákvörðun hafi verið tekin.

Í tillögu iðnrh. er jafnframt reiknað með að kannaður verði rekstrargrundvöllur fyrirtækis sem þjónaði útvíkkuðu rekstrarsvæði Rariks. Það kemur mér á óvart að iðnrn. viti ekki að Rarik hefur unnið mjög skipulega að útvíkkun rekstrarsvæðis um árabil til að styrkja hagsmuni landsbyggðarinnar og náð ágætum árangri þrátt fyrir ýmsar skyldur við dreifbýl svæði, skyldur sem kosta meira en tekjur skila til baka.

Það er ekki nýtt að rætt sé um Rarik undir ýmsum formerkjum, síðast tengdist það Akureyri árið 1993 þegar rætt var um að veiturnar á Akureyri gengju inn í Rarik. Um þetta getur hæstv. iðnrh. í erindi sínu til ríkisstjórnarinnar en það er rangt sem sagt er þar, að Rarik hafi lagst gegn málinu þá. Ljóst var að megintilgangur Akureyrarbæjar þá var að ná út eignarhlut bæjarins í Landsvirkjun. En það var Reykjavíkurborg sem lagðist þá gegn breytingu á eignarhaldi í Landsvirkjun og allt bendir til að það hafi verið meginaástæðan fyrir því að viðræður fóru út um þúfur.

Það má minna á að Reykjavíkurborg er skrifuð fyrir 45% í Landsvirkjun og Akureyri liðlega 5% en þessi ágætu bæjarfélög hafa nánast ekki lagt krónu af eigin fjármagni til Landsvirkjunar landsmanna allra. Þau hafa þó notið sérkjara umfram aðra landsmenn í orkukaupum. Þessi ágætu bæjarfélög hafa því fengið áskrift að eignum án áhættu. Ekki er alltaf allt sem sýnist.

Það er sjálfsagt að ræða þessar hugmyndir og veiturnar á Akureyri væru mikil búbót fyrir landsbyggðarfyrirtækið Rarik. En það er ekki trúverðugt að setja á oddinn kröfu um flutning höfuðstöðva til Akureyrar, þar sem nú þegar eru 25 starfsmenn Rariks eða helmingi færri en í höfuðborg landsins. Það er ekki ástæða til að útiloka neitt fyrir fram en ef flytja ætti höfuðstöðvar Rariks út á land og styðja landsbyggðarrökum þá liggur beinast við að höfuðstöðvarnar færu til Suðurlands.

Nær 90%, herra forseti, af allri orkuframleiðslu Íslendinga á sér stað á Suðurlandi án þess að hún hafi verið Sunnlendingum sérstök hlunnindi umfram aðra. Það kann líka að vera að orkuveitur á Suðurnesjum, Ölfusi, Árborg, í Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjum vildu taka þátt í frekari útvíkkun á rekstri Rariks. Nú þegar eru orkuveiturnar á Höfn í Hornafirði og Hveragerði innan borðs hjá Rarik. Það er varla þornað blekið á kaupsamningi Rariks við Hveragerðisbæ um kaup á Veitustofnun Hveragerðis. Hvergerðingar voru ekki að selja fyrirtækið til þess að það færi

beint undir forsjá nýs Rariks sem tengdist fyrst og fremst, beint og óbeint, forsjá nýs norðausturkjördæmis.

Ég vantreysti ekki forustumönnum Akureyrar, síður en svo. En þessi mál eru margslungin og viðkvæm og margs er að gæta. Friður verður að ríkja um framtíðarþróun í þessum efnum. Ég tek undir þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá bæjarstjóranum á Akureyri að það er áhyggjuefni ef landsbyggðin verður út undan í kapphlaupinu um orkubúskapinn. Þetta má ekki fara í sama horf og mest er deilt um í fiskveiðistjórninni, að þeir stóru gleypi allt. Höfuðborgin sem aðrir verða að fara varlega í þessum efnum.

Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að því hjá Rarik að treysta rekstrargrundvöll fyrirtækisins m.a. með því að kaupa veitukerfi í þéttbýli. Hagræðing hefur aukist og rekstur bækistöðva fyrirtækisins á landsbyggðinni hefur styrkst. Árið 1991 keypti Rarik dreifikerfi hitaveitunnar á Höfn í Hornafirði, 1992 á Seyðisfirði, dreifikerfi og virkjun á Siglufirði og Skeiðsfossvirkjun í Fljótum 1991, rafdreifikerfið í Borgarnesi og Hvanneyri 1995 og veituna í Hveragerði í ársbyrjun nú. Þá er Rarik að undirbúa 90 megavatta jarðgufuvirkjun í Grændal í Hveragerði á vegum Sunnlenskrar orku í samstarfi við sunnlensk sveitarfélög. Rarik á jafnframt 75% í Héraðsvötnum sem kanna möguleika á 33 megavatta vatnsaflsvirkjun í Skagafirði.

Rarik er skipt upp í fimm umdæmi með aðalskrifstofu í Reykjavík. Á Vesturlandi eru 32 starfsmenn, á Norðurl. v. 30, á Norðurl. e. 32, þar af 25 á Akureyri, á Austurlandi 54, á Suðurlandi 25 og í Reykjavík 60.

Herra forseti. Það er grundvallaratriði og krafa að Rarik sem landsbyggðarfyrirtæki hafi fulla aðild að viðræðum um stefnumótun og framtíð fyrirtækisins, sama hver á í hlut. Um allt annað verður ósætti.

[15:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 2. febrúar sl. gerði ég grein fyrir viðræðum sem ég og forveri minn höfum átt við bæjarstjórann á Akureyri um hugsanlegt samstarf ríkis og bæjarins í orkumálum og bréfi sem bæjarstjórinn sendi mér 17. janúar sl. í framhaldi af þessum viðræðum. Í bréfinu leggur bæjarstjórinn til að ráðuneytið og Akureyrarbær kanni sameiginlega mögulega kosti við eignarformsbreytingu á Rafmagnsveitum ríkisins með aðkomu Akureyringa og flutningi höfuðstöðva fyrirtækisins til Akureyrar. Jafnframt var lagt til að kannaður yrði rekstrargrundvöllur fyrirtækis sem þjónaði útvíkkuðu rekstrarsvæði rafmagnsveitnanna og hvaða umbætur væri nauðsynlegt að gera til að tryggja rekstur slíks fyrirtækis. Í bréfinu kemur fram að hugsanlegt er að eignir orkuveitna Akureyrarbæjar yrðu lagðar inn í slíkt félag.

Á fundinum samþykkti ríkisstjórnin að gengið yrði til samstarfs við Akureyrarbæ um slíka athugun og jafnframt yrði kannaður áhugi hjá öðrum sveitarfélögum á samstarfi við ríkið og bæinn. Þetta er staða málsins. Orðum hv. málshefjanda um óeðlilegan framgang minn í þessu máli vísa ég til föðurhúsanna. Ef um misskilning er að ræða í þessu máli þá er hann tilkominn vegna mistúlkunar bæjarstjórans á Akureyri en ekki þeirrar sem hér stendur.

Vilji er fyrir hendi hjá ríki og Akureyrarbæ til að kanna samstarf í þessu efni. Næsta skref er að gera verk- og tímaáætlun fyrir athugunina og fá óháðan ráðgjafa til að vinna að henni. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvernig umrædd fyrirtæki komi að málinu en ljóst er að til þess að unnt verði að vinna að verkefninu með skilvirkum hætti þarf að leita til fyrirtækjanna og starfsmanna, m.a. eftir upplýsingum og gögnum.

Á árinu 1993 sömdu iðnrn. og bæjarstjórn Akureyrar um að láta fara fram sameiginlega könnun á stofnun hlutafélags sem yfirtæki eignir og skuldir Rafmagnsveitna ríkisins, Rafveitu Akureyrar og eignarhluta Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Málið var ekki til lykta leitt, en sterkar vísbendingar um að sameining mundi skila umtalsverðri hagræðingu sem numið gæti um 5% af rekstrargjöldum. Auk þessa var talið að unnt væri að draga álíka mikið úr rekstrarkostnaði með hagræðingu hjá Rafmagnsveitunum óháð sameiningu fyrirtækjanna.

Þá eru sterkar vísbendingar um að með sameiningu yrði til framsækið og öflugra fyrirtæki sem veitt gæti enn betri þjónustu. Ég tel mjög áhugavert að efna til samstarfs við Akureyrarbæ um þetta verkefni. Bærinn er stór aðili í rekstri orkufyrirtækja, á bæði rafveitu og hitaveitu, tæplega 5,5% eignarhlut í Landsvirkjun og tekur auk þess þátt í rannsóknum á virkjunarkostum í samstarfi við önnur sveitarfélög og orkufyrirtæki. Markmiðið með þeirri nýskipan sem áformað er að koma á í orkumálum á næstu árum er m.a. að auka skilvirkni í rekstri orkufyrirtækja og stuðla þannig að lægra orkuverði. Ætla má að breytingar á skipan orkumála hafi m.a. í för með sér sameiningu orkufyrirtækja í stærri heildir sem verði betur í stakk búnar til samkeppni í greininni.

Reynsla annarra þjóða sem breytt hafa orkulöggjöf sinni er að fyrirtæki hafa leitað nýrra leiða til að draga úr rekstrarkostnaði. Oft hefur það leitt til sameiningar fyrirtækja og samstarfs um tiltekin verkefni. Loks mundi flutningur höfuðstöðva Rafmagnsveitnanna til Akureyrar augljóslega styrkja landsbyggðina. Starfsemi Rariks fer að stærstum hluta fram utan höfuðborgarsvæðisins, fyrirtækið er því í eðli sínu landsbyggðarfyrirtæki og því ekki óeðlilegt að höfuðstöðvar þess séu utan höfuðborgarsvæðisins.

[15:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er forvitnilegt að stjórnarflokkarnir eru komnir í hár saman út af vinnubrögðum. Það kemur okkur í stjórnarandstöðu reyndar ekki á óvart eins og við höfum margsinnis bent á í umræðum í þessum sal.

Herra forseti. Samfylkingin vill að unnið verði betur að uppbyggingu atvinnumála á landsbyggðinni en í stjórnartíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og undir forræði hans sem byggðamálaráðherra. Það verður að ná fram meiri fjölbreytni í störfum í dreifbýli en hingað til hefur verið gert. Þess vegna er þýðingarmikið að staðsetja nýja starfsemi og flytja störf út á landsbyggðina þegar það er skynsamlegt, fært og í sátt.

Stjórnendur og starfsmenn Rariks heyra hins vegar um sameiningaráform í fréttunum. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar virka gerræðisleg á þá sem á hlýða. Það er alveg ljóst að það hefur verið skoðað frá árinu 1993 hvort ávinningur væri að því að sameina Rarik og orkuveitur Akureyrar. Engar ákvarðanir hafa verið teknar á þessu tímabili. Nú tekur ráðherrann ákvarðanir eins og hann eigi fyrirtækið, án samráðs og athugunar á því hvort aðrir kostir séu jafngóðir eða e.t.v. betri.

Hvað með Orkubú Vestfjarða og stöðu þess fyrirtækis sem hefur fyrirheit ríkisins um að það kaupi Orkubú Vestfjarða? Hver á að kaupa Orkubúið nú ef af þessu verður? Hvað með Hveragerði eins og hér hefur verið nefnt og virkjunaráform Sunnlenskrar orku? Hvað með samvinnu

við Hitaveitu Suðurnesja í samanburði við virkjunaráform á Norðurlandi að Þistilreykjum? Þetta ætti að vera skoðað, herra forseti, áður en ákvarðanir eru teknar eins og hér hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnar og ráðherra. Um það er rætt í þessari utandagskrárumræðu en skondið, herra forseti, að stjórnarliði skuli hefja umræðuna.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér virðist í raun blandað saman umræðum um tvö mál. Það fyrra er spurningin um staðsetningu höfuðstöðva Rafmagnsveitna ríkisins. Ég get svo sannarlega tekið undir það að vel færi á því að þetta fyrirtæki sem fyrst og fremst þjónar landsbyggðinni hefði höfuðsstöðvar sínar þar, t.d. á Akureyri. Í öðru lagi er fullkomlega eðlilegt að Akureyringar og Norðlendingar vilji huga að stöðu sinni í orkumálum í ljósi þeirra breytinga sem þar hafa orðið.

Svo kemur að hinum þætti þessa máls sem ég held að ætti að halda aðgreindum, þ.e. spurningunni um breytingar á fyrirtækinu Rafmagnsveitur ríkisins. Spurningarnar eru um hvort sameina eigi það fyrirtæki orkuveitum í eigu annarra aðila þannig að um fyrirtæki í blandaðri eign yrði að ræða. Þá vakna spurningar um framtíðarskipan orkumála í landinu. Hver verður framtíð Landsvirkjunar? Hver verður framtíð Rafmagnsveitna ríkisins? Hvernig á að uppfylla ákvæði orkutilskipunar EES-samningsins o.s.frv.? Hvernig á að sjá fyrir t.d. verðjöfnun á raforku í þessu nýja framtíðarfyrirkomulagi. Spurningar af því tagi og hvort þarna hangi á spýtunni áform um stórfellda einkavæðingu í orkugeiranum held ég að við verðum að fá svarað. Þetta nýja landslag þarf að teikna upp áður en menn taka lítt ígrundaðar ákvarðanir um afmarkaða þætti þessara mála. Ég teldi fara vel á því að menn reyndu að skýra þessa þætti og halda þeim aðgreindum. Það getur verið hið besta mál að þarna verði höfuðstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins færðar til. Það þarf að gera með skynsamlegum hætti og í góðri sátt við starfsmenn o.s.frv. Reyndar er vægi þess máls minna en ætla mætti vegna þess að starfsemin er nú þegar verulega dreifð um landið. En hvað hitt varðar, herra forseti, þá held ég að mikil undirbúningsvinna sé óunnin af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hún þarf að liggja fyrir áður en hægt er að taka skynsamlegar ákvarðanir.

[15:14]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er ljóst að innan Evrópu er mikil breyting að verða á orkusölumálum og orkuframleiðslu. Þar hefur orðið til á tiltölulega fáum árum mikill orkumarkaður og mikil samkeppni þar sem verð hefur farið lækkandi. Flutningamöguleikarnir eru miklu fleiri en þeir voru og í það sama stefnir hjá okkur.

Það hefur legið fyrir að skipan orkumála í framtíðinni mun leiða til sameiningar orkufyrirtækja. Þau verða að takast á við aukna samkeppni með því að sameina og styrkja stöðu sína. Það er mjög mikilvægt, ekki síst á Íslandi þar sem byggðajafnvægi er minna en víðast hvar annars staðar í Evrópu, að á landsbyggðinni verði hægt að koma upp öflugum orkufyrirtækjum sem geti af krafti tekið þátt í að virkja ónýtta orkuframleiðslumöguleika og byggja upp iðnað á grundvelli þessara möguleika. Á Norðurlandi er mikil ónýtt orka hvort sem litið er til vatnsorku eða jarðvarma. Því er brýnt að ýta undir nýtingarmöguleika með því að stuðla að því að til verði fyrirtæki sem hafi stöðu til að takast á við meiri háttar verkefni. Nýjar aðstæður á orkumarkaði kalla á þetta.

Það er löngu tímabært að kanna möguleika á að sameina kosti sem Rarik býr yfir og orkufyrirtæki Akureyrar og fleiri fyrirtæki með það fyrir augum að út úr slíkri athugun gæti komið öflugt orkuframleiðslufyrirtæki sem gæti tekið virkan þátt í samkeppni á orkumarkaði.

[15:16]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hvergi í Evrópu hefur byggðaþróun orðið eins og hér á Íslandi þar sem um 60% þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu. Ég hygg að þverpólitísk samstaða sé um að það sé einn meginvandinn í íslenskum stjórnmálum í dag.

Með rökum má halda því fram að ríkið hafi leitt þessa þróun með staðsetningu þjónustustofnana sinna. Það hefur líka komið fram að a.m.k. þrjár síðustu ríkisstjórnir hafa reynt að snúa af þeirri braut. Í hvert skipti hefur komið í ljós að það reynist mjög erfitt. Það rís upp mikil andstaða við slíkar breytingar.

Herra forseti. Grundvallaratriðið hlýtur ávallt að vera að þjónustustofnanir skuli staðsettar sem næst þeim vettvangi sem þær eiga að þjóna. Þannig má spyrja hvort eðlilegt sé að Vegagerð ríkisins hafi höfuðstöðvar sínar í Reykjavík eða hvort Landhelgisgæslan sé best staðsett með höfuðstöðvar sínar í Reykjavík. Þannig má áfram telja, herra forseti.

Nú er spurningin um hvort Rarik eigi að flytjast norður, suður eða jafnvel eitthvert annað. Það hefur komið fram að verið er að meta hvað er talið skynsamlegast og hagkvæmast í þeim efnum. Fyrr en það mat hefur farið fram er auðvitað ekki hægt að taka neina ákvörðun.

Það liggur líka fyrir, herra forseti, að nú eru breyttar aðstæður, pólitískar, hvað varðar byggðasjónarmið, samgöngur og einnig hvað varðar fjarskipti. Á þeim forsendum og á þeim grundvelli má segja að landamæri séu upphafin. Því er rökrétt og eðlilegt að ríkisvaldið endurskoði stefnu sína um staðsetningu ríkisstofnana og fylgi eftir með heildaráætlun um staðsetningu þeirra. Mikilvægt er að það gerist yfirvegað og verði kynnt þannig að hægt sé að koma í veg fyrir það sem verst er af öllu, þ.e. að landsfjórðungar fari í hár saman í deilum um einstaka stofnanir.

[15:19]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hvaða tíðindi kalla nú á umræðu um framtíð Rariks? Jú, ákvörðun um að athuga hagkvæmni þess að flytja höfuðstöðvarnar til Akureyrar. Það hefur reyndar verið gert áður. Árið 1993 var kannaður möguleiki á að stofna hlutafélag með höfuðstöðvar á Akureyri sem taka mundi við eignum og skuldum Rariks, Rafveitu Akureyrar og eignarhluta Akureyrar í Landsvirkjun.

Sama hugmynd er nú komin aftur á kreik, þó með tillti til þess sem breyst hefur á þessum árum og í ljósi vitneskjunnar um að brátt standa orkufyrirtækin frammi fyrir samkeppni á orkumarkaðnum sem auðvitað mun kalla á enn frekari uppstokkun.

Herra forseti. Auðvitað hlutu Akureyringar að hreyfa þessu máli að nýju. Þeir eru þátttakendur í félagi sem stendur fyrir orkuleit í Þingeyjarsýslu þar sem möguleikar virðast til mikillar orkuvinnslu. Ef nýtt orkufyrirtæki verður stofnað fyrir atbeina Akureyrar munu auðvitað ákveðnir hlutir stokkast upp.

Við horfum reglulega upp á að fyrirtæki sameinist og eitt kaupi annað. Því fylgir gjarnan rask á högum fólks en viðhorfin mótast samt oftast af umburðarlyndi gagnvart þeirri

staðreynd að ýmist tækniþróun eða arðsemiskröfur kalli á þessar breytingar. En getur verið að því sé sýnt meira umburðarlyndi ef breytingarnar kalla fólk til Reykjavíkur en ef þær kalla fólk frá Reykjavík? Að mér læðist stundum sá vondi grunur þegar umræða fer fram um breytingar á högum einstakra fyrirtækja.

[15:21]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Mér finnst að við séum í raun að ræða um þrjú óskyld mál, þ.e. flutning Rafmagnsveitna ríkisins út á land, nánar tiltekið til Akureyrar, að tryggja rekstur fyrirtækisins og síðan breytingar á rekstrarformi. Þetta eru þrjú atriði og hvert þeirra má í raun afgreiða óháð hinum.

Það hefur verið harðlega gagnrýnt að tilkynningar um flutning ríkisfyrirtækja birtist í fjölmiðlum áður en hugmyndirnar eru kynntar fyrir starfsmönnum og jafnvel stjórnum fyrirtækja. Hér er um hugsanlegan flutning ríkisfyrirtækis að ræða en tilkynning hæstv. iðnrh. um málið í sjónvarpsviðtali fyrir viku var eftir sem áður ótímabær þar sem stjórn fyrirtækisins og starfsmönnum þess höfðu ekki borist neinar upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar.

Starfsöryggi er öllum mönnum mikilvægt og því ætti að virða þann samskiptamáta að koma skilaboðum fyrst til starfsmanna áður en tilkynningar um breytingar, hvort sem þær eru til athugunar eða þegar ákveðnar, eru gerðar opinberar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður flutning ríkisfyrirtækja út á land en vill að farið sé að með gát þegar heilar stofnanir eru fluttar, að það sé gert með því að undirbúa málið vel en ekki með fjölmiðlafári.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa sinnt því erfiða verkefni að byggja upp og reka raforkukerfi í dreifbýli. Jafnframt hefur Rarik reist og rekið nokkrar vatnsaflsvirkjanir og varaaflsstöðvar. Þróunin hefur orðið sú að Rarik hefur þurft að kaupa orku frá Landsvirkjun í síauknum mæli. Samkeppnisstaða Rariks á raforkuverði til dreifbýlis í samanburði við raforkusölu til þéttbýlis er veik. Rekstrarstaða fyrirtækisins er erfið. Það þarf að bæta rekstrarstöðuna og leita nýrra leiða. Það er ekki sjálfgefið að sú leið sem verið er að leita eftir núna sé rétt. Hugsanlega er hægt að styrkja reksturinn með því að fara í nýja sókn í að byggja upp ný raforkuver.

[15:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka frummælanda fyrir að hefja umræður um þetta mál hér. Tvær ástæður eru helstar til að ræða um málið hér. Í fyrsta lagi sú sérkennilega málsmeðferð að starfsmenn Rariks skuli heyra fyrst í fjölmiðlum af því sem kemur hér frá hæstv. ríkisstjórn. Hæstv. iðnrh. setur á blað að markmið þessarar nýskipan sem áformað er að koma á í orkumálum á næstu árum sé m.a. að auka skilvirkni í rekstri orkufyrirtækja og stuðla þannig að lægra orkuverði. Má skilja það svo að þeir 60 Reykvíkingar sem vinna við þetta fyrirtæki hér í höfuðstöðvunum hagi störfum sínum þannig að óarðbært sé og ráða þurfi einhverja aðra?

Það er líka dálítið merkilegt þegar virðulegir þingmenn úr öðrum kjördæmum en Reykjavík tala eins og Reykjavík sé ekki hluti af landinu, eins og landsbyggðinni komi Reykjavík ekkert við. Þeim kemur ekkert við hvað verður um 60 manns, 60 fjölskyldur sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er bara ekki í umræðunni. Nei, það á að flytja höfuðstöðvarnar norður því að það mun styrkja byggð á Akureyri. Allt í lagi með það. Hér er hins vegar talað um málið eins og fólkið fylgi ekki með í þessari umræðu.

Við skulum heldur ekki gleyma því að Reykjavík er önnur stærsta verstöð landsins ef menn vilja tengja það saman. Mér þykir mjög merkilegt að menn skuli líka taka Vegagerðina inn í umræðuna og segja álitamál hvort ekki eigi að flytja Vegagerðina líka. Hvar er mesta umferðin á þessu landi? Ef menn ætla að mæla það í vegarspottum þá geta menn horft á hina dreifðu byggt en mesta umferðin og vegaframkvæmdirnar eru í Reykjavík. Ég verð að segja það, hv. þm. hinna dreifðu byggða, Reykjavík er hluti af landinu. Talið ekki svo til þessara 60 manna sem vinna hjá Rarik og þeirra fjölskyldna eins og þeim komi þetta bara ekkert við.

[15:25]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég met mikils frumkvæði hæstv. iðnrh. í að taka á málefnum Rariks eins og ráðherrann hefur gert grein fyrir. Rekstrarform, rekstrarhagkvæmni og þjónusta við neytendur eru að sjálfsögðu aðalatriði þessa máls. Staðsetning fyrirtækisins er annar handleggur.

Vitað er að mjög miklar rekstrarendurbætur hafa farið fram hjá Rarik nú þegar. Halli á rekstri fyrirtækisins er ekki vegna þess að fyrirtækið sé illa rekið heldur þarf fyrirtækið að þjóna ýmsum verkefnum af byggðar- og félagslegum ástæðum svo nemur hundruðum milljóna.

Nú er fyrirsjáanlegt að ef fram fer sem horfir mun fyrirtækið lenda í samkeppni við stóra og sterka aðila á borð við Orkuveitu Reykjavíkur og Suðurnesja. Rarik verður að vera tilbúið að taka þátt í þessari samkeppni. Ein veigamesta breyting sem gæti hjálpað Rarik er að sameina fyrirtækið öðrum veitum. Því fagna ég að ráðherrann hefur haft frumkvæði um þetta mál. Allt tog á milli landshluta mun ekki aðeins skaða starfsemina í Reykjavík heldur munu aðrir landshlutar sem ekki fá fyrirtækið að öllum líkindum bregðast við. Þá munu hugsanlega rísa önnur fyrirtæki og koma sér út úr samstarfinu ef það gengur ekki vel.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Það er óhjákvæmilegt að horfa til þeirra fjölskyldna og þeirrar góðu starfsemi sem þegar hefur verið rekin í Reykjavík. Það er ekki hægt að tala um flutning frá Reykjavík öðruvísi en að líta á atvinnuhagsmuni Reykvíkinga, þær fjölskyldur sem hér er um að tefla, búa í Reykjavík og hafa unnið hér mjög gott starf fyrir fyrirtækið.

[15:28]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í upphafi máls míns kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á því að það var ekki aðeins stjórnarþingmaður sem hóf máls á því sem hér er til umræðu heldur stjórnarmaður í Rarik. Stjórnarmaður í Rarik valdi þá leið sem hér var farin til að snúa sér að hæstv. ráðherra. Það ber að sjálfsögðu vitni um að ekkert samráð hafi verið á milli ráðherrans og stjórnar Rariks. Það hlýtur að vera skýringin á því að einn af stjórnarmönnum Rariks velur þá aðferð sem hv. þm. Árni Johnsen valdi hér áðan til að veitast að ráðherranum.

Það er hins vegar ekki stórmannlegt hjá hæstv. iðnrh. að snúa þeirri gagnrýni upp á bæjarstjórann á Akureyri og kenna honum um að hafa valdið misskilningi eða missætti á milli hæstv. ráðherra og stjórnarmanns úr Rarik. Það eru ekki stórmannleg viðbrögð, herra forseti.

Það er ekkert óeðlilegt við að ræða um hvort ástæða sé til að flytja meira af starfsemi Rariks út á land en þegar hefur verið gert. Menn mega ekki gleyma því að fjölmörg störf

hafa þegar verið flutt út á land sem áður var sinnt í Reykjavík á vegum Rariks. Allt birgðahald Rariks er nú komið út á land. Nánast eingöngu stjórnsýslan sjálf er eftir hér. Það er ekkert nýtt að menn hugleiði hvort ástæða sé til að flytja stjórnsýsluna.

Á fyrstu ríkisstjórnarárum Davíðs Oddssonar var sérstök nefnd undir formennsku Þorvalds Garðars Kristjánssonar sem m.a. fjallaði um þessi mál. Þar var lagt til að höfuðstöðvar Rariks yrðu fluttar á Austurland. Það er ekkert óeðlilegt að menn skoði slíka hluti í samhengi við þær miklu breytingar sem munu verða á íslenskum raforkumarkaði í framtíðinni. En menn verða auðvitað að gæta þess að hafa eðlilegt samstarf við stjórn og starfsmenn fyrirtækisins og skapa ekki óeðlilegar illdeilur á milli manna eins og ég tel að hæstv. ráðherra hafi gert með því að kasta sökinni af mistökum sínum á herðar bæjarstjórans á Akureyri.

[15:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það mál sem er til umræðu hefur í rauninni þrjár hliðar. Sá grunur læðist að mér að það að stilla í forgrunn flutningi á höfuðstöðvunum út á land sé í rauninni bara til þess að fela annað sem er í bígerð.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum fyllilega sammála því að það megi skoða hvar best er að staðsetja hluta eða aðalþætti hverrar stofnunar og beri einmitt að huga að landsbyggðinni í þeim efnum. En sá grunur læðist að okkur að þarna sé verið að velta fyrir sér að selja eða leysa upp, hlutafélagavæða eða einkavæða þetta fyrirtæki.

Eins og komið hefur fram í umræðunum hefur Rarik miklu þjónustuhlutverki að gegna, ekki síst við hinar dreifðu byggðir. Ef þessu fyrirtæki verður breytt í þannig fyrirtæki að arðurinn til eigendanna verði númer eitt og komi á undan þjónustukröfunni og þjónustuhlutverkinu, værum við á slæmum vegi. Þetta er það sem ég held, herra forseti, að sé í rauninni grunnurinn að umræðunni, þ.e. hvernig megi sem best fyrir koma að selja eða losa ríkið við þetta fyrirtæki, losa okkur við ábyrgðina á að veita þessa þjónustu út um land allt.

Í staðinn, herra forseti, ættum við frekar að vera að ræða hvernig megi styrkja fyrirtækið á vegum ríkisins, á vegum samfélagsins til að veita enn öflugri og betri þjónustu út um land allt, styrkja dreifikerfi til sveita þannig að allir landsmenn eigi jafnan aðgang að raforku á jöfnu og góðu verði.

[15:32]

Þorvaldur T. Jónsson:

Herra forseti. Í máli hæstv. iðnrh. áðan kom fram sérstök áhersla á hagkvæmnissjónarmiðið, þ.e. hvort ákvörðun um það hvort flytja ætti Rarik til Akureyrar mundi byggjast á því hvort það væri hagkvæmt eða ekki enda hlýtur það að vera rökrétt niðurstaða þar sem framtíð Rariks ræðst meira af því en nokkru öðru að fyrirtækinu sé gert kleift að laga sig að aðstæðum á orkumarkaðnum á hverjum tíma og að hagkvæmustu leiðir séu fundnar í rekstri þess. Eins og hefur komið fram í máli hv. þingmanna vekja hugmyndir á borð við þessa að sjálfsögðu byggðapólitíska umræðu og ég hef grun um það og það kom bæði beint og óbeint fram í máli hv. málshefjanda að það var drifkrafturinn í málshefð þessari.

Umræða um óæskilega þróun í byggðamálum hefur verið mjög áberandi og jafnvel leiðandi í stjórnmálaumræðu síðustu missira. Stefna hæstv. ríkisstjórnar hefur verið og er að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra á landsbyggðinni þannig að þau sjónarmið og hin byggðapólitíska hlið málsins ætti að vera öllum kunn og ekki að koma neinum á óvart. Því hlýtur að vera fagnaðarefni, herra forseti, fyrir okkur sem höfum haldið á lofti í umræðunni einmitt þessu atriði að vilji væri til þess að bregðast við byggðavandanum með ýmsum hætti, m.a. flutningi ríkisstofnana út á land, að nú skuli vera komin alvara í að fylgja þessum áformum eftir með því m.a. að kanna hagkvæmni þess að flytja Rarik til Akureyrar. Ég vænti þess að menn láti ekki skæklatog á milli kjördæma spilla góðum fyrirætlunum heldur horfi fyrst á hagsmuni þess fyrirtækis sem hér um ræðir og þar með hagsmuni okkar allra sem eigum þetta fyrirtæki og njótum þjónustu þess.

[15:34]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir greinargóð svör þar sem staðfest er að hér er um hugmynd að ræða sem heimilt er að fjalla um og að hæstv. ráðherra hyggst beita sér fyrir því að leitað verði á eðlilegan hátt til viðkomandi fyrirtækja. Reikna ég með að þar eigi hann þá við í fyrsta lagi Rariks því þar liggur öll samansöfnuð þekking á uppbyggingu í þessum efnum og eðlilegt er að það gangi þar í gegn að leita allra upplýsinga.

Auðvitað hefði verið eðlilegt að kynna Rarik og starfsfólki áform af þessu tagi áður en þau færu fyrir ríkisstjórn eins og ekki hefur verið gert. Rarik á ekki að vera nein gjafapakkning. Rarik á að vera fyrirtæki sem skilar árangri, skilar arðsemi og skilar auknum möguleikum landsins alls. Meginmálið er ekki tog milli kjördæma. Það er misskilningur hjá þeim hv. þm. sem hafa minnst á það. Meginmálið er að þetta mál sé skoðað faglega ofan í kjölinn með einni kröfu og það er um árangur. Miklu máli skiptir að menn vinni á þeim nótum, séu ekki með nein felusvið í þeim efnum og taki af alvöru á þessum málum.

Flutningur aðalskrifstofu Rariks til Akureyrar getur ekki verið höfuðmál í þessu, það getur ekki verið það. Það er allt annað sem hlýtur að liggja að baki. Höfuðstöðvar Rariks gætu þess vegna verið á Hornafirði, Selfossi, Grindavík, Keflavík, Hveragerði, (**SighB:** Eyjabökkum?) Nei, nú fór Vestfirðingurinn of langt en það verður að taka þetta af skynsemi og festu og hafa alla möguleika opna. Þess er að vænta að hæstv. iðnrh. leiti til allra bæjarfélaga í landinu sem eiga aðild að orkuveitum og kanni áhuga þeirra á því að taka þátt í endurskipulagningu ef til hennar kemur.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem kom fram í fyrri ræðu minni að hér er um athugun að ræða, athugun á hagkvæmni þess að sameina fyrirtæki. Til þess að svo geti orðið þarf að breyta rekstrarformi þeirra. Í öðru lagi og tengt því yrði athuguð hagkvæmni þess að flytja höfuðstöðvarnar til Akureyrar. Óháður aðili mun vinna að hagkvæmniathuguninni. Miklar breytingar verða í orkugeiranum á næstu árum og ýmsar breytingar hafa verið að eiga sér stað á síðustu vikum og mánuðum.

Ég ítreka að málið snýst um athugun. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir. Ég geri mér fulla grein fyrir því að verði af flutningi höfuðstöðva Rariks er það viðkvæmt mál fyrir starfsfólk. Málið er alls ekki komið á það stig að starfsmenn séu kallaðir til. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað

greina starfsfólki frá þessum hugmyndum áður en málið barst fjölmiðlum.

Herra forseti. Ég veit að margt hefur verið gert til þess að ná fram hagræðingu hjá Rafmagnsveitunum frá því að athugun var gerð á hugsanlegri sameiningu Rariks og Rafveitu Akureyrar árið 1993. Ég tel eigi að síður að okkur beri skylda til að kanna hvort lækka megi rekstrarkostnað og þar með orkuverð í landinu með sameiningu. Jafnframt eigum við að skoða hvaða sóknarfæri slík sameining býður upp á. Þegar þau gögn liggja fyrir getum við tekið ákvörðun um hvort og þá hvaða skref verða stigin. Báðir aðilar, þ.e. iðnrn. og Akureyrarbær, ganga óbundnir til þessa samstarfs.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 1. umr.

Frv. LB og SvanJ, 288. mál (fyrirsvar eignarhluta ríkisins). — Þskj. 449.

[15:39]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, á þskj. 449, 288. mál.

Það frv. sem mælt er fyrir er ekki stórt í sniðum eða efnismikið eins og hefur kannski verið um ýmis þau frv. sem hafa verið rædd í dag en meginefni þess er að í stað orðins „Viðskiptaráðherra" í 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna komi: Fjármálaráðherra. En í 4. gr. laganna um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands segir:

„Viðskiptaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf."

Lagt er til að þessi eignarhlutur ríkisins verði færður frá viðskrh. yfir til fjmrh. Meginrökin fyrir því eru að í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands segir að fjmrn. fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Undanfarið hefur þeirrar tilhneigingar hins vegar gætt þegar opinberum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög að fagráðherra fari áfram með hlut ríkisins í fyrirtækinu. Það getur leitt til þess að þegar selja skal hlut ríkisins komi upp afar erfið staða fyrir viðkomandi ráðherra sem getur bitnað á fyrirtækinu sjálfu og starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi grein. Má taka sem dæmi að undir viðskrh. heyra m.a. bankamál, samkeppnismál og mál er varða óréttmæta viðskiptahætti. Hann fer jafnframt með eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og verður því að viðhalda virði þeirra.

Brýnt er að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands sé fylgt og fjmrn. fari með eignarhlut ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum. Fagráðherra á hverju sviði verði þá fagráðherra allra fyrirtækja á viðkomandi sviði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja. Slíkt hefur vakið tortryggni og hafa fyrirtæki á markaðinum haldið því fram að það leiddi til samkeppnisforskots að hafa undir höndum upplýsingar um að stjórnvaldsreglur af tilteknu tagi séu í undirbúningi.

Það er því að mati flutningsmanna, sem ásamt mér er hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, betra bæði fyrir opinberu fyrirtækin og markaðinn að leikreglur séu skýrar og opinber fyrirtæki í samkeppnisgreinum sæti ekki þeirri gagnrýni að þau njóti þess að æðsti yfirmaður þeirra fari með stjórn og eignarráð í þeim og setji að auki leikreglur fyrir markaðinn almennt.

Virðulegi forseti. Undanfarin ár höfum við lifað við þá sérstöku stöðu að því er varðar fjarskiptamarkaðinn að samgrh. hefur farið með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. Ég held að ekki þurfi að rekja þá sögu neitt sérstaklega en samskipti Landssíma Íslands hf. og annarra fyrirtækja sem eru að reyna að festa sig í sessi á þessum markaði hafa verið með þeim hætti að eftirlitsaðilar á vegum ríkisins hafa þurft að koma að þeim málum. Sí og æ hefur það gerst að þetta tiltekna fyrirtæki, Landssími Íslands, hefur ákveðið eftir að eftirlitsaðili á markaði, í þessu tilviki Samkeppnisstofnun, hefur ákveðið að gera a.m.k. athugasemdir við starfsemi þess, að bera þau mál undir dómstóla sem mönnum er vissulega heimilt. Það er óhjákvæmilega spélegt að ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu með þessum hætti að stefna hver öðrum í orðsins fyllstu merkingu því að samgrh. fer vitaskuld með eignarhlut ríkisins í Landssímanum og er þar af leiðandi ráðandi aðili á því sviði, viðskrh. fer með yfirstjórn samkeppnismála og er því ráðandi aðili á því sviði. Það er náttúrlega merkilegt að ríkisfyrirtæki sé sí og æ að stefna stofnun sem ríkisvaldið rekur í því skyni að halda uppi ákveðnum aga á þessum markaði. Þetta er ástæðan fyrir því að frv. er lagt fram. Hættan er líka á þessu sviði því að nú erum við t.d. búin að vera í umræðu um bankamál, um þróun á því sviði og hvernig bankar hafa nánast umgengist þennan unga hlutabréfamarkað og verðbréfamarkað sem er að myndast og hefur verið haldið uppi talsverðri gagnrýni þar að lútandi, að við getum farið að upplifa það að bankarnir fari að stefna Fjármálaeftirlitinu. Það er svo spéleg staða að viðskrh. sem fer með 73% eignarhlut, ef ég fer rétt með, í þessum bönkum er jafnframt yfirmaður Fjármálaeftirlitsins sem getur þá leitt til þess að banki sem viðskrh. fer að stórum hluta með eignarhlutinn í, fari að stefna eftirlitsaðila á sama vettvangi. Þetta er vitaskuld, virðulegi forseti, orðið dálítið hjákátlegt og ég held að þetta geti verið mjög skaðlegt.

Þetta eru meginrökin fyrir því að við leggjum til, ég og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, að í stað viðskrh. fari fjmrh. með eignarhlutinn, enda er það í samræmi við þær meginreglur og þau meginviðhorf sem koma fram í verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Því leggjum við til, virðulegi forseti, sem fram kemur á þskj. 449, að þetta verði nú þegar fært yfir til fjmrh. Það er ekki vegna þess að við vantreystum viðskrh. að fara með þennan hlut heldur hitt að hann getur lent í mjög sérstæðri stöðu eins og við höfum verið að upplifa núna um nokkurra ára skeið að því er varðar samskipti Landssíma Íslands sem ríkisfyrirtækis og Samkeppnisstofnunar sem er stofnun á vegum ríkisvaldsins. Ég held, virðulegi forseti, að við höfum allt annað við fjármuni skattborgara að gera en dunda okkur við að ríkisvaldið sé að stefna einstökum stofnunum og fyrirtækjum innan þess.

Virðulegi forseti. Ég legg eindregið til að þetta frv. verði samþykkt og að umræðu lokinni verði því vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:46]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 335. mál, fsp. KolH, þskj. 587.

Samræmd slysaskráning, 333. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 585.

Skattlagning slysabóta, 332. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 584.

Tíðni slysa af völdum skotelda, 334. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 586.

Fundi slitið kl. 15:47.

62. FUNDUR

mánudaginn 14. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 119. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 120. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rafræn eignaskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 189. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 286. mál, þskj. 435. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Sameining ríkisbanka áður en þeir verða seldir, þáltill., 265. mál, þskj. 342. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Viðlagatrygging Íslands, frv., 181. mál, þskj. 210. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frv., 288. mál, þskj. 449. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Fjárreiður ríkisins, frv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.
11. Fjárreiður ríkisins, frv., 243. mál, þskj. 298. — 1. umr.
12. Tollalög, frv., 196. mál, þskj. 229. — 1. umr.
13. Reglur um sölu áfengis, þáltill., 149. mál, þskj. 170. — Fyrri umr.
14. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 197. mál, þskj. 230. — 1. umr.
15. Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, þáltill., 233. mál, þskj. 284. — Fyrri umr.
16. Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, þáltill., 320. mál, þskj. 570. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Barnalög, 339. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 592.

Meðferðarstofnanir, 336. mál, beiðni EKG o.fl. um skýrslu, þskj. 588.

Starfsheiti landslagshönnuða, 21. mál, brtt. iðnn., þskj. 589.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 11. febr. 2000:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna veikinda leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varamaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðurl. e., Helga Arnheiður Erlingsdóttir oddviti, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Árni Steinar Jóhannsson,
6. þm. Norðurl. e.“

Kjörbréf Helgu Arnheiðar Erlingsdóttur hefur verið samþykkt.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa svohljóðandi bréf. Hið fyrra hljóðar svo, dags. 9. febr. 2000:

„Þar sem undirritaður er á förum utan í einkaerindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfir hann sér, með vísan til 53. gr. þingskapa, að óska þess að varamaður hans taki sæti á meðan eða frá og með 14. þ.m.

Þar sem 1. varamaður Frjálslynda flokksins í Reykjavík hefur ekki tök á þingsetu nú sökum embættisanna er þess óskað að 2. varamaður flokksins, Margrét K. Sverrisdóttir, taki sæti.

Virðingarfyllst,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.“

Síðara bréfið hljóðar svo:

„Undirritaður tekur hér með fram að honum er eigi unnt sökum embættisanna að taka sæti varamanns Frjálslynda flokksins á Alþingi á næstunni.

Virðingarfyllst, Gunnar Ingi Gunnarsson,
1. varaþm. Frjálslynda flokksins í Reykjavík.“

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Margréti K. Sverrisdóttur sem er 2. varamaður á lista Frjálslynda flokksins í Reykv. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[15:04]

Frsm. kjörbréfanefndar (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd kom saman og rannsakaði kjörbréf Margrétar K. Sverrisdóttur, 2. varaþingmanns Frjálslynda flokksins í Reykv., sem landskjörstjórn gaf út í dag. Ekki voru gerðar athugasemdir við kjörbréfið og mælir nefndin einhuga með því að bréfið verði samþykkt.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfið verði samþykkt. Kjörbréfið er samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Margrétar K. Sverrisdóttur samþ. án atkvgr.

[15:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Helga Arnheiður Erlingsdóttir og Margrét K. Sverrisdóttir hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og þeim ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Helga A. Erlingsdóttir, 6. þm. Norðurl. e., og Margrét K. Sverrisdóttir, 18. þm. Reykv., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:06]

Forseti (Halldór Blöndal):

Helga Arnheiður Erlingsdóttir og Margrét K. Sverrisdóttir hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

Lausafjárkaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 110. mál (heildarlög). — Þskj. 119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þjónustukaup, frh. 1. umr.

Stjfrv., 111. mál. — Þskj. 120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rafræn eignaskráning á verðbréfum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Landsvirkjun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (aðild að fjarskiptafyrirtækjum). — Þskj. 231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (ársfundur og skipan stjórnar). — Þskj. 435.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Sameining ríkisbanka áður en þeir verða seldir, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK og GIG, 265. mál. — Þskj. 342.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðlagatrygging Íslands, frh. 1. umr.

Frv. BjörgvS o.fl., 181. mál (styrkir til forvarna). — Þskj. 210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Frv. LB og SvanJ, 288. mál (fyrirsvar eignarhluta ríkisins). — Þskj. 449.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 243. mál (laun, risna o.fl.). — Þskj. 298.

[15:10]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, sem ég flyt ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, Lúðvíki Bergvinssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Ögmundi Jónassyni, Sigríði Jóhannesdóttur og Þuríði Backman.

Efni frv. er að gera tillögur til breytinga á 18. gr. laganna um fjárreiður ríkisins þess efnis að í ársreikningi ríkisaðila skuli fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, ferða- og risnukostnað og sundurliðun einstakra þátta samkvæmt því sem greint er frá í 1. gr. þessa frv. En þar er aðallega um að ræða launagreiðslur, bifreiðakostnað, risnukostnað og ferðakostnað.

Þetta frv. var flutt á 123. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Frv. var þá flutt vegna þess að frá 1983 hefur verið í gildi sú regla að birta í ríkisreikningi sundurliðun ferða- og risnukostnaðar fyrir einstakar ríkisstofnanir og

ráðuneyti og hafði sú tilhögun einnig verið í ársreikningum ríkisbankanna og Seðlabanka en frá 1986 höfðu bankarnir, bæði Landsbanki og Búnaðarbanki, hætt að birta slíkar upplýsingar að undanskildum Seðlabanka. Því taldi ég ásamt fleiri þingmönnum ástæðu til þess að lögbinda það að slíkar upplýsingar lægju ávallt fyrir hjá opinberum aðilum og m.a. bönkum. En nú ber svo við að í ríkisreikningi fyrir árið 1998 sem lagður var fram á sl. ári er einnig hætt að birta þessar tilteknu upplýsingar í ríkisreikningi en þar hafa þær frá 1983 verið sundurliðaðar eftir efni því sem ég gat um áðan, sundurliðaðar milli ráðuneyta og allra ríkisstofnana. Þessi tilhögun hefur auðveldað þingmönnum mjög eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu auk þess sem ljóst er að þetta fyrirkomulag veitti ríkisstofnunum og ráðuneytum aðhald.

Þegar ég leitaði eftir skýringum á því á haustdögum hverju það sætti að þessar upplýsingar væru nú felldar út úr reikisreikningi, þá verð ég að segja eins og er að þar var fátt um svör, einungis að verið væri að reyna að fækka sérstökum yfirlitum sem birtast með ríkisreikningi. Ég held að þetta sýni enn eina ferðina að það er allt of oft sem framkvæmdarvaldið er að reyna að torvelda löggjafarþinginu að fá nauðsynlegar upplýsingar til að löggjafarvaldið geti sinnt hlutverki sínu sem er eftirlitsskylda með framkvæmdarvaldinu. Það sýnir vissulega veikleika þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu ef það er látið viðgangast. Þess vegna tel ég í að raun og sanni sé það enn brýnna nú en það var á 123. löggjafarþingi að leggja fram þetta frv. þegar við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að þessar upplýsingar falli einnig út úr ríkisreikningi að því er varðar öll ráðuneyti og ríkisstofnanir.

Ég vil minna á að ég kallaði eftir þessum upplýsingum í ríkisreikningi 1998 nú á haustdögum þar sem þær birtust ekki sundurliðaðar í ríkisreikningi eins og venja var til og þar kom fram töluvert mikil hækkun milli ára eða um 230 millj. sem þessir tveir liðir, ferðakostnaður og risna, hafði hækkað milli áranna 1998 og 1999 og samtals á árinu 1998 fóru 1.900 millj. í risnu og ferðalög hjá hinu opinbera. Því er full ástæða til að eftir því sé gengið af hálfu löggjafarvaldsins að þessar upplýsingar liggi fyrir með skýrum hætti fyrir löggjafarvaldið til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þar sem hæstv. fjmrh. er hér staddur, þá vil ég inna hann eftir skoðun hans á þessu máli.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að til er önnur leið ef þetta fellur út sem lagaskylda og það er að að biðja hæstv. fjmrh. á hverju einasta ári, í upphafi hvers þings, um að fá slíkar sundurliðaðar upplýsingar fyrir þingið. En ég tel miklu eðlilegra og réttara að þetta sé hefðbundið og að hægt sé að ganga að því í ríkisreikningi fremur en þingið þurfi að vera með eftirrekstur við framkvæmdarvaldið að fá fram þessar eðlilegu upplýsingar.

Ég geri lítið með þá skoðun framkvæmdarvaldsins og fjmrn. að verið sé að fækka yfirlitum í ríkisreikningi, hann sé orðinn svo þykkur og mikill að það þurfi að fækka einhverjum yfirlitum. Ég tel að þetta yfirlit sé nauðsynlegt. Eftir upplýsingar sem komu fram um Landsbankann á sínum tíma hef ég það frá fyrstu hendi að verulega hafi dregið úr risnu og ferðakostnaði hjá ríkisstofnunum og ráðuneytum en auðvitað er ómögulegt um það að segja nú þegar þetta er fallið út hvernig það er orðið t.d. á sl. ári. Við erum að tala um verulega háar upphæðir. Við erum að tala um 1.900 millj. á árinu 1998. Ef við skoðum t.d. almennt samanburð sem kemur fram á skattframtölum hve mikið fer árlega í dagpeninga, bæði hjá hinu opinbera og hjá einkaaðilum, þá eru það um 3,5 milljarðar á árinu 1997 svo dæmi sé tekið. Sú fjárhæð hafði aukist um 10% á milli áranna 1997 og 1998 og þeim t.d. fjölgað sem fá dagpeninga bæði í ríkiskerfinu og hjá hinu opinbera um tæplega 1.200 manns milli ára en tæplega 20 þús. einstaklingar fá dagpeninga bæði hjá hinu opinbera og í ríkiskerfinu. Því er ástæða til þess að spyrja ráðherrann hvort hann styðji það frv. sem hér er lagt fram og það verði lagaskylda að þessar upplýsingar birtist árlega og reglulega í ríkisreikningi eða hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að sett verði reglugerð um að þetta birtist árlega með ríkisreikningi. Þegar þetta frv. var lagt fram á 123. löggjafarþingi er upplýst í umsögn Ríkisendurskoðunar frá 3. des. 1998 að það ætti að nægja til að slíkar upplýsingar komi fram að um það verði sett reglugerð af hálfu hæstv. fjmrh. Þannig segir í þeirri umsögn sem við fengum 3. des. 1998 frá Ríkisendurskoðun, með leyfi forseta:

„Lögin um fjárreiður ríkisins eru byggð upp með þeim hætti að þar er að því er efni og framsetningu ársreikninga varðar aðeins að finna fyrirmæli um þau atriði, sem að lágmarki skulu koma fram í ársreikningi eða sundurliðunum með honum, sbr. athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins. Ekkert er því á hinn bóginn til fyrirstöðu að birta þær viðbótarupplýsingar í ársreikningum ríkisaðila eða fylgigögnum hans sem talin er þörf á."

Síðan segir:

„Loks er þess að geta að ríkisreikningur fyrir árið 1998 verður fyrsti ársreikningur ríkissjóðs sem gerður er á grundvelli hinna nýju laga." — Þ.e. hinna nýju laga um fjárreiður ríkisins. — „Því mun ekki liggja fyrir fyrr en hann verður formlega lagður fram, þ.e. þegar líða tekur á næsta ár, hvaða upplýsingar og yfirlit muni fylgja honum. Eins og áður segir er ekkert því til fyrirstöðu að birta upplýsingar þær sem hér um ræðir og tæknilega er ekkert sem mælir gegn því. Því er fullsnemmt að fullyrða nokkuð um það hvort yfirlit þessi verði birt í ársreikningum ríkisaðila fyrir árið 1998 með sama hætti og gert var í gildistíð eldri laga um ríkisbókhald o.fl. eða ekki."

Nú liggur fyrir, herra forseti, að það sem Ríkisendurskoðun nefndi í þessu bréfi að ekkert lægi fyrir um hvort þessar upplýsingar yrðu birtar í ríkisreikningi 1998, að það hefur ekki verið gert. Það er sem sagt fallið frá þeirri hefð sem verið hefur og gilt allar götur frá 1983 að birta þetta og þess að vænta að svo verði í framhaldinu nema á því verði tekið með einhverjum hætti, annaðhvort af hálfu löggjafarþingsins með þeirri leið sem ég legg til eða þá að fjmrh. lýsi því yfir að það verði gert með reglugerð.

Af því að ég er rétt að ljúka máli mínu ítreka ég að ég tel ekki ásættanlegt að það þurfi að gerast á hverju einasta ári með því að leggja fram fyrirspurn þar að lútandi að þessar upplýsingar komi fram í þinginu.

Ég hef sagt það sem skoðun mína og segi það enn að ég tel að hægt sé að spara í þeim liðum sem ég hef nefnt hér sem eru útgjöld fyrir árið 1998 upp á 1.900 millj. Ég fullyrði að það sé hægt, bæði í ferðakostnaði og varðandi risnuna og ég tel að 15–20% sparnaði væri auðveldlega hægt að ná fram á þessum liðum ef haldið væri á þessu með þeim hætti að t.d. væri ráðuneytunum uppálagt að spara það. Samfylkingin lagði það t.d. til við fjárlagaafgreiðsluna sl. desember að það yrði lagt fyrir ráðuneytin að spara 20% á þessum liðum og ég held að það væri auðvelt. Við þekkjum það að á undanförnum árum höfum við gengið í gegnum byltingu

að því er varðar tæknivæðingu og tölvusamskipti og ég tel að þó dregið sé um einhverja tugi eða hundruð milljóna úr ferðakostnaði muni það ekkert draga úr þeim nauðsynlegu erlendu samskiptum sem íslenska þjóðin þarf auðvitað að hafa.

Innlendur ferðakostnaður er 495 millj. af 1.600 millj. en 1.200 millj. eru erlendur ferðakostnaður. Ég tel að í þeim lið, sérstaklega erlendum ferðakostnaði, sé hægt að ná fram sparnaði. Því er það spurning mín til hæstv. ráðherra hvað hann vilji gera til að auðvelda þingmönnum að fá fram þessar upplýsingar. Ég tel rétt að halda því til haga, því að ég er að tala um aukinn rétt alþingismanna til upplýsinga, að það var nefnd sem kannaði starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Í skýrslu sem hæstv. forsrh. lagði fram fyrir jólin og við ræðum væntanlega á mánudaginn koma fram tillögur um að þingmenn fái víðtækari rétt til upplýsinga frá framkvæmdarvaldinu en verið hefur. Þetta er liður í því sem ég er hér að leggja til að ekki þurfi að sækja eftir þessum upplýsingum sérstaklega frá framkvæmdarvaldinu heldur verði þetta liður í starfi þingsins að fá þetta fram.

Í lokin vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort nokkuð standi til að breyta fyrirkomulagi dagpeninga. Margsinnis hefur verið rætt að það kerfi sem við búum við varðandi dagpeninga er ferðahvetjandi og ég veit til þess að t.d. á sumum hinna Norðurlandanna hefur verið farin sú leið að greiða eftir reikningi. Mér finnst fyllsta ástæða til þess að huga að þeirri leið ef farið verður í að skoða hvort ekki sé unnt að spara eitthvað á þessum liðum. Það er ekkert sérkennilegt þó farið sé sérstaklega í þessa liði og skoðað hvort þar sé ekki hægt að spara. Við höfum t.d. heyrt í fréttum síðustu vikur um sparnað upp á hundrað millj. hjá geðsjúkum o.s.frv. Þegar maður heyrir slíkar tölur fer maður auðvitað að velta fyrir sér hvort það sé ekki víða sem megi spara og þessir þættir koma auðvitað upp í því efni.

En aðalefnið og megintilgangurinn með þessu frv., herra forseti, er að Alþingi fái reglulega þessar upplýsingar en þurfi ekki á hverju einasta ári að kalla eftir því sérstaklega til hæstv. fjmrh.

Ég legg til að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þær upplýsingar, sem hér er lagt til að verði á ný birtar með ríkisreikningi, voru á árabilinu 1983–1997 ævinlega birt með ríkisreikningi. Það mun hafa verið hv. þm. sem ber fram þetta frv. sem 1. flm. sem fékk þá lagabreytingu samþykkta, árið 1982 vænti ég. Ég minnist þess ekki að um þær hafi orðið sérstakar umræður með reglulegu millibili en af einhverjum ástæðum ákvað ríkisreikningsnefndin, sem samdi frv. um fjárreiður ríkisins á sínum tíma, sem eru nú gildandi lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, að fella þessi yfirlit brott úr ríkisreikningnum og eflaust einnig ýmis önnur sambærileg eða svipuð yfirlit. Ég þekki það ekki til hlítar og verð að viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér nákvæmlega hvernig á þeirri breytingu stendur.

Hitt er svo auðvitað annað mál að allar þessar upplýsingar eru tiltækar í ríkisbókhaldinu og þær eru ekkert leyndarmál, allra síst fyrir þingið að kynna sér ef ástæða eða vilji er til þess.

Ég get alveg tekið undir það sjónarmið að það eigi að fara yfir þetta mál á nýjan leik, hvort ástæða sé til þess að birta þessar upplýsingar. Hins vegar finnst mér að menn verði dálítið að gæta sín í því hver tilgangurinn er með því. Er tilgangurinn sá að hafa þessar upplýsingar tiltækar til að veita aðhald í útgjöldum ríkisins eða reyna að spara eins og hægt er, veita mönnum eðlilegt aðhald að því er varðar kostnað eða er tilgangurinn bara sá að reyna að gera útgjöld af þessu tagi tortryggileg?

Ég vek jafnframt athygli á því að fyrsti liðurinn eru launagreiðslur. Hv. þm. lagði mikla áherslu á það að hugmynd hennar væri sú að reyna að spara, leggja þessar upplýsingar á borðið og reyna að spara. Á það líka við um fyrsta liðinn, um launagreiðslurnar? Föst yfirvinna, heildarlaun, önnur yfirvinna, hlutfall yfirvinnu o.s.frv. Þingmaðurinn verður sjálfur að svara því en ég tek undir það sem markmið og viðleitni að upplýsingar af þessu tagi eigi almennt séð að vera aðgengilegar til að veita mönnum eðlilegt aðhald sem bera ábyrgð á útgjöldum af þessu tagi. Við höfum samþykkt í ríkisstjórninni og sent út í umburðarbréfi til allra forstöðumanna ríkisstofnana sérstakar verklagsreglur um meðferð fjár og hvernig þeim beri að halda sig innan ramma fjárlaga. Við munum að sjálfsögðu fylgja því eftir og auðvitað eru á þessum lista einhver útgjöld sem forstöðumenn geta gjarnan haft mjög gott taumhald og stjórn á. Þó ég sé ekki tilbúinn til þess að lýsa stuðningi mínum við þetta frv. á þessu stigi þá vil ég heldur ekki hafna því eða þeirri hugsun sem kemur fram í frv. að því marki sem hún byggist á því að veita eðlilegt aðhald og reyna að tryggja sem besta nýtingu á opinberu fé. Eins og ég segi eru þetta allt upplýsingar sem liggja fyrir í ríkisbókhaldinu og er hægðarleikur að nálgast ef menn óska þess.

Ég hef því svarað þessu efnislega, herra forseti, en síðan vék þingmaðurinn að einu atriði öðru sem er ekki nema óbeint tengt þessu frv. og það er spurningin um dagpeningagreiðslur hins opinbera. Spurt var hvort uppi væru hugmyndir um að breyta þeim. Svarið við því er að ekki eru neinar sérstakar hugmyndir uppi um það á þessari stundu aðrar en þær að reyna að hafa hemil á þeim kostnaði sem fylgir ferðalögum bæði innan lands og utan. Það hafa verið til hugmyndir, eða ábendingar réttara sagt, m.a. frá Ríkisendurskoðun um að það bæri að breyta því kerfi sem er nú við lýði yfir í það að taka upp beinar greiðslur kostnaðar samkvæmt reikningum. Slíkt fyrirkomulag er þekkt víða annars staðar og þekkist bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum en kallar hins vegar á mjög nákvæmt utanumhald og eftirlit og kostnað sem því fylgir. Það er ekki endilega þar með sagt að því fylgi sparnaður.

Það er líka rétt að gæta að því að fyrirkomulag dagpeningagreiðslna á Íslandi er í og með kjarasamningsatriði við opinbera starfsmenn og í ferðakostnaðarnefnd sem ákveður dagpeninga sitja fulltrúar bæði starfsmanna og ríkisins. Það er sem sagt ekki einhliða ákvörðun ríkisins hverjir þessir dagpeningar eru og ég hygg að mörgum hér inni þyki sem svo að þeir geti í einhverjum tilfellum verið nokkuð rúmir eins og sagt er. En auðvitað er ekki hægt að alhæfa um þá hluti í öllum tilvikum og ég hygg að þeir sem sitja í ferðakostnaðarnefndinni á hverjum tíma hafi reynt að vinna störf sín af eins mikilli samviskusemi og kostur er og hafa til að mynda á undanförnum árum nokkuð fikrað sig yfir í það að hafa þessar greiðslur mismunandi eftir löndum. Ég veit til þess að í nálægum löndum eins og Noregi eru mjög mismunandi dagpeningar tilgreindir eftir þeim löndum sem farið er til og langur listi yfir það vegna þess að kostnaður

milli landa er auðvitað breytilegur, bæði gistikostnaður og uppihaldskostnaður og eflaust má ýmsu breyta til batnaðar og í sparnaðarátt. En vegna þess hvernig þessum málum er fyrir komið er það ekki ríkið eitt sem getur tekið einhliða ákvarðanir í þessu efni.

[15:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að viðbrögð fjmrh. voru þægilega jákvæð og komu mér á óvart. Ég vona þess vegna að þetta frv. muni ná fram að ganga.

Ég ætla að bregðast við einu atriði sem hæstv. fjmrh. var að kalla eftir í ræðu sinni og það er að hér er auðvitað um það að ræða að verið er að kalla eftir gagnsæju kerfi hjá hinu opinbera. Það sem er erfitt er þegar ýmsir þóknunarliðir og ýmsar greiðslur eru ógagnsæjar. Bara það getur valdið tortryggni sem ekki á að vera til staðar í umfjöllun hins opinbera.

Það sem ég ætlaði að nefna voru launamálin og jafnrétti kynjanna og rifja upp svör við fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi fastar yfirvinnugreiðslur og bílastyrki hjá ríkisbönkunum. Þau svör leiddu í ljós að þær sporslur, fastar greiðslur til viðbótar launum reyndust í ríkum mæli liggja hjá körlum. Þetta þýddi að ef kona var útibússtjóri eða deildarstjóri var hún ekki endilega með sömu föstu yfirvinnugreiðslur og bílastyrki og karl sem var útibússtjóri eða deildarstjóri. Þetta kom mjög á óvart og var tekið upp í Jafnréttisráði í kjölfar fyrirspurnarinnar og svara við henni.

Þess vegna er það líka mikilvægt hjá hinu opinbera að vera með launakjör og greiðslur sem eru gagnsæ og skýr þannig að ljóst sé að ríkið sé með gott fordæmi í þessum málum og að hinar föstu greiðslur sem koma utan við hin hefðbundnu launakjör liggi nokkuð ljóst fyrir og ekki sé mismunað af því tagi sem þarna kom í ljós.

Herra forseti. Þetta atriði vildi ég leggja inn í umræðuna sem er í raun miklu stærri en það sem ég kom inn á.

[15:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. tók vel undir með frv. sem gengur út á að kjarakerfi hins opinbera skuli vera eins opið og kostur er. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa slík fyrirheit og góð orð um það efni. Talsvert var um það rætt þegar lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna voru samþykkt fyrir þremur eða fjórum árum, að með þeim lögum yrði stuðlað að því að kerfið yrði allt opið og gagnsætt.

Nú bregður hins vegar svo við að undir forsjá þeirrar sömu ríkisstjórnar og hefur uppi þessi góðu orð og fyrirheit er verið að loka kerfinu. Það er að gerast. Þrátt fyrir ný upplýsingalög og greinargerð með þeim lögum sem kveður á um að kerfið skuli vera opið, þá er lokað á upplýsingar. Ef leitað er eftir upplýsingum um umsamin laun starfsmanna hjá ríkisstofnunum, þá er neitað að svara og fjmrn. hefur aldrei gert neina athugasemd við þetta enda þótt samtök launafólks hafi knúið á um að þetta sé opið og væri æskilegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á þessu framferði stofnana ríkisins að loka launakerfinu.

[15:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvað þingmaðurinn er að fara með þessu, ég átta mig ekki alveg á þeim fullyrðingum sem fram koma í máli hans. Ég hlýt að vekja athygli á því að í frv. er eingöngu talað um sundurliðun einstakra þátta að því er varðar heildarlaunagreiðslur, þar með talið skipting í fasta yfirvinnu, aðra yfirvinnu og þess háttar. Það er ekki verið að tala um að kjör einstakra manna séu birt á slíku yfirliti.

[15:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs voru þau góðu orð hæstv. fjmrh. að það væri mikilvægt að kjarakerfið væri opið og gagnsætt. Staðreyndin er sú að samkvæmt upplýsingalögum ber að upplýsa um kjör einstakra starfsmanna, um föst umsamin kjör einstakra starfsmanna. Greint er frá því í greinargerð með þeim lögum og framsögumaður með frv., þáv. formaður allshn. að ég hygg, gat um það í framsöguræðu sinni að sá háttur skyldi hafður á.

Ég kvaddi mér hljóðs núna vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði það sína staðföstu skoðun að kjarakerfið ætti að vera opið og upplýsingar uppi á borði og ég er að benda á að sú er ekki raunin. Ríkisstofnanir neita að gefa svör þegar þess er krafist að upplýsingar séu gefnar um þessi efni.

[15:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óneitanlega dálítið erfitt að tala um þetta svona þegar ekki eru nefnd ákveðin dæmi. Ég veit ekki hvað hv. þm. á nákvæmlega við. Það eina sem ég hef sagt um þetta frv. er það að ég vil ekki hafna innihaldi þess, en ég tók það líka fram að ég væri ekki þar með að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta tiltekna frv. Þingmenn hafa túlkað það svo, bæði hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að ég hafi bara tekið þægilega vel í frv. En ég held að það sé fullkomlega eðlileg afstaða að hafna ekki þessu vegna þess að þarna eru ákveðin sjónarmið að baki sem eiga rétt á sér, en ég vil líka kynna mér betur hverjar ástæðurnar voru fyrir því að þetta var tekið út og síðan skulum við bara að meta þetta mál í rólegheitunum þegar þeir hlutir liggja fyrir.

[15:40]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðurnar fyrir því að þetta var tekið út liggja fyrir og þær koma fram í frv. og ég var upplýst um það af fjmrn. Það var af því að verið væri að fækka yfirlitum. Það var ekki nein önnur skýring á því. Fækka yfirlitum sem ættu að fylgja með ríkisreikningi því að þetta er yfirlit sem fylgir með ríkisreikningi. Þetta eru auðvitað engin rök.

En ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra. Ég túlka það svo að hann hafni því a.m.k. ekki fyrir fram að þetta mál nái fram að ganga og vilji kynna sér rökin á bak við það og það er ágætt. Ástæðan fyrir því að þetta mál er flutt er auðvitað alveg skýr. Hér er fyrst og fremst verið að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og stuðla að gagnsæju og sýnilegu kerfi og ég held að full þörf sé á því að veita kerfinu aðhald að því er þetta mál varðar þegar fyrir liggur að þessi kostnaðarliður hefur hækkað um 230 millj. milli áranna 1998 og 1999. Það eru bærilega stórar fjárhæðir þegar litið til þess sem verið er að spara, t.d. í heilbrigðiskerfinu og við höfum orðið vitni að. Það liggur því alveg klárt fyrir, herra forseti, að tilgangurinn með þessu er að veita aðhald og að við þingmenn getum séð það og borið það saman við síðasta ár hvort þarna megi ekki spara þegar við erum að leita eftir sparnaðartillögum í viðleitni okkar að styðja ráðherrann í því að spara fyrir ríkiskassann. Tilgangurinn er því alveg ljós en ástæðan fyrir því að þetta var tekið út er eingöngu sú að verið

var að fækka yfirlitum sem áttu að fylgja með ríkisreikningi. Þegar hæstv. ráðherra hefur kynnt sér það þá er ég alveg viss um að við fáum stuðning hans í efh.- og viðskn. fyrir því að þetta mál nái fram að ganga. Ef vilji er fyrir því í hv. efh.- og viðskn. að beina því til ráðherrans að þetta verði gert með reglugerð, þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort við megum þá ekki vænta stuðnings hans við það. Það er verið að kalla eftir því af hálfu þingsins að þetta yfirlit birtist reglulega. Og það sem ráðherrann nefndi varðandi launagreiðslur þá var tilgangurinn með þeim á sínum tíma, 1983, sá að mismunur var í kjörum karla og kvenna og það var verið að reyna að fá hann sýnilegan og upp á borðið. (Forseti hringir.) — Hvaða hávaði er í forseta.

(**Forseti** (HBl)**:** Þegar hv. þingmenn kunna ekki að hætta á réttum tíma, þá er hávaði í forseta eins og vera ber. Og hann getur verið rómsterkur ef á þarf að halda.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Frv. ÍGP o.fl., 196. mál (aðaltollhafnir). — Þskj. 229. [15:43]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Flutningsmenn auk mín eru hv. þm. Jón Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir, Árni Johnsen, Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Drífa Hjartardóttir, Jónas Hallgrímsson, Ólafía Ingólfsdóttir og Einar Már Sigurðarson.

Í 1. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

16. Höfn í Hornafirði.

17. Þorlákshöfn."

Í 2. gr. segir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Þetta réttlætismál hefur verið flutt tvisvar áður en ekki verið afgreitt. Málin eru í raun þverpólitísk því að flutningsmenn eru úr nær öllum flokkum í Suðurlands- og Austurlandskjördæmum.

Það má í raun segja að landshlutar og byggðarlög séu sífellt í samkeppni um samgöngur, atvinnutækifæri og þjónustu og þá atvinnumöguleika sem í boði eru. Það er í raun skylda stjórnvalda að skapa sem jafnastar aðstæður í byggðarlögunum. Hér er því um mikið réttlætismál að ræða. Í bæjarstjórnum Ölfushrepps þar sem Þorlákshöfn er og Hafnar í Hornafirði hafa margoft spunnist umræður og athuganir á því hvort ekki væri mögulegt að fá viðurkenndar aðaltollhafnir á þeim stöðum. Þrátt fyrir viðræður, bréfaskriftir og ýmislegt fleira hefur lítið gengið í málinu og yfirvöld ekki enn séð sér fært að verða við óskum heimamanna. Það er í raun óþolandi staða og verður vart liðið öllu lengur.

Þorlákshöfn er eina fiski- og flutningahöfn Suðurlandsundirlendisins en Vestmannaeyjar eru í raun eina aðaltollhöfn á Suðurlandi. Þorlákshöfn var byggð upp með samstilltu átaki samvinnumanna úr Rangárvalla- og Árnessýslu undir forystu Egils Thorarensens og fleiri framsýnna og góðra manna úr þessum héruðum. Vegna frammíkalls frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni, þar eð ég veit að hv. þm. verður væntanlega bráðum þingmaður Suðurlandskjördæmis, hvet ég hann til að kynna sér þessa sögu. Sem betur fer voru margir víðsýnir menn, (Gripið fram í.) samvinnumenn eru bæði sjálfstæðis- og framsóknarmenn og þannig er óþarft að vera með innskot sem þetta. Í gegnum tíðina hefur skapast mikil samstaða Sunnlendinga um höfnina í Þorlákshöfn. Sunnlendingar standa einhuga um höfnina og telja að hún eigi að njóta þessara sjálfsögðu og eðlilegu réttinda.

Í Þorlákshöfn hefur verið byggð glæsileg aðstaða í kringum fiskútflutning, þ.e. kæli- og frystigeymsla. Þetta fyrirtæki nefnist Kuldaboli og var vígt í nóvember sl. Þá hefur einnig verið byggð upp tollvörugeymsla í Þorlákshöfn. Sú tollvörugeymsla er tilbúin. Það er auðvitað mjög brýnt að Þorlákshöfn nái þessum réttindum. Frá Þorlákshöfn eru t.d. beinar reglulegar siglingar til Portúgals. Undanfarin ár hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem völuflutningahafnar. Það á við um stykkjavöru, kornvöru, áburð og svo ekki sé minnst á vikurflutninga sem hafa verið miklir um Þorlákshöfn.

Oft hefur komið upp umræða um fjölbreytilegan iðnað á svæðinu og jafnvel stóriðju. Nú síðast voru Þorlákshafnarbúar að velta fyrir sér hörfægingu eða hörþvotti sem er spennandi nýtt atvinnutækifæri. Einnig eru uppi hugmyndir um farþegaflutninga með ferjusiglingum. Því má segja að óhjákvæmilegt sé að gera Þorlákshöfn að aðaltollhöfn þar sem nútímaflutningar krefjast skjótrar og lipurrar afgreiðslu. Það er sjálfsagt réttlætismál fyrir íbúa Þorlákshafnar og Hafnar í Hornafirði. Einnig mundi það auka mikilvægi hafnanna á þessum stöðum sem inn- og útflutningshafna að gera þær að aðaltollhöfnum.

Embætti tollvarðar á Selfossi var stofnað árið 1994. Tollafgreiðslur eru á þriðja þúsund á ári auk þess sem tollverðir á Selfossi hafa sinnt tollafgreiðslu í Þorlákshöfn. Tollhöfnin á Selfossi veitir mikilvæga þjónustu fyrir Suðurland og engin ástæða er til þess að raska þeirri stöðu. Málið snýr eingöngu að réttarstöðu Þorlákshafnar og samkeppnisstöðu þessara byggðarlaga, Þorlákshafnar annars vegar og Hafnar í Hornafirði hins vegar. Á Austurlandi er syðsta aðaltollhöfnin Eskifjörður og því óralangur vegur og löng sjóleið frá Eskifirði til Vestmannaeyja.

Höfn í Hornafirði er ört vaxandi byggðarlag. Fyrir það byggðarlag, eins og fyrir Þorlákshöfn er mikið réttlætis- og hagsmunamál að öðlast réttindi aðaltollhafnar, enda hafa bæjaryfirvöld óskað eftir breytingu í þessa átt. Íbúafjöldi Hafnar hefur meira en tvöfaldast á undanförnum árum og atvinnufyrirtæki þar hafa eflst að sama skapi. Mjög merkilegar tilraunir hafa verið gerðar við að flytja út lambakjöt til Belgíu á vegum KASK undir stjórn Pálma Guðmundssonar kaupfélagsstjóra og vonandi verður framhald á þeim útflutningi. Í umdæmi sýslumannsins á Höfn hefur tollafgreiðslum fjölgað jafnt og þétt á undanförnum árum en á Höfn er enginn starfandi tollvörður. Tollafgreiðsla fer því fram jafnhliða öðrum störfum á skrifstofu sýslumannsins á sama hátt og gert er á Selfossi. Lögreglan á Höfn sinnir tollun þegar skip og bátar koma frá útlöndum. Á síðasta ári var mikil umræða um neyslu eiturlyfja á Höfn í Hornafirði og hafa bæjaryfirvöld og sýslumaðurinn gert allt sem í þeirra valdi stendur til að uppræta þann ófögnuð.

Um báðar þessar hafnir, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, gilda þær reglur að óska verður heimildar tollgæslustjóra í Reykjavík fyrir tollun skipa inn í landið og úr því. Þrátt fyrir lipurð embættismanna og tollþjónustunnar er um gamaldags, úrelt kerfi að ræða. Því er nauðsynlegt að breyta því svo fljótt sem auðið er. Þetta mál heyrir undir hæstv. fjmrh. og hefur

ekki áður komið til kasta þess öfluga ráðherra sem nú situr. (Gripið fram í.)

Ég vonast til að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sperri eyrun, ég er að tala til hæstv. fjmrh. Þetta mál hefur aldrei komið fyrir hann áður. Ég treysti því að hæstv. fjmrh. kippi þessu mikilvæga máli í liðinn á þessu þingi og sem allra fyrst. Ég veit að hæstv. ráðherra er hlynntur samkeppni á öllum sviðum og ég trúi ekki að hann geti hugsað sér að útiloka staði eins og Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði frá þeirri sjálfsögðu kröfu að þær verði aðaltollhafnir.

Ég sagði í upphafi máls míns að það væri skylda stjórnvalda að skapa sem jafnastar aðstæður í byggðarlögum landsins. Hér er um mikið réttlætismál að ræða og ég treysti því að hæstv. fjmrh. taki á því á þessu þingi.

[15:52]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka 1. flm. þessa frv. fyrir framsögu hans. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Lagt er til að við bætist tveir nýir töluliðir, þ.e. að Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn verði tollhafnir. Þetta er mikið réttlætis- og byggðamál. Þetta mál kemur nú fyrir þingið í þriðja skipti en undanfarin ár hafa farið fram miklar viðræður sveitarstjórna Ölfushrepps og bæjarstjórnar Hafnar í Hornafirði um möguleika þessara byggðarlaga á verða viðurkenndar tollhafnir. Það hefur ekki gerst enn og því er þetta frv. lagt fram.

Á Suðurlandi er aðeins ein höfn sem nýtur réttinda aðaltollhafnar, en það er Vestmannaeyjahöfn. Mikil samstaða hefur verið á meðal sveitarstjórnarmanna í Suðurlandskjördæmi um að mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar. Ályktað hefur verið um þessi mál ár eftir ár á aðalfundum SASS og eins og áðan sagði er þar mikil samstaða í þessu máli.

Miklir flutningar fara um Þorlákshöfn eins og fram hefur komið og þar hafa verið stofnuð fyrirtæki eins og t.d. Kuldaboli, sem vígt var nú í haust, afar myndarlegt fyrirtæki sem er frysti- og kæligeymsla. Það er mikilvægt fyrir íbúa Þorlákshafnar og raunar fyrir allt Suðurland að mikilvægi Þorlákshafnar sem inn- og útflutningshafnar aukist og má telja þetta mál eina af forsendum þess að það takist.

Eins er með Höfn í Hornafirði. Það bæjarfélag hefur vaxið, nánast tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja þar hafa eflst að sama skapi. Við teljum að ekki eigi á nokkurn hátt að raska þeirri tollafgreiðslu sem er á Selfossi. Þar sem þetta mál er lagt fram í þriðja sinn og allt er þá er þrennt er, er það ósk okkar að þetta mál nái fram að ganga.

[15:55]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram er þetta í þriðja sinn sem frv. er lagt fyrir hv. Alþingi um breytingu á tollalögum, þannig að höfnin í Þorlákshöfn og höfnin á Höfn í Hornafirði verði gerðar að tollhöfnum.

Árið 1994 var stofnað embætti tollvarðar við embætti sýslumanns á Selfossi. Það hefur vissulega skilað töluverðri aukningu í tollafgreiðslu í gegnum Þorlákshöfn en engu að síður telja heimamenn og þeir sem eiga viðskipti og fara um höfnina í Þorlákshöfn að þjónustan yrði mun betri og skilvirkari ef þar væri staðsettur tollvörður.

Það kom fram hjá hv. framsögumanni og 1. flm., hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, að þetta er í fyrsta skipti sem frv. þessa efnis er lagt fyrir núv. hæstv. fjmrh. sem er einstaklega öflugur eins og kom fram hjá hv. þm. Hins vegar má ekki gleyma að embætti tollvarðar á Selfossi var sett á árið 1994 í tíð ráðherrans sem var á undan núv. hæstv. fjmrh. Sú tilhögun hefur skilað okkur verulegum árangri á Suðurlandi varðandi tollafgreiðslur. Rökin fyrir því að þessar hafnir verði viðurkenndar tollhafnir eru mörg. Í fyrsta lagi má benda á þá miklu vöruflutninga sem fara í gegnum þessar hafnir í dag. Þar er bæði um að ræða vikur- og vöruflutninga í Þorlákshöfn og mjög mikla vöruflutninga austur á Höfn. Í öðru lagi væri þetta hluti af þeirri byggðastefnu sem við viljum sjá í framkvæmd, að embættin séu staðsett úti á landi jafnt sem í Reykjavík. Eins og kom fram hjá hv. frsm. verður að leita eftir heimildum til Reykjavíkur og mönnum þykir það stirt í vöfum og óþarfa töf á afgreiðslu. Í þriðja lagi verður þjónustan betri og skilvirkari. Þetta eykur möguleika beggja þessara svæða, þ.e. Höfn í Hornafirði og eins í Þorlákshöfn, á að þar komi ný iðnaðarfyrirtæki og séu staðsett á svæðinu.

Í viðræðum við fyrirtæki sem hafa skoðað staðsetningu úti á landi hefur komið í ljós að þau sækjast eftir að fara á staði þar sem tollafgreiðsla er á vöru til útflutnings eða vöru sem þeir fá inn, hráefni til úrvinnslu. Eitt af því sem menn hafa sett fyrir sig varðandi Þorlákshöfn er að þar er ekki um slíka afgreiðslu að ræða. Þar er annars vegar embættið á Selfossi og hins vegar þarf heimildir frá embættinu í Reykjavík. Einnig ber að nefna að áður en Ölfushreppur yfirtók reksturinn á Þorlákshöfn — áður var Þorlákshöfn landshöfn — þá var mikið lagt upp úr því að hafnir sem sveitarfélögin yfirtækju yrðu efldar og að ríkisvaldið mundi stuðla að því með einum eða öðrum hætti, eins og mönnum er tamt að segja. Þá þegar hófst umræða um að þegar Þorlákshöfn hætti að vera á vegum ríkisins, svokölluð landshöfn, og færi yfir til sveitarfélagsins þá yrði hún tollhöfn. Þá var talað um það að styrkja mætti höfnina verulega og þá starfsemi sem þar færi fram með því að gera hana að tollhöfn.

Hér er þetta frv. lagt fram í þriðja sinn. Það hefur ekki hlotið afgreiðslu áður en ætti nú að vera nægjanlega vel rætt og rökstutt til að höfnin hljóti þessa viðurkenningu og þau störf verði til í Þorlákshöfn.

Vissulega er embætti tollvarðar til staðar hjá sýslumannsembættinu á Selfossi. Ég er ekki sammála því sem hér kom fram hjá hv. 1. flm. og framsögumanni. Hann sagði að þessi tilhögun ætti ekki að skerða möguleika þess embættis. Ég tel ekki rétt að hafa embætti tollvarðar á Selfossi og líka í Þorlákshöfn. Ég tel eðlilegt og raunar sjálfgefið að þessi staða sé í Þorlákshöfn en hún á ekki að vera, eins og oft vill verða, hrein viðbót við rekstur ríkisins. Þetta embætti á hvergi betur heima en í Þorlákshöfn. Þó að ég vilji kjördæmi mínu vel og mörg störf þangað inn þá tel ég bara óraunhæft að hafa embætti tollvarðar á báðum þessum stöðum.

Virðulegi forseti. Mér er náttúrlega tamara að tala um Þorlákshöfn en Höfn í Hornafirði í þessum efnum. Menn verða bara að líta svo á að rökin sem fram eru færð gildi fyrir báðar hafnirnar. Þingmenn Sunnlendinga hafa lagt áherslu á að efla höfnina í Þorlákshöfn. Á sínum tíma voru starfandi þrjár hafnir á Suðurlandsundirlendinu, á Eyrarbakka, Stokkseyri og í Þorlákshöfn. Þegar brú var sett yfir Ölfusárósa var því heitið af sveitarstjórnarmönnum á þessu svæði að höfnin yrði aðeins ein, það yrði gert í sparnaðarskyni til að ná fram hagræðingu. Þá þótti eðlilegt að aðeins yrði um eina höfn að ræða og ekki yrði farið fram á fjárveitingar til smærri hafna, á Eyrarbakka og Stokkseyri, en höfnin í Þorlákshöfn stækkaði

að sama skapi. Nú hefur það ekki gengið eftir að þær fjárveitingar sem áður voru ætlaðar í hafnirnar tvær, Eyrarbakka og Stokkseyri, færu í höfnina í Þorlákshöfn. Engu að síður hefur verið staðið mjög myndarlega að uppbyggingu hennar. Þarna er mikil völuflutningahöfn. Við þurfum hins vegar að reka á verkð lokahnykkinn með því að skýra sérstöðu hennar með því að gera hana að aðaltollhöfn.

Virðulegi forseti. Nú þegar þetta frv. er lagt fram í þriðja sinn gildir vonandi, eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði, að allt sé þegar þrennt er og nú verði frv. samþykkt og gert að lögum.

[16:03]

Útbýting þingskjals:

Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, 338. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 591.

[16:03]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Frv. sem hér er til umfjöllunar er nú lagt fyrir þingið í þriðja skipti eins og ágætir ræðumenn hafa nefnt. Þeir telja að þar með sé komið að leiðarlokum og málið hljóti að verða að lögum á þessu þingi. Það væri dálítið merkilegt ef svo væri hér á hinu háa Alþingi að ekki þyrfti annað en leggja frv. fram þrisvar og þá mundu þau ná í gegn. Þá væru líklega mörg frv. komin í gegn sem kannski væru ekki beint í anda þess sem þingið vill í lagasetningu. En eins og hv. síðasti ræðumaður, Margrét Frímannsdóttir, kom hér inn á áðan, og um það er ég henni hjartanlega sammála, er mjög sérstakt að fyrst skyldi ráðinn tollvörður á Selfoss fremur en Þorlákshöfn væri gerð að tollhöfn. Það er mjög sérstakt. Það var árið 1994 og ég minnist þess að hér á þingi var tekist á um það mál. Eftir að það var afgreitt að tollvörður væri staðsettur á Selfossi — það hefur líklega verið að kröfu Eimskips eða Samskipa — var vörum ekið beint frá skipshlið til Selfoss og þær tollafgreiddar þar, líklega til að komast fram hjá virðisaukaskatti á flutningi frá Sundahöfn til Selfoss m.a., allt hét þetta þá sjóflutningur frá dyrum til dyra.

Ég vildi segja, virðulegi forseti, að það kemur mér dálítið einkennilega fyrir sjónir að flutningsmenn skuli ekki leggja meira upp úr að vinna greinargerðina betur en raun ber vitni. Það kemur t.d. ekki fram hve mörg skip hafi komið til Þorlákshafnar eða Hornafjarðar og þurft á tollafgreiðslu að halda. Aðeins er talað um þrjú þúsund tollafgreiðslur á Selfossi auk þess sem viðkomandi tollþjónn hafi afgreitt skip í Þorlákshöfn. Ég tel að þetta sé grundvallarspurning. Um hvað erum við að fjalla hér? Hversu mikil er þörfin miðað við skipakomur til þessara tveggja hafna? Ég tek undir það með Margréti Frímannsdóttur að eðlilegt er að þingmenn hugleiði fleiri kosti en þá að bæta við. Það er eðlilegt að tollafgreiðslan á Selfossi sé í samstarfi eða starfi sem slík í Þorlákshöfn sé þetta mál jafnbrýnt og flutningsmenn telja.

Í grg. segir m.a., með leyfi forseta:

„Í umdæmi sýslumannsins á Höfn hefur tollafgreiðslum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár.“ Hvað þýðir það? Það segir ekki nokkurn skapaðan hlut. Síðan segir: „Þar er enginn starfandi tollvörður. Tollafgreiðsla fer því fram meðfram öðrum störfum á skrifstofu sýslumanns eins og á Selfossi.“ Skil ég rétt að þetta sé svona aukastarf tollvarðar á Selfossi, að hans aðalstarf sé á skrifstofunni en á Hornafirði sé það aukastarf sýslumannsins? Textinn er ekki nógu skýr til að maður átti sig á stöðu mála. Þess vegna er mjög erfitt fyrir þingmenn að taka afstöðu til þessa máls.

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir lipurð embættismanna tollþjónustunnar sem hlut eiga að máli er þetta kerfi þungt í vöfum og tafsamt og vinnubrögðin ekki nútímaleg.“ Mundu þau verða nútímalegri ef staðsettur væri tollþjónn í Þorlákshöfn? Er afgreiðslan einhvern veginn öðruvísi ef tollþjónn er staðsettur í viðkomandi höfn?

Síðan segir: „Af framanrituðu er ljóst að tímabært er að gerðar verði breytingar til batnaðar án frekari tafa með því að Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði verði gerðar að aðaltollhöfnum.“ Hvaða tafir eru menn að tala um? Er framgangur málsins hér á þingi óeðlilegur og þörf á hraðafgreiðslu þess? „Með því móti einu mundu þessi byggðarlög og nágrenni þeirra öðlast rétt og möguleika á tollmeðferð skipa og á innflutningi og útflutningi, enda mun slíkt leiða til einföldunar, aukinnar hagkvæmni, sparnaðar og betra eftirlits í viðkomandi umdæmum.“

Ég get tekið undir það síðasta. Ljóst er að við þurfum að gera verulegt átak í að fylgjast með innflutningi á varningi og sérstaklega ef rétt reynist, eins og hv. 1. flm. þessa máls, Ísólfur Gylfi Pálmason, kom hér inn á, að í gegnum Hornafjarðarhöfn hafi farið óeðlilega mikið magn af eiturlyfjum. Sé svo er vissulega full ástæða til þess að bregðast fljótt og vel við til varnar.

Ég bendi hins vegar á það sem fram kemur í greinargerðum, eins og t.d. hér í bréfi Hafnarsjóðs til tollstjórans í Reykjavík, sem dagsett er 17. september 1991. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og yður er kunnugt eru aðaltollhafnir þrjár á Austurlandi: Seyðisfjörður, Eskifjörður og Neskaupstaður, en engin sunnar og vestar fyrr en í Vestmannaeyjum. Forsendur fyrrnefndra laga hafa e.t.v. breyst nokkuð á þeim rúmu tveimur áratugum sem liðnir eru frá gildistöku þeirra ...“ Hér er síðan nefndur íbúafjöldinn og aflaverðmætin. Að lokum segir: „Áður en frekari skref verða stigin í þessu máli er óskað eftir áliti embættis yðar um kosti þess og galla að skilgreina Höfn sem aðaltollhöfn.“ Hefur þessu bréfi aldrei verið svarað? Ég beini því til flutningsmanna. Sé svo hefði verið eðlilegt að það hefði fylgt með textanum svo þingmenn gætu gert sér grein fyrir málinu. Hér kemur ekki heldur fram álit hæstv. fjmrh. eða fjmrn. á þessu, allt eykur þetta útgjöld ríkisins, það er alveg ljóst.

En ég er ekki á móti málinu sem slíku. Ég geri mér grein fyrir mikilvægi þessara tveggja hafna en ég tel að eðlilegt hefði verið að hér fylgdi með hversu mikið umfangið er svo að betur mætti átta sig á málinu.

[16:10]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerði hér ákveðnar athugasemdir við skjölin sem fram eru lögð. Vissulega hefðu þau mátt vera nákvæmari. Ég tek hins vegar skýrt fram að það er mjög létt að afla þeirra upplýsinga sem hv. þm. saknaði úr frv., sjálfur er hv. þm. sérfræðingur í þessu máli frá því hann var sjálfur í siglingum áður en hann varð þingmaður.

Ég mun kappkosta, þegar mál þetta fer fyrir efh.- og viðskn., að uppfylla þær óskir sem hv. þm. var með. Því mun enn ítarlegri texti fylgja frv. á seinni stigum þannig að ekki þurfi að koma til þessara vangaveltna og athugasemda við þennan texta. Ég mun sjá til þess að enn fyllri upplýsingar fylgi málinu. Enn og aftur vonast ég, eins og hv. þm. sem

hér hafa tekið til máls, eftir því að málið fái farsæla lausn á þessu þingi.

[16:12]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að mér sé ekki lagt það til lasts þó ég hafi gert athugasemdir við textann sem fylgdi með þessu frv. um breytingar á tollalögum. Ég tel að eitt af skylduverkefnum okkar alþingismanna sé að koma fram með góð rök fyrir þeim málum sem við flytjum hér. Þeirra sem fylgjast með er að koma með gagnrök og spurningar ef málin eru ekki nógu skýr eins og raunin er í þessu tilfelli. Sú spurning hlýtur að koma upp hjá hv. efh.- og viðskn., sem væntanlega mun fá þetta mál til meðferðar, þ.e. grundvallarspurningin: Hvers vegna og af hverju? Mér finnst það hreinlega vanta í þessa greinargerð.

Ég tek það fram enn og aftur að ég geri mér ljóst mikilvægi Þorlákshafnar sem tollhafnar og Hornafjarðar þó að ég geri mér ekki alveg grein fyrir umfanginu. Þær upplýsingar vantar mig. Varðandi sérþekkingu mína á þessum höfnum tveimur þá er kannski heldur of í lagt hjá hv. 1. flm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni. Ég er kannski ekki sérfræðingur hvað þessar hafnir varðar en ég veit hvar þær eru á landinu og hef sem sjómaður margsinnis komið til þessara hafna.

[16:13]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er viss um að hv. þm. hlustaði á framsöguræðu mína þegar ég færði rök fyrir þessu máli. Í framsögu minni fjallaði ég um að viðkomandi byggðarlög og byggðarlög vítt og breitt um landið eru í samkeppni um fjölmarga hluti. Ég sagði einnig að það væri skylda stjórnvalda að skapa sem jafnasta aðstöðu í byggðarlögunum. Einmitt þessi rök lagði ég fram. Eins og við vitum er fólksflótti af landsbyggðinni og við eigum að skapa þar eins góð skilyrði og okkur er framast kostur. Ég sagði einnig að hér væri mikið réttlætismál á ferðinni, að hafa þarna tollhafnir, og ég stend við þau orð mín.

[16:14]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson talaði um að það væru nú ekki endilega rök í málinu að þetta væri í þriðja sinn sem það væri lagt fram og það væri ekki endilega það sem gilti um afgreiðslu Alþingis á málum, þ.e. hversu oft þau væru flutt.

Aðalatriðið er að þetta er í þriðja sinn sem frv. er lagt fram. Í hvert sinn hafa fylgt ítarlegar greinargerðir og ég býst við að allir flutningsmenn sem standa að þessu frv. hafi talið rökin að baki mjög skýr orðin í hugum hv. þm. Árið 1994 var eftir mikla umræðu um þetta mál tekin sú ákvörðun að búa til embætti tollvarða við embætti sýslumanns á Selfossi. Þar er tollhöfn sem afgreiðir á þriðja þúsund mál, auk tollafgreiðslu skipa í Þorlákshöfn. Þetta er verulegur fjöldi afgreiðslna á hverju ári. Ég tel eðlilegt að þær flytjist allar í tollhöfn í Þorlákshöfn. Ég tel að þannig væri eðlilega staðið að málum. Ef um tollhöfn í Þorlákshöfn væri að ræða þá mætti reikna með því að þessar afgreiðslur yrðu enn fleiri en þær eru í dag. Einmitt þess vegna, til að styrkja stöðu þessara hafna, fjölga þar skipakomum og auðvelda allan vöruflutning inn- og útflutning, er þetta mál flutt hér í þriðja sinn.

[16:16]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því áðan að ég er enginn spesíalisti um tollhafnir. Hitt er mér alveg ljóst að það ræðst ekki alltaf af skipakomum til hafna hvort þar séu tollhafnir eða ekki, það ræðst fyrst og fremst af þeim farmi sem skipið er með. Þess vegna er það, sem hér hefur oft komið fram, að skip koma til Þorlákshafnar jafnvel þó þar sé engin tollhöfn. Ef skipin þurfa afgreiðslu við þá koma þau þangað. Ég held hins vegar að við séum að blanda saman tveimur óskyldum málum. Það kom greinilega fram í máli tveggja hv. þm. Suðurlands sem töluðu áðan að það væri réttlætismál til að jafna samkeppni milli hafna. Ég hélt að meginmálið væri að stuðla að því að hugsa um Þorlákshöfn og Hornafjörð en ekki að þetta byggðist á þeim grundvallaratriðum sem hér var komið inn á að þetta væri samkeppnismál en ekki að þetta væri þarfamál fyrir Þorlákshöfn og Hornafjörð. Ég vona hins vegar að komi þau rök að virðulegur fjmrh. telji eðlilegt að embætti tollvarðar verði stofnað bæði við Hornafjörð og Þorlákshöfn megi það leiða til þess að birta og ylur komi yfir þessar hafnir og þangað fjölgi mjög skipakomum.

[16:18]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. þm. væri í andsvari að svara andsvari mínu en ég nefndi hvorki jafnræði né samkeppnishæfni. Sá hluti andsvarsins hefur því átt við einhvern annan hv. þm. en mig. Það er alveg rétt að þetta ræðst ekki af skipakomum enda dettur engum manni í hug þegar verið er að ræða um tollhöfn að hér séu hv. þm. í ræðustól að ræða um þau skip sem koma inn til löndunar. Verið er að tala um þau skip sem koma með farm sem þarfnast þess að tollvörður sé á staðnum, um annars konar skipakomur hefur ekki verið rætt hér. Mér datt ekki í hug að hv. þm. rugluðu því saman að ég væri að tala um skipakomur almennt, einungis þær sem þarfnast þess að tollvörður sé á staðnum. Mér finnst þetta mjög mikilvægt fyrir þessa höfn og fyrir uppbyggingu hennar og til þess að treysta stöðu hennar. Þetta er réttlætismál í ljósi þess að miðað við þá birtu og yl sem þar er og hefur verið undanfarið ár og ekkert er verið að fara fram á meira í þeim efnum en miðað við stöðu hafnarinnar í dag og þá veðráttu sem þar ríkir, þá eru skipakomur með farm sem þarf að tollafgreiða mjög algengar í Þorlákshöfn. En þær yrðu auðvitað fleiri ef þar væri um tollafgreiðslu að ræða og það styrkir líka stöðu þessa byggðarlags gagnvart því að þarna verði staðsettur ýmiss konar iðnaður í framtíðinni.

[16:19]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir einhvers misskilnings. Sannleikurinn er nú sá að þegar skip kemur í höfn þar sem tollafgreiðsla fer fram skiptir ekki máli hvort það er fiskiskip sem kemur siglandi frá erlendri höfn eða hvort það er kaupskip. Mér vefst alls ekki tunga um tönn um þetta mál. Ég bið hv. þm. afsökunar á því ef ég hef teygt lopann heldur yfir í andsvar við hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason en það átti auðvitað að snúast fyrst og fremst til síðasta ræðumanns en það var aðeins komið inn á þetta, aðeins gætti þó þess að verið var að tala um samkeppnismál og það skiptir auðvitað máli. En ekki meira um það. Ég er alls ekki andsnúinn málinu en eins og ég sagði áðan minnist ég þess ekki þegar málið var fyrst lagt fram að þá hafi verið ítarlegri greinargerð með málinu en nú er.

[16:21]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa tekið þátt í umræðunni og fyrir þær röksemdafærslur sem hafa verið færðar hér fram. Þær voru sumar hverjar mjög tæknilegar og við höfum lært heilmikið, a.m.k. ég sem kem frá stað sem er 30 km frá sænum og hef enga höfn í nágrenninu. Á vissan hátt eru örlitlir útúrsnúningar í þessu máli, en það í raun og veru skaðar það ekki því það er nauðsynlegt að ræða þessi mál. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talaði um að færa tollhöfnina frá Selfossi yfir til Þorlákshafnar. Ég er ekki alveg sammála því enda kemur það fram í þeim texta sem lagður hefur verið fram að það er ekki ætlun þessa máls. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er einmitt einn af flm. þessa máls en í raun skiptir það ekki höfuðmáli. Ég er afar þakklátur fyrir umræðuna. Ég er alveg viss um það þó ég sakni þess að hæstv. fjmrh. skyldi ekki hafa tekið þátt í umræðunni þá sé ég að hann hefur fylgst mjög grannt með og margoft kinkað kolli sem er ákveðin vísbending um það að hann taki vel í málið. Að lokum óska ég þess, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. og ég treysti á stuðning hæstv. fjmrh. í þessu máli.

[16:22]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að ég er ein af flm. þessa frv. en hins vegar þá er það svo að ég er ekki sammála þessu eina atriði í greinargerðinni, þ.e. að það verði tollhöfn starfandi á Selfossi og í Þorlákshöfn. Ég tel að það sé málinu frekar til trafala ef það á fara að bæta við stöðu umfram það sem er í dag. Í ljósi þess að gæta þarf sparnaðar líka í ríkisrekstrinum er það skynsamlegt að tollhöfnin sé staðsett á einum stað á Suðurlandsundirlendinu, í Þorlákshöfn, og ekki á Selfossi. Ég held satt að segja að þeir hefðu ekkert að gera, báðir tollverðirnir, eða þrír eða hvað sem þeir yrðu margir.

[16:23]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna greinir okkur hv. þm. á en vonandi verður það ekki til trafala í málinu. Enn og aftur vonast ég til þess að það verði afgreitt á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 197. mál (undanþáguákvæði). — Þskj. 230.

[16:24]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Í dag gerðist sá merkilegi atburður að hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. var afhent áskorun frá 40 þús. Íslendingum sem voru að óska eftir því að tiltekin virkjunarframkvæmd væri sett í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum frá 1993. Um þetta mál hafa spunnist miklar deilur eins og þingheimi er gerla kunnugt. Stjórnvöld hafa ekki orðið við þessum óskum og hafa vísað til þess að bráðabirgðaákvæði eru í gildi við þessi lög frá 1993 sem undanþiggja þær framkvæmdir mat á umhverfisáhrifum sem fengið höfðu leyfi fyrir gildistöku laganna. Þess vegna er táknrænt að á þessum degi, herra forseti, ræðum við frv. frá nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar þar sem lagt er til að þetta ákv. til brb. í lögunum verði numið á brott. Ég tel, herra forseti, að það sé löngu tímabært, og það er margt sem mælir með því, eins og ég mun rekja í máli mínu. Ég spyr, herra forseti, er hæstv. umhvrh. í húsi? Hér er um að ræða lagafrv. sem felur í sér breytingu sem varðar mikla pólitíska umræðu sem ...

(**Forseti** (GÁS): Ef hv. þm. lítur til vinstri þá er hæstv. ráðherra þar.)

Herra forseti. Ég hef litið til vinstri og gleði mín er rík yfir því að sjá hæstv. ráðherra í salnum og vænti þess að hún muni hér á eftir veita okkur þá náð að greina frá því hvaða afstöðu hún hefur til þessa máls.

Þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum voru sett árið 1993 var í reynd verið að svara nýjum kröfum sem fram höfðu komið á sviði umhverfismála. Fram að þeim tíma höfðu ekki verið neinar sérstakar heimildir eða skilyrði í lögum til þess að láta fara fram mat á afleiðingum margvíslegra framkvæmda á hálendinu og annars staðar. Eins og svo margt annað sem telja má til góðra nýmæla í umhverfislöggjöfinni voru þessi lög sett samkvæmt skuldbindingum sem við höfum axlað með því að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Tilskipun sem þar var samþykkt, reyndar löngu áður en við urðum aðilar að þeim samningi, skilyrti aðild með því að þær þjóðir, sem voru hlutar af Evrópska efnahagssvæðinu, tækju upp í löggjöf sína ákvæði um mat á umhverfisáhrifum.

Eins og menn muna var jafnframt því sem lögin voru samþykkt ákveðið á síðustu stundu að hnýta við lagafrv. tillögu sem kom fram í umhvn. þingsins um að þær framkvæmdir sem hefðu fengið leyfi fyrir tiltekna dagsetningu þyrftu ekki að hlíta þessu mati. Ég ætla ekki, herra forseti, að draga þær deilur sem hafa orðið um gildi þessa ákvæðis inn í umræðuna. Ég tel hins vegar að það sé nauðsynlegt að við lærum af umræðunni. Eitt af því sem kom í ljós, ekki síst fyrir atbeina hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, var að það er allmargar heimildir að finna í núgildandi lögum um raforkuver og virkjanir sem heimila mjög miklar framkvæmdir á hálendinu án þess að þeim sé beint í farveg löggilts mats á umhverfisáhrifum. Ástæðan er auðvitað sú að leyfið sem veitt var með viðkomandi lögum var samþykkt af þinginu mörgum árum, jafnvel áratugum áður en viðhorfin breyttust og við svöruðum með því að samþykkja þessi lög um mat á umhverfisáhrifum. Þetta teljum við auðvitað, herra forseti, að sé fráleit staða. Það var reyndar svo að mér þótti merkilegt, og fleiri þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni, að verða þess áskynja að þarna var um að ræða a.m.k. átta stórar virkjanir, eða meðalstórar eftir atvikum, sem heimild er fyrir. Ég tók eftir því að þeir sem áttu mestan þátt í umræðunni af hálfu stjórnarliða og stjórnarandstæðinga okkar gerðu sér ekki grein fyrir þessu. Ég vissi t.d. ekki að það liggja fyrir heimildir um allmargar virkjanir í gömlum lögum sem þýðir það í reynd, ef við förum eftir hljóðan bókstafsins, að engin nauðsyn er til þess að beina þeim í farveg umhverfismats. Það tel ég auðvitað ófært, herra forseti.

Hvað sem okkur kann að þykja um deiluna um Fljótsdalsvirkjun, sem er nýlega afstaðin í þinginu, þá er alveg ljóst að tímarnir eru breyttir og þrátt fyrir það hvar menn stóðu í þeirri deilu held ég að það gildi jafnt um þá sem eru í liði stjórnarandstöðu og stjórnarliðs. Það er oft þannig að viðhorf til merkra mála sem koma upp með breyttum tíðaranda, fara ekki eftir flokkspólitískum skoðunum, miklu

frekar eftir kynslóðum. Það er trú mín að sú kynslóð sem er nú þannig stödd í lífsferli sínum að hún er að axla ábyrgð af stöðugra þjóðfélagi sé upp til hópa þannig stemmd að hún telji að það sé ekki forsvaranlegt að menn ráðist í miklar framkvæmdir sem geta breytt ásýnd landsins og geti haft mikil og varanleg áhrif á lífríkið í landinu án þess að reynt sé að meta það til fulls. Ég held, herra forseti, að við eigum að læra af því sem gerðist með þeim deilum sem spruttu af Fljótsdalsvirkjun. Þar var það auðvitað alveg ljóst, þegar búið var að kafa djúpt í það mál, að menn höfðu ekki fullar reiður á því hvað mundi nákvæmlega gerast ef ráðist yrði í þessa framkvæmd.

Nú blasir við, herra forseti, að það eru þrenn eða fern lög í gildi sem heimila stórar virkjanir. Að óbreyttum lögum um mat á umhverfisáhrifum er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að hæstv. ríkisstjórn sé þeirrar skoðunar að allar þessar framkvæmdir séu undanþegnar mati á umhverfisáhrifum. Það er auðvitað ófært. Ég leyfi mér að benda t.d. á, herra forseti, að 1981 samþykkti Alþingi ákaflega yfirgripsmikil og víðfeðm lög um raforkuver sem fólu í sér heimildir til mjög mikilla framkvæmda á hálendinu, á stöðum þar sem við teljum ákaflega mikils um vert að hafa náttúruna sem næst upprunalegu lagi. Ég leyfi mér t.d., herra forseti, að vekja máls á því að umdeilt hálendissvæði, Þjórsárver, myndi að öllum líkindum spillast, ég þori ekki að segja hversu mikið, en ég held að það sé óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu að ef ráðist yrði í allar þær framkvæmdir sem heimilar eru samkvæmt lögum um raforkuver frá 1981, þá mundi a.m.k. hluti Þjórsárvera spillast. Gengur það að í kjölfar þeirra deilna sem hafa orðið um Eyjabakka og Fljótsdalsvirkjun látum við þessi lög liggja óbreytt? Eigum við ekki að læra af þessu og sammælast um það, herra forseti, að áður en menn ráðast t.d. í það að byggja og stækka þær virkjanir sem heimildir eru fyrir frá árinu 1981, taki menn af allan vafa um að allar stórframkvæmdir þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum hvað sem líður bráðabirgðaákvæði II í lögunum frá 1993? Ég held að allir skynsamir menn hljóti að komast að því að einungis þannig getum við haft í heiðri varúðarregluna sem allir flokkar sem sæti eiga á Alþingi hafa a.m.k. í orði lýst að þeir fylgi, til dæmis hv. þm. stjórnarliðsins, sem töldu að Fljótsdalsvirkjun ætti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna þessa ákvæðis, gerðu það allir með röksemdum sem þeir beittu og vísuðu til sérstakra aðstæðna. En það er ekki hægt að nota þær röksemdir endalaust, herra forseti. Við þurfum þess vegna að taka af allan vafa í þessu máli.

Hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa andæft óskum um beiðni stjórnarandstöðunnar og reyndar obba þjóðarinnar um að Fljótsdalsvirkjun færi í mat á umhverfisáhrifum með vísan til þessa ákvæðis og sagt sem svo að lög geti ekki verið afturvirk. Nú gæti ég fært mörg rök fyrir því og ýmsir í þessum sal að það umdeilda bráðabirgðaákvæði standist ekki alþjóðlegar skuldbindingar sem við höfum axlað. Ég gæti líka, og þá er ég ekki bara að tala um Evróputilskipanir, bent á að eins og túlkun alþjóðlegra sáttmála á borð við Ríó-yfirlýsinguna sem hafa í raun ekkert þjóðréttarlegt gildi hér á landi né í öðrum löndum, eins og hún er að hníga erlendis, finnst mér margt benda til þess miðað við þróun dóma hér á landi að við munum fylgja í vaxandi mæli fordæmi erlendra dómstóla. Þar eru menn farnir að dæma tilteknar framkvæmdir í mati á umhverfisáhrifum einungis vegna þess að handhafar framkvæmdarvalds í viðkomandi löndum hafa skrifað undir Ríó-yfirlýsinguna þrátt fyrir að hún hafi ekkert þjóðréttarlegt gildi í þessum löndum. Án efa mun þróunin verða sú að við sjáum slík dæmi innan lands. Þá er líklegt að miklar deilur spretti upp. Við eigum ekki að láta mál eins og deiluna um Fljótsdalsvirkjun endurtaka sig. Við eigum ekki að láta slík mál sem hægt er að ná samstöðu um rífa sundur þjóðarsálina með þeim afleiðingum að það mun vafalaust taka mörg ár, jafnvel áratugi, að ná saman þeim sárum aftur. Þess vegna held ég, herra forseti, að nauðsynlegt sé að Alþingi íhugi það ákaflega sterklega að afnema bráðabirgðaákvæði II í lögunum um mat á umhverfisáhrifum frá 1993.

Í þeim lögum sem eru í gildi er til að mynda í 1. mgr. 2. gr. laganna frá 1981, um raforkuver, Landsvirkjun veitt heimild til að stækka Hrauneyjarfossvirkjun í allt að 280 megavatta afl en í dag er sú virkjun einungis 210 megavött þannig að þarna munar 70 megavöttum. Auðvitað er alveg ljóst að til þess að ráðast í slíkar framkvæmdir mun það hafa veruleg áhrif á umhverfið þar í grennd. Ég vek eftirtekt á því að sömu lög heimila stækkun Sigölduvirkjunar um 50 megavött. Í 2. gr. sömu laga er veitt heimild til stækkunar á Blönduvirkjun og reyndar Villinganesvirkjun líka. Nú er það svo að heimildin til virkjunar og byggingar Villinganesvirkjunar hefur verið færð frá Landsvirkjun til Rafmagnsveitna ríkisins í félagi við aðila í héraði. Sú breyting hefur það væntanlega í för með sér að Villinganesvirkjun þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum. Eigi að síður liggja fyrir heimildir fyrir stórvirkjunum sem geta ekki annað en haft veruleg áhrif á náttúru landsins. Miðað við málflutning, ekki bara stjórnarandstöðunnar, heldur stjórnarliða líka, held ég að hægt sé að fullyrða að það liggi í rauninni fyrir a.m.k. óskráð, kannski ósagt, en samt samþykki í þessum sölum fyrir því að viðhafa önnur vinnubrögð.

Ég nefni það líka að það eru heimildir í lögum um stórar jarðvarmavirkjanir, bæði til Hitaveitu Suðurnesja og Hitaveitu Reykjavíkur sem heitir nú reyndar Orkuveita Reykjavíkur. Ég bendi líka á það bara til að sýna hvernig í pottinn er búið að það eru til lög frá árunum 1947 sem teygja sig allar götur fram til 1956 þar sem Alþingi setti í fjórgang heimildir í lög um ný orkuver og nýjar orkuveitur. Þarna er um að ræða ýmsar smávirkjanir sem hafa í tímans rás að öllum líkindum fallið hjá götunni vegna þess að þær hafa ekki verið taldar hagkvæmar með nýrri tækni og hægt að afla orkunnar með öðrum hætti, en eigi að síður eru fyrir í lögum heimildir sem eru meira en 50 ára gamlar. Það kannski sýnir málið í hnotskurn. Fræðilega tel ég að hægt væri að ráðast í sumar þessar virkjanir með 50 ára gömlu heimildum án þess að fara í mat á umhverfisáhrifum ef þetta bráðabirgðaákvæði er virkt. Með nákvæmlega sömu rökum og ýmsir töldu að Fljótsdalsvirkjun ætti ekki að fara í þetta mat er hægt að segja að virkjanir sem eru með 53 ára gamlar heimildir ættu ekki heldur að gera það. Eini munurinn á þessu er að þessar eldri virkjanahugmyndir eru miklu smærri og miklu eldri. En prinsippið hlýtur að vera það sama. Þess vegna tel ég, herra forseti, að þingið ætti að ganga frá málinu í vetur í eitt skipti fyrir öll, loka þessu. Við höfum því lagt til, þessir þingmenn sem flytjum málið á þskj. 230, að bráðabirgðaákvæði II sé afnumið og til að kveða algjörlega skýrt að orði leggjum við til að allar þær virkjanir sem við teljum upp og sem heimild hafa í gildandi lögum og sem miða við túlkun ríkisstjórnarinnar ættu að falla undir bráðabirgðaákvæði II í lögunum frá 1993 verði lögum samkvæmt settar í mat á

umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Hér er um grundallaratriði að ræða, hér er um mál að ræða sem er angi af þeim meiði sem spratt upp og klauf þingheim og þjóðina fyrr í vetur. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að heyra hvaða afstöðu ríkisstjórnin hefur til málsins. Nú er það auðvitað svo að hér er um að ræða 1. umr. og ekki beinlínis hægt að gera kröfu til þess að ríkisstjórnin hafi mótað með sér hvernig hún ætlar að taka á málinu. En miðað við það að hæstv. umhvrh. hefur komið að málinu og hefur haft ákaflega sterkar skoðanir og reyndar fleiri en eina held ég það væri afskaplega þarft að hæstv. ráðherra sýndi okkur örlítið inn í sál sína og léti uppi hvort hún teldi ekki að það væri fengur að því fyrir stjórn og stjórnarandstöðu að menn sameinuðust um að ganga frá málinu og loka þannig á að svipaðar deilur og við höfum þurft að ganga í gegnum á þessum vetri rísi upp aftur.

[16:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er gott mál á ferðinni og ég lýsi yfir stuðningi við það. Ég starfa í hv. umhvn. Alþingis og kem til með að taka þetta vel til skoðunar þar. En ég vil samt segja hér og það verður aðalmálið í ræðu minni að þetta er örþrifaráð. Hér er verið að grípa til örþrifaráða til þess að koma vitinu fyrir ríkisstjórnina. Auðvitað er það fullkomin ósvinna sem hér hefur verið við lýði að ekki eigi að taka til endurskoðunar áratugagamlar virkjanaheimildir þegar við búum núna við lög um mat á umhverfisáhrifum sem skylda okkur til að setja í lögformlegt mat allar framkvæmdir af því tagi sem hér um ræðir. Þetta er ósvinna, herra forseti, og mál að settur verði einhver punktur á eftir þessari sorgarsögu.

Nú ætti það auðvitað að vera svo að hér ættu að vera komin fram lög, þ.e. frv. til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum. Eins og þingheimur veit hef ég oftlega kallað eftir þeim lögum og hef fengið það svar frá hæstv. umhvrh., ég held það hafi verið 20. október sl., að það frv. væri væntanlegt á næstu vikum. Síðan fréttist af því skömmu eftir áramót að það frv. hefði verið lagt fram í ríkisstjórninni til kynningar en enn hefur þetta frv. ekki verið lagt fram á hv. Alþingi. Því má enn auglýsa eftir því frv. sem hefur verið í deiglunni og í burðarliðnum í meira en tvö ár. Samkvæmt drögum að því frv., sem voru til umsagnar ef ég man rétt seint á árinu 1998, er sólarlagsákvæði er lýtur að þessu bráðabirgðaákvæði. Þetta er því eitthvað sem menn hafa haft áhyggjur af og haft hug á að leiðrétta árum saman. Það er ríkisstjórnin sem hefur dregið lappirnar miklu lengur en góðu hófi gegnir í því að setja sólarlagsákvæði og girða fyrir slys af þessu tagi sem hér eru yfirvofandi og slys eins og við erum mögulega að upplifa í Fljótsdalsvirkjun.

Mig langar að segja, herra forseti, að það er annað sem er í uppnámi vegna þeirra heimilda sem eru til staðar og eiga að geta farið í framkvæmdir án þess að um mat á umhverfisáhrifum verði að ræða. Það er rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um virkjanakosti sem eru í uppnámi. Það mæta fólk, sem hefur valist til að starfa við rammaáætlunina, situr auðvitað með þennan lista sem fylgir því frv. sem hér er til umræðu og það segir — bíðum hæg, við eigum að raða virkjanakostum landsmanna og við eigum að forgangsraða og meta þá með tilliti til verndargildis, en hvernig getum við gert það þegar búið er að heimila svo og svo mikið af virkjunum og það virðist vera óbilgirni stjórnvalda sem ræður því að þessar framkvæmdir eigi ekki að fara í mat? Hið mæta fólk, sem starfar nú í starfshópum við að reyna að meta virkjanakosti landsins til frambúðar, stendur frammi fyrir því að búið er að veita þessar heimildir, það er fullt af virkjunum með grænt ljós og samt sem áður er búinn til stór hópur sem telur að hann hafi það hlutverk að raða virkjanakostum, en það er að vísu bara pínulítið af virkjanakostum sem eftir er, það er voða margt sem er búið að leyfa, en bara pínulítið sem þeir mega síðan raða. Ég fullyrði því, herra forseti, að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um virkjanakosti er í uppnámi vegna svona heimilda.

Það er meira en tímabært að settur sé punktur og sólarlagsákvæði í þessi lög, það hefði átt að vera gert fyrir löngu, og það er auðvitað orðið löngu tímabært að sú ríkisstjórn sem hér situr fari að haga sér eftir varúðarreglunni sem hv. ræðumaður á undan mér nefndi, sem er ein af meginreglum umhverfisréttar og æ fleiri þjóðríki eru að lögfesta. Má ég líka minna á það, herra forseti, að stjórnvöld á Íslandi sæta nú skoðun fyrir Evrópudómstólnum vegna kæru sem þar liggur fyrir vegna Fljótsdalsvirkjunar. Ég trúi því ekki að íslensk stjórnvöld ætli að kalla yfir sig fleiri kærur af slíku tagi. Svo eru mögulega í uppsiglingu frekari átök innan lands út af þeim heimildum sem eru hvað mest til umræðu núna, þ.e. heimildinni til Fljótsdalsvirkjunar.

Það er orðið löngu tímabært að ríkisstjórnin móti sannfærandi virkjunarstefnu. Þetta hefur allt verið tilviljanakennt og hipsum haps. Það er mál að linni. Það er mál að þessar heimildir verði allar settar undir þann hatt að þær þurfi að lúta lögum um mat á umhverfisáhrifum.

[16:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Fá frv. sem liggja fyrir hinu háa Alþingi skipta í raun jafnmiklu máli og það sem er til umræðu. Eins og fram hefur komið í máli framsögumanns, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, og í máli hv. þingkonu, Kolbrúnar Halldórsdóttur, er í raun mjög brýnt að frv. þetta fái afgreiðslu á hinu háa Alþingi og að komið verði í veg fyrir það að mistök sem voru gerð, og ég vil fullyrða að hafi verið mistök við afgreiðslu þáltill. um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun, geti endurtekið sig. Ég held að í raun hafi mjög fáir ef einhverjir í þessum sal gert sér grein fyrir því að svona margt lægi undir. Að við gætum leitað aftur til heimilda og laga meira en hálfa öld aftur í tímann.

Samkvæmt túlkun bráðabirgðaákvæðis við lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, þá væru stórkostlegar framkvæmdir sem hafa í för með sér stórkostlegt jarðrask og náttúruspjöll, allar undanþegnar mati á umhverfisáhrifum.

Þetta frv. gefur hinu háa Alþingi tækifæri til þess að endurmeta stöðuna, tækifæri til þess að beita faglegum og framsýnum vinnubrögðum við það að meta virkjanaframkvæmdir og við það, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á, að forgangsraða innan rammaáætlunarinnar sem nú er unnið að því að hvernig á að vinna það verk ef ekki má nýta til þess tæki eins og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna? Mér er spurn.

Eins og fram hefur komið þá voru stjórnvöldum í dag afhentir undirskriftalistar um 40 þúsund Íslendinga sem lýst hafa yfir stuðningi við að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfismat þrátt fyrir þá afgreiðslu sem málið fékk á hinu háa Alþingi fyrir jól. Það eru auðvitað engin tíðindi að sú krafa er uppi í samfélaginu. Hins vegar hlýtur það að teljast mjög markvert að sú krafa er alltaf að styrkjast. Við hljótum að spyrja okkur þegar landsmenn standa frammi

fyrir þeim lista sem er í frv.: Hvernig bregst þjóðin við þegar hún les um að það megi stækka Hrauneyjafossvirkjun, Sigölduvirkjanir, Búrfellsvirkjun, Blönduvirkjun, virkja á Fljótsdal, stækka á Nesjavöllum o.fl. án þess að nokkuð þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum? Ég er ekki viss um að allir mundu sætta sig við slíkan framgangsmáta.

Að lokum þetta, herra forseti. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt að virkjanaheimildir gildi um aldur og ævi eins og raun ber vitni og það er von mín að svo verði ekki áfram. Það er von mín að meiri hluti Alþingis taki á sig rögg og samþykki þetta frv. þannig að það verði gert að lögum og allur vafi verði tekinn af um mat á umhverfisáhrifum og um bráðabirgðaákvæðið. Það er líka von mín að stjórnarmeirihlutinn sýni það og sanni eins og stjórnarandstaðan hefur sýnt og sannað í störfum þessa þings í vetur að það er ekki hlutverk stjórnmálamanna að efna til illdeilna í samfélaginu. Það er hlutverk okkar að sameina þjóðina um þær framkvæmdir sem við náum saman um að fara í og skref í rétta átt er að samþykkja þetta frv. sem hér liggur fyrir.

[16:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að ef þetta frv. yrði samþykkt óbreytt, þá þýddi það að Fljótsdalsvirkjun færi í mat á umhverfisáhrifum. En Alþingi er nýbúið að fjalla mjög ítarlega um það mál og þar var því hafnað á lýðræðislegan hátt af meiri hluta í atkvæðagreiðslu og síðan var samþykkt að halda áfram með framkvæmdina með meiri þingmeirihluta en stjórnarflokkarnir hafa á bak við sig þannig að það er nokkrum sinnum búið að fjalla um Fljótsdalsvirkjun á hinu háa Alþingi og með þeirri niðurstöðu að menn vilja halda áfram með framkvæmdina. Þetta frv. er því á skjön við þá niðurstöðu Alþingis sem enn á ný varð ljós núna skömmu fyrir jól.

Að sjálfsögðu stendur bráðabirgðaákvæði II í lögunum eins og það er í dag og með þeirri hugsun er það sérstaklega undirstrikað að lögin eigi ekki að vera afturvirk, þ.e. lögin um mat á umhverfisáhrifum. Það er enn frekar hnykkt á því með bráðabirgðaákvæði II. En almenna reglan er að lög eru ekki afturvirk. Í þessu frv. er hins vegar farið fram á að Alþingi breyti bráðabirgðaákvæðinu þannig að allar framkvæmdir sem þar eru taldar upp fari í mat á umhverfisáhrifum þannig að það verði engin undanþága.

Ég er sammála þeirri meginhugsun sem fram kemur í greinargerð frv., þ.e. að æskilegt væri að meta umhverfisáhrif framkvæmda á þeim tíma sem framkvæmdin er að fara í gang, þ.e. menn eigi ekki að taka ákvörðun og fara í framkvæmdina löngu seinna, jafnvel áratugum seinna, eins og hér var dregið fram. Ég vil undirstrika í því sambandi að það væri æskilegt að hafa lögin þannig að menn endurspegluðu líðandi stund. Ég er því sammála því meginviðhorfi að eðlilegt sé að það séu einhvers konar sólarlagsákvæði inni í lögum um umhverfismat þannig að þessi leyfi fjari út. Ég tel að það sé eðlilegt að það komi til skoðunar hér þegar við skilum af okkur nýju frv. til laga um umhverfismat sem er núna í vinnslu og sú er hér stendur taldi reyndar að það mundi nást að ná því fram fyrir áramót. En það tókst ekki. Ég lýsi mig því sammála meginhugsun frv.

Ég vil ítreka varðandi Fljótsdalsvirkjun, því að einhverjir gætu spurt af hverju þetta eigi ekki við um Fljótsdalsvirkjun, að það á reyndar við þar sem við tókum ákvörðun um það mál núna rétt fyrir jól. Þá fórum mjög ítarlega yfir það þar sem umfangsmiklar rannsóknir voru lagðar til grundvallar þannig að málefni Fljótsdalsvirkjunar voru afgreidd á hinu háa Alþingi í anda þeirrar umhverfisstefnu sem við búum við núna þar sem hv. þingmenn vilja gjarnan halda áfram með þá framkvæmd. Þó þeir viti að svæði uppi á hálendinu fara undir vatn við þá framkvæmd þá mátu þingmenn það svo að önnur atriði vægju það þungt að eðlilegt væri að halda áfram við framkvæmdina, þá á ég við efnahagslega þætti og þætti sem snúa að byggðaþróun.

Varðandi það sem hér kom einnig fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að það væri engin virkjunarstefna, þá vísa ég því á bug en vil sérstaklega undirstrika að við erum að fara í gang með víðtæka vinnu, rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem kölluð er Maður, nýting, náttúra, þar sem meiningin er að reyna að koma þessari stefnu í fastara form með víðtækari skoðun en kannski hingað til hefur tíðkast þar sem menn hafa skipað bæði verkefnastjórn og fjóra faghópa, undirhópa sem eiga að fara í þessa umfangsmiklu vinnu og hún mun taka einhver ár að mínu viti. Ég vona að við klárum hana á kjörtímabilinu en ég er ekki viss um að það takist. Það verður þá í upphafi næsta kjörtímabils sem sú vinna klárast. Þar á sérstaklega að hafa að leiðarljósi m.a. náttúrufarsþætti, þá á að skoða og það á að gefa þeim möguleika sem við höfum á að virkja fallvötn og jarðvarma vægi þannig að menn fari ekki í framkvæmdir sem eru taldar hafa umtalsverð umhverfisáhrif nema þær séu þá það mikilvægar gagnvart efnahagsþróun og byggðaþróun að menn telji að það réttlæti slíkar framkvæmdir. Ég bind miklar vonir við þessa rammaáætlun og tel að hún geti fleytt okkur fram á veginn við að reyna að ná sátt um þessi virkjanamál sem hafa verið mjög til umræðu á þessu missiri í þinginu.

[16:55]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst alveg rosalegt að hlusta á þessa ræðu, sér í lagi niðurlagið. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að hún væri að segja að jafnvel á meðan á nokkurra ára vinnu stæði við rammaáætlunina, þá mundu menn ekki ráðast í neinar af þessum virkjunum nema miklar byggðaástæður og efnahagsástæður kölluðu á það. Er virkilega verið að segja það hér af fulltrúa ríkisstjórnarinnar að hún sé bara alveg reiðubúin til þess að leggja í nýtt stríð? Það er t.d. auðvelt að halda því fram með einhverjum rökum að byggðaástæður og efnahagsástæður kalli á það að ráðist verði í miklu frekari virkjanir upp eftir Þjórsá og það mundi þá leiða til þess að Þjórsárver mundu að einhverju leyti skemmast þrátt fyrir það samkomulag sem oft var nú vitnað til frá 1981, milli Náttúruverndarráðs og framkvæmdarvaldsins um Eyjabakkana og Þjórsárver. En látum það vera, herra forseti. Ég get rætt það í seinni ræðum mínum, enda á ég tvær eftir.

Ég ætla hins vegar að reyna að dvelja við það sem mér fannst framan af ræðu hæstv. ráðherra vera merkilegast. Mín ræða gekk út á möguleikann á því að ná sátt um virkjunarstefnu milli stjórnar og stjórnarandstöðu, milli þeirra sem harðast vilja ganga fram í virkjunarmálum og hinna sem harðast vilja ganga fram í verndarmálum.

Hæstv. ráðherra sagði að hún gæti ekki fallist á það að með samþykkt þessa frv. yrði Fljótsdalsvirkjun látin í mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar sagði hún að hún væri sammála meginhugsun frv. Get ég túlkað orð hennar þannig að hún væri reiðubúin til þess að ýta á eftir því að frv. yrði

samþykkt að meginhluta til með þeirri undantekningu sem varðar Fljótsdalsvirkjun?

[16:57]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn gangi kannski of langt í að túlka orð mín þar sem ég get ekki sagt að ég fallist á frv. að undanskilinni Fljótsdalsvirkjun. Hins vegar er það alveg rétt að ég fellst á það meginsjónarmið að menn eigi að meta framkvæmdir á mælikvarða þess hvernig umhverfismálin eru í það og það sinnið þannig að ég styð það að setja einhvers konar sólarlagsákvæði inn í umhverfismatslögin og tel að við eigum að skoða það í endurskoðun laganna um umhverfismat.

Varðandi það að hér var spurt hvort ráðherrann ætlaði sér í einhvers konar nýtt stríð, þá er það alls ekki svo. En það er nú bara þannig að við t.d. vorum að taka hér í gegn Fljótsdalsvirkjun enn á ný á þeim þætti sem snýr m.a. að efnahagslegum þáttum og byggðaþróun og það voru mjög sterk rök í málinu. Auðvitað getur Alþingi tekið ákvarðanir hvenær sem er ef meirihlutavilji er fyrir því að fara í framkvæmdir. Ég er hins vegar ekki að segja að það verði en Alþingi hefur að sjálfsögðu fullar heimildir til þess að taka ákvarðanir um allt milli himins og jarðar ef meiri hluti er fyrir því. Þannig er bara þingræðið sem við búum við.

Það er ágætt að minna á það hér fyrst hv. þm. Össur Skarphéðinsson taldi að hér væri um grundvallaratriði að ræða sem fram kemur í þessu frv., að sá hinn sami notaði þetta bráðabirgðaákvæði til að smokra undan hluta af Fljótsdalslínu á sínum tíma — mig minnir að það hafi verið gert 20. apríl 1994 — til þess að komast undan umhverfismatinu á hluta af línunni.

[16:59]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég ætti að ráðleggja hæstv. umhvrh. heilt þá mundi ég ráðleggja henni að hætta sér ekki of mikið út í umræður um Fljótsdalsvirkjun. Allir þekkja hennar þátt í því máli, sinnaskipti hennar, skoðanir hennar áður en hún varð ráðherra og hvernig þær breyttust sama dag og hún varð ráðherra. Það er engum til eftirbreytni og það er engum gert gagn með því að fara að rifja það upp og allra síst hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra talar um afskipti mín og segir að ég hafi smokrað einhverju undan. Herra forseti. Það var nákvæmlega þessi karl sem hér stendur sem hafði frumkvæði að því að setja allt það sem tengdist Fljótsdalsvirkjun í umhverfismat. Með hverju? Með því, herra forseti, að taka þessa línu sem hæstv. ráðherra nefnir hér og samþykkja og staðfesta þann hluta hennar sem var óumdeildur. En hvað var gert við ... (**HjÁ:** Það voru deilur um hann?) Þremur árum síðar, þegar Guðmundur Bjarnason klúðraði málinu og framkvæmd málsins, þá komu aðfinnslurnar. Og hvað var gert við afganginn af línunni sem miklar deilur stóðu um? Hann var settur í mat á umhverfisáhrifum þó, eins og mátti skilja af ræðu hæstv. ráðherra, að þess hefði ekki þurft miðað við skilning hennar á þessum lögum.

En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvað hún á nákvæmlega við þegar hún segir að hún sé sammála meginhugsuninni í þessu frv.? Ég er ekki að fara fram á að hæstv. ráðherra lýsi því hér yfir að það eigi að samþykkja þetta frv. óbreytt. Ég kom hér meira að segja og spurði: Ef Fljótsdalsvirkjun er slakað út er þá stjórnarliðið reiðubúið til þess að taka höndum saman við okkur um meginstefnubreytinguna sem í hinu felst? Það er auðvitað okkar viðleitni til samkomulags í þessu máli og þar er náttúrlega ansi langt gengið miðað við deilur vetrarins.

Ég er ekki einu sinni að fara fram á að stjórnarliðið lýsi skoðun sinni á þessu núna en það væri gaman að heyra hana. Mér finnst hins vegar að hæstv. ráðherra verði að tala skýrar. Hún segir að hún sé sammála meginhugsuninni. En hún er samt sem áður ekki reiðubúin til þess að styðja frv. Í hvernig formi mundi hún vilja sjá þetta frv., hvernig á að setja meginhugsunina þar fram þannig að hún gæti nákvæmlega stutt það?

[17:01]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að snert hefur verið við viðkvæmri taug hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Það er alveg kristalstært að hv. þm. Össur Skarphéðinsson í hlutverki umhvrh. á sínum tíma smokraði undan hluta af Fljótsdalslínu frá umhverfismati þar sem það var ákveðið 20. apríl að mig minnir að setja framkvæmdina af stað en ekki annan hluta hennar. Það er eiginlega fráleitt að festa hluta af línunni en ekki annan af því að þetta er ein og sama línan. Það er því alveg dagljóst að hv. þm. Össur Skarphéðinsson notaði sér á sínum tíma bráðabirgðaákvæði til þess að smokra hluta Fljótsdalslínu undan umhverfismati. Það er ekki hægt að komast undan því.

Það er líka rangt sem kom fram hjá hv. þm. að skoðanir mínar hafi breyst í þessu máli. Viðtal sem var átt við mig á sínum tíma hefur verið rangtúlkað. Við fórum í gegnum flokksþing þar sem kom fram mjög skýr lína hvað flokkurinn vildi og við fórum í gegnum kosningar þar sem báðir stjórnarflokkarnir vildu halda áfram með málið af óbreyttum þunga. Það er því fullkominn hroki að halda því fram að ég hafi átt að styðja einhverja aðra stefnu en við höfðum í alþingiskosningunum og blekkja þannig kjósendur. Það er alrangt.

Varðandi spurningu hv. þm. um hvað hér væri átt við, þ.e. hvað ég ætti við með að samþykkja meginhugsunina í frv., þá er ég sammála þeirri meginhugsun að æskilegast er að mat fari fram nálægt þeim tímapunkti sem framkvæmdir fara í hönd, ég er sammála því. Mér finnst því eðlilegt að það sé einhvers konar sólarlagsákvæði í umhverfismatslögunum þannig að þessi gömlu leyfi fjari út og ég tel eðlilegt að menn skoði það í tengslum við endurskoðun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum.

[17:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér ræddi hæstv. umhvrh. um þáltill. sem Alþingi samþykkti í lok desember að því er skilja mátti á máli hæstv. ráðherra á lýðræðislegan hátt og því verður ekki á móti mælt. Hitt verður að draga fram í dagsljósið vegna þess að það er dagurinn í dag þar sem 44 þúsund kjósendur lýstu því yfir með undirskrift sinni að þeir væru ósammála þeirri ákvörðun Alþingis sem hér var tekin, að framkvæmdum við Fljótsdalsvirkjun skyldi haldið áfram. Má ég benda hæstv. umhvrh. á að á bak við Framsfl. hér á þingi standa einungis rúmlega 30 þúsund kjósendur? Við erum að tala um 44 þúsund kjósendur sem lýsa yfir eindregnum óskum um það að Fljótsdalsvirkjun fari í mat á umhverfisáhrifum og telji það vera leikreglur lýðræðisins. Sú þáltill. sem hæstv. ráðherra segir að hér hafi farið í gegn fór vissulega í gegn á lýðræðislegan hátt en með valdníðslu hæstv. ríkisstjórnarflokka.

Mig langar til að fá að heyra það af munni hæstv. umhvrh. hvort hún telji eðlilegt að fólkið sem starfar að rammaáætluninni sé bundið af þeim leyfum sem eru nú þegar gefin út, leyfum til a.m.k. níu virkjana. Hvernig telur hæstv. umhvrh. að það fólk geti unnið störf sín með þessi óskilgetnu afkvæmi sem standa þarna fyrir utan lög og rétt? Hvernig í ósköpunum er hægt að ætlast til þess að fólk sinni faglegum skyldum með þetta hangandi yfir höfðinu, hvorki meira né minna en níu virkjanir, herra forseti?

[17:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að í morgun komu fram undirskriftalistar en það er deginum ljósara að þrátt fyrir það að 44 þúsund manns krefjist lögformlegs umhverfismats og skoðanakannanir hafi sýnt um 80% stuðning, að mig minnir, við það að fram fari lögformlegt umhverfismat á Fljótsdalsvirkjun, þá er jafnljóst að skoðanakannanir sýndu að sama hlutfall, um 80% fólks, vissi ekki hvað lögformlegt umhverfismat eiginlega er.

Það hefur farið fram umhverfismat, það er ekki þetta svokallaða lögformlega umhverifsmat, en það hefur farið fram mat á þessari virkjun. Það hafa komið fram víðtækar upplýsingar — það eru fleiri sem ætla að taka þátt í umræðunum hérna. Það er gott að þetta lendir ekki á okkur sem stöndum í pontunni. Maður hefði getað haldið kannski að þetta væri hluti af undirskriftasöfnuninni sem kæmi hérna fljúgandi. (**Gripið fram í:** Viðbótarlistar.) Viðbótarlistar. — Það er alveg ljóst að það hefur farið fram mat á þessari framkvæmd þannig að alls ekki er hægt að stilla málum upp eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði að segja að Alþingi stundi valdníðslu. Hér ákvað meiri hluti þingmanna að framkvæmdin ætti ekki að fara í lögformlegt umhverfismat eins og margoft hefur verið tekin ákvörðun um áður og meiri hluti þingmanna ákvað líka að halda áfram með framkvæmdina í óbreyttum farvegi. Það voru fleiri sem studdu þá ákvörðun en eru á bak við stjórnarflokkanna og hér er mjög sterk ríkisstjórn með sterkan þingmeirihluta. Eigi að síður fengum við enn meiri stuðning við þá ákvörðun en stjórnarflokkarnir hafa á bak við sig þar sem fjórir þingmenn frá Samfylkingunni studdu þá ákvörðun.

[17:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara síðustu orðum hæstv. umhvrh. um afgreiðsluna á þáltill. um Fljótsdalsvirkjun. Ekki með öðrum orðum en þeim að það er alveg sjálfsagt mál að þjóðin trúi á þá löggjöf sem sett er í þessu landi og hún þarf ekki að geta skýrt nákvæmlega út fyrir Gallup eða neinu öðru skoðunarkönnunarfyrirtæki hvað felst í einhverjum lagabálki. Allir vita að vestrænar þjóðir eru ágætlega að sér í lögum og í öllum skoðanakönnunum kemur fram að 20% þjóða vita nokkuð vel hvað stendur í lögunum, 80% treysta hins vegar anda laganna. Það gerir íslenska þjóðin líka.

En ég sakna þess að hæstv. umhvrh. skuli ekki svara orðum mínum er lúta að rammaáætluninni því að þetta var megininntak spurningar minnar í andsvarinu: Hvað telur hæstv. umhvrh. að það fólk sem starfar að því að gera rammaáætlunina eigi að hafa margar hendur bundnar? Eins og ég nefndi í andsvari mínu er a.m.k. um níu virkjanir að ræða sem búið er að hleypa út fyrir lög og rétt og þar með er ekki mikið eftir fyrir það fólk sem er að starfa að rammaáætluninni að forgangsraða eða meta. Hvert er álit hæstv. ráðherra á að svona skuli vera í pottinn búið og svo kannski í framhaldi af því, hvaða stjórnsýslulega vægi kemur þessi rammaáætlun síðan til með að hafa að hennar mati? Hvernig ætlar hún að beita sér fyrir því að þessi rammaáætlun verði eitthvað annað en orðin tóm? Mér þætti gaman að heyra hæstv. ráðherra svara því líka.

[17:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við erum að sjálfsögðu að fara út í rammaáætlunina til þess að reyna að ná betri sátt um þessi mál. Að sjálfsögðu erum við að reyna það og það er ekki meiningin að vinna þetta umfangsmikla verk og gera svo ekkert með það. Það er að sjálfsögðu ekki meiningin.

Varðandi spurninguna um hvernig þeir sem vinna að rammaáætluninni ættu að gera það með þessi gömlu leyfi liggjandi á borðinu er það svar mitt að ég tel að það eigi ekki að trufla þá vinnu neitt frekar. Ég held að það fólk sem vinnur að rammaáætluninni geti alveg unnið vinnu sína ágætlega óháð því að einhver leyfi liggi þar á bak við. Ég tel að menn skoði þessi mál frá öllum hliðum, sem ég taldi upp í stuttri ræðu minni áðan, og að þessi leyfi eigi ekki að trufla þá vinnu á neinn sérstakan hátt.

Varðandi Fljótsdalsvirkjunarumræðuna almennt vil ég ítreka það, hæstv. forseti, að við erum nýbúin að fara ítarlega í gegnum hana. Það er alveg ljóst að sum stjórnmálaöfl munu ekki sætta sig við þá niðurstöðu sem hér fékkst og það verður bara að vera svo. Ég á frekar von á því að menn muni ræða þetta mál áfram þó að við höfum tekið lýðræðislega ákvörðun. Það verður þá að vera svo en satt best að segja var ég að vonast til þess að menn gætu farið að horfa fram á veginn í þessu máli.

[17:11]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Mikið tek ég heils hugar undir þá frómu ósk hæstv. umhvrh. að menn geti farið að horfa fram á veginn. Ég taldi að það frv. sem við í Samfylkingunni höfum lagt fyrir og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir frá vinstri grænum tekur undir væri einmitt viðleitni okkar til að hjálpa hæstv. umhvrh. til þess að rífa sig upp úr þessu hjólfari sem hún er búin að spóla í núna í hálft ár og hefur satt að segja ekki gert orðstír hennar mikið gagn. Við vorum að vona að með þessu væri hægt að ná einhvers konar samstöðu milli a.m.k. hins hugsandi hluta stjórnarmeirihlutans og stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Ég tek auðvitað eftir því að hv. þm. Sjálfstfl. leggja a.m.k. hlustir við málið og hafa ekki andmælt því enda veit ég að a.m.k. sumum þeirra er málið kært og sumir þeirra hafa flutt miklar ræður um nauðsyn þess að vernda gróðurvinjar á hálendinu og vilja ýmislegt á sig leggja til þess.

Herra forseti. Vegna þess að hæstv. ráðherra taldi að það væri rangt að tala um valdníðslu af hálfu stjórnarmeirihlutans í umræðunni fyrr í vetur get ég ekki annað en farið nokkrum orðum um það þó að það sé ekki það efni sem er til umræðu. Það vill svo til að ég var í umhvn. eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Við sátum þarna daglangt og náttlangt við umræður um skýrslu Landsvirkjunar og við komumst að því að í einstökum köflum hennar, sér í lagi þeim sem lutu að náttúrufari, stóð ekki steinn yfir steini. Höfundar skýrslunnar urðu uppvísir að því að fara með rangt mál. Það kom líka fram að þeir urðu uppvísir að því að fara ekki að ráðleggingum grasafræðingsins sem fenginn var sem hlutlaus aðili til að meta þær rannsóknir sem gerðar höfðu verið. Hann benti

einfaldlega á að þetta hefðu verið forathuganir sem hefðu verið eins konar undanfari alvörurannsókna.

Sá ágæti grasafræðingur gat þess líka í bréfi til mín að hann hefði aldrei komist inn á Eyjabakkasvæðið sumarið 1998. Hann hefði hins vegar rannsakað þrjú lónstæði og ýmis önnur svæði en aldrei það tiltekna svæði sem átti að fara undir lónið þannig að hann gat ekkert sjálfur sagt til um hvað var þar að finna af gróðri.

Þetta bentum við á, herra forseti, og vildum þess vegna fá frekari tíma til þess að kanna þetta frekar. Menn skelltu eyrum skolla við því og það var valdníðsla. Við vildum líka fá frekari sérfræðinga til ráðslags við nefndina og því var hafnað og það var valdníðsla. Ég vek eftirtekt á því að enginn gestur af þeim lista sem þingmenn Samfylkingarinnar vildu fá fyrir nefndina var kvaddur á fund nefndarinnar. Það var einfaldlega ekki tími til þess. Einungis var rætt við þá sérfræðinga sem stjórnarliðið, sem var að vísu sumt á móti tillögu ríkisstjórnarinnar, hafði kvatt til fundar við nefndina.

Ég gæti að sjálfsögðu líka, herra forseti, tekið vinnubrögðin í iðnn. þar sem því var lýst yfir með hástemmdum orðum af hv. formanni iðnn. að borgurum landsins yrði gefinn kostur á því að koma athugasemdum sínum á framfæri við nefndina. Ég skildi það þá í hinni upphaflegu umræðu að *fólki yrði gefinn kostur á því að koma til fundar við nefndina* eins og við gerðum þegar annað umdeilt mál var í umræðu, þ.e. gagnagrunnurinn. Það var ekki svo. Borgararnir máttu senda athugasemdir sínar á tölvupósti og þær athugasemdir voru ekki einu sinni gerðar að þingskjölum. Með öðrum orðum, þær voru í raun dæmdar dauðar og ómerkar þannig að þetta var líka valdníðsla, herra forseti.

Þegar stjórnarandstaðan í svona miklu máli fær fjóra daga til að véla um málið í nefnd og óskar eftir meiru, þá er það valdníðsla. *Og þegar stjórnarandstaðan þarf að fara í umræðu* með þriggja daga fyrirvara þegar fyrir liggja skjöl upp á 540 blaðsíður, þá er það valdníðsla og ekkert annað. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur því fullkomlega rétt fyrir sér þegar hún segir að af hálfu stjórnarmeirihlutans var auðvitað farið með ansi hörðum aðferðum á hendur þinginu.

Þetta mál var engum til sóma sem stýrðu för þess í gegnum þingið og mikið held ég að Austfirðingarnir, sem harðast börðust fyrir þessari virkjun, verði ósáttir þegar þeir horfa til baka við þá röngu ákvörðun sem tekin var af Framsfl. þegar hann fór á tauginni í þessu máli og vildi draga þingið og sér í lagi Sjálfstfl. til ábyrgðar í málinu og lét málið fara til þingsins, því að ef það hefði ekki verið þess vegna, þá hefðu menn aldrei komist að því hvað Landsvirkjun hafði unnið sleifarlega sína vinnu. Þá hefðu menn ekki komist að því að staðhæfingar um að enginn lófastór blettur á landinu, eins og það var orðað í fyrri umræðu af hæstv. forsrh., væri jafn vel rannsakaður og Eyjabakkasvæðið átti ekki við rök að styðjast. Ég eins og allir aðrir sem komu að málinu taldi alveg ljóst að Landsvirkjun hefði a.m.k. unnið þá heimavinnu, ég taldi ljóst að Landsvirkjun hefði árum saman eytt hundruðum millj. jafnvel milljörðum í slíkar rannsóknir eins og haldið var fram í grg. með þáltill. hæstv. iðnrh. Í ljós kom að milljarðarnir fóru í allt annað en rannsóknir. Í ljós kom að grundvallarrannsóknir skorti á því svæði sem á að fara undir lónið.

Ég ímynda mér, herra forseti, að þegar Norsk Hydro sem reynir að hafa umhverfisverndarstefnu í fyrirrúmi horfir yfir þetta kunni það að valda því að að lokum taki fyrirtækið ákvörðun sem ekki verður mjög hagkvæm Framsfl. og stjórnarliðinu í þessu efni. Ég held því fram, herra forseti, að það hafi einmitt verið þeir skafankar og annmarkar á málinu sem komu í ljós við meðferð þingsins sem gera það að verkum að nú er ekki bara hikst heldur verulegt hik komið á Norsk Hydro. Vera má að hæstv. ráðherrar Framsfl. sem settu málið í þennan farveg hafi það til síns máls að þeir eins og aðrir hafi talið að Landsvirkjun hafi unnið heimavinnuna sína, en allt annað kom í ljós.

Herra forseti. Það eru miklu merkilegri hlutir en deilur um það sem liðið er sem hafa komið fram í þessari umræðu. Hvað var það sem hæstv. ráðherrar og sér í lagi hæstv. umhvrh. færði fram sem vörn í málinu þegar deilurnar stóðu sem hæst? Rammaáætlunin. Settur var niður hópur sérfræðinga til að vinna rammaáætlun um virkjun fallvatna og nýtingu hálendisins. Hvað kemur síðan í ljós í þessari umræðu, herra forseti? Í ljós kemur að hér eru a.m.k. níu virkjanir, sumar er hægt að skilgreina sem stórvirkjanir, sem hafa heimild til þess að farið verði af stað með þær og hæstv. ráðherra segir að það sé kannski ekki beinlínis stefnt að því en hún útilokar ekki að af byggðalegum ástæðum eða af efnahagslegum ástæðum kunni menn eigi að síður að ráðast í þær virkjanir. Hvern er verið að draga á asnaeyrunum, herra forseti? Þjóðina, já, en örugglega þá sérfræðinga sem kvaddir hafa verið til þess að starfa að þeirri rammaáætlun vegna þess að hæstv. ráðherra er að segja að rammaáætlunin skipti í rauninni engu máli vegna þess að hér liggja fyrir heimildir til þess að ráðast í átta til níu stórvirkjanir á hálendinu í formi stækkana á núverandi virkjunum eða byggingu nýrra virkjana og það á alls ekki að koma til kasta sérfræðinganna sem eru að vinna rammaáætlunina.

Ég hjó líka eftir því, herra forseti, að hæstv. umhvrh. sagði að rammaáætlunin yrði ekki kynnt fyrr en á næsta *kjörtímabili. Bíðum nú við, herra forseti. Hvað þýðir það?* Getur verið að hér liggi sá fiskur grafinn undir steini að hæstv. umhvrh. sé kunnugt um að það sé vilji ríkisstjórnarinnar að semja um ýmsar viðbótarvirkjanir sem þarf til þess að knýja 480 þús. tonna álver í Reyðarfirði og gengið verði frá þeim samningum áður en rammaáætlunin kemur fram? Mig uggir, herra forseti, að hér sé eitthvað á ferðinni sem ekki þolir dagsins ljós. Fyrst hæstv. ráðherra kemur hingað og lýsir því yfir að hún sé sammála meginhugsuninni í þessu frv. en þorir ekki að *lýsa stuðningi við það, þá er alveg ljóst* að hæstv. ráðherra vill ekki slá á þær heimildir sem hér liggja fyrir, vill ekki afnema þær vegna þess að bersýnilegt er að ríkisstjórnin ætlar sér að koma fram virkjunum án þess að þær þurfi að sæta mati á umhverfisáhrifum. Ég tek líka eftir því að hæstv. ráðherra talar um það þegar hún segist sammála meginhugsuninni að koma þurfi inn sólarlagsákvæði í þau nýju lög um mat á umhverfisáhrifum sem á að samþykkja hér e.t.v. síðar í vetur en alla vega á næsta ári.

Getur verið, herra forseti, að það sólarlagsákvæði sé þess eðlis að það verði tímasett nægilega langt í framtíðinni til þess að hægt sé að nýta einhverjar af þeim sóðalegu heimildum sem enn er að finna í þessum lögum, sumar áratugagamlar? Mér finnst, herra forseti, fyrst hæstv. ráðherra kemur hingað og gefur upp boltann, þá verði hún að tala skýrar. Hún getur ekki sagt a án þess að segja b. Hvað þýðir það þegar hún talar um sólarlagsákvæði? Hæstv. ráðherra er manna best kunnugt um efni þessa frv. og ég held þess vegna að eðlilegt sé og sanngjarnt að krefjast þess af hæstv. ráðherra hvaða tímamörk eru í því sólarlagsákvæði. Og sömuleiðis, hvaða heimildir sem nú eru í fyrirliggjandi lögum falla þá innan

þeirra tímamarka. Er það með öðrum orðum svo, herra forseti, að hæstv. ráðherra sé að ýja að því að hæstv. ríkisstjórn hyggist ráðast í frekari stórvirkjanir áður en búið er að afnema virkni hins umdeilda bráðabirgðaákvæðis II í lögunum frá 1992? Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra tali skýrt hér. Það er líka nauðsynlegt miðað við það vægi sem hæstv. ráðherra hefur lagt á þann hóp sem vinnur að rammaáætluninni um virkjun og nýtingu fallvatna að hún tali skýrt um umboð þeirrar nefndar. Hvað er undir í þeirri vinnu? Eru það til að mynda virkjunarkostir norðaustan Vatnajökuls? Eru undir í þeirri vinnu virkjunarkostir sem heimild er fyrir nú þegar í gildandi lögum? Er hæstv. ráðherra reiðubúinn til þess að koma hingað og lýsa því yfir að henni sé ekki kunnugt um að fyrirhugað sé að ráðast í frekari virkjanir norðaustan Vatnajökuls áður en búið er að afnema þetta bráðabirgðaákvæði og jafnframt að ekki verði ráðist í að nýta þær heimildir sem hérna eru í þessum lögum sem raktar voru svo ítarlega í svari páv. hæstv. iðnrh. við fyrirspurn hv. þm. Sighvats Björginssonar? Þar kemur einfaldlega fram að það er mýgrútur, sennilega á annan tug heimilda sem liggja fyrir þó að mér sýnist í fljótu bragði að þar sé um að ræða átta framkvæmdir, jafnvel níu sem mætti telja til stórvirkjana.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að hæstv. ráðherra tali skýrt í þessum efnum. Hún allra ráðherra helst hefur lagt mikinn þunga á þá lofsverðu og framsýnu vinnu sem er í gangi við rammaáætlunina en af þeim svörum sem hæstv. ráðherra hefur varpað hér eins og sprengju inn í þingsalinn í dag, þá er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að þessi vinna skipti litlu máli varðandi þau áform sem kunna að vera uppi um virkjanir innan ríkisstjórnarinnar. Ég fer fram á það, herra forseti, að hæstv. umhvrh. tali ekki í einhverjum gátum en tali skýrt um þessi mál.

[17:23]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að taka undir þessa hvatningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hæstv. umhvrh. komi hér og tali mjög skýrt um hvernig hún ætlar inn í þá framtíð sem hún var að draga upp áðan og sem skýtur skökku við frá málflutningnum fyrir jól.

Í framsöguræðu sinni nefndi hv. þm. Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, að það væri táknrænt að við værum að ræða breytingar á lögunum um umhverfismat sama dag og verið væri að færa forustumönnum þings og ríkisstjórnar undirskriftir nærri því 45 þúsund manna. Það er mjög athyglisvert að hlusta á hæstv. umhvrh. þegar hún í aðra röndina kemur til móts við Samfylkinguna í umfjöllun sinni á þeim gömlu heimildum sem liggja fyrir og sem hljóta að hafa komið nærri því öllum þingmönnum á óvart þegar þeir sáu svarið við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um virkjunarleyfi og umhverfismat og hæstv. ráðherra tekur undir með okkur í því að æskilegt væri að meta umhverfisáhrif á þeim tíma sem framkvæmd er í gangi og hæstv. ráðherra tekur undir með okkur í því að leyfin sem liggi fyrir og geta verið allt að því hálfrar aldar gömul eigi að renna sitt skeið.

Það er auðvitað mjög áhugavert og ánægjulegt þegar ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem fór með offorsi fyrir jól kemur núna og tekur undir slík sjónarmið. En við hljótum þá að spyrja hvað það þýði? Hvað ætlar ráðherrann að gera?

Það er, herra forseti, fróðlegt að brjóta umræðuna um Fljótsdalsvirkjun fyrir jól til mergjar. Það er náttúrlega tvennt ólíkt að fyrir áratug, fyrir daga hugsunarinnar um mat á umhverfisáhrifum við framkvæmdir á víðernum landsins, fyrir áratug þótti það viðeigandi að byggja á átta til níu ára lagaheimild varðandi Fljótsdalsvirkjun. En það kom flestum á óvart að ríkisstjórn Íslands vildi hanga á heimild frá 1982 þegar hún í aldarlok vill fara af stað með svo umdeilda virkjun sem Fljótsdalsvirkjun reynist vera. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin hékk á heimild Landsvirkjunar að virkja í Fljótsdal eins og hundur á roði og ekki bara af engri ástæðu. Við höfum velt fyrir okkur hver ástæðan er. Var ástæðan ósveigjanleiki, ráðríki, valdníðsla eða var ástæðan ótti og vissa um það að ef þessi virkjun færi núna í mat á umhverfisáhrifum, þá yrði það mat óhagstætt þeirri framkvæmd? Við getum ekki svarað þessu í dag en ég er alveg sannfærð um að þetta svar mun liggja fyrir áður en langt um líður. Og það sem er líka merkilegt varðandi það hvernig haldið hefur verið á málum Fljótsdalsvirkjunar er að það er ómögulegt í dag, á þessari stundu, að sjá það fyrir hvernig Fljótsdalsvirkjuninni og þar með álveri við Reyðarfjörð reiðir af. Það er alls ekki ljóst á þessari stundu að ríkisstjórnin komist áfram með áform sín sem komu svo skýrt fram í umræðunum fyrir jól.

Ég hafði, herra forseti, frekar gaman af því að hlusta á hæstv. umhvrh. leggja út af rammaáætluninni sem heitir Maður, nýting, náttúra. Ekki veit ég hvort í heiti þessarar rammaáætlunar birtist það sem var svo ljóst í umfjöllun ríkisstjórnarinnar að náttúran kemur síðast. Ég ætla ekki að leggja dóm á það. En yfirskrift þeirrar umræðu sem var fyrir jól var eingöngu nýting, nýting og aftur nýting. Það var ekkert maður, náttúra. Það var nýting, nýting og aftur nýting.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að reyna að brýna hæstv. ráðherra til að bregðast við hvernig haldið yrði á málum miðað við ósk Norsk Hydro og umræður sem hafa verið að undanförnu um 480 þús. tonna álver við Reyðarfjörð. Við erum aldrei búin að fá umræðu í þessum sal um meira en 120 þús. tonna álver og virkjun í Fljótsdal og óljósar upplýsingar um hvað skuli koma síðast.

Hæstv. ráðherra hélt því fram í ræðu sinni að mjög æskilegt væri að meta umhverfisáhrif á þeim tíma sem framkvæmd væri í gangi. Leyfin ættu að renna sitt skeið og æskilegt væri að meta umhverfisáhrif á þeim tíma sem framkvæmdir væru í gangi. Þetta er hugsun þeirra þjóða sem vinna samkvæmt því sem liggur að baki því að fara með mannvirki í mat á umhverfisáhrifum. Í þessu mati liggur spurningin: Er ósnortið land verðmætara en nýtingin sem þarna á að verða? Og þegar ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hver af öðrum leyfa sér að koma hér og birtast í fjölmiðlum og halda því fram að þjóðin, þegar hún er spurð, viti ekki hverju hún sé að svara af því að hún viti ekki nákvæmlega hvernig útfærsla laganna um mat á umhverfisáhrifum sé, þá er það svo yfirgengileg framkoma við fólkið í landinu að ég er eiginlega alveg hissa að menn hafi komist upp með þetta, vegna þess að þetta er ekki spurning um hvort fólk þekki lögin og útfærslu þeirra, heldur um það hvort fólk er að ætlast til þess af okkur að þetta mat fari fram.

Þegar hæstv. ráðherra sagðist vera sammála meginhugsuninni í því að mat færi fram þegar framkvæmd á að fara í gang, þá tók hún til orða eitthvað á þessa leið, herra forseti: „Líka í Fljótsdalsvirkjun", enda hefði afgreiðslan í haust verið í anda þessarar hugsunar. Þetta er alrangt og það er mjög mikilvægt að við höldum því til haga í umræðunni. Það er alrangt að afgreiðsla Alþingis hafi verið í anda laga um mat á umhverfisáhrifum vegna þess að ríkisstjórnin fól Alþingi að framkvæma umhverfismatið og það er ekki í anda

laganna. Og það sem meira er, ríkisstjórnin gaf Alþingi ekki einu sinni svigrúm til þess að reyna að útfæra þessa skoðun í nokkrum takti við það sem lögin gera kröfu um. Umhvn. fékk innan við tvær vikur til þess að sinna þýðingarmiklum þætti sínum.

Það er hins vegar afskaplega ánægjulegt, herra forseti, að hæstv. umhvrh. vill nú viðhafa fagleg vinnubrögð og ráðherrann vill líta til framtíðar. Ég hafði hugsað mér að bera fram spurningu til hæstv. ráðherra sem mér finnst mjög mikilvægt að svar fáist við í þessari umræðu og þess vegna spyr ég forseta hvort ráðherrann sé enn í húsinu eða hvort hún hafi horfið á braut.

(**Forseti** (GÁS)**:** Nú háttar þannig til að hæstv. ráðherra þurfti að sinna brýnum viðfangsefnum í húsinu. Hún er væntanleg fljótlega, innan nokkurra mínútna. Forseti getur því boðið hv. þm. upp á það að fresta ræðu sinni og koma með beinar fyrirspurnir til ráðherrans síðar í þessari umræðu.)

Herra forseti. Ég veit ekki hvað aðrir þingmenn á mælendaskrá hafa hugsað sér, þ.e. hvort þeir vilja ræða þetta mál að ráðherranum fjarverandi. Spurningar mínar eru tvær og ég ætla að setja þær fram hér og nú. Ef hæstv. ráðherra er í húsinu má gera ráð fyrir því að hún fylgist með umræðunni. Ef ráðherrann fær ekki spurningarnar þá get ég komið þeim til hennar þegar hún kemur í salinn aftur þannig að ráðherranum gefist ráðrúm til að svara spurningum mínum þegar hún tekur til máls.

Herra forseti. Mér fyndist mjög áhugavert að vita hvaða breytingar ríkisstjórnin ætlar að gera á lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Það hefur komið fram að fljótlega mun stjfrv. koma hingað inn í þingið. Við ræddum það fyrir jól að lögunum væri ábótavant og ég er að vona að þær breytingar sem verða gerðar á lögunum séu breytingar sem við þingmenn getum almennt stutt. Það að slíkt stjfrv. um breytingar á lögunum kemur inn tryggir hins vegar að farið verður að skoða breytingar á lögunum í umhvn. og það þýðir að ekki er hægt að ganga fram hjá því frv. sem hér liggur fyrir frá Samfylkingunni í þeirri yfirferð. Umhvn. og meiri hluti umhvn. verður því að taka afstöðu til þess hvort þær breytingar verða teknar með sem við erum að leggja til samhliða þeim breytingum sem ríkisstjórnin ætlar að leggja til.

Spurningar mínar til ráðherrans eru um hvaða meginatriðum eigi að breyta í lögunum um mat á umhverfisáhrifum. En þar sem ráðherrann sagðist vilja líta til framtíðar og viðhafa fagleg vinnubrögð þá er mér eftirfarandi efst í huga: Ljóst er að ef stífluþilið við virkjun á Eyjabökkum verður hækkað áður en ráðist verður í framkvæmdir, þá verður virkjunin öll að fara í mat á umhverfisáhrifum. Við leiddum að því líkur í umræðunni fyrir jól að meiningin væri að sækja sér, eins og ríkisstjórnin gerði, heimild til að halda áfram með þessa virkjun og þegar menn væru komnir í gang með framkvæmdina, þá yrði stífluþilið hækkað þannig að ekki þyrfti að fara í aðra virkjun til að ná þeirri 120 þúsund tonna raforku sem þyrfti á að halda til álversins við Reyðarfjörð.

Nú kom það fram í iðnn., á síðasta fundi iðnn. um þetta mál, að Landsvirkjun ætlar að skoða það á sumri komanda hvort það borgi sig fyrir Landsvirkjun að hækka stífluþilið um þrjá metra til að komast hjá því að virkja annars staðar. Þess vegna er spurning mín til ráðherrans þessi: Hvað gerir ráðherrann ef niðurstaða Landsvirkjunar í sumar verður sú að það borgi sig að hækka stífluþilið um þrjá metra? Ráðherrann hefur nefnilega hér í þessari umræðu afdráttarlaust hafnað því að brtt. okkar í frv. því sem hér er til umræðu geti átt við Jökulsá í Fljótsdal. En ef það kemur til að ákveðið verði að hækka stífluþilið um þrjá metra, þá verður ráðherrann að svara hvernig hún ætlar að bregðast við. Þetta er spurning mín í umræðunni og hjá henni getur ráðherrann ekki komist, herra forseti. Ég mun leggja spurninguna skriflega á borð ráðherrans þannig að ljóst sé að við fáum hér að vita hvað ráðherrann gerir ef niðurstaða Landsvirkjunar í sumar verður sú að hækka stífluþilið í virkjuninni í Jökulsá í Fljótsdal um þrjá metra.

[17:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að bera fram spurningu til hæstv. umhvrh. Fer þeim brýnu erindum sem hæstv. ráðherra er að sinna í húsinu að ljúka eða er rétt að bíða með spurningarnar?

(**Forseti** (GÁS)**:** Eins og forseti gat um áðan er hæstv. ráðherra hér í húsinu en þurfti að sinna brýnum viðfangsefnum sem hún hafði lofað. Hennar er að vænta á næstu mínútum þannig að ef hv. þm. getur notað þá kafla ræðu sinnar sem hann beinir ekki sérstaklega til ráðherra gæti fundurinn haldið áfram. En ef svo er ekki þá verður að grípa til annarra ráðstafana.)

Hæstv. forseti. Að vísu ætlaði ég ekki að hafa ræðu mína langa. Ég er einn af flutningsmönnum þessa frv. og tel að skynsamlegt væri af hálfu Alþingis að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir. Ég get hins vegar viðurkennt að ekki er líklegt að meiri hluti Alþingis fallist á að Fljótsdalsvirkjun fari í umhverfismat eftir þá afgreiðslu sem það mál fékk fyrr á þessu þingi í vetur. Þess vegna tel ég að það væri kannski sáttahlutur í málinu, að öðru leyti en hvað varðar Fljótsdalsvirkjun, ef frv. yrði samþykkt frá hendi Alþingis og það væri að mínu viti bæði skynsamlegt og til sátta fallið í umhverfismálum ef það væri gert. Auk þess er ekki endilega víst að þeir hv. þm. sem bera ábyrgð á meiri hlutanum á Alþingi mundu kannski vera ánægðir með það ef eitthvert af þessum málum kæmi upp því að ekki stjórna þeir öllum þáttum hvað varðar þær virkjunarframkvæmdir sem hér hefur verið veitt leyfi til.

Svo ég nefni eitt dæmi þá á einungis einn aðili það virkjunarleyfi sem snýr að Borgarfirðinum, þ.e. Andakílsárvirkjun. Það eru Akurnesingar sem eiga hana. Þeir geta tekið ákvörðun um að ráðast í þá virkjun hvenær sem er. Þeir hafa leyfi til þess. Ætlar hv. Alþingi að banna það með lögum að þeir noti þetta leyfi þegar þeir hafa tekið þá ákvörðun að gera það? Mér finnst að það þurfi að bregðast við í þessum málum öllum áður en mál koma upp með einhverjum slíkum hætti. Ég reikna satt að segja ekki með því að Akurnesingar séu svo heillum horfnir að þeir birtist uppi í Borgarfirði með hamar og nagla og byrji að virkja þarna án þess að fram fari umhverfismat áður en til slíks kæmi í miðri Borgarfjarðarsveit. En þetta lýsir kannski svolítið vel því sem menn eru með í höndunum og hafa ekki verið tilbúnir að taka á, þ.e. að leyfi eins og það sem ég er hér að nefna skuli vera fyrir hendi á slíkum stað á landinu sem ég var að nefna. Mér finnst að það væri ömurlegur endir á meðferð þessa máls ef menn treysta sér ekki til þess að afgreiða það á hv. Alþingi í vetur.

Það sem fékk mig hins vegar til þess að taka til máls hér, hæstv. forseti, voru fyrst og fremst orð hæstv. ráðherra um rammaáætlunina sem verið er að vinna. Ég tel reyndar að þar séu mikil tíðindi á ferðinni. Ég hafði aldrei látið mér detta í hug að þessi rammaáætlun þyrfti að taka svona óskaplega langan tíma og ég tel að full ástæða sé til þess að um það

verði rætt í fullri alvöru hvort ekki þurfi einhvern veginn að ná sáttum um einhvers konar bráðabirgðaástand áður en þessi rammaáætlun verður til, þ.e. ef hún á ekki að verða til fyrr en á næsta kjörtímabili eins og hæstv. ráðherra nefndi áðan, því að (**KHG:** Ráðherrann er komin.) — ég fagna því að hæstv. ráðherra er hér mætt — ég veit ekki betur en hér bíði mjög stórt málefni afgreiðslu.

Ég hef þóst skilja það þannig að forráðamenn Norsk Hydro t.d. vildu vita eitthvað um framtíðina, hvort og hvenær hægt verði að taka ákvarðanir um framtíð mjög stórs álvers í Reyðarfirði, 480 þúsund tonn. A.m.k. hafa fjölmargir á Íslandi þá skoðun að áður en ráðist verður í framkvæmdir, meira að segja við þennan fyrsta áfanga, þá vilji forráðamenn þessa fyrirtækis vita eitthvað um hvort nóg rafmagn verði fyrir hendi í miklu stærra álver, þ.e. 480 þúsund tonn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að það að rammaáætlunin skuli ekki eiga að verða tilbúin fyrr en á næsta kjörtímabili vekur óneitanlega upp þá hugsun að það eigi að taka mjög stórar ákvarðanir í virkjunarmálum áður en rammaáætlunin verður til og þá er ég ekki að tala um þær ákvarðanir sem liggja fyrir og ekki þurfa á umhverfismati að halda heldur aðrar áætlanir. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Telur hún að til greina komi að tekin verði ákvörðun, áður en rammaáætlun verður til, um stórar virkjanir sem hafa ekki verið teknar ákvarðanir um fram að þessu eins og t.d. Kárahnjúkavirkjun? Telur hæstv. ráðherra koma til greina að taka ákvörðun um Kárahnjúkavirkjun áður en rammaáætlun liggur fyrir?

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hve mikið er að marka rammaáætlun sem ekki mun taka tillit til virkjana af þessari stærð og þeirra virkjana sem leyfi liggja núna til fyrir? Og mér verður á að spyrja líka: Hve mikið er að marka hugmyndir manna um vetnissamfélagið á Íslandi og annað slíkt til þess að fullnægja orkuþörf okkar Íslendinga til framtíðar ef við ætlum ekki að skoða með þessari rammaáætlun hverjir eru bestu virkjunarkostirnir og hvaða virkjunarkosti við ætlum að halda til haga fyrir okkur til þess að nýta orku fyrir okkur sjálf, á fiskiskipaflotann eða til annarra þarfa í íslensku þjóðfélagi?

En fyrst og fremst vil ég fá skýrt svar við þessari spurningu, hæstv. forseti: Telur ráðherrann að það komi til greina að taka ákvarðanir um svo stóra virkjunarkosti sem Kárahnjúkavirkjun áður en rammaáætlun liggur fyrir?

[17:44]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel rammaáætlun þá sem verið er að hefja vinnslu á núna, Maður, nýting, náttúra, mjög mikilvæga og mjög mikilvægt að fara í þá vinnu til að reyna að ná sáttum. Ég teldi ekki rétt að fara í stærri virkjanir án þess að búið væri að ná sáttum um þá rammaáætlun eða afgreiða hana sem heild eða ná niðurstöðu í henni sem heild. Ég teldi það ekki æskilegt.

En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að að sjálfsögðu getur Alþingi tekið þær ákvarðanir sem það vill hverju sinni þannig að ekki er hægt að útiloka hér um aldur og ævi að teknar verði nýjar ákvarðanir. En að mínu mati er ekki meiningin með rammaáætluninni að setja í gang umfangsmikla vinnu og tína svo út einstakar virkjanir áður en við erum búin að klára þá áætlun vegna þess að það væri ekki í anda þess að ná sáttum um þessi virkjanaáform ef við höfum ekki svo til allt undir þegar við erum að ganga í þá vinnu. Ég tel því ekki æskilegt að taka stórar virkjanir út úr. En ég vil setja þann varnagla að að sjálfsögðu geta menn rætt það og Alþingi getur tekið aðrar ákvarðanir en þá yrði að skoða það alveg sérstaklega og það væri ekki í anda þeirrar vinnu sem ég sé fyrir mér gagnvart rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

[17:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem hæstv. ráðherra sagði að hún teldi ekki vera æskilegt að svo stórar ákvarðanir yrðu teknar áður en rammaáætlun lægi fyrir og að rammaáætlunin ætti að vera sáttaleiðin, ég er svo sannarlega sammála því. Hins vegar virtist hæstv. ráðherra ekki vera alveg viss um sig í svörunum því að hún bætti við ýmsum varnöglum hvað það varðaði að komið gæti til þess að einhverjar ákvarðanir yrðu teknar á þessu tímabili.

Ég tel því að full ástæða sé til að spyrja hæstv. ráðherra nákvæmlega um það hvort hún telji koma til greina að svo stórar ákvarðanir verði teknar, eins og sú sem ég var að nefna áðan, Kárahnjúkavirkjun, á meðan ekki liggur fyrir sú rammaáætlun sem hér er verið að tala um.

[17:47]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get lítið annað gert en ítreka fyrra svar mitt við þessari spurningu sem er að ég tel það ekki í anda þeirrar vinnu sem við erum að fara í gang með um rammaáætlunina að taka út einstaka stórvirkjanir en hins vegar verð ég að setja þann varnagla að margt getur gerst á þeim árafjölda sem sú vinna mun standa. Það getur ýmislegt komið upp á sem þarf að taka til skoðunar. Maður getur ekkert útilokað í framtíðinni varðandi það.

Ég tel að vinnan verði umfangsmeiri en menn kannski gera sér grein fyrir en lagt var upp með það á sínum tíma að reyna að klára þessa vinnu á yfirstandandi kjörtímabili. Ég hef vissar efasemdir um að það takist og sé alveg eins fyrir mér að það takist ekki fyrr en á næsta kjörtímabili og að sjálfsögðu getur ýmislegt komið upp á á þeim tíma. Það er svo margt sem gerist í umhverfi okkar. Það er því ekki hægt að útiloka með öllu að slíkt gæti komið til skoðunar.

Ég ítreka að það væri ekki í anda þeirrar vinnu sem ég sé fyrir mér að fari í gang. Ég tel því að það sé frekar ólíklegt að slík staða komi upp en ég get ekki útilokað það. Mér finnst ekki heiðarlegt af mér að útiloka algerlega að sú staða gæti komið upp og þá verðum við auðvitað að taka á því en ég vil ítreka að það væri ekki í anda þessarar vinnu.

[17:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel því miður að hæstv. ráðherra hafi verið að innsigla það með seinna andsvari sínu að hún óttist að upp muni koma einhver mál sem muni verða tekin og afgreidd á þessu tímabili. Auðvitað veit hæstv. ráðherra að það mun þurfa að svara Norsk Hydro með það hvert eigi að vera framhaldið vegna álvers á Austurlandi og slíkt fyrirtæki fer ekki af stað ef það veit ekkert um hvað fram undan er í þeim stóru áætlunum sem verið er að gera. Ég tel þess vegna að hæstv. ráðherra sé að ganga svolítið lengra en ég a.m.k. átti von á með því að vísa til þess að þetta mundi vera gegn anda þess að skapa slíka rammaáætlun því að hún veit, að ég tel, að menn muni ekki geta vikið sér undan því að ganga betur frá málum hvað varðar virkjanir fyrir austan til að af þeim fyrsta áfanga verði sem fyrir liggur sem menn ætla sér í austur á landi.

Þess vegna verð ég að lýsa yfir því að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa getað kveðið skýrar að orði og kveðið upp úr með það að hún ætlaði sér að standa við það að þessi rammaáætlun yrði til án þess að stórar ákvarðanir yrðu teknar á því tímabili sem liði þangað til hún tæki gildi.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir NATO í Júgóslavíu 1999, 342. mál, fsp. SJS, þskj. 595.

Afkoma Landsbanka Íslands 1988–97, 279. mál, svar viðskrh., þskj. 553.

Dvalarleyfi háð takmörkunum, 350. mál, fsp. ÖS, þskj. 603.

Eldi þorsks og annarra sjávardýra, 343. mál, fsp. KPál, þskj. 596.

Ferskt vatn í flugstöð Leifs Eiríkssonar, 341. mál, fsp. HjÁ, þskj. 594.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 340. mál, fsp. HH, þskj. 593.

Gróðurvinjar á hálendinu, 349. mál, fsp. ÖS, þskj. 602.

Rekstur nýs hjúkrunarheimilis við Sóltún, 345. mál, fsp. ÞBack, þskj. 598.

Sala Sementverksmiðjunnar hf., 348. mál, fsp. JÁ, þskj. 601.

Styrkir til sérleyfishafa, 347. mál, fsp. JÁ, þskj. 600.

Útgáfa diplómatískra vegabréfa, 351. mál, fsp. EKG, þskj. 604.

Vegaframkvæmdir í Hvalfirði, 346. mál, fsp. JÁ, þskj. 599.

Verndun votlendis, 344. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 597.

[17:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs öðru sinni í þessari umræðu vegna þess að ég er að reyna að átta mig á hæstv. umhvrh. og því sem hún hefur haft fram að færa. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að hæstv. ríkisstjórn muni slá á framrétta sáttarhönd Samfylkingarinnar í þessum málum, mál sem hefur stuðning frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, því að ég vona að hæstv. umhvrh. geri sér grein fyrir því að hér er verið að færa hæstv. ríkisstjórn á silfurfati mjög einfalda og góða lausn á virkjanavandræðum hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. ráðherra tók þannig til orða að hún væri sammála meginhugsuninni í umræddu frv. Það gladdi mig að heyra það, en því lengur sem hæstv. ráðherra talaði því hryggari varð ég í hjarta mínu því að hæstv. ráðherra virðist treysta því að einhvers konar sólarlagsákvæði sé í nýju frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum — ekki á umhverfisráðherrum þó að kannski ætti að leggja slíkt frv. fram, við verðum að íhuga það mál. En grínlaust, herra forseti, þá hefur verið beðið eftir þessu frv. til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum um allnokkurt skeið, í tæpt ár ef mig misminnir ekki, og öllum er ljóst að sú endurskoðun hefur dregist úr hömlu. Í ljósi reynslu minnar af hæstv. ríkisstjórn leyfi ég mér ekki að treysta því að það frv. muni skila sér hér inn fljótlega og því held ég að hæstv. ráðherra ætti að íhuga það mjög gaumgæfilega að gera fyrirliggjandi frv. að sínu að öllu leyti, herra forseti.

Hér hefur einnig verið rætt nokkuð um rammaáætlunina Maður, nýting, náttúra, en komið hefur í ljós að ólíkt því sem margir héldu, m.a. sú sem hér stendur, að þessi áætlun yrði lögð fram á yfirstandandi kjörtímabili, þá upplýsir hæstv. umhvrh. að hún efist um að það takist og kannski verði það ekki fyrr en á næsta kjörtímabili og auk þess sé nokkuð óljóst hvað sé undir í rammaáætluninni, hvort allar fyrirhugaðar virkjanir, hvort heldur þær sem nú þegar hafa fengið leyfi, svokallaða virkjanaheimild, ellegar annað sem er á teikniborðum Landsvirkjunar eða annarra þeirra er munu nýta orku- og jarðvarma á komandi árum og öldum, hvort allt þetta sé undir. Mér þætti gaman að vita, herra forseti, hvort hæstv. ríkisstjórn hafi í hyggju að leggja þessa áætlun fyrir fyrir lok kjörtímabilsins svo að íslenska þjóðin geti hreinlega kosið um það í næstu alþingiskosningum, kosið um rammaáætlunina til langs tíma. Það væri lýðræðisleg og góð aðferð, herra forseti. Og fyrst hæstv. umhvrh. er svartsýn á að það takist að klára þessa vinnu á yfirstandandi kjörtímabili, þá hygg ég að skynsamlegast sé að stöðva allar framkvæmdir, leggja allt undir í rammaáætluninni og leggja það svo í mat kjósenda hvert skuli haldið í þessu máli.

[17:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fyrir að unnt hefur verið að gera ráðstafanir til þess að stöðva framkvæmdir í virkjunarmálum ef ég man rétt. Ég held að dugað hafi að skipa iðnrh. úr röðum Alþfl. og þá hafi það verið tryggt að engin stórvirkjun fannst og ekki var ráðist í neina álverksmiðju. Er þetta ekki rétt, hv. þm.?

[17:57]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki þá dul að reyna að svara fyrir fyrrv. ráðherra Alþfl. hér á hinu háa Alþingi. En ég hygg að hv. þm. sé fullkunnugt um að það er markaðurinn sem ræður í sambandi við framkvæmdir og uppbyggingu álvera eins og svo margt annað sem þessi þjóð er að fást við hvort heldur það eru samgöngur, fjarskipti eða annað. Það getur því náttúrlega vel farið svo að markaðurinn mundi slá af allar hugmyndir um virkjun í Fljótsdal.

[17:58]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta frv. sem ég mælti fyrir í fjarveru hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Eðli þessa frv. sem við ræðum felur í rauninni í sér tilraun til að leita sátta í virkjunarmálum. Samkvæmt frv., ef það yrði gert að lögum, mundi það þýða að allar heimildir til virkjana sem núna er að finna í gildandi lögum yrðu í reynd afnumdar nema þær færu í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Það er rétt hjá hæstv. umhvrh. að samkvæmt frv. mundi Fljótsdalsvirkjun, sem hér hefur mikið verið deilt um, þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum. Ég hef hins vegar lýst því yfir fyrir hönd okkar samfylkingarmanna að við erum reiðubúin til þess að slaka því út til að reyna að ná sáttum í þessu máli og gerum okkur alveg grein fyrir því að menn eru búnir að tala það mál til enda hér í þessum sölum og algerlega skýr afstaða liggur fyrir. Ég bendi hins vegar á, herra forseti, að þetta frv. var lagt fram áður en það mál var leitt til lykta.

Ég held að nauðsynlegt sé að menn læri af þeim deilum og reyni að forðast aðrar slíkar. En nokkrar gætu verið í

uppsiglingu ef marka má svörin sem hér hafa komið frá hæstv. ráðherra.

Það liggur t.d. fyrir að í gildandi lögum frá 1981 er heimild til virkjana á hálendinu sem mundi hafa í för með sér að einhver hluti Þjórsárvera kynni að lenda í hættu. Þjórsárver eru eins og flestir vita alþjóðlegt verndarsvæði í krafti Ramsar-samningsins sem Íslendingar urðu aðilar að árið 1977. Þjórsárver voru tilnefnd af Íslands hálfu sem Ramsar-svæði og í þeirri tilnefningu fylgir að Íslendingar verða að gæta þess að raska ekki svæðinu, það fylgir aðild okkar að samningnum.

Nú blasir það við, sennilega flestum að óvörum þangað til svar fyrrv. iðnrh., Finns Ingólfssonar, kom fram við fyrirspurn hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að heimild er í lögum fyrir virkjun sem getur laskað þetta viðkvæma svæði. Ég hef þess vegna varpað fram þeirri spurningu til hæstv. umhvrh. hvort hún sé reiðubúin til að lýsa því hér yfir að ekki verði ráðist í neinar virkjunarframkvæmdir sem gætu laskað Þjórsárver nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum. Hæstv. ráðherra hefur enn ekki svarað því en samkvæmt lögunum sem eru í gildi, þá er það kleift.

Þegar hæstv. iðn.- og umhvrh. settu á fót sérfræðingahóp til þess að vinna að rammaáætluninni Maður, nýting, náttúra þá held ég að þeir ráðherrar hafi ekkert frekar en þingmenn stjórnarandstöðunnar gert sér grein fyrir því að í gildi voru heimildir til þess að ráðast í sjö til níu stórvirkjanir á hálendinu. Ég kalla stórvirkjanir ýmis stækkunaráform virkjana sem fyrir eru sem heimildir eru fyrir í lögum.

Það vekur eftirtekt mína að hæstv. ráðherra hefur hafnað því að svara afdráttarlausum spurningum sem til hans hefur verið varpað. Í tilefni af þessu frv. dró hæstv. ráðherra sjálf inn í umræðuna frv. að nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum sem hún á auðvitað fyrir löngu að vera búin að leggja fram. Hún nefndi að þar væri að finna sólarlagsákvæði. Í því ákvæði fælist að innan tiltekins tíma mundi virkni núgildandi bráðabirgðaákvæðis II við lögin frá 1993 sem undanþiggja tilteknar framkvæmdir mati á umhverfisáhrifum, deyja út. Ég hef spurt hæstv. ráðherra: Hvaða tímamörk eru í þessu sólarlagsákvæði? Það er ekki að ófyrirsynju og ekki ósanngjarnt að ég kasta fram þessari spurningu og óska eftir því að hæstv. ráðherra svari henni. Ástæðan er sú að þessi merka rammaáætlun er í vinnslu og hún er auðvitað hjóm eitt og ekki mikils meira virði en pappírinn sem hún kann einhvern tíma að komast á ef það liggur fyrir að það er hægt að ráðast í margar virkjanir á þeim tíma sem vinnan við áætlunina fer fram án þess að ráðist verði í mat á umhverfisáhrifum og án þess að viðkomandi sérfræðingahópur hafi nokkuð um það að segja. Þess vegna verður hæstv. ráðherra að greina okkur frá því hvaða tillögu hún mun gefa Alþingi um tímamörk þessa sólarlagsákvæðis.

Það er eftirtektarvert að hæstv. ráðherra segist vera sammála meginhugsuninni í frv. okkar samfylkingarmanna en hún treystir sér samt sem áður ekki til að lýsa því yfir að hún muni beita sér fyrir þeim sáttum sem í frv. felast, ekki heldur eftir að ég lýsti því hér yfir að við gætum fyrir okkar parta verið reiðubúin til þess að fallast á, í ljósi þess sem hér hefur gerst í vetur, að sá hluti frv. sem beinlínis tengist Fljótsdalsvirkjun yrði numinn brott.

Ég tel að eitt af því markverðasta sem hefur komið fram í umræðunni í dag sé sú óvissa sem af hálfu ríkisstjórnarinnar, a.m.k. af hálfu hæstv. umhvrh., ríkir um stöðu rammaáætlunarinnar. Hæstv. ráðherra sagði að hún væri af hálfu ríkisstjórnarinnar tilraun til þess að ná sáttum í þeim viðkvæmu deilum sem enn ríkja meðal þjóðarinnar um virkjanastefnu. En hún treystir sér ekki, þrátt fyrir að hafa fjórum sinnum verið spurð að því af jafnmörgum þingmönnum, að lýsa yfir að það verði ekki ráðist í stórvirkjanir á meðan verið er að vinna þessa rammaáætlun. Jafnframt lýsti hæstv. ráðherra því yfir að sú vinna væri tímafrek og ekki gert ráð fyrir því að henni lyki fyrr en á næsta kjörtímabili og bætti því síðan við að hana uggði að þegar upp væri staðið reyndist vinnan enn tímafrekari en menn höfðu áður talið. Með öðrum orðum, það má draga þá ályktun af þessu að svo kynni að vera að það sé ekki fyrirhugað fyrr en undir lok næsta kjörtímabils að vinnunni verði lokið og við þingmenn sem þá sitjum hér fáum að sjá afraksturinn. Það tel ég auðvitað vera algerlega fráleitt.

Það sem skiptir máli er að ráðherrann hrekst undan og neitar að láta uppi skýra afstöðu. Hún segir að það væri að hennar áliti ekki í anda rammaáætlunarinnar ef ráðist yrði í virkjanir, það væri ekki æskilegt. En svo bætti hæstv. ráðherra við að margt gæti gerst á þeim árafjölda sem tekur að vinna áætlunina. Á þeim tíma sagði hún enn fremur að margt gæti komið til skoðunar og klykkti síðan út með því að segja að ekki væri hægt að útiloka að sú staða kæmi upp að ráðist yrði í frekari stórvirkjanir.

Hæstv. ráðherra greindi reyndar frá því að til þess gætu legið tvenns konar rök, þ.e. byggðarök og efnahagsrök. Með öðrum orðum, ef það verður kreppa í landinu að mati hæstv. ríkisstjórnar þá virðist sem hæstv. umhvrh. telji verjanlegt að ráðast í frekari stórvirkjanir án þess að þær fari í mat á umhverfisáhrifum. Þetta finnst mér alveg forkastanlegt, herra forseti.

Ég vil líka geta þess að ég hef vaxandi efasemdir um gildi þess ferlis sem felst í mati á umhverfisáhrifum eins og það liggur fyrir í núgildandi lögum. Við sjáum hvernig hægt er, með því að nota þá aðferð sem ég hef kallað bútasaum Landsvirkjunar, að verðfella víðeðm landsvæði með það beinlínis fyrir augum að því er virðist að ná síðar sátt um enn frekari virkjanir. Við sjáum þetta ótrúlega mikilvæga og verðmæta land norðaustan Vatnajökuls þar sem uppi eru áform sem eftir atvikum mættu segja að gerðu ráð fyrir, ef allt næði fram að ganga, svona fimm til sex virkjanakostum. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið nein tilviljun að menn fóru með þeim hætti í Fljótsdalsvirkjun sem ráðist var. Ef hæstv. ríkisstjórn tekst að reka fleyg í þau ósnortnu og víðfemu víðerni sem er að finna norðaustan Vatnajökuls með því að sökkva Eyjabökkum þá er auðvitað búið að verðfella landið og þá er hægt að byrja á því að tosa næsta bút í gegnum mat á umhverfisáhrifum og það verður miklu auðveldara vegna þess að þá er búið að draga úr gildi landsins vegna þess að það felst ekki síst í heildarmyndinni á svæðinu. Og með þessari aðferð bútasaumsins þá er ég viss um að Landsvirkjun tekst smám saman að ná áformum sínum í gegn illu heilli. Ég tala nú ekki um ef það verður með þeim aðferðum sem hér voru viðhafðar í vetur. Þetta þykir mér ákaflega miður.

En að lokum, herra forseti. Við eigum eftir að fá svar við þeim spurningum sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa varpað fram til hæstv. ráðherra. Ég hef nú reifað sumar aftur en ég spyr enn eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson: Hvaða svar ætlar hæstv. umhvrh. að gefa Norsk Hydro ef fyrirtækið fer fram á tryggingu fyrir því að ráðist verði í þær virkjanir

sem þarf til þess að reka 480 þús. tonna álver á Reyðarfirði áður en lokið er vinnu við rammaáætlunina?

[18:08]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi tryggingar til Norsk Hydro, þá er alveg ljóst að ekki er hægt að gefa neinar tryggingar fyrr en menn hafa farið í gegnum umhverfismat á virkjuninni. Það er alveg deginum ljósara og hefur margoft komið fram.

Varðandi þá spurningu sem hér hefur verið beint til mín um sólarlagsákvæði, þá tel ég ekki rétt að við ræðum það á þessari stundu þar sem ekki er búið að leggja málið fyrir þingið. Það mun verða lagt fram hér og fara til vinnslu í hv. umhvn. þar sem ýmsir þeir sem hér hafa spurt eiga sæti. Menn geta þá rætt hvernig eðlilegast er að skipa þeim málum. Málið mun að sjálfsögðu koma til umfjöllunar hingað og til hv. umhvn.

[18:09]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er komið að lokum þessa dags. Umræðunni er að ljúka og það liggur fyrir að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað ýmsum spurningum sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa varpað fram. Ég vek sérstaka eftirtekt á spurningum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur.

Ég varpaði fram tveimur spurningum til hæstv. ráðherra. Önnur var þessi: Hvaða tímamörk er að finna í sólarlagsákvæðinu í komandi frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum og hæstv. ráðherra hefur upplýst okkur um að er partur af lögunum? Hæstv. ráðherra vill ekki svara því. Við höfum spurt: Getur verið að þau tímamörk verði þannig að þær átta til níu stórvirkjanir sem heimildir eru fyrir í gildandi lögum rúmist innan tímamarkanna? Er það í reynd þannig, herra forseti, að hæstv. ríkisstjórn með vitund hæstv. umhvrh. áformi að ráðast í einhverjar af þessum virkjunum sem heimildir eru til um í krafti gamalla og stundum áratuga gamalla laga án þess að láta þær fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum? Ég óttast, herra forseti, að sú sé staðreyndin og að feluleikur hæstv. ráðherra í málinu helgist af því.

Í annan stað spurði ég, herra forseti: Hvaða tryggingu getur hæstv. ráðherra gefið fyrir því að ekki verði veitt jákvætt svar við óskum Norsk Hydro um frekari orkuöflun á svæðinu norðaustan Vatnajökuls ef þær óskir koma fram áður en sérfræðinganefndin sem vinnur að rammaáætluninni lýkur störfum? Hæstv. ráðherra segir: „Það eru engar tryggingar.“ Hvað er hæstv. ráðherra að segja með þessu? Hún er að segja að í besta falli sé búið að taka allt hið víðfeðma landsvæði, sem eru stærstu ósnortnu víðernin í Evrópu norðaustan Vatnajökuls, undan þessari vinnu. Hún er að segja, herra forseti, í reynd að starf sérfræðinganefndarinnar að rammaáætluninni skipti ekki máli í hennar augum.

[18:11]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alls ekki hægt að túlka orð mín svo að vinna við rammaáætlunina skipti ekki máli, alls ekki. Ég held að sú vinna skipti mjög miklu máli.

Varðandi ítrekaðar spurningar um hvernig bráðabirgðaákvæðið eða sólarlagsákvæðið svokallaða muni verða, þá tel ég eðlilegt að menn bíði þangað til frv. kemur fram í þinginu frá stjórnarflokkunum. Ég tel ekki eðlilegt að við ræðum það frv. í einstökum atriðum. Þó að ég hafi nú reyndar dregið það fram að mér þætti æskilegt að slíkt ákvæði væri í því frv. þá tel ég eðlilegt að menn bíði þangað til frv. er komið fram til þess að ræða um ártöl og tímafresti í því og taki góða umræðu þegar málið kemur heildstætt fyrir þingið.

[18:12]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skondin ræða. Hver var það sem dró hið komandi frv. um mat á umhverfisáhrifum inn í þessa umræðu? Það var ekki sá sem hér stendur. Það var hæstv. ráðherra sem gat þess í umræðunni að í því frv. væri sólarlagsákvæði. Ég hafði ekki grænan grun um að slíkt ákvæði væri í farvatninu. Það var hún sem færði þetta hérna inn og það er ákaflega mikilvægt í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um störf sérfræðinganefndarinnar sem vinnur að rammaáætluninni að við vitum þessi tímamörk. Ef ekki, þá þurfum við í besta falli að vita hvenær þetta frv. kemur inn í þingið.

Herra forseti. Í annan stað kann vel að vera rétt hjá hæstv. ráðherra að vinna sérfræðinganefndarinnar skipti miklu máli. Hún skiptir klárlega máli í viðleitni hæstv. ráðherra og flokks hennar til þess að blekkja þjóðina í þeim efnum að það sé verið að reyna að ná einhverri sátt. Ég taldi að um alvarlega sáttaviðleitni væri að ræða með þessari vinnu. En það kemur bara í ljós að hæstv. ráðherra er ekki reiðubúin til þess að lýsa því yfir að ekki verði gefin frekari vilyrði fyrir virkjunum norðaustan Vatnajökuls meðan á starfstíma nefndarinnar stendur.

Það kemur líka í ljós að hæstv. ráðherra er ekki reiðubúin til að segja hér að menn muni ekki ráðast í stórvirkjanir á hálendinu sem heimildir eru fyrir í úreltum lögum. Þetta þykja mér ákaflega nöturlegar lyktir þessarar umræðu. Það kemur í ljós að ef hæstv. ráðherra talar fyrir munn ríkisstjórnarinnar þá hefur ríkisstjórnin ekkert lært af þessari deilu og er ekki reiðubúin til þess að taka í þá sáttarhönd sem stjórnarandstaðan réttir henni í þessu máli til þess að skapa heildstæða stefnu um virkjanir næstu ára.

[18:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir það að hér hefur átt sér stað mjög góð umræða um grundvallaratriði og ég ætla ekki að lengja þá umræðu. Mörgu hefur verið gerð skil af því sem við í Samfylkingunni höfum staðið fyrir og litlu er að bæta við það sem fram kom í síðustu ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem var talsmaður okkar í þessari umræðu.

Virðulegi forseti. Hins vegar fer ríkisstjórn fram eins og við urðum vitni að fyrir jól. Umhvrh. hverrar ríkisstjórnar hefur sérstöðu. Hlutverk umhvrh. í ríkisstjórn er að gæta annarra hagsmuna en ríkisstjórnarinnar almennt. Það er veganesti umhvrh. í ríkisstjórn að náttúran njóti vafans.

Hæstv. umhvrh. Siv Friðleifsdóttir birti okkur framtíðarsýn sína í umræðunni áðan. Hún sagði jafnframt að Alþingi væri búið að afgreiða stuðning sinn við virkjunina í Fljótsdal. Það er stuðningur við virkjunina sem heimild var fyrir frá 1982. Fram hjá því verður ekki komist. Landsvirkjun ætlar að skoða það í sumar hvort ástæða sé til að hækka stífluþilið við virkjunina í Fljótsdal. Það dugir að hækka stífluþilið um þrjá metra því þá þarf ekki að virkja annars staðar til að fá orku fyrir 120 þús. tonna álver. Því spyr ég ráðherrann, af því að ekki er heimild fyrir virkjun með þetta hærra stífluþili, það liggur líka fyrir: Hvað gerir ráðherrann ef niðurstaðan verður sú að það borgi sig að hækka stífluþilið? Hvað gerir ráðherrann með þá framtíðarsýn og þau faglegu vinnubrögð sem okkur voru kynnt hér í umræðunni? Ég krefst þess,

virðulegi forseti, að ráðherrann svari þessari spurningu.

[18:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessari umræðu eru ákveðnir hlutir sem verður að halda til haga, t.d. það að tilskipun Evrópusambandsins sem á við um okkur varðandi endurskoðunina á lögum um mat á umhverfisáhrifum er þess eðlis að hún lýtur að öllum undanþáguheimildum vegna framkvæmda og hún kveður svo á að undanþáguheimildir skuli ekki veittar og það er það sem við eigum að fara að lögfesta og samkvæmt tilskipuninni hefðum við átt að vera búin að lögfesta fyrir miðjan mars 1999. Með ýtrasta vilja og ýtrustu tilslökunum hefðum við átt að vera búin að lögfesta tilskipunina fyrir ágústlok 1999. Það verður að halda því til haga í umræðunni, herra forseti, að ríkisstjórn Íslands er enn að draga lappirnar í þessu sjálfsagða máli. Enn er legið á frv. sem er þó búið að leggja fram í hæstv. ríkisstjórn en hv. Alþingi fær ekki að líta augum og við fáum ekki einu sinni togað upp úr hæstv. umhvrh. hvað býr að baki þessu frv., ekki svona sjálfsagðan hlut eins og þetta mál sem hér lýtur að hvaða sólarlagsákvæði er verið að tala um. Hvenær ætlar íslenska ríkisstjórnin að fara að sinna þeim tilskipunum sem Evrópusambandið leggur henni á herðar og hvenær fáum við að heyra þær tímasetningar sem eru inni í umræðunni hjá hæstv. ríkisstjórn?

Enn meira, herra forseti, sem þarf að halda til haga í umræðunni eru tímasetningar er lúta að rammaáætluninni. Hæstv. umhvrh. hefur sagt það í umræðunni að jafnvel sé möguleiki á því að rammaáætlunin líti ekki dagsins ljós fyrr en í upphafi næsta kjörtímabils. Mig langar til að upplýsa það hér að verkefnisstjóri áætlunarinnar, Sveinbjörn Björnsson, hefur sagt það í ræðum að hann líti svo á að verkefnisstjórnin geti skilað af sér verkefni sínu að hausti 2002 þannig að hér er misræmi á milli þess sem verkefnisstjórinn segir og þess sem hæstv. umhvrh. segir.

Við höfum sagt það hvað eftir annað að þessi rammaáætlun sé nauðsynlegur liður í því að losna úr þeirri sjálfheldu og þeim deilum sem við eigum í í þessum virkjanamálum og við teljum þessa rammaáætlun vera til þess fallna að við getum fundið þá kosti sem einhverri sátt er hægt að ná um að virkja og fundið þá kosti sem við viljum vernda. Það er það sem er hlutverk rammaáætlunarinnar og rammaáætlunin, þegar þannig er á hana litið, þá má segja að hún sé eitt allsherjarskipulagsplagg sem kortleggur landið með tilliti til þess hvar er ásættanlegt að virkja og hvar viljum við vernda.

Ég segi skipulagsplagg. Ég hef líka vikið að því í ræðum mínum, herra forseti, að ég telji þessa rammaáætlun eiga að vera á forræði hæstv. umhvrh. og ég teldi hana miklu betur komna hjá hæstv. umhvrh. en hjá hæstv. iðnrh. Ég hef gagnrýnt að hann skuli hafa forræði þessarar rammaáætlunar. Úr því að ég, herra forseti, nefni hæstv. iðnrh., þá hefði verið afskaplega gaman og trúlega gagnlegt fyrir hæstv. iðnrh. sem er að taka við nýju starfi að vera viðstödd þá umræðu sem hefur farið fram í dag um þessi mál því eins og ég segi er rammaáætlunin á forræði hæstv. iðnrh.

Ég nefni rammaáætlunina skipulagsplagg, risastórt frummat á landsvísu, mætti kannski segja, því að hún tekur til bæði hálendis og láglendis og hún tekur til framtíðarsýnar. Hún tekur til kosta sem á að meta hagrænt og út frá lýðræðislegu samfélagslegu sjónarmiði þannig að hún hefur til að bera, eins og hún er upp lögð, ákaflega ríka þætti og gefur okkur vonandi þekkingu á náttúru landsins sem gæti nýst okkur í framtíðinni og þetta er verk sem ég hef talað um að ætti að gefa það mikið svigrúm að við ættum hreinlega að setja framkvæmdabann á allar frammkvæmdir á miðhálendi Íslands meðan verið er að vinna að rammaáætluninni. Svo mikilvæg er hún að mínu mati, herra forseti.

Ég hef líka sagt það og ég vil að það komi fram við umræðuna að sú staðreynd að Fljótsdalsvirkjun skuli ekki heyra undir rammaáætlunina gerir það að verkum að hún *rýrir og veikir til mikilla muna þau áform sem höfð eru* uppi og hún gefur manni, herra forseti, tilefni til að hugsa að kannski eigi þessi rammaáætlun ekki að verða neitt annað en orðin tóm. Í sannleika sagt, herra forseti, óttast ég að rammaáætluninni sé ætlað að vera eins konar friðþæging fyrir okkur, þessa óþekku stjórnarandstöðu sem jagast í þessum málum sýknt og heilagt, úr því að hægt var að undanskilja Fljótsdalsvirkjun henni og ég tek undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að þar með er verið að verðfella landið. Það er verið að gengisfella landið norðan Vatnajökuls með því að hleypa Fljótsdalsvirkjun undan rammaáætluninni og hleypa Fljótsdalsvirkjun í framkvæmdir áður en aðrir vikjanakostir í landinu eru metnir. Ég auglýsi enn, herra forseti, eftir svari frá hæstv. umhvrh. um stjórnsýslulegt gildi rammaáætlunarinnar. Við höfum enn ekki fengið að heyra í þessum sal eitt orð um það frá hæstv. ríkisstjórn hvaða hugmyndir hún hafi um stjórnsýslulegt gildi rammaáætlunarinnar. Á t.d. að lögfesta hana sem skipulagsmál? Er það í farvatninu? Er það hugmyndin hjá hæstv. ríkisstjórn? Ég vil segja, herra forseti, ef hún á einungis að vera leiðbeinandi plagg án skuldbindinga, er betur heima setið en af stað farið. Ég sagði í fyrri ræðu minni að ég óskaði eftir að fá að heyra eitthvað frá hæstv. umhvrh. um það stjórnsýslulega gildi sem hún sæi að rammaáætlunin gæti haft og ég auglýsi enn eftir því vegna þess að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað.

Ég bendi á að Norðmenn eru með rammaáætlun sem hefur verið nefnd til sögunnar oftar en einu sinni. Sú rammaáætlun hefur ekkert stjórnsýslulegt gildi og það er svo komið að ríkisstjórnin í Noregi er jafnvel að hætta við framkvæmdir sem rammaáætlunin í Noregi leyfir af því að rammaáætlunin í Noregi er bara leiðbeinandi plagg. Ég lýsi eftir því að fá að heyra frá ríkisstjórninni hversu öflugt plagg rammaáætlunin okkar á að vera. Á hún bara að vera leiðbeinandi eða á hún að fá eitthvert lagagildi?

Ég held, herra forseti, að óhætt sé að gera örlitla athugasemd við orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hér áðan þar sem hún talar um Fljótsdalsvirkjunina og stíflurna þar yfir. Ég vil halda því fram að hv. þm. tali af fullmiklu lítillæti um þá virkjun og þá stíflu þegar hún talar um virkjanaþil sem eigi mögulega að hækka um 3 metra því hér er um að ræða stíflu sem er um það bil 4 km að lengd og sennilega 25 metra há þar sem hún er hæst þannig að það er kannski fulllítillát að tala um þil. Hins vegar er alveg rétt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir bendir á að það hefur verið nefnt í umræðunni að möguleikinn sé að hækka þessa stíflu til að ná út úr virkjuninni meira afli og enn hafa stjórnarþingmennirnir ekki svarað, ekki andað einu orði um það hversu vænlegur kostur þeim þykir það vera og hvort það sé satt að þessi þriggja metra hækkun sé ekki rædd vegna þess að þá þurfi öll virkjunin að fara í umhverfismat. Við þurfum að fá að heyra svör við þessum spurningum frá stjórnarliðinu, herra forseti.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið með því að lýsa yfir stuðningi við málið sem á eftir að fara í umræðu í nefndum. Ég segi það einungis að það er synd að hér skuli ekki fleiri stjórnarþingmenn tala í umræðunni, þingmenn sem hafa látið til sín taka í því málefni sem hér er til umræðu.

[18:25]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið mjög góð og löng umræða um það frv. sem er til umfjöllunar. Ég tel mér ekki skylt að svara í smáatriðum ýmsu er varðar þætti sem eru ekki til umfjöllunar eins og um rammaáætlunina. Þó hún tengist þessu frv. að vissu leyti mjög sterkt er ég ekki í stakk búin til þess að svara. Menn verða að virða það við umhvrh. að hann er ekki tilbúinn til að svara í smáatriðum ýmsu er varðar rammaáætlunina á þessari stundu þar sem ég var ekki undirbúin fyrir það. Eigi að síður ætla ég að reyna að svara ýmsu og hef reynt að gera það eftir bestu getu.

Varðandi þá spurningu sem kom fram, bæði hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og Kolbrúnu Halldórsdóttur um þá könnun sem ég heyrði að Landsvirkjun ætlaði að gera í sumar á stíflusvæðinu, hvort æskilegt væri að hækka það eins og mér skildist á þeim upplýsingum sem komu fram áðan um 3 metra, þá er spurt eitthvað á þessa leið, virðulegi forseti: Hvað gerir umhvrh. ef niðurstaða Landsvirkjunar verður að hækka stíflusvæðið þar sem ekki er heimild fyrir því án umhverfismats? Mér finnst að það segi sig eiginlega sjálft að ef það er engin heimild fyrir slíku án umhverfismats, þá gilda að sjálfsögðu lögin, þá þyrfti að fara í umhverfismat á slíku. En það má vera að spurningin sé mun flóknari en ég átta mig á hér á þessari stundu. Ef svo er þá þyrfti ég að skoða það betur hvernig hægt væri að svara henni. En eins og spurningin er sett fram í umræðunum liggur hún svona fyrir. Hvað gerir ráðherrann ef niðurstaða Landsvirkjunar verður að hækka stíflusvæðið þar sem ekki er heimild fyrir því án umhverfismats?

[18:27]

Útbýting þingskjals:

Greiðslur frá Íslenskri erfðagreiningu, 298. mál, svar heilbrrh., þskj. 583.

[18:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ánægð með að ráðherra komi og ræði þessa stöðu við okkur með hækkunina á stíflusvæðinu í Fljótsdalsvirkjun og ég vænti þess af ráðherranum að hún mundi tjá sig um þetta mál. En ég vil að það sé alveg ljóst hvað við erum að tala um. Ef Landsvirkjun hefði fyrir fram, áður en við tókum málið til umræðu á þingi, hækkað stíflusvæðið um 3 metra, þá er búið að breyta hönnuninni á Fljótsdalsvirkjun og það fellur ekki lengur undir lögin sem Alþingi var að staðfesta fyrir jól.

Það er óumdeilt af hálfu allra sem um það hafa fjallað að ef stíflusvæðið er hækkað fyrir fram þegar ákvörðun er tekin er gömul samþykkt fyrir bí. Þess vegna er spurningin ekki bara um að hækka um 3 metra og það er ekki verið að spyrja um það hvort eigi að fara með 3 metra hækkun á stíflusvæði í umhverfismat heldur sú breyting sem Landsvirkjun kemst hugsanlega að og hefur margoft komið fram í umræðunni en var endanlega kveðið upp úr með á síðasta fundi iðnn. áður en málið var tekið út úr nefnd þar sem Landsvirkjun tjáði sig um að þeir mundu skoða kosti þess í sumar, þá er í raun og veru búið að breyta framkvæmdinni sem Alþingi var að afgreiða í desember. Um leið og niðurstaðan væri sú að fara ekki í viðbótarvirkjun í Kröflu eða í Bjarnarflagi heldur hækka stíflusvæðið, veita inn í það frá Sauðaveitunum, þannig að það kemur miklu meira vatnsmagn inn, þá dugir þessi virkjun en þá er búið að breyta virkjuninni í grundvallaratriðum og þess vegna er spurningin sú: Hvað gerir ráðherrann ef það verður niðurstaðan?

[18:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef málið er með þeim hætti sem hér var reifað af fyrra ræðumanni, þá get ég ekki skilið það öðruvísi en það sé frjálst val Landsvirkjunar hvort þeir vilji fara í þessa þriggja metra hækkun á stíflunni og að þeim forsendum gefnum, eins og það var lagt upp í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þá þyrfti að fara með alla framkvæmdina í umhverfismat. Það yrði því val Landsvirkjunar að setja það í umhverfismat sem þá fylgdi í kjölfarið, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu. En mér er ekki kunnugt um að búið sé að taka neina ákvörðun um þetta. En ef málið er svona vaxið þá sé ég ekki annað en það sé bara hreinlega val Landsvirkjunar hvað hún telur eðlilegast að gera í málinu, það lendi þá í lögunum um umhverfismat ef þeir hjá Landsvirkjun hækka stíflusvæðið um þrjá metra eins og ég skildi málflutninginn áðan eða þeir kjósa að gera það ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 233. mál. — Þskj. 284.

[18:32]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson, Sturla D. Þorsteinsson, Einar K. Guðfinnsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Halldór Blöndal. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að beina því til umhverfisráðherra að fela Veðurstofu Íslands að nota íslensku hugtökin logn, hægur vindur, andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri eins og við á í veðurlýsingum og veðurspám í ljósvaka- og prentmiðlum samhliða metrum á sekúndu þegar lýst er veðurhæð."

Herra forseti. Íslenskt mál hefur að fornu og nýju verið hornsteinn íslenskrar menningar og sá aflvaki sem knúði áfram baráttu okkar fyrir sjálfstæði. Með íslenskunni höfum við haldið sérstöðu okkar meðal þjóða og skilið þjóðararfinn sem Íslendingasögurnar eru. Mörgum þótti að vísu íslenskan orðin æðidönskuskotin um síðustu aldamót eftir aldalanga ráðsmennsku Dana með íslensk málefni. Það var hins vegar íslenska sveitamenningin og aldamótakynslóðin sem bjargaði tungunni. Það finnst reyndar mörgum nóg um hversu mikil áhersla er lögð á að íslenska erlend orð eins og tækniheiti og aðlaga málinu. Það hefur þó ekki veitt af, enda ljóst að okkar litla málsamfélag yrði fljótt að hverfa ef undanlátssemi ríkti að þessu leyti. Þess vegna er það krafa að þeir sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt læri íslensku. Með því móti geta nýbúar tileinkað sér íslenska menningu

og komið er í veg fyrir einangrun þess fólks. Fordómar og misskilningur eru því minni hér á milli nýbúa og annarra en víðast hvar annars staðar þar sem innflytjendur eiga í hlut. Með þetta í huga hef ég og meðflutningsmenn mínir lagt fram þá till. til þál. sem hér er til umræðu.

Við teljum breytingar á veðurmáli hjá Veðurstofu Íslands skaðlegar fyrir íslenska tungu og málvitund. Veðurstofa Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í mótun og meðferð íslenskrar tungu hjá almenningi og hafa verið þar miklir málvöndunarmenn og aðdáendur íslenskrar tungu. Þó er þar eins og annars staðar tilhneiging til að beygja sig skilyrðislaust fyrir því sem kemur að utan. Þannig upplifi ég þá ákvörðun Veðurstofunnar sem þróast hefur að nota ekki lengur hin gömlu íslensku veðurheiti, logn, hægur andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri sem fylgt hafa íslensku máli frá öndverðu.

Herra forseti. Rök Veðurstofunnar eru þau að þessi hugtök séu ekki nægjanlega nákvæm til að þjóna nútímalýsingu á veðri og veðurspám og þetta falli ekki inn í alþjóðaskilgreiningar um lýsingu á veðurhæð. Ég get að vísu alveg fallist á að nákvæmara er að tala um 10 metra á sekúndu heldur en kalda. Veðurspár eru þó ekki þannig að talað sé um eina tölu heldur er talað um 10–13 metra á sekúndu o.s.frv. Þó svo nákvæmni tölustafa sé meiri er ekki endilega nauðsynlegt að fella út notkun þeirra gömlu og góðu íslensku orða sem við höfum notað frá alda öðli í daglegu máli. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að samhliða orðunum logn, hægur vindur, andvari o.s.frv. megi nota mælinguna metra á sekúndu. Það má segja í veðurspám í sjónvarpi og útvarpi t.d. kaldi, 10 metrar á sekúndu, eða það sem við á. Með því höldum við íslensku orðunum og nýtum okkur nákvæmari mælingu.

Það skerpir einnig skilning manna á þessum gömlu orðum sem oft eru á reiki hjá almenningi hin síðari ár eftir að veður varð minna afgerandi þáttur í daglegu lífi fólks. Erlendis verður maður ekki svo mikið var við notkun þessara nýju orða að við þurfum að verða kaþólskari en páfinn að þessu leyti.

Herra forseti. Ég er hræddur um að ef við gefum eftir í þessu máli verði ekki langt þangað til ekki teljist nægilega nákvæmt að tala um norðan, norðaustan, austan, suðaustan, sunnan, suðvestan, vestan og norðvestan áttir. Auðvitað er miklu nákvæmara að tala um gráðurnar frá 0 og upp í 360. Þá getur veðurlýsingin verið þannig: 45°, 10 metrar á sekúndu, í stað norðaustan kaldi.

Auðvitað er veðurspá fyrir flugvélar og skip með öðrum hætti en í sjónvarpi og útvarpi til almennings. Þessir aðilar fá einnig sínar spár í gegnum fax og gervitungl frá erlendum stöðvum. Þess vegna er það ekki hluti af þessu máli sem hér er til umræðu. Við erum því ekki að tala um þessa aðila heldur almenning á Íslandi.

Veðurspáin íslenska mun ekki viðhaldast ef allar lýsingar verða gefnar upp í tölustöfum. Áhrif sjónvarps og útvarps að þessu leyti eru svo mikil að þessi hluti málsins mun hverfa úr daglegu máli fólks smám saman. Við það mun okkar fagra mál tapa miklum hluta af sjarma sínum og við um leið tapa hluta af sjálfstæðinu. Það má orða það þannig að veðurorðin fjúki út í veður og vind.

Auðvitað er notkun veðurhugtaka einnig oft misjöfn eftir landsvæðum eins og komið hefur fram í bókum. Til dæmis segir Páll Bergþórsson veðurfræðingur í bók sinni Loftin blá að orðið „hríð" hafi misjafna merkingu. Víðast merkir orðið hríð snjókoma en t.d. í Borgarfirði syðri getur það einnig þýtt skúr og þá kallað hríðarskúr þó hiti sé 10 stig.

Veðurfræði, herra forseti, nefnist „meteorology" á erlendu máli. Veðurfræðin hefur þróast með mannkyninu, enda allar okkar athafnir háðar veðrum og vindum. Úr þessu hefur að sjálfsögðu dregið mikið í daglegu máli en í bókmenntum og kveðskap er óhemjumikil tenging í veður. Það á að sjálfsögðu ekki síst við á Íslandi þar sem stormar eru stríðir. Það fer mjög eftir landsvæðum hve veður eru misjöfn eins og alþjóð veit. Það kemur fram t.d. í bók Jóns Eyþórssonar veðurfræðings þar sem tekið er saman hversu margir stormdagar eru á nokkrum stöðum á landinu yfir árið að meðaltali árin 1931–1940. Þar kemur í ljós að stormdagar voru 52 í Vestmannaeyjum á ári að meðaltali, í Reykjavík voru þeir 9, á Suðureyri við Súgandafjörð voru þeir 20, í Grímsey 14, í Papey 24 en í Teighorni í Berufirði rétt aðeins 7. Það er því augljóst að Vestmanneyingar þurfa sex sinnum oftar að hafa storminn í fangið en Reykvíkingar. Við getum líka sagt á nútímamáli, herra forseti, að Vestmanneyingar þurfi sex sinnum oftar að hafa 20 metra á sekúndu í fangið en Reykvíkingar.

Herra forseti. Ef við lítum á íslenskan kveðskap og kjarnyrt og meitluð orð í honum eins og í kvæðinu Stjána bláa í bókinni Illgresi eftir Örn Arnarson finnum við sjarmann í málinu. Mig langar að koma með nokkur dæmi þar um, með leyfi forseta, en ein vísan hljóðar svo:

Norðanfjúkið, frosti remmt,
fáum hefir betur skemmt,
sýldi hárið, salti stemmt,
sævi þvegið, stormi kembt.

Þannig hljóðar ein af þessum mögnuðu vísum um Stjána bláa. Hvernig þessi orð verða skilin í samhengi ef málið breytist í grundvallaratriðum skal ég ósagt látið, en það getur hver fyrir sig velt því fyrir sér.

Það er einnig, herra forseti, gaman að lesa bækur um veður eins og eftir þann mikla málsnilling Þórð Tómasson frá Vallnatúnum undir Eyjafjöllum í bókinni Um veðurfræði Eyfellings. Þar lýsir hann hvernig fólk las í atferli dýra um veðrabrigði. Það vissi á storm og illviðri ef hross höfðu mikil hlaup í haga. Sagði fólk þá að rok væri í rassinn á þeim. Einnig að vetrarbrautin hvikaði undir storm og ef tunglið var stafnahvasst sagði veðurreynd manna undir Eyjafjöllum að veður yrði hvasst. Hann segir frá einni vísu sem er ansi skemmtileg og hljóðar svo:

Veltast í honum veðrin stinn,
veiga mælti skorðan,
kominn er þefur í koppinn minn,
kemur hann senn á norðan.

Þetta eru allt dæmi um hvernig notkun á veðrinu kemur inn í söguna og ljóðin í gegnum tíðina og auðgar málið stórkostlega. Margt hefur að sjálfsögðu breyst í málinu eins og þegar talað er um déið. Það kemur vel fram í vísu að vestan sem hljóðar svo:

Nordan hardan gerdi gard,
geysihardur vard hann.
Borgarfjardar ennis ard
ofan í skardið bard´ hann.

Herra forseti. Við flutningsmenn frv. vonumst til þess að þetta mál verði tekið til efnislegrar umræðu í hv. umhvn. og tekin efnisleg afstaða til þess. Í okkar huga er þetta alvörumál. Við erum ekki að beina spjótum okkar gegn nútímaveðurspám eða aðferðum sem nauðsynlegar eru til

þess að ná nákvæmni. Við erum fyrst og fremst að hugsa um málið okkar, um íslenskuna sem okkur er kær og ef við eigum einhvers staðar að geta tekið það mál til umræðu er það í hv. Alþingi.

[18:42]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er auðvitað í síðustu lög sem þess er freistað að flytja þá þáltill. sem hér liggur fyrir. Hún fjallar í stuttu máli um það að við Íslendingar hugum að móðurmáli okkar og að Veðurstofan og fjölmiðlar noti það tungutak sem þjóðinni er tamast þegar embættismönnum eða fjölmiðlum er falið að koma til skila hvernig horfur séu í veðráttu, við hverju megi búast.

Það er athyglisvert að lesa í Dagblaðinu í dag með hvaða hætti Magnús Jónsson veðurstofustjóri skýrir það hvernig á því skuli standa að fór fram hjá Veðurstofunni að óveður vofði yfir okkur Íslendingum. Hann segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilvikinu á föstudaginn gerist það um klukkan tvö að skip lætur vita af því að kominn sé vindur upp á 30 metra á sekúndu og þetta var víðsfjarri öllum tölvuspám þar sem gert hafði verið ráð fyrir suðvestanátt með vindhraða upp á 10–15 metra á sekúndu."

Svo mörg eru þau orð. Nú vill svo til að almanakið hefur gefið út skrá um þá ráðgátu hvað þetta þýði, 30 metrar á sekúndu, 10–15 metrar á sekúndu. Það er nú einu sinni svo, herra forseti, að við Íslendingar erum vanir að miða hraðann við klukkustund, vitum nokkurn veginn hvað það þýðir ef bíll ekur t.d. á 50 kílómetra hraða. Hitt er öllu torveldara að átta sig á þessu sekúndutali. Er þá helst að maður reyni að rifja upp hversu fljótir Haukur Clausen eða Örn Clausen voru að hlaupa 100 og 200 metrana í gamla daga, kannski er það svo langt síðan að maður áttar sig ekki almennilega á þessu en í hvert sinn sem ég heyri þetta nýja metramál þá fer ég að velta fyrir mér stundum mínum á íþróttavellinum á Melunum þegar ég var lítið barn og var að velta fyrir mér hver yrði fljótastur hringinn. Síðan flettir maður upp, jú, 30 metrar á sekúndu er ofsaveður. 10–15 metrar á sekúndu er kaldi, stinningskaldi eða allhvass vindur. Þá skyndilega áttar maður sig á því að það vakir ekki fyrir veðurstofustjóra í þessu viðtali og ekki endranær þegar talað er um 10–15 metra á sekúndu að vera gleggri en áður, gefa nákvæmari upplýsingar en áður eins og þó hefur verið látið í veðri vaka, bæði í einkasamtölum og eins í opinberum viðtölum.

Staðreyndin er auðvitað líka sú að þetta nýja mælingarmál er ekki tekið upp vegna þess að sérfræðingarnir hafi það á tilfinningunni að þeir séu að koma til móts við fólk almennt heldur er þetta hugarleti þeirra sjálfra vegna þess að þeir eru önnum kafnir við tölvuborðið bíðandi eftir nýjum spám hafa ekki dug í sér til þess að snúa því á íslenska tungu sem út úr þessum tölvum kemur.

Nú varð ég fyrir vonbrigðum fyrr á þessu þingi þegar þessi mál bar á góma með það hversu litlar undirtektir það fékk þegar hv. þm. Kristján Pálsson vakti máls á því hvort ekki væri rétt að hverfa til hins fyrra horfs, taka upp gömlu nöfnin. Hann rifjaði þau upp hér áðan. Þá var svona látið í veðri vaka að ungt fólk í dag vissi ekki lengur hvað kul væri. Ég þekki ekki það unga fólk sem ekki veit hvað kul er. Ég hef reynt fyrir mér, spurt krakka. Jú, þeir hafa heyrt það nefnt en fáir hafa sagt mér að vísu að það sé tveir metrar á sekúndu.

Herra forseti. Ég hygg að það hljóti líka að valda nokkurri undrun hið mikla tómlæti sem fjölmiðlar, ég tala nú ekki um Ríkisútvarpið, sýnir í þessu máli. Nú er Ríkisútvarpinu ætlað lögum samkvæmt að standa vörð um íslenska tungu. Þar er sérstakur málskrafsráðunautur ef ég veit rétt (Gripið fram í.) sem ber að koma því á íslenska tungu sem talað er og fylgjast með því sem fréttamenn segja hverju sinni og hefur orðið nokkuð ágengt á sumum sviðum og stundum. En hann hefur greinilega ekki sinnt veðurfræðinni. A.m.k. er ekki annað að heyra en metratalið sé þar í fullum gangi og veldur það sinnuleysi útvarpsins vissulega vonbrigðum, hlýtur að gera það.

Sú mikla nákvæmni sem Veðurstofan vill viðhafa í sínum spám getur aldrei orðið meiri en sú glöggskyggni sem tölvur og veðurfræðingar hafa á framtíðina og skiptir þá ekki máli út frá því sjónarmiði hvort talað er í tölum eða orðum. En á hinn bóginn liggur fyrir og það vita allir sem komnir eru til ára sinna að við skiljum betur hugtök sem lýst er með orðum, vindi sem lýst er með orðum en í tölum. Það gefur auga leið. Það er ekki flókið vegna þess að við skynjum veðrið með öðrum hætti en við horfum á mæli eða mælistokk.

Ég hlýt að láta í ljós þá skoðun, herra forseti, að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar sýni þinginu og íslenskri tungu þá virðingu að afgreiða málið á þessu þingi þannig að alþingismenn geti greitt atkvæði um það hvaða skoðun þeir hafi á þessu sérstaka máli. Það kemur hvort sem er ekki svo oft fyrir að við höfum tækifæri til þess að lýsa hug okkar til tungunnar með áþreifanlegum hætti.

Á þessu sviði sem alls staðar annars staðar eigum við sem í þennan sal erum kjörnir að huga að uppruna okkar, huga að tungunni, að þeim arfi sem okkur hefur verið falið að varðveita til næstu kynslóðar. Það yrðu ömurleg eftirmæli eftir okkur ef við létum það sem vind um eyrun þjóta þegar sú aðför er gerð að íslenskri tungu að í einu vetfangi eigi að drepa niður og kæfa þessi gömlu fallegu orð sem hafa orðið til í harðri lífsbaráttu okkar í veðri og vindum, á sjónum og upp til fjalla. Logn, andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður, fárviðri. Núll metri á sekúndu, einn metri á sekúndu, tveir metrar á sekúndu, fjórir metrar á sekúndu o.s.frv. Það þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti.

[18:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Prýðilega var þessi ræða flutt og vel gest mér að þeirri hugsun sem að baki liggur. Ást hv. þm. á íslenskri tungu er okkur öllum ljós sem njótum þess stundum að hlýða á hann í þessum sölum. Ég get fallist á það með hv. þm. að þessi orð yfir hin ýmsu heiti vinds við Ísland eru ákaflega falleg. Það væri missir að þeim úr málinu. En mér finnst nú samt sem hv. þm. seilist um hurð til lokunar þegar hann leitar skýringa í leti veðurfræðinga. Ég hygg að ekki sé hægt að segja að þessar breytingar sem Veðurstofan hefur beitt sér fyrir stafi af leti þeirra sérfræðinga sem sitja þar fyrir framan tölvur og af því einvörðungu að þeir nenna ekki að snúa á íslenskt mál það sem birtist á skjánum. Öðruvísi var þó ekki hægt að skilja þá skýringu sem hv. þm. gaf.

Ég held að miklu fremur megi leita skýringanna í því að veðurfræðingarnir sem hafa beitt sér fyrir þessu líta svo á að þetta sé nákvæmara. En jafnframt held ég líka að að baki liggi það viðhorf þeirra, hvort sem það er rétt eða rangt, að ekki skilji allir nákvæmlega hvað felst í þessum orðum. Ég

geri það mætavel. En ég dreg í efa að ég hefði þann góða skilning sem ég tel að ég hafi á þessum heitum nema af því að ég er gamall sjómaður. Ég var í ein fimm eða sex sumur á sjó víðs vegar við landið og þar beittu menn þessum hugtökum. Ég er hins vegar ekki viss um að jafnvel jafnaldrar mínir sem komnir eru eins og ég hátt á fimmtugsaldur geti allir skýrt mjög nákvæmlega hvað í þeim felst. Ég held því að það sé miklu frekar viðleitni veðurfræðinganna að gera spár sínar aðgengilegri og skiljanlegri fólki sem liggi þarna að baki fremur en leti þeirra.

Ég ætla ekki að fara að deila við þessa hv. þm. sem fluttu þetta mál. Það er allra athygli vert. En ég mótmæli því fyrir hönd náttúrufræðinga að það sé leti sem liggur því að baki að þeir hafi beitt sér fyrir þessum breytingum.

[18:53]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er svolítið undrandi yfir því ef hv. þm. telur að það sé flóknara fyrir menn að gera mun á logni, kulda og roki heldur en núll metrum á sekúndu, níu metrum á sekúndu og 26 metrum á sekúndu. Ég held að þetta sé satt að segja útúrsnúningur. Menn vita kannski ekki nákvæmlega hvað er hvað. En menn skilja hver með sínum hætti hvað er rok, hvað er stormur, hvað er kaldi og hvað er logn og geta síðan hagað sér í samræmi við það sem er mikilvægt fyrir þá sem eiga ferð fyrir höndum eða vinna undir berum himni.

[18:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. fer í gegnum söguna getur hann ekki fundin neinn hóp manna, enga stétt, sem hefur elskað málið jafnheitt og náttúrufræðingar. Veðurfræðingar eru náttúrufræðingar. Í þeirra hópi er hægt að benda á afburða íslenskumenn eins og til að mynda Jón Eyþórsson svo ég nefni einn. Ég gæti sjálfur talið upp fjölda náttúrufræðinga sem hafa lagt ríkulega af mörkun til þróunar málsins. Má ég nefna einn, herra forseti, Jónas Hallgrímsson sem skráði líka veðurlýsingar.

Herra forseti. Ég kem ekki hingað til þess að mótmæla þessari tillögu sem hér liggur fyrir. Ég sagði meira að segja að hún væri allrar athygli verð og ég mun gera mitt besta til þess að hún fái mjög vandaða umfjöllun í umhvn. Þar af leiðandi er ekki hægt að kalla mál mitt útúrsnúning. Ég var ekkert að reyna að snúa út úr fyrir hv. þingmanni. Ég hef gert það stundum áður og tekist bærilega og það væri ákaflega auðvelt mál að snúa út úr fyrir þessari tillögu. Ég geri það ekki. Hún er merkileg.

Ég kom einungis hér upp til þess að segja að mér finnst að hv. þm. eigi ekki að grípa til þeirra raka máli sínu til stuðnings að halda því fram að veðurfræðingar séu letingjar og af því stafi þessi breyting sem þeir hafi haft frumkvæði að.

[18:55]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er það að margir náttúrufræðingar hafa verið góðir íslenskumenn og hygg ég að fáir hafi lagt meira til íslenskrar tungu, kannski enginn maður, en Jónas Hallgrímsson nema ef vera skyldi Snorri Sturluson.

Það breytir ekki því að sú ákvörðun núna að leggja niður gömlu heitin er ekki í anda þeirra manna sem hv. þm. vitnaði til, Jónasar Hallgrímssonar eða Jóns Eyþórssonar. Ekki get ég á það fallist og það er satt að segja hálfskrýtin afsökun og heyrist ekki í fyrsta skipti nú í þessum þingsal að þetta sé réttlætanlegt út frá því að náttúrufræðingar fyrr á tímum hafi talað gott mál. Það er ekki hægt að hlaupa í það skjólið.

[18:56]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég held að þegar menn velta þessu máli fyrir sér þá sé mjög auðvelt að taka undir það sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði um það tómlæti sem þingheimur hefur sýnt máli af þessu tagi. Ég vil fagna því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur verið hér og tekið þátt í umræðunni. Hér í þessum sal hafa setið sumir mestu íslenskumenn þjóðarinnar, mestu hagyrðingar þjóðarinnar hafa verið á hv. Alþingi og í rauninni lagt mikið á sig til þess að viðhalda íslenskri tungu. Þess vegna er það í rauninni sorglegt ef það á að verða niðurstaða í þinginu núna þegar íslenskt mál ber á góma að þá sé áhuginn fokinn út í veður og vind og fari allur í að ræða um málefni sem er löngu löngu búið að afgreiða. Ég er ekki að segja að þau séu ekki merkileg. En eigi að síður mega menn ekki gleyma uppruna sínum og því mikla starfi og þeim mikilvæga arfi sem við hljótum að þurfa að halda upp á.

Ég rifjaði áðan upp margar vísur sem sýna hversu kjarnyrt okkar mál er með veðurfræðinni eða veðurmálinu inni í því. Við megum ekki fyrir nokkurn mun glutra þessu niður. Ég fagna því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan að hann mundi aðstoða við það að koma þessu máli hratt og vel í gegnum umhvn. Við sitjum þar báðir og ég bíð eftir því að við getum hafið þá vinnu strax.

[18:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að geta þess að honum þykir vænt um að ég skuli hafa setið hér eftir til þess að hlýða á mál hans. Mér finnst þáltill. af þessu tagi vera merkileg og mér finnst að hún eigi fullan rétt á sér en verð þess auðvitað var að sumir aðrir þingmenn eru annarrar skoðunar.

Ég held að að baki henni felist virðing og hlýja gagnvart tungunni. Menn skynja að þarna kunni að vera að tapast ákveðin orð sem hafa unnið sér sess frá alda öðli í málfari landsmanna. Hvað sameinar landsmenn? Hvað er það sem sameinar þegna lítillar þjóðar? Það hefur verið þrennt. Það hefur auðvitað verið tungan. Það hefur verið hinn sögulegi arfur og landið og náttúran.

Nú rek ég augun í það að ýmsir sérfræðingar, t.d. við Háskóla Íslands, eru að velta því upp í tímaritum að þetta sé að breytast, við séum að tapa tengslum við hinn sögulega arf í æ ríkari mæli og eftir standi sameign okkar í náttúrunni og síðan tungunni. Ég virði það þegar þingmenn flytja mál af þessu tagi. En eigi að síður leyfir það mönnum ekki að koma fram með hvaða rök sem er. Það er ekki málstaðnum til framdráttar að halda því fram að þessi breyting stafi af leti og hálfgerðri hyskni opinberra starfsmanna. Ég held að allt annað hljóti að liggja því til grundvallar, herra forseti. Ég rifjaði það einungis upp sem ég hafði heyrt á öldum ljósvakans að skýringar, einhverra veðurfræðinga a.m.k., á þessum skiptum og ég rakti þær hér áðan. Menn vilja gera það sem út gengur frá Veðurstofunni skýrara og þeir telja að þessi orð hafi ekki sama skilning meðal þjóðarinnar og áður. Það er auðvitað slæmt ef svo er. Það kann vel að vera að þessir ágætu menn hafi rangt fyrir sér en það leyfir ekki að ganga að þeim og segja að þeir séu letingjar.

[19:00]

Flm. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki haldið því fram að veðurfræðingar væru letingjar og ætla ekkert að gera það. Aftur á móti finnst mér þær skýringar fyrir þessum breytingum sem þeir hafa borið á borð ekki þess eðlis að þær réttlæti þær. Mig hefur undrað, eins og margan annan sem hefur áhuga á máli eins og þessu að frá þessu hálfgerðu Mekka íslenskrar tungu og frá því fjölskrúðuga liði sem hefur reynt að finna ný orð, að þeir skyldu láta sér detta það fyrstir í hug að fara að breyta svona grundvallaratriðum, málvenjum þjóðarinnar. Að því leyti til eru margir undrandi. Að margir þingmenn séu í rauninni sammála því að þetta fari svona fram finnst mér lýsa dálitlu um það hvað fólk er tilbúið til að breyta breytinganna vegna í dag. Það er nokkur tilhneiging að vera alltaf með því sem á að heita nýtt. Ég er hræddur um að margir þingmenn séu að falla í þá gryfjuna vegna þess að þetta er nýtt, þetta er nútímalegt. Kannski finnst unga fólkinu eitthvað meira spennandi að tala um metra en storm eða kalda og þá sé þetta bara gott mál að breyta þessu.

Ég held að við eigum að reyna að hafa dálítið vit fyrir þessum kollegum okkar og þjóðinni og sýna þeim fram á hvað þetta getur verið skaðlegt þegar til lengri tíma er litið. Ég fagna að sjálfsögðu öllum þeim sem vilja leggja þessu lið og sérstaklega mönnum eins og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og meðflutningsmönnum mínum sem allir eru mjög virtir menn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10., 13. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 19:03.

---

63. FUNDUR

þriðjudaginn 15. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Meðferðarstofnanir, beiðni um skýrslu, 336. mál, þskj. 588. *Hvort leyfð skuli.*
2. Fjárreiður ríkisins, frv., 243. mál, þskj. 298. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tollalög, frv., 196. mál, þskj. 229. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 197. mál, þskj. 230. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, þáltill., 233. mál, þskj. 284. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Starfsheiti landslagshönnuða, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 579, brtt. 589. — 2. umr.
7. Höfundalög, stjfrv., 325. mál, þskj. 575. — 1. umr.
8. Skylduskil til safna, stjfrv., 326. mál, þskj. 576. — 1. umr.
9. Grunnskólar, frv., 226. mál, þskj. 271. — 1. umr.
10. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491. — 1. umr.
11. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — Frh. 1. umr.
12. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 328. mál, þskj. 578. — 1. umr.
13. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 118. mál, þskj. 130. — Fyrri umr.
14. Tekjustofnar í stað söfnunarkassa, þáltill., 213. mál, þskj. 252. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um skólagjöld í framhaldsnámi í viðskipta- og hagfræði við Háskóla Íslands. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, en hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason verður til andsvara.

Meðferðarstofnanir.

Beiðni EKG o.fl. um skýrslu, 336. mál. — Þskj. 588.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Beiðni leyfð með 35 shlj. atkv.

Fjárreiður ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 243. mál (laun, risna o.fl.). — Þskj. 298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. ÍGP o.fl., 196. mál (aðaltollhafnir). — Þskj. 229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 197. mál (undanþáguákvæði). — Þskj. 230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 233. mál. — Þskj. 284.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Skólagjöld í framhaldsnámi í viðskipta- og hagfræði við Háskóla Íslands.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fyrir skömmu tók viðskipta- og hagfræðideild að auglýsa framhaldsnám, meistaragráðunám, MBA-nám í viðskiptafræði og stjórnun og tengdum þáttum á heimasíðu sinni. Á heimasíðu deildarinnar er auglýst m.a. að öll námskeið séu á vegum viðskipta- og hagfræðideildar. Tekið er fram að um sé að ræða nám sem gefur meistaragráðu, sem sagt venjulega háskólagráðu og loks er tekið fram að kostnaður við námið verði á bilinu 1,2–1,4 millj. kr. fyrir hvern þátttakanda.

Þar af leiðandi, herra forseti, vakna ýmsar spurningar þegar þau tíðindi berast að skólagjöld af þessari stærðargráðu séu að koma til sögunnar í Háskóla Íslands og vekur nokkra furðu, m.a. þegar höfð eru í huga þau ákvæði sem um slíka gjaldtöku gilda í lögum og reglum um nám á háskólastigi á Íslandi.

Forsagan mun að vísu vera sú að deildin hefur áður haft hugmyndir um að taka upp mastersnám á grundvelli skólagjalda en háskólaráð hafnað slíku. Svo virðist sem hér sé valin sú leið að færa þetta venjulega framhaldsnám á háskólastigi undir hatt Endurmenntunarstofnunar til þess að fóðra þá miklu gjaldtöku sem hér er í bígerð. Nú ber að taka það fram að Endurmenntunarstofnun er sjálfstæð stofnun. Hún er ekki hluti af Háskóla Íslands sem slíkum. Hún er sjálfstæð stofnun með aðild fjölmargra utanaðkomandi aðila sem m.a. tilnefna menn í stjórn stofnunarinnar.

Í 13. gr. laga um Háskóla Íslands kemur fram að við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald allt að 25 þús. kr. Heimilt sé að taka 15% hærra gjald ef um skráningu utan auglýstra skrásetningartímabila er að ræða og punktur. Þetta eru þau skólagjöld sem lögin gera ráð fyrir að tekin séu við Háskóla Íslands, herra forseti.

Í 18. gr. sömu laga segir enn fremur, að „Háskóla Íslands" — ekki Endurmenntunarstofnun eða öðrum slíkum — „skal heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem telst utan þeirrar þjónustu sem háskólanum er skylt að veita." Gagnályktun af þessu, herra forseti, hlýtur að vera sú að gjaldtakan er óheimil ef um er að ræða þjónustu sem fellur undir verksvið Háskóla Íslands og sá skilningur hefur verið lagður til grundvallar í öllum umræðum um skólagjöld og gjaldtöku hér á undanförnum árum, þ.e. að ekki sé heimild fyrir gjaldtöku nema þeirri sem skrásetningargjöldunum nemur þegar um er að ræða venjubundið háskólanám, starfsemi sem fellur undir lögin um hlutverk Háskóla Íslands.

Ég tel því, herra forseti, að það sé afar vafasamt fordæmi á ferðum þar sem er gjaldtaka af þessu tagi í venjulegu háskólanámi, þó það sé fært undir hatt Endurmenntunarstofnunar og látið að því liggja að þetta sé sérstaklega heppilegt fyrir fólk sem komi úr viðskiptalífinu sem slíkt, þá er hér um að ræða framhaldsnám á háskólastigi og öll rök brestur fyrir því að um það eigi að gilda annað en venjulegt nám í Háskóla Íslands að þessu leyti. Ég held því, herra forseti, að áður en þetta fer af stað sé nauðsynlegt að ýmsum spurningum verði svarað. Ég hef því leyft mér að leggja nokkrar spurningar í þessu sambandi fyrir hæstv. menntmrh.

Í fyrsta lagi. Telur menntmrh. það samrýmast lögum, ég á þá við lög um Háskóla Íslands og lög um nám á háskólastigi, að taka 1,2–1,4 millj. kr. í skólagjöld í væntanlegu meistaragráðunámi, framhaldsnámi á vegum viðskipta- og hagfræðideildar og Endurmenntunarstofnunar?

Í öðru lagi. Telur ráðherra þessa háu upphæð í skólagjöld, 1,2–1,4 millj. kr., eðlilega miðað við líklegan kostnað við þetta nám?

Í þriðja lagi. Telur ráðherra þróun í þessa átt æskilega? Sem sagt þróun í þá átt að framhaldsnám sem menn hafa í mörgum deildum Háskóla Íslands og jafnvel fleiri háskólum bundið vonir við að kæmist senn á á Íslandi, komi þá til sögunnar á þeim grundvelli að það verði alfarið fjármagnað með skólagjöldum.

Í fjórða lagi. Mun ráðherra aðhafast eitthvað í þessu máli? Ég bendi í því sambandi m.a. á þá skyldu ráðherra að staðfesta prófgráður, þar með talið væntanlega þá meistaragráðu sem hér á að taka upp.

[13:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli hér. Ég tel að það sé ágætt tilefni til að fara yfir málið þannig að menn átti sig á því að ljóst er að Háskóli Íslands er ekki kominn að niðurstöðu sjálfur í málinu. Ekki hafa verið settar þær reglur af hálfu háskólans sem eru þess efnis að ég geti gefið skýr svör um þetta mál. Það er til skoðunar í háskólanum hvernig hann ætlar að sameina þau sjónarmið sem hv. þm. gerði grein fyrir í ræðu sinni og lúta annars vegar að því — og það er kjarni málsins þegar litið er til þessa atriðis — að verið er að ræða um endurmenntun hjá Endurmenntunarstofnun en síðan er líka verið að gefa til kynna að þeir sem taka þetta nám eða ganga í gegnum slíkt nám geti hlotið háskólagráðu. En samkvæmt þeim lögum og reglum sem við höfum er það ekki Endurmenntunarstofnunar að veita mönnum háskólagráður. Menn geta stundað þar háskólanám og lokið þar háskólanámi sem er að inntaki til sama efnis og menn stunda innan einstakra deilda háskólans en Endurmenntunarstofnun getur ekki veitt mönnum MBA-gráðu eða aðra gráðu.

Ég sé ekki og veit ekki hvernig háskólinn ætlar að sameina þetta tvennt. Það held ég að sé kjarni málsins. Ekki er búið

að setja um þetta reglur af háskólans hálfu og þess vegna hef ég ekki staðið frammi fyrir því sem hv. þm. nefndi, að staðfesta slíka gráðu og inntak hennar með hliðsjón af þeim reglum sem um þetta gilda.

Ég vil líka geta þess til að svara fyrirspurnum hv. þm. að þegar lögin um Háskóla Íslands eða frv. var til meðferðar voru uppi hugmyndir og komu hugmyndir og tillögur frá Háskóla Íslands m.a. um að í 18. gr. sem hv. þm. benti á væri tekið fram að háskólaráð hefði heimild til að ákveða sérstakt gjald fyrir þá þjónustu við stúdenta eða aðra sem felst í skrásetningargjaldi, svo sem vegna náms til meistara- og doktorsnáms. Þetta var fellt út úr greininni í meðferð málsins þannig að 18. gr. eins og hún er núna er alveg skýr. Og ef menn kynna sér forsögu málsins og þær umræður sem urðu um frv. á sínum tíma, þá var þessi hugmynd uppi og síðan tók ráðuneytið það til skoðunar og við töldum að ef háskólinn vildi fara fram á þá heimild þyrfti að orða það með alveg sérstökum hætti. Það var ekki ætlunin að taka upp kennslugjöld með þessu móti en síðan varð það niðurstaða háskólans sjálfs að falla frá tillögu sinni um þetta efni þannig að það er ekki í lögunum. Það er nauðsynlegt að hafa þetta í huga líka þegar menn ræða málið.

Í 18. gr. er ekki vikið að því að háskólinn hafi sérstaka heimild til gjaldtöku vegna meistaranáms eða doktorsnáms, en hins vegar segir í grg. um 18. gr.: „Enn fremur er lögð áhersla á að heimild 18. gr. tekur til þess að taka gjald fyrir endurmenntun." Það var nauðsynlegt að okkar mati að hafa slíkar heimildir eins og 18. gr. til að mæla fyrir um það að háskólinn hefði möguleika á því að afla sér sértekna og þar nefndum við endurmenntunina sérstaklega en hún er rekin á vegum Endurmenntunarstofnunar og Endurmenntunarstofnun getur ekki veitt háskólagráðu eins og ég sagði. Þarna er því viðfangsefni á ferðinni sem er nauðsynlegt að háskólinn skýri betur fyrir væntanlegum nemendum og einnig af þessu tilefni fyrir hv. alþm. og ráðuneytinu hvernig á að sameina þetta tvennt.

Hv. þm. spyr hvort þessar fjárhæðir séu eðlilegar. Ef við lítum á þá gjaldskrá sem Endurmenntunarstofnun hefur sett sér og starfar eftir er t.d. um að ræða þriggja anna nám sem kostar um það bil 250 þús. kr. bæði í rekstrar- og viðskiptafræðum og einnig í stjórnsýslufræðum. Ég og hv. þm. ræddum saman um þetta í morgun og ég hef því ekki haft tök á að leggja mat á inntakið í náminu, hvort það er 250 þús. kr. eða hvar eigi að setja mörkin þegar um nám er að ræða og hvaða inntak menn hafa í þessu MBA-námi miðað við þá gjaldskrá sem Endurmenntunarstofnun hefur sett sér. En ég vil vekja máls á túlkun minni á 18. gr. og vekja máls á því líka að háskólinn á eftir að ganga frá þessum reglum og útfæra nákvæmlega hvernig beri að standa að þessu.

[13:44]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er sannarlega ýmsum spurningum ósvarað en það hefur ítrekað komið fram á undanförnum árum að hér á landi er ekki jafnmiklum peningum varið til háskóla og gert er í samkeppnislöndunum. Menn hafa talað um að reiknilíkan mundi geta bætt eitthvað úr og skólar fengju þá réttlátlega greitt en eigi að síður bárust af því fréttir fyrir skömmu að verulega þrengdi að ýmsum deildum Háskóla Íslands. Námið væri einfaldlega dýrara en líkanið segði til um.

Enn á Háskóli Íslands í vanda þegar að því kemur að uppfylla þær væntingar sem við hann eru bundnar um þróun náms og valkosti. Með tilkomu Endurmenntunarstofnunar hefur þó tekist að mæta væntingum og kröfum bæði atvinnulífs og einstaklinga varðandi endur- og símenntun eða viðhaldsmenntun ýmiss konar og stofnunin hefur nú orðið breiða og dýrmæta þekkingu af því að sinna slíku. Og nú ætlar Endurmenntunarstofnun í samvinnu við viðskiptadeild að bjóða upp á MBA-nám í viðskiptafræðum fyrir fólk sem hefur háskólapróf í einhverri grein, hagnýtt og almennt nám í viðskiptafræði. Þessi ákvörðun er, herra forseti, sæmilega rökstudd í kynningu þeirra á náminu. Samt vakna þær spurningar sem hér hafa verið settar fram og það liggur fyrir að Endurmenntunarstofnun getur ekki veitt háskólagráðu.

Menn velta því fyrir sér hvort hér sé um eðlilegt viðfangsefni Endurmenntunarstofnunar að ræða. Því ef svo er snýst þessi deila fyrst og fremst um fjárhæðir fremur en prinsipp því það er bæði viðurkennt og löglegt að sú stofnun krefji greiðslu fyrir kennslu. Eða er háskólinn, herra forseti, með þessu að mæta kröfum sem þekktar eru en hann getur ekki mætt nema með því að setja málið í þennan farveg? Og erum við þá, herra forseti, með þessum nýja hætti að upplifa fjársvelti háskólans og er þetta sú þróun sem við megum vænta? Það væri, herra forseti, illt til afspurnar hjá ríkri þjóð.

[13:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir að vekja máls á því máli sem er til umræðu.

Innritunargjöld hafa reyndar margoft verið til umræðu í þessari stofnun. Ég minnist þess að í fyrra eyddum við heilum degi í karp um það hvort ættu að vera innritunargjöld í Háskóla Íslands eða ekki og við vorum jafnvel að ræða það hvort innritunargjöldin ættu að vera 26.500 kr. ef ég man rétt eða 21.500 kr. Þessu gátum við velt fyrir okkur heilan dag. Þegar við vorum að reyna að setja þetta í samhengi við önnur verðmæti í landinu varð oft og tíðum fátt um svör.

Við megum ekki gleyma því að menntun er afar dýrmæt og ég held að óhætt sé að segja að Háskóli Íslands og reyndar fleiri háskólar í landinu hafa verið að bæta sig hvað varðar fjölbreytni og þess háttar og Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands býður upp á fjölmörg námskeið og margt sem er afar spennandi. Símenntun er nauðsynlegur þáttur í lífi hvers manns og eins og komið hefur fram hjá hæstv. menntmrh. hefur ekki fengist staðfest á hvern hátt Háskóli Íslands ætlar sér að útfæra þá menntun sem hér er til umræðu. Ég vil vekja máls á því að t.d. í Samvinnuháskólanum í Bifröst greiðir það unga fólk sem þar stundar nám mjög mikið fyrir þá menntun en það fólk sem ég hef rætt við þar talar um að því finnst það fá mjög mikið fyrir peningana. Það er mjög nauðsynlegt að ræða þessi mál en eins og fram hefur komið hafa ekki komið skýr svör frá Háskóla Íslands um þetta.

[13:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það örlar á því að hæstv. menntmrh. sé að firra sig ábyrgð í þessu máli og varpa henni alfarið á herðar Háskóla Íslands. En hæstv. menntmrh. getur ekki annað en gengist við stefnu stjórnvalda í þessum efnum. Um þessar mundir búa Íslendingar við stjórnvald sem leggur afar mikla áherslu á að menn greiði fyrir þá þjónustu sem í boði er. Þannig er lögð á það áhersla að sameiginlegir sjóðir þjóðarinnar, fjármagnaðir í gegnum ríkjandi skattkerfi, afli

sértekna í stöðugt vaxandi mæli. Það eiga allar stofnanir að gera og þar með talinn Háskóli Íslands.

Síðan verður að benda á að þrátt fyrir hækkandi skatttekjur virðist þessum stofnunum ætlað að standa enn meira undir sértekjum og afla enn frekari sértekna og maður spyr: Hvert fara auknar skatttekjur ríkissjóðs?

Maður skyldi ætla að fleiri kostir yrðu í boði til almennings miðað við hækkandi skatttekjur. Vissulega bjóðast ýmsir kostir en það er áberandi að það verður æ algengara að sá sem þjónustunnar nýtur þarf að greiða fyrir hana fullu verði. Þá er ekki einu sinni spurt að því hvaða fjárráð viðkomandi hefur. Þá eru allir jafnir.

Nú er svo komið að flest þjónusta sem er í boði í skólakerfinu er þess eðlis að við þurfum að greiða fyrir hana. Því oftar sem við erum krafin um svona greiðslu, því sljórri verðum við fyrir því kerfi sem er verið að innleiða. Það er mergur þess máls sem er til umfjöllunar, og nú er Háskóla Íslands, sameiginlegu fræða- og rannsóknasetri okkar, gert að standa undir æ stærri hluta rekstrarsviðs með sértekjum og hann grípur til örþrifaráða á borð við það sem hér er til umfjöllunar, býður MBA-nám fyrir 1,5 milljónir. Kannski er þetta gert í þeirri von að enginn átti sig á þessari ósvinnu eða ástæðunum sem liggja að baki. Hvers vegna er ekki boðið upp á þetta nám innan almenna kerfisins? Það er þó enn sæmilega aðgengilegt flestum nemendum burt séð frá efnahag þeirra og þetta, herra forseti, samrýnist ekki hugsjónum mínum um jafnan rétt til náms.

[13:51]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni með að Háskóli Íslands sé að skipuleggja framhaldsnám sem þetta. Ég tel að slíkt nám sem er lagað að íslenskum aðstæðum og kennslan byggð á íslenskum raundæmum sé afar mikilvægt og líklegt til að nýtast vel á þeirri braut framfara og nýsköpunar sem við viljum gjarnan feta. Ég vona svo sannarlega að þarna fáist til þessa náms fjölbreyttur hópur þátttakenda af báðum kynjum.

Það sem kemur mér hins vegar á óvart er að þrátt fyrir það að margar hástemmdar yfirlýsingar hafi verið gefnar út af hæstv. menntmrh. í tengslum við afgreiðslu fjárlaga nú fyrir rúmum mánuði um að fjármál háskólans hafi þar með verið leyst myndarlega treystir háskólinn sér ekki til að fara af stað með slíkt nám nema fara krókaleiðir í gegnum Endurmenntunarstofnun til að geta innheimt himinhá skólagjöld af þeim sem stunda það.

Á sl. vetri var samþykkt frv. um Háskóla Íslands þar sem ekki tókst að koma fram ákvæðum sem heimiluðu álagningu skólagjalda þrátt fyrir yfirlýstan áhuga hæstv. menntmrh. á slíku fyrirkomulagi. Nú er varla þornað blekið á þeim lagabálki þegar lauma á mjög eftirtektarverðri og athyglisverðri námsleið í gegn með mjög háum skólagjöldum, 1.250 þús. fyrir tveggja ára nám. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Það er skylda ríkisvaldsins að standa við bakið á Háskóla Íslands það myndarlega að hann geti boðið upp á áhugavert nám sem þetta án þess að seilast svona ofan í vasa nemendanna.

Auk þess er rétt að það komi fram að sú lausn sem hæstv. menntmrh. taldi sig hafa fundið á fjármálum skólans virðist hafa verið hillingar eftir þeim fréttum að dæma sem birst hafa í fjölmiðlum undanfarna daga um fjárhag stofnunarinnar.

[13:54]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli sem og ráðherra fyrir svör hans. Ég held að í upphafi sé rétt að taka það fram að Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands hefur verið og er að vinna afskaplega merkilegt og gott starf sem hefur skilað sér í atvinnulífinu um allt land. Það hlýtur líka að vera fagnaðarefni að meistaragráða skuli vera að komast á koppinn.

Hins vegar má segja að þarna sé fulllangt seilst hvað varðar þá leið sem farin er við uppbyggingu þessa náms. Þetta snýr nefnilega að ákveðnu grundvallaratriði, svonefndum skólagjöldum. Það hefur verið þegjandi samkomulag um það á hv. Alþingi hvað varðar svokölluð innritunargjöld að halda þeim í því hófi sem verið hefur á síðustu árum og jafnvel áratugum en hér er um grundvallarbreytingu að ræða.

Það er rétt, herra forseti, að rifja það upp að þegar háskólafrv. var til umræðu, var því lýst yfir, m.a. af hæstv. ráðherra og öðrum hv. þingmönnum, að með því væri ekki verið að innleiða skólagjöld í þeirri merkingu sem ég lýsti hér, og ef til þess kæmi þyrfti það að koma til kasta Alþingis.

Hér er, herra forseti, jafnframt að því er virðist gengið fram hjá háskólaráði hvað varðar ákvarðanatöku í þessu. Ég er sammála því sem hæstv. ráðherra sagði að það er ekki eðlilegt að hæstv. ráðherra hafi bein afskipti af málum meðan þau eru í vinnslu innan háskólans. Verði þetta hins vegar niðurstaðan, er augljóslega verið að innleiða skólagjöld og hljóta þau því að koma til kasta Alþingis. Ég lýsi mig andsnúinn þeirri leið að innleiða skólagjöld eins og þarna virðist eiga að gera og trúi því að verði þetta niðurstaðan, þá komi það til kasta hv. Alþingis.

[13:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Íslendingar hafa stært sig af velferðarþjónustu, þar með skólakerfi sem er opið öllum án tillits til efnahags. Á undanförnum árum hefur sú stefna stjórnvalda að hækka skólagjöld og setja á fallskatta sætt gagnrýni á þeirri forsendu að slík gjaldtaka torveldi efnaminna fólki aðgang að menntun, setji þröskuld við dyr menntastofnana landsins. Þessi gjaldtaka er þó barnaleikur miðað við það sem nú er að gerast og tekur steininn úr þegar fréttist af því að viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands ætli að selja aðgang að menntun og menntagráðum. Það hefur ekki gerst áður við Háskóla Íslands að boðið sé upp á háskólagráðu fyrir skólagjöld sem nemur þeirri upphæð sem hér um ræðir, 1,2–1,4 millj. fyrir hvern þátttakanda.

Fulllangt seilst, sagði síðasti ræðumaður, hv. fulltrúi Framsfl. Ætli það ekki? Þetta eru eins árs laun eins og þau tíðkast á vinnumarkaði.

Við þessa umræðu hafa verið settar fram spurningar sem nauðsynlegt er að fá greinargóð svör við. En fyrst og fremst vil ég fagna þessu tilefni til að geta mótmælt þessari misréttisstefnu og minnt á mikilvægi þess að fólk eigi jafnan aðgang að skólakerfinu óháð efnahagslegri stöðu sinni.

Stöðugt er hamrað á því opinberlega hve menntun og símenntun sé samfélaginu mikilvæg en ef þessi stefna nær fram að ganga yrði hún ekki ætluð öllum heldur yrði stéttskipt og það yrði stökk til fortíðar.

Hæstv. menntmrh. segist bíða niðurstöðu Háskóla Íslands. Við bíðum hins vegar eftir niðurstöðu ríkisstjórnar Íslands og að heyra afstöðu hæstv. menntmrh. til þessa. Við þekkjum reyndar stefnu ríkisstjórnarinnar. Hún er að svelta

háskólann og aðrar stofnanir til þess að þröngva þeim til gjaldtöku af þessu tagi. Þess vegna gengur ekki að hæstv. menntmrh. skjóti sér undan ábyrgð með þessum hætti. Við krefjumst svara frá hans hendi.

Ég lít svo á að menntun sé íslensku þjóðfélagi mjög mikilvæg og brýnt að allir fái notið hennar. Ég beini því til hæstv. menntmrh. að þessi mál verði endurskoðuð frá grunni og Háskóla Íslands tryggðir fjármunir til að standa undir skyldum sínum við þjóðina alla.

[13:58]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það ber að fagna þeirri umræðu sem hér fer fram en jafnframt viðbrögðum hæstv. ráðherra svo langt sem þau ná. Hins vegar er verið að gefa í skyn að þetta mál sé komið örlítið styttra en okkur sýnist sem lesum um þetta nám á heimasíðu viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Það virðist ljóst vera að búið sé að taka þær ákvarðanir sem skipta máli. Það er farið í raun að auglýsa eftir nemendum og það er ekki rétt að gefa í skyn að nemendur viti ekki hvað bíði þeirra við stofnun eins og Háskóla Íslands. Það er augljóst mál að verið er að fara á svig við lög, samanber þau orð sem hæstv. ráðherra lét falla áðan. Í raun er verið að tengja Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands við þetta nám eingöngu til þess að fjármagna það. Það segir okkur þar af leiðandi um leið að það er skortur á fjármunum við Háskóla Íslands til að geta boðið upp á jafnmikilvægt nám sem þetta.

Það er annað líka sem athyglisvert er í þessu sambandi og það er að Háskóli Íslands býður upp á fleiri tegundir af meistaranámi. Þarna er augljóslega verið að mismuna nemendum eftir því hvaða námsleiðir þeir velja í þessu tilfelli. Það segir, með leyfi forseta, m.a. á heimasíðu viðskipta- og hagfræðideildar:

„Kostnaður við námið verður 1.250.000 kr. Greiða skal 50.000 kr. staðfestingargjald í byrjun júní og síðan 300.000 kr. fyrir hvert missiri. Athygli er vakin á því að LÍN veitir lán fyrir þessum skólagjöldum."

Herra forseti. Ég held að hér sé enginn vafi hvað á ferðum er og þess vegna, herra forseti, spyr ég hæstv. menntmrh.: Er málið ekki í raun komið lengra en látið var í veðri vaka hér áðan?

[14:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og skjót viðbrögð þannig að unnt var að ræða þetta mál í dag. Ég taldi ákaflega mikilvægt að umræða fengist um það sem allra fyrst áður en anað er lengra út í ófæruna af hálfu þeirra sem í hlut eiga.

Ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt sem hæstv. menntmrh. staðfesti í sambandi við 18. gr. og forsögu þess máls og það er alveg afdráttarlaust að vilji löggjafans stendur ekki til þess að tekin séu skólagjöld við Háskóla Íslands. Hins vegar hefði ég viljað að í beinu framhaldi hefði menntmrh. lýst sig andvígan þessum áformum. Það gerði hann ekki því miður og það harma ég.

Til að taka af vafa og fyrirbyggja misskilning skal það tekið fram að það starf sem unnið er á vegum Endurmenntunarstofnunar hefur verið til fyrirmyndar á ýmsum sviðum og hér er síður en svo verið að hreyfa andstöðu við það. Sömuleiðis væri það fagnaðarefni að upp væri tekið mastersgráðunám og þó fyrr hefði verið og þó í fleiri deildum háskólans hefði verið, enda væri um að ræða venjulegt háskólanám án skólagjalda.

Herra forseti. Ég bind vonir við að þetta frumhlaup, sem ég hlýt að kalla svo í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja, þetta frumhlaup viðskipta- og hagfræðideildar verði brotið á bak aftur og þetta mál verði stöðvað þannig að ekki komi til þessarar gjaldtöku heldur verði deildinni tryggðir fjármunir til að byggja upp þetta nám innan vébanda hennar. Það væri óheillaspor að mínu mati að fara út á þessa braut og með því væri gefið slæmt fordæmi. Ef meistaragráðunám af þessu tagi, eitt hið fyrsta við Háskóla Íslands, yrði byggt upp á þessum grundvelli mundi það væntanlega leiða til þess að aðrir í kjölfarið reyndu að fara sömu leið í fjársvelti sínu og þá sjáum við út í hvaða ófæru væri verið að fara. Ég skora því á yfirvöld Háskóla Íslands að láta af þessum áformum eða stöðva þau. Ég skora á hæstv. menntmrh. að staðfesta ekki, sbr. 9. gr. laga um háskólanám, meistaragráðu sem ætti að taka með þessum hætti og ég skora á yfirvöld menntamála að móta stefnu um það hvernig framhaldsnám almennt verði tekið upp í háskólum landsins.

[14:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ef menn lesa Morgunblaðið í morgun þá sjá þeir mikla auglýsingu frá Háskóla Íslands þar sem verið er að auglýsa meistaranám og doktorsnám á vegum skólans. Það er vissulega verið að stórauka það og er stefna að auka það við Háskóla Íslands eins og aðra háskóla eftir því sem þeir vilja sjálfir og ákveða.

Það nám hér sem um er að ræða er alveg sérstaks eðlis og ef menn kynna sér framboð á svokölluðu MBA-námi víðs vegar í heiminum þá er Háskóli Íslands að fara þarna inn á alveg nýjan markað ef þannig má að orði komast og laga þetta nám að íslenskum kröfum og bjóða það á sambærilegum forsendum og menn gera um heim allan. Háskóli Íslands er einnig í þeirri alþjóðlegu samkeppni. Hann er að leita úrræða og ég tel að viðskipta- og hagfræðideildin sé með þessum hugmyndum sínum að höfða til nýs markhóps sem hún vill kalla inn í nám hjá sér og leggur málið upp með sambærilegum hætti og háskólar gera um allan heim hvort sem þeir eru einkareknir eða ríkisreknir.

Vandinn hér er sá að svara þeirri spurningu sem hv. þm. hreyfði, þ.e. á hvaða lagaforsendum er þetta gert og hvort hægt sé að gera þetta eins og hér er um rætt. Háskólinn hefur ekki enn þá svarað þeirri spurningu og það er verið að vinna að þeim reglum sem þarf til þess að unnt sé að komast að endanlegri niðurstöðu um það.

Ég lít ekki á þetta sem neitt örþrifaráð út af fjársvelti, eins og málið hefur verið lagt hér upp. Það er ekki það sem á bak við þetta býr. Það eru önnur sjónarmið, markaðssjónarmið sem markaðsfræðingar og viðskiptafræðingar í þessari deild hafa séð og telja að séu viðskiptatækifæri fyrir sig og sína deild. Að blanda því saman þótt framkvæmd á reiknilíkaninu kunni á fyrstu mánuðum þess að valda því að menn þurfi að haga sér með öðrum hætti í einstökum deildum eða skorum háskólans, að blanda því tvennu saman er algjörlega rangt því að það á ekkert skylt við reiknilíknið og það eru allir sammála um að fjárveitingar til Háskóla Íslands hafa stóraukist á árinu 2000. Þarna er verið að skilgreina nýtt viðskiptatækifæri af þessari deild háskólans og hún er að reyna að fóta sig á nýjum markaði í þessu tilviki. Það verða menn að hafa í huga.

Höfundalög, 1. umr.

Stjfrv., 325. mál (EES-reglur). — Þskj. 575.

[14:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum. Frv. miðar fyrst og fremst að því að samræma íslenska höfundalöggjöf efni tilskipana Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar, einkum tilskipun Evrópusambandsins um lögverndun gagnagrunna frá 11. mars 1996.

Einnig er í frv. kveðið á um aðlögun íslenskra laga að tilteknum ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um leigu, útlánsrétt o.s.frv. frá 19. nóvember 1992. Framangreindar gerðir eru orðnar hluti af EES-samningnum.

Þá er lagt til að gerðar verði örfáar breytingar á ákvæðum höfundalaga sem taka mið af ákvæðum tilskipunar ráðsins um vernd tölvuforrita frá 14. maí 1991, sbr. ákvæði laga nr. 57/1992 og 145/1996, um breytingar á höfundalögum.

Helsta nýmæli sem kveðið er á um í frv. er að lögfest verði í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins 96/9 ákvæði um lögverndun gagnagrunna. Lögvernd gagnagrunna felst samkvæmt frv. í vernd á niðurröðun efnis og samsetningar sem er að finna í gagnagrunnum. Tekur verndin samkvæmt frv. bæði til rafrænna og hefðbundinna gagnagrunna, þ.e. safna sjálfstæðra verka, upplýsinga eða efnisatriða sem komið er fyrir með skipulögðum og kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum aðferðum eða á annan hátt.

Gert er ráð fyrir að vernd gagnagrunna sé tvíþætt. Annars vegar er framleiðendum þeirra veittur einkaréttur til eintakagerðar af gagnagrunninum og er það helsta nýmæli frv. Tekið er fram að vernd einkaréttar framleiðenda taki til eintakagerðar eða birtingar verks í heild eða að verulegum hluta. Verndin nær einnig til endurtekins eða kerfisbundins útdráttar eða endurnýtingar óverulegs hluta gagnagrunns ef gengið er óhæfilega gegn réttmætum hagsmunum framleiðenda.

Nútímatækni auðveldar, herra forseti, óheimila notkun gagnagrunna, þar með afritun stórs hluta efnis gagnagrunns og samsetningu þess í nýjan grunn fyrir aðeins brot af þeirri fjárhæð sem kostað var til gerðar hins upprunalega gagnagrunns. Framleiðendur gagnagrunna leggja oft fram mikla vinnu og fjármagn við gerð slíkra heimildabanka. Þess vegna er þeim veitt þessi sérstaka vernd sem á um leið að hvetja til þess að gagnagrunnar séu gerðir. Fullnægjandi réttarvernd er forsenda þess að unnt sé að efla nýsköpun og þekkingariðnað á þessu sviði.

Rétt er að taka fram að vernd sú sem framleiðendum er veitt með tilskipuninni hefur ekki áhrif á þau réttindi sem kunna að vera fyrir hendi á einstökum hugverkum sem er að finna í gagnagrunninum. Tilgangur lögverndunar sem framleiðendum gagnagrunna er veitt er að tryggja þeim hæfilegt endurgjald fyrir afnot annarra aðila að gagnagrunnum á verndartímabilinu sem er 15 ár. Hér er um að ræða svokallaðan „sui generis" rétt, óháðan höfundarétti.

Hinn þáttur lögverndunar gagnagrunna lýtur að réttindum höfunda gagnagrunnanna sjálfra, enda sé fullnægt skilyrðum um frumleik og skapandi vinnu varðandi samsetningu og niðurröðun efnis í gagnagrunninn.

Gagnagrunnur kann að geyma höfundaréttarlega varið efni sem að sjálfsögðu er verndað samkvæmt almennum rétti höfundaréttar. Hvorugur rétturinn, þ.e. „sui generis" réttur útgefenda eða réttur höfunda, útilokar hinn, þannig að framleiðandi gagnagrunns þarf að tryggja sér höfundaréttinn á einstökum hugverkum með framsali, ef til staðar er, til að tryggja sér algjöran umráðarétt yfir verkinu á verndartíma framleiðendaréttarins. Slíkt framsal kann þó að felast í vinnusambandi höfunda og framleiðenda við gerð gagnagrunnsins samkvæmt almennum sjónarmiðum höfundaréttar um framsal réttarins í vinnusambandi.

Ákvæði frv. á á engan hátt að raska þeirri réttarvernd sem fjallað er um í lögum nr. 139/1998, um gagnagrunna á heilbrigðissviði, og hefur ekki áhrif á rekstrarleyfi sem veitt hefur verið á grundvelli þeirra laga.

Herra forseti. Í frv. er enn fremur lagt til að ákvæði íslenskra höfundalaga verði aðlöguð ákvæðum 4. gr., sbr. 8. tölul. 13. gr. tilskipunar Evrópusambandsins um leigu og útlánsrétt o.s.frv. frá 19. nóvember 1992 þannig að lögfest er óafsalanlegt gjald til rétthafa vegna útleigu verka.

Í frv. er einnig lagt til að ákvæði um vernd tölvuforrita sem fjallað var um við breytingar á höfundalögum á árunum 1992 og 1996 verði lagfærð þannig að rýmkaðar séu heimildir sem eigendum tölvuforrita eru veittar til eftirgerðar svo að þær nái einnig til þeirra sem hafa rétt til notkunar þeirra. Að öðru leyti er ekki um frekari breytingar á vernd tölvuforrita að ræða.

Að öðru leyti miðar efni frv. að því að leiðrétta misfellur við setningu laga nr. 145/1996 og lagfæra gjaldtökuheimildir höfundalaga vegna upptöku verka þeirra á hljóð- eða myndbönd til einkanota. Gjörbreytt upptökutækni vegna stafrænnar upptöku og dreifingar verka knýr á um að ákvæðum höfundalaganna varðandi gjöld fyrir upptöku verka til einkanota verði breytt hið fyrsta. Er þegar hafin vinna að undirbúningi að breytingum á höfundalögunum sem taka mið af breyttri upptökutækni.

Nú eru til umfjöllunar innan Evrópusambandsins drög að tilskipun frá framkvæmdastjórn sambandsins um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu og er fyrirsjáanlegt að nokkrar breytingar þarf að gera á íslenskri höfundalöggjöf þegar sú tilskipun hefur verið samþykkt innan Evrópusambandsins. Endurskoðunarnefnd höfundalaga hefur unnið að gerð frv. Við endurskoðun höfundalaga hefur verið lögð meginhersla á að samræma íslenska höfundalöggjöf rétti Evrópusambandsins. Verði frv. þetta að lögum hefur íslensk höfundalöggjöf verið samræmd öllum settum tilskipunum Evrópusambandsins á þessu sviði.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[14:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þó að hér sé um stórt mál að ræða ætla ég ekki að halda langa ræðu. Um þetta frv. sem og það mál sem hér er á dagskrá á eftir, þ.e. mál hæstv. menntmrh. sem og það mál sem menntmn. fjallar um núna sem einnig er mál hæstv. menntmrh., útvarpslög, má segja að séu allt mál þar sem verið er að aðlaga löggjöf okkar að þeim veruleika tæknibreytinga sem við blasir og við erum í rauninni kannski að reyna að ná í skottið á í sumum tilfellum.

Í þessu tilfelli erum við ekki bara að eltast við tæknibreytingar heldur líka að aðlaga íslenska löggjöf tilskipunum Evrópusambandsins. Og eins og hér hefur komið fram þá erum við hér að aðlaga íslenska höfundalöggjöf að tilskipun Evrópuþingsins um lögverndun gagnagrunna. Við erum einnig að samræma íslensk höfundalög að ákvæði 4. gr. tilskipunar ráðsins 92/100/EBE um leigu- og útlánsrétt og

önnur réttindi tengd höfundarétti á sviði hugverkaréttar. Að síðustu fjallar þetta frv. einnig um breytingar á ákvæðum varðandi vernd tölvuforrita með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/250/EBE, um lögvernd fyrir tölvuforrit.

Höfundalögunum var reyndar breytt hér árið 1996 og þá einmitt vegna lögverndar fyrir tölvuforrit. Það segir mönnum e.t.v. hersu ör tæknin er eða hversu hraðar þessar breytingar eru að við skulum aftur núna þurfa að takast á við það verkefni. Ég hef á tilfinningunni að hv. menntmn. verði afar vel upplýst tæknilega þegar þessi vetur er á enda eftir að vera búinn að fara í gegnum þessi mál.

En eins og ég sagði þá er ekki ástæða til að halda hér langa ræðu. Pólitíkin í þessu er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og svo hin að aðlaga okkar löggjöf tilskipunum Evrópusambandsins. Ég kem til með að fjalla um þetta mál á vettvangi nefndarinnar, herra forseti, og hlakka orðið til þess vegna þess að það er í rauninni að opnast fyrir þeim sem þurfa að kynna sér þetta nýr og heillandi heimur þar sem tæknin er og allt það sem hún býður upp á og allar þær breytingar sem menn sjá fram undan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skylduskil til safna, 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 576.

[14:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 576 frv. til nýrra laga um skylduskil til safna. Núgildandi lög um skilaskyldu safna eru lög 43/1977.

Tilgangurinn með lagafrv. því sem ég flyt hér nú er að tryggja að sá hluti þjóðararfsins og menningar okkar sem lögin ná til varðveitist komandi kynslóðum, verði skráður og sé aðgengilegur til rannsókna og skoðunar. Tilgangur skilaskyldu er hins vegar ekki sá að afla móttökusöfnum eintaka til almennrar notkunar eða afþreyingar.

Það þótti tímabært að endurskoða lögin um skilaskyldu til að tryggja að tilgangi þeirra um varðveislu menningararfsins verði náð. Það eru breyttir tímar, m.a. vegna stafrænnar tækni og nýrra samskiptahátta í upplýsingaþjóðfélaginu. Margvíslegar samfélagsbreytingar vegna þessa hafa áhrif á hlutverk og starfsemi bókasafna annars vegar og hins vegar á leiðir einstaklinga til að afla sér upplýsinga og láta til sín taka í almennri umræðu á grundvelli víðtæks tjáningarfrelsis. Því þótti nauðsynlegt að endurskoða núgildandi lög þannig að ákvæði um skylduskil nái til allra útgefinna og birtra verka án tillits til þess hvaða miðill er notaður við framleiðslu verkanna og dreifingu. Þegar þetta er sagt hlýtur öllum að vera ljóst að það er torvelt úrlausnarefni að ná þessu markmiði og það er torvelt úrlausnarefni fyrir bókasöfn og hvern þann sem hefur það hlutverk að halda utan um öll þau verk sem eru framleidd eða er dreift. Þetta á sérstaklega við þegar hugað er að því að hér er einnig verið að tala um rafræn gögn, þ.e. gögn sem eru t.d. birt á internetinu. Spurningar hafa vaknað víða um lönd hvernig eigi að standa að því að safna upplýsingum um slík gögn og varðveita þau.

Þegar litið er til þess hvernig þjóðir hafa brugðist við áskorun eins og þessari má segja að tvær meginstefnur séu ríkjandi, þ.e. annars vegar altæk skilaskylda og víðtæk skilaskylda sem nær til hvers kyns upplýsinga sem birst hafa almenningi og hins vegar stefna sem byggist á því að eingöngu er safnað þeim upplýsingum sem unnt er að safna og varðveita með raunhæfum hætti, hvað svo sem felt í orðunum raunhæfur háttur þegar um þessi mál er að ræða á annað borð. Í því frv. sem hér um ræðir er gerð tillaga um víðtæka söfnun upplýsinga, þar með víðtæka söfnun efnis á rafrænu formi á netinu. Það er sá rammi sem mótaður er í þessu frv. Þá er það einnig veigamikið úrlausnarefni hvaða heimildir bókasöfn eiga að hafa til notkunar á þeim safnkosti sem aflað er á grundvelli lögbundinnar skilaskyldu, sem sagt hvaða heimildir þau bókasöfn hafa sem fá bækur eða annað efni til sín til að nota þann safnkost sem þannig er aflað.

Í ljósi hugarstefnu um víðtækt stjórnarskrárvalið tjáningarfrelsi, sem tekur einnig til víðtæks réttar til þess að taka á móti upplýsingum, var þeirri skoðun haldið fram að bókasöfnin þyrftu að fá rýmri rétt en þau hafa nú samkvæmt höfundalögum og skilaskyldulögum til þess að nota safnkost sinn til óheftra útlána til almennings. Í því frv. sem ég er að kynna, er miðað við að heimildir notenda bókasafna til aðgangs að skilaskyldu efni taki mið af ákvæðum höfundalaga hverju sinni. Í ljósi sívaxandi efnahagslegrar þýðingar þeirra atvinnugreina sem byggja á höfundaréttarlegri vernd, þykir varhugavert að veikja starfsgrundvöll þessara greina með því að takmarka einkaréttindi rétthafa um of, eða veita bókasöfnum víðtækari heimildir en höfundalög kveða á um. Um leið og þetta er sagt er nauðsynlegt að gæta að því að í höfundalögum sé kveðið á um viðunandi jafnvægi milli einkaréttindahöfunda annars vegar og hins vegar almennra hagsmuna til afnota af hugverkum, einkum á sviði menntunar, rannsókna og aðgangs að upplýsingum. Þetta atriði er eitt af þeim álitaefnum sem er nú fjallað um í drögum að tilskipun Evrópusambandsins um höfundarétt í upplýsingasamfélaginu og er fyrirsjáanlegt að nokkrar breytingar mun þurfa að gera á íslenskri höfundalöggjöf, m.a. með tilliti til starfsemi bókasafna þegar sú tilskipun hefur verið samþykkt innan Evrópusambandsins.

Frv. sem ég er að flytja er unnið af nefnd sem ég skipaði um mitt ár 1997. Í henni sátu Einar Sigurðsson landsbókavörður, og var hann formaður nefndarinnar, Böðvar Bjarki Pétursson, forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands og Erla S. Árnadóttir lögfræðingur. Þóra Óskarsdóttir, deildarsérfræðingur í menntmrn., starfaði með nefndinni.

Umboð nefndarinnar fólst í því að fjalla um eftirtalin atriði og gera tillögur á grundvelli þeirra:

Nefndin átti að svara því hvaða efni skyldi lúta skilaskyldu og á hverjum skyldan skyldi hvíla. Í því sambandi bar sérstaklega að hafa hliðsjón af þróun sem orðið hefði frá því núgildandi lög voru sett að því er varðar framleiðslutækni, formbúning gagna og dreifingarhætti. Þá átti nefndin að kanna hvaða stofnanir skyldu vera móttöku- og varðveislustöðvar skilaskylds efnis og einstakra efnistegunda. Einnig átti nefndin að líta til þess hversu umfangsmikil skylduskilin skyldu vera að því er varðar eintakafjölda og loks hvaða reglur skyldu gilda um varðveislu og afnot skilaskylds efnis, m.a. í ljósi höfundalaga, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Þá var nefndinni falið að kanna hvernig þessum málum er skipað í nágrannalöndum Íslands, í meginatriðum, og gera grein fyrir því í skýrslu sinni og fylgir sú greinargerð nefndarinnar frv.

Nefndin skilaði tillögum sínum í frv. til nýrra laga um

skylduskil safna og er það lagt fram óbreytt eins og það kom frá nefndinni. Rétt er að gera grein fyrir því að ekki náðist full samstaða í nefndinni um ákvæði 2. mgr. og 7. mgr. 11. gr. frv. og 15. gr. frv. og skilaði Erla S. Árnadóttir séráliti um þau atriði sem þar er fjallað um. Lúta athugasemdir hennar annars vegar að heimild notenda til aðgangs og afritunar af skilaskyldu efni, þar með töldu rafrænu efni. Þá gerir Erla S. Árnadóttir einnig athugasemdir við þann fjölda eintaka íslenskra kvikmynda sem skilaskyld eru samkvæmt frv. og telur hún að rétt sé að verkaskipting Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Kvikmyndasafns Íslands eigi að vera ljós og er mótfallin því að einu eintaki íslenskrar kvikmyndar sé skilað til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Ég tel að nefndin hafi unnið mjög gott starf og vil á þessum stað þakka henni störf hennar því, eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir rakti, þá erum við hér að fjalla um mál sem eru ákaflega flókin, bæði tæknilega og efnislega. Mikið starf var unnið af hálfu nefndarinnar við að skilgreina einstaka þætti þessa flókna máls og síðan að móta tillögur sínar í því frv. sem liggur fyrir og ég hef ákveðið að flytja óbreytt eins og það kom frá nefndinni.

Það er ljóst af ákvæðum 15. gr. frv. og hinum lögfesta tilgangi skylduskilanna skv. 1. gr. frv. að heimildir manna til afnota af verkum sem aflað er á grundvelli skylduskila skulu taka mið af höfundalögum svo sem þau eru á hverjum tíma. Nauðsynlegt er að hafa þá grundvallarreglu í huga að þetta eru þær skorður sem við setjum þegar við erum að fjalla um þann kost sem er í þessum söfnum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum sem í frv. er að finna eru þessar:

Efni sem ekki hefur verið skilaskylt verður það nú. Er þar um að ræða kvikmyndir, efni ljósvakamiðla, efni á rafrænum miðlum, þar á meðal tölvuforrit, auk örgagna og myndefnis á skyggnum. Ég vil sérstaklega taka fram varðandi kvikmyndirnar að aðstaða Kvikmyndasafns Íslands sem nú er starfrækt í Hafnarfirði hefur verið stórbætt og þar er nú aðstaða til þess að skapa kvikmyndaarfi þjóðarinnar og öðrum kvikmyndum sem safnað er samkvæmt frv., ef það verður að lögum, viðunandi aðstæður. Einnig er verið að búa þannig um í safninu að þar verður aðstaða til sýninga á kvikmyndum í gömlu kvikmyndahúsi í Hafnarfirði. Ég held því að umbúnaður þessa safns sé orðinn eins góður og við er að búast miðað við aðstöðu okkar.

Einnig lagt til að sú breyting verði gerð frá gildandi lögum að birting verði notuð sem viðmiðun um skilaskyldu. Í gildandi lögum er hins vegar miðað við fjölföldun á texta og myndefni eða útgáfu hljóðrita. Hér er því um það að ræða að efnið hafi birst og þá sé skilaskyldan virk.

Afnumið er ákvæði 13. gr. um ríkisstyrkta útgáfu. Samkvæmt 13. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að ef um svonefnda ríkisstyrkta útgáfu sé að ræða þá ætti ákveðinn eintakafjöldi að renna til skilgreindra safna í landinu. Þetta hefur aldrei komist í framkvæmd á grundvelli laganna sem sett voru 1977 og er enn þá erfiðara að framkvæma núna og það er álit þessa kunnáttufólks að afnema beri þetta ákvæði úr lögunum og er gerð tillaga um það.

Ekki eru lagðar til breytingar á reglum um á hverjum skilaskyldan hvílir en kveðið er á um hverjir beri kostnað af skilunum. Þá segir að fjöldi eintaka sem skila ber sé óbreyttur hvað varðar efni sem er háð skilaskyldu samkvæmt gildandi lögum, þ.e. fjögur eintök af efni sem gefið er út á pappír og þrjú eintök af hljóðritun. Hins vegar er lagt til að skilað verði þremur eintökum af örgögnum, skyggnum og gögnum sem gefin eru út á rafrænu formi, svo sem CD-ROM, en fjórum eintökum af samsettum útgáfum. Gert er ráð fyrir að myndbönd verði afhent í tveimur eintökum, nema íslenskar kvikmyndir á myndböndum sem verði afhentar í þremur eintökum. Af kvikmyndum framleiddum á filmu verði afhent tvö eintök og skal annað vera frumeintak eða ígildi þess.

Þá er lagt til að frestir til afhendingar efnis verði ákveðnir í reglugerð. Þó er lagt til að lögfest verði regla um að frumeintak kvikmynda skuli afhent innan sjö ára frá frumsýningardegi. Er ástæða þess sú að framleiðanda kvikmyndar er þörf á því að hafa aðgang að frumeintaki meðan verkið er í dreifingu.

Herra forseti. Ég legg þetta frv. fram til kynningar á þessu þingi. Ég tel að hér sé um mál að ræða sem menn eiga að gefa sér gott tóm til þess að reifa og ég tel eðlilegt að hv. menntmn. sendi það sem víðast til umsagnar og fái viðbrögð við málinu. Af minni hálfu er ekki verið að knýja á um afgreiðslu þess endilega á þessu þingi núna, því hér er um mál að ræða sem þarf víðtækar umræður og ég tel að það fari best á því að þær fari fram á hinu háa Alþingi og undir forustu menntmn. þingsins enda er hér ekki um pólitískt mál að ræða í þeim hefðbundna skilningi sem við leggjum yfirleitt í slík mál heldur mál sem þarf að ræða og reifa á víðtækum forsendum. Ég treysti hv. menntmn. best fyrir slíkum umræðum og slíkri könnun. Með þeim orðum leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að frv. fari til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 226. mál (fulltrúar nemenda). — Þskj. 271.

[14:28]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum grunnskóla. Þetta er 226. mál þingsins á þskj. 271.

Í tilefni af tíu ára afmæli barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kynnti Samfylkingin ýmis mál sem þingmenn Samfylkingarinnar flytja á Alþingi og varða aðstæður barna í samfélaginu. Ég ætla að fara yfir nokkur þessara mála, herra forseti, til þess að setja það frv. sem ég mæli fyrir í sitt eðlilega samhengi.

Þau mál sem hafa verið kynnt og liggja hér fyrir eru í fyrsta lagi frv. til laga um breytingar á hegningarlögum þar sem það verður refsivert að framleiða og dreifa barnaklámi en í dag er ekki lögð sérstök refsing við því.

Í öðru lagi er frv. til að bæta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína. Það fjallar annars vegar um að barni verði skipaður talsmaður ef ágreiningur verður um umgengni barns við annað foreldri og hins vegar skilnaðarlöggjöf sem er fyrirbyggjandi úrræði sem reynst hefur mjög vel annars staðar á Norðurlöndunum til að tryggja rétt barna til umgengni við báða foreldra.

Í þriðja lagi er um að ræða frv. til laga um breytingar á barnalögum til að auka rétt feðra barna. Það miðar að því að auka rétt feðra gagnvart börnum sínum sem fæðst hafa utan hjúskapar. Við slíkar aðstæður eru nú engin úrræði handa

karlmönnum ef kona nefnir annan föður að barni sem hann telur sig eiga. Af þeim sökum eru dæmi um að börn hafi ekki fengið að njóta samvista við raunverulegan föður sinn og því er lagt til að barnalögum verði breytt þannig að karlmaður í þessari stöðu geti höfðað mál til að gengið sé úr skugga um faðerni barns.

Í fjórða lagi er um að ræða till. til þál. um heildarstefnumótun í málefnum barna þar sem ríkisstjórninni er falið að undirbúa heildstæða og samræmda opinbera stefnu í málefnum barna og unglinga. Markmiðið er að tryggja hag þeirra og búa þeim sem jöfnust skilyrði til uppvaxtar og þroska.

Í fimmta lagi er um að ræða till. til þál. um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem gert er ráð fyrir að dómsmrh. skipi nefnd til að gera úttekt á lögum er varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmálans, sem hefur eins og margoft hefur komið fram hér, herra forseti, verið staðfestur af hálfu Íslands.

Í sjötta lagi er um að ræða till. til þál. um bætta stöðu þolenda kynferðisafbrota þar sem gert er ráð fyrir að dómsmrh. skipi nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna og gera tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisafbrota, einkum barna og unglinga. Jafnframt á nefndin að kanna hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum sé hægt að beita.

Og í sjöunda lagi, herra forseti, er hér mál er varðar aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna þar sem till. til þál. gerir ráð fyrir að betur verði tryggð réttindi foreldra vegna veikinda barna sinna og verði haft til hliðsjónar það fyrirkomulag sem er á hinum Norðurlöndunum og hvernig þar er bætt fyrir launatap vegna veikinda barna.

Þetta var stutt upptalning, herra forseti, á þeim málum sem Samfylkingin hefur kynnt og lagt hér fyrir og varðar rétt barna en auk þessa eru önnur þingmál og fyrirspurnir sem varða réttindi barna sem ég tel ekki upp nú en vind mér í það mál sem ég ætlaði sérstaklega að mæla fyrir sem er frv. til laga um breytingu á lögum um grunnskóla. Ásamt mér eru flm. þessa frv. hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Jóhann Ársælsson.

Samningurinn um réttindi barna, oftast nefndur barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, var undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og með samþykkt þingsályktunar á Alþingi 13. maí 1992 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Það var gert hinn 28. október sama ár. Með fullgildingu barnasáttmálans skuldbinda íslensk yfirvöld sig til að tryggja íslenskum börnum öll þau réttindi sem þeim eru tryggð í sáttmálanum.

Í 12. gr. samningsins segir: „Aðildarríki skulu tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska."

Flest börn dvelja stóran hluta dagsins í skóla og viðurkennt er að skólinn hefur mikil áhrif á uppeldi og félagsmótun barna og ungmenna. Fyrir mörg börn er skólinn bæði leik- og vinnustaður. Því er mikilvægt að börn og unglingar — sem reyndar á bara að kalla börn núna — eigi þess kost að setja með formlegum og skipulegum hætti fram skoðanir sínar og álit á skipulagi vinnunnar, aðstöðu sem þeim er boðin og vinnubrögðum á þessum mikilvæga vinnu- og leikstað sínum.

Í núgildandi lögum um grunnskóla er hlutur foreldra við stjórn grunnskólans og möguleikar til að hafa áhrif á störf hans auknir frá því sem var og er það vel. En í þeim sömu lögum er skertur réttur nemenda til að geta formlega komið á framfæri skoðunum sínum um skipulag skólastarfsins eða annað sem hefur bein áhrif á aðstæður nemenda í skólanum.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, þ.e. þeim lögum sem giltu áður en núgildandi lög tóku gildi, var gert ráð fyrir því að fulltrúi nemenda eða nemendaráðs ætti „rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, þegar rætt er um skipulag skólastarfsins". Við setningu núgildandi laga var þetta ákvæði fellt út með eftirfarandi rökstuðningi í greinargerð, með leyfi forseta: „Rétt þykir að hafa það í valdi hvers skóla hvernig formlegri aðild nemenda að stjórn skólans er fyrir komið." Í ljósi ákvæða barnasáttmálans um að börnum skuli tryggður réttur til að láta í ljósi skoðanir á öllum málum sem þau varða þykir rétt að ákvæði séu í grunnskólalögum þess efnis að börnin eigi þennan rétt án tillits til aðstæðna í viðkomandi skóla, að það sé ekki undir því komið hvaða skoðun viðkomandi skólayfirvöld hafi á því hvort nemendur geti með formlegum hætti komið skoðun sinni framfæri, hvort þau fái að njóta þess réttar, heldur eigi þau að eiga skýlausan rétt til þess samkvæmt lögum.

Í grunnskólalögum, nr. 49/1991, var einnig ákvæði um skólaráð sem skipað skyldi fulltrúum starfsfólks skóla, foreldra og nemenda. Skólum var þó heimilt að sækja um undanþágu frá þessu ákvæði og fámenni nefnt sem gild ástæða. Ákvæði þess efnis í núgildandi lögum að skólastjóri skuli a.m.k. tvisvar á ári boða til sameiginlegs fundar kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs til að veita upplýsingar um skólastarfið og til að fjalla um starfsemi þessara ráða er e.t.v. sambærilegt við ákvæði eldri laga eða ákvæðið um skólaráð.

Í eldri lögum, herra forseti, var ekki ákvæði þess efnis að fulltrúar nemenda ættu rétt til setu á skólanefndarfundum þegar fjallað væri um málefni sem snerta hagsmuni nemenda sérstaklega.

Með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðanir sínar um öll mál sem snerta þau sjálf. Til að tryggja betur en nú er formlegan farveg fyrir nemendur grunnskólans til að láta í ljós skoðun sína á málefnum innan skólans, málefnum sem snerta þá sjálfa, er gerð tillaga um þessar breytingar á lögum um grunnskólann.

Í 1. gr. er lagt til, herra forseti, að nemendum sé bætt við í upptalningu 4. mgr. 13. gr. laganna á þeim sem rétt eiga til setu á fundum skólanefndar þegar fjallað er um skipulag skólastarfsins eða önnur bein hagsmunamál nemenda.

Í ljósi þeirra verkefna sem skólanefnd eru falin þykir eðlilegt að nemendur eigi rétt til setu á fundum skólanefnda með málfrelsi og tillögurétti þegar skólanefnd fjallar um málefni sem snerta nemendur í viðkomandi skóla sérstaklega en í sumum skólahverfum eru fleiri en einn skóli. Skólanefnd staðfestir m.a. áætlun um starfstíma nemenda ár hvert og fylgist með námi og kennslu, skólanefnd getur gert tillögur til skólastjóra um umbætur í skólastarfi og skólanefnd fylgist með og stuðlar að því að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar aðbúnaður, þar með talin útivistar- og leiksvæði nemenda. Allt eru þetta verkefni sem eðlilegt er að nemendur fái að láta í ljós skoðun á þegar um þau er fjallað.

Ný málsgrein sem lagt er til að bætist við 13. gr. laganna fjallar um fyrirkomulag kosninga á fulltrúum nemenda til

setu á skólanefndarfundum. Rétt þykir að nemendur kjósi fulltrúa beint úr sínum hópi þar sem einungis er heimilt en ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum að stofna nemendaráð. Einnig þykir rétt að fulltrúar nemenda séu tveir svo þeir hafi stuðning hvor af öðrum. Með því yrði tekið tillit til veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Um 2. gr. er það að segja að lagt er til að ný 2. mgr. sé felld inn í 17. gr. Með málsgreininni er gert ráð fyrir því að nemendur, eða nemendaráð, eigi tvo fulltrúa á kennarafundum. Þetta er stutt sömu rökum og sett eru fram fyrir tveimur fulltrúum nemenda í skólanefnd, þ.e. að þeir styrki hvor annan vegna veikrar stöðu barna gagnvart hinum fullorðnu.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 292. mál. — Þskj. 491.

[14:40]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Flm. eru ásamt þeim sem hér stendur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ásta Möller, Valgerður Sverrisdóttir, Einar Már Sigurðarson og Einar Oddur Kristjánsson.

Í 1. gr. segir:

„Heimil er keppni og sýning á ólympískum hnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna ólympíska hnefaleika.“

Í 2. gr. stendur:

„Heimil er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum.“

Í 3. gr. segir:

„Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um ólympíska hnefaleika.“

Í 4. gr. stendur: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Árið 1956 voru hnefaleikar bannaðir hér á landi og var orsökin meiðsli sem urðu við iðkun hnefaleikanna. Ólympískir hnefaleikar eru allt annars eðlis en atvinnumannahnefaleikar og er hægt að taka fram hér nokkur atriði.

Í fyrsta lagi: Í ólympískum hnefaleikum eru notaðar höfuðhlífar og þykkari hanskar sem eru allt að 30–50% efnismeiri en í atvinnumannahnefaleikum, sem þýðir meiri fjöðrun og minni hættu á meiðslum.

Lotur eru þrjár í ólympískum hnefaleikum í þrjár mínútur í senn eða fimm lotur í tvær mínútur í senn. Í atvinnumannahnefaleikum eru lotur allt að tólf í þrjár mínútur í senn.

Í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Svíþjóð og Finnlandi hafa farið fram vandaðar læknisfræðilegar rannsóknir á hnefaleikum sem leiddu í ljós m.a. að ólympískir hnefaleikar valda mun minna líkamstjóni og meiðslum en ýmsar vinsælar íþróttagreinar, svo sem íshokkí, knattspyrna, körfubolti, handbolti og ég tala ekki um ameríska fótbolta. Meiðsl í ólympískum hnefaleikum eru 30–50 sinnum minni en í atvinnuhnefaleikum samkvæmt sömu rannsókn.

Í reglum um ólympíska hnefaleika má keppandi sem vankast, sem gerist í u.þ.b. hundraðasta hvert skipti, í hundruðustu hverri keppni, ekki hefja keppni fyrr en eftir þrjá mánuði. Áhugamannahnefaleikari fær ekki að keppa eftir 33 ára aldur og í ólympískum hnefaleikum er læknisskoðun skyld bæði fyrir og eftir hverja keppni. Það er einnig skylda í ólympískum hnefaleikum að hafa keppnisferilsbók, sem er varla þekkt í öðrum íþróttagreinum.

Í ólympískum hnefaleikum er aðeins hægt að vinna á stigum. Hugtakið „tæknilega sleginn út“ eða TKO „technical knock out“ er ekki til og ekkert stig fæst fyrir að slá andstæðinginn í gólfið. Litið er á meiðsli sem óhöpp á sama hátt og í öðrum íþróttagreinum.

Hefðbundnir hnefaleikar eða atvinnumannahnefaleikar eru bannaðir í nokkrum löndum, m.a. Svíþjóð og Noregi og náttúrlega hér á landi, en ólympískir hnefaleikar eru hvergi bannaðir í heiminum nema á Íslandi og eru Íslendingar mjög sérstakir að þessu leyti. Dómgæsla og reglur í ólympískum hnefaleikum miða að því að vernda hnefaleikarann eins og framast er kostur. Leikur er stöðvaður ef annar keppandinn hefur mikla yfirburði og hart er tekið á ólöglegum höggum og ef það gerist oft er mönnum vísað úr keppni.

Hnefaleikar eru sjálfsvarnaríþrótt líkt og íslensk glíma, júdó, karate og fleiri íþróttir sem heita ýmiss konar austurlenskum nöfnum. Leyfð er t.d. iðkun og kennsla í Jeet Kune Do sem er tælensk íþrótt sem kallast kickbox á ensku. Þar er barist með hönskum eins og í hnefaleikum, en einnig eru þar leyfð spörk. Í Tae Kwon Do er barist með berum hnefum og fótum og meiðslatíðni er hærri en í ólympískum hnefaleikum, en Tae Kwon Do er ólympísk íþrótt, einnig leyfð hér á landi.

Meðan ekki hafa verið færðar sönnur á að ólympískir hnefaleikar valdi meiri meiðslum en aðrar vinsælar íþróttagreinar, svo sem knattspyrna, handbolti og hestaíþróttir, er þá ekki verið að brjóta jafnræðisreglu íslenskrar stjórnskipunar með því að banna ólympíska hnefaleika?

Höfuðmeiðsl eru aðaláhyggjuefni í ólympískum hnefaleikum og andstæðingar ólympískra hnefaleika hafa notað þau sem rauðan þráð í sínum málflutningi. En á þá t.d. að banna að leika knattspyrnu í rigningu þar sem boltinn er blautur og þungur og talsvert höfuðhögg verður þegar blautur knötturinn er skallaður? Eða á kannski að banna skalla í fótbolta? (**Gripið fram í:** Banna rigningu.) Eða að banna að leika í rigningu? Þetta er svona álíka gáfulegt og bann við ólympískum hnefaleikum. Síðan eru það markmenn í handbolta. Sá sem hér stendur hefur nú töluverða reynslu af því að vera í marki í handbolta frá því á árum áður. Það er ekki þægilegt að vera markvörður og fá boltann í höfuðið. (Gripið fram í.) Einn landsþekktur markvörður hefur fullyrt að hann hafi orðið fyrir höfuðmeiðslum vegna þess að bolti fór í höfuðið í honum. Það var skotið í höfuðið á honum. Spurningin er hvar við eigum að draga mörkin. Hvað eigum við lengi að hafa vit fyrir okkur og öllum hinum hvað þeir eiga að stunda og hvað sé hættulegt og ekki hættulegt? Nú er árið 2000. Við erum ekki í fortíðinni. Árið 1956 er liðið. Nú er komið 2000. Það er búið að rannsaka málið og það er búið að sýna fram á að þetta er ekki hættuleg íþrótt. Því spyr ég, hvers vegna á ekki að leyfa þetta? Til þess er þetta frv. lagt fram.

Það er líka til umhugsunar fyrir okkur í nútímasamfélagi að það ætti að vera á valdi hvers og eins að ákveða hvaða íþrótt hann kýs að stunda. Ef miðstýringin á að vera slík

og það á að hafa vit fyrir okkur í einu og öllu, eins og ég sagði áðan, þá er illa komið. Ég tel að það sé mikið réttlætismál fyrir okkur að leyfa þetta. Við erum líka þátttakendur í ólympíusamstarfi. Við erum með íslenska ólympíunefnd og annað slíkt. Við erum á Ólympíuleikum og viðurkennum þær greinar sem þar eru. En svo bönnum við eina greinina. En bönnum ekki aðra sjálfsvarnargrein sem er Tae Kwon Do. Við gerum engar athugasemdir við það.

Að lokum legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

[14:49]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér hefur verið lagt fram frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika, að heimila keppni, sýningar og kennslu í ólympískum hnefaleikum, að heimila sölu og notkun á hnefaleikaglófum og öðrum tækjum sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum. Og í þriðja lagi að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Í þessu frv. er gerður skýr greinarmunur á annars vegar ólympískum hnefaleikum sem eru áhugamannahnefaleikar og hins vegar atvinnumannahnefaleikum sem eru m.a. stundaðir í Bandaríkjunum, Bretlandi, Rússlandi og víðar. Á Íslandi hafa hnefaleikar verið bannaðir frá árinu 1956 en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Hnefaleikar hafa verið stundaðir í einhverri mynd í heiminum um árþúsundir. Fundist hafa höggmyndir af hnefaleikamönnum á Krít sem taldar eru vera 3.500–4.000 ára gamlar. Nútímahnefaleikar eru taldir upprunnir á Englandi 1681, en þaðan barst íþróttin um allan heim. Keppt hafði verið í hnefaleikum á Ólympíuleikunum grísku og var sá lárviðarsveigur eftirsóknarverður.

Herra forseti. Í bókinni Ármann í hundrað ár, sem rituð er af Lýði Björnssyni, kemur fram að fyrsti vísir íþróttarinnar hér á landi hafi komið með Vilhelm Jacobson hraðritara. Hann kynntist íþróttinni í Danmörku í fyrri heimstyrjöldinni. Vilhelm Jacobson kom til Íslands 1916 og tók þegar að veita ungum mönnum tilsögn í íþróttinni í leikfimisal Landskotsskóla. Þessi kennsla stóð aðeins einn vetur. Hnefaleikar hófust hjá Ármanni árið 1926 og var fyrsta hnefaleikasýningin hér haldin það sama ár í Iðnó. Fyrsta opinbera hnefaleikamótið var síðan haldið á vegum félagsins í Gamla bíói 22. apríl 1928 en áður höfðu farið fram nokkrar sýningar. Á þessu móti var Jóhannes Jósefsson hringdómari. Þetta mót vakti mikla athygli og var húsfyllir. Fleiri mót fylgdu í kjölfarið en fengu misjafna dóma enda hefur trúlega byrjendabragur verið á keppendum vegna reynsluleysis.

Um nokkurra ára skeið lá iðkun þessarar íþróttar niðri en árið 1934 komu út hnefaleikareglur Íþróttasambands Íslands sem urðu til þess að hnefaleikakennsla hófst á nýjan leik hjá Ármanni og í þetta skipti í íþróttasal Menntaskólans í Reykjavík. Nokkrar hnefaleikasýningar voru haldnar á vegum Ármanns í ársbyrjun 1936, m.a. í Iðnó, á Akranesi, á Selfossi og í Keflavík. Þá voru hnefaleikar í miklum metum hér á landi og yfirvöld settu tæki til hnefaleikaiðkunar í sama tollflokk og námsbækur.

Morgunblaðið segir svo frá 22. júní 1943, með leyfi forseta:

„Hnefaleikameistaramót Íslands fór fram í íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar síðastliðið laugardagskvöld. Ármann stóð fyrir mótinu, sem var eitt af meistararmótum ÍSÍ. Keppendur sem allir eru Ármenningar voru tólf í sex þyngdarflokkum. Húsið var troðfullt af áhorfendum og urðu margir frá að hverfa. Það var sérstaklega eftirtektarvert hve vel og drengilega keppendur komu fram. Leikur þeirra var prúður og fallegur og hinum ágæta hnefaleikakennara Ármanns, Guðmundi Arasyni, til mikils sóma."

Hnefaleikar voru svo í lægð á árunum 1954–1956. Hnefaleikameistaramót Íslands féll niður þessi ár en Ármann hélt hnefaleikameistaramót 9. febrúar 1954 í tengslum við 65 ára afmælishátíð félagsins og var þetta síðasta hnefaleikamótið á Íslandi.

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ólympískir hnefaleikar séu ruddaleg íþrótt. Það er t.d. svipað með hnefaleikum og skylmingum að báðar þessar íþróttir byggja á hraða og snerpu en ekki ógnarkrafti eins og margir halda. Hér er ekki um að ræða hnefaleika atvinnumanna með 12–15 lotum þar sem keppt er um gríðarlegar fjárhæðir heldur hnefaleika áhugamanna þar sem loturnar eru þrjár og notaðar eru höfuðhlífar og mýkri hanskar og öll dómgæsla er mun strangari. Alvarleg slys eru þekkt í atvinnumannahnefaleikum, en þannig slys hafa ekki orðið á áhugamannahnefaleikum vegna hinna ólíku reglna sem þar gilda.

Árið 1966 skipaði Norðurlandaráð sérstaka nefnd sem skyldi athuga hvort banna skyldi hnefaleika á Norðurlöndum. Fjölmargir læknar voru kallaðir til starfa fyrir nefndina í því skyni að rannsaka meiðsl og annað af völdum hnefaleika. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki bæri að leggja bann við þessari íþróttagrein frekar en öðrum. Álit nefndarinnar var að rannsókn lokinni að meiðsl þau sem hljótast af hnefaleikum séu síst meiri en þau sem íþróttamenn hljóta í öðrum greinum.

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. hafa Svíar rannsakað hnefaleika og völdu til þess færustu sérfræðinga í heilalækningum. Þar voru hnefaleikar bornir saman við knattspyrnu og fimleika og var útkoma hnefaleika hvað meiðsli varðar mjög góð, betri en í knattspyrnunni. Mig langar að vitna í grein sem Guðmundur Arason skrifaði í Morgunblaðið 19. nóvember 1995, með leyfi forseta:

„... hnefaleikar [voru] iðkaðir með virðingu fyrir góðri og hollri íþrótt. Allar keppnir sem haldnar voru á þessum árum hlutu góða dóma í blaðaumfjöllun vegna drengilegrar framkomu keppenda og allgóðrar kunnáttu. Hér var fjöldi móta ár hvert og íþrótt þessa iðkaði að staðaldri fjöldi manna. Hnefaleikamenn annarra landa komu til keppni hér og sýningar voru haldnar víða. Aldrei kom fyrir að neinn keppenda slasaðist við æfingar eða keppni í þau tæp 30 ár sem keppt var í hnefaleikum hér, það finnast ekki dæmi þess í slysaskýrslum ÍSÍ."

Herra forseti. Hnefaleikar eru ein af þeim íþróttum þar sem gerð eru skörp skil á milli áhugamennsku og atvinnumennsku. Þetta er íþrótt sem hægt er að iðka allt árið með sáralitlum tilkostnaði, óháð veðri og vindum. Íþróttin er eðlileg manninum eins og að ganga og hlaupa. Það hefur fylgt manninum frá ómunatíð að þurfa að verja sig. Hún skapar festu, aga og sjálfsöryggi, sem kunnátta í sjálfsvörn skapar hverjum og einum sem iðka hana.

Herra forseti. Ísland er eina landið í heiminum sem hefur bannað hnefaleika og það er athyglisvert að engin þjóð hefur fetað í fótspor okkar þar. Algjört einsdæmi er að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikunum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni. Við eigum þess vegna að leyfa ólympíska hnefaleika á ný. Herra forseti. Það hlýtur að vera í valdi hvers einstaklings að velja og hafna

hvaða íþrótt hann stundar hverju sinni, hvort það er fótbolti, hestamennska, fimleikar eða ólympískir hnefaleikar.

[14:57]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hérna er til umfjöllunar frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika og ég er einn flutningsmanna þess. Þetta mál er ekki að koma í fyrsta sinn í þingsalinn því að á 116. löggjafarþingi í marsmánuði 1993 var mælt fyrir þáltill. um ólympíska hnefaleika af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og Inga Birni Albertssyni þar sem lagt var til að skipuð yrði þriggja manna nefnd til að kanna hvort rétt væri að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi. Tillagan fór til skoðunar í menntmn. og var send til umsagnar ýmissa aðila en var ekki afgreidd. Þáltill. sama efnis var endurflutt tvisvar sinnum seinna og var tillagan þá afgreidd frá menntmn. Í umsögn menntmn. kemur fram að skiptar skoðanir voru meðal umsagnaraðila um réttmæti þess að lögleiða hnefaleika, en þeir hafa verið bannaðir með lögum hér á landi frá 1956. Menntmn. tók ekki afstöðu til tillögunnar en beindi því til menntmrn. að afla frekari upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar greinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis eins og þáltill. gerði ráð fyrir. Þáltill. var síðan vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í byrjun árs 1998 beindi hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson munnlegri fyrirspurn til hæstv. menntmrh. þar sem hann innti ráðherra eftir hvað athugun ráðuneytis hans liði í þessu máli, jafnframt sem hæstv. menntmrh. var spurður hvort bann við sýningum á hnefaleikum næði til sýninga í sjónvarpi, í tölvu eða á internetinu, og ef svo væri, hvernig ráðherra hygðist framfylgja banninu. Í svari ráðherrann kom fram að í ráðuneyti hans lægju fyrir upplýsingar um lög og reglur alþjóðasambands áhugamanna í hnefaleikum og einnig lægju fyrir keppnisreglur ólympískra hnefaleika. Hins vegar hefði verið erfiðleikum bundið að afla upplýsinga um slysatíðni í greininni. Í svari ráðherrans kom jafnframt fram sú túlkun hans að bann við sýningum á hnefaleikum næði eingöngu til sýninga sem færu fram hér á landi en næði ekki til þeirra miðla sem þingmaðurinn nefndi í fyrirspurn sinni.

Frumvarp um að lögleiða ólympíska hnefaleika hér á landi, sem mælt er fyrir í dag, gengur skrefinu lengra. Nú er lagt fyrir hv. Alþingi að taka afstöðu til þess hvort afnema eigi bann við keppni, sýningum og kennslu í hnefaleikum sem hefur verið í gildi frá árinu 1956 samkvæmt lögum nr. 92/1956.

Virðulegi forseti. Ólympískir hnefaleikar, sem eru einnig kallaðir áhugamannahnefaleikar, eru keppnisgrein á Ólympíuleikum. Keppnisgreinin er allfrábrugðin atvinnumannahnefaleikum sem sýndir eru í sjónvarpi við miklar vinsældir hér á landi og eru m.a. leyfðir í Bandaríkjunum og Bretlandi og fleiri löndum. Frv. það sem er til umfjöllunar tekur ekki til atvinnumannahnefaleika en sú grein er afar umdeild, m.a. vegna þeirra reglna sem gilda í íþróttinni sem geta leitt til alvarlegra meiðsla iðkenda greinarinnar. Þetta hefur m.a. gefið bresku og bandarísku læknasamtökunum tilefni til að berjast fyrir banni á hnefaleikum.

En hvað eru ólympískir hnefaleikar og hvernig eru þeir frábrugðnir atvinnumannahnefaleikum? Á heimasíðum bandarísku og kanadísku ólympíuhnefaleikasamtakanna kemur fram að þessi tegund hnefaleika leitast við að gæta fyllsta öryggis hnefaleikarans og taka búnaður leikmanna og reglur leiksins mið af því. Lögð er rík áhersla á að gera skýran greinarmun á þessum tveimur tegundum hnefaleika.

Á heimasíðu kanadísku samtakanna er að finna upplýsingar um greinina og er gerður samanburður á henni og atvinnuhnefaleikum. Þar segir m.a. að ólympískir hnefaleikar hafi þróast mikið á undanförnum árum og reglur íþróttarinnar, sem miða að því að bæta öryggi til verndar heilsu keppandans, hafi verið í stöðugri endurskoðun. Sérkenni ólympískra hnefaleika, sem skilja þá frá atvinnumannahnefaleikum, er að keppt er í þremur til fjórum lotum sem eru tvær mínútur hver í stað tólf og jafnvel upp í fimmtán þriggja mínútna lotna í atvinnuhnefaleikum. Hnefaleikurum er skylt að nota höfuðhlífar, sem er óleyfilegt í atvinnuhnefaleikum. Þeir nota þykkari boxhanska til að dempa högg og eru í bolum að ofan. Leikni hnefaleikara í að fara inn fyrir varnir andstæðings síns er lögð til grundvallar við stigagjöf en ekki að slá andstæðinginn niður eða veita honum rothögg eins og í atvinnumannahnefaleikum. Þá er skilgreind 21 tegund hegðunar í keppni sem er óleyfileg og leiðir hegðunarbrot til refsistiga. Þegar leikmaður hefur fengið þrjú refsistig tapar hann leiknum, burt séð frá annarri frammistöðu. Hlutverk dómara er að gæta að öryggi leikmanna og skerast í leikinn en ekki telja stig eins og í atvinnumannahnefaleikum. Stig eru talin rafrænt til þess að tryggja hlutlægt mat en ég kann hins vegar ekki frekar skil á því hvernig það mat fer fram.

Ólympískir hnefaleikar hafa verið keppnisgrein á Ólympíuleikum frá 1904 á Ólympíuleikum nútímans. Þess má geta að íslenska íþróttahreyfingin styður að ólympískir hnefaleikar verði leyfðir hér á landi. Sjálf hef ég engan áhuga á atvinnumannahnefaleikum. Ég horfi aldrei á þá í sjónvarpi og mér hugnast ekki þær barsmíðar sem eiga sér stað í leikhringnum með tilheyrandi blóðsúthellingum og meiðslum. Hins vegar sé ég engin rök fyrir því að banna ólympíska hnefaleika. Ólympískir hnefaleikar, sem frv. snýst um, felur í sér ákveðna tegund líkamsræktar, fylgir ákveðnum reglum, þar með talið öryggisreglum, sem hafa þann tilgang að verja leikmann fyrir meiðslum og íþróttin veitir líkamlegri hreyfiþörf útrás.

Ég sé ekki mikinn mun á ólympískum hnefaleikum og ýmsum vinsælum sjálfsvarnaríþróttum sem stundaðar eru hér á landi. Nú nýverið hafa hreyfingar í líkamsrækt sem upprunnar eru úr hnefaleikum notið vaxandi vinsælda hér á landi. Ég á þar við svokallað Tae bo og ég get vitnað um það sjálf að sú hreyfing er afar skemmtileg og tekur vel í skrokkinn.

Eins og ég benti á eru atvinnumannahnefaleikar og ólympískir hnefaleikar af ólíkum toga og hafa hinir síðarnefndu liðið áróðurslega fyrir þá fyrrnefndu. Í umræðu um hvort leyfa eigi ástundun hnefaleika togast yfirleitt á tveir pólar: þau sjónarmið sem vilja virða frelsi einstaklinga til athafna og hins vegar þau sjónarmið að hafa vit fyrir fólki, öðru nafni forræðishyggja. Til að skerða frelsi einstaklinga til tiltekinna athafna þurfa að liggja sterk rök að baki. Þeir sem tala fyrir banni á hnefaleikum hafa notað rök um heilsutjón til grundvallar. Einnig hafa siðferðileg sjónarmið verið áberandi sem fordæma íþróttir sem hafa tilvísun í neikvæðar athafnir eins og ofbeldi.

Ég hef að undanförnu farið í gegnum nokkrar greinar í erlendum fagtímaritum um hnefaleika þar sem ég leitaðist við að gera mér grein fyrir umræðunni erlendis og afla mér betri upplýsinga um slysatíðni í greininni. Við öflun þessara gagna hef ég notið ötullar aðstoðar upplýsingadeildar

þingsins. Ég þakka sérstaklega fyrir það en ég hef áður sagt og segi enn aftur að Alþingi hefur yfir að ráða yfirburða starfsfólki og er starfsfólk upplýsingadeildar í fremstu röð hér á landi. Mig langaði til að segja það í ræðustól. Þessi deild sinnir beiðnum af stakri fagmennsku og ljúfmennsku og á starfsfólkið þökk skilið í þessu máli sem öllum öðrum málum sem leitað hefur verið með til þeirra.

Þeim faggreinum um hnefaleika sem ég aflaði mér úr læknatímaritum má raða í tvo aðalbunka, annars vegar rannsóknargreinar sem rannsaka áhrif hnefaleika á heilsufar. Sá bunki skiptist í tvo flokka, annars vegar áhrif ástundunar atvinnumannahnefaleika og hins vegar ólympískra hnefaleika á heilsufar. Hinn bunkinn fjallar um áróður með eða móti banni á hnefaleikum. Ég ætla fyrst aðeins að fjalla um heilsufarsleg áhrif hnefaleika á iðkendur íþróttarinnar.

Því hefur verið haldið fram að hnefaleikar séu skaðlegir heilsu manna. Margar greinar um þetta efni benda á að ekki liggi fyrir nægilega ítarlegar rannsóknir sem styðja þessa skoðun. Ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið eru frá fimmta og sjötta áratugnum þegar aðrar reglur voru í gildi í hnefaleikum. Þær benda til þess að hnefaleikurum sé hætt við að fá varanlegan heilaskaða af völdum högga sem beint er að höfði. Þeir hafa einkenni sem líkjast Parkinsonsjúkdómi svo og einnig einkenni Alzheimersjúkdóms sem lýsa sér m.a. í minnisleysi.

Þessi einkenni hafa komið fram hjá þeim sem stunda eða stundað hafa atvinnuhnefaleika þar sem hnefaleikarar eru ekki með hlífðarhjálma. Í þeirri tegund hnefaleika eru högg á höfuð andstæðingsins látin óátalin og jafnvel talin hnefaleikara til tekna. Ég tel að rannsóknir á áhrifum atvinnuhnefaleika á heilsufar iðkenda greinarinnar staðfesti að þeir geti beðið varanlegan skaða á heilsu sinni enda eru atvinnuhnefaleikar bannaðir í mörgum löndum heims eins og á Norðurlöndum. Fjöldi rannsókna á iðkendum ólympískra hnefaleika með tilliti til áhrifa íþróttarinnar á heilsufar liggja fyrir og fæstar þeirra benda til heilaskaða og alls ekki í þeim mæli sem ég lýsti hér að framan varðandi atvinnuhnefaleikara.

Ég ætla að nefna sérstaklega tvær rannsóknir sem birtust í Clinical Journal of Sport Medicine á árinu 1996. Þar er greint frá rannsóknum sem gerðar voru á keppendum í ólympískum hnefaleikum í Dublin á Írlandi á 15–18 mánaða tímabili á árunum 1992–1993. Fyrri rannsóknin er taugasálfræðileg athugun á 20 keppendum sem tóku virkan þátt í ólympískum hnefaleikum. Hópur 20 manna, sem var sambærilegur með tilliti til aldurs og félagslegrar stöðu en stundaði ekki þessa íþrótt, var notaður sem samanburðarhópur. Notuð voru átta viðurkennd taugasálfræðileg próf til að meta hvort ólympískir hnefaleikar hefðu taugasálfræðileg neikvæð áhrif á keppendur í greininni.

Niðurstaða athugana var að ekki var munur á frammistöðu þessara tveggja hópa í taugasálfræðilegum prófunum nema í einum þætti sem varðar beitingu handa. Ástæðan var sú að talið var að áverkar vegna handarhögga yllu því. Jafnframt benti samanburður á niðurstöðu rannsóknar hnefaleikaranna í byrjun og lok rannsóknartímabils ekki til að þeir hefðu hlotið skaða af iðkun íþróttarinnar á tímabilinu. Niðurstaða rannsakenda var sú að ólympískir hnefaleikar leiddu ekki til heilaskaða.

Sömu aðilar skoðuðu einnig tíðni og alvarleika áverka af völdum ólympískra hnefaleika á sama tímabili. Þar skoðuðu þeir alla meðlimi sex stærstu hnefaleikaklúbba í Dublin sem voru virkir í keppni í greininni. Niðurstaða rannsakenda var að hætta á áverkum af völdum ólympískra hnefaleika væri tiltölulega lítil í samanburði við aðrar íþróttir. Áverkar á höfði, sem nær eingöngu ættu sér stað í keppni, væru aðallega vægur heilahristingur.

Í grein úr þýska fagtímaritinu Sportsverletzung, Sportschaden sem birtist í mars 1999 er greint frá úttekt á slysum vegna sjálfsvarnaríþrótta og byggðist hún á athugunum á sjúkraskýrslum og skýrslum tiltekins tryggingafélags yfir 15 ára tímabil. 137 slys voru skráð sem áttu sér stað í þessum íþróttum. Af þeim áttu 47 tilvik sér stað í júdó, 44 í karate, 22 í wrestling, 9 í Tae Kwon Do, 7 í hnefaleikum og færri tilvik í öðrum tilteknum íþróttagreinum sem falla undir sjálfsvarnaríþróttir. Það er athyglisvert að einungis sjö atvik á 15 ára tímabili áttu sér stað í hnefaleikum meðan 47 og 44 tilvik áttu sér stað í júdó og karate sem eru viðurkenndar sjálfsvarnaríþróttir hér á landi og hafa ekki sérstaklega verið tengdar slysahættu.

Í frétt sem birtist í breska læknatímaritinu The British Medical Journal í ágúst 1998 kemur fram að samkvæmt slysaskráningu í Hollandi á tíu ára tímabili frá 1987–1996 voru skráð 18 þúsund slys þar sem heilaáverkar komu við sögu. Í 4.300 tilvika urðu slysin í fótbolta, í 3.400 tilvikum í reiðmennsku og 70 tilvikum í hnefaleikum. Í annarri grein, sem birtist í sama tímariti í febrúar 1998, var bent á að af dauðsföllum sem áttu sér stað við íþróttaiðkun í Bretlandi á árunum 1986–1992 voru þrjú af völdum hnefaleika en þar eru atvinnumannahnefaleikar stundaðir, 77 dauðsföll urðu við mótoríþróttir, 69 við flugíþróttir, 54 vegna fjallaklifurs og 28 vegna hestaíþrótta. Því má spyrja hvort hnefaleikar séu jafnhættuleg íþrótt og af er látið í samanburði við aðrar íþróttir sem hafa þó jákvæða ímynd og eru ekki tengdar við áhættu á sama máta og hnefaleikar.

Ástralska heilbrigðisrannsóknarráðið gaf á árinu 1994 út ráðleggingar sínar varðandi hnefaleika. Þar benti ráðið á vöntun á rannsóknum til að staðfesta langvarandi áhrif ástundunar hnefaleika á heilsu manna og hvatti til frekari rannsókna. Með hliðsjón af þeim rannsóknum sem þó lágu fyrir lögðu þeir til að atvinnumannahnefaleikar skyldu bannaðir en ólympískir hnefaleikar skyldu leyfðir að uppfylltum skilyrðum um reglur við iðkun íþróttarinnar, fræðslu um íþróttina og að langtímarannsóknir skyldu gerðar til að kanna hugsanlega hættu á heilsuskaða af völdum iðkunar íþróttarinnar.

Ýmis læknasamtök hafa barist fyrir því að hnefaleikar verði bannaðir. Bresku og bandarísku læknasamtökin hafa opinberlega barist fyrir banni á hnefaleikum en atvinnuhnefaleikar eru eins og ég hef sagt áður afar vinsæl grein í þessum löndum. Samtökin hafa sett báðar tegundir hnefaleika undir sama hatt. Þau hafa verið gagnrýnd af mörgum fyrir þetta framtak sitt og hefur verið borið á brýn að styðja kröfu sína ónógum rökum, einkum varðandi ólympíska hnefaleika. Í ýmsum faggreinum sem ég hef farið í gegnum þar sem mælt er með banni á hnefaleikum er viðurkennt að ekki sé hægt að setja atvinnumannahnefaleika og ólympíska hnefaleika undir sama hatt.

Bandarísku læknasamtökin hafa nú aðeins sveigt af leið í baráttu sinni fyrir banni á hnefaleikum og beina nú kröftum sínum í æ meiri mæli í átt að því að benda á leiðir til að minnka áverka af völdum íþróttarinnar. Þessi samtök lækna, sem gera kröfur um bann við hnefaleikum og að ástundun hnefaleika sé refsiverð fyrir lögum, hafa einnig verið gagnrýnd fyrir það að ganga ekki fram með sama hætti gagnvart

tóbaks- og áfengisneyslu sem þó hefur sýnt að geti valdið margfalt meiri skaða en hnefaleikar.

Niðurstaða mín eftir að hafa farið ofan í þetta mál er sem sagt sú að það eigi að lögleiða ólympíska hnefaleika hér á landi en atvinnuhnefaleikar verði hins vegar áfram bannaðir. Erlendar rannsóknir gefa vísbendingar um að hætta á slysum af völdum ólympískra hnefaleika sé minni en í mörgum öðrum viðurkenndum íþróttagreinum. Þetta er íþrótt sem fylgir ákveðnum reglum sem hafa það að markmiði að draga úr hættu á meiðslum. Hins vegar legg ég áherslu á að fræðsla um hættu á meiðslum á þessari íþrótt sem og öðrum íþróttum sem stundaðar eru hér á landi verði aukin í forvarnaskyni en ýmislegt bendir til að íþróttameiðsl hér á landi séu tíð.

Þó að ég hafi ekki sérstaklega rætt um börn og ungmenni í ræðu minni, sem hefði sannarlega verið tilefni til, þá vil ég að lokum nefna að sú nefnd sem fær frv. til athugunar skoði hvort þörf er á að setja aldursmörk á þá sem stunda þessa íþrótt.

[15:15]

Útbýting þingskjala:

Olíuleit við Ísland, 356. mál, fsp. GHall, þskj. 609.
Tekjustofnar sveitarfélaga, 353. mál, fsp. HErl, þskj. 606.
Vatnsveitur í dreifbýli, 354. mál, fsp. HErl, þskj. 607.
Þriggja fasa rafmagn, 355. mál, fsp. HErl, þskj. 608.

[15:15]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek til máls til að leggja áherslu á hve mikilsvert það er að Alþingi samþykki það frv. sem hér liggur fyrir á þessu þingi vegna þess að hér er um mál að ræða sem margir hafa mikinn áhuga á og íþróttagrein sem margir vilja stunda. Það hlýtur að skipta máli að ekki sé gert upp á milli íþróttagreina og ástæða er til að minna á 1. gr. íþróttalaganna, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti."

Hér er um ólympíska hnefaleika að ræða en við ætlum okkur það að gera ekki upp á milli íþróttagreina. Við vitum að hér eru stundaðar ýmsar sjálfsvarnaríþróttir og bardagaíþróttir sem menn hafa ekki séð ástæðu til að banna, en þeir sem þekkja til þessara íþróttagreina segja að þær líkist sumar hverjar mjög mikið ólympískum hnefaleikum og sé nú ekki allur eðlismunurinn á þeim. Einnig er rétt að minna á það eins og hefur komið fram hjá hv. þm. sem áður hafa talað að ekki eru nokkur rök til þess að mismuna með tilliti til t.d. slysatíðni.

Ég vil einnig minna á það að landsfundur Sjálfstfl. samþykkti á síðasta landsfundi sínum að skora á stjórnvöld að aflétta banni frá 1956 við iðkun og sýningu á ólympískum hnefaleikum. Landsfundurinn telur að það sé í valdi hvers einstaklings að velja og hafna hvaða íþrótt hann stundar hverju sinni. Undir þetta hljótum við alþingismenn að geta tekið heils hugar. Ekki eru nokkur einustu efnisleg rök fyrir því að gera upp á milli þessara íþróttagreina. Ég vil taka fram að ég er sjálf afskaplega mikið á móti ofbeldi og í mínum uppeldisaðferðum hafði ég tvær reglur og önnur var sú að ofbeldi var bannað. En hér er um ólympíska íþróttagrein að ræða og hún lýtur reglum Alþjóðaólympíusambandsins og ég get ekki séð að ég hafi nokkur rök til þess að banna t.d. börnum mínum að stunda þá íþróttagrein frekar en aðrar þær greinar sem Alþjóðaólympíusambandið stendur fyrir. Lögin eru frá 1956 og eru auðvitað barn síns tíma. Um forræðishyggju er að ræða sem ekki á lengur við í samfélagi okkar. Þegar litið er á texta frv. hlýtur það að vera honum sérstaklega til gildis sú skemmtilega orðnotkun sem þar er og ég bendi á orðið hnefaleiksglófi. Væntanlega nota menn orðið boxhanski nú til dags, en ég vil hvetja íþróttamenn til þess að nota þetta ágæta íslenska orð fyrir þessi tæki sem þeir væntanlega geta nú farið að nota án þess að teljast sakamenn.

Ég vil sem ein af flm. frv. ítreka mikilvægi þess að samþykkja frv. á þessu þingi þannig að þeir sem hafa áhuga á að stunda íþróttagreinina og þeir sem hafa áhuga á að horfa á hana í íslensku samfélagi geti stundað þessa íþróttagrein án þess að teljast sakamenn.

[15:20]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Þeir hv. þm. sem til máls hafa tekið á undan mér um frv. hafa allir verið hlynntir því. Þeir hafa verið flm. og hafa komið fram með rök fyrir því að rétt sé að lögleiða þessa íþróttagrein á Íslandi. (**Gripið fram í:** Þekktir boxarar.) Já, þekktir boxarar, er sagt hér í salnum, ég veit nú ekki hvort það er rétt, ég held því miður að sumir þingmennirnir hafi nú verið vélaðir til stuðnings við frv. En við nánari kynni mundu þeir kannski átta sig á því að þetta er alvarlegra mál en þegar talað er um fimleika eða hestaíþróttir.

Ég tel að efnisleg rök séu fyrir því að gera upp á milli íþróttagreina. Ég tel að þau rök sem fram hafa komið í máli hv. flm. frv., það hefur komið skýrt fram í umræðu þeirra um forræðishyggju og frelsi einstaklingsins að hægt væri að beita þeim sömu rökum og lögleiða svo til hvað sem er. Ekkert mál að lögleiða atvinnuhnefaleika með þeim rökum, þannig að þau í sjálfu sér halda ekki. Það er auðvitað rétt að munur er á atvinnuhnefaleikum og áhugamannahnefaleikum. Ég held að almennt um heimsbyggðina sé talað um áhugamannahnefaleika en ekki ólympíska hnefaleika en það orðalag sé notað hér til að draga fram þá hlið málsins sem er kannski ekki alveg réttlætanlegt. Almennt heiti á þessari íþrótt er áhugamannahnefaleikar.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller að nokkur munur er á því hvernig þetta er framkvæmt og hún fór yfir þau atriði að nokkru leyti. Meðal annars má nefna að í áhugamannahnefaleikum eru þátttakendur með hjálma. Í upplýsingum á heimasíðunni sem hv. þm. vitnaði til kemur fram að hjálmarnir hlífa höfðinu fyrst og fremst við ytri áverkum, þ.e. skurðum og áverkum á ytra borð höfuðsins og á eyrun, en við nánari skoðun í greinum sem birtar hafa verið af hálfu læknasamtaka víða um heiminn og þeirra lækna sem rannsakað hafa afleiðingar hnefaleika, bæði atvinnu- og áhugamannahnefaleika, kemur í ljós að áverki á heilann verður þrátt fyrir hjálminn, og það eru ítarlegar skýringar á því. Mér finnst líka ómaklegt að telja fjölda slysa í íþróttum án þess að taka fyrir hvert hlutfallið er miðað við fjölda iðkenda og hversu langan tíma það tekur að leika einn leik eða boxa sig í gegnum nokkrar lotur. Slíkar tölur eru einskis virði og mjög óvísindalega fram settar nema þær séu settar í slíkt samhengi. Þær upplýsingar sem ég hef aflað mér eru eins og ég sagði áðan frá læknasamtökum víða um heiminn og frá ýmsum læknum sem hafa rannsakað afleiðingar af höfuðáverkum. Að vísu er sagt að langtímarannsóknir þurfi til að geta fullyrt um varanlega áverka og varanlegar afleiðingar. En það er samt svo að flestir eru sammála um að þeir

höfuðáverkar sem hnefaleikarar verða fyrir séu yfirleitt ekki uppgötvaðir eða uppgötvanlegir strax að loknum leik. Þeir gera oft ekki vart við sig strax og það gerir auðvitað erfiðara að rannsaka málið, það gefur augaleið. Læknisskoðun strax að loknum hnefaleikum hefur því frekar lítið að segja hvað varðar langtímaáhrif á heilann.

Ég horfði á Múhameð Alí sem hét Cassius Clay þegar ég bjó í Bretlandi, og hafði mjög gaman af að horfa á hann í sjónvarpi, ég játa það alveg hér og dáðist að honum sem íþróttamanni. En ég horfi líka á það sem síðar varð með Múhameð Alí og það flak og Parkinsonsjúkling sem hann er í dag. Því er haldið fram að það sé aukin tíðni bæði á Parkinsonsjúkdómi og á Alzheimersjúkdómi og á fleiri slíkum sjúkdómum hjá þeim sem hafa stundað hnefaleika, fyrst og fremst þeim sem hafa orðið fyrir miklum áverkum á höfuðið. (**KGH:** Er það sannað?) Og það er alvarlegt mál. Það verður einhvern tímann sannað, það kemur einhvern tímann í ljós hver sannleikurinn er. En ég held að við eigum að láta unga íþróttamenn á Íslandi njóta vafans og leyfa lögunum að standa eins og þau eru þangað til málið liggur skýrara fyrir. Sú ábending hefur m.a. komið fram hjá rannsakendum og hjá læknasamtökum að komast mætti að samkomulagi um þetta mál eins og menn gerðu þegar bannað var að slá fyrir neðan beltisstað, bannað var að slá í kynfæri og það eru allir sammála um það. Á sama hátt hefur verið sagt að ef menn gætu komið sér saman um það að ekki mætti slá í höfuð eða andlit, að ekki mætti slá fyrir ofan brjóstgrindina, þá væri um allt annað mál að ræða. En þá hafa boxarar og ekki síst þeir sem hafa stundað áhugamannahnefaleika sagt að þá væri það ekki box. Það er til lausn á málinu en hún hefur ekki náð fram að ganga enn þá.

Ameríska læknafélagið og breska læknafélagið setja hnefaleika af báðum sortum undir sama hatt vegna þeirra höfuðáverka sem af hnefaleikunum geta leitt. Læknafélögin eru ekki hagsmunaaðilar í þessu máli. Þar eru fagmenn sem hafa rannsakað afleiðingar af þeim áverkum sem þessir íþróttamenn verða fyrir. Og við verðum að athuga að hnefaleikar eru ekki sjálfsvarnaríþrótt, ég hef aldrei heyrt því haldið fram af nokkrum manni fyrr en hér í ræðustóli í Alþingi í dag. Ég hef alltaf heyrt alla fjalla um hnefaleika sem árásaríþrótt en ekki sjálfsvarnaríþrótt. Að mínu viti er hún ein af fáum íþróttum sem miðar að því að skadda andstæðinginn, skadda hann nægilega til þess að skora fleiri stig en hann. Ég held að við þurfum síst á því að halda í íslensku þjóðfélagi að auka kennslu í því sem við getum kallað árásir eða ofbeldi. Við þekkjum öll umræðuna um einelti í skólum og vaxandi ofbeldishneigð, og ég tel þetta vera mjög merkilegt fordæmi sem við höfum í íslenskum lögum að heimila ekki þessa íþrótt, þessa árásaríþrótt.

Mig langar undir lokin, herra forseti, að ítreka það sem ég sagði áðan að ef menn gætu komið sér saman um það á sama hátt og menn hafa gert varðandi það að slá ekki fyrir neðan beltisstað, að ekki mætti slá í höfuð eða andlit, það væri að vísu enn þá um árásaríþrótt að ræða en varanlegir áverkar ekki sambærilegir við það sem er í hnefaleikum af hvaða tagi sem þeir eru.

Sumir segja að þessi lög séu barn síns tíma. En það er oft svo að gömlu gildin endast. Frv. var lagt fram á Alþingi og samþykkt sem lög árið 1956. 1. flm. var Kjartan J. Jóhannsson sem var læknir og sjálfstæðismaður og sat á þingi fyrir Vestfirðinga í mörg ár. Ég tel að hann hafi verið á undan sinni samtíð og þeir sem stóðu með honum að þessu frv. Ég veit alla vega að læknasamtök víða um lönd líta til Íslands sem fyrirmyndar hvað afstöðu til hnefaleika varðar. Það má samt ekki gleyma því að á þessum tíma, á sjötta áratugnum, var ekki mjög fjölbreytt íþróttalíf í boði á Íslandi. Það hefur breyst. Nú er gríðarlegt framboð á alls kyns íþróttaiðkun þannig að af þeim ástæðum þarf ekki hnefaleika.

Mér skilst að sænski íþróttamálaráðherrann hafi áhuga á að kalla saman íþróttamálaráðherra Norðurlandanna til að samræma afstöðu milli landanna með það í huga að banna hnefaleika. Þeir eru nú þegar bannaðir í atvinnuskyni í Noregi og Svíþjóð. Í Danmörku mega menn ekki ganga í hnefaleikafélag, skilst mér, nema þeir hafi hreint sakarvottorð. Og af hverju skyldi það nú vera, herra forseti? Skrýtin tilviljun. Er það þannig með önnur íþróttafélög eða aðrar íþróttagreinar? Nei, auðvitað ekki. Það er vegna þess að hnefaleikar hafa sérstöðu. Og ólympískir svokallaðir hafa líka sérstöðu. Þeir eru árásaríþrótt hvort sem þeir eru á vegum atvinnumanna, sem fá greitt fyrir þátttöku sína eða áhugamanna og þess vegna gildir það sama um þá.

Höfuðáverkar eru auðvitað það sem mest hefur verið rannsakað en rétt er að minna á aðra áverka, t.d. augnáverka. Í einni rannsókn sem var mjög ítarleg og var unnin af Wedrich og félögum í Austurríki voru bornir saman tveir hópar ungra manna, annars vegar 25 áhugaboxarar, ungir menn sem enn voru að boxa og 25 menn sem höfðu ekki komið nálægt þeirri íþrótt. Hvað augun varðar þá var heilmikill munur á niðurstöðunum. Ég ætla ekki að tíunda það en þingmenn geta fengið afrit af þessari grein hjá mér ef þeir vilja. Í dag eru til nákvæmari rannsóknaraðferðir en voru bara fyrir tíu árum, ég tala nú ekki um árið 1956. Það má nefna t.d. sneiðmyndir og segulómun á höfði en þessi rannsóknartækni nær því ekki að rannsaka heilastarfsemina, hún sýnir bara líffræðilegt ástand eins og það er við rannsóknina en ekki mikilvæga þætti eins og minni og fleira sem skiptir máli í þessu sambandi. Einnig þarf til að koma læknisrannsókn og læknisskoðun með tilliti til taugakerfisins, fínhreyfinga fyrst og fremst, og hvernig tal og minni varðveitist. Samkvæmt grein eftir Haglund, sem vitnað er til í greinargerð með frv., þá kemur fram að heilalínurit og rannsókn á svokölluðum fínhreyfingum sýni vissan heilaskaða í sumum áhugamannaboxurum.

Ég verð að segja að Norðurlöndin saman og fleiri þjóðir, þar með Bretar og Bandaríkjamenn ættu frekar að vinna saman að því að áhugamannabox verði afnumið á Ólympíuleikunum og tekið af þeim vettvangi heldur en að við Íslendingar stígum þar skref í öfuga átt.

Ég held, herra forseti, að það sé tímaskekkja að heimila áhugamannahnefaleika og tel mig hafa rökstutt það. Svo við förum aftur til ársins 1956 þá voru lög um bann á hnefaleikum sett í kjölfar slagsmála á dansleikjum þar sem þekktir hnefaleikamenn komu við sögu. Afleiðing þeirra óláta voru m.a. varanleg örkuml er lögreglumenn urðu fyrir. Auðvitað er þetta mál sem fennir yfir, það fennir í svona spor, en ég efast ekki um að það hafi verið mikið hitamál á þeim tíma. Ég efast heldur ekki um að fjölskyldur þeirra sem þar urðu fyrir áverkum muni vel aðdraganda laganna. Ég vil halda það í heiðri, herra forseti.

[15:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti skýrt heyra á máli hv. þm. að hann er andvígur frv. Rökstuðningurinn fyrir andstöðunni var hins vegar æði óljós og sundurlaus og svo ekki sé meira sagt. Ég vil fyrst segja um ólympíska hnefaleika að eftir því sem best

er vitað bannar ekkert land í heiminum, annað en Ísland, nokkra ólympíska íþróttagrein. Hnefaleikar eða ólympískir hnefaleikar eru eina ólympíska íþróttagreinin sem er bönnuð með lögum einhvers staðar í heiminum eftir því sem ég best veit. (**Gripið fram í:** Gott mál!)

Hvernig skyldi það nú vera, herra forseti, að þjóðþing allra þessara landa og íþróttahreyfingar landa um heim allan hafi komist að þeirri niðurstöðu að ólympískir hnefaleikar væru íþróttagrein sem eðlilegt og sjálfsagt væri að iðka í hverju landi fyrir sig? Hv. þm. kemur ekki fram með nein rök gegn þessari sameiginlegu niðurstöðu. Í öðru lagi vil ég nefna að þegar málinu var fyrst hreyft hér á Alþingi fyrir sjö árum, sem ég gerði ásamt öðrum hv. þáv. þm., Inga Birni Albertssyni, þá kynnti ég niðurstöðu sænskra lækna við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi. Ég hafði undir höndum mikla skýrslu þar sem rannsökuð voru áhrif á þrjá íþróttahópa, knattspyrnumenn, frjálsíþróttamenn og þá sem iðkuðu ólympíska hnefaleika. Niðurstaða skýrslunnar var sú að skaðsemin væri minnst í hópi þeirra sem iðkuðu ólympíska hnefaleika. Mest var hún í hópi þeirra sem iðkuðu knattspyrnu. Það þekkjum við líka hér á landi að slysatíðni er mest og alvarlegust hjá þeim sem stunda knattspyrnu. Ef þingmaðurinn væri sjálfum sér samkvæmur þá ætti hann að flytja hér frv. um að banna knattspyrnu.

[15:40]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur nú við að þetta sé ekki svaravert. Ég tel mig hafa komið fram með rök fyrir máli mínu og ætla ekki að fara að endurtaka ræðu mína frá því áðan. Eitt atriði vil ég gjarnan grípa hér á lofti sem þingmaðurinn kom inn á, að það ætti þá að banna knattspyrnu. Ég reyndi að vekja athygli á því að það væri ekki mjög vísindaleg nálgun að taka fjölda slysa í íþróttagreinum og bera saman án þess að reikna með fjölda þeirra sem stunda greinina og hins vegar tímalengd íþróttaleikjanna. Ég sé ekki hvernig þingmaðurinn getur snúið út úr þessu, ég held að honum hafi ekki tekist það.

[15:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki komið fram með nein rök til að hrekja niðurstöðu hinna sænsku lækna við Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi. Í öðru lagi fannst mér þingmaðurinn bera fram mjög ómálefnalegar ástæður fyrir andstöðu sinni. Þingmaðurinn fjallaði um einelti í íslenskum skólum og reyndi að tengja það við ólympíska hnefaleika. Í öðru lagi reyndi þingmaðurinn að tengja saman Parkinsonsjúkdóm Múhameðs Alí við ólympíska hnefaleika. Múhameð Alí var vissulega hnefaleikamaður en hann stundaði ekki ólympíska hnefaleika heldur atvinnumannahnefaleika. Hafi hann borið skaða af þeirri íþróttaiðkun sinni þá var það ekki af ólympískum hnefaleikum. Það verður ekkert sannað um skaðsemi þeirrar íþróttar út frá því dæmi. Þar fyrir utan getur þingmaðurinn engar sönnur fært á að Múhameð Alí þjáist af Parkinson vegna íþróttaiðkunar sinnar. Mér er ekki kunnugt um að nein niðurstaða liggi fyrir um það efni.

[15:42]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig hafa rökstutt það nokkuð skýrt þó að þingmanninum finnist rökstuðningur minn óljós og sundurlaus, eins og hann sagði. Ég taldi til ástæður eins og árásargirni. Ég held að árásargirni sé mjög alvarlegt mál í íslensku þjóðfélagi og úr henni eigi að reyna að draga en ekki hvetja til hennar. Ég fór yfir slysamál, sérstaklega höfuðáverka, sem verða bæði hjá atvinnu- og áhugamönnum í hnefaleikum. Ég talaði jafnframt um augnslys sem sömuleiðis verða hjá báðum hópunum. Ég held því að ég hafi rökstutt mál mitt, herra forseti.

[15:43]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Fjeldsted féll í sömu gryfju og kollegar hennar víða um lönd með því að jafna saman ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum. Það að nefna Cassius Clay, öðru nafni Múhameð Alí, í því samhengi bendir til þessa ruglings. Það er ekki hægt að bera þessar tvær íþróttir saman að öðru leyti en því að ákveðin grundvallaratriði í hreyfingum eru þau sömu og báðar heita þær hnefaleikar. Það eru allt aðrar kröfur gerðar til öryggis og umbúnaðar í þessari grein sem heitir ólympískir hnefaleikar eða áhugamannahnefaleikar. Allar reglur miða að því að tryggja öryggi iðkenda íþróttarinnar. Margar reglur, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, eru þess eðlis að sé brotið gegn öryggi þeirra sem iðka íþróttina þá er viðkomandi keppandi dæmdur úr leik eftir þrjú brot. Þessi íþrótt, ólympískir hnefaleikar, gengur út á leikni hnefaleikara til að fara inn fyrir varnir andstæðingsins. Það er lagt til grundvallar í stigagjöf eins og ég sagði áðan. Markmiðið er ekki að slá einstaklinginn niður og þegar blóð rennur, þá er leikur stoppaður. Það er ólíkt því sem gerist í atvinnumannahnefaleikum.

[15:44]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég féll í sömu gryfju og kollegar mínir og í þeirri gryfju fer ágætlega um mig. Kollegar mínir víða um lönd eru í þeirri gryfju og ætla að vera í henni áfram, svona eins konar skotgröfum má segja. Þeir vinna að því eins og hægt er að koma hnefaleikum út af Ólympíuleikunum. Við teljum að það hljóti að vera æskilegt.

Ég tel að hægt sé að bera þessar tvær hliðar hnefaleika saman hvað varðar höfuðáverka, hvað varðar augnslys og hvað varðar árásargirni. Þetta þrennt kemur fram bæði hjá atvinnumönnum og áhugamönnum í þessari íþrótt. Ég verð að segja að leiknin eða færnin að komast inn fyrir vörn andstæðingsins er að koma höggi á höfuðið og búkinn, það er markmiðið. Og hafa til þess bara þrjár eða fjórar mínútur þurfa menn að vera því snarpari og hraðari til að geta komið fleiri höggum á mínútu en í atvinnuboxi.

[15:45]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessum leik er bæði vörn og sókn og það er ekki síst leikni í vörn sem gefur stig.

Í skoðun minni á þessu máli fór ég í gegnum fjölda greina — ég get afhent hv. þm. afrit af þeim greinum — þar sem sérstaklega eru skoðuð áhrif áhugamannahnefaleika á heilsu iðkenda. Í hverri greininni á fætur annarri koma fram niðurstöður rannsókna sem benda til þess að áhrif á heilsu séu óveruleg. Hins vegar verður líka að átta sig á því að ef menn vilja vera í skotgröfunum þá komast þeir ekkert áfram. Sú leið sem bandarísku læknasamtökin hafa valið að fara núna, þ.e. að vinna með fólki til að fækka slysum í hnefaleikum tel ég vera farsælli en sú leið að vera í skotgröfum.

[15:47]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg fallist á það með þingmanninum og held að ég hafi komið að því í ræðu minni að

það sé auðvitað æskilegast að koma í veg fyrir áverkana og koma í veg fyrir slysin. Og þess vegna hafa ýmsir, m.a. breska læknafélagið, lagt til að bannað verði að boxa í höfuð á andstæðingnum. En það hefur ekki fallið í náðina hjá hnefaleikamönnunum sjálfum.

Ég tel því miður að áhrif þessarar íþróttar á heilsu séu ekki óveruleg heldur geti verið veruleg og þegar þau verða þá geta þau verið varanleg. Þau geta verið varanleg á sjónina og á heilann. Og eftir höfðinu dansa limirnir.

[15:48]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lokaorð hv. þm. tek ég að sjálfsögðu til mín vegna þess að eftir höfðinu dansa limirnir og mínir limir hafa því miður ekki allir dansað eins og ég hefði viljað. Það verður þó að segjast eins og er að afleiðing af íþróttameiðslum er höfuðástæða þess að limirnir hafa ekki ætíð dansað eftir höfðinu. Og það var ekki vegna þess að ég væri að stunda ólympíska hnefaleika heldur var ég þegar ég fyrst fór úr axlarlið að stunda þá saklausu íþrótt badminton. Þannig að víða má ná áverkum á líkama sinn. (**KHG:** Banna badminton.)

Herra forseti. Það sem kallaði mig þó hér í andsvar við hv. þm. var tenging banns við ólympískum henfaleikum við einelti í skólum. Mér þótti hv. þm. fara allverulega út fyrir eðlilega röksemdafærslu þegar hv. þm. var að færa rök fyrir því að það bæri að banna ólympíska hnefaleika. Það hlýtur þá að liggja fyrir klárt og kvitt að á Íslandi, í því landi einu sem ólympískir hnefaleikar eru bannaðir, sé einelti minna í skólum. Því miður hef ég ekkert séð sem bendir til þess að einelti sé minna hjá okkur en í öðrum ríkjum. Betra að svo væri og það væru þá vissulega rök í málinu.

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hafi seilst helst til langt í röksemdafærslu sinni fyrir því að banna ólympíska hnefaleika. Það er í raun og veru ekkert sem fram hefur komið í máli hv. þm. sem sannfærir mig um það að taka beri þessa íþróttagrein eina út úr þeim íþróttagreinum sem keppt er í á Ólympíuleikum og banna á Íslandi.

[15:50]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá erum við bara ekki sammála, ég og hv. þm. (**Gripið fram í:** Og ekki í fyrsta sinn.) Ekki í fyrsta sinn.

Ástæðan fyrir því að ég minntist á einelti er sú að ég var með það í vissu samhengi við ofbeldi í íslensku þjóðfélagi og ég minntist á einelti bara í framhaldi af því. Ég er að tala um árásargirni og hvort við getum gert eitthvað til þess að hindra hana eða draga úr því að hún taki völdin í þjóðfélagi okkar. Og ég tel með þá stöðu sem við höfum hér í skólum að ofbeldi og einelti sé það mikið að ekki sé á bætandi, hv. þm.

[15:51]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er ekki á eineltið bætandi. En það sem ég var að vekja athygli á er að þarna er að mínu mati ekkert samhengi á milli.

Ég tel að þeir sem vilja banna ólympíska hnefaleika verði að færa fyrir því haldbær rök og þeir verði þá að sýna fram á að það beri að vera einhver viðmiðunarstuðull, einhver hættustuðull sem við miðum við varðandi íþróttir og gerðar séu þá rannsóknir og færð fyrir því rök að ein íþrótt sé annarri hættulegri og þess vegna beri að banna hana. Ég held hins vegar að það sé miklu eðlilegra og einfaldara að taka það viðmið sem hér er lagt til, þ.e. að miða við þær íþróttagreinar sem leyfðar eru á Ólympíuleikum, að við séum ekki að skera okkur úr með þessa einu íþróttagrein og við eigum að leyfa hana vegna þess að nóg er nú af bönnunum. Það verður að segjast eins og er að það verður að hafa miklu sterkari rök fyrir slíku banni en fyrir því í raun og veru að leyfa hana.

[15:52]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það séu meiri rök fyrir að leyfa lögunum að standa eins og þau eru en að breyta þeim. Ég tel að það séu haldbær rök að menn verða fyrir augnáverkum og höfuðáverkum í þessari íþróttagrein umfram aðrar greinar.

Íþróttaslys eru allt annað mál og ef við finnum það út að af einhverjum ástæðum sé óeðlilegur fjöldi slysa í einhverri íþróttagrein þá er reynt að grípa til aðgerða, t.d. að spila ekki fótbolta þegar völlurinn er rennblautur, það er a.m.k. vitrænt. Á sama hátt höfum við komið á þeirri lagaskyldu að fólk sé með öryggisbelti í bíl. Af hverju var það? Jú, það var vegna slysa í umferðinni og vegna þess að fólk fékk höfuðáverka og hnykk á hálsinn. Við tökum á málunum einmitt svona, herra forseti.

Við getum ekki farið að banna rúm af því að menn deyja í rúmunum. Ég er alveg klár á því. En menn verða nú aðeins að horfa á þessa íþrótt og tíðni áverkanna á augu og höfuð.

[15:53]

Flm. (Gunnar Birgisson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þingmönnum fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað um þetta málefni, býsna fróðlegar sumar hverjar. En það er ljóst að það eru nokkur atriði sem þarf að taka hérna fram aftur. Hnefaleikar eru ekki árásaríþrótt. Svo er ekki. (**Gripið fram í:** Varnaríþrótt.) Varnaríþrótt já, það er akkúrat málið. Það er í öðru lagi réttlætismál að geta valið þá íþrótt sem menn vilja keppa í. Í þessari ákveðnu íþrótt er keppt á Ólympíuleikum. Við erum þátttakendur þar og leggjum blessun okkar yfir það. Til eru aðrar greinar sem eru sjálfsvarnaríþróttir sem keppt er í þar og við leggjum blessun okkar yfir það. Sýnt hefur verið með rannsóknum að slys eru fátíð í ólympískum hnefaleikum og þá spyr ég: Hvers vegna má ekki leyfa þá? Og það er það sem málið snýst um.

Þeir sem hafa talað á móti frv. hafa ekki talað af gildum eða miklum rökum. Síðan er það forsjárhyggjumálið sem mér finnst alveg vera einkennandi fyrir þetta mál hér. Menn tala hérna um slaginn sem var í Listamannaskálanum árið 1955 sem fór fram áður en margir þingmenn sem hér eru voru fæddir. Og þá kom þetta upp hér. Það vill nú svo til að ég man aðeins eftir þessu uppþoti sem þá var og síðan þessari lagasetningu í framhaldi af því.

En eins og ég sagði í ræðu minni áðan er nú árið 2000. Árið 1956 man ég eftir að þá var til í sveitinni nokkuð sem hét Farmall A traktor. Nú hafa traktorarnir breyst og tæknin og annað slíkt og eins er með þetta. Nú eru komnar hlífar, öðruvísi hanskar og þar af leiðandi eru minni slys. Ef ekki er hægt að fara eftir þessum rökum þá eigum við bara að halda áfram í forsjárhyggjunni og banna hitt og þetta. Og hvar endum við? Þetta er komið út í eintóma vitleysu.

Það er ljóst að ÍSÍ og Ólympíusamband Íslands styðja þetta mál. Ég held að það sé okkur til framdráttar sem þjóð og sem einstaklingum að leyfa ólympískt box og verða þá strikaðir út af þeim lista að vera eina þjóðin í heiminum sem bannar ólympíska hnefaleika. Mér finnst það koma á óvart

þegar farið verður yfir þetta að við erum eina þjóðin sem bannar ólympískt box af því að við erum með svo rosalega flottar rannsóknir sem segja að þetta sé allt saman ómögulegt, eins og kom hér fram hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted, sem þó eru engar rannsóknir.

Það eru slys á augum. Við getum farið í þessar íþróttagreinar allar. Hvað gerist ef fótbolti eða handbolti fer í auga, ef menn detta af hestbaki o.s.frv.? Hvar eiga menn að draga mörkin?

Að lokum vonast ég til að hv. Alþingi auðnist að samþykkja þetta frv. sem liggur hér fyrir.

[15:57]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Gunnar Birgisson, segir að það séu færri slys í ólympískum hnefaleikum og þess vegna eigi að heimila þá. Ég er ekki sammála þessu. Auðvitað getur maður sagt að slys séu alltaf alvarleg hvort sem þau eru í fótbolta eða handbolta eða í badminton — eins og hjá einum hv. þm. — og í hestamennsku. Auðvitað geta slys verið alvarleg. En það er ekki í mörgum íþróttagreinum gert sérstaklega út á að reyna að koma höggi á andstæðinginn og að það sé markmið að laska hann eða vinna sér inn stig með því að særa hann eða a.m.k. að veikla hann, gera hann veikari fyrir.

Um þetta hafa auðvitað staðið deilur annars staðar en hér. Ég vil rifja upp það sem er á heimasíðu breska læknafélagsins BMA þar sem formaður vísinda- og siðanefndar bresku læknasamtakanna er að svara Nigel Warburton sem hefur skrifað árásargreinar í annað tímarit til að mótmæla afstöðu breska læknafélagsins. Í svari dr. Nathanson hjá bresku læknasamtökunum kemur einmitt fram að það er þessi hlutfallslega áhætta sem er svo há í hnefaleikum, það eru færri sem taka þátt, hnefaleikarnir taka styttri tíma en t.d. rugby og lengra líður á milli keppnanna. Þetta þýðir, og það veit verkfræðingurinn hv. þm. Gunnar Birgisson, að við verðum að horfa á hlutfallslega áhættu. Og þegar horft er á málið þeim augum eru hnefaleikar með því hættulegasta sem til er á íþróttasviðinu og það eru aðallega höfuðáverkar og augnáverkar.

[16:01]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er með ólíkindum að hlusta á ræðu þessa ágæta þingmanns. Ég bendi þeim ágæta þingmanni á að menn geta spilað fótbolta og ekki komið við fótboltann heilan hálfleik þannig að svona mál eru algjörlega afstæð.

Hv. þm. ræddi mikið um slys í þessum hnefaleikum en hins vegar ræddi hún ekkert um slys í öðrum íþróttum eins og karate og júdó. Þar eiga ekki að vera snertingar en þó verða þar alvarleg slys. Við getum tekið dæmi um sjálfsvarnaríþrótt eins og skylmingar sem er ólympíugrein. Þar eru menn varðir í bak og fyrir en samt hefur orðið dauðaslys á Ólympíuleikum í skylmingum. Auðvitað eiga slys ekki að koma fyrir. Hv. þm. Ásta Möller rakti hve slys væru orðin fátíð í ólympískum hnefaleikum. Ég segi: Burt með forsjárhyggjuna og leyfum ólympíska hnefaleika og leyfum það frelsi sem einstaklingurinn þarf hér á landi. Það er ekki verið að kalla yfir okkur einhverjar stórhættur. Búið er að sýna fram á þetta hér með rökum úr læknisfræðinni, úr skýrslum og öðru, og við eigum ekki að þrátta mikið um þetta. Mér finnst þetta vera sjálfsagt mál og okkur til framdráttar.

[16:01]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú samt eini læknirinn í þessum sal og það er skrýtið ef ég er þá sú eina sem hef rangt fyrir mér um þessar greinar kollega minna héðan og þaðan úr heiminum. En það má vel vera, ég er ekkert óskeikul. Ég held samt að ég sé að segja satt og rétt upp úr þeim rannsóknum sem ég hef kynnt mér og þær koma víða að. Ég er með greinar eftir Stewart og félaga frá Johns Hopkins háskólanum í Baltimore, ég er með grein frá Vínarborg eins og ég var að tala um áðan, ég er með breskar greinar og ég er með greinar sem gera einmitt úttekt á þeim áverkum sem ég hef margundirstrikað. Það eru höfuðáverkar og það eru áverkar á augum. Ein leið er til að hindra þessa áverka og það er að í áhugamannahnefaleikum verði á sama hátt og bannað er að kýla fyrir neðan beltisstað og kýla í kynfæri verði óheimilt að slá í andlit og höfuð. Það er bara svona einfalt. En við erum ekki komin svo langt.

[16:03]

Flm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja umræðuna, þó er nú komið svo að menn eru byrjaðir að endurtaka sig. Þingmaðurinn sagði að hún væri eini læknirinn í salnum og velti fyrir sér hvort hún hefði rangt fyrir sér. Ég sagði já, hún hefur rangt fyrir sér, það er einfalt mál.

Í stuttu máli eru áverkar í ólympískum hnefaleikum minni en í öðrum íþróttagreinum, eru minni en í fótbolta eða í handbolta. Eigum við þá að banna fótbolta með blautum fótbolta eða eigum við að hætta að hafa markvörð í handbolta? Hvar endar þetta, hv. þm.? Mér finnst þessi rök vera fyrir neðan allar hellur.

[16:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætlaði svo sem ekki að tjá mig í þessu máli í þessari umferð en ég get ekki orða bundist. Ég kem í ræðustól eingöngu til að lýsa aðdáun minni á hv. þm. Katrínu Fjeldsted og málflutningi hennar. Ég dáist að þeirri einurð og geðprýði sem þingmaðurinn hefur sýnt þar sem hún leggur það á sig að flytja af stóískri ró og stakri stillingu ræðu sem byggir á faglegum rökum læknisfræðinnar gegn því að hér verði lögleiddar barsmíðar undir því yfirskyni að um íþrótt sé að ræða.

Herra forseti. Mér finnst unun að hlusta á ræðu af því tagi sem hv. þm. Katrín Fjeldsted flutti hér áðan og mér þykir það ekki sæmandi hv. þingmönnum að taka þeim rökum sem þingmaðurinn leggur fram á þeim nótum sem hér er gert. Ég kom einungis til að láta í ljósi þakklæti fyrir frábæra ræðu hv. þm. og undrun á því hvernig þeim rökum sem hún hefur fram að færa er tekið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:05]

Útbýting þingskjals:

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 357. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 610.

Starfsheiti landslagshönnuða, 2. umr.

Stjfrv., 21. mál (landslagsarkitektar). — Þskj. 21, nál. 579, brtt. 589.

[16:05]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Eftir svona ólympískar umræður verður þetta afskaplega lítið mál sem ég mæli fyrir fyrir hönd hv. iðnn. Einhver kallaði að það hefðu verið pólitískir hnefaleikar sem hér fóru fram. En hvað um það, ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða frá hv. iðnn., brtt. sem kynntar eru á þskj. 589 og nál. á þskj. 579.

Nú virðist þetta vera afskaplega einfalt mál, frv. er upphaflega breyting á lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum. Þau lög sem frv. á að breyta eru afskaplega skýr og í 1. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi herra forseta:

„Lög þessi taka til eftirtalinna starfsheita:

1. verkfræðinga,
2. tæknifræðinga,
3. arkitekta (húsameistara),
4. byggingafræðinga,
5 húsgagna- og innanhússhönnuða,
6. iðnfræðinga,
7. landslagshönnuða og
8. skipulagsfræðinga."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, í 1. gr. umræddra laga. Frv. upphaflega sem hæstv. iðnrh. kynnti snýr í rauninni aðeins að 7. lið þessarar 1. gr. þar sem orðinu „landslagshönnuða" verði breytt í landslagsarkitekta. Það er nú allt og sumt og þess vegna leyfði ég mér að segja að þetta væri í rauninni einfalt mál og því trúðum við a.m.k. þegar það barst inn til hv. iðnn.

Annað hefur í rauninni komið á daginn. Segja má að það hafi undið nokkuð upp á sig og er rétt að víkja aðeins að forsögu málsins en hana má rekja til ársins 1996 þegar samþykkt voru þau lög sem ég vitnaði til og las áðan upp úr. Þar er m.a. gerð sú breyting að í 1. gr. þessara umræddu laga um löggildingu nokkurra starfsheita er tekin upp notkunin hvað varðar löggildingu starfsheitis á orðinu „arkitekt" fyrir þá sem áður voru kallaðir húsameistarar. Einhverjir kunna að spyrja sem svo hvort það samræmist íslenskri málhefð að taka upp orðið arkitekt en Íslensk málstöð mun hafa lagt blessun sína yfir það, með einhverjum semingi þó, en vísar til hefðarinnar og staðfestir í rauninni að þetta erlenda orð sé orðið tökuorð og hafi skipað sér fastan sess í málinu.

En þessi breyting á lögunum frá 1996 virðist hafa haft þau áhrif að aðrar stéttir töldu að hið sama eða svipuð rök gætu gilt um sig. Til þess að gera langa sögu stutta má segja að niðurstaðan hafi orðið sú að iðnrn. eða hæstv. iðnrh. kynnti breytingu á 7. tölul. 1. gr. laganna sem felur í sér að landslagshönnuðir skuli hér eftir vera kallaðir landslagsarkitektar.

Þannig barst málið til nefndarinnar og nefndin kallaði til sín fjölmarga gesti og hefur lagt töluverða vinnu í þetta mál og sá gestalisti er tíundaður í nál. á þskj. 579. Það er mat mitt og líklega annarra í nefndinni að málið sé aðeins flóknara en upphaflega var gert ráð fyrir og snerti óbeint hagsmuni nokkurra starfshópa en ekki síst tilfinningar. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar annarra hópa til viðbótar við fulltrúa landslagsarkitekta og arkitekta, nefnilega fulltrúar húsgagna- og innanhússhönnuða sem hafa með sér félagsskap og samtök og bentu á með mjög ágætum rökum og fullgildum að sömu röksemdafærslu mætti nota um starfsgrein þeirra og um landslagshönnuði eða landslagsarkitekta og í rauninni arkitekta sjálfa.

Á þessi rök féllst hv. iðnn. í rauninni og hefur gert það að brtt. Til þess að gera langa sögu stutta eru brtt. kynntar á þskj. 589, og fellst hv. iðnn. á rök húsgagna- og innanhússarkitekta og fellst jafnframt efnislega á það frv. sem hæstv. iðnrh. kynnti fyrir hv. Alþingi. Með öðrum orðum að hv. iðnn. gerir það að tillögum sínum að í 1. gr. laga um löggildingu nokkurra starfsheita verði í 7. lið notað orðið landslagsarkitektar og í 5. tölul. húsgagna- og innanhússarkitektar.

Nú er það rétt, herra forseti, aðeins til skýringar að lýsa svona í grófum drættum starfssviði þessara líku starfshópa. Það má segja að arkitektar fjalli um hönnun innan húss sem utan, þ.e. að allt verksviðið falli undir þeirra svið en húsgagnaarkitektar eða húsgagnahönnuðir, eins og þeir heita í dag, innanhússarkitektar og landslagsarkitektar fjalli um tiltekin svið eins og samsetning orðanna gefur til kynna. Þannig eru innanhússhönnuðir að fjalla um og hanna það sem gerist innan húss, verksvið landslagshönnuða eða landslagsarkitekta, er þá utan húss meðan arkitektar ná yfir allt sviðið.

Í framhaldi af því er ekki óeðlilegt að ályktа sem svo að ekki sé eðlilegt að gera alveg sömu menntunarkröfur til þeirra sem hafa takmarkaðra verksvið og hinna sem hafa allt sviðið undir, ef svo má segja.

Hv. iðnn. taldi með öðrum orðum að efnisleg rök fyrir væru því að láta húsgagna- og innanhússhönnuði falla undir sömu rök og landslagshönnuði eða landslagsarkitekta og arkitektastéttina, bæði vegna hefðarinnar á orðanotkuninni enda hefur það komið fram, m.a. í gögnum sem gestir hv. iðnn. sýndu, að í daglegu tali og á prenti, m.a. í æviskrám hafa menn notast við orðin innanhússarkitekt, húsgagnaarkitekt, landslagsarkitekt o.s.frv. Fyrir því er líka faglegur metnaður, það er væntanlega faglegur metnaður sem rekur þessa starfshópa til þess að fá þá viðurkenningu sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Vert er að leggja á það þunga áherslu eins og fram kemur í nál. frá hv. iðnn. að með þessum tillögum gerir nefndin mjög skýrt ráð fyrir því, setur það nánast sem skilyrði að með því að löggilda þessi starfsheiti, þ.e. húsgagna- og innanhússarkitekta og landslagsarkitekta, er gengið út frá því að viðkomandi einstaklingur hafi lokið námi á háskólastigi. Þetta er gert m.a. til þess að taka af allan vafa um það að verið er að leggja upp með faglegan metnað og faglega áherslu og greina á milli þeirra sem hafa lokið viðurkenndu námi og háskólanámi í tiltekinni grein frá hinum sem hafa hugsanlega lokið styttri námskeiðum jafnvel á framhaldsskólastigi. Á bak við þessar niðurstöður nefndarinnar má segja að sé tekið undir þann faglega metnað sem starfshóparnir hafa kynnt.

Með þessu telur hv. iðnn. jafnframt að verið sé að gæta samræmis og eins og hér hefur verið reynt að færa rök fyrir og fram kemur í nál. að samræmi sé í notkun orðsins arkitekt hvort heldur það nær yfir allt sviðið eða húsgagna-, innanhúss- og landslagssviðið.

Herra forseti. Að lokum er rétt að það komi einnig fram að nokkrar umræður urðu innan nefndarinnar í tengslum við almenna umræðu um löggildingu starfsheita þar sem á það er bent m.a. að þrátt fyrir löggildingu starfsheitis — í

því felst auðvitað ákveðin viðurkenning og neytendavernd má segja og á að ýta undir meiri tryggingu fyrir gæðum fyrir neytandann, en þá er ekki nóg að viðkomandi ljúki einu sinni námi því að það þarf að fylgja því eftir með ákveðinni kröfu um endurmenntun. Það er í rauninni nokkuð sem hv. iðnn. vill beina til stjórnvalda og ekki síður til einstakra starfshópa, sem fengið hafa slíka löggildingu, að marka skýra stefnu hvað varðar kröfu um endurmenntun hjá stöku hópum. Þarf í rauninni ekkert að rökstyðja það frekar á tímum örra breytinga hversu nauðsynlegt er fyrir einstakar metnaðarfullar starfsstéttir og starfshópa að halda uppi öflugu endurmenntunarstarfi.

Hins vegar, herra forseti, varð nokkur umræða innan nefndarinnar um þá stefnu af hálfu stjórnvalda hvaða stéttir það eru sem fá löggildingu með löggjöf frá hv. Alþingi. Niðurstaða í umræðum nefndarmanna varð í rauninni sú að nokkrum tilviljunum væri háð hvaða starfshópar fengju viðurkenningu og löggildingu frá hv. Alþingi. Nefndin beinir því til hæstv. ríkisstjórnar að marka í rauninni skýrari stefnu um það en verið hefur hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að starfshópur fái löggildingu á borð við þá sem hér er til umræðu og með hvaða hætti það verði gert. En ég legg áherslu á að það sjónarmið var mjög skýrt innan nefndarinnar að með þessum breytingum og þeim ábendingum um að viðkomandi hafi lokið háskólanámi telur hv. iðnn. að hér sé verið að stíga jákvætt skref og í rauninni efla faglegan metnað þessara starfshópa.

Herra forseti. Tillögur hv. iðnn. fela það í sér að í stað orðsins „landslagshönnuður" verði notað orðið landslagsarkitekt og hið sama á við um 5. tölul. 1. gr. umræddra laga, að í stað orðanna „húsgagna- og innanhússhönnuða" komi húsgagna- og innanhússarkitekta. Sambærilegar breytingar verði þá jafnframt gerðar á skipulags- og byggingarlögum þar sem þessara starfshópa er getið. Rétt er að taka fram að allir viðstaddir nefndarmenn skrifa undir nefndarálitið og standa að þessum brtt. Niðurstaða nefndarinnar var samhljóða, enda telur hún að þarna sé gætt samræmis, ákveðins réttlætis, neytendaverndar og menntunarsjónarmiða.

Einnig má segja, herra forseti, að það sé ákveðið tímanna tákn og má segja að sú tíð sé liðin þar sem hjartagæska og hagleikshönd hafi getað leyst flest þau mál sem upp komu hvað varðaði smíði, frágang og viðhald húsa en með hækkandi menntastigi þjóðarinnar koma nýir starfshópar sem láta til sín taka í samfélaginu og þetta er í rauninni aðeins einn angi af því að hækka menntastig þjóðarinnar og um leið að tryggja ákveðna neytendavernd.

[16:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Formaður iðnn. hefur mælt fyrir nál. nefndarinnar og rituðu allir hv. þm. sem afgreiddu málið undir það. Samstaða var um að afgreiða málið með þeim hætti sem hér hefur verið mælt fyrir um.

Það sem mér finnst skipta máli í afgreiðslu þessa stjfrv. þar sem iðnn. hefur bætt tveimur starfsheitum við það starfsheiti sem fjallað var um í frv. er að farið var mjög ítarlega yfir þetta mál og rætt var við hlutaðeigandi, ekki bara einu sinni heldur oftar, auk þess sem þingmenn áttu fundi með þeim aðilum sem þarna vildu ræða afleiðingar þess að gera breytingar á starfsheiti landslagshönnuða, innanhússarkitekta og húsgagnaarkitekta.

Eins og kom fram í máli formannsins er niðurstaða okkar sú sem hér hefur verið greint frá, að heimild sé fyrir alla þessa þrjá hópa að kallast landslagsarkitektar, húsgagnaarkitektar og innanhússarkitektar. Það er mikilvægt að undirstrika það að í viðurkenningu Alþingis á starfsheitinu sem slíku er ekki verið að breyta réttindum sem felast í starfsheiti þessara einstaklinga. Við erum ekki að gera breytingar á innihaldi löggildingarinnar á neinn hátt. Við undirstrikum það í nál. að viðkomandi skuli hafa prófgráðu á háskólastigi í viðkomandi fagi og prófgráða þýðir þriggja ára háskólanám, það er alveg ljóst.

Fyrir utan að hitta þá hópa sem áttu hlut að máli og fulltrúa ráðuneytis ræddum við bæði við fulltrúa Háskóla Íslands og fulltrúa Listaháskóla Íslands vegna áforma sem uppi eru um að hefja nám hér heima í arkitektúr og þá hugsanlega í þeim greinum sem hér er verið að fjalla um, í afmörkuðum greinum þessa náms. Og það var vissulega hugsanlegt að með tilkomu náms á vegum háskólans og/eða listaháskólans mundu áform um það nám hafa einhver áhrif á hvort við ættum að gera þessar breytingar nú eða bíða með það þar til þetta nám hefði verið sett á í háskólanum og starfsheiti kæmu út úr þeim háskólagráðum sem þar yrði boðið upp á.

Það fullvissar mig hins vegar algerlega um að rétt væri af nefndinni að afgreiða þetta mál með þeim hætti sem nú hefur verið gert eftir að við hittum þessa aðila og þar var jafnframt undirstrikað að á báðum stöðum væri verið að fjalla um að hefja nám þar sem um væri að ræða þriggja ára nám til BA-prófs og síðan væri gert ráð fyrir tveggja ára viðbótarnámi til fullra starfsréttinda. Ljóst er að þar sem verið er að fjalla um nám af þessu tagi á háskólastigi hér heima er verið að tala um þriggja ára nám sem fyrsta áfanga hvort heldur er í arkitekúr og jafnvel þó að það sé eitthvað sem á eftir að ljúka umfjöllun um hjá þeim hópum sem þetta stjfrv. á við.

Því er hins vegar ekki að neita, virðulegi forseti, að það virkaði frekar ankannalegt að hér kæmi fram stjfrv. um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða þar sem ljóst er að í nokkuð langan tíma hafa hinir hóparnir tveir, innanhússhönnuðir og húsgagnahönnuðir, sótt jafnsterklega eftir því að fá að taka upp starfsheitið innanhússarkitekt og húsgagnaarkitekt á sama hátt og landslagshönnuðir hafa óskað eftir að fá að heita landslagsarkitektar. En málið barst hingað inn á Alþingi og til iðnn. eingöngu um landslagshönnuði og um það snýst málið af hálfu iðnn. að hafa afgreitt það mál jákvætt og hafa bætt við þeim hópum sem hér hefur verið fjallað um.

Ég er alveg sannfærð um það og tek undir með formanni iðnn. að þetta sé réttlætismál, að rökrétt sé og jafnvel eðlilegt að þessir hópar beri heitið arkitekt sem hluta af starfsheitinu og undirstrika það eins og formaður iðnn. að við erum ekki að opna á að þessir hópar kalli sig arkitekta heldur landslagsarkitekta, húsgagnaarkitekta og innanhússarkitekta, svo það sé alveg ljóst hvað iðnn. hefur afgreitt.

Að öðru leyti get ég, virðulegi forseti, lýst því yfir að ég er sammála því sem hefur komið fram í orðum formanns iðnn. þegar hann fylgdi þessu máli úr hlaði og vænti þess að Alþingi taki undir með iðnn. og afgreiði þessa tillögu okkar jákvætt þegar málð kemur til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu.

[16:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það kann að koma þingmönnum á óvart að nafn mitt skuli ritað undir þetta nál. frá iðnn. því eins og kunnugt er á ég ekki sæti í nefndinni. En það er rétt að fram

komi við umræðuna þar sem þessu nál. er fylgt úr hlaði, að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sem er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í iðnn. vék sæti í þessu máli þegar það var afgreitt frá nefndinni og ég kom inn í hans stað.

Nú ber að viðurkenna að ég kom að þessu máli með talsverðar efasemdir. En ég verð að segja eins og er að eftir að hafa kynnt mér þetta nokkuð vel og skoðað þær röksemdafærslur sem lágu fyrir í gögnum nefndarinnar, þá sýndist mér vera um réttlætismál að ræða, enda engu breytt í ábyrgð arkitekta er lýtur að þeirra starfi í sambandi við byggingar og skipulag. Ábyrgð þeirra er söm og áður. Þetta er einungis um nafnabreytingar að ræða og þegar til þess er litið, þá sýnist mér þetta vera eðlilegt réttlætismál, enda var Arkitektafélagið búið að samþykkja það að landslagshönnuðir gætu kallað sig landslagsarkitekta en eftir því sem mér hefur best skilist hafi farið að renna tvær grímur á fólk í Arkitektafélaginu þegar ljóst varð að fleiri sléttir sæktu jafnfast að geta notað starfsheitið arkitekt, skeytt því við sínar greinar, þ.e. húsgagnaarkitektar og innanhúsarkitektar. En þar sem forskeytunum er haldið föstum við þessi starfsheiti, þá sé ég ekki að það sé neitt sem mælir gegn því að þessar þrjár stéttir fái að kalla sig arkitekta, þ.e. landslagsarkitektar, húsgagnaarkitektar og innanhússarkitektar, enda eru hefðir fyrir því í þeim útlendu tungumálum sem við þekkjum best til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 280. mál. — Þskj. 399.

[16:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem nú fer fram er framhald umræðu sem hófst fyrir nokkru um þetta mál en lauk ekki á viðkomandi fundi. Ég hef þegar tekið einu sinni til máls í umræðunni en það voru nokkur atriði sem ég vildi fá hæstv. dómsmrh. til að svara sem ekki tókst að ræða við umræðuna sem fram fór fyrir nokkrum dögum.

Í umræðunni kom það fram sem almennt viðhorf, a.m.k. þess sem hér stendur, að yfir höfuð sé frv. til bóta þó að ég hafi í þeirri umræðu farið yfir nokkur atriði sem ég tel að betur megi fara og ákveðin atriði sem ég tel að allshn. verði að skoða mjög vandlega, m.a. sú hugmyndafræði að í stað þess að veita leyfi til stofnunar gagnagrunna, þá sé nægilegt að senda tilkynningu og síðan sé fjallað um þá tilkynningu síðar. Ég held að á þeim tímum sem við nú lifum í þeim öru breytingum sem eiga sér stað í tölvu- og upplýsingamálum og fjarskiptamálum sé mjög mikilvægt að við fetum okkur varlega inn í þetta hvað varðar nálgun þessarar atvinnugreinar við persónuverndina, þ.e. við þurfum að tryggja persónuverndina eins vandlega og við getum, og það er nauðsynlegt að fara mjög varlega á þessu sviði vegna þeirrar öru þróunar sem á sér stað. Þess vegna hef ég nálgast þetta mál þannig að við þurfum að gæta þess mjög að persónuverndin sé tryggð.

Ekki ætla ég að endurtaka þá miklu umræðu sem fram hefur farið almennt í samfélaginu um persónuvernd, gagnagrunna o.s.frv. enda lifir sú umræða enn þá góðu lífi heldur ætla ég að einbeita mér að því frv. sem hér er til umræðu, þ.e. frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og þau atriði sem ekki komust inn í umræðuna síðast.

Virðulegi forseti. Það er einkanlega eitt atriði eða ein nálgun sem ég vil gera að umræðuefni, þ.e. nálgun þeirrar hugmyndafræði sem hér er til umræðu og þá einkanlega sú skilgreining sem fram kemur í 2. gr. 8. tölul. frv. sem skilgreinir viðkvæmar persónuupplýsingar en eins og fram kom í umræðum hér síðast hefur orðið breyting á frv. frá þeim búningi sem það kom í til þingsins a.m.k. til heilbr.- og trn. í fyrra þar sem tvö tiltekin atriði hafa verið tekin út og teljast þess vegna ekki lengur viðkvæmar persónuupplýsingar, a.m.k. ekki samkvæmt skilgreiningu þessara laga en eru það kannski engu að síður. Mig langar, virðulegi forseti, að bera þessa hugmyndafræði saman við 71. gr. stjórnarskrárinnar sem m.a. er vitnað til í grg. með þessu frv. en í grg. segir, með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar er talið upp til hvers friðhelgin nái og er þar fyrst talið einkalíf. Hugtakið einkalíf er yfirhugtak og felast í reynd í því bæði atriðin sem talin eru á eftir, þ.e. heimilis- og fjölskyldulíf. Við skilgreiningu á því hvað felst í ákvæðinu verður þó að greina að umfjöllun um hvert þessara atriða. Í friðhelgi einkalífs felst nú, skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar, í fyrsta lagi réttur manna til þess að ráða yfir lífi sínu og líkama. Í öðru lagi felst í þessu réttur til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi og í þriðja lagi er litið svo á að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar samkvæmt ákvæðinu. Í skýringum með stjórnarskrárákvæðinu er lögð á það sérstök áhersla að raunhæft dæmi um svið þar sem álitaefni vaknar um hvort brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs sé skráning persónuupplýsinga um einstaklinga. Er þar fyrst og fremst átt við hversu langt megi ganga í skipulagðri skráningu á lífsháttum manna og högum og meðferð slíkra upplýsinga. Ekki sé sjálfgefið að öll skráning upplýsinga um einstaklinga falli innan ramma einkalífs manna. Þannig girði stjórnarskrárákvæðið ekki fyrir opinbera skráningu um menn í þjóðskrá, en þess megi geta að í 2. mgr. 24. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sé það talið til réttinda hvers barns að vera skráð strax eftir fæðingu sem tryggi m.a. að það geti síðar leitað gagna um fæðingu sína og uppruna.

Með því að setja fram beina reglu um friðhelgi einkalífs í stjórnarskrá er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að sú skylda hvíli á ríkinu að forðast afskipti af einkalífi manna og persónulegum högum þeirra. Nær þetta bæði til beinna afskipta handhafa opinbers valds og lagasetningar um málefni borgaranna. Í öðru lagi er til þess að líta að hættan á því að friðhelgi manna sé rofin stafar ekki einvörðungu frá ríkinu heldur líka frá öðrum einstaklingum og einkaaðilum. Krafan um friðhelgi einkalífs felur því ekki eingöngu í sér að ríkið gangi ekki á þennan rétt borgaranna heldur einnig að ríkinu sé skylt að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingunum í innbyrðis samskiptum þeirra."

Á grundvelli þess sem ég hef nú lesið upp, virðulegi forseti, vil ég beina þeim spurningum til hæstv. dómsmrh. sem hér situr — er reyndar stödd í öðru herbergi einmitt nú — hvort sú breyting sem gerð var á frv. frá því í fyrra og skilgreiningin á því hvað teljist viðkvæmar persónuupplýsingar vísi til þess að 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar taki ekki yfir

þessa þætti, þ.e. annars vegar upplýsingar um einkafjárhag og hins vegar um félagsleg vandamál. Ég tel mjög mikilvægt í þessari umræðu að fyrir liggi hvort ætlunin með breytingum á þessu persónuverndarfrv. sé til að þrengja túlkunina á þeirri vernd sem 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar felur í sér eða hvort hér sé verið að setja almennar leikreglur um persónuvernd þar sem sniðnar séu að einhverju öðru frv. eða einhverjum öðrum reglum, í þessu tilviki gagnagrunninum. Ég held að það sé mjög mikilvægt, herra forseti, fyrir þessa umræðu að hv. nefnd fái upplýsingar um þetta.

Virðulegi forseti. Ætli það sé einhver möguleiki að fá hæstv. dómsmrh. til þess að ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti skal gera hæstv. ráðherra boð um að hans sé óskað á fundinn.)

Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hér sé verið að reyna að sveigja túlkun þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar eða hvort hér sé aðeins tilviljun á ferðinni sem hæstv. dómsmrh. og þá hv. allshn. geti hugsanlega leiðrétt í meðförum sínum. Ég beini þessari fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., virðulegi forseti.

[16:36]

Útbýting þingskjals:

Tilfærsla á aflamarki, 337. mál, beiðni SvH o.fl. um skýrslu, þskj. 590.

[16:36]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga hefur í umræðunni verið tengt gagnagrunnsmálinu og má með nokkrum sanni segja að það tengist gagnagrunnsmálinu óbeint. Ég hef leitt að því rök og lagt fram gögn um að í gagnagrunnsmálinu sé um ópersónugreinanlegar heilsufarsupplýsingar að ræða og hefur það verið staðfest af sérstakri sérfræðinganefnd Evrópusambandsins.

Í málinu sem hér er til umræðu í dag er hins vegar um að ræða almenn lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Undir þetta lagafrv. falla gagnabankar með heilsufarsupplýsingum úr sjúkraskrám þar sem upplýsingarnar eru ekki dulkóðaðar þannig að þær teljist ópersónugreinanlegar. Slíkar gagnabankar með persónugreinanlegum heilsufarsupplýsingum eru mjög víða til í heiminum. Þeir eru m.a. til á Norðurlöndunum. Þar eru þeir eins og á nokkrum öðrum stöðum í heiminum nýttir til tölfræðilegra athugana og vísindalegra rannsókna. Þetta er í öllum tilfellum gert til að styrkja heilbrigðiskerfið og ýta undir framfarir á sviði vísindarannsókna í læknisfræði.

Því hefur verið haldið fram, kom m.a. fram í þætti í Ríkisútvarpinu sem heitir Kastljósið, að hvarvetna í heiminum þar sem heilsufarsupplýsingar af þessu tagi væru nýttar af þriðja aðila sem grundvöllur rannsókna væri stuðst við upplýst samþykki þeirra sjúklinga sem í hlut ættu. Með öðrum orðum að hvarvetna í heiminum væri upplýst samþykki fyrir slíkri nýtingu upplýsinga.

Þetta er í raun mikill misskilningur því að í raun liggur hvergi fyrir upplýst samþykki frá sjúklingi þegar upplýsingar um hann eru nýttar eða réttara sagt endurnýttar til vísindarannsókna og sem grundvöllur tölfræðilegra athugana, ekki síst á sviði faraldsfræði. Þetta á við allvíða í heiminum, t.d. á Norðurlöndum, þegar upplýsingar úr sjúkraskrám eru notaðar í vísindalegum rannsóknum og hvergi er notað upplýst samþykki. Afar mikilvægt er að hér komi fram að menn séu vel meðvitaðir um þetta.

Hér á Íslandi hefur lengi tíðkast að upplýsingar úr sjúkraskrám séu nýttar í vísindaskyni. Hér á landi og annars staðar í heiminum flokkast allir þeir sem hafa aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám til að vinna úr þeim vísindaleg gögn undir það sem heitir á skilgreiningarmáli alþjóðlegra samninga undir þriðja aðila. Með öðrum orðum: Ef einhver aðili kemst að slíkum upplýsingum til að nota þær og það snertir ekki meðferð sjúklingsins sjálfs þá flokkast hann undir þriðja aðila. Þar getur verið um embættismenn að ræða, starfsmenn rannsóknastofnana eða félaga sem miða að því að ýta undir rannsóknir í heilsufarsmálum. Þar getur líka verið um að ræða einstaka vísindamenn sem annast rannsóknir sem byggðar eru á sjúkraskýrslum. Mikilvægt er að menn átti sig á því að allir þessir aðilar flokkast undir þriðja aðila og að til eru sérstakir sáttmálar um hvernig hægt sé og leyfilegt að veita þriðja aðila aðgang að slíkum gögnum.

Sumir íslenskir læknar hafa lýst því yfir að þeir telji það brot á trúnaði við sjúklinga ef þeir samþykkja eða láta óátalið að upplýsingar úr sjúkraskrám séu nýttar í vísindaskyni án upplýsts samþykkis. Yfirlýsingar af þessu tagi hafa að sjálfsögðu mjög mikla þýðingu, ekki einungis gagnvart hinum svokallaða miðlæga gagnagrunni heldur ekki síður gagnvart heilsufarsgrunnum sem frv. sem rætt er um hér í dag fjallar um. Slíkir grunnar eru til hér á landi og þar má sérstaklega nefna, eins og ég hef gert í þessari umræðu, krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands.

Ég tel einsýnt, í ljósi alþjóðlegra sáttmála sem um þetta fjalla og einnig í ljósi samþykkta alþjóðalæknafélagsins, að þessar fullyrðingar um trúnaðarbrot standist ekki. Ég tel engan veginn standast að það sé brot á trúnaði læknis við sjúklinga sína ef hann lætur viðgangast að upplýsingar úr sjúkraskrám fari til þriðja aðila til nota í vísindaskyni án upplýsts samþykkis. Það tel ég að standist ekki nein gögn um þetta mál og slíkar yfirlýsingar séu byggðar á misskilningi. Ef þessar yfirlýsingar stæðust, ef það væri fótur fyrir þeim þá væri því jafnframt haldið fram, sem ég held að sé rangt, að læknastéttin hefði brotið trúnað við sjúklinga með því að láta það afskiptalaust áratugum saman að upplýsingar úr sjúkraskrám hafa borist í krabbameinsskrá Krabbameinsfélags Íslands án upplýsts samþykkis. Það er ekki upplýst samþykki fyrir þeim flutningi upplýsinga eins og upplýst hefur verið hér í sérstöku þingmáli.

Með því að fullyrða að þarna sé um trúnaðarbrot að ræða væri því líka haldið fram að gjörvöll danska læknastéttin hefði brotið trúnað við sjúklinga sína með því að sætta sig við að danski gagnagrunnurinn mikli Landspatientregistret væri nýttur til umfangsmikilla vísindarannsókna án upplýsts samþykkis. Ég fjallaði um þann grunn í fyrri ræðu minni um þetta mál og af því má vera ljóst að sá grunnur er víðtækari en íslenski gagnagrunnurinn. Sá er mikið notaður til vísindarannsókna, þar á meðal til rannsókna í geðlækningum.

Ég er þeirrar skoðunar að ef menn líta á öll þau gögn sem um málið fjalla þá standist fullyrðingar af þessu tagi alls ekki, að læknar hafi brotið trúnað við sjúklinga með því að láta ekki upplýst samþykki liggja til grundvallar notkun af þessu tagi. Læknar hafa ekki brotið trúnað með því að samþykkja beint eða óbeint að upplýsingar um sjúklinga þeirra bærust til krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands. Danskir læknar brjóta ekki trúnað við sjúklinga sína þótt upplýsingar úr sjúkraskrám séu fluttar í danska gagnagrunninn og notaðar í vísindaskyni án upplýsts samþykkis.

Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þess að ómögulegt er

að skilja umræðuna um flutning upplýsinga í gagnagrunninn öðruvísi en svo að menn telji að með því að leyfa þriðja aðila að koma að upplýsingum úr sjúkraskýrslum og vinna úr þeim rannsóknir þá séu læknar að brjóta trúnað. Ég tel að svo sé ekki og tel að ekki sé hægt að draga fram nein gögn eða alþjóðlega sáttmála sem bendi til að þessar fullyrðingar séu réttar.

Ég taldi nauðsynlegt að koma þessu að í umræðunni vegna þess að á Íslandi höfum við mjög virka stétt lækna sem stunda vísindarannsóknir á grundvelli upplýsinga úr sjúkraskrám.

Það eru mjög athyglisverðar upplýsingar sem hér eru unnar og það vill svo til að ég er með mjög athyglisverða ritgerð sem fjallar um krabbamein í leggöngum. Þessi vísindaritgerð er byggð á því að hægt sé að fá þennan aðgang að upplýsingunum og að upplýsingarnar séu traustur grunnur sem er ekki hægt að breyta frá einu ári til annars og byggist á því líka að sjúklingarnir geta ekki sagt sig úr grunninum. Ég held að við séum að ræða um mjög yfirgripsmikið vandamál sem sé ástæða til að tala um af mikilli hreinskilni. Á grundvelli raunsæis og á grundvelli þeirra gagna sem til eru um málið vil ég hvetja þingmenn til að kynna sér þessi gögn og reyna að færa umræðuna niður á jörðina.

[16:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er mjög hugfanginn af gagnagrunni á heilbrigðissviði, það er okkur löngu kunnugt, og leggst hann nú eina ferðina enn í lagalegar vangaveltur til að sannfæra okkur um að Helskinki-sáttmálinn sé ekki brotinn með íslenska gagnagrunninum varðandi upplýst samþykki. Ég er honum ósammála um þetta og við höfum oft rætt þetta.

En það sem hann gerði nú í þessari ræðu er að gera lítið úr þeim ásetningi margra lækna á Íslandi að fara fram á að sjúklingar veiti upplýst samþykki til að fara inn í gagnagrunninn, segir að þetta sé ekki brot á trúnaði. Nú er það svo að margir sjúklingar líta svo á að slíkt væri brot á trúnaði og það er sannfæring margra lækna að þessi sé raunin.

Mér leikur forvitni á að vita hver afstaða hv. þm. Tómasar Inga Olrichs er til yfirlýsinga sem komið hafa frá pólitískum stjórnendum heilbrigðisstofnana um að veita læknum áminningu sem fara fram með þessum hætti. Hver er afstaða hv. þm. Tómasar Inga Olrichs til slíks framferðis?

[16:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst gera athugasemd við þá fullyrðingu hv. þm. Ögmundar Jónassonar að ég hafi gert lítið úr kröfu um upplýst samþykki. Það eru orð hans. Ég tel mig ekki hafa gert lítið úr þessari kröfu. Ég hef einungis fjallað á eins málefnalegan hátt og mér er unnt um það á hvaða grundvelli hægt er að setja slíka kröfu fram, hvort slík krafa hafi verið virt á undanförnum áratugum þegar læknastéttin hefur tekið þátt í því að heimila aðgang þriðja aðila að upplýsingum úr sjúkraskrám sem þeir hafa átt aðild að við að koma upp. Ég hef lýst því yfir að ég telji að það sé ekki um slíkt brot að ræða, og þegar gögn málsins séu skoðuð sé ekki hægt að halda því fram.

Gögn málsins eru ekki beinlínis skoðanir einstaklinga á þessu máli heldur gilda um þetta samningar, samningar sem Íslendingar eru aðilar að. Þar er t.d. um að ræða yfirlýsingar frá Efnahagsbandalagi Evrópu en nýjustu gögnin um þetta eru hins vegar samþykktir Evrópuráðsins og öll Evrópusambandsríkin eru bundin af samþykktum Evrópuráðsins því þau eru öll aðilar að Evrópuráðinu. Íslendingar eru líka aðilar að Evrópuráðinu og eru þar af leiðandi líka bundnir af þeim samþykktum sem Evrópuráðið kemst að og eru bindandi fyrir þjóðina. Við verðum því að taka tillit til þessara hluta, við verðum að taka tillit til þess um hvað menn verða sammála á alþjóðlegum vettvangi. Læknastéttin verður líka eins og aðrir að taka tillit til þess hvernig lögum er háttað í þessu landi og hvernig alþjóðlegum skuldbindingum er líka háttað í þessu sambandi.

Ég skal svo koma að seinna atriðinu í seinna svari mínu.

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndin er sú að við erum að fara inn í nýjan heim. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich byggir málflutning sinn á samanburðarfræðum, skírskotar til Danmerkur og þess sem gerist með öðrum þjóðum og vísar einnig aftur í tímann í rannsóknir sem hér hafa verið framkvæmdar.

Staðreyndin er sú að nýjar aðstæður eru að koma upp hér á landi og Íslendingar hafa þar reyndar forgöngu í heiminum. Ekki hefur þekkst áður að heilsufarsupplýsingar heillar þjóðar séu boðnar til kaups tryggingafyrirtækjum, lyfjafyrirtækjum í þeim mæli sem hér er gert. Þetta kallar á nýja skoðun á málinu og um þetta fer fram umræða í vísindasamfélaginu, innan heilbrigðiskerfisins, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Það er við þessum aðstæðum sem menn eru að bregðast nú.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að ýmsar athyglisverðar rannsóknir hafa verið framkvæmdar hér á liðnum árum. Læknasamfélagið og vísindasamfélagið er þess mjög meðvitandi að nauðsynlegt sé að krefjast upplýsts samþykkis, ekki síst í ljósi þeirra atburða sem hafa átt sér stað með tilliti til hins nýja gagnagrunns.

Eða hvað finnst hv. þm. Tómasi Inga Olrich um það t.d. þegar samstarfsaðili Íslenskrar erfðagreiningar óskar eftir því að fá blóð úr öllum geðsjúklingum á Sjúkrahúsi Akureyrar? Ég hef margoft spurt um það hér í þingsal hvernig sé háttað innra eftirliti hjá Íslenskri erfðagreiningu sem hefur aðgang og mun fá aðgang að gagnagrunni um heilbrigðisupplýsingar, býr yfir ættfræðiupplýsingum íslensku þjóðarinnar og er að sýsla með lífsýni úr drjúgum hluta þjóðarinnar. Ég hef aldrei fengið svör við þessu.

[16:52]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. heldur því fram að hér sé um nýjar aðstæður að ræða þar sem upplýsingar úr sjúkraskrám öðlist einhvers konar viðskiptalegt verðmæti. Þetta er misskilningur hjá honum. Þessar upplýsingar hafa verið nýttar í vísindaskyni og niðurstöðurnar hafa öðlast verulegt fjárhagslegt gildi. Þetta hefur staðið í mörg ár og marga áratugi.

Það sem er nýtt við þessar aðstæður er það að þessar upplýsingar eru samkvæmt hugmyndunum um gagnagrunninn nú settar í hugbúnað og geta þar af leiðandi veitt fyllri svör og hraðari en nokkru sinni áður hefur verið hægt. Það sem er líka nýtt og er að koma inn með gagnagrunnsfrv. er að allt vísindasiðferðilegt aðhald er stóraukið. Einnig er nýtt í þessu máli að nú er verið að setja upp kóðunarkerfi til að gera upplýsingarnar ópersónugreinanlegar. Þetta eru hinar nýju aðstæður sem voru ekki fyrir áður.

Þó að hv. þm. kjósi að hrista höfuðið að lemja höfðinu við steininn eða vegginn eru þetta aðstæður sem allir vita. Allir vita að nú er verið að setja miklu meiri girðingar fyrir þessu, vísindasiðanefnd og tölvunefnd og þriðji aðili eru allir eftirlitsaðilar með þessu. Sérstaklega verður farið yfir allar spurningar til grunnsins og kóðunarmálin eru líka nýjung.

Ég ætla í lokin á þeim sekúndubrotum sem ég á eftir að taka skýrt fram að ég hef skoðað málið og komist að þeirri niðurstöðu að krafan um upplýst samþykki sé í raun og veru krafa um að upplýsingar úr sjúkraskrám verði alls ekki nýttar í vísindaskyni og þá erum við búin að fá mjög alvarlegar aðstæður upp fyrir læknavísindin.

[16:54]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu viðamikið og flókið frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Mig langaði að hafa nokkur orð um þetta frv. en ég kem til með að fjalla ítarlega um það í hv. allshn. þar sem ég á sæti.

Ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Nútímatækni gefur möguleika á að safna ýmsum upplýsingum í gagnagrunna og mjög mikilvægt er að skýrar reglur séu settar um þá. Þróun þessara mála er mjög hröð og það er brýnt að setja skýrar reglur um eftirlit með gagnagrunnum og um rétt manna til að fylgjast með hvað er skráð um þá á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Þessi mál eru í stöðugri þróun og nokkuð víst að þessi lög muni koma til kasta þingsins á næstu árum til þess að tryggja að löggjöfin nái að halda í skottið á þróuninni.

Mig langaði í örfáum orðum að fjalla um nokkur atriði í frv. Ég hefði viljað fjalla ítarlegar um frv. en ég geymi það þar til það kemur aftur til kasta þingsins og þegar það hefur fengið umfjöllun í nefnd enda er ekki hægt að fjalla ítarlega um þetta efni fyrr en maður hefur gert sér grein fyrir öllum þáttum málsins og öllum hliðum þess eftir að hafa farið í gegnum ítarlega umræðu í þingnefndinni. Mér var a.m.k. um megn að átta mig á öllum þáttum þessa frv. með því að lesa það yfir og ég hlakka til þeirrar umræðu sem verður í þingnefndinni.

Ég fagna því að sérstök eftirlitsstofnun um persónuvernd verði sett á laggirnar og að hún taki við verkefnum núverandi tölvunefndar en umfang starfa tölvunefndar hefur margfaldast á undanförnum árum. Það er afar mikilvægt að styrkja þessa stofnun. Annað mikilvægt ákvæði er í frv. sem kveður á um að Persónuvernd sé tilkynnt um gerð allra gagnagrunna sem byggðir eru á upplýsingum um einstaklinga.

Ég geri ráð fyrir að þetta þýði að ekki einungis þeim sem koma til með að byggja upp gagnagrunna héðan í frá, heldur einnig þeir sem hafa byggt upp slíka gagnagrunna hingað til muni verða skylt að tilkynna um tilvist þeirra til tölvunefndar. Ég er alveg sannfærð um að ýmislegt fróðlegt mun koma þar fram sem mun hafa áhrif á frekari þróun þessarar löggjafar því að oft er það ekki fyrr en maður hefur hlutina fyrir framan sig að unnt er að gera sér ljóst hvað það er sem þarf að taka á.

Það eru ákvæði í frv. sem vernda einstaklinga, þau eru ítarleg og þau eru mjög mikilvæg. Það á vera ljóst hvað er heimilt að skrá og hvernig einstaklingar geta varið sig gegn því að persónulegar upplýsingar séu notaðar, ekki síst ef ætlunin er að nota þá í öðrum tilgangi en þeim sem upphaflega var ætlað.

Það eru nokkur atriði sem ég tel að þurfi sérstakrar skoðunar við þegar málið kemur til hv. allshn. Þá hnaut ég þar fyrst um 8. tölulið í 2. gr. frv. þar sem fjallað er um skilgreiningu á viðkvæmum persónuupplýsingum. Ég hafði ekki fyrra frv. fyrir framan mig þegar ég skoðaði þetta og hafði sem sagt ekki upplýsingar um að þetta hefði verið inni áður í fyrra frv. sem var þó aldrei lagt fram. En mér finnst að það þyrfti að skoða sérstaklega hvort félagslegar og e.t.v. fjárhagslegar upplýsingar eigi ekki að falla þar undir. Í mínum huga hafa upplýsingar um félagsleg atriði verið meðal viðkvæmari upplýsinga um persónulega hagi og ég tel rétt að nefndin skoði sérstaklega hvaða rök liggja þar að baki því að þær eru ekki taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga í frv.

Ég hef síðan litið frekar á þetta og mér er ljóst að e.t.v. sé svigrúmið ekki mikið til breytinga þar sem þetta atriði byggir á tilskipun Evrópubandalagsins. Ef við ætluðum að fara út fyrir þann grunn erum við að gera meiri kröfur til okkar en gert er í Evrópubandalaginu þannig að það eru ein rök í þessu máli. Ég tel að sú hræðsla sem kom fram í málflutningi hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar um að tengja þetta við lögin um gagnagrunn á heilbrigðissviði sé óþörf þar sem skýringanna er að leita þarna. En við þurfum að skoða hvort eitthvert svigrúm sé til þess að skoða þetta mál nánar og ég geri ráð fyrir því að nefndin muni gera það.

Ég tel einnig að það þurfi að taka til skoðunar ákvæðið um vinnslu viðkvæmra upplýsinga. Samkvæmt núgildandi lögum er þetta þannig að það þarf að fá leyfi áður en vinnslan er hafin en samkvæmt þessu frv. mun þessu vera snúið við þannig að Persónuverndinni verður tilkynnt um að það sé verið að fara að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar.

Þessi nýja tilhögun felur í sér töluverðar breytingar og það þarf að skoða hana sérstaklega. Mér er hins vegar ljóst að víða í kerfinu er pottur brotinn varðandi þetta atriði. Það er ekki alltaf sótt um leyfi til rannsókna sem byggja á viðkvæmum persónulegum upplýsingum í dag. Mér er einnig ljóst að tölvunefnd hefur lagt töluverða vinnu í að fylgja þessu ákvæði. Tölvunefnd hefur í raun ekki getað séð fram úr verkefnum sínum einmitt vegna þessara afgreiðslumála. Það verður náttúrlega alltaf að skoða á hverjum tíma hvað er hagkvæmt og eðlilegt um leið og gætt er að siðfræðilegum þáttum. Þetta atriði, þ.e. að fá stimpil frá tölvunefnd eða frá Persónuvernd er mjög mikilvægt til að vernda hagsmuni þeirra sem gögnin varða og unnið er úr hverju sinni. En um leið og valdar eru raunhæfar leiðir í þessu sambandi þá verður að gæta þess að þær séu siðfræðilega viðurkenndar.

Með þessum orðum er ég ekki að segja að þær leiðir sem frv. leggur til séu ekki siðfræðilega réttar heldur vil ég leggja áherslu á að verði sú leið farin þurfa að liggja fyrir ítarlega útfærðar og skýrar reglur um viðeigandi og siðfræðilega rétta meðhöndlun viðkvæmra persónulegra upplýsinga. Reyndar er fjallað um þetta í 35. gr. frv. en ég tel nauðsynlegt fyrir hv. allshn. að gera sér grein fyrir praktískri útfærslu á þessu atriði. Ég geri ráð fyrir að allshn. muni skoða það sérstaklega.

Hér áðan var rætt um upplýst samþykki og í umræðunni hefur verulegur misskilningur verið á því hvað felst í upplýstu samþykki. Það mætti alla vega ráða af þeirri umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu. Ég ætla að leyfa mér að lýsa skilningi mínum á upplýstu samþykki og reyna síðan að átta mig á því hvort það sé raunhæf krafa til gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Upplýst samþykki er í mínum huga að settar eru fram rannsóknarspurningar sem á að skoða hvort eru réttar eða rangar. Einstaklingur sem rannsókn varðar er þátttakandi í

henni. Rannsóknin er vel skilgreind, þar koma fram tiltekin atriði og þátttakandinn leggur til t.d. blóð, upplýsingar eða eitthvað slíkt. Fyrir fram er rannsóknin sem sagt algjörlega skilgreind þannig að einstaklingurinn veit nákvæmlega hvað fyrir liggur, hvað verið er að rannsaka. Hann hefur val um hvort hann vilji taka þátt og hann hefur líka það val að draga sig út úr þessari tilteknu rannsókn á síðari stigum.

Ef beita ætti upplýstu samþykki í gagnagrunni á heilbrigðissviði mundi það þýða að einstaklingar, raunverulega eru þeir þó ekki sem einstaklingar í gagnagrunninum, þyrftu að fá sent bréf í hvert sinn sem þeir kæmu upp í tiltekinni rannsókn eða rannsóknarspurningu sem varpað væri inn í grunninn. Þetta tel ég algjörlega ómögulegt. Þetta mundi gera þá kröfu til gagnagrunns á heilbrigðissviði að hann væri persónugreinanlegur. Það er ekki hugmyndin, þvert á móti er hann ópersónugreinanlegur.

Kröfu læknasamfélagsins um upplýst samþykki hef ég því alls ekki getað skilið í þessu sambandi. Enda má segja að krafa þeirra um að fólk samþykki að fara inn í grunninn en dragi sig ekki út úr sé bara hin hliðin á sama peningnum.

[17:04]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágæta ræðu hv. þm. Ástu Möller. Varðandi skilning hv. þm. á upplýstu samþykki þá held ég að hann sé nokkuð nálægt mínum skilningi, að þennan þátt þyrfti að hafa á.

Mig langar í þessu sambandi að minna á að þingmenn sem standa að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðu á sínum tíma fram þáltill. þess efnis að komið yrði á fót dreifðum grunnum, dreifðum upplýsingagrunnum á heilbrigðissviði sem síðan væri unnt að keyra saman undir vissum kringumstæðum. Allt var það byggt á hugmyndinni um upplýst samþykki.

[17:05]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég fellst á skilgreiningu hv. þm. Ástu Möller á því hvaða kröfur þurfi að gera til vísindarannsókna á fólki. Skilgreining hennar á þessu er fyllilega í samræmi við öll gögn um málið.

Hins vegar er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir að endurnýting upplýsinga úr sjúkraskrám þýðir ekki að verið sé að gera vísindarannsóknir á því fólki sem upplýsingarnar varðar. Þar er grundvallarmunurinn. Einmitt þess vegna leggja alþjóðalæknasamtökin mikla áherslu á að menn skilji þennan mun. Hvort sem um er að ræða gagnagrunninn, danska Landspatientregistret eða Krabbameinsfélagið þá eru allir þessir grunnar með þeim hætti að ekki er hægt að flokka þá undir vísindarannsóknir á fólki. Með þátttöku í vísindarannsóknum ganga menn inn í annað ferli en þarna er verið að ræða um.

Ég er því alveg sammála þeim skilningi sem hv. þm. hefur á því hvað upplýst samþykki þýðir í sambandi við vísindarannsóknir á mönnum en mér finnst hins vegar mjög hæpið að nota einmitt hugtakið „vísindarannsóknir á mönnum“ um gagnagrunninn.

[17:07]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er fyllilega sammála hv. þm. Tómasi Inga Olrich í þessu efni. Mér er kunnugt um að skýrslur sem eru á sjúkrastofnunum í dag eru stöðugt notaðar í rannsóknarskyni enda er einn tilgangurinn með því að safna þessum upplýsingum að afla meiri vitneskju og bæta þekkingu á sjúkdómum og meðferð. Fyrst og fremst er þetta þó til að gæta samræmis og samfellu í meðferð sjúklinga en hin hliðin er þessi. Ég er sannfærð um og ég veit að upplýsts samþykkis sjúklinga er ekki aflað þegar verið er að skoða þessar skýrslur.

Ég hef legið inni á sjúkrahúsi, ég veit að skýrslur mínar hafa verið skoðaðar. Ég hef hins vegar aldrei verið spurð leyfis enda finnst mér ekki þurfa að spyrja leyfis í þessu sambandi. Það er verið að afla þekkingar af fólki sem hefur skrifað undir þagnarskyldu og ég treysti fyllilega til að fara með þær upplýsingar í þeim tilgangi sem ráð er fyrir gert.

[17:08]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég vék að í framsöguræðu minni er ætlunin með frv. þessu að lögtaka efni tilskipunar Evrópusambandsins frá 24. okt. 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Þetta er gert í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 25. júní sl. um að fella tilskipunina inn í EES-samninginn.

Að baki umræddri tilskipun Evrópusambandsins býr það markmið að tryggja samræmdar reglur og samræmda persónuvernd í öllum aðildarríkjum sambandsins. Innan þess ramma sem tilskipunin sjálf setur er einstökum ríkjum heimilt að setja strangari reglur sem tryggja meiri vernd en leiðir af ákvæðum tilskipunarinnar. Ræðst það af einstökum ákvæðum tilskipunarinnar að hvaða marki heimilt er í löggjöf einstakra ríkja að mæla fyrir um meiri vernd en tilskipunin sjálf gerir ráð fyrir. Aftur á móti kemur ótvírætt fram í 2. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar bann við því að aðildarríkin setji reglur um persónuvernd sem banni eða takmarki frjálsan flutning persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna.

Í umræðu um þetta frv. hefur komið fram að á síðasta þingi var dreift í heilbr.- og trn. drögum að þessu frv. þegar nefndin fjallaði um frv. til laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Ég vil leggja ríka áherslu á að þar var aðeins um drög að ræða en ekki fullbúið frv. Þessi drög hafa í nokkrum atriðum tekið breytingum sem miðuðu að því að samræma frv. við áðurgreinda tilskipun ESB enda, eins og ég vék að áður, geta aðildarríkin ekki mælt fyrir um aukna vernd nema slíka heimild sé að finna í tilskipuninni sjálfri.

Hins vegar er það rangt sem komið hefur fram í umræðum fyrr hér á hinu háa Alþingi að drögum að frv. hafi verið breytt til að laga það að efni frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Hér verður einnig að minna á að til umræðu eru almenn lög um persónuvernd en lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði eru sérlög og ganga því framar almennum lögum.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson beindi til mín spurningum sem ég ætla að bregðast við. Hann spurði m.a. um muninn á leyfi og tilkynningu og hvers vegna tilkynningarleiðin sé farin í frv. Segja má að leyfi feli í sér óþarfa skriffinnsku í þessu sambandi. Tilkynningar einstaklinga skapa einmitt frekar tækifæri fyrir stjórnvöld til að bregðast við aðstæðum þar sem persónuvernd er raunverulega ógnað. Þessi rök koma m.a. fram í greinargerð frv. á bls. 37–39.

Þá var líka spurt hvort 71. gr. stjórnarskrárinnar taki til upplýsinga um félagsleg vandamál og fjárhagsmálefni. Svarið er ótvírætt játandi enda er um að ræða persónuupplýsingar þótt þær séu ekki skilgreindar í frv. sem viðkvæmar

persónuupplýsingar. Þannig gildir t.d. 7. gr. frv. um þessar upplýsingar en þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Við meðferð persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu:

1. unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga,

2. fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt,

3. nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar,

4. áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta,

5. varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu."

Þetta eru miklar kröfur sem koma fram í 7. gr. frv. og þær gilda um allar persónuupplýsingar, ekki bara þær viðkvæmu.

Hæstv. forseti. Að gefnu tilefni sé ég ástæðu til að víkja nokkrum orðum að breytingum sem orðið hafa á frv. frá því að drög þess voru kynnt í heilbr.- og trn. Í 8. tölulið 2. gr. er hugtakið „viðkvæmar persónuupplýsingar" skilgreint. Það ákvæði tekur mið af 8. gr. tilskipunarinnar. Í fyrri drögum að frv. var sérstaklega tilgreint að upplýsingar um einkafjárhag væru viðkvæmar persónuupplýsingar. Þetta er ekki í samræmi við 8. gr. tilskipunarinnar og var því fellt út úr frv.

Í 8. tölulið 2. gr. frv. var einnig tilgreint í upphaflegum drögum að upplýsingar um félagsleg vandamál og önnur einkalífsatriði sem sanngjarnt er og eðlilegt að færu leynt teldust til viðkvæmra persónuupplýsinga. Ekkert slíkt ákvæði er í 8. gr. tilskipunarinnar og því var þetta ákvæði einnig fellt úr.

Þótt þessi atriði hafi verið felld út úr frv. vil ég vekja athygli á því að upplýsingar um einkafjárhag og félagsleg vandamál eru vitanlega persónuupplýsingar eftir sem áður. Þannig verður vinnsla slíkra upplýsinga að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í 7. og 8. gr. frv. Einnig vil ég vísa til þess sem kemur fram á bls. 47 í greinargerð með frv. Þar segir að ljóst sé að oft geti aðrar upplýsingar en þær sem taldar eru upp í frv. verið viðkvæmar fyrir hlutaðeigandi. Í framkvæmd verður að taka tillit til slíks jafnvel þótt ekki sé um að ræða upplýsingar sem teljast viðkvæmar samkvæmt upptalningu í 8. tölulið 2. gr. frv. Á hinn bóginn verðum við að gæta þess að frávik frá tilskipuninni að þessu leyti eiga sér ekki stoð í henni. Slíkt yrði væntanlega talið fela í sér brot á þjóðréttarlegum skuldbindingum landsins.

Eftir að drög að þessu frv. voru kynnt heilbr.- og trn. á síðasta þingi hafa einnig verið gerðar breytingar á 7. og 8. gr. frv. Í þessum breytingum fólst að lagt er til að ákvæði 6. og 7. gr. tilskipunarinnar verði lögfest óbreytt eins og þau ákvæði koma fyrir í tilskipuninni. Þetta er til þess fallið að tryggja réttareiningu milli Íslands og samstarfsríkja landsins á grundvelli EES-samningsins.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu breytingum sem orðið hafa á frv. en vísa um önnur atriði til þess sem fram kom í framsöguræðu minni og í umræðu um frv. í síðustu viku. Hér er um mikilvægt frv. að ræða sem snýr m.a. að bættu réttaröryggi fólks. Allshn. mun væntanlega taka það til vandlegrar skoðunar. Ég vænti þess hins vegar að þetta mál fái góðar móttökur hér á þinginu eftir að hv. allshn. hefur skoðað það og lagt fram nál. sitt.

[17:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu hef ég lagt mikið upp úr því hvað hefur dottið úr drögunum að frv. frá því í fyrra, því sem ekki er að finna þar núna. Ég vil segja, virðulegi forseti, að ljóst er að nefndin sem samdi þetta frv. var með þetta inni í drögunum í fyrra. Umrædd tilskipun sem hæstv. ráðherra er að reyna að fela sig á bak við var í gildi í fyrra. Nefndin þekkti hana mætavel og röksemdafærsla af því tagi nu að hér sé verið að uppfylla skyldur sem kveðið er á um í tilskipun ESB er hreinlega ekki boðleg hér, virðulegi forseti.

Í öðru lagi spyr ég: Af hverju erum við alltaf að tala um þessar viðkvæmu persónuupplýsingar? Það er jú af því að við teljum málefni um einkafjárhag og félagsleg vandamál viðkvæmar persónuupplýsingar. Af hverju? Jú, það gilda sérstakar reglur um meðferð á þessum upplýsingum. Það þarf fyrir fram að fá leyfi til að vinna með þessar upplýsingar. Það skiptir vitaskuld meginmáli hvort þessar upplýsingar eru skilgreindar sem viðkvæmar persónuupplýsingar eða ekki.

Kjarni málsins, virðulegi forseti, er að þetta á að vera þar inni. Þess vegna segi ég að þetta frv. er hannað sem umgjörð fyrir gagnagrunnsfrumvarpið. Upplýsingar um einkafjárhag og upplýsingar um félagsleg vandamál eru eitthvað sem nýtist þar. Þess vegna er betra að hafa þetta fyrir utan og gera ekki þá kröfu til þeirra sem ætla að nýta þessar upplýsingar um að fá leyfi fyrir fram. Svörin sem hæstv. dómsmrh. hefur gefið eru ekki á borð berandi hér á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Á þeim tímum sem þróunin er jafnör og raun ber vitni í tölvu- og upplýsingamálum þá dugir ekki að hæstv. dómsmrh. segi: Það er svo mikið skrifræði í því fólgið að fá leyfi fyrir fram að við teljum rétt að menn byrji á því að vinna með upplýsingarnar og tilkynni það svo.

[17:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé raunar ekki ástæðu til þess að orðlengja málið enn frekar. Hér hafa komið fram margvíslegar ábendingar frá hv. þm. í 1. umræðu um frv. Ég hef brugðist við þeim. Ég get vitaskuld ekkert við því gert þó hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sé ekki sammála svörum mínum. En það er alveg ljóst að ef litið er á frv. og greinargerð með því þá koma þessar skýringar greinilega í ljós. Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, að það sem kynnt var fyrir hv. heilbr.- og trn. á síðasta þingi voru drög en ekki fullbúið frv. Það voru vissulega rök fyrir að gera þar ákveðnar breytingar. Ég tel að rækileg grein hafi verið gerð fyrir því hér og vísa til þeirra svara komið hafa fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:21]

Útbýting þingskjals:

Aukin fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli, 358. mál, þáltill. HErl, þskj. 612.

Eftirlit með útlendingum, 1. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 578.

[17:21]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Með frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu og er það eitt af fleiri lagafrv. sem flutt eru af þessu tilefni.

Innan Schengen-samstarfsins er að finna ítarlegar reglur á sviði útlendingalöggjafar. Hér má helst nefna að samstarfið felur í sér afnám persónueftirlits á innri landamærum og samræmt eftirlit á ytri landamærum auk þess sem gert er ráð fyrir samvinnu milli ríkjanna um vegabréfsáritanir sem m.a. felur í sér að samræmd áritun gildi á öllu Schengen-svæðinu. Þessar reglur er einkum að finna í II. bálki Schengen-samningsins og miðar frv. að því að samræma lög um eftirlit með útlendingum þessum þáttum samstarfsins. Til frekari glöggvunar er þessi bálkur Schengen-samningsins birtur sem fylgiskjal með frv.

Herra forseti. Ég mun nú gera nánari grein fyrir efni frv. í einstökum atriðum. Í 1. gr. frv. er lagt til að lögfestar verði afdráttarlausari reglur um skyldu útlendinga til að bera vegabréf og hafa vegabréfsáritun við komu til landsins. Einnig er lagt til í 4. gr. frv. að heimilt verði að semja við önnur ríki sem taka þátt í Schengen-samstarfinu um að sendiráð þeirra eða ræðismenn gefi út vegabréfsáritanir fyrir hönd Íslands, en gert er ráð fyrir þessari tilhögun í Schengen-samstarfinu.

Í öðru lagi er í 2. gr. frv. lagt til að reglur um landamæraeftirlit verði lagaðar að Schengen-samstarfinu. Allir sem koma frá eða fara til ríkja sem ekki taka þátt í Schengen-samstarfinu verði að sæta persónueftirliti á landamærum. Aftur á móti verður persónueftirlit fellt niður þegar farið er um innri landamæri Schengen-svæðisins. Einnig er lagt til að koma til landsins og för þaðan til ríkja sem ekki taka þátt í Schengen-samstarfinu verði að fara fram á fyrir fram ákveðnum stöðum og afgreiðslutímum. Þetta er í samræmi við 3. gr. Schengen-samningsins.

Í þriðja lagi er lagt í 5. og 6. gr. að reglur um heimild útlendinga til að koma til landsins og dvelja hér á landi verði lagaðar að Schengen-reglum. Þetta felur m.a. í sér að útlendingi verði meinuð landganga geti hann ekki framvísað gögnum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum meðan á dvöl stendur. Einnig, ef hann er skráður í Schengen-upplýsingakerfið, í því skyni að honum verði meinuð landganga ef hann telst ógna allherjarreglu, þjóðaröryggi, alþjóðasamskiptum ríkisins eða annars Schengen-ríkis.

Í fjórða lagi er í 7. gr. frv. lagt til að lögfestar verði reglur um ábyrgð flytjanda þegar útlendingi er meinuð landganga. Þetta felur í sér að flytjanda ber við þessar aðstæður að taka útlending á ný um borð eða flytja úr landi á annan hátt eða greiða kostnað sem hið opinbera hefur af því að færa útlendinginn úr landi. Þá er í 8. gr. lagt til að það varði sektum að flytja útlending til landsins án þess að hann hafi fullnægjandi ferðaskilríki. Í því ákvæði er einnig að finna nauðsynlegar breytingar á refsiákvæðum laganna án þess að það verði rakið hér í einstökum atriðum.

Í fimmta lagi er með 9. gr. frv. lagt til að lögfest verði heimild til að veita erlendum stjórnvöldum upplýsingar um útlendinga vegna beiðni um dvalarleyfi, vegabréfsáritun eða hæli að því marki sem nauðsynlegt er til að fullnægja skuldbindingum landsins vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu.

Herra forseti. Ég hef nú rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur hæstv. dómsmrh. mælt fyrir frv. til laga vegna aðildar Íslands að Schengen. Spurningar mínar lúta að því hvort almennt eigi að gera breytingar á tilhögun þess er útlendingar koma til landsins, frá því sem hefur gilt áður hérlendis þegar útlendingar koma. Á bls. 4 í grg. frv. sé ég að þess verður krafist af útlendingum að þeir geti lagt fram viðhlítandi gögn til staðfestingar á tilgangi dvalar og hafi nægjanleg fjárráð til að geta séð fyrir sér á meðan á dvöl stendur. Enn fremur þarf útlendingur að geta greitt fargjald til heimaríkis eða þriðja ríkis þar sem honum hafi verið tryggður aðgangur, nema ef víkja á frá þessum skilyrðum af mannúðarástæðum.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að almennt ætti frekar að liðka fyrir komu útlendinga til landsins, sé allt í lagi með þá ef svo má segja. Mér hefur fundist afar óviðfeldið og stundum glensast með það þegar við förum t.d. til Bandaríkjanna hve óvinsamleg aðkoman er þar. Sumir Íslendingar hafa haft á orði að það ætti að vera sérhlið fyrir Bandaríkjamenn þar sem þeir yrðu spurðir sömu spurninga og við erum spurð þar. Á að taka upp hið sama hér gagnvart öllum útlendingum utan Schengen-svæðisins? Áhugavert væri að vita á hvaða leið við förum með þessu frv.

[17:28]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi skilið spurningar hv. þm. rétt. Skilyrði fyrir inngöngu um ytri landamærin í þessu frv. eru hert eins og kemur fram í 6. gr. Að öðru leyti er fellt niður persónueftirlit innan svæðisins. Þar er þó tollaeftirlit undanskilið. Ég vísa sérstaklega á 6. gr. frv. í þessu sambandi. Þar er bent á þessi atriði.

[17:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi þetta frv. nákvæmlega þannig. Í 1. mgr. 5. gr. samningsins er að finna heimild til að veita útlendingi leyfi til að koma og dvelja á Schengen-svæðinu í allt að þrjá mánuði, lesist Íslandi eða annarra landa á Schengen-svæðinu. Þau skilyrði sem ég lýsti í fyrra andsvari mínu mundu þá gilda í þeim tilfellum sem útlendingur utan Schengen-svæðisins kemur til lands okkar.

Þá sé ég nákvæmlega það sem menn hafa verið að grínast með og það kemur mér nokkuð á óvart, þ.e. að nú ætti bara að setja upp hlið t.d. fyrir Bandaríkjamenn þar sem sömu ströngu skilyrðin gilda. Einmitt það virðist vera að gerast núna með aðild okkar að Schengen. Við ætlum að verða gallhörð varðandi komu útlendinga utan Schengen-svæðisins til landsins hvort sem það er að vestan eða að austan. Þess vegna spurði ég hvort verið væri að þrengja skilyrðin við komu til landsins fyrir þá sem eru utan þessa svæðis. Ég skil ráðherrann þannig að skilyrðin verði hert á ytri landamærunum um leið og liðkað er til innan Schengen-svæðisins, að þar geti menn farið nokkurn veginn ótruflaðir ferða sinna og það mun gerast hjá okkur líka.

[17:31]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er verið að herða skilyrðin á ytri landamærum Schengen-svæðisins. En það gildir fyrir alla sem hingað koma. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.)

[17:32]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum um eftirlit með útlendingum. Kannski er löngu orðið tímabært að hingað inn á hið háa Alþingi komi frv. með þessu heiti þó hér sé náttúrlega langur vegur frá því að um fullkomið frv. sé að ræða sem leysi af hólmi þau lög sem nú eru í gildi, enda er hér fyrst og fremst um það að ræða að aðlaga núgildandi lög væntanlegu Schengen-samstarfi.

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að sitja í hv. allshn. og fæ því að fjalla mjög vandlega um frv. sem við ræðum nú. Ég ætla þar af leiðandi ekki að flytja langt mál og mikið um þetta. En ég staldra aðeins við a-lið 6. gr. þessa frv. Þar er fjallað um að meina megi útlendingi landgöngu ef nauðsynlegt sé talið af öðrum ástæðum en greint er frá í 1. mgr., þ.e. eins og segir í 10. gr. laganna. Í frv. er verið að leggja til viðbótarheimild til að meina útlendingum landgöngu. Hún hljóðar svo, virðulegi forseti, og yrði þá h-liður 10. gr. laganna:

„Ef hann getur ekki framvísað gögnum til staðfestingar á tilgangi dvalar og aðstæðum meðan á dvöl stendur."

Það er alveg augljóst, virðulegi forseti, þegar maður les þetta saman við ákvæðið sem væntanlega er vitnað til í Schengen-samningnum að hér er gengið mun lengra. Þar er svona nokkurn veginn, ef ég man þetta orðalag rétt, vísað til að eftir atvikum sé hægt að meina mönnum landgöngu o.s.frv.

Þetta er þó kannski ekki megintilefni þess að ég óska eftir því að fá að ræða þetta mál örlítið. Ég vildi fá að beina þeim spurningum til hæstv. dómsmrh. hvernig háttað sé málsmeðferð hjá þeim sem hingað leita og er meinuð landganga. Hvaða möguleika hafa þeir í þeirri stöðu? Er framkvæmdin þannig að landamæraverðir, ef svo má að orði komast, eða tollverðir vísi þeim umsvifalaust úr landi eða gefst þeim kostur á að kalla til og hugsanlega fá lögfræðiaðstoð til að flytja mál sitt? Hvernig er þessum reglum háttað?

Umræðan hefur bent til að hér séum við á dálítið hálli braut, enda segir í grg. með frv. á bls. 6 að ýmislegt sé ekki til lykta leitt í samstarfi Schengen-ríkjanna, m.a. hafi málsmeðferðarreglur um umsóknir um hæli ekki verið afgreiddar. Því spyr ég hæstv. dómsmrh. hvernig þessu sé háttað því að við höfum nú fyrir nokkuð löngu, hinn 30. nóvember 1995, fullgilt svonefndan Genfarsamning. Í Stjórnartíðindum var auglýst að þar væri um að ræða aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna. Í þessum samningi er andinn sá að flóttamenn eigi þess kost að mál þeirra fari fyrir þar til bær yfirvöld. Reyndar segir í 10. gr., sem ég vitnaði til áðan, að lögregustjóri kveði upp úrskurð um synjun landgönguleyfis o.s.frv. Í raun, virðulegi forseti, beinast þó orð mín ekki að þessu heldur því hvernig framkvæmdin hafi verið á þessu sviði. Ég spyr hvort í þeim tilvikum sem upp hafa komið — ég er ekki að spyrja hversu mörg þau hafa verið — hafi verið tryggt að þessir aðilar gætu fengið aðstoð lögmanna og áður en úrskurður í málefnum þeirra er kveðinn upp fengju þeir að tala máli sínu fyrir þar til bærum yfirvöldum. Þessari spurningu, virðulegi forseti, langar mig að beina til hæstv. dómsmrh.

Ég er hins vegar svo lánsamur í tilverunni að sitja í hv. allshn. og fæ ég tækifæri til að fjalla um þetta mál. Ég beini samt sem áður þessari fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. og spyr þá jafnframt hvort á leiðinni séu reglur sem hugsanlega bæti úr ef málið er ekki í þeim farvegi sem lýðræðisríki og réttarríki krefjast.

[17:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Hér við 1. umr. málsins er mjög mikilvægt að sjónarmið hæstv. ráðherra komi rækilega fram þannig að þau skili sér inn í nefndarstarfið.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér fannst tilsvar hæstv. ráðherra nokkuð rýrt þegar óskað var eftir nánari skýringum í andsvörum.

Ég vil taka fram að ég hef mjög miklar efasemdir um þetta Schengen-samkomulag. Ég skil mjög vel að þeir sem eru fylgjandi því að stofnað verði samevrópskt ríki vilji afnema landamæri og landamæraeftirlit innan þess. En varðandi þá sem standa þar utan og hafa ekki í hyggju að ganga inn í þetta samevrópska ríki hef ég miklar efasemdir og spyr hverjir séu kostirnir við samkomulagið og þetta nýja fyrirkomulag sem óumdeilanlega mun hafa mikinn kostnað í för með sér fyrir Íslendinga. Auk þess fylgir sá ókostur að stórlega mun draga úr eftirliti með fólki og vörum til landsins, þar með fíkniefnaeftirliti.

Ég vil einnig taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um þá sýn sem nauðsynlegt er að við gerum okkur grein fyrir að blasa muni við að fáeinum árum liðnum ef Schengen-samkomulagið verður að veruleika. Þá er það rétt sem fram kom hjá þingmanninum að fleiri en eitt hlið verða í íslenskum flughöfnum. Þar verður fólk dregið í dilka eftir þjóðerni. Annars vegar munu Evrópumenn ganga inn um hinar breiðu dyr, þeir sem koma frá löndum Evrópusambandsins eða hins Evrópska efnahagssvæðis. Um hið þrengra hlið, þar sem menn munu látnir sæta mun strangari rannsókn og skoðun fara aðrir, t.d. Bandaríkjamenn eins og fram kom í máli hv. þm. Vestur-Íslendingarnir verða að sjálfsögðu teknir til rækilegrar skoðunar í Keflavík og annars staðar þar sem þeir munu óska eftir að koma til lands okkar.

Ég auglýsi mjög rækilega eftir þeim rökum sem menn hafa fyrir því að takast á hendur þær miklu fjárhagslegu skuldbindingar sem fylgja Schengen-samkomulaginu auk vandræða sem hljóta að fylgja því að draga úr fíkniefnaeftirliti til landsins sem er fylgifiskur þessara frv.

Að lokum þetta: Það væri afskaplega fróðlegt að heyra skýringar hæstv. dómsmrh. á 10. gr. frv. og álit hæstv. ráðherra á þeirri grein. Hér segir, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðherra ákveður hvenær lög þessi öðlast gildi."

Er hægt að ganga lengra í geðþóttastjórnun á Alþingi? Það finnst mér ekki.

[17:42]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega alveg ljóst að viðhorf mín og hv. þm. Ögmundar Jónassonar til samstarfsins innan Schengen eru ekki hin sömu. Ég hef stutt Schengen-samstarfið en ef ég man rétt þá hefur hann verið með harða gagnrýni varðandi það. Hins vegar lýtur gagnrýni

mín að því hvort við, í skjóli aðildar að Schengen, séum að setja upp óþarflega hörð skilyrði gagnvart þeim sem eru utan Schengen-svæðisins til að komast til landsins. Ég kom með athugasemdir og spurningar vegna þessa. Ég lýsti eigin upplifun af því að koma til landa með mjög óvinsamleg landamæri. Mér mundi finnast það mjög miður, af því að ég er stuðningsmaður aðildar að Schengen, ef í skjóli Schengen-samstarfs ætti að gera land okkar að einhvers konar lögregluríki. Ég vil í því efni vísa til ræðu hv. þm. Samfylkingarinnar, Lúðvíks Bergvinssonar, hér áðan þar sem hann fór yfir ákvæðin í samningnum og taldi að ákvæði þessa frv. væru mun afdráttarlausari og neikvæðari en það sem felst í Schengen-samningnum sjálfum. Auðvitað ætlumst við ekki til þess. Við eigum að stíga varlega til jarðar. Við eigum að vera vinsamleg gagnvart öllum þeim sem koma til þessa lands. Ég óska eftir því að þetta frv. og orðalag greina þess verði skoðað afskaplega vel í hv. allshn.

[17:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm., við höfum ólíka afstöðu til Schengen-samkomulagsins. Við byggjum afstöðu okkar á málefnalegum forsendum. Mínar eru þær að ég tel að tilkostnaðurinn við Schengen sé of mikill miðað við þá kosti sem þessu fylgja. Ég tel að með Schengen-samstarfinu muni draga úr fíkniefnaeftirliti, eftirliti í tolli. Jafnframt finnst mér það ekki hugnanleg framtíðarsýn að þurfa að draga erlenda gesti sem koma til Íslands í dilka, annars vegar Evrópusambandsfólkið og hins vegar þá sem koma frá öðrum löndum, hvort sem það er frá Asíu, Bandaríkjunum, Kanada, Vestur-Íslendingana eða aðra. Ég á eftir að sannfærast um að eftirsóknarvert sé fyrir Íslendinga að gerast landamæraverðir fyrir hið nýja evrópska stórríki. Það er framtíðarsýn sem ég felli mig ekki við.

[17:45]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vísa til framsöguræðu minnar áðan þar sem ég skýrði efni frv. Ég undrast nokkuð þá tortryggni sem hér kemur fram í máli hv. þingmanna. Hér er verið að fjalla um tiltölulega einfalt tæknilegt mál sem snýr að breytingum á núgildandi lögum um eftirlit með útlendingum en með þessu frv. eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Frv. er aðeins eitt af fleiri lagafrv. sem flutt eru af þessu tilefni eins og hv. þingmönnum er kunnugt um.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson velti nokkuð fyrir sér þeim reglum sem gilda um málsmeðferð gagnvart þeim sem koma hingað til lands og er jafnvel snúið til baka, flóttamanna og annarra slíkra aðila og vitnaði m.a. til Genfarsáttmálans. Það eru auðvitað margvíslegar reglur sem gilda á þessu sviði. Ég held að Íslendingar hafi staðið sig nokkuð vel í að veita dvalarleyfi hér á landi af mannúðarástæðum þegar við höfum séð þörf til þess, en að öðru leyti tel ég eðlilegt að hv. þm. sem á sæti í allshn. fari yfir þetta mál þar, beri framkvæmdina saman við þær lagareglur sem eru í gildi og þau ákvæði frv. sem við ræðum um hér.

Ég held að óhætt sé að segja að Íslendingar hafi staðið vel að þessum málum og ég hygg að það hafi ekki farið fram hjá fólki hversu vel við höfum tekið á móti flóttamönnum og öðrum þeim sem hafa þurft á okkar hjálp að halda.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði að umræðuefni sérstaklega Schengen-samkomulagið sjálft. Ég tel að ekki sé rétt að fara nákvæmlega út í umræður um það mál, en vil samt sem áður bregðast við þeim fullyrðingum hans að meiri hætta sé á ferðum með þessu samkomulagi gagnvart m.a. innflutningi á fíkniefnum og öðru því um líku. Þess vegna vil ég segja það, hæstv. forseti, að til þess að vega upp á móti hugsanlegum neikvæðum afleiðingum af afnámi persónueftirlits á innri landamærum, þá eru einmitt fjölmargar stuðningsaðgerðir sem eru teknar upp í Schengen-samstarfinu. Þar vil ég nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi verður þar víðtæk lögreglusamvinna og ég nefni sérstaklega SIS-upplýsingakerfið í því sambandi. Í öðru lagi verða samræmdar reglur á ytri landamærum. Í þriðja lagi verður samræming á stefnu í vegabréfamálum. Í fjórða lagi verða ýmis atriði sem varða réttaraðstoð. Í fimmta lagi verður stóraukin samvinna í fíkniefnamálum og í sjötta lagi verður samvinna um útlendingamálefni, svo sem beiðni um hæli.

Ég vil taka það skýrt fram að Schengen-samkomulagið breytir heldur engu um vöruafgreiðslu og tolleftirlit.

Hæstv. forseti. Ég taldi rétt að láta þessi atriði koma hér fram vegna athugasemda hv. þm. en að öðru leyti ítreka ég það að málið fær væntanlega skoðun í hv. allshn. og þar gefst nefndarmönnum tækifæri til að fara yfir þær reglur og ábendingar sem hér hefur verið rætt um við 1. umr.

[17:51]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að henni kæmi á óvart að hv. þingmenn sem til máls hafa tekið sýndu ákveðna tortryggni í garð þessa máls í málflutningi sínum. Ég held, virðulegi forseti, að það þurfi ekkert að koma á óvart, ég tala nú ekki um í ljósi síðasta máls sem rætt var á hinu háa Alþingi er varðaði Kúrda sem hingað kom og þá málsmeðferð sem hann fékk. Það þarf því ekki að koma á óvart þó að menn gangi til þessa leiks með ákveðna tortryggni í huga.

Hins vegar vakti kannski miklu meiri athygli í málflutningi hæstv. ráðherra svarið við þeirri spurningu hvaða reglur gilda þegar einstaklingum sem hingað koma er meinaður aðgangur að landinu, þ.e. meinuð landganga, hvaða reglur gilda í þeim tilvikum, hvaða möguleika þeir eiga á að leita réttar síns, að fá aðstoð áður en úrskurður er kveðinn upp í máli þeirra o.s.frv., þá eiginlega svaraði hæstv. ráðherra því til — það er túlkun mín á orðum hennar — að ég geti bara skoðað það sjálfur, þ.e. ég geti í hv. allshn. beitt mér fyrir því að þessara upplýsinga verði aflað og þær síðan bornar saman við þær hugmyndir sem menn hafa í þessu samhengi hvað sé rétt að gera.

Virðulegi forseti. Mér finnst svör af þessum toga ekki við hæfi á hinu háa Alþingi að hæstv. ráðherra leyfi sér að svara fyrirspurnum á þennan hátt.

Ég get aðeins dregið þá ályktun af því að hæstv. ráðherra hafi ekki hugmynd um hvaða reglur gilda í þessum tilvikum eða hitt að engar reglur gildi. Ég get ekki dregið aðrar ályktanir af þeim svörum, virðulegi forseti, sem ég held að sé mjög miður nema hæstv. ráðherra komi í andsvari sínu og upplýsi mig um hvaða reglur gilda í þessum tilvikum. Geri hún það ekki, virðulegi forseti, þá er ljóst að niðurstaða mín í þessu máli hlýtur að vera rétt.

[17:53]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég furða mig mjög á þessum yfirlýsingum hv. þm. og mér finnst miður að hann sjái ástæðu til að haga orðum sínum á þennan veg. Það er reyndar vandlifað þegar það virðist vera þannig að það er alveg sama hvaða svör ég veiti við spurningum hans úr þessum ræðustól, þá telur hann þau ekki viðunandi eða ekki við hæfi í þessum sal. Ég verð bara að segja það, hæstv. forseti, að mér þykir það miður. En svona er þetta bara.

[17:54]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi vantað svör í fyrri ræðu hæstv. dómsmrh., þá komu þau ekki fram í þessari ræðu.

[17:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. sagði að ekki þyrfti að óttast að dragi úr eftirliti með fíkniefnum til landsins eða svo var að skilja á máli hæstv. ráðherra og benti á í því samhengi að jafnframt eða samhliða inngöngu okkar í Schengen, ef af því yrði, kæmi til sögunnar samstarf lögreglu, samstarf um fíkniefnaeftirlit almennt og ráðherrann taldi upp fleiri atriði og sagði síðan að einnig kæmi til sögunnar samræmt eftirlit á ytri landamærum. Vissulega. Út á það gengur Schengen. En málflutningur minn gekk hins vegar út á það að sýna fram á að eftirlit innan Evrópusamstarfs, innan Schengen-samstarfsins mundi dvína, draga mundi úr því. Og ég hélt sannast sagna að enginn deildi um að slíkt yrði.

Hins vegar er mér fullljóst að til sögunnar koma aðrir þættir ef einstaklingur frá Schengen-svæðinu er tekinn höndum hér, þá er hægt um vik að rekja feril hans eða komast að raun um hvort hann er eftirlýstur, ég geri mér grein fyrir þessu. En eftirlit á landamærum við komu til landsins er úr sögunni við inngöngu okkar í Schengen. Það er mergurinn málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:56]

Útbýting þingskjals:

Almenn hegningarlög, 359. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 613.

Bætt réttarstaða barna, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 118. mál. — Þskj. 130.

[17:56]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Nú er klukkan að halla í sex og þegar kemur að þingmannamálunum sem okkur alþingismönnum finnst skipta máli að hreyfa hér á hv. Alþingi og eru oftast mikil umbótamál, þá er það nú svo að við ræðum þau gjarnan hvert við annað í stjórnarandstöðunni, því miður, því að nokkuð algengt er að þá mega ráðherrar ekki vera að því að vera við umræðu okkar og spurning hvort við erum þess vegna aðallega að tala hvert við annað og til þeirra þingmanna sem hugsanlega geta haft áhrif á málin í nefnd fremur en forráðamann málaflokksins, enda erum við með flutningi slíkra tillagna að benda á það sem ekki hefur enn þá verið tekið á í umbótum.

Samfylkingin hefur verið að flytja fjölmörg þingmál á þessu hausti, virðulegi forseti, um börn, um barnafjölskyldur, réttindi barna, aðbúnað barna og möguleika þeirra til þroska. Þessi mál hafa verið að koma til umræðu á þinginu og fyrir sumum hefur enn þá ekki verið mælt. Ég ætla að leyfa mér í upphafi framsögunnar að drepa á hvaða mál þetta eru. Þetta eru tillögur um að refsivert sé að framleiða og dreifa barnaklámi, frv. um réttarstöðu barna og rétt þeirra til umgengni við báða foreldra sína, um að barni verði skipaður talsmaður ef ágreiningur verður um umgengni barns við annað foreldrið, um vandaða skilnaðarlöggjöf og að ráðgjöf við hjónaskilnað og sambúðarslit verði skilyrði fyrir útgáfu skilnaðarpappíra. Þetta eru tillögur um að tryggja barni sem getur myndað eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálslega í ljós í öllum málum, rétt samkynhneigðra til stjúpættleiðinga en hér er um allstóran hóp íslenskra barna að ræða sem búa við þær aðstæður að búa með stjúpforeldri sem ekki á rétt á slíkri ættleiðingu, bætta stöðu þolenda kynferðisafbrota og um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna og ekki síst heildarstefnumótun í málefnum barna.

Hér er drepið á nokkur þeirra mála sem Samfylkingin hefur verið að flytja í haust og fram eftir þessum vetri. Því nefni ég þessi mál, virðulegi forseti, að þau snerta öll á sinn hátt þá þáltill. sem ég er að mæla fyrir í lok þessa vinnudags, en hún er um bætta réttarstöðu barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir, þingmenn Samfylkingarinnar.

Herra forseti. Það miðar ákaflega hægt að útfæra þau ákvæði sem felast í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Barnasáttmálinn átti tíu ára afmæli í nóvember sl. og Ísland fullgilti sáttmálann árið 1992. Það er til umhugsunar af hverju við höfum ekki lögleitt hann hér í heild sinni, þá væri búið að útfæra fleiri af þeim lagaákvæðum og tillögum sem ég nefndi áðan og mun koma nánar inn á í máli mínu. Þá væri e.t.v. staðið betur að barnafjölskyldum og málefnum barna en raun ber vitni. Í því efni bið ég þingmenn að líta á fylgiskjal á bls. 5 í þeirri tillögu sem ég er að mæla fyrir. Þar kemur fram í töflum sem unnar hafa verið upp úr opinberum gögnum að við stöndum okkur ákaflega illa.

Á meðan við erum með langhæsta hlutfall, nærri því 30% af íbúum 0–17 ára af heildaríbúafjölda á fjögurra ára tímabili, 1993–1997, eru aðrar Norðurlandaþjóðir með hlutfallið frá 20–26%. Á sama tíma og við erum með langstærsta hlutfallið þá rennur til fjölskyldna barna sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu langminnst hlutfall eða 2,2 árið 1997 á móti 3,4–3,7 annars staðar á Norðurlöndunum. Útgjöld til félags- og heilbrigðismála sem renna til fjölskyldna og barna í jafnvirðisgildum eru miklu lægri á Íslandi, 506 á móti frá 687 og upp í 866 í öðrum löndum. Útgjöld til dagvistarmála eru miklu lægri en útgjöld til barnaverndarmála eru góð hjá okkur enda höfum við verið að taka á í þeim málum frá árinu 1993.

Tillagan sem ég mæli fyrir hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á lögum sem varða réttarstöðu barna með það að markmiði að uppfylla skilyrði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem staðfestur hefur verið af hálfu Íslands. Þá geri

nefndin í sama tilgangi úttekt á framkvæmd laga sem snúa að börnum. Einnig verði metið hvort rétt væri að lögleiða sáttmálann í heild sinni eins og mannréttindasáttmála Evrópu. Nefndin skal m.a. skipuð fulltrúa Barnaverndarstofu, Barnaheilla og Mannréttindaskrifstofu Íslands."

Því nefndi ég þingmálin hér áðan að sum þeirra og öll málin sem snúa að réttarstöðu barna tengjast barnasáttmálanum á sinn hátt en með því að yfirfara íslensk lög með þessum hætti mundum við sjá greinilega í hverju er bótavant og það væri tilefni fyrir stjórnvöld að taka á í þessum efnum.

Eins og ég hef sagt er stuðningur við barnafjölskyldur á Íslandi mun minni en í nágrannalöndum okkar. Á sama tíma eru laun hér á landi lág, húsnæðiskostnaður mikill, langur vinnutími beggja foreldra, gæsluúrræði skólabarna ekki viðunandi og það hefur komið fram hjá sálfræðingum og uppeldisfræðingum að íslensk börn njóta almennt minni verndar og handleiðslu fullorðinna en tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þess vegna má segja að fjölskyldan hafi setið á hakanum í íslensku samfélagi sem hreykir sér annars svo hátt af því að vera barnavinsamlegt og að vera hin barnmarga þjóð.

Í ýmsum tilvikum hefur verið tekið á, t.d. í málum um vernd barna og ungmenna þegar lagabálkurinn og barnaverndarmálin fluttist yfir til félmrn. Þá var starfsháttum barnaverndarráðs breytt og ýmsar umbætur gerðar. Árið 1995 var Barnaverndarstofa sett á laggirnar og annast hún daglega stjórn barnaverndarmála og hefur eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og öðrum stofnunum fyrir börn og með vistunum barna o.fl.

Árið 1997, við hækkun lögræðislaga á sjálfræðisaldri í 18 ár, var barnaverndarlögunum líka breytt en ekki í miklum grundvallaratriðum, aðallega viðmiðunartölunum. Ég held að mörgum hafi brugðið 1996 þegar athugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna bárust hingað. Í sumum tilvikum var ánægju lýst með ýmislegt hjá okkur varðandi aðbúnað barna en gerðar alvarlegar athugasemdir við aðra þætti framkvæmda. Flutningsmenn þessarar tillögu telja enn þá skorta að íslenskur réttur uppfylli ákvæði barnasáttmálans og að langt sé í land með að lagaframkvæmd sé í samræmi við anda sáttmálans.

Við höfum t.d. bent á að mjög mikilvægt sé að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls og það eigi að vera skylda en ekki bara heimild. Það er líka heimilt að skilja barn frá foreldrum sínum þegar velferð þess verður ekki tryggð með öðru móti. En þá er líka mjög mikilvægt að tekið sé á málum þannig að hagsmuna barnsins sé ávallt gætt. Sömuleiðis hvað varðar forsjársviptingu en það eru barnaverndarnefndir sem fara með málsmeðferð og vald í þeim efnum.

Einn þáttur sem hefur ekki verið gefinn mikill gaumur hjá okkur er að samkvæmt almennum hegningarlögum er heimilt að svipta 15 ára ungmenni frelsi með fangelsun eða varðhaldi. Í barnasáttmálanum er það tiltekið að barni sem svipt er frelsi skuli haldið aðskildu frá fullorðnum föngum, í íslenskum lögum er ekkert ákvæði sem verndar börn gegn því að vera vistuð með síbrotamönnum svo það sé nefnt.

Í nýju Barnahúsi, sem opnað var í október, var opnuð móttaka fyrir börn sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis. Þótti það vera mjög mikil framför því þar er að finna á einum stað möguleika til læknisskoðunar, ráðgjafar og stuðnings við börnin. Þótti mikilvægt að bæta við þessa þjónustu með sértækum meðferðarúrræðum sem börn ættu kost á eftir komu í Barnahúsið. Þarna á líka að vera skylda að skipa barni talsmann við ákveðnar aðstæður en ég minni á það að eins og við vorum hrifin af Barnahúsinu þá virðist sem grundvöllurinn undir starfsemi þess falli ef ekki næst samkomulag við dómsmálaráð um yfirheyrslur barna eins og verið er að leita eftir um þessar mundir.

Ég vil líka geta þess að með barnasáttmálanum er börnum veittur réttur til að láta í ljós skoðun sína um öll mál. Þessi réttur var tryggður í grunnskólalögunum frá 1991 en í nýrri grunnskólalögum, sem tóku gildi eftir fullgildingu sáttmálans, var þessi réttur afnuminn. Það er mjög mikilvægt að opna aftur formlegan vettvang fyrir nemendur grunnskóla að láta í ljós skoðun á málefnum sem varða þá sjálfa. Fyrir slíku máli mælti þingmaður Samfylkingarinnar, Svanfríður Jónasdóttir, í dag.

Það er líka bann við allri mismunun barna af erlendum uppruna og mikilvægt að börnum af erlendum uppruna séu tryggð sömu réttindi og íslenskum börnum. Við höfum fylgst með því í fréttum og umfjöllun að það þarf mjög að taka á í þeim málum. Það er líka eðlilegt og rétt að tryggja börnum flóttamanna sem óska eftir pólitísku hæli vernd og mannúðlega aðstoð. Það er reyndar þannig að löggjöf sem snýr að útlendingum á Íslandi er í molum hvað varðar t.d. flóttamenn og aðbúnað útlendinga sem hingað koma.

Ég gat þess í upphafi máls míns að Samfylkingin hafi verið að flytja nokkur stök réttinda- og umbótamál sem varða börn og réttindi barna auk þess sem við þingmenn Samfylkingarinnar flytjum þessa tillögu um að gera úttekt á barnasáttmálanum og íslenskum lögum til þess að uppfylla skilyrði barnasáttmálans. Það að við flytjum bæði einstök þingmál og tillögu þessa undirstrikar vilja Samfylkingarinnar til að bæta réttindi barna og að við á Alþingi horfumst í augu við það að mikið verk er óunnið hvað varðar börn og réttindi barna á Íslandi.

Það má líka nefna hvort barnasáttmálinn sjálfur ætti ekki að vera kennsluefni í grunnskólum og framhaldsskólum, hvort ekki væri rétt að þýða sáttmálann á tungumál sem innflytjendabörn skilja, dreifa honum til þeirra. Það eru aðallega frjáls félagasamtök eins og Barnaheill sem hafa látið sig varða þessi mál og hafa átt samvinnu um kynningu á barnasáttmálanum og látið prenta hann sérstaklega og dreifa. Samtökin Barnaheill hafa lýst yfir vilja til samvinnu við stjórnvöld og innan samtakanna hefur safnast sérþekking á málefninu sem er mjög mikilvægt að nýta.

Við eigum að sameinast um það á Alþingi að skoða aðstæður barna. Við eigum að skoða stöðu barna sem eiga undir högg að sækja, barna einstæðra foreldra, barna tekjulítilla foreldra, fatlaðra barna o.s.frv.

Nýverið kom fram á vegum Rauða krossins og var birt í fréttum skýrsla sem tekin verður til umræðu á Alþingi síðar í vikunni um fátækt á Íslandi. Það þýðir ekkert fyrir Alþingi að skella skollaeyrum við því að staða barna er mjög ólík eftir því úr hvers konar fjölskyldugerð börnin koma og mismunun gífurleg frá einni fjölskyldu til annarrar um börn og aðbúnað þeirra. Við eigum ekki að láta það viðgangast í þjóðfélagi okkar. Við eigum að veita meira fjármagn til barnaverndarmála og við eigum að tryggja að barnafólk njóti ákveðins stuðnings þannig að ólík aðstaða og fjárhagur bitni ekki á börnum þessa lands. Um það fjallar m.a. þessi tillaga og aðrar þær tillögur sem Samfylkingin hefur verið að flytja á þessum vetri og mun beita sér alvarlega í í framtíðinni. Aftur og aftur munum við koma fram sem rödd í þessum

málaflokki og hvetja til þess að tekið sé á í málefnum barna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar í stað söfnunarkassa, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 213. mál. — Þskj. 252.

[18:12]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um tekjustofna í stað söfnunarkassa en meðflm. mínir að þessari þáltill. eru hv. þm. Gísli S. Einarsson, Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal og Sverrir Hermannsson. Ég vek athygli á því að þetta eru þingmenn úr öllum flokkum sem sæti eiga á Alþingi þannig að hér er um að ræða þverpólitískt mál.

Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri tillögur um leiðir til fjáröflunar fyrir Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg sem komið geti í stað tekna af rekstri söfnunarkassa."

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneyti höfðu rekstraraðilar söfnunarkassa á Íslandi 1.069 millj. kr. í tekjur árið 1998 þegar frá höfðu verið dregnir vinningar og rekstrarkostnaður. Skiptingin var á þá lund, samkvæmt svari ráðuneytisins við spurningu sem ég bar fram í haust, að íslenskir söfnunarkassar hefðu fengið í sinn hlut 834 milljónir en Happdrætti Háskóla Íslands 235 milljónir. Á þeim tíma lágu fyrir upplýsingar fyrir fyrri helming ársins 1999 og nam upphæðin 432 milljónum sem rann til íslenskra söfnunarkassa, 150 milljónir runnu til Happdrættis Háskóla Íslands. Samkvæmt þeim tölum fer þessi upphæð heldur hækkandi á milli áranna 1998 og 1999. Því er ljóst að þeir aðilar sem hér voru nefndir eiga mikið undir tekjum af rekstri söfnunarkassanna.

Flutningsmenn tillögunnar, að undanskildum Hjálmari Árnasyni, eru jafnframt flutningsmenn frv. sem kveða á um bann við rekstri söfnunarkassa. Í greinargerð með þeim kemur fram vilji til að finna fjáröflunarleiðir í stað söfnunarkassa fyrir þær menningar- og þjóðþrifastofnanir sem háðar eru tekjum af kössunum og því er þessi tillaga flutt nú.

Ég vil vekja athygli á því að hún kom fram í þinginu sl. haust á svipuðum tíma og fyrrnefnd frv. voru til umfjöllunar og ber að líta á þennan pakka sem eina heild.

Þess má einnig geta að við þessum frv. um bann við spilakössum hafa orðið mjög mikil viðbrögð. Bæði hafa verið talsverð blaðaskrif og umfjöllun í fjölmiðlum og margir aðilar sem hlut eiga að máli hafa haft samband við flutningsmenn og lýst yfir stuðningi við frv. þótt vissulega hafi einnig komið fram gagnrýni á þau.

Viðbrögðin hafa einkum komið úr tveimur áttum og skal engan undra að þau skuli hafa komið frá þeim sem eiga hagsmuni sína undir slíkum kössum, en það má með nokkrum sanni segja að tveir aðilar hafi ánetjast spilakössunum, þeir sem haldnir eru spilafíkn og hinir sem háðir eru þeim sem tekjustofni. Varðandi fyrri hópinn hefur komið fram í upplýsingum frá SÁÁ, en þar hafa menn kynnt sér þessi mál náið, að hlutfall þeirra sem ánetjast hafa spilafíkn á Íslandi er orðið svipað og gerist með þjóðum þar sem spilavíti eru við lýði, enda ber náttúrlega að líta á þessa kassa, einkum þá sem eru samtengdir, sem spilavíti. Þetta er uppistaðan í spilavítunum í Las Vegas svo dæmi sé tekið eða öðrum stöðum þar sem spilavíti er að finna.

Samkvæmt upplýsingum SÁÁ voru 184 einstaklingar í meðferð á Vogi árið 1998 haldnir sjúklegri spilafíkn, þar af voru 74 undir 25 ára aldri. Þetta er umhugsunarvert og staðfest af hálfu lækna á Vogi að slík fíkn virðist fara vaxandi með ungu fólki. Margir sem hafa haft samband við mig voru aðstandendur fólks sem ánetjast hefur spilafíkninni og þeir aðilar hafa viljað vekja á þessu sérstaka athygli.

Hörmulegar afleiðingar spilafíknarinnar ætla ég ekki að orðlengja um hér. Ég hef gert það áður í framsöguræðum sem ég flutti með fyrrnefndum lagafrv. en legg hins vegar á það áherslu nú að þeim aðilum sem koma til með að verða fyrir tekjumissi ef þessi frv. ná fram að ganga verði bættur skaðinn. Ég verð þó að segja það, herra forseti, að ég tel mjög mikilvægt að þetta gerist samhliða en mér finnst það ekki vera forsenda fyrir að bannaðir verði spilakassar og spilavíti á Íslandi að slíkir tekjustofnar verði fundnir áður. Ég legg hins vegar áherslu á að mér finnst mjög mikilvægt að reynt verði að gera þetta samhliða, finna þessum menningarstofnunum og þjóðþrifafyrirtækjum tekjustofna þegar þau verða af gróðanum af spilavítunum.

[18:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er mjög umhugsunarvert og ekki eru mörg ár síðan lagaheimild var veitt fyrir söfnunarkössum og happdrættisvélum sem eru á sérstökum stöðum í sérstöku húsnæði þar sem átti að gæta þess að börn og ungmenni kæmu ekki að. Þarna kæmi eingöngu fullorðið fólk sem hefði vit fyrir sjálfu sér og hér ætti að vera frelsi til að velja hvernig maður notar peninga sína og hvort maður eyðir þeim í kassa eða eitthvað annað.

Mikil átök voru um lagasetninguna á sínum tíma. Þeir sem samkvæmt lögum hafa heimild til að vera með slíka söfnunar- og happdrættiskassa voru ekki allir tilgreindir í fyrsta frv. sem kom hingað inn í þingið og mér er það minnisstætt að þeir sem ekki áttu þá aðild að frv. gagnrýndu það harðlega að þeir sem væru að fá þarna heimild væru að fara að reka spilavíti.

Sú gagnrýni þagnaði hins vegar mjög snögglega þegar viðkomandi aðilar fengu líka leyfi eða því var bætt við í lagaheimildina til að reka slíkar happdrættisvélar og söfnunarkassa.

Ég er sannfærð um, virðulegi forseti, að fáir hafa reiknað með því að svo gífurlegar fjárhæðir ættu eftir að vera í spilunum eins og raun ber vitni. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur hafi haft hugmyndaflug til að geta sér þess til að spilað yrði á næstu fjórum eða fimm árum fyrir milljarða. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór yfir þær tölur sem eru í tekjur fyrir stofnanirnar sem hann tilgreindi en síðla árs 1998 bar ég fram fyrirspurn um fyrir hversu mikið hefði verið spilað hvert ár frá 1994. Það er skemmst frá því að segja að árið 1994 var spilað fyrir 781 millj. hjá Íslenskum söfnunarkössum. Árið 1997 var þessi fjárhæð komin upp í 1.148 millj. Í happdrættisvélum Háskóla Íslands var árið 1994 spilað fyrir 360 millj. og árið 1997 var sú fjárhæð komin upp í 547 millj. Samanlagt er því búið að spila fyrir að því er mér sýnist milli 5 og 6 milljarða á fyrstu fjórum árum sem söfnunarkassar og happdrættisvélar sem eru við lýði í landinu.

Ég þekki líka vænsta fólk sem hefur spilað frá sér hús og heimili og kemur manni jafnmikið á óvart hverju sinni að það skuli ekki vera eitthvað öðruvísi fólk sem lendir í slíkri

ógæfu. Þá vaknar sú spurning hvort á að hafa vit fyrir fólki, hvort lausnin sé sú að banna og reyna að snúa tímavélinni til baka til einhvers upphafs þar sem ekki var heimilt að opna sérstakar stofur með söfnunarkössum og happdrættisvélum sem hafa hirt úr vasa heimilanna í landinu 5–6 milljarða á fjórum til fimm árum.

Í tillögunni sem nú er til umræðu er verið að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem gerir tillögur um leiðir til fjáröflunar fyrir Háskóla Íslands, Rauða krossinn, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg og það komi í stað tekna af rekstri söfnunarkassa. Í þessari tillögu er auðvitað sú hugsun að hjálparstofnanir, mennta- og menningarstofnanir eigi ekki að eiga afkomu sína undir þeirri ógæfu sem felst í því þegar fólk hefur spila frá sér heimilið og fjölskylduna. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hvað á að gera hjá slíkum stofnunum ef þessi tillaga nær fram að ganga. En ég held að það sé mjög þarft að ríkisstjórnin skoði það hvernig halda má á málum ef þeim stofnunum á að vera gert kleift að starfa af sama krafti og þrótti og hingað til en ekki að þurfa að byggja á tekjustofnum sem verða til á þann hátt sem hér er til umfjöllunar.

[18:24]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir góð orð og upplýsandi ræðu. Það er rétt sem fram kom í máli hennar að mikilvægt er að skoða þær upphæðir í því ljósi sem hún nefndi, hvað hefði verið tekið upp úr vösum heimilanna. Ég get getið þess að á árinu 1998 þar sem ég sagði í framsöguræðu minni að 1.069 millj. hefðu runnið til happdrættisaðilanna, eftir að tilkostnaður og vinningar höfðu verið dregnir frá, þá var þessi upphæð upphaflega miklu hærri, 1.890 millj. áður en sá kostnaður er dreginn frá. Reyndar er veltan í þessum kössum miklu meiri en við höfum bæði nefnt því að einhverjir peningar renna til fíklanna. Vogun vinnur, vogun tapar er mottóið sem spilað er samkvæmt. Eitthvað rennur til þeirra sem spila þótt flestir sitji eftir með sárt ennið.

Mig langar til að nefna aðeins eitt atriði áður en ég lýk máli mínu og það er að minna á eina ferðina enn að dómsmrn. og dómsmrh. hefur ekki farið að lögum sem sett voru um söfnunarkassana á sínum tíma að því leyti að í þeim lögum er kveðið á um að setja skuli reglugerð um þessa kassa. Það hefur aldrei verið gert og ég vil vekja athygli á því að nefnd sem var starfandi á vegum dómsmrn. um framtíðarskipan happdrættismála á Íslandi vakti sérstaklega athygli á þessu í skýrslu sem hún sendi frá sér fyrir fáeinum mánuðum. Ég hef vakið máls á því við hæstv. dómsmrh. bæði í þingsal og í blaðagreinum hverju sæti að engin viðbrögð komi frá ráðuneytinu. Engin svör hafa komið en ég get fullvissað hæstv. forseta Alþingis um að hæstv. ráðherra verður haldið við efnið í því sambandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:28.

---

64. FUNDUR

miðvikudaginn 16. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tilfærsla á aflamarki, beiðni um skýrslu, 337. mál, þskj. 590. *Hvort leyfð skuli.*
2. Starfsheiti landslagshönnuða, stjfrv., 21. mál, þskj. 21, nál. 579, brtt. 589. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Höfundalög, stjfrv., 325. mál, þskj. 575. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skylduskil til safna, stjfrv., 326. mál, þskj. 576. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Grunnskólar, frv., 226. mál, þskj. 271. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 328. mál, þskj. 578. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Bætt réttarstaða barna, þáltill., 118. mál, þskj. 130. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Tekjustofnar í stað söfnunarkassa, þáltill., 213. mál, þskj. 252. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Erfðafjárskattur, 360. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 614.

Starfsheiti landslagshönnuða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 21. mál (landslagsarkitektar). — Þskj. 21, nál. 579, brtt. 589.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Brtt. 589,1 (ný 1. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 589,2 (ný 2. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 589,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Höfundalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 325. mál (EES-reglur). — Þskj. 575.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skylduskil til safna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 326. mál (heildarlög). — Þskj. 576.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 226. mál (fulltrúar nemenda). — Þskj. 271.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 1. umr.

Frv. GunnB o.fl., 292. mál. — Þskj. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HBl, HErl, HH, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, LB, MF, MSv, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, VS, ÞKG, ÞJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JB, KHG, KPál, SighB, SJóh, SP, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Eftirlit með útlendingum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 578.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Bætt réttarstaða barna, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 118. mál. — Þskj. 130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjustofnar í stað söfnunarkassa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 213. mál. — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 280. mál. — Þskj. 399.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Um fundarstjórn.

Atkvæðagreiðsla um skýrslubeiðni. [13:39]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrsta mál á dagskrá þessa fundar í dag var hvort leyfð skyldi beiðni um skýrslu um tilfærslu á aflamarki. Ég óska eftir að fá skýringar á því hvers vegna það er ekki gert og ef þær skýringar verða ekki fullgildar þá verði það tekið fyrir.

[13:40]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Fyrsta málið er tekið út af dagskrá að minni beiðni. Ástæðan er sú að ég vil ganga úr skugga um að skýrslubeiðnin sé lögð fram með þinglegum hætti. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt. (**Gripið fram í:** Hvað er að?)

[13:40]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Virðulegi forseti. Þá þætti mér vænt um að fá skýringar á því hvað vanti hugsanlega upp á að skýrslubeiðnin sé þingleg.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir óskir hv. síðasta ræðumanns. Ég tel eðlilegt að sá sem fer fram á að því sé frestað að slík skýrslubeiðni sé borin undir þingið til samþykktar eða synjunar rökstyðji beiðni sína. Að sjálfsögðu liggur það í valdi þingsins að ákveða hvort það sendir áfram slíka skýrslubeiðni eða ekki. Til þess er hún borin hér undir atkvæði. Ég hef ekki skilið það svo að það væri að breyttu breytanda, nema eitthvað mjög óvenjulegt væri á ferðum, hlutverk forseta eða hæstv. fundarstjóra að hlutast til um að slík beiðni fái ekki að koma fyrir þingið til afgreiðslu. Hér er eitthvað á ferðinni sem ég fæ ekki alveg skilið, herra forseti.

Ef menn telja að skýrslubeiðnin sé óþingleg þá ber auðvitað að lýsa þeirri skoðun. En eftir stendur að valdið er

þingsins og það ræðst með atkvæðum hér í salnum hvort skýrslubeiðnin fer áfram eða ekki.

[13:42]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er nú svo að málið hefur verið tekið af dagskrá og athugasemdir því seint fram bornar. Ég hygg að hv. 3. þm. Norðurl. e., þingvanur maður, viti það jafn vel og ég að þó að mál frestist um einn dag er ekki þar með verið að koma í veg fyrir að þing fjalli um málið. Ég man satt að segja ekki eftir því að menn hafi fundið að því þó málum væri frestað um einn dag og þingheimur fari á annan endann út af því.

Ástæðan fyrir þessari beiðni er sú, og ég vil ítreka það, að ég tel nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að fresta málinu þar sem ég vil ganga úr skugga um að beiðnin sé með þinglegum hætti lögð fram. Um það snýst málið og annað ekki. Það hefur aldrei hvarflað að mér, og það eru hreinir útúrsnúningar ef menn eru að halda því fram, að koma í veg fyrir að atkvæðagreiðslur verði í þinginu eða vilji þingsins komi fram. Þvert á móti hef ég ævinlega lagt upp úr því að menn hafi hér málfrelsi, mönnum gefist tóm til þess að athuga sinn gang, ganga úr skugga um það sem hér er lagt fyrir og hér er samþykkt. Þessar eru ástæður liggja því til grundvallar að ég hef farið fram á þetta. Ég vil minna á að ekki voru gerðar athugasemdir við það þegar forseti tók málið af dagskrá.

[13:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það var sannarlega fullt tilefni til að hv. þm. Margrét Sverrisdóttir gerði athugasemd við fundarstjórn forseta. Ég vek athygli á þessari uppákomu. Fundarstjóri, sitjandi forseti, hefur ekki svarað athugasemd þingmannsins en aðalforseti þingsins sem hér er í sal hefur brugðist við. Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta mjög undarlegt. Ég taldi að mál af þessum toga færu ekki á dagskrá fyrr en aðalforseti þingsins væri búinn að kanna málið og úrskurða sjálfur að það væri þingtækt. Þess vegna finnst mér undarlegt að aðalforseti þingsins sem sett hefur málið á dagskrá skuli koma og segjast vilja skoða það einn dag. Ég get alveg fallist á að það munar ekki miklu fyrir þá sem biðja um skýrsluna hvort þingið samþykki hana deginum fyrr eða síðar. En þetta er allsérstætt og mér finnst, herra forseti, að þingið eigi heimtingu á að vita hvað breyttist frá því að aðalforseti þingsins ákvað að skýrslubeiðnin væri þingtæk og þar til hann kemur nú og lýsir því yfir að hann verði að skoða betur hvort málið sé þingtækt. Mér finnst, herra forseti, að við eigum rétt á svari við þessari spurningu.

[13:45]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það kom skýrt fram í athugasemd hv. þm. Halldórs Blöndals, forseta Alþingis, að hann óskaði eftir því að þetta mál yrði tekið út af dagskrá í dag vegna þess að hann vildi skoða það örlítið nánar. Það getur verla verið mikill ágreiningur um það þó að svona mál frestist um einn dag eða svo.

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm. Margréti Sverrisdóttur og óskir þingmannsins um skýringar á því að þessi beiðni um skýrslu skyldi tekin út af dagskrá. Eðlilegt er að kannað sé hvort mál séu þinglega rétt. Hins vegar hafa þeir 11 þingmenn úr öllum stjórnarandstöðuflokkunum á þingi lagt nafn sitt við tillöguna sem gengur út á að afla upplýsinga fyrir Alþingi í mikilvægu máli sem er til umræðu, að fá sem gleggstar upplýsingar um ráðstöfun og vegferð aflaheimilda á undanförnum árum. Út á það gengur þessi beiðni.

Hæstv. forseti Alþingis hefur gefið til kynna að þessi beiðni verði tekin til afgreiðslu á morgun og er gott til þess að vita þótt ég ítreki gagnrýni mína að þetta mál skuli hafa verið tekið út af dagskrá í dag.

[13:47]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég er einn af þeim hv. þm. sem eru á þessari skýrslubeiðni og þetta þingskjal hefur verið merkt 590. Ég taldi víst að þingskjöl væru ekki merkt fyrr en þau hefðu farið í gegnum ákveðna skoðun og þá metið að þau væru þingtæk.

Ég held, virðulegi forseti, að það verði að gera miklu betri grein fyrir því af hverju þetta er tekið af dagskrá vegna þess að við getum ekki tekið þátt í því hér eða upplifað að hér séu á ferðinni einhvers konar geðþóttaákvarðanir sem mönnum kemur til hugar þegar þeir skoða málið nánar. Þá kröfu verður að gera til forsetaembættisins og þeirra sem þar ráða ferð að mál séu nægilega vel skoðuð áður en þau eru lögð fram en ekki að þau séu tekin af dagskrá án nokkurs rökstuðnings.

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það skiptir ekki sköpum hvort þetta er samþykkt í dag eða á morgun en ég held að hæstv. sitjandi forseti ellegar aðalforseti skuldi þingheimi miklu betri útskýringar en fram hafa komið í þessu máli.

[13:48]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti telur að það hafi komið mjög skýrt fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. hvers vegna hann óskaði eftir því að atkvæðagreiðslunni yrði frestað um einn dag eða svo og þurfi varla að endurtaka það oftar.

[13:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í allri vinsemd leyfi ég mér að segja að væntanlega hefði það sparað þessa umræðu ef komið hefði skýring í eins og tveimur setningum á því hvers vegna þetta fyrsta dagskrármál væri ekki borið upp til atkvæða. Það hefði borist ósk um að fá að athuga málið nánar og það hefði verið tekið fyrir á morgun og ég hefði þá ekki gert athugasemdir við það.

Ég minni á þá venju að bera tafarlaust upp til samþykktar eða synjunar í þinginu skýrslubeiðnir af þessu tagi, sú er hefðin hygg ég vera.

Auðvitað geri ég ekki stórfelldar athugasemdir við það þó að hæstv. forseti eða eftir atvikum einhverjir hv. þm. vilji fá að skoða svona skýrslubeiðni nánar en það hlýtur þá að vera vegna þess að efasemdir hafi vaknað í brjóstum viðkomandi um að skýrslubeiðnina eigi að samþykkja. Hér viðhafði hv. 1. þm. Norðurl. e. þau orð að þetta væri til að athuga hvort skýrslubeiðnin væri þinglega fram borin.

Nú undrar það mig að svo skuli tekið til orða þar sem 11 þingmenn fara fram á skýrsluna og sá er réttur þingmanna 9 eða fleiri ef ég man rétt í þingsköpum að óska eftir slíkri skýrslu. Hvað getur þá verið óþinglegt við hana annað en það sé þá mat forseta að farið sé fram á upplýsingar með þeim hætti að það væri brot á einhverjum lögum eða reglum

að verða við þeim. Þá hlýtur aftur að vera komið að því að menn séu með hugmyndir um að leggja það til og þess vegna sé óskað eftir tíma til athugunar málsins að uppi séu hugmyndir um að leggja það til að skýrslubeiðnin verði felld. Þá er það auðvitað, herra forseti, grafalvarlegur atburður. Þess munu afar fá dæmi ef nokkur að sá sterki réttur þingmanna að krefja upplýsinga hvort sem heldur er með fyrirspurnum, munnlegum eða skriflegum eða beiðnum um skýrslur sé ekki virtur til hins ýtrasta. Ég bíð þá eftir að sjá þann rökstuðning sem heldur í þeim efnum að það geti þá verið tilefni til þess að leggja það til að þessari skýrslubeiðni verði hafnað.

[13:50]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti telur að ósk forseta Alþingis um að fresta þessu máli um einn dag eða svo kalli ekki á vangaveltur sem þessar.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 13:50.

---

65. FUNDUR

miðvikudaginn 16. febr.,
að loknum 64. fundi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Upplýsingamiðlun EFTA til væntanlegra ESB-landa, fsp. ÖS, 316. mál, þskj. 566.

Til dómsmálaráðherra:

2. Breyting á áfengiskaupaaldri, fsp. JóhS, 323. mál, þskj. 573.

Til samgönguráðherra:

3. Rannsóknir á tveimur sjóslysum, fsp. GHall, 278. mál, þskj. 397.

Til umhverfisráðherra:

4. Íslenski hrafninn, fsp. ÖS, 313. mál, þskj. 563.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Varðveisla sjaldgæfra hrossalita, fsp. ÖS, 317. mál, þskj. 567.

Til iðnaðarráðherra:

6. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, fsp. SvanJ, 331. mál, þskj. 582.

Upplýsingamiðlun EFTA til væntanlegra ESB-landa.

Fsp. ÖS, 316. mál. — Þskj. 566.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Samningur um Evrópska efnhagssvæðið er ákaflega mikilvægur fyrir Ísland. Ég held að hann eigi ríkan þátt í þeirri velsæld sem hér hefur orðið til á síðustu árum. Það skiptir því miklu máli að styrkja þennan samning ekki síst þegar í gangi er þróun sem allt bendir til að muni veikja samninginn eins og fram kom í orðaskiptum okkar hæstv. utanrrh. í síðustu viku. Hluti af þeirri þróun sem veikt getur samninginn eru afleiðingar af stækkun Evrópusambandsins. Þegar ný ríki verða fullgildir þátttakendur í Evrópusambandinu þá verða þau um leið sjálfkrafa aðilar að samningnum um EES. Eftir það eru þau kölluð til umsagnar um öll þau mál sem varða hagsmuni okkar og þennan samning. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að væntanleg aðildarlönd séu vel upplýst um hvað felst í samningnum um EES og hvaða rétt og skyldur þau hafa gagnvart þeim samningi.

Því miður er þó staðreynd, herra forseti, að þekkingu þeirra ríkja sem þegar eru innan ESB er ákaflega áfátt þegar kemur að þessum samningi. Áhugi þeirra á samningnum hefur raunar aldrei verið mjög mikill og fer dvínandi ef eitthvað er, enda virðast sum þeirra líta á hann sem tímabundið og skammvinnt fyrirtæki. Þess vegna held ég, herra forseti, að því miður sé líka líklegt að hin nýju ríki sem innan fárra ára kunna að verða aðilar að Evrópusambandinu hafi litla þekkingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið nema henni verði sérstaklega ýtt að þeim. Það væri ákaflega neikvætt fyrir hagsmuni okkar ef það væri ekki gert. Ég tel að okkur beri skylda til að upplýsa þessi lönd um samninginn og reyna að efla tvíhliða upplýsingaflæði, annars vegar með því að Íslendingar sjálfir hafi sem nánast samband við þau ríki sem núna eru að hefja viðræður um aðild að ESB og sömuleiðis tel ég að EFTA ætti að gera sérstakt átak í þeim efnum.

Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því að Evrópusambandið hefur skyldum að gegna í þessu efni. Eigi að síður tel ég nauðsynlegt að við tökum af skarið í þessum efnum og leggjum í sérstakt átak til að efla flæði upplýsinga um Evrópska efnahagssvæðið til þessara kandídata til aðildar að ESB. Þess vegna hef ég lagt fram fyrirspurnir til hæstv. utanrrh. þar sem ég spyr:

„1. Hvernig hefur EFTA reynt að kynna væntanlegum aðildarlöndum Evrópusambandsins EES-samninginn?

2. Er fyrirhugað að gera átak af hálfu EFTA til að efla þekkingu þeirra á samningnum?

3. Mun utanríkisráðuneytið reyna sérstaklega að auka þekkingu og skilning viðkomandi landa á mikilvægi EES-samningsins fyrir Ísland? Ef svo er, hvernig?"

[13:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er mjög erfitt að gera grein fyrir máli sem þessu á jafnstuttum tíma og ég hef hér til umráða. Ég vil fyrst og fremst beina athyglinni að fyrsta lið þessara spurninga og reyna þá að gera grein fyrir hinum á þeim tíma sem ég hef síðar.

Í fyrsta lagi er ljóst að skv. 128. gr. EES-samningsins ber aðildarríki Evrópusambandsins að sækja um aðild að EES-samningnum jafnframt. Umsóknarríkjum um aðild að Evrópusambandinu er gerð grein fyrir EES-samningnum með margvíslegum hætti. Í fyrsta lagi hefur Ísland gert fríverslunarsamninga við flest umsóknarríkin ásamt hinum EFTA-ríkjunum. Við aðild þessara ríkja að ESB munu þessir samningar falla niður eins og kunnugt er. Síðan er endursamið um þessa samninga við Evrópusambandið. Í samningaviðræðum við umsóknarríkin og í sambandi við framkvæmd þeirra er þessum ríkjum gerð grein fyrir gildi EES-samningsins bæði af hálfu EFTA-skrifstofunnar í Genf

og fastanefnda EFTA-ríkjanna. Á fundum sameiginlegra nefnda EFTA-ríkjanna og þriðju ríkja á grundvelli fríverslunarsamninga þessara aðila fara jafnan fram skoðanaskipti um samskiptin við Evrópusambandið. EFTA-ríkin hafa þá greint hinum væntanlegu aðildarríkjum frá samskiptum sínum við Evrópusambandið annars vegar á grundvelli EES og hins vegar hvað Sviss varðar á grundvelli hinna tvíhliða samskipta. Um leið hafa EFTA-ríkin minnt á að við aðild að Evrópusambandinu falli fríverslunarsamningurinn úr gildi og viðkomandi ríki þurfi að sækja um aðild að EES. Jafnframt hafa hin væntanlegu aðildarríki verið hvött til að kynna sér ákvæði EES-samningsins.

Í fyrra var 8 þús. diskettum dreift til landa sem EFTA hefur þriðju landa samninga við. Meginþorri þessa efnis fór til umsóknarlandanna. Disketturnar höfðu að geyma efni um fyrirkomulag viðskipta innan EFTA-ríkjanna og var þar ásamt öðru kynntur EES-samningurinn. Efninu var m.a. dreift til stjórnsýslunnar í umsóknarríkjunum og hagsmunaaðila atvinnulífsins. EFTA-nefndin um svokallaða viðskiptaliprun eða Trade Facilitation hefur um þessar mundir til umfjöllunar möguleika á að halda málþing í umsóknarríkjunum með hagsmunaaðilum atvinnulífsins um svonefnda viðskiptaliprun. Ég vænti þess að af þessu málþingi geti orðið og við erum hlynnt því.

Um þessar mundir er unnið að því að færa efni um þetta mál á heimasíðu EFTA og verður uppfærslan kynnt umsóknarríkjunum.

Í öðru lagi átti ráðgjafarnefnd EFTA fund í Vaduz þann 3. og 4. nóvember sl. með fulltrúum vinnumarkaðarins frá öllum umsóknarríkjunum þar sem kynnt var starfsemi EFTA, EES-samningurinn og tvíhliða samningur Sviss og ESB.

Í þriðja lagi átti þingmannanefnd EFTA fund 30. til 31. október 1997 með þriðju ríkjum sem þá höfðu gert fríverslunarsamning eða samstarfsyfirlýsingu við EFTA-ríkin.

Í fjórða lagi er fastanefndum umsóknarríkjanna í Brussel gerð grein fyrir EES-samningnum. Norðurlöndin eiga á ýmsum sviðum reglulega fundi með Eystrasaltsríkjunum og sérstakir fundir hafa verið haldnir með þeim um stækkun ESB og Ísland og Noregur taka þátt í þessum fundum.

Í fimmta lagi eru þessi mál rædd reglulega við Evrópusambandið og hefur meiri aðgangur EFTA-ríkjanna að samningaviðræðunum, með vísan til áðurnefndrar 128. gr. EES-samningsins, verið eitt af meginkeppikeflum EFTA-ríkjanna á undanförnum árum.

Í sjötta lagi er sérhvert tækifæri notað í tvíhliða samskiptum EES/EFTA-ríkjanna og umsóknarríkjanna til að kynna EES-samninginn. Slík tækifæri eru bæði notuð í tengslum við fundi embættismanna og líka ráðherra.

Loks ber að nefna að Ísland hefur á undanförnum árum tekið vaxandi þátt í störfum nefndarinnar um innri markaðsmál eða svokallaðrar ÍMARK-nefndar sem hefur m.a. það hlutverk að kynna Evrópurétt og EES-rétt í stjórnsýslu EES-ríkjanna. EFTA-ríkin fengu tiltölulega nýlega rétt til setu í þessari nefnd og þótti það mjög mikilvægt framfaraskref vegna kynningar á EES-samningnum.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum, ég vildi gjarnan hafa haft mun meiri tíma til þess að kynna þetta mál. Ég vildi gjarnan fá tækifæri til að gera það í hv. utanrmn. því ég tel að það sé rétti vettvangurinn til þess og mér er gjörsamlega ómögulegt að gera fullnægjandi grein fyrir þessu máli á þessum stutta tíma.

[14:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ástarjátningar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í garð EES-samningsins voru athyglisverðar. Það var helst á hv. þm. að heyra að samningurinn hefði tekið við því hlutverki að vera undirstaða velsældar í landinu og hefði leyst þorskinn af hólmi í þeim efnum. Sömuleiðis hafði hv. þm. áhyggjur af því að væntanleg aðildarríki að Evrópusambandinu væru ekki nógu upplýst um EES-samninginn og áhyggjur af framtíð EES-samningsins. Þá er ekkert eftir ósagt annað en það sem liggur í loftinu, þ.e. söknuður hv. þm. yfir því að Ísland skuli ekki vera í þessum hópi, sem er augljós.

Að öðru leyti, herra forseti, held ég að þær breytingar sem verða á þessu risandi sambandsríki Evrópu hvað varðar skipulag og ákvarðanatökuferli sé miklu stærra mál heldur en hversu vel upplýst hin nýju aðildarríki eru um Ísland og EES-samninginn. Þegar sex og svo kannski önnur sex ríki bætast þarna við mun það leiða til verulegra breytinga á skipulagi þessa bandalags. Það er verulega stórt mál og ástæða til að fylgjast með því, miklu fremur en hitt að hafa áhyggjur af þessum þætti málsins.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr svör miðað við þann tíma sem hann hafði til umráða. Ég á ekki sæti í hv. utanrmn. lengur og þess vegna kom ég með fyrirspurn mína hér og ég vona að hæstv. ráðherra þyki það ekki að ófyrirsynju. Að því er varðar orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þá voru þau auðvitað vanabundið ergelsi hans út í EES-samninginn, sem við kynntumst auðvitað ákaflega vel á síðustu kjörtímabilum. Ég er þeirrar skoðunar og gæti í lengra máli fært miklu sterkari rök fyrir því að samningurinn um EES eigi verulega mikinn þátt í þeirri velsæld sem hefur komið upp á síðustu árum. Ég get því miður ekki farið nánar út í það á þeim knappa tíma sem ég hef hér en væntanlega tek ég snerru um það við hv. þm. þegar við ræðum um utanríkismál síðar á þessu þingi.

Hæstv. utanrrh. taldi hér upp allmarga þætti sem hann hefur ráðist í til þess að efla þessi tvíhliða samskipti milli Íslands, aðallega þó EFTA, og væntanlegra aðildarlanda. Það skiptir ákaflega miklu máli. Hæstv. ráðherra greindi frá því í síðustu viku að hann væri þeirrar skoðunar að stækkunin ein og sér og áhrif hennar og afleiðingar gætu leitt til þess að staða samningsins mundi dvína og rýrna. Þess vegna er það ákaflega mikilvægt fyrir íslenska utanríkisverslun og íslenska velsæld að gera það sem hægt er til þess að þær afleiðingar verði sem minnstar. Ég hefði, ef hæstv. ráðherra hefur tóm til, mikinn áhuga á því að hann mundi í seinni ræðu sinni gera grein fyrir því hvort utanrrn. muni sérstaklega reyna að ná sambandi við þessi ríki og kynna þeim afstöðu okkar. Ég er alveg viss um að það hefur mikil áhrif að dreifa til þeirra 8 þús. diskettum en ég hugsa jafnvel að sérstök för sendinefndar af hálfu íslenska utanrrn. til þessara ríkja hefði jafnvel meiri áhrif heldur en 8 þús. diskettur.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það eru í gangi stöðug samskipti út af þessum málum. Í næstu viku á ég m.a. fund með utanríkisráðherra Bretlands, Robin Cook, út af þessum málum og ýmsum öðrum. Við verðum að sjálfsögðu að fylgjast með

þeim eins og kostur er. Þar sem hv. þm. á ekki lengur sæti í utanrmn. þá er ég að sjálfsögðu tilbúinn til að mæta, eða embættismenn mínir, hvenær sem er hjá hvaða þingflokki sem er til að upplýsa sem best um þessi mál. Ég óska eftir því að leitað verði eftir því. Hins vegar skil ég hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þannig að hann óski ekki eftir því, vilji ekki umræðu um þessi mál (Gripið fram í.) og sé í reynd á móti upplýsingum um þessi (Gripið fram í.) mál. Þetta kemur ekki á óvart (Gripið fram í.) frá þessum hv. þm. því inngrip hans í umræðunni var það í reynd að mótmæla því að einhverjar upplýsingar kæmu fram. Það skil ég ekki.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. þm. að hafa hemil á kæti sinni meðan verið er að tala hér í ræðustól.)

Breyting á áfengiskaupaaldri.

Fsp. JóhS, 323. mál. — Þskj. 573.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. 5. júní 1998 samþykkti Alþingi breytingar á áfengiskaupalögum. Hv. allshn., undir forustu núv. dómsmrh. og þáv. formanns nefndarinnar, Sólveigar Pétursdóttur, beitti sér þá fyrir ákvæði til bráðabirgða við þau lög þess efnis að dómsmrh. skipi nefnd sem hefði það verkefni að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Í þessu ákvæði til bráðabirgða var dómsmrh. falið að skipa nefnd sem hefði þetta verkefni og var viðfangsefni nefndarinnar lýst svo:

1. Skilgreindir verði kostir og gallar breytinga á áfengiskaupaaldri.

2. Könnuð verði reynsla annarra þjóða sem breytt hafa áfengiskaupaaldri.

3. Kannað verði hvernig efla þyrfti forvarna- og eftirlitsstarf til að stuðla að jákvæðum áhrifum slíkra breytinga og hvernig standa þyrfti að undirbúningi.

4. Metin verði áhrif þess til lengri og skemmri tíma að færa áfengiskaupaaldur niður í 18 ár.

5. Metið verði hvort rétt væri að færa áfengiskaupaaldurinn tímabundið niður í 18 ár til að kanna reynslu slíkra breytinga eða hvort eingöngu verði miðað við að færa aldurinn úr 20 í 18 ár að því er varðar létt vín og bjór.

6. Meta hvort rétt væri að skoða samhliða slíkri breytingu að færa aldurinn til ökuleyfis úr 17 í 18 ár og að lækka leyfilegt áfengismagn í blóði 17–20 ára við akstur í 0 prómill.

Í mars 1999, eða hálfu ári eftir að dómsmrh. átti samkvæmt lögunum að hafa skilað skýrslunni til Alþingis, spurði ég þáv. dómsmrh. Þorstein Pálsson um stöðu málsins. Þá kom í ljós að ráðherra hafði ekki skipað nefndina fyrr en þremur til fjórum mánuðum eftir að hún átti að skila niðurstöðu sinni til Alþingis. Ég skil vel að málið er vandmeðfarið og ýmsar úttektir og athuganir þurfi að gera og meta t.d. reynsluna hjá nágrannaþjóðunum sem fyrir löngu síðan hafa lækkað áfengiskaupaaldurinn niður í 18 ár til samræmis við þau réttindi sem ungt fólk á þessum aldri hefur fengið. Nú, um einu ári eftir að þáv. dómsmrh. var spurður um málið, bólar enn ekkert á umræddri skýrslu. Mér finnst virðingu Alþingis miboðið með því að framkvæmdarvaldið virði ekki ákvæði laga sem hér eru sett en hæstv. dómsmrh. hafði lagafyrirmæli í áfengiskaupalögunum frá 1998 um að leggja málið fyrir Alþingi á tilteknum tíma. Hafi sá tími ekki verið nægjanlegur þá bar hæstv. ráðherra að óska eftir atbeina Alþingis til að fá framlengdan þann tímafrest sem Alþingi gaf ráðherra til að vinna verkið, þ.e. til október 1998. Nú er liðið eitt og hálft ár frá því ráðherra bar samkvæmt lögunum að leggja skýrsluna fyrir þingið.

Það hefur gerst áður að ráðherra hafi með frv. til laga óskað framlengingar á fresti sem Alþingi hefur gefið til tiltekinna verka. Í því sambandi minni ég á skaðabótalögin sem hæstv. ráðherra þekkir og skemmst er líka að minnast að hæstv. sjútvrh. greindi Alþingi frá því nú þegar þing kom saman í haust að skýrsla sem hann átti að vinna samkvæmt lögum um Kvótaþing væri ekki tilbúin. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra skýri líka fyrir Alþingi nú hvort einhver niðurstaða liggi fyrir varðandi viðfangsefni nefndarinnar og þá hver hún er. En til þess að fá svar við þessu og einkum hvers vegna, sem mér finnst ámælisvert, að ráðherra hafi ekki enn skilað þessari skýrslu eða gert grein fyrir af hverju, þá er þessi fyrirspurn lögð hér fram í þremur töluliðum.

[14:09]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og ábendingar hennar. Hér er spurt um mál sem vissulega hefði mátt fara betur. Tilurð þess má þó rekja til atvika sem áttu sér stað áður en ég tók við ráðherraembætti. Nefnd þeirri sem hér um ræðir hefur því miður ekki miðað nógu vel í störfum sínum þannig að ekki hefur verið staðið við þau tímamörk sem henni voru sett. Eins og áður hefur komið fram, í svari fyrrv. dómsmrh. í mars sl. við fyrirspurn hv. þm. sem nú spyr aftur um málið, dróst skipan nefndarinnar fram í janúar á síðasta ári. Nefndinni þótti síðan nauðsynlegt að láta fara fram víðtæka gagnaöflun til að byggja niðurstöðu sína á, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Hún leitaði einnig til Ingu Dóru Sigfúsdóttur, sérfræðings hjá fyrirtækinu Rannsóknir og greining, en hún hefur unnið að samantekt rannsókna sem gerðar hafa verið um áfengisneyslu og drykkjuvenjur íslenskra ungmenna. Var það mat nefndarinnar að mikilvægt væri að fá niðurstöður úr þeirri samantekt til nota í skýrslu nefndarinnar og til rökstuðnings þeim tillögum sem hún mun gera. Niðurstöður skýrslunnar frá Rannsóknum og greiningu bárust í nóvember sl. og hefur nefndarstarfinu síðan verið hraðað svo sem föng eru á. Drög að skýrslu nefndarinnar liggja nú fyrir hjá nefndarmönnum og stefnir nefndin að því að skila tillögum sínum eigi síðar en í apríl næstkomandi, en nefndin fundar nú stíft.

Hæstv. forseti. Það á sinn þátt í drættinum á starfi nefndarinnar að tveir nefndarmenn hafa látið af störfum á starfstímanum og aðrir komið í þeirra stað. Nefndin er nú skipuð eftirtöldum: Söndru Baldvinsdóttur frá dómsmrn. sem er formaður; Jóni Bjartmarz frá ríkislögreglustjóra, Jónínu Bjartmarz frá Samtökunum heimili og skóla, Þorgerði Ragnarsdóttur, tilnefndri af heilbr.- og trmrn., Ingibjörgu Guðlaugsdóttur, tilnefndri af Félagi framhaldsskólanemenda og Óttari Guðmundssyni, tilnefndum af landlæknisembættinu.

Svo vikið sé að fyrstu spurningu fyrirspyrjanda þá getur verið nokkuð erfitt fyrir ráðherra að hafa verkstjórn með nefndum sem þessari. Ég hlýt að vísa til orða fyrrv. dómsmrh. um að þingmenn sýni skilning á að nefndin þurfi nauðsynlegan tíma til að kanna málið. Ráðherra hefði auðvitað getað leyst nefndina frá störfum og skipað nýja en það hefði ekki

flýtt fyrir lokaniðurstöðu. Það hefur sjaldan gefist vel að skipta um hest í miðri á. Víst hefði átt að óska atbeina Alþingis um framlengingu á frestinum samkvæmt lögunum og framkvæmdarvaldshafa eiga að framfylgja lagafyrirmælum. Sú skylda takmarkast þó af því sem telja verður mögulegt.

Það sem mestu máli skiptir er að fá vandaða niðurstöðu úr nefndinni. Ég er viss um að hv. fyrirspyrjandi er mér sammála um það. Hér er um að ræða álitaefni sem margar hliðar eru á og bent var á í allshn. á sínum tíma. Þetta kemur glöggt fram í þeim fyrirmælum sem fram koma í bráðabirgðaákvæði laganna sem hv. fyrirspyrjandi gerði einmitt grein fyrir í máli sínu hér áðan. Ég mun að sjálfsögðu leggja áherslu á að fylgjast sérstaklega vel með þessu máli og vænti þess að nefndin skili tillögum sínum eins fljótt og unnt er þannig að hv. þm. geti kynnt sér þær.

[14:12]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni álitamál sem hefur margar hliðar. Ég held að í raun sé með þessari fyrirspurn hreyft mjög þörfu máli sem nauðsynlegt er að taka snarlega til afgreiðslu. Ein hliðin á þessu er t.d. sú að fólkið sem er heimill aðgangur að vínveitingastöðum, þ.e. 18 ára, má ekki, eftir að inn er komið, kaupa áfengi. Það vita allir að það er ekki hægt að framfylgja svona banni, það gengur bara ekki upp. Ég held að það þurfi að afgreiða þetta mál snarlega. Ég treysti hæstv. dómsmrh. til að svo verði gert. Önnur hlið á þessu máli, herra forseti, er að fólk í vígðri sambúð, fólk sem er gift, má ekki kaupa áfengi. Hugsast getur að hjón fari saman inn á veitingastað en annað þeirra megi ekki kaupa áfengi. Svona atriðum sem þarf að ganga frá og laga. Ég þakka fyrir að þessu máli skuli vera hreyft hérna.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra hæstv. fyrir svörin. Það er alveg ljóst eins og fram kom í máli hennar að sökin er ekki hennar nema að hluta. Þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í dómsmrn. eru vissulega til vansa og ámælisverð. Ég hef sagt að ég hafi fullan skilning á því að þessi nefnd þurfi ákveðið svigrúm til að vinna verk sitt og kannski lengri tíma en þingið gaf í upphafi, en það er lágmark að hæstv. ráðherra láti þá Alþingi vita hvernig standi á slíkum drætti, að það skuli líðast að fjórum mánuðum eftir að skýrslan á að liggja hér fyrir Alþingi, þá fyrst skipi ráðherra nefndina.

Nú þegar liðið er eitt og hálft ár frá því að skýrslan átti að liggja fyrir þinginu þarf að kreista fram hjá þessum tveimur ráðherrum skýringar á þeim drætti. Það er þetta sem ég er fyrst og fremst að gagnrýna. Það er áhyggjuefni hve oft ráðherrar vanvirða þingið t.d. með því að veita ekki upplýsingar sem þm. óska eftir hjá framkvæmdarvaldinu. Það er þetta fyrst og fremst sem ég er að vekja athygli á. Ég nefndi það hér að hæstv. sjútvrh. gerði þinginu grein fyrir því þegar á öðrum degi þingsins í haust að dráttur yrði á því að hann gæti lagt fram skýrslu sem hann átti að leggja fyrir í janúarmánuði, sem þá voru fjórir mánuðir í. En hæstv. dómsmrh. hefur ekki gert það. Þess vegna er þessi vinnubrögð ámælisverð.

En það hefur þó komið hér fram að verið er að vinna af miklum krafti í þessari skýrslu og það er vel. Hún verður væntanlega lögð fyrir í aprílmánuði nk. eins og hæstv. ráðherra bendir á en ég skil ekki að tvo mánuði þurfi til viðbótar til að vinna þessa skýrslu þegar drög liggja þegar fyrir á borði ráðherra. Ráðherra hefur sem sagt viðurkennt það sem ég spurði um í fsp. minni, að ástæða væri til að óska eftir atbeina Alþingis til að fá framlengdan þann frest sem Alþingi gaf dómsmrh. Ráðherra hefur sagt að það sé ekki til eftirbreytni að framfylgja ekki lagafyrirmælum eins og hv. tveir dómsmrh. hafa orðið berir að.

Íslenski hrafninn.

Fsp. ÖS, 313. mál. — Þskj. 563.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég átti orðastað við hæstv. umhvrh. í síðustu viku um stöðu íslenska hrafnastofnsins. Þá flutti hæstv. ráðherra hér tölur sem að mínu mati gáfu ákaflega uggvænlegar upplýsingar um stofninn og ég átti ekki von á áður. Þær fólu í sér eftirfarandi:

Í fyrsta lagi kom fram að við einu skipulögðu rannsóknirnar á stofninum hér á landi sem fóru fram í Þingeyjarsýslum 1991–1998 þá fækkaði hrafnsóðulum í ábúð um 2,1% á ári. Stofninn hefur því minnkað verulega.

Í öðru lagi segir hæstv. ráðherra sjálf að líklegasta skýringin á þessu sé ofveiði.

Í þriðja lagi upplýsti hún að samkvæmt skýrslum veiðimanna hefði veiddum hröfnum fækkað úr 7.100 árið 1995 í ríflega 5.000 árið 1998. Þetta er auðvitað skýr vísbending um ofveiði og ekkert annað, svo fremi veiðiálagið hafi ekki minnkað, sem ekkert bendir hins vegar til.

Í fjórða lagi sagði hæstv. ráðherra að miðað við einu upplýsingarnar sem liggja fyrir um stofnstærðarmat á hrafni séu u.þ.b. 5.000 ungar til í lok sérhvers varptímabils. Herra forseti. Miðað við þessar upplýsingar sem hæstv. ráðherra veitir er verið að veiða fleiri hrafna árlega en verða til í varpinu. Veiðin hefur sem sagt sveiflast sl. ár frá 5.500 upp í 7.100 hrafna en á öllum þessum síðustu árum er það meiri fjöldi en hæstv. ráðherra segir hér við þingið að komist upp vegna varpsins. Ég hef engar upplýsingar aðrar en þær sem hæstv. ráðherra lagði fram. Mig uggði ekki að þær væru svona dramatískar en séu þær réttar þá er ljóst að verið er að ganga nokkuð harkalega á hrafnastofninn. Ég spurði því hæstv. ráðherra í síðustu viku þegar við ræddum þetta hvort hún hygðist ekki beita sér fyrir að hrafninn yrði settur á válista. Hæstv. ráðherra tók sennilega ekki eftir spurningunni og svaraði henni ekki, en ég tel að þær upplýsingar sem liggja fyrir um eina tiltekna fuglategund séu það alvarlegar að ráðherrann verði að skýra fyrir okkur hvort hún ætli ekki að beita sér fyrir því að hrafninn verði settur á válista. Ef hún ætlar sér ekki að gera það er þá hægt að draga aðra ályktun en þá að hún trúi ekki sjálf þeim upplýsingum sem hún flutti okkur í síðustu viku?

[14:19]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Spurt er hvort umhvrh. hyggist beita sér fyrir því að íslenska hrafninum verði bætt á válista. Það er ekki í verkahring umhvrh. að meta hvort viðkomandi stofn eða tegund fari á válista né að beita sér fyrir því. Við mat á því hvort tegund er sett á válista er farið eftir settum viðmiðunum sem byggja á vísindalegum upplýsingum um ástand viðkomandi stofns og þróun hans undanfarin ár.

Náttúrufræðistofnun Íslands er sú stofnun ráðuneytisins sem framkvæmir slíkt mat og gefur út válista yfir þær tegundir sem eiga undir högg að sækja í ljósi settra viðmiðana

frá Alþjóðanáttúruverndarsamtökunum. Undanfarin ár hefur Náttúrufræðistofnun Íslands unnið að gerð válista yfir fugla og er þeirri vinnu að mestu lokið. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar á eftir að fara yfir og athuga betur gögn um fjórar tegundir og ganga frá listanum til útgáfu. Væntanlega verður válistinn yfir fugla gefinn út innan tveggja mánaða.

Hrafninn er ein af þessum fjórum tegundum sem eru í athugun og í drögum að válistanum sem nú er í vinnslu er hrafninn flokkaður til tegunda í svokallaðri yfirvofandi hættu, sem er slök þýðing úr ensku á orðinu „vulnerable". Ástæðan fyrir því er að samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja virðist stofninn hafa minnkað um 20% eða meira á undanförnum árum. Eins og fram kom í fsp. og svörum mínum í síðustu viku hefur hann farið minnkandi en athugun stofnunarinnar beinist núna að því að meta hvort upplýsingar um hrafnastofninn séu nægjanlega áreiðanlegar til að flokka hann með þessum hætti eða hvort setja ætti hrafninn í flokk sem kallast upplýsingar ófullnægjandi.

Varðandi það sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að líkleg skýring væri ofveiði, þá hefur hún eigi að síður farið minnkandi. Árið 1995 voru veiddir 7.100 fuglar en árið 1998 5.500 fuglar. Veiðin hefur því farið minnkandi en rétt er að miðað við þær upplýsingar sem við höfum eru ungarnir 5.000, þannig að hér er um meiri veiði að ræða heldur en ungafjölda. Ég vil einnig nefna að ýmsir telja eðlilegt að hrafninum fækki vegna þess að hann komist í minna æti en fyrr, þ.e. það er búið að loka meira af ruslahaugum og skreiðarhjallar eru ekki um allt land eins og var hér áður fyrr og það gæti því verið eðlilegt að stofninn drægist saman.

Virðulegur forseti. Varðandi fyrirspurnina mun ráðuneytið ekki hafa afskipti af þessu ferli, þ.e. válistaferlinu. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið að vinna að útgáfu válistans fyrir fuglana í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, svo sem ákvæði í Bernarsamningnum um vernd villtra plantna og dýra og búsvæða þeirra. Við munum því bíða átekta eftir að válistinn verði skýr og meta hvort þá þurfi að grípa til aðgerða eða ekki.

[14:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 7. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, fyrir þessa fyrirspurn. Málið er afar athyglisvert. Við vitum að hrafninn hefur því miður verið veiddur ótæpilega af óvönduðum veiðimönnum og því er málið komið í þetta horf sem hér hefur verið rætt um. Ég tek undir með fyrirspyrjanda og vonast til þess að ráðherra flokki ekki hrafninn í flokk sem hann nefndi hér áðan, upplýsingar ófullnægjandi. Ég vona að hann lendi í hinum flokknum, þ.e. yfirvofandi hætta, eins og raun ber vitni um. En aftur, bestu þakkir til fyrirspyrjanda og var vonum seinna að vakin væri athygli á þessu máli.

[14:24]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri fyrirspurn sem hér er komin fram til að fá skýrari svör sem ráðherrann hefur svo sannarlega gefið. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvenær sé að vænta niðurstöðu um hvort íslenski hrafninn lendi á válista eða verði verndaður á annan hátt.

Við skulum minnast þess að íslenski hrafninn er að sjálfsögðu vargur í mörgum skilningi þess orðs en hann hefur líka mikla sérstöðu meðal íslensku þjóðarinnar, sérstöðu í íslensku náttúrufari. Við eigum að gæta hans eins og annarra dýra og ganga ekki of nærri honum.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Hafi ég skilið hæstv. ráðherra rétt þá er í máli hennar hrapallegur misskilningur. Hæstv. ráðherra benti á að veiðar hefðu minnkað á hrafni. Það er rétt. Árið 1995 voru veiddir rösklega 7.000 hrafnar og 1998 ekki nema 5.100. En það eru hættumerki sem speglast í því. Á þessum tíma hefur veiðimönnum að líkindum fjölgað frekar en hitt og það að veiðiálagið skuli aukast á sama tíma og veiðin minnkar bendir auðvitað til þess að stofninn sé að minnka og e.t.v. hraðar en þessar tölur gefa til kynna. Ég tek það hins vegar fram, herra forseti, að ég er sammála hæstv. ráðherra um að gera megi því skóna að á síðustu tveimur áratugum sé ekkert óeðlilegt þó að hrafnastofninn minnki vegna þess að miklu minna framboð er af fæðu en áður með bættu hreinlæti og bættri förgun sorps. En upplýsingarnar sem hæstv. ráðherra flutti hingað inn eru auðvitað ógnvekjandi frá sjónarhóli þessa stofns. Þær fela það í sér að verið sé að veiða fleiri fugla á hverju ári en komast upp. Þá hlýtur maður að staldra við og spyrja: Er það ekki skylda hæstv. ráðherra, sem á fyrir hönd framkvæmdarvaldsins að gæta náttúrunnar, að grípa í taumana? Að sjálfsögðu.

Það er ein meginregla sem allir stjórnmálaflokkar eru sammála um, eru a.m.k að verða sammála um og Framsfl. hefur verið sammála um æðilengi. Hún er sú að náttúran eigi að njóta vafans. Það hefur ítrekað komið fram hjá talsmönnum Framsfl. að náttúran eigi að njóta vafans. Þess vegna dugir ekki fyrir hæstv. ráðherra að koma og segja að ekki sé víst að nægilegar upplýsingar séu fyrir hendi til þess að draga ályktun um stöðu hrafnsins. Ef upplýsingar eru ekki fyrir hendi en vísbendingar hins vegar, álitlegar meira að segja, um að þessi stofn kunni að sæta ofveiði, eins og hæstv. ráðherra sagði fyrir viku síðan, þá á hrafninn að njóta vafans. Það á að setja hann á válista. Þetta er kunningi okkar og eins og áður hefur komið fram er allsendis óvíst hvort Norðmenn hefðu nokkurn tímann fundið Ísland ef ekki hefði verið fyrir atbeina þeirra þriggja hrafna sem fylgdu Hrafna-Flóka.

[14:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt að stofninn hefur minnkað miðað við þær upplýsingar sem tiltækar eru og hrafninn fer á válista — það er verið að flokka núna hvar hann fer á válista. Það er ekki í verkahring ráðherra, eins og hér kom fram í fyrirspurn hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, að flokka hrafninn. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir það og válistinn kemur út núna á næstu tveimur mánuðum en hér var einnig spurt um það. Þegar Náttúrufræðistofnun Íslands er búin að flokka hrafninn á válistann í þann flokk sem þeir telja að hann eigi heima í þá mun ráðuneytið, í samráði við Náttúruvernd ríkisins og ráðgjafarnefnd um villt dýr og hugsanlega fleiri, taka afstöðu til niðurstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og meta hvort ástæða þyki til aðgerða, þá hvaða aðgerða, til að styrkja vernd tegundarinnar, hugsanlega með friðun.

Virðulegur forseti. Ég nefndi í svari mínu áðan að það eru fjórar fuglategundir sem fara á válistann.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Nú eru allt of margir fundir í gangi hérna í salnum. Forseti biður um hljóð í salnum á meðan verið er að tala.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir.

Ég nefndi það áðan í svari mínu að samkvæmt upplýsingum Náttúrufræðistofnunar Íslands eru fjórar tegundir í vinnslu núna í sambandi við válistann, þ.e. hrafninn, grágæsin, svartbakurinn og svartþröstur. Það kom mér verulega á óvart þegar ég fékk þær upplýsingar að svartbakurinn væri ein af þeim tegundum sem er til skoðunar í sambandi við válistann. Ég vildi gjarnan að það kæmi hér fram.

Rannsóknir á tveimur sjóslysum.

Fsp. GHall, 278. mál. — Þskj. 397.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um rannsóknir á tveimur sjóslysum og spurningarnar hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður rannsóknum á sjóslysunum þegar Vikartindur strandaði og Dísarfell sökk?

2. Hvenær má vænta niðurstöðu þeirra?"

Hér er um tvö skip að ræða sem voru undir erlendum fána og hefur nokkuð verið um það fjallað hér, allt frá því þessir válegu atburðir gerðust 1997. Sem betur fer varð ekki manntjón þegar Vikartindur strandaði en allur aðdragandi þess máls var nokkuð sérstakur og til mikillar umhugsunar fyrir íslensk stjórnvöld varðandi inngrip eða ákvarðanatöku þegar skipstjórnarmenn bregðast ekki rétt við.

Í annan stað vildi ég vitna til Dísarfells vegna þess að um það var nokkuð rætt í fjölmiðlum og m.a. vitnað til samgrn. varðandi það mál. Í Morgunblaðinu föstudaginn 11. apríl 1997 segir svo, með leyfi forseta:

„Mörgum spurningum talið ósvarað.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fara fram á framhaldssjópróf vegna skips Samskipa, Dísarfells, sem fórst í byrjun mars. Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur þegar ritað Héraðsdómi Reykjavíkur bréf þar sem óskað er eftir að rannsókn verði haldið áfram.

„Rannsóknanefnd sjóslysa hefur fylgst með málinu og óskar nú frekari upplýsinga. Við teljum frekari rannsókn nauðsynlega, bæði til að athuga forsögu málsins, hvert ástand skipsins hafi verið og hvort fullnægjandi viðgerð hafi farið fram á því, auk þess sem við viljum að reynt verði að skýra tildrög slyssins betur" ..."

Þetta segir þáv. samgrh.

Vitnað er til Ragnhildar Hjaltadóttur, formanns rannsóknarnefndar sjóslysa þá, en hún segir, með leyfi forseta:

„... að í erindi nefndarinnar til héraðsdóms segi m.a. að mjög mörgum spurningum sé ósvarað eftir fyrra sjópróf. Hún leggur þó áherslu á að með þessu sé nefndin á engan hátt að gefa í skyn að sjóslysið sé málum blandið."

En það kemur líka fram í fréttinni, með leyfi forseta, að:

„Ragnhildur kveðst ekki reiðubúin til að greina frá hvaða spurningar hafi vaknað, sem ekki hafi fengist svör við. „Oft eru teknar lögregluskýrslur áður en sjópróf eru haldin, þannig að rannsóknarnefndin og aðrir sem mæta í sjópróf geti undirbúið sig fyrir þau, en í þessu tilviki voru ekki gerðar skýrslur heldur farið beint í sjópróf. Þetta er fremur óvenjulegt, en fyrir vikið eru sjóprófin því frumyfirheyrsla og því er eðlilegt að spyrja þurfi aðila málsins betur," segir hún."

Herra forseti. Þessar fyrirspurnir eru lagðar fram að gefnu tilefni. Eins og ég kom að í upphafi máls míns urðu þessi slys í apríl 1997 og ég verð að segja það að mér finnst nokkuð langt um liðið frá því að rannsóknir hófust aftur og frá því að þessi slys urðu. Ekki eru enn þá komin svör við þessum rannsóknum og ég tel að hér séu mál sem þurfi virkilega að taka mjög á.

[14:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir spurningarnar sem hljóðuðu þannig:

„1. Hvað líður rannsóknum á sjóslysunum þegar Vikartindur strandaði og Dísarfell sökk?

2. Hvenær má vænta niðurstöðu þeirra?"

Vikartindur, sem strandaði vélarvana austan Þjórsár 5. mars 1997, var skráður í Þýskalandi og með erlenda áhöfn. Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur lokið rannsókn sinni og skilað skýrslu til samgrh. Nefndin telur að orsök strandsins hafi verið röng greining bilana í aðalvél og vanmat skipstjóra á aðstæðum þegar hann heimilaði að vélin væri stöðvuð. Hann hefði átt að knýja á um að halda vélinni í gangi og telur nefndin að skipstjóra hafi mátt vera ljóst að áhættusamt væri að liggja við akkeri til lengdar með hliðsjón af vaxandi veðurhæð og álandsvindi. Jafnframt telur nefndin það hönnunargalla að ferskvatnskælikerfi ljósavéla og aðalvélar hafi ekki verið alveg aðskilin og óháð hvort öðru.

Dísarfell, sem sökk 9. mars 1997 á leið til Evrópu, var skráð í Antíku á Barbados og var eign Sigling D Shipping Company sem er dótturfélag Samskipa hf. Áhöfn skipsins var íslensk. Rannsókn rannsóknarnefnda sjóslysa hefur lokið rannsókn sinni og skilað skýrslu til samgrh. fyrr í dag. Skiptar skoðanir eru meðal nefndarmanna hver hafi verið orsök slyssins og skila tveir nefndarmanna séráliti í málinu. Í nefndinni komu fram tvö meginsjónarmið um ástæður þess að Dísarfell sökk. Annað sjónarmiðið, sem fram kemur í séráliti eins nefndarmanna, er að vegna bilunar í dælukerfum og/eða fyrir mistök hafi sjó verið dælt eða hann runnið inn í lestar um samtengt austur- og kjölfestukerfi. Hitt sjónarmiðið, sem fram kemur í séráliti eins nefndarmanns, er að loftrásir lesta og/eða lokunarbúnaður þeirra hafi gefið sig og sjór streymt inn eða þá að bilun hafi orðið í austurkerfi skipsins sem orsakaði innstreymi sjávar í lestar í stað útdælingar. Meiri hluti nefndarinnar, þ.e. þrír af fimm, telur að báðar þessar skýringar geti staðist út af fyrir sig. Þeir telja þó fyrra sjónarmiðið líklegri ástæðu þess að Dísarfell sökk en útiloka ekki seinna sjónarmiðið og að þau geti jafnvel verið samverkandi.

[14:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Það er mjög langt síðan þessi slys áttu sér stað. Hins vegar er forvitnilegt og ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra þegar skoðanir eru skiptar hvað varðar ástæður þess að Dísarfellið sökk, hvort rannsóknin er þá talin ófullnægjandi og að henni sé í raun ekki lokið og það þurfi að fara betur yfir þær niðurstöður sem honum hafa borist. Jafnframt teldi ég ástæðu, virðulegi forseti, til þess að umhvrh. skiladi endanlegri skýrslu hvað varðar hreinsun og frágang á strandstað Vikartinds. Á sínum tíma voru mjög miklar umræður um það hvernig staðið var að allri ákvarðanatöku og verklegri framkvæmd við hreinsunina og ég teldi

ástæðu til þess, virðulegi forseti, að við færum fram á slíka skýrslu.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka samgrh. fyrir greinargóð svör hans um leið og ég vil geta þess sérstaklega, svo það valdi ekki misskilningi, að ég talaði um að ekki hefði orðið slys við strand Vikartinds. Hins vegar varð dauðaslys þegar áhöfn eins af varðskipum okkar lagði sig alla fram við björgunarstörf. Þá fórst einn áhafnarmaður varðskipsins.

Segja má að hér sé nokkuð merkilegt mál á ferðinni. Í fyrsta lagi vegna þessara tveggja álita sem koma fram frá þeim sem sitja í sjóslysanefnd og í annan stað vegna þess að um er að ræða dótturfyrirtæki íslensks skipafélags undir erlendum fána en ætla má lögum samkvæmt að íslensk yfirvöld hafi takmarkaðan aðgang að upplýsingum vegna þess hvar skipið er skráð. Ég tel hins vegar fulla ástæðu til þess að taka tvennt til mjög alvarlegrar athugunar í hinni íslensku löggjöf. Það er í fyrsta lagi það einke nnilega ástand sem er ríkjandi þegar skip ferst eða strandar. Við þekkjum dæmi um það, ekki eru mörg ár síðan að sanddæluskipi hvolfdi úti við Engey. Það liðu líklega tvær vikur eða á þriðju viku þangað til skipið var tekið af strandstað og rannsókn málsins hófst. Full ástæða er til þess að herða mjög á rannsóknum sjóslysa eins og gerist við flugslys. Í sjálfu sér er mjög undarlegt að enn skuli svo vera háttur hafður á sem raun ber vitni um sjóslysin. Í annan stað held ég að full ástæða sé til þess að breyta lögum hér þannig að við höfum meiri yfirráð og getum blandað okkur í rannsókn slysa sem verða á skipum undir erlendum fána í ljósi þess hvernig kaupskipafloti okkar Íslendinga hefur þróast á liðnum árum.

[14:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þeirra orða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að um væri að ræða skiptar skoðanir innan sjóslysanefndar og því væri rannsókn ekki lokið þá vil ég segja að nefndin hefur skilað ráðuneytinu skýrslu. Það eru uppi tvenns konar skýringar tveggja nefndarmanna þannig að út af fyrir sig er ekki beinn ágreiningur þó skýringar séu mismunandi á tildrögum. Ég lít því svo á að nefndin hafi lokið því að skila rannsóknarskýrslu til ráðuneytisins og mun því ekki gera kröfu um frekari vinnu að svo komnu máli nema eitthvað sérstakt nýtt komi upp eða komi í ljós. Ég tel að rannsóknin sé þar með lokið af hálfu nefndarinnar. Hvað varðar það sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, þ.e. um að það þurfi að hraða rannsókn þessara mála þá er ég alveg sammála því og ég tel að það þurfi að skýra þá löggjöf. Ég hef gert ráð fyrir því að leggja fram frv. til laga um rannsóknarnefnd sjóslysa eða rannsóknir sjóslysa á þessu þingi og vonast til að þingið fái það til meðferðar áður en langt um líður. Að öðru leyti vil ég þakka fyrir umræðurnar og fyrirspurnina.

[14:42]

Útbýting þingskjals:

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, 352. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 605.

Varðveisla sjaldgæfra hrossalita.

Fsp. ÖS, 317. mál. — Þskj. 567.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég held það hafi verið hæstv. landbrh. sem sagði einu sinni í ræðu að hátindurinn á sköpunarverkinu væri íslenski hesturinn og hefur sá mæti piltur vafalaust sagt margt vitlausara en það. Ég held fullyrða megi að íslenski hesturinn sé einstakur. Hann hefur verið ræktaður hér á landi í rösklega ellefu hundruð ár og á þeim tíma hefur hann ekki blandað blóði við nein önnur hrossakyn, a.m.k. innan lands. Meðal margra sérstakra eiginleika íslenska hestsins er ótrúleg litafjölbreytni. Það skiptir ákaflega miklu máli frá mörgum sjónarhólum að varðveita hana. Einn sérstakur litur er þó svo fágætur orðinn í stofninum að það má heita að það stappi nærri útrýmingu hans. Þetta er litfórótt hross. Litfórótt, herra forseti, er flókinn litur sem byggir á því að í feldi hrossins eru tvær mislitar háragerðir, dökk vindhár, oftast rauð, stundum brún eða mosótt, og síðan ljós undirhár. Hrossið endurnýjar hárið eftir mismunandi mynstri þannig að stundum er hvíti feldurinn áberandi en stundum hinn dökki og þess vegna eru þau litfórótt. Þau skipta litum eftir árstíðum.

Merkar upplýsingar um stöðu þessa litbrigðis komu fram í Bændablaðinu í sumar en það er hygg ég eitt besta fagtímarit sem gefið er út hér á landi. Þar kom fram í grein eftir Pál Imsland sem hefur mikið skrifað um þetta örsjaldgæfa litbrigði innan hrossastofnsins að fjöldi litfóróttra hrossa á landinu sé nú innan við 0,5%. Það þýðir að það eru ekki nema u.þ.b. 100 litfóróttir hestar til í stofninum hérna. Þau eru ekki lengur til nema á örfáum bæjum og slæm staða litfóróttra hrossa sést best á því að í dag er enginn litfóróttur stóðhestur dæmdur eða sýndur innan lands. Þetta er auðvitað slæm staða, herra forseti, og ég tel að það væri markaðslegt og menningarlegt slys ef þetta merkilega litbrigði hyrfi úr hinum aldagamla íslenska hrossastofni. Nú veit ég að til er stofnverndarsjóður hrossaræktenda hér í landi og einhverri hungurlús hefur verið veitt úr honum til þess að viðhalda þessum stofni. En þar er hvergi nándar nærri vel að staðið. Það er ráðgjafarþjónusta Bændasamtakanna fyrir hönd landbrn., eins og ég skil hið flókna mynstur landbúnaðarstyrkja- og upplýsingakerfisins, sem fer með þetta mál fyrir hönd ráðuneytisins. Þess vegna hef ég lagt fyrirspurn til hæstv. landbrh., sem mörgum sinnum hefur haft uppi góð orð um eiginleika íslenska hestsins, hvort hann hyggist beita sér fyrir því að stofnanir hans, ráðgjafarþjónustan eða aðrar stofnanir sem honum tengjast, grípi til aðgerða sem geti tryggt það að litfórótt hross hverfi ekki endanlega úr sögu íslensks landbúnaðar.

[14:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ef minni mitt svíkur mig ekki þá minnir mig að ég hafi talið hátind sköpunarverksins vera konuna en ekki hestinn. En hesturinn er ofarlega og ég vil þakka hv. þm. og væntanlegum leiðtoga Samfylkingarinnar fyrir þann áhuga sem hann sýnir íslenska hestinum og þessum sjaldgæfa lit. Landbrh. og landbrn. er ljós sú hætta sem steðjar að einstökum litaafbrigðum í íslenska hrossastofninum og jafnframt mikilvægi þess í erfðafræðilegu tilliti og markaðslegu að viðhalda litafjölbreytni stofnsins. Í flestum langræktuðum kynjum í heiminum er búið að útrýma öllum litum nema

brúnum, rauðum og jörpum. Þar er því litafjölbreytileikinn horfinn. Þessir þrír umræddu litir eru nú þegar orðnir ráðandi í íslenska hrossastofninum. Mun meiri umræða hefur á síðustu árum orðið um hrossaliti og litaerfðir en áður var og skipta litir nú sífellt meira máli, bæði á innlendum og erlendum mörkuðum fyrir íslensk hross.

Landbrn. leitaði á sl. hausti eftir áliti erfðanefndar búfjár á gildi litafjölbreytni íslenska hestsins. Í svari nefndarinnar kemur m.a. fram að íslenski hesturinn er sérstæður bæði hvað varðar gangtegundir og litafjölbreytni. Fjölbreyttir litir eru raunar einkenni fyrir öll gömlu íslensku búfjárkynin en hestalitirnir eru þó sennilega fjölbreyttastir. Því hefur verið haldið fram með nokkrum rökum að ræktunarstarfið hafi á undanförnum áratugum dregið úr þessari fjölbreytni án þess að slíkt hafi beinlínis verið hluti ræktunarmarkmiðsins.

Nýleg samantekt Þorvaldar Árnasonar og Ágústs Sigurðssonar á gögnum úr gagnabanka Búnaðarfélags Íslands um tíðni lita og litaerfðavísa staðfestir þetta, því miður, en þar kemur fram að tíðni erfðavísa sem stýra fáséðari litum er orðin ískyggilega lág. Þessir erfðavísar eru margir ríkjandi og er mun meiri hætta á að tapa eiginleikum sem stjórnast af ríkjandi erfðum en þeim sem erfast víkjandi og geta erfst óséðir. Þetta á sérstaklega við um erfðavísinn sem veldur litföróttu, en tíðni hans reyndist innan við 1% í gögnum sem töldu 64.000 hross. Hv. þm. fór því með staðreyndir hér áðan. Einnig hefur ráðuneytið skrifað fagráði um hrossarækt um þessi mál og lagt áherslu á að unnið verði að verndun litföróttra hrossa.

Eins og fram kemur í bréfi erfðanefndar búfjár eru hin einstöku litaafbrigði hrossa í mismikilli útrýmingarhættu. Það litaafbrigði sem er í mestri útrýmingarhættu er litfórótt, en tíðni þessa litar í hrossastofninum er um 1% eins og ég sagði hér áðan. Litfórótt hross skipta um lit á bolnum með árstíðunum. Þau eru dökk yfir vetrarmánuðina meðan þau eru loðnari. Þau fella vindhárin síðla vetrar og verða þá smám saman grá og loks hvít á bolinn þegar vorar. Síðan dökkna þau aftur snemmsumars þegar þau fella hvítu undirhárin og ný stutt vindhár koma í ljós. Er líður á sumarið grána þau smátt og smátt og hvítna loks alveg er haustar. Með vetrarkomu verða hrossin aldökk á ný.

Fyrir forgöngu Páls Imslands jarðfræðings og nokkurra bænda á Suðurlandi hefur verið efnt til átaks til þess að fjölga litföróttum hrossum. Þá hefur fagráð í hrossarækt í samvinnu við skólabúið á Hólum og fleiri aðila undirbúið átak til þess að ná fram með ræktun góðan litföróttan stóðhest. Eins og í öllu ræktunarstarfi getur verið tvísýnt um árangur af þessari tilraun. En takist hún má heita öruggt að þessu sérkennilega litaafbrigði sé borgið. Stofnverndarsjóður íslenska hestakynsins hefur veitt 1 millj. kr. styrk til þessa verkefnis.

Að lokum vil ég minna á að ríkisstjórn Íslands og Alþingi hafa veitt mikið fjármagn til samtaka hestamanna á næstu fimm árum og bind ég vonir við að sá peningur sem einnig verður notaður í rannsóknir í kringum hestana og alls konar átak í gæðastjórnun o.fl., verði nýttur til að varðveita sérkenni íslenska hrossastofnsins á öllum sviðum. Sá landbrh. sem hér stendur er því frekar bjartsýnn á að vel verði unnið í þessum málum á næstu árum og trúir því að við munum geta varðveitt þá auðlind sem er í íslenska hestinum.

[14:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem hér hefur komið fram að fjölbreytt litaafbrigði hjá íslenska hestinum er geysileg auðlind. Í skráningarkerfi Fengs sem er skráningarkerfi fyrir íslenska hestinn eru skráðir um 50 grunnlitir og litaafbrigði. Auk þess eru svo litaafbrigði til viðbótar við þetta, bæði nösótt og mismunandi skjótt og mismunandi sokkótt o.s.frv. Það eru því í rauninni miklu fleiri litarafbrigði en þessi. Þetta allt eru gífurleg verðmæti og hrossaræktendur eru meðvitaðir um þau. Í gegnum skráningu Fengs er nú hægt að fylgjast með því hvort tíðni þessara lita sé að breytast. Og það er alveg fyllilega ástæða til þess. Hér var nefndur litfórótti liturinn sem sérstök ástæða er til að varðveita. Þetta er elsti upprunalegi litur dýra, hvort sem um er að ræða hross eða önnur dýr og alveg sjálfsagt að varðveita hann. Ráðherra minntist á að komin væri grunnupphæð til þess að styrkja varðveislu hans. Ég heyrði af einu litfóróttu trippi norður í landi sem verið er að koma upp. Þetta er mjög merkilegt mál, herra forseti.

[14:52]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa athyglisverðu fyrirspurn til hæstv. landbrh. Það yrði sannarlega eftirsjá af því ef sjaldgæfur litur eins litfóróttur hyrfi úr hestastofninum. Ég treysti hins vegar engum betur en hrossaræktendum og þeim fagaðilum sem hlut eiga að máli til að viðhalda slíkum litum í ræktuninni. Það væri óskandi, líkt og komið hefur fram í máli hæstv. landbrh., að eigendur hrossa með sjaldgæfa liti einbeittu sér að þessari hrossaræktun líkt og Kirkjubæjarbúið hefur sérhæft sig í ræktun rauðblesóttra hesta í gegnum tíðina.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. góðar undirtekir við þetta mál. Hann færði þó uggvænleg tíðindi inn í þessa umræðu sem mér voru a.m.k. ekki kunn áður enda er ég enginn sérstakur sérfræðingur um erfðir hrossalita. Hann sagði að erfðavísarnir sem stýra litfóróttu væru ríkjandi og það þýðir auðvitað að enn meiri hætta er á ferðum og enn erfiðara að ná upp stofni þegar hann er orðinn svona ákaflega sjaldgæfur. Ég verð hins vegar að hryggja hæstv. ráðherra með því að ég gef nú lítið fyrir þessa 1 millj. sem komin er úr stofnverndarsjóði hrossaræktenda. Ef ég þekki rétt til þess máls þá á að skipta henni þannig að það á að veita fyrstu þremur stóðhestunum sem ná inn á landsmót 300 þús. kr. styrk. Það er allt of lítið, herra forseti. Það sem þarf auðvitað að gera er að reyna að ná upp myndarlegum og góðum graðhesti sem er litfóróttur og hann er ekki enn til í landinu þó að vísu hafi frést af einum góðum hér norður í landi. Þannig er nefnilega, herra forseti, að það hefur mikil og lífleg umræða orðið um litfórótta hrossastofninn á fréttarás Eiðfaxa. Þar hafa ýmsir menn komið fram með merkilegar upplýsingar. Þar sá ég t.d. að sennilega eini arfhreini litfórótti stóðhesturinn um þessar mundir er ekki á Íslandi heldur í Þýskalandi. Það er sá ágæti graðhestur Hervar von Kramersbruch sem er undan Hjörvari frá Reykjavík, en hann varð heimsmeistari í elsta flokki stóðhesta fyrir nokkrum árum. Það kann því að vera nauðsynlegt, herra forseti, að hæstv. landbrh. beiti sér fyrir fjárframlögum, m.a. til þess að kaupa sæði undan þessum þýska litfórótta stóðhesti inn í landið. Að öðru leyti, herra forseti, held ég að setja þurfi meira fjármagn í þetta

heldur en hæstv. ráðherra hefur hér leitt inn í umræðuna og ég treysti engum betur en hæstv. ráðherra til þess að galdra það fram úr djúpum hirslum landbrn.

[14:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda og þeim sem tóku þátt í þessari umræðu fyrir ágætar umræður. Ég vil vekja athygli á því að í sumar verður haldið hér fjölmennasta Landsmót hestamanna sem haldið hefur verið í sögunni. Talið er að 100 þús. manns muni sækja landsmótið og þar verður margt sér til gamans gert og vænti ég að hv. fyrirspyrjandi verði þar í fylkingarbrjósti í skrautreiðinni og fari tígulega á litföróttum hesti. En í tengslum við Landsmót hestamanna sem haldið verður í Víðidal í Reykjavík í byrjun júlí í sumar verður haldin sýning á hrossum þar sem sýnd verða hin ýmsu litaafbrigði íslenska hestsins. Vonast er til að sú sýning efli áhuga manna og skilning á því hvaða verðmæti eru fólgin í litafjölbreytni hrossastofnsins og mikilvægi þess að varðveita þessa einstæðu arfleifð.

Ég vil líka vekja athygli á því að okkur ber skylda að varðveita öll þau sérkenni íslenskra búfjárkynja sem eru varðveitt hér og ræktuð og hafa ekki blandast eins og hv. þm. sagði áðan. Hins vegar er erfitt að flytja hér inn sæði úr stóðhestum sem seldir hafa verið út. Þar verðum við að gæta fyllstu varúðar. En ég trúi því að Íslendingar taki við sér og séu að því varðandi litförótt. Kannski er gráðhesturinn væntanlegi fæddur norður í landi, eins og hv. þm. Jón Bjarnason taldi þingheimi trú um hér rétt áðan.

Hvað fjármagnið varðar þá kann það að vera rétt hjá hv. þm. og ég mun fara yfir það. Það á ekki að standa á peningum í svona varnarstarfi. Ef meiri peninga þarf til þess þá er sjálfsagt að leita eftir því. Ég mun fara yfir það með búgreininni. Þeir hafa að vísu mikla peninga nú í annað og geta nýtt þá einnig í þetta. En ég vil ekki að það standi á því þannig að ég mun taka hv. þm. á orðinu og ræða það og þakka þann stuðning sem þingið, fjárln. og einstakir þingmenn sýna þeirri sókn sem nú er komin í gang í kringum íslenska hestinn.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Fsp. SvanJ, 331. mál. — Þskj. 582.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Snemma á síðasta ári, í mars líklega, voru samþykkt lög frá Alþingi um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Frv. var ekki lengi í meðförum Alþingis því mikið lá við að afgreiða það fyrir vorið, þ.e. að afgreiða það fyrir kosningar. Frv. sem páv. iðnrh. lagði fyrir þingið varð óbreytt að lögum því að hvorki var hlustað á gagnrýni né góð ráð. Við meðferð málsins í þinginu var 7. gr. frv. einkum gagnrýnd þar sem segir í gildandi lögum, því eins og ég sagði varð frv. óbreytt að lögum, með leyfi forseta:

„Hafi umsækjandi hlotið styrk úr Kvikmyndasjóði Íslands til framleiðslu sömu myndar fær hann ekki endurgreitt samkvæmt lögum þessum."

Með þessu, herra forseti, voru allar íslenskar kvikmyndir útilokaðar frá þessum tímabundnu endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Það var líka ítrekað bent á það hér í umræðunni þvílík mismunum fælist í þessu þar sem íslenskar kvikmyndir eru, eins og menn vita, mjög háðar því að fá styrk úr Kvikmyndasjóði, en erlendir aðilar með styrk úr kvikmyndasjóði eigin lands fengju hins vegar endurgreiðsluna, eða öllu heldur þessa greiðslu úr ríkissjóði þar sem ekki er um eiginlega endurgreiðslu að ræða, því það er verið að greiða úr ríkissjóði ákveðið hlutfall af framleiðslukostnaði sem fellur til við gerð kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi. Í umræðunni var jafnframt bent á að um mismunun væri að ræða og hætt væri við að verið væri að brjóta jafnræðisreglu Evrópusambandsins með því að mismuna með þessum hætti á milli landa eða þjóða. Nú virðist það vera svo að ákvæði laganna gangi ekki gagnvart því alþjóðlega umhverfi sem við störfum í. ESA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA, hefur gert athugasemdir við lögin þar sem þau eru talin stangast á við það jafnræði sem aðilar eiga að búa við á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég hef því lagt eftirfarandi spurningu fyrir hæstv. iðnrh.:

Hvernig verður brugðist við því að lög nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, eru talin stangast á við jafnræðisreglur Evrópusambandsins?

[15:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í júní sl. sendi Eftirlitsstofnun EFTA íslenskum stjórnvöldum tilkynningu um að stofnunin teldi ákvæði laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar ekki standast ákvæði EES-samningsins. Var íslenskum stjórnvöldum gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum vegna málsins. Ekki lá í upphafi fullkomlega ljóst fyrir hvað það væri í lögunum sem Eftirlitsstofnun EFTA teldi stangast á við EES-samninginn. Í september sl. gerði stofnunin síðan nánari grein fyrir þeim atriðum sem hún taldi að skoða þyrfti í lögunum. Var íslenskum stjórnvöldum gefinn kostur á að tjá sig um þau atriði sem Eftirlitsstofnun EFTA var með til skoðunar. Einnig var haldinn óformlegur fundur íslenskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA þar sem rætt var um þau atriði sem stofnunin teldi að athuga þyrfti. Þau atriði eru: menningarlegt innihald, stuðningshlutfall, framleiðsla í öðru aðildarríki og kvöð um stofnsetningu sérstaks lögaðila.

Hvað menningarlegt innihald varðar þá kom fram í bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA að styrkja þyrfti þann þátt laganna. Varðandi stuðningshlutfall gagnrýndi stofnunin að lögin gerðu ráð fyrir að dýrari kvikmyndir hlytu hlutfallslega hærra endurgreiðsluhlutfall. Þá kom fram að stofnunin teldi að endurgreiðsla kostnaðar ætti ekki að skerðast, jafnvel þótt 20% endurgreiðanlegs kostnaðar félli til í öðru aðildarríki EES-samningsins. Loks var gagnrýnt að lögin gerðu ráð fyrir að stofna þyrfti sérstakan íslenskan lögaðila utan um hvert verkefni sem hlyti endurgreiðslu.

Iðn.- og viðskrn. í samstarfi við fjmrn. og utanrrn. gekk í október sl. frá formlegu svari íslenskra stjórnvalda. Gerir svarið ráð fyrir að fallist sé á að endurskoða þurfi tiltekin ákvæði laganna hvað varðar þrjú atriði, þ.e. varðandi menningarlegt innihald, stuðningshlutfall og stofnsetningarkröfu. Ekki var í svarinu fallist á að sá hluti framleiðslu sem fram færi utan Íslands nyti endurgreiðslu.

Formlegt álit Eftirlitsstofnunar EFTA hefur ekki verið birt íslenskum stjórnvöldum. Ekki er því á þessari stundu hægt að ætlast til þess að fyrir liggi ákvarðanir um hvernig brugðist verði við því. Ég taldi hins vegar rétt að nota þetta

tilefni til þess að skýra þingheimi frá stöðu málsins. Að teknu tilliti til þeirra skuldbindinga sem Ísland hefur gagnvart EES-samningnum og þeirra atriða sem kunna að verða í formlegu áliti Eftirlitsstofnunar EFTA, er ljóst að ríkisstjórnin hefur fullan hug á að stuðla að öflugri kvikmyndagerð hér á landi. Verða þau markmið höfð að leiðarljósi við endurskoðun laganna.

[15:05]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir bæði fyrirspurnina og það svar sem hér hefur komið fram. Ég vil aðeins vekja athygli á því að í samþykkt Alþingis frá því í mars 1999 um að endurgreiða hluta virðisaukaskatts við kvikmyndaframleiðslu felast sértækar aðgerðir í atvinnumálum og það er bara hið besta mál. Ég fagna mjög þeirri samþykkt sem þarna var gerð. Hún sýnir að hv. Alþingi og alþingismenn sem þetta samþykktu þá eru tilbúnir til að fara í sértækar aðgerðir í atvinnumálum og jafnvel byggðamálum. Og ég segi bara stutt og laggott, mér hugnast þessi samþykkt mjög vel og hvet til þess í öðrum aðgerðum að jafna mun á lífskjörum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Það eru sértækar aðgerðir út um allt skattkerfið og nægir þar að nefna framlög til stjórnmálaflokka, sjómannaafslátt, afslátt vegna hlutabréfakaupa og annað, þannig að formúlan er til, viljann þarf til að fara í frekari sértækar aðgerðir á Íslandi.

[15:06]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að taka þetta mál upp og rifja upp þá umræðu sem var á sínum tíma þegar lögin voru samþykkt þar sem gagnrýnt var auðvitað að íslenskar kvikmyndir ættu ekki sama rétt og erlendar kvikmyndir sem hér væru gerðar af erlendum aðilum og síðan var varað við því að þetta stríddi gegn samþykkt Evrópusambandsins. Ég vil beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvort mikið hafi verið um greiðslur í samræmi við samþykkt laganna og hvort hún hyggist ekki leggja fyrir lagabreytingar nú þegar. Það er ekki mjög langur tími eftir af þessu þingi miðað við starfsáætlun þess, og þar sem fyrir liggur að íslensk stjórnvöld hafa viðurkennt ákveðnar athugasemdir ESA þá spyr ég hvort ráðherrann muni þá ekki koma með þær breytingar.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör og fyrir það sem hún kýs að upplýsa okkur um varðandi stöðu málsins. Ég var ein þeirra sem samþykkti á endanum þessa löggjöf í rauninni vegna þess anda sem var í lögunum, þ.e. þann vilja sem þar kom fram til að styðja kvikmyndagerð í landinu, og í rauninni leit ég svo á að hér væri verið að taka ákveðið skref sem síðar yrði væntanlega tök á að leiðrétta og þá íslenskum kvikmyndum í vil. Mér sýnist reyndar miðað við það sem hæstv. ráðherra greinir okkur frá að fallist hafi verið á það vegna þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið, að endurskoða þurfi löggjöfina nánast frá grunni vegna þess að í löggjöfinni er kvöð um stofnsetningu, kvöð um að búið sé til sérstakt fyrirtæki til þess að fá að njóta greiðslna úr ríkissjóði. Ég hygg að menn þurfi að hugsa þessi mál vel, íhuga það að nýju, en vænti þess þó að menn gefist ekki upp heldur takist á við það verkefni að styrkja kvikmyndagerð enn frekar en verið hefur og hafi þá hugann við það að íslensk kvikmyndagerð þarf ekki síður á frekari styrkjum að halda en sú erlenda.

[15:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Okkur rekur sjálfsagt öll minni til þess að þetta mál fór nokkuð hratt í gegnum þingið og það fékk að mínu mati býsna góðar viðtökur. Flestir hv. þm. höfðu fullan skilning og vilja til þess að taka á þeim málum á þennan hátt eða einhvern áþekkan hátt og gert var, en síðan er reynslan hins vegar sú, eins og hér hefur komið fram, að ESA hefur gert athugasemdir. Þær athugasemdir lúta ekki fyrst og fremst að 7. gr. sem hv. þm. talaði um í fyrri ræðu sinni, en hins vegar held ég að ástæða sé til þess þegar lögin koma til endurskoðunar að 7. gr. verði einnig endurskoðuð. Ég get ekki greint frá því núna hvaða hugsanlegar breytingar verða lagðar til á lögunum þar sem við höfum ekki fengið niðurstöðu frá ESA, en mér sýnist ljóst að einhverjar breytingar þurfi að gera.

Um það sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller þá er það rétt hjá honum að heilmikið er um sértækar aðgerðir í EES-löndum og mér finnst ég hafi orðið þess betur áskynja núna síðustu vikurnar heldur en ég þó vissi áður að ýmislegt virðist vera hægt að leyfa sér. Og það að athugasemd skyldi verða gerð af hálfu ESA var eitthvað sem ráðuneytið hafði ekki reiknað með.

Að síðustu vil ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn. En því miður get ég ekki svarað henni nákvæmar en þetta þar sem málið hefur ekki verið afgreitt frá ESA, en hv. þingmenn mega búast við að brátt birtist frv. um einhverjar breytingar á lögunum.

Fundi slitið kl. 15:11.

---

66. FUNDUR

fimmtudaginn 17. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tilfærsla á aflamarki, beiðni um skýrslu, 337. mál, þskj. 590. *Hvort leyfð skuli.*
2. Starfsheiti landslagshönnuða, stjfrv., 21. mál, þskj. 615. — 3. umr.
3. Vegáætlun fyrir árin 2000—2004, stjtill., 296. mál, þskj. 509. — Fyrri umr.
4. Flugmálaáætlun 2000—2003, stjtill., 299. mál, þskj. 516. — Fyrri umr.
5. Loftferðir, stjfrv., 250. mál, þskj. 307. — 1. umr.
6. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 289. mál, þskj. 471. — 1. umr.
7. Vegalög, stjfrv., 322. mál, þskj. 572. — 1. umr.
8. Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, þáltill., 238. mál, þskj. 290. — Fyrri umr.
9. Sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, þáltill., 242. mál, þskj. 295. — Fyrri umr.
10. Siglingalög, frv., 253. mál, þskj. 312. — 1. umr.

11. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frv., 287. mál, þskj. 448. — 1. umr.

12. Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, þáltill., 320. mál, þskj. 570. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Borist hefur svofellt bréf, dags. 16. febrúar 2000:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna læknisaðgerðar leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Vestf., Karl V. Matthíasson sóknarprestur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf."

Karl V. Matthíasson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðinn velkominn til starfa.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður þroskaheftra á Landspítala, 362. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 617.

Aðbúnaður þroskaheftra og fatlaðra á Landspítala, 363. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 618.

Áhrif laga nr. 12/1998 á íslenskan sjávarútveg, 361. mál, fsp. SvanJ og JÁ, þskj. 616.

Starfsheiti landslagshönnuða, 21. mál, þskj. 615.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Um kl. 13.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um fátækt á Íslandi. Málshefjandi er hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

Atkvæðagreiðslur verða um kl. 14.00 í dag.

Starfsheiti landslagshönnuða, 3. umr.

Stjfrv., 21. mál (landslagsarkitektar). — Þskj. 615.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, fyrri umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 509.

[10:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Tillaga sú að vegáætlun sem hér liggur fyrir fjallar um fjáröflun og framkvæmdir á árunum 2000–2004. Tillögunni var dreift á Alþingi í desember sl., rétt fyrir jólaleyfi þingsins. Niðurstöðutölur tillögunnar fyrir árið 2000 eru í samræmi við það sem ákveðið er í fjárlögum fyrir það ár.

Vorið 1998 voru samþykktar á Alþingi þál. um vegáætlun fyrir tímabilið 1998–2002 og um langtímaáætlun í vegagerð fyrir árin 1999–2010. Langtímaáætlun er skipt í þrjú tímabil og tekur hvert þeirra yfir fjögur ár. Hið fyrsta yfir árin 1999–2002, bæði ár meðtalin. Til að fá samsvörun milli áætlana og auðvelda samanburð þeirra varð vegáætlun að ná yfir fimm ár, þ.e. árið 1998 og svo fyrsta tímabil langtímaáætlunar.

Við endurskoðun vegáætlunar nú er tekið tillit til þessa samspils og nær hún þá einnig til fimm ára. Árin 2003 og 2004 bætast við, þ.e. fyrri helmingur annars tímabils langtímaáætlunar. Við næstu endurskoðun vegáætlunar veturinn 2001–2002 bætast við árin 2005 og 2006, þ.e. tvö seinni ár annars tímabils langtímaáætlunar. Langtímaáætlunin kemur þá einnig til endurskoðunar og verður þannig áfram stefnt að samsvörun þessara áætlana.

Tillagan er að öðru leyti með hefðbundnu sniði, þ.e. að í henni er að finna áætlun um fjáröflun, svo og skiptingu útgjalda á helstu liði. Þá er í tillögunni að finna skrá um þjóðvegi og flokkun þeirra. Í athugasemdum með tillögunni koma fram skýringar á einstökum liðum hennar auk ýmissa upplýsinga um vegakerfið.

Rétt er að geta þess í upphafi að allar tölur eru settar fram á sama verðlagi, þ.e. áætluðu verðlagi þessa árs þannig að tölur eru sambærilegar milli ára. Gert er ráð fyrir því að verðlag áranna 2001–2004 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi. Verður nú vikið að helstu þáttum í tillögunni og byrjað á fjáröfluninni.

Við samþykkt gildandi vegáætlunar vorið 1998 var miðað við að markaðar tekjur að frádregnu 0,5% umsýslugjaldi stæði undir útgjöldum til vegamála. Á sl. vori ákvað ríkisstjórnin að veita 500 millj. kr. viðbótarframlag á ári til nýframkvæmda árin 1999–2002. Fyrsta árið var um lánsfé að ræða en bein framlög hin þrjú árin, 2000–2002. Endurgreiða skal lánsféð á árunum 2007–2010. Tekjuhlið vegáætlunar nú markast af þessum ákvörðunum.

Á árinu 2000 er nýframkvæmdum frestað fyrir 585 millj. kr. vegna þenslu í efnahagslífinu en þær koma inn árið eftir þannig að frestun er einungis til eins árs. Á þessu ári er auk þess reiknað með því að 126 millj. kr. af mörkuðum tekjum til Vegagerðarinnar verði geymdar í ríkissjóði til síðari nota. Þrátt fyrir það dugir niðurstöðutala ársins 2000 til að verðbæta gildandi vegáætlun ársins til að hún haldi framkvæmdagildi sínu. Er þá ekki tekið tillit til viðbótarfjár eða frestunar framkvæmdar. Miðað er við að tekjustofnarnir vaxi að raungildi um rúmlega 1,7% á ári í upphafi vegáætlunartímabilsins en fari niður í 1,3% í lok tímabilsins. Þessi aukning er í samræmi við umferðarspá Vegagerðarinnar. Gert er ráð fyrir að áætlaðir tekjustofnar verði hækkaðir til samræmis við verðlagshækkanir á tímabilinu þannig að vegáætlun haldi verðgildi sínu. Þetta þýðir að lækka þarf

tekjustofnana um 3% fyrir árið 2000. Þar af hefur bensíngjald verið hækkað um 1,8% upp í þá hækkun.

Í samræmi við gildandi vegáætlun er gert ráð fyrir að greitt verði 0,5% af mörkuðum tekjum árlega í umsýslugjald til ríkissjóðs. Markaðar tekjur eru af bensíngjaldi, kílómetragjaldi þungaskatts og árgjaldi þungaskatts. Gert er ráð fyrir tekjustofnum þessum í greinargerð. Miðað er við það að tekjur þessar renni að fullu til Vegagerðarinnar með þeim undantekningum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.

Enn er ógetið að gert er ráð fyrir að endurgreiða árin 2000–2008 lán sem tekin voru vegna vegtengingar Hvalfjarðarganga. Nemur sú endurgreiðsla 40 millj. kr. á ári.

Næst er að víkja að gjaldahlið áætlunarinnar. Uppsetning tillögu um útgjöld og gjaldaliðir eru með svipuðu sniði og í vegáætlun fyrir árin 1998–2002. Nokkrar breytingar eru þó gerðar á uppsetningunni og er gerð grein fyrir þeim í grg. með tillögunni. Hér á eftir verður vikið að helstu útgjaldaliðum.

Í liðinn Stjórn og undirbúningur er gert ráð fyrir að fjárveitingar á árunum 2000–2002 verði í samræmi við það sem ætlað var til þessa liðar á vegáætlun áranna 1998–2002.

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þm. að gefa betra hljóð í salnum.)

Ljóst er að með þessum fjárveitingum er verulega kreppt að þessum málaflokki þar sem verkefnin verða sífellt umfangsmeiri og flóknari og þarfnast samráðs og umsagnar fleiri aðila en áður var. Einnig er í mörgum tilfellum krafist meiri grunnrannsókna en áður eins og eðlilegt verður að teljast en slíkt eykur mjög vinnu og kostnað. Þá eru kröfur um upplýsingaþjónustu stöðugt vaxandi. Fjárveitingar til almennrar þjónustu eru samkvæmt tillögunni einnig í samræmi við fyrri vegáætlun fyrir árin 2000–2002. Þar er gert ráð fyrir því að fjárveitingar fari lítið eitt vaxandi og er lagt til að sú þróun haldi áfram árin 2003 og 2004, enda fara kröfur um þjónustu á vegakerfinu stöðugt vaxandi.

Fjárveitingar til vetrarþjónustu taka mið af meðalkostnaði við þennan lið undanfarin tíu ár og þeirri aukningu á þjónustu sem ákveðin hefur verið á síðustu árum. Að undanförnu hefur sýnt sig að veruleg þörf er á auknum hálkuvörnum og er því sennilegt að fjárveitingar á árinu 2000–2003 séu vanáætlaðar og þarf að skoða það sérstaklega.

Lagt er til að fjárveitingar til viðhalds þjóðvega fari nokkuð hækkandi á áætlunartímabilinu. Þó er ljóst að verulega vantar á að þessi liður fái það fjármagn sem þyrfti. Viðhaldsþörf vegakerfisins fer ört vaxandi með aukinni umferð og aukinni þyngd bifreiða. Einnig er mikilvægt að unnt sé í auknum mæli að sinna ýmsum öryggisaðgerðum og stuðla þannig að fækkun umferðarslysa.

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að fjármagn til nýrra þjóðvega verði í samræmi við langtímaáætlun í vegagerð. Framkvæmdaliðir eru einnig í samræmi við langtímaáætlun með þeirri undantekningu að við bætast liðirnir Þingvallahátíð og Ferðamannaleiðir báðir í samræmi við fyrri vegáætlun. Einnig bætist við liðurinn Viðbótarfé í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á sl. vori sem fyrr var nefndur. Viðbótarféð er einkum notað til að flýta framkvæmdum við stórverkefni.

Eðlilegast er að fjármagni til almennra verkefna verði skipt milli kjördæma á sama hátt og ákveðið var við síðustu endurskoðun vegáætlunar. Framkvæmdaþörf á höfuðborgarsvæðinu er í samræmi við mikla fjölgun íbúa og vaxandi umferð, bæði einkabíla og hvers kyns flutninga. Fjármagn til höfuðborgarsvæðisins hefur vaxið verulega á undanförnum árum. Þrátt fyrir þessa aukningu veldur hin öra fjölgun íbúa á svæðinu því að þörf fyrir framkvæmdir eykst hraðar en aukning fjárveitinga. Við það bætist að sumar þessar framkvæmdir eru það kostnaðarsamar að þær rúmast tæpast innan vegáætlunar. Á þetta einkum við um svonefnda Sundabraut. Er nauðsynlegt að hugað verði að sérstakri fjármögnun þess verkefnis að einhverju eða öllu leyti.

Lagt er til að unnið verði að stórverkefnum í samræmi við markmið langtímaáætlunar. Gera verður ráð fyrir að samgn. fjalli um skiptingu fjármagns til einstakra stórverkefna eins og venja hefur verið. Varðandi tillögur um fjárveitingar til tengivega, brúa og girðinga vísast til grg. með tillögunni. Ríkið styrkir ferjurekstur á sex ferjuleiðum og eru rekstrarsamningar í gildi milli Vegagerðarinnar og rekstraraðila ferjanna. Fram til þess hefur einnig verið boðinn út rekstur á einni ferjuleið þ.e. rekstur Grímseyjarferjunnar en stefnt er að útboðum á öðrum ferjuleiðum. Nú hefur verið auglýst útboð á ferjurekstri til eyja á Ísafjarðardjúpi og er gert ráð fyrir að rekstur annarra ferjuleiða verði boðinn út á árinu.

Tilgangurinn með útboðum er fyrst og fremst sá að leitast við að ná fram lægra verði í innkaupum á vöru og þjónustu og skapa markaðslegan jafnræðisgrundvöll fyrir þá sem áhuga hafa á að sinna þessari starfsemi. Auk þess hefur Ísland með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu skuldbundið sig til þess að bjóða út kaup á þjónustu af þeirri stærðargráðu sem um er að ræða.

Lagt er til að við þennan lið, þ.e. til flóabáta, bætist nú styrkir til sérleyfishafa. Sérleyfishafar fengu áður endurgreiddan hluta þungaskatts af akstri á sérleyfisleiðum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar. Lögunum hefur nú verið breytt, endurgreiðslur þessar aflagðar en í staðinn skal greiða sérleyfishöfum styrk af vegáætlun. Er lagt til að fjármagn til þessa liðar verði aukið af þeim sökum.

Lagt er til að fjárveitingar til nokkurra minni liða, safnvegir, tengivegir, styrkvegir og reiðvegir, hækki nokkuð á áætlunartímabilinu en mikil þörf hefur verið á því að hækka framlög þeirra. Þá liggur fyrir brtt. á vegalögum hvað varðar reiðvegi og girðingar og þarf einnig að líta til þess.

Við áframhaldandi vinnu þingmanna einstakra kjördæma við skiptingu fjármagns til einstakra verkefna þarf að taka ákvörðun um hvaða verkefnum ársins í ár verður frestað til næsta árs í samræmi við ákvörðun fjárlaga.

Í þessum tillögum eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun. Gert er ráð fyrir að samgn. og þingmönnum einstakra kjördæma verði gerð nánari grein fyrir vegaflokkuninni og brtt. við áframhaldandi vinnu tillögunnar.

Í dag hefur verið dreift á Alþingi tillögu Vegagerðarinnar um jarðgangaáætlun. Þar eru gerðar tillögur um næstu framkvæmdir á þessu sviði og gerð grein fyrir undirbúningi sem nauðsynlegur er áður en framkvæmdir hefjast. Fjalla þarf um tillögur þessar á Alþingi samhliða vegáætluninni þar sem ákvarðanir um gerð jarðganga hafa mjög sennilega áhrif á ákvarðanir um aðrar framkvæmdir í vegagerð.

Samgrh. fól Vegagerðinni í samræmi við ályktun Alþingis frá 11. mars 1999 að vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga. Í skýrslu Vegagerðarinnar, sem fyrr er nefnd, til ráðherra kemur fram að 24 verkefni voru tekin til skoðunar. Af þeim leggur Vegagerðin til að þrjú verði tekin sem fyrstu verkefni og síðan eru tiltekin nokkur í viðbót sem talið er líklegt að komi til skoðunar í næsta áfanga. Lagt er til að

jarðgangaáætlun sé gerð til tíu ára og hún endurskoðuð á fjögurra ára fresti.

Mat Vegagerðarinnar er að sem fyrstu verkefni í jarðgangaáætlun skuli telja eftirtaldar þrjár vegtengingar og ég þá tel þær upp í landfræðilegri röð því að allur er nú varinn góður. Þá er fyrst til að telja, Arnarfjörður/Dýrafjörður, Siglufjörður/Ólafsfjörður, Reyðarfjörður/Fáskrúðsfjörður. Þetta eru þau verkefni sem jarðgangaáætlunin tekur sérstaklega fram að verði þau fyrstu.

Ég lýsi þeirri skoðun minni að ég tel eðlilegt að hefja undirbúning strax að rannsóknum og gert verði ráð fyrir því að sem fyrsti áfangi verði Siglufjarðar-/Ólafsfjarðargöngin, Reyðarfjarðar-/Fáskrúðsfjarðargöngin boðin út í einum pakka og reynt verði að stuðla að því að framkvæmdir geti hafist strax og rannsóknir eru tilbúnar nema til þess komi að önnur röð yrði á þessum framkvæmdum svo sem miklar framkvæmdir í tilteknum landsfjórðungum. Ástæðan fyrir því að ég tel að það sé eðlilegt að bjóða þetta út í einum pakka er að það er mat sérfræðinga að það muni sparast 5–10% kostnaður með því að bjóða út svo stóran áfanga og þar með færi ekki á milli mála í hvaða verk ætti að ráðast en síðan er gert ráð fyrir því að Arnarfjarðar-/Dýrafjarðarverkefnið kæmi þar á eftir.

Eins og áður hefur komið fram er vegáætlun lögð fram á hefðbundinn hátt eins og vegalög mæla fyrir um. Ég tel mikla þörf á því að samræmi verði aukið í framkvæmdaáætlunum stofnana þeirra sem falla undir samgrn. Með því ætti að fást betri trygging fyrir því að hámarkshagkvæmni náist í framkvæmdum og samgöngukerfið í heild þjóni þörfum þjóðarinnar sem best. Ég hef því ákveðið að hrinda af stað vinnu við gerð samræmdrar samgönguáætlunar og mun sú vinna hefjast nú alveg á næstunni.

Ég vil ljúka þessari framsögu, herra forseti, um vegáætlun með því að leggja til að henni verði vísað til samgn. Það er von mín að allir þeir sem um málið fjalla leggi sig fram um að afgreiða það á skjótan og farsælan hátt en vissulega hefði verið hægt að hafa mun fleiri orð um þessa áætlun en tíminn gefur tilefni til.

[10:51]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú þáltill. um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 sem hæstv. samgrh. hefur fylgt úr hlaði er afar merkilegt og mikilvægt plagg. Í þessari vegáætlun til næstu fimm ára er m.a. fjallað um notkun og eyðslu á u.þ.b. 50 milljörðum kr. Áætlunina verður m.a. að skoða í því ljósi að Ísland er í raun og veru vanþróað ríki í vegamálum. Ég hugsa að leitun sé að þeirri þjóð, a.m.k. í okkar heimsálfu, sem er eins illa á vegi stödd og við Íslendingar hvað vegamál varðar. Mjög stór hluti vegakerfis okkar er með holóttum vegum, jafnvel ófær á vetrum og vegfarendur í rykkófi á sumrin ef þeir eru þá ekki ófærir vegna aurbleytu ef veðurfar er þannig.

Draga má þá ályktun að fjármagn til vegamála hafi verið allt of lítið á undanförnum árum. Fjárveitingar til vegamála hafa því ekki verið í neinu samræmi við þær brýnu þarfir sem blasa alls staðar við bæði hér á höfuðborgarsvæðinu svo og á landsbyggðinni. Markaðar tekjur Vegasjóðs hafa mjög oft á undanförnum árum og áratugum verið skertar og verkefnum til Vegagerðarinnar hefur verið fjölgað án þess að tekjur komi með og nefni ég þar flóabátana sem dæmi. Sama má segja um önnur aukin verkefni Vegagerðarinnar svo sem eftirlit með ökuritum og vinnutíma bílstjóra, aflestur og eftirlit með þungaskatti, sérleyfiseftirlit og margt fleira. Að vísu kemur stórbætt innheimta á þungaskatti til eftir að Vegagerðin fór að sýsla með þetta mál.

Framkvæmdafé Vegagerðarinnar er nú skert um 126 millj. kr. sem verða geymdar í ríkissjóði og frestun framkvæmda upp á 585 millj. kr., allt í nafni þess að minnka þenslu sem mælist aðeins á höfuðborgarsvæðinu en ekki úti á landi þar sem þörfin á vegabótum er afar brýn. Árið 1999, á kosningavori, ákvað hæstv. ríkisstjórn að auka framkvæmdafé Vegagerðarinnar um 2 milljarða eða 500 millj. kr. á ári. Þetta var m.a. gert eftir tillögu frá okkur sem sátum í svokallaðri byggðanefnd forsrh. þótt þessir peningar hafi ekki verið notaðir í það sem hv. nefnd lagði til. Það er náttúrlega ansi skondið að samþykkja aukningu á kosningaári en fresta henni svo að loknum kosningum.

Samkvæmt vegáætluninni á að verja rúmum 4,7 milljörðum kr. eða réttara sagt 4,2 milljörðum að teknu tilliti til skerðinga, til nýrra þjóðvega og brúa og ég legg áherslu á þessa skerðingu vegafjár. Þessir 4,2 milljarðar eru aðeins lítill hluti af útgjöldum ríkisins og lítill hluti af vergri landsframleiðslu. Þetta fé mætti auka, t.d. með hluta af bifreiðagjaldi sem rennur til ríkissjóðs en þær tekjur hafa stóraukist síðustu ár með miklum innflutningi á bifreiðum en talið er að bifreiðaeign landsmanna hafi aukist um 40% síðan 1994. Þörfin á auknum framkvæmdum í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu er m.a. til komin vegna þessarar fjölgunar á bifreiðaeign og ríkissjóður verður að leggja eitthvað af þessum stórauknu tekjum sínum til frekari framkvæmda.

Þál. um langtímaáætlun í vegagerð sem samþykkt var á hv. Alþingi 2. júní 1998 var og er mjög merkilegt plagg og vinnubrögð til mikillar fyrirmyndar, vinnubrögð sem við mættum sjá á fleiri sviðum þjóðlífsins. Með þessari þingsályktun var stefna mörkuð til tólf ára og þessu tímabili skipt niður í þrjú framkvæmdatímabil. Samkvæmt þessari áætlun á að verja u.þ.b. 115 milljörðum kr. til rekstrar vegakerfis okkar og nýbygginga, hér er verið að tala um stóra og mikla fjármuni.

Í þjóðfélaginu verða alltaf skiptar skoðanir á því hvernig þessu fé er varið og skipt milli kjördæma og milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Vegáætlun og vegagerð eru í senn mikil byggðaáætlun enda má segja að byggðastefna sé í senn þjóðfélagsleg og efnahagsleg. Dæmi um þjóðfélagsleg markmið eru aðgerðir til að draga úr svæðisbundnum mun lífskjara og búsetuskilyrða svo sem tekjumun, mun á atvinnuleysi, tækifærum og þjónustu. Slík markmið tengjast oft réttlætis- eða sanngirnissjónarmiðum stjórnmálanna svo sem því viðhorfi að sanngjarnt sé að öll svæði landsins njóti ávaxta af hagvexti og allir þegnar skuli eftir megni njóta sambærilegra tækifæra.

Annað dæmi um þjóðfélagsleg markmið byggðastefnu er að halda landsvæðum í byggð og milda áhrif örra þjóðfélagsbreytinga. Dæmi um efnahagsleg markmið byggðastefnu eru m.a. þau að nýta betur náttúruauðlindir og landgæði, nýta betur fyrirliggjandi fjárfestingu, nýta betur vinnuafl, bæta virkni markaðsafla, bæta samkeppnishæfi jaðarsvæða og aftra ofþenslu á miðsvæðum eða stærstu þéttbýlisstöðunum. Svo segir í skýrslu sem er fylgirit með byggðaáætlun sem samþykkt hefur verið hér á Alþingi.

Ég sagði áðan að vegamál væru einn stærsti byggðamálaflokkurinn enda er það svo að viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á hættusvæðum á landsbyggðinni eru þau að um 58% íbúa segjast óánægðir með lagningu og viðhald vega.

Herra forseti. Jafnframt með því að hæstv. samgrh. fylgi úr hlaði þessari vegáætlun hefur hann kynnt hér skýrslu um jarðgangaáætlun. Ég verð að segja að sú skýrsla er ákaflega faglega unnin og þeim sem hana hafa unnið til mikillar fyrirmyndar. Þá á ég við Vegagerðina sem hefur unnið þetta eftir forskrift og eftir tillögu frá hæstv. samgrh. sem hrinti þessu máli í framkvæmd eftir samþykkt þáltill. um að vinna langtímaáætlun í jarðgangagerð sem hér var gert vorið 1999. Þessi skýrsla, þó við höfum ekki haft mikinn tíma til að lesa hana, er afar merkilegt plagg og kannski eitt stærsta atriðið inn í byggðamálaumræðu í landinu. Í upphafi nýrrar aldar er jarðgangagerð í anda þeirra nýju tíma og það sem við ætlum að sjá á næstu öld. Jarðgangaáætlun og jarðgöng eru nútímaleg vegagerð í takt við nýja öld í stað þess að klöngrast yfir há og mikil fjöll.

Þessi áætlun er unninn á mjög faglegan hátt eins og segir í inngangi. Þar er talað um að sérstaklega verði horft til framkvæmda sem rjúfa vetrareinangrun, koma í stað annarra kostnaðarsamrar vegagerðar, stytta vegalengdir eða stækka atvinnusvæði. Það er einmitt það sem ég vil leggja höfuðáherslu á að eru þessi aðalatriði. Þar sýnist mér áætlunin hafa tekið mjög vel á þessum málum.

Síðan eru nefndir þeir kostir hér sem fyrstu verkefni til tíu ára sem hæstv. samgrh. sagði frá í réttri röð miðað við landafræðina, Arnarfjörður/Dýrafjörður, Siglufjörður/Ólafsfjörður, Reyðarfjörður/Fáskrúðsfjörður og sérstaklega raðað þar upp tveimur verkþáttum, þ.e. Siglufirði/Ólafsfirði, Reyðarfirði/Fáskrúðsfirði og lagt til þar að um 300 millj. kr. verði varið til þess að fara í frekari hönnun og undirbúning og vinnu við útboðsgögn vegna þessara tveggja verka. Hér eru líka viðhöfð mjög fagleg vinnubrögð, að ætla sér að bjóða út þessi verkefni samtímis sem mun örugglega leiða til stórsparnaðar fyrir verkkaupa með betri tilboðum.

Herra forseti. Þessar átta mínútur sem okkur eru ætlaðar til þess að ræða þessi mál eru náttúrlega engan veginn nógur tími til að ræða svo viðamikið mál. Ég er í hv. samgn., ég bíð spenntur eftir að fá þessi verkefni til okkar og hlakka mikið til að vinna þau.

[10:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Ég vil í upphafi láta sérstaklega í ljós ánægju með hversu vel tillögur til vegáætlunar eru unnar og hefur svo verið um nokkra hríð þar sem gerð er langtímaáætlun sem jafnframt fylgir kostnaðargreining á einstökum framkvæmdum. Þessi vinnubrögð eru til fyrirmyndar og er mun þægilegra að meta og ræða framkvæmdir, áherslur og jafnvel áherslubreytingar út frá svo vel unnum tillögum.

Á þeim tíma sem við höfum til umráða til að fjalla um till. til þál. um vegáætlun gefst ekki tími til að fara í gegnum öll þau atriði sem þyrfti en það verður þá gert nánar í nefnd.

Herra forseti. Ég vil þó vekja athygli á að allir aðilar sem fjalla um byggðamál á Íslandi eru sammála um að góðir vegir eru forsenda fyrir öflugri byggð og oft og tíðum er talað um að bættar vegasamgöngur séu best til þess fallnar að styrkja byggðina. Undanfarin ár hefur meginhersla verið lögð á að tengja þéttbýlisstaðina saman. Höfuðáhersla hefur verið lögð á hringveginn og aðalstofnvegina sem tengja saman þéttbýlin og það er vel og afar mikilvægt. Hins vegar hefur það aftur gerst að vegir sem liggja utan þessara meginvega hafa dregist aftur úr miðað við það sem áður var. Hlutfallslega hefur ekki verið varið eins miklu fjármagni til þeirra og annarra vegaframkvæmda. Þetta var einmitt dregið fram í byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti á vordögum 1999, þ.e. að gera þyrfti sérstakt átak í til að bæta samgöngur út um byggðir landsins.

Herra forseti. Þetta er svo aftur áréttað í tillögum Byggðastofnunar frá í haust þar sem segir berum orðum að eitt mikilvægasta verkefnið til að takast á við sé að styrkja vegi í jaðarbyggðum, í byggðum sem standa höllustum fæti og jafnframt þar sem vegasamgöngur eru lélegastar.

Herra forseti. Byggðastofnun lagði einmitt fram á haustdögum tillögur eða hugmynd að sérstöku aukaátaki varðandi þessa vegaflokka. Hún lagði til, að mig minnir, að lagðir yrðu allt að 5 milljarðar kr. til viðbótar við þá föstu tekjustofna sem Vegagerðin hefur til átaks á þessum vegum sem gætu skipst á næstu tíu ár. Ég leyfi mér því, herra forseti, að spyrja: Hvað líður þessu átaki sem var bæði boðað í þáltill. forsrh. sem samþykkt var á vordögum og þeirri tillögu sem Byggðastofnun hefur gert varðandi uppbyggingu þessara vega?

Herra forseti. Við þekkjum öll mikilvægi þessara vega fyrir þjónustu við byggðir í landinu eins og daglegan skólaakstur um langan veg. Verið er að fækka skólum og það þýðir að aka þarf nemendum lengri leið. Það er mikilvægt fyrir fólk að geta komist til vinnu sinnar og eðlilegt og ekki hvað síst ber að nefna ferðaþjónustuna en vaxandi ferðaþjónusta krefst einmitt góðra vega. Samfara aukningu ferðamanna og aukningu tekna þjóðfélagsins af ferðamönnum í landinu — á liðnu ári er talað um að aukning gjaldeyristekna þjóðarinnar hafi kannski numið einum 4–6 milljörðum kr. — væri því afar sanngjarnt, herra forseti, að auknu fé yrði einmitt varið til þess að styrkja ferðamannaleiðir og ferðaþjónustu. Fólk getur þurft að aka í rykmekki eftir holóttum og hörðum vegum. Í fyrsta lagi fækkar því fólki sem kann að aka slíka vegi og í öðru lagi er það lítið notalegt í sumarfríinu. Svona háttar ekki aðeins til utan byggðar. Þetta á líka við um vegi heim til ferðaþjónustubænda og náttúruperlna í byggð. Hver mundi t.d. trúa því að ekki sé hægt að komast að hinu stórkostlega Borgarvirki í Vestur-Húnavatnssýslu, þessari náttúru- og söguperlu, nema um hásumarið eða þegar langt er liðið á sumar vegna þess að vegurinn er ekki fær þangað.

Herra forseti. Það er réttmætt draga þetta sérstaklega fram enda er líka í þessari vegáætlun einmitt dregið fram að viðhald, endurbætur og framkvæmdir á þessum vegum eru of litlar miðað við þarfir. Má ég, herra forseti, vitna í þáltill. Þar stendur einmitt um tengivegina:

„Lagt er til að fjárveiting til tengivega árið 2000 verði 436 millj. kr. en hækki í 475 millj. árið 2004."

Síðan stendur í þáltill.:

„Fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið langt undir því sem vera þyrfti."

Herra forseti. Það sama er sagt um safnvegina sem eru jú vegir heim á bæina:

„Veruleg þörf er á auknu fjármagni til þessara liða."

Því er alveg ljóst að ábyrgðaraðilar vegaframkvæmda í landinu gera sér fulla grein fyrir því að fjármagn til þessara vega hefur dregist verulega saman og virkileg þörf og reyndar þjóðarnauðsyn er á því að framkvæmdir og fjármagn til þessara vega verði aukið.

Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum einmitt lagt þunga áherslu á þetta í tillögu okkar til aðgerða í byggðamálum þar sem við höfum lagt til að

gert verði stórátak í að bæta vegina út um byggðir landsins. Við lögðum einnig til við afgreiðslu fjárlaga nú fyrir jól að sérstöku fjármagni væri varið til þessa.

Herra forseti. Ég leyfi mér því að segja hér að verði ekki nú gert skipulagt stórátak í fjármögnun á þessum vegum sem hafa dregist svo aftur úr hlutfallslega, þá beri að skoða það að breyta vegáætlun þannig að fjármagn til þessara vega verði aukið.

[11:08]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem fram hefur komið að það mál sem hér er til umræðu er afar mikilvægt landsmál og byggðamál því að góðar vegasamgöngur eru eitt af því sem er mikilvægast fyrir mannlíf í landinu. Kröfurnar vaxa í þessum efnum frá ári til árs. Það er ekki nóg að komast leiðar sinnar einstaka sinnum á veturna heldur gerir nútímalíf kröfur um góðar og greiðar samgöngur.

Það hefur verið gert mjög mikið í vegamálum á undanförnum árum en þarfirnar eru miklar. Það hefur verið varið miklum fjármunum til þessa málaflokks en það vantar enn meiri fjármuni til þess að standa undir þeim verkefnum sem fram undan eru. Þess vegna finnst mér, og ég veit að þær skoðanir eru uppi innan stjórnarflokkanna, að réttlætanlegt sé að verja tekjum af sölu ríkiseigna til fjárfestinga í samgöngumannvirkjum og ég veit að unnið er að hugmyndum á því sviði.

Ég vil á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða gera að umtalsefni það fylgiskjal sem hér er lagt fram um jarðgangagerð. Það er í framhaldi af þál. sem var samþykkt á síðasta þingi um langtímaáætlun um jarðgangagerð. Það var nauðsynlegt vegna þeirrar umræðu sem kom upp um jarðgöng að samþykkja slíkt plagg. Það var í fyrsta skipti á síðasta þingi samþykkt langtímaáætlun um vegamál og þar var einnig samþykkt að jarðgangagerð væri sjálfstæð ákvörðun og fjármögnun þeirra. En umræðan kom, eins og ég segi, upp mjög samhliða og það var nauðsynlegt að festa hana í áætlun líkt og langtímaáætlun í almennri vegagerð.

Fyrsti afraksturinn af þessu liggur nú fyrir framan okkur og hæstv. samgrh. hefur lýst því hér í framsögu. Saga jarðgangagerðar á Íslandi er orðin nokkuð löng. Fjallað var um jarðgangagerð í umræðum í langtímaáætlun í vegagerð sem lögð var fyrir Alþingi árin 1990 og 1991. Þar var gert ráð fyrir svokölluðum Austfjarðagöngum. Þessi áætlun hlaut ekki samþykki sem ályktun Alþingis en um hana var skilað nál. Þar segir:

„Á öðru tímabili" — annað tímabil er á árunum 1995–1998 — „er gert ráð fyrir að framkvæmdum og greiðslum vegna Vestfjarðaganga ljúki og framkvæmdir við Austfjarðagöng hefjist og verði þeim síðan haldið áfram á þriðja tímabili" — sem er 1999–2002.

Ég segi þetta til að draga það fram að umræður á Austurlandi um jarðgöng eru ekki nýjar af nálinni. Ég verð að láta það koma fram hér að þessi Austfjarðagöng sem voru á sínum tíma gaffall frá Norðfirði til Seyðisfjarðar og upp á Hérað eru horfin út úr þessari áætlun vegna breyttra aðstæðna en í staðinn er komin góð framkvæmd, þ.e. frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar og hún er sett í fyrsta pakkann. En ég verð að segja að þessi hlutur Austurlands eftir öll þessi ár er rýr og þingmenn Austurlands eru sammála um það. Við munum leggja á það mikla áherslu við umræður um þessi mál að það komi önnur göng á Austurlandi inn í þennan fyrsta pakka og af þessum fyrsta pakka. Ég hef ekki út af fyrir sig athugasemdir við að bjóða út jarðgöng á Austurlandi og Norðurlandi í einu lagi. Ég tel það skynsamlegt ef það sparar 500 millj. kr. Ég geri ekki athugasemdir við það. Hins vegar munum við leggja á það mikla áherslu að önnur jarðgöng komi á Austurlandi inn í þennan fyrsta flokk. Við höfum rætt þetta mál þingmennirnir og erum sammála um þetta. Og vegna þess að stefnt er að því að stytta vegalengdir og rjúfa einangrun, stækka atvinnusvæði þá vil ég sérstaklega benda á tenginguna frá Norðausturlandi til Héraðs í þessum efnum.

Í þeirri framhaldsvinnu sem eftir er munum við draga þennan kost fram m.a. þó að reyndar falli miklu fleiri jarðgangakostir á Austurlandi undir styttingu vegalengda, stækkun atvinnusvæða og til að rjúfa einangrun, t.d. göng frá Eskifirði til Norðfjarðar. Ég vil sérstaklega benda á tengingu Norðausturlandsins frá Vopnafirði til Héraðs í þessu sambandi. Þessum sjónarmiðum munum við halda á lofti í umræðum um þessa áætlun.

Ég hef enga löngun til að bítast á um jarðgöng milli landshluta. Ég hef ekki, vegna umræðu um jarðgöng á Norðurlandi og Austurlandi, athugasemdir við að þau verkefni verði boðin út í einum pakka. Ég tel skynsamlegt að ljúka þeim rannsóknum sem þar eru eftir og bjóða síðan þessi verk út. En ég tel að sá jarðgangapakki á Austurlandi, sem á sínum tíma var kominn hér á lokastig í afgreiðslu Alþingis árið 1991, hafi rýrnað allverulega í meðförum á þessum áratug. Við munum hins vegar halda þeim sjónarmiðum til streitu.

[11:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., lét að því liggja að nauðsynlegt væri að selja ríkiseignir til þess að hægt væri að ráðast í framkvæmdir í vegagerð. Ég vil því leyfa mér að spyrja hv. þm.: Er það að hans mati forsenda þess að ráðist verði í þær framkvæmdir að áfram verði haldið í sölu ríkiseigna? Í öðru lagi: Hvað með andvirði þeirra banka sem við höfum verið að selja og gengið var frá sölu á á síðasta ári? Er þess kannski að vænta að við getum fengið andvirði þeirra til þessara framkvæmda? Í þriðja lagi: Hvað þurfum við að selja margar eignir og mikið til að röðin komi þá loksins að því að andvirðinu verði varið til þessara vegaframkvæmda?

Og í síðasta lagi vildi ég gjarnan spyrja hv. þm.: Telur hann eðlilegt að tengja þetta svona saman, þ.e. sölu ríkiseigna og nauðsynlegar vegaframkvæmdir og samgöngubætur, undirstöðu þjóðlífs og mannlífs í landinu?

[11:17]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur oftúlkað ræðu mína. Ég var ekki að tala um að tengja vegaframkvæmdir ríkiseignum sem væntanlega verða seldar í framtíðinni. Ég ræddi um að við eigum töluverða fjármuni vegna þeirrar sölu ríkiseigna sem fram hefur farið. Ég hygg að þar sé um að ræða um 10 milljarða kr. a.m.k. sem eftir er að fjalla um ráðstöfun á. Ég skal ekkert segja um hve miklu af því fé yrði varið til samgöngumannvirkja.

Ég tel eðlilegt að þegar eignir eru seldar sé andvirðinu varið til annarra fjárfestinga. Ég tel ekki eðlilegt að verja sölu eigna í rekstur ríkissjóðs og rekstrarverkefni. Ég tel eðlilegt að verja þeim til annarra fjárfestinga á vegum ríkisins. Þetta mál verður til umræðu hér í framhaldinu. Hv. þm. hefur misskilið mig ef hann heldur að ég hafi verið að tengja þetta

mál sérstaklega sölu ríkiseigna sem eftir á að ráðast í. Það er ekki svo.

[11:19]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Jón Kristjánsson lýsir því yfir að hann vilji ekki tengja þetta beint saman, eins og mér fannst þó liggja að í ræðu hans, að nauðsynlegt væri að selja ríkiseignir til að ráðast í þessar framkvæmdir. Það hefði verið nöturlegt ef landsbyggðarmenn stæðu frammi fyrir því að þeir yrðu að selja símann til þess að fá veg.

En ég get fallist á það og er sammála honum að sölu ríkiseigna á ekki að verja til reksturs. Henni á þá að verja til uppbyggingar og eflingar annars atvinnulífs eða þjónustu til varanlegs tíma af hálfu ríkisins. Það væri fagnaðarefni ef við gætum fengið söluandvirði bankanna á sl. ári til vegagerðar. Komi fram tillaga um það þá finnst mér það alveg bráðsnjallt.

[11:20]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við það að bæta sem ég sagði í fyrra andsvari mínu. Það hefur verið undirliggjandi eins og hv. þingmenn heyrðu í andsvari 5. þm. Norðurl. v. að sala Landssímans er til umfjöllunar í stjórnarflokkunum. Engar ákvarðanir hafa verið teknar í því efni en verið er að skoða það mál og þar koma inn miklu fleiri þættir og engin ástæða til að tengja það beinlínis þessari umræðu. Þar koma allt önnur mál til skoðunar, tæknibreytingar og önnur mál sem ígrunda þarf vandlega. En það er ekki ástæða til að rjúka til að selja Landssímann til að afgreiða vegáætlun, ég vil ekki tengja það saman. En endurtek að mér finnst skynsamlegt að þegar ríkið selur eignir þá sé réttlætanlegt að verja andvirðinu til annarra fjárfestinga. Ég tel ekki réttlætanlegt að verja því í rekstrarverkefni ríkisins.

[11:22]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara taka það fram að ég er hjartanlega sammála hv. þm. Jóni Kristjánssyni. Við landsbyggðarmenn eigum ekki að deila okkar á milli, við sem höfum verulegar áhyggjur af byggðamálum í landinu, um framkvæmdir og framkvæmdaröð heldur verðum við að standa saman.

Ég tek undir margt sem hér kom fram um jarðgangaframkvæmdir á Austurlandi sem hv. þm. ræddi um í sambandi við langtímaáætlun og annað. Ég vil aðeins geta þess að þáltill. var flutt bæði á þinginu 1989 og 1990 af ágætum mönnum, Sverri Sveinssyni, veitustjóra á Siglufirði, sem fyrst nefndi þessi mál, Halldóri Blöndal, Jóni Sæmundi Sigurjónssyni, Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Ragnari Arnalds, Árna Gunnarssyni og Pálma Jónssyni. Sú þáltill. var samþykkt og fjallaði um að kanna möguleika á gerð jarðganga á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar í framhaldi af opnun jarðganga um Ólafsfjarðarmúla. Tillagan var samþykkt og send til ríkisstjórnarinnar og það má eiginlega segja að við sjáum nú hilla undir framkvæmd á því í því mikla og góða plaggi sem hér hefur verið lagt fram af hæstv. samgrh., í tillögu um langtímaáætlun í jarðgangagerð. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni er áætlunin Vegagerðinni og öllum sem þetta hafa unnið til mikils sóma.

Þetta vildi ég bara láta koma fram. Ég ítreka það að við sem höfum talað um hina miklu byggðaröskun, þann mikla þjóðarvanda, skulum ekki karpa okkar á milli um hvar skuli bora eða hvar skuli gera vegi. Við erum sammála um að þetta eru allt mjög brýn verkefni og þau eru kannski nútímalegustu byggðaaðgerðirnar sem ræddar eru hér á hv. Alþingi í dag, þ.e. þær áætlanir sem hér eru lagðar fram, bæði vegáætlun og tillaga um langtímaáætlun í jarðgangagerð.

[11:24]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v. að bæta. Ég var ekki að karpa um jarðgangagerð á milli landshluta. Ræða mín gaf ekkert tilefni til þess. Ég lýsti því yfir að mér þætti skynsamlegt að fara þá leið sem tillagan gerði ráð fyrir, að bjóða verkefnin út sameiginlega og láta rannsóknir ráða hvaða verk verður tilbúið fyrst til framkvæmda. Ég man vel eftir þeim þáltill. sem flokksbróðir minn, sá ágæti maður Sverrir Sveinsson gekkst fyrir þegar hann var varaþm. hér á Alþingi. Ég samgleðst honum og öðrum sem sjá nú eftir áratug árangur af framsýni sinni. Ég hef í raun engu við það að bæta en óska þeim til hamingju með að sjá árangur af verkum sínum. Ég minnist þessara tillagna á sínum tíma og hef vafalaust stutt þær þó að ég sé búinn að gleyma atkvæðagreiðslu um þau mál.

[11:26]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér aftur í ræðustól til að taka undir allt það sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði í tengslum við þessa jarðgangaáætlun. Hann sagði að afar skynsamlegt væri að fara þá leið að bjóða út þessi tvö verkefni sameiginlega sem nefnd eru sem valkostur númer eitt og tvö í þessu máli. Það er grundvallaratriði og undir það vil ég taka. Þetta er það mikil aðgerð að vænta má, eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. samgrh., að tilboð geti verið 8–10% lægri þegar svo stór pakki er boðinn út í einu ef svo má að orði komast. Síðan verður það náttúrlega skoðað þegar undirbúningsvinnunni, rannsóknum og öðru er lokið, á hvorum staðnum verði byrjað. Ég ætla ekkert að fara að karpa um það enda held ég að ekkert sé því til fyrirstöðu að stórir verktakar sem kæmu að þessu verki byrjuðu bæði fyrir norðan og austan. Við munum þá samgleðjast, Norðlendingar og Austfirðingar, þegar þessi göng verða opnuð og að því kemur, sem verður vonandi sem allra fyrst og ekki seinna en á vordögum 2005 miðað við áætlanir um rannsóknir og svo framkvæmdir.

[11:27]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það ber að fagna því, sem er frekar nýtt hér í Alþingi, að tillögur um vegaframkvæmdir, að ég tali nú ekki um jarðgangagerðina, auki kærleik meðal þingmanna og samstöðu þeirra. Það er frekar nýtt. En tillögur hæstv. samgrh. um heildarramma í vegáætlun sýna metnað og framsækni. Það á bæði við um beinar ákvarðanir og stefnumörkun og fram undan eru spennandi verkefni.

Það er auðvitað lykilatriði í nútímaþjóðfélagi og þróun að vegaframkvæmdir séu unnar hratt og ákveðið. Líklega er ekkert eins arðbært í okkar samfélagi og að bæta samgöngur, stytta vegalengdina þannig milli byggða, breyta ímynd staða og losa um átthagafjötra. Það er því margt verkið að vinna.

Í stuttri ræðu hæstv. samgrh. vék hann að helstu þáttum. Ég vil nefna hér eitt í viðbót sem hæstv. ráðherra kynnti á blaðamannafundi skömmu fyrir þingfund í morgun. Hann vék að sérþætti í hugmyndum um jarðgangagerð sem tengist vegtengingu milli lands og Eyja. Því miður tók hæstv. iðnrh. svolítið forskot á sæluna á fundi á Dalvík í gær og fjallaði um þessa þætti vegáætlunar á undan hæstv. samgrh. Okkar ágæti

hæstv. iðnrh. er svolítið ör í nýju ráðherraskónum sínum og lýsti því yfir á fundi á Dalvík — það var endurleikið í útvarpi í morgun — að hugmynd um vegtengingu milli lands og Eyja, þ.e. jarðgöng, væri úr sögunni.

Það er á miklum misskilningi byggt. Niðurstaða Vegagerðarinnar í mjög vel unninni skýrslu um mögleika vegtengingar milli lands og Eyja undirstrikar að þetta er tæknilega mögulegt. Hins vegar er bent á eins og annars staðar að framkvæma þurfi rannsóknir. Hæstv. samgrh. hefur staðfest að farið verði í þær rannsóknir. Áætlað er að það taki tvö til þrjú ár að vinna þær eða ámóta tíma og er ætlaður jafnframt til rannsókna á þeim jarðgöngum sem hafa nú verið sett í forgangsröð. Þess ber líka að geta að aldrei hefur verið talað um jarðgöng eða vegtengingu milli lands og Eyja sem hluta af vegáætlun heldur sérverkefni, nákvæmlega eins og Hvalfjörðinn og þess vegna er ekki ástæða til að fjalla um það á sömu nótum.

Þetta eru hlutir sem liggja fyrir og ber að fagna því að ráðherra hefur tekið ákvörðun um að fylgja eftir tillögum Vegagerðarinnar um rannsóknir á Eyjasvæðinu, freista þess að kanna þessa hugmynd til hlítar. Það byggist á því í tveimur stærstu þáttum að draga saman þekkingu um eldvirkni svæðisins, þ.e. svæðisins Mýrdalsjökull/Hekla/Vestmannaeyjar, og sú samantekt mun svara mörgum ósvöruðum spurningum í jarðsögu Íslands, jafnframt að gerð sé nánari úttekt og yfirferð á jarðskjálftamunstri svæðisins. Þetta eru lykill þess að hægt sé að meta möguleikana á þessari vegtengingu.

Áætlað er að jarðgöng milli lands og Eyja mundu kosta á bilinu 20–35 milljarða, þ.e. 18 km göng frá Krossi út í Eyjar um 20 milljarða en 26 km göng frá Seljalandsfossi út í Eyjar um 35 milljarða. Þetta er auðvitað með allri óvissunni og er liðlega 20% hærra á km en raunin varð í Hvalfirði. Um leið og óvissan minnkar, þ.e. ef niðurstöður rannsóknarinnar reynast jákvæðar, þá þéttist enn frekar möguleikinn á þessum hlutum. Jafnframt er bent á í skýrslu Vegagerðarinnar að kostnaður til að mynda við rekstur Herjólfs á 30 ára bili geti verið um 6–7 milljarðar, stofnkostnaður og aðrir þættir, þannig að allt er þetta til eðlilegrar skoðunar.

Benda má á að aðeins á hverju ári er greitt í flugfargjöld milli lands og Eyja u.þ.b. einn milljarður kr. Þetta er því fýsilegt til þess að fylgja þessu eftir og skoða ofan í kjölinn með eðlilegum rannsóknum okkar færustu vísindamanna hvað sé hagkvæmt bæði með tilliti til kostnaðar og auðvitað um leið öryggis.

Þetta eru mörg verkefni og ég fagna niðurstöðu ráðherra í því að bjóða samhliða út þessi tvö verkefni á jarðagangaleiðinni Siglufjörður/Ólafsfjörður, Reyðarfjörður/Fáskrúðsfjörður. Það er framsýn og mikilvæg ákvörðun sem ber að fagna. Við eigum að glíma við ýmis stór verkefni sem við þurfum að takast á við. Sum eru nokkuð traust innan vegáætlunar en önnur síður. Til að mynda er ljóst að tryggja þarf flýtingu á breikkun Reykjanesbrautar innan þeirrar vegáætlunar sem við höfum þegar fjallað um. Það þarf að tryggja uppbyggingu Suðurstrandarvegar milli Suðurlands og Suðurnesja, ekki síst með tilliti til breytingar á kjördæmaskipan og er auðvitað lykilatriði þegar kemur að kjördæmabreytingu að kjördæmið sé í einum hluta og það er ekki gert nema með því að byggja upp þennan veg. Það er grundvallarkrafa.

Í náinni framtíð verðum við að taka ákvörðun — og ég tel fyrr en seinna — um að fara bratt og fast í byggingu hálendisvega, Uxahryggi frá Vesturlandi inn á Suðurland, Kjöl norður, Sprengisand og hugsanlega Gæsavatnaleið til Austurlands. Þessir vegir mundu gjörbreyta öllu munstri í samgöngum Íslands og vegalengdum milli landsvæða og létta þannig róðurinn í því að halda landinu öllu í byggð. Þetta eru verkefni sem blasa við og við eigum ekkert að hika við að takast á við þau því að þarna er lykillinn að sátt og samlyndi í landi okkar um að nýta þá fjárfestingu sem er hringinn í kringum landið og þarf að nýtast þessu fámenna landi til fullnustu.

[11:36]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Ég mun í ræðu minni ekki fjalla sérstaklega um þá þáltill. en vísa til orða hv. þm. Kristjáns L. Möllers hvað það varðar en ég mun hins vegar nýta tíma minn til að fjalla fyrst og fremst um það fylgigagn sem með þessari þáltill. fylgir, þ.e. jarðgangaáætlun.

Það kom fram í máli hæstv. samgrh. að þessi skýrsla og niðurstaða hennar væri mat Vegagerðarinnar. Á það vil ég leggja sérstaka áherslu að hér er að sjálfsögðu skýrsla sem unnin er af Vegagerðinni og niðurstaðan er mat embættismanna Vegagerðarinnar. Að sjálfsögðu er hér skýrsla sem er mikilvægt gagn inn í það þarfa mál að fjölga jarðgöngum á Íslandi.

Hins vegar er ljóst að hin pólitíska umræða er eftir. Það er nauðsynlegt í því samhengi að rifja ýmislegt upp vegna þess að það er ekki í fyrsta skipti í dag sem rætt er um jarðgöng. Þann 24. okt. 1991 lagði ég fyrirspurn fyrir þáv. samgrh., hv. þm. Halldór Blöndal. Ein þeirra spurninga sem lögð var fyrir hæstv. ráðherra var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra framfylgja þeirri stefnu sem mörkuð var á síðasta kjörtímabili að framkvæmdir við jarðgöng á Austurlandi hefjist strax að loknum framkvæmdum við jarðgöng á Vestfjörðum?“

Þáv. samgrh. svaraði spurningunni þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillaga um langtímaáætlun í vegagerð var lögð fyrir Alþingi á sl. vetri en ekki samþykkt. Tillagan var samin af starfshópi sem skipaður var af þáv. samgrh. Í hópnum sátu fulltrúar stjórnmálaflokkanna auk fulltrúa samgrn. og Vegagerðar. Í tillögunni voru fjögur jarðgangasvæði tekin með, þ.e. lúkning Ólafsfjarðarmúla, endurbætur Strákaganga, Vestfjarðagöng og Austfjarðagöng. Vestfjarðagöngum var þar raðað á undan Austfjarðagöngum og tóku þau til sín meginhluta fjármagns á 1. og 2. tímabili áætlunarinnar. Austfjarðagöng fengu nokkurt fjármagn til undirbúnings og rannsókna á 1. tímabili 1991–1994 en framkvæmdafé ekki fyrr en á 2. tímabili 1995–1998. Samkvæmt þessu áttu framkvæmdir við Austfjarðagöng að hefjast seinni hluta 2. tímabils, þ.e. á árunum 1997–1998. Nokkur umræða fór fram um tillöguna þó að ekki yrði hún afgreidd.“ — Herra forseti. Samgrh. hélt áfram og sagði: — „Í þeim umræðum var ekki hróflað við þeirri meginstefnu í jarðgangagerð sem hér var lýst.“

Á þetta verður því að sjálfsögðu að líta á sem ígildi samþykktar. Margir hv. þingmenn hafa vitnað til svokallaðs heiðursmannasamkomulags sem gert var í þessum efnum og hefur í raun og veru alveg fram á þessa stund ekki staðið á því að ýmsir þingmenn hafi verið reiðubúnir til þess að staðfesta það.

Herra forseti. Áfram heldur þáv. samgrh.:

„Í fyrsta lagi hefur Alþingi markað þá stefnu að Austfjarðagöng verði næsta jarðgangaverkefni á eftir Vestfjarðagöngum. Verða rannsóknir og annar undirbúningur á næstu árum við það miðuð.“

Örlitlu síðar segir ráðherrann, með leyfi herra forseta:

„Í öðru lagi gerir tillaga um langtímaáætlun sem í var vitnað ráð fyrir verkbyrjun í Austfjarðagöngum á árunum 1997–1998.“

Herra forseti. Nú er árið 2000 og enn hafa ekki hafist framkvæmdir við Austfjarðagöng. Því er ekki sérkennilegt að þingmenn Austurlands geri við það athugasemdir hver niðurstaðan er í skýrslu Vegagerðarinnar. Við munum hins vegar halda því áfram eins og gert hefur verið ætíð af hálfu Austfirðinga að leita sem mestrar samstöðu og ég vil taka undir þau orð sem ýmsir hv. þm. hafa sagt, að það er afar mikilvægt að við þingmenn landsbyggðarinnar förum ekki að kljást um það hvar eigi að byrja eða hvaða göng eigi að vera næst.

Hins vegar er ljóst að hlutur Austurlands í niðurstöðu Vegagerðar er óviðunandi. Fyrst og fremst hefur verið horft til fjögurra verkefna í því samhengi. Í fyrsta lagi hefur verið rætt um að rjúfa einangrun Vopnafjarðar með göngum undir Hellisheiði, í öðru lagi að rjúfa einangrun Seyðisfjarðar og þá hafa ýmsir möguleikar verið ræddir, í þriðja lagi að rjúfa fjallferð yfir Oddsskarð og gera ný göng undir Oddsskarð, þ.e. að tengja Norðfjörð og Eskifjörð og í fjórða lagi milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Ljóst er þegar horft er til fortíðar — og það er auðvitað meginásteytingarsteinninn að nú skuli vera litið á þetta mál eins og við séum að byrja á núllpunkti. Það er að sjálfsögðu óheiðarlegt í því sem á undan er gengið og vitna ég þá aftur til þess sem ég las úr svörum páv. hæstv. samgrh.

Herra forseti. Ég mun ekki fara yfir einstök verkefni. Ég vil aðeins segja að öll þau verkefni sem nefnd eru í skýrslu Vegagerðarinnar eru að sjálfsögðu mjög brýn og það er verkefni okkar að ná sem allra mestri samstöðu um verkin. Ég vil taka undir með hæstv. ráðherra að það ber að sjálfsögðu að horfa til þess að bjóða út fleiri en eitt verk í einu og leita allra þeirra leiða sem hægt er til að spara því að svo brýnt er að unnið sé í byggðamálum á þennan hátt að það ber að leita allra leiða, allra færra leiða, til að flýta verkefnum sem kostur er.

Herra forseti. Ég vil að lokum taka undir með hv. þm. Jóni Kristjánssyni, að við þingmenn Austurlands munum að sjálfsögðu halda sjónarmiðum okkar fram og gera allt sem í valdi okkar stendur til þess að hlutur Austurlands verði meiri en hér kemur fram. Það væri t.d. hugsanlegt að flokka framkvæmdirnar örlítið öðruvísi niður. Mér sýnist margt benda til þess að Vegagerðin hefði jafnvel innan þess ramma sem henni var settur við gerð skýrslunnar getað gert það á skilmerkilegri hátt vegna þess að einkunnir eru nefndar sem gefa á hverri framkvæmd en þær sjást ekki í skýrslunni.

Forgangshópurinn er til staðar. Það er spurning og það er sláandi að öll önnur verkefni eru sett í sama hóp. Herra forseti. Ég vil hafa það lokaorð mín að það er óeðlilegt að flokka þann hóp ekki nánar niður.

[11:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er alltaf jafnskemmtilegt þegar við komum saman til að ræða vegáætlun því að hér er um verkefni að ræða sem þingmenn hafa alla jafna mikinn áhuga á og ekki síst landsbyggðarþingmenn. Hér er um mikið og gott byggðamál að ræða sem skiptir okkur öll gífurlega miklu máli.

Ég vil byrja á að nefna eitt atriði sem kemur fram í vegáætluninni, í þáltill., og það er tillaga um að breyta flokkun vega þannig að hringvegurinn um Austurland liggur nú um svokallaða Hárekssstaðaleið á Jökulsdalsheiði en ekki yfir Möðrudalsfjallgarða. Þetta er að sjálfsögðu vegna þess að nú í sumar lýkur vinnu við Hárekssstaðaleið sem mun verða gífurlega mikil samgöngubót og mikill áfangi í tengingu Norður- og Austurlands. Ég tel fulla ástæðu til að benda á þetta sérstaklega en jafnframt að eftir eru heilmiklir áfangar enn þá í tengingu Norður- og Austurlands sem ég hefði haldið að við yrðum að leggja aukna áherslu á, ekki síst í ljósi þess að nú eru þessi tvö kjördæmi, Norðurland og Austurland, að verða að einu. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli að íbúar þessara tveggja kjördæma sem nú eru geti farið að starfa betur saman sem ein heild.

Ég vil einnig benda á hvað flýtifjármagnið svokallaða sem kom inn í tengslum við þetta mál, 500 millj. á ári, á árunum 2000–2002, hefur haft mikil áhrif og mun hafa mjög sýnileg áhrif til að tengja einmitt Norður- og Austurland. Í sumar og næsta sumar munu nást miklir áfangar í byggingu vegar í Jökuldal sem er þá enn einn áfanginn í tengingunni.

Talað hefur verið um hversu mikið byggðamál hér er um að ræða og það er orð að sönnu. Ég vil minna á að í þáltill. um byggðamál sem samþykkt var á Alþingi sl. vor er talað um svokallaða byggðavegi sem eru verkefni þar sem verið er að koma hinum dreifðari byggðum betur inn í vegasamband. Í 13. tölulið þál. er svohljóðandi setning, með leyfi forseta:

„Gert verði átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir.“

Til slíkra verkefna hefur Vegagerðin áætlað að þurfi um 5–6 milljarða kr. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem við verðum að taka okkur fyrir hendur í samgn. að skoða hvort það geti rúmast einhvers staðar innan vegáætlunar.

Ég vil einnig minna á verkefni á Austurlandi. Það var vitað mál við afgreiðslu síðustu vegáætlunar að ekki var nægilegt fé til og þar nefni ég tenginguna við Vopnafjörð upp á hringveginn, upp á svokallaða Hárekssstaðaleið sem ég nefndi áðan. Ljóst er að til þessa verkefnis þarf að auka nokkuð við fé til að hún geti orðið að veruleika, þ.e. lagning vegarins um Hofsárdal. Ég tel afskaplega mikilvægt að við flýtum þeirri framkvæmd þannig að Vopnfirðingar komist í gott vegasamband og það verður hreinlega að ráðast í að hefja undirbúning nú þegar vegna þess að við urðum fyrir þeirri leiðinlegu reynslu varðandi byggingu vegarins um Hárekssstaði að þar kom umhverfismat í veg fyrir að hægt væri að halda þar fullum hraða. Þetta er það sem við búum við núna, að umhverfismat og undirbúningur framkvæmda tekur miklu lengri tíma en áður var og í þessu tilfelli seinkaði framkvæmdum um meira en eitt ár. Og á þeim svæðum þar sem við erum að tala um framkvæmdir, uppi á heiðum þar sem stærstu framkvæmdirnar eru eftir, að þá er framkvæmdatími mjög stuttur og slík seinkun á undirbúningi hefur mjög alvarlegar afleiðingar. Þess vegna er mikilvægt að Vegagerðin byrji á að undirbúa nú stærri verkefni sem við sjáum fyrir að þarf að ráðast í til þess að m.a. umhverfismat og allt það kæruferli sem gert er ráð fyrir í umhverfismatinu verði ekki til þess að fresta framkvæmdum svo mjög sem við þekkjum.

Hæstv. forseti. Menn hafa talað hér um jarðgangaáætlun og ég hlýt eins og aðrir að fagna því sérstaklega, núna

við þetta tækifæri, að hún skuli liggja fyrir. Upphafið að því að hún er til umræðu var þegar sú sem hér stendur og Egill Jónsson, sem var þingmaður á Austurlandi á síðasta kjörtímabili, fluttum tillögu um að hefja undirbúning við jarðgangagerð á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Upp úr þeim tillöguflutningi og jákvæðum umsögnum sveitarstjórna á Austurlandi varð til ályktun um langtímaáætlun um gerð jarðganga. Það er ákaflega mikilvægt að vera búin að fá jarðgangaáætlun upp í hendurnar núna þegar við förum að vinna vegáætlun. Því það segir sig sjálft að mörg af þeim verkefnum sem verða til þegar við hefjum jarðgangagerð þurfa að koma inn í vegáætlun og einnig getum við þá hætt við aðrar framkvæmdir sem jarðgöngin leysa af hólmi. Í þeim verkefnum sem hér er lagt til að verði hafist handa við, þ.e. jarðgöng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar annars vegar og hins vegar á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, þá er verið að leysa af hólmi aðrar framkvæmdir og er ástæða til að nefna að þarna er um mikinn sparnað í öðrum vegaframkvæmdum að ræða.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er að verða búinn en ég vil að lokum þakka hæstv. samgrh. fyrir hversu vel hann hefur unnið að málinu og ekki síst Vegagerðinni sem hefur unnið þetta mál sérstaklega vel og ber að þakka þær frábæru skýrslur sem hér liggja fyrir þegar við fjöllum um vegáætlun í dag.

[11:52]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir til hæstv. samgrh. fyrir innlegg hans í þetta mál. Þessi þál. er að sönnu það sem stefnt hefur verið að og stjórnarflokkarnir vinna saman að því hvernig koma megi áfram þeim miklu vegaframkvæmdum og umbótum á vegakerfi sem nauðsynlegar eru. Það er að sönnu erfitt verkefni en samt mjög ánægjulegt hversu mikið hefur áunnist í þeim málum á undanförnum árum. Það er að vísu slæmt að við skulum hafa þurft að fresta verkefnum á þessu ári, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, en þess ber þó að geta að í tengslum við þá frestun erum við að tala um framkvæmdir sem í rauninni var ekki hægt að hefja strax og er það ekki til skaða þegar upp er staðið. Við þjöppum því framkvæmdatímabilinu saman frekar en að fresta notagildi þessara framkvæmda og út af fyrir sig er það aðalatriðið.

Langtímaáætlun sem samþykkt var á síðasta kjörtímabili var afskaplega gott innlegg í þá miklu framtíðarsýn sem menn hafa á uppbyggingu vegakerfisins og ég held að þar hafi verið markað alveg gríðarlega mikilvægt skref, bæði í að sjá fram í tímann og eins í vinnubrögðum því að það er að sjálfsögðu afskaplega þýðingarmikið að geta horft fram í tímann og áttað sig á því hvaða stórframkvæmdir eru inni og þannig er líka hægt að koma inn mjög stórum framkvæmdum og sjá fyrir endann á þeim, sjá verklok sem oft getur reynst erfitt í stuttum vegáætlunum eins og hafa verið, í fjögurra eða fimm ára vegáætlunum.

Í þeirri langtímaáætlun sem gerð var og við samþykktum í samgn. og hér í þinginu fyrir kosningar var m.a. nýtt verkefni sem var tvöföldun Reykjanesbrautar og var að okkar áliti vendipunkturinn í því máli og í sjálfu sér mikið upphaf að framkvæmd sem búið var að bíða eftir og berjast fyrir í mjög langan tíma. Í áætluninni var gert ráð fyrir því, eins og fólk veit almennt, að upphaf þeirrar áætlunar og upphaf þess verks mundi verða á síðasta ári og það fór svo að á síðasta ári var veitt í þetta verkefni 21 millj. í undirbúning og á þessu ári er gert ráð fyrir að sambærileg upphæð fari í tvöföldun Reykjanesbrautar og 60 á næsta ári, eða samtals um 100 millj. kr. Samkvæmt þessari áætlun ætti á þessu og næsta ári því að vera til fjármagn til að undirbúa þá framkvæmd til útboðs og gera umhverfismat sem þarf hugsanlega að fylgja. Það er samt af hálfu Vegagerðarinnar ekki talin ástæða til að ætla að umhverfismat þurfi í raun á brautina sjálfa heldur einungis á mislæg gatnamót sem verða á tveimur eða þremur stöðum á leiðinni. Á næstu tveimur árum eigum við að geta lokið þeim undirbúningi fyrir þessa framkvæmd sem á þarf að halda og útboð geti farið fram árið 2002.

Það hefur verið mikið kappsmál allra sem nálægt þessu máli hafa komið og þekkja til aðstæðna á umræddri leið, að þó svo að langtímaáætlun geri ráð fyrir að verkinu ljúki ekki fyrr en 2010, að fara mætti það hratt af stað að við gætum boðið verkið út í einu lagi. Komið hafa fram hugmyndir um að við mundum byrja framkvæmdir með 400–500 millj. kr. útboði árið 2002–2003 en við höfum lagt á það mikla áherslu að við það mætti bæta öllu verkinu með því að taka inn í fyrirtæki sem mundu fjármagna dæmið og þetta yrði síðan greitt miðað við þá langtímaáætlun sem fyrir liggur. Spurningin er sú hvort hagkvæmara sé að gera það heldur en að Vegagerðin taki sjálf lán og framkvæmi þetta. Það er út af fyrir sig aukaatriði. Aðalatriðið er að ná fram þessum verkþætti þannig að útboðið verði allt gert á sama tíma.

Það er sem sagt til umræðu núna að vinna þetta með þessum hætti og ég á von á því að í þingmannahópnum, ég hef ekki heyrt annað, sé algjör samstaða um að reyna þessa leið. Allir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum og ég hygg Suðurnesjamenn allir eru einhuga um að þetta sé stærsta og merkilegasta málið í vegagerð sem við vinnum að og er algjört forgangsverkefni af okkar hálfu.

Það þarf að sjálfsögðu ekkert að tíunda mjög mörg rök í þessu sambandi en við sem fylgjumst með vitum að aukin umferð á þessu svæði er gríðarleg og hefur verið um 10% á ári og í dag fara um sjö þúsund bílar um þessa braut hvern einasta dag alla daga ársins. Aukningin er sem sagt um 10% á ári sem þýðir að eftir fögur ár munu yfir tíu þúsund bílar fara þessa braut á hverjum einasta degi. Það er mjög nærri þeim mörkum sem sett eru í Bandaríkjunum til að tvöfalda slíkar brautir, að akreinar verði fjórar, tvær í hvora áttina, og miðað við þær aðstæður sem hér eru þá eru þau mörk mjög nærri því sem Bandaríkjamenn hafa sett sér og Vegagerðin hefur notað sem viðmiðunarmörk af sinni hálfu.

Ég lít svo á að það að tvöfalda Reykjanesbrautina á þessum tíma sé álíka mikið hagsmunamál og Hvalfjarðargöngin hafa verið fyrir Vestlendinga, Akranes og aðra, í öryggismálum og samgöngubótum sem allir eru sammála um að eru vel heppnaðar.

Herra forseti. Að sjálfsögðu má nefna mörg önnur mál í þessu sambandi en tíminn er mjög naumur. Með nýju kjördæmi er Suðurstrandarvegur einn af þeim vegaköflum sem verða forgangsverkefni nýrrar kjördæmaskipunar. Við munum öll sameinast um að vinna að því þegar þar að kemur.

Ég vil að sjálfsögðu taka undir væntingar landsbyggðarmanna með jarðgöng sem eru mjög brýn. Að mínu áliti munu þau fjármagnast með öðrum hætti.

[12:01]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil þakka þau gögn sem hér hafa komið fram og þau orð sem hafa verið sögð. Við erum öll einhuga í því að vilja hafa gott vegakerfi í landinu okkar og oft er

talað um hvað vegir séu góðir og nauðsynlegir í öllum samskiptum. Gamalt máltæki segir: Allir vegir liggja til Rómar. Í framhaldi má hugsa hvers vegna þetta var sagt. Var það vegna þess að þeir sem bjuggu í Róm þurftu að komast út í skattlöndin eða var það vegna þess að þeir sem bjuggu í skattlöndunum vildu komast til Rómar?

Í umræðum um byggðamál hefur verið rætt um að það sé kostur fyrir byggðarlag ef auðvelt er að komast til Reykjavíkur. Vestfirðingur einn sagði einu sinni að ein mesta samgöngubót sem gerð hefði verið fyrir alla landsbyggðina væru göngin undir Hvalfjörð. Auðvitað er þetta ekki alveg svona einfalt því að Reykvíkingar og fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu nýtur þess að fara út á land og heimsækja landið sitt og byggðina í sumarleyfum og í öðrum tilgangi.

Ég vil fagna því sem er í þessari jarðgangaáætlun. Ég er mjög ánægður að talað er um jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem dæmi og önnur jarðgöng. Þetta minnir okkur á að þó gott sé að vegir landsbyggðarinnar liggi til höfuðborgarinnar og fólk eigi auðvelt með að komast til Reykjavíkur þar sem Alþingi Íslendinga er, Háskóli Íslands, Landspítalinn og margar aðrar stofnanir, sem landsbyggðarmenn þurfa náttúrlega að sækja til og eiga í, þá er fólk einnig farið að beina sjónum sínum að því í sambandi við vegamál að góðar samgöngur séu á milli svæða. Vil ég nefna sem dæmi hvílík samgöngubót það var t.d. þegar jarðgöngin komu á Vestfjörðum.

Frá Súðavík til Bolungarvíkur er malbikað og góð leið. Frá Ísafirði til Súgandafjarðar, Flateyrar og bráðum til Þingeyrar er líka góð leið. Ég er þar að tala um hversu samgöngur innan svæðis séu góðar á norðanverðum Vestfjörðum. Eins vil ég nefna sunnanverða Vestfirði, frá Bíldudal og alveg inn í Patreksfjarðarbotn. Þar er búið að malbika og gera góða vegi.

Ekki þarf að fjölyrða um hversu góð áhrif þetta hefur haft á samfélagið þarna og byggðirnar. Þetta er nauðsynlegt að halda áfram með og hugsa um þetta líka í vegagerðinni að tengja svæðin betur. Þetta er byggðasjónarmið sem við þurfum að horfa stöðugt á.

Á norðanverðu Snæfellsnesi opnaði hæstv. samgrh. nýlega leiðina á milli Grundarfjarðar og Ólafsvíkur, Búlandshöfðann. Var það mikið gleðiefni. Ég bý í Grundarfirði og vil segja að þessi samgöngubót er miklu meiri en fólk grunaði og menn nota sér þessar miklu framfarir. Eins má segja þegar nýr vegur um Ólafsvíkurenni var lagður á milli Hellissands, Rifs og Ólafsvíkur.

Fyrst ég er að tala um norðanvert Snæfellsnes þá langar mig til að víkja að einum vegi sem er enn eins og frá síðustu öld, það er best að orða það þannig. Það er vegarkafli sem heitir Kolgrafarfjörður. Það er alveg algjörlega óviðunandi að þurfa að aka þá leið eins og hún er í dag miðað við allt umhverfis, malbikaða góða vegi frá Stykkishólmi að Berserkseyri og frá Ólafsvík og að Kolgrafarfirði eða til Grundarfjarðar. Ég tel mjög brýnt að tengja byggðirnar á norðanverðu Snæfellsnesi þannig að þar sé mjög auðveld leið. Fólk á norðanverðu Snæfellsnesi talar æ oftar um meiri og auknari samskipti. Til þess að þau geti átt sér stað og við getum farið að líta á Stykkishólm, Grundarfjörð, Ólafsvík, Rif og Hellissand sem eina byggðaheild verða samgöngurnar að vera miklu betri um Kolgrafarfjörð en er.

Mig langar sérstaklega að minna á þetta. Auk þess auðveldar þetta öllum ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum, að ferðast um Snæfellsnes. Í þessu sambandi er náttúrlega líka vert að tala um Útnesveg á Snæfellsnesi. Ég vildi vekja athygli á þessu máli og einnig hversu ánægjulegt það er að fólk notfærir sér að sækja þjónustu í nágrannabyggðir, er farið að mynda samtök um skóla og aðra starfsemi vegna þess að vegirnir eru að verða betri. Því er nauðsynlegt að vegirnir séu góðir og reynt verði að vinna hratt og vel í vegagerð á Íslandi.

Okkur öllum hefur komið á óvart hversu vel hefur gengið í vegagerð og hversu oft vegagerðin hefur orðið ódýrari en gert hefur verið ráð fyrir í áætlunum. Í sambandi við nefndan veg yfir Búlandshöfðann held ég að hann hafi verið a.m.k. 100 millj. kr. ódýrari en ráð var fyrir gert. Oft dettur manni í hug að vegáætlun geri ráð fyrir því að vegirnir verði of dýrir. Tækin hafa sífellt orðið betri og öflugri til vegagerðar.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar fyrir jarðgangaáætlun sem hefur verið lögð hér fram. Við þurfum að vera ófeimin og hugrökk í vegagerðinni. Í Bandaríkjunum sagði maður einn við bandarískan mann: Þið eruð svo ríkir að þið getið búið til mikla vegi. En hann svaraði: Við urðum ríkir vegna þess að við byggðum vegi.

[12:09]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Samgönguáætlun er eitt mikilvægasta mál sem fjallað er um í hv. Alþingi hverju sinni og þau gögn sem nú eru lögð fram eru til mikillar fyrirmyndar og ber að þakka hæstv. samgrh. fyrir að leggja þau fram, starfsmönnum Vegagerðar og samgrn. Við höfum á undanförnum missirum fjallað um fjarskiptamál sem samgöngumál. Það er auðvitað mjög brýnt samgöngumál líka en nú höldum við okkur við þessar hefðbundnu samgöngur.

Eins og fram hefur komið í ræðum þingmanna eru samgöngur í orðsins fyllstu merkingu eitt allra stærsta byggðamál á Íslandi. Samgöngumál tengjast atvinnumálum í héraði, samskiptamálum og hvers konar þjónustu. Greiðar samgöngur tengja saman byggðir þessa lands og skapa fjölbreytni í atvinnumöguleikum í dreifbýli, skapa möguleika til samnýtingar og samþættingar á mörgum sviðum, m.a. í skólamálum og á fleiri sviðum. Undirstaða þess að hægt sé að sameina t.d. sveitarfélög og ýmsa þjónustu á landsbyggðinni eru greiðar samgöngur. Við megum ekki gleyma því að miklar framfarir hafa orðið í samgöngumálum þjóðarinnar á síðustu 20 árum en betur má ef duga skal.

Við veltum mjög fyrir okkur hvernig beri að skipta upp þeim potti sem er til samgangna og við erum sjálfsagt flest mjög sammála um það að við þyrftum að verja enn þá meiri peningum til samgöngumála en við gerum. Ég er t.d. þeirrar skoðunar að okkur beri að skoða breytingu á skiptingu á þessum potti, m.a. með tilliti til þess að tengivegir í landinu hafa verið mjög afskiptir víðast hvar, t.d. á Suðurlandi og á Norðurl. v. eru mjög langir spottar sem eru tengivegir. Þeir eru að verða mjög afskiptir og þetta skiptir þessar byggðir miklu máli. Ef ég man tölurnar rétt er oft talað um að tengivegir t.d. á Suðurlandi séu u.þ.b. 25% tengivegakerfis landsins. Auðvitað er mjög brýnt að verja meiri peningum til þessara vega.

Fyrir nokkrum árum var peningum varið til ferðamannaleiða. Það var afar gott framtak sem verður auðvitað framhald á. Það eru líka vegir sem við ræðum ekki mikið um eins og fjallvegir og óbyggðavegir sem eru mjög mikið notaðir yfir sumartímann. Ég nefni leiðir eins og t.d. inn í Þórsmörk. Sá vegur er oft og tíðum nánast ófær þrátt fyrir afar mikla umferð. Í Suðurlandskjördæmi er t.d. Skaftárhreppur sem er

u.þ.b. 6–7% af Íslandi. Þar er mikið tengivegakerfi sem við þurfum að skoða eins og reyndar tengivegakerfið í landinu í heild.

Ég viðurkenni það hér og nú að ég get vel hugsað mér að selja ríkisfyrirtæki til þess að bæta samgöngur í landinu. Ég tel samgöngumálin svo mikilvægan þátt í byggðapólitíkinni að ég get vel séð af ríkisfyrirtækjum ef ég er fullviss um að peningarnir sem nást inn vegna sölunnar renni til þessara samgöngumála.

Hæstv. samgrh. vék m.a. að ferjusiglingum. Á Suðurlandi skipta ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og fastalandsins miklu máli, það er önnur aðalsamgönguleið milli lands og Eyja. Við höfum áður í fyrirspurnatíma rætt um útboð ferjusiglinga. Þó ég sé stjórnarsinni er ég ekki sannfærður um það enn þá að það beri að bjóða samgöngurnar út með þessum hætti, þ.e. bjóða út ferjusiglingar milli lands og Eyja. Það er auðvitað stefna ríkisstjórnarinnar og einnig stefna ESB. En ég kem því ekki alveg inn í höfuðið á mér, þ.e. ég sé ekki alveg hvað vinnst með því vegna þess líka að það er í ákvæðum ESB ákvæði um að bjóða í olíu og margt fleira þegar um ferjusiglingar er að ræða. Ég er því ekki enn þá sannfærður varðandi þessi mál.

Ég lýsi sérstakri ánægju minni með jarðgangaáætlunina sem hér er lögð fram. Hún er mjög vel unnin og vísar okkur veginn inn í framtíðina. Ýmsir stjórnmálamenn hafa átt sér þessa drauma um framtíðina og það er ánægjulegt að jafn vel unnið plagg og hér er hafi verið lagt fram. Jarðgangaáætlunin er til tíu ára og verður endurskipulögð á fjögurra ára fresti. Gerðar eru tillögur um þrjú meginverkefni hvað þetta varðar og mér líst vel á að bjóða þetta út í einum pakka.

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr er alltaf ákveðin samkeppni milli byggðarlaga. Það höfum við heyrt hér í umræðunni í dag og jákvæð samkeppni milli byggðarlaga er í góðu lagi. Ég sé að hér eru tillögur og mismunandi vel útfærðar rannsóknir á göngum á Suðurlandi. Ég á mér þann draum að einhvern tíma í framtíðinni verði gerð göng um Hellisheiði enda sjá menn að þar er gríðarleg umferð. Þó ber að rannsaka þetta svæði mun nánar og það kemur fram í þessari jarðgangaáætlun.

Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum þegar ég sá áætlunina um göng til Vestmannaeyja. Ákveðnum peningum hefur verið varið til þessara rannsókna. Ég bjóst satt að segja sjálfur við því að þetta væri ekki jafnkostnaðarsamt og hér kemur fram. En ein göng sem skipta mjög miklu máli fyrir Suðurland og mundu gagnast Austurlandi vel væru göng í gegnum Reynisfjall. Það er til þess að gera lítið verkefni en getur skipt Austurland og tengingu Austurlands við Suðurland og höfuðborgarsvæðið miklu máli.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir þessi gögn sem hér hafa verið lögð fram og vonandi tekst okkur í framtíðinni að vinna á þessum nótum og verja enn meiri peningum til samgöngumála en gert er í dag.

[12:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sú áætlun í vegamálum til fimm ára sem við ræðum hér er þörf og merkileg. Það er gott að vinna málin eins og hér er lagt upp með, að hafa nokkra framtíðarsýn.

Í dag var kynnt hér ný skýrsla um jarðgangaáætlun sem er hið merkilegasta rit og ber að þakka hversu vel það er unnið. Uppbygging á vegakerfi landsins er einfaldlega ein af meginstoðum þess að viðhalda og efla byggð í landinu. Við höfum á undanförnum áratugum bætt vegakerfið mikið og ber að þakka það sem vel hefur verið gert. En við eigum hins vegar mikið ógert í þessu landi við að bæta samgöngur, með betri vegum og einkanlega að mínu viti í jarðgöngum þar sem þau eiga við.

Það verður auðvitað að gera kröfu um að fjármagn sé notað skynsamlega og í réttri forgangsröð í jafnveigamiklum og kostnaðarsömum málum og jarðgangagerð er. Ég lít hins vegar þannig á að til framtíðar litið, hugsi maður hálfa öld fram í tímann, beri okkur að huga að þessum verkefnum með langtímasjónarmið í huga. Ég tel að menn eigi að meta verkefni þannig að framtíðarlausn varðandi fjallvegi, sérstaklega á snjóþungum svæðum, sé að í flestum tilvikum ættu þar að vera jarðgöng þar sem því verður við komið með skynsamlegum hætti. Ég vil frekar bíða í lengri tíma eftir varanlegri lausn heldur en því að standa að skammtímauppbyggingu yfir fjallvegi sem síðan eru meira og minna lokaðir.

Ég kem frá Vestfjörðum þar sem búið er að gera jarðgöng á milli Önundarfjarðar, Súgandafjarðar og Ísafjarðar, undir Breiðadals- og Botnsheiðar. Þar var stigið mikið og merkilegt skref sem mér finnst við öll eigum að geta dregið nokkurn lærdóm af. Gert var ráð fyrir því að umferð um jarðgöngin mundi aukast um 60% frá því sem áður var. Hún hefur hins vegar aukist um 120%. Það sýnir okkur auðvitað að þegar samgöngur batna þá aukast samskipti fólks og fólk fer að nýta þjónustu og atvinnu milli staða þar sem áður var einangrun.

Sjálfsagt vita allir að fjallvegir á þessum heiðum Vestfjarða, Breiðadals- og Botnsheiðar, voru lokaðir um 60 daga á ári yfir Breiðadalsheiði og um 50 daga á ári yfir Botnsheiði til Súgandafjarðar, þó var reynt að halda leiðunum opnum með tilheyrandi snjómokstri og kostnaði. Þannig hagar auðvitað til víða á landinu. Víða mætti ná svipuðum árangri og náð var á Vestfjörðum með jarðgangagerðinni. Ég fagna því að búið sé að setja málin hér í ákveðna forgangsröð sem hæstv. samgrh. lýsti úr þessum ræðustól í morgun og tek undir að eftir henni verði unnið.

Ég vil benda á að þegar að Vestfjörðum kemur á nýjan leik þá verði vinnubrögðin álíka og samgrh. lýsti hér í morgun, að bjóða í einu út fleiri áfanga en einn. Það eru nokkrir fjallvegir á Vestfjörðum sem eru til mikilla trafala í samgöngum. Þar má t.d. sérstaklega benda á Klettsháls á Barðaströnd sem lokar vestursvæðinu inn á þjóðvegakerfi landsins. Það má benda á Eyrarfjall í Ísafjarðardjúpi og vafalaust fleiri staði en auðvitað munum við ekki velja þá leið að gera jarðgöng undir hvert einasta fjall. Sums staðar hefur þegar verið lagt í vegagerð sem er varanleg að því leyti að búið er að leggja vegi með ströndinni þó að það sé mun meiri vegalengd en ef jarðgöng yrðu gerð.

Ég vil að lokum lýsa þeirri skoðun minni að ég tel til fyrirmyndar hvernig staðið er að skýrslu um jarðgangagerð sem hér var lögð fram í morgun. Ég fagna því að inn í þá skýrslu eru komnar hugmyndir um hvar við gætum gert merka áfanga og notadrjúga í samgöngumálum með frekari jarðgangagerð. Fyrir mína parta tel ég að betra sé að bíða einhver ár og fá varanlega lausn en að halda áfram að berjast yfir snjóþung fjöllin.

[12:24]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Samgöngumál eru mikilvægur málaflokkur og afar sýnilegur. Samgönguáætlun sem hér er lögð fram og er líka vegáætlun er merkilegt, gott plagg og ágætlega unnið.

Fyrir það ber að þakka og tek ég undir þakkir annarra hv. þm. sem hér hafa talað.

Margt er vissulega óunnið í vegamálum, það er rétt, og ráðast þarf í brýnar samgöngubætur. Þó megum við ekki gleyma hinum stórfelldu breytingum sem átt hafa sér stað og samgöngubótum sem gerðar hafa verið á tiltölulega skömmum tíma. Ef við lítum t.d. aftur 20 ár þá hefur ekkert smáræði áunnist á þessum tíma. Best sést það ef við lítum á tölur um bundið slitlag, ekki síst ef við ökum um landið og rifjum upp hvernig var að aka um fyrir 20 árum. Árið 1980 voru u.þ.b. 200–300 km af bundnu slitlagi utan þéttbýlisstaðanna en í dag eru þeir hvorki meira né minna en 3.600. Þetta er gífurlega mikil breyting og hefur auðvitað skipt miklu máli.

Við erum lítil þjóð í tiltölulega stóru landi og vegna legu landsins er vegagerð okkar dýrari en víða annars staðar. Þess vegna er líka ástæða til að þakka þá áfanga sem við höfum náð og gleðjast yfir því sem vel hefur verið gert. Þar vil ég nefna að Vegagerðin hefur staðið sig prýðisvel í sínu mikilvæga hlutverki.

Stofnbrautir í landinu þurfa mikið viðhald, umferð hefur stóraukist og því miður hafa stofnbrautirnar dregið til sín fé frá viðhaldi tengivega og að nokkru leyti hafa þeir setið á hakanum. Vissulega þarf meira fé til til að gera útvegina eða tengivegina í landinu viðunandi. Allt byggist það á fjármagni. Við höfum þekkingu og tækni til að vinna hraðar að vegabótum en þó hefur verið gert. Því er eðlilegt að ríkið losi hluta af því fé sem það á bundið í eignum til þess að byggja upp samgöngukerfið enn þá hraðar. Ég er því eindregið fylgjandi. Ríkinu ber að sinna ákveðnum málaflokkum en það sem aðrir aðilar geta gert jafn vel eða betur er eðlilegt að ríkið afhendi þeim.

Ég nefndi að vegáætlun er vönduð og vel unnin. Nú er kveðið upp úr með að farið skuli í jarðgangagerð og unnið samkvæmt þeirri samþykkt Alþingis frá síðasta þingi. Þetta mikla hagsmunamál margra byggða er nú tekið upp og af stórhug. Áætlunin segir að jarðgöng verði komin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar hins vegar á næstu sex til átta árum (**HjÁ:** Ef guð lofar.) ef guð lofar og almennar aðstæður í þjóðfélaginu. Ég þakka nafna mínum, hv. þm. Hjálmari Árnasyni, fyrir að benda á það og nánast að hefja hér morgunbæn ásamt okkur hinum.

Jarðgöng, herra forseti, eru raunhæfur og sums staðar eini kosturinn til samgöngubóta. Þau eru líka oft hagkvæmari en áætlanir benda til, áætlanir sem gerðar eru um hagkvæmnina fyrir fram. Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, Guðjóns A. Kristjánssonar þá var spáð 60% aukningu umferðar um Vestfjarðagöng frá því sem verið hafði um vegina þar á milli en aukningin varð 120%. Um daginn kom fram í fréttum að samkvæmt upplýsingum Spalar hf. hafi umferðin um Hvalfjarðargöng verið helmingi meiri en ráðgert var. Þar með eru þau helmingi hagkvæmari, helmingi fljótlegra að borga þau upp en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Áætlanir þarf að sjálfsögðu að gera af varkárni. Ég efa ekki að hið sama muni gilda um öll þau þrenn jarðgöng sem sett eru í forgangshóp núna fyrir vestan, norðan og austan. Ég býst við að þau verði hagkvæmari en áætlanir gera ráð fyrir og meiri umferð um þau. Ég efa heldur ekki að hér verða stigin heillaspor fyrir þær byggðir sem í hlut eiga. Ég tel að við eigum að gleðjast yfir góðum áformum og hefjast handa.

[12:30]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft mjög merku máli, jarðgangaáætlun, sem í fyrsta skipti er lögð fyrir Alþingi. Ég sé ástæðu til þess að taka það fram vegna ummæla sem féllu fyrr í dag að það lá alveg ljóst fyrir á síðasta áratug að ekki yrði um það að ræða að ráðist yrði í önnur jarðgöng en Vestfjarðagöng og síðan Hvalfjarðargöng, áherslan yrði lögð á að reyna að ljúka vegagerð til þýðingarmestu þéttbýlisstaða. Ég get því ekki fallist á það sem kom hér fram fyrr í dag að hlutur Austfirðinga í jarðgöngum á þessum áratug hafi verið sérstaklega rýr. Um þetta var fullt samkomulag í þeirri ríkisstjórn sem ég sat sem samgrh. og ég átta mig satt að segja ekki á ummælum af þessu tagi.

Ég hlýt líka að taka það alveg skýrt fram að draumar manna um jarðgöng hér á landi eiga sér langa sögu. Fyrstu verulegu jarðgöngin sem ráðist var í voru göngin milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur og rétt á meðan við vorum að reyna að koma því máli í gegn var auðvitað ekki haft í hávegum að áfram þyrfti að halda til Siglufjarðar. Ég held því að ef við horfum með nokkurri sanngirni á þessi mál þá séu víða um land þýðingarmikil jarðgöng af mjög ólíkum toga og af ólíkum ástæðum í hugum fólksins. Ef við horfum einungis á höfuðborgarsvæðið þá gerum við okkur auðvitað vonir um að hægt sé að fjármagna slíka framkvæmd með vegtollum eða vegsköttum. Ég vil sérstaklega geta þess að mjög er horft til þess að ráðast í jarðgöng undir Kleppsvog og þar um Sundin.

Ég hlýt líka að vekja sérstaka athygli á því þegar menn tala um þessa jarðgangaáætlun sem mér finnst mjög myndarleg hjá hæstv. samgrh. — ég heyrði um hana í fréttum frá Dalvík í morgun. Þetta er mjög myndarleg áætlun og ég er þakklátur ríkisstjórninni fyrir að hafa gefið honum leyfi til að leggja hana hér fram — þá erum við að ræða um þá þrjá þætti sem þýðingarmestir hafa verið og þótt. Það er auðvitað verið að styrkja kaupstaðinn Fjarðabyggð fyrir austan með þessum göngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og það er verið að opna Siglufjörð fyrir Eyjafirði.

Allir sem eru kunnugir við Eyjafjörð vita að fyrirtækið Þormóður rammi starfar á þessum tveim stöðum. Þeir sem þar eru kunnugir vita að þjónustufyrirtæki í Ólafsfirði geta ekki sinnt togurunum ef þeir liggja við bryggju í Siglufirði og þjónustufyrirtæki í Siglufirði ekki togurum sem liggja við bryggju í Ólafsfirði. Sjómennirnir geta ekki farið greiðlega á milli staða ef einhver forfallast nema fara 250 km vegalengd eða enn þá lengra, 250–300 km vegalengd. Kunnugir vita einnig að skilyrði fyrir flugi eru mjög erfið í Siglufirði ef menn skyldu vilja reyna að freista þess að fljúga frá Akureyri til Siglufjarðar. Við erum því að tala um alveg sérstakar ástæður þarna. Við erum að tala um að leggja grunninn að fimm þúsund manna kaupstað við Eyjafjörð eins og verið er að gera á Austurlandi á miðfjörðunum með jarðgöngum til Fáskrúðsfjarðar.

Ég er raunar þeirrar skoðunar líka þegar verið er að tala um framhaldið að þá hljótum við annars vegar að velta því fyrir okkur hvernig við getum dregið úr hinni miklu slysahættu sem er við Ísafjarðardjúp hvort sem við horfum til Óshlíðarinnar eða Súðavíkurhlíðar. Þar eru ástæður þannig að sérfræðingar telja að ekki verði viðunandi lausn fundin nema með því að fara inn í fjallið á mestu hættustöðunum. Á hinn bóginn háttar svo til á Ólafsfirði, í Ólafsfjarðarmúla, þó svo að snjóflóð séu þar mjög tíð, t.d. við Sauðanes, að

það er talið að möguleikar kunni að vera á því að koma við snjóflóðavörnum. Og það er ánægjulegt til þess að vita að Vegagerðin hefur nú samið við sérfræðinga, íslenskan og norskan, um að gera tillögur um úrbætur, þ.e. um það hvort hægt sé að koma við snjóflóðavörnum á þessum mikla og hættulega vegi. Vonandi fást þá fullnægjandi úrbætur þannig að ekki þurfi að fara inn í fjallið, leggja stokk eða grípa til annarra mjög kostnaðarsamra aðgerða.

Ég vil líka minna á að í mínu kjördæmi hefur verið mikill þrýstingur, sérstaklega frá hæstv. iðn.- og viðskrh., að nauðsynlegt sé að gera göng í gegnum Vaðlaheiði og hafa raunar sumir fyrir norðan talað um það í sömu andrá og talað hefur verið um göng til Siglufjarðar.

Að síðustu hlýt ég að tala um göng á Austurlandi. Meðan ég var samgrh. kom bæjarstjórn hins nýja kaupstaðar á miðfjörðunum, í Fjarðabyggð, til mín og óskaði sérstaklega eftir því að það yrði látið ganga fyrir að gera ný jarðgöng á milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar vegna þeirrar miklu þarfar sem þar er á því að hægt sé að komast örugglega á milli vegna samvinnu fyrirtækja á stöðunum og vegna hinna miklu þungaflutninga sem þar eru, líka vegna þess að leiðin liggur í gegnum Eskifjörð.

Ég átti leið austur nú á dögunum og þar var enn á ný minnst á það við mig hversu nauðsynlegt það væri að ráðast í þessa jarðgangagerð sem allra fyrst og þá eru menn að horfa á þennan fimm þúsund manna kaupstað á Austurlandi, að íbúar geti komist tafarlaust milli staða, á sinn vinnustað, hvar sem þeir búa. Ég get því ekki fallist á að á þessari stundu sé hægt að útiloka það að þessi göng verði næstu göng á eftir Fáskrúðsfirði. Ég get ekki fallist á það en hlýt að leggja áherslu á að haldið verði viðstöðulaust áfram með vegagerð niður í Vopnafjörð og tengja hann þannig við hringveginn.

[12:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst tilhlýða að koma í ræðustól á eftir fyrrv. hæstv. samgrh. sem hér talaði. Ég vil jafnframt nota tækifærið og segja líka að vinna hans við undirbúning að því sem hann gerði hér mest að umtalsefni hefur verið mjög mikil og fyrir það vil ég þakka sérstaklega.

Það er hárrétt sem hér kom fram um sameiningu og samvinnu fyrirtækja að Þormóður rammi – Sæberg er nú rekinn í þessum tveimur kaupstöðum, Siglufirði og Ólafsfirði og milli þeirra í dag eru nú tæpir 250 km. Það þýðir að þegar sjómenn koma í land þá þurfa þeir að fara um þennan veg eða vera skutlað á björgunarbát á milli. Með þeim nútímalegu samgöngubótum sem jarðgöng þarna á milli yrðu fer þessi vegalengd niður í 15 km og við getum rétt ímyndað okkur hvað muni gerast í framhaldi af því.

Jafnframt vil ég bæta við það sem hæstv. fyrrv. samgrh. sagði hér, að við erum e.t.v. að skapa skilyrði til þess að búa til fimm þúsund manna kaupstað með sameiningu Siglufjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkurbyggðar. En ég vil alveg hiklaust bæta við og horfa aðeins fram í tímann og segja að við erum kannski líka að skapa skilyrði til þess að búa til rúmlega 20 þúsund manna sveitarfélag með því þegar Eyjafjörður verður allur orðinn eitt sveitarfélag og yrði þá annar stærsti kaupstaður landsins, langstærsta mótvægi við höfuðborgarsvæðið með Akureyri sem höfuðstað þessa svæðis.

Ef við berum svo gæfu til að gera Norðurland að einu kjördæmi með fjórum sveitarfélögum í framtíðinni þá verður nú aldeilis gaman að lifa á Norðurlandi.

[12:40]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir lýsa ánægju með þá metnaðarfullu vegáætlun sem hæstv. samgrh. leggur hér fram og eins lýsa ánægju með faglega unnið verk starfsmanna Vegagerðarinnar.

Hér er til umræðu eitt af stærstu málum þingsins. Það er eitt af stærstu málum annars vegar vegna þess að hér er um mikla fjármuni að tefla en einnig vegna þess að samgöngur eru grundvöllur byggðar í landinu. Þær eru grundvöllur þess að fólk geti notið og nýtt landið. Þar af leiðandi eru úrlausnarefni í þessum málaflokki afskaplega mörg og sum erfið og viðkvæm en rétt er að hafa í huga að ytri aðstæður geta leitt til breytinga og eins og þróun hefur verið á síðustu árum þá hafa breytingar verið afskaplega örar og hraðar með þeim afleiðingum að það hefur í rauninni komið niður á þessum merkilega málaflokki samgöngum.

Ég vil nefna þrjú atriði sem hljóta að hafa og hafa haft verulega mikil áhrif á þennan málaflokk. Það er í fyrsta lagi sú byggðaþróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum þar sem straumur fólks utan af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hefur verið gífurlega mikill og skapað ótrúlega mikla vaxtarverki á höfuðborgarsvæðinu með þeim afleiðingum að samgöngukerfið, gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins er löngu krossspringið vegna þess að hröðunin hefur verið miklu örari en nokkurn óraði fyrir. Eins má segja að það hafi komið vaxtarverkir með öfugum formerkjum úti á landsbyggðinni þar sem íbúafjöldinn hefur dregist saman og þar af leiðandi hefur það verið notað sem röksemd gegn vegalagningu.

Annað sem snertir hugmyndafræðina þarna á bak við er síðan ný sjónarmið hvað varðar byggðaþróunina eða byggðastefnu, þ.e. ákvörðun um fasta og öfluga byggðakjarna úti á landsbyggðinni sem þó eiga sín upprekstrarlönd og mikilvægi þess að tengja slíka byggðakjarna saman, en ekki síður að efla samgöngur í upprekstrarlöndum eða baklandi slíkra byggðakjarna. Þetta eru sjónarmið sem hafa verið að ryðja sér til rúms í hinni pólitísku umræðu á síðustu árum og samgöngustefnan hlýtur að taka mið af þessu. Ég tel að í þeirri ágætu og sögulegu jarðgangaáætlun sem hér er til umræðu og er kynnt liggi m.a. þetta sjónarmið til grundvallar, þ.e. að stækka byggðakjarna með nútímalegum samgöngubótum.

Herra forseti. Í þriðja lagi hlýt ég svo að nefna hinn gífurlega vöxt í bílaeign landsmanna sem í lok árs 1999 var um 158 þúsund bílar og hafði þá bílum fjölgað um 23 þúsund á fjórum árum. Það er gífurlegur vöxtur hjá ekki stærri þjóð og virðumst við vera að slá enn eitt heimsmetið miðað við höfðatölu, þ.e. í bíleign á hvern íbúa. Allt veldur þetta miklum vanda og má segja að samgönguæðar landsins hafi í rauninni ekki náð að aðlagast þessum vaxtarverkjum og fylgja þróuninni eftir. Ég tel að með þeirri áætlun sem hér er til umræðu sé verið að reyna að bregðast faglega við þessum vanda.

Ég vil jafnframt fagna nýjum áherslum sem taka mið af breytingum í atvinnuháttum, ekki síst með hliðsjón af ferðaþjónustu, eins og áætlunum um kerfisbundna lagningu reiðvega.

Herra forseti. Hér er mikill vandi og mörg brýn úrlausnarefni. Það kunna svo sem að vera skiptar skoðanir um það hvernig skuli forgangsraða og finna lausnir. Þá er auðvitað mjög mikilvægt að ná um það þokkalegri sátt og tek ég

undir þá fagnaðarbylgju sem hér var lýst með viðbrögðum fyrstu ræðumanna í þessari umræðu. Þó má skynja að undir þeirri fagnaðarbylgju fari menn að skoða samgönguæðarnar nokkuð hver út frá sínu kjördæmi og er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það.

Herra forseti. Ég vil beina nokkrum spurningum til hæstv. samgrh. til að varpa frekara ljósi á þessa annars ágætu umræðu. Við erum hér að ræða um vegáætlun. Til kasta þingsins kemur svo flugáætlun og hafnaáætlun. Allar þessar áætlanir snerta í rauninni samgöngubætur, samgöngur um landið, en segja má að hver þessara áætlana lifi sjálfstæðu lífi og því vil ég í fyrsta lagi spyrja hæstv. ráðherra í tilefni þess að 9. mars 1998 var samþykkt hér þál. á hv. Alþingi, borin upp af Magnúsi Stefánssyni og fleiri þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum, þar sem Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa nefnd til að kanna hvort samræma megi gerð áætlana um uppbyggingu samgöngumannvirkja í eina samræmda samgönguáætlun. Ég tel þetta vera afskaplega skynsamlega ályktun og vek athygli á því að hún var samþykkt á hv. Alþingi og spyr því hæstv. ráðherra hvort hann hafi í hyggju að bregðast við þeirri ályktun.

Í annan stað, herra forseti, beini ég eftirfarandi spurningu til hæstv. samgrh.: Nú snýst vegáætlun eins og nafnið gefur til kynna um samgöngur og vegi landsins. Hún snertir líka ákveðna hugmyndafræði sem einkennir okkur Íslendinga og kemur fram í tölum um bílaeign en segja má að þar stangist að sumu leyti á einkabílisminn annars vegar og svo almenningssamgöngur hins vegar. Því hefur verið haldið fram að Íslendingar standi nokkuð höllum fæti hvað varðar almenningssamgöngur, einkum í þéttbýlinu, og ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir einhverjum aðgerðum á því sviði með þeim rökum að það kunni að leiða til sparnaðar, í því kunni að felast öryggisatriði, minni þörf fyrir uppbyggingu samgöngumannvirkja og síðast en ekki síst mun minni mengun. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi í hyggju að beita sér fyrir slíku sem samgöngustefnu.

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann hafi í hyggju að líta til þess að vandi höfuðborgarsvæðisins, sveitarfélaganna hér, hefur m.a. verið sá að hvert sveitarfélag horfir eiginlega á sína þúfu við úrlausn sinna vega og samgönguleiða. Í nokkrum tilvikum hafa sveitarfélög ekki náð að koma sér saman þannig að heildarsýn yfir allt höfuðborgarsvæðið hefur skort. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því?

Þá spyr ég í fjórða lagi hvort hæstv. ráðherra mundi fallast á það ef einkaaðilar bjóðast til þess að tvöfalda Reykjanesbrautina á næstu þremur til fjórum árum og lána ríkissjóði það fjármagn sem til þess þarf þannig að flýta megi þeirri miklu samgöngubót sem tvöföldun Reykjanesbrautar er.

Að lokum spyr ég svo hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir breytingum í áherslum hvað varðar Suðurstrandarveginn svonefnda í ljósi þess að Suðurland og Suðurnes eru nú að verða að einu kjördæmi og Suðurstrandarvegurinn hlýtur því að vera ein af forsendum fyrir samruna þeirra landsvæða.

[12:48]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Hér eru mikilvæg mál á dagskrá og má glöggt heyra af ræðum þingmanna að hér eru hugðarefni þeirra á ferð, svo margir hafa tekið þátt í umræðunum. En það er auðvitað ekkert nýtt á Alþingi að menn vilji ræða um vegamálin.

Hér liggur fyrir jarðgangaáætlun sem er mjög merkilegt plagg og ánægjulegt að sjá hversu fagmannlega er að verki staðið í þeirri vinnu sem lögð hefur verið í skýrslugerðina. Sú sem hér talar er alin upp við að nota jarðgöng gegnum Stráka við Siglufjörð og þau jarðgöng gjörbreyttu á sínum tíma samgöngum við Siglufjörð. Ég verð að segja að mér rennur blóðið til skyldunnar og er það alveg sérstakt ánægju- og gleðiefni að nú skuli vera áformað að meðal fyrstu verkefna í jarðgangaáætlun verði göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Með því fæst mjög mikilvæg tenging Siglfirðinga við Eyjafjarðarsvæðið og það er auðvitað fyrirsjáanlegt að það getur orðið mjög öflugt atvinnusvæði í framtíðinni.

Ég vík nú að þeirri vegáætlun sem hér er til umræðu. Það eru einkum tvær framkvæmdir sem ég legg mikla áherslu á við þá endurskoðun sem nú stendur yfir, annars vegar tvöföldun Reykjanesbrautar sem er á langtímaáætlun, en það er ljóst að brýnt er að flýta breikkun brautarinnar og leita þá allra leiða til að það geti orðið á sem skemmstum tíma innan þeirrar áætlunar sem við búum við í dag. Hins vegar nefni ég tvöföldun Vesturlandsvegar milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar sem ljóst er að þolir enga bið. Það verk er enn ekki komið inn á vegáætlun. Til þess að nefna tölur til stuðnings máli mínu nefni ég að umferðin um þann veg var árið 1999 milli 15 og 16 þúsund bílar á dag og yfir sumarmánuðina á síðasta ári var meðaltalsumferðin milli 17 og 18 þúsund bílar á dag. Það er því alveg ljóst að þessi vegur er sprunginn. Töluvert mikið er um slys á þessum vegi og framúrakstur er tíður. Það breytti auðvitað öllu þegar Hvalfjarðargöngin voru tekin í notkun og umferðin jókst miklu hraðar en nokkur hafði búist við og margfalt hraðar en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Hér horfumst við því í augu við verkefni sem er mjög brýnt úrlausnar. Þar að auki eru nú mjög stór áform um uppbyggingu í Mosfellsbæ. Ef þau áform ganga eftir verður þar um að ræða hverfi með nokkur þúsund manns.

Þessi framkvæmd sem um er að ræða kostar á bilinu — ég er ekki með nákvæmar tölur — milli 600 og 1.000 millj. kr.

Ég vil gjarnan heyra viðbrögð samgrh. við þessu verkefni alveg sérstaklega en ég ítreka það að hér er um verkefni að ræða sem þolir enga bið.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:53]

Umræður utan dagskrár.

Fátækt á Íslandi.

[13:31]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Nú á dögunum var kynnt í fjölmiðlum skýrsla Rauða krossins Hvar þrengir að? Þetta er ekki skýrsla um góðærið sem hefur skilað sér til margra heldur um þá sem góðærið nær ekki til. Það nær greinilega ekki til öryrkja, hluta af ellilífeyrisþegum, ungra ómenntaðra einstæðra mæðra og ungmenna sem búa við fjárhagslega og félagslega erfiðleika, bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og síðast en ekki síst nær það ekki til tekjulítilla barnafjölskyldna.

Þegar málefni öryrkja eru skoðuð, hefur það sýnt sig að bætt atvinnuástand hefur ekki auðveldað öryrkjum að fá vinnu. Hér þarf að gera stórátak með atvinnulífinu með samningum við atvinnurekendur og fyrirtæki og ég minni á verkefnið Atvinna með stuðningi. Nám reynist þessum hópi of dýrt þrátt fyrir möguleika á niðurfellingu á helmingi innritunargjalda við Háskóla Íslands, fella þyrfti gjaldið alfarið niður við þennan hóp og tekjulitla einstaklinga til að auka möguleika þeirra til að stunda nám.

Við vitum líka að stór hópur öryrkja getur ekki unnið og þarf því að lifa af þeim bótum sem duga á engan hátt til framfærslu. Það hefur verið staðfest í hverri skýrslunni á fætur annarri, hvað þá ef fólk er í hjónabandi eða sambúð með börn á framfæri. Hvernig skyldi börnum þessa fólks vegna? Hafa þau sömu möguleika og önnur börn til að leggja stund á íþróttir og annað sem ungu fólki stendur til boða í dag? Svari hver fyrir sig.

Við vitum öll að til þess að bæta þarna úr væri einföld aðgerð að afnema tekjutengingu við tekjur maka. Slíkt mundi hjálpa stórum hóp. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja þessum hópi sömu kjarabætur og almennt gerist á vinnumarkaði.

Í skýrslunni kemur fram að 4% aldraða, sem eru ekki stór hópur, býr við sérstaklega bág kjör. Það er sá hópur sem er einungis með ellilífeyri, hefur engan eða lítinn lífeyrissjóð og *þetta er sá hópur aldraða sem á ekki eignir.* Stéttaskipting virðist því vera staðreynd meðal aldraða og er brýnt að skoða sérstaklega málefni þessa hóps. Svo virðist sem þessi hópur hafi gleymst í kjarabaráttunni, baráttu aldraða, því að þetta er hópur sem lætur ekki í sér heyra. Þessi sami hópur aldraða var mjög sýnilegur í skýrslu Stefáns Ólafssonar, Íslensku leiðinni. Í leiðara Morgunblaðsins frá 15. febrúar sl. segir m.a. um skýrslu Rauða krossins, með leyfi forseta:

„Í raun er það talsverður áfellisdómur, að niðurstöður slíkrar könnunar skuli sýna það, að þeir aðilar, sem erfiðast eiga uppdráttar í þjóðfélaginu, séu einmitt þeir, sem *ríkisvaldið hefur tekið upp á sína arma.*"

Staða ungra ómenntaðra einstæðra mæðra er afar bágborin. Ein fyrirvinna, illa launuð störf, atvinnuleysi ekki óalgengt, eignalausar, litlir sem engir möguleikar á aukatekjum vegna barna. Menntunarleysi hamlar því að þessar stúlkur geti átt möguleika á því að fá betur launaða vinnu til að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegra erfiðleika. Ungar einstæðar mæður eru 30% styrkþegar hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík en þar er sá möguleiki til staðar að stunda nám fyrir þær og þau ungmenni á aldrinum 18–25 ára og hafa ekki lokið grunnskólaprófi. Ætti slíkt að vera fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög.

Í rannsókn Stefáns Ólafssonar kemur í ljós að 31% einstæðra mæðra er með ráðstöfunartekjur undir fátæktarmörkum. Mikilvægt er að bæta úr stöðu þessa hóps og mikilvægt að ríki og sveitarfélög geri stórátak til að svo megi verða. Húsnæðismál eru jafnframt stór vandi fyrir þennan tekjulitla og eignalausa hóp. Þetta staðfestist í viðtali við formann Félags einstæðra foreldra sem lýsti neyðarástandi í þessum málum. Jafnframt upplýsti félagsmálastjórinn í Reykjavík að þetta væri sá hópur sem væri næststærstur á eftir öryrkjum þegar um biðlista eftir húsnæði er að ræða. Því er ekki úr vegi að spyrja hvort ríkisstjórnin ætli að gera eitthvað til að fjölga leiguíbúðum.

Í skýrslunni koma jafnframt fram miklar áhyggjur af barnafjölskyldum með lágar tekjur. Það hefur reynst erfitt fyrir láglaunafjölskyldur í dreifbýlinu mennta börn sín. Þær hafa ekki efni á að senda börn sín í heimavist. Þessar fjölskyldur hafa lent í jaðarsköttum og barnabætur hafa minnkað mikið og staða fjölskyldunnar því versnað fyrir vikið.

Ísland er eitt Norðurlandanna með tekjutengdar barnabætur. Það hefur mikið forvarnagildi til framtíðar að tryggja framtíð barnafjölskyldna. Þeirra er framtíðin. Ekki er óeðlilegt að spyrja í þessu samhengi hvenær tillagna er að vænta um afnám tekjutenginga barnabóta og hvort samstaða sé um það í ríkisstjórn að koma á barnakortum.

Herra forseti. Í því góðæri sem nú ríkir er mikilvægt að huga að þeim sem eftir sitja og rétta hag þeirra sem minnst mega sín. Í leiðara Morgunblaðsins frá 15. febrúar segir, með leyfi forseta:

„Nú á dögum er ekki hægt fyrir jafnríka þjóð og okkur Íslendinga að una slíku þjóðfélagsástandi. Það eru hagsmunir allra, að slíku ástandi verði eytt sem allra allra fyrst."

Að þessu sögðu, herra forseti, legg ég fram spurningar mínar til hæstv. forsrh.:

1. Ætlar ríkisstjórnin að beita sér séstaklega fyrir því að sveitarfélögum sé gert kleift að gera átak í málum ungra ómenntaðra einstæðar mæðra og ungs fólks á landsbyggðinni?

2. Mun félmrh. og menntmrh. láta skoða þessi mál sérstaklega?

3. Ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir sértækum aðgerðum til að rétta hag elli- og örorkulífeyrisþega, geðfatlaðra og tekjulítilla einstaklinga?

4. Munu heilbrrh. og fjmrh. skoða þessi mál sérstaklega?

5. Ætlar ríkisstjórnin að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem duga til þess að rétta hag barnafjölskyldna sem lifa á fátæktarmörkum?

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þeirri viðleitni Rauða krossins að gera könnun um *viðhorf fólks við hvaða hópar búa við þröngan kost í landinu.* Sumir fjölmiðlar virtust reyndar telja að þarna færi fram einhvers konar vísindaleg rannsókn eða könnun í þessum efnum en það er úr lausu lofti gripið. Hér er um eins konar skoðanakönnun að ræða og út af fyrir sig bætir hún ekki neinu nýju við, það kemur ekki neitt nýtt fram sem ekki hefur komið fram áður hvað þetta varðar. En vegna þess að hv. þm., málshefjandi, spurði sérstaklega um kjör bótaþega er rétt að rifja upp hver þróunin hefur orðið í ýmsum bótum hér, í velferðarmálum og almannatryggingum á undanförnum áratug eða svo hér á landi.

Fyrir það fyrsta hækkaði *kaupmáttur grunnlífeyris* almannatrygginga um 20% á síðasta kjörtímabili en síðast þegar flokkar Samfylkingarinnar voru í stjórn lækkaði sami kaupmáttur um 16% eins og menn vita. Hækkaði um 20% á síðasta kjörtímabili en lækkaði um 16% síðast þegar Samfylkingarflokkarnir voru saman í stjórn. Kaupmáttur tekjutryggingar hækkaði um 21% en lækkaði um 6% síðast þegar Samfylkingarflokkarnir voru saman í stjórn. Kaupmáttur heimilisuppbótar hækkaði um 60% á síðasta tímabili en þar kemur að vísu inn í málið að símir og útvarp voru tekinn inn í þennan bótaflokk en hækkun var engu að síður geysihá. *Hins vegar lækkaði þessi bótaflokkur um þessi 11%* síðast þegar Samfylkingarflokkarnir voru saman í ríkisstjórn.

Kaupmáttur sérstakrar heimilisuppbótar hækkaði um 13% á síðasta kjörtímabili en lækkaði um 9% þegar Samfylkingarflokkarnir voru saman síðast í ríkisstjórn. Allir þessir fjór-

ir bótaflokkar samanlagðir, sem myndað hafa svokallaðar lágmarksbætur, hækkuðu um 22%, kaupmátturinn ekki tölurnar, kaupmátturinn 22,5% á síðasta kjörtímabili eða sama og launavísitalan. Á hinn bóginn lækkuðu þessar tekjur allar eins og kunnugt er þegar Samfylkingarflokkarnir voru síðast í stjórn.

Þá hefur það einnig gerst að vanskil í bankakerfinu og húsnæðiskerfinu hafa einnig minnkað mjög mikið á undanförnum árum sem gefur góða vísbendingu um það að staða hinna tekjulægstu hefur batnað mjög á þessu tímabili. Kaupmáttur almennra lífeyrissjóða lækkaði um 15% á því tímabili sem Samfylkingarflokkarnir voru í stjórn en hefur hins vegar haldið í við verðlagsþróun á síðasta kjörtímabili.

Kaupmáttur atvinnuleysisbóta lækkaði um 15% á kjörtímabili Samfylkingarflokkanna en hefur aftur hækkað um 11,4% á síðasta kjörtímabili og sem betur fer, sem meginmáli skiptir, er atvinnuleysi nánast úr sögunni. Þetta eru þættir sem menn verða að horfa á og sjá þegar þeir spyrja um stefnu ríkisstjórnarinnar vegna þess að stefnan er ekki bara það sem kemur út úr munni manna á hverjum tíma, heldur eru það verkin sem tala því að verkin eru vísbendingin og leiðsögnin um það hvert menn halda, ekki þegar menn berja sér á brjóst og þykjast vera bestu vinir smælingjanna. Þá spyrja menn hvernig þeir höguðu sér þegar þeir höfðu tækifæri til og tölurnar tala sínu máli. Það er afar þýðingarmikið að þetta liggi ljóst fyrir.

Hagur þeirra sem minnst hafa er því augljóslega að batna hratt þessi missirin. En í ríkisstjórn þeirra flokka sem ég áðan nefndi sem standa að Samfylkingunni hrundi kaupmáttur helstu bóta og lífeyrisgreiðslna.

Hins vegar er rétt sem fram kom hjá málshefjanda að hagur ýmissa annarra í þjóðfélaginu hefur vænkast mun hraðar en þeirra sem minnst hafa. Sumir hafa tekið áhættu sem miklu hefur skilað í aðra hönd. Það er jafnan einkenni uppsveiflu í frjálsu hagkerfi að sumir bera meira úr býtum en aðrir. Þegar og ef bakslag kemur er nýefnafólk hins vegar líklegast til að missa hvað mest. Það er grundvallaratriði sem menn eiga að hafa í huga að þótt sumir bæti um þessar mundir mun meiru við sig en almennt gerist þýðir það ekki eins og oft er gefið í skyn að það veiki aðra. Kaupmáttaraukning hinna lægri tekna verður ekkert lakari fyrir vikið eins og sumir virðast halda. Þvert á móti má segja að framtíðartækifærum hinna lægst launuðu fjölgi við það að verðmæti séu sköpuð á öðrum sviðum í þjóðfélaginu. Til að mynda hafa tekjur sveitarfélaganna sem hér var minnst á sérstaklega snarhækkað við þessi auknu efnahagslegu umsvif í þjóðfélaginu. Mörg sveitarfélög hafa hins vegar færst mikið í fang á öðrum sviðum en í velferðarmálum, svo sem framkvæmdum eða íþróttamannvirkjum. Ríkisvaldið vill ekki og getur ekki knúið sveitarfélögin til að verja fé með öðrum hætti en þeim sem samrýmist lögum og innan þeirra verður hvert sveitarfélag fyrir sig að forgangsraða eigin aðgerðum.

En við skulum átta okkur á því að það verður ætíð til í landinu, eins og í öllum öðrum löndum, fólk sem er í fjárhagsörðugleikum. Það fylgir mannlegu samfélagi að einhver búi þröngt eða aðrir eyði umfram efni. Það hefur ætíð verið svo. Hlutverk hins opinbera er að reyna að hlaupa undir bagga þar sem þörfin er brýnust. Þannig hefur hið íslenska velferðarkerfi með því að hjálpa þeim sem hafa bágust kjörin en ekki reyna að hjálpa öllum eins og sumir vilja nota kerfið til. Þessi aðstoð er vandmeðfarin og það þarf að gæta þess mjög vel að aðstoð af þessu tagi leiði ekki til þess að fólk festist í styrkjakerfinu lengur en þörf er. Niðurstaðan hjá okkur er í öllu falli sú að vandfundið er stéttlausara þjóðfélag en Ísland þó að við viljum aldrei, ekkert okkar hversu góð sem við erum geta algerlega útrýmt erfiðleikum vegna fjárhagsaðstoðar á hverjum einasta bæ. Það geta menn aldrei.

[13:41]

Helga A. Erlingsdóttir:

Virðulegi forseti. Sorglegt er til þess að vita að könnun eins og sú sem hér liggur fyrir, gerð af Rauða krossinum og hv. þingkona Guðrún Ögmundsdóttir hefur svo skilmerkilega vakið máls á hér, þökk sé henni, skuli sýna fram á og raunar sanna hvað velferðarþjóðfélagið er orðið veikburða. Hér eru margir sem njóta ekki þeirrar velferðar sem stjórnvöld halda fram að sé hér á landi. Það eru margir sem ekki eiga hlutdeild í margumræddu góðæri, margir sem eiga þess ekki kost að öðlast skjótfenginn gróða í kauphallarleiknum sem stendur sem hæst þessar vikur og mánuði. Niðurstaðan þarf ekki að koma neinum á óvart.

Ekki eru nema örfáar vikur frá því að við áttum þess kost að lesa sams konar staðreyndir í bók Stefáns Ólafssonar. Í fyrra komu sömu staðreyndir fram í könnun á lífskjörum eldri borgara og öll þekkjum við eða vitum af fólki sem getur ekki framfleytt sér og sínum hjálparlaust. Það er sannarlega um að ræða þá sem búa við örorku, atvinnuleysi og sjúkdóma. Það er líka um að ræða aðra hópa í samfélaginu, hópa sem fram á síðustu ár sáu heimili sínu farborða án þess að leita aðstoðar hins opinbera.

Ekki er mikill vandi að lesa út úr könnun sem þessari hvernig búið er að auka stéttskiptingu á Íslandi. Þau viðhorf sem hafa því miður ríkt síðustu ár hafa orðið til þess að dag frá degi eykst munurinn milli fátækra og auðugra, munurinn milli menntaðra og ófaglærðra, munur á milli einstæðra og þeirra sem njóta stuðnings ættingja og fjölskyldna. Þessi munur er að aukast mikið og ef ekki verður að gert verður hann óbrúanlegur.

Hæstv. forseti. Er ekki bráðum búið að kanna nóg? Er ekki ástæða til að fara að taka mið af niðurstöðum þessum og framkvæma það sem kannanirnar hver af annarri hafa sagt okkur að þurfi að gera?

[13:43]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Virðulegi forseti. Svört skýrsla Rauða krossins er enn ein köld gusa framan í þá ríkisstjórn sem sífellt klifar á góðæri, stöðugleika og efnahagsuppsveiflu en stjórnar svo með þeim hætti að bil milli ríkra og fátækra eykst stöðugt hér á landi. Samkvæmt skýrslu Rauða krossins eru bótaþegar einn sá hópur sem býr við hvað bágust kjör og ég vil beina athyglinni sérstaklega að þeim í þessu stutta innleggi mínu.

Herra forseti. Eins og staðan er í dag má fullyrða að ýmsar stjórnvaldsaðgerðir komi beinlínis í veg fyrir menntun og atvinnuþátttöku öryrkja. Þar á ég við jaðarskatta og tekjutengingar og þeir ráðamenn sem ákvarða öryrkjum jafnlágar bætur og raun ber vitni verða að horfast í augu við að með því eru þeir að útiloka þá frá eðlilegri þátttöku í samfélaginu og skerða þar með framtíðarmöguleika þeirra. Það eru ekki einungis bótaþegarnir sjálfir sem eru einangraðir frá þátttöku í samfélaginu vegna fátæktar heldur bitna slíkar aðstæður iðulega hart á börnum bótaþega sem vegna aðstæðna fá ekki notið tómstundastarfs eða annars sem börn hinna betur settu geta nýtt sér.

Forsenda góðs aðbúnar fjölskyldna á Íslandi er oftast mikil vinna og langur vinnudagur. Bótaþegar geta fæstir unnið langan vinnutíma og þaðan af síður yfirvinnu og eiga því minni möguleika á að eignast húsnæði en aðrir.

Herra forseti. Nú er svo komið að miklum meiri hluta þjóðarinnar ofbýður þau kjör sem allir vita að öryrkjar og ellilífeyrisþegar búa við og hefur þjóðin lýst sig reiðubúna til að axla hærri skatta til að þeir megi lifa mannsæmandi lífi og þá er nú mikið sagt í þessu skattpínda landi. Framsókn hefur haft slagorðið „Fólk í fyrirrúmi" og ég vil gjarnan fá að vita hvaða fólk það er sem Framsókn vill hafa í fyrirrúmi. Þó svo hæstv. forsrh. haldi öðru fram, þá hafa bótaþegar misst af góðærinu því sú ríkisstjórn sem nú situr skarar eld að köku kvótaþega á meðan bótaþegar mega éta það sem úti frýs.

[13:45]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hún var ekki merkileg málsvörn hæstv. forsrh. við þeim veruleika sem við blasir í íslensku samfélagi. Í fyrsta lagi vildi hæstv. ráðherra gera lítið úr niðurstöðum þeirrar könnunar sem Rauði krossinn, þessi merku líknarsamtök, hafa staðið fyrir, þessi samtök sem eru í návígi við þessa sömu eymd. Það er ekki aðeins Rauði krossinn sem hefur leitt þessar staðreyndir fram á vettvang heldur einnig háskólinn að beiðni Tryggingastofnunar ríkisins í Íslensku leiðinni, eða hinni íslensku neyð. Veruleikinn er bara þessi hvað sem hæstv. ráðherra álítur.

Í annan stað fór hæstv. ráðherra í gamlan samanburðarleik og vildi láta líta svo út að Samfylkingarflokkarnir hér forðum daga, sennilega á ríkisstjórnarárunum 1988–1991, hefðu gert verr. Að vísu minni ég á að það voru þeir flokkar sem komu á þeirri þjóðarsátt sem við búum enn við í dag og tryggir þann stöðugleika sem hefur verið eiginlega grundvöllur þess góðæris sem við höfum búið við að meðaltali.

Hæstv. forseti. Það er því ljótt þegar menn horfast ekki í augu við þennan veruleika en skýringin á honum er auðvitað einföld og skýr. Ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa það að meginmarkmiði að auka mun, undirstrika og efla sérhyggju og auðhyggju í samfélaginu og það er óhjákvæmileg niðurstaða af slíkri stjórnarstefnu að þeir sem minna mega sín detti á milli og verði út undan.

Ég vil segja að lyktum, herra forseti, af því að ég og hæstv. forsrh. vorum saman í ríkisstjórn á árunum 1993 og 1994, á erfiðleikaárum í íslensku efnahagslífi, að í þessari könnun kemur fram að þeir hópar sem þá var talað við á þeim tíma áttu sannarlega erfitt og það átti þjóðin öll. Á hinn bóginn hafa þeir ekki upplifað það góðæri sem þjóðin almennt virðist hafa fengið til sín. Ég spyr: Er hæstv. ráðherra mjög stoltur af þeim verkum sínum á umliðnum fimm árum að hafa ekki komið bættum kjörum til þessa fólks sem helst þurfti?

[13:48]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Málshefjandi spurðist fyrir um afnám tekjutengingar barnabóta og hvort samstaða væri í ríkisstjórninni um það verkefni. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að afnema tekjutengingu barnabóta. Hins vegar er það stefna hennar að draga úr henni. Stjórnarflokkarnir eru sammála um að rétt sé og eðlilegt að hafa tekjutengingu til þess að tryggja að dreifing opinbers fjár til þeirra sem peningana eiga að fá verði með þeim hætti að meiri hluti eða stærri hluti þeirra renni til tekjulægri en ella væri ef engin tekjutenging væri við lýði. (Gripið fram í.) Það er stefna ríkisstjórnarinnar að taka upp ótekjutengdan hluta barnabóta sem yrði viðauki við þær barnabætur sem eru í dag, svonefnd barnakort.

Í öðru lagi spurði fyrirspyrjandi um afnám tekjutengingar vegna tekna maka hjá öryrkjum. Það sama er um það efni að segja og hitt. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar að afnema tekjutengingu. Það var stefna þeirrar ríkisstjórnar sem Alþfl. og Alþb. sátu síðast saman í að taka upp tekjutengingu að öllu leyti á öllum sviðum bóta. Það var gert með þeim rökum að með tekjutengingu dreifðu menn takmörkuðu fé ríkisins til þess hóps sem átti að fá féð á þann veg að stærri hluti fjárhæðarinnar rann til hinna tekjulægri (**GÁS:** Þú verður að byrja á að ...) en ella hefði orðið ef engin tekjutenging væri við lýði. Ef tekjutenging yrði afnumin við tekjur maka öryrkja, þá mundi það leiða til þess að skerða þyrfti bætur þeirra öryrkja sem eiga tekjulága maka til þess að bæta tekjur þeirra öryrkja sem eiga tekjuhærri maka. (Gripið fram í.) Og það er tilfærsla sem ekki er eðlileg. (**Gripið fram í:** Komdu með annan.)

[13:50]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ekkert samfélag manna er laust við fátækt og ekki heldur okkar. Fátæktin á Íslandi hefur vissulega minnkað mikið á undanförnum árum. Við eigum líka betri möguleika en flestar aðrar þjóðir til að kljást við slík mál. Grenndartengslin eru það sterk í okkar landi að fólk getur síður týnst og gleymst utan samfélagsins en í stærri þjóðfélögum. Við höfum sem betur fer næga vinnu og við getum tekið betur á með fólki, hjálpað þeim sem minnst mega sín af hvaða ástæðum svo sem það má sín minnst, til að takast á við kröfur lífsins. Bjargarleysi fólks megum við alls ekki gera að pólitísku bitbeini eins og örlar hér á því miður og alls ekki draga störf Rauða krossins inn á slíkt plan.

Hvernig eigum við hins vegar að bregðast við ýmsum þeim skýrslum og vísbendingum sem við höfum fengið um umkomuleysi og bjargarleysi í okkar landi? Ég hygg skynsamlegt að skipuð verði samstarfsnefnd þingflokkanna allra eða stjórnarflokkanna á Alþingi og frjálsra félagasamtaka eins og Rauða krossins, Þjóðkirkjunnar og Barnaheilla. Slík nefnd gæti skilað aðgerðaáætlun síðar á árinu og auðveldað öllum aðilum að lækna þessa meinsemd með þjóðinni, fátæktina og úrræðaleysið, vonleysið sem nokkur hópur meðal okkar þjóðar býr við. Með öllum tiltækum ráðum þarf að sprengja fólki leið út úr þeim vítahring erfiðra aðstæðna hvernig svo sem þær eru til komnar. Það er hlutverk okkar og það er skylda okkar. Ég minni á það einnig á afmælisári kristninnar í landinu.

[13:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda, Guðrúnu Ögmundsdóttur, fyrir að færa þetta mál inn á Alþingi. Við stöndum frammi fyrir alvarlegum vanda sem hefur nú verið staðfestur með enn einni skýrslunni.

Ég held að við eigum að reyna að fyrirgefa hæstv. forsrh. málflutning hans. Þar var komin holdi klædd brauðmolahagfræði þeirra Reagans og Thatcher að það kunni að vera misskipting í þjóðfélaginu, að hún sé vaxandi, að hér sé fátækt, en viti menn, hinir fátæku njóta molanna sem hrjóta af borðum hinna ríku. Þetta er málflutningur sem er ekki sæmandi á Íslandi.

Hið jákvæða við þessa skýrslu er að ekki er látið sitja við það eitt að benda á vandann heldur er hann einnig

skilgreindur og vakin athygli á hvar þurfi að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða. Í ljós kemur að mörg þingmál sem bíða afgreiðslu taka á slíkum vanda. Ég nefni vanda innflytjenda. Fram kemur að við stöndum frammi fyrir því að hér myndist undirmálshópur ef ekki er lögð sérstök rækt við að hlúa að börnum innflytjenda í skólum og í samfélaginu almennt og fyrir þinginu liggur einmitt mál um þetta efni.

Þá kemur fram sú ömurlega staðreynd að geðfatlaðir er sá hópur sjúklinga sem ekki aðeins þarf að bera erfiðan sjúkdóm heldur búa geðsjúkir öðrum fremur við örbirgð. Á þinginu hafa ítrekað verið flutt þingmál til að styrkja og bæta stöðu geðsjúkra. Áfram mætti minna á þá staðreynd að þeir sem hafa framfæri af greiðslum almannatryggingakerfisins þurfa alfarið að treysta á greiðslur þaðan sér til framfæris, búa við skarðan hlut, hlut sem hefur ekki fylgt kjaraþróun sem aðrir þjóðfélagsþegnar hafa notið á undanförnum missirum og árum. Hér þurfa að koma til sögunnar ný vinnubrögð, róttæk breyting á því fyrirkomulagi sem við búum nú við. Ég vil gera það að tillögu minni að í stað þeirrar nefndar sem hv. þm. Hjálmar Jónsson lagði til áðan verði gengið til formlegra samninga við Öryrkjabandalagið, hagsmunasamtök öryrkja og samtök aldraða til að ráða bót á þessari meinsemd.

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fátækt er býsna vandmeðfarið hugtak og hægt er að skilgreina það á ýmsan hátt. Við höfum mjög iðulega skilgreint það svo að þeir sem hefðu ekki hálfar meðaltekjur í þjóðfélaginu teldust til þessa hóps. Könnun Rauða krossins er allrar virðingar verð en það má ekki taka hana sem einhverja hávísindalega úttekt og það er nokkuð til í því að þetta er fyrst og fremst skoðanakönnun.

Ástandið hefur yfirleitt batnað og yfir því ber að gleðjast. Kaupmátturinn hefur stóraukist en það er óneitanlega þröngt í búi hjá sumum. Nýleg könnun sýnir t.d. að 40% bænda eru undir hálfum meðaltekjum í þjóðfélaginu og það er staðreynd sem óhjákvæmilegt er að hafa í huga og það liggur fyrir að hluti af unglingum í sveitum fer ekki í framhaldsnám af efnahagsástæðum. Það er einmitt ástæða til að minna á þetta nú þegar í undirbúningi er nýr samningur við sauðfjárbændur.

Félmrn. fylgist með þessari þróun. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, sem starfar á okkar vegum með samstarfsverkefni við aðra, hefur aðstoðað um eða yfir 2.000 fjölskyldur og hefur meiri hluti þeirra náð tökum á fjármálum sínum. Það er töluverð breyting á skuldsetningu. Yngra fólk er að skuldsetja sig meira en áður var. Við erum að fara í samstarf við Rauða krossinn um framleiðsluskóla að danskri fyrirmynd. Atvinnuleysið er sem betur fer horfið. Ásókn í fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna hefur minnkað, ráðuneytið gengur eftir því að sveitarfélögin sinni skyldum sínum þar um. Íbúðareigendum gengur miklu betur að standa í skilum og nauðungaruppboðum á íbúðarhúsnæði hefur stórfækkað. Við vinnum að markvissri fjölskyldustefnu og stóraukið fjármagn fer til fíkniefnavarna. Við þurfum að taka á málefnum innflytjenda og það er í undirbúningi og stórátak hefur verið gert í fjölgun leiguíbúða og að aðstoða fólk við að komast í eigið húsnæði.

[13:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. „Hefur þú hugsað um hvað verður um þig ef þú greinist með alvarlegan sjúkdóm eða ef þú fatlast skyndilega?“ Þessi spurning glymur í eyrum okkar landsmanna í sjónvarpinu hvert kvöld í auglýsingu frá tryggingafélagi, tryggingafélagi sem gerir út á réttmætan ótta fólks um afdrif þess við heilsubrest. Þetta er nýlunda.

Það er hart að þurfa að ræða hér eina ferðina enn um fátæktina í samfélagi okkar. Því miður sýnir hver könnunin af annarri að ekki verður um villst að ákveðnir hópar búa við ömurleg kjör.

Við í Samfylkingunni og samtök öryrkja höfum margbent á að örorka er ávísun á fátækt. Velferðarkerfi okkar stendur ekki lengur undir nafni eins og vísindaleg úttekt Félagsvísindastofnunar um Íslensku leiðina staðfestir og nú aftur þessi könnun Rauða krossins. Frjáls tryggingafélög eru því þegar farin að gera út á réttmætan ótta fólks því það er ekki almennilega tryggt í almannatryggingunum. Þær standa ekki undir nafni lengur.

Hvað gerist ef einstaklingur greinist með alvarlegan sjúkdóm eða fatlast skyndilega? Hann ert settur út á guð og gaddinn. Hann og fjölskylda hans er sett út á kaldan klaka. Velferðarkerfi okkar er svo illa komið að það dæmir fatlað og veikt fólk og fjölskyldur þeirra til fátæktar. Örorka er ávísun á fátækt. Það er margbúið að benda á leiðir til úrbóta. Tillögurnar liggja fyrir í mörgum þingmálum í þinginu. Velferðarkerfi okkar verður að standa undir nafni ef við ætlum að teljast til siðmenntaðra þjóða. Vilji til úrbóta er allt sem þarf, herra forseti.

[13:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Könnun Rauða krossins er illa unnin, aðferðafræðin er röng. Það eru leiðandi spurningar. Fólk er spurt: Hverjir hafa það verst? Þeir komast ekki hjá því að svara hverjir hafa það verst. Það er sama hvernig staðan bætist, það skal alltaf nefna hverjir hafi það verst. Svo er 71 sérfræðingur sem starfar við kerfið spurður að því hvað sé að. Eiga þeir að segja að það hafi batnað? Eiga þeir að segja að við þurfum ekki eins miklar fjárveitingar? Nei. Að sjálfsögðu benda þeir á enn meiri vanda. Þetta er nefnilega hluti af velferðarútgerðinni (**ÖJ:** Þetta eru dylgjur.) sem er kannski hættulegasta aðförin að velferðarkerfinu.

Skýrslan er blanda af óvísindalegri könnun, upplýsingum frá Tryggingastofnun og skýrslu Stefáns Ólafssonar og persónulegum skoðunum skýrsluhöfunda. (**Gripið fram í:** Er þá ekkert vandamál?) Ekki er tekið á vandamálum sem stafa t.d. af gjaldþrotum eða uppáskriftum, sem eru umtalsverð, og það er heldur ekki tekið á því að helmingur af bótum landsmanna kemur frá lífeyrissjóðunum og þær hækka eins og verðlag en ekki eins og laun. Það er þáttur í sátt sem gerð var fyrir 15 árum til þess að bjarga stöðu lífeyrissjóðanna. Á þessu var ekki tekið.

Það er talað um félagslega einsemd en það er ekki rætt um það að hún stafar kannski af því að velferðarkerfið setur fólk í kassa, börnin á barnaheimili, geðfatlaða inn á geðdeildir, fatlaða inn á sérbýli, gamla fólkið á elliheimili. Það er búið að rústa fjölskyldunni. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Við eigum að standa vörð um velferðarkerfið og bæta það enn. En það gerist ekki með upphrópunum og sleggjudómum.

[14:01]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið þátt í umræðunni fyrir málefnalega umræðu að mestu. Hæstv. forsrh. var tíðrætt um að auðvitað yrði fólk

alltaf í fjárhagserfiðleikum og þeim erfiðleikum yrði ekki útrýmt. Ég er svo sem alveg sammála því en við getum þrátt fyrir það lagt okkar af mörkum til að rétta hag þeirra sem minna mega sín og það erum við sem skömmtum þá peninga sem eiga að fara í þá vasa, það er alveg á hreinu.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson reyndi að svara ýmsum spurningum sem ég lagði fram sem hæstv. forsrh. svaraði ekki og ég var mjög ánægð með innlegg frá hv. þm. Hjálmari Jónssyni.

Mér finnst sem nýjum þingmanni skorta á að þingið og nefndir þess fjalli af alvöru og formlega um allar þær úttektir og skýrslur sem hér eru lagðar fram og okkur berast. Þrátt fyrir að hv. þm. Pétur Blöndal hafi lýst vanþóknun sinni á skýrslu Rauða krossins, þá minni ég á skýrslu Stefáns Ólafssonar um Íslensku leiðina, þessar tvær skýrslur Rauða krossins, skýrslu um stöðu einstæðra foreldra sem lögð var fram í þinginu, stór skýrsla er til um stöðuna í geðheilbrigðismálum og til er skýrsla um tómstundir fatlaðra. Margar mjög góðar skýrslur hafa verið unnar í ráðuneytunum og þar á meðal um málefni innflytjenda, verið er að bíða eftir úttekt á stöðu forsjárlausra feðra, til eru ársskýrslur Félagsþjónustunnar, skýrsla um málefni aldraða og ársskýrsla um fjármál heimilanna. Og ef við getum ekki farið að sjá þessa hluti í samhengi og nýta þetta sem stefnumörkun í því að vinna bug á þeirri fátækt sem er á meðal 5–10% þjóðfélagsþegna landsins, þá erum við mjög illa stödd. En ég vil ítreka og tek undir það að kominn er tími til að skipaður verði vinnuhópur til að fara yfir þessi mál og vinna raunhæfar tillögur í málinu.

[14:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það virðist vera þannig að sumir hv. þm. vilji ekki ræða þessi mál á þeim grundvelli einum sem við getum brúkað, vilji ræða það á grundvelli einhverra upphrópana og stóryrða. Við getum ekki brúkað neinn annan mælikvarða en þann, þegar við gáum að því hvort ríkisstjórn hefur staðið sig í stykkinu eða ekki, hvernig kaupmáttur þeirra bóta sem ríkið greiðir hefur hækkað. Það er eini mælikvarðinn. Einhver hróp og köll og ómakleg frammíköll eru ekki innlegg í málið. Innlegg í málið eru bara þær tölur sem beinharðar standa. Og svo reiðast menn því ef ég vitna til þess að á síðasta kjörtímabili hafa allar þessar bætur eða kaupmáttur þessa fólks hækkað um 20%. Af hverju fagnar fólk ekki þeim þætti? Af hverju er það bara með þessar upphrópanir? (**ÖJ:** En nú liggur skýrsla fyrir ...) Og enn er haldið áfram að gjamma. Þessar tölur liggja fyrir og það eru þær sem eru staðreyndir máls og á það á maður að hlusta.

Einn hv. þm. spurði hvort ég væri stoltur af þeim árangri sem náðst hefði. Hann vitnaði líka um leið í bók Stefáns Ólafssonar, Íslensku leiðina, og leyfði sér að uppnefna hana — íslenska neyðin, væntanlega ekki með leyfi frá höfundi. Ég get sagt það að mjög margt sem hann vitnar einmitt til getur gert mann eins og mig stoltan, t.d. þegar Stefán Ólafsson segir á bls. 257, með leyfi forseta: „Fátækt á Íslandi er sérhópavandamál sem farið hefur minnkandi." Og varðandi eldra borgara segir Stefán Ólafsson, með leyfi forseta: „Virðist ljóst af þessum gögnum að Ísland er nú á dögum ekki lengur í hópi þeirra þjóða þar sem eldri borgarar eru í mestum mæli í lægsta lágtekjuhópnum eins og var fyrir áratug síðan." Nákvæmlega eins og ég sagði áðan. Auðvitað er maður stoltur yfir þessu. Og Stefán Ólafsson segir á bls. 264, fyrst menn vitna í þessa skýrslu, með leyfi forseta: „Heildarniðurstaðan er því sú að Ísland var á eftir í þessu tilliti við upphaf 10. áratugarins en fátækt meðal eldri borgara hefur minnkað mjög ört á tímabilinu." Og ég er stoltur af því, hv. þm.

Tilfærsla á aflamarki.

Beiðni SvH o.fl. um skýrslu, 337. mál. — Þskj. 590.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:05]

Margrét K. Sverrisdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði athugasemd við það við upphaf þings í gær að sú skýrslubeiðni sem hér er tekin til atkvæðagreiðslu skyldi tekin út af dagskrá fyrirvaralaust og afgreiðslu frestað. Af hálfu stjórnar þingsins var sett fram sú ósk að ákvæði um verklag við upplýsingaöflun hæstv. sjútvrh. yrði sett fram í greinargerð með beiðninni en ekki í henni sjálfri eins og upphaflega var. Á þetta hef ég og aðrir skýrslubeiðendur fallist, enda lítum við svo á að hér sé ekki um efnislega breytingu að ræða.

[14:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Forseti Alþingis ákvað að fresta um einn dag atkvæðagreiðslu um beiðni um skýrslu. Farið hefur verið yfir málið síðan á þingfundi í gær og komið hefur í ljós að ábendingar hans voru fullkomlega á rökum reistar og flutningsmenn hafa gert nauðsynlegar breytingar á þingskjalinu til þess að það væri þingtækt.

[14:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vildi sérstaklega vekja athygli á því og undrast það satt að segja að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður þingflokks Framsfl., sjái sérstaka ástæðu til þess að koma hingað upp með þá undarlegu athugasemd sem hann færði hér fram. Staðreyndin er sú að á fundi forsn. í gær með þeim aðilum sem að þessari beiðni stóðu var sátt um að gera þessar breytingar. Það segir hins vegar ekkert um það hvort málið hafi ekki verið þinglegt eða þingtækt eins og það var. Ég hafna því fullkomlega þessari einhliða skýringu hv. þm., enda veit hann ekkert um málið.

Beiðni leyfð með 33 shlj. atkv.

Starfsheiti landslagshönnuða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 21. mál (landslagsarkitektar). — Þskj. 615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMöl, BH, DO, GuðjG, GÁS, GÁ, HBl, HErl, HH, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MSv, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SvanJ, TIO, ÞKG, ÖJ.

1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.
31 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, ÍGP, JóhS, KVM, KF, LMR, MF, ÓÖH, RG, SF, SJS, VS, VE, ÞJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 623).

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 509.

[14:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér áfram till. til þál. sem verið hefur á dagskrá þessa fundar frá í morgun. Er ekki hyggilegt, herra forseti, að ég bíði andartak þangað til friður kemst á salinn og þeir taki ákvörðun um það sem ætla að vera við umræðuna og hinir fari.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hyggilegast er að hv. þingmenn gefi hljóð í salnum. Geti þeir það ekki, víki þeir úr salnum.)

Þeir fari sem fara vilja og veri sem vera vilja.

Herra forseti. Út af fyrir sig er ekki mjög margt að segja um þá tillögu sem nú er lögð fram því að hún tekur í stærstum dráttum mið af þeirri langtímavegáætlun sem hér var samþykkt ekki fyrir margt löngu og þau tvö viðbótarár sem hér eru fest niður, árin 2003 og 2004, eru raunar að stærstum hluta sambærileg við þær áætlanir sem fyrirfundust í langtímavegáætlun áranna 2003–2006. Það eru þó nokkur atriði sem ég vildi nefna til sögunnar.

Fyrst vil ég byrja á að þakka fyrir það að hæstv. samgrh. skuli vera kominn til starfa á nýjan leik. Það er ekki oft sem ég sé ástæðu til að fagna honum alveg sérstaklega en það geri ég vegna þess að nú er hæstv. sjútvrh. ekki lengur sitjandi samgrh. Ég er nokkurn veginn fullviss um að hæstv. ráðherra er mér sammála um það að þegar við ræðum um vegamál þá snýst það ekki bara um malbik og milljónir heldur snýst það um öryggi og fólk og um það erum við held ég sammála. Með öðrum orðum erum við að ræða þessi mál bæði á hörðum staðreyndagrundvelli og ekki síður á þeim tilfinningum sem að baki bærast, annars vegar að vegirnir séu þannig úr garði gerðir að við fækkum slysum á þeim sem eru allt of mörg og kostnaðarsöm í peningum talið en fyrst og síðast sársaukafull fyrir líkama og sál þeirra sem fyrir verða og annarra aðstandenda. Við drögum það auðvitað ekkert undan og ég geri þetta að umtalsefni að gefnu tilefni og ég held að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um það. Hv. þingmenn vita hvað ég á við.

Greiðari samgöngur eru líka að sönnu mikilvægar fyrir efnahagskerfi þjóðarinnar og fyrir byggðaþróun í landinu. Það hefur vissulega verið ofarlega á baugi í því sambandi og ástæða til að halda því til haga.

Herra forseti. Fyrst og síðast átti ég von á því að hinir stóru drættir þessarar endurskoðuðu vegáætlunar birtust í tvennu. Í fyrst lagi átti ég von á því að hér tæki ríkisstjórnin á sig rögg og kæmi fram með harðari og ákveðnari tillögur um hvernig ráðist skyldi í jarðgangagerð á næstu árum og hvernig skyldi forgangsraða í þeim efnum. Það hefur ekki verið gert. Að sönnu hefur verið fylgt þeirri áætlun og þeim samþykktum sem gerðar voru um að fram færi úttekt á þeim valkostum sem til staðar væru í þeim efnum og það er að finna í ítarlegri skýrslu. Þar er flestallt tínt til sýnist mér í fljótu bragði sem til álita hefur komið. Það er 21 valkostur sem nefndur er til sögunnar þó að veruleikinn sé vissulega sá að nokkrir séu nær í tíma og rúmi en aðrir. Það liggur hins vegar fyrir að ríkisstjórnin ætlar að spila þessum átökum sem óneitanlega hafa verið uppi um valkosti, annars vegar Siglufjarðargöng og hins vegar göng á Austurlandi, áfram um nokkurra ára skeið og gera á þeim nauðsynlegar undirbúningsathuganir og hanna þessi stóru mannvirki en bíða með allar frekari ákvarðanir, láta hins vegar í veðri vaka að farið verði í þær báðar á tiltölulega svipuðum tíma.

Hæstv. fyrrv. samgrh. dró hins vegar aldrei dul á að hann var hallur undir norðurgöngin. Nú gæti svo farið að hann í nýju hlutverki væri hallari undir austurgöngin því að væntanlegt kjördæmi hans mun flytjast þangað þó að ýmislegt bendi raunar til þess að Siglufjarðargöngin verði í sama kjördæmi þannig að hann verði að halda með þeim báðum, en þetta var útúrdúr.

Herra forseti. Þetta er það sem upp úr stendur. Það er engin ákvörðun þarna fyrirliggjandi. Hér hafa menn eðlilega staldrað við sínar eigin heimaslóðir og ég ætla að gera það með örfáum orðum.

Það liggur ljóst fyrir að þörfin fyrir vegabætur á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjaneskjördæmi er gríðarleg og menn hafa nefnt þar ógnarháar tölur, 20, 30, 40 milljarða kr. fjárþörf á næstu árum ef menn ætla að halda í við þróun byggðar og tryggja áfram það öryggi sem þarf að vera til staðar og tryggja einnig greiðar samgöngur milli borgarhverfa og þeirra sveitarfélaga sem hér eiga hlut að máli. Nýjasta nýtt í þeim efnum er í heimabyggð minni, Hafnarfirði, þar sem Vegagerðin og heimamenn hafa lagt upp áætlanir sem munu sennilega kosta 3–4 milljarða kr. með undirgöngum og mislægum gatnamótum á tveimur eða þremur stöðum. Ég spyr hæstv. ráðherra í því samhengi, af því að Vegagerðin heyrir undir ráðuneyti hans, hvort hann sjái það í raun að hægt verði að bæta slíkum fjárhæðum inn í langtímavegáætlun til ársins 2010 eins og þessar áætlanir gera ráð fyrir. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég er ekkert allt of bjartsýnn á það miðað við þá þröngu stöðu sem þar er að finna. Ég hef hins vegar lagt áherslu á og vil líka spyrja hæstv. ráðherra um það hvers vegna svokallaður ofanbyggðavegur, vegur sem fer af Reykjanesbrautinni núverandi ofanvert við Hafnarfjörð og mætir síðan núverandi Reykjanesbraut aftur í Straumi eða þar um bil, hafi ekki verið til nánari skoðunar af hálfu Vegagerðarinnar en raun ber vitni. Fyrir áratug eða svo var gerð mjög ítarleg rannsókn á þeim vegi, á þeim árum þegar ég var bæjarstjóri í Hafnarfirði. Nú virðist hann vera týndur og tröllum gefinn og engar raunverulegar athuganir verið á honum gerðar. Hann mun kosta um 700 millj. kr. og mun tryggja greiða og hraða umferð frá Keflavíkurflugvelli og Reykjanesbæ allar götur til höfuðborgarinnar. Þessi valkostur þarf náttúrlega að vera þarna inni.

Það er auðvitað þannig, herra forseti, að á sama tíma og við tölum um mikilvægi þess að skerpa á nauðsynlegum vegabótum á suðvesturhorninu, vegabótum á borð við tvöföldun Reykjanesbrautar, framkvæmd upp á 2,5 milljarða kr. sem ekki er gert ráð fyrir í langtímavegáætlun að komi til framkvæmda fyrr en að langstærstum hluta til á árunum 2007–2010, þá sýnir ríkisstjórnin auðvitað þann vilja sinn í verki með því að fresta framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu um 600 millj. kr. Eðli máls samkvæmt hafa framkvæmdastjórar sveitarfélaganna gagnrýnt þessa frestun

mjög harðlega og hafa bent réttilega á að þensluhvatinn af vegaframkvæmdum sé miklum mun minni en í öðrum framkvæmdum svo sem á vettvangi stórbygginga og einnig hitt að jarðvinnuverktakar finna ekki fyrir þeirri þenslu sem allir eru að benda á. Ég spyr því hæstv. ráðherra nánar um þau atriði og þær ábendingar sem frá þessum framkvæmdastjórum hafa komið.

Að lyktum vil ég segja, herra forseti, og árétta þá spurningu sem hér hefur fram komið: Kemur til álita af hálfu hæstv. ráðherra í þessu ljósi að greiða fyrir því að stórframkvæmdir á borð við tvöföldun Reykjanesbrautar sunnan Straums og verulegar endurbætur á Reykjanesbrautinni innan Hafnarfjarðar verði fjármagnaðar með lánsfé og löngu fyrr en langtímavegáætlun gerir ráð fyrir? Ég óska eftir svörum.

[14:18]

Útbýting þingskjala:

Áhættulán, 364. mál, fsp. SvanJ og RG, þskj. 619.

Forvarnir gegn krabbameini og úrræði í þjónustu við krabbameinssjúklinga, 365. mál, fsp. ÞBack, þskj. 620.

Skipulag ferðamála, 366. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 621.

[14:18]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er margt athyglisvert í þáltill. hæstv. samgrh. og ýmislegt hefur komið fram í ræðum hv. þm. í dag. Vakin hefur verið athygli á þörfinni á samgöngubótum vítt og breitt um landið og það er vel. En það þarf að forgangsraða og það þarf að taka ákvarðanir. Þá er litið til margra þátta eins og byggðasamfélaga, ástands vega og arðsemi. Einmitt þetta síðasta atriði, arðsemi, hefur oft og tíðum ekki vegið mjög þungt við ákvarðanir í vegamálum að mínu mati en mér sýnist það horfa nú til betri vegar. Landsbyggðarþingmenn hafa rætt um nauðsyn jarðganga og jarðgangagerðar. Þeir hafa eilítið tekist á um hvar eigi að byrja en allir, þar á meðal hv. þm. Einar Már Sigurðarson, virðist sammála um að þetta séu brýn verkefni sem nauðsynlegt sé að sýna samstöðu um og ég er sammála því. Ég get hins vegar ekki tekið undir það sem komið hefur fram að þetta sé eingöngu málefni landsbyggðarþingmanna eða landsbyggðarinnar. Samgönguúrbætur eru eitt megintækið til að efla enn frekar byggðina í landinu öllu og margoft hefur verið sagt að byggðamálin séu mál þjóðarinnar allrar en ekki einungis hluta hennar. Ég tek undir það. Ég tel að þær tillögur um jarðgöng sem hæstv. samgrh. hefur kynnt í dag séu athyglisverðar og vel unnar. Því fagna ég að markvisst sé tekið á þessum málum með heildstæða stefnu í jarðgangaáætlunum í huga.

En eins þingmenn suðvesturhornsins sýna skilning á samgönguúrbótum á landsbyggðinni vona ég og vænti þess að þingheimur allur sjái þá miklu þörf og brýnu verkefni sem bíða í samgöngumálum á stórhöfuðborgarsvæðinu. Hér er umferðin mest og fer vaxandi í takti við íbúafjölgun, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir. Allir vita um þá miklu nauðsyn að tvöfalda Reykjanesbrautina milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar sem fyrst og er gott til þess að vita að um það mál hefur náðst þverpólitísk samstaða. En Reykjanesbrautin í þéttbýli er líka mikið vandamál. Tvöföldun er sem betur fer hafin í Kópavogi og allir vita sem þar hafa farið að sú tvöföldun er til mikilla þæginda og er það vonandi fyrsta skrefið í að leysa þau mál. Gatnamót Lækjargötu og Reykjanesbrautar í Hafnarfirði eru til mikils vansa en þar fara um 21 þús. bíll á sólarhring.

Sífelld aukning umferðar á Vesturlandsveginum, m.a. við tilkomu Hvalfjarðarganga, kallar á að tvöföldun á þeim vegi verði sett inn í vegáætlun hið fyrsta. Þetta eru allt dæmi, herra forseti, um framkvæmdir á suðvesturhorninu sem verður að hraða og eru þær þjóðhagslega hagkvæmar og mjög arðbærar framkvæmdir sem eru fljótar að borga sig upp. Samgöngumál á stórhöfuðborgarsvæðinu eru líkt og jarðgangagerð á landsbyggðinni hagsmunamál þjóðarinnar allrar.

[14:22]

Helga A. Erlingsdóttir:

Virðulegi forseti. Sem landsbyggðarkona vil ég leggja áherslu á að það verður að leggja meira fé en gert hefur verið undanfarið í safn- og tengivegi. Sáralítið hefur verið veitt til þeirra hvað varðar viðhald og meiri endurbyggingu og nýbyggingar. Oft er talað um það í byggðarlagi mínu, norður í Þingeyjarsýslu, að það verði að byggja vegina upp úr snjónum. Það hve margir af vegum um dreifbýli eru lágir verður til þess að kostnaður við snjómokstur á snjóþungum vetrum er gífurlegur bæði fyrir sveitarfélögin og ríkið. Þessir vegir eru sjaldnast klæddir bundnu slitlagi, aurbleyta er áberandi vor og haust, vegirnir eru ósléttir, holóttir og þar er mikil lausamöl. Þetta skapar slysahættu, ending bíla er styttri en almennt er og viðhald þeirra miklu meira en hinna sem ekið er um bundið slitlag. Þá er ljóst að gera verður sérstakt átak í að fækka einbreiðum brúm á vegum landsins. Þær eru miklar slysagildrur og eru sérstaklega hættulegar þeim vegfarendum sem eru ekki staðkunnugir. Það á ekki síst við um erlenda ferðamenn sem ferðast á einkabílum um landið en þeim hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Betri samgöngur eru víða forsenda sameiningar sveitarfélaga. Þær eru líka nauðsynlegar til að efla samstarf milli sveitarfélaga og stofnana og efla ýmiss konar þjónustu á landsbyggðinni. Góðar samgöngur eru algjör forsenda þess að okkur takist að koma á einhverju jafnvægi í byggðaþróun á landinu. Því er mikilvægt að þessi málaflokkur njóti nauðsynlegra fjárveitinga og sé ekki látinn líða fyrir staðbundna þenslu á suðvesturhorninu.

[14:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil fagna framkominni skýrslu um jarðgangaáætlun. Það var mjög tímabært að hún kæmi. Síðustu jarðgöngin sem ríkið hefur staðið fyrir voru jarðgöngin á Vestfjörðum og þeim lauk 1996. Jarðgöngin undir Hvalfjörð voru ekki fjármögnuð beint af ríkinu og skoðast því ekki ríkisframkvæmd. Síðan þá, 1996, hefur ekkert verið unnið að nýrri jarðgangagerð á Íslandi af hálfu hins opinbera og þarna hafa farið, herra forseti, fjögur ár án þess að á því væri tekið. Jarðgöng eru víða ein mikilvægasta samgöngubót og til þess að rjúfa einangrun. Það bar að halda áfram á þeirri braut sem þá hafði verið mörkuð. Það er meira að segja svo, herra forseti, að það hefur ekki heldur verið varið nægjanlegu fjármagni til að rannsaka og undirbúa næstu jarðgangagerð. Þegar við stöndum frammi fyrir þessari ágætu jarðgangaáætlun þá er nú svo háttað að í henni eru engar tímasetningar, engar tímaáætlanir. Það er þó viðurkennt að til að halda megi áfram í jarðgangaáætluninni þurfi að fara í undirbúningsrannsóknir og hönnun og ýmsa aðra vinnu og sú vinna mun kosta nokkur hundruð millj. kr. en á fjárlögum þessa árs er ekkert fjármagn til að fara í þá vinnu. Hér er því, herra forseti, allt of mikið ábyrgðarleysi á ferðinni. Ef

sá metnaður hefði verið fyrir hendi sem hefði þurft, og við stæðum ekki frammi fyrir þeirri staðreynd að ekkert var unnið í jarðgangagerð á árunum 1996–1999 þá hefðum við a.m.k. samþykkt á fjárlögum þessa árs fjármagn til að ráðast í nægilegar undirbúningsrannsóknir og hönnun til þess að hægt væri að setja allt á fullt þegar jarðgangaáætlun liggur fyrir. Þetta, herra forseti, held ég að verði að draga fram. Ekki er nægilegt að setja fram góða áætlun, henni þarf að fylgja verk. Ég treysti því reyndar og vona að hæstv. samgrh., sem er mikill verkmaður, láti okkur ekki standa lengi frammi fyrir ótímasettri áætlun um jarðgöng.

Ég fagna þeim áhersluatriðum sem dregin eru fram um hver séu næstu verkefni í jarðgangagerð, bæði milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, og eins á Austfjörðum og á Vestfjörðum. Ég hefði þó viljað, herra forseti, að það yrði skoðað og verður væntanlega skoðað í samgn. hvort ekki væri rétt líka að setja inn óskalistann á bls. 4, þar sem talað er um jarðgangaverkefni sem Vegagerðin telur að eigi að koma til skoðunar og ákvörðunar síðar, allt upp í tölusett 21 verkefni, og gætu þar ábyggilega fleiri bætt inn. En ég vil nefna hér, herra forseti, jarðgöng frá Siglufirði og inn í Skagafjörð eða inn í Fljót. Sá vegur sem liggur nú til Siglufjarðar úr Skagafirði er engan veginn örugg leið og verður oft ófær og til framtíðar mundi sú tenging stækka þetta hérað til austurs og vesturs. Ég teldi því æskilegt að hún kæmi í þeirri langtímaáætlun sem þarna er verið að leggja upp en ég er fyllilega ánægður með það að áhersla skuli vera lögð á göngin frá Siglufirði til Ólafsfjarðar.

Ég vil líka, herra forseti, víkja að því að fjármagn til samgöngumála lýtur forgangsröðun og ég lít svo á að það fjármagn sem varið er á samgönguáætlun sé fyrst og fremst lágmarksfjárveiting sem hinir föstu tekjustofnar standa undir þó svo þeir hafi stundum liðið fyrir skerðingu. Ég tel því, herra forseti, að samgöngur á þessu svæði eins og hér hefur verið minnst á, þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautarinnar, sé líka afar brýnt verkefni þó svo að lagt hafi verið til að þeirri framkvæmd verði frestað til þess að draga úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu. En mætti ekki, herra forseti, kanna hvort ekki væru einhverjar aðrar framkvæmdir á þessu svæði sem hægt væri að fresta frekar, því þetta er spurning um forgangsröðun á fjármagni og verkefnum. Er endilega nauðsyn að ráðast í milljarðaframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli við stækkun á Leifsstöð til þess að tvöfalda aðkomu útlendinga til landsins og gera þar tvöfalt kerfi? Er það nauðsynlegt? Væri ekki nær, herra forseti, að breikka Reykjanesbrautina? Og svona má áfram telja, þetta er val, þó svo ég styðji og meti það að hið opinbera reyni að draga úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Það er annað sem ég vildi líka draga hérna inn í umræðuna þó að það sé ekki stórt mál. Það er þegar býli fara úr ábúð eða byggð breytist, þá geta vegir breytt um heiti, tengivegir geta breyst í safnvegi og safnvegir í einkavegi, landsvegi eða styrkvegi. Þetta getur komið sér afar illa og er kannski ekki vel rökstutt. Ég nefni dæmi í Skagafirði. Þar fór einn bær í miðjum Skagafirði, Krossanes, úr fastri ábúð, en rétt þar hjá er grasköglaverksmiðjan í Vallhólma sem núna er fóðurmiðstöð fyrir Skagafjörð og reyndar stærri hluta landsins og mikil og öflug starfsemi þar rekin. Við það að Krossanes fór úr ábúð fóru vegasamgöngur við þetta mikla og merka atvinnufyrirtæki úr flokki reglubundinna vega sem hið opinbera ber ábyrgð á og telst annað hvort einkavegur eða þá að sveitarfélagið verður að taka hann að sér. Þannig háttar til víðar og ég tel, herra forseti, að þetta sé atriði sem eigi að skoða og fylgjast með. Það er allt í lagi að hækka vegaflokka í virðingarröðinni, en það er alltaf viðkvæmt þegar vegir eru lækkaðir í virðingarröð og afleiðingar geta verið margar og ófyrirsjáanlegar.

[14:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu öldungis rangt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., Jóni Bjarnasyni, að ekki hafi verið veitt fé til rannsókna síðustu fimm ár síðasta áratugar, það er algjörlega rangt. Og að ekkert hafi verið gert í jarðgangamálum, það er nú undarlegt að maður að norðan skuli segja þetta, maður sem fer Hvalfjarðargöngin í hvert skipti sem hann kemur til Reykjavíkur. Ætli það hafi ekki verið eitthvað á annan milljarð sem fóru úr ríkissjóði í rannsóknir og vegi af þeirri framkvæmd. Fyrir utan það að unnið var að rannsóknum m.a. um veginn til Siglufjarðar og skýrslum var skilað um það, þá var sérstök nefnd sem vann að því, og er undarlegt að þingmaður Norðurl. v. skuli ekki vita um þetta.

Þá vil ég jafnframt segja að það er undarlegt sjónarmið þingmanns úr Skagafirði — menn hafa nú verið að reyna að hressa svolítið upp á ferðaþjónustuna þar og það hefur almennt verið viðurkennt úti á landi að ferðaþjónustan sé sú atvinnugrein sem jafnast dreifist um landið, þess vegna er það kappsmál að fá sem flesta erlenda ferðamenn til landsins — að tillaga hans hér nú er sú að leggja ekki í framkvæmdir við Leifsstöð. Þetta er undarleg þröngsýni eða hreppapólitík, ég veit ekki hvað á að kalla þetta. Það ber a.m.k. ekki mikinn keim af því að hafa verið húsbóndi á Hólum, þeim myndarlega stað, að hugsa með þessum hætti.

Í þriðja lagi get ég ekki skilið hvernig hv. þm. hugsar sér vegáætlun í sambandi við lágmarksfjárfestingu. Það er algjörlega óheimilt að fara fram úr vegáætlun. Fé er varið til rannsókna á þessu ári og á næsta ári er nægilegt fé í vegáætlun. Alþingi mun fjalla um þau mál og þar verður gengið svo frá að nægilegir fjármunir koma til þessara rannsókna. Það verður ekki staðið eins að málum og þegar formaður vinstri grænna kastaði jarðgöngunum fyrir vestan inn í Alþingi og lét þann ráðherra sem á eftir honum kom leysa úr fjármálunum.

[14:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að myndarlega var staðið að Hvalfjarðargöngunum, en það var fyrst og fremst fjármögnuð einkaframkvæmd og var umdeilt að hve miklu leyti ríkið kæmi einmitt að þeirri framkvæmd. En vissulega var haldið áfram að hugsa og undirbúa jarðgöng. En formleg jarðgangaáætlun kom ekki fram og hefði verið hægt að nýta þennan tíma í sjálfu sér betur. Það er svo aftur matsatriði en það er mín skoðun, herra forseti.

Varðandi það að veita fé til Leifsstöðvar, þá nefndi ég þetta vegna þess að að mínu viti er verið að leggja þar í tvöföldun á afköstum til þess að gerast aðilar að Schengensamkomulaginu. Það má vel vera að þetta sé ofboðslega mikilvægt fyrir fyrrv. samgrh., Halldór Blöndal. Ég velti þessu bara upp, þetta er forgangsröðun sem á sér stað á fjármagni ríkisins.

Ég vil líka benda á, herra forseti, að það er ekkert sem bannar það að varið sé meira fé til vegagerðar en áætlað er á vegáætlun samkvæmt þeim mörkuðu tekjustofnum sem hún hefur. Það er hægt að gera á fjárlögum og er einmitt brýn nauðsyn að gera og tillögur hafa komið um það, meira að

segja frá Byggðastofnun sem var þá undir stjórn samþingmanns fyrrv. samgrh. Það er því ekkert sem bannar það að leggja meira fé til samgöngumála, síður en svo.

[14:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nú fjárlögin sem marka rammann sem vegáætlun verður að vera innan. Ef vegáætlun fer út fyrir þann ramma verður að bregðast við með aukafjárlögum síðar á árinu. Það eru auðvitað fjárlögin sem marka rammann þannig að ég átta mig ekki alveg á þessum röksemdaflutningi. Á hinn bóginn er gott að heyra það þegar vinstri grænir taka til máls, líka í þessu máli hér, að þeir eru stöðugt og endalaust og einatt að reyna að vera á móti því sem áður er sagt og þá er náttúrlega ekki við því að búast að þeir séu alltaf hittnir í ummælum sínum.

[14:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að fjárlög eru afgreidd, það vill svo til, og þess vegna, herra forseti, er staðan sú að fjármagn til rannsókna og undirbúnings jarðgangagerðar liggur ekki fyrir í núgildandi fjárlögum til vegamála. Því miður. Við þingmenn vinstri grænna lögðum þetta til fyrir jól við afgreiðslu fjárlaga, því við sáum fram á veginn að fjármagn þyrfti til.

[14:39]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins út af ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, 5. þm. Norðurl. v., sem fjallaði um það að kanna einn möguleika til, þ.e. göng milli Fljóta og Ólafsfjarðar. (**JB:** Fyrirgefið, sagði ég Ólafsfjarðar?) Já, þingmaðurinn sagði það. Ég minni hv. þm. á skýrslu Lágheiðarhópsins sem kveður skýrt á um það hvaða möguleika skal velja í þessum landshluta. Í þeim vinnuhópi var m.a. forseti sveitarstjórnar Skagafjarðar, Gísli Gunnarsson, sem lagði til þá leið sem Vegagerðin leggur fram sem fyrsta valkost. Þess vegna finnst mér dálítið skrýtið þegar hv. þm. kemur hér upp í ræðustól hv. Alþingis og fer að fjalla um að ræða þurfi aðrar leiðir í þessu þegar allir hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu, nema sennilega hann. Þar sjáum við og höfum verið að tala um hvílíkir möguleikar þetta eru í sameiningu sveitarfélaga og í ferðaþjónustunni á svæðinu, sem m.a. mun nýtast öllum Skagafirði. Og rétt í lokin, herra forseti, mér finnst eitt koma ansi skringilega fram í ræðu hv. þm. þegar hann fjallar um þetta, vegna þess að í nýliðinni kosningabaráttu, a.m.k. á fundum á Siglufirði, talaði hv. þm. um jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð en ekki þessa leið. Herra forseti. Mér finnst Ragnar Reykás vera kominn hingað í þingsal.

[14:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú mikill misskilningur hjá hv. þm. Kristjáni Möller, og meiri reykur en kynding er fyrir hjá honum. Ég sagði að jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar væru virkilega gott forgangsverkefni og hef ekkert út á það að setja, síður en svo, og styð það verkefni alveg heils hugar. Hins vegar þegar verið er að setja hér tölusetta liði um jarðgöng sem maður er að horfa til einhvers langs tíma því það kom fram hér hjá þingmönnum í umræðunni að meira að segja þessi jarðgöng sem nefnd voru, á Austurlandi og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, yrðu vonandi gerð á næstu sex til átta árum, ef þetta gengi upp. Þannig að við erum að hugsa þarna í mjög löngum tíma. Og þess vegna fannst mér ekkert úr vegi að nefna það á nýrri öld sem nú er að byrja, að þarna væri möguleiki sem ætti ekki endilega að fara út af blaðinu, en ég er ekki í sjálfu sér að gera athugasemdir við þá forgangsröðun sem þarna eru sett. Og hafi ég sagt að göngin væru á milli Ólafsfjarðar og Fljóta, þá voru það mismæli, það var milli Siglufjarðar og inn í Skagafjörð.

[14:42]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sem hv. þm. sagði í seinni hluta andsvars síns um það að sá möguleiki sem við erum að ræða hér á Miðnorðurlandi sé gott forgangsverkefni, en hins vegar kemur fram í ræðu hv. þm. að á nýrri öld eigum við að ræða annað. Það er auðvitað alveg hárrétt, en ég segi bara hér og nú og það sé verkefni okkar núv. alþingismanna. Við erum að forgangsraða jarðgangaáætlun til tíu ára og nefndir eru ótal liðir sem koma þar á eftir. Ég ætla þingmönnum sem á eftir okkur koma þegar þessir þrír kostir verða sennilega búnir, að taka og forgangsraða því sem nefnt er sem valkostur tvö sem hægt verði að gera næstu tíu til tuttugu ár héðan í frá. Ég fagna því ef ég hef misskilið hv. þm. Jón Bjarnason og að hann er eindreginn stuðningsmaður fyrir þessu sem fyrsta valkosti.

[14:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil horfa dálítið lengra fram í tímann en hv. þm. Kristján Möller og þess vegna teldi ég alveg eðlilegt að inn í þennan lista upp á 21 verkefni mætti standa liður nr. 22, en ég er líka alveg sammála honum um að þingmenn á þessari öld muni í sjálfu sér taka á þessu máli. En ég, herra forseti, vil gjarnan horfa svolítið lengra þó að ég sé alveg ánægður með þær áherslur sem settar eru fram að öðru leyti í jarðgangaáætluninni.

[14:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé forhlaupin tíð að tala um göng úr Siglufirði og inn í Fljót. Ég vildi ræða það í alvöru áður en ráðist verður í endurbætur á Strákagöngunum hvort ekki væri skynsamlegra að fitja upp á nýtt og fara nýja leið, úr Hólsdal í Nautadal. Því var tekið illa í bæjarstjórn Siglufjarðar og sú hugmynd kveðin niður, m.a. tók hv. þm. Kristján Möller þátt í því. En loksins er kominn vegur með bundnu slitlagi frá hringveginum til Siglufjarðar og því ber mjög að fagna. Það var algjör samstaða meðal þingmanna Norðurl. v. á síðasta kjörtímabili að leggja alla áherslu á þá vegarlagningu og miklir peningar eru komnir í þann veg, það er kominn að núvirði a.m.k. einn milljarður á sl. 20 árum í vegatenginguna til Siglufjarðar. Værum við hins vegar að koma að ónumdu landi núna eða ef Siglufjörður hefði ekki aðra vegtengingu en gamla veginn um Siglufjarðarskarð væri auðvitað einboðið að fara þessa leið, að mínu mati. Því miður bárum við ekki gæfu til þess að taka þá skynsamlegu ákvörðun á sínum tíma og þar af leiðandi held ég að við verðum að láta okkur duga tvær samgönguæðar til Siglufjarðar en ekki þrjár.

[14:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki miklu við þetta andsvar hæstv. félmrh. Páls Péturssonar að bæta. Ég get tekið undir orð hans að því marki sem ég þekki til. Það hefði verið æskilegt á sínum tíma að velja aðra leið til Siglufjarðar en varð þarna ofan á en tækni þess tíma var þannig að þetta þótti besti valkosturinn þá. Í dag er staðan hin sama. En eins og

alltaf þá vinnum við næsta leik út frá því sem við stöndum frammi fyrir. Ég get því ekki annað en tekið undir það. En ég árétta að samgöngumál, hvar sem er á landinu, bættar samgöngur, eru meginmál framtíðarbyggðar á Íslandi. Þar eigum við að vera átaksglöð, djörf og með sterka sýn til framtíðar.

[14:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða stefnumörkun í vegamálum til skamms tíma. Ég vil byrja á að þakka fyrir þau plögg sem voru látin fylgja henni, um jarðgangagerð bæði til Vestmannaeyja og víðar um land. Ég vil hins vegar gera athugasemd við þessa áætlun sem liggur hér fyrir. Mér finnst hún að sumu leyti ekki mjög metnaðarfull og ég tel að í raun sé haldið áfram í sama fari og menn hafa verið í í vegamálum undanfarin ár. Ég er hreint ekki sammála því að einhverjar stórkostlegar viðbætur hafi orðið í vegamálum. Þetta hafa verið æfingar út og suður núna í mörg ár. Menn hafa sett upp sýningar sem kallaðar hafa verið átak í vegamálum en það hefur ævinlega verið heimt til baka í lægri framlögum til vegamála þar á eftir. Eftir situr tiltölulega lítil viðbót sem ákveðin var á síðasta kjörtímabili sem er viðbót til vegamála. Mér finnst þetta eiga erindi í umræðuna vegna þess að sérstaklega sjálfstæðismenn hafa slegið sér upp á því í umræðum um vegamál undanfarin þó nokkuð mörg ár, að hér væri í gangi stórkostleg viðbót í framkvæmdum í vegamálum á Íslandi. Að mínu viti hefur það ekki gerst.

Mér finnst áhyggjuefni að mjög stórar og dýrar framkvæmdir í vegamálum sem ætlað er að vera hluti af vegáætlun eru látnar bíða. Þá er ég ekki að tala um jarðgöng eða framkvæmdir sem tilheyra stórverkefnasjóði, heldur t.d. Reykjanesbrautina. Sú framkvæmd mun taka virkilega í því hún kostar mikla peninga. Í sjálfu sér hefði verið ástæða til að flýta þeirri framkvæmd og fjármagna að einhverju leyti sérstaklega, láta hana ekki koma niður á framkvæmdum sem tilheyra þessari vegáætlun eins og hún er. Mér hefði sem sagt fundist ástæða til að skoða þetta.

Það er líka eins og það svífi dálítið í lausu lofti hvernig menn ætla að fjármagna þessar stórkostlegu hugmyndir um jarðgöng. Maður fær gjarnan þau svör að selja eigi ríkiseignir. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því hvaða hugmyndir liggja á bak við þetta. Hvaða ríkiseignir eru þetta? Hvaða peninga eru menn að tala um að nota í þessar stórkostlegu framkvæmdir? Þegar farið er að kasta því fram hér í umræðum að bjóða eigi út jarðgöng fyrir norðan og austan, hvort tveggja í einu, þá finnst mér kominn tími til að menn fari að segja hvernig fara eigi að þessu. Það er greinilegt að menn hafa gefist upp við að ákveða hvaða verkefni eigi að hafa forgang, jarðgöng á Austurlandi eða fyrir norðan. Það er ekki stjórnmálamönnum til mikils hróss að ekki skuli hægt að leysa úr slíku máli, að setja aðra hvora framkvæmdina fram fyrir hina þannig að hægt sé að einbeita sér að undirbúningi við framkvæmd hennar.

Menn hafa gert breytingar á framkvæmdum í vegamálum. Í fyrra var tekin ákvörðun um að fresta framkvæmdum um 700 millj. Það er auðvitað ekki rétt að það sé eingöngu hér á höfuðborgarsvæðinu sem framkvæmdum er frestað. Framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu er frestað. Þær hefðu kostað hátt í 600 millj. en það er líka verið að fresta öðrum framkvæmdum sem svara til 126 millj. Það kemur fram og sagt að það sé geymt í ríkissjóði. Það fé hefði þá alla vega skipst á framkvæmdir á öllu landinu ef það hefði verið notað. Ég átta mig ekki alveg á hvernig menn geta haldið því fram að frestun á framkvæmdum komi einungis niður á höfuðborgarsvæðinu.

Ég vil líka benda á að það var ekki skynsamlegt að fresta framkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst að í þessari áætlun sé ekki brugðist við því sem þarf að gera, þ.e. að setja aukinn kraft í vegaframkvæmdir hér á höfuðborgarsvæðinu. Hér eru vandamálin óskapleg og þau vaxa með hverjum degi sem líður. Ég held að menn verði að horfast í augu við þær áætlanir sem menn hafa um vegaframkvæmdir hér í þéttbýlinu munu ekki duga. Menn þurfa að fara yfir þau mál að nýju og það þarf að breyta vegáætluninni sem nú er verið að ræða með það fyrir augum að leysa úr miklum vanda sem er hér í höfuðborginni. Menn sjá hann vaxa frá ári til árs, þeir sem bara ferðast hér um eða búa á þessu svæði. Það eru ekki fyrirhugaðar framkvæmdir sem duga til að leysa þau mál alveg á næstunni.

Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta. Ég vildi bara koma að athugasemdum mínum um þessa hluti. Mig langar að biðja hæstv. ráðherra að svara því hvernig hann reiknar með að staðið verði að undirbúningi mála í mínu kjördæmi, eða okkar kjördæmi. Í umræðunni hefur áður komið fram fyrirspurn um hvað ráðherrann hyggst fyrir með undirbúning vegarins yfir Kolgrafarfjörð. Ég vil að auki spyrja hæstv. ráðherra hvort hann ætli að beita sér fyrir því að könnuð verði hagkvæmni þess að stytta leiðina milli Akraness og Borgarness, þ.e. leiðina yfir Grunnafjörð. Býst hæstv. ráðherra við að skoðað verði hvaða hagkvæmni geti falist í þeirri vegaframkvæmd?

Ég vil svo enda ræðu mína á að þakka fyrir gögnin sem við höfum fengið í hendur. Ég tel að þau séu til fyrirmyndar, sérstaklega þessi skýrsla um jarðgöngin. Hún gerir þingmönnum og öðrum sem hana fá í hendur mögulegt að sjá og bera saman þær hugmyndir sem komið hafa upp í þessu og þær ættu að geta skilað mönnum áleiðis til að taka ákvarðanir um í hvaða röð menn ætla að ráðast í þessar framkvæmdir. Ég hvet til þess að menn víki sér ekki undan því.

[14:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Herra forseti. Umræður hér í dag hafa að verulegu leyti eins og gefur að skilja farið í að ræða jarðgangaskýrsluna. Eins og fram hefur komið eru hér auðvitað mikil tíðindi á ferðinni, að þessi skýrsla skuli á annað borð komin til umræðu í tengslum við vegáætlun. En eins og ég kom að í máli mínu í morgun þá eru önnur stórverkefni sem við þurfum að huga að. Ég vil minna á að í nál. samgn. árið 1998, þegar við afgreiddum þá vegáætlun sem nú er í gildi, var talað um að 550 millj. vantaði inn í stórverkefni á Austurlandi. Viðurkennt var að það þyrfti að leiðrétta þegar langtímaáætlun yrði endurskoðuð. Ég held að þetta séu allt hlutir sem við þurfum að hafa í huga. Við þurfum líka að hafa í huga, eins og ég nefndi í morgun, veginn til Vopnafjarðar. Á þessum tíma var viðurkennt að gera þyrfti ráð fyrir meira fé til að tengja Vopnafjörð um Hofsárdal upp á Hárekksstaðaleið. Enn vil ég nefna að með tilkomu virkjunar í Fljótsdal og stóriðju á Reyðarfirði þarf að gera ráð fyrir auknu fé til vegaframkvæmda í tengslum við þær framkvæmdir. Að mörgu er að hyggja og þetta er verkefni sem við í samgn. verðum að takast á við.

Jarðgangaáætlunin er náttúrlega það sem mest er spennandi. Eins og kemur fram á bls. 4 í jarðgangaáætlun Vegagerðarinnar þá var 21 verkefni skoðað í tengslum við þessa

áætlanagerð. Auðvitað verðum við að huga að næstu verkefnum, ekki eingöngu þessum þremur sem nefnd eru sem fyrstu verkefni, heldur verðum við að huga að framhaldsverkefnum í jarðgangagerð. Það er auðvitað mikilvægt að undirbúa þessar framkvæmdir og gera ráð fyrir þeim þegar hugað er að öðrum vegaframkvæmdum.

Vegagerðin nefnir það reyndar í skýrslu sinni að hún telji líklegt að af verkefnunum sem hún skoðaði, þessum jarðgangaleiðum, muni í næsta áfanga vera gert ráð fyrir Óshlíð á Vestfjörðum, leið á milli Ísafjarðar og Súðavíkur, og síðan Eyrarfjalli í Djúpi. Á Austurlandi nefnir Vegagerðin í skýrslu sinni leiðina Vopnafjörður/Hérað, Seyðisfjörður/Hérað/Norðfjörður, svokallaðan gaffal eins og við kölluðum það fyrir austan; leiðina Norðfjörður/Eskifjörður og leiðina Stöðvarfjörður/Breiðdalsvík. Allar þessar leiðir munu hafa mikil áhrif á viðkomandi byggðir og munu stytta vegalengdir allverulega á mörgum stöðum. Ég vil einnig nefna að göng undir Berufjörð, sem einnig eru nefnd í skýrslu Vegagerðarinnar eru talin hagkvæm framkvæmd, á mælikvarða Vegagerðarinnar, sem muni borga sig á u.þ.b. 30 árum eða svo.

Hér er um mjög mikil verkefni að ræða. Ég tel augljóst að af þeim miklu verkefnum sem eru á Austurlandi verðum við að finna næstu verkefni á eftir þeim sem hér eru í forgangi. Þetta verðum við að ræða í tengslum við þessa áætlanagerð og munum væntanlega taka til rækilegrar skoðunar þegar þetta mál kemur í hendur þingmanna, kjördæma og í samgn. Ég vildi einnig nefna að í sjálfu sér er hægt að hefja rannsóknarvinnu nú þegar. Á Austurlandi hefur verið gert ráð fyrir því í vegáætlun mjög lengi að hafa nokkurt rannsóknarfé og núna eru til 27 millj. kr. til rannsókna á jarðgangaverkefnum. Ég held að í rauninni sé ekki eftir neinu að bíða með að hefja strax undirbúning að þessum verkefnum og nýta það fé sem til er.

Eins og kom fram í máli ráðherra í morgun þá vill hann bjóða út í einum pakka jarðgöng á Austurlandi og Norðurlandi og það tel ég mjög vel. Ég held að það sé gott að standa þannig að verki, ekki síst vegna þess að um mikinn sparnað yrði að ræða eins og kom fram í máli ráðherra. Það skiptir hins vegar miklu máli að rannsóknir fari strax af stað og það væri rétt að heyra betur frá ráðherra hvað varðar fjármögnun á jarðgangarannsóknum þó svo að við eigum þessar 27 millj. fyrir austan, þá þarf væntanlega að gera ráð fyrir meira fé og einnig á jarðgangakostum fyrir norðan þannig að þarna sé ekki eitthvað sem hemur okkur í því að byrja.

Síðan vil ég leggja sérstaka áherslu á að hér er verið að tala um að fjármagna allar þessar framkvæmdir með sölu ríkisfyrirtækja. Það er alveg ljóst að þingmenn geta ekki í öðru orðinu talað um að hér þurfi að fara af stað miklar framkvæmdir í jarðgangamálum en vilja síðan ekki leggja fé til þess að fjármagna þær. Tillaga ríkisstjórnarflokkanna er að selja ríkisfyrirtæki til að fjármagna þessar framkvæmdir og það er þá eins gott að menn standi að því að vilja selja ríkisfyrirtæki og eiga þá eitthvað til að framkvæma fyrir. Mér hefur aðeins fundist af máli manna að þeir gætu ekki alveg staðið að þessu tvennu, þ.e. að fjármagna jarðgangaframkvæmdir með sölu ríkisfyrirtækja og hins vegar að fara í framkvæmdir.

[15:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að aftur kemur hér fram í ræðum og nú hjá hv. síðasta ræðumanni að skilyrt er að til þess að hægt sé að ráðast í þessar vegaframkvæmdir þurfi að selja ríkisfyrirtæki. Það þýðir, herra forseti, að sá listi sem hér er verið að leggja fram hangir gjörsamlega í lausu lofti. Það fer nú að verða nauðsynlegt, herra forseti, að hæstv. samgrh. upplýsi hvort samgöngumálin og átak í samgöngumálum sé alfarið háð því að ríkisfyrirtæki séu seld og landsmönnum þannig stillt upp við vegg — annaðhvort þetta eða ekki neitt — eins og nú er að verða tískan.

Ég lít á þetta sem aðskilin mál, herra forseti, og það er til minnkunar fyrir okkur að hugsa með þeim hætti að ekki sé hægt að ráðast í framkvæmdir og áætlanagerð á vegum íslenska ríkisins án þess að verða að skilyrða það sölum á eignum þess.

[15:04]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að einhvers staðar verður fjármagnið að koma. Við höfum ráðstafað vegafé með öðrum hætti til að byggja upp samgöngur á landi, sem eru afskaplega nauðsynlegar framkvæmdir. Þarna er leið til að fjármagna jarðgangaframkvæmdir, þ.e. að selja þau ágætu ríkisfyrirtæki sem við eigum og sem hafa mikið verðgildi og geta þess vegna farið í þessar arðbæru samgönguframkvæmdir.

Ég held að ljóst sé og við þurfum svo sem ekkert að velkjast í vafa um það, dæmin sýna það að þau fyrirtæki sem við höfum selt eru betur komin í einkaeigu en í ríkisrekstri. Það er því alveg einboðið að sú leið er góð, að við tökum ríkisreksturinn og breytum honum í einkarekstur en höfum jafnframt þá peninga til þess að standa að slíkum verkefnum, arðbærum verkefnum sem hafa mikil áhrif fyrir byggðirnar í landinu og mikil áhrif fyrir þjóðfélagið í heild.

[15:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að rétt sé að ríkið selji fyrirtæki sín í atvinnurekstri og fyrirtæki sem ekki eru brýn þjónustufyrirtæki. Það er bara allt annað mál, herra forseti, og það er rangt að ætla hér að stilla þessu upp samhliða að ekki megi ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir, ákveðnar framkvæmdir á vegum ríkisins öðruvísi en það sé þá tengt saman.

Það væri fróðlegt að vita hvar peningarnir eru sem komu inn á sl. ári fyrir sölu á bönkunum. En það eru til peningar sem hafa runnið í ríkissjóð og það er ákvörðun af hálfu Alþingis hvaða fjármagn er veitt til hinna einstöku framkvæmda en það þarf ekki endilega að sérmerkja það sölu á ríkisfyrirtækjum. Mér finnst þetta vera niðurlægjandi framsetning á nauðsynlegum framkvæmdum á vegum ríkisins, ekki síst gagnvart íbúum landsins.

[15:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta hefur náttúrlega ekki nokkurn skapaðan hlut með niðurlægingu að gera. Þetta hefur með það að gera hvernig við ætlum að reka ríkið. Þau fyrirtæki sem við höfum selt hafa farið í það að borga niður skuldir ríkissjóðs sem hefur aftur á móti sparað mikið í fjármagnskostnaði.

Tökum sem dæmi Landssímann sem er ágætis fyrirtæki og alveg bráðnauðsynlegt að selja því að það er fyrirtæki í samkeppnisrekstri. Það eru náttúrlega ekki nokkur einustu rök fyrir því að ríkið sé að reka samkeppnisfyrirtæki og skekkja þar með samkeppnisstöðuna. En aftur á móti er þarna um fyrirtæki að ræða sem er eins konar samgöngufyrirtæki varðandi fjarskiptin og ákaflega gott að nýta það

fé, nákvæmlega það fé til að fara í önnur samgöngumannvirki eins og jarðgangaframkvæmdir. (**Gripið fram í:** Eru framsóknarmenn samþykkir því?) Ég reikna alveg með að framsóknarmenn séu sammála því, af því að kallað var héðan utan úr sal, vegna þess að á það er minnst í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

[15:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég stend hér upp til þess að fagna sérstaklega jarðgangaskýrslunum sem fylgja þessari vegáætlun og ég held að það hafi verið rétt ákvörðun hjá Alþingi að láta vinna þetta með þeim hætti sem gert hefur verið. Að vísu er einn skuggi á, jarðgangagerð til Vestmannaeyja virðist nú fjarlægur draumur vegna kostnaðar þó e.t.v. væri hægt að leysa hin tæknilegu atriði einhvern tíma í framtíðinni. En það er hæpið að leggja verulegt fé í rannsóknir þar við svo óvissar aðstæður. Samgöngumál Vestmannaeyinga er skynsamlegra að leysa með öðrum hætti og þá er ég að tala fyrst og fremst um Bakkaflugvöll og bætta aðstöðu þar og slitlag á völlinn.

Hinni skýrslunni ber að fagna sérstaklega, þar er dreginn saman gagnlegur fróðleikur sem auðveldar samanburð og röðun framkvæmda. Ég fellst á þá niðurstöðu hjá hæstv. samgrh. að til greina komi að bjóða út tvö verk í einu, Héðinsfjarðargöngin og göngin milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Ég held að okkur beri eftir því sem okkur er unnt að reyna að forðast hrepparíg og kjördæmapot. Við höfum áhersluatriðin fyrir okkur og þá er það í fyrsta lagi að opna nýjar leiðir þar sem engar eru fyrir, stytta leiðir þar sem eru brúklegar eða góðar samgöngur koma síðan í öðru sæti og beina framkvæmdum að öðru jöfnu frá þenslusvæðunum.

Lögð er áhersla á þrjú verkefni í skýrslunni. Þau eru öll mjög mikilvæg en eru nokkuð mismunandi eðlis. Leiðin um Héðinsfjörð styttir vegalengdina milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um 45 km ef miðað er við Lágheiði, sem verður hvað sem tautar og raular og hvað sem eytt verður í vegagerð á Lágheiði, ófær a.m.k. sex mánuði á ári. Raunveruleg stytting hálft árið milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er í kringum 220 km og það er náttúrlega geysileg samgöngubót. Ég tel að þessi vegtenging sé forsenda fyrir blómlegri byggð á utanverðum Tröllaskaga. Það yrðu aðeins 15 km á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar þegar þessi vegtenging er komin. Og arðsemi Héðinsfjarðarleiðarinnar miðað við Lágheiði er 7%. Ég tel að einbreið jarðgöng dugi á þessari leið og bendi á að einbreið jarðgöng eru í Ólafsfjarðarmúla og þar verður skiljanlega meiri umferðarþungi en um göngin um Héðinsfjörð. Lengdin samanlagt á Héðinsfjarðargöngunum er 10,2 km og kostnaður við einbreið göng 4,3 milljarðar.

Ef við berum þetta saman við t.d. Fáskrúðsfjarðar-/Reyðarfjarðargöngin þá eru þau 5,3 km. og kosta einbreið göng 2,5 milljarða. Stytting vegarins er 30 km. Það er þarna brúklegur vegur á milli þessara þéttbýlisstaða, bundinn slitlagi að verulegum hluta, en göngin mundu stytta leiðina um 30 km. Núverandi umferð á þessum vegi er 200 bílar á dag en ef umferðin ykist í 300 bíla á dag þá næðist 5% arðsemi af þeirri framkvæmd samkvæmt skýrslunni.

Arnarfjarðar-/Dýrafjarðargöngin, sem eru ákaflega mikilvæg líka, yrðu 5,1 km og mundu kosta 2,3 milljarða. Þau stytta leiðina um 25 km en opna jafnframt heilsársleið sem ekki er fyrir hendi milli norður- og suðurhluta Vestfjarða með tilheyrandi vegabótum á Dynjandisheiði, sem líka eru mikilvægar.

Ef við lítum á Hellisheiðargöngin, sem líka hafa verið hér ofurlítið til umræðu í dag, milli Vopnafjarðar og Héraðs þá mundu göng þar stytta leiðina milli Vopnafjarðar og Egilsstaða um 8 km að sumrinu til en á veturna miðað við hina nýju Hárekksstaðaleið yrði styttingin 51 km. Þetta eru allt saman atriði sem við þurfum að hafa í huga við samanburð og uppröðun framkvæmda.

Ég vil, herra forseti, fagna því að þessi skýrsla skuli vera komin fram. Mér sýnist að hún sé allvel unnin eftir því sem menn hafa tækifæri og þekkingu til í stöðunni og að henni er verulegur fengur. Ég hvet eindregið til þess að unnið verði með hliðsjón af þessu mikilvæga plaggi.

[15:15]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það neitar því enginn að ör framþróun hefur orðið í landinu á síðustu áratugum á flestum sviðum. Hér hafa risið glæsilegar byggingar. Hér fer um götur bílakostur sem er betri og nýrri en víðast annars staðar þar sem maður kemur. En það er annað með vegakerfið, það er virkilega gamaldags og ófullnægjandi, hvort sem litið er til samgangna á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi.

Auðvitað á þetta sínar skýringar. Við erum fámenn þjóð í tiltölulega stóru landi og þannig er mikill kostnaður á hvern íbúa að byggja nothæfa vegi um allt land. Því miður er skýringin ekki bara fólgin í því. Hún er ekki síður fólgin í því að alltaf þegar vantað hefur peninga eða þurft að stemma af fjárhagsáætlanir þá hefur einhvern veginn legið svo vel við að skera niður vegaframkvæmdir, sérstaklega úti um land. Þar fara tiltölulega fáir um, flestir búa á suðvesturhorninu og tiltölulega lítill hluti af þjóðinni þarf t.d. oft að fara um Vattarnesskriður og gerir sér grein fyrir hvílíkar ógnar aðstæður þar eru fyrir hendi. Þar verður aldrei hægt að gera þar þokkalegan veg. Þarna fellur stöðugt grjót úr hlíðinni, hvenær sem maður fer þar um eru nýfallnar skriður. Ég fæ alla vega ekki komið auga á hvernig hægt væri að koma í veg fyrir það með góðu móti.

Framlög til vegaframkvæmda hafa verið skorin niður aftur og aftur. Nú lendum við einu sinni enn í því á þessu ári. Loksins eru til peningar og þeir streyma inn í ríkissjóð þó að deila megi um hversu góðkynja þeir eru — sumir vilja halda því fram að þeir séu baneitraðir — en þá lá auðvitað beint við til að draga úr yfirvofandi þenslu með því að skera niður fyrirhugaðar vegaframkvæmdir um 585 milljónir á þessu ári.

Ég held að enginn geti haldið því fram með góðu móti að fyrirhugaðar vegaframkvæmdir hafi í sjálfu sér verið mjög þensluhvetjandi. Ýmsir aðrir þættir hér í þjóðlífinu verkuðu þar beint inn. Hér á haustdögum var t.d. unnið dag og nótt að því að byggja gríðarlega viðbyggingu við Kringluna í Reykjavík, byggja við verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem enginn hafði tekið eftir að væri af skornum skammti. Til þess voru m.a. fluttir inn verkamenn svo þar væri unnt að vinna dag og nótt. Ríkið eða þjóðfélagið, ríkisstjórnin, átti engin ráð til að sporna við þessu. Þá lágu vegamálin beint við, 585 milljónir teknar þaðan til að draga úr þenslu. Gamalkunnugt ráð sem auðvitað var notað þarna líka.

Það hefur komið fram hér í umræðunum að ekki sé unnt að ráðast í vegaframkvæmdir á landinu eins og nú horfði nema selja frekari ríkiseignir. Ég hélt að hér hefði verið skilað fjárlögum með gríðarlegum afgangi sem fyrirhugað var að nota til að borga erlendar skuldir ríkisins. Þegar til kom reyndist það ekki unnt því að gullfordinn leyfði það

ekki. Þeir peningar voru því lagðir á ís. Kannski væri ráð að nota þessa peninga sem fengist hafa ýmist vegna hins eitraða fjármagns sem ég nefndi hér áður eða sölu ríkiseigna sem kannski er líka svolítið eiturbragð af, a.m.k. sölu sumra þeirra. Það væri kannski hægt að nota þá í vegaframkvæmdir fyrst ekki reyndist unnt að nota þá til að borga erlendar skuldir.

Þær ákvarðanir sem teknar voru hér á síðasta áratug, þau áform sem menn höfðu þá um jarðgöng sem aldrei var hægt að koma sér almennilega saman um hvar ættu að vera, staðnæmdust á byrjunarreit og hafa verið þar nánast þar til í dag. Opinberunin birtist okkur í morgunútvarpinu, að nú væri búið að ná samstöðu um að byggja samtímis tvenn jarðgöng og þau þriðju í leiðinni svona með hinni hendinni. Ég verð að segja að þessar fyrirhuguðu framkvæmdir hugnast mér allar mjög vel. Ég vil sérstaklega tiltaka göngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar sem koma í veg fyrir að fólk þurfi að klöngrast fyrir Vattarnesskriður sem, eins og ég hef áður tekið fram, hafa alla tíð verið óvegur og munu alltaf verða. Göngin frá Siglufirði til Ólafsfjarðar eru greinilega mjög góð framkvæmd sem opnar leið frá Siglufirði inn á Eyjafjarðarsvæðið. Ég er mjög hlynnt því.

Ég tala nú ekki um göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar sem gera það að verkum að það verður hvorki meira né minna en heilsársvegur frá norðanverðum Vestfjörðum nánast. Vegna þess að frá Brjánslæk eru ferjusamgöngur yfir í Stykkishólm verður nánast heilsársvegur frá norðanverðum Vestfjörðum til Reykjavíkur og munar nú um minna. Ég held að það skipti afskaplega miklu máli fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum ef þessi göng verða að veruleika. Ég vil jafnframt leggja áherslu á að þar þarf að hafa hraðar hendur svo ekki verði allir fluttir burt áður en göngin verða opnuð.

Ég ætla einnig að koma hérna inn á framkvæmd sem tiltölulega lítið hefur verið rædd hér á þessum þingfundi. Það er Reykjanesbrautin. Ég sé að tími minn styttist en ég vil minna á það að ársdagsumferð á Reykjanesbraut eru 7.000 bílar á dag. Samsvarandi umferð á Vesturlandsvegi er 15.500 bílar. Auðvitað segir þetta okkur að það er ekki vegna þess að umferðin sé svo óskaplega mikil að ástandið á Reykjanesbrautinni er jafnalvarlegt og við þekkjum. Hins vegar eru þar mjög mismunandi álagspunktar.

Tími minn leyfir ekki að ég tali lengur. Ég kem kannski seinna en vil þó segja að við þingmenn Reykjaneskjördæmis erum sammála um að neyta allra bragða til að flýta tvöföldun Reykjanesbrautar.

[15:23]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Nú þegar styttist í lok fyrri umræðu um vegáætlun og, það sem umræðan hefur kannski mest snúist um, jarðgangaáætlun, ætla ég aðeins að hnykkja á nokkrum atriðum. Það er þá sérstaklega varðandi vegáætlunina. Ég sagði í upphafi þessa þingfundar að vegáætlun og byggðaáætlun væru mjög nátengdar áætlanir. Ég hika ekki við að segja að þessar áætlanir núna, vegáætlun og jarðgangaáætlun, eru sennilega eitt mesta og besta innlegg inn í byggðamálaumræðuna hin síðustu missiri.

Í vegáætluninni sjálfri er áætlað að verja um 10 milljörðum kr. á ári í þessi ár sem áætlunin nær yfir. Það eru sannarlega miklir peningar. Töluvert mikill hluti er bundinn og fer í rekstur, vetrarsamgöngur o.s.frv. en um helmingur fer í nýframkvæmdir bæði á landsbyggðinni og svo hér á höfuðborgarsvæðinu með svokölluðum stórverkefnum og öðrum framkvæmdum. Ég hika ekki við að segja að þessi áætlun er jafnmikilvæg fyrir höfuðborgarsvæðið eins og landsbyggðina. Ég ætla mér ekki, sem landsbyggðarmaður, að efast nokkuð um framkvæmdir eins og tvöföldun Reykjanesbrautar eða framkvæmdir við Sundabraut. Þetta eru vafalaust mjög þýðingarmikil verkefni og ég hef fullan skilning á þeim alveg eins og jarðgöngum og öðru slíku úti á landi. Auðvitað þarf að finna því farveg hvernig koma á þessum verkum öllum í gang.

Það hefur komið fram að jarðgöng voru ekki inni á langtímaáætlun og eru ekki fjármögnuð á hefðbundinn hátt eins og aðrar vegaframkvæmdir. Það átti að fara í sértækar aðgerðir hvað það varðar og taka jafnvel peninga af sölu ríkisfyrirtækja til að fjármagna þessi verk. Auðvitað koma þar inn í verk eins og Reykjanesbraut og Sundabraut og önnur stórverkefni. En þau eru kannski ekki alveg á allra næsta leiti þó að þörfin sé mikil. Ég vildi bara ítreka þessar skoðanir mínar og að ég mun haga mér eftir þeim í störfum hv. samgn. Allar þessar framkvæmdir skipta auðvitað miklu máli.

Svo ég snúi mér aftur að jarðgangaáætluninni. Hún er metnaðarfull að mínu mati. Hæstv. samgrh. mun tryggja að 300 millj. kr. fari í að vinna þessa undirbúningsvinnu og það er gott.

Það hefur mikið verið fjallað um þessa aðalvalkosti sem eru á Miðnorðurlandi milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og eins göngum fyrir austan. Auðvitað eru margfalt fleiri valkostir nefndir fyrir austan sem ég hef fullan skilning á og ég skil vel íbúa þeirra svæða. Ákveðin verkefni hafa verið sett í forgang en ég hef fullan skilning á að aðra kosti þurfi líka að skoða þó við verðum einhvern tíma að taka af skarið og byrja á einhverjum verkum. Þetta er það sem blasir við okkur hér í dag.

Ég sagði í upphafi máls míns að þetta væru raunhæfar byggðaáætlanir, byggðaverkefni. Ég vil aðeins vitna í viðtal í Morgunblaðinu í dag við borgarstjórann í Reykjavík, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Þar er hún að ræða á atvinnuþróunarfundi hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar á Akureyri. Þar var fjallað um ýmis þau atriði sem við höfum verið að tala um. Við höfum rætt um þann þjóðarvanda sem byggðaröskunin er og til eru opinberar tölur um að tvö þúsund manns flytji frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Lágmarkskostnaður sveitarfélaganna sem taka við þessu fólki er á bilinu 6–12 milljarðar kr. á ári. Það er nánast jafnmikið og fyrsti áfangi jarðgangaframkvæmda, við göngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Þetta eru engar smáræðis tölur. Ef áætlunin er rétt, um að fjölga muni um 56 þús. manns í Reykjavík á næstu 20 árum þá sjáum við hvað mun gerast. Framkvæmdirnar sem hér eru lagðar til, sem þurfa að hefjast sem allra fyrst, eru kannski mjög arðbærar fyrir land og þjóð vegna þess að þær draga væntanlega úr þessum flutningum og minnka þar með spennuna hér á höfuðborgarsvæðinu. Talið er að uppbygging stofnbrauta sem í þyrfti að ráðast í ef fjölgunin verður svo mikil á höfuðborgarsvæðinu kosti í kringum 40 milljarða kr. Við þurfum að sjálfsögðu stóra og öfluga höfuðborg en höfuðborgin þarf líka öflugt og gott mannlíf á landsbyggðinni. Það er grundvallaratriði.

Herra forseti. Rétt í lokin vil ég nota tækifærið og þakka aftur hæstv. ríkisstjórn, hæstv. samgrh. og síðast en ekki síst Vegagerðinni fyrir geysilega vel unnin plögg, þó skiptar

skoðanir séu um þá röðun sem þarna er sett fram. Ég hef lengi beðið eftir þessari skýrslu og hika ekki við að halda því fram að langtímaáætlunin er mjög metnaðarfull og faglega gerð. Sama má segja um jarðgangaáætlunina. Ég held að við eigum ekki að þurfa að skipta okkur niður í stjórn og stjórnarandstöðu þegar við vinnum þessi mál. Þó að við tökumst eitthvað á um forgangsröðun og hvernig þetta raðast milli kjördæma — eðli málsins samkvæmt því hver vill halda sínu — þetta eru metnaðarfullar áætlanir sem ég held að stjórn og stjórnarandstaða ættu að geta komið sér saman um. Þarna er deilt út miklum peningum en þörfin er sannarlega mikil jafnt á landsbyggð sem á höfuðborgarsvæði.

[15:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að það fjármagn sem hv. þm. Kristján Möller minntist á að þyrfti til hönnunar og undirbúningsframkvæmda liggur ekki fyrir. Það er búið að ganga frá fjárlögum þessa árs og því liggur það ekki fyrir. Hvernig samgrh. ætlar að koma með þá peninga utan fjárlaga er ekki gott að vita en ef það kemur til umræðu í þinginu þá er sjálfsagt að taka á því.

Ég vil benda á að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttum einmitt tillögu um það fyrir jól við afgreiðslu fjárlaga að settar yrðu 250 millj. kr. í undirbúning á jarðgangagerð til Siglufjarðar og á Austfjörðum og Vestfjörðum. En því miður var það fellt af stjórnarþingmönnum og aðrir sátu hjá. Það var bara stutt af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þessa peninga vantar, þannig er staðan. En þarna er virkilega þörf á alvörusvörum.

[15:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt að í fjárlögum sem samþykkt voru fyrir jól var ekki sú upphæð sem hv. þm. hefur rætt um og sú tillaga sem þingflokkur vinstri grænna flutti um það var ekki samþykkt. Enda þótt ég hafi haft miklar taugar til þess að þetta væri þar inni, þá vissum við náttúrlega nákvæmlega um þá vinnu sem var í gangi sem verið er að skila af sér í dag, því ágæta verki eins og áður hefur komið fram. Við vissum að peningar þyrftu að fylgja með til þess að fylgja áætluninni eftir og setja þessa vinnu í gang. Mér finnst ekkert óeðlilegt, þó ég sé nýr á þingi, að með þessu komi núna tillaga um að veita 300 millj. kr. sem þarf sennilega ekki að nota allar á þessu ári heldur á næsta ári líka. Ég veit ekki hver upphæðin er sem þarf á þessu ári til að fylgja þessari metnaðarfullu áætlun eftir og til þess að fara að vinna þessa undirbúningsvinnu.

Við vitum að mjög dýrir verkþættir við að kanna og rannsaka þessi verk, sem er kjarnaborun, þurfa að eiga sér staða yfir hásumarið. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að sumartíminn til verka á þessum stöðum úti á landi er kannski ekki nema tveir til þrír mánuðir. Ég er því ekkert hræddur við að ekki takist og að ekki fylgi með tillögur í þessum pakka um að veita fé til þessara rannsóknarverkefna strax í ár. Það verður auðvitað verkefni okkar á komandi mánuðum, þess sem hér stendur og hv. þm. Jóns Bjarnasonar og annarra sem í hv. samgn. sitja, að fjalla um að tryggja fé í þetta verkefni ásamt því að fjalla um vegáætlun. Það er virkilega spennandi og verður gaman.

[15:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að þessa fjár er þörf. Þetta var í sjálfu sér ekki nýtt og hægt var að ganga frá þessu við fjárlagagerð fyrir jól. En betra er seint en aldrei og vel fengið fé til vegaframkvæmda styðjum við eindregið þó svo að seint sé.

[15:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í dag hefur verið flutt mikið mál um það sem kallað er till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 þar sem birtist einhvers konar forgangslisti eða gjafalisti ríkisstjórnarinnar hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að framkvæma næstu árin.

Sennilega eru fá verkefni ef nokkur sem eru eins mikið innlegg í byggðaumræðuna og þá umræðu sem fram hefur farið og getur haft áhrif á þá þróun sem á sér nú stað á landsbyggðinni en að samgöngur almennt séu bættar. Ég held að ég geti sagt fullum fetum, virðulegi forseti, að líklega eru samgöngur og vegakerfi hvergi í Vestur-Evrópu í jafnmiklum lamasessi og á Íslandi. Ég held að hvergi í Vestur-Evrópu séu almenningssamgöngur í jafnmiklum ógöngum og á Íslandi.

Virðulegi forseti. Ég held þótt við fögnum því náttúrlega sem vel er gert í þessum málum að við getum sagt með sanni að við ættum eiginlega bara að skammast okkar fyrir það hvernig þessum málum er fyrir komið. Ef ég skil þessa þáltill. um vegáætlun rétt er ætlunin að nokkurn veginn verði búið að malbika þjóðveg 1 árið 2006. Þá verður þjóðvegur 1 á Íslandi loksins fullgerður. Ekki þykir mér mikil reisn yfir þessu. Mér finnst því kannski ekki mikil ástæða til að berja sér á brjóst hvað þetta varðar. Þess í stað held ég að við ættum að setja meira fé í þetta verkefni og víða mætti skera niður því eitt er víst að það eru ekki framkvæmdir í vegamálum sem eru að skapa alla þá þenslu sem er í landinu. Ef ég man þessar tölur rétt er landsframleiðslan á Íslandi u.þ.b. 500 milljarðar og til þess að slá á þenslu hefur ríkisstjórnin ákveðið að skera 585 milljónir niður af vegafé. Það er nú framlag ríkisstjórnarinnar í að slá á þenslu. Þetta er náttúrlega sýndarmennska og varla hægt að ræða þessar tillögur alvarlega, þær eru þess eðlis. En ég tek fram að ég fagna öllu því sem vel er gert og hef lýst því oft áður að ég er almennt fylgjandi mannvirkjagerð í vegaframkvæmdum og fagna öllum þeim verkum sem lokið er við og eru til þess fallin að bæta samgöngur á Íslandi. (**Gripið fram í:** Og helst fyrir austan.) Ekki er það verra, virðulegi forseti, að það skuli gerast í Austurlandskjördæmi eins og frammíkallandi tekur hér fram.

Það eru nokkur atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi ræða. Hæstv. samgrh. hefur nýlega látið vinna skýrslu sem má finna á heimasíðu samgrn. Í niðurstöðum og tillögum skýrslunnar, sem fjallar um almenningssamgöngur, kemur fram að ætlunin sé, sem ég held að sé eitthvað sem við Íslendingar þurfum að taka til gagngerrar endurskoðunar enda lítill sómi að, með leyfi virðulegs forseta:

„Endurgreiðsla þungaskatts verði lögð niður en þess í stað kaupi hið opinbera tiltekna, skilgreinda þjónustu áætlunarbíla af fyrirtækjum eða einstaklingum. Samningar um slíka þjónustu verði gerðir til 3–5 ára."

Ég fagna þeirri viðleitni sem fram kemur í skýrslunni sem hefur verið unnin til þess að bæta almenningssamgöngur í landinu en ég vil leggja fram þá spurningu, virðulegi forseti:

Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta það til að mynda að almenningssamgöngur, SVR og aðrir slíkir á höfuðborgarsvæðinu, missa af þessum peningum? Ef ég veit rétt eru það u.þ.b. 70 milljónir sem felldar eru niður hvað varðar þungaskatts- eða ætlaðar þungaskattsgreiðslur þessa fyrirtækis og ef ætlunin er að leggja það á fyrirtækið, virðulegi forseti, er það nú ekki mikið framlag til almenningssamgangna. Vel má vera að svo sé ekki og ég vænti þess að hæstv. samgrh. svari því á eftir. Það væri nú vel ef ætlunin er ekki að breyta þessu.

Annað sem ég vildi nefna í þessu samhengi er væntanlegt útboð á Herjólfi, ferjunni sem gengur á milli lands og Eyja. Ég tel að það sé ekki gott innlegg í þá umræðu sem er á landsbyggðinni og þá þróun sem þar á sér stað að menn séu að opna á óvissu eins og þá að bjóða út flutninga eins og flutninga Herjólfs sökum þess að landsbyggðin á í mikilli varnarbaráttu sem gerir það að verkum að sjálfstraust fólks þar er kannski minna en ella. Þess vegna eru hugmyndir af þessum toga til þess fallnar að menn fara að óttast meira en áður um byggðarlag sitt og óvissa eins og þessi við þær aðstæður sem nú ríkja er af hinu verra. Röksemdafærslan sem ég hef heyrt er sú að það eigi að reyna að spara nokkrar krónur þarna en ég held að áhrif þess séu miklu mun verri því að maður hefur heyrt það á þeirri umræðu sem fram hefur farið vegna þess að menn óttast mjög verði þetta boðið út og þetta er ekki til þess fallið að styrkja landsbyggðina sem upplifir það að vegakerfið, eins og Herjólfur er í raun og veru, sé sett í uppnám.

Ef röksemdafærslan um að einhver tilskipun Evrópusambandsins geri kröfur til þessa erum við náttúrlega búin að brjóta hana í mörg ár og ég get ekki ímyndað mér að það skaði nokkuð þó við höldum áfram að brjóta hana því að við höfum þegar brotið þær reglur svo lengi. Ég held satt best að segja að (**Gripið fram í:** Það eru nú fleiri samkeppnisreglur sem má brjóta.) að þær reglur séu einfaldlega ekki til en verði þetta boðið út þá skuli bjóða það á Evrópska efnahagssvæðinu. En það er engin kvöð til þess að bjóða það út. (Gripið fram í.) Nei, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** ... í samkeppnislögum.)

Mér þykir umræðan heldur hafa farið út um víðan völl en tek fram vegna frammíkalls hæstv. samgrh. að tilskipanir Evrópusambandsins eru ekki í samkeppnislögunum.

Tíminn er fljótur að líða, virðulegur forseti, í þessari þó merku umræðu sem fer fram. En mig langaði einnig að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh. vegna fylgiskjals sem heitir Vegtenging milli lands og Eyja þar sem fjallað er um hugmyndir um að gera jarðgöng til Vestmannaeyja hvort sú skýrsla sem liggur fyrir slái í raun og veru út af borðinu hugmyndir um jarðgöng. Ég fæ ekki betur séð en að í niðurstöðum skýrslunnar fái þessi hugmynd mjög harkalega útreið. Ég beini því til hæstv. samgrh. hvort hann sé með þessu að slá hugmyndir um jarðgöng til Vestmannaeyja út af borðinu.

[15:42]

Útbýting þingskjals:

Afskrifaðar skattskuldir, 305. mál, svar fjmrh., þskj. 611.

[15:42]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er ungur og vaskur maður og tekur oft sterkt til orða og kveður fast að enda orðaður við formennsku í Samfylkingunni og undrar það mig ekkert því þetta er hinn vænsti maður. Mér fannst hann hins vegar í þessari ræðu kveða allt of fast að orði þegar hann sagði að hvergi í Evrópu væri vegakerfi í verra ástandi en á Íslandi og við ættum að skammast okkar fyrir vegakerfið.

Ég er ekki sammála þessu. Við verðum að líta aðeins á það að hér erum við 270 þúsund manns í risastóru landi og að ætla að fara að bera það saman við einhverjar þjóðir sem eru mörgum tugum sinnum fjölmennari en við og búa kannski í minna landi er auðvitað ekkert samanburðarhæft. Okkur í þessu litla landi, þessum fáu sálum hefur tekist að leggja 12 þús. km langt vegakerfi, þar af 3.600 km með bundnu slitlagi og eykst það ár frá ári. Ég segi bara að þetta er ekki til að skammast sín fyrir.

Ég er hins vegar alveg sammála því að við þurfum að gera betur og það eru ótal verkefni sem kalla að eins og kemur mjög skýrt fram í þeirri ágætu vegáætlun og jarðgangaáætlun sem hæstv. samgrh. lagði fyrir þingið og er til fyrirmyndar. Það eru mörg verkefni sem bíða. Við verðum að athuga úr hverju við höfum að spila. Heildarfjárlög ríkisins eru um 200 milljarðar á ári. Við erum að setja 6, 8 eða 9 milljarða til samgöngumála af því. Það er auðvelt að koma og berja sér á brjóst og segja að við ættum að setja miklu meira en menn verða þá að segja hvar eigum við að spara á móti.

Ég segi bara, af því mér er hlýtt til hv. þm., ef hann ætlar sér frama í Samfylkingunni og ætlar sé þar til formennsku þá má hann ekki tala með þessum hætti um stórmál eins og vegamál á Íslandi.

[15:44]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð og tek þær ábendingar til greina sem hér hafa komið fram.

En ég lagði áherslu á það í ræðu minni og þá sérstaklega þegar ég orðaði það svo að við ættum að skammast okkar, að það væri þó einkum tvennt. Það er í fyrsta lagi að við höfum ekki einu sinni lokið við að malbika þjóðveg 1 sem er alveg einstætt í Vestur-Evrópu að þjóðvegur 1 skuli ekki vera malbikaður. Í öðru lagi sagði ég að almenningssamgöngur væru ekki með þeim hætti sem þær ættu að vera. Það eru þessi tvö atriði sem ég dreg fram.

Auðvitað er það líka alveg rétt hjá hv. þm. að þetta er stórt og mikið land. Kannski má segja sem svo að okkur vanti fólk til að framkvæma allt það sem við vildum framkvæma. En þetta tvennt hefði ég talið að við ættum að leggja miklu meiri áherslu á og víða er hægt að skera niður. Ég bendi bara á útgjaldaaukningu í ráðuneytinu sjálfu. Það má örugglega skera eitthvað niður þar. Það er víða hægt að finna holur ef menn leggja á það áherslu. Einnig má nefna að ekki hafa allir tekjustofnar verið nýttir sem nýta á í vegagerð. Það má víða finna holur þó ekki væri nema til að malbika blessaðan hringveginn.

[15:45]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Í þeirri góðu umræðu sem farið hefur fram í dag hef ég saknað þess að ekki hefur verið fjallað um vegamál á höfuðborgarsvæðinu að neinu ráði. Margir hv. landsbyggðarþingmenn hafa tekið til máls og talað fyrir mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni en mig langaði að fjalla aðeins um vegamál í höfuðborginni.

Í byrjun ársins samþykkti stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu ályktun. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í þá ályktun. Þessi ályktun kemur í kjölfar ákvörðunar Alþingis um niðurskurð á fjárveitingum til vegaframkvæmda en þar segir:

„Í öngþveiti stefnir ef nauðsynlegum framkvæmdum í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu er stöðugt frestað og flytja á fjármagn sem þar myndast af umferð út í dreifbýlið. Frestun framkvæmda mun hafa í för með sér aukna hættu á slysum og óhöppum í umferðinni með tilheyrandi kostnaði fyrir einstaklinga og samfélagið. Í forsendum að svæðaskipulagi á höfuðborgarsvæðinu sem nú er verið að vinna að er búist við 50% aukningu í bílaumferð eftir 20 ár."

Þetta segir sem sagt í ályktun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Á undanförnum árum hefur verið töluverð aukning í bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu. Um það hefur verið rætt frá árinu 1994, er hátíð var haldin á Þingvöllum en þá var töluverð bílaumferð. Frá 1994 til dagsins í dag hefur orðið 40% aukning á bílaeign eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Á síðustu tveimur árum hefur orðið 12% aukning í umferð hér á höfuðborgarsvæðinu.

Við sem búum hér í höfuðborginni þekkjum að umferðaróhöppum hefur fjölgað og slysum jafnframt vegna aukins álags á umferðarkerfi svæðisins. Hins vegar höfum við líka fylgst með því að þar sem gerðar hafa verið samgöngubætur hefur dregið verulega úr slysum, t.d. á gatnamótum Réttarholtsvegar og Miklubrautar en þau voru mikil slysagatnamót fyrir þann tíma. Það er ljóst að fjárfesting í vegabótum á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst í Reykjavík er arðbær og mun á stuttum tíma skila sér til samfélagsins, ekki síst í bættri heilsu landsmanna. Auðvitað er hvert og eitt slys einu slysi of mikið og þau hafa áhrif á hagi þeirra sem í slysunum lenda.

Á árunum 1980–1990 fengu Reykjavík og Reykjanessvæðið undir 15% af fjárveitingu til nýframkvæmda í vegamálum í landinu þrátt fyrir mikla þörf fyrir fjármagn til vegaframkvæmda og þrátt fyrir að 70% af tekjum í ríkissjóð af bílum og bílaumferð komi af svæðinu. Hlutur höfuðborgarsvæðisins hefur verið grátlega lítill og það sést í vegamálum í borginni. Höfuðborgin hefur sem sagt dregist aftur úr.

Á fjárlögum ársins 2000 var tekin ákvörðun í þinginu um að skera niður fé til vegaframkvæmda um tæpar 600 millj. sem aðallega mun koma niður á Reykjavíkursvæðinu. Af þessum 600 millj. verða sennilega í kringum 500 millj. teknar af höfuðborgarsvæðinu og þetta þýðir milli 40 og 50% skerðingu á fjármagni til vegagerðar á þessu svæði. Við getum þannig ekki gert nema um það bil 50% af því sem áætlað var.

Það er ljóst að mikil þörf er á Reykjavíkursvæðinu til að gera ýmsar samgöngubætur. Ég vil nefna nokkur atriði. Í fyrsta lagi hefur verið áformað að bæta umferðarmannvirki út úr Reykjavík. Þar hefur gerð mislægra gatnamóta á Vesturlandsvegi við Víkurveg og Reynisvatnsveg sérstaklega verið skoðuð. Það er áformað að byrja á því í haust. Það er mjög mikilvægt því við vitum að þetta er ein af tveimur aðalumferðaræðum inn í Grafarvoginn. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það hve umferðin úr og í Grafarvoginn hefur verið erfið. Þetta er náttúrlega einnig aðalumferðaræðin til Mosfellsbæjar og til alls Vesturlands. (**Gripið fram í:** Og Norðurlands.) Einnig til Norðurlands, ég tala ekki um það, og Vestfjarða. Það er mjög mikilvægt að taka á þessu og þarna er flöskuhálsinn sem við lendum í þegar við förum út úr bænum, svo ég tali ekki um þegar við komum í bæinn á heitum sumardögum eftir góða helgi í sveitinni.

Einnig eru áformaðar vegabætur á mótum Vesturlands- og Suðurlandsvegar. Þá vildi ég líka nefna Sundabrautina og það kemur mér dálítið á óvart að í hinni ágætu skýrslu um jarðgöng skuli ekki vera nein áætlun um jarðgöng í Reykjavík. Þá á ég við þær hugmyndir sem hafa verið uppi um jarðgöng frá Kleppsvegi og út í Mosfellsbæ. Ég tel það einn af þeim valkostum sem við þurfum að skoða varðandi umferðina út úr Reykjavík.

Annað atriði er mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Það er mjög brýnt verkefni. Þeir sem koma úr Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og af Reykjanesinu öllu lenda stöðugt í teppu á þessum gatnamótum. Þar fyrir utan eru þetta ein slysamestu gatnamót í Reykjavík.

Að lokum vil ég nefna Reykjanesbrautina. Reykjanesbrautin er svo sannarlega ekkert einkamál Reyknesinga, öðru nær. Þetta er sá vegur sem flestir Reykvíkingar óttast og fara helst ekki á þá braut nema þeir nauðsynlega þurfi. Sjálf reyni ég að forðast eins og hægt er að keyra þessa braut því ég er dauðhrædd að keyra hana.

Ég held ég láti hér staðar numið. Ég vildi með orðum mínum leggja áherslu á að Reykjavík sé inni í umræðunni um vegáætlun og að Reykjavík er ekki bara fyrir Reykvíkinga heldur er hún höfuðborg allrar þjóðarinnar. Ég býst við að nánast hver einasti landsmaður komi árlega til borgarinnar og keyri um þá vegi sem þar eru. Þeir eiga líka heimtingu á því að slysum fækki.

[15:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller sérstaklega fyrir þá ræðu sem hún flutti. Hún vakti einstaklega vel athygli á þeim vanda sem ég sem samgrh. stend frammi fyrir þegar við lítum á höfuðborgarsvæðið. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa í ályktunum mótmælt því að framkvæmdum verði frestað og boða einhvern tíma á þessu ári forgangsröðun. Hún hefur ekki borist.

Þegar við lítum á þessi verkefni sem hv. þm. réttilega nefndi að væru mikilvæg þá er ekkert þeirra tilbúið. Það er ekki tilbúið að fara í mislæg gatnamót við Víkurveg. Það er ekki tilbúið að fara í mislæg gatnamót við Vesturlandsveg/Suðurlandsveg. Það er ekki tilbúið að fara í Sundabrautina. (Gripið fram í.) Já. Það eru ekki neinar tillögur tilbúnar um jarðgöng vegna Sundabrautarinnar. Það er ekki tilbúin nein tillaga um mislæg gatnamót á Kringlumýrarbraut/Miklubraut þannig að höfuðborgarsveitarfélögin hafa ekki unnið sína vinnu. Það er eðlilegt að hv. þm. sem hér er í umboði Reykvíkinga geri athugasemdir en það er ekki gott þegar sveitarfélögin vinna ekki sína heimavinnu. Ég er því mjög ánægður með að þetta skuli koma fram. Líka varðandi Reykjanesbrautina. Mikilvægustu framkvæmdirnar á Reykjanesbrautinni eru í gegnum Garðabæ og Hafnarfjörð. Það er ekki tilbúið. Ég kem betur að því í svörum mínum síðar.

[15:55]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Mér tókst ekki að koma að í fyrri ræðu minni öllu sem ég vildi sagt hafa. Ég var að fjalla um Reykjanesbraut sem er mér afskaplega hugleikin af ýmsum ástæðum. Ég þarf að keyra þessa braut á hverjum degi og stundum oft á dag. Ég stend persónulega frammi fyrir þeim hættum sem fólk lendir í á þessari braut.

Það er ekki hægt að neita því að þó að ársdagsumferð sé ekki nema 7 þús. bílar á dag eins og hér hefur áður komið fram þá er umferð þarna gríðarlega hættuleg vegna þess að

maður lendir í miklum umferðartoppum þegar maður fer inn eftir brautinni, t.d. milli kl. 7 og 8 á morgnana, þá er alveg gríðarleg umferð þarna. Þarna er líka mikil umferð þungaflutningabíla. Ég held að hvergi sé önnur eins umferð þungaflutningabíla og þarna. Sú umferð er m.a. vegna þess að verið er að flytja flugvélabensín utan úr Skerjafirði suður á Keflavíkurflugvöll þó að fyrir nokkrum árum hafi verið byggð sérstök olíuhöfn í Helguvík. Bygging þeirrar hafnar var einkum rökstudd með því að hún mundi minnka umferð þungaflutningabíla sem flytja bensín og olíur á Reykjanesbrautinni verulega. Þar er aðstaða til að landa bensíni og flytja beint í leiðslum upp á völl. Ég spyr: Hvers vegna viðgengst að nýta ekki þá aðstöðu? Þetta er keyrt stanslaust til stórfelldrar hættu fyrir land og þjóð eftir Reykjanesbrautinni.

Auðvitað eru þarna eðlilegir þungaflutningar, t.d. flutningur á fiski og hjá því verður ekki komist. Ég held að flutningarnir á bensíni suður á Keflavíkurflugvöll séu óeðlilegir og það á að koma í veg fyrir þá.

Þarna eru mjög margir áætlunarbílar fullsetnir á ferðinni með flugfarþega upp á Keflavíkurflugvöll. Þessir bílar eru líka á ferðinni þegar mestu topparnir eru í umferðinni eins og t.d. snemma á morgnana. Á þessari braut verður mikið af alvarlegum slysum vegna þess að það virðist einhver æsingur í fólki sem er að keyra þarna. Þarna er keyrt hraðar en annars staðar. Þarna er mikið um aftanákeyrslur. Ef bílar þurfa að stoppa skyndilega þá keyra bílar á of miklum hraða miðað við aðstæður aftan á þá bíla. Þarna er gríðarlega mikið um framúrakstur og kannski er maður hræddastur við hann þegar maður þarf oft að keyra brautina. Það virðist mikið ábyrgðarleysi í þessum framúrakstri. Fólk virðist fara fram úr þó mikil umferð sé á móti, alveg án þess að gá að sér. Það virðist ekki gera sér grein fyrir að bílarnir sem koma á móti eru líka á mikilli ferð. Af þessu skapast gríðarleg hætta oft á dag og stundum því miður slys, mjög alvarleg slys. Slys af þessu tagi eru mjög alvarleg.

Þessi atburðarás öll sömul hefur leitt til þess að þingmenn kjördæmisins eru mjög sammála um að flýta verði tvöföldun Reykjanesbrautarinnar en hún er á langtímavegáætlun. Þá er tvöföldun brautarinnar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur ekki áætluð fyrr en seint á tímabilinu, 2009 og 2010 að meginhluta. Þingmenn kjördæmisins eru að leita að leiðum til að flýta þessum framkvæmdum, fá einhverja til að taka að sér framkvæmdirnar upp á það að þeir fái þá greiðslurnar þegar þær koma frá ríkinu eins og áætlað er á langtímavegáætlun. (Gripið fram í.) Mikill þjóðhagslegur sparnaður verður fólginn í þessu sem felst í því t.d. að geta boðið út verkið og unnið það í einum áfanga, en eins og nú horfir er áætlað að þetta verði gert í smáköflum, í mjög litlum áföngum á hverju ári. Talið er að tvöföldun brautarinar fækki slysum um allt að $^3/_4$ miðað við það sem nú er og það hlýtur að vera mikill þjóðfélagslegur ávinningur í slíkri lækkun á slysatíðni.

Ég hef áður lagt það til í blaðagreinum að það væri mikill ávinningur fyrir Íslendinga að flytja allt flug til Keflavíkur og forsendan fyrir því að hægt sé að taka slíkt upp á tunguna er auðvitað sú að miklu greiðfærari samgöngur verði suður eftir en nú eru. Það er öllum ljóst og kannski verður hægt að ræða það þegar búið er að tvöfalda brautina.

Ég ætla líka að tala um Suðurstrandarveg sem við höfum því miður ekki borið gæfu til að setja inn á vegáætlun, ekki einu sinni langtímavegáætlun jafnvel þó að farið hafi fram vísindaleg rannsókn sem nú er krafist af ráðherrum, sem því miður eru ekki á fundinum, í öllum málum. Farið hefur fram rannsókn þar sem kom í ljós að Suðurstrandarvegur er gríðarlega þjóðfélagslega hagkvæm framkvæmd, bæði hvað varðar atvinnulíf á svæðinu sem mundi hafa mjög gott af slíkri tengingu og einnig opnast frábær ferðaleið sem er okkur mjög dýrmæt á þessu svæði núna þegar við erum að reyna að auka umferð ferðamanna til landsins. Ég hef oftsinnis vakið máls á því í þinginu að það er skilyrði í mínum huga fyrir því að hægt sé að gera Suðurnes og Suðurland að einu kjördæmi að þarna sé greiðfær leið á milli. Þess vegna held ég að það sé mjög brýnt að koma Suðurstandarvegi á vegáætlun.

[16:04]

Útbýting þingskjals:

Skattlagning á umferð, 369. mál, fsp. SJS, þskj. 625.

[16:04]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að hafa vakið máls á mikilvægi Reykjanesbrautarinnar. Við þekkjum það öll að það er mjög mikilvægt að hún verði tvöfölduð hið fyrsta og ég leyfi mér að vera bjartsýnni en hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og vona að hún verði tvöfölduð í einu lagi. Samstaða hefur náðst um það í þingmannahópi Reykjaneskjördæmis að athuguð verði hagkvæmni þess að bjóða út brautina ef tvöföldunin næðist í einu lagi.

Það vita allir hversu arðbær sú framkvæmd er, bæði þjóðhagslega og tilfinningalega, eins og sumir hafa bent á, og því hvet ég til þess að við náum enn frekari samstöðu til þess, bæði þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu.

[16:05]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill nú svo til að í þessu máli gætum við hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir ekki verið meira sammála. Auðvitað er ég jafnáfjáð og aðrir þingmenn kjördæmisins um að brautin verði tvöfölduð í einu lagi og ég held að ég hafi gert grein fyrir því í ræðu minni hér áðan. Ég hef kannski ekki talað nógu skýrt en það liggur náttúrlega fyrir að áður en af slíku útboði getur orðið þarf að fara fram umhverfismat og hönnun á lagningu brautarinnar. Vonandi getur það farið fram þannig að við getum byrjað á þessari framkvæmd árið 2003 en vissulega þurfum við líka að finna einhvern, hvort sem það er Vegagerðin, ríkissjóður eða einhver verktaki, sem vill fjármagna framkvæmdina þar til kemur að úthlutunum samkvæmt vegáætlun.

[16:06]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta tekur allt sinn tíma með Reykjanesbrautina en engu að síður vona ég að við verðum byrjuð á framkvæmdum 2002, ekki síðar en 2003. En einhvers staðar verður að byrja á tvöfölduninni og eins og hefur komið fram er slysahættan afskaplega mikil á Reykjanesbrautinni en ég tel að við verðum líka að ná samstöðu um hvar við eigum að byrja og ég vona að það verði á hinum hættulega stað, Kúagerði, þar sem ótal slys hafa orðið.

[16:07]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. að einhvers staðar verður að byrja og fyrst við erum orðin svona óskaplega sammála um allt annað, þá náum við vonandi samkomulagi um hvar á að byrja. Auðvitað er Kúagerði mjög hættulegur staður en það eru fleiri hættulegir staðir á brautinni.

Ég minnist þess að fyrir nokkrum árum var gerð úttekt á því hvar flest slys urðu á brautinni og kom í ljós að mikil slysatíðni var við gatnamót, t.d. við Grindavíkurveg og Vogaveg. Vegagerðin vann þar síðan að úrbótum og ég verð að segja að síðan hef ég á öllum mínum ferðum yfir Reykjanesbraut — mér finnst stundum að ég haldi til á brautinni — lítið orðið vör við að slys hafi orðið á þessum stöðum. Þannig að jafnvel þó að ekki sé tvöfaldað, þá er hægt að vinna gegn slysum.

[16:08]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er aldeilis ekki sammála hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur um að allt innanlandsflug fari til Keflavíkur. Það er dálítið merkilegt í umræðunni að menn eru að tala um að tvöfalda eigi Reykjanesbrautina en síðan eru þeir komnir langt á undan sjálfum sér í því að auka enn frekar umferð á Reykjanesbraut með því að flytja allt innanlandsflug til Keflavíkur. Þetta er með ólíkindum.

Annað sem hefur komið fram og lítið hefur verið rætt um er að verið er að tala um að þingmenn Reykjaness ætli að sameinast um það að blanda sér í mál Reykjanesbrautar og vinna að því að hún verði tvöfölduð.

Eins og fram hefur komið skiptir Reykjanesbraut okkur Reykvíkinga verulegu máli og aðeins til upplýsingar um það flutti ég ásamt fleiri þingmönnum þáltill. fyrir sex árum, og var ég þar 1. flm. að lýsingu Reykjanesbrautar. Reykvíkingar gera sér fulla grein fyrir alvarleika þessa máls og þess vegna er eðlilegt að virðulegir þingmenn Reykjaneskjördæmis og Reykjavíkur sameinist um að ræða þessi mál og einnig rétt er að benda á, eins og áður hefur komið fram, að auðvitað skiptir það verulegu máli að umferðaræðar í Reykjavík séu greiðar líka. Ein besta fjárfesting sem hefur verið gerð á sl. tíu árum er framlenging Breiðholtsbrautar í samtengingu við Suðurlandsveg og Vesturlandsveg af því að áður lá bara ein braut úr borginni út úr bænum. Þetta er einhver besta og arðbærasta fjárfesting sem hefur verið gerð og ég segi það sem þingmaður Reykvíkinga og tek undir það sem áður hefur komið fram í þessu máli, að auðvitað eigum við að standa öll sameinuð að því að höfuðborgarsvæðið í heild verði skoðað og standa þannig að verki að umferðin verði sem greiðust hvar sem ekið er, í borgina, út úr henni eða til Keflavíkur því að þetta skiptir okkur öll miklu máli. Það þýðir ekki bara að hugsa um eina braut í einu, hvað þá heldur að fara langt á undan sjálfum sér og segja: Við skulum tvöfalda Reykjanesbrautina en byrja á því að flytja allt innanlandsflug til Keflavíkur.

[16:10]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Stuðningur og samstaða um tvöföldun Reykjanesbrautar fer nú að færast í æðra veldi hér á þingi (Gripið fram í.) því að nú hefur hv. 8. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, komið í pontu og lýst því yfir að þetta skipti þingmenn Reykjavíkur afskaplega miklu máli og ég gat ekki skilið mál hans öðruvísi en að þeir styddu þetta einhuga. Það hlýtur því að vera kominn alger meiri hluti fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar og hröðun þeirrar framkvæmdar á þingi samkvæmt orðum hv. þm. og ég vil þakka það virkilega.

Ég vil til að gjalda í sömu mynt lýsa því yfir og tók það reyndar fram í ræðu minni að ég styð heils hugar vegaframkvæmdir í Reykjavík sem er mjög brýnt að verði myndarlegar á næstu árum því hér blasir öngþveiti víða við þegar farið er um borgina.

[16:12]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú hefði hæstv. samgrh. þurft að vera viðstaddur til að hlusta á þær merkilegu niðurstöður sem hér eru komnar. Það er nefnilega svo og það er rétt eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, að það skiptir auðvitað miklu máli að þingmenn þessara stóru kjördæma setjist niður og raði forgangsverkefnum. Það hefur verið þannig hjá Vegagerðinni að hún hefur staðið fyrir því mörg umliðin ár sem betur fer að boða þingmenn þessara kjördæma sameiginlega til sín. Fulltrúar þeirra hafa þá mætt, fulltrúar þingmanna Reykjavíkur og Reykjaness hafa mætt til þess að fara yfir framkvæmdaáætlun með Vegagerðinni.

Það sem hins vegar er alvarlegast í þessu máli er það sem kom fram hjá hæstv. samgrh. að sveitarstjórnarmenn bæði í Reykjavík og nágrannabyggðum hafa ekki unnið heimavinnuna sína. Þeir eru ekki enn þá tilbúnir til að leggja fram fyrir samgrn. og samgrh. hvernig eigi að halda á málum. Það er alvarleiki málsins. En hitt er aftur bjartara og hefur birt yfir eftir að umræða um vegáætlunina hófst í morgun, að þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness vilja setjast niður, ræða málin um Reykjanesbraut, um Reykjavík og raða síðan niður hvar sé heppilegast að byrja og hvernig eigi að halda á málum svo að sá sem er í Keflavík og leggur í langferð annaðhvort austur eða vestur komist sína leið í einum áfanga án mikilla trafala í umferðinni að ógleymdum þeim sem þurfa að koma til Reykjavíkur að austan eða norðan, að þeir eigi greiðan aðgang að líka. Við hljótum að vera sammála því að búa svo um hnútana að fólk eigi greiða leið um þessi svæði.

[16:14]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 8. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, kom að því atriði í ræðu sinni að mikilvægt er að samvinna sé milli þingmanna hinna ýmsu kjördæma og til voru teknir þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness sem hafa að vísu haft samvinnu.

Það hefur verið víðtæk samvinna milli kjördæmanna. Boðað hefur verið til funda sveitarstjórnarmanna og alþingismanna á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef sótt þá fundi en því miður hafa þingmenn sennilega vegna anna ekki getað sótt þá fundi mjög vel. Ég held því að mjög mikilvægt sé að næst þegar verður haldinn fundur höfuðborgarsvæðisins, þá göngum við þar inn hönd í hönd, ég og hv. 8. þm. Reykv. og lýsum yfir, náttúrlega með alla hina þingmennina marserandi á eftir okkur nauðsyn þess að aðilar vinni að því hörðum höndum að sveitarstjórnarmenn tefji ekki framkvæmdir með því að vinna ekki heimavinnuna sína. Ef það er rétt að framkvæmdir í Sundahöfn væru hafnar ef Reykjavík væri búin að vinna heimavinnuna, þá er það auðvitað alvarlegt mál og við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson munum sjá til þess að slíkt gerist ekki oftar. Ég skal bara bjóða þingheimi að sjá þegar við göngum í salinn á næstkomandi höfuðborgarráðstefnu.

[16:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þá er enn hafin hér í þinginu hin reglubundna umræða um vegáætlun og það gleður mig að vegamál á höfuðborgarsvæðinu skuli komin til umræðu. Því miður hefur það oft verið þannig að vegamál á landsbyggðinni hafa verið fyrirferðarmeiri í þessari umræðu en vegamál á höfuðborgarsvæðinu en á síðasta kjörtímabili þegar ég átti

sæti í samgn. þá tók ég ávallt þátt í þessari umræðu. Ég vík nú að þessu mikilvæga svæði sem höfuðborgarsvæðið er og vil vitna í athugasemdir með þáltill. um vegáætlun. Þar er fjallað um höfuðborgarsvæðið og sagt til um við hvaða svæði er miðað. Miðað er við höfuðborgarsvæðið frá Hafnarfirði, vegamóta Krýsuvíkurvegar, í suðri og til Mosfellsbæjar, vegamóta Þingvallavegar, í norðri. Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Það er mikilvægt að við ræðum um þetta svæði. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir eru aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest. Fjárveitingar til þessa liðar eru í samræmi við gildandi vegáætlun og langtímaáætlun.

Ég harma að til stendur að draga saman og spara vegna þenslu á þessu svæði. Ég tel það mjög alvarlegt því að á þessu svæði, eins og komið hefur fram í umræðunni, er hægt að fara í arðbærustu framkvæmdirnar. Hér getum við fækkað slysunum. Hér er álagið mest, hér hefur bílunum fjölgað mest og hér er flest fólkið.

Við þekkjum það og það hefur komið fram í umræðunni hvernig umferðaröngþveitið er oft og tíðum. Landsbyggðarþingmenn sem búa hér eða þurfa að koma hingað til borgarinnar ættu að þekkja hvernig álagið er á þjóðvegum að borginni á álagstímum. (**Samgrh.:** Þekkjum það best.) Já. Hæstv. ráðherra sem kemur hér af Vesturlandinu ætti að þekkja það manna best.

Mikil umræða hefur verið um tvöföldun Reykjanesbrautar þegar við ræðum vegáætlanir. Vissulega er það stórmál fyrir okkur öll. Þetta er ekki sérmál þingmanna Reykjaness þó að þeir leggi auðvitað mikla áherslu á þetta heldur stórmál fyrir okkur öll. Reykjanesbrautin er þjóðbraut í og úr landi fyrir alla landsmenn, ekki bara höfuðborgarbúa heldur alla landsmenn. Þeir sem fara úr landi eða koma til landsins, landsbyggðarmenn líka, fara auðvitað þessa leið. Flestir þurfa að fara þessa leið þannig að þetta er mjög mikilvægt verkefni. Ég tek undir það að það er forgangsverkefni að tvöfalda Reykjanesbrautina. Ég held að við getum sameinast um það, ekki bara þingmenn Reykjaness og Reykjavíkur heldur ættu þingmenn allir að geta sameinast um þetta. Ég held að við sjáum sífellt betur hve mikilvægt er fyrir okkur að tvöfalda brautina.

Ég ætla ekki að taka undir það að flytja eigi innanlandsflug til Keflavíkur. Ég er ekki sammála því og tek ekki undir það en engu að síður er þetta stórt og mikið mál, að við búum almennilega að vegamálum frá höfuðborginni, höfuðborg allra landsmanna, til aðalflughafnar okkar.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég biðja hv. þingmenn um að gefa ræðumanni hljóð.)

Sundabrautin hefur einnig komið til umræðu hér í sambandi við jarðgangaáætlun. Ég verð að taka undir það sem komið hefur fram í umræðunni, að vissulega ættu jarðgöng, sem hluti af Sundabrautinni, að koma inn í þá áætlun. Til þess er full ástæða. Þó rætt hafi verið um að fjármagna Sundabrautina sérstaklega og það sem henni fylgir þá þarf hún að vera inni í þeirri áætlun sem menn eru að setja fram.

Ég sagði í upphafi, herra forseti, að ég væri verulega áhyggjufull yfir því að fresta ætti framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu. Áætlað er að eitthvað um 500 millj. verði sparaðar með frestun framkvæmda hér en eins og fram kemur í athugasemdum með vegáætluninni. Talað um að fresta framkvæmdum sem kosta mundu 585 millj. kr. Megnið af þeirri frestun lendir á höfuðborgarsvæðinu sem er mjög bagalegt. Ég vil minna á að þegar menn hafa farið út í það áður að draga saman vegna þenslu þá hafa borgaryfirvöld í Reykjavík komið til móts við stjórnvöld og dregið saman framkvæmdir sínar á móti. Ég minni á Gullinbrú á sínum tíma og vegagerð í kringum hana.

Ég vil mótmæla því sem hæstv. ráðherra sagði í andsvari áðan, að við borgaryfirvöld og sveitarstjórnir væri að sakast í þeim málum sem er ekki hægt að fara í á höfuðborgarsvæðinu þó brýn séu. Ég veit ekki betur og þori að fullyrða að ekkert stendur upp á borgaryfirvöld í Reykjavík í þeim efnum. Allar framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru í Reykjavík eru tilbúnar. Aftur á móti voru ekki svo mörg verkefni, miðað við vegáætlunina, sem átti að ráðast í nákvæmlega innan Reykjavíkur heldur eru þau í nágrenninu, t.d. á Reykjanesbrautinni m.a. á gatnamótum Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar þar sem upp er að koma mikið verslunarhverfi. Einnig væri hægt að ráðast í breikkun Miklubrautar, það er tilbúið. Ég verð að segja að það er áhyggjuefni fyrir höfuðborgarbúa að frestað skuli framkvæmdum á svæðinu, sérstaklega með tilliti til þess að hér er álagið mest, slysin tíðust og hér er hægt að draga úr slysum með framkvæmdum.

Ég minni á ályktun frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem hv. þm. nafna mín Möller las upp úr í máli sínu. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það enda er ræðutími minn senn á þrotum. Ég tel fulla ástæðu til að við ræða þetta frekar og vonast til þess að áður en vegáætlun kemur til afgreiðslu í þinginu verði búið að breyta nokkuð forgangsröðun varðandi höfuðborgarsvæðið. Það er mikilvægt að taka hraustlega á á þessu svæði.

[16:24]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega mikið ánægjuefni að heyra að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er áhugamál hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Ég er ánægð með að velflestir hv. þm. séu komnir úr hinum klassísku kjördæmisfötum og farnir að hugsa um heildarhagsmuni, sem tvöföldun Reykjanesbrautarinnar vissulega er. Það eru heildarhagsmunir þjóðarinnar sem hafðir eru í huga þegar hún verður tvöfölduð. Svo einfalt er það.

[16:25]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorgerði Gunnarsdóttur fyrir að koma með þetta innlegg í umræðuna. Það er vissulega rétt, eins og fram kom í máli mínu áðan, að tvöföldun Reykjanesbrautinnar er þjóðþrifamál. Það er mál sem við eigum að ganga í sem fyrst. Ég held að við sjáum það betur og betur eftir því sem þessi eina braut sem þarna er slitnar meira og hættulegra verður að keyra eftir henni. Hér hefur hver þingmaðurinn á fætur öðrum lýst því yfir að hann óttist að fara þessa leið. Ég tek undir það. Ég er ekki róleg þegar ég keyri Reykjanesbrautina í bleytu eða leiðindaveðri. Við eigum ekki að sætta okkur við að þetta sé svona. Þetta er þjóðbraut úr landi og í land. Við eigum að sjá til þess að hún verði tvöfölduð sem fyrst og helst að byrja á því strax.

[16:26]

Gunnar Birgisson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að ræða um vegáætlun til 2004. Mönnum hefur verið tíðrætt um Reykjanesbraut og höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðina.

Það sem er merkilegast í þessu og hefur komið fram hjá sumum ræðumönnum er að hér eru íbúarnir flestir. Hér eru

bílarnir flestir og fjölgun ökutækja á þessu svæði hefur orðið gífurleg. Við erum náttúrlega alls ekki að setja nægilega peninga inn á þetta svæði miðað við það sem þyrfti og þennan aukna bílafjölda.

Lykillinn að því að landsbyggðin lifi og viðskipti og atvinnulíf geti dafnað eru góðar samgöngur, það er lykilmálið. En svo merkilegt er það nú, og ég hef velt því fyrir mér, að aldrei hafa fleiri flutt á höfuðborgarsvæðið heldur en einmitt nú þegar samgöngurnar batna ár frá ári. Við ættum kannski að velta því fyrir okkur en ég er samt bjargfastur á þeirri skoðun að góðar samgöngur séu lykilmál til að landsmenn fái lifað.

En höfuðborgarsvæðið þarf langtum meira fjármagn. Ég mótmæli því sem hæstv. ráðherra á að hafa sagt hér áðan, að sveitarstjórnarmenn hefðu ekki unnið sína heimavinnu. Það vill svo til að ég er einn af sveitarstjórnarmönnunum á höfuðborgarsvæðinu og fyrir nokkrum árum, þremur eða fjórum árum, settumst við niður og sömdum um forgang framkvæmda, röðuðum þessu niður, herra forseti, á sem hagkvæmastan hátt. Ég vísa því slíkum fullyrðingum til föðurhúsanna.

Það hefur verið rætt um Reykjanesbraut sem fyrir löngu er orðið þjóðþrifamál að bæta. Reykjanesbrautin er kannski ekki eini vegurinn á þessu svæði sem þannig háttar með, einnig mætti nefna Vesturlandsveg og hina og þessa vegi í Reykjavík. Slysatíðnin hefur hins vegar kannski verið mest miðað við ekna kílómetra á Reykjanesbraut. Umræðan hefur þó skilað því að málið er nú farið að hreyfast og fyrirsjáanlegt að framkvæmdir fari í gang. Þingmenn hafa verið sem einn maður í þessu máli. Fyrst ber að nefna að 12 þingmenn kjördæmisins standa saman í þessu máli. Við höfum eðlilega fengið góðar undirtektir frá Reykvíkingum og öðrum því flestir keyra þessa braut.

Ljóst er að farið verður í umhverfismat og hönnun á þessum vegi nú þegar í ár. Síðan á eftir að ákveða um framhaldið en þó er ljóst að útboð getur farið fram árið 2002 og framkvæmdir upp úr því. Síðan er spurning um fjármagnið á langtímaáætlun árin 2007, 2008, 2009 og 2010. Einnig mætti bjóða þetta út þannig að verktakinn fái greitt seinna og fjármagni framkvæmdir í þrjú til fjögur ár. Sparnaðurinn sem næst fram bæði við að bjóða verkið út í stærri áföngum, þá er hægt að fá hagstæðara verð, fækkun slysa og aukin þjóðhagsleg hagkvæmni, ætti að vega upp á móti fjármagnskostnaði.

Um Reykjanesbraut fara 7 þúsund bílar á sólarhring. Ljóst er að ef brautin yrði tvöfölduð þá mundi umferðin aukast verulega því að margir veigra sér við að fara brautina eins og er. Umferðin er þannig á Reykjanesbraut að hún nær toppum. Það koma toppar þegar flugið er og þegar fólk er að fara í vinnu suður eftir, þá myndast langar lestir. Um brautina fara flutningabílar, bæði bensín- og olíuflutningar, gámaflutningar og fiskflutningar. Þá myndast biðraðirnar og framúraksturinn, þar með skapast hættan og þá verða slysin. Þannig gerist þetta og það er ljóst að með tvöföldueninni mundi hættan minnka og fleiri mundu fara um brautina. Við bættar samgöngur eykst umferðin. Það er bara regla sem gilt hefur í gegnum aldirnar.

Hinn vegurinn sem við höfum rætt um er Vesturlandsvegur, með 13 þús. bíla umferð á sólarhring, þ.e. á honum er gífurlega mikil umferð. Það er ljóst að það þarf að tvöfalda hann upp í Mosfellsbæ hvenær sem það verður gert. Síðan má nefna hinn partinn af Reykjanesbrautinni, þ.e. þann sem liggur í gegnum Reykjavík, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Þar er ákveðið prógramm í gangi þar sem farið verður í ákveðna áfanga á ákveðnum árum. Við sveitarstjórnarmenn höfum einmitt rætt um hvernig það skuli gert. Á næsta ári liggur fyrir að gera mislæg gatnamót við Reykjanesbraut, Breiðholtsbraut og Nýbýlaveg. Jafnframt skal á næsta ári ráðast í gerð mislægra gatnamóta á Lækjargötu í Hafnarfirði.

Það sem mér finnst heldur magurt í þessari þáltill. eru peningaupphæðirnar til þessara verkefna hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að þetta lendi í ógöngum ef við horfum til næsta árs eða þar næsta árs. Á næsta ári á t.d. að opna í Kópavogi 60 þúsund fermetra verslunarmiðstöð. Við getum rétt ímyndað okkur hvernig umferðin verður. Menn munu náttúrlega koma af höfuðborgarsvæðinu og líka landsbyggðinni til að versla í þessari ágætu búð. Þegar þetta verður unnið áfram í nefndinni vona ég að samgn. og hæstv. ráðherra taki tillit til þeirra óska sem hér hafa komið fram. Ég vona að okkar fólk í nefndinni fari í þá vinnu sem á er þörf.

Það sem einnig hefur vakið athygli mína er að viðhald þjóðveganna hækkar lítið að raunvirði á milli ára í þessari áætlun. Slitlagið á þjóðvegunum lengist með hverju árinu og viðhaldið eykst. Mér finnst því mjög skrýtið hve þetta er lítið. Þetta eru örfá prósent á milli ára.

Síðan er eitt sem ég er mjög ósáttur við. Það er frestun þessara framkvæmda til að draga úr þenslu. Mér finnst það rangt. Það er allt í lagi að gera það við byggingarframkvæmdir en í jarðvinnuframkvæmdum er ekkert sem heitir frestun framkvæmda til að slá á þenslu. Ég gef ekkert fyrir slíkt mál. Ég held að á næstu þremur til fjórum árum, verði ekki gert verulegt átak, verði öngþveiti í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að menn verði að byrja strax að bæta úr og alltaf fjölgar bílunum. Við náum bráðum heimsmeti, við erum að öllum líkindum númer tvö í heiminum núna í bílafjölda á hvern íbúa. Við komumst líklega bráðum í fyrsta sæti.

[16:34]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði með mikilli athygli á ræðu hv. þm. enda fer þar maður sem hefur víðtæka reynslu af vegagerð og ekki síður sem oddviti næststærsta sveitarfélags á landinu. Ég get tekið undir flest það sem hann sagði. Fyrst vil ég spyrja hv. þm. hvort hann hafi ekki í þingflokki Sjálfstfl. samþykkt þessa frestun framkvæmda á 600 millj. Hann kvartaði yfir því hér. Hefur ríkisstjórnin ekki heimild þingflokkanna til að koma með þá tillögu hér inn eða skar hann sig þar úr og voru kannski fleiri sem voru á móti þeim ráðstöfunum?

Í annan stað sakna ég þess dálítið að hv. þm. ræddi ekki merka yfirlýsingu hæstv. samgrh. í andsvari fyrr í dag þar sem hann fullyrti að það væri við sveitarstjórnir á suðvesturhorninu að sakast. Undirbúningur af þeirra hálfu hefði ekki verið nægilega góður til þess að unnt væri að finna fjármunum stað í vegáætluninni til að ráðast í framkvæmdir. Ég spyr hv. þm. hvort hann sé sáttur og samþykki slíkar yfirlýsingar, hvort það sé þannig að Reykjanesbrautin í kringum Kópavog til að mynda og gatnamót sem hann nefndi sjálfur, í Mjóddinni, að þar standi eitthvað á undirbúningi eða sveitarfélögin hafi ekki skilað sínu? Hafa þingmenn ekki skilað sínu hvað varðar undirbúning framkvæmda á Reykjanesbrautinni? Er hv. þm. sammála yfirlýsingum hæstv. ráðherra í þessum efnum?

Ég vil líka spyrja hv. þm. og undirstrika að ég vil taka heils hugar þátt í að reyna að flýta framkvæmdum. Það ber brýna nauðsyn til þess á Reykjanesbrautinni í nyrðri og syðri enda. Ég spyr hv. þm. hvort hann finni því einhvern stað í þessari vegáætlun að hægt sé að ráðast í tvöföldun Reykjanesbrautar á árinu 2003–2005. Ég finn það ekki. Kannski gerir hv. þm. það.

[16:36]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Rétt til að svara þessu þá eru það alveg hreinar línur, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, að það vorum við, sveitarstjórnarmennirnir, sem röðuðum framkvæmdum niður í forgangsröð á höfuðborgarsvæðinu. Að vísu var það fyrir fjórum árum eða svo og það þarf náttúrlega að vera í sífelldri endurskoðun. Við þurfum að endurskoða þetta núna miðað við þá gífurlegu aukningu sem hefur orðið á umferð. Það er alveg fullt samstarf um það milli sveitarstjórnanna og Vegagerðarinnar hvernig við keyrum málið áfram.

Varðandi þessar 585 millj., þá samþykkti ég þær en var náttúrlega ósáttur við það, það er ljóst. Tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er náttúrlega verkefni samgn. og hæstv. ráðherra. Það er búið að fara yfir það og margir þingmenn Reykn. eru búnir að fara yfir það hvernig hægt er að gera þetta. Það er hægt að gera þetta eins og var rætt um hér, að bjóða þetta út og verktakinn fjármagnaði framkvæmdirnar og annað slíkt. Ég er ekki viss um að það borgi sig að bjóða þetta út í heilu lagi. Það gætu verið tveir eða þrír áfangar í einu og byrjað yrði á hættulegustu hlutum vegarins, en það er náttúrlega verkefni nefndarinnar. Það er sjálfsagt að láta reyna á það að einhver fjármagni slíkt, einhver framkvæmdaraðili, og fái borgað eftir 3–5 ár. Þetta er gert erlendis, er algengt þar, og þetta yrði mjög til að flýta þessari nauðsynlegu framkvæmd og ég bendi á að Reykjanesbraut er ekki eini vegurinn á landinu sem þarf að lagfæra á þennan hátt.

[16:38]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að æskilegt væri að fara þá leið ef til þess fæst heimild. Ég vek á því athygli að hæstv. ráðherra hefur ekki svarað því hvort það komi til greina. En finnst hv. þm. ástæða til mikillar bjartsýni að slík heimild fáist hjá ríkisstjórninni í ljósi þess niðurskurðar og þeirrar frestunar sem á sér stað á yfirstandandi ári? Ég spyr líka hv. þm. hvort honum finnist það fara saman að bæjarstjórinn hans í Kópavogi, Sigurður Geirdal, að vísu úr öðrum flokki, skrifi harðort mótmælabréf við þessari frestun framkvæmda í nafni meiri hluta bæjarstjórnar Kópavogs en síðan samþykki sjálfur þingmaðurinn hér inni að standa að þeirri frestun.

Ég vil líka spyrja, af því að því var engu svarað, hvort það standi eitthvað upp á sveitarstjórnir hérna á suðvesturhorninu hvað varðar undirbúning framkvæmda. Eru framkvæmdir það skammt á veg komnar, eins og hæstv. ráðherra fullyrti áðan, vegna þess að menn hafi ekki staðið sína plikt og því verði ekki hægt að ráðast í þessar stórframkvæmdir? Ef hæstv. ráðherra — ég heyri hvíslað að hv. þm. — efast eitthvað um eigin orð þá skulum við bara fá útskrift af því í hvelli. En þetta voru hans orðréttu yfirlýsingar og við þær verður hann að standa.

[16:39]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi svarað þessu öllu áðan en mér skilst að hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson langi aðallega til að tala við ráðherrann en ekki mig, en ég get rætt þetta við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson. Enn og aftur munum við þingmenn Reykjaness auðvitað vinna að því að fá flýtingu á framkvæmdum við Reykjanesbraut, við allir 12, bæði stjórn og stjórnarandstaða. Það er alveg klárt eins og þingmaðurinn veit. Sem betur fer hefur þetta mál verið unnið án þess að menn færu að slá pólitískar keilur í málinu og þá er kannski von að ná árangri í því. Áður fyrr voru menn kannski ekki allir sammála en nú eru menn alveg sammála um málið sem betur fer.

En varðandi frestun framkvæmdanna, ég var ósáttur við það en samþykkti það hér og tók heils hugar undir bréfið frá Sigurði Geirdal og þeim félögum, framkvæmdastjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Það er hægt að nota þessa peninga. Það vinnur á mótu þenslu að skera niður byggingarverkefni, það er ljóst. Það er þensla í þeim geira en ekki í jarðefnageiranum.

[16:40]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil annars vegar nefna í tilefni af umræðu um sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að fyrir liggur að sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki getað komið sér saman um heildarlausn á umferðarvanda í kringum höfuðborgarsvæðið og það hefur þess vegna verið ákveðinn vandi við þetta erfiða úrlausnarverkefni.

Hins vegar vil ég lýsa ánægju með þá almennu samstöðu sem virðist ríkja um tvöföldun Reykjanesbrautar og flýtingu þeirra framkvæmda, ekki aðeins innan þingmannahóps Reykjaness heldur hafa þingmenn úr líklega flestum kjördæmum tekið undir það sjónarmið.

Ég vil taka undir með hv. þm. Gunnari Birgissyni um þann sparnað og ávinning sem er að því að bjóða verkið út í einu lagi. Það leiðir af sjálfu sér að með þeim hætti næst betra verð og þar af leiðandi verður framkvæmdin ódýrari. En það er líka rétt að draga fram í framhaldi af því þann sparnað sem felst í því að draga úr slysum. Komið hefur fram m.a. í tölum frá tryggingafélögum að með tvöföldun Reykjanesbrautar muni slysastuðull á Reykjanesbraut lækka um meira en helming og tryggingafélög telja sig spara á tíu árum um 1,5 milljarða ef ég man rétt í beinum útgjöldum og þá eru ekki með talin útgjöld hins opinbera eða hinn mannlegi harmleikur sem fylgir þessu.

Ég spurði hæstv. ráðherra fyrr í umræðunni hver afstaða hans væri til þess að flýta framkvæmdum ef einkaaðilar svo sem tryggingafélög eða verktakar bjóðast til að leggja fram fé þannig, að framkvæmdir gætu hafist í kjölfar umhverfismatsins sem unnið verður á þessu ári og ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra muni víkja að því í lokaræðu sinni í dag.

[16:43]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. um að sveitarstjórnirnar hafi ekki verið að vinna eða fundið heildarlausnir á umferðarvanda um höfuðborgarsvæðið eins og hann orðaði það. Auðvitað erum við að vinna í því máli og það liggur nokkurn veginn klárt fyrir. Það sem menn hafa staldrað við í því sambandi er ofanbyggðavegur frá Hafnarfirði um Garðabæ yfir í Kópavog til Reykjavíkur. Ef við

horfum aðeins á það, þá kemur hann yfir á Breiðholtsbraut, liggur síðan upp á Vatnsenda niður með Elliðavatni og þaðan síðan beint í Hafnarfjörð og þá spyr maður: Hve margir mundu fara þann veg frá Hafnarfirði að Kópavogi þar sem íbúasvæðin eru? Um það eru menn ekki sammála. Þar sem atvinnusvæði og íbúðabyggðir eru þangað fer fólkið eftir vegunum. Menn eru kannski ekki búnir að finna alveg út úr þessu og ekki sammála um þau atriði. En þessi umferðalíkön segja til um þetta nákvæmlega. Þetta er allt unnið í tölvum og eins og oft er þá er ýtt á einn takka og síðan trúa menn þessu eins og nýju neti en það fer nú aldrei öðruvísi en forsendurnar eru sem maður setur inn í tölvurnar.

Hvað varðar slysin, að þeim mundi fækka svona gífurlega eins og var sagt á fundinum suður í Grindavík þar sem við hv. þm. Hjálmar Árnason vorum, slíkar fullyrðingar geta verið sannar, þær geta líka verið ósannar. En við skulum vona og auðvitað stefnum við á það að við tvöföldun brautarinnar fækki slysum til muna, það er alveg ljóst því að megnið af slysunum eða flest eru vegna framúraksturs. Þá verða þessi slæmu slys.

[16:45]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. nefndi að hvað varðar ofanbyggðaveginn hafa Garðabær og Hafnarfjörður ekki getað komið sér saman um þá lausn. Fyrir vikið hefur endanleg ákvörðun um það mál í rauninni dregist og það hefur ekki verið málinu til framdráttar.

Ég vil síðan nefna varðandi slysin og tölur um hversu mikið slysastuðullinn lækkar. Það eru tölur sem tryggingafélögin treysta sér til þess að halda fram og það er rétt hjá hv. þm. að alvarlegustu og verstu slysin verða annars vegar vegna framúraksturs og hins vegar þegar bílar úr gagnstæðri átt skella saman. Það eru langalvarlegustu slysin sem eru bæði kostnaðarmest og sem valda langsamlega mestu tjóni, bæði dauðaslysum og örkumli. Mestu máli skiptir í þessu að samstaða er um að ræða að flýta framkvæmdum og það er það sem þingmenn Reykjanesskjördæmis og að því er virðist aðrir vilja einblína á.

[16:46]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að taka enn og aftur undir það sem við þingmenn Reykjaness höfum verið að benda á að það þarf að flýta framkvæmdum við Reykjanesbraut. Það þarf að tvöfalda veg upp í Mosfellsbæ og við þurfum ásamt samgn. og hæstv. samgrh. að vinna að þessu máli. Núna er þetta mál komið á það mikið skrið að vegurinn er að fara í umhverfismat og hönnun. Nú eigum við bara að drífa okkur og klára þetta mál.

[16:46]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar sem ég hef hlustað með athygli á. Hann fjallaði um það í ræðu sinni að lítið fé væri til vegamála og ég get alveg tekið undir það og gerði það í ræðu minni fyrst í morgun.

Mig langar að spyrja hv. þm. hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því innan þingflokks Sjálfstfl. að t.d. hluti af bifreiðagjöldum renni í auknum mæli til vegamála eða nýtt fé komi þar inn. Ég bendi á það að fyrstu 9 mánuði síðasta árs voru bifreiðagjöld um 1.600 milljörðum kr. hærri en áætlað var á fjárlögum alls ársins 1999 eins og kom fram í umræðum um bensíngjald í haust. Þessi ofboðslega fjölgun bíla, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, endurspeglar þá þróun sem er í landinu og það að umferðarkerfið er sprungið. Ég hlustaði með athygli á þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness ræða þessi mál og geymi þau og ég hef mikinn skilning á því sem fulltrúi í samgn. að það þarf líka að bæta vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu.

Hins vegar þar sem hv. þm. er að gagnrýna frestun framkvæmda vegna þenslu á Reykjavíkursvæðinu þá er það rétt að þar er þensla. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa varað við þessari þenslu og bent á það að beinn kostnaður sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er 6–12 milljarðar á ári við þá þjóðflutninga sem hafa átt sér stað undanfarin ár fyrir hverja 2000 íbúa sem flytja frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis. Þetta eru engir smáræðis peningar. Það má mikið draga úr þenslu og kostnaði sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ef sá þjóðarvandi sem byggðaflutningar eru yrðu stoppaðir og vegáætlun og vegabætur á landsbyggðinni yrðu stór hluti í þeim efnum en þá er ég alls ekki að segja að ekkert skuli gert á höfuðborgarsvæðinu.

[16:48]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi bifreiðagjöldin væri auðvitað gott að fá meiri peninga til vegamála, það eru alveg hreinar línur. (**KLM:** Þú varst að gagnrýna það áðan.) Já, það vantar meiri peninga og auðvitað þarf að hugsa það mál.

Varðandi það sem hv. þm. kom inn á, sem eru að þessir þjóðflutningar kosti 6–12 milljarða, þá hef ég gagnrýnt þessa miklu þjóðflutninga sem eru ekki mjög hagkvæmir. Það er verið að byggja fyrir milljarða á þessu svæði meðan verið er að skilja eftir eignir upp á milljarða úti á landi.

En það er annað sem fólk verður að hafa í huga í þessu máli. Hvernig var þetta í upphafi þegar Reykjavík og nágrannasveitarfélögin voru að vaxa og dafna ef ekki hefði komið fólk einhvers staðar að? Þau hefðu orðið voðalega lítil með náttúrulegri fjölgun. Þetta er eitthvað sem er mjög erfitt að ráða við í samfélögum. Ég skil ekki hvað sumt fólk úti á landi er að koma hingað inn í þetta hér.

Við skulum gefa okkur það t.d. að þessi hagvöxtur mundi ekki halda áfram. Það mundi minnka vinna og annað. Margt af því fólki sem fer inn á þetta svæði er að vinna í þjónustugreinum og margir fara í það að skipta á pappírum, verðbréfum út og suður. Það eru mörg hundruð eða þúsundir manna í því og þar sem menn skiptast á bréfum. Ég hef aldrei skilið hvernig verðmæti verður til í þessu. Það er ekki að marka mig í þessum málum.

Kostnaður við þjóðflutningana, 6–12 milljarðar, það er náttúrlega ekki hægt að setja þetta svona upp þó að þetta sé óhagkvæmt, það er ljóst. Þó það verði fjölgun hér. Það koma tekjur með þessum ágætu íbúum. Uppbyggingin verður bara einu sinni. Tekjurnar halda áfram ár eftir ár. Það má ekki gleyma því. Það sem er óhagkvæmt í þessu er að það er verið að byggja upp og skilja eftir verðmæti úti á landi. Það er verst.

[16:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með þessa þjóðflutninga. Mér fannst hálfpartinn eins og hv. þm. væri að rengja þær tölur sem hafa komið fram, 6–12 milljarða kostnað sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Hæstv. forsrh. landsins hefur notað þessar tölur og þetta eru tölur sem hafa verið notaðar í opinberum plöggum í sambandi við byggðamál.

Hluti af þjóðflutningunum er m.a. vegna þess að allar stórframkvæmdir undanfarandi ára hafa átt sér stað á

höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðin hefur fengið nokkra brauðmola sem hafa dottið út af borðinu. Þetta er ekkert flóknara en það. Það nægir að nefna stækkun álvers, byggingu álvers, virkjanir uppi á hálendinu o.s.frv. Allar þessar stórframkvæmdir hafa verið hér og þær soga til sín fólk og spenna upp verðlag og annað slíkt í landinu. Það vita það t.d. sennilega allir að ýmis launakostnaður hækkaði ekkert smáræði við framkvæmdir álversins á Grundartanga, þar var allt að 50% launaskrið. Þjóðflutninga eins og þá sem hér eru þekkjum við t.d. ekki á Norðurlöndum. Þar hafa þeir ekki átt sér stað í eins ríkum mæli og þeir hafa verið hér.

[16:52]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki alveg sammála þessu að það séu eingöngu stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Það hafa náttúrlega verið stórframkvæmdir víða um land, bæði í vegagerð og annað og hálendið er náttúrlega úti á landi. Það er fólk utan af landi sem vinnur við þessar hálendisframkvæmdir, virkjanir og annað þannig að kannski er þetta ekki alveg rétt. En auðvitað verða þessir flutningar að stoppa. Þá deyr landsbyggðin og við verðum að fara að stokka og gefa upp á nýtt.

En það er mjög erfitt að segja fólki hvar það eigi að búa. Við erum að reyna að gera vegina fína og góða fyrir okkur öll í landinu og samt fer fólkið. Við erum gera flottar hafnir, við gerum fína flugvelli, samt er fólkið að fara. Þá spyr maður: Hvað er að? Það er ekki alltaf að setja peninga, þetta er líka huglægt mál sem fólk þarf að skoða sjálft og þeir sem standa að þessum málum.

Ég er ánægður með að hv. þm. Kristján Möller tekur undir það með mér að þörf sé á auknum á fjármunum og styður okkur þingmenn Reykjaness í tvöfaldri Reykjanesbraut.

[16:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja umræðuna mikið. Það eru aðeins örfá atriði og í tilefni þeirra orðaskipta sem áttu sér stað milli hv. þm. Kristjáns Möllers og Gunnars Birgissonar skulum við auðvitað forðast að stilla umræðunni um vegamál í einhvers konar baráttu þéttbýlis og dreifbýlis. Það er allt of mikil einföldun og ódýr nálgun að þessu viðfangsefni.

Auðvitað er það þannig að kjördæmin eru að togast á um þá fjármuni sem eru til staðar og það þarf með einhverju móti að skipta kökunni. Það er nýtt mál og gamalt. En ég hygg að við komumst ekki lönd né strönd ef við ætlum að missa þetta út í þras milli þéttbýlis og dreifbýlis. Nógu slæm er staðan í þeim efnum þó að við förum ekki að bæta á hana með slíkri umræðu. Það væri hægt að hafa langt mál um þá öfugþróun sem átt hefur sér stað í byggðaþróun sérstaklega í tíð þessarar ríkisstjórnar þrátt fyrir ofgnótt og góðæri á alla kanta.

Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vildi koma að. Nú undir lok umræðunnar hafa sérstaklega þingmenn þéttbýlisins, R-kjördæmanna svokölluðu, Reykjaness og Reykjavíkur, komið hver á eftir öðrum og undirstrikað sem rétt er mikilvægi þess að þessir þingmenn stæðu saman um það að raða niður og forgangsraða mikilvægum framkvæmdum og knýja á um að fá þær á framkvæmdastig fyrr en síðar. Allt gott um það og ég tek þátt í því samstarfi.

Við skulum hins vegar ræða þessi málefni eins og þau eru. Þau eru einfaldlega þannig að það er í valdi ríkisstjórnarinnar sjálfrar og þá einkum og sér í lagi hæstv. samgrh. hvernig þessum málum verður skipað. Hv. þm. stjórnarliðanna úr þessum kjördæmum tveimur virðast hafa ákaflega lítið um málið að segja þegar kemur að hinum raunverulegu stóru ákvörðunum. Það fengum við að heyra áðan þegar kom að frestun framkvæmda á suðvesturhorninu á yfirstandandi ári upp á 600 millj. kr. Það birtist í yfirlýsingu hv. þm. Gunnars Birgissonar þar sem hann lýsti andstöðu sinni við það og vafalaust eru fleiri þingmenn sem þannig háttar til um. Auðvitað spyr maður sig: Er ástæða til mikillar bjartsýni, herra forseti, að þetta náist fram? Er ástæða til þess eftir undarlegt innlegg hæstv. ráðherra í þessum umræðum áðan að reikna með því að hann verði sérstakur áhugamaður um að flýta framkvæmdum á suðvesturhorninu með því að heimila lántökur hjá verktökum eða öðrum? Hæstv. ráðherra svarar því vafalaust í ræðu sinni á eftir því að þetta er grundvallarspurning. Það er ljótt að draga fólk á asnaeyrunum og gefa því einhverjar vonir um að hægt verði að flýta til að mynda framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar með þeirri leið ef það er enginn pólitískur vilji til þess af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar því að sagan sýnir okkur að þótt þingmenn stjórnarliðanna í þessum tveimur kjördæmum séu vel á annan tuginn hefur það ekki vigtað mikið þegar kemur að hæstv. ráðherra úr ríkisstjórninni. Það er bara þannig. Við bíðum auðvitað eftir því að hæstv. ráðherra svari því alveg svellkalt hvort þetta sé uppi á borðum af hans hálfu. Ef það er ekki, þá er veruleikinn varðandi tvöföldun Reykjanesbrautar þessi: Það eru um það bil 500 milljónir á þessu tímabili sem við erum að ræða til tvöföldunar Reykjanesbrautar. Menn komast um það bil 5 km í tvöföldun á því tímabili ef ekkert nýtt fjármagn fæst. Þetta er því kjarna- og lykilspurning.

Einnig hitt, herra forseti, sem verður ekki horft fram hjá, og það er innlegg hæstv. ráðherra í umræðuna þar sem hann *var í raun og sanni að skáskjóta sér undan því að taka efnislega afstöðu* til þeirra beiðna og þeirra þarfa sem fyrir liggja á höfuðborgarsvæðinu. Hvernig gerði hann það? Hann gerði það með því að fullyrða að undirbúningur væri of skammt á veg kominn og ósamstaða að því er virtist hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu gerði það að verkum að þessi verkefni væru ekki komin á framkvæmdastig. Ég bað um útskrift af þessu og því miður er hún ekki komin, ég hafði vænst þess að hún yrði komin í mínar hendur þegar ég hélt þessa ræðu en hennar er að vænta á næstu augnablikum. Við þurfum ekkert að deila um það. Þetta var efnislega innihaldið í andsvari hæstv. ráðherra. Því spyr ég: Hvaða undirbúningur er það nákvæmlega sem hæstv. ráðherra á við? Hvaða sveitarfélög eru það og hvaða verkefni eru það sem hafa þannig farið í útideyfu og forgörðum á undirbúningsstigi og gera það að verkum að þau eru ekki framkvæmdatæk? Ég vil algerlega skýr svör í þeim efnum. Mér er ekki kunnugt um það eftir viðræðu mína við sveitarstjórnarmenn og eftir að hafa auðvitað fylgst gjörla með því eins og aðrir þingmenn kjördæmisins. Það einasta sem menn eru ekki komnir að niðurstöðu um er Reykjanesbrautin í gegnum Hafnarfjörð og ofanbyggðavegur í því sambandi. Ég vil af því gefna tilefni leiðrétta hv. þm. Gunnar Birgisson hvað varðar legu þess vegar að auðvitað gefur það augaleið að enginn eða örfáir a.m.k. aka þann veg ef hann fer upp sunnan megin frá Straumi og endar upp við Elliðavatn. Það er auðvitað ekki hugmyndafræðin heldur það að hann tengist byggðunum norðan Hafnarfjarðar, hann tengist nýjum hverfum í Hafnarfirði sjálfum með mislægum gagnamótum. Öðruvísi kemur hann aldrei að gagni og verður aldrei notaður. Það er

það einasta sem ég hygg að sér nær lagi hjá hæstv. ráðherra að sé enn þá á undirbúningsstigi og þar þurfa menn að haska sér. Þar þyrfti hæstv. ráðherra að ræða við fóstbræður sína í Hafnarfirði eða fóstbræður sína í Garðabæ sem ráða ríkjum í þessum bæjarfélögum. Eða er hæstv. ráðherra að sneiða að flokkssystkinum sínum í Kópavogi? Hafa þeir ekki skilað verkefnum sínum? Eða hvað er hæstv. ráðherra að meina? Er þetta bara ódýr leið til þess að skáskjóta sér fram hjá knýjandi spurningum um það hvort hann sé reiðubúinn til þess á næstu árum að liðka til fyrir framkvæmdum með því að ríkið leyfi verktökum, og ég segi leyfi því að það liggur fyrir vilji af þeirra hálfu með óformlegum hætti að lána til slíkra framkvæmda, enda arðbærar. Er hann að skáskjóta sér undan slíkum pólitískum ákvörðunum?

Það er algerlega bráðnauðsynlegt að skýr svör fáist við þessu álitaefni á þessum fundi áður en málið fer til samgöngunefndar. Ég vek athygli á því, herra forseti, að það erum ekki við í stjórnarandstöðunni sem færðum umræðuna inn á þetta stig heldur var það hæstv. ráðherra sjálfur með ákaflega sérkennilegu innleggi. — Hér er ég með þessa útskrift og hún er alveg skýr. Efnislega er hún nákvæmlega á þann veg sem ég lýsti. Það stendur upp á sveitarfélögin á suðvesturhorninu þegar kemur að því að ráðast í löngu tímabærar og mikilvægar vegabætur á svæðinu. Þetta sagði hæstv. ráðherra og ég spyr: Ætla hv. þingmenn og þá einkum og sér í lagi stjórnarliðar að sitja undir þessu?

[17:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson efni til þessarar umræðu og spyrji og vegna þess er þá best að byrja syðst og rifja upp hvað vantar í því ágæta sveitarfélagi Hafnarfirði. Ákvarðanir í skipulagsmálum á sínum tíma hafa leitt til þeirra þrenginga sem við stöndum frammi fyrir núna um hvernig eigi að leggja brautina í gegnum Hafnarfjörð þannig að það skipulag liggur ekki fyrir. Það er vegna þess að byggðin var sett svo nærri þessari mikilvægu þjóðbraut út á Reykjanes að lausnirnar eru mjög flóknar. Af skipulagsástæðum liggur það mál því ekki fyrir og er ekki komið lengra.

Ef við færum okkur nær og förum upp á Vesturlandsveg þá liggja ekki heldur fyrir skipulagsákvarðanir um útfærslu á mislægum gatnamótum Vesturlandsvegar, Víkurbrautar og svo aftur Suðurlandsvegar. Ef við förum niður á Miklubrautina þá liggur ekki fyrir lausn á vanda hinnar mikilvægu umferðaræðar við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Borgin hefur ekki tekið ákvarðanir um hvernig eigi að leysa það mál.

Varðandi Sundabraut, veginn Sundabraut sem er auðvitað geysilega mikilvæg framkvæmd þá liggur fyrir að þar er heldur engin niðurstaða. Þar er um að ræða tillögu sem sérfræðingahópur Vegagerðarinnar og borgarinnar hefur sett fram. Þar er annars vegar um að ræða brú innarlega yfir Sundin sem kostar 4,8 milljarða, en stjórnendur borgarinnar vilja helst fara aðra leið, þ.e. brú miklu framar sem kostar 10 milljarða þannig að skipulagsmál svæðisins eru á þann veg að það tefur framkvæmdir. Það liggur alveg fyrir.

[17:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hnykkir á og ekki þarf vitnanna við. Það er bara þannig að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu geta ekki notað þessar 600 millj. sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um að fresta á yfirstandandi ári — það eru skilaboðin hér — vegna þess að engar framkvæmdir eru það vel á veg komnar að þær séu komnar á framkvæmdastig.

Hæstv. ráðherra greip í það hálmstrá að nefna Sundabrautina. Það hefur engum dottið í hug að biðja um peninga í það milljarðaverkefni þannig að það er eins og hver annar útúrsnúningur. Ég veit ekki betur en að ýmsar framkvæmdir og vegabætur í kringum Kópavog til að mynda, því hér höfum við hv. þm. Gunnar Inga Birgisson með okkur, séu á því stigi að hægt sé að bjóða þær út á þessu ári. Ég veit ekki betur en að Víkurvegurinn sé á því stigi að hægt sé að bjóða hann út seinna á þessu ári, í haust. Mér koma því þessar upplýsingar afar mikið á óvart. En ég hef auðvitað ekki nákvæmar upplýsingar um stöðu þessara mála frá einu stigi til annars.

Hitt veit ég, herra forseti, af því að ég nefndi það áðan og get undir það tekið með hæstv. ráðherra, að vegurinn í gegnum Hafnarfjörð er enn í uppnámi. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að hönnunaraðgerðir Vegagerðarinnar vegna þess vegar voru því marki brenndar að Vegagerðin lét ekki svo lítið að gera stúdíu eða rifja upp og dusta rykið af fyrri athugunum vegna ofanbyggðavegar. Vegagerðin fór algerlega fram hjá því að ræða kosti og galla þess vegar og gleymdi honum þannig að illa var að undirbúningnum staðið.

Kjarni málsins er sá að hæstv. ráðherra fullyrðir hér — og við skulum sjá hvort sveitarstjórnarmennirnir bregðast þá ekki við því — að engar framkvæmdir séu hæfar til að ráðst í þær á þessu ári, að það sé ástæðan fyrir því að menn settu 600 millj. í salt.

[17:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla í andsvari að bæta aðeins við það sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Hvað snýr að höfuðborgarsvæðinu þá skulum við bara gera okkur grein fyrir því, herra forseti, að gert var ráð fyrir rúmum milljarði til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Þar af fóru tæpar 500 millj. í frestun. Þá eru um 600 millj. eftir. Þar af fara 350 millj. í hallagreiðslur. Það eru innan við 300 millj. eftir í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu á þessu tímabili.

Það hefur komið fram að Víkurvegurinn er tilbúinn í haust til framkvæmda. Það er hægt að ráðast í gatnamót Breiðholtsbrautar og Reykjanesbrautar. Reyndar er Vegagerðin með það í skoðun þannig að þar stendur ekkert upp á sveitarstjórnarmenn. Hallsvegur er í umhverfismati. Það væri hægt að fara í hann og það væri hægt að fara í breikkun á Miklubrautinni. En það eru ekki eftir nema 280 millj. Þar stendur upp á hæstv. ráðherra samgöngumála. Ég vil bara bæta því hér inn í hvernig hægt er að snúa hlutunum við hér. Það eru stjórnvöld, það er samgrh. sem kemur í veg fyrir að hægt er að fara í þessar framkvæmdir sem eru svo brýnar á höfuðborgarsvæðinu.

[17:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla í stuttu svari að þakka hv. þm. fyrir þessar upplýsingar og fyrir þær góðu viðtökur sem hún sýndi ræðu minni.

[17:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu um vegáætlun þakka fyrir ágætar umræður og gagnlegar, mjög mikilvægar umræður um þetta mikilvæga svið okkar þjóðlífs, þ.e. áform um framkvæmdir í vegamálum. Ég vil sérstaklega þakka fyrir undirtektir sem ég hef heyrt og fundið við áætlun um jarðgangaframkvæmdir en auðvitað er það aðeins hluti af því mikilvæga verkefni sem hér um ræðir.

Herra forseti. Ég vil minna á að vegáætlun er fyrst og fremst rammi að því sem við þurfum að gera í þinginu. Hv. samgn. fær það verkefni að líta yfir þau viðfangsefni sem þarf að setja inn í vegáætlunina og það er ærið verk.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um frestun framkvæmda og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, þá vil ég minna á að ákvarðanir um frestun framkvæmda voru teknar vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir settu sér ákveðin markmið í efnahagsmálum. Þau snerust ekki aðeins um að draga úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu heldur voru það ekki síður efnahagsleg markmið sem gengu út á að skila afgangi af ríkissjóði. Til hvers? Til þess að hægja á framkvæmdum sérstaklega? Nei. Til þess að hafa þau áhrif á efnahagslífið, á peningamarkaðinn að það dragi úr eftirspurn og spennu á fjármagnsmarkaði.

Þegar slíkar ákvarðanir eru teknar og markmið sett um afgang á ríkissjóði, þá eigum við ekki annarra kosta völ en ákvarða útgjöldin í samræmi við þann ramma sem við höfum sett okkur og þá kemur til þess að velja á milli þess að takmarka útgjöld til menntamála, til félags- og heilbrigðismála og framkvæmda í samgöngumálum o.s.frv. Allt þetta þekkjum við. Við höfum rætt þetta. Þetta beinist því ekki allt eingöngu að því að takmarka einstakar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Hér erum við að fást við miklu mikilvægari markmið. (Gripið fram í.) Síðan lendum við auðvitað í því þegar við erum búin að setja okkur þessa ramma að þurfa að ákvarða hvernig við deilum út framkvæmdafénu innan þeirra marka sem við höfum. Það er viðfangsefnið. Við lendum þá í því að hafa ekki nægjanlega fjármuni til þess að uppfylla þau framkvæmdaáform sem vegáætlun hafði gert ráð fyrir. Þetta vildi ég að kæmi fram þannig að það væri alveg skýrt.

Hins vegar er það fjarri lagi sem fram hefur komið hjá sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu að það hafi ekki áhrif á vinnumarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu ef farið yrði í stórfelldar brúarframkvæmdir hér þar sem þarf að kalla til leiks smiði sem eru ekki til, iðnaðarmenn og verkamenn sem eru ekki til á markaðnum á höfðborgarsvæðinu. Það er alveg fráleitt og mikið undrunarefni að forustumenn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu skuli skrifa okkur beiðni um að auka á spennuna.

Það er ekki eingöngu um jarðvinnuverkefni að ræða þarna. Eins og hér hefur verið nefnt þá er verið að tala um annað og meira en eingöngu jarðvinnuverkefni. Þetta vildi ég hafa sem inngang en fara síðan yfir ágætar fyrirspurnir og athugasemdir sem komu fram í kjölfar ræðu minnar.

Ég vil eins og ég sagði áðan þakka fyrir ágætar undirtektir og vekja um leið athygli á því að það var nefnt að takmarkaðir fjármunir eru til nauðsynlegra verkefna á höfuðborgarsvæðinu og athugasemdir þar um hafa komið bæði frá þingmönnum Reykjavíkursvæðisins og þingmönnum utan af landi. Allt er það rétt. En ég vil samt vekja athygli á því að framkvæmdaáform eða framlög samkvæmt vegáætlun eru veruleg til höfuðborgarsvæðisins, 1,1 milljarður á ári á meðan það eru um það bil 1,8 milljarðar í önnur verkefni svo ég taki nú bara stórverkefni þannig að það fer auðvitað verulega stór partur af framkvæmdafjármagninu í vegagerð hingað á höfuðborgarsvæðið svo að allrar sanngirni sé gætt í þessari umræðu.

Hv. þm. Jón Bjarnason vakti athygli á því, og þá komum við að allt annarri hlið þessa máls, að fjármunir væru takmarkaðir til tengivega og vega innan svonefndra jaðarbyggða og spurðist fyrir um hvað liði áformum sem mátti draga ályktun af að væru í bígerð í tengslum við byggðaáætlun. Það liggur ekkert endanlegt fyrir um það en við meðferð vegáætlunar þarf að líta til þess hvort hægt sé að færa til þannig að tengivegaframkvæmdir verði meiri en gert er ráð fyrir samkvæmt þessari tillögu og þá einnig fara yfir það hvort hægt verði að ráðast í meiri framkvæmdir á vegum á svokölluðum jaðarsvæðum, vegum sem ekki eru inn á vegáætlun eða langtímaáætlun. Þetta þarf að skoða og ég tek undir það að við þurfum að finna einhverjar leiðir þarna þó þær séu kannski ekki mjög einfaldar eða auðveldar.

Hér komu nokkrir hv. þm. af Austurlandi og ræddu eins og við var að búast um jarðgöng. Af því tilefni vil ég segja að vilji minn er sá að hægt verði að setja af stað framkvæmdir við Reyðarfjarðargöngin eins og ég hef greint frá og auðvitað þarf að líta til þess hvort önnur áform um jarðgöng komi þá í framhaldi af því. Ég vil að gefnu tilefni, þar eð talað var um að takmarkaðir fjármunir færu í þann landshluta, benda á að ljóst er að við munum þurfa að setja mikla fjármuni, vonandi segi ég, til framkvæmda við vegagerð á Austurlandi þegar framkvæmdir hefjast við stóriðju og virkjanir á Austurlandi. Þá þarf að leggja vegi um Fljótsdalinn, veg milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar o.s.frv. Þannig eru fram undan heilmiklar framkvæmdir þarna og auðvitað þarf að líta til þess.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson kvartaði undan því að óeðlilegt væri að flokka ekki önnur framkvæmdaáform í jarðgöngum, þ.e. þau sem eru utan forgangshópsins. Ég met það svo að hér sé valin skynsamleg leið sem Vegagerðin hefur skrifað inn í skýrslu sína. Ég tel það langt í að hægt verði að ráðast í framkvæmdir, þegar rannsóknir hafa ekki verið gerðar á fyrirhuguðum göngum eða á þessum svæðum, að ekki sé vert að raða. Hins vegar hafa komið fram ábendingar um hvaða framkvæmdir væri eðlilegt að skoða en ég tel skynsamlegt að fara svona að.

Ég get tekið undir það, eins og kom fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, að ljúka þarf tengingu Austur- og Norðurlands en það er eitt af mörgum verkefnum sem fást þarf við.

Hv. þm. Kristján Pálsson ræddi eðlilega um Reykjanesbraut eins og fleiri þingmenn Reyknesinga. Hann spurðist fyrir um það eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og fleiri hv. þm. hvort hægt væri að hraða þar framkvæmdum. Ég hef átt viðræður við hv. 1. þm. Reykn., Árna M. Mathiesen, um þessi mál. Hann hefur fyrir hönd þingmannahóps síns haft forustu um að leggja á ráðin um lausn þessara mála. Ég vil skoða alla kosti þess að finna leiðir til að flýta þessari mikilvægu framkvæmd. En ég tel að við eigum fyrst og fremst að líta til þess á almennum nótum fremur en sækja lán til verktaka. Það er ekki víst að það sé hagkvæmasta leiðin. Það getur vel verið, ef tekin yrði ákvörðun um það og fundin leið til þess að flýta framkvæmdum við Reykjanesbrautina, að eðlilegra væri að hafa það inni í hinum almenna lánapakka ríkisins. Þar með fengjust auðvitað hagkvæmustu

kostirnir í lántöku fremur en að verktakinn stæði í lánastarfseminni. En þetta tel ég að eigi að skoða allt saman. Ég vil ekki slá á neinar góðar hugmyndir eða lausnir í þessu máli. Við þurfum að átta okkur á því, eins og hefur komið fram hjá hv. þm., að það þarf að vinna þetta verk, ljúka umhverfismati og undirbúningi og það er allt á eðlilegum nótum að ég tel. Ég vil bara þakka fyrir mjög svo málefnalega umræðu um æskilegar og nauðsynlegar framkvæmdir við Reykjanesbrautina.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason lýsti því yfir að hann vildi selja ríkisfyrirtæki og nýta til vegagerðar afraksturinn af því. Ég fagna þeirri yfirlýsingu, tel sjálfsagt að skoða það og hef ekkert nema gott um það að segja.

Hvað varðar hins vegar útboð á ferjusiglingunum þá gerði ég grein fyrir því í framsöguræðu hvers vegna þau áform eru uppi. Ég vænti góðs samstarfs um það.

Hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, vakti athygli á viðfangsefnum sem við þurfum vissulega að skoða og hv. samgn. þarf að líta til. Það eru svæði þar sem er snjóflóðahætta. Vegagerðin hefur verið að skoða þau mál eins og fram kom hjá hv. þm. og menn þurfa að gera sér grein fyrir því að að ýmsu þarf að hyggja í þeim efnum.

Hv. þm. Hjálmar Árnason lagði fyrir mig nokkrar spurningar sem ég vil svara. Hann spurðist fyrst fyrir um þál. um skipun nefndar sem átti að vinna að undirbúningi þess að samræma samgönguáætlanir. Ég tel ekki ástæðu til þess að skipa sérstaka nefnd um þetta. Ég hef tekið ákvörðun um að hrinda þessu í framkvæmd og tel það afskaplega mikilvægt. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðu minni en tek undir það með hv. þm. að þetta er mjög mikilvægt mál. Ég hef tekið ákvörðun um að hefja þennan undirbúning og það er komið á fulla ferð.

Í öðru lagi spurðist hann fyrir um aðgerðir til að auka almenningssamgöngur sem drægju úr slysahættu og mengun. Í ráðuneytinu er unnið að því að finna þarna leiðir og lausnir. Ég veit að hv. þm. hefur mikinn áhuga á því máli og ég mun vonandi áður en langt um líður hafa eitthvað meira um það að segja. En ég tel að það sé eðlilegt að hv. samgn. fari yfir þetta vegna þess að það gæti þurft að gera einhverjar brtt. eða tilfærslur á milli liða ef þarna yrði um sérstakar aðgerðir að ræða gagnvart sérleyfishöfunum. Það þyrfti þá meiri fjármuni en ekki er af öðru að taka en því sem er innan ramma vegáætlunar.

Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni vil ég segja að það eru engin áform um að draga úr framlögum til strætisvagnafyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Hv. þm. spurðist fyrir um hvort ég mundi beita mér fyrir því að skipulag höfuðborgarsvæðisins yrði skilvirkara. Vegagerðin vinnur þar með sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins að þeirri vinnu. Ég tel að á henni þurfi að herða eins og komið hefur fram í þessari umræðu.

Varðandi áherslur á Suðurstrandarveginn, sem hv. þm. spurði um, þá tel ég vart mikið svigrúm fyrir Suðurstrandarveginn innan fjögurra ára áætlunarinnar, miðað við þær væntingar sem menn hafa þar en auðvitað verður að líta til hans þegar kemur að meðferð langtímaætlunarinnar.

Herra forseti. Ég á eftir að svara fjölmörgum spurningum en hef ekki meiri tíma.

[17:24]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er í mörg horn að líta og ég ætla að reyna að fjalla örstutt um hvert þeirra. Í fyrsta lagi um skilaboð til sveitarstjóra á höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla ekki að svara fyrir þá. Flestir þeirra eru í flokki hæstv. ráðherra og þeir eru örugglega menn til að svara fyrir sig sjálfir en ég hef ýmsar athugasemdir við þessa nálgun hæstv. ráðherra í máli hans.

Varðandi Reykjanesbrautina svarar hæstv. ráðherra því til að þar komi allt til álita. Ég tek undir með honum að ekkert síður komi til álita, ef á að slá lán fyrir framkvæmdinni og flýta henni með þeim hætti, að gera það almennt í gegnum ríkissjóð fremur en láta verktaka fjármagna það.

Ég vek hins vegar á því athygli að tíminn færist nær og flestir í þingmannahópnum styðja að hægt sé að bjóða þessa framkvæmd út haustið 2002. Það þýðir að á fjárlögum næsta árs þarf að vera inni heimild í þessu efni. Ég spyr: Er hæstv. ráðherra meðvitaður um það og tilbúinn að bregðast við á þeim tíma? Þannig er uppleggið gagnvart okkar kjósendum og rétt að við höldum því ákveðið til haga.

[17:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja en ég sagði í ræðu minni hvað varðar Reykjanesbrautina. Það er ekki rétt að gefa neinar yfirlýsingar um hvernig eigi að standa að þessu máli. Það á að vinna þetta núna í þinginu, leggja á ráðin um hvernig leysa megi þessar framkvæmdir. Ef hægt er að finna leið til að hraða framkvæmdum þá er ég reiðubúinn til þess að vinna að því verki. En það er alveg ljóst að heilmikil undirbúningsvinna er eftir og við verðum bara að gefa okkur tíma, draga andann djúpt eins og gamlir og góðir bæjarstjórar gera og þurftu á sínum tíma að gera oft á dag. Þannig leysum við málin.

[17:26]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er tilbúinn til að anda í takt með hæstv. samgrh. ef hann stefnir í þá átt sem við höfum hér rætt. Út af fyrir sig komumst við ekki mikið lengra í þessu. Hæstv. ráðherra heldur hlutunum opnum en ég spyr um þetta vegna þess að það er mikilvægt að við þingmenn kjördæmisins, raunar þingmenn yfirleitt, getum sagt okkar fólki sannleikann, að við séum ekki að búa til væntingar sem ekki er hægt að standa við. Ég skil það þannig þegar hæstv. ráðherra opnar málið eins og hann gerir hér að þá geri hann það vitandi vits um að hans flokksmenn og aðrir þingmenn kjördæmisins geti sagt blákalt við kjósendur okkar: Jú, það eru góðir möguleikar á þessu.

Í annan stað vil ég bara segja að Suðurstrandarvegur er auðvitað engin afgangsstærð. Ég minni á að þær kjördæmabreytingar sem við formfestum í stjórnarskrárbreytingunum og ætlum að ganga frá fyrir vordaga voru forsendur þeirra breytinga að tenging kæmist á innan Suðurkjördæmisins. Gleymum ekki þeim þætti málsins.

[17:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni á það varðandi Reykjanesbrautina að fyrst er að ljúka undirbúningi en síðan vinna samhliða að lausn á fjárhagshlið málsins.

Varðandi Suðurstrandarveginn þá er mér ljóst að sú vegtenging er mikilvæg eins og margar aðrar vegtengingar. En víðar er verið að sameina kjördæmi og með sömu rökum mætti segja að leggja yrði nýjan veg um alla Barðaströndina. Þá kæmist ég t.d., ef ég yrði í framboði, auðveldlega allan veturinn til Vestfjarða. Þetta er ekki svo einfalt að eingöngu

sé hægt að hengja þetta á breytta kjördæmaskipan. Séu önnur mikilvæg verkefni í samgöngumálum á þessu svæði sem þingmenn telja að fremur þurfi að vinna þá þarf auðvitað að vinna að þeim. Séu hins vegar fjármunir til þá hlýtur þessi vegaframkvæmd að koma til skoðunar fyrr eða síðar. Ég benti á að við endurskoðun langtímaáætlunar þarf auðvitað að skoða þetta verk sem er á áætlun með tiltekna fjármuni.

[17:29]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að snúast til varnar fyrir sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu eru ekki að stuðla að þenslu. Sveitarstjórnirnar hafa reynt að draga úr framkvæmdum eins og hægt. En lögbundnum verkefnum verða menn að sinna. Þar eru grunnskólarnir og leikskólarnir og annað slíkt. Ég held að menn hafi mjög haldið að sér höndum í því máli.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það eru ekki til smiðir til að byggja brýrnar, ég er alveg sammála því. En það má gera eitthvað annað. Verð fyrir jarðvinnuframkvæmdir er mjög lágt um þessar mundir þannig að það er klárt að hægt er að fá þær fyrir hagstætt verð.

Hitt er að menn þurfa að setja sér markmið og borga niður skuldir og annað úr ríkissjóði. Ég er allra manna mest sammála því. Það þarf náttúrlega að skera niður framkvæmdir og rekstur líka og annað slíkt. En við vonum að þessi frestun sé ekki stór, hún getur orðið í nokkra mánuði. Við vonum að þetta meiði engan en ég vil þó benda á að búið er að semja um verkefnaröðina milli ríkisins og sveitarfélaganna.

[17:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að fleiri þurfi að koma að en bara ríkið og sveitarfélögin þegar verið er að leggja á ráðin um að reyna að draga úr þenslu því að framkvæmdir atvinnulífsins hafa auðvitað sömu áhrif. Mér finnst jafnan að gerðar séu miklu ríkari kröfur til opinberra aðila þegar verið er að ræða um þensluáhrif framkvæmdanna en til þeirra sem eru á hinum almenna markaði og hér á höfuðborgarsvæðinu hafa verið alveg feiknarlega miklar framkvæmdir.

Ég tel að stöðugleiki sé af hinu góða svo hægt sé að fá ódýrar jarðvinnuframkvæmdir og engin ástæða til þess að spýta þar inn, auka framboð til þess að hækka verðið. Ég held að þetta sé þá í sæmilegu jafnvægi og að því þarf að stuðla en auðvitað þurfa sveitarfélögin að sinna lögboðnum verkefnum sínum og mér finnst þau hafa gert það af miklum myndarbrag á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst í Kópavogi.

[17:32]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra sem hann sagði í restina, en það er eitt af því að menn voru að ræða um Reykjanesbrautina. Hæstv. ráðherra dró í efa að það væri hagkvæmara að fá lán hjá verktökum eða fá einkafjármagn sem hluta af þessu.

Það sem við erum að tala um er eiginlega að flýta greiðslum frá 2007, 2008, 2009 og 2010 eitthvað fram í tímann og bjóða síðan út framkvæmdir í tvö til fjögur ár. Við erum að tala um það að ef verktakinn fær stórt verkefni getur hann boðið hagkvæmara verð upp á tryggingu fyrir tveggja til þriggja ára verkefni sem mundi jafna út fjármagnskostnaðinn. Ég held að það megi athuga þessa aðferð. Þetta er hagkvæmt bæði fyrir okkur sem erum að framkvæma og hins vegar verktaka sem vinna verkið.

[17:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil staðfesta að ég er alveg sammála hv. þm. um að með því að bjóða út stóra áfanga, þó að þeir séu í tilteknum einingum þannig að það geti verið fleiri en einn verktaki sem koma að málinu, þá erum við að ná hagkvæmari framkvæmdum. Það er einmitt það sem ég lagði upp með þegar ég gerði grein fyrir þeirri hugmynd minni að tiltölulega stórir áfangar yrðu boðnir út í jarðgöngum. Sumum þingmönnum fannst lítið til þess koma og að það væri ekki verið að senda nægilega skýr skilaboð til fólks, skilaboð sem fólust í því að bjóða út jarðgöng upp á tíunda milljarð.

Ég vildi nefna þetta af því að það kom hér fram og mér tókst ekki að svara þeim athugasemdum. Ég er alveg sammála þingmanninum um að stærri áfangar gera verkin hagkvæmari og að því þurfum við auðvitað að reyna að stefna þannig að allir geti séð lengra fram í tímann, bæði verktakarnir og líka hinir opinberu aðilar sem eru að framkvæma.

[17:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra heldur því fram í umræðunni, í lokaræðu sinni, að 1,1 milljarður fari í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil mótmæla þessu þó það standi í þessu plaggi að 1,1 milljarður fari í framkvæmdir í höfuðborgarsvæðinu þá er búið að lýsa því yfir að það á að fresta framkvæmdum upp á 465 millj. Þá eru 635 millj. kr. eftir. 350 millj. af þeim fara í að greiða niður halla þannig að það eru ekki nema 285 millj. sem fara í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Ætlar hæstv. ráðherra að halda því fram að þetta sé rangt? Það er ekki rétt sem hæstv. ráðherra heldur fram að þetta sé 1,1 milljarður. Þetta eru innan við 300 millj. og þær duga skammt í þær framkvæmdir sem eru tilbúnar til framkvæmda nú þegar af hendi sveitarfélaganna.

[17:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekkert rangt sem ég sagði. Ég vitnaði til þess sem stendur í vegáætluninni. Það er þannig varðandi framkvæmdir sem fóru fram úr áætlun á árinu 1999 að það er enginn annar kostur en að greiða umframaksturinn þar með fjárveitingum næsta árs. Það er þá um það að ræða að verið er að færa á milli ára. Við höfum enga aðra fjármuni en þá sem fjárlög gera ráð fyrir að séu hvert ár til vegáætlunarþáttanna. Ég gerði því grein fyrir staðreyndum en því miður er það svo að mörg verk á höfuðborgarsvæðinu hafa farið langt fram úr kostnaðaráætlun sem vegáætlun gerði ráð fyrir, bæði vegna þess að það hafa verið hærri tilboð en gert var ráð fyrir og líka hitt að útfærsla mannvirkjanna varð dýrari m.a. af skipulagsástæðum.

[17:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekkert rangt sem hæstv. ráðherra sagði, hann hélt sig við vegáætlun. Aftur á móti minnist hann ekki á að búið er að taka þarna frá í frestun tæplega helminginn af því fé sem ætlað er til framkvæmdanna þannig að verið er að minnka framkvæmdaféð á höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma niður í 285 millj. úr 1,1 milljarði. Ég spyr hæstv. ráðherra vegna þess að hann var að væna

sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu um að þeir væru ekki tilbúnir með framkvæmdir. Þá taldi ég upp áðan í máli mínu ýmsar mjög bráðnauðsynlegar framkvæmdir sem eru tilbúnar. Telur hæstv. ráðherra að þessar 285 millj. kr. dugi eitthvað upp í þær framkvæmdir sem eru nú þegar tilbúnar á höfuðborgarsvæðinu?

Ég fer fram á það, herra forseti, að hann dragi orð sín til baka um það sem hann sagði um sveitarstjórnarmenn sem væru ekki tilbúnir með mál sín hvað varðar framkvæmdir. Það er rangt.

[17:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að þingmönnum sé ljóst að við erum að fjalla um vegáætlun sem gerir ráð fyrir því að færa framlög til vegagerðar milli ára. Þeim mun minna sem er til framkvæmda á þessu yfirstandandi ári vegna ákvörðunar um það að fresta útgjöldum, þeim mun meira verður til ráðstöfunar á næsta ári. Það sem skiptir öllu máli er að heildarframkvæmdamagnið sé eftir sem áður hið sama þegar litið er til lengri tíma.

Við megum ekki vera svo föst í farinu að við áttum okkur ekki á því að við þurfum að líta yfir meira en eitt ár. Árið er fljótt að líða og þegar um er að ræða stórframkvæmdir sem taka yfir kannski fjögur til fimm ár skiptir ekki mjög miklu máli hvort framkvæmdin er í ár eða næsta ár. Út á það gengur þessi frestun. Fjármunir eru færðir á milli ára þannig að ég held að þegar grannt er skoðað séum við hv. þm. ekkert að tala um sitt hvorn hlutinn.

[17:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ekki bárust svör við öllum þeim athugasemdum sem gerðar voru, m.a. við þá áætlun sem liggur fyrir um jarðgöng, er væntanlega skammur tími sem hæstv. ráðherra hafði í seinni ræðu sinni.

Hæstv. ráðherra sagði m.a. í ræðu sinni að hann teldi að Vegagerðin hefði valið skynsamlega leið, þ.e. að forgangsraða þremur verkefnum og setja síðan allan hinn hópinn, þann 21 möguleika sem fyrir liggur í annan hóp en að vísu með vísbendingum um að átta verkefni væru kannski á næstu leið.

Herra forseti. Ég held að þessi átta verkefni séu af þeirri gerð, m.a. með vísun til þess sem hæstv. ráðherra sagði um rannsóknir, að það sé með ólíkindum að þau séu sett í sama hópinn.

Annað sem ég saknaði í ræðu hæstv. ráðherra var það að hann vék engu orði að þeim athugasemdum sem ég gerði gagnvart því að nú hefðum við hafið umræðu um jarðgöng á nýjan leik á núllpunkti, þ.e. fortíðin var lögð til hliðar, og hann hagar sér eins og nú sé í fyrsta sinn verið að ræða um jarðgöng.

[17:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit kannski ekki alveg hvað hv. þm. er að fara þegar hann talar um að fortíðin sé gleymd. Ég held að við Íslendingar séum oft og tíðum svo fastir í fortíðinni og sögunni að það verði ekki svo auðveldlega slitið frá. Ég hef hins vegar sagt að ég tel það skyldu okkar þingmanna sem nú sitjum að við tökum ákvarðanir um framkvæmdir á okkar forsendum.

Auðvitað þurfum við að líta til þess sem hefur verið undirbúið og unnið og líka það sem hefur verið undirbúið á sviði jarðgangagerðar. En ég get ekki betur séð en þær tillögur sem eru uppi um jarðgöng á Austurlandi séu í allbærilegu samræmi við það sem Austfirðingar vilja að verði gert, a.m.k. hef ég ekki fengið nein mótmæli við þeim áformum. Auðvitað eru næstu framkvæmdir það sem við þurfum að líta til en ég held að við ættum að geta verið sammála um að það verður mjög vandasamt að velja úr þeim mörgu verkefnum sem þar er um að ræða.

[17:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að þær athugasemdir hefðu ekki hefðu farið fram hjá hæstv. ráðherra sem fram hafa komið frá þeim hv. þm. Austurlands sem talað hafa í dag um að hlutur Austurlands væri ekki ásættanlegur í þeim áætlunum sem liggja fyrir og m.a. með vísun til þess sem áður hefur verið rætt og staðfest úr þessum ræðustól af páv. ráðherra. Mér kemur því að sjálfsögðu mjög á óvart þegar hæstv. ráðherra talar eins og hann skilji ekki um hvað málið snýst.

Það er að sjálfsögðu verið að ræða um að ýmsar framkvæmdir hafa farið fram í jarðgöngum, m.a. Ólafsfjarðargöng og Vestfjarðagöng, og Austfirðingar sættu sig við að vera settir aftur fyrir en að sjálfsögðu með þær væntingar að koma kröftuglega inn í næsta áfanga sem gerður væri. Það er hins vegar ekki svo í þeim áætlunum sem liggja fyrir án þess að ég sé að gera athugasemdir við þær framkvæmdir sem eru lagðar til. Það sem ég er fyrst og fremst að velta upp er það að Austfirðingafjórðungur liggur hér til hliðar, ekki á þann hátt sem við höfðum vænst.

[17:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé rétt að kveða upp neinn dóm um niðurstöður í þessu máli. En þær tillögur sem ég hef sett fram eru alveg skýrar og klárar. Hér hafa komið fram athugasemdir en ég hef hins vegar vakið athygli á því að fram undan eru vonandi meiri framkvæmdir á Austurlandi en í nokkrum öðrum landshluta þannig að við getum ekki bæði sleppt og haldið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun 2000–2003, fyrri umr.

Stjtill., 299. mál. — Þskj. 516.

[17:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 2000–2003. Sú till. til þál. um flugmálaáætlun sem hér er mælt fyrir var lögð fram á Alþingi í desember sl. rétt fyrir jólaleyfi þingmanna. Hún er lögð fram í samræmi við ákvæði I. kafla 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, með síðari breytingum.

Niðurstöðutölur tillögunnar fyrir árið 2000 eru í samræmi við það sem ákveðið er í fjárlögum.

Nú er í gildi flugmálaáætlun sem nær til áranna frá og með 1998 til og með 2001. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir endurskoðun á framkvæmdum áranna 2000 og 2001 en gerð tillaga um nýjar framkvæmdir á árunum 2002 og 2003.

Auk tekna af flugvallagjaldi, sem rennur að mestum hluta til framkvæmda, standa almennar ríkissjóðstekjur og sértekjur undir rekstri Flugmálastjórnar. Lagt hefur verið fram

á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, og vil ég vekja sérstaklega athygli á því. Þar er lagt til að tekið verði upp nýtt gjald, leiðarflugsgjald. Tekjur af þessu gjaldi eiga að renna til Flugmálastjórnar. Samkvæmt þessu frv. skulu umráðendur loftfara greiða gjald fyrir flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu, þar með talið fjarskiptaþjónustu, veðurþjónustu og leitar- og björgunarþjónustu, flugupplýsingaþjónustu á flugleiðum í innanlandsflugi. Áætlað er að tekjur af þessu gjaldi verði 30 millj. kr. á þessu ári og er það í samræmi við fjárlögin en 43 millj. kr. á heilu ári.

Áður en lengra er haldið er rétt að fara nokkrum orðum um þróun flugumferðar innan lands á síðustu árum. Áætlunarflugvöllum hefur fækkað verulega á undanförnum árum. Frá því að núgildandi þál. í flugmálaáætlun var samþykkt hefur áætlunarflugi til Hólmavíkur, Raufarhafnar og Kópaskers verið hætt. Við endurskoðun flugmálaáætlunar hefur sú regla verið viðhöfð að þeir flugvellir sem hætt hefur verið áætlunarflugi til flokkist undir þjónustuflugvelli. Bakkaflugvöllur er tekin inn sem áætlunarflugvöllur í þessari flugmálaáætlun. Nú eru því áætlunarflugvellir í innanlandsflugi 17.

Um áætlunarflugvelli innan lands fóru um 958 þúsund farþegar á árinu 1999 sem er aukning um 3,3% frá árinu áður. Rétt er að taka það sérstaklega fram og hafa í huga að hver farþegi er tvítalinn, þ.e. bæði við brottför og komu.

Ef litið er til ársins 1990 hefur farþegum fjölgað um 260 þúsund sem er 37% þrátt fyrir fækkun áætlunarflugvalla og verulega bætt vegakerfi á þessum tíma svo og fjölgun einkabifreiða. Þrátt fyrir að áætlunarflugvöllum hafi verið fækkað verður að halda mörgum þjónustuflugvöllum og öðrum flugvöllum opnum eða opna þá með skömmum fyrirvara vegna sjúkraflugs.

Sú flugmálaáætlun, sem hér er lögð fram, er nokkuð breytt frá fyrri áætlunum er varða áherslur. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að byggja upp flugbrautir, flughlöð og flugstöðvar á áætlunarflugvöllum. Búið er að leggja bundið slitlag á svo til alla áætlunarflugvelli landsins. Því gefst nú kostur á að huga meira að mjög brýnni endurnýjun eldri mannvirkja og tækja og einnig að því að byggja upp frekari aðflugsbúnað. Aukinn og bættur aðflugsbúnaður sem byggir bæði á aðflugsljósum og rafeindabúnaði til flugleiðsögu eykur allt öryggi í flugi jafnframt því að bæta nýtingu flugvallarmannvirkja og flugvéla.

Við undirbúning þessarar flugmálaáætlunar voru allir flugvellir flokkaðir í sex flokka í samræmi við ákveðnar forsendur. Fyrir hvern flokk hafa verið skilgreind þau markmið sem stefnt er að. Að hluta eru þetta alþjóðastaðlar sem flugvöllurinn þarf að uppfylla en einnig ákvæði um stærð hinna ýmsu mannvirkja, viðbragðstími snjóruðningsliðs, áreiðanleika tækja, búnaðar o.s.frv.

Af einstökum verkefnum þessarar flugmálaáætlunar eru endurbætur flugbrauta á margumræddum Reykjavíkurflugvelli langstærsta verkefnið. Umsvifin á Reykjavíkurflugvelli hafa verið í stöðugum vexti. Frá árinu 1994 hefur farþegum um Reykjavíkurflugvöll fjölgað um 110 þúsund og á árinu 1999 fóru 453 þúsund farþegar um Reykjavíkurflugvöll.

Flugbrautirnar á Reykjavíkurflugvelli eru orðnar mjög illa farnar. Því er endurbyggingin afar mikilvæg fyrir innanlandsflug og samgöngur í heild. Verkefnið hófst á árinu 1999 en á árinu 2000–2002 verða norður/suður og austur/vestur flugbrautirnar endurbyggðar. Einnig verður byggð akbraut meðfram norður/suður flugbrautinni en hún verður endurbyggð. Á suðvestur/norðaustur flugbrautinni verður slitlag endurnýjað en undirbygging er óbreytt. Hluti af þessum framkvæmdum er endurnýjun ljósabúnaðar á öllum flugbrautum og akbrautum.

Þá vil ég nefna annað stórt verkefni er tengist Reykjavíkurflugvelli og sem byggt er á samkomulagi sem gert var við borgarstjóra en það er bygging æfingaflugvallar í nágrenni Reykjavíkur til að draga úr lendingar- og flugtaksæfingum á Reykjavíkurflugvelli. Endanleg staðsetning vallarins hefur ekki verið ákveðin. Ráðgert er að byrja á þessu verkefni árið 2003 og er áætlað að verja 124,5 millj. kr. til framkvæmdarinnar á því ári en heildarkostnaður við verkið er talinn verða um 220 millj. kr. Stefnt er að því að ljúka þessu verki á árinu 2004.

Af öðrum verkefnum sem tengjast flugbrautum vil ég fyrst nefna framkvæmdir við Vestmannaeyjaflugvöll. Ráðgert er að endurnýja slitlag beggja flugbrautanna á þessu ári og stækka flughlöð á árinu 2002. Á þessu ári er einnig áætlað að leggja nýtt slitlag á flughlöð á Ísafjarðarflugvelli og lagfæra lendingaröryggissvæði á Bíldudalsflugvelli.

Á Vopnafjarðarflugvelli verða flugbrautarljós endurnýjuð á yfirstandandi ári og fjárveitingar eru til endurbóta á flugbrautum á árunum 2002 og 2003. Þá vil ég nefna Bakkaflugvöll. Á árinu 2002–2003 er gert ráð fyrir að endurbyggja flugbrautir á Bakkaflugvelli. Núverandi flugbrautir eru grasi grónar og þola illa hina miklu umferð sem er nú um Bakkaflugvöll. Flugumferð um völlinn hefur aukist töluvert á síðustu árum og nú fara árlega um 17 þúsund farþegar um Bakkaflugvöll. Ég vil þá vekja athygli á því að frá og með árinu 2001 er tekin upp sú nýbreytni að kostnaður vegna viðhalds flugbrauta er ekki skilgreindur á einstaka flugvelli heldur færður á sameiginlegan lið sem er Annar kostnaður í flugmálaáætlun.

Á þessu ári er ráðgert að ljúka við endurbyggingu flugstöðvarinnar á Akureyrarflugvelli. Enn fremur verður ráðist í lagfæringar á flugstöðinni á Hornafjarðarflugvelli. Á þessu ári og því næsta er áætlað að verja samtals 15 millj. kr. til að undirbúa byggingu flugstöðvar í Reykjavík. Ákveðið hefur verið að kanna möguleika þess að byggingin verði fjármögnuð sem einkaframkvæmd. Þá er í flugmálaáætluninni lögð áhersla á að ljúka þeim tækjageymslum sem eru í smíðum og reisa nýjar á þeim flugvöllum þar sem þær eru ekki fyrir hendi eða eru úr sér gengnar.

Varðandi verkefni tengd flugbrautar- og aðflugsljósum eru stærstu verkefnin á Ísafjarðarflugvelli og Vestmannaeyjaflugvelli. Á Ísafjarðarflugvelli hagar svo til að vegna hindrana frá fjöllum eru lendingar aðeins leyfðar við sjónflugsskilyrði. Unnið er að lokaþætti ítarlegrar úttektar á því hvernig standa megi að því að koma á næturflugi inn til Ísafjarðarflugvallar og kanna afstöðu allara hagsmunaaðila til þess máls. Þetta starf er unnið í samvinnu við Flugmálastjórn og flugrekanda. Ef niðurstaða þessarar athugunar verður jákvæð er ráðgert að setja upp nauðsynlegan ljósabúnað á árinu 2001–2003. Þessi framkvæmd mun auka nýtingu vallarins verulega frá því sem nú er og uppfylla mjög eindregnar óskir bæði atvinnulífsins og þá ekki síst þeirra sem stunda ferðaþjónustu á þessu svæði.

Á Vestmannaeyjaflugvelli er áætlað að halda áfram þeirri framkvæmd við ljósabúnað sem hafin var á árinu 1999 en þá voru flugbrautarljós endurnýjuð sem breytir mjög miklu allri aðstöðu á þeim flugvelli. Á árunum 2000–2002 verður lokið við að endurnýja þann ljósabúnað sem eftir stendur og

mun það auka öryggi í aðflugi og jafnframt auka nýtingu Vestmannaeyjaflugvallar.

Nú standa yfir rannsóknir á notkun nýjustu tækni í gervihnattaleiðsögu til að bæta aðflug inn á Akureyrarflugvöll.

Það er gott, enda veitir ekki af því af mörgu er að taka hér. Það standa yfir rannsóknir á notkun á nýjustu tækni í gervihnattaleiðsögu til að bæta aðflug inn á Akureyrarflugvöll. Um er að ræða leiðrétt gervihnattastaðsetningarkerfi. Ef niðurstöður þessarar rannsóknar verða jákvæðar má gera ráð fyrir að hafist verði handa á árinu 2003 við fyrsta áfanga í uppsetningu nauðsynlegs búnaðar. Þótt unnið sé stöðugt að því að taka gervihnattaleiðsögutæki í notkun í flugleiðsögu á Íslandi hefur verið ákveðið að endurnýja mikilvæga hluti í hefðbundnum flugleiðsögubúnaði. Þetta stafar ekki síst af því að flugrekendur, þ.e. flugfélögin, þurfa lengri tíma til að aðlagast breyttum aðstæðum og búa flugvélar sínar nauðsynlegum búnaði. Þá er mikilvægt að viðhalda hluta af hefðbundnum flugleiðsögubúnaði um fyrirsjáanlega framtíð þar sem alþjóðlegt samkomulag um gervihnattaleiðsögukerfi er ekki enn í höfn.

Á árunum 2001 og 2002 er ráðgert að endurnýja aðflugsstefnusenda á Reykjavíkurflugvelli. Á árinu 2003 verður aðflugsbúnaðurinn fyrir Ísafjarðarflugvöll endurnýjaður. Þá vil ég nefna nokkur verkefni flugmálaáætlunar sem eru ekki eyrnamerkt einstökum flugvöllum.

Ísland leggur fram sérstaka fjárveitingu vegna sameiginlegrar fjárfestingar Íslands og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar vegna alhliða flugþjónustu. Þetta framlag er sérstakur liður á flugmálaáætlun. Núverandi verkefnastaða gerir kleift að lækka þennan lið nokkuð í ár og á árinu 2001 en gert er ráð fyrir að hann hækki á ný á árunum 2002 og 2003.

Eins og í fyrri flugmálaáætlunum eru nokkrir fjármunir veittir til þess að nýta gervihnattaleiðsögukerfi í flugi. Þessi liður hefur verið lækkaður frá fyrri áætlun vegna þess að fyrsta áfanga þessa verkefnis er nú lokið þar sem gervihnattaleiðsaga hefur verið tekin í notkun í leiðarflugsþjónustu sem og til aðflugs inn á nokkra flugvelli. Á árunum 2000–2003 verður enn haldið áfram að nýta gervihnattaleiðsögu til aðflugs til fleiri flugvalla á landinu. Eins og áður er sérstakur liður ætlaður í rannsóknarverkefni. Á gildistíma þessarar flugmálaáætlunar eru helstu rannsóknarverkefni næturaðflug til Ísafjarðarflugvallar sem áður er nefnt, hljóðálag frá flugvélum í grennd við flugvelli og notkun gervihnattakerfa við flugleiðsögu í aðflugi og til eftirlits með flugumferð.

Áherslan í rannsóknum á hljóð- og hávaðamengun frá flugvélum mun áfram beinast að Reykjavíkurflugvelli eins og á undanförnum árum.

Eins og í fyrri flugmálaáætlunum er stjórnunarkostnaður sérliður sem og leiðréttingar og brýn verkefni. Leiðréttingarliðurinn er þó aðeins 2,5%–4,5% af heildarframkvæmdafé. Þá er einnig ljóst að gera verður átak í slökkvibúnaði flugvalla. Samkvæmt reglum og kröfum Alþjóðaflugmálastofnunar sem stefnt er að taki gildi 2005 þarf að bæta við og styrkja búnað slökkviliða áætlunarflugvalla fyrir þann tíma og er stefnt að því í þessari áætlun.

Eins og komið hefur fram að framan er í þessari flugmálaáætlun meginhersla lögð á auk framkvæmda við Reykjavíkurflugvöll að bæta öryggi í flugi með auknum og endurbættum búnaði flugvalla.

Eins og áður hefur komið fram er þessi flugmálaáætlun lögð fram á hefðbundinn hátt eins og lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum segir til um. Ég tel mikla þörf á því að samræmi verði aukið í framkvæmdaáætlunum stofnana þeirra sem falla undir samgrn. Með því ætti að fást betri trygging fyrir því að hámarkshagkvæmni nýtist í framkvæmdum og samgöngukerfið í heild þjóni þörfum þjóðarinnar sem best. Ég hef því ákveðið eins og fram kom í umræðunni um vegamál að hrinda af stað vinnu við gerð samræmdrar samgönguáætlunar og mun sú vinna hefjast á næstu dögum og er raunar að nokkru hafin.

Ég vil ljúka þessari framsögu um flugmálaáætlun fyrir árið 2000–2003 með því að leggja til að henni verði vísað til hv. samgn. að lokinni umræðunni. Það er von mín að allir þeir sem fjalla um málið leggi sig fram um að afgreiða það á skjótan og farsælan hátt og vil ég þakka fyrir þessa umræðu fyrir fram.

[17:59]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir sjónarmiðum sem fram komu í þingflokki Framsfl. og voru höfð til hliðsjónar þegar gengið var frá afgreiðslu málsins þar. Það varðar flug inn á norðanverða Vestfirði. En eins og kunnugt er er aðalflugvöllurinn Ísafjarðarflugvöllur en varaflugvöllur er á Þingeyri. Gert er ráð fyrir því í flugmálaáætluninni að bæta skilyrði á aðalflugvelli ef unnt reynist með því að koma á næturflugi. Það liggur þó ekki fyrir enn þá að af því geti orðið. Þetta er tæknilegt úrlausnarverkefni sem er í athugun og ef það gengur eftir eins og vonir standa til mun verða veruleg bót að því fyrir flug inn á þetta svæði. Það mun verða öruggara en nú er og það mun líka batna að því leyti að unnt verði að fljúga fleiri tíma í sólarhringnum en er um þessar mundir.

Hins vegar er ekkert víst, eins og ég sagði, hvort af þessu getur orðið, og spurningin sem menn velta fyrir sér er þessi: Hvað gera menn ef niðurstaðan af þessu verður neikvæð? Ef t.d. flugrekendur telja þetta óframkvæmanlegt eða ef niðurstaðan verður sú að sá ábati sem unnt verður að koma á er ekki eins mikill og vonir standa til? Þau sjónarmið sem ég vil gera grein fyrir lúta að því að líta á svæðið um norðanverða Vestfirði sem eina heild og þessa tvo flugvelli saman, bæði Ísafjarðarflugvöll og varaflugvöllinn á Þingeyri. Við teljum eðlilegt að gerð verði úttekt á því, samhliða þessari athugun á möguleikum á næturaðflugi á Ísafjarðarflugvelli, hvað kostar að gera úrbætur á Þingeyrarflugvelli sem geta líka leitt til þess að flug inn á þetta svæði verði öruggara en nú er. Þá hefðu menn úttektir á báðum þessum kostum og gætu borið saman gagnsemina af hvorum um sig og stæði til boða að velja þann kostinn sem betri er hvað varðar aukið öryggi flugs inn á svæðið og frá því, því að aðalatriði málsins er að bæta samgöngurnar milli svæðisins og annarra samgöngusvæða og þá einkum höfuðborgarsvæðisins.

Þetta vildi ég taka fram þannig að fyrir lægi að ósk um þetta hefur verið lögð fram og hæstv. samgrh. hefur tekið vel í þær óskir og væntanlega munu menn í fyllingu tímans geta haft niðurstöður af hvorri tveggju athuguninni fyrir framan sig. Ég vil þó segja að það er að mínu viti spennandi viðfangsefni að glíma við hvort unnt verður að koma á næturaðflugi. Mér er hins vegar kunnugt um málið frá þeim tíma er ég sat í flugráði og veit að það er flókið mál og vara við því að menn geri sér of miklar væntingar á þessu stigi málsins. Það eru mörg atriði sem þarf að leysa úr áður en þetta getur orðið að veruleika og það getur strandað á leiðinni. Nauðsynlegt er að það komi fram að við þau skilyrði er ekki litið svo á að hætta eigi við úrbætur á norðanverðum Vestfjörðum heldur snúa

sér þá að þeim sem gefa betri og öruggari samgöngur aðrar, þ.e. úrbætur á varaflugvelli svæðisins, Þingeyrarflugvelli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 250. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 307. [18:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir stjfrv. um loftferðir sem er 250. mál á þskj. 307. Frv. þessu er ætlað að skjóta styrkari stoðum undir gjaldtökuheimildir Flugmálastjórnar við eftirlit með flugstarfsemi í landinu og flugleiðsögu í innanlandsflugi. Frv. hefur einnig í för með sér að vopnaleit á Keflavíkurflugvelli verður fjármögnuð með traustari lagaheimildum en nú er.

Á síðustu árum hafa dómstólar gert auknar kröfur til gjaldtökuheimilda í lögum. Flugmálayfirvöld hafa ekki farið varhluta af þeirri þróun. Árið 1994 reyndi á hvort ákvörðun skoðunar- og eftirlitsgjalds vegna einkaflugvéla á grundvelli gjaldskrár fyrir þjónustu loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar stæðist með tilliti til meginreglna sem umboðsmaður Alþingis hafði mótað um ákvörðun þjónustugjalda.

Umboðsmaður gerði athugasemdir við grundvöll gjaldtökunnar og byggði álit hans á því að samkvæmt heimildum loftferðalaga mætti eingöngu innheimta sem svaraði kostnaði við þá starfsemi sem gjöldunum væri ætlað að standa undir.

Með lögum nr. 60/1998, um loftferðir, voru innleidd ný gjaldtökuákvæði auk þess sem gjaldtökuákvæði þágildandi loftferðalaga, sem höfðu verið í gildi frá árinu 1964, voru tekin upp í lítt breyttri mynd. Einnig var sett ný gjaldskrá fyrir þjónustu loftferðaeftirlits Flugmálastjórnar til þess að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir hafa alla tíð verið uppi efasemdir um að gjaldtaka vegna eftirlits Flugmálastjórnar hafi staðið á nægilega traustum grunni. Kemur það m.a. til af þróun dómaframkvæmdar Hæstaréttar sem hefur verið að gera vaxandi kröfur til gjaldtökuheimilda stjórnvalda.

Í 1. gr. er fjallað um eftirlitsgjald sem lagt hefur verið á umráðendur loftfara. Fjárhæðir eftirlitsgjalds eru samhljóða núgildandi gjaldskrá flugöryggissviðs Flugmálastjórnar. Ákvæði 1. gr. felur í sér að umráðendur loftfara greiða eftirlitsgjöld í réttu hlutfalli við skráðan hámarkshluttaksmassa loftfarsins. Rétt er að benda á að gjaldtakan er á ársgrundvelli þrátt fyrir að gjalddagar séu tveir, hinn 15. mars vegna tímabilsins frá 1. jan. til 30. júní og 15. september fyrir tímabilið 1. júlí til 31. des. Þannig munu umráðendur loftfara greiða gjöld sín í áföngum.

Ákvæði 2. gr. felur í sér nýmæli fyrir umráðendur loftfara. Í því er fjallað um lendingargjöld, leiðarflugsgjöld og vopnaleitargjald. Lendingargjöld hafa verið innheimt samkvæmt gjaldskrá fyrir afnot flugvalla og er sá gjaldflokkur því ekki nýmæli. Hins vegar er gjaldtaka fyrir leiðarflugsþjónustu í innanlandsflugi nýmæli. Í greininni er leiðarflugsþjónustan skilgreind. Hún felur í sér fimm mismunandi þjónustuþætti, í fyrsta lagi flugumferðarþjónustu, í öðru lagi fjarskiptaþjónustu, í þriðja lag veðurþjónustu, sem fram að þessu hefur verið veitt af Veðurstofu Íslands, í fjórða lagi leitar- og björgunarþjónustu og í fimmta lagi upplýsingaþjónustu.

Með þessari gjaldtöku er notendum þjónustunnar ætlað að greiða hluta af kostnaði við flugumferðarþjónustuna innan lands.

Fjárhæð leiðarflugsgjalds mun byggja á reiknireglu sem Evrópska flugmálastjórnin (EUROCONTROL) beitir við ákvörðun gjalda. Gjaldið reiknast fyrir hvert flug með blindflugsheimild eða á blindflugsleiðum á flugleiðum í innanlandsflugi.

Í skilgreindum tilvikum, sem rakin eru í greininni, mun verða veitt undanþága frá gjaldskyldunni. Þannig mun ekki verða lagt leiðsögugjald á leitar- og björgunarflug, prófflug eftir viðgerð, flug með þjóðhöfðingja og flug loftfara íslenska ríkisins. Eru þær undanþágur í samræmi við það sem tíðkað er víða erlendis.

Samkvæmt útreikningum Flugmálastjórnar er útlagður kostnaður vegna flugleiðsögu 174 millj. kr. á árinu 1998. Þetta nýja gjald á að gefa 30 millj. kr. á þessu ári og 43 millj. kr. á heilu ári.

Í síðari lið 2. gr. er lagt til að grundvöllur vopnaleitargjalds verði settur í lög. Vopnaleitargjald hefur verið innheimt um árabil en fjárhæðir þess og fyrirkomulag gjaldtöku hefur fram að þessu einungis komið fram í reglugerð.

Í 3. gr. er kveðið á um eftirlitsgjald flugrekenda. Samkvæmt því skulu flugrekendur greiða eftirlitsgjald sem miðast skal við fjölda þeirra loftfara sem hlutaðeigandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra. Samsvarandi ákvæði er í gjaldskrá fyrir þjónustu flugöryggissviðs Flugmálastjórnar.

Vopnaleitargjald og eftirlitsgjöld loftfara og flugrekenda hafa um árabil verið innheimt sem þjónustugjöld á grundvelli reglugerðar eða mjög almennra lagaákvæða. Af lagatæknilegum ástæðum þykir hins vegar æskilegt að nánar verði kveðið á um þau í lögum enda verður þá síður óvissa um heimild til gjaldtökunnar. Það breytir því ekki að ætlast er til þess að Flugmálastjórn njóti þeirra fjármuna sem aflast vegna þjónustu stofnunarinnar og er nauðsynlegt að taka það sérstaklega og skýrt fram.

Að lokum vil ég taka eftirfarandi fram: Með frv. þessu er ætlunin að ná tvíþættum markmiðum, annars vegar að hefja gjaldheimtu flugleiðsögugjalda í innanlandsflugi, hins vegar er lagagrunnur gjaldtöku samkvæmt gildandi gjaldskrám styrktur á þann veg að hann uppfylli skilyrði skattlagningarheimilda. Í þessu efni hefur verið tekið mið af tillögum nefndar um heimildir til töku skatta og þjónustugjalda sem fjmrh. skipaði 18. okt. 1996. Frv. sérgreinir eftirlitsgjald, lendingargjald innan lands, leiðarflugsgjald, vopnaleitargjald og flugrekstrargjald. Ekki verður fjallað um gjaldtöku í millilandaflugi í frv. eða annarra þjónustugjalda Flugmálastjórnar sem hafa ekki verið talin orka tvímælis.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 1. umr.

Stjfrv., 289. mál (stimpilgjald). — Þskj. 471.

[18:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum, nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Með frv. þessu er lagt til að afnumin verði undanþága frá greiðslu stimpilgjalds á útgefnum hlutabréfum í Landsíma Íslands hf. og Íslandspósti hf.

Árið 1996 samþykkti Alþingi lög um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Á þeim tíma naut stofnunin, sem var Póstur og sími hf., lögbundins einkaréttar til að starfrækja póst- og fjarskiptastarfsemi. Frá því þessi lög voru samþykkt hefur mikið vatn runnið til sjávar. Arftakar stofnunarinnar, Landssími Íslands hf. og Íslandspóstur hf. eru nú fyrirtæki sem rétt er og eðlilegt að lúti sömu reglum og almennt gildir í viðskiptalífinu.

Hvað varðar Landssíma Íslands hf. er beinlínis mikilvægt út frá samkeppnislegu sjónarmiði að fyrirtækið lúti sömu reglum um skattalega meðferð og önnur fyrirtæki í skyldri starfsemi. Svipuð sjónarmið eiga einnig við um Íslandspóst hf. þrátt fyrir að einkaréttur ríkisins gildi enn um bréf allt að 250 gr. að þyngd enda starfar fyrirtækið að verulegum hluta á samkeppnismarkaði. Ákvæði frv. mælir fyrir um að greiða skuli 0,5% stimpilgjald á fjárhæð hlutabréfa sem gefin hafa verið út í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. Þetta er sambærilegt stimpilgjald og greitt er af hlutabréfum samkvæmt lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Rétt er þó að mæla fyrir um hlutfall stimpilgjaldsins til að taka af allan vafa. Ákvæðið segir jafnframt að um gjaldið fari að öðru leyti eftir því sem mælt er fyrir í lögum um stimpilgjald með síðari breytingum.

Hlutafé Landssíma Íslands hf. er 7.059 millj. kr. en Íslandspósts hf. eru það 1.447 millj. kr. Stimpilgjald af hlutabréfum í félögunum verður því samtals um 42,5 millj. kr., 35,3 millj. frá Landssímanum og 7,2 millj. frá Íslandspósti.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 572.

[18:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum.

Lagafrumvarp þetta er lagt fram á Alþingi til breytinga á vegalögum, nr. 45/1994, eins og fyrr segir. Lögunum hefur tvívegis verið breytt síðan þau voru sett, annars vegar með lögum nr. 56/1995 en þá var breytt ákvæðum laganna um girðingar með vegum, sem síðar verður vikið að, og hins vegar með lögum nr. 83/1997 sem breyttu 4. gr. laganna. Að þessu sinni eru lagðar til breytingar á ákvæðum laganna um reiðvegi og um viðhald og viðhaldskostnað girðinga.

Með bréfi dags. 13. nóv. 1998 skipaði samgrh. nefnd til að skýra og endurskoða reglur sem gilda um reiðvegi.

Nefndin skilaði niðurstöðu þar sem m.a. var lagt til að reiðvegir yrðu skilgreindir sem vegflokkur í vegalögum auk þess að tryggja sérstaka eignarnámsheimild vegna framkvæmda við reiðvegi. Í greinargerð sem fylgdi nál. er gerð tillaga að lagabreytingu í þessa veru og er frv. samhljóða tillögu nefndarinnar.

Í gildandi vegalögum er vegum skipt í þrjá meginflokka, þjóðvegi, almenna vegi og einkavegi. Auk þess eru svo vegir sem teljast ekki til neins flokks, sbr. 40. gr. laganna. Lagt er til í samræmi við álit reiðveganefndar að bætt verði skilgreiningu á fjórða vegflokknum, reiðvegum, í 9. gr. laganna. Í 11. gr. vegalaga er ráðherra gert kleift að heimila eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega og einkavega enda komi fullar bætur fyrir. Lagt er til að þarna verði reiðvegum bætt við til að taka af öll tvímæli um heimildina enda er það forsenda þess að tryggja megi gerð reiðvega um landið.

Í september 1998 skipaði samgönguráðherra aðra nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu áningastaða og skiptihólfa, safna og skrá upplýsingar um fornar og nýjar reiðleiðir o.fl. á miðhálendi Íslands. Nefnd þessi, hálendisnefndin, skilaði áliti nokkru síðar en hin og var sammála henni um lagabreytingar og veghald. Nefndin kortlagði reiðleiðir á miðhálendinu og mat líklegan kostnað við úrbætur. Niðurstaða hennar var sú að reiðleiðir á miðhálendinu væru nálægt 3.500 km og um 10% þeirra þyrftu lagfæringa við. Nefndin taldi að kostnaður við þær gæti verið um 350 millj. kr. Gera verður ráð fyrir að reiðleiðir í byggð séu mun lengri en á miðhálendinu og kostnaður við þær einnig mun meiri.

Með hliðsjón af framanrituðu er ljóst að brýnasta verkefnið er að skrá og flokka reiðleiðir og meta kostnað við að koma þeim í horf og halda þeim við. Meðan þeirri vinnu er ekki lokið er ekki tímabært að gera tillögur um fjármögnun reiðvega né viðhald þeirra.

Við meðferð frv. til vegalaga á Alþingi, 117. löggjafarþingi, urðu miklar umræður á fundum samgn. um viðhaldskostnað girðinga í tengslum við 56. gr. frv. um bann við lausagöngu búfjár þar sem girt er báðum megin vegar. Frv. var samþykkt sem vegalög, nr. 45/1994. Samgrh. skipaði í kjölfarið nefnd sem í sátu fulltrúar ráðuneyta, hagsmunaaðila, sveitarfélaga og Vegagerðarinnar til að endurskoða ákvæði VII. kafla vegalaga um girðingar með vegum. Nefndin skilaði niðurstöðum í formi frv. til breytinga á vegalögum og varð það að lögum nr. 56/1995.

Lög nr. 56/1995 voru byggð á þeirri meginreglu, sem gilt hefur hingað til, að landeigandi ætti að annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Hins vegar var gerð sú breyting að sveitarfélög skyldu hafa eftirlit með ástandi girðinga og fengu þau heimild til að bæta þar úr á kostnað landeiganda ef þörf krefði. Auk þess var það nýmæli að viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum skyldi borinn að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Hins vegar skyldi viðhaldskostnaður girðinga með vegum, sem girtir væru af veghaldara eingöngu til að auka öryggi með því að sporna gegn lausagöngu búfjár á vegsvæði, alfarið borinn af veghaldara. Þar var fyrst og fremst um að ræða vegi um afrétti og almenninga en sú tilhögun ekki talin geta átt við þar sem vegur lægi um afgirt heimalönd eða beitilönd einstakra jarða.

Undanfarin missiri hefur reglulega komið upp umræða um það vandamál sem lausaganga búfjár skapar á þjóðvegum landsins. 6. júlí 1998 skipaði landbrh. nefnd til að fjalla

um leiðir til að halda búfé frá helstu þjóðvegum landsins. Skilaði nefndin skýrslu í janúar 1999. Í henni kemur m.a. fram sú skoðun að girðingar meðfram vegum séu ótraustar og með takmarkað vörslugildi vegna þess að viðhaldi þeirra sé mjög víða ábótavant „enda á hendi margra aðila sem hafa mismikilla hagsmuna að gæta“ eins og það er orðað í skýrslunni.

Fallast má á að hluti af lausn þess vanda sem hér um ræðir gæti falist í bættu ástandi girðinga meðfram vegum þar sem á annað borð er talið nauðsynlegt að girða með tilliti til umferðaröryggis. Mikilvægt er að þar sem er girt séu girðingar traustar svo að búfé sleppi ekki inn á vegsvæðið. Telja verður að lausn vandans geti ekki síður falist í því að girða fjarri vegi og búa með því til lokuð beitarhólf fyrir búfé fjarri umferðinni. Einnig má fallast á að nokkrum vandkvæðum hafi verið bundið að tryggja að allir landeigendur sinni lögbundinni skyldu sinni til að halda við girðingum meðfram vegum með þeim hætti að þær haldi vörslugildi sínu.

Í gildandi vegalögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 56/1995, er gert ráð fyrir að þar sem veghaldari girðir í því skyni að auka umferðaröryggi annist hann og kosti viðhald girðingarinnar. Þessi regla er ekki talin geta átt við þar sem vegur liggur um afgirt heimalönd eða beitilönd einstakra jarða, þar sé það landeigandi sem annist viðhald en beri viðhaldskostnað að jöfnu á móti veghaldara. Í ljósi hárrar tíðni óhappa þykir rétt að leggja til breytingar á þessu sem gera eiga Vegagerðinni kleift að taka að sér og kosta viðhald girðinga með vegum þegar það þykir nauðsynlegt vegna umferðaröryggis á vegum þar sem umferð er umtalsverð. Telja verður nauðsynlegt að veita Vegagerðinni skýra heimild til að grípa til aðgerða þar sem girðingar eru ekki traustar, endurbæta þær og e.t.v. girða að nýju þar sem þess er þörf.

Fram til setningar laga nr. 56/1995 voru í gildi ákvæði girðingalaga um að kostnaður af viðhaldi girðinga með vegum yrði borinn af landeiganda nema girðing væri eingöngu vegarins vegna. Nýmæli laganna um helmingshlutdeild veghaldara í viðhaldskostnaði girðinga með stofnvegum og tengivegum var ætlað að koma á framtíðarskipan þessara mála og skera úr um það hver bera ætti viðhaldskostnaðinn. Eðlilegt er að þessi regla verði áfram meginregla laganna um viðhaldskostnað girðinga. Enn fremur verði það almenna reglan áfram að landeigandi haldi við girðingum sem reistar eru í þágu hans en ekki vegarins vegna.

Í 4. gr. frv. kemur fram að greininni er ætlað að tryggja að Vegagerðin geti ákveðið að taka að sér og kosta alfarið viðhald girðinga meðfram stofn- og tengivegum þar sem umferð er 500 bílar á dag eða meira yfir sumarmánuði ársins, svonefnd sumardagsumferð (SDU). Er hér átt við meðalumferð á dag í júní, júlí, ágúst og september. Þeir vegir sem hér um ræðir eru allir fjölförnustu stofnvegir, fjölfarnir tengivegir og aðrir vegir með talsverðri árstíðabundinni umferð.

Lengd vega sem hér um ræðir er alls um 1.630 km miðað við fyrirliggjandi niðurstöður umferðartalninga en þar eru einnig vegir í þéttbýli. Auk þess er nokkur hluti þeirra á Reykjanesi þar sem búfé er að miklu leyti í beitarhólfum og því að jafnaði ekki girt meðfram vegum. Að teknu tilliti til þess er hér um að ræða u.þ.b. 1.400 km. Aðeins hluti þessara vega er girtur þannig að erfiðleikum er bundið að áætla lengd þeirra girðinga sem hér um ræðir. Ef gert er ráð fyrir að Vegagerðin taki að sér viðhald girðinga meðfram hringvegi, þjóðvegi eitt, og fjölförnustu vegum má ætla að kostnaður gæti numið allt að 20 millj. kr. á ári hverju.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu geri ég það að tillögu minni að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[18:27]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á vegalögum. Þar er fyrst og fremst fjallað um reiðvegina. Ég tek undir það sjónarmið að styrkja stöðu reiðveganna í samgöngukerfi landsmanna. Reiðvegirnir voru aðalsamgönguleiðir okkar áður fyrr og nú seinni árin hefur mikilvægi þeirra einmitt komið fram aftur. Reiðvegir eru að verða mikilvægur þáttur í eflingu ferðaþjónustu í landinu, bæði fornir og nýir reiðvegir í byggð og einnig líka utan byggða. Það er því fyllilega tímabært að taka þessa vegi inn sem formlega samgönguleið og fá þeim þannig þá réttarstöðu.

Eins og hæstv. samgrh. kom inn á getur þarna verið um miklar vegalengdir að ræða en þarna er líka um mikla þörf að ræða. Ég man ekki hvort það kom fram í umræðum í dag eða í gær um mikilvægi hestamennskunnar í ferðamálum. Í sumar er gert ráð fyrir að tugir þúsunda fólks muni koma hingað til landsins vegna væntanlegs landsmóts. Í úttekt um ferðaþjónustumál hér á landi kemur í ljós að verulega stór hluti þeirra ferðamanna sem koma hingað til landsins koma vegna þess að þeir hafa kynnst íslenska hestinum og náttúru Íslands í tengslum við notkun íslenska hestsins. Það er verulega stór hluti ferðaþjónustunnar hér á landi sem tengist einmitt því.

Þess vegna, herra forseti, varð ég fyrir vonbrigðum að heyra hjá hæstv. samgrh. að hann teldi ekki tímabært að auka meir fjármagn til reiðvegagerðar meðan verið væri að gera útekt á þeim og kortleggja þá.

Það er að vísu mjög mikilvægt að kortleggja reiðvegi og gera um þá nákvæma áætlun, um hvar þeir eru og hver staða þeirra er, en það er veruleg þörf á auknu fjármagni til reiðvegagerðar, ekki hvað síst líka í byggð, því líka þarf að finna reiðvegunum farveg innan byggðar þannig að þeir trufli ekki þar önnur landnot og aðra nýtingu lands og jarðargróða. Við þekkjum einmitt til þess að oft kemur fyrir að þarna stangist á hagsmunir hópa og einstaklinga sem eru að ferðast um, oft með skipulagðar ferðir jafnvel um einkalönd, og þó að þetta sé á fornum reiðleiðum þá eru þær alls ekki búnar til að taka við svona mikilli umferð. Ég tel því, herra forseti, að afar brýnt sé að auka fjárframlög til reiðvega og ekki hvað síst í byggð og greiða þar úr.

Hitt atriðið eru girðingar og staða girðinga gagnvart vegum. Ég held að það sé ágætt að við gerum okkur grein fyrir því að vegalagnir í gegnum tún, lönd og beitilönd bænda eru í sjálfu sér ekki beint fagnaðarefni fyrir þá varðandi nýtingu landsins. Þetta slítur oft í sundur bæði heyskap og beit á löndunum og rekstur á búpeningi. Þó svo að allir vilji yfirleitt greiða götu vegarins þá ber að hafa það rækilega hugfast að þarna er vissulega verið að skerða landnot og umferð með skepnur og fólk um land. Og þess vegna er ekkert óeðlilegt við það þó að girðingakostnaður, kostnaður við að verja vegina og umferðina og ábyrgð á þeim sé í auknum mæli færð á þá sem bera ábyrgð á rekstri vegarins. Þetta er hluti af vegagerðinni sjálfri í langflestum tilvikum og ber að líta á það þannig. Vegur í gegnum lönd, hvort sem hann er að hluta til í þágu landeigenda eða í þágu vegarins, er á ábyrgð Vegagerðarinnar fyrst og fremst.

En í þessu sambandi vil ég nefna, herra forseti, að í vegáætlun fyrir árin 2000–2004 stendur í kaflanum um girðingar, með leyfi forseta:

„Lagt er til að fjárveiting til þessa verkefnis verði 44 millj. kr. árið 2000 og hækki í 55 millj. kr. árið 2004.“ — Og síðan kemur: „Mikið er enn af ógreiddum girðingakröfum.“

Og mér leikur forvitni á að vita, herra forseti, hvort hæstv. samgrh. geti upplýst hversu mikið er ógreitt af girðingakröfum sem þarna er verið að vísa til og ekki er fjármagn til þess að greiða og hvernig er þá ætlunin að standa að þeim greiðslum. Því það er náttúrlega engin leið að ætla að fresta því að standa skil á lögboðnum kostnaði varðandi girðingar frekar en annan kostnað við vegagerðina. Þetta vildi ég gjarnan fá upplýsingar um.

Og fyrst staðan er slík gagnvart þeim kostnaði sem þegar er áfallinn, að mikið skuli vera ógreitt, þá hlýtur að vera erfitt að taka á móti kostnaði fyrir nýjar framkvæmdir. Mig langar því til að spyrja hæstv. samgrh. hvort það komi þá ekki núorðið bara inn í framkvæmdirnar sjálfar, hvort þetta sé enn sérmerkt og sérfjárveitingar þurfi til að standa að girðingum, og hvort þetta verði ekki sjálfkrafa og eðlilega bara hluti af kostnaðaráætlun og framkvæmd og kostnaðaruppgjöri við viðkomandi vegi sem að Vegagerðinni lýtur.

Það er alveg klárt að standa þarf vörð um að halda búfé frá vegum sem víðast. En jafnframt þarf að tryggja að hægt sé að ferðast með búpening og á hestbaki, það sé hægt að fara með búfé, kvikfé yfir vegi án þess að stórhætta sé á og að það sé greiðfært. Þar vil ég einmitt benda á till. til þál. sem hv. þm. Þuríður Backman hefur flutt hér um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys og þessi afbragðsmynd er hér af. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að spyrjast fyrir um hvort hæstv. samgrh. hafi ekki kynnt sér þennan góða möguleika sem liggur einmitt í þessu.

Ég vil undirstrika, herra forseti, að því ber að fagna að styrkja eigi stöðu reiðveganna í samgöngukerfi þjóðarinnar, en verja þarf meira fé til þeirra og bæta réttarstöðu þeirra. Girðingar meðfram vegum þurfa að vinnast í sátt og samlyndi með öryggi og þjónustu, bæði landeigenda og vegfarenda í huga, þannig að þar fari allt sem best saman.

[18:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir undirtektir við frv. en ég vil aðeins koma inn á nokkur atriði.

Fyrst varðandi reiðvegi og áhyggjur hans vegna þess að ekki séu hækkuð framlög til reiðvega. Eins og kom fram í framsögu minni er mikið verk óunnið við að skilgreina viðfangsefnið sem er reiðvegir og áningarstaðir. En engu að síður er í vegáætluninni sem við höfum verið að fjalla um gert ráð fyrir að hækka framlög til reiðvega á milli áranna 2000 og 2001 um 15% og síðan aftur á milli áranna 2002 og 2003 um 8%. Þarna er því um hlutfallslega töluvert mikla hækkun að ræða og það var í mínum huga að teknu tilliti til þeirra áforma sem felast í þessu frv. Auðvitað þarf að hafa hér hærri fjárhæðir en þá þarf að taka þær af einhverjum öðrum liðum innan þessa ramma sem við höfum í vegáætluninni. En hv. samgn. fær þetta frv. til skoðunar og sömuleiðis vegáætlunina þannig að rýna þarf í þetta saman.

Hvað varðar girðingar og kostnað við þær þá er og verður viðhald girðinga samkvæmt skilgreiningum laganna og þá úrskurði veghaldara partur af viðhaldi vegakerfisins þar sem það á við. En lögin taka nú ekki gildi fyrr en þau hafa verið afgreidd og þá fyrst er hægt að fara að úrskurða um það sem gert verður eftir að lögin hafa tekið gildi. Ég fæ ekki séð að hægt verði að rukka um eitthvað sem kann að hafa verið gert áður en lögin taka gildi nema sérstaklega sé fundin leið til þess.

En þetta er sem sagt með þessum hætti.

[18:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. samgrh. að fagna hverju góðu skrefi sem tekið er og hann nefndi varðandi reiðvegina. En ég vil ítreka mikilvægi þeirra í eflingu eins stóratvinnuvegar þjóðarinnar sem er ferðaþjónustan og útivistin.

En það sem ég var að vísa til varðandi girðingarnar, ég var ekki að tala um það sem ókomið er, ég var að tala um að í till. til þál. sem við erum hér með um vegáætlun stendur þessi setning: „Mikið er enn af ógreiddum girðingakröfum.“

Þar er verið að vísa til samþykktra krafna í fortíðinni eða í framkvæmdum sem þegar eru búnar og eru óumdeilanlega ógreiddar, eins og fram kemur í setningunni í þessari grein. Spurning mín var einfaldlega: Hversu háar upphæðir er hér um að ræða sem eru ógreiddar í girðingakröfum því væntanlega eru þetta þá greiðslur til bænda eða landeigenda sem þar er um að ræða?

[18:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna vísar hv. þm. til vegáætlunar sem er auðvitað nokkuð annað en frv. og vonandi væntanleg löggjöf um girðingar sem skapar þá nýjar aðstæður sem gætu leitt til þess að kröfurnar yrðu hærri þegar fram líða stundir.

En það sem ég var að segja er að við getum auðvitað ekki gert ráð fyrir því að möguleiki skapist á kröfum á grundvelli nýrra laga aftur í tímann. Hins vegar liggur fyrir að í einhverjum tilvikum hefur orðið samkomulag um það að veghaldari kostaði girðingar hjá landeigendum sem skapa þá þessar ógreiddu girðingakröfur sem þarf að ná samkomulagi um og ég trúi ekki öðru en að samkomulag náist um það sem liðið er ef á sanngjörnum rökum er reist af hálfu þeirra sem gera kröfu á Vegagerðina.

[18:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti því að þessi atriði verði skoðuð mjög gaumgæfilega þannig að samkomulag verði um bæði þann útistandandi kostnað sem landeigendur eða aðrir hafa tekið á sig vegna girðingaframkvæmda og eiga að fá endurgreiddan og það náist að greiða það sem allra fyrst því ekki hafa bændur neina burði til að bera slíkt.

Einnig ítreka ég áfram mikilvægi þess að góð sátt sé um vegalagningar og girðingar í gegnum tún, lönd og beitilönd bænda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, fyrri umr.

Þáltill. GAK, 238. mál. — Þskj. 290.

[18:43]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta kanna hagkvæmni þess að gera jarðgöng úr botni Ísafjarðar, innst í Ísafjarðardjúpi, undir Kollafjarðarheiði. Að sunnanverðu, á Barðaströnd, yrðu þau tveggja arma og kæmu annars vegar út í Skálmardal, sem gengur inn úr Skálmarfirði, og hins vegar í Fjarðarhornsdal, innst í Kollafirði. Einnig verði könnuð hagkvæmni þess að gera jarðgöng undir Eyrarfjall, sem gengju úr Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi yfir í Ísafjarðarbotn, og að þvera Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð á Barðaströnd."

Tillögunni fylgir svofelld greinargerð:

„Ljóst er að samgöngur á Vestfjörðum standa mjög í vegi fyrir frekari framþróun á svæðinu. Á það sérstaklega við á vetrum þegar vegir eru iðulega ófærir eða illfærir um langan tíma vegna snjóþyngsla og óveðra. Flutningsmaður þessarar tillögu telur að gerð jarðganga sé í raun eina leiðin til að tryggja vetrarsamgöngur til og frá Vestfjörðum og innan svæðisins. Í tillögunni er gengið út frá því að vegur verði lagður um Arnkötludal og tekinn í notkun, hvort sem unnið verður eftir hugmyndum tillögunnar eða núgildandi vegáætlun.

Lagt er til að borin verði saman hagkvæmni þess að bæta samgöngur innan svæðisins með framkvæmd þessarar tillögu annars vegar og með því að fylgja núverandi vegáætlun hins vegar en þar er ekki gert ráð fyrir jarðgöngum á þessum slóðum. Þá verði borin saman hagkvæmni styttingar vegalengdar og aukins öryggis á leiðunum milli Patreksfjarðar og Gilsfjarðar og Ísafjarðarbæjar og Gilsfjarðar, verði hugmyndir þessarar tillögu að veruleika, og þeirrar hagkvæmni sem næst á sömu leiðum verði núgildandi vegáætlun fylgt. Einnig verði kostir og gallar núgildandi vegáætlunar næstu 10–15 árin bornir saman við kostnað við þessa hugmynd sem kæmi á heilsársvegasambandi milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða og við þjóðveg eitt og suðvesturhorn landsins.

Flutningsmaður er eindregið þeirrar skoðunar að jarðgöng sem stytta vegalengdir milli staða og leysa okkur undan snjómokstri á erfiðum fjallvegum sé sú lausn sem stefna beri að þegar leita skal leiða sem talist geta varanlegar samgöngubætur. Þetta á auðvitað best við á snjóþyngstu fjallvegum landsins, t.d. á Vestfjörðum. Það hefur einnig sýnt sig að þverun fjarða bæði styttir vegalengdir og færir vegastæði af snjóþungum hættusvæðum. Þverun Þorskafjarðar, Djúpafjarðar og Gufufjarðar á Barðaströnd yrði sams konar samgöngubót og þverun Gilsfjarðar og Dýrafjarðar.

Með varanlegum samgöngubótum eins og hér er lýst má reikna með að gríðarstórum áfanga megi ná í samgöngumálum. Með þessum breytingum væri ekki lengur yfir neina fjallvegi að fara, utan Kleifaheiðar og Hálfdáns, sem talist geta farartálmi að vetri til."

Í morgun fengum við hér afhenta skýrslu um jarðgangagerð. Ég ætla að fá að vitna aðeins í hana, með leyfi forseta. Þar segir á bls. níu:

„Reynsla undanfarinna ára sem hér hefur verið tæpt á er sú að með uppbyggðum vegum sé hægt að ná vel nothæfu vegasambandi yfir fjallvegi sem taldir hafa verið mjög erfiðir. Landslagi verður þó að vera þannig háttað að unnt sé að byggja upp vegi sem verja sig. Sneiðingar í bröttum hlíðum í mikilli hæð eru t.d. illviðráðanlegir en geta verið viðráðanlegir í lítilli hæð. Vegasamband um erfiða fjallvegi verður þó alltaf takmörkum háð hversu góð sem þjónustan kann að vera. Fólk mun hafa áhyggjur af færðinni, veðrinu og hálku í löngum, bröttum brekkum. Jarðgöng eru því í öllum tilfellum mun betri og öruggari lausn til lengri tíma litið."

Þessi orð tel ég í raun styðja þá þáltill. sem ég er hér að mæla fyrir, um að kanna hagkvæmni þessa. Ég vil einnig benda á að aftar í skýrslunni eru sýndar myndir sem sýna tilvonandi göng undir Eyrarfjall í Ísafjarðardjúpi, úr Mjóafirði í Ísafjörð og hins vegar undir Kletthváls sem er mesti farartálminn á leiðinni frá Patreksfirði og Bíldudal inn á þjóðvegakerfi landsins. Ég held að það sé mjög áhugavert að kanna það sem lagt er til í þessari þáltill., þ.e. hvort hagkvæmt sé að sameina slíkar framkvæmdir. Ég tel að hægt sé að gera þessa áfanga í þeirri röð að þeir skarist ekki við plön manna um að byggja upp vegakerfi landsins. Síðasta spurningin í þeirri hugsun sem felst í þessari þáltill. væri þá hvort grafa ætti göng úr Ísafjarðardjúpi undir Kollafjarðarheiði. Ég sé hér í áætluninni að menn hafa velt fyrir sér göngum undir Kletthváls og ég mæli með þeirri aðferð. Ég mæli einnig með því að undir Eyrarfjall verði gerð göng. Vitanlega er ég fylgjandi því sem hæstv. ráðherra lýsti hér í morgun, að næst á eftir göngum á Austfjörðum og Norðurlandi yrði tekið til við að grafa göng úr Dýrafirði yfir í Arnarfjörð. Mér finnst hins vegar mikil spurning hvort ekki eigi í þessari stöðu að skoða alla möguleika til að ná áföngum sem skipt geta verulegu máli.

Í skýrslunni er einnig fjallað um þetta á bls. 22. Þar er fjallað um Eyrarfjall í Djúpi og þar segir um hugsanleg göng undir Kollafjarðarheiði, með leyfi forseta:

„Inn af Ísafirði er munni annarra jarðganga sem hafa verið sett á kort og þau liggja úr 30 m hæð yfir sjávarmáli suður til Kollafjarðar þar sem munni er í 100 m hæð yfir sjávarmáli. Göngin yrðu 12,5 km löng eins og þau eru sett upp á þeim kortum sem hér birtast."

Ég held hins vegar að göng úr Ísafjarðardjúpi yfir í Fjarðarhornsdal gætu verið styttri enda þyrfti þá að fara aðeins utar í Ísafjörðinn og nýta dalverpi sem þar gengur til suðurs.

Ég hef lokið máli mínu og vona að menn taki jákvætt í þessa hugmynd og hún verði skoðuð sem einn af þeim möguleikum sem hugsanlegt er að byggja á í framtíðinni. Ég fer ekki fram á annað. Ég hugsa í áratugum í vegagerð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. HjálmJ o.fl., 242. mál. — Þskj. 295.

[18:51]

Flm. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera framkvæmdaáætlun um uppbyggingu dreifikerfis Ríkisútvarpsins þannig að öll heimili í landinu nái sjónvarpsútsendingum þess fyrir árslok árið 2000."

Flm. að till. ásamt mér eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson, Tómas Ingi Olrich, Gísli S. Einarsson, Einar Oddur Kristjánsson, hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir og hv. þm. Einar Már Sigurðarson og Guðjón Guðmundsson.

Fyrir liggur samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins að 77 heimili á Íslandi ná ekki sjónvarpsútsendingum Ríkisútvarpsins. Þessi heimili eru vítt um landið samkvæmt samantekt Ríkisútvarpsins á því. Þau skiptast þannig: Eitt sjónvarpslaust heimili er í Kjósarsýslu, tvö í Borgarfirði, þrjú í Dalasýslu, sjö í Barðastrandarsýslum báðum, þrjú í Ísafjarðarsýslunum, þrjú í Strandasýslu, tólf í Húnaþingi, ellefu í vestur- og eitt í austursýslunni ef ég man rétt, tíu í Skagafirði, sjö sjónvarpslaus heimili eru í Eyjafirði, þrjú í Suður-Þingeyjarsýslu, nítján í Múlasýslum, fimm í Rangárvallasýslu og þrjú heimili í Árnessýslu. Þessir bæir eru eins og heyrist á upptalningunni vítt um landið og hluti af sveitasamfélaginu. Ekki veit ég nákvæmlega íbúafjöldann en get ímyndað mér að um 200–300 manns séu þannig settir hjá þegar kemur að þeim sjálfsögðu tuttugustu aldar þægindum að hafa sjónvarp. Þessir bæir eiga það einnig sammerkt að vera utan hinna fjölförnustu leiða.

Herra forseti. Varla hefur það góð áhrif á sjálfsmynd þessa fólks að vera skilið eftir með þessum hætti, vera afgangsstærð sem ekki taki því að koma til móts við, það svari ekki kostnaði. En kostnaðarrök eru helst talin gegn því að þessi heimili nái útsendingum sjónvarpsins. Slík rök eru auðvitað ekki boðleg vegna þess að helsta réttlætingin fyrir ríkisreknum fjölmiðli er sú að dagskráin sé opin öllum landsmönnum jafnt. Eins og ég hef rakið í þessu máli er svo alls ekki.

Ríkisútvarpið nýtur sérstöðu ljósvakamiðla. Það hefur lögverndaða tekjustofna af almennri áskrift landsmanna. Þessi sérstaða leggur Ríkisútvarpinu einnig skyldur á herðar. Það á að vera jafnt fyrir alla landsmenn. Vera kann að hægt sé að reikna út réttlætingu þess að halda þessum heimilum utan sjónvarps út frá peningalegum sjónarmiðum. Á hinn bóginn er þó auðvelt að sýna fram á að sem ein þjóð í landi með ein lög fyrir alla jafnt þá höfum við ekki efni á því að skilja nokkurn útundan. Við tilheyrum öll sama samfélaginu og höfum aðgang að þjónustu. Hún er vissulega misjafnlega dýr eftir einstaklingum. Kostnaður samfélagsins vegna þegnanna hvers og eins er mismikill. En á öðrum sviðum þjónustu látum við slíkt ekki á okkur fá. Þá vil ég benda á að ný tækni opnar nýja möguleika í sjónvarpssendingum og ódýrari kosti í dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis.

Ég hef einnig heyrt þær röksemdir að ríkisfjölmiðlar nágrannalandanna hafi ekki meiri útbreiðslu en ríkissjónvarpið okkar, að alltaf séu einhverjir sem ekki næst til. Gott og vel. En ætti það þá ekki að vera okkur enn meira kappsmál að leggja fram þá tiltölulega litlu fjármuni sem duga til að koma hverju byggðu bóli á Íslandi í sjónvarpssamband? Er það ekki gott skref? Er það ekki verðugt markmið?

Oft er það svo þegar stórtíðindi gerast í landinu, þegar eldgos verða eða snjóflóð, á þeim stundum finnum við hvað best að við erum ein og lítil þjóð og eins fjölskylda. Þá er það ekki síst sjónvarpið sem er okkur dýrmætt. Öflug, vönduð fréttastofa með upplýsingar og miðlun frétta á mikilvægan þátt í að þjappa okkur saman. Flestir hafa fundið þetta bæði á stundum sorgar og gleði í lífi þjóðarinnar undanfarna áratugi og ósköp væri nú miklu skemmtilegra ef, á kristnihátíð á Þingvöllum um mitt þetta ár, við vissum að allir Íslendingar gætu tekið þátt í hátíðinni gegnum sjónvarpið sitt, þeir sem ekki verða þar staddir.

Herra forseti. Fjármögnun þessa verkefnis gæti verið með ýmsu móti. Það mundi að sjálfsögðu verða verkefni starfshóps sem ríkisstjórninni yrði falið að skipa til verksins, ef þessi tillaga verður samþykkt, að fara yfir það og koma með tillögur um fjármögnun verksins. Mér telst til að það séu um 200 millj. og samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins þarf um 200 millj. til þessa verkefnis. Mér þykir líklegt, ég er reyndar alveg viss um að ef við setjum upp þá áætlun að allir landsmenn sjái sjónvarp þar sem er föst búseta þá muni fjármunir fást til verksins. Ég trúi því ekki að nokkur vilji setja þennan hóp hjá. Ég á einnig von á því að um leið væri auðvelt að huga að því að koma sendingum út á haf til þeirra fiskimiða þar sem flest skip eru, út af Vestfjörðum, Austfjörðum og hér út af Suðvesturlandinu og Suðurlandinu. Ég vænti þess að einnig verði hægt að huga að því í framhaldinu.

Varðandi þetta mál sem ég hef hér tekið upp og gert tillögu um ásamt fleiri þingmönnum, um að öll heimili á landinu njóti sjónvarpsútsendinga, þá getum við litið svo á að það væri afmælisgjöf þjóðarinnar allrar til sjálfrar sín á hátíðarári. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og til hv. menntmn.

[18:59]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið heilshugar undir það sem hér hefur komið fram af hálfu hv. 1. flm. þessa þáltill. Um leið vil ég hins vegar nota tækifærið til að minna á að virðulegur forseti sem nú situr í forsetastóli lagði fyrir fjórum árum síðan fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um hvað sjónvarpssending á öll Íslandsmið í gegnum gervihnött mundi kosta. Þá kom fram hjá hæstv. menntmrh. að það mundi kosta 600 millj. á ári.

Á þessu þingi, virðulegur forseti, bar hv. þm. Guðjón Guðmundsson fram fyrirspurn til menntmrh. um sama efni. Þá kom í ljós að athuguðu máli að nú mundi slík sending í gegnum gervihnött kosta um 60 millj. á ári sem mundi ná til allra fiskimiða við landið og þá væntanlega um leið til allra Íslendinga. Í greinargerðinni er talað um að lauslegt mat á kostnaði við verkefni sem fjallað er um í þessari þáltill. muni vera 230 millj. Ég tel fulla ástæðu til að skoða þetta mál frá öðru sjónarhorni en kemur fram í þessari þáltill., svo ágæt sem hún er.

Mér finnst full ástæða til að minna á eins og segir í grg., með leyfi virðulegs forseta:

„Það hlýtur að vera metnaðarmál þjóðarinnar að allir sitji við sama borð og enn fremur er það ein meginforsendan fyrir ríkissjónvarpi að ekki sé um lokaða dagskrá að ræða heldur sé hún opin öllum landsmönnum, óháð búsetu og efnahag“ — og jafnvel þeirri stöðu sem sjómenn eru í innan íslenskrar landhelgi, að þeir sitji við sama borð og landsmenn, enda greiðandi afnotagjöld af sjónvarpinu eins og þeir sem í landi eru. Mér finnst að þessi þáltill. sé allrar athygli verð en ég vil að þær upplýsingar sem ég hef flutt séu skoðaðar samhliða í ljósi þeirra staðreynda sem liggja fyrir að gervihnattasjónvarpssending á öll mið muni kosta um 60 millj. kr.

[19:02]

Flm. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir innlegg í málið. Það er svo eins og ég gat reyndar um áðan að ný tækni gerir allt þetta mögulegt og jafnvel miklu ódýrar en Ríkisútvarpið sjálft gerði ráð fyrir í áætlunum sínum. Gervihnattasamband — jafnvel að koma sjónvarpsmerkinu í gegnum rafmagnslínurnar er annar kostur og síðan auðvitað ljósleiðari og mætti margt fleira til telja, t.d. það

sem er á vegum hæstv. samgrh. og samgrn. að leggja tölvulínur, þ.e. línur fyrir gagnaflutning sem gætu einnig nýst landsmönnum í þessu sambandi. Ég hafði aðallega í huga fasta búsetu fólks í landinu en að sjálfsögðu með gervihnattasambandi og útsendingum gegnum gervihnött. Verði það mögulegt fljótlega er að sjálfsögðu búið að leysa þetta, bæði fyrir sjó og land og fólk sem er atvinnu vegna utan landsins úti á fiskimiðum.

[19:03]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns var það virðulegur forseti, Guðjón Guðmundsson, sem flutti þessa fyrirspurn til hæstv. menntmrh. Ég tek undir það og fagna því að 1. flm. þessarar þáltill. er sammála mér um að rétt sé að reyna að haga málum þannig að menn nái sjónvarpssendingum bæði til sjós og lands. Við sjáum í þessari öru tæknibreytingu og þróun þessara mála hjá okkur Íslendingum, hugsandi til þess að 1996 voru fjarskiptalögin í skoðun að þau eru komin á borð þingsins aftur, svo mjög fleygir tækninni fram. Það kom líka fram í svari hæstv. menntmrh. hve mikil þróun hefur orðið hvað kostnað varðar á ekki lengri tíma en fjórum árum. Ég vænti þess og veit að flutningsmenn þessarar þáltill. munu auðvitað ýta málum enn og reyna að þoka þeim í þá átt að sjómenn sem búa jafnvel sumir hverjir við þau ágætu skilyrði að geta stundað fjarnám til sjós í gegnum tölvubúnað sinn og fjarskiptabúnað að eðlilegt sé að íslenska ríkissjónvarpið stuðli að því að þeir nái líka sendingum sjónvarpsins þannig að þeir megi njóta þess eins og aðrir landsmenn.

[19:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér mannréttindamál að þessi till. til þál. um sjónvarpssendingar inn á öll heimili á Íslandi nái fram að ganga. Hv. þm. Hjálmar Jónsson, 1. flm. tillögunnar, mælti afar skilmerkilega fyrir þessu réttindamáli sem væri brýn nauðsyn að standa við. Ég vil líka taka undir þær áherslur sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom með inn í umræðuna um sjónvarp til sjómanna á hafi úti og meðfram ströndum landsins. Séu þær upplýsingar sem hann kom með um að um ódýrari kost væri að ræða þá er sjálfsagt að skoða það. En mér finnst í báðum tilfellum ekki vera um svo háar upphæðir að ræða í þessu sanngirnismáli gagnvart þjóðinni allri, gagnvart því sem við eigum sameiginlegt sem ein þjóð, að það eigi að vera mál hvort það eru 60 eða 230 millj., málið er að gera þetta. Ég sem meðflm. að þessari tillögu mun standa að því sé þess nokkur kostur að þetta nái fram að ganga á árinu til allra heimila á Íslandi og til sjómanna meðfram ströndum landsins. Ég tel, herra forseti, þetta vera mannréttindamál og sanngirnismál. Þetta er mál allra Íslendinga.

[19:07]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til þess að hvetja eindregið til þess að tillagan verði samþykkt. Greinilegt er að um tillöguna er þverpólitísk samstaða því að flutningsmenn eru úr öllum flokkum og þess vegna ætti að vera létt mál að vinna tillögunni stuðning gegnum menntmn. sem mun væntanlega taka vel á málinu. Ég tek undir sjónarmið hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar varðandi sjómenn að auðvitað er það vel við hæfi að ef slík framkvæmdaáætlun verði gerð þá verði tekið tillit til þess að hægt verði að sjónvarpa á haf út líka sem víðast. Ríkisútvarpið er opinber stofnun og ég er stuðningsmaður þess að hún verði það áfram. Það er menningarmál að reka ríkisútvarp, til þess hafa verið innheimt gjöld og embættismenn í þessari opinberu stofnun hafa ákveðið hvaða heimili á landinu skuli njóta sjónvarpsútsendinga. Ég er satt að segja nokkuð hissa á því að framkvæmdaáætlun skuli ekki vera til um það að sjónvarpið, eign okkar allra, skuli ná til allra heimila í landinu. Þetta undrar mig mjög því að allir greiða til þessarar ágætu stofnunar.

Það að reka ríkissjónvarp er eingöngu réttlætanlegt vegna þess menningargildis sem Ríkissjónvarpið hefur og það er satt að segja ekki ásættanlegt að á þessum árþúsundamótum skuli ekki öll heimili í landinu njóta þeirrar þjónustu að geta séð sjónvarpið. Nokkur mismunur er á því hvernig staðan er, en hún er sú, eins og fram kom í framsöguræðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar, að það eru 77 heimili á landinu sem njóta ekki sjónvarpsútsendingar en sýnu verst er ástandið í Múlasýslum þar sem nítján heimili ná ekki þessum útsendingum. Ég tek undir að þetta er aðferð til þess að sameina okkur í því að geta séð merka atburði og að fólk geti tekið þátt í þeim með þessum hætti vítt og breitt um landið. Svo má einnig geta þess að þetta ágæta fólk fer á mis við þá merku umræðu sem á sér stað í Alþingi og það er afskaplega slæmt.

Hæstv. forseti. Ég vil enn og aftur hvetja hv. menntmn. til þess að ljúka afgreiðslu málsins fyrir þinglok í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 253. mál (sjópróf). — Þskj. 312.

[19:11]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt frv. til laga um breytingu á siglingalögum nr. 34 19. júní 1985, með síðari breytingum. Meðflm. mínir eru Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristján Pálsson.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða á 220. gr. laganna: Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ef erlent skip skv. 2. og 3. mgr. er rekið eða gert út af íslenskum aðila eða er í ferð á hans vegum er honum heimilt að krefjast þess að sjópróf séu haldin vegna atvika sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., með sömu skilyrðum og þar greinir. Ef áhöfn eða hluti áhafnar eru jafnframt í íslensku stéttarfélagi er viðkomandi stéttarfélagi heimilt að krefjast þess að sjópróf verði haldin vegna sömu atvika."

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

Síðari ár hefur mjög færst í vöxt að íslenskar skipaútgerðir noti í rekstri sínum skip sem skráð eru annars staðar en á Íslandi en manni þau eigi að síður með íslenskri áhöfn, alfarið eða að hluta til. Íslensk löggjöf hefur ekki náð að fylgja þessari þróun að öllu leyti og er í sumum tilfellum nauðsynlegt að laga löggjöfina að þessum veruleika. Má í því sambandi meðal annars benda á breytingu sem gerð var á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, á haustþingi 1997 um að slysatryggja íslenska sjómenn sem starfa um borð í erlendum skipum sem gerð eru út af íslenskum aðilum.

Samkvæmt siglingalögum er einungis Siglingastofnun Íslands og rannsóknarnefnd sjóslysa heimilt að krefjast sjóprófs þegar um er að ræða erlend skip og skiptir þá engu þótt skipin séu rekin eða gerð út af íslenskum aðilum og mönnuð með íslenskri áhöfn. Upp hafa komið tilvik þar sem slíkt hefur verið til baga og má í því sambandi nefna alvarlegt vinnuslys um borð í kaupskipi sem var í leigu hjá íslenskri útgerð en sigldi undir erlendum fána. Í því tilfelli var útgerðaraðilanum mjög umhugað um að haldin yrðu sjópróf til þess að fullnægjandi sönnun fengist um aðdraganda slyssins.

Sem kunnugt er segir svo í lögum um slys á sjómönnum að þar er ekki um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns, heldur verður sjómaður í hverju tilfelli að sanna sök til að eiga von um að fá bætur. Það er miðað við það sem allir eru sammála um, jafnt útgerðaraðilar sem fulltrúar stéttarfélaga sjómanna, um nauðsyn þess að þetta mál nái fram að ganga.

Mikilvægt er að tryggja bæði stéttarfélögum íslenskra sjómanna og útgerðaraðila skipsins rétt til þess að krefjast sjóprófs í slíkum tilfellum þegar um slys er að ræða annaðhvort um borð í skipum undir erlendum fánum sem eru á svokölluðum þurrleigusamningi, þar er um að ræða að áhöfnin öll er þá íslensk eða þar sem um leigu er að ræða þá er það oft að útgerðin hefur þá sent um borð fulltrúa sinn, sem er þá skráður sem „supercargo" eða sá sem fylgist með losun og lestun skipsins, þá er venjulega um Íslending að ræða eða allir aðrir áhafnarmeðlimir erlendir. Það var í því tilfelli í Argencia í Nýfundnalandi þegar eini Íslendingurinn um borð í þessu erlenda skipi, sem var í leigu íslenskrar kaupskipaútgerðar, lenti í slysi en ekki var hægt að biðja um sjópróf hér á landi laganna vegna.

Þetta er sett fram til þess að auka réttaröryggi viðkomandi sjómanna og útgerðar þannig að tryggt verði fullnægjandi sönnun á tildrögum slysa og þannig megi með fyrirbyggjandi aðgerðum koma í veg fyrir frekari slys í framtíðinni.

Frv. gerir ráð fyrir að útgerðaraðilum verði tryggður réttur til að krefjast sjóprófa vegna atvika sem verða um borð í skipum sem þeir hafa í rekstri sínum að uppfylltum skilyrðum 2. og 3. mgr. 220. gr. laganna. Auk þessa er íslenskum stéttarfélögum tryggður sami réttur þó að því tilskildu að um sé að ræða skip sem rekin eru eða gerð út af íslenskum útgerðaraðilum. Tekið skal fram að ákvæði frv. ber að túlka með þeim fyrirvara sem greinir í 1. gr. siglingalaga um að virða beri reglur þjóðarréttarins við slík sjópróf við mat á því hvort þau verði haldin. Útgerðaraðili í frv. tekur hvort tveggja til útgerðaraðila kaupskipa og fiskiskipa, hvort sem félög eða einstaklingar standi að slíkum rekstri.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

67. FUNDUR

mánudaginn 21. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 296. mál, þskj. 509. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Flugmálaáætlun 2000–2003, stjtill., 299. mál, þskj. 516. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Loftferðir, stjfrv., 250. mál, þskj. 307. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 289. mál, þskj. 471. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vegalög, stjfrv., 322. mál, þskj. 572. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, þáltill., 238. mál, þskj. 290. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Siglingalög, frv., 253. mál, þskj. 312. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, þáltill., 242. mál, þskj. 295. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra, skýrsla, 275. mál, þskj. 376. — Ein umr.
11. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 571. — 1. umr.
12. Erfðafjárskattur, stjfrv., 360. mál, þskj. 614. — 1. umr.
13. Skipulag ferðamála, stjfrv., 366. mál, þskj. 621. — 1. umr.
14. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 193. mál, þskj. 225. — 1. umr.
15. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
16. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 312. mál, þskj. 562. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

Fjarvistarleyfi:

Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá umboðsmanni barna.
Erindi frá Sigurði Sigurðarsyni dýralækni.

[15:00]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 1999, 367. mál, skýrsla utanrmn., þskj. 622.

Álbræðsla á Grundartanga, 371. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 627.

Smásala á tóbaki, 368. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 624.

Vörumerki, 370. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 626.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Lögbinding lágmarkslauna.

[15:01]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. Nokkur ár í röð hef ég ásamt fleirum flutt frv. til laga um lögbindingu lágmarkslauna. Röksemd mín fyrir lögbindingu lágmarkslauna byggist á þeirri einföldu staðreynd að sá sem ekki hefur afgang af launum sínum til að leggja til hagvaxtarins þarf að þiggja frá samfélaginu. Ágreiningur er uppi um hvernig skilgreina ber fátæktarmörk. Ætlar hæstv. forsrh. að beita sér fyrir nefndarskipan í þessu máli svo að unnt sé að skilgreina framfærslugrunn? Mun ríkisstjórn hæstv. forsrh. beita sér fyrir grundvallarreglu sem aðilar vinnumarkaðarins geti haft til viðmiðunar?

[15:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég og hv. þm. höfum áður rætt þessi mál í þinginu og ég veit að hann hefur stúderað þessi fræði vel og af mikilli athygli og spurst fyrir um þau m.a. hjá stofnunum ríkisins, Þjóðhagsstofnun og fleirum. Hv. þm. veit líka að ágreiningur er á milli okkar um það hvort þetta fyrirbæri, lögbinding lágmarkslauna, sé endilega hollt fyrir þjóðfélagið og reyndar fyrir launþega sjálfa. Um það eru mjög deildar meiningar svo ekki sé meira sagt.

Ýmsir halda því fram með tölulegum rökum að slík lögbinding lágmarkslauna sé til þess fallin að halda launum niðri og í annan stað séu þau til þess fallin að ýta þeim sem veikastir eru hverji sinni út af almenna vinnumarkaðnum o.s.frv. Um þetta eru mjög deildar meiningar. Við höfum reyndar séð í Bretlandi nú nýverið að þar hefur stjórnarandstaðan látið af andstöðu við lögbindingu lágmarkslauna en segja verður þó eins og er að lágmarkslaunabinding í Bretlandi hefur ekki út af fyrir sig verið til þess fallin að draga úr atvinnuleysi eða tryggja kjör manna.

Svo að spurningunni sé svarað beint, þá hefur ríkisstjórnin ekki tekið ákvörðun um að skipa slíka nefnd sem hv. þm. spurði um. En af tilefni orða þingmannsins er sjálfsagt að hugleiða það mál hvort það sé rétt, en ekki hefur verið tekin nein slík ákvörðun.

[15:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svarið. Það er rétt að ágreiningur hefur verið uppi um hvernig eigi að líta á málið en ég tel að svarið sem kom hér fram hafi verið á jákvæðum nótum og ég vonast til þess að þetta mál verði skoðað mjög rækilega.

Ég minni á að í umræðu um daginn þar sem verið var að ræða um skilgreiningu fátæktarmarka kom hv. þm. Hjálmar Jónsson fram með hugmynd um að skipa nefnd til að fara vísindalega og faglega ofan í þetta mál og ég hvet eindregið til þess að það verði gert.

Fátækt á Íslandi.

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í síðustu viku fór fram umræða á Alþingi um fátækt á Íslandi. Í umræðunni á þingi og í fjölmiðlum í kjölfarið var rætt með hvaða hætti unnt væri að taka á vanda þess hluta þjóðarinnar sem býr við fátækt. Þessi umræða er vandasöm og hún er viðkvæm en mestu máli skiptir að beina henni inn í uppbyggilegan farveg sem færir okkur niðurstöðu.

Af þessu tilefni vil ég beina spurningu til hæstv. forsrh. þótt ég búist ekki við mjög ítarlegum svörum á þessu stigi. Einn stjórnarþingmanna hreyfði þeirri hugmynd að skipaður yrði sérstakur starfshópur þar sem ýmsir hagsmunaaðilar ættu aðild til að færa fram eða setja fram markvissar tillögur til úrbóta. Við umræðuna á Alþingi lagði ég til skylda hugmynd, að gengið yrði til formlegra viðræðna við Öryrkjabandalagið og samtök eldri borgara um þessi efni. Hjá þeim aðilum er að finna besta þekkingu hvað þessi mál snertir og á hluta félagsmanna þessara samtaka brennur vandinn heitast.

Að þessum viðræðum þyrfti löggjafinn einnig að koma og tel ég mikilvægt að þar skapist breið pólitísk samstaða. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann sé reiðubúinn að beita sér í þessa veru.

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þegar þessi mál voru rædd á þinginu ekki nú nýlega heldur nokkru fyrr, þá var skýrt frá því að ríkisvaldið hefði í undirbúningi af sinni hálfu athugun á því með hvaða hætti skattar og margvíslegar bætur í landinu skarast. Í framhaldi af viðræðum við samtök aldraðra og reyndar einnig við Alþýðusamband Íslands á sínum tíma, sem leggur áherslu á að þessi þáttur sé athugaður og ræddur, tók ég fram í tilefni af fyrirspurn eða athugasemd frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að þegar þessi athugun ríkisstjórnarinnar á málinu lægi fyrir þá væri sjálfsagt og eðlilegt að hagsmunaaðilar og stjórnarandstaðan kæmu að málinu. Fyrst mundi ríkisstjórnin skoða málið í sínum ranni en síðan þegar þeim undirbúningi væri lokið væri sjálfsagt að stjórnarandstaða og hagsmunaaðilar kæmu að málinu. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom þá í ræðustólinn og sagði að fyrir sitt leyti þætti honum þetta vera eðlileg málsmeðferð. Og ég endurtek að sá þáttur hefur verið talinn einna brýnastur nú í samskiptum okkar við þessa hópa, að menn skoði nákvæmlega þessa skörun og samþættingu skatta og bóta.

[15:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í neitt pólitískt hnútukast. Hér er á ferðinni mjög alvarlegt mál sem brýnt er að við tökum á af alvöru og reynum að mynda breiða pólitíska samstöðu um úrlausnir. Við erum búin að ræða það allar götur frá 1995 að taka samspil tryggingakerfisins, lífeyrissjóða og skatta til skoðunar og okkur hefur vissulega verið sagt frá því að þar sé nefnd að störfum. En ég tel fyrir mitt leyti að tvennt þurfi að gerast. Það þurfi frá fyrsta stigi að stuðla að breiðri, pólitískri samstöðu um þær lausnir sem kunna að verða uppi á borðinu. Þess vegna beini ég því til hæstv. forsrh. að sú nálgun verði endurskoðuð.

Í öðru lagi tel ég brýnt að þau mál sem liggja nú fyrir þinginu og taka á málefnum þess hluta þjóðarinnar sem býr við fátækt verði látinn hafa forgang í störfum þingsins og ég leyfi mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann vilji beita sér fyrir því að svo verði.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég þessa athugun sem við stöndum núna í vera þá brýnustu sem snýr að og lýtur að þeim aðilum sem ríkisvaldið tekur til og snýr að almannatryggingakerfinu, og mér finnst skynsamlegast að vera ekki að hlaupa í fleiri verk á þessu stigi.

En á hinn bóginn get ég tekið undir með hv. þm. að það er jákvætt og til bóta og rétt að huga þá að því sem næsta skrefi, að menn reyni að ná utan um umræðu af þessu tagi því hún vill fara á flot, hún vill einkennast af fullyrðingum og stóryrðum og er oft erfitt að ná utan um hana. Við höfum reyndar séð dæmi um það í fjölmiðlum á allra síðustu sólarhringum að umræðan getur farið í afskaplega niðurlægjandi og ósmekklegan farveg hjá þeim sem ættu reyndar að gæta þess að slíkt gerðist ekki.

[15:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að hér er vandasöm umræða á ferðinni og hún er tilfinningarík vegna þess að hér er á ferðinni viðkvæmt mál. Þess vegna er það skiljanlegt að forsvarsmenn Öryrkjabandalagsins reiðist fyrir hönd félagsmanna sinna þegar þeim er líkt við smælingja. Og það er staðreynd að hæstv. forsrh. var óheppinn í orðavali í umræðunni um daginn þegar hann setti saman í eina spyrðu vanda sem sprytti af óhöppum, slysum og fjármálaóreiðu.

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ef hægt er að segja að forsrh. hafi verið óheppinn í orðavali, hvað verður þá sagt um suma?

Kjarnorkuverið í Sellafield.

[15:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Váleg tíðindi hafa borist frá Bretlandseyjum en nú er komið á daginn að niðurstöður öryggisprófana í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield hafa verið falsaðar með kerfisbundnum hætti.

Herra forseti. Mér er ljóst að hæstv. umhvrh. hefur ritað bréf til Johns Prescotts, starfsbróður síns í Bretlandi, um þetta efni en ég tel jafnljóst að brýn nauðsyn er til þess að taka málið upp með öðrum hætti á milli íslenskra og breskra stjórnvalda.

Það þarf ekki að skýra það í löngu máli fyrir hv. þingmönnum að gífurlegir hagsmunir eru í húfi fyrir land og þjóð. Því spyr ég hæstv. utanrrh. hvort ætlunin sé að sækja þetta mál eftir öðrum leiðum en þeim sem hingað til hafa verð farnar í bréfaskiptum og yfirlýsingum norrænu umhverfisráðherranna. Er ekki mál til komið að taka málefni kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield upp með öðrum hætti við bresk stjórnvöld? Er t.d. hægt að nálgast bresk stjórnvöld á samstarfsvettvangi landanna innan hins Evrópska efnahagssvæðis? Mun hæstv. utanrrh. beita sér fyrir því?

Hafa ber í huga að breska stjórnin hefur samkvæmt OSPAR-samningnum um verndun Norðaustur-Atlantshafsins skuldbundið sig til þess að grípa þegar til

aðgerða til að draga úr losun geislavirkra efna út í umhverfið.

Herra forseti. Hér duga engin vettlingatök. Breska kjarnorkueftirlitið hefur afhjúpað lögbrot og brot á alþjóðlegum samningum. Bresk stjórnvöld verða að svara því skýrt og skorinort hvernig skuli brugðist við.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í undirbúningi hefur verið fundur með utanríkisráðherra Bretlands, Robin Cook, frá því sl. haust og það er ákveðið að sá fundur verði nk. föstudag í London. Á þeim fundi verða rædd ýmis tvíhliða málefni landanna og áður en þessar nýjustu fréttir um Sellafield komu til var það mál komið á dagskrá þess fundar. Þetta mál verður því að sjálfsögðu rætt á þessum tvíhliða fundi nk. föstudag í London og það er enn meiri ástæða en nokkru sinni fyrr til að ræða þetta mál tvíhliða milli landanna og það verður gert eins og efni standa til.

[15:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin og það er gott til þess að vita að ræða á málefni Sellafield á fundi utanríkisráðherra Bretlands og Íslands í London á föstudaginn kemur en mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hvaða kröfur ríkisstjórn Íslands mun setja fram á fundinum með Robin Cook á föstudaginn.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef áður rætt þessi mál við utanríkisráðherra Bretlands. Það liggur ljóst fyrir að við Íslendingar eru andvígir þessari stöð og vildum helst sjá hana hverfa. Við gerum okkur ekki miklar vonir um það en það hlýtur að vera eðlileg og réttlát krafa af okkar hálfu að fyllsta öryggis sé gætt, allar upplýsingar um rekstur stöðvarinnar liggi fyrir og allar skýrslur séu réttar þannig að við gerum okkur grein fyrir hinu raunverulega ástandi. Ég vænti þess að við á hv. Alþingi getum verið sammála um slíkar áherslur.

[15:15]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Ég er honum sammála um að skynsamlegast í stöðunni væri að loka þessari kjarnorkustöð og sú krafa þurfi að vera alveg skýr af hendi íslenskra stjórnvalda.

Auðvitað er ljóst að alls kyns hlutir eru í gangi í breskum kjarnorkuiðnaði þessa dagana og það á víðar við en í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield. Af þeim sökum er brýnt að íslensk stjórnvöld tali skýrum rómi fyrir hönd alls Alþingis á fundinum á föstudaginn.

Fjámögnun á tvöföldun Reykjanesbrautar.

[15:16]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í síðustu viku urðu hér líflegar umræður um vegáætlun. Athygli vakti hversu þunga áherslu tvöföldun Reykjanesbrautar fékk í þeirri umræðu og jafnfram hversu lítill ágreiningur er um gildi þess verks. Jafnframt kom fram mjög eindregin samstaða um að reyna að finna leiðir til að flýta þeirri tvöföldun frá langtímaáætlun.

Síðastliðinn laugardag var mjög skemmtilegur atburður í Reykjanesbæ þar sem svonefnd Reykjaneshöll var vígð, fyrsta yfirbyggða knattspyrnuhúsið hér á landi. Það var skemmtileg samkoma en þar vakti athygli, herra forseti, ræða Stefáns Friðfinnssonar, forstjóra Íslenskra aðalverktaka, þ.e. einkafyrirtækis sem annaðist fjármögnun og byggingu þessa verks og afhenti það þarna bæjaryfirvöldum í Reykjanesbæ. Um leið og forstjórinn afhenti Reykjaneshöllina til afnota þá lýsti hann áhuga þessa stórfyrirtækis á því að fjármagna og framkvæma verkið og koma þannig til móts við stjórnvöld.

Ég tel það, herra forseti, vera nokkur tíðindi og fyrir þessu eru auðvitað ýmis rök svo sem að bjóða verkið út allt samtímis. Það hlýtur að lækka verðið. Það liggur fyrir að kostnaður tryggingafélaga á 10 árum vegna tjóna á brautinni er að óbreyttu áætlaður um 1,3 milljarðar og bætist þá við kostnaður hins opinbera og þannig má áfram telja.

Jafnframt er spurning hvort ekki sé æskilegt að tryggingafélög taki þátt í slíkum kostnaði eða þeim verði boðið það. Spurning mín er þessi: Hvernig mun hæstv. samgrh. bregðast við fái hann svo myndarlegt tilboð sem forstjóri Íslenskra aðalverktaka gaf í skyn?

[15:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn. Þannig er að verktakar geta ekki sjálfir valið sér þau verkefni sem þeir hafa áhuga á að vinna fyrir ríkið. Hins vegar er alveg ljóst að framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar og aðrar framkvæmdir sem tengjast þeirri mikilvægu umferðaræð eru nauðsynlegar. Það kemur m.a. fram í þeirri vegáætlun sem er í gildi núna og það kom fram í umræðum, eins og hv. þm. gat um, um vegáætlun.

Svar mitt er að ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að skoða alla möguleika sem upp kunna að koma og gætu orðið til að hraða þessari framkvæmd. En til þess að það gæti orðið yrði það að sjálfsögðu að vera á forsendum opins útboðs þannig að allir ættu sömu möguleika til þess að leggja sitt af mörkum svo hraða megi viðkomandi framkvæmd. Við verðum fyrst og fremst auðvitað að fara að þeim leikreglum sem við höfum sett okkur um útboð og fjáröflun en mér er mjög vel ljóst að fjölmargir verktakar hafa áhuga á þessu verkefni og það er vel.

[15:20]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svarið. Að sjálfsögðu er ljóst að einstakir verktakar velja sér ekki sjálfir verk hjá hinu opinbera. Þar gilda auðvitað ákveðnar reglur eins og hæstv. ráðherra vék að. Ég tel þó skipta mestu máli og það var tilefni fyrirspurnar minnar að forstjóri tiltekins öflugs fyrirtækis hefur sterklega gefið í skyn að það fyrirtæki hafi áhuga á að ganga til samninga strax. Aðrir kunna að hafa áhuga og þess vegna spurði ég hæstv. samgrh., hvort, ef slíkt formlegt tilboð bærist, hæstv. ráðherra væri tilbúinn að efna til útboðs þar sem einkaaðili fjármagnaði og framkvæmdi. Ég skil orð hæstv. ráðherra þannig að hann sé reiðubúinn að bregðast við því og þar af leiðandi verði möguleikar á því að hraða tvöföldun Reykjanesbrautar. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör.

[15:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt fyrir okkur að hafa augun opin fyrir öllum þeim kostum sem kunna að gefast vegna opinberra framkvæmda. Það hefur verið gerð tilraun með að standa að einkaframkvæmdum í samgöngukerfinu. Þar er um að ræða göngin undir Hvalfjörðinn. Það verk tókst

afskaplega vel og hefur vissulega vakið athygli margra á því að e.t.v. sé það leið sem mætti fara. Það hefur e.t.v. ýtt við verktökum sem sjá að verkefnin eru víða til staðar og margir möguleikar. Þess vegna er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til að skoða alla kosti en ítreka það sem ég sagði. Við verðum að fara að öllum þeim leikreglum sem við höfum sett okkur.

Siglingaleiðir olíuskipa.

[15:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. 9. maí 1997 var samþykkt þáltill. sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við hagsmunaaðila, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu sem m.a. innihaldi heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi.

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnvöld fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til ef mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins."

Hæstv. fyrrv. samgrh. skipaði í framhaldi af þessari þál. nefnd til að móta þessar reglur. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgrh.:

Hvað líður störfum þessarar nefndar í framhaldi af fyrrnefndri þál.?

[15:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. get ég sagt frá því að nefndin sem verið hefur að störfum og haft hefur þetta mikilvæga verkefni er komin að síðustu siglingaleiðinni í vinnu sinni, ef svo mætti að orði komast. Gert er ráð fyrir því að þessu verki ljúki innan fárra vikna. Formaður þessarar nefndar hefur gert okkur grein fyrir því í ráðuneytinu en þetta er mjög vandasamt verkefni og mörg álitaefni sem þarna þarf að fara rækilega yfir. Við þurfum auðvitað að gæta okkur á því að um leið og við viljum herða kröfur og tryggja allt öryggi á siglingaleiðum og sérstaklega varðandi skip sem sigla með hættuleg efni þá þurfum við auðvitað að gæta þess að hefta ekki umferðina við landið með óeðlilega hörðum reglum og kröfum.

En hvað um það. Nefndin vinnur að þessu verki. Ég vona að innan fárra vikna liggi fyrir niðurstaða af því starfi. Ég vænti góðs í samstarfi við hv. samgn. þingsins þegar að því kemur að fjalla um þær tillögur.

[15:25]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið. Hæstv. ráðherra hafði það á orði að við mættum ekki hefta um of samgöngur eða siglingar við landið en við þekkjum dæmi um að víða þar sem skip koma að ströndum erlendis verða þau að tilkynna sig í ákveðinni fjarlægð, t.d. hvert þau stefna og með hvaða hraða. Einnig er spurt hvort þau séu með sjóballest í tönkum og þar eru líka ákvæði um að ekki megi dæla henni úr skipi nema í ákveðinni fjarlægð frá landi, annars varðar það sektum. Svo mjög sem við byggjum á sjávarútvegi, Íslendingar, þá finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að setja hinar ströngustu reglur hvað þessi mál áhrærir.

Landsvirkjun og rekstur fjarskiptafyrirtækja.

[15:26]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu síðan var rætt hér á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun þar sem um var að ræða heimild til Landsvirkjunar til að gerast aðili að fjarskiptafyrirtækjum. Í umræðunni voru lagðar fram spurningar til hæstv. viðskrh. um það hvort þetta tengist eitthvað uppsetningu á TETRA-fjarskiptakerfinu, öryggiskerfi sem boðið var út og fyrirtæki sem heitir Irja ehf. fékk en tvö önnur fyrirtæki, Tal og TNet ehf. höfðu boðið í.

Eftir að þessi umræða fór fram þar sem engin svör fengust frá hæstv. ráðherra hafa komið fram upplýsingar þess efnis að Landsvirkjun sé nú þegar aðili að fjarskiptafyrirtæki með Landssímanum og Tölvumyndum þar sem eignarhlutirnir skiptist jafnt á milli þessara þriggja fyrirtækja, þ.e. Landsvirkjunar, Landssímans og Tölvumynda. Þarna hefur Landsvirkjun gerst aðili að fjarskiptafyrirtæki án heimildar. Vissulega var settur fyrirvari við það þegar þetta fyrirtæki bauð í TETRA-kerfið en engu að síður hefur það haldið áfram starfi sínu á fullri ferð, m.a. eru uppi hugmyndir um að kaupa eða leigja annað kerfi, TETRA-kerfi, og setja það upp til hliðar við það sem ríkið hafði boðið út og samið um.

Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Var henni kunnugt um þessi vinnubrögð Landsvirkjunar þegar umræðan átti sér stað? Hvers vegna lágu ekki fyrir upplýsingar í umræðunni um þetta fyrirtæki sem Landsvirkjun á aðild að? Það kom ítrekað fram bæði hjá hæstv. ráðherra og hv. formanni iðnn., Hjálmari Árnasyni, að hér væri aðeins um það að ræða að heimila Landsvirkjun að veita öðrum fyrirtækjum afnot af búnaði sínum.

[15:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé frekar óvanalegt að spyrja ráðherra um þingmál sem eru í nefndum þar sem málin eru á vegum þingsins. Þar sem hv. þm. spyr hins vegar út í þetta mál þá skorast ég ekki undan því að svara.

Ég get svarað því að mér var ekki kunnugt um það þegar 1. umr. fór fram að þetta fyrirtæki hefði verið stofnað. Ég frétti hins vegar af því síðar. Eins og kom fram hjá hv. þm. tekur Landsvirkjun þátt í stofnun fyrirtækisins með fyrirvara um að frv. það sem nú liggur fyrir Alþingi verði að lögum. Öllum er kunnugt um að Landsvirkjun, vegna þeirra laga sem gilda í dag, getur ekki stofnað til fyrirtækjareksturs á þessu sviði án lagabreytingar.

Þetta hef ég um málið að segja á þessu stigi. Hér er númer eitt, tvö og þrjú um það að ræða að sá búnaður sem Landsvirkjun hefur komið sér upp nýtist fleiri aðilum. Þannig horfi ég á málið og á því hefur ekki orðið nein breyting.

[15:30]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hefur þetta fyrirtæki, TNet, sem Landsvirkjun á $^1/_3$ hluta í, nú þegar eða er að festa kaup á nýju TETRA-kerfi til hliðar við það sem ríkið bauð út reksturinn á. Verður vandséð annað en að þarna séu tvö ríkisfyrirtæki, Landssíminn og Landsvirkjun, að fara í mjög sérkennilega samkeppni við það fyrirtæki sem fékk þetta verkefni samkvæmt útboði. Í stjórn þessa fyrirtækis eru framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

Landsvirkjunar, sem er stjórnarformaður, og framkvæmdastjóri fyrirtækisins er einnig starfsmaður Landsvirkjunar. Það er með ólíkindum að það skuli gerast að tekin séu mál til 1. umr. inn á hv. Alþingi og Landsvirkjun hafi ekki veitt ráðherra þær upplýsingar sem til þarf varðandi málið. Mér finnst þetta mjög alvarlegur hlutur og nánast að verið sé að hafa okkur að fíflum, virðulegi forseti, með því að fara fram á að við greiðum atkvæði og fjöllum um mál sem er í raun þegar afgreitt.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég legg áherslu á að þetta mál hefur ekki komið til atkvæða á hv. Alþingi, það hefur einungis farið fram atkvæðagreiðsla um að málið fari til nefndar og verði skoðað í nefnd og ég efast ekki um að hv. iðnn. mun fara gaumgæfilega í gegnum málið. Séu einhverjar dylgjur uppi um að það sé eitthvað allt annað sem liggi fyrir en það sem fram kemur í frv., þá hafa hv. þm. alla möguleika á að fara í gegnum það í nefnd. En út af því sem kom fram hjá hv. þm. í sambandi við samkeppni, þá höfum við almennt ekki verið á móti því að það geti ríkt samkeppni í landinu. En hvað varðar TETRA-kerfið geri ég mér fulla grein fyrir því að það er takmörkuð samkeppni innan þess fjarskiptakerfis.

[15:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að það eru takmarkaðir möguleikar til samkeppni innan TETRA-kerfisins. Hins vegar kom skýrt fram við umræðu um þetta frv. að ástæðan fyrir því að það þyrfti að heimila Landsvirkjun sérstaklega að taka þátt í fjarskiptafyrirtækjum væri m.a. sú að Landsvirkjun býr við sérstakt skattaumhverfi og getur þess vegna keypt búnað á allt öðrum kjörum en önnur fyrirtæki sem eru að keppa á sama markaði í fjarskiptum. Ef það er rétt að Landsvirkjun eða þetta fyrirtæki, TNet, hafi þegar fest kaup á nýju TETRA-kerfi til hliðar við það sem Irja, þetta litla fyrirtæki, bauð í og fékk, og hafi keypt þetta nýja TETRA-kerfi á sérstökum kjörum þá er það alvarlegur hlutur, og þegar hafi verið gerðir samningar um notkun þessa TNets á línum Landsvirkjunar og þjónustusamningur Landsvirkjunar við TNet um að reka fyrir þá fjarskipti. Þetta eru upplýsingar sem hefðu eðlilega átt að koma fram við 1. umr. um málið.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 509.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Flugmálaáætlun 2000–2003, frh. fyrri umr.

Stjtill., 299. mál. — Þskj. 516.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 250. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 289. mál (stimpilgjald). — Þskj. 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 322. mál. — Þskj. 572.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Varanlegar samgöngubætur á Vestfjörðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK, 238. mál. — Þskj. 290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Siglingalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 253. mál (sjópróf). — Þskj. 312.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Sjónvarpssendingar á öll heimili á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjálmJ o.fl., 242. mál. — Þskj. 295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra, ein umr.

Skýrsla forsrh., 275. mál. — Þskj. 376.

[15:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir skýrslu sem ég hef lagt fyrir hið háa Alþingi um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu en óskað var eftir að skýrslan yrði tekin til umræðu.

Aðdraganda að gerð skýrslunnar má rekja til þáltill. er hv. 5. þm. Reykv. flutti ásamt fleirum haustið 1997 og nefndi Um bætt siðferði í opinberum rekstri. Í ályktunartillögunni og greinargerð er henni fylgdi var m.a. látið að því liggja að ákvarðanir stjórnvalda væru byggðar á geðþótta, lítið eftirlit væri með störfum þeirra og engin viðurlög ef út af brygði. Enda þótt mér þætti ekki ástæða til að taka undir allt er þar kom fram, og reyndar fjarri því að gera það, þá snertu staðhæfingar af þessu tagi ákveðin grundvallaratriði í stjórnarfari landsins. Iðulega eru þær settar fram í tengslum við einstök mál sem upp koma og eru ofarlega á baugi á líðandi stund og eru yfirleitt svo nátengdar atvikum þeirra að ekki verður um þær fjallað í breiðara samhengi. Þess vegna gaf þetta frumkvæði hv. þm. ákveðið tilefni til að kannað yrði hvernig starfsskilyrði stjórnvalda eru almennt mótuð um þessi atriði og tekið saman yfirlit um af hvaða reglum stjórnvöld eru í raun bundin við töku ákvarðana sinna, hvernig eftirliti með starfsemi þeirra er háttað og hvaða afleiðingar réttarbrot í stjórnsýslunni geta haft í för með sér. Af þeim sökum beitti ég mér fyrir því að áðurnefnd tillaga yrði samþykkt svo breytt að úr yrði almenn úttekt á þessum atriðum og án tengsla við einstök mál sem upp hafa komið. Þannig eru dregnar fram þær forsendur sem nauðsynlegt er að liggi fyrir til að skynsamleg umræða geti farið fram um þessa þætti í starfsemi og stjórnkerfi hins opinbera og ákvarðanir um þróun þess teknar á grundvelli málefnalegra sjónarmiða. Í þessu sambandi hlýt ég reyndar að vekja athygli á að starfsskilyrði stjórnvalda hafa síðastliðinn hálfan annan áratug tekið stórstígari framförum á tiltölulega fáum árum en dæmi eru um í annan tíma. Nægir þar að vísa til stofnunar embættis umboðsmanns Alþingis og setningar stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

Áðurnefnd tillaga var samþykkt svo breytt hinn 2. júní 1998 sem ályktun Alþingis um könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda, eftirliti með starfsemi þeirra og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Samkvæmt henni var ríkisstjórninni falið að skipa nefnd til að kanna réttarástand á þessum sviðum stjórnsýslunnar og semja um það skýrslu. Í því skyni skipaði ég þá um haustið nefnd undir forustu Páls Hreinssonar, dósents í lögum við lagadeild Háskóla Íslands, og með honum Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmann og Ragnar Arnalds, þáv. alþm. og 1. varaforseta Alþingis. Vil ég færa nefndarmönnum og formanni hennar sérstaklega þakkir fyrir mikla og góða vinnu við skýrsluna.

Samkvæmt ályktun Alþingis bar að leggja skýrslu nefndarinnar fyrir Alþingi áður en fundum þess yrði frestað vorið 1999. Verkefni nefndarinnar reyndist vera viðameira en svo að tækist að gera því viðunandi skil innan þeirra tímamarka. Af þeim sökum veitti ég nefndinni leyfi til að miða störf sín við að unnt yrði að leggja skýrslu hennar fyrir haustþing sama ár og gekk það eftir.

Efnistök og uppbygging skýrslunnar eru mótuð eftir þeirri verklýsingu er Alþingi setti nefndinni fyrir í ályktun sinni. Með skírskotun til þess er í inngangi að skýrslunni bent á að ályktun Alþingis hljóti að teljast nokkuð óvenjuleg og það verkefni sem hún fól nefndinni verið ólíkt öðrum úttektum sem þingið leitar stundum eftir. Samkvæmt ályktuninni hafði nefndinni verið falið að kanna gildandi réttarástand á tilteknum sviðum stjórnsýslunnar og semja um það skýrslu. Í ályktuninni hafi þannig falist beiðni um almenna úttekt á ákveðnum atriðum í stjórnarfari landsins og ábendingar um úrbætur eftir því sem tilefni væri til. Í samræmi við það hafi umfjöllun nefndarinnar verið almenns eðlis og takmarkast raunar við grundvallaratriði þeirra þátta sem nefndinni var falið að kanna, enda umfjöllunarefnið bæði flókið og mikið að vöxtum.

Nefndin lauk umfjöllun um hvern þátt könnunar sinnar með ábendingum um annmarka sem hún rakst á í yfirferð sinni og leiðir sem færar kunna að vera til úrbóta. Þessar ábendingar eru af ýmsum toga og snerta bæði starfshæfi stjórnvalda og þá umgerð sem starfsskilyrðum þeirra er búin af hálfu Alþingis. Rétt er að vekja athygli á að ábendingarnar eru einnig dregnar saman í lokakafla skýrslunnar. Engin þessara ábendinga ræður þó til lykta þeim álitaefnum sem bent er á. Eins og annað efni skýrslunnar skapa þær hins vegar grundvöllinn að málefnalegri umræðu um starfsskilyrði stjórnvalda og leggja okkur til þær forsendur sem ákvörðunartaka um úrbætur getur byggst á.

Ég vil þessu næst, herra forseti, fara nokkrum orðum um efnistök skýrslunnar og einstakar ábendingar eftir því sem tök eru á.

2. kafli skýrslunnar ber yfirskriftina Almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins. Þar er því lýst hvernig starfsskilyrði stjórnvalda eru mótuð af löggjafanum og þeirri grundvallarreglu stjórnskipunarréttar að stjórnsýslan sé bundin af lögum. Verkahringur stjórnvalda er í megindráttum mótaður af gildandi löggjöf á hverjum tíma. Löggjöfin er hins vegar misjafnlega nákvæm um hvernig stjórnvöldum beri að standa að útfærslu þeirra heimilda sem þeim er að lögum falið að beita. Viðtekið er að slíkar lagareglur megi eftir eðli sínu skipta í tvo flokka, þ.e. fastmótaðar reglur annars vegar og matskenndar heimildir hins vegar. Ágreiningur hefur einkum risið um meðferð matskenndu heimildanna, þ.e. þegar lög eða stjórnvaldsfyrirmæli sett samkvæmt þeim tiltaka ekki að öllu leyti þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo að ákvörðun verði tekin eða fela stjórnvöldum að einhverju leyti mat á því hvert efni ákvörðunar skuli vera. Stjórnvöldum er með öðrum orðum eftirlátið frjálst mat um framkvæmd laga eins og það var kallað í mínu lögfræðilega ungdæmi. Eins og skýrist af þessum kafla skýrslunnar eru stjórnvöld þó ekki frjálsari af þessu mati en svo að meðferð þess er bundin af tilteknum efnisreglum stjórnsýsluréttarins, bæði almennum

og sérstökum, sem stýra m.a. því hvaða sjónarmið verði talin málefnaleg og þar með lögmæt sem grundvöllur að ákvarðanatöku stjórnvalda. Þá er í samræmi við ályktun Alþingis leitast við að setja þær í siðferðilegt samhengi og kannað hvort efnisreglur stjórnsýsluréttarins séu almennt í samræmi við siðferðishugmyndir manna.

Ég hef ekki tök á því hér að fara nákvæmlega yfir greinargerð skýrslunnar um þessi atriði. Í megindráttum er þar farið yfir hvaða skorður valdheimildum stjórnvalda eru settar af hinni svonefndu lögmætisreglu og þeirri reglu sem af henni er leidd og felur í sér að ákvarðanir stjórnvalda skuli byggðar á málefnalegum sjónarmiðum. Lýst er hvaða sjónarmið teljist málefnaleg og kennt hvernig þau verða fundin og beitt í framkvæmd.

Eins og fram kemur í skýrslunni eru ýmis vandamál tengd beitingu matskenndra heimilda og ekki er til á þeim nein einföld lausn. Þessi vandamál eru ekki sérislensk heldur vel þekkt í öllum nágrannaríkjum okkar.

Í kafla 2.14 er hins vegar bent á ýmis úrræði til að draga úr þeim erfiðleikum sem fylgja matskenndri ákvarðanatöku og auka um leið réttaröryggi almennings. Þar er m.a. bent á að á ýmis hollráð sem frumvarpssmiðum og löggjafanum er rétt að hafa hugföst þegar lagasetning er undirbúin og eins þegar hún er til meðferðar á Alþingi. Vakin er athygli á að hinum ört vaxandi tilflutningi verkefna til sveitarfélaga þurfi að fylgja betur eftir bæði við undirbúning lagasetningar í því skyni og af hálfu stjórnvalda. Sérstaklega er bent á að sveitarstjórnum hafi ekki gengið sem skyldi að setja og birta eigin reglur í þeim tilvikum sem lög mæla svo fyrir. Í því sambandi er fullrar athygli verð sú tillaga sem fram kemur um að tímabært sé að endurskoða lög um birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla með það fyrir augum að gera sveitarstjórnum kleift að birta slíkar reglur á sérstökum miðlægum gagnagrunni sem væri aðgengilegur öllum að kostnaðarlausu. Þessi hugmynd er út af fyrir sig í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um málefni upplýsingasamfélagsins og það verkefni sem unnið er að á vegum dóms- og kirkjumrn. að koma upp sérstöku vefsetri eða heimasíðu þar sem hægt verði að nálgast á einum stað allar skriflegar réttarheimildir, hvort sem um er að ræða lagasafn, reglugerðasafn, dómasafn, fjölþjóðlega samninga sem stjórnvöld eiga aðild að og fleira þessu tengt.

Öll miðlun upplýsinga á netinu telst enn sem komið er til nokkurs konar aukaþjónustu af hálfu hins opinbera og engin sett ákvæði gera ráð fyrir að miðlun upplýsinga með rafrænum hætti teljist nægileg birting eða fullnaðarbirting. Á hinn bóginn er hagræði af rafrænni miðlun upplýsinga sem þessara augljóst og ekki vafi á því að með tímanum ætti rafræn birting þeirra að geta komið í stað miðlunar með öðrum hætti.

Með tilliti til hins greiða aðgangs sem Íslendingar virðast almennt hafa að interneti ætti sá möguleiki jafnvel að vera tiltölulega nærri okkur í tíma. Þessi ábending nefndarinnar færir okkur heim sanninn um það og sýnist skynsamlegt að reyna þetta í tilraunaskyni á afmörkuðum sviðum stjórnsýslunnar. Jafnframt virðist netbinding aðlaðandi kostur með tilliti til þeirra reglugerða og tilskipana Evrópusambandsins sem verða hluti af EES-samningnum og okkur eru nú birtar í sérstökum EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB. Þessi viðbætir er gefinn út í Brussel og hefur ekki reynst sérstaklega aðgengilegur almenningi á Íslandi.

Af þeirri ástæðu og fleirum hefur umboðsmaður Alþingis beint því til stjórnvalda að taka birtingu og miðlun EES-gerða til endurskoðunar. Við þá endurskoðun hlýtur rafræn birting að koma sterklega til greina.

Þá er í skýrslunni bent á að umboðsmaður Alþingis gerir á hverju ári athugasemd við svokallaða meinbugi á lögum í mun fleiri tilvikum en þekkist annars staðar á Norðurlöndum. Ástæður þessa eru m.a. raktar til þess að lagafrv. eru hér ekki yfirfarin með samræmdum og skipulegum hætti með tilliti til ýmissa lagatæknilegra atriða og hvort valdheimildir þeirra samræmist ákvæðum stjórnarskrár. Undir þetta get ég tekið og hef fyrir mitt leyti fullan hug á að bæta þar um betur. Í framkvæmd þarf slík skoðun hins vegar að vera skilvirk og helst ekki lengja mikið þann tíma sem meðganga stjfrv. tekur nú þegar.

Kostnaðaráhrif allra stjórnarfrv. eru til að mynda metin í fjmrn. áður en þau eru lögð fram og eftir að hert var á stjórnarskrárbundnum kröfum til skattlagningar og gjaldtökuheimilda sæta slík ákvæði sérstakri skoðun á vegum samráðuneytis. Í nýlegum lögum um eftirlitsreglur hins opinbera er enn fremur gert ráð fyrir að stjfrv. er hafa slíkar reglur að geyma sæti sérstakri úttekt og mati áður en þau eru lögð fram.

Þá hefur af hálfu þingsins á liðnum árum verið boðið upp á málfarsyfirlestur á öllum frv. Ég dreg ekki dul á mikilvægi þess og nauðsyn að leitast verði skipulega við að draga úr lagatæknilögum göllum á þeirri löggjöf sem hér er samþykkt en nefni þessi atriði hér til að ljóst megi vera að undirbúningur stjfrv. sætir nú þegar samræmdri skoðun af ýmsu tagi og e.t.v. er ekki alveg einfalt að koma enn einu skoðunarstigi við. Það kann með öðrum orðum að krefjast endurskoðunar á þeim áherslum sem við höfum lagt til við undirbúning stjfrv. hingað til og samstillts átaks innan Stjórnarráðsins sem heild.

Í lok þessa kafla er svo vikið að siðareglum fyrir opinbera starfsmenn sem löngum hefur verið vinsælt umræðuefni í þessum sal þar sem staddir eru fleiri sjálfskipaðir siðferðisverðir á fermetra en á nokkrum öðrum stað á landinu og sjálfsagt í víðri veröld. Þar er athyglisverð sú niðurstaða að slíkar reglur koma ekki nema að takmörkuðu gagni nema þær séu sérstaklega sniðnar að aðstæðum starfsmanna á hverju sviði stjórnsýslunnar um sig. Almennar siðareglur fyrir alla opinbera starfsmenn eru með öðrum orðum líklegar til að vera of almennar til að nokkurt hald sé í þeim.

Þá er einnig bent á að siðareglur leysi ekki allan vanda þar sem stöðugt koma upp ný siðferðileg álitaefni. Þess vegna kunni oft að vera vænlegra til árangurs að auka færni ríkisstarfsmanna til að fást við vandamál af siðferðilegum toga með menntun og þjálfun í að takast á við slík mál en setja þeim reglur á þessu sviði. Þessi ábending getur að því leyti farið saman við ábendingar nefndarinnar um endurmenntun opinberra starfsmanna og að fé sem varið er til slíkra hluta sé e.t.v. ekki ráðstafað með nægilega markvissum hætti.

Herra forseti. Í 3. kafla er megindráttum í uppbyggingu stjórnkerfisins lýst og á hvern hátt eftirlit með starfsemi stjórnvalda er innbyggt í þessa uppbyggingu, einkum með stigskiptu kerfi milli æðri og lægra settra stjórnvalda. Jafnframt er vikið að eftirliti utanaðkomandi aðila með stjórnsýslunni, bæði dómstóla og stofnana sem Alþingi hefur sérstaklega komið á fót í því skyni.

Að mínu viti er það athyglisverðast við þennan kafla skýrslunnar að hann sýnir okkur fram á hvernig þingræði og lýðræðislegt stjórnskipulag og stjórnarhættir eru beinlínis undir því komnir að stjórnkerfið sé byggt upp á þann hátt að

ráðherrar fari með yfirstjórn stjórnsýslunnar hver á sínu sviði. Ríkisstjórnin starfar í skjóli hins þjóðkjörna þings, þiggur í raun umboð sitt frá því, og ber á grundvelli þingræðisvenjunnar og 14. gr. stjórnarskrárinnar ábyrgð á verkum sínum gagnvart þinginu. Slíka ábyrgð geta ekki aðrir borið. Engu að síður hefur það tíðkast að fella tiltekin verkefni eða verksvið innan stjórnsýslunnar að hluta eða í heild undan yfirstjórn ráðherra og fela þau í hendur sjálfstæðra stjórnvalda, ýmist stofnana með þingkjörnar stjórnir eða sjálfstæðra nefnda.

Í sjálfstæði þeirra felst að þær eru undanskildar eftirlits- og boðvaldi ráðherra nema lög heimili annað sérstaklega. Þegar svo ber undir er því skorið á þau tengsl sem er forsenda þess að ráðherra geti borið þá ábyrgð á stjórnsýslu slíkra stjórnvalda sem einungis er á hans valdi að bera gagnvart þinginu. Sjálfstæðar stofnanir eða nefndir eru því ekki aðeins undanskildar stjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherra. Þær eru jafnframt undanskildar því aðhaldi sem ríkisstjórnin hefur af þinginu á grundvelli þingræðisvenjunnar. Ekkert sambærilegt samband er á milli þingsins og hinna sjálfstæðu stjórnvalda. Þingið getur ekki krafið þau um að standa því skil gerða sinna, veitt þeim sama aðhald og ráðherrum eða komið þeim frá.

Hér á hinu háa Alþingi heyrist stundum kvartað yfir því að þingið megi sín lítils í samskiptum við stjórnvöld og sé iðulega ofurliði borið af þeim styrk sem liggur í fjölmennu starfsliði embættismanna og sérfræðinga framkvæmdarvaldsins. Sá munur er þó á að ríkisstjórnin ber ábyrgð á stjórnsýslu þeirra starfsmanna sem fram koma í hennar nafni eða starfa undir hennar stjórn en hún getur enga ábyrgð borið á stjórnsýslu þeirra sem ekki lúta boðvaldi hennar. Sé yfirstjórn stjórnsýslu frá ráðherra tekin sýnist manni þingræðið og það lýðræðislega aðhald sem í því er fólgið fara fyrir lítið.

Því miður er það svo að reynslan sýnir að ráðherrum þykir þægilegt að koma hluta af valdi sínu til sjálfstæðra nefnda og úrskurðaraðila til að firra þá óþægilegum verkum og ábyrgð. Þingið ætti að gæta þess að ráðherra komi sér ekki undan því að axla til fulls ábyrgð með því að fella slíkar sjálfstæðar stjórnir eða ráð inn í þau frv. sem þeir flytja.

Í skýrslunni er bent á að gild rök geti staðið til þess að ljá ákveðnum stofnunum og nefndum sjálfstæði og undanþiggja þær þannig yfirstjórn þess ráðherra sem málefni þessara stjórnvalda mundu stjórnarfarslega heyra undir. Ég get tekið undir að það kunni í einhverjum mæli að vera réttlætanlegt og jafnvel æskilegt. Það er hins vegar mikilvægt að menn geri sér þá grein fyrir að slíkar stofnanir lúta ekki þeim lögmálum sem lýðræðisleg stjórnskipun okkar gerir almennt ráð fyrir. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að slíkum stofnunum sé ekki komið á fót án ígrundaðs mats á því hvort kostirnir eða ávinningurinn af því að koma þeim á fót yfirgnæfi áreiðanlega þann alvarlega galla sem slík frávik fela í sér.

Skýrsluhöfundar benda réttilega á það í skýrslu sinni að sjálfstæðum stjórnsýslunefndum hefur síðustu árin fjölgað mikið án þess að séð verði að nein heildarstefnumörkun búi þar að baki og hvetja til að mótuð verði framtíðarstefna um þróun stjórnsýslukerfisins með tilliti til þessara og fleiri atriða er lúta m.a. að lögunum um Stjórnarráðið sjálft. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var því m.a. lýst yfir að lögin um Stjórnarráð Íslands verði tekin til endurskoðunar á yfirstandandi kjörtímabili. Ég tel einboðið að slík stefnumótun verði hluti af þeirri endurskoðun, enda að mörgu leyti um samofin atriði að ræða.

Undir þessum kafla er jafnframt gerð nánari grein fyrir eftirlitshlutverki Alþingis og sér í lagi fjallað um inntak stjórnarskrárvarins fyrirspurnaréttar þingsins. Það er einmitt inntak þessa réttar sem verður okkur stundum að deiluefni hér á hinu háa Alþingi og greinir menn á um ýmislegt í þeim efnum, þar á meðal hversu ítarlegar upplýsingar er hægt að veita á þeim tiltölulega stutta tíma sem ráðherra er ætlað til að undirbúa svör sín. Alvarlegra er hins vegar þegar ágreiningur rís um hversu langt verði gengið í að knýja fram upplýsingar sem ljóst þykir að háðar væru þagnarskyldu að öðru leyti og almenningur mundi til að mynda ekki eiga aðgang að á grundvelli upplýsingalaga. Í skýrslunni er bent á að æskilegt væri að þessi mörk yrðu dregin í þingskapalögum þannig að ekki þyrfti að valda deilum hvaða upplýsingar ráðherra væri heimilt að undanþiggja í svörum sínum. Undir þá ábendingu get ég heils hugar tekið og tel reyndar að ekki megi draga öllu lengur að draga einhverjar slíkar línur, sér í lagi þegar til þess er litið að upplýsingaskylda stjórnvalda er meira og minna orðin reglum bundin að öllu öðru leyti en gagnvart þinginu.

Í 4. kafla er loks fjallað um afleiðingar réttarbrota í stjórnsýslunni, gerð grein fyrir hvaða viðurlög eru við þeim og hverjir geta sætt ábyrgð, bæði bótaábyrgð og refsiábyrgð. Jafnframt er sérstaklega fjallað um ábyrgð ráðherra í þessu tilliti. Ég hef aðeins fá orð um þennan kafla, herra forseti. Í honum er bent á ýmsar ástæður þess að tímabært sé orðið að taka XIV. kafla almennra hegningarlaga, um brot í opinberu starfi, til endurskoðunar, en hann hefur verið nær óbreyttur frá gildistöku þeirra laga fyrir hartnær 60 árum.

Á vegum dóms- og kirkjumrn. er starfrækt svonefnd refsiréttarnefnd og sýnist næsta sjálfgefið að vísa þessari ábendingu þangað. Í þessu tilliti er vert að hafa í huga að það er ekki aðeins í þágu hins opinbera að reglur séu skýrar um refsiábyrgð starfsmanna þess heldur einnig í þágu réttaröryggis starfsmannanna sjálfra. Til að forða misskilningi er þá e.t.v. rétt að taka það fram hér að ekki er vísað til þess að breyta þurfi inntaki refsiábyrgðar þeirra heldur miklu fremur að reglurnar þurfi að skýra í takt við aðrar breytingar sem orðið hafa í þjóðfélaginu, þar á meðal um starfsumhverfi opinberra starfsmanna sem og í takt við auknar kröfur til forms og efnis refsiheimilda. Hið sama á út af fyrir sig við um verknaðarlýsingar refsiábyrgða í ráðherraábyrgðarlögum.

Herra forseti. Ég hef þá lokið greinargerð minni um þessa skýrslu og hef ég þó aðeins drepið á fátt eitt sem þar kemur fram. Ég hygg að starfsskilyrði stjórnvalda hafi ekki í annan tíma verið tekin út með sams konar hætti og umfjöllunarefni skýrslunnar á sér í raun enga hliðstæðu meðal íslenskra lagabókmennta. Skýrslan er afar vönduð að allri gerð og er í sjálfu sér fullburða kennslurit í almenna hluta stjórnsýsluréttarins. Þess vegna tók ég þá ákvörðun að gefa skýrsluna jafnframt út á bók sem kemur einmitt út um þessar mundir og hefur þegar verið útbýtt meðal þingmanna. Viðskilnaður nefndarinnar sem fyrir henni er skrifuð er því einkar lofsverður. Þar hygg ég reyndar að formaður nefndarinnar eigi stærstan hlut að máli og er ekki á neinn hallað þó ég úr þessum stóli noti þetta tækifæri til að færa honum á ný sérstakar þakkir fyrir vel unnin verk en öðrum sem að verkinu komu færi ég að sjálfsögðu einnig miklar þakkir.

Ég vil í lokin, herra forseti, enn leggja á það áherslu að með skýrslu þessari er dreginn saman sá lögfræðilegi grundvöllur sem nauðsynlegt er að fyrir liggi til að fram geti farið upplýst og málefnaleg umræða um starfsskilyrði stjórn-

valda og ábyrgð þeirra gagnvart Alþingi og þá einnig ábyrgð þingsins gagnvart stjórnvöldum með tilliti til þess hvernig það mótar verkefni þeirra og starfsskilyrði á hverjum tíma. Í skýrslunni er hins vegar ekki tekin nein afstaða til þeirra ábendinga sem þar eru settar fram. Þar er aðeins kortlagður sá garður sem yrkja þarf betur. Það er aftur á móti eins og vera ber verkefni okkar sem í þessum sal eiga sæti að yrkja garðinn og nýta til þess þær ábendingar sem fram koma í skýrslunni. Það mun, eins og ég hef sagt hér, verða gert af hálfu ríkisstjórnarinnar og einstakir þingmenn fá hér einnig gott efni til að moða úr.

[16:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir framlagningu á þessari skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslunni. Fyrir margra hluta sakir er hér á ferðinni gagnleg skýrsla um íslenska stjórnsýslu þar sem farið er yfir gildandi réttarástand á tilteknum sviðum stjórnsýslunnar og koma þar glögglega fram ýmsir veikleikar og brotalamir sem nauðsynlegt er að taka á. En skýrslan hefur einnig að geyma tillögur um ýmsar úrbætur til að treysta réttaröryggi borgaranna og til að gera stjórnsýsluna skilvirkari og réttlátari. Mér sýnist þó að hér sé fyrst og fremst um að ræða kortlagningu á ýmsum mikilvægum þáttum stjórnsýslunnar sem þarfnast úrbóta og leggja þurfi nokkra vinnu enn í að útfæra og undirbúa lagasetningu. Ég vil því í upphafi máls míns beina orðum mínum til hæstv. forseta með þeirri ósk að umræðunni ljúki ekki, heldur verði málinu, á grundvelli 2. mgr. 48. gr. þingskapalaga, vísað til hv. allshn. til skoðunar og allshn. skili síðan niðurstöðu sinni og áliti aftur til þingsins.

Tilurð þessarar skýrslu, eins og forsrh. lýsti, má rekja til þáltill. sem ég flutti ásamt nokkrum öðrum þingmönnum á Alþingi 1997 um bætt siðferði í opinberum rekstri. Sú tillaga hafði það að markmiði að bæta siðferði í opinberum rekstri og skýra betur siðferðisreglur sem gilda eiga í stjórnsýslunni og auka þar ábyrgð, m.a. með því að skýrt væri hvar ábyrgð lægi hjá stofnunum í stjórnsýslunni sem vægast sagt hefur verið mjög óljóst á ýmsum sviðum eins og dæmin sanna. Fyrir hefur komið að óljóst er hvar eftirlits- og ábyrgðarhlutverk ráðuneytanna liggur gagnvart undirstofnunum þeirra og kom það ljóslega fram í Landsbankamálinu á sínum tíma.

Í þáltill. frá 1997 átti líka að kanna þær skráðu og óskráðu reglur sem í reynd ríkja um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu og hvernig koma mætti í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá hinu opinbera. Þáltill. var samþykkt í júní 1998 með þó nokkrum breytingum þó markmiðin væru þau sömu. Meginefni þál. var að gerð yrði könnun á starfsskilyrðum stjórnvalda og viðurlögum við réttarbrotum í stjórnsýslunni, ásamt því að kanna hvaða óskráðu efnisreglum stjórnvöldum ber að fylgja þegar skýrum og fastmótuðum settum reglum sleppir og stjórnvöldum er eftirlátið svokallað frjálst mat við töku stjórnvaldsákvarðana. Auk þessa átti að kanna uppbyggingu stjórnkerfisins, að hve miklu leyti eftirlit væri innbyggt í það sjálft og að hve miklu leyti það væri utanaðkomandi.

Mikilvægt er að stjórnsýslan sé opin og skilvirk. Nauðsynlegt er að stefnumótun þar sé skýr og aðgerðir opinberra aðila séu gerðar fyrir opnum tjöldum þannig að fjölmiðlar og almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum eins og um alla notkun almannafjár. Sama gildir um Alþingi sem líka þarf að hafa greiðan aðgang að framkvæmdarvaldinu. Þingmönnum þarf að búa aðstöðu og skilyrði til að efla allt eftirlitshlutverk með því en á það skortir nokkuð að mínu mati. Ég held t.d. að Alþingi hefði þurft að taka til gagnrýnnar umfjöllunar í nefnd skýrslu sem forsrh. lagði fram um aðgang að upplýsingum hlutafélaga í eigu ríkisins á árinu 1997–1998, en þar koma fram verulegar takmarkanir á upplýsingum til þingmanna. Mér finnst að segja megi að í þessari skýrslu komi að nokkrum hluta fram hið gagnstæða. Það gráa svæði sem er á milli ríkiskerfisins og einkakerfisins, einkafyrirtækja og hálfopinberra fyrirtækja þarf sérstakrar skoðunar við, bæði varðandi upplýsingaskyldu til löggjafarvaldsins og eins varðandi hvar ábyrgðin og eftirlitið liggur í þeim efnum.

Í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu er á ýmsu tekið til að styrkja stjórnsýslu og réttaröryggi borgaranna. Vissulega er þessi skýrsla nokkuð tyrfin yfirlestrar og minnir á stundum á kennslubók í lögfræði en engu að síður þá er hér að finna ýmsar gagnmerkar tillögur til að bæta stjórnsýslukerfið og auka réttaröryggi borgaranna sem og að bæta eftirlit með starfsemi stjórnvalda, ekki síst þegar um er að ræða að framkvæmdarvaldið tekur ákvarðanir sem byggjast á matskenndum lagaheimildum og stjórnvaldsfyrirmælum. Full ástæða er því til að fylgja því eftir að þessum tillögum verði hrint í framkvæmt.

Ég vil nefna þær sem ég tel markverðastar. Ég tel að allshn. ætti að skoða þær sérstaklega en ég geng út frá að þingið fallist á að rétt sé að nefndin skoði þessa skýrslu og segi álit sitt á henni, eins og ég lagði til í upphafi máls míns.

Ég vil fyrst minnast á það sem fram kemur í skýrslunni um lög um ráðherraábyrgð og rétt þingmanna til upplýsinga. Í skýrslunni er lagt til að skoðað verði hvort ekki sé rétt að endurskoðuð verði lög um ráðherraábyrgð sem sögð eru nokkuð óskýr og matskennd og vafi leiki á að teljist nægjanlega skýr samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru í dag til refsiákvæða. Ég vil taka undir það að full ástæða sé til að skoða lög um ráðherraábyrgð. Ég hef reyndar lagt það til tvíeða þrívegis á þingi að lög um ráðherraábyrgð verði skoðuð og í þau t.d. tekið upp, það sem er í dönsku lögunum um ráðherraábyrgð, að talið verði refsivert samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð ef ráðherra gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar við meðferð máls á Alþingi eða leyni upplýsingum sem hafa verulega þýðingu. Ég held að brýnt sé að skoða þetta sérstaklega. Ég legg þann skilning í skýrsluna að lagt sé til að þingmönnum verði tryggður meiri, skýrari og víðtækari réttur til upplýsinga frá framkvæmdarvaldinu með breytingum á þingskapalögum. Þar vísar nefndin til deilna sem upp hafa komið um hvort og þá að hvaða marki ráðherra er heimilt að undanþiggja í svörum sínum upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um.

Ég tel það athyglisvert sem fram kemur í skýrslunni en þar segir:

„Leggja verður til grundvallar að fyrrnefndur réttur alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni ráðist ekki af upplýsingalögum heldur byggist hann á sjálfstæðri heimild sem er að finna í 54. gr. stjórnarskrárinnar."

Mælir nefndin með að tekin verði upp í þingskapalög ákvæði til að fyrirbyggja deilur við framkvæmd fyrirspurnarréttar þingmanna og um heimild þingnefndar til þess að taka við upplýsingum um mál sem þagnarskylda ríkir um. Þetta tel ég mikilvægt innlegg í þá umræðu að auka möguleika þingmanna til að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og sinna sínu hlutverki. Ég vænti þess fastlega að allshn., sem hugsanlega fær þetta mál til umfjöllunar, skoði þetta

mál sérstaklega. Ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur undir það að þetta ákvæði verði sérstaklega skoðað í tengslum við endurskoðun á þingskapalögum. Ég held að hér sé mjög mikilvægt mál á ferðinni.

Hæstv. forsrh. tekur líka undir það þegar talað er um meinbugi á íslenskri löggjöf. Þar er talað um að koma á fót lagaskrifstofu við Stjórnarráðs Íslands vegna þess að miklu fleiri hnökrar eða meinbugir séu á íslenskri löggjöf en löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Þar eru starfræktar sérstakar lagaskrifstofur sem kanna hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar séu á stjfrv. auk þess sem kannað er hvort þau eru samrýmanleg ákvæðum stjórnarskrár. Það er ekki heldur starfandi lagaráð hjá Alþingi sem hefur þetta hlutverk með höndum og tel ég reyndar frekar, ef um það stæði val hvort lagaskrifstofa ætti að vera við Stjórnarráðið eða sérstakt lagaráð hjá Alþingi, rétt að sú athugun sé í höndum þingsins, ekki síst þegar um er að ræða að leggja mat á hvort stjfrv. séu samrýmanleg ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Það er vissulega umhugsunarvert að miklu fleiri hnökrar skuli vera á íslenskri löggjöf en annars staðar á Norðurlöndum. Í skýrslunni kemur fram að umboðsmaður Alþingis hafi séð tilefni til að vekja athygli Alþingis á meinbugi í lögum í 45 af fyrstu 2.000 málunum sem hann fékk til afgreiðslu. Til samanburðar er nefnt að þetta eru fleiri mál en umboðsmaður danska þingsins hafi fengist við, sem snerti meinbugi í lögum, allt frá því það embætti var stofnað árið 1954. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji þá ekki eðlilegra, ef farið væri út í að koma á fót slíkri skoðun á lögum, að það væri í höndum Alþingis eða lagaráðs þingsins.

Varðandi framtíðarstefnu í þróun stjórnsýslunnar þá tel ég þar ýmislegt athyglisvert koma fram. Ég tek undir það eins og hæstv. forsrh. að móta þurfi framtíðarstefnu um þróun stjórnsýslukerfisins þar sem tekin verði afstaða til þess í hvaða tilvikum réttlætanlegt er að gera undantekningar frá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar, setja á fót sjálfstæða stofnun eða stjórnsýslunefnd. Ég tel að ýmar stofnanir, þrátt fyrir þessa annmarka, eigi að vera sjálfstæðar. Ég nefni þar sérstaklega Seðlabankann sem á að vera sjálfstæð stofnun og ekki háð boðvaldi ráðherra, sama á að gilda um Fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun svo dæmi séu nefnd. Vissulega er það umhugsunarvert sem fram kemur í þessari skýrslu að sjálfstæði opinberra stofnana eða stjórnsýslunefndar feli í sér það að enginn beri ábyrgð gagnvart Alþingi. Það er vissulega ástæða til að hafa það í huga þegar við ræðum um sjálfstæði stofnana.

Ég vil spyrja ráðherrann um það sem fram kemur hér í skýrslunni þar sem kallað er eftir því að undirbúin verði heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkisins og sveitarfélaga — ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé að hlusta á það sem ég hef hér fram að færa þó hann sé ekki í salnum. Verið er að leggja til að undirbúin verði heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga en 40 ár eru liðin síðan Alþingi samþykkti ályktun þar að lútandi án þess að frv. hafi verið lagt fram um það efni. Það er auðvitað mjög athyglisvert. Hér er á ferðinni afar mikilvægt mál en skaðabótalöggjöfin sem við búum við nær aðallega til einkageirans og aðeins að hluta til opinbera geirans. Ríkið fer með opinbert vald en þegar einstaklingar og fyrirtæki telja að hið opinbera eða embættismenn þess hafi á sér brotið og telja sig hafa orðið fyrir tjóni þá hefur vantað lög þar að lútandi. Fólk hefur þurft að leita réttar síns fyrir dómstólum, t.d. vegna fébóta, ábyrgðar á hendur ríki og sveitarfélögum. Ég tel því að þegar þurfi að setja lög um bótaábyrgð hins opinbera í slíkum tilvikum og spyr hæstv. forsrh. um álit hans í því máli.

Varðandi brot í opinberu starfi þá kemur fram að endurskoðun hafi ekki farið fram á ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Ekki hafi verið gerðar breytingar á meginefni refsiákvæðanna frá gildistöku laganna fyrir tæpum 60 árum síðan og get ég verið sammála hæstv. ráðherra um að vísa þessum kafla til refsiréttarnefndar til skoðunar. Spurningin virðist standa um hver sé opinber starfsmaður í skilningi hegningarlaga, óljóst virðist hverjir falla undir þau lög og skilgreina þarf betur hvað er refsivert í því sambandi.

Ég vil nefna að hér er einnig rætt um siðareglur og stjórnsýsluskóla sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni. Ég lít svo á að þegar lagt er til að opinberum starfsmönnum verði settar siðareglur, eins og kemur fram í þessari skýrslu, þá sé ekki verið að tala um siðareglur fagstétta heldur ákveðinna starfsgreina hjá hinu opinbera. Opinberir eftirlitsmenn eru einmitt gott dæmi um að þegar lögum og reglum sleppir þá taki við siðareglur. Þar er oft um að ræða grátt svæði og óljóst hvernig halda ætti á málum.

Síðan er lagt til að tekið verði til skoðunar að starfræktur verði sérstakur stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélaga eins og gerist víða í nágrannalöndum okkar. Nefndin telur óhjákvæmilegt að vandamál rísi þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði koma að töku ákvarðana og beitingu almennra efnisreglna stjórnsýsluréttarins, hafi þeir ekki hlotið grunnmenntun á þessu sviði.

Síðan finnst mér athyglisverður kaflinn þar sem talað er um að bregðast verði við óskýrum þagnarskylduákvæðum starfsmanna og starfsstétta sem nú má finna í yfir 80 lögum og enn fleiri reglugerðum og eru afar óljós. Skýrsluhöfundar vilja að þagnarskylduákvæði verði betur skilgreind og markvissari en nú er, að þau verði að finna á einum stað eins og í uppýsingalögum. Þar þyrfti og nákvæmlega að vera skilgreint og tíundað hvað fellur undir þagnarskyldu, heilsufarsupplýsingar, félagsleg vandamál og þess háttar.

Í tengslum við aukið réttaröryggi borgaranna kemur fram að æskilegt sé að tekið verði til sérstakrar athugunar hvort þörf sé á að setja sérákvæði í lög um meðferð einkamála til að auðvelda einstaklingum og félögum þeirra að sækja mál á hendur opinberum aðilum.

Ýmis fleiri ákvæði eru hér lögð til sem snerta réttaröryggi borgaranna. Ég sé að tíma mínum er að ljúka en geri ráð fyrir að ég geti komið aftur að áður en þessari umræðu lýkur til að fara yfir nokkur atriði sem ég hef ekki komist yfir að nefna í fyrri ræðu minni. Ég tel að þessar tillögur séu mjög gagnmerkar margar hverjar og brýnt að Alþingi taki á þeim. Ég vona að það sem ég hef hér lagt til fái undirtektir, þ.e. að hv. allshn. fjalli um málið og skili niðurstöðu sinni og tillögum til Alþingis. Þarna eru vissulega á ferðinni ýmis mál sem undirbúa þarf löggjöf um. Ég heyrði að hæstv. ráðherra tók undir sum hver þeirra í máli sínu en ég hef beint spurningum varðandi önnur atriði til hæstv. ráðherra. Ég vona að hann svari þeim áður en þessari umræðu lýkur.

[16:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður og reyndar einnig hæstv. forsrh. þakka fyrir skýrsluna sem hér er fram komin og ljúka lofsorði á þá vinnu sem þar er á ferðinni. Mér virðist skýrslan afar yfirgripsmikil úttekt á þessum

málum. Ég skal að vísu játa að ég er ekki þaullesinn í efninu og fyrirgefst það vonandi þar sem um allmikinn pappír er að ræða og ekki ýkja langt síðan hann kom hér fram. Það sem ég hef haft tíma til að lesa í skýrslunni sýnist mér afar fýsilegt.

Þessi einkafundur félmrh., herra forseti, veldur nokkru ónæði í salnum. Væri hægt að fara fram á það við hæstv. félmrh. og viðræðuaðila hans að þeir gerðu hlé á fundi sínum þangað til betur stendur á?

Hér sýnist mér á ferðinni hið merkasta gagn, herra forseti. Ég vil þó leyfa mér að gagnrýna eitt, þó að vísu væri komið inn á það í framsöguræðu forsrh. hæstv., þ.e. að ekki kemur fram í skýrslunni hverjir voru upphaflegir tillögumenn að því að þetta verk væri unnið. Ég gagnrýni það upp á síðari tíma að þeir sem hafa þessa bók undir höndum eða þingskjalið eins og því var útbýtt sjá ekki af skýrslunni hverjir höfðu frumkvæði að því á Alþingi að málið var tekið upp. Þvert á móti mætti ætla að um stjtill. eða annað þvílíkt að ræða. Mér finnst ástæða til að halda því til haga og láta menn njóta þess sem vel er gert. Frumkvæðið að því að leggja til að þessi vinna yrði unnin var haft hér af hálfu þingmanna og 1. flm. tillögunnar, ef ég veit rétt, var hv. síðasti ræðumaður, Jóhanna Sigurðardóttir. Mér finnst það miður þegar slíkt hverfur út úr pappírunum, það er hluti af sögunni og ástæða til að rekja það í inngangi máls.

Ég lít á þessa skýrslu, herra forseti, í samhengi við margt annað sem gerst hefur á sl. 10–15 árum og lýtur að því að betrumbæta margt í stjórnsýslu okkar og réttarfari sem vissulega var orðið tímabært að gera. Þar ætla ég aðeins að nefna þrjá þætti, herra forseti. Hið fyrsta er hreinni verkaskipting og formlegri aðskilnaður hinna þriggja meginþátta valdsins, þ.e. þrígreiningar valdsins. Við höfum farið í gegnum löggjöfina og fært þar ýmislegt til nútímalegra horfs eða þess horfs sem réttara er talið nú. Mér finnst það eiga erindi inn í umræður um þetta mál að þar hefur talsvert verið aðhafst. Í öðru lagi nefni ég tilkomu umboðsmanns Alþings. Það er enginn vafi á því í mínum huga að það var verulega stórt skref fram á við í þessum efnum. Það hefur stuðlað að því að bæta öryggi borgaranna, tryggja betur aðgang þeirra að réttmætri stjórnsýslu og möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, leita réttar síns og fá mál upplýst. Í þriðja nefni ég setningu stjórnsýslulaganna. Þetta tel ég, herra forseti, vera þrjá mikilvægustu áfangana í þessum efnum.

Ég hef gaman af því, herra forseti, og ekki bara gaman heldur tel ég það rétt og skylt, þegar verið er að rökstyðja stöðu löggjafarinnar og reglna í opinberri stjórnsýslu. Á bls. 33 og 34 er t.d. fjallað um almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins og síðferði, þá er farið víða í röksemdafærslu og rökstuðningi. Þar kemur m.a. við sögu neðst á bls. 33 enginn annar en Þorgeir Ljósvetningagoði þegar leitað er eftir einföldum rökum fyrir hvað lágmarksréttlæting sé fyrir laganna bókstaf, að þau þurfi að styðjast í sem allra mestum einfaldleik við það að gera gagn, vera til góðs og tryggja líf og limi manna í samfélaginu. Síðan er vitnað í þau rök sem Þorgeir Ljósvetningagoði hafði uppi hvað það varðar að menn skyldu hafa ein lög og einn rétt, en hann komst þannig að orði, með leyfi forseta:

„Svo líst mér sem málum vorum sé komið í ónýtt efni að vér skulum eigi hafa ein lög allir. En ef sundur er skipt lögunum þá mun sundur skipt friðnum og mun eigi mega við það búa."

Þarna var að sjálfsögðu verið að færa rök fyrir því að nauðsynlegt væri að í landinu giltu ein lög og til lengri tíma litið væri þegnunum öllum fyrir bestu að svo væri. Og var þó uppi býsna viðkvæmt mál sem verið var að setja niður, eins og kunnugt er, á Alþingi fyrir um þúsund árum síðan. Það er vel við hæfi á þessum tímamótum að þarna sé vitnað til þessara ummæla.

Ég hefði kannski, herra forseti, út frá leikmannsvangaveltum mínum um þessi mál talið ástæðu til að fjalla í þessu samhengi um býsna huglægt atriði sem tengist framkvæmd stjórnsýslunnar og mér finnst náskylt þessu, spurningunni um grundvallarréttlætingu þess að í landinu gildi lög og reglur og okkur sé fyrir bestu að farið sé eftir þeim. Það er spurningin um framsetningu og viðhorf af hálfu stjórnvalda í umgengni sinni við þegnana. Þar tel ég að skorti nokkuð á að hugarfarið sé í öllum tilvikum hið sama hér, herra forseti, og mér finnst ég skynja sums staðar erlendis. Ég gæti þar nefnt sem dæmi t.d. hugarfarið á bak við framkvæmd í almannatryggingalögum og velferðarréttarreglum sem við styðjumst við, þá nálgun að grundvallarmarkmið framkvæmdarvaldsins og í allri stjórnsýslunni skuli vera að sjá til þess að þegnarnir njóti réttar síns og fari ekki á mis við hann en þetta snúi ekki öfugt, að reglurnar séu til að þegnarnir geti leitað réttar síns ef þeir hafa fyrir því sjálfir. Mér er ljóst, herra forseti, að vangaveltur af þessum toga eru afar huglægar og kannski erfitt að sjá fyrir sér að einfalt sé að færa í búning leiðbeinandi reglur af þessu tagi. En mér finnst samt umhugsunarefni hvort þær eigi ekki einnig erindi inn í þessa umfjöllun, þ.e. að reyna eftir atvikum að fjalla um og vera með leiðbeinandi umfjöllun um hvers konar hugarfar eða andrúmsloft að breyttu breytanda skuli viðhaft í nálgun sinni og viðfangsefnum innan stjórnsýslunnar.

Ég get nefnt ýmsa hluti sem fróðlegt væri að fara inn á sem lúta að rétti manna til að koma sjónarmiðum sínum að eða leita réttar síns. Þetta snýr t.d. líka að því hversu dugleg stjórnvöld eru að veita upplýsingar, fræða um réttindi borgaranna og fræða um leikreglurnar eins og þær eru. Ég verð æði oft fyrir því og það gildir væntanlega um fleiri hv. alþm. að til mín leitar fólk sem virðist vera í óvissu um jafnvel grundvallarréttindi sín samkvæmt stjórnsýslulögum eða öðrum landslögum. Ég fæ t.d. iðulega fyrirspurnir um það, þrátt fyrir að stjórnsýslulögin séu að nálgast áratuginn í aldri, hvort ráðuneytum sé ekki skylt að svara bréfum. Þá segi ég: Jú að sjálfsögðu. Það eru skýr ákvæði um það í stjórnsýslulögum að stjórnvöldum ber að bregðast við erindum, ber að svara, og hafa þau til þess tiltekinn frest o.s.frv. Samt virðist fólk, aðilar sem eru í samskiptum við stjórnvöld, við ráðuneyti, í fullkominni óvissu um að þeir eigi slíkan rétt. Sama gildir um þá meginreglu að stjórnvöld skuli ef eftir því er leitað rökstyðja úrskurði sína. Menn eru alls ekki með slíka hluti á hreinu og það virðist heilmikil óvissa ríkja í landinu þrátt fyrir að stjórnsýslulög hafi lengi verið í gildi.

Sama gildir t.d. um stjórnsýslukærur, um réttinn til að kæra til æðra stjórnsýslustigs, ákvarðanir sem teknar eru á neðri stigum. Ég leyfi mér að efast um, herra forseti, að nægjanlega vel sé upplýst um þann rétt. Ég leyfi mér að segja í allri hreinskilni að ég held að talsverðu af þeim fjármunum, sem stjórnsýslan hneigist til að nota nánast í áróður, væri betur varið í hlutlægar upplýsingar um mál af þessu tagi. Við fáum frá ráðuneytum og ríkisstjórn glanspappírsbæklinga sem jafnvel eru prentaðir í þannig upplagi að þeir duga til að dreifa inn á hvert heimili í landinu, dýrar útgáfur þar sem öðrum þræði er kannski verið að upplýsa og

fræða um einhverja stefnumótun, einhver afrek í viðkomandi ráðuneytum og stundum hefur efnið þó viljað verða býsna áróðurskennt. Fyrir hinu fer minna, að fjármunum sé varið í hlutlæga og hlutlausa upplýsingamiðlun um réttindi borgaranna. Réttindi eins og möguleika á stjórnsýslukærum, til að krefjast rökstuðnings þegar niðurstöður stjórnvalda eiga í hlut, til að erindum sé einfaldlega svarað, sem kannski er algengasta umkvörtunarefnið meðal þeirra sem eiga samskipti við stjórnvöld. Því miður, svo dapurlegt sem það nú er. Enn þann dag í dag held ég að það sé algengasta umkvörtunin sem maður heyrir.

Um eftirlitshlutverk Alþingis og alþingismanna, herra forseti, er einnig fjallað í þessari skýrslu. Þar er komið inn á ýmsa mjög mikilsverða þætti sem ástæða hefði verið til að ræða ítarlega. Ég hefði gjarnan getað hugsað mér að gera það í lengra máli en ég hef tíma til að flytja hér. Farið er rækilega yfir það á bls. 65–67 hversu margþættur og sterkur réttur alþingismanna til að krefja upplýsinga er. Það er farið yfir það lið fyrir lið hvaða ákvæði þingsköpin geyma í þessum efnum, um munnlegar og skriflegar fyrirspurnir, óundirbúnar fyrirspurnir, um skýrslur, um utandagskrárumræður, rannsóknarnefndir og annað slíkt. Þar er einnig fjallað um eftirlitshlutverk umboðsmanns Alþingis. En það er annað sem enn meira máli skiptir, finnst mér, herra forseti, því það sem bundið er í lögum vitum við um og þekkjum.

Á bls. 73 er mjög athyglisverð umfjöllun um rétt alþingismanna til aðgangs að upplýsingum um opinber málefni. Þar tel ég rökstutt, þannig að ég er eftir atvikum ágætlega sáttur við það, að þessi réttur er sjálfstæður. Hann er til staðar utan þess þrönga, skilgreinda ramma sem bundinn er t.d. í þingsköpum og rétturinn á að leggja fram skriflegar fyrirspurnir. Hann leiðir af stöðu Alþingis eða stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi. Þingmenn hljóta að hafa sterkan og sjálfstæðan rétt og sá réttur t.d. er sterkari en upplýsingalög. Hann er sjálfstæður og þess vegna lít ég svo á að óþarfi sé fyrir alþingismenn að vísa til upplýsingalaga þegar þeir snúa sér að ráðuneytum og biðja þar um upplýsingar eða fyrirgreiðslu. Það leiðir af stöðu þessara aðila hvors gagnvart öðrum að þarna er sjálfstæður og mjög sterkur réttur.

Herra forseti. Það væri líka fróðlegt að taka inn í þetta samhengi stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég get ekki neitað því, herra forseti, að mér finnst sú staða hafa veikst. Ég held að hún hafi gert það kannski í aðalatriðum af tveimur ástæðum. Hin fyrri er ákveðið hugarfar sem ríkt hefur í samskiptum framkvæmdarvaldsins og Alþingis. Hin seinni er sú pólitíska staðreynd að við höfum búið við, sem er gott í sjálfu sér, sterkar meirihlutaríkisstjórnir áratugum saman á Íslandi. Við höfum ekki haft þá hefð hér að í bland sætu minnihlutastjórnir sem háðari eru löggjafanum. Það leiðir til þróunar eins og við höfum séð í Noregi, Danmörku og víðar, að þjóðþingin fá sterkari stöðu. Nú um stundir er að verða ólíku saman að jafna, t.d. stöðu norska Stórþingsins sem í raun er algjörlega ráðandi og stefnumótandi aðili sem veikar minnihlutastjórnir hafa þurft að sækja reglulega umboð sitt til og því sem við höfum fengið að kynnast hér þar sem manni virðist æðioft, þegar hlutirnir hafa verið ákveðnir við ríkisstjórnarborðið og stimplaðir í þingflokkum ríkisstjórnarflokkanna, að litið sé á það sem formsatriði að ljúka umfjöllun um þá hér.

Herra forseti. Að síðustu ætla ég að nefna að tilmæli um stöðu umboðsmanns Alþingis og rétt hans til að beina tilmælum til stjórnvalda og að mæla með gjafsókn ef mál fara til dómstóla. Ég tel að þar sé á ferðinni atriði sem ástæða er til að fara yfir í ljósi reynslunnar. Eftir atvikum mætti jafnvel styrkja stöðu embættis umboðsmanns Alþingis að þessu leyti þannig að tilmæli hans fengju meiri vigt og staða hans yrði styrkt í þessu sambandi.

[16:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að nefna eitt atriði af fjölmörgum sem hv. þm. gat um, það var um kynningu á ritum og lögum. Ég vil halda því fram að sú lagasetning sem forsrn. hefur beitt sér fyrir að undanförnu, eins og stjórnsýslulög og upplýsingalög, hafi verið kynnt með algjörlega nýjum og sérstökum hætti. Haldin voru námskeið og ráðstefnur fram og til baka um stjórnsýslulögin. Gefnar voru út bækur um stjórnsýslulögin, bæði stærri rit og minni rit. Gefnar voru út fróðlegar bækur um upplýsingalögin og dreift mjög víða. Satt best að segja fengum við klapp á bakið fyrir þessa starfsemi alla því það var mjög óvenjulegt að ráðuneyti stæði fyrir svo umfangsmikilli útgáfu- og kynningarstarfsemi í kjölfar lagasetningar. Við höldum þessu eiginlega áfram með þessu framtaki hér í dag, með því að koma þessu í að vísu ódýra en aðgengilega bók til að þessi umræða fari ekki fyrir lítið, hún haldist og dragi að sér athygli. Við teljum að þetta sé athyglisvert og leiði til bættra stjórnsýsluhátta.

Varðandi stjórnsýslulögin og upplýsingalögin fór fram ein víðtækasta kynning sem framkvæmdarvaldið hefur staðið fyrir á löggjöf sinni í framhaldi af slíkri starfsemi. Ég held til að mynda að upplýsingalögin, svo maður nefni þau, virki mjög vel. Þeir sem þurfa á þeim að halda eiga mjög gott með ná fram rétti sínum hvað það varðar. Stjórnsýslulögin voru jafnframt afar vel kynnt enda var það nauðsynlegt. Þetta var algjörlega nýtt. Bæði voru þau vel kynnt inn á við gagnvart ráðuneytunum og starfsmönnum þeirra en jafnframt út á við með miklu námskeiðahaldi, hvers kyns uppákomum og síðan útgáfu. Þetta vildi ég nefna af mörgu öðru sem kom reyndar fram í ræðu hv. þm.

[16:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og ég ber engar brigður á þær. Ég hygg rétt að talsvert starf hafi verið unnið að því að upplýsa um og kynna þá hluti. Í máli mínu fólst ekki að lasta það sem vel hafði verið gert heldur hitt að ég er þeirrar skoðunar, því miður, einfaldlega vegna þeirra viðbragða sem ég verð var við og fæ iðulega á borð mitt, að betur þyrfti að gera, sérstaklega að hugsa um gagnvart almenningi. Það er raunverulega tvíþætt verkefni þegar löggjöf er sett af þessu tagi eins og stjórnsýslulögin og upplýsingalögin. Annars vegar þarf að kynna hana, fá embættismenn og þá sem vinna við framkvæmdina til að vera meðvitaða um þessa hluti og vinna samkvæmt þeim. Mér býður í grun að kannski hafi kynningar- og upplýsingastarfið þrátt fyrir allt meira beinst að þeim hlutum, þ.e. að embættismönnum og kerfinu. Hins vegar er svo nauðsyn þess að upplýsa þegna þjóðfélagsins um þessa hluti þannig svo þeir nái rétti sínum á grundvelli þess að þekkja löggjöfina og vita um möguleika sína og úrræði. Þar óttast ég, jafnvel þó að talsvert hafi verið að því unnið að koma upplýsingum á framfæri, að gera þurfi enn betur. Það er nú ósköp einfaldlega mín tilfinning vegna þess hversu algengt er að maður fái fyrirspurnir eða umkvartanir sem snúa að þessu. Aðilar sem maður hefði reiknað með að væru nokkuð vel að sér um þessa hluti, ég nefni sem dæmi framkvæmdastjóra fyrirtækja, forsvarsmenn

sveitarfélaga eða aðrir slíkir eru ekki alveg með það á takteinum hver staða þeirra er í samskiptum af þessu tagi. Þá er ástæða til að hafa áhyggjur af því að þeir sem eru óvanari slíkum samskiptum við stjórnvöld kunni að fara nokkurs á mis hvað upplýsingar snertir.

[16:37]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég fagna þessari skýrslu alveg sérstaklega og öllum þeim sem komu að gerð hennar, hvort sem þeir eru nefndir á nafn eða ekki. Það skiptir í rauninni ekki öllu máli heldur það að komin er út handhæg handbók í stjórnsýslu, ef svo má segja. Þegar slíkt rit er komið út þá spyr maður sig hvers vegna það sé ekki löngu fyrr komið fyrir manna sjónir. Í tengslum við ný stjórnsýslulög var vissulega útgefið heilmikið kynningarefni þar sem hægt var að lesa sér til um starfsskilyrði stjórnvalda og samspil stjórnvalda og löggjafarþingsins. Þetta er mikilvægt rit og ég tel eðlilegt að það verði námsgagn í háskólum landsins og vissulega víðar. Kennslubók í lögfræði, sagði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ég hygg að það megi til sanns vegar færa en fyrst og fremst er þetta mikilvægt gagn til að skilja stjórnkerfi okkar og þjóðfélag.

Ég var fyrir fáeinum árum á námskeiði í stjórnmálaheimspeki og stjórnmálasiðferði hjá Háskóla Íslands. Það var afar gagnlegt. Við vorum þar nokkrir þingmenn og satt að segja sé ég ekki betur en þessi bók — ég hef nú ekki lesið hana alveg ofan í kjölinn enn þá — geti verið mikilvægt gagn til að við náum betur að sinna hlutverki okkar, hvort tveggja löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið. Það er vissulega vaxandi áhugi í landinu og vaxandi umræða um þessi efni, samskipti Alþingis og framkvæmdarvaldsins og hlutverk þeirra í þjónustu við allan almenning.

Í skýrslunni er dreginn saman sá lögfræðilegi grundvöllur sem nauðsynlegt er að liggi fyrir til að fram geti farið þessi málefnalega og upplýsta umræða um starfsskilyrði stjórnvalda, ábyrgð þeirra gagnvart Alþingi og einnig og ekki síður ábyrgð hv. Alþingis gagnvart stjórnvöldum. Í skýrslunni er hins vegar ekki tekin nein afstaða til þeirra ábendinga sem hér eru settar fram enda hlýtur það að vera verkefni hv. ríkisstjórnar og Alþingis. Það er m.a. tilgangur umræðunnar á þessum degi hvað sem síðar verður um þessa skýrslu og hvaða umræðu hún fær á opinberum vettvangi.

Mig langar að þakka hæstv. forsrh. fyrir þetta frumkvæði, fyrir að stjórnkerfið er allt tekið út með þessum hætti og kannað hvort það virki eins og ætlast er til. Ég þakka einnig þá hvatningu sem hann hefur fengið til þess, bæði frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ýmsum fleirum. Það er allt of sjaldgæft að menn gefi sér tíma til að staldra við og kanna innviði kerfisins hjá okkur. Að því leyti er þessi skýrsla einstæð í sinni röð. Mér er ekki kunnugt um að úttekt á borð við þessa hafi áður verið gerð.

Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. liggja stjórnvöld oft undir ámæli fyrir athafnir sínar. Það kemur fram í skýrslunni að ekki er alltaf við stjórnvöld ein að sakast. Stjórnsýsla framkvæmdarvaldsins og staða þess í stjórnkerfinu er öðru fremur mótuð af löggjafanum. Stjórnvöld eru bundin af lögum og reglum og verða að haga stjórnsýslu sinni í samræmi við lög. Stjórnsýslan er með öðrum orðum lögbundin og lögin eru sá prófsteinn á starfsemi stjórnvalda sem dómstólar og sérstakar eftirlitsstofnanir, svo sem umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun, leggja til grundvallar. Almennt skiptir því miklu fyrir starfsskilyrði stjórnvalda hvernig til tekst um setningu laganna. Þar er auðvitað komið að hlut hins háa Alþingis. Í skýrslunni er bent á undirrót margra ágreiningsefna í stjórnsýslu og oft virðist mega rekja þau til atriða sem ekki hefur verið hugað nægjanlega að við gerð laganna. Þar hittir það að sjálfsögðu fyrir hið háa Alþingi, löggjafann.

Mig langar sérstaklega í þessari stuttu tölu að benda á kafla 2.13. og 2.14., þ.e. um almennar efnisreglur stjórnsýsluréttar og siðferði. Niðurstaðan þar er í grófum dráttum byggð á því sama, þ.e. að siðferðilegt gildi og gæði stjórnvaldsákvarðana sé óhjákvæmilega háð lagasetningu Alþingis. E.t.v. mætti koma skýrar fram í skýrslunni að kjarni stjórnsýslunnar og vandaðra stjórnsýsluhátta er ekki aðeins af lagalegum toga spunninn heldur einnig og ekki síður siðferðilegum. Hann er þá væntanlega fólginn í því hlutverki stjórnsýslunnar að þjóna almenningi, bæði með því að efla og virða réttindi einstaklinga og með því að vinna að hagsmunum heildarinnar. Góð stjórnsýsla er með öðrum orðum stjórnsýsla sem hefur að leiðarljósi grundvallarsiðgildi og siðferðisgildi lýðræðislegs samfélags, svo sem virðinguna fyrir einstaklingunum sem frjálsum persónum og jöfnum fyrir lögum, löggjafa og stjórnvöldum. Þennan siðferðilega kjarna mætti umræðan um hvernig bæta megi opinbera stjórnsýslu jafnframt hafa að leiðarljósi. Hann hlýtur að vera hinn endanlegi, siðferðilegi mælikvarði á framfarir í stjórnsýslunni.

Herra forseti. Almenn siðferðisvitund og það sem er góð regla að flestra dómi hlýtur þannig að móta löggjöf landanna. Lögin breytast, reglur samfélagsins breytast eftir tíðarandanum, almenningsálitinu. Löggjöf landanna endurspeglar þannig hið almenna álit og almenna viðhorf. Að þessu sögðu sjáum við að enn þá mikilvægara er að allir þegnar þjóðfélagsins geri sér ljósa ábyrgð sína. Í sameiningu mótar þjóðin öll lagaumgjörðina sem hún býr við. Löggjafinn og stjórnkerfið skulu þjóna því markmiði í sameiningu fyrir þjóðina alla.

[16:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að taka undir það sem komið hefur fram að með því að gefa út þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram sem bók ætti að skapast grundvöllur til faglegrar umfjöllunar um það sem er ábótavant í stjórnsýslu okkar, ekki bara hjá okkur þingmönnunum heldur jafnframt meðal fræðimanna. Það er alveg ljóst af þessari merkilegu skýrslu að ýmislegt þarf að skoða hjá okkur og skýrslan sýnir að mjög víða eru brotalamir í stjórnsýslunni sem koma í veg fyrir að borgararnir nái rétti sínum.

Herra forseti. Ég hafði mjög gaman af því hversu mikið hrós féll af munni hv. þm. Hjálmars Jónssonar um þessa skýrslu, að hún væri handbók í stjórnsýslunni og nú væru eiginlega öll svör komin vegna þess að ég tek það að sjálfsögðu sem mikið hrós við hv. þm. Samfylkingarinnar, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem átti frumkvæði að því að þessi skýrsla var unnin. Þetta verð ég að segja, þó með bros á vör, herra forseti, því að auðvitað er það þannig að einhverju er velt af stað og svo skiptir máli hvernig á er haldið þar eftir. Haldið hefur verið vel á þessu máli og formaður nefndarinnar skilaði af sér góðu verki. Undir það vil ég taka.

Ég fylgdist vel með því, herra forseti, hvernig hæstv. forsrh. fylgdi skýrslunni úr hlaði. Ég var að velta því fyrir mér hvort forsrh. mundi velja að vera sjálfur með einhverja skoðun á því hvernig ætti að bregðast við sumum álitamálum í skýrslunni, t.d. því að ráðherraábyrgð er óskýr og matskennd, eins og kemur fram í skýrslunni, og ákvæði um

viðurlög eru ekki nógu skýr. Um þetta lét ráðherrann ekki mjög mörg orð falla en það kom fram í máli hæstv. forsrh. að þingið ætti að sjá til þess að ráðherra kæmi sér ekki undan ábyrgð stofnana og jafnframt að sjálfstæðar stofnanir væru undanskildar aðhaldsáhrifum Alþingis. Af því tilefni ætla ég að taka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að sumar stofnanir eiga ekki að lúta boðvaldi ráðherra. Hún tók dæmi um nokkrar stofnanir og auðvitað á að skoða hvaða stofnanir aðrar það kunna að vera.

Annað sem ég velti fyrir mér þegar ég hlustaði á framsögu hæstv. forsrh. *var nauðsyn á siðareglum og nauðsyn á* aukinni fræðslu um grunnreglur stjórnsýsluréttar. Það kemur fram í skýrslunni að almennar reglur duga illa, að menntun og þjálfun séu betri. Þarna var hæstv. forsrh. ekki heldur með sjálfstæða afstöðu og því finnst mér skipta mjög miklu máli hvernig hann hyggst vinna á grundvelli skýrslunnar þar sem hún er komin fram vegna þess að eitt er að fylgja skoðunum skýrsluhöfunda úr hlaði og annað er að láta þingið vita hvernig á að bregðast við því sem hér kemur fram um að sé ábótavant í stjórnsýslu okkar.

Hins vegar tók ég líka eftir því að hæstv. forsrh. var með mjög afdráttarlausa undirtekt við upplýsingaskyldu ráðherra.

Áður en ég vík máli beint að skýrslunni vil ég taka undir þá skoðun sem fram var sett í umræðunni að Alþingi virðist hafa veikst gagnvart framkvæmdarvaldinu og e.t.v. er það vegna meirihlutahefðarinnar á Íslandi að ríkisstjórnir byggja á meirihlutastöðu í Alþingi. Svo virðist sem í þeim löndum þar sem minnihlutastjórnir viðgangast eða hefð er fyrir slíku verði staða viðkomandi þings miklum mun sterkari.

Eins og ég segi hefur komið í ljós að fleiri hnökrar eru á íslenskum lögum en í nágrannalöndunum. Þannig er að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra lagafrv. sem eru samþykkt á þingi koma frá Stjórnarráðinu og við þingmennirnir erum oft að kvarta undan því að *fá af málunum sem við setjum fram* nái fram að ganga. En það sem hefur gerst í nágrannalöndunum er að þar eru starfræktar sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk að fara yfir stjórnarfrumvörp og m.a. að skoða hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar séu á þeim og jafnframt hvort viðkomandi frumvörp samrýmist ákvæðum stjórnarskrár. Þetta hefur ekki gerst hjá okkur en þó var það nýmæli í tíð, ég held fyrstu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, að tekið var upp að lögfræðingur í forsrn. færi yfir frumvörp. Ekki einu sinni hafði það viðgengist áður og það var eins og ég segi framför í stjórnsýslu okkar.

Það er umhugsunarefni fyrir okkur á hv. Alþingi þar sem ekki er heldur starfandi lagaráð sem hefur þetta hlutverk með höndum. Þetta þýðir að ekki er farið ítarlega eða skipulega yfir lagafrumvörp og kannað hvort lagatæknilegir ágallar eru á þeim. Þess vegna þarf e.t.v. ekki að koma á óvart að það virðast miklu fleiri hnökrar á íslenskri löggjöf en löggjöf þar sem við höfum verið að bera okkur saman eins og á Norðurlöndunum. Ég held að það komi fram í skýrslunni að umboðsmaður Alþingis sá tilefni til að vekja athygli Alþingis á meinbugum í lögum í 45 af fyrstu 2.000 málunum sem hann fékk til afgreiðslu. Þetta eru mun fleiri athugasemdir en umboðsmaður danska þingsins hefur fengist við og snerta *meinbugi á lögum allt frá því að það embætti var stofnað* 1954.

Dæmi um hnökra sem umboðsmaður Alþingis bendir á í löggjöf hér má nefna misræmi eða árekstra milli lagaákvæða, prentvillur, óskýran texta eða að gerður sé að lögum mismunur á milli manna án þess að til þess standi viðhlítandi rök. Þetta er ekki nógu gott afspurnar og við hljótum að þurfa að bregðast við þessu. Við viljum að ákvæði laga séu í samræmi við stjórnarskrá og skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum.

Engin ástæða er til þess fyrir okkur, virðulegi forseti, að vænta þess að hnökrum á íslenskri löggjöf fækki nema við tökum upp nýja aðferð til að koma í veg fyrir það og finnum leið til þess að vanda betur að gerð lagafrumvarpa. Það er ein af spurningunum sem hæstv. forsrh. stendur frammi fyrir *hvort ekki sé ástæða til að koma á fót lagaskrifstofu við* Stjórnarráð Íslands.

Mér finnst mjög athyglisvert að Páll Hreinsson kemst að þeirri niðurstöðu að jafnvel hinar almennu efnisreglur stjórnsýsluréttar séu svo flóknar að ákveðinnar lágmarksþekkingar í lögfræði sé þörf svo unnt sé að beita þeim rétt. Þó það hafi viðgengist á fyrri hluta 20. aldar að menn gengju út frá því að verulegur hluti starfsmanna stjórnsýslunnar væri lögfræðingar þá er það ekki þannig í dag. Páll Hreinsson kveður ákaflega skýrt að orði um hvað af þessu kunni að leiða og segir óhjákvæmilegt að vandamál muni rísa þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði koma að töku ákvarðana á grundvelli efnisreglna stjórnsýsluréttarins ef þeir hafa ekki hlotið grunnmenntun á þessu sviði.

Þetta er ákaflega umdeilanlegt og við hljótum að spyrja hvort það sé virkilega þannig að þegnarnir geti ekki treyst því að lögin sé rétt túlkuð þegar mikilvægar ákvarðanir sem varða persónulegan hag þeirra eru teknar. Mér finnst það satt að segja ákaflega vafasamt. Ég treysti mér hins vegar ekki til að mótmæla því þegar jafnvirtur lögspekingur og Páll Hreinsson á í hlut. Ég spyr hæstv. forsrh. um þetta, er hann sammála þessu mati Páls Hreinssonar?

Það er reyndar svo að höfundar skýrslunnar virðast hafa *giska fast land eigin reynslu undir fótum þegar þeir setja* fram staðhæfingar sínar og það kemur ótvírætt fram að mistök verða oft við úrlausn einstakra mála sem varða borgarana og má gjarnan rekja til vankunnáttu starfsmanna við undirbúning, meðferð eða úrlausn máls og þetta er tæpast viðunandi. Sjálfur leggur Páll Hreinsson til að sett verði á stofn námskeið fyrir aðra en lögfræðinga til að afla sér grunnmenntunar og lætur sér ekki nægja að varpa fram þeirri hugmynd heldur kveður svo að orði, með leyfi forseta, að brýnt sé að úr þessu sé bætt.

Fyrr í umræðunni var rætt um það þegar upplýsingalög tóku gildi og boðið var upp á námskeið fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar. Eftir því sem ég best veit er ekkert slíkt námskeið í gangi fyrir nýja starfsmenn innan stjórnsýslunnar. Það hlýtur því að vera mjög í þágu borgaranna að móta markvissa endurmenntunarstefnu sem felur það m.a. í sér að nýir starfsmenn, sem fá það hlutverk að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu borgaranna, séu sendir á grunnnámskeið til að læra þær almennu reglur stjórnsýsluréttarins sem gilda um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana þegar þeir koma til starfa. Samkvæmt því hvernig Páll Hreinsson setur þeta mál fram mundi það efla rétt borgaranna. Það kemur fram í skýrslunni að í mörgum nágrannalöndum okkar eru starfandi slíkir stjórnsýsluskólar.

Virðulegi forseti. Ekki er auðvelt að fara mjög ítarlega ofan í þessu skýrslu á þeim skamma tíma sem við þingmenn höfum til umráða. Þó vil ég víkja örlítið að siðareglum fyrir opinbera starfsmenn. Ekki hafa verið skráðar almennar siðareglur fyrir opinbera starfsmenn þó að ýmis lög taki til

athafna opinberra starfsmanna og séu byggð á siðferðisreglum. Það kemur fram að Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur gefið út leiðbeiningar um siðferði í opinberri stjórnsýslu og það er spurning hvort við höfum sett nógu skýrar kröfur til þess að starfsmenn séu upplýstir og ef svo er þá væri fróðlegt að vita hverjar þær kröfur eru. Hins vegar er alveg ljóst að til að siðareglur komi að sem mestu gagni þurfa þær að vera sniðnar sérstaklega að aðstæðum starfsmanna á hverju sviði stjórnsýslunnar.

Í skýrslunni kemur fram að það megi hugsa sér að skráðar verði reglur um það hvort og hvaða gjafir, veitingar eða viðurgjörning opinberir eftirlitsmenn mættu þiggja frá þeim sem eftirlitið lýtur að og þó verður að hafa það í huga að samkvæmt almennum hegningarlögum varðar það fangelsi allt að sex árum ef opinber starfsmaður tekur við eða lætur lofa sér slíkri umbun.

Herra forseti. Mér finnst afar mikilvægt að þessi skýrsla setur fingurinn á ágalla í stjórnsýslu okkar en hún er jafnframt að draga það fram hvað þarf að gera til úrbóta. Þar má nefna að lagt er til að endurskoða lög um ráðherraábyrgð vegna þess að þau lög eru óskýr og matskennd, að þingmönnum verði tryggður meiri, skýrari og víðtækari réttur til upplýsingar frá framkvæmdarvaldinu og koma á fót lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands og að opinberum starfsmönnum verði settar siðareglur, að óhjákvæmilega hljóti að rísa vandamál þegar opinberir starfsmenn með aðra menntun en lögfræði koma að töku ákvarðana og beitingu almennra efnisreglna og á þessu verði að taka og að bregðast verði við óskýrum þagnarskylduákvæðum starfsmanna og starfsstétta sem finna má nú í yfir 80 lögum og enn fleiri reglugerðum. Þetta kom einmitt fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Nefndin mælir eindregið með því að tryggt verði í lögum að aðila máls sé heimilt að bera mál sitt undir dómstóla hafi hið æðra setta stjórnvald ekki leyst úr því innan þriggja mánaða frá því að kæra berst og að bætt verði úr brotalöm hjá sveitarfélögunum og hæstv. forsrh. nefndi möguleikann á vefsetri til upplýsinga fyrir sveitarfélögin.

Herra forseti. Ég tek undir það sem komið hefur fram í orðum annarra þingmanna að það er mjög brýnt að Alþingi taki þessar og aðrar tillögur í skýrslunni til umræðu og fylgi því eftir að þær komist til framkvæmda. Ég legg því mikla áherslu á að allshn. fái skýrsluna til umfjöllunar áður en við ljúkum umræðunni. Það á að vera sameiginlegt áhugamál okkar og framkvæmdarvaldsins að allshn. skoði skýrsluna og styðji hugsanlegar aðferðir framkvæmdarvaldsins sem gripið verður til á grundvelli skýrslunnar. Mér mundi finnast það slæmt ef við lykjum þessari gagnmerku umræðu án þess að ákvörðun hefði verið tekin um hvernig Alþingi sjálft kemur að úrbótum í þessum málum.

[17:01]

Útbýting þingskjala:

Aðstaða til að sækja framhaldsskólanám, 376. mál, fsp. JB, þskj. 632.

Innflutningur á skordýraeitri, 372. mál, fsp. ÖS, þskj. 628.

Stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi, 373. mál, fsp. JÁ, þskj. 629.

Umbúðaúrgangur, 374. mál, fsp. ÖS, þskj. 630.

Vinnsla kaplamjólkur, 375. mál, fsp. ÖS, þskj. 631.

[17:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda og ég vil líkt og aðrir þingmenn í umræðunni þakka þeim þingmönnum undir forustu Jóhönnu Sigurðardóttur og hæstv. forsrh. fyrir að leggja skýrsluna fram. Eins og fram kemur í skýrslunni er löngu tímabært að við á hinu háa Alþingi fjöllum skipulega og málefnalega um við hvaða starfsumhverfi stjórnsýslan býr vegna þess að ekki má gleyma því í umræðunni að stjórnsýslan býr fyrst og fremst við þau starfsskilyrði sem Alþingi býr henni, þ.e. lögmætisreglan sem felur í sér að stjórnvöld eru bundin af lögum. Oft og tíðum má Alþingi líta í eigin barm þegar verið er að gagnrýna stjórnsýsluna því að oftar en ekki getur það stafað af því að löggjöf er ófullkomin og hugsanlega, eins og fram kemur í skýrslunni, stafar það af því að Alþingi veitir stjórnvöldum full matskenndar heimildir til þess að taka ákvarðanir. Ég ítreka því þakkir til þeirra sem hafa staðið að því að koma skýrslunni á framfæri við þingið og jafnframt að skýrslan skuli vera tekin til umræðu.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði í skýrslunni sem ég vil taka hér til umfjöllunar og ræða þó að það verði aldrei gert með tæmandi hætti því svo mikil að vöxtum er skýrslan og svo vel unnin að það væri að æra óstöðugan að ætla sér að fjalla ítarlega um hana. Hins vegar eru nokkur atriði sem ég held að sé vert að minnast á í umræðum um skýrsluna og taka undir þau flest.

Í fyrsta lagi var það sem ég nefndi áðan í ræðu minni að það er mjög mikilvægt að Alþingi vandi mjög til verka í lagasetningu sinni og þegar það er að undirbúa lög. Í skýrslunni er lagt til að Alþingi eða stjórnvöld komi sér upp lagaskrifstofu eða lagaráði í því skyni að tryggja að farið sé vandlega yfir lagasetningu sem er á endanum afgreidd frá Alþingi, sérstaklega út frá tæknilegum sjónarmiðum, og að farið sé vandlega yfir þau svo að við — ja, ef ég má orða það þannig — losnum við þær athugasemdir sem íslensk lagasetning og íslensk löggjöf hefur fengið frá eftirlitsaðilum í miklum mun meira mæli en víðast þekkist annars staðar á Norðurlöndum en það eru þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við á þessu sviði. Ég tek undir þær athugasemdir sem koma fram um þessa þætti. Í raun og veru, eins og ég sagði einnig áðan, að starfsskilyrði stjórnvalda mótast mjög af löggjöfinni sem slíkri, þ.e. að stjórnsýslan vinnur í skjóli laganna og þarf að vinna eftir þeim og lögin setja stjórnvöldunum umgjörð sem stjórnsýslan verður að vinna í.

Þessari skýrslu, virðulegi forseti, er skipt í tvo meginþætti eins og ég skil hana, þ.e. í fyrsta lagi eru gerðar athugasemdir við þá löggjöf og það umhverfi sem stjórnsýslan er í og svo hins vegar samskipti Alþingis annars vegar og stjórnvalda hins vegar auk þess sem örlítið er komið inn á valdmörk dómstóla og stjórnvalda en ekki er stórum þætti skýrslunnar eytt í það.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er ekkert skrýtið þó að þetta séu meginatriði skýrslunnar vegna þess að hún fjallar um og tekur á og byggir á þeirri meginskiptingu sem er í íslensku stjórnarskránni sem er þrískipting ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Það eru því þessir valdþættir sem skýrslan fjallar um og byggir á og veltir því upp hvernig samskiptin þarna eru. Meginsjónarmið að baki þrískiptingunni er vitaskuld það að sagan hefur kennt okkur að ef vald fellur um of á eina og sömu hendi er hættan sú að það vald sé misnotað. Þess vegna er ríkisvaldinu skipt upp í

þessa þætti og hverjum þætti fyrir sig er ætlað að hafa eftirlit með hinum. Í skýrslunni er mikil áhersla lögð einmitt á þetta eftirlit og hvernig til hefur tekist og bent á ýmis atriði sem betur megi fara.

Ég held að við öll sem störfum á hinu háa Alþingi þekkjum þá umræðu sem fram hefur farið að því er varðar samskipti alþingismanna annars vegar og ráðherra hins vegar og upplýsingagjöf til Alþingis. Þar hafa ekki verið og eru ekki nægilega skýrar reglur. Við höfum séð það og sú mynd hefur birst okkur í ýmsum myndum. Má nefna málefni Landsbankans sem voru til umræðu ekki fyrir margt löngu þar sem menn tókust á um hvaða upplýsingar ætti að gefa. Ég get nefnt fræga skýrslu sem laut að svokölluðu Stofnfiskmáli þar sem Alþingi fékk skýrslu frá ríkisendurskoðanda, sem reyndar heyrir undir Alþingi, og hún var nánast ritskoðuð, þ.e. ríkisendurskoðandi ritskoðaði nánast það sem fyrir Alþingi var borið. Öll umræða í framhaldi af því var dálítið erfið því að eins og kemur fram í skýrslunni virðast menn ekki vera með það á hreinu hvernig upplýsingaréttur Alþingis er gagnvart ráðherrum og hvernig hann beri að framkvæma. Það kemur einmitt fram í skýrslu þeirrar nefndar sem um þetta fjallar að mjög mikilvægt sé að kveðið sé skýrar að orði hvernig þessi réttur er og gerð er tillaga í skýrslunni um að þessi réttur verði skýrður nánar í þingskapalögum. Það er sú tillaga sem hér er gerð en jafnframt vakin eftirtekt á því sem flestir höfðu kannski gert sér grein fyrir að réttur alþingismanna til þess að fá upplýsingar er vitaskuld sjálfstæður og byggir ekki á upplýsingalögum eða neinu þess háttar. Rétturinn er rakinn til í fyrsta lagi 2. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um þrískiptingu ríkisvaldsins og þeirrar hugmyndafræði sem þar býr að baki, þ.e. að hver þáttur ríkisvaldsins hafi eftirlit með öðrum til þess að tryggja það að vald komist ekki um of á fáar hendur því að sagan hefur kennt okkur afleiðingar af þeirri niðurstöðu.

Í öðru lagi byggir þessi sjálfstæði réttur vitaskuld á 54. gr. stjórnarskrárinnar sem vitnað er réttilega til og vakin er eftirtekt á þessu og hnykkt á í þessari skýrslu.

Enn fremur er í skýrslunni vakin eftirtekt á ákvæðum um svokallað fullnaðarúrskurðarvald stjórnvalda en sá skilningur hefur verið uppi að Alþingi hafi getað sett reglur sem kveði á um að ákvarðanir stjórnvalda verði ekki endurskoðaðar og þá hefur stundum verið sett í lög að stjórnvöld hafi fullnaðarúrskurðarvald um tiltekið atriði. Eins og kemur fram í skýrslunni á hugmyndafræði af þessum toga rót sína að rekja til deilna á 19. öld um valdmörk milli stjórnvalda og dómstóla sem ég held að sé í dag einvörðungu tímaskekkja því að bæði fræðimenn og dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu fyrir löngu að þrátt fyrir slík ákvæði þá sé ljóst að dómstólar geti tekið til skoðunar þau sjónarmið sem búa að baki slíkum ákvörðunum. Því má segja sem svo að dómstólar geti nánast í öllum tilvikum endurskoðað ákvarðanir stjórnvalda.

Þá vil ég einnig í þessari umræðu, virðulegi forseti, taka undir þá beiðni sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem óskaði áðan eftir því í ræðu sinni að málinu yrði frestað að lokinni umræðunni og því vísað til allshn. Ég held að eins og skýrslan er byggð upp og eins og hún snýr að miklu leyti að Alþingi sjálfu og vinnubrögðum Alþingis sé mjög mikilvægt að allshn. fari mjög vandlega yfir þessa skýrslu og skili síðan umsögn sinni til þingsins, jafnvel með tillögum um úrbætur. Ég gat ekki betur heyrt en að í framsögu hæstv. forsrh. og eins annarra sem hér hafa talað að mjög mikilvægt sé að taka skýrsluna til vandlegrar meðferðar og bregðast við þeim athugasemdum sem fram koma í skýrslunni. Ég held að fáir séu betur til þess fallnir eða varla hægt að ætlast til annars en að allshn., sem er náttúrlega nefnd sem starfar á vegum þingsins og þessi mál heyra þar undir, en að hún taki þessa skýrslu til vandlegrar skoðunar. Ég tek því undir þau sjónarmið sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir setti fram í umræðunni um það að hv. allshn. taki þetta mál til vandlegrar skoðunar.

Virðulegi forseti. Þar sem ég sit í hv. allshn. og á von á því að Alþingi samþykki þá tillögu að nefndin taki málið til skoðunar þá held ég að mér gefist nægt tækifæri til þess að fjalla ítarlegar um þessa skýrslu en gert hefur verið hér. Ég ítreka þakkir til þeirra sem frumkvæði hafa átt að því að skýrslan var skrifuð og jafnframt þakkir til hæstv. forsrh. sem hefur bæði gefið þessa skýrslu út og lagt hana fyrir Alþingi.

[17:13]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Skýrsla hæstv. forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda, eftirlit með starfsemi þeirra og viðurlög við réttarbrotum í stjórnsýslu er afskaplega viðamikið en um leið mjög vandað rit sem á eflaust eftir að verða skyldulesning í stjórnsýslurétti hvort sem er fyrir námsmenn, embættismenn eða hv. alþingismenn.

Umfang stjórnsýslunnar hefur aukist mjög á undanförnum árum og hefur það aftur kallað á skilvirka lagasetningu. Á síðustu 10–12 árum hafa átt sér stað stórbreytingar á stjórnsýslunni. Þær hófust þegar embætti umboðsmanns Alþingis var samþykkt árið 1988 að mig minnir. Síðan hafa bæst við lög eins og stjórnsýslulög og upplýsingalög en allar þessar breytingar eru mjög til bóta, auka réttaröryggi þegnanna og styðja enn frekar við mikilvægar grundvallarreglur íslensks réttar.

Þessi þróun hefur þó ekki komið í veg fyrir að enn eru nokkrir hnökrar á íslenskri lagasetningu. Umrædd skýrsla hæstv. forsrh. er einn liður í því að efla, bæta og samræma lagasetninguna. Margir mikilvægir þættir eru til umfjöllunar í skýrslunni sem lúta bæði að stjórnsýslunni en ekki síður að löggjafarvaldinu. Margir þeirra hafa verið ræddir hér. Ég ætla hins vegar að koma inn á nokkur atriði í skýrslunni sem ég tel að hið háa Alþingi ætti að taka til frekari athugunar.

Það er ljóst að lagareglur ná aldrei yfir allt sem lagasetning í raun á að taka til. Álitaefni verða alltaf og munu koma upp. Það á hins vegar að vera metnaðarmál að haga löggjöf þannig að hún verði sem skýrust. Hér á landi hefur lagasetningin tekið stórstígum framförum, þótt lögin svari eða leysi ekki alltaf úr þeim ágreiningi sem fyrir liggur. Löggjöfin er stundum ónákvæm og oftar en ekki kemur ágreiningur upp vegna nokkuð óskýrrar lagasetningar.

Komið hefur verið inn á m.a. þau atriði sem getið er um á bls. 49, en ég vil, með leyfi forseta, lesa það sem þar kemur fram:

„Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra lagafrv. sem samþykkt eru á hverju þingi stafar frá Stjórnarráðinu. Annars staðar á Norðurlöndum er það liður í starfi þeirra ráðuneyta sem fara með stjórnarfar almennt, oftast dómsmálaráðuneyta, að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk með höndum að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar eru á þeim, auk þess sem kannað er hvort frumvarpið sé samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrár.

Hér á landi er ekki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands sem hefur það hlutverk að gera lögfræðilega athugun á öllum stjórnarfrv. áður en þau eru lögð fyrir Alþingi. Þá er heldur ekki starfandi lagaráð hjá Alþingi sem hefur þetta hlutverk með höndum.

Þar sem ekki er farið bæði ítarlega og skipulega yfir öll lagafrv. og kannað hvort lagatæknilegir ágallar eru á þeim áður en þau eru lögð fyrir Alþingi og samþykkt sem lög þarf ekki að koma á óvart að miklu fleiri hnökrar eru á íslenskri löggjöf en á löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Vart er við því að búast að hnökrum á íslenskri löggjöf fækki nema fundin verði leið til þess að vanda betur gerð lagafrv. Mikilvægt er að tekið verði til athugunar hvort ekki sé ástæða til að koma á fót lagaskrifstofu við Stjórnarráð Íslands í þessu skyni."

Þetta er að mínu mati athyglisverð tillaga sem vert er að kanna betur. Það mætti t.d. hugsa sér að við mundum reyna að fá okkar bestu lögfræðinga jafnt innan sem utan Stjórnarráðsins og koma á laggirnar slíkri skrifstofu. Frændur okkar Norðmenn hafa til að mynda lagaskrifstofu innan dómsmrn. þar sem öll lagafrv. fara í gegn. Vera kann að skattalöggjöfin fari þó ekki þar í gegn en þar fara önnur lagafrv. í gegn áður en þau eru lögð fyrir þingið og á þeirri skrifstofu munu vera starfandi nokkrir tugir lögfræðinga.

Lagaskrifstofa kemur til með að kosta töluverðar fjárhæðir en á móti kemur að óskýr lagasetning og ónákvæm er afar kostnaðarsöm fyrir þjóðfélagið. Miklar framfarir hafa þó orðið í undirbúningi stjórnarfrv. eins og ég gat um áðan og það er ljóst að stjórnkerfið í heild sinni hefur uppi miklu vandaðri vinnubrögð en voru hér á árum áður. Með vönduðum vinnubrögðum við lagasetningu strax frá upphafi er hægt að koma í veg fyrir mikinn kostnað síðar meir. Fyrir utan aukið réttaröryggi er líklegt að fólkið í landinu verði meðvitaðra um rétt sinn vegna skýrleika löggjafarinnar og þeirra siðferðisviðhorfa sem gilda í okkar lýðræðislega þjóðfélagi.

Hlutverk lagaskrifstofu gæti verið samhliða því að kanna hvort lagafrv. standist ákvæði stjórnarskrár, t.d. að samræma kærufresti, málsmeðferðarákvæði eða refsiákvæði hinna ýmsu laga. Öll lagafrv. færu þá í gegnum skrifstofuna, löggjöfin væri yfirfarin og komið yrði í veg fyrir ósamræmi í löggjöfinni og þetta þarf ekki endilega að torvelda skilvirkni í lagasetningarferlinu.

Lagaskrifstofan getur einnig tengst því atriði sem vikið er að í skýrslunni um fastmótaðar reglur, búið borgurunum meira réttaröryggi en matskenndar reglur. Eins og bent er á í skýrslunni hefur heimildum stjórnvalda til töku lögbundinna ákvarðana fækkað. Þær eru næsta vandfundnar meðan matskenndar ákvarðanir stjórnvalda eins og t.d. sveitarstjórna eru að ná yfirhöndinni. Þetta er að mínu mati óviðunandi. Þar sem líklegt er að um lagatæknilegt mál sé að ræða eins og skýrsluhöfundar benda á er hugsanlegt að t.d. lagaskrifstofa gæti samrýmt ákvörðunartöku í stjórnsýslumálum þannig að minna yrði um matskenndar en meira um fastmótaðar, lögbundnar ákvarðanir. Slíkar reglur um réttindi og skyldur borgaranna þurfa að vera einfaldar, skýrar og stöðugar.

Ég vil einnig vekja athygli á þeim þætti skýrslunnar sem fjallar um málsmeðferð og endurskoðunarvald dómstóla. Í nokkrum lögum er að finna ákvæði sem mæla fyrir um fullnaðarúrskurðarvald stjórnvalda um ákveðin málefni. Markmiðið virðist vera að koma í veg fyrir að deilur um úrlausn slíkra mála verði bornar undir dómstóla.

Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þetta er mikilvæg grundvallarregla.

Eins og ég gat um áðan fer matskenndum stjórnsýsluákvörðunum fjölgandi. Því er erfitt að sjá eitthvert réttlæti í því að borgararnir fái ekki að leita aðstoðardómstólanna um hvort stjórnsýsluákvörðun sé lögmæt eða byggð á málefnalegum sjónarmiðum eða ekki. Skýrsluhöfundar benda einnig á að æskilegt sé að skilyrða ekki rétt manna til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómstólum nema veigamiklar ástæður mæli með því. Ég er ekki viss um, það er mitt persónulega mat, að stjórnsýsludómstólar leysi slík vandamál stjórnsýslunnar. Hugsanlegt er að betra sé að styrkja og efla dómstólana sem fyrir eru með það að leiðarljósi að þeir geti tekið á stjórnsýslumálum á þann hátt sem einkennir stjórnsýsludómstóla og það má í rauninni segja að sama gildi um fjölgun eftirlitsaðila stjórnsýslunnar. Við eigum frekar að efla þá sjálfstæði eftirlitsaðila eins og umboðsmann Alþingis og umboðsmann barna og styrkja sérþekkingu innan þeirra heldur en fjölga þeim.

Herra forseti. Ég vil ítreka ánægju mína með mjög öfluga skýrslu og hún er að mínu mati merkilegt tímamótaplagg. Í henni eru margar mikilsverðar ábendingar sem löggjafinn, hið háa Alþingi á að taka til gaumgæfilegrar skoðunar og ég get því tekið undir það að skýrsla hæstv. forsrh. um starfsskilyrði stjórnsýslunnar fái frekari umfjöllun hjá hv. allshn.

[17:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er viðamikið mál á dagskrá sem sannarlega verður ekki til lykta leitt að einu eða neinu leyti í þessari ágripskenndu umræðu sem hér hlýtur að fara fram. Ég held þó að fram að þessu hafi umræðan og skýrslan sjálf raunar varpað ljósi á ýmsa þá þætti sem mikilvægt er að við stjórnmálamenn, almenningur allur og þeir sem hafa opinbera skyldu á herðum þurfa að hafa að leiðarljósi.

Ég vil almennt segja um skýrsluna að réttnefni hennar er opinber stjórnsýsla, réttindi og skyldur. Það er mikilvægt í samfélagi okkar að stjórnsýslan sé í fyrsta lagi gagnsæ. Í öðru lagi tryggi hún aðgengi og rétt almennings til upplýsinga, aðgengi almennings og notenda til þjónustunnar, til fulltrúa stjórnkerfisins, hvort heldur það eru stjórnmálamenn eða embættismenn. Fyrirliggjandi séu tiltölulega skýrar og einfaldar viðmiðunarreglur, almennar rammareglur sem eru auðskiljanlegar öllum almenningi og menn forðist eins og kostur of flókið stjórnkerfi. Það hefur á hinn bóginn í tímans rás orðið miklum mun viðameira en þekktist á árum áður og af þeim sökum hefur almenningi e.t.v. gengið verr en áður að glöggva sig á helstu kennileitum og það jafnvel þrátt fyrir að okkur hafi miðað talsvert áleiðis hvað varðar miðlun upplýsinga. Það er hárrétt hjá hæstv. forsrh. hvað varðar tilraunir stjórnkerfisins til að koma til móts við þessi réttindi almennings hvað varðar upplýsingar, frumkvæði stjórnkerfisins, opinberra aðila á því að miðla upplýsingum o.s.frv. Þá er það engu að síður þannig og ég held að taka verði undir það að upplifun a.m.k. mín og fleiri sem hér hafa talað áður er sú að allur almenningur á kannski erfiðara með það en fyrr að gera sér grein fyrir stöðu sinni og réttindum. Ég ítreka að í þessu liggur enginn broddur af mínu hálfu og engin gagnrýni á hendur einum eða neinum hvað varðar tilraun-

ir opinberra aðila til að mæta þeim þörfum, svo sem með stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og almennri kynningu.

Ég undirstrika, herra forseti, að þessari viðamiklu skýrslu verði ekki fundinn sá farvegur eingöngu að menn ræði hana hér í þrjá, fjóra klukkutíma og síðan ekki söguna meir heldur að menn tryggi það og miði að því að hér verði um síumræðu að ræða sem byggi m.a. á þessari skýrslu og öðrum álitamálum sem uppi eru.

Það er því, herra forseti, dálítið athyglisvert því að við erum að ræða grundvallaratriði í stjórnsýslu, grundvallaratriði í starfsemi þingsins, starfsemi ríkisstjórnar, dómsvalds o.s.frv., hversu þingið sjálft sýnir þessari umræðu litla virðingu. Hér eru örfáir þingmenn viðstaddir umræðuna, ráðherrar sömuleiðis og það er svo sem ekki nýtt. Ég held að við verðum líka að horfa í eigin barm í þessum efnum og átta okkur á því að umræða af þessum toga er okkur hér á hinu háa Alþingi líka mikilvæg. Og af því að hæstv. landbrh. gekk í salinn, þá veit ég ekki betur en svo sé enn að ekki einn einasti hv. þm. eða hæstv. ráðherra úr öðrum stjórnarflokknum ætli að vera þátttakandi í umræðunni þó að hæstv. félmrh. hafi verið hér nærri í allan dag. Ég kalla þess vegna eftir því hvort ekkert verði þaðan að heyra.

Herra forseti. Mér eru ofarlega í huga samskipti þings og framkvæmdarvalds. Ég vil rifja það upp að ekki fyrir margt löngu, raunar fyrir réttum tveimur árum eða þar um bil, birtist skýrsla þáv. og núv. hæstv. forsrh. um stöðu þings gagnvart hlutafélögum í eigu ríkisins. Tilefni þeirrar skýrslu voru fyrirspurnir sem fram voru lagðar vegna tiltekinna þátta í rekstri Póst- og símamálastofnunar sem um þær mundir var breytt í hlutafélag, algerlega raunar í eigu ríkissjóðs sem sú stofnun er enn í dag en hefur verið skipt frá því það var, í Landssímann annars vegar og Íslandspóst hins vegar sem eru 100% í eigu ríkissjóðs. Þar var niðurstaða skýrsluhöfundar, sem ef ég man rétt hæstv. forsrh. gerði að sinni, að um leið og sjálfstæð ríkisfyrirtæki yrðu gerð að hlutafélögum væri skorið á tengsl Alþingis og þeirra hvað varðar eðlilega upplýsingamiðlun og að málefni hlutafélaga lytu ekki lengur umræðu um opinber málefni heldur lytu þau almennum lögum svo sem lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög o.s.frv. Það væru ekki lengur bein stjórnsýslutengsl eða bein tengsl á milli þessara hlutafélaga í eigu ríkissjóðs og aftur þingskapa og réttinda þingmanna til þess að afla upplýsinga, hvað þá heldur tengsl 14. gr. stjórnarskrárinnar um eftirlitsskyldu þingsins með framkvæmdarvaldinu.

Ég fæ ekki séð, herra forseti, þó að á því sérstaka álitamáli sé ekki tekið í þessari viðamiklu skýrslu eftir því sem ég fæ best séð, en það kveði að því leytinu til við dálítið annan tón í niðurstöðu þessarar nefndar þegar kemur að rétti Alþingis og þingmanna til upplýsinga en gerði hér ekki fyrir margt löngu og að réttur þingmanna til að fá upplýsingar um gang mála hjá framkvæmdarvaldinu og undirstofnunum þess sé öllu rýmra túlkaður en áður hefur verið gert. Það hefur nefnilega stundum borið við af hálfu framkvæmdarvaldsins að menn hafa á þeim bæ vísað til almennra upplýsingalaga og nánast fullyrt að réttur þingmanna til að fá upplýsingar um gang mála af hálfu framkvæmdarvaldsins sé í raun hvorki meiri né minni en almennings í krafti upplýsingalaga. Hér er hins vegar kveðið sterkar að orði eins og ég tel vera rétt og hef haldið mjög ákveðið fram að réttur þingmanna hlýtur að vera talsvert meiri í samræmi við grundvallarákvæði stjórnarskrár.

Það var rifjað upp í umræðunni að menn hafa gengið svo langt að bera því við að það að veita upplýsingar um einstök málefni framkvæmdarvaldsins og stofnana fyrirtækja þess gæti skaðað samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja. Það gætu þess vegna ekki verið opinber málefni í þeim skilningi. Á hinn bóginn hefur það oft verið boðið við þessar kringumstæður af hálfu einstakra þingmanna sem hafa sótt eftir þessum upplýsingum að þeir væru tilbúnir til að undirgangast þagnarskyldu vegna þess arna en það hefur engu breytt. Þess vegna fagna ég því að sérstakur kafli er tekinn saman um þetta mál þar sem farið er yfir þann rétt þingmanna og þingheims til upplýsinga af hálfu framkvæmdarvaldsins og því einnig velt upp að ef framkvæmdarvaldið metur það svo eða það sé sameiginlegt álit aðila að hljótt skuli fara, þá sé hægt að binda það trúnaði. Eins og kunnugt er, herra forseti, er það eingöngu utanrmn. sem hægt er að binda trúnaði af þessum toga og það er kannski ástæða til að skoða það í þingsköpunum alveg sérstaklega því að mér hefur fundist einstakir hæstv. ráðherrar í gegnum tíðina vera farnir að misnota þetta ákvæði og borið því við að um of viðkvæmar trúnaðarupplýsingar væri að ræða og þess vegna neitað þeim á hinu háa Alþingi. Þess vegna fagna ég því sérstaklega, herra forseti, að mönnum miðar í rétta átt hvað þetta varðar.

Í skýrslunni er fjallað um stöðu ríkisendurskoðanda — ég verð að fjalla um þetta í stikkorðastíl vegna þess hversu naumur tími er skammtaður. Ég hef í þessum ræðustól hnykkt á því að mikilvægt sé að staða hans gagnvart Alþingi sé skýr og ljós og hlutverk hans sem tæki og tól Alþingis í eftirliti sínu með framkvæmdarvaldinu væri alveg kristalklárt. Á því er tekið með býsna afdráttarlausum hætti. Þetta geri ég alveg sérstaklega að umtalsefni vegna þess að á síðustu mánuðum og missirum hefur réttilega verið vakin athygli á því að ríkisendurskoðandi hefur tekið það til bragðs að setjast í nefndir framkvæmdarvaldins. Verið þar skipaður í nokkuð mörgum tilfellum í viðkvæmum álitamálum, síðast sem aðili að pólitískt skipaðri nefnd samgrh. þar sem reynt var að fara yfir verðmæti Pósts og síma og ýmis önnur álitamál í því sambandi. Í maímánuði var ríkisendurskoðandi einnig skipaður í nefnd heilbrrh. þar sem sú nefnd hafði það að hlutverk að gera drög að regluverki, formi og innihaldi samnings heilbrrn. og Íslenskrar erfðagreiningar hvað varðar gagnagrunninn. Hér finnst mér ríkisendurskoðandi vera á býsna gráu svæði svo ekki sé meira sagt því það gefur augaleið að til þess gæti komið, og mjög sennilegt satt að segja, að alþingismenn eða Alþingi óskaði eftir aðkomu Ríkisendurskoðunar á síðari stigum slíkra mála þegar og ef að því kemur að þingmeirihluti tekur t.d. ákvörðun um að selja Póst og síma, þá er mjög líklegt að þingheimur og einstakir þingmenn vilji leita atbeina ríkisendurskoðanda í þeim efnum en þá er hann búinn að koma að málinu fyrr og orðinn vanhæfur.

Það sama gildir í rauninni um gagnagrunninn sem er pólitískt háhitaefni sem ég hefði talið eðlilegt að ríkisendurskoðandi hefði ekki komið að á fyrri stigum málsins og alls ekki á þeim stigum þegar framkvæmdarvaldið sjálft er að frumvinna málið, þetta sama framkvæmdarvald og ríkisendurskoðandi á að hafa eftirlit með í umboði Alþingis. Þetta er atriði sem ég held að sé mjög nauðsynlegt að halda til haga.

Annað er það sem þingmenn hafa réttilega staldrað við. Það er staða sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa komið síðar inn í þetta almenna jafnræðisumhverfi hvað varðar rétt og skyldu til upplýsingalaga, almenn ákvæði stjórnsýslulaga og verið kannski að því leytinu til skemmra á veg komin. Þau

lúta nú sömu lögmálum og er ástæða til að knýja á um að þau sinni þeim skyldum sem lög kveða á um með sama hætti og ríkisvaldið.

Ég er hins vegar ekki alveg sammála því í tilfellum sveitarfélaga og líka undir ákveðnum kringumstæðum ríkisvaldsins að við eigum að loka alveg augunum fyrir því að ævinlega verður um matskenndar ákvarðanir að ræða og í sumum tilfellum á það að vera þannig, einkum og sér í lagi þegar um pólitískar ákvarðanir er að ræða. Við lifum í lýðræðissamfélagi og hinn endanlegi stóridómur verður aldrei til lykta leiddur í dómsölum eða úrskurðum einstakra aðila í embættismannakerfum hvort sem það er umboðsmaður Alþingis, umboðsmaður barna eða ríkisendurskoðandi heldur hlýtur hinn endanlegi stóridómur að vera kveðinn upp í kosningum hverju sinni. Við skulum ekki ræða þessi mál undir svo þröngu sjónarhorni að öll pólitísk álitaefni eigi að fara í fastmótaðan fyrir fram ákveðinn farveg.

Herra forseti. Gráu svæðin eru allt of mörg og þau verða sennilega alltaf til þegar kemur að lagasetningu. Ég legg til að mynda mikla áherslu á það, herra forseti, að mér finnst hið háa Alþingi, raunar að frumkvæði framkvæmdarvaldsins, hafa farið býsna hratt fram úr sjálfu sér þegar komið er að þjónustugjöldum. Þau eru í því mæli sem nú er tiltölulega ný af nálinni og með réttu voru þau alloft kærð til umboðsmanns Alþingis og hingað komu ábendingar frá honum um að Alþingi hafi gengið of langt í setningu slíkra þjónustugjalda eða í setningu heimildar til þjónustugjalda, einkum og sér í lagi þegar ríkisvaldið var að hirða meiri peninga en kostnaður var af viðkomand þjónustu. Þá greip Alþingi til þess ráðs að búa til nýtt hugtak sem hét aukatekjur ríkissjóðs þar sem Alþingi taldi sig geta farið fram hjá því almenna ákvæði að þjónustugjöld stæðu undir kostnaði við þjónustuna, hvorki meira né minna, og þar hefur Alþingi og þingmeirihluti hverju sinni geta talið sig vera hólpinn í að hirða meiri tekjur af notendum þjónustunnar en sem kostnaði nemur. Í því sambandi vek ég athygli á svörum við fyrirspurn minni um útgáfu vegabréfa þar sem í ljós kemur að tekjur af útgáfu vegabréfa eru þrisvar sinnum meiri en kostnaðurinn við gerð þeirra. Þetta eru dæmi af þeim toga sem ég held að við höfum farið of langt.

Herra forseti. Eins og ég sagði get ég rétt stiklað á stóru. Ég er búinn að nefna á handahlaupum örfá atriði af fjölmörgum sem ég hef sett niður á blað. Ég held hins vegar að brýnt sé að umræðan haldi áfram á okkar vettvangi og tek því undir tilmæli og tillögur raunar sem kveða á um að málið fari til áframhaldandi umfjöllunar í allshn. og komi síðan aftur til umfjöllunar Alþingis.

[17:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því eins og aðrir hv. alþm. sem hér hafa verið í ræðustól að þakka þá skýrslu sem hér er komin fram og lýsa þeirri skoðun minni almennt á skýrslunni að ég held að hún muni í framtíðinni nýtast þingmönnum vel til að skoða ýmislegt í lagaumhverfinu og hvernig standa megi að tillögugerð til breytinga á lögum og hvernig menn hugsanlega geta unnið þau verk.

Það er mjög fróðleg lesning að renna yfir skýrsluna, ég get þó ekki sagt að ég hafi lesið hana frá orði til orðs, og vonandi fáum við þingmenn tækifæri til að ræða þessi mál aftur. Ég held að hér séu dregnir fram margir áhugaverðir punktar og mörg atriði sem bæði stjórnvöldum og þingmönnum ber að taka tillit til.

Í skýrslunni segir að lagaheimildir skuli vera skýrar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Miklu skiptir að lagaheimildir, sem veita stjórnvöldum heimild til að íþyngja borgurunum, séu skýrar og ótvíræðar að efni til og gangi ekki lengra en nauðsyn ber til." Einnig segir: „Reynslan sýnir að mörg deilumál hafa risið um takmarkanir á atvinnuréttindum manna."

Reglur og lög hafa afgerandi áhrif á allt okkar starfsumhverfi og líf fólks í landinu. Hin almenna gildandi regla er sú að einstaklingnum sé heimilt það sem honum er ekki bannað. Það er hin almenna regla, sem kannski er ekki alveg skýrt rituð, en þetta held ég að sé hinn almenni skilningur flestra Íslendinga.

Íþyngjandi ákvarðanir stjórnvalda verða að byggjast á lagaheimild og reglugerðir verða að hafa næga stoð í lögum og skýrar heimildir vera fyrir þeim í lögum í því sem kveðið er á um í reglugerð. Reglugerð sem fyrirmæli frá stjórnvöldum þarf einnig að vera skýr um það efni sem hún heimilar eða takmarkar. Ég hygg að ein umdeildustu lög hér á landi séu lögin um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og þær breytingar sem gerðar hafa verið á þeim lögum síðan, og ég ætla aðeins að blanda þeim efnislega inn í umræðuna.

Ég hygg að flestir viti að ég hef talsverðan áhuga á þessari lagasetningu og sérstaklega á því hvernig hægt væri að breyta henni og lagfæra landsmönnum til heilla, að ég tel, og vonandi öllum til sátta. Það er einfaldlega þannig að þessi blessuð lög, nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, veita heimildir sem ég held að séu dálítið á skjön við það sem almennt má telja að eigi að vera í lögum. Svo ég taki örstutt dæmi, þá segir í 3. gr. laganna um stjórn fiskveiða, með leyfi forseta:

„Sjútvrh. skal að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili og vertíð úr þeim einstöku nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn."

Hér er það Hafrannsóknastofnun sem ákveður það hvernig skuli takmarka veiðarnar og þangað er sú ráðgjöf og vald sótt. Síðan segir í 8. gr. um þetta atriði:

„Verði veiðar takmarkaðar samkvæmt 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlut úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila."

Hér eru í tveimur stuttum málsgreinum færðar miklar heimildir til sjútvrh. og hann hefur í raun og veru mjög rúman rétt til þess að útfæra þau atriði á grundvelli þessara laga og mér sýnist að í mörgum tilfellum megi lesa það út úr skýrslunni sem við nú ræðum að slíkar heimildir í lögum, opnar heimildir, standist einfaldlega ekki þær kröfur sem verði að gera til löggjafans. Því almennt segir að reglugerð skuli byggja á skýrum lagaákvæðum um þær athafnir manna sem þeim eru bannaðar. Þetta vildi ég draga inn í umræðuna.

Ég vil líka minnast á að þau lög sem ég hef aðeins vikið að, lögin um stjórn fiskveiða, eru gefin út í bók frá sjútvrn. ásamt reglugerðum fyrir hvert fiskveiðiár fyrir sig og í viðhengi við lögin nr. 38/1990 eru komin 27 bráðabirgðaákvæði. Búið er að setja 27 bráðabirgðaákvæði við lögin um stjórn fiskveiða. Og þegar þeir sem áhuga hafa á þessum lögum og þeim afleiðingum sem þeim fylgja vilja reyna að nálgast það að koma fram með brtt. eða lagatexta sem hugsanlega geta breytt þeim lögum, þá eru lögin orðin þannig uppbyggð í dag

að ekki er hægt að nálgast það verkefni öðruvísi en leggja til ný bráðabirgðaákvæði sem verða þá nr. 28, 29 eða 30. Það er náttúrlega ekki við það búandi að jafnumdeild og veigamikil löggjöf og lögin um stjórn fiskveiða eru séu þannig úr garði gerð. Ég held að virkileg þörf sé á því sem kemur fram í skýrslunni að setja á stofn fyrir Alþingi svokallað lagaráð þar sem alþingismenn og þeir sem eru að huga að lagagerðinni geti farið með textann og látið gaumgæfa hann vandlega og færa hann til lagaákvæðanna sem í gildi eru þannig að lögin verði ekki sami frumskógur og þessi lög sem ég hef dregið inn í umræðuna eru reyndar orðin. Þau eru að mörgu leyti orðin illskiljanleg þar sem bráðabirgðaákvæði er ofan á bráðabirgðaákvæði sem tekur tillit til bráðabirgðaákvæðis sem er síðan fallið úr gildi. Þannig eru þessi lög, því miður. Fyrir utan allar þær breytingar sem við höfum gert á viðkomandi lagagreinum og þarf engan að undra þó að menn greini dálítið á um efni þessara laga.

Þar fyrir utan hafa dómstólar landsins kveðið á um það í einum hæstaréttardómi og einum héraðsdómi að ákveðinn hluti laganna standist ekki stjórnarskrá landsins og frelsi borgaranna varðandi jafnræði og atvinnuréttindi. Ég held því að mikil þörf sé á því sem lagt er til í þessari skýrslu að stofnað verði lagaráð. Um það segir m.a. á bls. 49, með leyfi forseta:

„Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra lagafrumvarpa sem samþykkt eru á hverju þingi stafar frá Stjórnarráðinu. Annars staðar á Norðurlöndum er það liður í starfi þeirra ráðuneyta sem fara með stjórnarfar almennt, oftast dómsmálaráðuneyta, að starfrækja sérstakar lagaskrifstofur sem hafa það hlutverk með höndum að fara yfir stjórnarfrumvörp og kanna m.a. hvort einhverjir lagatæknilegir hnökrar eru á þeim, auk þess sem kannað er hvort frumvarpið sé samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrár.

Hér á landi er ekki starfandi lagaskrifstofa hjá Stjórnarráði Íslands sem hefur það hlutverk að gera lögfræðilega athugun á öllum stjórnarfrumvörpum áður en þau eru lögð fyrir Alþingi. Þá er heldur ekki starfandi lagaráð hjá Alþingi sem hefur þetta hlutverk með höndum."

Ég held að þarna sé hreyft afar nauðsynlegu máli og slíkt beri að setja á fót þannig að lög verði betur úr garði gerð, um þau rísi færri deilumál og þau séu þá ótvíræðari.

Að meginstefnu eru það auðvitað eingöngu lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi sem hafa þann rétt með kjöri sínu að setja athafnafrelsi borgaranna skorður með lögum. Þess vegna er ábyrgð okkar mikil sem vinnum hér að því að lögin í heild sinni standist þau ákvæði sem eiga að vernda rétt þegnanna í landinu. Ég legg mikla áherslu á að ráðgjöf til alþingismanna annars vegar og þessum skrifstofum fyrir Stjórnarráðið hins vegar varðandi lagarammann verði komið á fót. Ég held að það sé til mikilla bóta.

Að öðru leyti fagna ég þessari skýrslu, þakka fyrir að hún er fram komin og þeim sem áttu frumkvæðið að henni.

[17:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson saknaði þess að við framsóknarmenn hefðum ekki tekið nægan þátt í umræðunni. Ég skal reyna að bæta úr því en fyrir því liggur sú ástæða að ég fagna þessari skýrslu. Ég hef ekki neinar sérstakar athugasemdir fram að færa við efni skýrslunnar.

Mér sýnist skýrslan vel unnin. Ég hef ánægju af að láta það koma fram og margt af tillögum hennar er til bóta. Ég fagna sérstaklega umfjöllun um bætt vinnubrögð við lagasetningu á Alþingi og vil nota tækifærið til að minna á að á kjörtímabilinu 1991–1995 flutti ég þráfaldlega till. til þál. um lagaráð Alþingis og mun, með leyfi forseta, lesa tillgr.:

„Alþingi ályktar að setja á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kann á ákvæði stjórnarskrár.

Lagaráð skal skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Lagastofnun Háskólans, einum tilnefndum af Lögfræðingafélagi Íslands og einum tilnefndum af Dómarafélagi Íslands. Skulu þeir fullnægja skilyrðum um embættisgengi hæstaréttardómara.

Nefndir Alþingis og þingflokkar geta leitað álits lagaráðs. Kostnaður við störf lagaráðs greiðist af Alþingi."

Þessari tillögu fylgdi allítarleg greinargerð sem ég hirði ekki um að lesa hér. Tillagan náði ekki fram að ganga. Menn óttuðust kostnað sem þessu mundi fylgja en ég sé ekki betur en höfundar skýrslunnar taki undir þá hugsun sem fram kemur í tillögunni. Ég tel að það sé þörf áminning að láta málið ekki detta upp fyrir. Sjálfsagt er það rétt að okkur verði öðru hverju á við lagasetningu, ekki einungis hvað varðar stjórnarfrumvörp heldur líka með þingmannafrumvörp.

Í skýrslunni er líka fjallað nokkuð um stöðu og verkefni sveitarstjórnanna. Fjallað er um eftirlitshlutverk félmrn. Við erum að reyna að rækja eftirlitshlutverk okkar í félmrn. Við síðustu endurskoðun sveitarstjórnarlaga var einmitt reynt að skýra þær heimildir sem við höfum og bæta úr þar sem á skorti. Ég tel að við þá lagasetningu hafi komist á miklu betri fjármálastjórn eða miklu betra eftirlit með fjármálastjórn sveitarfélaga. Ég held að sveitarstjórnir hafi nú ríkari skilning á hlutverki sínu, að stýra með ábyrgð fjármálum sveitarfélaganna. Umræðan að undanförnu um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, þ.e. þau áminningarbréf sem hún hefur verið að senda út, sýna að sveitarstjórnarmenn eru vakandi í þessu efni og vilja standa sig.

Nefndin sem fylgist með fjármálastjórninni er vel skipuð og reynir að vanda vinnu sína. Sveitarstjórnirnar taka yfirleitt vel þeim ábendingum sem hún beinir til þeirra. Í endurskoðun eru lög um tekjustofna sveitarfélaga og nefnd að störfum sem hefur þau verkefni. Í henni eru margir valinkunnir sæmdarmenn. Hún er undir forustu formanns fjárln., hv. þm. Jóns Kristjánssonar, og einn af nefndarmönnum er einmitt hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson.

Nefndinni er ætlað að skila áliti í vor, tillögum sem þá væri hægt að lögfesta á næsta haustþingi. Nauðsynlegt er, a.m.k. með sumar þær tillögur sem nefndin kemur með, að þær verði að lögum. Hún á að fara yfir tekjustofna sveitarfélaganna og jafnframt þjónustugjöld og arðgreiðslur. Í nýendurskoðuðum sveitarstjórnarlögum er að hluta tekið á arðgreiðslum sveitarfélaga frá fyrirtækjum sínum. Það stendur nokkuð upp á okkur með skýrari lagasetningu en allt stendur þetta til bóta.

Ég get verið stuttorður, herra forseti. Ég tel að skýrslan sé vönduð og rétt sé að sinna mörgum þeim ábendingum sem hér koma fram. Við búum við fulltrúalýðræði og það bið ég hv. þingmenn að hafa í huga. Við eigum að gefa þeim fulltrúum sem til þess eru kjörnir svigrúm til að rækja

verkefni sín. Það er hinna pólitískt kjörnu fulltrúa að stjórna en ekki embættismannanna.

[17:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér gafst ekki tími til þess áðan að ljúka öllu því sem ég vildi fara yfir á þeim stutta tíma sem okkur er skammtaður til umræðunnar. Ég átti ýmislegt ósagt sem snertir réttaröryggi borgaranna. Ég vil þá nota síðari ræðu mína í að fara nokkuð yfir þau atriði.

Ég vil fyrst segja að ég tel þá umræðu sem hér hefur farið fram mjög gagnlega. Hér er dæmi um skýrslu sem bæði stjórn og stjórnarandstaða eru mjög sammála um. Það er raunverulega sammerkt með málflutningi allra sem hér hafa talað. Þær tillögur sem hér koma fram njóta víðtæks stuðnings og kallað er eftir því að skýrt verði hvar í stjórnsýslunni ábyrgðin liggur, hvernig auka eigi eftirlit, hvernig megi opna stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og hvernig hægt sé að auka réttaröryggi borgaranna.

Eins og ég sagði áðan er fyrst og fremst um að ræða kortlagningu á því sem þarf að gera. Þess vegna er mjög mikilvægt að hv. allshn. fái skýrsluna til umfjöllunar. Mér finnst innlegg formanns allshn. sem talaði áðan, hv. 5. þm. Reykn., Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, mjög mikilvægt í því máli. Hún mælir líka eindregið með því að málið fari til umfjöllunar í allshn. enda liggur það í hlutarins eðli að hér eru ýmsar tillögur á ferðinni sem snerta starfsskilyrði Alþingis og alþingismanna. Auðvitað er rétt og eðlilegt að þingið og allshn. fái tækifæri til að fjalla um það og segja álit sitt á því til undirbúnings löggjöf sem forsrh. mun væntanlega beita sér fyrir á ýmsum sviðum ef ég skil hann rétt. Auðvitað mun allt þetta taka langan tíma en með þessari skýrslu er vissulega stigið mikilvægt skref til þess að bæta stjórnsýsluna.

Ég vil aðeins árétta, áður en ég kem inn á það sem ég vildi draga fram varðandi réttaröryggi borgaranna, að ég tel ákaflega mikilvægt innlegg í umræðuna ef við fengjum fram, þegar hæstv. forsrh. væntanlega talar í lok þessarar umræðu, hver skoðun hans er á þeirri tillögu sem ég tel afar mikilvæga og snertir heildarlöggjöf um skaðabótaábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Ég dró það fram sem fram kemur í skýrslunni að lagt er til að undirbúin verði heildarlöggjöf um skaðabótaáhrif ríkis og sveitarfélaga og einmitt minnt á að 40 ár eru liðin síðan samþykkt var þáltill. sem kvað á um að það skyldi gert. Þetta er afar mikilvægt mál sem snertir fébótaábyrgð bæði varðandi ríki og sveitarfélög þegar einstaklingar og fyrirtæki telja að hið opinbera eða embættismenn hafi brotið á þeim og telja sig hafa orðið fyrir tjóni. Þetta tel ég afar mikilvægt.

Ég vil líka fá fram álit hæstv. forsrh. á atriði sem hann nefndi ekki í fyrri framsögu sinni en kemur væntanlega inn á hér á eftir en það er það sem fjallað er um í skýrslunni og snýr að endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð en skýrslan segir að þau lög séu óskýr og matskennd og vafi leiki á að hin almenna verknaðarlýsing laganna sé nægilega skýr samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru í dag til refsiákvæða.

Hæstv. félmrh. minnti á frv. sem hann hafði flutt um lagaráð á sínum tíma sem var gagnmerkt frv. og kemur aftur fram í þessari skýrslu. Ég innti einmitt hæstv. forsrh. eftir því hvort hann teldi ekki eðlilegra ef farið væri í það að bæði stjórnarfrv. og þingmannafrv. yrðu yfirfarin, kannski sérstaklega með tilliti til þess hvort þau stæðust stjórnarskrá, að það væri frekar gert á vegum þingsins en framkvæmdarvaldsins.

Ég vil líka álykta af því að hæstv. félmrh. minnti á frv. um lagaráð sem hann hefði flutt á sínum tíma, að hæstv. félmrh. hljóti að styðja endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð vegna þess að hann flutti sjálfur sem óbreyttur þingmaður á sínum tíma tillögu um endurskoðun á þeim lögum. Ég vænti því þess að það hafi a.m.k. stuðning hæstv. félmrh. og væntanlega forsrh. einnig, og væri mjög gott að fá skoðun hans fram á því nú í umræðunni.

Einnig hefði verið gagnlegt líka þó að það komi ekki beint fram í skýrslunni að heyra álit hæstv. forsrh. á því og þá með tilliti til þess sem hæstv. forsrh. lét frá sér fara fyrir þó nokkru að hann teldi að koma þyrfti hér á, og það snertir réttaröryggi borgaranna, umboðsmanni skattgreiðenda. Ég vil spyrja hvort hæstv. forsrh. sé fallinn frá því og hvort hann telji kannski eðlilegra að styrkja umboðsmann Alþingis sem margir hafa talað fyrir. Ég vil velta upp í því sambandi að ekki er langt síðan það kom fram hjá forstöðumanni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna þar sem hún lét hafa eftir sér að lítill samningsvilji væri hjá ríkinu við mikið skuldsetta einstaklinga, og nefndi forstöðumaðurinn að þróunin hefði verið sú að margar lánastofnanir hefðu samþykkt nauðasamninga en innheimtumenn ríkissjóðs hefðu undantekningarlaust neitað þeim þegar um væri að ræða heimili sem væru komin í greiðsluþrot og ekkert blasti við annað en gjaldþrot og skulduðu t.d. opinber gjöld. Það rökstyður auðvitað það sem hæstv. forsrh. hélt fram á sínum tíma að skoða þyrfti hvaða leiðir væru færar til þess að styrkja stöðu skattgreiðenda og hann nefndi í því sambandi umboðsmann þeirra, þannig að mér finnst það eiga heima í þessari umræðu að við heyrum hvort skoðun hæstv. forsrh. hafi eitthvað breyst hvað það mál varðar.

Síðan vil ég í lokin koma inn á það sem mér vannst ekki tími til í fyrri ræðu minni að í skýrslunni er nefnt að skoða þurfi ákvæði laga sem mæla fyrir um fullnaðarúrskurðarvald stjórnvalda og erfitt sé að finna þeirri skoðun viðhlítandi rök að borgararnir eigi ekki rétt á að geta fengið endurskoðað af dómstólum hvort matskennd ákvörðun stjórnvalds um rétt þeirra eða skyldu sé lögmæt og byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Þetta tel ég afar mikilvægt og mælir nefndin eindregið með að a.m.k. verði það tryggt í lögum að aðila máls sé heimilt að bera mál sitt undir dómstóla hafi hið æðra setta stjórnvald ekki leyst úr því innan þriggja mánaða frá því að kæra berst. Ég tel mjög mikilvægt að þetta sem hér er hreyft sé skoðað og að ákveðið aðhald sé í því að ekki sé hægt að teygja mjög á úrlausn þegar verið er að leita réttar síns í stjórnsýslunni eða hjá því opinbera.

Síðan höfum við rætt um birtingu samþykkta hjá sveitarfélögunum sem nefndin telur nokkra brotalöm á og bæði hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. hafa komið inn á og mér finnst það sem hæstv. ráðherra nefndi, að upplýsingar kæmu fram á netinu, góðra gjalda vert, en þá skulum við hafa í huga að það eru kannski ekki allir sem hafa beinan aðgang að því en það er mjög mikilvægt að menn komist að niðurstöðu um að sveitarfélögin birti með eðlilegum hætti samþykktir sínar og reglur. Einnig, eins og hér kemur fram, að sveitarfélögum sé ætlað að setja nánari reglur um rétt eða skyldu íbúa sveitarfélagsins, eins og t.d. um framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélaga, að þau dragi það ekki úr hömlu og eins varðandi fjárhagsaðstoð sveitarfélaga sem hvert sveitarfélag á að setja reglur um og reglurnar eru mjög mismunandi, og hjá mörgum sveitarfélögum hefur það oft dregist í mjög langan tíma að slíkar reglur séu settar, kannski ekki hjá stærri sveit-

arfélögunum. Ég hygg að það sé þá aðallega hjá fámennari sveitarfélögum sem hafa kannski komið sér hjá að setja lög eða reglur um rétt einstaklinga eins og um fjárhagsaðstoð og með því hafa þau kannski haft þau áhrif að einstaklingar sem njóta þurfa fjárhagsaðstoðar eru flæmdir úr sveitarfélaginu. Mér finnst að það þurfi að vera mjög afdráttarlausar og skýrar reglur þar um.

Til að bregðast við því er nefnd sú leið að hægt sé að setja í lög að ráðherra á hlutaðeigandi sviði gefi út reglur sem gilda skulu þar til sveitarfélag hafi sjálft sett sér reglur á umræddu sviði. Mér finnst ákveðið aðhald koma þar fram sem kannski á rétt á sér eða ætti a.m.k. að skoða vandlega hvort rétt sé að fara þá leið.

Ýmis atriði eru nefnd í þessari skýrslu sem snerta réttaröryggi borgaranna og hvernig þeir geti leitað réttar síns. Þar er í raun verið að bregðast við því að hér er ekki til staðar stjórngæsludómstól eða stjórnsýsludómstóll eins og þekkist alls staðar í Evrópu, nema í Noregi, Danmörku, Bretlandi og Íslandi, en annars staðar eru það sérhæfðir dómstólar eða stjórnsýsludómstólar sem dæma í málefnum stjórnsýslunnar. Ég skil málið svo að það sé tillaga nefndarinnar að helstu kostir stjórngæsludómstóls verði nýttir í dómskerfi okkar og málsmeðferðarreglur ýmsar hjá dómskerfinu felldar að þeirri breytingu.

Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég vil ítreka að ég tel að þessi umræða hafi verið mjög gagnleg og hafi leitt ýmislegt í ljós sem ég hygg að sé mjög breið samstaða um að bæta úr. Ég held að það hljóti að vera sameiginlegir hagsmunir bæði löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins að í ýmis þau úrlausnarefni sem hér eru sett fram verði sett vinna til að þau nái fram að ganga og eins og ég sagði í máli mínu áðan, sumt af þessu getur tekið einhvern tíma en við erum vissulega að stíga mikilvægt skref til að bæta stjórnsýsluna, gera hana skilvirkari og skýra hvar ábyrgð liggur, auka eftirlitið og bæta réttarstöðu og réttaröryggi borgaranna.

Að lokum, herra forseti, sé ég fulla ástæðu til að þakka hæstv. forsrh. aftur fyrir framlagningu á þessari skýrslu og vil gera það að lokaorðum mínum að ég tel það til fyrirmyndar hjá hæstv. forsrh. að hafa gefið skýrsluna út í því bókarformi sem hér hefur verið lagt fram og tel það til eftirbreytni þegar um svo mikilvægt mál er að ræða sem við erum að fjalla um. Ég tel að það eigi eftir að sannast sem ég nefndi að skýrslan eigi eftir að vera notuð sem kennslubók í lögfræði um einhvern tíma og kannski eins og hv. formaður allshn. nefndi líka í lokin að þetta verði skyldulesning í stjórnsýslurétti.

En umfram allt er þó megintilgangurinn með framlagningu skýrslunnar sá að við drögum af henni ályktanir og lærdóm og komum því til framkvæmda sem við teljum að sé til hagsbóta fyrir stjórnsýsluna alla og til að bæta réttaröryggi borgaranna og gera starfsskilyrði bæði framkvæmdarvaldsins og stjórnvalda og alþingismanna betri en þau eru í dag.

[18:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju með þessar umræður um skýrsluna og undrast það reyndar hve margir þingmenn hafa séð sér fært að setja sig vel inn í skýrsluna, ekki aðeins þeir sem hafa áður kynnt sér málið vel og rækilega heldur margir fleiri og er það aðdáunarefni því að skýrslan er í sjálfu sér, þótt góð sé, ekki mjög aðgengileg þó að hún sé vel og skipulega fram sett. Fyrir þá sem ekki hafa vanist orðalagi af þessu tagi má vel vera að hún kalli á töluverðan vilja til að setja sig inn í hana og þess vegna er það ánægjulegt hversu margir hv. þm. hafa gert það.

Ég vil í upphafi nefna að lagt var til hér af hálfu hv. 5. þm. Reykv. að málið gengi til hv. allshn. á nýjan leik og formaður nefndarinnar hefur sérstaklega tekið undir það og ég fyrir mitt leyti set mig ekki gegn því þó að það sé afar óvenjuleg málsmeðferð um skýrslur af þessu tagi og mér hefur ekki verið sagt frá dæmum um að þetta hafi verið gert áður. Rökin eru þá þau sem hér hafa komið fram að í skýrslunni koma fram margar ábendingar sem í senn snúa að Stjórnarráðinu og þinginu, þingmönnum og þingnefndum og samskiptum þessara aðila og með hliðsjón af því held ég að það sé ekkert verra skref en hvert annað skref við framhald málsins að þingið setji sig vel inn í það, allshn. sem hafði málið til meðferðar á sínum tíma. Hvort sá skammi tími sem er í raun til þingloka dugar til þess að útspil komi af hálfu nefndarinnar eða ekki, þá er ekki vafi á því að vinna í nefndinni mun þá gagnast við meðferð á lagafrv. sem ég vænti að geti legið fyrir næsta haust, lagafrv. sem af hálfu ríkisins snúa að einstökum þáttum eða almennum þáttum sem þessi skýrsla tekur til. Það, eins og ég hef áður sagt, þykir mér ekki takmarka neitt möguleika þingmanna þó að framkvæmdarvaldið sé að horfa heildstætt á málið, að þeir taki einstök atriði út úr þar sem þeirra áhugi er mestur og komi þeim fram í frumvarps- eða þingsályktunarformi, þannig að ég set mig ekki gegn því að þessi óvenjulega málsmeðferð verði notuð í tilefni af þessari skýrslugerð.

Ég vil geta þess hér, sem ég gerði ekki áður, sem fram kemur framarlega í skýrslunni að Siðfræðistofnun Háskóla Íslands var send þessi skýrsla til yfirlestrar og gaf umsögn. Ég nefni þetta ekki til þess að láta þá stofnun bera neina ábyrgð á því sem hér er ákveðið heldur einungis geta þess að í samráði við ráðuneytið var ákveðið að hafa þennan millileik sem ég held að hafi verið til bóta og skýrsluhöfundar lýsa því framar í skýrslunni að tekið hafi verið tillit til ýmissa ábendinga sem frá þeirri stofnun komu.

Varðandi lagaráð, sem mjög margir hv. þm. hafa rætt og hv. 5. þm. Reykv. séstaklega og reyndar margir fleiri og nú síðast hæstv. félmrh. og sem skýrsluhöfundar og ýmsir þingmenn sem hér hafa talað hafa lagt áherslu á, þá er ég þeirrar skoðunar að eðlilegast sé að slíkt ráð sé með svipuðum hætti og á Norðurlöndum tengt Stjórnarráðinu vegna þess hve gífurlegur hluti af þeim frv. sem að lögum verða á rót þaðan. Ég tel það vera til bóta fyrir starfsemi þingsins að þeir sem flytja frv., sem vitað er að meiri hluti stendur fyrir, hafi gert þau þannig úr garði að þingið þurfi ekki að vera að eltast við annmarka í lagasetningu, skörun við alþjóðlega samninga, ég tala nú ekki um við stjórnarskrá landsins sjálfa. Það útilokar hins vegar ekki að þingið hafi á sínum snærum ráð af því tagi sem yrði þá ekki bundið eins þungu starfi væntanlega til að fara yfir frv. annarra þegar ljóst væri að þau frv. væru á hraðri leið í gegnum þingið og útlit væri fyrir að frv. yrðu að lögum. Það er því mitt sjónarmið að skynsamlegast væri að hafa þetta hjá framkvæmdarvaldinu og ég vek athygli á því að í gildi eru lög í landinu, ég man ekki hvort þau eru frá 1926 eða 1927, sem heimila forsrh. að skipa slíkt ráð, laganefnd held ég að hún sé kölluð. Það er reyndar langt síðan ég hef flett þeim lögum upp en það má vel vera að hægt sé að nota þau lög og/eða útvíkka þau og laga þau að tímans þróun þannig að nýta megi þau. Slík lög eru sem sagt í gildi og hafa verið í gildi líklega um sjötíu ár

þó að þau hafi ekki verið notuð. En þau hafa ekki fallið úr gildi vegna notkunarleysis.

Hv. 5. þm. Reykv. nefndi sérstaklega atriði sem snúa að bótaábyrgð hins opinbera utan samninga. Í þessari skýrslu er reyndar ekki mjög afgerandi afstaða tekin af hálfu skýrsluhöfundanna hvað þennan þáttinn varðar. Hins vegar er á bls. 90 og 91 vakin athygli á rammanum um þessi mál, rakin sagan á Norðurlöndum, þingsályktunin sem samþykkt var hér og dómar Hæstaréttar sem snúa að þessum þáttum. En í lok þess kafla er sérstaklega tekið fram að ekki sé hægt í yfirliti af þessu tagi að gefa fullnægjandi skýringar eða fjallar nánar um bótaábyrgð hins opinbera eða möguleika þar. Þó er ljóst að skýrsluhöfundar hallast að því, eins og ég skil skýrsluna, að fengur væri að því að lagaskilyrði væru skýrari hér á landi hvað þetta varðar. Segja má að dómstólaþróunin hafi þarna verið á undan lagasetningarvaldinu eins og þetta er lagt upp. Ég tel fulla ástæðu til að huga að því hvort ekki sé nauðsynlegt að koma skaplegri skipan á þau mál í framtíðinni.

Ég vil aðeins nefna, vegna ummæla hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrr í dag varðandi stjórnsýslulögin og upplýsingalögin, að til að mynda voru bæklingar um stjórnsýslulögin sendir inn á hvert einasta heimili í landinu og var það dálítið óvenjulegt með lagasetningu að vekja þannig athygli á hinum nýja rétti fólksins. Síðan hafa verið haldin námskeið sem snúa að þessum lögum og upplýsingalögunum og tvisvar á ári eru haldin slík námskeið fyrir almenning til að halda þessu við fyrir meðalgöngu forsrn. eða með stuðningi þess. Við vitum að slík kynning er aldrei gerð í eitt skipti fyrir öll. Fólk sem þarf ekki að eiga við mál af þessum toga, kannski árum saman, getur síðan verið ókunnugt um, þegar loksins kemur að því að það þurfi að gera athugasemdir við stjórnvöld, hvernig menn bera sig að. En upplýsingarnar eru fyrir hendi í skýru og aðgengilegu formi, ekki bara lögin heldur voru gefin út rit um þetta, stór bók um stjórnsýslulögin og eins aðgengilegri rit fyrir almenning til að geta haldið rétti sínum fram. Ég er sannfærður um að miklu færri mál þessa eðlis koma til kasta dómstóla og í umræðuna vegna þess að nú hefur stjórnsýslan lagað sig að hinum nýju lögum. Ég er til að mynda sannfærður um að ágreiningur um upplýsingagjöf mun fara minnkandi og úrskurðarnefnd um það efni muni fá færri og færri mál inn á sitt borð. Kerfið er að laga sig að lögunum og úrskurðum úrskurðarnefndar um upplýsingamál þannig að það verði minni og minni tilefni. Það er auðvitað mjög gott ef ekki þarf að toga upplýsingarnar út með vísun til laga heldur lagi stjórnkerfið sig að þessum breyttu forsendum og sé sjálfviljugt til að gefa út slíkar upplýsingar.

Síðan er aðeins eitt atriði varðandi þingið. Fyrir liggur að upplýsingalögin voru ekki uppspretta að rétti þingmanna til að spyrjast fyrir um hvaðeina hjá ráðherrum og rétti þeirra á svörum. Hins vegar er vakin athygli á því í skýrslunni, og það er utan við þetta, að þar sem upplýsingalög ákveða að þagnarskylda skuli gilda þá hljóti menn að hafa hliðsjón af því atriði því að ef einhver spyr um eitthvað hjá stjórnvöldum þar sem gæta ber þagnarskyldu þá á honum ekki að duga að hann snúa sér bara að næsta þingmanni sem bæri fram fyrirspurn og síðan kæmi svar til mannsins. Þá væri þagnarskyldan lítils virði. Menn þurfa að hafa þetta í huga.

Við skulum líka hafa í huga að fyrir hefur komið að þingmenn hafi neitað að taka við upplýsingum í trúnaði sem mér finnst út af fyrir sig eðlilegt. Ef margir þingmenn fá upplýsingar í trúnaði og síðan leka þær upplýsingar út sem varða ríka hagsmuni liggja þeir allir undir grun og komast í erfiða aðstöðu. Þetta er því mjög vandmeðfarið og þess vegna held ég að það væri kostur að í þingskapalögum yrðu tekin af öll tvímæli um þessi efni þannig að menn viti nákvæmlega hvar þeir standa, þingmennirnir og eins stjórnkerfið. Það gæti bæði verið til þess að styrkja rétt þingmannanna en líka til að takmarka hann sem þarf ekki að vera í andstöðu við hagsmuni hv. þingmanna. Ég nefni þetta vegna þess sem menn hafa fjallað um um þessi efni.

Varðandi það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. nefndi um hugarfar stjórnvalda held ég að það sé ekki rétt ályktun dregin hjá honum, að hugarfar stjórnvalda til þess að almenningur fái notið réttinda sinna sé ekki lakara hér en í hinum stærri ríkjum. Þvert á móti tel ég einmitt að þessi vilji framkvæmdar- og löggjafarvaldsins til að setja skýrari reglur eins og stjórnsýslulög og upplýsingalög og síðan það sem af þessari greinargerð mun síðar leiða, sé frekar gert til að binda hendur stjórnvaldanna sem koma fram með þessi frv. og auðvelda aðgang almennings. Viljinn hjá stjórnvöldunum kemur fram í þessu. Menn eru að setja fram skýrar reglur sem hafa allar leitt til þess að draga úr möguleikum stjórnsýslunnar til að leika þessi mál af fingrum fram. Þau verða að fara að skipulögðum skráðum reglum þar sem réttindi fólks eru miklu meiri en áður, andmælaréttindi, upplýsingakröfur o.s.frv. Þessi réttur er meiri en nokkru sinni hefur áður þekkst í íslensku þjóðfélagi. Þetta er mjög jákvætt.

Varðandi það sem hv. 4. þm. Reykn. spurði um afstöðu mína til athugasemda um ráðherraábyrgð hygg ég að það sé hárrétt sem fram kemur í skýrslunni að þessir lagakaflar hafi ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur í þjóðfélaginu og standi dálítið skakkt hvað það varðar. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það geti verið skynsamlegt að fara í nána endurskoðun á þáttum sem þessum, á ráðherraábyrgðinni og hvernig hún getur verið skýrar mörkuð í lögum en nú er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í þjóðfélaginu. Það kom reyndar fram í framsöguræðu minni varðandi þætti er snúa að refsiréttarlegum þáttum er snúa að opinberum starfsmönnum.

Hv. 5. þm. Reykv. spurði um umboðsmann skattgreiðenda en þannig er einfaldlega að ég gætti þess, hygg ég og vona, að nota ekki orðin „umboðsmaður skattgreiðenda". Ég held að ég hafi rætt um talsmann skattgreiðenda og var þá að hugsa um embætti sem væri nokkuð öðruvísi úr garði gert en umboðsmannsembættið, þ.e. til að greiða götu skattgreiðandans gegnum kerfið og gæta hagsmuna hans gagnvart kerfinu. Þessi mál eru í vinnslu í fjmrn. og við höfum hvergi nærri fallið frá slíkum hugmyndum. Ég er ekki fallinn frá slíkum hugmyndum og tel að ýmis sú reynsla sem ég hef orðið fyrir á undanförnum missirum hafi frekar ýtt undir það en hitt að þörf sé á slíku embætti. Á hinn bóginn er ég sammála mörgum öðrum hv. þm. um að menn verði að gæta þess að fletja ekki út hugtakið „umboðsmaður". Í sumum löndum, ég hygg að það sé í Bretlandi, eru orðnir umboðsmenn á gríðarlega mörgum sviðum, hvort þar eru 18 eða 20 umboðsmenn komnir á hinum fjölmörgu sviðum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þannig eigi að fara að hér.

[18:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég fagna því sérstaklega sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, að hann telur eðlilegt með vísan til þess sem stendur í skýrslunni að lög um ráðherraábyrgð verði skoðuð og að þau hafi

ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur í stjórnsýslunni. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra um það enda hef ég flutt frv. um það að lögin um ráðherraábyrgð verði endurskoðuð.

Ég lít svo á að hæstv. forsrh. hafi sama viðhorf varðandi upplýsingagjöf til þingsins og upplýsingaskyldu stjórnvalda til þingmanna enda bendir hann á og tekur undir að endurskoða verði lögin um þingsköp að því er þennan þátt varðar. Einnig útilokar hæstv. ráðherra ekki, ef ég skil máls hans rétt, það sem ég hef haldið fram að setja þurfi lög um skaðabótaábyrgð. Ráðherrann nefnir að það þurfi að huga að því þó að það sé fyrst og fremst dómstólaþróunin, sem er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra, sem hefur verið þarna á undan lagasetningunni. Allt þetta þrennt tel ég mjög til bóta.

Hæstv. forsrh. heldur því enn til haga varðandi talsmann skattgreiðenda og ég get verið hæstv. ráðherra sammála um að betur þurfi að huga að stöðu skattgreiðenda almennt. Ég held að það sé alveg rétt sem fram kom hjá forstöðumanni ráðherrastofu að skattakrumlan er oft mjög hörð gagnvart þeim sem skulda mikið og eru komnir í þrot. Oft er betra að slaka þar á klónni en herða á eins og oft vill gerast hjá hinu opinbera að því er varðar skuldsetta einstaklinga.

Varðandi lagaráðið tel ég að það eigi að vera í höndum Alþingis að hafa þar eftirlit og yfirsýn og lögfróðra manna að fara yfir það að stjórnarfrumvörp standist stjórnarskrána og alþjóðasamninga. Þó það sé líka á vegum framkvæmdarvaldsins þá á það einnig að vera á hendi þingsins að hafa slíkan lagaramma.

[18:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. hafi skilið mig réttilega varðandi öll þau atriði sem hv. þm. nefndi.

Umræðu frestað.

Þjóðlendur, 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 571.

[18:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Lög þessi voru sett fyrir tæpum tveimur árum til að útkljá í eitt skipti fyrir öll aldalöng deilumál um eignarráð yfir hálendissvæðum landsins. Má reyndar til sanns vegar færa að sjálfur Hæstiréttur hafi stýrt þeirri umræðu inn á vettvang Alþingis með tveimur stefnumarkandi dómum um svonefndan Landmannaafrétt.

Með lögum þessum var því eign ríkisins slegið á land og hvers konar landsréttindi og hlunnindi á svæðum sem ekki voru háð einkaeignarrétti, þ.e. hinar svonefndu þjóðlendur. Lög þessi réðu þó ekki í þessu efni til hlítar enda augljóst að ógerningur hefði verið að skera með lögum úr um mörk þjóðlendna og eignarlanda og eftir atvikum önnur réttindi innan þjóðlendna. Þess vegna var með sömu lögum komið á fót sérstakri nefnd í því skyni, svonefndri óbyggðanefnd, og henni falið að leysa skipulega úr þeim álitaefnum sem uppi eru um þetta hvar sem er á landinu. Nefndin velur sjálf hvaða svæði hún tekur fyrir hverju sinni og á þannig frumkvæði að því að gangsetja málarekstur þeirra er telja til réttindi á hverju svæði um sig. Starfi nefndarinnar er jafnframt markaður ákveðinn tímarammi í lögum og er gert ráð fyrir að hún ljúki störfum á árinu 2007 og óvissu um þessi efni ljúki þar með.

Þegar ég mælti fyrir frv. því er varð að lögum lagði ég áherslu á verið væri að færa ríkinu handhöfn eignarheimilda á svæðum sem enginn hefði getað sannað eignarrétt sinn til og hulinn hefði verið móðu að því er varðaði réttindin yfir þeim. Þá lét ég svo um mælt að ekki yrði séð fyrir fram fyrir öllum þeim vandamálum sem upp kynnu að koma og að ekki yrði fyrir fram úr þeim leyst í einu lagi. Ég lagði því einnig ríka áherslu á að með samþykkt þess frv. væri tekið fyrsta skrefið á lengri leið.

Eins og að líkum lætur er óbyggðanefnd ætlað að ráða til lykta álitaefni sem hafa mikla almenna þýðingu og varða mikilvæga hagsmuni þeirra einstaklinga og lögaðila sem telja til réttinda á þeim svæðum er hún tekur til.

Enda þótt lögin um þjóðlendur geri ekki ráð fyrir að raska réttarstöðu landeigenda eða réttindum þeirra sem nýtt hafa land til þjóðlendu, t.d. sem afrétt fyrir búfénað, leggja þau ákveðnar kvaðir og kostnað á herðar þeirra að frumkvæði stjórnvalda. Landeigendur og aðrir mögulegir rétthafar verða þannig að sæta því að óbyggðanefnd taki til meðferðar landsvæði sem þeir kunna að hafa talið eign sína um langt árabil. Þeir þurfa að lýsa eignarheimildum sínum fyrir nefndinni og leggja fram gögn þeim til stuðnings. Til þess getur þurft kostnaðarsamar sérhæfðar heimildarannsóknir og lögfræðilega aðstoð sem aðilar kunna að hafa misjafna burði til að mæta þegar þeir þurfa að gæta hagsmuna sinna. Komi upp ágreiningur um einstök svæði getur jafnframt þurft að flytja mál munnlega fyrir nefndinni og undirbúa það svipað og um dómsmál væri að ræða, þar á meðal með atbeina lögmanns.

Þegar til alls þessa er litið og þess að ríkisvaldið á frumkvæði að því að taka þessi mál til meðferðar og því starfi er markaður ákveðinn tími, þykja sterk sanngirnisrök mæla með því landeigendum og öðrum mögulegum rétthöfum verði gert auðveldara fyrir að reka mál sín fyrir óbyggðanefnd. Í því skyni er í frumvarpi þessu gerð tillaga um tvenns konar breytingar á gildandi lögum.

Önnur felst í því að leggja á ríkissjóð kostnað annarra en ríkisins af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd. Hin er breyting á málsmeðferð fyrir nefndinni til að draga úr kostnaði af henni.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir því sem meginreglu að aðilar beri sjálfir kostnað af hagsmunagæslu sinni fyrir óbyggðanefnd. Frávik frá þeirri meginreglu eru gjafsóknarmöguleikar laganna og ákvæði um að unnt sé að úrskurða aðila til að bera málskostnað gagnaðila. Skilyrði til að fá gjafsókn hafa hins vegar þótt tiltölulega þröng enda sniðin eftir ákvæðum laga um meðferð einkamála fyrir dómstólum. Þessi ákvæði leiða því til þess að landeigendur og aðrir mögulegir rétthafar þurfi í mörgum tilvikum að bera kostnað vegna meðferðar mála fyrir óbyggðanefnd sjálfir.

Með hliðsjón af þessu og á grundvelli þeirra röksemda ég hef þegar gert grein fyrir er í 7. gr. frv. lagt til að óbyggðanefnd verði heimilað að úrskurða málsaðilum, öðrum en ríkinu, kostnað af hagsmunagæslu fyrir nefndinni. Hér getur verið um að ræða kostnað vegna gagnaöflunar, kortavinnslu og þjónustu lögmanna og annarra sérfræðinga. Til að kostnaður við málarekstur haldist innan eðlilegra marka er það gert að skilyrði að um nauðsynlegan kostnað sé að ræða og

er óbyggðanefnd falið að hafa eftirlit með því. Við mat á nauðsyn kostnaðar er nefndinni heimilað að líta til þess hvort aðilar hafi sameinast um að nýta sér aðstoð sömu lögmanna annarra sérfræðinga ef hagsmunir þeirra rekast ekki á enda þótt ekki þyki unnt að gera það að skilyrði. Við mat á fjárhæð kostnaðar er nefndinni sett sú vísiregla að endurgjald teljist sanngjarnt og eðlilegt miðað við umfang viðkomandi máls.

Þá gera gildandi lög um þjóðlendur o.fl. ráð fyrir því að óbyggðanefnd ákveði hvaða svæði hún tekur til meðferðar hverju sinni og auglýsi eftir kröfum allra þeirra sem þar eiga hagsmuna að gæta með almennri tilkynningu.

Í 4. gr. frv. er lagt til að þessari tilhögun verði breytt á þann veg að fjmrn. verði falið að eiga frumkvæði að því að lýsa kröfum ríkisins um þjóðlendur á því svæði sem nefndin ákveður að taka til meðferðar ef landeigendur og aðrir mögulegir rétthafar lýsa ekki kröfum sínum fyrr en kröfugerð ríkisins liggur fyrir.

Gildandi lögum var m.a. ætlað að tryggja ákveðið jafnræði með aðilum, bæði landeigendum og ríkinu við gerð kröfulýsinga og e.t.v. stuðla að því að meiri sátt gæti skapast um niðurstöðu nefndarinnar. Enda þótt þessi breyting hljóti að raska nokkuð þessu jafnræði og setja mál í annan farveg en lagt var upp með við undirbúning laganna standa nokkur veigamikil rök til að gera þessa breytingu. Í því efni er e.t.v. mest um vert að landeigendum verði með þessu móti ljóst hvar ríkið mun bera niður og geti hagað málatilbúnaði sínum í samræmi við það. Með því að minna þarf við að hafa vegna svæða, sem þá er ljóst að enginn ágreiningur er um, ætti það að auðvelda kröfuauglýsingar landeigenda til muna og draga þannig úr kostnaði við gerð þeirra. Þessi röksemd tengist þannig hinni meginbreytingunni er lýtur að endurgreiðslu kostnaðar af hagsmunagæslu fyrir nefndinni og miðar að því að lágmarka hann.

Aðrar breytingar sem rétt er að gera sérstaka grein fyrir, herra forseti, lúta að ákvæðum starfssviðs óbyggðanefndar annars vegar og hins vegar að skattskyldu þeirra svæða sem óbyggðanefnd úrskurðar að teljist þjóðlendur. Í 2. gr. frv. er lögð til sú viðbót við núgildandi ákvæði að formaður óbyggðanefndar skuli sinna því sem fullu starfi enda gefur auga leið að slíku starfi verður ekki sinnt á ábyrgan hátt með öðru móti. Með því að óbyggðanefnd eru falin verkefni sem áður voru í höndum dómstóla þykir jafnframt eðlilegt að kjör hans taki mið af kjörum dómstjóra enda ljóst að störf hans eru síst ábyrgðar- og umfangsminni.

Þá er í 1. gr. frv. lagt til að þjóðlendur verði undanþegnar hvers kyns sköttum og gjöldum til hins opinbera enda hefur það engar slíkur tekjur haft af þessum svæðum hingað til, hvorki ríki né sveitarfélög. Hins vegar ber að leggja áherslu á að undanþága þessi tekur einvörðungu til landsvæðanna sem slíkra en ekki til mannvirkja þar, hvort sem mannvirkin eru þar, kunna að rísa þar eða réttinda sem þeim fylgja.

Herra forseti. Enda þótt sú gagnrýni sem vart hefur orðið við upphaf meðferðar á fyrsta svæðinu, sem óbyggðanefnd hefur tekið til meðferðar, sé ekki endilega aflvaki þeirra breytinga sem ég hef mælt fyrir vænti ég þess þó að þær megi verða til þess að slá nokkuð á þær óánægjuraddir sem heyrst hafa og öðru fremur beinast að kröfugerð fjmrh. á því svæði. Undirbúningur hennar var í höndum sérstakrar vinnunefndar á vegum þess ráðuneytis sem hefur stundum verið nefnd þjóðlendunefnd í umræðunni. Einnig hefur borið við að henni hafi verið ruglað saman við óbyggðanefndina. Það er ekki alls kostar heppilegt og nauðsynlegt að óbyggðanefnd njóti sannmælis í þeim efnum. Ég tek hins vegar fram að ég get sjálfur ekki tekið efnislega afstöðu til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið.

Þær breytingar sem frv. þetta felur í sér hafa þegar verið kynntar ýmsum hagsmunaaðilum eða fulltrúum þeirra, þar á meðal Bændasamtökum Íslands og þær hafa almennt mælst vel fyrir. Ég vænti þess að svo verði einnig á hinu háa Alþingi.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[18:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég tel mikinn feng að þessu frv. og þakka nauðsynlega upprifjun hæstv. forsrh. í framsöguræðu hans á undirbúningi lagasetningarinnar frá 1998. Reynslan sýnir að um vandasöm og viðkvæm mál er að ræða og ég fullyrði að það var vilji Alþingis að gætt yrði hófs í sókn og vörn í þessu máli. Aldrei var meiningin að meðhöndla bændur eins og kúlakka í Rússlandi.

Þetta frv. miðar að því að bændur og sveitarfélög geti gætt réttar síns og ég tel það nauðsynlega og eðlilega breytingu á lögunum um þjóðlendur.

[18:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta sem er til umræðu er sett fram til að leiðrétta og bæta úr þegar framkomnum ágöllum á þeim lögum sem samþykkt voru í fyrra um þjóðlendur. Ég held að ekki sé ofsagt að framkvæmd þeirra laga og sú vinna sem gert er ráð fyrir á grundvelli þessara laga hafi komið mönnum mjög á óvart, bæði bændum og landeigendum. Eins hefur mér virst á mörgum þeim þingmönnum sem áttu aðild að því að fjalla um frv. á sínum tíma að framkvæmdin hafi á vissan hátt einnig komið þeim á óvart.

Í lögunum er flokkað niður í eignarlönd, þjóðlönd og afrétti. Eignarlönd eru þannig landsvæði sem háð eru einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Þjóðlendur eru aftur á móti landsvæði utan eignarlanda þó einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar tökmörkuð eignarréttarnot. Í þriðja lagi er síðan afréttur, landsvæði utan byggðar sem hefur að staðaldri verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.

Samkvæmt laganna hljóðan er gert ráð fyrir því að þjóðlendur séu fyrst og fremst landsvæði sem stæði utan eignarlanda, þ.e. utan þeirra landa sem landeigendur teldu sig hafa landamerkjabréf og þinglýstar eignarheimildir fyrir.

Herra forseti. Síðan var fyrsta krafan eða fyrsta landsvæðið sem tekið fyrir, þ.e. krafa sem sett var fram af hálfu framkvæmdarvaldsins til þjóðlendna. Þá kom fram krafa til svo mikilla landsvæða að heilu jarðirnar eru gerðar nánast eignarlandslausar og einnig var veruleg skerðing á eignarlöndum sem aðilar töldu sig áður hafa fullnægjandi eignarheimildir fyrir. Mér virðist að ekki hafi verið gert ráð fyrir svona miklum mun í afstöðu til framkvæmda laganna, þó allir hefðu búist við, eins og hæstv. forsrh. kom inn á áðan, að sjálfsagt mundi verða einhver ágreiningur um einstök lönd, merki og réttindi. En að heilu jarðirnar sem slíkar væru undirlagðar sem þjóðlendur, það held ég að engum hafi dottið í hug.

Herra forseti. Mér finnst fyllilega ástæða til þess að framkvæmd þessara laga og vinnureglur og sú sýn er þar speglast verði endurskoðuð, að hreinlega verði staldrað við, hægt á þessari vinnu og farið yfir hvers konar mál þarna er verið að setja í gang. Það getur ekki verið ætlun löggjafans að efna til lagalegs ófriðar við stóran hluta bænda í landinu og landeigenda sem eiga land að hálendinu. Það getur ekki verið ætlun löggjafans eins og nú hefur birst í fyrstu kröfum sem komnar eru fram.

Ég vil benda á, eins og þeir sem þarna hafa einmitt verið farnir að meta stöðu sína og takast á um skilgreiningar, að dregnar eru í efa þinglýstar eignarheimildir á landareignum landeigenda og jafnan einnig réttindi landamerkja og þess háttar. Vel má vera að gagnvart einhverri nútímalagasýn og lagatúlkun geti þar verið einhver atriði sem búa megi til ágreining um en þó er jafnljóst, herra forseti, að þinglýstar eignarheimildir jarða með lönd að hálendinu ættu í sjálfu sér að vera jafngildar og þinglýstar eignarheimildir á jörðum og landi hvar sem er á landinu. Þar ætti í sjálfu sér enginn munur að vera. Ekki ætti að vera neinn munur á eignarlandi í Kópavogi, Reykjavík, Nesjavöllum, Reykjanesi eða hvar sem er, ef á annað borð er talin lagaleg ástæða til að draga í efa þinglýstar eignarheimildir fyrir einstakar jarðir. Þetta getur ekki bara verið afmarkað við þær jarðir sem eiga land að hálendinu.

Mér finnst því, herra forseti, að þetta mál hafi farið þannig af stað að það beri að skoða vandlega hvað er verið að fara út í. Sé ætlunin að keyra þetta mál áfram eins og lagt hefur verið af stað með, þó þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til séu vissulega réttarbót í þeim efnum, breytir það engu um sjálft eðli framkvæmdarinnar. Sé ætlunin að gera það eins og hér hefur verið lagt upp með væri miklu hreinlegra af hálfu ríkisins að setja fram allar kröfurnar í einu lagi gagnvart landinu öllu en taka ekki einstakt landsvæði út úr og búta þannig niður þetta stórmál. Það væri miklu heiðarlegra ef ætlunin er að ganga fram eins og hér hefur verið lagt af stað.

Herra forseti. Ég ítreka þá skoðun mína að framkvæmdarvaldinu beri að staldra við, fara yfir þetta mál aftur og leita leiða til fara fram í þeim anda sem lögin í sjálfu sér gera ráð fyrir, þ.e. að efna ekki til stórkostlegs ófriðar með flestöllum landeigendum sem eiga lönd að hálendinu. Það er ekkert víst hvar það endar, með ófyrirsjáanlegum kostnaði. Það var ekki ætlunin og það ber að endurskoða framkvæmd þeirrar vinnu sem farið hefur í gang með þessum hætti. Lagabreytingin sem hér er lögð fram opnar þessi lög einmitt til frekari umræðu, bæði á þinginu og inni í þingnefnd en vissulega eru áfram réttarbætur fyrir þessa vinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (yfirstjórn). — Þskj. 614. [18:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu. Frv. er flutt í þeim eina tilgangi að flytja yfirstjórn mála er varða álagningu og innheimtu erfðafjárskatts frá félmrn. til fjmrn. sem að meginstefnu til fer með yfirstjórn allrar tekjuöflunar ríkissjóðs.

Núverandi yfirstjórn þessara mála á sér þá sögulegu skýringu að tekjum af þessum skatti hefur löngum verið varið til uppbyggingar á sviði félagslegrar þjónustu en tekjur erfðafjársjóðs skulu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Enda þótt ráðstöfun þessa tekjustofns sé þannig bundin stofnunum er heyra undir félmrn. er álagning skattsins og innheimta í eðli sínu ekki frábrugðin almennri tekjuöflun ríkissjóðs. Með auknum kröfum til nákvæmari skattlagningarheimilda og öryggis við beitingu þeirra þykir þeim þáttum málsins því betur fyrir komið undir yfirstjórn fjmrn. sem jafnframt getur þá annast þá endurskoðun sem lög þessi þyrftu að sæta í ýmsum atriðum.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., herra forseti, og legg því til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (menntun leiðsögumanna). — Þskj. 621. [18:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, með síðari breytingu. Þetta frv. hefur einnig aðeins eitt markmið, að flytja yfirstjórn mála er varða menntun leiðsögumanna ferðafólks frá samgrn. til menntmrn.

Samkvæmt gildandi lögum er Ferðamálaráði falið að skipuleggja nám og þjálfun fyrir leiðsögumenn. Allt frá árinu 1991 hefur Menntaskólinn í Kópavogi þó annast kennslu í þessu fagi á grundvelli samnings við Ferðamálaráð. Þessi tilhögun hefur þótt gefa góða raun og almennt ýtt undir að nám sem starfsliði ferðaþjónustunnar stendur til boða verði eflt og tengt betur við almenna framhaldsmenntun í landinu. Af þeim sökum er lagt til að starfsmenntun leiðsögumanna verði sameinuð yfirstjórn annarrar framhaldsmenntunar undir yfirstjórn menntmrh. sem þá getur á grundvelli laga um framhaldsskóla sett um hana námskrá.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–16. mál.

Fundi slitið kl. 18:50.

68. FUNDUR

þriðjudaginn 22. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra, skýrsla, 275. mál, þskj. 376. — Frh. einnar umr.
2. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 571. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Erfðafjárskattur, stjfrv., 360. mál, þskj. 614. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skipulag ferðamála, stjfrv., 366. mál, þskj. 621. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Reglur um sölu áfengis, þáltill., 149. mál, þskj. 170. — Fyrri umr.
6. Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, þáltill., 174. mál, þskj. 201. — Fyrri umr.
7. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 193. mál, þskj. 225. — 1. umr.
8. Hjúskaparlög, frv., 255. mál, þskj. 321. — 1. umr.
9. Réttarstaða örorku- og ellilífeyrisþega, þáltill., 259. mál, þskj. 329. — Fyrri umr.
10. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frv., 287. mál, þskj. 448. — 1. umr.
11. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
12. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 312. mál, þskj. 562. — Fyrri umr.
13. Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, þáltill., 320. mál, þskj. 570. — Fyrri umr.
14. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 338. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.
15. Barnalög, frv., 339. mál, þskj. 592. — 1. umr.
16. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 352. mál, þskj. 605. — Fyrri umr.
17. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frv., 357. mál, þskj. 610. — 1. umr.
18. Aukin fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli, þáltill., 358. mál, þskj. 612. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson landbrh.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vinna við skýrslu um úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði.

[13:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í október sl. óskuðu þingmenn Samfylkingarinnar á þskj. 20 eftir því að viðskrh. léti endurskoða úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði. Skýrsla um þetta efni var áður gefin út á vegum samkeppnisyfirvalda árið 1994. Þegar þessi beiðni var til umræðu á Alþingi gat þáv. viðskrh. þess að ljóst væri að hér væri um viðamikla úttekt að ræða sem væri kostnaðarsöm og mundi taka mun lengri tíma en ráðuneytum er ætlað til slíkrar skýrslugerðar samkvæmt þingsköpum.

Ráðuneytið hefur í samvinnu við Samkeppnisstofnun gert áætlun um kostnað sem af því hlýst að vinna slíka skýrslu og má ætla að hann nemi 14–15 millj. kr. Í greinargerð sem ráðuneytinu hefur borist frá Samkeppnisstofnun vegna þessa segir m.a., með leyfi forseta:

„Ljóst er að endurskilgreina þarf verkefnið og laga að breyttum aðstæðum. Þar ber fyrst að nefna að opinberar upplýsingar sem stuðst var við eru nú á öðru og þróaðra formi sem býður upp á að skilgreina markaði í ríkara mæli út frá samkeppnissjónarmiðum.

Umfang verksins verður einnig nokkru meira nú en 1994 vegna nýrra atvinnugreina sem hefur vaxið fiskur um hrygg svo sem hugbúnaðariðnaðar og lífiðnaðar. Eðli ýmissa markaða hefur mjög breyst m.a. vegna hlutafélagavæðingar og aukins frjálsræðis. Dæmi um þetta eru fjarskiptamarkaðurinn og fjármagnsmarkaðurinn. Þá ber nauðsyn til að taka með hin mörgu eignarhaldsfélög og eignarhald lífeyrissjóða til að gefa sem réttasta mynd af stjórnunar- og eignartengslum nú."

Ríkisstjórnin hefur fjallað um þetta mál og varð það að samkomulagi að ég mun beita mér fyrir því að sérstök fjárveiting til þessa verkefnis verði á fjárlögum næsta árs. Skýrsla sem þessi tekur um það bil eitt ár í vinnslu en eftir að henni hefur verið endanlega lokið ætti að vera mögulegt að uppfæra hana reglulega. Ég vil hins vegar taka fram (Forseti hringir.) — hæstv. forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu — að ég hef mikinn hug á að hraða þessu verki og mun því leita leiða til að tryggja að vinna við það geti hafist á þessu ári eftir atvikum þannig að upphafskostnaður við það verði til bráðabirgða greiddur af almennu rekstrarfé viðskrn. (Forseti hringir.) Mun það verða skoðað nánar í ráðuneytinu.

[13:35]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Yfirlýsing hæstv. viðskrh. er mér mikil vonbrigði því að þessi skýrslubeiðni var lögð fram í október og áður en það var gert gerði hv. 1. flm. þessarar skýrslubeiðni, Sighvatur Björgvinsson, þáv. hæstv. viðskrh. grein fyrir því að hann hygðist leggja fram beiðni um slíka skýrslu. Hæstv. viðskrh. gerði grein fyrir því að málið gæti dregist umfram þær 12 vikur sem gert er ráð fyrir í þingsköpum og hæstv. þáv. viðskrh. tók því vel að klára verkið þrátt fyrir að það gæti tekið lengri tíma.

Virðulegi forseti. Ég vil vekja eftirtekt á því að þessi skýrslubeiðni er lögð fram strax í október löngu áður en fjárlög eru afgreidd. Í öðru lagi vil ég vekja eftirtekt á því að þingskapalög eru almenn lög og það hlýtur að teljast mjög sérstætt að hæstv. viðskrh. skuli koma hér fram með yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstjórn um að hæstv. ríkisstjórn hyggist ekki fylgja þeim lögum sem í landinu ríkja. Ríkisstjórninni og hæstv. viðskrh. er skylt að leggja þessa skýrslu fram innan 12 vikna. Ef það er ekki hægt þá er að sjálfsögðu hægt að reyna að leysa það verkefni. En hér, virðulegi forseti, er því lýst yfir að líklegt sé að skýrslan sem um var beðið komi fyrst fram á árinu 2002, því það á að leggja til að á

næsta ári, á árinu 2001, verði lagt fram fé til þess að vinna þessa skýrslu. Það tekur 12 mánuði sem hefur þá þau áhrif á skýrslubeiðni sem lögð er fram á árinu 1999 að þingið mun líklega sjá skýrsluna á vordögum árið 2002. Ég vil segja að mér finnast svona vinnubrögð ekki við hæfi og að það sé hæstv. nýorðnum viðskrh. ekki til framdráttar að bera mál sitt fram á þinginu með þessum hætti.

[13:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög brýnt að fá endurnýjaða úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi vegna þess hve miklar breytingar hafa orðið nú þegar þar á frá árunum 1993–1995 þegar þessi mál voru síðast til skoðunar. Það eru því vonbrigði ef það þarf að dragast fram á næsta ár að vinna þar að lútandi komist af einhverri alvöru af stað. Ég er sannfærður, herra forseti, um að það er nægur vilji á Alþingi fyrir því að leggja fé til þessa verkefnis ef hæstv. ráðherrar telja sig vanbúna í þeim efnum að koma verkinu af stað tafarlaust vegna þess að þá skorti fjárheimildir. Það liggur algjörlega í loftinu pólitískur vilji til þess og mikill meiri hluti er fyrir því að þetta verk verði unnið.

Herra forseti. Ég minni á að úttektin á árinu 1994 var ákveðin sem hluti af setningu samkeppnislaganna. Þegar þau voru sett árið 1993 var ákveðið með ákvæði til bráðabirgða að þessi vinna skyldi unnin. Hún var því í raun og veru hluti af því umhverfi sem var til staðar þegar samkeppnislögin voru sett. Þá var uppi umræða um það hvort slíkt ákvæði ætti að vera í ákvæði til bráðabirgða eða þetta ætti að vera fast ákvæði í lögunum og þar af leiðandi reglubundinn hluti af starfsemi Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs að gera slíka könnun á eigna- og stjórnunartengslum í atvinnulífinu til þess að mönnum geti verið það ljóst ef hættumerki eru þar á ferð.

Ég sat í nefnd sem gerði tillögur til hæstv. ráðherra á síðasta ári um endurskoðun samkeppnislaga og þar lagði ég til að inn í lögin kæmu slík vöktunarákvæði. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera hluti af löggjöfinni að samkeppnisyfirvöld fylgist reglubundið með því hvort á ferðinni sé samþjöppun í atvinnulífinu eða einkenni hringamyndunar þannig að ástæða sé til þess að grípa til aðgerða og það eigi ekki að vera háð tilviljanakenndum tillöguflutningi hér á þingi að gera slíkar úttektir heldur eigi þetta að vera reglubundinn hluti af starfsemi samkeppnisyfirvalda.

[13:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Mér kemur þessi yfirlýsing hæstv. iðn.- og viðskrh. og ákaflega mikið á óvart. Í fyrsta lagi hefur aldrei verið brýnna en nú að skoða stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi vegna þeirrar hringamyndunar og fákeppni sem hér ríkir og vegna þess að allir finna að eignir eru að færast á hendur mjög fárra í þjóðlífinu. Og þegar ráðherrann kemur hér og talar um að þetta sé dýr skýrsla af því að hana þurfi bæði að endurvinna og að hún verði aukin að umfangi þá var þessi skýrsla að sjálfsögðu mjög dýr árið 1994. Hún var unnin við erfiðar aðstæður. Þá var samdráttur í atvinnulífinu og þurfti að horfa til margra átta með takmarkað fjármagn hjá ríkinu. Nú er góðæri og feikilega góð staða og ráðherrann segir að það þurfi sérstaka fjárveitingu og það eigi að beita sér fyrir því að hún fáist á fjárlögum næsta árs. Að vísu kemur fram að það eigi að reyna að útvega einhverja peninga í millitíðinni en ég spyr bara: Hvar var ráðherrann, ríkisstjórnin og aðrir sem um áttu að véla þegar við vorum að fjalla um fjárlög þessa árs? Ekki kannast ég við að í eitt einasta skipti við meðferð fjárlaga fyrir jól hafi komið fram að það vantaði 14 millj. til að vinna þessa þýðingarmiklu skýrslu. Ekki kannast ég við að okkar fólk í fjárln. hafi látið okkur vita að það þyrfti sérstaka fjárveitingu. Beiðnin kom í október og núna í febrúar er verið að vísa þessu máli til fjárlagagerðar næsta árs. Þetta eru vond vinnubrögð og tilfinningin sem maður fær er sú að menn séu að ýta þessu þýðingarmikla verkefni á undan sér í stað þess að láta hendur standa fram úr ermum. Ég hvet ráðherrann til þess að vera ekki með neitt múður heldur láta hendur standa fram úr ermum og skila þessari skýrslu fyrir vorið.

[13:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sú niðurstaða sem hæstv. viðskrh. kynnir hér er algerlega óásættanleg. Það er ekkert nýtt að þessi úttekt sé bæði umfangsmikil og kostnaðarsöm. Vilji þingmanna liggur fyrir að þessi úttekt verði gerð, ekki bara frá því í haust að skýrslubeiðnin kom fram heldur eru tvö ár síðan ég lagði fram til viðskrh. skýrslu um að gerð yrði úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja í ákveðnum starfsgreinum. Svarið var þá að úttektin væri umfangsmikil og dýr og þess vegna gæfist ekki tími til að svara þessu. Vilji þingsins er því búinn að liggja fyrir í tvö ár. Það eru búið að afgreiða fjárlög tvisvar sinnum síðan það var þannig að hæstv. viðskrh. hafði, ef vilji hefði verið fyrir hendi, allan tíma og möguleika til þess að fá þetta samþykkt á fjárlögum. Ég held því að fyrst og fremst sé um að kenna viljaleysi ríkisstjórnarinnar til þess að úttektin fari fram en ekki peningaleysi. Ég held að það sé bara staðreynd þessa máls.

Við afgreiðum fjáraukalög árlega. Síðast voru fjáraukalög upp á 10 milljarða kr. þar sem ráðherrar eru að fara fram úr heimildum sem þingið hefur gefið þeim í fjárlögum til alls konar verkefna og þetta verkefni er það brýnt og aðkallandi að ég er alveg viss um að ráðherrarnir mundu ekki fá ákúrur frá þinginu þó að þessar 15 millj. sem hæstv. ráðherra segir að úttektin kosti komi á fjáraukalögin. Ég vil því biðja hæstv. ráðherra allra vinsamlegast með tilliti til þess hve vilji þingsins er ríkur í þessu máli að endurskoða afstöðu sína þannig að þessi úttekt geti hafist nú þegar en ekki þurfi að líða ár héðan í frá og síðan tvö ár þar til niðurstaðan liggur fyrir. Þetta er algjörlega fráleit afsökun sem ráðherrann er með og ekki boðleg þinginu.

[13:44]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það kom fram áðan í máli hæstv. viðskrh. að skýrslubeiðnin væri mjög viðamikil og kostaði mikla peninga og þar að auki tæki langan tíma að vinna skýrsluna, um það bil eitt ár. Mér finnst því ekki rétt að gagnrýna ráðherra fyrir það að hún sýni ekki vilja til þess að verða við skýrslubeiðninni. Hún lýsti þeim vilja sínum mjög skýrt í ræðustól áðan.

Hins vegar kom líka fram í máli hennar að með þessari vinnu væri verið að vinna ákveðna grunnvinnu þannig að það væri auðvelt að uppfæra þær upplýsingar sem kæmu þarna fram og það finnst mér að sé mjög vert að þakka. Ég sé ekki annað en að ráðherra bregðist mjög eðlilega við.

[13:45]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Vilji þingsins í málinu er klár. Þingið vill að þetta verk verði unnið. Alþingi hefur fjárveitingavaldið og án nokkurs vafa er ríkur vilji til þess á hinu háa Alþingi að veita fjármuni í þetta. Þess vegna er sú afsökun, ef svo má að orði komast, sem hæstv. viðskrh. gaf þinginu áðan ekki boðleg á hinu háa Alþingi. Það liggur alveg fyrir.

Það liggur líka fyrir að bréfaskipti hafi verið milli hæstv. viðskrh. og forseta Alþingis. Forseti Alþingis hefur einfaldlega sagt hæstv. viðskrh. að honum beri að leggja þetta fram á hinu háa Alþingi. Það getur ekki gengið, virðulegi forseti, þegar þingsköp kveða á um að skýrslur eigi að taka 12 vikur þá sé ætlunin að leggja hana fyrir Alþingi þremur árum síðar og bera síðan fyrir sig því að verkefni sem kosti 15 millj. sé svo viðamikið að þrjú ár taki að ganga frá því.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki boðlegt. Það er langur vegur frá því. Það er ekki hægt að koma með svona afsökun fyrir þingið. Ég held að ekki sé nokkur vafi á að ef hæstv. viðskrh. vildi vinna þessa skýrslu þá væri þingið fljótt tilbúið til að samþykkja aukafjárveitingu. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Annar kostur er að hæstv. viðskrh. fylgi einfaldlega lögum og dragi saman seglin í ráðuneyti sínu sem nemur þessum fjármunum. Það er vitaskuld hin leiðin sem hægt er að fara. Vilji þingsins er klár. Vilji þingsins stendur til þess að skýrsla sem óskað var eftir verði lögð fram á hinu háa Alþingi. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að við hljótum að vísa afsökunum sem þessum heim til föðurhúsanna.

[13:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þessar upplýsingar hæstv. viðskrh. er ekki hægt að þakka. Í október, þegar hér voru rædd samkeppnismál, var áhersla lögð á að fyrir utan það að láta vinna skýrsluna yrði að koma upp vefsetri hjá Samkeppnisstofnun þannig að þessar upplýsingar væru aðgengilegar á hvaða tíma sem er og hægt væri að uppfæra jafnóðum og breytingar yrðu í viðskiptalífinu. Því er ekki verið að koma fram með nýjar upplýsingar um gagnaöflun sem hér eftir verði byggt á. Þetta var rætt strax í upphafi þings í byrjun október.

Það sem við erum að gagnrýna er að vinna við skýrsluna skuli ekki hafa verið sett í gang strax. Það kom reyndar í ljós hjá fyrrv. hæstv. viðskrh. í umræðu fyrir jól að beiðni um skýrsluna væri ekki enn farin til Samkeppnisstofnunar og það var gagnrýnt harðlega. En á dauða mínum átti ég von, herra forseti, og tek það stórt upp í mig, en ekki að upplýst yrði undir lok febrúar að enn væri vinna ekki farin í gang og að nú snerist málið um 14 millj. kr. Ég bjóst ekki við því í jafnviðamiklu máli sem svo nauðsynlegt er fyrir alla til að varpa ljósi á, þ.e. hvernig stjórnunar- og eignatengsl eru í þjóðfélaginu. Það er eitt brýnasta málið hjá okkur að leysa.

Þessar upplýsingar er því ekki hægt að þakka fyrir. Hins vegar hvet ég ráðherrann til þess að vinna við þessa skýrslu fari í gang eins og skot og reynt verði að hraða þessu verki og peningaleysi fái ekki að ráða því að vinna tefjist við skýrsluna. Hins vegar lýsti skýrslubeiðandinn því strax að hann hefði skilning á því að þetta verkefni tæki lengri tíma en hefðbundnar skýrslur. Ég undirstrika það.

[13:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vona að þingheimi sé ljóst að enginn er andvígur því að láta þessa vinnu fara fram. Ég tel meira að segja mjög mikilvægt að gerð verði úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á Íslandi. Aðstæðurnar eru hins vegar þessar: Þegar ég kem til starfa í viðskrn. um áramót þá hefur þessi vinna ekki farið fram. Hún hefur ekki verið sett í gang og það er ekki fjármagn fyrir hendi til að láta þessa vinnu fara fram á þessu ári. Ég man ekki betur en talsmaður Samfylkingarinnar hefði mörg orð í fjárlagaumræðunni um aðhald í ríkisfjármálum og að ekki mætti eyða umfram fjárlög. Ég held að það hljóti því að vera mjög í samræmi við þann málflutning að fara ekki fram úr fjárlögum.

Forseti, væri hægt að fá hljóð í salnum?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti biður hv. þm. að gefa hljóð í salnum meðan hæstv. ráðherra talar.)

Ég vona að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því að mér finnst ekkert skemmtilegt að koma hér upp til þess að greina frá þessu. Ég hefði gjarnan viljað að þessi vinna væri komin í gang. En ég held að það sé umhugsunarefni fyrir þingið hvernig taka eigi málum þegar svona beiðnir koma fram, beiðnir um skýrslugerð sem allir eru sammála um að vinna þurfi en kostar fremur mikla peninga. Ekki það að við sjáum eftir þessum peningum heldur þarf að vera fjárveiting fyrir verkefninu. Það má vel hugsa sér að til sé fjárlagaliður sem ráðherrar geta sótt fjármagn í þegar svona aðstæður skapast. Ég mundi gjarnan vilja beita mér fyrir því að svo væri.

Varðandi það hvenær þessari skýrslugerð lýkur, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, þá ætla ég að leggja mig fram um að setja vinnuna í gang á þessu ári. Þó óttast ég að ekki náist að ljúka vinnunni áður en þing fer heim vorið 2001. Þetta tekur um ár og svona eru aðstæður.

Tilkynning um dagskrá.

[13:52]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum um 1.–4. dagskrármál fer fram umræða utan dagskrár um fyrirhugaðan niðurskurð á þjónustu við geðsjúka. Málshefjandi er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir. Hæstv. heilbrrh. Ingibjörg Pálmadóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra, frh. einnar umr.

Skýrsla forsrh., 275. mál. — Þskj. 376.

[13:53]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Umræðu um fyrsta dagskrármálið er frestað og skýrslunni vísað til allshn. án atvæðagreiðslu samkvæmt 2. mgr. 48. gr. þingskapa Alþingis.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Skýrslunni vísað til allshn. án atkvgr.

Þjóðlendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 571.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Erfðafjárskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 360. mál (yfirstjórn). — Þskj. 614.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (menntun leiðsögumanna). — Þskj. 621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Fyrirhugaður niðurskurður á þjónustu við geðsjúka.

[13:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nýverið bárust fregnir af tillögu um verulegan niðurskurð á þjónustu við geðsjúka. Geðsviði Sjúkrahúss Reykjavíkur skyldi sérstaklega ætlað að skera niður um 100 millj. Það er fjórðungur af rekstrarfé deildarinnar og ljóst að hún stæði ekki undir nafni eftir það.

Á Sjúkrahús Reykjavíkur koma þúsund sjúklingar á ári inn á geðdeildina um slysadeild. Þúsund sjúklingar, þar af yfir 60% eftir sjálfsvígstilraunir eða sjálfskaðandi hegðun. Oftast er um ungt fólk að ræða sem þarf geðlæknisþjónustu auk annarrar læknisþjónustu. Geðdeildin sinnir einnig mikilvægu hlutverki í samstarfi við aðrar deildir svo sem í þjónustu við aldraða sjúklinga sem eiga oft við geðrænan vanda að stríða.

Þessar niðurskurðartillögur koma á sama tíma og landlæknir er með kynningarátak til að berjast gegn þunglyndi og sjálfsvígum, átak til að minnka fordóma gegn geðsjúkdómum. Átakið hefur aukið gífurlega álagið á geðdeildum, hjá geðlæknum og hjá Geðhjálp. Það er greinilegt að margir sem nú eru að koma fram í kjölfar átaksins hafa ekki fengið læknishjálp. Eðlilegt væri að efla geðlæknisþjónustu í kjölfar átaks sem þessa frekar en draga úr henni. Engu að síður koma tillögur um 100 millj. kr. sparnað á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Reyndar var nú síðast talað um 50 millj. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? 100 millj. í gær og 50 millj. í dag. Ég fagna því reyndar að þrýstingur utan frá skuli þó hafa haft þau áhrif að niðurskurðartillögurnar skuli hafa farið úr 100 millj. niður í 50 en hér eru áfram tillögur um niðurskurð á þjónustu. Nú þegar eru geðdeildir yfirfullar þrátt fyrir að notkun þunglyndislyfja hafi aukist um 20–25% á ári.

Geðlæknafélagið, Geðverndarfélagið og fleiri hafa harðlega mótmælt niðurskurðinum og síðast í gær ályktaði BSRB um málið. Þar er bent á að landlæknir hafi í sambandi við fjölgun sjálfsvíga lýst yfir að bæta þyrfti bráðaþjónustu við geðsjúka og að ekki mætti skerða hana frá því sem nú er. Ég tek undir álit Geðlæknafélagsins. Skerðing kemur verst niður á þeim sem haldnir eru alvarlegustu geðsjúkdómunum, þeim sem búa við erfiðar félagsaðstæður og einstaklingum sem þurfa á bráðainnlögn að halda vegna sjálfsvígshættu. Geðsjúkdómar eru oftar en ekki sjúkdómar ungs fólks. Ónóg meðferð á byrjunarstigi getur stofnað lífi ungra einstaklinga í hættu og stuðlað að varanlegri örorku.

Aukin sparnaður við þessa sjúklinga kemur niður á öðrum deildum. Þessir sjúklingar hverfa ekki. Þeir eru áfram til staðar. Niðurskurður á þjónustunni kemur líka niður á börnum þeirra og fjölskyldum. Það er dýrt að spara í heilbrigðiskerfinu, sérstaklega við geðsjúka.

Ljóst er að rekstrarkostnaður Sjúkrahúss Reykjavíkur er meiri en gert var ráð fyrir. Komum á slysa- og bráðadeild hefur fjölgað um 10–15% undanfarið. Sparnaður á Sjúkrahúsi Reykjavíkur hefur gert það að verkum að dregið hefur úr þjónustu á öðrum deildum þannig að alvarlega sjúkir og dauðveikt fólk liggur á göngum. Suma undanfarna daga hafa 30–40 sjúklingar og jafnvel fleiri legið á göngunum. Það er auðvitað ekki boðleg heilbrigðisþjónusta og ég er viss um að hæstv. heilbrrh. er mér sammála um það. En þetta ástand réttlætir ekki að geðsjúkir verði fyrir niðurskurðarhnífnum núna.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað liggur að baki því að spara á við geðsjúka nú þegar fjármagn vantar á sjúkrahúsunum? Halda menn kannski að þessir sjúklingar séu ekki í lífshættu? Þeir eru ekki í minni lífshættu en margir aðrir alvarlega sjúkir á sjúkrahúsunum. Í niðurskurðartillögunum er talað um 50 millj. samkvæmt fréttum í hádeginu en engin endanleg ákvörðun hefur verið tekin. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Mun hún samþykkja þennan niðurskurð á þjónustu við þennan hóp eða mun hún beita sér fyrir auknu fjármagni eða öðrum leiðum til að unnt sé að sinna viðunandi þjónustu við geðsjúka á sjúkrahúsunum í Reykjavík?

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár um það sem hún kallar fyrirhugaðan niðurskurð á þjónustu við geðsjúka. Þess vegna vil ég að gefnu tilefni að fram komi strax í upphafi umræðunnar að þjónusta við geðsjúka mun ekki dragast saman. Skjólstæðingar heilbrigðisþjónustunnar sem þurfa á meðferð geðsviðanna að halda munu fá örugga þjónustu hér eftir sem hingað til.

Forsvarsmenn geðsviðasjúkrahúsanna í Reykjavík hafa fullvissað mig um að í heild stendur alls ekki til að draga úr þjónustu við sjúklinga. Markmið þeirrar vinnu sem nú er í gangi innan sjúkrahúsanna er að nýta aðstöðu og mannafla sem best í þágu sjúklinga og það kann vel að hafa í för með

sér að þjónustan flytjist til í húsum og milli húsa. En hún minnkar ekki.

Hvað varðar umræðu um Gunnarsholt og Arnarholt þá verður sú starfsemi ekki lögð niður. Það verða engar breytingar gerðar nema tryggt sé að vel verði séð fyrir þeim sem þar dvelja. Hvort sú starfsemi eigi til framtíðar heima undir merkjum heilbrigðisþjónustunnar eða hluti hennar hugsanlega sem félagsleg þjónusta er nokkuð sem ég er alveg tilbúin að skoða. En starfsemin verður áfram til staðar. Það skiptir mestu fyrir skjólstæðingana. Þeir þurfa ekki að óttast um hag sinn.

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. muna var fjárveiting til sjúkrahúsa í fullu samræmi við fjárhagsáætlun þeirra. Þetta gildir líka um stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. Fjárveitingar til þeirra voru í fullu samræmi við eigin áætlanir þeirra. Ég er þakklát þeim hv. þm. sem samþykktu fjárlög við afgreiðslu fyrir áramót.

Stjórnendur í heilbrigðisþjónustu axla mikla ábyrgð. Þeir stýra stofnunum sem eru mjög viðkvæmar og varða okkur miklu. Þeir ráða yfir miklum fjármunum og taka ákvarðanir um nýtingu þeirra. Þeir sem stýra stærstu sjúkrahúsunum taka að sjálfsögðu ákvarðanir um forgangsröðun verkefna á starfssviði þeirra. Ráðherra kemur ekki að ákvörðunum um slíka forgangsröðun nema í undantekningartilvikum, en ég hef oft ítrekað að mér finnst mikilvægt að geðsviðin hafi ákveðinn forgang og hann hafa þau haft í minni tíð sem ráðherra. Það hefur komið fram í aukinni þjónustu við geðsjúka, m.a. með aukinni göngudeildarþjónustu, aukinni dagdeildarþjónustu, aukinni þjónustu geðlækna utan sjúkrahúsa og aukinni þjónustu geðhjúkrunarfræðinga við sjúklinga í heimahúsum. Það hefur einnig komið fram með fjölgun starfsfólks á barna- og unglingageðdeild.

Virðulegi forseti. Í greinargerð frá sjúkrahúsunum í Reykjavík um starfsemi geðsviðanna er ein lykilsetning. Hún er þessi: „Í heild stendur því alls ekki til að draga úr þjónustu við sjúklinga.“ Þetta er úr greinargerð frá stjórnendum spítalanna í Reykavík um starfsemi geðsviðanna á árinu og hvort sem málshefjanda líkar það betur eða verr, þá er þetta staðreyndin nú.

Virðulegi forseti. Það er öfugmæli að halda því fram í tíma og ótíma að verið sé að skera niður á sjúkrahúsunum í Reykjavík. Það er ekki niðurskurður þegar framlögin eru aukin úr 14 milljörðum í 19 milljarða á þremur fjárlagaárum eða um 5 milljarða kr.

Virðulegi forseti. Þessar tölur svara öllum spurningum hv. málshefjanda.

[14:05]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa utandagskrárumræðu, sem ber yfirheitið fyrirhugaður niðurskurður á þjónustu við geðsjúka, þó ekki væri nema til annars en að fá hér yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. þar að lútandi að ekki sé meiningin að skera niður í þjónustu við þennan hóp sem er, eins og við vitum öll, viðkvæmastur fyrir því að breytt sé þjónustustigi, hjúkrun og aðhlynningu því hann er í hvað erfiðastri aðstöðu til að verja sig. Geðsjúk börn, langveikir, fatlaðir og aðrir sem hafa fundið sér málsvara eru sterkari og geta frekar komið sínu máli fram.

Sameining sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu er til þess fallin að ná fram hagkvæmni í rekstri og þjónustu. Það kom fram hjá núverandi stjórn að spara ætti sem svaraði 100 millj. kr. Fyrst bárust upplýsingar um að það ætti að draga úr þjónustu á bráðamóttökunni á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Í morgun komu svo fram þær upplýsingar að upphæðin yrði 50 millj. og það var ekki lengur bráðamóttakan á Sjúkrahúsi Reykjavíkur heldur þjónustan í Arnarholti og Gunnarsholti.

Að vísa þessum málaflokki, þ.e. þjónustu á Arnarholti og í Gunnarsholti, yfir á sveitarfélögin getur verið hið rétta þegar til framtíðar er litið. En þjónustan kostar peninga þótt hún færist yfir á sveitarfélögin og þessir einstaklingar þurfa á aðstoð að halda, hjúkrun og félagslegri þjónustu og þeir bjarga sér ekki úti í þjóðfélaginu eins og þeir sem heilbrigðir eru. Því fagna ég því að ekki eigi að loka deildinni.

Ég vil í þessu sambandi minna á ályktun frá BSRB um efnið og eins á þáltill. frá okkur vinstri grænum um skammtímavistun fyrir geðsjúk börn.

[14:07]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrirsjáanlegur er niðurskurður á þjónustu við geðsjúka. Framlög til geðsviðs Landspítalans eru að vísu óbreytt en mikil breyting er áformuð á geðlækningasviði Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í fjárhagsáætlun var því gert að spara 100 millj. kr. þó svo, ef marka má allra nýjustu fréttir í hádeginu, að farið sé að tala nú um 50 millj. kr. Þessari hagræðingu verður náð með því að sameina á Landspítalanum geðsvið spítalanna tveggja.

Þetta þýðir í raun að verið er að leggja geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur niður. Þarna er verið að spara fjármuni með stórfelldum niðurskurði á bráðasjúkrarúmum fyrir geðsjúka. Þetta eru smáaurar í samanburði við þær tölur sem þekkjast af kvótabraskgróða, en með þessum niðurskurði þarf geðheilbrigðisþjónusta að þola hlutfallslega meiri skerðingu en nokkur annar rekstrarþáttur sjúkrahúsanna.

Hlutverk bráðaþjónustu geðdeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur verið að sinna skjótt og vel þörfum einstaklinga sem þangað leita eftir sjálfsvígstilraunir, vegna áfalla, þunglyndis eða vímuefnavanda sem og þörfum einstaklinga með langvinnar geðraskanir svo sem geðklofa eða geðhvörf. Þegar slíkir sjúklingar leita á slysadeild er það oftast vegna þess að líðan þeirra er slík að brýnt er að sjúklingurinn sé metinn sem fyrst, t.d. vegna sjálfsvígshugleiðinga eða sturlunareinkenna. Því er nauðsynlegt að aðgengi að þjónustu sé fullnægjandi þegar eftir henni er leitað.

Herra forseti. Það er ljóst að skerðing sú sem hér er til umræðu bitnar harkalega á þeim sem haldnir eru alvarlegum geðsjúkdómunum, þeim sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og þeim sem þurfa á bráðainnlögn að halda vegna sjálfsvígshættu.

Í ljósi orða hæstv. heilbrrh. hér áðan vona ég að unnt sé að treysta því að komið verði í veg fyrir þennan stórfellda niðurskurð á bráðaþjónustu geðdeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur.

[14:09]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Það má öllum vera ljóst að sameining sjúkrahúsanna í Reykjavík mun leiða til skipulagsbreytinga sem að líkindum varða allar deildir sjúkrahúsanna. Tilgangurinn er aukin hagkvæmni í rekstri og betri þjónusta við skjólstæðinga sjúkrahúsanna með sameiningu sérdeilda sem er á báðum sjúkrahúsunum um leið og sérhæfing og sérþekking í viðkomandi grein lækninga og hjúkrunar er styrkt og efld. Breytingar á starfsemi geðdeilda sjúkrahúsanna í Reykjavík er tilefni utandagskrárumræðu á hinu háa Alþingi í dag.

Hugmyndir stjórnenda sjúkrahúsanna lúta að því að breyta áherslum í starfsemi geðdeilda með fækkun legurúma á geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur en efla á móti þjónustu og bæta nýtingu dagdeilda og göngudeilda á geðdeildum Ríkisspítala og auka bráðaþjónustu á þessu sviði á báðum sjúkrahúsunum. Þegar þessar hugmyndir kvisuðust út fyrir stuttu fóru stóru orðin að fjúka um völl. Stjórnvöld hafa verið sökuð um skilningsleysi á málefnum geðsjúkra og hafa yfirlýsingayfirboð ýmissa aðila gengið út yfir allt velsæmi. Hér hefur sannleikurinn enn eina ferðina verið skrumskældur. Hið rétta er að á undanförnum árum hefur hagur geðsjúkra verið bættur margvíslega.

Sannleikurinn er sá að þjónusta við geðsjúk börn hefur stóraukist á undanförnum mánuðum og árum með eflingu barna- og unglingageðdeildar Landspítalans og á síðustu tveimur árum einum saman hefur stöðugildum á BUGL fjölgað um 21. Sannleikurinn er einnig sá að þjónustuúrræði við þá sem þurfa aðstoð vegna áfengis- og vímuefnavanda hefur stóraukist. Sannleikurinn er einnig sá að af Norðurlöndunum fimm eru flest sjúkrarými fyrir geðsjúka hér á landi. Samkvæmt ársskýrslu um heilbrigðistölfræði á Norðurlöndum sem kom út á síðasta ári eru um 70–90% fleiri sjúkrarými fyrir geðsjúka á Íslandi miðað við mannfjölda en í Noregi og Svíþjóð og um 50% fleiri en í Danmörku. Við hljótum að skoða þessar tölur og velta rækilega fyrir okkur hvort áherslur í þjónustu við geðsjúka hér á landi séu réttar og of mikil áhersla lögð á sjúkrarúm sem mælikvarða á magn og gæði þjónustu.

[14:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum dögum bárust fréttir af því að Geðlæknafélag Íslands hefði á fundi sínum þann 7. febrúar sl. gert samþykkt þar sem varað er eindregið við fyrirhuguðum niðurskurði á þjónustu við geðsjúka. Telja geðlæknarnir að ef þær tillögur sem þá lágu fyrir um niðurskurð yrðu samþykktar af heilbrrh. yrði um fjórðungsfækkun á bráðarýmum fyrir geðsjúka á Íslandi að ræða en hér á landi eru geðræn vandamál mjög almenn.

Sem betur fer hefur hæstv. heilbrrh. samkvæmt nýjustu fréttum ákveðið að milda þennan niðurskurð nokkuð, en samt á að skera niður bráðaþjónustu. Einnig á að leggja af hælið í Gunnarsholti og flytja sjúklinga þaðan í Arnarholt í 13 rými en þar var deild einmitt með 13 rýmum lokað fyrir tveimur árum og búið er að vera að mála hana síðan, ef marka má hæstv. heilbrrh. Þessi skerðing kemur auðvitað verst við þá sem verst eru haldnir í þessum sjúklingahópi.

Eftir sjálfsvígabylgju þá sem gengið hefur yfir að undanförnu kemur það úr hörðustu átt þegar sérstaklega á að nota niðurskurðarhnífinn til að skerða bráðaþjónustu við geðsjúka. Það er einnig viðurkennd staðreynd að ónóg meðferð geðsjúkdóma á byrjunarstigi getur leitt til mikilla örðugleika seinna á ævinni og jafnvel varanlegrar örorku. Hér á landi þarf að byggja upp geðlæknisþjónustuna, bæði spítalaþjónustu og þjónustu göngudeilda og sambýla. Á þessu sviði er ekkert svigrúm til niðurskurðar, herra forseti. Þar er þörf á fjármagni til uppbyggingar.

Okkur sem stóðum að afgreiðslu fjárlaga núna fyrir jól er mikið umhugsunarefni hvers vegna látið var líta svo út sem fjárveitingar til sjúkrastofnana væru í samræmi við fjárþörf þeirra miðað við óbreyttan rekstur að mati stjórna og forstöðumanna viðkomandi stofnana, en nú virðist mér annað vera að koma í ljós, hæstv. forseti.

[14:14]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í gærkvöldi fullyrti hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir í sjónvarpi að heilbrigðiskerfið á Íslandi væri svo að niðurlotum komið að almenningur streymdi nú á miðilsfundi til að fá bót meina sinna.

Herra forseti. Nú, innan við sólarhring síðar, stendur þessi sami hv. þm. fyrir umræðu um heilbrigðismál og ætlast til þess að vera tekinn alvarlega. Málflutningur hv. þm. er með ólíkindum, kemur í sjálfu sér ekki á óvart en dæmir sig vissulega sjálfur og verður þeim mun alvarlegri sem málið er viðkvæmara. Þannig hefur hv. þm. hér í þingsal sem og í fjölmiðlum haft uppi harða dóma um barnaspítalann sem nú er í smíðum og notað orð á borð við aðskilnaðarstefnu vegna þess að barna- og unglingageðdeild skyldi ekki fundinn staður í þeirri byggingu.

Herra forseti. Það hefur ítrekað verið upplýst opinberlega, m.a. í ágætri blaðagrein fyrrv. forstjóra Ríkisspítalanna, Vigdísar Magnúsdóttur, og hér í þingsal, hvernig forsendur fyrir barnaspítala voru lagðar. Þetta voru ekki persónulegar niðurstöður hæstv. heilbrrh. heldur fagleg niðurstaða hóps sérfræðinga, þar á meðal stjórnenda barna- og unglingageðdeildar, niðurstaða sem byggir á því að barnaspítali sé best settur við hlið kvenna- og vökudeildar, niðurstöður sem bygga á því að lóðin beri ekki þá 2.000–3.000 fermetra sem geðdeild þarf á að halda, niðurstöður sem fagfólk dró upp með rökum, niðurstöður sem hæstv. heilbrrh. féllst réttilega á.

Þetta forseti. Þetta hefur fyrir löngu verið upplýst. Faglegar skýringar lætur hv. þm. sig hins vegar engu varða en kýs þess í stað að slá upp í gífuryrðasafni sínu. Haldi hv. þm. að slíkur málflutningur sé málstað veikra barna eða sjúklinga til framdráttar þá fer hv. þm. villur vegar.

[14:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. vill fullvissa okkur um að ekki eigi að draga úr þjónustu við sjúklinga. En það er alveg ljóst, herra forseti, að það á heldur ekki að auka hana og í mörg undanfarin ár hefur verið hrópað á úrlausnir, langtímaúrlausnir til handa geðsjúkum og sérstaklega til handa geðsjúkum börnum. Það munu vera um það bil 20 börn í landinu sem þjást af alvarlegum geðsjúkdómum. Langflest þessara barna búa á heimilum sínum og eru í umsjá foreldra sinna allan sólarhringinn, enda eru engin úrræði í heilbrigðiskerfinu fyrir geðveik börn til langs tíma. Það staðfesta aðgerðir foreldra þessara barna sem nýverið bundust samtökum til að knýja á um aðgerðir, fyrst og fremst að því er lýtur að langtímaúrræðum.

Á landinu öllu eru aðeins fimm langlegupláss til framhaldsmeðferðar fyrir börn með alvarlega geðsjúkdóma, fimm úrræði, herra forseti. Tvennt verður að koma til og það strax. Í fyrsta lagi verður að koma til viðurkenning stjórnvalda á þessum vanda og á þeirri sérstöðu sem geðsjúk börn og geðsjúkir eiga við að stríða. Því hefur íslensk ríkisstjórn ekki sinnt. Hún hefur ekki viðurkennt þennan vanda. Ég nefni ekki einungis niðurskurðarhugmyndir heldur nefni ég líka nýjustu ummæli hæstv. forsrh. í umræðum á Alþingi fyrir nokkrum dögum um fátækt á Íslandi, en það kemur fram í skýrslu Rauða kross Íslands að geðsjúkir eru í hópi þeirra sem búa við bágust kjör.

Hitt sem þarf að koma til, herra forseti, eru nauðsynleg aukin langtímaúrræði til að forða ungu fólki og fjölskyldum

þess frá þeim hroðalega vanda sem fylgir því að taka á móti barni út af geðdeild eftir sex vikna vistun og geta ekki boðið upp á neitt annað en áframhaldandi baráttu við það sama.

[14:18]

Katrín Fjeldsted:

Hæstv. forseti. Málefni geðsjúkra eru vandmeðfarin og miklu skiptir hver skilaboðin eru til þeirra og fjölskyldna þeirra úti í þjóðfélaginu. Ég tel að stjórnvöld og allir sem sitja á Alþingi Íslendinga séu sér meðvitaðir um vanda geðsjúkra og fjölskyldna þeirra. Hins vegar er fjöldi sjúkrarúma ekki endilega mælikvarði á gæði eða magn þjónustunnar.

Það er nú svo að geðsjúkir koma víða við í heilbrigðisþjónustunni og það er eðlilegt að þeir séu meðhöndlaðir á réttum stað í heilbrigðiskerfinu. Flestir eru líkast til í meðferð hjá sínum heimilislæknum, enda sýna tölur um lyfjanotkun t.d. þunglyndislyfja það skýrt og það er líka eðlilegt.

Næsta skref er meðhöndlun á göngudeildum og dagdeildum sjúkrahúsanna en einnig á einkareknum stofum sérfræðinga í geðsjúkdómum og sömuleiðis sálfræðinga úti í bæ. Það er hópurinn sem eftir er sem þarf á spítalavistinni að halda.

Það er alveg ljóst í mínum huga að með því að hafa sama heilbrrh. við stjórnvöldinn í heilbrigðisþjónustunni nú í rúm fjögur ár, þá hefur verið unnið markvisst að málefnum geðsjúkra á Íslandi eins og í öllum þáttum heilbrigðisþjónustunnar. Það er hægt að fylgja málum eftir og byggja þau upp af viti og það er verið að gera og ég lýsi ánægju minni með það. Skilaboðin eru alveg skýr. Þjónusta við geðsjúka mun halda áfram með þeim gæðum sem þeir þarfnast.

[14:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. 11. febrúar sl. mátti lesa í Morgunblaðinu eftirfarandi ummæli höfð eftir Jóhannesi Gunnarssyni, lækningaforstjóra Sjúkrahúss Reykjavíkur, með leyfi hæstv. forseta:

„Við finnum enga leið til að spara meira en gert hefur verið í rekstri slysa- og bráðadeildar og deilda sem styðja hana, þ.e. lyflækninga- og skurðlækningadeilda. Það má því segja að við höfum beitt ákveðinni útilokunaraðferð í þessari vinnu.

Því er ekki að neita að geðdeildin hefur ekki alveg sama sess í þessari slysa- og bráðaþjónustu og sumar aðrar deildir."

Þetta eru skilaboðin, hv. þm. Katrín Fjeldsted, sem er verið að senda út til geðsjúkra og aðstandenda þeirra.

Herra forseti. Hér er í raun ekki deilt um fjárframlög upp á 50 eða 100 millj. kr. Þessi umræða snýst ekki um skæklatog, um krónur og aura, heldur snýst hún um stefnu ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum, um forgangsröðun málaflokka og síðast en ekki síst hvar geðsjúkdómar og þjónusta við þá sem eiga við geðræn vandamál að stríða raðast í þeirri forgangsröð. Spurn eftir geðheilbrigðisþjónustu fer sívaxandi hér á landi. Góð viðbrögð almennings við átaki landlæknis vegna þunglyndis í upphafi þessa árs bera því glöggt vitni. Ískyggilegar tölur um sjálfsvíg og sjálfsvígstilraunir færa okkur heim sanninn um nauðsyn öflugrar geðheilbrigðisþjónustu sem allir landsmenn hafi jafnan aðgang að.

Herra forseti. Endurskipulagning á rekstri stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík og hugsanlegur samruni þeirra má á engan hátt draga úr þjónustu við geðsjúka. Hæstv. heilbrrh. verður að sjá til þess að innanhússpólitík stóru sjúkrahúsanna leiði ekki til þess að notkun hátækni við lækningar sé aukin á kostnað þjónustu við geðsjúka, hæstv. heilbrrh.

Hæstv. heilbrrh. getur heldur ekki vikist undan því að taka pólitíska ábyrgð á forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu.

[14:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna yfirlýsingum hæstv. heilbrrh. í þessari umræðu. „Þjónusta mun ekki dragast saman." Ég skil þessa yfirlýsingu þannig að hæstv. ráðherra mun ekki samþykkja 50 millj. kr. sparnað í þjónustu við geðsjúka og hæstv. ráðherra sagði einnig að þjónustan í Arnarholti og Gunnarsholti verði ekki lögð niður. Það er ánægjuefni. En ég verð að geta þess hér að tillögur eins og þær sem hafa verið í umræðunni um um 100 millj. kr. niðurskurð og nú í dag 50 millj. kr. niðurskurð á þjónustu við geðsjúka hefur mjög mikil og alvarleg áhrif á þessa þjónustu, á geðsjúka, á aðstandendur þeirra og á starfsmenn sem starfa við geðheilbrigðisþjónustu. Mikil orka starfsmanna fer í varnarbaráttu eins og við þekkjum fyrir skjólstæðinga sína og einnig aðstandenda. Þessi málaflokkur þolir ekki samdrátt í þjónustu. Hvort þjónustan er í einu húsi eða öðru er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að þetta fólk fái þjónustu við hæfi og að áfram verði geðheilbrigðisþjónusta í tengslum við bráðamóttöku sjúkrahúsa eins og er á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Svo verður áfram samkvæmt orðum heilbrrh. og ég fagna því.

Barnaspítalamálið ætla ég ekki að draga inn í þessa umræðu né ósmekklegar dylgjur annars þingmanns Framsfl. í Reykjanesi, sem greinilega var með vitlausa ræðu í þessari umræðu, um málefni barnaspítalans.

Herra forseti. Skilaboðin frá hæstv. ráðherra heilbrigðismála eru skýr eftir þessa umræðu. Það verður ekki dregið úr þjónustu og nú er að sjá til þess að staðið verði við þau orð því að þjónusta við geðsjúka þolir ekki niðurskurð.

[14:25]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Oft byrjar ræða hv. þingmanna í utandagskrárumræðu þannig: „Frést hefur". Skipta staðreyndir þá engu máli. Í greinargerð frá Sjúkrahúsinu í Reykjavík sem ég las áðan stendur skýrum stöfum, með leyfi forseta:

„Í heild stendur því alls ekki til að draga úr þjónustu við sjúklinga."

Það er staðreynd málsins og ég held að menn skilji núna að það er aðalmálið og aðalstaðreynd málsins. Staðreynd málsins er líka sú að við höfum verið að stórauka þjónustu við geðsjúka, t.d. geðsjúk börn, ekki bara á Reykjavíkursvæðinu heldur um allt land. Það stendur eftir og skiptir máli.

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur leitt í ljós eins og svo oft áður þegar hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir á í hlut að það sem er gott og fer batnandi er í hennar huga vont og fer versnandi. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Við slíku hugarfari duga engin rök.

Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 320. mál. — Þskj. 570.

[14:27]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um hættu af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut. Flm. eru auk þess sem hér stendur hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristján Pálsson og Sigríður Jóhannesdóttir. Þetta er ósköp stutt þáltill. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta kanna hættu sem fylgir flutningum olíu og bensíns um Reykjanesbraut, einkum með hliðsjón af slysahættu á brautinni vegna álags á slitlag en ekki síður með tilliti til mengunarhættu, svo sem á vatnsbólum sveitarfélaga á Suðurnesjum, hættu á gróðurskemmdum og útblásturs flutningabifreiða."

Herra forseti. Tilefni flutnings þessarar þáltill. er það mikla magn jarðefnaeldsneytis sem flutt er um Reykjanesbrautina á ári hverju og fram kemur í greinargerð með þáltill. Árið 1998 voru 136 milljón lítrar af flugvélabensíni og öðru jarðefnaeldsneyti fluttir frá Reykjavík og Hafnarfirði eftir Reykjanesbraut á Suðurnesin að mestu leyti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem flugvélabensín en einnig til Grindavíkur til þess að sinna fiskiskipaflotanum þar.

Nú hefur verið nokkuð um þetta fjallað að undanförnu. M.a. hefur heilbrigðisnefnd Suðurnesja fjallað um málið og lýst verulegum áhyggjum sínum af þessum miklu flutningum eftir Reykjanesbraut. Telur nefndin að vatnsból Suðurnesjamanna kunni að vera í verulegri hættu og hefur bent á það m.a. að ekki þurfi til þess nema eitt alvarlegt slys þar sem olía eða bensín leki því þá fari sá vökvi mjög auðveldlega í gegnum gljúpt hraunið og kunni að valda skaða á vatnsbólum Suðurnesjamanna til áratuga eða jafnvel nokkurra alda.

Markmið þessarar þáltill. er að fá hlutlaust mat Hollustuverndar sem er þar til gerð stofnun sem vinnur hlutlaust, á því hvort hér sé um raunverulega hættu að ræða þannig að hægt sé að bregðast við með einhverjum efnislegum rökum. Það má segja að umræðan hafi að sumu leyti verið rekin nokkuð á tilfinninganótum að undanförnu og er ekkert í sjálfu sér athugavert við það og ekkert óeðlilegt, en markmið tillögunnar er ekki síst að fá faglegt mat á þá meintu hættu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni hvað varðar vatnsból Suðurnesjamanna.

Í annan stað hefur verið á það bent að þungaflutningar valda meiri slysum. Á það hefur verið bent að allt að einn fullhlaðinn þungaflutningabíll valdi sliti vegar á við allt að 100 fólksbíla. Á árinu 1998 voru farnar rúmlega 3.000 ferðir eingöngu með olíu. Því má segja að með því að sú umferð hverfi af Reykjanesbraut, þá samsvari það í rauninni fækkun fólksbíla sem nemur um það bil 300 þúsund fólksbílum á ári. En það er vert, herra forseti, í þessu sambandi að vekja athygli á því að olíuflutningarnir einir og sér eru alls ekki einu þungaflutningarnir sem eiga sér stað um þessa umdeildu akbraut sem Reykjanesbrautin er. Miklir þungaflutningar eru í tengslum við fiskmarkaði, í tengslum við flugið, alþjóðaflugvöllinn á Keflavíkurflugvelli. Þarna fara fram malarflutningar og þannig má áfram telja. En þessir þungaflutningar eru líklega meginástæða þess að viðhald Reykjanesbrautarinnar sunnan Hafnarfjarðar eitt og sér kostar um 50 millj. kr. á ári hverju og það an eru komnar þessar illræmdu rásir sem taldar eru valdar að mörgum þeim hörmulegu slysum sem þar verða.

Í þriðja lagi, herra forseti, má benda á það að svo miklir þungaflutningar með svo mikið magn af olíu hjóta að valda mjög miklum útblæstri sem í rauninni má segja að sé ónauðsynlegur og vil ég skírskota þar til okkar skuldbindinga um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Það leiðir auðvitað hugann að því hvort ekki sé rétt almennt að endurskoða þá stefnu sem hér hefur verið ríkjandi á undanförnum árum að beina þungaflutningum meira landleiðina í stað þess að fara sjóleiðina sem með gildum rökum má halda fram að dragi bæði úr sliti á vegum og ekki síður úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Herra forseti. Í fjórða lagi færa flutningsmenn sem rök að öll óþarfaumferð um fjölfarnar akbrautir veldur slysahættu og þannig má áfram telja.

Í fimmta lagi hefur verið á það bent að flutningur með svo viðkvæman farm sem þarna er nefndur stefnir að sjálfsögðu gróðri í hættu, ekki bara vatnsbólum heldur líka gróðri ef af alvarlegum slysum verður.

Nú má spyrja hver sé þá lausnin á þessu máli. Ég tek fram, herra forseti, að hér er ekki verið að koma með beinar tillögur um lausn heldur er verið að leggja áherslu á að fram fari faglegt mat á þessu þannig að hægt verði að bregðast við í framhaldinu. En á lausnir hefur verið bent, m.a. á samþykkt hafnaþings árið 1994 þar sem bent var á að ef svokallað jöfnunargjald varðandi olíuflutninga væri bundið við skipaflutninga, sem sagt að olía og bensín yrði flutt sjóleiðis og að höfn sem næst er notkunarstað, þá gæti það verið ákveðin lausn. Með öðrum orðum eru á Suðurnesjum hafnir m.a. í Grindavík og Helguvík. Þar eru ágætar hafnir. Sérstök olíuhöfn er í Grindavík sem gæti tekið við þessum miklu flutningum ef þeir kæmu sjóleiðis. Þannig mætti draga úr slysahættunni, draga úr mengunarhættu og draga úr útblæstri vegna gífurlegra flutninga með bílum á Reykjanesbrautinni, þ.e. með því að olían fari beint í Helguvík eða beint til Grindavíkur eftir því sem verkast vill.

Herra forseti. Ég legg að lokum áherslu á að við beinum þeirri ábendingu til umhvrh. að Hollustuvernd ríkisins verði látin vinna þetta faglega mat þannig að faglegar niðurstöður fáist í þessu og hægt verði að bregðast við samkvæmt þeim.

Herra forseti. Að svo mæltu mælist ég til þess að málinu verði vísað til hv. umhvn.

[14:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi þáltill. er allrar athygli verð, einkum og sér í lagi fyrir þær upplýsingar sem fram koma í henni um flutning á magni eldsneytis svo og vegna umferðar olíuflutningavagna á Reykjanesbraut. En, herra forseti, mér þykir þáltill. bera það með sér að hv. flutningsmenn nálgist þennan vanda nokkuð sérkennilega, þ.e. að láta fara fram könnun á þeirri hættu sem skapast fyrir vatnsból vegna þessara flutninga í stað þess að koma beint að málinu eins og hv. 1. flm. Hjálmar Árnason kom inn á í ræðu sinni er hann benti á tvær hafnir í lok málflutnings síns og taldi eðlilegt að skipan mála væri þannig að þar væri eldsneyti dælt í land, t.d. í Helguvík. Hv. þm. kom aðeins inn á olíujöfnunargjaldið sem er líklega það vandamál sem við horfumst í augu við og ekki hefur neitt verið leiðrétt og er umhugsunarefni hvers vegna það er við lýði.

En það sem ég vildi gagnrýna, virðulegi forseti, er að ég skil ekki hvers vegna þeir heiðursmenn sem flytja þessa

þáltill. eru að óska eftir könnun á þessu máli þegar það er haft í huga að mengun af þessari umferð er svo og svo mikil og eins og í lokaorðum hv. flm. kom fram, að það væri bara eðlilegt að taka upp flutninga beint til Helguvíkurhafnar.

[14:37]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem fram kom í framsöguræðu minni að útgangspunktur hv. flm. að þessari tillögu er mengunarhætta hvað varðar vatnsból. Umræðan um þau hefur verið töluverð og tilfinningaþrungin sem von er því það er ekkert grín ef vatnsból fyrir 16 þúsund manna byggðarlag skaðast. Þess vegna er mjög mikilvægt að fá faglega úttekt á meintri hættu af þessum flutningum. Það er útgangspunkturinn.

Hitt sem ég nefndi er í rauninni nefnt í framhjáhlaupi og tengist þessu auðvitað. Verið er að tína til þau rök sem haldið hefur verið á lofti varðandi þessa flutninga. Við bendum á eina mögulega lausn með þær tvær hafnir sem hér voru nefndar, en fyrst og fremst að fá þetta faglega mat og úttekt þannig að hægt sé að bregðast faglega við.

[14:38]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sagt það áður er við höfum deilt og tekist á um Reykjanesbrautina og tvöföldun hennar o.s.frv. að Reykjanesbrautin sé ekkert einkamál þingmanna Reykjaneskjördæmis. Hún snertir Reykvíkinga mjög, enda má líka segja að þeir noti Reykjanesbraut jafnvel meira en Reyknesingar.

Við gerum okkur alveg fulla grein fyrir þeirri hættu sem stafar af miklum olíuflutningum um Reykjanesbraut. Mér sýnist einsýnt að ekki þurfi að rannsaka málið með þeim hætti og þeirri aðkomu sem hv. flm. gera ráð fyrir. Ég held að eðlilegra væri að beina spjótum sínum strax að þeim flutningsmáta sem væri eðlilegur, þ.e. að flutningar á flugvélaeldsneyti færu fram um Helguvíkurhöfn og því væri dælt þaðan upp á Keflavíkurflugvöll.

[14:39]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að neinn alvarlegur skoðanaágreiningur sé á milli hv. flm. og hv. þm. nema að því leytinu til e.t.v. að það er stór ákvörðun að banna strax olíuflutninga um Reykjanesbraut. Ég tel miklu vænlegra til árangurs að vinna það faglega og fá fagleg rök til þess að bregðast við. Reynist hættan vera sú sem við óttumst og spáum þá ... (**GHall:** Það liggur í augum uppi.) Ja, liggur í augum uppi. Ég held að ekki sé nóg að við hv. þm. séum sammála um það, enda erum við leikmenn á því sviði. Við erum einfaldlega að biðja um að færustu sérfræðingar fjalli um þetta viðkvæma mál. Síðan munum við taka ákvörðun. Ég er sjálfur ekki í nokkrum vafa um hver niðurstaðan verður og hver ákvörðunin ætti að vera. Að því leytinu til erum við hv. þm. sammála.

Umræðu frestað.

Reglur um sölu áfengis, fyrri umr.

Þáltill. LB o.fl., 149. mál. — Þskj. 170.

[14:41]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu á þskj. 170 um endurskoðun reglna um sölu áfengis. Ásamt mér flytja málið eftirtaldir hv. þm.: Bryndís Hlöðversdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Björgvin G. Sigurðsson.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að almenn sátt sé í samfélaginu um að leyfð sé sala á áfengum drykkjum hér á landi er erfitt að átta sig á þeirri stefnu sem stjórnvöld hafa rekið að því er varðar sölu á áfengi og af hvaða rót sú stefna er sprottin. Þegar rýnt er í sögu áfengismála hér á landi á þessari öld má leiða líkur að því að núverandi áfengisstefna sé niðurstaða sáttargjörðar milli viðhorfa þeirra sem annars vegar vildu afnema áfengisbannið og að áfengi yrði flutt inn og selt hér á landi og hins vegar þeirra sem bindindismenn höfðu uppi í lok bannáranna svokölluðu, en eins og flestum er kunnugt ríkti bann við sölu áfengis á Íslandi frá árinu 1915 til ársins 1935, eða í um 20 ár. Miklar og harðar deilur áttu sér stað í samfélaginu um áfengisbannið og tilvist þess meðan það var við lýði. Lauk þeim deilum með því að bannið var fellt úr gildi árið 1935. Þegar banninu lauk höfðu bæði andbanningar, en svo voru þeir kallaðir sem vildu afnema bannið, og þeir sem voru fylgjandi áframhaldandi banni á sölu áfengis miklar áhyggjur af drykkjuskap Íslendinga í kjölfar afnáms þess. Því vildu menn fara varlega í sakirnar eftir að innflutningur og sala á áfengi yrði leyfð að nýju svo komið yrði í veg fyrir kollsteypu. Sá ótti reyndist ástæðulaus eins og síðar kom á daginn enda má glöggt sjá þegar rýnt er í innflutningstölur áfengis frá þessum tíma að í ljós kemur að nánast öll árin sem meint bann var við lýði var flutt inn verulegt magn áfengis til landsins samkvæmt opinberum tölum og því þarf ekki að fara í grafgötur um að í þeim skjölum er ekki að finna tæmandi talingu á því magni sem flutt var til landsins á þeim tíma.

Í grein sem skrifuð var í dagblaðið Tímann haustið 1934 var þeim kröfum lýst sem bindindismenn gerðu til stefnumótunar í áfengismálum þjóðarinnar eftir afnám bannlaganna. Þar voru einkum nefnd til sögunnar fimm atriði sem nauðsynlegt var að þeirra mati að horfa til þegar sala á áfengi yrði leyfð að nýju.

Í fyrsta lagi skyldi kjósendur í hverju héraði ráða því hvort þar yrði áfengissala eður ei. Í öðru lagi skyldi banna áfengisveitingar í skipum. Í þriðja lagi skyldi verð á áfengi vera hátt. Í fjórða lagi varð að koma á bindindisfræðslu í skólum og í fimmta lagi var nefnd sú krafa að skipuleggja yrði útbreiðslu bindindis.

Ég tel að öll könnumst við meira og minna við þessi viðhorf þegar skoðuð er framkvæmd á áfengisstefnu þjóðarinnar undanfarna áratugi. Þeim línum sem bindindismenn drógu upp við lok bannáranna hefur því að mestu verið fylgt þegar komið hefur að framkvæmd á áfengisstefnu Íslendinga allar götur síðan.

Forsendur áfengisstefnu Íslendinga undanfarin 65 ár eru því að meginstefnu til þær sömu og lágu til grundvallar sjálfri bannstefnunni þótt frá henni hafi verið horfið fyrir löngu og áherslur breyst með breyttum tíðaranda.

Þessar kröfur bindindismanna byggðu aðallega á þeirri hugmyndafræði að eftir því sem erfiðara væri að ná í áfengi

því minna væri drukkið, því dýrara sem áfengið væri því minna væri keypt af því. Segja má að þessi sjónarmið séu alfa og omega þeirrar áfengisstefnu sem hér hefur verið rekin síðan og við öll þekkjum. Því er ekki nema von að spurt sé nú við upphaf 21. aldar hvort rétt sé að viðhalda til frambúðar áfengisstefnu sem byggir á slíkum grunni. Að mínu viti eru of miklar þversagnir í þessari stefnu til þess að mögulegt sé að taka hana alvarlega, enda hefur ólöglegur innflutningur á áfengi, svokallað smygl, til langs tíma verið ein af þjóðaríþróttum Íslendinga.

Virðulegi forseti. Það er mat flutningsmanna að þau skilaboð sem núverandi áfengisstefna feli í sér beri í sér mikinn tvískinnung. Annars vegar að heimilt skuli að flytja inn og selja áfengi en um leið séu send skýr skilaboð um að reynt skuli að koma í veg fyrir neyslu. Þetta tvennt fer einfaldlega ekki saman og getur ekki farið saman. Að mati flutningsmanna er orðið tímabært að umræðan um áfengi og umgengni við það verði á öðrum nótum en þeim sem verið hefur undanfarna áratugi. Það er mat flutningsmanna að ef takast eigi að móta trúverðuga áfengisstefnu verði hún að byggja á öðru en misskilinni fortíð því forsendur þeirrar sáttar sem gjörð var við talsmenn áfengissölubannsins fyrr á öldinni er sátt milli ósættanlegra sjónarmiða. Það er því öðrum þræði broslegt þegar lesa má fréttatilkynningar ÁTVR, hvort heldur er í fjölmiðlum eða heimasíðu stofnunarinnar, um söluaukningu á áfengi milli ára og opnun nýrra áfengisbúða í ókominni framtíð. Slíkar tilkynningar bera það með sér að jafnvel ÁTVR hefur gefist upp á því að framfylgja hinni opinberu áfengisstefnu. Einnig má lesa á heimasíðu ÁTVR að sala á áfengum drykkjum jókst um tæp 8% milli áranna 1998 og 1999. Þessar fréttatilkynningar eru þess eðlis að erfitt er að taka þær alvarlega. Enn fremur þær sem birtast gjarnan um mánaðamót um að áfengi skuli hækka í verði frá og með tilteknum degi. Nú á tímum er almennt viðurkennt að verðmyndun skuli eiga sér á markaði en ekki með miðstýringu og rétt að minna á að fréttatilkynning ÁTVR, þar sem tilkynnt var um að verð á bjór skyldi hækka almennt um 1,75% frá og með 1. febrúar sl. og að annað áfengi að meðaltali um 0,67%, var einföld og án mikilla útskýringa. Hún hljóðaði svo: „Breytingarnar stafa af verðbreytingum birgja.“ Þar með var komin skýring á því að áfengi hækkaði um síðustu mánaðamót.

Virðulegi forseti. Það er skoðun mín að leita þurfi annarra leiða en þeirra sem farin hefur verið í sölu áfengis hér á landi undanfarin 65 ár. Það er staðfastlega skoðun mín að áfengismenning sú sem sprottið hefur á grunni þessarar stefnu sé okkur ekki til mikils sóma enda er það oftar en ekki svo að umfjöllun um áfengismenningu okkar, hvort heldur er í innlendum eða erlendum fjölmiðlum, hefur verið þess eðlis að lítill sómi hefur verið að fyrir land og þjóð og alls ekki til þess fallin að auka hróður landsins á erlendri grundu. Það er skoðun mín að við mótun nýrrar áfengisstefnu þurfi að taka mið af tvennu. Í fyrsta lagi að viðurkennd sé sú sátt um að áfengi skuli flutt inn og selt hér á landi. Í öðru lagi getur sátt um að heimila sölu á áfengi aldrei byggst á öðru en því að einstaklingum sé treystandi til að fara með og umgangast slíkar veigar. Það er því heilbrigðara að mínu mati og vænlegra til árangurs að áfengisstefna þjóðarinnar taki mið af þeim raunveruleika sem við búum við hér á landi en ekki einhverju hypótetísku ástandi. Það hlýtur að vera eðlilegra að þjóðin alist upp við það að áfengi og áfengisneysla sé eðlilegur þáttur í samfélaginu, það getur ekki þrifist til lengdar, auk þess sem það dregur úr ábyrgðartilfinningu fólks þegar stjórnvöld haga sér með þeim hætti sem sagan greinir frá í þessum málum.

Í þáltill. sem hér er mælt fyrir og er að finna á þskj. 170 er lagt til að fjmrh. verði falið að skipa nefnd sem vinni að endurskoðun á reglum um sölu áfengis svo m.a. verði heimilað að selja létt vín og bjór í matvöruverslunum. Markmiðið með þessu er m.a. að tryggja að allir, hvar sem þeir búa, hafi jafnan aðgang að þessum vörum. Enn fremur að undirstrika að neysla léttra vína og bjórs sé ekki síður partur af matargerð og matarmenningu þeirri sem við erum að reyna að skapa og koma okkur upp.

Meðal annars af þessum sökum er einnig lagt til að það verði verkefni nefndarinnar að kanna hvort æskilegt og mögulegt sé að reyna að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með því að breyta verðlagningu á áfengi og breyta og bæta aðgengi að þeim tegundum sem æskilegt er talið að Íslendingar neyti.

Lagt er til að nefndin endurskoði lög um sölugjöld og tolla á áfengi en með lögum nr. 97/1995 var afnuminn einkaréttur ÁTVR á innflutningi áfengis til landsins. Lagt er til að endurskoðunin taki sérstaklega mið af því að fólk alls staðar á landinu hafi sömu möguleika að nálgast áfengi.

Í tillgr. er lagt til að nefndin verði a.m.k. skipuð fulltrúum allra þeirra flokka sem setu eiga á Alþingi og skili tillögum til fjmrh. eigi síðar en 1. júlí árið 2000 þó sá dagur sé senn að renna upp.

Það er ekkert launungarmál að hér er lagt til að skoðað verði gaumgæfilega hvort rétt sé að auka aðgengi í áfengi frá því sem nú er, einkum að því er varðar létt vín og bjór auk þess sem lagt er til að verðstefna sú sem hér hefur verið rekin um langt skeið verði endurskoðuð. Það er heldur ekkert launungarmál að við teljum það hollara íslenskri þjóð að alast upp við það að áfengi sé eðlilegur hlutur tilverunnar og umgangast það sem slíkt í stað þess tvískinnungs sem verið hefur íslenskri þjóð leiðarljós allt frá því að bannlögin voru numin úr gildi.

Það er trú þeirra sem þetta mál flytja að íslenskri þjóð sé ekki síður treystandi en öðrum Evrópuþjóðum til að umgangast þessa vöru og hafa svipað aðgengi og aðrar þjóðir sem við viljum bera okkur saman við. Það er einnig trú okkar að öðrum en ríkinu sé fullkomlega treystandi til að hafa þennan varning á boðstólum.

Við erum einnig sannfærð um að eini möguleikinn til að byggja upp annars konar áfengismenningu en hér tíðkast sé sú að hverfa frá þeirri fortíðarhyggju og þeim tvískinnungi sem einkennt hefur áfengisstefnu Íslendinga um langt árabil. Það verður ætíð svo að alltaf verða einstaklingar sem kunna ekki með áfengi eða aðra slíka vöru að fara frekar en ýmislegt annað sem til boða er í nútímasamfélögum. Hvorki núverandi ástand né sú tillaga sem við ræðum hér breytir nokkru þar um.

Þrátt fyrir að hér sé verið að leggja til verulegar breytingar frá þeirri áfengisstefnu sem verið hefur við lýði um langt skeið er ekki verið að leggja til meiri breytingar en svo að þjóð eins og Norðmenn, sem hingað til hafa ekki verið taldir til frumkvöðla á þessu sviði, hafa þegar stigið það skref að heimila sölu bjórs í matvöruverslunum. Hér er því verið að leggja til breytingu frá núverandi stefnu en um leið lagt til að stigið sé varlega til jarðar í fyrstu og einungis heimilað að auka aðgengi að léttu víni og bjór.

Einnig skal tekið fram að í tilögunni eins og hún er orðuð er ekki loku fyrir það skotið að slík sala í matsöluverslunum geti átt sér stað í samstarfi eða samvinnu við ÁTVR. Í þeim efnum er engum dyrum lokað.

Meginefni tillögunnar er það að við þurfum að ræða um og vinna út frá öðrum forsendum en þeim sem við höfum verið að gera í tæpa sjö áratugi og skilað okkur litlu sem engu fram á veginn.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðunni er lagt til að tillagan fari til meðferðar hjá efh.- og viðskn.

[14:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er andvígur þessu máli og mun því leggja til að tillagan verði felld ef hún kemur aftur til umfjöllunar og afgreiðslu. Ég hefði talið það standa Alþingi nær miðað við ástand þessara mála að hér væri til umræðu tillaga um að skipa nefnd til að koma með tillögur til þess að draga úr vaxandi unglingadrykkju og taka á því vandamáli sem við blasir samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum að drykkja hefur færst niður í aldurshópum. Ástandið er með öðrum orðum, herra forseti, nógu slæmt fyrir þó ekki verði farið út á þá braut að sleppa öllu lausu og auka stórlega aðgengi unglinga að áfengum drykkjum.

Herra forseti. Mér finnst dapurlegt að hv. flutningsmenn, þingmenn Samfylkingarinnar, skuli ganga í lið með íhaldsöflunum í landinu sem hafa undanfarin ár haldið úti markvissum aðgerðum til þess að brjóta niður Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að því er virðist fyrst og fremst til þess að koma verslun með þessar vörur út í almennar verslanir þannig að menn geti farið að höndla með þær þar og græða á því að versla með þær.

Ég tel líka að hv. 1. flm. og frsm. sé á miklum villigötum þegar hann sækir sér aðallega rök í málflutning manna sem rifust um þessa hluti fyrir sex eða sjö áratugum þegar hér stóðu deilur um það hvort afnema ætti áfengisbann og málflutning af því tagi að síðan hafi ekkert breyst skil ég ekki. Ég held að hv. þm. þurfi heldur ekki að velkjast lengi í vafa um hver sé grundvöllurinn fyrir þeirri stefnu í áfengis- og vímuefnamálum sem hefur verið rekin á Íslandi. Munurinn er sá að hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, kannski að frátalinni Danmörku, er litið á þetta sem hluta af heilbrigðis- og forvarnamálum viðkomandi lands. Það er ekki lengra en sex ár síðan ríkisstjórn Íslands ásamt ríkisstjórnum hinna Norðurlandanna að frátalinni Danmörku setti fyrirvara inn í samningaviðræðurnar um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði til að verja mætti einkasölu á áfengi og tóbaki vegna þess að það væri hluti af heilbrigðisstefnu Norðurlandanna. Sama viðurkenning felst í því að á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar eru Norðurlöndin, skandínavísku löndin og Ísland, tekin sem sérstakt fordæmi og bent er á hvaða árangri megi ná í þessum efnum með því að reka markvissa og aðhaldssama stefnu í þessu efni. Hvatt er til þess út um allan heim af þessari stofnun Sameinuðu þjóðanna að menn fylgi fordæmi Norðurlandanna og reki ábyrga og aðhaldssama stefnu.

Tölfræðin talar öll sínu máli. Það er ákaflega auðvelt mál hvort heldur er úr þessum ræðustóli eða annars staðar í samfélaginu að koma og reyna að slá keilur á því að þetta sé fornaldarlegt fyrirkomulag, óþægilegt, ekki í takt við tímann o.s.frv. En er það hinn ábyrgi málflutningur eða hitt að horfast í augu við staðreyndirnar eins og þær liggja fyrir og þær eru að stefnan á þessu sviði, spurningin um aðgengið og spurningin um hvort hægt er að hafa reglur sem tryggja t.d. að áfengir drykkir séu ekki seldir til fólks undir lögaldri, skipta miklu máli. Útkoman er sú að vandamál þessu tengd, þó að þau séu vissulega ærin hér, eru hvergi minni en einmitt á þeim Norðurlandanna sem hafa haldið úti aðhaldssamri stefnu í þessum efnum.

Hvers vegna eru Svíar og að nokkru leyti Finnar í hörkuslagsmálum einmitt núna þessi árin að verja fyrirkomulag sitt á áfengissölu? Það er vegna þess að þar er þetta viðhorf lagt til grundvallar að þetta sé ábyrg og aðhaldssöm stefna stjórnvalda, liður í heilbrigðispólitík viðkomandi landa og mikilvægt sé að halda utan um þessa hluti. Ég tek ofan fyrir þeim sem þannig hugsa og óska Svíum og Finnum góðs gengis í því að verja fyrir kjöftum Evrópusambandsins sitt „Systembolag" og sitt „Alko".

Ég held, herra forseti, að flutningsmenn skuldi okkur líka útskýringar á því hvernig þeir ætla, ef vínið fer út í búðir, almennar matsöluverslanir, að tryggja að þar sjáum við ekki sambærilega hluti gerast og í sölu á tóbaki sem er bannað að selja unglingum en kannanir bæði í Hafnarfirði og víðar hafa sýnt að í 70–90% tilvika fá unglingar undir þessum aldri hindrunarlaust keypt tóbak. Hvernig halda menn að það verði á föstudögum í stórmörkuðunum þar sem meðalaldur fólksins á kössunum er sennilega stundum undir þessum lögaldri sem þarf til að kaupa áfenga drykki, þegar skólasystkini þeirra og félagar færu að koma með léttvínsflöskur og bjórkippur? Halda menn að það yrði mikið aðhald í því að ætla þá að treysta á það að afgreiðslufólkið á kössunum tryggði að ekki væri um sölu til unglinga undir lögaldri að ræða o.s.frv.? Ég er sannfærður um að ef menn missa það aðhald sem fólgið er í núverandi fyrirkomulagi, að það sé á opinberri ábyrgð að framfylgja þessum reglum og stefnu stjórnvalda að þessu leyti, geta menn eins sleppt þessu algerlega lausu vegna þess að það mun reynast ógerlegt ef dreifing þessa varnings fer út í almennar verslanir og án sérstakrar leyfisbindingar því hér var ekki komið inn á það. Hvorki er það í greinargerð né var í máli framsögumanns að það væri þá hugsað, að a.m.k. að einhverja sérstaka leyfisveitingu þyrfti til, nei, heldur er talað um matvöruverslanir t.d. almennt og úti um allt land, hvernig aðhaldinu verði þá við komið. Ég er sannfærður um að það verður liður í því að brjóta endanlega niður þetta fyrirtæki og það mundi hverfa á fáeinum árum. Rökin fyrir því að reka það þegar þetta skref hefði verið tekið færu náttúrlega óðum þverrandi og þá væri langþráður draumur þeirra afla sem hafa um áratuga skeið séð glýju í þeim gróða sem hafa mætti af því að fara að höndla með þessa vöru næði hann að rætast. Það er svo augljóst mál að það þarf ekki að ræða það að þegar viðskiptalegur hvati er fyrir hendi til að reyna að selja sem mest af þessari vöru, draga viðskiptavini að og fá þá leiðinni til að kaupa aðra hluti, mun það hafa áhrif og ýta undir aukna neyslu þessarar vöru. Þannig talar tölfræðin sínu máli alls staðar að úr heiminum. Það sýnir reynslan frá Norðurlöndum okkur, það sýnir samanburður milli fylkja í Bandaríkjunum þar sem þetta er sums staðar með þessum hætti en annars staðar ríkisverslun og hægt er að fá mjög góðan samanburð út úr þeirri tölfræði sem fæst með því að skoða mismunandi fyrirkomulag í einstökum fylkjum Bandaríkjanna. Þar er þróunin núna í þá átt að verið er að hækka aldurinn og aftur er verið að setja strangari reglur um verslun með þessar vörur.

Sama er að gerast í Frakklandi og í Danmörku geisar núna mikil umræða um það að Danir verði að grípa til aðgerða

vegna stórkostlegrar drykkju skólabarna í Danmörku sem litið er á sem eitt mesta vandamál í uppeldis- og kennslumálum. Ég held því að við ættum að líta frekar á það sem nú er til umræðu annars staðar í heiminum en leggja til hluti af þessu tagi.

Það er svo vissulega svo, herra forseti, að ýmislegt má skoða og fara yfir, t.d. hvað varðar framkvæmd þessara mála hjá ÁTVR og þá þjónustu sem þar er veitt. Það hefur m.a. sá sem hér talar lagt til og var brosað að því fyrir nokkrum árum þegar ég lagði til að þar yrði stofnað embætti þjónustufulltrúa og reynt að færa þjónustu þess fyrirtækis í nútímalegra horf sem hefur vissulega verið að gerast en mætti betur gera. Það er ekkert því til fyrirstöðu að koma til móts við kröfur neytenda í því fyrirkomulagi rétt eins og öðru án þess að stíga skref af þessu tagi sem yrðu til ófarnaðar.

[15:01]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki heyrist mér þetta vera upphaf á mjög málefnalegri umræðu. Ef marka mátti mál síðasta ræðumanns gæti maður haldið að hér lægi fyrir frv. til laga um að áfengiskaupaaldur skyldi færður niður eða með öllu afnuminn.

Hins vegar langaði mig til að spyrja hv. þm. út í það hvernig honum líst á núverandi stöðu og hvort sú staða og hvort sú þróun sem orðið hefur hjá ÁTVR sé honum þá líka á móti skapi, þ.e. sú staða að ÁTVR hefur verið að fjölga mjög útsölustöðum sínum og eru þeir nú komnir víðast um landið. Vegna þess hversu dýr dreifingin er hefur ÁTVR gripið til þess að fara í samstarf við ýmiss konar verslanir, búsáhaldaverslanir, barnafataverslanir, veiðarfæraverslanir, fatahreinsanir, nánast allar tegundir verslana aðrar en matvöruverslanir. Liggur þetta eingöngu í því að ekki megi sýna áfengi við hliðina á mat eða er hv. þm. almennt á móti því að ÁTVR bjóði fram þjónustu svo víða sem raun ber vitni því að vissulega eykur aukin þjónusta aðgengi fólks að þessum drykkjum.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. ræðumaður getur að sjálfsögðu haft sínar skoðanir á því hvað sé málefnalegur málflutningur og hvað ekki. Ég hef ákveðna afstöðu í þessu máli og ég tala fyrir henni og ég biðst ekki undan ábyrgð á því og ég skammast mín ekki fyrir að hafa þau sjónarmið í þessum málum sem ég hef.

Ég tel að ÁTVR hafi farið mjög skynsamlega leið í því að koma til móts við óskir fólks vítt og breitt í byggðum landsins með aukna þjónustu. Sá er grundvallarmunur þar á að það er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem sér um þá þjónustu og þeir menn sem þar afgreiða eru starfsmenn hennar. Ábyrgðin á því að lögum og reglum sé framfylgt er á herðum þessa opinbera fyrirtækis og sætir þar af leiðandi því aðhaldi sem í því er fólgin. Það er hægt að halda utan um þá hluti og það er hægt að koma við því eftirliti og því aðhaldi sem menn kjósa á hverjum tíma og það er alfarið í höndum þessa fyrirtækis og þannig tel ég að það eigi að vera og viðskiptalegi hvatinn er aftengdur. Hann er ekki til staðar með sama hætti og hann verður í einkarekinni verslun vegna þess að þetta er hluti af rekstri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og um er að ræða þjónustusamning á föstum verðum o.s.frv. þannig að þarna er grundvallarmunur á. Það voru engin tilefni til að gera mér upp þá skoðun að ég væri á móti þessari þróun eða heyrði hv. þm. mig segja eitthvað í þá veru? Svarið er nei. Ég lauk máli mínu á því að minna á að ég hefði einmitt í umræðum um þetta fyrirtæki og með brtt. og frv. fyrir tveimur og þremur árum lagt til að gerðar yrðu ýmsar ráðstafanir í rekstri ÁTVR til að koma til móts við eðlilegar óskir neytenda í þessum efnum og ég get séð fyrir mér ýmislegt fleira gerast í þeim efnum. Spurningin snýst þar af leiðandi ekki um það hvort þjónustan geti verið þannig að hún sé meira í átt að því sem fólk vill og þetta komi til þeirra byggðarlaga sem óski eftir að fá slíka þjónustu. Það held ég að sé tímabært og ég er ekki að tala fyrir öðru. Mér finnst það grundvallaratriði undir hvaða formerkjum þetta er gert þannig að þessu aðhaldi verði við komið. Ég hef ærin rök til þess að óttast að ef menn færu út á þá braut sem er í raun og veru undirtónninn í þessu þingmáli. Að fara með dreifinguna út í matvöruverslanirnar yrði það óheillaspor.

[15:05]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef hv. þm. hefur tekið orð mín svo að hann þurfi að skammast sín fyrir stefnu sína. Ég ber mikla virðingu fyrir bindindismönnum og líka því erindi þeirra að finnast að bindindi sé rétt og eðlilegt fyrir aðra, sömuleiðis þeim sem vilja gæta hófs.

Hins vegar erum við að tala um viðskipti og mér finnst það svolítið sérkennilegt þegar hv. þm. talar um að viðskiptahvatinn komi þá fyrst inn þegar aðrir en ÁTVR fara að höndla með þennan varning. ÁTVR er nefnilega með viðskiptahvata inni. Þeir henda út úr verslunum sínum öllum þeim tegundum sem seljast ekki og þeir hrósa sér af söluaukningu á milli ára.

Síðan finnst mér örla dálítið á því þegar menn eru að ræða um áfengismál að menn séu kannski fyrst og fremst í vörn fyrir ÁTVR. Þá vil ég spyrja af því að það er talið öruggast og traustast þegar um er að ræða áfengisstefnu að það séu starfsmenn ríkisins sem afhenda þennan drykk yfir borðið. Er hv. þm. á því að við ættum að gera til þess kröfu að það séu opinberir starfsmenn sem afgreiða á börum?

Það er alveg ljóst að á börum og í vínveitingahúsum út um allt land starfar fólk sem hefur a.m.k. ekki þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa hvað varðar atvinnurétt og annað þess háttar. Er þessu fólki ekki treystandi þess vegna? Þurfa menn að vera opinberir starfsmenn til þess að þeim sé treystandi til þess að afgreiða vín yfir borð?

[15:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú ætla ég að segja það sem mér finnst um málflutning þessa hv. þm. Mér fundust þetta ömurlegir útúrsnúningar og ég tel þetta ekki vera lið í málefnalegri umræðu um það mál sem hér kom síðast fram af hálfu hv. þm. Eða er hv. þm. að leggja vínveitingastaði með leyfisbundna starfsemi með aldurstakmarki að jöfnu við matvöruverslun sem er opin að deginum til og sætir engum slíkum takmörkunum eða er undir engu slíku eftirliti og fylgir engum sambærilegum reglum við það sem vínveitingastaðir eiga þó að gera? Má ég að spyrja á móti: Var hv. þm. að leggja þessa starfsemi algerlega að jöfnu?

Ég geri það ekki þó að mér sé ljóst að ýmislegt mætti endurskoða eins og t.d. misræmið í áfengiskaupaaldri og aðgöngualdri að þessum vínveitingastöðum. Þar vitum við að er misræmi uppi sem menn hafa iðulega rætt um á þessum stað.

Ég er ekki bindindismaður og hafi hv. þm. verið að vísa því til mín að hún bæri mikla virðingu fyrir málflutningi bindindismanna, ég er það ekki. Ég nota áfengi en ég leyfi mér að hafa skoðanir á því hvaða áfengisstefnu þjóðfélagið eigi að hafa uppi. Ég lít ekki svo á að það sé sérstaklega málefnalegt innlegg í umræðuna að þeir sem vilja hafa aðhaldssama stefnu í þessum málum og þeir sem hafa áhyggjur af vaxandi unglingadrykkju þurfi endilega að vera bindindismenn sjálfir. Er það? Nei, það er kannski alveg eins mikið mark á hinum takandi sem eru að reyna að fóta sig á því að greina á milli persónulegra viðhorfa sinna í þessum efnum og þess hvernig heilbrigðisstefna í landinu eigi að vera og hvernig löggjöf um áfengismál.

Ég verð líka að segja alveg eins og er að mér finnst þetta voðalega götóttur málflutningur hjá hv. flutningsmönnum að hvorki í greinargerð með þessu plaggi né í ræðu framsögumanns komu fram einar einustu áhyggjur, ekki minnstu vangaveltur um það að breytingar af þessu tagi kynnu að leiða til aukinnar neyslu og þá hvernig flutningsmenn vildu t.d. reyna að sporna við því. Er ekki svolítið billegt að fara fram með tillögu af þessu tagi og það vottar ekki fyrir því að menn hafi áhyggjur af því í málflutningi sínum eða rökstuðningi sínum í greinargerð að hér séu vandasöm mál á ferð og það sé stutt í miklar mannlegar hörmungar sem vandamál þessu tengt geta haft í för með sér.

[15:09]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Hér er mælt fyrir tillögu um rýmkun á lögum um áfengiskaup hvað varðar sölustaði. Ég er í sama liði og íhaldsaflið, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og satt að segja skil ég ekki í hvaða heimi hv. flutningsmenn lifa. Við Íslendingar stöndum upp fyrir haus í áfengisvanda, sérstaklega hvað varðar ofneyslu áfengis og drykkjusýki og reynum hvað við getum til að bregðast við þeim vanda. Það eina sem hefur dugað er aðhaldssöm stefna í sölu og það er einmitt það sem aðrar þjóðir eru líka að fara í, að þrengja reglur eftir því sem frekast er kostur.

Því verð ég að segja að mér finnst þetta vera vitlaus tillaga og ég vona að hún komi ekki úr nefnd. Hún stefnir í vitlausa átt. Hún miðar að því að auðvelda aðgang að áfengi en vegna aðhalds undanfarið er eitthvað minni heildarneysla hér en í mörgum nágrannalandanna.

Síðan segir í greinargerðinni að sérstaklega þurfi fólk alls staðar af landinu að hafa sömu möguleika til að nálgast áfengi. Mér finnst ýmis önnur réttindi mikilvægari fyrir bæði landsbyggðarfólk og höfuðborgarbúa varðandi það að menn sitji við sama borð en þetta og margt sem við eigum annað óunnið fyrr og líka með nefndum sem skipaðar væru fulltrúum allra þingflokka sem setu eiga á Alþingi eins og segir í till. til þál., með leyfi forseta.

Herra forseti. Í orðum fyrsta flutningsmanns, sem mælti fyrir tillögunni, fór hann aftur til bannáranna í leit að röksemdum og til stuðnings máli sínu. Ég verð að segja að það þarf ekki að fara neitt til baka í reynslu. Það er nóg að líta á umhverfið. Öll heilbrigð skynsemi segir að auðveldara aðgengi að áfengi er ávísun á meiri erfiðleika, meiri drykkju og ekki síst unglingadrykkju. Því vil ég segja að ég er alfarið á móti tillögunni. Ég vona að hún fái ekki öllu meiri framgang. Það er sjálfsagt að ræða þessi mál og fara yfir þau þannig en það er líka merkilegt að í öðru orðinu vilja flutningsmenn meira frelsi en í hinu að vísa fólki á ákveðnar tegundir áfengis og vill stýra því með verðinu.

Vilji fólk drekka frá sér ráð og rænu, lendi það að vilja sínum eða óvilja í vanda með drykkju sína, þá gerist það alveg eins með léttum og sterkum vínum. Það liggur í augum uppi. Það eina sem dugir er aðhaldssöm stefna og henni þarf að halda gegn sundrungaröflum Samfylkingarinnar.

[15:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við íhaldsmenn lifum tímamót tvenn. Hér stöndum við og ræðum þessi mál. Þessi till. til þál. er ekki óeðlileg þegar litið er til þess sem hefur verið að gerast á undanförnum árum. Við munum eftir hinum ströngu lögum þegar ekki var hægt að kaupa nema sterka drykki í Áfengisverslun ríkisins og það tók langan tíma að ræða hvort leyfa ætti sölu bjórs. Menn höfðu þá trú á því að einhverjar breytingar mundu þá gerast í neysluvenjum Íslendinga og ég held að það hafi sýnt sig að það hafi gerst. Er ég þá ekki að tala um hvort aldursmörk hafi færst neðar eða ofar.

Þess vegna hlýt ég að horfa ekki neikvætt á þetta mál en vildi hins vegar benda flutningsmönnum á texta þessarar þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd er vinni að endurskoðun reglna um sölu áfengis svo að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum."

Mér finnst að þarna sé eiginlega búið að gefa nefndinni fyrir fram niðurstöður um að hverju hún eigi að vinna. Hvernig á þá að velja alþingismenn í þessa nefnd? Eigum við þá að leita að þeim jákvæðu til þess að vinna að þessu eða hvernig ætla menn að halda á? Mér finnst þetta vera hnökri á þessari þáltill. Að öðru leyti gæti ég tekið undir hana og það væri sjálfsagt og eðlilegt að þetta mál væri skoðað.

Í annan stað vil ég benda á þann vanda sem við stöndum frammi fyrir varðandi vínveitingar og aldursmörk inni á veitingahúsum. Bannað er að selja fólki undir tvítugt áfengi en ef það er 18 ára má það fara inn á áfengisstaðinn. Við erum því í miklum vanda þarna og mikilli mótsögn. Ég tel að með þeirri breyttu skipan sem orðið hefur hljótum við að horfa á þetta jákvætt. Í annan stað af því það hefur komið fram að menn sjá að hér muni áfengisbölið tröllríða húsum held ég að það hljóti að vera hér eins og annars staðar erlendis að stórmarkaðarnir verða auðvitað með sérverslanir innan sinna verslana og áfengi yrði þá ekki afgreitt af unglingum.

[15:15]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skoðun hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að tillagan sé ekki óeðlileg. Hún er þingleg og sjálfsagt er að ræða þetta mál. Hann spyr hvaða breytingar hafi orðið. Ég spyr einnig: Eru breytingarnar ekki fyrst og fremst þær að drykkja hefur aukist jafnt og þétt á Íslandi undanfarna áratugi? Ég vil einnig ... (Gripið fram í.) Já, af því verið er að láta undan síga frá aðhaldssamri stefnu.

Ég vil einnig spyrja: Vill hv. þm. lækka áfengiskaupaaldur á Íslandi til samræmis við ýmislegt annað hvað varðar 18 ár?

[15:16]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég væri sjálfum mér ósamkvæmur ef ég mundi svara þessu játandi eða neitandi hafandi talað um það að mér þykir texti þessarar þáltill. vera þess eðlis að fyrir fram er búið að gefa nefndinni markmið. Ég tel mjög eðlilegt að nefndin hefði átt að fara í þetta mál og fjalla um það.

Varðandi það hvort færa eigi áfengisaldurinn niður þá er ég ekki að segja það þó að við stöndum frammi fyrir hróp-andi ósamræmi í þessum málum í dag. Það er svo einfalt. Það er öllum ljóst. Það var ömurlegt að horfa á unga fólkið um hvítasunnu ár eftir ár veltast um á einhverjum útihátíðum vegna þess að ekki var hægt að fá annað en sterka áfeng-isdrykki. Þetta hefur gjörbreyst sem betur fer með tilkomu bjórsins.

[15:17]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikil blessun er bjórinn greinilega sam-kvæmt orðum hv. þm. (**Gripið fram í:** Já, maður er orðinn þyrstur.) Ég get nú ekki tekið undir það þó að hann geti verið ágætur á köflum. Ég er ekki bindindismaður frekar en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég verð að taka það fram líka. (**Gripið fram í:** Nú eru menn farnir að vitna.) Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson segir að mikil breyting hafi orðið með tilkomu blessaðs bjórsins því að nú séu ekki lengur útihátíðir um hvítasunnu eða aðrar helgar á sumri og vori. Nú eru útihátíðir um hverja helgi í Reykjavík og víðar á landinu og ég spyr bara: Eru þær betri? Er minna um slys? Er minna um áflog? Er minna um líkamsmeiðingar? Er minni eymd í dag en var þá?

[15:18]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. Hjálmar Jónsson hafi gert rétt í því þegar hann vitnaði til þess að hann væri algerlega sammála skoðanabróður sínum í þessu máli hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni vegna þess að hann bætti engu inn í þessa umræðu. Ég vil þó aðeins spyrja hv. þm. sem talaði um að mikil hætta væri í því fólgin að falla frá þeirri aðhaldssömu stefnu sem hefur verið rekin. Eins og við þekkj-um mætavel þá hefur einvörðungu ÁTVR með sölu áfengra drykkja að gera að börum og veitingastöðum undanskildum.

Það kemur fram ef menn fara inn á heimasíðu www.atvr.is að söluaukning hefur orðið hjá fyrirtækinu um tæp 8% milli áranna 1998 og 1999. Þar kemur enn fremur fram að fyr-irhugað er að opna fjögur til fimm útibú á næsta ári. Ég hlýt því að spyrja hv. þm. hvort þessi söluaukning, þessi þjónustuaukning, ef svo má að orði komast, sé til þess fallin að reka aðhaldssama stefnu. Eða hvað átti hv. þm. við?

Í öðru lagi sagði hv. þm. að sá sem hér stendur hafi farið aftur til bannáranna til að sækja rök fyrir máli sínu. Stað-reyndin er einfaldlega sú þegar menn rýna ofan í þessi mál að áfengisstefna íslensku þjóðarinnar og íslenskra stjórnvalda til margra ára sækir öll sín rök til sáttargjörðar milli þeirra sem ekki vildu heimila innflutning og sölu á áfengi og hinna sem það vildu gera. Það er þessi sátt sem í raun og veru hefur aldrei gengið upp því að hún er uppfull af tvískinnungi sem ég er að vitna til sem er enn þá áfengisstefna þjóðarinnar. Við erum í raun að leggja til að horfið verði frá þeirri stefnu til þess að viðurkenna að sátt sé um það í samfélaginu að selja og flytja inn áfengi aukinheldur að treysta einstaklingum og fólki til að fara með þessar veigar. Meðan við gerum það ekki munum við upplifa áfengismenningu eins og við höfum gert alla þessa öld meira og minna og hefur okkur verið okkur til lítils sóma.

[15:20]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum fyrst og fremst að treysta okkur sjálfum til þess að vera fullorðin og taka á og móta þær reglur í samfélaginu sem við viljum búa við og fara eftir og eru líklegar til þess að auka á vellíðan fólks og meiri lífs-hamingju í landinu. En þessi tillaga stefnir ekki að því með því bæði að auðvelda aðgengi að áfengi og hafa það miklu meira fyrir augum þeirra sem eru að kaupa sér matvöru.

Hvað það varðar að ég hafi ekki bætt neinu við umræðuna umfram hv. þm. Steingrím J. Sigfússon þá skal ég játa það að ég treysti honum fyllilega til þess að berja á Samfylkingunni í þessu máli og óska honum alls hins besta í því.

Hvað það varðar að áfengisstefnan á Íslandi sé uppfull af tvískinnungi þá kann að vera að fleira sé uppfullt af tví-skinnungi, t.d. þessi tillaga hv. flutningsmanna.

[15:21]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo mál böl bæta að benda á annað verra. Það er svona nokkurn veginn innihaldið í þessum málflutningi. Ég spurði hv. þm. spurningar. Ég spurði hann og kallaði eftir röksemdafærslu fyrir þeirri fullyrðingu hans úr ræðustólnum á hinu háa Alþingi hvað hann átti við þegar hann talaði um aðhaldssama áfengisstefnu í ljósi þeirra stað-reynda að sala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hefur aukist um 8% milli ára og að fyrirhugað er að fjölga úti-búum um a.m.k. fjögur. Ég held að hv. þm. skuldi okkur skýringu á því hvað hann á við því að það sé umræðunni ekki til framdráttar að koma hér upp með fullyrðingar án þess að gerð sé krafa til manna að rökstyðja þær. Í þessu tilviki kalla ég eftir því að hv. þm. rökstyðji þá fullyrðingu sína að hér sé rekin aðhaldssöm áfengisstefna og bendi þá okkur hinum sem teljum okkur a.m.k. hafa skoðað þetta mál hvar okkur hefur skjátlast. Hvað varð okkur á? Þetta liggur einfaldlega fyrir á heimasíðu ÁTVR. Kannski hefur okkur einhvers staðar yfirsést eitthvað sem hv. þm. hefur séð og þá væri gott að vita af því.

[15:23]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stefna er aðhaldssöm og samt sem áður eykst útsala áfengis. Það er rétt. Eins og ég sagði áðan hef-ur sala á áfengum drykkjum aukist jafnt og þétt um býsna langan tíma. Hún hefur hins vegar ekki aukist eins mikið og víða annars staðar og hún hefur heldur ekki aukist eins mikið og hún mundi gera ef allt væri frjálst. Við reynum að fylgja í þessu efni aðhaldssamri stefnu og ég vænti þess að við höldum því áfram. Engin ástæða er til að kalla það rök þó það eigi að fjölga útsölustöðum um fjóra. Það er fyrst og fremst vegna þess að þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni eru að fá sína útsölustaði. Það er sjálfsagt og eðlilegt. Það er ekki verið að leggja til bann við sölu áfengra drykkja en það er verið að leggja til að ungt fólk og þeir sem veikir eru fyrir eigi ekki auðveldara með að nálgast áfengið.

[15:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Eitthvað er hún kunnugleg þessi um-ræða. Hún minnir á bjórumræðuna fyrir það hvað hún er tilfinningaheit. Bjórumræðan var sérstök fyrir þær sakir að hún klauf alla flokka og hún stóð, ef ég man rétt, í ein tíu ár frá því að menn fóru að flytja mál hér á Alþingi og þar til leyfi til að framleiða og selja bjór var endanlega heimilað á hv. Alþingi með eins atkvæðis mun.

Ef til vill er þessi umræða sem verið er að hefja í dag með till. til þál. frá fjórum þingmönnum Samfylkingarinnar upphaf á áralangri umræðu á Alþingi um hvar eigi að selja áfengið, hvað sé best að drekka og hverjir eigi að sjá um

annars vegar sölumál og hins vegar forvarnamál. Allt þetta hefur komið inn í umræðuna hjá þeim sem hafa talað í þessari umræðu

Virðulegi forseti. Sem betur fer eru þessi mál ekki flokkspólitísk. Hér flytja fjórir þingmenn Samfylkingarinnar till. til þál. um endurskoðun reglna um sölu áfengis. Þeir fara varlega. Þeir vilja fela fjármálaráðherra að skipa nefnd er vinni að endurskoðun reglna um sölu áfengis svo að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum og að nefndin athugi hvort unnt sé og æskilegt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með breyttri verðlagningu á áfengi og aðgengi að léttum vínum og bjór. Ég segi að þeir fari varlega eða hóflega í ályktunartexa sínum. En það fer ekkert á milli mála að í honum felst viljinn til þess að heimilt verði að selja létt vín og bjór í matvöruverslunum. Þetta er ekki stefna Samfylkingarinnar ef einhver sem sér þessa tillögu eða hlustar á þessa umræðu heldur það. Þetta er tillaga fjögurra þingmanna og það eru eflaust margir utan og innan Samfylkingarinnar sem deila þessu sjónarmiði. En þeir eru líka mjög margir utan og innan Samfylkingarinnar sem deila því að ekki sé tímabært að gera þessar breytingar og ég er í hópi þeirra. Ég er ekki sammála þessari tillögu og er því í hinum hópnum.

Áðan var nefnt hvort þetta snerist um það hvort það væri betra eða réttara að ríkisstarfsmenn réttu flöskur yfir borð eða hvort þær væru teknar úr hillu, ef ég skildi umræðuna rétt eða viðbrögðin. Að mínu mati snýst þessi umræða ekki um það heldur að hér er verið að leggja til að gera breytingar á hefðbundnum áratugalöngum söluháttum með þeim afleiðingum sem þær breytingar kunna að hafa, um það er deilt hvort þær breytingar yrðu til góðs eða ekki, þ.e. að gera breytingar á ríkjandi hefðbundnum söluháttum margra áratuga.

Herra forseti. Ég gæti alveg hugsað mér að nefnd mundi gera úttekt á neysluvenjum. Ég held að það sé ekki slæmt og hvort þær hafi breyst og hvað það sé sem hafi orsakað þær breytingar. Ég get alveg hugsað mér að nefnd skoði hvort heimild til framleiðslu og sölu á bjór sem Alþingi heimilaði árið 1989 hafi haft áhrif og þá í hvaða átt. Ég get líka alveg hugsað mér að skoðað verði hvernig eða hvaða áhrif breytingar á vínveitingaleyfum á sínum tíma þegar matsölu- og kaffihús fengu leyfi, en þá urðu mikil þáttaskil í kaffihúsa- og veitingahúsamenningu okkar, hafi haft á neyslu fólks í þessum efnum.

Þetta eru ekki einföld mál og eins og ég sagði í upphafi eru þau tilfinningaheit. Íslendingar ferðast mjög mikið. Þeir heimsækja fjarlæg lönd með aldagamalli vínmenningu þar sem það að neyta léttra vína er eðlilegasti hlutur í heimi, nærri því hvenær sem er. Menn heillast af því að geta gripið með sér vínflösku úr hillu í kjörbúðinni um leið og nauðsynjarnar eru tíndar ofan í körfuna og menn vilja flytja þetta heim líka.

Ég dvelst mikið á fjarlægum slóðum og hef kynnst þessari vínmenningu þar sem það þykir næstum jafneðlilegt að sækja vínið með matnum eins og að sækja matinn sjálfan. En ég er ekki þeirrar skoðunar að vilja flytja það hingað heim núna. Það er skoðun mín og mér er frjálst að hafa hana, um það tökumst við á á hv. Alþingi, að við eigum að fara varlega. Menning okkar er önnur, allt önnur og miklu líkari því sem er á öðrum þeim Norðurlöndum sem hafa verið með einkasölu og hafa ríghaldið í hana. Mér finnst ósennilegt að vínmenning okkar breytist við það að ég fari út í 10-11 og sæki vínflöskuna fremur en í áfengisverslunina í Austurstræti. Mér finnst gert of mikið úr þessu vegna þess að það er búið að auka gífurlega aðgengi fullorðins fólks að áfengi. Það er ekki það sem við þurfum.

Þær þjóðir sem ég vísaði til áðan hafa léttvín mjög mikið um hönd og börnum er jafnvel skenkt í glas. Neyslan er með öðru hugarfari og sjálfsagt að vín sé hluti máltíðar. Það er nærri því jafnsjálfsagt að hafa vín með matnum eins og kartöflur hjá okkur. Munum það.

Virðulegi forseti. Hér var það nefnt áðan hvort meira frelsi í sölu á víni mundi hafa áhrif á vandamál sem hér eru. Vissulega virðumst við vera að verða jafnilla stödd og aðrar þjóðir hvað varðar unglingadrykkju, vímuefnaneyslu og ofbeldi. Fleiri og fleiri eru í þessari neyslu og yngri og yngri.

Hugsun þessarar tillögu er að fólk kaupi fremur vín og bjór, að það verði ný stefna frekar en sterkt áfengi. Ég er ekki hér til að mæla með því að fólk drekki sterkt áfengi. Það er val hvers og eins. En það var nefnt í framsöguræðu að Norðmenn væru að breyta sölu á bjór og heimila sterka bjórinn í verslunum. Það vakti með mér minninguna um allmörg ár í Noregi þegar Íslendingurinn gerði sér dagamun með sterku víni en skólafélagarnir höfðu varla kynnst því, hvað þá heldur snert. En skelfing gátu þeir góðu félagar orðið vel kenndir af sterka pilsnernum sem fékkst í búðinni. Það var drykkjumenning þeirra.

Við getum talað mikið um heimildir og frelsi og mér finnst eðlilegt að á því sé tekið hér í sölum Alþingis alveg eins og með bjórinn. Gerum það ekki flokkpólitískt. Skoðum þessi mál í nefnd. Komum með fleiri mál og fleiri skoðanir. Gerum úttekt svo við vitum hvað við erum að gera. Göngum svo til atkvæða. Ef sú atkvæðagreiðsla yrði í dag þá mundi ég greiða atkvæði gegn þessu.

[15:32]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Til umræðu er till. til þál. um endurskoðun reglna um sölu áfengis og eru flutningsmenn nokkrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar. Í tillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk í fyrsta lagi að vinna að endurskoðun reglna um sölu áfengis og að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matsöluverslunum og í öðru lagi að athuga hvort unnt sé og æskilegt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með breyttri verðlagningu á áfengi og aðgengi að léttum vínum og bjór.

Ég get fallist á þá meginhugmynd þáltill. að nefnd verði skipuð til að vinna að endurskoðun á reglum um sölu áfengis. Hins vegar er ég ósammála þeim forsendum sem flm. tillögunnar gefa sér.

Það eru einkum tvö atriði í þáltill. sem ég hef athugasemdir við. Í fyrsta lagi gengur þáltill. út frá að einkasölu á áfengi verði aflétt hvað varðar létt vín og bjór sem heimilt verði að selja í matvöruverslunum. Hins vegar verður ekki annað ráðið af tillögunni en að einkasala á sterku áfengi verði áfram í höndum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og því er ég ósammála.

Í öðru lagi gengur þáltill. út frá því að leyft verði að selja létt vín og bjór í matsöluverslunum. Þessu er ég einnig ósammála. Sú útfærsla sem flm. þáltill. leggja til, þ.e. að einkaaðilar fái heimild til að selja létt vín og bjór í matvöruverslunum en ríkið hafi áfram með höndum sölu á sterku áfengi í einkasölu er ein afleitasta útfærslan í þessum málum

sem hugsast getur. Það er fráleitt að ríkið haldi úti áfengisverslunum um allt land eingöngu til að selja sterkt áfengi. Sá mikli kostnaður og óhagræði við að halda úti verslunum og starfsfólki sem eingöngu selja sterkt áfengi og óhagræði við dreifingu á vörunni í þessar verslanir er augljóst.

Mín skoðun er sú að einkasala ríkisins á áfengi sé tímaskekkja. Ég sé engin rök fyrir því að ríkisstarfsmenn selji áfengi í áfengisverslunum fremur en ég sé rök fyrir því að ríkisstarfsmenn afgreiði áfengi á vínveitingastöðum. Við höfum allt frá því að bannlögin voru afnumin treyst einkaaðilum til að selja áfengi á vínveitingastöðum. Því ættum við síður að treysta einkaaðilum til að selja létt vín, bjór og sterkt áfengi í smásölu? Fyrir því eru engin rök.

Það er hins vegar alveg ljóst að áfengi er ekki eins og hver önnur neysluvara. Þetta er vara sem getur verið ávanabindandi og hún er skilgreind sem vímuefni, enda gilda sérstök lög í landinu um sölu og dreifingu á áfengi. Það er eðlilegt að sala á slíkum varningi sé háð sérstökum leyfum og lúti ströngum skilyrðum sem fylgst er með að fylgt sé eftir á sama máta og sala á léttum vínum, bjór og sterku áfengi á vínveitingastöðum er háð ströngum reglum. Brot á reglum eiga að fela í sér sviptingu á leyfi til að selja áfengi.

Virðulegi forseti. Niðurstaða mín er því að leggja eigi niður einkasölu ríkisins á áfengi og að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði lögð niður eða seld einkaaðilum ef það þykir fýsilegur kostur. Flutningsmenn tillögunnar leggja til að leyft verði að selja létt vín og bjór í matsöluverslunum. Þessu er ég ósammála eins og ég sagði áðan því áfengi er ekki eins og hver önnur neysluvara. Að mínu mati á áfengi ekki að vera í hillum í matvöruverslunum eins og hvert annað morgunkorn, mjólk eða bleiur. Í grg. með tillögunni kemur reyndar fram að flm. gera ekki greinarmun á hvort áfengi verði selt í matvöruverslunum eða sérverslunum.

Stefna stjórnvalda í áfengismálum hér á landi felst í að draga úr neyslu áfengis. Stefna stjórnvalda í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum birtist m.a. í stefnumótun ríkisstjórnarinnar frá 3. desember 1996 þar sem sérstök áhersla er lögð á að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks. Þá er í stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki lögð sérstök áhersla á að hefta aðgengi barna og ungmenna að þessum efnum og efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun þeirra á fíkniefnum, áfengi og tóbaki. Til að vinna að þessum málum og samræma aðgerðir var stofnað áfengis- og vímuvarnaráð og tók það til starfa í ársbyrjun 1999, fyrir rúmu ári síðan.

Í lögum og reglugerðum eru einkum fjórar leiðir notaðar af stjórnvöldum til að stýra neyslu á áfengi. Þetta er í fyrsta lagi aldursmörk við sölu á áfengi, svokallaður áfengiskaupaaldur, í öðru lagi reglur um auglýsingar á áfengi, í þriðja lagi lög og reglur um aðgengi að vörunni og í fjórða lagi verðlagning á áfengi. Hér á landi hefur tiltölulega ströngum reglum verið fylgt í þessum efnum. Áfengiskaupaaldur er 20 ár. Bannað er að auglýsa áfengi. Ríkið hefur einkarétt á smásölu á áfengi og útsölustaðir þar til nýlega verið fremur fáir og verð á áfengi er hátt í samanburði við önnur lönd, sérstaklega verð á léttum vínum og bjór. Líkur eru á að breyting á einhverjum eða öllum þessara þátta leiðir til aukinnar áfengisneyslu. Hugmyndir um breytingar á öllum þessum atriðum, þ.e. áfengiskaupaaldri, auglýsingum á áfengi, aðgengi og verði á áfengi hafa verið í umræðunni hér á landi síðustu missiri. Rannsóknir hafa sýnt að breyting á einhverjum eða hverjum og einum þessara þátta leiði til aukinnar neyslu áfengis. Því er mikilvægt að þau skref sem tekin eru verði vel ígrunduð, skynsamleg og þótt þau taki mið af tíðarandanum og breyttum viðhorfum til áfengismála verður um leið að hafa auga á stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Því tek ég undir þá meginhugsun þáltill. að skipa nefnd til að vinna að endurskoðun á reglum um sölu áfengis þó ég sé ósammála þeim leiðum sem flm. leggja til.

Í matvöruverslunum er fjöldi ungmenna undir áfengiskaupaaldri starfandi. Verði létt vín og bjór seld í matvöruverslunum er aðgengi ungmenna að vörunni stóraukið. Að sama skapi yrði erfitt að hafa eftirlit með sölu á áfengi því í mörgum smærri verslunum eru ungmenni ein við afgreiðslu, t.d. um helgar og á kvöldin.

Oft hefur verið vísað til Norðurlanda varðandi sölu á áfengi í verslunum. Við þekkjum flest að verslun með áfengi er leyfð í matvöruverslunum í Danmörku. Hins vegar er áfengi ekki selt í matvöruverslunum á hinum Norðurlöndunum, einungis bjór undir 4,7% styrkleikamörkum er seldur utan ríkisverslana.

Virðulegi forseti. Niðurstaða mín er því að heimila eigi að selja áfengi, þ.e. létt vín, bjór og sterkt áfengi í sérverslunum sem fá sérstakt leyfi til smásölu á þessum vörum. Verslun með áfengi verði því aðgreind frá annarri smásölu og hlíti sérstökum reglum sem eftirlit er með að sé framfylgt. Þessar verslanir geta verið í tengslum við matvöruverslanir en verði í sérstöku aðgreindu húsnæði.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg breyting á verslun með áfengi ekki síst á landsbyggðinni. Opnaðar hafa verið áfengisverslanir í fjölmörgum kaupstöðum og kauptúnum sem höfðu áður verið án slíkra verslana. Mikilli hugkvæmni hefur verið beitt til að tryggja hagkvæmni í rekstri þessara verslana og þær víða reknar í tengslum við aðra verslun eins og í skjóli byggingarvöruverslunar, barnafataverslunar og í smávöruverslunar eins og t.d. í Borgarnesi. Ég sé fyrir mér frekari þróun í þessa átt en í stað þess að ríkið reki áfengisverslunina verði hún í höndum einkaaðila. Ég kem e.t.v. í seinni ræðu minni að öðrum þáttum í þessu máli.

[15:41]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir málefnalega umræðu um þessi mál sem er mjög mikilvægt að reyna að halda á þeim nótum. Það mátti hins vegar skilja á máli hennar að með þessari tillögu væri verið að leggja til að eftirlit yrði minna en það er í dag ef þetta fyrirkomulag yrði haft á. Það er ekkert í tillögunni sem er í raun og veru til þess fallið að draga þá ályktun. Ég vil ítreka það að við erum þeirrar skoðunar að það er ekkert minna mikilvægt að hafa eftirlit með þessari sölu. Eins og hv. þm. benti á er ekki eins og um hvern annan varning að ræða en það er ekkert sem segir að með þessu fyrirkomulagi megi ekki hafa eftirlit með sölunni, eins og t.d. það að menn þurfi að sækja um sérstakt leyfi til að selja áfengi og það sé þá hægt að svipta þá því leyfi ef þeir eru staðnir að því að brjóta reglurnar.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hið sama eigi að gilda varðandi tóbak og hef gerst meðflutningsmaður að tillögu sem hv. þm. Þuríður Backman hefur lagt fram þess efnis að þeir sem fá leyfi til að selja tóbak þurfi sérstakt leyfi og hægt sé svipta þá því leyfi ef þeir brjóta reglur. En ég vil bara ítreka að það er ekki rétt að með þessu fyrirkomulagi sé verið að setja samasemmerki á milli þess að hér eigi að hafa

algerlega eftirlitslausa sölu, eins og mátti skilja af orðum hv. þm.

[15:42]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af lestri till. til þál. um endurskoðun á reglum um sölu áfengis var ekki hægt að lesa það sjónarmið sem kom fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur, en það gleður mig að þau sjónarmið skuli vera ríkjandi meðal flm. því eins og ég benti á í ræðu minni eru unglingar að störfum í matvöruverslunum og oft eingöngu unglingar sem eru undir áfengiskaupalagaaldri og ég tel það vera ófært að haga sölu á áfengi við slíkar aðstæður. Þess vegna hef ég lagt til að heimila eigi sölu á áfengi af hvaða styrkleika sem er í sérstökum verslunum sem í rauninni mundu lúta að sömu reglum eins og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er með í sínum verslunum í dag, en að það sé eingöngu áfengi þar til sölu. Ég fagna því þeirri yfirlýsingu sem kom fram í ræðu hv. þm. áðan.

[15:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi rétt að draga þetta fram og bendi á það að þeir sem vilja auðvelda aðgengi á borð við það sem fram kemur í tillögunni eru ekki þar með fylgjandi því að ekkert eftirlit eigi að vera með slíkri sölu. Ég vildi einungis draga þetta sjónarmið fram og í þeim tilgangi einnig að reyna að halda umræðunni á þeim nótum að hún verði málefnaleg. Ég er ekki að segja að hv. þm. hafi ekki gert það en hún hefur greinilega misskilið tillöguna að þessu leyti. Hún sagði að ekkert benti til þess að við vildum hafa eftirlit með þessu en það er heldur ekkert í tillögunni sem segir að við viljum ekki hafa það.

[15:44]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan að mér finnst tímabært að taka reglur um sölu áfengis til endurskoðunar, en ég held að það verði að gera á mun víðari grunni en lagt er til í þáltill. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson benti áðan á að þáltill. gengi út á að koma með tillögu um að endurskoða en gæfi sér síðan ákveðna niðurstöðu í því máli. Ég vil skoða málið út frá mun víðari grunni og bendi aftur á að það eru fjórar leiðir sem eru notaðar til að stýra neyslu á áfengi, þ.e. aldursmörk, reglur um auglýsingar á áfengi, lög og reglur um aðgengi að vörunni og verðlagning á áfengi. Ég vara við því að allar þær aðferðir verði notaðar í einu lagi til að breyta reglum um áfengi vegna þess að við verðum að geta skoðað áhrif einnar breytingar á neyslu á áfengi. Ég fagna því að þessi tillaga er komin fram. Ég vil hafa hana víðari og vona að niðurstaða verði í þessu máli. Það er kominn mikill þrýstingur í þjóðfélaginu að taka þetta til skoðunar og ég hef reyndar verulegar áhyggjur af þeim þrýstingi sem er núna á því að færa áfengiskaupaaldurinn niður og ég mun í ræðu minni á eftir færa rök að því af hverju afstaða mín varðandi áfengiskaupaaldurinn er sú að ekki eigi að lækka hann.

[15:46]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir góða og málefnalega ræðu. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að skýra örfá atriði sem mér fannst hv. þm. væri ekki alveg með á hvert við erum að fara og það er kannski ekkert skrýtið því að ekki er fjallað um það í tillögunni.

Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom að áðan erum við ekki að leggja til að sérstök leyfi verði afnumin til sölu áfengis, það er langur vegur þar í frá. Hins vegar erum við að opna það að heimilt verði að selja m.a. léttvín og bjór. Í rauninni er tillagan orðuð með þeim hætti eins og raun ber vitni til að reyna að hafa hana eins opna og rúma og kostur er. Það er hugsun okkar í þessu. Jafnframt er það hugsun okkar í þessu máli að með því að tala einungis um léttvín og bjór erum við að tala um að breyta frá áfengisstefnu sem hefur verið rekin hér sennilega í 65 ár eða svo og viljum stíga laust til jarðar fyrstu metrana. Vel má vera að þessi hugmynd gangi ekki upp og nauðsynlegt sé að stíga stærri skref, ég skal ekkert um það segja. Til að skoða þessi mál málefnalega og af rökvísi, þá leggjum við til að sett verði á laggirnar nefnd sem hafi eins rúmt umboð og kostur er. Ég sagði líka áðan í ræðu minni að þegar við tölum um sölu á þessum vínum í matvöruverslunum, þá útilokum við ekki að slík sala geti verið í sérverslunum innan slíkra verslana ellegar í góðu samstarfi við ÁTVR, þannig að við erum kannski líka að leggja til að ÁTVR hætti nú þeim fjárfestingum að opna vínbúðir og sérverslanir út um allt land, jafnvel í samstarfi við barnafataseljendur.

[15:48]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skoðun mín að sú tillaga um að færa sölu á léttu víni og bjór yfir til matvöruverslunar sé ekki heppileg og skil í raun ekki af hverju flm. vildu ekki ganga hreinlega alla leið og ég sé ekki rök fyrir því að skilja eftir ákveðna styrkleikategund af áfengi í einkasölu ríkisins.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég vona að nefnd verði skipuð til að skoða þessi mál út frá víðara samhengi.

[15:49]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um endurskoðun reglna um sölu áfengis. Flutningsmaður vísaði tillögunni til efh.- og viðskn. Í mínum huga er þetta miklu frekar heilbrigðismál en viðskiptamál því að það atriði hvernig við högum sölu á áfengi og tóbaki í þjóðfélaginu hefur áhrif á heilsufar þjóðarinnar.

Eins og hér hefur komið fram eru fjórir þættir sem aðallega er miðað við varðandi forvarnir. Það eru aldursmörk þeirra sem leyfilegt er að selja áfengi og tóbak, aðgengi, auglýsingar og verðlag. Þessi þáltill. er hálfopin. Hún gengur út á það að skipa nefnd til að endurskoða reglur um sölu áfengis og heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum. Ég lýsi mig mótfallna þessari þáltill. vegna þess tilgangs að koma léttum vínum og bjór inn í matvöruverslanir.

Með því að koma léttum vínum og bjór inn í matvöruverslanir, þá segir það sig sjálft að verið er að ná því fram að hafa meira og betra aðgengi að þessum tegundum. Þar með erum við búin að brjóta niður eða veikja einn hlekk af fjórum í forvörnunum. Því hefur verið lýst hér hvernig ástandið er í mörgum verslunum. Þar eru ungmenni að afgreiða sem eru langt undir þessum aldursmörkum og þar sem þessi sömu ungmenni hafa ekki treyst sér til að segja nei við jafnaldra sína og látið undan þrýstingi að selja þeim tóbak, þá má alveg eins gera ráð fyrir að þessi sömu ungmenni muni láta undan þrýstingi að selja vinum sínum áfengi. Því miður er þetta svona.

Hvers vegna er maður svona mikið á móti því að bjór og létt vín séu frekar úti um allt í þjóðfélaginu sem þær tegundir sem við Íslendingar drekkum frekar en sterku vínin? Það er hægt að stýra drykkjusiðum okkar með öðru en að koma bjór og léttum vínum út í verslanirnar. Það þarf ekkert að biðja um skýrslur um hvernig ástandið er varðandi drykkju og fíkniefnaneyslu ungs fólks á Íslandi í dag. Því miður hefur aldurinn verið að færast stöðugt neðar. Unglingarnir byrja yngri og yngri að drekka og því miður liggur mér við að segja, var það sú ákvörðun okkar að leyfa bjór sem kom þessum málum á flot hjá okkur. Ég er ekki að mæla með því ástandi sem var hér áður að unglingar væru að drekka sterk vín, en við höfum þessa sýn til léttra vína og sérstaklega bjórsins að það sé ekki eins alvarlegt að drekka bjór og sterk vín og við erum miklu linari í afstöðu okkar gagnvart því áfengi heldur en öðru áfengi. Þess vegna höfum við horft fram hjá þeirri þróun, ekki tekið hana til okkar fyrr en niðurstöður kannana sýna að upphaf drykkju hjá ungu fólki er komið niður í fermingaraldur með þeirri afleiðingu sem getur leitt til neyslu á sterkari efnum. Það er staðreynd að ekkert ungmenni byrjar á neyslu ólöglegra efna án þess að vera búið að drekka áfengi áður eða nota tóbak. Ástandið hjá unga fólkinu í dag er alvarlegt og því ber okkur að mínu viti að nota þær aðferðir sem hafa forvarnagildi. Auðvitað er aðgengið ekki það eina sem við þurfum að gæta að. Við þurfum að halda utan um alla þættina.

Þegar ég segi að þetta sé heilbrigðisstefna frekar en viðskiptalegs eðlis, þá er í stefnuskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hvatning til að draga úr aðgengi að áfengi og tóbaki og við höfum verið svo lánsöm að hafa slíkar takmarkanir.

Í þáltill. er líka vísað til þess að hægt sé að koma til móts við þarfir dreifbýlisins varðandi aðgengi að þessari vöru. ÁTVR hefur verið að bæta þjónustuna og komið víða upp sölustöðum ýmist sjálfstæðum eða komið þeim upp í samstarfi við annan rekstur sem er á staðnum og er það mjög mismunandi eftir byggðarlögum.

Þessa þjónustu væri auðvitað hægt að styrkja en ekki veikja eins og verið er að gera í dag með því að standa þannig að rekstri ÁTVR að fyrir dyrum stendur að fækka víntegundum sem ÁTVR býður upp á og þegar ÁTVR dregur úr þjónustu sinni þá hefur það auðvitað áhrif á viðhorf fólks og ánægju með þjónustu ÁTVR. Í mínum huga er markvisst verið að vinna að því að mylja undan ÁTVR þannig að upp komi sá þrýstingur að rekstur ÁTVR sé alveg ómögulegt fyrirkomulag sem þjóni ekki neinum og það þurfi að koma þessu út í einkareksturinn.

Það er hægt að bæta þjónustu ÁTVR með sérverslunum, með því að bæta þjónustuna í þeim útibúum sem þeir hafa og koma upp fleiri verslunum. Ég held að það væri leiðin til að bregaðst við kröfum um meira aðgengi.

Ég vil biðja hv. þm. að athuga það að matvöruverslun og matvöruverslun er ekki það sama. Sú þróun hefur orðið á bensínstöðvum hér, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og víða annars staðar að það er orðin spurning hvort maður er að fara inn og kaupa sér bensín eða hvort maður er kominn inn í litla matvöruverslun. Hvar ætla menn þá að draga mörkin? Ætla þeir að kaupa bensín og eina kippu í leiðinni?

[15:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum um till. til þál. um að heimila sölu á léttu víni og bjór í matvöruverslunum. Þessi tillaga gengur að mínu viti of skammt og eins og hv. þm. Ásta Möller rökstuddi áðan er hún á margan hátt ekki nægilega vel útfærð.

Íslenska þjóðin hefur lengi haft mjög skrýtna afstöðu til áfengis. Annars vegar er helgiljóma sveipað um vöruna, hún er seld í sérstökum musterum. Borgarar undir 20 ára aldri mega ekki kaupa vöruna og sumir kalla þessa vöru eiturlyf, enda áhrifin svipuð en samt er hún ekki bönnuð. Opinberir starfsmenn mega einir selja þessa vöru fyrir utan sérstaka vínveitingastaði. Þetta er útópían, draumsýnin, þetta er það lagaumhverfi sem við þykjumst sjá fyrir okkur. Raunveruleikinn er allt annar.

Neysla áfengis er mjög algeng og þjóðin virðist ekki geta skemmt sér af neinu tilefni nema hafa áfengi um hönd og alls staðar er haldið að fólki áfengi. Og ríkið telur sér sæma að nota þá vöru til að græða umtalsvert á. Drykkja unglinga allt niður í 14 ára aldur er allt of algeng eins og sést um nætur um helgar í Reykjavík. Það er því með ólíkindum að halda í núverandi bann og aldursmark á sama tíma og unglingar virðast geta keypt áfengi, landa, á hvaða tíma sólarhringsins sem er og alveg sérstaklega utan venjulegs opnunartíma verslana og þessi vara er meira að segja virðisaukaskattfrjáls. Þetta er raunveruleikinn. Og eins og oft áður þá er himinn og haf milli raunveruleika og þeirrar útópíu eða draumsýnar sem lagasetningin gengur út á.

Það kerfi sem við búum við í dag er afskaplega mikil forsjárhyggja. Ég hef stundum sagt að maður hafi það á tilfinningunni að maður verði aldrei fullorðinn á Íslandi. Það er alltaf eitthvert fólk sem ætlar að hafa vit á því hvað maður á að gera og hvað maður vill. Það er alveg ótrúlegt að mér skuli vera treyst til að fara til útlanda. Þar er hægt að kaupa áfengi í matvöruverslunum, t.d. í Þýskalandi. (**GHall:** Í mjólkurfernum.) Í mjólkurfernum, já. Það er því með ólíkindum að mér skuli vera treyst til að fara til útlanda og ég bíð bara eftir því að þetta forsjárhyggjufólk fari að banna mér það. Ég kynni að spillast þegar ég fer til útlanda. (**Gripið fram í:** Ekki þú.)

Hér hefur verið nefnt að í matvöruverslunum megi ekki treysta unglingum sem vinna við afgreiðslu af því að þeir eru undir áfengiskaupaaldri. Menn ganga sem sagt út frá því að þessir borgarar landsins muni fremja lögbrot. Gengið er bara út frá því að af því að fólk er undir áfengiskaupaaldri þá muni það selja áfengi. Þvílíkt vantraust. Ég treysti þessu unga fólki alveg nákvæmlega jafn vel til að selja ekki áfengi eins og því er treyst til að selja ekki tóbak. En það sem kannski vantar er eftirlit og viðurlög vantar við því að brjóta reglurnar. (**Gripið fram í:** Skerðing á frelsi.) (**SJS:** Á að setja unglinga í fangelsi?) Það mætti kannski svipta viðkomandi verslun leyfi til að selja viðkomandi vörur og dæma í fjársektir. Það er yfirleitt það sem dugar.

Það er svo merkilegt að mestu stuðningsmenn núverandi kerfis eru sennilega bruggarar og leynivínsalar því að þeir hafa hag af því að núverandi kerfi haldi áfram. (**Gripið fram í:** Þetta var nú útúrsnúningur.)

Það hefur verið reifað að taka upp netverslun með áfengi. Það er náttúrlega bara framhald af póstversluninni sem var hérna í gangi einu sinni. Þá getur komið upp sú skemmtilega staða að í matvöruverslun verði sett upp tölva þar sem fólk

getur keypt áfengi gegnum netið. Hvað ætla menn að segja þá? Svo þegar þeir koma heim þá er búið að afhenda vöruna heima því að þjónustan verður náttúrlega alveg sérstaklega góð í þessari netverslun, (**Gripið fram í:** Maður drekkur ekki í gegnum netið.) það þarf ekki einu sinni að bera vöruna heim.

Herra forseti. Ég styð tillöguna sem lítið skref í átt til þess að Íslendingar verði fullorðnir.

[16:02]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Mig langar til að leggja orð í belg vegna þessarar till. til þál. og hefja mál mitt með því að vitna í orðskviði Salómons, 23. kafla. Þar stendur, með leyfi forseta:

Hver ærjar? hver veinar?
hver á í deilum? hver kvartar?
hver fær sár að þarflausu? hver rauð augu?
Þeir sem sitja við vín fram á nætur,
þeir sem koma saman til að bergja á krydduðum drykkjum.
Horf þú ekki á vínið, hve rautt það er,
hversu það glóir í bikarnum og rennur ljúflega niður.
Að síðustu bítur það sem höggormur
og spýtir eitri sem naðra.
Augu þín munu sjá kynlega hluti,
og hjarta þitt mun mæla fláræði.
Og þú munt vera eins og sá, sem liggur úti í miðju hafi,
já, eins og sá, er liggur efst uppi á siglutré.
„Þeir hafa slegið mig, ég kenndi ekkert til,
þeir hafa barið mig, ég varð þess ekki var.
Hvenær mun ég vakna?
Ég vil meira vín!"

Þannig lýkur þessum 23. kafla í orðskviðum Salomons konungs hins spaka og vitra sem er að vara við því að menn horfi á hversu vínið glóir í bikarnum og hversu rautt vegna þess að þó að fegurð þess virki mikil í upphafi og þegar menn sjá vínið í sínum fallegu litum, þá bítur það sem höggormur og spýtir eitri sem naðra að lokum.

Þessi orð eiga mjög vel við okkar samtíma vegna þess að það kemur fram í þeim viðvörun við vímdýrkun og víntignun og við sjáum að samfélag okkar er þannig að alls staðar er verið að reyna að koma víni á framfæri, reyna að auglýsa það og það er allt gert með þeim hætti að það sé allt svo fallegt og yndislegt í kringum þetta vín.

En hver er staðreyndin? Hvað er verið að gera núna? Núna um þessar mundir er verið að byggja sérstakt sjúkrahús vegna þess að áfengissýki meðal ungmenna og eiturlyfjaneysla hefur farið sívaxandi og þetta er orðið mikið og alvarlegt vandamál í okkar samfélagi. Við tölum um að þetta vandamál vaxi hjá unglingum og jafnvel börnum en ég vil líka taka fram að það gerir það líka hjá fullorðnum. Sérstaklega hefur áfengisneysla aukist eftir að bjórsalan var leyfð. Fólk talar um bjór og fólk talar um létt vín eins og það sé allt annað en brennd vín. Eftir hverju er verið að sækjast í þessum vökvum? Er það bragðið? Nei, það er alkóhólið. Það er alkóhólið sem breytir fólkinu, alkóhólið sem skemmir lifrina, aðra líkamshluta og líffæri.

Undir yfirskini frelsis á að selja vín í venjulegum verslunum. Þannig er ástandið í dag að þegar menn koma í suma stórmarkaði svokallaða þá spyr sá sem er á kassanum, venjulega afgreiðslumaður undir tvítugu: „Ertu með kort?" Það er eitthvað kort sem á að sýna. Ég man ekki alveg hvað það heitir. (**GHall:** Fríkort.) Svo verður spurt næst ef það nær fram að ganga að leyft verður að selja vín í þessum stóru verslunum: „Ertu með passa?" Og hugsið ykkur þjáninguna fyrir aumingja fólkið sem er að bíða í röðinni eftir að fólk fer að draga fram hin og þessi kort. Það borgar með kortinu. Svo þarf það að draga fram fríkort og svo passann. Þetta mun bara skapa vandræði og óhagræði fyrir marga þá sem þurfa nauðsynlega að kaupa sér áfengi.

Nei, herra forseti. Ég held að fólk verði að hugsa ráð sitt betur og skapa ekki það umhverfi sem auðveldar ungu fólki aðgengi að áfengi, að alkóhóli, því að það er algjörlega ljóst að aukið aðgengi hefur í för með sér aukna neyslu. Óskapleg vandræði eru þetta fyrir fólkið að geta ekki skroppið í ríkið. Ef þessi tillaga nær fram að ganga mun hún sjálfsagt virka þannig að — við skulum taka sem dæmi staði eins og Þórshöfn á Langanesi eða einhverja aðra staði þar sem ekki er áfengisútsala (Gripið fram í.) eða við skulum segja þá einhvern annan, Kópasker eða Grundarfjörð eða aðra góða staði — þá getur fólk farið út í búð og keypt sér bjór og létt vín en ef einhvern langar til að kaupa sér viskí þá er það ekki hægt. Voðalega er þetta nú skrýtið allt saman. (Gripið fram í.) Ég segi ekki annað.

Það sem við þurfum að hafa í huga er að eitt mesta heilbrigðisvandamál íslensku þjóðarinnar er áfengisneysla. Á bannárunum — þó að ég ætli ekki að fara að mæla fyrir áfengisbanni í landinu — þá voru fangelsin á Íslandi nánast tóm. Núna eru þau full ... (Gripið fram í.) Nema þá kannski að einn og einn bruggari hafi verið settur inn. En núna er ástandið þannig að þeir sem sitja í fangelsum á Íslandi rekja flestir ógæfu sína til áfengisneyslu og áfengissýki og margar aðrar slæmar afleiðingar hefur áfengisneysla haft í þessu landi og ég hvet eindregið til þess að þessi hugmynd nái ekki fram að ganga.

Mörgum þykir sjálfsagt að ekki skuli leyft að reykja á opinberum stöðum og sett hafa verið lög og reglur um það og enginn kvartar undan því. Er ekki verið að skerða frelsi þar? Og alls staðar er verið að skerða frelsi þannig að við eigum ekki að nota það sem rök í þessari umræðu að það sé verið að auka frelsi með því að fara að selja alkóhól í matvöruverslunum.

[16:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur víða verið komið við í umræðu um till. til þál. um endurskoðun reglna um sölu áfengis. Ég er einn flutningsmanna þessarar tillögu. Ég mun ekki vitna í heilaga ritningu eins og hv. þm. Karl V. Matthíasson heldur hygg ég að þetta mál byggi einfaldlega á almennri skynsemi, eilitlu frjálslyndi og því að treysta fólki fyrir sjálfu sér. Hér er mikið rætt um aðgengi að áfengi og vissulega mundi sú ráðstöfun að selja bjór og létt vín í matvöruverslunum auka aðgengi að áfengi.

Það er líka margsannað mál að aðgengið eitt og sér gerir ekki útslagið um það hve áfengisdrykkja í einu landi er mikil. Fleira kemur til. Verðlag hefur einnig mikil áhrif og flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar að verðlag skipti máli þegar áfengisdrykkja er annars vegar. Það er auðvitað margsannað út frá manneldissjónarmiðum sem nokkuð hefur verið vitnað til í umræðunni að það getur verið tvennt ólíkt að bergja á brenndum drykkjum ellegar drekka bjór eða léttvín í hófi, herra forseti.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar að áfengi í hófi drukkið gleðji sálina, (**Gripið fram í:** Mannsins hjarta.) að það sé hverjum manni í sjálfsvald sett hvort hann

neytir áfengis eða ekki hafi hann til þess aldur og að þetta mál fjalli ekki um það eins og einn hv. þm. sagði í upphafi umræðunnar að hér eigi að upphefja mikla unglingadrykkju á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar að fólk verði og eigi að reyna að bera ábyrgð á sjálfu sér í þessum efnum eins og öllum öðrum.

Auðvitað er unglingadrykkja mjög mikið vandamál á Íslandi en við skulum líka horfast í augu við það að hún er mjög mikið vandamál á Íslandi þrátt fyrir þá áfengisstefnu sem hér hefur ríkt og sumir vilja viðhalda. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft og það er áfengisneysla fullorðinna sem hefur farið úr mestum böndum á Íslandi.

Samfylkingin er ekki forsjárhyggjuflokkur. Við sem flytjum þessa tillögu gerum það til þess að leyfa hv. þingmönnum að taka afstöðu til málsins. Við höfum ákveðið að fara varlega, taka eitt skref í einu. Nú þegar hefur komið í ljós í umræðunni að flest flokksbönd bresta þegar umræða um áfengi er annars vegar. Það má eiginlega segja að þegar sú þrenning er rædd, áfengi, kynlíf og trúarbrögð, þá bresti fyrst flokksböndin á hinu háa Alþingi. Hér er einungis lagt til að málið verði sett í nefnd og skoðað með það að markmiði að finna leið til þess að leyfa sölu á léttu víni og bjór í matvöruverslunum. Ég hygg að þessi nálgun við viðfangsefnið sé bæði skynsamleg og ábyrg. Við vitum að með þessari nálgun er verið að koma til móts við óskir mjög margra. Við vitum líka að þeir finnast á Íslandi og sem hafa sumir hverjir tjáð sig í umræðunni sem eru algerlega á móti þessu. En ég hygg að það sé vel þess virði að málið verði skoðað af fullri alvöru í nefnd og svo lagt fyrir hið háa Alþingi til afgreiðslu.

Ég vil að lokum taka tvennt fram. Ég er ósammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um að ríkisreksturinn geri gæfumuninn við sölu áfengis. Ég held að svo sé ekki. Og ég vil fagna ummælum og ræðum hv. þm. Ástu Möller og Péturs Blöndals þar sem þau vilja reyndar stíga skrefi lengra en lagt er til í þessari tillögu en sú umræða og skoðanir okkar eru á sömu nótunum.

Að lokum vegna þess að flokksbróðir minn hv. þm. Karl V. Matthíasson hafði áhyggjur af biðröðum og því að þurfa að sanna hver maður er, þá held ég að best sé að upplýsa hann um það strax að Íslendingar hafa náttúrlega fyrir löngu síðan tapað kennitölustríðinu, þ.e. kennitölur eru alls staðar, þær eru á öllum kortum sem við eigum og það er minnsta mál í heimi að sanna aldur við þær aðstæður sem við búum við á tækniöld.

[16:17]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 377. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 633.

Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, 378. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 635.

Náttúruvernd, 379. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 636.

[16:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um endurskoðun reglna um sölu áfengis. Ég tek undir þau orð nokkurra þingmanna sem hér hafa bent á að tillagan hefði gjarnan mátt vera vandaðri. Hún hefði gjarnan mátt skýra betur hugi þeirra hv. þm. sem flytja tillöguna. Það hefur komið í ljós í umræðunni að ýmislegt hafa hv. þm. til málanna að leggja sem betur hefði mátt koma fram í greinargerðinni. Ég er sammála hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um að væntanleg nefnd virðist ekki eiga að hafa neitt svigrúm. Þannig er tillagan orðuð. Ég bendi sömuleiðis á annan galla í tillögunni. Það hefur komið fram í ræðum hv. þm. að þeir eru ekki að mæla með eftirlitslausri sölu. Það hefði auðvitað verið sjálfsagt mál að láta þá skýringu, sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom með í ræðu sinni áðan, fylgja í greinargerð.

Herra forseti. Með það í huga að hér er um gallaða framsetningu að ræða þá væri ég fremur til í að ræða hér tillögu til lækkunar á áfengiskaupaaldri. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að tvískinnungs gætir í þeim efnum í samfélaginu og hann er alls ekki af hinu góða. Það er ekki samræmi í að ungt fólk á aldrinum 18 ára til tvítugs skuli geta gift sig en hafi ekki leyfi til að fara í áfengisverslun og kaupa kampavínið í brúðkaupsveisluna. Það er ekki til eftirbreytni að ungt fólk skuli geta afgreitt á vínsölustöðum en megi ekki geta keypt sér drykk á þeim sama vínsölustað. Ég væri til í að vera að ræða hluti á borð við þessa, þar sem ákveðins tvískinnungs gætir sem við verðum að fara að vinna bug á.

Ég tek sömuleiðis undir það sem fram kom í ræðu hv. þm. Þuríðar Backman þar sem talað var um tvískinnunginn í því, sem þegar er til staðar á landinu, að fólk geti farið á bensínstöðina og tekið með sér kippu af bjór. Ég held að ég sé að fara rétt með en á Reyðarfirði er bensínstöð sem hefur með höndum leyfi til áfengisverslunar. Ég vildi að við værum að ræða hér um þann tvískinnung sem viðgengst hér. Ég væri líka til í að ræða mjög náið hvaða aðferðir væru vænlegar til þess að bæta vínmenningu okkar. Þar tel ég svo sannarlega verk að vinna.

Herra forseti. Ég gagnrýni sem sagt þessa tillögu. Ég hefði sannarlega viljað sjá hana vandaðri. Engu að síður vil ég taka virkan þátt í þessari umræðu. Ég er að mörgu leyti sammála hv. þm. Ástu Möller sem hér talaði og ræddi um að allar reglur um áfengissölu þurfi að taka til endurskoðunar. Ég er sannarlega fylgjandi því en ég er mótfallin því að áfengissala verði gefin frjáls til einkaaðila. Ég tel ekkert tilefni, herra forseti, til að gera það eða taka það skref núna.

En af því að við nefndum vínmenninguna og ég er hlynnt því að hefja umræðu um vínmenningu til vegs, þá er ég sannfærð um að það má gera með Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins í liðinu. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er vel rekin ríkisstofnun og ég þori að fullyrða að þar á bæ eru ótal hugmyndir sem geta aukið þjónustustig verslunarinnar. Ég held að okkur sé nauðsyn að leita í þá smiðju eftir hugmyndum þeirra manna sem annast hafa áfengissölu síðustu áratugina. Ég tel miklu skynsamlegra að leita eftir hugmyndum sem þar eru til staðar heldur en byrja á því að ætla að reka þennan sterka leikmann, kannski öflugasta leikmanninn í liðinu, út af vellinum á þessu stigi málsins áður en leikurinn hefst. Ég flokka það undir bráðræði, herra forseti.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur hingað til gert ýmislegt til að bæta aðgengi og efla þjónustu í verslunum sínum. Þar hafa eftirtektarverðar tilraunir verið gerðar. T.d. nefni ég verslunina í Árbænum, Heiðrúnu, þar sem boðið er upp á sérpöntunarþjónustu sem er til fyrirmyndar. Ég er sannarlega sammála því að hér megi að mörgu leyti gera betur. Ég er hlynnt því að við gerum allt til að bæta vínmenninguna. Ég held að bætt vínmenning verði á endanum lóð á vogarskál forvarnanna. Það er ég alveg sannfærð um.

Ég er eins og hv. þingmenn Ásta Möller og Þuríður Backman fylgjandi því að sjá verslanir á borð við þær sérverslanir sem við höfum lýst hér að við höfum unun af að heimsækja í útlöndum, verslanir sem hafa á að skipa færum ráðgjöfum og ástríðufullum vínsölum sem eru vel að sér um vöruna

sem þeir eru að selja, menn sem bjóða upp á vínsmakkanir á tyllidögum og leiða mann í allan sannleikann um vínmenningu erlendra þjóða, segja manni söguna á bak við miðann á flöskunni og kynna manni þessar lendur. Ég er sannarlega hlynnt því og tel þörf á slíku átaki. Ég tel að fræðsla sé lykilatriði í þeirri vinnu sem þarf að fara fram til að auka vínmenningu á Íslandi. Okkur virðist því miður ekki í blóð borið að velja vínin af ástríðu og spekúlera í víni á sama hátt og Frakkar, Ítalir og fleiri þjóðir virðast hafa í genunum.

Herra forseti. Það er talað um forræðishyggju. En hvað ef við lítum á forræðishyggjuna frá öðru sjónarhorni? Forræðishyggja á einu plani getur í raun verið umhyggja á öðru plani. Ég verð að segja að það er á einhvern hátt af umhyggju fyrir ungu fólki að ég vil forða því frá freistingunum. Ég tel mig ekki gera ungu fólki gott ef ég legg freistingarnar meðvitað við hvert fótmál þess. Ég er alveg sannfærð um að gott er að standast eldraunir. Við höfum öll gott af því að ganga í gegnum eldraunir. En að leggja freistingar og eldraunir við fótmál ungs fólks í þeim mæli sem við mundum gera með því að gefa áfengissölu frjálsa inn í matvöruverslanir þá værum við ekki að efla það til sjálfsákvörðunartöku. Við værum að veikja karakter þess. Við værum að veikja möguleika þess til að standast eldraunir og freistingar. Undir formerkjum umhyggju fyrir ungu fólki er ég hrædd við að gefa áfengissöluna frjálsa í matsöluverslanir. Það er ekki gott fyrir unglingana okkar að þurfa stöðugt að viðurkenna fyrir sjálfum sér og kannski foreldrum sínum að þeir séu stöðugt að falla á þeim prófum sem samfélagið leggur fyrir þá.

Ég er ósammála hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur um að í þessari tillögu sé farið varlega. Mér finnst þetta skref satt að segja risastórt. Ég hefði viljað sjá meiri varfærni þar sem fólk sæi fótum sínum betur forráð en mér sýnist þessi tillaga gera ráð fyrir.

Óhamingjusömu ungu fólki fjölgar. Ódæðisverkum unglinga fjölgar og heimilisofbeldi eykst. Fleiri eru teknir ölvaðir undir stýri og fleiri umferðarslys má rekja til ölvunar ökumanns en áður. Fleiri unglingar leiðast inn á brautir vímuefnaneyslu og ungu fólki fjölgar á meðferðarstofnununum. Ég held að við ættum að ræða forvarnir af alvöru fremur en frelsi til kaupa á áfengi í matvöruverslunum.

[16:26]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heimsendaspárnar eru margar og miklar og án efa rétt að taka undir þær eins og hv. þm. gerði hér áðan. Ef hv. þm. hefur hins vegar hlýtt á framsögu mína í þessu máli þá gekk hún öll út á að sú áfengisstefna sem stjórnvöld hafa rekið í marga áratugi hafi leitt til þess að áfengismenning okkar er á því plani sem raun ber vitni.

Ég tek undir með hv. þm. þar sem hún sagði að bætt vínmenning væri án efa lóð á vogarskálar forvarna. Það var í raun útgangspunkturinn í framsöguræðu minni. Ég áttaði mig hins vegar ekki á því sem hv. þm. fjallaði um í seinni hluta ræðu sinnar. Þessi tillaga fjallar ekki um lækkun á áfengiskaupaaldri. Þessi tillaga fjallar ekki um það að unglingar eigi endalaust að fá aðgengi að áfengi í verslunum. Þessi tillaga fjallar ekki um að gera árás á heilbrigðisstefnu íslenskra yfirvalda.

Ég veit eiginlega ekki, virðulegi forseti, á hvaða vegferð sumir þingmenn eru í þessari umræðu. Þessi tillaga fjallar um að skipuð verði nefnd til þess að skoða þann möguleika að breyta áfengisstefnunni sem hér hefur verið rekin í áratugi. Það er tekið sem dæmi að kanna mætti hvort heimila ætti sölu léttra vína og bjórs í matvöruverslunum.

Ég sagði líka í framsöguræðu minni að enginn væri að ýta ÁTVR út af borðinu. Til þess að ná þessum markmiðum kæmi hins vegar vel til álita að þær sérverslanir sem komið yrði upp yrðu í verslunum með samstarf við ÁTVR. Það var aldrei slegið út af borðinu. Ég bið hv. þm. sem taka þátt í þessari umræðu að tala um málið eins og það var lagt upp. Það er engin tilviljun að málið er lagt upp í þessari tillögu eins og raun ber vitni. Það er fyrst og síðast til að loka ekki neinum möguleikum en halda þessum möguleikum opnum. Markmiðið er fyrst og fremst að endurskoða og endurskipuleggja þá áfengisstefnu sem hér hefur ríkt í 65 ár eða frá lokum bannáranna. Það er kjarni málsins.

[16:28]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega hlýddi ég á framsöguræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Ég hlýddi á hvert einasta orð en það breytir því ekki að þáltill. er ekki vönduð. Hún gerir m.a. ráð fyrir því að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum. Ég hefði óskað þess að þessi setning hefði ekki verið inni í tillögunni eins og hún er hér. Ég hefði líka óskað eftir því að ekki væri talað um breytta verðlagningu í tillögunni. Við þurfum að ræða þessi mál þannig að meira svigrúm sé til staðar en sú tillaga sem hér liggur fyrir gefur okkur.

Satt að segja, hæstv. forseti, fannst mér málflutningur frsm. tillögunnar bera keim af bannárunum umfram það sem mér finnst eðlilegt þegar við ræðum um þessi mál árið 2000. Ég tók mjög eftir þeim tón í ræðu hans sem laut að bannárunum og um afleiðingum þeirra. Herra forseti. Í dag erum við ekki að fást við afleiðingar bannáranna. Við erum að reyna að hefja þessa umræðu til vegs á vitrænum nótum. Við verðum að geta talað saman án þess að vera meðýfingar. Við þurfum að hafa þessi mál þannig úr garði gerð að það hægt sé að nálgast þau af varfærni. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir taldi þessa tillögu nógu varfærna en ég mótmæli því. Mér finnst hún ekki nægilega varfærin.

[16:30]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég vil gera athugasemdir við í ræðu hv. þm. Í fyrsta lagi rakti ég það í framsöguræðu minni að sú áfengisstefna sem hefur verið rekin lengi á rót sína að rekja til bannáranna. Þar koma fram þau grundvallarviðhorf sem sett voru sem sáttargjörð við talsmenn þeirra sem vildu viðhalda banninu og til að friða þá var farin sú leið að reka áfengisstefnu sem hafði tvennt að leiðarljósi, annas vegar að hefta aðgengi og hins vegar að hafa hátt verð. Síðan höfum við rekið þá áfengisstefnu sem ég held að áfengismenning þjóðarinnar hafi borið mikinn skaða af. Þess vegna erum við að opna þessa umræðu. Þess vegna vísaði ég til bannáranna af því að við höfum tekið þá stefnu í arf og hún hefur mjög lítið breyst síðan innflutningur og sala áfengis voru leyfð að nýju.

Hitt sem hv. þm. talaði um, þ.e. að heimila sölu í matvöruverslunum, það er alveg hárrétt að það er tekið fram í þáltill. sem við leggjum fram en það kom líka fram í framsöguræðu minni að það er nefnt þar í dæmaskyni sem eitt af þeim markmiðum sem að skuli stefnt. En ekki það að í matvöruverslunum eigi einungis unglingar að afgreiða og að í matvöruverslunum eigi að hleypa öllum að sem geta

gengið til að kaupa áfengi. Það er ekki málflutningur sem færir okkur fram á veginn.

[16:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar, sanna í raun og veru það sem ég er búin að vera að tala um, að þáltill. sé ekki nægilega vönduð og hún feli í raun og veru ekki í sér þá hugsun eða þá hugmynd sem hv. flm. hafa viljað en eru að reyna að halda fram að hún hafi að geyma.

Mig langar, herra forseti, í framhaldi af þessu bannáratali og því tali sem hér á sér stað aðeins að varpa fram efasemdum um að sala á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum auki vínmenningarstig þjóðarinnar því að ég sé fyrir mér, herra forseti, að ef Hagkaup og Bónus eiga þá möguleika að selja bjór og léttvín, hvað sjáum við þá hér á markaðnum? Hagkaupsbjór, Bónushvítvín og Hagkaupsrauðvín. Við fáum ódýr vín, ódýran bjór, ekki gæðavöru, ekki ástríðufulla vínsala sem gefa okkur smökkun á tyllidögum eða segja okkur söguna á bak við miðana á rauðvínsflöskunum. Við fáum útþynnta og ég vil fullyrða, herra forseti, stórhættulega vínmenningu fyrir íslensku þjóðina.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fáein atriði sem mér vannst ekki tími til að koma að í fyrri ræðu minni. Ég vil sérstaklega gera athugasemdir við þann málflutning hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að vegna þess að orðið hafi nokkur söluaukning á áfengi milli ára, þá séu í rauninni öll efni til þess að leggja af það fyrirkomulag sem verið hefur, eins og að í því felist að markmiðið með því sé að koma með öllu í veg fyrir að þessi vara sé seld eða sala hennar aukist. Það hefur auðvitað sveiflast upp og niður eins og gengur hvernig sala þessa varnings hefur verið og fylgir almennt neyslusveiflum í þjóðfélaginu. Það hefur orðið geysileg neysluaukning í samfélaginu sl. tvö, þrjú ár og neysla áfengra drykkja hefur haldist í hendur við stóraukin umsvif í þjóðfélaginu.

Við þekkjum líka að á erfiðleikatímum þegar kaupmáttur fer minnkandi, þá dregst sala þessarar vöru saman eða a.m.k. minnkar heldur en endranær þannig að þetta er í raun og veru bara að taka hlutina úr samhengi að gera þetta að sérstöku umtalsefni.

Við getum líka velt fyrir okkur hinu hvort ekki væri ástæða til að ætla að þessi söluaukning hefði orðið enn þá meiri á þeim tímum þegar annar hver unglingur og jafnvel niður í grunnskóla landsins gengur um með farsíma og eitt helsta vandamál í mörgum af framhaldsskólunum er skortur á bílastæðum, væri þá ekki ástæða til að ætla að ef ekki hefði þarna verið fylgt eftir atvikum aðhaldssamri stefnu, þá hefði þróunin orðið enn óhagstæðari.

Síðan finnst mér hv. 1. flm. vera á nokkrum flótta í máli sínu vegna þess að ég gat ekki betur heyrt í orðaskiptum áðan en að hv. flm. væri í raun og veru að afneita eigin tillögu og flýja í burtu frá textanum sem stendur þar svart á hvítu. Nú á þetta að vera orðin svona voðalega hlutlaus könnun þar sem engar forsendur eru gefnar upp fyrir fram, en það eru gefnar upp forsendur í tillögunni. Tillögugreinin gengur út á það að endurskoða reglur um sölu á áfengi, með leyfi forseta: „... svo að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum." Þetta er eins skýrt og nokkuð getur verið og ég verð þá að fara að læra íslensku upp á nýtt ef þetta felur ekki í sér þann vilja flm. að breyta reglum þannig að hefja megi sölu í matvöruverslunum. Stendur það ekki þarna, hv. þm.? Jú, það stendur þarna. (Gripið fram í.) Hvers vegna var þá hv. flm. að flýja frá því í útskýringum sínum hér áðan?

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að þegar maður skoðar samhengi tillögunnar og grg., þá renna mjög á mig tvær grímur og ég gagnrýni það, mér finnst það léttúðarfullt að fjalla þá ekki a.m.k. um þær hættur sem ég ímynda mér að skynsamir flm. hafi séð að gætu legið í málinu að þetta hlyti a.m.k. að bjóða upp á hættur á ákveðinni aukningu. Ef þarna hefðu einhverjar mótvægisaðgerðir verið nefndar á nafn eða einhverjar vangaveltur um að ástæða væri til að auka þá á sama tíma fræðslu o.s.frv., þá hefði maður a.m.k. getað virt það sem viðleitni. Ég sé ekki betur en að með þessu tvennu sem þarna er lagt til annars vegar að fara skuli með sölu á léttum vínum og bjór út í allar matvöruverslanir og hins vegar það sem stendur í grg., vel að merkja vissulega í grg. en ekki í tillögugreininni, að einnig verði sérstaklega skoðað hvort æskilegt sé og unnt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með því að lækka verð hlutfallslega á léttum vínum og bjór á kostnað verðs á sterkari drykkjum.

Ef þetta fyrirkomulag yrði nú að veruleika, að sterku drykkirnir verði áfram í einhverjum búðum sem hugsanlega yrðu reknar í einhver ár á vegum ÁTVR áður en menn gæfust upp en léttu vínin og bjórinn færu út í matvöruverslanirnar út um allt land og verð þeirra yrði gagngert lækkað, hvað er það? Það getur ekki verið annað en ávísun á aukna neyslu vegna þess að verðið og aðgengið eru þættir sem ráða miklu um neysluna. Það sýna okkur allar kannanir og reynslan alls staðar að úr heiminum og það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn í þeim efnum. Við erum að tala um slíka hluti og eigum ekkert að fela það í neinn búning.

Hv. þm. og fleiri flm. sem hér hafa talað virðast ekki hafa kynnt sér vel hvað felst í aðhaldssamri stefnu í áfengismálum og það er reginmisskilningur að klína því upp á deilur bindindismanna og þeirra sem vildu innleiða áfengi hérna fyrir 60–70 árum, það er sko virkilega að drepa umræðunni á dreif. Aðhaldssöm áfengisstefna samkvæmt skilgreiningum bæði íslenskra heilbrigðisyfirvalda, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og fleiri slíkra aðila felur í sér í fyrsta lagi að aðgengi að áfengi er eitthvað takmarkað í samfélaginu. Það er ekki alls staðar á boðstólum. Því er ekki haldið að fólki hvar sem er.

Hún felur í öðru lagi í sér víða að auglýsingar á áfengi eru bannaðar. Bannað er að vera með slíkar beinar aðgerðir til að hvetja til aukinnar neyslu. Það er hluti af aðhaldssamri áfengisstefnu og ætti að vera augljóst mál hverjum sem er.

Í þriðja lagi felur hún í sér ákveðna stýringu í gegnum verðlagið, verð er hátt, og reynt með því að hamla gegn því að þessarar vöru sé neytt í óhófi.

Í fjórða lagi eru nokkuð strangar reglur í gildi um meðferð vörunnar. Reynt er að framfylgja t.d. aldursmörkum og þarf leyfisveitingar til þeirra staða sem hafa með höndum sölu o.s.frv.

Þarna hef ég nefnt fjóra, fimm liði sem eru hluti af aðhaldssamri áfengisstefnu og þar af leiðandi er hægt að ræða þetta á þeim nótum.

Niðurstaðan er sú að áfengisneysla er hér og í öðrum löndum þar sem helst er um sambærilegt fyrirkomulag að ræða til mikilla muna minni en hún er annars staðar þar sem löggjöfin er frjálslyndari. Það hefur ekki alltaf verið svo. Á Íslandi voru á 19. öldinni sáralitlar takmarkanir á meðferð

þessarar vöru og neyslan var ótrúlega mikil þrátt fyrir fátækt þjóðarinnar. Frá og með bannárunum hefur verið í gildi aðhaldssöm stefna sem og á hinum Norðurlöndunum mínus Danmörk og það er algerlega kristalklárt að þetta hefur haft mikil áhrif á neysluna. Hún er langmest í Danmörku af Norðurlöndunum og hún er minnst á Íslandi og næstminnst í Svíþjóð, hygg ég vera, og þar kemur hin aðhaldssama löggjöf og stefna stjórnvalda beint við sögu. Ég nefndi dæmin frá Bandaríkjunum þar sem hægt er að bera þetta saman milli fylkja, annars vegar þeirra sem hafa mjög stranga löggjöf og svo á mismunandi stigum yfir í að þetta er nánast algerlega frjálst og þar kemur fram mjög skýr mismunur í þessum efnum.

Að síðustu verð ég, herra forseti, að segja eins og er að hugsun þessara tillögumanna og þeirra sem boðað hafa sérstaklega breytingar í þessa átt á Íslandi núna síðustu missirin er tímaskekkja. Það er nefnilega einmitt hún sem er tímaskekkja. Af hverju er hún það, herra forseti? Vegna þess að víðast hvar í löndunum í kringum okkur er þróunin ef eitthvað er í hina áttina, nema þá á Norðurlöndunum þar sem menn hafa verið að reyna að verja þessa aðhaldssömu stefnu. Í Danmörku er umræðan í þá átt að eitthvað verði að gera gagnvart vaxandi barnadrykkju, drykkju í barnaskólunum í Danmörku. Í Frakklandi er verið að takmarka auglýsingar og setja strangari reglur um ýmislegt í þessum efnum. Í Bandaríkjunum eru fleiri og fleiri fylki að innleiða aðhaldssama pólitík og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin er út um allan heim að hvetja ríki til þess að taka upp aðhaldssamari stefnu af því að hér sé á ferðinni eitt stærsta heilbrigðisvandamál heimsins næst á eftir faraldrinum nýja, sem mun skella á mannkyninu á næstu árum vegna aukinna reykinga og þá einkanlega aukinna reykinga kvenna.

Ég held því, herra forseti, að þarfara væri að ræða hluti sem gengju til gagnstæðrar áttar í þessum efnum.

[16:41]

Útbýting þingskjala:

Áhrif framræslu á fuglalíf, 383. mál, fsp. ÖS, þskj. 641.

Eftirlit með þungaflutningabifreiðum, 381. mál, fsp. GE, þskj. 639.

Meðferðarheimili að Gunnarsholti, 384. mál, fsp. MF, þskj. 642.

Sjúkrahótel, 382. mál, fsp. SJóh, þskj. 640.

Vörugjald af ökutækjum, 385. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 643.

[16:42]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Viðhorf hv. þm. eru löngu kunn. Hann hefur talað gegn áfengi í a.m.k. ein tíu ár. (Gripið fram í.) Í 16 ár, segir hann sjálfur. Það kemur því ekkert á óvart í þeim málflutningi sem hér kom fram. Kjarni hans er einfaldlega þessi: Það er einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, þ.e. ríkisfyrirtæki sem getur selt áfengi svo vel fari. Það er nákvæmlega kjarni málsins og síðan er lagt út af þessu viðhorfi með þeim hætti sem raun ber vitni og við höfum hlýtt á, ekki bara hér í þessari umræðu heldur í umræðum á mörgum undangengnum árum. Viðhorfið er því alveg skýrt. Það er engum treystandi til að selja áfengi nema ríkisverslunum. Það liggur fyrir.

Í öðru lagi vil ég segja það, virðulegi forseti, af því hv. þm. talaði um það í máli sínu að við værum á flótta frá tillögu okkar. Það er vitaskuld langur vegur þar í frá og við stöndum vissulega við það markmið okkar að koma því til leiðar að hægt verði að heimila sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum.

Hins vegar var merkilegt í málflutningi hv. þm. þar sem hann loksins vitnaði um það eða staðfesti a.m.k. að væri rétt, að núverandi áfengisstefna á fyrst og fremst rót sína að rekja til bannáranna og ég vil segja það, virðulegi forseti, að ég tel það ekki vera til framdráttar og ég tel að sú áfengismenning sem hér er við lýði sé ekki til neinnar fyrirmyndar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að við reynum að endurskoða hana með þeim hætti að setja nefnd á laggirnar í því skyni en mæta ekki öllu með því að ef einhverju á að breyta, þá sé það af hinu vonda og sitja svo undir heimsendaspám og öðru slíku í hvert skipti sem nokkru á að breyta. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að við færumst ekkert áfram ef slík viðhorf ráða för.

[16:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er undir viðhorfi manna og gildismati komið hvað er áfram og hvað er aftur á bak í þessum efnum. Það er bara ósköp einfaldlega þannig. Ef hv. þm. telur að það sé áfram að gera breytingar sem að mínu mati leiða til aukinnar áfengisdrykkju, þá er það hans skoðun, það teldi ég vera afturför, það teldi ég vera að fara í öfuga átt í þessum efnum.

Ég hef ekki í málflutningi mínum talað gegn áfengi sem slíku í þeim skilningi að ég sé að leggja til bann á þessari vöru. Hún er hluti af neyslu í okkar heimshluta og reyndar víðast hvar á byggðu bóli og verður væntanlega ekki breytt í einni svipan.

Ég hef talað fyrir aðhaldssamri og því sem ég tel vera ábyrgri stefnu í þessum efnum. Það er rétt, já, ég tel að dreifingin eða sölufyrirkomulagið þurfi að vera hluti af þeirri stefnu. Ég held að menn missi þetta út úr höndunum á sér og að aðrar aðferðir og tilraunir til að hafa stjórn á þessum hlutum verði miklu erfiðari, ef ekki árangurslausar, ef menn missa þennan mikilvæga þátt þar sem hægt er að koma við aðhaldi og hægt er að tryggja framkvæmd þeirrar stefnu sem við lýði er á hverjum tíma. Ég tel að það sem hefur gerst í tóbakinu sé sönnun þessa. Kannanir sýna að tóbak er selt miskunnarlaust til unglinga undir aldri og það hefur sigið mjög á ógæfuhliðina í þeim efnum á nýjan leik eins og kunnugt er, t.d. með stórvaxandi reykingum unglingsstúlkna og ungra kvenna, þar eigum við því í vændum næsta faraldur í auknu krabbameini og öðrum slíkum afleiðingum.

Herra forseti. Ég hef í þessu sambandi langmestar áhyggjur af hættunni á vaxandi drykkju unglinga og þessu sem er því miður að gerast, og ég tel að það væri að fara úr öskunni í eldinn ef svona breytingar yrðu gerðar, og það er að meðaldrykkjualdurinn er að færast niður. Hann hefur á skömmum tíma færst niður um næstum tvö ár og við stefnum þar af leiðandi í öfuga átt og þyrftum að vera að ræða aðgerðir til þess að snúa vörn í sókn í þeim efnum en ekki hluti sem alls staðar þar sem þeir hafa verið framkvæmdir hafa haft í för með sér neikvæða þróun í þessu sambandi.

[16:47]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að í þessari ræðu hafi það einmitt endurspeglast að við erum einfaldlega ósammála um þá vegferð sem við teljum æskilegt að þessi þjóð haldi sig á, þ.e. hv. þm. telur að þessum málum sé best fyrir komið

í ríkisverslun, þeim einum sé treystandi og ekki sé vogandi að opna þessa verslun með þeim hætti sem við erum náttúrlega að leggja til í tillögunni. Hv. þm. er einfaldlega þeirrar skoðunar að þetta sé vænlegasta leiðin.

Ég er allt annarrar skoðunar. Ég tel að það sé alveg óhætt að treysta einstaklingum og fyrirtækjum fyrir því að selja þessa vöru þannig að sómi sé að og ég tel eins að það sé mjög mikilvægt, af því að ég kom því ekki að í fyrra andsvari mínu, að við reynum að breyta þeirri áfengismenningu sem við höfum rekið og stundað og verið afleiðing áfengisstefnu með því að nota verðstýringu, þ.e. verðinu verði stýrt þannig að það verði á kostnað sterkra drykkja. Ég held að það sé til þess fallið að styðja og styrkja vínmenningu að vegur léttra vína og bjórs sé aukinn á kostnað sterkra vína. Hvernig menn framkvæma síðan þá stefnu er eitthvað sem ég tel að við þurfum að skoða frekar en ég trúi því ekki miðað við þá ræðu sem hv. þm. flutti að hann sé því andvígur að þetta mál sé skoðað í þaula í nefnd þar sem allir þingflokkar sem sæti eiga á Alþingi fá tækifæri til að tilnefna fulltrúa sína. Þar mundu sjónarmið hv. þm., sem eru algerlega andstæð mínum, fá að njóta sín eins og hver önnur.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki á móti skoðun á þessum málum og mundi ekki skorast undan því að taka þátt í slíku ef þar væri um algerlega hlutlaust upplegg að ræða en það er það ekki. Þessi skoðun á að miða að tilteknu markmiði, þ.e. að fara með létt vín og bjór inn í matvöruverslanir. Það eru líka gefnar upp forsendur í vangaveltum í greinargerð um verðlækkun og aðra slíka hluti sem ég er andvígur og að sjálfsögðu tek ég ekki þátt í því og styð ekki að sett sé í gang skoðun sem miðar að breytingum í þessum málum sem ég er á móti. Það liggur í hlutarins eðli. Tillagan er þannig úr garði gerð að hún býður ekki upp á stuðning þeirra sem vilja nálgast málið á hlutlægum og hlutlausum forsendum. Þeir eiga ekki annan kost en leggja til að hún verði felld því ég teldi það afturför og áfall ef tillaga í þessa átt sem stýrir málunum þannig yrði samþykkt. Ég mun gera mitt til þess að koma í veg fyrir að svo verði svo lengi sem ég heiti það sem ég heiti.

Mér finnst líka leiðinlegt þegar menn koma með þessar ræður um að þetta snúist um að menn treysti ekki neinum nema ríkinu. Þetta snýst ekki um traust og alls ekki um það hvort unglingum sem afgreiða í stórmörkuðum sé treystandi eða ekki. Það er að drepa umræðunni á dreif að stilla hlutunum þannig upp. Ég taldi mig vera að reyna að færa rök fyrir því að það væri hægt að koma við aðhaldi og það væri tryggara fyrirkomulag, t.d. hvað það varðar að unglingar undir lögaldri gætu ekki keypt áfengi eftirlitslaust, að hafa það í þeim skorðum sem það hefur verið. Ég tel að það fyrirkomulag sé í öllum aðalatriðum helt. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé mjög sjaldgæft að unglingar undir lögaldri geti keypt áfengi í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ég held því fram og ég held að ég geti sannað þá fullyrðingu.

Spurningin er líka um það að treysta fólki, en þessar ræður má hafa um allar reglur af þessu tagi ef menn vilja fara út í þá þrætubókarlist. Af hverju treystum við ekki börnum til þess að keyra bíl? Af hverju treystum við ekki fólki til þess að bryðja e-töflur þó þær fengjust á öðru hverju götuhorni? Málið er nefnilega það að þegar komið er að ávanabindandi efnum af þessu tagi þá erum við komin inn á hið gráa svæði milli þess sem samfélagið leyfir reglulaust og eftirlitslaust og hins sem samfélagið bannar. Þetta er vara sem er þarna á milli, um hana eru settar strangar reglur og þannig á það líka að vera.

[16:51]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að rifja það upp ekki síst vegna orða hv. síðasta ræðumanns að áfengi er löglegur vímugjafi á Íslandi. Það er dálítill munur á því hvernig a.m.k. ég vil nálgast umræðu um löglegan vímugjafa eða þá sem eru ólöglegir eins og e-töflur sem var vísað í áðan. Það er dálítill munur á því en eigi að síður er það svo að þegar fjallað er um áfengi og hvernig menn vilja fara með þann vímugjafa, þá skiptast menn jafnan í hópa og taka sterkari afstöðu en í flestum öðrum málum. Það er vegna þess, eins og hér hefur réttilega verið bent á í umræðunni, að afleiðingar óhóflegrar áfengisneyslu eru erfitt heilbrigðisvandamál og af því að hér hafa geðheilbrigðismál verið rædd fyrr í dag þá á þetta tvennt því miður stundum samleið.

Mér finnst sjálfsagt að við ræðum forvarnir og mér finnst líka sjálfsagt að við ræðum um það hvernig við getum bætt vínmenningu okkar. Mér finnst ekki að texti tillögunnar takmarki svigrúm fólks til að taka þau mál til umfjöllunar eins og kvartað hefur verið um enda hafa menn gert það. Menn hafa rætt þá þætti áfengismenningar okkar sem þeim hefur fundist réttast og eðlilegast að setja fram í umræðunni.

Mér er hins vegar aldrei alveg ljóst, ekki a.m.k. í máli sumra þingmanna, hvort andstaða þeirra við þessa breytingu byggir fyrst og fremst á vörn fyrir óbreytt ástand, þ.e. að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sjái um söluna, eða hvort að baki liggur raunverulegur áhugi á því að torvelda aðgang að áfengi enda kannski ekki gott að átta sig á því í öllum tilvikum.

Það hefur verið nefnt í umræðunni að stefnan sem við búum við í dag reki sig til þess þegar vínbanninu lauk. Vissulega má segja að sá tvískinnungur sem oft gætir í umræðunni reki sig allur aftur til þess tíma og að okkur finnist enn þá að það hljóti að vera markmið að gera fólki erfitt fyrir að nálgast áfengi með því að hafa útsölustaðina ýmist fáa eða aðgengi erfitt að öðru leyti. Hins vegar eru þessir tímar liðnir. Það sjáum við þegar við horfum á hvaða stefnu ÁTVR hefur haft og hefur. Það er verið að gera áfengi aðgengilegt mjög víða og sem víðast, ýmist með verslunum ÁTVR eða með því að opna bari eða vera með vínveitingahús. Það var þannig um tíma og var hlægileg staða að sveitarfélög sem töldu færri en þúsund íbúa máttu ekki hafa áfengisútsölu en dæmi voru um allt að þrjá bari á slíkum stöðum. Þessu var breytt enda var þetta ekki sannfærandi áfengisstefna.

Þeir tímar eru liðnir að það sé aðalkappsmálið að torvelda aðgengi og verslanir ÁTVR eru opnar eins og hverjir aðrir stórmarkaðir og opnar á laugardögum líka. Eins og ég rakti í andsvari fyrr í dag hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins komið verslun fyrir með ýmsu móti úti um landið, í fatahreinsunum, í veiðarfæraverslunum, þar sem verslað er með rafmagnstæki, í barnafataverslunum og hér áðan var það nefnt að einhvers staðar hefði þessu verið komið fyrir með matvöru, í bensínstöð þannig að sannarlega er ÁTVR að reyna að gera þessa vöru eins aðgengilega og nokkur kostur er á en þó alltaf undir þeim formerkjum að það sé ÁTVR sem sér um söluna.

Ég sagði allt nema matvara og gróft tekið má segja að við viðurkennum og höfum viðurkennt með því að agnúast

ekki út í þessa stefnu ÁTVR að áfengi sé selt með flestu öðru en matvöru. Þar komum við kannski að þessu með neysluvenjurnar því ég hef velt því fyrir mér af hverju megi ekki tengja saman bjór og létt vín og matvöru. Af hverju má bara tengja saman áfengi og ýmsan annan varning? Mér finnst að með þessari stefnu sé beinlínis verið að halda úti eins konar fylleríisstemmningarstefnu, þ.e. við skulum varast þau hugrenningatengsl að menn fái sér bjór eða létt vín með mat, en við skulum halda því að fólki að það sé kannski í lagi að kaupa sér áfengi tengt einhverju allt öðru. Mér hefur ekki fundist þetta vera góð stefna og þess vegna finnst mér að við eigum að skoða það að selja bjór og létt vín með mat. Ég tel að það sé liður í því að bæta vínmenningu okkar, þ.e. að við hverfum frá fylleríshugsuninni sem gjarnan hefur fylgt þeim löndum sem hafa svipaða vínmenningu og við, þ.e. Norðurlöndin, þar sem menn hafa talað um meiri misnotkun þó að neyslan sé minni en í suðlægari löndum. Ég held að flest okkar sem höfum búið erlendis höfum áttað okkur á því að sú stefna að vera með vín í matvöruverslunum hefur hvorki leitt til unglingadrykkju né heldur til meiri misnotkunar en þeirrar sem við sjáum hér. Menn segja að það reki sig til aldagamallar hefðar og venju en ég vil gjarnan að við horfum til þess að það sem fólk í þeim löndum sem við berum okkur saman við getur gert og getur haft sem hluta af menningu sinni að þess eigum við einnig kost.

Herra forseti. Mér finnst mikilvægt að við tökum þessi mál til umfjöllunar. Það er þrýstingur á það að þessi mál séu rædd. Ég tel að við eigum að reyna að koma þeim í *þann farveg að við getum verið nokkurn veginn sátt við þá* niðurstöðu sem verður. Ég tel að það sé jafneðlilegt að vín og bjór fáist með matvöru og með barnafötum eða veiðarfærum eða rafmagnstækjum og ég er ekki sannfærð um að það þurfi að gerast undir formerkjum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ég er alveg sammála þeim sem segja að rétt sé að læra af reynslu þeirra sem þar hafa stýrt málum og komið að stefnumótun. Það er sjálfsagt að leita til þeirra með upplýsingar og ráðgjöf en ég held að löngu sé tímabært að við hugsum þessi mál eftir öðrum leiðum og skoðum í alvöru hvort við getum ekki komið þeim öðruvísi fyrir.

[16:59]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er mikill Hrunataktur í þeirri tillögu sem hér er rætt um. Hún er metnaðarlaus og ekki mjög spennandi að þurfa að fjalla um slík mál í sölum Alþingis á þeim nótum sem lagt er til.

Þessi tillaga gælir við þá hugsun sem telja má að baki fornrar vísu Bólu-Hjálmars, með leyfi forseta:

Oft hefur heimsins gálaust glys,
gert mér ama úr kæti, —
hæg er leið til helvítis,
hallar undan fæti.

Nákvæmlega þetta er grunnurinn í öllu því er lýtur að víni og tóbaki. Það er allt til vansa, allt gálaust glys og því miður ósiður sem fylgir mannkyninu. Segja má að þar hafi hver sinn djöful að draga. Það að fjalla um það til lagasetningar og meðferðar á hv. Alþingi að auðvelda aðgang að þessum vímuefnum er auðvitað sorgleg staðreynd.

Það er engin spurning um að vín og tóbak eru verstu óvinir mannsins og líklega mun næsti áratugur ekki líða án þess að einhver lönd muni banna sölu á tóbaki. Notkunin verður aldrei stöðvuð með laganna smíð en söluna er hægt að banna.

Því miður finnst mér þessi tillögugerð gæla við þann takt sem við sjáum í sápuóperum sjónvarpsins, bandarísku myndunum sem gera allt svo auðvelt, elskulegt og ánægjulegt með sem bestu aðgengi að öllu og sérstaklega ósiðunum. Þessi tillaga elur á því að rækta snobb sem fylgir þeirri ómenningu sem vínið er. Margir hv. þm. nota orðið vínmenning sem er auðvitað rangyrði. Víni fylgir ekki menning og það eru engin dæmi þess í mannkynssögunni. (Gripið fram í.) Víni fylgir ekki menning, víni fylgir ómenning. Menn geta svo á hinn bóginn gert gott úr hlutunum, a.m.k. eins gott og hægt er.

Unglingarnir eru ekki vandamálið eins og hér er rætt um. Unglingum er miklu betra að treysta en fullorðnu fólki samfélagsins. Hinir fullorðnu eru agalausari en unglingarnir í umhverfi okkar.

Það er sjálfsblekking að ætla sér, eins og segir í tillögugerðinni, að hafa æskileg áhrif á neysluvenjur Íslendinga með breyttri verðlagningu á áfengi og aðgengi að léttum vínum og bjór. Þetta minnir ósköp einfaldlega á það þegar Íslendingar fyrir nokkrum árum tóku að sér að bjarga sel við strendur Hollands. Hann var síðna fluttur til Íslands, farið með hann til Grænlands og talið að hann væri komið á heimaslóð. Gott ef þetta var ekki rostungur, ég man ekki nákvæmlega hvort það var. Honum var sleppt við strönd Grænlands og þetta var kærleiksverk af hálfu Íslendinga. Hvernig brugðust Grænlendingar við? Þeir veiddu auðvitað dýrið daginn eftir og átu það.

Hvað mundu Íslendingar gera ef verð á víni lækkaði í matvöruverslunum? Þeir drykkju bara meira og það er vegna þess að við búum við agaleysi sem við verðum að horfast í augu við. Hvar á byggðu bóli á jörðinni er t.d. meiri sóðaskapur í kvikmyndahúsum en á Íslandi. Þar þurfa menn að vera í klofháum stígvélum til að vaða draslið á gólfinu eftir tvær, þrjár bíómyndir á dag. Þetta er bara partur af okkar vandamáli sem við eigum ekki að opna fyrir allar dyr og láta flæða út um allt. Vín flæðir nóg um á Íslandi, herra forseti, þó það fari ekki að flæða um matvöruverslanirnar líka.

Þegar menn tala um að gera gott úr hlutunum má auðvitað vitna í ýmsa texta. Menn hafa gaman af víni, það er allt annað mál. En það er ekki menning, samanber texta, með leyfi forseta, til að mynda:

Ef eitthvað liggur illa á þér
er ágætt ráð að drekka.
Að fá sér vín, að fá sér öl,
að fá sér nóg að drekka.
Því synda hefur ei sorgin lært
hún sekkur, bara sekkur,
á meðan gullna guðaveig
úr glasi þínu drekkur.

Eða vísan:

En sé þér góði glatt í hug
er gott og hollt að drekka.
Að fá sér vín, að fá sér öl,
að fá sér nóg að drekka.
Því gleðin flýtur ofan á
og alltaf hækkar, hækkar,
á meðan gullin guðaveig
úr glasi þínu lækkar.

(**Gripið fram í:** Segirðu svo að þetta sé ekki menning?) Þetta er ekki menning, þetta er lífsleikur sem menn reyna að

gera eins gott úr og hægt er. En menning er það ekki og er rangnefni að kalla það því nafni.

Það er ekki skrýtið þó að hv. 1. flm. þessarar tillögu sé á hlaupum með meiningar því að í stuttu máli er tillagan vond.

Með tilkomu bjórs á Íslandi stórjókst notkun alkóhóls, sérstaklega meðal unglinga. Með bjórfylltum ísskápum og geymslum jókst drykkjuvandi barna niður í tíu og átta ára aldur. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því. Í kjölfarið kom síðan stóraukinn vandi vegna fíknilyfja, geðsjúkdóma og margs þess neikvæðasta sem við búum við í þjóðfélaginu og verðum að horfast í augu við.

Þegar talað er um ástríðufulla vínsmakkara þá liggur ekkert að baki nema sölumennska. Við sem aldir erum upp í lúkörum fiskveiðiplássanna kaupum ekki þann stíl sem á að fylgja víninu. Við kaupum ekki að það sé af hinu jákvæða að reyna að kalla ómenninguna vínmenningu. Engu að síður er þetta hluti af lífsins leik. Það er allt annað mál. Með þeim málflutningi sem hér er settur upp í tillögu, er að mínu mati fyrst og fremst alið á enn meira agaleysi meðal Íslendinga. Með henni er verið að tefla okkar unga fólki á tæpasta vað. Það ætti ekki að vera hlutverk okkar hér í sölum Alþingis.

[17:08]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni ræddi ég einkum um að fjórar leiðir væru notaðar af stjórnvöldum til þess að stýra neyslu á áfengi. Það eru aldursmörk við kaup á áfengi, reglur um auglýsingar á áfengi, lög og reglur um aðgengi að vörunni og verðlagning á áfengi. Mig langaði í seinni ræðu minni aðeins að fjalla um einn þessara þátta, þ.e. aldursmörk við kaup á áfengi. Það hefur verið til umræðu í þinginu nú nýverið þar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir varpandi fram spurningu til hæstv. dómsmrh. varðandi niðurstöðu nefndar sem fengið hafði það verkefni að kanna hvort æskilegt væri að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Það kom fram í umræðunni að þessi nefnd hefur ekki lokið störfum en þess var vænst að hún skilaði tillögum sínum fljótlega. Því má gera ráð fyrir að þetta komi aftur til kasta þingsins á næstunni.

Mig langaði aðeins að fjalla með nokkrum orðum um áfengiskaupaaldur. Það er sterkur straumur í þjóðfélaginu í átt að því að lækka mörkin úr 20 árum í 18 ár til samræmis við sjálfræðisaldurinn. Ég verð að viðurkenna að ég var þeirrar skoðunar, að það ætti að lækka áfengiskaupaaldur í 18 ár, einmitt með þeim rökum að hann ætti að fylgja sjálfræðisaldri. En fyrir tveimur árum síðan var ég skipuð sem fulltrúi heilbrrn. í nefnd sem gera skyldi tillögur um hvernig stemma mætti stigu við ölvunarakstri. Við þá vinnu breyttist skoðun mín. Þessi tiltekna nefnd skoðaði m.a. tölur um áhrif lækkunar áfengiskaupaaldurs á slysatíðni. Þar kom í ljós að þar sem áfengiskaupaaldur hafði verið lækkaður úr 20 ára aldri í 18 ár varð marktæk fjölgun á alvarlegum slysum vegna ölvunaraksturs í þessum aldurshópi. Fjölgunin var um 18%. Banaslysum hjá öllum hópum fjölgaði um 17% en að sama skapi, í þeim löndum þar sem áfengiskaupaaldurinn hafði verið hækkaður úr 18 árum og upp í 20 ár, fækkaði aftur slysum í þessum aldurshópi um 18%. Banaslysum fækkaði um 24% og slysum með meiðslum um 31%. Við að skoða þessar tölur breyttist afstaða mín til þess að breyta áfengiskaupaaldri hér á landi. Sem stjórnmálamaður er ég ekki tilbúin að axla þá ábyrgð að alvarlegum slysum á ungu fólki fjölgi um fimmtung við að lækka áfengiskaupaaldur. Þá væri lækkun á áfengiskaupaaldri hér á landi úr 20 árum í 18 ár í andstöðu við stefnu stjórnvalda í áfengis- og fíkniefnamálum.

Ég gæti dregið fram fleiri rök gegn lækkun á áfengiskaupaaldri en ég er að hugsa um að geyma þau þar til síðar í umræðum á hinu háa Alþingi þegar það kemur hér til umfjöllunar.

Ég vil hins vegar bæta því við að öll ríki Bandaríkjanna miða áfengiskaupaaldur við 21 ár. Það má ekki selja fólki undir 21 árs aldri áfengi í Bandaríkjunum. Það kom mér mjög á óvart er ég komst að þessu með því að fara í gegnum þau gögn sem ég hafði. Eftir því sem ég kemst næst er áfengiskaupaaldur í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð 18 ár fyrir létt vín og bjór en 20 ár fyrir sterkt áfengi. Hins vegar er áfengiskaupaaldurinn í Danmörku 15 ár, enda drekka Danir mesta magn áfengis allra Norðurlandabúa og er ástand þeirra mála hjá þeim ekki til fyrirmyndar.

Í ágætri bók sem gefin hefur verið út af Fræðslumiðstöð í fíknivörnum 1998 sem heitir Áfengis- og fíkniefnamál á Íslandi, þróun og staða, kemur einmitt fram hve mikil neysla er á áfengi í ýmsum Evrópulöndum. Neyslan í Danmörku er 10 lítrar af hreinum vínanda á hvern íbúa árið 1995 meðan hún var 3,5 á Íslandi. Mig langar til þess að leiðrétta það sem fram kom hjá hv. þm. Árna Johnsen áðan þar sem hann talaði um að áfengisneysla á Íslandi hefði aukist við tilkomu bjórsins. Það er ekki rétt. Bjórinn var leyfður, ef ég man rétt, árið 1989. Þá var neysla á Íslandi 4,1 lítri af hreinum vínanda, 1995 er hann kominn niður í 3,5 lítra. Neysla á áfengi hér á landi hefur því minnkað í þessum mælikvarða. En hins vegar er það svo að neysla á sterku áfengi er einna mest hér á landi af öllum Evrópulöndum. Þar erum við í hópi með Rússlandi og fleiri löndum þar sem mikið áfengi er drukkið. Það má rekja til þeirrar stefnu sem var hérna til margra ára, að eingöngu væri leyft að selja sterkt áfengi og létt vín en bjór var bannvara árum saman. Við þurfum því virkilega að taka okkur á til að breyta hugsunarhætti sem er nokkuð viðvarandi hér á landi varðandi umgengni við sterkt áfengi.

Virðulegi forseti. Svo að ég dragi saman niðurstöðu mína um þá þáltill. sem verið hefur til umfjöllunar í dag þá styð ég þá meginhugsun sem fram kemur í henni, þ.e. að skipa nefnd sem vinni að endurskoðun reglna um sölu áfengis. Hins vegar er ég, eins og áður hefur komið fram mótfallin því að tengja tillöguna því að heimila sölu léttra vína og bjórs í matvöruverslunum. Ég hef fært rök fyrir því að ekki eigi að selja áfengi í matvöruverslunum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að afnema eigi einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á öllu áfengi og heimila ætti einkaaðilum að setja upp sérverslanir með létt vín, bjór og sterkt áfengi sem háðar yrðu sérstöku leyfi og tilteknum skilyrðum.

[17:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. flutt af nokkrum þingmönnum Samfylkingar um endurskoðun reglna um sölu áfengis. Flutningsmenn tillögunnar gefa sér fyrir fram æskilega niðurstöðu af þeirri nefndarskipan sem þeir leggja til. Þeir leggja til að endurskoðaðar verði reglur um sölu áfengis svo að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum. Þannig er fyrir fram gefið markmið með þessari nefndarskipun.

Þá er þeirri nefnd falið það verkefni að athuga hvort unnt sé og æskilegt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með

annars vegar breyttri verðlagningu á áfengi, væntanlega þá að lækka verð á þessum vörutegundum sem lagt er til að verði færðar í matvöruverslanir, og einnig að unnt verði að hafa áhrif á þessar neysluvenjur með breyttu aðgengi að léttum vínum og bjór.

Ég vil byrja á að taka það fram að þó að þessi tillaga sé flutt af nokkrum þingmönnum Samfylkingar, þá er það ekki svo eins og mikið hefur verið rætt og mikill misskilningur er uppi um að þetta sé tillaga þingflokks Samfylkingarinnar. Tillagan mætti mikilli andstöðu í þingflokki Samfylkingarinnar og þess vegna er hún flutt af tilteknum þingmönnm sem vildu styðja hana.

Eins og komið hefur fram í dag eru mismunandi skoðanir innan þeirra þingflokka sem hér hafa tjáð sig. Framsfl. hefur verið fjarverandi að vanda en aðrir flokkar hafa tjáð sig um þessa tillögu. Það kemur fram eins og vænta mátti að menn hafa mismunandi afstöðu til þessara mála. Þetta er ekki flokksmál neins staðar.

Ég er andvíg þessari tillögu og lýsti yfir andstöðu minni þegar tillagan var borin upp í þingflokki Samfylkingarinnar, einkum vegna þess að ég tel að ef hún yrði samþykkt og farið yrði að selja létt vín og bjór í matvöruverslunum, þá væri búið að auðvelda mjög aðgengi að áfengi miðað við það sem áður hefur verið á Íslandi og allar kannanir hvar sem er í heiminum hafa leitt í ljós að eftir því sem aðgengi er meira að þessum vörutegundum, eftir því eykst neysla. Ég tel að við Íslendingar megum bara ekki við því. Við eigum við alvarleg áfengisvandamál að etja á Íslandi jafnvel þó, eins og hefur réttilega komið fram, að neysla í opinberum tölum sé minni hér á áfengi á mann á ári en annars staðar á Norðurlöndum, en í þeim tölum er eitt og annað ekki inni sem ég ætla ekki að telja hér upp. En samt tel ég að við eigum við illvígari vandamál að etja varðandi áfengisneyslu en ég þekki annars staðar, nema þá helst ef vera kynni í Sovétríkjunum sálugu, þ.e. núverandi ríkjum sem áttu aðild að Sovétríkjunum sálugu. Þar er vissulega mikið neysluvandamál.

Mjög hefur verið þrýst á um að koma upp fleiri meðferðarstofnunum og meðferðarúrræðum fyrir áfengissjúklinga og það hefur vissulega mikið verið gert í þeim málum en það hefur þó ekki tekist að bæta þannig úr að hægt sé að vinna á þeim biðlistum sem stöðugt eru fyrir hendi t.d. á meðferðarstofnuninni Vogi sem er langstærst í þessum efnum. Þar hafa jafnvel fleiri hundruð manns verið á biðlista eftir meðferð og sumir þeirra í mjög slæmu ásigkomulagi. Meðan ástandið er svo, þá tel ég ekki ástæðu til að við förum að samþykkja hér á Alþingi tillögur sem bæta aðgengi eins og kallað er að áfengi. Ég held að við ættum frekar að ræða tillögur sem stuðla að því, eins og hér hefur verið nefnt í sumum ræðunum, að breyta vínmenningu okkar sem vissulega væri þörf á. Ég á því miður ekki nein sérstök úrræði þar. Ég verð að segja að iðulega þar sem ég hef horft upp á það sem í upphafi hefur verið hófleg neysla hefur hún áður en við er litið breyst í neyslu sem stefnir í vandamál. Það hljóta að vera til einhverjar lausnir. Það hlýtur að vera til eitthvað sem við getum gert til að breyta þessu munstri, en það er alla vega ekki alveg í augsýn. Ég held að það sé ekki leiðin að banna sölu á áfengi. Það er auðvitað ekki leiðin. Þá yrði bara meira um heimabrugg og smygl. Eins og staðan er í dag er ekki um það að ræða að áfengi sé eitthvað sem erfitt er að nálgast á Íslandi. Það er varla til það þorp á landinu að þar sé ekki tiltölulega auðvelt aðgengi að áfengi. Ef ekki er áfengisútsala, þá er a.m.k. mjög auðvelt að nálgast áfengi eftir einhverjum leiðum.

Ég vil benda á að á ferðum mínum um þjóðvegi landsins á undanförnum árum hef ég rekið mig á að varla er til sú þjóðvegasjoppa í landinu sem selur einhverjar ómerkilegar veitingar á borð við hamborgara og slíkt sem ekki býður upp á sterkan bjór og létt vín. Ég verð að segja að það er ekki það fyrsta sem mér dettur í hug þegar ég er að keyra úti á þjóðvegum hvernig eigi að nálgast áfengi. Það er mikill tvískinnungur í gangi eins og hér hefur margoft verið nefnt í umræðunni — ég sé á ljósinu að ég kem ekki helmingnum að af því sem ég vildi hafa sagt í umræðunni en það er þó eitt sem ég vildi segja: Það að selja áfengi í matvöruverslunum býður upp á það að farið verði að krefjast þess af kaupmönnum í venjulegum matvöruverslunum sem selja mjólk og brauð að þeir framhefji einhverja sölumennsku á bjór og léttum vínum vegna þess að eðli kaupmanna er auðvitað að selja vöruna og mæla með vörunni og slíkt get ég ekki samþykkt að geti orðið til góðs við okkar aðstæður á Íslandi.

[17:23]

Útbýting þingskjals:

Mat á umhverfisáhrifum, 386. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 644.

[17:23]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur frammi og er til umræðu á hv. Alþingi um endurskoðun reglna um sölu áfengis er ekki flokkspólitískt mál ef svo má að orði komast. Það liggur ekki eftir flokkspólitískum línum hvort menn eru á móti eða með, ekki frekar en með bjórnum á sínum tíma þar sem flokkspólitísk bönd riðluðust. Ég tel þessa tillögu hins vegar ekki tímabæra, að nú, árið 2000, sé ekki tímabært að ræða þessi mál. Ég hef ekkert á móti því að hv. þingmenn, samflokksmenn mínir, flytji þessa tillögu og hún sé rædd, en tek skýrt fram að ég er efnislega á móti því sem þarna kemur fram. Ég er á móti því að létt vín og bjór séu seld í matsöluverslunum. En það er ekkert víst að ég verði á móti því eftir fimm eða tíu ár þegar tíminn líður fram, það á eftir að koma ljós.

Þegar þetta kom til umræðu og mér var boðið að vera meðflutningsmaður að þessari tillögu hafði ég slysast inn í Nýkaup í Kringlunni í Reykjavík deginum áður og Nýkaup var þá búið að opna vísi að áfengisbúð í matvöruverslluninni, þó að sett hafi verið fyrir hana eitthvert hænsnanet. Menn gátu komið og kíkt þar inn og horft á þær guðaveigar sem þar voru en Nýkaupsmenn gerðu meira. Þeir beittu sér fyrir skoðanakönnun um málið. Þar á borðum voru tvær Machintosh-tölvur þar sem spurt var hvort aðilar væru hlynntir eða andvígir því að seld væru létt vín og bjór í matvöruverslunum á Íslandi og menn gátu klikkað þar á og sagt já eða nei. Við þessar tölvur stóð hópur unglinga, ég ímynda mér svona 13–14 ára og klikkuðu á já í tíma og ótíma, enda kom niðurstaðan ekki á óvart. 75 eða 80% þeirra sem tóku þátt í könnuninni voru hlynnt því að bjór og létt vín yrðu seld í matvöruverslunum á Íslandi. Það voru því ábyggilega í töluvert miklum mæli börn og unglingar sem tóku þátt í þessari skoðanakönnun Nýkaupsmanna sem vildu þannig útvíkka starfsemi sína, enda var það líka svo þegar maður fór með vörurnar að kassanum að þar voru, ég segi ekki börn en 13–14 ára unglingar við afgreiðslustörf, enda fást sennilega ekki aðrir en unglingar í skóla til að sitja við

þessa kassa á því litla kaupi sem örugglega er greitt fyrir þau störf.

Þetta vildi ég láta koma fram hvað afstöðu mína varðar en af því að ég er að ræða þetta hér og áfengisverslunina, þá vil ég líka taka fram að ég held að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé nokkuð vel rekið fyrirtæki og það er heldur ekki tímabært að breyta því eins og nokkrir þingmenn hafa fjallað um að gefa þetta frjálst og leggja ÁTVR niður. Ég er ekki sammála því. Ég er hins vegar sammála því að kúnninn eigi að eiga betra aðgengi að þessum verslunum fyrir þá sem þar vilja koma að og nefni ég þá sérstaklega landsbyggðina þar sem þessi starfsemi er ekki mjög víða en er þó á nokkrum stöðum, og á sumum stöðum er verið að auka þessa starfsemi og er þá, því miður vil ég segja, sett saman við ýmiss konar aðra starfsemi. Út af fyrir sig er kannski allt í lagi að hafa þetta í einhverri skipaverslun eða skrúfuverslunum, en mér finnst frekar ógeðfellt að horfa á þetta við hliðina á barnafataverslun. Ég mundi sem sagt vilja að foreldrar sem fara með börnin sín út að versla séu ekki í þessum verslunarerindum í leiðinni.

Ég tel hins vegar, herra forseti, að ÁTVR megi aðeins skoða þessi mál. Opnunartíminn má vera meira í takt við það sem er annars staðar og þá kannski sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og reyndar úti á landi líka vegna þess að annars verða þær raddir háværari að taka þetta út úr þeim verslunum og sé betur komið í einhverjum klukkubúðum eða stórmörkuðum eða hvað þetta allt saman heitir.

Þó að ég telji mig ekkert mjög íhaldssaman eða þess háttar, ég tel mig vera frekar frjálslyndan mann, þá held ég að það sé líka hluti af þeirri stefnu, og ég er sammála henni, að vínauglýsingar séu bannaðar. Ég held að það sé hluti af þeirri stefnu ásamt því sem er hluti af þeirri vínmenningu sem er í landinu eða stefnu hvort sem það eru létt vín, sterk vín eða bjór, að verði er haldið töluvert háu og það er hluti af þeirri verðlagningu og áfengisstefnu sem hér er tíðkuð.

Hér hefur líka komið fram og kemur einnig fram í tillögunni að athuga með breytt aldursmörk við verslun á áfengi. Auðvitað er það eins og hér hefur komið fram mjög mikill tvískinnungur að 18 ára unglingur geti farið inn á vínveitingastað en megi ekki versla þar. Ég ætla ekki endilega að tjá mig um það í lokin, herra forseti, hvað það varðar en ég vil taka það skýrt fram að hér er ekki um flokkspólitískt mál að ræða. Mér finnst ekkert athugavert við það að flm. flytji þessa tillögu, en ég er á móti henni vegna þess sem ég hef áður sagt.

[17:29]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Nokkur orð til viðbótar og þá út frá einum þætti sem telst til forvarnaþátta málsins, þ.e. aðgengi, vegna þess að innihald tillögunnar og tilgangurinn með því að skipa nefnd er að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum.

Varðandi aðgengi og það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði áðan og talaði þá til okkar þingmanna sem höfum talað gegn þessari tillögu, hvort við héldum að einhverjir aðrir en ÁTVR gætu selt áfengi svo sómi væri að. Vissulega gætu aðrir en ÁTVR selt áfengi svo sómi væri að. En það er mikill munur á því hvort þessi sala er í ríkisrekstri undir stjórn ÁTVR í rauninni undir þeirri forvarnaskyldu sem ÁTVR hefur. Ef af því yrði einhvern tíma í framtíðinni að einkaaðilar hefðu leyfi til að selja áfengi, þá er allt önnur hvatning á bak við söluaðferðir þeirra en hjá ÁTVR til að koma vörunni á framfæri.

ÁTVR á auðvitað að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til nútímaviðskiptahátta, t.d. að sölustaðirnir séu nægilega margir, að þeir þjóni íbúum landsins, að úrvalið sé viðunandi þannig að fólk sé sátt við það úrval sem þar er í boði. En þegar einkaaðilar eru með söluna, þá er innbyggð hvatning hjá þeim til að koma vörunni á framfæri og þó svo bannað sé að auglýsa áfengi, þá vitum við alveg hvernig farið er í kringum það auglýsingabann. Það er með ýmsum greinum, með ýmsum kynningum o.s.frv. Bara það hvernig vörunni yrði stillt upp í versluninni, hvort þetta yrði sérskot í matvöruverslunum eða hvort þetta yrði á stað þar sem hægt er að koma vörunni á framfæri. Það er nákvæmlega eins og með tóbakið. Þó að tóbak sé selt í matvöruverslunum í dag, þá skiptir það máli varðandi söluna hvort eigandi verslunarinnar reynir að hafa hemil á sölunni eða draga úr henni með því að hafa tóbakið undir borðum eða í hillunum sem blasa ekki alveg við, það hefur forvarnagildi þó svo varan sé til sölu á viðkomandi stað. Það er sem sé ákveðin innbyggð hvatning til söluaukningar að koma þessu út á hinn frjálsa markað.

Að mínu mati eigum við að styrkja ÁTVR, gera fyrirtækinu kleift að koma upp sölustöðum svo sómi sé að og hafa fjölbreytt vöruúrval því eingöngu með virku eftirliti ÁTVR getum við fylgst með sölunni, hvernig hún gengur fyrir sig og haft eitthvert eftirlit með því magni sem hér er í umferð.

Þegar við erum að tala um að við eigum að bera traust til fólks og að hinir frjálsu viðskiptahættir sem eru í dag eigi að fá að njóta sín, allt undir merkjum frelsis, þá erum við að tala um frelsi fyrir okkur fullorðna. Við eigum auðvitað að bera skynbragð á það hvað er hollt og hvað er óhollt. Þegar við erum að tala um breytt viðhorf til áfengisnotkunar fullorðinna eins og við gerðum með bjórinn, þá hafði það vissulega jákvæð áhrif á drykkjusiði okkar fullorðna fólksins. En því miður hafði það neikvæð áhrif á drykkjusiði unga fólksins, þ.e. drykkjan hefur færst neðar og þegar við erum að horfa á eitthvað sem er frjálsræði og til bóta fyrir okkur fullorðna fólkið, þá verðum við líka að horfa á hvaða áhrif það hefur á börnin og unglingana því að þau hafa ekki þann þroska eins og við fullorðna fólkið eigum að hafa til að velja og hafna. Mér finnst því þegar við erum að taka út ákveðinn forvarnaþátt sem við vitum að hefur virkað, að þá eigum við fyrst og fremst að horfa til þess hvaða áhrif þetta hefur á heilsu og breytingar í neyslu unglinganna.

[17:35]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram í dag og það er alveg augljóst að menn eru ekki einhuga í þessu máli. Hér hafa komið fram ýmis sjónarmið allt frá því að áfengi sé rót alls ills til þeirra sem telja að nauðsynlegt sé að ganga enn lengra en sú tillaga sem hér liggur fyrir mælir fyrir um.

Virðulegi forseti. Mig langar að nefna nokkur atriði í lok umræðunnar. Í fyrsta lagi er hugmyndafræðin á bak við þessa tillögu fyrst og síðast sú að hér erum við að ræða um löglegan vímugjafa. Við erum að ræða um vímugjafa sem almenn sátt hefur verið um í samfélaginu að skuli brúkaður og notaður, fluttur inn og seldur, a.m.k. með þeim hætti sem hingað til hefur tíðkast því að enginn af þeim hv. þm. sem hér töluðu leggur til að dregið verði úr þeirri þjónustu sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins býður upp á nú og

enginn þeirra þingmanna sem hér hafa talað hefur lagt til að áfengi verði bannað þannig að a.m.k. hefur ekki annað komið fram í þessum umræðum en að sátt sé um að viðhalda óbreyttu ástandi. Síðan snýst deilan um það fyrst og síðast hvort breyta eigi því ástandi sem nú ríkir.

Virðulegi forseti. Það hefur einnig komið fram í ræðum hv. þingmanna að mál eins og umræða um áfengi klýfur alla flokka. *Það hafa ekki allir fulltrúar þeirra flokka sem hafa* tjáð sig verið samstiga í þessu máli. Jafnvel hefur mátt greina brest hjá vinstri grænum og þeim hv. þm. sem þar hafa talað.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu er verið að leggja til að fela fjmrh. að skipa nefnd er vinni að endurskoðun reglna um sölu áfengis svo að heimila megi sölu á léttum vínum og bjór í matvöruverslunum. Þá athugi nefndin hvort unnt sé og æskilegt að hafa áhrif á neysluvenjur Íslendinga með breyttri verðlagningu á áfengi og aðgengi að léttum vínum og bjór. Enn fremur er lagt til að nefndin vinni að endurskoðun á lögum um sölugjöld og tolla á áfengi o.s.frv. eins og rakið er í greinargerð með frv.

En það sem fyrst og fremst er verið að leggja til og ég legg áherslu á er að sett verði á fót nefnd sem hugsanlega hafi áhrif á neysluvenjur Íslendinga á áfengi. Með öðrum orðum, að hér verði sett á fót nefnd sem hafi það að markmiði að breyta þeirri vínmenningu — sem ég vil kalla menningu þó að sumir vilji kalla hana ómenningu — sem hér hefur ríkt um langt skeið og við þekkjum flest sem nánast gengur út á það að vera einhvers konar fyllerísmenning, þ.e. markmið þess að neyta áfengis sé fyrst og síðast að drekka sig fullan.

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi í ræðu sinni þá er ég ekki í nokkrum vafa um að góð áfengismenning sé góð forvörn. Ef okkur tekst að breyta neysluvenjum Íslendinga þannig að sómi er að, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að í því felst forvörn.

Þau atriði sem hér er lagt til að verði breytt í því skyni að breyta þeirri áfengismenningu sem hér hefur ríkt eru einkanlega tvö, þ.e. annars vegar að aðgengi að áfengi verði aukið í þeim skilningi að það verði selt á fleiri stöðum. Hins vegar er hér ekki verið að leggja til lækkun á áfengiskaupaaldri eða að í nokkru verði breytt þeim reglum sem gilda um meðferð áfengis og sölu þess að öðru leyti. Hér er einnig lagt til að verði á áfengi verði breytt þannig, eins og nefnt er í þessari þáltill., að reynt verði að beina neyslunni meira inn á létt vín og bjór en frá sterkum drykkjum. Vel má vera að við skoðun sem hér er lögð til verði niðurstaðan sú að það sé ekki til þess fallið að bæta okkar vínmenningu. En við erum líka að leggja til að þetta mál verði skoðað í *þaula og það er í raun* grunntónninn í tillögunni sem hér liggur fyrir.

Ég vil enn fremur taka fram við lok umræðunnar að við leggjum til að áfram verði eftirlit með sölu áfengis. Við leggjum ekki til að unglingar taki upp á því að selja áfengi hvenær sem er. Við leggjum ekki til að með þessu verði skorin upp herör gegn heilbrigðisstefnu samfélagsins eins og lá í orðum sumra þingmanna sem hér tjáðu sig. Við leggjum til að við reynum að breyta neysluvenjum Íslendinga á áfengi í því skyni að bæta þær og við hv. þingmenn sem að þessari tillögu stöndum erum sannfærð um að í því að bæta áfengismenninguna felist forvörn.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég ítreka þakkir mínar til þeirra hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni. Öðru vil ég beina til forseta því að ég sagði í upphafi míns máls að ég legði til að þessi tillaga færi í hv. efh.- og viðskn. Eftir umhugsun er ég ekki frá því að æskilegra sé og eðlilegra miðað við efni tillögunnar að henni verði beint til allshn. Því vil ég biðja forseta og starfsmenn þingsins að skoða það, þar til tillagan kemur til atkvæðagreiðslu, hvort æskilegra sé að sú tillaga sem hér er mælt fyrir fari til allshn. í stað efh.- og viðskn.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti mun taka þessa ósk hv. þm. til athugunar.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 174. mál. — Þskj. 201.

[17:42]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota sem ég flyt ásamt tveim öðrum þingmönnum, hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni og hv. þm. Merði Árnasyni, varaþingmanni sem átti sæti á Alþingi þegar þessi þáltill. var lögð fram. En það er nú orðið nokkuð langt síðan.

Efni tillögunnar er að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna og gera tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga.

Verkefni nefndarinnar er skilgreint í tillögugreininni en það er að gera ítarlega úttekt á stöðu þolenda kynferðisbrota og ferli kærumála í réttar- og dómskerfinu. Sérstaklega skal skoða lagaákvæði er varða starfshætti dómstóla og hvort þörf er á að herða refsiúrræði. Einnig skal nefndin leggja fram tillögur um hvernig bæta megi stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömb kynferðisbrota eiga kost á.

Í úttektinni skal jafnframt kanna hvaða fyrirbyggjandi aðgerðum hægt er að beita, m.a. gagnvart gerendum, til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi. Jafnframt skal nefndin leitast við að benda á leiðir sem eru færar til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra verknaðinn.

Tillögur nefndarinnar og úrbætur skulu lagðar fyrir Alþingi samkvæmt þessari tillögu eigi síðar en á haustþingi árið 2000.

Segja má að tilefni þessarar þáltill. sé í reynd tvíþætt. Fyrir 3–4 árum lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um kynferðislega misnotkun á börnum. Þá kom fram slá*andi tölur um að á fjögurra ára tímabili frá 1992–1996 hefðu* barnaverndarnefndir fengið til meðferðar 465 mál vegna meintrar kynferðislegrar áreitni og ofbeldis gegn börnum. Þar áttu hlut að máli 560 börn yngri en 16 ára. Í kjölfarið kom í ljós að aðeins var birt ákæra í 45 málum af 465 eða í um 10% þeirra mála sem barnaverndarnefndir fengu til meðferðar. Gerendur voru sakfelldir í enn færri málum eða í 35 þeirra.

Ég held að svörin sem þarna komu fram gefi vissulega tilefni til að skoða, eins og hér er lagt til, allan feril kærumála í réttar- og dómskerfinu. Ég lét af því verða að flytja þessa tillögu, ekki síst þar sem nýgenginn er sýknudómur núna fyrir áramótin yfir ákærðum manni, föður sem dóttir hafði kært fyrir gróft kynferðisbrot og héraðsdómur dæmt í þriggja og hálfs árs fangelsi. Mikið hefur verið rætt og ritað um þennan dóm og mig minnir að ein fögur kærumál séu í gangi vegna þess máls. Það sýnir vel hve þessi dómur var umdeildur enda

þótti mörgum þessi sýknudómur mjög óréttlátur og fundu ekki fullnægjandi skýringu á niðurstöðunni.

Að öllu samanlögðu tel ég fulla ástæðu til að Alþingi taki þetta mál til skoðunar. Sú tillaga sem hér er flutt gefur tilefni til að gera úrbætur vegna þess að ljóst er að þegar kemur að kynferðisbrotamálum er alvarleg brotalöm í réttarkerfinu. Brýnt er að gera úttekt á því og endurskoða. Þessi sýknudómur og þau svör sem fram komu hjá hæstv. félmrh. á sínum tíma vekja upp margar spurningar um dómskerfið og réttarkerfi þess. Ekki þarf að fara mörgum orðum um að kynferðisbrot gegn börnum eru með alvarlegustu glæpum sem hægt er að fremja, enda er ljóst að slík brot geta eyðilagt líf þolenda um langa framtíð.

Af þessu tilefni vil ég einnig vekja athygli á öðru þingmáli sem ég flutti á sínum tíma. Ég tel fulla ástæðu til að skoða líka endurflutning á því. Það mál varðaði breytingar á almennum hegningarlögum í þá veru að lágmarksrefsing fyrir kynferðisbrot gegn börnum yrði eitt ár en lengi hefur verið kveðið á um eins árs lágmarksrefsingu fyrir nauðgunarbrot. Það er sérstakt að annað skuli gilda þegar um er að ræða kynferðisbrot gagnvart börnum. Þar er engin lágmarksrefsing en mjög algengt — kom reyndar fram í yfirliti um refsidóma sem var birt á Alþingi fyrir nokkrum árum — að nokkurra mánaða refsing vegna kynferðisbrota gagnvart börnum er ekki óalgeng. Einmitt það yfirlit leiddi í ljós að að meðaltali var um 2–30 mánaða fangelsi ræða vegna kynferðisbrota gagnvart börnum en 12–48 mánaða fangelsi þegar um var að ræða nauðgun.

Í því sambandi er kannski ástæða til að minna á að þegar það frv. var til umræðu á þingi tók allshn. það til sérstakrar skoðunar og náðist samstaða um að flytja till. til þál. um rannsókn á refsingum við afbrotum sem allshn. öll stóð að og flutti. Tillagan fól í sér að fela dómsmrh. að láta fara fram rannsókn á ákvörðun refsinga við afbrotum sem átti að taka til þriggja brotaflokka, þ.e. líkamsárása, kynferðisbrota og fíkniefnabrota. Með rannsókninni átti að kanna viðurlög við þessum brotum og hvernig þau hafa þróast á undanförnum árum og áratugum. Ég held að mjög nauðsynlegt sé að hraða þeirri athugun. Ég vona einmitt að nefndin sem falin var þessi rannsókn setji í forgang að skoða refsiákvæði í kynferðisbrotamálum.

Á hinum Norðurlöndunum eru mjög misjöfn refsiákvæði að því er varðar kynferðisbrot gagnvart börnum. Þar er vissulega að finna lágmarksrefsingu. Mig minnir að a.m.k. í Noregi, ef ég man rétt, sé lágmarksrefsing eitt ár. Mig minnir einnig að í Svíþjóð séu sérrefsimörk ef um er að ræða kynferðisbrot gagnvart börnum. Þar er rætt um fangelsi ekki skemur en tvö ár og til allt að átta ára. Efri mörkin eru hér vissulega nægilega rúm, þau eru 16 ár en í flestum tilvikum virðist farið mjög neðarlega þegar dæmt er fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum.

Þessi tillaga gengur þá út á, herra forseti, að skoða aðgerðir sem varða stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í réttar- og dómskerfinu og hvort herða þurfi refsiúrræði og þá hvernig. Ég tel mjög brýnt að bæta stuðnings- og meðferðarúrræði við fórnarlömb kynferðisbrota og einnig að nefndin skoði hvaða leiðir eru færar til að hvetja þá sem beittir eru kynferðislegu ofbeldi til að kæra glæpinn. Ég hygg að mjög algengt og reyndar tel ég víst að kynferðisglæpir eða kynferðisbrot eru oft ekki kærð. Þeir sem lenda í þeim hremmingum veigra sér við að ganga þá þrautagöngu að kæra þennan glæp og þurfa að endurupplifa hann í meðferð þeirri sem þarf að ganga í gegnum þegar slíkur glæpur er kærður.

Ég tel líka að huga þurfi að fyrirbyggjandi aðgerðum svo að börn verði ekki þolendur. Í því sambandi hlýtur staða gerenda eða kynferðisbrotamanna að verða skoðuð og þau meðferðarúrræði sem þeim gefst kostur á, en oftar en ekki er um mjög sjúka einstaklinga að ræða. Það hefur kannski of lítið verið hugað að þeirri hlið hér. Oft er um að ræða gerendur sem í æsku hafa sjálfir verið beittir kynferðislegri misnotkun. Þetta eru sjúkir einstaklingar sem þurfa á meðferð og hjálp að halda og það væri örugglega fyrirbyggjandi aðgerð ef menn mundu huga meira að þeim þætti.

Ég vitna í því sambandi til upplýsinga sem ég hef fengið frá Barnahúsi. Þar hefur farið fram könnun á þeim málum sem vísað hefur verið til Barnahúss sem eru 125 samtals frá nóvember 1999. Þar kemur fram að gerendur sem eru 119, af þeim eru fullorðnir 88 en meintir gerendur undir 18 ára voru 31. Við erum að tala um að 31 gerandi er undir 18 ára aldri af þeim 119 sem þarna komu við sögu.

Ég vil aðeins nota þann tíma sem ég á eftir til að ræða stöðu Barnahúss. Ég held að staðan þar sé mjög alvarleg. Ef svo fer sem í stefnir, að Barnahúsinu verði lokað, erum við að fara spor aftur á bak og inn í fortíðina. Ég held að varðandi frv. sem samþykkt var á sínum tíma, um meðferð opinberra mála og ákvæði í þeim lögum, hafi hv. þingmenn allir staðið í þeirri trú, bæði í allshn. sem fjallaði um málið og hér inni í þinginu þegar það var samþykkt, að samþykkt þess mundi styrkja stöðu Barnahússins. En með breytingum á lögum um meðferð opinberra mála í maí var yfirheyrsla yfir börnum sem grunur lék á að orðið hefðu fyrir kynferðislegu ofbeldi á ábyrgð dómara. Tilgangur lagabreytingarinnar var að koma í veg fyrir að barn þyrfti að gefa skýrslu bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi. En þetta hefur orðið reynslan. Dómarar hafa yfirleitt fært þetta mál inn í dómhúsin sjálf og frá miðju ári eru aðeins örfá mál sem komið hafa til kasta Barnahússins. Ég tel að allshn. þurfi að taka þetta mál til skoðunar og alveg sérstaklega varðandi stöðu Barnahússins í tengslum við þetta mál og önnur mál sem snerta velferð barna og eru til umræðu og umfjöllunar í allshn.

Samfylkingin og þingmenn hennar hafa flutt fjölda mála um málefni barna og ég geri það að tillögu minni að allshn. fjalli um stöðu Barnahúss, kalli fyrir sig aðila í því sambandi og skoði hvort flytja þurfi inn í þingið frv. um lagabreytingu sem allshn. stæði þá að til að breyta þessu ákvæði um meðferð opinberra mála sem hafði þessa breytingu í för með sér. Ég held að við höfum þá skyldu gagnvart Barnahúsinu.

Hér voru nýlega bæði norskur dómari og sænskur prófessor sem unnið hafa að skýrslutöku af börnum sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Þessi sænski prófessor sagði að Barnahúsið væri fyrirmynd annarra Norðurlandaþjóða og þegar þetta hafi verið kynnt á öðrum Norðurlöndum hafi allir verið sammála um að Íslendingar væru komnir mun lengra en aðrar þjóðir hvað þessi mál varðaði. Í Barnahúsinu er meginmarkmiðið með starfseminni að veita börnum sem þolað hafa kynferðisofbeldi alla þá þjónustu sem þörf er á á einum stað. Starfsemin samræmir könnun barnaverndarnefndar, rannsókn lögreglu, læknisskoðun, sérfræðilega greiningu og meðferð. Með þverfaglegri nálgun er leitast við að gera þær aðgerðir yfirvalda sem nauðsynlegar eru þegar slík mál koma upp sem minnst íþyngjandi fyrir barnið og fjölskyldu þess. Barnahúsið er sérstaklega útbúið til að mæta þörfum barna sem sætt hafa kynferðisofbeldi. Þess vegna held ég að

þetta þing megi ekki líða annað en að allshn. og þingið taki málefni Barnahúss til sérstakrar skoðunar.

Á undanförnum vikum hafa borist áskoranir frá mjög mörgum aðilum þar sem beðið er um að Barnahúsinu verði hlíft og það fái að starfa áfram. Þessar ályktanir hafa komið frá Barnaheill, Kvennaathvarfi, Félagi barnalækna, Heimili og skóla, stéttarfélagi félagsráðgjafa og fleiri aðilum sem allir kalla eftir því að Barnahúsið fái að starfa áfram.

Ég vona að tillagan fái góðar undirtektir í þinginu og hv. allshn. sem fjallar um þetta mál. Það er mikilvægt að í nefndinni sem skipa á samkvæmt tillögunni verði sérfræðingar á sviði kynferðisbrota. Ég legg einnig áherslu á að í nefndina verði m.a. skipaður fulltrúi frá stéttarfélagi geðlækna, félagsráðgjafa og sálfræðinga auk fulltrúa Barnaverndarstofu, Stígamóta og lögregluyfirvalda.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[17:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem ekki til að ræða málið efnislega, einungis til að lýsa yfir fullum stuðningi við það. Ég vil taka undir hvert einasta orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hér er sennilega um að ræða stærsta smánarblettinn á samfélagi okkar í dag.

Herra forseti. Löggjafarsamkundunni hefur því miður ekki auðnast hingað til að taka kerfisbundið á kynferðisbrotamálum eða smíða þá löggjöf sem þarf til að hægt sé að segja að löggjafarsamkundan nái utan um þennan málaflokk. Það er þyngra en tárum taki hversu illa dómsvaldinu hefur gengið að taka á þessari tegund mála, þó með þá löggjöf sem er til staðar.

Ég tek sömuleiðis undir orð flutningsmanns, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, um Barnahúsið. Mér finnst sannarlega tímabært að allshn. taki það mál sérstaklega fyrir og skjóti skildi fyrir Barnahúsið. Það verður að segjast, herra forseti, að Barnahúsið hefur mátt sæta aðför síðustu vikur og mánuði. Það er hæstv. dómsmrh. ekki til sóma hvernig hún hefur gengið fram í því máli. Barnahúsinu verður að bjarga og það er ljóst að starfsemin sem þar hefur verið rekin er til fyrirmyndar og skipar okkur á bekk fremstu þjóða í að taka á þessum málum af natni og mikilli skynsemi.

Ég ætla ekki að taka efnislega á þessu máli á annan hátt en þann að segja að hér er hið þarfasta mál sem ég vona að hv. allshn. beri gæfu til að afgreiða hratt og örugglega þannig að treysta megi því að hv. Alþingi fái þetta mál til afgreiðslu núna á vorþingnu. Svona mál má aldrei sofna í nefnd.

[18:00]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og aftur hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, eða það mátti skilja á orðum þeirra, að það stæði til að leggja niður Barnahús. Ég vísa í utandagskrárumræður sem voru fyrir jólin. Þar kom skýrt fram hjá dómsmrh. að ekki stæði beint til að leggja niður Barnahús. Ég hef í rauninni ekki skilið þá umræðu sem hefur verið upp á síðkastið þar sem þessu hefur verið haldið fram. Það sem hefur gerst er að boðið hefur verið upp á aðstöðu í dómskerfinu til þess að yfirheyra börn ef dómarar telja ástæðu til þess að yfirheyra börn í dómhúsum en ekki í Barnahúsi og þá rökstyðja þeir slíka ákvörðun. En þessi misskilningur hefur verið í gangi og umræðan sem varð um Barnahúsið fyrir jól kom ekki frá dómsmrh. Það féllu orð frá félmrh. varðandi Barnahúsið og ég tel að sú hræðsla sem hefur komið fram eigi ekki við rök að styðjast.

[18:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fullyrði að hér er ekki um neinn misskilning að ræða því að með aðstöðunni sem hefur verið útbúin í dómhúsinu er verið að taka mál frá Barnahúsinu og Barnahúsið er öðruvísi útbúið en herbergið sem um hefur verið rætt í dómhúsinu. Það hefur upp á allt öðruvísi anda að bjóða og sá andi er það sem talað er um að sé ákjósanlegur í þessum viðkvæmu málum en ekki sá andi sem boðið er upp á í yfirheyrsluherbergi í dómhúsinu. Þess vegna fullyrði ég, herra forseti, að ekki er um misskilning að ræða þegar það er fullyrt að herbergið í dómhúsinu taki mál af Barnahúsinu og bjóði þar af leiðandi heim öðruvísi meðferð þessara mála, meðferð sem er ekki jafngóð, jafnvingjarnleg og meðferðin sem möguleg er í Barnahúsi.

[18:02]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað má deila um hvað er vinsamlegt og hvað er ekki vinsamlegt andrúmsloft. En það er alveg ljóst að boðið er upp á valkosti. Verið er að bæta aðstöðu barna bæði í Barnahúsi og með því að bjóða upp á það að börn séu yfirheyrð í dómhúsi ef ástæða þykir til. Að draga dómsmrh. til ábyrgðar í málinu er því út úr kortinu. En auðvitað er öll umræða af þessu tagi til góða. Ég tel að sú umræða sem hefur farið fram hafi ekki orðið til þess að skemma fyrir neinu máli. Ég held að hún hafi einmitt verið til að skerpa þessi mál og hafi bætt stöðu barna.

Ég ítreka að ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að það eigi að leggja niður Barnahús. Ég tel þá tillögu sem liggur hér fyrir frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur góðra gjalda verða og mun styðja hana.

[18:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara örstutt til að ljúka þessu máli um Barnahúsið, sem er ekki meginmálið sem hér er til umfjöllunar, þá vil ég bara segja að síðan yfirheyrsluherbergið í dómhúsinu var tekið í notkun hefur málum sem Barnahúsið fær til meðferðar fækkað. Dómurum er í sjálfsvald sett hvaða aðstöðu þeir nota. Þess vegna tel ég að hæstv. dómsmrh. sé að hluta til ábyrgur fyrir því hvernig verið er að veikja Barnahúsið í þessu tilliti.

[18:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég styð þessa tillögu og tel að hún sé tímabær og vil taka undir það sem kemur í lok greinargerðar frá flutningsmönnum, að þeir vænta þess að víðtæk sátt ætti að nást á Alþingi um þessa tillögu og það er jafnframt skoðun mín. Ef það er eitthvað sem alþingismenn geta náð sátt um þvert á stjórnmálaflokka þá ætti það að vera mál af þessu tagi.

Tillagan er góð. Hún er um að skipa nefnd sem kanni og geri tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga, en það er þó fjallað um öll brot. Ég verð að minnast þess, virðulegi forseti, að það kom mikið á óvart þegar svar kom við fyrirspurn um kynferðislega misnotkun á börnum sem náði yfir fimm ára tímabil og í ljós kom að 560 börn yngri en 16 ára áttu hlut að máli á þessu tímabili. Ég held að ekki hafi nokkrum manni dottið í hug að svo mikill

fjöldi barna þyrfti að þola þá upplifun sem felst í slíku broti. Það var líka mjög athyglisvert að það var aðeins ákært í 45 málum af 465. Það segir okkur hvað þessi mál eru gífurlega viðkvæm og það segir okkur að þau mál sem upplýsast og koma fram í dagsljósið eru samt þannig af hálfu þolenda og aðstandenda þolenda að fólk leggur ekki í að fara með málin áfram. Þetta segir okkur að fólk hugsar um börnin, aðbúnað þeirra og að oft og tíðum er farið með of fá mál áfram.

Upp fyrir mér hefur rifjast umræða sem átti sér stað fyrir eins og 20 árum þegar fyrst var farið að ræða um sifjaspell. Þá minnist ég þess að fagfólk héðan fór á ráðstefnu í Svíþjóð þar rætt var um að jafnvel 10% fjölskyldna lentu í þessu og kynferðislegri misnotkun á börnum. Sama tala var þekkt frá Bandaríkjunum og niðurstaða þeirra sem höfðu farið héðan var sú hvað það væri gott að svona væri þetta ekki hjá okkur. Þannig höfum við oft lifað í draumaheimi um það að alvarlegir atburðir sem er haldið leyndum séu ekki til hjá okkur og höfum lifað í nokkurs konar fílabeinsturni hvað þetta varðar þar til fyrir bara örfáum árum að farið er að velta upp þessum hræðilegu málum. Þá kemur í ljós að þau er í ríkum mæli að finna í okkar litla samfélagi.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það hversu skelfileg lífsreynsla það er fyrir alla að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. En það er samt óumdeilt að verst er þegar börn eiga í hlut. Þess vegna, herra forseti, var svo mikilvægt þegar ríkisstjórnin steig sín góðu skref í þessu máli. Ég tel það eitt mikilvægasta umbótamál hæstv. félmrh. Páls Péturssonar þegar hann opnaði Barnahúsið. Það er alveg óumdeilt að það hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Það er því miður sama ríkisstjórnin, nákvæmlega eins saman sett, sem kippir síðan aftur fótunum undan þessari starfsemi og hefur orðið til þess að veruleg ádeila hefur orðið á vinnubrögð ríkisstjórnarinnar frá nær öllum félagasamtökum og fagfólki sem starfar með málefni barna.

Hér urðu orðaskipti áðan um gerðir dómsmrh. Það er afar óþægilegt að ræða þau mál að dómsmrh. fjarverandi. Hitt er svo annað mál að barnamál, sem eru þingmannamál, hafa verið sett á dagskrá þegar búist hefur verið við að ráðherrann væri í þinginu og þau hafa ekki komist áfram. Því er eiginlega ekki hægt að múlbinda okkur þegar málin komast svo á dagskrá og eru rædd milli klukkan sex og sjö að kvöldi dags og dómsmrh. fjarverandi. En ég ætla að taka undir að það er mitt mat að hæstv. dómsmrh. sé að gera hörmuleg mistök. Það er rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ekki nokkur maður skildi lagasetninguna í maí 1998 þannig að það ætti að færa yfirheyrslur á börnum úr Barnahúsinu, ekki nokkur maður. En það er hæstv. núv. dómsmrh. sem gengur til þess verk að láta útbúa sérstakt yfirheyrsluherbergi í dómhúsi.

Það er alveg ljóst að hvort sem menn segja að Barnahúsið verði lagt af eða ekki að þá verður stoðunum kippt undan Barnahúsinu ef yfirheyrslur verða fluttar. Ef þær fara allar í dómhús er ekki lengur grundvöllur fyrir Barnahúsið að vera með þá sérmenntuðu starfsmenn sem þar vinna í dag áfram að störfum. Það er vandi Barnahússins í dag og það líður fljótlega að því að nauðsynlegt verður að taka afstöðu til þess hvort þetta fólk verður ráðið áfram. Það er verið að sérhæfa, virðulegi forseti, fimm dómara sem fjalla sérstaklega um þessi mál og þó að þessi mál séu mörg þá er alveg ljóst af þessu að menn ætla sér að vera með öll málin þarna.

Hins vegar ætla ég að taka það fram að mér fannst það sérlega gott framtak þegar haldin var ráðstefna þar sem aðild áttu bæði dómstólaráðið og Barnahúsið og, ef ég man, einhverjir fleiri sem vinna með þessi mál. Þar var leitað leiða til að varpa ljósi á þessi viðkvæmu mál og reynt að gera það þannig að reynt var að horfa hlutlaust á stöðu Barnahúss, á afstöðu dómstólaráðs, þ.e. hvernig yrði haldið á málum eftir því á hvaða stað væri unnið. Ég heyrði, virðulegi forseti, þingmenn úr stjórnarliðinu ræða það eftir þessa ráðstefnu að mikilvægt væri að ná sátt í þessu máli og væntanlega yrði sáttin sú að í Barnahúsinu færu yfirheyrslur yngri barna fram en að yfirheyrslur eldri barna mundu þá fara fram á vegum dómstólaráðs og aldurinn 14 ára var nefndur þar. Ég hugsaði: Mikið var þetta gott. Svona á að vinna í átakamálum, halda ráðstefnu fagfólks með þessum hætti og komast að niðurstöðu.

Það vill svo til að ég spurðist fyrir um þetta í gær, þ.e. hvort niðurstaða og sátt væri komin í þetta mál, af því að ég gekk bara út frá því eftir umræðuna á þessari ráðstefnu og þá kemur í ljós að það er engin niðurstaða. Ekkert gefur til kynna að bakkað verði í þessu máli frá því að dómstólaráð taki yfir allar þessar yfirheyrslur, því miður. Á þessum tíma er ekkert sem bendir til þess.

Þess vegna tek ég undir þá hvatningu sem hefur verið borin fram til allshn. og vil ganga lengra. Ég hvet þá sem eru hér og hugsanlega eiga sæti í allshn. að leggja til að nefndin fari í heimsókn bæði í Barnahúsið og til dómstólaráðs og leggi sitt sjálfstæða mat á málið þannig að hægt verði hugsanlega að leysa þetta mál með reisn.

[18:13]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem í ræðustól til þess að styðja þessa till. til þál. um bætta stöðu þolenda kynferðisafbrota. Þessi þáltill. tekur til allra þolenda kynferðisafbrota en þó er sérstaklega talað um börn og unglinga. Það er orðið ljóst, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði hér áðan, að það er ekki langt síðan við viðurkenndum og í raun uppgötvuðum að þetta væri til á Íslandi. Þetta var eitthvað sem gerðist í gamla daga. Maður las um þessi sifjaspell og vissi varla hvað orðið þýddi. Við lifðum í fílabeinsturni. Við lásum um það hvað var að gerast á hinum Norðurlöndunum, en það var ekki svona hjá okkur. En því miður erum við nákvæmlega eins. Nú erum við búin að viðurkenna að kynferðisglæpir eru til hjá okkur og því verðum við að hafa lagarammann í samræmi við það. Kerfi til að taka á glæpnum var ekki til staðar af því að glæpurinn var ekki til. Við þurfum að vanda okkur mjög í þessu máli.

Kynferðisglæpir, sérstaklega kynferðisglæpir gegn börnum, eru viðbjóðslegustu glæpir sem mannskepnan getur framið og kann hún nú ýmislegt fyrir sé í því að fremja viðbjóðslega hluti. Fyrir alla sem lenda í þessum málum er þetta mikið áfall, ekki bara fyrir barnið sem lifir við þetta alla ævi og skemmir líf þess og eitrar alveg til æviloka, heldur ekki síður fyrir móðurina, föðurinn, alla aðstandendur sem koma að þessu. Fyrir fjölskylduna alla er þetta mikið áfall. Það er erfitt að viðurkenna þetta, kæra það og fara með það rétta leið. Þess vegna er svo mikilvægt að allt sem snýr að þessu sé þolendum hliðhollt, getur maður sagt, að það verndi þá sem verða fyrir því alveg frá því að glæpurinn er tilkynntur og þangað til dæmt er í málinu.

Það hefur komið fram í máli þeirra sem hafa talað að þetta eru erfið mál, en þó eru þau enn þá erfiðari í dreifbýlinu en hér í þéttbýlinu þar sem barnaverndarnefndir eða þeir sem koma að þessu eru miklu nærri en hér í fjölmenninu og þar

sem erfitt er að fara með þessi mál öðruvísi en að jafnvel hálf sveitin viti af því og að búið sé að dæma fyrir fram. Þetta kerfi frá kæru til dómstóla þarf því að vera vel byggt upp og ekki síst með tilliti til þolenda úti á landi því að þar er það enn þá viðkvæmara að fara af stað með þetta, að sitja ekki með þetta innibyrgt alla ævi.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram varðandi Barnahúsið og hvet til þess að aftur verði farið yfir þær vinnureglur sem hafa verið teknar upp og þær skoðaðar með tilliti til þess að Barnahúsið verði styrkt, að þessi sérhæfða stofnun verði það sem henni var ætlað að vera og vinni það mikilsverða starf sem er þannig að litið er til okkar sem nokkurrar fyrirmyndar.

[18:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim sem hér hafa talað og lýst stuðningi við þetta mál. Ég vænti þess eins og fram kom í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að sátt muni nást um það, enda er málið þverpólitískt og þess eðlis að allir ættu að geta sammælst um að styðja það að þessi mál séu skoðuð vegna þess að við höfum það mikið fyrir framan okkur að það eru ýmsar brotalamir í þessu sem þarf að skoða. Og það er sannarlega rétt sem fram kom hjá hv. 17. þm. Reykv., Kolbrúnu Halldórsdóttur, að það er stór smánarblettur á íslensku samfélagi hvernig staða þessara mála er.

Ég vil líka nefna það hér af því að farið var inn á afstöðu dómsmrh. til Barnahússins og hv. þm. Ásta Möller nefndi það og þá utandagskrárumræðu sem fór fram fyrir jólin um þetta mál, að málflutningur hæstv. dómsmrh. gaf ekki tilefni til þess að ætla að hún mundi leggja sitt af mörkum til þess að breyting yrði á þeirri stöðu sem upp var komin að málin væru afgreidd í dómhúsi. Frá miðju síðasta ári fengu einungis þrjú mál meðferð í Barnahúsinu. Af 30 málum fóru þrjú til Barnahúss en önnur voru öll afgreidd í dómhúsi.

Málflutningur hæstv. ráðherra gekk út á að reyna að sannfæra þingheim um hve aðstaðan sem komin er í dómhúsi væri góð. Ég er með ræðu hæstv. dómsmrh. fyrir framan mig þar sem hún er einmitt að lýsa þessum sérútbúnu herbergjum sem búið er að koma upp í þessu skyni. Hæstv. ráðherra orðaði það svo í þessari ræðu, með leyfi forseta:

„Það vekur hins vegar furðu mína að tilvist þess [þ.e. Barnahússins] skuli velta á því samkvæmt því sem fram hefur komið í fjölmiðlum að skýrslutökur af ungum börnum í meintum kynferðisbrotamálum fari ávallt þar fram."

Það var því ekkert sem gaf sérstakt tilefni til þess að hún mundi beita sér fyrir því að Barnahúsinu yrði ekki lokað. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að ekkert virðist vera að gerast í þessum efnum þessa dagana og samkomulag sem menn héldu að hugsanlega væri hægt að ná í þessu máli milli dómaranna og Barnahússins um að yngri börnin fengju meðferð í Barnahúsi virðist ekki vera uppi á borðinu.

Því sem þarf að halda til haga í þessu máli er að hæstv. dómsmrh. hefur lykilinn að því að hægt sé að höggva á þennan hnút. Frumkvæði hennar, t.d. lagabreyting ef nauðsynleg er, mundi auðvitað höggva á þennan hnút sem þarna er kominn. Tilmæli hennar til dómstólaráðsins um það t.d. að yngri börnin fengju meðferð í Barnahúsinu mundu örugglega vega þungt í þessu máli. En ég veit ekki til þess að hæstv. dómsmrh. hafi beitt sér í þessu máli, því miður. Ég hefði gjarnan óskað eftir því að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Málið hefur oft verið á dagskrá einmitt með tilliti til þess að hún gæti tekið þátt í þessari umræðu. En lengur var ekki beðið. Viðbrögð hæstv. dómsmrh. hafa því valdið mér nokkrum vonbrigðum.

Eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Austurl., Þuríðar Backman, þá er t.d. Barnahúsið mjög mikilvægt fyrir landsbyggðina vegna þess að sérfræðingar úr Barnahúsinu fara út á land einmitt þegar svona mál koma upp þar. Það er svo sannarlega hægt að taka undir það að þessi mál geta verið mjög erfið úti á landi þar sem fámenni er og auðvitað er lykilatriði t.d. í því sambandi, fyrir utan það að Barnahúsinu verði haldið opnu áfram og það fái að sinna sínu hlutverki, að stækka barnaverndarnefndirnar vegna þess að fjöldi þessara smáu barnaverndarnefnda er ekki til þess fallinn að leiða slík mál farsællega til lykta. Sem betur fer hefur tölvert verið tekið á í því að stækka og efla barnaverndarnefndirnar.

Varðandi Barnahúsið sem hér hefur mikið verið rætt um þá er þetta þannig að rannsókn máls fyrir réttarvörslukerfið og barnayfirvöld og hins vegar stuðningur og meðferð sem veitt er í kjölfarið fer fram í Barnahúsinu. Það sem mjög skorti á áður en það var opnað voru meðferðarúrræði en það hefur að verulegu leyti verið tvinnað saman í Barnahúsinu vegna þess að þar er líka veitt ákveðin meðferð. Núna er hætta á því að ákveðin heildarsýn tapist á þessum málum sem opnaðist með Barnahúsinu eftir að farið var að taka skýrslu í dómhúsi frá miðju síðasta ári. Þess vegna er ekki skrýtið, herra forseti, að hér hafi hver þingmaðurinn á fætur öðrum lýst áhyggjum sínum af stöðu Barnahússins.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég tel mikilvægt að því verði fylgt eftir að allshn. taki upp þetta mál. Ég veit ekki til þess að hér sé staddur neinn sem er í hv. allshn. þannig að ég tel mikilvægt að því verði komið til skila til nefndarinnar og hún fari yfir þetta lagaákvæði og hvort það þurfi að breyta því.

Lögin ganga efnislega út á það að dómari ber ábyrgð á skýrslutöku af börnum vegna kynferðisbrota í stað lögreglu áður. Það hefur verið túlkað þannig af dómurunum sjálfum að skýrslutakan fari fram þar og því þarf að breyta.

Herra forseti. Ég vona að málið fái farsælar lyktir á þinginu og þakka þær góðu umræður sem hafa orðið um þetta mikilvæga mál.

[18:24]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum lýsa stuðningi við þá þáltill. sem hér er fram komin um bætta stöðu þolenda kynferðisafbrota þar sem Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sérfræðinga sem hafi það verkefni að kanna og gera tillögur um bætta stöðu þolenda kynferðisbrota, einkum barna og unglinga.

Samkvæmt greinargerðinni er ætlunin m.a. að sérfræðingar verði verði fengnir til að gera ítarlega úttekt á öllu réttarfari í kynferðisbrotamálum, einkum þeim er snerta börn og unglinga. Þetta tel ég afar mikilvægt. Einnig á að athuga hvaða úrbætur eru nauðsynlegar á allri málsmeðferðinni, en eins og við höfum orðið vör við þá virðist vera mikil brotalöm í því.

Ég tek undir nauðsyn þess að skoða aðgerðir sem varða stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í réttar- og dómskerfinu almennt. Sömuleiðis verður að huga að refsiákvæðum og starfsháttum dómstóla og þá hvort skylt ætti að vera að kveðja til meðdómendur eins og kemur fram í þessari ágætu greinargerð.

Einn alvarlegasti glæpur sem hægt er að hugsa sér er kynferðisafbrot gegn börnum og ég tel nauðsynlegt að fylgja þessum málum eftir því að dæmin sanna að úrbóta er þörf. Ég vil kannski láta þess getið af því að Jóhanna Sigurðardóttir nefndi að í salnum væri kannski ekki fulltrúi úr allshn. að Frjálslyndi flokkurinn á fulltrúa í allshn. og ég mun gjarnan nefna það við þann fulltrúa allshn. að þetta sé brýnt málefni sem þurfi að taka á.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna á að það ber að segja hv. þm.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarstaða örorku- og ellilífeyrisþega, fyrri umr.

Þáltill. GIG og GAK, 259. mál. — Þskj. 329.

[18:27]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. Gunnars Inga Gunnarssonar sem er 1. varaþm. Frjálsl. fl. og sat á Alþingi í desember þegar tillagan var lögð fram. Í þáltill. er skorað á ríkisstjórnina að bæta réttarstöðu örorku- og ellilífeyrisþega. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að:

a. bæta stöðu þeirra örorku- og ellilífeyrisþega, sem byggja framfærslu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga, með því að hækka tekjutryggingarhluta lífeyrisgreiðslna almannatrygginga um jafnvirði 1.141 millj. kr. árlega í fjögur ár, frá og með árinu 2000;

b. bæta réttarstöðu lífeyrisþega almannatrygginga sem búa í vígðri sambúð með því að fella niður allar tengingar lögbundins lífeyrisréttar þeirra við tekjur maka.

Breytingin taki gildi 1. janúar 2001."

Rétt er að geta þess að ártalið 2000 þarf að sjálfsögðu að breytast í 2001 þar sem tillagan fékk ekki afgreiðslu í desember sl. Til þess að unnt væri að fjármagna þessar tillögur lagði Frjálslyndi flokkurinn fram breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2000, sbr. 1. mál á þingskjali 348. Nú er lagt til að málið vinnist samhliða gerð fjárlaga fyrir næsta ár og komi til framkvæmda 1. janúar næstkomandi. Varðandi fjármögnun má einnig benda á að það fé sem fékkst við sölu á 15% hlut á Landsbanka og Búnaðarbanka í desember nægir fyllilega til fjármögnunar á þessari réttarbót til handa elli- og örorkulífeyrisþegum.

Á Íslandi munu fyrst og fremst hinir ört vaxandi lífeyrissöfnunarsjóðir starfsgreina tryggja þorra landsmanna ákjósanlegt fyrirkomulag lífeyrismála í framtíðinni. Þetta gildir bæði um elli- og örorkulífeyri. Áætlað er að á næstu 10–15 árum verði þetta fyrirkomulag fullþróað og þar með verði Ísland framarlega í flokki þjóða varðandi lífeyrismál. Hins vegar segir mat á stöðunni nú að nokkur þúsund Íslendingar eigi í erfiðleikum með lífeyri sinn og að margir hverjir búi raunar við sára fátækt, samanber nýlega könnun Rauða kross Íslands. Þetta fólk er eiginlega statt á milli kerfa og byggir flest afkomu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatryggingakerfisins, en þar voru hámarksgreiðslur um 68 þús. kr. á mánuði í desember síðastliðnum.

Um er að ræða fólk á ýmsum aldri. Annars vegar eru ellilífeyrisþegar sem hafa skilað þjóðfélaginu drjúgu ævistarfi og lagt í hendur afkomendum sínum undirstöður hins íslenska velferðarkerfis. Þessa fólks er oft minnst í hátíðarræðum á tyllidögum, en það vill gleymast í skipulagi velferðarkerfisins.

Hins vegar er um að ræða öryrkja á ýmsum aldri, m.a. ungt fólk sem hefur af ýmsum ástæðum annaðhvort misst heilsu og starfsorku eða aldrei fengið tækifæri til að vera virkir þjóðfélagsþegnar. Meðal þessa unga fólks er að finna fátækustu einstaklinga íslensks þjóðfélags, fólk sem aldrei hefur fengið tækifæri til að spjara sig af eigin rammleik og hefur verið haldið í viðvarandi fátækt með tilheyrandi tjóni á sál og líkama. Þessi hópur er því enn verr settur en sá fyrrnefndi, þ.e. ellilífeyrisþegar. Hér er því verið að fjalla um mjög alvarlegan ágalla á öryggisneti velferðarkerfisins sem nauðsynlegt er að gera úrbætur á. Efnahagsástand þjóðarbúsins gefur okkur einmitt nú tækifæri til að koma á löngu tímabærum lagfæringum.

Flutningsmenn leggja því til að tekjutryggingarhluti lífeyrisgreiðslanna hækki sérstaklega um u.þ.b. 50% og deilist hækkunin á fjögur ár. Kostnaðurinn er alls áætlaður um 4.565 millj. kr. og verða því árlegar hækkanir um 1.140 millj. kr. á gildandi verðlagi. Með 50% hækkun á tekjutryggingarhlutanum munu hámarksgreiðslur hækka úr um 68.000 kr. í um 80.500 kr. á mánuði eða um 18,38%, og gerir sú hækkun lítið annað en að bjóða lífeyrisþegunum ámóta kjarabætur og almennir launþegar hafa þegar fengið.

Almannatryggingakerfið er tryggingakerfi velferðarsamfélags þar sem sérhver einstaklingur kaupir sér grunntryggingu í gegnum skattkerfið. Réttur til lífeyris er einstaklingsbundinn og því getur hið opinbera ekki skert tryggingarrétt neins á grundvelli hjúskaparstöðu. Því er ekki verjandi að tengja réttarstöðu lífeyrisþega tekjum maka hans. Þetta atriði mun vera til meðferðar fyrir dómstólum hér á landi. Í stað þess að lagfæra þessa mannréttindaskerðingu seinna ætti Alþingi að ákveða breytingarnar strax. Áætlaður kostnaður við þessa réttarbót er talinn nema um 360 millj. kr. á ári, þ.e. kostnaður ríkisins við að afnema tekjutenginguna af þessum hópi. Þessi tala, 360 milljónir, er sú tala sem Tryggingastofnun gaf upp sem áætlaðan kostnað við að afnema tengingu við tekjur maka. Hér er lagt til að réttarbótin verði ekki fyrr en 1. janúar 2001 vegna þeirrar miklu undirbúningsvinnu sem breytingin kallar á í bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins.

Herra forseti. Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2000 var lögð til veruleg lækkun á framlagi til ellilífeyrisþega, en þingmenn Frjálslynda flokksins lögðu þá fram þessa tillögu um verulega hækkun á tekjutryggingarhluta ellilífeyrisþega.

Nú eru kjarasamningar hafnir, en kjarabætur samninga hafa hingað til ekki skilað sér inn í bætur almannatrygginga og ég vil benda á þá staðreynd að 43% öryrkja fá engar greiðslur úr lífeyrissjóðum og þurfa að lifa á tryggingabótum einum.

Það er líka staðreynd að skattleysismörkin hafa verið lækkuð allan þennan áratug. Frítekjumark vegna atvinnutekna hefur hækkað helmingi minna en launavísitala síðan árið 1993 og þannig hefur verið farið með aðrar stærðir í almannatryggingakerfinu, grunnlífeyri og tekjutryggingunni.

Hér er góðæri og gert hefur verið ráð fyrir hámarks fjárlagaafgangi á þessu ári. Svigrúmið til umbóta er því augljóst en spurt er um viljann til góðra verka svo unnt verði að stórbæta hag þeirra lífeyrisþega sem þurfa öðrum fremur á kjarabótum að halda.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar.

[18:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessari till. til þál. er verið að leggja til löngu tímabærar breytingar og vinnu. Þetta er nokkuð sem við þingmenn Samfylkingarinnar höfum margrætt á þingi og lagt til ýmis frv. og önnur þingmál til að koma á breytingum í þessa veru. Eins og hv. þm. Margrét Sverrisdóttir sagði í ræðu sinni áðan er hér um að ræða mjög alvarlega ágalla á öryggisneti tryggingakerfisins. Hv. þm. Frjálslynda flokksins lögðu í fjárlagaumræðunni til fjárveitingar til þessara mála. Það gerðu sömuleiðis þingmenn Samfylkingarinnar og bentu þá á leiðir til að bæta úr þessu.

Hér er í fyrsta lagi nefnt að hækka þurfi tekjutryggingu hjá lífeyrisþegum. Það er sá kostur sem kemur flestum þeim verst settu til góða í kerfinu eins og það er byggt upp í dag. Í þingmálum sem þessum er ekki hægt að búast við veigamiklum breytingum á kerfinu heldur tillögum um hvernig hægt sé að koma sem flestum af þeim verst settu til góða.

Í öðru lagi er lagt til að fella niður tengingu við tekjur maka. Það hefur lengi verið mitt baráttumál og ýmissa annarra þingmanna í stjórnarandstöðunni. Það er í raun forneskjuleg regla sem því miður er enn þá inni í almannatryggingum okkar. Þrátt fyrir að sú tekjutrygging hafi verið minnkuð í árslok 1998 þá var hún lögfest. Mér fannst mjög til vansa fyrir ríkisstjórnina að lögfesta þessa tekjutengingu við tekjur maka á sama tíma og út eru að koma faglegar úttektir á vegum Félagsvísindastofnunar sem fordæma hana. Ég bendi t.d. á bókina um Íslensku leiðina þar sem því er lýst að þetta sé fornaldarhugsunarháttur frá fátækraaðstoðinni á 19. öld. Þetta er gert nú þegar við erum að ganga inn í 21. öldina.

Allmargir hv. þm. hafa lagt fram brtt. við þetta, þ.e. lagt til að ekki sé heimilt að tengja tekjutryggingu lífeyrisþega við tekjur makans. Mig langar til að benda á nokkur rök fyrir því að svo eigi ekki að gera. Það er ekki bara að þessi regla sé gamaldags og úrelt hugsun heldur tel ég hana vera brot á stjórnarskránni. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar segir:

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti."

Lífeyrisþegum er með þessari skerðingarreglu mismunað eftir hjúskaparstöðu. Fólki á vinnualdri er líka mismunað eftir því hvort það á við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Þeir sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum eiga þann rétt óháð tekjum maka. Um leið og þeir missa heilsuna eru þeir hins vegar upp á maka sína komnir og eiga ekki sinn persónulega rétt. Mig langar til að benda á að í upphafi, þegar almannatryggingarnar voru settar á laggirnar 1935, kom fram í nefndaráliti með almannatryggingalögunum 1935 að gert væri ráð fyrir því að í þeim fælist hrein persónutrygging. Samkvæmt þessari skoðun flytjenda fyrsta almannatryggingalagafrv. þá er það andstætt hugsun laganna að færa tryggingaskylduna yfir á maka. Þar með er hið opinbera að firra sig skyldu, firra sig ábyrgð sé lífeyrisþeginn í hjónabandi eða sambúð. Þessi skerðingarregla brýtur einnig gegn 11. gr. stjórnsýslulaganna og sömuleiðis gegn mannréttindasáttmálum og alþjóðasáttmálum sem við höfum skuldbundið okkur til að virða.

Mig langar til að benda á mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna en þar segir:

„Það ber að viðurkenna, að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Í 2. gr. sáttmálans segir:

„Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna."

Í 16. gr. er sömuleiðis fjallað um jafnrétti til hjúskapar og stofnunar fjölskyldu og er þá sérstaklega kveðið á um hlutverk fjölskyldunnar og skyldur ríkisins gagnvart henni. Þar segir m.a.:

„Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins, og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana."

Síðan segir í 25. gr. mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna:

„1. Hver maður á kröfu til lífskjara, sem nauðsynleg eru til verndar heilsu og vellíðan hans sjálfs og fjölskyldu hans. Telst þar til matur, klæðnaður, húsnæði, læknishjálp og nauðsynleg félagshjálp, svo og réttindi til öryggis gegn atvinnuleysi, veikindum, örorku, fyrirvinnumissi, elli eða öðrum áföllum, sem skorti valda og hann getur ekki við gert."

Fötluðum á þannig ekki að mismuna með lögum hvað varðar kynferðissambönd, hjónaband og barneignir. Þetta er skýrt. Þetta er nákvæmlega það sem okkur ber að virða. En ríkisstjórnin er að hunsa þessa alþjóðlegu sáttmála með því að lögfesta tengingu við tekjur maka í lok árs 1998. Þess vegna tek ég heils hugar undir það sem fram kemur í þessari þáltill., að þessa tekjutengingu beri að afnema og við munum auðvitað leggja fram frv. og berjast fyrir því fram í rauðan dauðann að þessari óréttlátu reglu verði hnekkt. Það er ekki bara að þeir sem eru lífeyrisþegar og eru í hjónabandi búi við að tekjur maka skerðist, heldur fá þeir einnig lægri bætur og þeir fá ekki heimilisuppbætur sem eru allt að 22 þús. kr. Þeir eru með lægri greiðslur en einhleypir lífeyrisþegar. Þannig er vegið að hjónaböndum lífeyrisþega á fleiri en ein hátt í lögunum eins og þau eru í dag.

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir að farið verði í þessa vinnu. Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum margoft lagt það til, frumvörp okkar liggja fyrir, og hvetjum til að eftir umræðuna í heilbr.- og trn. verði þetta mál samþykkt.

[18:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er að mínu viti hreyft mjög þörfu máli sem við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum lagt fram. Hér er um að ræða stöðu þess fólks sem hefur ekki öðlast lífeyrisrétt úr lífeyrissjóði svo nokkru nemi. Þarna er um að hópa í þjóðfélaginu sem voru með lágar tekjur og greiddu þar af leiðandi lítið í lífeyrissjóði. Þetta er sú kynslóð sem lagði einna mest af mörkum við að byggja upp nútímaþjóðfélagið Ísland. Hinn vinnandi maður hafði tiltölulega lágar tekjur, greiddi þar af leiðandi lítið í lífeyrissjóði og aflaði sér lítilla lífeyrisréttinda.

Í þessum hópi eru einnig t.d. eldri sjómenn sem þrátt fyrir sæmilegar tekjur greiddu aðeins af kauptryggingu í lífeyrissjóði, kauptryggingu sem jafnan var afar lág upphæð. Sjómenn gátu verið búnir að greiða í lífeyrissjóð í 14 ár, frá

1970–1984 og verið miklir aflaskipstjórar alla sína tíð. Mér sérstaklega hugleikið eitt dæmi af manni norður í Ólafsfirði sem verið hafði síldarskipstjóri á frægum aflaskipum alla sína tíð og síðar togaraskipstjóri á Sigurbjörgu frá Ólafsfirði. Hann átti rétt á lífeyri árið 1984, þegar hann veiktist og þurfti að fara í land, en réttur hans var innan við 5 þús. kr. í lífeyri. Ekki hafði hann haft lágar tekjum. Greiðslur sjómanna voru einfaldlega af kauptryggingunni sem var mjög lágur tekjugrunnur og eingöngu ætlaðar til að draga fram lífið í algerum nauðþurftum. Það er m.a. þessi hópur, eldri menn, áttræðir, sem eru í dag mjög illa settir í þessu kerfi, lifa á ellilífeyrinum einum saman en fátt annað kemur til og lítil réttindi eru í lífeyrissjóði.

Við þingmenn Frjálslynda flokksins lögðum til að til að fjármagna þetta við afgreiðslu síðustu fjárlaga yrði gripið til þess að ráðast á vegafé. Þó var okkur ekki kært að leggja það til, að skera niður vegafé landsmanna til viðhalds og nýbyggingar. Eins og margoft hefur komið fram hjá okkur í þessum ræðustól þá teljum við það eina af meginstoðum byggðar í landinu, að efla samgöngur. En við teljum þetta hins vegar svo mikilvægt mál að jafnvel verði að fara inn í vegaféð til þess að koma því í framkvæmd.

Í blaðinu Vesturland var þetta viðhorf okkar gert að sérstöku umtalsefni, þ.e. í jólablaði Vesturlands. Þess sérstaklega getið að Frjálslyndi flokkurinn hefði lagt til niðurskurð á viðhalds- og nýbyggingarfé til vega. Það var auðvitað ekkert getið um það í þessari stuttu frétt í Vesturlandi til hvers við ætluðum að nota þá peninga, eingöngu sagt að við ætluðum að skera niður vegafé. Ekki var minnst á að með því ætti að fjármagna lífeyrisbætur til þeirra sem stæðu hvað verst í þessu kerfi og að hér værum við í raun að gæta hagsmuna þeirra sem oft eru sagðir vera kynslóðin sem byggði upp landið, kynslóðin sem gerði Ísland að því sem það er í dag.

Ég ætla að segja það sem lokaorð í þessari umræðu að ef til þess kemur að skera þurfi niður vegafé til að koma þessu í framkvæmd þá mun ég áfram styðja það, alveg hiklaust. Ég veit að Vestfirðingar sem aðrir eru tilbúnir að keyra nokkur ár í viðbót á 10 km lengri malarvegi. Þeir hafa gert það í 20–30 ár og þeir lifa það örugglega af inn í framtíðina. Ég held að Austfirðingar og aðrir mundu líka sætta sig við að keyra 10 km lengra á ómalbikuðum vegi til að lagfæra stöðu þessa hóps, í eitt eða tvö ár.

[18:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tek til máls til þess að styðja þessa till. til þál. um réttarstöðu örorku- og ellilífeyrisþega. Ég fagna því að hún skuli koma fram og ég fagna orðum síðasta ræðumanns og þeirri réttlætiskennd sem hefur einkennt málflutning flutningsmanna, bæði þeirra sem tala fyrir þáltill. og eins í umræðunni í vetur þegar við vorum að ræða fjárlögin. Þetta er mannréttindamál að mínu mati og eins og hér hefur komið fram taka þessar tryggingabætur til ákveðins hóps í okkar þjóðfélagi, eldra fólks og ungs fólks sem hefur orðið undir í lífsbaráttunni af ýmsum ástæðum. Með þeirri upphæð sem tekjutryggingin er í dag, 68 þús. kr., nær fólk því miður ekki að rétta úr kútnum og lifa eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Við höfum efni á því núna að bæta stöðu þessara hópa.

Varðandi b-liðinn, þ.e. að fella niður allar tengingar lögbundins lífeyrisréttar við tekjur maka, þá er það bara orðin spurning um mánuði en ekki ár að koma því í framkvæmd því að ég tek undir þau orð að það er brot á mannréttindum að hafa þetta í almannatryggingalöggjöfinni.

[18:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs að nýju í kjölfar umræðunnar eftir fyrri ræðu mína og vil ítreka mikilvægi þeirrar vinnu sem lagt er til að farið verði í. Sérstaklega vil ég nú gera að umtalsefni stöðu aldraðra sem búa við fátækt og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á áðan í máli sínu.

Það á ekki bara við um sjómenn. Ég veit að víða er staðan mjög slæm hjá öldruðum sjómönnum vegna þess hve lítinn rétt þeir eiga í lífeyrissjóðum. En það á líka við um bændur. Mjög margir bændur standa verulega illa þegar þeir eru komnir á ellilífeyrisaldur og einnig aldraðar konur sem hafa unnið allan sinn ævidag í láglaunastörfum. Þær eiga mjög lítinn rétt í lífeyrissjóðum. Þetta fólk sem á lítinn rétt í lífeyrissjóðum á mjög erfitt með að framfleyta sér út mánuðinn á þeim kjörum sem því er boðið upp á. Ég vil bara minna á að lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingunum eru undir 50 þús. kr. ef menn búa með öðrum. Þetta eru ekki nema 48 þús. kr. Ef menn eru síðan með kannski 10 þús. kr. úr lífeyrissjóðum eins og margir hafa sem hafa leitað til mín þá eru þetta nánast engar upphæðir sem fólki er ætlað að lifa á, sérstaklega ef það á ekki eigið húsnæði. Þarna er því víða pottur brotinn, sérstaklega hjá þessum hópum.

Ég vil einnig nefna öryrkjana. 43% öryrkja lifa á almannatryggingunum einum og menn geta séð hvað það þýðir fyrir lífeyrisþega í sambúð eða hjónabandi að hafa innan við 50 þús. kr. til að framfleyta sér. Þetta rekur fólk út í skilnað. Þetta rekur fólk út í að eiga ekki fjölskyldu, að búa eitt til þess bara að geta haft í sig og á. Það er ekki aðeins að þetta bitni á lífeyrisþegunum sjálfum heldur bitnar þetta á allri fjölskyldunni. Þetta bitnar á börnunum. Það bitnar á þeirra nánustu hvernig búið er að þeim þannig að í mörg horn er að líta í þessum efnum.

Mig langar aðeins til þess að bæta við vegna þess að ég kom því ekki að í fyrri ræðu minni. Varðandi afnám tekjutengingar við tekjur maka hefur það viljað brenna við í umræðu á þinginu að stjórnarliðar hafa verið að telja fólki trú um að einhverjir muni koma illa út úr þessu afnámi. Það er rangt. Við gerum ráð fyrir því að þó svo bannað verði að tengja tekjur maka við tekjutryggingu lífeyrisþega, þá geti menn áfram nýtt frítekjumark hvors annars, þ.e. að það sé millifæranlegt frítekjumark. Þeir sem eru á því að menn geti notað persónufrádrátt hvors annars eins og stjórnarliðar hafa lagt til og var einmitt til umræðu í þinginu í vetur, ættu að geta skilið það að sömuleiðis ættu hjón að geta haft millifæranlegt frítekjumark þannig að þau geti notað sér frítekjumark hvors annars. Það eru því algjörar rangfærslur að halda því fram. Það er verst að hér skuli ekki vera nokkur maður úr stjórnarliðinu. Hér situr ekki nokkur maður í þingsalnum nema þá virðulegur forseti sem hlustar grannt á málflutninginn. Bæði hv. þingmenn Sjálfstfl. og ekki síður hv. þingmenn Framsfl. hafa haldið þessu fram sem er algjör fásinna og vonandi mun hæstv. forseti koma því til skila til sinna manna að það er algjör rangfærsla að nokkur muni tapa á þessu. Ég minni á það sem kom reyndar fram í fjárlagaumræðunni og hefur einnig komið fram í þessari umræðu að kostnaður við að leiðrétta þetta misrétti er ekki nema 360 millj. kr. samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins þannig að þetta eru engar stórupphæðir. En sá sparnaður að setja ekki 360

millj. í þetta veldur mjög miklum skaða úti í samfélaginu. Þetta er að leysa upp fjölskyldur. Þetta er að fara illa með hjónabönd og sambúð og þetta er að fara illa með börn sem ekki geta tekið fullan þátt í samfélaginu vegna þess að foreldrar þeirra hafa misst starfsorkuna og starfsgetuna og geta þess vegna ekki leyft sér að bjóða þeim upp á sömu þátttöku í félagslífi og í samfélaginu og aðrir foreldrar geta.

Ég held að það hafi komið mjög skýrt fram hér að það er réttlætismál að greiðslur til lífeyrisþega og ekki síst öryrkjanna skuli vera óháðar tekjum maka. Þannig styðjum við best við bakið á því fólki sem verst er statt í samfélaginu og einnig við þá grunneiningu þjóðfélagsins sem fjölskyldan er.

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að bæta þessu við þar sem ég hafði ekki tíma til að koma því að áður. Auðvitað gætum við rætt þessi mál lengi vel en ég sé að klukkan er að verða sjö og enn eru nokkrir á mælendaskrá og eitt mál til viðbótar. Ég ætla því ekki að lengja þessa umræðu frekar. En ég endurtek að ég tel fyllstu ástæðu til þess að við afgreiðum þetta mál úr hv. heilbr.- og trn. og málið komi til afgreiðslu í þinginu síðar á þessum vetri.

[18:56]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir ágætar undirtektir við þessa þáltill. og fagna þeim góðu viðbrögðum sem hún hefur fengið hjá hv. þingmönnum. Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og hv. þm. Þuríður Backman sögðu um tekjutengingar. Þær eru úrelt hugsun. Þetta er brot á stjórnarskrá. Það er mannréttindabrot þegar mönnum er mismunað eftir hjúskaparstöðu. Við verðum að gera verulega bragarbót þarna á.

Einnig bentu hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson á erfiða stöðu sjómanna og bænda og ég tek heils hugar undir það. Ég treysti því að takast megi að hnekkja þessu óréttlæti, sérstaklega því sem felst í því að tengja lífeyrisréttindi við tekjur maka og vona að þáltill. fái rösklega afgreiðslu í heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukin fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli, fyrri umr.

Þáltill. HErl, 358. mál. — Þskj. 612.

[18:58]

Flm. (Helga A. Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að efla og samræma aðgerðir til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að grípa til eftirfarandi aðgerða til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli:

1. Verja árlega næstu fimm árin 250 millj. kr. til eflingar atvinnulífs í dreifbýli í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuþróunarstarfi á viðkomandi svæðum.

2. Beita sér fyrir samræmingu á starfi allra þeirra sem sinna atvinnuþróun og ráðgjöf og veita lán eða styrki í sama skyni. Einum aðila verði falin yfirumsjón og samræming starfs á þessu sviði.

3. Gefa út handbók eða leiðbeiningar þar sem saman eru dregnar allar upplýsingar um hvert sé hægt að sækja aðstoð og ráðgjöf í þessu sambandi, svo og hvaða fjármunir, lán og styrkir eru í boði. Skal slík handbók uppfærð árlega.

4. Gefa Alþingi skýrslu með reglubundnu millibili um árangurinn af þessu starfi."

Í kjölfar stórfelldra búferlaflutninga af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið undanfarin missiri hafa þau sjónarmið að efla verði landsbyggðina mætt meiri skilningi hjá mörgum ráðamönnum en um langa hríð. Stjórnvöld hafa sýnt nokkra viðleitni í þá átt að færa verkefni frá höfuðborgarsvæðinu til þéttbýlisstaða á landsbyggðinni. En betur má ef duga skal.

Nauðsynlegt er að huga að hinum dreifðu byggðum til sjávar og sveita hvað varðar úrbætur í atvinnumálum og afkomu fólksins. Ársstörfum hefur fækkað gífurlega undanfarið í sjávarplássum og sveitum í kjölfar sölu og/eða flutnings aflaheimilda og samdráttar í heföbundnum búskap. Atvinnuleysi í dreifbýli er líka meira en tölur gefa til kynna. Bændur fá ekki atvinnuleysisbætur þó tekjur séu litlar sem engar nema leggja inn virðisaukaskattsnúmerið sitt. Samt hafa þeir borgað í Atvinnuleysistryggingasjóð árum saman. Reyndar er til leið fyrir bændur eða annað hjóna til að fá atvinnuleysisbætur ef það er ekki skráð fyrir búi, með því þá að skrá sig úr búinu og fara að heiman til vinnu tímabundið til að öðlast réttindi til atvinnubóta. Það er reyndar afar algengt að a.m.k. annað hjóna til sveita vinni utan heimilis en það er ekki öllum mögulegt, a.m.k. ekki til lengri tíma bæði vegna fjarlægðar frá mögulegri vinnu eða vegna þess aðstæður heima fyrir leyfa ekki langa fjarveru, t.d. vegna lítilla barna sem þarf að sinna.

Ekki eru allir á einu máli um hvaða leiðir séu bestar til úrbóta, en ljóst er að ef ekki verður gripið í taumana nú þegar eigum við á hættu að byggðir í heilu landshlutunum leggist smám saman af næstu árin. Nokkra þætti er brýnt að lagfæra víða um land til þess að eðlileg uppbygging atvinnulífs geti átt sér stað. Eitt af því mikilvægasta er að tryggja rafmagn til ýmiss konar reksturs því að oft hefur skortur á þriggja fasa rafmagni tálmað uppbyggingu á iðnaði þar sem tækjakostur krefst þess. Þá er einnig mikilvægt að tryggja eðlileg samskipti um tölvunet um allt land þannig að allir geti nýtt sér möguleika sem felast í góðum tölvukosti og netbúnaði.

Fyrir u.þ.b. átta til tíu árum var nokkuð hvatt til þess að efldur yrði svokallaður smáiðnaður og/eða handverk og það varð til þess að þessar greinar hófust til vegs og virðingar og urðu um leið sýnilegri. Fólk eygði möguleika á að skapa sér auknar tekjur og um leið áframhaldandi búsetu á heimaslóðum.

Opinberir aðilar lögðu sitt af mörkum með því að ráða starfsfólk til stuðnings og ráðgjafar. Til að mynda var ráðinn verkefnisstjóri tímabundið að smáverkefnasjóði landbúnaðarins og stofnaður sérstakur sjóður á vegum félagsmálaráðuneytisins sem í daglegu tali var kallaður „Jóhönnusjóður". Í upphafi var sjóðurinn einkum ætlaður konum á landsbyggðinni til að bæta atvinnumöguleika þeirra en nú er hann opinn konum alls staðar á landinu. Þá sinntu einstaka atvinnuþróunarfélög þessum málum sérstaklega. Til dæmis fékk Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar fé úr Jóhönnusjóðnum og réð sérstakan starfsmann til að aðstoða fólk við að koma á fót smáiðnaði og efla handverk. Það gaf góða raun og er gott dæmi um það hverju er hægt að áorka þegar hæfur starfskraftur fæst þangað sem þörfin er brýn.

Upp úr þessu urðu til nokkur smáfyrirtæki og vinnuhópar sem skapa tekjur og styðja þannig búsetu á landsbyggðinni. En uppbygging smáiðnaðar í dreifbýli er ekki hröð og hætta er á stöðnun ef hvatning er ekki fyrir hendi. Nú vinna mun færri að þessum verkefnum sérstaklega og um leið virðist

grundvöllurinn fyrir frekari þróun og uppbyggingu veikjast. Atvinnuþróunarfélögin eru góðra gjalda verð en horfa frekar til stærri og sýnilegri verkefna. Þrátt fyrir að hið opinbera hafi lagt fram fé í formi styrkja og lána til þess að koma slíkum verkefnum af stað var um að ræða lágar fjárhæðir og í sumum tilfellum svo lágar að verkefnið náði ekki nægilega góðri fótfestu til að skipa sér varanlegan sess.

Mörg þessi verkefni hefðu þurft meira fjármagn í upphafi til að geta orðið að veruleika. Það segir sitt að þeir styrkir sem veittir hafa verið til atvinnusköpunar í dreifbýli úr hinum ýmsu sjóðum eru frekar lágir, flestir svona 100–300 þús. kr. En stundum eru þeir þó hærri.

Stuðningur opinberra aðila varð þó til þess að sanna að margir möguleikar eru í smáiðnaði, möguleikar sem geta orðið til að efla búsetu vítt um landið, auka fjölbreytni í atvinnulífi og bæta afkomu. En það er brýnt að koma nú inn með verulega aukið fjármagn til að taka á á þessum vettvangi.

Stóriðja bjargar ekki hinum dreifðu byggðum. Því ber að ýta undir sjálfsbjargarviðleitni fólksins sjálfs með því að það eigi vísan stuðning og fjármagn til að koma sjálft að því að efla atvinnu á heimaslóðum. Það er því verðugt verkefni fyrir stjórnvöld að grípa til aðgerða nú sem hvetja til frekari dáða, raunar lífsnauðsynlegt eins og ég hef komið að áður. Ef varið yrði umtalsverðu fé til eflingar atvinnulífi í dreifbýli í samstarfi við aðila sem sinna atvinnuþróunarstarfi mundi það styrkja atvinnulífið og byggðina. Þarna er vaxarbroddur sem getur skilað miklu ef vilji er fyrir hendi.

Raunar yrði átak í þessum efnum í takt við þá byggðastefnu sem ríkisstjórnin hefur lagt fram þar sem hún miðar að því að efla atvinnulíf og aðra búsetu á landsbyggðinni.

Það þarf að samræma störf þeirra sem vinna að atvinnuþróun og ráðgjöf. Á þetta vil ég leggja þunga áherslu. Það er ómögulegt að hver sé að bauka í sínu horni eins og svo allt of oft hefur gerst og lítil samráð verið höfð á milli. Það þarf sérstaklega að sinna smáiðnaði og gæðahandverki. Í því skyni er m.a. mikilvægt að safna öllum upplýsingum sem til eru á einn stað í formi handbókar eða upplýsingabanka. Afar nauðsynlegt er að fólk eigi greiðan aðgang að upplýsingum sem snerta þessa atvinnugrein um það hvað hægt er að gera og hvert hægt er að sækja. Þær eru víða til en eru óaðgengilegar einkum vegna þess hve þær eru dreifðar og því ekki til að auðvelda áhugasömum einstaklingum frumkvæði eða efla áræði.

Til eru margir sjóðir og stofnanir sem sinna þessum málum en almenningur veit ekki um nema brot af þeim. Ef til væru aðgengilegar upplýsingar um þessi mál er nokkuð víst að þær mundu virka hvetjandi. Fólk þarf m.a. að eiga kost á fræðslu við hæfi til þess að geta staðið sem best að uppbyggingu og þróun smáfyrirtækja og hvers kyns atvinnuskapandi verkefna svo sem fræðslu um gerð markaðs- og viðskiptaáætlana. Eyðublöð verða að vera til sem henta einstaklingum í atvinnurekstri og eru ekki eingöngu sniðin að stórfyrirtækjum.

Brýnt er að fela einum aðila yfirumsjón með verkefninu. Þekking og upplýsingar sem til eru þurfa að eiga sér samnefnara. Þá gefst einnig kostur á sameiginlegu átaki í markaðs- og sölumálum allra þeirra sem stunda smáiðnað. Það sparar auk þess fjármagn en eykur möguleika á samvinnu og samstöðu.

Mikilvægt er að umræddur aðili eða aðilar hafi aðsetur úti á landi. Það skapar meiri „nálægð" við þá sem þjónustuna þurfa að sækja. Það hefur sannst.

Tenging og/eða samstarf við atvinnuþróunarfélög og búnaðarfélög mundu styrkja uppbygginguna í dreifbýlinu. Þá finnst okkur eðlilegt að þeir aðilar sem eru til ráðgjafar hafi hönd í bagga með úthlutun fjár því þeir hafi oft betri innsýn og skilning á verkefnunum en utanaðkomandi.

Smáiðnaður eða handverk af ýmsum toga á vel við í dreifbýli og á smærri stöðum. Þessi iðnaður er umhverfisvænn. Mjög oft er hráefni til framleiðslunnar heimafengið, hráefni sem annars fer í súginn, er urðað eða brennt. Um er að ræða umhverfisvæna framleiðslu og endurvinnslu.

Herra forseti. Það er mikilvægt að stjórnvöld komi að þessum málum nú. Þau hafa látið gera skýrslu um ástand byggðamála og vita hvar skórinn kreppir. Nú er mál að sýna vilja sinn í verki og þar með skapa ný sóknarfæri og auka bjartsýni og þrótt dreifbýlisbúa.

[19:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem hér er flutt er að mörgu leyti í samræmi við það sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þ.e. að samræma atvinnuþróunarstarf í landinu. Fyrsta verkefnið á þessu sviði var eins og kunnugt er að flytja starfsemi Byggðastofnunar undir iðnrn. um síðustu áramót. Ég mun sem ráðherra byggðamála beita mér fyrir auknu samstarfi í hinu svokallaða stoðkerfi atvinnulífsins. Þessi vinna er þegar farin af stað og þær stofnanir sem heyra undir iðn.- og viðskrn. eru farnar að ræða saman um það hvernig þær geti aukið samstarf sín í milli í því skyni að efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Hér á ég við Byggðastofnun, Iðntæknistofnun og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Ég tel reyndar að breikka þurfi þetta samstarf enn frekar. Með breiðu samstarfi er að mínu viti hægt að nýta betur það fé sem varið er af ýmsum stofnunum og sjóðum í opinberri eigu til atvinnuþróunar á landsbyggðinni.

Á þessari stundu tel ég því ekki skynsamlegt að stofna einn sjóð enn þó svo hér sé vissulega um mikilvægt verkefni að ræða.

Byggðastofnun fær rétt rúmlega 200 millj. kr. framlag úr ríkissjóði árlega. Af þeirri fjárhæð renna rúmlega 100 millj. kr. til starfsemi atvinnuþróunarfélaga sem staðsett eru í öllum kjördæmum landsins, um 50 millj. kr. til starfsemi stofnunarinnar, en þær 50 millj. kr. sem eftir standa renna til einstakra verkefna. Hér er ekki um stórar fjárhæðir að ræða og því er mikilvægt, eins og ég sagði áður, að Byggðastofnun taki upp samstarf við aðra sem veita fjármuni til atvinnuþróunar. Á slíkt samstarf er lögð áhersla í hinum nýju lögum um starfsemi Byggðastofnunar sem tóku gildi um síðustu áramót.

Starfsmenn Byggðastofnunar hafa lagt til að stoðkerfi atvinnulífsins vinni sameiginlega að gerð sérstakrar heimasíðu þar sem settar verði inn allar upplýsingar og leiðbeiningar um þá aðstoð sem veitt er af hinum ýmsu aðilum sem veita styrki, lán og ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar. Slík heimasíða yrði í stöðugri endurskoðun og nýttist því betur en handbók sem yrði fljótt úrelt vegna þeirrar öru þróunar sem er í þessum málum.

Ég vænti þess að á næsta þingi muni ég leggja fram skýrslu um framkvæmd stefnumótandi byggðaáætlunar í tengslum við þá endurskoðun, en samkvæmt gildandi lögum á að endurskoða stefnumótandi byggðaáætlun á tveggja ára fresti. Þá mun ég væntanlega gera grein fyrir því hvernig til hefur tekist við að auka samvinnu þeirra sem sinna atvinnuþróun.

[19:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er vissulega tilefni til að ræða ítrekað stöðuna á landsbyggðinni og því miður tengist umræðan um atvinnulíf á landsbyggðinni allt of oft stórum, ofboðslega dýrum framkvæmdum eins og jarðgöngum, vegamálum og stóriðju. Vissulega eru þetta mikilvægir þættir og geta breytt miklu fyrir byggðarlög. En það er líka alveg ljóst að úrbætur í þeim þáttum duga ekki einar sér.

Hér hefur verið komið inn á hvað gert hefur verið í málefnum kvenna og nefndi framsögumaður sérstaklega Jóhönnusjóðinn svokallaða. Það er ástæða til að skoða hve svo lítill sjóður hafði mikið að segja fyrir konur, fyrst á landsbyggðinni og seinna líka fyrir konur í þéttbýlinu sunnan lands. Það sýndi sig að konur eru mjög hugmyndaríkar. Þær reyndust tilbúnar að leita nýrra leiða í atvinnusköpun en í erfiðri stöðu voru þær ekki tilbúnar að veðsetja heimili sín. Þess vegna reyndist lágt fjárframlag oft gera þeim kleift að lyfta grettistaki til breytinga í atvinnumálum sínum. Það hefur komið mér á óvart að ekki skyldi í ríkari mæli byggt á þessari reynslu.

Ég vil líka nefna að áður en núverandi ríkisstjórn tók við völdum var búið að koma upp vísi að áhættusjóði á vegum félmrn., iðn.- og viðskrn. og Reykjavíkurborgar. Hann var heldur ekki stór en honum var ætlað að eflast hægt og sígandi. Markmiðið með honum var að veita stuðning við smáfyrirtæki af þeirri tegund sem konur hafa oft stofnað til í atvinnuleysi í dreifbýli.

Hvað dreifbýlið sjálft og sveitirnar varðar þá hefur það reynst svo að í ríkari mæli hefur það orðið þannig að búbera aðeins einn starfsmann. Annað hjóna verður að leita út fyrir búið og í næsta þéttbýlisstað. Oft er langt að fara og ekki möguleiki á að sækja störf fjarri búinu. Þess vegna hafa margar sveitakonur brugðið á það ráð að vera með handverk af ýmsum toga, t.d. úr íslensku efni, skinni, beinum, hornum o.s.frv. Oft er það undurfallegt handverk sem þessar konur eru að framleiða og tengist ferðaþjónustu á viðkomandi svæðum.

Nú er það svo að heimilt er að framleiða án þess að greiða virðisaukaskatt að einhverri upphæð sem er, ef ég man rétt, eitthvað um 180 þús. kr. Það nýtist hins vegar ekki konum í sveitunum af því að búin eru með virðisaukakerfi. Þar er innskattur og útskattur og af því að konurnar eiga heima á bújörðum þá verður hver króna frá fyrstu stund í framleiðslu og sölu virðisaukaskattsskyld. Ég hef borið fram fyrirspurn til fjmrh. um hvort til greina komi að veita einhvers konar undaþágu frá þessum skatti þegar um er að ræða framleiðslu úr þessum íslensku efnum en það er ekki áhugi fyrir því að fara þá leið. Hins vegar er alveg ljóst að konur til sveita sem eru í þessari framleiðslu bera skarðan hlut frá borði í samanburði við konur annars staðar, eða karla ef svo ber undir. Ég er þó fyrst og fremst að ræða stöðu kvenna sem ég hef kynnst sem hafa reynt að bæta afkomu heimilisins og búsins með þessum hætti.

Mikilvægt er að leita leiða til að auka fjölbreytni í þessum atvinnuháttum, ekki að drepa niður þetta framtak með því að afrakstur örlítillar framleiðslu fari meira eða minna í skatta eða kostnað. Ekki hefur verið gripið til neinna aðgerða í þessum efnum hjá ríkisstjórninni. Ég hvet hæstv. viðskrh. sem situr þessa umræðu — mér finnst það mikilvægt að hún skuli gera það — að taka þetta mál upp. Málið hefur verið tekið upp við hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. án nokkurs árangurs. Það þarf svo lítið til að efla þann vísi að framkvæmdum sem þarna er að finna og byggja á því sem fólk er að gera. Menn eru jafnvel að taka upp gamalt handverk sem er annars mundi hverfa úr samfélagi okkar. Þetta þarf að styðja og efla.

Þetta langar mig að koma inn á, virðulegi forseti, í tilefni af tillögunni sem hér er flutt án þess að taka beinlínis afstöðu til þess hvort sjóðir sem þegar eru fyrir hendi gætu gagnast í aðgerðir í dreifbýlinu eða hvort þörf er á að bæta við 250 millj. kr. eins og tillaga er um hér. Hins vegar alveg ljóst að bæta þarf einhverju fjármagni við í sértækar aðgerðir af þeim toga sem ég geri hér að umtalsefni. Það sem gert hefur verið hingað til er ekki nægilegt. Þess vegna fagna ég því að þessi tillaga sé komin fram. Hún gefur okkur enn eitt tilefni til að ræða stöðu atvinnulífs í dreifbýli.

[19:20]

Þuríður Backman:

Herra forkseti. Ég fagna þáltill. þeirri er hér hefur komið fram um að efla og samræma aðgerðir til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Ekki veitir nú af. Við þekkjum öll í þessum sal og vonandi í þjóðfélaginu öllu hvert stefnir með íbúaþróun í landinu. Því miður virðist ekkert hægja á umferðinni frá dreifbýli til þéttbýlis, þ.e. frá landinu í heild til höfuðborgarsvæðisins. Okkur ber því að nota allar þær leiðir og úrræði sem við höfum yfir að ráða til að reyna að snúa þessari þróun við. Hér er viðleitni í þá átt og mjög áhugaverð því að hér er ekki um mikla fjármuni að ræða.

Mér skildist á hæstv. iðnrh. að ekki væri ástæða til að hafa til þessa sérstakan sjóð. Hér er ekki lagt til að stofna sérstakan sjóð heldur væri þetta aukaframlag til eflingar atvinnulífi í dreifbýli. Þá mætti líta svo á að þetta sé viðbót við það sem þegar er unnið að og þá fjármuni sem fóru af fjárlögum í vetur til Byggðastofnunar til eflingar atvinnuþróun á landsbyggðinni. Þetta væri þó sérstaklega eyrnamerkt til þessa verkefnis því að annars rynni það út í reksturinn almennt.

Það er sannarlega rétt að sem betur fer eru þróunarfélög starfandi í kjördæmum landsins. Þar eru áherslur og virkni mismunandi eftir svæðum og fer auðvitað eftir starfsmönnum þeirra. Því er mikilvægt að virkt samráð og samstarf sé á milli þessara aðila. Ég veit að samráði hefur þegar verið komið á og auðvitað er það til þess að styrkja þróunarstofnanir. Við vitum öll hvernig það er að vinna einn og sjálfur að stórum verkefnum. Það verður ekki eins mikið úr hlutunum og einnig er óþarft að finna upp hjólið á hverjum einasta stað.

Auðvitað er brýnt að gefa út handbók eða leiðbeiningar fyrir fólk í leitað nýjum atvinnutækifærum hvort sem það er í formi bókar eða með rafrænum upplýsingum, heimasíðu. Það er kannski það sem við erum að taka upp í dag. Við beinum fólki raunar inn á heimasíðurnar. Þar er hægt að uppfæra upplýsingar auðveldlega og í raun hægt að ætlast til að þar séu réttar upplýsingar frá degi til dags. Kerfið er frumskógur fyrir fólk. Það er með hugmynd, hefur áhuga og það veit að það getur framkvæmt hugmyndina. En hvert á það að leita, hvernig á það að fá fjármuni, hvað á það að gera? Það veit af þróunarstofunni en gott væri að koma þessum upplýsingum sem mest beint til fólksins sjálfs. Ef þessu verður komið á, sem mér skildist á hæstv. ráðherra að mundi verða, þá fagna ég því sannarlega.

Þessi tillaga tekur sérstaklega til smáiðnaðar. Við höfum rætt mikið um stóriðju í þessum sal. Nú er komið að smáiðn-

aði og tækifærin á því sviði eru ótæmandi. Möguleikarnir eru margir. Við höfum e.t.v. ekki hugað nóg að því. Við erum kannski ekki komin alveg í takt við sjálf okkur þegar við tölum um að auka ferðaþjónustuna, lengja ferðamannatímann, hafa af þessu tekjur. Það vantar heilmikið upp á að við nýtum okkur þetta tækifæri að fá slíkan fjölda ferðamanna til landsins. Fram undir þetta hefur langmest af þeim minjagripum sem seldir eru verið framleiddir erlendis og þá helst í Kína þar sem hægt er að láta gera þá fyrir lágar upphæðir.

Það þarf sérstaklega að huga að afkomu kvenna í dreifbýli, sama hvort það er til sjávar eða sveita. Staða þeirra er erfið. Þær eru margar hverjar bundnar búi og börnum, hafa hugsanlega heldur ekki menntun eða tækifæri til þess að fara út á þann vinnumarkað sem þó býðst. Öll viðleitni í þessa átt og þessar 250 millj. veit ég að gætu gert kraftaverk fyrir marga eins og vitnað var til hér varðandi Jóhönnusjóðinn á sínum tíma.

[19:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er kannski við hæfi að eins og einn karl blandi sér í þessa umræðu hér. Ég vil þakka hv. þm. Helgu Erlingsdóttur fyrir að hreyfa þessu máli. Tillagan ber þess merki og framsöguræða hv. þm. að hún þekkir til þessara mála. Ég hygg að segja megi að þessi tillaga nálgist viðfangsefnið á tvo vegu með nokkuð nýjum hætti, sem að sjálfsögðu hefur oft og iðulega áður og með ýmsum hætti verið til umfjöllunar á Alþingi og hjá stjórnvöldum, þ.e. efling atvinnulífs á landsbyggðinni eða atvinnulífs almennt.

Það sem ég tel vera nýmæli og sérstakt fyrir þessa framsetningu málsins er annars vegar áherslan á að skoða aðstæður strjálbýlisins sérstaklega, þá fyrst og fremst það sem við í daglegu tali köllum sveitir. Ég hygg að atvinnuþróunarstarfið og ráðgjöf hafi yfirleitt verið almenn að þessu leyti og tekið til jafnt dreifbýlis eða sveita og þéttbýlis. Þó er það með vissum frávikum og mætti þar nefna starf sem unnið hefur verið undir hatti landbrn. með ýmsum hætti, hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins og tengt starf. Iðulega eru félagssvæði þeirra félaga sem að þessu vinna þó þannig saman sett að þau taka til stórra kaupstaða jafnt sem sveita.

Staðreyndin er hins vegar sú að þarna er ólíku saman að jafna. Aðstæðurnar eru ólíkar og viðfangsefnin ólík. Eins eiga í hlut ólíkar fjárhæðir þegar málið snýst um að styðja við starfsemi í smáum stíl af ýmsum toga eins og raunin er með þetta verkefni í sveitum landsins og hinu eiginlega strjálbýli.

Sú áhersla sem hér er lögð á samræmingu starfs á þessu sviði er einnig athyglisverð. Vissulega hefur það verið sett á blað víðar. Eins og hæstv. ráðherra minnti réttilega á er vikið að því, ef ég man rétt, í byggðaáætlun að samræma skuli þetta starf. Hér var einnig nefndur stjórnarsáttmálinn og það er gott og vel. Ég hygg nú samt að engir finni tilfinnanlegar fyrir því hve mikill frumskógur er að rata um þetta en þeir sem fjærst liggja miðstöðvunum og eiga kannski erfiðast með að bera sig eftir upplýsingum og leita sér ráðgjafar, þurfa jafnvel um langan veg að fara ef þeir ætla að hitta menn að máli, sækja sér gögn o.s.frv. Það er því skiljanlegt og rétt að mínu mati að leggja sérstaka áherslu á þetta tvennt þegar rætt er um aðgerðir til að efla og auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýlinu.

Herra forseti. Það er rétt að undirstrika það sem þegar hefur komið fram að ég er sannfærður um að öll rök hnígi til þess, bæði út frá reynslunni og skilningi á þeim aðstæðum sem þarna eru fyrir hendi, að með tiltölulega litlum fjármunum megi gera mjög mikið. Ég þekki mörg dæmi um þó nokkuð vel heppnuð verkefni þar sem erfiðasti hjallinn hefur verið í byrjun, að yfirstíga það að útvega grátlega litla fjármuni. Slík dæmi þekki ég frá fjölskyldum eða smáfyrirtækjum þar sem menn hafa verið að koma upp harðfiskverkun, tólgarbræðslu, lyfjagerð eða öðru slíku. Upphæðirnar sem í hlut eiga eru ekki stærri en svo að þær snúast um tækjakaup upp á kannski hálfa eða heila milljón, snúast um að standsetja húsnæði og kaupa pallbíl eða eitthvað því um líkt sem er nauðsynlegt til slíkrar starfsemi. Þá er ljóst að við erum ekki að tala þar um stórar fjárhæðir.

Við gætum leikið okkur aðeins með tölur. Ég vona að hæstv. ráðherra misvirði það ekki því ætlunin er ekki að ýfa upp deilumál. Við gætum tekið t.d. bara þá viðmiðun að fjárfestingin á bak við hvert einasta starf í stóriðju slagar upp í þær tölur sem hér eru settar á blað til að styðja þennan málaflokk fyrir landið í heild sinni. Við gætum t.d. velt fyrir okkur ýmsum öðrum viðmiðunum, t.d. fjármunum sem varið hefur verið til stærri aðgerða af þessum toga á undanförnum árum þar sem mönnum hefur tæpast þótt taka því að setja minni tölur á blað en 1 milljarð kr.

Ég er sannfærður um að það mun reynast rétt hér eftir sem hingað til að litlir fjármunir sem er skynsamlega varið í þessi verkefni og taka mið af aðstæðum gætu skipt þarna miklu máli. Ég vil leyfa mér að hvetja hæstv. ráðherra sérstaklega til að setja kraft í þennan hluta málsins. Mér er auðvitað ljóst að það er mikið verkefni að hafa allt sem heitir byggðamál og atvinnuþróun á sinni könnu en ég er sannfærður um og spái hæstv. ráðherra því að ef menn beina sérstaklega fjármunum og stuðningi að þessum hluta viðfangsefnisins, þ.e. eflingu atvinnulífs í sveitunum og í strjálbýlinu, þá geti það skilað lygilega miklum árangri.

Ég er þeirrar skoðunar að eins og svo víða annars staðar þar sem menn eru að glíma við vanda þá beri að beina aðgerðunum að rótum vandans. Það er alveg eins með atvinnumál og byggðaröskun og uppblástur á gróðurlandi, það á að beina kröftunum að því að hefta uppblásturinn á jöðrunum þar sem hann er. Eins er þetta í byggðamálunum. Það mun koma öllum til góða, líka stærri stöðum og landsmönnum öllum ef tekst að snúa vörn í sókn í atvinnu- og byggðamálum dreifbýlisins. Þar á hnignun fjölmargra byggðarlaga uppsprettu sína og sem síðan flyst áfram inn í þéttbýliskjarnana o.s.frv.

Að lokum, herra forseti, er rétt að nefna að þetta starf beinist ekki síst að konum. Ljóst er að einn vandi landsbyggðarinnar og strjálbýlisins sérstaklega er sá að þar fækkar konum umfram karla. Í heilum landshlutum eins og t.d. Austfirðingafjórðungi, þó að ég muni ekki tölur nákvæmlega, þykist ég muna að það teljist í hundruðum hve konur eru færri en karlar, og býr þar þó ekkert óskaplega margt fólk. Skekkjan er því veruleg og hlutföllin ójöfn svo að nemur þó nokkrum prósentustigum. Þar af leiðandi væri alveg sérstaklega mikilvægt og dýrmæt viðspyrna í því fólgin ef átak eins og þessi tillaga hv. þm. Helgu Erlingsdóttur mælir fyrir um gæti bætt aðstæður kvenna. Það gæti aukið tekju- og atvinnumöguleika sem iðulega geta fallið ásamt eða til hliðar við búskap og orðið til að styrkja sveitirnar í heild sinni.

[19:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft þörfu máli um að samræma aðgerðir og auka fjölbreytni í atvinnulífi í dreifbýli og er

ekki vanþörf á að það sé gert. Ég vil þakka hv. þm. Helgu Erlingsdóttur fyrir að hafa flutt þessa tillögu og fyrir þau orð sem hún viðhafði þegar hún mælti fyrir henni sem voru mjög athyglisverð og benda okkur á að fjölmargt er hægt að gera í atvinnulífi á landsbyggðinni. Þar þarf sérstaklega að huga líka að því sem snýr að því að efla atvinnutækifæri í smáum stíl og byggja undir hugvit og framtakssemi sem kann að vera til staðar í hinum dreifðu byggðum. Ekki veitir okkur af eins og víða er komið málum á landsbyggðinni þar sem atvinnutækifærum hefur fækkað, fólk hefur flutt burt, kvótinn er farinn og bændur hafa átt undir högg að sækja.

Ég kom í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu og vona að hún fái góðan framgang. Ég vona að reynt verði að hrinda því í framkvæmd sem hér er lagt til. Ég tel að hér sé um þarft mál að ræða sem verði okkur öllum til góðs og eigi mun af veita varðandi atvinnutækifæri, uppbyggingu og vörn fyrir jaðarbyggðir þessa lands.

[19:36]

Flm. (Helga A. Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka umræðuna sem hefur farið fram um þessa tillögu mína. Ég þakka hæstv. iðn.- og viðskrn. fyrir að vera í salnum og er gott að heyra að hún ætlar sér margt í þessum málum. Ég vona að hún taki mið af þeirri umræðu sem hefur átt sér stað hér.

Eins og fram hefur komið er afar mikilvægt að sinna atvinnumálum þar sem það getur skipt sköpum fyrir fólk í hinum dreifðu byggðum að það þurfi ekki að flytjast í burtu frá sínu fólki og eignum. Þær eru ekki svo verðmiklar að það er betra að geta búið í þeim en þurfa ekki að flytja sig til.

Varðandi Jóhönnusjóðinn svokallaða langaði mig aðeins að ítreka það sem ég hef heyrt hjá fólki sem vinnur við þessi mál, að sá sjóður hafi raunar kannski skilað mestum árangri í þá veru að stuðla að bættri atvinnu vítt um land og þá sérstaklega hjá konum. Sjóðurinn er fyrir konur og sýnir kannski hvað þær fara vel með því ekki er um að ræða háar upphæðir yfirleitt. Þær eru venjulega, eins og ég kom inn á áðan, 100–300 og upp í 500 þúsund. Ég veit um mörg tilfelli þar sem sótt hefur verið um hærri upphæðir en ekki fengist og þó hefur verið afgangur í sjóðnum. Ég vil því leggja áherslu á að með einhverjum hætti verði sett meira fjármagn til þessa verkefnis.

Mér hefur líka skilist á fólki sem vinnur að þessum málum og jafnvel hjá viðkomandi sjóðum að til séu nógir peningar. Mér er eiginlega alveg sama hvaðan gott kemur, bara að þessu verði sinnt. Ég er alveg viss um að þetta verður að gerast núna því annars erum við kannski orðin of sein. Þetta er ekki svo blómlegt hjá okkur í dreifbýlinu að það verður að taka á þessu.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom aðeins inn á virðisaukaskattinn. Fólk sem ekki er t.d. aðilar að búi eða er ekki með virðisaukaskattsnúmer getur framleitt upp í 180 þús. sem er svo sem ekki há upphæð. En það hefur stundum verið talað um það hvort ekki mætti gera einhverjar undantekningar þegar verið er að koma svona atvinnu af stað, t.d. hliðra þarna eitthvað til og hafa þessa upphæð nokkuð hærri því þá yrði handverk og smáiðnaður kannski sýnilegri. Hann er heldur oft í felum. En ef þetta væri eitthvað sem akkur væri í að koma á framfæri og ekkert feimnismál hvað fengist fyrir, þá er ég alveg viss um að það skili til ríkissjóðs ekkert síður en hafa þetta eins og það er. En þetta er náttúrlega vandamál þar sem sumir geta notið þess að framleiða og selja upp að vissri upphæð en aðrir ekki. Ég veit svo sem að það er flókið að breyta þessu.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég er búin að koma því að sem ég ætlaði og vona að málið fái jákvæða umfjöllun og veki menn til umhugsunar um að nú sé vert að taka á í þessum málum og sjáum svo hvort það komi ekki til góða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–8., 10.–12. og 14.–17. mál.

Fundi slitið kl. 19:42.

---

69. FUNDUR

miðvikudaginn 23. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Reglur um sölu áfengis, þáltill., 149. mál, þskj. 170. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, þáltill., 174. mál, þskj. 201. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Réttarstaða örorku- og ellilífeyrisþega, þáltill., 259. mál, þskj. 329. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Aukin fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli, þáltill., 358. mál, þskj. 612. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[13:29]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. tvö í dag fer fram umræða utan dagskrár um öryggismál kjarnorkustöðvarinnar í Sellafield. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er málshefjandi og beinir fyrirspurn til hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur sem verður til andsvara.

Þá er rétt að geta þess að nokkrar tilfærslur verða á dagskrármálum á síðari fundinum, fyrirspurnafundinum, af óviðráðanlegum ástæðum.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4. mál.

Fundi slitið kl. 13:30.

70. FUNDUR

miðvikudaginn 23. febr.,
að loknum 69. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Fjarvinnslustörf í Ólafsfirði, fsp. SvanJ, 245. mál, þskj. 300.
2. Notkun íslenska skjaldarmerkisins, fsp. GHall, 314. mál, þskj. 564.
3. Notkun þjóðfánans, fsp. GHall, 315. mál, þskj. 565.

Til utanríkisráðherra:

4. Ferskt vatn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fsp. HjÁ, 341. mál, þskj. 594.
5. Aðgerðir NATO í Júgóslavíu 1999, fsp. SJS, 342. mál, þskj. 595.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Fjármögnunarkerfi sjúkrahúsa, fsp. LMR, 269. mál, þskj. 367.
7. Rekstur nýs hjúkrunarheimilis við Sóltún, fsp. ÞBack, 345. mál, þskj. 598.

Til samgönguráðherra:

8. Póstburður, fsp. JB, 324. mál, þskj. 574.

Til fjármálaráðherra:

9. Skattlagning slysabóta, fsp. ÁRJ, 332. mál, þskj. 584.
10. Skattlagning á umferð, fsp. SJS, 369. mál, þskj. 625.

Til iðnaðarráðherra:

11. Sala Sementsverksmiðjunnar hf., fsp. JÁ, 348. mál, þskj. 601.
12. Þriggja fasa rafmagn, fsp. HErl, 355. mál, þskj. 608.
13. Olíuleit við Ísland, fsp. GHall, 356. mál, þskj. 609.

Sala Sementsverksmiðjunnar hf.

Fsp. JÁ, 348. mál. — Þskj. 601.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 601 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um sölu Sementsverksmiðjunnar hf.

1. Eru enn uppi fyrirætlanir um að selja Sementsverksmiðjuna hf.? Ef svo er, hvenær er ætlunin að selja fyrirtækið?

2. Ætla stjórnvöld með einhverju móti að tryggja áframhaldandi framleiðslu sements á Íslandi eftir sölu fyrirtækisins? Ef svo er, með hvaða ráðum verður það gert?

Þetta er spurning um stefnu. Mér hefur virst þessi stefna vera ákaflega mikið á reiki undanfarin ár. Það hefur verið á stefnuskrá fyrri ríkisstjórna að selja þetta fyrirtæki og komið hafa ítrekaðar yfirlýsingar frá iðnrh. þessara ríkisstjórna um sölu. Það vofði yfir allt síðasta kjörtímabil að þetta fyrirtæki yrði selt en horfið var frá því af einhverjum ástæðum fyrir síðustu kosningar. Þetta er mjög mikilvægt fyrirtæki hvað varðar atvinnu á Akranesi og þess vegna er mjög nauðsynlegt að menn viti hvað stjórnvöld ætlast fyrir í þessu máli.

Nú hafa borist fréttir af því að mjög stórir erlendir aðilar, ef borið er saman við Sementsverksmiðjuna, hafi áhuga á því að flytja hingað inn sement og selja. Það tekur örugglega ekki mjög langan tíma fyrir slíkt fyrirtæki að leggja í rúst möguleika Sementsverksmiðjunnar til þess að framleiða sement á Íslandi. Því spyr ég þessara spurninga. Ég held að það sé mjög mikilvægt að stefna stjórnvalda í þessu máli liggi fyrir þannig að menn geti áttað sig á því hvaða leiðir sé hægt að fara til að tryggja þessa atvinnu ef það er þá hægt, því að auðvitað hlýtur það að fara eftir þeim eigendum sem munu eignast þetta fyrirtæki og líka þeim samkeppnismöguleikum sem hugsanlega gætu orðið fyrir hendi.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ég ber fram þessa fyrirspurn og ég vona að hæstv. ráðherra geti eytt þeirri óvissu sem nú er í raun um það hvað stjórnvöld ætlast fyrir hvað varðar framleiðslu á sementi á Íslandi.

[13:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Heimild fékkst á fjárlögum ársins 1997 til að selja 25% hlutafjár í Sementsverksmiðjunni. Næstu missirin kannaði iðnrn. í samráði við einkavæðingarnefnd og heimamenn hvort og þá hvernig væri æskilegt að ríkið minnkaði hlut sinn eða losaði sig algjörlega út úr sementsrekstri.

Sú ákvörðun var tekin að nýta hvorki fyrirliggjandi söluheimild né óska eftir heimild Alþingis til frekari sölu. Sú niðurstaða byggðist að miklu leyti á neiðkvæðri afstöðu heimamanna til sölu verksmiðjunnar. Engar áætlanir eru nú uppi um að selja verksmiðjuna. Ég er ekki hlynnt því að einkavæða fyrirtæki sem hafa markaðsráðandi stöðu. Ríkiseinokun er skaplegri en einkaeinokun.

Hins vegar eru teikn á lofti um að staða verksmiðjunnar sé að breytast og virk samkeppni sé að skapast í þessari grein. Danskir framleiðendur hafa gefið út þá yfirlýsingu að þeir hyggist koma inn á íslenska sementsmarkaðinn. Skapist virk samkeppni í þessari grein þá kunna forsendur að breytast fyrir sölu verksmiðjunnar.

Síðari spurningin hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Ætla stjórnvöld með einhverju móti að tryggja áframhaldandi framleiðslu sements á Íslandi við sölu fyrirtækisins? Ef svo er, með hvaða ráðum verður það gert?"

Eins og ég sagði áðan eru engar áætlanir nú uppi um sölu verksmiðjunnar. Hins vegar er það alveg ljóst að stjórnvöld munu aldrei geta tryggt áframhaldandi framleiðslu sements á Íslandi, ekki nema sú ákvörðun væri tekin að loka alfarið fyrir möguleika á innflutningi. Það er að sjálfsögðu ekki sú stefna sem við viljum taka.

[13:36]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil bara fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að það sé ekki á dagskrá að selja Sementsverksmiðjuna. Eins og hæstv. ráðherra nefndi hefur verið heimild til þess í nokkur ár að selja 25% hlutafjárins. Sú heimild hefur ekki verið nýtt og ég hef lýst því áður við umræður um þetta mál að ég telji ekki skynsamlegt að selja þessa verksmiðju vegna þess að ég tel að það muni leiða til hækkunar á sementsverði.

Það er einfalt mál að þeir sem eignast verksmiðjuna, verði hún seld, munu væntanlega vilja fá arð af því fé sem þeir leggja í fyrirtækið. Þær arðgreiðslur mundu verða til þess að verð á sementi mundi hækka. Verksmiðjan er afskaplega vel rekin. Hún hefur farið í gegnum mjög mikla rekstrarlega endurnýjun. Afkoman hefur verið bærileg og það góð að fyrir rúmu ári var verð á sementi lækkað um 7% og voru það nú nokkur tíðindi þó hljótt færu. Ég held að Sementsverksmiðjan sé ágætlega í stakk búin til að takast á við þá samkeppni sem er að skapast. Menn eiga ekkert að vera

hræddir við samkeppni. Hún mun efla fyrirtækið til að gera enn betur. Ég er ekki í nokkrum vafa um að fyrirtækið er í góðum gír í dag og ég fagna yfirlýsingu ráðherrans að það sé ekki á dagskrá að selja verksmiðjuna.

[13:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem upp fyrst og fremst til þess að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. viðskrh. að hún hyggist ekki selja þessa verksmiðju strax, a.m.k. ekki fyrr en umhverfi hefur skapast hér fyrir ákveðna samkeppni. Ég tek undir það með henni að ríkiseinokun er þó skömminni skárri en einkaeinokun af tveimur slæmum kostum. Ég fagna því sérstaklega þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að ástæða er til að þakka hæstv. ráðherra fyrir að upplýsa að ekki standi til að selja Sementsverksmiðjuna núna. Hins vegar finnst mér það ekki nóg. Ég tel að menn þurfi að fara yfir þetta mál núna einfaldlega vegna þess að fyrir liggja nýjar upplýsingar um stórt fyrirtæki sem er engin smásmíði á mælikvarða Sementsverksmiðjunnar því að það framleiðir held ég þrjár til fjórar milljónir tonna af sementi meðan þessi verksmiðja hér framleiðir ekki nema 120 þús. tonn á ári. Þó að hv. þm. Guðjón Guðmundsson hafi sagt áðan að sementsverksmiðjan okkar væri fullkomlega samkeppnisfær á þeim markaði þá er ég því miður ekki alveg jafnviss um það vegna þess að þær stóru verksmiðjur sem Sementsverksmiðjan þarf þá að keppa við framleiða náttúrlega margfalt á við það sem hún gerir.

Ég tel þess vegna að full ástæða sé fyrir ríkisstjórnina að fara yfir málið núna, velta því fyrir sér hvaða aðstæður eru að skapast og taka afstöðu á þeim grundvelli. Það er ekki bara nóg að segja: „Við ætlum ekki að selja Sementsverksmiðjuna." Það verður líka að vera einhver stefna í því hvernig menn ætla að mæta þá þeim aðstæðum sem eru núna að koma upp. Og ef það verður ekki gert þá getum við staðið frammi fyrir því innan skamms að þetta fyrirtæki okkar lognist út af í samkeppni við erlendan innflutning. Það er betra að horfast í augu við það áður en til þess kemur en að bíða bara eftir því að Sementsverksmiðjan fari hreinlega á hausinn.

[13:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst frekar erfitt að gera hv. þm. til hæfis í þessu máli ef hann er ekki ánægður með svörin. Auðvitað eru þessi mál alltaf til endurskoðunar þegar nýjar aðstæður skapast. Ég tel þó að það sé ástæða til þess að fullreyna hvort af því verður að þetta fyrirtæki, Aalborg Portland Holding, komi hér á markaðinn. Í sjálfu sér er ekkert annað hægt að gera en að fagna samkeppni á sementsmarkaðnum en hann hefur verið mjög einangraður fram að þessu.

Ég vil bara taka undir það sem fram hefur komið í umræðunni að ég treysti Sementsverksmiðjunni hf. ágætlega til þess að takast á við samkeppni og óska því fyrirtæki velfarnaðar við þær nýju aðstæður sem skapast hafa.

Þriggja fasa rafmagn.

Fsp. HErl, 355. mál. — Þskj. 608.

[13:41]

Fyrirspyrjandi (Helga A. Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Mjög víða um land hefur enn ekki verið lagt þriggja fasa rafmagn. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið eru ekki áætlaðar breytingar í þeim efnum nema þar sem þarf að endurnýja línur vegna ísingarhættu og vegna þess hve lélegar þær eru. Það skiptir miklu máli að eiga aðgang að þriggja fasa rafmagni, sérstaklega fyrir þá sem vilja koma á fót atvinnustarfsemi þar sem er brýnt að eiga góðan vélakost. Þær vélar sem kalla má iðnaðarvélar eru flestar gerðar fyrir þriggja fasa rafmagn. Þær breytingar sem þarf að gera svo hægt sé að nota vélarnar kosta bæði fyrirhöfn og peninga.

Á venjulegum búum þarf að nota mikið af tækjum til nútímabúskaparhátta. Þær vélar og tæki sem bændur fjárfesta í þar sem er einfasa rafmagn þurfa að vera stærri og öflugri, þau eru dýrari til að ná þeim afköstum sem þarf vegna t.d. lágrar spennu, en um leið þurfa vélarnar meira viðhald og endast skemur.

Nútíminn kallar á aukna og fjölbreyttari þjónustu af ýmsum toga um allt land. Því er brýnt að koma þessum málum í lag. Ein leið til atvinnusköpunar í dreifbýli gæti verið sala á heimaraforku til samveitna. Nokkuð margir bændur og aðrir ábúendur jarða búa við góð skilyrði til virkjunar fyrir heimavatnsaflsstöðvar án þess að framkvæmdir þurfi að raska umhverfinu á nokkurn hátt. Þessar stöðvar geta sumar hverjar framleitt miklu meira rafmagn en viðkomandi býli þarf á að halda. Þarna má eygja leið til atvinnusköpunar og bættrar afkomu, þ.e. með því að selja umframorku. Mér skilst að það gæti verið hagkvæmt fyrir báða aðila, kaupanda og seljanda svo sem á jaðarsvæðum, þar komi sér vel aukin orka. Til þess að þetta sé raunhæfur möguleiki þurfa raforkulínur að vera fyrir þriggja fasa rafmagn.

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. iðnrh. er á þskj. 608. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður vinnu nefndar um þriggja fasa rafmagn í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á 123. löggjafarþingi (þskj. 1128, 204. mál) þar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera úttekt á því hve mikið vantaði á raflagnir fyrir þriggja fasa rafmagn í landinu, meta þörf atvinnulífs á landsbyggðinni fyrir þriggja fasa rafmagn og leggja mat á kostnað við að tryggja öllum landsmönnum aðgang að því?"

[13:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Með bréfi, dagsettu 16. febr. sl., þ.e. í síðustu viku, fól forsrn. iðnrn. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar framkvæmd þál. um þriggja fasa rafmagn. Ég hef ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að gera úttekt þá sem ályktunin felur í sér. Nefndinni verður einnig falið að kanna hvort og þá hvaða aðrar leiðir kunna að geta komið í stað prófösunar rafmagns til að mæta þörfum atvinnulífsins á landsbyggðinni.

Ráðuneytið hefur óskað eftir því að Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins tilnefni fulltrúa í nefndina en Þorkell Helgason orkumálastjóri verður formaður hennar. Ég á von á því að unnt verði að skipa nefndina í þessari eða næstu viku og að hún taki strax til starfa.

[13:45]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Helgu Erlingsdóttur fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Ég flutti þessa þáltill. á 123. þingi og það er ánægjulegt að heyra að iðnrh. mun tilnefna nú í þessa nefnd. Ég tel málið mjög mikilvægt. Þetta er mjög mikilvægt byggðamál. Þetta er afar mikilvægt þegar byggja á upp iðnaðarfyrirtæki í dreifbýli og hvað varðar búrekstur þá munar þetta gríðarlegaum fjárhæðum. Þegar bændur urðu að tankvæða upp á nýtt og kaupa sér nýja tanka, þá munaði um það bil 300–400 þús. kr. á einum mjólkurtanki fyrir eitt bændabýli þannig að þetta eru alveg gríðarlega miklir hagsmunir fyrir landsbyggðina.

[13:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil einnig taka undir þakkir til fyrirspyrjanda, hv. þm. Helgu Erlingsdóttur, því það er sannarlega brýn þörf á að fara í þessa vinnu og ég þakka það að iðnrh. skuli hafa sett í þetta enn eina nefndina. Vonandi er að þriggja manna nefnd skili fljótt af sér og það verði lagt til og farið í þann kostnað sem þarf til að bæta stöðu þeirra sem búa við tveggja fasa rafmagn því að eins og hér hefur komið fram þá fellur óhemju kostnaður á íbúa þessara svæða og tefur og hamlar uppbyggingu atvinnuvega sem mögulega væri hægt að koma á í dreifðum sveitum. Við erum að tala hér um að reyna að styrkja fjölbreytt atvinnulíf, smáiðnað, og þetta er einn af þeim þáttum sem stöðvar allar þær hugmyndir.

[13:48]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda þessa fyrirspurn Það er mikil ástæða til þess að ræða stöðu orkumála og þrífösunar á landsbyggðinni. Ég vil geta þess að á Vesturlandi eru mikil vandamál uppi. Vestur í Staðarsveit t.d., nánar tiltekið á Miðhrauni, er rekin fiskverkun þar sem um er að ræða níu heilsársstörf og þar er mikill skortur á því að fá þá orku sem til þarf til þess að sinna þessari vinnslu. Ég hvet hæstv. iðnrh. til þess að taka sérstaklega á þar sem um er að ræða störf fyrir átta til tíu manns. Það er á við heila stórverksmiðju á Reykjavíkursvæðinu. Það skiptir máli ef við ætlum að halda byggð í landinu að þessu sé sinnt.

[13:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil fagna þessari fyrirspurn frá hv. þm. Helgu Erlingsdóttur. Hún var virkilega tímabær. Það að hún var í farvatninu hefur kannski ýtt á eftir því að hæstv. iðnrh. hefur nú samkvæmt beiðni hæstv. forsrh. fengið erindi um að skipa nefnd um þetta. Ég fagna því í sjálfu sér og það er náttúrlega vonum seinna að efnd sé samþykkt þál. frá 123. löggjafarþingi um það.

Því ber að fagna að þessi skref séu stigin því að þetta er virkilegt réttlætismál. Þetta er bara uppbyggingar- og þjónustumál. Þetta er það sem allir eiga rétt á að fá og það er mun nær að sjá tekið á málum með þessum hætti en að skera niður fjármagn til að byggja upp dreifikerfi raforku í sveitum eins og gert var við afgreiðslu fjárlaga.

Ég vona því að hæstv. ráðherra ýti hratt og vel þarna úr vör.

[13:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa fyrirspurn. Ég hafði reyndar vænst þess að þessi vinna væri nú þegar komin vel af stað. Það hlýtur að valda vonbrigðum að svo skuli ekki hafa verið að fráfarandi iðnrh. hafi gert eitthvað í málinu. Þess þá heldur ber að þakka núv. hæstv. iðnrh. fyrir að hafa skipað þessa nefnd.

Hér er auðvitað um mikið hagsmunamál að ræða. Ég vil því hvetja ráðherra til þess að leggja nefndarmönnum þannig til verkin að þeir vinni mjög hratt svo að sem fyrst komi niðurstaða úr því hve mikill kostnaður fylgir því að bæta úr þessu ástandi þannig að möguleiki sé á því að taka á þessu og uppbygging atvinnulífs í sveitum geti þá miðast við það.

[13:51]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Mig langar til að byrja mál mitt á því að koma með smáleiðréttingu á því að Miðhraun sem um var talað áðan, er ekki í Staðarsveit heldur í Miklaholtshreppi. Allt annað sem sagt var er rétt hjá hv. þm. Gísla Einarssyni, bróður mínum og vini.

Hins vegar vil ég fagna því að þetta mál er komið hér til umræðu. En það verður að drífa í þessu því að sveitirnar mega ekki bíða. Þriggja fasa rafmagn er í öllum stórum byggðarlögum landsins og því skyldi það þá ekki koma í sveitirnar líka.

Ég tek undir þau orð sem hér hafa heyrst líka um að bændur geti selt rafmagn út á dreifikerfið því að rafmagnssala gæti einnig orðið mjög góð búgrein.

[13:53]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þann mikla áhuga sem hér hefur komið fram á þessu máli. Staðreyndin er náttúrlega sú að þriggja fasa rafmagn í sveitunum er eitt stærsta mál hinna deifðu byggða vegna þess að eftir tilkomu atvinnuþróunarfélaganna um allt land fyrir tveim, þrem árum þá hafa margir verið að reyna að byggja upp alls konar smáiðnað og litla starfsemi víða í strjálbýlinu en víða strandar það á því að menn hafa ekki þriggja fasa rafmagn. Þess vegna er þetta tvímælalaust einn af stóru punktunum í þeirri byggðastefnu sem við höfum verið að tala um hér á undanförnum mánuðum, þ.e. að þetta nái fram að ganga. Annað er að menn sætta sig heldur ekki við að fá ekki þriggja fasa rafmagn vegna þess að til skamms tíma fengu menn þetta fyrirhafnarlítið víða um sveitir. Fyrir nokkrum árum var ekki svo mikið mál að fá þetta á einstöku bæi. Nú er það ekki fyrir hendi þannig að þarna þarf að taka til hendinni og ég fagna því að hæstv. ráðherra lýsir því hér yfir að þetta verði sett í skoðun og vonandi leiðir vinna þeirrar nefndar sem skipuð verður til þess að málið fái farsæla niðurstöðu.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Helga A. Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju með að hæstv. iðnrh. sé búinn að koma af stað vinnu um þessi mál. Ég legg bara áherslu á að þessum málum verði hraðað sem frekast er unnt — mér finnst liggja á — þannig að sem allra flestir sitji við sama borð hvað varðar aðgang að þrífasa rafmagni. Ég þakka allar þær undirtektir sem ég hef fengið hér við þetta mál.

[13:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek alveg undir það með hv. þingmönnum sem hér hafa tjáð sig að það er mjög brýn þörf á því að fara í þessa vinnu. En vegna þeirra orða sem hér féllu hjá hv. 2. þm. Austurl. þá er nú ekki við fyrrv. iðnrh. að sakast í þessum efnum þar sem iðnrn. fékk þetta mál ekki til meðferðar frá forsrn. fyrr en í síðustu viku þannig að það var brugðist allhratt við þegar málið barst, tel ég mig mega segja.

Af því að hér hefur verið talað nokkuð um kostnað í sambandi við þetta — hv. þingmenn velta því að sjálfsögðu fyrir sér — þá kom fram við fyrirspurn á hv. Alþingi áður að kostnaður við að þrífasa rafmagn í kerfi Rariks var þá talinn vera um 8,6 milljarðar kr. og auk þess yrði talsverður kostnaður hjá Orkubúi Vestfjarða og hugsanlega einhverjum rafveitnanna. Kostnaðurinn liggur því einhvers staðar á því bili.

Eins og hv. þingmönnum er kunnugt er meiri hluti íbúa í sveitum landsins eingöngu með aðgang að einfasa rafmagni. Þetta er ekki bundið við ákveðin svæði eða landshluta heldur er kerfið þannig upp byggt að út frá aðveitustöðvum liggja þriggja fasa meginlínur og strengir um þéttbýlustu svæðin en að öðru leyti er um einfasa rafmagn að ræða.

Þá er ástæða til þess að geta þess líka að hægt er að breyta einfasa rafmagni í þriggja fasa á hverjum stað fyrir sig. Að vísu er það allkostnaðarsamt. Ég tel að það sé líka mál sem þurfi að athuga, þ.e. hvort í einhverjum tilfellum sé það ódýrara en að leggja þrífasa rafmagn um allar byggðir.

Olíuleit við Ísland.

Fsp. GHall, 356. mál. — Þskj. 609.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 609 hef ég lagt fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um olíuleit við Ísland, með leyfi forseta:

„1. Hve miklu fé hefur verið varið til rannsókna sem gerð var tillaga um í skýrslu starfshóps iðnaðarráðuneytisins um olíuleit frá 15. júní 1998?

2. Að hvaða tillögum starfshópsins hefur verið unnið?

3. Hvernig verður unnið áfram að tillögum starfshópsins um leit að olíu?

4. Eru hafnar viðræður í framhaldi af erindum tveggja erlendra olíufélaga til stjórnvalda um áhuga þeirra á olíuleit innan íslenskrar lögsögu, samanber orð þáverandi iðnaðarráðherra í Morgunblaðinu 31. október 1998? Ef svo er, hver er staða þeirra mála?

5. Hafa fleiri aðilar sýnt olíuleit áhuga?“

Eins og fram kemur skilaði nefnd iðnrn. af sér viðamikilli skýrslu. Nefndin var skipuð í framhaldi af þáltill. sem ég flutti hér fyrir nokkrum árum. Í þessari skýrslu, Leit að olíu, kemur fram m.a. það sem nefndin lagði til, þ.e. framhald könnunar og forgangsverkefni.

Í fyrsta lagi var talað um að draga saman efni í skýrslu um olíulíkur á Tjörnesbrotabeltinu, í öðru lagi að afla bergsýna með skipulögðum hætti á Tjörnesi með grunnborunum, í þriðja lagi að kanna á hvern hátt þakberg og geymisberg gæti komið fyrir í heppilegri samstöðu á dýpi og í fjórða lagi að kortleggja hafsbotninn víðar og nákvæmar og einnig nokkuð niður í setlögin undir botninum.

Í öðru skrefi er svo langtímaverkefni. Ef jákvæðar niðurstöður fást úr ofangreindum aðgerðum gætu þær hvatt til frekari athugana sem yrðu dýrari en gæfu ákveðnar vísbendingar. Sem dæmi má benda á tvo augljósa möguleika. Í fyrsta lagi borun í Grímsey. Talið er að setlög gætu náð undir eyna en rannsókn þeirra mundi gefa til kynna hvers konar setbergs sé að vænta. Í öðru lagi frekari margrása endurkastsmælingar, þ.e. bergmálsmælingar sem ná djúpt í jörðu. Núverandi net er mjög gisið. Viðtækari mælinga er þörf svo að greina megi betur lögun og lagbyggingu setlagsdældanna og síðan benda á mögulegar olíugildrur.

[14:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Undanfarin ár hefur árleg fjárveiting til landgrunnsrannsókna numið 2 millj. kr. Eftir að samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál var skipuð í febrúar 1999 hefur hún lagt á ráðin um hvernig þessum rannsóknum skuli hagað. Á síðasta ári var 1,1 millj. kr. varið til verkefna sem samstarfshópurinn um olíuleit gerði tillögur um í áliti sínu 17. ágúst 1998 en 900 þús. kr. var varið til sérfræðiþjónustu við samráðsnefndina vegna viðræðna við olíufyrirtæki og við utanrrn. vegna hafréttarmála.

Í sept. 1999 gerði samráðsnefndin tillögur um rannsóknir á árinu 2000 sem byggðu á tillögum starfshóps frá 1998 og hefðu kostað 8 millj. kr. Vegna óvissu um niðurstöður viðræðna við olíufyrirtæki var ekki tekin afstaða til þessara tillagna við gerð fjárlagaársins 2000 og því er fjárveitingin fyrir árið 2000 óbreytt eða 2 millj. kr. Samráðsnefndin hefur lagt til að mestur hluti hennar renni til sérfræðiþjónustu við gerð frv. til laga um leit og vinnslu kolefna auk sérfræðiþjónustu við nefndina. Jafnframt ítrekaði samráðsnefndin tillögur sínar um að fjárveiting til landgrunnsrannsókna og olíuleitar verði aukin um 8 millj. kr. Ráðuneytið hefur þessar tillögur nú til skoðunar.

Að undanförnu hefur verið unnið að tveimur rannsóknarverkefnum sem starfshópurinn lagði til. Í fyrra verkefninu var unnið á sérstakan hátt úr dýptarmælingum sem Sjómælingar Íslands hafa gert á undanförnum árum úti fyrir Norðurlandi. Tilgangurinn með úrvinnslunni var að auðvelda frekari leit að stöðum þar sem olía eða gas gæti lekið til yfirborðs. Með úrvinnslunni tókst að staðsetja virkt misgengi þar sem setlögin eru hvað þykkust og olíulíkur ættu að öðru jöfnu að vera hvað mestar. Því mun nú kleift að kanna með tiltölulega ódýrum og einföldum hætti hvort olía eða gas leki til yfirborðs eftir misgengjunum.

Í síðara verkefninu voru nýtt hagstæð skilyrði sem sköpuðust í tengslum við borun á jarðhitasvæðinu við Bakkaflöt í Öxarfirði. Olíugastegundum í sandinum var safnað með einföldum búnaði og þær greindar í sérstökum gasgreini sem notaður var við borunina. Athugunin sýndi að olíugas svipað því sem áður hefur fundist við Skógarlón streymir upp til yfirborðs víðar í Öxarfirði. Útbreiðslu uppstreymissvæðanna má kanna með þessari ódýru aðferð.

Viðræður við olíufyrirtæki hafa sýnt að áhugi á olíu- og gasleit í íslenskri lögsögu er til staðar. Leit verður hins vegar fljótt svo kostnaðarsöm að hún verður ekki kostuð af ríkisfé. Því er nauðsynlegt að til komi fjárfesting annarra aðila. Erlend fyrirtæki sem líklegust eru til að kosta leit munu ekki koma að henni fyrr en sett hafa verið lög um starfsemina og

hefur lagasetning því forgang. Ég hef því látið hefja smíði slíks frv.

Forkannanirnar sem starfshópurinn um olíuleit gerði tillögur um eru ágætar. Þær hafa verið framkvæmdar að hluta og hefur ráðuneytið til skoðunar hvort skynsamlegt sé að þeim verði fram haldið á kostnað ríkissjóðs. Samráðsnefnd um landgrunns- og olíuleitarmál hefur annast samskipti við þau tvö erlendu olíufélög sem sýnt hafa áhuga á olíuleit innan íslenskrar lögsögu. Annað þeirra hefur einungis óskað eftir almennum upplýsingum en sérfræðingur á vegum hins heimsótti Ísland í ágúst í fyrra í þeim tilgangi að afla upplýsinga um möguleika fyrirtækisins á olíuleit og olíuvinnslu í íslenskri lögsögu. Hann lýsti yfir áhuga fyrirtækisins á að fá leyfi til olíu- og gasleitar allt frá Jan Mayen hrygg í norðri að Hatton-Rockall banka í suðri. Hann lýsti einnig yfir áhuga á setlagasvæðinu fyrir norðan landið þó að hann teldi það sísta svæðið. Fyrirtækið lagði einnig áherslu á að grundvallarforsenda fyrir því að það legði fé í olíu- og gasleit í íslenskri lögsögu væri að sett yrðu lög um leit að olíuefnum og vinnslu þeirra ásamt reglum um veitingu leitar- og vinnsluleyfa.

Frekari viðræður hafa ekki farið fram milli fyrirtækisins og íslenskra stjórnvalda en í byrjun febrúar ársins 2000 bárust formlegar umsóknir fyrirtækisins um leyfi til olíu- og gasleitar í íslenskri lögsögu. Engir aðrir aðilar en þessi tvö fyrirtæki hafa sýnt áhuga á olíuleit í íslenskri lögsögu. Í ráðuneytinu liggur fyrir stöðuskýrsla samráðsnefndar um landgrunns- og olíuleitarmál um olíuleit við Ísland.

[14:05]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með svör hæstv. iðnrh. og jafnframt þakka fyrirspyrjanda fyrir að halda þessu máli vakandi öll þessi ár. Mér heyrist einhver von til þess að rannsóknir og alvöru olíuleit geti hafist hér við landið. Það er nú vonum seinna því hjá flestöllum ríkjum hér í kringum okkur leggja menn ofurkapp á að finna slíkar auðlindir, til að leita af sér allan grun.

Við höfum sett í þetta eina til tvær milljónir á ári og það eru náttúrlega hlægilegar upphæðir þegar um er að ræða slíka framkvæmd, þ.e. olíuleit á hafsbotni. Enda mun ekki talað um milljónir heldur milljarða og hundruð milljarða í þeim málaflokki þegar við lítum til frænda okkar Norðmanna. Auðvitað erum við ekki að tala um neitt í þeim dúr en eitthvað betra en ekki neitt.

[14:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef fengið það leiða hlutverki á undanförnum árum, þegar þessi mál hefur borið hér á góma, að vara við óhóflegri bjartsýni á það að Ísland eigi eftir að verða í hópi meiri háttar olíuríkja. Ég er þeirrar skoðunar enn að því miður sé ótímabært að taka væntanlegan olíugróða inn í bókhaldið hjá okkur. Það breytir ekki því að sjálfsagt mál og þarft er að kanna þá möguleika sem þarna kunna að vera og ég útiloka alls ekki að einhvern tíma í framtíðinni kunni Ísland að gerast aðili að eða eiga hlutdeild í olíu- eða gasvinnslu, þó að ég efist nú um að það verði í stórum stíl.

En rannsóknirnar eru þarfar og það vekur athygli á öðru, herra forseti, sem mér finnst stundum gleymast í árattu manna til þess að leggja hagnýtt mat á alla hluti. Það er ósköp einfaldlega sú staðreynd hversu sorglega illa við erum á vegi stödd hvað varðar grunnrannsóknir af þessu tagi, t.d. á jarðfræði hafsbotnsins í kringum landið. Slíkar almennar grunnrannsóknir mundu svara mörgum af þeim spurningum sem við erum nú að ræða og tengjast mögulegri olíuvinnslu sérstaklega.

[14:08]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er miður ef hv. þm. telja nauðsynlegt að vera í hlutverki þeirra sem hvetja til að hefjast ekki handa. Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að við höldum þessu máli áfram eins og hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir að ætlunin er. Ég tel raunar brýnt að við leggjum meira fé til þessa verks en gert hefur verið. Ég tel fleira liggja undir en hugsanleg olíuréttindi, sem engin vissa er fyrir. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að við sýnum fram á vilja okkar til að rannsaka hafsbotninn. Það kunna að vera aðrar auðlindir þar undir sem jafnvel gætu skipt okkur meira máli.

Ég tel rétt að endurvekja mál sem hér var oft rætt á árum áður, sérstaklega af einum hv. þm. sem ekki er lengur í þessum sölum, þ.e. að Íslendingar geri grein fyrir hugmyndum sínum og kröfu til réttinda við Hatton-Rockall. Ég tel nauðsynlegt í þessu máli sem öðrum að við gerum grannþjóðum okkar grein fyrir því að við teljum okkur eiga hagsmuni undir því hvernig gengið er um hafsvæði og hafsbotn langt út frá þessu landi. Við höfum ekki á miklu öðru að byggja og má vel vera að fleiri mál í dag víki að þessu efni.

Það er rétt að fram komi, herra forseti, að við munum vera eina þjóðin eða eina ríkið á þessum slóðum sem ekki hefur þegar sett löggjöf um slíka leit og vinnslu.

[14:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu ákaflega áhugavert mál. Svo ber til að iðnn. var í heimsókn hjá Orkustofnun í gær og þá bar þessi mál á góma, möguleika til grunnrannsókna bæði á landi og á landgrunninu. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að veita fjármagn til þeirra forrannsókna sem þarf að vinna svo unnt sé að meta hvort ganga eigi til samstarfs við olíufyrirtæki um aðrar og viðameiri rannsóknir. Það er engan veginn ásættanlegt að hér sé veitt 1 millj. eða upp í 8 millj. kr. til svona verkefnis, það þarf að gera betur. Að sjálfsögðu mundu bara allra fyrstu rannsóknir lenda á okkar fólki hér heima. Þær rannsóknir eigum við að vinna en ekki að leggja mat á það að óskoðuðu hvort við höldum að olía sé hér við strendur Íslands. Ég tek undir með hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni um að skoða þurfi landgrunnið allt.

[14:11]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að hreyfa þessu máli en hv. þm. hefur verið óþreytandi við að bera þetta mál inn í sali Alþingis á undanförnum árum. Sjálfur hef ég reyndar verið meðflm. hans að þáltill. um olíuleit við Ísland.

Iðnn. Alþingis fór í heimsókn í Orkustofnun í gær þar sem við funduðum með forsvarsmönnum stofnunarinnar. Þar bar þessi mál nokkuð á góma og kom skýrt fram að menn telja að setja þurfi lög um olíuleit til þess að erlendu aðilarnir verði til viðtals um að koma það þessu máli. Þess vegna fagna ég því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra hvað það varðar.

Það kom einnig fram að við þurfum að verja meira fé til hafsbotnsrannsókna, þetta eru aðeins 2 millj. í ár sem er of lítið. Því var einnig haldið fram að við þyrftum að tryggja réttindi okkar við Hatton-Rockall vegna þess að það væri kannski einna líklegasta svæðið. Þá minnist ég hins látna

heiðursmanns, Eyjólfs Konráðs Jónssonar, sem óþreytandi var að brýna Alþingi í því máli ár eftir ár meðan hans naut við.

En ég er ánægður með svar hæstv. iðnrh. og tel að það sem þar kom fram horfi í rétta átt. Við þurfum að fylgja þessu máli vel eftir og komast að því í eitt skipti fyrir öll hvort þarna eru möguleikar.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem mál þetta hefur fengið hér og þingmönnum fyrir að hafa tekið svo vel í málið. Einnig þakka ég hæstv. iðnrh. fyrir svör hans.

Ég tek undir orð hv. þm. sem sagt hafa að allt of lág upphæð falli til þessara mála á hverju ári. Ég tel að við hefðum fyrr átt að taka tillit til nefndarinnar sem lagði til að a.m.k. yrði byrjað með 8 millj. og síðan aukið fjármagn til þess, virðulegi forseti, að gera þennan kost áhugaverðari fyrir erlend olíufélög.

Varðandi það sem nefnt hefur verið hér og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á í máli sínu, að við ættum að taka væntanlegan olíugróða í bókhaldi okkar með öllum fyrirvara, þá er enginn að tala um það, virðulegi þingmaður. Við erum aðeins að tala um að eðlilegt sé að við vitum meira um hafsbotninn í kringum Ísland, eins og hv. þm. kom réttilega inn á að verulega vantar upp á. Þess ber þó að geta að ég flutti þáltill. um rannsóknir á hafbotni hér til suðurs sem hefur verið samþykkt. Sú þáltill. var samþykkt af Alþingi og liggur fyrir ríkisstjórn til úrlausnar og frekari meðferðar.

En ég vil endurtaka þakkir mína til þingheims og virðulegs iðnrh. Ég vænti þess að meira fjármagni verði varið í þessar rannsóknir því við eigum hæfan hóp vísindamanna sem tilbúnir eru að leggja sig alla fram um að úrskurða um hvort við séum á villigötum eða hvort hér sé eitthvað sem við eigum að fylgja frekar eftir.

Það má benda á Færeyjar, hvað þar er að gerast og á Grænland þar sem menn eru í rannsóknum og hafa trú á að þar sé olía. Svo koma Íslendingar og segja: Það getur ekki verið að það sé nokkur olía hér. En það er auðvitað allt of mikil svartsýni og afturhaldssemi. Við eigum auðvitað að rannsaka málin og fá fullvissu okkar.

[14:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu og fyrirspyrjanda fyrir að koma fram með þessa fsp. Ég get tekið undir það að ástæða sé til að vara við allt of mikilli bjartsýni. Engu að síður er þetta mál þannig vaxið að full ástæða er til að skoða það frekar. Dýptarmælingar sem fram hafa farið á vegum Sjómælinga Íslands gera það að verkum að nú er miklu einfaldara og ódýrara að rannsaka þau setlög sem þykkust eru en þar eru líkurnar mestar.

Eins og ég lét koma fram áður er undirstaða þess að eitthvað fari að gerast í þessum málum sú að Alþingi setji lög um olíuleit og olíuvinnslu. Þess vegna hef ég sett af stað vinnu við gerð frv. um það efni. Ég vonast til að það komist það fljótt á veg að hægt verði að leggja það fram á þessu þingi. Þá verður hugsanlega hægt að senda það til umsagnar þannig að vinnsla í haust gæti gengið tiltölulega fljótt fyrir sig. Það skapar okkur þann grundvöll sem við þurfum til þess að vinna frekar í málinu.

Síðan vil ég bara vonast til að hv. fyrirspyrjandi verði dyggur stuðningsmaður við að fá aukið fjármagn í fjárlögum næsta árs til þessa mikilvæga verkefnis.

Umræður utan dagskrár.

Öryggismál kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar í Sellafield.

[14:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Strax og fréttist af svartri skýrslu breska kjarnorkueftirlitsins á föstudaginn fór ég fram á þessa umræðu utan dagskrár um öryggismál í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield, enda ástæðan ærin. Rannsóknir kjarnorkueftirlitsins höfðu leitt í ljós að um kerfisbundna fölsun öryggisprófana hefur verið að ræða í stöðinni, rangar magntölur um úrgang fluttar frá henni og sömuleiðis um ófrágengnar birgðir. Þá mun innra eftirlit stöðvarinnar vera í molum og vanhæfir starfsmenn hafa orðið uppvísir að því að endurnota gamlar skýrslur þegar gera hefur þurft nýjar. Allar þessar upplýsingar er að finna í niðurstöðum þríþættrar skýrslu um öryggismál stöðvarinnar sem breska kjarnorkueftirlitið gerði opinbera sl. föstudag.

Herra forseti. Upplýsingar af þessu tagi valda vissulega miklu uppnámi í þeim löndum sem liggja næst Bretlandi og hafa ráðamenn á Írlandi og Norðurlöndunum ítrekað gert athugasemdir við rekstur endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield. Nú síðast í gær voru umhverfisráðherrar Norðurlandanna með málið á dagskrá á fundi sínum og kemur fram í viðtali við hæstv. umhvrh. í Morgunblaðinu í morgun að full samstaða hafi verið meðal ráðamanna um að bregðast hart við þeim fréttum sem hér um ræðir. Og svo var send út ályktun, reyndar í kjölfar sendibréfa og símtala sem flestir ef ekki allir ráðherrarnir áttu við bresk yfirvöld strax á föstudaginn. En, herra forseti, er það ekki orðið alveg ljóst að sendibréf, símtöl og ályktanir hafa litlu breytt um losun geislavirkra efna í hafið frá kjarnorkuendurvinnslustöðvunum í Dounreay og Sellafield? Í 20 ár eða meira hafa ráðamenn lýst áhyggjum sínum vegna skaðvænlegra áhrifa sem þessar kjarnorkuendurvinnslustöðvar valda á lífríkinu og íslenskir ráðamenn hafa æ ofan í æ látið þessar áhyggjur sínar í ljósi við bresk yfirvöld einir sér eða í samráði við ráðamenn á hinum Norðurlöndunum.

Alþingi Íslendinga mótmælti því harðlega með þál. 1993 þegar kjarnorkuendurvinnslustöðin í Sellafield var stækkuð og hafin var starfræksla THORP-endurvinnslustöðvarinnar þar en við þá stækkun var losun geislavirkra efna í hafið tífölduð frá því sem verið hafði fram að þeim tíma. Ég fullyrði, herra forseti, að þessar aðferðir hafa engan veginn skilað fullnægjandi árangri í baráttunni gegn losun geislavirkra efna í hafið. Það skiptir engu máli hvað bresk yfirvöld gefa oft út yfirlýsingar um að nú skuli tekið til hendinni sem aldrei fyrr.

Tveir ráðherrar í bresku ríkisstjórninni, þeir John Prescott og Nick Brown sendu síðast frá sér yfirlýsingu 19. nóvember sl. þar sem þeir lofuðu takmörkun á losun og miklu hreinsunarstarfi. Þeir lofuðu bættu öryggiseftirliti og því að brugðist yrði við þeirri uppsöfnun birgða á geislavirkum úrgangi sem ekki hefur tekist að steypa saman við gler eða steinsteypu. Sannleikurinn er nefnilega sá, herra forseti, að kjarnorkuendurvinnslustöðin í Sellafield hefur ekki undan og nú fyrir skemmstu neituðu Japanir að taka við sendingu frá Sellafield á grundvelli falsaðra pappíra og krefjast þess að hún verði send aftur yfir hafið heim til Sellafield á kostnað þarlendra.

Það væri hægt að halda áfram lengi að útlista það í hve miklum ólestri öll innri mál stöðvarinnar virðast vera í. En ég læt hér staðar numið með því að benda á fullyrðingar

hæstv. umhvrh. í umræðum hér á þingi í haust þar sem hún svaraði fyrirspurn frá mér um aðgerðir íslenskra stjórnvalda í málefnum Sellafield og Dounreay og sagði um áhrif mótmæla íslenskra stjórnvalda, með leyfi forseta, að þau hefðu m.a. leitt til þess að miklar framfarir hafi átt sér stað í rekstri endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield og mjög dregið úr losun á sesíum. Reyndar kom síðar fram í máli hæstv. ráðherra að ekki hefði að sama skapi tekist að draga úr losun á teknesíum-99. En þingheimi til fróðleiks má geta þess að niðurbrot teknesíum-99 er svo hægt í náttúrunni að það tekur 213 þúsund ár fyrir náttúruna að helminga það efni, sem þýðir að það tekur 426 þúsund ár fyrir náttúruna að brjóta efnið endanlega niður.

Herra forseti. Er ekki hér um svo alvarleg áhrif að ræða að nauðsynlegt sé að gripið verði til afdrifaríkari aðgerða? Ég spyr hvort hæstv. umhvrh. hafi aldrei hugleitt það að kannski sé kominn tími til að sendiherra Íslands í Lundúnum verði hreinlega kallaður heim. Ég vil í a.m.k. hvetja hæstv. umhvrh. til að setja fram með formlegum hætti afdráttarlausa kröfu um að kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield verði lokað tafarlaust. Ég gæti vel hugsað mér að það tæki þrjú til fimm ár ef ákvörðun yrði tekin núna.

Í ljósi þessa sem ég nú hef sagt langar mig að leggja til við hæstv. ráðherra og fá frá henni viðbrögð hér og nú að hún beiti sér fyrir því að á næsta fundi aðildarríkja OSPAR-samningsins sem haldinn verður í Kaupmannahöfn í júní nk. verði sett fram sameiginleg stefna a.m.k. Norðurlandanna og Írlands um það að stöðinni verði lokað innan þriggja til fimm ára. Og þá langar mig að fara þess á leit við hæstv. ráðherra að hún sæki þennan fund sjálf og hvetji samráðherra sína á hinum Norðurlöndunum (Forseti hringir.) og raunar allra OSPAR-ríkjanna til að mæta á fundinn til að auka vægi hans í þessum málum því að vopnin í baráttunni sem við höfum notað hafa ekki dugað.

[14:22]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Íslensk stjórnvöld hafa um árabil fylgst með og haft áhyggjur af kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield og því reynt eftir fyllsta megni að fylgjast með starfseminni þar. Skýrslan sem breska kjarnorkustofnunin birti í síðustu viku kom öllum á óvart, ekki síst breskum stjórnvöldum því alltaf hefur verið litið svo á sem ástand öryggismála í verksmiðjunni væri ásættanlegt.

Í skýrslunni koma fram alvarlegir gallar varðandi öryggiseftirlit í verksmiðjunni. Niðurstöður skýrslunnar setja að mínu mati spurningarmerki við endurvinnslu kjarnorkueldsneytis og herða á kröfunni um gagngerar umbætur strax eða að öðrum kosti lokun stöðvarinnar.

Um leið og fréttir bárust af skýrslu þessari sl. föstudag skrifaði ég bréf til Johns Prescott, breska umhverfisráðherrans. Í bréfinu krefst ég upplýsinga frá breskum stjórnvöldum um viðbrögð við skýrslunni. Ég legg mikla áherslu á þá hagsmuni sem Íslendingar eiga að gæta og því líti stjórnvöld hér á landi á innihald hennar alvarlegum augum. Skýrslan veki margar spurningar um öryggi þeirrar starfsemi sem þar fer fram og að mengunarslys í verksmiðjunni mundi hafa alvarlegar og ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir líf fólks hér á norðurslóðum. Í bréfinu krefst ég skýringa bresku ríkisstjórnarinnar og ítreka fyrri kröfur Íslands um að tryggt verði að losun geislavirkra efna verði eins nálægt engu og hægt er, þ.e. eins og sagði í bréfinu „as close to zero as possible", ella hugleiði bresk stjórnvöld alvarlega að loka verksmiðjunni.

Hæstv. utanrrh. mun síðar í þessari viku eiga tvíhliða viðræður við Robin Cook utanríkisráðherra Bretlands og mun hann fylgja eftir bréfi mínu og ítreka kröfur okkar og mun hann koma á framfæri þeirri skoðun íslenskra stjórnvalda að helst vildum við að stöðinni yrði lokað og að við lítum á að hér sé um mjög alvarlegt mál sé að ræða.

Eins kom fram í máli hæstv. utanrrh. fyrr í vikunni hafði þegar verið ákveðið að taka málefni Sellafield upp áður en þau válegu tíðindi bárust sem nú eru í brennidepli. Í ljósi síðustu frétta af stöðu mála er ljóst að málið verður tekið upp af enn meiri þunga.

Ísland hefur lengi haldið uppi mótmælum gegn losun geislavirkra úrgangsefna í hafið. Þau mótmæli hafa m.a. leitt til þess að framfarir hafa átt sér stað í rekstri endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield. Dregið hefur til muna úr mengun af völdum sesíum en ástæða er til að hafa áhyggjur og mótmæla auknu magni af teknesíum-99 sem hefur núna á þriggja ára tímabili verið losað út í hafið alla vega, en það hefur nú þegar borist að ströndum Noregs og er spáð að það gæti komið inn á hafsvæði Íslands á næstu tveimur árum.

Á norrænum vettvangi höfum við tekið sterkt frumkvæði í umræðunni um Sellafield-stöðina. Á fyrsta fundi mínum sem umhvrh. með norrænu umhverfisráðherrunum á Mývatni liðið sumar tók ég Sellafield-málið til umræðu. Í framhaldi af þeim fundi lagði ég fram tillögu að sameiginlegu bréfi norrænu ráðherranna til breska umhverfisráðherrans og var það sent út í nóvember sl. Í bréfi norrænu ráðherranna er sjónum einkum beint að þeirri hættu sem stafar af mengun af teknesíum-99 og Bretar hvattir til að uppfylla skuldbindingar þær sem þeir hafa tekið á sig með OSPAR-samningnum um að minnka í áföngum losun geislavirkra efna í hafið og stöðva losun árið 2020. Við höfum reyndar ítrekað að þeir geri það mun fyrr.

Á fundi norrænu umhverfisráðherranna í Kaupmannahöfn í gær tók ég málið enn á dagskrá. Norrænu umhverfisráðherrarnir líta einnig á þetta mál mjög alvarlegum augum og var algjör samstaða um að senda yfirlýsingu til breskra stjórnvalda. Í yfirlýsingunni er minnt á fyrri erindi um málið og enn undirstrikuð sú ógn sem hafsvæðunum á Norðaustur-Atlantshafi stafar af mengun í Sellafield.

Næsti fundur OSPAR-nefndarinnar verður í Kaupmannahöfn í júní í sumar en þar munu norrænu umhverfisráðherrarnir á fundinum ítreka að bæði Bretar og Frakkar standi við þær skuldbindingar sem þeir tóku á sig á ráðherrafundinum 1998 þess efnis að á árinu 2000 verði unnið að því að minnka til muna losun geislavirkra efna í hafið og að á árinu 2020 verði losun geislavirkra efna hætt.

Í starfi mínu hef ég lagt mikla áherslu á varnir gegn geislamengun og hef m.a. þegar rætt það mál sérstaklega við Margot Wallström sem fer með umhverfismál í framkvæmdastjórn ESB.

[14:27]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda, Kolbrúnu Halldórsdóttur, fyrir að ljá máls á Sellafield-vandræðunum hér utan dagskrár á hinu háa Alþingi. Það er auðvitað ljóst, eins og hv. málshefjandi hefur sagt, að sendibréf, símtöl og ályktanir duga ekki lengur í þessu máli. Það þarf að grípa til annarra og áhrifameiri aðgerða og það er auðvitað verkefni hins háa Alþingis og ríkisstjórnar Íslands að koma sér saman um hverjar þær eru og hvernig hægt er

að koma því mjög skýrt til skila við bresk stjórnvöld að við svo búið getum við ekki unað.

Bresk stjórnvöld hafa samkvæmt OSPAR-samningnum ákveðnar skuldbindingar sem þau verða að uppfylla. En ég tel fulla ástæðu til þess að á fundinum í júní nk. verði þær skuldbindingar teknar til endurskoðunar og að það verði beinlínis hrein og klár krafa aðildarríkja þar og íslensku ríkisstjórnarinnar að þessari starfsemi verði hætt. Við vitum að hæstv. utanrrh. mun hitta starfsbróður sinn breskan á föstudaginn kemur og væntanlega verðum við einhverju nær um bresk tíðindi að þeim fundi loknum.

Ég vil bara rétt að lokum nota tækifærið til þess að minna hv. þingmenn á það að umhverfismál eru mestu öryggismálin. Það sýnir dæmið um Sellafield. Öryggi Íslendinga, afkoma þessarar þjóðar byggir á góðri umgengni við umhverfið, ekki bara okkar heldur allra annarra.

[14:29]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Í sambandi við þessa umræðu held ég sé rétt að minna á að sárlega skortir bindandi reglur og ákvæði um að bannað sé að losa kjarnorkuúrgang í hafið. Íslenskir þingmenn í Evrópuráðsþinginu voru mjög framarlega í því að leggja fram breytingartillögur í Evrópuþinginu um að slíkt yrði bannað. Þeir náðu þessu fram og þar var samþykkt áskorun til ríkisstjórna Evrópuráðsins, en Ísland er aðili að Evrópuráðinu, og áskoranirnar fjölluðu m.a. um bann við því að geislavirk efni yrðu losuð í hafið. Þar var samþykkt sú grundvallarregla að ríki sem framleiða geislavirkan úrgang skuli koma honum fyrir á eigin landi en ekki losa hann í sjóinn. Að lokum var líka samþykkt að lágmarka flutninga á sjó.

Um þetta hefur hins vegar ekki náðst samkomulag milli ríkisstjórnanna og því vil ég spyrja hæstv. umhvrh. hvort hann hafi eða muni berjast fyrir því að ákvæði af þessu tagi verði tekin upp í ríkisstjórnarviðræðum því að þau hefðu, ef þau hefðu náð fram að ganga, komið í veg fyrir starfsemi eins og fer fram í Sellafield.

[14:30]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa brýnu utandagskrárumræðu.

Í gær mótmæltu ríkisstjórnir sex Evópulanda þeirri staðreynd að skýrslur um öryggismál hafa verið falsaðar kerfisbundið í kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield á Bretlandi. Þá hafa umhverfisráðherrar fimm Norðurlanda, þar með talið Íslands, lýst þungum áhyggjum sínum vegna málsins og hæstv. utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hefur lýst því yfir að hann hyggist ræða þessi mál við Robin Cook, utanríkisríkisráðherra Breta, á fyrirhuguðum fundi þeirra nk. föstudag.

Viðbrögð hafa sem sagt verið harkaleg við þessum válegu tíðindum og er það vel. Lífríki hafsins umhverfis Ísland er ógnað. Geislavirkni í hafi hefur hingað til mælst mjög lítil hér við land og við höfum verið vakandi yfir starfsemi kjarnorkuvera í öðrum löndum og flutningi með geislavirk efni. Rétt er að benda á í því sambandi að endurvinnsla á kjarnorkueldsneyti er ein helsta orsök mengunar af völdum geislavirkra efna í Norður-Atlantshafi.

Herra forseti. Það er full ástæða til að hafa alvarlegar áhyggjur af þeim fréttum sem hafa borist af öryggismálum í Sellafield. Hingað til höfum við talið okkur geta treyst þeim upplýsingum um öryggisráðstafanir varðandi kjarnorkuvinnslu sem við höfum fengið, en nú hefur komið upp alvarlegur trúnaðarbrestur í samskiptum okkar við vinaþjóð.

Ég vil geta þess að í stefnuskrá Frjálslynda flokksins í umhverfismálum er endurvinnslustöðvunum í Sellafield og Dounreay mótmælt vegna mengunaráhrifa þeirra.

Herra forseti. Ég vil að lokum lýsa því yfir fyrir hönd Frjálslynda flokksins að við teljum að okkur Íslendingum beri hiklaust að krefjast þess að kjarnorkustöðinni verði lokað eins fljótt og auðið er.

[14:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sönnu ánægjulegt að þegar kemur að því að mótmæla breskum kjarnorkuendurvinnslustöðvum þá geta allir Íslendingar sameinast í umhverfismálum enda snýr þá að öðrum en okkur sjálfum að taka til.

Í málefnum kjarnorkuiðnaðarins hafa Bretar sýnt á sér heldur dapurlega hlið býsna lengi. Þeir hafa lítið gert með mótmæli grannþjóða og þeir hafa þumbast við með býsna svipuðum hætti og þeir gerðu þegar í hlut átti iðnaðarmengunin frá Bretlandseyjum sem mestu olli um súra regnið í Skandinavíu. Þrátt fyrir mótmælin og þrátt fyrir tilraunir til að koma á alþjóðlegum samningum sem tækju til þessarar starfsemi hafa Bretar rekið áfram bæði stöðina í Dounreay og stöðina í Sellafield og reyndar stækkað þá síðarnefndu og hafið þar endurvinnslu á kjarnorkueldsneyti. Báðar þessar stöðvar hafa affall til sjávar og í báðum tilvikum bitnar mengunin fyrst og fremst á öðrum þjóðum en Bretum sjálfum. Þetta segir sína sögu um þau viðhorf sem þarna hafa legið til grundvallar.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram bæði hjá málshefjanda og fleirum að það er tímabært og þó fyrr hefði verið að við Íslendingar tökum afdráttarlaust upp þá stefnu að ekkert annað sé ásættanlegt fyrir okkur en lokun þessarar stöðvar. Og, eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom inn á, formaður utanrmn., þá eigum við auðvitað að herða róðurinn fyrir því að grundvallarreglan verði bann, bann við afrennsli frá kjarnorkustöðvum til hafsins. Þeir sem vilja vera í þessum bisness geta séð um hann sjálfir og urðað sinn úrgang sjálfir. Það er eina lausnin í þessum málum sem nokkurn tíma getur orðið einhver sátt um. Ég held að það hljóti að vera þannig, herra forseti.

Ég er ekki að gera lítið úr þeim mótmælum sem uppi hafa verið höfð á undanförnum árum en ég held að tími sé kominn til — og við höfum fengið tilefni til þess og vopn í hendur — að ganga núna harðar fram en áður.

[14:34]

Ólafur Örn Haraldsson:

Herra forseti. Við Íslendingar eigum að krefjast þess að Sellafield-stöðinni verði lokað hið fyrsta. Breskir aðilar hafa brugðist því trausti sem við höfum sýnt þeim og við getum ekki tekið alvarlega lengur þær upplýsingar sem þeir setja fram í viðræðum við okkur um þessi alvarlegu mál. Þó höfum við gert það hingað til þegar við höfum mótmælt þessu válega framferði á vettvangi Norðurlandasamstarfsins.

Við skulum minnast þess að þessi kjarnorkuendurvinnslustöð situr hér í skjóli nágrannaþjóðar, þjóðar sem við eigum mjög mikil viskipti við, þjóðar sem við eigum margra alda menningarsamstarf við og þjóðar sem við teljum til vinaþjóða okkar. Á sama tíma og við erum nú bæði í Evrópuráðinu, eins og kom hér fram áðan, og á öðrum vettvangi að setja

lög og alþjóðasamninga um umhverfismál í samstarfi við Breta þá getum við ekki sætt okkur við að þeir haldi þessu máli í skjóli og ógni með því móti lífríki hafsins umhverfis Ísland og í Norðurhöfum, ógni dýrastofnum í Norðurhöfum og ógni efnahagslífi Íslendinga.

[14:36]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda þessa umræðu. Það er brýn nauðsyn að íhuga óhugnanlega stöðu mengunarmála frá Sellafield. Þingmenn Íslands á vettvangi alþjóðanefnda verða ávallt að vekja athygli á því sem verið er að gera lífríkinu með Sellafield-menguninni.

Sú staðreynd liggur fyrir að þrávirk efni berast með hafstraumum upp með Noregi til Íslands og Grænlands. Það er staðfest að úrkynjun lægri dýrastofna er staðreynd. Úrkynjun mannsins eða hæfni til tímgunar er staðfest af vísindamönnum. Það er skylda hæstv. umhvrh. að hervæða alla þingmenn í alþjóðanefndum þannig að þeir séu ávallt reiðubúnir að kynna og tala fyrir málstað Íslands og vekja þannig athygli á þeim alvarlegu hlutum sem eru að gerast vegna mengunar frá kjarnorkuverum.

Herra forseti. Það er ekki síður ástæða að minnast á að á Atlantshafsbotni liggja kjarnorkukafbátar. Í Rússlandi eru þeir tugum saman þar sem þeir grotna niður og þar bíður mikil vá. Ég tel að hv. Alþingi eigi enn að ítreka mótmælin vegna Dounreay og THORP-endurvinnslustöðvarinnar í Sellafield. Ég vitna til þál. frá 8. febr. 1988 og frá 17. des. 1993 og ég vitna til ítrekaðra fregna af andvaraleysi breskra stjórnvalda og skorts á vitneskju um athæfi þessara endurvinnslustöðva.

Hæstv. umhvrh. Í þessu máli snúum við öll bökum saman með það að markmiði að ná árangri. Lokum Sellafield.

[14:38]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Öryggismál í Sellafield og losun teknesíum-99 í hafið frá stöðinni er grafalvarlegt mál og löngu ljóst að þarna þarf að grípa inn í með mjög afgerandi hætti. Það verður einfaldlega að viðurkennast að tilburðir til að mótmæla hafa þjónað litlum tilgangi fram að þessu.

Með OSPAR-samningnum skuldbundu Bretar sig til að vernda lífríkið í Norður-Atlantshafi fyrir geislavirkum efnum. Í umræðum við íslenska þingmenn í Árósum 1998 lofaði umhverfisráðherra Breta, Michael Meacher, því að skoða þetta í því augnamiði að hætta losun þessa efnis í hafið eða loka stöðinni í Sellafield ella.

Það samkomulag sem síðar hefur orðið er að mínu áliti alls óviðunandi. Það getur aldrei orðið ásættanlegt af okkar hálfu að losun teknesíum-99 verði leyfð til ársins 2020 eins og hæstv. umhvrh. upplýsti hér í umræðunni sl. sumar að yrði niðurstaðan. Því má ekki gleyma að teknesíum-99 er ekki náttúrlegt efni og því verður aldrei um neinn náttúrulegan bakgrunn eða bakgrunnsígildi að ræða í hafinu af þessu efni. Helmingunartími teknesíum-99 er yfir 200.000 ár eins og komið hefur fram. Með öðrum orðum, það fer aldrei úr lífríkinu ef það er komið þangað á annað borð. Þessu efni er þessa stundina dælt í miklu magni frá Sellafield og hefur verið gert í nokkur ár.

Herra forseti. Ef bresk stjórnvöld fá ein að ráða verður því haldið áfram til ársins 2020 eða lengur. Fyrir íslenskan sjávarútveg er þetta hreint skemmdarverk og gæti hafa haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar þegar efnið hefur mælst hér á þessu eða næsta ári. Framkoma Breta gagnvart okkur í þessu máli er allsendis forkastanleg.

Herra forseti. Slíkri framkomu hlýt ég að mótmæla harðlega. Losun teknesíum-99 í hafið frá Sellafield í Englandi verður að stöðva strax. Ef það er ekki hægt af tæknilegum ástæðum er það krafa að endurvinnslustöðinni í Sellafield verði lokað nú þegar.

[14:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja máls á þessu grafalvarlega umhverfisvandamáli. Reyndar gerði hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir það einnig í þinginu hér á mánudaginn.

Breskir aðilar hafa hreinlega brugðist trausti á alþjóðavettvangi og ég geri þá kröfu til þeirra að Sellafield-stöðinni verði lokað hið allra fyrsta þar sem hér er um afar brýnt hagsmunamál Íslendinga að ræða. Við getum sett okkur í þau spor, eins og fram hefur komið í þessari umræðu, hvað getur gerst hreinlega í lífríki sjávarins við Ísland og eins gagnvart nágrannaríkjum okkar. Þar sem ég tek þátt í Norðurlandasamstarfi þá mun ég gera hvað ég get til þess að vekja máls á þessu alvarlega máli og eins og kom reyndar fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þá held ég að óhætt sé að segja að allur þingheimur sé mjög samstiga í þessu máli. Það eigum við að vera og ég tel reyndar að hæstv. umhvrh., Siv Friðleifsdóttir, hafi brugðist hratt og vel við.

Það kom fram í fréttum fjölmiðla í gær að á fundi umhverfisráðherra Norðurlandaráðs vék hún að þessu máli og það var til mikillar fyrirmyndar. Við eigum að snúa bökum saman. Við vitum líka að hæstv. utanrrh. tekur þetta mál upp í vikunni við stjórnvöld á Bretlandi. Við eigum að gera þá skýlausu kröfu að Sellafield-stöðinni verði lokað hið allra fyrsta.

[14:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svörin sem ég tel þó að hafi verið fullmild og hafa meiningar hennar verið betur yddaðar í annan tíma um önnur mál. Ég brýni hæstv. umhvrh. enn frekar í þessu máli.

Ég vil ítreka spurningu mína sem ég lagði hér fram: Er hæstv. umhvrh. tilbúin að mæta fyrir okkar hönd á fundinn hjá OSPAR-ríkjunum í júní og setja fram þá skýlausu kröfu íslenskra stjórnvalda að Sellafield-stöðinni verði lokað?

A.m.k. verður að hætta losun teknesíum-99 í hafið strax. Þetta er sú krafa sem verður að setja fram og ég óska eftir að hæstv. umhvrh. gefi okkur einhverjar vísbendingar um afstöðu sína, þ.e. hvort hún geti tekið svo djúpt í árinni við yfirvöld því að það er á vettvangi OSPAR-samningsins sem við þurfum að vinna þetta mál.

Herra forseti. Írska ríkisstjórnin hefur formlega sett fram kröfu um að stöðinni verði lokað enda eru Írar næstu nábúar stöðvarinnar. Ég held að íslensk stjórnvöld verði til mikillar fyrirmyndar ef þau eru tilbúin til þess að fylkja sér að baki Írum ásamt því að taka Norðurlandaþjóðirnar með í þessa baráttu og styðja kröfu Íra sem þeir eru búnir að setja fram formlega, að stöðinni verði lokað, því að skýlausa kröfu af því tagi höfum við enn ekki fengið að heyra frá íslenskum stjórnvöldum. Hæstv. umhvrh. sagði áðan að hún væri til í að skoða þann möguleika eða að hún vildi sjá stöðinni lokað. Það hefur hæstv. utanrrh. líka látið í ljósi. En formlega hefur sú krafa ekki verið sett fram.

Herra forseti. Hér þarf að bregðast við á miklu róttækari hátt en gert hefur verið. Íslendingar eiga rétt á því að losun geislavirkra efna í hafið hér rétt suður af verði hætt tafarlaust. Og ef sú krafa verður ekki sett fram og fast við hana haldið þá gætum við þurft að horfa upp á að fótunum yrði kippt undan sjávarútvegi okkar og íslenskum efnahag og hann lagður í rúst í einu vettvangi.

[14:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir afar góðar umræður um þetta stóra mál. Það er rétt sem hér hefur komið fram að þingheimur hefur sameiginlega afstöðu í málinu, telur að hér sé um alvarlegt mál að ræða og óásættanlegt að búa við það að Bretar losi geislamengandi efni í hafið og menn vilja loka stöðinni. Menn eru sammála um þetta. Þetta er stefna stjórnvalda og þeirra þingmanna sem hér hafa talað.

Hér hefur verið sagt: Það er búið að senda sendibréf, símtöl hafa farið fram, sendar áskoranir, tvíhliða viðræður hafa átt sér stað. Það er búið að reyna allt en við náum ekki nógu góðum árangri. Og það er alveg rétt. Hugmynd sem hér kom fram var að senda enn eina áskorunina, þ.e. að láta Norðurlöndin safnast saman með Írum og skora á Breta að loka Sellafield á næstu fimm árum. Enn ein áskorunin og menn spyrja: Verðum við einhverju nær? Það má vel vera og ég vona það. Og mér finnst fyllsta ástæða til að taka þá hugmynd til skoðunar.

Aðalatriðið er að nú eru Bretar skuldbundnir af því að hætta losun árið 2020. Við viljum hins vegar að það verði gert mun fyrr, miklu fyrr og við höfum sett fram skýra kröfu um það. Við höfum þá stefnu að loka helst Sellafield. Við erum andvíg stöðinni. Þetta kemur fram hjá hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum. Hann mun eiga tvíhliða viðræður við bresk stjórnvöld síðar í vikunni. Hvað er hægt að gera meira en það sem við höfum gert? Hæstv. utanrrh. mun sitja augliti til auglitis við bresk stjórnvöld síðar í vikunni og fara fram með þá kröfu okkar að helst verði stöðinni lokað. Við viljum sjá meiri árangur en hingað til hefur sést.

Fjarvinnslustörf í Ólafsfirði.

Fsp. SvanJ, 245. mál. — Þskj. 300.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Eins og kunnugt er af fréttum hefur atvinnuástand í Ólafsfirði verið afar ótraust. Í vor greip um sig mikill geigur meðal íbúanna þegar ljóst var að eitt stærsta fyrirtækið á staðnum mundi líklega hætta starfsemi og það varð því miður niðurstaðan.

Í sjónvarpsþætti hinn 19. október sl. þar sem rætt var um nýútkomna skýrslu Iðntæknistofnunar um möguleika á fjarvinnsluverkefnum varð það Ólafsfirðingum þó nokkur huggun að hæstv. forsrh. sagði Hagstofuna hafa það til skoðunar að flytja hluta af starfsemi sinni til Ólafsfjarðar. Orðrétt sagði hæstv. forsrh.: „Hagstofan er að vinna núna að skoðun á því að ákveðinn hluti af hennar starfsemi fari fram á Ólafsfirði." Jafnframt gat hann um áhugasaman hagstofustjóra sem hefði verið að vinna að þessu og taldi að með sama hætti gætu menn farið að skoða fleiri hluti. Sannarlega tek ég undir það, herra forseti.

Ólafsfirðingum var það líka mikilvægt að fá þannig von um atvinnu fyrir vinnufúsar hendur og framtíðarsýn sem stendur til breikkunar á atvinnugrundvelli þeirra og stærri hlutdeildar í þjónustugeiranum því öllum er ljóst að fiskvinnsla mun ekki bæta við sig mannskap á næstu árum heldur mun tæknin þvert á móti fækka fólki. Já, sannarlega voru vaktar miklar vonir. Íslensk miðlun kom sér upp fyrirhugaðri starfsstöð í Ólafsfirði og allt var gert klárt. En svo leið og beið og í byrjun desember sl. hafði enn ekkert gerst sem handfast var.

Þá lagði ég fram þá fyrirspurn sem hér er nú loks á dagskrá þar sem ég spyr hæstv. forsrh. hvað líði undirbúningi fjarvinnslustarfa á vegum Hagstofu Íslands í Ólafsfirði. Enda nærtækt að spyrja hann þar sem hann vakti svo miklar væntingar með ummælum sínum í nefndum sjónvarpsþætti.

En þó að rúmur tveir og hálfur mánuður sé nú liðinn er málið enn á sama stað gagnvart Ólafsfirðingum. Engin eru störfin né heldur svörin. Í dag eru þar á milli 60 og 70 manns á atvinnuleysisskrá. Ég ítreka því spurningu mína til hæstv. forsrh. sem ég hef lagt fram á þskj. 300:

Hvað líður undirbúningi fjarvinnslustarfa sem talað var um á vegum Hagstofunnar í Ólafsfirði?

[14:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur spurst fyrir um hvað líði undirbúningi fjarvinnslustarfa á vegum Hagstofu Íslands í Ólafsfirði. Svar mitt er þetta:

Bæjarstjórinn í Ólafsfirði hefur lagt til að í því skyni að efla atvinnulíf á staðnum verði komið á fót miðstöð stjórnsýsluskráa í Ólafsfirði að norskri fyrirmynd. Að beiðni minni sem hagstofuráðherra og forsrh. hefur hagstofustjóri kannað þessa tillögu og haft um það samráð við ráðuneytisstjóra dómsmrn., fjmrn., iðnaðar- og viðskrn. enda snertir tillagan öll fjögur ráðuneytin. Helstu niðurstöður þessarar athugunar eru eftirfarandi:

1. Til álita kemur að setja á laggirnar skrifstofu eða fyrirtæki á Ólafsfirði sem yrði miðstöð nokkurra skráa sem sýslumenn færa og upplýsingagjafar úr þeim. Hér er m.a. um að ræða firmaskrár, skrá um lausafjármuni, kaupmála, eignarleigusamninga, gjaldþrot, skiptameðferðir, nauðarsamninga, greiðslustöðvanir og þess háttar. Væri þá gert ráð fyrir að frumskráning væri hjá sýslumönnum en upplýsingamiðstöð héldi utan um kerfið og stýrði aðgangi að og miðlaði upplýsingum úr því.

2. Annað verkefni slíkrar upplýsingamiðstöðvar gæti verið að annast söfnun, varðveislu, skráningu og miðlun upplýsinga úr ársreikningum fyrirtækja samkvæmt lögum um ársreikninga.

3. Eitt helsta verkefni skráningarstofu á Ólafsfirði og hugsanlega fjárhagslegur grundvöllur rekstrarins gæti verið að taka við, halda utan um og miðla á skipulegan hátt því mikla magni upplýsinga sem berst til landsins á rafrænan hátt og snertir viðskiptahagsmuni íslenskra fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu. Hér er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar úr skrá Evrópusambandsins yfir opinber útboð á svæði evrópska efnahagssamningsins sem nú er eingöngu gefin út í rafrænu formi á netinu. Mikil vinna er fyrir einstök fyrirtæki að velja úr þau útboð sem þau telja athyglisverð en með sérsmíðuðum hugbúnaði er hægt að velja úr útboðsflokka og koma áleiðis til áskrifenda þjónustunnar.

4. Á hinn bóginn sýnist, eftir mikla athugun, ekki ráðlegt að beyta núverandi tilhögun félagaskráningar og slíta hana

úr samhengi sínu. Í því sambandi verður að hafa í huga að skammt er síðan núverandi kerfi miðlægrar skráningar félaga var komið á fót í Hagstofu Íslands og var það ekki síst gert af hagkvæmnisástæðum bæði fyrir atvinnulífið og skráningarstarfsemina.

5. Við athugun þessa máls verður að gæta þess að uppsetning á nýjum heildarskrám og upptaka verkefna á vegum stjórnvalda hlýtur að ráðast af mati á þörf fyrir þær skrár og þau verkefni sem og með hliðsjón af kostnaðinum.

Þau verkefni sem hér hafa verið nefnd krefjast öll mikils undirbúnings. M.a. þarf að gera lögfræðilega athugun hvað snertir fyrirmynd skráarverkefna og leggja drög að verk- og fjárhagsáætlun. Þá þarf enn fremur að kanna hvaða rekstrarform geti hentað fyrir þessa starfsemi, m.a. hvort heppilegt sé að starfsemin sé í höndum einkaaðila eða geti eftir atvikum nýtt sér þá sérþekkingu sem verkefnin mundu skapa til frekari markaðssóknar í öflun úrvinnslu og miðlun upplýsinga. Byggðasviði iðn.- og viðskrn. hefur verið falið að kanna þetta mál nánar í samráði við hlutaðeigandi stjórnvöld og í samræmi við það sem að framan hefur verið sagt.

Þetta svar ber með sér að mál þetta hefur fengið mikla og góða athugun og að því hafa komið fjögur ráðuneyti til þess að undirbúa það vel. Við skulum átta okkur á því að ef menn ætla að koma starfsemi af því tagi sem hér er um að ræða fyrir annars staðar en í Reykjavík er afar þýðingarmikið að að því sé unnið skipulega og allir þættir séu grandskoðaðir þannig að menn séu ekki að tjalda til einnar nætur. Ég tel að þessi vinna sem einkum hinir fjórir ráðuneytisstjórar hafa komið að sé í góðum farvegi. Þó að ég vilji ekki tímasetja á þessu augnabliki nákvæmlega hvenær starfsemin geti hafist, þá er vinnan komin vel af stað og ákvörðun af því tagi hefur því verið tekin.

[14:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í svari hæstv. forsrh. kom vissulega fram að þarna gæti verið um mörg áhugaverð verkefni að ræða hvað varðar flutning á störfum með fjarvinnslu til Ólafsfjarðar. En hitt er svo annað mál og það kom líka fram í svarinu að þetta virðist allt í einu allt saman verða svo óskaplega flókið og tímafrekt og erfitt þegar á hólminn er komið. Þegar málin eiga að fara að komast af því stigi að tala um þau og yfir á hitt stigið að framkvæma þau, þá fer allt saman í þennan gír, þá er þetta orðið eins og ítölsku skriðdrekarnir með einn gír áfram og 13 gíra aftur á bak. Það er náttúrlega ekki von að málin gangi vel áfram.

Vissulega þarf að undirbúa svona mál vel og ég er ekki að mæla með því að kastað sé til þess höndunum. En það er eitt sem ekki tekur mjög mikinn tíma og það eru hinar pólitísku ákvarðanir um að þetta verði gert. Menn mundu auðvitað sætta sig við að það taki eftir atvikum mánuði eða jafnvel missiri að hrinda því í framkvæmd en ég lýsi eftir pólitískri ákvörðun m.a. ráðherra Hagstofu Íslands að verkefnin verði flutt og kosti þann tíma sem til þarf.

[14:55]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það er rétt sem hefur komið fram að það getur skipt mjög miklu máli fyrir atvinnulífið á Ólafsfirði að lausn finnist á þessu fjarvinnsluverkefni. Ég held hins vegar að það liggi alveg ljóst fyrir að athuga þarf þessi mál mjög gaumgæfilega þannig að sú starfsemi sem þar verður sett upp styðjist við góðan undirbúning.

Að því er varðar hina pólitísku yfirlýsingu þá liggur fyrir yfirlýsing um það að vinna að því að koma fjarvinnslumálum fyrir úti á landi. Hin pólitíska yfirlýsing hefur verið gefin, það er verið að vinna úr þessu og málið virðist vera í góðum farvegi.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég hafði vænst þess að fá svör sem væru ögn nákvæmari. Nú er ég ekki að vanmeta það sem gert hefur verið og ég vænti þess að sú vinna sem þegar hefur farið fram og hæstv. forsrh. lýsti fyrir okkur áðan sé að hluta til vinna sem getur þá nýst öllum öðrum sem væntanlega eru að huga að sambærilegum flutningi verkefna. En vegna þess hversu fast var kveðið að orði nú þegar á haustdögum, þá hafði ég og vissulega fleiri vænst þess að málið væri komið lengra.

Auðvitað þarf að vanda til vinnunnar en það er svo merkilegt, herra forseti, að þegar kemur að opinberu aðilunum, þá virðast málin vera mun þyngri heldur en þegar einkaaðilar eru að fela fjarvinnslustöðvum út um landið verkefni. Af því hef ég verulegar áhyggjur vegna þess að okkur finnst það oft vera þannig að það sé nánast einstefnuloki í gangi þegar um er að ræða tilflutning verkefna. Þau renna til Reykjavíkur en erfiðara er að ná þeim aftur til baka.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að ítreka frekar á þessari stundu þau efnisatriði sem hér voru sett fram en ég vil þó freista þess að biðja hæstv. forsrh. um að vera ögn nákvæmari hvað varðar tímasetningar, hvort hann geti gefið því fólki sem býður í óvissu örlítið nákvæmari upplýsingar um það hvenær megi vænta þess að störfum fjölgi og atvinnuleysið minnki.

[14:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er vandsvarað ef menn skilja orð manns á tiltekinn hátt, til að mynda þau orð sem fyrirspyrjandi vitnaði í í upphafi að ég hefði sagt, að til athugunar væri að flytja eitthvað af starfsemi Hagstofunnar til Ólafsfjarðar og hv. fyrirspyrjandi segir að ég hafi kveðið fast að orði. Mér finnst sjálfum að þetta sé ekki mjög fast að orði kveðið. Ég hefði þá orðið að segja að til greina kæmi að kanna, skoða og athuga ef ég ætlaði að verða veikari en þetta. Þetta var afskaplega varfærið orðalag af minni hálfu, að til athugunar væri, ég sagði aldrei meira.

Þess vegna vil ég líka gæta mín að nefna ekki einhverjar tímasetningar sem ég gæti hugsanlega ekki staðið við. En það má hins vegar vera að ég hafi ekki talað nógu skýrt áðan um að hin pólitíska afstaða og viljinn til þess að færa slík verkefni liggur þegar fyrir. Það hefur gerst að framsækin fyrirtæki sem hafa farið með starfsemi út á land eða viljað fara með starfsemi sína út á land hafa síðan lent í því að verkefni skortir. Þau eru komin með þjónustuna en verkefni fyrir þau skortir. Ég vil ekki að við byrjum þannig á Ólafsfirði. Ég vil að verkefni séu orðin tæmandi og það sé grundvöllur fyrir langvarandi starfsemi sem gæti undið upp á sig. Þannig vil ég að við vinnum að málinu.

[14:58]

Útbýting þingskjals:

Stöður yfirmanna á íslenskum fiskiskipum, 262. mál, svar samgrh., þskj. 560.

Notkun íslenska skjaldarmerkisins.

Fsp. GHall, 314. mál. — Þskj. 564.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 564 hef ég lagt svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. forsrh. um notkun íslenska skjaldarmerkisins:

„Hefur einstaklingum eða fyrirtækjum verið veitt heimild til notkunar skjaldarmerkis Íslands? Ef svo er, hver veitti leyfið, hvenær og á hvaða forsendum?"

Þess ber að geta að nefnd sem skipuð var á vegum forsrn. til að endurskoða lög um þjóðfána var jafnframt af hálfu hæstv. forsrh. falið að skoða lög um íslenska skjaldarmerkið. Þar segir svo, með leyfi forseta, í 1. gr.:

„Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross á heiðbláum feldi með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra vegu."

Og síðan er talið upp:

„Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir sem getur í Heimskringlu: Griðungur, hægra megin skjaldarins, bergrisi, vinstra megin, gammur, hægra megin, ofan við griðunginn, og dreki, vinstra megin, ofan við bergrisann.

Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu."

Og í lögunum kemur fram að einungis handhöfum ríkisvalds sé heimilt að nota skjaldarmerkið.

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn er komin til út af því að íslenskt fyrirtæki, Thorspring, hefur notað íslenska skjaldarmerkið um nokkurra ára tímabil. Í þessum lögum er allur vafi af tekinn og það var rétt hjá hæstv. forsrh. þegar hann bætti þessum störfum við fánanefndina að eðlilegt væri að skjaldarmerkið væri tekið til athugunar líka vegna þess að nokkuð bar á því að merkinu væri lítil virðing sýnd eða rætt væri um það nánast í einhverjum hjáverkum.

Það var þetta, virðulegi forseti, sem gaf mér tilefni til að varpa fram þessari fyrirspurn: Hvernig má á því standa að íslenskt fyrirtæki notar íslenska ríkisskjaldarmerkið á framleiðsluvöru sína?

[15:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur spurst fyrir um eftirfarandi:

„Hefur einstaklingum eða fyrirtækjum verið veitt heimild til notkunar skjaldarmerkis Íslands? Ef svo er, hver veitti leyfið, hvenær og á hvaða forsendum?"

Herra forseti. Svarið við þessari fyrirspurn er einnig einfalt. Engar slíkar heimildir hafa verið veittar einstaklingum eða fyrirtækjum. Ástæða þessa er sú að skjaldarmerki Íslands er fyrst og fremst auðkenni og tákn íslenska ríkisins eða þess sem falin er handhöfn opinbers valds. Notkun annarra á skjaldarmerkinu væri því ekki til annars fallin en villa um fyrir þeim sem slík notkun beinist að.

Svo merkilegt sem það kann að vera var ríkinu ekki tryggður einkaréttur á þessu merki fyrr en árið 1998. Fyrir því beitti ég mér samhliða því að heimildir til að nýta þjóðfána voru rýmkaðar. Með 10. gr. laga nr. 67 frá 1998 var því bætt við lög nr. 34 frá 1944, um þjóðfána Íslendinga, ákvæði er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skjaldarmerki Íslands er auðkenni stjórnvalda ríkisins. Notkun ríkisskjaldarmerkisins er þeim einum heimil."

Það dæmi sem hv. þm. kallar hins vegar til og vekur athygli á var komið til fyrir þessa lagasetningu og hefur athygli þessa fyrirtækis verið vakin á breyttum högum hvað þetta varðar. En ég hygg að flestir hafi talið fyrir lagasetninguna að íslenska ríkið eitt hefði þennan einkarétt á skjaldarmerki sínu en það einkaleyfi var ekki með lögum tryggt fyrr en 1998 með sama hætti og þá var breytt, m.a. fyrir forgöngu hv. fyrirspyrjanda, lögum er snúa að þjóðfánanum.

[15:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil vegna þessa svars hæstv. forsrh. spyrja hvort það sé þá í heimildarleysi sem hluti af íslenskum hátíðarbúningi karla er með íslenska skjaldarmerkinu en tölurnar á þeim búningi eru með íslenska skjaldarmerkinu á. Þetta er búningur sem karlar eru farnir að bera mjög á hátíðastundum. Ég spyr því hvort það stangist á við lög að tölurnar á þeim búningi beri íslenska skjaldarmerkið, og munu stjórnvöld láta það afskiptalaust?

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Það er ljóst eins og kom fram í svari hans um skjaldarmerkið að lög um það voru sett 1998 og þar af leiðandi er kannski ekki mikið við því að segja eða hvað þá heldur að gera þó að þetta íslenska vatnsútflutningsfyrirtæki hafi notað skjaldarmerkið á framleiðsluvöru sína.

Mér býður hins vegar svo í grun varðandi skjaldarmerkið að einhvers staðar hafi menn þó leitað álits hvort nota mætti, og hvort það var fyrrv. forsrh. sem veitti það leyfi gildir kannski einu, en mér finnst þá þetta svar liggja nokkuð ljóst fyrir og þakka fyrir það.

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hygg að það hafi nú ekki verið fyrirrennari minn sem veitti leyfið en það má vera að því hafi verið svarað á sínum tíma úr ráðuneytinu að engin lög stæðu til þess að banna þá notkun vegna þess að einkaleyfið, eins og ég segi, var ekki lögverndað fyrr en 1998, aðstaðan var því sú.

Varðandi hnappana sem hv. þm. nefndi til sögunnar þá hafa athugasemdir út af því borist ráðuneytinu og ráðuneytið hefur gert lögregluyfirvöldum viðvart um málið því að þetta er mál sem fer að hætti opinberra mála. Við höfum ekki með eftirlitshlutverkið að gera heldur vekjum aðeins athygli lögregluyfirvalda á hvað sé hér á ferðinni.

Notkun þjóðfánans.

Fsp. GHall, 315. mál. — Þskj. 565.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram á þskj. 565 fyrirspurn til forsrh. um notkun þjóðfánans og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hve margir einstaklingar eða fyrirtæki hafa sótt um leyfi til forsætisráðuneytisins um notkun þjóðfánans í vörumerki, á söluvarning eða umbúðir, með tilvísun til 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið eins og henni var breytt með lögum nr. 67/1998?"

Í greinargerð frá nefnd, sem forsrh. skipaði til að endurskoða lög um þjóðfánann, skilaði af sér segir að mælt hafi verið fyrir ályktun Alþingis um endurskoðun fánalaganna með skírskotun til þess að auka þyrfti frjálsræði um notkun fánans með sérstöku tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Ekki geti orkað tvímælis að rétt sé að gera allt sem verða má til eflingar og framdráttar atvinnulífi og efnahag landsmanna en notkun fánans í þessum tilgangi yrði óhjákvæmilega háð því að í engu sé skert þýðing hans sem þjóðfána þar sem tákn og ímynd þjóðarvitundar og fullveldis. Það verði því að hafa í heiðri í verndarákvæðum 12. gr. fánalaganna.

En í athugasemdum um þá grein, eins og lögunum var breytt, segir svo, að þar hafi sérstaklega verið tekið til endurskoðunar ákvæði 4. mgr. 12. gr. laganna þar sem segir að óheimilt sé að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða söluvarning, umbúðir eða í auglýsingu á vörum. Hefur þá meginviðfangsefnið verið fólgið í því að leita leiða til að samræma mætti annars vegar með tilliti til helgi og virðingar við fánann og hins vegar notkun hans til markaðssetningar á vöru og þjónustu.

Niðurstaðan hafi orðið sú að heimila beri þessa tilteknu notkun nema að því er varðar firmamerki.

Í tillögu að reglugerð um málið segir, með leyfi forseta:

„Sérheimild til notkunar fánans. Heimilt er að nota fánann í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða í auglýsingu á vöru eða þjónustu, með leyfi forsrn., enda sé fánanum ekki óvirðing gerð."

Herra forseti. Þessi spurning er af mörgum toga spunnin, líka vegna þess að við höfum orðið vör við það að í þjóðfélaginu virðast menn ekki kunna fánareglurnar og mikils metið og gott fyrirtæki sem gefur út vasabækur hefur ekki gefið upp rétta fánadaga. Og það þykir mér athyglisvert þegar til þess er litið að þeim bókum er dreift meðal allra Íslendinga. Það segir okkur að full ástæða er til að leggja meiri áherslu á upplýsingar um lög og reglur og notkun íslenska þjóðfánans.

Það er þess vegna m.a. sem ég taldi eðlilegt að leggja þessa fyrirspurn fram núna og enn fremur með tilliti til þess að nú hafa reglur verið rýmkaðar verulega og því er þessi spurning lögð fram til hæstv. forsrh.

[15:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur lagt fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Hve margir einstaklingar eða fyrirtæki hafa sótt um leyfi til forsætisráðuneytisins um notkun þjóðfánans í vörumerki, á söluvarning eða umbúðir, með tilvísun til 12. gr. laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið eins og henni var breytt með lögum nr. 67/1998?"

Herra forseti. Svarið við þessari fyrirspurn er út af fyrir sig einfalt: Enginn hefur sótt um leyfi til að nota þjóðfánann eða skírskotun til hans með þessum hætti frá því að verndarákvæði fánalaganna voru sérstaklega rýmkuð í því skyni fyrir tæpum tveimur árum.

Hvort þetta er til vitnis um almennt áhugaleysi framleiðenda á að auðkenna vörur sínar eða þjónustu með þessu upprunatákni skal ég ekki segja. Hitt get ég staðfest að forsrn. hefur ekki sérstaklega auglýst eða ýtt undir að eftir slíkum leyfum yrði leitað. Það kemur m.a. til af því að lagaheimild til að veita slík leyfi er ekki fastmótuð um þau skilyrði sem umsækjandi þarf að fullnægja til að hljóta leyfi. Heimildin er þvert á móti matskennd að því leyti að starfsemi sú sem í hlut á á að vera, eins og þar segir, með leyfi forseta „að gæðum samkvæmt því sem ráðuneytið mælir fyrir með reglugerð".

Eigi stjórnvöld að geta framfylgt slíkum ákvæðum af sæmilegu jafnræði gagnvart umsækjendum þarf að vera hægt að leggja einhvern hlutlægan mælikvarða á þau skilyrði sem umsókn þarf að fullnægja. Gæðahugtakið hefur ekki reynst sérstaklega auðvelt viðfangs í því tilliti því að það skírskotar í eðli sínu til huglægrar viðmiðunar sem er vart tækt að beita í opinberri stjórnsýslu. Huglægt mat er eins og kunnugt er breytilegt frá manni til manns, það sem einum þykir gott eða fagurt getur öðrum þótt miður eða ljótt og yfirleitt þykir hverjum sinn fugl fagur o.s.frv. eins og menn þekkja til.

Í tillögu að reglugerð sem fylgdi frv. og hv. fyrirspyrjandi minntist á var að vísu gerð tilraun til að finna þessum gæðaviðmiðunum hlutlægar stoðir. Þar var gert ráð fyrir að hvers kyns vara eða þjónusta fullnægði lögboðnum gæðakröfum ef umsækjandi lýsti því yfir að rekstur hans, framleiðsla eða þjónusta fylgdi íslenskum stöðlum um gæðastjórnun og stjórnun umhverfisáhrifa. Enda þótt ekki sé vafa undirorpið að staðlar af þessu tagi stuðli að auknum gæðum þeirrar vöru og þjónustu sem framleidd er í samræmi við þá hefur ráðuneytið haft ákveðnar efasemdir um að þær viðmiðanir sem þeir veita komi að tilætluðum notum, bæði vegna þess að álitamál er hvort slíkir staðlar hafi raunverulega áunnið sér tilskilinn sess hér á landi en einkum og sér í lagi vegna þess að þeir gera í sjálfu sér ekki ráð fyrir að eftirlit sé haft með því hvort vara eða þjónusta fullnægi raunverulega þeim kröfum sem staðall setur nema fleira komi til. Yfirlýsing framleiðanda um að einhverjum slíkum staðli sé fylgt veitir því í sjálfu sér enga tryggingu fyrir því að svo sé jafnvel þótt framleiðandi kunni sjálfur að vera í góðri trú um það.

Af þessum sökum hefur dregist að setja þá reglugerð sem lagabreytingin frá 1998 gerir ráð fyrir. Til þess liggja hins vegar að mínum dómi mjög málefnalegar ástæður. Á móti kemur að þeir sem lagabreytingarnar voru líklega helst gerðar vegna, útflutningsatvinnuvegirnir, hafa ekki sýnt þessu auðkenni þann áhuga sem hv. fyrirspyrjandi og ég sjálfur sem hér stend höfðu þó væntingar um.

[15:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það vekur óneitanlega athygli að ekki skuli nein beiðni hafa borist af hálfu framleiðenda um að nýta sér þá rýmkun á reglunum um þjóðfánann sem gerð var með lögunum frá 1998. Ég var ein þeirra sem töldu og telja þetta mjög mikið framfaraspor að breyta lögunum í þá veru að heimila að nota fánann í vörumerki eða söluvarning, umbúðir eða auglýsingu á vöru eða þjónustu.

Það kemur þó óneitanlega upp í hugann hvort ástæðan sé sú að andi laganna eins og þau voru fyrir breytingu, þessi óttablandna virðing fyrir þjóðfánanum sem gerir það að verkum að Íslendingar hafa notað hann í mjög litlum mæli miðað við margar aðrar þjóðir, sé enn þá það sem er efst í hugum Íslendinga og hvort ekki væri verðugt verkefni fyrir forsrn. að fara út í sérstaka kynningu á þeim reglum þannig að sá andi laganna frá 1998 komi fram. Ég held nefnilega að þessi ótti við fánann sé mjög ríkur í þjóðarsálinni. Reglurnar eru það flóknar og þær eru það ítarlegar að fólk veigrar sér í rauninni við að nota fánann á eðlilegan hátt eins og þessi lög í núgildandi mynd þó leyfa.

[15:14]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, fyrir áhugann á þessu máli.

Ég held að ég geti ekki tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að virðing Íslendinga sé það mikil fyrir fánanum að þeir veigri sér við að nota hann í auglýsingaskyni. Mér finnst eins og aðrar þjóðir, við getum tekið Bandaríkjamenn, beri í raun miklu meiri virðingu fyrir sínum fána heldur en nokkurn tíma við fyrir íslenska fánanum, það hefur mér a.m.k. fundist. Danir hafa einnig borið mikla virðingu fyrir sínum fána og nota hann mjög mikið á auglýsingavörum. Ég er ekki viss um að íslenskir útflytjendur geri sér bara almennilega grein fyrir því enn þá að þetta sé heimilt ellegar þá að þeir hafi ekki kannað styrk þess að nota íslenskan fána. En ég er einn af þeim sem telja mjög eðlilegt að auglýsa hann með heimsóknum svo sem ríkisstjórna og ráðherra og forseta íslenska lýðveldisins og í sendinefndum sem eru á vegum þeirra í opinberum heimsóknum.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans svör hér og þátttöku þingmanna í umræðu um þetta mál.

Það leiðir auðvitað hugann að því að í þeirri nefnd sem fjallaði um endurskoðun laganna var fulltrúi Ferðamálaráðs og jafnframt frá Útflutningsráði líka. En sá aðili lét að vísu af störfum um það leyti sem nefndin var að ljúka vinnu sinni. Það kann að vera hluti af skýringunni.

Hitt er annað að ég tók sérstaklega eftir því þegar ég flutti þessa þáltill. hér á þingi að margir alþingismenn vöruðu yfir höfuð við því að hrófla nokkuð við lögum um íslenska þjóðfánann. Það segir kannski til um það hve verndarákvæði fánans voru djúpt meitluð í huga Íslendinga. Það hefur því kannski vantað verulega á að leiða hugann að því sem aðrar þjóðir gera. Ég nefni Dani. Það er ekki langt síðan, það var rétt fyrir jól, að ég kom í verslun til þess að kaupa kerti. Það var merkt með norska fánanum og var norsk framleiðsla. Það kemur mér því mjög á óvart í allri umræðunni um ofverndun fánans hér á árum áður að enginn skuli hafa sýnt því áhuga og leitað til forsrn. til þess að fá heimild til að merkja sína útflutningsvöru. Ég tala nú ekki um ferskan fisk sem sendur er út með flugi.

Þessi umræða er auðvitað fyrst og fremst ætluð til að vekja athygli á málinu, vekja athygli útflytjenda á því hversu lög um fánann hafa verið rýmkuð. Það er rétt, eins og hæstv. forsrh. kom inn á, að auðvitað var nefndinni mjög í mun og átti í erfiðleikum með að koma þessu máli frá sér svo að vel væri vegna þessara miklu andstæðuhópa, annars vegar þeirra sem vildu engu breyta og hinna sem vildu gefa eftir jafnvel í það að frá 1. maí til 1. sept. mætti fáninn vera við hún allan sólarhringinn. Þar voru þessi miklu átök og þess vegna var þessi leið valin. En ég vona að hæstv. forsrh. reynist kleift að gefa út reglugerð svo að allir megi sæmilega vel við una og að hinn íslenski fáni fari víða um heim á góðri framleiðslu Íslendinga.

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við að bæta það sem hv. þm. sagði. Ég tek undir með honum að þetta áhugaleysi á notkun fánans í því skyni sem lögin heimila hefur komið okkur á óvart.

Á hinn bóginn vil ég segja frá því að ég tel það út af fyrir sig ekki í mínum verkahring eða ráðuneytisins að auglýsa sérstaklega eftir notendum að fánanum. Mér finnst það ekki við hæfi. Mér finnst að menn verði að bera sig eftir því í samræmi við lögin en ekki að við séum að auglýsa fánann til notkunar. Mér finnst að þá værum við farin að ganga skrefinu lengra en smekklegt gæti talist.

Ferskt vatn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Fsp. HjÁ, 341. mál. — Þskj. 594.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Svo sem kunnugt er þá er Flugstöð Leifs Eiríkssonar í rauninni samstarfsverkefni Íslendinga og varnarliðsins. Á hernaðartíma eða svokölluðum hættutímum má skilgreina flugstöðina sem hernaðarmannvirki. En að öllu jöfnu er þetta borgaralegt mannvirki þar sem megnið af alþjóðlegum flugsamgöngum Íslendinga fer um.

Vegna þessarar sérstöðu mannvirkisins gilda þar ýmsir ólíkir staðlar, annars vegar íslenskir og hins vegar staðlar varnarliðsins. Einn þeirra staðla sem um bygginguna gilda vegna þess að hún er að hluta til má segja hernaðarmannvirki er að þar skuli neysluvatn klórblandað. Það má segja að í rauninni sé það afleitur kostur og hljómi jafnvel hálfhjákátlega á Íslandi, landi hreinleikans, landi hins ferska lofts og ferska vatns, að í mannvirki þar skuli drykkjarvatn eða neysluvatn vera klórblandað. Þetta er auðvitað afleitt fyrir starfsfólkið og það er kunnugt að margt starfsfólk þarf að taka með sér ferskt vatn að heiman til þess að geta hellt upp á könnuna í vinnunni. En það sem er e.t.v. alvarlegast er að ég tel að þetta skaði ímynd landsins. Um flugstöðina fara hundruð þúsund erlendra ferðamanna. Margir þeirra millilenda aðeins en kynna sér bæklinga í flugvélum um hreinleika Íslands og um hið ferska neysluvatn Íslendinga og veit ég dæmi um vonbrigði þessara sömu ferðamanna þegar hafa ætlað að bragða á hinu hreina og góða vatni Íslendinga í flugstöðinni og fundu þá klórbragð. Þetta á með öðrum orðum, tel ég, herra forseti, ekki við á Íslandi.

Nú háttar svo til að fyrir dyrum stendur að leggja nýja vatnslögn yfir í Sandgerði um Miðnesheiði skammt frá flugstöðinni og ég tel að þar sé ágætt lag að taka örlítinn afleggjara af þeirri meginlögn yfir í flugstöðina en til þess þarf að sjálfsögðu leyfi varnarliðsins. Ég tel að einhver þurfi að taka frumkvæði í þessu máli, þ.e. leiða saman annars vegar Hitaveitu Suðurnesja og varnarliðið. Það er eðlilegt að utanrrn. taki það frumkvæði því að heimild þarf að fást frá varnarliðinu.

Því beini ég þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort hann hyggist taka frumkvæði og beita sér í þessu máli.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Utanrrn. hefur skoðað möguleikann á því að veita fersku vatni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar síðan síðla á síðasta ári. Ástæða þess að klórblandað vatn rennur til flugstöðvarinnar er sú, eins og kom fram í þessari fyrirspurn, að vatninu er dælt þangað frá dælustöð varnarliðsins þar sem klórblöndunin og önnur íblöndun fer fram. Á þeim tíma sem flugstöðin ver reist réð engin önnur vatnsveita við þetta verkefni en vatnsveita varnarliðsins.

Athugun ráðuneytisins nú hefur leitt í ljós að það þarf að leggja lögn milli aðalæðar Vatnsveitu Suðurnesja og aðalæðarinnar að flugstöðinni og reisa nýja dælustöð til að veita fersku vatni í flugstöðina. Ekkert hindrar að svo verði gert annað en það að ljóst er að slík framkvæmd mun kosta umtalsverðar fjárhæðir og það sýna frumathuganir að kostnaður gæti verið á bilinu 20–30 milljónir. Það er hins vegar eindreginn vilji til þess að flugstöðin og reyndar önnur íslensk atvinnustarfsemi á þessu svæði njóti aðgangs að fersku vatni og má þar einnig nefna byggingar Flugleiða og önnur mannvirki sem kunna að rísa á þessu svæði. M.a. af þeim ástæðum og að því er varðar flugstöðina þá leitar nú utanrrn. viðunandi lausnar á þessu máli. En það er ekkert sem hindrar að það verði gert því ástæðan hefur fyrst og fremst verið sú að engin önnur vatnsveita réð við þetta verkefni.

Rétt er að geta þess að á sínum tíma þegar vatnsveitan var reist tók varnarliðið á Keflavíkurflugvelli mikinn þátt í kostnaði við þá mannvirkjagerð. Flugstöðin greiðir vatnsskatt nú til þeirrar vatnsveitu, sem ekki er mjög mikill. Flugstöðin mundi annars greiða vatnsskatt til þeirrar vatnsveitu sem hún fengi vatnið frá. En það er ekkert í samstarfi okkar við varnarliðið sem hindrar að við getum gert slíka samninga við nýjan aðila. Að því stefnum við og erum þegar byrjaðir á.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru að sönnu góðar fréttir að ekkert skuli felast í samningum við Bandaríkjamenn sem hindrar að það megi drekka hreint vatn í flugstöðinni í Keflavík og að það þurfi ekki um aldur og ævi að vera klórblandað. En ég held að þetta dragi nú athyglina að því í raun og veru að mörgu leyti afbrigðilega og óeðlilega ástandi sem ríkir um þetta mannvirki. Nú eru Íslendingar að ráðast í stækkun þess á sinn kostnað og ég leyfi mér að halda því fram að sambúðin við Bandaríkjamenn um þetta mannvirki hafi reynst okkur dýr og verði svo áfram þangað til þau samskipti komast á hreint.

Ég held því að það ætti að nota tækifærið ef farið verður í viðræður við Bandaríkjamenn um hluti eins og vatnsveituna þarna upp eftir og láta á það reyna hvort ekki sé hægt að losa þá út úr þessum samskiptum þannig að síðan megi færa forræði fyrir þessu samgöngumannvirki undir samgrn. eins og önnur samgöngumannvirki og færa þetta þar með inn í samgöngugeirann og taka upp eðlilega stjórnsýslu á þessum stað. Því að þarna ríkir óeðlilegt ástand í raun og það er ekki til framdráttar samgöngu- og ferðamálum okkar að hafa þá tvískiptingu sem þarna hefur viðgengist.

Það væri því fróðlegt að heyra hvort hæstv. utanrrh. er þeirrar skoðunar að á þessu mætti taka.

[15:26]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna því sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. að til skoðunar er að starfsmenn á varnarsvæðunum fái hreint vatn. Þá meina ég ekki klórblandað sem er í sjálfu sér mjög óeðlilegt þegar eitt besta og heilnæmasta vatn sem hægt er að fá sem rennur eftir leiðslunni. Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði að hún var greidd að hluta til af varnarliðinu. Vatnið er tekið við Svartsengi og því er dælt bæði til Reykjanesbæjar og upp á völl. Í dælustöðinni sjálfri eru svo klórblöndunartæki sem blanda eitthvert hlutfall af klór og vatni. Í sjálfu sér er því algjör óþarfi að leggja nýjar leiðslur, hélt ég. Það væri nægjanlegt að taka þetta klórblöndunartæki úr sambandi og þar með er komið ferskt vatn um allan völl.

Hvort það er ekki hægt út af einhverjum öðrum ástæðum þekki ég ekki en í sjálfu sér ætti þetta mál að vera mjög einfalt ef vilji er fyrir hendi af hálfu yfirmanna varnarliðsins.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. svörin og lýsa sérstakri ánægju með þann vilja og frumkvæði sem ráðuneyti hans tekur í þessu máli. En ég tel ástæðu til að taka það fram að ég tel að samskipti um rekstur þessarar ágætu byggingar hafi hvað varðar íslensk stjórnvöld og varnarliðið verið ágæt. Hér er til umræðu einn þáttur sem þó má segja að agnúi sé á og hér hefur komið fram í svari hæstv. ráðherra að unnið er að því að leysa þennan vanda.

En varðandi það hvort Íslendingar eigi að taka almennt við rekstri flugstöðvarinnar og þá flugbrautanna er rétt að draga það fram að af því hlýst verulegur kostnaður. Ætli við séum þá ekki að ræða um svona u.þ.b. einn milljarð kr. sem rynni úr ríkissjóði og á ég þá sérstaklega við rekstur brautanna.

Það er líka vert að draga athyglina að því að mikill vöxtur er í kringum Flugstöð Leifs Eiríkssonar bæði á vegum Flugleiða og annarra fyrirtækja, Suðurflugs og annarra. Farþegafjöldi fer vaxandi. Völuflutningar fara vaxandi. Það virðast vera nýjar byggingar að spretta þar upp og þess vegna er mjög mikilvægt að vatnsmál komist í lag þannig að bæði starfsfólk þar og ekki síður ferðamenn sem þurfa að hafa mjög jákvæða og góða ímynd af landinu fái að njóta þar þess drykkjarvatns sem við erum svo stolt af.

Nú er lag að gera þetta þar sem verið er að leggja nýja vatnslögn yfir í Sandgerði. En e.t.v. er einhver önnur tæknileg leið er betri. Aðalatriðið er að taka frumkvæði í þessu máli. Það hefur komið fram í svari hæstv. utanrrh. að ráðuneyti hans mun gera það og því fagna ég.

[15:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að heppilegast af öllu væri að hætta að blanda klór í þetta vatn. Það er jafnframt blandað flúor í vatnið sem er mjög mikilvægt og er víða gert í heiminum vegna m.a. tannskemmda. En það er allt annað mál. Það er algjör óþarfi að blanda klór í þetta vatn. Ég minnist þess þegar stöð var á Stokksnesi fyrir austan að þá voru menn líka með vatnsveitu og þar var blandað klór í vatnið. En ég veit ekki betur en að menn hafi gleymt því eina nóttina og síðan hafi enginn kvartað undan því en allir verið glaðir.

Ég held að það væri í sjálfu sér besta lausnin á þessu máli að menn gleymdu að setja klór í. En það er ekki undir okkur komið því varnarliðið tók mikinn þátt í þessari vatnsveitu á sínum tíma og greiddi mjög mikinn hluta stofnkostnaðarins þannig að þeir eru að sjálfsögðu í sínum fulla rétti. Ég tel að það mannvirki sé til fyrirmyndar eins og mörg önnur mannvirki sem reist hafa verið í samvinnu Íslendinga sem búa þarna á svæðinu og varnarliðsins. Það á einnig við um ýmis önnur mál sem ég ætla ekki að telja hér upp.

Að því er varðar forræði í flugstöðinni þá er það allt annað mál. Það er fest í varnarsamninginn. Það er mjög mikilvægt að stjórnsýsla á Keflavíkurflugvelli sé á einni hendi. Á það hefur verið lögð áhersla í gegnum tíðina. Hvort svo eigi að

vera um alla framtíð ætla ég ekkert að fullyrða um. Það má setja fram ýmsar skoðanir í þeim efnum. Svona er það og ég get hvorki lofað né gefið nokkur fyrirheit um neinar breytingar þar á á næstunni.

Aðgerðir NATO í Júgóslavíu 1999.

Fsp. SJS, 342. mál. — Þskj. 595.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Fyrr í þessum mánuði sendu mannréttindasamtökin Human Rights Watch frá sér skýrslu um afleiðingar loftárása NATO á Júgóslavíu. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að um 500 óbreyttir borgarar féllu í loftárásunum, að mannfall varð í um 90 tilvikum en bandarísk hermálayfirvöld höfðu haldið fram að manntjón á óbreyttum borgurum hefði aðeins orðið í 20 til 30 tilvikum. Níu sinnum var framið brot á alþjóðalögum og alþjóðlegum mannúðarrétti að mati samtakanna þegar árásir voru gerðar á borgaraleg skotmörk eða skotmörk sem með engum hætti geta talist hernaðarleg eins og hitaveita, útvarpsstöð, brýr sem ekki höfðu hernaðarlegt gildi o.s.frv. Upplýst er að um 150 óbreyttir borgarar hafi fallið fyrir svonefndum klasasprengjum.

Herra forseti. Þessar upplýsingar úr skýrslu samtakanna, auk þeirra deilna sem staðið hafa á alþjóðavettvangi um lögmæti aðgerðanna sem slíkra, að viðbættum þeim upplýsingum og þeim blekkingum í raun og veru sem ljóst er að beitt var í aðdraganda loftárásanna til að afla þeim fylgis og það hvernig vestrænir fjölmiðlar voru mataðir og létu mata sig á röngum upplýsingum, allt þetta og margt fleira kallar á það að alþjóðasamfélagið geri upp við þessa atburði, að reynt verði að grafast fyrir um það hvað gerðist þarna raunverulega og hver ber ábyrgð á hverjum þætti málsins fyrir sig.

Og það er áskorun samtakanna til Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkja þess þar sem farið er fram á ýmsar aðgerðir af hálfu ríkjanna og undir þá áskorun hefur verið tekið af fjölmörgum fleiri aðilum. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh.:

„Hver er afstaða ráðherra til áskorunar mannréttindasamtakanna Human Rights Watch á NATO og aðildarríki bandalagsins þar sem m.a. er farið fram á eftirfarandi:

a. sett verði á fót óháð og alþjóðleg rannsóknanefnd til að rannsaka þau tilfelli þar sem loftárásir NATO hafi brotið í bága við alþjóðlegan mannúðarrétt,

b. gerð verði óhlutdræg og sjálfstæð rannsókn á afleiðingum loftárásanna í níu tilvikum eða fleiri þar sem samtökin telja að um ólögmætar aðgerðir hafi verið að ræða,

c. gerð verði úttekt á því hvernig sálfræðilegur hernaður sem felst í að áreita óbreytta borgara með loftárásum, fari saman við alþjóðlegan mannúðarrétt,

d. upplýst verði um öll þau tilvik þar sem óbreyttir borgarar féllu af völdum loftárása NATO,

e. aflétt verði leynd af öllum skýrslum sem gætu upplýst hvers konar vopn voru notuð í hverri árás um sig?"

Hér er einkum átt við upplýsingar sem snúa að notkun klasasprengja og notkun sprengjuodda með sneyddu úrani.

Þetta eru aðeins, herra forseti, fimm af níu áskorunum samtakanna til stjórnvalda og ég leyfi mér að lýsa eftir afstöðu utanrrh. Íslands í þessu sambandi.

[15:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að rifja upp í þessu sambandi hvers vegna Atlantshafsbandalagið ákvað á sínum tíma að hefja aðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu. Það var í nafni mannúðar og mannréttinda. Og einungis Atlantshagsbandalagið hafði getu til að stöðva hinar skelfilegu þjóðernishreinsanir í Kosovo.

Mér er vel kunnugt um skýrslu Human Rights Watch sem er innlegg í þessa umræðu um hinar skelfilegu afleiðingar af stefnu Milosevic í Kosovo. En ég vil jafnframt vekja athygli á öðrum skýrslum vegna þess að hv. þm. sagði að nauðsynlegt væri að gera þessa atburði upp og þá hljóta menn að líta til annarra átta jafnframt, skýrslur sem hafa hlotið einróma lof fyrir vandvirkni svo sem skýrsla ÖSE þar sem farið er ofan í víðtæk og skipuleg mannréttindabrot júgóslavneskrar lögreglu og hersveita í Kosovo áður en Atlantshafsbandalagið greip í taumana. Hv. fyrirspyrjandi virðist líta fram hjá slíkum skýrslum.

Ég vil líka vekja athygli á því að í efni skýrslu Human Rights Watch er annað efni sem hv. þm. getur einskis um. Það er t.d. ekkert minnst á tillögur samtakanna í máli hans þar sem Atlantshafsbandalagið þótti hafa staðið vel að verki, eins og breytingar á tilhögun loftárása, upplýsingamiðlun um skipulag aðgerða og endurskoðun aðferða við val á sprengjutegundum og skotmörkum.

Varðandi spurningarnar þá vil ég segja að því er snýr að liðum a og b:

Bandalagið hefur reynt að forðast það til hins ýtrasta að stefna lífi og eigum óbreyttra borgara í hættu og fara í einu og öllu að alþjóðlegum mannúðarlögum. Höfundar þessarar skýrslu komast að þeirri niðurstöðu að í meginatriðum hafi bandalagið ekki brotið gegn alþjóðlegum mannúðarlögum. Atlantshafsbandalagið tekur allar ásakanir um brot gegn mannúðarlögum mjög alvarlega. Af þeirri ástæðu hafa fulltrúar þess átt fundi með fulltrúum óháðra félagasamtaka svo sem Amnesty International til að taka við og svara slíkum ásökunum.

Fyrirspyrjandi spyr um afstöðu mína til stofnunar óháðrar alþjóðlegrar rannsóknarnefndar. Ég hef tilhneigingu til að treysta best hinum alþjóðlega stríðsglæpadómstóli sem stofnaður hefur verið í Haag til að fara ofan í málefni Sambandslýðveldisins Júgóslavíu. Dómstóllinn tekur á málefnum einstaklinga sem grunaðir eru um stríðsglæpi af ýmsu tagi. Hann er þegar að vinna í kærum sem honum hafa borist vegna loftárása bandalagsins og mér er kunnugt um að aðalsaksóknarinn, Carla del Ponte, hefur átt í viðræðum við fastaráð bandalagsins og sett fram ákveðnar fyrirspurnir. Enn sem komið er hefur hins vegar ekkert komið fram sem bendir til þess að tilefni sé til ákæru á hendur einstaklingum sem ábyrgð báru á framkvæmd loftárásanna. Stríðsglæpadómstóllinn nýtur virðingar og trausts á alþjóðlegum vettvangi fyrir óhlutdræg og sjálfstæð vinnubrögð og vandséð er að óháðar og alþjóðlegar rannsóknarnefndir, svo notuð séu orð fyrirspyrjanda, geti unnið betra verk.

Mér er líka kunnugt um að á fundi aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hafi verið tekið fram við aðalsaksóknara dómstólsins að þeir litu ekki svo á að bandalagið væri á nokkurn hátt hafið yfir lög og rétt og mundu þeir vinna með dómstólnum í góðri trú.

Að því er varðar lið c þá gætir nokkurs misskilnings hjá fyrirspyrjanda. Sálfræðilegur hernaður felst ekki í því að

gerðar séu loftárásir á óbreytta borgara heldur í útbreiðslu áróðurs og leiðandi upplýsinga til ríkisborgara, þar á meðal hermanna í því ríki sem tekist er á við til að breyta hugarfari og draga úr mótstöðu. Bandalagið rak virka upplýsingastefnu á meðan á aðgerðunum stóð en beitti ekki sálfræðilegum hernaði. Þvert á móti voru fjölmiðlum í hvívetna veittar sem gleggstar upplýsingar meðan á aðgerðunum stóð. Eins og þegar hefur komið fram beindust loftárásirnar sjálfar ekki gegn óbreyttum borgurum heldur mannvirkjum sem þýðingu höfðu fyrir styrjaldarrekstur Serba og herlið Serba.

Að því er varðar lið d þá er því miður ekki hægt að veita slíkar upplýsingar og er ógerlegt að segja til um fjölda fallinna. Engum áreiðanlegum heimildarmönnum var til að dreifa í Kosovo áður en KFOR kom fyrst til sögunnar og enn er ekki hægt að útvega óháðar hlutlægar upplýsingar um mannfall sérstaklega í Serbíu. Þetta sjónarhorn endurspeglast meðal annars í umræddri skýrslu. Vonandi auðveldar hún almenningi að skilja hinar hörmulegu afleiðingar þjóðernishreinsana Milosevic forseta þrátt fyrir að skýrsla ÖSE, sem vitnað var til áðan, veiti enn betri innsýn í það efni.

Herra forseti. Ég mun reyna að svara síðari hluta fsp. í seinni ræðu minni.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin og tek á mig sök í því að hafa lagt fram margar fyrirspurnir þannig að utanrrh. hæstv. er vissulega vorkunn að ná ekki að svara þeim öllum.

Ég held að ef við færum út í upprifjun á því hvers vegna farið var út í þessar loftárásir þá var það sannarlega svo að menn ætluðu að stöðva þann ógeðfellda hildarleik sem í gangi var í Kosovo og stöðva þær þjóðernishreinsanir sem þar voru sagðar í gangi. Á daginn hefur hins vegar komið að þær hófust fyrst fyrir alvöru eftir að loftárásirnar hófust og í skjóli þeirra. Og NATO skipti reyndar um markmið í miðjum loftárásunum. Síðari hluta árásartímans var það markmiðið að gera flóttamönnunum kleift að snúa heim.

Einnig er komið á daginn að þær upplýsingar sem byggt var á og haldið var að fjölmiðlum í aðdraganda þess að loftárásirnar hófust hafa reynst stórlega rangar. Þannig hélt t.d. bandaríski varnarmálaráðherrann því fram að talið væri að allt að eitt hundrað þúsund manns hefðu verið myrtir í ofsóknum Serba í Kosovo nokkrum dögum áður en loftárásirnar hófust. Nú hefur sem betur fer komið í ljós að þarna var um gríðarlegt ofmat að ræða. Sem betur fer er þessi tala kannski nær því að vera 3–4 þúsund. Og það kemur á daginn að ekki er allur munur á hversu margir Serbar og hversu margir Albanar eða Kosovo-Albanar höfðu fallið í átökum frelsishers Kosovo svokallaðs og serbneska hersins í héraðinu vikurnar og mánuðina á undan.

Ég veit ekki hvort stríðsglæpadómstóllinn, jafngóður og hann er og jafngleðilegt og það er að fastadómstóll skuli vera kominn til sögunnar, er endilega rétti aðilinn til að framkvæma rannsóknina sjálfa. Það er ljóst að til dómstólsins geta komið mál ef þau verða þangað send. En það sem samtökin eru að fara fram á er að óháðir aðilar dragi saman upplýsingar og framkvæmi rannsóknina.

Menn telja, herra forseti, að það sé sálfræðilegur hernaður að vera með loftárásir á skotmörk sem fyrst og fremst virðast þjóna þeim tilgangi að valda truflunum á daglegu lífi almennings, óbreyttra borgara, og gera þeim erfiðara um vik og þreyta þá þar af leiðandi þannig en ekki að lama hernaðargetu andstæðingsins.

[15:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætla að vitna í ÖSE-skýrsluna þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að serbneskar hersveitir hafi miskunnarlaust notað óbreytta borgara sem mannlega skildi við hernaðarleg skotmörk og þannig beinlínis stuðlað að því að óbreyttir borgarar týndu lífi. Skýrsla eftirlitsmanna Human Rights Watch flettir á hinn bóginn ágætlega ofan af blekkingum og áróðri serbneskra stjórnvalda sem hafa haldið því fram að fimm þúsund mann hafi fallið í valinn vegna aðgerða bandalagsins.

Að þessu leyti staðfestir skýrslan vitnisburð Atlantshafsbandalagsins sem talið hefur að árásirnar hafi kostað mun færri einstaklinga lífið.

Auðvitað liggur alveg ljóst fyrir að þessar árásir kostuðu marga einstaklinga lífið, því miður, þótt ég hafi ekki upplýsingar um hversu margir þeir hafi verið. Hv. þm. sagði að mun færri hafi verið teknir af lífi af Serbum og nefnir töluna 3–4 þúsund. Ég hef engar staðfestingar um það en ég hef heyrt tölur um að á bilinu 11–13 þúsund manns sé saknað. Talið er að á milli eitt og tvö þúsund Kosovo-Albanar séu enn þá í fangelsum í Serbíu og það er alveg ljóst að miklu meira mannfall hefur orðið Kosvo-megin og þar er um hrein morð og stríðsglæpi að ræða. Ég hafna því að reynt sé að leggja þetta að jöfnu. Ég bið hv. þm. að setja sig betur inn í þá stríðsglæpi sem þarna hafa átt sér stað af hálfu ríkisstjórnar Milosevic því þeir eru upphafið að þessu öllu saman. Það er aðalatriðið. Það er ekki hægt ávallt að vera með ásakanir í garð þeirra sem skökkuðu þennan leik.

Fjármögnunarkerfi sjúkrahúsa.

Fsp. LMR, 269. mál. — Þskj. 367.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Fjármálastjórn og fjármögnun sjúkrahúsanna, ekki síst stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, hefur verið títtnefnd í umræðum hér í vetur. Sú ítarlega umræða er löngu tímabær og hefði mátt eiga sér stað fyrir mörgum árum. Ég hef iðulega í máli mínu minnst á nauðsyn þess að almenna umræðu um heilbrigðismál, faglega og fjárhagslega heildarstefnu, ætti að hafa reglubundið á Alþingi.

Sömuleiðis hef ég kallað eftir að nauðsyn væri að fá gleggra yfirlit yfir tilurð kostnaðar á sjúkrahúsunum. Slíkt er okkur nauðsynlegt til að skilja betur þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum bæði faglega og tæknilega og reyna að meta betur breytingu á afköstum sjúkrahúsanna. Þannig tel ég að á Alþingi væri hægt að fjalla markvissar um fjármögnunina en verið hefur.

Í mörgum löndum hefur um áraraðir verið stuðst við ýmis kerfi sem greina kostnað á bráðasjúkrahúsum, m.a. svokallað DRG-kerfi, allt frá því að greina kostnað við þjónustu hvers sjúklings miðað við sjúkdómsgreiningu og þær aðgerðir og aðra þjónustu sem sjúklingurinn fær. Þau kerfi hafa verið grundvöllur að fjármögnun sjúkrahúsa. Hérlendis hefur lengi farið fram umræða um nauðsyn kostnaðargreiningarkerfa en lítið bólað á þeim. Þó er mér kunnugt um að áhugi hefur verið fyrir hendi og einhver vinna hefur verið í gangi um árabil og hjúkrunarmatskerfi hefur verið notað á hjúkrunarstofnunum.

En ástandið er þeim mun bagalegra þar sem nú stendur fyrir dyrum að sameina stóru sjúkrahúsin í Reykjavík og það án þess að nauðsynleg þekking sé á því hvernig kostnaður þeirra verður til eða hefur orðið til og hver afköstin eru eða þau voru og hver sé kostnaður eða öllu fremur sparnaður þjóðfélagsins af þeim framförum sem orðið hafa á undanförnum árum. Því verður erfitt að bera saman árangur af sameiningu spítalanna.

Þess vegna spyr ég: Er ætlunin að breyta fjármögnunarkerfi sjúkrahúsa, einkum sjúkrahúsanna í Reykjavík, og í hverju verða þær breytingar fólgnar?

Mig langar enn fremur til þess að spyrja ef unnt er að fá svör við því: Hvers konar matskerfi verður stuðst við við ákvörðun fjármögnunar? Hversu langt er vinna við slík kerfi komin innan hvers sjúkrahúss fyrir sig og innan heilbrrn.?

Enn fremur spyr ég, ef ég má ganga svo langt: Hvernig telur hæstv. heilbrrh. að unnt verði að meta árangur af sameiningu sjúkrahúsanna með hliðsjón af hugsanlega nýju fjármögnunarkerfi?

[15:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þessi fyrirspurn hefur legið mjög lengi margra hluta vegna.

Í fyrsta lagi vil ég segja að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að innan heilbrigðisþjónustunnar verði skilið á milli hlutverks ríkisins sem kaupanda þjónustu annars vegar og veitanda hennar hins vegar í því skyni að auka ráðdeild. Heilbr.- og trmrh. kynnti í minnisblaði til ríkisstjórnarinnar 18. desember 1995 slíkar hugmyndir. Í framhaldi af því var lögð fram tillaga um lagabreytingar í tengslum við fjárlagaafgreiðslu vegna ársins 1996, eins og hv. þingmenn muna kannski, þar sem lagt var til að samstarfsráð sjúkrahúsanna í Reykjavík og framkvæmdastjórnir sjúkrahúsanna fengju það hlutverk að koma á fót vísi að slíkum aðskilnaði kaupanda og seljanda hvað varðar Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítala.

Þessar breytingar náðu ekki fram að ganga. Frá þessum tíma hafa forsendur breyst verulega með tilkomu sameiginlegs forstjóra fyrir bæði stóru sjúkrahúsin í Reykjavík.

Hvað varðar kaup og sölu á heilbrigðisþjónustu hafa á undanförnum árum átt sér stað miklar umræður. Eitt af því sem talið er mikilvægast er að tryggja að kaupandi þjónustunnar hafi svipaða og helst jafna þekkingu á þeirri þjónustu sem hann kaupir og veitandinn. Í fræðiritum er stundum talað um vanda hins óupplýsta þriðja aðila í þessu sambandi.

Þessu hefur verið mætt með ýmsum hætti. Einna athyglisverðust er sú aðgerð sem Bretar beita og hafa þróað í rúman áratug. Þar eru peningar veittir til heilsugæsluumdæma eftir íbúafjölda, aldurssamsetningu íbúa og fleiri atriði eru tekin þar inn í. Umdæmin kaupa síðan alla þjónustu fyrir íbúa viðkomandi svæðis. Á Norðurlöndum hafa einnig farið fram margs konar tilraunir á þessu sviði undanfarin ár.

Árangur þessara tilrauna hefur verið mismunandi. Flestir sem hafa reynslu af slíkum athugunum virðast þó sammála um að hér sé um að ræða leið sem skynsamlegt sé að kanna og geti, ef vel tekst til, skilað umtalsverðum árangri.

Hér á landi hefur þetta fyrirkomulag með heilsugæslu sem kaupanda ítrekað verið rætt, m.a. í tengslum við uppbyggingu og sameiningu heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni sem þá fengju fjárveitingar til að kaupa heilbrigðisþjónustu, m.a. af stóru sjúkrahúsunum. Eins og fyrr er getið koma fleiri leiðir til greina og full ástæða er til þess að kanna slíka möguleika til hlítar.

Til þess að kaup heilbrigðisþjónustunnar geri hana mögulega þarf að skilgreina þá þjónustu sem veitt er með einföldum mælingum og hugtökum. Heilbr. og trmrn. hefur þegar hafið notkun á svokölluðu RAI-kerfi sem stendur fyrir raunverulegan aðbúnað íbúa. Þetta er mælikerfi fyrir hjúkrunarstofnanir. Notkun þess kerfis var ein af forsendum þess að hægt var að bjóða út rekstur hjúkrunarheimilis. Þá hefur verið fylgst með þróun erlendis á mælikerfum fyrir bráðastofnanir samkvæmt DRG-kerfi sem hv. þm. minntist hér á og hefur ráðuneytið tekið þátt í norrænu samstarfi þar um.

Til að stuðla að jafnri skiptingu og betri nýtingu fjármuna hefur heilbr.- og trmrn. ákveðið að láta smíða reiknilíkön fyrir rekstur heilbrigðisstofnana.

Markmiðið með smíði reiknilíkana er að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til reksturs og þjónustu, þjóna heilbrrn. sem hjálpartæki við að skipta fjárveitingu skipulega milli stofnana á grundvelli samræmdra forsendna og í samræmi við áherslur um þjónustustig. Einingakostnaður stofnana verði samræmdur frá því sem nú er að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna og metið verður hvernig takmarkaðar heildarfjárveitingar nýtast best. Stefnt er að því að unnt verði að nýta reiknilíkön að einhverju leyti við fjárlagagerð árið 2001.

Nú er ljósið farið að blikka á mig. En það er hægt að ræða um þetta miklu nánar. Mig langar að segja frá því svona í blárestina að núna á stóru sjúkrahúsunum er einmitt að verið er að stuðla að nútímalegra formi hvað varðar kaup og sölu á þjónustu. En til þess að svo megi verða þá þarf kostnaðargreiningin að vera ljós. Menn eru búnir að vinna að henni undanfarin þrjú ár og eru nú loksins komnir langt með þá greiningu.

[15:54]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að varpa fram þessari fyrirspurn sem er mjög viðeigandi einmitt þessa dagana. Hér er spurt um afar mikilvægt mál sem mikill áhugi er fyrir hjá stjórnendum sjúkrahúsanna í Reykjavík, einnig hjá heilbrigðisstéttum eins og ályktanir stjórna sjúkrahúsanna í Reykjavík bera með sér og ýmsar skýrslur, m.a. frá hjúkrunarfræðingum og læknum á undanförnum mánuðum bera vitni.

Hugmyndin er að í stað þess að starfsemi sjúkrahúsanna verði fjármögnuð með föstum fjárframlögum eins og nú tíðkast þá verði fjármögnuninni skipt í þrjá þætti, fastar, breytilegar og árangursbundnar fjárveitingar. Ég vil vekja athygli á því að Ísland er eina landið í hinum vestræna heimi sem fjármagnar rekstur sjúkrahúsanna enn þá með föstum fjárlögum. Og með þessum breytingum í fjármögnun sem ég vonast til að verði að veruleika verður kostnaður við starfsemina ljós og fjármögnunin tekur mið af þjónustunni. Að því gefnu að samkomulag og sátt ríki milli aðila má gera ráð fyrir því að sá endalausi ágreiningur um kostnað við rekstur heilbrigðisþjónustunnar verði úr sögunni með nýju fjármögnunarkerfi.

[15:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Þetta er tímabær umræða sem hún vekur hér og í raun umræða sem við þyrftum að taka hérna, sérstaklega í ljósi þess hvað fram undan

er í málefnum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það er mikilvægt að ríkið sem kaupandi þjónustu viti hvað hún kostar.

Auðvitað veit ég að heilmikil vinna hefur farið fram hjá sjúkrahúsunum við að meta kostnað við læknisverk, þ.e. hvað þau kosta, hvað aðgerð kostar og hvað þjónusta kostar. En ég hef ákveðnar efasemdir um að þessi umræða og vinna sé komin nógu langt til þess að menn verði færir um að meta kosti og galla sameiningar sjúkrahúsanna. Þó er ég ekki viss um það og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við förum í þessa umræðu og að þingmenn taki hana áður en lengra verður gengið í sameiningaráformunum um sjúkrahúsin.

Ég tek því undir orð hæstv. ráðherra um að þessa umræðu þurfi að taka og vonast til þess að það verði gert fljótlega í þinginu.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. heilbrrh. kærlega fyrir svörin. Spurning mín til hæstv. heilbrrh. beindist fyrst og fremst að fjármögnun stóru bráðasjúkrahúsanna í Reykjavík en ekki hjúkrunarstofnana eða annarrar heilbrigðisþjónustu, sem ég kem vonandi einhvern tíma seinna að.

Ég fagna því að verið er að vinna að ýmsum atriðum og reiknilíkönum sem hafa munu áhrif á fjármögnun allrar heilbrigðisþjónustu í landinu. Það breytir þó ekki því að eftir öll þau mörgu ár sem við höfum rætt um nauðsyn þess að koma á kostnaðargreiningu og þeim undirbúningi sem verið hefur á undanförnum þremur árum þá er þó enn svo skammt á veg komið að einungis er í undirbúningi að gera tilraun með DRG-kerfið í náinni framtíð.

Því miður er ekki unnt að nota nægilega góða mælikvarða á þá þjónustu bráðasjúkrahúsanna sem veitt er nú í dag og það gerir okkur þeim mun erfiðara, eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nefndi hér áðan, að bera saman og meta árangur af fyrirhugaðri sameiningu spítalanna.

En ég vil þakka bæði hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og hv. þm. Ástu Möller fyrir þeirra innlegg í þessa fyrirspurn og þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svarið. Ég vona að okkur gangi vel að vinna þessa vinnu í framtíðinni.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þetta er umræða sem er og verður alltaf í gangi því það er alveg sama hvaða kerfi við setjum á, við þurfum sífellt að hafa það í endurskoðun. Við sjáum dæmi frá Norðurlöndunum, dæmi frá Bandaríkjunum og dæmi frá Bretlandi um mismunandi kerfi og þeir eru sífellt með sín kerfi í endurskoðun. Og það er ekkert sjálfgefið að það verði miklu meiri lukka innan sjúkrahússkerfisins þó að þessi breyting eigi sér stað.

Ég vil minna á að strax 1995 benti ég á mikilvægi þess að breyta því kerfi sem við höfum í dag. En þá vantaði þetta kostnaðarmat sem ég minntist á áðan. Það er alveg nauðsynlegt að vita hvað hlutirnir kosta til þess að koma breyttu kerfi á. Það hefur hins vegar tekið töluverðan tíma en er núna komið mjög vel áleiðis og sú vinna sem er unnin t.d. í dag á stóru sjúkrahúsunum er náttúrlega grundvöllurinn fyrir því að við getum breytt þessu kerfi.

Ég á von á því að árið 2001 getum við notað nýtt kerfi við fjárlagagerðina og það er auðvitað mjög spennandi verkefni sem bíður okkar þar. En ég segi að við hefðum ekki getað gert þetta nema af því að við erum komin svona langt varðandi sameiningu spítalanna og það hefur einmitt opnað þessa leið fyrir okkur til að ljúka þessu verki.

Rekstur nýs hjúkrunarheimilis við Sóltún.

Fsp. ÞBack, 345. mál. — Þskj. 598.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Þau nýmæli hafa verið tekin upp hjá heilbrrn. að bjóða út byggingu og rekstur hjúkrunarheimilis. Þessi nýmæli eru í anda þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að koma sem mestu af opinberri þjónustu í hendur einkaaðila. Sjómannadagsráð á og hefur rekið Hrafnistuheimilin til margra ára, á daggjöldum sem hafa átt að standa undir rekstri en ekki skilað neinum arði eða gróða til eigendanna. Fyrir ári síðan, þegar auglýst var eftir aðilum sem taka vildu þátt í forvali vegna útboðs á byggingu og rekstri 60 rúma hjúkrunarheimilis í Reykjavík, lýstu Hrafnistumenn yfir vilja til þátttöku í þessum nýja rekstri enda hafði staðið til að fara út í byggingu 60 rúma hjúkrunarálmu á lóð Hrafnistu í Laugarási til að auka þjónustuna og ná fram betri nýtingu á þeim stoðdeildum sem fyrir eru, t.d. eldhúsi, þvottahúsi, sjúkraþjálfun, auk þess að nýta það starfsfólk sem fyrir var í stjórnunarstörfum.

Þessi hagkvæmi rekstur kom ekki til greina því að keppa þurfti á jafnréttisgrundvelli og hafa allan rekstur nýs hjúkrunarheimilis afmarkaðan við rekstur þessarar 60 rúma hjúkrunardeildar. Því gengu Hrafnistumenn frá útboðinu. Miðað við daggjöld undanfarinna ára þótti þeim ekki vera rekstrargrundvöllur fyrir sérrekstri á nýju hjúkrunarheimili.

En jafnræðisreglan er ekki alls staðar fyrir hendi og nú hefur verið samið við Securitas/Verkafl um að byggja og reka hjúkrunarheimili við Sóltún á mun hærri daggjöldum en Hrafnistu er ætlað til að reka sína þjónustu. Daggjöld Hrafnistu eru nú um 8.440 kr. á sólarhring og eiga eingöngu að standa undir rekstri. Daggjöld til Securitas verða, miðað við vísitölu frá því ágúst 1990, 11.880 kr. vegna rekstrar og 2.420 kr. vegna húsnæðis eða 14.300 kr. samtals. Það eru um 67% hærri daggjöld hvern legudag. Því ber ég fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

Hvers vegna var tilboði Securitas/Verkafls um að reisa og reka nýtt hjúkrunarheimili við Sóltún tekið í ljósi staðhæfinga um að aðrir hagkvæmari kostir kunni að hafa verið í boði?

[16:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðuleg forseti. Hv. þm. Þuríður Backman spyr hvers vegna tilboði Securitas/Verkafls um að reisa og reka nýtt hjúkrunarheimili við Sóltún var tekið í ljósi staðhæfinga um að aðrir hagkvæmari kostir kunni að hafa verið í boði.

Tvö tilboð bárust í útboð heilbr.- og trmrn. í byggingu og rekstur hjúkrunarheimilis í Reykjavík. Báðum tilboðum var hafnað þar sem þau voru hærri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Í framhaldi af því var gengið til samninga við Securitas hf. og Verkafl hf. á grundvelli þess að tilboð þeirra í áðurnefndu útboði hlaut hærri einkunn hvað varðar húsnæði, þjónustu og verð.

Hið nýja hjúkrunarheimili mun rísa við Sóltún í Reykjavík og þar verða 90 hjúkrunarrými. Hjúkrunarheimilið við Sóltún mun verða frábrugðið þeim heimilum sem eru í rekstri í dag hvað varðar umönnunarþyngd og inntöku vistmanna.

Heimilinu verður ætlað að bjóða upp á þjónustu fyrir þann hóp aldraðra sem þarfnast mestrar umönnunar án þess þó að þeir þarfnist sjúkrahússvistar. Við hönnun heimilisins er litið til framtíðar hvað varðar uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu fyrir þá einstaklinga sem mesta þörf hafa á umönnun. Jafnframt er um hagkvæma lausn að ræða fyrir ríkisvaldið. Kröfur um inntöku eru meiri en á öðrum hjúkrunarheimilum. Gert er ráð fyrir að þeir einstaklingar sem verða á hjúkrunarheimilinu þurfi á meiri umönnun að halda en á öðrum hjúkrunarheimilum. Því eru kröfur um starfsmannafjölda meiri í Sóltúni en á öðrum heimilum.

Mikill metnaður er sýndur frá hendi bjóðenda í húsnæði og þjónustu á nýju hjúkrunarheimili. Fyrirtækið hefur hópi ráðgjafa á að skipa með mikla reynslu í starfsemi hjúkrunarheimila. Áhersla er lögð á að heimilið takið við þeim sem hafa mesta þörf fyrir umönnun. Því verður heimilið byggt sérstaklega til að taka við öldruðu fólki af sjúkrahúsunum en þörfin fyrir þann hóp er orðin mjög brýn.

Virðulegi forseti. Staðhæfingar um að aðrir hagkvæmari kostir kunni að hafa verið í boði eiga ekki við. Í nýja hjúkrunarheimilinu sem rísa mun við Sóltún í Reykjavík verða einstaklingar með meiri umönnunarþörf. Því eru meiri kröfur gerðar til húsnæðis og þjónustu en á öðrum hjúkrunarheimilum. Mestu skiptir að virkt eftirlit verður haft með þeirri þjónustu sem veitt er til að tryggja að vistmenn fái ávallt bestu þjónustu sem unnt er að veita.

Virðulegi forseti. Hér er ég ekki að segja að ýmsir aðrir hefðu ekki getað tekið þessa þjónustu að sér en það voru aðeins tveir sem buðu í hana. (**Gripið fram í:** Hverjir?) Það voru aðeins tveir sem buðu í þessa þjónustu og það hefur legið fyrir lengi. Við höfnuðum báðum tilboðunum vegna þess að við töldum þau ekki hagkvæm en skoðuðum síðan lægra tilboðið og gengum til samninga við þá sem það áttu. Til að skýra út nákvæmlega hvað við erum að tala um, af því að við vorum að tala um þennan RAI-stuðul áðan, þá verður sá stuðull á þessu heimili á bilinu 1,05–1,20 sem er auðvitað sá hæsti. Ég vil hins vegar taka það fram sérstaklega að við erum auðvitað að fara út í töluverða nýjung með þessu útboði en ég held að hún sé holl fyrir okkur. Við erum ekki að segja að einhverjir aðrir hefðu ekki getað tekið þetta að sér. En við buðum þetta út og erum búin að ganga frá þessu máli. Ég held að það hljóti að vera tilhlökkunarefni fyrir menn að sjá þetta heimili rísa og fá hér 90 ný hjúkrunarrúm fyrir þá einstaklinga sem sannarlega hafa þörf fyrir þau.

[16:07]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hvernig hv. heilbrrh. lagði þetta mál upp. Þegar það tilboð sem hér er verið að ræða um er skoðað grannt má sjá að Hrafnistu var í fyrsta lagi ekki gert kleift að taka þátt í útboðinu vegna þess að talið var að við værum ekki á sama plani og fyrirtæki á hinum frjálsa vinnumarkaði. Við máttum t.d. ekki nota hagkvæmnisrekstur stóreldhúss.

Í annan stað, varðandi daggjöld, var horfið frá því að taka tilboðunum frá þessum tveimur aðilum yfir í það sem gengið er frá núna í samningum. Ráðherra hafði orð á því í blaðaviðtali að þetta væru allt of dýr tilboð. En hvað gerist? Þarna var 60 rúma hjúkrunarálma. Hún er stækkuð upp í 90 rúm sem þýðir hagkvæmari rekstur og daggjaldamunur er 300 kr. á dag. Þar með er verið að tala um nákvæmlega sömu upphæð og þegar ráðuneytið hafnaði 60 rúma hjúkrunarálmunni. Í staðinn er samið um 90 rúma hjúkrunarálmu, bætt við 30 rúmum, og (Forseti hringir.) lækkað um 300 kr. 30 rúmum er bætt við þannig að þarna verða alls 90 rúm. Hér eru bara margar staðreyndir ekki sannar sem fullyrt er af hæstv. ráðherra. (Forseti hringir.) Það væri vissulega full ástæða til að fara alvarlega ofan í saumana á þessu máli, sérstaklega vegna þess að ábyggilega munu koma upp (Forseti hringir.) margar og miklar kröfur frá öðrum hjúkrunarheimilum sem hafa í gegnum árin tekið við öldruðum (Forseti hringir.) sjúklingum af spítölunum.

[16:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vissulega er ánægjuefni að hér skuli eiga að koma upp 90 rúma hjúkrunarheimili fyrir sjúklinga sem þarfnast mikillar umönnunar. Ég verð þó að segja að mér finnst eitthvað bogið við vinnubrögð hæstv. ráðherra í þessum málum. Við höfum góða reynslu af Hrafnistuheimilunum. Þau hafa sýnt það með mikilli vinnu fyrir aldraða og þá sem þurfa umönnun að þau eru starfinu vaxin.

Ég veit ekki til hvaða reynslu hæstv. ráðherra var að vísa með Securitas. Ég kannast ekki við það að þeir hafi mikla reynslu í þessu. Þess vegna hef ég ákveðnar efasemdir um að þarna hafi verið farin rétt leið. Þarna hefði auðvitað átt að veita Hrafnistu sömu aðkomu og öðrum. Ég efast ekki um að þeir hefðu staðið jafnfætis Securitas eða a.m.k. ekki síður. Það er vissulega full ástæða til að ræða þetta mál og ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að koma með þessa umræðu inn í þingið.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég vil þakka svör ráðherra. Í þeim svörum kemur fram að þetta eru 90 rúma hjúkrunarheimili, að þarna verði sjúklingar sem þarfnist meiri umönnunar en gert var ráð fyrir í upphafi og það eigi að skýra þennan mun á daggjöldum. En það skýrir ekki að ekki var hægt að fara þá leið að nýta hagkvæmni í uppbyggingu hjúkrunarheimilis á Hrafnistu.

Með því að bjóða út rekstur og byggingu á almennum markaði mátti vera ljóst að einkafyrirtæki sem tækju þátt í slíku útboði mundu krefjast a.m.k. 10–12% arðsemi fjárfestingarinnar. Menn eru ekki í bisness af hugsjónum. Nú þegar heilbrrh. hefur tekið stefnu á útboðsleiðina við byggingu nýrra hjúkrunarheimila þá vaknar spurning um hvort það sé ekki siðferðileg skylda ráðuneytisins að tryggja öðrum hjúkrunarheimilum a.m.k. jafnvægi í rekstri þegar litið er til þess að rekstur nýja heimilisins kostar allt að 67% meira á legudag en hjá þeim hjúkrunarheimilum sem fyrir eru og mörg þeirra hafa mjög þunga sjúklinga. Eða eiga önnur hjúkrunarheimili að halda áfram að berjast í bökkum og taka því lengur að viðvarandi taprekstur gangi jafnvel á eigið fé þeirra? Eins mætti minna á vanda hjúkrunarheimila úti á landsbyggðinni sem þurfa auk þess að standa undir kostnaði við sjúkraflutninga um langan veg.

[16:12]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Auðvitað hafa mörg hjúkrunarheimili mjög þunga sjúklinga. Þarna erum við að tala um sjúklinga sem eru alveg á mörkum þess að þurfa að vera á sjúkrahúsi.

En mig langar að segja við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson að ég kann því illa þegar hann segir hér úr ræðustól að ég bókstaflega skrökvi. En það sagði hv. þm. hér áðan. Þá var hann að tala um útboðsmálin. Ég man ekki betur — og nú ætla ég ekki að segja meira en svo — en ég hafi

fengið bréf frá hv. þm., undirritað af honum, þar sem hann taldi að þetta væru eðlilegar kröfulýsingar varðandi útboðið. Hann leiðréttir mig ef það er ekki rétt. Mér finnst það því einkennilegt ef að hann hefur algjörlega skipt um skoðun hvað þetta mál varðar.

Auðvitað er eðlilegt, þegar farið er út í nýjungar eins og þær sem við erum núna að prófa, að skiptar skoðanir séu um þær. En ég tel að eðlilega hafi verið staðið að þessu máli, eðlilega gengið frá því á allan hátt og að við séum með þessu að bæta þjónustu við aldraða hratt og örugglega.

Ég endurtek að mér finnst leitt ef ég er vænd um að hafa skrökvað þar sem ég tel mig hafa bréf, undirritað af hv. þm., um þetta efni.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 8. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[16:13]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er einhver misskilningur hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að ég hafi vænt hana um ósannsögli. Ég sagði aðeins það sem satt er. Í fyrsta lagi að þegar útboðið kom frá þeim, sem ætlar að byggja 90 rúma hjúkrunarálmu í Sóltúni, þá var miðað við 60 rúma hjúkrunarálmu. Þá var tilboð þessara aðila upp á 14.700 kr. tæpar ef ég man rétt. Þar munar ekki mörgum krónum. Ég sagði hins vegar að hæstv. heilbrrh. hafi látið hafa það eftir sér í viðtali að tilboðið væri óaðgengilegt vegna þess að það mundi kosta ríkið mikla fjármuni með tilliti til annarra hjúkrunarheimila sem eru að fá 8.000 kr. á dag. En að hverju er svo gengið? Það er gengið til samninga við þennan viðkomandi aðila upp á 14.300 kr. Hvað hafði þá gerst? Þá hafði rúmum verið fjölgað á þessu hjúkrunarheimili, úr 60 í 90. Samkvæmt því, vegna hagkvæmni rekstrarins eða rekstrareiningarinnar úr 60 rúmum í 90 rúm, erum við nánast að tala um sömu tölur.

Það er líka athyglisvert að heyra hæstv. ráðherra segja að hér sé sérstakt hjúkrunarheimili fyrir aldraða því að það ætli að taka þá öldruðu sem hafa legið á spítölum svo og svo lengi og eru sérstaklega þungir samkvæmt RAI-mælingum. Ég bendi á að Grund hefur t.d. tekið núna á síðasta ári, þ.e. á árinu 1999, a.m.k. 60 aðila frá spítölunum. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hv. þm. fékk orðið til að bera af sér sakir en nú þykir forseta hann vera kominn örlítið út fyrir efnið.)

Virðulegi forseti. Ég sný mér þá aftur að þeim sökum sem ég er borinn, þ.e. að ég hafi borið hæstv. heilbrrh. ósannsögli á brýn. Ég mótmæli því harðlega. Ég mótmæli því og tel mig ekki hafa gert það í ljósi þessara tölulegu staðreynda sem ég nefndi.

[16:15]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. heilbrrh. hefur talað tvisvar en fær að gera örstutta athugasemd.

[16:15]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég átti nú ekki von á ræðu. En hv. þm. sagði að margar fullyrðingar mínar væru ekki sannar.

Út af dagskrá voru tekin 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:16.

71. FUNDUR

fimmtudaginn 24. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Reglur um sölu áfengis, þáltill., 149. mál, þskj. 170. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, þáltill., 174. mál, þskj. 201. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Réttarstaða örorku- og ellilífeyrisþega, þáltill., 259. mál, þskj. 329. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Aukin fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli, þáltill., 358. mál, þskj. 612. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330. — 1. umr.
6. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 385. mál, þskj. 643. — 1. umr.
7. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 386. mál, þskj. 644. — 1. umr.
8. Stjórn fiskveiða, frv., 144. mál, þskj. 165. — Frh. 1. umr.
9. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.
10. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 193. mál, þskj. 225. — 1. umr.
11. Hjúskaparlög, frv., 255. mál, þskj. 321. — 1. umr.
12. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frv., 287. mál, þskj. 448. — 1. umr.
13. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
14. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 312. mál, þskj. 562. — Fyrri umr.
15. Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, þáltill., 320. mál, þskj. 570. — Frh. fyrri umr.
16. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 338. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.
17. Barnalög, frv., 339. mál, þskj. 592. — 1. umr.
18. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 352. mál, þskj. 605. — Fyrri umr.
19. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frv., 357. mál, þskj. 610. — 1. umr.
20. Smásala á tóbaki, þáltill., 368. mál, þskj. 624. — Fyrri umr.
21. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 377. mál, þskj. 633. — Fyrri umr.
22. Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, þáltill., 378. mál, þskj. 635. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Páll Pétursson félmrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Ögmundur Jónasson, 13. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Varamenn taka þingsæti.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa tvö bréf. Hið fyrra er dagsett 24. febrúar 2000 og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson, framkvæmdastjóri Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Hið síðara er dagsett 23. febrúar 2000. Það hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Sigríður Ingvarsdóttir umboðsmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v."

Kjörbréf Sigríðar Ingvarsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt, en þar sem hún hefur eigi tekið sæti á Alþingi fyrr ber henni að undirrita drengskaparheit.

Sigríður Ingvarsdóttir, 1. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Sigríður Ingvarsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Flutningur fjarvinnsluverkefna og starfa út á land, 394. mál, fsp. KLM, þskj. 652.

Hlutföll kynja í stjórnum, nefndum og ráðum, 393. mál, fsp. HErl, þskj. 651.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan 13.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um atvinnuleysi á landsbyggðinni. Málshefjandi er hv. þm. Karl V. Matthíasson en hæstv. landbrh., Guðni Ágústsson, verður til andsvara.

Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslur verða síðdegis. Um þær verður tilkynnt nánar síðar.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). — Þskj. 330.

[10:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Með því frv. sem hér er mælt fyrir eru lagðar til ýmsar mikilvægar breytingar á lögunum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Helsta breytingin er sú að lagt er til að heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga verði rýmkaðar frá því sem nú er. Samhliða því er lagt til að auknar kröfur verði gerðar til starfsemi lífeyrissjóða, einkum hvað varðar mótun og gerð fjárfestingarstefnu, eftirlit með henni og upplýsingagjöf, ráðgjöf til sjóðfélaga og hæfi framkvæmdastjóra.

Markmiðið með frv. er hins vegar ekki að breyta í neinu í grundvallaratriðum lögum um starfsemi lífeyrissjóða sem tóku gildi 1. júlí 1998, heldur eingöngu að skapa aukið frjálsræði og sveigjanleika fyrir sjóðina að því er varðar ávöxtun þeirra án þess að öryggi sjóðfélaga sé fórnað.

Tilefni þeirra breytinga sem lagðar eru til eru m.a. ábendingar forsvarsmanna fjölmargra lífeyrissjóða, samtaka þeirra og annarra aðila á fjármagnsmarkaði um að nauðsynlegt væri að taka reglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna til endurskoðunar og rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga. Í því sambandi hefur verið bent á að í ljósi örrar þróunar á innlendum fjármagnsmarkaði og með tilliti til aukinna möguleika á fjárfestingu erlendis hefti núverandi fjárfestingarreglur lífeyrissjóðina í að ávaxta fjármuni sína á sem hagkvæmastan hátt.

Gildandi reglur um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða er að finna í 36. gr. lífeyrissjóðalaganna. Markmið þessara reglna er að stuðla að því að fé lífeyrissjóða sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Meginrökin fyrir því að kveða á um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í lögum í stað þess að fela forsvarsmönnum lífeyrissjóða sjálfdæmi um fjárfestingar sjóðanna eru þau að um skyldubundinn lífeyrissparnað er að ræða sem ætlað er að tryggja mikilsverð réttindi einstaklinga. Sjóðfélögum er jafnframt að meginreglu til óheimilt að flytja áunnin réttindi sín í aðra lífeyrissjóði sem eykur enn á nauðsyn þess að varlega sé farið. Því hlýtur að teljast eðlilegt að fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðanna séu settar ákveðnar skorður í lögum til að stuðla að því að eðlilegrar varkárni sé gætt í fjárfestingum.

Með hliðsjón af þessum rökum eru í frv. lagðar til fjórar efnisbreytingar á lögunum.

Í fyrsta lagi er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í skráðum skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila, hlutabréfum fyrirtækja og öðrum verðbréfum verði hækkuð úr 35% í 50%.

Í öðru lagi að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum verði aukin úr 40% af hreinni eign sjóðanna í 50%.

Í þriðja lagi er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum nái jafnt til verðbréfa sem gefin eru út af innlendum og erlendum aðilum en ekki einungis innlendum eins og nú er.

Loks er lagt til að settar verði sérstakar reglur um framsetningu fjárfestingarstefnu hjá sjóðunum sem og um eftirlit með henni.

Með breytingunum er komið til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram um að skynsamlegt sé að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga þar sem núverandi reglur séu til þess fallnar að draga úr möguleikum lífeyrissjóða á að nýta sér þá fjárfestingarkosti sem þeir telja vænlegasta. Rýmkun á heimild til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum mun hins vegar hafa það í för með sér að gengisáhætta lífeyrissjóða getur orðið meiri en nú er. Á móti vegur að lífeyrissjóðum gefst nú kostur á að dreifa áhættu af fjárfestingum í verðbréfum í meiri mæli á mismunandi markaði og draga þannig úr áhrifum staðbundinna sveiflna á hag sjóðanna. Þess má geta að rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga í hlutabréfum og verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum er í samræmi við það álit sem fram kemur í ársskýrslu OECD fyrir árið 1999 um að rétt sé að auka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í hlutabréfum og verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum þar sem það gefi þeim færi á að dreifa eignum sínum betur og möguleika á aukinni arðsemi fjárfestinga. Loks má nefna að það nýmæli að heimila lífeyrissjóðum að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum, útgefnum af erlendum aðilum, veitir sjóðunum rýmri möguleika á að nýta sér arðvænlega fjárfestingarkosti erlendis. Samhliða þessum breytingum er ljóst að ábyrgð stjórnenda sjóðanna eykst að því er varðar öflun nauðsynlegra upplýsinga varðandi þá áhættu sem í fjárfestingunni felst því að eftir sem áður ber stjórn lífeyrissjóðs að ávaxta fé hans með það að meginmarkmiði að ná góðri en jafnframt öruggri ávöxtun, samanber 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, sem hér er lagt til að breyta.

Séð frá sjónarhóli lífeyrisþega fela framangreindar breytingar í sér aukið svigrúm fyrir sjóðina til að móta mismunandi fjárfestingarstefnu með hliðsjón af ólíkum hagsmunum einstakra hópa sjóðfélaga svo sem með tilliti til aldurs og tekna þeirra. Þar með opnast rýmri möguleikar fyrir lífeyrissjóði til að gefa yngri sjóðfélögum og þeim sem þegar hafa tryggt sér öruggan lífeyri kost á því að ávaxta stærri hluta sparnaðarins í hlutabréfum og/eða erlendum gjaldmiðlum þar sem hagsmunir þeirra eru ekki eins háðir tímabundnum sveiflum af fjármagnsmörkuðum og annarra hópa sjóðfélaga.

Auk þessara breytinga sem ég hef gert grein fyrir er lagt til að lífeyrissjóðir sem í greiða að jafnaði færri en 800 sjóðfélagar og njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka verði undanþegnir skyldu til að grípa til sérstakra tryggingaráðstafana eins og mælt er fyrir um í 24. gr. lífeyrissjóðalaganna. Enn fremur er lagt til að þeim lífeyrissjóðum sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga eða banka og kjósa að starfa áfram á óbreyttum réttindagrundvelli verði heimilt að breyta svokallaðri eftirmannsreglu með sambærilegum hætti og gert var hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en slík breyting mundi auðvelda alla framkvæmd og hefur borist um þetta sérstök ósk m.a. frá Reykjavíkurborg.

Við gerð þessa frv. sem hér hefur verið gerð grein fyrir var m.a. haft samráð við samtök lífeyrissjóða sem og Fjármálaeftirlitið og leitast við að koma til móts við sjónarmið þessara aðila eftir því sem kostur var en jafnframt lögð áhersla á að sú sátt sem náðist um lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða haldist.

Það er rétt að geta þess að í þeim lögum er gert ráð fyrir allsherjarendurskoðun laganna innan tiltekinna tímamarka. Þess vegna er ekki hróflað við neinum grundvallaratriðum í þessu frv. heldur bíða aðrir þættir slíkrar allsherjarendurskoðunar.

Ég vil leggja til, herra forseti, að frv. verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, þar sem leitað er breytinga á lögum um starfsemi lífeyrissjóða og felur í sér að víkka verulega fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna, þarf nokkurrar skoðunar við, ekki síst í ljósi núverandi efnahagsástands og einnig með tilliti til mats á hvað slík áhættufjárfesting og rýmkun felur í sér þegar litið er til mikilla skuldbindinga sjóðanna í lífeyrisgreiðslum og bótagreiðslum til sjóðfélaga. Ég held að í tengslum við þetta mál sé því nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um stöðu lífeyrissjóðanna og hvort rétt og skynsamlegt sé að veita þá rýmkun sem hér er leitað eftir.

Lífeyrissjóðirnir eru orðnir gífurlegir að vöxtum og hafa um langan tíma verið mesta uppsöfnun sparnaðar í landinu, enda er lífeyrir úr lífeyrissjóðunum orðinn sívaxandi hluti af kjörum aldraðra. Í raun má segja að lífeyrissjóðirnir séu orðnir hreint fjárhagslegt stórveldi, ríki í ríkinu.

Nú má alveg velta því fyrir sér hvort ekki sé bara eðlilegt fyrir fjármagnsmarkaðinn að hafa þennan risa á markaðnum til mótvægis við hinar ægistóru viðskiptablokkir eins og kolkrabbann sem sífellt er að sölsa undir sig meira af völdum og eignum í þjóðfélaginu sem leitt hefur til allt of mikillar fákeppni og samþjöppunar valds. En allt hlýtur það þó að vera undir háttsemi lífeyrissjóðanna komið hvort þeir tryggja annars vegar félögum sínum mannsæmandi lífeyri og hins vegar hvernig þeir haga ávöxtun á þessu fjármagni fólksins og hver hegðun þeirra er á fjármála- og hlutabréfamarkaðnum og hvort hún stuðli að heilbrigðri samkeppni á markaðnum.

Það er auðvitað afar mikilvægt að hegðun þessa fjárhagsrisa á markaðnum sé með þeim hætti að hún stuðli að eðlilegri samkeppni en í því felast líka hagsmunir sjóðfélaganna þegar á allt er litið. Ekki síður er mikilvægt að vinnubrögð innan sjóðanna séu lýðræðisleg og að launþegar og fólkið sem sjóðina á getur með opnum og aðgengilegum hætti haft áhrif á allar ákvarðanir sjóðanna eins og t.d. um fjárfestingarstefnu þeirra og hins vegar hvort í rekstri sjóðanna ríki ráðdeild og sparnaður. Ég held líka að full ástæða sé til þess að lífeyrissjóðirnir hugi betur að því að kjör til stjórna séu lýðræðislegri og opnari sjóðfélögum en nú er.

Einnig þarf að vera sýnilegra hvernig yfirbyggingu og rekstrarþáttum í yfirstjórn sjóðanna er háttað þannig að þar ríki fyllsta aðhald í öllum rekstri og topparnir séu ekki að skammta sér óeðlileg laun og fríðindi eins og stundum hefur verið haldið fram.

En loks þarf að liggja fyrir skýr fjárfestingarstefna og strangt eftirlit með fjárhag og starfsemi sjóðanna, þar með talið að reglulega liggi fyrir tryggingafræðilegar úttektir á getu þeirra til að standa undir skuldbindingum sínum. Þetta eru allt eðlilegar kröfur sem á að gera til sjóðanna sem byggja fjármögnun sína á skylduaðild sjóðfélaga og hljóta að koma líka til umræðu nú þegar lífeyrissjóðirnir eru að biðja um auknar fjárfestingarheimildir fyrir lífeyrissjóðina. Og þó hér sé að verulegu leyti um að ræða sjóði í eigu félaga í samtökum vinnumarkaðarins á almennum markaði og auðvitað líka hina opinberu lífeyrissjóði, þá er það skylda Alþingis að hafa náið eftirlit með lífeyrissjóðunum og að

þeim séu settar skýrar leikreglur varðandi tryggingarvernd og lífeyrisréttindi fólksins og varðandi ávöxtun á þessum gífurlegu fjármunum sem fara í gegnum sjóðina.

Ef litið er til fjárhagsstöðu sjóðanna, þá var hrein eign til greiðslu lífeyris um 500 milljarðar kr., ég held um áramótin síðustu, það eru um 2,5-föld fjárlög íslenska ríkisins, enda eru lífeyrissjóðirnir ekki einasta ráðandi um sparnað einstaklinganna í landinu. Þeir eru stærstu aðilarnir og uppistaðan á fjármála- og hlutabréfamarkaðnum, enda hafa allar fjárfestingar þeirra og ávöxtun á fjármagni lífeyrissjóðanna mikil áhrif á þróun fjármálamarkaðarins, þar með talið vaxtaþróun og ávöxtun á ríkispappírum, ekki síst húsbréfum.

Sem dæmi um hve gífurlega miklir fjármunir fara um hendur lífeyrissjóðanna þá er ég hér með samanburð á eignum lífeyrissjóðanna sem hlutfall af þjóðarframleiðslu miðað við hin Norðurlöndin í árslok 1996. Þá voru eignir lífeyrissjóðanna sem hlutfall af þjóðarframleiðslu í Danmörku 21,45%, í Finnlandi 7,87%, í Svíþjóð 43,40%, á Íslandi 62,80% og í Noregi minnst, 4,23%. Eignir lífeyrissjóðanna sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hér á landi eru margfalt meiri en á hinum Norðurlöndunum, ekki síst ef borið er saman við Finnland og Noreg.

Við getum líka tekið sem dæmi að heildarmarkaðsvirði skráðra hlutafélaga á Verðbréfaþingi Íslands er nú, án hlutabréfasjóða, um 318 milljarðar kr. en hlutabréfaeign hefur sjöfaldast frá árinu 1995 en þá var hún um 45 milljarðar kr. Heildarmarkaðsvirði skráðra hlutafélaga er sem sagt nærri því 200 milljörðum minna en hrein eign lífeyrissjóðanna sem er um 500 milljarðar kr.

Til marks um það hvað eign lífeyrissjóðanna vex gífurlega hratt þá var hrein eign þeirra til greiðslu lífeyris 306 milljarðar í árslok 1996 en var nú í nóvember 1999 um 485 milljarðar kr. Hún hafði vaxið um 180 milljarða eða um 63% á tæpum þremur árum.

Annað dæmi má einnig taka. Bara fjármagnstekjur sjóðanna á sl. ári voru 30 milljarðar kr. Þetta sýnir auðvitað umfram allt annað hve brýnt er að sjóðirnir hafi ákveðið aðhald og eftirlit, að fjárfestingarstefna þeirra sé skýr, öryggi og varkárni sé í áhættufjárfestingu og meginmarkmiðið, sómasamlegar lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga, sé þungamiðjan í starfi þeirra.

Sem betur fer hefur lífeyrissjóðunum fækkað mjög og hafði frá 1991 til ársloka 1997 fækkað um 22, þ.e. úr 88 í 66 en rekstrarkostnaður þeirra á árinu 1997 nam 511 millj. kr. sem eru auðvitað gífurlega miklir fjármunir. 50 lífeyrissjóðir eru nú með 97% af heildareignum lífeyrissjóðanna. Um það þarf efh.- og viðskn. einmitt að fá sundurliðaðar upplýsingar, um rekstur sjóðanna og hvernig þróunin í rekstri þeirra hefur verið.

Nokkrar spurningar vakna vegna þessa frv., þegar lífeyrissjóðirnir vilja fá rýmkun á fjárfestingarheimildum sínum.

Í fyrsta lagi: Eru þessar breytingar eðlilegar og knýjandi? Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji heppilegt að rýmka þessar heimildir núna með tilliti til stöðu efnahagsmála, ekki síst gífurlegs viðskiptahalla og stöðu krónunnar. Hefur verið leitað álits Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka á þessari breytingu? Ef svo er spyr ég hæstv. fjmrh.: Hver eru viðbrögð þeirra?

Í öðru lagi spyr ég: Hvað eru sjóðirnir í heild langt frá núverandi fjárfestingarhámarki og hvaða sjóðir eru nálægt mörkunum? Það svaraði þeirri spurningu sem ég varpaði hér fram, um hvort breytingin sem hér er lögð til sé knýjandi. Þessum spurningum er ekki síst varpað fram í ljósi núverandi stöðu efnahagsmála.

Ég spyr í þriðja lagi: Telur hæstv. fjmrh. að heimildir Fjármálaeftirlitsins séu nægjanlega skýrar og afdráttarlausar til að hafa eftirlit með sjóðunum, t.d. varðandi upplýsingagjöf sjóðanna, um aðkomu, fjárskuldbindingar, fjárfestingarstefnu, áhættustýringar o.s.frv.? Hverjar eru heimildir Fjármálaeftirlitsins til að knýja á um nauðsynlegar upplýsingar frá lífeyrissjóðunum til að það geti haldið uppi nauðsynlegu aðhaldi og eftirliti með afkomu og stöðu sjóðanna?

Í fjórða lagi spyr ég hæstv. fjmrh. hvort sú lagaheimild sem hér er óskað eftir varðandi rýmkun á fjárfestingarmöguleikum sjóðanna tengist á einhvern hátt hugsanlegri fjármögnun þeirra í Fljótsdalsvirkjun og hvaða möguleika og svigrúm þeir hafa nú að óbreyttum þessum lögum sem hér eru til umræðu til að fjárfesta þar.

Það sem þarf sérstakrar skoðunar við af hálfu efh.- og viðskn. er í fyrsta lagi sú heimild sem óskað er eftir varðandi fjárfestingu í óskráðum verðbréfum, að hún nái jafnt til innlendra og erlendra verðbréfa en megi þó ekki nema meiru en 10% af hreinni eign lífeyrissjóða. Einnig þarf að skoða áhrif þess að heimild þeirra til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum verði aukin úr 40% af hreinni eign í 50%. Lífeyrissjóðirnir hafa í vaxandi mæli leitað til útlanda með sínar fjárfestingar og ekki skal úr því dregið að aukin arðsemi í fjárfestingum sjóðanna og möguleikar þeirra til að nýta sér arðvænlega fjárfestingarkosti innan lands og erlendis eru mikilvægir.

En lífeyrissjóðirnir hafa fyrst og fremst skyldur við félaga sína, að tryggja hag þeirra sem best með stýringu á fjármunum sínum og fjárfestingarstefnu. Þar er til margs að líta. Lífeyrissjóðirnir eru fyrst og fremst uppbyggðir til að tryggja kjör og afkomu sjóðfélaga sinna en sú spurning verður sífellt áleitnari hvort þeir séu orðnir meiri fjárfestingarlánasjóðir en lífeyrissjóðir. Síaukin sókn þeirra í fjárfestingu erlendis vekur líka ýmsar spurningar. Hvaða áhrif hefur það almennt á stöðu efnahagsmála og fjármála- og hlutabréfamarkaðarins hér innan lands? Nefna má að fjárfesting þeirra í erlendum verðbréfum var í lok árs 1997 tæplega 26 milljarðar kr. en var nú í nóvember 1999 rúmlega 82 milljarðar kr. Á sama tíma hefur fjárfesting þeirra t.d. í húsbréfum aukist lítillega eða úr tæpum 70 milljörðum í 74 milljarða. Það segir sig sjálft að kaup stórra fjárfesta eins og lífeyrissjóðanna hefur mikil áhrif á ávöxtunarkröfu húsbréfa. Ég tel reyndar að þeir hafi þar ákveðnum skyldum að gegna því stór hluti launþega og sjóðfélaga þeirra sem greiða iðgjöld til lífeyrissjóðanna á mikið undir ávöxtunarkröfu húsbréfa og afföllum þeirra. Um það geta lífeyrissjóðirnir miklu ráðið en þeir virðast í auknum mæli beina fjármagni sínu á erlendan hlutabréfamarkað í stað markaðarins hér innan lands.

Í Viðskiptablaðinu nú í janúar kemur t.d. fram að 107% eignaaukning varð hjá þeim í erlendum hlutabréfasjóðum og 49% aukning í erlendum hlutabréfum á árinu. Þegar litið er á hlutabréf og hlutabréfasjóði þá var innlend eign þeirra 31. okt. á síðasta ári 37 milljarðar og hafði einungis vaxið um tæpa 8 milljarða frá árinu áður, þ.e. frá um áramótum eða á tíu mánuðum, á meðan útlend eign þeirra í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum óx úr tæpum 38 milljörðum í 66 milljarða eða um 28 milljarða kr.

Ég tel ljóst, þegar þetta er skoðað, að lífeyrissjóðirnir eru að draga verulega úr kaupum sínum á ríkispappírum, húsbréfum o.fl. sem örugglega mun ýta upp afföllum á húsbréfunum. Ég ítreka þá skoðun mína að lífeyrissjóðirnir

hafi ákveðnum skyldum að gegna á þeim markaði vegna hagsmuna sjóðfélaga sinna, að afföll haldist þar skapleg.

Það er ástæða til að halda því til haga að í Viðskiptablaðinu er vitnað til, af því við erum hér að tala um áhættufjárfestingu lífeyrissjóðanna, tveggja lífeyrissjóða sem hafa notað eignir sjóðanna til að styrkja fyrirtæki í heimabyggð. Út af fyrir sig ætti kannski ekki að gagnrýna það en sjóðirnir verða að hafa í huga áhættuna sem þeir taka með slíkri fjárfestingu. Hér er talið að þar hafi verið um vafasama fjárfestingu að ræða.

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna á Íslandi er mjög misjöfn. Hún er allt frá því að vera 4,6% meðalávöxtun 1994–1998 alveg upp í 10,1% þannig að hegðan lífeyrissjóðanna á markaðnum er mjög misjöfn.

Ég vil benda á að aukin heimild lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga eins og hér er kallað eftir getur haft veruleg áhrif á afföll í húsbréfakerfinu og vaxtastig í landinu. Einnig er ljóst að rýmkun heimilda þeirra til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum eykur á gengisáhættu lífeyrissjóðanna eins og fram kemur í grg. með þessu frv. Ég tel því brýnt að Seðlabanki og Þjóðhagsstofnun leggi mat á hver áhrifin yrðu af því að auka heimildir sjóðanna til að fjárfesta erlendis. Einnig þarf Fjármálaeftirlitið að leggja mat á fjárfestingarstefnu sjóðanna almennt með tilliti til áhættustýringar og heildarskuldbindinga sjóðanna. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort svo hafi verið gert og hvort hann telji það ekki eðlilega varfærni að það liggi klárt fyrir áður en málið er afgreitt frá Alþingi. Hrein eign lífeyrissjóðanna frá 1997–1999 jókst úr 353 milljörðum í 484 milljarða í nóvember sl. og hún er mest í erlendum verðabréfa- og hlutabréfasjóðum. Því er eðlilegt að um þetta sé spurt.

Einnig þarf í efh.- og viðskn. að kalla eftir upplýsingum varðandi ákvæði í þessu frv. sem snerta auknar almennar hæfiskröfur til stjórnenda sjóðanna. Vissulega er mjög brýnt að þær séu strangar þegar um hendur þeirra fara orðið 500 milljarðar kr., uppistaðan í sparnaði landsmanna og lífeyri landsmanna á komandi árum. Jafnframt þarf kannski að svara því hvaða áhrif þessar hæfiskröfur hafa á starfsöryggi þeirra sem nú starfa við sjóðina, hvort þær hæfiskröfur kalli á einhverjar uppsagnir.

Hér hefur mikið verið rætt um almennt viðskiptasiðferði á fjármálamarkaði. Ég tel afar brýnt að þær reglur sem verið er að undirbúa nái til lífeyrissjóðanna einnig og þeim verði uppálagt og gert að fara að þeim leikreglum sem þar er verið að setja, líka varðandi það sem við höfum verið að ræða um innherjaviðskipti. Sérstökum starfsmönnum stærstu sjóðanna hefur verið falin ávöxtun þeirra. Þeir bera þar mikla ábyrgð og því er brýnt að allar reglur sem við setjum, sem snerta viðskiptasiðferði þeirra sem ávaxta þessa fjármuni, og allar trúnaðarupplýsingar og allt sem þar þarf að vernda með sérstökum reglum nái einnig til þeirra sem starfa hjá lífeyrissjóðunum.

Ég er að fara að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra og vænti þess að hann svari þeim við þessa umræðu. Ég vil einnig spyrja hann um það sem fram hefur komið í blöðum nýlega og snertir úrbætur eða tillögur sem ríkisstjórnin hugar nú að til að auka hér lífeyrissparnað. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að ekki liggi enn fyrir hversu mikið skattfrelsi lífeyrissparnaðar verður aukið frá því sem miðað er við í þeim tillögum sem nú eru í undirbúningi. Samkvæmt gildandi lögum geta launamenn lagt til hliðar 2% af launum til viðbótar 10% lögbundnum sparnaði en á móti leggur ríkið fram 0,2% í þennan viðbótarlífeyrissparnað. Mér skilst að hugmyndirnar séu að gera tillögur um aukin framlög ríkisins og aukna möguleika launamanna til þessa sparnaðar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hve margir hafa hagnýtt sér þessa sparnaðarleið frá því að hún var tekin hér með lögum frá þinginu. Hver hafa verið útgjöld ríkissjóðs vegna þeirra sem hafa hagnýtt sér þessa sparnaðarleið? Það er vissulega brýnt, eins og ríkisstjórnin er að gera, að huga að því hvernig hægt er að auka þjóðhagslegan sparnað, sem hefur ekki verið minni um langt skeið. Það kom einmitt fram hér við fjárlagaafgreiðsluna að hann hefur ekki verið minni síðan í lok 8. áratugarins, er núna 14% af landsframleiðslu en samkvæmt upplýsingum frá peningastofnunum þyrfti hann að vera 30 milljörðum meiri, eða 19% af landsframleiðslu, til þess að sparnaður standi undir áformaðri fjárfestingu á þessu ári. Auðvitað þarf að leita allra leiða til þess að auka hér sparnað. Hæstv. fjmrh. fær öruggan stuðning við það en spurningin er hvort leiðin sem ráðherrann leggur til hér sé nægjanleg. Það eru svo margir ávöxtunarkostir í boði fyrir fólk að það virðist leita annað en í þessa sparnaðarleið opnuð var fyrir þá sem eru með lífeyrissparnað hjá lífeyrissjóðum.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari hér við umræðuna þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hann.

[11:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði með réttu að lífeyrissjóðirnir hefðu að geyma miklar eignir, 500 milljarða, og hefðu mikið fé til ráðstöfunar. Ég hygg að það séu um 150 milljarðar sem þeir ráðstafa á ári. Hins vegar hef ég mikið orðið var við að sjóðfélagar telja sig lítil áhrif hafa á stjórnir lífeyrissjóðanna og ráðstöfun þessa fjár. Það er t.d. svo með hv. þm. sem gert er skylt að greiða iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að þeir hafa engin áhrif á stjórn þess sjóðs sem sjóðfélagar. Reyndar er hv. þm. Ögmundur Jónasson í stjórn þess sjóðs en hann er ekki kosinn af þingmönnum sem fulltrúi þeirra.

Spurning mín til hv. þm. er: Hver telur hv. þm. að eigi þessa 500 milljarða lífeyrissjóðanna? Önnur spurning: Telur hv. þm. að sjóðfélagar, sem eiga allt undir lífeyrissjóðunum í ellinni eða sem öryrkjar, hafi nægileg áhrif á stjórnir þessara sjóða?

[11:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Svarið við fyrri spurningunni, um hverjir eigi þessa sjóði, liggur auðvitað í augum uppi. Það eru sjóðfélagarnir sjálfir, sem borga til sjóðanna. Varðandi spurninguna um hvort kjör til stjórnar sé nægjanlega lýðræðislegt þá er ég sammála hv. þm. um að það sé ekki nægjanlega lýðræðislegt. Ég tel að skoða eigi þá tillögu sem hér liggur fyrir frá hv. þm. um að kjör til stjórnar lífeyrissjóðanna verði opnara og lýðræðislegra en verið hefur.

[11:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður tók að nokkru leyti af mér ómakið og spurði um sumt af því sem ég hafði hugsað mér að spyrja hæstv. fjmrh. Ég ætla því ekki að eyða tíma í að endurtaka það. Það er mikilsvert að hæstv. fjmrh. staðfestir hér að ekki standi til að hrófla við þeirri sátt sem tókst um endurskoðun laga, þ.e. hún tókst þegar sett var heildarlöggjöf um málefni lífeyrissjóða hér á Alþingi fyrir nokkrum árum síðan. Ég tel mikilsvert að áfram verði staðið þannig að málum að sem allra breiðust samstaða verði varðveitt um þennan gífurlega mikilvæga málaflokk sem er uppbygging

uppsöfnunarsjóða lífeyrissjóðakerfisins og þar með vaxandi lífeyrisréttinda landsmanna á komandi árum og áratugum.

Það er enginn vafi á því að eitt allra mesta gæfuspor sem við höfum stigið í velferðarmálum okkar á seinni áratugum var tilkoma lífeyrissjóðanna sem samið var um í kringum árið 1970. Þegar í framhaldinu hófst sjóðamyndun í uppsöfnunarkerfi sem núna er að skila vaxandi lífeyrisréttindum til landsmanna þó vissulega hefði fyrr mátt taka á því sem út af stóð, að hluti manna á vinnumarkaði greiddi ekki til lífeyrisjóða og þeir koma til með að standa verr að vígi af þeim sökum þegar þeir komast á eftirlaunaaldur. Ég held að þetta hafi verið mikilvægt með tilliti til lífskjara komandi eftirlaunakynslóða og líka efnahags. Það er enginn vafi á því að ef við hefðum búið við hreint gegnumstreymiskerfi í þessum efnum þá tæki það meira í og heldur hressilega hygg ég fyrir ríkissjóð, að mæta þeim útgjöldum sem lífeyrissjóðirnir eru núna í vaxandi mæli að axla ár frá ári. Samanburður sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór hér með milli Norðurlandanna sýnir, sem vissulega er vel þekkt staðreynd, að Ísland er þarna með nokkra sérstöðu. Við erum í forustu fyrir því að byggja upp lífeyrissjóði í uppsöfnunarkerfi og erum þar langt á undan hinum Norðurlöndunum þar sem kannski Danir komast einna næst okkur. En þjóðir eins og Norðmenn eru hins vegar mjög aftarlega á merinni, eiga mjög lítið í sjóðum og búa þar af leiðandi við hreint gegnumstreymiskerfi. Sú er ástæða þess að í öllum framtíðarspám og útreikningum, þar á meðal þegar gerðir eru svonefndir kynslóðareikningar í Noregi, er sýnt að meira að segja hinn olíuríki Noregur mun fá sig fullsaddan af því að klára skuldbindingar sínar að þessu leyti innan 10–25 ára, þegar aldurssamsetningin þar verður komin nokkurn veginn í jafnvægi og fjöldi þeirra sem á eftirlaunaaldri eru nær hámarki. Ég held að við þurfum ekkert að fara í grafgötur með að framtíðarhorfur hvað þetta snertir væru dekkri hér á landi ef ekki hefði tekist svo vel til á sínum tíma, ef við hefðum ekki í þetta langan tíma, um hartnær 30 ár, byggt upp þessa sjóði.

Ég verð að segja að þetta endalausa tal sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið drýgstur við, að óskapast yfir eignum lífeyrissjóðanna og fara út í langar ræður um hverjir eigi þetta fé og líta á það sem alveg sérstakt vandamál að ekki sé nógu lýðræðislegt stjórnunarfyrirkomulag í þessum efnum, finnst mér meira og minna aukaatriði málsins.

Ég segi nú bara guði sé lof fyrir að svokölluð hrein eign lífeyrissjóðanna eru þó kannski 500 milljarðar. Það veitir sko ekki af. Eða hefur hv. þm. Pétur Blöndal gleymt því að á móti koma skuldbindingar? Þetta er nefnilega ekki hrein eign í venjulegum skilningi þess orðs. Það er rugl. Þetta er eign sjóðfélaganna og það eru skuldbindingar á móti, þ.e. réttindi sem menn hafa verið að mynda og sækja í þessa sjóði þegar þar að kemur. Þannig að tal af þessu tagi hefur ekkert upp á sig ætli menn sér að ræða um merg málsins, það sem snýr að lífeyrisréttindinum í landinu og stöðu þeirra kynslóða sem eiga að njóta þegar þar að kemur. Út af fyrir sig er hægt að nota þessar tölur ef við erum að ræða um þetta sem efnahagslega stærð. Þá er eðlilegt að menn horfi til þess hversu stórir lífeyrissjóðirnir eru, hvert ráðstöfunarfé er og hversu mikið þeir fjárfesta á hverju ári. En það er eingöngu í þeim skilningi sem mér finnst í raun rétt að nefna upphæðirnar með þessum hætti. Ég bið menn í guðs bænum að gleyma því ekki að þetta er ekki hrein kvaðalaus og skuldbindingalaus eign í venjulegum skilningi þess orðs. Svo er ekki vegna þess að þarna hafa menn greitt fyrir að eiga réttindin síðar meir.

Mér finnst líka ekki hægt að fjalla um þessa hluti eins og stjórn í venjulegu hlutafélagi úti í bæ, þetta eru ekki þannig fyrirbæri. Þetta er lögverndaður og skyldubundinn sparnaður sem Alþingi hefur sett lög um og aðilar vinnumarkaðarins samið um. Þetta er því allt öðruvísi fyrirbæri en þau sem sumir leggja sjóðina að jöfnu við með tali um stjórnarkjör og aðra slíka hluti. Ég tel að þetta sé í aðalatriðum í þeim farvegi sem eðli málsins býður upp á, þeim farvegi sem aðilar vinnumarkaðarins settu málið í þegar þeir sömdu um þetta kerfi. Það er í þeim farvegi sem löggjafinn hefur ákveðið, enda er þetta auðvitað hluti af velferðarkerfi okkar og verður ekki aðskilið.

Ég vil hins vegar nefna, vegna þess að hæstv. fjmrh. ræddi um að menn hafi gengið frá því á sínum tíma þegar lögin voru sett að þetta skyldi koma til heildarendurskoðunar, að fróðlegt væri að heyra af því hvernig hæstv. fjmrh. hyggst standa að þeirri endurskoðun og hverjir ættu að koma að því verki. Hvenær mundi hún hefjast eða hvernig yrði að henni unnið? Það kemur til með að verða mikilvægt að leysa það verk farsællega af hendi.

Í því samhengi vil ég nefna annað en eitt allra stærsta málið sem fram undan er að leiða til lykta í þessu sambandi er að ganga frá reglum varðandi samspil lífeyrisréttindanna, almannatryggingakerfisins og skattkerfisins á komandi árum og áratugum. Það er sennilega eitt stærsta mál sem setja þarf í skorður og það sem mestu ræður um lífskjör fjölmennra hópa í samfélaginu hér á komandi árum og áratugum, stækkandi hópi eftirlaunafólks. Miklu máli skiptir hvernig til tekst og af því munu lífskjör þessara hópa ráðast að verulegu leyti. Það er ekki bara nóg að eiga þarna inni tiltekin lífeyrisréttindi heldur skiptir máli í hvaða samhengi þau verða. Í hvaða samhengi verða þau við almannatryggingakerfið og í hvaða samhengi verða þau við skattkerfið í landinu. Af því munu hin endanlegu lífskjör og kaupmáttur þessara lífeyrisréttinda ráðast.

Fróðlegt væri að heyra hvort hæstv. fjmrh. hefur komist áleiðis einnig í því verkefni, sem er nú ærinn handleggur, að endurskoða eða fara yfir þetta heildarsamhengi. Menn hafa jú verið að baksast við það í ein 20 ár, að reyna að koma af stað heildarendurskoðun á almannatryggingalögunum en ekkert gengið. Ég held að á hverju einasta kjörtímabili hafi samkvæmt stjórnarsáttmála átt að fara í þetta verk. Það hafa verið skipaðar tvær eða þrjár nefndir sem haldið hafa einn eða tvo fundi í upphafi kjörtímabils og síðan ekki söguna meir. Þannig hefur þetta gengið. Fyrir vikið er staðan sú að almannatryggingalöggjöfin er stagbætt. Í henni er alls konar ósamræmi og menn hafa ekkert komist áleiðis með að festa niður leikreglurnar í heildarsamspili þessara þátta, t.d. varðandi tekjutengingu, skerðingar á greiðslum úr almannatryggingakerfinu á móti lífeyrisréttindum, samhengi þessara þátta við skattkerfið o.s.frv. Í þetta verkefni þarf að fara og að því þurfa auðvitað allir að koma. Þetta verk þarf að vanda mjög. Mér finnst koma vel til greina að þetta verði sett inn í samhengi við heildarendurskoðun á löggjöf um lífeyrissjóði sem hæstv. fjmrh. kom hér inn á áðan.

Ég hef ekki áhyggjur af stærð lífeyrissjóðanna sem slíkra í íslensku efnahagslífi. Ég segi aftur: Guði sé lof fyrir það að þeir eiga þær eignir sem þeir eiga. Ég sé ekki sérstakt vandamál við að koma því fyrir með skynsamlegri löggjöf og ráðdeild í innlendu og eftir atvikum erlendu hagkerfi. Það sem ég hef hins vegar mest velt fyrir mér í þessu sambandi,

varðandi stærð og stöðu lífeyrissjóðanna, eru ekki áhyggjur af því að þeir eigi eitthvað í íslensku atvinnulífi. Ég held það sé gott en spurningin er um þátttöku þeirra þar, hvernig um hana er búið. Ég hef haft grun um að lífeyrissjóðirnir gangi of langt í því að nota eignarhlut sinn til þess t.d. að setja menn inn í stjórnir fyrirtækja þvers og kruss í atvinnulífinu. Ég er ekki viss um að það sé endilega heppilegt vegna þess að þeir geta vissulega orðið, þó að hver og einn þeirra þurfi að sæta vissum takmörkunum, stórir til samans. Það er ekki endilega heppilegt að slíkur fjárfestir verði of ráðandi í þeim efnum, t.d. í fjölmörgum af stærstu fyrirtækjum landsins og fyrirtækjakeðjum. Þess vegna hef ég velt því fyrir mér hvort við ættum að hugleiða, í takt við vaxandi eign lífeyrissjóðanna í atvinnulífinu, að setja einhverjar reglur eða taka á dagskrá hvort lífeyrissjóðirnir ættu að vera a.m.k. að einhverjum hluta passífir fjárfestar, í þeim skilningi að þeir gætu átt eignir í fyrirtækjunum umfram það sem þeir nýttu sér til að hafa áhrif á í formi aðildar að stjórnum fyrirtækjanna. Það væri með einhverjum hætti takmarkað en um þetta er auðvitað best að hafa samkomulag þannig að lífeyrissjóðirnir sjálfir og þeir sem að þeim standa mótuðu leikreglurnar.

Þegar maður fylgist með því hvernig stjórnarsamsetning hér og þar í atvinnulífinu er að verða sést að hún er í takt við vaxandi eign og umsvif lífeyrissjóðanna. Þar koma inn menn frá þeim. Ég kem þessum hugleiðingum mínum hér að, herra forseti, enda finnst mér að ástæða gæti verið til að líta á þennan þátt málsins.

Að síðustu vil ég aðeins bæta við spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um 5. gr. frv. Ég hafði einmitt hugsað mér að spyrja út í þessa rýmkun á heimildum lífeyrissjóðanna til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum, að hún verði aukin úr 40% af hreinni eign sjóðanna í 50%. Þetta er umtalsverð stærð þrátt fyrir allt. Það sem ég vil sérstaklega spyrja hæstv. fjmrh. um er tímasetningin á þessu. Er hæstv. fjmrh. sannfærður um að það sé heppileg tímasetning að fara í slíka rýmkun núna og taka hana í einu skrefi? Þarna er á ferðinni býsna drjúg stærð, með þumalputtareikningi 50 milljarðar kr. eða svo, miðað við þessar ræður hér um 500 milljarða eign.

Nú eru svolítið sérstakar aðstæður í íslensku efnahagslífi og að mínu mati fer hljótt um, herra forseti, umræður um þá hluti sem þar eru að gerast. Ég hef dagvaxandi áhyggjur af ástandinu. Ég held að menn séu að keyra út af í efnahagsmálum og hættumerkin eru öll þau sömu nú og áður hafa verið við sambærilegar aðstæður. Við erum að keyra á of háu gengi, mjög háu gengi. Seðlabankinn hefur pínt upp gengið til að reyna að halda niðri verðbólgunni. Það leiðir hins vegar til vaxandi erfiðleika í útflutningsatvinnugreinunum. Það er enginn vafi á því að bæði sjávarútvegurinn og útflutningsiðnaðurinn eru farnir að stynja undan þessu ástandi. Kostnaðarhækkanirnar innan lands hafa verið umtalsverðar á sama tíma og gengið er fast. Hvað gerist svo í skjóli þessa ástands?

Jú, bankarnir moka inn erlendu fjármagni, hirða vaxtamun, græða og mata aðallega sjálfa sig og starfsmenn sína á þeim gróða. Þeir eru í skjóli þeirrar ríkisábyrgðar sem felst í föstu gengi. Ég held að þetta ástand sé býsna varhugavert. Við þær aðstæður má spyrja: Er skynsamlegt að hrófla við þessu? Nú gætu menn að vísu sagt að þetta gæti gengið til öfugrar áttar með því að lífeyrissjóðirnir fjárfestu þá erlendis á móti. En gengisáhættan fer vaxandi og við þurfum að líta til þess. Gengisáhætta lífeyrissjóðanna vex í takt við auknar fjárfestingar þeirra í erlendri mynt. Þá þurfum við að spyrja okkur: Hversu traust og stöðugt það ástand er sem við búum við? Á mannamáli sagt: Hversu raunhæft er gengið sem haldið er uppi í landinu?

Því miður, herra forseti, neyðist ég, án þess þó að feta í slóð þeirra stjórnmálamanna sem voru sakaðir um það hérna fyrr á öldinni að hrópa niður gengið, til að segja að ég hef miklar efasemdir um að þetta ástand muni vara til frambúðar. Ég held að það séu ekki forsendur fyrir því að keyra á þessu gengisstigi, með þessum háu vöxtum og bullandi viðskiptahalla við þær aðstæður sem við höfum búið nú um skeið. Það hringja allar sömu aðvörunabjöllurnar og gert hafa áður við sambærilegar aðstæður í íslenskum efnahagsmálum. Þó að margt sé breytt og margt sé öðruvísi en það var t.d. á árunum 1987–88 eða öðrum hliðstæðum tímabilum þá neyðist maður til að horfast í augu við að mörg sömu hættumerkin eru þarna á ferðinni, að við séum að keyra út af eins og þá. Því held ég að ástæða sé til að fara sérstaklega varlega og m.a. þurfi að skoða hvort skynsamlegt sé að hrófla við mörkunum sem hér eru á ferðinni.

Auðvitað má segja að lífeyrissjóðirnir eigi að geta haft vit fyrir sjálfum sér. Þeir eigi að vera læsir á þetta eins og aðrir og fara þá varlega í ljósi þess hvernig ástandið er. Af einhverjum ástæðum eru menn nú samt að setja leiðbeinandi reglur eða bindandi í lög til að tryggja ákveðna dreifingu og draga úr áhættunni, reyna að fyrirbyggja slys í vissu þess að þau muni verða í bland við hið góða gengi. Það hefur því miður gerst. Við þekkjum dæmi um lífeyrissjóði þar sem menn hafa farið óskynsamlega að ráði sínu og þá hefur þó verið einhver vörn í reglum, sem tryggja dreifða fjárfestingu og draga þannig úr áhættunni.

Að lokum væri fróðlegt, herra forseti, að hæstv. fjmrh. færi aðeins yfir þetta ákvæði sem verið er að taka inn með menntun, starfsreynslu og starfsferil framkvæmdastjóra lífeyrissjóða. Mér er að vísu ljóst að þetta muni sambærilegt orðalag við það sem hefur ratað inn í lög um viðskiptabanka og sparisjóði og er á erlendum tungum í umsögn um 3. gr. á bls. 5 kallað „fit and proper-mælikvarði". Það er orðið erfitt að koma hlutunum frá sér á íslensku í þessu fína viðskiptamáli nútímans. Mér finnst þetta svolítið skrýtið orðalag satt best að segja. Þarna á að leggja ákaflega huglægan mælikvarða með því að segja að menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóða skuli með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni. Er ekki hreinna og beinna, ef menn vilja það á annað borð, að setja þá bara tilteknar menntunarkröfur? Er það orðið algjört bannorð að láta faglega menntun manna vera skilyrði plús annað sem til þurfi að koma? Hún er að sjálfsögðu ekki trygging fyrir því að menn viti hvað þeir eru að gera. En að breyttu breytanda er þó væntanlega heldur til bóta og einhver trygging að menn hafi staðist þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í háskólanámi t.d., klárað próf frá viðurkenndum háskólum eða endurmenntunarstofnun og geti þar af leiðandi a.m.k. lagt fram einhverjar tryggingar fyrir því að þeir séu starfi sínu vaxnir.

Mér finnst skrýtinn leikur hér í gangi. Það virðist orðið bannað að setja tilteknar skilgreindar menntunarkröfur. Menn grípa þess í stað til orðalags af þessu tagi. Ég spyr því hæstv. menntmrh.: Hver á að skilgreina þetta? Á að gefa út reglugerð um þetta? Hvers konar menntun, starfsreynsla og starfsferill veitir slíka tryggingu? Auk þess held ég að

þetta orðalag sé kannski ekki það sem menn ætluðu að hafa þarna. Það á eiginlega ekki heima þarna vegna þess að það er útópískt, það er óframkvæmanlegt. Ekki einu sinni ágæt menntun og farsæll starfsferill eða starfsreynsla er altæk trygging fyrir því að ekki geti orðið slys og einhverjir lent í vandræðum. Þarna væri kannski líka spurning um að leita að skárra orðalagi. Jafnvel þó hér sé tekið upp það sem áður hefur komist inn í lög um viðskiptabanka og sparisjóði eða einhverjar aðrar fjármálastofnanir þá er ekki þar með sagt að það sé heilög speki þó að það hafi einhvern tíma áður komist á prent.

[11:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei sagt að ég hafi eitthvað á móti þessum 500 milljörðum sem lífeyrissjóðirnir eiga. Mér finnst það gott mál. Spurningin er um ráðstöfun þeirra. Hver ráðskast með þessa peninga?

Hv. þm. sagði að það væru skuldbindingar á móti þessum peningum. Það er alveg hárrétt og því er lýst í lögunum. Og þegar um er að ræða skuldbindingu eins þá er til staðar krafa annars. Og hver skyldi eiga kröfuna?

Ég bið hv. þm. að líta á hlutabréf í Eimskip. Hver er krafan þar? Það er ekki kvaða- og skuldbindingalaus eign. Ef ég á hlutabréf í Eimskip þá get ég ekki farið inn og náð í skrifborð hjá Eimskip. Ég á bara almenna kröfu og ekki einu sinni kröfu um arð. Hluthafafundur þarf að samþykkja það. Samt segja menn að ég sem hluthafi eigi Eimskip og allir hluthafar Eimskips eigi fyrirtækið í heild sinni.

Mín spurning til hv. þm. er: Hver á réttindin hjá lífeyrissjóðunum? Ef eignir sjóðanna standa á móti réttindunum, hver á þá eignirnar?

Að síðustu vildi ég spyrja hv. þm.: Líkar honum vel sú uppákoma sem varð á aðalfundi FBA í gær og eftirmálar þess, þar sem forstöðumenn lífeyrissjóðanna, umboðsmenn sjóðsfélaga sem ekki hafa kosið þá og eru meira að segja tilnefndir af atvinnurekendum, kvarta undan því að fá ekki völd í krafti þess fjármagns sem sjóðsfélagarnir eiga?

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég fagna því, herra forseti, að hv. þm. gleðst yfir eign lífeyrissjóðanna eins og ég geri og viðurkennir að skuldbindingar eru á móti. Við þurfum að ræða þetta á þeim forsendum.

Hverjir fara með þessa eign? Jú, ég fór yfir það. Ég held að það þýði ekki að taka þetta dæmi af Eimskip og reyna að setja samasemmerki á milli þessa og venjulegs hlutafélags. Þetta er ekki þannig fyrirbæri auk þess sem ég efast stórlega um að það mundi virka þannig þó að menn héldu einhvers konar „almenna hluthafafundi" í lífeyrissjóðunum og reyndu að innleiða þá stjórnunarhætti.

Ég var ekki mjög hrifinn af því sem gerðist á aðalfundi Fjárfestingarbankans. Ég er þá ekki aðallega að hugsa um þessi áflog um stjórnina. Mér er að mestu leyti sama um það hverjir sitja þar í stjórn. Það sem mér blöskrar er sá hugsunarháttur sem virðist orðinn allsráðandi, að menn eigi að moka sem mestu fé í sjálfa sig ef þeir mögulega lífsins geta, að ef menn komist í aðstöðu til þess þá sé bara um að gera að hrammsa sem mest. Maður spyr sig að því hvort það hafi verið til þessa sem verið var að einkavæða þessa sjóði, þ.e. að menn gætu síðan bara smellt fingrum og dregið út úr þeim milljarða króna handa sjálfum sér. Það er auðvelt að kaupa ríkisfyrirtæki ef þú getur látið þau borga sig sjálf á nokkrum mánuðum þar á eftir. Ofurlaun og flottræfilsháttur af því tagi sem þarna er á ferðinni, segi ég alveg hikstalaust, fellur mér ekki sérstaklega vel. Ég held að margir gætu auðvitað með sama hugarfari gert slíkt hið sama. Auðvitað eru ýmsir hér í aðstöðu til að hækka verðið gagnvart kúnnum sínum og hirða þann gróða í eigin vasa. En það gera ekki allir. Ég hélt að það væri eitthvað til sem héti þjónustuhugsun hjá þessum fyrirtækjum.

Fyrir hverja er þessi banki rekinn? Er hann rekinn fyrir starfsmennina og eigendurna eða er hann rekinn fyrir íslenskt atvinnulíf? Er mönnum alveg sama hvaða fjármunir eru teknir þarna út til að moka í eigendur og starfsmenn með þessum hætti?

Varðandi stjórnarkjörið þá kom ég einmitt inn á það og þar get ég tekið undir með hv. þm. Það er ástæða til að ræða hvort lífeyrissjóðirnir eigi að skipta sér í eins miklum mæli af stjórnum þeirra fyrirtækja sem þeir hafa fjárfest í og raunin virðist vera.

[11:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon svaraði spurningu sem ég spurði ekki. En ég vildi gjarnan að hann svaraði spurningunni sem ég spurði. Ég spurði: Þar sem eignir lífeyrissjóðanna eiga að standast á við skuldbindingar þeirra og skuldbindingar lífeyrissjóðanna eru ekkert annað en krafa sjóðsfélaganna, hver á þá réttindin hjá lífeyrissjóðunum? Hver á kröfu á lífeyrissjóðina?

Og í öðru lagi: Ef krafan stendur á móti eignunum eða eignirnar standa á móti kröfunni, hver á þá eignirnar?

[11:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú sennilega ekki svarað þessari spurningu af því að hv. þm. hefur spurt hennar svo oft og ég er búinn að svara henni svo oft hér á undanförnum árum. Ég er líklega hættur að heyra spurninguna. Það er þegar búið að svara spurningunni einu sinni í þessari umræðu. Það gerði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég er sammála því svari.

Að svo miklu leyti sem rétt er að nota þetta eignarréttarlega hugtak í þessari umræðu þá eru það auðvitað sjóðfélagarnir og fjölskyldur þeirra sem eiga sjóðina. Þeirra eru skuldbindingarnar. Það er til þeirra sem féð á að renna. En gleymum því ekki í leiðinni að kerfið er ekki byggt í einkaeignarréttarlegum skilningi. Þetta er félagslegur samtryggingarsjóður, (**Gripið fram í:** Sameignarsjóður.) sameignarsjóður. Þetta er þannig fyrirbæri. Gleymum því aldrei að þar af leiðandi er svolítið misvísandi að nota einkaeignarréttarleg hugtök í umræðum um þessi mál. Á sama hátt finnst mér ekki skynsamlegt að blanda því sem gengur og gerist í hlutafélögum inn í umræður um þetta fyrirkomulag og hvernig það eigi að byggjast upp.

[11:27]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér breytingar á fjárfestingarmöguleikum lífeyrissjóðanna eða heimildum þeirra og einnig um starfsréttindi eða kvaðir um kunnáttu starfsmanna sjóðanna.

Saga lífeyrissjóðakerfisins er nokkuð löng. Hún hófst um 1920 með Lífeyrissjóði embættismanna. Ég ætla nú ekki að fara nánar út í þá sögu nema það að árið 1969 var í samningum ákveðið að stofna hina almennu lífeyrissjóði sem nú

ganga undir nafninu SAL. Meginhugsunin á bak við það var að verkamenn og aðrir ættu sama rétt til lána og aðrir. Hugsunin um lán var númer eitt, tvö og þrjú.

Þetta gekk voðalega illa. Ákaflega fáir gengu í lífeyrissjóðina. Ég tók til starfa sem forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna árið 1977. Þá voru bara nokkur þúsund manns eða tvö eða þrjú þúsund sem borguðu þar inn í kjölfar þessarar samninga, sem sagt afskaplega lítið.

Þá brugðu menn á það ráð að panta lagasetningu frá Alþingi. Árið 1974 voru sett lög sem eru þau makalausustu í heiminum þar sem kveðið var á um að öllum launþegum væri rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði, punktur og basta. Viðkomandi starfstéttar eða starfshóps heitir það. Ekkert var um það að lífeyrissjóðirnir stæðu við skuldbindingar sínar. Ekkert var um fjármálastefnu, ekkert um kvaðir um eftirlit eða neitt slíkt. Það var ekkert annað en þetta.

Eftir þetta gátu lífeyrissjóðirnir sent lögfræðinga inn í fyrirtækin til að ná í iðgjöldin og þá fjölgaði félagsmönnum allverulega og varð sprenging eftir 1974. Árið 1980 var þetta svo aukið enn frekar þar sem sjálfstæðir atvinnurekendur voru þá settir inn í þennan hóp líka. Nánast allir sem hafa laun vegna starfa sinna voru skyldaðir til að borga í lífeyrissjóð. Þetta frumkvæði löggjafans er ástæðan fyrir þeirri miklu aukningu sem hefur orðið á aðild að lífeyrissjóðunum. Hins vegar varð eign lífeyrissjóðanna afskaplega illa út í verðbólgunni fram til 1980. Hún brann alveg upp þannig að allar eignir lífeyrissjóðanna fyrir 1980 og öll iðgjöld sem voru greidd fyrir þann tíma hurfu, urðu að engu.

Verðtryggingin 1980 sem hófst hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna 1979 olli því að eignirnar geymdust. Hún er ástæðan fyrir hinum miklu eignum lífeyrissjóðanna í dag og aftur var það löggjafinn sem heimilaði þetta. Lífeyrissjóðirnir bjuggu við afskaplega þægilegt umhverfi á þeim tíma. Það mátti lána til ríkis- og sveitarfélaga. Þeir máttu eiga innstæður í bönkum eða bankabréf, en þá voru eingöngu ríkisbankar og sparisjóðir, og menn gátu lánað til sjóðfélaganna, svona 60–70% af verðmæti fasteigna, fasteignamati. Svona var þetta einfalt í þá daga. Það var ekki mikill vandi að stunda fjárfestingarstarfsemi í þá daga. Menn keyptu bara af ríkinu spariskírteini eða húsbréf. Þau voru reyndar ekki komin. Svo lánuðu menn bönkunum og sjóðsfélögunum. Það var aðalstarfið. Flest útlán lífeyrissjóðanna voru til sjóðfélaga og mjög strangar kvaðir voru um veðsetningu. Þar lentu sjóðirnir að sjálfsögðu í hagsmunaárekstri því að sjóðfélagar sem lántakendur vildu að sjálfsögðu greiða lága vexti og enga verðtryggingu en sjóðfélagar sem lífeyrisþegar vildu aftur á móti háa vexti og verðtryggingu. Þessi hagsmunaárekstur var því til staðar innan sjóðanna.

Svo var alltaf dálítil krafa um að sjóðirnir breyttu vangoldnum iðgjöldum fyrirtækja sem voru í vandræðum og voru að fara að loka, í lán. Sá hagsmunaárekstur var líka alltaf til staðar.

Svo gjörbreytist umhverfið. Bankar eru ekki lengur ríkisbankar, ekki endilega, og það fara að koma hlutabréf. Einstaka sjóðir hafa heimild til að kaupa hlutabréf. Lífeyrissjóður verslunarmanna mátti kaupa fyrir 10% af ráðstöfunarfé t.d. En flestir sjóðirnir máttu það ekki. Þetta gjörbreytta umhverfi náði til lífeyrissjóðanna þegar lögin voru sett í desember 1997, þ.e. þær reglur sem eru í gildi í dag og mikil aukning varð á heimildum sjóðanna til að kaupa verðbréf þó með þeim kvöðum sem eru í gildi í dag. Þessar kvaðir voru ræddar mjög ítarlega í lífeyrissjóðanefndinni sem ég sat í og menn ræddu það hvernig fjárfestingarstefnu ætti að hafa fyrir hönd stjórnar sjóðanna. Auðvitað hefðu stjórnir sjóðanna átt að setja svona reglur. En þær höfðu ekki gert það, höfðu ekki heimild til þess.

Um leið og menn auka möguleika lífeyrissjóðanna til að kaupa hlutabréf þá eykst áhættan stórlega, áhætta á að menn geri mistök, áhætta á að menn kaupi hlutabréf í fyrirtækjum sem verði gjaldþrota, áhætta á að menn láni til aðila sem geti ekki borgað o.s.frv. Og alveg sérstaklega er hættulegt að fjárfesta erlendis. Innan lands felst hættan í því að menn kaupi í fyrirtækjum sem eru burðarás atvinnu á staðnum. Það þekkjum við. Lífeyrissjóðirnir setja sig með því í stórhættu því menn eru ekki að fjárfesta í bestu fyrirtækjunum. Það er ekki vænlegur fjárfestingarkostur heldur björgunaraðgerð sem er mjög hættuleg.

Undanfarið hefur verið feiknagóð ávöxtun hér á landi og erlendis, bæði í hlutabréfum og í skuldabréfum líka vegna þess að vextir hafa lækkað úr því að vera svona 7–8% jafnvel 9% raunvextir á ríkispappírum, niður í 4–5% í dag. Því hefur gengi skuldabréfa stórhækkað vegna þess að gengi skuldabréfa hækkar þegar ávöxtunarkrafan lækkar. Og það þekkja menn að hlutabréfin hafa ekki gert neitt annað en að hækka síðustu tvö, þrjú árin hér á landi og erlendis hefur sú hækkunarhrina staðið í sex til sjö ár og jafnvel svo lengi að menn eru farnir að trúa því að nú séu einhver ný hagfræðilögmál í gangi. Þær reglubundnu sveiflur upp og niður á hlutabréfamarkaði hafa ekki látið á sér kræla erlendis enn sem komið er, en margir vænta þeirra. Það er enginn vandi að skila góðum árangri þegar vel gengur. Það er eiginlega vandi að skila ekki góðri ávöxtun þegar svona vel gengur. Það væri snilld. Það að vísa í góðan árangur lífeyrissjóðanna undanfarið í fjárfestingum eru því í rauninni ekki rök fyrir því að rýmka reglurnar verulega.

Erlendar fjárfestingar sérstaklega eru mjög hættulegar vegna þess að menn eru að fjárfesta í umhverfi sem þeir þekkja ekki. Ég veit að margir sjóðanna hafa farið þá skynsamlegu leið að reiða sig á sérfræðinga erlendis, þ.e. fjárfesta í gegnum erlenda verðbréfasjóði eða hlutabréfasjóði. Ég held að ekkert annað sé skynsamlegt. Það eina skynsamlega er að gera það þannig. Það reynir á þessa útlánastefnu eða á snilld mannanna sem stjórna þessu þegar gengið fer að lækka. Þegar vextirnir hækka á skuldabréfunum og alveg sérstaklega þegar gengi hlutabréfa fer að lækka þá reynir á snilldina. Þá reynir á það hvernig mönnum tekst að ná góðri ávöxtun þrátt fyrir lækkandi gengi. Vegna forsögunnar og þess hvað menn koma úr vernduðu umhverfi þar sem ekkert gat brugðist — það gat ekkert brugðist vegna þess að menn máttu ekki gera neitt — og fara yfir í það frelsi sem nú er þá held ég að nokkuð vafasamt sé að auka þessar heimildir mikið. Ég legg til að hv. efh.- og viðskn. sem ég á sæti í gaumgæfi mjög vandlega hugmyndir um rýmkum í ljósi þess að menn eru að koma úr algjörlega vernduðu umhverfi og eru að fara út í afskaplega lítið verndað umhverfi, þ.e. útlönd. Þar gildir hinn harði heimur samkeppninnar og menn verða að hafa mikla þekkingu og mikla reynslu í fjárfestingum og alveg sérstaklega þegar gengið fer fallandi.

Það er kostur að í þessu frv. eru gerðar hæfiskröfur til stjórnenda en eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um þá eru þær loðnar og það er sennilega til þess að helmingur stjórnenda verði ekki óhæfur, þ.e. þurfi að hætta ef lögin verða sett. Hv. nefnd þarf líka að skoða hvaða afleiðingar þessar hæfiskröfur hafa, eins veikar og þær eru, á þá stjórn-

endur sem eru í dag hjá lífeyrissjóðunum. En eins og ég gat um áðan þá koma þeir úr mjög vernduðu umhverfi. Þetta tengist að sjálfsögðu því hverjir eigi lífeyrissjóðina og það er ekki út í bláinn sem ég kem þeirri umræðu aftur og aftur hér á dagskrá. Það er vegna þess að það vantar allt aðhald í dag. Það er ekkert aðhald hjá þessum lífeyrissjóðum. Það er enginn eigandi sem segir: „Hvað eruð þið að gera hérna?" Það er enginn sem spyr stjórnina. Það vantar þetta aðhald sem stjórnin þarf að hafa. Þess vegna tel ég mjög brýnt að hv. þingmenn hugleiði hvort ekki sé hægt að finna eiganda að þessu fé og innleiða aðhald hans. Það er alls staðar nauðsynlegt fyrir alla stjórnendur að einhver veiti þeim aðhald gagnvart gjörðum sínum. En það er ekki til staðar í dag.

Uppákoma sem varð í kjölfar fundarins í gær hjá FBA er einmitt lýsandi fyrir það að menn eru farnir að nota það vald, sem þetta fé sem sjóðfélagar eiga, gefur til þess að ná sjálfir í stjórnarsæti í krafti þessa fjármagns sem þeir eiga ekkert í og hafa enga áhættu af. Ég geri mikinn mun á því hvort menn hafi fjárfest og séu að taka áhættu upp á fleiri hundruð milljónir prívat og persónulega, jafnvel með lánum, ég geri mikinn mun á því hvernig sá maður hegðar sér og einhver annar sem á ekkert undir nema stjórnarlaunin sín. Ég skora því á hv. þm. að leita að eigendum að þessu fé. Nákvæmlega það sama gildir um bóndann sem rekur sitt fé í haga. Bændur meðal hv. þm. þekkja það að féð þarf aga annars rásar það út um allt og týnist og hleypur fyrir björg. Það er nákvæmlega eins með þetta fé í lífeyrissjóðunum, þessa 500 milljarða, að það skiptir verulegu máli fyrir íslenska þjóð að til sé einhver hirðir fyrir þetta fé, einhver eigandi, þannig það rási ekki fyrir björg og tapi sér.

[11:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Nýlega fékk ég í hendur álit frá erlendu matsfyrirtæki um efnahagsmál á Íslandi. Nýr aðili var fenginn til þess að leggja mat á lánshæfi íslenska ríkisins til viðbótar við þá tvo sem það hafa gert áður. Við fengum eins og vænta mátti afskaplega góða einkunn sem skipar okkur á bás með helstu þjóðum í Vestur-Evrópu. Eitt af því sem sérstaklega var nefnt og týnt til sem styrkir stöðu íslenska ríkisins og Íslands er lífeyrissjóðakerfið á Íslandi, þ.e. sú staðreynd að við höfum búið vel um okkur með tilliti til framtíðarinnar eftir því sem þjóðin eldist. Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er þannig að hún er tiltölulega ung enn sem komið er. En auðvitað breytist það og þá gildir að vera *búinn að koma málunum þannig fyrir að við ráðum við þann* kostnaðarauka sem af því hlýst. Það er ekkert vafamál að staða Íslands í þessu efni er mun betri en margra annarra þjóða, m.a. í Vestur-Evrópu, sem þó hafa sama lánshæfismat og við. Með öðrum orðum þá er það gríðarlega mikilvægt mál hvernig búið er að lífeyrismálum þjóðarinnar og hvernig unnið er að því að styrkja þá þætti. Gjarnan er talað um að lífeyriskerfi okkar sé byggt á þremur þáttum, í fyrsta lagi á lífeyrissjóðunum sem sú löggjöf fjallar um sem við erum að tala um hérna í dag, í öðru lagi á almannatryggingakerfinu og í þriðja lagi á hinum frjálsa lífeyrissparnaði. Þetta eru þær þrjár stoðir sem kerfið í heild sinni byggir á. Og við reynum að sjálfsögðu að búa þannig um hnútana að hver og ein þeirra sé öflug og geti gegnt sínu hlutverki.

Við höfum, eins og hér hefur komið fram í umræðunni, náð á undanförnum 30 árum, þó frekar á undanförnum 20 árum, að byggja upp mjög öflugt lífeyrissjóðakerfi sem byggist á samkomulagi aðila úti á vinnumarkaðnum. Það er fyrsta stoðin, lífeyrissjóðakerfið sjálft, og það mál sem hér er til umræðu núna með tilliti til breytinga á gildandi lögum.

Við erum með söfnunarkerfi á Íslandi. Við erum ekki með gegnumstreymiskerfi eins og hér hefur borið á góma heldur kerfi þar sem fé safnast upp, þar sem ein kynslóð safnar fyrir sjálfri sér í stað þess að borga á vinnualdri sínum með annarri kynslóð sem er komin á eftirlaun. Þetta kerfi hefur yfirburði yfir það sem við þekkjum í öðrum löndum þar sem fram undan eru, t.d. í mörgum ríkjum Evrópusambandsins, gríðarmikil vandamál í framtíðinni þegar kemur að því að fjölmennar kynslóðir komast á eftirlaun og ekki hefur verið búið í haginn með sama hætti og hérlendis í þessum efnum. Þá verður nú fróðlegt að fylgjast með því hvernig Evrópusambandið fer að deila byrðunum á milli landa, á milli manna, ekki bara kynslóða í því efni. Sem betur fer erum við ekki í þessari stöðu. (**SJS:** Og ekki í Evrópusambandinu.) Með því samstarfi sem hér hefur verið nefnt úti á vinnumarkaði og með aðild löggjafans erum við búin að koma þessu kerfi í mjög gott horf.

Að því er varðar síðan hinn opinbera þátt og Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þá er hann sá þáttur í sjóðakerfinu sem veikastur hefur verið. Við erum núna að reyna á skipulagðan hátt að byrgja þar ákveðinn brunn áður en barnið dettur í hann eftir 10–15 ár, með skipulegum innborgunum af lánsfjárafgangi ríkissjóðs inn í það kerfi, eins og mönnum er kunnugt, og okkur miðar ágætlega í því efni. Og ef við fáum að vera í friði með þær aðgerðir þá munum við leysa þann vanda áður en hann verður að veruleika á tiltölulega fáum árum.

En hvað er þá á ferðinni í þessu máli? Jú, hér er verið að leggja til nokkrar breytingar á tiltölulega nýrri löggjöf án þess þó að ráðist sé í heildarendurskoðun á henni, en breytingar sem menn telja nauðsynlegar í ljósi þeirrar reynslu sem *þegar hefur fengist. Það má skipta þessu í nokkur atriði.* Það er ein mjög stór breyting sem byggist á því að rýmka fjárfestingarheimildir sjóðanna, einkanlega í útlöndum. Síðan eru hinar breytingarnar meira og minna annaðhvort formlegs eða tæknilegs eðlis og hafa ekki grundvallarþýðingu í þessu máli. Ég felli kröfurnar um hæfi forstöðumanna og stjórnenda undir þennan þátt. Ég geri mér vissulega grein fyrir því að þær eru óljósar að mörgu leyti, m.a. vegna þess að menn hafa ekki viljað fara út í það að setja ákveðnar menntunarkröfur í þessu efni vegna þess að menn geta verið býsna góðir stjórnendur lífeyrissjóða og fjármálastofnana án þess að vera með háskólapróf upp á vasann. Helsti talsmaður þessara kenninga er formaður BSRB sem er eini þingmaðurinn sem situr í stjórn lífeyrissjóðsins eins og hér hefur komið fram. Hann er reyndar ekki hér í dag, en mér er vel kunnugt um hvaða afstöðu hann hefur í því máli. Við höfum ekki viljað setja formlegar menntunarkröfur en hins vegar almennar hæfiskröfur þannig að reynt sé fyrir fram að koma í veg fyrir að þarna verði einhver slys af þessum sökum, þó að auðvitað sé aldrei hægt að tryggja það fullkomlega, eins og hér hefur verið bent á í umræðu af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Þetta er eitt af þeim minni háttar atriðum í samanburði við hitt, sennilega atriði sem ekki hefði þótt tilefni til að fara af stað með sérstakt frv. út af, en er tekið hér með vegna þess að verið var að gera breytingar á annað borð.

En stóra málið í þessu er sem sagt sú rýmkun sem verið er að leggja til á fjárfestingarheimildunum. Þá er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að menn velti því atriði fyrir sér. Er eðlilegt að fara út í slíkar breytingar? Er einhver sérstök þörf

á þeim? Hvaða áhrif munu þær hafa efnahagslega séð? Er hægt að tryggja nægilegt eftirlit með þeim þáttum af hálfu þess eftirlitsaðila sem um er að ræða, þ.e. Fjármálaeftirlitsins? Þetta eru allt eðlilegar spurningar sem menn hafa velt mikið fyrir sér í aðdraganda þessa máls og er rétt að komi fram hér í umræðunni og nauðsynlegt að hv. þingnefnd skoði allt þetta vandlega.

En fyrst er kannski rétt að velta þeirri spurningu fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að vera með einhverjar takmarkanir í þessu efni. Er ekki eðlilegt að þessir sjóðir eins og hver önnur fyrirtæki ákveði bara sjálfir með hvaða hætti þeir ráðstafi ráðstöfunarfé sínu og ávaxti sitt pund? Svarið við þeirri spurningu er nei, í það minnsta að svo komnu máli. Það er vegna þess að hér er um að ræða meðferð á skyldubundnum sparnaði allra manna í landinu. Og það er ekki eðlilegt að löggjafinn sleppi fullkomlega takinu á svo mikilvægu hagsmunamáli alls almennings, a.m.k. ekki á þessu stigi máls fyrr en þessi mál hafa fengið að þróast og menn eru sannfærðir um að lífeyrissjóðirnir ráði við svo mikilvægt verkefni án þess að þeim séu settar einhverjar skorður af hálfu löggjafans. Málið snýst nefnilega um það að verið er að ávaxta sparnað allra í landinu og það er gert samkvæmt lagaboði. Þeir sem hér eiga hlut að máli, þ.e. lífeyrisþegarnir í landinu og þeir sem borga í lífeyrissjóðina, hafa ekkert val um það hvernig þeir borga í þessa sjóði. Auðvitað mundi málið horfa öðruvísi við ef það væri ekki lögbundið og samningsbundið í hvaða sjóði menn greiða og að mönnum beri skylda til þess. Þess vegna eru takmarkanir á þessu.

Þá er næsta spurning: Eru takmarkanirnar eðlilegar? Okkur sem stöndum að frv. af hálfu ríkisstjórnar og þingflokka hennar finnst rétt að rýmka þær núna. Reyndar er ekki gengið eins langt og ýtrustu kröfur ýmissa í þessu sjóðakerfi hljóða upp á. Það er ekkert leyndarmál að ýmsir aðilar á þeim vettvangi hafa kosið að þarna yrði gengið lengra, til að mynda í 60% að því er varðar erlendar fjárfestingar af heildareign sjóðanna, á meðan við leggjum til í frv. að farið verði úr 40 upp í 50 og það eru vissulega miklar upphæðir sem þar er um að tefla, eins og hér var getið um í umræðunni. Ef menn gefa sér að eignir sjóðanna séu 500 milljarðar, þá er þarna um að ræða 50 milljarða.

Ég var að glugga í ársreikninga eins stærsta lífeyrissjóðs landsins sem birti reikninga sína nýlega og ég sá ekki betur en hann ætti eignir upp á 75 milljarða kr., einn milljarð Bandaríkjadala, þannig að í því tilfelli er þá um að ræða rýmkun sem nemur 7,5 milljörðum. Við erum því að tala um alveg gríðarlega stórar fjárhæðir sem eru má segja á mörkum þess að menn bara hreinlega nái utan um þær vegna þess hve sjóðirnir hafa vaxið mikið á undanförnum árum. En það er í sjálfu sér náttúrlega mikið gleðiefni og mjög ánægjulegt hvernig þar hefur tekist til um stjórnun þessa fjármagns.

Þá kem ég að því sem hér var vakið máls á, hverjar efnahagslegar afleiðingar slíkra breytinga væru. Er þetta rétti tíminn, og má búast við að það hafi einhver óheppileg áhrif að gera þetta í einu stökki? Hér er ekki verið að gera þetta í einu stökki vegna þess að það er ekki þannig að allt í einu mundu stökkva fram á sjónarsviðið lífeyrissjóðir sem mundu vilja fjárfesta erlendis fyrir þessa 50 milljarða í einu lagi, því að þeir eru náttúrlega misjafnlega langt komnir í fjárfestingum sínum. Það er það sem gildir í þessu, ekki að menn taki slíkt risaskref í einu, heldur að þeir geti gert ráðstafanir og áætlanir fram í tímann þar sem þeir hafa þetta svigrúm.

Það var spurt að því áðan hversu margir sjóðir eru farnir að nálgast þetta þak sem er í lögunum í dag. Ég hef reyndar ekki nákvæmar upplýsingar um það, en þeir eru mjög fáir. Það eru ekki margir sjóðir sem reka sig upp undir þessi þök í dag. En til þess að þeir geti tekið skynsamlegar ákvarðanir og gert áætlanir um starfsemi sína eitthvað fram í tímann, þá verða þeir að vita hvaða svigrúm þeir hafa fram á veginn, og þess vegna er skynsamlegt m.a. að gera þessa breytingu. Ég get ekki svarað því nákvæmlega hvaða sjóðir eru að rekast upp í þetta þak og eðlilegast væri kannski að leita eftir því í þingnefndinni. Mér er kunnugt um að t.d. Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur verið mjög framsækinn í fjárfestingum á erlendum vettvangi. Mér finnst líklegt að hann sé dæmi um sjóð sem von bráðar mundi reka sig í þessi mörk, en að öðru leyti tel ég rétt að nefndin grennslist fyrir um það atriði.

Ég tel sem sagt ekki að það sé neitt í efnahagsumhverfinu í dag sem geri það að verkum að þessi breyting sé neikvæð. Við höfum bara metið það sjálfir í fjmrn. og ekkert verið að leita endilega álits annarra á því. Það er eðlilegt að nefndin leiti t.d. til Þjóðhagsstofnunar og Seðlabankans um slík atriði. Auðvitað kallar eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri til fjárfestinga í útlöndum á það að tilhneiging verður til að hækka gengi þeirra gjaldmiðla og lækka gengi krónunnar. Það er bara lögmálið um framboð og eftirspurn í öllu sínu veldi sem segir okkur það. En það er ekki þar með sagt að krónan sé það illa í stakk búin eða illa varin að hún þoli ekki slíka eftirspurn. Það eru gríðarleg viðskipti með gjaldeyri á hverjum einasta degi hér í landinu og það eru miklar fjárfestingar og miklir straumar út úr landinu með fjármagn. Þessa dagana, í upphafi þessa árs t.d. hefur verið mjög mikil eftirspurn eftir gjaldeyri til að fjárfesta í útlöndum vegna þess að sjóðirnir hafa verið mikið á ferðinni með sínar fjárfestingar.

Við teljum ekki að ástæða sé til þess að hafa sérstakar áhyggjur af genginu út af þeirri breytingu sem slíkri. Ég tel þvert á móti að það sé mjög æskilegt að rýmka ráðstöfunarheimildir lífeyrissjóða og annarra og hvetja til þess að þeir fjárfesti í útlöndum til þess að minnka heildareftirspurnina hérna innan lands, draga úr þenslunni, koma fjármagni í fjárfestingu erlendis, sem síðar mun aftur skila okkur tekjustraumum í formi arðs og vaxta inn í þjóðarbúið þegar þær fjárfestingar fara að gefa af sér, eins og þær eru þegar farnar að gera í stórum stíl. Það styrkir okkur mjög sem þjóðarbú að geta byggt upp eignir í útlöndum og lífeyrissjóðirnir eru stærsti aðilinn að þeim fjárfestingum og það er mjög gott fyrir þjóðarbúskap okkar.

Heimildir Fjármálaeftirlitsins eru styrktar í frv., það var spurt um það, ég tel að þær séu fullnægjandi.

Síðan var spurt hvort þetta frv. tengdist einhverri ákveðinni fjárfestingu og það er auðvitað alveg af og frá. Þetta frv. er almenns eðlis og tengist ekki tilteknum fjárfestingum og er ekki hugsað út frá slíkum sjónarmiðum.

[11:55]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög greinargóða ræðu um þetta mál. Mig langaði aðeins til að forvitnast vegna þess að eðli lífeyrissjóða er út af fyrir sig dálítið misjafnt, annars vegar er um ríkisrekna sjóði starfsmanna að ræða og hins vegar almenna sjóði. Ég skil það a.m.k. svo að þeir sjóðir sem eru í höndum ríkis og sveitarfélaga séu tryggðir af þeim, en almennir sjóðir eru einungis sú trygging sem sjóðirnir veita sjálfir, þ.e. meðferð þess fjár

sem þar er. Með mjög rýmkuðum heimildum til handa sjóðstjórnum er náttúrlega verið að auka áhættuna. Og það sem áður gilti að fjárfesta í tryggum bréfum ríkis og sveitarfélaga eða í mjög tryggum fyrirtækjum er ekki lengur markmið eða skylda skulum við segja, heldur er mönnum heimilt að fjárfesta sem víðast væntanlega og minnka áhættuna og auka þá möguleika sjóðsins til að tryggja þá hagsmuni.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig færi með þessa mismunandi sjóði ef þeir yrðu gjaldþrota, ef almennir sjóðir yrðu gjaldþrota, sætu þá eigendur sjóðsins í dag uppi með það að eiga ekki neitt?

Það er auðvelt að fara upp úr þessum þökum. Við höfum kynnst því að virðulegustu bankastofnanir í heiminum hafa orðið gjaldþrota vegna þess að einhver doktor í viðskiptum fór með allt saman út úr myndinni, þannig að stjórnendur bankanna áttuðu sig ekki á því hvað var að gerast. Ýmislegt getur því gerst.

[11:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er satt að segja hálfilla við að ræða þann möguleika að lífeyrissjóðir hérlendis verði gjaldþrota, ég tel að það sé afskaplega ólíklegt og nánast óhugsandi. En hins vegar er það nú þannig að það eru lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna sem njóta bakábyrgðar hins opinbera, en það sama á ekki við um aðra sjóði. Þar eru menn starfandi upp á eigin ábyrgð eins og kunnugt er.

[11:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú undrandi á því að hæstv. fjmrh. skuli ekki geta rætt þann möguleika, hann er alls ekkert svo fjarri. Ég minnist þess að Lífeyrissjóður bænda var kominn í mjög mikil vandamál á sínum tíma og við höfum heyrt af því að Lífeyrissjóður sjómanna hafi verið kominn í vanda, auðvitað hefur því verið bjargað, en ég hélt að það væri í sjálfu sér eðlileg stjórnsýsluvinna að menn gerðu ráð fyrir öllum þeim möguleikum sem gætu komið upp. Ég verð því að ítreka þá spurningu ef sú staða kæmi upp og það upplýstist, eins og ég hélt, að almennir sjóðir hafa enga baktryggingu eins og sjóðir opinberra starfsmanna og í því liggur gríðarlega mikill eðlismunur. Þeir sem hafa ekkert á bak við sig annað en að trúa og treysta þeim mönnum sem eru sjálfskipaðir í stjórnir þessara sjóða, þeirra áhætta er miklu meiri en hinna, það gefur augaleið. Ég held að menn verði að reikna með því að stjórnvöld og Alþingi geri þá ráð fyrir að einhverjir möguleikar aðrir gætu komið til gagnvart þessu fólki heldur en hjá því sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum.

[11:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega alveg rétt að staða opinberra starfsmanna í þessu efni hefur löngum verið mun betri en annarra og það var jafnan talið svo í gegnum tíðina að þessi staða væri metin til launa, a.m.k. var það gjarnan haft á orði að opinberir starfsmenn þyrftu að sætta sig við aðeins rýrari kjör en aðrir vegna þess að þeir hefðu miklu betri lífeyrisréttindi. En gjaldþrot er kannski ekki rétta orðið í þessu sambandi. Það er réttara að tala þá um skort á greiðslugetu sem t.d. hefur leitt til þess að grípa hefur þurft til skerðingar á réttindum í sjóðunum. En þetta mál er nú flóknara en svo að unnt sé að ræða það af viti í stuttu andsvari, en ég legg áherslu á að þó að einstakir lífeyrissjóðir standi misvel að vígi og auðvitað hinir minni kannski lakar en þeir sem stærstir eru, þá er ekki ástæða til að gera því skóna að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

[12:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt atriði í ræðu hæstv. fjmrh. sem ég vil gjarnan gera að umtalsefni, það er að í skýrslu erlendra aðila hafi verið nefnt að eignir lífeyrissjóðanna hér væru svo miklar og þetta væri miklu betri staða en erlendis. Nú er það svo að eignir sjóðanna hafa vaxið frá 1980 en á sama tíma hafa erlendar skuldir þjóðarinnar vaxið líka. Þær vaxa mjög hröðum skrefum þessa dagana, um 30 milljarða á ári sem skuldir þjóðarbúsins vaxa í heild sinni erlendis. Og hvar eru þá þessar eignir lífeyrissjóðanna? Erum við bara að lána sjálfum okkur? Er það til bóta að einhver þjóð taki sig til og láni sjálfri sér? Hver kemur til með að borga þegar þar að kemur? Það eru að sjálfsögðu lántakendur, ríkissjóður, sveitarfélög, fyrirtæki og sjóðfélagar í gegnum húsbréfin þegar kemur að því að sjóðirnir þurfa að taka meira út úr kerfinu en þeir setja inn í það. Þessi skyldusparnaður hefur valdið uppsprettu fjár fram til 2030, eftir það þurfa lífeyrissjóðirnir meira fé út úr atvinnulífinu en þeir fá frá því, þ.e. það sem þeir greiða út. Þá fer að reyna á lífeyrissjóðakerfið. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort þessar eignir séu einhvers virði þegar þær eru ekki fluttar til útlanda. Síðan vil ég spyrja ráðherrann hvernig gengisáhættan sem felst í því að lífeyrissjóðirnir hafa auknar heimildir til að fjárfesta í útlöndum, allt að helming af eignum sínum, samræmist þeirri neysluvöruverðtryggingu á lífeyri sem sjóðirnir verða að fá plús 3,5% vexti.

[12:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar fyrra atriðið þá tel ég mjög æskilegt að meðan þjóðin sem heild skuldsetur sig í útlöndum, séu aðrir aðilar eða hluti af þjóðarbúinu að byggja upp eignir í útlöndum þannig að nettóskuldsetningin verði miklu minni en sem nemur því sem hér kom fram. Það er mjög heppilegt að aðilar eins og lífeyrissjóðirnir og reyndar æskilegt að þeir væru fleiri sem byggja upp eignir erlendis til að geta seinna staðið við þær skuldagreiðslur sem þjóðin þarf að inna af hendi. Reyndar er þetta mál með skuldir þjóðarinnar líka vandmeðfarið vegna þess að þjóðin kemur ekki fram sem einstaklingur eða einn aðili, einn lögaðili, hún er samsett af öllum þeim aðilum sem eru taka sjálfstæðar ákvarðanir. Það vill auðvitað þannig til núna að það eru allt aðrir aðilar en ríkisvaldið sem eru að skuldsetja sig nettó í útlöndum.

En að því er varðar gengisáhættuna þá er hún náttúrlega staðreynd. Á meðan aðilar annaðhvort taka lán eða veita lán í erlendum og mismunandi gjaldmiðlum, þá myndast þar einhver áhætta. Ég tel að hún sé kannski ekki mjög stórfelld að því er varðar þetta atriði. Ef gengi krónunnar mundi nú lækka einhvern tímann, þá mundu sjóðirnir hagnast á því að eiga eignir í útlöndum. En gengisáhættan í þessu dæmi er ekkert síður á milli erlendra gjaldmiðla. Eiga menn að kaupa eignir í Bandaríkjadollurum eða evrum, jeni o.s.frv.? Það eru slíkar vangaveltur sem þarna koma við sögu ekkert síður en hitt og þá er auðvitað mjög mikilvægt að menn njóti góðrar ráðgjafar um þau efni og reyni að vera ekki með öll sín egg í einni körfu, reyni að jafna áhættunni og dreifa henni sem víðast, bæði að því er varðar gjaldmiðla o.fl. þess háttar.

[12:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að ég geti tekið undir orð hæstv. fjmrh. að gott sé að lífeyrissjóðirnir séu að mynda eignir í útlöndum, þá er það svo að þeir hafa bara ekkert undan. Nettóskuldaaukning þjóðarinnar er árviss staðreynd um fjölda ára, þrátt fyrir kaup lífeyrissjóðanna í útlöndum. Þjóðin er því ekkert að spara eins og einhver kynni að halda ef þeir horfðu bara á lífeyrissjóðina, hún er í rauninni að eyða um efni fram.

Varðandi gengisáhættuna þá var á sínum tíma ákveðið að lífeyrir frá lífeyrissjóðunum yrði bundinn neysluvísitölu, hækkaði eins og verðlag. Það skýrir að hluta til það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur nefnt mörgum sinnum um bága stöðu lífeyrisþega. Helmingurinn af lífeyri allra lífeyrisþega á Íslandi kemur frá lífeyrissjóðunum, hinn helmingurinn frá Tryggingastofnun og þessi helmingur frá lífeyrissjóðunum er bundinn neysluvísitölu, hann hækkar ekki eins og laun. Þetta er skýring á því að misræmi kemur fram. Þessi tenging var tekin upp vegna þess að eignir lífeyrissjóðanna voru bundnar neysluvísitölu og menn vildu minnka áhættuna með því. Nú er verið að heimila lífeyrissjóðunum að fjárfesta erlendis, þá kemur til viðbótar gengisáhætta sem getur verið umtalsverð. Og ef gengið fellur falla eignir lífeyrissjóðanna líka, þær sem eru bundnar í erlendum gjaldmiðli. Þetta er orðið miklu hættulegra dæmi en verið hefur hingað til og reynir enn meira á snilli þeirra manna sem stýra fjárfestingu lífeyrissjóðanna.

[12:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin við þeim spurningum sem ég bar hér fram þó að hann hafi ekki svarað þeim öllum og vil ég því ítreka eina eða tvær spurningar sem hann svaraði ekki.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra að brýnt er að leikreglur gildi frá Alþingi varðandi lífeyrissjóðina þegar við erum að tala um meðferð á skyldubundnum sparnaði manna, ég held að það sé alveg ljóst. Spurningin er hve strangar og stífar þær leikreglur þurfa að vera. Ég hef sagt hér og ítreka það sem mína skoðun að ég tel að þær eigi að vera alveg eins strangar og gildir almennt um fjármálamarkaðinn og ekki síður þegar við erum að tala um lífeyrissjóði þar sem mesti sparnaður landsmanna myndast.

Ég hafði verulegar áhyggjur af því hvað þessi rýmkun á heimildum mundi þýða fyrir stöðu efnahagsmála eins og hún blasir við okkur nú og ég heyri það í svörum hæstv. ráðherra að ráðherrann hefur ekki miklar áhyggjur af því að það hafi einhver neikvæð áhrif á efnahagsmálin, að rýmka svo mjög heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestingar og áhættufjárfestingar. En ég verð að segja að það veldur mér nokkurri undrun og mér finnst það nokkuð sérkennilegt að fjmrn. hafi ekki séð ástæðu til þess að leita sérstaklega umsagnar t.d. Seðlabanka eða Þjóðhagsstofnunar á því hvaða áhrif það hefði að rýmka svo mjög heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestingar miðað við stöðu efnahagsmála. Það liggur þá hér fyrir að það hefur ekki verið gert og eftir því mun ég auðvitað ganga í hv. efh.- og viðskn. að Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun segi álit sitt á því. Það er náttúrlega eins og hér hefur komið fram og ráðherra staðfestir að þegar verið er að auka svo mjög heimildir þeirra til að fjárfesta erlendis, við erum að tala um 50 milljarða og eins og hæstv. ráðherra nefndi, þá er í því fólgin veruleg gengisáhætta. Og mér finnst líka full ástæða til þess að hafa áhyggjur af þessari rýmkun miðað við viðskiptahalla.

Ég nefndi líka í máli mínu ávöxtun ríkispappíra og dró þar sérstaklega fram húsbréfin, en á undanförnum vikum hafa afföll af húsbréfum verið að aukast, sem kemur sér auðvitað mjög illa fyrir þá sem standa í íbúðarkaupum. Ég held að skýringuna megi m.a. rekja til þess að lífeyrissjóðirnir hafa dregið mjög úr kaupum sínum á ríkispappírum eins og húsbréfum og hafa í auknum mæli verið að leita erlendis. Eins og fram kemur í yfirliti sem ég hef var staða erlendra verðbréfa í eigu lífeyrissjóðanna í lok árs 1997 tæpir 26 milljarðar en er rúmir 82 milljarðar í nóvember 1999. Þetta kemur sér mjög illa fyrir þá sem standa í íbúðarkaupum. Ég vil ítreka að mér finnst lífeyrissjóðirnir hafi þar ákveðnar skuldbindingar við sjóðfélaga sína, þar sem margir hverjir þurfa að standa í slíkum kaupum. Þetta þarf sérstaklega að skoða í nefndinni, en það liggur fyrir að fjmrn. og hæstv. ráðherra hafa engar verulegar áhyggjur af því að þetta hafi nein neikvæð áhrif.

Það sem ég spurði ráðherrann um þó að það tengist ekki beint því máli sem hér er til umfjöllunar, þá erum við þó að tala um ráðstöfun á sparnaði lífeyrisþega, ég spurði hæstv. ráðherra um hvort hann hefði einhverjar upplýsingar um hve margir hefðu hagnýtt sér þá sparnaðarleið sem opnað var fyrir með því að launamenn gátu lagt til hliðar 2% af launum til viðbótar 10% lögbundnu framlagi. Og hvort hann hefði einhverjar upplýsingar um hvaða útgjöld það hefði í för með sér miðað við hve margir hagnýttu sér þetta. Nú skilst mér að útgjöldin hafi verið eitthvað minni en áætlað var vegna þess að færri hefðu nýtt sér þennan fjárfestingarkost og er það auðvitað með hliðsjón af því hve margir ávöxtunarkostir eru í boði sem fer sífellt fjölgandi að þá dregur úr áhuga fólks á því að leggja til hliðar sparnað að því er þetta varðar ef betri kjör standa til boða annars staðar.

Ekki er bara verið að auka heimildina erlendis um hvorki meira né minna en 50 milljarða til að fjárfesta í erlendum hlutabréfum heldur er líka verið að hækka heimild sjóðanna til að fjárfesta í skráðum skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila, hlutabréfum fyrirtækja og öðrum verðbréfum úr 35% í 50%. Og síðan er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum nái jafnt til verðbréfa sem gefin eru út af innlendum og erlendum aðilum en ekki einungis innlendum eins og nú er. Við erum því að tala um verulegar breytingar og verulega rýmkun sem sjóðirnir fá með þessu sem hér er lagt til. Og það liggur fyrir hjá hæstv. ráðherra og hann hefur upplýst í svari sínu að það eru mjög fáir sjóðir sem rekast í þetta þak í dag. Það virðist því svo að fyrst og fremst sé verið að breyta þessum lögum og rýmka þessa heimild fyrir örfáa sjóði og eins og ráðherrann orðaði það til þess að þeir gætu gert ráðstafanir og áætlanir fram í tímann. Ég sé ekki að það liggi svo mjög á þessu miðað við þau svör sem hér voru sett fram og spyr ráðherrann um hvað liggi mikið á að efh.- og viðskn. afgreiði þetta mál og hvað mikið sé rekið á eftir því af hálfu lífeyrissjóðanna. Ég tel að við eigum aðeins að staldra við, ekki síst í ljósi stöðu efnahagsmála.

Ég skal ekki tefja þetta mál enda er tími minn að verða búinn. Hér var spurt um samspil lífeyrisgreiðslna og almannatrygginga. Það væri mjög gott að fá að heyra um það í þessari umræðu um lífeyrissjóðina, stöðu þeirra og skuldbindingar,

hvort eitthvað sé á döfinni af hálfu ríkisstjórnarinnar í því sambandi, þ.e. ég held að ríkisstjórnin hafi uppi hugmyndir um breytingar og athugun varðandi samspil lífeyrisgreiðslna og almannatrygginga. Ég þurfti aðeins að bregða mér frá áðan og veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur svarað þessu á þeim stutta tíma sem ég gat ekki verið hér.

Einnig finnst mér ástæða til að nefna við þessa umræðu að það olli mér miklum vonbrigðum að hæstv. ráðherra og fjmrn. sáu ekki ástæðu til þess að verða við eindregnum og eðlilegum óskum, að því er ég tel, frá Samtökum aldraðra um að breyta skattlagningu lífeyrisgreiðslna þannig að skattlagning lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóðum sæti sömu skattalegu meðferð og fjármagnstekjur. Því hefur enda ekki verið hnekkt, að því er ég best veit, að $^2/_3$ hlutar af lífeyrisgreiðslum sem sjóðfélagar fá úr sjóðum sínum, eru vextir og verðtrygging. Ég verð að láta það í ljós að það sem ég hef lesið um skoðun ráðuneytisins í blöðum, þ.e. að engin ástæða sé til að breyta þeirri tilhögun sem verið hefur á þessum málum, olli mér verulegum vonbrigðum. Það hlýtur að koma með einum eða öðrum hætti til skoðunar á hv. Alþingi þó það sé ekki endilega í tengslum við frv. sem við ræðum hér.

Ég vænti þess að ráðherrann svari mér um þær hugmyndir sem eru á döfinni um aukinn sparnað: Hve margir hafa hagnýtt sér þá sparnaðarleið sem opnuð var fyrir ekki löngu síðan?

[12:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það ekki þannig í andsvörum að menn geti farið að ræða hér algjörlega nýtt mál eins og imprað var á hér í lokin, þ.e. varðandi erindi Samtaka aldraðra. Út af því þá vildi ég spyrja þingmanninn, fyrst hún fullyrðir að fjármagnstekjur séu $^2/_3$ af útgreiddum lífeyri úr lífeyrissjóðunum: Hvað skyldu fjármagnstekjur vera stór hluti af útgreiddum lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar sem ríkið leggur með milljarða á hverju ári í uppbætur á lífeyri? Ég held að það leiði í ljós hvaða villigötum menn eru á með þetta mál ef þeir hugleiða þann þátt málsins. Þar er ekkert um það að ræða að réttindi manna séu tengd því hvað þeir hafa borgað inn í sjóðinn, heldur allt öðrum hlutum, eftirmannslaunum o.þ.h.

Annað atriði, spurt var: Hvað liggur á? Af hverju vera að þessu ef aðeins nokkrir sjóðir eru að reka sig í mörkin? Það er vegna þess að menn þurfa að hafa svigrúm til þess að skipuleggja starfsemi sína fram í tímann. Ef nefndin kallar á Landssamtök lífeyrissjóða, sem hafa lagt mikla áherslu á þetta mál við mig, komið á minn fund ítrekað og sent erindi, þá munu þeir heyra frá þeim samtökum hvað þau leggja mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga. Ekki endilega vegna þess að allir sjóðirnir ætli að drífa sig upp í þetta mark á næstu mánuðum eða á þessu ári. Menn verða hins vegar að geta séð *pínulítið fram í tímann* og áttað sig á því hvar þeir standa. Ég hygg að þau samtök muni leggja áherslu á að þetta verði rýmkað enn frekar til samræmis við það sem þau lögðu áherslu á við mig. Þau vildu fara með þetta töluvert hærra, sem ég taldi óráðlegt og óvarlegt.

Að því er varðar viðbótarlífeyrissparnaðinn þá mun koma sérstakt frv. um það mál. Þá verður það á dagskrá og hægt að ræða allar spurningar hv. þm. um það efni. Það olli mér vonbrigðum að þátttakan var ekki meiri en hún þó var. Að því er varðar opinbera starfsmenn þá vitum við að tæplega þriðjungur þeirra hagnýtti sér þetta en verulega minni hluti fólks á hinum almenna vinnumarkaði. Ég mun koma nánar að því máli síðar vænti ég.

[12:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég met það svo að við komumst ekki mikið lengra í að fá fram svör frá hæstv. ráðherra við 1. umr. um þetta mál. Engu að síður er mér ljóst að þetta mál þarf að skoða mjög ítarlega í hæstv. efh.- og viðskn., ekki síst með tilliti til stöðu efnahagsmála sem ég er nokkuð hissa á hve hæstv. fjmrh. hefur litlar áhyggjur af. Eins þarf að líta á þetta með tilliti áhrifa þessa á ríkispappíra sem ég hef nefnt í tvígang, t.d. húsbréfin og aukin afföll af þeim og tengslin þar við kaup lífeyrissjóðanna á erlendum hlutabréfum. Hæstv. ráðherra hefur engar áhyggjur af þessu. Ég hef áhyggjur af því og mun ræða málið ítarlega í efh.- og viðskn. og ýmsa þætti sem því tengjast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:19]

Útbýting þingskjals:

Barnalög, 396. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 654.

Vörugjald af ökutækjum, 1. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 643.

[12:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Í frv. er lagt til að lögfest verði tímabundin heimild til að lækka vörugjald af bifreiðum með vélar sem geta nýtt metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Slíkar bifreiðar eru í daglegu tali gjarnan kallaðar tvíorkubifreiðar. Þar sem innflutningsverð slíkra bifreiða er alla jafna nokkru hærra en hefðbundinna ökutækja eru þær illa samkeppnisfærar gagnvart hefðbundnum bifreiðum. Með frv. þessu er stefnt að því að tvíorkubifreiðar verði betur samkeppnisfærar á almennum markaði.

Markmiðið með breytingunni er að styðja við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum. Einnig hefur verið bent á að notkun tvíorkubifreiða sé nauðsynlegt skref í frekari þróun í framleiðslu bifreiða sem eingöngu verða knúnar öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilolíu. Það byggist meðal annars á því að dreifikerfi fyrir aðra orkugjafa er enn svo gisið að ekki er unnt að reikna með almennri notkun slíkra bifreiða strax. Enn fremur eru ýmsar aðrar tæknilegar hindranir því til fyrirstöðu. Síðast en ekki síst er aukin notkun tvíorkubifreiða í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þá stefnu stjórnvalda að auka hlut innlendra orkugjafa. Samráð hefur verið haft við umhverfisráðuneytið um þessa stefnumörkun.

Í frv. sem er ekki mikið að vöxtum heldur aðeins ein efnisgrein er lagt til að vörugjald af svokölluðum tvíorkubifreiðum verði 120.000 kr. lægra en af venjulegum bifreiðum sem eingöngu nota bensín eða dísilolíu sem orkugjafa. Þessi lækkun svarar til vörugjalds af 300.000 kr. tollverði bifreiðar sem bæri 40% vörugjald. Þannig yrði greidd sama krónutala

í vörugjöld af bifreið sem fellur undir lækkunarheimildina og kostar 1.000.000 kr. í innkaupum, þ.e. af tollverði, sama krónutala í vörugjald og af venjulegri bifreið sem kostar 700.000 kr. í innkaupum, þ.e. af tollverði.

Aukakostnaður við hverja bifreið sem hefur búnað til að nýta metangas eða rafmagn er nokkuð breytilegur en þó lætur nærri að hann nemi í mörgum tilvikum um það bil 300.000 kr. af tollverði bifreiðar. Örðugt er að áætla með sæmilegri vissu áhrif þessarar breytingar á tekjur ríkissjóðs. Sem fyrr segir eru tvíorkubifreiðar almennt dýrari en venjulegar bifreiðar og því ekki líklegt að hreint tekjutap ríkisins verði verulegt ef þá nokkurt.

Að lokum má geta þess að tilefni þessa frv. eru ákveðin erindi og tilmæli sem borist hafa frá tveimur aðilum sem hyggjast flytja inn svokallaðar tvíorkubifreiðar. Annars vegar er þar um að ræða Sorpu sem hyggst nýta metangas sem hún framleiðir á svona bíla. Hins vegar er einn hefðbundinn bílainnflytjandi sem hefur uppi áform um að flytja inn bíla sem einnig geti nýtt sér rafmagn samhliða bensíni. Í báðum tilfellum eru bílarnir ekki eingöngu ætlaðir fyrir annaðhvort bensín, metangas eða rafmagn heldur hvort tveggja, hefðbundið eldsneyti annars vegar og hins vegar metangas eða rafmagn. Með öðrum orðum geta þeir skipt á milli orkugjafa. Þeir geta stundum verið á hefðbundnum orkugjafa og stundum þessum óhefðbundna. Þess vegna er óeðlilegt að fella niður öll gjöld af þessu en það er eðlilegt að bílarnir gjaldi þess ekki í verði að hafa þessa óhefðbundnu möguleika. Þetta frv. er flutt til að greiða fyrir því að slíkir bílar komist hér í gagnið og sú einfalda leið valin að veita fastan krónutöluafslátt frá vörugjaldinu í stað þess að fara út í alla þá möguleika og smáatriði sem fylgja því að reyna að ná utan um hverja einustu bíltegund. Það er einfaldlega veittur sami afsláttur inn í krónutölu og hann er reiknaður þannig út að hann geti jafnað muninn sem hér um ræðir.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég fagna þessu frv. og þakka hæstv. fjmrh. fyrir að bregðast vel við. Ég held að það sé einboðið að reyna að greiða götu framfara af þessu tagi í samgöngumálum okkar með sérstöku tilliti til umhverfismála. Þó að lítið sé þá er þetta þó skref í rétta átt. Af því að hæstv. ráðherra nefndi nú alþjóðlegar skuldbindingar okkar, t.d. loftslagssáttmála Sameinuðu þjóðanna, þá er það að sjálfsögðu rétt að þetta gengur a.m.k. í rétta átt. Eina sem ég spyr mig að er hvort ekki hefði verið ástæða til, úr því að málið er opnað á annað borð, að leyfa þarna aðeins víðtækari skilgreiningu á slíkum orkugjöfum, hvort sem þeir væru þá upp taldir eða hreinlega haft opið að aðrir sambærilegir orkugjafar t.d. metanól og etanól — það er nú alkóhól í því, þetta eru náskyld efni — kæmu til sögunnar við að knýja tvíorkubifreiðar.

Sums staðar hefur orðið mikil þróun í þá átt að bílafloti er keyrður á t.d. etanóli eins og er í Brasilíu. Það hafa komið fram áhugaverðar hugleiðingar og greinar um að við Íslendingar gætum m.a. farið út á þá braut að vera sjálfum okkur nógir um orku í því formi að breyta raforku, ekki bara yfir í vetni, heldur hugsanlega hvarfa vetnið við loft frá iðjuverum og geyma í formi t.d. metanóls. Hvort sem af þessu verður fyrr eða síðar þá væri kannski ástæða til að láta það liggja fyrir að ætlunin sé ekki að takmarka þetta ef tilefni væru. Mér er þó ljóst að það er ekki líklegt að á annað reyni en það tvennt sem nú er nefnt í þessu sambandi, þ.e. tvíorkubifreiðar, miðað við þau áform sem nú liggja fyrir um innflutning, annars vegar bíla sem nýta eiga metangasið frá Sorpu og hugsanlega einnig rafmagnsbíla sem jafnframt geta gengið fyrir bensíni.

Ég vil skjóta því að í leiðinni að ég tel framtak fyrirtækisins Sorpu til fyrirmyndar á þessu sviði og mjög ánægjulegt að sjá þann metnað sem þar er sýndur í þessum efnum. Fyrirtækið er í vaxandi mæli að skilgreina sig sem endurvinnslufyrirtæki og sýnir það í verki, m.a. með þessu framlagi sínu, að safna gasi af förgunarstað sínum og reyna að nýta það. Þetta er ákaflega jákvætt og fleiri mættu taka sér þetta til fyrirmyndar.

Það háttar nú reyndar svo til, herra forseti, að ég hef lagt fram fyrirspurn sem reyndar var á dagskrá í gær en vegna aðstæðna náðist ekki að ræða hana. Þar spyr ég hæstv. fjmrh. um það hvað líði starfi á vegum ráðuneytisins við að fara yfir skattlagningu á umferðinni almennt með tilliti til umhverfismála. Ég er þeirrar skoðunar að brýnt og þarft sé að líta yfir þau mál í heild sinni. Hér erum við aðeins að hreyfa við agnarsmáum þætti slíkra hluta, spurningunni um aðflutningsgjöld eða vörugjöld af þessum tvíorkubifreiðum. Ég vil bíða svars hæstv. fjmrh. og ætla þar af leiðandi ekki að blanda því frekar inn í umræðuna hér. Mér finnst eðlilegt að það komi á dagskrá og því verði svarað formlega þegar þar að kemur. En ég minni bara á að þar eru hlutir sem ástæða er til að fara yfir. Sem sagt, herra forseti, það þarf ekki fleiri orð um þetta litla frv. af minni hálfu. Ég styð það að sjálfsögðu og fagna framkomu þess.

[12:29]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fagna þessu frv. sérstaklega. Ég tel að með því sé hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar að stíga lítið en afskaplega mikilvægt og táknrænt skref í átt til þess að bæta umhverfi okkar.

Það er rétt að minna á það sem margsinnis hefur komið fram bæði hér á hv. Alþingi og eins í fjölmiðlum, að mestur umhverfisvandi okkar hvað varðar koldíoxíðútblástur er frá bílum, frá samgöngum. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðherra leiðir það hugann að skuldbindingum okkar frá Kyoto. Sú staðreynd að útblástur frá bílaumferð er eitt mesta umhverfisvandamál okkar leggur okkur auðvitað þær skyldur á herðar að ráðast á þær syndir þar sem þær eru mestar. Ég tel þetta frv. lítið en mikilvægt skref í þá átt.

Fram hefur komið að fyrir verulegan dugnað og elju Ögmundar Einarssonar, framkvæmdastjóra Sorpu, þá stendur til að flytja inn á næstu vikum 20 metangasbíla, tvíorkubíla. Eins er rétt að minna á að þessum bílum er ætlað að ganga fyrir þeirri orku sem fæst úr metangasi frá urðunarstöðum Sorpu. Metangas hefur u.þ.b. tuttuguföld áhrif á við koldíoxíð þannig að með því að það streymi óhindrað út í andrúmsloftið veldur það gífurlegri mengun. Því má segja að frumkvæði þeirra Sorpu-manna á þessu sviði sé lofsamlegt en einnig er rétt að minna á að ýmsir höfðu í öndverðu, þegar Sorpu-menn fóru að móta þessar hugmyndir, afskaplega takmarkaða trú á að þetta væri framkvæmanlegt. Með sannfæringarmætti sínum hefur Sorpu-mönnum hins vegar tekist að koma málum það vel áfram að metangasið er reiðubúið til afgreiðslu og 20 bílar að koma til landsins. Þetta er mjög merkilegt.

Þá er rétt að minna á að u.þ.b. sex rafbílar, hreinir rafmagnsbílar, eru núna í notkun á landinu. Þeir voru fluttir inn í kjölfar þeirrar samþykktar hér á hv. Alþingi að fella tímabundið niður vörugjöld af slíkum bílum.

Hins vegar má segja að vandinn sé sá að enn sem komið er eru bæði rafmagnsbílar, metangasbílar og umhverfisvænni bílar ekki komnir í fjöldaframleiðslu eins og algengustu bílategundir. Fjöldaframleiðslan þýðir að verð á hvern bíl lækkar og meðan bílar eru ekki í almennri fjöldaframleiðslu þá verður verð til neytenda á hvern bíl hlutfallslega nokkru hærra. Þar að auki bætist við, hvað metangasið varðar, aukabúnaður sem kostar sitt. Ég skil það svo að frv. þessu sé ætlað að mæta kostnaðinum við þennan aukabúnað og stuðla með þeim hætti að því að metangasbílar verði a.m.k. nær hefðbundnum bílum í verði. Segja má að frv. stuðli að þessari jöfnun en það gengur engan veginn nógu langt. Af þeim ástæðum sem ég nefndi hér áðan eru metangasbílar þó það dýrir að verð þeirra er ekki hvati fyrir almenning til að aka um á þeim og stuðla þannig að bættu umhverfi sínu.

Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki koma til greina, af því að í frv. kemur fram að gildistíminn er til ársins 2003, að hækka þessa upphæð, þ.e. að lækka vörugjaldið enn frekar og þess vegna tvöfalda þá upphæð sem nefnd er, þ.e. fara úr 120.000 kr. lækkun á vörugjaldi í 240.000 kr., einfaldlega vegna þess að ég hef ekki trú á að innflutningur á þeim þremur eða fjórum árum sem um er að ræða verði slíkur að ríkissjóður verði af þeim tekjum að nokkru *nemi*. Jafnvel þó að þetta yrðu 100 bílar þá væri það óverulegur tekjumissir fyrir ríkissjóð. Jafnvel þó að tekjumissirinn væri einhver þá má til lengri *tíma litið færa rök fyrir því að þegar upp verður staðið*, sé litið á þetta sem langtímaaðgerð, muni ríkissjóður jafnvel hagnast af þessu. Þetta snertir auðvitað bætta ímynd landsins, Kyoto-ráðstefnuna o.s.frv. *Ég beini því þeirri spurningu til* ráðherra hvort hann vilji ekki af alkunnri mildi sinni opna fyrir þann möguleika.

Í annan stað þá beini ég því til hæstv. ráðherra að nú er ljóst að mikið er að gerast í umhverfismálum. Bílaframleiðendur um heim allan hafa tekið þá stefnu að breyta bílunum *í grundvallaratriðum*. Það *tengist* m.a. *umræðu um vetni en* opinber yfirlýsing frá stjórnarformönnum og stjórnendum stærstu bílaframleiðenda heimsins, er í þá veru að vetnið *verði orkugjafi* 21. aldar. Metanólbílar og etanólbílar hafa verið nefndir. Með öðrum orðum er heilmikið að gerast hjá bílaframleiðendum um heim allan. Fjöldaframeliðsla á *vetnis-* eða *metanólknúnum* bílum hjá Daimler Chrysler, því risafyrirtæki, mun hefjast árið 2004. Sama gerist að öllum líkindum hjá Toyota, gott ef ekki hjá Honda-verksmiðjunum líka og þannig má áfram telja.

Ég tel þess vegna, herra forseti, afskaplega mikilvægt að ríkisvaldið bregðist við þessu fyrr en síðar vegna þess að vonandi mun innflutningur á vistvænni ökutækjum verða hér verulegur á næstu árum og áratugum. Þá er auðvitað mjög mikilvægt að ríkisvaldið sé í stakk búið til þess að bregðast við því að drjúgur hluti af tekjum ríkissjóðs kemur m.a. með skatti á bensín eins og við þekkjum úr umræðu um vegáætlun. En ef bensínið er á undanhaldi og við verðum sjálfbær í framleiðslu á orku fyrir samgöngutæki okkar þá kallar það að sjálfsögðu á allsherjarendurskoðun á þessum tekjustofnum ríkisins. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort til standi að leggja í slíka vinnu og vil hvetja til þess.

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér einhverju álíka og nú er ráðist í m.a. hjá Reykjavíkurborg. Að því er mér skilst mun drjúgur hluti af þeim 20 bílum sem tengjast Sorpuverkefninu verða vinnubílar í eigu Reykjavíkurborgar. Nú er ljóst að ríkisvaldið hefur yfir að ráða gífurlegum fjölda vinnubíla og ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að stofnanir í eigu ríkisins muni taka upp þessi vistvænni ökutæki sem nú eru að koma til landsins. Það er rétt að árétta það að ríkisstjórnin hefur lýst yfir vilja sínum til að sækja fram á þessu sviði, ekki síst með skírskotun til umhverfismála. Því er nauðsynlegt að fylgja slíku eftir með hvatningu fyrir almenning og fyrirtæki, annars vegar með því að ríkisvaldið sýni gott fordæmi með því að ríkisstofnanir taki í notkun slíka bíla og hins vegar með ákveðnum hvata í verð- eða skattlagningu á þessum bílum.

Ég vil lýsa ánægju með fram komið frv. Ég mun að sjálfsögðu styðja það og vonast til að það fái skjóta afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

[12:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til mín var beint þremur spurningum. Í fyrsta lagi: Er ekki hægt að hækka afsláttinn sem þarna er veittur, tvöfalda t.d. upphæðina úr 120.000 kr. í 240.000 kr.?

Þessi upphæð er ekki tilviljun. Hún er við það miðuð að jafna samkeppnisstöðuna. *Hún er ekki við það miðuð að gefa* þessum bílum forskot þannig að þeir verði ódýrari en aðrir bílar að öðru jöfnu. Í því sambandi skiptir tekjutap ríkissjóðs *sáralitlu máli eins og þingmaðurinn benti á*. Þetta er ekki reiknað út frá tekjutapi ríkissjóðs heldur út frá samkeppnisstöðunni. Það þarf líka að gæta sín á því að raska henni ekki.

Í öðru lagi: Aðrar tegundir af vistvænni orku munu koma fram á sjónarsviðið. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá *þingmanninum*. Þetta frv. gefur þar auðvitað ákveðið fordæmi. En það er ekki gengið lengra að svo stöddu vegna þess að í bili a.m.k. er ekki í sjónmáli neitt annað í þessu efni, í það *minnsta* fyrir fólksbíla. Við ákváðum því að ganga ekki lengra að þessu sinni en við nákvæmlega getum náð utan um og vitum hvað er í raun. Ég tel ekki tímabært að huga að endurskoðun á tekjuöflun ríkissjóðs af umferð eða bensíni út frá þessu sjónarmiði. Hins vegar getur vel verið að það reki að því á næstu árum eða áratugum eftir því sem málum vindur fram í þessu efni, tækninni fleygir fram og umferðin flyst yfir í vistvænni orkugjafa heldur en nú er.

Að lokum var spurt: Mun ríkið kaupa eitthvað af þessum metangasbílum eða vill ríkið beita sér fyrir því? Þeirri spurningu get ég ekki svarað. Ég býst við að þeir aðilar sem annast slík innkaup — fjármálaráðherrann sér ekki um það persónulega heldur einstakar ríkisstofnanir — muni að sjálfsögðu gera það ef þeir telja sér það hagkvæmt og sjá kosti þess. Ég er ekki í vafa um að þar standi þessir bílar jafn vel að vígi og aðrir.

[12:41]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Að sjálfsögðu þarf að hafa í huga samkeppnissjónarmið og jafna stöðu. Ég tel hins vegar afskaplega mikilvægt að hafa umhverfissjónarmiðin í huga líka. Ég var að benda á að ég tel að ríkisvaldið eigi að ganga fram og sýna gott fordæmi með því að setja þennan hvata inn í verð eða skattlagningu á þessum bílum. Þeir eru heldur dýrari í dag, eins og ég nefndi áðan, vegna þess að þeir eru almennt ekki komnir í

fjöldaframleiðslu. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt að ríkisvaldið, vegna umhverfisstefnu sinnar, gangi örlítið lengra þó vissulega fagni ég því skrefi sem hér er stigið.

Varðandi almennar breytinga vil ég þakka svar ráðherra um endurskoðun á þessum tekjustofni ríkisvaldsins. Ég bendi hins vegar á það sem ég nefndi áðan og ítreka að það eru ekki nema fjögur til fimm ár í að fjöldaframleiðsla hefjist á vetnis- og metanólknúnum bílum hjá a.m.k. þremur bílaframleiðendum. Fjöldaframleiðsla þýðir að þeir verða almennt samkeppnisfærir í verði. Það er skammur tími til ársins 2004 og þess vegna held ég að mjög nauðsynlegt sé fyrir ríkisvaldið a.m.k. að fara að huga að þessu.

Ég tek auðvitað undir það með hæstv. ráðherra að forstöðumenn einstakra ríkisstofnana stjórna því hvernig bílar eru keyptir. En að sjálfsögðu getur ríkisstjórnin gefið ákveðna viljayfirlýsingu í tengslum við umhverfisstefnu sína. Ríkissjóð þarf auðvitað að reka vel og það gerir hæstv. ráðherra en það þarf líka að horfa til langtímaáhrifa sem útgjöld og tekjur ríkissjóðs frá ári til árs taka ekki mið af.

[12:43]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með öðrum hér og lýsa ánægju minni með þetta frv. Ég geri ráð fyrir að það sé endapunktur á nokkuð löngum ferli í átt að því að gera það álíka hagkvæmt að reka hér farartæki með tvenns konar möguleika í orkunotkun sem geta um leið nýtt mjög mengandi gastegundir eins og metangas og þar með minnkað umhverfisáhrif þeirra í andrúmsloftinu.

Ég held að um þrjú ár séu síðan ég hreyfði þessu máli hér á þinginu. Ég hef minnt á það hér öðru hvoru síðan en að sjálfsögðu er það mun fyrr að Sorpa, sem á allt frumkvæðið í þessu máli, gerði mönnum ljóst hvað fælist í að virkja gasið í sorphaugunum sem þeir hafa séð um á undanförnum árum. Þar er talið að gasið nýtist í allt að sex til sjö þúsund bíla. Þá erum við að tala um fólksbíla. Í Svíþjóð hefur þetta verið nýtt í nokkra áratugi þannig að þessi aðferð við notkun metangassins sem orku fyrir bíla er mjög þekkt. Í raun er furða að við skulum ekki hafa notað þessa tækni miklu fyrr.

Það er staðreynd að metangas er talið menga andrúmsloftið 24 sinnum meira eða vera 24 sinnum skaðlegra en koldíoxíð sem kemur frá bílum þannig að við sjáum þá í hendi okkar hvað þetta er skaðlegt gas sem streymir út í andrúmsloftið frá sorphaugum.

Ég lít ekki á þetta sem lítið skref í umhverfismálum eins og mér fannst hv. þm. Hjálmar Árnason segja hér áðan. Ég lít á þetta sem mjög stórt skref og þá tek ég þar saman bæði rafmagns- og metangasbíla. Mér finnst þetta í rauninni eðlilegra skref til að aðlaga bílaflota landsmanna að breyttum tímum að geta nýtt bensín á bíla jafnhliða því að nýta þá möguleika sem felast í metangasinu og rafmagninu því að þróunin er að sjálfsögðu sú að bensín er hverfandi eldsneytisgjafi og mun á næstu áratugum hverfa út. En spurningin er síðan, hvað kemur í staðinn? Verður það vetni eða rafmagn? Ég er ekki jafnviss og sumir aðrir að vetnið taki við vegna þess að vetni er að mörgu leyti gjörólíkt, vélar sem nýta vetni eru á allt öðru stigi en nútímavélar eða þær vélar sem nýttar eru bæði í bíla og á skip. Það gæti því orðið mun lengra en þrjú, fjögur ár þar til þetta tækist og sérfræðingar telja reyndar að það séu nokkrir áratugir í að almennt verði hægt að nota vetni. Vetni krefst líka mikilla virkjana sem eru viðkvæmar í umræðunni þessa stundina eins og við þekkjum. Ég held nú reyndar að umræðan um að nýta metangasið og rafmagnið hafi fallið dálítið í skuggann af vetnisumræðunni sem hefur þá tafið nauðsynlega þróun.

Ég vildi síðan aðeins beina því til hæstv. ráðherra hvort ekki sé til athugunar enn frekar hjá ríkisstjórninni að efla skógrækt og landgræðslu sem hefur samkvæmt upplýsingum frá Landgræðslu ríkisins einhver bestu og mestu áhrif til þess að binda koldíoxíð úr andrúmsloftinu. Með því að nýta okkur þá möguleika sem felast í landgræðslu og skógrækt gætum við í rauninni uppfyllt mjög auðveldlega skuldbindingar sem okkur eru settar samkvæmt Kyoto-samningnum. Staðreyndin er nefnilega sú að það eru að koma fram á sviðið möguleikar til að binda slíka mengun með mörgum kostum sem við getum nýtt okkur. Það er ekki endilega bara það að nauðsynlegt sé að keyra vélar og tæki áfram með algjörlega mengunarlausum orkugjöfum heldur höfum við alla möguleika til að nýta þessa mengun jafnvel okkur til góðs skulum við segja því að í líffríkinu eru plöntur sem nýta beinlínis koldíoxíð sér til lífs. Að þessu leyti er þetta ekki bara neikvætt þegar litið er til mengunaráhrifa. Þetta er einnig fæði, þetta er einnig krafturinn sem sumar plöntutegundir þurfa á að halda.

Ég vil að lokum endurtaka að ég vona að frv. fari hratt og fljótt í gegnum þingið og að menn sjái þetta verða að veruleika. Ég vil að endingu lýsa því yfir að það starf sem Sorpa vann að þessu leyti er afskaplega merkilegt og á hún mikinn heiður skilið fyrir það.

[12:49]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað fagna því frv. sem er að koma hér til 1. umr. og styð þá skoðun sem fram hefur komið að afgreiða þurfi það fljótt og vel í gegnum þingið. Hins vegar, virðulegi forseti, get ég ekki haldið lærðar ræður um notkun metangass eða rafmagns til að knýja bifreiðar áfram. Miðað við þær niðurstöður rannsókna sem við höfum heyrt, þá held ég að þær hljóti að vera góðar og gildar og tek orð þeirra sem meira vita um málið gild í þessum efnum. Það gildir um báða fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. að við munum að sjálfsögðu styðja það að frv. verði afgreitt fljótt og vel.

Ég dreg þó í efa að það markmið sem sett er fram, að þetta sé fyrst og fremst til að gera þessar bifreiðar samkeppnisfærari á almennum markaði, hafi út af fyrir sig eitthvert gildi gagnvart afgreiðslu málsins vegna þess að hér er um svo fáar bifreiðar að ræða. Mér skilst að flytja eigi inn um 20 bifreiðar á gildistíma frv., þannig að það er í raun og veru ekki hægt að tala um neina samkeppni eða samkeppnisfærni.

En hins vegar eins og segir í grg. með frv., með leyfi forseta: ... „að styðja við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum."

Mér finnst þetta vera það sem skiptir máli og ég styð þetta markmið en ekki endilega það að auka samkeppnisfærni þessara 20 bifreiða sem á að flytja inn á markaðinn því ég held að það hafi ekki allt að segja.

Það sem komið hefur fram að þetta hjálpar okkur við að reyna að standa við skuldbindingar Íslands gagnvart rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og stefnu stjórnvalda að auka hlut innlendra orkugjafa. Þetta finnst mér vera meginmálið í frv. Þó að einungis sé um að ræða lækkun til samræmis við aðrar bifreiðar sem eru á

markaðnum, þá lít ég samt sem áður á þetta sem verulegt skref og aðstoð til þeirra sem eru að hefja þennan innflutning. Og auðvitað eiga forsvarsmenn Sorpu, sem hér hafa verið nefndir í ræðu, þakkir skildar og allir þeir sem hafa haft frumkvæði í þessu máli eiga þakkir okkar hinna skildar og ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið.

En þegar kemur að því að slíkar bifreiðar verði fluttar inn, ef fjöldaframleiðslan hefst eftir fjögur til fimm ár, þá er kannski tímabært að skoða hvort þörf er á að ganga lengra en frv. hvað varðar lækkun á gjöldum til að ýta undir almenna notkun þegar þar að kemur. En eins og er er ekki um það að ræða og því styð ég þá leið sem farin er í frv. að um verði að ræða sambærilegt verð og sambærileg gjöld af þessum bifreiðum og þeim sem eru fluttar inn og ganga fyrir öðru eldsneyti. Þannig að umræðan um það hvort ganga eigi lengra í lækkun þessara gjalda á við þegar við förum að tala um almennan markað á Íslandi, ég tala nú ekki um þegar hæstv. ráðherrar verða allir farnir að keyra á metangasi sem hlýtur að vera framtíðin og hugsanlegt að flytja megi inn á þessum sérkjörum eina bifreið á haus. Ég tæki þátt í því að fylgja eftir frv. í nefnd sem fæli það í sér.

Það var aðeins rætt hér af hv. síðasta ræðumanni um skógrækt og landgræðslu í samhengi við þetta mál til að binda koldíoxíð í lofti, að það væri þörf á því að auka skógrækt og landgræðslu. Það er eins og oft er að eitt leiðir af öðru þegar talað er um þær skuldbindingar sem við þurfum að standa við varðandi Kyoto-bókunina. En ég dreg í efa þá fullyrðingu að þetta sé aðferð sem hafi hlotið alþjóðlega viðurkenningu. Við verðum auðvitað að beita þeim aðferðum sem eru viðurkenndar af þeim þjóðum sem að Kyoto-bókuninni standa og þeim þjóðum sem standa að þessum samningum og ég veit að þetta er í skoðun en ég held að hér sé ekki um viðurkennda aðferð að ræða.

Síðan verða menn náttúrlega að velta því fyrir sér í ljósi þess að hér er annað frv. á dagskrá að stórfelld skógrækt og plönturækt í landinu felur auðvitað í sér auknar kröfur um mat á umhverfisáhrifum því það er ekki einungis verið að binda koltvísýring með plöntum heldur er verið að breyta öllu gróðurfari með stórfelldri skógrækt og þess vegna verðum við að 7 horfa á þetta allt í samhengi.

En ég tek hins vegar undir það að allar þær leiðir sem við getum farið til að standa við þessar alþjóðlegu skuldbindingar eigum við að skoða.

[12:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara örstutt til nánari skýringar. Það er vissulega rétt að því er varðar metangasið að verið er að tala um tiltölulega fáa bíla á vegum Sorpu, kannski um 20, jafnvel ekki svo marga, en það er líka verið að tala um almennan innflutning á hinni tegundinni, þ.e. rafmagnsbílunum, bílum sem geta notað bæði rafmagn og bensín. Og þeir bílar eru að koma á markað hjá hinum almennu innflytjendum þannig að við vitum ekkert hvað þeir gætu orðið margir. Ég tel að það sé mjög ánægjulegt að almennir bílainnflytjendur skuli núna beita sér fyrir þessu, í það minnsta eitt umboð og væntanlega þá fleiri í kjölfarið. Það kann því að verða meiri notkun á slíkum bílum en við vitum nákvæmlega um.

En að því er varðar samkeppnisfærni og að sú leiðrétting sé kannski ekki aðalatriði málsins, þá finnst mér samt mikilvægt að þeir aðilar sem fara út í þetta þurfi ekki að bera hærri gjöld, þeim sé ekki refsað fyrir þetta og það sé þá frekar jafnað, þannig að Sorpa, þó að hún sé myndarlegt fyrirtæki, þurfi ekki að greiða meira fyrir þetta en ef hún væri að flytja inn venjulega bíla, þó svo í þeim skilningi sé það rétt að þar verður ekki um mikla samkeppni að ræða við einhverja aðra að því er varðar þessa 20 bíla.

[12:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem þarna komu fram. Það er nauðsynlegt að um ákveðna jöfnun sé að ræða. Og ef rafmagnsbílar eru að koma á almennan markað þá má skoða hvort ástæða sé til að ýta undir notkun þeirra þegar einhver reynsla er komin á það hvernig þeir gefast hér, fyrst á höfuðborgarsvæðinu og síðan á fjallvegum landsins, að þá megi fara að skoða það hvort ástæða sé til að lækka gjöldin eitthvað enn frekar.

En eins og þetta er sett fram með þessa jöfnun þá finnst mér þetta vera gott frv. og nægjanlegt skref í bili.

[12:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó aðeins eftir því að hv. þm. taldi að skógrækt og landgræðsla væri ekki hluti af Kyoto-samningnum. Ég held, af því að hún hélt að það væri ekki rétt hjá mér, að ég fari alveg rétt með það, herra forseti, að skógrækt er hluti af þessum samningi. En reyndar er það með þeim annmörkum að trén verða að vera fimm metra há og hærri, þannig að að því leyti til erum við í sjálfu sér ekki að tala um almenna skógrækt á Íslandi, alla vega er það á takmörkuðum svæðum. En auðvitað er sú skógrækt sem er alvöru skógrækt á Íslandi með miklu hærri tré en þetta.

Við eigum því að uppfylla þessi skilyrði okkar ef ég man rétt árið 2012 eða 2020. Ég man ekki nákvæmlega árið. Það er a.m.k. eftir 2010. Möguleikar til skógræktar eru því miklir. Aftur á móti eru möguleikar til landgræðslu flóknari og það verður að viðurkennast að það þarf að semja um það. En eftir því sem mér skilst þá eiga þeir samningar að geta gengið greiðlega fyrir sig, a.m.k. hvað okkur varðar sem erum í mikilli vörn gegn uppblæstri og þurfum virkilega að leggja á okkur til að halda við gróðri.

Af hálfu íslenskra stjórnvalda ætti því að vera nokkuð auðvelt að halda á því máli svo það nýttist okkur til að uppfylla Kyoto-bókunina.

[13:00]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er umræða sem mætti bíða yfirferðar mats á umhverfisáhrifum. En það er alveg rétt að skógræktin er möguleiki. Við höfum farið fram á að landgræðsla sé metin umfram það sem aðrar þjóðir hafa viðurkennt. Eftir því sem ég best veit liggur ekki fyrir viðurkenning þeirra þjóða sem að Kyoto standa á þeirri aðferð sem við höfum lagt áherslu á. Samt sem áður hafa menn heitið því að skoða hana.

Við megum heldur ekki gleyma því að þó að möguleikarnir til skógræktar séu miklir þá takmarkast þeir samt líka af öðrum samningum. Við megum aldrei ganga það langt að við breytum náttúrufari landsins þannig að það sem hér er sérstætt hverfi vegna, hvað á ég að segja, mikils áhuga fólks á skógrækt sem sannarlega er til staðar. Við verðum að stíga hvert skref í þessum efnum varlega og til eru margar

góðar aðferðir sem eru stjórnvöldum færar til þess að binda mengandi efni. Við eigum að skoða þær en þær mega ekki skaða náttúru landsins eða náttúrufar.

[13:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að þessi umræða um skógrækt á eflaust heima á öðrum vettvangi en undir þessum lið. Ég vil samt segja að þessi aðferð við að binda koldíoxíð er viðurkennd sem slík og á að sjálfsögðu heima í allri þeirri umræðu sem fer fram um að reyna að draga úr mengun í andrúmsloftinu sem er gríðarleg og eitt helsta áhyggjuefni þjóða heims í dag. Þess vegna hlýtur þetta mál að koma sterklega inn í þá mynd.

Ég vil svo segja að þjóð sem situr uppi með það að hafa eytt mjög stórum hluta gróins lands frá landnámstíð getur ekki velkst mjög lengi í vafa um að nauðsynlegt sé að rækta allt það svæði upp að nýju. Það að menn vilja halda uppi vörnum fyrir svarta sanda eða uppblásnar heiðar vegna þess að þær hafi verið svo síðustu hundrað árin má ekki hamla því. Við eigum í því sambandi að líta þúsund ár aftur í tímann frekar en hundrað eða tvö hundruð ár því samkvæmt lýsingum Landnámu var Ísland skógi vaxið milli fjalls og fjöru.

[13:03]

Katrín Fjeldsted:

Hæstv. forseti. Ég stíg í ræðustólinn til að fagna þessu frv. Með því er reyndar stigið lítið skref segja sumir en það er afar mikilvægt að mínu mati.

Ég sat í haust ráðstefnu um íslenskt vistvænt eldsneyti á Grand Hótel og þar kom mjög margt áhugavert fram í þessum efnum sem við erum að ræða hér, m.a. um möguleikann á metanólknúnum bíla- og fiskiskipaflota og möguleikanum á því að draga megi úr gróðurhúsalofttegundum hér á landi í 45% af því sem er nú með því að við framleiðum okkar eigið eldsneyti og drögum úr innflutningi.

Á þeirri ráðstefnu talaði m.a. Ögmundur Einarsson, yfirmaður Sorpu, sem vitnað hefur verið til hér. Hann sagði að stjórnunarleg markmið og lagasetning t.d. um mengunarskatta væri forsenda þess að tækniþróunin færi á fullt. Þess vegna er þetta frv. fagnaðarefni því að með því að jafna samkeppnisstöðu bifreiða sem nýta metangas eða rafmagn er komið til móts við þessi sjónarmið og þá er ljóst að tækniþróunin getur farið á fullt. Reyndar má segja að því lengra sem gengið er þeim mun líklegra geti verið að dæmið gangi upp. En ég tel að vel sé farið af stað á þennan hátt.

Hvað varðar koldíoxíð þá er vitað að það er sú gróðurhúsalofttegund sem skiptir mestu máli og með aukinni framleiðslu koldíoxíðs hækkar hitastig á jörðinni og það er okkur öllum áhyggjuefni. CO eða koldíoxíð veldur $^2/_3$ af gróðurhúsaáhrifunum eftir því sem talið er og magn þess í andrúmsloftinu er þegar komið yfir hættumörk að mati vísindamanna.

Á Íslandi er meginuppspretta koldíoxíðs að þriðja hluta iðnaður, að þriðja hluta fiskiskip og þriðjungur kemur frá bílaumferð þannig að eftir nokkru er að slægjast við að draga úr framleiðslu á koldíoxíði hér á landi.

Hvað varðar skógrækt og bindingu þá er vitað að viss togstreita er í heiminum um það hvort það þurfi að draga úr losun eða hvort nægi að binda koldíoxíð. Flestir telja að það þurfi að gera hvort tveggja, að draga úr framleiðslu og binda það sem framleitt er.

Herra forseti. Ég fagna fram komnu frv. og gleðst yfir hinum umhverfisvæna fjmrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

Umræður utan dagskrár.

Atvinnuleysi á landsbyggðinni.

[13:29]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Tilefni þess að ég kem hingað upp er að vekja athygli á því alvarlega ástandi sem er að skapast í atvinnumálum á sumum stöðum landsbyggðarinnar. Það er reyndar nokkuð ljóst að atvinnuleysi í landinu hefur verið með meira móti yfir vetrartímann, einkum í janúar og febrúar á þeim stöðum sem ég tel að við eigum nú að beina sjónum okkar að. Þessir staðir eru t.d. Hrísey, Ólafsfjörður og Ísafjarðarbær eða réttara sagt, norðanverðir Vestfirðir og jafnvel fleiri staðir og byggðir.

Þegar slíkt tímabundið atvinnuleysi hefur komið upp hafa menn ekki orðið mjög áhyggjufullir vegna þess að þeir sáu fram undan möguleika til atvinnu þar sem um tímabundinn skort á hráefni var að ræða en nú er svo komið að slíkir möguleikar fara þverrandi því fyrirtæki hafa verið lögð niður og aflaheimildir seldar burt og engar aðrar komið í staðinn. Fiskverkafólk og jafnvel sjómenn hafa misst vinnu sína og eiga ekki von í annarri.

Löngum hefur það verið aðall landsbyggðarinnar að þar væri næg atvinna og menn hafa unað þar glaðir við sitt, ekki síst vegna atvinnuöryggisins. Þá hafa meðaltekjur á hvern íbúa t.d. á Vestfjörðum verið mun hærri en annars staðar en nú bregður svo við í ofanálag að þetta er að breytast. Að auki eru margar nauðsynjar mun dýrari úti á landi þannig að lág laun og enn þá lægri atvinnuleysisbætur dekkja myndina. Við það að störf eru sköpuð verða önnur til vegna þeirra.

Til skýringar getum við hugsað okkur snurvoðarbát með fimm manna áhöfn. Útgerðin og mannskapurinn þarf á ýmissi þjónustu að halda sem fyrirfinnst á útgerðarstað þessa báts. Börn sjómannanna þurfa kennslu, það þarf að vera verslun fyrir þá, smiðju- og veiðarfæraþjónusta og margt annað ef þessi bátur á að verða gerður út. Svo þarf auðvitað að landa fiskinum og jafnvel vinna í landi ef hann er þá ekki settur í gáma. Þegar slík útgerð afleggst detta ekki einungis út störf sjómannanna heldur og hinna sem þjónuðu í kringum bátinn. Þegar atvinnuleysi verður hjá einum er starfsöryggi annars ógnað í leiðinni. Atvinnufræðingar hafa komist að þeirri niðurstöðu að í kringum eitt starf í frumframleiðslunni skapist þrjú þjónustustörf og í sumum tilvikum jafnvel fleiri.

Menn hafa sýnt virðingarverða viðleitni í nýsköpun atvinnulífs og margfrægt er að Íslensk miðlun hefur opnað starfsstöðvar á þessum stöðum og reyndar víðar en því miður er minna um verkefni þar en upphaflega var gert ráð fyrir. Þar bera stjórnvöld sína ábyrgð. Þetta fólk er mjög uggandi um framtíð sína. Sumt á eignir sem erfitt er að selja ef það vildi flytja á önnur svæði þar sem meiri möguleikar eru til að afla sér atvinnu en slík úrræði verða að teljast skipbrot og nánast flótti.

Atvinnuleysi landsbyggðarinnar birtist heldur ekki í þeim tölum sem fram koma því flutningar manna af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið eru gífurlega miklir. Þessir flutningar stafa ekki síst af óöryggi fólks um framtíð sína, afkomu og atvinnu og að tekjur manna á þessum svæðum hafa farið minnkandi. Þess má geta í leiðinni að flutningar manna af landsbyggðinni hafa verið slíkir undanfarið að það samsvarar því nánast að tvær fjölskyldur flytji suður á dag. Þetta segir okkur mikið um það hvar fólk telur tækifæri sín liggja eða a.m.k. hvar þau er að finna.

Enginn veit nema sá sem reynt hefur hvaða áhrif það hefur á einstaklinginn að missa vinnu sína. Það ferli sem hefst er á margan hátt sorgarferli og það hefur áhrif á sjálfsvirðinguna, það hefur áhrif á sjálfsmat mannsins. Þess vegna er það svo að margir skrá sig í síðustu lög á atvinnuleysisskrá og forðast jafnvel að segja frá stöðu sinni.

Virðulegi forseti. Margföldunarstuðull atvinnuleysis er hár og hættulegur. (Forseti hringir.) Því spyr ég hæstv. þjónandi félmrh. hvort ráðuneytið hafi einhver ráð eða fyrirheit handa því fólki sem nú gengur atvinnulaust á þeim stöðum sem ég nefndi áðan?

[13:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þessa umræðu upp. Ég vil almennt taka undir ýmislegt sem kom fram í máli hans og segja við þetta tækifæri að mér fannst orðið mjög erfitt að vera stjórnmálamaður, ekki síst vegna þess sem hann minntist á, hve mikil sorg var fólgin í því þegar fólk var að missa atvinnu sína. Því fylgdu hjónaskilnaðir og upplausn í þjóðfélaginu.

Árið 1995 tóku þeir flokkar saman höndum sem nú standa að þessari ríkisstjórn og sneru þróuninni við með eftirminnilegum hætti. 12 þúsund störf og umbylting í atvinnulífinu hefur haft mikil áhrif því að atvinnuleysið var hér farið að tröllríða húsum, 6–7% mældist það og menn héldu að Evrópuríkið væri komið hingað í sinni mynd með viðvarandi og langvarandi atvinnuleysi. Sem betur fer hefur þessum stjórnarflokkum tekist að snúa þróuninni við með atvinnulífinu þannig að hér hefur orðið mikil umbylting eins og allir sjá. Fyrir þetta ber auðvitað að þakka og það er mjög mikilvægt hvernig til hefur tekist í þessum efnum. Fólk hefur flust til landsins. Hér hafa verið sköpuð störf sem gefa góð laun og við erum í allt annarri stöðu fimm árum síðar. Þetta hlýtur stjórnarandstaðan að virða og þakka við þessa umræðu. Ég vil þó taka fram, eins og hv. þm. sagði, að augu okkar verða að vera opin. Við verðum að hugsa til margra staða sem auðvitað standa tímabundið frammi fyrir atvinnuleysi og meira að segja fleiri staða en hann nefndi áðan.

Samkvæmt síðasta yfirliti Vinnumálastofnunar um atvinnuástand kemur fram að meðaltalsatvinnuleysi í janúar var 1,8% sem er það minnsta í janúarmánuði í áratug. Á síðasta ári var meðaltalsatvinnuleysi 1,9% sem jafnframt er það lægsta síðan 1990. Þetta eru afskaplega gleðileg tíðindi sem gefa til kynna að ekki sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af atvinnuleysi, a.m.k. atvinnuleysi nú um stundir. Á hitt ber að líta að hér er um meðaltalstölur að ræða og eins og ég sagði áðan þá snýr þetta fremur að einstökum stöðum eins og hv. þm. sagði.

Geysileg eftirspurn eftir erlendu vinnuafli á síðasta ári gefur raunar til kynna að hvergi nærri hafi tekist að manna laus störf með innlendu vinnuafli en 1999 voru gefin út alls 3.073 atvinnuleyfi miðað við 2.222 árið 1998 og 1.560 árið 1997. Atvinnuleysi á vissum stöðum hefur tengst erfiðleikum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Árstíðasveiflur hafa þó minnkað með meiri notkun kauptryggingarsamninga fyrirtækja við fiskvinnslufólk sem kveða m.a. á um það að fyrirtæki fái greitt ígildi atvinnuleysisbóta upp í launakostnað meðan vinnsla liggur niðri vegna hráefnisskorts og starfsmennirnir haldi föstum launum sínum.

Árið 1997 greiddi Atvinnuleysistryggingasjóður sjávarútvegsfyrirtækjum um 100 millj. kr. vegna þessa ákvæðis, 1998 um 150 millj. kr. og 1999 um 111 millj. kr. Í þessu samhengi ber að hafa í huga að langt sjómannaverkfall árið 1998 jók greiðslurnar meira en ella hefði verið.

Ég ætla ekki að rekja þau áhrif sem ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir höfðu 1997 þannig að það er vel staðið að þessum málum víða um land. Ég vil hins vegar segja það sem starfandi félmrh. að félmrn. heldur auðvitað vöku sinni í þessum efnum. Það er mjög mikilvægt að hugsa til þessara staða sem eiga í tímabundnum erfiðleikum og eins og hv. þm. sagði, kvóti er seldur burt o.s.frv. En þarna verðum við auðvitað að horfa til Byggðastofnunar, til atvinnuþróunarfélaga og sveitarstjórnarmanna á landsbyggðinni. Ríkisvaldið og ríkisstjórnin er tilbúin að taka á með þessum stöðum og sú vinna er í fullum gangi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er verið að endurskipuleggja Byggðastofnun, ég vona til stórra átaka, því það ríður á fyrir okkur að snúa þróuninni á landsbyggðinni við. Við eigum gríðarlega mörg tækifæri til þess að það takist og ég trúi því að samstaða þings og þjóðar sé um það mikla verkefni.

[13:40]

Helga A. Erlingsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að blanda mér í þessa umræðu og minna á að enn er mikið dulið atvinnuleysi á landsbyggðinni. Þessar opinberu tölur segja ekki allt.

Ég vil nota tækifærið og beina máli mínu til hæstv. landbrh. og starfandi félmrh. um stöðu bænda gagnvart atvinnuleysisbótum. Þeir hafa greitt í Atvinnuleysistryggingasjóð í langan tíma en það er erfitt fyrir þá að fá atvinnuleysisbætur þrátt fyrir að búin beri kannski ekki eitt ársverk, kannski ekki nema hálft ársverk. Eina leiðin til þess að þeir geti fengið atvinnuleysibætur er að skila inn virðisaukaskattsnúmerinu og hætta búskap eða þá að annað hjóna getur kannski sagt sig frá búinu og misst þá náttúrlega um leið viss réttindi. Þá verður það hjónanna að fara að heiman kannski um langan veg til þess að vinna einhvers staðar annars staðar til að ávinna sér réttinn.

Ég vil beina því til hæstv. landbrh. að hann beiti sér í þessu máli gagnvart stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og félmrh.

[13:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Staða atvinnumála á landsbyggðinni er nokkuð misjöfn en sums staðar hún mjög alvarleg og menn verða að horfast í augu við þann gríðarlega vanda. Það er t.d. alveg nýtt á Vestfjörðum að við stöndum skyndilega frammi fyrir því að þar fer atvinnuleysi vaxandi. Atvinnuleysi á Vestfjörðum núna er talsvert meira hlutfallslega en það er á höfuðborgarsvæðinu og ég hef ekki upplýsingar um að það hafi gerst í annan tíma. Þetta er mjög alvarlegt mál, ekki síst í ljósi þess að atvinnuleysið er líka mjög staðbundið þannig að það er hlutfallslega býsna mikið til að mynda á Ísafirði og er farið að hafa veruleg áhrif. Atvinnuleysið er ekki bara bundið við einstaka starfshópa. Það er til meðal sjómanna,

landverkafólks og það mun hafa þau áhrif að tekjusamdrátturinn í þjónustugreinunum hjá sveitarfélaginu verður mjög tilfinnanlegur þegar áhrifin verða komin fram að fullu.

Þetta segir hins vegar ekki alla söguna. Mjög margir hafa flutt brott, horfið frá því ótrygga ástandi sem hefur verið á landsbyggðinni og við höfum líka upplifað það að sums staðar, m.a. á Vestfjörðum, hafa meðaltekjur verið að fara lækkandi, en meðaltekjur á Vestfjörðum hafa lengst af verið með þeim hæstu í landinu vegna þess hve margir sjómenn taka þátt í atvinnulífinu þar.

En það þýðir ekki bara að harma hlutinn sinn. Við verðum samhliða þessu að reyna að leita lausna og til eru ýmsar lausnir. Það þýðir hins vegar ekki að horfa fram hjá því að mjög margt af þessu er mjög erfitt. Það er ákaflega dýrt að endurheimta aflaheimildir þegar aflaheimildirnar kosta 850 kr. á hvert kíló þorsks. Við verðum þess vegna að leita leiða til þess m.a. að fiskveiðistjórnarkerfið sé hagfellt hinum minni byggðum og við eigum í því sambandi að leita fyrirmynda í skipulagi sem við höfum komið upp fyrir smábátana sem hafa bjargað mjög miklu mjög víða. Það er líka hægt að hraða útboði á opinberum framkvæmdum. Það er hægt að beina þjónustu ríkisins til fyrirtækja t.d. í tækniþjónustu út á land og fleira er hægt að gera í þessum efnum. Ég tek undir með hæstv. starfandi félmrh. að það á að gefa (Forseti hringir.) Byggðastofnun auknar heimildir til þess að leggja meira undir og e.t.v. taka meiri áhættu en gert hefur verið (Forseti hringir.) til þess að byggja upp atvinnulífið þar sem þörf er á.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hefur jöfnun lífskjara átt sér stað svo um munar síðustu missirin landsbyggðarfólki í hag? Eru atvinnumál í betra horfi? Hafa rekstrarskilyrði fyrirtækja batnað? Því miður er svarið nei. Fasteignagjöld úti á landi hafa hækkað þrátt fyrir að söluverð á íbúðarhúsnæði á sömu svæðum hafi lækkað. Þenslan á suðvesturhorninu rýrir kjör á landsbyggðinni. Flutningskostnaður hefur hækkað og álögur hækka flutningskostnað og vöruverð. Atvinnuleysi hefur aukist í byggðum sem tapað hafa aflakvóta sínum. Tekjur fólks í mörgum sjávarbyggðum hafa dregist verulega saman vegna vöntunar á fiskikvóta og atvinnu. Engin hátekjustörf hafa fylgt takmarkaðri nýsköpun í atvinnurekstri, fjarvinnslu og ferðamannaþjónustu. Gengið er fast en kostnaðurinn vex. Vextir lána hafa snarhækkað og eru nú á annan tuginn í prósentum talið. Sé lántökugjald meðtalið er kostnaður fast að 20%. Lendi fyrirtæki í vanskilum eru vextir orðnir 20,5%. Vanskil geta fylgt verkefnaleysi þjónustufyrirtækja sem fá lítið af viðhalds- og viðgerðaverkefnum þegar aflakvótinn og skipin eru farin úr plássinu. Því miður nær höfuðborgarþenslan í byggingu og þjónustu ekki út á land. Þar er engin þensla í verkefnum eða atvinnu. Hins vegar nær kostnaðurinn samfara höfuðborgarþenslunni út á land og veldur þar beint og óbeint lakari lífskjörum.

Fyrir rúmum áratug voru 45% alls botnfisk- og flatfiskafla fryst í landi. Nú er hlutur landfrystingar innan við 30%. Á sama tíma hefur sjófrystingin vaxið úr tæpum 10% í 30%. Kvótinn hefur verið keyptur af strandveiðiflotanum og þau skip gerð kvótalaus. Kvótarisar hafa orðið til og veldi þeirra mun vaxa enn frekar í óbreyttu kvótabraskskerfi. Tillögur hafa komið fram um breytingar svo sátt verði möguleg. Undir þær er lítt tekið af stjórnvöldum. Nú síðast á viðskiptaþingi Verslunarráðs var því lýst yfir að sátt væri ekki í sjónmáli.

[13:47]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hann er enn mikill, aðstöðumunur þeirra sem vilja nýta sér hina nýju samskiptatækni til náms, fjarvinnslu eða tómstunda eftir því hvar þeir búa á landinu. Þó leiðrétt verðskrá fyrir leigulínur hafi tekið gildi nú í haust eftir að kostnaður hefur lengi verið oftalinn á lengri leiðum er bilið sem háð hefur starfsemi af þessum toga víða um land langt frá því verið brúað. Við það situr. Eða ætlar ríkisstjórnin að grípa til þeirra ráða sem duga svo allir landsmenn sitji við sama borð við nýtingu upplýsingahraðbrautarinnar og jafna þannig aðstöðu fólks um land allt til nútímaþjónustu, menntunarkosta og atvinnuuppbyggingar?

Það dugar ekki, herra forseti, að skilja landsbyggðina eftir með það eina hlutverk að takast á við samdrátt í landbúnaði og sjávarútvegi eða að hrekjast undan þeim sama samdrætti. Það segir okkur reynsla undanfarinna ára. Störfum við frumframleiðslu í landbúnaði, sjávarútvegi og jafnvel iðnaði mun halda áfram að fækka en sérhæfðum störfum í þjónustu og verslun mun fjölga að sama skapi. Það verður því að skapa þekkingarumhverfi, setja nýjar forsendur fyrir þjónustu og menntun og meiri fjölbreytni. Það verður að hugsa þróun mannlífs og búsetu út frá framtíðarmöguleikum atvinnulífs og menningar á hverju svæði en ekki út frá þeim fortíðarvanda sem stundum er notaður sem afsökun fyrir aðgerðarleysi.

Fólk um land allt verður að hafa tækifæri til að afla sér nýrrar kunnáttu og þekkingar til að öðlast færni í að takast á við atvinnuháttabreytingar með skapandi hætti og sjálfstrausti. Það er uggvænlegt til þess að vita að börn bænda skuli enn í dag hrekjast frá námi vegna fátæktar. Gleymum því ekki, herra forseti, í allri atvinnumálaumræðunni að menningin er bæði gefandi og atvinnuskapandi, ekki aðeins í höfuðborginni heldur líka úti á landi.

[13:50]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Stærsta atvinnumál hverrar þjóðar er að hafa skýra sýn til framtíðar, leita sóknarfæra og hafa trú á þeim færum. Versti óvinur hverrar þjóðar og atvinnulífs er bölmóðurinn sem bæði kyrkir og kæfir.

Nú er það svo, herra forseti, að atvinnuhættir breytast um leið og tækni breytist, viðhorf breytast og lífsstíll breytist. Allt hefur þetta áhrif á atvinnulíf og byggðaþróun í hverju landi. Upp spretta nýjar atvinnugreinar og OECD og fleiri alþjóðlegar stofnanir hafa spáð því að mest fjölgun atvinnutækifæra og starfa verði tengd upplýsingahraðbrautinni í tengslum við fjarvinnslu. Það er mjög athyglisvert vegna þess að netið upphefur í raun öll landamæri og skiptingu þjóða í einstök svæði. Netið færir störf til þeirra sem eftir leita og hafa aðstöðu til þess að nýta sér þá upplýsingatækni.

Þess vegna, herra forseti, samhliða því að hlúa að hefðbundnum atvinnuháttum, er brýnt að sækja fram þar sem tækifærin eru í nýjum atvinnuháttum. Því er mikilvægt og eitt brýnasta úrlausnarverkefni okkar sem alþingismanna að fylgja eftir samþykktum fjarskiptalaga um að koma ISDN-tengingu inn á hvert heimili.

Í öðru lagi er brýnt að jafna kostnað, tryggja að allir landsmenn beri jafnan kostnað af því að ferðast á upplýsingahraðbrautinni. Ég nefni líka, herra forseti, mikilvægi þess að ríkisvaldið fylgi eftir hugmyndum um að bjóða störf

í fjarvinnslu á netinu og efla fjarkennslu. Aukin fjarkennsla og aukið menntastig skapar nýjar hugmyndir og ný atvinnutækifæri. Það er mikilvægt, herra forseti, að átta sig á því að netið er nýjasta búgreinin og með henni styrkjum við atvinnutækifæri á nýrri öld.

[13:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Atvinnuleysi hefur mælst frekar lágt á Íslandi undanfarin ár en atvinnustigið er mjög misjafnt eftir árstíðum, landshlutum og svæðum. Hér á höfuðborgarsvæðinu hefur verið spenna á vinnumarkaði svo að vinnuafl hefur sogast inn á svæðið. Á sama tíma hefur verið staðbundið, kynbundið og dulið atvinnuleysi út um alla landsbyggðina.

Viðvarandi atvinnuleysi hefur verið á þeim stöðum sem misst hafa frá sér skip, kvóta eða vinnslu í landi til annarra staða. Atvinnuöryggi kvenna í fiskiðnaði er í hættu þegar hagrætt er í rekstri, nýjar línur eða tækni koma inn í framleiðsluna eða fiskvinnsla flutt út á sjó til annarra staða. Í sveitum landsins er víða dulið atvinnuleysi, sérstaklega hjá konum sem ekki hafa möguleika á að sækja störf utan búsins þar sem atvinna við hæfi er ekki í boði þó þörf sé á meiri tekjum til heimilisins og vilji sé til að vinna störf utan heimilis. Atvinnuleysisbætur standa ekki öllum bændum til boða og því miður er atvinnuástand í sveitum og lágar tekjur þar farnar að bitna á börnum.

Fækkun starfa í opinberri þjónustu er meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu þar sem stofnanir hafa frekar þanist út þrátt fyrir pólitískar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Hagræðing og sparnaður í mörgum þjónustugreinum bitnar þungt á landsbyggðinni þar sem tilfinnanlega munar um hvert starf. Atvinnuleysi er alltaf alvarlegt mál hvar sem það kemur upp en úrlausnirnar eru mismunandi eftir svæðum og eðli vandans.

[13:54]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Við Íslendingar höfum átt því láni að fagna nú síðustu ár að atvinnuleysi er nær horfið hér á landi og er með því minnsta í heiminum um þessar mundir. Þúsundir nýrra starfa hafa orðið til. En það er alvarlegt þegar miklar sviptingar verða í atvinnulífinu á landsbyggðinni. Það kemur upp alvarleg staða þegar fyrirtæki, þar sem 8% af vinnuafli sveitarfélags starfar, ákveður að flytja í annað byggðarlag eða hættir starfsemi sinni. Það hefur tvímælalaust afdrifarík áhrif, ekki aðeins á þá einstaklinga sem missa atvinnuna heldur á allt samfélagið. Því má líkja því að 6–7 þúsund Reykvíkingar missi atvinnu sína á einum degi. Það eru 1–2 þúsundum fleiri en starfa samanlagt á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík. En ef fyrirtæki hefur ákveðið að flytja sig um set í hagræðingarskyni er ekkert við því að gera, þeim er það frjálst. Hvorki ríki né sveitarfélög geta skipt sér af því beint.

Herra forseti. Íslenskur vinnumarkaður er sérstakur með tilliti til árstíðabundinna starfa og hlutastarfa. Sum störf tengjast árstíðabundnu álagi m.a. í fiskverkun og fiskiðnaði en mikil fækkun hefur orðið í kvennastörfum tengdum sjávarútvegi við frystitogaravæðingu sjávarútvegsins. Fækkun hefur einnig orðið í störfum kvenna í landbúnaði. Þjóðfélagsleg þróun hefur á margan hátt átt þátt í að viðhalda atvinnuleysi meðal kvenna. Í dag finnast varla karlmenn á atvinnuleysiskrá því uppsveiflan hefur verið hvað mest í þeim greinum þar sem karlar eru fjölmennir. Á sama tíma hefur þróunin í öðrum greinum orðið til þess að viðhalda atvinnuleysi kvenna. Á því þarf að taka og ég er alveg sannfærð um að ríkisstjórnin mun gera það.

[13:56]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Enn á ný neyðast menn til að færa umræðu um málefni landsbyggðarinnar inn í sali Alþingis. Nú er það aukið atvinnuleysi á nokkrum stöðum á landsbyggðinni vegna lokunar og samdráttar nokkurra fiskvinnslufyrirtækja. Þessi þjóðarvandi, þjóðflutningar tæplega 10 þúsunda manna sl. fimm ár frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis, er til kominn vegna ákvarðana sem teknar hafa verið hér á hinu háa Alþingi með samþykktum og lögum um tvo höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar sem víðast hvar eru undirstaða heilu byggðarlaganna. Hér á ég auðvitað við sjávarútveg og landbúnað. Ég tel að vegna þessara stjórnvaldsákvarðana verði stjórnvöld einnig að taka ákvörðun um hvað eigi að koma í staðinn.

Herra forseti. Bráðaaðgerðir eru nauðsynlegar í þessum málum. Ég tel að sértækar aðgerðir í gegnum skattkerfið séu fljótvirkustu aðgerðirnar til að snúa vörn í sókn. Nefna má t.d. aukinn persónuafslátt, auknar barnabætur, auknar afskriftir vegna atvinnusköpunar á landsbyggðinni, skattafslátt vegna aksturs til og frá vinnu, breytilegt tryggingagjald, breytingar á húsnæðiskerfinu o.s.frv. Þessar aðgerðir eru þekktar hjá nokkrum Norðurlandaþjóðanna.

Í febrúar 1999 var flutt þáltill. á hinu háa Alþingi um jöfnun lífskjara og aðstöðumunar eftir búsetu. Í þessari tillögu segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem rannsaki hvernig unnt sé að jafna lífskjör og aðstöðumun fólks eftir búsetu með aðgerðum í skattamálum."

Hver haldið þið að hafi verið 1. flm. þessarar þáltill.? Það var enginn annar en hæstv. núv. landbrh. Guðni Ágústsson. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er hann nú sem ráðherra að vinna að þessum málum innan ríkisstjórnarinnar?

Herra forseti. Það er gott og því fylgja miklir kostir að búa úti á landi. Við íbúar landsbyggðarinnar biðjum ekki um nein forréttindi en við krefjumst jafnréttis til lífskjara.

[13:58]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Ég vil þakka starfandi félmrh. fyrir svör hans og öðrum þingmönnum fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu. Það er greinilegt á máli manna hér að hún þykir nauðsynleg og sumir bera ugg í brjósti vegna stöðu ýmissa svæða á landsbyggðinni.

Nefndar hafa verið tölur um atvinnuleysi. Ég vil geta þess að atvinnuleysi á Vestfjörðum var 0,9% fyrir ári síðan en er núna 2,3%. Það hefur því margfaldast og inni í þessum tölum er ekki sá fólksfjöldi sem flutt hefur af þaðan. Hér hefur einnig komið fram góður vilji en góður vilji, einn út af fyrir sig, skapar ekki atvinnu fyrir fólkið. Það verður að láta kné fylgja kviði. Mér dettur í hug, í framhaldi af umræðunni í gær um þriggja fasa rafmagn til landsbyggðarinnar og til bændabýla, að sú nefnd sem skipuð er í þeim málum þarf að vinna hratt og vel. Málið má ekki daga uppi.

Hæstv. starfandi félmrh. sagði áðan að Framsfl. hefði útvegað 12 þúsund störf og það er mjög gott að atvinna hefur aukist. En því miður hefur ekkert af þessum störfum farið til þeirra staða sem nefndir voru áðan. Vonandi væri þá hægt að hafa störfin 13 þúsund svo fólkið úti á landi fái fulla vinnu og nóg að gera.

[14:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa málefnalegu umræðu og tek undir margt sem kom fram í henni. Góður vilji er auðvitað mikilvægt mannlegt afl sem getur haft áhrif.

Ég vil segja við hv. þm. Kristján Möller að ég er enn sömu skoðunar. Ég er einn af 63. Ég trúi á það að menn þurfi virkilega að skoða skattamál landsbyggðarinnar. Í mörgum tilfellum eru menn því miður að borga hærri skatta þar. Það þarf að vera jöfnuður. En það þarf líka að huga að skattaumhverfinu til þess að fólk og ekki síður fyrirtæki fjárfesti á landsbyggðinni og byggi sig upp þar. Trú mín er enn sú sama og hún var og ég mun berjast með þeim sem vilja varpa þessari sýn og trúi því að það verði skoðað betur hvaða áhrif slíkt muni hafa.

Mér kemur að vísu ástandið á Vestfjörðum dálítið á óvart, þ.e. að þar skuli vera vaxandi atvinnuleysi því ég veit að þar er gríðarlegur fjöldi erlendra verkamanna að störfum. En hvað Vestfirði varðar og aðra staði — ég var í Vestmannaeyjum á dögunum — þá er þar meira atvinnuleysi en verið hefur. Að þessu verðum við að huga, með því afli sem við eigum, þ.e. atvinnumálaráðuneytunum, Byggðastofnun, sveitarstjórnunum og atvinnuþróunarsjóðum.

Hv. þm. Helga Erlingsdóttir kom hér inn á stórmál sem snýr að mér sem landbrh., þ.e. hvað Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga varðar, en í hann greiða bændur. Ég hef miklar áhyggjur af því að ekki hefur fengist viðurkennt að atvinnuleysi geti verið að hluta til á bænum. Liggi fyrir að hjónin hafi ekki tekjur til þess að lifa af þá hefur það ekki náðst fram hjá félmrh. að viðurkenna það sem atvinnuleysi og atvinnuleysisbætur verið greiddar.

Ég þakka hv. þm. fyrir að koma inn á þetta atriði. Ég ræddi þetta síðast í mínu ráðuneyti í morgun. Gagnvart landbúnaðinum þurfum við auðvitað að fara yfir það ef menn eru að greiða eitthvað sem þeir fá ekki til baka.

[14:03]

Útbýting þingskjala:

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 399. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 657.

Rannsókn á mengun við Keflavíkurflugvöll, 391. mál, þáltill. SJóh og SJS, þskj. 649.

Suðurnesjaskógar, 390. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 648.

Tólf ára samfellt grunnnám, 380. mál, þáltill. JB o.fl., þskj. 637.

Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, 392. mál, þáltill. SJS og SJóh, þskj. 650.

Vernd votlendis, 389. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 647.

Mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Stjfrv., 386. mál. — Þskj. 644.

[14:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ísland er bundið af tilskipunum Evrópusambandsins, annars vegar tilskipun 85/337/EBE og hins vegar 97/11/EB í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Tilskipun ráðsins 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið var tekin upp í lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, í samræmi við þær skyldur sem Ísland gekkst undir í tengslum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði.

Tilskipun ráðsins 97/11/EB um breytingu á tilskipun 95/337/EBE felur í sér umtalsverðar breytingar og það miklar að nauðsynlegt er að endurskoða núgildandi lög um mat á umhverfisáhrifum. Þegar fyrir lá að endurskoða þyrfti lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, með hliðsjón af tilskipun 97/11/EB var ákveðið að skipa nefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að hlutverk nefndarinnar sé að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum með hliðsjón af fenginni reynslu frá því að lögin öðluðust gildi og að vinna út frá gögnum sem ráðuneytið og skipulagsstjóri ríkisins höfðu tekið saman. Auk þess var nefndinni ætlað að fella inn í lögin tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB um breytingu á tilskipun 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, en tilskipunin tók gildi 14. mars 1999 hjá Evrópusambandinu. Hér á landi átti hún að öðlast gildi sex mánuðum eftir að hún hefði verið samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni en það var gert 26. febrúar 1999 þannig að lögin hefðu í reynd átt að öðlast gildi síðasta haust hér á landi. Var nefndinni einnig falið að leggja mat á hvort fella ætti lögin um mat á umhverfisáhrifum inn í ný skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, eða halda þeim sem sérstökum lögum á sama hátt og verið hefur.

Nefndin leitaði víða fanga og sendi út drög að frv. til umsagnar til fjölmargra aðila og vísast um það nánar til almennra athugasemda með frv. Nefndin skilaði áliti í desember 1998 og er frv. það sem hér er mælt fyrir að mestu leyti byggt á tillögum nefndarinnar.

Endurskoðunarnefndin telur ekki ástæðu til þess að fella lög um mat á umhverfsiáhrifum inn í ný skipulags- og byggingarlög og bendir á að lög um mat á umhverfisáhrifum séu viðamikil og hafi sjálfstæðan sess í þjóðfélaginu. Framkvæmd laganna sé þar að auki algjörlega á ábyrgð ríkisins, en skipulags- og byggingarlög eru hins vegar að mestu leyti á verksviði sveitarstjórna. Löggjöf um mat á umhverfisáhrifum verði aðgengilegri almenningi sé hún í sérstökum lagabálki.

Virðulegur forseti. Ég mun á eftir fara yfir helstu breytingar og nýmæli frv.

Í I. kafla frv. er fjallað um markmið, gildissvið og skilgreiningar.

Þó 1. gr. þar sem fjallað er um markmið sé efnislega óbreytt frá gildandi lögum er reynt að skilgreina þau betur. Markmiðin eru þríþætt í meginatriðum.

Í fyrsta lagi að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif verði farið fram á mat á umhverfisáhrifum. Litið er á mat á umhverfisáhrifum sem mikilvægt tæki stjórnvalda til að ná fram markmiðum í umhverfismálum og stuðla að sjálfbærri þróun og að úrskurðaraðili, þ.e. Skipulagsstofnun, fái nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið ákvörðun um tiltekið verkefni með fulla vitneskju um hvaða líkur eru á því að verkefnið hafi veruleg áhrif á umhverfið.

Í öðru lagi er það markmið laganna að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta til þess að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda á umhverfið.

Í þriðja lagi er reynt að tryggja aðkomu almennings að mati á hinni fyrirhuguðu framkvæmd með því að kynna

umhverfisáhrif framkvæmdanna og stuðla að því að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurðað er um matið. Einn helsti tilgangur áðurnefndar tilskipunar 97/11/EB er að tryggja sem best aðkomu almennings að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Í 2. gr. frv. þar sem fjallað er um gildissvið kemur fram að lögin gilda um allar framkvæmdir hvort heldur er á landi eða sjó innan íslenskrar mengunarlögsögu sem er hin sama og efnahagslögsagan en ekki einungis á landi að stórstraumsfjöruborði eins og nú er. Hér er um veigamikla breytingu að ræða ef framkvæmdir sem ekki hafa verið á landi eða innan stórstraumsfjöru svo sem efnistaka á hafsbotni falla ekki undir gildandi lög.

Ein af meginbreytingum með frv. er fólgin í 5. gr. Í staðinn fyrir að telja upp í sjálfum lögunum eins og nú þær framkvæmdir sem ætíð skulu fara í mat er í 5. gr. skírskotað til 1. viðauka með frv. en þar eru taldar upp allar þær framkvæmdir sem matsskyldar eru samkvæmt frv. og skulu því ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Í tilskipun 97/11/EB eru gerðar lágmarkskröfur til aðildarríkjanna og skulu þær framkvæmdir sem taldar eru í 1. viðauka við tilskipunina ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Mun ég fjalla sérstaklega um 1. viðauka síðar.

Í 5. gr. er umhvrh. enn fremur veitt heimild til þess að ákveða að þegar fleiri en ein framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði megi meta umhverfisáhrifin sameiginlega. Hér er um breytingu að ræða frá gildandi lögum þar sem framkvæmdir eru aðgreindar.

Einnig er lagt til það nýmæli í 5. gr. að ráðherra geti heimilað að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar skuli fara fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögunum og er þessi tillaga sett fram í ljósi reynslunnar þar sem sumar framkvæmdir eru þess eðlis að útilokað er að ákveða fyrir fram nákvæmlega staðsetningu og má þá nefna sem dæmi borun rannsóknarholu. Það á þó að vera tryggt að ekki verði um lakari málsmeðferð að ræða en lögin kveða á um enda segir að matið skuli vera jafngilt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í lögunum. Í slíkum tilvikum ber framkvæmdaraðila að sækja sérstaklega um undanþágu og rökstyðja beiðni sína ítarlega. Áður en ráðherra tekur ákvörðun skal hann leita álits Skipulagsstofnunar, leyfisveitanda og annarra aðila eftir því sem við á enda er ekki síður þörf á að vanda til málsmeðferðar þegar veitt er undanþága en í venjulegum tilvikum. Síðan skal ráðherra tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendum undanþágan er veitt og láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að. Rétt er að benda á að þessi undanþága er í samræmi við tilskipun 97/11/EB þar sem heimilt er í sérstökum tilvikum að undanskilja sérstakar framkvæmdir ákvæðum tilskipunarinnar með öllu eða að hluta með þeim skilyrðum sem að framan greinir.

Í 6. gr. er lagt til breytt fyrirkomulag frá gildandi lögum hvað snertir þær framkvæmdir sem ekki ber skilyrðislaust að setja í mat heldur að tilkynna og ákveða í framhaldi af því hvort meta skuli. Lagt er til það fyrirkomulag sem tilskipun 97/11/EB gerir ráð fyrir, þ.e. að taldar eru upp í 2. viðauka með frv. þær framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar. Skipulagsstofnun ákveður síðan hvort meta skuli framkvæmdina. Byggir viðaukinn á 2. viðauka tilskipunar 97/11/EB og skal skoða hvert tilvik um sig og síðan taka mið af þeim mörkum eða viðmiðunum sem sett eru. Við það mat ber fyrst og fremst að taka tillit til þeirra viðmiðana sem kveðið er á um í 3. viðauka með frv. sem að mestu samsvarar 3. viðauka með tilskipun 97/11/EB.

Þetta hefur í för með sér að þær framkvæmdir sem taldar eru upp í 2. viðauka við frv. skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis, staðsetningar eða væntanlegra umhverfisáhrifa. Sé hin fyrirhugaða framkvæmd meðal þeirra sem taldar eru upp í 2. viðauka frv. ber framkvæmdaraðila að tilkynna Skipulagsstofnun hana og skal stofnunin taka ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli metin og skal stofnunin við ákvörðunina fara eftir viðmiðunum í 3. viðauka. Ég mun síðar, virðulegur forseti, gera stuttlega grein fyrir 2. og 3. viðauka. Enn fremur er lagt til að almenningur geti tilkynnt framkvæmdir til stofnunarinnar eða borið fram fyrirspurn um þær sem taldar eru upp í 2. viðauka. Markmiðið með ákvæðinu er að auðvelda almenningi aðkomu að málinu og að stuðla að því að þær framkvæmdir sem eru í 2. viðauka verði tilkynntar. Til glöggvunar og samanburðar er rétt að benda á að samkvæmt 5. gr. gildandi laga eru ákveðnar framkvæmdir skilyrðislaust matsskyldar. Í 6. gr. gildandi laga voru hins vegar ákvæði sem heimila ráðherra að ákveða að tilteknar framkvæmdir sem þannig háttar til um skuli metnar. Meginbreytingin felst í því að í staðinn fyrir heimildarákvæði fyrir ráðherra eru framkvæmdir settar á sérstakan lista og eru tilkynningarskyldar og það er Skipulagsstofnunar að taka ákvörðun um matsskylduna. Hafa ber í huga að hægt er að kæra allar ákvarðanir Skipulagsstofnunar til umhvrh. með stjórnlegri kæru.

Í IV. kafla frv. er fjallað um málsmeðferð vegna matsskyldra framkvæmda og lögð til veruleg breyting á málsmeðferðinni með það að markmiði að einfalda matsferlið. Lagt er til að matsferlið hefjist með því að framkvæmdaraðili geri tillögu til Skipulagsstofnunar að matsáætlun, sbr. nánar 8. gr. Markmiðið, fyrir utan að einfalda ferlið, er að framkvæmdaraðili leggi fram þegar í upphafi á viðhlítandi hátt þær upplýsingar sem krafist er og að Skipulagsstofnun segi til um hvaða upplýsinga framkvæmdaraðili skuli afla. Skipulagsstofnun ber í framhaldi af því að taka ákvörðun um tillögu framkvæmdaraðila innan fjögurra vikna. Þegar kemur að sjálfri matsskýrslunni á þetta að liggja fyrir en í dag er það oft svo að eftir að frumatsskýrslan liggur fyrir koma fram ábendingar um það sem á vantar eða betur mætti fara. Á þennan hátt gerir framkvæmdaraðili tillögu til Skipulagsstofnunar að matsáætlun eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er og ber framkvæmdaraðila einnig að kynna tillögu að matsáætlun fyrir umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun. Þannig munu hlutaðeigandi gögn og upplýsingar liggja fyrir áður en farið er í sjálft matsferlið sem er svokölluð matsskýrsla og fjallað er um í 9. gr. frv. Matsáætlun verður grundvöllur matsskýrslu.

Í 9. gr. er fjallað um matsskýrslu vegna matsskyldra framkvæmda sem er næsta skref á eftir matsáætlun. Skal gerð og efni matsskýrslu vera í samræmi við matsáætlun. Í 2. mgr. eru sérstaklega tilteknir þær þættir sem taka ber tillit til við mat á umhverfisáhrifum og er þar tekið mið af IV. viðauka við tilskipun 97/11/EB þar sem er að finna leiðbeinandi reglur en lýsa skal þeim þáttum fyrirhugaðrar framkvæmdar sem líklegast er talið að geti valdið áhrifum á umhverfið. Helstu breytingar frá gildandi lögum felast í því að lagt er til að framkvæmdaraðili geri grein fyrir helstu möguleikum sem hann hefur kannað og til greina koma svo

sem varðandi tilhögun og staðsetningu. Þetta hefur mikla þýðingu þar sem samanburður á helstu möguleikum er ein helsta forsenda þess að hægt sé að meta umhverfisáhrif hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar. Enn fremur er það nýmæli að lýsa skuli fyrirhugðum mótvægisaðgerðum og gera stutta og skýra samantekt um matsskýrsluna og niðurstöður hennar en þýðing slíkrar samantektar er að hún gerir skýrsluna mun aðgengilegri fyrir almenning. Breytingar á matsferlinu eru ekki síst hugsaðar með það fyrir augum að almenningur eigi greiðan aðgang að upplýsingum alveg frá fyrstu stigum máls og að upplýsingarnar séu skilmerkilegar. Allt þjónar þetta þeim tilgangi að auka þátttöku almennings í ferlinu og ýta á almenning að hafa skoðun á málinu og lýsa henni.

Í 11. gr. er fjallað um úrskurð Skipulagsstofnunar en þar kemur fram að innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda skv. 10. gr. rennur út skal stofnunin kveða upp rökstuddan úrskurð um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Lögð er til sú grundvallarbreyting á frv. að ekki er gert ráð fyrir svokölluð frummati, sbr. 8. gr. gildandi laga, og frekara mati, sbr. 11. gr. Samkvæmt gildandi lögum getur skipulagsstjóri ríkisins, fallist hann ekki á framkvæmd eftir frummat, ekkert annað gert en að ákveða frekara mat. Honum er ekki heimilt að synja framkvæmd á því stigi í dag. Í frv. er gert ráð fyrir einu matsferli þannig að verði krafist ítarlegra mats verður það hluti ferilsins en ekki sjálfstætt mat. Einnig er hægt að synja framkvæmd án þess að krefjast ítarlegra mats.

Þar sem frv. kveður þannig á um breytta tilhögun matsferils er lagt til að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð innan fjögurra vikna frá því að frestur til athugasemda rennur út í stað þriggja vikna eins og gert er í gildandi lögum. Skv. 11. gr. getur Skipulagsstofnun tekið ákvörðun um eftirfarandi:

a. fallist er á viðkomandi framkvæmd, með eða án skilyrða,

b. krafist er ítarlegra mats á framkvæmdinni í heild eða einstökum hlutum hennar eða

c. lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa.

Þegar krafist er ítarlegra mats skal auglýsa það með sama hætti og matsskýrslu en þó skal aðeins auglýsa þá þætti sem krafist er ítarlegra mats á. Skipulagsstofnun hefur fjórar vikur til að úrskurða eftir að skýrslan um ítarlegra mat liggur fyrir.

Í 5. mgr. 11. gr. er það nýmæli lagt til að Skipulagsstofnun sé heimilt að binda framkvæmd því skilyrði að framkvæmdaraðili gangist fyrir frekari rannsóknum á tilteknum atriðum fyrir og eftir hina fyrirhuguðu framkvæmd í þeim tilgangi m.a. að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið og til að ganga úr skugga um hvaða afleiðingar framkvæmdin hafi í för með sér.

Í 6. mgr. 11. gr. er lögð til sú breyting að Skipulagsstofnun geti gert minni háttar breytingar á úrskurði sínum um mat á umhverfisáhrifum eftir birtingu hafi þær breytingar ekki verið fyrirsjáanlegar þegar úrskurður var birtur eða að þær séu taldar til bóta og í samræmi við tilgang laganna. Ber að tilkynna slíkar breytingar með sama hætti og þegar kveðinn er upp úrskurður skv. 11. gr. og þá ákvörðun Skipulagsstofnunar er hægt að kæra til ráðherra eins og aðrar ákvarðanir stofnunarinnar. Í ljós hefur komið í örfáum tilvikum að betra hefði verið að standa öðruvísi að framkvæmd en úrskurður segir nákvæmlega fyrir um, þó án þess að efni standi til að kæra úrskurðinn. Hér kann, svo dæmi sé nefnt, að vera um örlitla tilhliðrun á vegi eða staðsetningu framkvæmda að ræða kannski sem nemur örfáum metrum. Ástæðulaust er að sporna gegn slíku mæli rök með því, svo ekki sé talað um sé það beinlínis til bóta fyrir umhverfið.

Í 7. mgr. 11. gr. er að finna það nýmæli að mat á umhverfisáhrifum gildi í tiltekinn tíma, þ.e. hafi framkvæmd ekki hafist innan tíu ára frá úrskurði geti Skipulagsstofnun ákvarðað hvort framkvæmdina skuli meta að nýju að þeim tíma liðnum. Forsendur fyrir mati kunna að breytast með tímanum og því er nauðsynlegt að hafa slíkt ákvæði í lögunum.

Í 13. gr. er fjallað um úrskurð ráðherra í þeim tilvikum þar sem kært er og hefur ráðherra fjórar vikur til að úrskurða eftir að kærufrestur rann út sé um að ræða kæru um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka, sbr. 6. gr., sé matsskyld. Sé hins vegar um að ræða úrskurð um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 11. gr., skal umhvrh. kveða upp rökstuddan úrskurð innan átta vikna frá því að kærufrestur rann út og er sá frestur hinn sami og verið hefur. Tekið er fram að úrskurður ráðherra sé fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi sem þýðir að honum verður aðeins vísað til dómstóla.

Í 17. gr. er fjallað um eftirlit með framkvæmdum en nokkuð hefur verið á reiki eða gætt hefur óvissu um hverjum ber að fylgja því eftir að farið sé þar í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum. Ljóst er að leyfisveitendur hafa eftirlitshlutverki að gegna samkvæmt öðrum lögum og af þeim sökum er eðlilegt að þeir hafi eftirlit með því að framkvæmd sé í samræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum og að um það eftirlit fari samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Í slíkum lögum, t.d. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er að finna ákvæði um þvingunarúrræði og um aðrar ráðstafanir sem eftirlitsaðilar, þ.e. heilbrigðisnefndir eða Hollustuvernd ríkisins eftir atvikum, geti gripið til. Á móti er lagt til að ákvæði 16. gr. gildandi laga um refsingu verði fellt niður enda fari um slíkt samkvæmt sérlögum svo sem lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og skipulags- og byggingarlög, svo dæmi séu tekin, enda eðlilegt að viðurlögum samkvæmt þeim lögum sé beitt í slíkum tilvikum.

Í ákv. til brb. I er lagt til að í stað þess ákv. til brb. í gildandi lögum, þar sem segir að framkvæmdir með leyfi útgefin fyrir 1. maí 1994 falli ekki undir lögin, komi að þær framkvæmdir með leyfi fyrir 1. maí 1994 og eru ekki hafnar fyrir árslok 2002 falli undir lögin frá og með þeim tíma. Samkvæmt gildandi ákvæðum er enginn frestur á því hvenær framkvæmd með leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 rennur út og verður að taka á því máli í eitt skipti fyrir öll. Þykir hæfilegt að miða frestinn við að honum ljúki í árslok 2002 þannig að nái frv. þetta fram að ganga á yfirstandandi þingi er hægt að hefja framkvæmdir með leyfi útgefnu fyrir 1. maí 1994 fyrir árslok 2002 án þess að þær falli undir lögin. Til þess að taka af allan vafa um það hver skuli úrskurða um hvort framkvæmdin hafi leyfi fyrir 1. maí 1994 er lagt til í ákv. til brb. I að það sé hlutverk umhvrh.

Í ákv. til brb. II er tekið fram vegna lagaskila að mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara skuli lokið samkvæmt eldri lögum, nr. 63/1993.

Virðulegi forseti. Ég hef hér farið yfir helstu breytingar og nýmæli sem fólgin eru í frv. Af mörgu öðru er að taka og vísa ég til þess í nánari og ítarlegri almennum athugasemdum við einstakar greinar.

Ég vil hér á eftir gera grein fyrir þeim viðaukum sem fylgja með frv. og eru órjúfanlegur hluti þess en þeir eru þrír. Ég vil sérstaklega gera grein fyrir þeim atriðum sem víkja frá tilskipun 97/11/EB þar sem gerðar eru ríkari kröfur hér vegna íslenskra aðstæðna en þar, þ.e. í ESB, og einnig þar sem verið er að breyta frá 5. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um umframframkvæmdir sem ávallt fara í mat.

Í 9. tölul. í 1. viðauka er lögð til sú breyting frá núgildandi lögum að í stað þess að allir flugvellir séu háðir mati á umhverfisáhrifum verði miðað við stærðarmörk í 97/11/EB, þ.e. 2.100 m langar meginflugbrautir, þannig að tryggt sé að stórir flugvellir sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif fari í mat á umhverfisáhrifum. Í sjálfu sér þjónar engum tilgangi að skýlaus krafa sé gerð um að allir flugvellir fari í mat.

Í 10. tölul. er lögð til sú breyting frá núgildandi lögum að í stað þess að allir vegir séu háðir mati nái matsskyldan til stofnbrauta í þéttbýli, til nýlagningar vega utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og enduruppbyggingar vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlun nær yfir a.m.k. 10 km svæði. Með nýlagningu er átt við gerð nýs vegar utan vegasvæðis eldri vega. Með stofnbrautum í þéttbýli er m.a. átt við breikkun úr tveimur akreinum í fjórar og gerð mislægra gatnamóta. Með þessu er tekið fyrir óvissu sem ríkt hefur um matsskyldu vega, sérstaklega utan þéttbýlis sem samkvæmt gildandi lögum eru allir matsskyldir fortakslaust þó erfitt hafi verið að framfylgja því ákvæði.

Í 15. tölul. er lagt til að skolphreinsistöðvar með afkastagetu sem svarar 50.000 persónueiningum eða meira skuli ávallt matsskyldar en samkvæmt Evróputilskipun er miðað við 150.000 persónueiningar. Aðstæður hér á landi eru aðrar en í Evrópu svo sem óröskuð eða lítt röskuð strandsvæði og tiltölulega lítið þéttbýli.

Í 24. tölul. er lagt til að fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri verði háðar mati á umhverfisáhrifum. Engin sambærileg ákvæði eru í tilskipun EB og samkvæmt 5. gr. gildandi laga er engin krafa gerð um slíkt.

Vík ég því næst að 2. viðauka þar sem taldar eru upp þær framkvæmdir sem ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar, sbr. nánar 6. gr. frv. *Í hverju tilviki fyrir sig metur Skipulagsstofnun*, á grundvelli viðmiðana, sbr. 3. viðauka, hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Eins og áður segir byggir 2. viðauki á II. viðauka í tilskipun 97/11/EB en þar eru eingöngu taldar upp framkvæmdir án þess að tilgreind séu stærðarmörk eða önnur viðmið, svo sem varðandi staðsetningu. Ef II. viðauki tilskipunar ESB væri tekinn upp óbreyttur í frv. hefði það í för með sér að tilkynna bæri allar tilgreindar framkvæmdir í viðaukanum til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. óháð stærð eða staðsetningu. Í 2. viðauka frv. er hins vegar gerð tillaga um stærðarmörk og viðmiðanir þar sem það á við sem takmarka hvaða framkvæmdir ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr., og er það í samræmi við tilskipun 97/11/EB um að heimilt sé að setja fram viðmiðanir.

Í tveimur tilvikum eru tilgreindar framkvæmdir í 2. viðauka sem ekki koma fram í II. viðauka tilskipunar 97/11/EB, annars vegar uppgræðsla lands og hins vegar endurvinnslustöðvar.

Eins og áður segir byggir 3. viðauki að stofni til á III. viðauka tilskipunar 97/11/EB, en þar koma fram þær viðmiðanir sem hafa ber í heiðri við mat á framkvæmdum sem skilgreindar eru í 2. viðauka. Þar kemur m.a. fram að at-

huga þarf sérstaklega hvers eðlis framkvæmdin er, hvernig staðsetningu er háttað og hvaða áhrifa sé að vænta.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um viðaukana, þeir skýra sig að mestu sjálfir.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég fjalla um tvö atriði sem tengjast frv. og umræðunni um mat á umhverfisáhrifum. Annað er ákv. til brb. III og hitt eru þeir frestir sem gert er ráð fyrir í frv. vegna matsferils og kærumála með samanburði við fresti gildandi laga.

Samkvæmt áðurnefndu ákv. til brb. III skal umhvrh. skipa nefnd sem skal kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma ákvörðunarferli mats skv. 11.–13. gr. frv. við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir og skal athugun þessari lokið innan tveggja ára frá gildistöku laganna. Samkvæmt íslenskum lögum er úrskurður um mat á umhverfisáhrifum sérstakt ferli og ótengt löggjöf um leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir svo sem lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kveðið er á um starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi. Við útgáfu leyfa er hins vegar skv. 13. gr. gildandi laga, sbr. 16. gr. frv., gert ráð fyrir að leyfisveitingar skuli taka tillit til úrskurðarins við útgáfu leyfis. Eftir því sem best er vitað er Ísland eina landið á EES-svæðinu sem skilur á milli mats á umhverfisáhrifum og útgáfu framkvæmda með þessum hætti. Á hinum Norðurlöndunum er um eitt ferli að ræða sem endar með útgáfu framkvæmdaleyfis eða starfsleyfis og er þar lögð áhersla á aðkomu almennings í upphafi málsmeðferðar. Leyfisveitingar eru með mismunandi hætti, allt frá því að vera í höndum þings, ríkisstjórnar eða einstakra stofnana eftir eðli og umfangi framkvæmdar. Æskilegt er að löggjöf á þessu sviði sé sem mest samræmd á EES-svæðinu með hliðsjón af samkeppnisstöðu.

Það er hins vegar ljóst að kanna þarf ýmsa þætti löggjafar áður en hægt er að taka afstöðu til samræmds ferils og kveða á um leyfisveitingar til framkvæmda. Gefa verður stjórnvöldum tíma til þessa verks og má ætla að til þess þurfi tvö ár.

Eitt af því sem sérstaklega hefur verið gagnrýnt varðandi framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum er sá tími sem *ferlið tekur en fari framkvæmd í frekara mat getur liðið ár* eða vel það frá því að matsskýrslan var upphaflega lögð fram þar til endanlegur úrskurður liggur fyrir. Þetta ræðst að vísu töluvert af þeim tíma sem það tekur framkvæmdaraðilann að vinna frekara mat en miðað við stystu meðferð er um að ræða nærri ársferli fari framkvæmd í frekara mat og sé kært bæði á frummatsstigi og frekara matsstigi.

Í frv. er þessi frestur styttur verulega því ekki er um tvöfalt matsferli að ræða heldur eitt ferli. Þótt gert sé ráð fyrir að hægt sé að krefjast ítarlegra mats lengir það ferlið óverulega með hliðsjón af frestun. Til samanburðar við gildandi lög vil ég taka dæmi en þar er miðað við að matsskýrsla til framkvæmdaraðila liggi fyrir í báðum tilvikum. Samkvæmt frv. skal Skipulagsstofnun meta hvort matsskýrsla uppfylli 8. og 9. gr. innan tveggja vikna. Skýrslan skal auglýst og liggja frammi í sex vikur til athugasemda. Framkvæmdaraðili fær eina viku til að gera sínar athugasemdir við aðsendar athugasemdir og skipulagsstjóri til viðbótar þeirri viku þrjár vikur til úrskurðar. Úrskurður hans lægi því fyrir eftir tólf vikur frá því að matsskýslan var afhent. Samkvæmt gildandi lögum er þessi tími tíu vikur. Verði málið hins vegar kært til ráðherra er kærufrestur fjórar vikur frá birtingu og ráðherra hefur átta vikur til úrskurðar. Tæki þá allt ferlið 24–25 vikur

því reikna má með að einhverjir dagar bætist við vegna þess að tíma tekur að birta úrskurði.

Krefjist Skipulagsstofnun ítarlegra mats fær stofnunin fjórar vikur til viðbótar til að úrskurða eftir að það mat liggur fyrir. Nú er ekki vitað hversu langan tíma ítarlegra mat tekur en ekki er óraunhæft að reikna með að það geti verið á bilinu ein til tólf vikur. Lengsta ferli gæti þá orðið fjórar vikur til viðbótar vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar og um tólf vikur vegna framkvæmdar ítarlegra mats eða samtals um 43 vikur á móti 58 vikum samkvæmt gildandi lögum, ef miðað er við sömu forsendur um tíma sem framkvæmd frekara mats tæki. Hér er því ljóst að það ferli sem lagt er til í frv. tekur styttri tíma ef allir kærufrestir eru nýttir. Fari mál hins vegar ekki í ítarlegra mat og verði ekki kært til ráðherra yrði ferlið samkvæmt frv. tólf vikur, en fari mál ekki í frekara mat og sé ekki kært til ráðherra samkvæmt gildandi lögum tekur það tíu vikur.

Með vísan til ofanritaðs er ferlið því aðeins lengra samkvæmt frv. en gildandi lögum ef hvorki kemur til ítarlegra mats né kæru til ráðherra en stytt talsvert ef til slíks kemur þar sem um eitt ferli er að ræða en ekki tvö.

Hæstv. forseti. Ég hef hér í nokkru máli gert grein fyrir helstu breytingum og nýmælum sem fólgin eru í frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum sem ætlað er að koma í stað laga nr. 63/1993 með sama heiti. Hægt væri að hafa um frv. og málefnið sem slíkt miklu lengra mál en ég kýs að hætta hér. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn. og vænti þess að málið fái tiltölulega skjóta afgreiðslu þar, ekki síst vegna þess að nauðsyn ber til að lögin nái fram að ganga sem fyrst vegna skuldbindinga Íslands í samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að hér er um gríðarlega efnismikið mál að ræða sem kallar á ítarlega umfjöllun bæði í umhvn. og á þingi við umræður á síðari stigum.

[14:32]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér upp vegna orða hæstv. umhvrh. um ákv. til brb. í ræðu sinni, ákv. til brb. I í frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum sem hér er til 1. umr. Mig fýsir að vita, herra forseti, hvað valdi því að bráðabirgðaákvæði þetta er inni og með þeim hætti sem hér getur að líta, þ.e. að séu framkvæmdir hafnar fyrir árslok 2002, þá séu þær ekki, þ.e. þær sem hafa fengið leyfi fyrir 1. maí 1994, umhverfismatsskyldar.

Ég vildi gjarnan fá skýr svör við þessu frá hæstv. ráðherra.

[14:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta bráðabirgðaákvæði er breyting á núgildandi bráðabirgðaákvæði sem segir að framkvæmdir sem fengu leyfi fyrir 1. maí 1994 eru ekki háðar umhverfismati. Með þessari breytingu erum við að setja inn sólarlagsákvæði, það má kalla þetta sólarlagsákvæði, sem þýðir að allar framkvæmdir sem fengu leyfi fyrir 1. maí 1994 þurfa að fara í mat á umhverfisáhrifum hafi framkvæmdir ekki hafist fyrir árslok 2002. Það er því verið að hreinsa upp þær framkvæmdir sem nú eru undanþegnar matinu og það hefur komið fram áður á þinginu í svari frá hæstv. iðnrh. hvaða framkvæmdir þetta eru. Þær hafa verið listaðar upp í þingskjali og dreift á borð þingmanna. Ef þessar framkvæmdir hafa ekki hafist fyrir árslok 2002, þá lenda þær samkvæmt þessum lögum, ef frv. verður samþykkt, í mati á umhverfisáhrifum.

[14:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með þetta svar hæstv. umhvrh. einmitt vegna þess að í svari hæstv. iðnrh. við fsp. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um hvaða framkvæmdir, virkjanaframkvæmdir þá tilteknar, hefðu fengið leyfi, kemur fram að þær framkvæmdir eru undanskildar mati samkvæmt núgildandi lögum.

Þetta er nú ekki stuttur listi, herra forseti, og því verð ég að segja eins og er að ég er undrandi yfir því að svona skuli vera gengið frá þessu í frv. og mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir því að því verði breytt í umhvn.

[14:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í þessu ákvæði erum við að setja þá kröfu að allar framkvæmdir fari í mat á umhverfishrifum, þ.e. að þær framkvæmdir sem hafa núna leyfi til þess að fara í gang á grundvelli bráðabirgðaákvæðis sem er í núgildandi lögum, og hafi framkvæmdir ekki hafist fyrir árslok 2002 falla þær undir lögin um mat á umhverfisáhrifum og fara í umhverfismat. Hér er því verið að stuðla að því að framkvæmdir sem hafa gömul leyfi sem hafa verið umdeild um skeið í samfélaginu fari eftir ákveðinn tíma í umhverfismat hafi framkvæmdir ekki hafist.

En hafi þingmenn aðra skoðun á þessu þá beita þeir sér að sjálfsögðu fyrir því í þingnefndinni. Það sem er kannski álitaatriði hér er tímafresturinn, hve langur hann á vera. En það er niðurstaða okkar að hafa hann til ársloka 2002. Hafi framkvæmdir ekki farið af stað, þá fara slíkar framkvæmdir eða virkjanir, eins og hér er tekið dæmi um af hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, í mat á umhverfisáhrifum.

[14:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fylgja eftir þessu andsvari talsmanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, og segja að mér finnst þetta fráleitt bráðabirgðaákvæði.

Ég minni á að í umræðunni í haust var þetta bráðabirgðaákvæði í gömlu lögunum ávallt borið fyrir sig með tilliti til Fljótsdalsvirkjunar þó að hvergi fyndist orð um hana í tengslum við setningu laganna á sínum tíma og margir héldu því fram að bráðabirgðaákvæðið hefði orðið til vegna Gilsfjarðarbrúarinnar.

Það er ljóst að ef ekki væri verið að setja bráðabirgðaákvæði í þessi lög þá féllu gamlar heimildir niður. Það er tillaga í umhvn. frá Samfylkingunni um nýtt bráðabirgðaákvæði sem tekur í raun og veru á þessu máli og gerir það ljóst að gamlar, jafnvel allt að því 50 ára heimildir gildi ekki lengur. Og mér kemur afskaplega mikið á óvart að umhvrh. ætli að hanga áfram á bráðabirgðaákvæði sem heldur opnum gömlum heimildum og auðvitað fær maður þá á tilfinninguna að verið sé að verja einhverjar sérstakar framkvæmdir eða tryggja að því sé haldið opnu að ákveðnar framkvæmdir geti farið af stað án umhverfismats.

Ég hefði talið, herra forseti, að umræðan hér í haust hefði leitt það í ljós fyrir alla að farsælast væri að Alþingi héldi þannig á málum að hér eftir væri það grundvallarregla að öll verkefni færu í mat á umhverfisáhrifum. Hæstv. ráðherra getur ekki vikist undan að tilgreina hvaða framkvæmdir það eru sem geta fallið undir þetta ákvæði og hvað nægi til þess

að framkvæmdir teljist hafnar, hvort það sé að grafa smáholu á viðkomandi svæði.

[14:38]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Megintilgangurinn með þessu sólarlagsákvæði er að allar framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum. En gefinn er sá tímafrestur í þessu bráðabirgðaákvæði að hafi framkvæmdir hafist fyrir árið 2002, þá séu þær undanþegnar umhverfismatinu. Þetta bráðabirgðaákvæði er mjög skýrt.

Hér var líka dregið fram hvenær framkvæmdir væru hafnar en í frv. segir að það sé umhvrh. sem úrskurði um það og meti hvort framkvæmdir séu hafnar eða ekki, af því það er vissulega rétt sem kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að umdeilanlegt getur verið hvenær framkvæmdir eru hafnar og hvenær ekki en það fellur undir úrskurð umhvrh. að meta hvort um slíkt sé að ræða eða ekki.

[14:39]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þegar þetta bráðabirgðaákvæði var sett í núgildandi lög, þá taldi enginn að verið væri að opna fyrir það sem hefur gerst síðan. Á þessu bráðabirgðaákvæði hékk öll framkvæmdin við Fljótsdalsvirkjun. Ég er ekki að gagnrýna það að loksins sé verið að setja ákvæði sem lokar því að framkvæmdaleyfi lifi bara um aldur og ævi og gamlar heimildir frá því fyrir 50 árum, jafnfráleitt og það er.

Ég er að gagnrýna það að slíkar heimildir skuli ekki falla niður með lögum sem verða sett núna. Og þess vegna er ég að inna ráðherrann eftir því hvaða framkvæmdir sé verið að tryggja, fyrir hverju eru menn að tryggja sig. Af hverju er því ekki bara sleppt að vera með bráðabirgðaákvæði?

Ég tek undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur, að þetta ákvæði á umhvn. að skoða. Það er tími til kominn að við höngum ekki á gömlum eða nýjum undanþáguákvæðum í stórum málum eins og mati á umhverfisáhrifum, í stórum og þýðingarmiklum málum sem eru einfaldlega um það hvort verja eigi einhver landsvæði til framtíðar fyrir komandi kynslóðir eins og gert er ráð fyrir nú um allan heim, eða hvort fara eigi í framkvæmdir sem eru kannski umdeildar.

Um það snýst málið og það er komið að því að við hættum að vera með bráðabirgðaákvæði sem heldur opnu eldgömlu framkvæmdaleyfi og að slíkar framkvæmdir fari í gang.

[14:41]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna ummæla hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um lagasetningu frá 1993, um lög um mat á umhverfisáhrifum, þá er nú ekki venjan að lög séu afturvirk og bráðabirgðaákvæðið ítrekaði enn frekar að lögin ættu ekki að vera afturvirk. Því var það að framkvæmdir sem fengu leyfi fyrir 1. maí 1994 áttu ekki að falla undir lögin, þannig að lagaákvæðið var mjög skýrt.

En ég fagna því að ekki er verið að gagnrýna að við séum að fella núna út framkvæmdir sem hafa leyfi um aldur og ævi eins og hér var nefnt. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki verið að heimila það. Með þessu sólarlagsákvæði er einmitt verið að tryggja að þær framkvæmdir sem ekki hafa farið í gang fyrir árslok 2002 falli undir lögin um mat á umhverfisáhrifum.

Ég er ekki með lista hér með upplýsingum um hvaða framkvæmdir þetta eru, við höfum ekki tekið saman slíkan lista hjá okkur en slíkur listi hefur verið tekinn saman hjá iðnrn. og honum hefur verið dreift á borð þingmanna eins og áður hefur komið fram.

Ég vil ítreka að með sólarlagsákvæðinu erum við að hindra það að að tveimur árum liðnum geti framkvæmdir sem fengið hafa leyfi fyrir löngu síðan lifað áfram á þeim heimildum. Við erum að hindra það. En við gefum frest til ársloka 2002.

[14:43]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 398. mál, frv. MF og JóhS, þskj. 656.

Leigulínur til gagnaflutnings, 395. mál, fsp. SvanJ, þskj. 653.

[14:43]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Loksins er komið hér fyrir augu hv. þingmanna frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum, frv. sem missirum saman hefur legið í skrifborðsskúffu í umhvrn. eftir því sem ég fæ næst komist, þrátt fyrir að ný lög um mat á umhverfisáhrifum hefði átt að setja eigi síðar en 26. ágúst sl. til að uppfylla kröfur EES-samningsins um að lögtaka skipun 97/11/EB frá Evrópusambandinu um mat á umhverfisáhrifum.

Ég verð að nota þetta tækifæri, herra forseti, til að lýsa aftur undrun minni og vonbrigðum á svörum hæstv. umhvrh. áðan. Eftir stendur að hæstv. umhvrh. hefur ekki skýrt út fyrir hinu háa Alþingi hvers vegna fresturinn sé sá sem hann er í ákv. til brb. I, þ.e. hvers vegna sé svona mikil þörf á því að draga línuna við árslok 2002. Og það hlýtur að vera skylda bæði hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. að koma því skýrt til skila í umhvn. og til hins háa Alþingis hvaða framkvæmdir liggi hér undir. Hér liggur fiskur undir steini ef svo má segja.

Herra forseti. Ég vil þó segja að ýmislegt horfir til bóta í frv. frá núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum. Mig langar til að nefna nokkur atriði. Fyrst er að nefna ákvæði 5. gr. frv. þar sem ráðherra er veitt heimild til að ákveða að þegar fleiri en ein framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði verði umhverfisáhrif þeirra metin sameiginlega. Þó má spyrja, herra forseti, hvort þetta vald þurfi endilega að vera í höndum ráðherrans eins eða hvort það geti einnig verið í höndum Skipulagsstofnunar eða með öðrum hætti og það munum við skoða inni í hv. umhvn.

Í 6. gr. er það látið í hendur Skipulagsstofnunar að kveða á um nauðsyn umhverfismatsframkvæmda sem tilgreindar eru í 2. viðauka frv. en þó með þeim fyrirvara að ákvörðunina megi kæra til hæstv. umhvrh.

Einnig verður að telja tilraunina sem gerð er til þess að einfalda matsferlið virðingarverða. En hana verður þó að skoða mjög nákvæmlega í hv. umhvn. Ég legg mikla áherslu á að þetta mál fái þar ítarlega og vandaða umfjöllun og verð að segja vegna ummæla hæstv. umhvrh. um að hún vonaðist til þess að málið fengi skjóta afgreiðslu í umhvn. að hv. umhvn. Alþingis hefur nú ekki mjög góða reynslu af skjótum afgreiðslum á þessu þingi og það er ekki við hv. þingmenn í umhvn. að sakast að frv. sé komið fram jafnseint og raun ber vitni. Það hafa aðrir slugsað en við þannig að ég mun í það minnsta taka mér þann tíma sem ég tel nauðsynlegan til þess að fara yfir þetta frv. með stækkunargleri, herra forseti.

Ákvæði 11. gr. frv. um að Skipulagsstofnun sé heimilt að leggjast gegn framkvæmd án þess að krefjast ítarlegs

mats vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa sem framkvæmdin muni hafa í för með sér tel ég vera af hinu góða. Einnig ber að fagna því að tekin eru öll tvímæli af um að allir geti kært ákvarðanir og úrskurði Skipulagsstofnunar eins og gert er í 12. gr.

Herra forseti. En þar með er sagan ekki öll sögð. Fyrsta bráðabirgðaákvæði frv. orkar tvímælis, eins og hér hefur ítrekað komið fram, svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Það mætti halda, herra forseti, að deilan um Fljótsdalsvirkjun og bráðabirgðaákvæði laga nr. 63/1993 hafi farið fram hjá hæstv. umhvrh. nú í haust. Hvað býr að baki þeirri ákvörðun að gefa handhöfum gamalla framkvæmdaleyfa ráðrúm í tæp þrjú ár í viðbót til þess að hefja stórframkvæmdir, stórframkvæmdir, herra forseti, án þess að mat á umhverfisáhrifum sé talið nauðsynlegt. Við þessu þurfa að fást skýr svör frá hæstv. umhvrh.

Ég minni á aftur að frv. Samfylkingarinnar á þskj. 230 um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, er einmitt til komið til þess að hreinsa upp allan vafa, til þess að ekki liggi hér áratugagamlar virkjanaheimildir eða framkvæmdaheimildir, dúkki svo upp á nýrri öld og að það þurfi ekki að setja framkvæmdina í umhverfismat. Við vitum, herra forseti, að slík vinnubrögð eru einfaldlega ekki nógu góð og hið háa Alþingi á að temja sér betri vinnubrögð en þau sem hér er verið að opna á með enn einu bráðabirgðaákvæðinu.

Mig langar í því sambandi líka að nefna að í 11. gr. frv. er settur tíu ára frestur á leyfin. Við munum að sjálfsögðu skoða það í hv. umhvn. hversu langur sá frestur eigi að vera, hvort þessi frestur sé jafnvel of langur. Hins vegar er gott að allt ferlið, ef allir kærufrestir eru ekki nýttir, skuli vera 12 vikur og verður að teljast af hinu góða og eigi lengri en 43 vikur ef allir kærufrestir eru notaðir.

Að lokum, herra forseti, vil ég segja að að mínu áliti er ekki ástæða til að fara dýpra í málið við 1. umr. Eins og ég segi þá mun hv. umhvn. taka málið til rækilegrar umfjöllunar á næstu dögum og vikum og sjá til þess að frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum og ný lög um mat á umhverfisáhrifum verði slík að enginn vafi leiki á um hvaða framkvæmdir séu matsskyldar og að ekki sé boðið upp á það hreinlega, herra forseti, af hæstv. ríkisstjórn að hægt sé að deila um tilteknar framkvæmdir eins og við höfum orðið vitni að á hinu háa Alþingi og efna þar með til ófriðar í samfélaginu.

[14:50]

Útbýting þingskjals:

Kvótaþing, Verðlagsstofa skiptaverðs og takmörkun á flutningi aflamarks, 400. mál, skýrsla sjútvrh., þskj. 658.

[14:50]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum sem hæstv. umhvrh. hefur þegar skýrt. Þessu frv. fylgir mjög nákvæm greinargerð sem gefur til kynna að nefndin sem um þetta mál fjallaði af hálfu ráðuneytisins á sínum tíma hafi skoðað það mjög ítarlega og vel.

Endurskoðun á þessum lögum er að sjálfsögðu nauðsynleg enda eru lögin frá því árið 1993 og þau fyrstu sem gerð eru um mál af þessu tagi hér á landi. Það er líka ljóst að margar tilskipanir Evrópusambandsins hefur ekki náðst að festa í framkvæmd umhverfismála hér á landi vegna þess að þær hafa ekki verið settar í lög. Ein ástæða sem oft liggur að baki lagabreytingum á Íslandi er sú skylda að Evróputilskipanir verði hluti af þeim og það er eitt af því sem ber að hafa í huga þegar verið er að endurskoða lög af þessu tagi.

Það er að sjálfsögðu rétt, og ég er sammála því sem fram hefur komið hér, að lög um mat á umhverfisáhrifum eiga að vera sérstök lög sem fjalla um umhverfismál á Íslandi en ekki að falla undir byggingar- og skipulagslög eins og tíðkast sums staðar annars staðar enda hefur margt í okkar umhverfi verið utan skipulagssvæða sveitarfélaga og að auki eru þessi tvö mál sjálfstæð. Annars vegar eru byggingar- og skipulagslög sem heyra undir sveitarfélögin meðan lög um mat á umhverfisáhrifum heyra undir ríkið eða ríkisvaldið, þ.e. eru á forræði umhvrn. og umhvrh.

Í frv. er gert ráð fyrir og lagt upp úr því að svokallaðri varúðarreglu sé fylgt og að náttúran njóti vafans og ég held að allir umhverfissinnar hafi hug á því að slíkar alþjóðareglur sem hafa verið í heiðri hafðar séu nokkurs konar bakbein í lögum sem þessum. Samningar eins og Ramsarsamningurinn og Bernarsamningurinn og fleiri eru einnig hluti af þessu sem ítarlega hefur verið farið út í og er skýrt í frv.

Ef við lítum á einstakar greinar og bálkinn í heild sinni þá er það vilji Sjálfstfl. að samráð í matsferli samkvæmt þessum lögum verði meira en hingað til hefur verið. Eins og menn þekkja þá hefur þetta ferli hér verið meira svokallað kæruferli þannig að matið sjálft hefur verið í höndum framkvæmdaraðilans sem hann hefur síðan lagt á lokastigi fyrir yfirvöld, skipulagsstjóra eða umhvrh. Síðan hefur málið farið í umræðu og mönnum er boðið upp á kærur o.s.frv. Þannig hefur ferlið oft endað í miklum deilum sem mörgum hefur fundist nóg um. Því er í sjálfu sér miklu eðlilegra að fara þær leiðir að hafa samráð um ferlið frá upphafi, frá því að ákveðið er að viðkomandi verk fari í mat og síðan hafi þeir samráð um það sem málið varðar með tilliti til lands, leyfis og eftirlits, t.d. skipulags, þ.e. að þeir komi að málinu frá upphafi til enda þannig að þarna verði ekki deilur þegar búið er í rauninni að fara út í mjög dýrar rannsóknir og gera mikið til þess að ná endanlegu mati, þ.e. sitja svo ekki uppi með það jafnvel, eins og framkvæmdaraðilar Fljótsdalsvirkjunar hafa lent í, að eiga það á hættu þegar búið er að henda í þetta milljörðum að framkvæmdin öll sé í uppnámi og ekkert verði af henni vegna illdeilna sem verða á lokastiginu. Meiningin að reyna að koma í veg fyrir slíkar illdeilur með þessu og að menn hafi samráð um þetta alla leið og þannig verði komist hjá uppgjöri af þessu tagi. Auðvitað er svo hægt að velta því fyrir sér hvaða leiðir á að fara í úrskurðarferlinu og hvaða pólitíski aðili eigi að sjá um það. Ég kem að því síðar í ræðu minni.

Í 8. gr. frv. er talað um matsáætlanir og þar eru inni ítarleg skil á því hvernig matsáætlanir eigi að vera. Síðan er sagt hvernig eigi að kynna þær. Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.“

Hér er kveðið nokkuð afdráttarlaust á um að samráð skuli hafa en ekki að það sé heimilt eins og hingað til hefur verið. Á þessu er mikill munur að mínu áliti sem skyldar framkvæmdaraðila til að kynna sín mál í upphafi.

Það getur að sjálfsögðu valdið mörgum heilabrotum hvers vegna slíkt ákvæði er svo afdráttarlaust. Ég álít að með því sitji í rauninni allir við sama borð þannig að um það sé ekki að ræða að sumir geri þeim sem málið varðar grein fyrir þessum atriðum strax en aðrir ekki fyrr en þeir neyðast

til þess heldur sitja allir við sama borð sem í sjálfu sér er eðlileg vinnuregla. Ég lít ekki svo á, eins og ég hef heyrt sums staðar, að með þessu sé jafnvel verið að neyða menn til að upplýsa um framtíðarviðskipti sín eða áætlanir um uppbyggingu fyrirtækja sinna. Ég lít svo á að þegar allir sitja við sama borð þá eigi ekki að vera hætta á því. Ég held reyndar að þegar ákvæði sem þetta er í lögum þá undirbúi menn sig betur áður en þeir hefja framkvæmd og biðja um mat, en tel að undirbúningur að öðru leyti, eins og að gera áætlanir eða kanna land og annað, sé algjörlega óháður þessu og geti farið fram áður en að umhverfismatinu kemur. Ég get því ekki séð að það standist að menn eigi á hættu að það upplýsist um viðskiptaleyndarmál þeirra.

Að sjálfsögðu verður þetta kannað vel í nefndinni. Ég geri ráð fyrir því að við könnum hug atvinnulífsins til ákvæðis sem varðar svo marga. Mér finnst jafnvel spurning í því sambandi að kanna hvort 2. viðauki sé óþarflega ítarlegur í þessu sambandi. Hugsanlega mætti grisja hann eitthvað til að koma til móts við áhyggjur manna vegna samkeppnissjónarmiða og við förum ekki út í of mikinn tittlingaskít, ef það mætti orða það þannig, við að ákveða hvað fara á í mat og hvað ekki. Herra forseti. Ég álít að þetta litla orð hér vegi mjög þungt í samráðsferlinu og þess vegna tók ég það sérstaklega fram í máli mínu.

Í þessum lagabálki eru mörg úrskurðarákvæði sem eru út af fyrir sig miðuð við reynsluna af því hvernig menn hafa komið svona málum áfram. Þetta er í öllum tilfellum mjög langur ferill og því nauðsynlegt að hafa mjög afmarkað í lögunum hvernig á verður haldið.

Eitt fyndist mér að taka verði upp í hv. umhvn. í samráði við hæstv. umhvrh. en það er reglugerðin sem fylgja mun þessum lögum. Í 19. gr. er sagt að umhvrh. setji að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar reglugerð á grundvelli þessara laga. Það hefur tíðkast í sumum málum, ég man eftir því úr allshn., að drög að reglugerðum hafi legið fyrir áður en Alþingi eða viðkomandi nefnd afgreiddi málið frá sér. Mér fyndist ekki óeðlilegt að reglugerð sem fylgja á þessum lögum gæti legið fyrir í grófum dráttum áður en umhvn. mundi leggja lokahönd á þetta frv., sem ég geri nú ráð fyrir að verði á þessu þingi.

Í greininni á undan, í 18. gr., er fjallað um mat á umhverfisáhrifum yfir landamæri. Ég sé að í grg. er ekki talin ástæða til að ætla að þetta skipti máli fyrir Íslendinga þar sem við séum einangraðir. Ég álít að það sé ekki á rökum reist að viðhafa þau ummæli um þessa grein. Mér finnst þetta mjög merkileg grein í sjálfu sér og eðlileg eins og gert er ráð fyrir í Evróputilskipuninni. En það er ekki lengra síðan en í gær að við vorum að ræða hér um vandamál sem er að skapast út af kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield sem mengar stórlega sjóinn með geislavirkum efnum. Þau rekur hingað til lands á fimm til sex árum og enginn getur séð fyrir hvaða afleiðingar það muni hafa ef þetta efni sest í lífríkið við Ísland. Ef sá kvittur kæmist á kreik að hættulegt væri að borða íslenskan fisk út af geislamenguðum ögnum sem dælt sé í hafið frá Englandi en bærust að Íslandi og væru hér næstu hundruð þúsunda ára, að sitja uppi með slíkt væri náttúrlega alveg óverjandi. Þess vegna er full ástæða að taka inn í lög um umhverfismat ákvæði sem þessi.

Staðreyndin er sú að jörðin sem slík er að verða óskaplega lítil í öllum hamaganginum í uppbyggingu stóriðju, endurvinnslumöguleikum og losun á alls konar efnum og efnasamböndum í hafið og í loftið. Við eigum í miklum erfiðleikum með mengun frá mönnum í hafi og eiturefni í lofti.

Spurningin er náttúrlega um hversu langt á að ganga í þessum efnum. Þegar maður sér fyrir sér dæmi eins Sellafield og Dounreay og miklu fleiri stöðvar sem dæla í hafið úrgangi þá er ljóst að þetta getur skapað ótrúlega mikil vandamál hjá fjarlægum þjóðum sem aldrei hefur grunað að þær gætu orðið fyrir slíkum áföllum sem þarna gætu dunið yfir. Þannig að ég er mjög ánægður með að þarna skuli vera inni slíkt ákvæði.

Síðan eru það ákv. til brb., herra forseti. Í ákv. til brb. I sjáum við að verið er að setja sólarlagsákvæði um þær framkvæmdir sem voru og eru undanþegnar í núgildandi lögum. Þar er sagt til um upphaf framkvæmda, þ.e. fyrir 31. des. 2002. Samt er augljóst að það verður erfitt að skilgreina hvenær framkvæmdir hefjast. Er nóg að hafa hafið framkvæmd fyrir tíu árum og það upphaf framkvæmda gildi um ókomna tíð? Ég held að það gæti reynst jafnvel hæstv. umhvrh. erfitt að segja til um það í öllum tilfellum. Ég velti því fyrir mér hvort það sé ekki ríkisstjórnarinnar allrar að meta slíkt. Alþingi var í raun látið taka af skarið um Fljótsdalsvirkjun vegna þess að þetta var mjög erfitt mál. Mér þætti ekki óeðlilegt að í slíku tilfelli væri það ríkisstjórnin sem tæki ákvörðun um hvenær framkvæmd geti talist hafin. Ákv. til brb. I er að öðru leyti mjög skýrt og ákv. til brb. II er mjög eðlilegt.

Ákv. til brb. III er ákvæði sem ég og fleiri höfðum áhuga á að væri mun ítarlegra og jafnvel væri inni í lögunum einhvað um svokallað úrskurðarferli, þ.e. hvar eigi í raun að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum. Spurningin er um hvort framkvæmdaraðilinn eigi að eiga það undir einum ráðherra eða einu stjórnvaldi eða hvort það eigi að fara eftir eðli máls. Hvort framkvæmdir sem eiga heima undir ákv. til brb. I og eru að mestu leyti stórframkvæmdir ættu að heyra undir úrskurðarvald allrar ríkisstjórnarinnar en ekki eins ráðherra. Ættu kannski önnur úrskurðaratriði, eins og í brb. ákv. II, að heyra undir einstök ráðuneyti, eins og þau falla undir ráðuneytin en ekki undir úrskurðarvald umhvrh.?

Orð mín má ekki túlka sem eitthvert vantraust á umhvrh., það er síður en svo. Ég er fyrst og fremst að koma því að hér í þessari umræðu að samræma þurfi íslenskt umhverfismatskerfi því sem gerist í nágrannalöndunum, þar sem lengst hefur verið komist í að nálgast þessi viðfangsefni. Þá erum við að hugsa um sænska, norska og hollenska matskerfið. Þau kerfi eru mjög þróuð og hafa að margra mati leyst þessi mál með átakaminni hætti en hér hefur verið.

Í þeirri nefnd sem hæstv. umhvrh. ætlar að skipa verður að skoða þetta mjög ítarlega. Ég á ekki von á öðru en að þar takist gott samstarf enda hefur mér heyrst á hæstv. umhvrh. að hún sé öll af vilja gerð til þess að ná um þetta mál sem allra bestri sátt og niðurstöðu sem gagnast gæti þjóðinni sem best.

Eftir þau miklu átök sem orðið hafa held ég að öllum sé ljóst að tiltölulega einfalt ferli á umhverfismati framkvæmdaraðila í samráði við stjórnvöld með eðlilegum leiðbeiningum sé okkur farsælast þegar upp er staðið. Þau átök sem við höfum séð hingað til um slík mál væru þannig úr sögunni.

[15:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er komið fram langþráð frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum. Eins og kunnugt er hafa þing-

menn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs oftar en einu sinni kallað eftir þessu frv. hér í þingsal. Það var talað um það í fyrrakvöld þegar frv. var útbýtt á Alþingi að sjaldan hefði sést jafnmikill fögnuður í hópi stjórnarandstæðinga eins og þegar þessu frv. var dreift, stjfrv. til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Eins og ég segi, herra forseti, var frv. útbýtt í fyrrakvöld, þ.e. seinni part þriðjudags, svo það hefur ekki gefist mikill tími til að rýna í frv. og verður að hafa það í huga við þær umræður sem hér fara fram. Það breytir hins vegar ekki því að hér eru margir punktar sem huga þarf að og margt sem þarf að segja þó ekki verði hægt að koma öllu að núna.

Ég verð að segja að hæstv. umhvrh. var talsverð vorkunn þegar hún mælti fyrir frv. Hæstv. ráðherra þurfti að koma mörgu að og ég hefði viljað að hún hefði haft meira svigrúm vegna þess að margt í ræðu hennar var afar athyglisvert þó erfitt sé að vitna í hana núna. Sú ræða verður skoðuð vel þegar hv. umhvn. tekur málið til umfjöllunar.

Ég er að hugsa um að hefja mál mitt, herra forseti, á því að ræða örlítið um markmið frv. Markmið laga um mat á umhverfisáhrifum hefur raunar verið deiluefni frá því að lögin sem nú eru í gildi voru sett. Á 118. löggjafarþingi árið 1994, strax ári eftir að lögin voru samþykkt, var lagt fram hér frv. til laga um breytingu á lögunum þar sem fyrst og fremst var miðað við að markmiðssetning laganna yrði skýrari.

Því frv. var vísað til nefndar og kom aldrei þaðan á 118. löggjafarþingi. Þetta frv. var endurflutt á 120. löggjafarþingi og hið sama gerðist. Frv. kvað fyrst of fremst á um að markmiðssetning laganna yrði gerð skýrari en var aftur látið sofna í nefnd.

Mig langar, herra forseti, að vitna í þetta frv. Ég sé nú ekki þingskjalsnúmerið en þetta er 58. mál á 120. löggjafarþingi. Þar er lagt til að 1. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll."

Ég verð að segja, herra forseti, að fyrsta setningin í þessu frv., sem aldrei náði fram að ganga, er mér afskaplega vel að skapi. Í tillögum nefndarinnar sem samdi frv. sem hér er til umræðu er það sama uppi á teningnum. Sú nefnd lagði til afskaplega skýra markmiðssetningu. Ég vil fá að vitna í það plagg sem sú stjórnskipaða nefnd skilaði í des. 1998. Þar leggur nefndin til að markmið og tilgangur laganna sé eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að koma í veg fyrir að umhverfinu verði spillt með því að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmdum ..." o.s.frv. — þarna er komið inn á texta sem við þekkjum. En þarna er líka lagt til að í fyrstu setningu markmiðasgreinar frv. verði skýrar kveðið á en gert er í núgildandi lögum og frv. því sem hér er til umræðu.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að það er reynt að klóra aðeins yfir í frv. sem nú er til umræðu, í l-lið 3. gr. en 3. gr. fjallar um skilgreiningar laganna. Í l-lið 3. gr. frv. er talað um veruleg spjöll á umhverfi og hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Umtalsverð umhverfisáhrif: Veruleg áfturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum."

Herra forseti. Ég er alveg sátt við að hafa þessa setningu hér inni í skilgreiningargreininni. En mikið hefði ég orðið glaðari við að sjá þetta sem fyrstu setningu í markmiðsgreininni. Ég tel að þetta sé eitthvað sem við komum til með að ræða í hv. umhvn. og taka til rækilegrar skoðunar. Að mínu mati er markmið þessara laga ekkert annað en að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og við eigum að segja það berum orðum í markmiðssetningu laganna.

Þessi lög eru sett samkvæmt tilskipun frá Evrópusambandinu og þó að tilskipunin feli það ekki beinlínis í sér að svona skuli orðanna hljóðan vera í þeirri lagasetningu sem fylgir eftir, þá er alveg ljóst í formála tilskipunarinnar að markmið allra þessara lagasetninga í Evrópu er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

Mig langar til að vitna örlítið frekar, herra forseti, í 1. gr. en í b-lið hennar segir að markmið laganna sé „að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta til þess að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar á umhverfið."

Herra forseti. Ég get ekki annað en lýst furðu minni á þessari grein og spurt hæstv. umhvrh.: Hvað þýðir þetta? Ég get ekki betur séð en að hér sé verið, ja ég vil segja, gera lítið úr og jafnvel að móðga þá aðila sem hafa hingað til haft þessa umsýslu, þ.e. Skipulagsstofnun ríkisins. Ég sé ekki ástæðuna fyrir því að Skipulagsstofnun ríkisins eigi að hafa það í markmiðssetningu þessara laga að hún skuli hafa samvinnu við hagsmunaðila, þ.e. framkvæmdaraðila trúlega. Ég lýsi furðu minni á því, herra forseti, að þessi liður skuli vera í markmiðssetningunni og óska eftir frekari skýringum á tilurð hans í síðari ræðum hæstv. umhvrh.

Ég ætla ekki að segja meira, herra forseti, um 1. gr. að svo komnu máli en mig langar örlítið að fara nánar út í skilgreiningarnar sem koma fram í 3. gr. en þar segir í d-lið, með leyfi forseta:

„Leyfi til framkvæmda: Endanlegt leyfi til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir."

Herra forseti. Mig langar til að vitna aftur í tillögu nefndarinnar sem samdi þetta frv. Það hefur ekki verið farið eftir tillögum hennar í einu og öllu, talsvert mikið er af breytingum í þessu frv. En mig langar til að vitna aftur í plaggið sem nefndin skilaði af sér. Þar segir um leyfi til framkvæmda, með leyfi forseta:

„Endanlegt leyfi til framkvæmda og starfsemi sem þeim fylgir, en með því er átt við framkvæmda- eða byggingarleyfi samkvæmt skipulags- og byggingarlögum eða starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir."

Ég tel, herra forseti, að hér sé afskaplega þýðingarmikið atriði í tillögum nefndarinnar sem hefur síðan verið halaklippt í frv. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Hvers vegna þessi halaklipping? Þetta eru akkúrat hlutir sem hefur verið deilt um: Hvernig á að skilgreina þessi leyfi og hvað er endanlegt leyfi? Mér sýnist nefndin koma með afskaplega skynsamlega tillögu og vil því fá að heyra skýringar hæstv. umhvrh. á því hvers vegna ekki er farið lengra í að fylgja tillögu nefndarinnar.

Þá vil ég nefna, herra forseti, g-liðinn í 3. gr. þar sem fjallað er um matsskylda framkvæmd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmd sem háð er ákvæðum laga þessara ásamt þeirri starfsemi sem henni fylgir."

Hérna er sömuleiðis, herra forseti, tillaga nefnarinnar vængstýfð en í tillögu hennar er orðalagið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Framkvæmd sem háð er ákvæðum laga þessara ásamt þeirri starfsemi og framkvæmdum sem henni fylgja og eru nauðsynleg forsenda hennar."

Herra forseti. Hér er miklu skýrari skilgreining, þ.e. að hér er talað um framkvæmdir sem eru nauðsynleg forsenda

þessarar matsskyldu framkvæmdar. Ég sé ekki ástæðuna fyrir því að þetta orðalag skuli ekki hafa verið tekið beint upp í frv. og óska skýringar á því.

Svona í framhjáhlaupi líka, vegna þess að mér fannst, herra forseti, þegar ég var að lesa frv. að hér væri afskaplega fín skilgreining á því hvað umhverfi er, þ.e. þar er tíundað að það sé samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, vatn og loft og fleiri atriði eru talin upp. En ég sakna þess að sjá ekki orðið vistkerfi í frv. Við sem störfum í hv. umhvn. Alþingis höfum reynslu af því að hugtakið vistkerfi kemur æ oftar fyrir. Ég held að það væri alveg þess virði að koma því fyrir í þessari skilgreiningu á umhverfinu.

Herra forseti. Þá langar mig aðeins til þess að víkja að l-lið, sem er lokaliðurinn í þessari upptalningu í skilgreiningunum. Hann lýtur að umtalsverðum umhverfisáhrifum. Þar er enn ein vængstýfingin, halaklippingin. Í tillögum nefndarinnar sem gerði tillögur að frv. segir, með leyfi forseta, að umtalsverð umhverfisáhrif séu: „veruleg, óafturkræf, neikvæð umhverfisáhrif eða spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum," — framhaldið er síðan klippt út úr frv. — „og talin eru óásættanleg, t.d. vegna staðsetningar á viðkvæmu svæði eða vegna mengunarviðmiðana í lögum eða alþjóðlegum samningum."

Þessi síðasta setning í þessari málsgrein fylgir ekki l-lið frv. Við þetta geri ég athugasemd, herra forseti, vegna þess að það er afskaplega mikilvægt að tilgreina í þessum skilgreiningum tengslin við alþjóðlega samninga. Það vil ég rökstyðja á þann hátt, herra forseti, að við erum að vinna með alþjóðlegan umhverfisrétt í þessum málaflokki. Í alþjóðlegum umhverfisrétti eru ákveðnar reglur, ég nefni mengunarbótaregluna og varúðarregluna, sem eru undirstaða alls. Ef við tengjum ekki lögin um mat á umhverfisáhrifum beint inn á þessar alþjóðlegu reglur sem skilgreina umhverfisréttinn þá finnst mér við sofa á verðinum. Ég sé enga ástæðu til þess. Ég legg því til að hér komi líka skýring og kem til með að beita mér fyrir því að alþjóðlegu samningarnir verði þarna áfram í l-lið frv.

Það er nú e.t.v. ekki ástæða, herra forseti, til að fara svona ítarlega í allt frv. núna en ég verð að segja að mér finnst eins og tillögum nefndarinnar hafi verið breytt á ansi mörgum stöðum. Ég vil eiginlega segja að neglurnar hafi verið klipptar á þessum tillögum. Mér þykir of oft mildað og gert óljóst eitthvað sem er hárbeitt og skarpt í tillögum nefndarinnar. Og ég held að þessi lagasetning þurfi að vera hárbeitt og skörp. Við höfum hingað til verið að deila um skilgreiningaratriði og lögin eins og við höfum haft þau hingað til, frá 1993, hafa ekki tekið nægilega vel á ákveðnum málum sem mér finnst vera í tillögum nefndarinnar. Ég sakna þess að ekki sé betur farið eftir því sem nefndin lagði til.

Eitt get ég ekki annað en gert að umræðuefni hér í þessari ræðu minni, herra forseti, en það er 8. gr. Ég vil spyrja hæstv. umhvrh.: Hvers konar ferli er það sem hér er lýst? Ég grip nú niður í 8. gr. miðja, síðustu setningu 1. mgr., en þar kemur fram að framkvæmdaraðili skuli kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun.

Herra forseti. Ég skil ekki hvað hér er á ferðinni. Fjallað er um matsáætlun í 8. gr. og hún er sem kunnugt er sú áætlun sem liggur til grundvallar framkvæmdinni. Sú áætlun er gerð samkvæmt lögum og það er framkvæmdaraðili sem gerir tillögu að slíkri matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Síðan eiga þeir aðilar samvinnu um að útbúa þá áætlun. Þetta endar síðan í frummatsskýrslu sem er opin og kynnt almenningi samkvæmt auglýsingum.

En ég skil ekki hvaða hugmynd er að koma hér inn í ferlið þar sem framkvæmdaraðila er gert að kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun. Ég verð að fá mjög greinargóða útskýringu á þessu því að hingað til hefur Skipulagsstofnun auglýst og kynnt frummatsskýrsluna og hún er opin til umsagnar öllum hlutaðeigandi, almenningi þar meðtöldum. Þessa setningu er ekki að finna í tillögum nefndarinnar og ég óska skýringa.

Að öðru leyti sýnist mér þessi grein dálítið undarleg og ég missi þráðinn í henni þar sem hún er afskaplega skýr í tillögum nefndarinnar. Mér virðist vera búið að snúa eitthvað upp á hana og kannski meira en að vængstýfa hana. Mér finnst búið að gera hana ansi ruglingslega og ég held að við þurfum frekari skýringar frá hæstv. ráðherra. Ég vil sérstaklega nefna niðurlagssetningu 8. gr. en hún er svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„Ef sérstakar ástæður mæla með getur Skipulagsstofnun á síðari stigum farið fram á að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn, enda rökstyðji stofnunin beiðnina sérstaklega."

Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þessa setningu en ég segi ekki annað en það, herra forseti, að mér finnst hún skrýtin.

Ég vil nefna 9. gr. sem fjallar um matsskýrsluna sjálfa. Þar er eitt lítið atriði tekið út úr tillögum nefndarinnar. Mér þykir það afskaplega miður og kem til með að beita mér fyrir að það verði tekið aftur inn. Þetta er aftarlega í greininni sem ég ætla að vitna til. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra og bera þá saman."

Svona hljóðar greinin, herra forseti, í frv. en í tillögum nefndarinnar er grundvallaratriði sem tekið hefur verið út í frv. Ég les tillögu nefndarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ávallt skal gera grein fyrir helstu möguleikum sem til greina koma og umhverfisáhrifum þeirra" — þetta er eins og í frv. en svo kemur það sem ég sakna — „þar á meðal því að aðhafast ekkert."

Ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvers vegna er sú setning ekki hér inni, að það að aðhafast ekkert skuli líka heyra til þeirra möguleika sem til greina koma? Mér þykir það afskaplega mikilvægt, herra forseti, að því sé haldið til haga og það haft í greininni.

Ég sé að tími minn er að renna út en mig langar að koma að því bráðabirgðaákvæði sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir gerði að umtalsefni í ræðu sinni, sem er varðandi það að framkvæmdir sem hlotið hafa leyfi fyrir 1. maí 1994 séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt frv. séu þær hafnar fyrir árslok 2002. Ég verð að segja, herra forseti, af því ég hef verið að vitna hér til tillagna nefndarinnar að þá er nefndin hér með tillögu að bráðabirgðaákvæði sem gerir ráð fyrir að sólarlagsákvæðið sé einungis til ársloka 1999, þ.e. afskaplega stutt sólarlagsákvæði. Þar með tel ég að nefndin sé að lýsa þeim vilja sínum að engar undanþágur verði. Ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvers vegna fer hæstv. ráðherra ekki eftir þessari tillögu nefndarinnar, að það sé nánast ekkert sólarlag, þ.e. að tekin sé sú pólitíska afstaða og ákvörðun að undanþáguheimildir heyri hér með sögunni til? Það væri gaman að heyra skýringu hæstv. ráðherra á því, herra forseti.

Að öðru leyti kem ég betur inn á ákveðna þætti í síðari ræðu minni, en tel mig hafa komið fram þeim meginatriðum sem ég óska eftir að hæstv. umhvrh. svari.

[15:31]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fram er komið frv. um endurskoðun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Það er skammur tími sem gildandi lög hafa verið við lýði, en á þeim tíma hefur þó reynt á þau lög og þau viðhorf sem þar koma fram til hins ýtrasta og í raun og veru miklu meira en það. Þanþol þeirra laga sem um umhverfismat hafa fjallað hefur gengið svo langt að núverandi lög hafa ekki staðist þær kröfur sem við viljum gera um sambúð framkvæmda og atvinnulífs annars vegar og umhverfis- og náttúruverndar hins vegar. Því fagna ég að frv. þetta er fram komið.

Við skulum minnast þess að gerbreytt viðhorf eru í þjóðfélagi okkar um umhverfismál og náttúruvernd. Ekki þarf að líta mörg ár aftur í tímann, ekki tíu ár, heldur aðeins nokkur missiri til þess að sjá að viðhorf landsmanna hafa gerbreyst. Margt hefur orðið til þess að hraða þeim breytingum og viðhorfsbreytingum, m.a. ýmsar framkvæmdir sem hafa valdið deilum og átökum. Margar af þessum framkvæmdum hafa varðað hagsmuni byggða og efnahag þjóðarinnar um leið og þær hafa snert mjög viðkvæm náttúrusvæði og því er von að tekist hafi verið á um þessi efni. Einnig er mikill skortur á heföum í vinnubrögðum okkar Íslendinga í mati á umhverfisáhrifum og saga okkar er afskaplega stutt í náttúruverndarmálum. Það þarf því engan að undra að til þessara átaka hafi komið og að svo mjög hafi reynt á núgildandi lög sem ég gat um áðan. Lögin sem væntanlega leiða af frv. þessu eru því mjög tímabær, þeim er ætlað að mínu mati að skapa hæfilegan ramma, hæfilega víðan ramma fyrir atvinnulífið og framkvæmdir í landinu, hindra ekki framfarir með neinum hætti óðruvísi en á þann veg að gæta að náttúruverðmætum í samræmi við viðhorf okkar landsmanna. Þetta er því vandasöm löggjöf sem hér er um að ræða, hún kemur inn á það svið sem ekki ríkir full sátt eða löng hefð um og hún kemur um leið inn á svið framkvæmda og atvinnulífs sem svo mjög þarf á svigrúmi að halda meðal þjóðarinnar.

Lagagerð þessi ber nokkurn vitnisburð um að við erum aðilar að evrópsku lagaferli og við erum að taka hér inn margvíslegar greinar sem eru beinlínis fengnar úr Evrópurétti og til þess ætlaðar að uppfylla þau skilyrði sem okkur eru sett þar. En frv. fjallar líka um ýmsa þá þætti sem við teljum varða land okkar og umhverfi sérstaklega. Tel ég rétt að menn eigi ekki að láta svo lítið að lögtaka hér einungis Evróputilskipanir heldur eigum við að huga að umhverfi okkar, aðstæðum og náttúrunni sem okkur er svo verðmæt og kær. Ég tel að með frv. því sem hæstv. umhvrh. hefur kynnt séu miklar framfarir og miklar lagabætur muni af því leiða. Við í hv. umhvn. munum að sjálfsögðu vinna þetta mál vel og vandlega og nýta okkur þá reynslu sem ekki hefur verið sársaukalaus til að gera þessi lög eins vel úr garði og frekast má verða.

Virðulegi forseti. Það væri freistandi að hefja hér málsmeðferðina sem við eigum fram undan í umhvn. en ég ætla að láta það bíða þess tíma. Þó vil ég aðeins drepa á nokkur atriði.

Um leið og ég lýsi yfir stuðningi mínum við frv. og tel það til mikilla bóta vil ég nefna hér nokkur atriði sem ég tel vera umhugsunarefni, og þar kem ég að sjálfri rót eða stofni frv., þ.e. markmiðssetningunni sjálfri sem er í raun og veru forsendan og grundvöllurinn undir frv. En þar segir, með leyfi forseta, í 1. gr. um markmið frv.:

„Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar," — þ.e. þarna er grunnurinn lagður, forsendurnar lagðar, útgangspunkturinn gefinn, það á að fara í mat á umhverfisáhrifum þegar framkvæmdin hefur í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Og lítum þá í skilgreiningarnar hvað eru umtalsverð umhverfisáhrif. Í skilgreiningunum segir, með leyfi forseta, í l-lið:

„l. Umtalsverð umhverfisáhrif: Veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum."

Þarna segir og ég endurtek: veruleg, óafturkræf og neikvæð. Mér hefur orðið að umhugsunarefni þegar ég hef lesið frv.: Hver ætlar að úrskurða um hvað teljist vera neikvæð umhverfisáhrif? Hver ætlar að gera það og hvernig verður það mat látið fara fram?

Ég ætla að tala hér í nokkrum dæmum. Mig langar til að spyrja: Eru það neikvæð umhverfisáhrif þegar skógi er plantað? Okkur er í blóð borið að dást að skógi og margir vilja hann sem mestan og vöxtulegastan, en við skulum líta á það af raunsæi að skógur breytir ekki aðeins ásýnd landsins, hann breytir þeim gróðri sem þar er og hann breytir dýralífinu, bæði því sem snýr að skordýralífi og síðan að æðri dýrategundum. Ég vil líka taka dæmi úr landinu sjálfu. Mig langar að velta upp dæmi sem er nýlegt og snýr að Hagavatni og stækkun þess. Hagavatn er sunnan Vatnajökuls. Þar hafa verið uppi áform um af hálfu Landgræðslunnar að stífla ána sem rennur þar úr, Farið heitir áin, og hækka þar með í vatninu þannig að vatnið nái að þekja leir- og jökuleyrar innan við vatnið, þar sem svokallað læmi rennur, en með því væri hægt að mati Landgræðslunnar að hefta sandfok og uppblástur. Hæstv. fyrrv. umhvrh. féllst ekki á þessa framkvæmd heldur óskaði eftir frekara mati. Og ég spyr þá: Eru það neikvæð umhverfisáhrif sem stíflan og hækkun vatnsins hefðu í för með sér? Við gætum tekið annað dæmi, ágreiningsefni úr Skaftafellssýslu þar sem deilt er um hvort stífla eigi vatnsrásir sem renna úr Skaftá og út í Skaftárhraun eða ekki. Annars vegar höfum við vatnið sem rennur út í hraunið og ber með sér leir og fyllir hraunið, veldur einhverjum uppblæstri og spillir þessu einstaka náttúrufyrirbæri sem er Skaftáreldahraunið, en hins vegar ef stíflað yrði og vatnið fengi ekki lengur að renna þar eða er takmarkað, þá er um leið búið að spilla þeim lindum með því lífríki sem undan hraunjaðrinum renna. Þar er ég að tala um Tungulæk, Grenlæk, Sýrlæk, Jónskvísl, Eldvatn og fleiri kvíslar. Hver ætlar að meta það hvort þarna er um jákvæð eða neikvæð umhverfisáhrif? Eru það jákvæð eða neikvæð umhverfisáhrif að moka ofan í skurði og fá votlendið virkt aftur eða ekki? Þetta tel ég vera töluvert umhugsunarefni vegna þess að lagasetningin hvílir í raun og veru á þessari skilgreiningu.

Ég vil líka nefna 5. gr. án þess ég fari í ítarlega umfjöllun um hana en þar kemur fram í 3. mgr. eða málsheild undanþága til umhvrh. til að láta ákveðnar framkvæmdir fara í mat á umhverfisáhrifum. Ég er að jafnaði tortrygginn á allar slíkar undanþágur og tel að við eigum að skoða þetta rækilega, þó svo ég hafi þegar fengið skýringar sem ég tel

vera fullnægjandi frá hæstv. ráðherra. Ég tel þó að þetta sé eitt af þeim atriðum sem við munum ræða í nefndinni.

Í þessari umræðu hefur verið minnst á 9. gr. þar sem eðlilegt þótti í undirbúningsnefndinni að sá möguleiki að gera ekki neitt sé einnig metinn, þ.e. að láta náttúruna eða það umhverfi sem um er að tefla ósnortið. Það eigi að meta og leggja það til samanburðar við einhvers konar framkvæmdir. Ég tel að þetta eigi að vera með og tel raunar að í frv. sé það tryggt þó svo að það sé ekki nefnt í 9. gr.

Virðulegi forseti. Það gengur mjög á tíma minn og ég ætla ekki að fara öllu nánar út í einstök efnisatriði. Þó vil ég koma að þeim viðaukum sem eru í frv., en þar er birtur nokkuð ítarlegur listi um hvaða og hvers konar framkvæmdir eigi að koma til mats á umhverfisáhrifum. Þar hef ég viljað leggja áherslu á að framkvæmdirnar séu ekki það rúmar eða réttara sagt að ekki sé heimilt að spilla náttúruverðmætum t.d. með vegagerð. Þarna er ég að tala þær skilgreiningar sem snúa að vegaspottum og tekist hefur verið á um. Í aðdraganda þessarar lagasetningar og frumvarpsgerðar hefur verið tekist á um það hvort matsskyldir vegir skuli miðast við 5 km spotta eða 10 km spotta.

Nú vita allir að þetta snýst ekki um kílómetra. 2 kílómetra vegur getur spillt því sem verðmætast er alveg eins og 10 kílómetra vegur. Við skulum líka gæta að því að fara ekki að búa til ramma sem vegagerð á Íslandi þarf að búa við algjörlega að nauðsynjalausu, þ.e. að setja Vegagerðinni þær skorður að hún þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum og flókið ferli með veg yfir land þó hver maður sjái að algjörlega ónauðsynlegt sé að fara þar í mat á umhverfisáhrifum. Við skulum ekki leggja það helsi á vegagerð í landinu okkar. Þess vegna tel ég, eftir athugun mína á frv., að hér hafi náðst nokkuð góð lausn, þ.e. sú að þetta fari eftir því hvort landið er á friðlýstum svæðum eða ekki og það sé aðalinntakið en ekki vegalengdin. Með því nást meginviðhorf lagagreinarinnar, að vernda það sem við viljum vernda en leggja ekki óþarfa hindranir fyrir framkvæmdir.

Virðulegi forseti. Ég læt þessi örfáu atriði duga. Þau má líta á sem dæmi um það sem ég tel að við eigum að skoða. Einnig þarf að skoða nokkur önnur atriði. Ég vænti þess að við munum eiga gott samstarf í hv. umhvn. um þetta. Þar er afskaplega áhugasamt fólk og vel að sér og við höfum fengið nokkra eldskírn í umfjöllun um frv., sérstaklega því sem lýtur að mati á umhverfisáhrifum. Ég hlakka til þeirrar vinnu og mun leggja mig allan fram um að ná frv. fram þannig að hér verði góð lög og traust um þetta mikilvæga og viðkvæma efni, náttúrufar landsins og framkvæmdir í landinu.

[15:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. umhvrh. komi hér í salinn, taki þátt í og hlýði á umræður um hið mikilvæga mál sem hér hefur verið tekið til umræðu.

Áðan var sagt að menn hefðu fagnað því að loksins kom fram frv. með endurskoðun á þessum þýðingarmiklu lögum. Ég get alveg ímyndað mér að samstaða verði um fjölmörg ákvæði í frv. Þó er full ástæða til að staldra við ýmislegt. Þar er margt gagnrýnivert. Þegar hefur verið bent á bráðabirgðaákvæðin og líka hægt að nefna undanþágurnar. Það er alveg ljóst að umhvn. verður að vinna með þetta mál því ýmislegt þar kallar á svör. Hæstv. umhvrh. biður Alþingi að afgreiða þetta frv. fljótt. Frv. kom á borð hv. þm. í fyrrakvöld og komst mjög fljótt á dagskrá. Engin amaðist við því enda málið þýðingarmikið og full ástæða til að gefa sér góðan tíma til að fara ítarlega í gegnum frv. til að geta viðhaft hér vitiborna umræðu. En frv. er seint fram komið.

Nefndin sem undirbjó þetta frv. skilaði því til ráðuneytisins 1998. Þá hlýtur að vakna spurningin: Hvað hefur hæstv. ráðherra gert til þess að flýta fyrir því að málið geti átt greiða leið í gegnum þingið? Hefur hæstv. ráðherra notað tímann frá 1998 til samráðs við náttúruverndarsamtök til að heyra hugmyndir um frv.? Hefur hæstv. ráðherra kallað eftir umsögnum náttúruverndarsamtaka? Það hefði verið unnt að birta slíkar umsagnir með frv. og þá hefðum við alþingismenn getað skoðað hvaða ábendingar komu frá þeim samtökum sem setja vernd náttúru Íslands á oddinn. Ekkert slíkt fylgir með frv. og þess vegna er óljóst að hvaða leyti hæstv. umhvrh. hefur sinnt slíkri forvinnu eða auðveldað Alþingi skjóta afgreiðslu þessa frv.

Ég vil líka nefna það, hæstv. ráðherra, að mér er farið að finnast það hvimleitt þegar við þurfum stundum að bíða eftir stjfrv. Í upphafi vinnuviku segir, með leyfi forseta, á yfirlitsblöðum sem til okkar koma: „fimmtudagur — ný stjórnarfrumvörp?“ Aftan við er sett spurningarmerki af því þau eru ekki komin og við vitum það ekki um helgina hvaða nýju stjfrv. verða hugsanlega komin á borð okkar og tekin til umræðu komandi fimmtudag. Hvimleiðara er þegar frv. er svo tekið á dagskrá og ráðherra segir ljúfur á svip að afskaplega væri nú huggulegt ef þingið afgreiddi málið svo fljótt og vel. Svona á þetta ekki að vera. Alþingi á að fara ítarlega og vel yfir mál og tryggja að lagasetningin verði góð.

Þetta mál tengist miklu átakamáli sem hér var til umfjöllunar í haust og afgreitt var skömmu fyrir jól. Þá var höfð uppi hörð gagnrýni á að nýtt frv. um mat á umhverfisáhrifum væri enn ekki komið fram. Nú aðeins 24 dögum eftir jólahlé erum við að ræða þetta frv. Það er nánast óþolandi, miðað við hvenær þessu frv. var skilað til ráðuneytisins af nefndinni sem vann það, að við skulum ekki hafa getað fjallað um það í haust þannig að ný lög frá Alþingi um þetta þýðingarmikla mál hefðu legið fyrir þegar við fórum að vinna með þáltill. um Fljótsdalsvirkjun.

Herra forseti. Árið 1993 var lögð fyrir Alþingi skýrsla með stefnumörkun í umhverfismálum, afskaplega merkileg skýrsla sem á svo sannarlega erindi til okkar enn í dag. Á bls. 15 í þeirri stjórnarskýrslu er fjallað um umhverfismat. Þar segir að með gerð umhverfismats sé stefnt að því að koma í veg fyrir óbætanlega eða nauðsynjalausa umhverfisröskun vegna meiri háttar framkvæmda. Í markmiðsgrein frv. segir aðeins að tryggja eigi að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kunni vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Og síðan á að stuðla að samvinnu aðila og kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif. En það vill svo til að í tillögum nefndarinnar sem skilað var til umhvrh. 1998 var í markmiðsgreininni ekki eingöngu þetta sem ég hef hér lesið, heldur líka ákvæði um að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Fyrsta spurning mín til hæstv. umhvrh. er því, hvers vegna í ósköpunum ákvæði um að koma í veg fyrir umhverfisskaða er tekið út úr markmiðsgrein, jafnþýðingarmikið og brýnt sem það er?

Ég ætla ekki að fara yfir hverja grein frv. en ég ætla að staldra við nokkur atriði. Ég byrja á því, herra forseti, að ræða um matsgildar framkvæmdir í 5. gr. Í upphafi greinar-

innar er sagt að í þeim tilvikum sem fleiri en ein matsgild framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði geti ráðherra að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Þetta var ákvæði sem mjög bar á góma hér í umræðunni fyrir jól. Þá var talað um hversu mikilvægt væri að framkvæmdir á Fljótsdal, virkjun og virkjanir sem sjá ættu álveri við Reyðarfjörð fyrir orku ásamt línukerfi og álveri, ættu í raun og veru að fara í heildarmat. Bent var á það hversu þýðingarmikið það hefði verið að slíkt ákvæði hefði verið komið í lög. Ég tek hins vegar eftir því að ráðherrann á að hafa samráð við viðkomandi framkvæmdaraðila. Ég beini því til umhvn. hvort ekki þurfi að skoða þetta ákvæði því mér finnst ekki óeðlilegt að ráðherra geti úrskurðað að eðlilegt sé að fyrirhugaðar framkvæmdir á sama svæði fari allar í sameiginlegt mat.

Í 6. gr. er fjallað um hvað felst í 2. viðauka og hvernig Skipulagsstofnun kemur að framkvæmdum. Stofnunin á að tilkynna hvort framkvæmd skuli háð mati samkvæmt lögunum og þar á að fara eftir viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi. Þegar maður skoðar viðaukana, 1., 2. og 3., þá vakna spurningar, herra forseti. Í 1. viðauka eru taldar upp framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati. Þar eru t.d. nefndar stofnbrautir í þéttbýli og þar segir að nýir vegir utan þéttbýlis, 10 km eða lengri og endurbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum nær yfir a.m.k. 10 km svæði. Þá vaknar spurningin: Geta einkaaðilar lagt veg yfir gróið land eða viðkvæmt, jafnvel hluta votlendis, að geðþótta, t.d. vegna sumarhúsabyggða eða annars? Skapast þarna hætta varðandi ósnortið eða óbyggt land? Af hverju erum við að meta slíka hluti í ákveðnum kílómetrum í stað þess að skoða hvernig landið er sem slíkt? Þarf ekki að skoða alla vegalagningu um viðkvæmt land?

Annað, herra forseti, sem ég rek augun í í 2. viðauka er nýræktun skóga á fjörutíu hektara svæði eða stærra, eða á verndarsvæðum, og ruðningur á náttúrulegum skógi sem nær til samans yfir tíu hektara svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum. Þá vaknar aftur spurning, ekki síst vegna undanþáguákvæðanna og hversu óljós þau eru: Hvað með Suðurlandsskógana sem á að fara að rækta upp á stóru svæði? Það er að margra áliti umdeilt hvort rækta eigi upp svo umtalsvert svæði með skógi. Hér er búið að dreifa tillögu um skoðun á slíku skógarsvæði á Suðurnesjum. Hvernig er hægt að tryggja að það sé sett í umhverfismat hvort yfirleitt eigi að fara með nýja ræktun inn á svæði þar sem slík ræktun hefur ekki verið stunduð áður af náttúrulegum orsökum? Nú er ég ekki að setja fram eigin skoðun á því hvort hefja eigi skógrækt á Suðurnesjum eða Suðurlandi. Ég er að tala um að þetta þurfum við að skoða. Þetta þurfum við að skoða, virðulegi forseti, og tryggja að alltaf sé farið rétt í að meta áhrifin til framtíðar.

Í 8. gr. er talað um matsáætlun. Í dag hafa framkvæmdaraðilar mjög frjálsar hendur. Það er verið að breyta því í þessari grein. Nú er lagt til að Skipulagsstofnun geri matsáætlun sem framkvæmdaraðili þarf að hlíta. Þó breyttist þessi grein og ég bið fulltrúa umhvn. að skoða það. Þáttur framkvæmdaraðila var mjög styrktur frá því sem var í tillögum nefndarinnar eins og hún skilaði málinu til umhvrn. Mér finnst mikilvægt að skoða hvort sú breyting, að styrkja stöðu framkvæmdaraðila sé rétt eða skynsamleg.

Í bráðabirgðaákvæði III er ákvæði um að umhvrh. eigi að skipa nefnd til að kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma ákvörðunarferli mats sbr. 11.–13. gr. í lögunum. Þarna er sérstakt ferli ótengt leyfisveitingum eins og kom fram í máli ráðherra. Þess vegna æskir ráðherra þess að setja nefnd á laggirnar til að skoða hvort breyta eigi þessum ákvæðum.

Þá vaknar enn á ný þessi spurning: Hvers vegna hefur það ekki verið skoðað síðan 1998 hvort skynsamlegt sé að hafa ferlið eins og það er samkvæmt 11., 12. og 13. gr.? Hvernig má það vera að það eigi eftir að skoða það núna þegar við vorið 2000 afgreiðum þetta frv. sem lög frá Alþingi og miðað við hversu lengi það er búið að vera í vinnslu?

Mjög margt fangar hugann við skoðun á þessum málum. Ég gerði hér athugasemdir við framsöguræðu ráðherrans varðandi ákv. til brb. Við höfum bent á að Samfylkingin hefur sett fram frv. um breytingu á þessum lögum og að það frv. hreinsar upp gömul leyfi sem hæstv. ráðherra ætlar að viðhalda þar til í árslok 2002. Auðvitað má spyrja: Hvenær lýkur þessari dellu, að eldgömul leyfi, jafnvel 50 ára gömul, eigi að lifa áfram og áfram? Af hverju er það bráðabirgðaákvæði ekki sett í frv. hér og nú að þær virkjanir sem taldar eru upp í svari við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar, skuli háðar umhverfismati?

Þetta er mjög viðamikið, virðulegi forseti. Það er getið um Hrauneyjafossvirkjun, Sigölduvirkjun, Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, stækkanir á öllum þessum virkjunum og Búrfellsvirkjun, Hitaveitu Reykjavíkur og Nesjavallavirkjun. Þetta eru svo viðamikil svæði sem leyfi er fyrir og auðvitað mismunandi að stærð og gerð að það er alveg ótrúlegt að það eigi að halda þessu opnu til ársloka 2002.

Því spyr ég hæstv. umhvrh.: Er ráðherrann sammála iðnrh. um að þessar framkvæmdir sem fram koma í svari við fsp. Sighvats Björgvinssonar verði áfram undanþegnar þar til e.t.v. verður búið að stinga niður skóflu í árslok 2002 sem viðheldur undanþágunni?

Ráðherra á að kveða upp úr um hvort framkvæmd sé hafin eða ekki. Hvað mun ráðherrann leggja til grundvallar mati á því hvort framkvæmdir séu hafnar og hvaða kröfur mun ráðherrann gera um að framkvæmdir teljist hafnar þegar hann á að meta það? Það er skelfileg staða fyrir einn ráðherra að eiga sjálfur að meta það hvort jafnþýðingarmiklir hlutir og slík framkvæmdaleyfi verði opin áfram eða hvort þau eigi að fara inn í nútímalög eins og mat á umhverfisáhrifum.

Herra forseti. Ég nefndi hér skýrsluna sem lögð var fram sem opinber stefna í umhverfismálum 1993 og sem mér hefur fundist að væri haldið á lofti sem stefnu í þessum efnum af þeim ráðherrum sem síðar komu. Það er margt fróðlegt að sjá í þessari skýrslu. Þar er talað um meginreglurnar sem hér hafa verið nefndar, varúðarregluna og mengunarbótaregluna og nytjagreiðsluregluna sem er náttúrlega undirstaðan að því að við erum að setja slík lög.

En það er líka talað um nýja nálgun, nefnilega þá að þróun sem tekur mið af verndun umhverfisins verður ekki innleidd með boðum og bönnum. Slík breyting verður að byggjast á skilningi og samstöðu þjóðarinnar og virkri samvinnu stjórnvalda og hagsmunaaðila, félagasamtaka og heimila. Þannig verða sjónarmið umhverfisverndar og grundvallarhugsun sjálfbærrar þróunar sjálfsagður og ófrávíkjanlegur þáttur í öllum mannlegum athöfnum. Það er nærri því sárt að lesa þessa stefnumörkun frá 1993 og hugsa til umræðunnar frá í haust og fyrir jól og hvað þessi stefna og þessi hugsun var fyrir borð borin.

Á bls. 11 í þessari skýrslu segir líka að unnið verði að því að fjölga þjóðgörðum, friðlýstum svæðum og náttúruminjum. Einkum verði lögð áhersla á friðlýsingu mýrlenda, strandsvæða, miðhálendis og annarra óbyggðra svæða.

Herra forseti. Síðan eru liðin sjö ár og við erum hér að ræða um framkvæmdir og virkjanir til að sjá álveri frá 120 þús. tonnum upp í 480 þús. tonn að stærð fyrir orku. Enn er á floti hvaða stærð af álveri verið er að tala um og hversu mikla orku muni þurfa.

En við erum ekki bara að tala um það. Úti í þjóðfélaginu, hjá framkvæmdarvaldinu og á Alþingi er líka verið að tala um að fara að framleiða vetni og það er spennandi kostur. En hvað þýðir það? Allt innflutt eldsneyti er um 850 þús. tonn, ef ég man tölurnar rétt, og ef við ætlum að útvega vetni á allar bifreiðar í þessu landi og allan flotann sem notar innflutt eldsneyti í dag þá þurfum við 19 teravattstundir. Það er 2,5-föld núverandi orkuframleiðsla. Ef við gefum okkur það að farið verði út í efnarafala og að það þurfi ekki nema helminginn af þessari orku þá erum við að tala um tvær Kárahnúkavirkjanir bara fyrir framleiðsluna á því vetni.

Virðulegi forseti. Við tölum aldrei um hlutina í réttri röð. Fyrir sjö árum settum við fram stefnu í umhverfismálum. Sjö árum síðar vitum við ekki hvað við ætlum að virkja og til hvers. Hvar ætlum við að taka orku? Hvað ætlum við að vernda? Hvar ætlum við að hafa þjóðgarða? Þessum spurningum er jafnósvarað núna í febrúarlok 2000 og árið 1993 þegar þessi stefna var sett fram. Þetta er til umhugsunar á hv. Alþingi, virðulegi forseti.

[16:07]

Katrín Fjeldsted:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum og er það endurskoðun á lögum frá 1993. Ég vil eins og margir aðrir þingmenn fagna framlagningu þess, en samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins sem frv. byggir að mestu leyti á hefði þetta frv. þurft að koma fram fyrir þó nokkru síðan og vera orðið að lögum. En ég fagna því samt að það sé komið fram.

Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að ræða í ítarlegu máli um innihald frv. því að frv. fer til hæstv. umhvn. og verður fjallað um það þar. Þar sitja vanir menn eins og vitað er. Mikið hefur verið fjallað um efni núgildandi laga og ýmislegt tengt þeim. Bent hefur verið á ýmsa ágalla sem í þeim eru sem væntanlega er hægt að mæta með þessu frv. Miklar upplýsingar liggja fyrir hjá umhvn. Af þeim ástæðum ætti því málið kannski ekki að taka svo langan tíma. En samt skiptir miklu að vandlega sé að því unnið.

Ég hef lesið frv. yfir og greinargerðina sem því fylgir og mig langar til að drepa á nokkur atriði. Nefndin sem samdi frv., en hennar er getið á bls. 14, skilaði því frá sér fyrir rúmu ári. Formaður hennar var Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhvrn. Tveir þingmenn áttu þar sæti, Ísólfur Gylfi Pálmason og Tómas Ingi Olrich. Með þeim sátu í nefndinni Ásdís Hlökk Theodórsdóttur, Hjörleifur Kvaran, Gísli Már Gíslason og síðan er tiltekið hverjir starfsmenn nefndarinnar voru.

Ég á eftir að fá samanburð á því hvar vikið sé frá tillögum nefndarinnar í frv. og sé vikið frá tillögum nefndarinnar að fá skýringu á því. Ég er ekki að kalla eftir þeim svörum hér en þetta er auðvitað eitt af því sem hv. umhvn. þarf að kynna sér og taka afstöðu til.

Það er ljóst að með frv. er verið að reyna að einfalda þetta ferli sem mörgum hefur þótt heldur flókið, sérstaklega hvað varðar aðkomu almennings og hve langan tíma það hefur tekið að fá fram mat á umhverfisáhrifum. Með frv. er gert ráð fyrir því að séu allir kærufrestir nýttir þá styttist tíminn úr 58 vikum í 43 vikur. Það kom fram í máli ráðherra og er það vel.

Það skiptir máli að almenningur komi sem fyrst að vandasömum og viðkvæmum málum sem lúta að umhverfinu því umhverfið kemur öllum við. Í haust og fram undir jól tókumst við á um málefni Fljótsdalsvirkjunar. Þar kom almenningur allt of seint að málinu. Það má segja að kannski hafi fólk átt að vakna fyrr til vitundar, en það er nú svo að umfjöllun um mál í fjölmiðlum stuðlar að því að fólk átti sig á því sem Alþingi er að gera og eins og gerðist í því máli þá vildi almenningur koma að því svo um munaði.

Mér finnst skipta mjög miklu máli við meðferð þessa frv. og við endurnýjun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum að ný lög verði gegnsæ og að reynt sé eins og hægt er að forðast lagaklæki og undanbrögð. Það þarf nefnilega að setja lög um mat á umhverfisáhrifum sem sátt getur verið um. Mér finnst ekki boðlegt almenningi í landinu að háðar verði fleiri styrjaldir af því tagi sem hér var fyrir áramótin.

Til þess að reyna að koma til móts við þetta sér maður m.a. að sett er sólarlagsákvæði í frv., þ.e. til þess að lagaheimildir um virkjanir verði ekki endalaust undanþegnar mati á umhverfisáhrifum eins og er í núgildandi lögum ef lagaóvissa leyfir það eða ef lagaskýringar leiða það í ljós, sem reyndar hefur ekki enn gerst.

Árið 1999 var sett á laggirnar nefnd um rammaáætlun um virkjanir og forgangsröð. Mér finnst skipta allmiklu máli í starfi þeirrar nefndar að hún fái að fjalla um þær virkjanir sem lagaheimild hafa frá Alþingi og mér finnst æskilegt að allar virkjanir sem hafa slíkar lagaheimildir verði látnar sæta mati á umhverfisáhrifum. En með því að sólarlagsákvæðið nær til ársloka 2002 þá er næstum því um þrjú ár til viðbótar að ræða sem mér finnst ansi langur tími. Ég óttast að það geti orðið til þess að menn fari að flýta sér að ráðast í þær framkvæmdir til þess að þurfa ekki að sæta þessu mati. Þetta finnst mér skipta miklu máli. Mér finnst tæp þrjú ár verulega rausnarlegur tími og þyrfti að endurskoðast.

Eitt er það sem ég veit ekki og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra að því ef hann heyrir mál mitt, herra forseti, sem ég geri ráð fyrir.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. ráðherra er í húsinu og kemur nú í salinn.)

Takk fyrir. Mig langar til að spyrja ráðherrann hvernig sólarlagsákvæðið rími við tilskipun ESB, hvort eitthvað sé fjallað um slík sólarlagsákvæði þar og hvort þetta falli saman við það.

Í 5. gr. frv. er ólíkt því sem nú er í lögum ekki talið upp hvaða framkvæmdir sé ávallt skylt að fara með í mat á umhverfisáhrifum, það er flutt í svokallaðan 1. viðauka með frv. og þá er einnig sett í viðauka sem er nefndur 2. viðauki hvað meta skal í hverju tilviki. Þetta eru miklar upptalningar sem í núgildandi lögum voru í lagatextanum. Mig langar líka að spyrja ráðherra hvaða lagatæknileg eða efnisleg áhrif þetta hafi. Gæti það þýtt að hægt væri að breyta viðauka 1 og 2 að mati ráðuneytisins, án þess það komi í rauninni til umfjöllunar hjá Alþingi? Ég veit reyndar að rökstyðja þarf sérhverja slíka breytingu fyrir ESB, það kemur fram á bls. 2 og 18 í frv. En mig langar til að heyra hvað hæstv. ráðherra hefur um þetta að segja, þ.e. hvaða lagatæknileg eða efnisleg

áhrif það hefur að færa upptalninguna í viðauka 1 og 2 í stað þess að hafa hana í lagatextanum.

Mörgum finnst æskilegt að stjórnvöld hafi sem minnst um eigin framkvæmdir að segja, þ.e. að samvinna stjórnvalda og hagsmunaaðila sé samkvæmt leikreglum frá Alþingi, og þá komum við inn á að framkvæmdarvaldið skarist sem minnst við löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið þurfi að lúta vilja Alþingis eins og aðrir. Það er það sem ég túlka að almenningur í landinu hafi verið að segja með því að vilja mat á umhverfisáhrifum Fljótsdalsvirkjunar. Þar hafi menn í sjálfu sér ekki tekið afstöðu með eða á móti virkjun og ekki heldur með eða móti álveri við Reyðarfjörð, þó að sumir hafi kannski gert það, en fyrst og fremst sé krafan um að stjórnvöld fari að leikreglum sem öðrum eru settar. Kannski kemur þetta inn á áhuga núv. umhvrh. sem vildi á sínum tíma og lagði fram tillögu um að ráðherrar sætu ekki jafnframt á þingi, hún er í góðri aðstöðu núna til að beita sér fyrir breytingum á því.

Í tilskipun Evrópusambandsins er byggt á nokkuð mörgum reglum. Þetta er byggt á Ríó-ráðstefnunni frá 1992 og þar kemur varúðarreglan inn og mengunarbótaregla, regla um verndarsjónarmið, regla um að mengun sé upprætt við upptök sín, og af því að umhverfisvernd snertir alla; að hagsmunir komandi kynslóðar séu hafðir að leiðarljósi. Ég efast ekki um að það sé jafnmikið keppikefli fyrir umhvrh. eins og fyrir þá sem hér stendur.

Spurningar mínar til ráðherrans lúta sem sagt að lagatæknilegum og efnislegum áhrifum þess að flytja atriði sem áður voru í lögunum í viðauka. Í öðru lagi hvernig það samræmist kröfum í tilskipun ESB að hafa sólarlagsákvæðið á þann hátt sem þarna er gert. Og í lokin hvort ráðherra sé ekki sammála mér um það að rétt sé að fara ekki í fleiri styrjaldir við almenning í landinu.

[16:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að þetta frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum er loksins komið fram. Ekki hefur unnist mikill tími til þess að fara yfir hverja grein og þær tilvísanir sem þar eru í ýmsar Evrópusamþykktir og hefði þurft lengri tíma til undirbúnings fyrir 1. umr. Það verður vonandi gert í hv. umhvn. að bera saman þær tilskipanir sem vitnað er til og þau atriði sem koma fram í greinum þessa frv. Það er hins vegar ámælisvert að frá þeim tíma sem gert var ráð fyrir að ný lög um mat á umhverfisáhrifum væru samþykkt er nú liðið líklega um ár, því búið var að boða að endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum ætti að fara fram og nýtt frv. í samræmi við Evrópustefnuna að vera komið fram á Alþingi. Mig minnir að tíminn sem við höfðum til að koma með ný lög um mat á umhverfisáhrifum hafi runnið út í mars á síðasta ári, en það má vera að það sé ekki rétt munað hjá mér. Við erum dálítið sein með afgreiðslu á þessu frv. og úrbótum á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í 1. gr. frv. þar sem talað er um markmið, gildissvið og skilgreiningar segir í c-lið, með leyfi forseta: „að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og að almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp."

Þessi liður er auðvitað mjög mikilvægur en í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum af umræðunum um Fljótsdalsvirkjun hefði kannski ekki verið úr vegi að bæta einum lið við þessa upptalningu, þ.e. að ráðuneytinu væri gert skylt að upplýsa almenning um hvað mat á umhverfisáhrifum er. Því það virtist vera þannig, sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem við höfum gengið í gegnum í vetur um Fljótsdalsvirkjun, að almenningi væri ekki ljóst hvað fælist í mati á umhverfisáhrifum. Menn túlka það svo að eingöngu sé um að ræða mat á áhrifum á náttúruna, nánasta umhverfi og þá náttúrufarið. Ekki að taka þurfi tillit til fleiri þátta, svo sem byggðasjónarmiða og efnahagslegra áhrifa framkvæmda hverju sinni. Þegar þessir þrír þættir eru allir teknir saman skuli niðurstaða þess ráða ferð en ekki eingöngu skoðun á nánasta umhverfi eða náttúrunni. Ég beini því til hæstv. ráðherra sem setti í gær fram markmiðslýsingar umhvrn. fyrir þetta kjörtímabil um starfsemi ráðuneytisins að afar mikilvægt er að upplýsingastreymi, fræðslustarf ráðuneytisins sé eflt til muna frá því sem er í dag. Það er mjög nauðsynlegt að efla alla upplýsingagjöf um umhverfismálin og einstök mál sem verið er að höndla með í ráðuneytinu. Það er ekki bara þetta frv. um mat á umhverfisáhrifum eða lögin um mat á umhverfisáhrifum, heldur fjöldi annarra þátta í umhvrn. þar sem upplýsingagjöfin hefur ekki verið nægjanleg og þarf að bæta um betur.

Ég treysti hæstv. ráðherra til að fara í það að gefa út bæklinga á mannamáli, því það er nú eitt af því sem hægt er að finna að þessu frv. sem og mörgum öðrum, að það er alveg með ólíkindum að við skulum alltaf vera að fást við lagatexta, væntanlegan lagatexta, sem skrifaðir eru upp í kokið á lögfræðingum en ekki almenningi eða stofnunum þeim sem eiga að skilja lögin og vinna eftir þeim. Vegna þess að það eru ekki bara lögfræðingar eða starfsmenn ráðuneytis sem hafa komið að samningu frumvarpa sem eiga að vinna eftir þeim í framtíðinni, það eru miklu fleiri. Og allur almenningur þarf að skilja lögin sem gilda hér á landi. Þessi texti er vondur og þetta er klúðurslegt frv. Ég treysti því að farið verði rækilega yfir textann í umhvn. og hann gerður skiljanlegri jafnvel þó að menn breyti ekki merkingu einstakra greina en hann skoðaður með tilliti til þess að fólk skilji hvað um er að ræða. Þetta er ekkert einsdæmi, þetta er ekkert betra eða verra en mörg önnur frv. sem við höfum fengið til umfjöllunar hér á hv. Alþingi þar sem textinn er illskiljanlegur eða mætti vera miklu betri og markvissari og segja hlutina þannig að þeir væru skiljanlegri.

En varðandi 1. kafla og markmiðið, markmiðið á að vera það að allur almenningur viti hvað stendur í frv., um hvað það snýst eða lögin þegar og ef þetta frv. verður að lögum, að þá viti allur almenningur um hvað þetta snýst og hvað felst í mati á umhverfisáhrifum. Það er mjög mikilvægt að koma þeim upplýsingum á framfæri.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi ræða sérstaklega og þá fyrst og fremst 3. gr. um skilgreiningarnar. Þar er setning sem ég á afar erfitt með að skilja. Það er l-liður í 3. gr. þar sem fjallað er um umtalsverð umhverfisáhrif. Hvað er það? Umtalsverð umhverfisáhrif eru veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu. Mér virðist svona við fyrstu sýn að þetta sé stærsti galli þessa frv. Það er skilgreiningin á því hvað eru umtalsverð umhverfisáhrif. Þetta er þó lykilhugtak frv. og þeirra laga sem í gildi eru og ef þetta frv. verður samþykkt, þá er þetta lykilhugtak frv., þ.e. umtalsverð umhverfisáhrif, þar sem meginmarkmið laganna á að vera að tryggja að fram fari mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og tryggja að fram-

kvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif séu kynntar fyrir almenningi og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri, eins og kemur fram í 1. gr. sem ég vitnaði til áðan.

Í 3. gr. frv., um skilgreiningar, og í l-lið þeirrar greinar er þetta lykilhugtak skilgreint mjög sérkennilega og reynt að þrengja það eins og nokkur kostur er. Reyndar finnst mér að þarna sé verið að setja á þann sem á að meta hvort óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif séu til staðar afar erfitt verk, að framkvæma einhvers konar umhverfismat áður en umhverfismatið fer fram. Ef við síðan skoðum þessa þröngu skilgreiningu með hliðsjón af 6. gr. frv. og þeim framkvæmdum sem skilgreindar eru í viðauka 2, þá á skipulagsstjóri samkvæmt þessu að meta umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar áður en hann ákveður hvort að hún skuli fara í mat. Þetta verður ekki skilið öðruvísi. Hann á að meta hver áhrifin eru, hvort þau eru neikvæð eða jákvæð, afturkræf eða óafturkræf og hvort hægt sé að fyrirbyggja veruleg spjöll með mótvægisaðgerðum eða ekki. Skipulagsstjóri á sem sagt að fara í frummat áður en ákveðið er hvort framkvæmdin skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Ég tel að þetta sé hrein og klár hringavitleysa sem miðar að því eina marki að koma í veg fyrir að framkvæmdir sem taldar eru upp í viðauka 2 fari nokkurn tíma í mat. Það er útilokað að skilja þau orð öðruvísi en að þrengja eigi verulega möguleikann á því að framkvæmdin fari í mat. Markmiðið með matsferlinu sjálfu er að meta hver umhverfisáhrifin af viðkomandi framkvæmd eru, vega saman jákvæð og neikvæð áhrif og kanna hvort koma megi í veg fyrir spjöll með mótvægisaðgerðum.

Það er hlutverk mats á umhverfisáhrifum og það getur varla samræmst þessu meginmarkmiði með matsferlinu sjálfu að skilgreina hugtakið umtalsverð umhverfisáhrif eins og gert er í 3. gr. frv. Ef skoðaðar eru athugasemdir við 3. gr. frv. þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Við skilgreiningu á þeim hugtökum sem koma fram í frumvarpinu hefur verið stuðst við skýringar í tilskipun 85/337/EBE og 97/11/EB."

Ég hef þessa skýrslu undir höndum og ég á afar bágt með að samþykkja það að þar sé hugtakið umtalsverð umhverfisáhrif bundið því að um sé að ræða neikvæð og óafturkræf áhrif eða veruleg spjöll sem ekki er hægt að fyrirbyggja með mótvægisaðgerðum. Ég hlýt því að spyrja hæstv. umhvrh. hvort þessi skilgreining sé að hennar mati í fullu samræmi við tilskipunina. Ég tel að svo sé ekki og hvet hv. nefndarmenn í umhvn. til að fara yfir þessa tilskipun og bera saman við frumvarpstextann. Í mínum huga er það alveg ljóst að með þessari skilgreiningu í 3. gr. er verið að breyta eðli og gildissviði laga um mat á umhverfisáhrifum verulega frá því sem nú er. Það er verið að þrengja gildissviðið í þeim eina tilgangi, sýnist mér, að koma í veg fyrir að margvíslegar framkvæmdir sem kunna að hafa veruleg umhverfisáhrif, fari í umhverfismat. Það má lengi teygja og toga orðin neikvæð og óafturkræf. Með þessari nýjung í lögunum er að mínu mati verið að efna til ófriðar og draga verulega úr gildi þess tækis sem við höfum til að finna bestu lausnir og koma í veg fyrir slys.

Virðulegi forseti. Nú þegar er búið að fara yfir þessar greinar en ég á mjög erfitt með að átta mig á upptalningunni, sérstaklega í 1. viðauka þar sem upptalning er á framkvæmdum sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Í 10. tölul. 1. viðauka segir, með leyfi forseta:

„i. Stofnbrautir í þéttbýli.

ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum nær yfir a.m.k. 10 km svæði."

Það má náttúrlega fara í fleiri liði þarna þar sem um annaðhvort ákveðinn hektarafjölda, metrafjölda eða um aðrar stærðartakmarkanir er að ræða. Ég á mjög erfitt með að skilja hvers vegna vegur sem er 9 kílómetra langur getur verið undanþeginn mati en ekki vegur sem er 11 km langur. Hvaða rök liggja þarna að baki? Er það svo að vegagerð á 9 kílómetra löngum spotta geti ekki að mati hæstv. ráðherra haft í för með sér veruleg spjöll á náttúrunni eða neikvæð og óafturkræf áhrif? Við höfum mýmörg dæmi þess að styttri vegaspottar hafa verið færðir til í landi eftir mat á umhverfisáhrifum og með því hefur verið komið í veg fyrir náttúruspjöll.

Þetta og reyndar mörg önnur stærðarmörk sem sett eru fram í viðaukum 1 og 2 þarfnast rækilegrar endurskoðunar í nefnd, sérstaklega með tilliti til þessarar skýringar á l-lið 3. gr. þar sem skipulagsstjóri skal skoða prívat og persónulega hvort um óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu er að ræða. Svona stærðarmörk eru alltaf mjög hæpin vegna þess að mat á umhverfisáhrifum hlýtur að þurfa að fara fram við allt jarðrask, hvort sem raskið tengist einum, tveimur, þremur kílómetrum eða fleiri. Kílómetrafjöldinn skiptir ekki máli. Það sem skiptir máli eru áhrifin á umhverfið, náttúruna og byggðina, efnahagsleg áhrif. Við eigum að hafa þetta gildissvið eins víðtækt og mögulegt er en ekki þrengja það á allra handa máta eins og mér finnst vera gert í þessu frv. Þess vegna hlýt ég að lýsa yfir óánægju minni með þetta frv. sem ég hef haft verulegar væntingar til, virðulegi forseti, þ.e. vegna þess að gildissviðið er þrengt frá núgildandi lögum. Og ég dreg stórlega í efa að sú skilgreining á hugtakinu sem fram kemur í 3. gr. standist þær Evrópusamþykktir,sem við eigum að fara eftir og bið hæstv. ráðherra að fara hér yfir það lið fyrir lið með okkur hvernig hún les þessa tilskipun sem vitnað er til. Hér hefur áður verið rætt um þýðingar úr norsku, en ég held að það sé full ástæða til að fara yfir það í nefndinni hvort þessi þýðing standist því ég er sannfærð um það, þó að ég sé geti nú ekki sagt eins og sumir að ég tali lýtalausa ensku. En mín enskukunnátta nær þó a.m.k. það langt að ég tel að þarna sé ekki um rétta skilgreiningu að ræða.

Virðulegi forseti. Ég tek síðan undir þær ábendingar og athugasemdir sem hér hafa komið fram og eru um ákvæði til bráðabirgða sem ég tel að nefndin hljóti að fara gaumgæfilega yfir, ákv. til brb. I sérstaklega þar sem kveðið er á um, með leyfi forseta, að:

„Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga þessara eru framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum séu þær hafnar fyrir árslok 2002."

Nú er það í valdi ráðherra hæstv. að ákveða hvort framkvæmd sé hafin eða ekki, en ég tel að nefndin þurfi að fara yfir það hvort þetta samræmist þeim reglum sem við höfum undirgengist og þeim Evróputilskipunum sem við eigum að fylgja.

Virðulegi forseti. Það er þó fyrst og fremst 3. gr. og skilgreiningin, orðalag frv. í heild sinni sem þarf að vera miklu skýrara, markvissara og skiljanlegra fyrir þá sem eiga að vinna eftir þessum lögum eða vilja kynna sér þau. Upplýsingahlutverk ráðuneytis og síðan þessa viðauka og eins ákvæði til bráðabirgða sem þarf að fara sérstaklega yfir.

Virðulegi forseti. Mig langar líka í lokin að spyrja hæstv. ráðherra af sérstökum ástæðum hvort hún telji ekki að meiri háttar skógræktarframkvæmdir séu matsskyldar. Ég get ekki skilið núgildandi lög öðruvísi en svo að allar meiri háttar framkvæmdir, skógræktarframkvæmdir, eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna þess að meiri háttar skógræktarframkvæmdir hafa áhrif á náttúrufar. Mig minnir að það sé þannig í lögum varðandi Suðurlandsskóga að kveðið sé á um að þær framkvæmdir skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Það hefur ekki verið gert. Nú erum við að fá fleiri og fleiri mál sem tengjast skógrækt og mikill áhugi er fyrir því að efla skógrækt, sérstaklega til að binda koltvísýring til þess að standa við Kyoto-bókunina og virðist það í raun og veru vera eina svarið sem ríkisstjórnin hefur til þess að uppfylla skilyrði Kyoto. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra af því ég tel það mjög mikilvægt: Telur hæstv. ráðherra það ekki vera þannig að allar meiri háttar skógræktarframkvæmdir skuli fara í umhverfismat, t.d. Suðurlandsskógar sem og aðrar skógræktarframkvæmdir, samkvæmt lögum sem gilda nú?

[16:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Margt athyglisvert hefur komið fram í þeim ræðum sem hafa verið fluttar hér í dag við umfjöllun um þetta frv. til nýrra laga um mat á umhverfisáhrifum. Þingmenn hafa almennt lýst ánægju með það að nú skuli frv. loksins komið fram. Þó hafa menn ekki getað látið hjá líða að átelja hæstv. ráðherra fyrir að leggja frv. ekki fram miklu fyrr. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra, herra forseti, að hún telur að ekki hafi þurft að leggja það fram fyrr þótt samþykkja hefði átt það í ágúst sl. frá Alþingi Íslendinga. Þar er ráðherrann reyndar ekki á sama máli og aðrir sem hafa komið að þessu máli og haft aðra skoðun þar á. Þar vil ég nefna nefndina sem skilaði upphaflega tillögum til ráðherra um þetta frv. í desember 1998, en í gögnum þeirrar nefndar kemur glögglega fram að hún telur að Alþingi Íslendinga hefði átt að vera búið að samþykkja þessi lög í síðasta lagi 14. mars 1999. Ég vil bara ítreka það, herra forseti, að hér erum við talsvert langt á eftir áætlun með að sinna tilskipun Evrópusambandsins. Ég vil minna á þetta að gefnu tilefni, herra forseti, vegna þess að í grg. með því frv. sem hér er til umfjöllunar, er fjallað um þær tvær tilskipanir sem þessi lög eiga að byggja á og ég verð að segja, herra forseti, að umfjöllunin í greinargerðinni er ákaflega loðin og tvíræð og mjög erfitt að lesa í hana. Mér finnst það ekki maklegt þegar svo umdeilt mál er í gangi að greinargerð með slíku frv. skuli vera svona loðin að því er lýtur að grundvallaratriðum frv. Við erum að byggja þetta frv. á tveimur áríðandi tilskipunum Evrópusambandins. Sú nýrri er nr. 97/11/EBE og um hana stendur ágreiningurinn. Ég nefni það, herra forseti, að nýlega var dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur mál sem höfðað var gegn hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. á grundvelli túlkana þessara tilskipana. Í stefnu þeirri sem fylgir því máli kemur ljóslega fram að stefnendur vefengja bráðabirgðaákvæði II í núgildandi lögum og telja það alls ekki eiga að geta verið í gildi út frá tilskipununum sem um ræðir. Mig langar, herra forseti, að fá að vitna í stefnu þá sem ég geri hér að umfjöllunarefni í þessu sambandi því í henni kemur fram atriði sem ég tel að geti styrkt enn frekar þetta mál mitt. Í stefnunni segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur halda stefnendur því fram að bráðabirgðaákvæði II við lög nr. 63/1993 skuli víkja fyrir skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum sem lögleiddur hefur verið þar eð þetta ákvæði stríði gegn tilskipun ráðsins nr. 85/337/EBE um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Engin undanþáguheimild er í tilskipuninni sem heimilar að vikið sé frá kröfunni um mat á umhverfisáhrifum eftir að tilskipunin tók gildi með lögfestingu EES-samningsins. Ekki var sérstök grein gerð fyrir undanþáguákvæðinu í þeim tilkynningum sem stjórnvöld sendu frá sér til Eftirlitsstofnunar EFTA, sbr. dómskjal 39."

Af þessu sést að lögfróðir menn sem kafað hafa ofan í þetta mál af mikilli natni telja engan fót vera fyrir undanþáguákvæðunum í tilskipunum Evrópusambandsins. Þetta vil ég að hv. þm. hafi í huga þegar við fjöllum um bráðabirgðaákvæðin, að það er möguleiki á því að þau standist ekki tilskipanir.

Annað finnst mér loðið, herra forseti, í þessu frv. en það er hlutverk og verkaskipting milli framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar. Mér finnst mörkin á milli þessara aðila og hlutverka þeirra vera gerð óljós og loðin, sérstaklega með tilliti til tillagna nefndarinnar sem stóð að baki samningu frv. Í tillögunum sem koma frá nefndinni eru þessi mörk að mínu mati ekki óljós og bara ansi skýr, verð ég að segja. Mig langar í því sambandi að nefna ákveðin dæmi úr frv. og tek ég þá upp þráðinn þar sem frá var horfið í raun og veru í fyrri ræðu minni og drep fyrst á 6. gr. frv. sem fjallar um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

En í 6. gr. segir: „Áður skal stofnunin leita álits leyfisveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni. Skipulagsstofnun skal gera hlutaðeigandi grein fyrir niðurstöðu sinni." Ég undirstrika hér orðið hlutaðeigandi, því að í tillögum nefndarinnar segir skýrt og skorinort að niðurstöðu Skipulagsstofnunar skuli kynna opinberlega.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna sú ákvörðun var tekin að breyta þessu orðalagi frá tillögum nefndarinnar og yfir í það sem getur að líta í frv. Í framhaldi af því má nefna niðurlagssetningu greinarinnar. Þar segir í frv., með leyfi forseta: „Kærufrestur er fjórar vikur frá því að niðurstaða stofnunarinnar er kynnt hlutaðeigandi." En í tillögum nefndarinnar stendur: „Kærufrestur er fjórar vikur frá því niðurstaða stofnunarinnar er kynnt opinberlega." Hér er verið að veikja aðkomu almennings að málum, herra forseti, og það er í andstöðu við tilskipun Evrópusambandsins. Það er í andstöðu við anda þessara laga og það er í andstöðu við Árósasamninginn og í andstöðu við fleiri meginreglur sem við erum að vinna eftir, herra forseti. Hér er því verið að veikja aðkomu almennings að málum og ég held að hv. þm. eigi skilið að fá skýringu hæstv. umhvrh. á því hvers vegna er ekki farið að tillögum nefndarinnar hér.

Ég hafði í fyrri ræðu minni, herra forseti, gert athugasemd við 8. gr. Ég hleyp því yfir hana en vil ítreka það sem ég sagði um 9. gr. í fyrri ræðu minni. Ég gerði athugasemd við að ekki skuli vera innifalinn í frv. sá möguleiki að aðhafast ekkert. Í tillögum nefndarinnar sem samdi frv. er gert ráð fyrir að sá möguleiki verði skoðaður, hann borinn saman við aðra og þannig talinn fullgildur valkostur. Ástæður fyrir þeim kosti sem framkvæmdaraðili velur þyrfti sem sagt að bera saman þann möguleika að gera ekki neitt. Ég tel þetta grundvallaratriði og afskaplega mikilvægt að þetta sé með í lögunum, herra forseti.

Varðandi 10. gr. og þá vík ég aftur inn á sporið sem ég var á áðan, um hve skilin á milli framkvæmdaraðila og

Skipulagsstofnunar eru orðin óljós. Í frv. segir, með leyfi forseta:

„Þegar framkvæmdaraðili hefur sent Skipulagsstofnun matsskýrslu skal stofnunin innan tveggja vikna meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr."

Hér fellur síðan brott afskaplega mikilvæg setning sem er í tillögum nefndarinnar, en í tillögum nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Ef fram kemur við athugun að upplýsingar skorti um einstök atriði sem kunna að hafa áhrif á niðurstöðu máls getur Skipulagsstofnun krafist þess að framkvæmdaraðili afli þeirra áður en stofnunin úrskurðar um mat á umhverfisáhrifum."

Hér tel ég um afskaplega mikilvægan þátt að ræða, herra forseti, í starfi Skipulagsstofnunar og grundvallaratriði að setning af þessu tagi sé inni í lögunum en ekki strikuð út. Mér finnst undarlegt að svo skuli gert og að hún skuli ekki vera inni í frumvarpstextanum. Síðan er annað sem mér finnst undarlegt í 10. gr. sem líka virðist ætlað til að veikja hlutdeild Skipulagsstofnunar í þessum málum. Þar er ég komin að 3. mgr. 10. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun ..." en hér er um grundvallaratriði að ræða. Þetta er grundvallarbreyting, herra forseti, frá því sem nú er og frá því sem gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar. Í tillögum nefndarinnar er lagt til að svipaður háttur sé hafður á og við höfum í dag, þ.e. að Skipulagsstofnun og framkvæmdaraðili skuli standa að sameiginlegri kynningu framkvæmdar. Herra forseti. Ég undrast þessa áherslubreytingu og tel að við þurfum að fá skýringu á henni. Sömuleiðis vil ég fá skýringu frá hæstv. ráðherra á tíu ára svigrúminu sem gefið er frá úrskurði Skipulagsstofnunar varðandi framkvæmdir sem ekki hefjast. Þetta voru einungis fimm ár í tillögum nefndarinnar. Ég tel það mun réttara en að auka þann frest í tíu ár.

[16:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir umræðurnar sem orðið hafa hér í dag um þetta nýja frv. Mér heyrist að fjölmargir þingmenn telji að hér sé almennt séð um bót að ræða á umhverfismatslögunum þó að sjálfsögðu séu deilur um einstaka atriði. Ég ætla að svara ýmsum spurningum sem til mín hefur verið beint. Ég tel að svör hafi komið fram við hluta þeirra spurninga í fyrstu ræðu minni en mun reyna að hlaupa yfir aðrar spurningar sem ég hef fengið.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir taldi að í 1. gr., b-lið sérstaklega, væri verið að móðga skipulagsstjóra eða eitthvað því um líkt með því að nota orðið hagsmunaaðilar. Hún taldi að það væru framkvæmdaraðilar. Það þarf ekki endilega að vera, hagsmunaaðilar geta líka verið almenningur og aðrir. Það er alls ekki svo að hér sé reynt að móðga neinn.

Varðandi d-lið 3. gr. þá taldi þingmaðurinn ankannalegt að felld væru út orð sem komu frá nefndinni sem endurskoðaði lögin, þ.e. varðandi leyfi. En þannig er að það gætu verið miklu fleiri leyfi sem tilgreina ætti en gert var ráð fyrir hjá nefndinni og þau leyfi falla undir önnur lög. Því var talið óeðlilegt að hafa inni í lögunum þessa viðbót sem þingmaðurinn nefndi. Þetta var fellt út af þeim ástæðum en langflest leyfin falla undir lögin með þessum hætti eins og þau eru sett fram í frv.

Varðandi g-lið 3. gr. þá ræddi hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir um að tillagan frá nefndinni væri vængstífð. Hún á við að upphaflega átti að taka tengdar framkvæmdir og meta með upphaflegu framkvæmdinni, ef hægt er að orða það með þeim hætti. Við nánari skoðun var ákveðið, vegna þess að það er matsatriði hvað eru tengdar framkvæmdir, að leggja það í dóm ráðherra hverju sinni og það er fellt inn í texta 2. mgr. 5. gr. Það er því umhvrh. að meta hverju sinni með hvaða hætti þetta verður gert.

Sem svar við spurningum hv. þm. um l-lið 3. gr., um hvers vegna ekki sé getið um alþjóðasamninga þar eins og nefndin taldi að ætti að vera, þá eru allir alþjóðasamningarnir taldir upp í athugasemdum frv. sem er lögskýringargagn.

Varðandi 8. gr. og matsáætlunina sem hefur verið nokkuð hér til umfjöllunar þá er ljóst að matsáætlunin er ferli sem endar í matsskýrslu. Hér er því um ferli að ræða sem er undanfari matsskýrslunnar. Hér er ekki átt við matsskýrsluna eins og hún er í dag heldur er þetta nýtt ferli með sérstaka skírskotun í væntanlegum lögum. Þetta ferli heitir matsáætlun og á að enda í matsskýslu og skipulagsstjóri getur krafist sérstakra gagna á grundvelli hennar. Hann þarf eðlilega að rökstyðja þá beiðni sem hann leggur til framkvæmdaraðilans þannig að framkvæmdaraðili viti klárlega hvaða gagna hann eigi að leita frekar.

Hér kom einnig spurning um 9. gr., þ.e. um að ávallt eigi að gera grein fyrir helstu möguleikum. Hér var spurt: Af hverju ekki að segja í textanum að einnig skuli sýna fram á áhrifin af því ef ekkert er aðhafst, áhrif svokallaðrar núlllausnar eins og margir hafa viljað orða það? Ég tel að með þessum lögum geti Skipulagsstofnun ákveðið, sjái hún ástæðu til, að krefjast í matsáætlun þess að það sýnt verði fram á einhvers konar núlllausn. Ég tel óraunhæft að krefjast þess alltaf. Hugsunin með þessu er að Skipulagsstofnun geti krafist núlllausnar. Ef framkvæmdaraðili sættir sig hins vegar ekki við það þá væri honum heimilt að kæra það til ráðherra eins og allar ákvarðanir skipulagsstjóra má kæra til ráðherra þannig að það má vera að það komi til þess að núlllausnar sé krafist. En ég tel eðlilegt að nefndin skoði þetta sérstaklega.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði um samráð við náttúruverndarsamtök við undirbúning þessa frv. Í nefndinni sem undirbjó frv. og endurskoðaði lögin voru fjölmargir fulltrúar, þar á meðal fulltrúi Náttúruverndarráðs. Nefndin sendi frumvarpsdrög sín til Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands og auðvitað fjölmargra annarra aðila. Þessir aðilar voru líka kallaðir til fundar við nefndina og þannig var haft samráð við náttúruverndarsamtök og fjöldann allan af öðrum hagsmunaaðilum.

Um skilgreiningu á tilgangi laganna, þ.e. að koma í veg fyrir umhverfisskaða, þá er þessi skilgreining miðuð við markmiðssetninguna í tilskipun ESB en að sjálfsögðu er það hlutverk laganna almennt að koma í veg fyrir umhverfisskaða. Það er bara andi umhverfismats að menn skoði nákvæmlega afleiðingar þess að fara út í framkvæmdir. Telji menn að þær valdi þvílíkum umhverfisskaða að þær séu ekki réttlætanlegar, þá er þeim hafnað. En það má benda á að hingað til hefur skipulagsstjóri sem er úrskurðaraðili aldrei hafnað framkvæmd, aldrei nokkurn tíma. Það eru margir sem halda það að skipulagsstjóri hafi hafnað hinum og þessum framkvæmdum, en það hefur aldrei komið til þess.

Varðandi það að einkaaðilar geti lagt veg yfir gróið land að eigin geðþótta, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir

taldi að hugsanlega mætti skynja lesa úr 6. gr., þá er því til svara að samkvæmt 10. lið b í 2. viðauka á að tilkynna alla nýja vegi utan þéttbýlis á verndarsvæðum og svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Þannig yrði það í valdi skipulagsstjóra að meta hvort vegir á viðkvæmum svæðum ættu að fara í mat eða ekki. Ég tel því að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af vegalagningu þar sem vel er fyrir því séð með þessu ferli, þ.e. í 2. viðauka.

Um skógana má segja að þar gildi það sama. Skógar 40 hektarar og stærri og á verndarsvæðum eru tilkynningarskyldir samkvæmt 2. viðauka þannig að Suðurlandsskógar t.d., af því hv. þm. Margréti Frímannsdóttur spurði um þá, eru ekki matsskyldir samkvæmt gildandi lögum. Verði þetta frv. hins vegar að lögum þá er öll skógrækt yfir 40 hektara eða á verndarsvæðum tilkynningarskyld þannig að gengið er *mun lengra í þessu frv. en í núgildandi lögum.*

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði af hverju efnisatriði ákv. til brg. III hefðu ekki verið skoðuð fyrr. Þetta kom til umræðu í nefndinni en hún taldi ekki ástæðu til breytinga. Því var þetta ekki sett inn en við teljum eðlilegt að skoða þessi mál heildstætt miðað við það sem menn eru að gera erlendis. Hins vegar er ljóst að það eru afar mörg lög sem athuga þarf. Ef við breyttum þessu úrskurðarferli þá þyrfti að mínu mati að skoða nánast allt stjórnkerfið af því að í dag er ráðherra endanlegt stjórnvald í sínum málaflokki. Ef við ætlum að breyta t.d. því sem hér var talað um fyrr í dag, að ríkisstjórn eigi að ákveða sameiginlega hvort fara eigi í framkvæmd á grundvelli umhverfismats, þá er það ekki í anda stjórnsýslu okkar í dag af því að ríkisstjórn er ekki sameiginlegt vald. Ég vona að hv. þm. skilji hvað ég er að fara. Það eru því mörg lög sem þyrftu að koma til skoðunar ef við ætluðum að breyta ferlinu og það tæki langan tíma. Talið er að það tæki tvö ár.

Varðandi listann yfir það hvaða framkvæmdir gætu fallið undir bráðabirgðaákvæði I vil ég vísa til bráðabirgðaákvæðisins sjálfs. Þar stendur að umhvrh. úrskurði í hverju tilfelli fyrir sig hvort framkvæmdir hafi hafist fyrir árslok 2002. Þannig kæmi það til skoðunar í hverju einstöku tilfelli.

Síðan var spurt hvað hæstv. *ráðherra mundi leggja til* grundvallar við að meta hvenær framkvæmdir séu hafnar. Það er frekar erfitt að svara því en þyrfti væntanlega að skoða í hverju tilviki fyrir sig. Ég hef ekki svör um nein sérstök viðmið hér. Ég tel að það yrði erfitt að setja upp sérstök viðmið. Það verður að skoðast í hverju tilviki. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir telur að það hljóti að vera skelfileg staða fyrir hæstv. umhvrh. að þurfa að meta þetta. Ég tel svo ekki vera. Að sjálfsögðu verður einhver að meta þetta. Ég held að það sé ágætt að hæstv. umhvrh. geri það og mun ekki víla fyrir mér að gera það í framtíðinni, verði frv. samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted spurði um sólarlagsákvæði, hvort einhvers konar kröfur væru um það í tilskipun ESB. Svo er ekki. Það eru engar slíkar kröfur í tilskipun ESB. Við gætum þess vegna sleppt sólarlagsákvæðinu og látið þetta standa eins og það er í dag. En það viljum við ekki gera, við viljum hafa sólarlagskvæði.

Meginreglan er að lög eru ekki afturvirk. Meginreglan er að taka ekki af leyfi sem gefin hafa verið. En við ætlum samt að gera það. Við ætlum að taka leyfin af, ógilda þau leyfi sem menn telja sig hafa með réttu eða röngu, sem þyrfti að koma auðvitað til skoðunar, í árslok 2002 ef framkvæmdir hafa ekki verið hafnar. Okkur er hins vegar ekki skylt að gera það samkvæmt tilskipun ESB.

Hv. þm. spurði einnig um viðaukana, hvort við værum að breyta stöðu mála lagatæknilega með viðaukum sem við höfðum ekki áður. Við teljum upp hvaða framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum í lögunum sjálfum. Viðauki 2 er ekki í lagatexta í dag heldur í reglugerð. Við erum taka hann inn í lögin núna. Við erum því að ganga lengra en í lögunum í dag. Allir viðaukarnir eru hluti af lögunum þannig að við getum ekki breytt viðaukunum án þess að fara með það í gegnum þingið. Hins vegar var ákveðið að hafa viðauka af því að það er miklu skilmerkilegra og aðgengilegra fyrir almenning að skilja lögin og skynja hvað á að fara í mat, hvað ekki og hvað kemur til álita með því að setja það upp viðauka.

Hv. þm. spurði einnig hvort hæstv. umhvrh. ætlaði nokkuð í fleiri stríð við þjóðina. Ég tel ekki að hæstv. ráðherra hafi verið í stríði við þjóðina. Ég gæti spurt á móti til skemmtunar hvort hv. þm. Katrín Fjeldsted sé ekki í stríði við eigin þingflokk en ég ætla ekki að gera það neitt sérstaklega.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði í sambandi við skilgreiningu á umtalsverðum umhverfisáhrifum, hvort það væri í samræmi við tilskipunina. Svarið er: Já, við styðjumst við tilskipunina þó að það sé örugglega ekki endilega frá orði til orðs. En það er stuðst við tilskipunina.

Varðandi spurningar hv. þm. um þrengt gildissvið, að með einhverjum hætti sé verið að hindra skipulagsstjóra í að fara fram á mat, þá er það alls ekki þannig. Ég áttaði mig ekki á röksemdafærslu hv. þm. þar. Hins vegar er sjálfsagt að nefndin fari nákvæmlega yfir skilgreininguna á umtalsverðum umhverfisáhrifum. Það er alla vega ekki meiningin með lögunum að hindra skipulagsstjóra í að fara fram á mat. Ætlunin er alls ekki að þrengja gildissvið t.d. núverandi laga.

Einnig var spurt um vegina. Það er alveg ljóst að skylt er að tilkynna um alla vegi á viðkvæmum svæðum. Allir vegir eru tilkynningarskyldir ef þeir eru á viðkvæmum svæðum hversu stuttir sem þeir eiga að vera.

Virðulegi forseti. Þar sem tími minn er nú útrunninn vil ég ítreka að ég fagna umræðunni hér í dag þó að ég skynji að menn hafi deildar meiningar um ýmis atriði. En ég vænti þess að nefndin fari yfir þau atriði sérstaklega. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að þessi lög eru viðamikil og maður hefði svo sannarlega viljað hafa meiri tíma til að koma öllu til skila í upphafsræðu en svona *eru reglurnar sem gilda í þinginu.*

[17:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þegar ég spurði hvort umhvrh. hafi undirbúið það að þetta mál færi hratt í gegnum þingið, m.a. með því að vinna það með náttúruverndarsamtökum, þá dugir ekki að drögin hafi verið send til þeirra. Þeim drögum var breytt hjá umhvrn.

Ég ætla líka að nefna bráðabirgðaákvæðið. Gagnrýnin beinist að því að hafa ekki notað tímann, rúmt ár sem málið er búið að liggja í ráðuneytinu, til að breyta. En ef þetta var tveggja ára ákvæði þá skil ég náttúrlega að þetta verður ekki fyrr en að þremur árum eftir að frv. var skilað til umhvrn.

Það eru engin svör við því hvað lagt hefur verið til grundvallar við mat á því hvort framkvæmdir verði hafnar, það er óviðunandi ákvæði. Umhvn. verður að skoða og skilgreina hvaða virkjanaframkvæmdir er þar um að tefla.

[17:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi samráðið við náttúruverndarsamtök þá voru þau kölluð til fundar, eins og ég sagði hér áðan, bæði Landvernd og Náttúruverndarstamtök Íslands, og fengu drögin til umsagnar. Það er alveg rétt að drögunum hefur verið breytt enda er engin skylda að fara eftir þeim tillögum sem fram koma í athugasemdum, hvorki frá náttúruverndarsamtökum, þeim sem vilja virkja eða þeim sem vilja leggja vegi. Við tökum bara tillit til þeirra athugasemda sem koma og svo reynum svo að semja okkar frumvörp eftir bestu getu.

Um það hvenær framkvæmdir teljast hafnar og hvenær ekki þá er ég þeirrar skoðunar að afar erfitt sé að setja einhverjar sérstakar viðmiðanir þar. Ég held að það þurfi að skoðast í hverju einstöku tilfelli.

[17:06]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Þessi svör segja okkur að Alþingi verður að skoða frv. mjög vel. Það er því engin ástæða til að reka á eftir því að frv. fái hraða meðferð í gegnum þingið. Öll umfjöllun um bráðabirgðaákvæðið og virkjanaheimildirnar, sem eiga að fá að hanga inni í tvö til þrjú ár, jafnvel 50 ára gamlar, sýna að þetta ákvæði er fullkomlega óviðunandi. Það er ekki viðunandi að ráðherrann geti tekið einhverjar geðþóttaákvarðanir um hvort það að grafa einhvers staðar smáholu teljist byrjun á framkvæmdum. Þess vegna verður nefndin, væntanlega í samvinnu við ráðherrann, að reyna að setja einhver viðmið eða kröfur eins og ég hef komið inn á áður.

[17:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mín athugasemd við ræðu hæstv. umhvrh. lýtur að undanþáguákvæðinu. Ég ítreka, þar sem íslenska ríkisstjórnin sætir nú rannsókn fyrir Evrópudómstólnum, að það er engin undanþáguheimild í tilskipuninni sem heimilar að vikið sé frá kröfunni um mat á umhverfisáhrifum eftir að tilskipunin tók gildi og við höfum lögfest EES-samninginn. Það er alveg ljóst, herra forseti, að framkvæmdir í Evrópu hafa verið dæmdar í mat þó að þær hafi haft gömul leyfi. Þetta á hæstv. umhvrh. að vita og beygja sig undir.

En varðandi það sem hér hefur verið rætt, að skilgreina þurfi hvað er hafin framkvæmd, þá vil ég geta þess hér að í athugasemdum sem nefndinni sem samdi frv. bárust, m.a. frá Rarik, er þess getið og mikil áhersla lögð á að slík skilgreining þurfi að vera í lögunum og ekki sé eðlilegt að það sé geðþóttaákvörðun ráðherra hverju sinni.

[17:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Það er búið að kæra okkur á vettvangi Evrópusambandsins vegna Fljótsdalsvirkjunar vegna ágreinings um þetta undanþáguákvæði. Við höfum svarað þeim spurningum varðandi það sem til okkar í ráðuneytinu hafa komið. Hins vegar er alveg ljóst að aðalatriðið í þessu er að lög eru almennt ekki afturvirk.

Við fórum mjög nákvæmlega yfir þetta í umræðunni um Fljótsdalsvirkjun skömmu fyrir jól. Niðurstaða þingsins var í fyrsta lagi að hafna því að fara í lögformlegt umhverfismat, það var gert með meirihlutaákvörðun. Síðan var samþykkt að halda áfram með framkvæmdirnar sem hafnar eru. Það var gert með meiri þingstyrk en stjórnarflokkarnir hafa á bak við sig. Ég tel að það skýri mjög vel hver er vilji Alþingis í þessu máli.

[17:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. er afskaplega flinkur í að snúa málunum sér í hag og tönnlast á þessari ótrúlegu setningu, að lög séu ekki afturvirk.

Virðulegi forseti. Allir sem eru í þessum sal vita að lög eru ekki afturvirk. En deilan stendur ekki um það. Deilan stendur um það hvort undanþáguákvæði sem verið hefur í gildandi lögum og á nú að framlengja fram úr hófi til loka árs 2002 samrýmist EES-samningnum. Það er til skoðunar í útlöndum og hjá háum stofnunum. Það leysum við að sjálfsögðu ekki hér, herra forseti.

En að tönnlast á þeirri tuggu að lög séu ekki afturvirk er óþarfi. Það þarf ekki að segja það oftar í þessum ræðustól því að það vita allir hér inni.

[17:10]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þó að umhvrh. tönnlist á því, eins og það var orðað, að lög séu ekki afturvirk þá skiptir það öllu máli í þessu sambandi. Lögin eru almennt ekki afturvirk. Við höfum notað þau rök af því að þau gilda í þessu máli. Almennt er það þannig að þegar veitt er leyfi fyrir einhverju er það ekki tekið af nema með sérstökum lögum. Almenna reglan er ekki sú að lög séu afturvirk.

Þess vegna erum við núna að tala um sólarlagsákvæði til þess að taka leyfin af. Í frv. er ákvæði sem skýrir þetta fullkomlega. Núna erum við að taka leyfin af. Ef framkvæmdir eru ekki hafnar fyrir árslok 2002 þá verða leyfin ógild. Við segjum það hér mjög skýrt í lagatexta.

Aðalrökin í málinu eru að lög eru ekki afturvirk. Þetta verða menn að þola að heyra. Þó... (**RG:** Við erum að setja ný lög núna.) að þeim sé óljúft að heyra það þá er það aðalatriðið.

[17:12]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frammíkall hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þingflokksformanns Samfylkingarinnar, er nákvæmlega það sem málið snýst um. Við erum að setja hér lög núna. Við ætlum að setja ný lög um mat á umhverfisáhrifum og við ættum að vera búin að læra af þeirri umræðu sem verið hefur í vetur og hafa ekki slík undanþáguákvæði. Að láta þau gilda til 2002 er fráleitt.

Hv. umhvn. hlýtur að skoða þá kröfu hvort við fellum ekki úr gildi allar slíkar undanþágur. Nú gera allir framkvæmdaraðilar sér grein fyrir því að framkvæmdir sem hafa í för með sér meiri háttar röskun á umhverfinu, hvort sem er á náttúru eða byggð, verða ósköp einfaldlega að fara í mat á umhverfisáhrifum. Nú vita það allir og þarf ekki lengur að gefa mönnum neinar undanþágur.

[17:13]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Almenna reglan er sú að allar stórar framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum. Við höfum haft þá reglu núna hin síðustu ár.

Hér eru menn ekki að gefa einhverjar undanþágur, alls ekki. Það var gert fyrir löngu. Þær voru gefnar á sínum tíma með lögum frá 1993 af ríkisstjórninni þá og þinginu sem þá sat. Við erum ekki að gefa undanþágur.

Við erum hins vegar að taka af undanþágur. Við ætlum að taka þessar undanþágur af. Við ætlum að gefa frest til ársloka 2002. Við erum að taka leyfin af en ekki að gefa undanþágur

eins og hér er gefið í skyn. Við segjum í bráðabirgðaákvæði: Þær framkvæmdir sem hafa ekki hafist fyrir árslok 2002 þurfa að sæta lögum um mat á umhverfisáhrifum.

[17:14]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá tökum við þær af núna, ekki 2002 heldur núna. Viljinn er til staðar, heyrist mér, hjá hæstv. ráðherra að taka þær af og þá gerum við það núna.

En hvað varðar l-lið 3. gr. um neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu þá svaraði hæstv. ráðherra þar ekki rétt, finnst mér. Fyrir það fyrsta er þetta ekki í samræmi við tilskipunina. Það er ekki þannig. Það er hægt að segja að stuðst sé við einhver tvö, þrjú orð í þessari tilskipun. En í heildina er ekki stuðst við þá skilgreiningu sem þar er.

Markmiðið með matsferlinu er að meta hvort umhverfisáhrif á framkvæmd eru jákvæð eða neikvæð, hvort þau hafa góð eða slæm áhrif. Það er markmiðið með ferlinu. Það á ekki að setja það í hendurnar á skipulagsstjóra að hann þurfi eða einhver annar embættismaður að fara fyrst í eitthvert frummat og taka þessa ákvörðun. Allar meiri háttar framkvæmdir sem hafa í för með sér einhverjar breytingar á umhverfinu eiga að fara í þetta mat. Og það þarf ekkert frummat í þessum efnum.

[17:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það þarf ekkert frummat. Það er alveg rétt. Það er ekkert frummat og í þessum drögum að nýjum lögum erum við að falla frá gömlu aðferðinni þar sem var frummat og frekara mat. Við erum að fara í mat og ítarlegra mat. Við erum að fara í alveg nýtt kerfi.

Allar stærri framkvæmdir eiga að fara í mat. Það er skylda samkvæmt 1. viðauka. Í 2. viðauka eru aðrar framkvæmdir sem er meira matsatriði hvort eigi að fara í mat eða ekki. Skipulagsstjóri á að meta það og hann á að gera það með ákveðnum viðmiðunum sem koma fram í 3. viðauka. Hann getur metið að hitt og þetta fari í mat ef hann telur sig hafa forsendur til þess. Ef menn eru svo ekki ánægðir með að skipulagsstjóri krefst mats þá er hægt að kæra það til umhvrh.

Hér er um mjög gott ferli að ræða sem ég bind miklar vonir við.

[17:16]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að umhvrh. hafi aðeins misskilið það sem ég sagði. Ég átti ekki við að hún sérstaklega sem ráðherra væri í stríði við almenning. Ég var að tala um stjórnvöld almennt og það sem gerðist á Alþingi fyrir áramótin.

En úr því að ráðherrann „ekki spurði mig" hvort ég væri í stríði við þingflokkinn er best að ég svari því „ekki" til að með helming kjósenda Sjálfstfl. í Reykjavík mér að baki og eiðstaf um að fylgja sannfæringu minni sé þingflokkurinn alveg sáttur við mína málsmeðferð.

[17:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aftur vegna þess að hæstv. ráðherra fer eins og köttur í kringum heitan graut þegar um er að ræða l-lið 3. gr.

Hvaðan í veröldinni hefur hæstv. ráðherra þessi orð, óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif og að skipulagsstjóri, yfirmaður þessa málaflokks, undirmaður hæstv. ráðherra, skuli fara í að meta það? Og hvaðan í veröldinni hefur hæstv. ráðherra skilgreininguna á því hvað eru umtalsverð umhverfisáhrif, veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfi? Það er ekki í tilskipuninni sem er verið að vísa til. Menn eiga ekki að venja sig á að vera með tilvísanir í tilskipanir Evrópusambandsins og fara ekki rétt með. Þær tilskipanir sem hér um ræðir, þ.e. 85/337/EBE og 97/11/EB, fela ekki í sér þessi orð og þessa skilgreiningu á því hvað eru umtalsverð umhverfisáhrif. Þær gera það ekki.

Þegar vísað er í það í greinargerð með frv. að stuðst sé við tilskipun við skilgreiningu á þessu hugtaki, þá verður að gera það rétt. Ég spyr enn og aftur hæstv. ráðherra: Hvar í veröldinni eru til sambærileg lög um mat á umhverfisáhrifum, hjá einhverri þeirri þjóð sem við berum okkur saman við eða styðst við Evrópusambandsreglurnar? Hefur einhver þjóð þessa skilgreiningu? Engin. En ef hæstv. ráðherra hefur fundið hana þá vil ég gjarnan heyra það. Ég vil gjarnan fá sterkari rökstuðning fyrir þessari skilgreiningu vegna þess að hvernig sem á þetta er litið er þetta þrenging á gildissviðinu frá núgildandi lögum. Frv. þetta átti að vera til að styrkja mat á umhverfisáhrifum, styrkja löggjöfina og færa okkur nær þeim þjóðum sem við miðum okkur við og eigum samstarf við á sviði umhverfismála.

Við áttum að vera búin að vinna þetta verk fyrir einu ári. En núna er það að druslast hér inn. Lái mér það hver sem vill þó ég vilji, virðulegi forseti, fá að sjá að sú löggjöf sem búið er að leggja þessa miklu vinnu í, þetta frv. sem hér er, bæti um betur frá þeim lögum sem við höfum. En það gerir frv. ekki.

Eftir alla þá umræðu sem búin er að vera hér í vetur um Fljótsdalsvirkjun, um mat á umhverfisáhrifum sem menn hafa túlkað, togað og teygt eins og þeim sýnist, og hvernig við förum með bráðabirgðaákvæðin, hvort þau eru í gildi eða ekki, höfum við lært að við eigum að hafa þessi lög þegar þau koma héðan svo kýrskýr að ekki nokkur maður sem þarf að vinna eftir þeim, hvort sem um er að ræða framkvæmdaraðila, sveitarfélögin eða ríkisvaldið og ég tala nú ekki um hv. þingmenn, enginn má vera í vafa um hvert við erum að fara, hver meiningin er, hvert við stefnum.

Í gær héldum við upp á tíu ára afmæli umhvrn. Hjartanlega til hamingju, hæstv. ráðherra. Þetta er gjöf sem þjóðin á skilið eftir þá umræðu sem hér var í vetur og eftir það hvernig var farið með þjóðina þegar henni var skipt í tvær fylkingar og henni talin trú um að mat á umhverfisáhrifum væri nokkuð sem andstæðingar framkvæmda vildu, andstæðingar uppbyggingar atvinnu í landinu og andstæðingar þess að halda við byggð í öllu landinu

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki í gegnum aðra svona umræðu hér á hv. þingi. Ég ætla ekki að gera það. Og ég vil ekki að Alþingi leggi það á þjóðina að við förum í gegnum aðra slíka umræðu. Þess vegna skal það vera alveg kýrskýrt hvert við erum að fara og hvað við viljum. Engar undanþágur takk fyrir, engar undanþágur. Nú höfum við kjark til þess að standa ekki öðrum þjóðum að baki í þessum efnum. Og það þýðir ekkert að koma og segja að einhverjar mælingar erlendis hafi sýnt að við séum númer tvö, að hér sé búið að vinna svo vel að umhverfismálum að í mati á stöðu okkar séum við númer tvö meðal þjóðanna. Af hverju erum við það? Það er vegna þess að þegar reiknað er út þá vantar í staðlana allt umhverfið, þ.e. náttúruna. Það vantar inn í þetta mjög stóra þætti og þá m.a. hvernig við förum með náttúru okkar sem er á margan hátt einstæð í veröldinni. Það þarf að taka út heildarstöðuna. Það eru fréttir fyrir mig, virðulegi

forseti, ef við t.d. stöndum okkur það vel í sorpmálum og í frárennslismálum að við séum númer tvö í heiminum hvað það varðar. Það eru fréttir fyrir mig.

Ég var fyrir tveimur dögum austur á Höfn í Hornafirði. Framkvæmdir sem sveitarfélagið þarf að fara í til þess að vera löglegt t.d. í frárennslismálum kosta 300 milljónir. Hér hefur ekki verið mikil umræða um þennan bagga sveitarfélaganna eða úrræði.

Umfjöllun Alþingis um þetta frv. skal vera þannig þegar við klárum þetta mál — og þangað til skulum við halda því hér inni og ekki hleypa því út — að þegar við samþykkjum það þá sé það á máli sem almenningur skilur, upplýsingarnar um hvað það þýði liggi á hvers manns borði sem á að vinna eftir þessu þannig að enginn geti falið sig á bak við nein vafaatriði eða undanþáguákvæði. Þannig má það ekki vera. Þá fyrst getum við farið að bera höfuðið hátt.

En að veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu þýði það sama og umtalsverð umhverfisáhrif og að þetta eigi skipulagsstjóri að meta, það er ekki í lögum annarra þjóða.

Við skulum líka velta vel fyrir okkur þeim stærðarmörkum sem eru í viðaukunum, 10 km vegarspottum eða einhverjum öðrum stærðartakmörkunum sem þar eru á ýmsum framkvæmdum, þ.e. hvort það skuli fara í mat á umhverfisáhrifum eða ekki.

Virðulegi forseti. Það er mjög alvarlegt þegar umræða um mat á umhverfisáhrifum, sem er orðin viðurkennd aðferð alls staðar í heiminum og við tókum upp vegna þess að við erum aðilar að EES-samningnum — ekki vegna þess að til þess væri vilji heldur vegna þess að við vorum til þess neydd — þegar skilningurinn og umræðan er á þeim nótum sem hún hefur verið í vetur. Við látum það ekki yfir okkur ganga aftur. Við gerum það ekki og við látum engar framkvæmdir dúkka upp á tímabilinu 2000–2002 sem ekki er búið að segja frá en höfðu samt verið einhvers staðar í farvatninu og kannski hægt að taka fyrstu skóflustunguna eða senda ýtu á staðinn til að segja: „Framkvæmdin var hafin." Þetta er liðin tíð.

Það er erfitt að fara yfir málið en umhvn. treysti ég vel því og sem betur fer þarf þetta frv. ekki að fara til meiri hluta iðnn. Ég held að umhvn. eigi ein að fjalla um það, guði sé lof. Ég vona að þegar það kemur til 2. og 3. umr. þá sé búið að gera það þannig úr garði að við getum getum staðið keik eftir.

[17:26]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel engin sérstök efni til þess að æsa sig svona ægilega í þessum stól, en vera má að sumum öðrum finnist það.

En varðandi l-lið 3. gr. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir er að gera athugasemdir við, þ.e. um skilgreiningu á umtalsverðum umhverfisáhrifum, þá vil ég sérstaklega draga fram að nefndin sem endurskoðaði lögin, þar sem m.a. var fulltrúi Náttúruverndarráðs og ýmsir aðrir mætir aðilar, var með þessa skilgreiningu svona, þ.e. það var sagt: „veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif". Mér heyrist að hv. þm. sé aðallega að gera athugasemdir við orðin neikvæð umhverfisáhrif. Það var full samstaða í nefndinni um að hafa þetta svona. Hér er ekki um þrengingu að ræða. Það er ekki hægt að skilja þetta eins mér heyrist hv. þm. gera, að hér sé um einhverja þrengingu að ræða til þess að gera skipulagsstjóra erfitt fyrir að meta ákveðnar framkvæmdir og biðja um að ákveðnar framkvæmdir fari í mat.

Nefndin sem samdi frv. studdist við tilskipun Evrópusambandsins. Ég tel því að hér sé um einhvers konar misskilning að ræða. En það er eðlilegt að nefndin fari sérstaklega yfir þetta þar sem hv. þm. hefur verulegar áhyggjur af þessari skilgreiningu.

[17:28]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er þrenging. Nú get ég ekki borið um það hvort um það hafi verið samstaða í þessari nefnd að setja þessi orð inn. En mat á umhverfisáhrifum er til þess að skera úr um hvort áhrif framkvæmdar eru jákvæð eða neikvæð og kanna hvort koma þurfi í veg fyrir spjöll með mótvægisaðgerðum. Það er markmiðið með matsferlinu. Matsferlið sjálft á að skera úr um það.

Það er sagt að stuðst sé við skilgreiningu sem á að vera í tilskipun Evrópusambandsins. En ég þekki þá skilgreiningu og þetta er ekki þarna inni. Ég tel þarna vera um þrengingu að ræða. Þetta er ekki í lögum þeirra þjóða sem við erum að bera okkur saman við og ég efast um að þetta standist þá Evrópustaðla sem hafa verið settir um mat á umhverfisáhrifum. En ég tek undir og vona að nefndin kanni þetta sérstaklega vel.

Virðulegi forseti. Að síðustu langar mig til að ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra. Ég var svo heppin að sjá í gær markmiðslýsingu hæstv. ráðherra um starf ráðuneytisins næstu fjögur ár. Mér fannst hún mjög góð. En af því að hæstv. ráðherra svaraði því ekki áðan spyr ég hvort hún ætli að beita sér fyrir því að upplýsingum um innihald laga eins og þessara og annarra starfa sem eru unnin í umhvrn. verði komið mjög skýrt á framfæri við almenning í landinu.

[17:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel eðlilegt að almenningur hafi sem greiðastan aðgang að öllum lögum og því sem verið er að vinna í stjórnsýslunni.

En varðandi aðaldeilumálið hér, sem hv. þm. hefur dregið fram, þ.e. orðin í 3. gr. l-lið, „veruleg óafturkræf neikvæð umhverfisáhrif" eða orðin „neikvæð umhverfisáhrif" þá tel ég að þessi deila sé um keisarans skegg þar sem hér er um svo matskennt orð að ræða, þ.e. „neikvæð". Það er mjög matskennt orð. (Gripið fram í.) Já, það á vel við umhverfismat. En þá má alveg eins segja: Hvað mundi breytast þó að þetta orð væri ekki þarna? Það gæti nú verið hálferfitt að svara því.

En ég ítreka að hér er ekki verið að þrengja með nokkrum hætti að framkvæmdir fari í mat. Við byggjum á tilskipun Evrópusambandsins og nefndin sem samdi frv. upphaflega eða drögin var sammála um þessa skilgreiningu.

[17:31]

Útbýting þingskjala:

Kjör stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, 404. mál, fsp. JóhS, þskj. 662.

Lyfjalög og almannatryggingar, 401. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 659.

Meðferð einkamála, 403. mál, frv. GE o.fl., þskj. 661.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 407. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 665.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 405. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 663.

Veitinga- og gististaðir, 406. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 664.

Vestnorræna ráðið 1999, 388. mál, skýrsla ÍVN, þskj. 646.

[17:31]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Í umræðum og ræðu minni áðan lagði ég eina fyrirspurn fyrir hæstv. umhvrh. þar sem kemur fram í 19. gr. að umhvrh. setji að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar reglugerð á grundvelli þessara laga.

Ég tel mjög nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari því og láti það koma hér fram hvort drög að reglugerðinni geti legið fyrir áður en nefndin afgreiðir málið frá sér. Ég veit að mjög mörgum sem þurfa að vinna samkvæmt þessum lögum og reglugerðinni finnst skipta máli, og það skiptir líka máli fyrir nefndina, að vita hvernig útfærsla laganna muni verða af hálfu ráðuneytisins þegar þar að kemur. Að gefnu tilefni fer ég fram á svör við þessu, herra forseti.

[17:33]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að ég fékk þessa fyrirspurn en náði ekki að svara henni áðan. Ráðuneytið mun leitast við að reyna að hafa reglugerðina tilbúna þannig að hægt verði að skoða hana áður en lögin verða afgreidd héðan frá Alþingi. Ég vona að það takist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mælistuðlar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafla, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 378. mál. — Þskj. 635.

[17:34]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Við flytjum á þskj. 635 till. til þál. um endurskoðun mælistuðla í fiskveiðum. Flm. eru auk mín hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Sighvatur Björgvinsson og Lúðvík Bergvinsson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að láta Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins endurskoða mælistuðla sem nú eru notaðir við mat á þyngd sjávarafla og ígildi fiska af einni tegund í annarri í fiskveiðum íslenskra skipa og slægingu og vinnslu sjávarafla."

Í grg. kemur eftirfarandi fram:

„Mælistuðlar sem notaðir hafa verið við mat á þyngd sjávarafla og þorskígildisstuðlar sem notaðir eru við mat á gildi þorsks og annarra tegunda vegna meðferðar kvóta hafa oft verið gagnrýndir harkalega á opinberum vettvangi. Þessar viðmiðanir eru afar mikilvægar fyrir útgerðarmenn og fiskverkendur og mælistuðlarnir geta skipt sköpum hvað varðar samkeppni milli fiskvinnslu í landi og fiskvinnslu í fullvinnsluskipum. Þeir ráða miklu um það hvort afla er landað slægðum eða óslægðum og skipta miklu þegar útgerðaraðilar og fiskverkendur taka ákvarðanir um í hvaða vinnslu eða sölumeðferð fiskurinn fer hverju sinni. Þeir ákvarða gildi aflaheimilda sem útgerðir skiptast á um.

Það gefur augaleið að þegar reglur af þessu tagi eru settar er mjög mikilvægt að besta fáanleg þekking á áhrifum mismunandi meðferðar aflans sé til staðar. Slík þekking er ótvírætt til staðar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þess vegna er hér lagt til að stofnuninni verði falið þetta mikilvæga verkefni.

Komi í ljós að núgildandi reglur hafi mismunað aðilum í útgerð og fiskvinnslu skapast þannig tækifæri til að leiðrétta þá mismunun. Verði það hins vegar niðurstaðan að núgildandi stuðlar séu réttir ætti endurskoðunin að draga verulega úr tortryggni gagnvart gildandi reglum."

Þessi mál hafa verið í umræðunni æðilengi og alveg frá því að menn komu upp því kerfi sem við búum við um stjórn fiskveiða og oft hefur staðið mikil deila um hvort þessir mælistuðlar séu eðlilegir og endurspegli í raunveruleikanum hvað fiskurinn er þungur sem veiddur er og unninn er t.d. í fullvinnsluskipum. Og hefur kannski verið harðasta deilan þar. Síðan hafa líka oft staðið deilur um þá stuðla sem menn hafa notað í sambandi við að meta hve þungur fiskur er eftir því hvort hann er slægður eða óslægður.

Þetta skiptir óskaplega miklu máli því að verðmætin í fiski eru mjög mikil og ef þessir stuðlar eru ekki réttir er verið að mismuna og gera upp á milli útgerðarforma hvað varðar t.d. fullvinnsluskipin og önnur hvað varðar kvóta í mjög miklum mæli ef þessir stuðlar endurspegla ekki raunveruleikann eins og þeir eiga að gera. Ég tel að löngu tímabært sé að fram fari virkilega góð endurskoðun og að sú endurskoðun sé falin aðila sem allir geta treyst vel til þess. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er slíkur aðili.

Ég hef þá trú að mjög margir telji að samkeppnisaðstaðan sé mjög skekkt vegna þess að mælistuðlarnir séu rangir hvað varðar fullvinnsluskipin. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það, en ég held því hins vegar fram að það geti ekki verið til góðs að láta þessa deilu standa áfram og þess vegna er best að úr þessu verði skorið með vandaðri yfirferð og að menn leggi í það góða vinnu sem ekki verði vefengd eftir á að hafi verið unnin af færum aðilum sem hafa fulla þekkingu til að taka á þessu máli.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að þessu máli verði vísað til meðferðar í hv. sjútvn. og vonast til þess að það fái greiðan framgang í þinginu í vetur.

[17:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það mál sem hér um ræðir er eiginlega þrjú mál. Það varðar í fyrsta lagi, ef ég skil þetta rétt, þorskígildin. Um þau gilda þær reglur að miðað er við markaðsverð tegundanna og gildi tegundanna metið eftir markaðsvirði þeirra. Vegið er saman hversu mikils virði einstakar tegundir eru reiknað út frá þorskígildum. Þessi aðferð sem við höfum notað og lagt til grundvallar í mjög mörgu í fiskveiðistjórn okkar er tiltölulega einföld og þarf að vera samanburðarhæf frá einum tíma til annars. Ég hef ákveðnar efasemdir um að við bætum okkur mikið með því að endurskoða þá aðferð. Ef við gerum það getum við ekki lengur borið saman það sem áður var því þá erum við komin með óöruvísi útreiknuð þorskígildi. En ég held að það séu ákveðin takmörk á því að skoða þennan þátt sérstaklega.

Í öðru lagi er síðan um að ræða nýtinguna í vinnslunni og þá væntanlega sérstaklega um borð í vinnsluskipunum. Þar hefur átt sér stað töluvert mikil þróun á síðustu tveimur árum með auknu og virkara eftirliti Fiskistofu með vinnsluskipunum. Þar er síðan aftur um samanburðarfræði að ræða þar sem bornar eru saman prufur sem gerðar eru undir stöðluðum kringumstæðum og þegar skipin eru tekin út. Það er síðan borið saman við sýni sem tekin eru úr afla af handahófi og

reiknað út hvernig skipin standa sig í því að uppfylla þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Ef í ljós kemur að nýtingin er ekki eins og henni er ætlað að vera er skipunum refsað fyrir. Þessa vinna hefur verið í gangi á allra síðustu árum og er verið að þróa hana enn þá frekar og þessu til viðbótar er starfandi nefnd til að bera saman samkeppnisstöðu sjóvinnslu og landvinnslu. Einmitt þessi þáttur er væntanlega stór hluti af því starfi.

Þriðja atriðið er slægingarstuðlarnir. Þeim var breytt fyrir tveimur árum, ef ég man rétt. Þeir skipta auðvitað gríðarlega miklu máli og það fer þá bæði eftir árstíma og hvar menn eru staddir á fiskimiðunum hvert hið raunverulega hlutfall ætti að vera. Ég verð að viðurkenna að þetta er afar flókið mál og svolítið erfitt að átta sig á hvernig á að nálgast það. En Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur rannsakað þessi mál og til er sennilega þriggja ára gömul skýrsla um þetta efni. Ég er sannfærður um að bæta má þar úr og má eiginlega orða það þannig að þetta mál hafi legið á borðinu hjá mér í nokkurn tíma. En vegna þess hversu flókið það er hef ég ekki alveg áttað mig á því enn þá hvernig rétt er að nálgast það.

En ég tek undir með hv. flm. að þetta er mál sem þarf að skoða og getur skipt gríðarlega miklu máli, ekki bara fyrir vinnsluna í landi eða einstök skip heldur raunverulega fyrir fiskveiðistjórnina í heild.

[17:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft hinu þarfasta máli. Það er að nokkru leyti rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði að við erum að tala um þrjú atriði. En það er ekki hægt að fullyrða að þessi þrjú atriði séu alveg aðskilin. Ég held að þau séu nefnilega þó nokkuð nátengd innbyrðis og geti haft áhrif hvert á annað í því kerfi sem við erum með um stjórn fiskveiða þar sem þorskígildið er metið og notað í ýmsum viðskiptum eða í ýmsum skiptum. Það er notað í svokölluðum jöfnum skiptum þar sem menn telja að þeir séu að skipta á jöfnu verðgildi fisktegunda þar sem þorskurinn er einn og svo einhver önnur fisktegund mun hærri, eins og t.d. grálúðan nú um stundir þar sem hún er hærri en þorskurinn. Síðan getum við farið í aðrar tegundir sem eru miklum mun verðminni og eru undir margfeldisstuðlinum einum í skiptum. Þetta hlutfall nota menn til skipta á tegundum á milli sín, en það kemur líka inn á nýtingarstuðlana vegna þess að þegar menn eru að leggja mat á þessi skipti sín á milli er hver og einn útgerðarmaður að hugsa út frá sinni útgerð.

Sá sem gerir út frystiskip og lítur á nýtingarstuðlana þar um borð leggur þá með sér þegar hann metur hvort skiptin eru honum hagstæð eða ekki. Þar af leiðandi tengist nýtingarstuðullinn í raun viðskiptunum um þorskígildið. Þó að í hinni þröngu skilgreiningu sem ráðherrann lagði í þetta áðan megi segja að þorskígildisverðmætið sé metið á einhverju markaðsverði þá hefur það samt áhrif og hlýtur að hafa áhrif.

Sama má segja um slægingarstuðlana. Þeir hafa áhrif á þetta hvort tveggja, bæði nýtinguna og eins hvernig viðkomandi fisktegund telst inn í kvótann miðað við það hvort menn eru að landa slægðum eða óslægðum fiski. Þar af leiðandi hefur slægingarstuðullinn líka áhrif á þorskígildisstuðulinn þó að hann sé skilgreindur í lögunum eins og hann hafi ekki áhrif vegna þess að sá sem gerir út fiskiskip og landar óslægðum fiski metur það í hverju tilviki þegar hann á einhver skipti eða viðskipti hvernig þetta komi út fyrir hann, þ.e. miðað við að hann sé að landa óslægðum fiski.

Þrátt fyrir að ráðherrann hafi gert hér grein fyrir því að hér væri um þrjú nokkuð aðskilin atriði að ræða þá er það einfaldlega þannig að í kerfinu sjálfu tekur hver og einn mið af sínum staðreyndum og vinnur út frá því. Þannig hafa öll þessi atriði áhrif á þorskígildismatið þegar menn eiga viðskipti sín á milli, skipta á jöfnum tegundum eða hagræða með öðrum hætti.

Þessi þrjú atriði eru svo líka notuð þegar menn búa til sjálftökukvóta í gegnum tegundatilfærslur þar sem menn virkilega meta það hvað sé nú hagstæðast að taka inn af tegundum sem ekki hafa veiðst eða veiðast illa og í hvað sé hagstæðast að breyta. Þetta veit ég að ráðherrann veit allt saman. Þó að hann hafi talað um að þetta væru þrjú aðskilin atriði þá er það alls ekki svo. Ég held að hér sé hreyft mjög þörfu máli sem er kannski flóknara en þessi litla tillögugrein ber með sér.

[17:47]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka bæði hæstv. ráðherra og hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að taka undir það sem kemur fram í tillögunni. Ég held að útskýringar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar á því hvernig þetta tengist allt saman hafi ekki verið hægt að setja fram betur, enda þekkir hv. þm. þetta mál betur en flestir aðrir eða allir. Ég tel fulla ástæðu til þess að hæstv. ráðherra leggi okkur lið í því að þetta mál verði afgreitt frá nefndinni og þá með því að koma til hennar þeim hugmyndum sem hann hefur á sínu borði til viðbótar því að augu sjá betur en auga og ýmislegt getur vantað til þess að menn komist að sem allra bestri niðurstöðu í þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að þakka fyrir undirtektirnar og vona sannarlega að í framhaldi af þeim fái málið framgang á hv. Alþingi.

[17:49]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 408. mál, frv. MF o.fl., þskj. 666.

Löggæsla í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi, 411. mál, fsp. SJóh, þskj. 669.

Skattar, tollar og gjöld af barnavörum, 410. mál, fsp. BH, þskj. 668.

Undanþágur frá greiðslu fasteignaskatta og gatnagerðargjalda, 412. mál, fsp. KLM, þskj. 670.

Úrbætur á aðstöðu öldrunardeildarinnar Ljósheima á Selfossi, 409. mál, fsp. MF, þskj. 667.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Reglur um sölu áfengis, frh. fyrri umr.

Þáltill. LB o.fl., 149. mál. — Þskj. 170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:52]

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bætt staða þolenda kynferðisafbrota, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 174. mál. — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Réttarstaða örorku- og ellilífeyrisþega, frh. fyrri umr.

Þáltill. GIG og GAK, 259. mál. — Þskj. 329.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Aukin fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli, frh. fyrri umr.

Þáltill. HErl, 358. mál. — Þskj. 612.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). — Þskj. 330.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 386. mál. — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 8.–21. mál.

Fundi slitið kl. 17:56.

72. FUNDUR

mánudaginn 6. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra sk. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 193. mál, þskj. 225. — 1. umr.
4. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
5. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 312. mál, þskj. 562. — Fyrri umr.
6. Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, þáltill., 320. mál, þskj. 570. — Frh. fyrri umr.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frv., 357. mál, þskj. 610. — 1. umr.
8. Náttúruvernd, frv., 379. mál, þskj. 636. — 1. umr.
9. Vernd votlendis, þáltill., 389. mál, þskj. 647. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi bréf. Hið fyrsta er dagsett 3. mars 2000 og hljóðar svo:

„Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að óska þess að 3. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Suðurl., Guðjón Sigurjónsson héraðsdómslögmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. og 2. varaþingmanns.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Lúðvík Bergvinsson, 3. þm. Suðurl."

Annað bréf er dagsett 6. mars árið 2000 og hljóðar svo:

„Undirrituð getur vegna anna ekki tekið sæti fyrir Lúðvík Bergvinsson nú í fjarveru hans.

Katrín Andrésdóttir."

Loks er þriðja bréf, dagsett 3. mars 2000, og hljóðar svo:

„Vegna persónulegra aðstæðna get ég undirritaður ekki tekið sæti á Alþingi mánudaginn 6. mars 2000 í forföllum Lúðvíks Bergvinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar á Suðurlandi.

Björgvin G. Sigurðsson."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Guðjóni Sigurjónssyni sem er 3. varamaður á lista Samfylkingar í Suðurlandskjördæmi. Jafnframt hélt kjörbréfanefnd fund áður en þingfundur hófst til þess að fjalla um kjörbréfið.

[15:01]

Frsm. kjörbréfanefndar (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á fundi kjörbréfanefndar í dag var farið yfir kjörbréf Guðjóns Sigurjónssonar, 3. varaþingmanns Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi. Ekki voru gerðar athugasemdir við kjörbréfið og er nefndin einhuga um að mæla með samþykkt þess.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfið verði samþykkt og lít ég svo á að það sé samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Guðjóns Sigurjónssonar samþ. án atkvgr.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Guðjón Sigurjónsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Guðjón Sigurjónsson, 6. þm. Suðurlands, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Guðjón Sigurjónsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Evrópuráðsþingið 1999, 415. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, þskj. 676.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 418. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 681.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 397. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 655.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1999, 414. mál, skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, þskj. 675.

Húsgöngu og fjarsölusamningar, 421. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 684.

NATO-þingið 1999, 416. mál, skýrsla Íslandsdeildar NATO-þingsins, þskj. 677.

Nefnd um innlenda orkugjafa, 301. mál, svar iðnrh., þskj. 671.

Réttindagæsla fatlaðra, 419. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 682.

Tóbaksvarnir, 310. mál, svar heilbrrh., þskj. 638.

Útgáfa diplómatískra vegabréfa, 351. mál, svar utanrrh., þskj. 673.

Úttekt á aðstöðu til hestamennsku, 402. mál, þáltill. JHall o.fl., þskj. 660.

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, 420. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 683.

VES-þingið 1999, 387. mál, skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins, þskj. 645.

ÖSE-þingið 1999, 413. mál, skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, þskj. 674.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga.

[15:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég spyr hæstv. forsrh. hvaða áform séu uppi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hvers þingið megi vænta að fá til umfjöllunar í tengslum við kjarasamninga sem standa fyrir dyrum, bæði núna þessar vikurnar og einnig síðar á árinu.

Eru áform um að hækka skattleysismörk og að sjá til þess að þau fylgi lágmarks umsaminni launaþróun?

Verður stuðningur við barnafólk aukinn eins og margoft var lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, einkum Framsfl., fyrir síðustu kosningar?

Verða bætur til elli- og örorkulífeyrisþega hækkaðar í samræmi við hækkun lægstu launa og þessum hópum bætt sú skerðing sem þeir hafa orðið fyrir á liðnum árum?

Eru önnur áform uppi, áform sem ríma við áherslur samtaka launafólks og reyndar stjórnarandstöðunnar einnig og stjórnarsinna varðandi stuðning við fólk í húsnæðisleit? Horfi ég þar sérstaklega til húsaleigubóta.

Hvaða tillögur eru uppi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við komandi kjarasamninga?

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var hugsun ríkisstjórnarinnar að nú við upphaf kjarasamninga væri heppilegast og hollast að ríkið héldi sig eins mikið til hlés og mögulegt væri og aðilar vinnumarkaðarins mundu sjálfir varða þá braut sem kjarasamningarnir mundu fylgja. Eins og kunnugt er höfum við, fjórir ráðherrar, átt fundi með forustumönnum Alþýðusambandsins að beiðni þeirra vegna þeirrar samningalotu sem er nú hafin. Þar var óskað eftir því af hálfu Alþýðusambandsins að ríkisvaldið hefði ákveðinn atbeina að því að skapa grunn fyrir kjarasamningum. Við lýstum því yfir þá, þeir ráðherrar sem þá sátu af hálfu ríkisstjórnarinnar, að við vildum taka þátt í því að fara yfir þau mál þrátt fyrir þá stefnu sem við höfðum áður markað varðandi afskipti ríkisins. Við höfum því nú að undanförnu skoðað hvernig ríkið gæti komið að málinu og þá í tengslum við skattalagabreytingar.

Ég tel ekki efni til að fara út í einstaka þætti en get þó sagt að þeir þættir sem hv. þm. nefndi, a.m.k. flestir hverjir, hafa verið til athugunar af hálfu þessara ráðherra.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Það er mikilvæg yfirlýsing sem hann hefur gefið um að ríkisstjórnin hyggist koma til móts við kröfur launafólks. En ég vek athygli þingheims á því að þær kröfur sem eru til umfjöllunar fjalla í reynd ekki um kjarabætur heldur er verið að reyna að koma í veg fyrir frekari kjaraskerðingu. Ef skattleysismörk hefðu fylgt lánskjaravísitölu frá 1988 eins og stóð til að gera og skattprósenta væri sú sama nú og var þá, þá væru skattleysismörkin 88 þús. kr. en ekki 64.916 eins og nú er hjá þeim sem greiða í lífeyrissjóð, 62.320 kr. fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Kröfur um stuðning við barnafólk byggja ekki á kröfunni um að bæta þessa stöðu heldur koma í veg fyrir skerðingu og fá til baka það sem ríkisvaldið hefur tekið á liðnum árum. Í upphafi síðasta áratugar var stuðningur við barnafólk 1,21% af landsframleiðslu. Núna er hann 0,6% af landsframleiðslu og enn stendur til að skerða þessi kjör.

Fákeppni í sölu matvöru og stöðugleiki í efnahagsmálum.

[15:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. sem fer með yfirstjórn efnahagsmála í landinu. Aukin verðbólga á síðustu missirum hefur valdið mörgum áhyggjum og það er hvort tveggja að framfærslukostnaður heimila í landinu hefur hækkað en einnig er stöðugleika í hagkerfinu stefnt í hættu. Gegn þessum verðhækkunum hefur verið beint hefðbundnum hagstjórnartækjum, svo sem vaxtahækkunum, en það virðist ekki hafa borið mikinn árangur enn sem komið er. Hins vegar vekur ugg að drjúgur hluti af þessari verðbólgu gæti stafað af verðsamráði eða fákeppni í matvöruverslun hérlendis. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum og Þjóðhagsstofnum hækkaði smásöluverð á innfluttum matar- og drykkjarvörum um 7,8% á síðastliðnu ári og á sama tíma lækkaði meðalverð á innfluttum matar- og drykkjarvörum til dreifingaraðila hérlendis um 2%, þ.e. á tímabilinu janúar til nóvember, miðað við sama tíma frá árinu áður. Forsrh. hefur sjálfur lýst opinberlega áhyggjum af þeirri stöðu sem komin er upp. Mun hann sem æðsti yfirmaður efnahagsmála beita sér fyrir því að fram fari rannsókn á því hvort stórmarkaðsrisar hérlendis hafi misbeitt markaðsaðstöðu sinni og hvort það geti verið ein sök á þessum óeðlilegu og miklu verðhækkunum? Sé ekki svo, hverjar séu þá ástæðurnar fyrir þessum miklu verðhækkunum? Enn fremur, herra forseti, leyfi ég mér að beina því til hæstv. forsrh. hvort hann muni beita sér fyrir aðgerðum til að hindra þá einokun sem komin er upp í matvöruverslun hérlendis og efla á ný eðlilega samkeppni í vöruverði og gæðum og vöru og þjónustu matvöruverslana.

[15:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fyrst út af því sem hv. þm. nefndi þá held ég að það sé merki þess að vissir þættir í verðbólgunni hafi farið hjaðnandi eins og við sáum við síðustu mælingu en við höfum hins vegar varað við að björninn er ekki unninn. Enn þá er töluverð hætta í spilunum. Við vitum reyndar líka að stór hluti af verðhækkunum hefur stafað af utanaðkomandi ástæðum sem er hæsta verð á olíuvörum sem við höfum búið við um langa hríð. Einnig hið þriðja, sem hv. þm. nefndi,

ég vakti athygli á því á haustdögum að það færi ekki á milli mála að það væru aukin samráð og minni samkeppni á matvörumarkaði. Þessu var heldur fálega tekið og illa tekið af hálfu þeirra aðila sem í hlut áttu. En þær tölur sem við horfðum á eru þess eðlis að þær þurfa engra rannsókna við. Þegar það gerist á sama tíma að verð á matvörum erlendis fer lækkandi og gengið hérlendis fer hækkandi ætti það að leiða til lækkunar verðs á erlendum vörum hér á landi, en þegar það gerist á sama tíma að þetta verð hækkar um 4–6% þá er eitthvað óeðlilegt að gerast. Ég vakti reyndar athygli á litlu dæmi í kringum verslunarmannahelgina í fyrra en þá voru skyndilega engin tilboð auglýst, engin barátta af hálfu verslana um kúnnana. Það segir mér að þarna sé verslunin farin að færast óeðlilega mikið á fáar hendur og menn séu í óðri önn að notfæra sér það. Það er afar þýðingarmikið að fólk átti sig á þessu. Það er það sterkasta en jafnframt tel ég og hef talið að samkeppnislög þyrftu að vera þannig úr garði gerð að menn geti brugðist við slíku en samkeppnislög hafa verið túlkuð þannig fram að þessu að þar sem aðilar hafa komið sér upp ráðandi stöðu sé ekki hægt að grípa inn í málið. Það er eingöngu á vegleiðinni þangað sem samkeppnisyfirvöld telja sig hafa atbeina að slíkum málum.

[15:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hann skuli taka undir þetta eins og hann hefur reyndar gert áður opinberlega. Ég tel málið vera stóralvarlegt.

Eins og hæstv. forsrh. sagði sjálfur áðan hefur gengi íslensku krónunnar hækkað, gengi evrunnar, sem er aðalviðskiptamynt okkar, hefur lækkað verulega, kannski milli 10 og 20% á síðasta ári. Það hefði átt að leiða til lækkunar vöruverðs en svo varð ekki. Ég tel því að hér sé þegar í stað þörf beinna aðgerða. Þetta má ekki viðgangast svona.

Ef fákeppni mundi valda erlendis slíku verðsamráði og verðhækkunum, sem við stöndum frammi fyrir, yrði gripið til rannsókna og alvarlegra aðgerða. Neytendur eru berskjaldaðir í matvöruverslun hérlendis vegna fákeppni. Öll matvöruverslun landsins er komin á eina, tvær eða í hæsta lagi þrjár hendur.

Jöfnun námskostnaðar.

[15:15]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Nú í kjölfar þess að dreifbýlisstyrkjum hefur verið úthlutað hefur eins og stundum áður hafist umræða um réttlæti laganna. Mest er gagnrýnin á að skilyrði styrkveitingar sé að ekki sé unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan.

Í skýrslu menntmrh. til Alþingis um nýja skólastefnu frá 122. þingi segir að með nýrri aðalnámskrá eigi að leitast við að tryggja að hver einstaklingur geti fundið nám við hæfi innan framhaldsskólans. Námið á að vera samfelldara, markvissara og sérhæfðara en áður.

En í þessari sömu skýrslu segir einnig, með leyfi forseta, og nú vitna ég beint í skýrsluna:

„Nemendur geta í auknum mæli valið á milli framhaldsskóla en verða ekki lengur eins bundnir við að fara í þann skóla sem næst þeim er. Litið verður á landið sem einn námsmarkað ...“

Framhaldsskólar bjóða afar mismunandi þjónustu. Ungt fólk vill geta valið og farið í skóla þar sem veitt er þjónusta við þeirra hæfi og annars konar námstilhögun en í svokölluðum heimaskóla þó teygja megi og túlka yfir í sambærilegt nám. Og það telur sig líka hafa fengið þau skilaboð frá m.a. hæstv. menntmrh. að slíkt eigi að vera hægt en kemur þá sannarlega á óvart vistarbandið nýja sem felst í því að ef annar skóli en heimaskóli er valinn þá fæst enginn dreifbýlisstyrkur.

Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort fyrirhuguð sé endurskoðun á lögunum um jöfnun námskostnaðar til að samræma þau yfirlýsingum eins og þeim að nemendur geti í auknum mæli valið á milli framhaldsskóla en verði ekki lengur eins bundnir við það að fara í þann skóla sem næstur þeim er og að litið verði á landið sem einn námsmarkað.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessir styrkir hafa hækkað um rúmlega 200% á fjórum árum og hefur orðið gjörbreyting á hvað varðar fjárhæðirnar sem úthlutað er. Einnig er að verða mikil breyting á framhaldsskólastiginu með nýjum námskrám og nýrri skipan, auknum möguleikum til fjarnáms og fjarkennslu. Ég hef hug á því að þessar reglur verði endurskoðaðar og að unnið verði að því að þróa þær í samræmi við breyttar kröfur svo að styrkurinn nýtist sem best fyrir þá nemendur sem þurfa á honum að halda.

[15:18]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og fagna því að hann hyggst láta fara fram endurskoðun á þessum lögum.

Það er alveg rétt sem kemur fram hjá honum að þó nokkrar breytingar eru að verða á framhaldsskólastiginu nú með nýjum lögum og nauðsynlegt að mæta þeim með því að endurskoða þá jafnframt þau lög sem um ræðir, lögin um jöfnun námskostnaðar, til að nemendur geti nýtt sér þá valkosti sem uppi verða.

Úthlutun listamannalauna.

[15:19]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fyrr á þessu þingi fékk ég skrifleg svör frá hæstv. menntmrh. við nokkrum spurningum mínum um úthlutun listamannalauna og ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau ágætu svör. Í þeim svörum er margt sem vekur athygli. Þar eru m.a. taldir upp þeir listamenn sem listamannalauna njóta og jafnframt þeir sem var hafnað.

Svörin vekja margar spurningar. Ég vil þó taka það fram hér í upphafi að mér er kunnugt um að hvorki menntmrh. né menntmrn. hafa nokkur afskipti af þessari úthlutun heldur þar til skipaðar nefndir. Hins vegar er um mikið fé að ræða og ég efast heldur ekki um að úthlutunarnefndir útdeila af mikilli samviskusemi og bestu þekkingu og vitund.

En það er líka rétt, herra forseti, að hafa í huga að hér er um mikið framsal af hálfu Alþingis að ræða. Það er vandmeðfarið mál hverjir eiga að fá listamannalaun og hverjir ekki. Hvenær er listamaður verður launa sinna? Hvaða mælistika er notuð? Hefur hv. Alþingi sent einhver slík boð frá sér? Er það vinskapur? Hvað gildir um menntun eða listformið

sjálft? Hversu lengi á listamaður að vera á launum? Á að afkastatengja það með einhverju móti? Hvað um búsetu? Hvað með möguleika á endurnýjun, þ.e. fyrir unga listamenn sem eru að hasla sér völl í listgrein sinni? Þannig má áfram telja.

Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt og mun ugglaust alltaf verða gagnrýnt meðan fleiri vilja en fá. En ég vek athygli á því, herra forseti, að hér er um mikið framsal Alþingis að ræða og það er því spurning mín til hæstv. menntmrh. hvort hann telji æskilegt eða hann muni beita sér fyrir því að hv. Alþingi sendi a.m.k einhverja mælistiku frá sér til þeirra sem annast úthlutun.

[15:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurningin er hvort ég muni beita mér fyrir því að Alþingi setji einhverjar mælistikur fyrir úthlutunarnefndir í slíkum tilvikum. Í sjálfu sér þarf ekki atbeina ráðherra að því ef Alþingi vill setja einhverjar nýjar mælistikur. Það geta menn gert án þess að ráðherrar skipti sér af því.

Sú skipan sem nú gildir var tekin upp vegna þess að menn vildu ekki hafa það fyrirkomulag sem var þar sem Alþingi kaus menn til að úthluta þessum styrkjum og þá var þetta fyrirkomulag tekið upp. Það var fært í hendurnar á listamönnunum sjálfum, félögum þeirra, að tilnefna menn í úthlutunarnefndir og síðan taka þær nefndir ákvarðanir um skiptingu þess fjár sem Alþingi ákveður hverju sinni. Mjög lengi, í mörg ár var gagnrýnt að listamannalaun væru veitt af kjörnum fulltrúum Alþingis. Síðan var þessi skipan tekin upp af Alþingi sjálfu.

Ef Alþingi telur nauðsynlegt í ljósi m.a. þeirra svara sem ég gaf hv. þm., að huga að sérstökum mælistikum sem það vill setja um þetta efni, þá er það ekki frumkvæði ráðherra sem þar þarf að koma til heldur frumkvæði einstakra alþingismanna og umræður á þinginu um slíkar mælistikur.

Ég vil vekja athygli á því að Alþingi hefur líka með stjórnsýslulögum sett þær reglur að menn þurfa ekki að rökstyðja slíkar ákvarðanir eins og ýmsar aðrar ákvarðanir sem teknar eru af framkvæmdarvaldinu eða fulltrúum þess. Alþingi hefur því líka mótað þær reglur um þetta að ekki er hægt að óska eftir því að menn rökstyðji það sérstaklega hvers vegna þessi listamaðurinn fékk styrk en ekki einhver annar. Þetta hefur Alþingi ákveðið. Þetta er því í höndum Alþingis og hv. fyrirspyrjandi er þingmaður eins og ég og hann hefur sama frumkvæðisrétt í þessu og ég.

[15:23]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og hef í sjálfu sér litlu við þau að bæta. Hæstv. menntmrh. er ráðherra menningarmála einnig og ég ítreka þakklæti fyrir afstöðu hans til málsins. Ég tel hins vegar afskaplega mikilvægt að hv. Alþingi fjalli um þetta.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að hv. Alþingi á ekki að vera í hinni eiginlegu úthlutun. En ég tel mikilvægt að Alþingi sendi a.m.k. frá sér einhver skilaboð á þeim nótum sem ég nefndi í aðdraganda fyrirspurnar minnar, svo sem hversu lengi menn skuli vera á listamannalaunum, hvað með einstök listform, hvort tengja eigi launin afköstum, endurnýjun, þ.e. gagnvart ungum listamönnum o.s.frv.

Ýmis nöfn sem ekki hafa hlotið náð vekja auðvitað athygli. Það er ekki á færi stjórnmálamanna að taka ákvörðun um einstök slík nöfn en mikilvægt að koma skilaboðum sínum á framfæri.

Hrossaútflutningur.

[15:25]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. landbrh. og vil byrja á því að nefna að í góðu ávarpi sem hæstv. ráðherra flutti við setningu búnaðarþings í gær komst hann svo að orði að dýravernd verði að vera í hávegum höfð í íslenskum landbúnaði.

Ég fagna þeim ummælum sem sýna vilja og stefnu ráðherrans. En að gefnu tilefni spyr ég hæstv. ráðherra hvað hann ætli að gera vegna útflutnings íslenskra hrossa þar sem sýnt hefur verið fram á að 50–90% allra íslenskra hrossa eru mjög kvalin og illa haldin af exemi í flestum löndum sem við seljum hross til. Ég velti því fyrir mér hvort til greina komi að stöðva útflutninginn tímabundið. Ég velti því líka fyrir mér hver árangurinn hafi orðið af rannsóknum í Bændaskólanum á Hólum á orsökum hrossaexemsins, og ég spyr: Telur hæstv. ráðherra að unnt sé að framkvæma þessar rannsóknir við þær aðstæður þar sem ekkert exem myndast vegna loftslagskulda, þ.e. á Íslandi?

Herra forseti. Ég sé mikla ástæðu til að spyrja um þetta mál vegna þess að í hólfum allra þingmanna liggur minnisblað sem er, ef rétt er með farið, mjög alvarlegs eðlis. Ég tel ástæðu til að fara yfir þetta mál eins og það liggur fyrir áður en til greina kemur að erlend dýraverndunarsamtök beini sér gegn útflutningi íslenska hestsins vegna þessa vandamáls.

[15:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Mér finnst mjög varhugavert þegar menn fullyrða 50–90%. Við erum með mikinn atvinnuveg sem hestamennskan er og exemið er heilmikið vandamál og það snýr auðvitað að dýravernd. En það liggur líka ábyrgð hjá þeim sem kaupa hest. Það er t.d. ljóst að þegar helmingur þeirra sem hér í þessum þingsal sitja fer á sólarströnd kemur fluguskratti og bítur þá og það veldur kláða og ónæði með slæmum afleiðingum. Nú hefur það verið gert á vegum Félags hrossabænda að upplýsa þá sem kaupa hestana að það er líka á þeirra ábyrgð að fara vel með þá, eins og við gerum gagnvart okkur á sólarströndinni, fyrstu vikurnar.

En ég tek undir með hv. þm. að hér er mikið vandamál á ferðinni sem ber að fara í rannsóknir á. Í Framleiðnisjóði hafa verið lagðir til hliðar miklir peningar til að ganga í það vísindalega verk að reyna að finna mótefni gegn þessu biti þannig að það verði ekki til staðar, kannski bóluefni og að öll hross sem fara úr landinu verði bólusett. En þetta er auðvitað langtímaverkefni.

Það er verið að gera upp á milli tveggja umsókna og verkefnið í mínu ráðuneyti er hjá yfirdýralækni. Ég tel mjög mikilvægt að farið verði í þetta verkefni sem allra fyrst og að þessir peningar verði nýttir. Ég lít á þetta verkefni eins og að grafa skurð. Það þarf að hefja gröftinn og ráðast að meinsemdinni. Vonandi tekst samkomulag um það á næstu vikum hverjir fái þetta verkefni. Ég held að það þurfi að vinna þetta bæði hér heima og erlendis og mikill áhugi færustu vísindamanna á sviði ónæmisaðgerða bæði hér heima og erlendis er til að taka á þessu máli með okkur. (Forseti hringir.)

Við skulum, hæstv. forseti, ekki hræða atvinnugreinina um of.

[15:29]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin, en því var ekki svarað hvort til greina kæmi að stöðva útflutning tímabundið og ekki var því heldur svarað hver árangurinn væri af rannsóknum sem í gangi hafa verið á Hólum. Ég lýsi því yfir, eins og hæstv. landbrh., að hef ég fulla samúð með þessari starfsgrein. En við skulum gæta okkur á því að eyðileggja hana ekki heiman frá með því að leiða bókstaflega yfir skepnurnar það sem ég bendi hér á, herra forseti, á minnisblaði sem var í hólfum allra þingmanna. Ef það er rétt sem þar stendur, þá eru menn bókstaflega á villigötum í þessu máli og ég tel að nauðsynlegt sé að taka á þessu og ég fagna því að rannsókn verður látin fara fram, bæði erlendis og innan lands á þessum málum og það sem fyrst.

[15:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það kemur ekki til greina að stöðva útflutning á hestum. Það eru örfá svæði þar sem þetta er verst í þessum efnum og ég hygg að þeir séu ekki keyptir þar. En það þjónar mjög hagsmunum erlendra aðila að íslenskur þingmaður tali hér á þessum nótum (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) því það er ráðist á greinina með þessum hætti erlendis frá af aðilum sem vilja okkur út af markaðnum, (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) vilja taka af okkur frumkvæðið hvað íslenska hestinn varðar. En það er fullur vilji til þess að ráðast að þessu mikla verkefni. Íslenskur vísindaheimur hefur mjög verið að styrkjast. Ég hygg að fáar þjóðir eigi jafnfært fólk og við í vísindaheiminum. Það er mikil framsókn í vísindaheiminum á Íslandi sem mun gera það að verkum að við munum ráðast að þessu verkefni.

Hvað Hóla varðar þá hefur þar verið unnið ágætt starf í þessu. Ég vona að ég geti átt gott samstarf bæði við landbn. og þingmenn á Alþingi Íslendinga um að ráðast að þessu mikla verkefni, þ.e. að koma í veg fyrir að exemið hrjái okkar hestakyn.

[15:32]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það voru býsna alvarleg orð sögð úr þessum stóli, þ.e. að sá sem hér stendur, Gísli Einarsson þingmaður, væri að ráðast gegn útflutningi íslenska hestsins. Þetta er rangt. Ég er að reyna að vinna því þann grunn sem til þarf svo að unnt sé að standa að þessari grein þannig að ekki sé verið að bera út óhróður um íslenska útflytjendur. Það er alrangt sem hæstv. landbrh. ber hér á borð að sá sem hér talar sé að vinna gegn bæði íslenska hestinum og þeim sem standa að útflutningi.

Ég þekki mjög vel stöðu þeirra sem vinna í þessari grein og vil þeim allt hið besta. Ég mælist til þess að hæstv. landbrh. dragi til baka þau ummæli að undirritaður sé að vinna gegn atvinnugreininni.

[15:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan að það þjónaði hagsmunum ákveðinna erlendra aðila að talað væri með þessum hætti í þinginu. Hv. þm. er nú einhver vænsti krati sem ég hef hitt og á alls ekki skilið að að honum sé veist því að það má hann eiga fram yfir marga aðra menn að hann sýnir landbúnaðinum mikinn áhuga. Ég mundi segja að hann hefði gullið hjarta hvað það varðar þannig að ég vil ekki væna hann um slæmar sakir. En stundum leyfa menn sér í ræðustól Alþingis að gá ekki að því á hvaða vettvangi þeir eru. Það sem sagt er hér getur verið komið út í heim á næsta augnabliki og sá hv. þm. sem talar og þjónar erlendum hagsmunum með því að tala eins og hv. þm. gerði getur orðið frægur í Þýskalandi áður en varir.

En ég ber fyllsta traust til hv. þm. hvað landbúnaðarmál varðar og veit að ég muni eiga gott samstarf við hann. En við gröfum skurðinn, ráðumst að verkefninu og vinnum bug á þessu vandamáli.

Starfsemi Barnahúss.

[15:34]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Barnahús hefur verið starfrækt í rúmt ár sem samstarfsvettvangur þeirra sem vinna á vegum dóms- og barnaverndaryfirvalda að rannsókn og meðferð vegna meintra kynferðisafbrota gegn börnum. Við stofnun þess var samræmt hlutverk barnaverndarnefnda, lögreglu, lækna og saksóknara við könnun, rannsókn og úrlausn mála. Lögð er áhersla á að barn þurfi ekki að gefa endurtekna skýrslu af meintu ofbeldi og í framhaldi af skýrslutöku hafa börnin átt kost á viðeigandi meðferð. Þetta hefur að mati allflestra þeirra sem að málefnum barna vinna reynst vel og hefur starfsemi hússins vakið athygli víða.

Breytingar á lögum um meðferð opinberra mála hafa haft í för með sér að starfsemi hússins hefur dregist verulega saman og er það ekki notað í sama mæli og áður við meðferð þessara viðkvæmu mála.

Herra forseti. Skýrslutaka af barni vegna meints kynferðisofbeldis er viðkvæmt mál. Til slíkrar skýrslutöku þarf sérhæft fólk. Barnahúsið er til þess fallið að vernda barnið fyrir þeim óæskilegu áhrifum sem málsmeðferð getur haft í för með sér, enda hafa borist áskoranir til hæstv. dómsmrh. frá 33 stofnunum og samtökum um að tryggja starfsemi hússins og hefur Barnaheill komið þessum áskorunum á framfæri. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.: Hyggst hæstv. ráðherra beita sér til að verða við áskorunum þessum? Í öðru lagi: Telur hæstv. ráðherra koma til greina að breyta lögunum um meðferð opinberra mála til að koma til móts við þessar kröfur?

[15:36]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn. Það er einmitt ágætt að fá hana hér. Þetta mál kom upp í utandagskrárumræðu eins og hv. þingmenn muna rétt fyrir jól og þá var það undirstrikað að Barnahúss heyrir undir hæstv. félmrh. en ekki dómsmrh.

Það var farið nokkuð yfir gang þessa máls og m.a. var rætt um lög sem sett voru á síðasta þingi sem horfðu til þess að bæta réttarstöðu brotaþola í heild sinni. Það var einmitt einnig bent á það í þessari umræðu að með yfirheyrsluaðstöðu við Héraðsdóm Reykjavíkur, sem komið hefur verið upp í framhaldi af þeim lagabreytingum, væru menn með mun víðtækari markmið í huga en einvörðungu yfirheyrslur yfir börnum og ungmennum eins og hv. þm. er kunnugt. Það er því alveg ljóst að þetta mál í heild sinni snýr að fleiri atriðum en aðeins þeim sem snerta starfsemi Barnahúss. Ég held hins vegar að sú starfsemi sem þar hefur farið fram og snýr að barnaverndarstarfsemi almennt hafi verið mjög gagnleg og þörf og hef aldrei gefið neitt annað í skyn. Ég tel að með þeirri yfirheyrsluaðstöðu sem komið hefur verið upp

í Héraðsdómi Reykjavíkur hafi þeim úrræðum fjölgað sem börnum og ungmennum þessa lands stendur til boða þannig að ég tel að það sé fagnaðarefni.

Það er rétt að framkvæmdastjóri Barnaheilla kom ásamt fleiri aðilum á minn fund í síðustu viku með áskorun um þetta mál. Ég skýrði frá því að ég hefði leitað eftir því að fá upplýsingar um hvernig þetta mál stæði. Það eru viðræður í gangi milli Barnaverndarstofu og dómstólaráðs þannig að ég vænti þess að verið sé að setja niður einhverjar verklagsreglur sem menn muni vinna eftir. Jafnframt hef ég haft upplýsingar um að verið sé að vinna að því að koma upp sérstöku teymi dómara sem muni sérhæfa sig í meðferð þessara mála sem ég tel vera mjög gott mál. Ég hygg að við getum verið sammála um að (Forseti hringir.) stefna beri að bættri réttarstöðu barna í þessu sambandi eins og hægt er.

[15:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að Barnahús heyrir undir hæstv. félmrh. En það var breyting á lögum um meðferð opinberra mála sem vissulega olli því að Barnahúsið hefur ekki verið notað eins og margir bundu vonir við og það er kannski þess vegna sem ég beini þessari fyrirspurn minni til hæstv. dómsmrh. sem vissulega getur haft áhrif á þá lagabreytingu ef ástæða er til því að hún hefur vissulega leitt af sér að Barnahúsið hefur ekki verið notað sem skyldi og sú þekking sem þar hefur verið upp safnað.

Ég vil hins vegar þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og ég fagna því að í gangi séu viðræður til þess að finna einhvern flöt á þessu máli því að ég held að það mikilvægasta sé að sú uppsöfnun þekkingar og þess búnaðar sem í Barnahúsinu hefur átt sér stað, nýtist við meðferð þessara mála því að þetta er vissulega sérþekking sem er mjög mikilvægt að nýtist til þess að vernda börn gegn þeim óæskilegu áhrifum sem málsmeðferð í slíkum viðkvæmum málum getur valdið.

[15:39]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Það þarf kannski ekki að orðlengja meira um þetta mál. Ég vil bara taka undir með hv. þm. þegar ég segi að ég tel að við eigum að stuðla að því að bæta réttarstöðu barna og ungmenna í þessum málum eins og unnt er. Hins vegar er því ekki að neita að nokkuð skiptar skoðanir hafa verið um starfsemi Barnahúss eins og hún hefur farið fram og ég hygg að það séu ekki til önnur fordæmi en í Bandaríkjunum. Á Norðurlöndunum fara svona yfirheyrslur t.d. fram á lögreglustöðvum og það var einmitt að ábendingum og tilmælum frá umboðsmanni barna sem þessar lagabreytingar voru gerðar sem hv. þm. spyr hér um. Ég held að menn hafi verið sammála um að þær mundu þjóna þeim tilgangi að bæta réttarstöðu brotaþola þannig að ég held að ekki sé ástæða til þess að stuðla að breytingum á þeim aftur.

[15:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég er ekki að gera lítið úr því að þær lagabreytingar sem farið var af stað með hafi verið hugsaðar til bóta og til þess að bæta málsmeðferð. Ég er ekki heldur að gera lítið úr því að það hafa verið skiptar skoðanir einkum á milli umboðsmanns barna og svo margra annarra aðila sem starfa að málefnum barna um þetta mál og á meðal þeirra 33 stofnana og samtaka sem undir þessa áskorun skrifa eru margir sem starfa að málefnum barna.

Vissulega er það líka rétt að fordæmi eru ekki mörg en hins vegar hefur Barnahúsið og starfsemi þess vakið gríðarlega athygli víða erlendis og verið talin til fyrirmyndar þannig að ég held að við megum ekki láta það aftra okkur þó að ekki séu mörg fordæmi fyrir slíku húsi. Aðalatriðið er að vernda börnin fyrir slæmum áhrifum þessarar málsmeðferðar sem hún vissulega getur haft í för með sér og það er það sem við þurfum að tryggja, herra forseti, með öllum ráðum.

[15:42]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi heyrt rétt að hv. þm. hafi talað um slæma málsmeðferð. Kannski hefur mér misheyrst. En ég vil a.m.k. undirstrika að það eru að sjálfsögðu dómarar hér á landi sem samkvæmt lögunum fara með þessar yfirheyrslur og ég treysti fyllilega þeirra mati í þessum málum og segi þeim ekki fyrir verkum.

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það var ekki rétt að ég hafi talað um slæma málsmeðferð. Ég vildi einungis ítreka það hér. Hafi ég sagt það þá hafa það verið hrein og klár mismæli. Það var ekki það sem ég átti við heldur slæm áhrif málsmeðferðarinnar á börn.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 1. umr.

Frv. JóhS og ÖS, 193. mál. — Þskj. 225.

[15:43]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vildi aðeins fá upplýst hvort hæstv. forsrh. verði viðstaddur þessa umræðu vegna þess að ég hafði óskað eftir því og vissi ekki annað en að hann yrði hér viðstaddur. — Nú sé ég hann hér í hliðarsal.

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. forsrh. er í húsinu og hafði vakandi gát á því sem gerðist í þingsalnum.)

Ég hafði ekki tekið eftir hæstv. forsrh. En hann er hér í salnum og er mér því ekkert að vanbúnaði að hefja þessa umræðu.

Ég mæli hér fyrir frv. um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka. Frv. er á þskj. 225 og er 193. mál þingsins. Nú er mælt fyrir þessu frv. í sjötta sinn en það hefur verið flutt á undanförnum þingum, allt frá árinu 1995. Út af fyrir sig væri ekki ástæða til þess að hafa mjög ítarlega framsöguræðu um þetta frv. svo oft sem mælt hefur verið fyrir því í þingsölum. En það sem nýtt er í þessu máli frá því mælt var fyrir því á síðasta þingi er að nú liggur fyrir skýrsla nefndar forsrh. sem starfað hefur um nokkurra ára skeið til þess að vinna að þessu úrlausnarefni. Því er full ástæða til að fara nokkrum orðum um málið, ekki síst út frá þeirri niðurstöðu sem hefur orðið hjá nefnd forsrh.

Fyrst ætla ég að rifja upp örfá grundvallaratriði í frv. sem ég hef nokkrum sinnum mælt fyrir og fjalla almennt um tilganginn með því. Tilgangurinn er ekki síst sá að gera fjármál

stjórnmálaflokkanna opin og sýnileg. Ég er þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að fjármál stjórnmálaflokkanna séu með þeim hætti vegna þess að leyndin í kringum fjármál þeirra er einungis til þess fallin að auka á tortryggni almennings í þeirra garð. Sama gildir ef leynd hvílir yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum til stjórnmálaflokka.

Frv. er nokkuð ítarlegt. Þar er annars vegar lagt til að settur verði almennur lagarammi um starfsemi stjórnmálasamtaka og hins vegar, sem er ekki síst að ástæða þessa frv., að settur verði lagarammi um fjármál þeirra. Segja má að það sem lýtur að fjárreiðum stjórnmálaflokkanna sé einkum tvíþætt í þessu frv.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að stjórnmálasamtök verði framtalsskyld og gert að skila skattframtali, reikningar þeirra endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og birtir opinberlega. Í öðru lagi að stjórnmálasamtökum verði óheimilt að taka við fjárframlögum eða ígildi þeirra frá einstökum aðilum, sem fari yfir 300 þús. kr. á ári, nema birta nafn þess styrktaraðila opinberlega. Víða í vestrænu löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ég mun fara yfir það síðar í máli mínu.

Ég ræddi í upphafi um að mjög óheppilegt væri að hafa leynd í kringum fjármál stjórnmálaflokka. Ég tel að í slíkum tilvikum geti skapast ákveðin hætta á hagsmunaárekstrum sem leitt geti til óeðlilegra afgreiðslu mála í stjórnsýslu þar sem fáum aðilum væri hugsanlega hyglað á kostnað heildarinnar. Það er kannski sérstaklega hættulegt í því umhverfi sem við búum við þar sem fákeppni ríkir í ýmsum atvinnugreinum. Árangur og styrkur stjórnmálaflokka á ekki að ráðast af fjárhagslegri getu þeirra sem fyrst og síðast byggja yfirburði sína og starfsemi á fjárframlögum stóreignamanna og fjársterkra fyrirtækja og fyrirtækjasamsteypna. Það er því mjög mikilvægt að jafnræði ríki eins og kostur er í þessu tilliti varðandi starfsemi stjórnmálaflokkanna. Það er líka í anda þess sem hefur verið að gerast í stjórnsýslunni á undanförnum árum þar sem sífellt meiri krafa hefur verið gerð um opnari stjórnsýslu. Í því sambandi er nægilegt að benda á upplýsingalög. Leynd yfir fjármálum stjórnmálaflokka gengur þvert á þá þróun.

Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði. Það er öðrum þræði gert til þess að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist ekki hugmyndum manna um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Það að íslenskir stjórnmálaflokkar fá opinbera styrki kallar ekki síst á að fjármál stjórnmálaflokkanna séu opin og sýnileg, en stjórnmálaflokkarnir fá um 200 millj. á ári til styrktar starfsemi sinni.

Samkvæmt upplýsingum stjórnmálafræðinga við Háskóla Íslands, sem komu fram fyrir nokkrum árum síðan, er upplýsingaskylda stjórnvalda um fjárreiður stjórnmálaflokka undantekningarlítið fyrir hendi í nágrannalöndum okkar. Innan stjórnmálafræðinnar er talið nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar geri grein fyrir fjárreiðum sínum, hvort sem um er að ræða ráðstöfun fjármuna af opinberu fé eða framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Slík lagasetning, í anda þess sem frv. gerir ráð fyrir, er nauðsynleg til að eyða tortryggni og auka tiltrú almennings á stjórnmálaflokkum og lýðræðislegum stjórnarháttum.

Í þeim umræðum sem fram hafa farið á Alþingi á undanförnum árum hafa komið fram ýmsar ábendingar sem ég nefni í greinargerðinni. Ég tel að nefnd sú sem fær frv. til athugunar hér á hv. Alþingi kanni sérstaklega hvort setja eigi ákveðið hámark á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka; hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka; hvort setja eigi reglur um prófkjör, þar með talinn fjárhagslegan ramma þeirra; hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu; hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings. Á þeim atriðum sem hér eru tilgreind er ekki tekið sérstaklega í þessu frv. en öll þau atriði sem ég hef nefnt er meira og minna að finna í lögum eða í undirbúningi að setja lög um í hinum ýmsu löndum, þ.e. lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að vera viðstaddur þessa umræðu. Ég taldi það mikilvægt vegna þess sem ég sagði í upphafi máls míns. Nú liggur fyrir skýrsla nefndar sem um nokkurra ára skeið hefur unnið að því að kanna hvort rétt sé að setja reglur um fjármál stjórnmálaflokkanna. En það var einmitt á árinu 1993 sem forsrh. gaf yfirlýsingu úr þessum ræðustól um að skipuð yrði nefnd til að gera tillögur að reglum um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka. Það var í tengslum við lagasetningu um að fjárframlög fyrirtækja til stjórnmálaflokka yrðu að ákveðnu marki frádráttarbær frá skatti. Eitthvað dróst að skipa þessa nefnd en hún hefur alla vega starfað frá árinu 1995, um fimm eða sex ára skeið. Í henni áttu fulltrúa allir stjórnmálaflokkar sem störfuðu árið 1995, nema Þjóðvaki átti ekki fulltrúa þar. Það var af þeirri ástæðu að eftir því var gengið á sínum tíma að forsrh. skilgreindi betur heldur en fyrir lá í verklýsingu nefndarinnar markmiðið með starfi nefndarinnar. Einnig var þess óskað að nefndinni yrðu sett ákveðin tímamörk. Það náðist ekki fram og því átti Þjóðvaki ekki fulltrúa í þessari nefnd en kaus að leggja fram á árinu 1995 sínar hugmyndir um hvernig ætti að standa að því að upplýsa um fjármál stjórnmálaflokkanna.

Áður en ég fjalla um þessa skýrslu vil ég nefna að frá því við ræddum þetta síðast hefur ýmislegt verið að gerast í þessum málum í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það þarf ekki að rifja upp það sem gerst hefur í Þýskalandi, þar sem allt hefur leikið á reiðiskjálfi vegna fjármálahneykslis og spillingar í kringum fjármál Kristilega demókrataflokksins, sem er sennilega það sóðalegasta og siðspilltasta í sögu þýskra stjórnmála. Ég held að þar sem lög um fjármál stjórnmálaflokka vantar eða þau óljós muni þessi pólitíska siðspilling í Þýskalandi auka á þrýstinginn og herða á að löggjöf og aðhald með fjármálum stjórnmálaflokkanna verði sett. Ég held t.d. að það hafi gerst í Bretlandi á undanförnum mánuðum. Þar er einmitt í undirbúningi að setja fram reglur og lög um fjármál stjórnmálaflokkanna sem um margt svipar til þess sem fram kemur í þessu frv. sem við ræðum hér um í að hafa fjármálin opin og sýnileg.

Ég vil aðeins ræða þær tillögur örstutt. Í grein sem stjórnmálaritstjóri Financial Times skrifaði kom fram að sérstök nefnd hefur verið að störfum um nokkurt skeið í Bretlandi og hún hefur lagt fram 100 tillögur sem snerta ýmislegt sem menn telja að betur megi fara í starfsemi og fjárreiðum stjórnmálaflokkanna til þess að opna betur fjármál þeirra og fyrirbyggja tortryggni í þeirra garð. Stjórnmálaritstjórinn heldur því fram að stór hluti almennings telji að aðilar sem lagt hafa fram háar fjárhæðir til stjórnmálaflokkanna hafi haft áhrif á stefnu þeirra og þögnin í kringum stuðningsaðila stjórnmálaflokka hafi alið á því í stjórnmálum. Það sem allir flokkar virðast vera sammála um í þessum tillögum, sem

er mjög athyglisvert, er að banna öll framlög frá útlöndum, sem vissulega er gert ráð fyrir hér. Eins er samstaða um að þegar um er að ræða fjárhæðir sem fara yfir 5.000 pund, þ.e. yfir 500 þús. íslenskar kr., þá beri að upplýsa um nafn gefandans. Einnig er talað um að ef fyrirtæki leggja fram peninga til pólitískra flokka þá verði að leita eftir samþykki hluthafa. Mér finnst mjög athyglisvert að William Hague, formaður Íhaldsflokksins, lítur jákvæðum augum á þessar breytingar sem lagðar hafa verið til samkvæmt því sem fram kemur í þessari grein. Ein af tillögunum er að einstaklingar fái skattafslátt ef framlagið er yfir 50 þús. kr. á ári eða þar um bil.

Ég held að þessar tillögur séu nokkuð athyglisverðar. Það hefur að vísu ekki komist almennt til framkvæmda enn þá en í þessum tillögum er sett ákveðið þak eða takmarkanir á hvað flokkarnir megi nýta af fjármagni í kosningabaráttu og í auglýsingar. Íhaldsmenn notuðu t.d. um 14,3 millj. punda eða 1,5 millj. ísl. kr. í síðustu kosningabaráttu, bara í auglýsingar og auglýsingaskilti. Ein af hugmyndum nefndarinnar er að sett verði 20 millj. punda þak á það sem nota má í heild í kosningabaráttu og ýmsar takmarkanir að því er varðar framlög.

Í The Guardian í október 1998 kemur fram í tengslum við þessar tillögur að í síðustu kosningabaráttu fór Íhaldsflokkurinn um 8,3 millj. punda yfir þetta 20 millj. þak. Samkvæmt því notuðu þeir í kosningabaráttunni um 28 millj. punda. Verkamannaflokkurinn fór líka yfir þakið sem nam um 6 millj. punda en stefnt er að því að setja ákveðið þak á hvað eyða megi í kosningabaráttuna.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta þó ýmislegt fróðlegt hafi komið fram að því er varðar viðbrögð við þessum tillögum og hvað þær fela í sér. Ég held að þetta sýni að ýmislegt er í gangi í löndunum í kringum okkur og stefnt að því að setja ákveðinn ramma um fjármál stjórnmálaflokkanna.

Vil ég næst víkja að því sem fram kemur í þeirri skýrslu sem nú liggur fyrir af hálfu nefndar forsrh., en undir hana hafa ritað Hreinn Loftsson sem var formaður nefndarinnar, Arthur Morthens, Helgi S. Guðmundsson, Kjartan Gunnarsson, Kristín Sigurðardóttir og Ingvar Sverrisson. Þetta eru fulltrúar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Kvennalista, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Þessi skýrsla var lögð fram 18. desember 1998.

Herra forseti. Mér finnst að niðurstaða þessarar skýrslu sé nákvæmlega sú að gera ekki neitt í þessu máli. Við vitum að 200 millj. renna til stjórnmálaflokkanna á fjárlögum. Hluti fjárins er lögbundinn. Til eru lög um sérfræðiaðstoð til þingflokkanna. Ég man ekki hve gömul þau lög eru. Mig minnir þó að þau séu frá 1963. En stærsti hluti framlagsins eða um 130 milljónir kemur á fjárlögum og hefur raunverulega hvergi lagastoð nema í fjárlögunum sjálfum.

Ef ég les hér orðrétt niðurstöðu nefndarinnar þá hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur ekki lokið starfi sínu með því að semja tillögu að lagafrumvarpi [lög] í svipuðum anda og felst í frumvarpi Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri þingmanna, sem lagt hefur verið fram á undanförnum þingum. Á hinn bóginn hefur náðst samstaða innan nefndarinnar um ákvæði, sem bæta mætti inn í fjárlög og greinargerð þeirra varðandi ríkisstyrki til stjórnmálaflokka. Felur sú tillaga í sér viðurkenningu á því, að ríkið styðji almenna stjórnmálastarfsemi flokkanna og að ekki sé ástæða til að takmarka þann stuðning við útgáfu- og kynningarmál líkt og nú er gert."

Herra forseti. Síðan er að því vikið að líklegt megi telja að fjárstuðningur við stjórnmálaflokka muni haldast og jafnvel aukast hér á landi á næstu árum. Síðan segir að þótt hluti nefndarmanna telji vel koma til greina að sett verði sérstök lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka eru nefndarmenn sammála um að ríkisvaldið verði að fara afar varlega við setningu lagafyrirmæla á þessu sviði.

Þá kemur fram að ef nafnleynd styrktaraðila yrði aflétt mundi draga mjög úr frjálsum fjárframlögum til flokkanna sem aftur geri þá enn háðari ríkisframlögum en ella og hætta skapist á því að þeir festist í fjárhagslegum viðjum hins opinbera.

Herra forseti. Þetta kemur fram í þessari skýrslu. Mér finnst þessi rök mjög sérstök og get alls ekki fallist á að þau séu rétt vegna þess að ég held að það hljóti að ríkja meira jafnræði milli flokka í fjárframlögum ef um er að ræða ríkisframlög og ég sé ekki að það þurfi að koma í veg fyrir að styrktaraðilar almennt á almennum markaði veiti slíka styrki ef birta þyrfti nöfn þeirra opinberlega. Ég held að það mundi frekar stuðla að því að meira jafnræði ríkti milli flokkanna í fjárframlögum frá einstökum aðilum ef slíkt væri opinbert.

En mér fannst raunverulega furðulegast við þessa niðurstöðu nefndarinnar rökin sem hún teflir fram fyrir því af hverju ekki eigi að hafa fjármál stjórnmálaflokkanna opinber og sýnileg eða setja lög um starfsemi þeirra og fjárreiður. Um það segir, með leyfi forseta:

„Telja verður, að hið nýja félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hafi inni að halda frekari löghelgun- og vernd fyrir stofnun og starfsemi stjórnmálaflokka en áður var og fortakslausa vernd innri málefna þeirra, sem ekki verður hróflað við af Alþingi."

Herra forseti. Mér finnst það afar sérstakt ef stjórnmálaflokkarnir eru að bera fyrir sig það ákvæði sem sett var í stjórnarskrána 1995 um félagafrelsi, þ.e. að það setji þá í það skjól að það þurfi ekki, eða sé raunverulega ekki hægt að setja lög um fjárreiður eða starfsemi þeirra. Mér finnst þau rök, herra forseti, aldeilis fráleit að þetta nýja félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar frá 1995 innihaldi einhverja löghelgun og vernd fyrir starfsemi þeirra og þess vegna sé ekki hægt að setja lög um fjárreiður þeirra. Með nákvæmlega sama hætti mætti halda því fram að félagafrelsisákvæðið í stjórnarskránni tryggði að löggjafinn mætti ekki vera með neina íhlutun í starfsemi verkalýðshreyfingarinnar en þess er þó skemmst að minnast hvernig núverandi stjórnvöld knúðu fram breytingar á vinnulöggjöfinni þar sem skipað var fyrir um innri málefni hreyfingarinnar með lögum. Það var gert í gífurlegri andstöðu við verkalýðshreyfinguna og þar var auðvitað verið að hlutast til um innri málefni hennar. Þess vegna finnst mér þau rök sem hér eru sett fram um þetta atriði ákaflega haldlaus, ef það er það helsta sem teflt er fram núna gegn því að setja lög um fjárhagslegan stuðning og fjármál stjórnmálaflokkanna.

Ég hef nefnt hér hvað er á döfinni í Bretlandi. Ef við lítum til Norðurlanda þá hafa verið sett lög t.d. í Noregi um fjárframlög þannig að nöfn styrktaraðila eða gefenda fjárframlaga sem eru hærri en 20 þús. norskra kr. eða 200 þús. íslenskra kr. á að birta opinberlega. Og í þessari skýrslu segir um Danmörku, með leyfi forseta:

„Styrkir til danskra stjórnmálaflokka vegna starfsemi á landsvísu, þ.e. styrkir sem landssamtök stjórnmálaflokkanna njóta, námu hátt í 60 millj. danskra kr. 1997 og svöruðu til þess að fyrir hvert atkvæði fengju þeir um 20 danskar kr."

Í Finnlandi hafa verið sett lög um opinberan stuðning við stjórnmálaflokka. Það var gert árið 1967 en almenn lög um stjórnmálaflokka árið 1969.

Samkvæmt þessum dönsku lögum ber flokkunum skylda til að nafngreina þá sem veita þeim styrki yfir tiltekin fjárhæðarmörk og þar var ákveðin viðmiðun, 20 þús. danskar kr. sem er sama upphæð og í Noregi. Það þarf því bæði í Danmörku og Noregi að nafngreina þá sem gefa yfir 20 þús. danskar kr. Og vegna þess að ég nefndi styrki sem danskir stjórnmálaflokkar fá frá hinu opinbera og svöruðu til þess að hvert atkvæði fengi um 20 danskar kr. þá er opinber styrkur eða stuðningur hér á hvern kjósanda, ef það yrði skoðað, um 200 ísl. kr.

Herra forseti. Þessi skýrsla gengur því mikið út á það að gera grein fyrir hvernig staða þessara mála sé á hinum Norðurlöndunum. Hún gengur mikið út á það að gera grein fyrir frv. og þáltill. sem hafa verið lögð fram um þetta efni á umliðnum áratugum á Alþingi, en það var bæði þáltill. frá Kvennalista og einnig kom fram frv. fyrir nokkrum áratugum frá Benedikt Gröndal sem hann lagði fram um þetta efni á sínum tíma.

Ef ég vík aftur að niðurstöðum nefndarinnar þá er hún raunverulega sú að ekkert eigi að gera. Það er fyrst og fremst lagt til að í texta fjárlaga ár hvert verði bætt undir lið fjmrn. ýmislegt, svohljóðandi texta, með leyfi forseta, og nú vitna ég til umræddrar skýrslu:

„Styrkur til stjórnmálaflokka, samkvæmt umsögnum, í hlutfalli við atkvæðamagn þeirra enda hafi þeir hlotið a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum."

Og síðan segir:

„Hér er sú breyting gerð að fjárhagsstuðningur ríkisins verði ekki bundinn við útgáfumál enda er sú takmörkun úrelt orðin og er eðlilegast að stjórnmálaflokkar sjálfir ráðstafi þessum fjármunum eftir þörfum hverju sinni í þágu starfsemi sinnar."

Eftir fimm eða sex ára starf þessarar nefndar er fyrst og fremst að finna í skýrslu hennar ákveðnar tillögur um að setja sérstakan texta inn í fjárlagafrv. hverju sinni um hvernig styrkjum til stjórnmálaflokkanna skuli háttað.

Nú get ég alveg út af fyrir sig skilið að ákveðin andstaða getur verið við þann hluta þessa frv. sem hér er til umræðu, þ.e. I. kafla frv. sem fjallar um starfsemi stjórnmálaflokkanna. En ég get ekki fundið rök fyrir því að andstaða skuli vera við II. kafla frv. sem fjallar um það að stjórnmálaflokkarnir birti ársreikninga sína opinberlega, sem fjallar um að það eigi að birta opinberlega ef framlag til einstakra stjórnmálaflokka fer yfir tiltekna fjárhæð. Það er mjög algengt að gert sé í þeim löndum sem við höfum verið að bera okkur saman við þó að það sé alls ekki í þeim öllum.

Í stefnuskrá Samfylkingarinnar, svo ég vitni til hennar, er ákvæði um að setja eigi lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka, enda kemur fram í þessari skýrslu að hluti nefndarmanna telji vel koma til greina að sett verði sérstök lög um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka. Ég lít því svo á varðandi það álit sem hér liggur fyrir, þessa skýrslu sem hæstv. forsrh. hefur fengið, að um lágmarkssamnefnara sé að ræða sem þessir flokkar geta orðið sammála um að því er fram kemur í þessari skýrslu, en að einstakir aðilar sem sæti áttu í þessari nefnd eða eftir atvikum þá einstaka flokkar hafi viljað ganga lengra í þessum efnum.

Það sem er raunverulega nýtt í þessari skýrslu og ég geri alls ekki athugasemdir við, er að þar leggur nefndin til með vísan til almennrar jafnræðisreglu að sett verði í viðkomandi lög ákvæði er tryggi frambjóðendum til embættis forseta Íslands sambærilegan stuðning þeim sem stjórnmálaflokkar njóta nú að lögum. Það sem er fyrst og fremst lagt hér til er stuðningur hins opinbera við forsetaframbjóðendur. Annað er ekkert nýtt í þessari skýrslu. Ég get ekki séð það og ítreka að ég tel rökstuðninginn með vísan í stjórnarskrána og félagafrelsið fráleitan í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég vil í lokin, þar sem ég er rétt að ljúka máli mínu, fagna því að hæstv. forsrh. er viðstaddur þessa umræðu og vænti þess að hann geri þinginu grein fyrir sínum sjónarmiðum til þessa máls nú þegar skýrslan liggur fyrir. Hæstv. forsrh. hefur fyrir tveim eða þremur þingum gert þinginu almennt grein fyrir sínum sjónarmiðum varðandi ýmsa þætti sem lúta að lagasetningu um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokkanna þannig að nú væri fróðlegt að vita hvort hæstv. forsrh. sé sammála þeirri niðurstöðu nefndarinnar sem nú liggur fyrir og hvort þar með sé málið afgreitt af hans hendi og við eigum þá ekki von á því að hér komi fram lagafrv. um fjármál stjórnmálaflokkanna nema að svo miklu leyti sem um er getið í þessari skýrslu, þ.e. ákvæði í fjárlögum ár hvert um almennan fjárstuðning við stjórnmálaflokkana og hins vegar frv. sem lýtur að fjárstuðningi við forsetaframbjóðendur. Ég held að það væri mjög gott að fá það inn í þessa umræðu vegna þess að í nefndarstarfi varðandi þetta tiltekna frv. hefur ávallt verið vísað til starfa nefndar forsrh. Nú er þinginu því ekkert að vanbúnaði að taka afstöðu til þess frv. sem hér liggur fyrir, hvort þingmenn séu þá sáttir við þá tillögu sem nefndin hefur gert til forsrh.

Í lokin vil ég spyrja um það sem fram kom í Ríkisútvarpinu í síðari hluta janúarmánaðar þar sem vitnað var til fulltrúa Kvennalistans í nefndinni og hún sagði að nefnd Davíðs Oddssonar forsrh. um fjárreiður stjórnmálaflokka hafi verið stillt upp við vegg og einróma afstaða knúin fram með hótunum, eins og þessi fulltrúi Kvennalistans sagði um starf þessarar nefndar og niðurstöðu hennar. Ég held að það sé afar brýnt að fá fram hvort eitthvað sé til í því sem fram kom hjá fulltrúa Kvennalistans í þessu efni. Það er auðvitað afar alvarlegt ef satt er að niðurstaðan hafi verið knúin fram með hótunum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vekur athygli allra sem lesa þetta frv., grg. með því og hafa hlýtt á hv. þm. að hún ræðir ekkert um tengsl einstakra stjórnmálaflokka við verkalýðshreyfinguna. Þó sat hv. þm. lengi hér á Alþingi fyrir Alþfl. sem á sínum tíma eignaðist ýmsar fasteignir í Reykjavík, sem ýmsir töldu í raun eign verkalýðshreyfingarinnar, og fór með sem sínar. Bein fjárhagsleg tengsl voru því að sjálfsögðu milli Alþfl. og Alþýðusambandsins á sínum tíma og það var í raun og veru sama fyrirbrigðið og kostaði mikil átök að slíta þau tengsl.

Eins hefur það endurtekið sig oft síðan að sumir stjórnmálaflokkar telja sig eiga meiri rétt til þeirra fjármuna sem verkalýðshreyfingin ræður yfir en aðrir, eins og heyrðist á ræðu hv. þm. Ef maður lítur á 10. gr. frv. þá segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnmálasamtökum er heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum, ..."

Þegar athugað er síðan hvað stendur í grg. þá er skýrt tekið fram að hér sé einungis átt við einstaklinga og fyrirtæki. Það er því öldungis ljóst að hv. þm. gengur það til að halda þeim tengslum sem verið hafa á milli ýmissa í Samfylkingunni og einstakra verkalýðsfélaga, launþegahreyfingarinnar enda beitti launþegahreyfingin sér, ekki sem félagsskapur heldur ýmsir af æðstu mönnum launþegahreyfingarinnar, mjög harkalega fyrir því að ná Samfylkingunni saman.

[16:16]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að afar mikilvægt sé að halda góðum tengslum við verkalýðshreyfinguna. Ég held að afar mikilvægt sé að verkalýðshreyfingin hafi skjól að því er varðar stefnumið sín og markmið hjá þeim flokkum sem stefna þeirra fer saman við. Þá er ég fyrst og fremst að tala um lægst launaða fólkið í þjóðfélaginu. Það er því ekkert nema til að lýsa ánægju með að hv. þm. vitni til þess að ég eða sá flokkur sem ég er í vilji halda góðum tengslum við verkalýðshreyfinguna.

Hv. þm. vitnaði í 10. gr. frv. og talaði um að þar væri einungis verið að ræða um einstaklinga eða fyrirtæki þegar nafngreina á þá sem gefa yfir tiltekna fjárhæð. Ég sé ekkert á móti því, herra forseti, ef það væri nú einungis ásteytingarsteinninn að herða á því ákvæði og bæta inn fleiri aðilum. Ég tel það bara af hinu góða ef menn vilja herða á því og nefna einhverja aðra aðila en hér koma fram vegna þess að vitaskuld á þetta að vera allt saman opið að því er þessa þætti varðar. Ég kvíði því ekki að ekki verði hægt að ná einhverju samkomulagi við hv. þm. Halldór Blöndal um þetta mál ef hann hefur einungis þetta við frv. að athuga.

[16:18]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Með fjárhagslegum stuðningi er átt við gjafafé eða annars konar styrkveitingu sem hægt er að meta til fjár."

Nú veit hv. þm. jafn vel og ég að ýmsir af forustumönnum launþegahreyfingarinnar hafa komið fram í nafni hreyfingar sinnar og stutt Alþfl. á sínum tíma, Alþb. og nú Samfylkinguna. Hv. þm. veit líka að Sjálfstfl. ber ekki síður hagsmuni hinna lægst launuðu fyrir brjósti. Mér finnst það nú satt að segja útúrsnúningur í þessu máli. Það er svona rétt eins og ég færi að rifja upp að kjör hinna lægst launuðu versnuðu ár frá ári meðan hv. þm. var ráðherra. Það fer því ekki alltaf saman, góðar óskir og góður vilji og það sem út úr hlutunum kemur.

Ég stóð einungis upp til að vekja athygli á að ýmsir hafa áhyggjur af því að fjármunum og valdi og áhrifum launþegahreyfingarinnar sé beitt fyrir flokkspólitíska vagna. Það er ekki skárri siðspilling en hver önnur. Ég var satt að segja undrandi á því að hv. þm., sem var á sínum tíma í launþegahreyfingunni, skyldi ekki að fyrra bragði taka fram, án þess að vera innt eftir því, að auðvitað er óþolandi ef verið er að beita launþegahreyfingunni fyrir flokkspólitískum hagsmunum og hv. þm. á að lýsa fyrirlitningu sinni á slíkum vinnubrögðum og mönnum sem það gera.

[16:20]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög sérkennilegur málflutningur sem hv. þm. Halldór Blöndal viðhefur úr þessum ræðustól, að fjármunum verkalýðshreyfingarinnar sé beitt núna í flokkspólitískum tilgangi. Mér finnst að hv. þm. verði að rökstyðja mál sitt frekar þegar hann segir slíkt, að verkalýðshreyfingin noti fjármuni sína í því skyni er varðar flokkspólitískan tilgang. Ég er alveg viss um að verkalýðshreyfingin mun ekki samþykkja það. Ég veit ekki til þess að hún sé að nota fjármuni sína í því skyni.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um þá sem verst eru staddir í þjóðfélaginu og stuðning núverandi ríkisstjórnar við þá, þá væri auðvitað hægt að taka annan tíma til að ræða það en hér gefst í stuttu andsvari. Nægir í því sambandi að benda á áskoranir ýmissa og kröfur sem komið hafa fram hjá lægst launuðu hópunum í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum og missirum í því góðæri sem við höfum búið við þar sem þeir sýna fram á að þeir hafi ekki fengið sinn skerf af því góðæri sem við höfum búið við að undanförnu.

[16:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Fjármál stjórnmálaflokka víða um veröld hafa verið til umræðu að undanförnu. Það er m.a. vegna kosningabaráttunnar í Bandaríkjunum, þar sem slík umræða á sér jafnan stað í kringum forsetakosningar. Þar eru mjög víðtækar reglur um með hvaða hætti stuðningur við stjórnmálaflokka skuli fara fram og jafnan eiga sér síðan stað umræður um það hvernig farið er fram hjá slíkum reglum. Það er alls staðar gert og þar er enginn flokkur undanskilinn og enginn öðrum betri í þeim efnum. Það eru margvíslegar leiðir til til að gera það, því miður er það svo.

Tilefnið sem hv. þm. dregur oft upp er Þýskaland þar sem hún segir að allt leiki á reiðiskjálfi vegna fjármálahneykslis og spillingar í kringum fjármál Kristilega demókrataflokksins, eins og hún orðaði það, sem er sennilega það sóðalegasta og siðspilltasta í sögu þýskra stjórnmála. Það eru nú reyndar til vond dæmi önnur sem snerta aðra stjórnmálaflokka en kristilega demókrata þó að ekki hafi hentað hv. þm. að nefna það. En það sem mér finnst merkilegt er að þessi dæmi skuli notuð til að rökstyðja það að setja þurfi sérstakar nýjar reglur á Íslandi. Það er ekki um dæmi að hér hafi komið upp spilling sem leiði til þess að setja þurfi upp sérstakar reglur. Nei, það kom upp mikil spilling í Þýskalandi og þess vegna þarf að setja reglur. Stöldrum nú aðeins við og lítum á málið.

Kom þessi spilling upp í Þýskalandi vegna þess að þar skorti reglur? Öðru nær, þar eru mjög sterkar reglur. Það sem er mjög sérstakt við Þýskaland er að þær reglur eru ekki bara lögbundnar heldur eru þær í sjálfri stjórnarskrá landsins. Rökstuðningurinn frá Þýskalandi á því bara alls ekki við hér. Það er ekki regluleysið sem hefur leitt til þessarar spillingar heldur hefur verið farið á svig við reglurnar. Hitt væri skiljanlegt ef hv. þm. hefði séð að slíkt regluleysi sem við búum við hafi leitt til þessara ógangna í Þýskalandi, að þá þyrftu menn reglur. En hún segir að við þurfum reglur, kannski eins og í Þýskalandi, til að lenda ekki í því sama og þeir hafa lent í í Þýskalandi sem hafa haft þessar reglur. En þar sjáum við líka að menn fara í kringum reglurnar. Það var upplýst fyrir fáeinum dögum hvernig einmitt Sósíaldemókrataflokkurinn gerði það þar sem hann lætur færa peninga milli stuðningsfélaga flokksins en ekki flokksins til að komast fram hjá reglunum. Svona er þetta nú gert.

Hv. þm. nefndi sérstaklega til sögunnar breska Íhaldsflokkinn, sem mér kemur svo sem ekkert við. Hún nefndi að hann hefði eytt 28 milljónum punda í kosningabaráttu, það eru um 3 milljarðar kr. Samfylkingin virðist hafa eytt um 70 milljónum kr. í kosningabaráttuna, eða um 70–80% meira en Sjálfstfl. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta

bæjar. Þetta væru 17 milljarðar í Bretlandi eða sex sinnum meira en breski íhaldsflokkurinn eyddi hlutfallslega. Ég býst við að ef slík eyðsla ætti sér stað þar þá væri krafist þess að menn upplýstu hvernig þeir fjármögnuðu slíka eyðslu. Mér þætti vænt um að vita hvort þessi þingmaður hafi spurt á þingflokksfundi hjá sér hvernig þetta hefur verið fjármagnað. Ég óska eftir að þingmaðurinn upplýsi það, hvort áhugi hennar hefur náð inn í þingflokk Samfylkingarinnar þar sem hún situr a.m.k. nokkrum sinnum í viku.

Það var upplýst að eitt fyrirtæki hér í bænum, Íslensk erfðagreining, hefði styrkt Samfylkinguna sérstaklega vegna þess að Samfylkingin hefði sóst eftir því. Nefndar eru tölur upp á 1 milljón kr. frá fyrirtækinu, 1 milljóna kr. frá þessu eina fyrirtæki. Hefur þingmaðurinn spurst fyrir um á fundum sínum í Samfylkingunni hvort þetta sé rétt? Hefur hún spurst fyrir um hvort mönnum þyki það siðlegt að standa hér uppi í pontu dag eftir dag og ráðast á þetta fyrirtæki, reyna að koma því á kné og gera það tortryggilegt á allra handa máta, en fara síðan þangað og biðja um 1 milljón kr. í stuðning? Hefur hv. þm. spurst fyrir um þetta og getur hún upplýst okkur um svörin? Getur hv. þm. sagt okkur hvaða skoðun þingmaðurinn hefur á þessu?

Ég hef ástæðu til að spyrja um þetta vegna þess að mér finnst svo mikil hræsni í kringum allan þennan málatilbúnað um fjármál stjórnmálaflokkanna. Og því miður hefur hv. þm. tekið þátt í þeim hræsnisleik áður. Hún var í Alþfl. þegar Alþfl. tilkynnti að hann fyrstur flokka hefði gert fjármál sín hrein og ljós fyrir dyrum. Hann birti einhverjar fáeinar tölur. Sex mánuðum seinna eða svo sagði gjaldkeri Alþfl. af sér. Hv. þm. var þá varaformaður Alþfl. Og af hverju sagði gjaldkeri Alþfl. af sér? Af því að gjaldkerinn fékk ekki að sjá reikningana. En flokkur þingmannsins var búinn að lýsa því yfir að hann, fyrstur íslenskra stjórnmálaflokka, hefði gert hreint fyrir sínum dyrum í fjármálum. En gjaldkerinn sagði af sér af því að hann fékk ekki að sjá reikningana. Hvers konar hræsni er þetta allt saman?

Ég sá á heimasíðu þingmannsins frá 28. jan. að þar talaði þingmaðurinn alltaf um nefnd forsrh., rök nefndar forsrh. Ég tek eftir því að Ríkisútvarpið og sjónvarpið tala líka alltaf um nefnd forsrh. Það er aldrei sagt frá því að þetta er nefnd allra stjórnmálaflokkanna. Það er ekki sagt frá því að núverandi Samfylking hafði þrjá af sex fulltrúum. Þeir þrír flokkar sem standa að Samfylkingunni höfðu þrjá fulltrúa í nefndinni sem skipuð var 1998. Stjórnarflokkarnir höfðu þrjá. Síðan skilst manni hér að stjórnarflokkarnir hafi beitt ofríki, jafnvel hótunum og kúgun til að fá niðurstöðu fram.

Ég var sérstaklega spurður um það hér: Á ég að trúa því að þessi hv. þm. sé að bera flokkssystkinum sínum í Samfylkingunni það á brýn að þeir þrír fulltrúar sem þar sátu á vegum samfylkingarflokkanna hafi látið undan kúgunum og hótunum hinna þriggja til að ljúka nál. og skrifa nafnið sitt? Hvers konar kúganir hafa þetta þá verið? Byssustingir kannski eða eitthvað þaðan af verra? Hvers konar málatilbúnaður er þetta? Það er von að maður sé dálítið hissa á því að mál sé borið fram með þessum hætti.

Reyndar hefðu samfylkingarflokkarnir getað átt fjóra af sjö í nefndinni um stjórnmálaflokkana og álit þeirra, vegna þess að Þjóðvaka, sem hv. þm. var formaður fyrir, var boðin aðild að henni. En Þjóðvaki bjó til fyrirslátt, bað um einhverjar skýringar og aðrar forsendur en hinir höfðu, sem var hreinn fyrirsláttur að mati allra nefndarmanna til að komast hjá því að taka þátt í nefndarstörfunum. Þá hefði Samfylkingin átt fjóra fulltrúa í þessari nefnd.

Það verður að skýra þessa sögu eins og hún er. Það voru nefndarmennirnir, þrír frá núverandi stjórnarandstöðuflokkum og þrír frá núverandi stjórnarflokkum, sem sömdu þetta nál. Það er með engum hætti hægt að vísa því yfir á ábyrgð forsrh. eins.

Ég tel reyndar mikilvægt að þegar breytingar eru gerðar á slíkum lögum, á slíkri framkvæmd, sé samstaða eins þokkaleg og hún getur orðið milli flokka til þess að forðast tortryggni. Hv. þm. nefndi í ræðu sinni að slík lög væru sett til að forðast tortryggni í garð stjórnmálaflokkanna. Ég verð þó að segja með fullri virðingu fyrir hv. þm., sem ég ber mikla virðingu fyrir, að þingmaðurinn hefur iðulega verið að sá tortryggni með tali sínu í garð stjórnmálaflokkanna. Það eru ekki dæmi um það svo ég þekki til að þessir flokkar hafi verið sakaðir um spillingu af þessu tagi.

Hins vegar er fróðlegt að fylgjast með umræðunni að undaförnu vegna þess að Samfylkingin hafði sett inn í stefnuskrá sína, segir nú, að það eigi að breyta þessum málum. Talsmaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, lýsti því yfir að hún væri tilbúin til að birta nöfn gefenda til flokksins nema þau nöfn sem gefendurnir sjálfir vildu ekki gefa upp. Hún lýsti því yfir að þetta væri stefna Samfylkingarinnar. Þetta var talsmaður Samfylkingarinnar, talsmaður hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem lýsti því yfir að hún vildi gefa upp þau nöfn sem gæfu til flokkanna nema þeir sjálfir vilji ekki gefa það upp.

Þetta er nákvæmlega sú stefna sem Helmut Kohl hefur haft og menn eru að finna að og er talið lögbrot þar í landi. Þessi aðferð talsmanns Samfylkingarinnar og verðandi varaformanns væntanlega Samfylkingarinnar mundi ekki rúmast innan þýsku laganna eins og augljóst er. Að gefa upp alla — nema þá sem ekki vilja gefa upp.

Ég mundi ímynda mér, og það er kannski af því að ég er ekki nógu vel gefinn, að þeir sem vildu ekki gefa upp styrki sína væru kannski helst þeir sem þyrftu að fela þá. Mér dettur þetta helst í hug. Ég veit ekki hvaða skýringar hv. talsmaður Samfylkingarinnar eða fulltrúi hennar hér inni getur gefið á þessari furðulegu hugmynd.

Það vakti athygli mína í þessum umræðum að formaður samtaka vinstri grænna sagði að þeir hefðu ákveðið að setja hámark á það hvað hver mætti gefa þeim. Sá sem hefði gefið mest hefði gefið 500 þúsund og ekki var nafngreint hver það var. Síðan tók hann fram að þeir hefðu í heild fengið frá slíkum aðilum 4 milljónir. Einn aðili gat því gefið 12% af öllum framlögunum til vinstri grænna. Ég veit ekki hvort það mundi verða liðið nokkurs staðar í heiminum ef einn aðili gæti gefið svo hátt hlutfall af söfnunarfé til eins stjórnmálaflokks. Þá mundu menn óttast að slíkur aðili hefði einhver heljartök á flokknum. Ég er ekki að gefa það til kynna en þetta segir mér líka að þarna hafa menn sérstök sjónarmið uppi hvað þessa þætti varðar. Ekki veit ég hvað milljónin frá Íslenkri erfðagreiningu var stór hluti af fjármálum stjórnmálaflokksins, sem hamaðist gegn fyrirtækinu, en það væri fróðlegt að heyra það.

Það er ótrúverðugt að þessir flokkar skuli stilla sér upp eins og þeir hafa gert, sérstaklega Samfylkingin, vegna þess að þeir eiga einfalda leið. Þeir geta birt alla þessa reikninga. Þeir geta skýrt hvernig þeir fjármögnuðu þessar 70 milljónir, enginn bannar þeim það. Flokkarnir þurfa nefnilega ekki lagaheimild til að birta þetta. Hv. þm. Jóhanna Sigurðar-

dóttir getur flutt tillögu í þingflokki Samfylkingarinnar, sem upplýst er að hefur á stefnuskrá sinni að birt þetta á morgun, og það er bara hægt að birta alla reikningana eins og þeir leggja sig á föstudaginn. Það væri fróðleg lesning. En það munu þeir ekki gera af því að þeir meina ekki nógu mikið með því sem þeir segja.

Það var einmitt á það sem reyndi við gerð þeirrar skýrslu sem ég beitti mér fyrir að yrði gerð í samráði við alla stjórnmálaflokkana og reyndi að hafa Þjóðvaka með. Niðurstaðan fékkst, hún er hér og hún er ný, þetta er ekki gömul niðurstaða. Þetta er klárað fyrir rétt rúmu ári, 18. des. 1998. Þetta eru sjónarmið flokkanna, þau liggja fyrir undirrituð. Það þýðir ekki að vera með einhver látalæti um annað og berja sér á brjóst og þykjast vera með aðra og betri stefnu en aðrir í þeim efnum.

Ég tel afar þýðingarmikið að flokkarnir njóti trausts í fjármálum sínum. Ég tel afar þýðingarmikið að ekki hafi verið uppi tilgátur um að flokkarnir væru háðir einhverjum stórum, sterkum aðilum. Að vísu var það svo að einn maður fékk að koma með það inn í fjölmiðla hér slag í slag að Íslenska erfðagreining hefði greitt Sjálfstfl. og Framsfl. 70 milljónir hvorum. Þetta var birt hvað eftir annað, ekki bara hér heima heldur líka erlendis. Þannig að Sjálfstfl. hefði átt 30 milljónir eftir bara af fé frá erfðagreiningunni einni að lokinni kosningabaráttu sinni. Þetta er ekki stærra í sniðum en svo hjá okkur Íslendingum. Fjöldi manns virtist trúa því að Íslensk erfðagreining hefði greitt Framsfl. og Sjálfstfl. 70 millj. kr. hvorum. En svo kom bara upp úr kafinu að Samfylkingin hafði fengið mest, reyndar bara eina milljón eða svo eftir því sem sagan segir. Það verður þá kannski leiðrétt og verður afskaplega fróðlegt að heyra það allt saman. En því miður eru fjölmiðlarnir opnir fyrir að birta alls konar bölvaða vitleysu án þess að ganga úr skugga um hvort rétt er farið með eða ekki og það er út af fyrir sig alvarlegt.

Það er líka, eins og hv. þm. Halldór Blöndal benti áðan á, farið fram hjá þessu með margvíslegum hætti og oft ógeðfelldum. Mér fannst einkar ógeðfellt í síðustu kosningabaráttu hvernig milljónir af peningum samtaka öryrkja voru notaðar til að birta áróðursauglýsingar, augljóslega tengdar Samfylkingunni. Ef maður tryði á að þessir þingmenn væru virkilega þess sinnis að vilja hafa heiðarleika í þessum málum þá hefðu þeir fordæmt auglýsingar af því tagi, að taka fjármuni Öryrkjabandalagsins og nota þá í kosningabaráttu eins og þarna var gert, blygðunarlaust og mjög ósmekklega, svo ekki sé nú meira sagt.

Þannig segir sagan okkur bæði í Þýskalandi og Bandaríkjunum að þegar reglurnar eru settar fara menn því miður fram hjá slíkum reglum. Aðferð okkar hefur dugað þokkalega. Þó er það þannig að allir flokkarnir hafa átt í fjárhagslegum erfiðleikum. Ég held að enginn flokkur hafi verið í þeirri stöðu sem er upplýst í Þýskalandi að þar hafi þeir átt einn eða tvo milljarða í einhverjum bókum í Sviss og ekki vitað um það. Það er ekki íslenskur veruleiki eftir kosningar. Þá eru flokkarnir að sleikja sár sín í peningamálum enda þótt menn séu að reyna að halda sæmilega utan um þetta þá vill fara þannig í kosningum, eins og gerðist augljóslega hjá Samfylkingunni þar sem var algjörlega stjórnlaus eyðsla og menn misstu tök á öllu saman. Það var pínulítið dæmi fyrir borgarana hvernig mundi fara með ríkisfjármálin ef sömu snillingarnir kæmust að, misstu tökin á öllu saman og eyddu, eins og menn segja hátt í 70 millj. kr. sem fólk furðar sig auðvitað á hvernig verður síðan fjármagnað og það er ekkert upplýst frá þessum þingmönnum sem eru svo opnir fyrir því að upplýsa fjármál stjórnmálaflokka. Það er ekki trúverðugt.

Skýrslan, sem birt var af hálfu þeirrar nefndar sem ég skipaði og allir stjórnmálaflokkarnir tóku þátt í, er hins vegar mjög góður grunnur til að ræða þessi mál á. En ég á ekki von á því, svo ég svari spurningunni beint frá hv. þm., að ég hafi frumkvæði að því, fyrst þessi niðurstaða var hjá öllum flokkum, að fara aðrar leiðir en þær sem skýrslan leggur til eftir tveggja, þriggja ára athugun á málinu. Við erum með ríkisstyrki til stjórnmálaflokka, sennilega nokkru hærri en í mjög mörgum öðrum löndum ef athugað er hlutfallslega og það hefur verið þokkaleg sátt um það milli flokkanna að flokkarnir væru svo ríflega studdir. Við höfum hins vegar líka orðið vör við það í þinginu að það hefur komið fyrir að háttur okkar á að styrkja stjórnmálaflokka og þingflokka hafi verið misnotaður. Menn hafa jafnvel klofið sig út úr flokkum og augljóst að það hefur verið gert stundum í þeim tilgangi að verða sér úti um fjármuni. Við þekkjum dæmin, ég á ekki við hv. þm. í því sambandi, en við þekkjum dæmi þess að þetta hefur verið gert hér. Það hefur legið til grundvallar því hvernig menn héldu á slíkum málum.

Ég tel að við þurfum að huga að slíkum málum, að hafa ekki reglurnar þannig að það auðveldi misnotkun af því tagi nu. Við sáum hvernig þessir hlutir æxluðust þegar flokkarnir sem standa nú að Samfylkingunni voru að leysast upp. Það sköpuðust ákveðnir erfiðleikar í því sambandi sem tengjast þessum málum hér eins og menn muna og átta sig á.

Ég tel að menn eigi ekki að reyna að gera fjármálastöðu stjórnmálaflokkanna tortryggilegri en efni standa til. Ég tel að menn fari að með varúð. Ég tel reyndar að það sé nú orðið þannig að það gangi erfiðlega fyrir flokkana að fá fjárhagslegan stuðning því að það er hægt að gera það tortryggilegt með ýmsum hætti. Nú er kannski svo að sú þróun hefur sem betur fer orðið að stjórnmálaflokkarnir skipta ekki eins miklu máli fyrir þróun tilverunnar í landinu, sem betur fer vil ég segja. Það hefur kannski leitt til þess að stjórnmálaflokkarnir eiga erfiðara en ella með að fá stuðning við starfsemi sína. Það er ekkert létt verk fyrir stjórnmálaflokkana að hala upp í skuldir sínar eftir kosningar, það þekki ég. Það er fjarri því að ætla að stjórnmálaflokkarnir sitji, eins og stundum er gefið í skyn, með einhverja stóra sjóði á bak við sig. Enginn þeirra gerir það, það er alveg öruggt.

Auðvitað eiga þeir erfiðast sem hafa fæsta félagana því að það skiptir mestu máli að fólkið vilji flykkja sér um stjórnmálaflokkana, ekki bara í kosningum heldur líka þess á milli. Það hjálpar þeim stjórnmálaflokkum sem hafa flesta félagana en það eru flokkarnir sem hafa raunverulega grasrót, flokkar sem hafa kannski 30 þúsund félaga skráða hjá sér eða svo. Þeir verða ekki jafnháðir stórum gefendum eins og flokkar sem hafa færri félaga á snærum sínum. Því ættu reyndar flokkar sem standa veikt hvað þetta snertir að einbeita sér að því að reyna að fá félaga til að fylkja sér undir merki flokka sinna og þá er miklu minni hætta á því að þeir þurfi jafnvel að láta einn, tvo aðila standa fyrir 10–12% af tekjum sínum í slíkum söfnunum.

Ég er því ekki hlynntur frv. hv. þm. eins og það liggur fyrir hér. Ég vísa á þá niðurstöðu sem varð milli flokkanna allra þar sem flokkur hennar á miðað við núverandi aðstæður og þann tíma sem þá var hvorki meira né minna en helming nefndarmanna.

[16:42]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Herra forseti. Í því frv. sem er til umræðu er annars vegar lagt til að settur verði almennur lagarammi um starfsemi stjórnmálasamtaka og hins vegar er kveðið á um fjárreiður þeirra. Í 5. og 6. gr. I. kafla þessa frv., sem snýr að starfsemi stjórnmálasamtaka, er kveðið á um annars vegar að tilvonandi félögum í stjórnmálasamtökum beri að sækja skriflega um aðild og hins vegar að æðsta vald í málefnum stjórnmálasamtaka skuli vera í höndum félagsmanna eða fulltrúa þeirra á landsfundi eða öðrum sambærilegum vettvangi.

Ég vil gera athugasemdir við þessar greinar á þeirri forsendu að ég tel óeðlilegt að ríkisvaldið setji stjórnmálasamtökum lög um innri starfsemi út í þann hörgul sem þarna er gert. Mér finnst 5. og 6. gr. hreinlega óþarfar. Þá sakna ég þess að sjá ekki í frv. reglur um takmörkun auglýsinga í kosningabaráttu og reglur um birtingu skoðanakannana dagana fyrir kjördag en þessara atriða er þó getið sérstaklega í greinargerðinni með frv.

Ég er hins vegar mjög hlynnt þeim hluta frv. sem snýr að fjárreiðum stjórnmálasamtaka því að krafan um opinber fjármál íslenskra stjórnmálaflokka verður sífellt háværari enda verða þær raddir sífellt háværari sem halda því fram að hagsmunaaðilar gefi hugsanlega stórar fjárhæðir til flokkanna tveggja sem fara með meiri hluta á Alþingi, flokkanna sem ráða mestu um hvernig löggjöfin lítur út.

Hvað er í húfi, herra forseti? Það er lýðræðið sjálft, hvorki meira né minna. Við viljum trúa á lýðræðið en ég veit hversu bjöguð myndin af lýðræðinu getur orðið í kosningabaráttu á Íslandi þegar litlir flokkar með málstaðinn einan að vopni berjast við stóru flokkana sem hafa tugi milljóna að spila úr. Þeir hafa efni á að láta dýrustu auglýsingastofur hanna þá ímynd sem þeir telja vænlegast að ginna kjósendur með hverju sinni, hvort sem það eru skammvinn loforð um stöðugleika og góðæri eða fagurgali um betri hag til handa öryrkjum og barnafólki.

Í Bandaríkjunum eru áhrif peninga á stjórnmál með þeim hætti að mönnum hrýs hugur við. Eins og kunnugt er var nýlega flett ofan af mikilli fjármálaspillingu rótgróins stjórnmálaflokks í Þýskalandi. En í mörgum ríkjum Evrópu, þar á meðal á Norðurlöndum, hefur verið tekið á þessum málum með löggjöf. Þar eru flokkar skyldugir til að gefa upp nöfn þeirra aðila sem gefa meira en 200–300 þús. ísl. kr. í framlög. Ég vil geta þess að frá því að Frjálslyndi flokkurinn var stofnaður hefur hann verið með opið bókhald og reglulega birt fjármálayfirlit á heimasíðu sinni. Einnig var ákveðið þegar við stofnun hans að upplýsa um gefendur ef framlög næmu meiru en 300 þús. kr. og er það í samræmi við 10. gr. þess frv. sem er til umræðu.

Flutningsmaður frv., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, gat þess hér áðan að auk frjálsra framlaga væru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir af ríkissjóði og það sé m.a. gert til að jafna aðstöðu flokkanna. Það samræmist nefnilega ekki hugmyndum almennings um lýðræði ef aðeins fjárhagslega sterk samtök geta boðið fram til Alþingis. Varðandi þetta vil ég benda sérstaklega á 11. gr. frv. þar sem fjallað er um framlag til einstakra stjórnmálasamtaka, en þar segir, með leyfi forseta:

„Framlag til einstakra stjórnmálasamtaka byggist á hlutfallslegri skiptingu þingsæta í undangengnum alþingiskosningum, þó þannig að stjórnmálasamtök, sem hafa fengið a.m.k. 2,5% af greiddum atkvæðum í kosningunum á landinu öllu án þess að hafa náð þingsæti, eiga rétt á framlagi í eitt ár sem svarar til eins þingsætis.“

Þarna er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi hvað það varðar að skilyrði fyrir fjárstyrk eru þau að flokkur skuli hafa hlotið að lágmarki 2,5% atkvæða í alþingiskosningum. Ég geri það hins vegar að tillögu minni að stjórnmálasamtök sem hafa lagt fram framboðslista í öllum kjördæmum ásamt tilskildum stuðningsyfirlýsingum og meðmælalistum við þá, innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í kosningalögum, fái einhvern lágmarksstyrk úr ríkissjóði, til að mynda 2–3 milljónir. Rökstuðningur minn er sá að með þessu verði nýjum stjórnmálasamtökum gert kleift að koma fram á vettvangi stjórnmálanna án þess að einstaklingar sem að þeim standa þurfi að leggja eigur sínar að veði og taka mikla fjárhagslega áhættu. Takist stjórnmálasamtökum að ganga frá framboðslistum og skila meðmælalistum við þá finnst mér að þeim beri lágmarksstyrkur í nafni lýðræðisins þó svo að þeir fái ekki 2,5% atkvæða. Ég legg því til að prósentuhlutfallið verði lækkað eða þessu ákvæði 11. gr. breytt því það er mjög alvarlegt íhugunarefni ef flokkar á þingi geta girt völd sín fjárhagsmúrum svo að engum verði hleypt þar að.

Það er varinn réttur stjórnmálasamtaka samkvæmt stjórnarskrá að bjóða fram en við verðum að gæta þess að slík samtök kafni ekki í fæðingu sökum fjárskorts. Flokkar á þingi eiga styrkina nefnilega alltaf vísa. Þeim mun stærri sem flokkarnir eru þeim mun hærri eru framlögin á meðan ný framboð eiga erfitt uppdráttar í landi okkar, sem við þó viljum kalla lýðræðisríki. Þingflokkarnir skiptu með sér 136 milljónum bara í útgáfustyrki, fyrir kosningarnar vorið 1999. Forskot þeirra á nýja flokka er því gríðarlegt.

Herra forseti. Varðandi orð hæstv. forsrh. um að hér á landi hafi engar reglur verið brotnar vil ég þó segja að grunsemdir um að unnt sé að kaupa sértækum hagsmunum framgang á Alþingi grafa undan trausti almennings á íslenskum stjórnmálum og stjórnmálamönnum og þar með lýðræðinu sjálfu. Sögusagnir sem hér var vitnað til, um að þeir sem eiga gríðarlegra hagsmuna að gæta varðandi kvóta eða miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði hafi gefið stjórnarflokkum stórar fjárhæðir, hafa gengið fjöllunum hærra. Ég mundi ætla að stjórnarflokkarnir kysu að svipta hulunni að fjármálum sínum til að þagga slíkar sögusagnir niður, sanna að málin séu ekki með þessum hætti. En það er öðru nær. Sjálfstfl. hefur til þessa verið og er greinilega enn tregur til að gefa upp nokkuð varðandi fjárreiður sínar og það kyndir undir grunsemdum almennings um að óhreint mjöl sé í því pokahorninu.

Þegar skipuð var nefnd fyrir nokkrum árum til að gera tillögur um þessi mál hér á Íslandi þá voru skipaðir í hana fulltrúar stjórnmálaflokkanna. Vitanlega þyrfti slík nefnd að vera eins óháð stjórnmálaflokkum og mögulegt er, óháð ríkisstjórninni og óháð þingflokkunum. Flestir Íslendingar telja það mjög alvarlega spillingu og mútur ef hagsmunaaðilar gefa gjafir til þeirra sem ráða löggjöf, enda er hagsmunaaðilum bannað með lögum að bera gjafir á embættismenn einmitt af þeirri ástæðu. Ég fullyrði ekki að slíkt sé gert eða hafi nokkurn tíma verið gert. En það er nauðsynlegt að almenningur fái að vita hvaðan stjórnmálaflokkar fá peninga sína. Leyndin sem yfir því hvílir í dag vekur grunsemdir og vantraust og grefur undan lýðræðinu í landinu.

Herra forseti. Ég lýsi stuðningi Frjálslynda flokksins við þetta frv., að öðru leyti en því sem fram hefur komið í máli mínu hér að framan.

[16:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla að fara nokkrum almennum orðum um frv. það sem hér er til umræðu, um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka. Ég vil fyrst segja að ég er í grófum dráttum mjög hlynntur þessu frv. Hér er kveðið á um að til staðar skuli vera opinber stuðningur við stjórnmálaflokka í landinu. Við búum við slíkan stuðning en í þessu frv. er sérstaklega fjallað um það.

Í öðru lagi segir í frv. að bókhald stjórnmálaflokkanna skuli vera opið en að sönnu skuli vera tiltekin viðmiðunarmörk, talan 300 þúsund er þarna nefnd. En þetta er grunntónninn í frv., þ.e. að fjárreiður stjórnmálaflokkanna skuli vera uppi á borði. Undir þetta tek ég.

Í þriðja lagi segir í frv. að um starfsemi stjórnmálaflokkanna skuli gilda ákveðnar reglur til að tryggja að þeir starfi lýðræðislega. Þetta er eðlilegt að gert sé þegar til sögunnar á að koma opinber stuðningur við stjórnmálaflokkana. Það er svo aftur spurning hversu langt eigi að ganga í þessu efni. Ég mundi við nánari skoðun hugsanlega gera athugasemdir við einstakar greinar, þó smávægilegar.

Það er tími til kominn að útrýma ýmsum tímaskekkjum sem við enn búum við, hvimleiðum mjög, t.d. skráningu Sjálfstfl. á kjósendum hér í Reykjavík. Ég veit ekki hvort það tíðkast í öðrum kjördæmum einnig. En þessar persónunjósnir flokksins eru tímaskekkja sem ber að útrýma. Sem betur fer er kveðið á um það í þessu frv. og undir það tek ég heilshugar.

Röksemdafærslan að baki þessu frv. er skýr. Það er ljóst að peningar skipta sífellt meira máli í starfsemi stjórnmálaflokkanna í allri þeirra vinnu og ekki síst í kosningabaráttu. Ég verð þó að játa að mér finnst auglýsingakostnaður stjórnmálaflokka keyra úr hófi fram. Hann hefur aukist jafnt og þétt á liðnum árum og áratugum, mjög svo núna á undanförnum árum. Hitt er svo annað mál að rekstur stjórnmálahreyfingar krefst mikilla fjárútláta. Lýðræðislegt starf flokkanna er dýrt, fundahöld kostnaðarsöm og önnur vinna sem unnin er á þeirra vegum krefst mikilla fjárútláta.

Það er óeðlilegt að stjórnmálaflokkar þurfi að reiða sig á stuðning fyrirtækja í landinu. Það er að sjálfsögðu hvimleitt þegar þeir leggjast í sníkjur eða setja fram fjárbeiðni til fyrirtækja í landinu. Það þarf að finna leiðir til að koma í veg fyrir að flokkarnir þurfi að reiða sig á slík framlög.

Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa fengið stuðning frá fyrirtækjum. Það á við um þá hreyfingu sem ég á hlut að, Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Sú hreyfing setti sér þær reglur fyrir síðustu kosningar að taka ekki við hærri upphæðum en 500 þúsund kr. og það skyldi þá tilgreint ef um hærri upphæðir væri að ræða. Þetta var það þak sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð setti sér. Það má deila um þessa upphæð. Ég tek undir með þeim sem telja hana vera of háa og tel að við þurfum að endurskoða mörkin. Mér fyndist mjög vel koma til álita að þessi mörk væru mun lægri, 50 þúsund, 100 þúsund, ef yfir höfuð væru einhver slík gólf á ferðinni.

Ég held að það væri stjórnmálaflokkunum til góðs að hafa bókhaldið opið. Ég held að það væri öllum stjórnmálaflokkum til góðs. Hæstv. forsrh. nefndi það í ræðu sinni áðan að því hafi verið haldið fram í fjölmiðlum að Sjálfstfl. og Framsfl. hefðu fengið drjúgan fjárstuðning frá íslensku fyrirtæki sem hér hefur mjög komið við sögu í stjórnmálabaráttunni á undanförnum mánuðum, Íslenskri erfðagreiningu. Hann sagði að þar hefði verið rætt um 70 millj. kr. sem hefðu runnið til hvors stjórnmálaflokksins um sig. Ég held að forsrh. bæti nú nokkuð í. Samkvæmt því sem fjallað var um í fjölmiðlum á sínum tíma þá voru þessar upphæðir mun lægri eða um 20 millj. kr.

Ég held að það sé óheilbrigt og slæmt fyrir stjórnmálaflokk eins og Sjálfstfl. og Framsfl. að búa við sögusagnir af þessu tagi. Ég tek undir það sem hv. þm. Margrét Sverrisdóttir sagði hér áðan: Það væri Sjálfstfl. og Framsfl. til góðs að upplýsa hvort um einhvern fjárstuðning er að ræða frá þessu fyrirtæki, Íslenskri erfðagreiningu og ef svo er, hversu hár hann er og hvort þessar upphæðir eru nálægt sannleikanum. Því hefur verið haldið fram að um sé að ræða 20 millj. kr. Ég hef ekki neinar upplýsingar um slíkt aðrar en þær sem ég hef séð í fjölmiðlum. En mér finnst mjög mikilvægt að stjórnmálaflokkar geri hreint fyrir sínum dyrum.

Ég endurtek að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett þetta mark, 500 þús. kr. Ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á þau mörk þó ég sé að sjálfsögðu ábyrgur fyrir þeim reglum sem við höfum smíðað okkur eins og aðrir í þessum stjórnmálaflokki og axla þá ábyrgð fyllilega. En ég tek undir að þetta þurfi að endurskoða og ég legg áherslu á að fjármál allra stjórnmálaflokkanna séu uppi á borði. Ég held að það sé lýðræðinu til góðs og mjög mikilvægt að við tökum okkur á í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. sagði að þetta snerist í reynd ekki um lög, jafnvel ekki um stjórnarskrá og vísaði þar til Þýskalands þar sem bundið væri í stjórnarskrá landsins að tryggja heiðarlega og opna meðferð fjármuna. Menn geta ekki lögbundið siðferðið, mátti skilja á hæstv. forsrh. Hann sagði að alls staðar þar sem menn búa við reglur eða stjórnmálaflokkar búa við reglur þá fari þeir á bak við þær og þar væri enginn munur á stjórnmálaflokkum.

Ég er ekki alveg viss um að þetta sé rétt. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt að í fyrsta lagi sé enginn munur á stjórnmálaflokkunum. Ég er heldur ekki viss um að reglur skipti engu máli. Mér finnst mikilvægt að við búum við samræmdar reglur í þessum efnum þótt ég taki vissulega undir það sem hæstv. forsrh. sagði, að hverjum og einum stjórnmálaflokkanna er að sjálfsögðu í lófa lagið að upplýsa um fjármál sín og það eiga þeir að gera. En ég tel að við eigum að setja okkur samræmdar reglur.

Aðeins eitt að lokum til leiðréttingar. Hæstv. forsrh. sagði að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefði fengið stuðning frá fyrirtækjum upp á um fjórar millj. kr. Hann var heldur í hógværari kantinum, það er rúmlega þetta, 4.425.000 kr. munu það hafa verið. Hreyfingin varði 9,3 millj. kr. til starfseminnar fyrstu fimm mánuði ársins og þar er kosningabaráttan meðtalin. Reyndar mun þessi upphæð vera ívið hærri vegna þess að til sögunnar kemur einnig tilkostnaður einstakra kjördæmafélaga. En þetta er sú upphæð sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð, sem stjórnmálaflokkur, varði til starfsemi sinnar og kosningabaráttunnar á síðasta ári og mun enginn flokkur á Íslandi hafa verið eins hógvær og passasamur í meðferð fjármuna og Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

[16:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinstri grænir ræða hér um opið bókhald og framlög sem opinberuð eru af ráðamönnum flokksins. Það hefur náttúrlega komið fram hjá hæstv. forsrh. að fjármálum vinstri grænna er stjórnað af örfáum sem veita þar verulega

háar upphæðir í rekstur þessa stjórnmálaflokks og hafa þar augljóslega mikil áhrif í krafti þess mikla fjármagns sem þeir leggja þar inn hlutfallslega, þ.e. miðað við það sem þeir yfirleitt fá inn í sjóði sína.

Mér fannst hv. þm. Ögmundur Jónasson fara nokkuð víða, sérstaklega þegar hann fór að væna Sjálfstfl. um að reyna að fótumtroða lýðræðið með því að stunda einhvers konar persónunjósnir á kjörstöðum, eins og hv. þm. orðaði það, með því að fulltrúar flokksins sitji þar og fylgist með því hverjir koma og kjósa.

Mig langar að spyrja hv. þm. sérstaklega út af þessu atriði hvort hann viti að þar sem Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir fylgjast með kosningum úti í heimi, þar sem óttast er að ekki sé farið eftir lýðræðislegum leikreglum, er fyrst skoðað hvort stjórnmálaflokkarnir hafi sína menn til að fylgjast með því að allt sé í góðri reglu og eftir lýðræðislegum hefðum. Þar er þetta talinn kostur og trygging þess að sé farið að lýðræðinu. Þannig má fylgjast með því að á kjörstað sé ekki verið að nauðga lýðræðinu með einum eða öðrum hætti, eins og sagt hefur verið. Þetta er sem sagt trygging fyrir lýðræðinu en ekki nauðgun á því eins og hv. þm. heldur og margir misskilja í rauninni hjá íslenskum stjórnmálaflokkum.

[17:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér nú að fullyrða að enginn stjórnmálaflokkur að undanskildum Frjálslynda flokknum, sem reyndar var einnig hógvær í kosningabaráttu sinni, og húmanistar, sem ekki fengu mann kjörinn, hafi verið eins hógvær og passasamur í meðferð fjármuna og Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Ekki er stuðningurinn frá fyrirtækjum í landinu mikill miðað við það sem gerist hjá öðrum stjórnmálaflokkum og því fjarri lagi að halda fram að einstök fyrirtæki hafi áhrif á gang mála innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en það fullyrti hv. þm. Kristján Pálsson. Hann sagði og gaf það sterklega í skyn að Vinstri hreyfingin – grænt framboð léti stjórnast af fyrirtækjum sem styddu hreyfinguna.

Ég beini einni einfaldri spurningu til hv. þm.: Kannast hann við orðtakið „margur heldur mig sig“?

[17:02]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. telur að kosningabarátta þeirra hafi verið hógvær eins og Frjálslynda flokksins. Við veltum því yfir okkur ýmsir hvort Frjálslyndi flokkurinn sé í rauninni að reyna að ná inn fyrir kosningaskuldunum með því að láta einn af forvígismönnum þeirra innheimta sérstakt gjald frá Íslenskri erfðagreiningu í gegnum kennitölur. Maður veltir því fyrir sér hvort Frjálslyndi flokkurinn sé kominn í þá úlfakreppu að þeir neyðist til þess að fara út í slíka aðferð til að afla sér fjár. Við erum þar að tala um einn af forustumönnum flokksins og vegna þess að hér var rætt um hógværð er nauðsynlegt að draga þetta fram.

Ég held að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé í rauninni í þeirri stöðu í fjáröflun sinni, eins og kom skýrt fram hjá hæstv. forsrh., að vegna þess að það kemur ekki mikið af frjálsum framlögum inn í þessa flokka geti einungis 500 þús. kr. verið stórt hlutfall af heildinni. Með þeim hætti geta slík framlög haft áhrif á stjórnun flokkanna.

Ég held að þegar upp er staðið hafi það komið mjög mörgum á óvart þegar það upplýstist að Íslensk erfðagreining hafi látið í kosningasjóði allra flokka nema Sjálfstfl. Þar af leiðandi duttu niður öll rök sem verið hafa uppi á borðinu hjá andstæðingum Sjálfstfl., að þar hafi flóð út úr af peningum frá hinum og þessum fyrirtækjum og þá sérstaklega Íslenskri erfðagreiningu. Mörgum þótti skrýtið hve lítið var um það rætt að Sjálfstfl. væri eini flokkurinn sem ekki fékk neitt út úr þessu.

[17:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að þingmaður Frjálslynda flokksins skuli hafa óskað eftir því að bera sakir af flokknum. Hann mun eflaust gera það hér á eftir, ef hæstv. forseti leyfir. En þetta er mjög undarlegur málflutningur af hálfu hv. þm. Kristjáns Pálssonar, að notfæra sér andsvar við mig til þess að ráðast á þriðja aðila, Frjálslynda flokkinn. Ég læt Frjálslynda flokknum og fulltrúum hans eftir að taka þráðinn þar upp.

Ég vildi aðeins vekja athygli á yfirlýsingum hv. þm. Kristjáns Pálssonar um eftirlit Sjálfstfl. með kosningum. Er hann virkilega að telja mönnum trú um það að viðvera fulltrúa flokksins í kjörklefum í Reykjavík sé til að fylgjast með því að ekki fari fram kosningasvik? Er hann að líkja þessu við eftirlit Sameinuðu þjóðanna í ríkjum þriðja heimsins eða fyrrum einræðisríkjum sem eru að fóta sig á hálu svelli lýðræðisins? Er hann að líkja þessari njósnastarfsemi Sjálfstfl. við eftirlitsstarf Sameinuðu þjóðanna? Þetta er fáheyrt og gersamlega út í hött.

[17:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir umhyggju hans fyrir Sjálfstfl. Hann sagði að það kæmi flokknum til góða ef hann birti og opnaði bókhald sitt, það mundi væntanlega auka fylgi hans en þá væntanlega á kostnað annarra flokka og þar með hans flokks. Þetta er mikil fórnfýsi.

En ég er með spurningar til hv. þm. Í fyrsta lagi: Hvaða fyrirtæki gáfu Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fjármuni, t.d. yfir 300 þús. kr.? Í öðru lagi: Styrkti Íslensk erfðagreining Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og þá með hvaða upphæð?

[17:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að Íslensk erfðagreining studdi Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Þetta hefur verið staðfest. Það hefur jafnframt komið fram að ekkert fyrirtæki veitti Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fjárstuðning umfram 500 þús. kr. Það hefur einnig komið fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerði í kjölfarið samkomulag við styrktaraðila um að ekki yrði greint frá einstökum fjárframlögum undir 500 þús. kr. Þetta er alveg skýrt af hálfu hreyfingarinnar.

Ég hef hins vegar sagt að mér finnist þessi upphæð of há. Mér finnst vel koma til álita og mjög líklegt að það verði tekið til endurskoðunar hvar þessi mörk skuli liggja, hvort þau eru 50 þús. eða 100 þús. Það er nokkuð sem við munum taka lýðræðislega á.

Reyndar er ég þeirrar skoðunar að við eigum að bindast samtökum um það, allir stjórnmálaflokkar, að hafa þessi mörk sem allra lægst ef þau yfir höfuð eiga að vera fyrir hendi.

[17:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst mjög ótrúverðugt hjá hv. þm. þegar hann byrjar á því að tala fjálglega um að hann styðji þetta frv. og styðji það að opna bókhald stjórnmálahreyfinga en kemur svo á eftir og segjast ekki ætla að opna bókhald síns flokks. Ég óska eftir því að hv. þm. upplýsi mig og hv. þingheim um hvaða fyrirtæki styrkti Vinstri hreyfinguna – grænt framboð um 500 þús. kr. Ég óska eftir því að fá upplýsingar um hvað Íslensk erfðagreining styrkti Vinstri hreyfinguna – grænt framboð með hárri upphæð í ljósi þess sem hv. þm. hefur látið uppi.

Ég óska jafnframt eftir því að hv. þm. upplýsi hvort fjárstuðningur Íslenskrar erfðagreiningar til flokksins hafi haft einhver áhrif á afstöðu flokksins í þeim málum sem við höfum verið að fjalla um.

[17:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta nú ekki mjög trúverðugur málflutningur af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég hef skýrt þingmanninum frá niðurstöðum okkar varðandi síðustu alþingiskosningar. Mér finnst þetta hins vegar eðlilegar spurningar hjá hv. þm. Mér finnst þær eðlilegar gagnvart öllum stjórnmálaflokkum. Mér finnst líka vera eðlilegt og ég ítreka það að Sjálfstfl., sá flokkur sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur úr, upplýsi um framlög fyrirtækja til flokksins, ekki bara fyrir síðustu kosningar heldur á síðasta kjörtímabili. Staðhæfingar um framlög Íslenskrar erfðagreiningar til Sjálfstfl. eiga ekki rót að rekja til viknanna fyrir síðustu kosningar heldur á síðasta kjörtímabili. Ég held að það væri mjög mikilvægt fyrir Sjálfstfl. og Framsfl. að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum. Ég held að það væri mjög mikilvægt og lýðræðinu til góðs.

[17:11]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, hefur óskað eftir að fá að bera af sér sakir. Forseti fær nú reyndar ekki séð að bornar hafi verið sakir á hv. þm. en vill þó gefa honum orðið og heyra hvað hann hefur fram að færa.

[17:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson sagði úr þessum ræðustól að Frjálslyndi flokkurinn hefði þegið fjármuni af Íslenskri erfðagreiningu. Sem formaður þingflokks Frjálslynda flokksins fullyrði ég úr þessum ræðustól að það er rangt.

Ég fullyrði einnig að svokölluð kennitölusöfnun, til þess að láta Íslenska erfðagreiningu greiða fyrir upplýsingar í gagnagrunn, er ekki á vegum Frjálslynda flokksins og tengist honum ekki.

Annað vildi ég ekki segja og tel að þingmaðurinn hafi farið með rangt mál.

[17:12]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vona að hæstv. forsrh. sé hér nálægt og hlýði á mál mitt enda er full ástæða til miðað við ræðu hans hér áðan. Ég spyr hæstv. forseta um það. Mér finnst nú verra að klukkan sé látin ganga á mig meðan verið er að sækja forsrh. í salinn.

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv. forsrh. er ekki í húsinu.)

Ég verð að segja, herra forseti, að það er ákaflega sérkennilegt að hæstv. forsrh. yfirgefi húsið eftir þá ræðu sem hann flutti áðan án þess að bíða eftir því að sú sem hér stendur, sem hann beindi ýmsum árásum að, fái tækifæri til að svara hæstv. ráðherra. Ræða hæstv. forsrh. gaf ekki tilefni til þess að ég færi í stutt andsvar áðan. Þess vegna bað ég um orðið vegna ræðu hæstv. forsrh. Ég hygg að hæstv. forsrh. hafi verið það fullkunnugt.

Ég mun engu að síður halda áfram máli mínu en ég býst við, herra forseti, að æskilegt og rétt sé að fara fram á að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. forsrh. sér ástæðu til að vera viðstaddur lok umræðunnar.

Ég hafði búist við því, herra forseti, að hér færi fram málefnaleg umræða af hálfu hæstv. forsrh. um þá skýrslu sem við ræðum og hefur verið fimm til sex ár í fæðingu. En mér varð ekki að ósk minni og það var ekkert í ræðu minni sem gaf hæstv. forsrh. tilefni til þess að upphefja þær dylgjur og þann ómálefnalega málflutning sem hann gerði hér.

Það er vissulega mjög athyglisvert að þegar verið er að ræða fjármál stjórnmálaflokkanna er eins og hæstv. forsrh. missi yfirleitt stjórn á sjálfum sér, komist í mikið ójafnvægi og verði nokkuð æstur.

Það er ýmislegt sem hæstv. forsrh. sagði áðan sem hann þarf að svara fyrir. Ég er bara að tala um þær dylgjur sem hæstv. forsrh. setti fram að því er varðar Öryrkjabandalagið. Hæstv. forsrh. talaði um að Öryrkjabandalagið hafi verið með áróðursauglýsingar tengdar Samfylkingunni í síðustu kosningum. Það er fyrir neðan virðingu hæstv. forsrh. að tala svona. Ég held að hæstv. forsrh. verði að standa fyrir máli sínu og sanna það sem hann fer hér með, að Öryrkjabandalagið hafi verið með áróðursauglýsingar fyrir Samfylkinguna, tengdar Samfylkingunni, sagði hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. kýs að setja málið fram með þeim hætti eftir að hafa verið í forsæti fyrir ríkisstjórn sem hefur dregið niður kjör öryrkja í góðæri, og væri hægt að hafa langt mál um hvernig kjör öryrkja hafa dregist aftur úr öðrum þjóðfélagshópum í hans tíð sem forsrh. Nei, hæstv. forsrh. ræðir það ekki undir þeim eðlilegu kringumstæðum þegar við erum að ræða hér kjör öryrkja, heldur kýs hann í alls óskyldri umræðu að ráðast með heift að Öryrkjabandalaginu og segja að það hafi verið með áróðursauglýsingar tengdar Samfylkingunni. Hæstv. forsrh. verður að sanna mál sitt í þessum ræðustól eða á annan hátt og ég óska þess, herra forseti, að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en það liggur fyrir.

Þetta er auðvitað það sama og þegar hæstv. forseti þingsins var með dylgjur um að verkalýðshreyfingin hefði sett peninga til Samfylkingarinnar. Það er ekki hægt að láta slíku ómótmælt og þessu þarf hæstv. forsrh. að standa fyrir.

Það var ýmislegt annað athyglisvert sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. Hann kaus að ræða afar lítið um þá skýrslu sem búið er að vera í fimm til sex ár að vinna og ekkert kemur út úr, nákvæmlega ekki neitt nema að styrkja forsetaframbjóðendur. Annað er bara óbreytt ástand. Af hverju var það sem þessi nefnd var sett á laggirnar? Sjálfstfl. barðist fyrir því að þeir sem veittu framlög til stjórnmálaflokkanna fengju þau frádráttarbær upp að ákveðnum hluta. Um það var samkomulag árið 1993 í þessum þingsal gegn því að sett yrði á laggirnar nefnd til að vinna að undirbúningi lagasetningar um fjármál stjórnmálaflokkanna. Þannig skildi ég það, þannig skildu fleiri það. Það voru ýmsir tregir í þá lagasetningu um frádrátt af framlögum frá tekjum einstaklinga eða fyrirtækja nema slíkt kæmi fram. Nú liggur þessi skýrsla fyrir þar sem ekkert á að gera og hæstv. forsrh. sem skipaði þessa nefnd kýs bara að vera hér með dylgjur í garð annarra

í staðinn fyrir að ræða skýrsluna. Hann ræddi t.d. ekkert um rökin sem nefndin setur fram fyrir því að það eigi ekki að setja lög um fjárreiður og starfsemi stjórnmálaflokkanna þar sem með fáránlegum hætti er vitnað í stjórnarskrána og ákvæði sem sett var inn í hana 1995 um félagafrelsi, og því haldið fram að stjórnmálaflokkarnir hafi raunverulega komist í skjól með því ákvæði sem sett var í stjórnarskrána á sínum tíma og því þurfi ekki að setja nein lög um að þeir birti fjármál sín opinberlega. Þetta er auðvitað fráleitt en hæstv. forsrh. kaus að eyða ekki einu orði í það, ekki einu orði, heldur segir hann sem rök að það sé svo auðvelt að fara fram hjá reglunum og vitnar til Þýskalands í því sambandi. Það getur vel verið að hægt sé að fara fram hjá slíkum reglum en ég spyr: Eiga menn fyrir fram að gefast upp við það? Væri þá ekki eins hægt að segja varðandi skattalögin: Af því að menn svíkja undan skatti og fara fram hjá lögum og reglum, þá eigum við ekki að setja nein skattalög? Það er auðvitað hægt að vitna í fleiri lög sem farið er fram hjá. Þetta eru engin rök hjá hæstv. forsrh. Þetta eru rök sem ég kalla rökþrot hjá manni sem vill ekki slík lög eða flokkur hans. Og hæstv. forsrh. nefndi það ekki, og ég hlífði honum við því í framsögu minni þó að hann kysi að vera með dylgjur og ómálefnalegan málflutning, að Sjálfstfl. er eini flokkurinn af öllum stjórnmálaflokkum sem ekki hefur birt ársreikninga sína opinberlega.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. forsrh. að reikningar eru misjafnlega fram settir. Sumir eru settir fram á þann hátt að þá þarf að sundurliða meira. Þetta frv. gengur einmitt út á það að reikningar séu settir fram í samræmdu formi hjá stjórnmálaflokkunum til þess að þeir séu m.a. samanburðarhæfir. Þess vegna er verið að leggja til að þeir birti ársreikninga sína opinberlega og líka að þeir séu framtalsskyldir þó að þeir séu ekki skattskyldir vegna þess að ef þeir eru framtalsskyldir eru reikningar flokkanna settir fram með sambærilegum hætti.

Hæstv. forsrh., sem fer fyrir flokki sem telur sig aldrei þurfa að birta ársreikninga sína, bar hér líka fram að í síðustu kosningabaráttu hefði Sjálfstfl. eytt 70–80% minna en Samfylkingin. Ég skora á hæstv. forsrh. og flokk hans að birta ársreikninga sína opinberlega til að staðfesta þetta sem hann segir í ræðustól. Hann getur auðvitað nefnt hvaða tölu sem er, jafnvel að þeir hafi ekki eytt nema 10% af því sem Samfylkingin hefur gert af því að þeir birta aldrei ársreikninga sína opinberlega. Og nú er komin skýrsla sem segir að það eigi ekkert að gera í þessu máli og undir það hefur hæstv. forsrh. tekið í þessum ræðustól. Þess vegna skora ég á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að ársreikningarnir hjá Sjálfstfl. verði birtir opinberlega til að sannreyna þá tölu, að síðasta kosningabarátta Sjálfstfl. hafi kostað 70–80% minna en hjá Samfylkingunni.

Hæstv. forsrh. ræddi líka mikið um Íslenska erfðagreiningu og þær upplýsingar sem fram komu um stuðning Íslenskrar erfðagreiningar við stjórnmálaflokkana í síðustu kosningabaráttu. Miðað við það sem fram hefur komið um Íslenska erfðagreiningu og stuðning Íslenskrar erfðagreiningar við stjórnmálaflokkana, því er m.a. haldið fram að Sjálfstfl. hafi líka fengið stuðning frá Íslenskri erfðagreiningu, ég hef ekki hugmynd um það, það getur vel verið að hann hafi ekkert fengið frá Íslenskri erfðagreiningu, en hæstv. forsrh. sem talaði mikið um stuðning Íslenskrar erfðagreiningar við aðra stjórnmálaflokka verður þá jafnframt að lýsa því yfir að Sjálfstfl. hafi aldrei þegið neitt frá Íslenskri erfðagreiningu vegna þess að sumir segja að fjáröflun Sjálfstfl. fari ekki fram rétt fyrir kosningar heldur á miðju kjörtímabili og getur verið, ég hef ekki hugmynd um það, að Sjálfstfl. hafi einhvern tíma, t.d. á miðju kjörtímabili fengið eitthvað frá Íslenskri erfðagreiningu. Ég er ekki að halda því fram, en ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann geti staðið í þessum ræðustól og sagt að Sjálfstfl. hafi aldrei, hvorki rétt fyrir kosningabaráttuna né áður eða einhvern tíma þegið eitthvað frá Íslenskri erfðagreiningu.

Síðan ræddi hæstv. forsrh. í dylgjum sínum um þá sem misnota aðstöðu sína og talaði um einstaklinga sem hverfa frá flokki sínum til að ná sér í framlag. En hæstv. forsrh. ræddi ekki um hvernig þessi nefnd sem skipuð er framkvæmdastjórum stjórnmálaflokkanna, að ég held, hefur verið með geðþóttaákvarðanir í því efni og það þekkir sú sem hér stendur, vegna þess að ég hafði auðvitað ekki hugmynd um það þegar ég fór úr Alþfl. að ég ætti rétt á einhverjum styrk, kafaði ekkert ofan í það á einn eða annan hátt. Það upplýstist tveim eða þremur árum síðar að ég hefði átt rétt á ákveðnum stuðningi þar en framkvæmdastjórar flokkanna eða formenn sáu enga ástæðu til þess að upplýsa mig um það. Og auðvitað á ekki nefnd framkvæmdastjóra flokkanna að vera að ákveða hvað flokkarnir fá. Það á að vera nefnd óháð flokkunum og utan þings sem ákveður framlög til stjórnmálaflokkanna en ekki að þeir séu að ákveða þetta sjálfir. En svona voru dylgjur forsrh., herra forseti, og hann yfirgefur bara húsið þegar hann veit að það á eftir að svara þeim dylgjum sem hann fór hér með.

Síðan ræddi hæstv. forsrh. um Þjóðvaka og sagði að 1995 hefði Þjóðvaki verið með fyrirslátt vegna þess að hann hefði ekki viljað vera í þessari nefnd. Ég upplýsti það í framsöguræðu minni að Þjóðvaki spurði forsrh. á árinu 1995 bréflega um hver verklýsing nefndarinnar væri og skilgreiningu á verkefni nefndarinnar, hvenær hún ætti að ljúka störfum og hvert verksviðið ætti að vera. Átti það að ná yfir starfsemi stjórnmálaflokkanna eða bara fjármálin eða hvert var verksviðið? Við fengum ekkert svar og engar upplýsingar og við vildum ekki taka þátt í því vegna þess að okkur grunaði að niðurstaðan yrði sú sem verið er að ræða í dag. Niðurstaða um nákvæmlega ekki neitt eftir fimm til sex ára starf stjórnmálaflokkanna.

Af því að hæstv. forsrh. er að spyrja um hvort Samfylkingin muni birta reikninga sína opinberlega, þá hefur talsmaður Samfylkingarinnar lýst því yfir að þeir verði birtir opinberlega og ég ítreka það enn og aftur að í stefnuskrá Samfylkingarinnar kemur fram að setja eigi lög um fjármál stjórnmálaflokkanna. Ég lít svo á að þessi skýrsla sé fyrst og fremst lágmarkssamnefnari milli þessara flokka sem hægt var að ná samstöðu um, sem er auðvitað ekki neitt. Það er tvennt: að skilgreina betur í fjárlagafrv. sjálfu ákvæði sem lúta að fjárstuðningi og hins vegar varðandi forsetaframboð.

Herra forseti. Það er ástæða til að ræða þetta frekar. Ég sé að klukkan tifar á mig en ég óska eftir því að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. forsrh. verður viðstaddur umræðuna og svarar þeim dylgjum sem hann setur hér fram í ræðustól, t.d. gagnvart Öryrkjabandalaginu, og það eru fleiri þættir sem forsrh. þarf að svara. Hann flýr út úr húsi og er ekki viðstaddur eftir að hafa sett fram slíkar dylgjur. Slíkt, herra forseti, er ekki hægt að líða í þingsölum. Ég óska því eftir að þessari umræðu ljúki ekki.

[17:28]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ekki er hægt að skilja við þetta mál eins og það stendur nú. Hæstv. forsrh. hefur verið með dylgjur og yfirlýsingar sem búið er að svara í ræðu. Hann hefur ekki verið viðstaddur til að svara fyrir sig og þetta mál er þannig vaxið að ekki er hægt að sætta sig við að umræðunni ljúki núna. Ég fer fram á það, hæstv. forseti, að ég geti haldið áfram ræðu minni eftir að hæstv. forsrh. hefur mætt í þingsal svo við getum treyst á að hann geti brugðist við því sem hér hefur verið til umræðu og umræðunni því lokið eðlilega.

Ég bið um svör við þessu, hæstv. forseti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti minnir á að hæstv. forsrh. var viðstaddur þessa umræðu í líklega eina og hálfa klukkustund og tók þátt í umræðunum en hefur síðan vikið úr húsi. Forseti sér ekki ástæðu til að fresta þessari umræðu þar sem þetta er aðeins fyrsta umræðan af þremur.)

Hæstv. forseti. Ég hef ekki lokið máli mínu enn, ég óska eindregið eftir því að umræðunni verði frestað og óska síðan eftir því að ég verði settur á mælendaskrá og lýk hér með máli mínu.

[17:29]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Mér kemur mjög á óvart það sem ég heyri úr forsetastól, að hæstv. forseti ætli ekki að verða við ósk minni um að fresta þessari umræðu. Ég vil minna á það, herra forseti, og hef sett það fram í máli mínu að ég hef tví- eða þrívegis farið fram á það að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðuna. Hæstv. forsrh. gat það ekki í þessi skipti áður og ég varð auðvitað við því að við mundum taka okkur þann tíma sem við þyrftum þegar hæstv. forsrh. gæti verið viðstaddur umræðuna. Nú er komið að því að þessi umræða er tekin á dagskrá og forsrh. sat hana vissulega fyrsta klukkutímann eða einn og hálfan en, herra forseti, ef forseti hefur hlýtt á ræðu forsrh. var alveg ljóst að ég þyrfti að svara ýmsu því sem fram kom hjá hæstv. forsrh. sem ekki gafst tilefni til í stuttu andsvari og það er mjög algilt þegar svo stendur á að óskað er eftir því að umræðu ljúki ekki.

Hæstv. forseti talar um að þetta sé einungis fyrsta umræðan af mörgum. Ég spái því að þetta mál muni ekki koma á dagskrá aftur á þessum vetri. Þetta er í sjötta skipti sem ég flyt þetta frv. og það hefur alltaf sofnað í nefnd með þeim rökum að nefnd væri að störfum sem mundi skila niðurstöðu um fjármál stjórnmálaflokkanna. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að hann sé sammála niðurstöðu þessarar nefndar. Ég á því ekki von á, a.m.k. meðan Sjálfstfl. fer með völd, að þetta frv. komi á dagskrá aftur. Ég fer því þess eindregið á leit við forsrh., og mér finnst það eðlileg og sanngjörn ósk, að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. forsrh. hefur tækifæri til að taka þátt í henni. Svo alvarlegar dylgjur voru hér settar fram að hæstv. forsrh. verður að geta svarað því sem fram kom í máli mínu. Ég er að biðja herra forseta um að hæstv. forsrh. verði gefið svigrúm til að svara því sem fram kom í ræðu minni.

Það var ýmislegt sem ég beindi til hæstv. forsrh. Ég var með áskoranir á forsrh. um að birta ársreikninga Sjálfstfl. opinberlega. Ég talaði um hvaða orð hann viðhafði gagnvart Öryrkjabandalaginu og hann yrði að sanna mál sitt í ræðustól og þessari umræðu getur ekki lokið nema það sé gert. Þess vegna ítreka ég, herra forseti, að þessari umræðu ljúki ekki fyrr en hæstv. forsrh. getur verið viðstaddur hana.

[17:32]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmönnum Jóhanni Ársælssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur um að hlé verði gert á þessari umræðu þar til hæstv. forsrh. getur tekið þátt í henni og svarað þeim rökum sem fram hafa verið reidd. Sjálfur var hæstv. forsrh. mjög þungorður og kom fram með mjög óvægna gagnrýni sem hér hefur verið lýst sem alvarlegum dylgjum og mér finnst eðlilegt að um þetta fari fram umræða í þinginu þannig að ég tek undir með hv. þingmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóhanni Ársælssyni að hlé verði gert á þessari umræðu og henni ljúki ekki fyrr en hæstv. forsrh. gerir betur grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Við erum að ræða mjög mikilvæg mál, fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Fram hafa komið mjög alvarlegar fullyrðingar í þessari umræðu um hlutdeild almannasamtaka í rekstri stjórnmálaflokka og ég tel mjög brýnt að við verðum við óskum þessara hv. þingmanna og beini því mjög eindregið til hæstv. forseta að hann geri hlé á þessari umræðu og henni verði ekki fram haldið fyrr en hæstv. forsrh. verður viðstaddur.

[17:34]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég kem hingað til þess að taka undir með þeim þingmönnum sem hafa óskað eftir því að þessari umræðu verði frestað. Ástæðan eru þau ótrúlegu svigurmæli sem hæstv. forsrh. viðhafði í sinni fyrstu og einu ræðu í dag og beindust að almannasamtökum sem starfa hér á landi. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að þessi samtök hefðu í reynd misnotað sitt fé til þess að styðja einn tiltekinn stjórnmálaflokk.

Það hefur komið fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að þetta er ekki rétt og það hlýtur að vera eðlileg krafa okkar áður en þessari umræðu lýkur að hæstv. forsrh. finni orðum sínum stað hér úr þessum stóli og sýni fram á að sú fullyrðing sem hann setti fram um þessi samtök sé ekki úr lausu lofti gripin. Það er ekki hægt að láta þetta mál liggja hér eftir með þessum hætti.

Ég ætla mér ekki þá dul að ráða um of í mál hæstv. forseta en það kom fram að mér þótti vera vottur af skilningi hjá hæstv. forseta um að hann skildi nauðsyn þessa. Hæstv. forseti orðaði það svo að hér væri einungis um 1. umr. að ræða og ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en svo að hann mæltist til þess að beðið yrði með frekari umræðu þangað til málið kæmi hingað aftur. En eins og hv. flm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert grein fyrir eru ákaflega litlar líkur á því að þetta mál komi hingað aftur.

Hæstv. forsrh. hefur sem talsmaður stjórnarliðsins lýst mjög harðri andstöðu sinni við málið og ég sé þess vegna engin rök til þess, herra forseti, að hægt sé að taka það aftur upp við síðari umræðu. Ég held að sú bón sem hér kemur fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sé fullkomlega eðlileg. Mér finnst þingsins vegna og sóma þess vegna að ekki sé hægt að láta svona ummæli liggja í loftinu án þess að hægt sé að hreinsa þetta upp. Þess vegna fer ég, herra forseti, fram á að umræðunni verði frestað annaðhvort þangað til hæstv. forsrh. getur komið aftur til þessa fundar eða þá til þess tíma síðar þegar okkur gefst tóm til þess að ræða þetta frekar við hæstv. forsrh. Þetta er eðlileg ósk af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og það hefur verið tekið undir hana af hálfu talsmanna annarra þingflokka. Ég held að það sé best að við förum þessa leið, herra forseti, til þess að hreinsa

loftið vegna þeirra svigurmæla sem hér hafa fallið.

[17:37]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég harma þann hanaslag sem hér hefur verið þar sem í raun hefur kannski ekki verið fjallað um efnið. Það sem varðar fjárreiður stjórnmálaflokkanna hlýtur að snúast um það hvernig við ætlum að styrkja lýðræðið í landinu og þess vegna er tillaga og málflutningur hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur ákaflega eðlilegur og hefur margt gott í sér.

Ég vil að það komi fram hér að fyrir níu árum tók ég þátt í grasrótarsamtökum sem buðu fram hér á landi. Okkur vantaði örlítið á til þess að ná manni kjörnum. Þá voru reglurnar þannig að við nutum engra opinberra styrkja og þá varð ég svo sannarlega var við það hvernig það er að þurfa að afla fjár til stjórnmálastarfsemi.

Við skulum átta okkur á því og ekkert að vera að fara í grafgötur með það að þau öfl sem ekki hafa massífan bakstuðning í efnahagslífinu eiga mjög erfitt uppdráttar. Þetta er miklu auðveldara fyrir þau öfl sem eiga massífan stuðning og aðgang inn í stofnanir efnahagslífsins. Það gefur augaleið. Af því hef ég langa reynslu.

Þeir sem vinna út frá grasrótarhreyfingu hafa í raun engar aðrar leiðir en að senda bónarbréf til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga og sjá svo til hverjir eru tilbúnir að styðja. Ég fullyrði að sú leið er farin í fjáröflun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þar er beiðni um stuðning send til allra, einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og við höfum þegið stuðning eftir þeim reglum sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur sett fram og greint frá hér með hámark þannig að við gætum staðið fyrir okkar starfsemi.

Stóru flokkarnir hafa sérstöðu, tengsl við atvinnulífið og stofnanir. Það er barnaskapur að loka augunum fyrir þeirri sérstöðu. Allt önnur lögmál gilda fyrir þessa flokka en fyrir minni öfl, skulum við segja, eða nýrri öfl í samfélaginu. Það er mergurinn málsins og þess vegna erum við að tala um meginreglur sem styrkja lýðræðið, sem hleypa öðrum að, gefa öðrum möguleika til þess að byrja. Þetta er ekkert ósvipað og á við í atvinnulífinu fyrir þá sem eru svo heillaðir af möguleikum einstaklingsins o.s.frv. Þetta finnst mér mergurinn málsins og það er þetta sem mér finnst að við eigum að tala um.

Við eigum líka að tala um annað í þessu sambandi, þ.e. að upphefja umræðuna um siðareglur. Ég vil aftur vitna til reynslu minnar frá því fyrir níu árum síðan. Ef menn vildu vera með þá þurftu þeir að fylgja því eftir, hvort sem þeir höfðu efni á því eða ekki. Væru menn komnir í slaginn þá voru vissir útgjaldapóstar algerlega nauðsynlegir ef menn vildu vera með í framboðinu, en engin framlög. Þetta er hinn blákaldi veruleiki í hinu pólitíska umhverfi á Íslandi. Þessar efnahagslegu girðingar eru stórhættulegar lýðræðinu og það að ræða ekki um siðareglur og hvernig við eigum að fara að er líka hættulegt. Þeir sem hafa aðgang að ótakmörkuðu fé geta leitt yfirbragð kosningabaráttu, t.d. með því að færa hana yfir í stífa auglýsingamennsku í fjölmiðlum sem kostar milljónir og milljónatugi og þá gefur það augaleið að þeir sem ekki hafa aðgang að þessum fjármunum verða undir. Þetta þekkjum við. Þess vegna er nauðsynlegt, og raunar held ég að allir stjórnmálaflokkarnir hafi verið sammála um það, að ræða saman og hafa einhvers konar heiðursmannasamkomulag um það hvernig eigi að heyja kosningabaráttu þannig að hún sé ekki háð fyrir tugi milljóna króna þegar við vitum að það er vonlaust mál fyrir þá sem ætla að koma að nýir í stjórnmálastarfsemi. Þetta vitum við.

Enn og aftur þetta. Við vitum, og það gildir ekki bara um Ísland, að það gilda allt önnur lögmál um fjáröflun þeirra sem hafa ítök í atvinnulífinu og stofnunum úti í samfélaginu. Fyrir þá er staðan allt önnur. Framsfl. hefur haft styrka stöðu í gegnum sín áhrif og það er ekkert launungarmál, í samvinnuhreyfingunni, í kaupfélögunum og fyrirtækjum og stofnunum þar tengdum. Sjálfstfl. hefur ítök á hinum vængnum. Þetta gefur augaleið. Þarna er um að ræða styrktaraðila og þó svo að þessir aðilar styrki báðir að einhverju leyti þá sem vilja koma nýir að þá er það í allt öðrum dúr. Á þessum nótum finnst mér umræðan svo mikilvæg, þ.e. vegna reynslu minnar af því að stofna nýtt stjórnmálaafl, af því að fara í framboð og gera mér grein fyrir eftirleiknum af því dæmi. Hann var ekki fallegur. Fyrir mörg okkar sem stóðum í því fór það mjög illa með pyngjuna. Það er ekkert launungarmál. Það fór það illa með pyngju þess fólks sem vildi rísa upp úr grasrót að það var erfitt að fá menn í gang aftur. Það er staðreynd málsins. Þennan ramma þurfum við að ræða, leikreglur til styrkingar lýðræðinu og ekkert annað. Hanaslagur um það hver fékk frá einhverri kaffibrennslu 50 eða 100 þús. o.s.frv. og bókhaldslegar æfingar þar að lútandi hér úr ræðustól hins háa Alþingis hefur ekkert upp á sig. Það sem hefur upp á sig er að framkalla einhvers konar móral, heiðursmannasamkomulag gagnvart þeim leikreglum sem við viljum að séu meginlína til þess að heyja kosningabaráttu í þessu landi og stjórna.

[17:44]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég óska eftir að heyra röksemdir hæstv. forseta þingsins um að verða ekki við þeim óskum sem fram hafa komið frá nokkrum þingmönnum úr fleiri en einum stjórnmálaflokki um að hlé verði gert á þessari umræðu þar til hæstv. forsrh. verði viðstaddur. Sjálfur hefur hann sett fram mjög alvarlegar dylgjur og ásakanir í garð almannasamtaka og stjórnmálaflokka og það hefur komið fram í hans máli og annarra að stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., hafi þegið miklar fjárhæðir frá tilteknum nafngreindum fyrirtækjum, Íslenskri erfðagreiningu. Menn hafa ekki fyrir sér annað en sögusagnir í þessum efnum. En þetta er umræða sem hefur verið á kreiki í íslensku þjóðfélagi. Hér erum við komin að kjarna máls, þ.e. að fjárreiður stjórnmálaflokkanna séu uppi á borði og öllum opnar. Þetta er mikilvægt og við höfum óskað eftir því að hæstv. forsrh. geri hreint fyrir sínum dyrum og það er eðlileg ósk. Það eru lýðræðisleg tilmæli að hæstv. forseti þingsins verði við þeim óskum sem hér hafa komið fram um að fresta þessari umræðu þar til hæstv. forsrh. verði viðstaddur. Reyndar teldi ég eðlilegt í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram að oddviti Framsfl. komi hér einnig við sögu.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti getur endurtekið það sem hann hefur áður sagt, að hér er aðeins um að ræða 1. umr. af þremur. Málið kemur aftur til 2. umr. væntanlega og þá geta menn óskað eftir þeim sem þeir vilja ræða við. Hæstv. forsrh. hefur þegar tekið þátt í þessari umræðu.)

[17:46]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að afar sjaldgæft er að þannig sé haldið á málum af forseta þingsins að neitað sé um frestun á umræðu þegar færð eru fyrir henni rök,

eins og ég hef gert í þessu máli. Ég þarf ekki að endurtaka þau.

Mér finnst þingið setja niður ef þetta verða lyktir málsins. Við höfum oft rætt hlutverk löggjafarþings og framkvæmdarvalds, hvernig framkvæmdarvaldið og hrammur þess er raunverulega að yfirtaka þingið á löggjafarsviðinu. Mér finnst það mjög slæmt að ekki skuli brugðist við þegar farið er fram á þetta við hæstv. forseta af mjög eðlilegum ástæðum. Hæstv. forsrh. var með mjög miklar dylgjur hér, órökstuddar fullyrðingar og ýmislegt sem ég þurfti að leiðrétta í máli hans. Hann sýnir ekki einu sinni þá virðingu að vera viðstaddur umræðuna og hlýða á mál mitt heldur fer hann út úr þinghúsinu. Ég tel að þingið setji niður við að vera boðið upp á þetta af hálfu framkvæmdarvaldsins, af hálfu oddvita þessarar ríkisstjórnar. Mér finnst mjög slæmt ef það er gert með atbeina forseta, sem eðli málsins samkvæmt á að vera forseti allra þingmanna og virða eðlilegar óskir þeirra, bæði þeirra sem eru í stjórn og þeirra sem eru í stjórnarandstöðu.

Herra forseti. Rökin sem sett eru fram, um að þetta sé 1. umr. málsins, eru ekki boðleg miðað við kröfur mínar. Þetta er í sjötta skiptið sem ég mæli fyrir þessu þingmáli án þess að það hafi komið aftur í þingsalinn. Ég tel mjög litlar ef nokkrar líkur til að frv. komi aftur á þessu þingi inn í þingsal miðað við orð hæstv. forsrh. sem segir að málinu sé nánast lokið með þessari skýrslu og við fáum ekkert þingmál frá hæstv. ríkisstjórn varðandi þetta mál inn í þingið. Það er ekki hægt að ljúka þessu svona.

Ég óska eftir því, herra forseti, að haldinn verði fundur með forsetum þingsins — þeir eru jú fleiri heldur en sá sem situr í forsetastól núna — til að ræða þessa ósk. Mér finnst þetta eðlileg ósk sem hér hefur komið fram. Ég væri tilbúin til að fara yfir söguna aftur í tímann, um hvernig farið er að óskum þingmanna um frestun á umræðu þegar sett eru fram eðlileg rök fyrir því. Þessu máli getur ekki lokið svona.

Herra forseti. Ég bið þig eindregið um að virða þá ósk sem hér er sett fram um að fresta þessari umræðu. Ég er ekki að gera kröfu til þess að hæstv. forsrh. komi síðar á þessum degi eða kvöldi til umræðna heldur þegar honum hentar. Er þetta til of mikils mælst, herra forseti?

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forseti vill þakka þessa stuttu kennslustund í fundarstjórn og minnir á að því fyrr sem málið fer til nefndar eru kannski meiri líkur á að það komi þaðan aftur.)

[17:50]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir setti fram ósk um að forsetar þingsins hittust út af þessu máli. Ég vildi nú gjarnan, ef hæstv. forseti vildi veita mér það, hlusta á svar hans við þessari málaleitan þingmannsins áður en ég lýk máli mínu.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Forsetar þingsins eru því miður ekki í húsinu. Tveir af fimm forsetum eru staddir í húsinu.)

Hæstv. forseti. Mér finnst mjög óeðlilegt að ekki skuli orðið við því þegar þingmaður sem flutt hefur mál er ósáttur við framgang málsins eins og nú er og hefur farið fram á það ásamt mörgum öðrum þingmönnum að málinu verði frestað. Hv. þm. óskar síðan hann eftir því að forsetar þingsins skoði málið til að finna sanngjarna niðurstöðu á því. Við því er heldur ekki orðið. Þess vegna óska ég eindregið eftir því við hæstv. forseta að hann taki á sig rögg og fresti þessari umræðu núna, síðan verði haldinn fundur með forsetum þingsins um þetta mál og framhaldið ákveðið á slíkum fundi þannig að allrar sanngirni sé gætt.

Ég tel ekki ástæðu til að menn stundi ræðuhöld í allan dag út af ósk um að einu máli verði frestað á hv. Alþingi. Ég veit ekki betur en það sé verið að gera það alla daga meira og minna að fresta málum og færa þau á milli daga í umræðum. Mér finnst menn kannski ganga of langt í að tregðast við að verða við þeim óskum sem hafa komið fram. Ég óska eindregið eftir þessu, hæstv. forseti.

[17:52]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég hefði út af fyrir sig ekki beðið um orðið ef ég hefði fengið viðbrögð frá hæstv. forseta við óskum mínum. Undir þær hefur verið tekið af starfandi formanni þingflokks Samfylkingarinnar. En ég tel, herra forseti, að hér sé um svo eindregin tilmæli að ræða að brýnt sé að fá fram, meðan ég stend hér, viðbrögð forseta við því hvort honum finnist þetta ekki eðlileg og sanngjörn ósk sem hægt sé að verða við. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði kemur margoft fyrir að óskað er eftir frestun á umræðum. Ég vil líka minna á að ég hef í þrígang beðið hæstv. forsrh. um að vera viðstaddan í þessari umræðu. Af því gat ekki orðið fyrr af ýmsum ástæðum og ég sætti mig vel við það.

Nú loks þegar kemur að því að hæstv. forsrh. getur verið viðstaddur þessa umræðu þá fer hann út úr húsi áður en umræðunni er lokið og mátti vita að ég var búin að biðja um orðið, ætlaði að svara ýmsu sem fram kom af hans hálfu og beina til hans fleiri spurningum. Bara miðað við þá röksemd, herra forseti, fyndist mér eðlilegt og sanngjarnt að verða við þessari ósk.

Ég óska eftir því og ítreka, herra forseti, að ef forseti getur ekki hugsað sér að fresta umræðunni þar til forsrh. getur verið viðstaddur þá fresti hann umræðunni þar til forsetar þingsins hafa haft tækifæri til að fjalla um eindregnar óskir nokkurra þingmanna. Ef niðurstaðan yrði sú að það sé ekki eðlilegt að fresta umræðunni þar til hæstv. forsrh. getur verið viðstaddur þá mun það liggja fyrir eftir að allir forsetar þingsins hafa fjallað um þá eindregnu ósk sem hér hefur komið fram. Ég fer því fram á málamiðlun. Ekki að herra forseti fresti málinu þar til hæstv. forsrh. geti verið viðstaddur, þó það sé auðvitað meginóskin, en núna að málinu verði frestað þar til forsetar þingsins hafi haft tækifæri til þess að fjalla um það. Hér er verið að gefa fordæmi sem hlýtur að lúta að bæði óbreyttum þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu og líka ráðherrum. Það er verið að gefa ákveðið fordæmi því að þó ég hafi lengi verið í þingsölum minnist ég þess ekki að svo sanngjörn ósk hafi verið virt að vettugi af hálfu forseta þingsins. Ég geri mér enn og aftur vonir um að forseti sýni þá sanngirni að verða við þeim óskum sem hér eru settar fram. Ég held að það hljóti að vera þinginu til góðs að þingmenn geti búið við vinnubrögðin hér.

[17:55]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Þegar ég horfi yfir þessa sali rennur skyndilega upp fyrir mér að ef frá er talin hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, þá eru sá sem hér stendur og hæstv. forseti með allra elstu mönnum hvað þingaldur varðar í þessum sal í dag. Ég minnist þess ekki, herra forseti, að á þeim tíma sem ég og sá hv. þm. sem nú situr í forsetastóli höfum verið saman í þessum sölum, sem er að verða áratugur, hafi þetta nokkru sinni gerst.

Það er dálítið sérstakt sem er að fara fram núna, herra forseti. Það sem gerðist í dag var að hæstv. forsrh. kemur hér og kastar handsprengju og reyndar fleiri en einni inn í umræðuna. Síðan tekur hann hatt sinn og staf og gengur á braut eins og fínn maður. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kemur hér með fjölmargar staðhæfingar og spurningar sem ákaflega nauðsynlegt að fá svör við og fá fram viðhorf hæstv. forsrh. gagnvart. En hæstv. forsrh. er önnum kafinn annars staðar.

Þá gerist það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fer fram á að umræðunni verði frestað til einhvers ótiltekins dags þegar hæstv. forsrh. kann að þóknast að heiðra þingið aftur með nærveru sinni út af þessari titeknu umræðu. Hæstv. forseti hefur hafnað þeirri beiðni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gengur þá enn lengra til málamiðlunar og óskar eftir því að fundi verði frestað á meðan forsetar þingsins komi saman til þess að ræða þetta. Það kemur fram hjá hæstv. forseta, sem vissulega er röggsamur þegar hann situr í stóli forseta, að hann hefur ákveðnar skoðanir á því hvers vegna eigi ekki að verða við bón hv. þm. Viðhorf hæstv. forseta er að þetta sé fyrsta umræða af þremur.

Herra forseti. Ég hef rökstuddan grun um það að þetta verði fyrsta og síðasta umræðan um þetta mál. Hæstv. forsrh. hefur beinlínis sagt að hann sé á móti málinu. Miðað við þær starfsvenjur sem hér ríkja tel ég ákaflega ólíklegt að það verði til að veita málinu brautargengi að það viðhorf skuli liggja fyrir af hálfu hæstv. forsrh.

Hins vegar held ég að það skipti máli varðandi líkurnar á því að frv. komi aftur að hv. þm. fái svör við þeim spurningum sem hún hefur kastað fram. Hún og aðrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hafa tekið til máls hafa varpað fram spurningum til hæstv. forsrh. sem varða lykilþætti málsins. Ég held að ef svör fengjust við þessum spurningum kynni það að ráða úrslitum um hvort málið nær því gengi í viðkomandi nefnd þingsins að það komist aftur til umræðu hingað. Þess vegna, herra forseti, mælist ég eindregið til þess og ítreka að það liggja fyrir beiðnir tveggja formanna þingflokka stjórnarandstöðunnar um að þessari umræðu verði frestað til einhvers þess dags sem hæstv. forsrh. getur komið og heiðrað okkur aftur með nærveru sinni til að ræða þetta mál og þær handsprengjur sem hann varpaði hér inn í salinn í dag.

[17:59]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við höfum fengið mjög skýr og afdráttarlaus svör frá forseta þingsins. Við höfum margsinnis komið upp, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, og mótmælt þeim vinnubrögðum sem hér eru höfð í frammi og þeim málamyndamálatilbúnaði sem komið hefur úr forsetastóli í þessu efni.

Hæstv. forseti þingsins sagði áðan, þegar hann vildi rökstyðja þá ákvörðun sína að ljúka umræðunni nú og verða ekki við eindregnum óskum stjórnarandstöðunnar um að fresta umræðunni þar til hæstv. forsrh. gæti verið til staðar, að því fyrr sem við lykjum umræðunni nú, því fyrr sem frv. færi til nefndar, þeim mun fyrr kæmi það aftur inn í þingsal til umfjöllunar. Þetta er málatilbúnaður til málamynda. Þetta eru falsrök og falsveruleiki. Ég vil, herra forseti, nota þessi lokaorð mín í þessari umræðu núna til að mótmæla þeim rökum sem komið hafa úr forsetastóli í þessu efni.

[18:00]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hafa í rauninni ekki komið svör við þeirri málaleitan sem kom fram frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að forsetar þingsins hittust til að ræða þetta mál. Hæstv. forseti sem var við stjórn áðan sagði að það væri ekki hægt vegna þess að einungis tveir forsetar þingsins væru í húsinu. Mér hefur þá skjöplast ef ég hef ekki séð þrjá upp á síðkastið á stjákli. Ég spyr því hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að verða við því að gert verði stutt hlé meðan meiri hluti forseta þingsins kemur saman og ræðir þetta mál og kemst að einhverri niðurstöðu svo að hægt sé að svara með sanngirni a.m.k. á þeim grundvelli að það hafi verið borið undir meiri hluta forsætisnefndar.

Ég óska eftir því að hæstv. forseti svari mér ef hann getur á meðan ég hef ekki lokið máli mínu.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill tilkynna þingheimi að nú eru mættir þrír forsetar í húsið og mun verða gert fimm mínútna hlé á þessum fundi.)

[Fundarhlé. — 18:02]

[18:17]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Eftir fund með formönnum þingflokkanna hefur forseti ákveðið að fresta frekari umræðu um 4. dagskrármálið.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Frestun umræðu.

[18:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég stend einungis upp til þess að þakka forseta og forsn. fyrir að verða við þessum tilmælum.

[18:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju með niðurstöðu hæstv. forseta þingsins og forsn. þingsins.

[18:18]

Útbýting þingskjala:

Aðgengi að getnaðarvarnarpillu, 425. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 690.

Framleiðsla og markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 335. mál, svar landbrh., þskj. 679.

Kostnaður við fjarkennslu, 424. mál, fsp. SvanJ, þskj. 689.

Uppbygging vega á jaðarsvæðum, 423. mál, fsp. KLM, þskj. 688.

Viðbrögð við þungunum unglingsstúlkna, 426. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 691.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 312. mál. — Þskj. 562.

[18:20]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt þáltill. á þskj. 562 um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Meðflutningsmenn mínir að þáltill. eru Guðjón Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson, Árni R. Árnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Gunnar Birgisson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted og Arnbjörg Sveinsdóttir. Þáltill. hjóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok."

Greinargerðin er stutt og hljóðar svo:

„Ályktun sama efnis var samþykkt á Alþingi 13. apríl 1989. Þáverandi forsætisráðherra skipaði nefnd 22. apríl 1989 til framgangs málinu. Hún kom saman til fundar 13. júní 1991 og lagði á ráðin um gagnaöflun fyrir nefndarstarfið. Nokkrum gögnum var safnað en fundir nefndarinnar urðu ekki fleiri og engu áliti var skilað.

Flutningsmenn telja mikilvægi málsins ekki síðra nú en þá."

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Að auka fjölbreytni atvinnulífs og útflutningsgreina, ekki síst með eflingu þeirra vaxtarsprota sem byggjast á menntun og þekkingu, svo sem í tónlistar- og kvikmyndagerð og ýmiss konar sérhæfðri þjónustu. Vaxandi alþjóðasamkeppni kallar á aukna markaðsvæðingu á fjármagnsmarkaði. Því verði leitað allra leiða til aukinnar hagræðingar og til að lækka fjármagnskostnað fyrir atvinnulíf og fjölskyldur. Bætt samkeppnisstaða íslensks atvinnulífs byggist ekki síst á aukinni framleiðni sem m.a. skapar aðstæður fyrir sveigjanleg starfslok og styttri vinnutíma fólks án þess að skerða heildarlaun."

Virðulegi forseti. Þessi þáltill. er alveg í anda stefnu ríkisstjórnarinnar og er flutt í annað sinn af flestum þeim sem hér voru tilteknir sem meðflutningsmenn mínir. En þegar horft er yfir þær ályktanir og það sem gerst hefur í málinu frá því að nefndin var skipuð kemur í ljós að umhverfið hefur breyst verulega og sífellt fleiri aðilar láta að sér kveða í þessum málum og telja eðlilegt að frekar verði unnið í málinu og þessum ályktunum hrint í framkvæmd, þ.e. sveigjanlegum starfslokum. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna aðeins til þess sem segir í þeirri þáltill. sem ég gat um og var flutt áður og samþykkt á þingi en ekkert var unnið í. Þar segir m.a. svo í greinargerð:

„... eftirlaunaaldur ætti að vera mun sveigjanlegri en nú er þannig að fólk geti sjálft valið um hvort það hætti störfum t.d. á aldursbilinu 64–74 ára. Það á hvorki að vera lögþvingun né einhliða réttur atvinnurekanda að þvinga fólk til að hætta störfum þegar ákveðnu aldursmarki er náð. Allar rannsóknir benda til þess að ófrávíkjanleg starfslok fólks við ákveðin aldursmörk valdi ótímabærri hrörnun." Svo segir hér líka:

„Smátt og smátt er einkareksturinn að taka upp þær reglur hins opinbera að svipta fólk fastráðningu eigi síðar en þegar 70 ára aldursmarkinu er náð."

Þau lög, sem í gildi eru um sviptingu fastráðningar starfsmanns ríkis eða bæjar, eru frá árinu 1935.

Flutningsmenn leggja áherslu á eftirtalin atriði:

1. Það eru mannréttindi að halda óskertum starfsréttindum og eiga það ekki undir náð atvinnurekenda hvort viðkomandi heldur vinnu sinni.

2. Fólk á að halda áunnum eftirlaunaréttindum en starfslok þurfa að vera mun sveigjanlegri svo að fólk geti hætt störfum að eigin vali, t.d. á aldursbilinu 64–74 ára.

3. Gefa þarf fólki rétt á að sinna hlutastarfi í „fastri vinnu" þegar aldur færist yfir.

4. Heilsufar fólks 64–74 ára er betra en áður var, enda starfar nú helmingur fólks 67–74 ára fullan starfsdag en oft í íhlaupavinnu.

5. Meðferð öldrunar er ekki alger hvíld heldur andleg og líkamleg örvun og þar af leiðandi eru lög um vinnulok við 67 eða 70 ára aldur ekki læknisfræðilega réttlætanleg.

Í lögum nr. 70 frá 11. júní 1996 segir:

„Starfsmanni skal þó jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri."

Þetta er í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar skal „þó jafnan segja upp störfum" og þetta er eins og ég kom hér inn á áðan orðin regla en ekki undantekning.

Margir aðilar hafa látið frá sér heyra varðandi þetta mál og vitna þá til þess sem segir í stefnumótun Sameinuðu þjóðanna um málefni aldraðra en þar er því beint til aðildarríkja að stefnt skuli að því að aldraðir fái sjálfir að ákveða hversu hratt og hvenær þeir hætti á vinnumarkaðinum. Í þeim anda hefur ríkisstjórnin gert þessa samþykkt eins og ég sagði áðan.

Á landsfundi Sjálfstfl. var einnig samþykkt ályktun um þetta sama efni. Í ályktuninni segir m.a., með leyfi forseta: „Sveigjanleg starfslok verði tryggð."

Í ályktun frá stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík er hvatt er til þess að umræða verði vakin á sveigjanlegum starfslokum að nýju með það að markmiði að þau taki til aldurs frá 64–74 ára aldri. Í ályktun félagsins, sem var send stjórnsýslu og atvinnurekendum, segir að sveigjanleg starfslok eldri borgara hafi verið til umræðu frá því að landlæknisembættið tók málið upp fyrir 10 árum. Það hafi síðan verið tekið fyrir á Alþingi og allir þingflokkar samþykkt þáltill. um að ríkisstjórnin taki sveigjanleg starfslok á aldrinum 64–74 ára til athugunar. Í ályktuninni eru dregin fram eftirfarandi rök fyrir sveigjanlegum starfslokum:

„Ævilíkur hafa aukist verulega. Samhljóða niðurstöður rannsókna á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Englandi og Bandaríkjunum leiða í ljós að fólk á aldrinum 50–75 ára er líkamlega og andlega hressara en jafnaldrar þeirra voru fyrir 20–30 árum. Nýgengi og dánartíðni vegna kransæðasjúkdóma og æðabilunar í heila hafa lækkað um 35–40%.

Orsakir þessa eru m.a. eftirfarandi: Bætt almenn lífskjör manna, hátt hlutfall fólks stundar nú reglulega líkamsrækt, reykingar hafa minnkað verulega og góður árangur hefur náðst varðandi forvarnir og lækningu krabbameins, hjarta-, æða- og lungnasjúkdóma.

Samkvæmt niðurstöðum danskra rannsókna er andlegt ástand eldra fólks betra en áður. Fólkið reiknar og leysir hugræn vandamál betur en áður."

Í ályktuninni segir að hér á landi starfi fleiri við launuð störf á aldrinum 65 til 70 ára en í nágrannalöndum, en réttur fólks til starfa eftir 67 ára aldur sé mjög rýrður.

„Starfslok við 67 ára aldur gegn vilja viðkomandi leiða oft til einangrunar, kvíða, ótímabundinnar hrörnunar og jafnvel ótímabærrar innlagnar á stofnun. Andleg og líkamleg virkni leiðir til betri lífsgæða."

Í grein sem birtist laugardaginn 16. október á síðasta ári eftir Gissur Pétursson, forstjóra Vinnumálastofnunar, í framhaldi af ráðstefnu sem þá var háð segir m.a., með leyfi forseta, og er þessi grein allrar athygli verð:

„Umræða um stöðu eldra fólks á vinnumarkaði hefur verið mjög áberandi í nágrannalöndunum enda hafa þau reynt að bregðast við atvinnuleysisvandanum þar með því að lækka stöðugt eftirlaunaaldurinn og rýma þannig til á vinnumarkaðinum fyrir yngra fólki. Í Finnlandi til að mynda geta einstaklingar byrjað á eftirlaunum við 55 ára aldur. Sama þróun hefur verið í Danmörku og Svíþjóð og öðrum Vestur-Evrópulöndum. Þróun mannfjölda og aldursdreifing hans sýnir hins vegar að samfélögin sem hér um ræðir geta ekki staðið undir svona löngum eftirlaunaaldri og ekki er sýnt að þetta sé haldgóð aðferð í baráttunni við atvinnuleysið. Í Danmörku verða eftir tíu ár 220 þúsund færri yngri og 140 þúsund fleiri eldri í samfélaginu en nú og þar er þessi þróun kölluð „tikkandi eftirlaunasprengjan". Stjórnvöld í þessum löndum eru nú að reyna að snúa þessari þróun í eftirlaunamálum við og það geta verið afar þung spor. Dæmi frá Danmörku sýnir það en þar riðaði ríkisstjórnin til falls á síðasta ári, vegna þeirrar ákvörðunar að hækka eftirlaunaaldur úr 60 í 62 ár.

Góðu heilli hefur þessi þróun ekki verið jafnhröð hérlendis og enn er mikil þörf fyrir eldra fólk á vinnumarkaði þó svo að finna megi fyrir hinni vaxandi æskudýrkun hér á landi og oft heyrist af dapurri reynslu fólks sem komið er yfir miðjan aldur við að finna sér störf.

Það má öllum vera ljóst að þegar eftirspurn eftir vinnuafli er jafnmikil og hún hefur verið hér undanfarin þrjú ár er nauðsynlegt að halda fólki í vinnu svo lengi sem það getur og hefur áhuga. Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um sveigjanleg starfslok eru afar jákvætt spor í þessa veru. Þar fyrir utan er mikilvægt að styrkja það viðhorf á vinnumarkaði t.d. meðal forvígismanna fyrirtækja og stofnana að hinir eldri búa yfir gífurlegri reynslu sem þarf að miðla til hinna yngri, þeir eru mjög trúir sínum vinnustað og gera vinnustaðina „ríkari" með nærveru sinni þar."

Herra forseti. Þegar þær breytingar eru grannt skoðaðar sem hafa átt sér stað á vinnumarkaðinum og skoðaðar hafa verið af hálfu Reykjavíkurborgar þar sem viðtöl hafa verið tekin á vegum vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins á árunum 1995 og 1999 við fólk á aldrinum 60–70 ára sem hafði verið atvinnulaust í eitt ár eða lengur, þá kemur m.a. fram að fólkið telur sig eiga mjög erfitt með að fá vinnu en nokkrar breytingar á aldurshlutföllum innan hópsins hafa þó átt sér stað á milli áranna. Árið 1995 voru flestir atvinnulausir á aldrinum 67–70 ára en 1999 voru þeir á aldrinum 60–67 ára, þannig að þessi aldur hafði færst nokkuð til.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín öllu fleiri en ég held ég geri orð fyrrum landlæknis, Ólafs Ólafssonar, að mínum orðum þar sem hann talar um eftirlaunaaldurinn þar sem hann segir:

„Eftirlaunaaldur á að vera sveigjanlegur og byggjast á læknisfræðilegu og félagsfræðilegu mati á starfsgetu og hæfni hvers og eins. Vitaskuld á ekki að skerða rétt manna til eftirlauna er þeir hafa áunnið sér en það eru mannréttindi að halda óskertum starfsréttindum svo lengi sem hæfni og starfsorka leyfir. Æskilegt væri að eftirlaunaaldur verði mun sveigjanlegri en nú er, þ.e. að fólk geti valið um hvenær það hættir störfum á aldursbilinu 60–67 ára."

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að lokinni umræðu verði málinu vísað til hv. félmn.

[18:34]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Herra forseti. Ég tel það afar mikilvægt að fólk hafi eitthvað um það að segja sjálft hvenær að starfslokum kemur því ekki eru allir steyptir í sama mót og hentar ekki öllum það sama.

Er ekki hægt að draga úr vinnu í áföngum þannig að hinn aldraði starfsmaður geti dregið smátt og smátt úr vinnu? Mikill akkur getur verið í því að nýta sér þá sérþekkingu og reynslu sem starfsmaðurinn býr yfir. Aldur er mjög afstæður og þar skiptir heilsan öllu máli. Margir hlakka til þessara tímamóta og eru búnir að undirbúa starfslokin í tíma og njóta þeirra út í æsar og hafa gert sér það ljóst að það er líf eftir lífsstarf.

Ein af stóru breytingunum á seinni hluta ævinnar er þegar starfslok eiga sér stað. Það er tímabil í lífi fólks þar sem óvissa og kvíði er oft mikill. Sumir fyllast vonleysi og telja að tilgangi lífsins sé lokið, þeir séu ekki til nokkurs gagns og missa jafnvel alla lífslöngun. Mörgum reynist það erfitt hlutskipti í lífinu þegar kemur að þeirri staðreynd að þeir verða að hætta að vinna þrátt fyrir að þeir hafi enn þá starfsþrek og gleði af vinnunni.

Í könnunum hefur komið fram að árin fyrir starfslok og starfslokin sjálf reynast mörgum erfið en hins vegar er yfirgnæfandi meiri hluti ánægður með líf sitt tveimur árum eftir starfslok. Einkum eru það tveir þættir sem skipta þá mestu máli. Annars vegar er það heilsan og hins vegar efnahagurinn en tekjur minnka hjá flestum þegar þeir hætta að vinna launavinnu. Einstaklingarnir eru ekki allir steyptir í sama mót og heilsufar er mismunandi. Við starfslokin upplifir einstaklingurinn eina mestu stöðubreytingu sem verður á starfsævinni. Sérstaklega eru þetta miklar breytingar hjá þeim sem lifa fyrir vinnuna og hafa stundað vinnu nánast alla sína ævi. Þeir sem ekki hafa tekið þátt í félags- og tómstundastarfi eiga á hættu að einangrast í samfélaginu. Það þarf að verða viðhorfsbreyting þannig að við förum að líta á þetta æviskeið sem hluta af lífinu, starfslok eru ekki endalok heldur upphaf einhvers annars.

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að huga betur að sveigjanlegum starfslokum, að fólk hafi eitthvað um það að segja sjálft hvenær það ákveður að hætta, hvort það vill hætta fyrr eða seinna. Vinnan hefur áhrif á hvernig við skipuleggjum líf og hverja við umgöngumst dagsdaglega, hún skapar rammann um allt okkar daglega líf. Þegar kemur að starfslokum hverfur þessi reglubundni taktur í hversdagslífinu og meiri tími gefst þá til tómstunda.

Oftar en ekki eru þessi tímamót erfiðari fyrir karlmenn en konur. En æviferillinn er ein heild frá vöggu til grafar og öll aldursskeið eiga að vera mikilvæg. Sumir missa heilsuna fljótt en aðrir eru heilsugóðir og með mikið starfsþrek fram eftir öllum aldri. Nú á tímum sjáum við miklar breytingar í bættu heilsufari hjá eldri borgurum og mun virkari þátttöku þeirra í lífinu. Trúlega er það mikill sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið þegar fólk fær að ráða því sjálft hvenær það hættir störfum en er ekki neytt til að hætta að vinna. Oft á tíðum missir fólk einfaldlega heilsuna við starfslok ef einstaklingurinn er ekki sáttur við starfslokin og þau tímamót. Öll umræða um þá breytingu sem verður í lífinu eftir starfslokin er af hinu góða en við getum aldrei búið hvern

og einn undir það hvernig lífi hans verði háttað þegar þessar breytingar verða.

En við getum hjálpað einstaklingnum til að gera sér grein fyrir hvað er í vændum. Í könnunum hefur einnig komið fram að árin fyrir starfslok reynast mörgum erfið en svo sættir fólk sig við það eftir tvö ár. Mestu máli skiptir að einstaklingurinn sé virkur þátttakandi í samfélaginu en fái ekki þá tilfinningu að við það að komast á vissan aldur sé hann settur til hliðar eins og hver annar hlutur sem hefur gegnt hlutverki sínu. Það skiptir miklu máli og er mjög mikilvægt, trúlega það mikilvægasta af öllu að hann trúi því að hann hafi áhrif á eigin framtíð og sjái hana sem hluta af samfelldri heild.

[18:39]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég er einn flm. þessarar þáltill. sem hér er til umræðu um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt að þessi tillaga nái í gegn á hinu háa Alþingi því að við vitum öll um þá umræðu sem hefur átt sér stað á undanförnum mánuðum og missirum um mikilvægi þess að geta tengt saman fjölskyldulíf og athafnalíf. Ég tel einmitt sveigjanleg starfslok vera einn af þeim lykilþáttum í að tengja þessi atriði, þ.e. atvinnulíf og fjölskyldulíf.

Við ræddum hér ekki alls fyrir löngu frv. um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þá voru einmitt þessi fjölskylduviðhorf til mikillar umræðu hér á Alþingi og kom skýrt fram í ræðum hv. þm. að þetta væri einn þáttur í því að samræma þessi viðhorf.

Ég tel að skipan þessarar nefndar skipti líka máli þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi mótað formlegan samstarfsvettvang þar sem eru fulltrúar aldraðra og hæstv. forsrh., heilbrrh., félmrh. og fjmrh., því ég tel að þessi nefnd geti leitt til þess að enn frekar verði ýtt á þessa skipan mála, þ.e. að gera starfslokin, sem eru svo mikilvægur þáttur í lífi hvers vinnandi manns, sveigjanleg.

Það er margt sem ég vona að komi til með að ýta á að þetta nái fram að ganga, að þessi viðhorf náist fram á vinnumarkaðinum. Það er ekki bara það að skortur sé á vinnuafli og aukin framleiðni í þjóðfélaginu, efnahagsmálin í góðu lagi og stöðugleikinn sem leiðir m.a. til þess að þessi sveigjanleiki verði mögulegur án þess að launin verði skert, því að eins og kemur fram í ályktun Félags eldri borgara frá síðasta ári er andlegt og líkamlegt atgervi eldra fólks miklu betra í dag en var á árum áður.

Það er þar sem mér finnst við koma að ákveðnu lykilatriði. Við eigum ekki að vera að niðurnjörva þessi merkilegu tímamót í ævi hvers manns því einstaklingarnir eru misjafnir og mismunandi eins og hér hefur komið fram í ræðum hv. þm. Því tel ég að sé afskaplega mikilvægt að fólkið fái þetta val, að við séum ekki í lögum og lagasetningum og reglugerðum að niðurnjörva það hvenær fólk hættir að vinna og hvenær ekki.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ítreka frekar það sem hefur komið fram hér í ágætum ræðum flm., hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Ég tel að það sé sérstaklega mikilvægt þegar við hugsum um starfslok að við lítum til þess verðmætis sem felst í reynslu eldri starfsmanna og sú reynsla er alltaf að verða meiri og meiri, m.a. ef við hugsum til þeirrar endurmenntunar og símenntunar sem við erum alltaf að leggja frekari áherslu á í dag. Ég tel því mjög mikilvægt að litið verði til reynslu eldri starfsmanna og þeim verði veittur þessi kostur að hætta smám saman í stað þess að hverfa skyndilega út af vinnumarkaðinum. Við gætum t.d. haft starfslokin í ákveðnum þrepum, við gætum reynt að hugsa líka til sveigjanleika varðandi eftirlaun og það er margt hægt að tína hér til, t.d. hlutavinnu, ég held að það mundi auðvelda fólki að hætta, auðvelda fólki starfslokin ef við mundum draga inn hlutastörfin. Eldri borgarar hafa lagt áherslu á þetta allt í málflutningi sínum og ég, herra forseti, vil leyfa mér að taka undir það.

[18:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég vil einungis segja að það mál sem hér er til umræðu er hið prýðilegasta mál og flutt af mjög góðum vilja fyrir afkomu hinna öldruðu í samfélaginu. Ég er algerlega sammála hv. þm. Þorgerði K. Gunnardóttur sem benti á þá staðreynd að í hinum öldruðu Íslendingum felst óbeisluð auðlind. Þessi auðlind er mikilvægari nú en oft áður þegar við blasir að í því kerfi sem við búum við núna má segja að framleiðsluöflin hafi verið fullnýtt. Við þurfum fleira fólk til þess að geta nýtt þau tækifæri sem er að finna í íslensku atvinnulífi. Þar af leiðir að óhætt er að fullyrða að í hinum öldruðu Íslendingum, sem illu heilli sökum laga hafa þurft að ljúka starfsævi sinni fyrr en þeir e.t.v. ætluðu, er fólgin auðlind sem gæti orðið til þess að verðmætin sem sköpuð eru í íslensku samfélagi kynnu að aukast verulega.

Eins og málum er háttað í dag, herra forseti, má segja að starfsævi einstaklingsins sé stöðugum breytingum undirorpin. Það er af sem áður var að menn sinntu einu tilteknu starfi nánast alla starfsævina á enda. Menn skipta núna örar um störf en áður og þeir mennta sig líka örar en áður. Eins og hv. þm. sem talaði á undan sagði skipta möguleikar til endurmenntunar og símenntunar, sem verða stöðugt ríkulegri, verulega miklu máli. Það sem boðið er upp á í þessum efnum er ákaflega merkileg þróun og gerir það að verkum að einstaklingurinn verður miklu dýrmætari. Við fjárfestum miklu meira en áður í sérhverjum einstaklingi. Ef maður horfir á þetta einungis frá þeim sjónarhóli er alveg ljóst að þetta mundi að öllum líkindum borga sig ákaflega hratt.

Að því er varðar tillöguna. sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er 1. flm. að er þetta ekki í fyrsta skipti sem hann hefur hreyft þessu máli. Hv. þm. hefur áður bryddað upp á sveigjanlegum starfslokum í fyrirspurnum til hæstv. forsrh. Það var einmitt þá sem komu í ljós sérkennileg örlög nefndarinnar sem hæstv. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson setti á laggir 1989, að mig minnir. Sú nefnd, sem skipuð var valinkunnu sómafólki, kom einungis einu sinni saman og varð ekkert úr starfi hennar.

Ég lýsi því yfir að ég held að þetta sé hið besta mál. Starfslokin þurfa auðvitað að vera sveigjanleg í báðar áttir eins og kom fram í máli hv. talsmanns hópsins. Ekki er einungis um það að ræða að mönnum eigi að gefast kostur á því að seinka starfslokum, hætta vinnu miklu síðar en þeir gera í dag, heldur hlýtur það líka að koma til greina þó það komi ekki fram í greinargerðinni með tillögunni að fólki verði líka gert kleift að hætta fyrr en ella. Það getur komið sér ákaflega vel fyrir marga. Það eru ýmsir sem vildu gjarnan eyða ævikvöldi sínu þannig að hafa nægan tíma fyrir sig og sína nánustu. Ef þeir vilja það á að reyna að koma til móts við þá.

Að sama skapi eigum við líka að reyna að breyta öllu lagaverkinu sem njörvar í dag niður starfslokin við tiltekin aldur

á þann veg að menn geta haldið áfram að vinna svo lengi sem einhver vill hafa þá í vinnu og svo lengi sem þeir telja sig færa um það. Allt er breytingum undirorpið. Starfsævi manna, heilbrigði manna, langlífi manna. Við sjáum fram á að meðalævin er stöðugt að lengjast og góðu heilli sjáum við einnig fram á að heilbrigði hinna öldruðu Íslendinga er allt annað en áður var. Menn halda nánast óskertri starfsorku miklu lengur en áður. Ég gæti rifjað upp mörg dæmi úr mínu nánasta umhverfi um það sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir rakti áðan að ef einstaklingur þarf að ljúka starfsævi fyrr en hann vill, þá hrynur margt sem betur hefði staðið óhaggað áður, þ.e. óhamingjan og ófullnægjan í lífinu, sem fylgir því, brýst einfaldlega út í því að heilbrigði manna hrakar. Frá þeim sjónarhóli hugsa ég líka að það mætti segja að þetta sparaði samfélaginu fjármuni.

Stundum er sagt að hláturinn lengi lífið og klárt er að gleðin lengir lífið og að geta hagað starfslokum sínum eftir vild eykur gleði og fullnægju manna í lífinu og lengir það. Þess vegna er þetta líka partur af lífsgæðum.

Á síðasta áratug hefur umræða og skilningur manna á mannréttindahugtakinu breyst verulega. Við erum núna farin að taka inn undir væng þess hugtaks ýmis gæði og réttindi sem menn töldu ekki áður fyrr að ættu heima þar. Þetta er dæmi um lífsgæði sem ég held að ættu að öllu réttu að flokkast undir mannréttindi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé brot á mannréttindum eins og ég skil þau í dag að neyða menn með lagaverki eða gera þeim ókleift að halda áfram störfum ef þeir halda heilsu og vinnumarkaðurinn vill taka við þeim. Þetta finnst mér að skipti verulega miklu máli, herra forseti.

Ég velti því síðan fyrir mér, herra forseti, að hér er um að ræða mál sem er flutt einvörðungu af þingmönnum Sjálfstfl. Ég held að það sé alveg ljóst að um að er ræða mál sem sker á öll flokksbönd. Kannski hefði verið farsælla fyrir framgang málsins, án þess að það ráði afstöðu minni, að leitað hefði verið eftir stuðningi fleiri stjórnmálaflokka við málið. Þetta er einfaldlega eitt af þeim málum sem öllum á að gefast færi á að tosa fram. En ég lasta það eigi að síður ekki. Það er góður hugur sem þarna er að baki.

Hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir benti á að það væri að vísu búið að setja upp samráðsvettvang þar sem í eiga sæti þrír ráðherrar og forustumenn aldraðra og ég vona að nauðsynin sem virðist knýja hv. þm. til þess að flytja málið bendi ekki til þess að einhverjar snurður séu á samstarfsþræði hinna þriggja ráðherra og forustumanna aldraðra. Þetta er dæmi um mál sem hefði getað verið ráðið til lykta á þeim vettvangi og nú er það svo að hinir öflugu þingmenn Sjálfstfl. sem standa að tillögunni hafa væntanlega alla burði til þess að koma málinu í gegnum ríkisstjórn sína og þingflokka sína. Ég vona sannarlega, vegna þess að málið er gott, að þessi aðferð bendi ekki til þess að það kunni að vera einhver fyrirstaða innan flokka. Ég geri því ekki skóna en stundum gerist það þegar um er að ræða góð mál sem kunna að kosta erfiðleika og jafnvel einhverja fjármuni, eins og ég hygg að þetta tiltekna mál kunni að gera, að ákveðin fyrirstaða er hjá ráðherrum og þeim sem fara fyrir flokkum. Þá gerist það að burðugt fólk þarf að taka á honum stóra sínum til þess að knýja hið góða mál í gegnum flokksmúrana. En ég er viss um að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mun upplýsa okkur um það í ræðu sinni á eftir.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, lýsa aftur stuðningi mínum við málið og sömuleiðis að ég hygg að það væri mjög farsælt ef það væri tekið upp af þessari nefnd, sem ég geri ráð fyrir að verði sett á laggir í kjölfar samþykktar tillögunnar, að taka upp þá hugmynd sem kom fram hjá hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur að breyta lögunum þannig að menn geti minnkað við sig vinnu smátt og smátt. Ég hlýddi e.t.v. ekki nægilega gaumgæfilega á mál hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar en það kemur ekki fram í greinargerð með tillögunni að líka sé ætlast til þess að það verði gert. En ég tek undir með hv. þm. Þorgerði K. Gunnarsdóttur að það er ákaflega nauðsynlegt að regluverkið verði svo úr garði gert að menn geti unnið sig niður úr heilli vinnu í hlutastörf.

[18:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft hinu þarfasta máli sem ég held að ætti að vera mjög í takt við þá tíma sem við lifum á. Hins vegar hefur það oft verið svo á undanförnum árum að fólki hefur verið gert að hætta störfum vegna aldurs. Við höfum líka heyrt viðhorf margra atvinnurekenda um að menn vilja ekki ráða fólk til starfa sem komið er yfir ákveðinn aldur. Þessu viðhorfi þurfum við auðvitað að breyta. Tillagan er því mjög góð og tímabær.

Stéttarfélagspólitík undanfarinna ára hefur byggt á því að stéttarfélögin hafa gert sífellt meiri kröfur til þess að launþegum í stéttarfélögum væri gert kleift að endurmennta sig, fara á endurmenntunarnámskeið, gert mögulegt að kynnast nýjum aðferðum og breyta þekkingargrunni sínum. Allt ætti þetta að stuðla að því að viðkomandi starfsmenn væru hæfari til að vinna áfram á vinnumarkaðnum. Ekki kannast ég við að í slíkum ákvæðum hjá stéttarfélögum varðandi endurmenntun eða annað slíkt sé nokkurs staðar minnst á starfsaldur eða mönnum séu nokkur takmörk sett í slíkri endurmenntun miðað við starfsaldur. Ég held að stéttarfélögin hafi í raun og veru mótað þá afstöðu að endurmenntun sem slík ætti að standa öllum til boða á hvaða aldri sem þeir væru. Þetta sjónarmið held ég að hljóti þá að leiða okkur til þeirrar ályktunar að þeir sem hafa á starfsaldri sínum verið að endurmennta sig og taka alls konar námskeið til þess að efla þekkingu sína hljóti að vera betri starfskraftar eftir en áður og það eigi að gefa þeim val. Við höfum ekki boðið upp á val um starfslok í miklum mæli á íslenska vinnumarkaðnum. Ég held því að sú tillaga sem hér er flutt sé mjög af hinu góða og ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að hafa komið með hana inn í þingsali og þeim sem styðja hann í þeim málum.

Ég held að þetta sé hið besta mál og geri mögulegt fyrir fólk sem hefur misjafnan tekjugrunn að laga sig að því hvenær það vill ljúka störfum ef þetta gæti gengið eftir. Það væri vissulega til mikilla bóta fyrir utan það að ég lít svo á að reyndir starfsmenn, sem halda góðri heilsu, séu mjög verðmætir hverri atvinnugrein og hverri atvinnustétt og geti miðlað mjög mikilli þekkingu og reynslu til þeirra sem yngri eru. Að öllu samanlögðu tel ég að hér sé hreyft hinu merkasta máli sem ég mun styðja.

[18:56]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég tek til máls til þess að lýsa stuðningi við þá þáltill. sem er til umræðu um að skipuð verði nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Í þjóðfélaginu í dag er margt breytt sem kallar á þessa vinnu. Við erum einfaldlega langlífari, við erum heilsuhraustari, við höfum meiri mögulega til að endurmennta okkur og símennta. Starfskraftar eldra fólks ættu því að nýt-

ast betur úti í þjóðfélaginu með sveigjanlegum starfslokum en gert er nú með því að klippa svo ákveðið á starfsaldurslokin eins og í núgildandi lögum.

Því miður halda ekki allir góðri heilsu. Starfsþrekið getur líka minnkað. Þegar fer að nálgast hin hefðbundnu starfslok mundu ýmsir gjarnan vilja minnka við sig og á þetta ekki síður við um konur í hefðbundnum kvennastörfum en við karla. Því miður eru reglurnar úti á vinnumarkaðinum þannig að erfitt hefur verið að minnka við sig og fara í hlutavinnu vegna þess að öll réttindi hafa verið miðuð við fulla vinnu.

Það að geta unnið lengur og haldið sér við hvað menntun snertir og aflað sér frekari reynslu í starfi skilar sér inn í vinnuna og inn í þjóðfélagið. Það er ekki allt fengið með unga fólkinu, góðu námi og háskólamenntun eins og við krefjumst á æ fleiri sviðum í dag því reynslan hefur líka mikið að segja. Þó svo okkur beri skylda til þess að mennta þjóðina og skila henni vel menntaðri út í atvinnulífið megum við ekki gleyma því að reynslan er líka verðmæt. Það hefur farið illa fyrir þeim fyrirtækjum sem hafa yngt of skarpt upp hjá sér, látið hina eldri víkja fyrir hinum yngri jafnvel áður en þeir hafa verið komnir á eftirlaunaaldur þegar reynslan hefur horfið og eingöngu hið nýja úr bókunum hefur verið eftir í fyrirtækjunum. Það verður að hafa ákveðna kjölfestu. Þeir sem halda góðri heilsu geta sannarlega miðlað inn í atvinnulífið líka. Það yrði mikið framfaraspor ef við mundum samþykkja þessi þáltill., bæði til þess að geta hætt fyrr og unnið lengur eftir því sem heilsan leyfir.

[19:00]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls í umræðum um sveigjanleg starfslok. Ég vildi aðeins segja örfá orð að lokum og beina þeim þá fyrst til þeirra sem hér töluðu og veltu vöngum yfir því hvers vegna eingöngu sjálfstæðismenn stæðu að þessari þáltill. Það má kannski segja að e.t.v. hafi ekki nægjanlega verið haldið á því af hálfu 1. flm. að leita til fleiri góðra manna. Hins vegar þóttist ég vita það af verkum annarra þingmanna en sjálfstæðisþingmanna að þeir taka líka til hendi þegar góð mál eru flutt og þóttist vita af fullum stuðningi þeirra þó að ég kallaði ekki á undirskriftir þeirra undir þáltill. En ég treysti því að þeir muni auðvitað vel að verki standa hér eftir sem hingað til.

Það er rétt, eins og hér hefur komið fram, að auðvitað er það mikill sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið að viðhafa sveigjanleg starfslok. Það er ljóst, margumrætt og kannað og við þurfum ekki að fara yfir hafið til þess að leita upplýsinga hjá öðrum þjóðum þar um. Ég held því líka fram að þegar öldruðum er ýtt til hliðar þá kemur auðvitað að því að þeir finnst þeir vera vanmáttugir og eiga litla framtíð.

Það kom hér líka fram um endurmenntun að ekki er langt síðan viðtal var við merkan bankastjóra sem lýsti því yfir að bankinn sem hann stjórnaði reiknaði með að eyða að meðaltali 500 þús. kr. á ári til að endurmennta hvern og einn starfsmann. Við sjáum því að stjórnendur fyrirtækja eru auðvitað farnir að líta mjög til þess hvað það þýðir að mennta ungt fólk til þess að öðlast mikla þekkingu og reynslu sem einmitt eldra fólk hefur aflað sér. Við vitum að þekking og reynsla starfsmanna eftir langan starfsdag er auður fyrirtækjanna og auður fyrir þjóðina sem hún hefur ekki efni á að kasta á glæ. Við höfum líka séð það á undanförnum árum að við miklar umbreytingar og byltingarkenndar rekstraráætlanir fyrirtækja var öldruðum stundum ýtt hratt úr starfi áður en að hinum löggiltu starfslokum kom.

En sem betur fer hafa breytingar orðið á og hinir yngri stjórnendur áttað sig á því að þekking og reynsla hinna eldri í fyrirtækjum er gulls ígildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:04]

Útbýting þingskjals:

Vátryggingarsamningar, 427. mál, frv. GE o.fl., þskj. 692.

Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 320. mál. — Þskj. 570.

[19:04]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri að ræða þessa ágætu þáltill. sem ég styð eindregið, þ.e. till. til þál. um hættu af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut.

Það er einnig fagnaðarefni þegar litið er á flm. þessarar tillögu að hún virðist eiga þverpólitískan hljómgrunn og það er einmitt afskaplega mikilvægt þegar við skoðum jafnstórt mál og málefni Reykjanesbrautarinnar eru annars vegar og umhverfismál hins vegar.

Þáltill. þessi fjallar um að könnuð verði í fyrsta lagi slysahætta og í öðru lagi mengunarhætta sem fylgir flutningum olíu og bensíns á Reykjanesbrautinni. Ég segi „fylgir" því að öllum má vera ljóst að slíkar hættur eru til staðar. Við sjáum það m.a. af síauknum flutningi jarðefnaeldsneytis á síðustu fimm árum frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkurflugvallar. Við þurfum hins vegar að vita hversu umfangsmiklar þessar hættur eru.

Í mínum huga verður niðurstaðan úr slíkri athugun enn ein röksemdin fyrir því að tvöfalda eigi Reykjanesbrautina sem fyrst. Meðan þessir olíu- og bensínflutningar eru á brautinni eins og hún er í dag með þeim hættum sem allir þekkja — þá er ég einna helst með framúrakstur og mætingar í huga — er það næstum óverjandi að umhverfinu og náttúrunni, eins og vatnsbólum, sé teflt í tvísýnu, svo ég tali nú ekki um mannlega þáttinn, þ.e. fólkið sem fer um brautina.

Hæstv. umhvrh. er ekki í salnum en ég vil engu að síður spyrja: Ef slíkt umhverfisslys yrði, er þá til neyðaráætlun, t.d. vegna fyrirsjáanlegrar vatnsþarfar Suðurnesjamanna ef vatnsbólin koma til með að spillast?

En þessir eldsneytisflutningar eru ekki einu þungaflutningarnir á brautinni. Þungaflutningar eins og t.d. með vöru og póst, ferðamenn og fiskafurðir, verða ekki fluttir með skipum og verða því áfram á brautinni. Sérstök slysahætta fylgir einnig slíkum flutningum, einkum þegar brautin er jafnvarhugaverð og Reykjanesbrautin er í raun.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara út í ítarlega umræðu um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Að baki tvöföldunar liggja mörg sterk og mikilvæg rök t.d., eins og margsinnis hefur verið bent á, að slysatíðni kemur til með að lækka, sem hefur það m.a. í för með sér að heildargreiðslur tryggingafélaga fyrir slys á Reykjanesbrautinni geta á tíu árum lækkað úr 1,3 milljörðum í 325 milljónir. Þetta er milljarður á tíu árum, en þá er enn ótalinn kostnaður heilbrigðis- og tryggingageirans, félagslega kerfisins og kostnaður við eignatjón sem fer ekki í gegnum tryggingafélög. Þessi rök þekkja allir.

Því er það í raun raunalegt, segi ég, að við þurfum enn og aftur að leggja fram ítarlegar röksemdir um jafnmikilvægar framkvæmdir og tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er, þar sem slík tvöföldun er líka mjög hagkvæm. Við þekkjum þetta öll og því er mjög bagalegt að þurfa alltaf að réttlæta svo mikilvægar og arðbærar framkvæmdir sem slík tvöföldun er.

Herra forseti. Þáltill. sem hér er til umræðu bendir okkur enn og aftur á nauðsyn þess að tvöfalda Reykjanesbrautina en ekki síður á það hversu mikilvægt er að huga að þungaflutningum með eldsneyti á brautinni með umhverfissjónarmið, öryggi og þjóðhagslega hagkvæmni í fyrirrúmi. Þess vegna vona ég að þessi þáltill. nái fram að ganga á hinu háa Alþingi.

[19:09]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þessi þáltill. er hið þarfasta mál. Áðan var komið inn á það í máli sem var hér á dagskrá að ákveðnir aðilar í einum flokki hefðu valist saman til að leggja fram þáltill. Hins vegar má segja að það sé líka nokkuð merkilegt að enginn þingmaður Reykvíkinga skuli standa að þessari þáltill. vegna þess að Reykjanesbraut skiptir Reykvíkinga mjög miklu máli.

Ég hef sagt áður í umræðu um þetta mál að kannski væri verið að fara bakdyramegin að þeim staðreyndum sem blasa við, þ.e. þeirri hættu sem því fylgir að flytja eldsneyti um Reykjanesbraut og kemur hér fram í töflum bæði um mikla umferð og þunga eldsneytisflutninga.

Það er aðeins eitt sem ég vildi þó vekja athygli á í þessari þáltill. og það er þar sem segir, með leyfi forseta:

„Vitað er að einn olíuflutningabíll með tengivagni eyðir slitlagi á við marga fólksbíla."

Hér er vægt til orða tekið. Þetta er í sjálfu sér umhugsunarefni almennt um vöruflutninga á landi. Þetta er mjög til umhugsunar vegna þess að sú staðreynd blasir við að þessir þungu vöruflutningabílar með tengivögnum eyða á við 10 þúsund og upp í 30 þúsund smábifreiðar í einni ferð. Þegar grannt eru skoðaðar upplýsingar sem koma frá Vegagerðinni þá er hér um að ræða óhemjumikið slit á þjóðvegum landsins vegna þessara flutningabíla. Þess vegna held ég að við höfum farið allt of geyst í að afnema eða draga úr strandflutningum jafnskjótt og snöggt og raun ber vitni. Þó þeir séu ástundaðir enn þá er ég sannfærður um að sá kostnaður sem liggur að baki vörudreifingar með vöruflutningabílum um vegakerfi okkar sé þjóðinni mjög óhagstæður.

Það á væntanlega eftir að koma fram annars staðar hve mikill kostnaður er vegna slits á þjóðvegum.

Ég vildi hins vegar segja og ítreka það sem ég sagði áður að ég tel að full ástæða sé til þess að stuðla að því að þetta eldsneyti verði flutt sjóleiðina annars finnst mér umhverfisskaðinn liggja í augum uppi, að ég tali nú ekki um þann skaða sem fólk yrði fyrir ef alvarlegt slys yrði á Reykjanesbrautinni. Ég endurtek það að þingmönnum Reykjavíkur kemur Reykjanesbrautin mjög við svo mikið sem þeir aka þann veg. Eins og ég hef líka áður getið þá er Reykjanesbrautin auðvitað hluti af umferðaræðakerfi höfuðborgarinnar og höfuðborgarsvæðisins og það skiptir miklu máli að einhver taktur sé í þeim framkvæmdum sem snúa að Reykjanesbrautinni gagnvart öðrum stofnvegum og aðalbrautum höfuðborgarinnar, þ.e. þegar Reyknesingar eru á leiðinni vestur eða austur með landinu.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Þessi þáltill. er allrar athygli verð en það er farin of löng leið að kjarna málsins með þessu að mínu áliti. Samt sem áður mun ég að sjálfsögðu styðja hana.

[19:13]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér datt þetta helst í hug í framhaldi af lokaorðum hv. þm.: „Kemst þó hægt fari, fóstri."

Markmið þessarar tillögu er að fá Hollustuvernd til þess að leggja hlutlægt mat á þá hættu sem hv. þingmenn hafa bent á og fram kemur í greinargerð með tillögunni. Í framhaldi af því er eðlilegt og rökrétt að bregðast við.

Herra forseti. Ég tek enn fremur undir það sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að Reykjanesbrautin er auðvitað ekki málefni Suðurnesjamanna þó aðallega séu það Suðurnesjamenn sem eru flutningsmenn tillögunnar. Reykjanesbrautin er braut allra landsmanna enda ein fjölfarnasta akbraut landsins, m.a. vegna Keflavíkurflugvallar og alþjóðaflugsins þar.

Það er enn fremur hárrétt að slit af einum fullhlöðnum olíuflutningabíl með tengivagni eða öðrum vöruflutningabíl er á við nokkra tugi þúsunda fólksbíla í verstu tilvikum og þar kann einmitt að liggja meginástæðan fyrir hinum alræmdu rásum á Reykjanesbrautinni sem bæði kosta slit og mikla slysahættu.

Ég tek mjög undir það sjónarmið að vert sé að ræða það á breiðari grundvelli en bara í tengslum við þessa þáltill., þ.e. almennt um vöruflutninga um landið. Ég tek undir það sjónarmið að skipaflutningar séu miklu hentugri að mörgu leyti og við höfum farið of geyst. Fyrir því eru svo margþætt rök sem ekki gefst tími til að rekja í stuttu andsvari.

Ég vil þakka hv. þm. sem og öðrum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir stuðning við þáltill. Ég vona svo sannarlega að hún fái fljóta og skjóta afgreiðslu í hv. umhvn.

[19:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég held að með þeirri þáltill. sem við ræðum hér um hættu vegna farmflutninga á Reykjanesbrautinni sé vakin athygli á mjög þörfu og góðu máli. Ég hef reyndar furðað mig á því hvers vegna olíuflutningar hafa í svo ríkum mæli verið stundaðir á þjóðvegum landsins.

Nú hagar svo til, a.m.k. í Keflavík, að ekki er langt síðan að byggð var sérstök olíumóttaka og sérstök olíuhöfn í Helguvík. (**HjÁ:** Í Reykjanesbæ.) Í Reykjanesbæ. Já, hv. þm. Hjálmar Árnason, í Reykjanesbæ. Ég vil bara lýsa þeirri skoðun minni að ég held að æskilegt sé að efni eins og olía sé flutt í miklu meiri mæli sjóleiðina, ekki síst á svæði eins og Reykjanesskaganum.

Á Reykjanesskaganum er eins og flestir vita þannig jarðvegur að auðvelt er fyrir ýmis efni að komast niður í grunnvatnið. Ég held að við séum að bjóða hættunni heim með því að stunda olíuflutninga í jafnmiklum mæli eftir Reykjanesbrautinni eins og gert hefur verið. Ég sé heldur enga sérstaka ástæðu til að stunda landflutninga á Reykjanesbrautinni með olíuvörurnar eins og í pottinn er búið. Það ætti að vera hægt að flytja þetta sjóleiðina með tiltölulega öruggum og auðveldum hætti.

Ég vil síðan í sambandi við það sem sagt hefur verið um tvöföldun Reykjanesbrautar lýsa þeirri skoðun minni að þar sé mjög þarft mál, þegar menn tala um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Ég styð það. Ég held að það mundi auka mjög umferðaröryggi á þeirri leið. Þetta er ekki bara leið þeirra sem í Reykjanesbæ búa heldur allra landsmanna, í

mismunandi miklum mæli auðvitað, en það skiptir verulegu máli að jafnfjölfarin leið og Reykjanesbrautin er verði gerð með tveimur akreinum í báðar áttir og aðskildum akreinum. Það mundi draga verulega úr slysahættu. Ég tel þó að þrátt fyrir slíka aðgerð verði hætta á mengun varðandi olíuflutninga samt sem áður veruleg sérstaklega vegna jarðvegsins á Reykjanesskaganum. Það gæti hreinlega verið óverjandi að halda slíkum flutningum áfram. Þess vegna tek ég mjög undir það sem lagt er til í þáltill. að þetta verði kannað mjög gaumgæfilega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 357. mál (náttúrugripasöfn). — Þskj. 610. [19:19]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992, á þskj. 610. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Árni Steinar Jóhannsson, Guðjón A. Kristjánsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Megintilgangur þessa frv. er, eins og fram kemur í grg., að veita heimild til þess að unnt sé að styðja fjárhagslega við uppbyggingu náttúrugripasafna á landsbyggðinni. Starfræksla slíkra safna getur haft marghátttaðan tilgang og horfir til framfara og heilla, ekki síst fyrir starfsemi á landsbyggðinni.

Við vitum að á undanförnum árum og áratugum hefur víða verið unnið mjög myndarlega að því að byggja upp söfn af þessu tagi. Ef farið er yfir sviðið sést að víðast hvar hefur þetta verið gert án þess að ríkið hafi komið beint að því, nema þá kannski með undantekningum. Hér er verið að leggja til að stuðningur ríkisins við söfnin verði bæði skipulegur og samræmdur og ekki verði háð duttlungum eða tilviljunum hvenær menn fá safnstyrk frá hinu opinbera.

Með því að fella þetta inn í skipulegan farveg má einnig reikna með því að þessi uppbygging verði skilvirkari og beinskeyttari. Menn geta í þessu sambandi hugsað sér að uppbygging safnanna taki mjög mið af staðháttum á hverjum stað. Lítum t.d. á Vestfirði þar sem menn hafa unnið að uppbyggingu slíkra safna. Ég veit að þar hefur staðið mikill hugur til að byggja upp söfnin með þeim hætti að þau endurspegluðu náttúrufar svæðisins, t.d. hið fjölbreytilega og athyglisverða náttúrufar og kannski eftir atvikum sögu Hornstranda, þeirrar byggðar og mannlífs sem þar blómstraði. Þá sjáum við gildi þessa máls fyrir þjóðmenningu okkar. Þarna væri ekki bara um að ræða hefðbundið náttúrugripasafn með dýrum og þess háttar sem menn hafa þó vissulega gaman af að skoða heldur getur þetta líka gefið lifandi mynd af því lífi sem lifað er í sambúð manns og náttúru út um allt land um leið og það opnar glugga fyrir það fólk sem ekki hefur átt þess kost að kynna sér náttúrufarið, að sjá það jafnskýrt og hægt er á söfnum af þessu tagi.

Við vitum líka að safnauppbygging er í mikilli framför og möguleikar manna til að bregða ljósi á náttúruna, söguna og annað þess háttar á söfnum eru miklu meiri en áður var. Möguleikarnir til að nota nútímalega tækni, margmiðlunartækni og þess háttar sem hluta af söfnunum gera það að verkum að fólk getur fengið gleggri innsýn í það fjölbreytilega náttúrufar sem í landinu er.

Í þessu sambandi vil ég líka vekja athygli á því að samkvæmt gildandi þjóðminjalögum, lögum nr. 88/1989, getur ríkið greitt bæði vegna húsnæðismála, allt að einum þriðja stofnkostnaðar eftir sem fé kann að vera veitt til á fjárlögum, eins og segir í þessum lögum. Einnig er gert ráð fyrir því í þjóðminjalögum að laun forstöðumanna Byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaráði, skuli greidd að hálfu úr ríkissjóði. Við vitum að þetta hefur verið lykillinn að starfrækslu slíkra safna úti um landið. Í sjálfu sér þarf ekki að nefna sérstök dæmi þar um. Þetta hefur gagnast okkur ákaflega vel og haft það í för með sér að við höfum verið að byggja myndarlega upp þjóðminjasöfn víða á landsbyggðinni. Og það eru vissulega full rök til að við gerum nákvæmlega hið sama varðandi náttúrugripasöfnin.

Á sínum tíma var uppbygging á starfsemi náttúrustofa á landsbyggðinni lögfest. Ég tel að sú uppbygging hafi tekist ákaflega vel. Við höfum víðast hvar séð að vel hefur verið að þessu staðið af hálfu heimamanna og mikill áhugi er á að standa vel að málum. Ég minnist þess að þegar hæstv. þáv. umhvrh. ákvað staðsetningu náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík ríkti mikill fögnuður með þá ákvörðun hæstv. ráðherra. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum fyrir. Ég held að sú sambúð náttúrustofu og náttúrugripasafns, einmitt þar og reyndar víðar, undirstriki gildi þess fyrir vísindastarfið sem fram fer á náttúrustofunum, að hafa möguleika á að veita mönnum á vissan hátt aðgang að slíku vísindastarfi í gegnum náttúrugripasöfnin. Þetta er eins konar gluggi að því vísindastarfi sem annars á sér stað á bak við luktar dyr og fjarri því að menn geti fylgst með því á annan hátt.

Uppbygging náttúrugripasafnanna fellur líka mjög vel að starfsemi náttúrustofanna. Þess vegna hafa frumvarpshöfundar byggt fyrirmynd sína að frv. á þeirri lagasetningu sem náttúrustofurnar hvíla á og þess vegna fer að mínu mati vel á því að hugsa sér að þetta starf geti sem oftast verið í nánum tengslum við náttúrustofurnar.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að orðlengja þetta frekar. Þetta mál, eins og sjá má af flutningsmönnum, hefur víðtæka skírskotun og er flutt af þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum. Ég held að þetta sé mál sem nokkuð víðtæk samstaða ætti að takast um. Menn spyrja auðvitað hvort þetta horfi ekki til kostnaðar fyrir ríkissjóð. Það er alveg rétt að þetta mun kom horfa til kostnaðar fyrir ríkissjóð í einhverjum mæli. Þetta er aðferð við að færa fjármuni og þar með þjónustu út á landsbyggðina og er líka grein af þeim meiði þeirrar hugsunar að eðlilegt sé að starfsemi af þessu tagi sé sem víðast í landinu. Það er sú hugsun sem óðast er að skjóta rótum í sambandi við önnur söfn í landinu. Menn telja t.d. ekkert eðlilegt að hafa eitt sjóminjasafn á Íslandi heldur sé eðlilegra að hafa sjóminjasöfn þannig að þau endurspegli veruleikann í hverjum landshluta. Hið sama á auðvitað við um náttúrugripasafn. Þó að það sé gott og blessað að hafa eitt meginsafn sem mundi væntanlega verða staðsett á höfuðborgarsvæðinu, þá er mjög nauðsynlegt að slík safnastarfsemi endurspegli þá fjölbreytilegu flóru og fánu íslenska lífríkisins sem við viljum sýna og við viljum að almenningur, bæði Íslendingar og útlendingar, eigi kost á

að sjá.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

[19:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er einn af flm. þessa frv. sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson á þó óskorað frumkvæði að. Ég tel að mikið heillaspor yrði fólgið í samþykkt þessa frv. En í tilefni af því þykir mér rétt að rifja upp að á þeim tíma er menn voru að setja þessi lög, árið 1992 ef ég man rétt, var það meðvitað gert að skilja í reynd á milli náttúrgripasafna og náttúrustofa. Bæði var að það ríkti ekki full eining um að koma þessu máli í gegn, m.a. af þeim ástæðum sem komu fram í máli hv. þm., að sumir horfðu í kostnaðinn. Sumir töldu að ef náttúrugripasöfnin yrðu líka sett þarna upp og þættuð saman við náttúrustofurnar kynni það að leiða til óhóflegs kostnaðar þegar fram í sækti.

Reyndin varð síðan sú, herra forseti, að þegar búið var að setja upp náttúrustofu á Bolungarvík var eiginlega frá upphafi að frumkvæði heimamanna sett á fót náttúrugripasafn. Reynslan af þeirri nýbreytni er slík að það er auðvelt að endurskoða hinn upphaflega tilgang sem lá að baki frv. sem varð að lögum frá 1992 og draga þá ályktun af reynslu Bolvíkinga að það sé farsælt að reka þetta tvennt saman.

Ég held líka að það skipti máli fyrir náttúrustofurnar sem hafa sannarlega sannað gildi sitt að bæta þannig vísindalegt umhverfi þeirra. Náttúrustofurnar sem nú eru komnar á legg hafa farið fram úr björtustu vonum okkar sem á þeim tíma stóðum að lögunum. Hvarvetna sem þær hafa komist á legg hafa sprottið upp mikilvægar rannsóknir. Ég held að ég geti fullyrt að víðast hvar hefur líka tekist að afla einhvers konar nýrra peninga, styrkja erlendis frá og innan lands. Þau tækifæri sem bjóðast með náttúrustofunum eru einfaldlega slík að vísindamenn úti í heimi og líka hér við vísindastofnanir í Reykjavík líta á það sem eftirsóknarvert tækifæri að starfa með þeim vísindamönnum sem hafa ráðist til starfa við þær. Það hefur verið ánægjuefni að sjá að mikil eftirsókn hefur verið í að komast í þessi störf. Ungt vísindafólk hefur sótt í að komast í þau störf úti á landsbyggðinni. Ég held að við höfum séð alls staðar fram á samstarf við heimamenn á öðrum sviðum, vísindamenn sem tengjast útibúum annarra stofnana eins og Hafró, jafnvel Veiðimálastofnunar hygg ég á stöku stað og náttúrufræðivísindamanna annarra. Þetta er ákaflega gott.

Ég bendi t.d. á að það var ekki síst í kringum náttúrustofuna sem komið var á fót í Vestmannaeyjum að til varð kjarni vísindamanna, örlítið vísindasamfélag sem hefur að ég held skipt sköpum á margan hátt fyrir byggðarlagið. Þó er fátt eitt komið í ljós sem ég held að það eigi eftir að færa því.

Ef menn fara þessa leið held ég að þeir muni styrkja mjög umhverfi þeirra rannsókna og þann rannsóknaranda sem ríkir á náttúrustofunum. Ef við samþykkjum þetta frv. þá verður það ekki aðeins til þess að ríkið mundi koma inn í stofnkostnað náttúrugripasafnanna heldur mundi það borga laun eins nýs vísindamanns og það skiptir verulega miklu máli.

Ég vil líka láta þess getið, herra forseti, að náttúrstofurnar hafa orðið miklu meiri hvati rannsókna en við töldum að kynni að gerast þó að við vonuðumst e.t.v. til þess. Náttúrugripasöfn eru mjög víða ákaflega mikilvægt tæki við rannsóknir og ekki síst hvers kyns kennslu. Þegar rannsóknir og kennsla fara saman er það ákaflega hallkvæm blanda. Ég minni á að Jónas Hallgrímsson, sá merki náttúrufræðingur og það mikla skáld, átti sér þá ákaflega dýrmætu hugsjón að koma upp náttúrugripasafni á Íslandi. Í þann mund sem fætur hans urðu kaldir þá hafði hann á prjónunum áætlanir um að koma til Íslands og fá hér starf sem kennari, fyrst og fremst til að geta komið upp náttúrugripasafninu sem hann hafði aflað til á rannsóknarferðum sínum um Ísland, en hann var um sína daga víðförlasti Íslendingur hér innan lands. Því miður sá hann ekki þessa hugsjón sínar rætast en ástæðan fyrir því að hann barðist af slíkum þrótti fyrir því að koma náttúrugripasafni á fót hér á Íslandi var sá skilningur hans, sem kom fram aftur og aftur í bréfum frá honum, að náttúrugripasafn af þessu tagi væri undirstaða kennslu og frekari rannsókna.

Hv. flm., Einar K. Guðfinnsson, benti á að tækninni hefur undið mjög hratt fram. Náttúrugripasöfn samtímans eru allt öðruvísi en náttúrugripasöfn fyrir nokkrum áratugum. Sama er auðvitað hægt að segja um hvers kyns söfn. Með margmiðlunartækninni skapast möguleikar til þess að sýna náttúruna, þróun hennar og breytingarnar sem á henni verða af völdum hennar sjálfrar eða mannskepnunnar, framkvæmda okkar, í allt öðru ljósi en áður. Ég held að þar sem tekst að koma upp svona myndarlegum náttúrugripasöfnum í tengslum við náttúrustofur muni það verða mikil lyftistöng fyrir kennslu í viðkomandi samfélagi.

Þessi árin erum við líka að flytja þekkingu, fjármagn og atgervi út á landsbyggðina, t.d. með því að koma upp háskóladeildum og deildum við framhaldsskóla ákaflega víða. Þessi þróun, sem farið hefur af stað á allra síðustu árum, var umdeild í fyrstu en eins og hv. þm. segir réttilega þá er þar um að ræða meðvitaða byggðastefnu.

Ég held að þetta sé ákaflega farsælt skref inn á þennan veg. Ég held að ef þetta tekst jafn vel og okkur tókst með náttúrustofurnar þá muni þetta verða veruleg lyftistöng fyrir hvers konar nám og rannsóknir sem tengjast menntakerfinu, ekki síst háskóladeildum sem eru að sjá dagsins ljós þessi missirin en líka framhaldsskólum. Ég held þess vegna, herra forseti, að það yrði ákaflega farsælt ef tækist að halda þeirri samstöðu sem fram kemur hjá flutningsmönnum þessa frv. og ná samþykkt þess í vetur. Sjálfur á ég sæti í umhvn. þingsins og mun ekki láta mitt eftir liggja þar, herra forseti.

[19:33]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands sem hefur verið lagt fram. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá flutningsmönnum, t.d. hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, um mikilvægi þess að styrkja náttúrugripasöfnin. Þessar tillögur höfða til þingmanna í öllum flokkum og ég trúi ekki öðru en að við náum samstöðu um þessa lagabreytingu. Þetta er mjög mikilvægt í stöðu okkar í dag þegar íbúaþróunin heldur áfram með jafnuggvænlegum hætti. Fólk er að flytjast af landsbyggðinni og áfram á höfuðborgarsvæðið og við þurfum að finna allar þær leiðir sem tiltækar eru til að styrkja byggð. Þetta er ein af þeim mörgu leiðum sem við getum farið og kostar ekki mikla peninga. Þarna er verið að tala um stöðugildi forstöðumanna á náttúrugripasöfnunum og sé miðað við allan þann kostnað sem byggðaröskunin veldur í þjóðfélaginu eru þetta ekki miklir peningar en geta breytt miklu.

Þetta hefur mikið að segja varðandi ferðaþjónustuna. Hér er markvisst hægt að byggja upp annars konar ferðaþjónustu en við horfðum til fyrir nokkrum árum síðan. Það er hægt að byggja upp ferðaþjónustu sem nýtir það sem hver staður hefur upp á að bjóða. Þannig mundi fólk stoppa lengur við, fara á söfnin, fá góðar upplýsingar um náttúrufar og mannlíf á hverjum stað. Þetta er svokölluð græn ferðamennska eða a.m.k. hluti af því að geta byggt hana upp.

Það að efla náttúrugripasöfnin og styrkja þau í samstarfi við náttúrustofurnar styrkir líka sjálfsvitund fólks í hverju byggðarlagi, þ.e. eflir vitundina um hver maður er. Þetta er minn staður, þetta er mitt umhverfi og það er sérstakt. Þetta er hluti af því að byggja upp sjálfstraust og slíka vitund hjá þeim sem búa úti á landsbyggðinni.

Ef við náum því að efla starf náttúrustofanna og náttúrugripasafnanna þá aukum við þjónustuna, styrkjum vísinda- og rannsóknastörf í landinu og svæðisbundin rannsóknastörf. Þetta er í raun grunnur að því að geta komið upp háskóladeildum út um land til að koma háskólanámi á sem víðast. Því námi verður ekki komið á nema hafa einhvern grunn til að byggja á og sá grunnur er svæðið þar sem deildin er sett niður.

Ég styð því einhuga þessa breytingu á lögum og vona að hún nái fram að ganga. Hún kemur inn á svo mörg svið, bæði í atvinnulífinu, í menntun alveg frá grunnnámi og upp í háskóla. Hún styrkir rannsóknarstörfin og sjálfsvitund fólks.

[19:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég er einn af flm. þessa frv. og styð það því heils hugar. Hér er verið að hreyfa mjög þörfu máli með því að byggja undir það sem unnið er að um hinar dreifðu byggðir landsins, byggja upp þekkingu og vísindastörf, byggja upp söguþekkingu og byggja upp söfn sem varpað geta ljósi á söguna og náttúrufarið. Slíkar breytingar mundu efla viðkomandi í byggðakjarna bæði menntun, starf og þekkingu og einnig atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu.

Hægt væri að ræða fjölmargt sem tengist þessum málum. Ég held að málið snúist um mjög þarfar stofnanir. Auðvitað er ekki hægt að reisa slíkar stofnanir í mörgum byggðakjörnum en ég tel að eitt slíkt gott safn í hverju kjördæmi sé mjög æskilegt markmið. Ég tel raunhæft að sækjast eftir fjármagni og stuðningi frá ríkisvaldinu til þess verks.

Ég held að náttúrustofur og náttúrusöfn, þar sem þau geta unnið saman, séu hið besta mál. Í því sambandi væri hægt að sýna fram á fjölmargt. Ég hygg t.d. að ef það væri skoðað, sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vék hér áðan, að kanna sögu og líf fólks á norðanverðum Vestfjörðum þar sem byggð er ekki lengur, eins og á Hornströndum, þá væri hægt að leiða fram ýmsa þekkingu og notagildi af náttúrunni sem mönnum fyndist kannski ekki alveg samrýmast því sem lýtur að náttúruvernd og dýraverndunarlögum í dag. Ég hygg þó að á sínum tíma hafi það þótt afskaplega eðlileg nýting náttúrunnar. Jafnvel væri rétt að skoða hvort slík nýting, nýting kynslóðanna í gegnum árin á náttúru- og dýralífi þessa svæðis, gæfi ekki tilefni til að endurskoða náttúruverndarlög.

Til nánari skýringar get ég sagt frá því við þessa umræðu að ég átti því láni að fagna að alast upp í sveit í Jökulfjörðum norður og eins í Reykjafirði á Hornströndum. Ég er af þeirri kynslóð sem þurfti að umgangast náttúruna út frá því að náttúran væri eitthvað sem fólkið nýtti. Ég minnist þess t.d. þegar menn voru við heyskap norður í Jökulfjörðum að ef kópur kom í fjöruna, þó það væri brakandi þurrkur, þá var gripið til byssunnar og kópurinn skotinn. Heyið beið bara á meðan. Þetta var auðvitað eðlileg nýting náttúrunnar. Með sama hætti upplifði ég líka að menn komu undir bjarg, eins og kallað var, að vori til. Þá var ekkert verið að víla fyrir sér hvort fuglinn var nýorpinn eða kominn að því að unga út, menn skutu sér bara í matinn eftir þörfum. Það mundi kannski ekki samræmast alveg núgildandi náttúruverndarlögum en þetta var nýting á náttúru Íslands í þessum byggðum á Norður-Ströndum. Ég held samt sem áður að það fólk sem þarna lifði hafi borið mikla virðingu fyrir náttúrunni. Það nýtti sér hins vegar aðeins það sem það þurfti til viðurværis og taldi í raun sjálfsagt.

Ég hygg því að margt geti fallið undir starfsemi bæði náttúrugripasafns, sem sýnir þá söguna annars vegar, og hins vegar náttúrustofur sem rannsaka náttúruna og nýtingu hennar. Ég held að við séum hér að hreyfa mjög þörfu máli og vonast til að fá við það víðtækan stuðning á hinu háa Alþingi.

[19:43]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum þakka þær góðu viðtökur sem þetta frv. hefur fengið. Ég er sammála því að full efni séu til að ætla að um það geti tekist ágæt sátt. Þetta er auðvitað ekki hápólískt mál heldur mál sem horfir til framfara og heilla, eins og ég held að komist sé að orði í grg. sem fylgir frv. Ég vænti þess að við getum fundið á þessu sameiginlega niðurstöðu.

Menn hafa rætt töluvert mikið um náttúrustofurnar og það er auðvitað fullt tilefni til þess. Auðvitað mætti vel hugsa sér í því sambandi að þar sem náttúrustofurnar og náttúrugripasöfnin ynnu saman lytu þau stjórn sama forstöðumanns til þess að auðvelda allt stjórnskipulag og gera það auðveldara og hagkvæmara í rekstri. Það finnst mér hlutur sem hv. umhvn. gæti velt fyrir sér. Ég get vel ímyndað mér að það gæti vel átt við þegar um er að ræða samstarf þessara tveggja stofnana.

Ég er líka alveg sammála því sem hér hefur komið fram, að með því að opna fyrir stuðning hins opinbera við náttúrugripasöfn væri um leið verið að leggja heilmikið af mörkum fyrir kennslu, t.d. á framhaldsskólastigi. Mér er kunnugt um að náttúrugripasöfnin hafa verið notuð sem kennslutæki fyrir ungmenni þar sem þau hafa verið opnuð. Það er enginn vafi á því að af þessu er heilmikið gagn. Þegar ég var sjálfur við nám vorum við ekki svo heppin að hafa náttúrugripasafn á svæðinu en við gátum sótt það lengra. Mér er engin launung á að auðvitað var tækifærið til að skoða náttúrugripasöfn af þessu tagi til að glæða áhuga manns á náttúrunni.

En, virðulegi forseti, ég held að í sjálfu sér þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég ítreka þakkir fyrir þessar góðu viðtökur sem gefa fullt tilefni til að ætla að þetta mál megi hljóta afgreiðslu síðar á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 8. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 19:46.

73. FUNDUR

þriðjudaginn 7. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 312. mál, þskj. 562. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, þáltill., 320. mál, þskj. 570. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frv., 357. mál, þskj. 610. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 246. — 1. umr.
5. Vörumerki, stjfrv., 370. mál, þskj. 626. — 1. umr.
6. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 371. mál, þskj. 627. — 1. umr.
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 359. mál, þskj. 613. — 1. umr.
8. Almenn hegningarlög, frv., 204. mál, þskj. 238. — 1. umr.
9. Hjúskaparlög, frv., 255. mál, þskj. 321. — 1. umr.
10. Meðferð einkamála, frv., 403. mál, þskj. 661. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að eftir að atkvæðagreiðslum um þrjú fyrstu dagskrármálin er lokið hefst utandagskrárumræða um málefni Þjóðminjasafnsins. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er málshefjandi og hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason, verður til andsvara. Um er að ræða hálftíma umræðu í samræmi við 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[13:32]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að gera athugasemd við svar við fyrirspurn sem ég fékk frá hæstv. viðskrh. á þskj. 577, og dreift verður í þinginu í dag, um lánveitingar til sjávarútvegsfyrirtækja.

Fyrirspurnin sem ég bar fram til hæstv. ráðherra er almenns eðlis um lánveitingar til sjávarútvegsins og veðsetningar á fiskiskipum vegna þeirra lánveitinga. Ekki var spurt um sundurliðun á þessum stærðum milli einstakra lánastofnana. Svarið er ákaflega ófullkomið hjá hæstv. ráðherra og gefur litla sem enga mynd af því sem um er spurt.

Hæstv. ráðherra vitnar til þess að ekki sé unnt að veita upplýsingar þar sem það ýri samkeppnisstöðu lánastofnana á fjármálamarkaði og gangi gegn þagnarskylduákvæðum. Ég vísa þessum rökstuðningi á bug, enda var einungis spurt um heildarlánveitingar, eina upphæð hjá öllum lánastofnunum en ekki sundurliðað eftir lánastofnunum eða einstaklingum. Það er allt of oft, herra forseti, sem þingmenn fá ófullkomnar eða villandi upplýsingar frá ráðherrum og framkvæmdarvaldinu og á því verður að taka að mínu viti. Þetta gengur ekki að þinginu sé ekki gert kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu og eftirlitsskyldu með því að ráðherra þverskallist við að veita umbeðnar upplýsingar.

Ég tel því afar brýnt, herra forseti, að forsn. taki mál þetta til skoðunar, ekki bara þetta eina mál sem ég vitna til heldur almenna upplýsingaskyldu ráðherra til þingsins vegna þess að það er allt of oft sem þingmenn þurfa að stíga í pontu eftir að hafa fengið svar frá ráðherra til að gera athugasemdir við svörin. Því tel ég að forsn. eigi að taka þetta mál upp og beini þeirri formlegu ósk til hæstv. forseta og að um það verði fjallað hvernig hægt er að tryggja að þingmenn fái víðtækari rétt til upplýsinga frá framkvæmdarvaldinu en verið hefur og hvernig hægt er að koma því svo fyrir að ráðherrar gefi þinginu eðlilegar upplýsingar og svari því sem um er spurt. Ég vitna til þess að í umræðum um starfsskilyrði stjórnvalda kom fram í skýrslu forsrh. að þennan rétt þyrfti að tryggja betur.

[13:35]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. talar um eðlilegar upplýsingar. Ég vil segja í því sambandi að þær upplýsingar sem hv. þm. óskar eftir liggja ekki fyrir með aðgengilegum hætti og í öðru lagi er hv. þm. að spyrja um málefni sem varða einkamál en ekki mál opinbers eðlis.

Niðurstaða skýrslu sem hæstv. forsrh. lagði fyrir þingið 1997 var höfð til hliðsjónar en hún fjallar um rétt alþingismanna til að krefjast aðgangs að upplýsingum. Þessi skýrsla var unnin af prófessor Stefáni Má Stefánssyni. Upplýsingarnar sem hv. þm. biður um varða ekki opinber málefni heldur einkamál. Í 49. gr. þingskapa segir eitthvað á þá leið að alþingismönnum sé heimilt að óska svars um opinber málefni.

Hlutafélagi er ekki skylt að veita upplýsingar um þau atriði sem hv. þm. spyr um. Ég vil segja það að lokum að þetta svar er unnið eftir bestu samvisku og farið er eftir þeim lögskýringargögnum sem liggja fyrir um svörin. Hv. þm. spyr um svo sérgreind atriði að engin leið er að ná slíkum upplýsingum út úr bankastofnunum þó svo það væri almennt heimilt. Það er nefnilega ekki þannig að stutt sé bara á einhvern takka eins og manni finnst stundum að hv. þm. reikni með og þar með liggi upplýsingarnar fyrir.

[13:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það eru ekki nógu góð svör sem stundum berast við fyrirspurnum. Ég held að full ástæða sé til að

forsn. skoði málið og fari yfir það. Það er spurning hvort ekki þurfi að liggja fyrir einhvers konar hugmyndir eða reglur sem hægt væri að senda þeim aðilum sem verið er að biðja um upplýsingar um þannig að einhverjar siðareglur séu um hvernig svörin eru útbúin. Ég verð að segja að það sem hæstv. viðskrh. sagði áðan, að þær upplýsingar sem beðið var um í þessu tilfelli lægju ekki fyrir í bönkunum, tel ég algjörlega fráleitt. Það er einfaldlega ekki hægt að reka bankastofnanir og hafa ekki upplýsingar um þau atriði á takteinum sem þarna var farið fram á að upplýst væri um. Ég fullyrði reyndar að upplýsingar í því formi sem þarna var talað um liggja fyrir í bönkunum því það er nauðsynlegt til að hægt sé að stjórna lánveitingum og fylgjast með því sem er að gerast. En það er önnur saga.

Ég er fyrst og fremst að taka undir með hv. þm. um að tekið verði á hvað varðar svör við fyrirspurnum frá þingmönnum þannig að það eftirlitshlutverk sem verið er að rækja hér á hv. Alþingi verði gert sem best. Ég tel að full ástæða sé til að forsetar taki þetta upp og skoði og reyni að standa að því að tryggja betri svör en við höfum verið að sjá undanfarið.

[13:39]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill í tilefni þessarar umræðu minna á að álitamál af þessum toga eru ekki ný af nálinni, þau hafa komið upp áður. Forseti vill minna á að svör ráðherra eru auðvitað fyrst og síðast á ábyrgð þeirra. Forseti hefur hins vegar hlustað á ábendingar hv. þm. og mun beita sér fyrir því að um þetta fari enn á ný fram umræða í forsn. en það hefur gerst áður og mun hugsanlega gerast síðar. En forseti undirstrikar þó enn og aftur að auðvitað er það ráðherrann sjálfur sem fyrst og síðast ber ábyrgð á svörum. Þannig er það og þannig á það að vera.

[13:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. bendir á að hlutafélögum beri ekki að veita sömu upplýsingar og opinberum stofnunum. Hér er til umfjöllunar beiðni alþingismanns um lánveitingar frá lánastofnunum þar á meðal frá ríkisstofnunum. Svipuð umræða hefur áður komið upp í tengslum við stofnanir og fyrirtæki sem gerð hafa verið að hlutafélögum og má þar nefna Landssímann eða Póst og síma.

Ein meginástæða þess að við mörg úr stjórnarandstöðunni lögðumst gegn því að gera þessar stofnanir að hlutafélögum var einmitt sú að með þessu móti yrðu færðar á bak við tjöld og niður í skúffur upplýsingar sem eiga heima uppi á borði og með þessu móti væri verið að þrengja að lýðræðinu, draga úr eftirliti Alþingis fyrir hönd almennings í landinu.

En ég vil þó nefna eitt atriði og leggja á það áherslu að sá sem fer með meirihlutavald og meirihlutaeign í þeim stofnunum, hvort sem um er að ræða símann, póstinn eða ríkisbankana, getur mælt fyrir um það að upplýsingarnar verði gerðar lýðum ljósar og á það vil ég leggja áherslu og ég vil leggja áherslu á að það verði gert.

[13:41]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það er óvenjulegt að taka svör ráðherra til umræðu á þinginu áður en svörunum hefur verið útbýtt á Alþingi.

[13:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Mér fannst svör hæstv. viðskrh. mjög fátækleg og að vitna í það að hér sé um einkamál að ræða en ekki opinbert mál. Tilefni þessarar fyrirspurnar er mjög umdeilt frv. sem var samþykkt 1997 sem snerti veðsetningu lána í fiskiskipum. Tilefni fyrirspurnarinnar var að meta reynsluna af þeirri lagasetningu. Ef Alþingi er gert ókleift að fylgja eftir með eftirliti þeim lagasetningum sem hér eru afgreiddar þá veit ég ekki hvert við erum að stefna.

Það er orðið mjög mikið áhyggjuefni hvernig ráðherrar flýja alltaf í skjól hlutafélagalaga og laga sem snerta þagnarskylduákvæði og það sem varðar samkeppnisstöðu fyrirtækja og lánastofnana til að koma í veg fyrir að þingmenn fái eðlilegar upplýsingar til að geta sinnt hlutverki sínu. Auðvitað hljóta þær upplýsingar að liggja fyrir sem um er spurt til þess að banki geti fylgst með lánveitingum. Það er spurt um þróun lánveitinga í sjávarútvegi. Það er spurt um í hve mörgum fiskiskipum með aflahlutdeild hefur verið tekið veð. Það er spurt um eftirstöðvar lána hjá lánastofnunum sem tryggð voru með veði í fiskiskipum. Mig mundi undra það mjög ef slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir í bönkunum.

Það er eins og smátt og smátt sé verið að loka fyrir allar upplýsingar til þeirra þingmanna sem um þær biðja. A.m.k. er það svo að ráðherrar reyna að koma sér hjá að svara ýmsu því sem þingmenn þurfa að fá vitneskju um til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þess vegna fagna ég því sem fram kom hjá hæstv. forseta að málið verði tekið upp í forsn. vegna þess að það er orðið afar brýnt að þingmenn og forsn. ræði þá stöðu sem sífellt er að koma upp í þinginu og hvernig framkvæmdarvaldið er æ ofan í æ að keyra yfir þingið og rétt þess til að fá upplýsingar. Á því þarf að taka og tryggja með því rétt þingmanna í þessu efni.

[13:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ef sá skilningur minn á þessu máli er réttur, að ekki sé hægt að upplýsa um það hvernig sameign þjóðarinnar hefur verið veðsett samkvæmt lögum um samningsveð, þá kemur það mér mjög á óvart. Ég var einn af þeim sem töldu þetta mál á sínum tíma varasamt og taldi þá æskilegra að þessum málum hefði verið á annan veg farið en svo varð ekki, en að sjálfsögðu taldi ég eins og fleiri eðlilegt að sú reynsla sem mundi skapast með þessum lögum segði okkur hvort við hefðum verið á réttri leið eða ekki.

Veðsetning aflaheimilda sem á sínum tíma var samþykkt með því fororði að það væri einungis hægt með skipum þyddi í mínum huga að verið væri að veðsetja fiskinn í sjónum á nákvæmlega sama hátt og skipið. Þess vegna verð ég að taka undir með hv. fyrirspyrjanda að það sé krafa að þær upplýsingar sem til eru og verða að vera til um það hvernig sameign þjóðarinnar er veðsett geti legið fyrir í þinginu.

[13:45]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er margt sem maður verður áheyrandi að við umræður á hv. Alþingi en hv. 5. þm. Reykv. sagði áðan á þessa leið að hann undraðist að ráðherrar skuli flýja í skjól laga, hlutafélagalaga og laga um bankaleynd. Ég vil vekja athygli á því að ráðherrar eiga að fara eftir lögum og þingmenn eiga líka að fara eftir lögum. Það á að fara eftir þeim lögum sem eru í gildi og að sjálfsögðu athugar ráðherra

hvaða lög eru í gildi áður en hann svarar spurningum sem þessari. (**JóhS:** Þetta er útúrsnúningur, hv. þm.)

[13:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings á hlutverki alþingismanna í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem gerir mikið úr því að þeir hafi eftirlitsskylduhlutverki að gegna. Í aðalatriðum er það ekki hlutverk alþingismanns að vera eftirlitsaðili heldur aðili sem setur lög. Það er fyrst og fremst skylda alþingismanna að setja lög og vera hluti af löggjafarvaldinu og löggjafarvaldið er ekkert sérstakt eftirlitsvald með framkvæmdarvaldi og enn síður með dómsvaldi. Mér finnst því þessi skírskotun hv. þm. til hlutverks síns sem eftirlitsaðila vera mjög orðum aukin og vil árétta að aðalhlutverk þingmannsins er að setja lög og leikreglur sem öðrum er falið að framfylgja, m.a. eftirlitsstofnunum. Við höfum sérstakar stofnanir til að hafa eftirlit með bönkunum þannig að þingmenn þurfa í sjálfu sér ekki að vera í því hlutverki.

Ég vil svo segja út af því sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni um veðsetningu sameigna þjóðarinnar að eftir því sem mér er best kunnugt um eru veðmálabækur opnar þannig að hann og hver sem það vill getur fengið að vita hvaða veðsetningar hvíla á hvaða skipi sem er. Ég veit því ekki annað en það sé fullkomlega opin bók fyrir hvern landsmann.

Í lögum um samningsveð er gagnstætt því sem þingmaðurinn hélt fram sérstaklega tekið fram að bannað er að veðsetja aflahlutdeild.

[13:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil mótmæla þessum fullyrðingum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Það er vissulega skilgreint hlutverk Alþingis að setja lög en líka að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og sjá til þess að þeim lögum og reglum sem Alþingi setur sé fylgt. (**KHG:** En dómsvaldið?) Það eru aðrir sem hafa reynt að hafa áhrif á dómsvaldið. (Gripið fram í.) Já, og þá skyldu menn líta á ráðherrabekkina, sem reyna að hafa áhrif og reyna að kúga dómstólana til hlýðni og það er mjög alvarlegur hlutur og alvarleg umræða þyrfti að fara fram um það á Alþingi.

Staðreyndin er sú að sá sem fer með eignarhlut, meirihlutaeign í hlutafélagi, í fyrirtækjum sem ríkisstjórnin hefur gert að hlutafélögum á borð við ríkisbankana eða Landssímann, getur haft áhrif á hvað er upplýst af hendi þessara fyrirtækja og um það snýst umræðan. Við vitum hins vegar vel að ríkisstjórnin leitast við að loka á slíkar upplýsingar, loka þær niðri í skúffum og bak við tjöldin. Það er hlutverk Alþingis að koma í veg fyrir að þjóðfélaginu verði lokað með þessum hætti.

[13:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég er alveg undrandi á því að hv. þingmenn skuli halda því fram að verið sé að loka á upplýsingar en það er einu sinni þannig að ráðherrar verða að fara að lögum þegar þeir svara spurningum og það sama gildir um þingmenn. Eins og ég kom inn á áðan kveður 49. gr. þingskapa á um að alþingismönnum sé heimilt að óska svars um opinber málefni en ekki einkamálefni.

Hvað það varðar að þetta mál verði tekið upp í forsn. þá stjórna ég því að sjálfsögðu ekki en ég vil þó ítreka að ráðherrar bera sjálfir ábyrgð á svörum sínum og ég skorast ekki undan ábyrgð í sambandi við það svar sem hér er borið fram.

En út af ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar áðan þegar hann talaði um að nauðsynlegt væri að vita hvernig sameign þjóðarinnar væri veðsett þá var það einu sinni svo með lög um samningsveð þegar þau voru lögfest á Alþingi að óheimilt er að veðsetja kvóta eins og hv. þm. hlýtur að muna.

Ég er komin með þetta svar fyrir framan mig, sem reyndar er ekki búið að dreifa á hv. Alþingi, en þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Sérstaklega er tekið fram að ekki er unnt að svara 2.–4. lið nema að takmörkuðu leyti. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi eru þessar upplýsingar í fæstum tilfellum aðgengilegar í upplýsingakerfum lánastofnana og því reyndist fæstum lánastofnunum unnt að svara á þeim knappa tíma sem gefinn er til að svara skriflegum fyrirspurnum skv. 49. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Í öðru lagi er ekki unnt að veita upplýsingar sem eru til þess fallnar að rýra samkeppnisstöðu lánastofnana á fjármálamarkaði eða ganga gegn þagnarskylduákvæði 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og ákvæðum reglna Verðbréfaþings Íslands um upplýsingagjöf."

[13:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þau lög sem Alþingi setti um samningsveð er einhver sérkennilegasta lagasmíð sem héðan hefur komið og margt skrýtið hefur komið í gegnum tíðina. Ég er ekkert hissa á því þó að einhverjir þingmenn vilji fá að vita það og spyrjist fyrir um það hvernig þessi lög hafa virkað og þarna er verið að gera það.

Það sem hæstv. viðskrh. sagði hér áðan að bannað væri að veðsetja veiðiheimildir eða sameign þjóðarinnar með þessum lögum er þvílíkur útúrsnúningur að enginn þingmaður og alls ekki nokkur hæstv. ráðherra ætti nokkurn tíma að taka sér slíkt í munn. Í greinunum sem á eftir koma er gengið þannig frá því að sá sem er handhafi veðsins getur ráðið því hvenær aflaheimildirnar eru fluttar af skipunum. Það er ekki ástæða til þess að vera að endurtaka þetta sífellt en það þarf þó að gera þegar hv. þingmenn eða hæstv. ráðherrar ganga í pontu á Alþingi og tala eins og bannað sé að veðsetja veiðiheimildirnar. (**Gripið fram í:** Það er bannað.) Það er bannað skv. 1. gr. laganna en leyft samkvæmt greinunum sem koma á eftir.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill benda á að hér er ekki rædd veðsetning veiðiheimilda.)

Hæstv. forseti. Fyrirspurnin sem við erum að ræða um var til komin vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að reyna að komast að því hvaða áhrif þessi lagasetning hefði haft og þess vegna hefur þetta mál borist í tal.

Ég ítreka að ég tel að full ástæða sé til þess að fylgja eftirlitshlutverki þingsins eftir og ég vil gera meira úr því en ýmsir aðrir sem hafa talað hér á undan.

[13:54]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vísar til þess sem hann sagði áðan að svör ráðherra eru fyrst og síðast á þeirra eigin ábyrgð. Forseti vill hins vegar ekki víkjast undan því að taka þær ábendingar sem hér hafa fram komið upp á vettvangi forsn. og það mun verða gert.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 312. mál. — Þskj. 562.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. með shlj. atkv.

Hætta af völdum bensín- og olíuflutninga um Reykjanesbraut, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 320. mál. — Þskj. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 357. mál (náttúrugripasöfn). — Þskj. 610.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Málefni Þjóðminjasafnsins.

[13:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Árið 1985, fyrir 15 árum, hófst upp mikil umræða um húsakost menningarstofnana og bar þá hæst umræðu um Þjóðleikhús og Þjóðminjasafn. Hafist var handa um breytingar á Þjóðleikhúsinu og skipuð nefnd um málefni Þjóðminjasafnsins. Meðal skilgreinds verksviðs hennar var að efla vöxt og viðgang Þjóðminjasafns Íslands. Upp úr starfi nefndarinnar hófst undirbúningur að endurbótum á húsakosti safnsins og samin voru ný þjóðminjalög sem samþykkt voru á Alþingi í maí 1989. Síðan eru liðin 11 ár. Miklu fé og mikilli fyrirhöfn hefur verið varið í undirbúning viðgerða á safnhúsinu við Suðurgötu en afar lítið virðist þokast í viðgerðinni og hvað varðar vöxt og viðgang stofnunarinnar þá er ástandið daprara en safnið og þjóðin eiga skilið. Sýningar safnins hafa verið lokaðar í hálft annað ár.

Þau rök voru notuð á sínum tíma að nauðsynlegt væri að loka þeim til að gera mætti við húsið á skömmum tíma. Síðan höfum við aðeins fengið fréttir um það að enn muni dragast á langinn að þær opni aftur. Upplýsingar hæstv. menntmrh. sem hann gaf í desember sl. segja að við megum bíða til ársins 2002. Vinnustofur safnsins hafa verið fluttar í bráðabirgðahúsnæði, sem hæfir á engan hátt metnaðarfullri starfsemi menningarstofnunar, og fréttir af innra starfi þess hafa opinberað að þar er ástandið afar bágborið.

Hverjar eru skýringarnar á þessum seinagangi og ástandinu í heild þvert ofan í fagurgala stjórnvalda í 10–15 ár um endurbætur á húsakosti og eflingu safnsins? Ég rifja upp endurbæturnar í Þjóðleikhúsinu sem fóru fram um líkt leyti og Alþingi samþykkti hin nýju þjóðminjalög. Í því tilviki gengu hlutirnir fyrir sig á forgangshraða eins og eðlilegt er þegar loka þarf öflugri, opinberri menningarstofnun sem er ekki gert nema í neyð. En það virðist gegna öðru máli um Þjóðminjasafnið. Ellefu ára þóf og svo lokun í fjögur ár eða meira. Er ekki eðlilegt að draga yfirstjórn Þjóðminjasafnsins til ábyrgðar? Ég spyr: Hver er ábyrgð þjóðminjaráðs, framkvæmdastjóra og byggingarnefndar á því sleifarlagi sem hefur verið í byggingarmálum safnsins?

Svo eru það fjármálin. Formaður þjóðminjaráðs, sem er einnig formaður byggingarnefndarinnar og formaður nefndar sem á að annast heildarlöggjöf safna, endurskoðun á lögum um fornleifar, menningararfinn, og húsafriðun, maðurinn sem gegnir öllum þessum embættum, skipaður af hæstv. menntmrh., hefur fullyrt í fjölmiðlum að einungis lítill hluti kostnaðarins við flutning safnsins í geymsluhúsnæði í Kópavogi og skrifstofuhúsnæði í Garðabæ sé á ábyrgð byggingarnefndarinnar. Á móti er því haldið fram af framkvæmdastjórninni að stór hluti umframeyðslunnar á síðasta ári sé á ábyrgð byggingarnefndarinnar en umframeyðslan, þessar 46 millj. sem styrinn stendur um núna, er auðvitað aðeins angi af miklu stærra máli.

Hvað er rétt í þessum efnum? Hvernig hefur fjárveitingum til byggingarnefndarinnar verið háttað og eftir hvaða áætlunum hefur verið unnið? Varla hefur verið farið út í aðrar eins framkvæmdir án þess að fyrir hafi legið áætlanir um kostnað, fjármögnun, ábyrgð, tíma og síðast en ekki síst starfsemi safnsins á endurbótatímanum. Eða voru kannski engar áætlanir gerðar? Getur verið að orð fyrrverandi formanns þjóðminjaráðs, hæstv. samgrh. Sturlu Böðvarssonar, séu mergurinn málsins þegar hann segir fyrir skemmstu, með leyfi herra forseta, „að dálítið hafi verið rennt blint í sjóinn með það hversu mikill kostnaður yrði af þessum tilfæringum“?

En svo að ég nefni Þjóðleikhúsið aftur til sögunnar í þessu sambandi, herra forseti, var kostnaður við endurbætur þess alfarið á ábyrgð byggingarnefndar og aldrei blandað saman við almennan rekstur stofnunarinnar á viðgerðartímanum. Starfsmannafundir Þjóðminjasafnsins lýstu því yfir nýverið að uppsögn fjármálastjórans beri vitni um bráðræði og örvæntingu þjóðminjavarðar, sérstaklega í ljósi þess að fjármál stofnunarinnar sæta nú rannsókn í menntmrn. enda hafði fjármálastjórinn ekki brotið af sér í starfi og sú fullyrðing er studd þeim rökum að hann hafi aldrei hlotið áminningu yfirmanns stofnunarinnar. Það virðist a.m.k. liggja fyrir að byggingarnefndin hafi ekki staðið við fyrirheit sín um fjármögnun flutninganna sem leiddi til þess að fjárhagur safnsins versnaði sem leiddi aftur til þess að þjóðminjavörður rak fjármálastjórann. Þessi atburðarás vekur upp spurningar um hvort formaður þjóðminjaráðs og þjóðminjavörður séu að skjóta sér undan ábyrgð með vinnubrögðum sínum. Svo er ekki úr vegi að spyrja: Hver er ábyrgð ríkisstjórnarinnar og menntamálaráðherra á þessu ástandi og hver er þáttur menntmrh. í framvindu þessara mála? Hvernig vill ráðherrann skýra það átakanlega misræmi sem er milli yfirlýstrar stefnu um framtíð safnsins og þess ástands sem það hefur

komist í undir stjórn hans?

Ekki verður betur séð, herra forseti, en að vegur safnsins og virðing hafi dvínað jafnt og þétt síðan nefnd sú er ég nefndi í upphafi máls míns var skipuð og átti einmitt að leita leiða til að auka hag þess.

Herra forseti. Við þurfum á öflugum menningarstofnunum að halda, stofnunum sem eiga að finna til sín fyrir tilstilli stjórnvalda, stofnunum sem standa opnar hvern dag ársins og stofnunum sem finna að þær eiga bakhjarl í stjórnvöldum og Alþingi Íslendinga.

[14:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Árið 1991 var hafist handa við aðgerðir í húsnæðismálum Þjóðminjasafns Íslands. Síðan var skoðað hvort byggja ætti nýtt sýningarhús við Suðurgötu, hvort flytja ætti starfsemi safnsins í SS-húsið á Laugarnestanga en síðan var ákveðið í ríkisstjórninni 21. febrúar 1995 að nýta núverandi safnahús og ganga til samninga við Háskóla Íslands um nýtingu á lóðum og eignum í nágrenni við safnahúsið. Í nóvember 1997 var gert samkomulag við Háskóla Íslands um lóðamál og aukið húsrými fyrir safnið og þar með má segja að frá og með árinu 1997 hafi náðst sá grundvöllur í þessu máli sem síðan hefur verið starfað eftir varðandi uppbyggingu Þjóðminjasafnsins á sínum gamla stað við Suðurgötu. Unnið hefur verið samkvæmt áætlun sem þá var gerð og þá ræddu menn um að það mundi kosta um 800 millj. kr. að búa safninu góðan framtíðarstað í safnahúsinu með þeim breytingum sem þá voru fyrirhugaðar.

Þá hafði verið unnið við viðgerðir utan húss á safnahúsinu á árabilinu 1991–1997 fyrir um 170 millj. kr. Það blasti því við að kostnaður við þessar framkvæmdir yrði í kringum 1 milljarður kr.

Þegar þetta var ákveðið lá einnig ljóst fyrir að búa yrði safnmununum ákveðinn samastað á meðan unnið væri að viðgerðinni. Síðan var ráðist í að koma munum fyrir í Vesturvör í Kópavogi og síðan hefur sú ákvörðun verið tekin sem er liður í öllu þessu að búa þeim munum varanlegan og góðan samastað með viðunandi hætti. Uppfylltar eru því allar ströngustu kröfur um húsakost og geymsluhúsnæði og þeim framkvæmdum er lokið, þeim lauk á síðasta ári.

Og nú er unnið að því að endurgera safnahúsið sjálft, og er gert ráð fyrir að því ljúki á árinu 2002 og unnt verði að flytja inn í húsið um áramótin 2002–2003 ef þessar áætlanir ganga eftir. Það var alltaf ljóst að loka yrði safninu — þess vegna m.a. skoðuðu menn hvort skynsamlegt væri að flytja safnið í SS-húsið svokallaða því þá þyrfti aldrei að loka því — um lengri eða skemmri tíma ef ákveðið yrði að það yrði á sama stað við Suðurgötu. Það er sá gangur mála sem nú stendur yfir að safnið er lokað á meðan verið er að breyta því og hv. þm. geta farið og kynnt sér þær miklu framkvæmdir sem unnið er að í húsinu sjálfu núna. Ég fullyrði að húsið mun nýtast miklu betur og allar aðstæður verða mun betri en áður hefur verið fyrir safnið og það verður fært í nútímahorf og búið verður mjög glæsilega um munina og alla aðstöðu fyrir áhorfendur og gesti til þess að kynna sér það sem í safninu verður.

Á þessu ári eru til ráðstöfunar 180 millj. kr. til framkvæmda við þessar byggingarframkvæmdir og ég hef lagt fyrir ríkisstjórnina tillögu um það að á næsta ári verði varið 260 millj. kr. úr Endurbótasjóði menningarstofnana og sömu fjárhæð á árinu 2002, 260 millj. kr. úr Endurbótasjóði menningarstofnana, til að vinna að þessu máli og þá verði náð endum saman varðandi fjármál framkvæmdanna. Ég sé ekki annað en að þetta gangi allt eftir eins og upp var lagt frá og með árinu 1997.

Hið eina óvænta sem hefur gerst má segja að hafi verið hinar ströngu og auknu kröfur sem voru gerðar til umbúnaðar í geymsluhúsnæðinu í Vesturvör í Kópavogi, en ég fullyrði að fullnægt var öllum þeim kröfum og það eru fá söfn í Evrópu, ef ekki heiminum öllum, sem geta státað af jafngóðri aðstöðu til geymslu sinna muna og Þjóðminjasafn Íslands gerir. *Það var löngum gagnrýnt að þannig væri búið* að Þjóðminjasafninu, að munir þess væru í hættu, jafnvel í safnahúsinu sjálfu hvað þá heldur fyrir utan það. Nú hefur verið bætt úr því.

Varðandi það mál sem hefur verið á döfinni, uppgjörsmálin á milli byggingarnefndar og annarrar fjármálastarfsemi Þjóðminjasafnsins, þá er það svo að þeim málum beindi þjóðminjaráð sérstaklega til menntmrn. og þau eru nú í skoðun m.a. undir forustu Ríkisendurskoðunar og ég geri ráð fyrir að alþingismenn eins og aðrir fái upplýsingar um þær athuganir og þær niðurstöður þegar þær liggja fyrir og er unnið að þeim af óhlutdrægum fagmönnum sem leggja mat á það og koma þá væntanlega með það til mín og annarra sem vilja láta sig málið skipta hvernig staðið var að þessu, hvernig staðið var að ákvörðunum, hvar þessi mörk á að draga o.s.frv. Ég er fullviss um að þingheimur verður upplýstur um það þegar að því kemur.

Ég fullyrði að aldrei í sögu Þjóðminjasafnsins frá því að það var stofnað hefur verið unnið að jafnmiklum endurbótum og umbótum í starfi safnsins.

[14:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í desember sl. í umræðu um árvissa skerðingu á Endurbótasjóði menningarstofnana benti hæstv. menntmrh. þingheimi á þær miklu framkvæmdir og þau stórvirki sem hefðu verið unnin til að koma munum Þjóðminjasafnsins í fullnægjandi geymslur. Stórvirki voru það þá en ekki var minnst á fjárhagsvandræði þessu tengd sem *hefði þó verið tilefni til því hinn 29. júlí, hálfu ári fyrr,* skrifaði menntmrn. bréf til Þjóðminjasafnsins þar sem segir að ráðuneytið telji að til stórvandræða horfi verði ekki sýnt aukið aðhald og ábyrgð á stjórn safnsins.

Ráð þjóðminjavarðar var, eins og kunnugt er, að reka fjármálastjórann þó ekki fyrr en mörgum mánuðum síðar og ástæða uppsagnar var að fjármálastjórn Þjóðminjasafnsins hafi ekki verið viðunandi, útgjöld safnsins ekki staðist áætlanagerð.

En þá hljótum við að spyrja, herra forseti: Hverjir tóku ákvarðanir um útgjöldin og hvenær? Hverjir stjórna safninu? Hvar var þjóðminjaráð, hvar var byggingarnefnd, hvar var þjóðminjavörður sem ber þó samkvæmt lögum ábyrgð á því að útgjöld séu í samræmi við fjárlög? Renndu allir blint í sjóinn?

Málið er allt afar dapurlegt og ber því miður vott um stjórnleysi og lausatök sem þjóðminjaverði verða þó ekki einum kennd. Þar ber menntmrh. sem allt of lengi hefur skirrst við að taka á málefnum Þjóðminjasafnsins, sannarlega líka sína ábyrgð.

[14:09]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að undirstrika að afar mikilvægt er að koma Þjóðminjasafninu vel fyrir og sjá vel fyrir framtíð þess, þetta er mikilvæg stofnun. En ég vil aðeins

minnast á eitt málefni sem snýr að fjárln. í þessu sambandi, að flutningarnir á Þjóðminjasafninu hafa ekki komið upp á borð fjárln. og ekki hefur verið fjallað um þá sérstaklega. Við síðustu fjárlagaafgreiðslu var fjallað um nokkur sérverkefni undir Þjóðminjasafninu. Ég ætla ekki að blanda mér í þau mál á þessu stigi en hins vegar hef ég beðið um að þegar sú skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir um þetta mál, sem hæstv. menntmrh. minntist á, muni fjárln. fá hana í hendur. Það var í rauninni þetta sem ég vildi koma til skila við þessa umræðu, að í fjárln. hafa þessi mál ekki verið uppi á borði en aðeins nokkur atriði sem varða safnið og sérverkefni sem það hefur farið fram á, það hefur fengið fjármagn til þeirra sumra en ekki annarra.

[14:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er vissulega við hæfi að þessi umræða fari nú fram utan dagskrár á Alþingi, svo alvarlegir hlutir eru nú að gerast innan Þjóðminjasafnsins og hafa greinilega verið að gerjast þar um langt skeið. Það er einmitt langtímaþróunin sem mér er hugleikin auk þess sem ég tek að sjálfsögðu undir áhyggjur manna yfir því ófremdarástandi sem nú hefur skapast innan Þjóðminjasafnsins og leitt til brottreksturs og í kjölfarið uppsagna starfsmanna.

Sem betur fer er þessi umræða opin en ekki lokuð og í felum vegna þess að um er að ræða opinbera stofnun sem heyrir undir almannavald. Ég held að óhætt sé að segja að Íslendingum þyki vænt um Þjóðminjasafnið og vilji hlúa að því og safnamálum almennt. Menn gera sér grein fyrir því menningarlega hlutverki sem Þjóðminjasafnið og skyldar stofnanir sinna.

Í byrjun árs 1999 var sett á laggirnar stjórnskipuð nefnd sem falið var að undirbúa rammalöggjöf um safnamál og átti nefndin að ljúka störfum fyrir árslok 1999. Ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. menntmrh. hvað líði störfum þessarar nefndar og hvert framtíðarhlutverk hann sjái Þjóðminjasafninu. Það er mikilvægt þegar þessi mál eru rædd að menn hafi skýra framtíðarsýn.

Það er augljóst að niðurskurður á fjármunum til Þjóðminjasafnsin er valdur að þeim vandræðum sem við verðum nú vitni að, alla vega að verulegu leyti. Er e.t.v. með niðurskurði og þrengingum af mannavöldum innan Þjóðminjasafnsins verið að búa í haginn fyrir enn eina einkavinavæðinguna? Hæstv. menntmrh. er þekktur fyrir áhuga sinn á einakvæðingu og nægir þar að nefna lönskólann í Hafnarfirði.

Ég spyr þess vegna hreint út: Er verið að brjóta Þjóðminjasafnið niður og búta það niður til þess að geta kallað nýja rekstraraðila til sögunnar? Þetta gleddi án efa einkavini og menntmrh. losnaði við óþægilega umræðu í þingsölum og á opinberum vettvangi. Þetta yrði hins vegar ekki þjóðinni til hagsbóta. Þess vegna er spurt.

[14:13]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka frummælanda þessa umræðu. Ég tel að það sé nauðsynlegt að ræða málefni Þjóðminjasafnsins og kannski þá sérstaklega síðustu viðburði. Það er enginn vafi á því í mínum huga að miklar framkvæmdir eiga sér stað við Þjóðminjasafnið og á húsi Þjóðminjasafnsins, og mín ósk er sú að vel takist til um endurbygginguna.

En ég nefndi að það væri kannski ástæða til að ræða síðustu viðburði, það sem ég vil kalla brottvikningu í bráðræði, því það virðist vera þannig sem það mál bar að. Ég vil ræða þetta mál út frá sjónarmiði mínu sem fjárlaganefndarmanns og þar liggur ekki annað fyrir en að farið var fram á fjármuni af hálfu Þjóðminjasafnsins til tveggja sérstakra verkefna og þeir veittir. Það var annars vegar framkvæmdin við Litla-Bæ í Skötufirði svo og við Mývatn, Syðri-Neslönd, og þar á eftir kom síðan umsókn um 23 millj. kr. framlag til að standa straum af verkefninu „Þjóðminjar á ferð um landið".

Fjárlaganefnd var ekki kunnugt um að neinn hallarekstur væri í gangi, það var ekki kynnt fyrir fjárln. að sérstakur vandi væri á ferðinni og það þykir mér mjög alvarlegt. Því vil ég spyrja: Var hæstv. menntmrh. kunnugt um að alvarlegur halli væri á rekstri Þjóðminjasafnsins á þessum tíma, þ.e. um mánaðamótin nóvember og desember — nánar tiltekið 3. nóv. og síðan í desember, þegar fjárlagabeiðnirnar fyrir safnið voru kynntar fyrir fjárln.?

[14:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Starfsemi Þjóðminjasafnsins er í uppnámi. Hafa ber í huga að Þjóðminjasafnið starfar ekki aðeins í Reykjavík heldur er það með umfangsmikið starf víða um land, bæði á eigin vegum og í samstarfi við fjölda annarra. Það að safnið skuli nú vera að mestu óstarfhæft er alvarlegt og mun alvarlegar en mér sýnist að stjórnvöld geri sér grein fyrir ef ráða má af viðbrögðum þeirra.

Öllum sem til þekkja er ljóst að Þjóðminjasafnið, þetta óskabarn þjóðarinnar, hefur verið fjárhagslega svelt árum saman. Fjárveitingar hafa verið í litlu samræmi við þau verkefni sem því er ætlað að vinna og þær auknu væntingar sem bornar hafa verið til þess. Það sýnir litla þekkingu eða glöggskyggni á innri málefnum safnsins ef menn halda að lokun á sýningum þess í Reykjavík leiði til umtalsverðs sparnaðar, að hægt sé að taka fjármagn af rekstri þess í byggingarkostnað eða annan þann kostnað sem framkvæmdirnar leiða af sér. Starfsemi Þjóðminjasafnsins snýr ekki síður að annarri fagvinnu, skráningu, viðgerð, vörslu muna bæði utan safns og innan svo fátt eitt sé nefnt. Lokun sýninga leiðir hins vegar af sér tap á sértekjum.

Herra forseti. Undirbúningur og framkvæmd á endurbyggingu Þjóðminjasafnsins virðist hafa verið afar ómarkviss og fálmkenndur. Mánuðum saman liggur t.d. óafgreitt hvort kostnaður við að koma safninu í geymslu meðan framkvæmdir standa yfir skuli greiðast af rekstrarkostnaði safnsins eða af byggingarkostnaði. Hver úrskurðar svo um það að lokum? Er það fulltrúi menntmrh., formaður þjóðminjaráðs, eða er það fulltrúi menntmrh., formaður byggingarnefndar? Eða er það sérlegur fjármálalegur fulltrúi menntmrn. í byggingarnefnd? Hver úrskurðar þarna um, herra forseti?

Svona mætti áfram telja varðandi vinnubrögðin. En starfsfólk bíður og verkefnin bíða, ekki aðeins í Reykjavík heldur úti um allt land, eftir því að fjárhagsstaða safnsins sé leyst og vinnufriður skapist. Ég leyfi mér því, herra forseti, að spyrja:

Hver er aðkoma menntmrh. og menntmrn. að þessu máli? Var þessi fjárhagsvandi ekki ljós við gerð fjárlaga og fjáraukalaga á sl. ári?

[14:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að hæstv. menntmrh. svaraði ekki þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann í inngangserindi mínu nema að litlum hluta, hann svaraði engu til um ábyrgð þeirra aðila sem ég gat um.

Ég hef nefnt það úr þessum ræðustól áður að ég gagnrýni ráðherra fyrir að standa ekki nægilega vel við bakið á

þeim stofnunum sem heyra undir hann og ráðuneyti hans. Ég gagnrýni hæstv. menntmrh. enn fyrir að styðja ekki nægilega vel við bakið á Þjóðminjasafni Íslendinga. Ég auglýsi eftir svörum um starfsemi safnsins á lokunartíma þess, um það heyrðum við ekki orð í ræðu hæstv. menntmrh.

Herra forseti. Ég skelfist það sem er að gerast í málefnum safnsins og mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. um boðskap hans í nýjum bæklingi sem er nýútkominn um menntun og menningu fyrir alla þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„... að sett verði lög um varðveislu menningararfsins, fornminjavörslu, starfsemi safna og húsafriðun. Hlutverk Þjóðminjasafnsins verði skilgreint með hliðsjón af nýjum verkefnum, viðfangsefnum og breyttum áherslum. Skráning og rannsóknir fornleifa byggist ekki einungis á frumkvæði og framkvæmd opinberra stofnana, starfskraftar vaxandi fjölda vel menntaðra fornleifafræðinga fái notið sín í þágu brýnna verkefna víða um land."

Ég spyr, herra forseti: Er þetta boðskapur einkavæðingar sem er hæstv. menntmrh. satt best að segja afskaplega tamur? Ég fullyrði að þjóðararfurinn er auðlind sem þjóðin á í sameiningu. Þessi auðlind getur orðið okkur til mikilla hagsbóta í mörgu tilliti og ég nefni bara menningartengda ferðaþjónustu sem við eigum að leggja miklu meiri áherslu á en við gerum í dag. Þó að ferðaþjónusta sé markaðsvara gildir ekki það sama um minjavörslu eða rannsóknir á fornminjum. Það er ekki hægt að markaðsvæða menningararfinn okkar, herra forseti.

[14:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi síðasta liðinn í ræðu hv. þm. vil ég geta þess að einkaaðilar eru mjög að eflast á þessu sviði. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavíkurakademían og fleiri slíkar stofnanir eru að koma til sögunnar þannig að þær munu vafalaust láta meira að sér kveða hver sem er skoðun menntmrh. á því.

Varðandi þau atriði sem hér hefur verið vikið að ... (**ÖJ:** Það er spurt um hagsmunaaðila.) Það kom fram í þessari verkefnaáætlun sem upp var lesin. Varðandi þau atriði sem ég hef verið spurður að var ráðuneytinu að sjálfsögðu kunnugt um fjárhagsvanda Þjóðminjasafnsins, annars hefði það ekki ritað það bréf sem ráðuneytið gerði í júlí sl.

Síðan gerist það, herra forseti, að 4. febr. árið 2000 ritar þjóðminjaráð menntmrn. bréf þar sem segir að þær áætlanir sem menn lögðu fyrir ráðuneytið eftir að þetta bréf barst hafi ekki gengið eftir og það hafi leitt til þess vanda í fjármálum safnsins að þjóðminjaráð biður ráðuneytið um að hefjast handa um sérstakar athuganir á þeim hluta málsins. Það er sú athugun sem stendur yfir og undarlegt að þingmenn skuli spyrja hér eftir, að þeir skuli ekki átta sig betur á gangi málanna en að spyrja hvort ráðuneytinu hafi verið þetta ljóst. Það var m.a. ástæðan til þess að ég sagði mig frá málinu vegna þess að það harðorða bréf sem ráðuneytið sendi hefur verið túlkað sem svo að það hafi verið sérstök áminning til fjármálastjórans.

Á næstu dögum verða kynnt drög að fernum lögum sem lúta að varðveislu menningararfsins, þjóðminjavörslunnar, starfsemi Þjóðminjasafnsins og safna almennt. Það hafa m.a. komið fram óskir af hálfu þingmanna að menntmrh. beitti sér fyrir sérstökum safnalögum og þetta er liður í því.

Það er alveg eðlilegt að fjárln. hafi ekki fjallað um byggingarframkvæmdirnar. Byggingarframkvæmdirnar eru fjármagnaðar af Endurbótasjóði menningarstofnana sem eru kynntar og fjárln. hefur vitað nákvæmlega um alla þá þætti. Fjárln. fjallar hins vegar um rekstrarkostnaðinn og þar á að draga glögg skil á milli. Annars vegar er rekstrarkostnaður safnisins, sem kostaður er af fjárlögum, og hins vegar er byggingarkostnaðurinn kostaður af Endurbótasjóði menningarstofnana og ráðstafað af stjórn hans í samráði við menntmrh. eins og kynnt er við gerð fjárlaga hverju sinni.

Starfsréttindi tannsmiða, 1. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 246.

[14:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnrh. fyrir frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða sem flutt er á þskj. 246, 210. mál. Markmiðið með frv. þessu, sem samið hefur verið í iðnrn. og er endurflutt með vissum breytingum, er að tryggja rétt tannsmiða til að geta starfað sjálfstætt í grein sinni sem er löggilt iðngrein, við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum og þá unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun.

Samkvæmt hæstaréttardómi í árslok 1995 um túlkun á tannlækningalögum hafa tannsmiðir ekki heimild til að starfa sjálfstætt við mótatöku og mátun í munnholi að óbreyttri löggjöf. Gagnstæð niðurstaða varð í héraðsdómi en nánar er vikið að dóminum í frv.

Úr þessum heimildarskorti er nauðsynlegt að bæta með sérlögum um tannsmiði enda þykir mér óviðunandi og andstætt meginhugsun iðnaðarlaga að tannsmiðir, sem eru iðnstétt en ekki heilbrigðisstétt, geti ekki á eigin ábyrgð sinnt mótatöku og mátun, verkþætti er tryggi að þeir geti starfað samkvæmt iðnréttindum sínum án þess að treysta á aðra stétt, þ.e. tannlækna.

Mótataka og mátun eru nauðsynlegir þættir í tannsmíði og þykja þau störf ekki þess eðlis að tannsmiðir geti ekki unnið þau sjálfstætt eins og önnur störf sem þeir vinna á grundvelli iðnaðarlaga í löggiltri iðngrein sinni. Þá get ég nefnt sem dæmi erlendis frá að í Danmörku hafa bæði almennir og klínískir tannsmiðir getað unnið slík störf sjálfstætt samkvæmt ákvæðum í lögum um klíníska tannsmiði. Einnig má benda á að undanþágur hafa tíðkast frá ákvæðum tannlækningalöggjafar hér á landi um einkarétt tannlækna til að vinna í munnholi manna. Þar kemur og fram að sérhæft aðstoðarfólk undir stjórn tannlækna getur sinnt þessum verkefnum. Nánar er gerð grein fyrir þessu í frv.

Ég vil taka það fram að eftir vorþing 1998 hefur frv. verið breytt í nokkrum tilvikum. Kröfur hafa verið hertar og réttindanámskeið skilgreint. Breytingar á 1. mgr. 1. gr. felur í sér að starfsréttindin miðast við meistara í tannsmíði í stað tannsmiða. Jafnframt segir í 3. gr. að ráðherra sé skylt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð, ekki heimild eins og áður var. Þar er honum einnig skylt, ekki heimilt, að kveða á um með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli taka þátt í námskeiði til að geta öðlast starfsréttindi.

Þá er bætt við í 3. gr. að iðnrh. geti sett reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækna en slíkt getur leitt til nokkurrar formlegrar takmörkunar á starfsheimild tannsmiða.

Við endurskoðun frv. var höfð hliðsjón af umræðum um fyrra frv. á hv. Alþingi og umsögnum um það. Samanburður á námi íslenskra og danskra tannsmiða var gerður í samvinnu við formenn Tannlæknafélags Íslands og Tannsmiðafélags Íslands. Námskeiðið var borið sérstaklega undir menntmrn. Þá hefur álit Tannlæknafélags Íslands um efnisatriði frv. verið athugað og Tannsmiðafélagi Íslands gerð grein fyrir þessum atriðum.

Að því er varðar einstakar greinar frv. vil ég taka eftirfarandi fram: Viðvíkjandi 1. mgr. 1. gr. um störf við mótatöku og mátun vegna smíða og viðgerða á tanngómum og tannpörtum vil ég ítreka að kröfur hafa verið hertar frá fyrra frv. þannig að meistararéttindi þarf til að geta unnið þessi störf sjálfstætt, með öðrum orðum á eigin ábyrgð en ekki undir handleiðslu og á ábyrgð annarra. Nám tannsmiða er miklu lengra en nám sérhæfðs aðstoðarfólks tannlækna sem getur unnið þessi störf á ábyrgð tannlækna.

Tannsmíðanámið er nú fjögur ár en við bætist meistaraskólanám í tvær til fjórar annir og eins árs starf hjá meistara til að fá meistararéttindi, þ.e. tannsmíðameistari hefur fimm til sex ár að baki við tannsmíði, fimm ár ef stúdentspróf er til staðar en það hafa flestir nú.

Því hefur verið bætt í 3. gr. frv. að þrengja megi starfssvið skv. 1. mgr. 1. gr. með því að áskilja samstarf við tannlækna í ákveðnum tilvikum. Slík heimild hefur verið notuð í Danmörku að því er varðar tannparta en gengið var út frá því í fyrra frv. að slíkt samstarf um tannpartagerð væri jafnsjálfsagt og samstarf tannsmiða og tannlækna um krónu- og brúargerð en engin lagaákvæði mæla fyrir um slíkt samstarf.

Í 1. mgr. 1. gr. er sleginn sá varnagli eins og í dönsku lögunum um klíníska tannsmíði að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar. Í þessum tilvikum mundu tannsmiðir vísa viðskiptavinum sínum til heimilislækna eða annarra sérfræðinga, m.a. tannlækna, og afla jafnvel heilbrigðisvottorða í vafatilvikum áður en vinna hefst. Telja má til bóta að tannsmiðir geti athugað munnhol einstaklinga í tengslum við starf sitt þannig að vísa megi þeim viðskiptavinum til sérfræðinga sem eru hugsanlega með sjúklegar breytingar í munnholi. Í því sambandi má geta þess að þeir sem eru með lausa gervigóma, heilgóma, fara e.t.v. ekki lengur til tannlæknis eftir að þeir hafa misst allar tennurnar heldur til tannsmiðs.

Jafnframt má nefna hér að í reglugerð heilbr.- og trmrn. nr. 184 1991, um fótaaðgerðafræðinga segir:

„Fótaaðgerðafræðingur má ekki án samráðs við lækni taka til meðferðar einstakling með augljós sjúkdómseinkenni svo sem sýkingu í fótum, sykursýki, hjarta-, blóð- eða æðasjúkdóma."

Fara má með öðrum orðum beint til fótaaðgerðafræðingsins þótt hann hafi óefað ekki sömu þekkingu og læknir á því sem upp var talið.

Í 2. mgr. 1. gr. eru ákvæði um réttindi tannsmiða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni, svo og áunnin réttindi til tannlækna og þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð þeirra.

Í 2. gr. eru ákvæði um refsingu við brotum á lögum, svo og réttarfar.

Í 3. gr. er kveðið á um skyldu iðnrh. til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í reglugerð, ekki reglugerðarheimild eins og í fyrra frv. Þá segir og að iðnrh. skuli, ekki geti, í reglugerð kveða á um með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli sækja námskeið til þess að öðlast starfsréttindi samkvæmt fyrirhuguðum lögum og er gert ráð fyrir að það sé gert að höfðu samráði við menntmrn. Gert er ráð fyrir að menntun eða starfsreynslu sem aflað hefur verið, t.d. á grundvelli sjálfstæðs starfs samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins megi meta sem ígildi námskeiðs eða hluta þess. Þá geta allir tannsmiðir sótt námskeiðin þótt meistararéttindi séu skilyrði fyrir veitingu starfsréttinda í kjölfar þeirra. Starfsréttindanámskeið virðast duga til að leysa núverandi vanda.

Varðandi námskeið var haft samband við skóla fyrir klíníska tannsmiði í tannlæknaskóla Árósaháskóla. Í svari danska skólans á fskj. II er að finna tillögu um réttindanámskeið fyrir tannsmiði á Íslandi. Tillöguna vann Helga Largren, tannlæknir við skólann, sem sér um kennslu í klínískum tannsmíðum en þær snúa að samskiptum við viðskiptavini.

Tillagan byggist á danskri áætlun um námskeið sem samþykkt var 1985 af dönskum stjórnvöldum, m.a. menntamálaráðuneytinu, nánar tiltekið námskeið sem veita átti starfandi tannsmiðum sömu starfsréttindi og nýskólagengnum klínískum tannsmiðum þar í landi.

Í tillögunni er gert ráð fyrir námskeiði með alls 133 tímum fyrir íslenska tannsmiði þar sem m.a. yrðu kennd undirstöðuatriði í meinafræði munnhols.

Í gögnum kemur fram að gengið sé út frá fullnægjandi tímasókn í fræðilega hlutanum en fullnægjandi færni í klíníska hlutanum. Reynist einhverju áfátt er jafnvel möguleiki á framlengingu eða framhaldskennslu.

Danir leystu starfsréttindavandamál sín 1985 með þessum hætti þannig að segja má að við gerum ekki minni kröfur en Danir, miðað við sambærilegar aðstæður, ef við förum að á sama hátt nú hér á landi, jafnvel meiri kröfur til starfandi tannsmiða með námskeiðinu miðað við viss ákvæði dönsku laganna frá 1979.

Framangreind tillaga hefur verið borin undir menntmrn. og gerir það ekki athugasemdir við umfang námskeiðsins sem standi öllum tannsmiðum til boða.

Með námskeiðinu má veita starfandi tannsmiðum nauðsynlegustu viðbótarþekkingu sem komið geti viðskiptavinum þeirra að góðum notum, jafnvel að mati krabbameinssérfræðinga. Þessi leið virðist henta best miðað við aðstæður hér á landi og er ekki raunhæft að gera kröfur um að bæta klínísku tannsmíðanámi eins og í Danmörku ofan á íslenskt tannsmíðanám enda er þá ekki tekið tillit til tvískiptingar tannsmíðanáms í Danmörku.

Í fskj. I með frv. er gerður nákvæmur samanburður á námi tannsmiða á Íslandi og í Danmörku. Þar kemur í mjög stuttu máli fram að íslenskur tannsmíðameistari hefur að baki mun fleiri tíma en danskur klínískur tannsmiður en sá síðarnefndi hefur mun fleiri tíma í klínískum greinum sem snerta vinnu í munnholi viðskiptavina og í tengslum við þá.

Í kostnaðarumsögn fjmrn. kemur fram að kostnaður við námskeið geti verið á bilinu 2–4 millj. kr. eftir fjölda þátttakenda og námskeiðsstað. Gera verður ráð fyrir að kostnaður skiptist milli ríkis og þátttakenda. Telur fjmrn. að samþykkt frv. geti leitt til sparnaðar hjá almenningi og hjá Tryggingastofnun ríkisins sem greiddi á síðasta ári um 40 millj. kr. vegna tannsmíða þótt ekki séu forsendur til að áætla fjárhæðir í því sambandi.

Í tengslum við kostnaðarumsóknina vil ég taka fram að í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 29/1997 var sú vinna við

viðskiptavini sem ráðið taldi þurfa að fara fram í tengslum við tannsmíðavinnu talin falla undir samkeppnislög. Undirstrikaði ráðið þá meginreglu samkeppnisréttar að allar hömlur á svigrúm manna í atvinnurekstri væru almennt til þess fallnar að draga úr samkeppni eða hafa skaðleg áhrif á samkeppni á tilteknum markaði og taldi ekki ástæðu til að ætla annað en samkeppni milli t.d. tannlækna og tannsmiða stuðlaði að lægra verði, hagkvæmni og betri þjónustu á sama hátt og í annarri atvinnustarfsemi. Þessu er ég sammála og tel hagkvæmt þeim fjölmörgu neytendum sem þurfa á tannsmíðaþjónustu að halda.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum enn á ný leggja áherslu á að nauðsynlegt er að tryggja rétt tannsmiða til að geta starfað sjálfstætt í grein sinni sem er löggilt iðngrein við smíði og viðgerðir á tanngómum og tannpörtum og að þeir geti þá unnið á eigin ábyrgð við töku móta og mátun sem yrði lítið brot af starfi þeirra.

Legg ég til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og tel eðlilegt að hún óski síðan eftir áliti heilbr.- og trn. á málinu í vinnu sinni.

[14:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Til umfjöllunar er frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða og vil ég gera örstuttar athugasemdir við það að svo komnu máli. Ég held að ástæða sé til að staldra við 1. gr. þar sem segir:

„Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað og gert við tanngóma og tannparta og þá m.a. unnið við töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar."

Mér finnst ástæða til þess að staldra við þessa setningu: „enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar". Það er álitamál hvort tannsmiðir hafi þá menntun og það inngrip að þeir geti metið slíkt. Þess vegna mun ég þegar málið kemur til kasta iðnn. vilja fá frekari umfjöllun um þau mál því að mér finnst í fljótu bragði að eðlilegra sé að tannlæknir með margra ára nám í sínu fagi gefi úrskurð til tannsmiðs um að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar.

Ég geri mér grein fyrir því að það er verið að gera tillögu um nám, þ.e. réttindanám eða námskeið fyrir tannsmiði þannig að þeir geti fullnumið sig í fræðunum. Lagt er til í frv. að fræðilegi hlutinn sé samtals 68 tímar og klínískur hluti 65 tímar og liðast þetta í nokkra þætti; bitfræði 8 tímar, tannskemmdir 4 tímar, meinafræði munnhols 6 tímar, tannholdsfræði 4 tímar, tannsmíði 44 tímar, samtals 68 tímar, og síðan klínískt hlutinn 65 tímar. Það verður að segjast eins og er að þetta er í fljótu bragði ansi mikil skemmri skírn og ég vil árétta það að ég vil staldra við þennan hluta 1. gr. Út frá mínum bæjardyrum séð ætti tannsmiðurinn að geta tekið við og unnið sín verk í munnholi eftir að tannlæknir er búinn að gefa vottorð um það að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar.

Ég tel að það gegni svolítið öðru máli varðandi Ísland en mörg önnur lönd. Við erum ekki fjölmenn þjóð og höfum á að skipa stórri stétt tannlækna. Það er því ekki bein ástæða til þess að minnka vægi tannlækninga með þessum hætti og að við séum að gefa út leyfi fyrir pungapróf af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan er að það er þessi þáttur eða hluti 1. gr. „enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar" sem ég vil staldra við og ég tel að það eigi að vera á hendi tannlæknisins að gefa frá sér vottorð um að slíkt sé ekki fyrir hendi og þá geti iðnaðarmaðurinn, tannsmiðurinn, hafist handa.

[14:39]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða er ekki yfirgripsmikið. Aðeins þrjár greinar að viðbættri gildistökugrein. Mig langar þó í örstuttu máli að fjalla almennt um stefnu hins opinbera hvað varðar starfsréttindi til einstakra starfshópa.

Ekki er langt síðan hv. iðnn. afgreiddi frá sér og Alþingi samþykkti sem lög starfsréttindi og lögverndun á starfsheitinu landslagsarkitekt, innanhússarkitekt og húsgagnaarkitekt. Í nál. frá hv. iðnn. í því máli var þeim tilmælum eindregið beint til hæstv. ríkisstjórnar að móta stefnu hvað varðar viðurkenningu á starfsréttindum og lögverndun á starfsréttindum tiltekinna hópa. Það virðist nefnilega, virðulegi forseti, vera nokkrum tilviljunum háð hvaða hópar það eru sem ná fram því markmiði að fá lögverndun á starfsheiti. Ég held að ástæða sé til þess að beina því til hæstv. ríkisstjórnar og ítreka að setja einhverja markvissa stefnu hvað varðar lögverndun á starfsréttindum.

Hér er til umfjöllunar frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða og það er alveg ljóst að deilan í þessu máli snýst um hagsmuni og hún snýst í rauninni um tvö grundvallaratriði. Ber að flokka tannsmiði sem iðnaðarstétt ellegar ber að líta á tannsmiði sem heilbrigðisstétt? Með þessu frv. er augljóslega tekið af skarið og tekin sú ákvörðun og sú stefna að hér sé um iðnaðarmál að ræða og málið kynnt og lagt fram með þeim formerkjum. Ég hygg, herra forseti, að það sé svo að starf tannsmiða snúist að mestu um mjög nákvæma og vandaða smíði á tönnum og tanngörðum, en minnstur hlutinn af starfinu fari fram í munnholi sjúklingsins. Það er fyrst og fremst um það að ræða að taka mót, sem er lýst ágætlega í greinargerð með frv., þar sem sprautað er þar til gerðri kvoðu með einhverju áhaldi sem skeið nefnist og síðan er tekið mót þegar kvoðan er hörðnuð og eftir því móti smíða tannsmiðir. Megnið af vinnunni fer því fram utan munnhols. En deilan snýst um, eins og hér var bent á af síðasta hv. ræðumanni, vandann við að meta heilbrigði gómsins sem tannsmiðurinn er að vinna með.

Þó er rétt að taka fram, herra forseti, að með því að taka ákvörðun um að hér sé um iðnaðarstétt að ræða er jafnframt verið að skírskota til stjórnarskrárbundinna atvinnuréttinda og þarf að fara mjög varlega í allt sem heitir skerðing á atvinnuréttindum að því gefnu að litið sé á tannsmiði sem iðnaðarstétt. Það er með þeim rökum sem vandasamt er að takmarka réttindin en gegn þeim rökum koma svo þau heilbrigðissjónarmið sem hafa verið til umræðu.

Vert er að benda á, herra forseti, að samkvæmt frv. er hæstv. iðnrh. ætlað að setja með reglugerð ákvæði um að tannsmiðir sæki námskeið og fái sérstaka menntun í að meta einmitt heilbrigði í munnholi um það leyti sem verið er að taka umrædd mót og það er sú leið sem Danir hafa farið.

Þá er líka rétt að benda á það í þessu sambandi, herra forseti, að fjölmargir tannsmiðir vinna í nánu samstarfi við tannlækna og jafnframt að benda á það, herra forseti, að kvikni minnsti grunur hjá viðkomandi tannsmið er honum að sjálfsögðu ætlað að vísa meintum sjúklingi til tannlæknis.

Ég minni líka á að í í 2. gr. frv. er mjög rækilega vikið að ábyrgð og brot gegn lögum þessum varða væntanlega sektum

og þar með er verið að höfða til ábyrgðar þeirra. Ég geri ráð fyrir því að allir metnaðargjarnir einstaklingar á þessu sviði sem öðrum vilji axla þá ábyrgð og kvikni minnsti vafi hjá þeim leiti þeir til sérfræðinga í munnholi, þ.e. tannlækna.

Einnig er rétt að benda á það, herra forseti, að samkvæmt frv. er ekki verið að skerða neitt starfssvið eða réttindi tannlækna. Ég vil enn fremur draga það upp að einhvern tímann þarf líka að vitna til sjálfsákvörðunar einstaklingsins, einstaklingur sem þarf á því að halda að fá gervitönn eða gervitennur, að hann geti sjálfur tekið þá ákvörðun að fara til sjálfstætt starfandi tannsmiðs. Meti hann það svo að hann telji sig öruggari að leita fyrst til tannlæknis þá hljótum við að þurfa á stundum að höfða til sjálfsákvörðunarréttar einstaklingsins.

Það kemur fram í frv. að með þessu er verið að ýta undir samkeppni, væntanlega á milli einstakra tannsmiða og ekki síður á milli tannlækna og tannsmiða í einhverjum tilvikum. Ég hygg að flestir séu sammála um að í því sé fólgin ákveðin neytendavernd sem er neytendum til hagsbóta. Aðalatriðið er að fram fari vönduð og heilbrigð vinna innan munnhols sem utan og um það tel ég að frv. snúist. Hv. iðnn. mun að sjálfsögðu taka málið til skoðunar og við munum alveg örugglega leita eftir áliti heilbr.- og trn. og þeirra hagsmunaaðila sem að málinu koma. Þó að það sé ekki fyrirferðarmikið er oft að hin minnstu mál geta undið hraustlega upp á sig. En hv. iðnn. á greinilega mikið verk fyrir höndum.

[14:46]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að árétta það héðan úr ræðustóli að við erum að tala um heilsu fólks en ekki iðnaðarmennsku almennt og á þessu geri ég mikinn mun og vil benda hv. þm. Hjálmari Árnasyni á að þetta eru ekki sjálfsagðir hlutir. Segjum sem svo að stoðtækjasmiðir kæmu á eftir. Ég er ansi hræddur um að læknar sem „ampútera" vilji nú ganga frá því að það sé tilvísun frá þeim til iðnaðarmannsins sem leiðir til þess að hægt sé að hjálpa fólki t.d. hvað varðar stoðtæki. Ég legg í raun og veru þessa hluti alveg að jöfnu. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt þrátt fyrir dekrið við markaðsvæðinguna og það að fá hlutina ódýrari, því þegar upp er staðið getum við verið í verri málum en ella. Og mér finnst þurfa að skoða þessi mál í því ljósi. Mér finnst að það megi alveg leggja að jöfnu t.d. stoðtækjagerð, segjum að setja gervifót á stubb, ég er ansi hræddur um að ef við stæðum frammi fyrir því núna þá hefðum við efasemdir um að það gengi eftir að fela það í hendur iðnaðarmönnum alfarið. Ég tel þetta mjög mikilvægt mál og þess vegna þurfi það nána umfjöllun í iðnn. áður en við samþykkjum lög af þessu tagi.

[14:48]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé nú enginn ágreiningur á milli mín og hv. þm. um að málið þarf að skoða, ég reyndi að draga það fram í ræðu minni, og nálgast það frá ólíkum þáttum. Ég lýsti því að iðnn. ætti mikið verk fyrir höndum af því við þurfum að skoða málið frá ólíkum hliðum. Þetta tengist líka því sem ég nefndi, hinni almennu stefnu, af því hann nefndi gervifætur og stoðtæki af þeim toga, þá hefur það einmitt skírskotun til þess sem ég nefndi í upphafi ræðu minnar, mikilvægi þess að hæstv. ríkisstjórn móti heildstæða stefnu hvað varðar lögverndun á starfsheitum. Hins vegar hygg ég að obbinn af því sem við erum að fjalla um sé iðnaðarmál, nefnilega smíði tanna. En minnstur þátturinn fer fram eins og hér hefur verið reynt að draga fram í munnholi — ekki sjúklinga. Ef grunur kviknar um að um meintan sjúkdóm sé að ræða, þá ber að vísa viðkomandi sjúklingi til tannlæknis. En við erum fyrst og fremst að fjalla um iðnaðarmál en ekki sjúkdóma.

[14:49]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil líka koma því á framfæri við hv. þm. Hjálmar Árnason að út frá mínum bæjardyrum séð og út frá þeim upplýsingum sem ég hef þá skil ég í raun og veru ekki vandamálið vegna þess að ég veit ekki betur en að þeir tannsmiðir og tannlæknar sem ég hef talað við séu í ágætis samstarfi um þetta, þ.e. að tannlæknirinn gefi tilvísun á að hefja megi tannsmíðar. Ég vil enn og aftur árétta það að iðnaður, eða iðnaðarmál, sem þjónar mannskepnunni eða lifandi fólki er á öðrum nótum en almennt gerist um iðnað og þess vegna hlýtur að vera mjög náið samstarf læknis og iðnaðarmanns sem býr til stoðtæki eða í þessu tilfelli gervitennur. Það hlýtur að þurfa að vera náin samvinna og á að vera náin samvinna. Enn og aftur vil ég árétta að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er í langflestum tilvikum gott samstarf á milli tannsmiða og tannlækna og í mjög mörgum tilfellum eru þetta iðnaðarmenn sem vinna í sömu húsakynnum og nánast hlið við hlið. Þess vegna er erfitt að skilja að þetta þurfi að vera vandamál og þetta sé tannsmiðum kannski ekki til eins mikilla hagsbóta eins og þeir vilja vera láta, enda hefur það komið fram að þessi breyting gæti gert sig á sléttu svo að segja.

[14:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hversu mikið vandamálið er og það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að í flestum tilvikum er samstarf tannsmiða og tannlækna mikið og náið. Þó eru til þeir einstaklingar sem vilja nýta hin stjórnarskrárbundnu réttindi sín, atvinnuréttindi, að starfa sem sjálfstætt starfandi tannsmiðir og það er ákveðinn og stjórnarskrárbundinn réttur sem er verið að verja með frv. En varðandi iðnað og iðnaðarstarfsemi almennt og tengsl iðnaðar við mannskepnuna, þá hygg ég að það sé ekkert eingöngu bundið við tannsmiði, þ.e. vegna þess að ef tannsmiði verður á kunni það að hafa slæm áhrif á heilsu einstaklingsins. Ég held að það gildi nú bara almennt um iðnað. Alvarleg mistök í matvælaiðnaði geta heldur betur haft áhrif á heilsufar neytandans, alvarleg mistök í hvaða iðnaði sem er. Iðnaður er jú mannanna verk og beinist að manninum sjálfum. (Gripið fram í.) Ég held að við hv. þm. séum ekki í neinum alvarlegum ágreiningi um þetta en við munum náttúrlega skoða þetta mjög gaumgæfilega út frá iðnaðar- og heilbrigðissjónarmiði í iðnn.

[14:52]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða. Í dag er staðan þannig að tannsmiðir eru iðnaðarmenn og hljóta löggildingu gegnum iðnrn. Hluti af starfssviði tannsmiða er mótataka og mátun tanngóma og tannparta og skarast starfssvið þeirra þar við tannlækna, sem er heilbrigðisstétt og hlýtur löggildingu gegnum heilbrrn. Sérstök lög um tannsmiði eru ekki til þar sem kveðið er á um verksvið þeirra. Lög um tannlækningar, nr. 38/1985, segja til um verksvið tannlækna og skilgreinir 6. gr. laganna verksvið tannlækna. Samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar frá 7. desember 1995 er tannsmiðum ekki heimilt að vinna á eigin ábyrgð

við töku móta og mátun tanngóma og tannparta, þar sem 6. gr. laga um tannlækningar feli í sér einkarétt tannlækna á þessum verkum og lög ekki til um starfsréttindi tannsmiða sem skilgreina verksvið þeirra. 6. gr. laga um tannlækningar felur því í sér skýra takmörkun á atvinnufrelsi tannsmiða. Tannsmiðum er þannig ekki heimilt að vinna að mótun og mátun tanngóma og tannparta nema með tilvísun og ábyrgð tannlæknis.

Herra forseti. Til að tryggja atvinnufrelsi tannsmiða þarf að setja sérstök lög um starfsréttindi tannsmiða þar sem verksvið þeirra er skilgreint. Á Norðurlöndum starfa tannsmiðir á eigin ábyrgð við mótatöku og mátun tanngóma og tannparta. Samanburður á námi íslenskra tannsmiða og danskra tannsmiða leiðir í ljós að tannsmíðameistari hefur um 7.200 námstíma í faginu að baki, en danskur tannsmiður sem starfar sjálfstætt hefur 6.200 námstíma í faginu að baki. Helsti munur á námi íslenskra og danskra tannsmiða sem skiptir máli í þessu sambandi er að íslenskir tannsmiðir hafa færri tíma sem snúa að samskiptum við viðskiptavini, m.a. vinnu í munnholi og í bóklegum greinum í meinafræði munnhols.

Tannlæknafélag Íslands hefur lýst sig algjörlega mótfallið því að tannsmiðir fái að starfa á eigin ábyrgð við mótun og mátun tanngóma og tannparta. Helstu rök þeirra eru að tannsmiðir hafi ekki nægilega langt nám að baki til að vinna sjálfstætt við mótatöku og mátun tannparta og góma og þurfi að bæta við sig tveggja ára bóklegu námi og eins árs þjálfun til að svo geti orðið til viðbótar við það fimm ára nám sem þeir hafa nú, fjögur ár í námi, eitt ár hjá meistara og meistaraskóla. Að ekki gangi upp að tvær stéttir séu að vinna að sama verkinu, önnur iðnstétt, hin heilbrigðisstétt, og að á hverju ári greinist á bilinu 4–6 flöguþekjukrabbamein í munnholi einstaklinga.

Afleiðingar núverandi stöðu eru þær að atvinnufrelsi tannsmiða er verulega skert. Nokkrir tannsmiðir eru atvinnulausir þar sem hópar tannlækna hafa bundist samtökum um að sniðganga þá vegna baráttu þeirra fyrir sjálfstæðum rétti til að starfa við fag sitt. Dæmi eru um að tannsmiðir hafi þurft að flytjast af landi vegna þessarar stöðu.

Í frv. er lagt til að sett verði lög um starfsréttindi tannsmiða þar sem réttur þeirra til að starfa sjálfstætt við mótatöku og mátun tanngóma og tannparta er tryggður. Starfsréttindi miðist við meistararéttindi í tannsmíði. Ráðherra er skylt að kveða á um með hvaða skilyrðum tannsmiðir skuli taka þátt í námskeiði til að geta öðlast starfsréttindi. Samkvæmt ráðleggingum Árósaháskóla er áformað að setja á laggirnar 133 tíma námskeið fyrir tannsmiði þar sem sérstaklega er lögð áhersla á meinafræði tannhols sem tannsmiðir mundu sækja til að fá starfsréttindi samkvæmt lögunum. Líklega mundi nám tannsmiða breytast í samræmi við þessar kröfur.

Herra forseti. Tilgangur frv. er að tryggja rétt tannsmiða með meistararéttindi til að geta starfað sjálfstætt að grein sinni sem er löggilt iðngrein og þá geta þeir unnið sjálfstætt við mótatöku og mátun tanngóms og tannparta að fengnu viðbótarnámi sem lagt er til í greinargerðinni. Samsvörun er á starfssviði tannsmiða og starfssviði stoðtækjasmiða. Stoðtækjasmiður tekur mót og sér um mátun gervifótar en vísar til sérfræðings ef stúfurinn er ekki heilbrigður. Frv. mun mæta andstöðu Tannlæknafélagsins, enda er um fjárhagslega hagsmuni að ræða. En fjölmagir tannlæknar eru þeirrar skoðunar að veita tannsmiðum sjálfstæðan rétt til þessara starfa að undangengnu viðbótarnámi eins og lagt er til í grg. með frv.

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að heilbr.- og trn. segi sitt álit á frv. og ég veit að frv. mun fá vandaða meðferð hjá hv. iðnn.

[14:58]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. sem er endurflutt og reynt hefur verið að bæta frá því það var fyrst lagt hér fram. Nú er búið að bæta við meira námi hjá tannsmiðum svo að þeir geti lögum samkvæmt smíðað tennur upp í sjúklinga eftir eigin geðþótta en ekki undir eftirliti menntaðra tannlækna.

Það hefur vakið hjá mér dálitla furðu að svo mikið skuli lagt upp úr því að veita þessi réttindi í ljósi þess að margítrekað hefur komið fram að sú menntun sem krafist er samkvæmt þessu frv. er miklu minni en tannsmiðir erlendis, t.d. í Danmörku, þurfa að afla sér til þess að fá þessi réttindi. Það er staðreynd. Það er sama hversu mikið er tönnlast á því að þetta nám sem verið er að fara út í hér eigi að vera fullnægjandi þá þarf þar, ef við tökum Danmörku sem dæmi, þriggja ára nám til viðbótar við það sem tannsmiðir hafa hér í dag. Það þarf þriggja ára nám til viðbótar en ekki fjögurra vikna námskeið. Þetta þýðir þá um leið að þetta nám mun ekki viðurkennt annars staðar í Evrópu.

Ég held að þetta sé í raun á misskilningi byggt og að jafnvel sé verið að ota fólki út í nám sem gagnast því lítið sem ekkert til framtíðar litið. Þetta kostar þar að auki töluverða peninga og ég get ekki séð að þeir komi til með að skila sér.

Það má heldur ekki gleyma því að tannsmíði, þ.e. að smíða falskar tennur eða góma, er mjög á undanhaldi vegna þess að framþróun í smíði tanna hefur leitt til þess að það er orðið miklu algengara að festa tennur í góm heldur en áður hefur verið þannig að tannsmíðar eru deyjandi og tannsmíðastéttin að hverfa sem fagstétt, ef það mætti orða það svo. Með því að löggilda þetta frv. er því jafnvel verið að lokka fólk út í nám sem ekki býr fólk undir neina framtíð. Störf sem krefjast þessa náms munu verða fá og fólk mun ekki hafa mikið að gera eftir þá menntun sem verið er að tala um hér. Ég held því að engum sé greiði gerður með því að koma slíku frv. í gegn. Miklu æskilegra hlýtur að vera að tannsmiðir á Íslandi afli sér þeirra réttinda sem nýst geta þeim alls staðar. Auðvitað væri eðlilegast að það væri þá með tannlæknum ellegar að þeir næðu sér í tannlæknanám ásamt því að vera tannsmiðir.

Mér finnst hæstv. ráðherra ekki gera nógu mikið úr því að tannheilsa Íslendinga er með eindæmum góð. Undir eftirliti tannlækna hefur náðst að skapa hér einhverja besta tannheilsu sem þekkist í heiminum. Það er viðurkennt og hefur oft verið tekið fram hversu vel að þeim málum hefur verið staðið af hálfu tannlækna. Þeir hafa haft forgöngu um það í samráði við stjórnvöld hvernig best sé barist gegn tannskemmdum, í skólum og með alls konar hjálparaðferðum, flúorskolun og fleira. Tannlæknar hafa staðið fremstir í flokki til þess að reyna að ná sem bestum árangri í tannhirðu og að lágmarka tannskemmdir. Þetta hefur leitt til þess að tannsmíðar eru ekki eins umfangsmiklar og áður var.

Herra forseti. Ég mundi því segja að það væri fyrst og fremst ástæða fyrir hv. iðnn. til að skoða þessa þætti og velta því fyrir sér hvort þeim einstaklingum sem hyggja á þetta nám sé nokkur greiði gerður með því að ýta undir væntingar

um eitthvað sem verður ekki til staðar eftir nokkur ár vegna þess að framþróunin er sem hún er.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði hér áðan að margir tannlæknar séu sammála þessu frv. Ég held að tannlæknastéttin sem slík hljóti að tala í gegnum tannlæknafélagið eða þau samtök sem eru í forsvari fyrir þá sem stétt. Ég veit ekki betur, og það hefur reyndar ítrekað komið fram, en að Tannlæknafélag Íslands sé algerlega mótfallið þessu frv. og telji þetta mikla afturför nema, og ég ítreka, nema tannsmiðir taki á sig sambærilegt nám og danskir tannsmiðir þurfa að leggja stund á til að öðlast þessi réttindi. Ég held að ekki sé hægt að segja að fjöldi tannlækna sé sammála þessu. Ég hef t.d. ekki hitt einn einasta. Það má vel vera að þeir séu einhverjir til. En aftur á móti hefur félag tannlækna lýst eindreginni andstöðu gegn þessu máli og ég held að það sé það eina sem við getum tekið mark á.

Herra forseti. Að öðru leyti vona ég að þetta mál fái vandaða umfjöllun í iðnn. Ég á ekki von á öðru en nefndarmenn taki á þessu af ábyrgð og innleiði hér ekki, eins og á að gera með þessu máli, eitthvert pungapróf.

[15:05]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Kristján Pálsson hafi eitthvað misskilið mitt mál því að ég tók það fram að Tannlæknafélag Íslands hefur lýst sig algerlega mótfallið því að tannsmiðir fái að starfa á eigin ábyrgð við mótun og mátun tanngóma og tannparta. En ég sagði jafnframt að margir tannlæknar væru þeirrar skoðunar að veita ætti tannsmiðum sjálfstæðan rétt til þessara starfa að undangengnu viðbótarnámi eins og lagt er til í frv.

[15:06]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur kannski ekki alveg hlustað á það sem ég sagði. Ég hafði einfaldlega eftir henni það er hún sagði að hún vissi til þess að fjöldi tannlækna væri sammála því að tannsmiðir fengju þau réttindi sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Eins og ég sagði í ræðu minni þá er Tannlæknafélag Íslands algerlega mótfallið þessu máli. (Gripið fram í.) Ég hafði það ekki heldur eftir hv. þm. að hún hefði sagt að Tannlæknafélag Íslands væri samþykkt þessu frv.

Tannlæknar eru samþykkir því að tannsmiðir fái full réttindi eins og um er talað í þessu frv. að undangengnu sambærilegu námi og tíðkast í Danmörku. Ég vona að við hv. þm. Drífa Hjartardóttir höfum því náð að skilja fyllilega hvort annað í þessu máli.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Lánveitingar til sjávarútvegsfyrirtækja, 327. mál, svar viðskrh., þskj. 686.

Starfsemi öldrunarstofnana og hjúkrunarheimila, 319. mál, svar heilbrrh., þskj. 672.

[15:07]

Katrín Fjeldsted:

Virðulegi forseti. Ég ætla mér ekki að kveða upp neinn salómonsdóm hér og nú í því máli sem hér liggur fyrir, en það er frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða. Ég held að flestir tannsmiðir og flestir tannlæknar vinni ágætlega saman og að ekki sé ágreiningur þeirra í milli. Þetta mál kemur fyrst og fremst upp þar sem nokkrir tannsmiðir hafa orðið sér úti um þá viðbótarmenntun að telja sig klíniska tannsmiði og þurfi þess vegna svigrúm til að geta starfað sjálfstætt að sínu fagi.

Ég tek undir það sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði fyrr í umræðunni, en það var að fleiri stéttir væru löggiltar hér á landi en víða annars staðar og kannski væri það eitthvað sem stjórnvöld þyrftu að taka upp ákveðnari stefnu um. Það er tilhneiging hjá flestum starfsstéttum eða mjög mörgum starfsstéttum að krefjast löggildingar. Það er aðferð sem ég vil kalla íslensku aðferðina og ég er ekki viss um að sé svo nauðsynleg þegar upp er staðið. En þetta hefur verið reynslan hér á landi. Að útkljá átök milli stétta með lögum er ein leið til að setja niður ágreining en það er auðvitað miklu betra að ná samkomulagi með viðræðum og á grundvelli einhverra raka sem menn geta fundið.

Ráðherra iðnaðarmála sem talaði fyrir frv. áðan taldi eðlilegt að leitað yrði eftir umsögn heilbr.- og trn. Ég kem fyrst og fremst í ræðustól til að taka undir mikilvægi þess. Það er nokkur munur á iðnaðarstétt og heilbrigðisstétt. Ef við lítum á það að tannsmiðir sem iðnaðarmenn hafa fram að þessu unnið í skjóli tannlækna og verið menntaðir fyrir tilstilli þeirra — Tannsmíðaskólinn fór upphaflega þannig af stað — þá sjá menn samt þennan greinilega mun þegar horft er á aðstöðu þessara aðila t.d. til þess að auglýsa sig. Tannlæknar hafa ekki heimild til að auglýsa þjónustu sína. En það gætu sjálfstætt starfandi tannsmiðir gert og auðvitað þarf að líta á slíkan samanburð um leið og aðrar hliðar þessa máls eru skoðaðar.

Mér finnst auðvitað eðlilegt að tannsmiðir með sömu klíniska menntun, reynslu, þekkingu og próf, geti starfað á sambærilegan hátt t.d. á öðrum Norðurlöndum, annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu eða Evrópusambandinu, hvaða viðmiðun sem við tökum. Ef menntunin er sambærileg og prófin sambærileg því að munnarnir eru svipaðir, kannski ekki í Súdan og Grímsnesinu, en a.m.k í okkar heimshluta.

Ég held að það hafi verið hv. þm. Kristján Pálsson sem sagði áðan að tannheilsa Íslendinga væri með eindæmum góð. En það er nokkuð nýtilkomið. Ég man eftir því að fyrir um það bil 15 árum þegar ég var formaður heilbrigðisráðs Reykjavíkur sem hafði þá yfir skólatannlækningum að segja, var tannheilsa íslenskra skólabarna ekki neitt til að hrópa húrra fyrir. Borinn var saman tannskemmdafjöldi og úrdregnar og viðgerðar tennur í 12 ára börnum. Í nágrannalöndunum var meðaltalið kannski þrjár, fjórar eða fimm tennur eða eitthvað slíkt. Þar voru að meðaltali þrjár eða fjórar tennur skemmdar, viðgerðar eða horfnar úr 12 ára barni meðan meðaltalið var átta tennur á Íslandi. Þetta voru alveg hrikalegar tölur. Meðaltalið í Reykjavík á þessum tíma, þ.e. á árunum 1985 eða 1986 að mig minnir, var þá sex tennur. Sums staðar úti á landi voru þetta upp í 13 tennur. Og þetta er meðaltal. Vandamálið var því náttúrlega hrikalegt. Á því var tekið, fyrst og fremst með betri fyrirbyggjandi aðferðum, með betri næringu, með betri tannhirðu, með flúor sem þá var flúorburstun sem síðan var breytt yfir í flúorskolun. Fjölmargt hefur því orðið til þess á frekar skömmum tíma að tannheilsan hefur batnað. Það þýðir jafnframt að þeim fækkar til allrar hamingju sem missa tennurnar. Það þótti bara sjálfsagt mál í vissum plássum á landinu þegar ég var unglingur að fólk missti tennurnar jafnvel fyrir tvítugt og fengi sér stell. Þetta þekkja margir þingmenn, sérstaklega þeir sem eru grárri fyrir hærum en aðrir. En þetta vitum við að var svo. (**Gripið fram í:** Ég er með allar mínar tennur.) Má ég sjá? Þingmaðurinn segist vera með allar sínar tennur

og það er gleðilegt.

Auðvitað þarf maður þess vegna að horfa á störf tannsmiða í samhengi við tannheilbrigðisþjónustu. Þó er það svo að þeirra starf telst iðn. Þeir eru ekki heilbrigðisstétt. Eins og ég nefndi í upphafi vildi ég því gjarnan hvetja til að frv. fari frá hv. iðnn. til heilbrn. til umsagnar. Ég vona að það verði hægt að ná einhverjum sáttum á milli tannlækna og tannsmiða vegna þess að þetta fólk á auðvitað að geta unnið saman sjúklingunum til framdráttar. Ég held að tannlæknar eins og aðrir læknar kalli skjólstæðinga sína gjarnan sjúklinga. Mér finnst það vera keppikefli okkar að tannsmiðir og tannlæknar geti unnið saman að þessu í sátt og samlyndi hvort sem tannsmiðirnir eru sjálfstæðir atvinnurekendur eða ekki.

[15:15]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða þar sem segir, með leyfi forseta:

„Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað og gert við tanngóma og tannparta og þá m.a. unnið við töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar."

Það er við þessa 1. mgr. 1. gr. sem ég vil staldra og gera nokkrar athugasemdir því að það kemur ekki fram í þessu frv. enda á eftir að smíða frekari reglugerð með frv., hvernig tannsmiður með meistararéttindi geti metið hvenær ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka. Þá vil ég frekar undirstrika sjúklegar breytingar því meðfæddir gallar eru yfirleitt það augljósir að það þarf ekki einu sinni tannsmið til að þekkja þá. Margar sjúklegar breytingar eins og byrjunarstig munnholskrabbameins geta verið þannig að þær fari fram hjá tannlæknum, hvað þá tannsmiðum. Það þarf nokkra sérþekkingu til að greina forstigsbreytingar krabbameins í munni. Ég tel að það að gefa tannsmiðum með meistararéttindi fullt vald til þess að smíða góma á eigin ábyrgð án þess að vísa fyrst til tannlækna geti leitt til þess að sjúkdómar, duldir eða illgreinanlegir í byrjun, geti náð sér á strik og orðið erfitt að eiga við undir þeim tanngómum sem smíðaðir eru, þetta gæti orðið til þess að síðar en ella væri gripið inn í t.d. krabbameinsbreytingar í munni. Mikilvægt er að læknar skoði góma sjúklinganna áður en upp í þá er smíðað.

Ég skil vel að tannsmiðir með meistararéttindi vilji fá að starfa sjálfstæðar en er í dag en mér finnst þetta vera svo mikið öryggismál varðandi heilsu fólks að tilvísun frá lækni til tannsmiðanna þurfi. Það þyrfti ekki nema eina skoðun til að tannsmiðurinn hafi síðan fullan rétt til að smíða áfram. Þetta er iðngrein og það er hægt að finna sambærilegar iðngreinar sem snúa að mannslíkamanum eins og stoðtækjasmíði og sama gildir um gleraugnasmíði. Áður en stoðtæki eru smíðuð koma auðvitað læknar að og sérstaklega þegar fyrstu eintökin eru smíðuð. Þá eru læknar með í ráðum og gleraugnasmiðir fá tilvísun frá augnlækni til þess að fullvinna gleraugu. Þeir hafa ekki leyfi til þess að meta sjón og vinna gleraugu án tilvísunar frá lækni. Í mínum huga er þetta samsvarandi réttindum starfsstétta eins og stoðtækjasmiða og gleraugnasmiða þar sem samvinnu þarf milli heilbrigðisstarfsmanna, þ.e. lækna og þessara iðnlærðu manna, við smíði stoðtækjanna. Það er alveg sama hvort það eru gervitennur, gervilimir eða gleraugu. Það þarf að gæta þessa öryggis og meta hvort einhverjir undirliggjandi sjúkdómar eru til staðar sem þarf að meðhöndla, ekki eingöngu eins og skert sjón.

Ég vil fyrst og fremst horfa til öryggis einstaklinganna en ekki skerts starfssviðs tannlækna. Mér finnst það algerlega aukaatriði í þessu máli. Ég tel þurfa tilvísun tannlæknis til tannsmiðs þó svo tannsmiðir hafi full réttindi til að smíða gervitennurnar. Ég vil að sérstaklega verði tekið tillit til þessa þegar málið fer til meðferðar bæði í iðnn. og heilbrn.

[15:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér sýnist ætla að verða skiptar skoðanir um frv. sem hér er til umræðu, um starfsréttindi tannsmiða. Það kemur svolítið á óvart vegna þess að það er ekki eins og þetta sé nýtt mál og sé að birtast fyrst núna á síðustu mánuðum. Við höfum haft málið til umfjöllunar og umræðu beint og óbeint um einhver ár.

Árið 1994 lagði þáv. heilbrrh. Guðmundur Árni Stefánsson fram mál sem var efnislega samhljóða því sem hér er. Síðan hafa verið lögð fram frv. en ekki verið rædd og það hefur komið mér á óvart vegna þess að mér finnst að hér sé um sjálfsögð starfsréttindi að ræða. En ég heyri nú að það hefur trúlega verið erfitt fyrir stjórnarflokkana að fá heimild hjá þingflokkum sínum til að ræða málið hér.

Ég ber engan kvíðboga fyrir því að tannsmiðir fari að vinna í munnholi ef minnsta hætta er á að þar sé um einhverja sjúkdóma að ræða, án þess að senda viðkomandi til sérfræðings. Þeir munu að sjálfsögðu gera það. Þarna er eingöngu verið að veita þeim heimild til þess að vinna sjálfstætt við sitt fag. Þeir taka auðvitað fyrir það greiðslu og vinna verk sín eins og þeir hafa hingað til gert sem undirmenn tannlækna. Heilbrigðiskerfið er orðið dálítið flókið þegar kemur að tannlæknum. Þar eru tannréttingalæknar og tannholdssérfræðingar og fleira í þeim dúr. Þeir hafa allir leyfi til að sullast í munnholinu en tannsmiðum er það bannað þó mjög margir þeirra hafi til þess full réttindi eftir nám þeirra erlendis.

Í þessu frv. eru tekin af öll tvímæli þess efnis. Hæstv. ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir þessa starfsstétt, þ.e. að ef um minnsta grun um sýkingu eða veikindi í munnholi sé að ræða þá sé viðkomandi vísað til sérfræðings, sem ég er sjálf sannfærð um að þeir hefðu gert án þess að til kæmu reglur. Ég treysti þessari starfsstétt algerlega til þess. Þarna eru þó ákvæði um að ef brotið er gegn ákvæðum laganna, þ.e. ef þetta frv. verður samþykkt, þá varði það sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Ef tannsmiðir vinna í munnholi þar sem augljós merki eru um veikindi, sýkingu eða eitthvað slíkt án þess að senda til sérfræðings þá mun hægt að beita sektum eða öðrum refsiákvæðum. Ég tel sjálfsagt, miðað við alla þá umfjöllun sem hefur verið um starfsréttindi tannsmiða á undanförnum árum, að þetta frv. hljóti fljóta og góða afgreiðslu í gegnum þingið. Ég treysti því að frá því verði gengið.

Menn halda að þarna sé um einhver vafaatriði að ræða og að samstarfið sem verið hefur til staðar milli tannlækna og tannsmiða sé ótryggt. Þar hafa þó verið samstarfsmenn tannlækna en ekki sjálfstætt starfandi einstaklingar sem geta tekið við sjúklingum frá tannlæknum. Ef tannsmiðir fá það verkefni að smíða tennur þá hefur viðkomandi einstaklingur í flestum tilvikum farið til tannlæknis áður og annaðhvort gómurinn undirbúinn undir það að fá eitt sett eða tönn búin undir það að fá krónu. Það er liðin tíð held ég, nema hv. þm.

Katrín Fjeldsted geti upplýst mig um annað, að ef einstaklingar sem fá tannpínu fari til læknis dragi hann tönnina úr. Þetta er liðin tíð. Í dag er samstarf milli þessara stétta og það mun auðvitað verða áfram en með aðeins öðrum hætti og eðlilegri að mér finnst.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta frv. fái fljóta og góða afgreiðslu og séu einhver vafaatriði í þessum greinum eða einhver atriði sem hv. þm. finnst að ekki hafi verið tekið nægilega vel á, þá hafa þeir möguleika á að koma sínum athugasemdum á framfæri inn í iðnn. Mér sýnist hæstv. ráðherra hafa sniðið af ýmsa agnúa sem voru á frv. áður og sé hér með vandað og gott frv. sem við ættum að afgreiða fljótt og vel.

[15:27]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Úr því að orðum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur var beint til mín þá held ég að ansi langt sé síðan tannlæknar brugðust við tannpínu með því að draga tennur úr. Ég held að það séu allmargir áratugir. (**MF:** 26 ár.) 26 ár, segir þingmaðurinn.

Það var hins vegar þannig að héraðslæknar í einangruðum héruðum þurftu oft að draga tennur úr. Að vísu held ég að mín kynslóð lækna og yngri hafi blessunarlega sloppið við það. En þannig var það áður að héraðslæknar þurftu gjarnan að grípa til þessa ráðs, sér og sjúklingunum til lítillar ánægju.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að kveða upp neinn salómonsdóm yfir þessu máli. Mér finnst hins vegar rétt að vekja athygli á því, af því að þingmaðurinn notaði orðalagið að sullast í munnholi (**MF:** Ég bið hann afsökunar á því.) sjúklinganna. Já, hún biðst afsökunar á því orðalagi og ég gleðst yfir því. En tannholdsskurðlæknar og tannréttingalæknar eru auðvitað menntaðir tannlæknar sem stundað hafa margra ára háskólanám og síðan viðbótarnám, yfirleitt erlendis. Ég ætlaði bara að vekja athygli á því að þeir „sullast ekki í munnholinu“ en þar sem það hefur verið dregið til baka, þá þarf ég ekki að segja það.

[15:28]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að ég biðjist afsökunar á óvönduðu orðbragði úr ræðustól en bendi um leið á að tannsmiðir búa að fjögurra ára námi og frv. gerir ráð fyrir því að ráðherra geti sett í reglugerð ákvæði þess efnis að krefjast frekari menntunar eða náms, þ.e. að þeir fari á námskeið áður en þeir öðlist þessi réttindi. Mér finnst því að þarna séu í raun gerðar ítarlegri kröfur en á mörgum öðrum sviðum sem snerta heilbrigði okkar eins og áður hefur verið nefnt t.d. hvað varðar matvælaiðnaðinn. Við erum á hverjum einasta degi að innbyrða matvæli sem unnin hafa verið í matvælaiðnaði, ýmist hér eða erlendis. Tannsmiðir eða tannlæknar koma kannski ekki eins oft við sögu í lífi okkar og það fólk sem vinnur í matvælaiðnaði.

Það er sjálfsagt að gera strangar kröfur. En það er jafnsjálfsagt að virða það nám og þá kunnáttu sem til staðar er hjá hverri stétt, gera til hennar kröfur, hafa með henni strangt eftirlit en veita henni heimild til þess að vinna í samræmi við þekkingu sína. Ég tel að flestir tannsmiðir hér á landi búi yfir mjög góðri þekkingu á sínu sviði.

[15:30]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo, jafnvel við matvælaframleiðsluna að heilbrigðisyfirvöld koma að sjálfsögðu að henni víðast hvar, dýralæknar og læknar. Það eru reglugerðir um framleiðslu matvæla og ég held að það sé eðlilegt að heilbrigðisþjónustan komi að þessum þáttum líka.

[15:30]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst gæta þess misskilnings að þetta frv. feli í sér að verið sé að útiloka heilbrigðisstéttir frá munnholi þeirra sem þjást af tannsjúkdómum eða þurfa á tannlæknaþjónustu að halda. Það er aldeilis ekki verið að útiloka heilbrigðisstéttirnar. Þetta er bara breyting á samvinnu, þetta er formbreyting og verið að auka sjálfstæði þeirra. En það er aldeilis ekki verið að útiloka heilbrigðisstéttirnar. Verði tannlæknar útilokaðir frá þessari samvinnu þá er það vegna þess að þeir kjósa það sjálfir.

[15:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram. Hún hefur verið málefnaleg og reyndar hefur svo sem ekkert komið mér á óvart af því sem hefur komið fram. Ljóst var að ekki ríkir algjör samstaða um þetta mál en hins vegar finnst mér, miðað við þann tón sem hefur verið í umræðunni, að hv. þm. séu allir tilbúnir að skoða þetta mál með jákvæðu hugarfari og reyna að átta sig á því hvort ekki sé rétt að gera þetta frv. að lögum.

Ef ég kem inn á örfá atriði sem komu fram í umræðunni tel ég að við séum með því að lögfesta þetta frv. að leysa mál starfandi tannsmiða á mjög áþekkan hátt og gert var í Danmörku árið 1985, þ.e. fara námskeiðaleiðina. Að því leyti tel ég að við getum alveg borið okkur saman við Dani í þessum efnum og borið höfuðið nokkuð hátt. Varðandi það að heilbrigðisvottorð þyrfti að liggja fyrir til þess að sjúklingar fari beint til tannsmiðs en ekki fyrst til tannlæknis finnst mér nokkuð langt gengið og tel reyndar að yfirlæknir Krabbameinsfélags Íslands sé einnig þeirrar skoðunar. Hins vegar er þetta að sjálfsögðu eitt af því sem hv. iðnn. hlýtur að skoða.

Ég tel ekki að með þessu frv. sé tekið af skarið með það að tannsmiðir teljist iðnaðarstétt, sú ákvörðun liggur þegar fyrir. Að því leyti til er frv. ekki afgerandi. En eins og margoft hefur komið fram snýst frv. um að gera tannsmiðum kleift að vinna sjálfstætt þegar allt er með felldu og ekki er um nokkra sjúkdóma að ræða.

Nefnt var að þetta mundi kosta mikla peninga. Nú er það svo að ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum að hve miklu leyti ríkisvaldið kemur að í sambandi við það námskeiðahald sem lagt er til að tekið verði upp með frv. en samkvæmt því er reiknað með að kostnaðurinn sé bæði einstaklinganna, þ.e. tannsmiðanna, og ríkisins.

Vegna orða hv. þm. Kristjáns Pálssonar að tannsmiðir séu deyjandi stétt skiptir kannski ekki svo miklu máli þó að þessi lög verði sett því að þau koma þá hreinlega ekki að notum. Ég er hins vegar ekki sammála honum hvað það varðar.

Hér hefur verið talað um auglýsingar og að tannsmiðir auglýsi eða fái heimild til þess en ekki tannlæknar. Það mun þó vera svo, eftir því sem ég best veit, að tannlæknar auglýsa á gulu síðunum undir flokknum tannsmíðar. Ég vil taka fram eins og ég minntist reyndar á í framsöguræðu minni að þetta er að sumu leyti sambærilegt við starfsemi fótaaðgerðarfræðinga. Þeir taka sjúklinga til meðferðar án þess að þeir hafi nokkurt vottorð um það að vera heilbrigðir en vísa þeim hins vegar áfram til sérfræðinga ef þess er þörf. Ég tel að á þeim námskeiðum sem efnt verður til verði boðið

upp á nám í meinafræði og það muni nýtast tannsmiðum þegar þeir þurfa að greina hvort um sjúkdóm er að ræða í tannholdi eður ei.

Ég held að ekki sé ástæða til að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég reikna með að það fái vandaða umfjöllun í iðnn. og eins og ég tók fram í fyrra máli mínu tel ég eðlilegt að heilbr.- og trn. fái það einnig til umfjöllunar.

[15:36]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. er að flytja mál sem forveri hennar vann á sinni tíð. Ég efast ekki um að hæstv. ráðherra hafi lagt mikla vinnu í að kynna sér hvað felst í þessu frv. Mig langar samt til að fá fram frá hæstv. ráðherra hvort hann telji í raun ástæðu til þess, í ljósi þess að tannhirða og tannheilsa Íslendinga er í mjög góðu lagi, að taka einhverja sérstaka áhættu með því að gengisfella í þá vinnu sem fer fram í munni sjúklinga sem leita sér aðstoðar. Mér finnst sjálfum að um sé að ræða starfsstétt sem hefur sífellt minna að gera vegna þess að heilsufar að hefur batnað að þessu leyti og mér heyrðist ráðherrann í raun viðurkenna það í öðru orðinu. Ég tel því í sjálfu sér ekki ástæðu til að ýta fólki út í slíkt nám. Ég er undrandi yfir því að ekki skuli vera hægt að ná samkomulagi milli tannsmiða og Tannlæknafélagsins. Ég efast um að svo samningalipur manneskja eins og hæstv. iðnrh. er og hefur sýnt sig vera skuli ekki hafa lagt meira á sig til þess að ná samkomulagi um málið áður en þetta frv. kom hingað fram.

[15:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hlý orð sem féllu í minn garð af hálfu hv. þm. Auðvitað er alltaf best að ná samkomulagi í öllum málum og að sátt ríki á milli stétta. Það er svo sannarlega von mín að það verði líka í þessu máli. En mér finnst hv. þm. gera óþarflega mikið úr því að við séum að setja tannheilsu Íslendinga í hættu með því að gera þetta frv. að lögum. Mér finnst það ekki. Ég horfi ekki þannig á málið og mér finnst heldur ekki að við séum að ýta fólki út í nám sem komi því ekki að gagni eins og mér finnst hv. þm. vera að ýja að. Ég tel að með því að samþykkja þetta frv. eigi tannsmiðir þennan kost og síðan eigi þeir náttúrlega sjálfir að ákveða hvort þeir vilji nýta sér hann.

[15:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að lokum benda á það enn einu sinni að danskir tannsmiðir þurfa þriggja ára nám til viðbótar við það sem íslenskir tannsmiðir hafa í dag. Það felur annars vegar í sér formlega kennslu upp á tvö ár og hins vegar starfsnám í eitt ár. Það vekur mig til umhugsunar og ég skil ekki almennilega hvers vegna íslensk stjórnvöld, sem eru sífellt að krefjast betri og öruggari menntunar þegar um sérsvið er að ræða, fara þá leið að gefa slíkar undanþágur frá því sem almennt tíðkast í nágrannalöndum okkar, sem eru jafnfætis okkur í dag í tannheilsu, að við skulum vera að gefa upp boltann með að nám geti verið miklu styttra en tíðkast annars staðar. Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra segi mér í síðara andsvari, ef þess er nokkur kostur, hvers vegna ráðherrann telur að svo stutt nám hér geti gagnast okkur ef það er ekki hægt að nýta slíkt nám úti í Danmörku?

[15:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég hef áður látið koma fram tel ég að með þessari aðferð og þessari tillögu þá séum við að leysa málefni starfandi tannsmiða á mjög áþekkan hátt og Danir gerðu árið 1985.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörumerki, 1. umr.

Stjfrv., 370. mál. — Þskj. 626.

[15:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnrh. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum, sem er að finna á þskj. 626.

Með frv. þessu er ætlunin að bæta úr réttarástandi sem skapaðist vegna úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 1999, um túlkun á ákvæði laga um vörumerki. Af niðurstöðunni leiddi að ekki er unnt að ógilda skráningu erlends vörumerkis hér á landi vegna skorts á varnarþingsákvæði. Er því lagt til að bætt verði við 35. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að umsækjendur og eigendur skráningar á vörumerkjum, sem hafa ekki lögheimili hér á landi, teljist hafa varnarþing í Reykjavík í málum sem rekin eru samkvæmt lögunum. Jafnframt er tækifærið notað til að gera breytingar á tveimur ákvæðum laganna. Annars vegar er um að ræða breytingu á 4. mgr. 42. gr. laganna og geymir hún einnig réttarfarsákvæði. Hins vegar þykir rétt, með breytingu á 65. gr. laganna, að gera ótvíræðari en nú er gjaldtökuheimild vegna áfrýjunar til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Ekki er talið að frv. hafi kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 627.

[15:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Síðastliðið haust tók Norðurál hf. ákvörðun um að stækka álver sitt á Grundartanga, úr 60 þús. tonnum í 90 þús. tonn, í samræmi við heimildir fyrirtækisins. Í 2. gr. laganna segir að álverið skuli í upphafi hannað til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári með möguleikum á aukinni framleiðslugetu.

Í kjölfar ákvörðunarinnar hafa staðið yfir viðræður við ýmsa aðila um nauðsynlegar breytingar á fyrirliggjandi samningum vegna stækkunarinnar, m.a. við sveitarstjórnir Hvalfjarðarstrandar- og Skilmannahrepps.

Í 6. gr. núgildandi heimildarlaga er fjallað um skattamál álversins á Grundartanga. Þar er m.a. kveðið á um álagningu og greiðslu fasteignaskatts vegna 60 þús. tonna álvers. Í þinglegri meðferð frv. til heimildarlaga á 121. löggjafarþingi var þetta fyrirkomulag tekið upp að tillögu iðnn. vegna ábendinga efh.- og viðskn. um að það fyrirkomulag sem frv. gerði ráð fyrir kynni að fela í sér of víðtækt framsal á skattlagningarvaldi til sveitarfélaga. Í frv. því sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að fasteignaskattsprósentan verði 0,75% og gjaldstofninn 826.444 þús. kr. Þá er lagt til að fasteignaskattur verði lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugeta álversins er komin í 90 þús. tonna álframleiðslu á ári, en álagning fasteignaskatts var með sambærilegum hætti vegna fyrsta áfanga álversins. Fyrir liggur að Norðurál hf. og sveitarstjórnir Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps hafa náð samkomulagi um skattstofn, skatthlutfall og annað fyrirkomulag fasteignaskatts vegna stækkunarinnar. Þar sem ákvörðun hefur verið tekin um að stækka álverið er nauðsynlegt að gera breytingu á ákvæði fyrirkomulags fasteignaskatts vegna stækkunarinnar. Ekki er nauðsynlegt að breyta öðrum ákvæðum laganna.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[15:46]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 428. mál, frv. KolH og ÞBack, þskj. 693.

Innflutningur á skordýraeitri, 372. mál, svar viðskrh., þskj. 685.

Tíðni slysa af völdum skotelda, 334. mál, svar heilbrrh., þskj. 695.

[15:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga felur í sér að verið er að ráðstafa sköttum af þessari verksmiðju vegna stækkunar verksmiðjunnar. Mér skilst að allur undirbúningur að þessari stækkun liggi fyrir og út af fyrir sig ætla ég ekki að gera stækkunina að umræðuefni. Hins vegar tel ég fulla ástæðu til þess að gera að umræðuefni hvernig þessum sköttum er skipað. Það vill svo til að á atvinnusvæði þeirra verksmiðja sem þarna eru getum við sagt að séu fjögur sveitarfélög og fimm ef við teljum Akranes með. Venjulega eru fjórir hreppar skilgreindir sem hrepparnir sunnan Skarðsheiðar og eru þeir samtals með um 500 íbúa. Þessum fjórum hreppum er afskaplega mikið mismunað hvað tekjur varðar og ég hef satt að segja aldrei skilið hvers vegna menn tóku ekki á þessu máli í upphafi þegar járnblendiverksmiðjan var byggð og síðan í viðbót þegar álbræðslan var sett þarna niður líka. Einungis tveir af þessum fjórum hreppum fá tekjur af þessum stóru fyrirtækjum og reyndar fær einn hreppurinn langstærsta hlutann af öllum tekjunum. Þannig var komið að sá hreppur hafði einungis 3% útsvar á þá sem bjuggu í honum og gat samt lagt malbik nánast heim á hvern bæ og lýst allar heimreiðar í sveitinni en aðrir hreppar þarna í kring lepja dauðann úr skel og hafa varla efni á því að keyra krakkana í skólann því allar tekjurnar fara í það. Ég er satt að segja að halda þessa tölu til að hvetja nefndarmenn, sem um þetta mál eiga að fjalla, til að skoða hvort engar leiðir séu til að sjá til þess að þeir fjármunir sem koma inn vegna tekna af þessum atvinnurekstri geti runnið til íbúanna sem eru þó sannarlega á þessu atvinnusvæði og það er ekki stórt. Það tekur ekki meira en 15–20 mínútur að keyra milli enda á þessum fjórum byggðarlögum þannig að ekki þarf að deila um að þarna er um að ræða eitt atvinnusvæði og einungis um 500 manns sem búa á öllu svæðinu. Svona er gæðunum misskipt. Ég tel að það ætti að vera á færi hins opinbera að sjá til þess að þarna væri betur að málum staðið. Ég ætla ekki að spá neinu um niðurstöðuna en ég er einungis að koma því á framfæri til hv. nefndarmanna að þeir skoði hvort ekki sé mögulegt að koma á dálítið meira réttlæti í sveitunum sunnan Skarðsheiðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (vitnavernd, barnaklám o.fl.). — Þskj. 613.

[15:51]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940. Í frv. eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laganna en þessar tillögur eru af ýmsu tagi og tilefni þeirra mismunandi eins og ég mun rekja nánar.

Samkvæmt 3. mgr. 25. gr. almennra hegningarlaga hafa eiginmaður eða eiginkona látins manns, foreldrar, börn, kjörbörn og systkin hans rétt til að höfða mál eða bera fram kröfu um opinbera málshöfðun ef misgert var við þann látna eða ef verknaður, sem beinist að dánum manni, er refsiverður. Þetta ákvæði hefur staðið óbreytt í hegningarlögum frá árinu 1940. Rétt þykir að auka þessa vernd og er lagt til í 1. gr. frv. að barnabörnum hins látna verði einnig heimilt að höfða mál ef misgert var við þann látna eða ef refsiverður verknaður beinist að dánum manni. Hér eru hafðar í huga þær miklu þjóðfélagsbreytingar sem orðið hafa frá því lögin voru sett og lúta m.a. að aukinni fjölmiðlun og flæði upplýsinga.

Í 2. gr. frv. er lagt til að almennt sektarhámark í 50. gr. hegningarlaga verði afnumið en þetta hámark hefur verið 4 millj. kr. frá árinu 1985. Hámark þetta er með öllu ófullnægjandi, einkum þegar um er að ræða umfangsmikil efnahagsbrot eða þegar lögaðilar sæta refsiábyrgð. Ekki þykja sérstök rök mæla með því að viðhalda almennu sektarhámarki og má ætla að varnaðaráhrif refsinga verði meiri í alvarlegustu málum ef dómstólar geta ákvarðað sektir óbundnar af fyrir fram gefnu sektarhámarki. Þess má geta að í Danmörku var sektarhámark afnumið árið 1930 og í Noregi árið 1946.

Í 3. og 5. gr. frv. er að finna tillögur sem reistar eru á skýrslu nefndar sem dómsmrh. skipaði til að fjalla um sérstakar rannsóknaraðgerðir lögreglu.

Í 3. gr. er lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 70. gr. hegningarlaga um að heimilt verði við ákvörðun refsingar að taka tillit til þess hvort sakborningur hefur upplýst um aðild annarra að broti. Að gildandi lögum verður virt til málsbóta eða refsilækkunar ef gerandi hefur veitt upplýsingar um aðild annarra að broti. Þó þykir rétt að hnykkja sérstaklega á þessu atriði og tilgreina það beinlínis í lögunum sem refsiákvörðunarástæðu til að hvetja menn til að upplýsa brot. Það skal áréttað sérstaklega að fyrir fram verður ekki samið um refsivilnun og dómstólar eiga mat um hvaða áhrif upplýsingar um aðild annarra að broti hafi á ákvörðun refsingar.

Í 5. gr. frv. er síðan lagt til, á grundvelli skýrslu umræddrar nefndar sem fjallar um sérstakar rannsóknaraðgerðir lögreglu, að lögfest verði í 108. almennra hegningarlaga sérstakt ákvæði um vitnavernd. Sú tillaga tekur m.a. mið af tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 10. september 1997, um ógnanir gegn vitnum.

Þær tvær tillögur sem ég hef rakið hér og er að finna í 3. og 5. gr. frv. miða sérstaklega að því að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Með þessum tillögum er reynt að rjúfa þann þagnarmúr sem ríkir oft um brotastarfsemi og hvað það varðar eru sérstaklega höfð í huga misferli með eiturlyf. Þegar slík afbrot eru framin er leyndin mikilvæg til að brotastarfsemin geti þrifist, þekkist jafnvel að gripið sé til ógnana eða ofbeldis gegn vitnum til að fyrirbyggja að upplýsingar berist lögreglu og dómstólum og því er mikilvægt að treysta sérstaklega stöðu vitna. Þó skipulögð glæpastarfsemi valdi tæplega sama vanda hér á landi og víða annars staðar, er mikilvægt að vera á varðbergi í þessum efnum.

Í 4. gr. frv. er lagt til að fyrningartími sakar verði fjögur ár þegar lögaðilum verði gert að sæta refsiábyrgð og að ákvæði þess efnis komi í 81. gr. laganna. Þessi fyrningarfestur er að gildandi lögum tvö ár. Rétt þykir að lengja þennan frest með hliðsjón af því að sakamál þar sem lögaðilum verður gert að sæta refsiábyrgð eru gjarnan flókin og hætt er við að reynt sé að dylja slíka brotastarfsemi.

Herra forseti. Þá er í 6. gr. frv. lagðar til breytingar á reglum um barnaklám í 210. gr. hegningarlaga. Þessi tillaga frv. er tvíþætt.

Í fyrsta lagi er lagt til að viðurlög við því að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni eða að miðla barnaklámi, verði þyngd verulega. Samkvæmt gildandi lögum getur brot af þessu tagi varðað sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum og er í hegningarlögum ekki gerður greinarmunur á því hvort klámefni sýnir börn eða fullorðna. Af augljósum ástæðum þykir rétt að leggja þyngri refsingar við brotun þegar klámefni beinist að börnum. Með því er leitast við að veita börnum frekari vernd gegn þeirri misnotkun sem felst í framleiðslu og dreifingu barnakláms auk þess sem lögð er sérstök áhersla á alvarleika þessara brota.

Í öðru lagi er lögð til breyting á 4. mgr. 210. gr. hegningarlaga, en það ákvæði leggur refsingu við því að hafa barnaklám í vörslum sínum. Þetta ákvæði er bundið við vörslur barnakláms en rétt þykir að innflutningur barnakláms verði einnig refsiverður án þess að sá sem þess aflar hafi fengið klámefnið í sínar vörslur. Í framkvæmd þekkjast þess dæmi að barnaklám hafi fundist í flutningi áður en það er afhent viðtakanda og hefur ekki verið talið unnt að sækja menn til sakar í slíkum tilvikum.

Hvað varðar barnaklám vil ég sérstaklega vekja athygli á því að mikilvægt er að fylgjast með þróun erlendrar löggjafar á þessu sviði. Einnig er samvinna við erlend lögregluyfirvöld mikilvæg og það á einkum við þegar barnaklámi er miðlað landa á milli með internetinu.

Nýlega átti fulltrúi minn fund með starfsmönnum bandarískra dómsmálaráðuneytisins og kynnti sér m.a. rannsókn þessara mála. Var sá fundur haldinn í tilefni af heimsókn minni til dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, Janet Reno, sl. haust. Á þessum fundi kom fram að undir dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna er starfrækt sérstök skrifstofa sem hefur með höndum skipulagningu á þjálfun starfsmanna ákæruvalds og lögreglu sem annast rannsóknir tölvubrota. Af hálfu bandarískra stjórnvalda kom einnig fram mikill áhugi á því að bjóða erlendum lögreglumönnum þjálfun og fræðslu á þessu sviði.

Á fundinum var þeirri málaleitun vel tekið að íslensk stjórnvöld gætu sent lögreglumenn til þjálfunar í rannsókn þessara mála. Í þeim efnum var m.a. rætt um að íslenskir lögreglumenn fengju þjálfun í rannsóknum á dreifingu ólöglegs efnis eins og barnakláms á internetinu. Ég vil leggja ríka áherslu á að kappkostað verði að vanda rannsókn þessara mála og með öllum tiltækum ráðum verði þessi brotastarfsemi upprætt. Hvað það varðar skiptir þjálfun lögreglumanna og samstarf við erlend lögregluyfirvöld miklu.

Að lokum vil ég geta þess að lagt er til í 7. gr. frv. að numin verði úr gildi 2. mgr. 256. gr. hegningarlaga en þar segir að ekki skuli höfða opinbert mál ef tjón af auðgunarbroti nemur ekki hærri fjárhæð en 7 þús. kr. og engin sérstök atvik auka saknæmi brots og sökunautur hefur ekki áður reynst sekur um slík brot. Ekki þykir rétt að sérstök málshöfðunarskilyrði gildi um þessi brot frekar en önnur brot sem talin verða minni háttar. Þess í stað er eðlilegt að slíkum brotum verði lokið eftir almennum reglum og hvað það varðar kemur til álita að ljúka máli með lögreglustjórasátt, ákærufrestun eða niðurfellingu saksóknar.

Herra forseti. Ég hef rakið efnisatriði frv. í aðalatriðum og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Mér sýnist að í þessu frv. séu faldar réttarbætur. Frv. felur í sér breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga. Ég sé ekki betur en þær séu allar til bóta frá því sem nú er.

Ég ætla einungis að gera hér að umtalsefni tvær greinar frv. Í fyrsta lagi 2. gr. en þar er almennt sektarhámark í 50. gr. almennra hegningarlaga afnumið. Ég held að það sé orðið tímabært að treysta dómstólum fyrir því að ákveða þetta sektarhámark. Hæstv. dómsmrh. færði góð rök fyrir því í framsögu sinni.

Ég vil til viðbótar því sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan draga enn betur fram fáránleika þess að hafa sektarlágmark eða sektarhámark í lögum. Ég vísa til greinargerðarinnar eða athugasemda með lagafrv. en þar segir til rökstuðnings því að afnema sektarhámarkið, með leyfi forseta:

„Í 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sagði upphaflega að ekki mætti gera manni á hendur lægri sekt en 4 krónur og eigi hærri en 30.000 krónur, nema sérstök lagaheimild væri fyrir því að ákveða sekt hærri eða lægri. Þetta ákvæði fól í sér almennt sektarlágmark og sektarhámark og átti ekki aðeins við um brot gegn almennum hegningarlögum heldur einnig brot gegn öðrum lögum sem ekki höfðu að geyma sérstök ákvæði um lágmark eða hámark sektar. Með 5. gr. laga nr. 101/1976 var almennt sektarlágmark afnumið en sektarhámark hækkað í 5 milljónir króna nema heimild væri í lögum til að beita hærri sektum. Sektarhámark laganna var aftur hækkað með 1. gr. laga nr. 34/1980 í 30 milljónir króna. Næst var sektarhámarki laganna breytt í eina milljón króna með 1. gr. laga nr. 75/1982, en þá hafði verðgildi krónunnar hundraðfaldast í upphafi árs 1981. Loks var sektarhámarkið hækkað með 7. gr. laga nr. 42/1985 í 4 milljónir króna og hefur verið óbreytt síðan. Þær breytingar á sektarhámarki laganna, sem hér hafa verið raktar, hafa allar miðað að því að hækka fjárhæðina með hliðsjón af þróun verðlags á hverjum tíma."

Mér finnst það gefa augaleið þegar þetta er lesið til viðbótar þeim rökum sem hæstv. dómsmrh. velti upp áðan að almenn hegningarlög ættu ekki að þurfa að hafa innan borðs ákvæði sem bjóða upp að þeim þurfi að breyta mjög ört með tilliti til þróunar verðlags og gengis krónunnar á hverjum tíma. Það gefur í sjálfu sér augaleið. Almenn hegningarlög eiga að vera rammi og síðan eiga dómstólar að sjálfsögðu að túlka þau hverju sinni. Ég fagna því þessari breytingu.

Ég vildi líka gera 6. gr. frv. að umtalsefni en þar er gerð breyting á 210. gr. almennra hegningarlaga. Lagt er til að aukin refsing verði við því að flytja inn eða dreifa barnaklámi. Það er í raun lögð til sérstök refsing við því þegar um barnaklám er að ræða. Síðan er líka breytt 4. mgr. laga nr. 126/196, um vörslu, og gert sérstaklega refsivert að flytja inn barnaklám þó það sé ekki komið í vörslu viðkomandi.

Ég fagna þessari breytingu og mun á eftir mæla fyrir frv. sem ég er fyrsti flutningsmaður að og allur þingflokkur Samfylkingarinnar stendur að, sem er efnislega samhljóða þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frv. Ég fagna því að hæstv. dómsmrh. skuli taka á þessu máli. Það er orðið tímabært að gera það og beina sjónum okkar sérstaklega að barnaklámi út frá sjónarmiði refsiréttarins. Þess vegna fagna ég þessari breytingu og vonast til þess að frv. sem ég mun mæla fyrir á eftir fái umræðu samhliða þessu frv. hæstv. dómsmrh. í hv. allshn.

Mestu máli skiptir að hér er á ferðinni mikil réttarbót og spor til framfara í tengslum við meðferð þeirra viðkvæmu mála sem barnaklámsmál eru. Það er orðið tímabært að taka á þeim af meiri festu en verið hefur. Þessi breyting felur í sér ákveðna breytingu í afstöðu til barnakláms og meðferðar á því. Hún er tímabær og ég fagna henni.

[16:07]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að fagna fram komnu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem hæstv. dómsmrh. hefur mælt fyrir. Þó vil ég sérstaklega fagna þar 6. gr. þar sem rætt er um að efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt verði refsiverðara en í gildandi lögum.

Dómsmrh. fór mjög vel yfir málið og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gerði það einnig. Hv. þm. vakti máls á öðru frv. sem liggur hér fyrir og mun líka koma til umræðu í hv. allshn. þar sem ég á sæti. Það sem er auðvitað mikilvægast í þessu máli og við þurfum að taka á er að aðgangur að barnaklámi er orðinn greiðari, t.d. í gegnum netið og við þurfum að reyna að stemma stigu við því.

Það hefur auðvitað líka gerst að börn eiga orðið miklu greiðari aðgang að slíku efni sem er afar slæmt. Við þurfum líka að fara að skoða hvernig við getum læst ákveðnum síðum eða útilokað þær frá netinu. Ég því taka undir að það er mjög mikilvægt að hafa samstarf milli heimsálfa, ekki síst í tengslum við internetið.

Ég vil líka minna á að við þekkjum það að á Íslandi hefur verið gert upptækt mikið af myndum, klámfengnu efni þar sem börn hafa verið notuð. Ég þekki slíkt þar sem ég hef setið í kvikmyndaskoðun. Þarna er um mjög alvarleg mál að ræða.

Ég vil fyrst og fremst fagna þessu frv. vegna þess að þar eru hagsmunir barna hafðir í fyrirrúmi.

[16:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil líkt og þeir tveir hv. þingmenn sem hafa talað á undan mér fagna fram komnu frv. hæstv. dómsmrh. og sérstaklega þá kannski — hér eru reyndar afskaplega margir hlutir sem eru greinilega allir til bóta. En ég vil sérstaklega gera að umræðuefni 6. gr. frv. sem fjallar um 210. gr. almennra hegningarlaga. Þar er ég að tala um barnaklámið.

Nú vill svo til að þegar hæstv. dómsmrh. opnar hegningarlögin eins og hér er gert þá fylgja fleiri frv. í kjölfarið. Þá er ég ekki einungis að tala um frv. hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur og fleiri þingmanna Samfylkingarinnar sem lagt hefur verið fram í þinginu heldur á ég einnig við frv. til laga sem útbýtt er á þingi í dag á þskj. 693. Þar höfum við, tveir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman, lagt til breytingar á 206. gr. og 210. gr. sem er hér til umfjöllunar. Þó ég sé ekki að fylgja úr hlaði því frv. nú þá langar mig til að orða hér möguleika á enn þyngri refsingu við birtingu klámefnis en gert er ráð fyrir í almennum hegningarlögum í dag. Ég sé að hæstv. ráðherra gerir ekki ráð fyrir breytingu á grunnrefsingunni samkvæmt þeim lögum sem gilda í dag sem er ekki nema sex mánuðir. En í 1. mgr. 210. gr. laganna segir, sem leyfi forseta:

„Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.“

Þessari refsingu tel ég rétt að breyta. Ég tel rétt að þyngja hana um sex mánuði, þ.e. hækka hana upp í eitt ár. Það kemur fram í frv. því sem við flytjum og komum til með að fylgja úr hlaði innan fárra daga að við teljum að hér þurfi enn þyngri refsingu en þessa sex mánuði. Að sama skapi fagna ég þó þeirri þyngingu sem ráðherra leggur til vegna barnakláms, þ.e. að það varði fangelsi allt að tveimur árum.

Ég fagna sömuleiðis þeirri viðbót sem hæstv. ráðherra hefur fylgt úr hlaði með 4. mgr. 210. gr., þ.e. það hefur verið um ágalla að ræða í núgildandi lögum þar sem ekki hefur verið talið refsivert eða sektarvert að flytja inn ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum. Nú er búið að setja undir þann leka og er það sannarlega tímabært.

Ég fagna því að nú skuli hæstv. dómsmrh. hafa opnað þessar greinar hegningarlaganna. Ég tel að þær gefi okkur tækifæri til að leggja fram breytingar sem mér heyrist og sýnist að verði að öllu leyti til bóta í þessum málaflokki sem við höfum kannski hingað til ekki náð að girða nægilega vel fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. BH o.fl., 204. mál (barnaklám). — Þskj. 238.

[16:13]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum á þskj. 238. Það er 204. mál. Mál þetta er flutt af öllum þingflokki Samfylkingarinnar en málið snýst í einfaldlega um að aukin refsing verði lögð við því að búa til, flytja inn eða dreifa barnaklámi.

Eins og ég tók fram áðan er þetta mál efnislega samhljóða breytingu sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt til í frv. sem við ræddum hér áðan að gerð yrði á almennum hegningarlögum. Það er tekið svolítið öðruvísi á þessu formlega í sjálfri lagagreininni, þ.e. 210. gr. almennra hegningarlaga. En efnislega er málið samhljóða 6. gr. frv. sem mælt var fyrir áðan. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um frv. en í því er lagt til að ný málsgrein bætist við 210. gr. hegningarlaga þar sem lögð verði sérstök refsing við því að búa til, flytja inn eða dreifa barnaklámi.

Flutningsmenn telja eðlilegt að það varði þyngri refsingu að búa til eða dreifa barnaklámi en þegar um fullorðna þátttakendur er að ræða en önnur brot skv. XX. kafla hegningarlaga eru höfð til viðmiðunar við ákvörðun refsirammans. Frumvarpið miðar að því að vernda börn frekar en nú er fyrir því kynferðislega ofbeldi sem framleiðsla á barnaklámi er og fyrir dreifingu á slíku efni.

Þegar skoðað var hvernig refsingu skyldi hagað við slíku broti var, eins og hér er tekið fram, horft til annarra brota samkvæmt XX. kafla hegningarlaga. Einnig er að finna í sænsku hegningarlögunum ákvæði svipað því sem hér er lagt til. Það er og efnislega svipað því sem hæstv. dómsmrh. leggur til í sínu frv. Þó er erfitt að skoða löggjöf Norðurlandanna til samanburðar svo vit sé í því að þar nálgast menn þetta mál, þ.e. barnaklám og refsingar sem snúa að kynferðisofbeldi gegn börnum og barnaklámi, frá mismunandi sjónarhóli. Þannig er ekki hægt að setja löggjöfina eins og hún er hér nákvæmlega í samhengi við lög annars staðar. Mér sýndist þó, er ég skoðaði skýrslu sem umboðsmaður barna lét gera fyrir nokkru síðan og ber yfirskriftina Heggur sá er hlífa skyldi, þar sem samanburður er gerður á löggjöf Norðurlandanna hvað þetta varðar, að sú breyting sem hér er lögð til sé í anda sænsku laganna.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. allshn. til skoðunar og vonast til að það verði skoðað í samhengi við frv. hæstv. dómsmrh. um sama efni. Ég fagna því að nú skuli stefna í að tekið verði sérstaklega á innflutningi og dreifingu á barnaklámi, betur en verið hefur í hegningarlögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 255. mál (ellilífeyrisréttindi). — Þskj. 321.

[16:17]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 321 hef lagt fram frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Katrín Fjeldsted, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður: Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónaband stóð, skulu þó ekki falla utan skipta."

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram á 112., 113., 115., 116. og 117. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það var sama efnis og þetta frumvarp, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna, en frumvarp þetta var áður flutt á 118., 120., 121. og 123. löggjafarþingi."

Málið er því, herra forseti, nokkuð merkilegt fyrir það að vera nú flutt í tíunda sinn á hinu háa Alþingi.

„Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögunum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki talin þar með, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér, með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi, að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið hefur frumvarp um þetta efni verið lagt fram áður." — Níu sinnum áður á hinu háa Alþingi. — „Oft hafa umræður og umsagnir um málið þó snúist meira um aðra þætti, eins og fjölmargar aðrar greiðslur frá lífeyrissjóðum en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem nú tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp, en fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir fjölmargra lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku. Með frumvarpinu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðað við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Eftir að frumvarp þetta var lagt fram á 121. löggjafarþingi hefur þó nokkuð miðað í þessum efnum. Þannig sendi allsherjarnefnd Alþingis, sem hafði málið til umfjöllunar, frá sér skýrslu (614. mál á 121. löggjafarþingi) þar sem fram kemur að nefndarmenn séu sammála um að nauðsynlegt sé að leysa úr því vandamáli sem upp kemur ef slit verða á fjárfélagi hjóna og aðeins annað þeirra hefur áunnið sér lífeyrisréttindi eða lífeyrisréttindi annars eru mun meiri en hins. Hins vegar taldi nefndin að kanna þyrfti ýmis atriði betur áður en lagabreyting í þessa átt væri afgreidd.

Á 122. löggjafarþingi voru afgreidd lög frá Alþingi um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Þar er nokkuð komið til móts við efni tillögu þessarar með ákvæði í 14. gr. Í lögunum kemur fram að sjóðfélagi getur á grundvelli samkomulags við maka sinn tekið ákvörðun um, í fyrsta lagi, að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Í öðru lagi að í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka. Í þriðja lagi að iðgjald vegna hans sem gengur til að mynda ellilífeyrisréttindi skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð réttindi fyrir maka hans. Nær slíkt samkomulag eftir því sem við á til ellilífeyrisgreiðslna, verðmætis ellilífeyrisréttinda eða ellilífeyrisréttinda beggja aðilanna og felur í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Flutningsmenn frumvarpsins telja að með þessum nýmælum í lögum nr. 129/1997 sé stigið skref í rétta átt, en vilja ganga lengra og því er það lagt fram að nýju."

Ég lagði viljandi, herra forseti, áherslu á þau ákvæði að hjón þurfi að ákveða með sjö ára fyrirvara hvernig skuli farið með skiptingu lífeyrisréttinda. Það er með ólíkindum að þetta skuli vera haft þannig því að það nánast segir að hjón sem taka ákvörðun um að slíta fjárfélagi væflist með það í sjö ár. Það er nú varla svo. Ég held að það hljóti að líða skemmri tími.

Herra forseti. Vegna þessa máls hafa fjölmargir aðilar haft samband við mig sem fyrsta flutningsmann og fjölmarga meðflutningsmenn mína að þessu frv. Ég vitna til eins mæts lögmanns hér í bæ, Svölu Thorlacius, sem skrifaði m.a. grein um þetta vandamál í Morgunblaðið. Hún segir svo, með leyfi forseta:

„Einn er sá þáttur í allri þessari umræðu, sem lítið hefur farið fyrir en það er sá vandi sem upp kemur varðandi ellilífeyri hjóna, sem skilja. Eins og löggjöfin er nú er gert ráð fyrir að ellilífeyrisréttindi maka séu í reynd séreign hans og komi ekki til skipta við hjónaskilnað. Það liggur í augum uppi hvert ranglæti þetta er þar sem iðgjaldagreiðslur hjónanna koma úr sameiginlegum sjóði heimilisins og eru þar með greiddar af báðum hjóna að jöfnu sé notuð helmingaskiptaregla sú sem almennt er lögð til grundvallar við skipti á eignum hjóna."

Hún segir einnig, með leyfi forseta:

„Til að skýra mál mitt skal tekið eftirfarandi tilbúið en raunhæft dæmi.

Hjónin M og K giftu sig um tvítugt og voru 55 ára gömul þegar til hjónaskilnaðar kom. Þau eiga fjögur börn. Konan, K, var heimavinnandi húsmóðir þar til yngsta barnið var komið á legg og fór þá að vinna hálfan daginn í láglaunastarfi. Maðurinn, M, fékk hins vegar fljótlega eftir giftingu þeirra vel launað starf og hóf strax að greiða í lífeyrissjóð. K var vitanlega sátt við það þar sem hún leit svo á að þar með væri verið að tryggja þeim báðum lífeyri á efri árum. Síðan kynntist M nýrri konu og krafðist skilnaðar frá K.

Við skilnaðinn kom í ljós að lífeyrisréttindi M voru margfalt hærri en lífeyrisréttindi K en réttur þessi er í raun séreign M og kom ekki til skipta."

Fleiri dæmi mætti draga upp. Hún er ekki sú eina, þessi virðulegi lögmaður, sem komið hefur inn á þessi mál. Fjölmargir aðrir lögmenn hafa staðið frammi fyrir þessum vanda og lagt ofurkapp á að þetta mál nái fram að ganga enda eru ákvæði lífeyrissjóðanna um sjö ára tilkynningarskyldu áður en hjón skilja náttúrlega með ólíkindum. Eins og ég sagði áðan er venjulega ekki sjö ára aðdragandi að því er hjón ákveða að slíta fjárfélagi. Þó hér hafi miðað nokkuð í rétta átt með lög um starfsemi lífeyrissjóðanna þá vantar þó nokkuð upp á.

Það er líka nokkuð athyglisvert, herra forseti, að til okkar flutningsmanna þessa frv. má segja að hafi streymt samþykktir 41 kvenfélags og kvenfélagasamtaka um allt land. Þar hefur verið hvatt til að tekið verði á þessum málum. Ég er með hluta af þeim bunka sem borist hefur víða að af landinu.

Herra forseti. Ég held að það sé tímabært, þó að margir hafi talað um að vandinn væri margvíslegur og jafnvel óyfirstíganlegur hvað þetta áhrærir, að með þessari framsetningu flytjenda frv. verði hægt að taka mið af því sem ég sagði áðan. Það er ekki verið að lögleiða neina flýtireglu lífeyrissjóðanna, ekki að örorkuþátturinn sé tekinn inn í þetta mál, heldur hrein skipti sem komi til greiðslu þegar ellilífeyrir er tekinn. Mér þykir rétt að skerpa á því að í 95. gr. hjúskaparlaga segir, með leyfi forseta, um fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita o.fl.:

„Hjón geta ráðið fjárskiptum sínum vegna skilnaðar til lykta með samningi. Fjárskiptasamningur skal vera skriflegur og undirritaður af hjónum eða umboðsmönnum þeirra. Samning þennan skal staðfesta fyrir sýslumanni eða dómara. Nú eru hjón eignalaus og skal þá yfirlýsing þeirra þar að lútandi staðfest af þeim eða umboðsmönnum þeirra fyrir sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmálið er til meðferðar.

Nú hafa hjón vegna væntanlegs skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar gert samning um fjárskipti sín og er þá unnt að fella hann úr gildi að nokkru eða öllu með dómi

ef hann var bersýnilega ósanngjarn á þeim tíma er til hans var stofnað."

Þetta er ekki einu sinni tryggt þó að gengið sé frá þessu máli með ákveðnum fyrirvara.

Ég vitnaði til fjölmargra félagasamtaka sem hafa sent okkur flutningsmönnum áskoranir um að fylgja málinu fast eftir svo lyktir verði á málinu og ekki þurfi að koma til flutnings í ellefta sinn á hinu háa Alþingi. Því verður náttúrlega ekki hægt að lofa. Það segir ekki alla söguna þó þetta frv. hafi mörgum sinnum verið lagt fram.

Í samantekt sem ég fékk hjá lögmanni um þetta mál segir að eina almenna ákvæðið sem taki til skiptingu lífeyrisréttinda hjóna við hjúskaparslit þeirra sé að finna í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997. Þetta er því eina ákvæðið í gildandi lögum sem gæti vikið til hliðar ákvæðum 2. tölul. 1. mgr. 102. gr. hjúskaparlaga með því að annar háttur yrði hafður á en þar frá greinir. Þó ber þess að geta að í 3. mgr. 14. gr. felst ekki regla sem farið verður eftir með fjárskipti hjóna við hjúskaparslit heldur fyrst og fremst regla sem gilda mun um ákvörðun réttinda maka sjóðfélaga ef samkomulag þeirra í milli er gert þar um. Hjúskaparslit munu ekki hreyfa við því samkomulagi. Ákvæði 3. mgr. 14. gr. er svohljóðandi:

„1. Að ellilífeyrisgreiðslur sem renna eiga til hans skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Viðkomandi lífeyrissjóður skal þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagans, en þær falla niður við andlát hans. Deyi makinn eða fyrrverandi maki sem nýtur slíkra greiðslna hins vegar á undan sjóðfélaganum skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagans.

2. Í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá réttindi sjóðfélagans sem því nemur. Heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins skal ekki aukast við þessa ákvörðun sjóðfélagans."

Lögmaðurinn segir að í íslenskri löggjöf sé ekki að finna nein ákvæði sem leiði til að skylt sé að taka réttindi annars hvors hjóna eða beggja í lífeyrissjóðum til skipta. Hann telur að slíkt verði einungis gert með samkomulagi beggja. Ljóst er því að reglur þær sem gilda um fjárskiptingu hjóna og skiptingu lífeyrisréttinda þeirra eru frábrugðnar þeim reglum sem mundu gilda ef þetta mál, sem nú er flutt á þinginu, yrði að lögum. Sú regla sem frv. felur í sér mundi tryggja að lífeyrisréttindi hjóna hefðu komið til skipta.

Íslensk löggjöf byggir hins vegar á því eins og hér hefur verið rakið að þessum réttindum verður haldið utan við skipti nema til komi samkomulag hjóna samkvæmt 95. gr. hjúskaparlaga eða samkvæmt 14. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem kom til framkvæmda 1. janúar 1999. Reglan í frumvarpstextanum er miklu afdráttarlausari en þær reglur sem gilda í dag.

Í íslenskri löggjöf er einnig að finna heimildarákvæði til þess að skipta lífeyrisréttindum hjóna milli þeirra við hjúskaparslit og þá með samkomulagi sem ýmist er gert við fjárskipti, sbr. 95. gr. hjúskaparlaga, eða á fyrri stigum, sbr. fyrri mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.

Herra forseti. Ég tel að hér sé hið þarfasta mál á ferðinni og svo hafi verið þau níu þing sem þetta mál hefur verið lagt fram áður. Að svo mæltu hef ég ekki fleiri orð um þetta mál en óska eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn. Ég vænti þess að þar fái málið efnislega og góða meðferð. Mér býður í grun að starfsmenn allshn. hafi nú í nokkur ár haft málið til skoðunar. Ég man ekki betur en að á einu þinginu hafi þeim verið falið að vinna frekar úr þessu máli enda sat þá hæstv. núv. dómsmrh. í virðulegri allshn. sem formaður. Hún stýrði þar málum af miklum skörungsskap eins og hennar er von og vísa. Þess vegna vona ég að málið verði nokkuð léttara til úrvinnslu hjá þeirri nefnd er nú situr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð einkamála, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 403. mál. — Þskj. 661.

[16:40]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég flyt hér á það sammerkt með málinu sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mælti fyrir áðan að það er mikið og alvarlegt réttlætismál. Í málinu sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson mælti fyrir er um gífurlega hagsmuni að ræða. Þar er um að ræða mál sem kosta mun töluvert mikil átök. Málið sem ég aftur á móti er að flytja er réttlætismál sem ekki hefur í för með sér miklar deilur um hagsmuni. Þó er mikilvægt fyrir einstaklinginn sem í hlut á að hann nái rétti sínum þegar þannig horfir.

Herra forseti. Þetta mál snýst um það þegar einstaklingur sem sótt hefur mál á hendur öðrum, t.d. vegna launakrafna, hefur unnið það fyrir rétti og sá sem tapaði málinu er dæmdur til að greiða allan kostnað; falli sá frá sem greiða átti málskostnaðinn og standi dánarbú viðkomandi eftir án fjármuna þá fellur kostnaðurinn á þann sem unnið hafði málið. Það er mjög merkilegt. Í 130. gr. laga um meðferð einkamála stendur í 1. mgr.:

„Sá sem tapar máli í öllu verulegu skal að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað." Þannig er í því tiltekna máli sem ég var að vísa til en hins vegar er ekki gert ráð fyrir því sem ég nefndi hér að gæti gerst. Þess vegna legg ég fram þetta frv., 403. mál. Með mér eru hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Guðrún Ögmundsdóttir sem flutningsmenn. 1. gr. frv. orðast svo:

„Við 130. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Látist maður sem dæmdur hefur verið til greiðslu málskostnaðar eða hafi hann verið úrskurðaður gjaldþrota eftir að dómur gengur í máli hans og eignir dánar- eða þrotabúsins duga ekki til greiðslu málskostnaðar skal málskostnaður eða það sem eftir stendur af honum greiðast úr ríkissjóði."

Hér getur vart getur verið um mikla fjármuni að ræða. Þó er það hugsanlegt en ég á ekki von á því. Þess vegna er í frv. vísað sérstaklega til breytingar á lögum um meðferð einkamála.

2. gr. frv. hljóðar þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð segir:

„Eitt af grundvallaratriðum íslenskrar stjórnskipunar er að einstaklingar og lögaðilar geta leitað réttar síns með því að bera álitaefni undir dómstóla og fá niðurstöður. Eitt af því sem kemur í veg fyrir að einstaklingar leiti réttar síns er sú staðreynd að jafnvel þótt dómur falli viðkomandi í hag getur hann þurft að greiða málskostnað."

Þetta er einmitt, herra forseti, það sem ég var að lýsa í máli mínu. Jafnvel þótt dómurinn falli viðkomandi í hag getur hann þurft að greiða málskostnað vegna þess að sá sem er sóttur er lýsir sig gjaldþrota áður en til greiðslu málskostnaðar kemur. Því fellur það á þann sem sækir rétt sinn að greiða kostnaðinn.

„Flutningsmenn telja nauðsynlegt að koma í veg fyrir að þessi staðreynd hindri fólk í að leita réttar síns og því er þetta frv. lagt fram. Samfélagið á að sjá til þess að óprúttnir aðilar geti ekki komist hjá því að standa skil á því sem þeim ber með því að lýsa sig gjaldþrota. Ríkissjóður verður að bera ábyrgð á slíkum mönnum. Því er lagt til að ríkissjóður ábyrgist greiðslur í tilvikum sem þessum og að sama regla eigi við þegar sá sem sóttur er fellur frá, og eignir dánarbús hans duga ekki til greiðslu málskostnaðar."

Herra forseti. Í þessum orðum liggja rökin á bak við þetta réttlætismál sem allir sem ég hef borið það undir eru sammála um að sé nauðsynlegt að fella inn í 130. gr. laga um meðferð einkamála. Menn hafa ekki gætt að því þegar þau lög voru sett að upp gætu komið tilvik eins og þau sem ég var hér að vísa til. Það vill svo til að ég veit um fleiri en eitt og fleiri en tvö slík tilvik. Það er virkilega ástæða til að laga þetta. Hér er fyrst og fremst um réttlætismál að ræða en ekki mikla hagsmuni. Þess vegna vonast ég eftir því að hv. allshn., sem fær málið til umfjöllunar, taki það fyrir, skoði og lagi að lögunum eins og hér er gert ráð fyrir. Vera kann nauðsynlegt að breyta þessu frv. á einhvern hátt en þeir gera þá tillögu um það, hv. þm. í allshn. Þetta þarf að afgreiða hið snarasta því að ég trúi ekki því að lítið mál sem þó er mikið réttlætismál þurfi mjög langa umfjöllun. Það er tiltölulega einfalt í framsetningu.

Herra forseti. Um leið og ég lýk máli mínu mælist ég til að málið fari til umfjöllunar í hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:47.

---

74. FUNDUR

miðvikudaginn 8. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 246. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vörumerki, stjfrv., 370. mál, þskj. 626. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 371. mál, þskj. 627. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 359. mál, þskj. 613. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, frv., 204. mál, þskj. 238. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Hjúskaparlög, frv., 255. mál, þskj. 321. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Meðferð einkamála, frv., 403. mál, þskj. 661. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Skipulags- og byggingarlög, 430. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 698.

Stjórn fiskveiða, 429. mál, frv. GAK og ÁSJ, þskj. 697.

Starfsréttindi tannsmiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 246.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vörumerki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 370. mál. — Þskj. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 627.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 359. mál (vitnavernd, barnaklám o.fl.). — Þskj. 613.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. BH o.fl., 204. mál (barnaklám). — Þskj. 238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 255. mál (ellilífeyrisréttindi). — Þskj. 321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð einkamála, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 403. mál. — Þskj. 661.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:35.

---

75. FUNDUR

miðvikudaginn 8. mars,
að loknum 74. fundi.

Dagskrá:

Til fjármálaráðherra:

1. Skattlagning slysabóta, fsp. ÁRJ, 332. mál, þskj. 584.
2. Skattlagning á umferð, fsp. SJS, 369. mál, þskj. 625.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Samræmd slysaskráning, fsp. ÁMöl, 333. mál, þskj. 585.
4. Aðbúnaður þroskaheftra á Landspítala, fsp. ÁRJ, 362. mál, þskj. 617.
5. Meðferðarheimili að Gunnarsholti, fsp. MF, 384. mál, þskj. 642.

Til félagsmálaráðherra:

6. Tekjustofnar sveitarfélaga, fsp. HErl, 353. mál, þskj. 606.
7. Vatnsveitur í dreifbýli, fsp. HErl, 354. mál, þskj. 607.
8. Aðbúnaður þroskaheftra og fatlaðra á Landspítala, fsp. ÁRJ, 363. mál, þskj. 618.
9. Undanþágur frá greiðslu fasteignaskatta og gatnagerðargjalda, fsp. KLM, 412. mál, þskj. 670.

Til umhverfisráðherra:

10. Stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi, fsp. JÁ, 373. mál, þskj. 629.

Til viðskiptaráðherra:

11. Kjör stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, fsp. JóhS, 404. mál, þskj. 662.

Samræmd slysaskráning.

Fsp. ÁMöl, 333. mál. — Þskj. 585.

[13:36]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Árlega slasast yfir 60 þús. Íslendingar eða tæplega fjórðungur þjóðarinnar. Um helmingur þeirra þarf á einhvers konar eftirmeðferð að halda vegna afleiðinga slysa. Þá þarf ekki að hafa mörg orð um aðrar afleiðingar slysa vegna vinnutaps, glataðra æviára og örorku og þjáninga einstaklinga sem í slysum lenda.

Það má benda á að slys eru algengasta dánarorsök þeirra sem eru á aldrinum 5–35 ára hér á landi. Um árabil hafa hugmyndir um samræmda slysaskráningu verið til umræðu og verið kappsmál margra aðila sem með starfi sínu koma að slysum eða slysavörnum. Á árinu 1987 skipaði páv. hæstv. heilbrrh., Ragnhildur Helgadóttir, nefnd um varnir gegn slysum. Ein meginniðurstaða nefndarinnar var að brýnt væri að koma á samræmdri slysaskráningu hér á landi. Lög um slysavarnaráð voru síðan samþykkt í apríl 1994. Eitt meginhlutverk slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa, eins og segir í a-lið 2. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Tilgangur slysavarnaráðs er að stuðla að fækkun slysa. Þeim tilgangi skal ráðið ná með því að:

a. móta reglur sem miða að því að slys séu skilmerkilega skráð og sú skráning sé samræmd, jafnframt því sem séð verði um úrvinnslu þeirra upplýsinga og útgáfu á slysatölum.“

Lög um slysavarnaráð tóku gildi 1. janúar 1995 og starfar ráðið undir handarjaðri landlæknisembættisins.

Kostnaður vegna slysa, m.a. vegna líkamstjóns, eignatjóns, tapaðra vinnustunda og kostnaður vegna mannvirkja hér á landi er gífurlegur og nemur milljörðum kr. árlega. Árlegur kostnaður einungis vegna umferðarslysa hér á landi hefur verið metinn um 14–18 milljarðar. Þrátt fyrir þennan mikla kostnað sem einstaklingar, félög, fyrirtæki og samfélagið allt ber vegna slysa er staðreyndin sú að ekki liggja fyrir nákvæmar heildrænar upplýsingar um orsakir og eðli slysa hér á landi þar sem allir þættir málsins eru metnir, svo sem hvað viðkomandi var að gera þegar slysið varð, hvar slysið átti sér stað, aðstæður þegar slysið varð auk orsaka slysa og afleiðinga.

Ýmsar upplýsingar um slys liggja hins vegar fyrir hjá fjölmörgum aðilum, t.d. hjá lögreglunni, tryggingafélögum, heilbrigðisstofnunum, Vinnueftirlitinu, Umferðarráði, sveitarfélögum, Vegagerðinni, landlækni og Tryggingastofnun svo eitthvað sé nefnt.

Markmiðið með upplýsingasöfnun er þó mismunandi eftir því hvaða aðili á í hlut. Upplýsingar um sama slysið eða

atvikið liggja því hjá mörgum aðilum. Við núverandi aðstæður færi mikil vinna í að tengja saman þessar upplýsingar í heildarmynd, ef það er á annað borð unnt, og þrátt fyrir miklu vinnu allra þessara aðila liggja þessar upplýsingar ekki fyrir á einum stað svo hægt sé að nota þær til grundvallar því að fækka slysum. Upplýsingar um orsök og eðli slysa eru forsenda þess að hægt sé að beita markvissum aðferðum til að lagfæra það sem úrskeiðis fer og fyrirbyggja slys í framtíðinni. Með samræmdri slysaskráningu hér á landi skapast tækifæri til að beina aðgerðum á rétta staði, að réttum aðilum, á réttum tíma og með réttum aðferðum. Ég varpa fram þessari fyrirspurn vegna þess að ég veit að ýmis vinna hefur verið í gangi í ráðuneytinu til þess að undirbúa þetta mál.

[13:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á slysaskráningu með fyrirspurn sinni. Skemmst er frá því að segja að við vonumst til að samræmd skráning allra slysa hefjist um næstu áramót. Hér er um að ræða samvinnuverkefni margra aðila, slysavarnaráðs, heilbrigðisstofnana, Sjúkrahúss Reykjavíkur, ríkislögreglustjóra, Vinnueftirlits, Tryggingastofnunar ríkisins og ýmissa tryggingafélaga. Verkefnið er undir stjórn landlæknis.

Eftir mikla vinnu hefur náðst samstaða um að koma á slysaskrá Íslands og samræma allar upplýsingar sem inn í hana fara. Er það ekki síst að þakka áhuga og frumkvæði slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur og yfirlæknis hennar á undanförnum árum. Þetta er nú að takast undir forustu slysavarnaráðs og landlæknis.

Stefnt er að sameiginlegu skráningarkerfi allra þeirra sem skrá slys, þar með talið sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana, Vinnueftirlits ríkisins, Tryggingastofnunar ríkisins, lögreglu- og tryggingafélaga. Markmiðið er að skrá öll slys, þar með meiðsl sem verða á fólki. Umferðaróhöpp verði skráð, staður, tími kringumstæður og eðli slyss eða atviks. Skráin verður mjög umfangsmikil því gera má ráð fyrir að um 100 þúsund skráningar verði í slysaskrá Íslands árlega eða um 300 á dag. Landlæknir verður ábyrgur og umsjónaraðili skrárinnar.

Samræmd slysaskráning verður mjög gott og virkt tæki til að greina orsakir slysa og beita markvissum forvörnum og jafnvel afmörkuðum aðgerðum. Þannig má benda á að hraðar verður hægt að bregðast við hættulegum aðstæðum, t.d. í umferð, slysum sem hugsanlega eru algengari á vorin eða haustin, þau gætu verið tengd við byrjun skóla svo dæmi séu tekin. Ég vil minnast á að við höfum náð nokkrum árangri varðandi leiksvæði en á þeim málum hefur verið tekið sérstaklega.

Eftir sem áður munu samstarfsaðilar slysaskrárinnar halda þær skrár sem þeir telja nauðsynlegar í sínum störfum en samkeyrsla upplýsinga verður möguleg að vissu marki að fengnu leyfi viðkomandi aðila og tölvunefndar. Umsókn um starfsleyfi slysaskrár Íslands er nú til afgreiðslu hjá tölvunefnd. Fái umsóknin jákvæða afgreiðslu hjá nefndinni liggur fyrir að hanna hugbúnað sem er nauðsynlegur fyrir þessa skrá og verður það að sjálfsögðu boðið út.

Samkvæmt tímaáætlun verkefnisins er áætlað að prófun á hugbúnaðinum og verklagi hefjist haustið 2000 og skráning samkvæmt nýju fyrirkomulagi hefjist um næstu áramót.

Virðulegi forseti. Ég vonast til að þetta mikilvæga tæki muni komast í notkun á næsta ári með það að markmiði að fá betri yfirsýn yfir slys, aðstæður og eðli þeirra svo við getum í framtíðinni komið í veg fyrir slys og þær þjáningar sem í kjölfarið fylgja.

[13:43]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vona að ég hafi tekið rangt eftir þegar hæstv. heilbrrh. svaraði spurningunni. Hún gat ekki um sjómannastéttina. Mér þykir það miður vegna þess að árið 1998 skilaði fimm manna þingnefnd skipuð af hæstv. páv. samgrh., Halldóri Blöndal, viðamikilli skýrslu um slysamál sjómanna. Það er athyglisvert að af 5.000 manna starfsstétt þá slasast á milli 400 og 500 á hverju ári.

Enn þann dag í dag gengur það svo ef sjómenn slasast að þá er siglt í ofboði með þann slasaða í land, honum er hent upp á bryggju og skipið heldur til veiða á ný. Þetta er ekki rannsakað, ekkert athugað. Í gegnum árin hefur Tryggingastofnun ríkisins reynt að halda skrá yfir þessi skip bara út frá peningalegu sjónarmiði. Hafi hins vegar verið leitað upplýsinga um orsakir slysanna o.s.frv. þá hefur sú skráning ekki verið til. Eingöngu hin fjárhagslega hlið málsins er skráð.

Í mörg ár höfum við talað um þetta og Siglingastofnun var byrjuð á þessu. Þetta er auðvitað hið þarfasta mál. Það sem mér kemur hins vegar undarlega fyrir sjónar er: Er ekki ætlunin að hafa slysaskráningu sjómanna í þessu líka? Við í nefndinni lögðum einmitt til að fjármagn yrði veitt í þetta. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa ágætu spurningu. Ég vona að við séum á réttri leið og að sjómannastéttin sé innan borðs í þessu máli líka.

[13:45]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil líka þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli sem er mjög þarft. Eins og síðasti ræðumaður tók fyrir slysasmál sjómanna, þá vil ég í stuttu máli gera að umtalsefni umferðarslys í Reykjavík. Umferðaryfirvöld í Reykjavík hafa árum saman skráð þau slys sem upplýsingar hafa verið aðgengilegar um og myndað á þeim grundvelli svokallaða svartblettaskýrslu sem hefur síðan orðið til að gripið hefur verið til aðgerða, hámarkshraði lækkaður, hraðahindranir settar, götum lokað o.s.frv. Þannig hefur verið gripið til ýmissa slíkra ráða í umferðinni í Reykjavík með góðum árangri. Því er gleðiefni að sjá að með samræmdri slysaskrá yfir landið stefni menn að því á landsvísu. Ég fagna því.

[13:46]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Ástu Möller, fyrir að vekja athygli á þessu hér. Einnig hljótum við að þakka starfsfólki Sjúkrahúss Reykjavíkur fyrir frumkvæði þeirra í þessum málum.

Ég ætlaði nefna sérstaklega skráningar á slysum á sjómönnum úti á sjó. Ég heyrði hæstv. ráðherra ekki nefna það og hvort vinna rannsóknarnefnda að sjóslysum og flugslysum nýttist í þessu. Einnig mætti nefna vinnu sveitarfélaganna á undanförnum árum að skráningu á slysum og eftirliti, ekki bara í Reykjavík heldur vítt og breitt um landið. Víða er unnið að úrbótum í gatnagerð og í ýmsum slysa- eða forvörnum. Yrði þessum upplýsingum þá öllum safnað á sama stað?

[13:47]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa ágætu fyrirspurn, tel að skráning slysa sé í sjálfu sé mjög góð og það að setja hana í einn miðlægan gagnagrunn.

Ég velti því samt fyrir mér og langar að heyra það frá hæstv. heilbrrh. hvort samstaða sé um það meðal lækna að skrá slík slys í einn miðlægan gagnagrunn. Kemur ekki upp sú staða að menn telji að skýrslur sem þar eiga að vera megi ekki nota? Við getum alveg séð fyrir okkur að því miður lenda sömu mennirnir oft í því að slasast vítt og breitt um landið. Þessu er öllu safnað saman á einn stað og auðvelt að telja. Vafalítið væri hægt að gera það tortryggilegt eins og svo margt annað.

Ég velti því fyrir mér hvort ráðherrann sé ekki búinn að fylla upp í öll möguleg göt á löggjöf eins og þessari þannig að við lendum ekki í sömu vandræðunum og með Íslenska erfðagreiningu.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin og þeim sem tóku þátt í umræðunni fyrir athugasemdir þeirra. Það er ljóst að markvissar aðgerðir til að fækka slysum eru fljótar að skila sér til baka til þjóðfélagsins í bættri heilsu, minni þjáningum, minni heilbrigðiskostnaði og lægri iðgjöldum trygginga svo fátt eitt sé nefnt.

Þeir sem eru vel að sér í slysavörnum fullyrða að hægt sé að fyrirbyggja flest slys. Þar er nefnt 90% markið. Þá segja þeir einnig að eitt slys sé einu slysi of mikið. Það er mikilvægt að unnið verði markvisst að fækkun slysa á börnum og unglingum, fækkun vinnuslysa, umferðarslysa, slysum á sjó, á heimilum, í skólum, íþróttum og öðru tómstundastarfi. Ein forsenda þess að hægt verði að ná markmiðum um fækkun slysa er samræmd slysaskráning og samvinna þeirra sem vinna að slysavörnum.

Ég vil í þessu sambandi benda á að ýmsar upplýsingar benda til að aukning sé á slysum hér á landi. Slysum í heimahúsum fjölgaði um 17% á síðasta ári. Umferðarslysum fjölgaði um 20–30% á síðasta ári og þá mest á höfuðborgarsvæðinu.

Í tengslum við aðra fyrirspurn sem liggur fyrir í þinginu frá mér um skotelda fékk ég í hendur skýrslu frá breskum heilbrigðisyfirvöldum um slys af völdum skotelda á árinu 1998. Þar voru öll slík slys skráð, hvers eðlis þau voru, hvers konar skoteldar ollu skaða, í hvaða umdæmi og sjúkrahús viðkomandi leitaði og afdrif viðkomandi auk lýðfræðilegra upplýsinga, aldur og kyn viðkomandi og fleiri atriði. Slík skýrsla er lögð til grundvallar mati og stefnumótun breskra stjórnvalda varðandi skotelda, öryggi þeirra og reglur um aðgengi og umgengni. Slíkt er til fyrirmyndar og ég hlakka til að sjá sams konar skýrslur hér á landi.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbrrh. felur samræmd slysaskráning í sér að margir ólíkir aðilar sem vegna starfsemi sinnar skrá slys skrái gögn sín í sameiginlegt skráningarkerfi. Markmið með samræmdri slysaskrá er að allar nauðsynlegar upplýsingar um slys séu skráðar í sama grunn svo hægt sé að vinna úr og draga lærdóm af þeim til að fyrirbyggja slys í framtíðinni. Þess vegna fagna ég því að þetta er komið á þann rekspöl sem lýst var hér áðan.

[13:51]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er best að það komi hér skýrt fram að þessi slysaskráning á við öll slys á sjó og landi. Það er alveg ljóst og mikill undirbúningur hefur verið að slysaskráningu sjómanna. Af því hafa þeir haft mikinn heiður einmitt á Sjúkrahúsi Reykjavíkur þannig að það er allt undirbúið. Mér fannst ég ekki þurfa að telja upp alla en svo enginn misskilningur sé í málinu þá á þetta við öll slys bæði stór og smá á sjó og landi.

Þessi grunnur er einsdæmi í veröldinni og eins og ég sagði áðan er tölvunefnd núna með hann til umfjöllunar. Ég vona að við fáum jákvæðan stimpil á þennan grunn . Af því á það var minnst áðan hvort ég hefði ekki áhyggjur af því að þetta yrði stoppað, þá hefur verið mikil samstaða um þetta meðal allra heilbrigðisstétta og ég á ekki von á að neitt bakslag verði í því.

Aðbúnaður þroskaheftra á Landspítala.

Fsp. ÁRJ, 362. mál. — Þskj. 617.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. á þskj. 617, það er 362. mál.

Á endurhæfingar- og hæfingardeild Landspítala, háskólasjúkrahúss — eins og það heitir nú — búa enn tugir þroskaheftra einstaklinga sem áður dvöldust á Kópavogshæli. Árið 1992 samþykkti Alþingi að leggja niður Kópavogshælið enda óeðlilegt að hátæknisjúkrahús reki félagsþjónustu fyrir fatlaða. Í lok síðasta árs, í lok ársins 1999, bjuggu enn um 70 þessara einstaklinga á ríkisspítölum. Sjálfsagt má segja að einhverjir þeirra flokkist sem sjúklingar og eigi því heima á sjúkrahúsi, en meginþorrinn ekki. Aðbúnaður margra þeirra er fyrir neðan allar hellur, t.d. þeirra 19 eða 20 sem búa í fjórum gömlum niðurníddum starfsmannaíbúðum sem á engan hátt eru við hæfi fatlaðra.

Nú hafa ráðherrar Framsfl. verið yfir þessum málaflokki í hálfan áratug og ekki hefur ræst úr hjá þessu fólki þó því hafi ítrekað verið lofað. Ég minni á spurningu til Framsfl. árið 1995 fyrir kosningar þar sem spurt er um málefni þeirra einstaklinga sem dvelja á endurhæfingardeildinni í Kópvogi eða Kópavogshæli. Því var svarað í tímariti Þroskahjálpar:

„Þetta er mál sem stjórnvöld verða skilyrðislaust að leysa. Fatlaðir eiga ekki undir engum kringumstæðum að líða fyrir það sem þriðji aðili í deilu stofnana og ráðuneyta.“ Þetta var 1995. Og enn eru þessir einstaklingar á Landspítalanum.

Ég minni einnig á orð hæstv. heilbrrh. í útvarpsþættinum Þjóðarsálinni fyrir ári. Þar vísaði hún til áætlunar félmrh. um hvernig þessum flutningi yrði lokið. Það var fyrir um það bil ári síðan, í febrúar í fyrra, sem hæstv. heilbrrh. viðhafði þau orð.

Aðbúnaður þessa fatlaða fólks í starfsmannablokkinni er ömurlegur. Þetta er gamalt niðurnítt húsnæði sem lítið hefur verið haldið við. Jarðhæðin er rétt fokheld með opnum klóökum. Baðherbergi eru upprunaleg, veggir gegnsósa af raka og illa lyktandi og svona gæti ég áfram talið upp. Aðstaða þessa fólks stenst ekki nokkrar kröfur um lífsgæði og alls ekki lögin um málefni fatlaðra. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„1. Hvenær er fyrirhugað að ráða bót á aðbúnaði þeirra þroskaheftu einstaklinga á endurhæfingar- og hæfingardeild Landspítala sem áður dvöldust á Kópavogshæli?

2. Er ekki tímabært að mati ráðherra að þetta fólk fái þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra?“

[13:55]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Síðan lög um málefni fatlaðra voru samþykkt á Alþingi hafa 42 einstaklingar flust frá Kópavogshæli á sambýli. En það er rétt að 35 einstaklingar bíða eftir að komast á sambýli. 25 einstaklingar verða áfram skjólstæðingar heilbrigðisþjónustunnar. Á meðan heilbrigðisþjónustan sér um þessa einstaklinga munum við gera eins vel við þá og mögulegt er. Það er verið að vinna að því að þessir 35 einstaklingar fari á sambýli.

Á þessu ári og því næsta verða opnuð 13 ný sambýli hér á þessu svæði og það léttir auðvitað mjög á og hv. þm. veit að fyrir það hefur verið mikil þörf. En 13 ný sambýli er nokkuð stór biti og breytir mjög miklu. Því er við að bæta að forstjóri Ríkisspítalanna er einmitt að vinna að þessum málum um þessar mundir. Ég á von á tillögum frá honum innan tíðar. Mjög svipuð fyrirspurn liggur fyrir félmrh. þannig að ég tel að þetta sé nægilegt í bili.

[13:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða um Kópavogshælið og framtíð þeirra sem þar hafa dvalist og nú á endurhæfingar- og hæfingardeild Landspítalans er ekki ný af nálinni. Á sínum tíma var öll áhersla lögð á að menn gæfu sér eitt til tvö ár til þess að ganga frá málefnu þeirra fötluðu einstaklinga sem þar dvöldu.

Nú dvelur enn þá töluverður hópur í endurhæfingar- og hæfingardeild Landspítalans og fellur ekki undir lög um málefni fatlaðra þó þeir ættu kannski fremur heima þar. Spurning mín til hæstv. ráðherra er fyrst og fremst þessi: Um leið og sjúkrahúsin eru efld með því að sameina þau og breyta þeim þannig að þau standist allar kröfur hátæknisjúkrahúsa, finnst henni þá ekki eðlilegt að endanlega sé tryggð framtíð þeirra sjúklinga sem þarna dvelja? Það vantar tímasetningar í þeim efnum, þ.e. hvenær þeir flytjast yfir á sambýli eða aðrar þær stofnanir sem við eiga í hverju tilviki.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég fagna því að unnið sé að því að þessir einstaklingar fái þjónustu við hæfi og samkvæmt lögum. En því miður hefur slíku oft verið lofað eins og ég vitnaði til í máli mínu. Ég verð bara, herra forseti, að treysta því að þarna verði bráðar úrbætur gerðar. Það er ekki forsvaranlegt að bjóða fólki upp á aðstæðurnar í starfsmannaíbúðunum við Kópavogshælið. Þær eru fyrir neðan allar hellur.

Ég treysti því að hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh. taki nú höndum saman og drífi í þessu. Ég heyrði ekki í máli hæstv. ráðherra hvenær hún hyggst vera búinn að flytja þessa einstaklinga úr þessu húsnæði og í viðunandi aðstöðu svo aðbúnaður þeirra verði í samræmi við lögin um málefni fatlaðra hvað varðar þjónustu við þessa einstaklinga.

Ég fagna því að verið er að vinna í málunum. En það þarf að gera meira en tala um hlutina. Framkvæmda er þörf. Vissulega tekur þetta tíma. Ég hef fullan skilning á því og menn hafa í áföngum verið að flytja fólk af Kópaovgshæli í viðunandi sambýli. En þarna er allt of stór hópur sem jafnvel alla sína ævi hefur búið við frekar auman aðbúnað og úr því þarf að bæta sem fyrst.

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki miklu við fyrra svar mitt að bæta. Eins og ég sagði áðan hafa 42 einstaklingar þegar fengið inni á sambýlum, 35 bíða en 25 verða áfram undir handarjaðri heilbrigðisþjónustunnar. Af því það kom fram áðan hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að það breyttist eitthvað við sameininguna og hátæknina þá verða áfram mörg svið innan stóru sjúkrahúsanna. Þar verður endurhæfingarsvið, hæfingarsvið og geðsvið, öldrunarsvið o.s.frv. Þessir 25 einstaklingar munu áfram njóta heilbrigðisþjónustunnar. Aðalatriðið er að sem best fari um þessa einstaklinga og við búum þannig um hnútana að þeim geti liðið vel þar sem þeir eru.

Meðferðarheimili að Gunnarsholti.

Fsp. MF, 384. mál. — Þskj. 642.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Nýverið kom upp umræða sem við þekkjum vel frá síðustu tíu árum eða svo, þ.e. hvort reka eigi eða að loka vistheimilinu að Gunnarsholti í Rangárvallasýslu þar sem dveljast yfir 20 sjúklingar. Heimilið hefur verið rekið af Ríkisspítölunum og undir yfirumsjón geðsviðsins. Það er illþolanlegt bæði fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk að búa við það öryggisleysi hvað varðar framtíðina að þessi umræða skuli koma upp aftur og aftur. Gunnarsholt hefur haft mjög takmarkaðar fjárveitingar úr að spila, reynst ódýrt í rekstri þar sem kostnaður á hvert rúm er aðeins rúmar 6 þús. kr. á dag en það tekur auðvitað mið af því að framlögin hafa verið af skornum skammti til þessa reksturs.

Við sameiningu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík og aukna áherslu á hátækni er ákveðin hætta á því að menn hugsi sér enn frekari samdrátt á öðrum sviðum og þá fyrst og fremst í rekstri eins og þeim sem er í Gunnarsholti. Þar eru sjúklingar sem þarfnast ekki hátæknimeðferðar heldur fyrst og fremst umönnunar og endurhæfingar, að læra að takast á við lífið. Þörfin fyrir stofnun eins og Gunnarsholt verður alltaf til staðar. Vistheimilið er staðsett þannig að það býður upp á mikla möguleika hvað varðar vinnu og alla endurhæfingu. Ég tel að miklir möguleikar séu í því að byggja jafnframt upp frekari starfsemi tengda því sem nú er, t.d. heildstæða endurhæfingarmeðferð fyrir unga fíkniefnaneytendur og fjölskyldur þeirra. En til þess að svo megi verða þarf að auka sjálfstæði þessarar stofnunar og það má og gera í samstarfi við heilbrigðisþjónustuna á svæðinu, í samstarfi við barnaverndaryfirvöld, skóla, bæði grunnskóla og framhaldsskóla. En staðreyndin er sú að þess eru dæmi að ungir sem aldnir sjúklingar, sem eru vistaðir á Gunnarsholti, koma þangað og eru þá hvorki læsir né skrifandi.

Að mínu mati er fráleitt að loka stofnun eins og Gunnarsholti þegar þörfin fyrir slíka starfsemi er fyrir hendi og verður alltaf fyrir hendi og við getum ekki neitað því. Hins vegar er nauðsynlegt að eyða óvissu hvað varðar framtíð þessarar stofnunar og þess vegna væri eðlilegt að mínu mati að gera hana sjálfstæða og gera rammasamning um reksturinn og

uppbygginguna til a.m.k. fimm ára í senn. Þess vegna beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri meðferðarheimilisins að Gunnarsholti? Ef svo er, hverjar eru þær?

2. Telur ráðherra að til greina komi að gera meðferðarheimilið að Gunnarsholti að sjálfstæðri stofnun sem falli undir rekstur heilsugæslunnar í Rangárvallasýslu?

3. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir viðræðum hlutaðeigandi aðila sem miði að slíkum breytingum og tryggi rekstrargrundvöll heimilisins?

[14:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir fyrirspurnina vegna þess að það er mjög mikilvægt að það komi skýrt fram að það á ekki að loka vistheimilinu í Gunnarsholti. Það er alveg ljóst og ekki hafa verið gefin nein fyrirmæli um það. Ég ræddi einmitt sérstaklega eftir að hv. þm. hafði samband við mig út af þessari fyrirspurn við forstjórann og spurði hvort þær hugmyndir að loka Gunnarsholti séu komnar frá honum og svo er ekki. Aftur á móti er verið að ræða um það að breyta þjónustunni í Gunnarsholti eða breyta rekstrarforminu fyrst og fremst. Það er ekki búið að ákveða nákvæmlega hvernig. Hér er spurt að því hvort eðlilegt sé að heilsugæslan í Rangárvallasýslu taki að sér þessa þjónustu. Það er alls ekki útilokað en það hefur ekki verið sérstaklega rætt við þá en með sameiningu heilsugæslunnar á Hellu og Hvolsvelli er það miklu sterkari stofnun en áður var þannig að þeir möguleikar eru fyrir hendi. Eins og stendur er forstjórinn að skoða nýjar rekstrarleiðir einmitt til að gera þessa einingu sjálfstæðari. Eins og kom fram eru þarna 24 einstaklingar sem þurfa kannski ekki beint á læknisþjónustu að halda heldur annars konar þjónustu. Það er rétt sem kemur fram í máli hv. þm. að engin ástæða er til að það séu einmitt sjúkrahúsin í Reykjavík sem reki þessa stofnun.

Nú horfi ég á fyrrv. hæstv. heilbrrh. því að þessi umræða hefur komið svo oft upp og einmitt á svipuðum nótum en ég segi enn og aftur, við ætlum ekki að loka þessari stofnun. Við þurfum þvert á móti að breyta henni og gera hana nútímalegri. Ég þori að fullyrða að hún er stöðnuð miðað við það sem við getum gert í dag þannig að málið er í mikilli deiglu.

[14:06]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á málefnum vistheimilisins í Gunnarsholti. Það hefur verið starfrækt í yfir 40 ár og þar fer fram mikilvæg starfsemi sem þarf að fá að halda áfram. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem starfsemin er í uppnámi en ég held að hafi verið fyrir sjö árum sem urðu umræður í Alþingi um starfsemina.

Á vistheimilinu eru vistaðir um 20–30 vistmenn. Það er ódýrt í rekstri, þar vinna margir úr sveitarfélaginu, Rangárvallahreppi og Hvolhreppi. Það hefur mikil áhrif á atvinnulíf sveitarfélaganna þarna að starfsemin haldi áfram. Ég vil þakka ráðherra sérstaklega fyrir það að eyða þeirri óvissu sem hefur verið uppi og ég tek undir að það þarf að gera stofnunina sjálfstæðari og styrkja reksturinn þannig að hún megi halda áfram.

[14:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Vegna þess að borið hefur á góma í umræðunni áform og umræður sem áttu sér stað um þessa sömu stofnun fyrir sjö árum síðan eða þar um bil, þá vil ég taka það fram og fagna því sérstaklega að þessi mál ber nú á góma. Ég held að það sé full ástæða til þess og tek undir það með hæstv. heilbrrh. að fara í gegnum eðli, tilgang og markmið þeirrar starfsemi sem þarna á sér stað og alls ekki með þeim áformum eins og haldið hefur verið fram að áformað sé að loka stofnuninni. Það var heldur ekki uppi á teningnum fyrir sjö árum heldur hitt að fara í gegnum tilgang og eðli hennar.

Ég hef stundum velt því fyrir mér, ég hef komið að Gunnarsholti oftar en einu sinni, hvar beri að vista þá mikilvægu starfsemi sem þar fer fram. Er það endilega á vettvangi heilbrrn. eða er það e.t.v. á vettvangi hæstv. félmrh., sessunautar heilbrrh.? Er einhvers konar sambland af því tvennu? Ég tek undir að mikilvægt er að fara í gegnum þessi atriði en með því markmiði að tryggja að þessi þjónusta verði til staðar.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og að eyða þeirri óvissu sem er um þennan rekstur. Hins vegar er það rétt sem kom fram hjá henni og ég nefndi reyndar í framsögu minni að umræðan er ekkert ný og það gengur ekki að á hverju ári komi upp vangaveltur um hvort þetta vistheimili eigi að vera áfram í rekstri eða ekki. Tillögur þess efnis að loka voru m.a. ræddar við starfsfólkið fyrir ekki löngu en vissulega var tekið fram að það var eingöngu um hugmyndir og tillögur að ræða.

Ég tel mjög nauðsynlegt að byggja upp þá starfsemi sem þarna er og viðhalda henni. Aldur þeirra sjúklinga sem þarna dveljast hefur færst niður frá því sem áður var. Eðli starfseminnar hefur breyst. Það þarf að gera aðrar kröfur en voru gerðar fyrir nokkrum árum en jafnframt hefur þörfin fyrir það að endurskipuleggja reksturinn með tilliti til þeirra þarfa sem eru hjá sjúklingunum aukist. Eins og ég sagði tel ég mjög mikla nauðsyn að fara í þessa endurskipulagningu og að byggja hana upp í samstarfi við félagsmálayfirvöld, endurhæfingarmeðferð fyrir unga fíkniefnaneytendur sem hafa lokið þeirri meðferð sem þýðir afeitrun. Ég tel að hvergi sé að finna betri stað en einmitt þarna. Það þarf fleiri stöðugildi og það má líka hugsa sér af því að það þarf t.d. núna nýtt stöðugildi eða þyrfti annað stöðugildi geðlæknis á Sogni hvort ekki mætti hugsa sér samstarf þar á milli hvað varðar sérhæfða þjónustu því auðvitað verður fagfólk að koma að þessari uppbyggingu.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra er reiðubúin að ræða hvort gera megi meðferðarheimilið að Gunnarsholti að sjálfstæðri stofnun sem sé rekin í samstarfi við heilsugæsluna á Hellu og Hvolsvelli eða heilbrigðisþjónustuna á Suðurlandi og ég tel að það megi gera einnig í samstarfi við félagsmálayfirvöld og skólayfirvöld því það þurfti að koma þar á einhverri kennslu fyrir þá sem þar dveljast.

[14:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að ekki sé neitt óvissuástand, hvorki á þessum stað né öðrum svipuðum en ég ætla að minna á að það hefur ekki komið til tals síðustu sjö ár neitt slíkt eins og gerðist fyrir sjö árum að talað var um að loka þessari stofnun eða breyta henni verulega. Á undanförnum fimm árum hefur verið mikill friður um þessa stofnun. Aldrei hefur komið til tals núna þó að þessi kvittur hafi komið upp að yfirvöld hefðu hugsað sér að loka henni.

En það er alveg rétt að það þarf að gera hana nútímalegri og þetta er meira félagslegs eðlis en kannski beint á vegum heilbrigðisþjónustunnar þó að við þurfum engan veginn að henda því frá okkur meðan ekki er annað ákveðið.

Eins og ég segi eru umræður í gangi um aðra heilbrigðisþætti á Suðurlandi sem geta tengst Gunnarsholti.

Skattlagning á umferð.

Fsp. SJS, 369. mál. — Þskj. 625.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. fjmrh. nokkurra atriða sem varða skattlagningu á umferð. Fyrri spurningin lýtur að því hvort í starfi sé á vegum fjmrn. eins og þar segir eitthvert starf sem miði að því að endurskoða skattlagningu á umferð, t.d. á tolla, bifreiðagjöld, vörugjöld, bensíngjöld eða þungaskatt og aðra skattheimtu á þessu sviði, þ.e. sem tengist umferð með einhverjum hætti með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að mikilvægt sé, herra forseti, að fara yfir þetta svið í heild sinni og reyna að móta hér með sambærilegum hætti og gert hefur verið víða erlendis einhverja samræmda stefnu sem fylgt sé við skattlagningu á hina ólíku þætti umferðar og innbyrðis samræmi eða hlutföll í þessum efnum fellt með einhverja slíka umhverfismeðvitund að leiðarljósi. Eins og ég segi er það orðið erlendis viðurkennt að með slíkum skattalegum aðgerðum er unnt að stýra og hafa talsverða áhrif á þróun í þessum efnum. Nærtæk dæmi eru skattlagning almenningssamgangna annars vegar eða ívilnandi aðgerðir til að ýta undir þróun almenningssamgangna annars vegar á móti skattlagningu á einkabíla og aðra umferð sem er þó síður ástæða til að ýta undir.

Skattlagningu mismunandi samgöngumáta er einnig beitt gjarnan með það að leiðarljósi að ýta undir samgöngur og t.d. þungaflutninga á sjó og með járnbrautum fremur en á vegum o.s.frv. Ég lýsi eftir því hvort eitthvert slíkt starf sé í gangi á vegum fjmrn. eða hver séu viðhorf hæstv. fjmrh. í þeim efnum, hvort hæstv. ráðherra teldi koma til greina að setja slíkt starf í gang með skipan starfshóps eða einhverjum öðrum hætti.

Seinni liður fyrirspurnarinnar lýtur að því atriði sérstaklega hvort sá möguleiki hafi verið kannaður í ráðuneytinu að sameina gjaldtöku fyrir skyldutryggingu ökutækja, t.d. innheimtu á bensíngjaldi og þungaskatti. Hér er ég reyndar að varpa fram hugmynd sem var gaukað að mér af ágætum hugvitsmanni. Ef það reyndist framkvæmanlegt og menn gætu leyst vandamál sem hugsanlega teldust koma upp í þessu sambandi og vörðuðu samkeppnislög eða annað slíkt, má vel sjá fyrir sér að sjá slíkt fyrirkomulag hefði í för með sér mikla einföldun og sparnað og þau réttlætisrök væru fyrir hendi að iðgjöldin greiddust þá hlutfallslega miðað við notkun tækjanna í gegnum eldsneytisnotkunina sem væri skattaandlagið í því tilviki. Nú verður fróðlegt að heyra svör hæstv. fjmrh. hvort hann sér þetta sem áhugaverðan eða mögulegan kost.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Varðandi fyrri spurninguna um umhverfisskatta í umferðinni er því til að svara að engin sérstök áform eru uppi um að gera grundvallarbreytingar á þeirri gjaldtöku. Þessi fyrirspurn lýtur að tollum, bifreiðagjaldi, vörugjaldi, bensíngjaldi og þungaskatti en þar er að hluta til um að ræða markaða tekjustofna til vegamála eins og kunnugt er en að öðru leyti almenna fjáröflun í ríkissjóð. Það eru því engin sérstök áform um stórtækar breytingar í þessu efni. Hins vegar er vel fylgst með þróun mála í ráðuneytinu að því er þetta varðar. Við höfum m.a. beitt okkur fyrir nokkrum breytingum sem segja má að beri keim af því sjónarmiði sem hv. þm. spurði um.

Hér er t.d. til meðferðar í þinginu þessa dagana sérstakt frv. um ívilnun í vörugjaldi að því er varðar svokallaða tvíorkubíla. Það er m.a. gert með tilliti til umhverfissjónarmiða þannig að svarið við spurningunni er í raun einfalt. Það er engin heildarendurskoðun eða stórfelld áform uppi í þessum efni. Hins vegar er starfandi í ráðuneytinu hópur sérfræðinga sem hefur unnið að því að skoða ýmis álitamál tengd umhverfissköttum og hefur gert það um nokkra hríð án þess að út úr því hafi komið heildarendurskoðun á þessu máli.

Seinni spurningin er dálítið óvenjuleg að mínum dómi. Þar er verið að tengja saman annars vegar innheimtu bensíngjalds og þungaskatts, sem eru einmitt hinir bundnu tekjustofnar til vegagerðar í landinu, og hins vegar skyldutryggingu ökutækja sem byggir á allt öðrum forsendum. Hún byggir á ákvæðum umferðarlaga og eftir atvikum ákvæðum laga um vátryggingarstarfsemi. Markmiðið með skyldutryggingu ökutækja er að sjálfsögðu að tryggja að sá sem ekur bifreið og veldur tjóni sé fær um að greiða slíkt tjón, hafi tryggingu fyrir því. Slíkt iðgjald tekur mið af þyngd ökutækis, afli vélar og mati á hæfi vátryggingartakans til þess að aka téðu ökutæki. Þar er því um að ræða gersamlega óskylt fyrirbæri að mínum dómi, þ.e. skyldutryggingu ökutækis og svo þá innheimtu sem stunduð er í formi bensíngjalds eða þungaskatts til að fjármagna vegagerð í landinu.

Ég verð að viðurkenna að þó hér hafi verið á ferð hugvitsmaður sem gaukaði þessari hugmynd að hv. þm. þá er ég ekki enn þá búinn að ná samhenginu. Kannski þingmaðurinn skýri það betur í seinni ræðu sinni.

[14:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka þetta mál upp. Við í Samfylkingunni höfum stutt það og lagt til að farið verði í heildarendurskoðun á skattlagningu á umferð með tilliti til umhverfissjónarmiða og skattlagningunni breytt. Þess misskilnings hefur að vísu gætt hjá hv. þm. Sjálfstfl., sem stýrir því kannski að menn hafa ekki viljað fara í endurskoðunina, að slík endurskoðun muni leiða af sér hærri skattlagningu. Þannig er það ekki.

Mér þykir leitt að heyra hjá hæstv. ráðherra að ekki eigi að fara í heildarendurskoðun á skattlagningu umferðarinnar, með tilliti til umhverfissjónarmiða en ekki síður vegna þess að nú er eldsneytisverð í sögulegu hámarki. Mikil umræða hefur átt sér stað um skattlagninguna og það er þörf á að fara í þessa endurskoðunarvinnu.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég verð að vísu að játa að ég er ekki sérstaklega upprifinn

yfir þeim. Ég hefði viljað heyra að hæstv. ráðherra hefði meiri skilning á því sem ég tel vera augljósa borðleggjandi þörf fyrir samræmda skoðun á þessu sviði, skattlagningu umferðar og framtíðarstefnumótun í þeim efnum. Ég held að við Íslendingar getum bara ekki leyft okkur að láta þessa hluti þróast algerlega tilviljanakennt og láta reka á reiðanum í fullkomnu meðvitundarleysi á sama tíma og allar aðrar þjóðir reyna að stýra þróuninni meðvitað og ekki síst í gegnum skattalegar aðgerðir. Það er í gegnum slík tæki sem stjórnvöld hafa aðgang að hlutum eins og þessum án þess að beinlínis sé skipað fyrir um hverjir geti ekið einkabílum sínum eða hverjir skuli nota almenningssamgöngur, hvort flutningar fari fram á sjó, vegum eða járnbrautum o.s.frv. Menn geta með þessum tækjum, þ.e. sköttum, stuðlað að tiltekinni þróun sem er jákvæð í umhverfislegu tilliti. Til þess að það sé hægt verður auðvitað að kortleggja svið og hafa einhverja samræmda stefnu. Ég leyfi mér því að ítreka það og hvetja hæstv. fjmrh. til að íhuga betur hvort ekki sé þörf á starfshópi eða samræmdu skipulögðu starfi á þessu sviði.

Hvað varðar seinni spurninguna er það misskilningur hjá hæstv. ráðherra að verið sé að hengja þetta sérstaklega við töku bensíngjalds eða þungaskatts. Hins vegar er bent á að eldsneytisnotkunin, þ.e. aksturinn í kílómetrum, geti verið andlag fyrir þessa gjaldtöku. Þá er tvennu af þrennu haldið til haga, þ.e. þyngd ökutækisins og vélarafli. Það verðleggst auðvitað í gegnum notkunina og myndar í raun mjög skynsamlegt skattandlag fyrir þessi iðgjöld. Það sem tapast að vísu, og það viðurkenni ég, er ökuferilsskrá viðkomandi ökumanns. Spurningin er hvort ekki er hægt að mæta því með einhverjum öðrum hætti.

Ég tel hugmyndina mjög áhugaverða og býðst til að halda námskeið fyrir hæstv. fjmrh. um þessa gagnmerku hugmynd.

[14:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir góðar ábendingar og vil að endingu óska honum góðrar ferðar í umferðinni vestur um haf.

Skattlagning slysabóta.

Fsp. ÁRJ, 332. mál. — Þskj. 584.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Á síðasta ári var mörgum öryrkjum gert að greiða skatt vegna slysabóta allt að sex ár aftur í tímann. Þeir stóðu í þeirri trú að bæturnar væru ekki skattskyldar. Bætur fyrir varanlegt líkamstjón sem greiðist í einu lagi eru undanþegnar tekjuskatti en bætur vegna tímabundins tekjutaps eru aftur á móti skattskyldar eins og laun. Þessar upplýsingar virðast ekki hafa skilað sér til þeirra sem fengu þessar greiðslur sl. sex ár, enda fengu þeir ekki neina launaseðla um greiðslurnar frá tryggingafélögunum né var tekin af þeim staðgreiðsla. Engar upplýsingar voru heldur gefnar um skattameðferð. Það hefur greinilega ýtt undir þá trú að hér væri um skattfrjálsar bætur að ræða og þeir því talið þær fram sem skaðabætur sem eru undanþegnar skatti. Skattstjórar skattlögðu síðan þessa tjónþola vegna þessara greiðslna allt að sex ár aftur í tímann eins og ég sagði áðan. Einhverjir kærðu þetta til yfirskattanefndar og þá var málið látið niður falla vegna annmarka á málsmeðferð. Þannig sluppu tugir við skattgreiðsluna en aðrir fengu áfram kröfu um greiðslu skattsins á bótunum frá skattstjóra.

Þarna virðist ekki eitt yfir alla látið ganga. Ég veit til þess að menn sem fengu slíka kröfu, tóku lán og greiddu skattaskuldina en hafa síðan ekki getað fengið hana endurgreidda. Þeir sem kærðu sluppu hins vegar. Ég get ekki séð annað en þarna sé mönnum mismunað og velti fyrir mér hvort þarna sé ekki um brot á jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar ræða.

Ég spyr hæstv. ráðherra vegna þessa máls: Hversu margir voru krafðir um skatt af slysaörorkugreiðslum vegna tímabundinnar örorku á þessu tímabili? Hversu margir fengu skattinn felldan niður? Hversu margir tjónþolar hafa þegar greitt skattinn og hversu háar upphæðir er um að ræða? Hefur einhverjum verið endurgreiddur skatturinn og hvaða rök eru fyrir því að það sitji ekki allir við sama borð gagnvart þessari skattlagningu?

[14:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er hárrétt sem kom fram hjá fyrirspyrjanda. Í skattalögum er gerður greinarmunur á annars vegar tímabundinni örorku og hins vegar varanlegri örorku. Hér er um það að tefla að í mörgum tilfellum virðist sem tryggingafélög hafi ekki sent út launamiða þar sem fram kemur að viðkomandi slysbætur hafi verið skattskyldar. Það hefur leitt til þeirrar stöðu að hluti skattgreiðenda sem hefur fengið þessar bætur hefur talið þær fram og borgað þær í skatt en ákveðinn hluti ekki.

Það er grundvallaratriði í skattaréttinum að jafnræðis sé gætt og tveir aðilar í sömu stöðu sæti sömu skattmeðferð. Þegar skattstjórar fóru að kanna þetta mál kom á daginn að sumir höfðu talið fram og greitt sinn skatt en aðrir höfðu ekki gert það. Þá bar þeim að krefja viðkomandi um upplýsingar og úrskurða um breytingar á álögðum gjöldum.

Á árinu 1998 var úrskurðað í 360 málum af þessu tagi í Reykjavík og á árinu 1999 voru þau 340. Samtals eru þetta um 700 manns hér í Reykjavík á þessu tveggja ára tímabili en upplýsingar frá öðrum embættum liggja ekki fyrir.

Enginn fær þennan skatt felldan niður frekar en aðra skatta. Álagðir rétt ákvarðaðir skattar eru ekki felldir niður. Það er engin heimild til að fella þá niður. Hins vegar getur verið um að ræða sérstakar ívilnanir á grundvelli 66. gr. skattalaganna. Einhverjir munu hafa fengið úrskurð í samræmi við þá grein enda hafa þeir uppfyllt þau skilyrði sem þar er gert ráð fyrir. Einhverjir þeirra sem hér hafa verið nefndir til sögunnar hafa getað beitt þessu úrræði enda er ljóst að í mörgum tilfellum hefur svona eftirákrafa komið sér afar illa fyrir fólk í bágri stöðu. Það er ekki um það að ræða að menn fái skatt, hvorki þennan skatt né annan, felldan niður án þess að beitt sé slíkri ívilnun.

Einhverjir hafa síðan vísað málum sínum til yfirskattanefndar eins og eðlilegt er. Það er réttur hvers skattgreiðanda. Sumir af þeim hafa fengið þann úrskurð að úrskurður skattstjóra hafi verið ómerktur vegna formgalla. Þá má búast við því að skattstjórar krefji um skattinn að nýju þegar úr formgöllum hefur verið bætt. Í þeim tilvikum hefur einhverjum verið endurgreiddur skatturinn á meðan, eftir að úrskurður yfirskattanefndar hefur legið fyrir. Við höfum ekki upplýsingar um hversu margir aðilar þetta eru og heldur ekki svar við spurningu fyrirspyrjanda um hversu margir hafi greitt skattinn eftir þessa meðferð og hve háar upphæðir sé um

að ræða. Það er ekki til nein samkeyrsla á því hverjir hafa fengið hækkun opinberra gjalda annars vegar og svo hins vegar hvernig innheimtan fer fram. Því sinnir annað embætti og aðrir innheimtuaðilar. Svo spilar þar auðvitað inn í að menn geta átt ónotaðan persónuafslátt eða millifæranlegan persónuafslátt frá maka. Þess vegna eru slíkar upplýsingar ekki handbærar. Hins vegar er hægt að skýra frá því að hækkun tekjuskatts hjá skattstjóranum í Reykjavík vegna skattskyldra slysadagpeninga var rúmlega 41 millj. kr. á árinu 1998 og 45,5 millj. á árinu 1999 eða samtals 86,6 millj. á þessum tveimur árum.

Fyrirspyrjandi spurði: Hvaða rök eru fyrir því að ekki sitja allir við sama borð gagnvart þessari skattlagningu? Að sjálfsögðu eru engin rök fyrir því og það er ástæðan fyrir aðgerðum skattstjóranna. Það eru aldrei nein rök fyrir því að fólk sitji ekki við sama borð og fyrirspurnin er villandi að þessu leyti vegna þess að í henni er fullyrðing sem stenst ekki.

Í ljós kom að það var ósamræmi hjá aðilum m.a. vegna þess eins og ég gat um áðan að tryggingarfélög höfðu greitt háar bótafjárhæðir, skattskyldar bótagreiðslur, án þess að gera grein fyrir þeim á launamiðum eða til tjónþolendanna sjálfra. Þetta leiddi til þess að einungis hluti tjónþolenda greiddi skatt af þeim bótum sem þeir þáðu þó svo að bæturnar væru skattskyldar. Þegar þetta var skoðað árið 1995 kom í ljós að um 40 af hundraði höfðu greitt skattinn, 60 af hundraði höfðu ekki gert það og þá var næsta verkefni skattstjóranna að grafast fyrir um ástæður hjá þessum aðilum og með þeim afleiðingum og þeirri málsmeðferð sem ég hef síðan rakið.

Aðgerðir skattyfirvalda hafa haft þau áhrif að frá árinu 1998 hafa tryggingafélögin talið þetta samviskusamlega fram á launamiðum. Við gerum okkur því vonir um að frá og með því ári hafi þetta vandamál verið leyst að því leyti til að allar greiðslur eru nú upp gefnar af hálfu tryggingafélaganna og bótaþegar eiga ekki að vera í vafa um hvar skattskylda þeirra liggur í málinu.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér en það voru því miður ekki svör við öllum spurningum, en þeim sem hann svaraði. Ég verð að segja að auðvitað er verið að mismuna fólki og þetta er fólk sem á undir högg að sækja. Ég veit t.d. til þess að fólk sem hefur lent í svona slysum og er illa statt fjárhagslega varð að taka lán til að borga þennan skatt, síðan sér það aðra við hliðina á sér sem hafa lent í svipuðu, kærðu og hafa ekki þurft að borga skattinn. Auðvitað er verið að mismuna fólki á þennan hátt. Það er síðan spurning hvort skattstjórarnir muni krefja þá sem hafa ekki þurft að greiða um greiðslu en einhverjir hafa fengið undanþágu skv. 66. gr. laganna. Ég get ekki séð að fólk sé í sömu stöðu hvað þetta varðar. Vissulega ætti þetta mál að vera úr sögunni í framtíðinni því það er búið að taka á þessu. Það er alveg ljóst að fólk fékk ekki upplýsingar um að það ætti að telja þetta fram til skatts þannig að það var afvegaleitt, það er í raun verið að villa um fyrir fólki af því það fékk ekki upplýsingar. Þetta fólk á vissulega margt mjög erfitt fjárhagslega eftir að hafa lent í slysum og ég velti því fyrir mér hvort það er ekki einhvern veginn hægt að koma til móts við það þannig að þeir sem tóku á sig skuldir til að greiða þennan skatt geti þá a.m.k. fengið einhverjar undanþágur eða lækkun á þeim sköttum sambærilegt við þá sem fengu þetta niðurfellt.

[14:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er rétt hjá fyrirspyrjanda að það er grundvallaratriði í þessum efnum eins og í öðrum skattamálum og gæta jafnræðis. Vandinn sem upp kom í þessu máli var einmitt sá að hluti greiðenda, hluti bótaþega, sem hlaut bætur frá tryggingafélögum vegna tímabundinnar örorku, taldi þær bætur fram samviskulega og greiddi af þeim skatt, á meðan aðrir gerðu það ekki af einhverjum ástæðum, m.a. þeirri að tryggingafélög brugðust þeirri skyldu sinni að senda inn launamiða og gefa tjónþolendum upplýsingar um þessar tekjur. Þess vegna er rangt að leggja málið þannig fyrir að þeir sem töldu þetta ekki fram eigi meiri rétt en þeir sem töldu þetta fram og borguðu skatt af því frá byrjun. En vegna þess að þarna er um að ræða afbrigðilega málavöxtu að því leyti til að flestir þessara aðila hefðu eflaust reiknað með því að fá tilkynningar frá greiðendunum, þ.e. tryggingafélögunum, um þessar upphæðir í tengslum við skattframtöl sín, þá hefur verið af hálfu skattyfirvaldanna, skattstjóranna, reynt að fara eins mildilegum höndum um þessi mál og hægt er á grundvelli þeirra ívilnanaheimilda sem er að finna í 66. gr. skattalaganna. Það eru auðvitað ekki allir, sem hafa lent í slysi, sem hafa lent í mjög bágri fjárhagslegri aðstöðu, það er ekki hægt að fella alla undir þá grein, að sjálfsögðu ekki, enda væri það þá misnotkun á þeim heimildum. En aðalatriðið er að allir sitji við sama borð. Hafi það verið þannig að fólk hafi getað fengið úrskurðum skattstjóranna breytt hjá yfirskattanefnd er það vegna þess að málsatvik hafa annaðhvort verið með öðrum hætti en hjá einhverjum öðrum eða þá um er að ræða formgalla sem leiðréttist á endanum með því að skattstjóri gegnir formskyldum sínum og enduráleggur eða ákvarðar þessi gjöld upp á nýtt og þá borgar fólkið þetta bara seinna.

[14:35]

Útbýting þingskjals:

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 340. mál, svar umhvrh., þskj. 694.

Stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi.

Fsp. JÁ, 373. mál. — Þskj. 629.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 629 ber ég fram þrjár spurningar til hæstv. umhvrh.

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 1994 og ef svo er, hvenær koma þær fyrirætlanir til framkvæmda?

2. Hve margir samningar hafa náðst við landeigendur á svæði fyrirhugaðs þjóðgarðs?

3. Hve marga samninga er gert ráð fyrir að gera við landeigendur um kaup á jörðum á svæðinu?

Þegar þær fyrirætlanir urðu ljósar frá ríkisstjórn Íslands árið 1994 að til stæði að stofna þjóðgarð á Snæfellsnesi urðu margir mjög áhugasamir um þetta verkefni um allt land og ekki hvað síst á Snæfellsnesi og þeir sem þar þekkja til. Þetta er afskaplega fallegt og mikilfenglegt svæði, þarna eru margar náttúruperlur og þarna er mikil ferðaþjónusta

til staðar. Þess vegna blandast margvíslegir hagsmunir inn í málið sem verða til þess að margir vilja hafa áhrif á að það verði af framkvæmdum hvað þetta varðar. Ég veit að ferðaþjónustuaðilar hafa mikinn áhuga á því að hægt sé að tala um þetta svæði sem þjóðgarð. Þeir sem hafa áhuga á þeim náttúruperlum sem þarna eru telja líka að það sé fólgið í því öryggi gagnvart þeim að það verði af stofnun þessa þjóðgarðs. Ég er fyrst og fremst að spyrja þessara spurninga til að vekja athygli á málinu, fá fram afstöðu nýs umhvrh. í málinu, hvernig hann ætlar að beita sér í því og hvernig hann sér þetta mál ganga fram fyrir sér núna, hvenær við getum séð endanlega ákvörðun í þessu máli og hvað þurfi þá að gera til þess að hún geti orðið að veruleika ef einhver vandamál eru á ferðinni hvað stofnun þessa þjóðgarðs varðar.

Ég vonast til þess að ég fái svör við þessum spurningum sem eru skýr og í þeim verði fólgin skilaboð til þeirra sem spyrja eftir þessu máli.

[14:39]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég svara fsp. frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni á þskj. 629 um stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi.

Í fyrsta lagi er spurt hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir stofnun þjóðgarðs á Snæfellsnesi í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 1994 og ef svo er, hvenær þær fyrirætlanir komi til framkvæmda.

Því svara ég játandi en eins og kemur fram í verkefnaskrá umhvrn. er fyrirhugað að þjóðgarður á utanverðu Snæfellsnesi verði stofnaður á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar en ríkisstjórnin samþykkti í febrúar 1994 tillögu umhvrh. að hefja undirbúning að stofnun þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi. Undir lok árs 1997 skilaði nefnd tillögum um frekari útfærslu. Einn liður í undirbúningnum er að reyna að ná samningum við landeigendur um kaup á viðkomandi jörðum þannig að allt þjóðgarðslandið verði í eigu ríkisins í þeim tilgangi að einfalda og auðvelda stjórnun svæðisins og tryggja að markmiðin með stofnun þjóðgarðsins náist. Náist ekki samningar við landeigendur, sem ekkert bendir reyndar til nú, þá mundi það ekki hafa áhrif á áætlanir um stofnun þjóðgarðsins, því skv. 51. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, er heimilt að stofna þjóðgarða án þess að allt land viðkomandi þjóðgarðs sé í eigu ríkisins að því gefnu að samkomulag náist milli ráðherra og landeigenda. Á væntanlegu þjóðgarðssvæði eru ýmsir landeigendur; þrjár jarðir eru í eigu ríkissjóðs, ein jörð er í eigu sveitarfélags og sjö jarðir eru í eigu einkaaðila.

Í öðru lagi er spurt hve margir samningar hafi náðst við landeigendur á svæði fyrirhugaðs þjóðgarðs. Því er til að svara að þegar hefur verið gengið frá fjórum samningum en þar af eru þrjár jarðir ríkisjarðir. Þó ekki sé um eiginleg kaup að ræða á þeim þarf að gera samninga þar að lútandi.

Í þriðja lagi er spurt um hve marga samninga sé gert ráð fyrir að gera við landeigendur um kaup á jörðum á svæðinu. Því er til að svara að væntanlega munu verða gerðir alls sjö samningar um kaup á jörðum ef samningar nást við jarðeigendur.

Ég vil að endingu, virðulegur forseti, taka undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að það er mikill áhugi á þessu máli úti í samfélaginu og afstaða mín er mjög skýr. Ég styð þetta mál heils hugar og vona að við náum samningum við landeigendur, sem hafa vissulega tafið málið, og vona að samningar náist sem fyrst.

[14:42]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt að þetta mál skuli bera á góma á Alþingi. Margir hafa mikinn áhuga á því eins og hefur komið fram í umræðunni að drifið verði í að koma þjóðgarðinum á laggirnar. Það má líka geta þess að ferðamennska eykst og æ fleiri sækja að skoða hina stórkostlegu náttúru undir Jökli og víðar. Þess vegna tek ég undir það sem fram hefur komið hjá fyrirspyrjanda að drifið verði í að koma þjóðgarði á. Það er ágætt að heyra svör hæstv. umhvrh. um þessi mál og væntum við góðs af því þegar þjóðgarður á Snæfellsnesi verður orðinn að veruleika.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Í orðum hæstv. ráðherra kom mjög skýrt fram að ráðherrann hefur mikinn áhuga á því að þessu máli vindi hratt fram. Ég hef enga ástæðu til að halda annað en fullur hugur sé á bak við það hjá öllum þeim aðilum sem eiga hlut að máli. Ég vonast til þess að þetta fari nú að ganga því að ýmsir eru nú orðnir dálítið langeygir eftir því að hlutirnir gangi fyrir sig. Auðvitað vitum við að það er ekkert einfalt að ná samningum við landeigendur um kaup á löndum vegna máls eins og þessa. Ég er hins vegar mjög sammála þeirri stefnu sem þarna er uppi að þetta land verði allt í eigu þjóðgarðsins eða það verði ekki einkaeignir inni á svæðinu. Ef mögulegt er að leysa málið þannig er það langbest og þess vegna tel ég að það þurfi auðvitað að teygja sig dálítið langt í því að ná fram slíkum samningum. Ekki eiga mjög margir aðilar hlut að máli þannig að maður vonast til þess að þessir hlutir fari nú að ganga fyrir sig og þeim ljúki. Eins og áður hefur komið fram eru fjölmargir sem horfa til þess að ákvörðun verði tekin og menn geti farið að tala um og gera þá hluti sem tengjast því að þarna verði þjóðgarður á Snæfellsnesi. Ég endurtek þakkir fyrir svör ráðherrans og er mjög ánægður að heyra hve mikinn áhuga ráðherrann hefur á málinu.

[14:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og þann skilning sem hv. fyrirspyrjandi, Jóhann Ársælsson, sýnir á stöðu þessara mála og tek undir að það er mjög æskilegt að ríkið eigi jarðirnar sem falli undir væntanlegan þjóðgarð, það mundi að mínu mati einfalda mjög stjórnun á honum. Meiningin hjá okkur er því að reyna að ná samningum við jarðeigendur þannig að hægt sé að ganga frá því heildstætt í einum pakka. Það er nokkuð flókið mál og þess vegna hefur dráttur orðið á að stofna þjóðgarðinn. Sveitarfélagið Snæfellsbær mun leggja þarna til sitt land, það er ekki endanlega búið að skrifa undir þá samninga en það er ekkert því til fyrirstöðu. Það er mikill vilji meðal heimamanna að ganga í þetta og þeir hafa samband og spyrja um stöðu mála. En þetta er flóknara en svo að hægt sé að ganga frá þessu mjög hratt vegna þeirrar stöðu mála að einkajarðir eru þarna inni á svæðinu. En svæðið er, eins og hér hefur komið fram, mjög sérstakt, það er ótrúlega fallegt og þarna eru miklar menningarminjar og lifandi saga. Ég vil líka draga það fram að svæðið nýtur góðs af því að vera í tiltölulega mikilli nálægð við Breiðafjörðinn, þannig að í framtíðinni þegar við verðum komin með þjóðgarð á Snæfellsnesi verður mjög spennandi að tengja hann við Breiðafjörðinn og verndarsvæðið sem er á Breiðafirði og

allt sem við ætlum að gera á því svæði, en nú hefur einmitt nýlega komið fram verndaráætlun fyrir Breiðafjörð. En ég vil þakka fyrir umræðurnar og skilninginn sem þessu máli er sýndur.

Tekjustofnar sveitarfélaga.

Fsp. HErl, 353. mál. — Þskj. 606.

[14:47]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Undanfarin ár hefur rekstur sveitarfélaganna og fjárhagsstaða versnað og sérstaklega hjá minni sveitarfélögunum. Mjög víða nægja tekjurnar vart fyrir rekstri hvað þá framkvæmdum, svo lántaka hefur aukist og skuldastaðan versnað. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga hefur aukið rekstrarþátt sveitarfélaganna stórlega, en tekjur hafa ekki aukist að sama skapi. Fyrir síðastliðin áramót greiddi ríkissjóður í einu lagi háar fjárhæðir til mjög margra sveitarfélaga, sem voru annars vegar fækkunarframlag og hins vegar aukið þjónustuframlag. Þetta voru háar upphæðir a.m.k. hjá þeim sveitarfélögum þar sem mikil fólksfjölgun hafði orðið síðastliðin þrjú ár. Þessir peningar bjarga a.m.k. sumum sveitarfélögum næstu eitt til tvö árin, en ekki er vitað fyrir víst um framhaldið. Það er því mjög óþægilegt fyrir sveitarfélögin hve margir óvissuþættir eru hvað varðar tekjur þeirra. En tekjustofnarnir eru eins og menn vita útsvarstekjur, fasteignagjöld, framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem aftur skiptist í tekjujöfnunarframlag, þjónustuframlag og grunnskólaframlag og svo núna á síðastliðnu ári fólksfækkunarframlag. Tekjujöfnunarframlögin sem taka mið af útsvarstekjum o.fl. eru oft nokkuð rokkandi á milli ára eins og á við um útsvarstekjurnar sjálfar, þau eru lægri til lítilla sveitarfélaga á hvern íbúa en þeirra sem stærri eru, þ.e. miðað við 300 íbúa mörkin.

Afar margir íbúar í dreifbýlinu eru óánægðir með að greiða jafnhá fasteignagjöld af íbúðarhúsum eða íbúðum sínum og þeir sem búa þar sem söluverð húsnæðis er margfalt hærra. Þá er erfitt að leggja hæstu leyfilegu álagningu fasteignagjalda á eignir í dreifbýli þar sem tekjur eru miklu lægri en víða á stærri stöðum. Ef breyta á fasteignagjöldum á landsbyggðinni með hliðsjón af söluverði fasteigna þarf að bæta sveitarfélögunum tekjutapið. Margt fleira mætti hér tína til sem lýsir því að rekstur sveitarfélaganna hefur þyngst. Því ber ég hér upp fsp. fyrir hönd hv. þm. Helgu Erlingsdóttur til hæstv. félmrh. um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga:

„Hvað líður vinnu nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og hvenær er gert ráð fyrir að hún ljúki störfum og skili niðurstöðum?“

[14:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrst vil ég taka fram að mér þykir leitt að hafa ekki haft tækifæri til að svara hv. þm. Helgu Erlingsdóttur sjálfri, en þannig háttaði til að ég gat ekki komið því við að svara þessari fsp. meðan hún átti sæti hér. En nóg um það.

Ég skipaði í júní á síðasta ári nefnd til að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og formaður þeirrar nefndar er hv. þm. Jón Kristjánsson, sem er formaður fjárln. Þessi nefnd á að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga þannig að þeir verði á hverjum tíma í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum er lögskylt að sinna. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar á hún að skila greinargerð og tillögum sínum fyrir mitt næsta sumar þannig að hægt verði að leggja fram frv. til breytinga á tekjustofnalögum á haustþinginu.

Það hefur komið fram, bæði hjá sveitarfélögum og ýmsum öðrum aðilum, að ýmsar væntingar eru gerðar til nefndarinnar og það sýnir þörf á því að framkvæma slíka heildarendurskoðun á tekjustofnakerfi sveitarfélaganna. Nefndin hefur vandasamt verkefni og þarf að fara vel í saumana á tekjustofnakerfinu og gefa gaum að ýmsum þáttum þar að lútandi. Til að vanda sem best undirbúning að tillögugerðinni hefur nefndin á þeim tíma sem liðinn er frá skipun hennar leitast við að afla sem bestra upplýsinga, bæði um virkni tekjustofnakerfisins hér á landi og getu þess til að standa straum af lögskipuðum verkefnum sveitarfélaga með tilliti til stærðar þeirra, gerðar og landfræðilegrar staðsetningar. Til að gefa sem gleggsta mynd af þessum málum hefur nefndin kallað til sín ýmsa sérfræðinga, bæði til að ræða einstaka þætti tekjustofnalaganna og til að fjalla um tekjustofnamál almennt. Þá hefur nefndin enn fremur óskað eftir athugasemdum og ábendingum frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga og fengið af því tilefni þó nokkuð af bréfum. Nefndin hefur einnig sett í gang skoðun á löggjöf um tekjustofna sveitarfélaga í nágrannalöndum okkar, einkum á Norðurlöndum, í því augnamiði að leiða fram þróun síðustu ára í þeim löndum og viðhorf sem hugsanlega gætu átt erindi í endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga hér á landi. Nefndin á að skila tillögum fyrir mitt sumar eins og áður sagði og það er ekki neitt sem bendir til annars en að sá tímarammi muni haldast. Nefndin mun ekki vera farin að stilla upp tillögum en mun gera það á næstu mánuðum þegar hún er komin enn lengra í upplýsingaöfluninni.

Það er ekki algilt sem kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman að fjárhagur minni sveitarfélaganna sé lakari en stærri sveitarfélaganna. Flest þau sveitarfélög sem eru í krítískri stöðu hér á landi eru nokkuð stór. Það eru yfirleitt ekki litlu sveitahrepparnir sem eiga við fjárhagsvanda að etja. Hins vegar er þar yfirleitt gegnumgangandi minni þjónusta veitt en í stærri sveitarfélögunum.

Varðandi fasteignagjöldin sem hv. þm. minntist einnig á, þá er ákvarðað í stjórnarsáttmálanum að taka á því máli og það er eitt af verkefnum tekjustofnanefndarinnar að gera það. Það er ekki vandalaust mál og ég hef lagt mjög ríka áherslu á að til þess að unnt sé að breyta þessu fyrirkomulagi með uppreikningi sem tekinn var upp samkvæmt beiðni sveitarfélaganna 1994, minnir mig. Það var að beiðni sveitarfélaganna sem sú uppreikningsaðferð var fundin, en til að hverfa frá henni verður að útvega sveitarfélögunum tekjustofna í staðinn. Það þýðir ekkert að svipta sveitarfélögin á landsbyggðinni tekjustofni sem þau hafa nema þau fái eitthvað í staðinn. Þá er náttúrlega nærtækast að líta til jöfnunarsjóðs.

[14:55]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið veiti ég forstöðu þeirri nefnd sem er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra er upplýsingaöflun nefndarinnar komin vel á veg og fram undan er að taka ákvarðanir um að hve miklu leyti tekjustofnakerfinu verður breytt og hver hlutur sveitarfélaganna á að vera að við teljum. Ég get nefnt það að fram hefur komið í samanburði

nefndarinnar á löggjöfinni hér og á Norðurlöndunum t.d. og í öðrum nágrannalöndum okkar, að tekjustofnakerfið hér er einfalt og skilvirkt. Ég tel ekki ástæðu til að hvolfa því við, en aðalatriðið er hvað er sveitarfélaganna og hvað ríkisins og taka ákvörðun um það miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja. Ég á von á því að nefndin haldi sín tímamörk og skili af sér á miðju ári.

[14:56]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að hafin skuli vera vinna af fullum krafti við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaganna og árétta að hér er um mjög brýnt mál að ræða. Fasteignagjöldin eins og þau eru í dag eru hróplegur mismununarskattur á fólk sem býr á landsbyggðinni, ég tala nú ekki um í byggðarlögum þar sem eignir eru hér um bil verðlausar.

En ég vil koma því á framfæri að það er einn flokkur enn sem þarf að líta á og það eru ferðaþjónustuaðilar í sveitum. Ég vil að það verði skoðað ítarlega hvort ekki sé hægt að binda fasteignagjöld hjá ferðaþjónustuaðilum í sveitum við notkun að einhverju leyti því að í mörgum tilfellum er um mjög tímabundna notkun að ræða, í kannski þrjá, fjóra eða fimm mánuði og síðan standa eignirnar auðar það sem eftir er ársins eða yfir veturinn. Þetta þarf að skoða mjög alvarlega að mínu mati.

[14:57]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Varðandi fsp. um gang vinnu við tillögugerð við að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga vil ég láta í ljós þá skoðun mína að mér finnst þessi vinna ganga allt of hægt. Nefnd var skipuð á síðasta sumri og það var alveg ljóst að mörg sveitarfélög eiga í miklum fjárhagslegum vandræðum og bíða eftir tillögum eða úrlausnum í þessum efnum. Aukin verkefni hafa verið færð til sveitarfélaganna en tekjustofnar hafa ekki fylgt eftir miðað við þær væntingar, þannig að mér finnst ansi langt að bíða til næsta sumars og næsta hausts. Það hefði verið eðlilegra að þessi nefnd hefði skilað, þó ekki hefði verið nema áfangaáliti hingað inn á Alþingi áður en því lyki nú, þannig að hægt væri að fjalla um það og árétta þær áherslur sem þar þyrftu að koma inn. Ég segi því að þessi nefnd vinnur allt of hægt miðað við alvarleika málsins.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 3. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[14:58]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vísa því algjörlega á bug sem tilefnislausu að þessi nefnd hafi slugsað nokkuð við vinnu sína. Það er góð samstaða í nefndinni hjá fulltrúum sveitarfélaganna sem í henni eru um öll hennar vinnubrögð. Hún hefur unnið eðlilega og það er algjörlega úr lausu lofti gripið að hér sé um nokkurn hægagang að ræða miðað við þau verkefni sem fyrir liggja og um þessi vinnubrögð er algjör sátt.

[14:59]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þó að ég geti ekki talað hér fyrir hönd hv. þm. Jóns Bjarnasonar og svarað fyrir hann, þá geri ég því skóna að hann hefði viljað að nefndinni hefði verið ætlað að skila af sér fyrr, a.m.k. áfangaskýrslu til þess að við gætum fjallað um hana, en ég gat ekki heyrt í máli hv. þm. að hann væri neitt að ásaka nefndina um seinagang sem slíkan í nefndinni.

En ég ætla að halda mig við minn hluta að þessu máli. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Svo er að heyra að nefndin sé að afla þeirra gagna sem þarf til að fara í þessa vinnu. Það er mikil vinna — ég geri mér grein fyrir því — að reyna að finna og ná sátt um skiptingu tekjustofna á milli ríkis og sveitarfélaga. Verkefnið er brýnt og það má kannski segja að í heildina hafi verið farið of seint í þessa endurskoðun. Fólksflótti eða fólksfækkun á landsbyggðinni er alvarlegt mál og dýr fyrir þjóðfélagið og þetta er einn liður af mörgum til að bæta stöðu sveitarfélaganna þannig að þau geti þjónað íbúunum svo þeir megi sáttir við una heima fyrir, að þeir fái þjónustu eins og þá sem fólk fær á höfuðborgarsvæðinu. Það kom hér fram hjá hæstv. ráðherra að litlu sveitarfélögin eru kannski ekki verst sett. En þjónustan hjá þeim er líka sama og engin og fólksflóttinn eða fólksflutningar frá þessum svæðum er líka mikið áhyggjuefni. Allt þetta helst í hendur. Það þarf að styrkja stöðu sveitarfélaganna.

[15:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ekki veit ég hvernig það er eystra en þannig háttar til í mínu kjördæmi að það er síður en svo frekar brottflutningur fólks úr minni sveitarfélögunum en þeim stærri. Yfirleitt er fólksflóttinn úr stærri sveitarfélögunum. Nóg um það.

Ég tel að tekjustofnanefndin vinni alveg eðlilega og tek undir það sem hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður nefndarinnar, sagði að það sem máli skiptir er að hún skili af sér tillögum þannig að hægt verði að ganga frá tekjustofnum fyrir næstu fjárlagagerð. Það er það sem máli skiptir.

Varðandi flutning verkefna þá er mjög mikilvægt að flytja sem mest af verkefnum til sveitarfélaganna og það er eðlileg byggðastefna að vinna í heimabyggð þau verkefni sem hægt er að vinna þar fremur en að gera það fyrir sunnan. Að því vil ég vinna og styrkja sveitarstjórnarstigið.

Skattheimta á þegnanna má ekki vera mismunandi. Hún á að vera sem jöfnust eða sem réttlátust. En eins og nú háttar til er hún í mörgum tilfellum þyngri á landsbyggðinni. Ég tala nú ekki um skatt sem lagður er t.d. á flutninga á landsbyggðinni. Hann er fyrst og fremst borgaður af landsbyggðinni. Eins er með fasteignagjöldin sem lögð eru á eignir eða stofn sem er miklu hærri en hann á að vera.

Peningar verða auðvitað að fylgja þeim verkefnum sem sveitarfélögin taka við. Grunnskólinn fékk meira en samið var um. Samkvæmt grunnskólalögunum er reyndar líka verið að endurskoða kostnaðinn við grunnskólann og það er prýðileg sátt í þeim sveitarfélögum sem hafa tekið við málefnum fatlaðra um þá fjármuni sem þau hafa fengið, með einni undantekningu.

Vatnsveitur í dreifbýli.

Fsp. HErl, 354. mál. — Þskj. 607.

[15:04]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Fram til ársins 1998 voru vatnsveitur í sveitum styrktar í gegnum búnaðarfélögin eða Bændasamtökin. Styrkurinn var 44% af kostnaði við framkvæmdina. Starfsmaður Bændasamtakanna mældi fyrir vatnsveitum og tók þær út án endurgjalds. Nú hefur orðið breyting á vegna

þess að framlög þau sem áður voru veitt búnaðarsjóðunum hafa algjörlega verið felld niður. Nú þarf að leita til sveitarfélagsins eftir vatnsveitustyrk og styrkur til framkvæmdanna kemur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Styrkirnir eru þrepaskiptir eftir stærð sveitarfélaga. Hæstir eru þeir til vatnsveitna í minnstu sveitarfélögunum í dreifbýli, eða 50%. Það er þó skilyrði að sveitarfélögin leggi veiturnar og reki þær. Sveitarfélögin þurfa að gera samning við ábúanda, þ.e. að fá leyfi fyrir lagningu veitunnar og fá samþykki viðkomandi ráðuneytis fyrir gjaldskrá sem notandi greiðir síðan til sveitarsjóðs. Þetta kostar alls konar snúninga og fyrirhöfn og um leið peninga. Það sem er einnig erfitt fyrir flesta bændur í sveitum landsins er að þeir eiga sínar veitur sjálfir og reka þær. Ef leggja þarf nýja veitu yrði hún að vera kostuð og rekin af sveitarfélaginu með því fyrirkomulagi sem er í gildi í dag. Það skapar mismunun milli viðkomandi aðila. Til að réttlætinu yrði fullnægt þyrftu sveitarfélögin í raun og veru að kaupa allar vatnsveitur og reka þær. Því er fyrirspurn mín til hæstv. félmrh.:

Hver er afstaða ráðherra til reglna um styrki til byggingar vatnsveitna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir endurskoðun á þessu fyrir komulagi þannig að framkvæmdir á vegum einstakra býla geti notið styrkja eins og áður var?

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er ráðherrann tilbúinn að gera.

Lög um aðstoð til vatnsveitna voru samþykkt 1947. Á grundvelli þeirra styrkti ríkissjóður vatnsveitufram kvæmdir á þéttbýlissvæðum og gilti sú tilhögun til ársins 1989 þegar verulegar breytingar voru gerðar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Frá ársbyrjun 1990 yfirtók Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þessa styrki á grundvelli breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Varðandi vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa í sveitum þá voru ákvæði í jarðræktarlögunum um skyldur ríkisins til greiðslu framlaga vegna þessara vatnsveitna. Búnaðarfélag Íslands hafði með úthlutun þessara framlaga að gera, svo og eftirlit með framkvæmdum. Fyrir nokkrum árum fór að gæta mikillar tregðu með fjármagn til þessara framlaga eins og annarra framlaga sem tengdust einhvern veginn landbúnaði öðruvísi en í gegnum skógrækt eða landgræðslu og þessi framlög voru alveg felld niður, sem er náttúrlega ómögulegt fyrirkomulag. Ég beitti mér fyrir breytingum á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem tók gildi í janúar 1999 þannig að heimilt væri að greiða úr honum framlög til vatnsveitna í sveitum. En eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Árna Steinars Jóhannssonar, eru verulegir annmarkar á því að gera þetta í gegnum sveitarfélögin, koma þessum framlögum til réttra aðila með milligöngu sveitarfélaganna. Ég hef því ákveðið að leggja til við tekjustofnanefndina, og er reyndar búinn að því, að við endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga verði heimilt að greiða þessi framlög með milligöngu Bændasamtakanna. Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna hefur ekki heimild til að greiða öðrum en sveitarfélögunum. En ég óska eftir því að opnað verði fyrir heimild til þess að greiða þessa upphæð í einu lagi til Bændasamtakanna, sem síðan tækju að sér að koma framlaginu til réttra aðila samkvæmt mælingu þar að lútandi þegar úttekt verður á framkvæmdum. Það er alveg óviðunandi að ekki gildi jafnræði um aðstoð í þessu efni við vatnsveiturnar. Ég vil stefna að því að það verði 50% styrkur á kostnaði við upptökuvirki, aðveitur og miðlunartanka.

[15:09]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svarið. Ég hef orðið mjög vör við áhyggjur manna, sérstaklega þeirra sem eru í ferðaþjónustu, sem standa frammi fyrir því að þurfa að fara í vatnsöflun og leggja vatnsveitur á jörðum sínum, en hafa ekki möguleika til að nýta sér vatnsveitur sveitarfélaganna. En þannig háttar til í dreifbýlinu að oft er æðilangt á milli bæja, oft jafnvel 10–15 km og þá duga nú lítið vatnsveitur í eigu sveitarfélaganna. Ég fagna því þessu sérstaklega og ég veit að bændur og ferðaþjónustuaðilar munu verða mjög ánægðir með svar ráðherra.

[15:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta misrétti sem hefur viðgengist varðandi vatnsveitur til sveita á bændabýlum nú nokkur ár er náttúrlega algjörlega til skammar. Ég veit ekki betur en hæstv. félmrh. hafi hér áður verið með yfirlýsingu þess efnis að það hefði jafnvel átt að vera búið að koma þessu réttlætismáli í lag. Ég fagna þeim áherslum sem hann leggur á þetta, en ég hefði gjarnan viljað sjá þetta vera fyrr komið í höfn og þetta ætti ekki að þurfa dragast með því að tengja það endilega endurskoðun á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Það ætti að finnast önnur leið til að gera þessa brýnu réttlætisleiðréttingu því þetta misrétti hefur varað nú í nokkur ár og tækifæri hafa gefist til að leiðrétta það. Ég fagna einlægum vilja ráðherrans og dreg hann ekkert í efa, en þetta þarf að gerast og því fyrr, því betra.

[15:12]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Það er ánægjulegt ef úr því verður sem hæstv. félmrh. sagði áðan, að hann mundi beita sér fyrir því að bændur fengju fjármagn til þess að leggja nýjar vatnsveitur. Það er líka alveg ljóst að gerðar eru æ meiri kröfur til vatns á býlum og bæjum vegna aukinna krafna og nýrra reglna. Þess vegna er nauðsynlegt að huga að þessu máli. Þá má líka spyrja hvort ekki komi til greina að þeir bændur sem nú þegar hafa lagt mikið fjármagn í vatnsveitur einmitt vegna breytinga og nýrra krafna fái eitthvað af þeim fjármunum sem verða settir í þetta því ekki mun af veita.

[15:13]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna góðum undirtektum hæstv. félmrh. við málið, en vil benda á eftirfarandi. Þetta er stórmál. Vatn er ein af grunnþörfum mannsins. Ég held að þetta sé ekki svo flókið. Það má vel vera milliganga sveitarfélagsins gagnvart jöfnunarsjóðnum. Málið snýst ekki um það. Ég held að málið snúist fyrst og fremst um að þessi minni sveitarfélög hafa ekkert bolmagn til að reka vatnsveitur. Þær verða að vera í eigu bændanna. Við erum náttúrlega fyrst og fremst að hugsa um bændabýli í þessu samhengi. Bændasamtökin þurfa kannski ekkert að vera milliliður í því sambandi. Sveitarfélagið getur vel verið sá milliliður. Ég held að allir geti sæst á að fyrirkomulagið sem var með 50% framlag gekk ágætlega. Þá er þetta bara spurning um milligöngu sveitarfélagsins í stað Bændasamtakanna og er ekkert stórmál. Þetta ætti að vera auðvelt í framkvæmd á þennan hátt. Það er heimild til þess að fjármagna þetta í gegnum jöfnunarsjóðinn og það er ekkert um annað að ræða í þessu sambandi en að hafa þá milligöngu sveitarfélagsins.

En ég held að það sé borin von að ætla sveitarfélögum í strjálbýlinu að reka vatnsveitur á býlunum sjálfum. Ég held að fyrirkomulagið eins og það var, að bændurnir sjálfir eigi inntökumannvirki og stofnlögn hafi gefist ágætlega. Hér er um stórmál að ræða eins og bent hefur verið á út frá t.d. matvælaframleiðslu því að ferskt vatn og ómengað er algjör forsenda þess að hægt sé að framleiða heilnæma landbúnaðarvöru. Við megum ekki láta okkar eftir liggja til að sá grunnþáttur sé í eins fullkomnu lagi og hægt er að hugsa sér. Það er grunnatriði. Þetta eru grunnþarfir samfélagsins.

[15:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er nokkuð til í því sem síðasti ræðumaður sagði um grunnþarfirnar. Ég sat ráðstefnu í Istanbúl fyrir tveim, þrem árum síðan þar sem á það var bent af hálfu aðalritara Sameinuðu þjóðanna að vatnsskortur væri líklega mesta vandamálið sem að veröldinni steðjaði, þ.e. að aðgengi að góðu vatni væri mannkyninu dýrmætast. Og það er feiknalega mikilvægt fyrir heimilin að hafa aðgengi að góðu og hreinu vatni og það þarf að vanda til þess arna, bæði vegna búsþarfa og ferðaþjónustu og það hefur ekkert verið ofsagt þar um. En vatnsveitur eru teknar út eftir á og þess vegna er þetta ekkert forhlaupin tíð og greiðslur eiga að geta komist í réttar hendur þrátt fyrir að búið sé að byggja vatnsveiturnar í einhverjum tilfellum. Það hefur borið á tregðu hjá sumum sveitarfélögum við að blanda sér í að reka vatnsveitur eða taka þátt í þessum vatnsveituframkvæmdum. Þar fyrir utan hefur upphæðin verið mismunandi eftir sveitarfélögum. Ég held að miklu réttlátara og einfaldara og eðlilegra sé að fela Bændasamtökunum að gera þetta. En til þess þarf lagabreytingu, þ.e. til þess að það sé heimilt að jöfnunarsjóðurinn greiði Bændasamtökunum eina upphæð sem Bændasamtökin rökstyddu með umsókn í jöfnunarsjóð. Ég held að þetta sé einfaldasta leiðin og ég veit ekki annað en að um málið verði fjallað á yfirstandandi búnaðarþingi.

Aðbúnaður þroskaheftra og fatlaðra á Landspítala.

Fsp. ÁRJ, 363. mál. — Þskj. 618.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir fyrirspurn til hæstv. félmrh. Í framhaldi af fyrirspurn fyrr á fundinum til hæstv. heilbrrh. kom fram að í húsnæði Landspítala í Kópavogi á endurhæfingar- og hæfingardeild búa nú 35 fatlaðir einstaklingar við óviðunandi aðstæður. Ég lýsti húsnæðinu nokkuð í fyrri fyrirspurn minni. En mig langar, með leyfi forseta, að vitna aðeins í ályktun Landssamtakanna Þroskahjálpar um Kópavogshælið. Þetta er ályktun sem gerð var á fundi þeirra síðastliðinn október.

„Árið 1992 samþykkti Alþingi að leggja Kópavogshæli niður. Enn búa um 70 manns“ — svo stendur hér, en innskot mitt er 35 — „á Kópavogshæli sem skilgreint er sem sjúkrahús. Íbúar þar fá því ekki örorkubætur né njóta félagsþjónustu sveitarfélaga á borð við liðveislu og ferðaþjónustu fatlaðra. Óeðlilegt er að hátæknisjúkrahús eins og Ríkisspítalar séu að reka félagsþjónustu fyrir fatlaða. Fólk um allan heim er sammála um að stórar sólarhringsstofnanir eigi ekki rétt á sér sem heimili fatlaðra og skuli leggja þær niður og bjóða íbúunum almenna búsetu úti í samfélaginu.

Skorað er á ríkisstjórn að standa við gefin loforð við íbúa Kópavogshælis um nýja búsetu. Gera þarf áætlun um að ljúka flutningi fólks af hælinu þannig að íbúarnir þurfi ekki að vera í endalausri óvissu um framtíð sína. Tryggja verður þeim sömu grundvallarmannréttindi og öðrum þjóðfélagsþegnum.

Kópavogshæli var byggt upp fyrir fólkið sem þar býr og framkvæmdir fjármagnaðar með fjárveitingum til málefna fatlaðra. Eðlilegt er því að eignir á Kópavogshæli verði seldar og fénu varið í nýtt húsnæði fyrir núverandi íbúa hælisins. Rekstrarfé til þjónustu við íbúana er þegar fyrir hendi og á að fylgja þeim.“

Eftir svar hæstv. heilbrrh. hefur ekkert komið fram um það hvernig áætlunin er sem hæstv. heilbrrh. vísaði til í Þjóðarsálinni fyrir ári síðan, þ.e. að hæstv. félmrh. væri búinn að láta gera áætlun um það hvernig þessir einstaklingar yrðu fluttir í annað húsnæði. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvenær flutningi þessa fólks verði lokið. Og í hverju er áætlunin fólgin? Við verðum að fá svar við því hér hvenær ráðherra hyggist ljúka þessum flutningi, því það er búið að lofa svo miklu og af þeim svörum sem hér hafa verið gefin er maður ekki nokkru nær um það hvenær verður búið að flytja þessa einstaklinga úr þessu óviðunandi húsnæði.

[15:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem lögð var fyrir mig á þskj. 618 frá hv. fyrirspyrjanda hljóðaði svo:

„Hvað kemur í veg fyrir að þeir þroskaheftu og fötluðu einstaklingar sem dvöldust á Kópavogshæli og dveljast enn í húsnæði Ríkisspítala fái þjónustu í samræmi við lög um málefni fatlaðra?“

Þetta var fyrirspurnin sem lögð var fram á þingskjalinu og ég mun reyna að svara henni.

Sjúklingar og vistmenn sem búa á endurhæfingardeild og hæfingardeild Landsspítalans og njóta þjónustu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og deildin er skilgreind sem sérhæft sjúkrahús. Í þeim lögum er í 1. gr. kveðið á um að allir landsmenn skuli eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma sem tök eru á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði. Og deildin í Kópavogi er sjúkrahús samkvæmt 24. gr. laganna. Með setningu laganna um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, varð engin breyting á lagalegri stöðu Kópavogshælis. Nú heitir það endurhæfingardeild og hæfingardeild Landsspítalans. Þar af leiðandi varð engin breyting á réttarstöðu fólksins sem þar býr. Í greinargerð með frv. til þeirra laga var bent á að Kópavogshælið væri rekið sem sjúkrahús og vísað í því sambandi til reglugerðar nr. 386/1985. Þar er um að ræða sérstaka reglugerð um stofnunina sem undirrituð var af heilbrrh. Þar segir jafnframt í greinargerðinni að Kópavogshælið verði rekið sem sjúkrahús en ekki sem vistheimili þannig að kjarni málsins er sá að deildin er rekin sem stofnun samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu en ekki samkvæmt lögum um málefni fatlaðra.

Sú félagslega þjónusta sem lög um málefni fatlaðra taka til nær ekki til þeirra sem falla undir lög um heilbrigðisþjónustu, enda er í þeim lögum gert ráð fyrir að þeir sem búa á heilbrigðisstofnunum fái þar alla nauðsynlega þjónustu. Eina skynsamlega leiðin til þess að tryggja að fatlaðir einstaklingar sem enn búa á deildinni í Kópavogi fái notið þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er sú að

hraða flutningi þeirra af deildinni og í sambýli eða í einstaklingsíbúðir sem reknar væru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra eða nýjum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Með því móti mundu einstaklingarnir fara að njóta þjónustu samkvæmt þeim lögum, þ.e. lögum um málefni fatlaðra eða lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Rétt fyrir kosningarnar 1995 var gerður samningur á milli félmrn. og heilbrrn. um útskrift 37 vistmanna af deild Landspítalans í Kópavogi yfir á sambýli á vegum félmrn. 34 hafa þegar útskrifast og búa í sambýlum. Þrír af þessum hópi dvelja enn á deildinni í Kópavogi. Þessi gjörningur var gerður án þess að nokkurt fjármagn væri fyrir hendi til þess að taka við viðkomandi einstaklingum. Þessir einstaklingar af Kópavogshælinu hafa haft forgang því samningurinn hefur bundið okkur og á meðan hafa safnast upp biðlistar hjá fötluðum fyrir úrræði. Það hafa sem sagt 34 útskrifast nú og búa á sambýlum, en þrír úr þessum hópi dvelja enn í deildinni í Kópavogi. En þessir þrír munu flytjast á sambýli í Garðabæ nú í apríl.

Fjöldi vistmanna á deild Ríkisspítalanna í Kópavogi er alls 63. 25 þeirra eru sjúklingar og verða áfram á deildinni en 35, ef ekki eru taldir með þeir framangreindu þrír sem flytja í vor, eru fatlaðir einstaklingar sem geta flust út í bæ samkvæmt upplýsingum yfirlæknis. Enn fremur hafa fjórir eða fimm einstaklingar flust í sambýli sem ekki voru á upphaflega forgangslistanum sem gerður var á sínum tíma þannig að 41 eða 42 einstaklingar hafa flust í sambýli á undanförnum árum.

Samkvæmt læknismati geta sem sagt 35 einstaklingar til viðbótar flust á sambýli út í bæ eða út í samfélagið. Að sjálfsögðu er stefnt að því og nefnd um biðlista eftir úrræðum fyrir fatlaða skilaði tillögum 1998 og biðlistunum á að eyða á næstu fimm árum og það hefur verið unnið sl. tvö ár samkvæmt tillögum þessarar nefndar. Og á árunum 1999 og 2000 verða tekin í notkun samtals 13 sambýli.

[15:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er sama málið og var hér til umræðu rétt áðan þegar hæstv. heilbrrh. var fyrir svörum. Það kom fram hjá hæstv. félmrh. að þarna væri um að ræða 35 sjúklingar sem í raun ættu að njóta þeirrar þjónustu og réttinda sem lög um málefni fatlaðra veita fötluðum einstaklingum, en við það að dvelja á þessari stofnun þá falli þeir undir lög um heilbrigðisþjónustu, þ.e. þeir fá ekki liðveislu, eiga ekki rétt á ferðaþjónustu og ýmsum öðrum réttindum sem lög um málefni fatlaðra veita fötluðum. Þarna er pottur brotinn á mörgum stöðum. Í raun gildir það sama um þá sjúklinga sem eru á Gunnarsholti. Það þarf að skilgreina mjög skýrt verkefni heilbrrn. og félmrn. og í þeim tilvikum sem um er að ræða stofnanir þar sem dvelja sjúklingar sem heyra til beggja ráðuneyta, verði samstarfssamningur á milli sem tryggi réttindi þeirra sem í hlut eiga.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég skil þau þannig að áætlunin sem hæstv. ráðherra hefur látið gera í framhaldi af ákvörðun biðlistanefndarinnar sé að stefnt verði að því á næstu fimm árum að þessir 35 einstaklingar sem búa á Ríkisspítölunum í Kópavogi komist á sambýli og fái þá þjónustu við hæfi. Ég vil minna á að 1995 svaraði Framsfl. því aðspurður í tímariti Þroskahjálpar um það hvað eigi að gera í málefnum þeirra sem vilja flytjast frá endurhæfingardeildinni í Kópavogi, þá svarar hann þannig:

„Þetta er mál sem stjórnvöld verða skilyrðislaust að leysa. Fatlaðir eiga ekki undir neinum kringumstæðum að líða fyrir það sem þriðji aðili í deilu stofnana og ráðuneyta."

Það vita allir sem vilja vita það að hér hefur verið deila milli ráðuneyta, milli félmrn. og heilbrrn. Og þetta fólk líður fyrir þessa deilu. Þroskahjálp bendir á það í ályktun sinni sem ég las hér upp áðan, herra forseti, að það á auðvitað að vera hægur vandi að leysa þetta. Það þarf að selja eignir Kópavogshælis sem voru reistar fyrir fé sem kom úr fjárveitingum ætluðum til málefna fatlaðra og láta féð fylgja einstaklingunum þannig að þeir geti fengið þjónustu við hæfi. Við getum ekki beðið með það í fimm ár í viðbót. Það eru fimm ár síðan Framsfl. sagði þetta opinberlega og er margbúinn að lofa þessu fólki og ættingjum þess að það fái úrlausn mála, fái þjónustu við hæfi, eins og lög kveða á um. Ég get ekki sætt mig við það að enn eigi að bíða í fimm ár eftir að þetta fólk fái þá þjónustu sem því ber. Það verður að taka betur á málunum. Loforðin hafa verið slík að það er ekki stætt á því fyrir hæstv. ráðherra að draga þetta fólk á þjónustu í fimm ár í viðbót.

[15:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég get ekki hér og nú slegið föstum dagsetningum, en ég vil taka fram að það er ekkert alslæmt að búa á Kópavogshælinu og það hafa meira að segja komið upp nokkur vandamál hjá sumum þeirra sem hafa verið útskrifaðir af Kópavogshælinu, að vinahópurinn hefur verið klofinn og fólki komið í nýtt umhverfi o.s.frv. og það hafa skapast vandamál í einstöku tilfellum út af því.

Það verður faglegt mat að ráða hverjir hafa forgang til þeirra úrræða sem til eru á hverjum tíma og suma vantar alveg úrræði. Við megum ekki gleyma því að suma vantar alveg úrræði og búa við verri aðstæður en eru á Kópavogshælinu og það er hörmulegt upp á það að horfa. Því miður. Þróun í búsetumálum fatlaðra er mjög ör. Við horfum upp á að stofnanir sem byggðar voru af miklum stórhug og fórnfýsi og mikilli framsýni að menn héldu fyrir nokkrum árum, eins og t.d. Vonarland á Egilsstöðum og Bræðratunga á Ísafirði, þykja vera orðnar úreltar. Þá var farið að byggja sambýli. Nú þykir æskilegasta búsetan að búa í litlum íbúðum eða búa í einstaklingsíbúðum og það er æ meira að færast í það horf að það verði úrræðið fyrir þá sem á annað borð eru nokkuð sjálfbjarga eða þurfa ekki sólarhringshjúkrun. Sorgin við þetta er sú að bygging sambýlanna, þessara sérhæfðu sambýla, hefur reynst alveg ofboðslega dýr og það er komið svo langt úr hófi þegar plássið er farið að kosta á milli 10 og 20 millj. fyrir hvern einstakling, að litlar íbúðir er betra úrræði og ódýrara en sambýli.

Undanþágur frá greiðslu fasteignaskatta og gatnagerðargjalda.

Fsp. KLM, 412. mál. — Þskj. 670.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er til hæstv. félmrh. og er á þskj. 670. Hún er borin fram vegna þess að við hér á Alþingi höfum hlustað á að hæstv. forsrh. hefur allt að því

hundskammað sveitarfélögin í landinu fyrir að ógna stöðugleikanum í landinu og safna skuldum þó að í skýrslum megi skoða og sjá að í upplýsingum um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga frá 1990–1997 kemur fram að fjárhagur sveitarfélaga hafi verið skertur um 14–15 milljarða á umræddum sjö árum vegna beinna aðgerða eða afskipta ríkisvaldsins. Þegar sveitarfélög eru skömmuð úr þessum ágæta ræðustól á hv. Alþingi af oddvita ríkisstjórnarinnar koma upp í huga manns þeir tekjustofnar sem sveitarfélög eiga að hafa, og sífellt er verið að skerða eins og ég sagði áðan. Einn af þeim tekjustofnum sem sveitarfélögin hafa og fá frá öllum nema nokkrum opinberum stofnunum er fasteignaskattur. Fyrirspurn mín er sett fram til að spyrja hæstv. félmrh. hvaða undanþágur frá greiðslu fasteignaskatta og gatnagerðargjalda eru í gildi, hvaða opinberar og hálfopinberar stofnanir og fyrirtæki njóta þessa afsláttar og á hvaða lögum er það byggt. Ég tek skýrt fram að um er að ræða fasteignaskatta. Sumt sem kallast lóðarleiga, vatnsskattur, holræsagjöld eru greidd að mér skilst til sveitarfélaganna, en fasteignaskattar ekki. Það verður fróðlegt að heyra frá hæstv. félmrh. við hvaða lög er miðað þegar um þessi atriði er að ræða.

Ég get tekið sem dæmi um hvað þetta er mikið í kjördæmi okkar hæstv. félmrh. Sveitarfélagið Skagafjörður er skert um svona 6–8 millj. kr. vegna fasteignaskatta af ýmsum opinberum byggingum eins og fjölbrautaskóla og mannvirkjum Rariks. Lítið sveitarfélag sem Siglufjörður heitir er skert um 800–900 þús. vegna einnar byggingar sem Rarik á og þannig má lengi telja.

Hæstv. forseti. Fyrirspurn mín er svohljóðandi:

„Hvaða opinberar stofnanir og fyrirtæki, að hluta eða að fullu í eigu ríkisins, eru undanþegin greiðslu fasteignaskatta og gatnagerðargjalda til sveitarfélaga og á hvaða lögum er það grundvallað?“

[15:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef látið taka saman skrá um þau tilvik þar sem undanþágur eru frá greiðslu. Undanþegin fasteignaskatti eru Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og Jarðboranir ríkisins samkvæmt orkulögum, Orkubú Vestfjarða er einnig undanþegið fasteignaskatti. Undanþegin fasteignaskatti og gatnagerðargjaldi eru samkvæmt sérlögum þar um Norræni tækni- og iðnþróunarsjóðurinn, Byggðastofnun, Þróunarsjóður fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland, Norrænn þróunarsjóður, Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar, skrifstofa Útflutningsráðs Íslands, Þróunarsjóður sjávarútvegsins og Lýðveldissjóður. Þessi fyrirtæki voru undanþegin fasteignasköttum og gatnagerðargjöldum. Síðan eru undanþegin fasteignasköttum samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sjúkrastofnanir og lóðir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur og lóðir, skólar og lóðir, heimavistir og lóðir, barnaheimili og lóðir, íþróttahús og lóðir, skipbrotsmannaskýli og lóðir, sæluhús og lóðir, bókasöfn og önnur safnahús og lóðir. Undanþegnar gatnagerðargjöldum eru heilsugæslustöðvar, sjúkrabyggingar, framhaldsskólar, kirkjur og lögboðin prestssetur.

Herra forseti. Ég vona að þessi upptalning sé fullnægjandi. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að þarna er um talsvert miklar undanþágur að ræða, en spurningin er hvort nokkuð óeðlilegt er við það að slík starfsemi sé undanþegin. Það getur verið viðkomandi sveitarfélagi mjög mikilvægt og sveitarfélagi til mikilla hagsbóta að hafa slíka starfsemi, jafnvel þó að þessar undanþágur séu í gildi. Ég mun að lokinni þessari umræðu gefa hv. þm. ljósrit af þessari skrá honum til fróðleiks.

[15:38]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Mig langar til að gera smáathugasemd. Ástandið er þannig hjá mörgum sveitarfélögum að tekjustofnar hafa rýrnað mikið vegna fólksflótta af landsbyggðinni. Útsvarstekjur hafa lækkað vegna þess að margt fólk er að flýja út af atvinnuástandi sums staðar úti á landi. Þess vegna tel ég að kominn sé tími til að endurskoða þessa fasteignaskatta. Þessar byggingar eru margar mikilvægar, en margar aðrar eru það einnig. Sérstaklega vil ég nefna orkufyrirtækin sem taka óhemjumikið fjármagn fyrir sína orku, og ég held að það væri allt í lagi að sett yrðu lög um það að þau fyrirtæki greiddu fasteignagjöld eins og mörg önnur fyrirtæki sem hafa tekjur af stöðunni, svo sem útgerðarfyrirtæki og margt annað.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir upplesturinn úr skýrslunni og hv. þm. sem hér tók til máls. Ég vil aðeins ítreka það og segja að mér finnst þetta mjög óeðlilegt. Ég lít ekki svo á að það eigi að vera einhvers konar dúsa fyrir sveitarfélögin að fá þessar opinberu stofnanir, að þau eigi bara að láta sér það duga og að ekki eigi að greiða lögboðin gjöld af fasteignum sínum. Það má t.d. spyrja: Hvað ef einkaaðilar rækju nú rafmagnseftirlit í húsinu við hliðina á Rafmagnseftirliti ríkisins? Væri þá ekki verið að mismuna fyrirtækjum og þetta orðið mál fyrir Samkeppnisstofnun? Ég er þeirrar skoðunar að ríkisvaldið, ríkissjóður, eigi að greiða sveitarfélögum þau gjöld, eins og fasteignaskatta og annað af öllum þeim húsum og fasteignum sem hér hafa verið talin upp, nema ég vil sérstaklega undanskilja kirkjurnar. Þetta er enn eitt dæmið um að ríkisvaldið setur lög þar sem sveitarfélögin fá ekki að halda tekjustofnum sínum og líka það sem verra er, hreinlega skerða stórlega þær litlu tekjur sem sveitarfélögunum eru ætluð. Ég get tekið sem dæmi skattafslátt vegna hlutabréfakaupa, en það er talið að sveitarfélögin í landinu hafi orðið af rúmum 230 millj. árið 1997 bara vegna þessa skattafsláttar.

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta svar og hlakka mikið til að fá skýrslu hans, en segi það aðeins að ég held að það komi og verði að koma inn í tekjustofnaendurskoðunina að ríkissjóður skuli borga fasteignaskatta af þessum stofnunum og mannvirkjum sem hér hafa verið nefnd, fyrir utan kirkjurnar. Vegna þess að auðvitað er sama hvort um er að ræða skóla eða rafmagnsfyrirtæki, þau njóta þeirrar þjónustu sem sveitarfélögin veita og fasteignaskattarnir eiga að dekka.

[15:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu kemur tekjustofnanefndin til með að fara yfir allar þessar undanþágur í starfi sínu. Ég skal ekkert segja hvað út úr því kann að koma. En ég tel að yfirleitt séu þessar undanþágur þannig til komnar að sveitarfélögin hafi viljað vinna það til að þessi starfsemi væri undanþegin. Menn hafa minnst hér á kirkjurnar og mér finnst það mjög eðlilegt að þær séu undanþegnar og ég veit að hv. þm. Karl Matthíasson er mér mjög sammála um það,

að eðlilegt sé að kirkjurnar séu undanþegnar fasteignasköttum. Kirkjan eða söfnuðirnir teldu sig vafalaust vanbúna til að greiða fasteignaskatta. Sama er t.d. um skipbrotsmannaskýli og sæluhús, íþróttahús og heimavistir, og svona mætti lengi telja. Þetta er allt saman einhvers konar félagsleg eða menningarleg starfsemi sem þarna er um að ræða og allt á þetta við einhver rök að styðjast. Ég er sannfærður um að ef sveitarfélagið Skagafjörður, eða Sauðárkrókur sem það hét nú til skamms tíma, ætti völ á því hvort það vildi fá fjölbrautaskólann til sín, jafnvel þó að ekki væru gatnagerðargjöld af honum, þá mundu þeir hiklaust játa því að taka að sér að fá skólann jafnvel þó að yrði að ganga frá því að undanþiggja þessi gjöld.

Kjör stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Fsp. JóhS, 404. mál. — Þskj. 662.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Tilefni þeirrar fsp. sem ég beini til hæstv. viðskrh. eru þær upplýsingar sem fram hafa komið um launakjör stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Þau launakjör eru svo yfirgengileg og úr takti við allt í þjóðfélaginu að manni ofbýður. Meira að segja að tveim af stærstu eigendum hans blöskraði svo að annar, sem er fulltrúi Lífeyrissjóðs verslunarmanna og stór atvinnurekandi hér í bæ, kallaði þau óhóf og hinn, Halldór Björnsson, formaður Eflingar, sem er stór eigandi í Framsýn, sem er einn stærsti eigandi FBA, varð orðlaus og taldi að endurskoða þyrfti afstöðu Framsýnar í bankanum enda er hann í forsvari fyrir láglaunafólk sem berst nú harðri kjarabaráttu fyrir leiðréttingu á kjörum sínum.

Það hefur komið fram að fimm framkvæmdastjórar hjá FBA hafi fengið um 85 millj. kr. í árstekjur hjá bankanum á síðasta ári í laun og bónus, auk þess sem þeir fengu um 35 millj. kr. í arð vegna hlutabréfaeignar sinnar í bankanum. Tekjur þessara stjórnenda hafa því verið að meðaltali til hvers og eins um 25 millj. kr. Fyrirkomulag á bónusgreiðslum sem voru 190 millj., eða að meðaltali um 2 millj. á hvern starfsmann, eru líka með allsérstæðum hætti enda algengara og eðlilegra að um sé að ræða jafnaðargreiðslur til allra starfsmanna þegar greiddur er bónus fremur en að stjórnendur og helstu yfirmenn fái obbann af greiðslum og margfalt hærri greiðslur en aðrir starfsmenn. Fram hefur komið að t.d. Íslandsbanki og tryggingafélögin hafi greitt jafnar bónusgreiðslur til allra starfsmanna. Einnig hefur heyrst að mjög háar arðgreiðslur, þær hæstu sem þekkst hafa, hafi verið ákveðnar eða ákvarðaðar þegar bankinn var enn í meirihlutaeign ríkisins. Allt bendir til að kjör stjórnenda og fyrirkomulag bónuss eða afkomutengdra kaupauka hafi einnig verið ákveðið þegar bankinn var í meirihlutaeign ríkisins en samkvæmt lögum um FBA frá 1997 skipuðu iðnrh. og sjútvrh. þrjá menn í stjórnina og samtök atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði skipuðu tvo. Því þarf viðskrh. að svara því og hef ég beint þeirri fsp. til hans hvaða hlut ríkisvaldið á í þessum ákvörðunum um ofurkjör stjórnenda FBA. Fyrirspurnin sem ég beini til hæstv. ráðherra er svohljóðandi:

1. Hvaða ákvarðanir voru teknar um laun og önnur kjör, þar með talið lífeyrisréttindi, stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins meðan bankinn var í meirihlutaeign ríkisins?

2. Hverjar voru heildarlaunagreiðslur til stjórnar annars vegar og stjórnenda hins vegar 1997–1999, sundurliðað eftir árum og tegundum greiðslna, sem og fjölda stjórnenda?

3. Átti ráðherra eða fulltrúar hans í stjórn bankans einhvern þátt í ákvörðun um afkomutengdan kaupauka til starfsmanna?

4. Hvaða ákvarðanir voru teknar um arðgreiðslur meðan bankinn var í meirihlutaeign ríkisins?

5. Hver er skoðun ráðherra á launakjörum stjórnenda bankans og fyrirkomulagi á afkomutengdum kaupauka?

[15:48]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstvirtur forseti. Í upphafi tel ég rétt að vekja athygli á að fsp. þessari er ranglega beint til viðskrh. Eins og kveðið er á um í lögum um stofnun FBA fóru sjútvrh. og iðnrh. saman með hlut ríkisins í FBA frá stofnun og þar til einkavæðingu hans lauk í nóvember sl. Viðskrn. hefur engu að síður óskað eftir svörum frá FBA við fsp. þessari. Byggi ég svar mitt frá upplýsingum frá FBA eftir því sem við getur átt. Þess skal þó getið að bankanum er óheimilt að skýra opinberlega frá atriðum sem varða rekstur bankans án þess að tilkynna um það jafnframt til Verðbréfaþings. Þau svör sem fara á eftir eru unnin upp úr gögnum um bankann sem áður hafa verið gerð opinber.

Fyrst er spurt um ákvarðanir um laun og önnur kjör stjórnenda FBA. Laun stjórnar bankans eru ákveðin á hluthafafundi í bankanum. Laun stjórnar bankans hafa verið sem hér segir frá stofnun hans:

Á aðalfundi í bankanum þann 24. mars 1998 voru laun stjórnarmanna ákveðin 48 þús. kr. á mánuði og laun stjórnarformanns tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skyldu fá 24 þús. kr. fyrir hvern setinn fund. Á aðalfundi í bankanum þann 24. mars 1999 voru laun stjórnarmanna ákveðin 54 þús. kr. á mánuði og laun stjórnarformanns tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skyldu fá 27 þús. kr. fyrir hvern setinn fund. Forstjóri er ráðinn af stjórn bankans og eru laun hans ákveðin af stjórn. Framkvæmdastjórar bankans eru ráðnir af forstjóra og eru laun þeirra ákveðin af forstjóra. Lífeyrisréttindi starfsmanna og stjórnenda FBA myndast alfarið við inngreiðslu starfsmanna og mótframlags FBA í lífeyrissjóði. Bankinn safnar ekki upp lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sinna.

Það hefur frá upphafi verið einn af lykilþáttum í stefnumótun bankans að tekið yrði upp árangurstengt launakerfi og var m.a. getið um það í umsögn bankans um starfsleyfi sem sent var viðskrn. þann 3. des. 1997. Stjórn bankans samþykkti á fundi sínum þann 22. des. 1998 að taka upp árangurstengt launakerfi. Kerfið byggir á og mælir hagsauka og miðar að því að tengja betur hagsmuni starfsmanna og hluthafa og með setningu langtímamarkmiða sem örvar starfsmenn til dáða með hagsmuni hluthafa að leiðarljósi. Snemma árs 1999 var samið við starfsfólk og stjórnendur Fjárfestingarbankans á grundvelli kerfisins. Þegar kerfið var tekið í notkun sömdu flestir starfsmannanna um nokkra lækkun grunnlauna um leið og þeir sömdu um að laun sín yrðu tengd bótum á rekstrarárangri bankans. Árið 1999 er fyrsta árið sem unnið var eftir kerfinu. Útreiknaður bónus ársins 1999 nam alls 191,3 millj. kr. og voru 22,6 millj. kr. greiddar út 1. september sl., 76,6 millj. voru greiddar út þann 1. mars sl. og nemur heildarútgreiddur bónus fyrir árið því 99,2 millj. kr., eða 52% af heildaráunnum bónus. 92,1 millj. kr., eða 48% af áunnum bónus geymist og verður greiddur út síðar, allt eftir því hvort árangur þessa árs batnar

frá síðasta ári eða ekki. Þannig er kerfið hannað til að ýta undir varanlega árangursmyndun en ekki skammtímabata.

Í öðru lagi er spurt um launagreiðslur til stjórnar og stjórnenda. *Á árinu 1998 námu laun stjórnar 4 millj. kr. og* laun fjögurra manna framkvæmdastjórnar 37 millj. kr. Á árinu 1999 námu laun stjórnar 4,5 millj. kr. og laun framkvæmdastjórnar 50,5 millj. kr. Áunnin árangurstengd laun vegna ágóðahlutar til framkvæmdastjórnar námu 35 millj. kr. en þar af verður um helmingur greiddur á árinu 2000.

Í þriðja lagi er spurt nánar út í þátt ráðherra eða fulltrúa hans í stjórn bankans í ákvörðunum um afkomutengdan kaupauka. Ráðherra hefur ekki átt beinan þátt í ákvörðun um afkomutengdan kaupauka starfsmanna FBA. Það var stjórn bankans sem tók endanlega ákvörðun um að taka upp afkastahvetjandi launakerfi. Eins og að framan greindi samþykkti stjórn bankans árangurstengt launakerfi FBA á fundi *sínum þann 22. des. 1998. Á þeim tíma var stjórn bankans* skipuð fulltrúum kjörnum á aðalfundi þann 24. mars 1998 er iðnrh. og sjútvrh. fóru í sameiningu með hlut ríkissjóðs í bankanum.

Í fjórða lagi er spurt um ákvörðun um arðgreiðslur. Á aðalfundi sem haldinn var þann 24. mars 1998 var upplýst að ekki væri skilyrði til greiðslu arðs þar sem bankinn hefði ekki haft neina starfsemi með höndum á árinu 1997. Á aðalfundi sem haldinn var þann 24. mars 1999 var samþykkt sú tillaga stjórnar að greiða 8% arð vegna rekstrarársins 1998 til hluthafa. Þannig greiddi FBA 544 millj. kr. í arð til hluthafa sinna, þar af voru 277 millj. kr. greiddar til ríkissjóðs sem var þá stærsti hluthafinn með 51% eignarhlut.

Hæstv. forseti. *Svar við fimmtu spurningunni verður að* koma í síðari ræðu.

[15:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Skipstjórar á afkastamestu fiskiskipum flotans eru sumir með hærri laun en hér eru til umræðu. Fólk hefur almennt ekki séð ofsjónum yfir þeim tekjum enda mikið í húfi. Stjórnendur og aðrir starfsmenn FBA hafa náð fram hagnaði fyrir fyrirtækið sem nemur að verðmæti eins til tveggja frystitogara á einu ári. Með góðri stjórnun, hugkvæmni og snilli hefur þessi árangur náðst langt umfram væntingar. Eðlilegt er að stjórnendur og starfsmenn njóti þess árangurs en ekki bara hluthafar. Þannig verði þeir hvattir til *áframhaldandi árangurs. Umrædd laun stjórnenda FBA eru* reyndar ekki til útgreiðslu nema hagnaður haldist og sumir eru að taka mikla áhættu.

Það gagnast ekki öryrkjum eða lágtekjufólki að FBA sé illa rekið og skili ekki góðum hagnaði. Það er einmitt þeim til hagsbóta að fyrirtækið og starfsmennirnir hafi góðar tekjur og borgi af þeim mikla skatta sem renna til velferðarkerfisins m.a. og kemur öryrkjum og lágtekjufólki þannig til góða.

[15:55]

Margrét K. Sverrisdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þessa fsp. Það sem komið hefur á daginn varðandi það sem ég vil kalla ofurlaun stjórnenda Fjárfestingarbanka atvinnulífsins vekur óneitanlega spurningar um það hvort þetta sé það sem vænta má með einkavæðingu bankanna. Mér finnst fyrst og fremst að lántakendur eigi að njóta þess, þ.e. atvinnulífið. Atvinnulífið á að njóta betri kjara þegar meðbyr er. Ég vil því beina spurningu til hæstv. viðskrh. um þetta. Hvað líður mótun reglna um innherjaviðskipti annars vegar og hins vegar hvað líður setningu reglna um dreifða eignaraðild sem forsrh. boðaði á haustþingi?

[15:56]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst mjög langt til seilst þegar verið er að jafna launum yfirmanna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins við skipstjóra á togskipum eða á skipum á sjó. Mér finnst einhvern veginn ekki hægt að líkja því saman þegar menn eru að leggja líf sitt í hættu við að ná fiski úr sjó og hins vegar menn sem eru að sýsla með peninga sem eru í rauninni ekki aflafé þeirra. Þeir fengu til sín sjóði sem eru með bestu tryggingu sem hægt er að hafa; Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og fleiri sjóði sem er búið að tryggja í öllum helstu atvinnugreinum þjóðarinnar. Og að segja að þetta sé einhver snilld og þar með sé í sjálfu sér eðlilegt að þessir menn hafi milljónatugi í laun aukreitis umfram það sem *þeir hafa samkvæmt venjulegum taxta, mér finnst alveg með* ólíkindum að geta borið þetta tvennt saman.

[15:57]

Karl V. Matthíasson:

Hæstv. forseti. Það kom fram áðan hjá einum þingmanni, hv. þm. Pétri Blöndal, að það gagnaðist ekki láglaunafólki að Fjárfestingarbankinn væri illa rekinn. Það er svo sem rétt en það gagnast heldur ekki láglaunafólki í dag sem er að slást fyrir því að fá 80–90 þús. kr. á mánuði hvað það er með léleg laun. Það þarf að vekja upp öflugri umræðu einmitt um þetta meðan verið er að reyna að gera samninga og viðsemjendur horfa ábyrgðarfullum augum í sjónvarpsmyndavélar og segja að 70, 80, 90 þús. kr. grunnlaun verkafólks muni sigla þjóðarskútunni í strand. Það er stórkostlegt að heyra slíkar samlíkingar. Ég held því fram að ef verkafólk á Íslandi, sem vinnur erfiða og harða vinnu, fengi metin öll þau góðu störf sem það hefur verið að vinna mundu laun þess hækka um 100%.

[15:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka þetta upp á Alþingi og hæstv. ráðherra fyrir svörin sem var svolítið erfitt að fylgjast með vegna hraðlesturs því þau voru yfirgripsmikil og tíminn stuttur. En ég tek undir það sem hefur komið fram, mér finnst ekki vera hægt og ekki rétt að líkja saman skipstjóralaunum og launum stjórnenda þessa banka og þessu árangurstengda launakerfi þeirra sem fengu sjóði ríkisins og sjóði atvinnulífsins í forgjöf þegar bankinn var stofnaður. Það er alveg ljóst að ríkið hefur staðið að því að samþykkja þessi ofurlaun og hefði verið eðlilegt að bíða og gefa þessum banka heldur lengri starfstíma áður en menn tækju slíkar ákvarðanir. Ég tel að allt umtal fulltrúa ríkisins um aðlögunarsamninga ríkisstarfsmanna blikni hreinlega þegar borið er saman við þau ofurkjör sem ríkið sjálft virðist hafa ákveðið þessum hópi starfsmanna.

[15:59]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að koma með þessa fsp. inn í þingsali.

Ég gat ekki orða bundist þegar ég hlustaði á talsmann Sjálfstfl. í þessari umræðu, hv. þm. Pétur Blöndal. (**Gripið fram í:** Er hann talsmaður Sjálfstfl.?) Ja, hann hefur komið þannig fram í umræðum um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og varið þau laun og bónusgreiðslur sem þar eru. Hvernig vogar hann sér að tala um að bætur öryrkja og aldraðra muni

ekki batna ef Fjárfestingarbanki atvinnulífsins færi eitthvað að tapa? Á hvaða stig er umræðan komin? Það hefur verið svo að Pétur H. Blöndal hefur verið að verja þessi laun og þessar bónusgreiðslur þó að hæstv. forsrh. finnist fullhratt gengið um gleðinnar dyr. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og það er afar ósmekklegt að taka þetta inn í umræðu þegar menn eru að ræða um 50–60 þús. kr. bætur til öryrkja og annarra sem sumum finnst yfirdrifið nóg og kannski miklu meira en nóg eins og hér hefur komið fram.

[16:01]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég mótmæli því að Pétur Blöndal hafi talað sem talsmaður Sjálfstfl. Það vill þannig til í Sjálfstfl. að þar er málfrelsi og Pétri Blöndal er heimilt að hafa skoðun sína og hefur hana en það eru ansi margir ósammála honum í þingflokki Sjálfstfl. þegar hann leggur að jöfnu laun bankastjóra og fengsælla aflamanna. Pétur talar þar ekki fyrir hönd Sjálfstfl.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal er hv. 10. þm. Reykv. og ber að nefna sem slíkan en ekki Pétur eða Pétur H. Blöndal eins og hv. síðasti ræðumaður og hv. þm. Kristján L. Möller urðu uppvísir að.)

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Þá liggur það fyrir að fulltrúar ríkisvaldsins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hafa tekið þessar ákvarðanir um ofurkjör til stjórnenda bankanna. Ef marka má orð ráðherrans, með vitneskju ráðherra, vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að ráðherra hefði ekki átt beinan þátt í þessari ákvörðun. En átti hann óbeinan þátt í því með að vita um þessar ákvarðanir þegar þær lágu fyrir og áður en þær voru teknar? Ég trúi því að þetta hafi verið gert með vitneskju ráðherrans, fulltrúar ráðherranna hafa ekki tekið þessar ákvarðanir nema með vitneskju hans. Það er til skammar þegar það liggur fyrir að fulltrúar ríkisvaldsins hafi vogað sér rétt fyrir kjarasamninga að taka slíkar ákvarðanir um ofurkjör til stjórnenda bankanna. Þetta mun örugglega verða alvarlegt innlegg inn í þá kjarabaráttu sem fer nú fram. Það liggur sem sagt fyrir að ákvarðanir um þessi ofurkjör hafi verið teknar af fulltrúum ríkisvaldsins. Það liggur fyrir að ákvarðanir um fyrirkomulagið á bónusgreiðslunum hafa líka verið teknar af fulltrúum ríkisvaldsins sem er þannig að það mismunar fólki innan bankans, vegna þess að þetta eru ekki jafnaðargreiðslur eins og þekkist víða annars staðar. Og ákvarðanir um arðgreiðslurnar hafa greinilega verið teknar líka af fulltrúum ríkisvaldsins. Þessar ákvarðanir allar munu mismuna mjög og auka á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Það liggur fyrir. Það mun líka hafa þau áhrif að gerð verður krafa í öllum stærri fyrirtækjunum um sömu ofurkjörin til stjórnenda þeirra stofnana. Það mun enn auka á mismuninn í þjóðfélaginu og ljóst að minna er þá til skiptanna til annarra launþega.

Herra forseti. Málið er grafalvarlegt þegar það liggur fyrir að ríkisvaldið hefur átt þátt í þeim ofurkjörum sem stjórnendur hafa fengið. Þessi ákvörðun ríkisvaldsins er til skammar og sem blaut tuska framan í launafólk sem stendur núna í harðri kjarabaráttu.

[16:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst að svara fimmtu spurningunni frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar var spurt um skoðun mína á launakjörum stjórnenda FBA og fyrirkomulagi á afkomutengdum kaupauka.

Umræðan að undanförnu hefur fyrst og fremst beinst að FBA vegna árangurstengdra launagreiðslna sem vegna afar mikils hagnaðar á síðasta ári hækkaði laun allra starfsmanna bankans verulega. Ég er fylgjandi árangurstengdu launakerfi. Slík kerfi eru til þess fallin að tengja betur saman hagsmuni hluthafa og starfsmanna og eru m.a. þekkt í atvinnulífi hér á landi, það hefur reynst vel hjá FBA.

Það er ekki að undra að há laun stjórnenda FBA hafi valdið undrun og reiði hjá mörgum almennum launþegum sem standa nú í erfiðri kjarabaráttu. Vegna óvenjumikils hagnaðar voru laun stjórnenda bankans afar há á síðasta ári. Ég hefði sjálf ekki getað skrifað upp á svo há laun hefði málið komið til kasta minna. En eitt verður að hafa í huga. Það þótti djörf ákvörðun á sínum tíma að ráða unga menn til að stjórna bankanum. Þeir fengu það verkefni að skapa verðmæti úr gömlu fjárfestingarsjóðunum. Það hafa þeir gert eftirminnilega. Ríkið fékk 15 milljarða fyrir gömlu sjóðina sem stjórnarandstaðan vildi afhenda viðskiptabönkunum. Til að ná þessum árangri þurfti nýja hugsun og öguð vinnubrögð. 100 starfsmenn FBA og fjármagnsmarkaðurinn allur hefur notið góðs af. Mikilvægt er að hafa í huga að á verðbréfamarkaði hafa skapast hundruð vellaunaðra starfa sem ungt háskólagengið fólk hefur ráðist til.

Ég vil að síðustu segja, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin kom að sjálfsögðu ekki að þessari ákvörðun um þessar launagreiðslur. Það er því rangfærsla hjá hv. þm. Þegar ég sagði í ræðu minni áðan að ráðherra hefði ekki átt beinan þátt í ákvörðunum var ég að tala um ákvörðunum um afkomutengdar launagreiðslur, ekki um þessi launakjör. Sú stjórn sem sat til síðasta aðalfundar var upphaflega skipuð fulltrúum ríkisvaldsins í stjórninni. Eftir að ríkið seldi allan hlut sinn hélt stjórnin áfram til aðalfundar en eftir að ríkið á ekkert lengur í bankanum er stjórnin að sjálfsögðu á ábyrgð nýrra eigenda.

Fundi slitið kl. 16:07.

---

76. FUNDUR

fimmtudaginn 9. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög og almannatryggingar, stjfrv., 401. mál, þskj. 659. — 1. umr.

2. Félagsleg aðstoð, frv., 398. mál, þskj. 656. — 1. umr.

3. Almannatryggingar, frv., 408. mál, þskj. 666. — 1. umr.

4. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657. — 1. umr.

5. Veitinga- og gististaðir, stjfrv., 406. mál, þskj. 664. — 1. umr.

6. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frv., 287. mál, þskj. 448. — 1. umr.

7. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 418. mál, þskj. 681. — 1. umr.

8. Réttindagæsla fatlaðra, stjfrv., 419. mál, þskj. 682. — 1. umr.

9. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.

10. Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, stjfrv., 420. mál, þskj. 683. — 1. umr.

11. Húsgöngu og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 684. — 1. umr.

12. Vátryggingarsamningar, frv., 427. mál, þskj. 692. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 11. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 3. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

[10:30]

Útbýting þingskjals:

Forvarnir gegn krabbameini og úrræði í þjónustu við krabbameinssjúklinga, 365. mál, svar heilbrrh., þskj. 696.

Tilhögun þingfundar.

[10:30]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill tilkynna að 7. og 8. dagskrármál verða ekki tekin til umræðu á þessum fundi. Reiknað er með því að málin verði á dagskrá á mánudag.

Lyfjalög og almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 659.

[10:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um almannatryggingar.

Frv. til laga um breytingu á lyfjalögum var upphaflega lagt fram á 122. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Það frv. hefur verið endurskoðað og í framhaldi af því tekið nokkrum breytingum. Þannig hafa ákvæði er varða lækningatæki verið felld brott og sérstakt frv. verið samið um þau.

Samhliða breytingu á 41. gr. lyfjalaga er gerð breyting á 36. gr. laga um almannatryggingar en þau ákvæði frv. kveða á um að sérstök nefnd taki ákvörðun um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna nýrra lyfja. Nefndin skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir þeirra vera tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins, fjmrn., landlækni og læknadeild Háskóla Íslands. Formaður skal skipaður af heilbr.- og trmrh. án tilnefningar. Skulu nefndarmenn vera fagmenn á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Hlutverk nefndarinar skal vera að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í greiðslu á nýjum lyfjum sem veitt hefur verið markaðsleyfi og innihalda virk efni sem eru ekki á markaði hér á landi. Skipun nefndarinnar ætti að tryggja að fagleg og fjárhagsleg sjónarmið ráði ferðinni og að samræmis sé gætt í ákvörðunum um greiðsluþátttöku.

Með frv. er ráðgert að starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins verði sameinuð í eina stofnun, Lyfjamálastofnun. Það er gert til að ná fram meiri samhæfingu við opinbera stjórn og framkvæmd lyfjamála og í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í aðildarlöndum hins Evrópska efnahagssvæðis. Þannig má samnýta í einni stofnun þá krafta og sérþekkingu sem þessar tvær stofnanir búa yfir. Hinni nýju stofnun er auk þess ætluð ný verkefni; umsjón með skráningu og eftirliti með aukaverkunum lyfja í samræmi við reglur sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn.

Í frv. er kveðið skýrar á um gjaldtöku en gert er í núgildandi lyfjalögum. Ákvæðin í lögunum hafa um árarаðir verið talin fullnægjandi lagaheimild til innheimtu eftirlitsgjalda. Stjórnarskráin gerir nú meiri kröfur til slíkra lagaheimilda og taldi Hæstiréttur í nýlegum dómi sínum gjaldtökuna ekki fullnægja kröfum 40. og 77. gr. hennar. Var álagning lyfjaeftirlitsgjalda dæmd ólögmæt af þeim sökum. Eðlilegt verður hins vegar að telja að lyfjaiðnaðurinn greiði gjald vegna eftirlitsskyldrar starfsemi sinnar.

Í frv. er í fyrsta lagi kveðið skýrar á um að svokölluð þjónustugjöld vegna skráningar lyfja, útgáfu markaðsleyfa og fleira skuli standa undir kostnaði við þjónustu og framkvæmd þeirra verkefna stofnunarinnar.

Í öðru lagi er reglum um álagningu lyfjaeftirlitsgjalda breytt þannig að það er nú í fomri skattlagningar en ekki í formi þjónustugjalda eins og er samkvæmt núgildandi lyfjalögum. Hér er því ekki um grundvallarbreytingu að ræða heldur formbreytingu á fjármögnuninni. Kveðið er á um að eignarhlutdeild starfandi lækna, tannlækna og dýralækna, maka þeirra og barna undir 18 ára aldri í lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu megi ekki vera svo stór að það hafi teljandi áhrif á fjárhagsafkomu þeirra. Í núgildandi lögum er slík eignarhlutdeild lækna, tannlækna og dýralækna ekki heimil en ekki er fyrir hendi skýrt ákvæði sem tekur til eignaraðilda maka þeirra eða ófjárráða barna. Vegna breyttra aðstæðna, svo sem stofnunar hlutafélags um rekstur lyfjabúða og starfrækslu verðbréfasjóða, þykir eðlilegt að breyta lögunum með þessum hætti. Hlutur slíkra aðila má þó ekki vera svo stór að hætta sé á hagsmunaárekstrum.

Þá má nefna að í frv. er lagt bann við auglýsingum um lækningamátt vara sem hafa ekki hlotið viðurkenningu sem lyf. Í sérstökum tilvikum er þó heimilt að veita undanþágu frá því banni. Á undanförnum árum hefur verið vaxandi tilhneiging til að koma að í auglýsingum fullyrðingum um lækningamátt vara sem hafa ekki hlotið viðurkenningu sem lyf. Lyfjanefnd taldi mjög mikilvægt að í lögum væri skýrt bann við því. Jafnframt er talið eðlilegt, m.a. samkvæmt fyrirmynd frá Noregi, að í sérstökum tilvikum væri heimilt að veita undanþágu frá banninu. Ljóst er að slík undanþágu-heimild verði alltaf skýrð þröngt.

Frá setningu lyfjalaga, nr. 93/1994, hafa komið fram

ábendingar um atriði sem kveða þarf á um í lyfjalögum, m.a. vegna gildistöku tilskipana Evrópusambandsins. Jafnframt þykir að fenginni reynslu af framkvæmd laganna og á grundvelli umsagna er bárust frá umsagnaraðilum og þátttöku í störfum Lyfjamálastofnunar Evrópu nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar. Sem dæmi má nefna breytingu á lyfjahugtakinu en það er fært til samræmis við tilskipanir Evrópusambandsins sem hafa verið teknar inn í EES-samninginn. Einnig er kveðið skýrar á um meðferð umsókna um markaðsleyfi og meðferð umsókna hjá lyfjaverðsnefnd.

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem liggja fyrir á lyfjalögum og lögum um almannatryggingar eru mikilvægar skipulagsbreytingar sem einfalda framkvæmdina og bæta þjónustuna. Jafnframt er með breytingunum verið að setja ákvæði í lögin til samræmis við skyldur samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Að lokum er með frv. verið að tryggja að gjaldtaka vegna lyfja fullnægi kröfum stjórnarskrárinnar.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[10:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. heilbrrh. aðeins nánar út í nefndarskipunina skv. 41. gr. laganna þar sem tilnefning fjögurra nefndarmanna kemur frá Tryggingastofnun ríkisins, fjmrn., landlækni og læknadeild Háskóla Íslands og svo formaður skipaður af ráðherra. Hefur hæstv. ráðherra eitthvað velt því fyrir sér að hagsmunaaðilar, t.d. neytendur, sjúklingar eða sjúklingahópar geti eitthvað komið að nefndarvinnunni því að það eru auðvitað stórkostlegir hagsmunir fyrir sjúklinga hvernig skipast um þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði og þar af leiðandi þátttöku sjúklinga í nýjum lyfjum?

Nú hefur oft viljað brenna við að ný lyf hafi verið mjög dýr og oft hefur þetta bitnað á sjúklingnum sjálfum, þ.e. þátttakan hefur oft verið allmikil. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort það hafi eitthvað verið hugleitt og hvort hún sjái möguleika á því að neytendur lyfjanna, sjúklingarnir eða hagsmunahópar þeirra hafi einhverja aðkomu að þessari nefndarvinnu.

[10:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað hefur verið farið grannt ofan í það hverjir ættu að vera í þessari nefnd. Mjög margir gætu komið til greina. Þetta er hins vegar niðurstaða eftir þá vinnu sem fram fór í nefndinni sem samdi frv. Hér er fyrst og fremst verið að tala um faglega og fjárhagslega þætti. Ekkert er óeðlilegt að þetta sé rætt í nefndinni en þetta var niðurstaða sem liggur fyrir.

[10:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil svar hæstv. ráðherra svo að þessir hópar ættu að geta haft þarna aðkomu þó að þeir eigi kannski ekki fulltrúa í nefndinni. Ég vil segja það sem skoðun mína að ekki væri óeðlilegt, t.d. þegar verið væri að fjalla um lyf vegna ákveðinna sjúkdóma, að kölluð væru til þau félög eða hagsmunaaðilar sem málið varðaði til ráðagerða og þau hefðu þá eitthvað um það að segja hvernig þessi mál skipuðust varðandi kostnaðarhlutdeild þó að það verði náttúrlega aldrei ráðandi hvað þau segðu en a.m.k. væri tekið tillit til skoðana þeirra.

[10:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við fyrstu sýn virðist þetta frv. jákvætt skref og það sé skynsamlegt að sameina þær stofnanir sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er verið að laga lög okkar að alþjóðasamningum sem við höfum undirgengist og gera ákveðnar breytingar í samræmi við það eins og kemur fram í greinargerð og eins og kom vel fram í ræðu ráðherrans.

Hins vegar eru nokkur atriði sem mér finnst full ástæða til að við þingmenn veltum upp í umræðunni. Ég geri mér grein fyrir því að það verður að sjálfsögðu farið mjög ítarlega yfir málið í nefnd en samt er ástæða til að fá aðeins skýrari mynd af því sem er að gerast.

Það sem mér finnst áhugavert og kemur fram í upphafi greinargerðar er að verið er að breyta skilgreiningu lyfjahugtaksins og flokkun lyfja. Verið er að fella brott heimild til að skrá lyf tímabundið og breyta ákvæðum um lyfjaauglýsingar og lyfjaheildsölu og málsmeðferð yfirleitt vegna umsókna. Það kemur hérna fram að ekki verði lengur talað um skráningu lyfs sem skráð eða óskráð heldur veitingu markaðsleyfis lyfs og þá verða lyf með eða án markaðsleyfis. Ég spyr ráðherrann: Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta í einhverjum grundvallaratriðum breytingu frá því að lyf voru skráð eða er þetta fyrst og fremst orðalagsbreyting? Er þetta einhver grunnbreyting eða orðalagsbreyting?

Hv. þm. Samfylkingarinnar, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, spurði um nefndina og mikilvægt er að skoða þann þátt. Í frv. er kveðið á um eignarhlut starfandi lækna, tannlækna, dýralækna, maka þeirra og barna þeirra undir 18 ára aldri í lyfsölu, lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu, að eignarhlutur megi ekki vera svo stór að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra. Þetta finnst mér vera mjög gott ákvæði. Mér finnst að verið sé að taka á því sem allt of oft gerist í þjóðfélagi okkar að það séu hagsmunaárekstrar um eignarhlut, rekstur eða meðferð opinberra mála og finnst um leið og ég sé þetta ákvæði að það sé mjög jákvætt. Ég verð að viðurkenna að ég hef lesið yfir frv. fljótheitum á þessum morgni en ég skil það þannig að samræming þessara stofnana sé fyrst og fremst til hagræðis og að þarna sé kannski ekki verið að stofna til meiri útgjalda en verið hefur með rekstri þessara tveggja stofnana og þá vakna ákveðnar spurningar.

Ráðherrann kom inn á það að verið er að breyta heimildum til gjaldtöku, annars vegar verður um þjónustugjöld að ræða og hins vegar skattlagningu. Hann vísaði í dóm Hæstaréttar um að Hæstiréttur hafi talið gjaldtöku ekki fullnægja kröfum stjórnarskrárinnar með tilvísun í 40. og 77. gr. Allt hljómar þetta mjög jákvætt og eins og verið sé að bregðast við þörfum tímans. Svo þegar kemur að því að lesa umsögn fjmrn. þar sem fjallað er um hvað í frv. felist og hvaða kostnaðarauki og þá segir hér, með leyfi forseta:

„Þá er gert ráð fyrir að lyfjanefnd Lyfjamálastofnunar verði stofnuninni til ráðgjafar um lyfjamál. Enn fremur kveður frumvarpið á um að skipuð skuli fimm manna nefnd til fjögurra ára í senn til að ákveða m.a. greiðsluþátttöku sjúkratrygginga skv. 36. gr. laga um almannatryggingar í nýjum lyfjum með markaðsleyfi sem innihalda þó virk efni sem ekki eru á markaði hér á landi. Gert er ráð fyrir að helstu kostnaðaráhrif frumvarpsins felist í ráðningu forstjóra fyrir stofnunina og auknum kostnaði af umsjón með útgáfu markaðsleyfa ...“

Þarna velti ég fyrir mér hvað sé að gerast. Ég hafði skilið það svo að í þessum tveimur stofnunum væru starfsmenn,

sem ríkið ber auðvitað ákveðinn kostnað af, og hvað það er umfangsmikil stofnun sem verið er að setja á laggir þar sem gert er ráð fyrir nýju starfi forstjóra. Ég get vel skilið að það verði ákveðinn kostnaður af því að ný skráning með aukaverkunum lyfja verði til sem er líka nýtt og áhugavert mál í sambandi við lyfjamálið.

Síðan er gert ráð fyrir auknum kostnaði við sérfræðilega ráðgjöf m.a. vegna þessa og að beinan kostnað við frv. vegna framangreindra atriða megi áætla um 10 millj. kr. á ári. Það er kannski ekki mikið en þó er verið að ákveða að það komi nýr forstjóri og ný nefnd. Hvað er þá mikið af starfsliði fyrir í hinum tveimur fyrri stofnunum þar sem í hagræðingunni sem frv. ber í sér er samt verið að gera ráð fyrir auknum útgjöldum? Segir hér að kostnaður við Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd sé 68 millj. kr. á árinu 1999 og svo kemur fram í umsögn fjmrn. að leggja eigi á eftirlitsgjald. Ég lít svo á að það sé skatturinn sem kveðið er á um, 0,3% af heildarlyfjaveltu eftirlitsskyldra aðila sem standa á undir kostnaði stofnunarinnar við lyfjaeftirlit. Gert er ráð fyrir að þjónustu- og eftirlitsgjöld standi undir öllum kostnaði Lyfjamálastofnunar, þar með töldum lífeyrisskuldbindingum og húsnæðis- og fjárbindingarkostnaði. Undanskilinn er þó kostnaður nefndar og starfsmanns í hlutastarfi til að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga sem má ætla að verði um 700 þús. á ári. Þá spyr ég ráðherrann: Hvað er þá reiknað með að Lyfjamálastofnunin kosti? Hvað er gert ráð fyrir að komi inn í skattinum, þessum 0,3% af heildarlyfjaveltu? Þarna kemur fram að kostnaður við lyfjaeftirlit var 68 millj. og gera megi ráð fyrir beinum kostnaði upp á 10 millj. og þá erum við komin í 78 millj. Er verið að gera ráð fyrir auknum útgjöldum og meiri tekjum af skatti en þarna kemur fram?

Þetta eru spurningarnar sem vakna þegar ég fer yfir frv. Auðvitað mun þetta verða skoðað í nefndinni en það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur alþingismenn þegar við erum að fara yfir frv. ríkisstjórnarinnar, ekki síst frv. sem eiga að hafa hagræðingu í för með sér, að við áttum okkur á hvort um sé að ræða sparnað, endurskipulagningu eða ný útgjöld. Þegar verið er að breyta úr þjónustugjöldum yfir í skatta er nauðsynlegt að vita hvað er gert ráð fyrir að sá skattur gefi mikið í ríkissjóð. Ég geng náttúrlega út frá því sem vísu — og undirstrika það við ráðherrann og vona að hann heyri mál mitt — að skatturinn verði ekki hærri fjárhæð en til að standa undir kostnaði, að hér sé skattlagning sem á einhverjum tíma verði þannig að við fáum inn „þrátt-fyrir"-ákvæði sem segja að þrátt fyrir að viðkomandi skattur eigi að renna til reksturs þessarar stofnunar þá renni svo og svo mikið fjármagn í ríkissjóð.

Það eru fyrst og fremst þær spurningar sem vakna hjá mér, virðulegi forseti.

[10:50]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég er alveg viss um að ástæða er til að breyta lyfjalögum og það er bara spurning hvort tekið er á nógu mörgum þáttum. Eitt af því sem mig langar að nefna í örstuttu máli er verðmunur á lyfjum milli apóteka sem er alveg með ólíkindum. Það getur verið allt að 40% verðmunur á lyfjum á milli verslana bara í Reykjavík og enn meiri munur milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar.

Síðan er ástæða til þess að velta því fyrir sér að í 29. gr. er rætt um að skipa nefnd til fjögurra ára í senn til að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Mikill verðmunur er á lyfjum hér og erlendis, t.d. á Spáni og Íslandi, og lyf sem eru niðurgreidd á Íslandi eru dýrari en óniðurgreidd lyf í verslunum þar. Maður veltir fyrir sér hvað er um að vera. Er það af því að þetta eru svo stór lönd að þau fái sams konar lyf á svo lágu verði eða hvað er það sem er á ferðinni?

Lyfseðilsskyld lyf hér á landi, t.d. við exemi, eru miklu dýrari en t.d. á Spáni þar sem hægt er að kaupa sams konar meðul og þetta á við fjölda tegunda. Ég tel ríka ástæðu til að skoða á hvern hátt innkaupin fara fram. Eigum við ekki möguleika á því að komast inn í hagkvæmari innkaupahringi en við erum í? Ég spyr ráðherra hvort fyrirhugað sé með þessu frv. að taka á þessum og skyldum málum.

Ég velti mikið fyrir mér álagningu lyfja. Hún er frjáls og það er mjög óeðlilegt að þetta skuli vera með þeim hætti sem hér er. Verðmunur milli búða í Reykjavík á einni túbu af Lamisil, sem flestir vita hvað er sem sækja sundstaði, er 40%. Það munar 60% á milli búða í Reykjavík og t.d. Akranesi. Þetta er með hreinum ólíkindum. Það hlýtur að þurfa að taka á þessum málum á einhvern hátt og ég vil biðja hæstv. ráðherra að fara nokkrum orðum um þennan þátt lyfjamálanna.

[10:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem farið hefur fram um þetta frv. og ætla að byrja á að svara hv. þm. Gísla Einarssyni. Hann talaði um mismunandi lyfjaverð hér á landi og erlendis. Það er alveg rétt að lyfjaverð er hærra á Íslandi og hann kom inn á þá þætti sem ráða mestu þar um og það er að markaðurinn er miklu smærri hér en t.d. á Spáni þar sem hann telur sig fá miklu ódýrari lyf sem ég veit að er rétt.

Annað atriði ber einnig að hafa í huga. Miklu minna eftirlit er með lyfjum á Spáni en á Íslandi og miklu minna öryggi þar en hér. Hann spyr líka um hvernig standi á þessum mismun á verði á lyfjum t.d. í Reykjavík og svo einhvers staðar úti á landi. Hv. þm. man að við breyttum lyfjalögum árið 1994 og jukum samkeppnina. Mikil umræða var í þinginu um einmitt þetta atriði og ég held að enginn hafi gengið að því gruflandi að þetta mundi gerast. Það yrði mismunandi verð um leið og við hleyptum samkeppninni inn og það hefur líka gerst.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vildi vita hve umfangsmikil sú stofnun væri sem hér væri verið að stofna. Lyfjaeftirlitið er með nákvæmlega 5,7 stöðugildi og lyfjanefnd með 12 stöðugildi, þ.e. samtals rúmlega 17 stöðugildi. Það er rétt að það kemur fram í frv. að kostnaður kann að aukast lítillega. Þó er ekki gert ráð fyrir miklum kostnaðarauka við breytinguna og við teljum að við séum að nýta þessa stofnun á enn skilvirkari hátt en við höfum gert áður. En álagið á þessa stofnun fer sífellt vaxandi vegna þess að mikil pressa er á að koma nýjum lyfjum inn á markaðinn.

Hún spyr líka vegna þess að nú tölum við um markaðsleyfi lyfja. Þegar lyf fer á markað hefur það fengið markaðsleyfi. Þetta er fyrst og fremst orðalagsbreyting en er í samræmi við EES-samninginn. Hún spyr líka um þjónustugjöld og skatta. Einungis er ætlast til að þessir skattar og þjónustugjöld séu í takt við það sem eftirlitið kostar.

Ég held að ég hafi farið yfir það helsta sem hefur verið fjallað um og ég endurtek þakkir mínar fyrir jákvæða umfjöllun um þetta frv.

[10:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli mínu áðan sýnist mér skynsamlegt að sameina þessar tvær stofnanir,

með því er verið að nýta vel fjármagn og samnýta þekkingu. Þegar það starfsfólk sem þarna er um að ræða er komið í eina stofnun og getur kannski verið með verkaskiptingu sín á milli á annan hátt en áður hlýtur að vera hægt að þróa stofnun sem eigi eftir að geta orðið góð. Því er ekki að neita að alltaf er vandasamt þegar setja skal ákveðinn skattstofn á leyfi vegna þess að það er ábyggilega talsvert öðruvísi að meta tekjur af slíkum skattstofni en af föstu gjaldi.

Þetta á samt allt eftir að koma í ljós og mér finnst mikilvægt að hafa velt upp þessum spurningum. Ég átti líka von á því að þarna væru fyrst og fremst orðalagsbreytingar og það hefur verið staðfest. En mig langar að bregðast við þeim orðum sem komu fram hjá öðrum þingmanni Samfylkingarinnar, Gísla S. Einarssyni, um lyfjaverð. Ég er sammála því að við Norðurlandabúar viljum hafa eftirlit og við viljum búa við öryggi og að búið sé að kanna lyf og tryggja að óhætt sé að hleypa þeim á íslenskan markað. Ég geri mjög mikinn mun á þeim löndum þar sem frelsi í lyfjasölu er mjög mikið og eftirlit er takmarkaðra en hjá hjá okkur og svo aftur á móti samanburði okkar við Norðurlöndin.

Í mörgum tilfellum er hægt að fá ákveðin lyf í Danmörku sem er alls ekki hægt að fá hér. Það er spurning hvort við séum e.t.v. kaþólskari en páfinn eins og sagt er varðandi eftirlit á lyfjum. Það tekur mjög langan tíma að fá hingað inn til landsins ný lyf sem geta valdið straumhvörfum í lífi fólks. Þá er ég ekki endilega að tala um lyf við lífshættulegum sjúkdómum og fá oft ákveðinn forgang í skoðun hér og kannski takmarkað leyfi inn í landið og eru bundin ströngum skilyrðum. Mörg dæmi um eru að menn reyni að verða sér úti um slík lyf í nágrannalöndunum við svokölluðum þjáningarsjúkdómum, svo sem gigtarsjúkdómum, sem eru ekki hættulegir, af því að þau fást ekki inn í landið. Meira að segja þeir einstaklingar sem hafa unnið mjög mikið með nýjar leiðir í lækningum eins og hinn ágæti Kópavogsbúi Ævar Jóhannesson sem framleiðir lyf fyrir krabbameinssjúklinga upp á eigin reikning og kostnaðarlaust fyrir þá sem vilja sækja til hans þennan lífsins elexír. Mér er kunnugt um að hann hefur þurft að fara mjög þunga og trega leið í gegnum kerfið til að fá heimild til að flytja inn lyf sem eru seld annars staðar og hafa reynst vel við þeim alvarlegu sjúkdómum sem fólk er að kljást við sem leitar til hans.

Þess vegna vil ég líka vekja athygli á því að e.t.v. erum við of ströng varðandi ýmis lyf sem eru komin á markað í þeim nágrannalöndum sem við miðum okkur við eins og hómópatalyf sum hver. Við erum mjög treg og tortryggin varðandi ýmislegt í þessum þáttum og vil ég nota tækifærið í umræðum um nýja stofnun, Lyfjamálastofnun, til að koma þessum ábendingum til ráðherra.

[11:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er erfitt að fara þennan gullvæga meðalveg, hvenær við göngum of langt og hvenær of skammt t.d. varðandi hómópatalyf og annað og almennt bara hvenær við tökum ný lyf inn til landsins. Við höfum oftast verið á undan Norðurlandaþjóðum með mörg lyf og nefni ég t.d. MS-lyfið, við vorum langt á undan þeim, ýmis krabbameinslyf, lyf varðandi HIV-veiruna sem við höfum verið á undan með. En mér finnst mjög mikilvægt að við fylgjum Norðurandaþjóðunum eftir og séum samstiga þeim. Það var þess vegna sem ég kom með tillögu á síðasta fundi norrænna ráðherra heilbrigðismála um að skipa nefnd, sem þegar hefur verið skipuð og hefur nokkrum sinnum komið saman um að það væri samræmt hvenær við gæfum markaðsleyfi á ný lyf og að Norðurlandaþjóðirnar yrðu þá samstiga.

Hérna er t.d. minnst á eitt lyf sem við höfum opnað glufu fyrir en ekki kannski jafnmikið og önnur Norðurlandaþjóð, en um er að ræða gigtarlyf. Þetta lyf hefur afskaplega margar aukaverkanir og þess vegna höfum við farið okkur hægt því að við höfum fengið vissar aðvaranir. En þetta lyf er í þróun og ég býst við því að glufan opnist eftir því sem lyfið þróast.

Við höfum líka oft verið dálítið íhaldssöm varðandi náttúrulyf svokölluð, en af því að hér var sérstaklega rætt um seyði af lúpínu, ég held að hún hafi meint það, þá er það einn af jákvæðu þáttunum. Það er afskaplega jákvætt að einn aðili skuli hafa þróað þetta á þann hátt sem hann hefur gert og gert mörgum afskaplega mikinn greiða með.

[11:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða um seyði af lúpínu, þá eru sérfræðingar við Háskóla Íslands að rannsaka það mál núna á sérstaklega áhugaverðan hátt. En það er eitt sem ég ætla að bæta við það sem ég hef áður sagt í umræðunni, það er að ég er afskaplega ánægð með þá hugmynd að heilbrigðisráðherrar Norðurlandanna samræmi hvenær heimilt er að setja lyf á markað. Ég held að það verði til framdráttar fyrir okkur. Það er einn af þeim þáttum sem verið er að þróa í Norðurlandasamstarfinu, að reyna að gera hlutina líkt og nýta sér þekkingu hvers annars að viðurkenna þá líka rannsóknar- og eftirlitsstofnanir hvers annars því það hlýtur að verða þannig að ef á að samræma hvenær lyf fara á markað, þá verði í enn auknari mæli farið út í það að rannsóknarstofnanirnar hér hafi samráð við norrænar rannsóknarstofnanir um hvenær er kominn tími á að hleypa nýjum lyfjum inn í landið. Mér fannst þetta góð upplýsing í umræðuna um nýja Lyfjamálastofnun.

[11:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef hug á að fræðast aðeins nánar hjá hæstv. heilbrrh. varðandi það mál sem hér ber á góma í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Það er um náttúrulyfin og hugleiðing mín er í rauninni á þá lund að nú vitum við að framkvæmdar hafa verið rannsóknir hjá Háskóla Íslands um lækningamátt lúpínu og ýmissa íslenskra lækningajurta. Það eru afskaplega áhugaverðar niðurstöður sem eru að koma þar fram.

Við vitum sömuleiðis að í samfélaginu er talsvert mikil umræða um náttúrulyf og verkan þeirra og við finnum í samfélaginu að það er kallað á reglur og skýrari stefnu í þeim málum. Mér þætti því fengur að því að fá hæstv. ráðherra til að ræða frekar um þær hugmyndir sem eru til umræðu í ráðuneytinu varðandi náttúrulyfin og hlut þeirra á markaðnum og hvernig Lyfjamálastofnunin ætti að fjalla um þau mál eða koma að málum náttúrulækninga.

Við vitum að náttúrulækningar eru gömul grein í landinu. Jurtalæknar hafa verið hér og stundað starf sitt í gegnum aldirnar og stundum hefur það verið þakkað og stundum hefur það verið í óþökk. Jurtalæknar hafa þurft að ganga undir nafninu skottulæknar og hafa oft á tíðum þurft að berjast gegn fordómum og kannski erfiðu rykti.

Mér finnst full ástæða til þess þegar lyfjalögin eru til umfjöllunar að við tökum þessi mál og ræðum þau ofan í kjölinn því að við vitum að í mörgum vestrænum ríkjum eru hómópatalækningar leyfðar og eru viðurkenndar. Það

sama á við um alls kyns aðrar aðferðir sem við flokkum sem óhefðbundnar og þegar tækifæri er til að setja þessi mál öll í samhengi, þá held ég að full ástæða sé til að nýta það tækifæri. Ég hefði gaman af því í þessari umræðu að fá að vita aðeins frekar um ætlunarverk hæstv. heilbrrh. í þessum efnum. Hvar eru íslensku lækningajurtirnar og íslensk jurtalyf í því samhengi sem hér rætt?

[11:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög eðlilegt að þetta komi einmitt upp í umræðunni þó að við fjöllum ekki beinlínis um það í frv. Fyrir liggur reglugerð, sem ég hef ekki skrifað undir enn þá, sem hefur verið í umsögn hjá ýmsum aðilum, einmitt til að opna fyrir fleiri náttúrulyf en við höfum leyft hingað til. Mér sýnist að víðtækt samkomulag sé að nást um þá reglugerð sem ég mun kynna fljótlega ef fer sem horfir, og þá förum við nokkuð eftir því sem Norðurlandaþjóðirnar eru að gera og við leitum mjög í smiðju þeirra varðandi þessa þætti.

Ég á von á því að ekki líði mikið meira en mánuður þar til ég get kynnt þessa nýju reglugerð.

[11:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þessi orð hæstv. ráðherra og lýsa því að fengur verður að því að fá nýjar reglur í þessum málaflokki. Ég treysti því að heilbrrn. komi til með að kynna þær vel og vandlega þannig að öflug umræða geti skapast um þær í samfélaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. MF og JóhS, 398. mál. — Þskj. 656.

[11:09]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Efni frv. er að á eftir 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna komi nýr málsliður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða.

Lagt er til í 2. gr. að lög þessi öðlist þegar gildi. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

Frv. sama efnis var flutt á 123. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu og er nú endurflutt óbreytt.

Á undanförnum árum hefur neysla ólöglegra fíkniefna aukist stöðugt og fjöldi einstaklinga ánetjast eiturlyfjum, bæði börn og fullorðnir. Þörfin fyrir meðferðarheimili fyrir fíkniefnaneytendur er mikil. Meðferðarúrræðum hefur vissulega fjölgað en þau fullnægja þó hvergi nærri þörfinni. Sérstaklega á þetta við hvað varðar meðferðarheimili fyrir börn og ungmenni. Foreldrar ungra fíkniefnaneytenda sem starfa í foreldrasamtökunum Vímulaus æska hafa ítrekað bent á þá nauðsyn sem er fyrir aukna og fjölbreyttari meðferð fyrir börn og ungmenni. Ekki er aðeins um að ræða að fjölga þurfi meðferðarheimilum heldur, og ekki síður, er nauðsyn á möguleikum á langvarandi meðferð fyrir þessa ungu einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þátttaka foreldra í meðferð barns eða unglings er nauðsynleg. Neysla fíkniefna hefur oftar en ekki staðið yfir í langan tíma áður en til meðferðar kemur. Oft líður nokkur tími þar til vandamálið verður ljóst og síðan getur biðtími orðið langur þar til pláss fæst á meðferðarheimili. Í mörgum tilvikum er sá tími sem ætlaður er til meðferðar hjá fagfólki á meðferðarheimilum of stuttur og foreldrar þurfa að fylgja meðferðinni eftir, halda henni áfram eftir að ungi sjúklingurinn kemur heim. Því er ljóst að mikið álag hvílir á foreldrum ungra fíkniefnaneytenda sem þurfa á stöðugri umönnun og eftirfylgni að halda ef takast á að sigrast á sjúkdómnum og aðstoða börnin og ungmennin við að komast á rétta braut á lífinu. Langt er síðan áfengissýki og eiturlyfjafíkn urðu viðurkennd sem sjúkdómur og nú er varið töluverðum fjármunum úr sameiginlegum sjóðum landsmanna til þeirra stofnana sem veita meðferð við þeim sjúkdómi. Mikið vantar þó á að nægjanlega vel sé að verki staðið, sérstaklega hvað varðar úrræði fyrir yngstu sjúklinganna. Því þarf oft að annast þá í heimahúsi um lengri eða skemmri tíma. Heimilt er samkvæmt lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, að greiða bætur til foreldra barna sem þurfa mikla umönnun vegna veikinda eða fötlunar. Ekki er um háar greiðslur að ræða en þó viðurkenningu á því að þessir foreldrar hafa mjög takmarkaða möguleika á því að stunda vinnu utan heimilis og tekjumöguleikar skerðast samfara því að útgjöld aukast vegna veikinda barnsins.

Með frv. þessu er lagt til að foreldrar eða framfærendur þeirra barna að 18 ára aldri sem ánetjast hafa neyslu vímuefna eigi rétt á umönnunargreiðslum vegna veikinda barna sinna. Með því er verið að bæta möguleika þessara foreldra til þess að aðstoða börn sín við að vinna bug á þessum alvarlega sjúkdómi. Ráðherra setji í reglugerð nánari útfærslu á framkvæmd þessa ákvæðis.

Eins og ég nefndi, virðulegi forseti, hefur frv. sama efnis verið lagt fram áður og verið sent út til umsagnar og þrír aðilar skiluðu umsögnum. Í umsögn sem barst frá Samtökum vímulausrar æsku segir, með leyfi forseta:

„Vímulaus æska og foreldrahópurinn vill hér með senda umsögn um hjálagt frv. Neysla á ólöglegum fíkniefnum hefur aukist á undanförnum árum. Við sem höfum lengi starfað að þessum málum finnum fyrir þessari fjölgun og sérstaklega hvað aldurinn hefur færst niður. Hér áður fyrr var það alveg sérstakt ef hringt var vegna neyslu t.d. 13 ára barna á hassi en nú er það daglegt brauð. Vegna þessa og vegna hækkunar á sjálfræðisaldri í 18 ár vantar nauðsynlega sérhæfð meðferðarheimili fyrir börn sem eru í vanda vegna neyslu áfengis eða á öðrum vímuefnum. Núna getur biðin verið allt að eitt ár eftir meðferð og á Barnaverndarstofu núna er biðlisti 40–50 börn og nokkur þeirra mjög mikið veik. Þetta eru það sjúkir einstaklingar að foreldrar geta ekki verið í vinnu þegar þessi börn eru í neyslu og þegar þau eru orðin mjög sjúk er þetta ærið starf að annast þau ásamt því að hugsa um heimili og jafnvel önnur börn sem fara oft mjög illa út úr því ástandi sem skapast þar sem vímubarn er á heimili. Á hverjum degi hafa samband við okkur foreldrasamtök Vímulausrar æsku, foreldrar og daglega nýir og nýir. Þessir foreldrar eru mjög ráðvilltir og vita ekki hvað þeir eiga að gera eða taka til bragðs. Við rekum fjölskylduráðgjöf og reynum eftir megni að aðstoða þessa foreldra. Við vitum hve mikil vinna þetta er fyrir foreldrana. Síðan þegar barnið loks kemst í meðferð er stríðinu ekki lokið. Barnið kemur yfirleitt alltaf heim aftur og þá er það eftirfylgni. Það er mjög mikilvægt að eftirfylgni

sé góð, bæði fyrir unglinginn og alla fjölskylduna því það tekur mjög langan tíma að byggja upp traust fjölskyldubönd aftur.

Á þessu sést að þetta ferli allt getur tekið langan tíma og því erum við sammála að þeir foreldrar sem eiga barn með alvarleg fíkniefnavandamál fái umönnunarbætur. Hér er um að ræða alvarlega veik börn. Það þarf að viðurkenna þetta ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Því mælum við með samþykkt frv."

Þá barst einnig umsögn frá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Hún er ekki jafnjákvæð og þessi gagnvart frv. en mér finnst eðlilegt að hún komi hér fram. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vandi ungra fíkniefnaneytenda og fjölskyldna þeirra er mikill eins og m.a. kemur fram í greinargerð með ofangreindu frv. og nauðsynlegt er að bregðast við honum hið fyrsta. Þó verður ekki séð að það sé fær leið til að taka á vandanum að heimila umönnunargreiðslur til framfærenda barna sem eiga við alvarleg fíkniefnavandamál að stríða. Erfitt yrði að meta hvenær barn/unglingur er þannig staddur að foreldrar eigi rétt á greiðslum. Hlutverk foreldris í meðferð er enn fremur óljóst og ekki geta allir foreldrar verið þátttakendur. Því getur m.a. valdið meðvirkni aðstandenda, sem er stundum greind sem sjúkleg einkenni fjölskyldna vímuefnaneytenda.

Álag foreldra við þessar erfiðu aðstæður er margfalt, m.a. vegna óvissu og oft úrræðaleysis. Það er mat Félagsþjónustunnar í Reykjavík að fjármagn sem færist til þessa verkefnis nýttist betur ef því yrði varið til bættrar upplýsingaþjónustu og aukinnar ráðgjafar við fjölskyldur, aukinnar geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga, þjónustu fyrir misþroska og ofvirk börn, sem er sérstakur áhættuhópur í þessum efnum, og síðast en ekki síst til fjölgunar meðferðarúrræðum."

Undir þetta ritar Lára Björnsdóttir fyrir hönd Félagsþjónustunnar í Reykjavík. Umsögn Barnaverndarstofunnar er á svipuðum nótum, með leyfi forseta:

„Barnaverndarstofa fellst á að aukning hafi orðið í neyslu vímuefna og rík þörf sé fyrir frekari meðferðarúrræði en nú eru fyrir hendi. Verður Barnaverndarstofa að telja að frumáherslu beri að leggja á að veita fjármunum í að bæta sérhæfða meðferð fyrir börn sem neyta vímuefna. Bæði verði að bæta þjónustutilboð á vegum sveitarfélaga sem þegar er í vanda, svo og huga að sterkum forvörnum af þeirra hálfu. Þá verði að auka meðferðarúrræði á vegum ríkisins til að bæta úr brýnni þörf og tengja það faglegri eftirmeðferð í samvinnu við fjölskyldur barnanna. Að mati Barnaverndarstofu verður að setja slíka opinbera þjónustu í algeran forgang og getur því ekki við þessar aðstæður mælt með því að fjármunum verði veitt svo sem lagt er til í þessu frv."

Undir þetta ritar fyrir hönd Barnaverndarstofu Hrefna Friðriksdóttir.

Virðulegi forseti. Af þeim þrem umsögnum sem bárust er ein úr þessum reynsluheimi, þ.e. frá foreldrum ungra fíkniefnaneytenda. Hinar eru frá stofnunum, annars vegar á vegum sveitarfélags og hins vegar á vegum ríkisins sem leggja til að fjármunum sé varið á annan hátt. Ég get ekki, virðulegi forseti, fallist á að hægt sé að setja samasemmerki milli þess að fjölga meðferðarúrræðum og þörfinni á því að foreldri sem er með ungt barn sem er í þungri eða harðri neyslu eigi rétt á umönnunarlaunum á þeim tíma sem foreldri er að sinna barni. Það er vitað og allir sem til þekkja viðurkenna að foreldrar ungra fíkniefnaneytenda verða oft fyrir verulegu vinnutapi vegna þessa sjúkdóms og þurfa í mörgum tilvikum að hætta vinnu til þess að fást við þetta alvarlega vandamál sem bitnar ekki bara á sjúklingnum sjálfum, foreldrum, heldur á fjölskyldunni í heild sinni. Þessir foreldrar hafa ekki notið sömu réttinda og foreldrar veikra eða langveikra barna eða fatlaðra barna. Til að mynda hafa þeir ekki fram undir þetta notið ferðastyrks þegar þeir vinna með börnum sínum sem eru í meðferð langan veg frá heimili. Fyrir ári spurði ég hæstv. ráðherra hvort ráðherra hygðist breyta reglugerð sem sneri að því að greiða ferðakostnað til foreldra sem ættu börn í meðferð. Vissulega eru það börn upp að 18 ára aldri mál sem falla undir félmrn. en það er akkúrat það sem er okkar vandi að málefni sem snúa að úrlausnum vegna fíkniefnaneyslu ungra barna og unglinga eru á svona gráu svæði og má auðvitað flokka undir málefni sem lúta að félmrn. en einnig að heilbrrn.

Við þurfum að viðurkenna, ekki bara í orði að þarna er um mjög alvarlegan sjúkdóm að ræða. Við þurfum að viðurkenna það í verki. Ég tel að það sé í sjálfu sér ekki miklum vandkvæðum háð fyrir heimilislækni eða sérfræðing að meta ástand ungs fíkniefnaneytanda hvort það er svo alvarlegt að ástæða sé til þess að foreldri viðkomandi sé heima og sinni einstaklingnum, annaðhvort áður en farið er í meðferð og afeitrun eða eftir að úr meðferðinni er komið. Þau rök sem fram koma í umsögnum frá Reykjavíkurborg eiga ekki rétt á sér þar sem það reynist ekki mjög erfitt að greina hvenær eiturlyfjaneysla er komin á alvarlegt og hættulegt stig og hvenær er þörf á meðferð og aðstoð og hvenær er þörf á innlögnum á sjúkrastofnanir jafnvel eftir að afeitrun hefur átt sér stað. Við erum því miður að horfa upp á vaxandi vandamál í þessum efnum þar sem ungir krakkar neyta í auknum mæli fíkniefna og eru komin í neyslu mjög harðra efna mjög ung. Þetta er vandamál sem við þekktum ekki áður en hefur verið rætt oft áður hér og þær afleiðingar sem þetta hefur.

Það er nauðsynlegt að foreldri taki á vandanum strax þegar upp kemst og vinni úr honum með barninu. Það er nauðsynlegt að þeir geri það á heimilinu, það er nauðsynlegt að þeir geri það áður en til meðferðar kemur. Á meðan á meðferð stendur er ekki síður nauðsynlegt að foreldrar hafi möguleika til þess að sinna barni. Vitað er að það eru mörg önnur vandamál en neyslan sjálf sem fylgja þessum sjúkdómi. Það getur verið um að ræða geðræna sjúkdóma. Þessi börn hafa verið greind með geðræna sjúkdóma og þau þurfa á aðstoð sérfræðinga á því sviði að halda jafnframt því að leita til sálfræðings og félagsráðgjafa til þess að vinna úr vandamálum sem fylgja harðri fíkniefnaneyslu og fylgikvillum hennar. Þessi meðferð, þessi eftirfylgni og eftirmeðferð sem á sér stað inni á heimilunum tekur oft mjög langan tíma, er mjög kostnaðarsöm fyrir foreldrana. Foreldrar verða eins og ég nefndi hér áðan að minnka við sig vinnu, jafnvel hætta vinnu til þess að sinna þessum unga sjúklingi í fjölskyldunni. Hér er einfaldlega verið að leggja til, að settum reglum sem heilbrrh. ákveður að greidd séu umönnunarlaun til þessara foreldra til þess að auðvelda þeim að takast á við þetta mikla vandamál og þessi erfiðu veikindi. Það er löngu kominn tími til að við, og þá er ég ekki að beina orðum mínum neitt sérstaklega til hæstv. heilbrrh., vegna þess að það er langt síðan heilbrrh. viðurkenndi þennan sjúkdóm og talaði um fíkniefnaneyslu sem sjúkdóm, en það er kannski löngu kominn tími til að þjóðfélagið viðurkenni þennan alvarlega sjúkdóm sem allt of stórir hópar barna og unglinga

þjást af og að tekið sé á þessu vandamáli. Þarna er aðeins einn liður af mörgu sem þyrfti að taka á varðandi foreldra þessara barna. Ég nefndi ferðastyrkina þannig að þau geti tekið þátt í meðferðinni. Ég held að það sé enn þannig að ungur fíkniefnaneytandi sem fer í meðferð út á land, t.d. héðan af höfuðborgarsvæðinu, fer í meðferð norður, austur eða vestur eða á hvaða meðferðarheimili sem til staðar er, að ef um er að ræða einstæða foreldra sem fá greidd meðlög vegna barna, mæðralaun eða feðralaun þá missa þeir þessar greiðslur. Þær renna til meðferðarheimilisins. Möguleikar foreldranna til þess að taka þátt í meðferðinni auk þess að veita barninu það sem þarf á meðan á meðferð stendur eru mjög litlir. Þess vegna tel ég að það þurfi að taka heildstætt á málefnum þessa hóps og það sé liður í því að bæta það ástand sem ríkir. Vissulega get ég tekið undir það sem kemur fram í umsögn frá Barnaverndarstofu og eins frá Félagsþjónustunni í Reykjavík að það þarf að efla þessa þjónustu á öllum sviðum. En við getum ekki litið fram hjá því að það er mjög stór þáttur í því að vel til takist að meðferðarúrræði sem til staðar eru hjá Barnaverndarstofu og sú aðstoð sem til staðar er hjá félagsmálayfirvöldum sveitarfélaganna, að þessi aðstoð nýtist, þ.e. að foreldrarnir geti tekið virkan þátt.

Þetta frv. sem við flytjum, sú sem hér stendur og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, tekur á einum þessara þátta, þ.e. að foreldrar sem eiga börn sem eru í mjög harðri neyslu fái umönnunarlaun en þó því aðeins að það séu settar um það mjög ákveðnar reglur hverjir það eru og eftir hverju skuli farið ef slíkar bætur eru greiddar. Um leið og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún vilji leggja þessu máli lið, þá hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra hvort þessar reglur um ferðakostnað hafi verið endurskoðaðar og hvort það eigi að taka heildstætt á málefnum foreldra þessara ungu sjúklinga vegna þess að eins og ég nefndi áðan að ungur fíkniefnaneytandi er auðvitað sjúklingur og ætti að falla undir heilbrigðiskerfið fyrst og fremst og þau úrræði sem þar eru.

[11:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessu frv. sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir flytur hér ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, er verið að leggja til að útvíkka réttindi til umönnunargreiðslna til framfærenda barna sem eiga við sjúkdóma að stríða, þannig að foreldrar barna sem eiga við alvarlegan fíkniefnavanda að stríða eigi einnig rétt á slíkum greiðslum úr almannatryggingunum. Þetta er auðvitað útfærsluatriði sem ætti fyrir löngu að vera komið til framkvæmda því að við vitum að börn sem eru alvarlegir fíkniefnaneytendur eru sjúk börn, sérstaklega haldin alvarlegri fíkn. Við vitum hvernig slíkt ástand getur haft áhrif á fjölskyldur, á foreldra, fjölskyldan verður einnig veik og það er geysilegt álag sem fylgir þessum börnum.

Það er líka rétt eins og kom fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að langvarandi fíkniefnaneysla leiðir oft til alvarlegra geðsjúkdóma hjá neytendum og hjá börnunum. Sömuleiðis er það staðreynd að börn með geðræn vandamál leiðast t.d. frekar út í fíkniefnaneyslu þannig að oft er mjög erfitt að greina á milli hvenær barnið er geðsjúkt og hvenær það er fíkniefnaneytandi. Þetta fer mjög oft saman.

Það að leggja til að fjölga meðferðarúrræðum á kostnað umönnunargreiðslna finnst mér ekki koma til greina. Það verður að líta á þetta í sitt hvoru lagi. Foreldrar sem búa við þá ógæfu að eiga barn sem er í alvarlegum fíkniefnavanda eru ekki síður illa staddir en foreldrar sem eiga alvarlega sjúkt barn að öðru leyti, foreldrar sem eiga alvarlega krabbameinssjúkt barn eða hjartasjúkt barn. Kannski ríkja frekar fordómar í garð þeirra fjölskyldna þar sem barn á við fíkniefnavanda að stríða en hinna alvarlega sjúku. Þar ríkja viðbótarerfiðleikar.

Mig langar líka til að minna á það að eftir að umönnunargreiðslur komu inn í almannatryggingarnar hafa reglurnar um þær verið að breytast. Upprunalega voru þetta aðallega greiðslur sem voru til foreldra fatlaðra barna. Síðan koma alvarlega veiku börnin inn og foreldrar þeirra og sömuleiðis að foreldrar eigi rétt á þessum greiðslum meðan börnin eru inni á sjúkrahúsum því að auðvitað eru foreldrar frá vinnu og þurfa jafnvel að hætta vinnu til þess að geta sinnt þessum börnum. Þetta hefur einnig áhrif á fjölskyldulíf. Við þekkjum að í mörgum tilfellum brýtur það upp fjölskyldur að eiga við vanda sem þennan, leiðir af sér hjónaskilnaði og annað böl. Það er alveg ljóst að þessar fjölskyldur þurfa fjárhagslegan stuðning. Og það eru auðvitað umönnunargreiðslur almannatrygginganna sem ættu að koma inn til þessara foreldra ekki síður en annarra foreldra sem eiga veik börn. Ég get ekki tekið undir það að börn í alvarlegum fíkniefnavanda séu ekki veik, þau eru alvarlega veik, alvarlega sjúk.

Herra forseti. Ég tel fyrir löngu tímabært að þessi breyting verði gerð og það fólk sem stendur frammi fyrir þessum alvarlega vanda fái þennan rétt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún telji ekki að það sé orðið tímabært að útvíkka heimildirnar til umönnunargreiðslnanna hjá almannatryggingunum í þá veru sem lagt er til í þessu frv., hvort þessir foreldrar þurfi ekki eins á þessum stuðningi að halda og foreldrar barna með hina ýmsu sjúkdóma og fötlun?

[11:32]

Karl V. Matthíasson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem er allrar athygli vert og nauðsynlegt að gaumgæfa. Það varpar ljósi á þá miklu erfiðleika sem foreldrar áfengissjúkra barna og þeirra sem eiga við fíkniefnavandamál að stríða geta búið við. Það er ljóst að foreldrar sem horfa upp á börn sín ánetjast áfengi og eiturlyfjum búa við mjög erfiðan kost. Þeir þurfa jafnvel að víkja frá vinnu um stund til að vera yfir börnum sínum, koma þeim í meðferð eða til annarrar umönnunar.

Þegar slík mál koma upp vaknar spurningin: Hvers vegna kemur svona tillaga fram? Hún virðist eiga rætur í því að meðferðarúrræði og aðstæður til að koma þessum börnum til lækninga og hjálpar eru ekki nægjanlega góð. Þá vaknar einnig spurningin: Hvers vegna ánetjast svo mörg börn í þessu landi áfengi og eiturlyfjum? Eru mörg þessara barna á þessum vegi vegna þess að þau hafa ekki, af einhverjum sökum, fengið þjónustu sem þau þurftu að fá fyrr í æsku? Hver hefur verið þjónusta við geðveik börn á Íslandi undanfarin ár og áratugi og hvaða sjónarmið hafa ríkt í garð geðveikra barna almennt? Við vitum að þau hafa ekki verið hin sömu og barna sem þjást af öðrum sjúkdómum sem eru sýnilegri og hafa líkamlegri einkenni en geðveiki barna.

Ég held að inn í þessa umræðu hljóti að fléttast spurningin, þegar við veltum fyrir okkur hversu mörg börn hafa ánetjast vímuefnum: Af hverju leita þau í vímu? Er það vegna þess að þeim líður svo illa inn í sér? Er það vegna þess að þau eiga við geðræn vandamál að stríða og finna fróun í lyfinu sem þau taka, í eiturlyfjum eða víni? Þurfum við ekki að rannsaka þetta? Þurfum við ekki að athuga betur á meðferðarstofnunum hve margir unglingar og ungmenni

sem koma til meðferðar eiga við geðræn vandamál að stríða? Hver er staðan í dag hjá geðveikum börnum og hvað má áætla að mörg þeirra leiðist út í eiturlyf og áfengissýki bara vegna veikinda sinna, ekki vegna þess að foreldarnir búi sjálf við þetta böl og börnin búi við slæmar fjölskylduaðstæður, heldur vegna þess að sjúkdómurinn er fyrir hendi? Ég held að við þurfum að beina sjónum okkar að þessu og velta fyrir okkur hvort ekki þurfi, um leið og við erum að reisa meðferðarhæli fyrir börn sem eru orðin áfengissjúklingar og eiturlyfjasjúklingar, að beina meira fjármagni í rannsóknir til barna sem eiga við geðræn vandamál að stríða.

Það er viðurkennt af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni að alkóhólismi er sjúkdómur. Út frá þeirri einföldu skilgreiningu er mjög rökrétt að slík tillaga komi fram, að foreldrar barna sem búa við þennan sjúkdóm — því þeir einstaklingar sem eru undir 18 ára aldri eru skilgreindir sem börn — geti með einhverju móti leitað sér stuðnings og hjálpar í kerfinu. Það er eru mikil fjárútlát og ýmis kostnaður sem fylgir því að vera foreldri barns sem býr við þessa þjáningu. Þetta langar mig til að komi fram í umræðunni. Það er í raun og veru dapurlegt að svona tillaga þurfi að koma fram. Hún felur í sér viðurkenningu á mjög slæmu ástandi og alvarlegu sem menn ræða talsvert um. Framsfl. hefur talað um að setja nokkrar milljónir í þessi mál eða milljarða, ég man ekki hvort, það var mill-eitthvað.

Þess vegna eiga menn að gefa gaum að þessu. Ég hvet stjórnarherrana til þess að athuga hvort eitthvað af þeim fjármunum sem renna í þetta málefni geti ekki beinst að þessum hópi. En ég vil undirstrika að það er nauðsynlegt að við veltum því fyrir okkur, þegar við sjáum unglinga og jafnvel börn sem eru greinilega orðin mjög háð áfengi og öðrum eiturlyfjum því að áfengi eða alkóhól er ekkert hættuminna en ýmis önnur efni sem eru á markaðnum. Ég vil beina þeim orðum mínum sérstaklega til þeirra sem aðhyllast þá skoðun að þessar veigar eigi að selja í formi bjórs og léttra vína í verslunum. Það er annað mál en þó af sama meiði. Það er nauðsynlegt er fyrir okkur að huga að því hve mikil áhættan er fyrir einstakling sem á við geðræn vandamál að stríða hvað þetta varðar.

Nú er lag fyrir Framsfl. sem hefur lagt áherslu á þetta mál í kosningabaráttu sinni að setja fjármagn í það sem mundi vera samstarf á milli meðferðarstofnana, t.d. SÁÁ sem vinnur mjög gott starf hérna, og geðdeildanna í heilbrigðiskerfinu. Þannig mætti athuga hvort við getum ekki farið að vinna að því að styðja betur við börn sem eiga við geðræn vandamál að stríða svo þau fái betri lækningu en þá sem þau reyna að veita sér sjálf í eiturlyfjum og áfengi.

[11:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Karli V. Matthíassyni fyrir skelegga og góða ræðu. Hann vék örlítið að kosningaloforðum okkar framsóknarmanna og minntist á mill-eitthvað. Ég ætla að vekja athygli hv. þm. á því að það er hárrétt að við lögðum fram mjög einarða stefnu í forvörnum. Ef það hefur farið fram hjá hv. þm., sem er svo sem ekkert óeðlilegt þar sem hann situr sem varamaður á þingi, þá höfum við það sem af er þessu kjörtímabili, á um það bil einu ári, varið um 430–450 millj. kr. til forvarnastarfs. Í kosningabaráttu okkur töluðum við um að við ætluðum að verja í forvarnir um 1 milljarði á þessu kjörtímabili. Nú þegar höfum við varið um 430 millj. Þannig að þetta mill-eitthvað eru miklir peningar og skipta auðvitað miklu máli.

Ég er sammála hv. þm. í þeim efnum að SÁÁ hafi staðið sig með miklum ágætum og bjargað mörgum manninum og mörgum unglingnum úr neti vímuefnaneyslu. En bara til þess að upplýsa hv. þm. um þetta, þannig að við tölum ekki í einhverjum hálfkæringi um mill-eitthvað, þá er hér um að ræða 430 millj. á þessu eina ári sem liðið er frá síðustu kosningum. Við stöndum við þetta kosningaloforð eins og mörg, mörg önnur sem við höfum lagt fram. (**ÁRJ:** Hver er afstaða þingmannsins til frv.?)

[11:42]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gleðilegt að heyra þessi tíðindi en það væri ágætt ef þetta yrði gert opinbert og nánar skilgreint. Það er ákaflega auðvelt að slá því fram að maður hafi bara sett 430 millj. í þetta og hitt. En er þetta þá viðbót við það sem fyrir var? Er þetta aukning og í hverju felst það að setja 430 millj. í forvarnir eða er þetta kannski það sem kalla má eðlilega þróun og ekki neitt sem maður getur hreykt sér af? Það er hægt að leika sér á allan máta með tölur. Segjum t.d. að það verði fólksfjölgun í landinu, þá hljótum við að fjölga skólastofum. Þá getur enginn staðið upp, barið sér á brjóst og sagt: Hér erum við búin að auka framlög til menntamála um gífurlegar fjárhæðir vegna þess að við lofuðum því. Það væri eitt af því sem er nauðsynlegt, sjálfsagt og eðlilegt. Við þurfum að heyra betur skilgreiningar á því þegar menn standa hér upp og guma af því að hafa staðið við einhver loforð, að þeir leggi þá skýrt og greinilega fram um hvað er að ræða. Eru framlögin eitthvað umfram það sem má telja mjög heilbrigða og eðlilega þróun?

[11:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að tala um heilbrigða og eðlilega þróun þegar talað er um fíkniefnaneyslu í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Hér er um dauðans alvöru að ræða.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir lætur sig gjarnan varða mál þeirra sem minni máttar eru. (Gripið fram í.) En það er dálítið merkilegt, þegar menn standa hér í pontu, að þá hefur hv. þm. alltaf gríðarlegan áhuga á að grípa fram í fyrir þeim sem er að tala.

Þegar hv. þm. talaði um mill-eitthvað áðan og eðlilega þróun þá veit ég að það var ekki með vilja gert, að tala með þessum hætti. Auðvitað er ekki um neina eðlilega þróun að ræða í sambandi við fíkniefni. Við verðum öll, hvert einasta mannsbarn þjóðarinnar, að vera vel á verði. Ég skal sjá til þess að hv. þm. fái það nákvæmlega niður skrifað, hvert einasta atriði í þessum 430 millj. sem ég var að tala um. Ég mun sjá til þess að aðstoðarmaður heilbrrh., sem er mjög skammt undan, komi þeim upplýsingum til hv. þm. áður en langt um líður.

[11:45]

Karl V. Matthíasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að heyra að tölurnar eru alveg á hreinu og aðstoðarmaður heilbrrh. muni finna þær og koma þeim til mín. Hins vegar er ég ekki að hafa þetta neitt í flimtingum, hv. þm. Ég er að tala í alvöru um þessi mál. Við höfum horft upp á hvernig staðan er á þessum vettvangi og tilefni umræðunnar er hvernig ástandið er á sumum heimilum þar sem börn búa og foreldrar þurfa að horfa upp á börn sín þjást af vöntun í einhver lyf vegna þess að þau eru orðin svo háð þeim. Ég held að það sé sama hvort við erum framsóknarmenn eða samfylkingarmenn eða í öðrum flokkum að við teljum þetta mál alls ekki einkamál neins eins manns,

eins þingmanns, eins ráðherra eða eins stjórnmálaflokks. Þetta er mál okkar allra og áfengissýkin og eiturlyfjaneyslan er eitt mesta heilbrigðisvandamál samfélagsins. Þess vegna verðum við að halda vöku okkar.

Ég þakka fyrir ef þessar upplýsingar koma til mín skriflega, þá get ég sýnt öðrum þær. Ég vona að þær séu ekki í þeim anda sem ég var að tala um áðan, heldur það sem eðlilegt má teljast. Það er ekki eðlilegt að börn ánetjist áfengi eða eiturlyfjum en það er eðlilegt að við bregðumst við því á venjulegan og hefðbundinn hátt. Það er það sem ég vildi segja.

[11:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur farið fram. Það er ljóst að það er alveg sama hve mikið fjármagn við setjum til þessa málaflokks að það er aldrei nóg meðan eitt barn fellur í þessa gryfju.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram að miklir fjármunir hafa verið lagðir á sl. ári til þessa málaflokks. Það hefur skipst á milli löggæslu og tollgæslu, meðferðarúrræða og forvarna. Það er samt ekki nóg. En það er nauðsynlegt að forgangsraða þegar við þurfum að takast á við stóran og erfiðan málaflokk og það hefur verið forgangsröðun okkar að efla forvarnir. Einmitt vegna þess að hv. þm. sem hér talaði áðan kemur frá Grundarfirði langar mig að minnast á að þar hafa menn gengið alveg sérstaklega myndarlega fram og það hefur verið gert án þess að fá nokkurt framlag frá ríkinu. Það sem þeir í Grundarfirði eru að gera er eitthvað sem ég tel að við getum lært mikið af. Þar hafa foreldrar tekið höndum saman og presturinn þar, hv. þm. sem talaði áðan, hefur verið í fararbroddi. Ég bara segi við ykkur hv. þm. að þið ættuð að kynna ykkur hvað menn eru að gera þar í forvörnum. Það er algerlega til fyrirmyndar og hefur vakið athygli víða.

Varðandi það frv. sem liggur fyrir og hefur áður verið til umfjöllunar, þá er þetta eitt af mörgum málum sem er til skoðunar en forgangurinn hefur verið þessi sem ég hef lagt upp. Við höfum verið að bæta meðferðarúrræði og síðast um áramót vorum við að opna mjög mikilvæga stofnun við Vog þar sem eru meðferðarúrræði fyrir unga fíkniefnaneytendur sem hefur verið mikil þörf á og Barnastofa er að opna ný meðferðarúrræði víða. Það er það sem hefur verið kallað geysilega mikið eftir og er mjög mikilvægt. Við höfum einnig verið að efla barna- og unglingageðdeildina því allt verður þetta að haldast í hendur.

En ég endurtek að ég þakka þá umræðu sem hefur farið fram um þetta alvörumál.

[11:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir svolítið leitt að hæstv. ráðherra taki ekki heils hugar undir frv. Hæstv. ráðherra talar um að forgangsraða og leggur áherslu á forvarnir. Ég tel það forvarnastarf að greiða foreldrum þeirra barna sem eiga við alvarlegan fíkniefnavanda að stríða umönnunargreiðslur þannig að þeir geti sinnt þeim. Það er mjög mikilvægt forvarnastarf og það geta foreldrarnir ekki innt af hendi nema þeir fái stuðning frá hinu opinbera. Þessir foreldrar eru ekkert síður undir álagi en foreldrar annarra alvarlegra sjúkra barna sem njóta umönnunargreiðslna. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna eiga þessir foreldrar síður að njóta stuðnings úr almannatryggingunum en þeir foreldrar sem eiga alvarlega sjúk og fötluð börn? Ég mundi gjarnan vilja, herra forseti, fá rök hæstv. ráðherra. Ég veit að ráðherrann hefur mikinn skilning á forvörnum og hefur margítrekað það og lýst því yfir að það eigi að setja pening í þær. Hvað er meiri forvörn en að styðja foreldra í því að geta sinnt börnum sínum með þessum greiðslum? Þetta eru ekki háar upphæðir og margt þetta fólk verður að vera frá vinnu til að geta sinnt börnunum. Hvaða rök eru fyrir því að þessir foreldrar eigi ekki að njóta þessa stuðnings?

[11:52]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég átti satt að segja von á því að hæstv. ráðherra kæmi og svaraði þeirri spurningu sem var beint til hennar í andsvörum þingmanna en ég átti líka von á því að fá svör við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra, m.a. hvað varðar skoðun á kjörum foreldra ungra fíkniefnaneytenda og þá ekki eingöngu það sem lýtur að umönnunarlaunum þar sem hér er aðeins tekinn út einn þáttur heldur ekki síður reglugerð sem var í endurskoðun fyrir ári um ferðakostnað og aðstoð til foreldra ungra fíkniefnaneytenda svo þeir mættu taka þátt í meðferðinni.

Hæstv. ráðherra segir að aldrei verði lagt nóg til þessa málaflokks. Því miður er það þannig í dag. Vonandi komumst við einhvern tíma svo langt að ná tökum á þessum vanda þannig að hann vaxi ekki stöðugt. Við þurfum að standa þannig að málum að kröfurnar um aukningu verði ekki eins miklar og þær hafa verið á undanförnum árum. Sannarlega hefur verið þörf á aukningu og langt umfram það sem hefur verið gert og þó að færa megi rök fyrir því að búið sé að setja 430–450 millj. til forvarnastarfsemi í tollinn, lögregluna og fleiri þætti mætti sjálfsagt gera miklu betur og enn erum við jafnvel ekki að uppfylla lagaskilyrði sem eru til staðar um það hvernig við eigum að sinna heilbrigðisþjónustu okkar. Vera má að það hefði þurft að nota milljarðinn bara til þess að uppfylla öll þau lagaskilyrði sem eru til staðar.

Þetta snýst um forgangsröðun, það er rétt. Forgangsröðunin hefur verið sú að efla forvarnirnar og byggja upp meðferðarheimili sem kröfur hafa verið um. Hefur nokkrum hér inni dottið í hug að þó að byggður væri barnaspítali, þó svo það væri aukin upplýsingagjöf til foreldra veikra barna, þó keypt væru inn ný tæki til að fást við alvarlega, líkamlega eða andlega sjúkdóma sem börn þjást af, hefur þá einhverjum hér inni dottið í hug að það þýddi að ekki þyrfti að greiða umönnunarlaun til þeirra foreldra sem hlut eiga að máli? Nei, líklega ekki. Hér er ekki um mjög stórar fjárhæðir að ræða. Sú hugsun sem kemur fram í umsögn Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar er kannski dæmigerð fyrir það hvernig þeir sem líta þannig á að þetta sé ekki forgangsverkefni. Hæstv. ráðherra er ekki ein um að álíta það ekki forgangsverkefni að greiða umönnunarlaun til foreldra ungra fíkniefnaneytenda, mjög veikra barna sem foreldrar þurfa að sinna allan sólarhringinn. Í umsögn félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar segir, með leyfi forseta:

„Erfitt yrði að meta hvenær barn/unglingur yrði þannig staddur að foreldri eigi rétt á greiðslum. Hlutverk foreldris í meðferð er enn fremur óljóst og ekki geta allir foreldrar verið þátttakendur. Því geta m.a. valdið meðvirkni aðstandenda sem er stundum greind sem sjúkleg einkenni fjölskyldna vímuefnaneytenda. Álag foreldra við þessar erfiðu aðstæður er margfalt m.a. vegna óvissu og oft úrræðaleysis."

Þetta eru rök fyrir að greiða þeim ekki umönnunarbætur, að þetta séu ekki forgangsmál. Hvenær er foreldri ekki meðvirkt þegar barn er fársjúkt hvort sem það er krabbameins-

veikt, veikt í hjarta eða þjáist af öðrum erfiðum líkamlegum eða andlegum sjúkdómum? Hvenær er foreldri ekki meðvirkt? Hvernig kemst foreldri hjá því að verða meðvirkt? Foreldrar sem ekki fá greidd umönnunarlaun hafa miklu minni möguleika til að takast á við þann mikla vanda sem fylgir því þegar barn verður fjársjúkt vegna vímuefnaneyslu en foreldrar langveikra barna eða fatlaðra. Samt erum við ekki að gera of vel við þá foreldra og við vildum sjálfsagt gera miklu betur og ég veit að hæstv. ráðherra tekur undir það að við vildum gera miklu betur. Hér er ekki um að ræða stórar fjárhæðir. Þetta þýðir að það verði að endurskoða reglurnar sem gilda um umönnunarlaunin og að taka inn foreldra þessara veiku barna. Það er viðurkennt af öllum sérfræðingum að við erum ekki að tala um tímabundin veikindi. Það er ekki þannig að barn ánetjist eiturlyfjum og það sé afgreitt á einhverjum örfáum dögum eða vikum. Nei, það þarf langvarandi meðferð og ekki bara þetta barn heldur þurfa önnur börn í fjölskyldunni einnig á umönnun að halda. Í raun og veru má segja að systkini ungs fíkniefnaneytenda veikist líka þó þau neyti ekki fíkniefna. Það er þvílíkt álag á þessum fjölskyldum eins og hjá þeim sem eiga börn sem eiga við alvarleg langvarandi veikindi að stríða.

Þess vegna er það þannig að mig undrar það stundum þegar við tökum fyrir umræðu um fíkniefnavandann, um möguleikana til þess að bæta úr, um það að okkur vanti meðferðarstofnanir og að börn eru á biðlistum lengri eða skemmri tíma. Við höfum gert átök í þessu eins og ýmsu öðru og rætt það í skorpum, utandagskrárumræðum og þá er salurinn fullur. Fulltrúar allra flokka koma og lýsa því yfir hver er stefna þeirra og hvað þeir vilji gera. Svo þegar komið er að því að leysa hluti sem kosta ekki stórar fjárhæðir þá þegja menn þunnu hljóði og taka ekki þátt.

Ég veit að hæstv. ráðherra hefur úr takmörkuðum fjármunum að spila og ég veit að hæstv. ráðherra hefur reynt að spila afar vel úr því fé sem lýtur að þessum málaflokki. Það er ekki þannig að það sé við einn hæstv. ráðherra að sakast að ekki eru til fjármunir. Það er þannig að þetta eru skipti og rammi þessa ráðuneytis þykir líklega dálítið víður og víðari en margra annarra ráðuneyta. Þess vegna skiptir það máli að þeir hv. þm. sem sitja í stærri stjórnarflokknum séu líka tilbúnir til þess að leggja þessu lið og leggja hæstv. ráðherra lið. Það er mjög erfitt með takmarkaða fjármuni og stórt og mikið vandamál að forgangsraða. Ég tel að það hafi verið tekið á því af bestu vitund að spila úr þeim fjármunum sem heilbrrn. hefur haft. En það þarf meira og það þarf þá samstöðu allra og þess vegna eru orð mín ekki mælt þannig að um ásökun sé að ræða á hæstv. ráðherra af því að mér er vel kunnugt um það hvernig hún hefur farið með þá fjármuni sem úr er að spila. Það er í raun og veru frekar þannig að maður áfellist þá sem eiga að standa að þessum málaflokki en vísa á ábyrgð eins ráðherra.

Það væri ábyggilega mjög fróðlegt fyrir þá hv. þm. sem ekki hafa heimsótt Foreldrahúsið úti í Vonarstræti, þar sem foreldrar fíkniefnaneytenda eru, að mæta þar á fræðslufund og hitta þessa foreldra og sjá hvernig sjúkdómur barnsins tekur allan tíma foreldranna.

Ég gleymdi því áðan, virðulegi forseti, að óska eftir að frv. verði vísað til heilbr.- og trn., og því hlýt ég að bera fram þá einlægu ósk að heilbr.- og trn. taki þetta fyrir af sanngirni, kynni sér málið og ræði við foreldrana, fari og ræði við foreldrana. Þetta er mjög alvarlegt og erfitt mál fyrir þessa foreldra. Þeir standa næst vandamálinu, þurfa á aðstoð okkar að halda og ekki hvað síst einstæðir foreldrar sem missa greiðslur sem þeir fá með börnum sínum um leið og þau fara inn á meðferðarstofnun og eiga þó að taka þátt í meðferðinni því að það viðurkenna allir að það er nauðsynlegt að foreldrar taki þátt í meðferðarstarfi. Þessi sjúkdómur er alvarlegur. Hann er því miður að verða allt of algengur og hæstv. heilbrrh. þarf áreiðanlega á stuðningi þingsins að halda til þess að fá fjármagn ef þetta frv. yrði samþykkt sem ég vona sannarlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 408. mál. — Þskj. 666.

[12:03]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum. Ásamt mér standa að frv. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Sigríður Jóhannesdóttir, þingmenn Samfylkingarinnar. Við leggjum til í 1. gr. frv. eftirfarandi breytingu á 1. mgr. 36. gr. laganna:

„Á eftir g-lið 1. mgr. 36. gr. laganna kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Sérfræðiþjónustu við börn og unglinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar skv. 37. gr. a."

Í 2. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, 37. gr. a, svohljóðandi:

Fyrir sérfræðiþjónustu við börn og unglinga, 18 ára og yngri, á sviði sálfræði og félagsráðgjafar sem veitt er utan sjúkrastofnana og skólakerfis greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Gjaldskráin gildir bæði um sérfræðiþjónustu sem veitt er af hinu opinbera og öðrum. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi fyrir þjónustuna.

Sérfræðiþjónusta barna og unglinga utan sjúkrastofnana og skólakerfis á sviði sálfræði og félagsráðgjafar er því aðeins greidd að fyrir liggi sérstök umsókn frá heilsugæslulækni eða sérfræðingi á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd sérfræðiþjónustunnar, meðal annars mæla fyrir um hverjir eigi rétt á henni og hverjir veiti hana.

Reikningi fyrir sérfræðiþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður."

Í 3. gr. segir: „Lög þessi taka þegar gildi."

Frv. sama efnis var lagt fram á 121. löggjafarþingi en fékkst ekki afgreitt frá heilbrigðis- og trygginganefnd. Nefndinni barst fjöldi umsagna og var frv. lagt fram á 122. löggjafarþingi með nokkrum breytingum sem gerðar voru með hliðsjón af ábendingum sem þar komu fram. Það er nú lagt fram á ný, nær óbreytt.

Með frv. er lögð til sú breyting á löggjöf um almannatryggingar að sérfræðiþjónusta fyrir börn og ungmenni utan sjúkrastofnana og skólakerfisins á sviði sálfræði og félagsráðgjafar verði að hluta greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Gert skal ráð fyrir því að þiggjendur þjónustunnar greiði fyrir ákveðinn hluta hennar, t.d. fasta upphæð

fyrir hvert viðtal. Hér er einungis átt við viðurkennda sérfræðiþjónustu. Gert er ráð fyrir að einungis verði greitt fyrir þjónustu réttindafólks á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, sbr. lög nr. 40/1976 og lög nr. 95/1990. Einnig verður að gera þá kröfu að einungis verði greitt fyrir þjónustu þeirra sem hafa ákveðna lágmarksreynslu á þessu sviði og má þá m.a. horfa til reglna um veitingu sérfræðileyfa í sálfræði og setja skilyrði um framhaldsmenntun.

Vaxandi þörf er fyrir slíka sérfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni. Hún er og á að vera fastur liður í starfsemi skólanna. Börn og ungmenni, sem dvelja á sjúkrastofnunum, geta átt kost á sérfræðiþjónustu án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Hins vegar skortir mikið á að nægjanlegur fjöldi sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar starfi á heilbrigðisstofnunum svo hægt sé að sinna þessari þjónustu eins og þyrfti. Við breytingu á grunnskólalögum varð breyting á þessari sérfræðiþjónustu innan skólanna. Hlutverk sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar við skóla er nú að mestu leyti greiningarstarf en börnum er síðan í mörgum tilvikum vísað annað til meðferðar. Því er staðreynd að fjöldi barna og ungmenna þarf á þessari sérfræðiþjónustu að halda utan skóla og sjúkrastofnana. Komið hafa fram ábendingar frá skólaskrifstofum víða um land um að við breytingu sem gerð var á grunnskólalögunum sé ekki lengur gert ráð fyrir að veita meðferðarþjónustu innan skólakerfisins á sama hátt og áður var. Með þessu er verið að færa hana í auknum mæli út fyrir skólakerfið og kostnaðinn yfir á foreldra. Þá er einnig ljóst að á landsbyggðinni er þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa ekki til staðar utan skólakerfisins eða sjúkrastofnana nema í undantekningartilvikum. Kostnaðurinn sem leggst á fjölskyldu getur því verið mjög mikill þegar við bætist ferðakostnaður. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að börnum sem lengi hafa átt við erfiða líkamlega sjúkdóma að stríða standi til boða sérfræðiþjónusta sem greidd verði að fullu eða að hluta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Félagið hefur einnig bent á að ekki aðeins barnið eða unglingurinn sem hefur átt við alvarleg veikindi að stríða þurfi á sérfræðiþjónustu að halda heldur einnig og ekki síður fjölskylda barnsins. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna réð sálfræðing til þess að sinna þessari þjónustu og margar fjölskyldur krabbameinsveikra barna nýta sér hana. Félagið reyndi þannig að bregðast við vanda þessara fjölskyldna. Til lengri tíma litið getur félagið þó ekki staðið alfarið undir þjónustunni, enda verður ekki séð að þjóðfélagið geti velt þessu verkefni yfir á félagasamtök.

Börn og ungmenni, sem hafa mátt þola hvers konar ofbeldi, þurfa oft um langan tíma á þjónustu sérfræðinga að halda, sem og þau börn og ungmenni sem hafa leiðst út í neyslu fíkniefna. Fleiri ástæður mætti að sjálfsögðu nefna, þörfin fyrir sérfræðiþjónustu við börn og ungmenni eykst stöðugt.

Í reglugerð skv. 3. mgr. 2. gr. frv. skal eins og unnt er skilgreina þá sem rétt eiga á þessari þjónustu. Einnig skal í reglugerðinni kveða á um hvernig staðið verði að umsóknum um hana. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa utan skóla eða heilbrigðisstofnana skal aðeins greidd af Tryggingastofnun ríkisins ef sjúklingur framvísar sérstakri umsókn heilsugæslulæknis eða sérfræðings á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sem starfar innan skólakerfisins.

Sveitarfélög hafa í ákveðnum tilvikum tekið þátt í kostnaði við sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni en fá sveitarfélög veita fullkomna þjónustu að þessu leyti. Mjög margar fjölskyldur búa við svo bágan efnahag að þær geta ekki mætt kostnaðinum sem fylgir því að fjölskyldumeðlimur þurfi í lengri eða skemmri tíma að ganga til sálfræðings eða félagsráðgjafa. Við slíkt verður ekki unað, sérstaklega ekki þegar um er að ræða börn eða ungmenni, og því er þetta frv. flutt, virðulegi forseti, í þriðja eða fjórða sinn.

Virðulegi forseti. Þegar þetta frv. var sent út til umsagnar frá heilbr.- og trn., sem sá ekki ástæðu til þess að ljúka afgreiðslu þess á sínum tíma, kom fjöldi umsagna. Umsagnirnar voru allar jákvæðar. Það var nánast sama hvaðan þær komu. Allir mæltu með því að frv. yrði samþykkt ýmist óbreytt eða með smávægilegum breytingum og þá var fyrst og fremst um það að ræða sem lagt er til hér að menn væru ekki alfarið háðir mati heilsugæslulæknis eða starfandi sálfræðings eða félagsráðgjafa innan skólakerfis heldur mættu sérmenntaðir kennarar einnig, ef þeir meta það svo, senda inn umsókn um aðstoð fyrir börn sem þurfa á sálfræði eða félagsráðgjöf að halda.

Umsagnir bárust m.a. frá skólaskrifstofu Húnvetninga og Þroskahjálp, sem veitt hefur jákvæða umsögn um þetta frv. í hvert sinn sem það hefur verið lagt fram. Umsagnir bárust og frá skólaþjónustu Eyþings, Landspítalanum og landlæknisembættinu. Ég tek það fram að í umsögn Landspítalans er minnt á að setja þurfi mjög strangar faglegar reglur um hverjir megi senda inn þessar umsóknir fyrir einstaklingana. Ég tel sjálfsagt að verða við því.

Umsögn landlæknisembættisins er einföld. Þar segir:

„Umsögn landlæknis um frv. til laga um almannatryggingar 128. mál, — það var þegar þetta var lagt fram síðast — „sálfræðiþjónusta. Landlæknir styður þetta frv."

Síðan er álit foreldrasamtakanna Vímulaus æska jákvætt. Selfosskaupstaður. Félagsmálastofnun Selfosskaupstaðar einnig. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar leggur m.a. til að þeir sérfræðingar sem sent geti umsókn séu viðurkenndir skólasérfræðingar og sérmenntaðir kennarar. Einnig sendu inn umsagnir Öryrkjabandalagið, Akureyrarbær, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Sálfræðifélag Íslands, Sólveig Ásgrímsdóttir, Kópavogsbær og Umhyggja. Bréfið frá Umhyggju er undirritað af a.m.k. fyrrv. starfsmanni heilbrrn., Dögg Pálsdóttur. Hún vísar til bréfs nefndarinnar, dags. 10. mars 1998, þar sem óskað er umsagnar Umhyggju um frv. til laga um almannatryggingar, 228. mál og þess óskað að umsögnin berist nefndasviði Alþingis. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Umhyggja getur í stuttu máli sagt að félagið styður heils hugar það frv. sem hér er lagt fram og telur að í því felist mikilvæg réttarbót fyrir langveik börn og foreldra þeirra. Umhyggja mælir því eindegið með að frv. verði samþykkt."

Í flestum tilvikum er um að ræða umsagnir frá skólaskrifstofum og félagasamtökum en einnig frá nokkrum sveitarfélögum þar sem allir mæla með því að frv. verði samþykkt.

Ég hef því miður ekki möguleika á að meta nákvæmlega, þó ég hafi leitað eftir því, hvað þetta mundi kosta. Sé hins vegar skoðað hvaða kostnað þetta hefur haft í för með sér í Noregi, Danmörku eða Svíþjóð, þar sem tekið er þátt í kostnaðinum að hluta þá væri hægt að nefna þær tölur sem ég hef heyrt. Þær eru á bilinu 40–50 millj. á meðan slíkt tilraunaverkefni væri rekið. Ætla mætti að kostnaðurinn gæti verið á bilinu 40–50 millj. en þó væri auðvitað hægt að setja

þarna ákveðin mörk. Raunar væri hæstv. ráðherra í sjálfsvald sett hvaða skref yrði stigið í að taka þátt í þessum kostnaði.

Æ fleiri börn þurfa því miður á þessari þjónustu að halda vegna aukinnar eiturlyfjaneyslu, langvinnra líkamlegra veikinda. Hið sama á við um börn sem orðið hafa fyrir einelti og ofbeldi hvers konar, ekki hvað síst kynferðislegu ofbeldi. Öllum er kunnugt um að barn sem þjáist af alvarlegum sjúkdómi, hvort sem er vegna eiturlyfjaneyslu, líkamlegra eða andlegra sjúkdóma, fötlunar, þarf á þessari þjónustu að halda. Áður fyrr var hægt að treysta nokkuð á að hún væri veitt innan grunnskólanna vegna þess að reglugerðin og lögin um grunnskólann fólu það í sér. En eins og fram kemur í greinargerðinni var lögum um grunnskólann breytt á þann hátt að þar er fyrst og fremst um greiningarstarf að ræða hjá sálfræðingum og félagsráðgjöfum sem eru starfandi innan skólakerfisins. Börnum er vísað annað í meðferð.

Örfá sveitarfélög hafa tekið það upp hjá sér að veita þessa þjónustu. Bæjarfélagið á Sauðárkróki hafði starfandi á sínum vegum bæði sálfræðing og félagsráðgjafa sem veittu þjónustu án þess að börn eða foreldrar þyrftu að greiða fyrir. Mér finnst það til fyrirmyndar. Nokkur sveitarfélög hafa tekið þá stefnu að greiða fyrir u.þ.b. tíu tíma þjónustu, en það er hins vegar kunnugt og kunnara en frá þurfi að segja, að þau börn sem ýmist þurfa á þessari aðstoð að halda vegna mikilla veikinda eða hafa orðið fyrir ofbeldi eða einelti þurfa miklu meira en tíu tíma. Sálfræðingur hefur sagt mér frá því að barn sem verður t.d. fyrir kynferðislegu ofbeldi geti þurft allt upp í tveggja ára meðferð hjá sálfræðingi eða sérfræðingi á því sviði, og eins börn sem hafa orðið fyrir alvarlegu einelti eða annars konar ofbeldi í skólum eða á heimilum. Síðan er náttúrlega eins og við þekkjum að börn sem koma frá brotnum heimilum þar sem foreldrar eða aðstandendur eru ekki færir um að sýna þá umhyggju og hlýju sem til þarf eða skilyrði til þess uppeldis sem við vildum gjarnan sjá, þurfa á þessari þjónustu sérfræðinga að halda. Það er löngu tímabært að viðurkenna sérhæfða þjónustu á sviði félagsráðgjafar og sálfræði, að meðtaka hana og viðurkenna sem hluta af heilbrigðiskerfi okkar. Ég tel að það sé framtíðarmarkmið að Tryggingastofnun taki að hluta til þátt í greiðslu til allra þeirra sem þurfa á slíkri þjónustu að halda, en þarna sé stigið fyrsta skrefið, þ.e. að miðað sé við börn undir 18 ára aldri og aldursmarkið sett í samræmi við sjálfræðislögin.

Ég tel, virðulegi forseti, að það sé ekki ástæða til að fara yfir þetta í löngu máli. Ég hef áður mælt fyrir frv. sama efnis. Farið var ítarlega yfir það á sínum tíma í heilbr.- og trn. en styr stóð um það hvort nefndin treysti sér til að afgreiða málið eftir að umsagnirnar komu, sem allar voru jákvæðar, og flm. þá, sem var ég, var tilbúin til þess að breyta frv. í þá veru sem gert var ráð fyrir í tillögum sem bárust t.d. frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og reyndar frá Landspítalanum en ekki var vilji fyrir því innan hv. heilbr.- og trn. eða meiri hlutans að afgreiða málið. En ég vona að vilji verði fyrir því nú, ekki þarf að senda málið út. Það ætti því ekki að taka langan tíma að kalla inn umsagnir þar sem allir þeir aðilar sem ég hef hér talið upp þekkja málið. Það hefur komið óbreytt a.m.k. tvisvar, þrisvar til umsagnar og alltaf fengið sömu umsagnir frá sömu aðilum og þess vegna tel ég ekkert því til fyrirstöðu að hv. heilbr.- og trn. sem fær þetta mál til umfjöllunar afgreiði málið og vilji þingsins verði ljós.

[12:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur hefur þetta frv. komið nokkrum sinnum inn í þingið og verið afgreitt til heilbr.- og trn. en ekki komist út úr nefndinni aftur. Þetta mál er mjög brýnt og nú síðast fyrir tíu dögum eða svo var lögð mikil áhersla á það á ráðstefnu sem Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, hélt. Var þar mikið rætt um hve mikilvægt það væri að almannatryggingarnar tækju þátt í sálfræðiþjónustu við börn og unglinga. Bent var á, eins og margoft hefur verið bent á þegar þessi mál hafa verið til umræðu, hvað þessi þjónusta er brýn og hvað þetta er tilfinnanlegur kostnaður fyrir foreldra að þurfa að senda börn sín í sálfræðiþjónustu. Sérstaklega var rætt á ráðstefnunni um börn sem hafa átt lengi við veikindi að stríða, jafnvel dvalið langdvölum á sjúkrahúsum, að þau þyrftu sálfræðiþjónustu og jafnvel einnig systkini þessara barna. Ég vil líka geta þess að í þau skipti sem þetta mál hefur verið til umræðu í heilbr.- og trn. á síðasta kjörtímabili hef ég lagt mjög ríka áherslu á að þessi lagabreyting verði gerð og frv. samþykkt.

Eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir sagði í ræðu sinni hafa komið umsagnir og þær hafa allar verið jákvæðar. Á síðasta kjörtímabili var allnokkur vilji í nefndinni til þess að afgreiða þetta mál. Nefndin fékk marga gesti á sinn fund til að fjalla um það og lögðu þeir sérstaka áherslu á að þátttaka í greiðslu fyrir slíka sérfræðiþjónustu kæmist inn í almannatryggingarnar. Það kom einnig fram að á síðasta kjörtímabili minnkaði sálfræðiþjónusta við börn vegna þess að skólasálfræðingarnir sinna nú aðeins greiningu en ekki meðferð eins og áður var. Börn hafa því í rauninni fengið minni þjónustu, þ.e. frá hinu opinbera að þessu leyti. Mjög margir foreldrar hafa ekki efni á að senda börn sín til sálfræðings þó að mikil þörf sé á því. Ef börn fá ekki þessa sálfræðiþjónustu og ef foreldrarnir geta ekki af fjárhagsástæðum veitt þeim hana verða mörg þessara barna mjög þungur baggi á samfélaginu síðar, því miður. Þau lenda inn á sjúkrahúsum, stofnunum, koma inn í kerfið annars staðar sem miklu dýrari sjúklingar jafnvel. Þetta er því mjög mikilvægt forvarnastarf sem þarna er verið að leggja til að verði unnið að og almannatryggingarnar styðji.

Ég vil bara leggja áherslu á að farið verði út í að sinna þessum þætti, að almannatryggingarnar styðji þetta og vonast til þess að stjórnvöld og heilbrrh. sýni þessu máli skilning. Það er ljóst, eins og fjárveitingarnar til heilbrigðiskerfisins sýna, að aukningin er mikil frá ári til árs og þarna getum við, með því að sinna þessu forvarnastarfi, komið í veg fyrir að þessi börn komi inn í kerfið sem mun dýrari viðfangsefni eða sjúklingar.

[12:23]

Útbýting þingskjala:

Áhættulán, 364. mál, svar viðskrh., þskj. 699.

Greiðslur til öldrunarstofnana, 439. mál, fsp. GHall, þskj. 709.

Gæsluvarðhaldsvistun barna, 435. mál, fsp. MF, þskj. 705.

Heilbrigðisþjónusta við unga afbrotamenn, 433. mál, fsp. MF, þskj. 703.

Sérfræðingar og tækjakaup á heilbrigðisstofnunum, 437. mál, fsp. MF, þskj. 707.

Skráning afbrota, 432. mál, fsp. MF, þskj. 702.

Vinnuvélanámskeið, 431. mál, fsp. MF, þskj. 701.

[12:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afskaplega gott og brýnt mál sem talsmaður Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir er 1. flm. að og hefur haft framsögu fyrir hér í dag. Það er umhugsunarefni fyrir okkur þingmenn að mál af þessum toga skuli ekki ná fram að ganga því að þetta er ekki í fyrsta sinn sem málið er flutt. Það er mjög mikilvægt að heilbr.- og trn. taki frv. til skoðunar og afgreiðslu. Það er fullkomlega óviðunandi að það sé miklu fremur lögmál og annað sé undantekning ef gott þingmannamál fær náð fyrir augum meiri hluta viðkomandi nefndar eða meiri hlutans á Alþingi og nær fram að ganga. En það eru nákvæmlega þessi mál, þessi litlu en í raun stóru, þýðingarmiklu mál fjölskyldunnar sem sitja eftir í úrbótum. Auðvitað kostar þetta eitthvað, en stóra hættan er sú að einmitt af því að dýrt er að fara til sérfræðinga á stofur, þá fari fólk ekki og leiti sér ekki þeirrar aðstoðar sem börn og unglingar sárlega þurfa á að halda. Það er hættan sem felst í því að vera með dýra sérfræðiþjónustu á stofu úti í bæ, að öryggisnet okkar nái ekki til þeirra þátta. Á hátíðarstundum halda forustumenn í stjórnmálum hugnæmar ræður um hvernig þurfi að byggja á börnunum og unglingunum sem eiga að erfa landið og ekkert skuli til sparað að hlúa að þeim og gefa þeim þau tækifæri sem gera þau að dugmiklum þegnum og öflugum einstaklingum sem í fyllingu tímans munu verða nýtir þjóðfélagsþegnar og ganga til verka fyrir þjóð sína. Hætta er á að barn sem byrjar að lenda í erfiðleikum innan 18 ára aldurs og þarf á þjónustu að halda, eins og hér er mælt fyrir um, en fær hana ekki verði ekki sá öflugi þjóðfélagsþegn sem við viljum að við sköpum möguleika fyrir með þjónustu við börn og unglinga í okkar landi.

Í nokkrum tilfellum lendir fólk í meðferð með börn sín inn á sjúkrastofnunum og e.t.v. er byrjað á því að sinna þessum þætti þar. Síðan er sagt að barnið þurfi að fara út af sjúkrastofnun og halda eigi meðferð áfram á stofu úti í bæ. Fyrir nokkrum mánuðum var komið að máli við mig út af nákvæmlega þessu dæmi. Barn átti í miklum erfiðleikum og lenti inni á spítala og það var byrjað á einhverju sem foreldrarnir töldu nauðsynlega meðferð. Síðan var sagt að foreldrarnir ættu að fara heim með barnið og koma með það til sérfræðingsins á stofu úti í bæ. Í barnaskap sínum héldu þau að þetta væri bara hluti af þeirri þjónustu sem þau væru að fá við það að barnið lenti inni á sjúkrahúsi og rak í rogastans þegar þau áttuðu sig á því að hver tími sérfræðiþjónustunnar átti að kosta einhverja þúsundkalla. Fólk á ekki von á þessu, sérstaklega ekki ef um er að ræða að meðferð hafi hafist á heilbrigðisstofnun eða að sérfræðingur hafi komið að máli barns á stofnuninni, en síðan er sagt að meðferðin haldi áfram annars staðar. Eðlilega heldur fólk að þá sé það komið í umsjá heilbrigðiskerfisins, sem fólk treystir að sé að koma til hjálpar, en ekki að lenda í miklum útgjaldaþætti eins og þessi þjónusta er. Ef hjálpa á barni sem þarf sérfræðiþjónustu á þessu sviði, þá býst ég við að ekki dugi minna en fimm til tíu tímar og það er fljótt að koma þegar sérfræðitíminn kostar kannski 4 þús. kr. Þegar erfiðleikar eru hjá foreldrum barna þar sem ekki er allt í lagi hjá verður svo mikið að hjá fjölskyldunni þegar ofan á bætast miklir útgjaldaliðir eins og hér er rætt um. Þetta verður fjölskyldunni mjög erfitt. Þess vegna hvet ég til þess að heilbr.- og trn. skoði þetta mál mjög vel þegar það kemur til kasta hennar og með jákvæðum formerkjum og að það verði afgreitt að þessu sinni úr nefnd á þessu vori. Til þess að svo megi verða geri ég mér grein fyrir að heilbrrh. þarf að vera jákvæður í málinu. Þess vegna tek ég undir ábendingar þeirra þingmanna sem hér hafa talað, hv. þm. Samfylkingarinnar, og hvet hæstv. heilbrrh. til að taka á í þessu máli.

[12:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil minna á í þessu sambandi að það eru tvö ár síðan sálfræðingar urðu heilbrigðisstétt. Það er nú ekki lengra síðan. Síðan hefur þetta mál verið í deiglunni hjá okkur. Það kom mjög vel fram í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur þegar hún mælti fyrir frv. að þetta er ekki alveg einfalt eins og stundum er sagt. Sálfræðingar hafa m.a. mismunandi klíníska menntun og þess vegna getum við ekki gefið út bara eitt stykki leyfi. Það er þetta sem við höfum verið að vinna með að undanförnu og m.a. verið að gera tilraunaverkefni. Við höfum verið í samvinnu við heilsugæsluna varðandi þessi tilraunaverkefni með sálfræðiþjónustu. Okkur er ljóst að þetta er mjög mikilvæg þjónusta sem heilbrigðisgeirinn verður að veita. En þetta svið er eins og ég sagði ekki alveg eins einfalt og ýmislegt annað sem við höfum í heilbrigðisþjónustunni, m.a. vegna þess að þessi klíníska menntun er mjög mismunandi. Af þeim sökum höfum við leitað til hinna Norðurlandaþjóðanna sem hafa líka verið að breyta sínum kerfum. Við erum að fikra okkur í áttina að því að gera samninga. Þessi verkefni okkar í heilsugæslunni hafa reynst mjög vel og ég býst við að við byggjum mjög á því til framtíðar.

[12:32]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að það er stutt síðan að sálfræðingar urðu hluti af heilbrigðisstéttinni. Það tók dálítinn tíma að undirbúa það og koma því í gegn. En í frv. sjálfu og grg. með því er gert ráð fyrir að þar verði settar mjög stífar reglur, a.m.k. til þess að byrja með. Reglurnar eiga að vera stífari frekar en hitt svo hægt verði að liðka til síðar meir. Samstarfið við heilsugæsluna er að mörgu leyti mjög gott en þegar fólki er vísað til sálfræðinga eða félagsráðgjafa eins og hv. þm., formaður þingflokks Samfylkingarinnar, Rannveig Guðmundsdóttir, kom inn á áðan, hvort sem það er frá heilbrigðisstofnunum eða úr menntakerfinu, þá er þessi þjónusta mjög dýr. Til eru dæmi um að að hver tími kosti 3–4 þús. kr. Ofan á þetta leggst síðan ferðakostnaður þeirra sem koma utan af landi þar sem þessi þjónusta er af mjög skornum skammti. Ég held að það væri alveg þess virði að skoða hvernig hægt væri að tryggja að þjónustan yrði til staðar úti á landi. Þannig mætti draga úr ferðakostnaðinum hjá þeim sem í hlut eiga.

Ég ítreka þá ósk mína að umfjöllun um þetta gangi vel fyrir sig í nefndinni og sem allra fyrst verði hægt að móta þær reglur sem þarf svo að Tryggingastofnun taki þátt í þessum kostnaði þegar um börn og unglinga er að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 1. umr.

Stjfrv., 399. mál. — Þskj. 657.

[12:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Með lögum nr. 27/1995 var stofnað til átaksverkefnis um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.

Flutningsmenn frv. á sínum tíma voru formenn allra þingflokka sem þá voru á Alþingi. Í grg. þeirra með frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Tilgangur þess frumvarps, sem hér er flutt, er að gera íslenskum landbúnaði kleift að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til vara sem seldar eru á hágæðamarkaði. Enda þótt gæði íslenskra búvara séu viðurkennd og þekkingarstig í úrvinnsluiðnaði hátt skortir víða nokkuð á í vöruþróun, þjálfun og færni til þess að varan standist ýtrustu kröfur á þessu sviði. Þörf er skipulegs átaks á sviði fræðslu og gæðastjórnunar allan framleiðsluferilinn frá sáningu og þar til varan er komin á borð neytandans.

Eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins er átaksverkefninu ætlað að hafa forustu um og styrkja aðgerðir á þessu sviði ásamt átaki í vöruþróun og markaðsfærslu búvara með það fyrir augum að landbúnaðurinn öðlist viðurkenningu sem vistvænn og lífrænn og framleiði heilnæmar náttúrulegar vörur án notkunar óæskilegra auk- og spilliefna. Slíkt átak mundi ekki einungis nýtast landbúnaðinum heldur einnig ferðaþjónustu og öðrum atvinnugreinum sem byggja á sterkri gæðaímynd landsins."

Á fjárlögum ársins 1995 voru veittar 25 millj. kr. til verkefnisins og í 4. gr. laga nr. 25/1995 er síðan kveðið á um 25 millj. kr. framlag til þess árin 1996–1999. Þau ár sem unnið hefur verið að verkefninu hefur stjórn þess lagt áherslu á kynningu meðal bænda, söluaðila og almennt í þjóðfélaginu á gildi vistvænnar og lífrænnar gæðastýringar í landbúnaði. Veittir hafa verið fjölmargir styrkir til rannsókna á þessu sviði, einkum rannsókna sem eru fallnar til þess að draga fram sérstöðu íslenskra afurða hvað gæði og hreinleika snertir, svo og styrkir til rannsókna á lífrænni ræktun við íslenskar aðstæður. Þá hafa verið veittir styrkir til markaðskannana hér heima og erlendis fyrir íslenskar afurðir undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.

Árangurinn af verkefninu á sl. fimm árum lýsir sér fyrst og fremst í róttækri breytingu á viðhorfum manna til gæðastýringar í landbúnaði, skilningi og þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru til vöru á hágæðamörkuðum og hvernig unnt sé að mæta þeim kröfum. Að svo komnu verður árangurinn ekki mældur í tölulegum upplýsingum um atvinnusköpun, magni seldra afurða eða verðmæti. Á hinn bóginn hefur verkefnið komið því til leiðar að nú eru fyrir hendi forsendur til að hefja nýja sókn í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Um 79 millj. kr. hefur á sl. fimm árum verið varið til verkefna og styrkja á vegum átaksins. Um helmingur þess fjár hefur runnið til markaðsathugana af ýmsu tagi. Enda þótt íslenskar landbúnaðarafurðir, einkum dilkakjöt, hafi verið fluttar út í nokkru magni í áratugi, hefur lítil markaðsþekking byggst upp á því tímabili. Frá miðjum síðasta áratug hafa nýjar áherslur í útflutningi dilkakjöts hins vegar rutt sér til rúms. Mikil reynsla hefur fengist og þekking á nauðsynlegum vinnubrögðum og vöruvöndun. Unnið hefur verið að því að finna markhópa sem sækjast eftir eiginleikum íslenska dilkakjötsins og eru tilbúnir til að greiða mun hærra verð fyrir það en hliðstæða vöru. Með þessu starfi hefur útflutningur á íslensku dilkakjöti þróast í útflutning á sérstæðri vöru sem löguð er að óskum kaupenda. Nú er ferskt dilkakjöt selt á erlendum mörkuðum á sama verði og best gerist.

Af ráðstöfunarfé verkefnisins hefur 27 millj. kr. verið varið til rannsókna. Þar eru fyrirferðarmestar rannsóknir sem lúta að fóðuröflun fyrir lífræna sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu, rannsóknir í lífrænni ylrækt, rannsóknir á gæðum og efnainnihaldi íslensks dilkakjöts og grænmetis og rannsóknir á íslenskum lækningajurtum. Niðurstöður þessara rannsókna skapa forsendur til nýrrar sóknar á mörgum sviðum. Rannsóknir Raunvísindastofnunar háskólans á íslenskum lækningajurtum hafa leitt í ljós að í sumum þessara jurta eru verðmæt efni sem mögulegt er að nýta við framleiðslu lyfja og fæðubótarefna. Í undirbúningi er stofnun fyrirtækis til að kanna nánar möguleika á framleiðslu og vinnslu á þessu sviði.

Til verkefna og styrkja á sviði lífrænnar framleiðslu hefur verið varið um 29 millj. kr. Þróun lífrænna framleiðsluhátta hefur verið mjög hæg hér á landi og er ástæðan m.a. sú að skort hefur rannsóknir varðandi lífræna fóðuröflun við íslenskar aðstæður svo og varðandi sölumöguleika og verðlag á afurðum. Með þeim rannsóknum sem Áform hefur gengist fyrir undanfarin fimm ár í samvinnu við þrjá bændur í Mýrdal, tvo sauðfjárbændur og einn mjólkurframleiðanda, Bændasamtök Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hafa fengist mikilvægar upplýsingar um möguleika til lífrænnar fóðuröflunar við íslenskar aðstæður. Á grundvelli þessara niðurstaðna er nú í undirbúningi víðtæk könnun á því á hvaða jörðum í landinu eru möguleikar til lífrænnar sauðfjárræktar með tilliti til fóðuröflunar. Þá hefur markaðssetning Kjötumboðsins og Sláturfélags Suðurlands, á lífrænu dilkakjöti í Bretlandi og Danmörku gefið mikilvægar upplýsingar um sölumöguleika þessara afurða. Hvaða verð fæst fyrir þær? Svarið við því segir til um hvaða afkomumöguleikar eru í þessari framleiðslu. Svipað má segja um niðurstöðu tilraunar með framleiðslu lífrænnar mjólkur. Þá hefur Áform sl. þrjú ár styrkt tilraun með lífræna ylrækt á tómötum og agúrkum. Niðurstöður tilraunanna hafa leitt í ljós að árangur af þessari ræktun er síst lakari en í hefðbundinni ylrækt og afkomumöguleikar góðir.

Að fengnum framangreindum rannsóknarniðurstöðum úr markaðsathugunum hefur skapast sá grundvöllur sem hingað til hefur skort fyrir víðtækt kynningar- og fræðsluátak bænda um möguleika lífrænnar framleiðslu í þessum greinum við íslenskar aðstæður. Af hálfu landbrn. hefur á þessum tíma verið lögð áhersla á að treysta lagalega umgjörð lífrænnar framleiðslu og samræma hana stöðlum Evrópusambandsins og alþjóðlegum stöðlum IFOAM – Alþjóðasamtaka lífrænna ræktenda. Sama á við um lagalegan grunn vistvænnar framleiðslu. Bæði reglugerð um lífræna framleiðslu og reglugerð um vistvæna framleiðslu komu út í endurskoðaðri gerð á síðasta ári.

Herra forseti. Að óbreyttum lögum lýkur starfi Áforms – átaksverkefnis um næstu áramót. Ekki verður séð að neinn á vegum hins opinbera eða innan landbúnaðarins hafi til

þess fjármuni né sé að öðru leyti í stakk búinn að fylgja eftir frumkvöðulsstarfi Áforms og því hætt við að verulegur afturkippur komi í alla þróun á þessu sviði ef starfinu verður ekki fylgt eftir enn um sinn. Sem fyrr segir hefur verkefnið haft 25 millj. kr. til ráðstöfunar á sl. fimm árum á hverju ári. Á fjárlögum ársins 2000 eru veittar 25 millj. kr. til verkefnisins og með frv. þessu er lagt til að ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1995, þar sem kveðið er á um framlög til átaksverkefnisins í fjárlögum, verði framlengt og kveðið á um að fé verði einnig veitt til verkefnisins á fjárlögum árin 2001–2003.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[12:46]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða nr. 27/1995. Það er mjög mikilvægt að halda áfram því mikla starfi sem unnið hefur verið að á undanförnum árum. Að óbreyttum lögum lýkur starfi Áforms – átaksverkefnis um næstu áramót. Lagt er til að framlög til átaksverkefnisins á fjárlögum verði framlengd og fé verði veitt til verkefnisins á fjárlögum árið 2001–2003 og er kostnaður í heild 75 millj. kr.

Í fskj. I eru tilgreind þau verkefni sem Áform – átaksverkefni hefur hvatt til og styrkt árin 1995–1999. Þar eru talin upp 50 verkefni sem eru afar áhugaverð og metnaðarfull. Það er mjög mikilvægt að þetta átak fái lengri tíma og því fagna ég þessu frv. Ég tel það afar mikilvægt eins og fram kemur í grg. með frv. að treysta lagalega umgjörð lífrænnar framleiðslu og samræma hana alþjóðlegum stöðlum. Mestu sóknarfæri okkar í landbúnaði eru að bjóða fram hreina og góða vöru sem er besta vörn bænda gagnvart innfluttum vörum og það er sóknarfæri nú að afla markaða fyrir vottaða hágæðavöru erlendis.

Megineinkenni lífrænnar ræktunar í matjurtarækt er að jarðvegur sé frjósamur og lifandi, notuð séu lífræn áburðarefni, skiptiræktun mismunandi tegunda og náttúrulegar varnir gegn illgresi og skordýrum, friðun og uppgræðsla viðkvæmra gróðursvæða, varnir gegn mengun frá annarri ræktun og erfðabreytt lífefni eru bönnuð. Í búfjárrækt þurfa hús að vera rúmgóð og þurr, lífrænt fóðurefni, beitarálagi stýrt, næg útivist, hreyfing og góð meðferð sem fyrirbyggi sjúkdóma og varðveisla náttúrulegra stofna, allt búfé skal vera merkt og erfðabreytingar og hormónar eru bannaðir.

Í flestum nágrannalöndum okkar hafa neytendur átt þess kost um nokkurra ára skeið að kaupa mikið úrval matvæla, snyrtivöru, þvottaefna, vefnaðarvöru, áburðarefna, fræs, útsæðis og dýrafóðurs sem framleidd eru með lífrænum aðferðum eða sem eru úr hreinum náttúruafurðum. Eftirspurn slíkra afurða fer jafnt og þétt vaxandi og lífræn ræktun er nú orðin drjúgur hluti landbúnaðar í mörgum Evrópuríkjum.

Lífrænn landbúnaður er nú stundaður á um 130 þúsund býlum í löndum ESB og um 2% alls akurlendis er í lífrænni ræktun. Í nýrri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins er mikil áhersla lögð á stuðning við lífræna framleiðslu og er því spáð að árið 2010 verði lífræn framleiðsla stunduð á 1,8 millj. búa og að 45 millj. hektarar akurlendis verði í lífrænni ræktun.

Það er ljóst að eftirspurn eftir hreinum vörum fer vaxandi og fólki er ekki sama hvað það lætur ofan í sig eða hvaða efnum er blandað í snyrtivörur, húðkrem og sápu t.d. Og eins og ráðherra sagði í ágætu ávarpi sínu á búnaðarþingi ætlar hann að hafa eftirlit frá haga í maga, og er það vel.

Við Íslendingar erum hins vegar langt á eftir öðrum í lífrænni framleiðslu. Þau viðhorf hafa verið ríkjandi að hér sé allt í svo góðu lagi að framleiðslan sé nánast lífræn eins og hún kemur fyrir. Því er nauðsynlegt að efla alla fræðslu og þekkingu á lífrænum aðferðum og þeim möguleikum sem við eigum á því sviði.

Í skýrslu sem við fengum í hólfið okkar í morgun frá Áformi – átaksverkefni frá 1999 segir í kafla II um mat á árangri:

„Viðhorfsbreyting. Árangur af starfi verkefnisins lýsir sér fyrst og fremst í þeirri róttæku breytingu sem orðið hefur á sl. fimm árum á viðhorfum manna til gæðastýringar í landbúnaði og skilningi og þekkingu á þeim kröfum sem gerðar eru til vara á hágæðamörkuðum og hvernig unnt er að mæta þeim kröfum. Árangur verkefnisins verður hins vegar ekki að svo komnu mældur í tölulegum upplýsingum um atvinnusköpun, magn seldra afurða og verðmæti. Á hinn bóginn hefur verkefnið komið því til leiðar að nú eru fyrir hendi forsendur til að hefja sókn í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna afurða og lífrænna afurða."

Viðhorfsbreyting sú sem hér um ræðir birtist m.a. í nokkrum atriðum og ætla ég að tæpa aðeins á örfáum þeirra:

„Starfshópur á vegum landbrh. lagði til í júní 1998 að stefnt skyldi að því að allar íslenskar búvörur fái vistvæna eða lífræna vottun. Í ályktun aðalfundar Landssamtaka sauðfjárbænda 1998 er hvatt til þess að sem flestir sauðfjárbændur og sláturleyfishafar verði sér út um vistvæna vottun á framleiðslu sína sem allra fyrst og að þeir bændur sem aðstöðu hafi til hefji lífræna framleiðslu.

Alþingi samþykkti í mars 1999 ályktun um að stefna beri að því að öll hefðbundin matvælaframleiðsla á Íslandi verði vottuð á forsendum sjálfbærrar þróunar. Jafnframt skuli stefnt að því að auka hlut lífrænt framleiddra landbúnaðarafurða.

Í samningi milli ríkisins og Bændasamtaka Íslands samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998, sem undirritaður var í mars 1999, er í fyrsta sinn gert ráð fyrir framlögum vegna aðlögunar að lífrænni og vistvænni framleiðslu.

Búnaðarþing 1999 fól stjórn Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að gerð verði framkvæmdaáætlun með markvissri stefnumótun við stuðning við lífrænan búskap og aðlögun að honum."

Hér standa því allir saman, bæði stjórnvöld og bændur, sem er mjög mikilvægt. Og eitt af stærstu verkefnum ráðunautafundar í febrúar sl. var gæðastýring í landbúnaði.

Það er ekki síst, herra forseti, mikilvægt að neytendur fái vitneskju um þá kosti sem gera lífrænar vörur eftirsóknarverðar. Erlendar kannanir sýna að þeir sem velja lífrænar vörur gera það oft vegna þess að þeir telja þær öruggari en önnur matvæli, það sé minni hætta á að þær hafi að geyma hættuleg efni og bakteríur. Áhugi neytenda á lífrænni framleiðslu á matvælum er ekki síst til kominn vegna þess eða áfalla sem hafa orðið í landbúnaði t.d. í Evrópu. Og sú harða krafa á að framleiða matvöru með sem lægstum tilkostnaði hefur víða um heim orðið til þess að menn hafa gripið til þeirra ráða að hámarka afraksturinn með gífurlegri vélvæðingu, eiturefna- og lyfjanotkun, ofnýtingu lands og búfjár og nú síðustu ár breyttri erfðatækni.

Við heyrum fréttir af ótrúlegum aðferðum til að auka hagkvæmni í framleiðslunni, meira að segja að skolp hafi

verið notað í fóður í Frakklandi, dýraleifar notaðar í fóðurgerð og nú fyrir nokkrum dögum komu fregnir um að kúariða sé komin upp í Danmörku og það í innfæddri kú en ekki innfluttri. Hormónanotkun, fúkkalyfjum blandað í fóður sláturdýra, astmalyfum sem draga úr fitusöfnun en auka vöðvasöfnun er sprautað t.d. við augu til að það sjáist ekki. Þetta viljum við Íslendingar ekki og ekki íslenskir bændur. Íslenskir bændur framleiða góða og vandaða vöru sem er laus við öll þessi aukefni og þeim er það kappsmál að framleiða hollar og góðar vörur.

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess að heildarútgjöld hins opinbera til landbúnaðar hafa lækkað úr 15 milljörðum kr. árið 1989 í 7,8 milljarða kr. árið 1997 og hafa því heildarútgjöld lækkað um 50% á þessum árum og eru nú 5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

[Fundarhlé. — 12:55]

[13:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Málið sem hér er til umfjöllunar á sér talsverðan aðdraganda. Verkefnið sem hér um ræðir hefur verið í gangi í fimm ár, átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur örlítið skipt sér af þessu máli. Við lögðum fram fyrirspurn til hæstv. landbrh. fyrir skemmstu um þetta verkefni sem hefur nýverið verið svarað. Það var raunar framhald af svari við fsp. frá fyrrv. hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur á Alþingi árið 1997 þar sem spurt var um fyrstu þrjú árin í starfrækslu þessa átaks. En á þskj. 679, þessa þings, er síðara svarið við fyrirspurn um þetta átak.

Nú hef ég kynnt mér umræðurnar um átakið, þ.e. þegar frv. var fylgt úr hlaði á sínum tíma árið 1995. Ég verð að segja, herra forseti, að þar virðist mér gæta ákveðins hugtakaruglings. Vera kann að fólk hafi ekki gætt að því að skilgreina nægilega vel þau hugtök sem liggja að baki þessu frv. og verkefninu öllu saman. Þá á ég fyrst og fremst við hugtökin „lífræn framleiðsla“ annars vegar og hins vegar „vistvæn framleiðsla“. Í grófum dráttum má skipta landbúnaðarframleiðslu upp í fernt: í lífræna framleiðslu eða lífrænan landbúnað, vistvæna framleiðslu eða vistvænan landbúnað, almennan landbúnað og síðan í fjórða og síðasta lagi verksmiðjuframleiðslu. Allar þessar ólíku tegundir eiga sér ákveðna skilgreiningu. Það verður að segjast að lífræna framleiðslan nýtur ótvíræðrar sérstöðu hvað þetta varðar því hún fer að alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum stöðlum sem viðurkenndir eru í öllum okkar nágrannalöndum. Vistvæna framleiðslan lýtur hins vegar ekki alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum stöðlum. Hún styðst einungis við heimatilbúnar reglur. Þegar við tölum um vistvæna og lífræna framleiðslu í sama orðinu eins og gert er í öllu þessu átaksverkefni, skilgreinum ekki þessi tvö hugtök og ruglum þeim saman. Gagnrýni mín á þetta átak felst að miklu leyti í því að við höfum ekki stigið þetta skref til fulls. Við höfum ekki skilið á milli þessara tveggja framleiðsluhátta sem eiga að mínu mati mjög ólíka möguleika í markaðsöflun erlendis.

Ég skil frv. sem flutt var árið 1995 út frá því að þar hafi menn fyrst og fremst rætt um þessi mál undir merkjum manneldisstefnu. Það er mjög skýrt þegar maður les greinargerðina með frv. hvert markmið flytjenda þess var á sínum tíma. Markmiðið var að skjóta styrkum stoðum undir útflutning íslenskra landbúnaðarafurða hvort sem þær væru vistvænar eða lífrænar, átakið mundi skila niðurstöðum í þeim efnum. Þetta les ég út úr grg. með frv. sem var lagt fyrir þingið 1995 og ræðum þeirra sem fylgdu því frv. eftir.

Til að forðast misskilning vil ég taka fram að ég ber afskaplega mikla virðingu fyrir íslenskum landbúnaði og íslenskri landbúnaðarframleiðslu. Ég er sannfærð um yfirburði hennar og það má alls ekki misskilja orð mín svo að ég telji vistvæna landbúnaðarframleiðslu okkar eða hina hreinu framleiðslu ekki vera af hinu góða. Framleiðslan er sannarlega frábær, hefur yfirburði gagnvart annarri framleiðslu. Á það ber ekki að kasta neinni rýrð. Ég vil að orð mín séu skoðuð í því samhengi. Ég tel hins vegar að það sem hæstv. landbrh. kallar frumkvöðlastarf Áforms – átaksverkefnis sé ekki að skila okkur því sem til stóð. Það sem ég hefði viljað sjá í niðurstöðu þessa átaks, eftir að það var búið að standa í fimm ár, var meðvituð skilgreining og kannski tillaga, þ.e. einhvers konar stefna eða stefnumótun sem við hefðum getað farið að starfa eftir í dag. Að mínu mati hefði hún átt að beinast að lífrænni framleiðslu. Mér finnst verkefnið hafa verið ómarkvisst og alls ekki hafa staðið undir væntingum. Ég tel viðleitnina til að viðhalda sjálfu sér hafa orðið yfirsterkari upprunalegu markmiði þess.

Ég tel okkur bera skyldu til að nýta opinbera fjármuni mun markvissar en hér virðist hafa verið gert. Þegar maður skoðar verkefnalista átaksins þá virðast verkefnin satt að segja mjög handahófskennd. Verkefni og störf nefndarinnar, þ.e. stjórnarinnar sem starfað hefur að þessum málum, virðast fyrst og fremst hafa falist í úthlutun styrkja. Ég tel að stofnanir landbrn. og landbrn. sjálft ásamt fjárln. séu hæfar stofnanir til að úthluta styrkjum til markviss átaks í landbúnaðarframleiðslu, hafi jafnvel ýmislegt umfram þá stjórn sem hér hefur úthlutað styrkjum undanfarin fimm ár. Herra forseti. Ég hefði viljað sjá í niðurstöðu átaksverkefnisins á síðasta ári markvissa stefnumótun, útgáfu markvissrar stefnumótunar sem hægt hefði verið að setja í hendurnar á hæstv. landbrh. og starfsmönnum hans í ráðuneytinu. Það ágæta starfsfólk hefði þá haft í höndunum mótaða stefnu um það hvernig við komum landbúnaðarafurðum okkar best á markað í útlöndum.

Ég þekki til í útlöndum, herra forseti, og þeir markaðir sem lífræn framleiðsla okkar á kost á að komast inn á eru sælkeramarkaðir, dýrustu markaðir sem hægt er að hugsa sér fyrir okkar framleiðslu. Lífrænar vörur frá okkur eiga möguleika á góðri fótfestu á þeim mörkuðum. En það sama verður því miður ekki sagt um vistvænu framleiðsluna okkar. Hún á ekki sömu möguleika. Miðað við hlutfallið í skiptingu fjármuna í þessu verkefni síðustu fimm ár þá sýnist mér að áhersla Átaksmanna hafi verið talsvert meiri á vistvænu hliðina en þá lífrænu. Sú niðurstaða veldur mér vonbrigðum. Ég hefði haldið að þeir ágætu menn sem farið hafa ofan í saumana á þessu hefðu átt að hafa meira vægi á lífrænu framleiðslunni í ljósi þess að hún á sterkari möguleika á erlendum mörkuðum.

Herra forseti. Ég sagði áðan að mér sýndust þeir styrkir sem úthlutað hefur verið að mörgu leyti handahófskenndir. Ég ætla þar að nefna örfá atriði.

Ég vek athygli á því hvernig lögin eru orðuð og til hvers átaksverkefnið er fyrst og fremst ætlað. Í 1. gr. laganna segir, með leyfi herra forseta:

„Efnt skal til átaksverkefnis um vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum.“

Í ljósi þessarar greinar finnst mér undarlegt að verkefnið skuli styrkja matreiðsluþætti í sjónvarpi. Ég hefði gjarnan viljað sjá nánari útlistun á þessum verkefnum sem hér er talið upp að átakið hafi styrkt. Ég nefni sömuleiðis styrk til umhverfisverkefnis Græna hersins sem mér skilst að hafi verið sveitaballaherferð Stuðmanna í kringum landið. Stærsti styrkurinn sem veittur er á síðasta ári er veittur til Stuðmanna í umhverfisverkefni Græna hersins. Ég verð að segja þetta flokkast að mínu mati undir handahófskenndar styrkveitingar sem tengjast ekki markmiði laganna.

Ég gæti gagnrýnt fleiri liði hér, herra forseti, til þess að styðja orð mín um að hér sé um handahófskennd vinnubrögð að ræða. Það er undarlegt hve miklu hefur verið eytt í að gefa út bæklinga um íslenskt dilkakjöt sem er að fara á markað í Danmörku. Tvö ár í röð eru gefnir út bæklingar fyrir danskan markað sem kostuðu tæplega eina og hálfa milljón hvort árið um sig, 1997 og 1998 ef ég man rétt. Í þeim skýrslum sem ég hef lesið þá sé ég ekki að nægar útskýringar fylgi hverju verkefni fyrir sig. Þar skortir á að mínu mati.

Herra forseti. Svo ég víki aftur að plaggi því sem ég nefndi í upphafi máls míns, þ.e. svari hæstv. landbrh. við fyrirspurnum mínum á þskj. 679, þá spurði ég þar um vinnu nefndar sem endurmeta ætti átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Í svari hæstv. ráðherra kemur fram að honum sé ekki kunnugt um að skipuð hafi verið nefnd er hafi þetta hlutverk. Nú vil ég að það komi fram hvaðan ég hef upplýsingar um viðkomandi nefnd. Það er á bls. 290 í fjárlagafrv. til fjárlaga ársins 2000. Þar segir neðst, með leyfi forseta, á þeirri síðu:

„891 Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Samkvæmt lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, skal 25 millj. kr. framlag falla niður í árslok 1999. Fyrirhugað er að endurmeta verkefnið og er sérstök nefnd er að störfum sem mun leggja fram tillögu um framhald þess."

Herra forseti. Þarna voru upplýsingar mínar um nefndina sem fjárlagafrv. segir mér að sé að störfum. Síðan kemur í ljós í svari hæstv. landbrh. að hún er ekki að störfum. Þetta er annað dæmi til marks um að átaksverkefnið hafi verið ómarkvisst og ekki nægilega vel á forræði landbrn. Ég gagnrýni að nú skuli eiga að framlengja átaksverkefnið um tvö ár. Það var reyndar framlengt um þetta ár sem nú er að líða af fjárln. í síðustu fjárlögum. Ég gagnrýni þessa framlengingu fyrst og fremst vegna þess að niðurstaða þessa átaksverkefnis er enn ekki komin í ljós. Hún er ekki komin í okkar hendur. Hún hefði átt að vera hér í höndum okkar í dag, reyndar við lok ársins 1999.

Enn erum við að tala um að framlengja handahófskenndar styrkveitingar verkefnisstjórnar Áforms – átaksverkefnis um tvö ár. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvaða ávinning hann hafi séð af þessu verkefni og hvers vegna ekki hafi verið fylgt betur eftir þeim markmiðssetningum sem voru alveg skýrar við setningu laganna 1995. Mér finnst, hæstv. forseti, að hæstv. landbrh. hafi ekki gert fylgt því nógu vel eftir.

Ég vil sérstaklega tína til máli mínu til stuðnings athugasemdir frá lífrænu hreyfingunni sem kallaði sig svo sem sendi landbn. Alþingis athugasemdir árið 1995 þegar frv. var upphaflega til umfjöllunar og mig langar til að lesa úr plaggi frá lífrænu hreyfingunni sem dagsett er 17. febrúar 1995, með leyfi forseta. Þar segir:

„Lífræn framleiðsla er álitlegur kostur í nýsköpun íslensks atvinnulífs. Í ljósi vaxandi samkeppni við erlendan landbúnað mun árangur Íslendinga á erlendum mörkuðum verða því meiri sem þeir tileinka sér í ríkari mæli lífrænar framleiðsluaðferðir. Miklir hagsmunir eru í húfi að vel takist til um þróun þessa kosts. En hann er að sama skapi vandmeðfarinn, þar sem hann varðar beint ímynd Íslands sem matvælaframleiðsluríkis og ferðamannalands.

Fagna ber auknum áhuga þingmanna og stjórnvalda á hinum lífræna kosti. Stuðningur og stefnumótun hins opinbera á þessu sviði verður hins vegar að eiga sér stað í nánu og skipulegu samráði við lífræna geirann, þar sem reynslan, þekkingin og hagsmunirnir eru ótvírætt fyrir hendi.

Eðlilegt er að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað uns niðurstöður þeirrar vinnu liggja fyrir, en hún hefur enn ekki farið fram og ekkert samráð var haft við lífræna hreyfinguna um fyrirliggjandi frumvarp.

Ljóst er að frumvarpið er ekki hannað með hliðsjón af sérstöðu, sérkennum og hagsmunum lífrænnar framleiðslu. Við endurvinnslu frumvarpsins er nauðsynlegt að þessar meginforsendur séu lagðar til grundvallar:

full aðgreining vistvæns og lífræns á öllum stigum málsins;

fullt samráð við lífrænu hreyfinguna um það sem að henni snýr í málinu;

frumvarpið marki skýrari stefnu um áherslu á grunnstærð í lífrænni framleiðslu;

úthlutun til hins lífræna geira verði að formi og inntaki á faglegum forsendum;

frumvarpið og útfærsla þess skapi grundvöll að því að mörkuð sé skynsamleg stefna í markaðsmálum íslenskrar matvælaframleiðslu."

Forsendurnar eru reyndar nánar raktar í þessu plaggi sem ég hef lesið úr frá lífrænu hreyfingunni til landbn. Alþingis árið 1995. Hér kemur alveg glögglega fram að viðvörunarorð framleiðenda í lífræna geiranum voru mjög sterk og þau voru mjög skýr árið 1995. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh.: Hvers vegna hefur ekki verið farið betur ofan í það að skoða forsendur þeirra sem eru í lífrænni ræktun og hvers vegna hefur ekki meira verið gert í stuðningi við þá bændur sem hafa tekið það skref að fara út í lífræna ræktun? Því að það skref hefur verið stórt og erfitt að stíga fyrir mjög marga en í sannleika sagt er það að mínu mati það skref sem við þurfum að taka. Við þurfum að gera fleiri bændum kleift að stíga skrefið inn í lífrænu framleiðsluna og þess vegna er fram komin á Alþingi till. til þál. frá hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Þuríði Backman, Jóni Bjarnasyni og sjálfri mér þar sem við leggjum til aðlögunarstuðning við bændur sem eru í lífrænum landbúnaði eða ætla sér út í lífrænan landbúnað. Við erum að leggja það til að bændur fái stuðning sem er sambærilegur við það sem bændur á Norðurlöndunum og okkar nánustu nágrannar fá sem stíga þetta stóra og örlagaríka skref út í lífræna ræktun. Á Norðurlöndunum hefur verið tekin afgerandi afstaða í þessum efnum þar sem bændur fá virkilega öflugan stuðning vegna þess eins að talið er að þeir séu að framleiða verðmætari vöru en öðrum bændum er kleift að gera. Það er viðurkennt að markaðirnir sem um ræðir eru opnir fyrir t.d. okkar dilkakjöti og það er líka viðurkennt að íslenskir framleiðendur lífræns vottaðs dilkakjöts gátu ekki sinnt eftirspurn á síðasta ári. Þeir sendu nánast allt sitt kjöt á markað í útlöndum, nánast ekkert var eftir fyrir innanlandsmarkað þar sem þó var talsverð eftirspurn.

Enn ítreka ég spurningar mínar til hæstv. landbrh.: Hvers vegna hefur ekki verið meira gert í því að greina á milli þess sem gert er fyrir vistvæna framleiðslu og lífræna framleiðslu?

Undir lok máls míns, herra forseti, vil ég einungis ítreka það sem ég hef sagt um nauðsyn þess að tekið sé á málum af festu og stefna sköpuð, og enn ítreka ég vonbrigði mín að við skulum ekki eftir fimm ára starf verkefnisstjórnarinnar hafa í höndunum metnaðarfullt plagg sem lýsir þeirri stefnu sem átakið telur að við eigum að keyra eftir á næstu komandi árum. Því gagnrýni ég að hæstv. landbrh. skuli leggja fram frv. til framlengingar á átakinu án þess að um sé að ræða nokkuð nýtt í þeim efnum, að nokkur ný stefna skuli liggja fyrir eftir störf átaksmanna í fimm ár.

[13:50]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að ræða málin út frá því að í upphafi vega þegar þetta mál var lagt fram voru settar fram vinnureglur sem gert var að vinna eftir og ég tel að í einu og öllu hafi verið farið eftir þeim lögum sem sett voru á sínum tíma. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með að hæstv. landbrh. leggur þetta frv. fram og ætlar því líftíma til þriggja ára til að ljúka því verkefni sem þegar er hafið eins og komið hefur fram í árlegum skýrslum þar sem gerð hefur verið nákvæm grein fyrir ráðstöfunum fjármuna á hverju einasta ári til Alþingis. Öllum hefur því mátt ljóst vera hvernig fjármunum hefur verið ráðstafað þrátt fyrir að ítrekað hafi verið spurt, ég segi ítrekað, um það af hálfu ákveðinna aðila hvernig þessu verki hafi fram undið.

Ég tel að mikið hafi áunnist í þessu verki sem er í höndum Áforms en þó er verulegt verkefni fram undan við að fylgja þeim árangri eftir sem hefur náðst. Um það bil 60% af þeim fjármunum sem verkefninu hafa verið ætlaðir hefur verið varið til lífrænna rannsókna og lífrænnar framleiðslu. Það kemur fram í skýrslum ef fólk aðeins lítur yfir þær og reynir að átta sig á hvar það stendur. (Gripið fram í.) En það fer auðvitað eftir því hvort fólk hefur haft tíma til að líta yfir þau verkefni sem það er að spyrja um og kynna sér.

Lítið magn lífrænna og vistvænna afurða er í umferð hér á landi. Reynt hefur verið að ýta undir slíka framleiðslu og það er eðlilegt að varfærni hafi gætt hjá bændum við að fara út í þessa framleiðslu vegna þess að þeir vilja auðvitað sjá fram á hvaða möguleika þeir eiga ef þeir leggja út í að breyta búum sínum frá hefðbundnum búskap í að fá vottaðan búskap, sérstaklega ef menn fara út í það sem heitir lífrænt og einnig ef menn vilja fá vistvæna vottun sem reglugerð er til fyrir á Íslandi.

Ég tel að vaxtarmöguleikar íslenskrar sauðfjárræktar byggist mjög mikið á því hvort takist að hefja verulegt átak í framleiðslu lífræns dilkakjöts. Það hefur aðeins komið á markað en árlega síðustu þrjú árin hefur verið óskað eftir að fá allt að 100 tonn á Bretlandsmarkað þar sem boðist hefur verð sem er a.m.k. 25% hærra en það verð sem hefðbundnir bændur hafa fengið fyrir afurðir sínar. Það er því mikið að sækja og að miklu að vinna og ég tel að Áform — það er nafnið á átaksverkefninu — hafi unnið hreint og beint að þessum verkefnum og staðið mjög vel við það. Mér kemur reyndar, herra forseti, mjög á óvart sú gagnrýni sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur uppi og gat í rauninni aðeins tiltekið eitt verkefni sem hún taldi gagnrýnivert og það var stuðningur við Græna herinn sem fór um landið og hvatti til umhverfisbóta og m.a. náði þeirri vakningu í Hrísey ásamt átaksverkefninu Áformi að stefna að því að gera eyjuna lífræna eyju. Það má vel vera að það sé einskis virði. Það má líka vel vera að sú uppbygging sem varð í kjölfar þeirrar ferðar sé einskis virði en ég held að mörg þau bæjarfélög sem fengu slíkar heimsóknir þakki fyrir þær, lýsi yfir ánægju með þær og sjái nokkurn árangur þó svo að vel geti verið að sums staðar séu menn óánægðir en í meiri hluta tilvika held ég að menn hafi lýst yfir ánægju með þær aðgerðir sem þarna var gripið til og a.m.k. í sumum bæjum á Íslandi vakti þetta sérstaka athygli. En það er auðvitað ánægjulegt að af rúmlega 50 verkefnum sem hafa verið sett í gang og studd skuli aðeins vera eitt verkefni sem er gagnrýnivert. Það er mjög ánægjulegt hlutfall og ég vil þakka fyrir að benda á það. Ég hafði ekki komið auga á að það væri aðeins eitt verkefni sem væri gagnrýnivert.

En til að vitna í það sem hefur leitt af átaksverkefninu, þá hefur verið unnið að eflingu lífrænnar framleiðslu og kemur það best í ljós ef litið er til þess hvað hefur verið unnið á Akri. Þar hefur verið unnið að stuðningi við lífræna ræktun á grænmeti sem hefur skilað miklum árangri og þar hefur verið sýnt fram á að unnt er að ná fullkomnum árangri í lífrænni ræktun fyrir utan það að geta framleitt vörur sem fólk sækist eindregið eftir.

Ráðamenn í Hrísey, bara til að vitna aftur í það málefni, leituðu til átaksverkefnisins um aðstoð við að kanna möguleika á að fá eyjuna viðurkennda sem lífræna. Áform hefur unnið að þessu verkefni og þeim verkefnum er skipt í áfanga og þeir sem þar eru munu vinna áfram að verkefnum í samvinnu við heimamenn með það markmið fyrir augum sem ég nefndi áðan.

Ég ætlaði, herra forseti, ekki að verja það neitt sérstaklega sem Áform eða átaksverkefnið hefur verið að vinna en það má nefna að niðurstöður rannsókna á gæðum og efnainnihaldi dilkakjöts og grænmetis hafa þegar haft mikla þýðingu við markaðssetningu slíkra afurða. Niðurstöður rannsókna leiða í ljós að hreinleiki íslensks grænmetis umfram innflutt er orðinn þannig að hægt er að styrkja markaðsstöðu þess t.d. í samkeppni við innflutt grænmeti.

Ég ætla ekki að lýsa því í löngu máli hver árangur hefur orðið af stuðningi við rannsóknir á íslenskum lækningajurtum. Þar er mikils að vænta og ég tel að það sé eitt það markverðasta sem unnið hefur verið að. Ég vil bara aðeins minna á að í morgun var Ævar Jóhannesson nefndur og það verk sem hann hefur verið að vinna var stutt af átaksverkefninu og menn vænta mjög mikils af þeim rannsóknum sem prófessor Sigmundur Guðbjarnason er að vinna við þær jurtir sem þar eru notaðar. Möguleikar íslenskra bænda til að rækta lækningajurtir er akur sem menn sjá að er tiltölulega aðgengilegt að vinna á og ég held að átaksverkefnið muni beita sér í vaxandi mæli fyrir því að þar skilist árangur.

Ég vil, herra forseti, taka mjög undir orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur þar sem hún segir að mikilvægt sé að halda áfram því starfi sem unnið hefur verið og þar talar bóndi sem þekkir og veit hvaða árangur hefur náðst, ekki síst í því umhverfi þar sem hún vinnur, og það er hárrétt að tryggja þarf lagalega umgjörð og samræmingu íslenskra reglna og laga að alþjóðlegum stöðlum. Ég vil ítreka að nýting íslenskra jurta til lyfjagerðar er eitt af því sem þetta átaksverkefni hefur unnið að og unnið með. Þar er að verða umtalsverður árangur og ég tel mjög mikilvægt að haldið áfram verði á þeirri braut. Þess vegna fagna ég frv. hæstv. landbrh. og mun styðja það og ekki síst ef menn ná því í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, að þar verði miðstöð

lífrænnar ræktunar. Að því eigum við að stefna og verið er að vinna að því og gæðastýrng í landbúnaði mun byggja á því verki sem formenn þingflokka hófu 1994 með framsetningu tillögu um þetta verkefni. Ég sé framtíðina þannig fyrir mér að eftir 2–3 ár muni staðan verða þannig að þá muni verða rými fyrir ákveðna framkvæmdanefnd sem annast það sem Áform – átaksverkefni hefur komið á laggirnar og ég á von á að sá árangur sem gerð hefur verið grein fyrir verði betur metinn af flestum sem að koma og a.m.k. öðruvísi en hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur.

[14:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson sem hér talaði á undan mér má ekki misskilja orð mín eins og hann gerir. Átaksverkefnið hefur skilað afskaplega mörgu góðu þó svo ég hafi fullyrt að handahófskennd stefna hafi þar verið í gangi. Ég hefði viljað að hv. þm. svaraði ræðu minni málefnalegar en svo að gera mest úr því að mér hafi einungis tekist að nefna eitt gagnrýnisvert atriði á listanum yfir þau verkefni sem fengið hafi styrk.

Vissulega hefur margt verið vel gert, ég ítreka það. Hins vegar var alls ekkert í lögum eða reglum verkefnisins sem gat réttlætt að stærsti styrkurinn á síðasta árinu sem átaksverkefnið fær fjármagn frá ríkinu fari til Stuðmanna til að fara í sveitaballarúnt og efla umhverfisvitund ungs fólks á landinu. Það er bara þannig, herra forseti.

Ég verð að segja að það veldur mér vonbrigðum að hv. þm. Gísli S. Einarsson skuli ekki svara neinu af þeim spurningum eða vangaveltum sem ég kom með í ræðu minni varðandi aðgreiningu þessarar framleiðslu, vistvænnar annars vegar og lífrænnar hins vegar. Mér finnst það vera mergurinn málsins og að þar hafi þeir sem starfað hafa að átaksverkefninu ekki staðið sig sem skyldi. Ég vænti þess að hv. þm. svari mér frekar um það hvers vegna aðgreiningin var ekki sterkari. Það er heldur ekki rétt hjá hv. þm. að 60% fjármagnsins hafi farið til lífrænnar framleiðslu. Ég hef kynnt mér skýrslur átaksverkefnisins frá upphafi, lesið þær spjaldanna á milli og stuðningurinn við lífrænu framleiðsluna hefur í heildina verið 37%.

[14:06]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé kannski ekki ástæðu til að karpa við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um hvernig verkefnið hefur verið unnið að öðru leyti en því að ég stend við þá fullyrðingu að verkefnið hefur hvergi farið út fyrir það sem upp á var lagt þegar verkefninu voru sett markmið. Ég tel að það hafi aðeins verið unnið að lífrænu og vistvænu, eins og það var skilgreint í upphafi að vinna ætti að þeim málum. Verkefnið hefur ekki farið út fyrir þann ramma á neinn hátt.

Hitt er annað mál að ég deili áhyggjum með hv. þm. af því að ekki hafi náðst meiri árangur. Það byggist að sjálfsögðu á því að bændur eru hræddir við að fara út í það sem þeir vita ekki nákvæmlega hvað er. Þess vegna hefur verið lögð svo mikil vinna í að kynna þá möguleika sem eru fyrir hendi. Ég ítreka það, herra forseti, að fyrir því hefur verið gerð grein hvað eftir annað í skýrslum, á hverju ári. Sem fjárlaganefndarmaður vildi ég að öllum þeim verkefnum sem í gangi eru á vegum ráðuneytanna væri skilað á sama máta og þessu átaksverkefni. Þá ættum við möguleika á að sjá hvernig fjármununum er ráðstafað.

[14:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla heldur ekki að karpa við hv. þm. Gísla S. Einarsson um atriði sem koma málinu ekkert við. En það væri gaman að heyra hv. þm. skýra örlítið nánar frá þeirri sýn sem hann hefur á lok verkefnisins, í lok ársins 2002.

Spurning mín í fyrri ræðu minni var: Hvers vegna liggur ekki fyrir eftir fimm ára starf metnaðarfull tillaga að stefnumörkun? Hvað sér hv. þm. fyrir sér í lok ársins 2002? Hvernig verða lok verkefnisins? Hver er framtíðarsýn stjórnarmanna verkefnisins varðandi verkefnið? Hvaða árangri ætla þeir að ná? Varla getur verkefnisstjórnin, herra forseti, séð það eitt fyrir sér að hún fái áframhaldandi fjárveitingar til Áforms – átaksverkefnis næstu ár eða áratugi. Það hlýtur að verða einhver lokapunktur sem nefndarmenn eða stjórnarmenn sjá fyrir sér sem niðurstöðu starfsins, þess mikla starfs sem innt hefur verið af hendi. Ég sakna þess að hv. þm. skuli ekki nota tækifærið og segja okkur frá því hver lokaniðurstaðan yrði ef hans villtustu draumar varðandi verkefnið rættust.

[14:09]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mínar væntingar eru þær að allar íslenskar framleiddar matvörur verði vottaðar og viðurkenndar, vottaðar lífrænar eða þá vistvænar. (**KolH:** Engir staðlar til.) Það eru víst til staðlar. Það er búið að búa til reglugerð fyrir þetta af hálfu Íslendinga, herra forseti. Við skulum alla vega fara eftir þeim stöðlum við höfum sett okkur sjálf. Þetta er framtíðarsýn mín, að lífrænn landbúnaður verði a.m.k. kominn yfir 10% af heildarframleiðslunni eftir þessi þrjú ár eða í það stefni að bú á Íslandi verði í aðlögun eða orðin viðurkennd vottuð lífræn á þeim tíma. Þá hefði mikill árangur náðst því að við ramman reip er að draga. En það er eftir miklu að sækjast þó tiltölulega litlu sé til þess kostað.

[14:10]

Útbýting þingskjala:

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, 417. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 678.

Dvalarleyfi háð takmörkunum, 350. mál, svar dómsmrh., þskj. 680.

Eftirlit á skilorði, 434. mál, fsp. MF, þskj. 704.

Norrænt samstarf 1999, 422. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 687.

Rannsóknir á þorskeldi, 440. mál, þáltill. KVM o.fl., þskj. 710.

[14:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mín ræða verður harla stutt. Ég hafði hugsað mér að fylgjast með þessari umræðu og taka þátt í henni en það er því miður óþolandi þegar nefndarfundir eru settir á í hádegishléi þegar fyrir fram er ljóst að slíkum fundi getur ekki lokið á 30 mínútum. Í þeim tilvikum skarast óhjákvæmilega nefndarfundur og þingfundur. Þannig var það að þessu sinni og því hef ég misst af þeirri umræðu sem farið hefur fram síðan þingfundur hófst aftur kl. 13.30.

Þegar þetta átaksverkefni fór af stað árið 1995 taldi ég það sannarlega tilraunarinnar virði. Ég taldi þess virði að gera tilraun til að ná utan um verkefni eins og það sem hér hefur verið til umfjöllunar. Þá þegar var ljóst að gífurleg eftirspurn var að verða í mörgum löndum eftir heilbrigðum matvælum, eftir lífrænt ræktaðri matvöru. Í hverju landi fyrir sig voru æ stærri hópar farnir að sækjast eftir því að fá aðgang að

slíkum matvælum, jafnvel þó að þau væru dýrari. Þetta er frekar spurning um gæði en magn og bæði í Danmörku og Þýskalandi lá fyrir á þessum tíma að eftirspurn eftir lífrænt ræktuðu kjöti hafði aukist. Verð á því var í engu samhengi við annað kjöt á markaði.

Því var ekki óeðlilegt að horfa til þeirrar framtíðar að heilsusamlegt íslenskt t.d. lambakjöt gæti átt möguleika á að komast á markað í öðrum löndum. Við værum að fá a.m.k. mjög sanngjarnt verð fyrir þá vöru því að flestir sem kynnast líta á íslenska lambakjötið sem hágæðavöru sem fátt annað kjöt stenst samanburð við.

Þetta held ég að hafi verið hugsunin hjá okkur. Þó að ég nefni sérstaklega lambakjötið þá átti þetta auðvitað við margt fleira. Áherslan var lögð á að gera landið í hugum fólks og annarra þjóða land heilbrigðrar starfsemi, hreinleika, heilbrigðrar framleiðslu, þ.e. land sem gæfi af sér eftirsóknarverð matvæli. Hugmyndin var að byggja upp ímynd sem auka mundi eftirspurn eftir því sem héðan kæmi og í þeirri vinnu átti að stuðla að því að það sem fólkið fengi í hendurnar væri fyrsta flokks og í gæðaflokki. Þannig held ég að hugsunin hafi verið hjá öllum þeim sem tilbúnir voru að leggja verkefninu til ákveðinn fjölda milljóna, árlega á fimm ára tímabili.

Hér er komin fram tillaga um að þessu verkefni verði áfram veittar 25 millj. á ári næstu tvö árin. Ég sakna þess að hafa ekki náð því að hlusta á umfjöllunina um þá framlengingu.

Ég held að það sé ómaksins vert að gefa þessu verkefni tvö ár til en það er dálítið erfitt að átta sig á hvað hefur verið að koma út úr því. Ég hef verið svo mikill stuðningsmaður þess að ég var að vona það á sínum tíma að fimm árum síðar stæðum við samt dálítið betur en raunin er í dag og yrðum komin lengra en við erum komin í dag. Það breytir því ekki að ábyggilega er ástæða til að gefa þessu verkefni tvö ár til viðbótar þannig að e.t.v. vanti einmitt þau tvö ár sem geri gæfumuninn á því að við komumst áleiðis þangað sem ég sá fyrir mér að við værum á leiðinni til í upphafi verksins. Eins og væntanlega fleiri alþingismenn hef ég skoðað svar landbrh. við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um átaksverkefni og verkefnin sem hafa verið unnin 1997, 1998 og 1999 og þá átta ég mig á því að ég hef greinilega hugsað þetta verkefni öðruvísi en þeir sem um véluðu. Vel má vera að búið sé að ræða þennan þátt til enda og ég sé að koma aftan að umræðunni með athugasemdir mínar með því að koma inn í hana af nefndarfundi. En ég hélt að þessir peningar ættu fyrst og fremst að fara í átak í framleiðslu og markaðssetningu á vistvænum lífrænum afurðum. Mig hefði ekki órað fyrir því að það fjármagn sem ætti að fara í átak til framleiðslu og markaðssetningar vistvænna og lífrænna afurða færi í ýmsa þá aðra þætti sem ég sé koma fram í svari við þeirri fyrirspurn sem ég gat um áðan.

Það vill svo til að í morgun vorum við í umræðu um allt annað mál, lyfjamál. Við vorum að ræða nýja stofnun, Lyfjamálastofnun, og þá bar á góma íslensk lyf og náttúrulækningalyf. Þá vorum við þingmenn að fagna því að Háskóli Íslands væri búinn að fara út í rannsóknir á lúpínu til lækninga. Það er dálítið sérkennilegt að sjá að þær rannsóknir, sem mér finnast gífurlega þýðingarmiklar og styð að fái framlag, og ættu að fá miklu meira en 400 þús. í eitthvað eitt skipti og 1.250 í eitthvað annað og 400 í enn annað eða 400 og 400, hitt var víst til beitarjurtar, mér finnst ekki að þeir peningar hefðu átt að koma úr þessu verkefni. Mér kemur aldeilis á óvart að peningar til að gera rannsóknir á lúpínu sem lækningajurt, sem ég styð heils hugar, skuli koma úr þessu verkefni. Mér finnst að þeir peningar hefðu átt að koma úr allt öðrum sjóðum og að þeir peningar sem veittir voru til þess og komu úr þessu verkefni hefðu átt að fara í allt annað innan þessa átaks. Ég get alls ekki séð að rannsóknir á lúpínunni sem lækningajurt á vegum háskólans séu aðfinnsluverðar. Það vill svo til að fyrir viku átti ég þess kost að hlusta á forustumann verkefnisins, Sigmund Guðbjarnason, fyrrverandi rektor, lýsa því hvernig þessar rannsóknir hafa farið fram og ég fagna þeim og er mjög hrifin af þeim og vil að það framtak fái meiri peninga. Ég get ekki skilið af hverju þeir peningar komu héðan. Mér finnst þetta vera langt frá þeirri hugsun sem var á ferðinni þegar við settum þetta verkefni af stað fyrir fimm árum að vera með átak í framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Ég gagnrýni það að verið sé að fara í þessu verkefni út í svo fjarlægan hlut sem rannsókn á lúpínunni til lækninga. Enginn má taka orð mín svo að ég vilji ekki þær rannsóknir og mér fyndist að það væri hið hörmulegasta mál ef svarið væri það að verkefnið fengi enga peninga ef það fengi ekki úr þessum átakssjóði.

Þetta segir mér það að ég hef væntanlega gert mér vonir um að miklu stærri hlutur af peningum átaksins færi til beins átaks í framleiðslu og markaðssetningum fæðutegunda en þeir sem hafa haldið utan um átakið hafa ákveðið. Þetta eru þær athugasemdir sem ég er með, forseti, miðað við að hafa því miður ekki getað fylgst með umræðunni og fróðlegt að heyra hvers vegna þetta góða verkefni eins og lúpínujurtirnar þurftu að sækja í þetta átak. Mér finnst að þeir peningar ættu að koma annars staðar frá. Mér finnst líka sérkennilegt að sjá að ein milljón hefur farið í stuðning við vottunarstofur. Af hverju þarf átakið að borga einhverjar vottunarstofur sem eru til og eru settar á laggirnar af hinu opinbera í tengslum við önnur verkefni sem heyra undir aðrar vottunarstofur? Af hverju þarf það að fara inn í þetta átak? Af hverju kemur ekki ríkið og ráðherra upp vottunarstofu vegna vottunarkerfa? Af því að ég heyrði umræðu um hreinsunarátak Græna hersins þegar ég gekk í salinn þá ætla ég líka að taka undir þá gagnrýni. Það er alveg fráleitt að átakið sem þarf á öllum peningum sínum að halda sé að setja pening í það hreinsunarátak. Sveitarfélögin voru í því, fyrirtæki voru í því. Það átak fékk athygli, stuðning og fjárframlög út á öflugan áróður þeirra einstaklinga sem stóðu fyrir átakinu, þeirra einstaklinga sem kölluðu sig Græna herinn. Þetta eru burðugir einstaklingar sem náðu heilmiklum stuðningi við það verkefni sem þeir voru með. Mér finnst verkefni þeirra gott. Það var bara á öðru plani. Þeir sem fengu stuðning við það úr hverri einustu sveitarstjórn þar sem þeir komu að verkum og það var bara hið besta mál. En mér finnst alveg fráleitt að verið sé að taka 1,245 millj. af því fé sem var verið að veita til átaks því sem hér um ræðir og setja það í slíkt hreinsunarverkefni.

Fleira gæti ég nefnt til sögu en ég vil gjarnan heyra hver hugsunin er í raun og veru ef það er þá ekki útrætt hjá þeim sem halda utan um átakið. Ég fullyrði það vegna þess að þingflokksformenn á þeim tíma komu mjög mikið að þessari samþykkt um að veita þening til fimm ára í þetta átak og ég fullyrði að það hafi verið fleiri en ég sem ekki hafi séð það fyrir að átakinu yrði dreift svo gífurlega mikið sem raun ber vitni eins og fram kemur í svarinu sem liggur á borðum þingmanna.

Ég ætla að láta þetta nægja, virðulegi forseti, þar sem ég hef ekki efnislega nein tækifæri til þess að koma að öðru leyti inn í umræðuna sem þegar hefur farið fram.

[14:23]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins fá að gera grein fyrir því að við lagasetninguna 1995 er ákvæði 3. gr. laganna þannig:

Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.

Þetta þýðir að nánast allar afurðir sem er verið að vinna við að markaðssetja á einhvern hátt undir þessum merkjum falla þar undir. Þar kemur einmitt þessi framleiðsla á lyfjum úr íslenskum jurtum. Ekki er hægt fyrir þetta verkefni að víkja sér undan stuðningi við þær rannsóknir sem þar eru vegna þess að það fellur mjög vel og einmitt beint undir þá skilgreiningu sem ég var að lesa upp.

Herra forseti. Ég vildi aðeins gera grein fyrir þessu vegna þess að flutningsmenn frv. voru formenn allra þáverandi þingflokka, þeir hv. alþm. og fyrrv. alþm. Geir H. Haarde, Finnur Ingólfsson, Sigbjörn Gunnarsson, Ragnar Arnalds og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir sem voru frumflytjendur þessa máls. Þar var þetta alveg skýrt og greinilegt að undan því verður ekki vikist að styðja allt það sem var upp rakið.

[14:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir þetta ákvæði um fræðslu, hollustu og gæði, vistvæna og lífræna framleiðslu verð ég að segja að það hvarflar ekki að mér að átakið hafi getað veitt öllum styrk sem eru einhvers staðar á þessu ferli frá framleiðslu jurta til lækninga og upp í allt annað, upp í þess vegna útgáfubæklinga og annað sem lýtur að fræðslu. Það sem ég er að gagnrýna er að ég er alls ekki sammála því. Það kemur mér mjög á óvart að lækingajurtir eða rannsóknir til þess að búa til læknislyf skuli þurfa að sækja inn í þetta átak. Það kemur mér mjög á óvart og ég er vonsvikin af því að ég var svo hrifin af því að þetta verkefni væri farið í gang að það skyldi vera þetta átak og það þyrfti að setja peninga í það. Ekkert af því sem þingmaðurinn sagði fær mig til að breyta þeirri skoðun að mér finnst það fráleitt að hreinsunarátak Græna hersins hafi fengið pening úr þessum sjóði. Það er skoðun mín.

[14:27]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir vonbrigði með að fjármunir skuli vera veittir þaðan frá í þau verkefni sem hv. þm. var að ræða um held ég að ekki sé hægt að skilja fyrirmælin eða markmiðssetninguna öðruvísi en að það verði að verða við slíkum umsóknum. En 21,5 millj. kr. hefur verið varið í rannsóknir sem lúta að fóðuröflun í lífrænni sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu. Það hefur verið varið 30 millj. kr. til verkefna á sviði lífrænnar framleiðslu. Í ræðu minni áðan útskýrði ég að yfir 60%–70% af þeim fjármunum sem verkefni hefðu haft hefðu runnið beint í þau verkefni sem ég er að lýsa.

[14:28]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem er til umfjöllunar, frv. til laga um breytingu á lögum um átaksverkefni, framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995, er að mínu mati allra góðra gjalda vert. Hér er verið að framlengja möguleika til styrkveitinga alveg fram á árið 2003 um 25 millj. kr.

Ég vil hafa nokkur orð um frv. og taka undir með hv. 17. þm. Reykv., Kolbrúnu Halldórsdóttur, að ég sakna þess að menn skuli ekki hafa á þessum tímapunkti, við framlenginguna, sett sig niður og markað nýja stefnu út frá þeirri reynslu sem fengist hefur. Það er fullyrt að til hinna raunhæfu verkefna síðustu árin hafi kannski ekki farið nema 33–35% af framlögunum. Hitt mætti segja að væri á mörkum þess sem gæti talist til verkefnanna og hér hefur verið nefnt eitt verkefni sem var átaksverkefni Græna hersins. Ég tel að það verkefni hafi verið alveg verið á mörkunum enda var það stutt af öðrum aðilum. Það var stutt af sveitarfélögunum og það var stutt af fyrirtækjum og einstaklingum.

Ég held að það sem upp úr stendur þegar við fjöllum um þetta sé að við verðum að gera kláran greinarmun á lífrænu og vistvænu. Við verðum að fara í meiri fræðslu og umfjöllun um þessi mál út frá þeim nótum. Eins og fram hefur komið þá eru engar viðurkenndar vottanir til um það sem við köllum vistvænt. Menn hafa sett sér staðla í ýmsum löndum en heildstæð vottun er ekki til nema um það sem við köllum lífrænt. Það hefur margkomið fram hér, t.d. hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að fyrir lífrænt vottaðar afurðir er nægur markaður. Það kom fram hér í ræðustól að allt lífrænt vottað lambakjöt hefur selst. Það er mikil eftirspurn eftir því og markaðurinn er fyrir hendi.

Margir halda að lífrænt framleitt og vistvænt framleitt sé það sama. Svo er aldeilis ekki. Við verðum að hafa það í huga og vera gagnrýnin á það. Mér er fullkunnugt um að mjög margir eru að dekra við hugmyndina að það verði látið nægja að fara í vistvæna vottun vegna þess að á norðlægum slóðum sé t.d. mjög erfitt að ná inn heyfeng fyrir sauðfé ef við ætlum að fara yfir í algjöra lífræna ræktun. Mjög margir bændur telja að það sé nánast illmögulegt. Hér hafa komið fram tillögur um að gera mönnum kleift að fara út í lífræna ræktun með því að styrkja þá beint og myndarlega eins og tíðkast í nálægum löndum. Þess vegna er það gleðiefni að fram er komin till. til þál. um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað. Flm. eru hv. þm. Þuríður Backman, Jón Bjarnason og Kolbrún Halldórsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum."

Ég held að við verðum að vera svolítið framsækin hér í þinginu þó að við gerum okkur fyllilega grein fyrir þeim erfiðleikum sem bundnir eru við að fara yfir í fullkomlega lífræna framleiðslu. Við gerum okkur grein fyrir því. Menn fara ekki yfir í þessa framleiðslu og breyta ekki búum sínum nema með ærnum tilkostnaði. Í raun þarf hver einasti framleiðandi sem hugsar sér að fara inn í slíkt ferli á endurmenntun að halda. Það er mjög mikilvægt.

Ég fagna því sérstaklega að úthlutunarnefndin, sem raðað hefur upp og sett niður verkefni, hefur á lista sínum rannsóknir á íslenskum lækningajurtum. Þar á meðal eru kynbætur á Alaskalúpínu sem beitarjurt og e.t.v. lækningajurt. Ég held að sá möguleiki sem við höfum í þessu stóra landi sé gríðarlegur hvað varðar lækningajurtir, söfnun á þeim og sölu. Ég hef upplýsingar um að meira að segja nú þegar hafi nokkrir aðilar af því ágætis aukatekjur að safna íslenskum jurtum

og hreinsa til að nota sem krydd og til lækninga. Þarna er algjörlega óplægður akur og menn mega ekki gera lítið úr þeim möguleikum sem þarna eru fyrir hendi. Ég veit ekki betur en að t.d. í Norður-Noregi sé langstærsti framleiðandinn á fjallagrösum en þau eru uppistaðan í gerð fjölmargra lyfja. Þarna eru gríðarlegir peningar í húfi ef menn notfæra sér þessar náttúruauðlindir í þeim dúr sem þeir sem hafa heilbrigða sýn á nýtingu náttúrunnar tileinka sér.

Ég tel mjög mikilvægt að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru verði að mjög miklu leyti notaðir í að endurmennta þá bændur sem vilja fara í nýtingu á landinu á lífrænan hátt. Það er mjög mikilvægt að menn fái fræðslu. Ég held að enginn fari út í að skipta yfir í lífrænan búskap öðruvísi en að fara annaðhvort í bændaskóla eða garðyrkjuskóla með það að leiðarljósi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið meira. Ég tel að hér sé mjög mikilvægt mál á ferðinni. Það ber að þakka hæstv. landbrh. fyrir að hafa beitt sér fyrir því að áframhald verði á stuðningi af þessu tagi upp á 25 millj. kr. til ársins 2003. Í raun tel ég svo gríðarlega möguleika í þessum geira öllum og kannski eigum við ekki að binda þetta endilega við landbúnaðinn. Vistvæn eða lífræn vottun gagnvart fiskveiðum er líka inni í myndinni og allt sem heitir sjávarfang. Í raun er sama í hvaða grein við berum niður, þessi hugsun með að nýta auðlindir landsins í sátt við náttúruna á lífrænan hátt til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir er það sem við eigum að hafa að leiðarljósi hvað svo sem menn aðhafast.

Að svo mæltu vil ég segja að ég styð þetta frv. efnislega og hefði í sjálfu sér getað lýst stuðningi við að gera enn betur í framþróun af þessu tagi, sem okkur er svo nauðsynleg.

[14:37]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil fagna þeirri umræðu sem hér hefur orðið um frv. það sem hæstv. landbrh. hefur lagt fram. Það má í raun segja að við tölum öll sömu tungu, a.m.k. ákveðið stef með mismunandi áherslum. Hér hafa verið óvenju jákvæð skoðanaskipti vegna þess að hugmyndir flestra eru svipaðar og við viljum þessu málefni afar vel.

Það er auðvitað alveg lífsnauðsynlegt fyrir íslenskan landbúnað að halda áfram starfi Áforms. Við getum haft mjög mismunandi skoðanir á því hvort vel eða illa hafi verið staðið að verki. Hér er þó vissulega um ákveðið frumkvöðlastarf að ræða sem skipt hefur íslenskan landbúnað heilmiklu máli. Ég segi líka að við þurfum að vera þolinmóð í þessum verkefnum eins og öðrum. Hafi fulltrúar Áforms-verkefnisins ekki staðið sig sem skyldi eiga þeir þó sannarlega möguleika á að bæta sig með framlengingu á þessu verkefni.

Við höfum í dag rætt heilmikið um íslenskan landbúnað og í raun skipt framleiðslugreininni í fjóra meginflokka, þ.e. hinn hefðbundna landbúnað, vistvænan landbúnað, lífrænan landbúnað og síðan verksmiðjuframleidda landbúnaðarvöru. Það er ekkert óeðlilegt við það að við veltum þessum hugtökum fyrir okkur og reyndar hefur komið vel í ljós í þessari umræðu að á stundum verður ákveðin hugtakabrenglun þegar talað er um annars vegar vistvænan landbúnað og hins vegar lífrænan landbúnað. Við þurfum að passa mjög vel upp á að skilgreina þetta nákvæmlega með það fyrir augum að við getum flutt út vöruna sem við erum að framleiða. Við sjáum það þegar við ferðumst um heiminn hve framleiðslan í lífrænum landbúnaði er í raun og veru að verða fjölbreytileg. Þetta sjáum við t.d. afar vel í Danmörku þar sem á hverju ári bætast við nýjar og nýjar lífrænt framleiddar afurðir. Það hefur tekist að fá meira fyrir þessa vöru en fyrir framleiðslu í hefðbundnum landbúnaði og er það vel.

Í þessari umræðu er líka nauðsynlegt að velta fyrir sér hve miklar framfarir hafa orðið í íslenskum landbúnaði t.d. á síðustu 20 árum. Það sjáum við m.a. í mjólkurframleiðslu. Þar stöndum við okkur afar vel hvað markaðssetningu snertir og þar hefur orðið mjög jákvæð þróun. Við sjáum þetta líka í annarri framleiðslu en ég tel þó að við getum gert enn betur í markaðssetningu á íslensku lambakjöt. Okkur hefur hvorki á innanlandsmarkaði né erlendis tekist sem skyldi að markaðssetja þá heilnæmu og góðu vöru.

Það hafa einnig orðið miklar framfarir í ylrækt á Íslandi eftir að menn fóru að nota rafmagn til lýsingar við þá ræktun. Nú er svo komið að við getum nánast framleitt íslenskt grænmeti allt árið. Það er gríðarlega mikill mismunur á hinu íslenska grænmeti og því sem flutt er inn til landsins, gæðamunurinn er gríðarlegur og þar stöndum við afar vel að vígi. Hins vegar eru rætt um það á markaðnum hvort íslenskt grænmeti gæti ekki verið ódýrara og þar gæti ríkisvaldið komið betur að með tilliti til raforkuverðs o.fl. Þar eru því atriði sem við þurfum að skoða.

Á sama hátt getum við sagt að hvíta kjötið er mjög sambærileg vara og jafnvel betri en á erlendum markaði. Þar er hins vegar auðvitað um verksmiðjuframleidda vöru að ræða.

Hvað eftir annað hefur komið fyrir að heilu förmunum af innfluttu grænmeti og ávöxtum hefur verið hent. Þetta fer yfirleitt mjög hljótt vegna þess að þetta hefur ekki orðið fjölmiðlamatur. En í mörgum tilfellum er þessi vara úðuð rotvarnarefnum og þegar hún hefur verið rannsökuð hjá Hollustuvernd hefur komið í ljós að þar er í mörgum tilfellum um að ræða efni sem eru mjög óholl. Við þurfum að gæta mjög vel að þessu og gefa þeim málum betri gaum.

Eitt er það mál sem ég hef haft mjög mikinn áhuga á varðandi íslenskan landbúnað en það er einmitt að koma íslensku lambakjöti á markað erlendis. Í sjónmáli er stórt tækifæri í þeim efnum því að íslenskum matreiðslumeisturum hefur í annað skipti í röð verið boðið að taka þátt í svokallaðri Bocuse d'Or keppni sem haldin er í Lyon í Frakklandi. Þar keppa 22 af fremstu matreiðslumeisturum heims og ekki nóg með það heldur verður aðalréttur í þessari keppni lambakjöt. Þar erum við að keppa við þjóðir eins og Nýja-Sjáland, Frakkland sjálft og mörg fleiri ríki.

Í raun og veru mun dagurinn í dag skera úr um hvort íslenskt lambakjöt verði aðalréttur í þessari keppni. Landbrh. hæstv. hefur beitt sér fyrir því að svo megi verða. Hér er ekki um neinar stórkostlegar fjárhæðir að ræða, u.þ.b. 10 millj. kr., 800 lambsskrokkar. Ef ég veit rétt hefur það í raun verið ákveðið af ráðherrans hálfu að íslenskt lambakjöt verði í þessari keppni.

Þarna skapast ótrúlega miklir möguleikar og að þessu máli kemur einmitt Áform, sú stofnun sem við erum að ræða um í dag og þarna er verulega spennandi verkefni fyrir Áform. Þarna geta skapast nýir möguleikar og við vorum að tala um þessa gæðavöru og það að geta selt þá vöru sem við erum að framleiða hér á landi, jafnheilnæm og hún er á hærra verði en gerist og gengur. Markaðssetningin á íslensku lambakjöti hefur ekki gengið sem skyldi, því er verr og miður. Þó má sjá lambakjöt til sölu t.d. í Netto-mörkuðunum í Danmörku og um tíma var Belgía nokkuð góður markaður en þar hefur salan því miður dregist saman. En með því að

íslenskt lambakjöt verði aðalrétturinn í þessari Bocuse d'Or keppni þá má segja að þarna séu hugsanlega að opnast nýir markaðir.

Við ræðum sjaldnast um forvarnastarf þegar talað er um matvörur en eftir því sem við neytum hollari matvöru því betri verður heilsa þjóðarinnar. Þegar rannsóknir hafa farið fram á t.d. lambakjöti hefur komið í ljós að í því eru Omega-3 sýrur sem geta t.d. komið í veg fyrir krabbamein. Núna, þegar við erum að velta fyrir okkur innflutningi á fósturvísum úr norskum kúm, er mjög gjarnan talað um heilnæmi íslenskrar mjólkur. Það er gaman að fylgjast með því að íslensk ungmenni, sem velta mjög fyrir sér hvernig þau eru í laginu, því menn vilja gjarnan helst vera háir, grannir og spengilegir, t.d. það unga fólk sem er í fyrirsætubransanum svo ég sletti því ljóta orði, neytir t.d. skyrs mjög mikið. Skyr er mjög heilnæm vara og það má segja að skyr sé að verða ákveðin tískuvara hjá þessu unga fólki og það er gott og gaman frá því að segja.

Ég velti líka mjög gjarnan fyrir mér merkingu á vörunni sem við erum að neyta. Þegar útlendingar koma til Íslands og horfa yfir vöruúrvalið — ég var að tala um markaðssetningu á mjólk — þá er afar erfitt fyrir þá að gera sér grein fyrir því hvað þeir eru að kaupa. Auðvitað eiga umbúðirnar að vera merktar þannig að fólk geri sér grein fyrir því hvers konar vöru það er að kaupa.

Ég vil líka benda á að mér fyndist spennandi þegar ég er að kaupa mér kjöt úti í búð að ég vissi frá hvaða svæði kjötið kæmi, jafnvel frá hvaða búum. Við sjáum alltaf frá hvaða afurðastöðvum kjötvaran kemur en ég vildi gjarnan sjá t.d. frá hvaða búum þessar afurðir koma. Þetta sjáum við þegar lífrænt lambakjöt hefur verið sett á markað á Íslandi, þá höfum við séð að merkingin er þannig að við getum séð frá hvaða búum kjötið kemur.

Við búum því miður við fákeppni í dagvöruverslun á Íslandi og segja má að dagvöruverslun á Íslandi sé að verða nútíma einokunarfyrirtæki því það er sama hvert við förum á höfuðborgarsvæðinu, við erum væntanlega bara að kaupa af einum eða tveimur aðilum undir mismunandi nöfnum. Þess vegna finnst mér líka nauðsynlegt að taka upp verðmerkingar öðruvísi en gert er. Ég vildi t.d. gjarnan vita hvað framleiðandinn er að fá fyrir vöru sína. Ég vil gjarnan sjá hvað afurðastöðvarnar fá fyrir vöru sína. Ég vil gjarnan sjá líka í verðmerkingunni hvað ríkið er að taka til sín og svo loks söluaðilinn vegna þess að þegar fákeppni er með þessum hætti skapar það þó það umhverfi að við gerum okkur grein fyrir því fyrir hvað við erum að borga. Þetta er gert t.d. í Frakklandi og þetta held ég að þessar stóru keðjur á Íslandi ættu að taka upp, m.a. til þess að tryggja að neytandinn sjái hverjir eru vinir hans í raun og veru.

Möguleikar í matvælaframleiðslu á Íslandi eru mjög miklir. Ýmis mál hafa blossað upp úti í Evrópu varðandi framleiðslu á matvörum þar. Þess vegna held ég að möguleikar séu mjög miklir á þessum sviðum og við höfum eytt talsverðum tíma þegar við höfum verið að fjalla um þetta frv. m.a. í að velta fyrir okkur hvort Áforms-verkefni hafa verið að styrkja rétt verkefni eða ekki. Við getum endalaust deilt um það en mér finnst ekki óeðlilegt þó að Áforms-verkefnið styrki t.d. rannsóknir á íslenskum lækningajurtum.

Áðan var lúpínan til umræðu. Stundum er talað um það að lúpínurætur nar gætu orðið ginseng norðursins og því ekki að styrkja slíkar rannsóknir? Mikið er selt af ginsengi vítt og breitt um heiminn, þessum kínversku rótum sem menn trúa á og treysta, og ég efast ekkert um að sé hin besta vara, og menn eru fá ótrúlega mikið fyrir þessa vöru. Auðvitað eigum við að kappkosta að geta verið á þessum sviðum líka.

Ég nefni t.d. lýsið sem er mjög holl lúxusvara. Ef okkur tekst að markaðssetja þessa vöru úti í heimi sem lúxusvöru, þá er vel.

Ég endurtek það, herra forseti, að ég fagna því mjög að þessu verkefni skuli vera fram haldið. Ég get vel tekið undir að það er nauðsynlegt að upplýsa þingmenn og almenning um það hvað er að gerast á þessum sviðum en ég lýsi miklum stuðningi mínum við það að framlengja verkefnið og þakka hæstv. landbrh. fyrir það.

[14:52]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni um að okkur sé lífsnauðsyn að framlengja átaksverkefnið sem hér um ræðir, sérstaklega í ljósi þeirra orða hv. þm. að þeir sem hafa starfað að átakinu þurfi á framlengingunni að halda til þess að bæta sig í starfi. Þetta lýsir eingöngu þörfinni til að viðhalda sjálfu sér og það gagnrýni ég. Ég gagnrýni enn og aftur að átaksverkefnið skuli ekki hafa skilað okkur markvissri stefnu til næstu 5–10 ára sem ég les út úr ræðum upphafsmannanna að þetta átaksverkefni hafi átt að skila okkur. Þess vegna gagnrýni ég orð hv. þm., líka með tilliti til þess að við þurfum að velta hugtökunum vistvænt og lífrænt fyrir okkur.

Herra forseti. Við erum fallin á tíma með það og bara það eitt að átaksverkefnið í fimm ára starfi sínu skyldi ekki hafa getað kveðið svo óyggjandi sé upp úr með skilgreininguna á hugtökunum vistvænt og lífrænt segir mér að þar hafi menn ekki staðið nægilega vel að verki og ekki fylgt nægilega vel eftir markmiðum sínum.

Ég segi það enn og aftur að í dag vantar okkur inn á markaðinn eina tegund dilkakjöts. Það er lífrænt vottað dilkakjöt sem okkur vantar á markaðinn. Hvers vegna skilaði Áform – átaksverkefni okkur ekki niðurstöðu eins og vænst var fyrir fimm árum um það hvernig við ættum að efla þessa framleiðslu okkar á meðan við getum ekki í dag skilað því sem beðið er um inn á markaðinn af lífrænt vottuðu dilkakjöti?

[14:54]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann vel að vera að ég hafi tekið of djúpt í árinni þegar ég sagði að þetta væri lífsnauðsynlegt. En ég tek það fram að mér finnst sjálfsagt mál að halda áfram því góða starfi sem Áform hefur verið að gera. Þar var um brautryðjendastarf að ræða og ég er ekki sammála því að við séum fallin á tíma. Allt í einu vill hv. þm. láta hlutina gerast með þessum ógnarhraða. Gjarnan hefur hún í 2. umr. um önnur mál viljað láta hlutina ganga jafnvel með hraða snigilsins en ég kenni Áformi ekkert um þessi hugtakabrengl, þau eru ekki átaksverkefninu að kenna. Þetta er eitthvað sem við þurfum að kenna hinum almenna borgara þegar hinn almenni borgari er að ræða um þessi mál og það þarf hreinlega að koma þessum upplýsingum á framfæri.

Það kom t.d. fram í umræðunni áðan að einn hv. þm. var alveg hissa á því að vottunarstofa hafði fengið styrk úr átaksverkefninu. Það eru vottunarstofurnar sem votta að varan sé hin rétta framleidda vara. Við sjáum bara í þingsalnum að menn ganga ekki alveg í takt þarna en ég segi með öðrum orðum, svo að ég reyni að skilgreina orð hv. þm. eins og hv. þm. var að reyna skilgreina ræðu mína hér áfram, vill þá hv.

þm. sem sagt bara hætta þessu? Erum við fallnir á tíma og eigum við að gefast upp við verkefnið?

[14:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan svara spurningu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar. Ég er þeirrar skoðunar að með þær upplýsingar sem liggja að baki verkefninu núna og þær skýrslur sem við sitjum uppi með og þær upplýsingar og tillögur sem þó eru til staðar, gætu gagnast hæstv. landbrh. fyllilega í áframhaldandi starfi við stefnumörkunina, en ég fullyrði líka að hæstv. landbrh. situr uppi með það að þurfa að vinna með fólki sínu í landbrn. ákveðinn hluta þess starfs sem stjórnarmönnum Áforms – átaksverkefnisins var gert að skila á sínum tíma en skilaði ekki. Þess vegna vara ég hæstv. landbrh. við að framlengja þessu ákvæði á sömu nótum og það hefur starfað undanfarin fimm ár vegna þess að mér sýnist árangurinn af starfinu ekki hafa verið nægilega góður.

[14:57]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur á óvart að jafnframsýn kona og hv. þm. er skuli tala með þessum hætti því að hæstv. landbrh. hefur sýnt það á sínum skamma ferli sem landbrh. að hann hefur mjög mikinn áhuga á þessum málum. Ég treysti honum manna best til þess, hafi verkefnið farið eitthvað úr skorðum, að koma því aftur inn á þann veg að ég og hv. þm., sem talaði áðan, getum á endanum gengið í takt þegar talað er um Áforms-verkefnið.

[14:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sagði að ef listuð væri upp verðmyndun á vörunni gæti neytandinn séð hver væri vinur hans. Því vil ég spyrja hann að eftirfarandi:

Kaupmaður nokkur kaupir vínber í útlöndum fyrir 10 kr. kílóið og selur á 200 kr. á Íslandi, leggur heilmikið á. Annar kaupmaður kaupir vínber á 200 kr. kg í útlöndum og leggur á tíkall. Hvor er meiri vinur neytandans? (**Gripið fram í:** Hvað kostar gúrkan?) Þessi síðari selur á 300 kr. en leggur sjálfur á tíkall. Hvor er meiri vinur neytandans?

Annað. Hv. þm. talaði fjálglega um lúpínurætur og það lá við að hann væri að sannfæra mig og aðra hv. þm. um að leggja nú fé í þetta fyrirtæki til að rækta lúpínurætur. Hvers vegna í ósköpunum sannfærir hv. þm. ekki fjárfesta um þetta ágæta dæmi og leggur sjálfur pening í þetta í staðinn fyrir að ráðstafa peningum skattgreiðenda í þetta dæmi?

[14:59]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þau dæmi sem hann kom með. Mér leið eins og í gamla daga þegar ég var í barnaskólanum hjá Trúmanni Kristiansen í Hvolsskóla þegar bent var á mann og sagt: Hvort er þetta svona eða á hinn veginn? Í raun og veru var spurningunni svarað með því sem ég sagði. Ef ég get séð svart á hvítu að annar kaupmaðurinn hafi keypt vöruna á tvöhundruðkall og hinn hafi keypt hana á tíkall og það hlýtur að vera einhver gæðamunur á vörunni, er það ekki rétt, herra forseti? Ef þú kaupir bíl með ákveðnum merkjum ert þú alveg tilbúinn að borga fyrir það. Þú kaupir úr með ákveðnum merkjum og ert tilbúinn að borga fyrir það. En ég vil sjá þetta svart á hvítu. Hver er framleiðslukostnaðurinn? Hvar er þessa aðila að hafa og hv. þm. talar gjarnan um fé án hirðis. Nú virkar það svoleiðis að þegar við komum í dagvöruverslanir, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hefur hinn almenni borgari ekki hugmynd um að í einu tilfellinu heitir fyrirtækið 10–11, í öðru tilfellinu heitir það Bónus, í þriðja tilfellinu heitir það Hagkaup, í fjórða tilfellinu heitir það Nýkaup. Þetta er allt sama fyrirtækið. Síðan getum við tekið Nóatún og 11–11 sem dæmi. Hérna er um sömu fyrirtæki að ræða. En ég vil sjá það svart á hvítu hvernig verðmyndun verður til. Þannig get ég sjálfur fundið út hverjir séu vinir neytenda.

Hv. þm. spurði líka um fjárfesta og lúpínurætur. Ég var ekki að tala um einhverja sérstaka ríkisstyrki við framleiðsluna. Við erum að rannsaka þessa hluti og það er ekkert óeðlilegt að opinberir aðilar komi nærri því, langt í frá. Hver veit nema við getum með samstilltu átaki, hv. þm., fengið fjárfesta til að fjárfesta í lúpínurótum?

[15:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er oft svo með ávexti að þeir eru þeim mun betri eftir því sem þeir fást ódýrar af því að framleiðslan er mikil. Það hefur ekkert með bíla að gera. Þess vegna nefndi ég vínber og ég held að fyrir neytandann skipti engu máli hvernig verðmyndunin var. Það sem hann skiptir máli er endanlegt verðlag, hvort hann borgar tvöhundruðkall eða þrjúhundruðkall á kíló og gæðin að sjálfsögðu. Ég nefndi að gæðin væru oft betri þegar varan er ódýrari.

Varðandi ríkisstyrkina þá er verið að leggja til opinberar rannsóknir á einhverju til þess að aðrir geti grætt á því seinna. Af hverju í ósköpunum leggja þessir aðrir sem ætla að græða á lúpínurótum ekki sjálfir fram peninga til rannsókna?

[15:02]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum lengi deilt um það hvort gæðin séu betri eftir því sem varan er ódýrari. Við höfum séð það t.d. í verslunum að í raun og veru er mjög lítill verðmunur á matvörum. Við áttum okkur ekki alltaf á þessum gæðamun vegna þess að umræðan er gjarnan þannig að menn hafa bara viljað bjóða sem ódýrasta vöru og þess eru jafnvel dæmi að menn sprauti vatni í vöru til þess að selja hana. Við getum í raun og veru deilt um þetta, hv. þm., í allan dag en það er gjarnan þannig að við borgum meira fyrir gæðavöru en vöru sem er lakari. Lakari vara er í flestum tilvikum ódýrari. Það sjá menn t.d. þegar þeir fara út í búð og velja sér rauðvín. Það er af mismunandi gæðum og menn borga fyrir mismunandi gæði í því. Rauðvín er landbúnaðarvara eins og hv. þm. veit.

(**Forseti** (GuðjG): Forseti minnir hv. þingmenn á að beina máli sínu til forseta eða fundarins en ekki til einstakra þingmanna.)

[15:03]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fyrr í dag lýst yfir ánægju minni með frv. hæstv. landbrh. Ég tel að ekki óeðlilegt að verkefni eins og Áform fái tíu ára aðlögun. Það er mjög óeðlilegt að svona mikið verkefni hafi aðeins örfá ár, það tekur allt tíma.

Hvað varðar upprunavottun þá er í hvítbók ESB um matvælaöryggi gert ráð fyrir að hægt sé að fylgjast með matnum frá bónda í maga, eða eins og hæstv. landbrh. sagði á búnaðarþingi, frá haga í maga. Við eigum að sjálfsögðu að geta vottað okkar vöru þannig að við getum séð ef við erum að borða nautakjöt frá hvaða bæ það kom, í hvernig haga það var, hvernig hey það át, í hvernig húsum það var, hvort það hefur verið á lyfjum og hvernig því var slátrað. Ég held að íslenskum bændum væri mikill akkur í því ef við gætum það

því að þá gætum við sýnt það og sannað að við erum að framleiða matvæli í heimsklassa því að við erum laus við, eins og ég kom að fyrr í máli mínu í dag, að nota hormóna og að sprauta alls konar óværu í afurðir okkar.

[15:05]

Útbýting þingskjala:

Sala og eftirlit með skoteldum, 442. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 712.

Skoteldar, 441. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 711.

[15:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég vil undirstrika. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi átaksverkefninu til 25 millj. á fjárlögum árin 2000–2002. Ég fór að velta því fyrir mér hvert væri hlutverk fjárlaga og fjáraukalaga og hvað þetta frv. í rauninni væri. Ég spyr hæstv. forseta: Eru þetta í rauninni ekki fjáraukalög eða eru þetta fjárlög? Verið er að ákvarða útgjöld fyrir næstu fjárlög sem við eigum að samþykkja fyrir næstu áramót á hv. Alþingi. Getur hv. Alþingi tekið svona fram fyrir hendurnar á sjálfu sér varðandi afgreiðslu á fjárlögum? Þetta er spurning sem vaknar í huga mér því að verið er að skuldbinda ríkissjóð til þriggja ára á fjárlögum þrátt fyrir að við samþykkjum eingöngu fjárlög til eins árs. Reyndar hefur verið rætt um að hafa fjárlögin til lengri tíma og ég er hlynntur því en það þarf þá að hafa verið tekin um það ákvörðun. Hér er sem sagt verið að skuldbinda ríkissjóð til þriggja ára.

Herra forseti. Fyrst ég er kominn að ræða þetta frv. þá erum við aftur að ræða bisness svo ég noti það orð. Þessi lög heita átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu. Það er framleiðslu- og markaðsdeildin sem við erum að ræða um í Íslandi hf. og hér er verið að hjálpa bændum við að framleiða lífrænar afurðir af því að þeir geta það ekki sjálfir. Þeir hafa ekki frumkvæði eða döngun í sér til að gera það sjálfir, þ.e. hv. þm. virðast ekki treysta þeim til þess. Auðvitað gætu þeir það ef þeir þyrftu. Það hefur nefnilega komið í ljós að lífrænar afurðir seljast mjög vel og þess vegna ættu allir bændur að stuðla sjálfir að því að framleiða vörur lífrænt. Ef það kostar eitthvað í vottun eða öðru slíku eiga þeir að standa undir kostnaðinum sjálfir vegna þess að þetta selst vel skilst mér. Ég sé ekki hvað ríkissjóður er að gera í þessu.

Til þess að ræða rétt aðeins um markaðsdeildina, herra forseti, vil ég gjarnan lesa upp úr grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir það sem áunnist hefur er mikið verk fram undan við að fylgja þeim árangri eftir sem þegar hefur náðst.“ — Þetta er markaðsdeildin sem talar. — „Þar sem magn innlendra lífrænna og vistvænna afurða er enn mjög takmarkað hefur til þessa ekki verið hægt að greina viðbrögð markaðarins nægilega vel, enda þótt erlend markaðsreynsla gefi mikilvægar vísbendingar.“

Hér er markaðsdeildin að fara fram á það við framkvæmdastjórnina að hún veiti leyfi til þess að halda þessu starfi áfram í markaðsdeildinni.

Rétt aðeins til að undirstrika hvað ríkið stendur mikið í bisness ætla ég að nefna þau verkefni sem ríkið hefur verið að stunda undanfarið. Ríkið hefur tekið þátt í því skv. fskj. I að framleiða lífræna AB-mjólk. Það er ríkissjóður og íslenska ríkið sem stendur í þeirri framleiðslu. Það hefur líka staðið að framleiðslu á hráefni í lífrænan barnamat. Nú er ég kominn yfir í vöruþróunardeildina, herra forseti, og það eru rannsóknir á íslensku byggi til fóðurs fyrir mjólkurkýr. Það er aftur vöruþróunardeildin sem er að vinna með markaðsdeildinni. Svo ég grípi hér niður líka, þá er verið að mynda viðskiptasambönd við kjötkaupmenn í Danmörku og Belgíu og stuðning við markaðsstarf þar. Nú er það markaðsdeildin sem er að segja frá útflutningsdeildinni í fyrirtækinu okkar.

Að síðustu ætla ég að nefna að það er verið að kanna möguleika á sölu lambakjöts í verslanir á austurströnd Bandaríkjanna. Við erum líka með markaðsstarf þar, þ.e. ríkið stendur í þessum bisness líka.

Herra forseti. Er ekki rétt að við förum að átta okkur á því hvert er hlutverk ríkisvaldsins? Hvort ríkisvaldið eigi að standa í framleiðslu, markaðssetningu og það sem við venjulega köllum bisness? Er ekki rétt að ríkið takmarki sig pínulítið við það sem er almennt talið vera hlutvek ríkisins?

[15:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af einu litlu atriði í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Fyrst væri kannski rétt að segja að ef við færum að ráðleggingum hv. þm. væri alveg sjálfhætt í íslenskum landbúnaði en varðandi það sem hann sagði um vottunina og kostnaðinn við vottunina þá er rétt að það komi fram að þeir bændur sem eru í lífrænni framleiðslu þurfa sjálfir að greiða vottun sinnar framleiðslu í dag. Það þurfa hins vegar þeir bændur ekki að gera sem framleiða vistvænt vottaðar vörur því þar hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun um að ríkissjóður komi inn með stuðning við þá sem eru í vistvænu framleiðslunni. Það er ekki sambærilegur stuðningur og til þeirra sem eru að rækta lífrænt. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég hef verið að gagnrýna að menn skuli gera þeim vistvænu hærra undir höfði en hinum lífrænu. Þeir sem rækta lífrænt eru þó að vinna eftir alþjóðlegum eða fjölþjóðlegum stöðlum en hinir vistvænu einungis samkvæmt innlendum stöðlum og vara þeirra sem framleiða vistvænt fer í sömu hillur í útlöndum og hinna sem eru að framleiða þar með hormónagjöfum og guð veit hverju.

[15:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hv. þm. sagði í aukasetningu að það yrði sjálfhætt í íslenskum landbúnaði ef farið yrði að tillögum mínum þykir mér lýsa ákaflega miklu vantrausti á íslenska bændur. Ég hef miklu meira traust og trú á íslenskum bændum en þetta.

Ég hef nefnilega þá trú að ef íslenskir bændur væru lausir við ok þeirrar landbúnaðarstefnu sem hefur verið fylgt hér í áratugi mundu þeir blómstra, þá mundu þeir rísa upp og þeir mundu framleiða bestu vöru sem til er því að þeir hafa getu til þess. En vegna þess að allt frumkvæði er tekið af þeim alls staðar og þeir mega jafnvel ekki gera vissa hluti er staðan eins og hún er í dag.

Það sem hv. þm. talaði um mismunun milli vistvænnar og lífrænt ræktaðrar vöru, það gerist bara þegar hið opinbera fer að stunda bisness. Það er bara þannig. Þegar hið opinbera stundar bisness mismunar það alltaf á þennan eða annan máta.

[15:12]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu stutt en afskaplega merkilegt frv. sem snýr að því efnislega að veita úr ríkissjóði, eins og hér hefur komið fram, árlega 25 millj. kr. af fjárlögum til átaksverkefnis í landbúnaði, sérstaklega með markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða í huga. Ég tel að þetta sé

þrátt fyrir afskaplega innblásna ræðu hv. síðasta ræðumanns, hið merkasta frv. og afskaplega gott og ekki síst sú skýrsla sem er á bak við frv., skýrsla um árangur af átaksverkefninu. Ég held að segja megi um þá skýrslu að henni verði best lýst með þekktu orðatiltæki að mjór sé mikils vísir.

Ég held að megi líta svo á að með þessu sé verið að fjárfesta í þróunarstarfi, fjárfesta í rannsóknum og niðurstaðan af því átaksverkefni sem fram kemur í skýrslunni sýnir svo ekki verður um villst að vel hefur heppnast og markmið þessa frv., það er a.m.k. skilningur minn, sé að þróa þessi verkefni áfram á grundvelli ágætrar reynslu sem fengin er. Það snýst með öðrum orðum um markaðssókn og hágæðavöru.

Ég held líka, herra forseti, að vert sé að vekja athygli á því vegna orða sem hér hafa fallið að samkvæmt úttekt OECD verja íslensk stjórvöld, og einkageirinn ekki síður, minna hlutfallslega til rannsókna en almennt gerist innan ríkja OECD. Við erum mjög neðarlega á blaði þar hvað varðar fjárveitingar til nýsköpunar, til rannsókna, og gildir það hvort tveggja um einkageirann sem hið opinbera. Þess vegna hlýtur það að vera fagnaðarefni þegar stigið er fram til þess að fjárfesta í framförum í gegnum rannsóknir og nýsköpun.

Þetta snýst um markaðssókn á hágæðavöru eins og fram hefur komið hjá flestum ræðumönnum sem hér hafa tekið til máls, að markaðssetja mjög heilbrigða hágæðavöru úr landbúnaði. Og hægt er að taka undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram að slík vara er að verða hrein lúxusvara í veröldinni í dag. Við heyrum fréttir af kúariðu og það hefur komið fram hjá einstaka ræðumönnum hvernig jafnvel skolp er notað sem næring í landbúnaði fyrir dýr og skepnur, við þekkjum að hormónanotkun er víða í heiminum og fáum fleiri hryllingssögur af þessum toga, sem má segja í stuttu máli að séu farnar að ógna daglegu lífi í hinum vestræna heimi, jafnvel heilbrigðiskerfinu vegna þess að ekki einasta séu t.d. hormónagjafir að breyta vaxtarlagi heilu þjóðanna, heldur eru þær farnar að hafa veruleg áhrif á ónæmiskerfi heilla þjóða. Og það er sérstaða okkar, herra forseti, að okkur hefur blessunarlega tekist að varðveita heilbrigði og hreinleika í íslenskum landbúnaði umfram það sem almennt þekkist hjá nágrannaþjóðum okkar og hryllingssögur berast nánast daglega utan úr heimi um það sem kalla má slys í landbúnaði með alvarlegum afleiðingum.

Vissulega hefur þó fallið blettur á þennan hreinleika okkar eins og fram kom í ræðu hæstv. landbrh. við setningu búnaðarþings og er ánægjulegt til þess að vita að gegn þeim blettum skuli ráðist strax. Besta vörnin er auðvitað sú að sækja fram og uppfylla þar með skyldur okkar, þær skyldur að standa vörð um heilbrigði íslensks landbúnaðar og heilbrigði Íslands má segja.

Ég held að í þessu tilviki sé rétt að þakka hæstv. landbrh. fyrir þá djarflegu ákvörðun að takmarka kadmíuminnihald í áburði hér almennt. Án slíkrar ákvörðunar og með því að leyfa áframhaldandi tiltölulega hátt kadmiuminnihald í áburði og í ljósi þess að innflutningur á áburði hefur farið mjög vaxandi, þá hefði getað verið í uppsiglingu eitt mesta umhverfisslys í sögu þjóðarinnar, sem hefði líklega aldrei verið bætt. Og jarðvegurinn er jú grundvöllur að heilbrigðum landbúnaði og þess vegna er þetta djarfmannleg og þakkarverð ákvörðun.

Við ætlum að halda áfram að rækta lífrænt og við ætlum að auka þátt okkar í lífrænni og vistvænni ræktun. Um það snýst þetta. Landbúnaðurinn stendur að mörgu leyti á tímamótum í dag, m.a. vegna breyttra neysluvenja þjóðarinnar, en það er ánægjulegt að sjá hvernig starfsgreinin sjálf er hægt og hægt að laga sig að breyttu umhverfi, breyttum áherslum neytandans og er að sækja fram. Slík breytingaskeið eru auðvitað alltaf erfiðleikum bundin, þetta eru tilfinningamál og breytingaskeiðið sjálft kallar oft á erfiðleika, en ekki verður annað séð en að bjartsýni ríki innan stéttarinnar og í rauninni sé bjart fram undan hjá greininni.

Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta, herra forseti, en vil segja eitt að lokum. Landbúnaður snýst ekki bara um að framleiða matvæli, lúxusmatvöru, eins og við ætlum að gera áfram, heldur snýst þetta um að neytandinn kaupi. Hér hefur mönnum orðið nokkuð tíðrætt um útflutning og markaðssetningu og vissulega má taka undir þau sjónarmið að þar séu mikil sóknarfæri fyrir hreinar íslenskar landbúnaðarafurðir, ekki síst í ljósi þeirra mengunarslysa sem orðið hafa í hinum vestræna heimi hvað varðar landbúnaðinn eins og hér hefur verið fjallað um. Þrátt fyrir þetta, herra forseti, hefur okkur gengið heldur stirðlega að koma þessari lúxusvöru á góðu verði á framfæri erlendis. Þó að það sé ekki árangurslaust með öllu er óhætt að segja í það heila tekið, miðað við þær væntingar sem menn hafa haft, að við höfum ekki náð þeim árangri sem til var ætlast. En þá er auðvitað mikilvægt að gefast ekki upp.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra — þó að hann sé nú ekki sölumaður þá fylgist hann vel með þessum málum — hvers vegna í ósköpunum menn hafi ekki nýtt sér það þróaða og sterka sölukerfi sem sölusamtök í fiskvinnslu hafa komið sér upp víða um heim og náð undraverðum árangri á matvælamarkaði, bæði austan hafs og vestan og í Asíu, í mjög harðri samkeppni við fiskframleiðendur víða annars staðar? Þetta er sami markaðurinn, þetta er matvælamarkaðurinn. Ég held að íslenskar landbúnaðarafurðir séu ekki í beinni samkeppni við fiskafurðir okkar og þess vegna hefur maður oft spurt sjálfan sig hvers vegna í ósköpunum við nýtum okkur ekki það sölukerfi sem verið er að vinna með á matvælamörkuðum um allan heim og sem hefur skilað ótrúlega góðum árangri og hver vegna við nýtum okkur ekki þær sölurásir sem þegar eru til staðar? Gaman væri að heyra hæstv. landbrh., sem hefur mikla yfirsýn og mikinn áhuga á þessum málum, glíma við að svara þeirri spurningu. En ég ítreka að lokum að ég lýsi yfir stuðningi við frv. Ég tel að hér sé verið að fjárfesta í rannsóknum og nýsköpun sem leiði til framfara fyrir landbúnað og þar af leiðandi íslenskt þjóðfélag.

[15:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Mér þykir nauðsynlegt í lok 1. umr. að segja örfá orð og þakka þessa málefnalegu og ég vil segja miklu umræðu um þetta mál sem hefur nú staðið síðan um hádegi og fram að miðdegiskaffi, sem sýnir nú talsverðan áhuga fyrir málstaðnum, og flestar ræður verið prýðilegar og áreiðanlega gagnlegar hv. landbn. í þeirri umfjöllum sem hún fer í um málið. Ég vil því þakka það. Það er ekki ónýtt að þingmenn setji sig inn í málin og ræði þau út frá sinni þekkingu.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist á að sóknarfæri okkar lægju í hreinum hágæðamatvörum. Ég tek undir það sjónarmið og það hefur komið fram í ræðum margra þingmanna. Ég held að við áttum okkur á því. Það er eitt sem mér finnst liggja fyrir í veröldinni, það er mikil hugarfarsbreyting að ríða yfir heiminn, hann er að vakna af dvala. Hvort sem það

er nú í lok þessarar aldar eða upphafi hinnar nýju veit ég ekkert um. Allt í einu rís maðurinn upp og áttar sig á því að markaðsbúskapurinn, hin blinda sýn gróðans og stærðarinnar er ekki akkúrat lausnarorðið. Við höfum sums staðar farið mjög gáleysislega að í veröldinni og sannarlega er það nú svo að við Íslendingar höfum á margan hátt verið gæfumenn þó að það liggi fyrir að við sjálfir höfum líka verið á rangri leið sums staðar.

Ég vil nefna t.d. nokkuð sem enginn talar um. Í Reykjavík hafa átt sér stað stórkostleg mistök, náttúruleg mistök, kannski þau stærstu um langa hríð, ef menn færu að láta byggðina hér eyðileggja paradís eins og t.d. Elliðaárnar. (**Gripið fram í:** Því ekki að tala um Eyjabakkana?) Enginn talar um Elliðaárnar — frekar hvarflar hugur hv. þm. til Eyjabakkanna sem hafa fóstrað gæsir vorar um langa hríð. En Elliðaárnar eru náttúrlega ein dýrasta perlan hér í borginni og það er sorglegt ef menn eru að eyðileggja vistkerfi árinnar, ég nefni þetta sem dæmi.

Það sem gerir það að verkum að heimurinn er að vakna til vitundar er að menn hafa verið að fara illa með móður jörð. Menn hafa víða verið að gera stórkostleg mistök, jörð í Evrópu og víðar er mjög menguð og það hefur alvarleg áhrif og er auðvitað grafalvarlegt mál. Síðan hitt að víða um veröld hafa menn verið að fara illa með dýr og misnota dýr. Nú er þessi hugsun öll sem betur fer að snúast við. Ég man eftir því þegar ég var drengur voru menn þegar farnir að tala um að plata blessaðar hænurnar, þeir ætluðu að ná ekki bara sjö vinnudögum á hænurnar á viku, ég held þeir hafi átt að verða níu eða tíu, þeir blekktu hænurnar með lýsingu. Og enginn gerði athugasemdir við þetta með hænurnar, það eru bara 20–25 ár síðan þetta var. (**Gripið fram í:** Er búið að banna þetta?) Ég held að allir menn sjái það núna að þetta var röng stefna.

Hæstv. forseti. Landbúnaður heimsins hefur verið á þessari ferð og nú sjá menn um víða um veröld að þetta var stefna sem ekki gengur upp og þess vegna er þessi vakning að eiga sér stað. Vissulega er það rétt sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að við eigum í öllum atriðum að segja satt. Lífrænt og vistvænt er ekki það sama og verður aldrei það sama. En það er ekkert sem segir að þessi kerfi geti ekki bæði orðið gagnleg í þeim viðsnúningi sem þarf að eiga sér stað í landbúnaði heimsins og meðferðinni á móður jörð. Það liggur alveg fyrir að lífrænt er, eins og hv. þm. sagði, stefna samkvæmt fjölþjóðlegum stöðlum og menn vinna eftir mjög fastmótuðu kerfi. Ég er sannfærður um að hinn lífræni söfnuður sem kannski aldrei verður stærri en fylgi vinstri grænna, í síðustu kosningum á ég við, getur haft og er að hafa mjög mikil áhrif með málflutningi sínum. Hann hefur áhrif á hvernig menn fara með móður jörð, hann hefur áhrif á hvernig menn fara með skepnurnar og hann er ákveðnum neytendum mikilvægur, því að þeir trúa á þessa leið í landbúnaði og auðvitað eigum við að þjóna skýrt eftir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið.

Hvað vistvænt varðar þá liggur fyrir að lífrænn landbúnaður selur afurðir sínar dýrari, það geta aldrei allir orðið lífrænir, það er ekki einu sinni æskilegt að það verði allir lífrænir. En þá kemur hin vistvæna stefna sem líka á rétt á sér og ég hygg að það sé nú að gerast í Evrópu að hvítbók Evrópusambandsins boði gæðastýrðan landbúnað í Evrópu eins og bændurnir okkar íslensku eru nú að tala um vestur á Hótel Sögu á þingi sínu, þeir vilja gæðastýrðan landbúnað og vottaðan frá haga til maga eða bónda að borði, þ.e. að menn búi við mikið öryggi. Þannig á hinn vistvæni landbúnaður mikla möguleika á Íslandi. Og það er glæsilegt að hugsa til þess að þó að við greinum ekki alltaf hver árangurinn er hafa Íslendingar með breyttu hugarfari — maður veit aldrei hvaða sáðkorn það var sem olli því að menn breyttu um stefnu og fóru að hugsa öðruvísi, kannski var það sáðkornið og peningarnir um Áform, ný hugsun, áróður, ný þekking sem gerir það að verkum að menn eru að hugsa öðruvísi, starfa öðruvísi að framleiðslu sinni og ná nýjum árangri og eru nær neytandanum en þeir voru áður. Því að það er mjög mikilvægt og ég er sannfærður um að þessi Áforms-sjóður hefur haft þar gríðarleg áhrif.

Nú ætla ég ekkert að efast um að einhver mistök hafi átt sér stað í úthlutun, eitthvað sem kannski orkaði tvímælis. En á heildina litið þá hygg ég að þessi sjóður hafi verið skila okkur miklum árangri. Ég nefni sem dæmi, af því hér var minnst á lambakjötið, að ef við förum tíu ár aftur í tímann þá vorum við að selja lambakjötið á erlendan markað með þeim hætti að bóndinn hafði ekkert í sína buddu af verðinu. Nú er það þó að gerast að við erum að ná verði í upp undir 200 kr. á kíló erlendis frá. Það er mikil breyting. Við hugsum þetta allt öðruvísi og vinnum þetta allt öðruvísi en áður og hinar góðu afurðastöðvar okkar hafa auðvitað lagt mikla peninga og mikla vinnu í að þróa þetta starf.

Ég er því sannfærður um að þessir peningar hafa nýst. Þeir hafa haft andleg áhrif ekki bara á bændurna heldur þjóðina og þess vegna er það mikilvægt. Auðvitað getum við tekið einhver stílbrot sem átt hafa sér stað, eins og hér hefur verið minnst á, t.d. Græna herinn, dansleiki og fjör. Þetta er stílbrot finnst mér í úthlutuninni. Ég varð var við Græna herinn og þeir sköpuðu gleði í einhverjum byggðarlögum og spiluðu músík. Þeir voru að þekja land, vöktu athygli á hreinleika náttúrunnar og ýmsu í sínum störfum þannig að þeir unnu auðvitað gott starf. En kannski falla þeir ekki akkúrat undir lagaskilgreininguna um sjóðinn. Þannig má auðvitað telja upp. En þetta er afgreitt.

Ég vil segja við þessa umræðu, ekki síst vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að ég hef auðvitað rætt það í mínu ráðuneyti og tel mjög mikilvægt núna að setjast yfir það verkefni um leið og lögin verða framlengd, hver stefnan skuli vera, þ.e. fara yfir þetta sem við höfum verið að ræða hér í dag og auðvitað marka þessu nýja sýn í samráði við stjórn sjóðsins þannig að ég heiti því og við auðvitað eiga gott samstarf við landbn. Alþingis um málið. Það þarf sjálfsagt að setja þarna einhver skýrari markmið og gera þá kröfu að við sjáum sem fyrst og getum með tölfræði sýnt fram á að þessir peningar nýtast, sem ég reyndar er sannfærður um.

Hv. þm. minntist á sérstaka nefnd sem er minnst á í fjárlögunum út af fyrirspurninni. Þarna mun vera einhver misskilningur á ferðinni því það er verið að rugla saman allt annarri nefnd sem ég skipaði til þess að fjalla um útflutning á lambakjöti undir vistvænum merkjum, sem Einar Oddur Kristjánsson stýrði eða var formaður fyrir og hefur þegar skilað af sér áliti. En það snerist í rauninni um allt annað verkefni þannig að þarna er misskilningur á ferðinni.

Hv. þm. spyr eftir niðurstöðunni, hver sé skoðun ráðherra og hvaða niðurstöðu hann vilji sjá. Ég vil sjá bara verulegan árangur og gera kröfur til þess að þeir sem stýra þessum sjóði fylgi auðvitað stefnumiðum laganna og þeim anda sem kemur fram á Alþingi, og mun fara yfir það.

Margt fleira hefur komið hér fram í þessari umræðu. Hér var minnst á lúpínupeninga og rannsóknir á lúpínu. Ég tek

undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að við eigum áreiðanlega gríðarlega möguleika með íslenskar jurtir sem lækningalyf. Ég þekki menn sem eru að ná verulegum árangri í að markaðssetja íslenskar jurtir og gera þær að heimsvöru þannig að þar liggja gríðarlegir möguleikar. Hvað þetta varðar var niðurstaðan sú að láta peninga frá Áforms-sjóðnum í lúpínurannsóknir. Þar komu einnig að aðrir sjóðir við sögu, þ.e. Framleiðnisjóður landbúnaðarins og til viðbótar kom Rannís. Þetta var samstarfsverkefni sem þessir þrír aðilar fóru saman í. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga því að ég álít að við höfum líka í gegnum þennan sjóð viljað skapa ný tækifæri í sveitum og ef við náum árangri þarna þá eru gríðarleg verkefni fyrir íslenska bændur í kringum það.

Ég tek undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að endurmenntun er mjög mikilvæg í öllum greinum atvinnulífsins. Ekki er það síst í landbúnaði miðað við þá breyttu sýn sem ég rakti hér í upphafi máls míns.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kom inn á lambakjöt. Ég segi fyrir mig að ég vona að það gerist í dag að íslenskt lambakjöt verði valið til þessarar keppni í Frakklandi. Þarna verða eins og hv. þm. sagði 22 mestu snillingar í matreiðslu sem fá það verkefni að vinna rétti og fást við íslenska lambakjötið og kynnast því hvað hráefnið er gott, þannig að það er mjög mikilvægt.

Hv. þm. Hjálmar Árnason kom hér inn á hreinleika og heilbrigði. Ég hygg að það sé rétt hjá honum að menn eigi að skoða það með sölukerfi sjávarútvegsins í huga. Landbúnaðurinn á að gera það. Ég kom á dögunum í fiskbúð í Reykjavík þar sem er mikil úrvinnsla úr fiski en þeir nota mikið af mjólkurvörum og ostum til þess að búa til rétti þannig að þessar greinar tvær eiga samleið og auðvitað á að skoða þetta með sölukerfið.

Ég sé nú mér til mikilla vonbrigða, hæstv. forseti, að tími minn er á þrotum. Ég vil þó segja við hv. þm. Pétur Blöndal, sem er alltaf mikilvægur hér í hverri umræðu, hann er svona áttaviti fyrir mann, hann hefur sérstakar skoðanir og þær eru ágætar, en maður má nú ekki kaupa allt sem ódýrt er: Það fór illa fyrir henni Mjallhvít litlu þegar hún fékk ókeypis eplið og beit í það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veitinga- og gististaðir, 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (nektardansstaðir o.fl.). — Þskj. 664. [15:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985.

Frv. þetta var samið í samgrn. í kjölfar starfs viðræðunefndar sem sett var á fót vorið 1999 sem hafði það hlutverk að sporna gegn starfsemi svonefndra erótískra veitingastaða. Nefnd þessi var skipuð fulltrúa Reykjavíkurborgar, dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og samgönguráðuneytis. Niðurstaða nefndarinnar var meðal annars sú að nauðsynlegt væri að breyta lögum um veitinga- og gististaði á þann veg að flokkum veitingastaða yrði fjölgað. Telur nefndin að með því móti væri sveitarstjórnum veitt úrræði til að geta haft áhrif á hvar slík starfsemi færi fram. Nefndin telur að í núgildandi lagaumhverfi skorti slík úrræði en með flokkun veitingastaða gætu sveitarfélög á grundvelli b-liðar 3. gr. laga nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, kveðið á um opnunar- og lokunartíma nektardansstaða. Jafnframt telur nefndin að sveitarfélög gætu kveðið á um það í skilmálum aðal- eða deiliskipulags hvar heimilt sé að reka slíka staði og á grundvelli sömu heimildar sett einhver nánari skilyrði um það skemmtanahald sem fram fer á nektardansstöðum, umfram þau skilyrði sem gilda um skemmtanahald á öðrum veitingastöðum.

Frá því að lög um veitinga- og gististaði voru sett árið 1985 hefur orðið gjörbreyting á skemmtanavenjum landsmanna. Flokkun veitingastaða í löggjöfinni tekur mið af fyrri aðstæðum og er t.d. hvorki gert ráð fyrir krám né kaffihúsum í lögunum en ljóst er að slíkum stöðum hefur stórfjölgað hér. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir flokki næturklúbba eða staða sem nú kallaðir eru nektardansstaðir en slíkir staðir eru nú allnokkrir.

Í lagafrv. þessu er lagt til að flokkum veitingastaða verði fjölgað um þrjá, þ.e. að bætt verði við krám, kaffihúsum og næturklúbbum. Með næturklúbbi er átt við stað þar sem skemmtun hefst seint að kvöldi. Nektardansstaðir eru dæmi um næturklúbba samkvæmt skilgreiningu greinarinnar.

Við gerð þessa frv. voru tvær leiðir skoðaðar, annars vegar að flytja útgáfu leyfanna til sveitarfélaganna og færa þar með tekjurnar af leyfisveitingunum til þeirra og hins vegar sú leið sem fram kemur í frv. og þegar hefur verið lýst.

Að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga var ljóst að ekki var að svo komnu máli áhugi fyrir því að sveitarfélögin tækju málaflokkinn að sér. Það hafði verið vilji minn að leyfisveitingar vegna veitingastaða færðust frá lögreglustjóraembættunum til sveitarfélaganna en fyrir þessu var hins vegar ekki vilji hjá sveitarfélögunum eins og hér hefur komið fram.

Starfsemi nektarstaða getur haft mjög mikil áhrif á ásýnd einstakra hverfa og heilla sveitarfélaga auk þess sem almenn siðferðissjónarmið geta valdið því að sveitarstjórnaryfirvöld telji slíka starfsemi óæskilega. Fram hefur komið að þeir fulltrúar Reykjavíkurborgar sem haft var samráð við vegna samningar frv. telja að með frv. þessu séu sveitarstjórnum veitt úrræði til að geta haft áhrif á hvar slík starfsemi fari fram.

Gert er ráð fyrir að synja megi um leyfisútgáfu ef viðkomandi hefur verið dæmdur til refsivistar vegna brota á lögum er varða atvinnustarfsemi þessa. Hér er um að ræða mjög svipað ákvæði og er að finna í áfengislögum. Atvinnustarfsemi þessi getur verið mjög umfangsmikil og hætta á að sömu aðilarnir setji hvern veitingastaðinn á fætur öðrum á fót án þess að hafa burði til að standa undir rekstrinum. Rétt þykir að strax í upphafi séu úrræði til að koma í veg fyrir starfsemi þeirra aðila sem greinilega eru varla til þess hæfir að standa í rekstri af þessu tagi.

Rekstur veitingastaða er mikilvægur hluti af ferðaþjónustu og þjónustu við almenning í landinu og er sú starfsemi að jafnaði til fyrirmyndar. Starfsemi svokallaðra nektarstaða hefur þróast þannig að ekki er talið viðunandi að mati stjórnenda sveitarfélaga og þó einkum Reykjavíkurborgar. Með þessu frv. er ekki verið að leggja til að banna slíka starfsemi heldur sköpuð skilyrði til þess að hægt sé að ráða staðsetningu og setja strangar reglur um útgáfu leyfa til starfseminnar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[15:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það hefur líklega ekki farið fram hjá nokkrum manni að á Íslandi í dag ríkir klámöld mikil, svo mikil að ástandinu er líkt við það sem var í Danmörku á árunum 1966–1969 þegar klám flæddi yfir Danaveldi þarlendum til lítillar virðingar.

Nú, rúmum 30 árum síðar, gengur bylgja yfir Ísland með svokölluðum erótískum veitingastöðum á hverju strái og tilheyrandi hliðarverkunum sem kláminu fylgja jafnan, eiturlyfjaneyslu og vændi. Og við Íslendingar höfum ýmist verið ráðþrota, jafnvel í afneitun, eða gónt á óskapnaðinn belgja sig út eins og ráðlausir kjánar, liggur mér við að segja, herra forseti.

Margir hafa þó líklega vaknað af þyrnirósarblundinum við mynd sem Stöð 2 sýndi nú nýverið um klámiðnaðinn í Reykjavík þar sem maður sá svart á hvítu hvert þessi iðnvæðing er komin hér á landi. Þótt þetta frv. muni því miður ekki nægja til að stöðva þessa sorglegu þróun, herra forseti, þá fagna ég því að sjá viðleitni stjórnvalda til að stemma stigu við þróuninni.

Í þessu frv. gefur að líta afrakstur viðræðunefndar sem hafði það hlutverk að sporna gegn starfsemi svokallaðra erótískra veitingastaða eins og hæstv. samgrh. lýsti hér áðan. Nefndin var skipuð fulltrúum Reykjavíkurborgar, dómsmrn., félmrn. og samgrn. Það er svolítið fróðlegt og segir svolítið til um þróunina að skoða þá grein frv. sem er hér er verið m.a. að breyta, 9. gr., þar sem fjallað er um flokkun veitingastaða, en eins og bent er á í athugasemdum með frv. þá er hvorki gert ráð fyrir kaffihúsum, krám né næturklúbbum í lögum um veitinga- og gististaði sem eru þó ekki nema u.þ.b. 15 ára gömul. Þau eru frá árinu 1985. Þau segja kannski svolítið um þær breytingar sem hafa verið að eiga sér stað, bæði reyndar til bóta, vil ég segja, með tilkomu kaffihúsa og kráa og svo með því sem ég vil segja að miður hafi farið í þróuninni, þ.e. tilkoma erótísku veitingastaðanna sem hafa verið að spretta hér upp um allar jarðir.

Í 9. gr. eins og hún er núna í lögunum er aðeins talað um, þegar fjallað er um flokkun veitingastaða, í fyrsta lagi veitingahús með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fullkomna þjónustu. Í öðru lagi er fjallað um skemmtistaði, þ.e. veitingastaði með reglubundinni skemmtistarfsemi, fjölbreyttum veitingum í mat og/eða drykk og fullkomna þjónustu. Þá er fjallað um veitingastofur eða greiðasölu, síðan er það veisluþjónusta eða veitingaverslun, sem er máltíðasala og ekki til neyslu á staðnum, og síðan einkasalir, félagsheimili og útisamkomur. Þarna vantar náttúrlega inn í, eins og við sjáum, þá flóru sem nú einkennir veitinga- og skemmtanalífið í Reykjavík hvað mest. Það eru þeir þrír flokkar sem verið er að bæta inn í þetta frv.

Ég vil lýsa yfir ánægju með frv. þó vissulega þurfi að gera ýmislegt fleira. Þarna er a.m.k. viðleitni til þess hjá stjórnvöldum að sporna við þessari þróun með lagabreytingum. Það er líka hægt að gera með ýmsum öðrum hætti eins og ýmsar tillögur hafa komið fram um í umræðunum á þingi, m.a. sem við hjá Samfylkingunni stóðum fyrir í utandagskrárumræðu fyrir skömmu síðan. Það þarf að grípa til einhverra ráðstafana. Við getum ekki bara staðið bláeygð og horft á þróunina halda áfram í þessa átt. Ég held nú reyndar að þeir sem ekki eru neytendur á þessum markaði sjái allt sem fram fer. Ég verð a.m.k. að segja að þar til að ég sá mynd sem Stöð 2 sýndi, sem er ein af fjórum skilst mér um þetta efni, óraði mig ekki fyrir að nema brot af því sem þar var sýnt væri til staðar á þessum markaði.

Ég vil um leið og ég fagna þessu frv. hvetja til þess að fast verði tekið á þessum málum með öllum tiltækum úrræðum til að sporna við þessari þróun vegna þess að hún er langt í frá því að vera okkur Íslendingum til sæmdar.

[15:48]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp til að taka undir með stallsystur minni, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, og fagna framkomnu frv. frá hæstv. samgrh. um breytingar á lögum um veitinga- og gististaði frá árinu 1985. Ég held að nefndin hafi komið niður á nothæfa lausn því það skiptir mjög miklu máli, herra forseti, að lögin dugi til að skapa þann ramma sem vera þarf í kringum starfsemi sem þessa og allan veitingarekstur að sjálfsögðu. Það er mikilvægt að löggjafinn lendi ekki í því að setja nýjar greinar inn í þessi lög sem síðan verði kannski til lítils gagns innan fimm eða tíu ára. Þó engan hafi kannski órað fyrir því árið 1985 að þróunin yrði sú sem hún varð þá verð ég að viðurkenna, herra forseti, að mér hafa þótt stjórnvöld býsna ráðalaus á undanförnum missirum í viðbrögðum sínum við klámbúlluuppganginum, sérstaklega hér í höfuðborginni.

Við höfum mátt bíða nokkuð eftir niðurstöðu þessarar nefndar. Ég tek þó fram, herra forseti, að ég fagna þessari niðurstöðu. Einnig mátti hið háa Alþingi bíða nokkuð eftir tillögum frá hæstv. félmrh. vegna breytinga á atvinnuleyfum. Nú eru þær tillögur til umfjöllunar í hv. félmn. og ég vænti þess að hvort tveggja verði afgreitt innan skamms hér á hinu háa Alþingi, þetta frv. og svo tillögurnar sem nú eru til umfjöllunar í félmn.

Það skiptir miklu máli, herra forseti, að það sé rammi um þessa starfsemi. Ég er ein þeirra sem hafa miklar skoðanir á þessari starfsemi. Ég tel að í skjóli svokallaðra erótískra skemmtistaða þrífist ýmislegt sem við eigum ekki að leggja rækt við í samfélagi okkar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við notum þetta tækifæri til þess að reyna að stemma stigu við þessari þróun. Um leið og geri ég mér fulla grein fyrir því að það er til einskis að banna slíka staði. Ég hygg að með því að banna slíka starfsemi þá væri löggjafinn einfaldlega að senda hana neðan jarðar, ef svo má að orði komast, herra forseti. Það gæti haft enn hrikalegri afleiðingar í för með sér, sérstaklega fyrir þær konur sem á þessum stöðum starfa.

Ég hygg að það sé mjög brýnt að löggjafinn hafi í huga að réttinda þeirra sem starfa á þessum stöðum sé gætt á allan hátt. Við vitum það og höfum rætt um það áður hér á hinu háa Alþingi að fjöldi erlendra kvenna kemur til landsins til þess að starfa á þessum skemmtistöðum. Það hefur verið greint frá því í fjölmiðlum að reynsla þeirra af verunni hér og störfum á Íslandi er misjöfn og stundum hefur hún verið þjóðinni til mjög lítils sóma. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við mætum því með skilningi en samt sem áður staðfestu, að bæði löggjafi og framkvæmdarvald sýni í verki hvað við viljum að þrífist, hvort heldur er í veitingarekstri eða öðru sem þessu tengist. Yfirvöld þurfa að hafa þau tæki í höndunum sem nauðsynleg eru til þess að segja af eða á um hvers konar starfsemi skuli rekin innan ákveðinnar skipulagsheildar, hvort heldur er hér í borginni eða öðrum sveitarfélögum á landinu.

Að lokum, herra forseti, vil ég enn og aftur þakka fyrir þetta frv. og vænti þess að hv. samgn. afgreiði það fljótt og

vel svo að úti í þjóðfélaginu geti fólk farið að starfa eftir þessum lögum nú á vori komanda.

[15:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær viðtökur sem frv. fær hér á Alþingi. Ég vænti þess að um það megi takast gott samkomulag, að það verði afgreitt sem allra fyrst og verði að lögum.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. um að sú þróun sem hefur orðið hér í skemmtanastarfseminni er fjarri því að vera æskileg. Auðvitað hefði þurft að hafa tæki til þess að taka á þessu og draga úr þeirri þróun sem orðið hefur hér í höfuðborginni í andstöðu við vilja stjórnenda borgarinnar. Ég lít svo á að það eigi auðvitað að vera á valdi stjórnenda sveitarfélaga hvernig atvinnustarfsemin skiptist á hin ýmsu hverfi sveitarfélaganna eða borgarinnar. Svo virðist sem hér í miðborg Reykjavíkur hafi borgaryfirvöld misst tökin á þessari þróun með óæskilegum afleiðingum.

Hér kom fram að frv. hefði þurft að koma fyrr til afgreiðslu í þinginu og ég get alveg tekið undir það. En ástæður þess voru, eins og ég kom lítillega að í framsöguræðu minni, að ég hafði vonast til að þegar nefndin sem vann að undirbúningi þessa máls hefði lokið störfum og sett fram sínar tillögur næðist að gera þá breytingu að sveitarfélögin fengju þetta verkefni til úrlausnar og það yrði algjörlega á valdi sveitarstjórna að úthluta leyfum til veitingastarfsemi. Það urðu mér því vonbrigði þegar sveitarfélögin og þá sérstaklega borgin voru ekki tilbúin til að taka þetta að sér. Ég tók tillit til þess og reyndi að gera þær breytingar sem hér líta dagsins ljós og engu að síður er ástæða til að ætla að muni duga.

Ljóst er að frv. á að auðvelda það að hemja ákveðna starfsemi, ef svo mætti segja. Því er a.m.k. ætlað að koma henni í þann farveg hér í borginni að hún verði okkur ekki til minnkunar. Að mínu mati er afskaplega lítill menningarauki að þeirri starfsemi sem tengist næturklúbbum og nektardansstöðum. Ég hefði satt að segja fremur viljað eyða tíma mínum í eitthvað annað en að þurfa að standa fyrir sérstökum aðgerðum og samningu frv. til að koma mætti í veg fyrir að þjóðin yrði sér til skammar. En svona er þetta nú. Í mínum huga er aðalatriðið að sveitarfélögin geti beitt þeim ráðum sem þarf til þess að standa megi eðlilega að þessu. Ég vona svo sannarlega að með afgreiðslu þessa frv. megi svo verða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:57]

Útbýting þingskjala:

Aðild að verkefninu Maður — nýting — náttúra, 444. mál, fsp. JB, þskj. 715.

Málefni ungra afbrotamanna, 436. mál, fsp. MF, þskj. 706.

Úthlutun ferliverkaeininga, 438. mál, fsp. MF, þskj. 708.

Viðbrögð við vandamálum sem tengjast spilafíkn, 445. mál, fsp. ÖJ, þskj. 716.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 1. umr.

Frv. SvanJ og LB, 287. mál (fyrirsvar eignarhluta ríkisins). — Þskj. 448.

[15:57]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Meðflutningsmaður minn að þessu frv. er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson.

Frv. er stutt. 1. gr. þess hljóðar svo:

„Í stað orðsins „Samgönguráðherra“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.“

Í stuttu máli er efnisinnihald frv. það að í stað þess að samgrh. fari með eignarhlut ríkisins í Landssímanum þá fari fjmrh. með þann eignarhlut.

Í reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands segir að fjmrn. fari með eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar vegna þeirra, m.a. að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Þetta frv. er fram komið vegna þess að það orkar tvímælis að sami aðili fari með æðsta vald í fyrirtæki á samkeppnismarkaði og setji jafnframt almennar leikreglur fyrir öll fyrirtæki sem starfa í viðkomandi grein. Þannig háttar nú með samgrh. sem fer með hlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. en hefur jafnframt reglugerðarvald á þessu sviði og setur leikreglur fyrir markaðinn og fyrirtæki sem á honum starfa.

Þó að umsvif hins opinbera í samkeppnisrekstri hafi minnkað eru þau enn umtalsverð. Því er full ástæða fyrir löggjafann að huga að því hvaða breytingar er eðlilegt að gera í ljósi breyttra aðstæðna.

Ég vil, herra forseti, í þessu samhengi nefna það að við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson höfum einnig flutt frv. til laga um breytingu á lögunum um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands þar sem lagt er til að eignarhlutur ríkisins í þessum bönkum verði færður frá viðskrh. til fjmrh.

Í einhverjum tilfellum hafa menn farið þá leið að aðskilja fjárhagslega í rekstri einstakra fyrirtækja en það nær ekki að jafna þann mun sem er á aðstöðu opinbers fyrirtækis og einkafyrirtækis á markaði, einkum ef sami ráðherra hefur með höndum yfirstjórn fyrirtækis og setur jafnframt almennar reglur fyrir fyrirtæki á markaði.

Brýnt er, herra forseti, að þeirri meginreglu sem mörkuð er í reglugerðinni um Stjórnarráð Íslands sé fylgt og fjmrn. fari með eignarhlut ríkisins í samkeppnisfyrirtækjum. Fagráðherra á hverju sviði verður þá fagráðherra allra fyrirtækja á viðkomandi sviði en ekki sérstakur ráðherra einstakra fyrirtækja. Slíkt hefur vakið tortryggni og hafa fyrirtæki á markaðinum haldið því fram að það leiddi til samkeppnisforskots að hafa undir höndum upplýsingar um að stjórnvaldsreglur af tilteknu tagi séu í undirbúningi.

Undanfarið hefur þeirrar tilhneigingar gætt að þegar opinberum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög fari viðkomandi fagráðherra áfram með hlut ríkisins í fyrirtækinu. Ef til stendur að selja hlut ríkisins — eins og við þekkjum þá hefur það að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag gjarnan verið ávísun á sölu hlutanna — getur komið upp afar erfið staða fyrir viðkomandi ráðherra sem getur bitnað á fyrirtækinu sjálfu

og starfsumhverfi fyrirtækja í viðkomandi grein. Samkvæmt lögum er samgrh. yfirmaður fjarskiptamála í landinu. Hann fer jafnframt með eignarhlut ríkisins í Landssíma Íslands hf. og á samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að vinna að sölu fyrirtækisins. Hann verður því að gæta þess að viðhalda virði fyrirtækisins hvað sem líður tæknibreytingum eða breytingum á markaðnum. Slíkt hlýtur að leiða til tortryggni og í einhverjum tilfellum til kæra á grundvelli samkeppnislaga.

Betra er fyrir opinberu fyrirtækin og markaðinn að leikreglur séu skýrar og að opinber fyrirtæki í samkeppnisgreinum séu ekki gagnrýnd fyrir að njóta þess sérstaklega að æðsti yfirmaður þeirra fari með stjórn og eignarráð í þeim og setji jafnframt leikreglur fyrir markaðinn.

Herra forseti. Máli mínu til stuðnings vísa ég í álit Samkeppnisstofnunar, nr. 11/1999, en Samkeppnisstofnun barst erindi frá Verslunarráði Íslands 12. nóv. 1997 þar sem óskað var álits stofnunarinnar á því hvort sú tilhögun að ráðherra fari bæði með eignarráð í samkeppnisfyrirtækjum og framkvæmdar- eða reglugerðarvald á viðkomandi sviði geti torveldað samkeppni og gert aðgang nýrra aðila inn á markaðinn erfiðari en ella. Verslunarráð telur að framangreint fyrirkomulag bjóði þeirri hættu heim að stjórnvaldsreglur taki fyrst og fremst mið af hagsmunum eins aðila, ríkisfyrirtækisins, umfram aðra. Það er einnig nefnt að það geti veitt gífurlegt samkeppnisforskot að hafa undir höndum upplýsingar um að tilteknar stjórnvaldsreglur séu í undirbúningi.

Í niðurstöðu samkeppnisráðs kemur fram að almennt séð verði að telja óheppilegt í samkeppnislegu tilliti að eitt fyrirtæki sem keppir á markaði lúti yfirstjórn sama aðila og setur þær stjórnvaldsreglur sem öll fyrirtæki á markaðnum verða að hlíta. Að mati samkeppnisráðs er ljóst að hugsanlegir hagsmunaárekstrar geti leitt til tortryggni keppinauta í garð hins opinbera fyrirtækis og efasemda um að afstaða fyrirtækjanna gagnvart valdhöfum sé jöfn. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort unnt er að sýna fram á einhver sérstök tilvik þar sem trúnaðar gagnvart keppinautum hins opinbera fyrirtækis hafi ekki verið gætt, aðstaðan sem slík skapar vanda. Eins og menn þekkja hefur gætt viðkvæmni, ekki hvað síst á fjarskiptamarkaði þar sem breytingar hafa verið miklar á undanförnum árum. Það hefur þurft að setja fjölmargar reglur og leysa úr margvíslegum ágreiningi, m.a. á milli Landssíma Íslands hf. og annarra fyrirtækja sem keppa á þeim markaði.

Samkeppnisráð telur að tengsl milli ráðherra og ráðuneytis hans annars vegar og fyrirtækis í umsjá hans hins vegar geti almennt skapað tortryggni keppinauta um jafna stöðu þeirra. Og á það er bent að slík tortryggni ein og sér sé til þess fallin að hamla virkri samkeppni. Í tengslum við fjarskiptamarkaðinn telur samkeppnisráð ástæðu til að benda á að í raun sé álitamál hvort sú staða að sami ráðherra fari annars vegar með eignarhald ríkisins í fjarskiptafyrirtæki þess og hins vegar með almennt reglugerðar- og stjórnsýsluvald á markaðnum, sé samrýmanleg þeim kröfum sem gerðar eru til stjórnvalda á grundvelli EES-samningsins og afleidds réttar af honum.

Ég vil endurtaka, herra forseti, að það er ástæða til þess að menn íhugi hvort þetta samrýmist EES-rétti, þ.e. að sama ráðuneyti fari með eignarráð í fjarskiptafyrirtæki og almennt stjórnsýsluvald á því sviði. Í Noregi var gerð ákveðin athugun á þessu sem benti til þess að um álitamál gæti verið að ræða.

Þegar Samkeppnisstofnun var að skoða þetta mál var leitað til allra ráðuneyta um álit þeirra enda ekki talið unnt að afla þeirra gagna sem nauðsynleg þóttu með öðrum hætti. Niðurstaða samkeppnisráðs var að beina því áliti til ríkisstjórnarinnar að hún léti kanna möguleika þess að taka fyrirkomulag á eignarhaldi ríkisins á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri til endurskoðunar þar sem höfð væri hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem að framan hafa verið rakin.

Herra forseti. Ég vil þá beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh. hvort farið hafi verið að þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að hún láti kanna möguleika þess að taka fyrirkomulag á eignarhaldi ríkisins á fyrirtækjum ríkisins í samkeppnisrekstri til endurskoðunar. Er slíkt e.t.v. í endurskoðun eða hvernig hefur verið fjallað um þetta álit Samkeppnisstofnunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar eða ráðuneytisins eftir atvikum?

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[16:07]

Útbýting þingskjala:

Greiðsla þungaskatts erlendra ökutækja, 446. mál, fsp. JHall, þskj. 717.

Reglur um sjúklingatryggingu, 447. mál, fsp. GuðjS, þskj. 718.

[16:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Segja má að það sé í eðlilegu framhaldi af umræðum sem hv. þm. Samfylkingarinnar stóðu fyrir í þinginu og snerust allar um að reyna að gera samgrh. tortryggilegan vegna þeirrar lagaskyldu sem samgrh. hefur, að fara með eignarhald Landssímans. Einhverra hluta vegna hefur farið minna fyrir því af hálfu viðkomandi þingmanna að vekja athygli á því sem snýr að ríkisbönkunum þó að frv. þess efnis muni liggja fyrir. Hvað það varðar hefur málflutningurinn verið með allt öðrum hætti. En hvað um það. Ég veigra mér ekki við því að taka þátt í umræðu um þetta.

Framsögumaður frv., hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, vitnar ótt og títt eins og hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa gert til Samkeppnisstofnunar, samkeppnisyfirvalda þessa lands. Talað er um að það að samgrh. fari með hlutabréf Landssímans geti torveldað samkeppni á þessum markaði. Lítum nú hins vegar aðeins á veruleikann í ljósi þessara ummæla, þessa rökstuðnings.

Samkeppni á sviði fjarskipta blómstrar. Þrátt fyrir Landssímann og kannski vegna Landssímans rís hér upp hvert fyrirtækið á fætur öðru, símafyrirtæki, fyrirtæki sem sérhæfa sig í þjónustu á internetinu o.s.frv. Árangur þessara fyrirtækja er býsna góður. Samkeppnin er ekki torvelduð samkvæmt því. Markaðshlutdeild þessara nýju fyrirtækja er sérstaklega á GSM-símamarkaði þar sem Tal er. Það er ævintýri líkast hve Tal hefur tekist að ná mikilli markaðshlutdeild. Önnur símafyrirtæki keppast um að vinna á þessum markaði og til þess var leikurinn auðvitað gerður. Í ljósi þessara staðreynda er fátt sem bendir til þess að meðferð samgrh. á hlutafé í Landssímanum hamli samkeppni. Enda er það svo að lögin gera ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun fjalli um samkeppnisstöðuna, fjalli um deilur sem koma upp á þessum fjarskiptamarkaði, samskipti og samninga fyrirtækja á fjarskiptamarkaði. Það er því ekki samgrh. sem kemur þar að heldur Póst- og fjarskiptastofnun og ekkert bendir til annars en að þar hafi verið vel að verki staðið.

Á hitt ber og að líta að viðkomandi ráðherra, þ.e. samgrh., hefur þrátt fyrir að fara með hlutabréf í Landssíma Íslands staðið fyrir umfangsmiklum breytingum á löggjöfinni. Út á hvað gengur sú breyting? Jú, að tryggja og auka samkeppni og auka möguleika nýrra fyrirtækja á að keppa við Landssímann. Það er rauði þráðurinn í hinum nýju fjarskiptalögum. Með því að gera ráð fyrir samningum GSM-símafyrirtækjanna geta ný fyrirtæki sem fara inn á þennan markað átt möguleika á því að komast inn á kerfið með samningum við markaðsráðandi fyrirtæki o.s.frv. Ýmsar breytingar sem gerðar voru á fjarskiptalögunum auðvelda nýjum fyrirtækjum að ástunda samkeppni enda var það grundvöllurinn að nýju farskiptalöggjöfinni, að tryggja samkeppni í þágu neytenda.

Samgrh. hefur þannig, þrátt fyrir að fara með hlutabréfið í símanum, flutt frv. í þinginu sem orðið er að lögum og gengur út á að tryggja þessa stöðu annarra fjarskiptafyrirtækja.

Það var vitnað til þess að EES-rétturinn kynni að segja að þetta væri ekki ásættanlegt eða gott fyrirkomulag. Vitnað var til þess að í Noregi gæti það verið álitamál að hafa það fyrirkomulag sem hér hefur verið gagnrýnt. Það er nauðsynlegt að vekja athygli á því að áform eru uppi um að leysa þetta vandamál. Það svarar kannski spurningu hv. þm. um hvort verið sé að undirbúa eitthvað sem taki á tilmælum samkeppnisyfirvalda um að ríkisstjórnin kanni hvort gera eigi á þessu breytingar.

Það eru uppi áform um að selja Landssímann. Eins og fram kemur í stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir að undirbúa þá sölu og að það leysi þetta mál. Ef til þess kemur að Landssíminn verði seldur er það ekki lengur á valdi ráðherra að fara með málefni hans heldur væntanlegra eigenda. Þetta horfir nú allt saman til bóta og vonandi sér fyrir endann á því ferli.

Niðurstaða mín er því sú að ekki sé sérstök ástæða til að gera þessar breytingar. Út af fyrir sig mundi það að ýmsu leyti einfalda verkefni samgrh. að þurfa ekki að fara með hlutaféð í símanum en það er á grundvelli gildandi laga og á meðan svo er mun ég að sjálfsögðu sem samgrh. fara með það eignarhald og reyna að sjá til þess að fyrirtækið vaxi fremur en hið gagnstæða í höndum þeirra stjórnenda sem fara með rekstur og eignarhald á þessu fyrirtæki.

[16:17]

Guðjón Sigurjónsson:

Herra forseti. Það frv. sem er til umfjöllunar og hefur verið lagt fram á Alþingi varðar að mínu viti grundvallarspurningu um eðlilega og sanngjarna yfirstjórn samkeppnismála og aðkomu stjórnvalda að slíkri yfirstjórn. Ég vil fyrst og fremst vekja athygli á tveimur meginröksemdum sem rétt er að taka út úr þessari umræðu, fyrir því að lögum verði breytt í samræmi við frv. eins og það hefur verið lagt fram.

Fara þarf eftir þeirri kröfu til nútímalegra og lýðræðislegra stjórnarhátta að í þessu tilviki sé skilið formlega á milli þess aðila sem hefur æðsta vald í fyrirtæki og þess sem setur öðrum fyrirtækjum í samkeppni við fyrirtæki stjórnandans leikreglur með opinberu valdi sínu. Sé slíkt ekki gert ótvírætt þá er það til þess fallið að vefengja trúverðugleika stjórnvaldsins og síst til þess fallið að stuðla að eðlilegum samkeppnisháttum.

Í öðru lagi vek ég jafnframt athygli á þeirri röksemd sem ég tel mikilvæga í umræðunni og fram kemur í grg. með frv. að fylgja beri meginreglu reglugerðar um Stjórnarráð Íslands um að fjmrn. fari með eignir ríkisins. Við verðum að líta til þess að til að víkja frá þessari meginreglu verða að liggja málefnaleg og hlutlæg sjónarmið. Hver þau sjónarmið eru hef ég ekki heyrt koma fram í umræðu um málið og tel þau svör ráðherra sem hafa komið fram ekki í sjálfu sér vera því marki brennd að vísa til þess að þær röksemdir séu hlutlægar eða málefnalegar, heldur hníga þvert á móti allar hlutlægar og málefnalegar röksemdir til þess að sú lagabreyting sem lögð er til með frv. þessu eigi að verða að lögum til þess einmitt að tryggja eðlilegan grundvöll undir samkeppni á þessu sviði sem öðrum í landinu.

[16:19]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mér þykir miður ef hæstv. núv. samgrh. telur að sá málatilbúnaður sem hér er á ferðinni sé fyrst og fremst til þess að gera samgrh. tortryggilegan. Þetta er svo fráleitt að það er vart svaravert en verður eigi að síður að gera örlítil skil.

Nú er alveg ljóst að tilefni þess að þetta mál er flutt er ekkert tengt hæstv. samgrh. sérstaklega heldur þeirri stöðu sem er á markaði þar sem um er að ræða fyrirtæki, Landssíma Íslands sem er með yfirburða markaðsráðandi stöðu, langt yfir 90%, og býr við þá aðstöðu að hæstv. samgrh. fer ekki aðeins með eignarhlut í þessu stóra markaðsráðandi fyrirtæki heldur setur jafnframt leikreglur fyrir ungan og lítt þroskaðan markað þar sem fyrirtæki eru, eins og ráðherra benti réttilega á, að koma sér fyrir í ýmsum greinum fjarskipta.

Hann nefndi það svo að hér risi upp hvert fyrirtækið á fætur öðru og samkeppnin væri ekki torvelduð. En það er samt athyglisvert, herra forseti, að þegar maður les yfirlit yfir fréttatilkynningar Landssímans eða fylgist með fréttum af þessu fyrirtæki í dagblöðum og fjölmiðlum þá koma reglulega fréttir þess efnis að síminn sé að kaupa hlut í þessu eða hinu fjarskiptafyrirtækinu eða internetsfyrirtækinu. Þegar horft er á þessa þróun virðist svo vera að Landssíminn sé að verða eignaraðili í mjög mörgum af hinum litlu fyrirtækjum sem hafa verið að fóta sig á þessum markaði og í einhverjum tilfellum hefur síminn fært hluta af starfsemi sinni yfir í þessi fyrirtæki.

Ég er ekki að leggja mat á þessa þróun, ég ætla a.m.k. ekki að gera það að þessu sinni en mér finnst ástæða til að vekja athygli á henni því hún er athyglisverð. Það er athyglisvert þegar þetta langstærsta fyrirtæki á markaðnum sér hag sinn vænstan í því að eiga hlut eða hluti í svo mörgum litlum samkeppnisaðilum sem hafa verið að verða til á þessum markaði á undanförnum árum.

Nei, herra forseti, það er ekki tilgangurinn að gera samgrh. tortryggilegan. Ég vísaði í álit samkeppnisráðs og það er eðlilegt. Mér finnst alltaf dálítið merkilegt, herra forseti, hversu viðkvæmur hæstv. samgrh. er fyrir áliti samkeppnisráðs, og er ég þá ekki að tala bara um núv. hæstv. samgrh. heldur einnig fyrrv. hæstv. samgrh. En ég sé ástæðu til þess vegna orða hæstv. ráðherra hér fyrr að endurtaka það sem fram kemur í niðurstöðu samkeppnisráðs en það telur að tengsl milli ráðherra og ráðuneytis hans annars vegar og fyrirtækis í umsjá hans hins vegar geti almennt skapað tortryggni keppinauta um jafna stöðu þeirra. Á það er bent að slík tortryggni ein og sér er til þess fallin að hamla virkri samkeppni.

Herra forseti. Hér er það samkeppnisráð sem telur að þessi tengsl skapi ákveðna tortryggni og það þarf ekki þingmenn Samfylkingarinnar til þess.

Áfram segir í niðurstöðu samkeppnisráðs að í tengslum við fjarskiptamarkaðinn sérstaklega telji samkeppnisráð ástæðu til að benda á að í raun sé álitamál hvort sú staða að sami ráðherra fari annars vegar með eignarhald ríkisins í fjarskiptafyrirtæki þess og hins vegar með almennt reglugerðar- og stjórnsýsluvald á markaðnum sé samrýmanleg þeim kröfum sem gerðar eru til stjórnvalda á grundvelli EES-samnings og afleidds réttar af honum.

Ég sé ástæðu til að endurtaka þetta, herra forseti, vegna orða hæstv. ráðherra.

Það vakti líka athygli mína að hæstv. ráðherra telur sér það sérstaklega til tekna að hafa staðið fyrir breytingu á fjarskiptalögum á þá lund að samkeppni geti átt sér stað. Nú er það svo að við erum komin inn í alþjóðlegt umhverfi sem gerir það að verkum að hæstv. ráðherra þarf að mæta ákveðnum kröfum. Mér þykir það svo sjálfsagt að hann mæti þessum kröfum að ég veit ekki hvort ástæða er fyrir mig að þakka honum það sérstaklega eða fyrir hann sjálfan að þakka sér það, einfaldlega vegna þess að ef við ætlum að nýta þá nýju tækni og þá nýju möguleika sem í henni felast fyrir Ísland þá verður að mæta því með breyttri löggjöf. Menn voru sumir á því hér þegar verið var að fjalla um frv. til nýrra fjarskiptalaga að ekki væri nógu langt gengið í þá veru að sköpuð væri aðstaða til virkrar samkeppni á markaðnum. Þetta veit ég að hæstv. ráðherra man úr þeim umræðum.

Ég endurtek það, herra forseti, það er svo sjálfsagður hlutur að samgrh. hverju sinni breyti löggjöf til þess að umhverfi okkar, til þess að markaðurinn, til þess að fyrirtækin geti tekist eðlilega á við þær breytingar sem eru að verða að mér finnst a.m.k. í þessu samhengi ekki ástæða til að geta þess sérstaklega.

Að lokum vil ég fara yfir það sem hæstv. ráðherra vildi meina að væri lausn í þessu máli, og ef hann telur að þurfi að vera á því lausn kemur hann væntanlega auga á þennan vanda þó hann vilji ekki gera mikið úr honum, þann vanda sem fylgir því að sami aðili fari með eignarráð og framkvæmdarvald á þessum markaði en hann telur að lausnin sé sú að uppi séu áform um að selja Landssímann. Ég er engan veginn sammála þessu. Ég tala ekki um þegar ráðherra bætir því við að hann telji það þá skyldu sína að sjá til þess að fyrirtækið vaxi á meðan á þeim tíma stendur að verið er að selja fyrirtækið. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að fyrirtæki á stærð við Landssímann verður trauðla selt í einu lagi og allra síst alveg á næstunni. Sú nefnd sem hæstv. fyrrv. samgrh. skipaði til að fara yfir þessi mál mælti með því að fyrirtækið yrði selt í þremur hlutum, ef ég man rétt, og mér sýndist að það mundi taka a.m.k. þrjú ár. Við vitum það sem höfum aðeins innsýn í hvernig þessir hlutir gerast að Landssíminn verður ekki auglýstur til sölu á morgun. Ég gef mér því, herra forseti, að það verði a.m.k. fimm ár í það að búið sé að selja Landssímann.

Nákvæmlega eins og það veldur tortryggni að sami aðili fari með eignarráðin og reglugerðarvald á markaðnum gagnvart öðrum fyrirtækjum hlýtur það að setja hæstv. ráðherra í svolítið sérkennilega stöðu gagnvart öðrum fyrirtækjum í samkeppni ef hann þarf á hverjum tíma að keppast við og vera þá í virkri samkeppni við þau fyrirtæki sem eru á markaðnum að halda þessu fyrirtæki sem sölulegustu og í sem hæstu verði. Nú er ég ekki að segja að það eigi ekki að gera en af því að hlutir eru með þeim hætti sem raun ber vitni hlýtur það að skapa viðbótartortryggni, tortryggni sem er óþarft að ríki á þessum markaði og er áreiðanlega fyrirtækinu Landssíma Íslands hf. fremur til trafala en hitt á meðan á þessum breytingum stendur sem eru augljóslega fram undan hjá fyrirtækinu.

[16:29]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umræðum en út af því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan og vék sérstaklega að mér og embættisfærslu minni sem samgrh. í því sambandi þá þykir mér rétt að segja nokkur orð.

Það er nú í fyrsta lagi svo að það kemur ekki á óvart að þingmenn Samfylkingarinnar standi hér upp og finni að því hvernig staðið sé að rekstri og yfirstjórn Landssímans. Það má segja að allan síðasta áratug hafi þingmenn Samfylkingarinnar sérstaklega skorið sig þannig úr að þeir hafa sýnt þessu fyrirtæki lítið umburðarlyndi. Skil ég satt að segja ekki hvernig á því stendur vegna þess að í nútímaþjóðfélagi er það grundvallaratriði til þess að vel megi fara að fjarskiptin séu rekin á traustum grundvelli, að við séum þar fyllilega jafnokar annarra þjóða í tæknivæðingu, í því að taka upp nýjungar, í því að reka fjarskiptakerfi ódýrt þannig að það megi koma mönnum að fullu gagni og standa þó svo að því að það sé frjálst og að nýir aðilar geti komið inn í það og nýtt sér þá möguleika sem fyrir hendi eru.

Þetta hefur allt tekist hér á landi. Það má segja að það eina sem er til trafala sé að við Íslendingar stöndum verr að vígi en aðrar þjóðir hvað snertir útbreiðslu sjónvarpsefnis. Auðvitað er það vegna þess að Samkeppnisstofnun hefur staðið gegn því með margvíslegum hætti að Landssíminn hafi not af ljósleiðaranum sem í jörðu liggur þannig að ekki hafa verið efnahagslegar forsendur fyrir því að leggja áherslu á að koma honum í hús. Þarna stöndum við aftar öðrum þjóðum. Þetta er gott dæmi um það þegar samkeppnisyfirvöld með skammsýni sinni koma í veg fyrir að þróunin geti liðið fram eins og lækur án þess að sérstakar stíflur séu settar fyrir tilteknar greinar, eins og stundum er reynt að setja flóðgarða fyrir ákveðna leggi af ám til þess að beina þeim öllum í einn farveg.

Þessi afskipti Samkeppnisstofnunar hafa að sjálfsögðu tafið fyrir þróuninni hér á landi þó svo að við Íslendingar séum það nýjungagjarnir og fljótir að tileinka okkur nýja tækni að t.d. í notkun á internetinu stöndum við öllum öðrum þjóðum framar, en svo leit að vísu ekki út á vissu tímabili.

Nú tók ég svo eftir og hef ekki lesið það álit Samkeppnisstofnunar að hún telji óeðlilegt að sami ráðherra fari með stjórn Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og ég skildi, og hafi með höndum stjórn Landssímans. Ef rétt er þá þykir mér þetta mjög undarlegt, sérstaklega með hliðsjón af því að Samkeppnisstofnun heyrir undir viðskrh. og ég veit ekki betur en að t.d. stjórn bankanna sé í höndum viðskrh., hins sama ráðherra. Það er því öldungis ljóst að Samkeppnisstofnun hlýtur að telja óeðlilegt að hún skuli heyra undir viðskrh. ef óeðlilegt er að Póst- og fjarskipastofnun heyri undir samgrh., ellegar þá að óeðlilegt sé að bankarnir heyri undir viðskrh., ef það á að vera óeðlilegt að Póst- og fjarskiptastofnun heyri undir samgrh. ef hið sama á ekki að gilda um Landssímann. Þarna er mótsögn, bæði í málflutningi í þinginu og eins í álitsgerðum Samkeppnisstofnunar og ekki í fyrsta skipti.

Það er auðvitað algjör misskilningur að Landssíminn sé einhver undantekning í íslenskri stjórnskipan í þeim skilningi að fyrirtæki geti ekki heyrt undir fagráðherra í sérstökum tilvikum. Þegar áburðarverksmiðjan var seld, var ég landbrh.

og flutti það frv. Sementsverksmiðjan heyrir undir iðnrh. Bankarnir heyra undir viðskrh. Það eru ugglaust fleiri dæmi um að fagráðherrar aðrir en þessir þrír fari með umboð ríkisvaldsins og séu handhafar þeirra hlutabréfa sem út eru gefin. Þarna er því alls ekki um einsdæmi að ræða.

En kjarni málsins er auðvitað sá að þetta frv. er flutt til þess enn einu sinni að láta það koma fram að Samfylkingin af einhverjum ástæðum telur það pólitíska hagsmuni sína að gera Landssímann tortryggilegan. Þetta er í samræmi við fyrri umræður hér í þinginu og satt að segja er það undarlegt ef maður horfir til þess fylgis sem Samfylkingin á innan Landsímans, innan þess stóra vinnustaðar, að hún skuli eftir sem áður þrásinnis á Alþingi koma fram með þeim hætti sem ég heyrði á fulltrúum hennar í ræðustól í dag.

[16:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. sem er fyrri flm. þess frv. sem hér er til meðferðar. Ég vil segja að það er auðvitað algjör misskilningur að ég sé eitthvað sérstaklega viðkvæmur fyrir athugasemdum eða álitum Samkeppnisstofnunar. Ég lít nú svo til að það sé hins vegar sjálfsagður hlutur að samgrh. bregðist við eins og aðrir og veigri sér ekki við að gera athugasemdir við þær umsagnir eða álit sem sú stofnun kemur fram með. Hún er ekki hafin yfir gagnrýni. Því fer fjarri, og ég held að hún þurfi á því að halda eins og allar opinberar stofnanir að aðilar séu óhræddir við að gera athugasemdir við það sem frá þeim kemur.

Um umrætt álit frá Samkeppnisstofnun sem flm. þessa frv. byggja mjög á þarf nú ekki fastar að orði að kveða en svo að þar segir að það geti almennt skapað tortryggni, svo ég vitni til þeirra orða hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur sem hún las upp úr þessu áliti, að samgrh. fari með eignarhaldið á Landssímanum. Þetta eru nú ekki alvarlegri athugasemdir en svo. En ég tel mig hafa fært fyrir því rök að ekki sé ástæða til þess ótta sem fram kemur í málflutningi flm. þessa frv.

Ég hlýt að gera athugasemdir við það sem hv.þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði hér, að breytingar á fjarskiptalöggjöfinni sem voru gerðar fyrir áramótin — lögin tóku gildi um áramót — hafi verið til þess eins að mæta kröfum utan úr heimi, kröfum frá Brussel vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Því fer fjarri. Auðvitað fylgjum við þeim kröfum sem þaðan koma en frv. var sjálfstæð afurð okkar Íslendinga að miklu leyti, en tekið var tillit til þeirrar þróunar sem er að verða og hefur orðið á fjarskiptamarkaði og löggjöfinni sem tengist samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég get því ekki fallist á að við höfum einungis verið að fylgja straumnum utan úr Evrópu. Því fer fjarri.

Enda er það nú svo að það er mat margra, og ég hef heyrt það erlendis, að framvindan hér á Íslandi á fjarskiptamarkaðnum er svo ör að við erum að ýmsu leyti framar en nágrannaþjóðir okkar í notkun fjarskiptanna og það er m.a. vegna þess að við höfum verið í fremstu röð hvað varðar breytingar á löggjöfinni sem lúta að því að auka samkeppnina, auka frelsið og skapa símafyrirtækjunum möguleika á að fóta sig og nýta þessa tækni sem ryður sér til rúms á sviði fjarskiptanna. Þetta er alveg nauðsynlegt að komi hér fram vegna þess að þingmenn Samfylkingarinnar reyna að koma því inn hjá þjóðinni að við fáum þessi skilaboð að utan. Þau hljóta að fagna því hins vegar ef þau trúa því sjálf, hv. þingmenn Samfylkingarinnar, svo áköf sem þau eru nú um það að ganga algerlega í það lið sem fylgir aðild að Evrópusambandinu og ég veit ekki betur en að Samfylkingin ætli sér það, komist hún til valda.

En hvað um það. Ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu frv. Það er væntanlega enginn vilji fyrir því í þinginu að gera þá breytingu sem frv. gerir ráð fyrir. Lögin eru alveg klár hvað þetta varðar og eins og hér hefur komið fram þá verður þróunin vonandi sú að ríkisfyrirtækjunum fækkar og þá minnkar sú ógn sem af þessu stafar.

Ég vil aðeins segja vegna þess sem kom fram hér hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að síminn væri að kaupa upp lítil fjarskiptafyrirtæki þá held ég hins vegar að raunin sé sú að það sé meira sótt á um það að síminn kaupi fyrirtæki eða verði aðili að en fallist er á. Ég tel því að þarna sé fullkomlega eðlilega staðið að verki. Síminn þarf auðvitað að standa þannig að málum að fyrirtækið styrki sig. Fjarskiptastofnun fylgist og á að fylgjast með því lögum samkvæmt að síminn misnoti ekki aðstöðu sína á markaði og það tel ég ekki að sé gert. En það er hvergi svo, að ég tel, að síminn sé að kaupa upp samkeppnisaðila og koma þannig í veg fyrir samkeppni. Það er nú ekki svo. Það hefði miklu fremur verið nær að vekja sérstaka athygli á því að fyrirtæki í eigu borgarinnar kemur nú mjög sterkt inn á þennan markað, þ.e. Lína.Net og er að kaupa upp fyrirtæki og ekkert er við því að segja. Fram undan er því mikil samkeppni. Hún er þegar fyrir hendi og ég tel að löggjöfin eigi að geta tryggt og hún tryggi í framkvæmd að á þessum markaði sé samkeppnin eins eðlileg og nokkur kostur er og það er auðvitað fyrst og fremst í þágu neytendanna að þannig er að málum staðið.

Ég held að ekki sé ástæða að hafa fleiri orð um þetta. Ég bjóst við að þetta frv. kæmi hér fram og vænti þess að það fái umfjöllun í nefnd og að aðilar verði kallaðir til umsagnar og ýmsir aðilar sem hér hafa verið nefndir fái þá tækifæri til þess að skýra betur út fyrir þingnefnd þá afstöðu sem m.a. kom fram hjá hv. þm. sem mælti hér fyrir frv. og varðar athugasemdir samkeppnisyfirvalda.

[16:44]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Hún er merkileg þessi umræða sem lýtur að því að þingmenn Samfylkingarinnar séu að gera ýmsa tortryggilega. Áðan var það hæstv. samgrh. sem þingmenn Samfylkingarinnar voru að gera tortryggilegan og nú er það Landssími Íslands sem þingmenn Samfylkingarinnar eru að gera tortyggilegan.

Herra forseti. Mér hefur sýnst á undanförnum árum að Landssími Íslands væri því miður fullfær um að gera sig tortryggilegan sjálfur með ýmsu því sem verið hefur að gerast og það sést auðvitað best á því að fyrirtækið hefur verið reglubundið inni á borði hjá Samkeppnisstofnun og verið að fá ýmsa úrskurði sem benda til þess að ekki sé gengið nógu varlega um dyr samkeppninnar á þeim bæ. Nei, herra forseti, Landssíminn hefur séð um þetta sjálfur og e.t.v. stjórnvöld vegna þess að þau hafa jú haldið eignarráðum í fyrirtækinu með þeim hætti sem við viljum nú breyta, eignarráðum sem eins og hæstv. ráðherra fór yfir áðan geta gert fyrirtækið tortryggilegt.

Hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á það áðan hvað væri tortryggilegt í þessu efni og ég vil endurtaka, herra forseti, að það er það atriði þegar fyrirtæki á samkeppnismarkaði, ríkisfyrirtæki á samkeppnismarkaði er í þeirri stöðu að einn og sami ráðherra fer með eignarhlutinn og reglugerðarvald á þessum markaði þar sem fleiri fyrirtæki starfa. Ég vil líka

vegna orða hv. þm. Halldórs Blöndals nefna að það er sambærilegt frv. varðandi bankana til umfjöllunar í þinginu með sömu flm. Menn eru hér því samkvæmir sjálfum sér.

Ég nefndi ekki Brussel áðan, herra forseti, það gerði hæstv. ráðherra. Ég nefndi hins vegar að við hrærðumst í alþjóðlegu umhverfi og það gerum við sannarlega og við getum ekki vikist undan því hvort sem við fáum til þess beinar kröfur eða óbein skilaboð, að vera þátttakendur í þeirri þróun sem er að eiga sér stað. Blessunarlega eru Íslendingar bæði djarfir og nýjungagjarnir, og það er rétt sem hæstv. ráðherra nefnir að notkun internetsins er mjög mikil á Íslandi og sömuleiðis háttar þannig til hjá okkur að við erum með fleiri GSM-númer en númer á fastasímum, það er svo komið. Þetta er að ég held einsdæmi og sýnir auðvitað hve mikilvæg þessi tækni er okkur því að þó að nýjungagleðin sé einhver þá undirstrikar þetta líka mikilvægi þeirrar nýju tækni í samskiptum þjóðar sem býr í stóru landi.

Það sem við erum að leggja hér til, herra forseti, er fyrst og fremst það að farið verði eftir meginreglu reglugerðar um Stjórnarráð Íslands. Sú meginregla var ekki fundin upp til að gera einstaka ráðherra eða einstök fyrirtæki tortryggileg. Hún var einfaldlega fundin upp eða sett inn vegna þess að menn töldu stjórnsýslulega rétt að halda aðskildum eignarráðum í fyrirtæki annars vegar og faglegri yfirstjórn á markaði eða reglugerðarvaldi á markaði hins vegar. Þetta er skýr regla sem við þingmenn Samfylkingarinnar teljum að eigi jafnvel betur við núna en þegar þessi reglugerð var sett, ekki síst vegna þess að ýmsum stofnunum ríkisins, sem stærstar og fyrirferðarmestar hafa verið í umræðunni á undanförnum árum, hefur nú verið breytt í hlutafélög og starfa á samkeppnismarkaði og þess vegna enn þá ríkari rök fyrir því að lögum verði breytt í þá veru sem við höfum lagt hér til.

[16:50]

Guðjón Sigurjónsson:

Herra forseti. Umræðan um þetta frv. hefur að miklu leyti einkennst af því, eins og kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, að þingmenn Samfylkingarinnar séu að gera ráðherra og Landssímann tortryggilegan. Hins vegar hafa í umræðunni ekki komið fram svör við þeim vangaveltum sem ég velti hér upp um hvaða rök liggja að baki því að vikið sé frá meginreglunni sem fram kemur í reglugerð um Stjórnarráð Íslands um að fjmrn. fari með eignir ríkisins.

Ég vek athygli á því að í máli hv. þm. Halldórs Blöndals kom fram að í nútímaþjóðfélagi væri það grundvallaratriði að samskiptatækni væri góð, það var eitthvað í þá veru sem hann mælti. Ég vek jafnframt athygli á því að í nútímaþjóðfélagi er grundvallaratriði að stjórnsýsluhættir séu vandaðir og að almennum stjórnsýslureglum sé fylgt. Þess vegna spyr ég aftur, eins og ég kom að í fyrri ræðu minni, hvaða rök mæla gegn því að framangreindri umræddri meginreglu verði fylgt? Ég minni í því sambandi á almenn sjónarmið sem fylgt er í stjórnsýslunni um hæfisskilyrði og álit samkeppnisráðs, sem hér hefur verið fjallað um, byggir öðrum þræði á, þ.e. að í þeim tilvikum þar sem hætta er á að tengsl yfirmanns eða tengsl fulltrúa stjórnvalds við fyrirtæki geti skapað tortryggni og geti gert það að verkum að ákvarðanir hans séu ógildar vegna vanhæfis, að þau sjónarmið eiga við um þessa meginreglu líka.

Ég spyr jafnframt og kannski með öfugum formerkjum, hvaða rök mæla gegn því að fjmrh. sé veitt þetta vald? Það hefur ekkert komið fram í umræðunni sem lýtur að þessum meginspurningum sem frv. öðrum þræði byggir á. Og síst af öllu fæ ég séð í þessari umræðu hvaða tengsl eru á milli þess að krafist sé að farið verði að umræddri meginreglu og þess sem haldið hefur verið fram af þingmönnum Sjálfstfl., að verið sé að vega á einhvern hátt að Landssímanum. Þetta frv. er þvert á móti þannig vaxið að verið er að byggja undir traust og trúverðugleika fyrirtækisins.

[16:53]

Útbýting þingskjala:

Niðurgreiðsla á rafhitun, 448. mál, fsp. KLM, þskj. 719.

Rekstur Reykjadals í Mosfellssveit, 449. mál, fsp. KLM, þskj. 720.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:53.

77. FUNDUR

mánudaginn 13. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög og almannatryggingar, stjfrv., 401. mál, þskj. 659. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Félagsleg aðstoð, frv., 398. mál, þskj. 656. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Almannatryggingar, frv., 408. mál, þskj. 666. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Veitinga- og gististaðir, stjfrv., 406. mál, þskj. 664. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frv., 287. mál, þskj. 448. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 418. mál, þskj. 681. — 1. umr.
8. Réttindagæsla fatlaðra, stjfrv., 419. mál, þskj. 682. — 1. umr.
9. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.
10. Almannatryggingar, frv., 266. mál, þskj. 349. — 1. umr.
11. Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, þáltill., 263. mál, þskj. 334. — Fyrri umr.
12. Smásala á tóbaki, þáltill., 368. mál, þskj. 624. — Fyrri umr.
13. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 352. mál, þskj. 605. — Fyrri umr.
14. Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, stjfrv., 420. mál, þskj. 683. — 1. umr.
15. Húsgöngu- og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 684. — 1. umr.
16. Vátryggingarsamningar, frv., 427. mál, þskj. 692. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá bæjarstjórn Grindavíkur.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Verndun votlendis, 344. mál, svar umhvrh., þskj. 714.

Öryggi á miðhálendi Íslands, 443. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 713.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli forsætisráðherra í umræðu um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka.

[15:02]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Fyrir röskum þremur vikum fékk sá sem hér stendur leyfi til að hverfa frá þingstörfum vegna læknisaðgerðar. Í þessar þrjár vikur hefur varaþingmaður setið á Alþingi í staðinn fyrir mig þangað til nú. Síðastliðinn mánudag voru til umræðu á hinu háa Alþingi fjármál stjórnmálaflokka í tilefni af frv. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Síðan hefur hæstv. forsrh. tvívegis, fyrst í viðtali við Morgunblaðið sl. föstudag og síðan í viðtali við sjónvarpið í gærkvöldi, látið þess sérstaklega getið að sá sem hér stendur, formaður Alþfl., hafi kosið að vera fjarverandi við þá umræðu. Þetta segir hæstv. forsrh. þó að honum sé það vel ljóst, eins og öllum öðrum þingmönnum, hvað olli fjarvistum mínum. Varaþingamaður sat í staðinn fyrir mig á Alþingi og ég hvorki gat né mátti vera viðstaddur þær umræður.

Ég skil ekki hvað fyrir hæstv. forsrh. vakti, hvort hann var að reyna að gera lítið úr þeim sem hér stendur og flokki hans eða því máli sem flutt var. Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að svona framkoma gagnvart þingmanni í löglegum forföllum sakir veikinda eru ekki vanaleg vinnubrögð á Alþingi Íslendinga. Ég vona að þetta hafi eingöngu verið yfirsjón hjá hæstv. forsrh.

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vakti athygli á því að gefnu tilefni að í umræðum um fjármál stjórnmálaflokka hefði aðeins einn formaður stjórnmálaflokks verið viðstaddur. Ég nefndi þar að vísu að formaður Alþfl. hefði ekki verið þar og reyndar ekki varaformaðurinn, ekki formaður vinstri grænna, ekki formaður Alþb. eða talsmaður Alþb. Þetta gerði ég sérstaklega vegna þess að því var haldið fram að ég hefði rokið út úr þinghúsinu, eins og því var svo smekklega haldið fram, eftir ræðu mína. Ég hlustaði á tvær ræður eftir það. Aðrir formenn flokka gátu ekki rokið út og reyndar var hygg ég varaformaður Alþfl. ekki mættur við þessa umræðu heldur. Frv. var um fjármál stjórnmálaflokka og ég lét þess getið. Ég mundi reyndar ekki sérstaklega eftir því að hv. þm. væri fjarri vegna veikinda.

Ég sagði þetta, lýsti þeim staðreyndum að enginn formaður stjórnmálaflokks hefði verið hér viðstaddur nema ég. Var ég þá að ráðast á hæstv. utanrrh. sem var erlendis? Ég bara tók þetta fram. Sá eini sem ráðist var á fyrir að hafa rokið út úr þinghúsinu, eins og það var orðað svo ósmekklega eða smekklega eftir atvikum, hafi verið sá sem hér stendur. Aðrir hefðu ekki tekið þátt í umræðunni og það var staðreyndin. En þessi mál hafa öll verið afgreidd með þeim hætti að menn hafa aldrei séð annað eins. Mér þykir miður ef ég hef sært hv. þm. Sighvat Björgvinsson, gamlan samstarfsmann minn og ágætan vin.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér efnislega í umræður um þessi mál en úr því að umræða er uppi um fjarveru eða viðveru manna þá er rétt að ég skýri frá því að ástæða þess að ég var ekki hér í þinginu við störf á mánudaginn var og reyndar ekki þriðjudag heldur var sú að ég var erlendis í opinberum erindagerðum. Ég var á ráðstefnu á vegum Norð-

urlandaráðs eins og fleiri þingmenn og væntanlega kemur það fram í fjarveruskrá.

[15:06]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan er mjög óvanalegt að gerð sé athugasemd við fjarveru þingmanns sem er löglega forfallaður í veikindum. En eins og hæstv. forsrh. tók fram hér áðan þá var það ekki meining hans að sneiða að mér eða mínum með því. Þetta var yfirsjón hjá honum og við því er ekkert að segja.

[15:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er eitthvað á misskilningi byggt hjá hæstv. forsrh. Ég var hér og hlýddi á ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hlustaði reyndar á ræðu hæstv. forsrh. á skrifstofu minni. Eftir því sem ég best veit var ég á mælendaskrá þegar málinu var frestað og ætlaði að svara þessum fullyrðingum sem og öðrum þegar málið kæmi aftur á dagskrá.

[15:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þá umræðu sem hér fer fram um fjarvistir þingmanna við þá umræðu sem fór fram sl. mánudag um fjármál stjórnmálaflokkanna. Ég vil vekja athygli á því og minna á að þeirri umræðu er ekki lokið þannig að út af fyrir sig geta þeir sem ekki gátu verið við umræðuna þá haft tækifæri til, þegar hún verður tekin aftur á dagskrá, að fara í ræðustól og tjá sig um þessi mál. En ég vil beina því til hæstv. forseta hvenær megi vænta að þessi umræða haldi áfram í þingsölum. Henni var ekki lokið sl. mánudag og var frestað af ástæðum sem ég þarf ekki að endurtaka hér. Ég beini því til forseta hvort ekki megi vænta þess að þessi umræða haldi áfram hið fyrsta og helst núna í þessari viku.

[15:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þegar ég horfði yfir þennan sal úr þessum ræðustól þá var enginn formaður stjórnmálaflokks eða varaformaður svo ég muni í salnum. Að vísu kann að vera að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sé enn þá formaður stjórnmálaflokks. Ég man ekki hvernig háttar um hennar flokk. Er hún enn þá formaður flokks? Hún veit það ekki sennilega, svarar því a.m.k. ekki.

En þannig er nú þetta. Maður veit ekki nákvæmlega hvernig þetta er. En það var enginn formaður og ekki einu sinni tilvonandi formaður stjórnmálaflokks í salnum þegar þetta var. Þetta voru þó fjármál stjórnmálaflokka sem þarna voru rædd.

[15:09]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna ábendinga hv. 5. þm. Reykv. þá vill forseti gaumgæfa hvenær og hvernig framhald þessarar umræðu geti farið fram. Að öðru leyti sér forseti ekki ástæðu til þess að leggja orð í belg.

Lyfjalög og almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 401. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 659.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. MF og JóhS, 398. mál. — Þskj. 656.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 408. mál. — Þskj. 666.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 58 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 399. mál. — Þskj. 657.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Veitinga- og gististaðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 406. mál (nektardansstaðir o.fl.). — Þskj. 664.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ og LB, 287. mál (fyrirsvar eignarhluta ríkisins). — Þskj. 448.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 59 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (heildarlög). — Þskj. 681.

[15:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Það eru einkum tvær ástæður fyrir því að þetta frv. er flutt, annars vegar flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga sem fyrirhugaður er og hins vegar endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Ég skipaði nefnd 27. ágúst 1997 til þess að semja frv. til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í nefndina voru skipuð alþingismennirnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Siv Friðleifsdóttir, án tilnefningar, en samkvæmt tilnefningum voru skipuð Bjarni Kristjánsson, þáverandi framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík, tilnefndur af framkvæmdastjórum málefna fatlaðra, Gerður Steinþórsdóttir framhaldsskólakennari, tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp, Helgi Seljan framkvæmdastjóri, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, Jón Björnsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólöf Thorarensen félagsmálastjóri, tilnefnd af Samtökum félagsmálastjóra. Formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson, sem þá var aðstoðarmaður minn. Starfsmenn nefndarinnar voru Ingibjörg Broddadóttir og Þorgerður Benediktsdóttir, deildarstjórar í félagsmálaráðuneyti. Sú breyting varð á skipan nefndarinnar að Bjarni Kristjánsson óskaði lausnar frá starfi í nefndinni haustið 1998 og í stað hans tók sæti Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi. Jafnframt varð sú breyting að vegna fjarveru Ingibjargar Broddadóttur frá hausti 1998 til vors 1999 var Guðrún Ögmundsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðuneyti, skipuð sem annar af tveimur starfsmönnum nefndarinnar.

Samkvæmt framansögðu voru laganefnd ætluð þrenns konar verkefni:

1. Að semja frumvarp til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. Að huga sérstaklega að réttindagæslu fatlaðra.

3. Að semja frumvarp um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Fljótlega kom nefndin sér saman um að hentugra væri að kalla fleiri til verks og Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félmrn. og Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi, og Stefán Hreiðarsson, yfirlæknir Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, sömdu frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sem er fylgifrv. þessa máls en er því miður ekki komið inn í þingið en kemur á næstu dögum.

Ákveðið var á sínum tíma að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaganna, það sem ekki væri á landsgrundvelli. Rökin fyrir því að þjónusta við fatlaða skuli vera viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis eru margþætt en fyrst og fremst er um að ræða sjónarmiðin um nærþjónustu annars vegar og jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hins vegar.

Opinber þjónusta á Íslandi er ýmist veitt af ríki eða sveitarfélögum. Sveitarstjórnarstigið stendur þegnunum nær en ríkisvaldið og því tekur verkaskipting ríkis og sveitarfélaga m.a. mið af því. Almennt hefur sveitarfélögunum verið falin ábyrgð þeirra verkefna þar sem miklu skiptir að tekið sé tillit til staðbundinna eða einstaklingsbundinna þátta. Þetta eru rökin fyrir því að félagsþjónusta er viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis.

Fatlaðir eru ekki einir um að þarfnast þjónustu til þess að fá notið eðlilegs lífs. Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um hvernig þeim markmiðum skuli náð.

Varðandi yfirfærsluna hafa heildarsamtök fatlaðra, Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp stutt yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og Landssamtökin Þroskahjálp höfðu vissa forgöngu um að koma umræðunni af stað og gerðu samþykkt, m.a. á landsþingi 4. apríl 1992. Fyrsta ályktun Sambands ísl. sveitarfélaga um yfirtöku á málefnum fatlaðra var gerð á 15. landsþingi sambandsins haustið 1994.

Eins og fram hefur komið er þessu frv. ætlað fremur öðru að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra. Jafnframt eru lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga endurskoðuð en gert var ráð fyrir því við gildistöku þeirra vorið 1991 að það skyldi gert að fimm árum liðnum.

Fyrir utan samruna þessara laga eru helstu einkenni frv. að skyldur sveitarfélaga eru skerptar og má segja að í frv. felist að verulega sé skerpt á skyldum sveitarfélaga til að veita íbúum sínum félagsþjónustu. Tilgangurinn er sá að félagsþjónustan verði ótvírætt jafnvíg annarri velferðarþjónustu svo sem heilbrigðisþjónustu og menntakerfi. Þannig er sveitarfélögunum skylt að veita þá þjónustu sem frv. tilgreinir þótt þau hafi sjálfsákvörðunarrétt um útfærslu þjónustunnar.

Þá má geta þess að langveik börn fá samkvæmt frv. sömu þjónustu og fötluð börn. Ég legg mjög ríka áherslu á þetta atriði því það er mjög mikilvægt. Verið er að veita langveikum börnum sama rétt og hinum fötluðu og sömu möguleika til aðstoðar. Langveik börn hafa með vissum hætti verið sett hjá en nú er ætlunin að bæta úr því, bæði með þessu og eins með öðrum ráðstöfunum sem snerta þau og ríkisstjórnin hefur mótað stefnu í málefnum langveikra barna sem mun verða kynnt af viðkomandi ráðherrum innan örfárra daga.

Verkefni félmrn. eru ítarlegar tilgreind í frv. en nú er og hverjar skyldur ríkisvaldsins eru við framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frv. gerir ráð fyrir að þar sem markmiðum laganna verði ekki náð á annan hátt, t.d. vegna fámennis sveitarfélaga, þá skuli þau sameinast um þjónustuna. Sveitarfélögunum er gert skylt að hafa á að skipa hæfu og menntuðu starfsfólki í félagsþjónustu. Frv. hefur að geyma reglur sem ætlast er til að framkvæmd félagsþjónustunnar grundvallist á og reglur þessar má líta á sem siðferðilega undirstöðu framkvæmdarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að borin sé virðing fyrir þörfum einstaklingsins og sjónarmiðum hans.

Í núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er að finna lagaákvæði um skyldur sveitarfélaga í leikskólamálum, einkum er varðar uppbyggingu leikskólans. Samhliða félagsþjónustulögunum samþykkti Alþingi á sínum tíma lög um leikskóla þar sem önnur sjónarmið voru lögð til grundvallar. Í þeim er gert ráð fyrir að leikskólinn sé fyrsta skólastig barnsins og heyri því undir menntakerfi. Áhrif leikskólalaganna urðu þau að smám saman færðust málefni leikskólans undir skólaskrifstofur sveitarfélaganna og því er hann ekki lengur hluti af skipulagðri félagsþjónustu. Af þessum ástæðum er nú lagt til að ákvæði laganna um skyldur sveitarstjórna

til að annast byggingu og rekstur leikskóla og tryggja eftir föngum framboð á leikskólarými verði felld brott. Um það efni gildi lög um leikskóla.

Þess má geta að áformað er að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga taki tillit til langveikra barna í leikskólum með sama hætti og fatlaðra barna.

Í frv. er gert ráð fyrir að hægt sé að bjóða út þjónustu og einstök rekstrarverkefni. Þó að félagasamtökum og einkaaðilum hafi ekki enn sem komið er verið falin mörg verkefni á ábyrgð sveitarfélaga þá er líklegt að þróunin verði í þá átt. Í frv. er skotið enn styrkari stoðum undir úrskurðarnefnd um félagsþjónustu með því að gera verkefni hennar rýmri. Framkvæmdasjóður fatlaðra verður lagður niður við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og þar með samruna málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Er einsýnt að hlutverki framkvæmdasjóðsins er lokið og verkefni hans verða ein af verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga eins og aðrar skyldur á þeim vettvangi. Einnig má benda á að þær breyttu áherslur í frv. sem fela í sér þjónustu sem tekur mið af einstaklingsþörfum og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hníga í sömu átt.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir nýjum vistheimilum sem leið í húsnæðismálum fatlaðra. Atvinnumálum fatlaðra er fyrirhugað að skipa undir Vinnumálastofnun og atvinnumál fatlaðra flokkast ekki undir félagsþjónustu í frv. þessu. Þó skal tekið fram að hæfing, iðja og þjálfun sem nú eru felldar undir atvinnumál fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra eru hér flokkaðar sem félagsþjónusta og teljast því ein grein hennar.

Herra forseti. Ég hef hugsað mér að leggja til þá málsmeðferð að að lokinni 1. umr. í dag verði málinu vísað til hv. félmn. Ég mun fara þess á leit við hv. félmn. að hún sendi málið til umsagnar en afgreiði það ekki í vetur. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál, sem er vandasamt og viðkvæmt, fái vandaða meðferð og mjög mikilvægt er að takist að setja saman lagabálk sem getur staðið til framtíðar.

Mér er ljóst að frv. er ekki fullkomið í gerð sinni og ég lít svo á að nauðsynlegt sé að það fái ítarlega umræðu í þjóðfélaginu, meðal sveitarstjórnarmanna, meðal samtaka fatlaðra og annarra þeirra sem að málinu þurfa að koma og síðan verði hægt að vinna úr umsögnum og afgreiða frv. á haustþingi næsta vetur.

Eins og ég sagði áðan fylgja þessi máli fylgifrv., í fyrsta lagi frv. sem hér er á dagskrá um réttindagæslu fatlaðra, í öðru lagi frv. um Greiningar- og ráðgjafarstöðina og í þriðja lagi frv. um starfsfræðslu fatlaðra og væntanlega þarf að breyta líka lögum um atvinnumál fatlaðra, sem ber að skoða sem fylgifrv. þessa frv.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til hv. félmn. að lokinni þessari umræðu í dag.

[15:30]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því frv. sem hér er fram komið og hæstv. félmrh. mælti fyrir. Ég vil líka að hluta til taka undir það að við eigum ekki að flýta okkur í þessu máli. Það sem þarf kannski mest að tryggja þegar verið er að steypa saman tveimur svona stórum lagabálkum er að fjármál fylgi með. Við þekkjum afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga. Hún kemur líka fram í séráliti. Að mjög mörgu þarf að hyggja þegar við erum að skoða svona gríðarlega stóra málaflokka sem eru að renna saman.

Mig langar aðeins að fara yfir einstakar greinar og það sem ég tel að við gætum kannski skoðað betur í félmn. Ég varð þeirrar gleði aðnjótandi að koma að hluta til að vinnu þessarar nefndar og það var bæði mjög gagnlegt og skemmtilegt og sérstaklega þar sem ég kem úr sveitarstjórn þá bý ég að sjálfsögðu yfir þekkingu sem nýttist líka vel.

Ef við skoðum III. kafla frv. þá hefst hann á 4. gr. Mig langar að leggja áherslu á e-liðinn. Þar segir, með leyfi forseta, og verið er að tala um verkefni félmrn.:

„leggja mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélög um, sbr. 4. mgr. 7. gr."

Ég held að það sé mjög mikilvægt að eftirlitsþáttur ráðuneytisins sé gerður í rauninni mjög sterkur til að tryggja að þau sveitarfélög sem eiga að setja reglur um einstaka þætti eins og fjárhagsaðstoð og annað, geri það. Á sumum stöðum vil ég gjarnan ganga lengra og skylda sveitarféögin til slíkra þátta.

Í 5. gr. um félagsmálanefndirnar er talað um að félagsmálanefndir fari með hlutverk barnaverndarnefnda. Mér finnst að þarna eigi að vera inni ákvæði um að stærri sveitarfélögin geti hreinlega skipað sérnefndir. Það er auðvitað ákveðinn galli þegar alltaf er verið að tala um landið allt. Við erum með mjög stóra kjarna eins og Reykjavík, Hafnarfjörð og Kópavog þar sem er gríðarlegur fjöldi fólks og oft fleiri mál en í minni sveitarfélögum og því er mjög mikilvægt að þeim málum sé algerlega haldið til haga í sérnefndum. Ég tel að þannig tryggjum við líka faglegri vinnubrögð. Það er því spurning hvort ekki ætti að opna fyrir slíkt þarna því ef við skoðum 6. gr. þá gætum við alveg eins verið að tala um að barnaverndarnefnd sé undirnefnd félagsmálanefndar, en samkvæmt skipuriti t.d. Reykjavíkurborgar þá eru þær algerlega jafnstæðar með sitt hvorn lagabálkinn á bak við sig. En að sjálfsögðu vinna þessir þættir allir saman. Mér þætti því mjög gaman ef skoðuðum þetta aðeins nánar og fengjum kannski til okkar sérfræðinga til að skoða þetta með nefndinni.

Þetta með undirnefndirnar er líka mjög mikilvægt. Mér dettur í hug það sem hefur verið í Reykjavík. Þar höfum við verið með sér undirnefnd sem nefur fjallað um einstaklingsmál og fjármál, um fjárhagsaðstoðina, því það er ekki eðlilegt að fimm manns séu með alla þá trúnaðarpappíra og gögn sem varða einstaklinga. Og með því að vera með þriggja manna undirnefnd sem er úr ráðinu þá tryggjum við mjög góða faglega niðurstöðu og tryggjum að fólkið veit að farið er ofan í málin. Við þekkjum líka að þessar undirnefndir hafa orðið til með reynslusveitarfélagaverkefnum.

Skoðum næst 7. gr. um samvinnu sveitarfélaganna. Meðan við höfum ekki sameinað sveitarfélög meira en orðið er, þó ég sé að komast á þá skoðun að stundum eigi að gera það með handafli, þá er mjög áríðandi að sveitarstjórnir geti ákveðið að vinna sameiginlega að félagsþjónustu eða einstökum verkefnum hennar með sérstöku samkomulagi. Þetta er auðvitað gert. En við sjáum hinum megin við að við erum að tala í mörgum tilfellum um sameiningu sveitarfélaganna. Það kemur nú vonandi.

Í 9. gr. er um mikilvægi stuðnings, ráðgjafar og fræðslu frá fagfólki. Það er gríðarlega mikilvægt þegar við erum búin að fá inn málaflokk eins og málefni fatlaðra þar sem verið er að vinna með mjög viðkvæma einstaklinga, börn og fjölskyldur þeirra, að þessi stuðningur sé tryggður í löggjöfinni. Það er gríðarlega mikilvægt. Við erum að tala um að handleiðsla starfsfólks sé eitt grundvallaratriði þess að

starfsemin sem við erum að bjóða upp á í sveitarfélögunum gangi upp.

Grundvallarreglur við framkvæmd félagsþjónustunnar eru taldar upp í 10. gr. Það sem ég vil auðvitað sjá þar á eftir e-liðnum þar sem segir að gæta eigi þess að fyrirkomulag félagsþjónustu sé auðskiljanlegt og aðgengilegt, þá erum við að tala um að það sé auðskiljanlegt og aðgengilegt einstakingunum og að á því þurfi að hnykkja að til þurfi að vera aðgengileg efni með fræðslu og öðru þannig að fólk hafi líka sinn rétt í höndunum og geti þá líka jafnvel kynnt sér hann áður en það mætir í þau viðtöl sem það þarf að mæta í. Ég mundi gjarnan vilja sjá þessa viðbót þarna inni.

Hvað varðar einstök verkefni félagsmálanefndanna þá er nýmælið um gerð þjónustusamninganna alveg nauðsynlegt og við sjáum þetta vera að gerast víðast hvar. Það er margt mjög gott í forvarnakaflanum. Ég hefði talið eðlilegt að það þyrfti ekki endilega að taka hann upp sérstaklega heldur væri hann eðlileg flétta í þessum lögum. En ég mun svo sem ekki gera það að stóru máli.

Það er mjög gaman að sjá í 12. gr. að um er að ræða dálitla útvíkkun því talað er þar um atvinnumál, æskulýðsmál og skipulagsmál. Skipulagsmál hafa mjög mikið að segja til um það hvernig skiptingin er í borginni, hvar fólk býr, hvort við erum með blöndun eða aðskilnaðarstefnu. Við sjáum auðvitað ýmis slys eiga sér stað í skipulagsmálum eins og þegar ákveðið var hér í eina tíð að byggja eintómar miklar og stórar blokkir þar sem var eingöngu félagslegt húsnæði eða leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaganna. Við sáum þetta líka í stærri stofnunum og öðru. Núna hefur þetta auðvitað breyst. Það er spurning um blöndun en ekki aðskilnað. Það er því mjög mikilvægt að félagsþjónustan og sveitarfélögin, á þeim enda, komi að þessum málum. Ég vil bara benda á þetta.

Ég sakna þess líka þarna þar sem við erum að tala um ýmis konar forvarnastarf sem beinist að börnum og við erum að tala um áhættuhópa og að þá sé mjög mikilvægt að hafa félags- og tómstundastarf inni í myndinni, að nefna það að það er ekki bara ungt fólk sem býr í sveitarfélögunum, þar býr líka eldra fólk. Á það þarf að leggja áherslu og það er sérstaklega mikilvægt núna þar sem verið er að steypa þessum lögum saman þannig að félags- og tómstundastarf þeirra hópa sem áður voru undir sérlögum geti á engan hátt einangrast og þeir fái líka fullar upplýsingar um sín réttindi, þ.e. að félags- og tómstundastarfið miði að því að leggja áherslu á fræðslu og réttindi og það eigi bæði við um fatlaða, aldraða og aðra sem í sveitarfélögunum búa. Þetta finnst mér vanta þrátt fyrir ákvæði, hef ég skrifað hér, 35. gr. þar sem talað er almennt um tómstundastarf við hæfi. Þar finnst mér að mætti fjalla ítarlega um þetta.

Ég sakna líka örlítið úr 14. gr. af því að við erum að tala um forvarnastarf sem beinist að áhættuhópum, að mjög mikilvægt er að hafa þarna inni leitarstarf og þar af leiðandi að það leitarstarf sé til staðar í sveitarfélögunum. Í því er ákveðin forvörn og það er mjög mikilvægt að þá geti komið einhver úrræði þar fram þannig að þetta er kannski spurning um örlitla viðbót við 14. gr.

Það er mjög mikilvægt að réttur til dvalarsveitarfélags sé alveg skýr þótt lögheimili sé annars staðar eins og talað er um í 17. og 18. gr.

Í 19. gr. er fjallað um rétt fólks án lögheimilis í landinu. Þá spyr ég: Hvað um rétt erlendra ríkiborgara? Í reglugerðarheimild aftast segir að það eigi að setja reglugerð um erlenda ríkisborgara án lögheimilis. Þetta hefur verið í lögunum áður og mér finnst mjög mikilvægt að það sé í sjálfum lögum hvernig unnið er að því þó svo að sett verði reglugerð þannig að sveitarfélögin viti nákvæmlega hvernig þau eigi að haga sér. Það á að hafa það skýrt núna. Mér finnst að það eigi að skoða núgildandi lagaákvæði. Sveitarfélögin hafa alltaf unnið mjög í nánu samneyti við félmrn. í þessu málum en þetta verður að vera í lögunum og einhverra hluta vegna hefur þetta dottið hér út. Ég lít svo á að þetta hafi dottið hér út.

Síðan er það 20. gr. um leiguíbúðir. Það er alltaf spurning hvort við eigum að segja „að leitast við" eða hvort við eigum að tryggja framboð. Þetta eru hlutir sem þarf að skoða og verður mjög fróðlegt að ræða við fulltrúa sveitarfélaganna um þessa grein.

Hvað 21. gr. varðar um húsnæði sem sérstaklega er ætlað til að mæta sérþörfum þá er spurning hvort það þurfi ekki líka að vera sérstakt ákvæði um þjónustustofnanir og dagvistarstofnanir á vegum sveitarfélaga. Það er ekki hér en er í eldri lögum. Það væri líka mjög gott ef við mundum skoða hvort það sé eitthvað sem við mundum setja inn þarna.

Ég er mjög ánægð með kaflann um ráðgjöf, þ.e. 22. gr. En ég tel að þar vanti inn þegar við teljum upp í síðustu klásúlunni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðgjöf skal vera víðtæk og taka m.a. til fjármála, húsnæðismála, fjölskyldumála, svo sem skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála, uppeldismála o.fl., auk sérhæfðrar ráðgjafar, svo sem vegna öldrunar, fötlunar eða annarra ástæðna."

Vegna þess að við erum að stíga það skref að blanda saman þessum tveimur stóru lagabálkum og við vissum af nefndinni sem vann að málum langveikra barna þá held ég að við ættum að hafa þarna líka langvarandi veikindi með þannig að engin áhöld séu um að það sé þarna inni og það róar líka okkar umhverfi.

Varðandi 24. gr. um fjárhagsaðstoðina þá vil ég vil ganga svo langt þar sem verið er að tala um að sveitarstjórn setji reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, að sveitarstjórninni sé skylt að setja þessar reglur þannig að fólk viti alltaf hvar það standi, þetta sé ekki spurning um eitthvert rassvasabókhald eða að: „Af því að þetta er nú hann Jón þá fær hann fimmtíuþúsundkall". Það á ekkert að gefa svigrúm til slíkrar vinnu. Það á að liggja faglegt mat að baki ástæðu þess fólk fær aðstoð og af hverju ekki og það á að vera rökstuðningur líka fyrir því ef því er synjað. Sá rökstuðningur er auðvitað ekki til staðar ef engar reglur eru til að styðjast við. Fólk verður að vita hvaða reglur gilda í hverju sveitarfélagi. Ég veit að þarna er umboðsmaður Alþingis mér mjög sammála.

Í 26. gr. er talað um að fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks skuli ákvörðuð með sama hætti og til hjóna. Þetta er auðvitað mál sem við höfum rætt í allshn. og þetta tengist líka mörgum öðrum lögum, þ.e. þegar við erum alltaf að gera sambúðina að löggjörningi. Sambúð er og verður aldrei löggjörningur. Við verðum að fara að taka ákvörðun um það hvað við ætlum að gera í þeim málum. Þar sem þetta snýst um peninga, þá hentar það. Ef það snýst ekki um peninga, þá hentar það ekki. Við höfum einmitt rætt þetta svolítið í allshn. út frá ýmsum öðrum forsendum. En þarna kemur þetta upp aftur. Ég held að við verðum að fara að skoða þessi mál. Sambúð er ekki löggjörningur. Löggjörningur er það eina sem gefur lagalega stöðu og þannig að fólk viti hvar það stendur gagnvart sínum maka. Ég gerði það í kvennaráðgjöfinni að ég sagði bara: „Í

guðanna bænum, giftið þið ykkur. Það er eina leiðin til að vita hvar þið standið.“ Ég held að fólk átti sig ekki á því að bæði erfðaréttur og annað er bundið giftingu og með þessu framhaldi förum við að fá einhverja klásúlu um að þeir sem eru í sambúð geti erft einhvern. En það gengur bara ekki. Annaðhvort erum við með þennan löggjörning eða ekki. Þetta er nú efni í aðra umræðu sem mér finnst afskaplega spennandi.

Ég vildi gjarnan sjá í 28. gr. að sveitarfélögum væri gefinn valkostur um að hafa önnur búsetuform þannig að við séum bara í rauninni með liði a, b, c, og d sem yrði þá önnur búsetuform sem sveitarstjórn ákveður. Það geta verið ýmis tilraunaverkefni þannig að lögin loki ekki fyrir neitt slíkt sem þau í sjálfu sér gera ekki. En það er líka allt í lagi að hafa það hér inni. Það gefur kannski líka sveitarfélögum hugmyndir um að leysa ýmis þjónustuvandamál, t.d. þjónustu við fatlaða, langveikra eða aldraðra þannig að það er líka mjög mikilvægt að fyrir því sé lagastoð.

Varðandi 29. gr. um heimaþjónustu og liðveislu þar sem rætt er um fötlun og félagslegar aðstæður er mikilvægt að fram komi að við erum auðvitað að tala um að gera fötluðum börnum kleift — börnum, ekki fullorðnum — að búa sem lengst heima hjá sér, þ.e. að aðstaða fjölskyldunnar sé þannig að slíkt sé hægt. Ég vil að við ræðum um hvort ekki eigi að setja slíkt inn. Það er auðvitað mjög mikilvægt að börn geti verið heima hjá sér sem lengst og fjölskyldan fái þann stuðning sem til þarf.

Í 29. gr. er enn fremur rætt um að félagsmálanefnd meti þörf á þjónustu og geri samkomulag við þann sem hennar nýtur um fyrirkomulag þjónustunnar og hvað í henni felst. Ég vil benda á að þetta getur auðvitað líka átt við þjónustusamninga. Ég minni á þjónustusamning um heimaþjónustu og liðveislu sem gerður var við Geðhjálp og er endurskoðaður á tveggja eða þriggja ára fresti. Hann hefur nýst sérstaklega vel vegna þess að ef einhverjir þekkja sinn skjólstæðingahóp þá eru það þeir. Það hefur því nýst öllum mjög vel. Sveitarfélög verða auðvitað að treysta þeim hagsmunasamtökum sem eru að vinna að þessum málum til að gera tilraunir í starfsemi sinni þannig að þau búi við ákveðinn sveigjanleika.

Varðandi 30. gr. um ferðaþjónustu þá þekkjum við vel á höfuðborgarsvæðinu að ferðaþjónusta sem lýtur að börnum snýst líka um hve mikið og lengi þau geta ferðast í bíl. Þar kemur spurningin um hámark ferða. Mögulegt er að inn komi einhverjir viðbótarbílar, samningar við leigubílastöðvar eins og við höfum gert og gert er erlendis. Þannig væri hægt að koma til móts við slíkt verkefni.

Það er líka mjög mikilvægt að þessi nefnd geti falið einhverjum öðrum verkefnið. Í Reykjavík eða á öllu höfuðborgarsvæðinu er spurning hvort nefnd sem sér um almenningsþjónustu felli þetta bara ekki inn í aðrar samgöngur eins og við vildum gjarnan sjá, þessa blöndun á fötluðum og ófötluðum. Hvert svo sem þau þurfa að ferðast væri hægt að fela þetta verkefni öðrum, t.d. nefnd í umsjá sveitarfélagsins. Mér finnst að við eigum að vera alveg ófeimin við það.

Ef við skoðum bæði skammtímadvölina og eins 33. gr. um dagvistina rifjast upp að ég hef oft sagt, bæði í faghópum mínum og annars staðar, að í raun þyrftum við að skoða önnur lög með hliðsjón af þessum, þ.e. lög um málefni aldraðra. Það væri mikið skref fram á við því það hamlar vissulega að lög um málefni aldraðra skuli heyra undir heilbrrn. en þessi lög undir félmrn. Við sjáum þetta líka varðandi þjónustu við börn með geðræn vandamál og í ýmsu þegar þessi mál skarast milli ráðuneyta. Það væri mjög gaman ef við gætum víkkað sjóndeildarhringinn og farið að hugsa um þessi mál í heild. Það væri gott ef fram færi endurskoðun á málefnum aldraðra þannig að þau blönduðust meira inn í þessi lög. Við sjáum þetta sérstaklega varðandi skammtímadvölina. Mér dettur það í hug vegna þess að það er atriði þegar aldraðir búa heima að meira sé um hvíldarinnlagnir, líka fyrir þann hóp. Maður sér það mjög vel í 31. gr. og einmitt líka í 33. gr. Aldraðir eru auðvitað með sína dagvist, þar gilda sérlög en maður sér að þar geta oft verið sömu þarfir þó um misjafna hópa sé að ræða.

Í 34. gr. kemur fram að Greiningar- og ráðgjafarstöð veiti umsögn um vistun barna samkvæmt ákvæðinu. Við bíðum eftir að það frv. verði lagt fram. Félmrh. nefndi það hér áðan því þarna hanga saman þrenn lög. Annars vegar er þar þessi pakki og síðan réttindagæslan um málefni fatlaðra, sem átti í raun að fella hér inni en er í sérlögum áfram, og lögin um Greiningar- og ráðgjafarstöðina.

Í X. kafla er fjallað um þjónustusamninga og vil ég enn minna á þá samninga sem gerðir hafa verið við Geðhjálp og fleiri slík samtök. Við þurfum að skoða það opið og vera ekki hrædd við það.

Ég vil benda á 41. gr. Þar vantar mikilvægt atriði, líklega fyrir handvömm. Þar á auðvitað líka að vera aðstoð við blinda, ekki bara túlkar og táknmálstúlkar heldur líka aðstoð við blinda. Slíkt hefur verið praktíserað í Reykjavík að hluta.

Varðandi 43. gr., um að kynna skal aðila sérstaklega rétt hans til málskots þá er það nokkuð sem við megum aldrei gleyma. Það atriði vantar í 43. gr.

En nú er tími minn búinn, herra forseti.

[15:51]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði þakka hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur fyrir ágæta yfirferð yfir þetta frv. Þó var eitt atriði sem mig langaði að leita nánari skýringa á. Það er kannski bara af mínum eigin ókunnugleika en í umfjöllun sinni um 14. gr. nefndi hv. þm. að þar þyrfti að bæta inn í leitarstarfi. Ég átta mig alveg á því hvað leitarstarf er í heilbrigðisþjónustu en mig langar að vita hvað hv. þm. á við í þessu samhengi.

[15:51]

Guðrún Ögmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal með mikilli ánægju skýra þetta út fyrir hv. þm. Ástu Möller. Þegar ég tala um leitarstarf þá meina ég leitarstarf í unglingamálum eins og praktíserað hefur verið á öllu höfuðborgarsvæðinu. Þá er unnið með skólum og æskulýðsmiðstöðvunum eins og verið hefur í Reykjavík. Kannski mætti kalla það unglingaleitarstarf á hjólum. Við þekkjum leitarstarfið sem verið hefur hér í miðbænum til langs tíma. Þetta er spurning um að útvíkka það yfir í hverfin og setja þetta þarna inn. Þetta eru raunhæfar aðgerðir varðandi þennan aldurshóp. Þetta hefur verið gert sem átaksverkefni í ýmsum hverfum og á landsbyggðinni og hefur gefist alveg gríðarlega vel.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. félmn. og kem þar til með að hafa aðstöðu til að vinna að þessu máli. Í ljósi þess sem hæstv. félmrh. sagði hér um meðferð málsins á yfirstandandi þingi þarf ég í sjálfu sér ekki að hafa ýkja mörg orð um frv. við 1. umr. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að mikilvægt og tímabært sé að framkvæma heildarendurskoðun á lögum

um félagsþjónustu sveitarfélaga þó að þau séu ekki nema tíu ára gömul eða innan við það. Sömuleiðis er augljóst að yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaganna kallar á heilmikið samræmingarstarf í lögum. Þannig er auðvitað mjög mikilvægt að vel takist til um þessa lagasetningu.

Um þann þátt málsins vil ég segja, herra forseti, að auðvitað er mjög margt sem mælir með því að málefni fatlaðra séu heppilegar vistuð hjá sveitarfélögum, að svo miklu leyti sem menn vilja halda sig við það hreinlífi að verkaskipting þessara stjórnsýslustiga þurfi alfarið að vera þannig að annar hvor aðilinn fari með málaflokkinn 100% hvað framkvæmdina varðar. Ég efast um að þegar fram líða stundir eigi menn eftir að líta á það sem jafnmikið úrslitaatriði og í tísku hefur verið nú um stundir á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar og hef styrkst í þeirri sannfæringu á síðustu árum að í raun sé það ákveðinn misskilningur að líta svo á að eitthvað sé að því að stjórnsýslustigin tvö, ríki og sveitarfélög, eigi með sér samstarf um framkvæmd ákveðinna málaflokka þegar svo ber undir og þegar það er heppilegra. Ég held að slíkt samstarf geti verið með ýmsum hætti, t.d. gæti framkvæmdin í aðalatriðum verið á hendi annars aðilans, t.d. sveitarfélaganna, en ríkið hafi ákveðna aðkomu að málinu og tryggi tiltekna grundvallarþætti, t.d. með því að jafna aðstöðumun sveitarfélaganna, koma að yfirstjórn faglegra þátta og annað því um líkt.

Það er sérkennilegt ef við í þessu litla landi ætlum að gerast kaþólskari en páfinn í þessum efnum. Í miklu stærri samfélögum þar sem stjórnsýslustigin eru jafnvel þrjú eða fjögur er alls ekkert óvenjulegt að þau eigi öll samstarf um framkvæmd tiltekinna, mikilvægra málaflokka. Þar má nefna ýmislegt í félagslegri þjónustu sveitarfélaganna á hinum Norðurlöndunum, t.d. heilbrigðismál sem ekki er óalgengt að bæði sveitarfélög, fylki og ríki komi sameiginlega að með tilteknum hætti.

En varðandi málefni fatlaðra sem almennt virðist stuðningur við hjá ríkinu, hjá hagsmunasamtökum og sveitarfélögunum að færa til sveitarfélaganna, þá sé ég vissulega í því marga kosti en líka ákveðna galla eða hættur. Meðal kostanna má nefna að þjónustan yrði ákaflega nærri íbúunum, þeim sem í hlut eiga og að því leyti er eðlilegt út frá sjónarmiði nálægðar og nærþjónustu að sveitarfélögin annist þessi mál. Í öðru lagi er enginn vafi á því að ákveðin samþætting og yfirsýn yfir málaflokkinn getur fengist með því að fela sveitarfélögunum þetta alfarið. Þau eru með mjög skyld verkefni á sinni könnu nú þegar þannig að t.d. hjá stærri sveitarfélögum sem reka öfluga félagsmálaþjónustu, eru með félagsmáladeildir eða félagsmálastofnanir innan sinna vébanda, liggur að mörgu leyti mjög vel við að færa þetta verkefni þangað. Í þriðja lagi má vænta þess að ákveðin hagkvæmni eða hagræðing geti náðst út úr slíku, aftur einkum og sér í lagi hjá stórum sveitarfélögum sem hafa innviði til þess að taka við verkefninu, hafa þá uppbyggingu á sínum snærum nú þegar að þau geti tekið við yfirumsjón málaflokksins án þess að bæta þar miklu við. Það á hins vegar alls ekki við þegar komið er niður í meðalstór svo ég tali nú ekki um smærri sveitarfélög. Fyrir þau getur viðbótarverkefni af þessu tagi beinlínis kallað á ákveðnar breytingar og uppbyggingu sem ekki er til staðar.

Meðal gallanna vil ég nefna að þá og því aðeins verður þetta til bóta fyrir þá sem málið skiptir, þ.e. fatlaða, að fjármögnun verði fyrir hendi til þess að standa helst myndarlegar að þessum málaflokki en gert hefur verið undanfarin ár. Það er að sjálfsögðu ekki í hendi. Í raun eru menn kannski að byrja á öfugum enda eins og menn hafa því miður iðulega gert í sambandi við þessi verkaskipti á undanförnum árum, að ganga ekki fyrst frá þeim undirstöðuþætti málsins að fyrir fjármögnuninni sé tryggilega séð og staða sveitarfélaganna þannig völduð í þeim efnum að þau geti síðan í kjölfarið samið um yfirtöku málaflokksins og gengið frá öllum lausum endum.

Annan ókost eða áhyggjuefni, herra forseti, nefni ég en það er spurningin um stefnumótun, faglega framþróun og yfirsýn í þessum málaflokki. Það er ekki sagt með vantrausti í garð sveitarfélaganna heldur er auðvitað augljóst mál að það verkefni liggur öðruvísi þegar það er orðið viðfangsefni mörg hundruð sveitarfélaga að sjá um svona málaflokk. Betri yfirsýn hlýtur að nást þegar hann er á einum stað á vegum ráðuneytis og hins opinbera. Það þarf auðvitað að ganga mjög vendilega frá því að metnaðarfull og framsækin stefnumótun sem taki til landsins alls nái fram að ganga. Þá má ekki vera sambandsleysi á milli annars vegar löggjafans og ráðuneytanna og hins vegar þess sem sér um framkvæmdina og á að bera af henni kostnað, þ.e. sveitarfélaganna. Sú hætta blasir auðvitað við ef illa tekst til. Ég held að við sjáum nú þegar ákveðna tilhneigingu í þá átt í grunnskólamálum þar sem ríkið er búið að koma framkvæmdinni yfir á herðar sveitarfélaganna og kostnaðinum. Ríkið getur þar af leiðandi slegið um sig með metnaðarfullri stefnumótun og sent öðrum reikninginn, svo maður einfaldi þetta nú svolítið.

Það verður að gæta þess mjög vandlega að ekki slitni á milli annars vegar stefnumótunar, lagasetningar og faglegrar vinnu að málaflokknum og hins vegar framkvæmdarinnar og möguleikum þeirra sem hana eiga að annast til þess að greiða þann kostnað sem fylgir.

Í þriðja lagi, herra forseti, nefni ég hlut sem þarf að skoða mjög vandlega og velta fyrir sér og það er spurningin um mjög sérhæfða þjónustu á þessu sviði þegar í hlut eiga mjög sérstök úrlausnarefni sem koma alltaf upp. Þá er maður einkum og sér í lagi með stöðu minni sveitarfélaganna í huga. Það liggur þannig eins og menn þekkja dæmi um að jafnvel einn mjög fatlaður einstaklingur getur gerbreytt stöðu lítils sveitarfélags hvað varðar afkomu og möguleika til að sinna lögbundum skyldum sínum ef svo ber undir.

Þetta eru að sjálfsögðu síður vandamál hjá stóru sveitarfélögunum en að þessu þarf að hyggja mjög vel og þetta er líka spurningin um það hvort í því geti ekki verið fólgin ákveðin hætta, ákveðið óhagræði að leysa úr slíkum málum á mörgum stöðum í landinu í staðinn fyrir að ríkið hafði það allt á einni hendi áður. Ég gæti nefnt sem dæmi stöðu barna sem fæðast með verulegar heyrnarskemmdir eða heyrnarlaus. Í meðalstórum sveitarfélögum í landinu er kannski annað eða þriðja hvert ár líkur á því að slíkur einstaklingur fæðist. Það er augljóslega ekki grundvöllur fyrir því að byggja upp mikla starfsemi sérstaklega eða stofnanir eða þjónustu í kringum slík tilfallandi tilvik. Það má setja mjög mikil spurningarmerki við það hvort yfir höfuð sé nokkurt vit í því að vera með slík úrræði nema á einum stað á landinu og þá sameiginlega og á sameiginlegum grunni.

Vandinn sem kemur upp ef sveitarfélögin eru komin með slík verkefni snýr ekki bara að sveitarfélaginu heldur snýr hann líka að t.d. foreldrum slíkra barna. Þau eru stundum sett í þá aðstöðu að þurfa að svara þeirri erfiðu samviskuspurningu að flytja sig yfir í stærra sveitarfélag eða jafnvel stærsta sveitarfélag landsins þar sem kannski er í boði meiri

sérhæfð þjónusta eða sætta sig og sitt barn við skerta þjónustu vegna þess að möguleikar sveitarfélagsins sem þau búa í eru svo takmarkaðir. Þetta er því ekki vegferð án vanda, herra forseti, sem hér er verið að leggja upp í. Það sýnir reynslan úr öðrum málaflokkum á öðrum sviðum og þarna geta komið upp erfið álitamál sem mér finnst að menn þurfi sameiginlega að taka á. Ég hefði talið að vel hefði mátt skoða að þessi yfirfærsla yrði með svolítið öðrum hætti en kannski sumt annað sem menn hafa verið að gera og byggir á þessari sérstöku 100% hreinu verkaskiptingu, t.d. þannig að ríkið ætti áfram aðild að málaflokknum með tilteknum hætti þegar í hlut ætti sérhæfðustu þjónustuþættirnir og úrlausn mála sem félli undir sérstök tilvik samkvæmt nánari skilgreiningu. Þá kæmi til greina að ríkið leysti það sameiginlega með sveitarfélögunum en vísaði þeim vanda ekki alfarið frá sér.

Herra forseti. Auðvitað er til lítils að ræða þetta nema skýrar línur komist í fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og það verður þeim mun brýnna sem fleiri verkefni eru flutt yfir til sveitarfélaganna. Ég vil nefna eitt atriði sérstaklega í þessu sambandi og það er að til stendur að leggja niður Framkvæmdasjóð fatlaðra í tengslum við þessa breytingu. Jú, menn geta sagt að það sé sjálfgefinn hlutur af því að verkefnið sé komið yfir til sveitarfélaganna og þá sé ekki starfræktur á grundvelli laga einn sameiginlegur sjóður sem eigi að kosta uppbyggingu í málaflokknum.

Gott og vel. En er þá fyrir því séð að menn geti ráðist í verkefni af því tagi sem Framkvæmdasjóður fatlaðra gerði mögulegt að ráðast í, einkum á fyrstu árunum eftir að hann kom til sögunnar? Það er borðleggjandi að á grundvelli Framkvæmdasjóðs fatlaðra var unnt að lyfta miklu grettistaki hvað varðar uppbyggingu á þessu sviði. Því miður hafa menn hneigst til þess óyndisúrræðis, á síðustu árum einkum og sér í lagi, að ganga æ ríkar í skrokk á þeim sjóði og skerða hann, fyrst með því að velta yfir á sjóðinn talsverðum rekstrarkostnaði í málaflokknum og á seinni árum einnig með því beinlínis að taka hluta tekna hans til ríkissjóðs. Það er sorgarsaga og verður ekki frekar um það fjallað hér en ég hef fyrir mitt leyti fyrirvara á um þennan frágang málsins nema tryggt verði með einhverjum mjög handföstum hætti að fyrir hendi séu möguleikar hjá sveitarfélögunum, helst í formi einhverrar sjálfstæðra eyrnamerktra tekjustofna til að halda áfram uppbyggingu á þessu sviði. Það er úti í hafsauga að þar sé öllu lokið sem ráðast þarf í. Það er þvert á móti þannig að við höfum dregist aftur úr á nýjan leik á sviði málefna fatlaðra á vissum sviðum. Ég nefni sérstaklega aðgengismálin. Enginn vafi er á því að því miður miðar okkur Íslendingum allt of hægt í þeim efnum. Það er sorglegt að fara um bæinn og sjá hversu margar opinberar stofnanir jafnvel ráðuneyti eru alls óaðgengileg fyrir fatlað fólk og hefur lítið miðað í þeim efnum ef menn hafa talið sig hafa pólitíska stöðu til að skerða þann framkvæmdasjóð sem átti einmitt að beita sér fyrir úrbótum á því sviði eins og mörgum öðrum.

Herra forseti. Í frv. eru að sjálfsögðu fjölmörg mikilvæg ákvæði sem væri ástæða til að fjalla um. Ég ætla tímans vegna ekki að gera það. Bara til að nefna nokkur ákvæði um félagsmálanefndir og mikilvægt starf þeirra nefni ég forvarnastarf í VI. kafla sem ég tel að mætti ef eitthvað er skerpa enn betur á hlutverki sveitarfélaganna á því sviði. Það er ekki síður mikilvægt nú en áður, líka þegar sveitarfélögin eru komin með grunnskólann til sín alfarið því að mikið af því starfi þarf að vinna á fræðslustiginu eða í gegnum skólana. Komið hefur verið inn á réttindi langveikra barna og ég fagna því að sjálfsögðu að þau eru þar með á nótunum.

Um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er sömuleiðis komið inn á svið sem er til lítils í raun og veru að ræða nema í beinu samhengi við fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna. Þar eru samskipti ríkis og sveitarfélaganna ákaflega viðkvæm ef svo má að orði komast því að ríkisvaldið með ákvörðunum sínum, t.d. með ýmiss konar skerðingum og ákvörðunum bótaupphæða í almannatryggingakerfinu, skattalegum aðstæðum einstæðra foreldra og slíkum þáttum, því sem lagt er til húsnæðismála, upphæðir húsnæðisbóta eða húsaleigubóta eða annað slíkt, hefur aftur bein áhrif á það hversu mikil þörf fyrir framfærslu og fjárstuðning kemur fram í sveitarfélögunum. Skoði menn sögu síðustu ára, ef þeir trúa þessu ekki, og sjái t.d. hvernig ákveðnir hópar hafa í æ ríkari mæli neyðst til að leita til sveitarfélaganna um stuðning, jafnvel fólk sem ætti samkvæmt öllu venjulegu að geta séð sér og sínum farborða.

Um húsnæðismálin, herra forseti, vil ég segja það að mér sýnist því miður ef eitthvað er heldur breyting í þá átt að draga úr skyldum sveitarfélaganna í því efni. Í raun og veru er það þannig að þó að mestu leyti sé til haga haldið ákvæðum 45.–47. gr. gildandi laga, þó að það sé sett fram með nokkuð öðrum hætti, þ.e. í 20. gr. og svo aftur í 28. gr. í kaflanum um félagsþjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, þá er þar nokkur munur á eftir sem áður. Það er t.d. ljóst að í staðinn fyrir að skylda sveitarfélaganna eða félagsmálanefndanna til að veita fjölskyldum og einstaklingum bráðabirgðaúrlausn í húsnæðismálum, sem áður var í sérstakri lagagrein, er það talið upp sem 3. tölul. 28. gr. Meiri breyting er þó væntanlega fólgin í því að nú kemur inn í lögin afleiðing af þeim breytingum á lögum um húsnæðismál sem þegar hafa verið gerðar og leysa sveitarfélögin í raun undan öllum skyldum í þessum efnum fyrir utan sérhæfðu þjónustuna sem þau yfirtaka með málefnum fatlaðra, að sjá fyrir einhverju tilteknu framboði á leiguhúsnæði. Sveitarfélögin hætta með öðrum orðum að hafa neinar skyldur hvað það varðar að aðstoða fólk t.d. við að komast í eigið húsnæði. Það er alveg ljóst að það sem hverfur út úr núgildandi 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, XII. kafla um húsnæðismál, er allt sem snýr að öðru húsnæði en leiguhúsnæði. Með öðrum orðum, þær skyldur sem sveitarfélögin höfðu áður í lögum til þess að aðstoða fólk t.d. í sambandi við félagslegt kaupleiguhúsnæði og félagslegar eignaríbúðir hverfa. Ég óttast það að a.m.k. í sumum sveitarfélögum munu menn fría sig ábyrgð í húsnæðismálum í mjög ríkum mæli umfram það að sjá fyrir því að eitthvað framboð leiguíbúða sé í boði í þessu sambandi.

Ég vil að lokum, herra forseti, aðeins nefna ákvæði 36. gr. um þjónustusamninga. Mér finnst heldur dapurlegt að hæstv. félmrh. Páll Pétursson skuli á sínum háa og virðulega aldri í pólitík þurfa að vera að flytja svona einkavæðingarákvæði. Mér er ljóst að þetta er tíðarandinn sem alls staðar veður uppi. Það á að leysa öll vandamál með því að fela rekstur-inn einkaaðilum en þarna eru á ferðinni tiltölulega opin og nánast algjörlega galopin ákvæði, heimild til þess að færa yfir í einkarekstur þá þjónustu sem sveitarfélögin hafa haft með höndum, jafnvel viðkvæmustu þætti hennar ef svo ber undir. Þarna er engin nánari skilgreining. Ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst leggjast lítið fyrir kappann, hæstv. félmrh., sem taldi sig einu sinni til félagshyggjuarmsins heitins í Framsfl. sem hlýtur nú að þurfa að nefnast sem slíkur, því að hann er greinilega andaður sá armur sem einu

sinni var til í Framsfl. og kenndi sig til félagshyggju. Til marks um það er að fyrrum oddviti hans, Páll Pétursson, hæstv. félmrh., flytur svona galopið einkavæðingarákvæði í félagsþjónustu sveitarfélaga og heldur er það dapurlegt.

Að lokum, herra forseti, vil ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það sem hann boðaði okkur hvað varðar áform hans um afgreiðslu málsins. Ég tel það vera til fyrirmyndar að það liggi fyrir með þessum hætti að menn ætli ekki að fara að þjösna málinu í gegn og vera ekki með einhvern heimskulegan metnað í þeim efnum að valta yfir Alþingi og rúlla málinu í gegn fyrir vorið heldur viðurkenna að um mjög viðamikið mál er að ræða sem þarfnast góðrar skoðunar. Ég er alveg hjartanlega sammála því að mér finnst að í fyrsta lagi ætti að horfa á afgreiðslu málsins um jólaleytið að ári og það sé mjög mikilvægt að félmn. og þingið allt fái góðan tíma til að fjalla um það og fylgifrv. sem er næst á dagskrá. Í raun og veru held ég að félmn. þurfi að skapa sér aðstæður til að vinna að þessu máli í sumar. Maður saknar þess í svona tilvikum að mál af þessu tagi skuli ekki geta lifað í þinginu. Það þyrfti að vera fyrir hendi a.m.k. möguleiki á því að flytja svona mál og láta það vera í nefnd yfir sumarið og vakna til lífsins að hausti á sama stað í stað þess að þetta kallar að sjálfsögðu á að félmrh. verður að endurflytja málið næsta haust, en gott og vel. Þannig eru þingsköpin og kannski er ekki stór skaði skeður þó að hitt væru eðlilegri vinnubrögð að hægt væri að láta málið vera ósköp einfaldlega lengur í samfelldri vinnslu.

. [16:12]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að vísu væri ástæða til að nefna margt í andsvari við ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, m.a. það sem hann nefndi um vinnuferlið við það að flytja þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna. Ég held að það sé algerlega augljóst mál að það varð að smíða einhvern lagaramma áður en farið var að ákveða peningastreymið til sveitarfélaganna vegna þessara laga. Menn urðu að hafa einhver markmið til þess að vinna að og vita hvert verkefnið væri og hvert við værum að stefna og reikna síðan út hvað það kostaði. Ég held að það sé faglegri metnaður varðandi þennan málaflokk að líta á málið þannig en segja: „Hér eruð peningarnir og svo skuluð þið gera allt þetta fyrir þessa peninga." Ég held að það sé ekki vinnuaðferðir sem við eigum að temja okkur á Alþingi.

Síðan vildi ég nefna það, ég held að það hafi farið fram hjá hv. þm., að í 50. gr. er fjallað um rannsóknar- og þróunarstarf innan félagsþjónustu. Þar er gert ráð fyrir því að Alþingi veiti árlega fé á fjárlögum í rannsóknar- og þróunarsjóð í félagsþjónustu. Ég tel ástæðu til að nefna þetta af því að það kom fram í ræðu þingmannsins að hann treysti sveitarfélögunum ekki til það vinna að þróunarstarfi félagsþjónustu. En þarna er gert ráð fyrir því að veitt sé fé til að stunda slíka rannsóknarstarfsemi.

[16:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað gaf hv. þm. tilefni til að snúa algjörlega út úr orðum mínum, snúa þeim við í 180 gráður. Heyrði einhver mig segja að ég treysti sveitarfélögunum ekki til að vinna að þessum málaflokki eða þess vegna að framþróun eða faglegri stefnu? Það sem ég var að ræða var þörfin fyrir að samræmd og heildstæð stefnumótun gæti gengið í málaflokki af þessu tagi þegar hann væri orðinn viðfangsefni mörg hundruð sveitarfélaga. Ég tók það sérstaklega fram í þeim töluðum orðum að þetta væri ekki sagt vegna þess að ég vissi ekki að hjá sveitarfélögunum vítt og breitt um landið er heilmikill metnaður á þessu sviði. En ég held að það hljóti að liggja í augum uppi eins og menn viðurkenna með 50. gr. að það þarf að grípa til sérstakra úrræða til að ekki komi upp sú hætta að stefnan geti orðið dálítið út og suður ef ekki er slík samræming fyrir hendi.

Ég fagna ákvæði 50. gr. og það er alveg hárrétt sem giskað var á af hv. ræðumanni að ég er ekki jafn vel lesinn í þessu frv. og höfundar þess. Það er ákaflega þægilegt fyrir þingmenn, sem sátu í nefndinni sem sömdu frv., að koma upp og reka okkur hina á gat eða upplýsa okkur um það sem okkur hefur yfirsést. En við höfum ekki unnið að þessu í nætur og daga í marga mánuði eins og sumir aðrir.

Ég var ekki að tala um að setja endanlegan verðmiða á þessi samskipti fyrir fram áður en stefnumótunin og lögin væru í gildi. En sporin hræða í þessum efnum. Hitt hefur heldur ekki gefist vel að ganga frá lögunum og ganga frá yfirfærslunni og jafnvel tímasetja hana og setja svo það í nefnd að finna út reiknigrundvöllinn eins og gert var með grunnskólana þar sem tvær nefndir áttu að leysa það vandamál og þannig var málinu sóðað í gegnum þingið. Ég lít reyndar svo á að það sé viðurkennt með skilyrtri gildistöku laganna og það mikið hef ég þó lesið að ég áttaði mig á því að gildistakan er skilyrt. Hún er bundin því að niðurstaða hafi fengist í tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sbr. 1. tölul. gildistökugreinarinnar, 55. gr. Það er vel en ég hefði talið að best hefði verið að ramminn um tekjusamskipti ríkis og sveitarfélaga, tekjustofnanir og sjálfstæði sveitarfélaganna hefði legið fyrir fyrst.

[16:17]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að heyra að leyfi skuli veitast til að koma á hreint ýmsum atriðum sem hafa kannski farið fram hjá hv. þm. og að hann taki það ekki mjög óstinnt upp.

Varðandi það að sveitarfélögin stefni út og suður í þróun sinni á félagsþjónustu þá er í frv. gert ráð fyrir að sveitarfélögin geti þróað félagsþjónustu sína eftir þeim aðstæðum sem gefast hverju sinni. Hvort það er að fara út og suður í félagsþjónustunni er auðvitað matsatriði. Þetta er samt sem áður þáttur í því að sveitarfélögin hafa ákveðið sjálfstæði til þess að þróa félagsþjónustu sína.

Varðandi fjárhagsþáttinn voru fleiri nefndir starfandi en laganefndin sem samdi þennan lagaramma hér. Þar á meðal er nefnd sem fjallaði um fjármálin sem væntanlega er enn að störfum. Þar er verið að fara yfir það hvernig fjármálin breytast og þar fyrir utan er síðan tekjustofnanefnd sveitarfélaganna að störfum. Þar koma þessi mál líka fyrir. Því er alveg augljóst varðandi fjármál málaflokks fatlaðra að það er ekkert einfalt að reikna út hvað slíkt kostar. Það tekur ákveðinn tíma og nefndin sem starfar að því þurfti þess vegna að hafa einhvern lagaramma fyrir framan sig fyrir.

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilega mjög vandasamt að velja orð sín hér þannig að ekki sé hægt að lesa út úr þeim eitthvað allt annað en maður ætlaðist til. Ég sagði að fyrir hendi væri hætta á því að málin gætu farið út og suður. Þar með var ekki sagt að ég teldi að það mundi sjálfkrafa gerast hjá sveitarfélögunum af því að þau stefndu endilega þannig.

Ég vona samt að hv. þingmaður og aðrir sem mál mitt heyra taki það eins og það er. Ég er hér auðvitað að tala um þörfina á því að tryggja ákveðna samræmingu og stefnumótun á þessu sviði. Ég held að það hljóti nú einhvern veginn að vera hægt að koma því í orð án þess að í því felist eitthvert óskaplegt vantraust á sveitarfélögin eða meiri háttar árás á þau. Ég verð þá bara að taka það á mig ef svo er, að það sé ekki nokkur leið að lýsa áhyggjum af þeim toga nema í því felist fjandskapur eða lítið álit á þeim sem í hlut eiga.

Ég held að dæmin sýni hins vegar að það getur verið mjög mikilvægt að koma við slíkri samræmdri stefnumótun, að hægt sé að breyta lögum og hrinda nýjum hugmyndum í framkvæmd. Ég get tekið dæmi úr þessum málaflokki. Áherslur breyttust í þá veru að menn hurfu frá eldri hugmyndum um að fatlaðir væru fyrst og fremst vistaðir á risastórum stofnunum, lokaðir þar inni og einangraðir frá samfélaginu. Sem betur fer nam sú hugsun land hér á Íslandi eins og annars staðar, að vísu nokkuð á eftir öðrum löndum. Hvað var gert? Jú, það var sett í lög og mótuð sú stefna að reynt skyldi að auðvelda fötluðum að komast út í samfélagið, lifa eins og annað fólk á sambýlum eða í eigin húsnæði og það var gengið í það verk að tæma þessar stóru stofnanir. Það er akkúrat dæmi um þörfina fyrir að hægt sé að hrinda slíkum hugmyndum í framkvæmd, þ.e. að einhvers konar samræming og einhver trygging sé fyrir því að slíkar áherslur nái fram að ganga. Það má ekki vera háð geðþótta hvers og eins hvernig það er. Löggjafarvaldið verður væntanlega áfram hér og ég geri ráð fyrir því að öllum hv. þm. sé ljóst að Alþingi fer einnig með lagasetningarvaldið fyrir sveitarfélögin. Þar af leiðandi verður þessi vandi áfram á okkar herðum.

[16:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Sjónarmið okkar stjórnmálamanna hlýtur að vera að hvetja til þess að þjónusta sem hið opinbera ætlar og vill skipta sér af verði sem árangursríkust fyrir þegnana og sem hagkvæmust fyrir skattborgarana. Eins og hér hefur komið fram átti ég sæti í þeirri laganefnd sem samdi rammann að lagafrv. því sem hér liggur fyrir og þetta voru meginsjónarmiðin í starfi nefndarinnar.

Hér er sem sagt verið að vinna að flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga í þeim tilgangi að gera verkaskiptingu opinberra aðila einfaldari og skilvirkari. Jafnframt eru sveitarfélög hvött til þess að fela einstaklingum og félagasamtökum rekstur opinberrar þjónustu eða hluta hennar í auknum mæli þar sem það á við.

Góð samvinna beggja stjórnsýslustiga er mikilvæg til þess að stuðla að markvissri stjórnsýslu og hagræðingu í opinberum rekstri. Með stærri sveitarfélögum hefur skapast möguleiki fyrir þau að annast fjölþættari stjórnsýsluhlutverk. Einnig er mjög mikilvægt í ljósi mikilla flutninga frá landsbyggð til höfuðborgar að auka verkefni hjá sveitarfélögunum sem þau geta sinnt.

Í nokkuð langan tíma hefur verið unnið að undirbúningi yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna á ýmsum stigum stjórnsýslunnar. Með þessu frv. er skerpt á skyldu sveitarfélaga til að veita íbúum sínum félagsþjónustu. Það er mikilvægur þáttur í frv. Tilgangurinn er sá að félagsþjónustan verði jafnvíg annarri velferðarþjónustu svo sem heilbrigðisþjónustu og menntakerfi. Virt er sjálfstæði sveitarfélaga þannig að þau ákveði hvernig þau veita þjónustuna en skylda þeirra til þess að veita þá þjónustu er ótvíræð. Gengið hefur verið út frá því að hin siðferðislega undirstaða framkvæmdar félagsþjónustunnar verði að borin sé virðing fyrir þörfum einstaklingsins og sjónarmiðum hans.

Á Norðurlöndum gerist æ áleitnari spurningin: Hvað er velferðarþjóðfélag? Þeirri spurningu hefur verið varpað fram hvort það sé raunveruleg velferð að skammta öllum þeim sem búa við tilteknar afmarkaðar aðstæður fyrir fram ákveðnar bætur t.d., án tillits til annarra aðstæðna. Því hefur þeirri skoðun vaxið fiskur um hrygg að skoða eigi aðstæður hvers og eins og veita honum einstaklingsbundna ráðgjöf. Oft ber það við að einstaklingur er betur kominn með félagsráðgjöf eða ráðgjöf t.d. á fjárhags-, húsnæðis- eða fjölskyldusviði, og svo má lengi telja, heldur en beinar peningalegar greiðslur. Við verðum sífellt að vera á varðbergi fyrir því hvernig velferðarkerfinu er best fyrir komið og ekki síst samhengi tryggingakerfisins, lífeyriskerfisins og félagsþjónustunnar.

Ég tel ótvírætt að framtíðin í okkar ágæta velferðarþjóðfélagi sé að einstaklingurinn með margbreytilegar aðstæður sínar og þarfir verði viðfangsefni félagsþjónustunnar en ekki hópar sem kannski eiga við eitt sameiginlegt vandamál að stríða en eru að öðru leyti ólíkir. Félagsþjónusta í nútímasamfélagi tekur á ákaflega mörgum þáttum mannlegs lífs. Félagsþjónustan tekur til margs konar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, húsnæðisaðstoðar og aðstoðar til að koma til móts við sérstakar þjónustuþarfir. Þar má nefna heimaþjónustu og liðveislu, ferðaþjónustu, stuðningsfjölskyldur, skammtímadvöl, sumardvöl, dagvist og þar með iðju og þjálfun, heimili fyrir fötluð börn og tómstundastarf. Auk þessa er þjónusta almenns eðlis sem felst t.d. í að standa vörð um rétt fólks og í forvarnastarfi. Eins og ég hef hér talið upp þá er fjölbreytnin mjög mikil og kannski mætti lengi áfram telja.

Gert hefur verið ráð fyrir því allt frá gildistöku laganna um málefni fatlaðra frá árinu 1991 að málefni fatlaðra færðust yfir til sveitarfélaganna. Eins hefur sá málaflokkur ávallt verið nefndur þegar talað hefur verið um yfirfærslu fleiri málefna til sveitarfélaganna. Það lagafrv. sem hér birtist ber því ótvírætt vitni að stefna stjórnvalda er þessi. Sjálfri hefur mér orðið æ betur ljóst eftir að hafa kynnt mér þennan málaflokk að þjónusta við fatlaða á að vera og getur verið eðlilegur þáttur félagsþjónustu.

Samþætting þjónustu við fatlaða við aðra opinbera þjónustu er mjög eðlileg og byggir á þeim jafnræðissjónarmiðum sem annars gilda í nútímasamfélagi. Hins vegar er augljóst mál að þeir sem veita eiga þjónustuna verða að hafa til þess fjármagn og við yfirfærsluna verður vitanlega gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fái til ráðstöfunar fjármagn með málaflokknum. Mín skoðun er hins vegar einnig sú að sveitarfélögin geti veitt fötluðum betri og ódýrari þjónustu. Mikið af þeirri velferðarþjónustu sem sveitarfélögin veita nú þegar mun nýtast betur eftir þennan flutning en raunin er núna.

Eitt af grundvallarsjónarmiðunum sem gengið er út frá er einnig að forðast beri sérgreiningu þeirra sem njóta félagslegrar þjónustu. Það grundvallarsjónarmið kemur m.a. fram í g-lið 10. gr. Segja má að með nýrri húsnæðislöggjöf hafi verið stigið mikilvægt skref í átt að þessum sjónarmiðum með því að breyta félagslegri aðstoð við húsnæðisöflun þannig að hún er nú einstaklingsbundin en ekki bundin við ákveðna tegund húsnæðis. Þeir sem aðstoðar þurfa að njóta varðandi húsnæðisöflun velja sér sjálfir þá íbúð sem þeir kjósa að búa í en áður voru byggðar sérstakar íbúðir fyrir þá og þeir þannig sérgreindir. Eins og við þekkjum hafa orðið til heilu hverfin, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, sem byggð

voru í þessum tilgangi. Slík sérgreining er óheppileg og frá henni hefur verið horfið.

Í samræmi við þessi viðhorf verða nú stigin skref varðandi fatlaða og er það vel. Mín skoðun er sú að við verðum einnig að skoða málefni aldraðra með þessu hugarfari og huga að þeirri formgerð dvalarheimila og hjúkrunarheimila sem við þekkjum nú.

Við verðum ávallt að gæta þess að við lokum fólk ekki inni í gildrum tryggingakerfisins. Vel þekkt dæmi eru um það erlendis frá þar sem fólk í annan og þriðja og jafnvel fjórða ættlið er atvinnulaust. Fólk er hætt að hafa frumkvæði að því að leita sér atvinnu eða þróa með sér hæfileikann til að stunda einhvers konar vinnu. Þetta er hættulegt ástand fyrir öll þjóðfélög og ég er sannfærð um að íslenska þjóðarsálin muni sem betur fer seint sætta sig við slíka hluti. Þess vegna er hvers konar ráðgjöf mikilvæg eins og fram kemur m.a. í 2. gr. frv. og 9. gr., varðandi hæfi og menntun starfsfólks. Og þetta kemur einnig víðar fram.

Þegar litið er á framkvæmd félagsþjónustunnar er það almennt svo að nærþjónusta við borgarana er betur komin hjá sveitarfélögum en ríki og það á við um flesta þjónustu og vissulega um félagsþjónustuna. Við hljótum líka að velta því fyrir okkur hvernig megi ná fram hagræðingu í rekstri þjónustunnar án þess að það komi niður á gæðum hennar. Við megum ekki vera svo lokuð fyrir nýjum stjórnunarháttum að við nýtum okkur ekki það sem best er þekkt í stjórnunartækni á hverjum tíma. Við verðum ávallt að vera opin fyrir nýjungum, ekki nýjunganna vegna heldur til þess að bæta þjónustu og nýta dýrmæta fjármuni.

Við teljum okkur nú um stundir vita að kostir einkareksturs eru ótvírætt mjög miklir. Það má ekki líta á það sem bannorð að tala um einkavæðingu og einkaframkvæmd í opinberum rekstri frekar en öðrum. Einkavæðing hefur vissulega sína stóru kosti en henni fylgir líka það að gott eftirlit verður að vera með starfseminni. Við verðum að þróa eftirlitskerfi með þeirri starfsemi sem við bjóðum út eða seljum einkaaðilum. Það verður að þróa staðlakerfi sem innifelur það að menn leitist við að bæta þjónustu sína með öllum ráðum, notendum þjónustunnar til hagsbóta og ríkinu og skattgreiðendum þar með til sparnaðar.

Slíkt er hægt að gera og við megum ekki efast um það. Ég hef einnig grun um að ríkið og sveitarfélögin eigi talsvert starf eftir við að þróa innra eftirlit í þjónustu sinni. Slíkt eftirlit er forsenda þess að við treystum þeirri þjónustu sem við leggjum skattpeningana í.

Ég get ekki stillt mig um að fjalla aðeins um frv. í ljósi byggðamála. Að mínu viti skiptir mjög miklu að allir landsmenn hvar í sveit sem þeir eru settir eigi aðgang að góðri félagsþjónustu. Þá er ég ekki að segja að hún eigi alls staðar að vera byggð upp með sama hætti heldur að grundvallarþættir hennar séu sambærilegir að gæðum þótt framkvæmdin sé mismunandi eftir aðstæðum.

Ég má einnig til með að nefna það að dýrmæt reynsla hefur fengist í félagsþjónustu í dreifbýli með þeirri faglegu félagsþjónustu sem er veitt t.d. í Þingeyjarsýslum og félmn. kynnti sér sérstaklega sl. haust. Þar hefur verið þróað starf sem ég veit að á eftir að verða til fyrirmyndar öðrum sveitarfélögum í framkvæmd þjónustunnar. Það sýnir hvernig sveitarfélög geta unnið saman að framkvæmd erfiðra og krefjandi verkefna.

Einnig er rétt að taka fram að önnur sveitarfélög hafa jafnframt tekið að sér þjónustu við fatlaða ýmist með þjónustusamningi eða samkvæmt reynslusveitarfélagaverkefni. Alls staðar hefur orðið góð reynsla af þessu fyrirkomulagi og er þar rétt að nefna Eyjafjörðinn, Hornafjörð, þ.e. Suðausturland, Vestmannaeyjar og Norðurland vestra.

Hæstv. forseti. Ég hef ekki farið hér í einstaka þætti félagsþjónustunnar eða greinar frv. en nefnt að í nútímasamfélagi er þjónustan mjög fjölþætt. Eitt af því sem við verðum ávallt að hafa í huga eru hagsmunir barna og þar er hlutverk félagsþjónustunnar mikilvægt. Segja má að heppilegasta félagsþjónustan sé traustur grundvöllur fjölskyldunnar en því miður verðum við að telja að langt sé í land með að það sé eina lausnin á samfélagsvandamálum þeim sem birtast okkur í ýmsum myndum nú og í framtíð.

Þó er ástæða til að nefna að í vaxandi mæli gera fyrirtæki nú fjölskylduáætlanir sem miðað að því að starfsmenn geti lifað betra fjölskyldulífi. Hagur fyrirtækjanna er ánægðara og afkastameira starfsfólk, hagur samfélagsins er að félagslegum vandamálum fækkar og síðast en ekki síst lifa einstaklingarnir væntanlega hamingusamara lífi.

Frv. um jafna stöðu kvenna og karla sem nú er til umfjöllunar í félmn. gerir einmitt ráð fyrir að stærri fyrirtæki geri slíkar áætlanir. Ég vil einnig nefna áætlanir ríkisstjórnarinnar um foreldraorlof og er feðraorlof einn mikilvægasti þátturinn í bættri stöðu fjölskyldunnar og jafnrétti kynjanna.

Hæstv. forseti. Verkefnið nú er frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og þau fylgifrv. sem óhjákvæmilega fylgja með vegna yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Í byrjun fór starf okkar nefndarmanna í laganefnd mikið í að átta okkur á hlutverki okkar og setja okkur inn í núverandi stöðu í þeim málaflokkum sem við áttum að smíða frv. utan um. Ég gekk t.d. með þá grillu í upphafi að hlutverk okkar væri að skeyta lögunum um málefni fatlaðra inn í félagsþjónustulögin. En mér var fljótlega gerð grein fyrir því að það hentar ekki nú á tímum að nútímastjórnmálamenn ynnu að slíkri lagasetningu. Okkar hlutverk var auðvitað að smíða fyrirmyndarríkið utan um félagsþjónustuna. Segja má að sá vegur hafi á köflum verið þyrnum stráður og ekki ætla ég að halda því fram að okkur hafi í þessari tilraun tekist að ná því háleita markmiði. En við gerðum vissulega heiðarlega tilraun til þess.

Snemma var ákveðið að vinna út frá hugsuninni um samþættingu eins og menn þekkja frá öðrum löndum. Það þýðir þá að hver málaflokkur á að vera ábyrgur fyrir sinni þjónustu gagnvart hverjum einstaklingi í þjóðfélaginu sem fellur undir hans þjónustusvið. Sem dæmi: Menntakerfið á að sjá um að hver og einn á aldursskeiði hvers skólastigs um sig fái menntun við hæfi, strætisvagnakerfið á að sjá um að allir geti ferðast með því, heilbrigðiskerfið á að sinna öllum sem til þess leita, öldrunarþjónustan á að sjá um að allir njóti þjónustu innan hennar, Vinnumálastofnun á að sjá um atvinnumál allra og félagsþjónustan á að sinna öllum eftir þörfum hvers og eins. Þetta er samþætting.

Í vinnu okkar þyddi þetta jafnframt að við leituðumst við að nefna aldrei nokkurn einstakan hóp svo sem börn, unglinga, alkóhólista, fíkla, fátæka, fatlaða, öryrkja, aldraða, konur eða karlmenn. Þetta tókst okkur nú ekki fullkomlega en segja má að meginhugsunin hafi verið sú sem fram kemur í g-lið 10. gr. í frv. sem nú liggur fyrir. Ég nefndi áðan þessa hugsun um grundvallarreglur um framkvæmd félagsþjónustunnar að forðast sérgreiningu þeirra sem njóta þjónustu samkvæmt lögunum.

Sú staðreynd að verið er að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga annars vegar og lög um málefni fatlaðra hins vegar setur að sjálfsögðu svip sinn á frv. Við samruna laga sem eru eins ólík og hér um ræðir hefur verið leitast við að viðhalda helstu einkennum beggja laganna. Þannig eru skyldur sveitarfélaganna til að veita þjónustuna án fyrirvara með sama hætti og skyldur ríkisins nú varðandi málefni fatlaðra. Skyldum ríkisins fylgir réttur einstaklinga. Á hinn bóginn viðhaldast einkenni félagsþjónustulaga um svigrúm sveitarfélaga við framkvæmd þjónustunnar. Leitast er við að nýju félagsþjónustulögin eða þetta nýja frv. rúmi jafnt þjónustu almenns eðlis og sérhæfs eðlis.

Við samningu þessa frv. er önnur hugsun jafnframt lögð til grundvallar, þ.e. að í stað þjóðfélagshópa er lögð áhersla á að sundurgreina þær þarfir sem eru fyrir þjónustu óháð því hvort þær finnist hjá einum þjóðfélagshópi frekar en öðrum.

Hæstv. forseti. Ég óska að lokum eftir góðu samstarfi við nefndarfólk við vinnslu frv. í félmn. Ég tek undir það með hæstv. félmrh. að nauðsynlegt er að vinna málið vel og af sérstakri gaumgæfni. Því er mikilvægt að sem flestir hafi möguleika á að kynna sér frv. og senda umsagnir um það til félmn. Í þessu ferli okkar erum við væntanlega aðeins að tala um kynningu á frv. og að við getum síðan tekið það til umræðu aftur á næsta hausti.

[16:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að fagna því frv. sem hér er lagt fram af hæstv. félmrh. um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég held að flestir séu sammála því markmiði sem að er stefnt með þessu frv., þ.e. að fella þjónustu við fatlaða inn í löggjöfina um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég held að óhætt sé að segja að lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga hafi á sínum tíma, þegar þau voru sett 1991, markað tímamót í velferðarmálum á Íslandi. Sama má segja um lög um málefni fatlaðra 1992 sem þá voru endurskoðuð. Þau bættu verulega þjónustu við fatlaða með mjög merkum nýmælum sem þar voru sett inn til þess að auka fjölbreytni í þjónustu við fatlaða.

Auðvitað er ljóst að uppbyggingin á þessum tvennum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og málefni fatlaðra er gjörólík. Félagsþjónustulögin eru rammalög þar sem mat og útfærsla er mikið á hendi sveitarfélaganna en lögin um málefni fatlaðra eru nokkuð afdráttarlaus um skyldur sveitarfélaganna og hvaða réttindi og þjónustu fatlaðir eiga rétt til samkvæmt lögunum. Því er auðvitað vandmeðfarið að steypa þessum tvennum lögum saman og vissulega er þarna ákveðin áhætta tekin. Reyndar er mikið traust sett á sveitarfélögin varðandi framkvæmd nýju laganna enda fá sveitarfélögin áfram nokkuð vítækt svigrúm til þess hvernig þau standa að framkvæmd laganna þó markmiðin liggi nokkuð skýr fyrir. Frv. þetta um félagsþjónustu sveitarfélaga er mun meira afgerandi varðandi skyldur sveitarfélaganna en verið hefur og af því njóta auðvitað góðs þeir sem áður hafa notið réttar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Auðvitað er forsenda þessa alls að sveitarfélögin sjálf séu í stakk búin til að taka við þessum verkefnum. Þar hefur maður vissulega nokkrar áhyggjur af minni sveitarfélögunum. Sveitarfélögin eru um 124 eða 125 og þar af held ég að um 100 hafi íbúafjölda undir 400. Mörg sveitarfélaganna eru kannski ekki öflugri en svo að ástæða er til að hafa áhyggjur af því hvort þau séu fær um að taka að sér þessi verkefni. En auðvitað kemur þá til, eins og hæstv. ráðherra nefndi, samstarfs sveitarfélaga við þetta verkefni.

Grundvallaratriðið sem mér finnst þurfa að koma skýrt fram hér við þessa umræðu er að stefna ríkisstjórnarinnar með flutningi á þessum málaflokki til sveitarfélaganna sé að fatlaðir njóti í engu minni réttinda og þjónustu en þeir hafa haft samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Það verður að liggja skýrt og klárt fyrir að mínu mati, að það sé markmiðið.

Eftir að hafa farið yfir frv. finnst mér ekki liggja nægilega skýrt fyrir að þjónustan sem var í lögunum um málefni fatlaðra sé algjörlega tekin upp hér. Auðvitað er þetta matsatriði sums staðar vegna þess að sveitarfélögin fá þarna aukið svigrúm, þ.e. svigrúm sem ekki var í lögunum um málefni fatlaðra, til að meta þjónustuna.

Síðan er hér tekið upp gífurlega mikilvægt atriði. Það er þjónusta við langveik börn sem ekki hefur verið nægjanlega mikið fyrir hendi í velferðarkerfi okkar. Þjónusta við langveik börn er langt á eftir t.d. þjónustu við fötluð börn og því er afar mikilvægt að úrræði varðandi þau séu tekin upp í þetta frv. Það er í samræmi við þáltill. sem flutt var fyrir tveimur eða þremur árum síðan af þingmönnum úr öllum flokkum þar sem markmiðið var að langveik börn fengju sömu þjónustu og fötluð börn.

Mér finnst greinarnar, þegar þær eru lesnar yfir, ekki nægjanlega skýrar varðandi langveik börn. Sums staðar er talað um langveik börn en annars staðar er ekki á þau minnst. Ef það ætti að vera í almennri markmiðsgrein að öll ákvæði laganna ættu að taka þarna til langveikra barna, þá lægi þetta nokkuð skýrt fyrir. En þegar sums staðar er talað um langveik börn, í sumum ákvæðum og sumum greinum sem kveða á um þjónustu, en öðrum ekki þá veltir maður fyrir sér hvort ekki þurfi að skoða þetta eitthvað betur. Í sumum tilvikum er bara verið að tala um langveika, ekki langveik börn, og í sumum tilvikum er talað um langveik börn. Maður veltir þess vegna fyrir sér hvort ekki þurfi meira samræmi í þetta. Þegar verið er að tala um langveika, er þá verið að tala um þá sem eru eldri en 18 ára, fullorðna langveika eða hvað er verið að tala um? Ég gæti nefnt ýmsar greinar þar sem þetta er óskýrt og þetta finnst mér að félmn. þurfi að taka upp.

Það liggur auðvitað fyrir að flutningurinn á málaflokknum hefur notið öflugs stuðnings Öryrkjabandalagsins og Landssamtakanna Þroskahjálpar en því hefur ávallt verið fylgt að þjónustan verði í engu skert. Reyndar treysta menn á að hún verði þá aukin líka á einhvern hátt. Annað meginatriði er að tekjustofnar og fjármögnun verði tryggð sem alls ekki liggur ljóst fyrir. Ég verð að segja eins og fram hefur komið hjá sumum í þessum ræðustól að það er afar erfitt að ræða þetta mál eitt og sér þegar ekki liggur fyrir frv. um fjármögnun á þessu fyrir sveitarfélögin, hve mikið sveitarfélögin fá til sín, hvaða tekjustofna o.s.frv. Einnig eru nokkur fylgifrv. sem nauðsynlegt er að samþykkja samhliða því að þetta kemst til framkvæmda sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Þar eru frv. um vinnumarkaðsaðgerðir með tilliti til yfirtöku Vinnumálastofnunar á atvinnumálum fatlaðra, um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og lögum um skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga með tilliti til þessarar yfirfærslu. Einnig mundi fylgja lagabreyting vegna flutnings starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga sem er auðvitað afar viðkvæmt líka.

Þess vegna get ég alveg fallist á þá málsmeðferð sem hæstv. félmrh. leggur hér til, að málið fái ítarlega skoðun í

félmn., verði sent þar til umsagnar og síðan verði tekið til við það aftur hér á haustþingi. Af því tilefni spyr ég hæstv. ráðherra um það: Má þá vænta þess að þau frv. sem hér eru talin upp muni liggja fyrir þegar við fjöllum um málið á komandi haustþingi? Ég tel afar mikilvægt svo verði.

Síðan finnst mér vanta að skilgreining liggi klárt fyrir hvort allir hópar fatlaðra eigi skýlausan rétt samkvæmt lögum þessum. Ég nefni t.d. geðsjúka í þessu sambandi og fleiri hópa mætti nefna. Falla undir lögin allir þeir einstaklingar sem tilheyra einhverju af fjölmörgum aðildarfélögum Öryrkjabandalagsins? Þetta nefni ég þannig að vel sé yfir það farið og ekki rísi síðar deilur um hvort þjónusta við einhverja skilgreinda hópa fatlaðra falli undir skyldur ríkis eða sveitarfélaga. Skilgreiningin í 2. gr. í lögum um málefni fatlaðra er nokkuð skýr, þar segir hverjir eiga rétt á þjónustu, þar er talað um þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Ég spyr hvort það sem hér er verið að tala um, skilgreining á fötlun, geðfötlun og sjón- og heyrnarskerðingu falli undir ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Munu heyrnarlausir, blindir og geðsjúkir eiga rétt samkvæmt þessum lögum og hafa sveitarfélögin eftir samþykkt þessara laga sömu skyldur og ríkið hafði samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra við þessa hópa? Vel getur verið að þetta liggi allt klárt og kvitt fyrir en mér finnst mikilvægt að það sé staðfest í ræðustól af hæstv. ráðherra.

Ég geri líka nokkrar athugasemdir við það sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Mér finnst það sem verið er gera hér mjög óskýrt, kannski er heimildin mjög víðtæk þannig að maður veit ekki hvar í framkvæmdinni þetta getur lent. Þá erum við að tala um að einkaaðilar annist þjónustu og um gerð þjónustusamninga. Ég hef nokkrar áhyggjur af því að verið sé að auka of mikið svigrúm varðandi þjónustusamninga og að einkaaðilar taki að sér slíka þjónustu. Ég held að við hljótum að standa vörð um þau gildi að félagsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og menntamál verði tryggð öllum óháð efnahag. Þess vegna er maður satt að segja á varðbergi um alla möguleika á því að einkaaðilar geti tekið að sér rekstur sem fellur innan velferðarþjónustunnar og hvað það þýðir.

Ég nefni t.d. að mér finnst nokkuð óskýrt það sem sagt er um þetta. Fjallað er um hvað það sé sem einkaaðilar geti tekist á hendur og hvað þeir hafa haft. Mér finnst þetta allt mjög óskýrt og ég hefði viljað heyra ráðherrann ræða skýrar um þetta en hann gerði í framsögu sinni. Hvað er verið að opna fyrir?

Hérna er t.d. sagt á bls. 50:

„Hér er annars vegar átt við þau tilvik er félagasamtök eða einkaaðili hefur áhuga á að starfrækja einhvern þátt þeirrar þjónustu sem fellur undir lögin án þess að sækja um fjármagn til þess."

Hvað þýðir þetta „án þess að sækja um fjármagn til þess"?

Síðan segir:

„Sjálfsagt þykir að slík starfsemi sé leyfisskyld" sem er auðvitað rétt og eðlilegt.

Þýðir þetta þá nákvæmlega það sem er verið að heimila að einkaaðilar komi hérna inn, að gerðir séu þjónustusamningar við þessa einkaaðila og sveitarfélögin greiði fyrir þá þjónustusamninga en að ekki sé verið að auka hlutdeild þeirra sem fá þjónustuna í greiðslu? Það þarf að koma mjög skýrt fram að ekki sé verið að auka gjaldtöku einstaklinganna sem njóta þjónustunnar umfram það sem er, jafnvel þó að einkaaðilar tækju að sér þessa þjónustu — sem ég hef allan fyrirvara á — ég verð að segja það eins og er og finnst þetta orðalag hér mjög loðið.

Mig langar aðeins að víkja að fjármögnuninni. Svo mikið sem hægt er að komast til botns í því hvað þetta þýðir þá fer fjmrn. aðeins inn á það mál í umsögn sinni og þar er vitnað til þeirra áætlana sem hafa verið unnar um þjónustuþörf og hvernig eigi að tæma biðlistana sem liggja nú fyrir um búsetuþörf og verið er að tala um að það eigi að gera á sjö ára tímabili. Stofnkostnaður verði 4 milljarðar og í viðbót við rekstrarkostnað kosti það 700 milljónir ef ég skil málið rétt. Eru það þær áætlanir sem verða lagðar til grundvallar varðandi fjármögnunina? Liggur eitthvað fyrir um það?

Það hefur líka verið rætt um að meta eigi þjónustuþörf hvers og eins fatlaðs þannig að greitt væri samkvæmt því, en ég spyr: Hefur verið tekin ákvörðun um þá stefnu að farið verði í fjármögnunina samkvæmt þeim áætlunum sem hafa verið gerðar? Þá er ég fyrst og fremst að tala um búsetuna vegna þess að auðvitað koma til margir fleiri þættir.

Ég hef líka áhyggjur af húsnæðismálunum. Hér var komið inn á að verið er að draga verulega úr skyldum sveitarfélaga frá því sem er í núgildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi félagslegar eignaríbúðir og kaupleiguíbúðir sem er náttúrlega afleiðing af því þegar félagslega kerfinu var lokað. Ég nefni t.d. Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem ég geri miklar athugasemdir við að verið sé að leggja niður án þess að við höfum nokkuð fyrir framan okkur hvernig verður staðið að fjármögnun með öðrum hætti. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur gegnum árin frá því að hann var stofnaður lyft grettistaki í því að koma á öflugri uppbyggingu á þjónustu við fatlaða um land allt, sambýli, ýmiss konar þjónustu sem ég hygg að flestir séu sammála um að aldrei hefði orðið af ef ekki hefði notið við þessa sjóðs. Sjóðurinn veitir t.d. 10% í fjármögnun á húsnæði fyrir félagasamtök þannig að þau hafa hingað til getað fengið 100% fjármögnun á húsnæði fyrir fatlað fólk. Nú er verið að leggja þetta af. Hvað kemur í staðinn fyrir þau 10% sem sjóðurinn hefur lánað til félagasamtaka? Mikil stefnubreyting hefur átt sér stað varðandi félagslegt húsnæði og leiguhúsnæði og ég spyr ráðherrann t.d. um hvort tekin hafi verið ákvörðun um þær leiguíbúðir sem verður úthlutað á þessu ári, til að mynda til félagasamtaka um vaxtakjörin. Það hlýtur að liggja fyrir núna. Þetta voru tiltölulega fáar íbúðir á síðasta ári og áformuð á þessu ári sem átti veita með 1% vöxtum. Ég man ekki betur en að það hafi verið niðurstaðan að þetta yrði síðasta árið sem veitt yrði fjármagn með niðurgreiddum vöxtum.

Ég sé ekki fyrir mér að sveitarfélög sem hafa byggt mjög fáar leiguíbúðir þrátt fyrir 1% vexti, þrátt fyrir mjög niðurgreidda vexti, fari allt í einu þegar vextir eru komnir kannski upp í 5–6% að byggja mikið af leiguhúsnæði eða sérstöku húsnæði fyrir fatlaða. Fatlaðir þurfa í mörgum tilvikum mjög sérhannað húsnæði og ég er ekki farin að sjá fyrir mér að sveitarfélögin geri mjög mikið í því að byggja það sérhannaða húsnæði sem þarf.

Hæstv. ráðherra hefur bent á leiguhúsnæði þegar þetta hefur komið til tals. Leiguhúsnæði, sem hentar fyrir þá sérhönnun sem þarf oft á uppbyggingu á húsnæði fyrir fatlaða, er bara ekki á hverju strái.

Síðan nefni ég að eftir því sem ég hafði vitneskju um þá var niðurstaðan í nefndinni að leggja niður sólarhringsstofnanir líkt og gert hefur verið t.d. í Noregi og Svíþjóð. Ráðherrann hafði ætlað að skipa nefnd með aðkomu að mig minnir Greiningarstöðvarinnar sem átti að meta þörfina hjá

þeim sem eru á þessum sólarhringsstofnunum og það átti að leysa þarfir þeirra á grundvelli þess frv. sem við erum að fjalla um sem væntanlega verður að lögum á næsta ári.

Nú skilst mér að fallið hafi verið frá þessu og ég spyr um það: Var fallið frá þessu með þeim hætti að verið sé að festa í sessi þær sólarhringsstofnanir sem nú starfa og það hafi verið gert eftir að hagsmunasamtök fatlaðra komu að málinu?

Ég vil líka spyrja um það sem mér þykir mjög athyglisvert en það eru breytingar sem hæstv. ráðherra hefur fallist á frá því að laganefnd skilaði tillögum sínum. Ég spyr: Var það gert í samráði við samtök fatlaðra eða þeirra sem eiga að njóta þessarar þjónustu? Það stendur í þeim breytingum sem ráðherrann samþykkti að tilhlutan, að mér skilst, Sambands ísl. sveitarfélaga: „Óþarft þótti að taka fram í 4. gr. frv. að stefnumótun færi fram í félmrn. og í 10. gr. var felld brott ein af grundvallarreglum frv., að félmn. skyldi í störfum sínum eiga samráð við félagasamtök og hagsmunasamtök þeirra sem félagsþjónustu njóta við uppbyggingu og stefnumótun þjónustunnar."

Mér finnst afleitt ef þetta hefur verið niðurstaðan vegna þess að það var alltaf grundvallaratriði í lögum um málefni fatlaðra, og kom fram í 1. gr., að við framkvæmd á markmiðum laganna átti að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra. Er verið að falla frá því í þessu frv.?

Ég spyr: Er gert ráð fyrir því að félag langveikra barna, Umhyggja, eða Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, sem nú fyrst fá skýran rétt í þessu frv., eigi aðild að einhverju samráði um framkvæmd þessara laga? Ég sé ekki að í nefnd sem á að fylgjast með hvernig þetta frv. virkar eigi t.d. sæti fulltrúi frá Umhyggju. Ég spyr ráðherrann hvort hann geti ekki fallist á að eðlilegt sé þegar er verið í fyrsta skipti að móta lög sem taka til langveikra barna að fulltrúi þeirra eigi sæti í þeirri nefnd.

Síðan kemur fram í þeim breytingum sem ráðherrann gerði og féllst á að skylda sveitarfélaga varðandi forvarnastarf gagnvart áhættuhópum er ekki jafnafdráttarlaust orðuð og laganefndin lagði til. Þetta er mjög alvarlegt. Hvað erum við tala um í forvarnastarfið? Erum við að tala um fíkniefnavarnir? Hvað erum við að tala um? Er virkilega verið að draga úr skyldum sveitarfélaganna varðandi forvarnastarf? Hver er þá skýringin á því?

Síðan er verið að draga úr skyldu sveitarfélaganna eða orðalagi þar til þess að hafa nægt framboð á leiguhúsnæði. Það er ekki jafnfortakslaust orðað og fram kom í frumvarpsdrögum laganefndar. Alls staðar hefur verið slakað á í þessu efni.

Við gjaldtökuheimild frv. bætist nýr liður, 7. töluliður, þess efnis að sveitarfélögunum væri heimil gjaldtaka fyrir eftirlit með rekstraraðilum og leyfisveitingar svo og ákvæði um að sveitarfélögum verði heimilt að taka húsaleigu af einstaklingum sem búa í húsnæði sem ætlað er til að mæta sérþörfum.

Þetta finnst mér slæmt ef þarna hefur verið slakað svona mikið á. Ég sé að tími minn er að renna út en ég hefði viljað fara nánar ofan í gjaldtökuákvæðin í þessu frv., bera þau saman við þau sem fyrir eru vegna þess að gjaldtökuákvæðin, sem fyrir eru, hafa ekki verið nýtt í mörgum tilvikum, t.d. varðandi skammtímavistun, liðveislu o.s.frv., en þarna skilst mér að nú sé heimildin að víkka út og full ástæða sé til þess að ætla að gjaldtaka hjá sveitarfélögunum verði aukin þegar verkefnin flytjast þar yfir frá því sem nú er, miðað við það sem fram er sett í þessu frv. Þetta vildi ég spyrja ráðherrann um varðandi gjaldtökuheimildirnar.

Ég spyr líka: Hvað með samráð um setningu reglugerðar samkvæmt 54. gr. við Samtök fatlaðra og Umhyggju. Verður haft samráð við þau um setningu reglugerðar?

Ég sé að tími minn er búinn og ég hafði ýmislegt meira að athuga við þetta frv., t.d. varðandi langveik börn, sem ég verð þá að taka upp í síðari ræðu minni.

[16:58]

Útbýting þingskjala:

Eldsneytisafgreiðsla á Egilsstaðaflugvelli, 456. mál, fsp. ÞBack, þskj. 732.

Fjöldi starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og veiting húsnæðislána, 454. mál, fsp. MSv, þskj. 729.

Innherjaviðskipti og dreifð eignaraðild, 453. mál, fsp. MSv, þskj. 728.

Meðferð ályktana Alþingis, 457. mál, fsp. RG, þskj. 733.

Þóknun LÍÚ fyrir innheimtu tryggingagjalds, 455. mál, fsp. MSv, þskj. 730.

[16:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta frv. er komið hér fram og er til 1. umr., svo lengi er nú búið að bíða eftir því að við sjáum hvernig verður staðið að því að samræma lög um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Framsaga hæstv. ráðherra var ekki löng eða efnismikil en bætt um betur þar sem mér sýnist að við höfum fengið þrjár framsöguræður varðandi þetta frv. þar sem a.m.k. tveir hv. þm. áttu sæti í nefndinni sem samdi frv. og gekk frá því. Við höfum þess vegna fengið nokkuð ítarlega innsýn í það hvernig nefndin starfaði og hver voru þau markmið sem nefndin setti sér og vinnureglur.

Ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum, þá fyrst og fremst með það að þó svo að við höfum tekið ákvörðun á Alþingi um að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna, þá sýnist mér að þó að búið sé að leggja mikla vinnu í að samræma gildandi lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og málefni fatlaðra sé töluvert mikið verk eftir óunnið. Þess vegna var gott að heyra hjá hæstv. ráðherra að hann ætlaði að senda frv. út til ítarlegrar skoðunar og ekki væri ætlunin að flýta afgreiðslu þess núna á vorþingi heldur að taka nægan tíma til þess að vinna það með öllum þeim aðilum sem hlut eiga að máli. Flestir þessir aðilar áttu sæti í nefndinni og komu að því að semja frv. Engu að síður hafa verið gerðar töluverðar athugasemdir og þá kannski ekki síst við það að mikið vantar upp á, sýnist mér, að sá fjárhagsrammi sé tryggur sem sveitarfélögin þurfa að hafa til þess að geta sinnt þeim verkefnum sem verið er að leggja til að flutt verði yfir til þeirra.

Ef farið er yfir frv. og einstakar greinar þess er af nógu að taka hvað varðar verkefni sem geta orðið sveitarfélögum mjög erfitt viðfangsefni og erfitt að ráða fram úr, standast þau lög sem ætlunin er að setja. Hins vegar er það líka nýmæli að af hálfu ráðuneytisins eigi að leggja mat á hvort markmiðum félagsþjónustu hafi verið náð í einstökum sveitarfélögum, sbr. 4. mgr. 7. gr., eins og kemur einnig fram í 4. gr. frv. um stjórn og skipulag, yfirstjórn, verkefni félmrn., þar sem þau eru tíunduð. Mér sýnist að í fyrsta skipti eigi að hafa eftirlit með því hvort framkvæmd laga hvað varðar félagsþjónustu sveitarfélaga og málefni fatlaðra sé framfylgt í einstökum sveitarfélögum.

Kannski er kominn tími til að fara í slíka skoðun en hefði ekki verið eðlilegt að við hefðum lagt á það mat hvort framkvæmdin hefur verið í lagi á meðan málefni fatlaðra falla undir yfirumsjón félmrn.? Ég hef reyndar hugsað það, virðulegi forseti, hvort ekki væri rétt að fá stjórnsýsluúttekt eins og er verið að gera á einstaka stofnunum sem falla til einstakra ráðuneyta þar sem verið að gera bæði bókhalds- og stjórnsýsluúttektir. En er ekki löngu orðið tímabært að Alþingi fari fram á stjórnsýsluúttekt á hverju einstöku ráðuneyti, þeim lögum sem falla til þess ráðuneytis og framkvæmd þeirra, hvernig staðið er að verki? Það væri þá hlutverk Alþingis að fá Ríkisendurskoðun eða aðra þar til bæra aðila til að framkvæma slíka stjórnsýsluathugun.

Ég fagna því hins vegar að það er a.m.k. ætlunin að setja lög þar sem á að vera sérstakt eftirlit með framkvæmd laga, hert til muna og meira en ég hef séð í öðrum lögum og lögð meiri áhersla á eftirlitsþátt og rannsóknar- og þróunarstarfsemi sem þýðir þá að afla á upplýsinga frá sveitarfélögum um framkvæmd einstakra atriða og einstaka þætti laganna. Út af fyrir sig er mjög jákvætt að setja þetta eftirlitsákvæði inn en við hefðum átt að skoða það fyrr.

Ég hef líka velt fyrir mér með tilliti til byggðasjónarmiða, sem hefur áður verið nefnt af þeim þm. hv. sem hafa talað á undan mér, hverjir eru möguleikar einstakra lítilla sveitarfélaga til að framfylgja frv. ef það yrði samþykkt og yrði að lögum. Mér sýnist þetta algjörlega útlilokað fyrir minni sveitarfélögin. Ekki eingöngu ýmis framkvæmdaratriði í frv. heldur og ekki síður fyrir félagsmálanefndir í litlum sveitarfélögum, kunningjasamfélögum. Að vísu er talað um að efna megi til samstarfs milli sveitarfélaga, sem er jákvætt, en það er líka nefnt í frv. að það séu einstakir þættir sem ekki sé hægt að mynda byggðasamlög um. Ég vil heyra frá hæstv. ráðherra hvernig það er metið, hvaða þættir það eru sem nefndin sem starfaði á vegum ráðuneytis taldi að ekki gætu fallið undir svokölluð byggðasamlög.

Það hefur verið afar erfitt að framkvæma t.d. barnaverndarlögin í litlum sveitarfélögum þar sem barnaverndarnefndir hafa starfað í kunningjasamfélögum sem hér eru nefnd. Mér sýnist að útvíkkað hlutverk félagsmálanefnda eins og það er sett hér muni verða afar erfitt í framkvæmd hjá smærri sveitarfélögunum fyrir utan að það kostar miklu meira. Þarna er verið að leggja mikinn kostnað á sveitarfélögin og þó að heimildir séu til gjaldtöku, sem ég kem betur að á eftir, er það líka markmið frv. að gjaldtakan verði ekki meiri en hún er nú þegar á t.d. fötluðum sem þurfa að nota ferðaþjónustu og ýmsa þjónustu á vegum sveitarfélaga. Ekki er ætlað að gjaldtakan verði meiri en hún er í dag en samt sem áður er verið að rýmka gjaldtökuheimildirnar og færa þær yfir á fleiri þætti en er í gildandi lögum um málefni fatlaðra og um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Auðvitað er mjög erfitt, þegar horft er á markmiðin sem sett eru fram í 1. gr. laganna, að skilgreina nákvæmlega það sem þar stendur og hlýtur að hafa verið erfitt nefndinni að útfæra markmiðslýsinguna ef horft er á þá liði sem settir eru fram í 1. gr. Það er fyrir það fyrsta að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti. Hvar setjum við mörkin? Tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna, veita aðstoð til sjálfstæðs lífs og virkrar þátttöku í samfélaginu.

Þessi c-liður hlýtur að vera sá liður sem við horfum ekki síst til þegar við hugum að því að lög um málefni fatlaðra eru felld inn í rammalöggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er mjög erfitt að skilgreina til hlítar hvað felst í þessari markmiðslýsingu eins og reyndar kemur fram í öðrum greinum frv. þar sem talað er um eðlilegt og mannsæmandi líf eins og í 15. gr. þar sem er fjallað um almenn ákvæði um rétt einstaklinga til félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga. Þar segir um inntak réttarins:

„Þeir sem þurfa á aðstoð og þjónustu að halda til að geta lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi eiga rétt samkvæmt lögum þessum."

Það er kveðið á um þetta eðlilega og mannsæmandi líf í greinum í frv. Ég hef hugsað mér, virðulegi forseti, á þeim takmarkaða tíma sem við höfum, að fara aðeins yfir þetta og þá með tilliti til þess að hér er verið að tala um réttindi fatlaðra einstaklinga og m.a. langveikra barna því nú eru tekin inn, sem mér finnst mjög jákvætt, réttindi langveikra barna og þau felld saman við réttindi fatlaðra barna. En svo kem ég aðeins nánar að þeirri skilgreiningu hvað er langveikt barn hér á eftir.

Í 24. gr. frv. er talað um eðlilegt og mannsæmandi líf og þar segir: „Um skyldur sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð og rétt fólks til aðstoðar er vísað til 3. gr. frv. annars vegar og 15. gr. hins vegar. Um inntakið í réttinum til aðstoðar er kveðið á í 15. gr. þar sem segir að rétt til aðstoðar eigi þeir sem þurfi á henni að halda til að geta lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi."

Það er síðan farið í það í einstökum greinum að segja í hverju það felst að geta lifað eðlilegu og mannsæmandi lífi.

Nefndin sem hefur samið frv. hefur unnið mjög gott starf og ég er ekki að draga úr því. Þarna er um mjög viðamikla málaflokka að ræða sem snerta líf nánast hvers einasta einstaklings sem býr í sveitarfélagi. Þýðir það þá alla landsmenn og reyndar einnig þá sem hafa búsetu tímabundið á landinu — og ekki er alltaf hægt að fara eftir því hvar viðkomandi einstaklingur hefur lögheimili heldur hvar hann hefur búsetu á hverjum tíma.

Ég býst við að þessi nefnd hafi haft til hliðsjónar allar þær skýrslur sem menn hafa skilað um þessa hópa og réttindi þeirra og þarfir á undanförnum árum. Þannig vill til að skýrslu starfshóps um menningar- og tómstundastörf fatlaðra, sem var unnin af starfshóp á vegum félmrn., var skilað í október 1999. Þessi skýrsla var unnin eftir að Alþingi samþykkti þáltill. sem ég flutti. Hún var samþykkt 4. júní 1996 og var svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. að láta kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið sumarleyfa, tómstunda, lista og menningarlífs á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu og gera tillögur um úrbætur. Tryggt verði að fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp komi að málinu."

Eftir að þessi þáltill. var samþykkt skipaði hæstv. félmrh. nefnd sem skilaði skýrslu og hún hefur unnið mikið og langt starf, virðist vera, því að þáltill. var samþykkt 1996 og nefndin skilaði af sér í október 1999. Nefndin gerði úttekt á stöðu þessara mála, þ.e. möguleikum fatlaðra til menningar- og tómstundastarfa á landinu, ekki bara í sveitarfélögum heldur hjá félagasamtökum, og virðist hafa leitað fanga mjög víða og gert það mjög vel. Þeir notuðu sem viðmiðun við verkefni sitt skýrslu Sameinuðu þjóðanna, skýrslu sem var unnin um ákvæði þess efnis að fatlaðir hefðu möguleika til tómstundastarfa og m.a. þátttöku í íþróttum.

Í upphafi þessarar skýrslu Sameinuðu þjóðanna segir, með leyfi forseta:

„Í umfjöllun um afmörkun og skilgreiningu á verkefninu hafði starfshópurinn", þ.e. starfshópur félmrn., „til hliðsjónar þau atriði sem koma fram í grg. með fyrrgreindri þáltill., en einnig var stuðst við skýrslu Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra, einkum þær reglur sem fjalla um tómstundir, menningu og aðgengi."

Þar er fjallað um í fyrsta lagi 5. reglu úr skýrslu Sameinuðu þjóðanna um aðgengi og m.a. bent á mikilvægi aðgengis hvað snertir jöfnun tækifæra á öllum sviðum samfélagsins. Stofna skyldi til framkvæmdaáætlana í því skyni og gera umhverfið aðgengilegt fyrir fólk með fötlun af ýmsu tagi og enn fremur að gera ráðstafanir til að veita aðgang að upplýsingum. Aðildarríkin skyldu tryggja að arkitektar, byggingarfræðingar og aðrir sem hafa með höndum hönnun og byggingu mannvirkja hafi aðgang að viðeigandi upplýsingum um stefnumörkun í málefnum fatlaðra og ráðstafanir í því skyni að tryggja aðgengi.

Þá segir einnig í 5. reglu að stuðla skuli að þróun langtímaáætlana í því skyni að gera upplýsingaþjónustu og gögn aðgengileg fyrir hina ýmsu hópa fatlaðra. Blindraletur, segulbandsþjónusta, stækkað letur og önnur viðeigandi tæki skyldu notuð til að veita blindu og sjónskertu fólki aðgang að rituðum upplýsingum og gögnum. Með sama hætti skyldi nota viðeigandi tæki til að veita þeim sem eru heyrnarskertir eða eiga erfitt með að skilja talað mál aðgang að upplýsingum. Þroskaheftir þurfa að eiga aðgang að auðlesnu efni og einföldum merkingum.

Í niðurstöðum skýrslunnar kemur fram að pottur er verulega brotinn hjá okkur hvað varðar þessa framkvæmd.

Í 10. reglu úr skýrslu Sameinuðu þjóðanna er fjallað um menningu og þar segir m.a. að í aðildarríkjum skuli fötluðu fólki gert kleift að vera hluti af og taka þátt í menningarviðburðum á jafnréttisgrundvelli. Dæmi um slíkt er dans, tónlist, bókmenntir, leikhús og þátttaka í listum. Þá skuli stuðla að því að fatlaðir hafi greiðan aðgang að þeim stöðum þar sem boðið er upp á viðburði og þjónustu á sviði menningar, svo sem leikhús, söfn, kvikmyndahús og bókasöfn.

Það þarf náttúrlega ekki að segja hv. þm. að þarna er líka verulega pottur brotinn og mjög erfitt fyrir fatlaða einstaklinga, jafnvel í Reykjavík, að taka þátt í menningar- og listviðburðum.

Í 11. reglu í þessari skýrslu er fjallað um tómstundir og íþróttir og möguleikana til þess að sækja ýmiss konar skemmtanir, samkomuhús, íþróttahús o.s.frv. og tómstundir og ferðalög. Þarna er líka pottur brotinn hvað varðar t.d. fylgd fatlaðra einstaklinga þegar um dvalir erlendis er að ræða en ekki síður um möguleikana til orlofsdvalar hér á landi og er það eingöngu háð velvilja margra stéttarfélaga að fatlaðir hafi þessa möguleika til þess að dveljast t.d. í sumarhúsum. Síðan er fjallað í 12. reglu um möguleika til trúariðkana.

Í stuttu máli er það niðurstaða skýrslunnar að öllu þessu starfi sé verulega ábótavant hér á landi. Þegar þáltill. var samþykkt á sínum tíma var talað um að niðurstaða skýrslunnar yrði notuð þegar ætti sér stað endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nú er ég búin að fara yfir hverja einustu grein í frv. og ég er búin að lesa alla grg. en mér sýnist að það sé ekki nema að mjög litlu leyti tekið tillit til þeirra tillagna sem fram koma í niðurstöðu þess starfshóps sem skilaði skýrslu í október 1999. Það er auðvitað mjög slæmt.

Ég hef fullan hug á því að við tækjum þá þætti sérstaklega til umræðu og þá ekki hvað síst möguleika fatlaðra t.d. til að vera og dveljast erlendis, þeir eru mjög takmarkaðir og oft háðir því að einstaklingar séu tilbúnir til að fara í hreinu sjálfboðaliðastarfi með fötluðum einstaklingum til dvalar í skamman tíma erlendis. Þarna þurfa að koma til verulegar breytingar og þetta hefur auðvitað kostnað í för með sér sem hefur ekki verið fjallað um hér og er ekki fjallað um í frv. sjálfu.

Ég hef efasemdir hvað varðar húsnæðismálin að Framkvæmdasjóður fatlaðra sé felldur niður strax. Ég hefði talið eðlilegt að hann starfaði áfram fyrstu árin sem lögin væru í gildi, þar til væri búið að ganga tryggar frá þessum þætti en annars hef ég engu við það að bæta sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi áðan.

Síðan er í grg. þar sem segir um 2. gr. Þar er m.a. tekið fram að þar sem fötlun er nefnd sérstaklega í frv. er lagður sams konar skilningur í það hugtak og gert er í lögum um málefni fatlaðra frá 1992. Ég spyr hæstv. ráðherra vegna þess að það hefur áður komið fram í umræðum hér hvort hann telji ekki ástæðu til þess að það eigi sér stað ný skilgreining á fötlun og fötlunarmati og þá um leið þeirri þjónustu sem veita á. Það er ekki vinsælt að segja það, en það er þannig að við erum með t.d. í fjölbrautaskólunum einstaklinga sem eiga mjög erfitt með að samlagast því lífi sem þar er og því námi sem þar stendur til boða, en engu að síður er engin skilgreining til staðar þar sem um verulega fötlun er að ræða og þá hvar eigi að veita þjónustu í þeim tilvikum. Eins vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Er ekki ástæða til að taka upp skilgreininguna hvað varðar hugtakið langsjúk börn? Þar segir: Hugtakið langsjúk börn er hvergi skilgreint nákvæmlega en almennt er átt við þau börn sem þurfa að vera undir læknishendi a.m.k. þrjá mánuði samfellt vegna sjúkdóms sem hefur veruleg áhrif á daglegt líf barns. Ég hef áður nefnt að ég tel mikla nauðsyn á að menn taki undir þessa skilgreiningu ung börn sem eru í fíkniefnaneyslu. Það er mikil nauðsyn á því, bæði hvað varðar félagsleg réttindi og ekki síður að þessi börn og foreldrarnir njóti þeirra réttinda sem heilbrigðislöggjöfin kveður á um.

Virðulegi forseti. Tími minn í pontunni er að verða útrunninn og þó eru mörg atriði sem ég vildi gjarnan taka upp. Ég kem kannski aftur til að ræða m.a. mismunandi möguleika sveitarfélaganna og útvíkkunina á ferðaþjónustu fyrir fatlaða. Hún er ekki í nógu góðu lagi hér í Reykjavík í dag. Ef á að útvíkka hana enn frekar þýðir það að þeim mun fjölga sem eiga rétt á henni, ásóknin verður meiri og þá er ekki hægt að veita nægjanlega góða og öfluga þjónustu með þeim farartækjum sem til staðar eru.

[17:19]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2002. Góður tími á því að gefast til að fara vandlega yfir frv. Það er ljóst að ekki eru allir sammála um að flytja þennan mikilvæga málaflokk frá ríki til sveitarfélaga, m.a. vegna þess hve sveitarfélögin eru misvel undir það búin. Frv. er öðru fremur ætlað að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðra. Þetta er metnaðarfullt frv. og vandað að allri gerð.

Herra forseti. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga voru samþykkt á Alþingi árið 1991. Þau lög mörkuðu vissulega tímamót í velferðarmálum á Íslandi og miklar framfarir á

sviði félagsþjónustu víða um land hafa orðið í kjölfar lagasetningarinnar. Þá voru í fyrsta sinn tekin í gildi í landinu heildstæð lög sem mæltu fyrir um skipan félagsþjónustu á vettvangi sveitarfélaga og félmrn. var falin yfirumsjón málaflokksins. Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga leystu af hólmi lög sem sett höfðu verið á löngum tíma um einstaka þætti félagsþjónustu, svo sem framfærslumál og heimilishjálp en framkvæmd þeirra laut ekki heildstæðu skipulagi á vegum sveitarfélaganna fyrr en í kjölfar setningar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Áður höfðu einstakir þættir málaflokksins heyrt undir fleiri en eitt ráðuneyti sem gerði alla stefnumótun og eftirlit með framkvæmd torveldari.

Áhrifa laga um félagsþjónustu sveitarfélaga frá 1991 tók að gæta fljótlega. Í könnun sem gerð var á vegum félmrn. árið 1996 höfðu 20 af 164 sveitarfélögum ekki enn skipað félagsmálanefnd samkvæmt lögunum og voru það öll sveitahreppar, langflest með íbúa vel innan við 500. Vegna þess að lögin mæltu fyrir um að verkefni á sviði félagsþjónustu féllu undir félagsmálanefndir sköpuðust víða forsendur fyrir ráðningu sérhæfðs starfsfólks þar sem ekkert var áður fyrr og mörg minni sveitarfélög sameinuðust um félagsmálanefnd. Árið 1996 höfðu 27 sveitarfélög valið þá lausn.

Sameining sveitarfélaga á undanförnum árum hefur leitt til þess að framkvæmd félagsþjónustu hefur fest sig í sessi. Stærri og öflugri sveitarfélög eru betur í stakk búin til að skipuleggja og veita faglega og vandaða þjónustu í samræmi við nútímakröfur. Það er ljóst að víðtæk samvinna sveitarfélaga um þessa þjónustu þarf að takast ef og þegar frv. þetta verður að lögum. Ef litið er t.d. á Suðurland eru e.t.v. ekki nema fjögur sveitarfélög sem rísa undir þeirri þjónustu sem veita á og jafnvel ekki nema tvö ef Ölfus og Hveragerði eru talin frá. Þetta er ekki endilega vegna fjárhagslegra ástæðna heldur er um að ræða að ekki er möguleiki á að hafa öfluga félagsmálastofnun starfandi í nokkur hundruð manna sveitarfélögum eða jafnvel fámennari. Því er víðtækt samstarf, samvinna og/eða sameining sveitarfélaganna nauðsynleg. Meginforsenda að góðri félagsþjónustu er að hæft starfsfólk með viðeigandi menntun hafi umsjón með henni.

Lög um málefni fatlaðra, sem tóku gildi árið 1992, fólu í sér marghátttaðar breytingar frá fyrri lögum. Á meðal helstu nýmæla var að ábyrgð sveitarfélaganna um málefni fatlaðra var aukin frá því sem áður var. Lögin kveða á um rétt fatlaðra til allrar almennrar þjónustu sem mælt er fyrir í lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga og að réttur samkvæmt lögum um málefni fatlaðra væri þá aðeins fyrir hendi að þjónustuþörf hins fatlaða væri meiri en svo að henni yrði fullnægt innan almennrar þjónustu. Rökin fyrir því að þjónusta við fatlaða skuli vera viðfangsefni sveitarfélaga en ekki ríkis eru margþætt. Fyrst og fremst er þó um að ræða sjónarmið um nærþjónustu annars vegar og jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hins vegar. Fatlaðir eru ekki einslitur hópur, fötlun er margvísleg og misjöfn og það sama á um við um þarfir einstaklinga.

Markmið opinberrar þjónustu við fatlaða felst öðru fremur í að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þegna þjóðfélagsins og skapa þeim skilyrði til eðlilegs lífs. Þessum markmiðum verður aðeins náð með því að aðlaga þjónustuna við þarfir þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta en ekki öfugt. Þjónustan verður að taka mið af einstaklingnum eins og hann er hverju sinni og í því félagslega umhverfi sem hann lifir í. Því verður þjónustan að vera staðbundin og aðgengileg hinum fatlaða. Skipulag og framkvæmd þjónustu verður því aðeins í eins mikilli nálægð og kostur er. Fatlaðir eru ekki einir um að þarfnast þjónustu til þess að geta notið eðlilegs lífs. Markmið félagsþjónustu sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar.

Herra forseti. Á undanförnum árum hefur viðhorf til þjónustu fatlaðra breyst. Í núgildandi lögum er að finna aðrar áherslur en í eldri lögum. Nú eru þau sjónarmið ríkjandi að fatlaðir búi eins sjálfstætt og mögulegt er. Samhliða áframhaldandi uppbyggingu sambýla hefur verið lögð áhersla á sjálfstæða búsetu fatlaðra með sérstökum stuðningi. Framkvæmdasjóði fatlaðra var heimilað að greiða sérstakt framlag til viðbótar þeirri fyrirgreiðslu sem Húsnæðisstofnun ríkisins veitti tekjulágu fólki til húsnæðisöflunar. Samhliða voru sett í lögin ákvæði um liðveislu og frekari liðveislu sem ásamt heimaþjónustu mynda heildstæða þjónustu fyrir þá fatlaða sem búa á eigin vegum.

Við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og þar með með samruna málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga er ljóst að hlutverki sjóðsins er þar með lokið og verkefni hans verða hluti af verkefnum félagsþjónustu sveitarfélaga eins og aðrar skyldur sveitarfélaga á þeim vettvangi.

Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir að atvinnumál fatlaðra heyri undir Vinnumálastofnun og í lögum um málefni fatlaðra eru ítarleg ákvæði um atvinnumál fatlaðra sem eru til þess fallin að auka möguleika þeirra til að starfa á almennum markaði. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt. Undir atvinnumál fatlaðra eru einnig felld hæfing, iðja og þjálfun. Starfsráðgjöf, atvinnuleit og vinnumiðlun fatlaðra er talið augljóst að falli að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir sem þýðir að um leið og þetta frv. er orðið að lögum og lög um málefni fatlaðra falla úr gildi munu starfsráðgjöf, atvinnuleit og vinnumiðlun falla undir lög um vinnumarkaðsaðgerðir og færast til Vinnumálastofnunar.

Herra forseti. Nú þegar hafa allmörg sveitarfélög tekið að sér málefni fatlaðra. Akureyrarbær tók að sér þjónustu við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu árið 1996. Húsavíkurkaupstaður, síðar Félagsþjónusta Þingeyinga, tók að sér þjónustu á Þingeyjarsvæðinu 1997. Hornfjarðarbær tók að sér þjónustu við fatlaða á Suðausturlandi árið 1997. Árið 1999 var gerður samningur milli félmrn. og byggðasamlags um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra. Vestmannaeyjabær tók að sér þjónustu við fatlaða með samningi dagsettum 3. jan. 1997. Reynsla allra þessara sveitarfélaga er góð og hafa samningar við þau verið framlengdir.

Í ákvæði til bráðabirgða II, um sjálfseignarstofnanir, er gert ráð fyrir að félmrn. og Samband íslenskra sveitarfélaga skuli beita sér fyrir því að sjálfseignarstofnanir og sveitarfélög sem þess óska geri samkomulag um fyrirkomulag á rekstri þeirra fyrir 1. ágúst árið 2001. Þær sjálfseignarstofnanir sem um er rætt eru sjálfseignarstofnanir á vegum félagasamtaka, þ.e. Geðhjálpar, Blindrafélagsins, Styrktarfélags vangefinna og Þroskahjálpar á Reykjanesi, svo og sjálfseignarstofnunarinnar Sólheima, Skaftholt og Skálatún. Í greininni felst að áfram verður mögulegt að ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga semji við sjálfseignarstofnanir um framhald þjónustu sem þær hafa annast.

Herra forseti. Varðandi 26. gr., um að fjárhagsaðstoð til sambúðarfólks skuli ákvarðast með sama hætti og til hjóna, þá tek ég undir með hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur að sambúðarformið er ekki það sama. Annað er löggilt en hitt

ekki. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort ekki þurfi að fylgja með, ef af þessu verður, samsköttun sambúðarfólks?

Herra forseti. Jón Björnsson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í laganefndinni, setti fram nokkra fyrirvara um kostnaðarauka, skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti sveitarstjórna, um óljós ábyrgðarmörk ríkis og sveitarfélaga og um tekjustofna. Ég tek undir fyrirvara hans. Það þarf að leggja mikla vinnu í að skoða væntanleg áhrif frv. á kostnað við félagslega þjónustu og tryggja tekjustofna á móti. Hugmyndir fjmrn. um kostnaðarauka sveitarfélaga vegna frv. eru óljósar og ekki nægilega rökstuddar og geta því ekki orðið grundvöllur að samkomulagi um tekjustofna.

Ég endurtek að ég tel frv. vera til mikillar fyrirmyndar og til bóta og ég veit að það mun fá góða yfirferð í félmn.

[17:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem aðrir hv. þm. hafa sagt og fagna því að frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga skuli vera komið fram. Þetta er umfangsmikið frv., tekið er á mörgum og mikilvægum þáttum sem snerta félagsþjónustu sveitarfélaganna, þjónustu og rétti borgaranna. Ég mun aðeins koma inn á örfá atriði sem tengjast frv.

Í fyrsta lagi vil ég taka undir þau orð sem hér hafa fallið um að frv. megi kveða skýrar á um hver þjónustan skuli vera, hafa skilgreininguna skýrari á fötlun og þeim verkefnum sem lögin eiga að taka til og þá megi líka skilgreina betur og markvissar þau réttindi sem ætlunin er að uppfylla. Það er býsna loðið að tala um mannsæmandi líf þó að góð meining sé á bak við það. Mér finnst það of loðin skilgreining í stefnumörkuninni.

Þá vil ég einnig láta í ljós þá skoðun mína að ég tel að það eigi ekki að vera svo afmörkuð skil á milli ábyrgðar ríkisins og ábyrgðar sveitarfélaganna gagnvart þessum verkefnum. Þetta eru margs konar viðfangsefni og margs konar tilvik geta komið upp. Sum þeirra er kannski ekki einu sinni fært að leysa á grundvelli einstakra sveitarstjórna heldur getur verið nauðsynlegt að leysa þau á landsgrundvelli. Ýmis sveitarfélög eru þannig í stakk búin hvað varðar félagslega, þjónustulega og fjárhagslega möguleika þeirra, að þau geti ekki axlað slíka ábyrgð í öllum tilvikum, þrátt fyrir að til komi algildir tekjustofnar. Mér finnst því að þarna ætti að vera meira svigrúm um meiri sameiginlega ábyrgð og að verkefni gætu skarast.

Þetta lýtur líka að fjármögnuninni. Auðvitað hefði verið gott að þessu frv. hefði fylgt ákveðið líkan að því hvernig tekjustofnar mundu fylgja, hvernig mögulegt væri fyrir sveitarfélögin að axla þá ábyrgð sem þarna er gert ráð fyrir að færa til. Raunhæfni frv. hvílir einmitt mjög þungt á fjármögnuninni. Það gæti sjálfsagt verið ein hugmynd að fela tekjustofnana jöfnunarsjóði til útdeilingar, en þá veltir maður því fyrir sér hvaða stöðu jöfnunarsjóður er að komast í ef hann er í auknum mæli að taka að sér það hlutverk sem ríkið sjálft og Alþingi ættu að hafa, þ.e. að hafa milligöngu um ráðstöfun fjár til jöfnunar lífskjara og réttar til þjónustu.

Ég vil líka minna á að í sambandi við úthlutunarreglur jöfnunarsjóðsins er mismunun milli sveitarfélaga, bæði eftir stærð og eftir tekjum. Þess vegna hlýt ég að leggja fram varnaðarorð gagnvart stöðu hinna minni og tekjulægri sveitarfélaga til að takast á við þessi verkefni og er sérstök ástæða til að hafa það mjög rækilega í huga verði það úr að þau verkefni færist með þeim hætti til sveitarfélaganna sem hér er gert ráð fyrir.

Í þessu sambandi vil ég einnig spyrja hæstv. félmrh. um vinnuna við að gera tillögur um tekjustofna til sveitarfélaganna tengda þessum verkefnaflutningi. Er ætlunin að þeirri nefnd sem nú starfar við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, sem á að skila af sér í sumar, sé ætlað að gera tillögur um tekjustofnatilfærsluna? Eða hvenær er að vænta tillagna um tekjustofna sem tengjast þá flutningi þessara verkefna?

Ég vil aðeins minnast á önnur atriði, herra forseti. Ég tel að það sé ekki rétt og ekki tímabært að fella burt ákvæði um störf ferlinefnda sem hafa haft það hlutverk að fylgjast með aðgengi að byggingum. Ég tel að það sé alls ekki tímabært. Þetta er svo mikilvægt atriði í þjónustunni og þeim réttindum sem fatlaðir eiga að hafa að það er varla tímabært að fella þessa nefnd burt.

Einnig get ég ekki látið hjá líða að minnast á það sem kemur fram í 36. gr., um þjónustusamninga, þ.e. að opna enn meira fyrir útboð og möguleika á einkavæðingu í þjónustu á þessu sviði. Það er sjálfsagt að sjálfseignarstofnanir sem starfa á grundvelli líknarfélaga og félaga sem tengjast þessum aðilum geti komið þarna að, en maður hlýtur að slá varnagla við því að hægt sé að fara að reka þetta sem einkarekstur á arðsemisgrunni, t.d. að ríkið færi að greiða eftir einhverjum ákveðnum þjónustueiningum og síðan væri viðkomandi rekstrararaðila heimilt að leggja á þjónustugjöld í ofanálag. Þarna væri þá komin mismunun eða flokkaskipt þjónusta eins og við erum t.d. að upplifa í menntakerfinu þar sem ríkið leggur fram til einkaskóla ákveðið magn á nemanda og síðan er viðkomandi skólum frjálst að innheimta skólagjöld og þannig fáum við lagskipt skólakerfi. Mig óar við því, herra forseti, ef verið er að opna möguleika á slíku í lögum og vona reyndar að svo sé ekki, en slæ verulegan varnagla við því.

Ég vil aðeins minnast á eitt sem stendur líka í 51. gr. sem dæmi um ónákvæmni og ég tel reyndar að geti verið varhugavert. Þar er kveðið á um að „aðstoð við íslenska ríkisborgara hjá umboðsmanni íslenska ríkisins erlendis og kostnaður við heimferð greiðist af lögheimilissveitarfélagi á Íslandi sé það fyrir hendi, enda liggi fyrir samþykki sveitarfélagsins, en ella úr ríkissjóði."

Í fyrsta lagi er þannig háttað að margir íslenskir ríksborgarar sem dvelja erlendis eiga ekki kost á því að vera að færa til lögheimilissveitarfélag sitt og þetta getur því komið óréttlátt niður. Í öðru lagi er svolítið loðið að segja: „enda liggi fyrir samþykki sveitarfélagsins". Mér finnst eðlilegt að ríkið axli þá ábyrgð gagnvart þeim sem stendur svona á um með dvöl erlendis. Ég hjó eftir þessu, herra forseti.

Þá vil ég nefna Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég held að þegar Framkvæmdasjóður fatlaðra var stofnaður hafi það verið gert af miklum metnaði og hug til þeirra verkefna sem honum var ætlað að sinna. Ég tel að hann hafi í sjálfu sér gert þar heilmikið gagn, bæði með áherslum sínum og beinni þátttöku. Þó svo að seinni árin hafi sá tekjustofn sem honum var markaður verið nýttur til almennra hluta í rekstri ríkisins er það ekkert til að hrópa húrra fyrir og er alls ekkert til fyrirmyndar og á ekki heldur að vera nein sérstök röksemd fyrir því að þessi sjóður starfi ekki áfram því að handa mörgu þessu fatlaða fólki þarf einmitt sérhannað húsnæði sem má búast við að sveitarfélög kinoki sér við að ráðast í byggingu á, séu ekki markaðir tekjustofnar til þess að styðja þar við.

Herra forseti. Ég hef aðeins nefnt hér nokkur atriði. Ég legg áherslu á að frv., þetta mikla og gríðarlega þýðingarmikla frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga, fái mjög vandaða meðferð í nefnd og allar hliðar þess verði skoðaðar mjög vandlega og legg áherslu á að fjárhagsleg og félagsleg *mismunun á stöðu sveitarfélaga og búsetu fólks má ekki* vera forsenda fyrir mismunun gagnvart þjónustu og aðgengi íbúanna til réttar síns og réttarþjónustu sem einstaklingar, fullgildir þegnar íslenska ríkisins.

[17:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn í umræðuna og byrja á að þakka fyrir það sem af er, því frv. hefur yfirleitt fengið jákvæðar viðtökur. Mér finnst þessi umræða vera málefnaleg. Ýmsar athugasemdir hafa komið fram. Mér var það ljóst sjálfum, sjálfsagt ljósara en flestum öðrum hv. þm., að margt orkar tvímælis þarna og margar þær athugasemdir sem hér hafa komið fram hafa haft fullan rétt á sér og koma að sjálfsögðu til skoðunar við áframhaldandi meðferð málsins, í fyrsta lagi í þingnefndinni og síðar í ráðuneytinu og væntanlega síðan aftur í þingnefnd þegar málið verður tekið til lokaafgreiðslu.

En ég vildi koma inn í umræðuna vegna þess að það eru nokkur atriði sem ganga aftur í ræðum hv. þm. og mér finnst vera á misskilningi byggð og ég vil koma á hreint strax. Það liggur alveg ljóst fyrir að ekki er ætlunin að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna öðruvísi en að peningar fylgi með, nægilegir peningar til þess að reka málaflokkinn á fullnægjandi hátt. Ég vil hafa alveg skýrt að það er ein grundvallarforsendan fyrir því að af þessu geti orðið.

Varðandi athugasemdir sem gerðar voru við frv. eftir að nefndin lauk störfum. Nefndin sem samdi frv. vann ákaflega mikið og vandasamt starf og ekki var einfalt að ná saman sjónarmiðum svo ólíkra og margra aðila sem að málinu komu en það tókst ágætlega. Það voru nokkur atriði sem út af stóðu og t.d. taldi Samband íslenskra sveitarfélaga að þau gengju gegn *stjórnarskrárbundnum, lögbundnum rétti sveitarfélaganna* til sjálfsforræðis. Það þurfti því að höggva á örfá atriði, en tiltölulega mjög fá. Bent hefur verið á það hér að það eru atriði sem nefndin tók ekki afstöðu til sem ég féllst á að setja í frv. Það er hugsanlegt að taka eitthvað af þeim út aftur ef mönnum sýnist svo. En ég bið menn að hafa það í huga að sveitarfélögunum er tryggt ákveðið sjálfsforræði og það ber okkur að virða.

Varðandi það sem verið er að flytja þá verða landsverk*efnin að vera á forræði ríkisins.* Einungis þau verkefni verða flutt til sveitarfélaganna sem tilheyra lögunum um málefni fatlaðra og eru staðbundin. Eins og hér hefur komið fram er komin nokkur reynsla á rekstur sveitarfélaganna á málaflokknum. Á Norðurlandi hafa sveitarfélögin alfarið tekið við þessum málaflokki. Á Norðurlandi eystra var tekið við málaflokknum fyrir töluverðum tíma og þeim líkaði ekki verr en svo að þau sóttu eftir því að endurnýja reynslusveitarfélagasamningana. Lögunum var breytt fyrir jólin þannig að heimild var fengin til þess að framlengja reynsluverkefni og búið er að gera nýja samninga bæði við Akureyri og Húsavík og ég vonast eftir að geta gengið frá þeim í næstu viku eða þar næstu.

Mismunandi stærð sveitarfélaganna hefur ekki reynst neinn þröskuldur. Á Norðurlandi vestra mynduðu sveitarfélögin byggðasamlag um málið og það hefur gengið prýðilega upp. Sveitarfélögin öll tóku þátt í þessu. Ekki var raskað miklu því góða skipulagi sem búið var að koma þar upp og það gengur alveg prýðilega. Í samningunum er m.a. tekið tillit til fyrirséðrar viðbótarþarfar á húsnæði fyrir fatlaða og mig minnir að þar verði bætt við einu sambýli á næsta ári og svona mætti lengi telja. Menn eru að reyna að sjá fram í *tímann og setja upp fjárhagsramma sem geti gengið.*

Því aðeins er ég að leggja mikla áherslu á að koma þessu frv. í umræðu að ég tel að það þurfi að skapa lagaramma sem er síðan hægt að kostnaðarmeta til fullnustu þannig að sveitarfélögin fái það sem þeim ber til að reka málaflokkinn. Til þess þarf að vera búið að skilgreina hvað sveitarfélögin eiga að gera. Þess vegna er þessi leið valin. Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni um kostnaðarmatið, þá er sérstök kostnaðarnefnd sem ætlað er að vinna við að kostnaðarmeta *flutning málaflokksins. Það tilheyrir ekki nefnd hv. þm.* Jóns Kristjánssonar, tekjustofnanefndinni, heldur tilheyrir það sérstakri kostnaðarnefnd sem er undir forustu Sturlaugs Tómassonar, deildarstjóra í félmrn. Hún er að vinna, hún er búin að afla mikilla gagna en ekki búin að ganga frá neinum tillögum.

Ég held að það liggi ljóst fyrir að við verðum að fara svipaða leið og þegar grunnskólinn var fluttur. Mér sýnist að eðlilegt væri að sveitarfélögin fengju aukna hlutdeild í staðgreiðslunni eins og var með grunnskólann. 80% ganga beint til sveitarfélaganna af grunnskólakostnaðinum, 20% renna í gegnum jöfnunarsjóð til jöfnunar á milli sveitarfélaga því greinilega er mismunur á kostnaði hjá hinum ýmsu sveitarfélögum. Þau þurfa leiðréttingu eftir á og fá leiðréttingu eftir á.

Ég tel að hinn breytilegi kostnaður, ef svo mætti segja, þ.e. sá hluti sem gengi í gegnum jöfnunarsjóð, þurfi að vera verulega hærri í þessum málaflokki en með grunnskólann vegna þess að þjónustuþörfin, þjónustuþunginn er svo mismunandi hjá hinum einstöku sveitarfélögum.

Ríkið hefur staðið fullkomlega við sitt með þann kostnað sem lagður var með grunnskólanum en samkvæmt grunn*skólalögum er hafin vinna* við að endurskoða kostnaðinn með tilliti til breyttrar námskrár og breyttra aðstæðna. Búið er að lengja skóladaginn og ég veit ekki hvað og hvað. Verið er að kostnaðarmeta það allt saman upp á nýtt og mér er kunnugt um að nefndarstarfið gengur út á það.

Félmrn. gerði samning við Samband íslenskra sveitarfélaga sem tók að sér að sjá um aðgengismálin og hefur sinnt því eftir því sem mögulegt er. En aðgengismálin verða ekkert leyst í hvelli. Ég vænti þess að yfirleitt sé tekið tillit *til aðgengismála við nýbyggingar. Ég held að sú breyting* hafi þó orðið. En gömlum byggingum er náttúrlega erfitt að breyta og sumum má ekki breyta eins og því húsi sem við erum í.

Við höfum tekið upp félagslegt húsnæðislánakerfi og sveitarfélögin hafa sannarlega staðið sig vel að mínu mati með viðbótarlán. Þau hafa verið mikið notuð og á síðasta ári voru líklega byggðar um 1500 íbúðir með viðbótarlánum sem er miklu meira en hefur verið undanfarið.

Ákveðin tortryggni hefur komið fram varðandi þjónustusamninga, a.m.k. hjá einum hv. þm., um að hér ætti að fara að einkavæða þessa þjónustu. Það er alls ekki meiningin. Það eru einkaaðilar eða samtök sem hafa rekið þjónustu, ég nefni t.d. Sólheima í Grímsnesi, sem ég tel að eigi ágætlega rétt á sér, og eðlilegt að gera samning eða reyna a.m.k. þjónustusamninga um þá starfsemi. Ég sé ekkert á móti því að meira verði gert af slíkum þjónustusamningum, t.d. með

Skaftholt. Ég held að starfsemin í Skaftholti sé ágæt og ég veit ekki annað en hún sé til fyrirmyndar. Ég sé ekkert á móti því að gera samninga við gott fólk sem vill gefa sig í það að veita þessa þjónustu ef svo vill verkast. En það er alls ekki hugmyndin að auka kostnað þjónustuþeganna með slíku. Það liggur ekki að baki og menn eiga ekki að óttast að verið sé að opna leið til stórkostlegrar einkavæðingar þarna til þess að menn geti farið að stunda einhverja fjárplógsstarfsemi, það er síður en svo.

Það er forsenda fyrir þessum flutningi á málaflokknum, hv. 5. þm. Reykv., það er algjör forsenda að fatlaðir njóti í hvívetna ekki lakari þjónustu en þeir hafa notið. Því til sönnunar vil ég benda á að það er Þroskahjálp sem biður fyrst um flutning og það var í ráðherratíð hv. 5. þm. Reykv.

Varðandi langveiku börnin getur verið að það þurfi að skýra orðalag í 31. gr. Mér finnst það vera nógu skýrt og ég held að hún taki af öll tvímæli um hvað þarna er átt við. Það er átt við að langveiku börnin njóti sams konar þjónustu og ef þau væru fötluð. Langveikir geta reyndar verið eldri en 18 ára, það eru ekki bara börn. Það getur verið að ástæða sé til að skýra það eitthvað nánar í textanum en ég held að meiningin liggi nokkuð fyrir.

Þetta félagsþjónustufrv. og fylgifrv. um vinnumálin, um réttindagæsluna, um Greiningarstöðina, um starfsfræðsluna, þurfa öll að fylgjast að og það er ætlun mín að svo verði og ég vænti þess að fá að mæla fyrir þeim. Ég játa að það hefur reyndar tafist, sumpart fyrir klaufaskap, að leggja fram frv. um Greiningarstöðina því það er tilbúið. Ég á von á því að fá að mæla fyrir því áður en langt um líður.

Ég sé að tími minn er að verða búinn og enn á ég eftir ýmsum spurningum ósvarað. Við þurfum og verðum að byggja meira á leiguhúsnæði fyrir sambýlin. Stofnanahugsunin er komin í óráð og hún er úrelt og við munum ekki stíla upp á hana í framtíðinni.

Herra forseti. Ég mun nota mér þann rétt að koma upp aftur og reyni þá að klára að svara því sem til mín hefur verið beint.

[17:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir afdráttarlaus svör um einkavæðinguna á þjónustunni. Ég vil þó leyfa mér, herra forseti, að vekja athygli á textanum í 36. gr.: „Félagsmálanefnd er heimilt að semja við félagasamtök og einkaaðila um að annast einstaka þætti þeirrar þjónustu sem lög þessi taka til.“ Og í 37. gr. stendur: „Í þjónustusamningi skal a.m.k. kveða á um þjónustu sem sveitarfélag kaupir, gæði hennar og magn, greiðslur frá sveitarfélagi fyrir þjónustuna, greiðslu frá þjónustuþegum, samningstíma, uppsagnarákvæði, eftirlit með samningnum og meðferð ágreiningsmála.“ Þarna er verið að heimila þetta og þó að við getum treyst hæstv. félmrh. meðan hann fer með þessi mál, að hann hleypi þessu ekki út í þá vitleysu sem einkavæðing getur leitt af sér, fannst mér tónn hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur hafa verið á aðra lund en var hjá hæstv. félmrh. þar sem hv. þm. lofaði möguleika á því að kaupa þjónustuna af einkaaðila. Ég vek athygli á þessu, herra forseti.

[17:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ákaflega mikilvægt, eins og hér liggur fyrir frá hæstv. ráðherra, að með þessu frv. er hvergi verið að draga úr þeirri þjónustu sem fatlaðir hafa fengið hingað til með lögum um málefni fatlaðra. En ég hefði gjarnan viljað fá sömu yfirlýsingu um langveik börn, að með þessu frv. sé tryggt að langveik börn fái sömu þjónustu og fötluð börn hafa fengið með lögunum um málefni fatlaðra, það sé hvergi verið að draga úr því. Hæstv. ráðherra fór aðeins inn í eina grein, sem er 31. gr., um skammtímadvöl. Ég lít svo að það sé á öllum sviðum sem langveik börn eiga að fá sömu þjónustu. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála þeirri túlkun, sem ég hef sett fram, að með þeirri breytingu sem lögð var til eftir að nefndin sem samdi frv. skilaði af sér og ráðherra tók tillit til athugasemda Sambands sveitarfélaga um sólarhringsstofnanir sé verið að festa þær sólarhringsstofnanir í sessi sem nú eru fyrir. Ég get ekki séð annað.

Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra ræða meira um gjaldskrárnar, þ.e. gjaldskrárákvæði í þessu frv. Ég get ekki séð annað en verið sé að auka gjaldskrárheimildir með þessu frv. Ég minni á að gjaldskrárákvæðum um stuðningsfjölskyldur og skammtímavistun hefur aldrei verið beitt. Það hefur ekki þurft að greiða fyrir þá þjónustu. Það hefur ekki þurft að greiða fyrir frekari liðveislu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og það hefur ekki þurft að greiða fyrir sértæka ferðaþjónustu. Ég sé ekki annað en að verið sé að auka gjaldskrárheimildir varðandi þátttöku fatlaðra í þjónustunni, a.m.k. hefði ég viljað heyra hæstv. ráðherra ræða hvort svo væri. Ég fæ ekki séð annað en svo sé.

[18:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þori nú kannski ekki að svara alveg fyrir tilurð þessa orðalags hér og nú nema geta borið það saman við eldri lög. Eitthvað af þessum heimildum er tekið upp úr eldri lögum ef ég veit rétt. Slíkar heimildir voru í lögunum sem hv. 5. þm. Reykv. stóð fyrir að sett voru hér á árum áður og þó að þeim hafi ekki verið beitt þá hefur það ekki verið fellt út þrátt fyrir það. Ég held að þetta sé bara einhver arfur frá henni sem ekki stendur til að beita neitt sérstaklega núna.

Varðandi sólarhringsstofnanirnar þá erum við ekki að framlengja líf þeirra. Við búum að vísu við sólarhringsstofnanir enn þá í nokkrum tilfellum en við erum að reyna að hverfa frá því skipulagi. Samkvæmt ákvörðun lækna verða að vísu áfram 25 einstaklingar á Kópavogshælinu en við erum ekki að framlengja skipulag sólarhringsstofnana.

Við höfum búið við sambýlapólitíkina um nokkurt skeið og lagt höfuðkapp á það. Nú virðist krafan vera sú að koma í sérbýli því fólki sem mögulega getur séð um sig með þjónustu og húshjálp. Ég held að það verði næsta skref og að því þurfum við að vinna. Það er ekki svo fjarstætt því að kostnaðurinn við sambýlin er orðinn svo gífurlegur. Kostnaður fyrir fyrir einstakling á nýbyggðu sambýli er orðinn hærri en kostnaður við litla íbúð.

[18:03]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi gjaldskrárákvæðin þá er ekki heimild í núgildandi lögum að taka gjald fyrir frekari liðveislu. Það er heldur ekki heimild til þess að taka gjald fyrir sértæka ferðaþjónustu fyrir fatlaða. Það er hins vegar heimilt samkvæmt frv. sem við ræðum hér.

Eins er heimilt að taka leigu af húsnæði sem er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra samkvæmt frv. sem ekki er heimilt eins og er. Ég sé ekki annað en að þarna sé heimilt að taka leigu af öllu húsnæði sjóðsins með breytingunni sem nú er verið að gera. Ég er að benda á að heimildirnar verða miklu

víðtækari með þessu frv. en í lögum um málefni fatlaðra og það þarf að skoða sérstaklega.

Hæstv. ráðherra talaði ekki um og hafði kannski ekki tíma til að koma inn á það sem ég ræddi um langveik börn. Ég tel að það þurfi að vera algjörlega tryggt að þau fái sömu þjónustu og fötluð börn. Mér finnst það þurfa að liggja skýrt fyrir frá ráðherra því frv. er óljóst í því efni. Eins hefur ekki komið fram, sem ég spurði um, hvort skilgreina ætti til hverra lögin um málefni fatlaðra ná. Verður það yfirfært að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga? Í því sambandi nefndi ég geðfatlaða, sjónskerta og blinda sem eiga þann rétt samkvæmt lögunum um málefni fatlaðra. Mér fannst að það þyrfti að liggja hér klárt fyrir.

Nokkrum atriðum náði hæstv. ráðherra ekki að svara í ræðu sinni áðan. Ég vænti þess að hann komi hér aftur inn í umræðuna á síðari stigum. Ég talaði t.d. um samráð sem mér finnst dregið úr við hagsmunasamtök fatlaðra. Mun Umhyggja, samtök langveikra barna, fá aðild að því samráði sem þó er fyrirhugað í þessu frv.?

[18:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að mér vannst ekki tími til að svara nema sumu af því sem ég hef verið spurður að. Varðandi Umhyggju þá tel ég sjálfgefið að hlustað verði á óskir eða skoðanir þeirra samtaka. Meiningin er að langveik börn fái sömu þjónustu. Eins og ég sagði í upphafi munum við alveg á næstunni kynna stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna. Þar er stefnan útfærð nákvæmlega og skipulega.

Varðandi geðfatlaða munu þeir að sjálfsögðu eiga skjól í þessum lögum eins og í lögunum um málefni fatlaðra svo og aðrir, heyrnarskertir, sjónskertir o.s.frv.

Varðandi kostnaðinn þá er takmarkið ekki að gera þessa þjónustu dýrari eða láta þjónustuþegana greiða meira en þeir hafa gert.

[18:07]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Mig langar til að koma að nokkrum atriðum við 1. umr. um þennan mikilvæga málaflokk. Þetta frv. boðar mjög jákvæðan anda og ég vil nefna þar nokkur atriði.

Frv. gerir skyldu sveitarfélaganna varðandi félagsþjónustuna skýrari en er í núgildandi lögum og það er vel. En það er mjög flókið að flétta saman rammalöggjöf um félagsþjónustu og lög um ákveðinn málaflokk, í þessu tilviki málaflokk fatlaðra. Krafa eða beiðni um að málaflokkur fatlaðra fari yfir til sveitarfélaganna er mjög sterk og hefur verið studd af mörgum sem koma að þessum málaflokki svo sem heildarsamtökum fatlaðra, Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp. Öryrkjabandalag Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga hafa óskað eftir þessum flutningi yfir til sveitarfélaganna nú um þó nokkurn tíma. Sú ákvörðun var tekin að flytja tvo málaflokka, grunnskólann og félagsþjónustuna, og byrja á grunnskólanum.

Í þessum lögum er mjög jákvætt að gengið skuli út frá einstaklingnum og einstaklingsbundinni þjónustu. Það er ný hugsun, er mjög til bóta og örugglega það sem viðtekið verður í framtíðinni. Það að miða þjónustuna við einstaklinginn á eftir að gera þjónustuna dýrari en hún er í dag. Þó að markmiðið með því að færa þetta yfir til sveitarfélaganna sé ekki að gera þjónustuna dýrari þá eru lögin sem betur fer þannig að þau eiga að gera félagsþjónustuna markvissari. Félagsþjónustan á að vera undir eftirliti. Það á að gera rannsóknir og fylgjast með því hvaða þörf er á félagsþjónustu. Það á að gera úttektir. Allt þetta, sem er mjög jákvætt, á eftir að skilgreina þörfina meira en gert er í dag. Það eru ákveðin um að sveitarfélögunum sé uppálagt að uppfylla ákveðna þörf sem er meira en gert er í dag og þörfin er fyrir hendi. Þess vegna verður mjög erfitt fyrir nefndina, sem á að meta kostnaðinn við yfirfærsluna, að meta kostnaðinn af því að þetta verður dýrara en er í dag. Sem betur fer, getum við kannski sagt. Þörfin er fyrir hendi.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að skilgreina þurfi hugtakið „langveik börn". Það er mjög ánægjulegt að heyra að nú á næstunni á eftir að koma fram af hendi ríkisstjórnarinnar markmið um þjónustu við langveik börn.

Staða sveitarfélaganna er mjög misjöfn og varðandi þjónustuna þá hefur hún styrkst í stærri sveitarfélögum og þeim sem tekist hefur að sameinast um rekstur félagsþjónustunnar með samvinnu eða því að mynda byggðasamlög um félagsþjónustu, ég tala nú ekki um staði þar sem minni sveitarfélög hafa sameinast. Eftir sem áður eru mörg sveitarfélög ekki svo félagslega sterk og þeim á eftir að verða erfitt að taka við þessum pakka. Í frv. er gert ráð fyrir því að sveitarfélög geti sameinast um þjónustuna. Þannig er það hjá sumum í dag en eftir sem áður hefur það ekki gerst alls staðar. Það má líta á þetta sem enn frekari hvatningu til minni sveitarfélaga, annaðhvort til sameiningar eða þess að sameinast um þessa mikilvægu þjónustu. Segja að það sé jákvætt en þó má ekki líta fram hjá því að sveitarfélögin eru sjálfstæð og mörg þeirra eru allt of veik til þess að yfirtaka þennan málaflokk eins og er. Þeim hefur mörgum verið erfitt að uppfylla skyldur sem fylgja yfirtöku á grunnskólanum, t.d. við að einsetja skóla. Ég tel að við eigum að læra af þeirri reynslu sem við gengum í gegnum þá og taka mið af því þegar við færum nýja málaflokka yfir til sveitarfélaganna.

Það hefur líka komið fram að í minni sveitarfélögum þarf ekki nema einn einstakling, svo mikið sem eitt mikið fatlað barn til þess að setja allt á annan endann. Þó að viðkomandi sveitarfélag vilji leggja sig fram og stuðla að því að þessi fjölskylda geti verið í sveitarfélaginu þá er sú þjónusta e.t.v. ekki fyrir hendi, þ.e. sú sérfræðiþjónusta innan sveitarfélagsins sem þarf að vera til að geta stutt við þessar fjölskyldur. Þetta verður svona áfram. Það verður ekki sjálfgefið að hægt verði að fá sérhæft starfsfólk og vel menntað til starfa til að uppfylla þjónustuþörf foreldra með mikið fötluð börn, því miður.

Þetta hefur orðið til þess að margir hafa hreinlega orðið að flytja á höfuðborgarsvæðið þar sem sérhæfð þjónusta er til staðar og þannig verður auðvitað áfram. Við eigum hins vegar að vinna að því, og það er andi þessara laga, að mikið fötluð börn og langveik geti verið sem mest heima hjá sér en það kostar aukið fjármagn.

Í því sambandi vil ég nefna að það kemur hvergi fram með skýrum hætti að koma eigi á formlegu sambandi á milli heilbrigðisstofnana, þ.e. heilsugæslustöðva og félagsþjónustunnar. Þá er ég aðallega að hugsa til landsbyggðarinnar. Þessu samstarfi hefur verið komið á en það er einstaklingsbundið hvort því hefur verið komið á þar sem ekki eru reynslusveitarfélög. Þá er ég að tala um samstarf um málefni fatlaðra og heilsugæslustöðvanna og félagsþjónustunnar. Þegar málefni fatlaðra og félagsþjónustu koma saman í eina löggjöf er eftir sem áður ekkert sem segir að eitthvað

ákveðið form skuli vera á samvinnu heilbrigðisstarfsmanna og félagsþjónustunnar. Nú er ég ekki að leggja til að heilsugæslan fari yfir til sveitarfélaganna en það væri til bóta ef í lögunum væri ekki bara ákvæði um að leita megi samstarfs heldur að samvinnunni væri komið formlega á því að það sparar svo mikið. Það sparar tvíverknað, það sparar vinnu hjá foreldrum að leita sér upplýsinga og það er faglegur stuðningur fyrir alla. Ég beini því til félmn. að hún skoði hvort með einhverju móti væri hægt að koma á formlegri samvinnu á milli heilsugæslustöðva og félagsþjónustunnar.

Vísað er til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna um mjög dýra þjónustu, þ.e. ef fötlun er mikil eða um langveik börn að ræða. Ég held að skilgreina þurfi mikla fötlun varðandi framlag úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna, eða notuð verði sama skilgreining og þjónustan verði hjá ríkinu. Það er öryggi fyrir alla að vita hver mörkin eru til að fá aukalega framlag inn í sveitarfélagið því að það eru svo miklar sveiflur í þessari þjónustu, bæði tímabundið og sem erfitt er að sjá fyrir. Í skólanum er fjárþörf jafnari en þarna þurfa að vera einhvers konar mörk sem ábyrgjast að aukafjármagn komi annaðhvort úr jöfnunarsjóði eða þá að þjónustan verði alfarið ríkisrekin.

Ég fagna því að þetta frv. eigi að fá góðan tíma í vinnslu í þinginu og góðan tíma úti í þjóðfélaginu hjá sveitarfélögunum því að þetta er mjög viðkvæmur málaflokkur. Ég er alveg viss um að þó svo að hv. félmn. hafi unnið vel og búið sé að leggja mikla vinnu í frv. séu þarna ýmis atriði sem þarf að skoða betur og við eigum að gefa okkur tíma til að sinna þessu frv. með mjög vönduðum vinnubrögðum.

Ég vil svo að lokum leggja til að lögin taki ekki gildi fyrr en grunnskólinn er alfarið einsetinn. Stærri sveitarfélögin og þau sem treysta sér til að yfirtaka málaflokkinn gætu gert það fyrr en dagsetninguna ætti að miða við að sveitarfélögin séu búin að einsetja skólana. Einsetningin þyrfti að vera kominn á lygnan sjó svo að sveitarfélögin séu ekki að basla þann málaflokk og yfirtaka svo stóran málaflokk og mikilvægan sem þessi er.

En í frv. er mjög jákvæður andi og því fagna ég að það skuli vera komið fram og að við skulum hafa tíma til þess að vanda okkur við áframhald vinnunnar.

[18:19]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með þessum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga eða þessu frv. er ætlunin að sameina tvo lagabálka, annars vegar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og hins vegar lög um málefni fatlaðra. Hér fer fram allsherjarendurskoðun á þessum lögum jafnframt því sem lagagrunnur er lagður fyrir flutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Ég vil byrja á því að segja að mér finnst að mörgu leyti skynsamlega og vel að þessum málum staðið og ég nefni þar þrennt. Í fyrsta lagi hefur verið hlustað á félagasamtök. Vakin hefur verið athygli á því að óskir um þennan flutning hafi fyrst komið frá þeim, Sjálfsbjörg hefur verið nefnd í því sambandi. Öryrkjabandalagið mun styðja þetta og önnur samtök sem hlut eiga að máli (**Gripið fram í:** Þroskahjálp.) Þroskahjálp mun upphaflega hafa komið með þessar hugmyndir.

Ég nefni í öðru lagi að farið hefur verið út í tilraunastarf áður en öllum málaflokknum er skellt yfir í svokölluðum tilraunasveitarfélögum og nú er hlustað á raddir þeirra sveitarfélaga og reynslan metin.

Í þriðja lagi skiptir miklu máli hvernig staðið er að hinum fjárhagslegu skuldbindingum sem tengjast málinu. Í máli hæstv. félmrh. kom mjög skýrt fram að ekki verði ráðist í þessar breytingar nema tryggilega hafi verið gengið frá því að nægilegt fjármagn verði til ráðstöfunar fyrir sveitarfélögin til að rísa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita.

Í grg. með frv. er vikið að röksemdum sem liggja að baki og sagt að fyrst og fremst sé um að ræða sjónarmiðin um nærþjónustu annars vegar og jafnrétti og blöndun fatlaðra og ófatlaðra hins vegar. Þar segir m.a., leyfi forseta:

„Fatlaðir eru ekki einir um að þarfnast þjónustu til þess að fá notið eðlilegs lífs. Markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um hvernig þeim markmiðum skuli náð."

Þrátt fyrir þetta leyfi ég mér að hafa ákveðna fyrirvara á þessum málum og ákveðnar efasemdir um hversu skynsamlegt er að gera þessar breytingar. Ég held að þetta sé hluti af erlendri þróun, af fjölþjóðlegri þróun. Þetta er ekkert bundið við Ísland að verið sé að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Þetta er t.d. stefna núna í Evrópu, í Evrópusambandinu. Ég held að hlutirnir gangi ansi oft þannig fyrir sig að fulltrúar ráðuneyta og félagasamtaka fara á fundi til útlanda og draga lærdóm af því sem þar er að gerast. Útlendingarnir eru að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, við þurfum að gera það líka.

En þá vill stundum gleymast að aðstæður eru ekki sambærilegar að öllu leyti hér á landi og í þessum viðmiðunarríkjum, hjá þessum fyrirmyndum okkar. Ég nefni sem dæmi Svíþjóð. Þar er líka verið að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga eða „regions" eins og það heitir á enskri tungu en bæklingurinn sem ég hef undir höndum er einmitt á ensku þótt hann fjalli um Svíþjóð. Hér er verið að tala um þessar einingar í Svíþjóð.

Hér kemur t.d. fram að Västergötland er 25 þús. km að stærð, fjórðungurinn af Íslandi, og þar búa 1.465 þús. manns. Síðan fletti ég upp á Stokkhólmi sem er annað hérað í þessum skilningi. Það er landmassi upp á 6.500 km með íbúafjölda sem telur 1.700 þús. manns. Svo eru það Smálöndin, 29.330 km , íbúafjöldi 718 þús. Östergötland 10.600 km , 412 þús. manns búa þar. Västerbotten er 55.400 km , það er helmingurinn af Íslandi og þar búa 260 þús. manns, álíka margt fólk og byggir Ísland. Það er að gerast í Svíþjóð að menn eru að taka verkefni frá ríkinu og færa þau til þessara héraða.

Síðan fara Íslendingar, fulltrúar hæstv. félmrh. úr ráðuneytinu, á fundi með þessum aðilum og komast að raun um að þar séu menn að færa verkefni frá ríki til þessara héraða og sveitarfélaga. Ég ætla að vara við því að við gleypum hráar hugmyndir sem eru matreiddar erlendis án þess að íhuga rækilega hvað það er sem greinir okkur frá þeim þjóðfélögum sem eru miklu fjölmennari en okkar.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Þuríðar Backman að í mjög litlu sveitarfélagi getur það valdið sveitarfélaginu miklum fjárhagslegum erfiðleikum ef þar fæðast eða flytjast nokkrir mjög alvarlega fatlaðir einstaklingar. Þetta er bara staðreynd. Þrátt fyrir ágæt orð hæstv. félmrh. um að það verði rækilega tryggt að litlu sveitarfélögin hafi fjármuni til að sinna þessum verkefnum hef ég ákveðnar efasemdir uppi um hversu hyggilegt þetta sé yfir höfuð.

Síðan er það spurningin um þjónustusamningana. Hæstv. félmrh. sagði að ekki ætti að ráðast í stórkostlega einkavæð-

ingu með þessu frv. En ég leyfi mér þá að spyrja: Í hvers konar einkavæðingu á að ráðast? Því að hér, eins og fram hefur komið í umræðunni, er opnað fyrir slíkt. Við skulum ekki gleyma því að við búum við ríkisstjórn sem er að hrinda slíkum einkavæðingaráformum í framkvæmd, einnig innan velferðarþjónustunnar. Innan skólakerfisins, við höfum dæmin frá Hafnarfirði um iðnskólann þar og við höfum dæmin frá elliheimilum á höfuðborgarsvæðinu sem hafa núna verið fengin í hendur Securitas-fyrirtækinu sem er að sjálfsögðu að fjárfesta á þessu sviði til að hafa af því hagnað.

Á fundi sem ég sótti ekki alls fyrir löngu var fulltrúi frá heilbrrn. sem talaði um öldrunariðnaðinn. Í Bretlandi tala þeir um Granny Farming, það er svona eins konar ömmuiðnaður, ömmu- og afaiðnaður. Það er staðreynd að fyrirtæki á borð við Securitas eru að sækja inn á þessa slóð, ekki til að þjónusta þetta gamla fólk eða veita þjónustu í velferðarþjónustunni heldur fyrst og fremst til að hafa af því arð. Mér fannst hálfnöturlegt að hlusta á hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur hér áðan, sem varaði að vísu við því að menn gengju hratt eða langt í þessa átt en á máli hennar var að skilja að flest mætti leysa með góðu eftirliti. Það hefur bara ekki tekist. Það hefur ekki tekist eins og dæmin sanna frá Bretlandi og frá Svíþjóð þar sem fyrirtæki á þessu sviði, sérstaklega innan öldrunarþjónustunar, hafa orðið uppvís að mjög grófri vanrækslu gagnvart því fólki sem þau eiga að sinna.

Í frv. og í grg. með lagagreinunum þar sem fjallað er um þjónustusamningana, 36., 37. og 38. gr., er umfjöllun mjög í þá veru sem kom fram í málflutningi hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur um að réttarstaða notenda skuli ekki skert með einkavæðingunni.

Ég vil minna hæstv. félmrh. á það þegar hann segir að ekki standi til að ráðast í stórfellda eða stórkostlega einkavæðingu, að sú ríkisstjórn sem hann á aðild að sendi nýlega frá sér bækling um einkaframkvæmd þar sem kveðið er á um slíkar skipulagsbreytingar í velferðarþjónustunni og þess sérstaklega getið að til standi að fjármagna kostnaðinn af þessari þjónustu í auknum mæli með notendagjöldum, þess er sérstaklega getið. Menn verða því að geta staðið frammi fyrir eigin verkum og viðurkennt hvað þeir eru að gera í reynd.

Það birtist ágæt grein í Morgunblaðinu núna um helgina sem skrifuð er af Kristjáni G. Arngrímssyni, blaðamanni við Morgunblaðið, þar sem hann fjallar um svokallaða Parkland-skýrslu sem tekur á einkavæðingu innan velferðarþjónustunnar í Kanada. Ég ætla að leyfa mér að vitna aðeins í þá skýrslu sem að vísu fjallar fyrst og fremst um heilbrigðisþjónustuna en tekur á sambærilegum þáttum og við erum að fjalla um hér, þ.e. velferðarþjónustuna almennt. Hér segir, með leyfi forseta:

„Einkarekin heilbrigðisþjónusta, sem skila á hagnaði, er yfirleitt dýrari en heilbrigðisþjónusta á vegum hins opinbera; gæði einkarekinnar heilbrigðisþjónustu eru yfirleitt minni en opinberrar, eða valkostirnir færri; einkarekin þjónusta dregur úr jöfnuði, aðgengi og sanngirni og eykur kostnað við aðliggjandi þætti í opinberri heilbrigðisþjónustu.

Þetta eru helstu niðurstöður rannsóknar sem unnin var á vegum Parkland-stofnunarinnar í háskólanum í Alberta-fylki í Kanada í tilefni af fyrirhuguðum breytingum fylkisstjórnarinnar á heilbrigðiskerfinu. Í þarsíðustu viku lagði stjórnin fram lagafrumvarp sem heimilar heilbrigðisyfirvöldum í fylkinu að kaupa þjónustu einkarekinna sjúkrastofnana við stærri aðgerðir sem krefjast meira en stuttrar komu sjúklings á stofnunina.

Í útdrætti úr skýrslu um niðurstöðurnar segir meðal annars að rannsóknin sé byggð á gögnum víða að, til dæmis á fyrri rannsóknum og skýrslum um áhrif einkareksturs í hagnaðarskyni á heilsugæslu. Verði fyrirætlanir fylkisstjórnarinnar að veruleika muni í raun skapast tveggja þrepa heilbrigðiskerfi þar sem efnameiri sjúklingar komist fyrr að þjónustu í krafti peninga.

Í skýrslu Parkland-stofnunarinnar segir að sterkustu vísbendingarnar um óhagkvæmni einkarekinnar heilbrigðisþjónustu komi frá Bandaríkjunum, en þar sé rekin umfangsmesta hagnaðarheilsugæsla í heiminum. Vitnað er í þrennar heimildir um áralangar rannsóknir."

Og síðar segir, með leyfi forseta:

„Læknisfræðistofnun bandarísku vísindaakademíunnar komst að því 1986 að athuganir á sjúkrahúsarekstri hafi ekki leitt í ljós neinar vísbendingar sem renni stoðum undir þá útbreiddu skoðun, að „stofnanir í eigu fjárfesta" séu ódýrari í rekstri eða skilvirkari en aðrar. Með einni undantekningu hafi þvert á móti hið gagnstæða komið í ljós."

Reyndar er þetta mjög í samræmi við niðurstöður bæði frá OECD og verkalýðssamtökum í Bretlandi sem hafa kannað þessi mál sérstaklega, ég vísa þar í UNISON-samtökin, þar sem kom í ljós að í þeim stofnunum sem unnt hafði reynst að ná tilkostnaði niður hafði það verið gert með því að lækka launin við starfsfólkið.

Hvers vegna er ég að nefna þetta hér núna? Vegna þess að við erum búin að hlusta á það aftur og ítrekað í tengslum við skipulagsbreytingar sem þessi ríkisstjórn gengst fyrir að allt annað vaki fyrir henni en síðar verður reyndin. Það stendur ekki til að einkavæða elliheimilin, var sagt fyrir fáeinum árum. Nú er búið að gera það. Búið er að bjóða hér út elliheimili og Securitas-fyrirtækinu falið að reka þau. Þetta hefur þegar gerst. Og það hefur gerst þrátt fyrir að aðrir aðilar sem hafa annast þennan rekstur, eins og Hrafnista, hafi getað sýnt fram á það með haldgóðum rökum að þessi valkostur sé dýrari fyrir skattborgarana, og ég leyfi mér að halda því fram þegar til lengri tíma er litið muni þetta verða óhagkvæmara fyrir notandann líka. Þetta er að gerast.

Síðan höfum við dæmi frá hinum makalausa samningi um Iðnskólann í Hafnarfirði og aðrar framkvæmdir sem eru skattborgaranum tvímælalaust mjög til óhagræðis, miklu dýrari fyrir hann og miklu verri fyrir notandann, og það er Sjálfstfl. sem stendur fyrir þessu, sem er að þjóna fjármagninu með þessu móti.

Ég efast ekkert um að gott eitt vakir fyrir hæstv. félmrh. Hann hefur á sínum pólitíska ferli ekki verið talsmaður einkavæðingar og ekki gengið erinda fjármagnsins, síður en svo. En það er yfirlýst stefna Sjálfstfl. að innleiða einkavæðingu og einkaframkvæmd innan velferðarþjónustunnar. Það segir í ályktun síðasta landsfundar Sjálfstfl. að heilbrigðisþjónustan skuli einkavædd. Það væri fróðlegt að fá fulltrúa Sjálfstfl. til að útlista þetta nánar.

Ég vil því ítreka það við hæstv. félmrh. að þrátt fyrir ásetning hans erum við að færa okkur inn í umhverfi þar sem þessi sjónarmið eru mjög í hávegum höfð og beinlínis á stefnuskrá samstarfsflokksins og því miður hefur Framsfl. einnig tekið upp þessa stefnu því að hæstv. heilbrrh. hefur haft forgöngu um að einkavæða elliheimilin. Það er hæstv. heilbrrh., fulltrúi Framsfl., sem þar gengur fram fyrir skjöldu.

Ég ætla að lokum að segja að þær röksemdir sem hæstv. félmrh. bar fram eða þau sjónarmið sem hann vakti máls á í tengslum við þetta, að við hefðum lengi búið við einkarekstur á þessum sviðum, hann nefndi Sólheima og Skaftholt. Þetta hefur gefið ágæta raun, það er alveg rétt. Og menn hafa stundum nefnt Grund, SÍBS og Hrafnistu og ýmsa aðila, einkaaðila eða félagasamtök sem hafa rekið velferðarþjónustu bæði fyrir fatlaða og aldraða með ágætum. En við erum bara að halda inn í nýjan heim. Þessir rekstraraðilar hafa margir hverjir sprottið upp úr samtökum sjúklinga eða verkalýðshreyfingar eða eiga sér svipaða sögu til að veita þjónustu. Nú eru að koma til nýir aðilar sem eru að hasla sér völl á þessu sviði til að hafa hagnað, arð af slíkri starfsemi. Þess vegna eigum við að lesa mjög gaumgæfilega þau ákvæði þessa frv. sem lúta að þjónustusamningum.

[18:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það áðan að það væru ýmsir þættir þessa frv. sem ég vildi ræða frekar og ég ætla að byrja á að ítreka það sem snýr að byggðamálunum. Við vitum að í mjög mörgum sveitarfélögum vítt og breitt um landið hefur þróunin verið sú að þar sem um fólksfækkun er að ræða þýðir það tekjumissi viðkomandi sveitarfélags. Þau hafa því ekki getað staðið við löngbundin verkefni. Hér er verið að leggja til að til þeirra fari verkefni sem kosta töluverðar fjárhæðir og enn er ekki búið að ganga frá fjárhagsþætti frv.

Mér finnst það skipta miklu og reyndar öllu máli að þarna sé vandað til verka sérstaklega að þessu leyti vegna þess að ég er út af fyrir sig sammála þeirri stefnu að þessi verkefni séu færð yfir til sveitarfélaganna en þau verði þá að geta ráðið við þau.

Eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir kom inn á áðan er líka um þá breytingu að ræða að það á að einstaklingsmiða meira mat á þjónustunni, taka meira mið af þörfum einstaklingsins en að vera með miðstýrðar ákvarðanir sem þýða það að ef hægt er flokka einstaklinginn innan ákveðins hóps sé um ákveðna fjárhæð eða stuðning að ræða, félagslegan eða fjárhagslegan. Ég tel að það sé til bóta að fara þessa leið og það skipti miklu máli fyrir minni sveitarfélögin og geri þeim auðveldara að fást við þetta verkefni.

Engu að síður finnst mér skorta á að þarna sé um nánari útfærslu að ræða, t.d. nánari skilgreiningu á því hvað er fötlun. Ég heyrði ekki hæstv. ráðherra svara því áðan hvort ekki væri þörf á því að taka þessar skilgreiningar upp á ný líka hvað varðar langveik börn vegna þess að við erum auðvitað með langveik börn sem falla undir þá skilgreiningu að vera undir læknishendi a.m.k. þrjá mánuði. Þá á ég við, eins og ég sagði áðan, unga fíkniefnaneytendur og síðan börn sem hafa orðið fyrir hvers konar ofbeldi og einelti. Þarna er um að ræða einstaklinga sem þurfa miklu lengri meðferð en hægt er að afgreiða á þremur mánuðum. Þeir eru kannski ekki undir læknishendi en hjá öðrum heilbrigðisstéttum eins og sálfræðingum, sem voru skilgreindir sem heilbrigðisstétt fyrir tveimur árum, og síðan félagsráðgjöfum. Og sveitarfélögin hafa oft á tíðum átt erfitt með að mæta þeim kostnaði eða standa undir þeirri þjónustu sem þessir einstaklingar þurfa nauðsynlega að fá.

Ég held að það hafi lengi verið þannig að aðeins eitt sveitarfélag á landinu hafi veitt aðstoð sálfræðings eða félagsráðgjafa til barna sem áttu við erfiðleika að stríða og það var sveitarfélag í kjördæmi hæstv. félmrh. á Sauðárkróki eða bæjarfélagið þar. Þar var um að ræða fyrirmyndarþjónustu á þessu sviði sem vissulega hefur kostað sveitarfélagið sitt en jafnframt var tekið þar á vandamálum sem upp komu af miklum myndarskap. Þetta er hlutur sem ég held að nefndin þurfi að taka til nánari athugunar í umfjöllun sinni.

Á bls. 29 í grg. með frv. er talað um, með leyfi forseta, að: „Afdráttarlaus skylda sveitarfélaga til að veita félagsþjónustu gerir það að verkum að félagsþjónustan verður jafnsett annarri velferðarþjónustu sveitarfélagsins þar sem skyldur eru ótvíræðar, svo sem í málefnum grunnskóla og heilsugæslu. Í þessu ljósi má líta svo á að yfirfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga sé lyftistöng fyrir félagsþjónustuna í heild sinni."

En við megum ekki gleyma því að skyldurnar eru miklu þyngri og það er ekki víst að þetta verði lyftistöng, sérstaklega þegar horft er til þeirra sveitarfélaga sem búa við afar bágar fjárhagsaðstæður vegna fámennis og hafa hingað til ekki getað veitt eða staðið að fullu við lögbundin verkefni. Sveitarfélögin hafa m.a. þess vegna verið að taka sig saman og sameinast í stærri sveitarfélög.

Á bls. 32 í grg. þar sem fjallað er um 9. gr. er komið inn á einmitt þá þætti sem ég tel að þurfi að skilgreina betur og mun skýrar en gert er. Þar er talað um fagþjónustu félagsþjónustunnar. Sem dæmi um fagfólk innan félagsþjónustunnar má nefna félagsráðgjafa, sálfræðinga, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa.

Hve mörg sveitarfélög á landinu ætli hafi starfskrafta sem falla undir þessa skilgreiningu, þ.e. félagsráðgjafa, sálfræðinga, þroskaþjálfa og iðjuþjálfa? Það eru stærstu sveitarfélögin en ekki hin, stöndugri sveitarfélögin en ekki hin. Þarna verður að skilgreina mjög skýrt hver sú þjónusta er sem ætlast er til að sveitarfélögin veiti. Hvað má gera í samstarfi við önnur sveitarfélög og hvað ekki? Þetta frv. er reyndar eins og mörg önnur að því leyti að mér finnst það taka meira mið af getu og möguleikum stærri sveitarfélaganna en þeirra minni. Ég hef orðið vör við ótta sveitarfélaganna við að þau nái ekki að framfylgja þeim markmiðum sem þarna eru sett, sérstaklega þau minni. Jafnvel þó þau sameinuðust stærri sveitarfélögum þá væri um að ræða svo stór svæði að útilokað yrði að sinna þjónustunni á öllu svæðinu án þess að til kæmi gífurlegur kostnaður.

Einnig er fjallað um gjaldtöku á bls. 46 og 47 í frv. í grg. og veittar víðtækari heimildir en nú þegar eru til gjaldtöku. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á hér áðan er með þessu frv. verið að rýmka mjög heimildir til þjónustugjalda en þó segir:

„Við beitingu á gjaldtökuheimild samkvæmt frv. er á hinn bóginn gert ráð fyrir að sveitarstjórnir taki mið af því hvernig málum þessum er nú háttað í lögum, enda hefur ávallt verið gengið út frá því að hagur fatlaðra skerðist ekki við yfirfærsluna frá ríki til sveitarfélaga."

Þetta á einnig við í 30. gr. Þar er sagt hið nákvæmlega sama og hún endar á sama hátt:

„... enda hefur ávallt verið gengið út frá því að hagur fatlaðra skerðist í engu við yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga."

Samt eru þarna að koma til aukin verkefni og auknar heimildir til gjaldtöku. Annaðhvort er verið að setja gjaldtöku á notendur eða á sveitarfélögin umfram það sem er í dag. Það er reyndar mjög skýrt ef flett upp á bls. 55 og 56 þar sem fjallað er um þessar víðtæku heimildir til gjaldtöku, þ.e. að auka hana frá því sem er í dag. Þarna er hægt að sjá

hvaða kostnaður mundi falla á sveitarfélögin og hvernig þau koma til með að mæta honum.

Þar á meðal er ferðaþjónusta fatlaðra sem nú á að skylda sveitarfélögin til að bjóða. Í dag er fötluðum einstaklingum eða þeim sem á þurfa að halda í mjög fáum sveitarfélögum boðið upp á ferðaþjónustu. Það er þó gert hér í Reykjavík. Þeim sem hafa heimild til að nota Ferðaþjónustu fatlaðra hefur fjölgað á síðustu árum hjá Reykjavíkurborg án þess að farartækjum til að sinna þessari ferðaþjónustu væri fjölgað að sama skapi. Þeir fötluðu einstaklingar sem áður notuðu Ferðaþjónustu fatlaðra hafa því haft minni möguleika til þess að nýta sér þessa þjónustu og leita í auknum mæli í leigubílaþjónustuna, í sérútbúna bíla. Kostnaðurinn hefur aukist gífurlega fyrir fjölmarga einstaklinga vegna þessa. Síðan er það náttúrlega þannig að ferðaþjónustan er skilgreind á tvo vegu, hvar taka má gjald og hvar ekki. Það er skilgreint eftir því hvað telst nauðsynleg þjónusta og hvað er ekki en það þarf að skilgreina betur en gert er í dag.

Ég vildi líka, virðulegi forseti, koma aðeins hér inn á það að menn vilja færa þjónustu eins og verið hefur á Sólheimum yfir til sveitarfélaganna og draga úr því að hverfi eða þorp fyrir fatlaða séu til. Ég er á móti þeim viðhorfum sem þar koma fram.

Ég hef nú ekki meiri tíma til að ræða þetta viðamikla frv. þar sem ekki má taka oftar til máls en tvisvar við 1. umr. Frv. er á margan hátt mjög gott og ég veit að því fylgir góður vilji hæstv. ráðherra sem hefur tekið myndarlega á þessum málaflokki í ráðherratíð sinni og einnig þjónustu fyrir börn. Þar vil ég sérstaklega nefna Barnahúsið.

[18:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir málefnalega yfirferð yfir þetta frv. En ég hef heyrt það hjá henni og öðrum þingmönnum að þeir vantreysta minni sveitarfélögunum til að takast á við þetta verkefni. Þess vegna vil ég ítreka að félmn. kynnti sér í haust félagsþjónustuna í Þingeyjarsýslum, sem hefur tekist afskaplega vel. Þar eru öll sveitarfélögin aðilar að þessari félagsþjónustu og eru m.a. með málefni fatlaðra og barnaverndarmálin að mestu leyti. Þau hafa þess vegna bolmagn til að ráða til sín sérfræðinga á ýmsum sviðum, m.a. sálfræðinga, þroskaþjálfa og fleiri sérfræðinga til þess að takast á við þessi verkefni. Þetta hefur tekist afskaplega vel.

Ég hef auðvitað heyrt það eins og hv. þm. að mörg minni sveitarfélögin eru mjög hrædd við þetta. Ég held að það sé að miklu leyti vegna þess að þau hafa ekki kynnt sér nákvæmlega hvaða möguleikar eru í þessum samstarfsverkefnum.

Ég vil einnig nefna að á Fljótsdalshéraði er sameiginleg félagsmálanefnd fyrir allt Fljótsdalshérað. Þar hefur þetta tekist ákaflega vel. Dreifbýlishrepparnir hafa notið góðs af því að vera í samstarfi við stærri sveitarfélög þar. Þegar menn hafa unnið að þessu sameiginlega þá hefur tekist vel til.

[18:52]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dreg það ekki í efa að til eru smærri sveitarfélög sem geta í samstarfi við önnur ráðið við þetta verkefni. Hins vegar fer það mjög eftir því, eins og hér hefur komið fram, hver fjöldi fatlaðra einstaklinga er. Fjöldi þeirra sem þurfa á aðstoðinni að halda hefur mjög mikið að segja. Ég hef fundið að þótt mjög öflugt samstarf sé t.d. í uppsveitum Árnessýslu milli sveitarfélaganna um ýmsa þætti að þá hafa forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga ítrekað komið að máli við þingmenn og dregið í efa möguleika sveitarfélaganna til að fást við verkefnið. Það sama má í raun segja um sveitarfélög eins og Vík og Klaustur. Þó að um samstarf væri að ræða þá yrði sveitarfélagið svo stórt og miklar vegalengdir auk þess sem íbúar þarna, jafnvel við sameiningu sveitarfélaganna, eru svo fáir að ég efast um að verkefnið sé viðráðanlegt.

En ég fagna því hins vegar sem fram kom hér hjá hæstv. ráðherra og þeim hv. þm., nefndarmönnum sem stóðu að því að gera drög að þessu frv. fyrir hæstv. ráðherra. Ég fagna því að ekki á að hraða frv. í gegn heldur gefa sveitarfélögunum möguleika á því að skoða innihaldið, segja álit sitt en um leið laga sig að hugsanlegum breytingum. Það á ekki að skella þessu á með tiltölulega litlum fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég má þó til með að nefna það hér að ég hef oft dregið í efa að skynsamlegt sé að þingmenn eigi aðkomu að undirbúningi að frv. og stýri síðan umræðunni í gegnum þingið eins og inn í félmn. Ég efast ekki um hæfni þessara þingmanna en ég dreg í efa að það séu rétt vinnubrögð að Alþingi eða þingmenn sitji í undirbúningsnefndum og eigi síðan að fylgja frv. eftir í gegnum vinnuna í þinginu, frv. sem þeir eiga kannski stærstan hlut að því að semja.

[18:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur lagt hér upp með ákveðna málsmeðferð á þessu frv. í þinginu sem ekki hefur verið mótmælt. Ég held að það sé alveg ljóst af umræðunni sem hér hefur farið fram og ýmsu sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að þetta mál þurfi að skoða mjög ítarlega.

Varðandi málsmeðferðina þá held ég að það sé afar mikilvægt að félmn., þrátt fyrir að hún afgreiði ekki málið til 2. umræðu, fjalli ítarlega um þetta frv. á þessu þingi og eftir atvikum þá í sumar þar sem hér hafa komið fram ýmsar ábendingar. Ég tel ekki nægjanlegt að nefndin sendi málið bara út til umsagnar og síðan verði það unnið áfram í félmrn. og lagt fram nýtt frv., endurskoðað eftir atvikum. Ég tel það mikilvægt fyrir meðferð málsins að félmn. skili athugasemdum sínum og skýrslu til félmrn. eftir að hafa fjallað um frv. í ljósi þeirra umsagna sem koma. Ég held að það væri mjög jákvætt fyrir framgang málsins og mikilvægt fyrir ráðherra og ráðuneyti að fá afstöðu þingnefndarinnar til ýmissa álitamála sem komið hafa upp hér við 1. umr. Vafalaust munu koma fram fleiri við umfjöllun nefndarinnar um málið, ekki síst í ljósi þeirra umsagna sem nefndin fær.

En nokkur atriði vil ég árétta hér í lok þessarar umræðu. Ég geri þrátt fyrir allt ráð fyrir að þetta frv. komi ekki aftur til umræðu á þessu þingi. Ég vil fara aðeins út í fjármögnunina sem nokkuð hefur verið rædd. Ég treysti því, herra forseti, komi ekki annað fram hjá hæstv. ráðherra, að dyggilega verði að því unnið að öll þau frv. sem fylgja þurfa með þessu frv., þar á meðal fjármögnun og tekjustofnar, verði lögð fram á næsta þingi og málin komi samhliða til umræðu. Það auðveldar okkur mjög að fá þá heildaryfirsýn sem við þurfum í þessum mikilvæga málaflokki þannig að við sjáum að hvergi sé dregið úr þjónustu frá því sem nú er. Hæstv. ráðherra hefur reyndar fullvissað okkur um að svo verði ekki.

Ég held að það þurfi t.d. að fara mjög rækilega yfir það verkefni sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hafði í uppbyggingu á þjónustu við fatlaða og athuga hvort eitthvað sé verið

að draga úr ýmsum fjármögnunarþáttum sem verið hafa á hendi hins opinbera. Það er auðvitað grundvöllur og forsenda fyrir því að ekki sé verið að skerða með einum eða neinum hætti þjónustuna.

Ég nefni hér að sjóðurinn hefur getað varið ákveðnum fjármunum til viðhaldsframkvæmda á stofnunum fatlaðra. Verður það örugglega yfirtekið af sveitarfélögunum og fá þau fjármagn til þess? Sjóðurinn hefur haft heimild til að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sínu til lagfæringa á aðgengi að opinberum byggingum með það að markmiði að hreyfihamlaðir og blindir geti athafnað sig með eðlilegum hætti. Nú man ég ekki hversu mikið þetta hefur verið nýtt, þessi hluti heimildarinnar sem sjóðurinn hefur, en þetta þarf að skoða og bera saman.

Ég hef ekki síður áhyggjur af því að sjóðurinn hafði heimild til þess að veita félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum styrk til að koma á fót þjónustustofnunum á heimilum fatlaðra. Hann gat einnig lagt fram 10% framlag að því er varðar uppbyggingu á félagslegum íbúðum. Ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig frá þessu á að ganga í samvinnu við sveitarfélögin þannig að þarna verði hvergi úr dregið. Ég óttast að félagasamtök, sem hafa verið býsna öflug í uppbyggingu á íbúðarhúsnæði og búsetuúrræðum fyrir fatlaða, sjái sér ekki fært að halda þeirri uppbyggingu áfram nema fá þann fjárhagslega styrk sem þau hafa haft af Framkvæmdasjóði fatlaðra. Ég vil sjá skýrar hvernig frá þessu verður gengið þegar fjármögnunarþátturinn liggur fyrir. Félagasamtök hafa örugglega byggt nokkur hundruð íbúðir á umliðnum árum, bæði leiguíbúðir og félagslegar íbúðir. Þau hafa þar með sinnt ákveðnum hluta þeirrar þjónustu sem hið opinbera á að veita fötluðum. Þess vegna held ég að það sé ekki skynsamlegt að draga úr þeirri aðstoð sem félagasamtök hafa fengið í þessu skyni.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, af því að hann svaraði því ekki og það skiptir auðvitað líka miklu máli í þessu sambandi: Erum við hér á síðasta árinu að því er varðar niðurgreiðslu á vöxtum til leiguíbúða, til félagslegra íbúða? Ef svo er þá getur maður varla vænst þess að mikið verði um uppbyggingu á félagslegum íbúðum hvorki hjá sveitarfélögum né félagasamtökum. Ég minni enn og aftur á að sveitarfélögin hafa ekki verið sérlega dugleg við að koma upp leiguíbúðum þrátt fyrir beinar niðurgreiðslur á vöxtum til leiguíbúða. Þar báru lánin 1% vexti. Eigi að fara með þessa vexti upp í 5 eða 6% þá held ég að þau hafi varla burði til þess að sinna þessu verkefni. Þess vegna spyr ég hvort t.d. vaxtakjörin hafi verið ákveðin fyrir yfirstandandi ár.

Ég vil aðeins fjalla um langveik börn. Við fyrstu umferð málsins sé ég að það þarf að skoða sérstaklega í frv. ráðgjöf. Í 4. mgr. athugasemda um 22. gr. er talað um hvers vegna sérhæfð ráðgjöf vegna langveikra barna er ekki tilgreind sérstaklega í greininni. Það er sagt að ástæðan sé sú að slík ráðgjöf heyri til heilbrigðismála.

Þeir sem þekkja til vita að ráðgjöf innan heilbrigðisþjónustunnar til aðstandenda langveikra barna og önnur stoðþjónusta er í mýflugumynd. Hér er því augljóslega verið að vísa foreldrum langveikra barna út í kuldann hvað ráðgjöf snertir nema verulegrar breytingar sé að vænta innan heilbrigðisþjónustunnar. Þetta finnst mér að þurfi að skoða sérstaklega af því að gífurlega mikil áhersla hefur verið lögð á þetta af Umhyggju og aðstandendum langveikra barna.

Sama gildir um heimaþjónustuna. Í upphafi 29. gr. er útskýrt til hvers veita skal fólki heimaþjónustu. Til að undirstrika þörf og rétt fjölskyldna langveikra barna finnst mér vanta þarna inn ástæðuna til að fyrirbyggja vandamál hjá fjölskyldum langveikra barna vegna umönnunarálags.

Varðandi sumardvölina er verið að tala um að „miðað við aðstæður hverju sinni eigi að veita langveikum börnum eða fötluðum aðgang að sumardvöl". En það eru engar aðstæður fyrir hendi svo vitað er hjá sveitarfélögunum til að mæta þessari þörf hjá langveikum börnum. Því er að ábreyttu enn verið að vísa á það sem ekki er til og út í kuldann nema gert sé ráð fyrir uppbyggingu sumardvalarstaða eða öðrum breytingum í þágu langveikra barna.

Þetta vildi ég að kæmi fram og einnig er mjög mikilvægt að tryggt sé að veitt verði fjármagn til uppbyggingar á hvíldarheimilum fyrir langveik börn og aðstandendur þeirra sem hefur skort sárlega hjá þeim og finnst mér að það þurfi mjög að skerpa á því í frv. að það verði gert. Ég fagna því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að það verði kynnt sem ríkisstjórnin hefur á prjónunum með langveik börn sem er væntanlega í samræmi við það sem var afgreitt í till. til þál. sem við fjölluðum um á síðasta eða næstsíðasta þingi, um réttarstöðu langveikra barna.

Síðan í lokin, herra forseti, árétta ég að mér finnst að það þurfi að skoða mjög það samráð sem á að hafa við hagsmunasamtökin og ég sé að það er fellt niður að félagsmálanefnd í sveitarfélaginu hafi samráð við hagsmunasamtök fatlaðra. Það er sjálfsagt gert með vísan í sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna. Ég held að menn þurfi að skoða það mjög vel vegna þess að það hefur gefist vel að þetta samráð hefur verið fyrir hendi og bundið í lögunum um málefni fatlaðra. Þetta hefur verið lögbundið og það er afar mikilvægt að það haldist áfram. Eins treysti ég líka orðum ráðherrans að það verði í endurskoðuðu frv. að fulltrúar Umhyggju fái að koma að þar sem er fjallað um nefnd sem á að fylgjast með framkvæmd laganna.

Í lokin varðandi sólarhringsstofnanirnar. Ég hef nokkrar áhyggjur af því og spyr hæstv. ráðherra hvort þær breytingar, sem voru gerðar á frv. frá því að laganefnd skilaði tillögum sínum, þ.e. þær ábendingar sem hæstv. ráðherra tók tillit til og er breytt í frv., hafi verið gerðar í samráði við hagsmunasamtökin. Mér finnst sú breyting sem gerð var varðandi sólarhringsstofnanir a.m.k. ekki í takt við það sem Þroskahjálp hefur óskað eftir og haft á stefnuskrá sinni. Mér finnst að verið sé að festa í sessi þær sólarhringsstofnanir sem eru nú fyrir hendi en ekki sé verið að fara að því sem samkomulag náðist um í nefndinni. Mér sýnist að það sé niðurstaðan.

Síðan ítreka ég þá málsmeðferð sem ég lagði til í upphafi ræðu minnar varðandi framkvæmd málsins í félmn.

[19:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál eða lengja þessa umræðu, aðeins örfá atriði.

Í fyrsta lagi kom fram í máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur að fram hefur komið frá hendi ýmissa sem hafa tjáð sig um þetta mál að menn vantreystu sveitarfélögum til að rísa undir þeim verkefnum sem gert er ráð fyrir að þau axli. Ég held að nær lagi væri að segja að menn vantreysti ríkisvaldinu að standa við bakið á þeim þegar til lengri tíma er litið og að þrátt fyrir hugmyndir um samlag og samvinnu sveitarfélaga í þessum efnum muni þau ekki ráða við þessi verkefni.

Varðandi gjaldtökuna vil ég ítreka áhyggjur mínar út af því. Hér hefur komið fram við umræðuna að ekki sé gert ráð fyrir því að íþyngja fötluðum við þessar breytingar og í því sambandi m.a. vísað til grg. um 29. gr. frv. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Við beitingu á gjaldtökuheimild samkvæmt frumvarpinu er á hinn bóginn gert ráð fyrir að sveitarstjórnir taki mið af því hvernig málum þessum er nú háttað í lögum, enda hefur ávallt verið gengið út frá því að hagur fatlaðra skerðist ekki við yfirfærsluna frá ríki til sveitarfélaga."

Ég vil minna á að í lögum sem voru samþykkt ekki alls fyrir löngu um húsaleigubætur er kveðið á um í 1. gr. að hagur leigjenda eigi að batna með lögunum. Staðreyndin var hins vegar sú hagur leigjenda t.d. í Reykjavík batnaði ekki. Hann stóð í stað hjá ýmsum eftir að Leigjendasamtökin og aðrir aðilar höfðu sett þrýsting á borgaryfirvöld að skerða ekki kjör þessa fólks. Það er nú staðreynd málsins og þannig er það í ýmsum öðrum lagabálkum að þar er að finna góðan ásetning af svipuðum toga en síðan verður framkvæmdin þvert á það.

Ég sé að hæstv. félmrh. hristir höfuðið og nú langar mig til að kanna viðhorf hans. Hann segir að ekki standi til að ráðast í stórkostlega einkavæðingu á þessu sviði. Þetta segir hann. Nú hafa menn gagnrýnt það sem við teljum sum vera stórkostlega einkavæðingu innan heilbrigðisþjónustunnar og velferðarþjónustunnar. Ég vísa þar í einkavæðingu í skólakerfinu, Iðnskólann í Hafnarfirði, og ég vísa til útboðs á öldrunarþjónustu á Reykjavíkursvæðinu þar sem m.a. fyrirtækinu Securitas hefur verið fengið það verkefni að reisa og reka elliheimili þótt í ljós hafi komið að það sé miklu óhagkvæmara og dýrara fyrir skattborgara en að fá Hrafnistu það verkefni í hendur sem hafði einnig sett fram tilboð.

Styður hæstv. félmrh. þessar framkvæmdir, styður hann þessi verkefni? Finnst honum ekkert athugavert við framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum? Ef honum finnst ekkert við þetta að athuga, ekkert við einkaframkvæmd á elliheimilum eða í skólakerfinu að athuga vakna efasemdir um góðar yfirlýsingar hans í því efni sem er til umræðu.

Við skulum ekki gleyma því, áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, sem ég gjarnan vildi vekja máls á, að í bæklingi ríkisstjórnarinnar um einkaframkvæmd er sérstaklega kveðið á um að sett skuli á notendagjöld. Hér segir, með leyfi forseta:

„Leggja ber áherslu á að sem stærstur hluti tekna rekstraraðila sé fenginn með notendagjöldum."

Þetta segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

[19:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki hér eða nú að taka afstöðu til samnings hæstv. heilbrrh. við Securitas um byggingu og rekstur elliheimilis, ég þekki ekki þann samning. Ég veit hins vegar að það er þó nokkur forsaga að því að einstaklingar eða félagasamtök reki elliheimili sem sjálfseignarstofnanir. Ég nefni Elliheimilið Grund, ég nefni starfsemina í Hveragerði, SÍBS o.s.frv. Ég sé ekki að það sé neitt hræðilegt eða neitt sem þar hafi gerst sem við þurfum að fordæma.

Eins hafa einkaskólar verið reknir með ágætum árangri í landinu. Ég er ekkert sérstaklega hlynntur einkaskólum og að þeir geti valið úr nemendunum en ég held að þeir geti alveg sinnt hlutverki sínu með sóma.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að hagur leigjenda hefur stórbatnað með húsaleigubótunum. Ég vísa til málþings um húsaleigubætur sem haldið var í síðustu viku í Borgartúni þar sem kom fram ákaflega mikil ánægja með fyrirkomulag húsaleigubóta og þá þróun sem þar hefur orðið á undanförnum árum. Þetta var mjög fjölsótt málþing og menn báru mikið lof á það fyrirkomulag sem þarna er komið á. Ég minni á að við erum alltaf að þróa húsaleigubætur og lagfæra og sníða af vankanta. Seinast var hækkað um áramótin og aukið tillit tekið til barnafólks o.s.frv.

Lítið sveitarfélag getur að sjálfsögðu keypt sérfræðiþjónustu. Það þarf ekki að vera sálfræðingur í fullu starfi, það er hægt að kaupa þjónustu fyrir einn eða tvo einstaklinga einhvern veginn tímabundið. Það þarf ekki að ráða sérfræðinga fast í full stöðugildi. Þegar litið er á hvaða fólk er að útskrifast úr háskólanum verður ekki séð fram á beinan skort á sálfræðingum alveg á næstunni hjá okkur á Íslandi.

Það er svo skrýtið með það að menn hafa verið að vorkenna litlu sveitarfélögunum að taka við málefnum fatlaðra en tregðan sem ég verð var við frá sveitarfélögunum að yfirtaka málaflokkinn kemur fyrst og fremst frá stærstu sveitarfélögunum og frestunin hefur verið fyrst og fremst vegna beiðni stærstu sveitarfélaganna sem eru ekki tilbúin að taka við málflokknum. Það eru ekki litlu sveitarfélögin sem biðja um það heldur eru það þau stóru.

Ég vil taka fram að þó að við séum að gera gælur við það núna að yfirtakan geti farið fram 1. jan. 2002 vil ég ekki að það verði farið að knýja einhver sveitarfélög til að taka við málaflokknum ef þau eru ekki tilbúin að gera það. Þá verðum við bara að hafa það að fresta þessu eina ferðina enn. Það er búið að tvífresta og það er auðvitað slæmt að láta ganga svo áfram. En ef einhver sveitarfélög, sem þurfa að taka á sig miklar byrðar eða taka að sér mikil verkefni út af málaflokknum, óska eftir því að fresta vil ég ekki standa í því að neyða þau til þess arna.

Það er jákvætt að félmn. vinni sem mest að þessu máli og sem ötullegast og ég fagna því ef félmn. hefur tækifæri til þess að vinna í málinu núna.

Ég sé að tímanum er að ljúka. Svíþjóð er engin fyrirmynd, hv. 13. þm. Reykv., í því efni að færa verkefni til sveitarfélaga. Þetta er byggðapólitík og ég ráðlegg hv. þm. að fara til Hornafjarðar og kynna sér hvernig Hornafjörður hefur sem reynslusveitarfélag tekið við tilheyrandi verkefnum.

[19:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kynnt mér starfsemi sveitarfélagsins á Hornafirði og veit og get tekið undir að þar hefur tekist vel til enda gat ég um það í upphafi máls míns áðan að að mörgu leyti væri vel að þessum málum staðið með því að ráðast í að færa verkefni til sveitarfélaga í gegnum reynslusveitarfélög.

Ég legg áherslu á að ég er einn af einörðum stuðningsmönnum húsaleigubóta og hef reyndar barist fyrir því að ekki sé mismunað í skattlagningu á milli þeirra sem fá húsaleigubætur og aðrar bætur frá hendi ríkisins. Ég vakti einvörðungu athygli á því að í 1. gr. laga um húsaleigubætur segir að þau eigi að verða til þess að bæta stöðu leigjenda. Ég benti á að í Reykjavík hefur það ekki gerst vegna þess að aðrir þættir komu þar til sögunnar og ég fann þar samsvörun við þetta frv.

En það sem mér finnst vera áhyggjuefni, herra forseti, er að hæstv. félmrh. skuli leggja að jöfnu annars vegar samtök á borð við SÍBS, DAS eða önnur samtök sem eru sprottin upp úr verkalýðshreyfingu eða samtökum sjúklinga eða hafa

starfað á svipuðum forsendum, við verktakafyrirtæki, iðulega fjölþjóðleg, sem eru að sækja inn í velferðarþjónustuna til að reka hana eins og hvern annan atvinnurekstur og hafa af henni arð. Víðast hvar annars staðar hafa menn áhyggjur af þessu. Ég vitnaði í svokallaða Parkland-skýrslu þar sem menn hafa verið að rýna í þær breytingar sem þessu fylgja, annars vegar að veita þjónustuna sem ýmis félagasamtök og fyrirtæki að sönnu hafa gert en byggt á hugmyndafræði þjónustunnar og þeirri breytingu sem er að verða núna með tilkomu verktakafyrirtækja, fjölþjóðlegra fyrirtækja sem eru að sækja inn á þennan vettvang til að hafa af þessu arð.

Mér finnst það áhyggjuefni ef hæstv. félmrh. gerir engan greinarmun á þessu tvennu.

[19:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi tekið það alveg skýrt fram að ég væri ekki að leggja neinn dóm á samning heilbrrn. við Securitas vegna þess að ég þekki hann ekki. Ég hef ekkert komið að honum og var ekki að jafna honum neitt saman við SÍBS eða aðra aðila. Ég vakti hins vegar athygli á því að það er ekki nýmæli, það er ekki eins og þetta sé í fyrsta sinn sem einkaaðilar taka að sér að reka slíka starfsemi. Ég hygg að Gísli í Ási hafi reynt að láta þá starfsemi líka bera sig. Ég hygg að hann hafi ekki verið að reka þetta til þess að tapa á því.

Mikil umræða hefur sprottið hér út af einkavæðingunni og menn eru skelfingu lostnir yfir því að þetta sé allt saman að fara í hendurnar á einhverjum hákörlum. Það er best að ég geri hér litla játningu. Nefndin sem skilaði málinu lagði til í bráðabirgðaákv. að opnuð yrði heimild til að gera þjónustusamninga við þær stofnanir sem rækju þessa starfsemi nú þegar. Með tilliti til þess og reynslu minnar af þessum stofnunum og sérstaklega með tilliti til Barnaverndarstofu þar sem svona framkvæmd hefur einnig verið, ég nefni meðferðarheimili sem eru mjög til fyrirmyndar eins og Árbót í Þingeyjarsýslu og Torfastaði þar sem einstaklingar taka að sér að reka þessa starfsemi og gera það betur, leyfi ég mér að fullyrða, en okkur er unnt að gera alfarið hjá ríkinu. Þess vegna vildi ég ekki loka fyrir að hægt væri að gera einhverja nýja samninga. Það er því við mig að sakast persónulega.

[19:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki vil ég heldur verða til þess að loka á slíka samninga sem geta í mörgum tilvikum verið hyggilegir og þetta hefur stundum tekist ágætlega. En er það virkilega svo að það hafi ekki verið rætt í ríkisstjórninni áður en ráðist er í þá grundvallarbreytingu að bjóða út gamla fólkið, að bjóða út elliheimilin á Íslandi eða skólana? Hefur þetta ekki verið rætt í ríkisstjórninni? Hæstv. félmrh. kemur hingað í ræðustól og segist ekki hafa kynnt sér málið. Í fjölmiðlum hefur birst aragrúi blaðagreina þar sem menn hafa verið að takast á um þessi efni. Og hæstv. félmrh. kemur hingað í ræðustól og segist ekki hafa kynnt sér þessi mál. Hefur hann ekki kynnt sér þá grundvallarbreytingu sem verið er að gera innan velferðarþjónustunnar, að bjóða út skólana og bjóða út elliheimilin? Mér finnst þetta áhyggjuefni.

[19:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að vísu ekki setið alveg alla ríkisstjórnarfundi, en ég minnist þess hins vegar ekki að þessi tiltekni samningur hafi verið tekinn til meðferðar í ríkisstjórninni, enda finnst mér það nú kannski ekki vera svo stórkostlegt mál að það taki því að láta ríkisstjórnina alla sitja yfir því tímunum saman.

Það er alveg rétt að ég hef lesið eitthvað af greinum og hlustað á ræður hjá hv. 13. þm. Reykv. um bölvun einkavæðingarinnar. Sumt af því hefur verið rétt, en sumt hafa verið bara tómir öfgar.

[19:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra ræddi um að tregða sveitarfélaganna til að taka við þessum málaflokki lægi ekki hjá smærri sveitarfélögunum heldur fyrst og fremst hjá stærri sveitarfélögunum. Mér finnst, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefði þá átt að skýra hvers vegna það gæti verið. Ég held að skýringin á því hljóti að vera sú, ef það er rétt sem ég hef ekki hugmynd um, að þunginn í þessum málaflokki er helst hjá stærri sveitarfélögunum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjavík kannski ekki síst. Við þekkjum ótal dæmi um að fólk hefur verið að flytja utan af landi hingað til Reykjavíkur m.a. til að fá þjónustu fyrir fatlaða og fötluð börn. Það er auðvitað skýringin á því að stærstu sveitarfélögin, eins og t.d. Reykjavík og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, vilja hafa tryggt að tekjustofnar fylgi með þegar verið er að flytja málaflokkinn þarna á milli. Þetta vildi ég láta koma fram.

Af því að hæstv. ráðherra nefndi húsaleigubæturnar, sem er áhugamál okkar beggja, þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji og hvað því líður að fá fram afnám á skattlagningu húsaleigubóta. Ég er alveg sannfærð um að ráðherrann er því hlynntur, ég held meira að segja að hann hafi sagt það hér í ræðustól. Ég spyr því hvort við megum vænta þess að skattlagning á húsaleigubótum verði afnumin á þessu kjörtímabili.

Eins vil ég spyrja um hvort þær breytingar sem gerðar voru áður en frv. var lagt hér fram frá því að laganefnd skilaði tillögum sínum hafi verið gerðar í samráði við samtök fatlaðra.

[19:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þori ekki að fullyrða að allar þær breytingar sem þarna voru gerðar hafi verið signdar í bak og fyrir af samtökum um málefni fatlaðra. Eitthvað af þeim var borið undir viðkomandi og verið var að vinna þetta með sendingum á milli manna og reynt að ná niðurstöðu. En ég þori ekki að fullyrða að allt hafi verið nákvæmlega borið undir alla aðila.

Varðandi skattlagningu húsaleigubóta þá er það mál til meðferðar í nefnd ásamt öðru sem að húsaleigubótunum og leiguíbúðunum lýtur. Ekki er búið að taka neina ákvörðun um að breyta skattalegri meðferð húsaleigubótanna og eins og hv. þm. veit hefur verið mikil andstaða við það. Ég get því ekki fullyrt að skattlagning þeirra verði afnumin eða nefnt einhvern dag þar um.

[19:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil láta koma fram að ég tel ákaflega mikilvægt að þetta frv., þegar það verður að lögum, verði afgreitt í góðri sátt við samtök fatlaðra og þá sem við þetta eiga að búa. Ég held að það sé nokkuð öruggt að þær breytingar sem voru gerðar á frv. frá því að laganefnd skilaði tillögum sínum hafi ekki einasta verið gerðar án þess að hafa samráð um þær við samtök fatlaðra heldur hafi þær

verið gerðar í andstöðu við samtök fatlaðra. Hér er verið að draga úr skyldum sveitarfélaga t.d. varðandi leiguhúsnæði, verið er að draga úr skyldum þeirra að því er varðar forvarnastarf og verið er að ganga í berhögg við þá framtíðarstefnu sem samtök fatlaðra, t.d. Þroskahjálp, vilja sjá varðandi sólarhringsstofnanir.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að leita sátta í þessu máli núna þegar málið fer í skoðun fram á næsta þing og reyna að ná samstöðu við samtök fatlaðra að því er þetta varðar.

Varðandi húsaleigubæturnar þá veit ég að það er fyrst og fremst Sjálfstfl. sem er á móti því að afnema skattlagningu á húsaleigubótum. Það veltur auðvitað mikið á styrk hæstv. félmrh. hvort hægt sé að ná því fram að skattlagning á húsaleigubótum verði afnumin. Ég er alveg sannfærð um að við erum að tala um sérstaka og mjög góða kjarabót fyrir það fólk sem verst er statt í þjóðfélaginu. Ég hvet því hæstv. ráðherra til þess að leggja allt sitt af mörkum til að ná því fram að skattlagning á húsaleigubótum verði afnumin. Hann hefur stuðning meiri hluta í þinginu til þess að það verði gert, hann hefur stuðning fjölda félagasamtaka sem hafa ályktað í þessu máli og hann hefur stuðning verkalýðshreyfingarinnar til að ná því fram. Hvað vill ráðherrann biðja um betra en að hafa allan þennan stuðning til að ná þessu fram á móti Sjálfstfl.?

[19:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara þessu bónorði játandi. En þeir verst settu sleppa að vísu við að greiða skatt af húsaleigubótum því að þeir eru undir skattleysismörkum. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var á föstudaginn var um kjarasamningana er verið að hækka skattleysismörkin og þeir verst settu sleppa hvort sem er. Það eru þeir sem eru í dálitlum tekjum sem þurfa að borga skatta af húsaleigubótunum.

[19:28]

Útbýting þingskjala:

Ábúðarlög, 239. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 721; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 722; brtt. GAK, þskj. 723.

Hlutafélög, 451. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 725.

Landsvirkjun, 198. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 727.

Þingsköp Alþingis, 450. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 724.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–16. mál.

Fundi slitið kl. 19:29.

---

78. FUNDUR

þriðjudaginn 14. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 418. mál, þskj. 681. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665. — 1. umr.

3. Kvótaþing, Verðlagsstofa skiptaverðs og takmörkun á flutningi aflamarks, skýrsla, 400. mál, þskj. 658.

4. Stjórn fiskveiða, frv., 144. mál, þskj. 165. — Frh. 1. umr.

5. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.

6. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 338. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.

7. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 697. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.

[13:30]

Útbýting þingskjals:

Framkvæmd skattskila, 308. mál, svar fjmrh., þskj. 700.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 418. mál (heildarlög). — Þskj. 681.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 1. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 665.

[13:32]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Í frv. þessu er lagt til að rýmkuð verði heimild til framsals á aflahámarki í síld samkvæmt lögum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem gilda til loka næstu síldarvertíðar sumarið 2000. Sú takmörkun er sett á flutning aflahámarks milli skipa að aldrei má flytja af skipi meira en sem nemur 50% af sama hlutfalli skips úr árlegum leyfilegum heildarafla og sem nam hlutfalli þess úr heildarveiði þriggja síðustu vertíða. Samkvæmt þessu ákvæði er mjög mismunandi hversu stóran hluta aflahámarks unnt er að flytja af einstökum skipum og jafnframt breytist heimild einstakra skipa til flutnings milli ára í hlutfalli við breytt hlutfall þess úr heildarveiðinni. Þannig leiðir framsal eitt árið til þess að framsalsréttur þess árið eftir skerðist.

Lagt er til að takmörkun á heimild til flutnings aflahámarks verði aflétt gagnvart þeim skipum sem stundað hafa síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipum sem komið hafa í þeirra stað. Hins vegar verður óheimilt að flytja aflahámark af þeim skipum sem ekki hafa stundað síldveiðar á viðmiðunarárunum eða komið í stað slíkra skipa. Ástæða þess að hér er gerður greinarmunur á er sú að samkvæmt lögunum eiga öll skip kost á veiðileyfi og aflahámarki og verði heimilt að framselja þeim skipum sem nú fyrst sækja um leyfi til síldveiða má búast við að sótt verði um leyfi fyrir mörg skip í þeim tilgangi einum að flytja

af þeim aflahámark. Með þessu er hins vegar ekki þrengdur réttur nýrra skipa til að fá leyfi til síldveiða frá því sem verið hefur.

Meginrökin fyrir þessari rýmkun á framsalsrétti eru þau að í lok tveggja síðustu vertíða hefur skapast mjög erfið staða. Gildandi lög byggja á því að til endurúthlutunar aflahámarks komi sé slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja nýtingu heildarveiðiheimildanna. Síldveiðar einstakra skipa hefjast ekki á sama tíma auk þess sem veiðar þeirra ganga misvel. Því kemur upp sú staða að þegar fyrstu skipin hafa veitt kvóta sína þá eiga önnur skip hluta kvótans óveiddan eða hafa jafnvel ekki hafið veiðar þar sem útgerðarmenn vænta að til endurúthlutunar komi sem leiði til aukningar á veiðiheimildum þeirra sem lokið hafa veiðum og skerðingar hjá þeim sem minna eða ekkert hafa fiskað. Skip sem veitt hafa kvóta sína liggja í höfn meðan beðið er eftir því hvort til endurúthlutunar komi en mikill þrýstingur skapast hjá öðrum að veiða sem mest á sem stystum tíma til að missa ekki hluta af aflaheimildum sínum í endurúthlutun.

Ráðuneytinu hefur verið mikill vandi á höndum í þessu efni þar sem það er ekki á færi þess eða annarra að vita með einhverri vissu hve lengi skipin geti stundað veiðar áður en síldin hverfur af þeim miðum sem íslensk skip geta sótt. Þessi staða hefur leitt til mikillar keppni í upphafi síldarvertíðar og að dómi margra m.a. leitt til þess að ekkert af þessum síldarstofni hefur nýst til manneldisvinnslu. Með því að auka heimild til flutnings aflahámarks eins og hér er lagt til verður að telja að skynsamleg nýting síldarkvótans verði betur tryggð en með þeirri skipan sem verið hefur tvær síðustu vertíðir. Ef til endurúthlutunar kæmi mundi hún líklega aðeins taka til ónýttra aflaheimilda nýrra skipa en samkvæmt lögunum má að hámarki úthluta þeim 10% af heildarveiðiheimildunum. Tvö síðustu ár hefur þeim verið úthlutað milli 1 og 2% af heildarveiðiheimildunum í upphafi en þau hafa ekki nýtt þær heimildir.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. sjútvn.

[13:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í desember árið 1998 féll frægur dómur í Hæstarétti. Meginniðurstaða hans var sú að það samræmdist ekki atvinnufrelsis- og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þeir einir gætu fengið veiðileyfi sem hefðu haldið skipum sínum til veiða á tilteknum árum. Nú í janúar sl., rúmu ári síðar, féll síðan í undirrétti svokallaður Vatneyrardómur þar sem niðurstaðan er sú að sama eigi við um veiðiheimildir og það sem Hæstiréttur komst að niðurstöðu um varðandi veiðileyfi. Niðurstaðan var sú að það samræmdist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þeir einir fengju úthlutað veiðiheimildum eða kvóta sem leiði rétt sinn til reynslu tiltekinna ára.

Niðurstöðu Vatneyrardóms var vísað til Hæstaréttar og það er e.t.v. gráglettni örlaganna, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. skuli deginum áður en málflutningur hefst í því máli fyrir Hæstarétti mæla á Alþingi fyrir því frv. sem hér liggur fyrir frá ríkisstjórninni um breytingar á lögum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, breytingar á lögum sem eru tveggja ára gömul eða innan við það og var einungis ætlað að gilda í tvö og hálft ár, að því er segir í 3. gr. laganna.

Herra forseti. Með þessu frv. er ríkisstjórnin að leggja til að skip sem voru við síldveiðar á árunum 1995, 1996 og 1997 fái veiðiheimildir afhentar af hálfu hins opinbera án endurgjalds og þurfi síðan ekki að veiða neitt en megi umsvifalaust selja allar þær veiðiheimildir sem þau fá. Önnur skip sem fá veiðiheimildir en voru ekki við síldveiðar á árunum 1995, 1996 eða 1997 mega hins vegar ekki selja neitt heldur verða þau að veiða allt. Við hljótum að spyrja: Hvar er jafnræðisreglan?

Herra forseti. Er það ekki beinlínis ósvífni af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. sjútvrh. að bera mál þessarar gerðar fram eftir að dómar þeir sem ég lýsti hér áðan hafa fallið? Ráðherra mælir auk þess fyrir frv. deginum áður en málflutningur hefst í Hæstarétti vegna niðurstöðu Vatneyrardóms.

Fyrir utan það siðleysi sem felst í að afhenda réttinn til veiðanna án endurgjalds þá keyrir auðvitað um þverbak að ríkisstjórnin skuli leggja það til að síðan gildi ekki sömu reglur fyrir alla. Nei, reglurnar fara eftir því hvort skip var við síldveiðar árið 1995, 1996 eða 1997. Það fer eftir því hvernig þau eru meðhöndluð. Þetta eru töfraárin að mati ríkisstjórnarinnar, þau ár sem gefa rétt til úthlutunar ókeypis gæða sem síðar má selja. Ef skipin selja frá sér allan veiðiréttinn í ár, er þá hugsunin sú að þau fái aftur veiðirétt á næsta ári, veiðirétt til að selja aftur? Ef viðskiptin með veiðiréttinn eru talin svona mikilvæg, einhverjir verði að kaupa ef á að selja, af hverju eru veiðiheimildirnar þá ekki boðnar út þannig að allir sitji við sama borð?

Þegar lögin um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum voru sett vorið 1998, fyrir tæpum tveimur árum, og leystu af hólmi þá aðferð að nota úthafsveiðilöggjöfina sem grundvöll veiðanna lögðum við jafnaðarmenn til að síldarkvótarnir yrðu boðnir út. Það var og í samræmi við sérstakt þingmál í þá veru sem þá hafði tvisvar verið flutt af jafnaðarmönnum. Það gekk út á að úthafslögunum yrði breytt þannig að heimilt yrði að bjóða síldarkvótana út. Í því áliti sem við fulltrúar jafnaðarmanna í sjútvn. lögðum á sínum tíma fram við 2. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum kemur m.a. fram að með þeirri skipan mála að veiðarnar yrðu boðnar út væri líklegast að þau markmið fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiréttarins næðust fram.

Við lýstum jafnframt því áliti okkar — það eru innan við tvö ár síðan — að það frv. sem síðar varð að þeim lögum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sjútvrh. mælir fyrir breytingum á í dag væri bastarður. Við töldum það niðurstöðu málamiðlunar stjórnarflokkanna sem ekki gátu á þeim tíma komið sér saman um hvort veiðireynsla úr síldarstofninum ætti að mynda grunn að fastri aflahlutdeild eða ekki eins og meiri hluti sjútvn. áréttaði við setningu úthafsveiðilaganna árinu áður og átti þá við norsk-íslenska síldarstofninn. En nú virðist samstaða um málið meðal stjórnarþingmanna. Við höfum a.m.k. ekki enn heyrt skoðanir þeirra sem reglulega hafa mælt fyrir því að framsal yrði bannað. Veiðireynsla á ekki aðeins að mynda grunn að fastri aflahlutdeild og veiðirétti heldur fullkominn framsalsrétt, nánast eignarrétt sem ókeypis er afhentur þeim sem talið er að eigi þann rétt vegna veiða sinna á tilteknum árum. Ég ítreka enn, herra forseti, að þessi tillaga ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögunum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum er sett fram í nokkuð sérkennilegu umhverfi, eftir að dómar hafa fallið og leitt málið í ákveðinn farveg.

Ég gat um það, herra forseti, að jafnaðarmenn hefðu á sínum tíma lagt til þær breytingar að veiðiréttinn úr norsk-íslenska síldarstofninum ætti að bjóða út. Við munum fylgja þeirri skoðun okkar eftir að líklegast sé að markmið

fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiheimilda fáist með því móti, með því að leggja fram brtt. í þá veru við það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég vil, herra forseti, gjarnan spyrja hæstv. sjútvrh. hvort slík meðferð hafi aldrei komið til álita af hálfu hæstv. ríkisstjórnar eða stjórnarflokkanna þegar sú breyting sem hæstv. ráðherra mælir fyrir var undirbúin. Ég get ekki séð betur, herra forseti, en hér sé hæstv. ráðherra í raun að keyra gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Mér þykir sem þannig sé enn mismunað ef þetta frv. til breytinga á lögunum verður samþykkt. Ég velti því fyrir mér hvernig hæstv. ráðherra ætlar þá að halda áfram með málið.

Það er alveg ljóst eins og ég gat um áðan að lögin segja að hæstv. sjútvrh. eigi fyrir 1. nóvember árið 2000, þ.e. fyrir haustið eða næsta vetur, að leggja fram frv. hér á Alþingi um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, þ.e. stjórn á stofninum eftir árið 2000. Hver eru þau viðhorf sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin vilja hafa í heiðri þegar kemur að slíkum breytingum á þessum lögum? Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra talaði um að með þessu frv. væri komið til móts við það sem hann kallaði erfiða stöðu á undanförnum árum. Við því hafði verið varað eins og ég benti á hér áðan. En er það að leyfa þessum hluta skipanna fullkomið framsal þeirra aflaheimilda sem þeir fá eina leiðin sem hæstv. ráðherra sér til að bregðast við þeim vanda við stjórnun veiðanna?

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara nánar í þá gagnrýni sem sett var fram á sínum tíma þegar þessi lög voru sett. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin var á þeim tíma, fyrir tæpum tveimur árum, að reyna að takast á við hvernig hægt væri að láta síldarflotann mynda veiðireynslu. 5. gr. úthafsveiðilaganna hafði verið notuð til þess að stjórna veiðunum en þegar sú löggjöf var hér til umfjöllunar gerðist það að meiri hluti sjútvn., samsettur af fulltrúum stjórnarflokkanna, ályktaði um það sérstaklega eða setti í nál. sitt að veiðireynsla samkvæmt því myndaði ekki veiðirétt.

Með þeim lögum sem sett voru fyrir tæpum tveimur árum var verið að reyna að ná utan um það að hægt yrði að mynda þennan veiðirétt, annað var ekki hægt að skilja, og nú er ekki bara verið að mynda veiðiréttinn heldur er framsalið orðið fullkomið, en það virðist ekki hafa komið til álita, nema hæstv. ráðherra segi okkur þá betur frá því á eftir, að menn byðu veiðiréttinn út.

Ég vil rifja það upp, herra forseti, að við umfjöllun málsins á sínum tíma voru ákveðnir forustumenn stjórnarflokkanna býsna yfirlýsingaglaðir hvað varðaði meðferð þessa fiskstofns. Það kom fram hjá fleiri en einum og fleiri en tveimur að til álita kæmi að selja þennan veiðirétt og þess vegna er mikilvægt að vita hvort sú umræða er algjörlega þögnuð í herbúðum stjórnarliðsins.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það kemur nokkuð á óvart satt best að segja að hæstv. sjútvrh. skuli telja sig knúinn til að fara út í breytingar á þessum ákvæðum sem gilda um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum nú þegar í hönd fer síðasta veiðitímabilið innan ramma gildandi laga. Það er óþarfi að eyða miklum tíma í að rifja upp allan þann vandræðagang sem var af hálfu stjórnvalda hvað varðar meðferð á veiðiheimildum og veiðistjórn í þann stofn.

Löggjöfin sem sett var í maí 1998 var að mínu mati meingölluð og ég spáði því að það mundi ekki takast sérstaklega höndulega að nýta norsk-íslenska síldarstofninn á grundvelli þeirra ákvæða. Til dæmis mundu þau vandamál sem kæmu upp í sambandi við endurúthlutun og jafnvel endur-endurúthlutun á ónýttum veiðiheimildum þegar liði að lokum tímans hljóta að kalla á vandræðagang sem og varð raunin. Ég man ekki lengur og hef ekki tölu á hve oft varð að breyta reglugerðum og gefa út nýjar og vera með þetta mál í höndunum en það var í þó nokkur skipti og tókst ekki vel til. Kerfið hefur haft það í för með sér að menn hafa kannski farið í þetta meira af kappi en forsjá og samt hefur ekki tekist að fullnýta veiðiheimildirnar á sumum vertíðunum.

Það var í rauninni afar sérkennileg niðurstaða sem hér varð, herra forseti, á Alþingi vorið 1998 þegar valið var að láta ekki nýlega sett ákvæði laga um úthafsveiðar taka til þessa stofns. Og fróðlegt væri að rifja upp helstu rökin fyrir því sem þá voru höfð uppi, ég hygg m.a. af hv. 1. þm. Austurl., hæstv. núv. utanrrh. og þáv. reyndar, að það væri ótímabært vegna þess að vænta mætti svo mikilla breytinga á jafnvel hegðun þessa stofns eða af einhverjum öðrum ástæðum að það yrði að bíða með að ganga varanlega frá því hvernig farið yrði með stofninn.

Ég spyr, eru menn miklu nær því í dag? Hefur síldin breytt eitthvað um hegðun eða hafa einhverjar nýjar forsendur skapast sem gera það að verkum að þessi rök hafi reynst rétt? Svarið er auðvitað nei. Þetta mál er nákvæmlega jafnmikið upp í loft og það var þá, á vordögum fyrir tæpum þremur árum.

Í stað þess að láta ákvæðin um úthafsveiðar og 5. gr. þeirra laga um deilistofna gilda í þessu tilviki, eins og gert hafði verið á Reykjaneshrygg og í fleiri tilvikum, var búin til afar sérkennileg sérregla. Veiðireynslunni var ýtt til hliðar en í raun og veru burðargeta eða rúmmál skipanna tekið inn sem viðmiðun í staðinn þannig að nýleg skip með litla eða enga veiðireynslu fengu þarna umtalsverða úthlutun. Svo hlálegt er það nú að þetta voru akkúrat sömu rúmlestirnar innan veiðileyfa í íslensku lögsögunni sem skömmu síðar voru dæmdar ólöglegar, sem þarna voru notaðar sem viðmiðun. En það stendur ekki í mönnum að framlengja það kerfi með sér jafnvel inn í nýja öld þó að sjálfur grundvöllurinn sem þarna var notaður í staðinn fyrir veiðireynsluna sem þó hafði myndast í frjálsu veiðunum á árunum frá og með aðallega 1994 og fram til 1997, fyrstu veiðarnar voru að vísu við norðausturhorn íslensku lögsögunnar sumarið 1993, ef ég man rétt, og veiddust þá um 24 þús. tonn. En jafnvel þó það ár hefði verið dregið frá voru orðin ein fjögur ár sem voru tiltölulega marktæk, kannski að einu undanskildu af því að þá hafði veiðireynsla myndast í frjálsri sókn á árunum áður en samið var um stofninn eða á grundvelli einhliða aflaákvörðunar Íslendinga og Færeyinga sameiginlega.

Eðlilegast hefði auðvitað verið að beita ákvæðum úthafsveiðilaganna þar sem veiðireynslan væri lögð til grundvallar, taka svonefndan frumherjabónus með inn í útreikningana og láta síðan, ef um varanlega úthlutun var að ræða, endurgjald koma á móti eins og heimilt er samkvæmt lögunum og fordæmi eru um, t.d. frá Reykjaneshrygg. Ég hygg að um ráðstöfun þeirra veiðiheimilda sem komu til sögunnar á Reykjaneshrygg á grundvelli veiðireynslu Íslendinga og mynduðust í frjálsri sókn, var síðan útdeilt á grundvelli þeirrar veiðireynslu og í staðinn kom endurgjald annarra veiðiheimilda í íslensku lögsögunni, hafi verið sæmileg sátt. Þar var þeim útgerðum sem brutu ísinn og öfluðu fyrstu

veiðireynslunnar og náðu tökum á þessum veiðum ívilnað með svonefndum frumherjabónus eða tilteknu álagi sem skipin sem stunduðu veiðar fyrstu árin fengu.

Í staðinn fyrir að nota þau lagaákvæði, sem búið var að leggja mikla vinnu í árin á undan og ná sæmilegri samstöðu um, var búin til þessa undarlega sérregla. Hún er svo meingölluð að flest ef ekki öll árin hefur þurft að fikta eitthvað í henni og vera með breytingar á henni, gefa út reglugerðir á miðjum veiðitímanum, jafnvel oftar en einu sinni, til að þetta fyrirkomulag geti gengið upp.

Herra forseti. Í ljósi alls þessa og með hliðsjón af öðrum aðstæðum sem öll umræða um sjávarútvegsmál er undir nú um þessar mundir vakna upp spurningar hvort ekki hefði þá verið illskást að klára þetta tímabil á grundvelli óbreyttra reglna. Hafa menn hugsað alveg fyrir því hvað gerist með því að leyfa þetta framsal núna? Er ekki ansi hætt við því að það festi regluna enn frekar í sessi? Og þá meina ég þessa sérreglu sem útbúin var í maí 1998. Eru allir sáttir við það? Er verið að boða það eins og stundum áður að þar hafi menn í raun og veru verið að búa til grundvöllinn sem málið muni byggja á til framtíðar þótt svardagar væru uppi um hið gagnstæða og talað um að setja þyrfti sérreglur einmitt vegna þess að ekki væri tímabært að ganga varanlega frá ákvörðun veiðiheimildanna?

Það væri fróðlegt að fá a.m.k. einhverja umfjöllun um þetta mál ef það hefur þá verið rætt eða skoðað í hinu háa ráðuneyti eða hjá ríkisstjórninni. Kannski er þetta bara spilað af fingrum fram og menn lifa frá degi til dags í þessum efnum um þessar mundir eins og manni finnst margt benda til í sjávarútvegsmálunum. En það er ekki beysin stefna verð ég að segja, ef menn hanna flíkina um leið og þeir prjóna hana.

Að síðustu, herra forseti, óska ég eftir því að hæstv. sjútvrh. svari hér einhverju til um hvað í vændum er með framhald málsins. Þegar vertíðinni lýkur í vor eða sumar þá er uppi það tímabil sem ákveðið var með lögunum nr. 38/1998. Verður þá horfið aftur til ákvæða úthafsveiðilaganna eða reiknar hæstv. ráðherra með að þessi tilhögun verði framlengd? Hver er afstaða hæstv. ráðherra til þeirra ákvæða sem úthafslögin geyma í þessum tilvikum, t.d. til frumherjabónuss og þá endurgjalds ef um varanlega úthlutun er að ræða? Ég held að æskilegt væri, herra forseti, að við 1. umr. málsins kæmu fram fyllri upplýsingar um stöðu málsins en gerðu í stuttri framsöguræðu ráðherra.

[13:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við erum að ræða lög, eins og komið hefur fram, sem átti að endurskoða á þessu ári og leggja fram fyrir 1. nóv. á þessu ári nýtt frv. um það hvernig málum yrði skipað. Eðlilegt hefði verið, eða mér finnst það a.m.k., í ljósi þeirrar umræðu sem almennt hefur farið fram um fiskveiðistjórnarmál og dóma sem gengið hafa varðandi veiðileyfi og aflarétt eða skyldu manna til að hafa aflahlutdeild til að stunda veiðar, að þetta mál hefði einfaldlega ekki komið fram, a.m.k. ekki í þeim búningi sem það er sett fram.

Ef áhyggjur hæstv. sjútvrh. voru þær að e.t.v. næðist ekki að halda aflaheimildum það lengi fram eftir sumri, t.d. ef norsk-íslenska síldin gengi nær landinu og ekki yrði hægt að nýta heimildir vegna þess að þær væru búnar, þá hefði verið miklu eðlilegra af hálfu hæstv. ráðherra að leggja fram frv. sem hefði tekið ákveðinn hluta aflaheimildanna, t.d. 10% eða 20% í ákveðinn pott sem hann hefði svo getað ákveðið að leyfa mönnum að sækja í gegn leigugjaldi þegar lengra liði á sumarið.

En með tilliti til þess hversu stuttur tími er eftir af gildistíma þessara laga nr. 38 frá 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, held ég að sennilega hefði verið best að láta málið óhreyft og leyfa því að ganga fram eins og unnið hefur verið eftir sl. tvö ár.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort þær hugmyndir sem m.a. voru sendar til nefndasviðs Alþingis frá Farmanna- og fiskimannasambandinu á sínum tíma um hvernig úthlutunin og framsalið ætti sér stað og hver réttur áhafnar væri í því framsali, en þar var lagt til að áhafnarrétturinn væri a.m.k. 35% af þeim heimildum sem menn mættu framselja eins og lögin eru í dag, hafi ekkert komið til álita þegar unnið var frv. í ráðuneytinu.

Ég tel að öllu samanlögðu, og ætla ekki að hafa um þetta langt mál að þessu sinni, að frv. eins og það kemur fram núna sé ótímabært og eðlilegra hefði verið með tilliti til þess að það er þó aðeins sú vertíð sem fram undan er sem er til ráðstöfunar eftir núverandi lögum að frv. hefði ekki komið fram nú, a.m.k. ekki í þeim búningi sem það er. Ég vil hins vegar benda á að það hefði mátt hugsa sér að koma fram með frv. um að taka einhvern pott frá sem hæstv. ráðherra hefði svo getað ákveðið að setja t.d. Kvótaþing yfir þannig að menn gætu nálgast það eftir ákveðinn tíma t.d. eftir 1. júlí, ef það var hugmynd ráðherrans að nýta heimildirnar á annan hátt en þær hafa verið nýttar á undanförnum árum og stýra þeim með tilliti til þess að síldin breytti göngu sinni innan lögsögunnar.

[14:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þegar það varð ljóst að Íslendingar gætu farið að veiða aftur úr þessum síldarstofni kom upp afar sérkennilegt vandamál. Síldin varð munaðarlaus, enginn átti hana. Stjórnvöld sváfu ekki nótt eftir nótt yfir því hvernig ætti að koma einhvers konar eignarhaldi á síldarstofninn. Það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda til margra ára að útgerðarmenn ættu að eiga fiskinn í sjónum og hann skyldu þeir kaupa og selja réttinn til að veiða eftir því hvernig þeim hentaði það.

Þetta er skýringin á þeim aulalegu vinnubrögðum sem hafa verið notuð í málinu frá upphafi. Það að ætla sér að búa til einhvers konar rétt til eignar á veiðiheimildum í þessum stofni út frá svo takmörkuðum veiðum sem hafa verið leyfðar á honum er algerlega fráleit hugmynd og hefði aldrei átt að koma til greina. Það er ein af furðulegustu og verstu hugmyndunum sem hafa komið fram að gefa þennan rétt útgerðum sem gera út í örfá ár á stofn sem byrjað er að nýta aftur og gæti hugsanlega orðið margfalt stærri. En það var meiningin og um það hafa menn rifist en menn heyktust þó við að ganga þetta til enda. Ég segi, þakka skyldi þeim. Ég get ekki kvartað undan því þó að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi gert það áðan að menn notuðust ekki við þessa takmörkuðu aflareynslu.

Ég tel reyndar að eina brúklega hugmyndin vegna þess að menn ætluðu sér að nýta kvóta sem fram kom hafi verið sú að leigja veiðiheimildirnar út á markaði sem allir hafa jafnan aðgang að og hefði þá ekki verið hægt að kvarta undan því að ekki hefðu verið almennar leikreglur sem allir hefðu staðið jafnir gagnvart, þannig á að fara að í þessu tilfelli.

Nú kemur breytingin á 5. gr. laganna, sem stjórnvöld fóru með í gegnum Alþingi í fyrra, í veg fyrir að málin geti

verið í því fari sem búið er að setja þau í. Síðan er hæstv. sjútvrh. með einhvers konar reglu í viðbót sem á að tryggja þeim sem veiddu í þrjú ár á öldinni, þegar fyrstu veiðileyfin voru gefin á þennan stofn, sérréttindi og réttindi fram yfir alla aðra. Þetta eru ekki brúklegar hugmyndir. Ég held að menn ættu að hafa í huga þá dóma sem hafa fallið og menn í sjútvn. ættu að skoða sig vandlega um áður en þeir fara þá leið sem hér er valin og velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að mynda almennar leikreglur sem allir standa jafnir frammi fyrir um veiðarnar úr þessum stofni. Ég fer fram á að farið verði vandlega yfir málið áður en það verður afgreitt.

Menn bíða eftir niðurstöðu Hæstaréttar í Vatneyrarmálinu. Fram hefur komið að stjórnvöld hafa tekið þá ákvörðun að gera ekki neitt fyrr en sá dómur liggur fyrir. Það er einfaldlega verið að bíða eftir niðurstöðu um hvort stjórnvöld komist upp með að gera upp á milli þeirra sem stunda sjó á Íslandi. Dómurinn snýst um hvort það megi með einhverjum hætti halda áfram að gera upp á milli þeirra sem stunda sjó á Íslandi. Mér finnst það ekki stórmannlegt að eftir kosningabaráttuna sem háð var fyrir stuttu, þar sem menn lofuðu því að taka á þessum málum, að þannig skuli að verki staðið. Ég minni á að tíminn er stuttur og þegar dómur hefur fallið munu menn ekki verða í því umhverfi sem þeir eru núna. Það umhverfi verður miklu óvinsamlegra gagnvart þeim stjórnvöldum sem þannig hafa viljað ganga fram ef dómurinn fellur á þennan veg.

Hvað gerist ef hann fellur á hinn veginn? Þá verður einfaldlega mikið ósætti í þjóðfélaginu um þá niðurstöðu. Það vita menn fyrir fram. Stjórnvöld þurfa þess vegna og ættu að fara í umræðuna af virkilegri alvöru. Það er ekki hægt að taka þennan hluta málsins undan. Menn þurfa að horfa á málið, sem liggur hér fyrir, með þeim augum að verið sé að skapa jafnræði og eðlilegar leikreglur í umhverfi þeirra útgerðarmanna sem eiga hlut að máli. En ekki að halda áfram í sama fari sem menn hafa haldið áfram frá því að þetta kerfi var tekið upp, þ.e. kerfi mismununar og óréttlætis þar sem allar reglur um eðlilega samkeppni og jafnræði eru brotnar.

[14:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum hafa nokkra sérstöðu á Íslandi umfram aðrar veiðar eins og fram hefur komið í máli manna. Þegar þær veiðar hófust að nýju voru um 30 ár liðin síðan veiðar úr þessum fiskstofni höfðu verið stundaðar af Íslendingum. Flest ef ekki öll þau fyrirtæki og skip sem höfðu stundað þær veiðar voru ekki lengur að veiðum og því ekki um að ræða neinn hefðbundinn rétt til þeirra veiða. Veiðirétturinn skapaðist þess vegna ekki af veiðireynslu heldur einfaldlega af samningum fulltrúa almannavaldsins á Íslandi, þ.e. ríkisstjórnarinnar, við aðra ríkisstjórn, aðrar ríkisstjórnir öllu heldur. Þannig urðu verðmætin til fyrir tilverknað samnings á milli ríkisstjórna, á milli handhafa framkvæmdarvalds tiltekinna ríkja. Áður en sá gerningur fór fram var ekki um neinar veiðar að ræða og ekki um nein verðmæti að ræða.

Um svipað leyti og þetta gerðist urðu til annars konar verðmæti með sams konar gerningi íslensku ríkisstjórnarinnar gagnvart öðrum ríkisstjórnum. Þá samdi íslenska ríkisstjórnin við aðrar ríkisstjórnir um að heimilað skyldi að flytja inn ákveðið magn landbúnaðarafurða framleiddra erlendis til Íslands. Þá höfðu erlendar landbúnaðarafurðir af þeim toga ekki verið fluttar til Íslands í 30 ár eða jafnvel lengur. Því var ekki heldur um að ræða neina reynslu í þeim efnum um að íslenskur aðili hefði reynslu af því að eiga viðskipti á grundvelli þessara verðmæta eða stunda atvinnustarfsemi á grundvelli þessara verðmæta. Þarna var sem sé, herra forseti, um að ræða sams konar gerning sömu ríkisstjórnar á svipuðum tíma. Gerning sem skapaði ákveðin verðmæti fyrir þá aðila sem stunduðu viðkomandi atvinnustarfsemi.

Hæstv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun réttilega varðandi tollkvóta á innfluttum landbúnaðarafurðum að þarna væri um að ræða verðmæti sem ríkisstjórnin hefði skapað. Ekki væri um að ræða neinn hefðarrétt á hvað varðaði meðferð mála og því skyldi bjóða þessi verðmæti eða ígildi þeirra út, þ.e. öllum sem leyfi hafa til verslunarreksturs á Íslandi væri gefinn kostur á því að bjóða í að nýta sér þau verðmæti sem ríkisstjórnin hafði skapað í samningunum við aðrar ríkisstjórnir.

Ég held að það hafi verið hæstv. þáv. landbrh., sem nú situr í forsæti Alþingis, sem tók þessa skynsamlegu ákvörðun. Síðan hefur henni verið framfylgt þannig að þeim verðmætum sem þarna voru sköpuð er ráðstafað þannig að öllum sem hafa rétt til að stunda verslun á Íslandi er gefinn kostur á að bjóða í þessa tollkvóta, þessi verðmæti og hæstbjóðandi hlýtur. Það var hins vegar ekki gert með þau verðmæti sem ríkisstjórnin skapaði varðandi samninga við aðrar ríkisstjórnir varðandi veiðar í norsk-íslenska síldarstofninn. Þar var talið rétt að gefa tilteknum útgerðarmönnum réttinn til að nýta sér niðurstöður þessara samninga, afhenda þeim hann fyrir ekki neitt. Þeir máttu síðan selja hann hver öðrum eða leigja og fénýta sér hann með þeim hætti, þ.e. ef þeir ekki vildu fénýta sér þennan rétt sjálfir, gátu þeir fénýtt sér hann með því að selja hann eða leigja hann öðrum.

Mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvaða ástæður eru fyrir því að tekin er ákvörðun um að þessum verðmætum sé ráðstafað með öðrum hætti en þeim verðmætum sem ég gerði að umtalsefni áðan og fólust í samningi íslensku ríkisstjórnarinnar við aðrar ríkisstjórnir erlendra ríkja um innflutning á takmörkuðu magni á erlendum landbúnaðarafurðum sem eru líka verðmæti af þeim toga sem sköpuð eru í samningum ríkisins eða ríkisvaldsins við ríkisstjórnir annarra ríkja?

Virðulegi forseti. Engin rök eru fyrir öðru en því að þegar teknar eru ákvarðanir af þessum toga séu ákvarðanirnar í þeim anda að hvorki sé verið að skerða atvinnufrelsi manna né jafnræði jafnrétthárra einstaklinga til að nýta sér þau atvinnutækifæri eða viðskiptatækifæri sem slíku fylgja. Eins og kom fram hjá hv. þm. Svanfríði Jóhannesdóttur, sem talaði hér áðan, Jónasdóttur — þetta er kannski fyrir áhrif frá hæstv. forseta sem situr fyrir aftan mig að mér urðu á mismæli en ég leiðrétti mig eins og hann — en við fluttum á sínum tíma brtt. við frv. um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands einmitt um þetta efni og hv. þm. hefur boðað það fyrir hönd þingmanna Samfylkingarinnar að sambærileg brtt. verði flutt við afgreiðslu málsins.

(**Forseti** (HBl): Forseti hefur tekið eftir að hv. þm. tekur hann sér til fyrirmyndar og er það til eftirbreytni eftirleiðis.)

[14:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að taka mér það til eftirbreytni að fara að gleyma nöfnum í stórum stíl og rugla með þau. Ég ætla ekki að blanda mér í málflutning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, 2. þm. Vestf. að öðru leyti en því að mér finnst rétt að halda þeirri sögulegu staðreynd til haga að samningar íslenskra stjórnvalda við Rússa, Norðmenn með Færeyingum sem Evrópusambandið kom síðar inn í um

norsk-íslenska síldarstofninn, komu ekki til sögunnar fyrr en að undangengnum nokkurra ára veiðum án samkomulags. Fyrstu veiðarnar voru sumarið 1993 og síðan fóru fram veiðar í ósamkomulagi, að hluta til frjálsar veiðar en síðan veiðar á grundvelli einhliða kvóta sem Íslendingar og Færeyingar settu sér sameiginlega. Það var ekki fyrr en að undangengnu nokkurra ára tímabili slíkra veiða sem samningar tókust um hlutdeild Íslands í þessum veiðum, allt of lága að vísu að margra mati eða einhverra 18–19%. Það er að mínu mati alveg ljóst að þeir samningar hefðu ekki náðst nema vegna þess að búið var að sýna fram á veiðimöguleikana og íslensk skip höfðu náð umtalsverðum árangri við veiðar í síldarsmugunni og í færeysku lögsögunni og að einhverju leyti innan íslensku lögsögunnar.

Hitt er svo líka alveg ljóst að strandríkisréttur Íslands á þarna hlut að máli og um hann semja auðvitað íslensk stjórnvöld. Hann er til staðar þegar um deilistofna er að ræða, jafnvel án þess að veiðireynsla hefði verið fyrir hendi. Að því leyti get ég tekið undir með hv. þm. en ég held að það eigi heldur ekki að horfa fram hjá því að þessar veiðar voru mikilvægar í sambandi við að styrkja samningsstöðu Íslands og rökstyðja okkar kröfugerð sem og söguleg rök frá þeim tíma þegar veiðin var að mestu leyti innan íslensku lögsögunnar og síldin var hér stóran hluta ársins.

En svona liggur þetta nú, herra forseti, eins og ég kann þessa sögu réttasta.

[14:16]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg laukrétt. Hins vegar hefði hv. þm. líka mátt geta þess að sérstaklega var tekið fram að þessar veiðar sem þá voru stundaðar mundu ekki skapa nein fordæmi eða yrðu ekki lagðar til grundvallar öflunar veiðireynslu af einu eða neinu tagi. Það sem skapar fyrst og fremst þessi verðmæti er þannig samningur ríkisstjórnar Íslands við ríkisstjórnir Noregs, Rússlands og Danmerkur fyrir hönd Færeyinga.

Ég hefði hins vegar áhuga á því að leggja aðra spurningu fyrir hv. þm. og hún er þessi: Telur hann rétt að halda sér við það fyrirkomulag varðandi veiðar á norsk-íslensku síldinni að nokkrum tilteknum, útvöldum fyrirtækjum sé afhentur veiðirétturinn án annars endurgjalds en e.t.v. þess að afsala sér veiðiheimildum til annarra útgerðarmanna á einhverjum öðrum fisktegundum? Er það eina athugasemdin sem hv. þm. hefur við þetta kerfi? Styður hann það í grundvallaratriðum að öðru leyti? Telur hv. þm. það algjörlega fráleitt að viðmiðunin verði sú að allir útgerðarmenn standi jafnir fyrir lögunum og farin verði sú leið varðandi veiðar úr þessum fiskstofni að öllum verði heimilað að óska eftir veiðiheimildum gegn greiðslu og sá hljóti sem best býður?

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ljóst að föst hlutdeild okkar, of lág að mínu mati, í árlegum veiðum þessa stofns kemur til sögunnar á grundvelli samnings sem náðist milli stjórnvalda. Menn höfðu að vísu fyrirheit um að hana yrði unnt að hækka ef síldin breytti um hegðun og gengi meira inn í lögsöguna en af því hefur nú ekki orðið.

Hitt er jafnljóst að eins og hún hefur hegðað sér undanfarin ár þá hefði íslenskur floti haft umtalsverða veiðimöguleika úr þessum stofni án nokkurra samninga. Það er nokkuð borðleggjandi að hann hefði getað veitt mun meira á svo til hverju ári, að vísu ekki nema með samkomulagi við Færeyinga því að talsvert af veiðunum hefur verið innan færeysku lögsögunnar. En gefum okkur að tvíhliða samskipti Íslands og Færeyja hefðu haldist á sama grunni og árin áður en samningar voru gerðir þá má færa að því gild rök að samningurinn hafi minnkað veiðimöguleika íslenska flotans en ekki aukið hann.

Staðreyndin er líka sú, herra forseti, að árið 1998 var öllum gert kleift að sækja um veiðiheimildir og úthlutun. Fjölmargir minni bátar og togarar sóttu um en náðu síðan ekki árangri í veiðunum. Reynslan sýnir auðvitað að það hafa ekki önnur en stór og öflug nótaskip og flottrollsveiðiskip náð árangri. Úthlutun til annarra hefði þannig fyrst og fremst eitthvert fræðilegt gildi, það er reynslan. Mjög margir af þeim sem sóttu um fyrsta árið náðu engum árangri í veiðunum. Sumir komust eina veiðiferð, aðrir hálfa, komu á hliðinni í land o.s.frv. Þegar upp var staðið voru það fyrst og fremst sérhæfðu og öflugu skipin sem náðu árangri í þessum veiðum.

Ég er enginn sérstakur stuðningsmaður þessa fyrirkomulags og hef gagnrýnt það alveg frá byrjun. Ég segi aðeins að ef menn eru með einhverja úthlutun þá tel ég veiðireynslu vera skárri grundvöll en þann sem menn notuðu. Ég er ekki þar með að segja að ég hefði viljað standa þannig að verki, það eru mörg rök sem mæla gegn því. Hins vegar hef ég heldur ekki, herra forseti, verið sérstakur stuðningsmaður eða séð ljósið í uppboðshugmyndum hv. þm. sem ganga eins og rauður þráður í gegnum allar hans umræður um sjávarútvegsmál þannig að yfirleitt kemst ekki annað að.

[14:20]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að deila við hv. þm. um hvort við hefðum e.t.v. getað veitt meira án þessara samninga en við höfum gert undir samningnum. Hins vegar vek ég athygli á því að hann sagði að það væri þó því aðeins að náðst hefðu samningar við stjórnvöld í Færeyjum um að við mættum veiða það sem við hefðum þá sótt innan þeirrar lögsögu. Með öðrum orðum skapast þessi verðmæti þá ekki heldur að hans áliti nema með því að íslensk stjórnvöld semji við stjórnvöld annars lands. Það er nákvæmlega það sem ég var að benda á. Verðmætin eru sköpuð fyrir tilverknað samninga ríkisstjórna. Síðan tekur ríkisstjórn Íslands ákvörðun um að úthluta þeim verðmætum til fárra útvalinna fyrir ekki neitt. (**SJS:** Menn semja ekki síldina í land.)

Herra forseti. Ég ætla ekki, af því ég veit að hv. þm. getur ekki komið aftur upp í þriðja sinn í andsvari, að deila við hann um önnur efnisatriði sem ég nefndi. Ég vek aðeins athygli á því að ég hef ekki heyrt frá hv. þm. neinar grundvallartillögur um aðra útfærslu á stjórn fiskveiða við Ísland en þá sem við þekkjum undir nafninu kvótakerfi. Hv. þm. virðist loka á allar leiðir til að treysta jafnræði og jafna stöðu Íslendinga sem hafa yfir skipum að ráða til þess að sækja þessa auðlind. Hann virðist líka vera á móti því að þjóðin, sem á þessa auðlind skv. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, njóti beins hagnaðar af því að umrædd auðlind skuli nýtt af tilteknum hópi manna sem einn er þess umkominn að nýta hana. Um það ætla ég hins vegar ekki að takast á við hv. þm. undir þessum lið. Hann getur ekki svarað því. En ég vek aðeins athygli á því að það er ekki mjög langt á milli sjónarmiða hans og hæstv. ríkisstjórnar.

[14:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég valdi þann kost að mæla hér fyrir tiltölulega lítilli og einfaldri breytingu á lögum um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. En eins og fram hefur komið ber mér að leggja fyrir Alþingi endurskoðað frv. fyrir 1. nóv. næstkomandi. Ég held að við ættum að geyma okkur umræðuna um heildarendurskoðunina þangað til á næsta þingi þegar það mál verður tekið fyrir. Eins og við vitum eru fiskveiðistjórnarlögin í heild sinni í endurskoðun og ekkert óeðlilegt þótt endurskoðun á þessu fylgi að einhverju leyti með.

Ég ætla að reyna að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og svarið leiðir eiginlega af því sem ég sagði hér rétt á undan. Hér er verið að gera tiltölulega litla og einfalda breytingu og í tengslum við hana komu hugmyndir um uppboðskerfi eða hlutdeild sjómanna í framsalinu ekki til skoðunar. Ég held að ekki sé tímabært að lýsa viðhorfum til framhalds málsins, þ.e. til endurskoðunar á þessu stigi.

Staða síldveiða er ekki alveg sú sama og hún var þegar þessi lög voru samþykkt. Það hefur orðið ákveðin þróun í stjórn þeirra veiða, samningar hafa náðst um lægri nýtingarstuðul á síldarstofninum sem m.a. er ætlað að gera stofninum kleift að verða enn stærri en hann er í dag til að minnka sveiflur í stærð stofnsins. Eins og kunnugt er samanstendur stofninn í dag nánast eingöngu af einum árgangi. Segja má að vegna þess muni verða miklar sveiflur í stofnstærðinni nánast burtséð frá því hvernig veiðunum verður háttað. Það er hins vegar mikilvægt að við reynum að halda þessum sveiflum í lágmarki því að það leiðir til hagkvæmari nýtingar á fiskiskipaflotanum við að ná aflanum. En þetta getur líka haft þau áhrif að sé stofninn stór þá séu meiri líkur til þess að hann gangi lengra vestur og lengra inn í landhelgi okkar en hingað til.

Inn í þetta spila áhrif af straumum og hitafari sjávar og þá kannski sérstaklega af því hversu langt hin svokallaða kalda tunga eða Pólstraumurinn fyrir austan land nær suður með Austfjörðum. Það hefur áhrif á það hve langt síldin gengur vestur og inn í landhelgina og hvenær hún beygir síðan norður og aftur norðaustur í Atlantshafið. Við höfum verið að sjá breytingar í umhverfi sjávar og þær breytingar hafa frekar bent til að hitastigið væri að hækka. Þegar maður leggur þetta saman, stærð stofnsíldarinnar og breytingar á hitastigi sjávar, vonast maður til að síldin muni ganga lengra vestur, inn í landhelgina hjá okkur og dveljast þar lengur fram á sumarið þannig að líkur séu á því að við getum nýtt hana til manneldisvinnslu. Tilgangur frv. er einmitt að búa þannig í haginn fyrir næstu vertíð að möguleikar á nýtingu til manneldis aukist og að afskipti sjútvrn. af veiðunum verði minni en þau hafa verið.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gagnrýnir að margsinnis hafi þurft að gefa út reglugerðir þegar reynt var að stýra veiðunum. Ég tel ekki gott að þurfa að standa í þessari endurúthlutun en ef það þarf þá skiptir engu máli hvort verið er að endurúthluta einu sinni, tvisvar eða þrisvar. Þá er markmiðið aðeins að ná öllum kvótanum og menn verða þá að aðlaga sig að aðstæðum hverju sinni. Ef það væri til þess fallið að ná kvótanum og ekki aðrir kostir væri ég alveg til í að gefa út reglugerðir einu sinni á dag ef á þyrfti að halda. Markmiðið er að ná öllum kvótanum.

Núna erum við að leitast við að hafa meiri sveigjanleika og að hafa inni í stjórnuninni það markmið að eitthvað af þessum veiðum nýtist til manneldis. Það er m.a. í ljósi breytilegra aðstæðna í hafinu og gert til að útgerðarmenn geti á auðveldari hátt tekið ákvarðanir um veiðar sínar.

Ég á svolítið erfitt með að fjalla um málflutning hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur því að að hluta talar hún eins og lögin séu ótímabundin og að hluta talar hún eins og lögin séu tímabundin. Það er erfitt að bregðast við gagnrýni á tímabundin lög eins og þau væru ótímabundin. Tilvísanir hennar í dóma, miðað við röksemdafærslu hennar, byggjast á því að lögin séu ótímabundin. Þau eru tímabundin og þau ber að endurskoða og leggja fram endurskoðað frv. fyrir 1. nóv. næstkomandi.

Hv. þm. minntist líka á umhverfi dóma. Það er að vísu rétt að dómar hafa sett mark sitt á umræðu um fiskveiðistjórn á undanförnum missirum, leitt til breytinga á lögum á Alþingi og þess að endurskoðunarferlið mun að mínu mati taka lengri tíma en ella. En það þýðir ekki að sitja verði með hendur í skauti og gera ekki neitt meðan beðið er eftir því að dómar falli. Síldarvertíð stendur fyrir dyrum og við þurfum að búa okkur undir hana eins og við best getum. Þess vegna legg ég fram þetta frv. til þess að við eigum auðveldara með að nýta kvóta okkar í norsk-íslensku síldinni á sem hagkvæmastan hátt á næstu vertíð.

[14:30]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef hæstv. ráðherra hefur misskilið það sem ég var að segja áðan. Ég var hreint ekki að leggja til að menn sætu með hendur í skauti á meðan beðið væri dóma, hvorki í þessu máli né öðrum. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar að stjórnvöld ættu ekki að hrekjast undan dómum heldur taka ákvarðanir um hvernig þau vilji þróa þessi mál.

Ég gagnrýndi hins vegar að megininnihald þess frv. sem hér liggur fyrir keyrir þvert á þá niðurstöðu sem varð í Hæstarétti annars vegar og hins vegar í svokölluðum Vatneyrardómi. Það gagnrýndi ég. Mér hefði ekki fundist það gagnrýnisvert, herra forseti, ef hæstv. sjútvrh. hefði komið hér með frv. til breytinga á lögunum sem vísaði til frekara jafnræðis. Það hefði verið að mínu skapi. En sú tillaga sem hér liggur fyrir gerir það klárlega ekki. Ég var að gagnrýna það.

[14:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að við leiðréttum þennan misskilning. Hv. þm. var ekki verið að gagnrýna mig fyrir að bregðast við. Ég held hins vegar að miðað við röksemdafærslu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur þá eigi gagnrýni hennar á viðbrögðin ekki við. Þessi lög eru tímabundin þannig að dómsorðin í dómi Hæstaréttar frá því í desember 1998 eiga þar af leiðandi ekki við. Það er sérstaklega talað um það í þeim dómi að hægt sé að grípa til tímabundinna ráðstafana. Jafnframt er úthlutun samkvæmt þessum lögum ekki algjörlega byggð á veiðireynslu heldur m.a. á stærð skipa. Eins er hluti af heildarkvótanum, þ.e. 10%, til úthlutunar til þeirra sem ekki hafa stundað þessar veiðar áður.

Í mörgum atriðum eru lög um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum ólík lögunum um stjórn fiskveiða sem hafa verið umfjöllunarefni dómstólanna. Þau atriði sem gagnrýnd hafa verið í þessu sambandi og hv. Alþingi hefur brugðist við eiga að mínu mati ekki við um þessi lög.

[14:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en vegna þátta sem hv. 2. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, dró inn í þessa umræðu, vil ég aðeins segja að þó að ég geri ekki skoðanir hv. þm. í sjávarútvegsmálum sjálfkrafa að mínum og hafi sjálfstæða stefnu í þeim efnum þá þarf hv. þm. ekki að gera þau mistök þar með frekar en hann kýs að stilla mér upp sem algjörum fjandmanni sínum eða andstæðingi í þessum efnum.

Ég held, svo ég reyni að útskýra það fyrir mitt leyti, að það sem aðallega hafi greint okkur að sé að ég hef ekki verið talsmaður hugmynda um stórfelldan auðlindaskatt, tekinn í gegnum uppboðskerfi á veiðiheimildum sem mér virðist að hv. þm. og í vaxandi mæli samflokksmenn hans standi fyrir, að óbreyttu kvótakerfi að öðru leyti. Þar skilur í milli í báðum greinum.

Ég hef varað við afleiðingum þess að setja allar veiðiheimildir á slíkt uppboð. Það gæti orðið háskalegt, a.m.k. ef slíkt uppboð yrði ekki verulega skilgreint og afmarkað þannig að ekki gæti í kjölfarið orðið um óhóflega samþjöppun veiðiheimilda á uppboðinu að ræða, nóg er nú samt. Ég hef líka spurt hvernig menn hugsi sér meðferð veiðiheimildanna á eftirmarkaði, hvort þar eigi þá að verða um algjörlega frjálst brask með hinar leigðu eða keyptu veiðiheimildir á eftirmarkaði að ræða, með svipuðum hætti og ég hygg að leiðarahöfundar Morgunblaðsins hugsi sér útfærslu þessa atriðs.

Hitt skiptir ekki minna máli að að svo miklu leyti sem ég les í gegnum þessar hugmyndir þá skoðun að í framhaldinu og á þessum grunni eigi síðan að vera með óbreytt kvótakerfi þá er ég því mjög ósammála. Ég vil gera á þessu kvótakerfi miklar breytingar. Ég vil t.d. taka strandveiði- og grunnslóðarflotann út úr þessu kerfi og setja um hann sérákvæði þannig að hann hverfi ekki á næstu árum, en í það stefnir. Þar með væri í leiðinni lögð áhersla á vistvænar veiðar.

Ég tel að einhvern veginn þurfi að byggðatengja veiðiréttindi, a.m.k. þess hluta flotans. Það verður að styrkja á nýjan leik stöðu sjávarútvegsbyggðanna og fiskvinnslunnar í landi í þessu kerfi. Annars fer mjög illa og horfir reyndar mjög illa nú þegar fyrir þeim aðilum. Ég hef allan tímann verið þeirrar skoðunar að það ætti að banna leigu veiðiheimilda. Ég tel að það hafi verið hið mesta ólánsspor — og er ég þó ekki saklaus í þeim efnum — að leyfa það nokkurn tíma að menn mættu fénýta innan ársins og ár eftir ár þennan afnotarétt að auðlindinni. Það er engin ástæða til þess. Aðlögun að breyttum aðstæðum getur orðið án þess. Fénýting þessara réttinda endurtekið ár eftir ár án þess að menn noti þær sjálfir er að mínu mati og hefur allan tímann verið erfiðast að forsvara af öllu því sem þarna á sér stað.

Ég ætla, herra forseti, ekki að blanda umræðum eða skoðanaskiptum okkar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar frekar inn í þessa umræðu um frv. sjútvrh. En hv. þm. hóf þær og hann hafði þær aðallega uppi í seinna svari sínu við andsvari frá mér. Ég átti því ekki kost á að halda þeim orðaskiptum áfram á sama grundvelli. Ég leyfi mér þar af leiðandi að svara þessu hér í nokkrum orðum.

Auðvitað ræður hv. þm. því í hvaða hóp hann reynir að stilla mér í þessum efnum. Ég tók eftir því að eins og stundum áður reyndi hv. þm., og hann er ekki einn um það af hálfu þeirra sem telja sig til svonefndrar Samfylkingar, að gera grýlu úr þeim sem hér stendur í sjávarútvegsmálum, spyrða mig saman við ríkisstjórnina. Gott ef þeir vilja ekki kalla mig sægreifa og annað í þeim dúr. Ég er orðinn býsna vanur slíku. Ég minnist t.d. nokkuð linnulausra greinaskrifa, herra forseti, sumarið, haustið og veturinn 1998 og 1999 frá m.a. hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og ýmsum minni spámönnum úr þessum herbúðum. Kjallaragreinar og blaðagreinar í helstu blöðum landsins voru uppfullar af markvissum tilraunum til að taka höfuðið af þeim herðum sem hér eru í ræðustóli með því að draga upp afar neikvæða mynd af því hversu stórháskalegar skoðanir mínar væru í þessum efnum. Það gekk nú ekki betur en svo að höfuðið er nokkurn veginn á réttum stað eða er það ekki, herra forseti?

(**Forseti** (HBl)**:** Svo virðist.)

Já, og er hér að halda ræðu. Ég því ekkert viss um að áframhaldandi tilraunir hv. þm. í þessum efnum muni skila honum meiri uppskeru en þær hafa gert hingað til. En honum er alveg frjálst að reyna mín vegna. Óhræddur er ég við þau skoðanaskipti og ég segi bara eins og maðurinn forðum: Skammt hef ég runnið fyrir þér.

Ég hvet svo hv. þm. Sighvat Björgvinsson til að kynna sér stefnu Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs í sjávarútvegsmálum, lesa hana vandlega. Hún er í stuttu en skýru máli, felur í sér tillögur um umfangsmiklar breytingar í sjávarútvegsmálum og þar á meðal grundvallarbreytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu. Auðvitað ræður hv. þm. því hvort hann tekur mark á því eða ekki, hvort hann flytur áfram óbreyttar ræður um stuðning minn við óbreytt kerfi o.s.frv. Það er honum í sjálfsvald sett. En ég hygg að það yrði málflutningur sem dæmdi sig sjálfur og af því yrði lítil uppskera. Það verður lítið hey í hlöðu hv. þm. á komandi haustum ef hann heldur þessum tilraunum áfram.

[14:39]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er mesti misskilningur að ég óski mér að eiga hv. þm. sem hér talaði áðan, Steingrím J. Sigfússon, að andstæðingi. Það er alveg fráleitt. Þvert á móti lagði ég mjög mikla áherslu á það í aðdraganda Samfylkingar að hann væri með okkur. Ég er honum þakklátur fyrir að hann lagði nú margt gott til í þeirri málefnavinnu sem hann tók þátt í með okkur hinum í aðdraganda þess framboðs. Hann á ýmislegt sem þar var síðan samþykkt í stefnu þess sameiginlega framboðs. Hann vann vel að því máli þó hann hafi kosið á elleftu stundu að hlaupast undan árum. En mér þótti mjög vænt um það framlag sem við fengum frá honum og hefði gjarnan óskað eftir því að hann væri okkur sammála til enda. En hann tók ákvörðun um að svo yrði ekki.

Herra forseti. Ég er ekki orðinn úrkula vonar um að við hv. þm. getum náð saman. Hann er greindur maður og lætur yfirleitt undan fyrir rökum. Það er ekki útilokað að að því komi einn góðan veðurdaginn að honum verði ljóst að rökin sem við samfylkingarfólk höfum fyrir því hvernig stýra eigi þessari meginundirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þannig að allir séu jafnir fyrir lögum og að hvort tveggja sé virt, jafnréttisákvæði stjórnarskrár og ákvæði um atvinnufrelsi, sé rétt nálgun að málinu.

Ég veit ekki til þess að hv. þm. hafi gert neina athugasemd við það hvernig þeim verðmætum er ráðstafað sem t.d. ríkisstjórn Íslands skapaði með samningum við önnur ríki um innflutning á takmörkuðum kvóta landbúnaðarafurða, sem er ráðstafað með uppboði eins og ég sagði hér áðan. Ég hef heldur ekki orðið var við að hv. þm. hafi lagst mjög harkalega fram gegn því að aflaheimildir yrðu varanlega

framseldar. Þó hann sé á móti því að heimilt sé að leigja innan ársins þá hef ég ekki orðið var við að hann mótmæli því að um varanlegt framsal aflaheimilda sé að ræða.

Ég held líka, viðrulegi forseti, án þess að ég ætli að gera hv. þm. upp neinar skoðanir, að það sé engin tilviljun að á fyrstu fjórum árum samtarfs ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. hafi hv. þm. verið valinn af þeim flokkum til að stýra sjútvn. Alþingis. Hann gerði það mjög vel. Ég átti sæti í nefndinni með honum og hann gerði það mjög vel eins og flestallt það sem hann gerir. Sá sem hér stendur hefði aldrei verið valinn í það embætti af Framsfl. og Sjálfstfl., að stýra sjútvn. Það liggur alveg fyrir.

Ég vil taka það fram að ég vona að við getum átt samleið, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég held hann hljóti, sem vinstri sinnaður jafnaðarmaður, að gera sér grein fyrir því að það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi er jafnrétti fólks. Einn getur ekki verið jafnari en allir hinir og valdið hér á Alþingi og í höndum ríkisstjórnar ætti ekki að nota án rökstuðnings til þess að veita einum rétt sem annar fær ekki. Ég veit ekki til þess að við séum yfirleitt andvígir því, ég og hv. þm., að hluti af greiðslum sem inntar eru af hendi fyrir réttindi sem eiga uppruna sinn í almannaeign sé greiddur almenningi.

Það er lagt á veiðileyfagjald í sjávarútvegi í dag og það er hátt. Menn eru að borga háar fjárhæðir í viðskiptum með aflaheimildir, bæði í varanlegum viðskiptum og leiguviðskiptum. Það er auðlindaskattur og hann er mjög hár. Hann skiptir hundruðum milljóna ef ekki milljörðum á hverju einasta ári. En ekkert af þessum fjármunum rennur til almennings í landinu. Þetta er skattur sem einn útgerðarmaður sem nýtur forréttinda greiðir öðrum sem nýtur forréttinda. Ég trúi því ekki að hv. þm. sé sáttur við það, því trúi ég ekki.

Ég spái því nú að fyrr eða síðar muni það enda með því að hv. þm. taki rökum eins og hann hefur oft gert og fallist á að styðja það sjónarmið sem skynsamlegt er í málunum

[14:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. aftur lenda í því fari að ályktа þannig að ef menn séu ekki sammála tillögum hv. þm. um hvernig eigi að breyta hlutunum þá séu menn ósammála um markmiðin. Það þarf ekki að vera svo. Getur ekki hv. þm. einnig velt þeim möguleika fyrir sér að þó svo að allir vilji að sjálfsögðu að jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar séu virt — eða er hv. þm. að bera það upp á nokkurn mann hér að svo sé ekki — þá geti menn greint á um heppilegustu leiðirnar að því marki?

Ég margreyndi að draga upp fyrir hv. þm. í hverju ég teldi að mismunandi leiðir sem við værum að reyna að fara kristölluðust, annars vegar í gjaldtöku- og uppboðshugmyndaleiðum hv. þm. eða Samfylkingarinnar og hins vegar í ýmsum öðrum breytingum á kvótakerfinu sem felast ekki endilega í uppboðshugmyndunum nema kannski síður sé.

Ég bendi hv. þm. á að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingflokkur Frjálslyndra hafa sameinast um tillöguflutning og frumvarpsflutning í sjávarútvegsmálum. Finnst hv. þm. líklegt að þeir ágætu þingmenn Frjálslynda flokksins væru að skrifa upp á tillögugerð í sjávarútvegsmálum sem fæli í sér sérstaka varðstöðu um óbreytt kerfi? Finnst honum líklegt að þessir tveir þingflokkar væru að sameinast um einhverja málafylgju sem gengi ekki út á það að varðveita jafnréttisákvæði og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar? Ég held að við þurfum ekki, herra forseti, að eyða tíma Alþingis í að rökræða um svo fáfengilega hluti. Auðvitað er það svo að menn eru allir með það í huga að þær ráðstafanir sem eru gerðar, þau lög sem eru í landinu uppfylli slík grundvallarákvæði en það er einu sinni þannig og er svo sem ekkert undarlegt við það, jafnviðamikið og flókið mál og hér á í hlut, að menn geti greint eitthvað á um heppilegustu leiðirnar að því marki. Þá er miklu uppbyggilegra og málefnalegra að ræða það þannig.

[14:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg reiðubúinn að hlusta á allar tillögur hv. þm. og taka fullt tillit til þeirra og hef áhuga á því að sjá sumar þeirra. Sú till. til þál. sem hann nefndi áðan kemur til umræðu á eftir og er ástæðulaust að lengja tímann með umræðu um hana. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að afla skuli gagna um tiltekna hluti og það er bara gott. Mörgu af því er verið að safna saman einmitt núna, m.a. í nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem starfar á vegum hæstv. sjútvrh. Þar hefur verið beðið um ýmsar af þeim upplýsingum sem koma fram í þessari þáltill., svo sem um skiptingu fiskiskipaflotans en það er bara hið besta mál að afla þessara gagna. En það kemur að því að menn verða að hætta að afla gagna og fara að leggja fram tillögur. Ég segi alveg eins og er að ég er mjög áhugasamur um að sjá þær. Menn hafa rætt í mörg ár um eitthvað sem menn kalla byggðakvóta. Það er mjög áhugavert viðfangsefni en ég man ekki til þess að nokkurn tíma hafi verið lagt fram, a.m.k. ekki á Alþingi, nein tillaga um það hvernig menn hugsa það mál. Eru menn að hugsa svipaða lausn og hæstv. ríkisstjórn komst að, sem hefur lagt fram ákveðna tillögu um ráðstöfun á byggðakvóta gegnum Byggðastofnun? Eru menn að hugsa um einhverja aðra útfærslu á því? Það er kominn tími til þess eftir allar umræðurnar að menn leggi fram einhverja tillögu um það hvernig þeir ætla að framkvæma þetta ágæta markmið. Ég er mjög áhugasamur um að sjá tillögur frá þeim sem hafa áhuga á því af því að ég hef áhuga á þessu máli sjálfur. Ég lýsi einfaldlega eftir því við vin minn, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, ég hvet hann til þess að leggja fram hvernig hann hyggst útfæra þessar ágætu hugmyndir því að ég hef mikinn áhuga á því að sjá þá útfærslu, ekki síst ef ég gæti tekið undir það með honum. En á meðan þetta er almennt snakk án þess að það sé nein ákveðin útfærsla á því er svolítið erfitt að taka á því, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kvótaþing, Verðlagsstofa skiptaverðs og takmörkun á flutningi aflamarks.

Skýrsla sjútvrh., 400. mál. — Þskj. 658.

[14:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Deilur um skiptaverð afla til sjómanna hafa oftast sett svip sinn á kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna. Þann 3. febrúar 1998 hófst verkfall á fiskiskipaflotanum um samninga sjómanna og útvegsmanna sem höfðu verið lausir frá því í árslok 1996. Þetta var í þriðja sinn á fjórum árum sem kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna leiddu til þess að

stærstur hluti fiskiskipaflotans stöðvaðist. Fyrri deilur í byrjun ársins 1994 og vorið 1995 höfðu líkt og deilan 1998 fyrst og fremst snúist um tengsl viðskipta með aflamark og viðskipta með afla. Sjómenn töldu að í mörgum tilvikum hefðu þessi tengsl haft óeðlileg áhrif á skiptakjör og ákvörðun fiskverðs til hlutaskipta í viðskiptum utan fiskmarkaðanna.

Þann 9. febrúar 1998 var lagt fram frv. á Alþingi um stöðvun verkfalla á fiskiskipaflotanum. Í frv. var m.a. gert ráð fyrir að sjútvrh. skipaði þriggja manna nefnd til að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Þá átti nefndin að gera tillögur sem beindust að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna og undirbúa löggjöf í þeim efnum.

Þann 10. febrúar rituðu fulltrúar samninganefndar Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Alþýðusambands Vestfjarða ríkissáttasemjara bréf þar sem óskað var eftir að verkfalli aðila yrði frestað til 15. mars. Sagði í bréfinu að óskin um frestun verkfalls væri sett fram á þeirri forsendu að skipuð yrði nefnd í samræmi við fyrrnefnt frv. er hefði það verkefni að kanna verðmyndun á fiski og þá þætti sem höfðu áhrif á hana. Nefndin átti að skila tillögu sem beindist að því að koma í veg fyrir að viðskipti með sjávarafla milli tengdra aðila og viðskipti með aflaheimildir hefðu áhrif á skiptakjör sjómanna.

Nefndin skilaði tillögu sinni 4. mars 1998. Tillögur nefndarinnar voru þríþættar.

Í fyrsta lagi lagði nefndin til að sett yrði á stofn Verðlagsstofa skiptaverðs. Í öðru lagi að koma á fót opnum tilboðsmarkaði fyrir aflamark, Kvótaþing, og í þriðja lagi að veiðiskylda fiskiskipa yrði aukin frá því sem þá var. Tillögur nefndarinnar voru kynntar deiluaðilum og í framhaldi hófust viðræður milli aðila um nýja kjarasamninga sem byggðu m.a. á þeirri forsendu að tillögur nefndarinnar yrðu lögfestar. Skiluðu þær viðræður engum árangri og fór svo að verkfall á fiskiskipaflotanum hófst að nýju 15. mars.

Í framhaldi af því lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu 16. mars. Miðlunartillagan byggði á þeirri forsendu að frv. nefndarinnar yrði að lögum. Tillagan var borin undir atkvæði í félögum sjómanna og útvegsmanna og niðurstaðan varð sú að sjómenn samþykktu hana en útvegsmenn felldu.

Alþingi tók málið til umfjöllunar og voru fern lög samþykkt í lok marsmánaðar. Í fyrsta lagi lög sem settu niður deilur sjómanna og útvegsmanna og þar að auki voru samþykkt þrenn lög sem byggðust á miðlunartillögu ríkissáttasemjara, þ.e. lög um Kvótaþing, lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna og breyting á lögum um stjórn fiskveiða.

Tilboðsmarkaður með aflamark hefur starfræktur frá 1. september 1998. Tilboðsmarkaðurinn var settur á fót með lögum nr. 11/1998, um Kvótaþing. Samkvæmt þeim er meginreglan sú að útvegsmenn geta aðeins flutt aflamark á milli skipa í eigu óskyldra aðila að undangengnum viðskiptum á Kvótaþingi. Einnig hefur verið starfandi síðan í júní 1998, samkvæmt lögum nr. 13/1998, Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Hlutverk Verðlagsstofu er að stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna.

Með lögum nr. 12/1998 um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, var 12. gr. síðarnefndu laganna um færslu aflamarks breytt á tvo vegu. Annars vegar til samræmis við lög um Kvótaþing en hins vegar var flutningur aflamarks af skipi umfram aflamark sem flutti til skips takmarkað við 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Í samræmi við bráðabirgðaákvæði I í lögum um Kvótaþing og bráðabirgðaákvæði í lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna sem og bráðabirgðaákvæði XIX með lögum um stjórn fiskveiða fól ég dr. Birgi Þór Runólfssyni, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, að framkvæma könnun á því hvaða áhrif lögin hafa haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaðlega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Dr. Birgir Þór Runólfsson hefur skilað niðurstöðum sínum til mín og skýrslan er til umræðu á Alþingi í dag. Mun ég hér á eftir fara yfir helstu niðurstöður hans.

Megintilgangur þess að setja Verðlagsstofu skiptaverðs og Kvótaþing á fót ásamt nýjum takmörkum á flutningi aflamarks var að gera viðskipti með aflamark sýnilegri og minnka möguleika á að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Að baki lá einnig sú afstaða sjómanna að þeir væru með einum eða öðrum hætti að fjármagna kaup útgerða á aflamarki. Að mati skýrsluhöfundar virðist allgóð sátt ríkja meðal hagsmunaaðila með starf Verðlagsstofu. Stofan aflar gagna um verð á afla og afurðum, vinnur úr þeim gögnum og kemur þeim á framfæri m.a. á vefsíðu stofunnar.

Stofan innkallar einnig fiskverðssamninga milli sjómanna og útgerða, gerir reglulegar úrtakskannanir og sendir fyrirspurnir til útgerða þegar svo ber undir. Sá gagnagrunnur sem Verðlagsstofa hefur byggt upp nýtist síðan úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna við það starf hennar að leysa úr ágreiningi um fiskverð.

Fyrirspurnir Verðlagsstofu og innköllun samninga virðist stundum hafa leitt til þess að skiptaverð afla hefur hækkað hjá útgerðum og með því leysast sum mál sem hefðu annars mögulega lent á borði úrskurðarnefndar. Málum sem vísað er til úrskurðarnefndarinnar hefur ekki fjölgað með tilkomu Verðlagsstofu. Hitt er ljóst að þessi gagnaöflun og gagnavinnsla stofunnar hefur ekki stuðlað að auknu samkomulagi hagsmunaaðila um álitamál í úrskurðarnefndinni.

Það sem helst er gagnrýnt er að upplýsingar um fiskverð í beinni sölu eru oft gamlar þegar þær berast Verðlagstofu. Einhverjar útgerðir geta hugsanlega hafa notfært sér tafir í upplýsingastreymi og komist þannig upp með að miða uppgjör við skiptaverð sem er undir viðmiðunarmörkum stofunnar. Ef Verðlagsstofa á að sinna hlutverki sínu á sem bestan hátt verður að bæta á þennan þátt upplýsingastreymis til stofunnar. Skýrsluhöfundur telur að erfitt sé að fullyrða hvort starf Verðlagsstofu og úrskurðarnefndar hafi haft víðtæk áhrif, þ.e. áhrif á skiptaverð í öðrum fyrirtækjum en þeim sem afskipti voru höfð af. Svo virðist sem munur á milli fiskverðs í beinni sölu til fiskverkanda og fiskverðs á innlendum fiskmörkuðum hafi ekki minnkað eftir tilkomu Verðlagsstofu.

Verulega dró úr flutningi aflamarks á fiskveiðiárinu 1998/1999, bæði innan útgerða og milli þeirra. Vergur flutningur á þorskaflamarki milli óskyldra aðila minnkaði um rúm 60% úr 69 þús. tonnum í 25 þús. tonn. Hreinn flutningur á þorskaflamarki dróst einnig saman eða um nær 45 þús. tonn. Einnig dró mikið úr flutningi aflamarks annarra tegunda. Stærri útgerðir flytja meira aflamark frá sér en til sín. Skuttogarar sem flestir eru í eigu stærri útgerða flytja mest aflamark frá sér. Smábátar á aflamarki flytja einnig

hlutfallslega mikið frá sér. Flutningur á þorskaflamarki til einstaklingsútgerða fiskveiðiárið 1998/1999 nam rúmlega 4.500 tonnum en var um 11.800 tonn árið áður. Suðurnesjamenn flytja til sín mest þorskaflamark, ríflega 8.500 tonn en það er álíka magn og Norðlendingar flytja frá sér. Hreinn flutningur á þorskaflamarki milli landshluta minnkaði úr rúmum 14 þús. tonnum í tæp 9 þús. tonn milli ára.

Fjöldi kvótalítilla og kvótalausra báta átti viðskipti á Kvótaþingi og voru nokkrir þeirra í hópi stærri kaupenda. Þau fyrirtæki sem mest versluðu á Kvótaþingi teljast öll til 50 stærstu útgerða landsins og keyptu þau til að mynda um 20% af því þorskaflamarki sem um þingið fór. Lítill eða enginn munur er á meðalverði í aflamarkskaupum kvótalítilla útgerða og þeirra kvótameiri.

Frá því að starfsemi Kvótaþings hófst hefur verð á þorskaflamarki hækkað um 20%. Sambærileg og jafnvel meiri hækkun hefur orðið á aflamarki nokkurra annarra tegunda. Hefur af þessari ástæðu verið fullyrt að þessar verðhækkanir séu afleiðingar af tilkomu og starfsemi tilboðsþingsins. Ef verðhækkun þorskaflamarks er hins vegar borin saman við fiskverðshækkanir og afurðaverðshækkanir virðist sem þær séu álíka. Þannig hækkar vísitala saltfiskafurða þorsks frá ágústmánuði 1997 til ágústmánaðar 1998 um 15% og 25% til sama mánaðar 1999. Verðvísitala þorskaflamarks hækkar nokkru minna á báðum tímabilum.

Skýrsluhöfundur segir að langtímasamband virðist vera milli afurðaverðs, fiskverðs og verðs á aflamarki. Ekkert skammtímasamband virðist þó vera milli þessara stærða. Ýmsar skýringar geta átt hér við, m.a. sú að verð á aflamarki flestra fisktegunda sveiflast mikið innan ársins, m.a. vegna þess að gæftir eru misjafnar eftir árstíðum.

Þá verður einnig að hafa í huga að aðrir þættir hafa breyst samhliða stofnun Kvótaþings. Þar má t.d. nefna að framsal á aflamarki var takmarkað við 50% af úthlutuðu aflamarki skips. Sú breyting hefði að mati skýrsluhöfundar ein og sér getað valdið því að verð á aflamarkið hækkaði. Það er því hugsanlegt að áhrif þessara tveggja lagabreytinga sem gerðar voru á sama tíma vinni hvor á móti annarri. Um það er þó ekkert hægt að fullyrða. Þá ber einnig að nefna að úthafsveiðar hafa minnkað og hluti fiskveiðiflotans stundar nú meiri veiðar í lögsögunni.

Eins og áður segir var megintilgangur þess að setja Kvótaþing á fót sá að gera viðskipti með aflamark sýnilegri og koma í veg fyrir að hægt væri að blanda saman viðskiptum með aflamark og viðskiptum með afla. Tilkoma Kvótaþings átti með öðrum orðum að gera útgerðum erfiðara um vik að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Þrátt fyrir það telur skýrsluhöfundur að margt bendi til að sjómenn séu enn að taka þátt í kvótakaupum. Um það vitni bæði fiskverð og aflamarksviðskipti einstakra skipa og ummæli forustumanna hagsmunasamtaka.

Þátttaka fiskverkenda í kvótakaupum virðist að hans mati staðreynd og eru fiskverðsmál flækt af þeim ástæðum. Þetta vekur upp spurningar um gagnsemi Kvótaþings í núverandi mynd.

Skýrsluhöfundur telur að ekki verði séð að sú takmörkun á framsali aflamarks í 50% af því aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs hafi dregið svo úr þátttöku sjómanna í aflamarkskaupum að það réttlæti áframhald slíkrar takmörkunar. Aflamarksviðskipti hafa dregist saman af ýmsum öðrum og fleiri ástæðum en þeirri að löggjöfinni var breytt. Lagabreytingin dró hins vegar enn þá meira úr flutningi aflamarks bæði milli útgerða og innan þeirra. Að þessu leyti leiðir takmörkunin til minni sveigjanleika hjá útgerðum og minni hagkvæmni.

Tilkoma Kvótaþings hefur leitt til þess að opinberar upplýsingar liggja fyrir um viðskipti og verð aflamarks. Fyrirkomulag Kvótaþings leiðir þó til þess að ekki liggur fyrir milli hverra viðskipti eiga sér stað. Má segja að það fyrirkomulag dragi úr sýnileika viðskiptanna.

Skýrsluhöfundur telur að fyrirkomulag Kvótaþings væri betur komið með svipuðu sniði og fyrirkomulag Verðbréfaþings. Viðskipti með aflamark ættu því að geta átt sér stað jafnt innan sem utan slíkrar kauphallar en þó með þeirri kvöð að öll aflamarksviðskipti milli óskyldra aðila séu tilkynnt til kauphallarinnar og upplýsingar um þau birt þar.

Nú þegar skýrslan liggur fyrir og ég hef yfirfarið helstu efnisatriði hennar vænti ég málefnalegrar umræðu á hv. Alþingi. Ég mun síðan í framhaldi af umræðunni eiga viðræður við forustumenn hagsmunasamtaka um þessar niðurstöður.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér ræðum við skýrslu sem hæstv. sjútvrh. hefur gert grein fyrir og er unnin upp samkvæmt ákvæðum laga sem fylgdu lagasetningunni og er eitt af bráðabirgðaákvæðum laga um stjórn fiskveiða, mig minnir að það sé bráðabirgðaákvæði nr. 19 sem kveður á um þessa skýrslu.

Tilefnið er, eins og hæstv. ráðherra vék að, að mál sjómanna og útgerðarmanna hafa í mörg ár verið í miklu ósætti vegna þess að aflamarksviðskiptum hefur verið blandað inn í fiskverð, uppgjör, aflahlut og laun sjómanna. Í stuttu máli má segja að þessi skýrsla leiði m.a. í ljós að málum er þannig háttað enn þann dag í dag. Það er enn þá ósætti um hvernig uppgjöri á aflahlut sjómanna er háttað og ósætti um fiskverð. Og skyldi engan undra því að mismunur á fiskverði annars vegar í beinni sölu og hins vegar á ferskfiskmörkuðum er mjög mikill. Hann er í raun og veru svo afgerandi að óásættanlegt er að horfa til framtíðar í því ljósi að verðlagning sjávaraflans haldi áfram í því fari sem hún hefur verið. Koma þarf í veg fyrir það sem á máli sjómanna hefur verið kallað kvótabrask. Tryggja þarf að leigan á aflamarkinu eða varanleg verslun ef því er að skipta blandist ekki inn í kjör sjómannanna. Ég hygg að lesa megi út úr skýrslunni að leiguverð á aflaheimildum hafi ekki bara áhrif á kjör sjómanna heldur líka hins almenna verkamanns sem vinnur í fiskvinnslunni. Það er beinlínis sagt í skýrslunni að fiskverkendur geti leigt til sín aflamark eða haft milligöngu um aflamark sem gangi síðan til viðskiptaaðila þeirra með ýmsu móti og það hafi áhrif á verðið sem greitt er til skipanna.

Koma þarf í veg fyrir að það athæfi sem valdið hefur þessum miklu deilum milli sjómanna haldi áfram og það einkennilega við þetta athæfi er að það er ólöglegt. Það er ólöglegt að láta sjómenn taka þátt í kaupum eða leigu á aflamarki eða blanda því inn í kjör þeirra. Mig langar til að lesa upp úr kjarasamningi sjómanna um sölu aflans en þar segir, með leyfi forseta:

„Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar að því er aflahlut hennar varðar. Hann skal tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær, þar með talin hrogn, lifur og bein. Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986, sbr. 10. gr. laga nr. 79/1994, um breytingu á

lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, með síðari breytingum."

Síðan segir: „Eftirfarandi ákvæði eiga ekki við í þeim tilvikum þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði."

Hér var vitnað í kjarasamning sjómanna. Sjómenn og útgerðarmenn hafa sem sagt lýst því yfir að verðmyndun á innlendum uppboðsmarkaði eða erlendum uppboðsmarkaði fullnægi ákvæðum kjarasamningsins um að útgerðarmaðurinn tryggi skipverjum hæsta gangverð. Um þetta snýst grundvöllur deilunnar. Að koma málum þannig fyrir að sátt sé um það milli sjómanna og útgerðarmanna hvernig útgerðarmaður, sem hefur til þess umboð fyrir aflahlut áhafnar að selja aflann, tryggi að hæsta gangverð fáist fyrir aflann. Út úr kjarasamningunum má auðvitað lesa að úr því að aðilar eru sammála um að fiskur sem seldur er á innlendum eða erlendum uppboðsmarkaði jafngildi því ákvæði að tryggja hæsta gangverð, þá sé ekki ágreiningur um þá hlið mála.

Því hefur það verið svo um langan tíma að sjómenn hafa bent á hina frjálsu verðmyndun á ferskfiskmörkuðum sem lausn á þeim deilum sem staðið hafa milli útgerðarmanna og sjómanna og hafa í rauninni valdið þeim miklu deilum sem sjómenn hafa kallað kvótabrask og þátttöku sjómanna í því, sem er eins og ég hef áður sagt og vil endurtaka ólöglegt. Þar af leiðandi voru lögin um Kvótaþing, Verðlagsstofu og úrskurðarnefnd í síðustu kjaradeilu 1998 sett til að koma í veg fyrir að það ástand sem þá var uppi og er að hluta til enn þá uppi gæti haldið áfram. Lögin hafa sem sagt ekki náð tilgangi sínum. Við stöndum uppi með það að tilgangur löggjafans var að koma málum þannig fyrir að ekki væri lengur um það að ræða að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum. Ég held að nærtækast sé að vitna í skýrsluna um það sem menn eru sammála um en það er að Verðlagsstofa skiptaverðs hafi í raun og veru unnið gott verk, gott upplýsingaverk og þar sé að koma til gagnagrunnur sem sé í sjálfu sér mjög verðmætur fyrir aðila að hafa aðgang að. Sjómenn og útvegsmenn eru í sjálfu sér ekkert ósáttir við Verðlagsstofu, þ.e. þau vinnubrögð og gagnaöflun sem hún hefur staðið fyrir, en eftir forstöðumanni hennar er haft í þessari skýrslu þar sem skýrsluhöfundur segir í texta á bls. 14, með leyfi forseta:

„Þegar Verðlagsstofa var sótt heim (október 1999) vegna vinnslu skýrslu þessarar hafði stofan skráð 42 mál til athugunar, það sem af var árinu. Hér á eftir eru dregnar ályktanir af þeim ásamt ýmsum gögnum stofunnar og viðtölum:

Ísfisktogarar, jafnvel þeir sem mikinn kvóta hafa, eru með verð á mörkum þess að það teljist ekki verulegt frávik. Nokkrir ísfisktogarar leigja til sín kvóta og eru þeirra verð yfirleitt lægst í þessum skipaflokki."

Þetta er texti sem skýrsluhöfundur setur inn eftir að hafa kannað málið hjá Verðlagsstofunni. Síðan segir einnig, með leyfi forseta:

„Kvótakaup fiskverkenda eru staðreynd og fiskverðsmál flækt af þeim ástæðum."

Þetta er líka tekið úr skýrslunni. Síðan segir: „Ekkert virðist því til fyrirstöðu að fiskverkendur greiði sjálfir kvóta skipa sem hjá þeim landa."

Síðan kemur niðurstaða eða einn punktur í viðbót sem er ekki niðurstaða heldur bara hugleiðing: „Þetta vekur upp spurningar um gagnsemi Kvótaþings."

Ég tel að þetta veki kannski ekkert sérstaklega upp spurningar um gagnsemi Kvótaþings. Þetta vekur upp þær spurningar hvernig standi á því að aftur og aftur er verið að setja lög á kjaradeilu sjómanna sem hafa það að markmiði að reyna að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum og svo birtist það í texta skýrsluhöfundar eftir að hafa skoðað málin hjá Verðlagsstofu skiptaverðs sem samningsaðilar eru sæmilega sáttir við, þ.e. Verðlagsstofu skiptaverðs og þá upplýsingavinnu sem þar fer fram, að þessi atriði sem ég las upp áðan eru til staðar að hans mati og hafa þessi áhrif. Þetta segir okkur auðvitað að við höfum því miður ekki náð að leysa þessi mál. Nú eru kjarasamningar fiskimanna lausir og það er næsta víst að fiskverðsmálin ásamt kvótatilfærslum og kvótaleigu verða eitt af þeim málum sem verða ásteytingargarsteinn í þeim samningum eins og verið hefur.

Skýrslan er að mörgu leyti fróðleg og margt er þar dregið fram í gagnlegum upplýsingum, ég ætla ekki að rekja það neitt í löngu máli. Mér finnst það sem kemur fram í þeirri tilvitnun sem ég vitnaði í, þ.e. að fiskverkendur geti tekið þátt í kvótakaupum og kvótaleigu hljóti m.a. að byggja undir það að kvótaleigan hafi ekki bara áhrif á kjör sjómanna heldur hefur hún örugglega líka áhrif á kjör verkafólks sem vinnur í fiskvinnslu.

Kvótaleigan er orðin það stór partur í þessum viðskiptum að hún er farin að hafa veruleg áhrif á afkomu og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Að vísu er það svo að þeir sem fengu úthlutað mest af kvóta á sínum tíma eða hafa safnað til sín mestum kvótaheimildum eru frekar að leigja frá sér aflamarkið heldur en að þeir leigi það til sín. Það kom m.a. fram í máli hæstv. sjútvrh. að m.a. togaraútgerðirnar sumar hverjar leigja frá sér aflamark og síðan ákveðinn hluti bátaflotans. Hér aftar í skýrslunni eru töflur sem sýna þessar tilfærslur en þær ætla ég ekki að rekja frekar.

Aflatilfærslurnar hafa þessi áhrif og það er óumdeilt. Hins vegar er kannski rétt að vekja athygli á töflu hér á bls. 20, svo ég taki nú bara eitt dæmi, sem sýnir þorskverð í nóvember 1999. Þar segir að verðmunur á þorski eftir því hvort hann er seldur á innlendum fiskmörkuðum eða í beinni sölu hins vegar, ýmist slægður eða óslægður, sé allt upp í það að vera 113%. 75% er mismunurinn þegar seldur er þorskafli úr netum milli beinar sölu og innlendra markaða. Það er náttúrlega alveg gjörsamlega óásættanlegt að málin skuli þróast með þessum hætti og e.t.v. verði sú staða uppi áfram um ókomna tíð.

Ég tel að þessi skýrsla ýti m.a. undir rök sem oft hafa verið færð fyrir því að selja eigi ferskfiskafla á fiskmörkuðum og taka eigi upp þá reglu hér á landi að láta fiskmarkaðinn um að verðmynda aflann, eins og reyndar er gert víðast hvar í löndum hér í kringum okkur. Færeyingar tóku það t.d. upp fyrir þremur eða fjórum árum.

Það væri hægt að hafa langt mál um þetta. Ég ætla hins vegar að enda á því að segja: Fiskverð í beinum viðskiptum tekur mið af dýrasta aðgangseyrinum. Og hver er hann? Það er leiga á aflamarki. Út frá því má sjá að aflamarkið hefur bein áhrif á fiskverðið og það er ólöglegt.

[15:19]

Útbýting þingskjala:

Innherjaviðskipti, 318. mál, svar viðskrh., þskj. 731.

Tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra viðskiptahindrana, 452. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 726.

[15:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi skýrsla, sem er unnin að beiðni sjútvrh. vegna ákvæða í lögum um stjórn fiskveiða, á m.a.

að vera, svo ég byrji á því, könnun á áhrifum laganna á íslenskan sjávarútveg og sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðar.

Mig langar að byrja á því að spyrja hæstv. sjútvrh., vegna þess að ég áttaði mig ekki á því að það kæmi fram í hans máli, hvaða boðskap hann les út úr þessari skýrslu varðandi stöðu einstaklingsútgerðanna. Ég verð að viðurkenna að það liggur ekki í augum uppi, a.m.k. ekki fyrir mér, hvernig eigi að lesa það út úr þessari skýrslu.

Hins vegar er alveg ljóst af þessari skýrslu að sjómenn halda áfram að taka þátt í kvótakaupum samkvæmt mati þess sem hana hefur samið. Að því leyti hafa markmið stjórnvalda örugglega ekki náðst. Ekki er gott að sjá hvort eitthvað hafi breyst til batnaðar vegna Kvótaþingsins hvað þetta varðar en menn virðast þó sammála um það að Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefndin hafi skipt þarna máli.

Hæstv. sjútvrh. endaði mál sitt á því að hann vænti þess að málefnaleg umræða yrði um þessa skýrslu, væntanlega í þeim tilgangi að á þeim grundvelli og skýrslunnar yrði hægt að taka afstöðu. Hæstv. ráðherra fór yfir þessa skýrslu hér áðan og fjallaði um ýmis efnisatriði sem þar eru til umfjöllunar. Ég varð hins vegar ekki var við að neins staðar kæmi fram í máli hans hvaða boðskap hann les úr skýrslunni sjálfur eða hvaða fyrirætlanir stjórnvöld muni hafa uppi í kjölfar skýrslunnar um breytingar á þeim framgangi sem hér er lýst.

Það má kannski virða honum það til vorkunnar að einhverju leyti að beðið er eftir samningum sjómanna. Menn þurfa auðvitað að átta sig á því hvað er þar fram undan. En sjómenn munu örugglega reyna enn einu sinni að komast undan því að taka þátt í þessum kvótakaupum. Satt best að segja finnst mér sú raunasaga með miklum eindæmum og botna ekki í að menn skuli ekki komast úr því fari að brjóta sífellt samninga á sjómönnum með þátttöku þeirra í útgerðarkostnaði, þ.e. við kvótakaup.

Ef við gæfum okkur að menn losnuðu út úr því og útgerðarmenn gjörsamlega hættu að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum, hvað mundi þá gerast? Nú, auðvitað mundi aðeins verð á veiðiheimildum breytast. Verðið á veiðiheimildum er svona hátt vegna þess að útgerðin borgar ekki veiðiheimildirnar sjálf. Það er svona hátt vegna þess að sjómenn eru látnir taka þátt í kvótakaupunum. Í sjálfu sér er engin spurning um að ef menn komast bara frá þeirri þróun sem þarna hefur orðið þá er það sem þá tæki við að öllu leyti betra fyrir útgerðina sjálfa, að losna við óvinsamleg samskipti við sjómenn alla tíð út af því að verið sé að brjóta á þeim samninga.

Ég tel að eitt af brýnustu verkefnum sjávarútvegsforustunnar sé að leiða sjálfa sig að landi í þessu máli svo að sjómenn þurfi ekki að standa lengur í þessari baráttu. Ég vonast til þess að menn fari að sjá til lands hvað þetta varðar og ekki þurfi að vera endalaus barátta af þessu tagi.

Eitt í þessu tel ég reyndar að stjórnvöld þurfi að horfast í augu við. Það er ekki nóg að útgerðarmenn endurskoði þessi beinu kvótakaup heldur er verðlagning fisks sem landað er þannig að ekki er fyrirsjáanlegt að um það geti orðið sátt. Satt að segja er mjög undarlegt að útgerðirnar skuli nánast með handafli ákveða sjálfar hvað þær borgi í skiptum fyrir fiskinn. Þessi skýrsla sýnir glögglega, með þessum gífurlega mun á afla sem landað er í beinum viðskiptum og afla sem landað er í gegnum fiskmarkaði, að full ástæða er til þess að taka mark á því að bæði sé um bein kvótakaup að ræða og að útgerðir verðleggi afla til sín þannig að ráð sé fyrir því gert að sjómenn taki þátt í þessum kvótakaupum. Þá á ég við að þeir séu að kaupa kvótann af sinni eigin útgerð. Þannig liggur auðvitað í málinu.

Ég held reyndar að það þurfi að greina á milli útgerðar og fiskvinnslu. Þau fyrirtæki sem kjósa að vera í hvoru tveggja þurfa að standa frammi fyrir því að gera skýran greinarmun í rekstri sínum á kostnaði og tekjum eftir því hvort um er að ræða fiskvinnslu eða útgerð. Það er mjög brýnt að á komist eðlilegt umhverfi í sjávarútveginum. Þessi skýrsla sýnir okkur að óeðlileg verðlagning á aflaheimildum og það að útgerðarmenn hafa látið sjómenn taka þátt í kvótakaupum er áfram til staðar. Það hefur ekki breyst í grundvallaratriðum. Það kann að vera og skýrslan ber með sér að hjá einstökum útgerðum hafi verið tekið á málum og að einhverju leyti komið til móts við sjómenn. Sjómenn eru kannski að borga eitthvað minna í kvótakaup hjá einstökum útgerðum og sums staðar hefur sá siður kannski verið lagður af. En á meðan verðlagning á aflaheimildum er eins og raun ber vitni þá verður slíkt verð ekki til öðruvísi en ég var að lýsa hér áðan, með því að sjómenn eru að borga. Það mun sýna sig strax í lækkun verðs á aflaheimildum þegar menn hafa náð tökum á þessu máli.

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra segi svolítið skýrar frá því hvaða niðurstöður hann dregur af þessari skýrslu og hverjar fyrirætlanir hans eru. Ætla menn að hafa Kvótaþing áfram? Er meiningin að slá það af? Því var haldið fram hér í umræðunni með miklum hamagangi að Kvótaþingið hefði sprengt verðlagið upp úr öllu valdi. Að mati skýrsluhöfundar hefur verðhækkunin ekki verið vegna Kvótaþingsins sjálfs heldur vegna annarra breytinga á lögum sem gerðar voru um sama leyti.

Það er líka fróðlegt að taka eftir því hverjir eru að leigja veiðiheimildirnar. Þar kemur t.d. skýrt fram að stóru útgerðirnar, togaraútgerðirnar, eru að leigja frá sér mest af veiðiheimildum. Þannig hefur það verið í fjöldamörg ár. Fyrir þá sem eru svona hrifnir af þessu hagræði af framsali aflaheimildanna þá er þetta athyglisvert. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort þetta hagræði sé ákaflega mikið ef það verður til þess að veiðiheimildirnar safnast á hendur þeirra sem ætla ekki að nýta þær sjálfir og halda þeim hjá sér í þeim eina tilgangi að láta aðra borga fyrir aðganginn að auðlindinni. Þeir fjármagna kaup á aflaheimildum, eins og dæmin sanna á undanförnum árum, með því að keyra upp verð á þessum leigumarkaði aflaheimildanna til að kaupa sér nýjar aflaheimildir og bæta í sjóðinn.

Hvar er þá allt hagræðið ef aflaheimildirnar safnast fyrir hjá útgerðum eins og þessum? Ég held að allan tímann hafi verið gert allt of mikið úr því hagræði sem fólgið væri í þessu mikla framsali. Ég held reyndar að breytingin sem þarna var gerð hafi sýnt fram á að þótt dregið væri úr möguleikum manna til að framselja aflaheimildir hefur enginn voði gerst. Ég sé ekki betur en að fiskur komi að landi allt í kringum landið áfram og að ekki hafi orðið nein stórkostleg breyting frá því sem áður var þó að menn hafi sett þessar hömlur á. (**Gripið fram í:** En á Vestfjörðum?) Á Vestfjörðum hafa hlutirnir náttúrlega gengið með ýmsu móti fyrir sig eins og um allt land. Ég veit ekki betur en að landaður afli þar hafi haldið áfram að vera svipaður og hann hefur verið undanfarin ár. (**Gripið fram í:** En kvótaeign?) Kvótaeignir hafa breyst verulega og eru að breytast og þetta kerfi aflaheimilda, sem seldar eru milli útgerða og byggðarlaga, er að verða til þess að fjölmörg byggðarlög sitja uppi aflaheimildalaus og fram-

tíðin þar er mjög óviss. En einu tek ég eftir í skýrslunni, sem hefur reyndar komið fram áður, og það er að Suðurnesjamenn kaupa mest af aflaheimildum til sín (**Gripið fram í:** Helmingi minna en í fyrra.) og Norðlendingar selja mest frá sér. Kannski er ástæða til að rifja upp í því sambandi að á sínum tíma var til regla sem virkaði þannig að ef menn fluttu varanlegar aflaheimildir norður í land fengu þeir 25% bónus ofan á þær aflaheimildir. Þeir virðast hafa fengið of mikið af aflaheimildum þarna norður í land, því ekki nota þeir þær sjálfir, þeir leigja þær frá sér. Reyndar held ég að skýringin á þessu sé líka hin sem ég nefndi áðan að menn hafa haldið áfram að kaupa aflaheimildir í þeim eina tilgangi að græða á því að eiga þær og leigja þær frá sér, en ekki fyrst og fremst í þeim tilgangi að veiða og reka fyrirtæki sín á útgerð.

Ástæða er til þess að vekja athygli á því sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan um fiskverkafólk og þátttöku þess í því að kaupa aflaheimildir. Ég held að það hafi verið ýmsum hulið í gegnum tímann hvernig þræðirnir liggja í þessum hlutum öllum saman. Auðvitað hefur það verið þannig til langs tíma litið að öll fyrirtæki, og þar blandast oftast nær saman meira og minna útgerð og fiskvinnsla, úti um landið hafa tekið þátt með einhverjum hætti í þessari verslun með aðganginn að veiðiheimildunum. Mörg fiskvinnslufyrirtæki, sem hafa líka verið í útgerð, hafa þurft að kaupa til sín og sæta afarkostum í því að reyna að ná til sín aflaheimildum til að hafa fisk til að vinna. Auðvitað getur slíkt aldrei annað en komið niður á möguleikum þeirra fyrirtækja til þess að borga fólki sínu kaup. Þannig hafa myndast tengsl milli fyrirtækja sem hafa verið að sjúga til sín verðmætin sem hafa verið borguð fyrir aðganginn að veiðiheimildunum og fyrirtækja sem hafa verið mergsogin af þessu fyrirtækjum. Þrátt fyrir allt tal um hagræðingu í þessu efni held ég að menn þurfi að skoða þetta í þessu ljósi.

Mér finnst skýrslan mjög áhugavert plagg, hún leiðir ýmislegt í ljós sem nauðsynlegt var að vita en ég vil gjarnan fá að heyra svolítið meira um hvaða ályktanir hæstv. ráðherra og stjórnarflokkarnir draga af henni.

[15:34]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu prýðileg skýrsla hæstv. sjútvrh. um svonefnda þrílembinga, þ.e. reynslu af lagasetningu um Kvótaþing, Verðlagsstofu skiptaverðs og síðan lagasetningu um takmörkun á flutningi aflamarks.

Um hvað snýst skýrslan og um hvað fjallar í rauninni umræðan sem fylgir henni, bæði á undan og á eftir getum við sagt? Hún snýst í rauninni um það sem hefur alltaf verið deiluatriði í tengslum við íslenskan sjávarútveg, þ.e. deila hásetans við formanninn, hvaða nafnbót sem hásetinn í dag kann að hafa og hvaða nafnbót formaðurinn kann að hafa, útgerðarmaður, skipstjóri eða hvað annað. Hún er deilan um að skipta aflaverðmætum og skipta aflanum.

Aðdragandinn að lagasetningunni, eins og fram hefur komið og menn muna, er meint viðskipti sjómanna og þátttaka þeirra, þvinguð eða ekki, í kaupum á aflaheimildum og óánægja með verðmyndun í sjávarútvegi. Með þessum frv. sem urðu að lögum var verið að leita leiða til að stöðva annars vegar þátttöku sjómanna í kaupum á aflaheimildum og hins vegar að reyna að ná sátt um verðmyndun í sjávarútvegi. Eins og hefur verið rakið komu þessi frv. inn til þingsins við nokkuð sérstakar aðstæður, má segja innbundin með slaufu á, og þinginu var nánast stillt upp við vegg. Þannig fóru frv. í gegnum þingið og urðu að lögum. Langar ræður má halda um það hvernig þingið hafi látið beygja sig vegna ytri aðstæðna til að koma í veg fyrir verkfall, þetta var liður í sáttargjörð. Margir höfðu efasemdir um innihald þessara frv. og hafa stanslaust lýst efasemdum sínum um gildi þeirra, ekki síst Kvótaþingið. Það er einmitt þess vegna sem hin ágæta skýrsla hæstv. sjútvrh. er afskaplega þarft verk til að meta, eins og var reyndar kveðið á um í bráðabirgðaákvæði, reynsluna af þeirri leið sem samkomulag varð um að fara. Spurningin er sem sagt hvernig hefur til tekist? Svarið er í rauninni afskaplega einfalt, miðað við niðurstöður skýrsluhöfundar, sem hv. þm. hafa tekið undir í ræðum sínu, að meginmarkmiðið hefur mistekist. Kvótaþingið hefur ekki skilað því sem menn ætluðu, enn leikur grunur á að sjómenn taki þátt í kaupum á aflaheimildum og enn hefur ekki náðst sátt um verðmyndun í sjávarútvegi. Þau meginmarkmið sem voru höfuðatriðin hafa ekki náðst og að því leyti til er það ákveðin niðurstaða og afskaplega gagnlegt að hafa þá niðurstöðu og fróðlegt að fylgjast með framhaldinu.

Hins vegar kemur ýmislegt jákvætt fram í skýrslunni og ég hygg að almennt sé sátt um nokkur atriði og nefni ég þar fyrst Verðlagsstofu skiptaverðs. Um hana virðist vera nokkuð almenn sátt eins og skýrsluhöfundur bendir á þó að ýmis atriði megi betur fara, sérstaklega hvað varðar upplýsingastreymi til Verðlagsstofunnar. Gildi Verðlagsstofunnar er að stuðla að réttu uppgjöri, hún er ákveðið skjól og öryggi fyrir sjómenn og dregur þar af leiðandi úr tortryggni í garð útgerðarmanna og hefur töluvert vald. Hún getur þar af leiðandi verið refsivöndur og þjónar þess vegna sjómönnum ágætlega hvað það varðar en er ekki síður mikilvæg fyrir úrskurðarnefnd, þ.e. sá gagnagrunnur sem Verðlagsstofa hefur byggt upp, er afskaplega mikilvægur fyrir úrskurðarnefnd eins og fram kemur í skýrslunni. Hún er einmitt annar þátturinn sem virðist vera nokkuð ágæt sátt um, þ.e. úrskurðarnefndin sem er líka nokkurs konar skjól og leysir ágreining og vanda sem kemur upp milli sjómanna og útgerðar eins og oft vill verða og er ekkert óeðlilegt að komi upp en úrskurðarnefndin þjónar þannig tilgangi sínum. Þessi tvö atriði, herra forseti, virðast því hafa heppnast vel og nokkuð almenn sátt virðist vera um þessa tvo þætti, Verðlagsstofuna og úrskurðarnefndina.

Hitt er svo annað mál með Kvótaþingið sem virðist vera misheppnuð tilraun til að ná meginmarkmiðum og fyrir því kunna að vera ýmsar ástæður. Mér er minnisstætt að í hv. sjútvn. á síðasta kjörtímabili, einmitt þegar umrædd frv. voru þar til umfjöllunar, var þeirri spurningu beint til fulltrúa sjómannasamtaka sem voru þá gestir nefndarinnar, hvort þeir teldu ekki að Kvótaþingið væri óþarft ef Verðlagsstofa og úrskurðarnefnd yrðu efld og komið á fót en því var hafnað algjörlega. Menn vildu fara þessa leið og trúðu á gildi Kvótaþingsins. Annað hefur komið í ljós núna sem er þá kannski meginniðurstaða þessarar ágætu skýrslu.

Samt liggur ljóst fyrir að ekkert mannanna verk er fullkomið og skýrsluhöfundur bendir á að efla þurfi Verðlagsstofu og úrskurðarnefndina þannig að þær hafi örugglega þau vopn sem þær þurfa á að halda. Hvað varðar Kvótaþingið hafa menn velt því upp, og kom m.a. fram þegar dr. Birgir Þór Runólfsson, höfundur skýrslunnar, kom til hv. sjútvn., hvað það er sem veldur því að Kvótaþingið skuli ekki hafa náð þeim árangri sem menn vonuðust til. Meðal annars hefur verið bent á þessi svokölluðu blindu uppboð eða blindu tilboð þar sem menn vita ekki hver er að bjóða og vita nánast ekki hver er að gera hvað. Þar hefur m.a. verið gagnrýnd

sú hálfvelgja að fara þessa blindu leið í stað þess að taka upp þær aðferðir sem gefist hafa vel á Verðbréfaþingi og er galopið. Annað sem menn hafa síðan gagnrýnt í Kvótaþinginu og það sem fylgdi er að það dragi úr sveigjanleika sem er nauðsynlegur öllum atvinnugreinum. En niðurstaðan er a.m.k. sú að Kvótaþingið sé misheppnað og vekur þá upp spurninguna hvort það sé ekki óþarft.

Menn hafa haldið því fram að Kvótaþingið hafi hækkað fiskverð en skýrsluhöfundur bendir á, held ég nokkuð réttilega, að það eru aðrir þættir sem munu frekar hafa áhrif á verð til hækkunar. Það eru það sem kalla má ytri forsendur, svo sem eins og hækkun á mörkuðum. Það hefur til allrar hamingju gerst og er örugglega einn snar þáttur í því góðæri sem þjóðin hefur verið að upplifa og er að upplifa, hversu vel hefur tekist í markaðssetningu og hvað markaðsverðið almennt séð í sjávarútvegi hefur vaxið á síðustu árum í það heila tekið, auðvitað með einhverjum undantekningum og sveiflum. Það hefur áhrif til hækkunar og mikil samkeppni um hráefnið ýtir verðinu eðlilega upp. Þá hefur það jafnframt gerst að framsalsheimildir voru takmarkaðar við 50% sem dregur þá að sjálfsögðu úr framboðinu og leiðir til verðhækkunar. Ufsinn hefur verið skertur. Skýrsluhöfundur bendir hins vegar á að með mikilli aukningu á rækjunni hafi verð þar lækkað, einmitt vegna þess að þar er framboðið mjög mikið. Þetta tel ég vera mjög rökrétta og skynsamlega ábendingu hjá skýrsluhöfundum að ytri aðstæður hafa þar mikil áhrif. Þá er líka vert að hafa í huga að stærsti hlutinn á hreyfingu aflaheimilda er í beinum viðskiptum. Það munu ekki vera nema um 25% sem fara fram í þessu svokallaða framsali og mest af stóru togurunum eins og hefur komið fram.

Hins vegar má lengi velta því fyrir sér, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, hvort stóru togararnir fyrir norðan hafi fengið of miklar aflaheimildir. Þá verðum við að hafa í huga hvernig togararnir hafa nýtt sér þetta svigrúm, m.a. sem var í umræðu fyrr í dag að ná sér í aflareynslu á úthöfum, á fjarlægari miðum, bæði á rækjumiðum við Nýfundnaland, á Grænlandshafi og þannig má áfram telja. Síðan má benda á norsk-íslenska síldarstofninn og það má einmitt draga það fram að núna þegar verið er að kvótasetja í öllum höfum sem Íslendingar hafa stundað veiðar á, nýtist þessi aflareynsla okkur verulega, þegar verið er að úthluta kvóta til einstakra þjóða. Þetta hefur auðvitað allt saman mikla keðjuverkan, herra forseti.

Það er líka umhugsunarefni að þegar núna er verið að kvótasetja úthafsveiði okkar fara útgerðir, sem hafa lagt í mikinn fórnarkostnað sem hefur kannski oftar gengið upp en í stöku tilvikum hefur þetta kostað þær mikil útgjöld, að sjálfsögðu að hagræða og færa aflaheimildir á milli eigin skipa. Hugsanlega fara útgerðirnar sjálfar að nota aflaheimildir sínar til þess að sækja sjávarfang. Eins og hefur alltaf legið fyrir þegar búið er að kvótasetja á úthafsmiðum fara stærri útgerðirnar, sérstaklega togaraútgerðirnar norðanlands, að einbeita sér sjálfar að því að sækja kvóta sinn og geta skipulagt hann í rólegheitum, þurfa ekki að vera í kapphlaupi við að afla sér veiðireynslu. Þá mun það hafa mikil áhrif, ekki síst á Suðurnesjum. Þá er rétt að velta upp þeirri spurningu þar sem Suðurnesin eru mjög snar þáttur í saltfiskframleiðslu okkar Íslendinga og verð á saltfiskmörkuðum hefur farið mjög hækkandi á síðustu missirum og ýmis sölufyrirtæki þar verið í afskaplega mikilli markaðssókn víða um heim, hvaða áhrif það hefur þegar að því kemur að stærri útgerðir fyrir norðan draga úr framsali á aflaheimildum sínum. Eru þá saltfiskmarkaðir okkar í uppnámi? Það eru spurningar sem eðlilegt er að velta upp.

Herra forseti. Þar sem líður mjög á tímann ítreka ég það að ég tel að niðurstaða þessarar ágætu skýrslu sé sú að Kvótaþingið hafi ekki skilað því sem það átti að skila. Ég tel eðlilegt að hæstv. sjútvrh. beri þau boð sem hann lýsti í viðræðum við þá aðila sem hann er í viðræðum við, bæði talsmenn sjávarútvegssamtaka og ekki síður til þeirrar nefndar sem er að störfum því þetta er mikilvæg niðurstaða sem skýrslan greinir frá. Það hlýtur líka að vera niðurstaða að efla Verðlagsstofu skiptaverðs þannig að hægt sé að verða við þeirri smávægilegu gagnrýni sem kemur fram á hana, sérstaklega sé hægt að hraða upplýsingastreyminu og tryggja úrskurðarnefndinni að hún hafi þau tól sem hún þarf á að halda.

Að lokum, herra forseti, kemur spurningin um framsalið. Spurningin hlýtur alltaf að verða sú að þeim mun meira sem framsal er takmarkað, þeim mun minni möguleikar eru þá á að opna fyrir nýliðun, þeim mun minni möguleikar eru á því fyrir útgerðir að hagræða. Spurningin er sú hvort hálfkákið með 50% sé skynsamlegt, hvort menn eigi að stíga skrefið til fulls og banna það alveg eða opna það alveg upp á gátt og hafa nánast engar takmarkanir á framsalinu? Þetta hljóta að vera þau álitamál sem hæstv. sjútvrh. hlýtur að ræða við sitt ágæta nefndarfólk. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hvorki ráðherra né Alþingi eigi að rjúka til á meðan nefndin er að störfum, ég er sammála hæstv. ráðherra um það. Það er að störfum þverpólitísk nefnd sem er að fara yfirvegað yfir þessi viðkvæmu og stóru mál í íslenskri pólitík og efnahagslífi okkar. Hún á einfaldlega að fá frið til þess en hins vegar hefur hún fengið, geri ég ráð fyrir, afskaplega þægilegt og gott gagn til áframhaldandi starfa.

[15:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig hv. þm. Hjálmar Árnason les það út úr skýrslunni að Kvótaþingið sé algerlega misheppnað. Það er alls ekki niðurstaða skýrslugerðarmannsins því að hann bendir á að það þurfi kannski að breyta þessu Kvótaþingi. Hann segir, með leyfi forseta:

„Má segja að það fyrirkomulag" — þá er hann að tala um að þetta fyrirkomulag sem þarna er — „dragi úr sýnileika viðskiptanna." Það er þessi blindi markaður. Og hann segir: „Eðlilegra væri að fyrirkomulag Kvótaþings væri með svipuðu fyrirkomulagi og Verðbréfaþings, en þó með þeirri kvöð að öll aflamarksviðskipti milli óskyldra aðila verði að tilkynna til þingsins og þau síðan birt þar."

Hann er með hugmyndir um að breyta Kvótaþingi. Hann er ekki að leggja til að það verði lagt niður heldur bendir á hugmyndir til að breyta því. Mér finnst svolítið undarlegt að hv. þm. skuli lesa þetta út úr skýrslunni. Hins vegar leggur hann allt öðruvísi út þegar hann talar um fimmtíu prósent regluna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það verður ekki séð að sú takmörkun á framsali aflamarks, að einungis sé heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark sem nemur um 50% af því aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðiárs, hafi dregið svo úr þátttöku sjómanna í aflamarkskaupum að það réttlæti áframhald hennar."

Þarna er kveðið fast að orði en í hinu tilfellinu ekki. Þess vegna finnst mér undarlegt að hv. þm. skuli lesa þetta út úr skýrslunni.

[15:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf ekkert að fara í grafgötur með það að út úr skýrslunni má lesa — og það er það sem kom fram í máli mínu og hv. þm. hefur e.t.v. misskilið — að meginmarkmiðið sem menn settu sér með þessum lögum var að draga úr — eða hefur komið fram reyndar hvert meginmarkmiðið er og það hefur ekki náðst — kvótakaupum sjómanna og ná sátt um verðmyndunina. Það er það sem ég var að vísa til. Ég stend enn við það og ég hygg að flestir geti verið sammála því að þau meginmarkmið hafa ekki tekist. Hvað varðar Kvótaþingið kemur það fram að skýrsluhöfundur telur að sú aðferð, þessi blindu uppboð, séu ekki rétta aðferðin og hvetur til þess að menn taki frekar mið af því sem gengur og gerist hjá Verðbréfaþinginu þannig að það verði opnara, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson las upp. En aðalatriðið er þetta að meginmarkmiðin hafa ekki náðst. Það er meginniðurstaða.

[15:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að ekki hefur tekist að ná þeim markmiðum sem þarna voru sett. Hins vegar er skýrsluhöfundur að benda á endurbætur á þessu fyrirbrigði sem þarna er verið að tala um og ekki að leggja til að það verði lagt af. Síðan ræddi hv. þm. um framsalið og velti því fyrir sér hvort ætti heldur að hætta því alveg eða leyfa það 100%. Á því er æðimikill munur. Og vegna þess að hann beindi þessari umhugsun sinni til hæstv. ráðherra verður fróðlegt að heyra hverju hann muni vera að velta fyrir sér í þessu efni. Það er slíkur reginmunur á því að leyfa fullkomlega framsal og að hafa það takmarkað með þessum hætti að þar á veltur það hvort menn geta farið að stunda það eingöngu sem atvinnugrein að kaupa og selja veiðiheimildir en ekki vera að standa í útgerð. Þar liggur sá munur alfarið.

[15:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði. Hér gætir einhvers misskilnings hjá hv. þm. Niðurstaðan er sú að meginmarkmiðin hafa ekki náðst. Frv. – þrílembingarnir – náðu yfir þrennt. Það er almennt sátt nokkur um Verðlagsstofuna. Það er almennt sátt um úrskurðarnefndina en eftir stendur þá veikleiki hvað varðar Kvótaþingið. Jafnframt hafa menn verið að velta því upp hvað varðar framsalið, hvort það eigi að ganga skrefið til fulls, banna það alveg eða opna það upp á gátt. Ég vil hins vegar leiðrétta hv. þm. að ég var ekki að krefja hæstv. ráðherra um svör í þessu heldur gerði ég ráð fyrir því að hæstv. ráðherra kæmi þessum boðum til þeirrar nefndar sem starfar á vegum sjútvrn. og ítreka að sú nefnd á að fá frið til þess að vinna yfirvegað í stóru máli.

[15:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einkum eitt atriði í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem ég vil gera athugasemd við. Hann leggur þann skilning í skýrsluna sem ég er honum ósammála um að á milli aðila, þ.e. sjómanna og útgerðarmanna, sé sátt um úrskurðarnefnd. Ég held að það sé alrangt. Ég held að ekki sé mikil sátt um úrskurðarnefndina eða þá niðurstöðu sem menn hafa fengið út úr verðum í úrskurðarnefndinni. Hins vegar eru lögin um úrskurðarnefnd þannig að mönnum er ansi þröngt stakkur sniðinn að ná þar lendingu í verði sem er eitthvað í námunda við það sem sjómenn telja ásættanlegt. Það verður að segjast alveg eins og er að ef úrskurðarnefnd ætti að fara að bæta hlutverk sitt þyrfti hún að geta tekið í miklu meira mæli, í raun og veru í mestu mæli, mið af markaðsverði hverju sinni og færa þá ákvarðanir sínar að markaðsverðinu en ekki fiskverði sem eru gjörsamlega úr takt við allt sem getur heitið að verð sé að myndast á frjálsum markaði við eðlileg samkeppnisskilyrði. Það er dálítið hlálegt og auðvitað hægt að nefna það að t.d. tvö skip sem eru að landa afla sínum, annað selur á hæsta verði og bæði eru á trollveiðum, að annað skipið er með 187 kr. meðalverð fyrir allt sl. ár og svo er hitt skipið, sem stundar trollveiðar líka, með 77 kr. meðalverð fyrir svipaða aflasamsetningu af því að það er í beinum viðskiptum. Þetta er gjörsamlega óásættanlegt og ef svona verðlag væri í einhverri verslun hér á landi bryti það algjörlega öll samkeppnisskilyrði.

[15:57]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Já, hv. þm., það hefur verið kallað að soðningin, ýsan, sé komin upp í 800 kr. út úr fiskbúð og sumir vilja kalla það okur, hverju sem um er að kenna. En varðandi athugasemd hv. þm. held ég að einmitt sé rétt að ítreka mikilvægi Verðlagsstofunnar, hvað hún skiptir miklu máli ef hún virkar, eins og hún virðist hafa gert í grófum dráttum, hvað hún er mikilvæg fyrir úrskurðarnefndina og sú gagnrýni sem hefur aðallega beinst að henni er að upplýsingastreymið sé ekki nógu hratt og það er kannski meginatriði hvað varðar Verðlagsstofuna.

Ég hygg hins vegar að menn séu almennt sáttir um prinsippið með úrskurðarnefndina þó vissulega muni menn alltaf deila um einstaka dóma, því eins og almennt þegar dómar eða úrskurður er kveðinn upp þá er ekki alltaf sátt um efni einstakra dóma. En ég hygg að í megindráttum séu menn sammála um þetta prinsipp eins og upp var lagt. Hins vegar þarf hugsanlega að skerpa þau tæki og tól sem úrskurðarnefnd hefur til að sinna verki sínu eins og nefndi í ræðu minni. Ég hygg því að það sé ekki ágreiningur um þetta á milli okkar.

[15:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ágreiningurinn snýst um að það er ekki eðlileg verðmyndun á sjávarfangi hér á landi. Annars vegar erum við með mjög hátt verð sem getur í sumum tilfellum á markaði kannski verið hærra en eðlilegt getur talist vegna þess að magnið á markaðnum er lítið. Hins vegar eru menn í beinum viðskiptum sem eru ekki í neinum takti við raunveruleikann. Þess vegna held ég að það sé mjög eðlileg og réttmæt krafa sem sjómenn hafa verið að setja fram að fiskur verði seldur á fiskmörkuðum og þar verði raunverulegt framboð og raunveruleg verðmyndun sem væri þá kannski ekki uppi í 187 kr. en það gæti verið að það væru einhver 130–140 kr. sem væri þá eðlileg verðmyndun á sjávarfangi. Þannig held ég að við ættum að standa að málum. Það er undarlegt í þessu þjóðfélagi þar sem alltaf er talað um frjálsa samkeppni að ekki megi vera frjáls verðmyndun á sjávarfanginu en allt annað skal vera frjálst og þar með kvótabraskið.

[16:00]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að seint muni finnast hið endanlega svar við því hvað sé eðlilegt verð. Meðan framboð og eftirspurn eru svo breytilegar forsendur í atvinnulífi munum við aldrei finna það sem er eðlilegt verð. En það sem þetta mál snýst um og þessi skýrsla snýst um er kannski ekki síst

uppgjörið, þ.e. að eyða tortryggni á milli sjómanna og útgerðar. Það er eini útgangspunkturinn að því að lagasetningin átti sér stað og þessi þrílembingur var í rauninni viðleitni sjómannasamtaka og stjórnvalda og hv. Alþingis til þess að eyða þeirri tortryggni. Að sumu leyti hefur það tekist, en kannski er niðurstaðan sú í grófum dráttum að það náðist ekki. Það er ekki ríkjandi sátt og sjómenn eru enn sagðir taka þátt í kaupum á aflaheimildum.

[16:01]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar að hann talaði um að nefndin um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða ætti að hafa frið. Ég er honum algjörlega ósammála. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fulltrúar þingsins komi sér saman um stefnu sína í þessum málum, einmitt til þess að auðvelda vinnu nefndarinnar og það sé alveg himinklárt hvert menn vilja stefna í þessu sambandi, hvert svo sem stjórnmálaaflið er. Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki að slík vinnubrögð og einmitt það að koma fram með mótaðar tillögur núna sé frekar til þess fallið að menni geti náð sáttum og einhverri nýrri línu í þessu mikilvæga máli. Eins og fram hefur komið er það ekki bara eitt, það virðist vera allt, það er bullandi ágreiningur í samfélaginu um hvernig haga skuli þessum málum, þ.e. ekki einungis um verðmyndun á sjávarfangi eins og hér er um fjallað núna heldur allt kerfið, byggðamálin o.s.frv. Hér er því um mjög stórt mála að ræða sem þarf að taka á í víðu samhengi og þess vegna tel ég og spyr hv. þm. hvort hann geti ekki verið sammála mér um að í því felist ótvíræður ávinningur að fram komi tillögur og að menn séu með það á borðinu hvernig þeir vilja standa að þessum málum, hvar í svo flokki sem þeir standa.

[16:02]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég geti verið sammála hv. þm. um að það er mikilvægt að fram fari yfirveguð og málefnaleg umræða um sjávarútvegsmál. En ég ítreka að ég tel að sú þverpólitíska nefnd sem er að störfum að fái frið til þess að vinna málið yfirvegað, einmitt af því að málið er stórt og mikilvægt sem ágreiningur er um. Og það mun sjálfsagt alltaf verða ágreiningur um sjávarútvegsmál á meðan við róum. Þetta er mál sem snertir í raun svo óskaplega mörg svið og það eru svo margar lausnir í umræðunni, eftir því hvort menn koma að norðan þar sem togaraútgerðin er, hvort menn koma af suðvesturhorninu þar sem smábátaútgerðin er öflugri og þannig má áfram telja, t.d. byggðamálin og þar fram eftir götunum. Ég teldi það hins vegar óeðlilegt þar sem þverpólitísk nefnd er að störfum og á að fá frið til að skoða málið í stóru og víðu samhengi, að hv. Alþingi fari að ryðja frá sér frumvörpum um einstaka þætti svona umsvifamikils máls. Það teldi ég óeðlilegt og teldi ég í rauninni að þar með væri verið að lýsa yfir vantrausti á þá nefnd sem ég vænti afskaplega mikils af. Hins vegar á nefndin að fá málefnaleg rök úr umræðum hv. alþingismanna eins og m.a. hafa verið að koma fram í umræðunum hér í dag.

[16:04]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bendi hv. þm. Hjálmari Árnasyni á að margar af þeim tillögum sem hafa verið settar fram, a.m.k. tillögur frá Frjálslynda flokknum og vinstri grænum sem verða hér til umfjöllunar seinna í dag væntanlega, snúast að hluta til um að vinna sér tíma til að geta skoðað þetta á þeim nótum sem við teljum við hæfi. Ég árétta það enn og aftur að ég tel mjög mikilvægt fyrir svona endurskoðunarnefnd, þó svo að nefndin sé ópólitísk, að fulltrúar hennar geti haft það nokkuð á hreinu hvernig menn vilja haga þessum málum og hvernig öflin hér inni líta á lausnir. Það tel ég grundvallaratriði. Ég heyri jafnframt að hv. þm. Hjálmar Árnason er að vissu leyti sammála mér um þetta. En ég skil ekki pirringinn yfir því að menn komi fram með tillögur og sína sýn. Það tel ég alveg nauðsynlegt.

[16:05]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandast nú málið. Nú þurfum við að fara að skilgreina orðið pirring. Ég hef ekki orðið var við neinn pirring í þessu. En ekki dreg ég í efa að margt er ágætt í tillögum vinstri grænna og frjálslyndra og í raun allra þeirra sem tjá sig um sjávarútveg og ég geri í sjálfu sér engar athugasemdir við að hv. þingmaður eða fulltrúar þeirra flokka skuli flytja frumvörp eða tillögur um þessi mál hér. Það eru þá aðeins skilaboð til nefndarinnar. Ég vek athygli á því að hér er um að ræða þverpólitískar nefndir og fulltrúar flokkanna eða a.m.k. stærstu flokkanna sem þar eru hafa væntanlega einhver skilaboð frá sínum flokkum til að ræða og ég geri ráð fyrir að fram fari mikil og málefnaleg umræða þar sem tekist er á við ólík sjónarmið. En við sjáum hvað setur þegar nær dregur áramótum.

[16:07]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil segja að sú skýrsla sem liggur frammi lýsir að mínu áliti vel þeirri mynd sem komin er á þau lög sem samþykkt voru í hv. Alþingi vegna deilna milli sjómanna og útvegsmanna og voru samþykkt eftir samkomulag sem varð til þess að leysa þá deilu. Við vorum margir í þinginu sem efuðumst um að þessi breyting á lögum hefði einhver áhrif nema þá til hins verra, í besta falli skipti hún litlu máli. Og mér finnst, herra forseti, að skýrslan hafi einmitt sýnt að það sem menn töldu geta orðið verst úr þessu væri einmitt að koma í ljós. Það kemur nefnilega fram í þessari skýrslu, sem mér finnst mjög vel unnin og rökstudd, að svokallað Kvótaþing, sem mörgum fannst algjör óþarfi að innleiða hér og væri fyrst og fremst skriffinnskufyrirbæri sem torveldaði mönnum eðlileg viðskipti, þ.e. hér segir á bls. 2, með leyfi forseta:

„Tilkoma Kvótaþings átti með öðrum orðum að gera útgerðum erfiðara við að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Þrátt fyrir það virðist margt benda til að þátttaka sjómanna í kvótakaupum sé enn til staðar."

Þessi þráður sem var í umræðunni virðist í rauninni enn vera uppi þannig að Kvótaþingið sem slíkt virtist engu breyta hvað það varðar að sjómenn taka enn þátt í kvótakaupum þrátt fyrir að það ætti að leysa úr þeim vandamálum. Það kemur einnig fram annars staðar að Kvótaþingið hafi, ef það mætti túlka það svo — það þarf reyndar gleggri upplýsingar til að átta sig á því — en að því eru leiddar líkur að Kvótaþingið hafi jafnvel leitt til hækkunar á fiskverði á kvótamörkuðum.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Frá því starfsemi Kvótaþings hófst hefur verð á þorskaflamarki hækkað um meira en 20%."

Reyndar er líka sagt að verð á mörkuðum erlendis hafi hækkað. En ég velti því fyrir mér hvort það verð hafi hækkað á eftir eða á undan. Var ekki verðið á mörkuðum erlendis að hækka til þess að mæta hækkuðu kvótaverði hér heima?

Ég held að það sé einmitt málið, að vegna síhækkandi verðs hér heima á mörkuðum þá neyddust fiskkaupendur erlendis til þess að hækka sitt verð og ná til sín afla í vinnslu. Niðurstaðan er sennilega orðin sú að með þessum sífelldu hækkunum erum við að verðleggja okkur út af mörkuðum. Saltfiskmarkaðir í dag eru í hættu vegna þess að við höfum verðlagt saltfiskinn svo hátt að Norðmenn eru í raun að ná miklu meiri tökum á sölu saltfisks en við. Við erum að verðleggja okkur út af þessum mörkuðum. Það er ekki vegna þess að við séum ekki með góða vöru heldur erum við með allt of dýra vöru. Það er okkar mikla vandamál í dag hversu þessi þróun hefur dregið allt verð úr öllu samhengi.

Herra forseti. Þegar á allt er litið og þessi skýrsla skoðuð þá kemur einnig þar fram, eins og ég sagði áðan, að fyrirkomulag Kvótaþings leiðir þó til þess að ekki liggur fyrir milli hverra viðskipti eigi sér stað. Og þar stendur að það megi segja að það fyrirkomulag dragi úr sýnileika viðskipta, þ.e. ósýnileiki viðskipta sem hefur líka orðið til þess að menn átta sig ekki á því hvernig kaupin gerast. Það er því þrennt sem virðist hafa gerst við Kvótaþingið, að skriffinnskan hefur aukist, jafnvel hefur þorskaflahámarkið hækkað og síðan hafa viðskiptin orðið ógreinilegri og erfiðara að fylgja þeim. Niðurstaða skýrsluhöfundar finnst mér því vera ótvíræð, þ.e. að Kvótaþingið hafi mistekist alfarið. Ég held að ekkert annað sé eftir að gera en að viðurkenna það og að hæstv. sjútvrh. flytji frv. sem leggi Kvótaþing af.

Annar hluti þessarar skýrslu fjallar um það þegar veiðiskyldan var aukin um helming og breytt þannig að í dag þarf að veiða helming úthlutaðs afla hvers skips í stað 25% á hverju ári sem var þó flytjanlegt þannig að það mátti veiða helminginn annað hvert ár. Það hefur leitt til margháttaðra breytinga. Í fyrsta lagi hefur það leitt til þess að dregið hefur stórlega úr leigu sem eðlilegt má telja þannig að svæði eins og Suðurnes sem leigðu til sín upp í 19 þús. þorskígildistonn á einu ári eru að leigja til sín tæp 9 þús. í dag. Það hefur dregið um rúmlega helming úr þeim viðskiptum sem voru sem þýðir að sjálfsögðu að Suðurnesjamenn hafa fyrst og fremst þurft að blæða fyrir þessa breytingu. Þar hafa atvinnufyrirtæki dregist saman, sjómenn misst vinnu sína og síðan hefur þetta jafnvel líka komið út í erfiðleikum úti á landi þar sem fyrirtæki hafa haft þann möguleika að leigja frá sér aflaheimildir og getað hagrætt með því. En þau fyrirtæki hafa orðið að gera út öll sín skip árið um kring sem hefur um leið þýtt að mörg skip sem fram að því höfðu verið á veiðum á fjarlægum miðum urðu að snúa heim og veiða sinn kvóta sjálf. Það hefur því dregið úr veiðum á fjarlægum miðum og hagkvæmni og arðsemi þessara fyrirtækja hefur minnkað. Það er niðurstaðan.

Framsalið, herra forseti, hefur að mínu áliti verið vængir kvótakerfisins. Ef við gætum ekki heimilað útgerðarfyrirtækjum að framselja, leigja, hagræða og gera útgerðina eins hagkvæma og kostur er þá væri í rauninni ekkert gagn í kvótakerfinu. Við sjáum það mjög víða um landið að fiskvinnslufyrirtæki bæði stór og smá skila verri afkomu en áður. Við sjáum gjaldþrot fjölda fyrirtækja um allt land í fiskvinnslu og útgerð sem áður hafa sýnt góða afkomu. Við sjáum að litlar fiskvinnslur, svokölluð fjölskyldufyrirtæki þar sem nokkrir karlar vinna sérhæfðan afla, eru að gefast upp í dag. Það er nánast enginn fiskur á mörkuðum til leigu.

Ég vil taka fram, herra forseti, að hert veiðiskylda er ekki eina ástæðan. Margt annað hefur gerst í stjórn fiskveiða sem leitt hefur til þess að sá afli sem verið hefur á fiskmörkuðum hefur minnkað stórlega. Í dag er því afskaplega erfitt að ná í nokkurn fisk nema á svo háu verði að við það ráða ekki nema sterkustu fyrirtæki.

Aukningin á veiðiskyldunni hefur því haft skelfilegar afleiðingar. Sumir líta á þetta sem eitthvert réttlætismál að allir eigi að veiða sinn kvóta og þar með uppfylli menn einhverjar skyldur vegna þess að þeir hafi fengið úthlutun á sameign þjóðarinnar. Þetta er einhvers konar draumsýn í hugum manna varðandi kvóta. Auðvitað er eðlilegt að rauði þráðurinn í kringum þetta allt sé frelsi, frelsi til athafna til þess að ná hagkvæmni. Með frelsinu sem fylgdi framsalinu eins og það var hafði landsbyggðin það betra. Fyrirtækin úti á landi höfðu betri afkomu í því frjálsræði sem var heldur en í dag þegar búið er að njörva þetta niður þannig að það er illgerandi út á nokkurn skapaðan hlut nema á þessu svæði hér, suðvesturhorninu.

Ég held, herra forseti, að breyting á lögunum hvað varðar veiðiskyldu hafi verið algjör mistök og bráðnauðsynlegt sé að breyta því aftur, alla vega til fyrra horfs þannig að veiðiskyldan verði ekki meiri en 50% annað hvert ár. Ég held raunar að algjört frelsi ætti að ríkja hvað þetta varðar, það er það eina sem gæti komið sér vel fyrir þjóðarbúið í heild sinni. Ég held líka að það gæti komið sér vel fyrir landsbyggðina sem þarf svo sannarlega á því að halda að geta nýtt sér kvótakerfið til að styrkja byggð í landinu.

Mér finnst, herra forseti, að þetta mál eigi að fara fljótt í gegnum skoðun í þinginu og menn eigi að bregðast við þessari skýrslu. Ég er ekki að segja að öllu máli skipti hvort það verður á þessu ári eða eftir að sáttanefndin svokallaða hefur lokið störfum sínum. Ég get samt ekki séð annað en að með hverjum deginum sem líður séum við að draga máttinn úr þeim fyrirtækjum sem eru að berjast í fiskvinnslu vítt og breitt um landið vegna þess að þau hafa ekki fisk. Fiskurinn sem þeim býðst er svo dýr að það er ekki hægt að kaupa hann. Ég held að því fyrr sem við breytum þessum ákvæðum til fyrra horfs því betra verði það fyrir fiskvinnsluna, fyrir útgerðina og fyrir landsbyggðina.

[16:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Veiðiskyldunni var ekki breytt í lögum um stjórn fiskveiða. Veiðiskyldan er enn eins og segir í 12. gr. laga:

„Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður ...“

Þannig að veiðiskyldunni var ekki breytt en framsalsheimildinni var hins vegar breytt og það að tillögu hv. sjútvn. þingsins. Sjómannasamtökin voru ekki sérstaklega ásátt um að það yrði gert. Það var sjútvn. Alþingis sem lagði til að í staðinn fyrir að hafa veiðiskylduna 50% skyldi framsalstakmörkunin vera 50%. (**KPál:** Þetta er bara sami hluturinn.) Veiðiskyldan er óbreytt, hv. þm. Kristján Pálsson.

Ég heyri á máli hv. þm. að við erum ósammála um mörg grundvallaratriði kvótakerfisins og afleiðingar þess. Ég veit ekki hvort rétt er að fara í langa umræðu um það hér. Ég held hins vegar að eitt sem hv. þm. sagði fái ekki staðist. Hann lét liggja að því í máli sínu að kvótaverð hér á landi væri farið að hafa áhrif á heimsmarkaðsverð á fiski, hefði áhrif til hækkunar á verði á mörkuðum, m.a. á Spáni. Nú held ég að okkur Íslendingum sé svolítið ofætlað hlutverk á heims-

markaðnum ef íslenska kvótakerfið, þó verðið á framsalinu sé hátt, ráði orðið heimsmarkaðsverði á fiski.

Sem betur fer hafa afleiðingar kvótakerfisins ekki orðið svo víðtækar enn þá og eru þær nægar samt.

[16:22]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að munnhöggvast við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson um hvað er veiðiskylda og hvað er framsalsheimild. Það er bara sami hluturinn. Það er ekki heimilt að selja meira en helminginn á hverju ári og þarna varð mikil breyting.

Hv. þm. telur að kvótaverðið hafi ekki áhrif á fiskverð erlendis. Við þekkjum það og ég hygg að hv. þm. viti það vel að á fiskmörkuðunum er í dag nánast beint samband á milli markaðanna og kaupandans úti. Sá sem kaupir hér á fiskmarkaðnum er með símann á eyranu og er í sambandi við kaupanda sinn úti í heimi. Þannig gerast kaupin á eyrinni í dag. Þau eru ekki miðuð við lagerinn í frystigeymslunni eins og var í gamla daga. Þetta gerist á markaðnum sjálfum þar sem ákveðið er hvernig fiskverðið verður þann daginn.

Saltfiskverkendur, sem enn eru reyndar til, sem liggja með þrístaflaðan saltfisk, leggja miklu vinnu í þetta og eiga kannski einhvern lager, verða einfaldlega að kaupa á sama verði og þeir sem eru að flytja út ferskan fisk. Þeir geta ekki boðið lægra verð en aðrir. Það er nú bara staðreynd.

[16:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda uppi miklum deilum um það við hv. þm. Kristján Pálsson hvernig verð myndast á heimsmarkaði. Ef hann hefur þá skoðun að kvótaleiguverðið hér á landi hafi þar áhrif þá verður að hafa það.

Hins vegar vil ég segja almennt um þá ræðu sem hann flutti um Kvótaþingið, að menn verða að muna eftir því að sjómannasamtökin óskuðu ekki eftir þeirri lagasetningu. Þau stóðu frammi fyrir því að setja átti lög á kjaradeiluna 1998 og þá frestuðu menn verkfallinu um ákveðinn tíma. Síðan kom þessi skýrsla. Og hvaða skilyrði fengu sjómannasamtökin? Þau fengu það skilyrði að taka við pakkanum eins og hann var af hendi sjútvrh., uppsettur eins og hann var. Annaðhvort fengju menn ekkert eða þeir tækju allt: Kvótaþing, úrskurðarnefnd og Verðlagsstofu. Þetta vita vonandi allir hv. þingmenn.

Það var ekki efst á óskalista sjómannasamtakanna að fá fram Kvótaþing. Hins vegar stóðu menn frammi fyrir því að meta hvort menn vildu taka þennan pakka eða ekki. Ég var sjálfur í samningum fyrir sjómenn á þessum tíma og samninganefndir sjómanna sátu viku yfir þessu máli og kyngdu því eins og það var fram sett, að taka við annaðhvort öllu eða engu.

Kvótaþing og öll þessi lög voru náttúrlega sett til að koma í veg fyrir að útgerðarmenn brytu lög á sjómönnum. Það er megininntak málsins og Kvótaþing var ekki efst á óskalista sjómannasamtakanna.

[16:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd voru til þess að fara yfir verðlagningu á afla til sjómanna. Því fyrirkomulagi var ætlað að passa upp á að sjómenn væru ekki hlunnfarnir. Í þessari skýrslu kemur fram að það hafi tekist ágætlega.

Kvótaþingið var aftur á móti hrein og klár mistök. Mig rekur a.m.k. minni til þess að formaður Sjómannasamtaka Íslands hafði mikil og sterk orð um þetta Kvótaþing, hve merkilegt það væri og hve mikla áherslu hann hefði lagt á að með tilkomu þess væru sala og kaup á aflaheimildum gegnsærri en þau hefðu verið.

Ég skal ekki segja nákvæmlega hvaðan þessar hugmyndir komu. Aftur á móti kom ákveðinn pakki inn til þingsins. Þar mátti í raun ekki breyta neinu ella hefði allt hrunið. Menn neyddust í raun til að samþykkja allt þó að betra hefði verið að taka þetta í minni skrefum. (**SvanJ:** Sjómenn greiddu atkvæði.) Sjómenn voru þar að auki búnir að greiða atkvæði um þetta. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Þar með var í raun búið að greiða atkvæði fyrir okkur hér. Ég var mjög ósáttur við þessa niðurstöðu og tel að hún hafi ekki orðið okkur til framdráttar hér í þinginu.

[16:27]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að vissu leyti tekið undir margt af því sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni varðandi Kvótaþing. Auðvitað er ef lítill hluti er tekinn og settur á markað, það er sama hvaða vörutegund það er, landafurðir eða sjávarfang, þá hlýtur það að leiða til þess að sá hluti sem fer á markað ráði verðinu og sprengi upp verðið. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér um það.

Í því samhengi held ég að þetta verði allt að skoðast mjög gaumgæfilega hjá nefndinni um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. En þetta er bara einn af þeim þáttum sem koma þarf sterklega inn í dæmið. Auðvitað væri allt annað uppi á teningnum ef þetta væri ekki svona lítill hluti en það getur aldrei orðið öðruvísi.

En svo er annað sem ég vil spyrja hv. þm. um: Finnst honum ekki að of lítið hafi farið fyrir áhyggjum manna hér út af stöðu okkar eigin fólks í þessu samhengi? Það að kaupa sér soðningu í dag virðist ekki vera nema á fárra færi. Það sem var hverdagsmatur okkar, sjávarfangið, er orðið ígildi dýrustu lúxussteika sem menn leyfa sér ekki nema um helgar. Auðvitað verðum við að fjalla um þetta líka þó að neysla sjávarafurða á innanlandsmarkaði sé ekki mikil.

Ég vil bara árétta að ég er sammála hv. þm. um að þessi mál þurfi að skoða. Sérfræðingar okkar eru alls ekki sammála um hvort Kvótaþingið hafi í raun gert gott. Það eru mjög skiptar skoðanir um það eins og við vitum öll hér.

[16:29]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson og ég erum sammála um að með því að takmarka svona framsalið er náttúrlega verið að takmarka það magn sem fer á markað. Þar með hækkar fiskverð því að það er minna magn á markaðnum. Eins og hv. þm. sagði ræður lögmál framboðs og eftirspurnar þar eins og annars staðar í frjálsu hagkerfi.

Það kemur að sjálfsögðu niður á neytandanum á Íslandi eins og annars staðar í heiminum. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ýsukílóið í verslun er núna komið upp í þúsund krónur og er komið verulega upp fyrir verð á lambakjöti og flestu kjöti nema þá helst nautalundum. Við erum því náttúrlega farin að sjá þarna dýrustu fisksteikur sem hafa verið til á Íslandi. Hvort það hækkar meira veit ég ekki, ég held samt að við getum ekki brugðist sérstaklega við innlenda markaðnum

nema þá með þeim hætti að labba niður á bryggju og vita hvort menn geti ekki fengið í soðið eins og í gamla daga. Ég veit að t.d. suður með sjó er það enn þannig að maður fær kippu í soðið, eina spyrðu með sér heim, ef maður kemur og hittir karlana og fer að tala við þá. Ég held að ég upplýsi ekki mikið með að segja að maður fer ekkert yfir vigtina þó að maður fái eina hönk með sér í soðið eftir eina ferð niður á bryggju.

[16:31]

Útbýting þingskjala:

Barnabætur, 459. mál, fsp. ÖJ, þskj. 735.

Póstdreifing í dreifbýli, 458. mál, fsp. ÍGP, þskj. 734.

[16:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum skýrslu hæstv. sjútvrh. um Kvótaþing, Verðlagsstofu skiptaverðs og takmörkun á flutningi aflamarks er nauðsynlegt að við áttum okkur aðeins á því umhverfi sem var til staðar í þjóðfélagi okkar þegar þau lög sem verið er að fjalla um voru sett. Þá stóð yfir mjög harðvítugt verkfall sjómanna í mjög harðri og að því er virtist illleysanlegri kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna einmitt um þessar mundir fyrir nákvæmlega tveimur árum. Það var til þess að leysa þá kjaradeilu að hæstv. ríkisstjórn lagði fram frv. sem fól í sér þá lagasetningu sem við höfum verið að ræða á grundvelli þessarar skýrslu og þó að stundum sé sagt að allir vildu Lilju kveðið hafa held ég megi segja um þessa lagasetningu að enginn vildi þessa Lilju kveðið hafa. Það hefur auðvitað komið fram að við margir hv. þingmenn, stjórnarliðar, vorum með efasemdir og sumir með skítabragð í munninum, virðulegi forseti, ætli ég orði það ekki svo, yfir þessari lagasetningu. Við vitum líka að bæði talsmenn sjómanna og náttúrlega ekki síður talsmenn útvegsmanna hafa lýst því yfir að það hafi ekki verið óskadraumur þeirra sem hafi ræst með þessari lagasetningu. En þjóðarsátt varð um að vera á móti þessu og samþykkja síðan og það varð eiginlega niðurstaða málsins. Eins og við munum leystist þannig þetta harðvítuga verkfall sjómanna sem við vissum að var á þeim tíma mjög alvarlegt í ljósi þess að á þessum árstíma stendur yfir háloðnuvertíð, hrognataka og fram undan hábjargræðistíminn víða um land þannig að auðvitað vorum við að setja þessi lög í skugga þess ástands.

Það var eiginlega tvennt sem ég hygg að hafi legið til grundvallar og hafi verið meginmarkmiðið með lagasetningunni. Í fyrsta lagi var meginmarkmið að draga úr leiguviðskiptum. Það var krafan sem var uppi að leiguviðskiptin væru að leiða til þess að sjómenn væru að taka þátt í kvótakaupum með óeðlilegum hætti. Þess vegna var það, og menn skulu aldrei gleyma því, eitt af markmiðunum með lagasetningunni að draga úr þessum leiguviðskiptum. Í annan stað var markmiðið að reyna að koma í veg fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum og það var gert með annars vegar lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og hins vegar með því að setja á laggirnar Kvótaþing.

Þegar við förum síðan að ræða þessi mál verðum við fyrst og fremst að horfa til þessara tveggja meginmarkmiða þegar við erum að draga það fram hvort lagasetningin hafi skilað því sem hún átti að skila. Við getum líka séð það af því bráðabirgðaákvæði í lögunum sem liggur til grundvallar skýrslunni að menn höfðu uppi miklar efasemdir og áhyggjur, kannski á mismunandi forsendum þegar þessi lagasetning var samþykkt.

Í fyrsta lagi þegar við veltum fyrir okkur hvort lögin hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt sjáum við að hvað varðar Verðlagsstofu skiptaverðs hafa afskipti hennar yfirleitt orðið til þess að hækka verð til fyrirtækja sem hún hefur verið að skipta sér af, þ.e. til þeirra seljenda, útgerðanna og sjómannanna sem afskipti hafa verið höfð af.

Ég býst við því að flestir líti svo á að þar með hafi þetta borið árangur, að afskipti eða inngrip Verðlagsstofunnar, sem hefur auðvitað alltaf verið kölluð til vegna þess að menn hafa talið að verð væri of lágt, hefur leitt til þess að verðið hefur hækkað. Þá getum við sagt sem svo að að þessu leyti hefur þetta tekist eins og kemur reyndar mjög greinilega fram í skýrslunni.

Í öðru lagi er það alveg rétt að lagasetningin hefur orðið til þess að draga úr aflamarksflutningi á þessu tímabili. Skýrsluhöfundur dregur það fram að þegar búið er að leiðrétta fyrir öðrum þáttum er það mat hans að dregið hafi úr aflamarksflutningi á þorski um 45%, þ.e. úr 37% í 21% á þessu tímabili. Ég held hins vegar að það sé líka nauðsynlegt að átta sig á því að á þessu geta verið aðrar skýringar þó að ég geri síst lítið úr því að lagabreytingin hafi líka kallað þetta fram.

Í fyrsta lagi megum við ekki gleyma því að rækjuaflinn minnkaði á þessu tímabili. Við þekkjum það sem hér erum inni að skip fóru í stórum stíl til rækjuveiða, til að mynda minni ísfisktogararnir. Þegar dró úr aflanum og afkoman í rækjuveiðinni var orðin gjörsamlega óviðunandi hurfu menn aftur til þess að veiða þorsk og þar með dró af þeim ástæðum nokkuð úr framboðinu af kvótanum.

Í öðru lagi vitum við líka að veiðin í Barentshafi var ekki jafngóð og hún hafði verið, sem þýddi það líka að hluti af flota okkar, sem hafði kannski verið þarna norður frá og gat framselt frá sér einhverjar heimildir, varð núna að hverfa til veiða á Íslandsmiðum sem dró aftur úr framsalinu.

Í þriðja lagi, sem kemur einnig fram í skýrslunni, höfðu líka átt sér stað heilmiklar sameiningar fyrirtækja sem hafa þýtt eins og við vitum að menn hafa verið að samræma sóknargetu flota síns betur að aflaheimildunum sem er út af fyrir sig hið besta mál og hefur þá líka orðið til að draga úr þessum leiguviðskiptum. Síðan er það Kvótaþingið og loks er það hin aukna veiðiskylda.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að ég tel að eitt af því sem hljóti alltaf að vera uppi í allri veiðistjórnun, hvort sem við erum að tala um aflamarksstjórnun eða sóknarstýringu, þá verði auðvitað að vera hægt að framselja veiðiréttinn með einhverjum hætti. Það er bara einfaldlega þannig ef við ætlum að reyna að leita að hámörkun arðsins í þessari grein, sem við verðum að gera til hagsbóta fyrir atvinnugreinina, sjómennina og fiskverkunarfólkið, þá verður að vera til staðar framsal. Ég hef hins vegar alltaf verið talsmaður þess að það eigi þrátt fyrir þetta að stefna að því að menn hafi veiðiskyldu. Meginröksemd mín fyrir því er sú að ég tel að ekki eigi að skilja í sundur veiðréttinn og sjávarútveginn og þess vegna sé eðlilegt að þeim aðila, þ.e. útgerðinni sem hafi veiðiréttinn, beri að nýta þennan veiðirétt að svo miklu leyti sem hún getur sjálf. En svo bæti ég því við sem ég nefndi áðan að aldrei er hægt að líta fram hjá því í skynsamlegu aflastýringakerfi að hafa kerfi þar sem er til staðar einhvers konar framsalsmöguleiki á milli útgerða.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að sú niðurstaða skýrsluhöfundar að Kvótaþingið hafi ekki orðið til þess að hækka verð á kvóta kom mér nokkuð á óvart. Nú höfum við

heyrt það mjög í umræðunni, og ég hafði litið á það sem gefna staðreynd, að kvótaverð hafi hækkað og það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Niðurstaða skýrsluhöfundar hins vegar þegar borið er saman kvótaverðshækkunin á þessu tímabili sem hann hefur haft til athugunar og afurðaverðið bæði í saltfiski og freðfiski er að þetta fylgist nokkuð að.

Að vísu er það svo þegar við skoðum þetta nánar að sveiflurnar eru ekki alveg línulegar, þær eru svolítið misjafnar milli verkunargreina þannig að þetta mál er kannski ekki alveg svona einfalt. Út af fyrir sig er þetta þannig mál að það er erfitt að sanna nokkuð. Ég held t.d. að það sem við höfum verið að sjá upp á síðkastið sé versnandi afkoma í þessum greinum með hækkandi gengi íslensku krónunnar. Það hefði þá með sama hætti væntanlega átt að leiða til þess að verð hefði heldur lækkað á leigumörkuðunum á Kvótaþinginu. Það sýnist mér hins vegar ekki hafa gerst, a.m.k. að neinu viti, fyrir utan það að við skulum ekki gleyma því að þegar við settum lögin á sínum tíma, lögin sem þessi skýrsla fjallar um, var frekar reiknað með því að kvótaverð mundi lækka í kjölfarið. Ég held að út af fyrir sig kunni að vera skýringar á því að það gerðist ekki, m.a. þær sem ég var að rekja, það var ýmislegt annað í umhverfinu sem hefur haft áhrif á bæði framboðs- og eftirspurnarhliðina á þessum markaði þannig að það er auðvitað ekki bara hægt að skella þar skuldinni á Kvótaþingið. Engu að síður er það þannig að þetta svokallaða blinda fyrirkomulag gerir það að verkum að það er ákveðin tilhneiging til þess að hækka verðið.

Við þekkjum það og höfum auðvitað heyrt það og m.a.s. kemur það fram í skýrslunni að menn vinna einhvern veginn þannig á Kvótaþingi að fyrst kemur maður og hann vantar tíu tonn af kvóta. Þá setur hann inn tilboð upp á kannski hundraðkall, það mundi nú ekki þykja mjög hátt reyndar í dag. Þegar það ekki gengur hækkar hann það um einn eyri eða fimm aura eða eitthvað daginn eftir til þess að ná þessu örugglega. Hann les í Mogganum hvað Kvótaþingið skilaði háu meðalverði daginn áður og bætir svo einhverjum aurum eða fimmeyringum ofan á það til þess að tryggja sér síðan nægjanlegt magn af kvóta.

Það er líka athyglisvert sem skýrsluhöfundur vekur athygli á og það er að þetta blinda Kvótaþing gerir það að verkum að viðskiptin eru óskaplega tafsöm. Ég held að það komi fram að boðin séu fram að jafnaði eitthvað um 700–1.000 tonn á dag og einhvern veginn takast ekki samningar. Það er þetta sem er svo óþjált og það er þetta sem leiðir til þess að uppi er sú hugmynd sem mér er kunnugt um, virðulegi forseti, að var rædd á sínum tíma innan sjútvn. Alþingis, að fyrirkomulag þessa Kvótaþings ætti frekar að draga dám af því fyrirkomulagi sem við höfum verið að þróa með okkur í verðbréfaviðskiptunum því að þarna er verið að fást við ákveðin verðmæti hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Ég held, virðulegi forseti, hvernig sem menn líta á þetta mál að í þessu framsalskerfi, sem ég hygg nú að sé býsna almenn skoðun að eigi að vera í einhverri mynd, getur það aldrei verið markmiðið hjá okkur að torvelda viðskipti á milli aðila. Úr því að menn viðurkenna að það eigi að vera framsal getum við ekki verið að búa til eitthvert framsalskerfi sem er svo ómögulegt að menn geta ekkert unnið eftir því og það leiðir til einhverrar bjagaðrar verðmyndunar á þeim markaði sem við erum að tala um að eigi að búa til verð á.

Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að menn hljóti a.m.k. að geta komið sér niður á það að úr því að það er niðurstaðan að þetta kerfi er bjagað, að þetta kerfi prýsti upp verðinu, þá eigum við frekar að reyna að breyta því að lágmarki þannig að það sé þjálla. Það er það sem skýrsluhöfundur er í rauninni að leggja til, það er útfærsla sem felur í sér að kostnaður við það og erfiðleikar við að menn í ólíkum landshlutum eigi viðskipti með aflamarkið sé svona gríðarlega hár.

Menn geta svo velt fyrir sér hvort eigi algjörlega að afnema Kvótaþingið og kannski gæti það orðið niðurstaðan miðað við það enginn vill þessa Lilju kveðið hafa, eins og ég vakti athygli á. Mér sýnist að við ættum að geta komist að sameiginlegri niðurstöðu ef við a.m.k. teljum að það sé óæskilegt að kvótaverð sé hátt og ég er einn þeirra. Ég tel t.d. að það sé markmið í sjálfu sér í fiskveiðistjórnun að menn hafi þægilegan aðgang að fiskveiðistjórnarkerfinu. Við sjáum það að 120 kr. leiguverð í þorski er til þess fallið að koma í veg fyrir að nýir aðilar með litlar aflaheimildir geti haslað sér völl. Þannig er það.

Það kemur líka fram í skýrslunni sem ég held að sé alveg hárrétt að nauðsynlegt sé að styrkja stöðu Verðlagsstofunnar vegna þess að um þá starfsemi ríkir, held ég að segja megi, nokkuð gagnkvæmt traust milli aðila, sjómanna og útvegsmanna. Það sem hefur helst verið fundið að er að verðupplýsingarnar berist allt of seint og séu kannski sögulegt gagn frekar en gagn til þess að hafa not af þegar menn eru að fjalla um þessi mál sín á milli. Þess vegna hygg ég að um það ætti að geta verið sæmilegt samkomulag að breyta þessu á þann veg t.d. að fiskkaupendum sé gert að færa inn öll verð á afla sem þeir kaupa samstundis.

Enn fremur er það rétt sem við þekkjum sem höfum staðið í þessari atvinnugrein að upplýsingar um fiskverð eru ekkert leyndarmál. Í gamla daga fylgdi fiskverðið á hverri einstakri tegund með á uppgjörsblaði sjómanna og mér er ekki kunnugt um að útvegsmönnum hafi látið sér það til hugar koma að reyna að dylja fiskverðið. Það var bara hluti af ráðningarsamningnum eða kaupinu og kjörunum hjá sjómönnum og þess vegna var það auðvitað grundvöllur sem sjómenn urðu að hafa vitneskju um.

Þess vegna finnst mér þetta athyglisvert sem skýrsluhöfundur nefnir að opna beri fyrir upplýsingar um þetta á heimasíðu Verðlagsstofu væntanlega.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé mjög gott plagg og mjög góður grundvöllur til að fara yfir þessa umdeildu lagasetningu. Þótt ég sé ekki alveg sannfærður um allt sem skýrsluhöfundur kemst að niðurstöðu um þá finnst mér hann hafa bent hér á mjög athyglisverða hluti og við í sjútvn. þingsins notuðum tækifærið strax og áttum ágætan fund með höfundi skýrslunnar sem ég hygg að hafi orðið til þess að okkur er betur ljós kjarni málsins og ætti að hafa gert það að verkum að við gætum rætt þessi mál af meiri þekkingu sem er forsendan fyrir því að við getum komist að skynsamlegri niðurstöðu.

[16:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki margt sem ég ætla að gera athugasemdir við vegna ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. En af því að hann taldi upp ýmis atriði sem hefðu haft áhrif á framboð á leigukvóta hér heima, þá er auðvitað alveg rétt að það var m.a. minni rækjuveiði, minnkandi veiði í Barentshafi og einnig samningar sem gerðir voru um veiðar bæði í norsku lögsögunni og Flæmska hattinum sem takmörkuðu það að útgerðir hefðu frelsi til þess að vera

með skip mikið utan lögsögunnar eða ættu þar aðgang að veiðiheimildum, og þetta hafði auðvitað áhrif.

En meginmálið er, þegar þessi skýrsla er lögð hér fram og rædd, að efni skýrslunnar fjallar um hluta af kjarasamningi sjómanna, og eins og hæstv. sjútvrh. gat um áðan verður þessum málum ekki ráðstafað öðruvísi en í samkomulagi við þá sem málið varðaði á sínum tíma. Sjómenn eða forustumenn þeirra hafa á undanförnum vikum lýst því yfir að þeir væru alveg til viðræðu um það en þeir vildu þá sjá hvað ætti að koma í staðinn og það er mjög eðlileg krafa þegar upplýsist í skýrslunni að málið er ekki leyst. Um það snýst málið.

[16:49]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. 4. þm. Vestf. um að eins og málið var undirbúið á sínum tíma var það hugsað sem innlegg inn í mjög erfiða kjaradeilu. Ég hef alveg gert mér grein fyrir því að þó að ég hafi mjög miklar athugasemdir og efasemdir um þetta Kvótaþing og gæti fyrir mína parta, ef ég fengi einn að ráða og ég held að það væri til bóta, hugsað mér að afnema Kvótaþingið strax. En ég geri mér hins vegar grein fyrir því að veruleikinn er sá að það verður ekki gert einhliða a.m.k. ekki án þess að menn eigi umræður og viðræður um það.

Ég tel að einn mesti kosturinn við skýrslu þá sem við höfum hérna sé sá að hún er af hálfu höfundarins mjög vel unnin og mjög margar hliðar eru skoðaðar, og ég held að það væri a.m.k. mjög ósanngjarnt að halda því fram að höfundur skýrslunnar sé vísvitandi að reyna að draga taum einhvers aðila í þessum efnum. Mér finnst að það sé einmitt verið að varpa nýju ljósi á umræðu sem hefur kannski verið dálítið þokukennd, m.a. um það hver ástæðan er fyrir því að verð á kvótamörkuðunum hefur verið að hækka þetta mikið. Ég held að sú umræða hafi á vissan hátt verið dálítið einhliða í þeim efnum.

Ég verð hins vegar að segja að menn verða náttúrlega að skoða þetta mál í eðlilegu samhengi. Lagasetningin var til þess gerð að reyna að draga úr framsali, það var yfirlýst markmið, annaðhvort með því sem er kallað framsalsskyldu eða veiðiskyldu. Þess vegna geta menn ekki komið eftir á og sagt að það að dregið hafi úr framsali hafi endilega verið neikvætt heldur er það einfaldlega afleiðing af lagasetningunni til viðbótar því sem við hv. þm. höfum verið að draga fram að gerðist að öðru leyti.

En ég held að við hv. þm. séum alveg sammála um að þessi mál verði að reyna að nálgast helst með þeim hætti að hægt sé að komast að niðurstöðu en eftir sem áður er lagasetningarvaldið Alþingis.

[16:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrir yfirvegaða og málefnalega umræðu. Ég held ég geti sagt að í stórum dráttum séu þeir hv. þm. sem þátt tóku í umræðunni sáttir við efnistök skýrsluhöfundar þó að auðvitað séu einstök atriði sem menn hafi að einhverju leyti mismunandi skoðanir á.

Raunverulega hefur aðeins verið beint til mín tveimur spurningum frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, annars vegar um stöðu einstaklingsútgerðarinnar og hins vegar um fyrirætlanir stjórnvalda. Ég held að ekki sé hægt að lesa neitt annað út úr skýrslunni, hvorki beint né óbeint, en að staða einstaklingsútgerðarinnar sé lakari eftir að sú lagasetning sem lýst hefur verið í umræðunum fór fram. Það hefur dregið verulega úr því magni sem einstaklingsútgerðin hefur haft til ráðstöfunar af aflamarki. Og miðað við að um hagkvæm viðskipti og hagkvæma útgerð hafi verið að ræða er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að staða einstaklingsútgerðarinnar sé lakari nú en áður.

Það er kannski erfitt að festa einhverja tölu á þessu þar sem margir aðrir þættir geta komið inn í og enn aðrir þætir hafa breyst á þessum tíma og erfitt að einangra einstaka þætti út úr. En hvað þetta varðar held ég að ekki sé hægt að draga neina aðra ályktun.

Hvað varðar fyrirætlanir stjórnvalda þá held ég að við verðum að hafa í huga, eins og kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, að hér er fyrst og fremst um hagsmunabaráttu sjómanna og útgerðarmanna að ræða og deilu sem þeir þurfa að leysa sín á milli. Ég mun gjarnan vilja fylgjast með þeim viðræðum sem fram fara á milli þeirra um þetta mál og sjá hverju fram vindur og vonast til þess að þar náist betri árangur en hingað til hefur náðst í þeim efnum. Auðvitað getur komið til þess að ekki náist árangur í viðræðum þessara aðila eins og áður hefur gerst og að þá verði hv. alþingismenn jafnvel að hverfa til baka til að skoða þessa skýrslu og jafnvel fara aftur ofan í þær umræður sem hér hafa farið fram til að leita betri leiða en við höfum fundið hingað til til þess að leysa þennan vanda og til þess að ná þá a.m.k. sama árangri ef ekki betri.

Ég vonast hins vegar til þess að skýrslan hafi upplýst málið frekar, ekki síður fyrir hagsmunaaðilana en hv. alþingismenn þannig að hún geti orðið grundvöllur að því að betur gangi í viðræðum þessara aðila og að ekki þurfi að koma til atbeini Alþingis til þess að leysa úr deilum sjómanna og útvegsmanna eins og fyrr hefur verið á þessum áratug.

[16:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins gera eina athugasemd og í því sambandi langar mig að vitna í texta sem ég er með undir höndum og er tilvitnun í samantekt sem barst frá Verðlagsstofu alveg nýverið inn á fund í úrskurðarnefnd, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Tveir verðheimar fyrir sambærilega vöru er að stærstum hluta afleiðing vankanta í fiskveiðistjórnarkerfinu en ekki hlutaskiptakerfinu, sem þó má endurbæta talsvert. Návígisvandinn virðist enn vera til staðar og fullyrðingar um frjálsan samningsrétt sjómanna stangast verulega á við það sem kemur fram í einkaviðtölum við þá. Fulltrúar sjómanna og útvegsmanna geta því spurt sig þeirrar spurningar hvort raunhæfar framtíðarlausnir byggist á áframhaldandi aðgerðum úrskurðarnefndar, Kvótaþings og Verðlagsstofu eða hvort stokka þurfi spilin upp á nýtt."

Þetta held ég að sé bara ágætisábending í lok umræðunnar og ég vil beina því til hæstv. sjútvrh. að hann verði sér úti um þennan texta, hann á ábyggilega aðgang að honum, og lesi það sem sett var fram á þessum fundi. Ég vil ekki lesa meira úr viðkomandi plaggi.

[16:56]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir að benda mér á þennan texta og efalaust verður það vandalaust fyrir mig að verða mér úti um hann. Ég efast hins vegar um að það breyti þeirri skoðun minni að fyrst og fremst sé um mál að ræða sem sjómenn og útgerðarmenn þurfi að gera út um sín á milli.

[16:57]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess í lok umræðunnar að undirstrika eða endurtaka í rauninni það sem hér hefur komið fram varðandi niðurstöðu skýrslunnar. Í máli hæstv. sjútvrh. kom fram að staða einstaklingsútgerðarinnar væri lakari en áður. Það var nákvæmlega það sem beðið var um að fylgst yrði með og kannað og að mati hæstv. ráðherra er þetta niðurstaðan.

Í öðru lagi finnst mér líka ástæða til að undirstrika það viðhorf hæstv. ráðherra sem hér kom fram þegar hann talar um að fyrst og fremst sé um að ræða deilur sem sjómenn og útvegsmenn þurfi að leysa sín í milli. Ég vænti þess, herra forseti, að það sé vísbending um að núv. hæstv. sjútvrh. muni þá síður en sá sem á undan var blanda sér með lagasetningu inn í þær deilur eða kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna sem fram undan eru, en því miður, eins og hér hefur komið fram, hefur það gerst a.m.k. í þrjú undanfarin skipti.

Að lokum, herra forseti, vil ég spyrja eða leita álits hæstv. sjútvrh. á þeirri niðurstöðu höfundar skýrslunnar að Kvótaþing gæti verið gagnlegt sem viðskiptavettvangur fyrst og fremst í líkingu við Verðbréfaþing. Hvert er viðhorf hæstv. sjútvrh. til þeirrar niðurstöðu?

[16:59]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða að viðhorf mín til þessa máls sem fyrst og fremst deilumáls sjómanna og útgerðarmanna eru í engu frábrugðin viðhorfum forvera míns til málsins og að þau inngrip sem stjórnvöld og hv. Alþingi hafa þurft að hafa í málið hafi verið honum þvert um geð en eigi að síður nauðsynleg eins og málum var komið á þeim tíma.

Varðandi spurninguna um gildi Kvótaþings á svipuðu formi og verðbréfamarkaðarnir eru hér hjá okkur í dag, þá er ég sannfærður um að það mundi hafa gildi út af fyrir sig og hugsanlega er það rétt hjá skýrsluhöfundi að hægt væri að ná sömu markmiðum á þann hátt. En ég held að rétt sé að ég eigi fyrst viðræður við hagsmunaaðilana um þetta áður en ég fer lengra út í það að tjá mig sérstaklega um niðurstöðurnar og við sjáum síðan hvað kemur út úr viðræðum útgerðarmanna og sjómanna á næstu mánuðum, en eins og við öll vitum eru samningar þeirra aðila lausir.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 144. mál (aflaheimildir Byggðastofnunar). — Þskj. 165.

[17:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það var fyrir margt löngu að þetta frv. var hér á dagskrá og síðan hefur ýmislegt breyst í þessu máli og umhverfi þess. Þegar málið kom hér til umræðu var ekki lokið úthlutun byggðakvótans svokallaða sem oft hefur verið til umræðu á hv. Alþingi. Þá höfðu sveitarstjórnarmenn í Vesturbyggð sett fram hugmyndir um hvernig úthluta mætti veiðiheimildum eða byggðakvótanum á þeirra svæði. Þeir komu með tillögu sem var fólgin í því að kvótinn yrði leigður út og hæstbjóðandi fengi en síðan voru ýmis skilyrði látin fylgja með.

Skilyrðin voru að leigugjald kvótans rynni í Atvinnuþróunarsjóð Vesturbyggðar, sem yrði stofnaður, og bátar í aflamarks- og aflahámarkskerfi sem skráðir væru í Vesturbyggð og hefðu veiðileyfi fengju að leigja þennan kvóta til sín en ekki aðrir bátar. Eitt skilyrðið var að leigutaki landaði aflanum eða a.m.k. jafnmiklu magni af eigin kvóta og þessum leigukvóta í byggðarlaginu á fiskveiðiárinu. Afla úr byggðakvóta ásamt skilyrtri tvöföldun yrði jafnframt landað í Vesturbyggð. Eins var gert ráð fyrir að Byggðastofnun gerði samning við fiskvinnslustöðvar í Vesturbyggð um móttöku aflans. Síðan beindi bæjarstjórnin því til Byggðastofnunar að tekið yrði tillit til vilja íbúanna í Vesturbyggð sem óskuðu eftir því á undirskriftalista að kvótanum yrði skipt milli Bíldudals og Patreksfjarðar í tilteknu hlutfalli.

Ég rifja þetta upp vegna þess hve langur tími er liðinn frá því að þessi umræða fór fram. Ég vildi koma hér í ræðustól og ræða þetta mál þó búið væri að skipa þessum málum með ákveðnum hætti. Byggðastofnun og þeir sem þar ráða húsum skipuðu þessum málum ekki í samræmi við áðurnefndar tillögur. Þeir gerðu samninga og gengu frá byggðakvótanum í þessum byggðarlögum sem fengu hann eins og komið hefur fram í fjölmiðlum. Ýmist var það kallað töfrabrögð eða kraftaverk hvernig að þeim málum var staðið, hvernig orðið hefðu til með hókus pókus aðferðum veiðiheimildir og fiskur til að vinna á þessum stöðum.

Þeir í Vesturbyggð vildu fara aðra leið að þessu, vildu að almennar reglur yrðu búnar til á svæðinu sem gilt gætu fyrir þá sem þar búa. Þannig þyrfti ekki að handvelja þá sem kæmu að þessu máli og semja við eintaklinga eða einstakar útgerðir. Með þeirra aðferðum hefði ekki þurft að fara þær leiðir sem notaðar voru. En það var ekki gert og hefur greinilega komið fram að vilji til þess er ekki til staðar.

Þeir sem hafa ráðið í þessum málum, stjórnarflokkarnir og Byggðastofnun undir forustu þeirra í þessu tilfelli, ákváðu að þarna bæri að fara að með gamla laginu, þingmenn og kommissarar Byggðastofnunar mættu á staðina, gáfu á garðann og færðu þessi verðmæti í hendur þeirra sem þeir töldu að ættu að fá þau. Þarna áttu ekki að gilda almennar reglur.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað bent á — það er stefna okkar í málum eins og þessum — að fyrst og fremst eigi að hafa almennar reglur þegar úthlutað er gæðum. Þegar opinberir aðilar úthluta einhverjum gæðum, hvort sem þau heita veiðiheimildir eða annað, þá eiga að gilda slíkar almennar reglur. Það er í anda þess sem þetta frv. sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir er 1. flm. að ásamt okkur hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Lúðvíki Bergvinssyni.

Auðvitað er þetta liðin tíð og mun ekki verða af því að veiðiheimildum verði úthlutað með þessum hætti í Vesturbyggð. En ég tel fulla ástæðu til að standa við þessa tillögu til að mæla með aðferðinni. Ég tel reyndar að verði framhald á fyrirkomulaginu sem tíðkast hefur hjá Byggðastofnun þá þurfi menn að taka sig alvarlega á og skoða vandlega hvernig eigi að gera þessa hluti. Byggðaaðgerðir þarf líka að skoða í ljósi réttlætisins, í ljósi þess að almennar reglur séu virtar þar sem slíkum áætlunum er hleypt í framkvæmd. Það var ekki gert þarna og ég mótmæli þeim vinnubrögðum.

Ég tel að fara verði mjög vandlega yfir þessi mál næst þegar slíkir hlutir verða ákveðnir af hinu opinbera. Menn verða að horfa til þess að gætt sé jafnræðis og almennra reglna þannig að fólk geti verið sátt við aðgerðirnar. Það er engan veginn hægt að segja í þeim tilfellum sem Byggða-

stofnun kom að þeim málum sem hér hafa verið til umræðu.

[17:08]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það líður greinilega að lokum þessarar umræðu sem hófst hér fyrir margt löngu um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Lagt var til að þeim veiðiheimildum sem settar hafa verið á Byggðastofnun skyldi úthlutað í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir sem gætu ákveðið að aflaheimildirnar verði boðnar út.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hefur þessum veiðiheimildum nú öllum verið ráðstafað. Og þeim hefur ekki bara verið ráðstafað, herra forseti, heldur ráðstafað til fimm ára, ef ég hef skilið málið rétt. Það er út af fyrir sig afar merkilegt vegna þess að lögum samkvæmt hafa menn viljað að veiðiheimildum væri almennt ekki úthlutað nema til eins fiskveiðiárs í senn og 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða á í raun að tryggja að ekki sé um varanlega úthlutun að ræða. En svona fóru menn að þessu og ekki hefur verið gerð athugasemd við það af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég bar fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. meðan hann var yfirmaður byggðamála þar sem ég innti hann eftir skoðun hans í þessu efni. Hann tók undir með stjórn Byggðastofnunar í því sem hún hafði gert.

Það sem ég vildi segja við lok þessarar umræðu er tvennt. Í fyrsta lagi, herra forseti, vekur furðu þegar horft er til þess hvernig framkvæmdin hefur orðið varðandi byggðakvótann. Fyrirtæki úr Grindavík veiðir byggðakvótann fyrir a.m.k. þrjú sveitarfélög, þ.e. fyrir Ísafjarðarbæ, fyrir Breiðdalsvík og fyrir Borgarfjörð eystri.

Nú er út af fyrir sig ekkert við það að athuga þó að skip sem skráð eru í einu byggðarlagi landi í öðru. Hið merkilega við þetta er auðvitað að það að byggðin hafi misst frá sér kvóta var ein stærsta forsendan fyrir því að byggðarlögin fengju úthlutað byggðakvóta. Þess vegna er sérkennilegt þegar engin áhersla er lögð á að þessi kvóti sé skráður í viðkomandi byggðarlagi. Hann er skráður á útgerð frá Grindavík. Þetta hefur í för með sér, herra forseti, að heildarkvóti Grindavíkur hefur aukist sem þessu nemur en ekki kvóti þessara sveitarfélaga. Þetta kom svolítið á óvart.

Annað vildi ég einnig gera að umtalsefni hér, herra forseti, en það eru ummæli formanns stjórnar Byggðastofnunar á fundi á Akureyri í síðustu viku sem gera það að verkum að þær reglur sem stjórn Byggðastofnunar setti sér og úthlutaði samkvæmt hljóta að vera í uppnámi. Hann lét þau orð falla að réttast væri að taka byggðakvótann af Grímsey og flytja hann til Hríseyjar. Nú getur vel verið að miðað við stöðu atvinnumála hefði verið skynsamlegt að haga málum þannig. Ég veit reyndar að Grímseyingar sóttust ekki sérstaklega eftir byggðakvóta enda voru þeir búnir að kaupa heilmikinn kvóta og gera sig klára í það að vera sjálfstæðir í þessum efnum. En reglurnar sem úthlutað var eftir og reynt hefur verið að telja fólki trú um að væru sanngjarnar voru þannig að Grímsey fékk byggðakvóta en ekki Hrísey. Við hljótum að setja við það spurningarmerki og það hlýtur að vekja athygli þegar formaður stjórnar Byggðastofnunar, sem setti þessar reglur, talar með þessum hætti um þær. Hann er tilbúinn til að segja: En þrátt fyrir allt eru reglurnar ómark, þetta hefði átt að vera einhvern veginn allt öðruvísi.

Nú hefði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, formaður stjórnar Byggðastofnunar, ugglaust átt einhver svör við þessari yfirlýsingu sinni ef hann hefði verið hér. Hann hefur auðvitað tækifæri til þess að koma því á framfæri ef hann vill útskýra mál sitt frekar en fram kemur í þeim fréttum sem af þessu hafa verið í blöðum. Ég verð þó að segja, herra forseti, að þessi ummæli formanns stjórnar Byggðastofnunar gera aðgerðir stofnunarinnar og ákvarðanir í þessu efni ekki trúverðugri. Það verður að segjast eins og er.

Hér er komið að lokum ræðu minnar og ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur þó farið fram um þetta mál. Eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson gat réttilega um er þetta mál, miðað við vilja og áhuga stjórnvalda, ekki lengur virkilegt dagskrármál. Sá tími leið hjá á meðan málið beið þess að komast aftur til umfjöllunar. Eigi að síður held ég að rétt sé að menn skoði þessa aðferð. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar hjá hv. sjútvn.

[17:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka aðeins þátt í umræðunni um 4. dagskrármálið, stjórn fiskveiða, 144. mál. Mikið hefur verið rætt um byggðakvóta og það er einmitt á þeim nótum sem mig langar til að segja örfá orð.

Það læðist að manni sá grunur að þetta háttalag með byggðakvóta upp á 1.500 tonn hafi alveg frá upphafi verið sýndarmennska ein. Á hverju eiga menn von? Það er verið að útdeila 1.500 tonnum víða um landið og sumir eru kannski að fá í sinn hlut innan við 100 tonn. Það er eins og ein lítil trilla getur veitt á einu ári. Hafi menn með þessari hugsun, að setja í byggðakvóta 1.500 tonn, viljað drepa hugmyndina um byggðakvóta þá tel ég að sú tala, 1.500 tonn, hafi verið í sjálfu sér ágætisaðferð því að frá byrjun var slíkt úthlutunarkerfi dauðadæmt.

Ef menn eru á hugmyndinni um byggðatengingu þá liggur í augum uppi að miklu meira magn þarf til byggðatengingar. Við höfum fyrir okkur dæmi þar sem byggðatenging kvóta — að vísu ekki á þeim forsendum að viðkomandi byggðarlag hafi fengið úthlutað kvóta heldur vegna þess að það átti kvóta — upp á 1.000 tonn hefur gefist ágætlega t.d. í Grenivík þar sem sveitarfélagið er í þeirri aðstöðu að eiga 1.000 tonna kvóta og hefur yfirburðastöðu til að semja við fyrirtæki, í þessu tilfelli hefur verið samið við ÚA, um að stunda útgerð og vinnslu á staðnum.

Ég tel í sambandi við þessa umræðu að þessi tilraun til byggðatengingar upp á 1.500 tonn hafi verið dauðadæmd, mislukkuð frá upphafi. Það vita allir að miklu meira hefði þurft.

Að stilla málunum síðan þannig upp að heimamenn fari að rífast um bitann er náttúrlega afleitt fyrirkomulag. Að etja saman byggðarlögum á þessum grunni upp á 1.500 tonn og úttala sig um það, eins og stjórnaraðilar hafa gert, að einhverjum kvóta hafi verið betur komið annars staðar, t.d. frá Grímsey til Hríseyjar, er vægast sagt hlægileg aðferð.

Vilji menn hafa byggðakvóta upp á að hlaupa til að leysa vandamál sem koma upp t.d. vegna gjaldþrota fyrirtækja í smærri byggðum eiga menn að hafa einhvers konar kvótapúkk upp á að hlaupa svo ekki þurfi að etja mönnum saman um hver hefði átt að fá hann. Ef við tökum stöðuna eins og hún var t.d. í Hrísey þegar þessi kvótaúthlutun fór fram var staðan í Hrísey ekkert öðruvísi en sú að þar lá ekkert á borðinu að þar yrði hætt veiðum og vinnslu á afla, þannig að Hrísey var ekkert inni í dæminu. Þetta upplegg með að Hríseyingar hefðu átt að fá eitthvað annað sem aðrir fengju er vísasta leiðin til að etja mönnum saman og skapa úlfúð.

Ég held að nauðsynlegt sé að þetta komi fram í umræðunni. Ég vil árétta að það er mín bjargfasta skoðun að við eigum að vera með byggðatengingu af einhverju tagi. En mér er alveg ljóst að það verður ekki 1 þús., 2 þús. eða 3 þús. tonn. Til að ná þeim markmiðum sem við viljum ná fram með byggðatengingu þarf þetta að vera miklu meira magn sem til ráðstöfunar er til þess að geta gripið inn í. Það er augljóst.

1.500 tonn í byggðakvóta er eins og að kasta einum litlum brjóstsykurspoka inn í afmælisveislu hjá hundrað börnum. Þannig er staðan í málinu. Og að nota dýrmætan tíma í að skilgreina síðan hvernig þetta hefur lagt sig, ég tel að þetta hafi allt saman verið fyrirséð. Það er enginn grunnur til að byggja á þó að menn fái um 50–120 tonn til hvers byggðarlags.

Virðulegi forseti. Ég vildi að þessi mál kæmu fram en það hefur nú verið rætt um þetta vítt og breitt reyndar líka. En ég tel að hafi menn í alvöru viljað einhvers konar tilraun með byggðakvóta hafi hún verið andvana fædd í raun og veru. Það er eiginlega alveg merkilegt að menn skuli ekki hafa í þessu sambandi litið til dæmisins á Grenivík. Það hefur verið farsælt, en byggir á miklu meira magni. Það byggir á grunni sem er fýsilegur til að stunda eðlileg viðskipti í þessari atvinnugrein.

[17:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson er áhugamaður um byggðakvóta. Hér var tillaga um hvernig ætti að standa að því að skipta byggðakvóta með almennum reglum. Hann benti á hvernig þeir á Grenivík hafa skipað málum sínum en um er að ræða kvóta sem þeir eiga.

Ég vil því spyrja hv. þm.: Er hann sammála þeirri aðferð sem hér var lögð til um það hvernig skipta ætti byggðakvótanum í þessu tilfelli? Er sú byggðatenging sem hann er að mæla með hugsuð eitthvað á þá leið? Eða hvernig á að velja úr þá sem eiga að nýta þann kvóta sem á að tengja byggðunum eftir hugmyndum vinstri grænna?

[17:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi komið fram í minni stuttu ræðu áðan að sveitarfélagið Grenivík á þann kvóta sem þeir ráða yfir, það er alveg rétt.

En málið snýst um það, hv. þm. Jóhann Ársælsson, að ég er að draga það fram að þessi tilraun til byggðatengingar er á mjög veikum grunni vegna þess að magnið er svo lítið. Ég held að allt önnur staða hefði verið uppi ef menn hefðu í alvöru viljað fara þá leið að gera tilraun með byggðakvóta þó svo að það væri í gegnum Byggðastofnun. Ef menn hefðu viljað gera þetta í alvöru hefði þurft að losa um miklu meira kvótamagn. Sumir hafa talað um að það hefði þurft að losa 15–20 þús. tonn ef menn hefðu viljað gera þetta af alvöru.

Ég held að það hafi verið mjög mikill vandi að búa til úthlutunarreglur fyrir 1.500 tonn miðað við þann grunn sem lagður var í málinu. Því gagnast þetta engan veginn, eins og kom fram áðan í ræðu minni. Þetta er svo lítið magn sem fellur til hvers staðar að vonlaust er að það skapi á nokkurn hátt grunn til að gera út og ég tala nú ekki um til að vinna.

Þetta er mergurinn málsins. Ef menn vilja fara í byggðakvóta þá þarf að gera það grunnhugsað á miklu myndarlegri nótum en hér hefur verið lagt upp með.

[17:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningunni sem ég lagði fram. Hún var um hvort hann teldi að sú tillaga sem hér er til umræðu kæmi til greina til að úthluta byggðakvóta eða hvernig hann sér fyrir sér að þeir verði valdir úr sem fá að nýta byggðakvótann.

Ég get verið honum sammála um að 1.500 tonna byggðakvóti gerir nú ekki stórt til eða frá á landsvísu til að leysa þau vandamál sem eru uppi í atvinnumálum allt í kringum landið, fyrir nú utan það sem ég var að gagnrýna áðan, þ.e. hvernig staðið var að því að velja út með handafli þá sem fengju að koma að því að nýta þennan kvóta og er ekki hægt að hrópa húrra fyrir.

En ég bið hv. þm. að svara spurningu minni ef hann treystir sér til. Hvernig vill hann að staðið verði að því að velja þá sem eiga að fá að nýta þennan byggðakvóta? Er hann tilbúinn að lýsa því yfir að til þess eigi að liggja almennar reglur þannig að réttlæti og jafnræði komi til með að ráða því hverjir geti nýtt þann kvóta sem á að tengja byggðarlögunum? Eða telur hann að handvelja eigi þá sem eiga að fá að nýta hann?

[17:25]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get lýst því yfir hér og nú að ýmsar af þeim tillögum sem hér eru lagðar fram gætu verið brúklegar. En forsendan er ekki fyrir hendi um byggðakvóta eins og hann er. Það sem ég er að tala um er umfang dæmisins. Ef menn vilja fara í byggðakvóta þá þurfa menn að fara í allt öðruvísi vinnu ef menn eru tilbúnir að stíga þetta af myndarskap með kannski 20–30 þús. tonna kvóta. Og þá er komin upp allt önnur staða í málinu.

Ýmsar af þeim tillögum sem lagðar eru fram, ég get orðað það þannig, eru brúklegar og skoðunarverðar í því samhengi að fara ofan í grunninn á þessu máli og skoða stöðuna í heild sinni.

[17:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við reyndar að ræða mál sem hefur verið til lykta leitt að nokkru eða flestu leyti, þ.e. þann byggðakvóta sem var á ferðinni. Ég held hins vegar að okkur sé þarft að skiptast á skoðunum um hvernig að því var staðið.

Það er einfaldlega þannig að nýliðum er að mjög mörgu leyti lokuð leið inn í fiskveiðistjórnarkerfið. Og bráðabirgðaákvæði um byggðakvótann, sem er einungis plástur á núverandi kerfi, er til komið vegna þess að kvóti sem var í raun atvinnuréttur fólks í viðkomandi byggðarlögum var seldur í burtu og þar með var troðið á mannréttindum íbúanna. Það hefur valdið samdrætti í sjávarútvegi og erfiðleikum í mjög mörgum byggðarlögum.

Ef sú regla hefði verið mörkuð að þeir sem búsettir væru í sveitarfélaginu og hefðu stofnað til útgerðar og hefðu minni aflaheimildir en t.d. 50 tonna þorskígildi, fengju forgang þá væri í raun og veru verið að stuðla að því að nýliðum gæfist kostur á að koma undir sig fótunum. Það hefði að mínu viti verið áhugaverður flötur á þessum málum að setja þau þannig upp, að stýra aflaheimildunum og vera með stýrt útboð þannig að þeir sem í sveitarfélögunum byggju hefðu forgang að því að nálgast aflaheimildirnar.

Sveitarfélögin þurfa á því að halda að þar verði stuðlað að festu í sjávarbyggðum á nýjan leik og að festa þar kvóta

sem er jafngildi atvinnuréttar. Markmiðið með bráðabirgðaákvæðinu er að gera íbúunum í sjávarplássum landsbyggðarinnar m.a. kleift að nýta áfram þá auðlind sem er grundvöllur byggðarinnar, þ.e. fiskimiðin úti fyrir ströndinni.

Leikreglur þurfa að mínu viti að vera þannig að dugmiklir menn geti hafið atvinnurekstur og náð árangri og atvinnulíf geti blómstrað á nýjan leik. Ákvæðið um byggðakvóta er eins og áður var sagt plástur á núverandi kerfi en ætti að leitast við að styrkja stöðu minni flotans í landinu og styrkja stöðu byggðarlaga sem hafa um langa hríð byggt atvinnu sína á sjávarafla.

Það liggur ljóst fyrir að kvótabrasksútboð þar sem þeir stóru hafa forgang er ekki það sem við í Frjálslynda flokknum teljum að við getum tekið undir. Við teljum að það verði að hafa þetta stýrt með einhverju móti, og við höfum sett það fram í vegvísi okkar að því hvernig hugsanlegt væri að útfæra strandveiðiflota þar sem réttur srandveiðanna tengdist í raun og veru rétti byggðanna og byggðarlagsins.

Ég held að í þessu dæmi um byggðakvótann, eins og honum var úthlutað, sé í rauninni áhugaverðast að mínu viti af því sem ég hef fylgst með að skoða það sem gert var á Borgarfirði eystra, en þar var nýliðum einmitt gefinn kostur á að koma inn í eða hafa séraðgang að hluta aflaheimildanna.

Hins vegar er erfitt að velja og þess vegna held ég að þegar réttinum er úthlutað með þessum hætti, sem ég ítreka enn og aftur að er í raun aðeins plástur á núverandi kerfi, þá verði það best gert með því að setja einhverjar stýrireglur þar sem heimamenn geta nálgast þessar aflaheimildir, t.d. með útboði. Í því þyrfti þó að vera einhver stýring. Ég held að aðferð án allrar stýringar gæti mistekist og orðið mjög umdeild.

Ég er ekki að mæla sérstaklega með þeirri aðferð sem byggðakvótanum var úthlutað eftir þó að ég viðurkenni það að hann hafi lagað ástandið á sumum þeim stöðum sem orðið hafa fyrir miklum skakkaföllum. Mínar hugmyndir ganga út á að strandveiðirétturinn verði skilgreindur, að strandveiðiflotinn skilgreindur og þar eigi byggðirnar ákveðna festu. Þetta er auðvitað meira en að segja það úr þessum ræðustól en við höfum alla vega reynt að lýsa því í grg. með þáltill., sem vonandi fæst rædd hér í dag, hvernig hugsanlega mætti nálgast svona markmið.

Það er einfaldlega þannig í þessu viðamikla máli, stjórn fiskveiða, sem auðvitað er eitt af stærstu byggða- og atvinnumálum þessa lands og trygging fólks í hinum dreifðu byggðum fyrir búsetu, að þar mun enginn einn geta skrifað sinn óska-lagatexta. Þar verðum við að finna skynsamlega sátt og gæta þess að uppfylla ákvæði stjórnarskrár um jafnræði og atvinnufrelsi og búa til útfærslu sem hentar fyrir okkur og hinar dreifðu sjávarbyggðir landsins. Í því sambandi verður stjórnkerfið að mínu viti ekki útfært eins fyrir tveggja tonna trillu, 10 tonna trillu, 20 tonna bát og 200 tonna skuttogara. Það er miklu meira og flóknara mál en að menn komist yfir það. Þess vegna höfum við lagt til að flotanum verði skipt upp.

[17:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það verður nú ekki sagt að umræðan um byggðakvóta sé alveg ný af nálinni í þingsölum né almennt í þjóðfélaginu. Ég geri ráð fyrir því að þessi umræða hafi á vissan hátt haft gott af því að í fyrsta skipti reyndi á hana í alvöru. Sannleikurinn er sá að menn leyfðu sér með upphrópunum í umræðum um byggðamál að tala fyrir hugmyndinni um byggðakvótann eins og það væri einfalt og mjög auðvelt mál. Látið var að því liggja að tiltölulega lítið mál væri að úthluta byggðakvóta án þess að reynt hafi verið að skilgreina hvað það þýddi í raun og veru. Þess vegna held ég að á vissan hátt höfum við fengið dálitla áminningu um að þegar við erum að fjalla um þessi mál þá þurfi að skoða þau alveg ofan í kjölinn.

Nú hafa menn allt í einu komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekkert vandamál með byggðakvótann ef menn hafi bara nógu mikið af honum, að menn yrðu harla ánægðir í þessum byggðum ef það væru ekki 1.500 tonn sem menn væru að togast á um heldur 30 þús. tonn, 50 þús. tonn eða 100 þús. tonn. Þá yrðu menn óskaplega ánægðir. Það er eins og að segja að aðalvandamálið í sögunni af silfri Egils hafi verið að ekki hafi verið nógu mikið af silfri að dreifa um velli Alþingis á Þingvöllum, að mistökin í hugmynd Egils Skallagrímssonar hafi verið að hann hafi ekki haft nægilega digra poka undir silfrið sitt áður en hann hugði að því að dreifa því út.

Það er auðvitað ekki þannig. Sannleikurinn er sá að við erum hér að fjalla um byggðakvótahugmynd sem felur almennt í sér að reyna að dreifa út verðmætum, réttinum til að veiða fiskinn. Það eru auðvitað verðmæti. Það er augljóst að þegar að því kemur að útdeila þeim réttindum þá verða átök. Sú niðurstaða sem Alþingi komst að með lögunum við endurskoðunina síðast, þegar byggðakvótinn varð til upp á 1.500 tonn, fól það í sér að við ætluðum að dreifa þessum aflaheimildum með öðrum hætti en gert var á grundvelli fiskveiðistjórnarlaganna sem byggja á því að dreifa aflaheimildum á grundvelli þeirrar veiðireynslu sem varð til á árunum 1981 og 1983 og mjög margir gagnrýna a.m.k. um þessar mundir fyrir að sé óeðlileg og óréttmætt.

Ég vil aðeins minna á það að fyrr í dag voru hér heilmiklar umræður um hvernig ætti að fara með norsk-íslenska síldarstofninn. Þar var líka uppi ágreiningur. Þar var ekki verið að leggja til einhverjar byggðakvótaútfærslur. Þar voru til umræðu aðrar útfærslur og átökin eru auðvitað um hverjir eigi að njóta réttarins til að veiða fiskinn.

Ég sit í stjórn Byggðastofnunar og fékk það eftirsóknarverða hlutverk, ef svo mætti segja, að reyna að úthluta þessum 1.500 tonnum. Eitt af því sem kom mér hvað mest á óvart í þeirri vinnu var hve lítið var hægt að styðjast við kvótaþróunina í einstökum byggðarlögum. Fyrir fram hefði maður getað ímyndað sér að úthlutun byggðakvóta færi þannig fram að sá sem hefði misst mest af aflaheimildum á einhverju árabili, sem menn kæmu sér saman um, fengi mestan byggðakvóta o.s.frv. En þannig var það ekki.

Færu menn að skoða einstök byggðarlög þá gátu komið upp dæmi um byggðarlag sem ekki naut neins í aflaheimildum. Þar var kannski skráður myndarlegur togari eða skip með heilmiklar aflaheimildir og í þessu fína módeli liti það býsna vel út, menn hefðu þá kannski aukið kvótann sinn á þeim ágæta stað. En þegar betur var skoðað af almennri skynsemi og gáð á bak við tölurnar kom í ljós að þetta var kannski skip, skráð þar með kurt og pí en aflaheimildirnar voru síðan nýttar með allt öðrum hætti. Síðan gátum við líka horft upp á allt aðra hluti, þar sem aflaheimildir voru nýttar með þveröfugum hætti. Við gátum séð alls konar útfærslur í þessum efnum.

Niðurstaðan varð sú að reyna að nota fimm breytur, eins og það kallast á stærðfræðimálinu, til að komast að því hvar skynsamlegast væri að dreifa aflaheimildunum. Niðurstaðan

varð sú að skynsamlegast væri að gera það eins og stofnunin lagði síðan til, ekki með handvali, eins og hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, þar sem endalaust er hægt að reka sig á álitamálin heldur reyna að búa til almenna reglu. Í þeirri reglu fólst að líta á þróun aflaheimilda, þróun ársverka bæði meðal sjómanna og fiskverkunarfólks, tekjur í byggðalaginu og eitthvað var það nú fleira.

Þetta allt saman leiddi til úthlutunarinnar sem menn eru hér að ræða um og gagnrýna. Ég fullyrði að það sé nákvæmlega sama að hvaða niðurstöðu menn hefðu komist, menn hefðu alltaf gagnrýnt þetta vegna þess að hér er verið að færa til réttinn til fiskveiða með tilteknum hætti.

Það frv. sem hér er til umræðu mundi líka kalla á einhvers konar andsvör að því leyti að menn gætu sagt það á einhvern hátt í andstöðu við önnur markmið. A.m.k. varð það niðurstaða stjórnar Byggðastofnunar að ekki væri hægt að úthluta byggðakvótanum eins og t.d. bæjarstjórn Vesturbyggðar lagði til, þ.e. ekki á grundvelli þeirra laga sem menn störfuðu eftir. Það var niðurstaða Byggðastofnunar, embættismanna og stjórnar, á sínum tíma.

Menn hafa gagnrýnt það að þetta sé úthlutun til lengri tíma. Auðvitað má alltaf deila um það líka. Það má líka deila um til hve langs tíma menn ættu að úthluta aflaheimildum af þessu tagi. Eitt markmiðið sem menn settu sér þó í stjórn Byggðastofnunar var að reyna að úthluta byggðakvótanum þannig að það skilaði varanlegum árangri. Það hefði verið mjög lítið gagn í því að koma kannski einu eða tveimur árum á eftir og segja: Nú þurfum við að halda áfram og gera eitthvað annað.

Hugsunin í því að úthluta þessu til lengri tíma var auðvitað að reyna að koma fótunum almennilega undir atvinnulífið á þeim stöðum sem nutu byggðakvótans. Það var hugsunin á bak við þetta. Þess vegna var ákveðið að reyna að úthluta til lengri tíma vegna þess að við vitum öll að ef reyna á að byggja upp atvinnulíf á tilteknum stað þá verður það ekki gert með því að tjalda til einnar nætur. Menn verða að reyna að taka höndum saman um að skipuleggja atvinnulífið til lengri tíma og eftir því sem hægt var að úthluta þessum kvótum til lengri tíma þeim mun líklegra var að hægt væri að fá aðila að verkinu sem vildu hætta fé sínu og veiðiréttindum í að byggja upp atvinnulífið.

Auðvitað mun þetta verða með ýmsu móti. Sums staðar held ég að þetta muni takast ágætlega, annars staðar verðu það væntanlega miður eins og gengur. Þó held ég að þegar við skoðum þetta í heild sinni, af þeim tölum sem ég sá á sínum tíma og held að ég muni rétt, þá sé niðurstaða þeirra sérfræðinga sem Byggðastofnun fól að fara ofan í málið sú að í þessum plássum verði til ráðstöfunar, í stað þessara 1.500 tonna sem byggðakvótinn felur í sér, um 5.000 tonn. Ég held að ég muni þetta alveg rétt, að það séu um 5.000 tonn. Þetta er misjafnlega mikið eftir sveitarfélögum og einstökum stöðum en svona held ég að meðaltalið hafi nú engu að síður verið.

Hér áðan var nefnd Grenivík. Það er alveg rétt að Grenivík er að því leyti vel sett að þar er fiskvinnslan hluti af fiskvinnslu Útgerðarfélags Akureyringa. Ég er alveg sammála því og það er mjög góður kostur að vera í góðu samstarfi við jafnábyggilegt og gott fyrirtæki og Útgerðarfélag Akureyringa er. Það var bent á að Grenivík ætti kvótann, ég þekki það ekki, en Grenivík vistar þennan kvóta væntanlega á einu af skipum Útgerðarfélags Akureyringa. Svo er einnig með fyrirtæki sem umdeilt hefur verið, útgerðarfyrirtækið Fjölni á Þingeyri sem á kvóta og vistar hann á skipi eins af eignaraðilunum sem skráð er suður í Grindavík. Þau skip veiða síðan kvótann, landa honum til vinnslu á Þingeyri sem veldur ákveðnum margfeldisáhrifum í vinnslunni. Þó er sannarlega rétt að það kemur ekki til góða fyrir útgerðirnar á viðkomandi stað.

Virðulegi forseti. Af því að ég á nú að heita innanbúðarmaður í Byggðastofnun sem unnið hefur að þessum málum vildi ég aðeins varpa ljósi á bakgrunn þessarar vinnu. Ég tel sjálfur að byggðakvótinn eigi fyrst og fremst að vera úrræði til að bregðast við þegar vanda ber að höndum. Ég tel sjálfur að eðlilegra sé að reyna að styðja við bakið á byggðunum í landinu með öðrum hætti í grundvallaratriðum. Ég hef ekkert verið að úttala mig um hvort þessi kvóti eigi að vera 1.500 tonn, 3.000 eða 5.000 tonn. Einhverjar slíkar tölur hef ég þó getað ímyndað mér.

Að öðru leyti tel ég að fyrst og fremst eigi að reyna að styrkja byggðir landsins með því að hafa skipulag fiskveiðistjórnarinnar þannig að það sé sem hagkvæmast fyrir byggðirnar, sé líklegt til að tryggja stöðu minni byggðarlaga þannig að þau haldi áfram að spjara sig í samkeppnisumhverfinu og reyni að gera sem mest og best úr þeim möguleikum sem þau hafa. Auðvitað er það engum til góða að löggjöfin sé þannig að menn reyni ekki að gera sem mest og best úr þeim heimildum sem þeir hafa. Í þessum efnum eins og öðrum verða menn að standa sig í sínum rekstri. Þess vegna held ég að mikilvægt sé að fiskveiðistjórnarlöggjöfin sé hugsuð þannig í grundvallaratriðum að hún feli í sér hvata til samkeppni, til þess að menn standi sig vel og beri ábyrgð á rekstri sínum.

[17:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég efast ekkert um að stjórn Byggðastofnunar gerði heiðarlega tilraun til þess að gera eitthvað úr þessum byggðakvóta og búa til úr honum sem mest verðmæti fyrir þau byggðarlög sem fengu hann. Ég þræti ekki um það við hv. þm. að reynt hafi verið að hafa þær reglur almennar sem Byggðastofnun útbjó og urðu grundvöllur að valinu. Ég var ekki að halda öðru fram.

Það sem ég var að segja var það að ég vildi að almennar reglur réðu því hverjir fengju að nýta veiðiheimildirnar í byggðarlögunum. Það var ekki gert og býsna langt frá því að það væri gert. Þar kom handvalið til og þar komu töfrabrögðin og kraftaverkin til. Það er sérkennilegt í sjálfu sér að aðalkraftaverkamaðurinn skuli hafa verið starfsmaður þess fyrirtækis sem hlaut þrjú af fimm verkefnum í þessu sambandi. En það er önnur saga. Ég er að gagnrýna hvernig þeir voru valdir sem fengu að nýta sér veiðiheimildirnar. Ég tel að þar hefðu átt að vera almennar reglur.

Ég segi eins og er og mér þætti vænt um ef hv. þm. mundi svara því hvort hann teldi að þær reglur sem voru notaðar af Byggðastofnun í þessu tilfelli væru brúklegar og góðar ef tillaga hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um þriðjung kvótans til byggðarlaganna yrði að veruleika og hvort hann mundi feginn taka við því hlutverki að skipta byggðakvótanum eftir þessum reglum ef hann yrði kominn í þær hæðir sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson er að leggja til.

[17:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að þær útgerðir hafi verið valdar með einhverju handvali sem falið var að veiða þennan kvóta. Það var gert á grundvelli laganna.

Lögin voru alveg skýr að því leytinu að gert var ráð fyrir því að stjórn Byggðastofnunar sæi um úthlutunina að höfðu samráði við sveitarstjórnirnar og það var gert. Ég held að í öllum tilvikum nema þessu eina undantekningartilviki í Vesturbyggð hafi úthlutunin farið fram í samræmi við álit sveitarstjórnanna.

Það var hins vegar líka gert þannig að ráðnir voru sérfræðingar, bæði innan og utan stofnunarinnar og á vegum atvinnuþróunarfélaga, til að fara yfir og skoða hvað væri að þeirra mati líklegustu útfærslurnar til að margfeldisáhrifin af kvótanum yrðu sem mest því það er alveg rétt að 1.500 tonna kvóti einn og sér var ekki líklegur til þess að rétta þessi byggðarlög úr kútnum. Þess vegna var líka reynt að finna þær leiðir sem væru líklegastar til að tryggja sem mest margfeldisáhrif. Þessir sérfræðingar komu að störfum með sveitarstjórnunum í langflestum tilvikum.

Ég fór yfir það áðan að það hefði verið niðurstaða stjórnarinnar og stofnunarinnar að ekki væri heimild til að úthluta með þeim hætti sem bæjarstjórn Vesturbyggðar lagði til

Hv. þm. spurði mig líka hvort ég teldi þetta góða reglu fyrir því ef úthlutað væri miklu meira í byggðakvótanum. Ég er ekki tilbúin til að svara því. Þetta var niðurstaða stofnunarinnar á sínum tíma í ljósi þess að menn væru að úthluta 1.500 tonnum og ég get vel ímyndað mér að ef það væri niðurstaðan að Byggðastofnun eða einhver annar aðili færi að úthluta meiri aflaheimildum þyrfti að viðhafa önnur vinnubrögð. Þau voru einfaldlega miðuð við það umfang sem um var að ræða.

[17:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Byggðastofnun treysti sér ekki til þess að fara að tillögu þeirra í Vesturbyggð um hvernig ætti að úthluta þessu. Ég held reyndar, það er skoðun mín, að það hefði hún vel getað gert ef vilji hefði verið til þess en hann var ekki til staðar. Ég fer ekkert ofan af því að þarna fór fram handval og samningar við fyrirtæki án þess að einhverjar almennar reglur eða almenn aðkoma fyrirtækja að þessu máli kæmi til. Ekki þarf annað en að spyrja þá sem eiga heima á þessum svæðum og vildu fá tækifæri til að taka þátt í því að nýta þennan byggðakvóta til að fá þau svör mjög víða á þessum stöðum að þeim hafi ekki verið gefin slík tækifæri. Þannig er það nú. Þeir upplifa það a.m.k. þannig á þessum stöðum. Ég byggi afstöðu mína á því að þarna hafi ekki verið staðið beinlínis þannig að málum að það hafi verið einhverjar almennar reglur eða mönnum hafi verið gefin almenn tækifæri til þess að taka þátt í því sem þarna fór fram.

Ég dreg þá ályktun af svari hv. þm. að ef miklu stærri kvóti yrði til ráðstöfunar, þyrfti að skoða málin öðruvísi, að hann sé kannski ekki endilega viss um að þetta séu bestu tillögurnar.

[17:49]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru út af fyrir sig engin ný sannindi að ekki voru allir ánægðir með hvernig staðið var að úthlutun byggðakvótans, hvorki hvernig staðið var að því að búa til þessar almennu reglur sem höfðu það í för með sér að þessi tilteknu byggðarlög fengu kvótann til ráðstöfunar og menn voru heldur ekki alveg sáttir um það hverjir komu síðan að því að veiða kvótann og vinna. Miklu fleiri voru kallaðir en útvaldir í þeim efnum. Það voru einfaldlega fjölmargir í flestum stöðunum sem vildu veiða kvótann, mun fleiri en hægt var að koma við nema ef menn ætluðu að gera það þannig að veiða eitt eða tvö tonn sem allir sáu náttúrlega í hendi sér að gat ekki verið markmiðið með þessum byggðakvóta því markmiðið var ekki síður byggðatengt. Það var að reyna að styðja við byggðirnar. Markmiðið var ekki bara að tryggja að allir sem sýndu því áhuga að fá að veiða úr byggðakvóta gætu veitt úr byggðakvóta. Ég hef hvergi nokkurs staðar rekist á það, hvorki í lögunum, greinargerðinni né í umræðum sem fram fóru að það hefði verið markmiðið. Markmiðið var að reyna að búa til byggðakvóta sem væri líklegur til að styrkja byggðir sem hefðu farið halloka og það var það sem menn voru að reyna að vinna eftir þegar Byggðastofnun setti sínar reglur og þegar hún vann síðan úr þessu. Út af fyrir sig held ég að hv. þm. skilji það mætavel. Það leiðir síðan til þess — vegna þess að við vorum að fara með heimildir sem mjög margir vildu komast í því að þetta voru heimildir sem menn ella höfðu þá ekki til ráðstöfunar og það kallaði auðvitað á umfram eftirspurn. Niðurstaðan varð sú að svara þessu með þeim hætti sem þarna var gert. Ég vil vekja athygli á því að lokum vegna þess að hv. þm. hafði efasemdir um að það hefði verið rétt hjá mér að lagalegar forsendur skorti fyrir því að hefja almennt útboð á þessum heimildum. Ég vil vekja athygli á því að þetta frv. sem liggur fyrir hefði tæplega verið lagt fram nema menn hefðu talið vera til þess einhverja ástæðu eða að þess þyrfti. Það þyrfti að setja ný lög til að hægt væri að bjóða út þessar aflaheimildir.

[17:52]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þessar umræður í dag um sjávarútvegsmál hafa verið mjög fróðlegar á marga lund. Auðvitað hefur það komið upp eins og maður vissi fyrir fram að fyrri sjónarmið eru endurtekin af þingmönnum og mjög margir þingmenn tala í þeim dúr að sjálfsagt sé og réttlætanlegt og jafnvel jafnræði eða jafnaðarstefna að taka fiskveiðiréttindi af þeim sem þau hafa nú og flytja þau til annarra. Á því byggir hugmyndin um byggðakvóta.

Í því sambandi er sérstaklega athyglisvert að eini staðurinn af þeim sem fengu úthlutað byggðakvóta, og það hefur verið talið eftir, er Grímsey. Nú er Grímsey að sjálfsögðu það byggða ból hér á landi sem afskekktast er. Það er líka öldungis ljóst að Grímseyingar geta ekki bjargað sér nema með fiskveiðum. Það er líka ljóst að á síðustu missirum, þó nú hafi aðeins brugðið til betri áttar, fækkaði þar verulega fólki en ég hygg að enginn vafi sé á því að hægt sé að færa fyrir a.m.k. einhver rök að byggðakvótinn hafi heldur hjálpað upp á þær sakir að þangað flyttist ungt fólk. Eftir sem áður hefur verið haft orð á því að kannski þyrftu Grímseyingar ekki á þessum byggðakvóta að halda.

Ég held að þessi umræða um Grímsey kristalli þau mismunandi sjónarmið sem eru á bak við pólitískar úthlutanir á verðmætum. Stjórnmálamönnum hættir til að horfa frekar til þeirra staða þar sem þeir eru kunnugir og eru auðvitað fúsari til að létta frekar á verðmætunum, minnka svolítið í pyngjunni hjá þeim stöðum sem eru utan þeirra áhrifasvæða sem eru utan kjördæma þeirra. Þess vegna hefur það verið svo um alla pólitíska úthlutun á verðmætum að ef hún hefur ekki þegar í stað þá a.m.k. til lengri tíma litið valdið spillingu, óróa, sundrungu. Kemur raunar fram í þessum umræðum að einstakir þingmenn hafi verið að gefa slíkt í skyn.

Mér finnst nauðsynlegt vegna þess sem hér hefur verið talað um að rifja það upp enn einu sinni að kvótakerfið var ekki sett á hér á landi til að gefa mönnum einhver ákveðin

réttindi. Það var ekki hugsunin á bak við kvótakerfið. Við stóðum frammi fyrir því að þorskstofninn var að hrynja. Fyrir þann tíma hafði verið kvóti á innfjarðarrækju í Ísafjarðardjúpi. Það hafði verið kvóti á uppsjávarfiski. Það voru engir, svo að mér sé kunnugt, fúsir til þess að hætta þeim skipulögðu veiðum sem fram að þeim tíma höfðu verið stundaðar vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því að það skapaði visst öryggi hjá þeim sem sóttu í þessa stofna og vegna þess að fiskifræðingar höfðu með margra ára athugunum unnið að því að reyna að gera sér grein fyrir því hvernig rétt væri að haga sókninni þannig að sem mestur afrakstur yrði af veiðunum og var þá bæði horft til þeirra sem reru og eins þeirra sem unnu í landi.

Á hinum síðari árum hefur farið svo að þeim hefur verið að fækka sem unnið hafa hin hefðbundnu störf við fiskvinnslu í landi. Þetta er t.d. mjög greinilegt í nútímalegum rækjuverksmiðjum svo dæmi sé tekið. Ég nefni það sérstaklega vegna þess að fyrir skömmu skoðaði ég eina slíka en þetta á sér líka stað í sambandi við vinnslu á bolfiski. Það er líka eftirtektarvert hversu nákvæmari vinnslustýringin er en áður. Ef menn ætla að vera samkeppnisfærir, a.m.k. á sumum sviðum, er því óhjákvæmilegt að þar sé töluverð velta og að menn geti lagt verulegt fé í þróunarstarf. Þetta hefur m.a. valdið því að fyrirtæki hafa verið að stækka.

Nú segja menn að hægt sé að bjarga byggðum með því að úthluta, sumir tala um 1.500 tonn. Einn hv. þm. talaði um 15–20 þús. tonn án þess þó að því væri slegið föstu, það væri nægilega mikið eða kannski allt of mikið. Ef taka á 15–20 þús. tonn af þorski til hliðar er óhjákvæmilegt að þessi þorskur sé tekin af einhverjum sjómönnum. Ef hugmyndin er sú eins og kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf., Guðjóni A. Kristjánssyni, að skipta kvótanum upp á nýjan leik þannig að t.d. togararnir leggi öðrum skipastærðum til verulegan afla erum við líka að kippa fótunum undan rekstri ýmissa togara sem þó ganga nú og hafa of lítinn fisk. Öll slík uppskipti hljóta undir öllum kringumstæðum að vera umdeild, vekja reiði og kippa undir vissum kringumstæðum fótum undan atvinnu fólks.

Ég hef tekið eftir því að sérstaklega þingmenn Samfylkingarinnar og raunar líka Frjálslynda flokksins hafa tekið sér í munn orðin „réttlæti" og „jafnræði" þegar þeir eru að gera því skóna að það sé eitthvað rangt við það að þeir sem fram að þessu hafa róið eða gert út fái að halda þeim aflaheimildum sem þeir hafa þó núna. Réttlætið og sáttin í þjóðfélaginu á að byggjast á því að taka aflann af þeim sem hafa hann nú.

Síðast þegar ég var úti í Grímsey hitti ég einn af útgerðarmönnunum þar, þangað fluttan. Hann sagði við mig og hallaði sér fram á stýrishjólið: „Ég er nú einn af kvótakóngunum hér í Grímsey. Hvar er mitt konungsríki? Mitt konungsríki er það sem ég á eftir af aflaheimildum, að ég skyldi ekki hafa gefist upp við að búa hér í Grímsey, að ég og fjölskylda mín höfum lagt okkur fram um að reyna að kaupa aflaheimildir í staðinn fyrir þær sem frá okkur voru teknar af því að okkur þykir vænt um að vera hér og viljum vera hér." Hvaða milljónatugi hefur hann fengið í sinn vasa eða sonur hans sem nú er að reyna að hefja útgerð? Hvar er ríkidæmi þeirra? Hvar er gjafakvótinn hans?

Bar að skilja það svo hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, þegar hann sagði áðan að menn ættu ekki að fá að skrifa sinn eigin óska-lagatexta, að það væri einhver sérstakur óska-lagatexti hjá þessum sjómönnum og útgerðarmönnum úti á landi sem hafa barist fyrir því að geta haldið byggðarlögunum lifandi og vakandi? Er hugsun hans sú að hann vilji búa til einhverjar nýjar reglur? Er hann að leggja fram á Alþingi frv. um að taka heimildirnar af þessum mönnum og skipta þeim upp á nýtt? Ber að skilja það svo, þegar samfylkingarmenn tala um það hér að þeir vilji bjóða upp allar fiskveiðiheimildir, að þeir ætli að taka þennan fisk af þessum mönnum sem hafa haldið út síðan kvótakerfið var sett á?

Ég þarf ekki að tala um það við mann eins og hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, að ýmsir útgerðarmenn urðu fyrir þungum búsifjum eftir að kvótakerfið var sett á á sínum tíma vegna þess mikla aflasamdráttar sem þá var í þorskveiðum. Menn máttu hafa sig alla við til að halda eignum sínum, að lifa þorrann og góuna. (**GAK:** Og lifðu það ekki.) Ég var að segja að sumir hefðu ekki lifað það. Sumir lifðu það, eins og saga íslensku þjóðarinnar er. En þá finnst mér skrýtið að menn geti talað um það hver á fætur öðrum í sölum Alþingis að sjálfsagt sé að taka af þeim sem þó hjörðu. Menn eru að tala um það líka að léttara sé að taka kvóta af togurunum og setja til bátanna. Nú er hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, kunnugur togaraflotanum. Hvað gerir hann ráð fyrir að leggja þurfi mörgum togurum ef hugmyndir hans og tillögur næðu fram að ganga?

Hv. þm. veit að fyrir kemur að skipshafnir séu settar á land og skipum lagt þegar ekki er nægur afli. Hann veit einnig að meðal ungs fólks, líka úti á landi, er viðhorfið að breytast og fjarri því að jafnmargir vilji fara í Stýrimannaskólann, m.a. vegna þess að menn sjá ekki í því framtíðina eins og nú er talað og nú er unnið. Maður sem ég talaði við nú í vikunni hafði orðið fyrir því að missa skip. Hann sagði hins vegar: Auðvitað verðum við að byggja á þeim grunni í stjórn fiskveiða sem við búum við nú því að sjávarútvegurinn þolir ekki meiri óvissu en við búum nú við. Grundvallaratriðið í sambandi við öll þessi mál er að óvissunni linni. Ef menn vilja taka afla af ákveðnum skipum og færa til annarra, þá er best þeir segi hreint út af hvaða skipum eigi að taka. Hvaða byggðarlög eru það sem mega missa frá sér kvóta?

Þegar talað er um að rétt sé að þriðji hver þorskur, þriðja hver síld, þriðja hver loðna og þriðja hver grálúða eigi að vera byggðakvóti, þá spyr ég á móti: Á að taka eitthvað af þessu úr Eyjafirði og fara með það annað? Er það hugmyndin? Á Eyjafjörður að missa eitthvað af þeim fiskveiðiréttindum sem hann hefur nú? Er það hugmyndin? Ef Eyjafjörður á að missa eitthvað af sínu, þá væri ágætt að fá að vita það. Ég spyr. (Gripið fram í.) Ég skal spyrja samfylkingarmenn sem hér eru inni. Þeir eru að tala um að taka fiskveiðiheimildirnar af skipunum. (**SvanJ:** Við erum ekki með byggðakvótahugmyndir.) Á hve mörgum árum telur hv. þm. Dalvíkinga rétt að taka veiðiheimildirnar af skipunum og bjóða upp? Hv. þm. sem grípur fram í, það er best að hann svari því. Hv. þm. vill bjóða upp fiskveiðiheimildirnar. Hvað ætlar hann að taka fiskveiðiheimildirnar af skipunum á löngum tíma? Þingmaðurinn greip fram í. Hann greip fram í af því að honum var mikið niðri fyrir. Af hverju var honum mikið niðri fyrir? Af því að hann hélt sig geta komið höggi á einhvern annan. En hún vill ekki skýra sínar eigin hugmyndir. Ég sé hér hv. þm. Akraness. Hvað vill hv. þm. Akraness taka fiskveiðiheimildirnar á mörgum árum af skipunum á Akranesi? (**JÁ:** Ég mun svara því á eftir.) Já, en ekki úr sætinu? Það væri fróðlegt að fá að vita það.

Það er með öðrum orðum öldungis ljóst að tillögugerð án þess að segja nákvæmlega til um hvað eigi að gera er auðveld. Hitt er ljóst að þá fer eins um þessa sjóferð og forðum þegar ágætur dánumaður var á leið til Írlands og og allir lögðu á ráðin eftir að óveðrið skall á. Hann hafði orð á því að þeim mun verr nýttust heimskra manna ráð er þau kæmu fleiri saman. (**Gripið fram í:** Enda hefur stjórnin mikinn meiri hluta.)

Nú er það svo með þetta kvótakerfi að það má vera að eini stjórnmálaflokkurinn sem ekki hefur unað því vel meðan hann hefur átt aðild að ríkisstjórn er Kvennalistinn. Formaður Frjálslynda flokksins var einn af þeim ásamt Matthíasi Bjarnasyni, í mínum flokki á þeim tíma, sem börðu kvótakerfið í gegnum þingflokk Sjálfstfl. (**GÁS:** Þurfti að berja það í gegn?) Við vitum hvaða þátt Framsfl. átti í kvótakerfinu. Okkur er kunnugt um það að formaður vinstri grænna sat í ríkisstjórn undir kvótakerfinu.

Ég tala nú ekki um Alþfl. Engan flokk veit ég hafa notið sín betur undir kvótakerfinu en Alþfl. Að búa við það öll þessi ár en bera þó aldrei ábyrgð á neinu. Það er pólitík. Ekki einn einasti formaður Alþfl. svo að ég muni hefur lýst því yfir að búandi sé við það fiskveiðikerfi sem við Íslendingar höfum þó haft. Þó þeir hafi setið í ríkisstjórn og vilji sitja í ríkisstjórn þá hafa þeir ekki viljað bera ábyrgð á því. Það er sannleikurinn í málinu.

Herra forseti. Að sjálfsögðu er það svo þegar skammtað er og menn geta ekki eins og áður sótt í sjóinn eftir getu sinni að aldrei verður þannig skipt að allir uni því. Ég tel á hinn bóginn að sjálfsagt og raunar óhjákvæmilegt sé að menn ætlist til þess af þingmönnum, ef þeir vilja færa til aflaheimildir milli héraða og milli skipa, að þeir skýri frá því milli hvaða héraða og skipa þeir vilji færa þær. Eins hygg ég að nauðsynlegt sé að Samfylkingin geri betri grein fyrir sínum málum.

[18:11]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins fjalla um ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. um kvótamál. Hann fjallaði mikið um byggðakvóta og sagði að ef byggðakvóti yrði settur á þyrfti að taka kvótann frá einum og flytja til annars. Ég vil því spyrja hv. þm.: Hvað ef einhver aukning yrði í kvótakerfinu, væri hægt að taka það í byggðakvóta? Ég vildi líka spyrja hv. þm.: Hvað með byggðakvóta? Ætli væri ekki betra að hafa meiri byggðakvóta til að bregðast við vanda sveitarfélag eins og t.d. Ólafsfjarðar sem mikið hefur bankað á dyrnar og kvartað yfir því að hafa ekki fengið hluta af byggðakvóta?

Hann fjallaði líka um það áðan að Grímsey hefði fengið hluta og byggðakvóti þar hafi hjálpað til. Mér fannst hann því fara út og suður í umræðunni um byggðakvóta. Hv. þm. sagði að pólitísk úthlutun á slíku væri dæmi um spillingu, óróa og sundrung. Hvað er kvótakerfið í dag annað en pólitísk úthlutun?

[18:12]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi síðustu ummæli hv. þm. voru hálfundarleg, þ.e. þegar hann spurði um kvótakerfið í dag, hvað það væri annað en pólitísk úthlutun. Hv. þm. veit betur en spyrja spurninga af því tagi.

Nú langar mig að spyrja hv. þm.: Ef svo skyldi fara að rækjustofninn stækkaði fyrir norðan, fyndist honum þá réttlátt að Siglfirðingar fengju ekkert af þeirri aukningu? Af ræðu hans var svo að heyra. Kvótakerfið byggir á því að ef stofnarnir minnka þá ber útgerðarmaðurinn tapið. Ef þeir stækka þá fær hann viðbót.

[18:13]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Halldór Blöndal, svaraði engu af þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Við erum einfaldlega að tala um þetta: Ef þessi byggðakvóti upp á 1.500 tonn væri meiri, og ekki tekinn af öðrum heldur væri viðbót, væri þá hv. þm. tilbúinn að nota það eða hluta þess til að deila út til þeirra dreifðu byggða í landinu? Þá á ég við staði sem hafa tapað miklum aflaheimildum og þar sem atvinnuleysið er mikið, staði sem byggðust eingöngu upp á vinnslu sjávarafurða.

Ég spyr hv. þm. enn: Hefði ekki verið betra að það hefði verið meira í byggðakvótapottinum til þess m.a. að úthluta til Ólafsfjarðar þar sem bolfiskvinnslu hefur nánast verið hætt og vantar tilfinnanlega afla til að vinna í landi?

[18:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er algeng aðferð að nefna þá staði þar sem erfiðleikar eru til að reyna að fegra mál sitt og varpa einhverjum skugga á málflutning mótaðilans.

Ég sagði áðan ... (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. að vera rólegan. Ég sagði áðan að útgerðarmenn nú bæru tapið ef aflaheimildir minnkuðu en fengju á hinn bóginn að njóta þess ef aflaheimildir yrðu meiri. Þeir verða að bera tapið. Og úr því að við látum þá bera tapið þá verða þeir að fá viðbótina þegar svo ber undir, eins og er t.d. nú í Skjálfanda svo við höldum okkur við það kjördæmi sem bráðum verður kjördæmi hv. þm. Rækjuveiði hefur algerlega verið bönnuð í Skjálfandaflóa og það verða þeir útgerðarmenn að bera sem höfðu þar rækjuvinnsluleyfi. Þetta ætti hv. þm. að vera kunnugt.

[18:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn sjá ekki framtíðina núna í þessu kerfi, sagði hv. þm. áðan. Um hvaða kerfi er verið að tala? Það er kerfið sem hann er að verja. Það er ekki komið neitt nýtt kerfi á, það er ekkert kerfi Samfylkingarinnar eða Frjálslynda flokksins komið á. Það er kerfi hv. þm. sem er í gangi — og menn sjá ekki framtíðina.

Mér finnst að þeir hv. þm. sem ætla að verja þetta kvótakerfi og hafa gert það fram að þessu þyrftu að fara að temja sér pínulítið meiri hógværð. Þetta hefur ekki tekist svona vel, þetta er ekki svona gott kerfi. Og þegar menn þurfa nú að fara að leggja niður og mæla á móti því að hægt sé að taka sér í munn orðin jafnrétti og jafnræði eru menn ekki að verja gott kerfi mundi ég segja.

Ég tel að hv. þm. stjórnarflokkanna þurfi að skoða sig vandlega um í þessu máli öllu saman. Og Grímseyingurinn við stýrishjólið er á fleiri stöðum en í Grímsey þar sem menn hafa ekki fengið tækifæri til þess að vinna undir því kerfi sem hv. þm. er að verja.

[18:17]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur átt viðskipti við marga útgerðarmenn og sjómenn á Vesturlandi. Ég held því fram að það sé jafnrétti og jafnræði að þessir sjómenn fái að njóta dugnaðar síns og fyrirhyggju. Sumir þeirra hafa lagt mjög mikið á sig til að koma sér í þá stöðu sem þeir nú eru í vegna þess mikla áfalls sem þeir urðu fyrir þegar kvótakerfið var

tekið upp og eftir að þorskkvótinn minnkaði enn meir. Það kalla ég jafnrétti og jafnræði.

Nú getur hv. þm. komið hingað upp og sagt að það sé útúrsnúningur hjá mér. En þessi hv. þm. þekkir bátamennina á Snæfellsnesi og Akranesi og hann veit hvað ég er að tala um.

[18:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar þetta kerfi var sett á, eignarkvótinn, var lokað fyrir atvinnuréttindi annarra sem hefðu komið að greininni. Þeim sem fyrir voru í greininni var fenginn sá réttur að selja hinum aðganginn, að selja nýliðum í greininni aðganginn. Þetta eru sérréttindi sem mönnum voru þarna fengin og ekki aldeilis verið að gera illa við þá heldur var verið að fá þeim þessi sérréttindi í hendur.

Síðan koma menn núna og tala um það eins og einhvern heilagan rétt að fá að hafa tækifæri til að selja öðrum aðgang að atvinnugreininni. Í þessari atvinnugrein, einni atvinnugreina á Íslandi, á það að gilda að þeir sem fyrir eru hafi rétt til að selja öllum öðrum sem koma að greininni aðganginn að henni. Þetta er kerfið sem hv. þm. er að verja hér af öllum kröftum. Af hverju skyldi hann vera að því? Ég held því fram að það sé vegna þess að í hans byggðarlagi hafa menn haft meira út úr þessu kerfi en flestir aðrir.

[18:19]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er það mjög vel kunnugt vegna atvinnu sinnar að menn þurfa að leggja í verulega fjárfestingu til að endurnýja skip sín, kaupa nýjan tækjabúnað og þar fram eftir götunum til að styrkja grundvöll útgerðar sinnar. Nú er hann að tala um að það sé eitthvert réttlæti eða jafnræði fólgið í því að koma í veg fyrir að menn sem leggja fé í útgerð geti losnað út úr þeim rekstri, geti selt rekstur sinn.

Auðvitað er það einskis virði að eiga skip ef því fylgja ekki einhverjar fiskveiðiheimildir. Og enn og aftur segir þessi þingmaður að þeim sem gerðu út þegar kvótakerfið var fundið upp hafi verið gefið eitthvað. Þeim var ekkert gefið. Réttur þeirra var takmarkaður. Og hv. þm., sem þekkir þetta fólk, er að snúa hlutunum við.

[18:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín nokkrum spurningum. Ég held hann hafi eitthvað misheyrt þegar ég talaði um að enginn einn maður sem hefði áhuga á stjórn fiskveiða gæti skrifað sinn óskatexta. Það var það sem ég sagði. Það gæti enginn einn skrifað sinn óskatexta við að semja ný lög.

Auðvitað þarf að leita sátta um nýja lagasetningu og nýja skipan mála. Ef menn sjá ekki framtíðina er það vegna þess að þau lög eru í gildi sem eru í gildi. Ekki hefur farið fram nein sérstök lagabreyting á grundvelli þessarar fiskveiðistjórnar. Hún er einfaldlega í gildi.

[18:21]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Umræðan um það frv. sem hér er á dagskrá hefur snúist mest um byggðakvóta og annað þess háttar og úthlutunarreglur hvað varðar bráðabirgðaákvæðið sem sett var inn á fyrri hluta árs 1999 þess efnis að Byggðastofnun hafi til og með fiskveiðiárinu 2005–2006 árlega til ráðstöfunar 1.500 þorskígildislestir. Ég vek athygli á því að þetta er bráðabirgðaákvæði sem sett var inn og ef ég man rétt var þetta hálfgerð dúsa upp í einhverja þingmenn þáverandi stjórnarflokka sem voru að andmæla breytingum á kvótakerfinu á þeim tíma. Þetta var sett inn til þess að styðja byggðarlög sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og vegna þess að aflaheimildir hafa horfið í burtu eða vinnslan flust út á sjó eins og svo mikið hefur verið gert af.

Síðan hafa orðið töluvert miklar deilur um þær 1.500 þorskígildislestir sem þarna var ráðstafað. Mér finnst oft koma fram í umræðum manna að þetta sé dæmi um að byggðakvóti komi alls ekki til greina. Ég vil geta þess í upphafi að ég er hlynntur hugmynd um byggðakvóta og tel að byggðakvóti eigi að vera hluti af fiskveiðistjórnarkerfinu okkar og þess kerfis að einhver ákveðinn hluti sé til ráðstöfunar til hinna dreifðu byggða ef þær vilja nýta sér það og ef þær hafa einhverja reynslu frá árum áður af því að þar hafi verið unninn mikill afli í landi.

Vafalaust hefur þessi fiskveiðistjórn, sem sett var til að vernda þorskana í sjónum á sínum tíma sem voru orðnir allt of fáir, snúist upp í allt annað. Þessi fiskveiðistjórnun og lög sem sett hafa verið á hinu háa Alþingi hafa orðið þess valdandi að stór hluti byggðaröskunar í landinu er til kominn vegna þessa. Og af því að svo mörg byggðarlög hafa byggst upp eingöngu í kringum þetta verður slíkri byggð ekki öðruvísi við haldið en að þar verði áfram unninn afli.

Nú er ég ekkert endilega að segja að það þurfi að vera svo um aldur og ævi, því miður. Það er ekkert víst að nýliðun í fiskvinnslu, ef svo má að orði komast, verði svo ör að á öllum stöðum verði áfram unninn afli. En í dag er það þannig og verður að bregðast við því á þennan hátt.

Í ræðu hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar, sem á sæti í Byggðastofnun, kom fram hvernig breytur voru búnar til til að úthluta þessum fáu tonnum, og að það var m.a. tekið inn í kvótaþróun. Það er verst að hv. þm. er ekki hér inni, en það geta kannski aðrir komið hér á eftir og skýrt frá því hvort vinnsluþróun hafi ekki hafi verið tekin inn í þetta og hvort ekki hefði verið full ástæða til að vinnsluþróunin hefði meira vægi en kvótaþróun. Sem betur fer er á mörgum stöðum landsins mikill kvóti og hefur hann verið að aukast, en vinnslan fer mest fram í frystiskipum sem ég ætla alls ekkert að gera lítið úr að er mjög arðbær atvinnugrein og hefur sýnt sig að gefur góðan arð. En vinnsluþróunina hefði að sjálfsögðu þurft að taka miklu meira með í reikninginn.

Ég get nefnt sem dæmi að lítill staður sem Hofsós heitir fékk 114 tonn af þessum 1.500. Þessum 114 tonnum var ráðstafað þannig að þeim var skipt yfir í ufsa sem fiskvinnslan í Hofsósi hefur verið að sérhæfa sig í og út úr því fengust milli 450 og 500 tonn sem fer langleiðina í að vera nægjanlegt fyrir þessa fiskvinnslu í eina fimm til sex mánuði. Ef þessi kvóti hefði verið tvöfaldaður eða þrefaldaður, í 300–350 tonn, og kostir kvótakerfisins nýttir við að breyta þessu yfir í ufsa, semja við togara í sama byggðarlagi um að veiða þetta, þá væri atvinnuþörf í frystihúsi þessa byggðarlags fullnægt allt árið hvað þetta varðar fyrir þá sem vilja vinna við þetta. Meira þarf ekki til.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hefur lýst því hvernig Grenivík hefur farið með sinn kvóta og gert gott úr honum. Er þetta ekki einmitt dæmi um það hvað hægt er að gera með slíkum kvóta ef rétt er staðið að málum og ef þær leikreglur eru vel fram settar um hvernig vinna skuli úr þessu?

Ég man þegar ég var bæjarfulltrúi á árum áður að með mér sat einu sinni í bæjarstjórn aðili sem var stórútgerðarmaður og rak fyrirtæki sitt með öðrum af miklum myndarbrag. Þetta fyrirtæki heitir Siglfirðingur hf. svo ekki fari á milli mála

hvaða bæjarfulltrúi það var vegna þess að þeir voru fleiri frá útgerðarfyrirtækjum bæjarins þarna. Ég minnist einnar tillögu sem hann lagði einu sinni fram við gerð fjárhagsáætlunar þar sem hann lagði til að öllum framkvæmdum yrði frestað í nokkur ár og allir peningar notaðir til þess að kaupa kvóta. Þetta var mjög athyglisverð tillaga, en því miður var ekki farið að henni.

Ég sagði áðan að byggðakvóti og vinnsla sjávarfangs væri grundvöllur að mörgum byggðarlögum og við sjáum að þetta er stærsti hlutinn að mínu mati í þeirri miklu byggðaröskun sem hefur átt sér stað í landinu þó að það sé að sjálfsögðu ekki eina ástæðan, það eru margar aðrar ástæður. En af því að við erum að ræða þetta tiltekna svið vildi ég að þetta kæmi fram.

Sennilega væri betur statt í ýmsum byggðarlögum landsins vítt og breitt úti um landsbyggðina ef þessi kvóti hefði verið töluvert meiri til að deila út. Ég er ansi hræddur um að í kjördæmi hv. þm. Halldórs Blöndals, 1. þm. Norðurl. e., sem hér talaði áðan, væri andrúmsloftið og mórallinn í Ólafsfirði, svo við tökum dæmi, betri ef hægt hefði verið að úthluta einhverjum byggðakvóta til vinnslu í landi og skapa vinnu fyrir þann fjölda fólks sem gengur atvinnulaust þar og hefur ekkert að gera eftir að fiskverkun sem þar var á staðnum hætti starfsemi. Og nefna mætti marga fleiri staði hringinn í kringum landið.

Það kom líka fram áðan að það sem menn finna byggðakvótanum mest til foráttu er að hann verði tekinn af einhverjum öðrum. Það er sennilega rétt að þessi 1.500 tonn hafi verið tekin af einhverjum öðrum ef þetta hefur ekki verið viðbót. En ég spyr: Ef hægt er að auka þorskafla í kvótakerfinu, er það þá endilega tekið af einhverjum öðrum þó að einhver lítill hluti af honum sé tekinn og eyrnamerktur sem byggðakvóti þar sem jafnvel fyrirtækin á viðkomandi stöðum geta fengið hluta af honum og landað, en það verði eingöngu skilið sem svo að honum verði landað þar til vinnslu? Er það þá tekið af einhverjum öðrum ef jafnvel sá hinn sami fær einhvern hluta af því eða tekið af því sem bætist við viðkomandi kvótapott?

Ég segi alveg eins og er að því miður kemur það oft þannig fram að menn vilji alls ekki skoða neitt í þessu sambandi, byggðakvóta og tengja það byggðunum og vinnslu í landi enda er það svo að í till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árið 1998–2001 er fjallað um hina ýmsu og mörgu góðu þætti eins og efla byggðir sem hafa átt í miklum erfiðleikum vegna samdráttar í sauðfjárbúskap. Það er talað mikið um nýsköpun í atvinnulífi og allt það, menntun, þekkingu og jöfnun lífskjara. En hvergi í byggðaáætluninni er fjallað um fiskvinnslu, sérstaklega fiskvinnslu í hinum dreifðu byggðum landsins. Í þessari till. til þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1998–2001 er ekki stafkrókur um fiskvinnslu, ekki stafkrókur og það er alveg sérstakt mál og sérstakur kapítuli út af fyrir sig. Þó svo fjarvinnsla og tölvuvinnsla og allt það sé mjög gott held ég að atvinnuþátttöku fólks á landsbyggðinni, í hinum dreifðu byggðum, verði ekki fullnægt eingöngu með því að allir fari að setjast við einhverjar tölvur og slá inn einhver gögn eða hringja eftir kl. 5 þegar fólk er komið heim til að selja einhverjar bækur. Það er ekki nútímaleg byggðastefna. Hún getur verið ágæt sem hliðarbúgrein en eftir sem áður hlýtur fiskvinnsla á þessum stöðum, sem þeir byggðust upp á, að verða aðalatriðið og það sem þessir staðir verða að byggjast á. Þess vegna er ég hjartanlega sammála hv. 3. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, og formanni þingflokks Sjálfstfl., stjórnarformanni Byggðastofnunar. (**KHG:** Framsfl.) Framsfl. Sagði ég Alþb.? Nei, ég trúi því ekki að ég sé enn þá að tala um Kristin sem alþýðubandalagsmann. (**KHG:** Þú sagðir Sjálfstfl.) Ja, það er kannski lítill munur á orðinn, því miður, og kannski tímanna tákn ef maður ruglast úr ræðustól Alþingis á Framsfl. og Sjálfstfl. En ég er svo hjartanlega sammála þeim hv. þm. sem hefur látið það koma fram sem skoðun sína og sem innlegg í fiskveiðistjórnarmál og byggðaumræðu að byggðakvótahugmyndina skuli skoða sérstaklega og gefa miklu meiri gaum en gert hefur verið hingað til. En ég er ekki alveg viss um að samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn sé á sömu skoðun, a.m.k. ekki miðað við þær ræður sem hafa verið fluttar af sjávarútvegsspekúlöntum Sjálfstfl. og sérfræðingum. En það verður gott til þess að vita, af því að ég veit að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er á mælendaskrá á eftir, að heyra útlistanir hans á athyglisverðri framsetningu og hugmyndum hans um byggðakvótann og hvað hann eigi að vera mikill.

Ég hef sjálfur myndað mér skoðanir á því hver hann þarf að vera. En 1.500 tonn eru ekki neitt. Það er, eins og hér hefur komið fram, eins og að koma með eina 8 tommu pitsu eða eitthvað slíkt í 20–30 manna barnaafmæli. Ég geri lítið úr því. En ég kalla á eftir því, herra forseti, að heyra á eftir útlistanir þingflokksformanns Framsfl. á byggðakvótahugmyndum hans sem hann hefur sett fram.

[18:34]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Kristjáns L. Möllers og beina því til hans hvort hann sé ekki sammála mér um það, eins og reyndar kom fram í ræðu hans núna, að það að hafa aðgang að kvóta er lífsspursmál fyrir hinar dreifðu byggðir. Þó að öðrum stoðum sé skotið undir atvinnulífið verður það aldrei til framdráttar samfélaginu án útgerðar og vinnslumöguleika. Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort hann geti ekki verið sammála mér um það.

Svo vil ég spyrja hv. þm. hvort hann hafi ekki sömu tilfinningu og ég hef gagnvart þessum dreifðu byggðum að það er aukinn ótti fólksins við að missa allar veiðiheimildir og hafa enga nýja aðkomu inn í greinina aftur. Ég upplifi það þannig og ég er næstum því viss um að hv. þm. Kristján Möller upplifir það á sama hátt að það er þetta öryggisleysi að hafa innkomumöguleikann aftur sem er að verða til stórvandræða í allri byggðaþróun. Öryggisleysið, vantrúin á framtíðina, detti þeim í hug sem núna hafa yfir kvóta að ráða að fara með hann í burtu á einni nóttu eins og dæmin sýna. Þetta tel ég vera stórmál og þess vegna held ég að umræðan um byggðakvóta sé að þroskast á síðustu missirum bara vegna þess hvernig staðan er. Það hafa verið tíndir til ýmsir staðir en það má fara nánast alla ströndina og skoða það þó að það sé rétt eins og fram hefur komið að auðvitað gengur sums staðar vel á grunni þeirrar samþjöppunar sem átt hefur sér stað í veiðum og úrvinnslu á afla.

[18:36]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna ummæla hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar um byggðakvótann og það sem hann var að spyrja mig um. Ég held að skoðanir okkar séu mjög svipaðar á þessum málum hvað varðar áhyggjur af stöðu landsbyggðarinnar og stöðu hinna dreifðu byggða. Við komum af svipuðu svæði. Hér hefur borið á góma að t.d. stóru

og öflugu fyrirtækin á Siglufirði og Ólafsfirði, Þormóður rammi – Sæberg, eru auðvitað að gera mjög góða hluti, bæði í kvótakerfinu og í atvinnumálum eins og þar er, en þar hefur fiskvinnslan farið út á sjó og er ekki lengur í landi vegna þess að hún er vafalaust miklu hagkvæmari. Það er svo annar þáttur sem við getum ekki rætt hér nú, en það er um mismun milli landsvinnslu og svo aftur vinnslu á frystitogurum.

Nákvæmlega sama má segja um Akureyri og Samherja. Þar er þetta mikla og öfluga fyrirtæki sem hefur tekið þátt í kvótakerfinu af miklum myndarskap, fengið sér miklar veiðiheimildir og allt það. Við vitum þó ekki hvort því er þannig farið á Akureyri þar sem vafalaust er mikil fiskvinnsla hjá útgerðarfélaginu. Samt sem áður, og það kom fram áðan hjá hv. þm., er ótti fólks á hinum minni stöðum við að kvótinn annaðhvort fari eða geti farið í burtu og landvinnsla leggist af. Þetta er höfuðmálið og auðvitað er ég alveg sammála hv. þm. sem hér talaði um áhyggjur sínar af þessu. Við deilum þeim skoðunum saman.

[18:38]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég finn að við hv. þm. Kristján L. Möller höfum að ýmsu leyti sömu sýn á þessi mál og ég spyr hann að því hvort hann telji ekki brýna nauðsyn á því líka að skoða hlutina í ljósi tíðarandans hvernig við sækjum fiskinn og skoða vistvæna þáttinn í veiðunum og efla þann þátt. Eins og þingmanninum er kunnugt um hefur verið lögð fram þáltill. og frv. um breytingar á lögum af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum sem lúta að strúktúrbreytingum sem byggja á nýjum viðhorfum varðandi náttúruna og náttúruvernd. Þau atriði þurfa að mínu mati að koma mjög sterkt inn í umræðuna. Ég spyr hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér og geti tekið undir þá sýn sem nauðsynlegan hlut.

Ég hef einnig sagt að ég hef áhyggjur af þessari samþjöppun á útgerðinni í örfá fyrirtæki. Við gætum allt eins vaknað einn góðan veðurdag við það innan mjög fárra ára að eignarhaldi verði komið á „holding"-fyrirtæki úti í Lúxemborg þannig að þetta sé ekki spurning um smástaði úti á landi gagnvart stóru stöðunum.

[18:40]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég byrja þar sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson endaði með samþjöppun. Auðvitað hefur maður heyrt þetta og viss vandamál kunna að koma upp hér á landi ef þannig fer, eins og sumir eru að spá, að hér verði fimm stór og mikil sjávarútvegsfyrirtæki. Vafalaust verður það mjög hagkvæmt fyrir fyrirtækin sjálf að svoleiðis verði en það er ekki þar með sagt að það verði hagkvæmt fyrir byggðarlögin í landinu eða þá sem hafa átt allt sitt undir þeim rekstri sem þar er.

Þegar ég tala um byggðakvóta og lýsi skoðunum mínum á byggðakvóta, þá koma inn í vistvænar veiðar, ef svo má að orði komast, hvað varðar smábátana. Auðvitað hefur maður horft á það sem er að gerast t.d. á Vestfjörðum, á nokkrum stöðum þar, eins og t.d. í Bolungarvík, þann mikla fjölda smábáta sem þar er gerður út og eru alger undirstaða undir fiskvinnslu sem þar er enn þá og útgerð sem þar er. Það er dálítill munur á útgerðarmynstrinu þar, ef við tökum þann stað, eða fyrir 20 árum þegar þar var rekið myndarlegt fyrirtæki sem Einar Guðfinnsson hét og var með marga togara. Ætli allir togararnir séu ekki farnir. En þar er núna einhver ofboðslegur fjöldi af smábátum sem stunda veiðar. Smábátaútgerð og byggðakvóti eru hlutir sem fara töluvert mikið saman.

[18:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í umræðunni hefur verið fjallað um margt fleira en það frv. sem er til umræðu og mælt var fyrir í upphafi hennar. Ég vil leyfa mér að blanda mér í þessa almennu umræðu fremur en umræðu um frv. sjálft og víkja að sumu af því sem hefur komið fram.

Hér hefur nokkuð verið rætt um 1.500 tonna byggðakvóta þann sem ákveðið var á síðasta ári að fela Byggðastofnun úthlutun á og hefur sitt sýnst hverjum eins og heyra hefur mátt.

Ég held að rétt sé að rifja upp hver voru sjónarmið á bak við þennan byggðakvóta af hálfu meiri hluta sjútvn. Ég hygg að ég geti greint nokkuð sæmilega frá því þar sem ég var þá formaður nefndarinnar og mælti fyrir áliti hennar þar sem greint var frá þessari tillögu.

Það kom mjög skýrt fram í sjónarmiðum okkar sem töluðum fyrir málinu ákveðið sjónarmið. Ég held að það sé best gerð grein fyrir því með því að rifja upp lítinn kafla úr framsöguræðunni sem var flutt í janúarmánuði á sl. ári, með leyfi forseta:

„Núgildandi lög eru að stofni til nokkuð gömul og á þeim hafa árlega verið gerðar verulegar breytingar. Er nauðsynlegt að skrifa nýjan lagatexta og gæta samræmis í einstökum ákvæðum laganna, auk þess sem engin launung er á því að óánægju hefur gætt með ýmsar hliðarverkanir kerfisins. Þær tengjast einkum framsali veiðiheimilda. Þar hefur mest borið á umræðu um hagnað einstakra útvegsmanna við sölu á veiðiheimildum og afleita stöðu einstakra byggðarlaga við þær aðstæður að veiðiheimildir eru seldar burt. Er á það bent að fiskvinnslufólk og sjómenn geti staðið uppi atvinnulaus nánast fyrirvaralaust og að verðmæti eigna þess falli verulega. Þessi sjónarmið er óhjákvæmilegt að taka til athugunar við endurskoðun laganna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar til að þegar verði teknar frá aflaheimildir sem ráðstafað verði til byggðarlaga í samráði við sveitarstjórnir sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Ætlast er til að aflaheimildirnar verði notaðar til þess að stuðla að varanlegri lausn á vanda í atvinnumálum umræddra byggðarlaga. Gert er ráð fyrir að Byggðastofnun verði falið þetta verkefni og hefur stofnunin rúmar heimildir til að móta reglur um framkvæmdina. Með þessari ákvörðun undirstrika stjórnarflokkarnir þann ásetning sinn að gera íbúum í sjávarplássum landsbyggðarinnar kleift að nýta áfram þá auðlind sem er grundvöllur byggðarinnar þótt tímabundið geti blikur verið á lofti í einstökum byggðarlögum."

Ég held að þarna komi mjög skýrt fram hvað fyrir okkur vakti á þeim tíma sem stóðum að því að flytja tillögu um 1.500 tonna byggðakvóta.

Ég fagna því sem hér hefur komið fram í umræðunni frá hv. 1. þm. Norðurl. e., þ.e. að hann álítur að byggðakvótinn hafi skilað góðum árangri og bætt stöðu Grímseyjar. Það kom fram í máli þingmannsins. Það er alveg í takt við þær meiningar sem við höfðum til málsins að með því að geta bætt við veiðiheimildum inn í einstök byggðarlög, gert ákveðna samninga sem lutu að því að styrkja grundvöll fyrirtækja í þeim byggðarlögum, væru menn að styrkja atvinnulífið í heild í viðkomandi byggðarlögum. Það kom fram mjög skýrt

í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. að hann álítur að þetta markmið hafi tekist eða muni takast við úthlutun á byggðakvóta til Grímseyjar.

Ég gæti líka nefnt sem dæmi aðra úthlutun, til Vesturbyggðar sem hér var nefnt í umræðunni. Þar var niðurstaðan að úthluta í eitt byggðarlag, Bíldudal, þannig að sá sem þann kvóta fær notaði þá heimild til að afla sér meiri heimilda frá útgerðarmönnum og hafa samtals þrefalt það magn sem úthlutað var til þess að vinna í sinni fiskvinnslustöð. Það er niðurstaða manna eftir athugun í Byggðastofnun og reyndar fleiri aðila að það sem dugar best til að styrkja atvinnulega stöðu í fámennum sjávarplássum er að styrkja fiskvinnsluþáttinn. Það er besti mælikvarðinn á stöðu í sjávarplássum, atvinnulega stöðu, þ.e. að skoða hvernig fiskvinnslan stendur. Ef hún sendur vel og er þróttmikil þá eru miklar líkur til þess að atvinnulíf standi nokkuð vel í því byggðarlagi. Ef fiskvinnslan er hins vegar veik eða jafnvel lítil sem engin, þá er nokkuð líklegt að atvinnulíf standi veikt. Það er því af ásettu ráði lagt upp með þann tilgang að nota byggðakvótann til að styrkja vinnsluþáttinn í sjávarútveginum.

Ég hygg að niðurstaðan á Bíldudal verði sú að þarna hafi menn náð því sem þeir ætluðu sér. Ég hygg að ekki verði um það deilt. Ég held að það sé ekki sanngjarnt að væna fyrri stjórn Byggðastofnunar um að hafa farið út fyrir valdsvið sitt við frágang málsins. Hún fékk rúmar reglur, skýran megintilgang lagaákvæðisins og hefur farið eftir því í öllum meginatriðum. Hins vegar geta menn sagt að þeir séu ekki sáttir við allar útfærslur. Það er eins og gengur. Það er ekki við því að búast að allir verði sammála því. Það er t.d. óheppilegt að vera búinn að ráðstafa öllum byggðakvótanum fimm ár fram í tímann og hafa ekkert svigrúm til að bregðast við nýjum atvinnuvanda sem upp kemur eftir ráðstöfun hans, eins og gerist með Hrísey þar sem Byggðastofnun hefur núna engar heimildir til að bregðast við og láta til atvinnuuppbyggingar á þeim stað nema unnt verði að taka af einhverjum öðrum eða fá Alþingi til að samþykkja auknar heimildir.

Hríseyingum finnst mörgum seint ganga í endurreisn atvinnulífsins þar og ég er alveg viss um að ef menn hefðu eins og 100 tonn þá væri hægt að setja þar á fót með ekki löngum fyrirvara fiskvinnslufyrirtæki sem veitti þó nokkuð mörgum mönnum atvinnu. En við höfum ekki það svigrúm nema menn taki það af einhverjum öðrum.

Ég hef að vísu sagt að ég hafi efasemdir um úthlutunina til Grímseyjar. Mér er ekki alveg ljós sá vandi sem það byggðarlag hefur lent í, en eins og fram kemur í lagaákvæðinu er forsenda þess að úthlutað sé byggðakvóta að verið sé að bregðast við vanda sem upp hefur komið á þeim stað í atvinnulífinu. Ég hefði talið heppilegt ef unnt hefði verið að færa heimildirnar frá Grímsey til Hríseyjar. Ég hefði talið að við gerðum meira gagn þar. Þó að mér sé ekki ljóst að um þann atvinnulega vanda sé um að ræða í Grímsey sem er forsenda lagaákvæðisins, þá mun það örugglega styrkja stöðu atvinnulífsins í Grímsey að fá þennan byggðakvóta. Mér er það alveg ljóst.

Ég held að það eigi að halda áfram að þróa þetta mál með byggðakvóta. Ég held að það eigi að styrkja þetta lagaákvæði og sá stuðningur sem það hefur fengið í þessari umræðu styrkir mig í þeirri trú að það sé unnt að ná samstöðu um að auka við þetta viðurlagaákvæði í lögunum um stjórn fiskveiða. Þó ekki sé kominn langur tími á reynsluna held ég að ég geti leyft mér að fullyrða að það er eiginlega að mestu leyti óumdeild úthlutun og ég held því fram að það sé að mestu leyti óumdeilt að hún muni leiða til góðs hvað varðar stöðu atvinnulífs í þeim byggðarlögum sem byggðakvóta hafa fengið. Ég vænti þess því að menn skoði málið í því ljósi að það er hægt að bregðast við vandamálum í atvinnulífinu með þessum hætti og við höfum fengið upp ný vandamál eftir að úthlutun fór fram á sínum tíma og höfum ekki svigrúm til að bregðast við því. Það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að styrkja ákvæði um byggðakvóta til þess að fá tæki til að bregðast við á þeim stöðum, eins og á Hrísey, Ólafsfirði og fleiri stöðum þar sem síðar á eftir að koma upp vandi ef að líkum lætur.

Menn verða að hafa það í huga með kvótakerfið að verið er að skipta litlu magni á milli útgerða í mörgum sjávarplássum á Íslandi. Við veiddum á síðasta áratug miklu minna en áratugina þar á undan og ef menn ná ekki upp veiðinni, ef menn geta ekki náð tökum á því að geta veitt að jafnaði mun meira en við gerum í dag, þá er alveg ljóst að við lendum í miklum byggðavanda. Við erum að sigla inn í þá stöðu að einhverjir verða út undan og við ætlum miðað við óbreytt lög að láta framsalið ráða því hvaða staðir falla fyrir borð. Þetta er alveg ljóst. Ég vænti þess að öllum sé ljóst að í óbreyttu kerfi eins og því sem við búum við í dag og með svipað heildarmagn af þorski og með framsal veiðiheimilda, erum við að nota framsalið sem tæki til að þurrka út sjávarpláss af því að þau eru of mörg. Athuganir sýna okkur að veikustu plássin eru sjávarpláss með íbúa færri en 1.000 manns, á bilinu 200–1.000 manns. Það eru veikustu sjávarplássin. Þau munu brotna undan þessu kerfi fyrst og fremst.

Ég spyr: Vilja menn framtíðarsýn þar sem þetta fer svona og þar sem útgerðarmynstrið þróast, eins og menn eru farnir að tala um opinskátt, yfir í fimm til sex stór útgerðarfyrirtæki? Vilja menn sjá þá framtíðarsýn rætast? Ég segi fyrir mitt leyti að ég hef miklar efasemdir um að við séum á réttri leið. Ég hef miklar efasemdir um það. Ég held að það verði ekki íslensku þjóðfélagi til góðs. Við þurfum því að finna leið þar sem við komumst fram hjá göllunum og getum notað þá kosti sem felast í kerfinu. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að óbreytt kerfi geti ekki gengið. Ég er þeirrar skoðunar. Þess vegna hef ég talað fyrir því að það eigi að endurskoða lögin og tók það upp á sínum tíma þegar Alþingi kom saman til að bregðast við dómnum í desember 1998. Það varð niðurstaðan að í lögin fór ákvæði um að þau skyldu endurskoðuð eins og ég rakti áðan í framsöguræðu minni ástæðurnar fyrir.

Hér hefur verið spurt: Byggðakvóti, frá hverjum má taka? Á að taka hann úr Eyjafirði? Ég segi: Óbreytt kerfi færir til kvóta og ef menn vilja óbreytt kerfi þá vilja menn það. Þá geta menn ekki verið á móti þeim áhrifum byggðakvótans að færa til kvóta. Ég vænti þess að menn muni eftir því að kvóti fór frá Ísafirði til Akureyrar þó að sagt hefði verið á sínum tíma að það ætti ekki að gerast. Handhafi kvótans sagði að hann ætti ekki að fara frá Ísafirði. En hann gerði það nú samt.

Ég vænti þess að menn muni eftir því að það fór kvóti, ekki bara kvóti, heldur fór allur kvóti úr Bolungarvík til Grindavíkur. Ef mönnum finnst allt í lagi að kvótinn færist svoleiðis á milli byggðarlaga, hljóta menn að þola að einhver kvóti sé færður til baka, eða hvað?

Hér var minnst á kvóta í innfjarðarrækju í Ísafjarðardjúpi og mér fannst mjög skemmtilegt að það skyldi vera minnst á það því að það stendur mér dálítið nærri. Ég var starfsmaður rækjusjómanna við Ísafjarðardjúp um nokkurra ára skeið og kann það alveg út og inn hvernig þeim veiðum var stjórnað.

Af því geta menn að mínu viti dregið dálítinn lærdóm. Það var félagslegt kerfi. Menn komu sér saman um hvað leyfin ættu að vera mörg. Þau áttu að vera um það bil 30. Svo gerðu þeir tillögu um það til ráðuneytisins sem síðan samþykkti það ef menn stóðu saman að því. Þegar búið var að ákveða heildarkvóta á hverju hausti þá skiptu menn því á milli báta og höfðu það í þremur flokkum eftir bátastærðum þannig að stærstu bátarnir fengu mestan kvóta, miðbátarnir fengu minna og minnstu bátarnir fengu minnsta kvótann. Þetta gekk prýðilega í mörg ár og ég hygg að það mundi ganga enn ef menn hefðu ætlað sér að gera það. En það hvarf að sumu leyti viljinn til þess að viðhalda þessu kerfi í sjútvrn. og því er ekki að neita að útgerðarmenn fóru að sjá að þeir gætu breytt þessum veiðiheimildum í peninga með því að kvótasetja þetta. Það er auðvitað gallinn að þegar menn fara að sjá möguleikana á því að eignast mikla peninga, þá fer það að stjórna dálítið miklu um viðhorfin útgerðarmannanna, ekki aðeins það eitt sem fram að því hefur verið, að veiða og afla tekna með því að nýta réttindin. Málið fór því út í það á skömmum tíma að einkareka þessi réttindi. Þau voru einkavædd. Nú geta menn keypt og selt þessi réttindi og fengið mikla peninga fyrir þau. En það hefur ekki haft neina þýðingu fyrir rækjuveiðar í Djúpinu að fara úr kerfinu sem var yfir í kvótakerfið. Það gekk prýðilega að stjórna veiðunum, halda sig innan þeirra marka sem mátti veiða á hverjum tíma þannig að það var engin þörf á því til að vernda rækjustofninn að skipta um kerfi. Og það sem meira var, kerfið var tvöfalt þannig að þeir sem ráku rækjuvinnslu í landi áttu líka rétt að fá afla. Útgerðarmaðurinn hefði ekki fullkomið frelsi til að ráðstafa aflanum. Hann varð að landa honum til vinnslu á þessu svæði þó að hann gæti síðan valið sér vinnslustöð til að skipta við.

Þarna var um að ræða kerfi sem er að mörgu leyti einstakt í sögunni vil ég meina. Ég held að þetta sé kerfi sem menn eigi að muna eftir og þekkja því það má margt af því læra. Ég held því fram að þetta hafi að mörgu leyti verið prýðilegt kerfi.

Þá held ég að ég láti þessu innleggi mínu lokið enda tíminn senn á þrotum. Hægt væri að fjalla í miklu lengra máli um gildandi kerfi, um framtíðarsýnina og svo frv. sem hér er til umræðu þó að ég hafi leyft mér að víkja ekki mikið að því. En ég vænti þess að þetta innlegg hafi skýrt það lagaákvæði sem við búum við um 1.500 tonna byggðakvóta. Ég er á þeirri skoðun að við eigum að styrkja það og sækja meiri heimildir til þess svo við getum brugðist við og byggt upp atvinnulíf að nýju í þeim byggðarlögum sem lent hafa í vanda.

[19:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, formanns þingflokks framsóknarmanna, er sennilega ein athyglisverðasta ræða sem hér hefur verið flutt í háa herrans tíð. Ef því mætti treysta að skoðanir hans fengju hljómgrunn í þingflokki Framsfl. held ég að við mundum snúa vörn í sókn á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Eins og hv. þm. lýsti í upphafi ræðu sinnar kom fram í málflutningi meiri hluta sjútvn. fyrir ári að á sama tíma og veiðiheimildir eru seldar burt frá minni byggðarlögum stendur þar eftir eignalaust fólk, íbúðir þess og ævistarf orðið verðlaust. Þetta er það sem málið snýst um.

Herra forseti. Ég sakna þess mjög að hér skuli ekki vera einhverjir sjávarútvegsspekúlantar Sjálfstfl. og að þú skulir vera bundinn í forsetastól. Ég hefði gjarnan viljað heyra viðbrögð hv. sjálfstæðismanna úr sjávarútvegsgeiranum við þeirri ræðu sem hér var flutt.

(**Forseti** (HBl): Það á að segja hæstv. forseti.)

[19:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að óbreytt kerfi í fiskveiðum getur ekki gengið og að endurskoða beri lögin. Ég vona að hv. þm. í krafti stöðu sinnar innan þingflokks síns og í sjútvn. geti beitt sér fyrir því.

Mig langar hins vegar að fjalla um ákveðið atriði, herra forseti. Við ákvörðun um úthlutun á 1.500 tonnum af byggðatengdum kvóta var gert ráð fyrir að endurskoða mætti það árlega. Þarna er úthlutað til fimm ára og ekki mikið magn til úthlutunar, ekki nema 1.500 tonn. Ég vil heyra það hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni hvort honum finnist þetta vera eitthvert magn til að tala um eða hvort hann vilji beita sér fyrir að það verði aukið.

Í öðru lagi: Hvernig er gert ráð fyrir að farið verði með heimildir til að endurskoða forsendur úthlutunar? Mun ákvörðunin um úthlutun þessa byggðakvóta verða tekin til endurskoðunar í haust eins og heimild er fyrir?

[19:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og gert var ráð fyrir hjá meiri hluta sjútvn. á sínum tíma hefur byggðakvótanum verið úthlutað með samningum. Það er samningsbundin úthlutun og kveðið á um hvernig með eigi að fara. Það er líka kveðið á um það í öllum samningum að málin komi árlega til endurskoðunar.

Hins vegar verður að segjast eins og er, að ef forsendur eru óbreyttar verður ekki um að ræða breytingu á úthlutuninni. Ég vænti þess að það sé alveg skýrt. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa möguleika á að endurskoða ákvörðunina ef forsendur breytast því að kvótann á ekki að nota til annars en ætlað var í upphafi.

[19:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni á rökin fyrir þessari heimild til úthlutunar 1.500 tonna kvóta. Hún átti að vera varanleg lausn á atvinnuvanda ákveðinna byggðarlaga. Þær forsendur geta breyst frá ári til árs. Það byggðarlag sem stóð sterkt í fyrra getur orðið veikt í ár, svo mikil er óvissan í þessu.

Ég spyr, herra forseti: Verða forsendur, staða byggðarlaganna innbyrðis í landinu, skoðaðar með tilliti til úthlutunar á þessum byggðakvóta? Það hljóta að vera hinar eiginlegu forsendur. Lítið væri að marka það að Byggðastofnun hafi til og með fiskveiðiárinu 2005–2006 árlega til ráðstöfunar 1.500 þorskígildislestir nema það sé á grundvelli stöðu einstakra byggðarlaga. Síðan síðasta úthlutun fór fram hafa önnur byggðarlög komist í mjög mikinn vanda. Það gæti þess vegna verið forsenda þess að endurskoða þetta.

[19:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í afgreiðslu Byggðastofnunar er gert ráð fyrir því að úthlutunin sé að jafnaði til fimm ára. Jafnvel þó að upp komi vandamál í öðrum byggðarlögum eftir að sú úthlutun fer fram leiðir það nýja vandamál ekki til þess að byggðakvótinn verði tekinn af þeim sem áður hafa fengið,

ef forsendur þar eru að öðru leyti eins og þær voru þegar úthlutun fór fram.

Það að í lögunum stendur að árlega skuli endurskoða úthlutunina er einfaldlega vegna þess að hér er ekki um að ræða úthlutun á aflahlutdeild heldur aflamarki. Þess vegna var sett inn í lögin það orðalag að um árlega úthlutun væri að ræða. Ekki vildum við sem lögðum þetta til að úthlutað væri aflahlutdeild sem auðvitað er allt annar hlutur en aflamark.

[19:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Veruleg breyting virðist hafa orðið á stefnu Framsfl. í sjávarútvegsmálum og ég tel hana mikil tíðindi. En það er full ástæða til að taka mark á því vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er í forsvari fyrir Framsókn á öllum sviðum varðandi sjávarútvegsmál á þessum tímum og hlýtur að tala fyrir hönd flokksins.

Mig langar til að spyrja hv. þm.: Ef hugmyndir hans um byggðakvóta og tengingu kvótans við byggðirnar verða að veruleika, með hvaða hætti telur hann að eigi að úthluta þessum kvóta til byggðarlaganna?

Ég fagna líka þeim ummælum hans að óbreytt kerfi gangi ekki og tek þau ummæli þannig að hann telji að í vetur verði ráðist í að breyta þessu kerfi. Mér finnst mjög mikilvægt að fá svör við því hvernig koma eigi veiðiheimildunum og réttinum til þess að nýta þær í hendur þeirra sem eiga að fá þær.

[19:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að hér sé um tvennt að ræða. Annars vegar þann byggðakvóta sem er að finna í lögunum. Það er svona viðurlagaákvæði. Það er kvóti sem ætlaður er til að bregðast við vanda sem upp kemur þannig að stjórnvöld hafi einhver úrræði til að grípa.

Síðan er annað sem menn kalla líka byggðakvóta. Þær hugmyndir hef ég sett fram í almennu máli um breytingar á núverandi kerfi. Þar er ekki um að ræða sértækan byggðakvóta heldur almennar aðgerðir. Ég horfi á málið þannig að það varði ekki útgerðarmenn eina. Það varðar einnig áhafnir skipa og fólkið í landi. Því er ekki eðlilegt að útvegsmaðurinn einn hafi á hendi sinni ákvörðun um framsal og megi framselja hverjum sem er, hvenær sem er, hvert sem er.

[19:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur ekki fyrir að það verði bætt við byggðakvótann, þ.e. þann sem varð til fyrir stuttu. Það er nýlega búið að dreifa hér frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Ég sé ástæðu til þess að benda á að í því frv. er enginn byggðakvóti til viðbótar við það sem fyrir er. Því er ástæða til að ætla að það sé ekki á döfinni að bæta við kvótann.

Ég bið hv. þm. að svara því aðeins nákvæmar hvort hann telur að úthluta eigi þessum kvóta með almennum reglum. Þessi byggðakvóti eða sú tenging við byggðirnar sem hann er að tala um, felst hún ekki í því að þar verði úthlutað tilteknum kvóta með almennum reglum til þeirra sem nýta hann?

[19:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að í lögum um stjórn veiða, eins og við búum við í dag, sé þannig frá gengið að þau stuðli að og styrki atvinnustarfsemi á stöðunum sem lifa af sjávarútvegi. Leikreglurnar mega ekki vera á þá lund að þeir sem lifa og hrærast í þessu umhverfi, hafa atvinnu sína af því og hafa bundið eignir sínar í slíkri atvinnustarfsemi séu algerlega settir hjá og fái ekki að hafa nokkur áhrif á framvindu mála. Það eru auðvitað óviðunandi leikreglur.

Við hljótum því að leitast við að breyta þeim á þá lund að lögin tryggi stöðu þeirra sem eru í atvinnugreininni, ekki bara útvegsmanna heldur líka þeirra sem sinna þar öðrum störfum.

[19:12]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Framsfl., hefur lýst bollaleggingum sínum um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og fiskveiðistjórnarkerfið. Út frá þeirri ræðu sem hv. þm. hefur flutt væri fróðlegt að fá að vita héðan úr ræðustól hvort hv. þm. hefur stuðning flokks síns fyrir þeim hugmyndum sem hann setur fram hér í þingsal og eins í fjölmiðlum. Njóta þær bollaleggingar stuðnings? Hafa þær verið kynntar samstarfsaðilanum og hverjar hafa þá undirtektirnar orðið?

Ég er hræddur um, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, að enn einu sinni eigi að leika þann leik, þegar óvinsæl mál eru í gangi og ósætti í þjóðfélaginu eins og menn vita að eru um stjórn fiskveiða, að stjórnarflokkarnir gefi einhverjum frítt spil til þess að tala aðra tungu í eyru þeirra sem gagnrýna. Ég spyr hv. þm. Kristin H. Gunnarsson hvort hann sé í þessari stöðu eða hvort hann telji sig hafa stuðning flokks síns, Framsfl., og þá ekki síður Sjálfstfl. við þær hugmyndir sem hann hefur sett fram um breytingar.

[19:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni hv. þm. á að flokkur hans hefur talað fyrir svokallaðri byggðatengdri fiskveiðistjórnun allan þann tíma sem sá flokkur hefur starfað. Það hefur hvergi komið fram í neinu, ekki einasta orði, hvað viðkomandi flokkur á við með því orðalagi. Ég vænti þess að þingmaðurinn leitist þá við að varpa ljósi á hugmyndir sínar í þessum efnum.

Ég tek auðvitað þátt í þjóðfélagsumræðu og reyni að hafa áhrif á framgang mála. Ég skilgreini hlutina eftir því sem mér er best unnt, hver ég tel vandamál gildandi kerfis, eins og kom fram í ræðu minni áðan, og reyni síðan að finna tillögur til þess að bæta úr að þessu leyti og afla þeim stuðnings. Það er hin almenna leið sem stjórnmálamaður hefur til að þoka málum áfram. Ég vænti þess að njóta stuðnings m.a. frá hv. þm. sem hefur að hluta talað fyrir svipuðum sjónarmiðum.

[19:15]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skilgreini ekki og lýsi ekki hugmyndum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og tillögum um stjórn fiskveiða á tveim mínútum. En mér finnst ákaflega mikilvægt eftir að hafa flutt ræðu af þessu tagi verandi í stjórnarmeirihluta, að upplýsa þingheim um það hverjar líkur hv. þm. telji á því að flokkur hans og stuðningsflokkurinn gangi inn á hugmyndir af þessu tagi. Ég tek undir margt af því sem Kristinn H. Gunnarsson hefur sagt um nýja sýn og nýja stjórn fiskveiðimála, enda eru margar af þeim hugmyndum mjög í takt við og upp úr kosningastefnuskrá Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það verður því ekki til vandræða.

Hins vegar er til vandræða að finna út úr því hvort hv. þm. telji að stjórnarmeirihlutinn, Framsfl. og Sjálfstfl., samþykki þessar hugmyndir, hvort þær eigi hljómgrunn þar inni.

[19:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Engu urðum við nær um hugmyndir Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um byggðatengda fiskveiðistjórn. En ég vil nefna eina hugmynd sem menn hafa dregið upp í þessari umræðu og er ættuð frá Skotlandi.

Þar búa menn við þær aðstæður að hluti af aflaheimildunum er tekinn frá. Hann er ekki til almennrar úthlutunar til útvegsmanna. Hann er tekinn frá og sveitarstjórnin ákveður úthlutun eftir ákveðnum reglum sem um það eru settar til þess að tryggja auknar veiðiheimildir þeirra útgerða sem eru í viðkomandi byggðarlagi og til þess að tryggja að nýir aðilar geti hafið útgerð og spreytt sig í þeirri atvinnugrein með því að fá veiðiheimildir úr þessari úthlutun. Afgjaldið sem þeir greiða er 5% af aflaverðmæti.

Mér finnst þetta að mörgu leyti aðlaðandi hugmyndir og vil gjarnan kynna þær og taka þátt í að þróa þær áfram.

[19:17]

Útbýting þingskjala:

Stjórn fiskveiða, 460. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 738.
Vinnsla kaplamjólkur, 375. mál, svar landbrh., þskj. 737.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 19:18.

---

79. FUNDUR

miðvikudaginn 15. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Að lokinni atkvæðagreiðslu fer fram umræða utan dagskrár um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga um hækkun tryggingabóta. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 665.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga um hækkun tryggingabóta.

[13:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga er sérstaklega vísað í fyrirhugaðar breytingar á greiðslum almannatrygginga. Þegar þessi yfirlýsing er skoðuð fæ ég ekki betur séð en alvarlegir hlutir séu að gerast. Það er ekki nóg með að bilið sé að aukast á milli þeirra sem eru á lágum kauptöxtum og hinna sem þurfa að reiða sig á bætur almannatrygginga. Þetta sjáum við þegar við skoðum þróunina sem orðið hefur á grunnlífeyri elli- og örorkubóta og tekjutryggingunni annars vegar og lægstu kauptöxtum hins vegar.

Frá árinu 1993–1999 hækkuðu lágmarkslaun um 52%, en grunnlífeyrir og tekjutrygging, þar með taldar eingreiðslur, um 26%. Þarna er helmingsmunur og ef við lítum fram á veginn mun að óbreyttu enn gliðna þarna á milli. Þetta er nógu slæmt út af fyrir sig, reyndar svo slæmt að við það verður ekki unað.

Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort yfirlýsing ríkisstjórnarinnar feli í sér annað og meira. Þá er ég að tala um beina skerðingu frá því sem nú er lögboðið. Þegar ríkisstjórnin reif tengslin á milli lágmarkslauna og bótagreiðslna úr sambandi haustið 1995 var því ákaft mótmælt af hálfu samtaka elli- og örorkulífeyrisþega og samtaka launafólks og þótt ekki væri fallist á að koma þessum tengslum á að nýju fékkst það í gegn árið 1997 að lögfest var eftirfarandi ákvæði sem er að finna í 65. gr. almannatryggingalaga: Bætur almannatrygginga skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni en — og nú vitna ég, með leyfi forseta, orðrétt í greinina — „taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Lítum á framkvæmd þessara laga og horfum til síðasta árs. Hver skyldi verðlagsþróun hafa verið á síðasta ári? Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar nam hún 5,8%, þannig að hækkanir í almannatryggingakerfinu hefðu að lágmarki átt að nema 5,8% samkvæmt landslögum.

En hver skyldi hafa verið hækkun launa? Á þessu tímabili hækkaði launavísitala um 6,8% og þar sem þessi hækkun er meiri en nemur verðlagsvísitölu hefðu bætur almannatrygginga átt að hækka um 6,8% að lágmarki. En hver var hækkunin í reynd? Hún var 5,73%. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin hefur ekki einu sinni farið að lögum gagnvart

öryrkjum og ellilífeyrisþegum á nýliðnu ári og það sem meira er, ef ríkisstjórnin fylgir þeirri yfirlýsingu sem hún hefur sent frá sér og verðbólga yrði áfram svipuð og hún er nú, 5,8%, þá væri hún að hafa lögboðnar kjarabætur af öldruðum og öryrkjum sem er skammtað 4,5% á árinu.

Ég ítreka það sjónarmið mitt að greiðslur til öryrkja og lífeyrisþega á að sjálfsögðu ekki að miða við minna en lægstu kauptaxta og eins og ég gat um hafa þeir hækkað helmingi meira á síðustu sjö árum en greiðslur í almannatryggingakerfinu og enn á að auka þann mun ef fer fram sem horfir. Ef ekki á að miða við lægstu kauptaxta sem er eðlilegt að gera, þá verður ríkisstjórnin að gera sér grein fyrir því að hún er bundin af landslögum að taka mið af almennri verðlags- og launaþróun í landinu. Með öðrum orðum, yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er í besta falli blekkingaleikur, í versta lagi hefði hún í för með sér lögbrot og kjaraskerðingu fyrir lífeyrisþega og öryrkja. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gagnvart öldruðum og öryrkjum gefur þessum hópum ekki meiri kjarabætur en núverandi lög kveða á um, en útkoman getur hins vegar orðið lakari. Hvernig skýrir hæstv. forsrh. að í nafni ríkisstjórnarinnar skuli vera borinn á borð annar eins öfugmælaboðskapur og fyrirheitin í yfirlýsingunni um kjarabætur öryrkjum og öldruðum til handa ber vitni um?

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er ágætt að fá tækifæri til að ræða þessi mál hér. Þó að út af fyrir sig sé vitað að málið komi til kasta þingsins fljótlega vegna lagasetningar sem þarf að fylgja þessari yfirlýsingu, þá er ekkert að því að eiga hér utandagskrárumræður jafnframt um málið, enda mikilvægt.

Ég er þeirrar skoðunar að þeir kjarasamningar sem gerðir voru á dögunum, verði þeir upphaf að öðrum slíkum kjarasamningum í landinu, geti leitt til þess að kaupmáttur launafólks haldist og aukist núna fimmta eða sjötta árið í röð. Ef það tekst hefur það aldrei tekist fyrr í sögunni. Kaupmáttur þessa fólks hefur eins og kunnugt er aldrei vaxið jafnört, jafnmikið og jafnörugglega og á þessu skeiði. Það er líklegt og vonandi að þessir samningar tryggi það einnig.

Það er einnig gleðiefni að á sama tímabili fram að þessu hefur okkur tekist að hækka kaupmátt bóta í landinu lítillega umfram launavísitölu, þ.e. kaupmáttur sem hefur vaxið um 22% hefur einnig vaxið svo hjá þeim sem njóta bóta. Þetta hefur aldrei áður gerst í sögunni heldur. Það er afar þýðingarmikið að við höldum áfram á þessari leið, en ekki hinni þar sem kaupmáttur bóta þessara hópa hrundi ár frá ári eins og menn þekkja og óþarft er að rifja upp hér og nú.

En í hverju felst yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er varðar þá hópa sem hv. þm. gerði að umtalsefni? Þegar bætur voru síðast hækkaðar um áramótin um 3,6% voru laun á almenna markaðnum ekki að hækka neitt, að vísu voru bætur hjá hinu opinbera eða laun hjá opinberum starfsmönnum að hækka um 3%. Engu að síður var ákveðið að fylgja þar eftir hækkun hjá opinberum starfsmönnum um 3,6%, rúmlega 3%, en bíða ekki eftir heildarkjarasamningum annars staðar. (**ÖJ:** Launavísitalan var 6,8%.) Ég þagði nú, hv. þm., þegar þú varst í ræðustólnum. Núna gerist það hins vegar að samið er á ákveðnum hluta markaðarins, ekki stórum hluta heldur ákveðnum hluta markaðarins. Færa mætti rök fyrir því að bíða með hækkun bóta þar til meiri mynd væri komin á kjarasamninga í landinu. Nei, það er ekki gert. Fyrir áeggjan verkalýðshreyfingarinnar m.a. er ákveðið að strax við þessi tímamót komi sú hækkun inn sem sá kjarasamningur tryggir til handa bótaþegum einnig og það er gengið örlítið lengra með sama hætti og gert var um áramótin, og þess gætt að vera alltaf þeim megin við bilið. Þetta sýnir og sannar að ríkisstjórnin ætlar sér og hefur fullan hug á að fylgja því eftir með hörku að kaupmáttur bóta þeirra sem slíkra bóta njóta megi halda áfram að eflast, halda áfram að hækka en ekki falla á nýjan leik eins og gerðist stundum áður fyrr.

Fyrir utan það að kaupmáttur hafi fylgt launavísitölu og rúmlega það hafa síðan verið gerðar ýmsar breytingar til lækkunar á jaðaráhrifum sem hafa kostað ríkissjóð um 690 millj. kr. sem þýðir í raun um 4% hækkun til viðbótar þeim hækkunum sem þegar eru fram komnar. Það er afar þýðingarmikið að þetta haldist.

Í þriðja lagi er ljóst að vegna yfirlýsingarinnar sem gefin var í tilefni af kjarasamningum Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins var ákveðið að hækka persónuafsláttinn og er ljóst að hann kemur stórum hópi þeirra sem njóta bóta einnig til góða við þessar aðstæður. Þessi yfirlýsing er því afar þýðingarmikil fyrir þá sem njóta bóta í landinu. Auðvitað vitum við að þær bætur eru lágar. Öll vildum við hafa þær miklu hærri. Það er enginn meira góðmenni en annar í þessum sal hvað það varðar hvernig sem menn slá sér á brjóst. Aðalatriðið er þó að kaupmátturinn fái að aukast, eflast og styrkjast og það er það sem við erum að standa fyrir með þessari yfirlýsingu.

Ég vek athygli á því vegna þeirra talna sem hv. þm. fór með varðandi verðbólguna að Seðlabankinn hefur spáð því að verðbólgan á þessu ári verði 3,8% og það er kannski rétt að hafa það í huga miðað við þær tölur sem hv. þm. hafði uppi í ræðu sinni áðan. Í heild fagna ég því að þessi áfangi hafi náðst. Það gefur okkur vonir um að við náum að tryggja það framvegis að kaupmáttur bóta launafólks haldi áfram að hækka.

Hitt atriðið, sem við höfum margoft rætt áður í þessum sal og gerðist fyrst 1997, er að þegar taxtar voru hækkaðir um 25% eða svo hækkaði launakostnaður atvinnulífsins um 4% vegna þess að afar fáir voru á þeim töxtum lengur. Þetta er rétt að hafa í huga þegar menn hengja sig í þennan samanburð.

[13:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hv. málshefjandi Ögmundur Jónasson hefur sýnt fram á það með opinberum tölum að ríkisstjórnin hefur ekki farið að þeim lögum sem hún setti sjálf um hækkun bóta almannatrygginga, auk þess sem bil milli lægstu launa og bótanna eykst stöðugt. Þetta eru alvarlegar upplýsingar. Í kjarasamningunum er verið að hækka lægstu laun sérstaklega. Lægstu laun verða um 90 þús. á mánuði sem er engin ofrausn. Á sama tíma eru öldruðum og öryrkjum sem búa einir skammtaðir $^3/_4$ af þeirri upphæð, en lífeyrisþega á strípuðum bótum með fjölskyldu er skammtaður rúmur helmingur eða um 47 þús. kr. á mánuði. Þetta er blaut tuska framan í verst settu lífeyrisþegana. Sú upphæð, 47 þúsund, dugar ekki fyrir mánaðarleigu í minnstu íbúð í Reykjavík. Öryrki eða aldraður með 47 þús. kr. getur ekki leyft sér að eiga bíl eða fá sér föt. Hann getur ekki leyft sér neitt. Og ég efast um að það dugi fyrir mat hvað sem öllu kaupmáttartali líður. Skattbreytingarnar koma þessu fólki ekki til góða. Það er með tekjur undir skattleysismörkum. Það er svona sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar deilir góðærinu

til landsmanna. Þetta staðfestir enn frekar að undir þessari ríkisstjórn er örorka ávísun á fátækt.

Landsfundur Sjálfstfl. samþykkti afnám tekjutengingar fyrir kosningar. Það hefur ekki einu sinni verið staðið við loforð heilbrrh. um afnám tekjutengingar við tekjur maka. Það væri nær að hæstv. forsrh. notaði orku sína til að standa við samþykktir flokksins og ekki síður landslög. Það verður að taka sérstaklega á framfærslu verst settu lífeyrisþeganna, hækka lægstu bætur sérstaklega, ekki síður en lægstu laun. Hækkun tekjutryggingar er eina leiðin innan núverandi kerfis. Látum þessa misskiptingu ekki viðgangast.

[13:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef sem ráðherra tryggingamála átt gott samstarf við flesta forustumenn öryrkja í landinu. Með samvinnu, samráði og málamiðlun hefur okkur á margan hátt tekist að bæta mjög stöðu margra öryrkja. Að sumu leyti hefur einmitt þessi ríkisstjórn komið meira til móts við öryrkja en þær sem setið hafa hér á landi síðustu tvo áratugina.

Virðulegi forseti. Ég hef átt gott samstarf við Hauk Þórðarson, fyrrv. formann Öryrkjabandalagsins, við framkvæmdarstjórann Helga Seljan og Guðríði Ólafsdóttur, starfsmann samtakanna. Við sameinuðumst um það í árslok 1998 að draga úr jaðaráhrifum tekna vegna vinnutekna maka. Í þetta fóru hundruð milljóna kr. og þarna var stigið fyrsta skrefið í viðleitni til að draga úr bótaskerðingu vegna tekna maka.

Fyrir rúmu ári átti ég fund með þessum sömu forustumönnum Öryrkjabandalagsins og í sameiningu settu þau upp forgangslista yfir atriði sem talið var mögulegt að ná fram og voru brýnust. Efst á þeim lista var hækkun dagpeninga vistmanna á stofnunum. Þeir voru hækkaðir. Næst var að breyta bifreiðakaupastyrkjum að ósk öryrkja. Það var gert og að því máli kom einmitt Arnór Pétursson, formaður Sjálfsbjargar.

Þá var lögð áhersla á að bæta stöðu einstæðra mæðra í hópi öryrkja. Það var einnig gert. Þetta var gert á síðasta ári, ekki með lúðrablæstri eða söng. Við breyttum þessu einfaldlega vegna þess að það var mögulegt og það var sanngjarnt. Í þetta setti ríkisstjórnin um 700 millj. kr. ásamt ýmsum öðrum úrbótum.

Á þetta vil ég minna og ég vil minna á mikilvægi samvinnunnar og samstöðunnar þegar við erum að vinna að málefnum öryrkja og aldraða.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þeir aðilar sem erfiðast eiga uppdráttar í þjóðfélaginu eru einmitt þeir sem ríkisvaldið hefur tekið upp á sína arma.

Mat á stöðu öryrkja nú er að nokkur þúsund Íslendingar eigi í erfiðleikum með lífeyri sinn og að margir hverjir búi raunar við sára fátækt, samanber nýlega könnun Rauða kross Íslands. Þetta fólk er eiginlega statt á milli kerfa og byggir flest afkomu sína að mestu eða öllu leyti á lífeyrisgreiðslum almannatryggingakerfisins, en þar eru hámarksgreiðslur nú um 70 þús. kr. á mánuði.

Um er að ræða fólk á ýmsum aldri. Annars vegar eru ellilífeyrisþegar sem hafa skilað þjóðfélaginu drjúgu ævistarfi og lagt í hendur afkomendum sínum undirstöður hins íslenska velferðarkerfis. Hins vegar er um að ræða öryrkja á ýmsum aldri, m.a. ungt fólk sem hefur af ýmsum ástæðum annaðhvort misst heilsu og starfsorku eða aldrei fengið tækifæri til að vera virkir þjóðfélagsþegnar. Þessi hópur er því *jafnvel enn verr settur en sá fyrrnefndi*, þ.e. *ellilífeyrisþegar*.

Af kjarasamningum Flóabandalagsins og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar má ráða að hagur þessa fólks muni ekki batna á næstu árum. Þar er enn á ný verið að reikna prósentutölur ofan á allt of lágan grunn.

Verði ekkert að gert verða bætur öryrkja í lok samningstímans í janúar árið 2003, einungis um 76.000 krónur eða 15.000 krónum lægri en lágmarkslaunin sem þá eiga að taka gildi. Við svo búið má ekki standa og ber að lagfæra stöðu öryrkja frekar en orðið er.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að ósvífni hæstv. forsrh. í umræðum um þessi mál ríður ekki við einteyming. Í stað þess að svara spurningum sem hér voru fram bornar um það hvers vegna hlutur öryrkja og ellilífeyrisþega yrði enn á ný skilinn eftir þá sneri hæstv. forsrh. hlutunum þannig við að í raun og veru ættu talsmenn þessara samtaka að krjúpa að fótum ríkisstjórnarinnar og þakka henni fyrir að vera að gera hluti sem hún hefði ekki endilega þurft að gera.

Þá verð ég einnig að segja, herra forseti, að nafngreiningar hæstv. heilbr.- og trmrh. hér á þeim talsmönnum samtaka öryrkja sem hún hefði átt gott samstarf við eru með því ógeðfelldara sem ég heyrt af þessu tagi vegna þess nafns sem þar var sleppt, núverandi formanns Öryrkjabandalagsins. Og ég verð að segja að þessar ógeðfelldu tilraunir hæstvirtra ráðherra, hæstv. forsrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh. núna til aftöku á forustumanni í félagasamtökum af þessu tagi eru dapurlegar og segja meira um þessa hæstv. ráðherra en margt annað.

Yfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamningana er einhver mesta ekki-yfirlýsing lengi hefur komið fram því í henni er ekkert, nákvæmlega ekkert sem ríkisstjórnin er ekki annaðhvort bundin af að lögum eða hefur heitið nú þegar í formi kosningaloforða eða í sínum stjórnarsáttmála. Það er ekkert nýtt í þessari yfirlýsingu.

Þegar litið er á að skattleysismörkin skuli fylgja launaþróun þá er það ekki-yfirlýsing því ef þau gerðu það ekki þá væri verið að þyngja skattbyrðina. Þegar litið er á tekjutengingu barnabóta þá er það sömuleiðis ekki-yfirlýsing því þar er á ferðinni framkvæmd á kosningaloforðum og margendurteknum kosningaloforðum Framsfl. Að greiðslur almannatrygginga hækki í takt við laun er ekki-yfirlýsing því ef þær gerðu það ekki þá væri það lögbrot. Þannig má áfram telja.

Það er í reynd ekkert nýtt jákvætt framlag í þessari yfirlýsingu, ekki eyris virði. Þar af leiðandi er þetta einhver mesta ekki-yfirlýsing sem nokkurn tíma hefur komið fram og alvarlegastur er auðvitað hlutur ellilífeyrisþega og öryrkja í þessu sem enn einu sinni á að skilja eftir.

[13:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í tengslum við umræðu um tryggingabætur þarf að huga að mörgum fleiri þáttum sem tengjast velferðarkerfi okkar en tryggingabótunum einum og sér. Það er þekkt staðreynd að bótakerfi Tryggingastofnunar er nokkuð flókið. Við bætist að lífeyriskerfið og skattkerfið spilar inn í hið almenna tryggingabótakerfi, en einnig kemur til bótakerfi og félagsþjónustukerfi sveitarfélaganna.

Á mánudaginn var ræddum við einmitt nýtt frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem m.a. er verið að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og skerpa enn á skyldum sveitarfélaga til félagsþjónustu og réttindum fatlaðra á ýmsum sviðum. Fyrir liggur einnig að ræða frv. um réttindagæslu fatlaðra, um Greiningar- og ráðgjafarstöðina, um vinnumarkaðsaðgerðir vegna atvinnumála fatlaðra. Öll þessi atriði skipta bótaþega almannatrygginga mjög miklu máli. Það er sem sagt í gangi stöðug vinna á vegum ríkisstjórnarinnar og Alþingis við að bæta okkar mikilvæga velferðarsamfélag.

Þess hefur verið gætt að bætur almannatrygginga hafi hækkað til samræmis við launavísitöluna og í sumum bótaflokkum umfram launavísitölu eins og lágmarksbætur á síðasta kjörtímabili sem hækkuðu um 22,5%. Til viðbótar var varið 690 millj. kr. til að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins, hækka frítekjumörk og bæta hag hinna verst settu. Í yfirlýsingum ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga nú er því lýst yfir að bæturnar muni hækka í takt við umsamdar almennar launahækkanir á samningstímabilinu en þó meira en launahækkanir á þessu ári.

Við Íslendingar höfum byggt upp lífeyrissjóðakerfi sem er talið til þess besta sem gerist í vestrænum samfélögum og líta margir öfundaraugum til okkar hvað það varðar. Þegar tímar líða fram mun það taka við miklum hluta almannabótakerfisins.

Uppbygging tryggingakerfisins verður að vera í sífelldri endurskoðun. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er markmið þess efnis að endurskoða almannatryggingakerfið og samspil þess við skattkerfið, einnig að framkvæmd verði einfölduð og samræmd til hagsbóta fyrir bótaþega. Einnig er lögð áhersla á að tryggja sérstaklega hag öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa.

Fjarri fer að við séum komin með hið endanlega fyrirmyndarríki en við erum vissulega í stöðugri vinnu við að finna lausnir á því.

[13:52]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað lýst því yfir að mikið fall hafi orðið á kaupmætti lífeyrisgreiðslna á þeim tíma sem þeir flokkar sem standa að Samfylkingunni sátu í ríkisstjórn og á hann þá við kreppuárin frá 1987–1995. Það er alveg rétt.

Hins vegar gleymir hæstv. forsrh. því að lungann af því tímabili störfuðu hér ríkisstjórnir undir forustu Sjálfstfl. og meginhlutann af þeim tíma ríkisstjórn undir hans forustu.

Það var hins vegar ein þumalfingursregla sem þessar ríkisstjórnir höfðu og hún var sú að kaupmáttur bóta örorku- og lífeyrisþega skyldi ekki skerðast meira en kaupmáttur þeirra sem lægstu launin fengju í þjóðfélaginu. Og við stóðum við það. Ég bað kjararannsóknarnefnd að láta mig hafa útreikninga sína á kaupmættinum. Þar kemur í ljós að okkur tókst á þessum erfiðleikaárum að halda þannig á málum að kaupmáttur lífeyrisþega skertist um 10% minna en kaupmáttur lægstu launa. Og við lofuðum því, hæstv. forsrh., að við skyldum bætta þessa skerðingu upp þegar betur færi að ára. Og það gerðist árið 1995.

En hvað hefur gerst síðan? Síðan hefur það gerst samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar að kaupmáttur lágmarkslauna hefur aukist um 37,5% en kaupmáttur lífeyrisgreiðslna um 11,2% eða um þriðjunginn af því sem kaupmáttur lágmarkslauna hefur batnað. Og nú stendur til, herra forseti, að auka kaupmátt lágmarkslauna um 30% en kaupmátt lífeyristekna um 12%.

Hæstv. forseti. Ég minni hæstv. forsrh. á það loforð sem við gáfum saman, að þegar betur færi að ára yrði öryrkjum og lífeyrisþegum bætt þess skerðing. Ég ætla, virðulegi forseti, með þínu leyfi, að afhenda hæstv. forsrh. útreikning kjararannsóknarnefndar þessu til staðfestingar.

[13:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það sem við stöndum nú frammi fyrir er alvarlegt mál. Þeir sem verst eru settir í þjóðfélaginu eiga mest undir samhjálpinni til þess að geta lifað lífinu með reisn og þeir eiga það undir hæstv. ríkisstjórn og Alþingi að það takist. En þeir þurfa enn á ný að lúta. Réttur þeirra, möguleiki, virðing og staða skal æ vera fyrir borð borinn þegar verið er að deila út köku ríkisins, deila út kjörum.

Það er lofsvert að kaupmáttur launa og bóta skuli hækka og vissulega er það alveg sjálfsagt í því góðæri sem við nú búum við. En hitt er ópolandi, herra forseti, að við skulum enn á ný upplifa það að þessir hópar þjóðfélagsins skuli enn búa við lítillækkun og að þurfa að sækja sinn rétt eins og við nú hér upplifum.

Herra forseti. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að endurskoða ákvörðun sína sem hún nú hefur gefið út eða kannski gefa út nýja yfirlýsingu og enn þá betri við gerð næstu kjarasamninga sem nú eru í farvatninu því að kjarasamningum er ekki lokið.

[13:56]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Upphrópanir og áróður stjórnarandstöðunnar og ýmissa annarra á undanförnum mánuðum um bága stöðu velferðarmála hér á landi eru fjarri sannleikanum. Nú er bætt um betur og reynt að gera ríkisstjórnina enn eina ferðina tortryggilega þegar raunin er sú að með yfirlýsingu sinni í tengslum við kjarasamninga á almenna markaðnum sem undirritaðir voru um síðustu helgi, voru gefin loforð um bættan hag almennings sem munu hafa áhrif á alla þjóðfélagshópa. M.a. voru gefin loforð um hækkun persónuafsláttar og breytingu á viðmiðunum skattleysismarka, minnkaða tekjutengingu barnabóta og hækkun tekjuskerðingarmarka þeirra, að greiðslur almannatrygginga hækki í takt við laun og að unnið verði að lengingu fæðingarorlofs. Þessar breytingar munu sérstaklega koma láglaunafólki til góða, þar með talið bótaþegum þar sem hækkun skattleysismarka skilar sér að fullu til bótaþega og eykur ráðstöfunartekjur þeirra. Öll þessi atriði eru í samræmi við óskir og vilja verkalýðshreyfingarinnar og hafa forustumenn hennar lýst því yfir að ríkisstjórnin hafi með yfirlýsingu sinni tekið myndarlega á þessum málum og komið hafi verið til móts við allar kröfur þeirra.

Árangur íslenska velferðarkerfisins er að mörgu leyti góður og lífskjör meiri hluta þjóðarinnar eru sambærileg við það besta sem þekkist meðal almennings á Vesturlöndum. Þetta er einkunn sem Stefán Ólafsson gefur íslenska velferðarkerfinu í bók sinni. En þrátt fyrir þessa góðu einkunn þarfnast nokkur atriði sérstaklega skoðunar og eitt þeirra er staða langveikra. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna sem kynnt var í gær. Þar er tekið á ýmsum þáttum í bótakerfinu sem snúa að þessum hópi og er verulega til bóta.

Ég vil því ítreka að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar mun hér eftir sem hingað til standa vörð um íslenska velferðarkerfið,

skoða þau atriði sem sérstaklega þarf að lagfæra og fylgja fast eftir því markmiði sínu að bæta áfram hag almennings í landinu.

[13:59]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég mun láta bíða síðari tíma að ræða fullyrðingar hv. þm. Ástu Möller um bættan hag almenningi til handa vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna þess að þær eru rangar. Skattleysismörkin eiga að halda í við lágmarks umsamda launaþróun og fela ekki í sér nein útgjöld fyrir ríkissjóð, engin. Hins vegar er því ekki skilað til baka sem tekið hefur verið að fólki í þeim efnum á undangengnum árum. Skattleysismörkin ættu núna að vera langt yfir 80 þús. kr. en eru 62 þús. kr. fyrir þessa hópa. Og varðandi barnabæturnar þá á að byrja að skila í áföngum hluta af því sem tekið hefur verið af barnafólki á undangengnum árum. Í upphafi áratugarins voru barnabætur 1,21% af vergri landsframleiðslu en eru nú 0,60%. Þessu á að skila í áföngum — þetta er kosningaloforð Framsfl. — í tengslum við kjarasamninga. Þetta bíður síðari tíma.

Hæstv. forsrh. segist fagna því að fá tækifæri til að ræða þessi mál. Já, það er ágætt að ræða þessi mál hér, lögbrot ríkisstjórnarinnar gagnvart öryrkjum og ellilífeyrisþegum á síðasta ári. Ég hef sýnt fram á það með óyggjandi tölum sem ekki verður deilt um vegna þess að þær eru fengnar frá Tryggingastofnun. Bætur í gegnum almannatryggingakerfið hafa hækkað minna en lög kveða á um, 5,73% á síðasta ári á sama tíma og launavísitala hækkaði um 6,8%. Staðreyndin er sú að þetta bil mun enn gliðna á komandi árum. Eftir þrjú ár eiga lægstu laun að vera komin í 91 þús. kr. Öryrki eða ellilífeyrisþegi sem getur fengið allar hugsanlegar bætur verður þá kominn í 76.176 kr. En innan við 3% lífeyrisþega og öryrkja eru á þessum bótum. Sá hópur eða flestir eru núna á 47 þús. kr. ef við tökum strípaðar greiðslur og þeir munu fara í 51.787 kr. á þessu tímabili. Þetta er svívirðilegt.

[14:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Út af þessu síðasta að ég hafi áður nefnt hvað um er að ræða þegar menn eru að fjalla um kauptaxtana sem hækka með þessum hætti, þá segir það ekki alla söguna varðandi þróun launa vegna þess hversu fáir eru orðnir eftir af þessum lægstu kauptöxtum eins og kunnugt er.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var svo vinsamlegur að rétta mér blað frá kjararannsóknarnefnd og hann vitnaði einmitt til þess og viðurkenndi að þegar þeir flokkar sem skipa nú Samfylkinguna voru í stjórn, hrundi kaupmáttur launa bótaþega en hann sagði að kaupmáttur annarra launþega hefði hrunið miklu meira, þ.e. kaupmáttur launa bótaþega hrundi um 16% eins og menn kannski muna en kaupmáttur lægstu launa um 26% á tímabili Samfylkingarflokkanna. Það er töluvert hrap sem þarna var viðurkennt. Það er gott að það komi fram. En hann sagði að þeir hefðu gætt sín á því að láta það ekki hrapa eins mikið og hjá launafólkinu, það er mergurinn málsins. Þessu hefur núverandi ríkisstjórn breytt. Nú er það svo að kaupmáttur bótanna, fjárhæðir bótanna eru tryggðar miðað við neysluvísitöluna. Komi slíkt gat upp á nýjan leik að launamenn þyrftu að taka miklum lækkunum, sem við skulum svo sannarlega vona að gerist ekki, þá halda bótaþegar sínu samkvæmt þessum lögum. Það var öfugt þegar Samfylkingarflokkarnir voru í ríkisstjórn eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson benti svo skilmerkilega á áðan og var mjög gott að fá fram.

Þetta er afar þýðingarmikið. Ef okkur tekst að auka og bæta kaupmáttinn hjá þeim sem njóta bótanna hefur ríkisstjórnin tryggt að jafnvel þótt á móti blási hjá almennu launafólki er búið að setja net undir þessa hópa. Það er afar þýðingarmikið og ég þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir þessa mikilvægu ábendingu.

Fundi slitið kl. 14:03.

---

80. FUNDUR

miðvikudaginn 15. mars,
að loknum 79. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Póstburður, fsp. JB, 324. mál, þskj. 574.
2. Tækjabúnaður til að minnka koltvísýringsmengun, fsp. GE, 330. mál, þskj. 581.

Til sjávarútvegsráðherra:

3. Eldi þorsks og annarra sjávardýra, fsp. KPál, 343. mál, þskj. 596.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Sjúkrahótel, fsp. SJóh, 382. mál, þskj. 640.
5. Úrbætur á aðstöðu öldrunardeildarinnar Ljósheima á Selfossi, fsp. MF, 409. mál, þskj. 667.
6. Aðgengi að getnaðarvarnarpillu, fsp. ÁMöl, 425. mál, þskj. 690.
7. Viðbrögð við þungunum unglingsstúlkna, fsp. ÁMöl, 426. mál, þskj. 691.
8. Reglur um sjúklingatryggingu, fsp. GuðjS, 447. mál, þskj. 718.

Til dómsmálaráðherra:

9. Löggæsla í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi, fsp. SJóh, 411. mál, þskj. 669.
10. Skráning afbrota, fsp. MF, 432. mál, þskj. 702.
11. Heilbrigðisþjónusta við unga afbrotamenn, fsp. MF, 433. mál, þskj. 703.
12. Eftirlit á skilorði, fsp. MF, 434. mál, þskj. 704.
13. Gæsluvarðhaldsvistun barna, fsp. MF, 435. mál, þskj. 705.
14. Viðbrögð við vandamálum sem tengjast spilafíkn, fsp. ÖJ, 445. mál, þskj. 716.

Til iðnaðarráðherra:

15. Vinnuvélanámskeið, fsp. MF, 431. mál, þskj. 701.

Til félagsmálaráðherra:

16. Rekstur Reykjadals í Mosfellssveit, fsp. KLM, 449. mál, þskj. 720.

Póstburður.

Fsp. JB, 324. mál. — Þskj. 574.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Markmið laga um póstþjónustu frá 1996 er að tryggja hagkvæma og virka póstþjónustu um land allt. Jafnframt er kveðið á um að íslenska ríkið skuli tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu vegna ákveðinna sendingartegunda sem eru nánar taldar upp. Áréttað er að þjónusta og gæðakröfur séu uppfylltar og tryggt sé að almenningur njóti aðgengi að grunnpóstþjónustu.

Enn fremur er kveðið á um að rekstrarleyfishafa sé skylt annast sérstök verkefni þótt þau séu ekki arðbær.

Herra forseti. Hvorki í lögum né reglugerðum er að finna ákvæði um að þjónustustig grunnpóstþjónustu sé skilgreint. Aðeins er kveðið á um að pósturinn komist endanlega á ákvörðunarstað óskemmdur, ekki búið að rífa hann upp og trúnaðar sé gætt.

Herra forseti. Í mínum huga á tíðni á dreifingu og afhendingu á pósti til móttakanda að vera skilgreind í grunnpóstþjónustu, sömuleiðis hve langur tími má líða frá því að póstsendingu er skilað inn til dreifingar og þangað til hún á að vera komin á áfangastað og þessi skilyrði eiga að vera altæk gagnvart landsmönnum öllum.

Herra forseti. Fyrir mig skiptir máli hversu lengi póstsending frá Siglufirði eða Vík í Mýrdal er að berast heim að Hólum í Hjaltadal eða hvaða annars húss eða bæjar á landinu. Það skiptir mig máli sem neytanda hversu langt er til næsta pósthúss og hversu víðtæk póstþjónusta þar er veitt. Fjöldi, dreifing og staðsetning pósthúsa á að vera skilgreind í leyfum til að reka grunnpóstþjónustu sem hluta af alþjónustu ásamt kröfum um opnunartíma, öryggi og póstlengd.

Herra forseti. Fyrir mér er það eitt grundvallaratriði póstþjónustu að allir landsmenn fái daglega póstdreifingu. Annað ætti að vera undantekning en mikið skortir á að svo sé. Ég leyfi mér því, herra forseti, að spyrja hæstv. samgrh.:

1. Hver skilgreinir og ákveður þjónustustig grunnpóstþjónustu í landinu og gætir þess að jafnræðis sé gætt í þjónustu gagnvart landsmönnum öllum?

2. Hverjar eru þjónustu- og gæðakröfur sem gerðar eru til póstþjónustu í landinu, m.a. þjónustu pósthúsa, tíðni póstdreifingar og þess tíma sem líður frá móttöku sendingar og þar til henni er skilað til viðtakanda hér innan lands?

3. Getur hæstv. samgrh. lagt fram tímasetta áætlun sem kveður á um skilgreinda eflingu póstþjónustu gagnvart öllum íbúum landsins óháð búsetu?

4. Hvenær verður komin á daglegur póstburður virka daga inn á öll eða flestöll heimili í landinu?

[14:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem ég svara hljóðaði þannig á þskj. því sem dreift hefur verið á Alþingi:

„Hvenær verður áætlun um póstburð alla virka daga til allra eða flestallra heimila í landinu komin til framkvæmda?"

Hv. fyrirspyrjandi mun eftir atvikum fá svör við þeim viðbótarfyrirspurnum sem hann bar upp í ræðu sinni í því sem ég segi hér. Svar mitt er á þessa leið:

Samgrn. hefur óskað eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að settar yrðu reglur um fimm daga póstþjónustu á dreifbýlissvæðum þar sem því verður við komið. Ráðuneytið stefnir að því að þessari þjónustu verði komið á innan tveggja ára. Póst- og fjarskiptastofnun mun á næstunni senda ráðuneytinu drög að reglum um póstútburð í dreifbýli og gera grein fyrir áætluðum heildarkostnaði.

Til að undirbúa setningu þessara reglna, sem nefndar voru, óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir því að Íslandspóstur hf., sem er það fyrirtæki sem sinnir þessari þjónustu, veitti upplýsingar um núverandi dreifingu pósts og sér í lagi um landpóstaþjónustu í dreifbýli. Spurt var hvort breytingar þyrfti að gera á rekstri pósthúsa í dreifbýli ef pósti yrði dreift á öllum virkum dögum og hver yrði gróflega áætlaður kostnaður við slíka breytingu með tilliti til fjölda starfa, búnaðar og annars tilfallandi kostnaðar.

Í svari Íslandspósts hf. kemur fram að 5.641 heimili í dreifbýli fá póst með landpóstum og er árlegur kostnaður vegna þessa talinn vera um 140 millj. kr. Flest þessara heimila fá póst þrjá daga í viku en nokkur dæmi eru um tíðari dreifingu. Um 5% heimila fá póst fjóra daga í viku og um 22% heimila fá póst fimm daga í viku.

Í sambandi við fimm daga póstdreifingu má skipta heimilum í dreifbýli á eftirfarandi hátt:

1. Heimili sem nú þegar fá póst á hverjum virkum degi. Hér er um að ræða landpóstþjónustu út frá Akureyri, Borgarnesi, Dalvík, Hellu, Mosfellsbæ, Siglufirði og Vogum, í sumum tilfellum þó ekki á öllum leiðum frá viðkomandi stað. Í þessum flokki eru 1.250 heimili eða um 22% af fyrrnefndum 5.641 heimili.

2. Verið er að undirbúa fimm daga póstþjónustu á þessu ári á leiðunum út frá Borgarnesi, Hvammstanga, Hvolsvelli, Sauðárkróki og Selfossi. Munu þar með bætast 1.474 heimili við þau 1.250 sem nefnd eru að framan og þegar hafa þessa þjónustu. Í lok þessa árs má búast við að 2.724 heimili eða 48% heimila í dreifbýli njóti fimm daga þjónustu.

3. Í undirbúningi er að hefja fimm daga póstþjónustu á árinu 2001 út frá pósthúsunum á Akranesi, Blönduósi, Búðardal, Egilsstöðum, Hellu og Húsavík, samtals 1.304 heimili, og verður þar með því marki náð að 71% af þeim heimilum sem landpóstar þjóna fá póst fimm daga í viku.

4. Eftir eru þá um 1.615 heimili sem eftir er að skipuleggja með tilliti til fimm daga póstburðar.

Áætlaður kostnaður við fimm daga póstþjónustu á þeim leiðum sem taldar eru undir töluliðnum 1–3 hér að framan, þ.e. vegna 71% heimila sem landpóstar þjóna í dag, er um 60 millj. á ári. Ekki er talið að rekstrarkostnaður þeirra pósthúsa sem hlut eiga að máli aukist nema óverulega en kostnaðaraukinn er vegna tíðari ferða landpósta. Lausleg kostnaðaráætlun við að dreifa pósti fimm daga í viku til þeirra 1.615 heimila samkvæmt 4. tölul. sem ég nefndi áðan er 30–40 millj. á ári.

Rétt er að taka fram að endurnýja þarf gildandi samninga við landpósta sem sumir hverjir renna ekki út fyrr en eftir árið 2002 eða jafnvel seinna. Til að mæta kostnaðarauka vegna fimm daga dreifingar pósts í dreifbýli telur Íslandspóstur hf. að þurfi gjaldskrárhækkun auk þess sem reynt verður að hagræða í landpóstaþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun mun á næstunni í samstarfi við Íslandspóst hf. kortleggja hvernig koma megi á fimm daga póstdreifingu á þeim leiðum sem er ekki þegar verið að undirbúa ásamt því að komast að niðurstöðum um hvernig auknum kostnaði Íslandspósts hf. verði mætt.

Þá er rétt að geta þess að það hefur mikil áhrif á framkvæmd þessa máls hvernig snjómokstri verður háttað af

hálfu Vegagerðarinnar um þær leiðir sem þarf að fara.

[14:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Tengt þessu máli vil ég nefna nokkur atriði því að stefna ríkisstjórnarinnar er skýr hvað varðar einkarekstur í opinberri þjónustu. Stefnan er að einkavæða sem mest af opinberri þjónustu og koma henni út til einkaaðila eða hlutafélaga. Fram til þessa hefur opinber grunnþjónusta verið flestum aðgengileg en er nú smám saman að brotna niður í skjóli hagræðingar.

Með þessum aðgerðum er verið að flokka staði eftir hagkvæmni rekstrarins en ekki með það að markmiði að veita öllum þjóðfélagsþegnum viðlíka þjónustu. En hvaða áhrif hefur það á fólk að fá æ ofan í æ þau skilaboð að það sé svo dýrt að þjóna því og það megi sitja við annað borð en flestir landsmenn? Sem dæmi má nefna heimsendingarþjónustu á bögglapósti og póstburð sem er 2–3 í viku. Með tilliti til þess sparnaðar sem fram hefur komið í rekstri og með tilliti til þess að verið er að leggja niður pósthús og koma þeim fyrir inni í þjónustu sparisjóða eða verslana vil ég fá að spyrja hæstv. samgrh. um áætlanir um frekari lokun pósthúsa á landsbyggðinni.

[14:14]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir fyrirspurnina og þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóð svör. Í áætlun samgrn. og hæstv. samgrh. kemur fram að til stendur að auka póstþjónustu í dreifbýli en það skiptir grundvallarmáli. Það skiptir þá þegna sem búa í dreifbýli mjög miklu máli að fá póstinn eins hratt og mögulegt er og eins oft og mögulegt er og það kemur fram í svörum hæstv. samgrh. Áætlað er að eftir tvö ár fái um það bil 71% heimila í dreifbýli póstinn daglega, þ.e. fimm daga póstdreifingu, þetta er grundvallaratriði. Aldrei verður hægt að koma því svo fyrir að hvert og eitt einasta heimili í landinu fái póstinn daglega en þetta eru þó mjög mikilvæg skilaboð og ber að þakka.

[14:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú yfirlýsing sem kom frá hæstv. ráðherra um að það ætti að taka upp fimm daga dreifingu á flestum stöðum landsins í dreifbýlinu er vissulega af því góða en um leið hafa verið tilkynntar fyrirhugaðar lokanir á póststöðvum vítt og breitt um landið. Nú þegar hafa nokkrar verið framkvæmdar en á Suðurlandi er t.d. talað um lokun á póststöð í Vík, Klaustri, Flúðum og Laugarvatni. Ég dreg það í efa ef velja á milli þessarar þjónustu, rekstri póstöðva og þess að fá fimm daga dreifingu á póstinum, að valið yrði að fá dreifinguna í lag hjá þeim sem þarna eiga hlut að máli.

Við þurfum líka að huga að því að hafa ISDN-tengingu fyrir dreifbýlið þannig að íbúar þar geti stundað fjarvinnslu sem er alltaf verið að tala um sem aukna atvinnumöguleika. Það að fara í þessa miklu dreifingu veldur líka aukakostnaði, ekki bara hjá Vegagerð ríkisins heldur einnig hjá sveitarfélögunum hvað varðar snjómoksturinn og þess vegna fannst mér ánægjulegt að hæstv. ráðherra skyldi muna eftir því að taka það sérstaklega fram. En ég dreg í efa að þetta sé forgangsmál.

[14:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. ráðherra um bætta þjónustu hvað varðar póstdreifingu. Mér fyrirgefst samt sem áður að ég er eilítið ruglaður í ríminu því að stundum á það við að handhafi bréfsins í Íslandspósti, svo ég tali nú ekki um Landssímanum, samgrh., hafi bein afskipti af stjórnum fyrirtækja eins og hér um ræðir en stundum alls ekki, sérstaklega þegar Landssíminn á við.

Þá er ég einnig dálítið ruglaður í ríminu því að ég minnist þess ekki að hæstv. ráðherra hafi haft hátt um áform sín um að einkavæða Íslandspóst en talar mikið um einkavæðingu Landssímans. Er þetta einfaldlega þannig að ríkisstjórnin ætlar að selja það sem hagnaður er af en huga ekki að hinu? Er það ástæðan fyrir því?

Enginn má skilja orð mín svo að ég sé að hvetja til þessa en það er umhugsunarefni í sjálfu sér að menn horfa misjöfnum augum á silfrið. Þannig hefur það allt of oft verið að menn selja frá sér gullkálfinn en huga ekki að öðru.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. samgrh. og það var gott að vita að markviss áætlun er í gangi um að koma á daglegum póstdreifingum um landið. Ég vil þó vekja athygli á því, herra forseti, að mér finnst að það eigi að vera skilgreint í póstþjónustunni hver þjónustan á að vera en ekki það að mér detti eitt í hug í dag og annað í hug á morgun hver þjónusta skuli vera.

Við erum líka að horfa á að verið er að leggja niður tuga pósthúsa vítt og breitt um landið. Í sumum tilvikum á sjálfsagt að færa þessa þjónustu inn í verslanir, sjoppur eða bensínskála eða hugsanlega banka sem strandar reyndar á bankalögunum. En þetta, herra forseti, finnst mér að eigi að vera á grundvelli skilgreindra þjónustukrafna. Það þarf því að vera alveg ljóst hvaða þjónustu pósturinn á að veita á þessum pósthúsum. Það eigi ekki að vera bara eitt hér og annað þar. Þarna þarf samræmda kröfu til þjónustu póstsins. Þetta vil ég virkilega leggja áherslu þá og þá líka samræmda skilgreinda kröfu um póstútburðinn og dreifinguna. Ég leyfi mér að ítreka spurninguna til hæstv. samgrh.: Hver er sá sem ber ábyrgð á að þessar þjónustukröfur grunnpóstþjónustunnar séu skilgreindar og staðið við þær?

Ég vil lýsa áhyggjum mínum af þeim orðrómi sem gengur af fækkun pósthúsa og póstdreifistöðva út um landið og ég lýsi áhyggjum mínum yfir því ef sú þróun sem þar er boðar lélegri og ómarkvissari þjónustu.

[14:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég tek eftir því í ræðum manna á Alþingi að þingmenn vinstri grænna virðast ekki hlusta á þau svör sem þeir kalla eftir. Hér koma tveir þingmenn úr þeim stjórnmálaflokki, hv. þm. Jón Bjarnason fyrirspyrjandi og hv. þm. Þuríður Backman, og fullyrða að verið sé að leggja niður tugi póstafgreiðslustöðva á Íslandi eins og hv. þm. Jón Bjarnason sagði. (**JB:** Ég fullyrti það ekki, það gengur orðrómur um það.) Það er ágætt ef þingmaðurinn hefur góðan aðgang að orðrómi landsins og það er út af fyrir sig ágætt. Hins vegar væri miklu mikilvægara að hv. þingmenn hefðu einhverjar staðreyndir fyrir sér um þetta.

Það sem verið er að gera á Íslandi og ég skilgreindi mjög rækilega í svari mínu áðan fyrir þá sem voru í þingsalnum

þá, er að verið er að leggja á ráðin um stóraukna þjónustu. Er það ekki aðalatriðið? Er það bara aðalatriðið að halda úti stofnunum með stórum staf þó að þær hafi ekki sérstakan skilgreindan tilgang, markmið eða skyldur eins og hv. þm. og fyrirspyrjandi nefndi réttilega að þarf að hafa? Nei, aðalatriðið er það sem kom fram í svari mínu að verið er að leggja á ráðin um aukna þjónustu, aukna dreifingu póstsins í landinu en til þess að það megi verða þurfum við einnig að hagræða. Í undirbúningi er breyting á lögum um banka og sparisjóði sem auðveldar þetta þannig að hægt er að sinna þessari afgreiðslu inni í bönkum og sparisjóðum þar sem það á við.

En aðalatriðið sem ég vildi að kæmi rækilega fram í lokin, herra forseti, en virtist ekki hafa komist til skila hjá hv. þm. er að það er verið að auka þessa þjónustu og það stendur ekki til þó að óskir samfylkingarmanna kunni að standa til þess að selja býsna stórar ríkiseignir. Það stendur ekki til, eins og kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, að selja Íslandspóst hf.

Tækjabúnaður til að minnka koltvísýringsmengun.

Fsp. GE, 330. mál. — Þskj. 581.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. samgrh. Reyndar var ekki auðvelt að átta sig á hver væri helst til þess bær að veita svör við þeim spurningum sem ég ber fram. Segja má að efni spurninganna heyri til embætta þriggja ráðuneyta, þ.e. samgöngu-, dóms- og umhverfisráðuneytis. En það var samkomulag um að þessi háttur var hafður á og ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að taka að sér verkefnið.

Ljóst hefur verið um nokkurra ára skeið að unnt er að minnka mengun frá vélum skipa og vélum ökutækja knúnum dísil-, svartolíu- og bensínvélum. Þannig er mál með vexti að ekki er einvörðungu um minnkun mengunar að ræða heldur um allmikinn sparnað í eldsneytisnotkun sem vegna samlegðaráhrifa þessara tveggja þátta gæti auðveldað Íslendingum staðfestingu Ríó-sáttmálans.

Það sem tengist málinu einnig er að nýlega kom fram staðfesting á því sem undirritaður hélt fram í utandagskrárumræðum fyrir þremur árum að hvarfakútar væru í mörgum tilfellum mengunarvaldur þar sem þeir skila ekki árangri fyrr en vélin er komin í vinnsluhita. Fram að þeim tíma kalla þeir á aukna notkun eldsneytis. Með leyfi forseta vitna ég til Morgunblaðsgreinar í bílablaði Morgunblaðsins 6. febrúar sl. Þetta þýðir að stór hluti reykvíska bílaflotans mengar meira innan borgar með hvarfakút en án hans. En ef í notkun væri samhliða Comtec-brennsluhvati með hvarfakút gegnir allt öðru máli eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um. Því hef ég sett fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. samgrh.

Það hefur verið staðfest af ríkisstjórn að 30% af allri koltvísýringsmengun á Íslandi stafi frá skipum og ökutækjum. Ef ríkisstjórnin hefur áhuga á minnkun losunar eldsneytis og mengunar frá dísil- og bensínvélum, hvers vegna hefur þá ekki verið athugað hjá fyrirtækinu sem ég vitnaði til árangurinn af tilraun þeirra og notkun þeirra tækjabúnaðar? Hefur hæstv. samgrh. kannað eða kemur til greina að skapa möguleika á fjárhagsstuðningi til fyrirtækja sem vilja nota tækni til minnkunar mengun í formi lána með lágum vöxtum eða með sértökum skattaaðgerðum?

[14:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson ber upp fyrirspurn í tveimur liðum. Í 1. lið segir:

1. Hefur á vegum ráðherra verið athugaður tækjabúnaður frá fyrirtækinu Comtec og árangur tilrauna með notkun Comtec-búnaðar samhliða hvarfakút til að minnka koltvísýringsmengun af dísil- og bensínvélum í skipum og ökutækjum og ef ekki, hvers vegna ekki?

Á árunum 1993–1995 prófaði Vegagerðin búnað í bíla sem hét þá Powerplus eða Cleanburn frá DEB-þjónustunni á Akranesi og staðfest er að þetta er sambærilegur búnaður og Comtec-búnaðurinn. Einhver þróun í framleiðslu hefur þó átt sér stað en í aðalatriðum er þetta sami búnaðurinn. Vegagerðin lét setja slíkan búnað á nokkra bíla og tæki stofnunarinnar. Þetta var gert í samráði og samvinnu við seljanda búnaðarins og Vélskóla Íslands. Vélskólinn sá um mælingar og prófanir við stýranlegar aðstæður á vél í vélasal skólans. Benda má að öðru leyti á að gerð og búnaður ökutækja heyrir undir dómsmrn. en eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda lá ekki alveg ljóst fyrir hvar eðlilegast væri að bera niður til að fá fyrirspurninni svarað.

Í máli sem varðar varnir gegn mengun sjávar frá skipum er hlutverk Siglingastofnunar að annast eftirlit með skipum og búnaði þeirra samkvæmt reglum sem umhvrh. setur og þar sem stofnuninni er falið slíkt hlutverk. Í slíkum reglum eru engin ákvæði í gildi nú um varnir gegn loftmengun frá skipum. Búnaður sem dregur úr slíkri mengun hefur því ekki verið skoðaður sérstaklega af hálfu Siglingastofnunar. Ráðuneytið telur að lokum að spurning þessi þar sem spurt er gagngert um einn tiltekinn framleiðanda sé nokkuð einstök. Það telur jafnframt að vilji þessi tiltekni framleiðandi ná árangri í sölu á búnaði sínum, þá þurfi að koma fram vottun hans frá löggiltum aðila þar sem segir skýrum stöfum hvaða áhrif hann hefur til minnkunar á mengun og eyðslu. Með slíka vottun í höndum ætti árangur í sölu varla að láta á sér standa.

Seinni hluti fyrirspurnarinnar hljóðar svo:

2. Hefur ráðherra kannað þann möguleika að styðja fyrirtæki sem vilja nota tækni til að minnka mengun, t.d. með lánum með lágum vöxtum eða skattaaðgerðum, eða telur ráðherra slíkan stuðning koma til greina?

Almennt má segja að það sé ekki hlutverk ríkisins að styrkja einhvern einstakan framleiðanda á tilteknum búnaði og er reyndar óeðlilegt að mati ráðuneytins. Hins vegar eru miklir möguleikar að fá styrki til rannsókna og þróunar á vegum rannsóknasjóða sem ríkisvaldið er oftast beinn eða óbeinn aðili að.

Rétt er að benda á að víða eru fyrirtæki sem nota tækni sem dregur úr mengun styrkt á einhvern hátt. Þetta er reyndar staðreynd hér á landi þar sem bílar sem kallast geta umhverfisvænni fást fluttir inn með verulegum ívilnunum á aðflutningsgjöldum. Þetta eru nokkur fyrirtæki, m.a. á vegum sveitarfélaga og ríkisins, þegar farin að nýta sér.

Um það hvort samgrn. mundi beita sér fyrir frekari ívilnunum á þessu sviði skal ósagt látið en sá möguleiki er þó vel fyrir hendi.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Hér er um mjög tæknilegt mál að ræða og kannski örðugt að svara fyrir það hvernig á að standa að því. Fyrir liggja prófanir sem voru gerðar hjá Eimskip sem sýna fram á minnkun á eldsneytiseyðslu Scania-dráttarbíls um 8% og minnkun á mengun fer reyndar eftir hvaða tegundir af efnum eru í útblæstrinum. Það er allt frá því að vera 1% og upp í 15% minnkun mengunar sem er ekkert smáræði. Þótt ekki sé nema um að ræða 5% sparnað á olíu hjá íslenska fiskiskipaflotanum, þá er mjög mikið að sækja.

Síðan get ég upplýst það sem auðvitað liggur kannski ekki alveg fyrir hjá hæstv. ráðherra, að Nýsköpunarsjóður hefur styrkt þetta verkefni vegna þess að það er búið að leggja fram gögn. Þau urðu reyndar að koma erlendis frá vegna þess að ekki náðist samkomulag um að vinna rannsókn á Íslandi og menn gátu það ekki.

En það er rétt að minna á, herra forseti, að ég mun spyrja hæstv. umhvrh. á næstu dögum um stöðu mála varðandi eftirlit með mengun frá bifreiðum með nýjum vélum þar sem tækjabúnaðurinn á Íslandi er ekki gildur til þess að mæla mengunina sem fer hér út í loftið. Og það er skelfilegt ef rétt er að í gangi hafi verið ólöglegar vélar á Íslandi.

[14:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir áhuga hans á þessu máli. Samgrn. mun eftir atvikum leitast við að aðstoða við hvers konar rannsóknir sem þetta varðar og tengist þeim vettvangi sem samgrn. hefur með að gera.

Hins vegar er auðvitað alveg ljóst að við þurfum að leita allra leiða til þess að draga úr mengun. Það er hægt að gera ýmislegt til þess. En ég held þó að ef um verulegan olíusparnað er að ræða þá ættu náttúrlega þeir sem spara að vera í fararbroddi og fremstu í fylkingu vegna þessara rannsókna.

Ég vil bara undirstrika að Siglingastofnun hefur ekki sérstökum skyldum að gegna hvað þetta varðar né heldur aðrar stofnanir á vegum samgrn.

Eldi þorsks og annarra sjávardýra.

Fsp. KPál, 343. mál. — Þskj. 596.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Eldi sjávardýra við Íslandsstrendur hefur af ýmsum ástæðum orðið minna en hjá nágrönnum okkar Norðmönnum og Skotum. Helsta ástæðan er eflaust sú staðreynd að laxeldistilraun okkar á níunda áratugnum varð gjaldþrota og fór margur góður hugsjónamaðurinn fjárhagslega illa út úr því dæmi.

Á meðan við höfum sleikt sárin fjárhagslega hefur eldi sjávardýra erlendis þróast hratt og flytja Norðmenn í dag yfir 200 þús. tonn af eldislaxi út árlega. Ég er ekki með þessari fyrirspurn að hvetja eða letja til þess að fara út í nýtt laxeldisævintýri heldur að beina sjónum að þeim miklu og fjölbreytilegu möguleikum sem felast í eldi sjávardýra.

Lúðueldi, sæeyraeldi, sandhverfueldi og þorskeldi eru allt verkefni sem gefa góða von hér á landi og tilraunir gengið mjög vel með. Lúðueldið í Þorlákshöfn og eldi sæeyrans hjá Sæbýli í Vogum er komið það langt að útflutningur þaðan getur orðið á þessu ári eða því næsta. Ef allt gengur að óskum er þarna vísir að verulegum útflutningsverðmætum.

Í fyrra náði Hafró 10 þúsund sandhverfuseiðum. Eldi sandhverfunnar getur orðið mjög arðbært í strandeldi þar sem hægt er að skapa kjöraðstæður. Verð á sandhverfu í dag er um 600–1.000 kr. kílóið eftir stærð en hún er framleidd í dag í eldi mest í Galicíu á Spáni í eldisstöðvum í eigu Norðmanna. Ekki er ljóst með áframhald sandhverfueldis hér á landi en víst er að þar eru mikil verðmæti ef rétt er á haldið en hér eru aðstæður til strandeldis mjög góðar vegna heita vatnsins.

Merkileg tilraun með þorskeldi var gerð á Stöðvarfirði fyrir fáum árum á vegum Hafrannsóknastofnunar. Hún byggðist á því að þorskurinn var vaninn á að hlýða kallmerki þegar loðnu var sleppt á ákveðnum stað í firðinum. Á tilraunatímabilinu voru gefin 100 tonn af loðnu og stækkaði þorskurinn á ári um 16 sm en án fóðrunar hefði slíkur þorskur eða sambærilegur þorskur stækkað um 9 sm. Það er því augljóst að árangur af slíku eldi getur orðið mikill.

Til að komast að því hvort framtíð sé í slíku eldi þarf tilraun í miklu stærri stíl en þarna var gerð. Þar erum við að tala um 1.000–2.000 tonn af loðnu, kolmunna og síld. Slíkt yrði mjög kostnaðarsamt. Heyrst hefur sú hugmynd að til að koma þessu máli í framkvæmd ætti að taka hluta af þorskkvótanum og bjóða hann upp til þess að mæta útgjöldum.

Herra forseti. Hér er mikið í húfi fyrir Íslendinga og því hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. sjútvrh.:

„1. Hver er stefna stjórnvalda varðandi eldi þorsks og annarra sjávardýra?

2. Hafa stjórnvöld gert áætlanir um rannsóknir á eldi einstakra tegunda í fjörðum við strendur Íslands?

3. Hver hefur verið árangur af eldi sjávardýra, þar með talið þorsks, hér á landi fram að þessu?"

[14:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Mér finnst vel við hæfi að einmitt hann skuli bera hana fram því að fyrstu kynni mín af hv. þm. voru þau að ég falaðist eftir því að fá leigða hjá honum fiskeldiskví.

Ég vildi, með leyfi forseta, fá að byrja á því að svara þriðja lið fyrirspurnarinnar. Árið 1985 hófust fyrstu tilraunir með eldi sjávardýra á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar og sérstök tilraunaeldisstöð á Stað í Grindavík var tekin í notkun árið 1988. Rannsóknir hafa einkum beinst að lúðu, sæeyrum, sandhverfu og þorski. Í upphafi voru gerðar ýmsar vaxtartilraunir með villta smálúðu sem safnað var í því skyni að kanna kjöraðstæður til vaxtar. Einnig fóru fram frekari vaxtartilraunir með lúðuseiði sem framleidd voru hjá Fiskeldi Eyjafjarðar. Nýlega hófust hjá stofnuninni kynbótarannsóknir á lúðu í samvinnu við Stofnfisk og Fiskeldi Eyjafjarðar. Fiskeldi Eyjafjarðar hefur náð athyglisverðum árangri bæði með klak og eldi og eru miklar vonir bundnar við fyrirtækið.

Í samvinnu við Ingvar Níelsson voru flutt til landsins sæeyru árið 1988 og gerðar athuganir á vexti og fóðurnýtingu á íslenskum þörungum. Þá voru gerðar árangursríkar tilraunir með fjölgun á sæeyrum í tilraunaeldisstöðinni. Einkaaðilar stofnuðu síðan fyrirtækið Sæbýli í Vogum á Vatnsleysuströnd um eldi sæeyrna. Mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá Sæbýli sem gerir ráð fyrir að setja um 20 tonn af lifandi sæeyrum á markað í Japan á þessu ári en um 2.000 kr. fást fyrir hvert kíló af þessum dýrum.

Árið 1992 hóf Hafrannsóknastofnunin söfnun á lifandi sandhverfu í samvinnu við sjómenn. Um þessar mundir eru um 60 klakfiskar í stöðinni. Árið 1995 tókst að framleiða 20 seiði, árið 1998 um 1.500 seiði og árið 1999 um 1.000 seiði. Tæplega helmingi þessara seiða hefur verið ráðstafað til Sæbýlis sem hefur hug á að rækta sandhverfu í sambýli við sæeyra og gert er ráð fyrir að annað eins fari til Eyrareldis á Táknafirði, en Eyrareldi fékk á síðasta ári leyfi til innflutnings á hrognum frá Frakklandi.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar umfangsmiklar vaxtartilraunir með mismunandi hita og stærð á þorski. Í ljós hefur komið að kjörhiti til vaxtar og fóðurnýtingar lækkar mikið með aukinni fiskstærð, frá um 16° fyrir tveggja gramma fisk niður í um 7° fyrir tveggja kílóa fisk. Að hluta til hefur verið unnið með villtan fisk sem safnað hefur verið til tilrauna en að hluta með þorsk sem klakið hefur verið í stöðinni. Frá árinu 1995 hafa árlega verið framleidd í tilraunaeldisstöðinni nokkur þúsund þorskseiði sem hafa farið í margvíslegar tilraunir, m.a. til að kanna vöxt og lífslíkur á seiðastigi, sjálfrán þorskseiða, áhrif fæðuskorts á vöxt og fóðurnýtingu, áhrif fæðuskorts á holdeiginleika, ónæmisfræði þorsks, sjúkdóma í þorski og bólusetningar á þorski. Rannsóknir hafa miðast við að kanna betur líffræði þessa mikilvæga fiskstofns en jafnframt hefur verið haft í huga að þessar niðurstöður gætu komið að gagni ef þorskeldi yrði að raunveruleika. Seiðin hafa verið framleidd í tilraunaskyni án þess að leggja áherslu á mikla framleiðslu.

Árið 1992 hófust fyrstu tilraunir með söfnun og áframeldi á þorski í kvíum á Stöðvarfirði. Hafrannsóknastofnun tók þátt í þessum tilraunum ásamt heimamönnum. Í ljós kom að þorskarnir uxu mun hraðar í kvíunum þar sem þeir fengu nóg að éta, en í náttúrunni. Þannig lengdust kvíaþorskarnir að jafnaði um 17 sm á einu ári, úr 42 sm í 59 sm og þyngd þeirra jókst frá 0,9 kílóum í 2,7 kíló.

Á tímabilinu júlí 1995 til desember 1996 var gerð tilraun á vegum Hafrannsóknastofnunar með að losa fóður reglubundið í Stöðvarfjörð til að kanna hvort unnt væri að laða villtan þorsk á fóðrunarstað og auka vaxtarhraða hans verulega. Hljóðmerki var gefið við fóðrun og fóðrið losað niður á um 20 m dýpi í gegnum barka sem dreginn var á eftir bát. Með tímanum vandist þorskurinn á þessa fóðrun og varð feitari, fékk stærri lifur og óx mun hraðar en þorskur í samanburðarfjörðum.

Í meistaraprófsritgerð sinni í sjávarútvegsfræði við Háskóla Íslands gerði Björn Knútsson samanburð á arðsemi þorskeldis í strandeldi, kvíaeldi og fjarðareldi líkt og gerð var tilraun með á Stöðvarfirði. Niðurstaðan varð sú að ekki væri arðbært að ala þorsk í strandeldi eða í kvíum en miðað við gefnar forsendur gæti fjarðareldi skilað hagnaði ef unnt væri að stunda það í nægilega stórum stíl.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að Norðmenn hafa gert umfangsmiklar tilraunir með framleiðslu þorskseiða til sleppingar í fjörðum. Í stuttu máli eru niðurstöður þær að burðargeta fjarðanna stendur ekki undir miklum sleppingum. Vöxturinn verður slakur og mikið af seiðunum er étið af stærri þorski og öðrum ránd ýrum og enginn efnahagslegur grundvöllur er því fyrir hafbeit á þorski í Noregi.

Stefna stjórnvalda er að halda áfram að styðja við lúðueldið, auka áherslu á sandhverfu og sæeyra og hugsanlega á nýjar tegundir, hlýra og barra. Þorskrannsóknir verða áfram stundaðar til þess að kynnast og kanna grunnlíffræði þorsksins en ekki eru uppi áætlanir um eldi á þorski í fjörðum þar sem verð á þorski (Forseti hringir.) er ekki nægjanlega hátt, herra forseti, til þess að það sé réttlætanlegt.

[14:42]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir umræðuna um þessi mál og þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að vekja máls á þessu og síðan, með leyfi forseta, að gera grein fyrir því að það liggur fyrir till. til þál. frá nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar undir forustu Karls V. Matthíassonar, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að hlutast til um að skipulegar rannsóknir á þorskeldi frá klaki til slátrunar verði hafnar, svo og að fjarðar- og kvíaeldi á þorski verði eflt og stutt, með það að markmiði að Íslendingar geti framleitt eldisþorsk til útflutnings innan fárra ára.“

Herra forseti. Í þessari þáltill. er í greinargerð gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem styðja þetta mál og ég treysti hæstv. sjútvrh. til þess að taka höndum saman við okkur flutningsmenn um að koma þessu máli áfram. Ég heiti á stuðning hv. þm. Kristjáns Pálssonar í því máli að hafnar verði rannsóknir á þorskeldi og þorskarnir hafðir í kvíum.

[14:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil einnig sérstaklega þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli hér. Ég er ein af þeim sem telja að það sem er kannski mest spennandi að gerast í atvinnuuppbyggingu á Íslandi eða það sem lofar bestu séu einmitt tilraunir í fiskeldi sem hér hafa verið gerðar. Ég vil minna þar á margt sem verið er að gera í Stað í Grindavík en einhverjar ánægjulegustu stundir sem ég hef átt sem þingmaður voru er ég fylgdist með þeim tilraunum sem þar er verið að gera og einnig því sem verið er að gera norður í Eyjafirði.

Varðandi þorskeldið vil ég hvetja til þess. Jafnvel þó það hafi ekki ekki gengið eftir sem skyldi í Noregi kannski, þá getur það gengið betur hér. Við höfum t.d. heitar vatnsuppsprettur sem Norðmenn hafa ekki og það gæti orðið til að greiða fyrir. Ég held að alls ekki megi láta deigan síga með rannsóknir og tilraunir í þorskeldi.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þingmönnum fyrir þátttökuna í þessum umræðum og hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Það er náttúrlega til margs að líta þegar svo stór mál eru til umræðu hér í þinginu og erfitt að koma því frá sér á skömmum tíma. Auðvitað þyrfti að vera sérstök umræða hér í þinginu um eldi almennt.

Ég álít að ekkert geti komið í staðinn fyrir þá möguleika sem við höfum í fiskeldi. Við höfum séð þann atvinnuveg blómstra hjá öðrum þjóðum og það ætti að geta gerst hjá okkur líka. Spurningin er alltaf um hvaða leiðir eigi að fara. Við eigum rannsóknargögn sem styðja það að okkur eigi að vera óhætt að fara út í miklu meiri og stærri tilraunir en við höfum farið út í fram að þessu, þá kannski sérstaklega í eldi á sandhverfu.

Ég efast ekki um að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að þorskeldið sé ekki hagkvæmt á þessu stigi máls en ég tel hins vegar eðlilegt að kanna það samt til hlítar og halda áfram þeim tilraunum sem fóru fram fyrir austan með að fóðra þorsk og lokka að ákveðnum hljóðmerkjum. Ég held að sú

aðferð þurfi frekari könnunar við áður en við getum beinlínis sagt að það sé ekki hagkvæmt.

Varðandi þessa tillögu frá Samfylkingunni þá kemur hún reyndar töluvert á eftir þeirri fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. sjútvrh. Það var náttúrlega hugmynd mín að halda þessu máli fram eins og kostur væri á. Ég mun að sjálfsögðu gera það. Ég þakka fyrir áhuga samfylkingarmanna á þessu máli og annarra sem vilja láta gott af sér leiða í þessu sem öðru.

[14:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem þátt tóku í umræðunni og tek undir með hv. fyrirspyrjanda. Það væri mjög gott að fá almenna umræðu um eldi hér á hv. Alþingi. Það sem skiptir hins vegar mestu máli þegar við hugum að fiskeldi, hvort sem er sjávareldi eða í fersku vatni, er að við veljum okkur þær tegundir sem við fáum hæsta verðið fyrir og henta þeim aðstæðum sem við búum við hér á landi. Laxinn hentar Norðmönnum greinilega miklu betur en okkur, það höfum við reynt. Þorskurinn er að mínu mati einfaldlega ekki í nægjanlega hár í verði til að hagkvæmt sé að ala hann í hefðbundnu fiskeldi. Varðandi svokallað fjarðareldi eða hafbeit þá eru á því fjölmargir vankantar, bæði náttúrulegir og eins hið lagalega umhverfi, sem ekki verða svo auðveldlega af sniðnir. Hins vegar eru tegundir eins og sandhverfan og sæeyrað dýrari og þar er verið að þróa ákveðna eldistækni og aðlaga íslenskum aðstæðum. Ég tel að þar eigum við að hafa helstu áherslurnar í dag. Fjármunirnir eru takmarkaðir og þar tel ég að þeir nýtist best.

Varðandi þorskinn þá eru ekki stórar líffræðilegar spurningar óleystar sem snúa að eldinu. Ég held hins vegar að fyrir þjóð sem byggir eins mikið á þorski og við gerum sé nauðsynlegt að halda uppi grunnrannsóknum á líffræði þorsksins. Það nýtist okkur í sambandi við fiskveiðar okkar og ef síðan þannig vildi til að verð á þorski væri nægjanlega hátt, þá mun það að sjálfsögðu nýtast okkur líka við að aðlaga þorskinn þeim eldisaðstæðum sem við kynnum þá að hafa.

Sjúkrahótel.

Fsp. SJóh, 382. mál. — Þskj. 640.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum höfum við eytt mörgum þingfundinum í rökræður um fjárhagsvanda sjúkrastofnana. Segja má að hápunkturinn í þeirri umræðu hafi verið við fjárlagagerð nú í desember, þar sem gefin voru fyrirheit um að á einu bretti ætti að greiða úr fjárhagsvanda sjúkrastofnana sem safnast hefur upp á undanförnum árum. Frá áramótum átti að byrja á hreinu borði og leitast við að reka sjúkrastofnanirnar með eins mikilli hagkvæmni og unnt væri, án þess að skerða þó þjónustuna og ég tek vissulega undir það markmið. En markmið verða að vera raunhæf og gera þarf róttæka uppstokkun í rekstrinum ef þetta markmið á að nást.

Ein þeirra hugmynda sem fram hafa komið til að lækka kostnað og jafnframt bæta þjónustu við sjúklinga er að setja upp svokallaðar „sub-acut"-legudeildir inni á sjúkrastofnunum eða í tengslum við þær. Það eru deildir sem taka við sjúklingum eftir að bráðavandi þeirra hefur verið leystur. Á slíkri deild fá sjúklingar góða hjúkrun og eru undir stöðugu eftirliti, alltaf er hægt að grípa inn í ef ástand breytist en ekki beitt hátæknilækningum eins og gerist á bráðadeildum sem hafa mikinn kostnað í för með sér. Sem dæmi má nefna sjúkling sem farið hefur í liðskiptaaðgerð. Slíkir sjúklingar gætu farið á „sub-acut"-deild tveimur til þremur dögum eftir aðgerð og lokið þar sjúkralegunni. Með þessum móti væri hægt að auka til muna nýtingu á bráðarúmum og stytta þannig biðlista.

Ég vil taka það fram að með þessu á ég ekki við þjónustu eins og rekin er á Rauða kross hótelinu, sem er auðvitað góð og gild. Þar fær fólk að hvíla sig og ná sér betur eftir veikindi en þar er ekki hjúkrun og slík sjúkrahótel koma ekki í stað hjúkrunar- og endurhæfingardeilda eins og ég ræði hér um. Reynslan erlendis hefur sýnt að slíkar deildir kosta um 50% minna en bráðadeildir og er ástæðan fyrst og fremst sú að þar er ekki þörf fyrir dýra sérfræðinga í sama mæli og á bráðadeild.

Hv. þm. Guðrún Sigurjónsdóttir flutti þáltill. um þetta efni á 121. löggjafarþingi sem ekki náði fram að ganga. Ég beini því þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. hvort í undirbúningi sé að koma upp á næstunni slíkri „sub-acut"-deild, eða sjúkrahóteli með hjúkrun, í tengslum við Landspítala, háskólasjúkrahús.

[14:53]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir hefur lagt fyrir mig fyrirspurn um sjúkrahótel. Þá er hún ekki að tala um sjúkrahótel eins og við rekum hjá Rauða krossinum, eins og kom fram í máli hennar. Þar rekum við 28 rúm, þ.e. kaupum þau af Rauða krossinum.

Ýmsir kostir varðandi sjúkrahótel hafa ítrekað verið skoðaðir. Síðasti kosturinn sem Landspítalinn skoðaði var við Eiríksgötuna en niðurstaða stjórnenda sjúkrahússins var að leggja það húsnæði undir starfsemi augndeildar. Það er mjög mikilvægt að á slíkum sjúkrahótelum, eins og fram kom hjá hv. þm., sé um að ræða hjúkrun og þjónustu heilbrigðisstarfsmanna. Þess vegna er mikilvægt að slíkir starfsmenn vinni t.d. á sjúkrahótelinu hjá Rauða krossinum á meðan við nýtum okkur það. Því hefur verið til skoðunar innan sjúkrahússins að fjölga rúmum á sjúkrahóteli Rauða krossins og fjölga líka því faglærða starfsfólki sem þar vinnur. Það standa einmitt yfir samningaviðræður við Rauða krossinn um það. Það er nýjast í málinu. Hins vegar er ekki ráðgert að byggja við, hvorki sjúkrahúsið í Fossvogi né Landspítalann um þessar mundir. Ætlunin er að reyna að víkka starfsemina sem sjúkrahótel Rauða krossins hefur rekið.

[14:55]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda Sigríði Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Við vitum að hér á landi höfum við einna flest sjúkrarými á sjúkrahúsum af öllum Norðurlöndum. Ég tel nauðsynlegt að leita allra leiða til að bæta nýtingu á þeim sjúkrarúmum sem fyrir eru, jafnvel til þess að fækka þeim og finna aðra valkosti. Sjúkrahótel þykja sjálfsagður hluti af þjónustu sjúkrahúsa víða um heim. Sjúklingar geta þá útskrifast og fengið þjónustu á lægra þjónustustigi þar sem þörfum þeirra er mætt á meðan þeir eru enn þá í meðferð og þurfa að vera í tengslum við sjúkrahúsið. Ég tel því að þetta sé kostur sem virkilega þurfi að skoða og ég veit að hann hefur verið skoðaður. Ég held að við þurfum að

átta okkur á því að þarna er leið sem við getum farið til að minnka kostnað sjúkrahúsanna hér á landi.

[14:56]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er hreyft afar athyglisverðu máli. Ég var og er mikill áhugamaður um framgang sjúkrahótela og sjúkrarýma af þeim toga sem hér um ræðir. Ég hafði uppi áform um aukningu í þeim efnum þegar ég var heilbrrh. og deildi þeim áhuga með þáv. landlækni, Ólafi Ólafssyni, sem hefur mikið skrifað um þessi mál og þekkir kannski hvað best til þeirra.

Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að fullur vilji væri til þess af hálfu ráðuneytisins og þá ekki síður Sjúkrahúss Reykjavíkur eða hins nýja sameinaða sjúkrahúss að auka verulega fjölda þessara rýma. Mér þætti vænt um að hún útskýrði eilítið nánar hvort við erum þar að tala um tvöföldun í Rauða kross húsinu við Rauðarárstíginn eða hvaða tölur við erum að tala um. Er þetta eingöngu á hendi sjúkrahússtjórnarinnar sjálfrar eða fylgir viðbótarfjármagn frá ráðuneytinu? Þetta skiptir auðvitað öllu máli þegar maður er að reyna að glöggva sig á því hvort hér er eingöngu um áform að ræða eða veruleika sem við blasi.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir skýr svör. Ég er afskaplega þakklát og hrærð yfir að þó skuli í fullum gangi áform um að fjölga sjúkrarúmum á Rauða kross hótelinu og breyta þjónustunni. Ég tel að það sé lykilatriði til að það verði eitthvað í áttina að því sem við höfum talað um með „sub-acut"-deild, að þar verði einhver hjúkrunarþjónusta og raunar mun meiri en þar er í dag. En ég held að jafnvel þó að þessum rúmum yrði fjölgað um helming þá ætti áfram að leita leiða í nágrenni Landspítalans. Kanna mætti hvort ekki fæst húsnæði þar sem reka mætti slíkar „sub-acut"-deildir. Ég held að þetta sé gríðarlega mikilvægt mál og raunæfur möguleiki til að spara í heilbrigðiskerfinu á Íslandi. Ég vil leyfa mér að vitna í viðtal við Þórð Harðarson prófessor en hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá vil ég nefna þá sóun, sem í því felst, að sjúklingar þurfa að vistast á dýrum sjúkrastofnunum eftir að bráðavandi þeirra hefur verið leystur. Það væri tvímælalaust verðmætasta sparnaðarráðstöfunin, sem völ er á, ef komið væri á fót þeirri endurhæfingar-, öldrunar- og hjúkrunaraðstöðu, sem þörf er á hér í þéttbýlinu."

Svo mörg voru þau orð, herra forseti, og ég tel að við eigum að hafa þessi orð að leiðarljósi þegar við leitum leiða til að spara í heilbrigðiskerfinu.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill benda á að e.t.v. mætti nota orðið „gjörgæsluhjáleiga" í staðinn fyrir „sub-acut")

[14:59]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hjáleiga má þetta alls ekki heita. Það hentar engan veginn.

En mig langar aðeins að svara þeim spurningum sem aðallega komu fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. Hann spurði hvort þetta væri alfarið í höndum sjúkrahúsanna eða ráðuneytisins. Þetta er alfarið í höndum sjúkrahúsanna og það er borð fyrir báru fjárhagslega. Gerast menn nú búralegir.

Ekki liggur alveg ljóst fyrir hvað þetta eru mörg rými en ég get ímyndað mér að það séu 15–20 rúm til viðbótar. En eins og fram hefur komið er mikilvægast að semja um aukna faglega þjónustu sem kæmi þá beint frá sjúkrahúsunum og fylgdi sjúklingnum eftir. Þá gætum við haft þarna sjúklinga sem eru kannski ekki eins vel á sig komnir eins þeir sem dvelja þar nú. Hins vegar skal viðurkennt að miðað við aðstæður þá þurfum við hvort eð er að bæta faglega þjónustu á sjúkrahótelum.

En ég endurtek, virðulegi forseti, að hjáleiga má það ekki heita.

Úrbætur á aðstöðu öldrunardeildarinnar Ljósheima á Selfossi.

Fsp. MF, 409. mál. — Þskj. 667.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Haustið 1997 gerðu Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Vinnueftirlit ríkisins og byggingarfulltrúi Selfossbæjar úttekt á húsnæði öldrunardeildar Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi, Ljósheimum. Ljósheimar voru áður Sjúkrahús Suðurlands. Þetta hús var byggt 1945 og þó ýmsar endurbætur hafi verið gerðar á því síðan þá kom í ljós í skýrslum sem áðurnefndir aðilar skiluðu að húsnæði og allur aðbúnaður bæði sjúklinga og starfsfólks er langt í frá að vera í lagi. Gerðar voru mjög alvarlegar athugasemdir hvað varðar ástand hússins bæði að innan og utan. Hurðarop eru of þröng til þess að hægt sé að aka rúmum inn og út úr herbergjum. Erfiðleikar kæmu upp ef rýma þyrfti húsnæðið í skyndi t.d. vegna bruna. Öll vinnuastaða starfsfólks þegar sinna þarf veikum sjúklingum er talin ófullnægjandi enda erfitt í dag að fá starfsfólk til þess að starfa þarna. Hreinlætisaðstaðan er ófullnægjandi, rakaskemmdir eru í veggjum og þær svo miklar að nú er það þannig að fyrir kemur að raki er í sængum sjúklinga að morgni. Flísar eiga til að losna og detta. Loftræsting er ekki í lagi. Kjallari er of niðurgrafinn miðað við byggingarreglugerðir. Útveggir eru illa sprungnir, þakið þarfnast lagfæringar og þrengslin eru mjög mikil. Eldvarnakerfið er ekki í lagi. Niðurstaða þessarar skýrslu var í stuttu máli sú að húsnæðið væri varla hæft til notkunar sem hjúkrunarheimili í núverandi ástandi. Fara þyrfti í gagngerðar endurbætur og frestur var gefinn til 1. júní 1998.

Í svari við fyrirspurn sem ég beindi til ráðherra í febrúar 1998 um málefni Ljósheima og byggingu nýrrar hjúkrunarálmu við Sjúkrahús Suðurlands kom fram að þá þegar væri hafinn undirbúningur að því að byggja nýtt húsnæði fyrir aldraða sjúklinga sem dveljast á Ljósheimum og þá starfsmenn sem þar starfa þannig að um væri að ræða góðar aðstæður og eðlilega vinnuaðstöðu. Enn sést lítið til nýbyggingarinnar og enn er sjúklingum og aðstandendum og starfsfólki á Ljósheimum boðið upp á ófullnægjandi aðstæður. Yfirvöldum heilbrigðismála ber skylda til að fylgja eftir skýrslum heilbrigðiseftirlitsins, vinnueftirlitsins og byggingarfulltrúa. Úrbótum átti að vera lokið fyrir 1. júní 1998, en hafi það ekki verið gert, var heimild til að beita dagsektum. Hefði það verið gert, hæstv. ráðherra, samkvæmt 29. gr. mengunarvarnareglugerðarinnar, þar sem gert er ráð fyrir því að beita megi hámarkssektum 500 þús. kr. á dag, þá þýðir það að fram til dagsins í dag væri um að ræða 300 millj. kr. Vinnueftirlitið hefur ekki slíka heimild, a.m.k. ekki með föstum fjárhæðum. En byggingarfulltrúi gæti lagt á dagsektir

sem nema einni millj. á dag. Þar væri um 600 millj. að ræða. Ef þetta rynni síðan í byggingarsjóð fyrir nýtt heimili fyrir aldraða á Selfossi, þá væri þar um að ræða 900 millj. Það er aldeilis þörf á því að það sé borð fyrir báru í fjárhagsáætlunum heilbrrn. ef það á að mæta slíkum kostnaði.

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spyr mig um endurbætur á húsnæði og aðstöðu sjúklinga á Ljósheimum á Selfossi. Eins og þingmanninum er kunnugt er hér um að ræða gamalt húsnæði sem endurbætt var sem hjúkrunarheimili og má segja að innra fyrirkomulagið sé barn síns tíma. Þegar málefni Ljósheima komu til umræðu á Alþingi í febrúar 1998 eins og hv. þm. kom inn á, upplýsti ég hv. þm. um að ákveðið væri að hefja undirbúning að byggingu legudeildarálmu við Sjúkrahús Suðurlands sem leysa mundi Ljósheima af hólmi og það húsnæði yrði þá lagt af sem hjúkrunarheimili. Undirbúningur þess hefur verið í fullum gangi og þarfagreining fyrir nýbyggingu var tilbúin í lok síðasta árs. Alþingi hefur veitt fjármagn til að hefja vinnu við undirbúning byggingarinnar. Stjórnendur stofnunarinnar vinna nú að undirbúningi hönnunarsamkeppni á grundvelli þarfagreiningarinnar en undirbúningur framkvæmdarinnar hefur verið í þeirra höndum.

Eins og hv. þm. er ljóst hafa ófyrirsjáanleg atvik orðið þess valdandi að undirbúningur framkvæmda hefur tekið nokkuð lengri tíma en við var búist. En ég hef verið fullvissuð um að í þeim efnum sé nú allt komið í eðlilegan farveg. Á þessum tíma hefur að sjálfsögðu verið unnið að óhjákvæmilegu viðhaldi Ljósheima, en ekki hefur verið ráðist í meiri háttar endurbætur í ljósi þess að ákveðið hefur verið að flytja starfsemina.

Það er rétt hjá hv. þm. að formlegur frestur til úrbóta er löngu runninn út, en ekki hefur komið til þess að beita viðurlögum og ég býst við að eftirlitsaðilum hafi létt nokkuð við að fá vitneskju um að ákveðið væri að flytja þessa starfsemi í sérhannaða nýbyggingu.

[15:06]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á málefnum Ljósheima og hæstv. heilbrrh. Ingibjörgu Pálmadóttur fyrir svarið. Það er mjög nauðsynlegt að viðbyggingu við Sjúkrahús Suðurlands verði hraðað sem kostur er. Eins og kom fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur eru Ljósheimar gamalt húsnæði, alls óviðunandi aðstæður eru þar bæði fyrir sjúklinga og ég tala nú ekki um fyrir starfsmenn, og það er mjög mikilvægt að starfsfólkið fái þá vissu að málinu verði hraðað og að það þurfi ekki að búa lengur við þessar vinnuaðstæður. Eins og við vitum öll bíða margir eftir plássi á öldrunarþjónustunni og ég vil líka geta þess að við mundum gjarnan vilja sjá að álma risi við hjúkrunardeildina á Hellu. Það veitti ekki af.

[15:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Suðurl. fyrir að vekja máls á þessu og þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hennar svör. Það er löngu ljóst að aðstæður eru ófullnægjandi í þessu gamla húsi, Ljósheimum á Selfossi. Eins og fram kom í svörum ráðherra hefur farið fram þarfagreining. Í gang er að fara, ef hún er ekki þegar hafin, hönnunarsamkeppni í þessum efnum. Á fjárlögum ársins 2000 er einmitt gert ráð fyrir því að framkvæmdir geti hafist, þ.e. hönnunarmál og annað slíkt. Þetta er mjög brýnt verkefni og ég held að óhætt sé að segja að við þingmenn Suðurlands eigum að taka höndum saman með hæstv. heilbrrh. og drífa þetta mál áfram vegna þess að hér er um mjög brýnt hagsmunamál að ræða. Við eigum ekkert að hugsa í raun um annað en að byggja húsið hratt og vel þannig að hægt verði að taka það fljótt í notkun.

[15:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ef ég hefði ekki vitað betur þegar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir var að lýsa aðbúnaði á öldrunardeild Ljósheima á Selfossi, hefði ég haldið að hún væri að lýsa húsnæði því sem fyrrverandi íbúar Kópavogshælis búa í á Ríkisspítölum. Því miður virðist vera víðar en í Kópavoginum báglegt ástandið. En úrbóta er von eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra og ég fagna því. En ég verð að segja það hér að ég fór og skoðaði húsnæðið í Kópavoginum, sem ég gerði að umtalsefni fyrir viku síðan, og það minnti mig helst á sjúkrastofnanir í Búlgaríu fyrir 20 árum þegar Sovétríkin gömlu voru og hétu. Ég ætla að vona að ekki verði mikið um slíkt ástand í heilbrigðisþjónustu á Íslandi árið 2000 og á nýrri öld, því það var fyrir neðan allar hellur. En úrbóta er von og ég vona að um hið sama sé að ræða varðandi íbúana í Kópavoginum.

[15:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir forvitnileg svör, getur maður sagt. Ég var við umræðuna í febrúar 1998 og tók þátt í henni. Þar komu fram þessar skelfilegu upplýsingar um ástand hússins að Ljósheimum sem Margrét Frímannsdóttir kom hér með inn í þingið og náttúrlega sló menn kalda því þarna er um að ræða húsnæði sem er á einu mesta jarðskjálftasvæði landsins. Þarna er alltaf yfirvofandi hætta. Ég gat ekki betur skilið ráðherra þá en að það ætti að hefjast handa bara þá þegar, helst í gær, við nýbyggingu á hjúkrunarheimili á Selfossi. Síðan virðast hafa verið bundin blýlóð við alla útlimi þeirra sem að þeim framkvæmdum stóðu þannig að nánast ekkert hefur verið gert og nú er verið að byrja á samkeppni. Ég harma þennan seinagang. Ég get ekki annað sagt, hæstv. forseti.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það var fyrir réttum tveimur árum, 18. febrúar, sem fyrirspurninni var svarað. Þar sagði hæstv. ráðherra í seinni ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Og það er þess vegna sem undirbúningur er þegar hafinn í heilbrrn. varðandi nýframkvæmdir við hjúkrunarheimili á Selfossi."

Annar hæstv. ráðherra viðhafði þau orð á meðan hann var óbreyttur þingmaður að sum mál færu með hraða snigilsins í gegnum ákveðið ráðuneyti sem hann hefur nú tekið að sér og síðan er þar ástundað spretthlaup. Ég verð að segja að ég veit að það er ekki búið að ráða arkitekt og undirbúningurinn er búinn að standa í tvö ár. Ástandið er alveg rosalegt þarna. Í tvö ár hafa menn verið að reyna að koma þessu í þann farveg að hægt væri að ráða arkitekt og hefja framkvæmdir. Það er ekki búið að því enn. Þetta er ótrúlegt. Ég veit að þarfagreining er nauðsynleg. En það er búið að reka þessa

stofnun í mjög langan tíma og þarfirnar hafa verið ljósar í mjög langan tíma og hefði það ekki átt að tefja málið.

Annað, virðulegi forseti, er alveg með ólíkindum. Ráðherrar setja reglur m.a. um dagsektir og um að beita refsiheimildum, að heilbrigðiseftirlitið, byggingarfulltrúi og vinnueftirlitið geti beitt refsiúrræðum ef ekki er farið að settum fyrirmælum um úrbætur þegar þörf er á. Ef hámarksdagsektum hefði verið beitt síðan 1. júní 1998 þá hefði heilbrrh. orðið að greiða á bilinu 800–900 millj. kr. í sektir. Er það þannig að hið opinbera, ríkið þurfi ekki að greiða dagsektir þegar svona er ástatt eða taka tillit til þeirra reglna sem eru undirritaðar af ráðherrum? Við verðum að setja í þetta mun meiri hraða og kraft en verið hefur síðustu tvö ár.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja að öldrunarþjónusta á Suðurlandi er á margan hátt til mikillar fyrirmyndar. Í Hveragerði opnuðum við nýtt ... (**MF:** Við vorum að ræða Ljósheima ...) (**Gripið fram í:** Búlgaríu, var það ekki?) Fyrirgefðu forseti. Get ég fengið orðið?

(**Forseti** (HBl)**:** Má ég biðja hv. fyrirspyrjanda að gefa hæstv. ráðherra tóm til að svara, því til einskis er að spyrja ef ekki má svara.)

Ég ætla að ljúka því sem ég var byrjuð að segja. Það var að opnað nýtt hjúkrunarheimili í Hveragerði fyrir ári síðan, mjög myndarlegt heimili.

Varðandi Ljósheima vil ég segja að hv. þm. veit það alveg jafn vel og ég að heimamenn unnu þessa þarfagreiningu og hv. þm. veit það líka jafn vel og ég að framkvæmdastjóri sjúkrahússins lenti í slysi og var frá í mjög langan tíma og þá var enginn framkvæmdastjóri til að vinna þetta verk um langan tíma. Nú aftur á móti er verkið komið það langt að hægt er að halda samkeppni um hönnum sem skiptir miklu máli. Þegar ég svaraði á Alþingi í febrúar 1998 þá var fyrst komið grænt ljós á að við mættum fara að hreyfa okkur. Ég veit að hv. þm. þekkir jafn vel til og ég á Selfossi þannig að hún veit alveg nákvæmlega um aðstæður. Og það þarf enginn að lýsa fyrir mér hvernig er á Ljósheimum á Selfossi. Þangað hef ég mjög oft komið.

Viðbrögð við þungunum unglingsstúlkna.

Fsp. ÁMöl, 426. mál. — Þskj. 691.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Hefur hæstv. forseti gert sér grein fyrir að á hverju ári verða um 500 unglingsstúlkur undir tvítugu barnshafandi? Hefur hið háa Alþingi gert sér grein fyrir að á hverju ári fæðast um 250 börn mæðra sem eru undir tvítugu og á hverju ári láta um 250 stúlkur á sama aldri eyða fóstri? Milli 4 og 5% unglingsstúlkna á aldrinum 15–19 ára verða ófrískar á hverju ári. Miðað við tíðnitölu þungana unglingsstúlkna á árinu 1998 og að óbreyttu, munu 20% unglingsstúlkna í árgangi hafa gengið í gegnum þá reynslu að verða barnshafandi fyrir tvítugt og um helmingur þeirra farið í fóstureyðingu. Þetta eru ógnvæglegar staðreyndir sem nauðsynlegt er að taka á. Ég staðhæfi að í fæstum tilvikum hefur þungunin verið að vilja þessa fólks.

Tíðni þungana unglingsstúlkna hér á landi er óviðunandi. Það er mun algengara að íslenskar konur eigi börn mjög ungar en í öðrum vestrænum löndum. Það er t.d. tvisvar til þrisvar sinnum algengara að íslenskar unglingsstúlkur eigi börn en jafnöldrur þeirra annars staðar á Norðurlöndum og um fimm til sex sinnum algengara en t.d. í Hollandi. Fóstureyðingum hefur farið fjölgandi hér á landi á síðustu árum, sérstaklega hjá ungum stúlkum og tíðni fóstureyðinga í þessum aldurshópi er hærri hér en annars staðar á Norðurlöndum.

Nýbirt rannsókn Sóleyjar Bender hjúkrunarfræðings um viðhorf íslenskra ungmenna til skipulegrar fræðslu og þjónustu vegna kynlífs og barneigna þeirra, bendir til að meðalaldur íslenskra ungmenna við fyrstu kynmök er 15,4 ár og sama rannsókn leiddi í ljós að einungis 60% þeirra notuðu getnaðarvörn við fyrstu kynmök. Í ljósi þessa er ekki að spyrja að ástandi mála hér á landi.

Skýringu á þessu ástandi má sjálfsagt leita víða og ekki síst má líta til samfélagsgerðarinnar. Íslendingar eiga að meðaltali fleiri börn en fólk í öðrum vestrænum ríkjum og það hefur ekki þótt vera tiltökumál að konur ættu börn undir tvítugu. Þá einkennist íslenskt þjóðfélag af miklu umburðarlyndi gagnvart barneignum utan hjónabands. Hins vegar verður einnig að spyrja hvort kynfræðsla hafi brugðist hér á landi og hvort heilbrigðis- og skólakerfið hafi ekki náð að samhæfa aðgerðir sínar til að takast á við þennan vanda.

Í rannsókn þeirri sem ég vísaði í hér á undan kom fram að stór hluti ungmenna telur að ráðgjöf og fræðsla um kynlíf og barneignir sé ekki nægilega góð. Ljóst er að taka þarf sérstaklega á þessum málum hér á landi og því varpa ég fram þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. til hvaða ráðstafana hún muni grípa til að sporna gegn hárri tíðni þungana unglingsstúlkna hér landi.

[15:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller hefur beint til mín svohljóðandi fyrirspurn: „Til hvaða ráðstafana mun ráðherra grípa til að sporna gegn hárri tíðni þungana unglingsstúlkna?“

Hv. þm. hefur vakið máls á alvarlegum vanda. Ég fékk mjög nýlega ítarlega skýrslu og upplýsingar í hendur varðandi þetta mál, en ég hafði fengið til liðs við mig hóp til að kanna nákvæmlega hvernig ástandið er hér á landi og ég hef falið landlækni að fara yfir þá skýrslu og hann hefur þegar skipað faghóp og mun koma með tillögur um viðbrögð.

Tíðni þungana ungra stúkna hér á landi er of há. Barneignir í þessum aldurshópi eru algengari en víðast í Evrópu. Fóstureyðingum hefur farið fjölgandi hérlendis á síðustu áratugum og eru þær algengastar hér á landi borið saman við önnur Norðurlönd. Fóstureyðingar eru hjá öllum aldurshópum svipaðar og í nágrannalöndunum, en þegar kemur að hópnum 15–19 ára, og hann skoðaður sérstaklega, kemur í ljós að á meðan fóstureyðingum fækkar hjá öðrum þjóðum, fjölgar þeim hjá okkur. Þetta er viðfangsefni samfélagsins, þetta er viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar að stórum hluta. Og þó skal bent á mikilvægi þess að slík mál séu skoðuð í samhengi við önnur samfélagsmál og viðfangsefni. Hér þurfa margir að koma að málum. Ég nefni skóla, foreldra, fjölmiðla og fleira mætti telja.

Heilbrigðisyfirvöld hafa á undanförnum árum reynt ýmsar leiðir til að sporna við þessari þróun, m.a. með sérstakri kynfræðsludeild sem var á Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík, sem var lokað m.a. vegna þess að hún var ekki nýtt sem

skyldi. Auka þarf fræðslu og ráðgjöf til þeirra sem fara í fóstureyðingar á kvennadeild Landspítalans, en of algengt er að sami einstaklingurinn fari oftar en einu sinni í fóstureyðingu. Mun meiri umfjöllun þarf að eiga sér stað um ábyrgt kynlíf og sérstaklega þarf að benda á margvíslegar hættur samfara notkun vímuefna. Sérstaklega þarf að auka aðgengi að neyðargetnaðarvörn og ég kem sérstaklega að því í svari mínu við næstu fsp. En að undanförnu hefur það átt sér stað að aðgengi hefur batnað mjög almennt að getnaðarvörnum, en það hefur ekki dugað til.

Mig langar aðeins að geta þeirra kannana sem gerðar hafa verið. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu úr íslenskri könnun er meginástæða þess að ekki eru notaðar getnaðarvarnir taldar vera af einstaklingunum sjálfum kæruleysi í 21% tilvika, notkun áfengis í 9% tilvika, einstaklingur telur sig ekki geta orðið þungaðan í 6% tilvika, maki eða vinur vill ekki nota getnaðarvörn í 4% tilvika, aukaverkanir getnaðarvarna í 4% tilvika, fyrirhöfn að nota getnaðarvörn svara 3%, en aðeins 3% nota ekki getnaðarvarnir vegna þess að það er fyrirhöfn að ná í getnaðarvörn. Þetta segir okkur æðimargt. Og kannski segir þetta okkur það um íslenskt þjóðfélag að við hugsum æðioft „þetta reddast". Við þurfum því á hugarfarsbreytingu að halda. En við eigum góða sérfræðinga sem eru tilbúnir að vinna með okkur varðandi þennan vanda og ég trúi því að við getum tekið höndum saman og spornað gegn þessari þróun.

[15:23]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja máls á þessu alvarlega máli, hér er vissulega um svartan blett á þjóðfélaginu að ræða. Á 122. löggjafarþingi lagði ég einmitt fram fyrirspurnir til hæstv. heilbrrh., m.a. um fóstureyðingar, og þá kom fram að á árunum frá 1991–1997 fjölgaði fóstureyðingum um 40% hér á landi. Árið 1991 voru 658 konur sem fóru í fóstureyðingu og 1997 voru þær 920. Það lætur nærri að fimmta hver kona á Íslandi sem verður þunguð láti eyða fóstri. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða og ég tala nú ekki um þegar verið er að fjalla um unglingsstúlkur eins og hér kemur fram. Í þeim tölum sem ég hef frá þessum tíma kemur í ljós að árið 1996 voru átta stúlkur yngri en 15 ára sem fóru í fóstureyðingu og 207 stúlkur á aldrinum 15–19 ára. Hér verðum við að breyta samfélagi okkar, við verðum að auka kynfræðslu því þetta eru ógnvænlegar tölur og við þær verður ekki unað.

[15:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er uggvænlegt að af þeim 500 ungu stúlkum frá 15–19 ára sem urðu þungaðar á síðasta ári létu 270 eyða fóstri. Við þessu verður að bregðast og það verður að gera það strax. Það þarf að bæta aðgengi að getnaðarvarnarpillunni og hún þarf að fást ókeypis fyrir ungar stúlkur undir 20 ára. Og ég vil leggja þau orð til hæstv. ráðherra að neyðargetnaðarvörnin, sem verður nú frekar til umræðu hér í næstu fyrirspurn, verði afhent á heilsugæslustöðum án endurgjalds. Það úrræði væri fljótt að borga sig upp. Við getum ekki látið það líðast í landi þar sem ungar stúlkur neyðast til að fara í fóstureyðingu eftir að hafa orðið ófrískar, að hér sé ekki greiðari aðgangur að fræðslu og getnaðarvörnum. Við verðum að bæta aðgengið að getnaðarvörnum, auka ráðgjafarþjónustu og upplýsingar og veita neyðargetnaðarvörnina á heilsugæslustöðvum.

[15:26]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að játa að mér finnst fsp. ekki snúast um fóstureyðingar og harma ef umræðan á enn einu sinni að fara í þann farveg. Þetta er spurningin um að við verðum að fara yfir það hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir þunganir unglingsstúlkna. Við vitum alveg hvað það er: Númer eitt, tvö og þrjú er það fræðsla. Í öðru lagi þarf að auka aðgengi að getnaðarvörnum almennt. Ég vil að við förum að tala um hlutina eins og þeir eru en ekki alltaf að hengja bakara fyrir smið. Þetta er löggjöf sem er búin að vera síðan 1975 og við eigum ekki að þurfa að vera að tala um þessi atriði öðruvísi. Við þurfum að auka fræðslu um varnir gegn kynsjúkdómum, notkun heppilegra getnaðarvarna, ábyrgð á kynlífi, foreldraábyrgð um að það er mikið mál að vera einn með lítið barn þegar maður er kornungur og ekki hvað síst þurfum við líka að efla umræður meðal foreldra um að unga fólkið þeirra stundi kynlíf og hvernig hægt er að ræða það á heimilinu.

En kjarni málsins er sem sagt þessi: Kynlíf er því miður enn tabú hér á landi. Það má ekki taka á því fyrr en slysin gerast. Kannski er það kjarni málsins. Við þurfum opna umræðu og horfa til framtíðar.

[15:27]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að taka þetta mál hér upp og ég vil líka þakka hæstv. ráðherra fyrir að mörgu leyti ágæt svör. Það sem hefur komið hérna fram og vekur sérstaka athygli er þessi óskaplega mikli fjöldi íslenskra unglingsstúlkna sem verður þungaður og hve samanburður er óhagstæður við nálæg lönd. Og þá verður fyrst fyrir að spyrja: Hvað veldur þessu? Það eru auðvitað margir þættir eins og hér hefur komið fram, en það er ekki síst að ekki hefur náðst að framfylgja eins og til stóð löggjöf frá 1975 um kynlífsfræðslu. Það er ágætt út af fyrir sig að hér séu leyfðar fóstureyðingar og ég er mjög hlynnt því, en það er mjög alvarleg staða ef fjöldi ungra kvenna er að fara í fóstureyðingar vegna þess að hann hefur ekki vit á eða hefur ekki nægilegt aðgengi að getnaðarvörnum.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir góð svör og ég fagna því að þetta mál er komið í ákveðinn farveg og kominn sé faghópur hjá landlækni til að leggja línurnar hvernig eigi að taka á þessu vandamáli. Jafnframt vil ég þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni fyrir innlegg þeirra.

Það er ljóst að þunganir unglingsstúlkna eru heilbrigðisvandi, en ekki síður samfélagslegur vandi. Margar þessara stúlkna eru einstæðar mæður og ala börn sín oft upp án daglegs samgangs við barnsföður sinn. Ýmsar rannsóknir benda til þess að hagur þessara ungu mæðra sé fremur bágborinn. Barneignir breyta oft framtíðaráformum þessara ungu kvenna, t.d. fara menntunaráform oft í vaskinn og möguleikar þeirra til starfsframa minnka verulega. Nýlegar rannsóknir benda til þess að ungar mæður lendi oftar í erfiðri félagslegri og fjárhagslegri stöðu, þær verða oftar einstæðar mæður, hafa minni menntun, eiga að jafnaði fleiri börn og eru háðari félagslegri og fjárhagslegri aðstoð. Í nýlegri skýrslu Rauða kross Íslands um fátækt á Íslandi eru félagslegar aðstæður ungra mæðra sem ég lýsti hér á undan staðfestar að nokkru leyti. Ljóst er að að taka þarf sérstaklega á þessum málum

með það að markmiði að lækka tíðni þungana unglingsstúlkna hér á landi, og ég tek svo sannarlega undir það sem kom fram í ræðu ráðherra, að hugarfarsbreytingu þarf til.

Reynsla annarra þjóða sýnir að besta leiðin til að draga úr óæskilegum þungunum er að auka fræðsluna og auðvelda aðgang að getnaðarvörnum. Skoða þarf sérstaklega og endurbæta kynfræðslu í grunnskólum og bæta aðgengi ungmenna að ráðgjöf um kynlíf og barneignir, t.d. með því að koma á markvissri heilsugæslu í framhaldsskólum. Einnig kæmi til greina að koma á fót sérstakri kynfræðslueiningu innan heilsugæslunnar eða að hún yrði rekin af frjálsum félagasamtökum. Þá þarf einnig að endurskoða reglur um ávísun á getnaðarvarnir. Í því sambandi er rétt að skoða að veita ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum rétt til að ávísa á getnaðarvarnir, eins og pilluna og neyðargetnaðarvörn. Í þessum málum gildir bókstaflega málshátturinn að of seint er að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í.

[15:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Spurningin er: Hvernig getum við komið í veg fyrir ótímabærar þunganir? Það er spurningin. Og menn segja: fræðsla, fræðsla, fræðsla og fræðsla. Ég ætla ekki að draga úr því að það hefur alveg geysilega mikið að segja. En ég held að opin, heilbrigð umræða um kynlíf hafi mest að segja. Og það er rétt sem hér hefur komið fram að hún hefur ekki alltaf verið upp á marga fiska á Íslandi. Því verðum við að breyta. Eins og ég sagði áðan eigum við svo gott fagfólk sem getur hjálpað okkur að breyta þessari umræðu, umræðu sem í dag snýst aðallega um klám.

[15:31]

Útbýting þingskjala:

Flutningur á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis, 463. mál, fsp. RG, þskj. 741.

Nýgengi krabbameins á Suðurnesjum, 465. mál, fsp. SJóh, þskj. 743.

Tíðni kransæðasjúkdóma á Suðurnesjum, 466. mál, fsp. SJóh, þskj. 744.

Tungutækni, 464. mál, fsp. SvanJ, þskj. 742.

Aðgengi að getnaðarvarnarpillu.

Fsp. ÁMöl, 425. mál. — Þskj. 690.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Í fyrirspurn hér á undan kom fram að há tíðni þungana unglingsstúlkna hér á landi er óviðunandi. Reynsla margra þjóða sýnir að besta leiðin til að draga úr óæskilegum þungunum og fóstureyðingum er að auka fræðsluna og auðvelda aðgang að getnaðarvörnum. Ein leið til að sporna gegn hárri tíðni þungana er aukið aðgengi að neyðargetnaðarvörn, svokallaðri neyðarpillu.

Neyðarpilla er ekki fóstureyðingarpilla heldur hormónapilla, í ætt við hefðbundna getnaðarvarnarpillu, sem tekin er innan þriggja sólarhringa frá óvörðum samförum til að koma í veg fyrir frjóvgun. Virkni neyðarpillunnar felst í að hindra egglos eða hindra þungun með því að þynna slímhúð í legi þannig að frjóvgað egg nær ekki festu í legi. Neyðarpillan er mikilvægt tæki, notað í neyð til að koma í veg fyrir ótímabæra þungun og fækka fóstureyðingum og óvelkomnum barneignum, ekki síst hjá ungu fólki. Hún er engan veginn hugsuð sem varanleg getnaðarvörn en notkun hennar leiðir yfirleitt til þess að viðkomandi velur örugga getnaðarvörn í kjölfarið. Notkun neyðarpillunnar er örugg og einu frábendingarnar við notkun hennar er að konan sé þegar þunguð. Aukaverkanir eru fáar og skammvirkar. Það er talið að hún hindri $^2/_3$ þeirra þungana sem yrðu ef neyðargetnaðarvörn væri ekki notuð.

Þekking á þessari leið til að koma í veg fyrir ótímabæra þungun hefur verið til hátt í fjóra áratugi. Hins vegar hefur neyðarpillunni ekki verið haldið á lofti sem getnaðarvörn hér á landi. Ástæða þess er annars vegar talin viðhorf samfélagsins, þ.e. að konum sé ekki treystandi fyrir skynsamlegri notkun slíkrar getnaðarvarnar og að aukið aðgengi að henni geti ýtt undir lauslæti. Einnig hefur þekkingarleysi heilbrigðisstarfsmanna og um leið almennings á notkun og verkun neyðarpillunnar verið kennt um. Þá hefur hér á landi eingöngu verið hægt að fá neyðarpilluna með lyfjaávísun frá lækni.

Á undanförnum árum hefur áhersla á notkun neyðargetnaðarvarnarpillunnar farið vaxandi í nágrannalöndum okkar, fræðsla verið aukin og aðgengi að henni bætt verulega, t.d. með því að veita hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum rétt til að ávísa á hana og/eða afhenda. Í því sambandi má nefna að neyðarpillan hefur verið viðurkenndur hluti af kynheilbrigðisþjónustu í yfir þrjátíu ár í Hollandi. Ég bendi á að tíðni þungana unglingsstúlkna þar er fimm til sex sinnum lægri en á Íslandi. Kannski er ekki hægt að segja að bein tengsl séu þar á milli er auðvitað má rekja það að einhverju leyti til neyðarpillunnar.

Í ljósi þessa ber ég fram fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um hvort hún muni beita sér fyrir betra aðgengi að neyðargetnaðarvarnarpillu hér á landi.

[15:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er þegar í undirbúningi að auka aðgengi að þessari pillu. Við teljum rétt að láta af því verða eftir næstu áramót. Í kringum næstu áramót kemur ný pilla sem hefur minni aukaverkanir en sú sem nú er á markaði. Faghópurinn sem ég minntist á hér áðan, sem landlæknir stýrir, er einmitt að hefja undirbúning á því að fræða fólk í heilsugæslunni um notkun þessarar pillu og um leið koma með tillögur um aukið aðgengi.

Hv. fyrirspyrjandi kom með ýmsar tillögur í fyrri ræðu sinni áðan varðandi aukið aðgengi, t.d. að ljósmæður og hjúkrunarfræðingar gætu afhent þessa pillu. Það er einmitt verið að fjalla um það í þessum faghóp, hvort það sé ekki rétt. Þar er fjallað um hvar sé rétt að hafa aðgang að pillunni, hvort sé rétt að hafa hana á heilsugæslustöðvum og víðar. En það er mikilvægt, eins og fram kom áðan, að fyrst komi fræðsla og aftur fræðsla. Þessi tafla er nefnilega ekki án aukaverkana. Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir um næstu áramót þegar áætlað er að auka aðgengið og vera tilbúin til að taka á móti betra lyfi en við höfum í dag.

[15:37]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir þær fyrirspurnir sem við höfum fengið svör við núna. Ég fagna sérstaklega svari heilbrrh. um vinnuhópinn sem mun fara í að forgangsraða málum er lúta að getnaðarvörnum og neyðargetnaðarvarnarpillunni. Þannig förum við

núna vonandi að sjá fram á betri tíma. Við vitum vel að neyðargetnaðarvarnarpillan hefur alls ekki verið nægilega aðgengileg. Hún hefur fyrst og fremst verið notuð í Hinu húsinu, ábyggilega með mjög góðum árangri, og eins á kvennadeildinni hjá einstaka lækni. En eins og við komumst að niðurstöðu um í umræðunni um fyrirspurnina á undan þá snýst þetta kannski um aukið aðgengi og aukna fræðslu almennt um getnaðarvarnir og kynlíf. Og þar þurfum við að gera átak og um leið og við höfum þessa fræðslu í lagi og höfum til þess þjálfað fagfólk þá förum við að sjá fram á betri tíma í þessum málum.

[15:38]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það gleður mig sérstaklega að hæstv. heilbrrh. virðist skrefi á undan okkur sem erum að vekja máls á þessu máli. Hún er þegar komin af stað með vinnuhóp til að greiða fyrir aðgengi að neyðargetnaðarvarnarpillunni og ég þakka það sérstaklega. Auðvitað á þessi pilla að vera aðgengileg öllum. Það þarf að vera enn þá meiri þekking meðal almennings og þá sérstaklega meðal unglinga, að ég tel, hvar hægt er að nálgast þessa neyðargetnaðarvörn. Þekkingunni þarf að koma á framfæri í skólum, en ekki bara í skólum því ekki eru allir unglingar í skólum. Svo þarf einnig að vera á heilsugæslustöðvum. Ég er mjög ánægð ef á að taka þetta út af lyfseðilsskyldu og gefa t.d. hjúkrunarfræðingum eða ljósmæðrum rétt til að gefa þessa pillu. Ég held að það sé vel og að alltaf eigi að nota tækifærið, þegar fólk nálgast þessa pillu, til að koma á framfæri þekkingu og áróðri fyrir frekari getnaðarvörnum.

[15:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil enn og aftur þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að vekja máls á því sem við höfum verið að ræða hér í dag. Ég þakka jafnframt hæstv. heilbrrh. fyrir hennar svör.

Ég vil allt til þess vinna að fækka fóstureyðingum á Íslandi. Ég held að einmitt það sem við höfum verið að ræða hér, svokölluð neyðarpilla, sé ein leiðin á þeirri vegferð ásamt aukinni fræðslu, opnari umræðu og ábyrgð þeirra sem stunda kynlíf, hvort heldur þeir eru ungir eða eldri. Ég tel að þarna sé leið eins og hv. þm. Ásta Möller og hæstv. ráðherra hafa rætt um. Mér leikur einnig forvitni á að fá að sjá, af því ég hef talað um það hér í fyrri ræðu minni um 7. dagskrármálið, fyrirspurn mína um fóstureyðingar, niðurstöðu þeirrar nefndar sem hæstv. heilbrrh. skipaði varðandi fóstureyðingar á Íslandi.

[15:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna svari hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn hv. þm. Ástu Möller. Frá næstu áramótum verður greiður aðgangur allra að neyðarpillunni. (**Heilbrrh.:** Greiðari.) Greiðari. Þangað til geta menn nálgast hana hjá læknum.

Fræðsla, fræðsla, fræðsla segja allir hv. þingmenn sem hér hafa tekið þátt í umræðunni. Hæstv. ráðherra veit hvar skórinn kreppir. Hæstv. ráðherra er fagmaður í þessari grein og það er óþarfi að tefja málið í nefnd. Ráðherra getur hafist handa nú þegar og komið á fræðslu og þeim úrræðum sem hér hafa verið til umræðu.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég fagna svörum ráðherra og tel til bóta að auka aðgengi að neyðarpillunni um næstu áramót. Ég vil benda á að Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir hafa um árabil barist fyrir bættu kynheilbrigðisástandi meðal ungs fólks á Íslandi. Samtökin hafa m.a. lagt sig sérstaklega fram um að koma upplýsingum um neyðargetnaðarvörn á framfæri, bæði við almenning og heilbrigðisstarfsmenn. Samtökin eiga þakkir skildar fyrir starf sitt en betur má ef duga skal. Hér þurfa heilbrigðisyfirvöld, skólayfirvöld, starfsmenn heilbrigðisþjónustu og menntastofnana, auk frjálsra félagasamtaka og samtaka unglinga og foreldra og unglingar og foreldrar að snúa bökum saman.

Ljóst er að tíðni óvelkominna þungana unglingsstúlkna hér á landi er há. Það þarf að grípa til sérstakra ráðstafana í þeim efnum og þar er aukið aðgengi að neyðarpillunni ein leið. Rannsóknir hafa sýnt að þvert á skoðanir margra leiðir aukin notkun neyðarpillunnar til ábyrgari notkunar öruggari getnaðarvarna.

Ég ræddi hér á undan um það hlutverk sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður gætu tekið á sig við útdeilingu á neyðarpillunni. Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og læknar geta metið hvort rétt er að ávísa slíku lyfi, leiðbeint um rétta notkun hennar og gengið úr skugga um að þungun sé ekki þegar til staðar. Jafnframt eru þetta fagstéttir sem geta fylgt þeim krökkum eftir sem fá lyfjaávísun á neyðarpilluna með ráðgjöf og fræðslu um kynferðismál til að auka líkur á notkun öruggra getnaðarvarna í framtíðinni. Ég er þeirrar skoðunar að veita eigi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum rétt til að ávísa neyðarpillunni.

Ég tel afar mikilvægt að sérstakt átak verði gert til að vinna að bættu ástandi kynheilbrigðismála með sérstakri áætlun um fækkun á þungunum unglingsstúlkna, með aukinni fræðslu um kynlíf og barneignir og auknu aðgengi að getnaðarvörnum. Þar þarf sérstaklega að skoða bætt aðgengi að neyðarpillunni.

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir tækifærið til að ræða þetta mál á Alþingi og fjalla um það sem verið er að vinna að í þessum málum. Ég held að þetta sé hluti af þeirri opnu umræðu sem við erum að tala um, að það sé fordómalaust talað um þessi mál eins og þau koma fyrir. Það var í beinu framhaldi af fyrirspurn frá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni sem nefnd sem ég ræddi um áðan var skipuð. Sú nefnd hefur unnið geysilega mikið starf sem síðan er verið að vinna tillögur úr. Það hefur allt komið fram í þessari umræðu og ég þarf ekki að endurtaka það.

Ég segi enn og aftur: Heilbrigð, opin umræða er undirstaða þess að við getum náð árangri á þessu sviði.

Reglur um sjúklingatryggingu.

Fsp. GuðjS, 447. mál. — Þskj. 718.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Sigurjónsson):

Herra forseti. Víðast hvar í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndum er réttarstaða þeirra sem verða fyrir því óláni að verða fyrir tjóni í kjölfar læknisaðgerða, t.d. í tengslum

við rannsóknir, sjúkdómsmeðferðir eða læknisfræðilegar tilraunir mun betur tryggð en hér á landi. Það má segja að í megindráttum felist þessi tryggari réttarstaða í því að tjónþolar eigi efnislega betri rétt til skaðabóta vegna læknismeðferðar, auk þess sem verulega er létt undir með tjónþola með breyttum reglum um málsmeðferð.

Í frv. sem fyrrv. heilbr.- og trmrh., Guðmundur Bjarnason, lagði fram fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi var gerð tilraun til að skipa málum hér á landi í sambærilegan farveg og um ræðir annars staðar á Norðurlöndum. Fyrst og fremst var horft til Danmerkur sem fyrirmyndar um þetta efni. Því miður náði frv. ekki fram að ganga og hefur ekki orðið veruleg breyting á réttarstöðu þessa hóps frá þeim tíma. Eins og frv. bar með sér þá var meginmarkmið þess að tryggja sjúklingum eða tjónþolum víðtækari rétt til bóta en þeir eiga eftir almennum skaðabótareglum, jafnframt að gera tjónþolum auðveldara að ná rétti sínum. Málsmeðferð í þeim tilvikum þegar sjúklingur verður fyrir áfalli í tengslum við læknismeðferð verður að mínu viti að vera með þeim hætti að tjónþolum sé unnt að leita réttar síns án verulegs óhagræðis eða kostnaðar.

Í íslensku réttarkerfi eru sönnunarvandamál og kröfum sem gerðar eru varðandi sök og saknæmi þannig háttað að mjög erfitt reynist fyrir tjónþola að leita réttar síns. Ég vísa sérstaklega til fyrirspurnar sem kom fram á Alþingi frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur árið 1997 til dómsmrh. um mistök við læknisverk. Í svari við þeirri fyrirspurn kom m.a. fram að fjöldi sjúklinga sem hafði orðið fyrir tjóni eða taldi sig hafa orðið fyrir tjóni í tengslum við mistök við læknisverk treysti sér ekki til að sækja rétt sinn. Og ég tel fullvíst að rekja megi ástæðurnar m.a. til þess að erfitt er að sanna sök í slíkum málum. Það er almennt út frá því gengið að sjúklingar gangast undir einhverja áhættu í hvert sinn sem aðgerð er framkvæmd á þeim. Verði áhættan hins vegar virk og leiði til tjóns er líklegt að sjúklingur þurfi að langmestu að bera tjón sitt sjálfur. Mistök við læknisaðgerð fela því ekki alltaf í sér bótaábyrgð af hálfu sjúkrastofnunar, þar sem ekki er í öllum tilvikum ljóst hvort um bótaskylt tjón er að ræða eða ekki. Meginleiðin til að bæta réttarstöðu þessara aðila er að létta undir tjónþolum með málsmeðferð annars vegar og hins vegar að víkja frá þeim meginsjónarmiðum sem ríkir í skaðabótarétti varðandi saknæmi.

Þáltill. var lögð fram á 123. löggjafarþingi um þetta mál þar sem flm. voru hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Össur Skarphéðinsson. Í tillögunni fólst að hæstv. heilbrrh. yrði falið að láta fara fram úttekt á reglum um sjúklingatryggingu sem mundu miða að réttarbótum á sviði sjúklingatrygginga. Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrrh. hvort hún hafi látið fara fram úttekt á sjúklingatryggingum í samræmi við þáltill. Einnig spyr ég ráðherrann hvort hún hyggist beita sér fyrir því að réttarstaða þessara aðila verði bætt.

[15:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Sigurjónsson hefur beint þeirri fyrirspurn til mín hvort gerð hafi verið úttekt á reglum um sjúklingatryggingar í því skyni að bæta réttarstöðu þeirra sem verða fyrir heilsutjóni í tengslum við rannsókn, sjúkdómsmeðferð, læknisfræðilegar tilraunir eða því um líkt og hvort ég hyggist á einhvern hátt bæta réttarstöðu sjúklinga sem verða fyrir slíku tjóni.

Virðulegi forseti. Því er til að svara að sl. eitt og hálft ár hefur í heilbr.- og trmrn. verið unnið að samningu frv. til laga um sjúklingatryggingu. Á undanförnum árum hefur sem kunnugt er verið komið á fót á Norðurlöndum sérstökum sjúklingatryggingum sem veita víðtækari rétt til bóta vegna tjóns sem menn verða fyrir við veitingu heilbrigðisþjónustu en almennar skaðabótareglur. Árið 1989 var gerð breyting á almannatryggingalögum sem fól í sér vísi að slíkri sjúklingatryggingu. En mikið vantar á að þau ákvæði tryggi sjúklingum bættur sem nálgast það að vera fullar fébætur fyrir raunverulegt tjón.

Frv. til laga um sjúklingatryggingu var lagt fyrir Alþingi 1990–91 af þáv. heilbrrh., Guðmundi Bjarnasyni, eins og hv. þm. gat um áðan, en frv. hlaut ekki afgreiðslu. Það frv. var lagt til grundvallar í vinnu við gerð nýs frv., en gerðar eru á því ýmsar breytingar, m.a. í samræmi við þá réttarþróun sem orðið hefur á þessu sviði frá þeim tíma.

Drög að frv. um sjúklingatryggingu voru send til umsagnar fjölmargra aðila sl. sumar og bárust yfirleitt jákvæðar umsagnir og gagnlegar athugasemdir. Í umsögnum nokkurra aðila kom þó fram gagnrýni á málsmeðferðarreglur frv. m.a. varðandi málskotsrétt aðila, hlutverk áfrýjunarnefndar o.fl. Frv. hefur nú verið til endurskoðunar með tilliti til fyrrgreindra athugasemda. Með fyrrgreindu frv. er stefnt að því að samræma íslenskar reglur í aðalatriðum öðrum norrænum reglum um sjúklingatryggingu og auka bótarétt sjúklinga sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð og tryggja þannig tjónþola víðtækari rétt til bóta en hann á eftir almennum skaðabótareglum og núgildandi reglum um almannatryggingar.

[15:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Sigurjónssyni fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli með fyrirspurn sinni. Í fyrra og hittiðfyrra lögðum við hv. þm. Margrét Frímannsdóttur og Össur Skarphéðinsson fram á þingi till. til þál. um að endurskoða reglur um sjúklingatryggingu. Þegar þessar þáltill. hafa komið til umræðu hv. heilbr.- og trn. hefur verið vísað til þeirrar vinnu sem hæstv. ráðherra vísaði til í svari sínu. Ég fagna því að verið er að vinna að því að bæta réttarstöðu þeirra sem verða fyrir læknamistökum í þá veru sem gert er á Norðurlöndum, en ég spyr hæstv. ráðherra hvenær búast megi við þessu frv. Í fyrra þegar málið var til umræðu í heilbr.- og trn., þ.e. okkar þingmál um þetta sama efni, þá var sagt að búast mætti við frv. frá hæstv. ráðherra sl. haust. Það hefur ekki bólað á því, herra forseti. Ég spyr því, hvenær er von á frv. frá hæstv. ráðherra?

[15:53]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Sigurjónssyni fyrir að hreyfa þessu máli sem vissulega er þörf á, þó að það hafi verið rætt hér á tveimur síðustu þingum og með fyrirspurn sem ég var með árið 1997, en fyrst og fremst fyrir að vekja athygli á öðru úrræði en áður hefur verið talað um, þ.e. að meginreglan verði að unnt sé að bæta réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni vegna læknismeðferðar með því að létta undir með tjónþolum hvað málsmeðferð varðar. Staðreyndin er sú að fjöldi sjúklinga sem telur sig hafa orðið fyrir læknamistökum sækir ekki rétt sinn, hefur ekki getu til þess og þá fyrst og fremst vegna þess að þarna er oft á tíðum um mjög langa og erfiða málsmeðferð að ræða. Mér finnst, virðulegi forseti, vel til fallið að heyra skoðun hæstv. ráðherra á þeirri

leið sem hv. þm. Guðjón Sigurjónsson nefndi áðan.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Sigurjónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svörin og að hafa upplýst okkur um að ákveðin sé vinna í gangi til að framfylgja þessu máli sem hreyft hefur verið hér á Alþingi á undanförnum árum. Ég vek athygli á að það frv. sem lagt var fram á Alþingi árið 1990 var að mörgu leyti mjög gott og vandað frv. Það byggði á því frv. sem lá þá fyrir danska þinginu og það frv. er nú orðið að lögum. Komin er mjög góð og mikil reynsla á þau lög og þeim hefur ekki mikið verið breytt, reyndar hafa komið fram breytingar árin 1995 og 1999, að ég held, sem hafa verið til þess fallnar að víkka út gildissvið reglnanna. Hægt væri að taka mið af þeim breytingum og ég tel mjög auðvelt í raun og veru að koma þessu máli fyrir þing í frumvarpsformi og gera það að lögum.

Hæstv. ráðherra vakti athygli á að reglur um bætur úr almannatryggingakerfinu væru vísir að réttarbót í þessa veru. Ég get í sjálfu sér ekki fallist á að það sé nein veruleg réttarbót hvað varðar þennan hóp sjúklinga vegna þess að þær bætur sem fást þar greiddar út eru svokallaðar summutryggingar og eru óverulegar og engan veginn til þess fallnar að mæta því fjártjóni sem sjúklingar verða fyrir í slíkum tilvikum. Ég tel mjög brýnt að úttekt á málinu verði lokið hið fyrsta og lög verði sett. Ég vonast svo sannarlega til að hinn margfrægi snigill framsóknarmanna fari ekki með málið hér eftir heldur verði málinu lokið af krafti og að við fáum bráðum að sjá lög um þetta efni, grundvölluð á þeim reglum sem þegar hafa verið til umfjöllunar.

[15:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn en ætla að ítreka það sem ég sagði áðan, ég sagði þó svo vissar réttarbætur hefðu orðið 1989, þá eru þær alls ekki fullnægjandi og þess vegna höfum við að sjálfsögðu verið að vinna þessa vinnu. Ég sagði áðan líka að við hefðum sent frv. til umsagnar og fengið margar góðar ábendingar sem verið er að vinna úr. Við höfum líka fylgst með því sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum, það hefur því orðið mjög ör þróun í þessu máli. Og þá hljóta menn auðvitað að spyrja hvenær þeir sjái þetta frv. og ég vona – ég segi vona — að ég geti lagt það fram áður en þessu þingi lýkur.

[15:58]

Útbýting þingskjala:

Ályktanir Vestnorræna ráðsins, 461. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 739.

Lögreglulög, 467. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 745.

Tilfærsla á aflahlutdeild, 462. mál, beiðni SvH o.fl. um skýrslu, þskj. 740.

Löggæsla í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.

Fsp. SJóh, 411. mál. — Þskj. 669.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Upphaf þess máls er ég reifa hér má rekja til bréfs sem borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi skrifuðu hæstv. dómsmrh. þar sem þeir fara þess á leit við hæstv. ráðherra að hann beiti sér fyrir auknum fjárframlögum þannig að fjölga megi lögreglumönnum í lögsagnarumdæmi lögreglustjórans í Reykjavík, efla megi hverfalöggæslu í Reykjavík og styrkja megi þjónustu lögreglunnar í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi.

Í svari við þessu bréfi, sem dagsett er 7. desember, kemur fram að ráðuneytið hefur falið lögreglustjóranum í Reykjavík að gera tillögur um endurskipulagningu löggæslu í borginni þannig að nýta megi kosti grenndarlöggæslu til fulls. Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ ritar síðan hæstv. dóms- og kirkjumrh. bréf þann 10. desember sl. þar sem fram kemur að samkvæmt upplýsingum lögreglustjórans í Reykjavík dygðu þær fjárhæðir sem ætlaðar eru til löggæslu á svæðinu ekki til að efla hverfabundna löggæslu, þar sem reynslan hefur þó sýnt að gefur bestan árangur sé til lengri tíma litið, en samkvæmt upplýsingum hans vantar um 60 millj. kr. til að hægt sé að mæta óskum sveitarfélaganna í lögsagnarumdæminu.

Í þessu bréfi er því lýst að á síðustu árum þegar mikil fjölgun íbúa hefur orðið í Mosfellsbæ hefur verið fækkað þar í hverfastöð úr átta lögregluþjónum í sex. Þar hefur t.d. engin næturvakt verið staðin frá sl. vori og sér þess mikil merki í auknum skemmdarverkum, innbrotum og óæskilegri hópamyndun unglinga. Hefur lítt tjóað þó foreldrar hafi lagt fram mikla vinnu við foreldrarölt en til að slíkt gefi fullnægjandi árangur þarf lögreglan að vera til staðar og sýnileg.

Foreldrafélögin stóðu nýlega fyrir undirskriftasöfnun þar sem tæplega 900 manns skrifuðu undir áskorun til yfirvalda um að auka löggæsluna í bænum. Ég þykist hafa orðið þess áskynja að síðan ég lagði fyrirspurnina fram hafi verið unnið að lausn þessara mála og mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða áform eru um að efla grenndarlöggæslu og styrkja þjónustu lögreglunnar við íbúana í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi?

[16:01]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstvirtur forseti. Að undanförnu hef ég átt náið samráð við yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík um fyrirkomulag hverfalöggæslu í borginni. Ég hef mikinn áhuga á þessu verkefni og hef lagt áherslu á það við lögreglustjórann í Reykjavík að mér séu kynntar fyrirætlanir á þessu sviði. Mér er líka fulljóst að þetta er málefni sem varðar borgarana miklu og hafa íbúar hverfa í borginni og íbúar nágrannasveitarfélaga ekki legið á skoðunum sínum um mikilvægi þess að hverfalöggæslu sé sinnt. Það hefur líka verið eitt af meginviðfangsefnum mínum frá því ég tók við embætti að bæta hverfalöggæslu og gera lögregluna sýnilegri meðal borgara.

Hvað varðar sérstaklega Seltjarnarnes og Mosfellsbæ þá hef ég átt fundi með bæjarstjórum beggja sveitarfélaganna um hverfalöggæslu. Fyrir stuttu átti ég einnig fund með yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík og bæjarstjórum sveitarfélaganna tveggja þar sem farið var yfir stöðu mála og áform lögreglunnar á þessu sviði. Ég er þess fullviss að þar hafi margt skýrst í þessum málum fyrir forsvarsmönnum sveitarfélaganna.

Ef ég vík fyrst nánar að Mosfellsbænum þá lítum við svo á að löggæsla hafi verið bætt verulega um áramótin. Þar var áherslum reyndar breytt nokkuð og settur einn lögreglumaður sem annast málefni barna og unglinga og sinnir rannsóknum svonefndra minni háttar brota. Það hefur ekki áður verið til slík staða í Mosfellsbæ. Það starf hefur gengið

vel og lögreglan vinnur það og setur sér markmið og áherslur í samráði við bæjaryfirvöld, þó aðallega barnaverndaryfirvöld. Undanfarið hefur verið í gangi þar forvarnaverkefni, bæði vegna fíkniefnaneyslu og eins vegna eineltis og ofbeldismála sem bar nokkuð á í bæjarfélaginu. Talsverður misskilningur virðist hafa verið uppi að undanförnu um löggæsluna á svæðinu en að mati lögreglunnar í Reykjavík býr Mosfellsbær að þessu leyti einna best allra svæða umdæma lögreglunnar í Reykjavík. Hverfastöð lögreglunnar þar er opin frá klukkan 7–23 alla virka daga og aðfaranætur laugardaga. Lögreglubifreið er alltaf á svæðinu en utan þess tíma er eftirlitið með sama hætti og í öðrum hverfum lögreglunnar, þ.e. með vöktum. Til viðbótar þessu stefnir lögreglan að því að auka umferðareftirlit í bænum. Ekki eru uppi frekari áform um aukningu á löggæsluforminu þarna til viðbótar. En ég vil taka það skýrt fram, hæstv. forseti, að það eru átta lögreglumenn og hafa verið starfandi, átta lögreglumenn en ekki sex. Það var ákveðinn misskilningur sem kom fram í þeim texta sem fólk skrifaði undir í þessari undirskriftasöfnun, m.a. bar á þeim misskilningi að ekki væri næturvakt í bænum um helgar en eins og ég sagði áðan hafa verið vaktir þar allan sólarhringinn.

Hvað varðar hverfalöggæslu á Seltjarnarnesi þá lenti lögreglan í Reykjavík í ákveðnum vanda vegna eiginlega beggja föstu lögreglumannanna á staðnum sem hafa báðir verið fjarverandi um nokkra hríð vegna veikinda. Lögreglan í Reykjavík hefur nú fundið bráðabirgðalausn á því máli í samráði við bæjarstjórn Seltjarnarness. Hún felst í því að áfram verða tveir menn sem sinna hverfalöggæslu á Seltjarnarnesi, en viðveru þeirra verður breytt. Fyrri lögreglumaðurinn kemur á vakt klukkan 11 eða 12 og er með viðveru til klukkan 19 eða 20. Seinni lögreglumaðurinn kemur á vakt klukkan 15.30 og er með viðveru til klukkan 23.30 og verður því einn á vakt fram eftir kvöldi. Er þetta byggt á þeim áherslum sem bæjaryfirvöld hafa komið fram með í málinu. En þegar með þarf mun aðalstöðin í Reykjavík að sjálfsögðu bæta við mannskap. Að auki er stefnt að því að bæta umferðareftirlit á Seltjarnarnesi.

Þetta er staðan í dag, hv. fyrirspyrjandi, og hef ég lagt áherslu á það að tryggja þessa þjónustu lögreglunnar í samvinnu við íbúa og bæjaryfirvöld.

[16:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er eitthvað sem kemur ekki heim og saman. Hæstv. dómsmrh. hefur það tæpa ár sem hún hefur gengt starfi lýst yfir ítrekað áhuga sínum á frekari hverfalöggæslu. Eftir sem áður linnir ekki látum og athugasemdum frá hverju sveitarfélaginu á fætur öðru þar sem hinu gagnstæða er haldið fram, nefnilega því að það dragi einmitt úr þeirri tegund löggæslu. Óþarfi er að tína dæmin til, ég vil þó gera það samt. Grindavík er nýlegt dæmi, Mosfellsbær og Seltjarnarnes, sem eru hér sérstaklega til umræðu, eru önnur dæmi og ástandið í Kópavogi er ekki heldur beint beisið og vísa ég til fyrri umræðu á síðasta ári um þau efni. Hér er eitthvað málum blandið og menn afgreiða ekki málið með þeim hætti að eitthvað sé á misskilningi byggt. Það er enginn misskilningur að í Mosfellsbæ er ekki um að ræða heimalöggæslu um helgar, þ.e. allan laugardaginn, laugardagskvöldið, aðfaranótt sunnudags og allan sunnudag. Hér dugir ekki fyrir hæstv. ráðherra að segja eitt en gera annað. Þetta er nú veruleiki hlutanna.

[16:06]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka bæði fyrirspurnina og svör hæstv. ráðherra. Nei, málin eru engan veginn óskýr, það er mjög skýrt hvernig þessi málefni eru hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra hefur sýnt mjög mikinn metnað í því að styrkja og efla lögregluna alls staðar á landinu. Ég sé það núna strax og ég fagna því að hæstv. ráðherra er þegar búin að bregðast við og lýsti því mjög skýrt í máli sínu áðan. Hæstv. ráðherra er þegar búin að bregðast við því ástandi sem hefur verið m.a. í Mosfellsbænum.

Ég tel að við eigum að gefa því svari sem kom hér fram tækifæri og meta síðan aðstæðurnar í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi, vegna þess að fyrirspurnin lýtur að þeim sveitarfélögum, eftir ákveðinn tíma. Þetta er alveg skýrt.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör og eins þakka ég þeim sem hafa lagt orð í belg í umræðunni. Ég hef í dag haft samband við bæjarstjórann á Seltjarnarnesi sem er annar af þeim sem skrifuðu undir umrætt bréf. Það kemur skýrt fram í máli hans að hann er ánægður með þá úrlausn sem hefur fengist fyrir hönd Seltjarnarness. Það mál hefur því verið lukkulega afgreitt. Sömuleiðis hef ég haft samband við ýmsa aðila í Mosfellsbæ. Það hefur komið fram að þar er mikil ánægja með þann forvarnafulltrúa sem var ráðinn og einn af viðmælendum mínum lýsti því ekki sem neinu minna en kraftaverki hve vel hefði tekist vel til og mál hefðu snúist mjög til betri vegar síðan hann kom til starfa nú um áramótin. En ég held að ég sé ekkert að misskilja það að það er gríðarleg óánægja enn þá í Mosfellsbænum með löggæsluna og fólk leggur ekki sama skilning í grenndarlöggæslu og hæstv. ráðherra, en við erum samt afskaplega þakklát fyrir áhuga hennar á því máli. Fólk lítur á það sem grenndarlöggæslu sem fer fram frá hverfislögreglustöðinni. Þarna er ekki um það að ræða í Mosfellsbænum á kvöldin og um helgar og það er óánægja með það. Að vísu hafa verið þarna ákveðnir tilburðir til að bæta úr en ég held að það þurfi enn að gera betur til að koma í veg fyrir frekari misskilning og koma til móts við íbúa bæjarins sem eru að sínu leyti tilbúnir til að leggja sig alla fram sem sést á því hve hefur verið almenn og góð þátttaka hefur verið í foreldrarölti þar að undanförnu.

[16:10]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir orð hennar áðan og er mjög ánægð með að starf þessa forvarnafulltrúa í Mosfellsbæ virðist koma að svo góðum notum. Ég er alveg sammála henni um að það er mjög mikilvægt að við tryggjum grenndarlöggæslu sem best á þessum stöðum, en auðvitað geta aðstæður verið misjafnar. Ég vil benda á það út af orðum hv. þm. að þegar talað er um grenndarlöggæslu virðist vera nokkuð mismunandi hvaða skilning fólk leggur í það orð. Fyrir mitt leyti vil ég að það komi alveg skýrt fram að ég tel að lögreglumenn sem eru á vöktum í bifreið geri ekki minna gagn og jafnvel meira gagn en lögreglumaður sem situr við skrifborð inni á lögreglustöð. Varðandi orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar vorum við einmitt saman á fundi í Grindavík hér á dögunum, og ég get glatt hann með því að ég tók nú fyrir nokkrum dögum á móti bæjarstjórn Grindavíkur sem lýsti yfir sérstakri ánægju sinni

með fyrirkomulag löggæslumála í sínum bæ. Þar hafa menn náð góðu samkomulagi við sýslumanninn í Keflavík þannig að ég tel að þau mál séu í góðu standi.

Út af dagskrá voru tekin 10.–16. mál.

Fundi slitið kl. 16:12.

---

81. FUNDUR

fimmtudaginn 16. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tilfærsla á aflahlutdeild, beiðni um skýrslu, 462. mál, þskj. 740. *Hvort leyfð skuli.*
2. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 663. — 1. umr.
3. Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, stjfrv., 452. mál, þskj. 726. — 1. umr.
4. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 377. mál, þskj. 633. — Fyrri umr.
5. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 397. mál, þskj. 655. — 1. umr.
6. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 430. mál, þskj. 698. — 1. umr.
7. Náttúruvernd, frv., 379. mál, þskj. 636. — 1. umr.
8. Vernd votlendis, þáltill., 389. mál, þskj. 647. — Fyrri umr.
9. Rannsókn á mengun við Keflavíkurflugvöll, þáltill., 391. mál, þskj. 649. — Fyrri umr.
10. Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, þáltill., 392. mál, þskj. 650. — Fyrri umr.
11. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 338. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.
12. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 697. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Jón Bjarnason, 5. þm. Norðurl. v.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 663.

[10:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með frv. því sem hér er flutt er tekið heildstætt á ýmsum málum sem tengjast varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, einkum viðskiptum íslenskra aðila við varnarliðið. Þar er fest í sessi sú frjálsræðisþróun sem orðið hefur á síðustu árum í verktöku fyrir varnarliðið og tryggður fullnægjandi lagarammi í því efni. Enn fremur er treystur lagagrunnur fyrir stjórnsýslu á varnarsvæðunum í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútímalegra stjórnsýsluhátta.

Í frv. er að finna skýr og ótvíræð ákvæði um starfsemi kaupskrárnefndar varnarsvæða. Einnig er að finna í frv. ákvæði um heimildir utanrrh. til að takmarka aðgang að varnarsvæðunum sem hingað til hafa einungis verið byggðar á ákvæðum loftferðalaga. Rétt þykir að skýrt verði kveðið á um þær í frv. jafnframt því sem úrelt lög um sama efni frá árum seinni heimsstyrjaldar eru felld úr gildi.

Þá er að finna ákvæði um undanþágu varnarliðsins frá skattskyldu sem ætlað er að skýra óvissu sem verið hefur í framkvæmd. Varnarliðið nýtur eins og kunnugt er skattfrelsis samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins en mismunandi túlkanir hafa verið uppi um hverjir teljist til varnarliðsins í þessum skilningi. Horfa þessar breytingar sem aðrar fyrst og fremst til þess að einfalda lagarammann um starfsemi varnarliðsins og hlutverk utanrrn. í því sambandi ásamt því að skýra réttarstöðu einstaklinga og lögaðila.

Snar þáttur í frv. varðar viðskipti íslenskra aðila við varnarliðið. Í samræmi við ákvæði varnarsamningsins og afleiddra samninga gerir frv. ráð fyrir að tilnefning af hálfu íslenskra stjórnvalda sé forsenda þess að samningar íslenskra aðila við varnarliðið séu gildir. Gert er ráð fyrir að samningar við varnarliðið fari almennt um hendur íslenskra stjórnvalda og fram fari forval hæfra viðskiptaaðila eftir íslenskum reglum.

Að því er verksamninga við varnarliðið varðar er þó gert ráð fyrir aðlögunarferli í samræmi við samninga milli Íslands og Bandaríkjanna þar að lútandi. Forvalsnefnd ber að leggja mat á efnisleg skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla auk þess að taka mið af öryggissjónarmiðum. Meðal skilyrða sem kveðið er á um í frv. er að um íslensk fyrirtæki sé að ræða. Er það hugtak skilgreint til að tryggja efnahagsleg tengsl fyrirtækis við Ísland. Ef samið er án undanfarandi tilnefningar eru samningar ógildir sem og ef forsendur tilnefningar bresta á samningstíma.

Samningar íslenskra og erlendra aðila við varnarliðið sem stríða gegn ákvæðum varnarsamningsins eða afleiddra samninga eru enn fremur ógildir ef frv. þetta verður að lögum. Og í frv. er lagt bann við framkvæmd ógildra samninga.

Herra forseti. Með frv. er ítarleg greinargerð og ég sé ekki ástæðu til að rekja efni hennar. Gerðar eru ítarlegar athugasemdir við frumvarpsgreinarnar og ég vil því leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. utanrmn.

[10:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða merkilegt mál sem hæstv. utanrrh. mælti fyrir og ég verð einnig að segja að mér þótti framsaga hæstv. ráðherra vera ákaflega merkileg. Ég hafði vænst þess að þær breytingar sem mælt er fyrir í frv. yrðu rækilegar skýrðar af hálfu hæstv. ráðherra en hér kom fram og ég fæ ekki annað séð en að ráðherrann hafi raunverulega hlaupið fram hjá þeim málum sem mikilvægust eru í þessu frv.

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gat þess að á síðustu árum hefði orðið þróun í átt til frjálsræðis í viðskiptum við herinn á Keflavíkurflugvelli. Það kann vel að vera rétt, herra forseti, ég hef ekki fylgst svo mikið með því. En ég verð hins vegar

að segja að það frv. sem hér liggur fyrir er stórt skref aftur á bak. Það er stórt skref aftur á bak frá frjálsræði og örugglega því frjálsræði sem hæstv. ráðherra talar um að hafi rutt sér til rúms á síðustu árum í samskiptum við herinn og alveg sannarlega er það í átt frá því frjálsræði sem hefur aukist í viðskiptum á Íslandi.

Við höfum á undanförnum árum, herra forseti, reynt að breyta viðskiptaháttum hér á landi svo að hægt væri að ýta undir samkeppni. Því miður hefur það verið svo að einokun og fákeppni hafa sett mark sitt á ákaflega stóran hluta viðskiptalífsins, ekki síst þann sem tengist samgöngum. Við höfum séð það á sviði flugsamgangna en góðu heilli hefur því verið rutt úr vegi, ekki síst með tilkomu alþjóðlegra samninga. Við höfum líka séð það í sjóflutningum frá Íslandi og til Bandaríkjanna.

Hér áður fyrr reyndu djarfir athafnamenn að koma upp samkeppni við Eimskipafélagið og settu á stofn Hafskip. Allir vita hvernig það fór. Það sökk í kaf. Við höfum líka séð annað skipaflutningafélag koma upp, Samskip, sem á köflum veitti dágóða samkeppni við flutninga Eimskipafélagsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Það hefur hins vegar gerst að á þeim markaði hefur einnig orðið samþjöppun, fákeppni sem núna er varla hægt að kalla annað en einokun. Ég veit ekki betur en að í gildi sé samningur á milli Eimskipafélagsins og Samskipa um að Eimskipafélagið sjái um þá flutninga. Hvað þýddi slíkt fyrir neytendur, herra forseti? Það þýddi auðvitað að samkeppnin mundi hverfa hægt og það mundi leiða til þess að verð á frakt milli Íslands og Bandaríkjanna, sem er ákaflega mikilvægt viðskiptasvæði fyrir okkur, mundi að sjálfsögðu hækka og það þýddi það að verð til neytenda hlyti að hækka.

Góðu heilli hafa á síðustu árum komið fram nýir athafnasamir einstaklingar sem hafa freistað þess að veita Eimskipafélaginu samkeppni á þessari skipaleið. Þar er um að ræða lítið skipafélag sem heitir Atlantsskip og á síðasta ári náði það samningum um flutninga fyrir varnarliðið. Ef frv. er skoðað í hnotskurn, þá held ég að kjarni þess liggi í bráðabirgðaákvæði II. Þar kemur beinlínis fram, herra forseti, að ætlunin með frv. er að knésetja þetta litla skipafélag.

Ég verð líka, herra forseti, að vísa til þess sem kemur fram hjá hæstv. utanrrh. í Morgunblaðinu 26. febrúar þar sem haft er eftir hæstv. ráðherra að frv. væri ekki beint gegn neinum. Eigi að síður höfum við þingmenn fengið í hólf okkar bréf sem flokkast undir diplómatískt bréf frá íslenska utanrrn. til hins bandaríska og þar kemur fram, herra forseti, vilji af hálfu utanrrn., sem hæstv. ráðherra dró reyndar enga dul á í ræðu sinni áðan, sem getur varla þýtt annað en að frv. ef það verður að lögum er beinlínis beint gegn þessu tiltekna félagi. Þar segir í ákaflega grófri þýðingu minni, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Íslands væntir þess að ríkisstjórn Bandaríkjanna muni ekki nýta neinar heimildir til að framlengja samninga sem um þessar mundir eru í framkvæmd um flutninga á hernaðarvarningi í samræmi við samninginn og minnisblað um hann, en muni fremur fara í nýtt útboð svo framkvæmd nýrra samninga muni hefjast svo fljótt og auðið er og a.m.k. ekki síðar en jafnskjótt og núverandi samningur rennur út 1. nóvember árið 2000."

Herra forseti. Hvað felst í þessum orðum? Ég fæ ekki betur séð en að utanrrh. Íslands sé að fara fram á það að samningi sem búið er að gera við skipafélag verði rift og a.m.k. verði framlengingarákvæði sem sett er í samninginn af hálfu bandaríska utanríkisráðuneytisins ekki nýtt. Þetta er ákaflega merkilegt, herra forseti.

Forsaga málsins er sú að þetta félag, Atlantsskip, á systurfélag í Bandaríkjunum sem bersýnilega að dómi utanrrn. hefur kallað fram of náinn skyldleika og af þeim sökum er ljóst að hæstv. utanrrh. er þeirrar skoðunar að þessi náni skyldleiki geri það að verkum að samningar varnarliðsins, bandaríska hersins, við þessi félög sé í blóra við samninginn og það minnisblað sem vísað er til í frv. Það er þess vegna rétt, herra forseti, að fara aðeins yfir þetta mál og forsögu þess.

Eins og menn muna sömdu Bandaríkjamenn upphaflega við íslensk skipafélög um flutninga fyrir varnarliðið. Árið 1984 krafðist hins vegar bandaríska skipafélagið Rainbow Navigation þess að fá flutningana með vísan í ákaflega gamalt ákvæði í bandarískum lögum. Þetta var lagaákvæði frá 1904 þar sem mælt var svo fyrir að flutningar á vegum Bandaríkjahers skuli vera í bandarískum höndum sé þess kostur. Bandarísk stjórnvöld töldu ekki stætt að hafna kröfu félagsins og Rainbow Navigation fékk þá flutninga. Þessu andmæltu íslensk stjórnvöld ákaflega kröftuglega. Þau töldu nauðsynlegt frá sjónarhóli öryggishagsmuna landsins að íslensk skipafélög sinntu slíkum flutningum og sú krafa var rökstudd með góðum rökum, þ.e. annars vegar með smæð markaðarins og hins vegar með mikilvægi skipaútgerðar fyrir litla eylendu eins og okkar.

Þessari deilu lyktaði eins og menn muna eftir mikil og hávær blaðaskrif á sínum tíma með því að Bandaríkjamenn tóku verulegt tillit til sjónarmiða Íslendinga og gert var samkomulag sem utanríkisráðherrar landanna beggja undirrituðu árið 1986. Það gerði ráð fyrir að skipafélög frá báðum löndunum gætu boðið í flutningana og 65% þeirra skyldu falla í hlut þess félags sem ætti lægsta tilboðið en 35% til félagsins sem ætti lægsta tilboðið frá hinu landinu. Síðan hafa flutningarnir verið boðnir út og Eimskipafélagið hefur sinnt hinum íslenska hluta þeirra öll árin fyrir utan eitt, 1992–1993. Það var svo í hittiðfyrra sem þetta nýja litla skipafélag kom fram á sjónarsviðið og átti þá langlægsta tilboðið. Það fékk því sinn hlut 65% flutninganna.

Í Bandaríkjunum átti það systurfélag sem átti næstlægsta tilboðið og fékk þess vegna þau 35% sem eftir voru. Frumkvöðlar að stofnun beggja þessara hlutafélaga voru Íslendingar, afkomendur íslenskrar sjóhetju sem skiptir auðvitað ekki máli í þessu dæmi. En þessi Íslendingur átti meiri hluta í Atlantsskipum og einnig stóran hluta í hinu bandaríska systurfélagi. Þess vegna mætti segja, herra forseti, að flutningar fyrir varnarliðið væru með þessu fyrirkomulagi komnir að stærri hluta en áður í hendur íslenskra aðila án þess að bandarísk stjórnvöld hafi litið svo á að samningurinn frá 1986 hafi verið sniðgenginn.

Þegar íslenska fyrirtækið hreppti flutningana var það í gegnum opið útboð án nokkurs forvals, enda var, held ég, enginn stafrókur um forval í samkomulaginu sem utanríkisráðherrar landanna undirrituðu árið 1986. Eigi að síður og kannski eðlilega sættust menn ekki á að óreyndu að þarna væri um að ræða félög sem væru nægilega óskyld í skilningi samningsins og samkomulagsins frá 1986 og því var rekið dómsmál í Bandaríkjunum þar sem komist var að þeirri niðurstöðu í undirrétti að félögin væru of tengd og ekki væri um virka samkeppni að ræða. Þess vegna, herra forseti, afréð utanrrn. á síðasta ári að viðhafa forval til að ákveða hvaða skipafélög mættu bjóða í flutninga næsta árs.

Frá því er skemmst að segja að forvalsnefnd utanrrn. komst að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki sem hafði boðið langlægst í flutningana árinu áður og sinnt því með prýði að því er best er vitað var útilokað frá þessu forvali.

Síðan hefur það gerst, herra forseti, að niðurstöðu undirréttar var snúið við á áfrýjunarstigi fyrir dómi í Bandaríkjunum. Það liggur sem sagt fyrir að það er skilningur þess áfrýjunardómstigs að fyrirtækin séu ekki of skyld samkvæmt þar gildandi lögum og virk samkeppni sé í gangi. Það er eitthvað sem við íslenskir neytendur ættum að fagna. Það þýðir að þetta skipafélag hefur þar með flutninga sem mynda kjarnann í frakt þess milli Bandaríkjanna og Íslands sem gerir það að verkum að félagið getur farið í virka samkeppni við Eimskipafélagið, sem hefur einokað þessa skipaleið. Þar með getur það reynt að sækja til sín meiri flutninga með því að bjóða lægra verð en Eimskipafélagið og þar með kalla fram lægra verð á vörum til okkar Íslendinga. En þá gerist það að ríkisstjórn Íslands kemur hingað og leggur fram frv. sem er ekki hægt að skilja öðruvísi en tilraun til að rifta gerðum samningi.

Herra forseti. Það eru fjölmörg fyrirtæki sem hafa með höndum viðskipti við herinn á Keflavíkurflugvelli og mér er spurn: Hvað hefur þetta frv. áhrif á mörg þeirra? Getur verið að það sé fyrst og fremst eitt tiltekið fyrirtæki sem frv. hafi veruleg áhrif á?

Herra forseti. Á síðustu árum hefur verið aukin sókn til frjálsræðis í viðskiptum Íslendinga. Við höfum verið að opna dyr til annarra þjóða. Við höfum verið að ryðja úr vegi hindrunum. Allt hefur þetta miðað að því að auka samkeppni, auka hag neytenda og lækka vöruverðið. Svo kemur hæstv. utanrrh. með frv. sem virðist ganga í allt aðra átt og leyfir sér meira að segja að segja að þetta sé framhald á þeirri frjálsræðisþróun sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir. Þvílíkt öfugmæli.

[10:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að þessu frv. er ekki beint gegn einum né neinum. Hins vegar er það skýrt tekið fram hvað telst íslenskt fyrirtæki, m.a. á grundvelli þess samnings sem gerður var á milli Íslands og Bandaríkjanna á sínum tíma um sjóflutningana. Ég vænti þess að hv. þm. virði þá skyldu utanrrn. að sjá til að staðið sé við slíka samninga og Bandaríkjamenn standi við slíka samninga og að slíkur samningur sé rekinn á grundvelli íslensks réttarfars. Það er nauðsynlegt að skýra þetta mál betur.

Hins vegar fjallar þetta mál ekki fyrst og fremst um það. Það fjallar ekki síst um það frjálsræði sem hefur verið tekið upp í viðskiptum við varnarliðið. Þau fyrirtæki sem bjóða munu í þennan samning og þessa flutninga á komandi mánuðum eða árum geta að sjálfsögðu gert það ef þau uppfylla þessi skilyrði, þar á meðal fyrirtækið sem hv. þm. nefndi. En samningurinn gengur út á að um íslenskt fyrirtæki sé að ræða. Við það ber að standa meðan sá samningur er í gildi, annars ættu menn ekki að vera að gera samninga. Ég vænti þess að hv. þm. sé sömu skoðunar, að ef samningar eru gerðir þá beri að standa við þá. Það kæmi mér a.m.k. á óvart ef hann er annarrar skoðunar.

[10:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað er orðið um allt okkar starf í sex hundruð sumur ef það þarf sérstakt frv. til að skýra hvað er íslenskt fyrirtæki? Dettur mönnum í hug, sem hafa farið í gegnum hinn íslenska lagabálk, að það liggi ekki ljóst fyrir hvað er íslenskt fyrirtæki?

Herra forseti. Það kann vel að vera að það sé ekki tilgangur hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar að styrkja einokun Eimskipafélagsins á markaðinum sem við ræddum um áðan. Þetta frv. er hins vegar merki um allt annað. Skoðum aðeins söguna.

Hæstv. utanrrh. segir að það eigi ekki að útiloka þetta tiltekna fyrirtæki. Það vill svo til að nefndin sem starfaði á hans vegum útilokaði þetta fyrirtæki eigi að síður frá forvali sl. ár eftir að umrætt fyrirtæki hafði í heilt ár sinnt þessum flutningum með ágætum. Það hafa engar kvartanir borist um það, herra forseti. Þar liggur fyrir einbeittur vilji, er það ekki? Til hvers? Til að knésetja þetta fyrirtæki. Hvað kemur síðan fram í orðsendingunni frá 24. febrúar til bandarískra stjórnvalda? Ég las áðan upp, að vísu og ég viðurkenni það, grófa þýðingu mína á því sem þar stendur. En þar var íslenska utanrrn. beinlínis að hvetja til þess að þeim samningum sem búið væri að gera yrði rift.

[10:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu utanrrn. og hefur lengi legið fyrir að það er þeirrar skoðunar að þetta tiltekna fyrirtæki uppfylli ekki þau skilyrði sem sett eru í þeim samningi sem gerður var milli Íslands og Bandaríkjanna. Um það snýst deilan. Við túlkum þann samning eins og hann er gerður. Sú túlkun kemur m.a. fram í þessu frv. um að líta beri á hvað telst íslenskt fyrirtæki í sambandi við samskipti við varnarliðið. Svo einfalt er það mál. Þetta er skylda utanrrn. hvort sem þingmanninum líkar það betur eða verr. Ef hann hefði verið í þeim stól, sem ég gæti vel trúað að hann muni einhvern tíma sækjast eftir, þá hefði hann nákvæmlega sömu skyldu hvort sem honum líkar betur eða verr. Á því verður hv. þm. að fara að átta sig.

[10:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur a.m.k. fyrir að hæstv. utanrrh. hefur sagt að það sé ekki vilji hans að reyna að draga úr samkeppni. Þessi orð hljóta þingmenn í hv. utanrmn. auðvitað að hafa til hliðsjónar þegar þeir vega og meta þetta mál. Ég trúi því a.m.k. ekki að einn einasti þingmaður Sjálfstfl. muni styðja þetta í nefndinni.

Herra forseti. Fyrir mér er þetta alveg augljóst en ég kann auðvitað að hafa rangt fyrir mér. Hér er einfaldlega verið að ganga erinda Eimskipafélagsins til þess að viðhalda þeirri einokun sem fyrirtækið hefur, herra forseti. Ef ég mætti, með leyfi forseta, vísa í fréttabréf Eimskipafélagsins þar sem verið er að segja frá ávarpi stjórnarformannsins, hins ágæta vormanns Íslands, Benedikts Sveinssonar stjórnarformanns, en þar segir hann að Eimskipafélagið sé ákaflega óhresst með málalyktir í málaferlum við bandaríska herinn. Lýsingunni lýkur með svohljóðandi orðum:

„Taldi Benedikt eðlilegt að íslensk stjórnvöld fylgdu þessu máli vel eftir."

Til hamingju, Benedikt Sveinsson. Þér hefur orðið að ósk þinni.

[10:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í tæknileg atriði eða framkvæmdaatriði sem lúta að samskiptum við erlendan her í landinu. Fyrir mér eru þetta grundvallarmál og ég ætla aðallega að fjalla um þau sem slík.

Ég verð að segja, herra forseti, að þetta er auðvitað afar vandræðalegt frv., þessi pappír hér. Það hlýtur að vera heldur ónotaleg stund sem hæstv. utanrrh. hefur átt þegar hann setti þetta saman eða safnaði kjarki til að koma með þetta plag hér inn — nema hæstv. utanrrh. sé svona sæll í sinni trú að honum líði bara vel með þetta. Ég held þó að einhvern tímann hefði íslenskum utanríkisráðherrum, jafnvel þó þeir kæmu úr Framsfl., þótt það með síður skemmtilegri erindum á Alþingi að flytja lagafrv., svona silkipappírsfrv., utan um það fyrirkomulag sem menn hafa búið sér til áratugum saman til að græða á erlendri hersetu. Voru höfð um það ýmis nöfn hér á árum áður.

Þetta er einnig ákaflega vandræðalegur pappír vegna þess að umbúnaðurinn hér samræmist ákaflega illa hinum hástemmdu yfirlýsingum og ástarjátningum, t.d. núverandi stjórnarflokka, til frjálsra viðskipta. Eða hvað? Jú, eitthvað er þetta kindarlegt hjá þeim. Hér er sem sagt reynt að koma á blað einhverjum reglum sem þrátt fyrir allar ástarjátningar um frjáls viðskipti duga til að halda verndarhendi yfir því kerfi, því mjólkurbúi sem erlenda hersetan hefur verið fyrir útvalda aðila í landinu. Nú eiga það að heita tilnefningar á réttum aðilum eftir forval til að fá að græða á hersetunni. (Gripið fram í.) Tilnefningar. Þeir sem komast í gegnum þetta mikla nálarauga verða guðs útvaldir og fá að sjúga spenana áfram.

Það er náttúrlega ekki til að bæta úr ef í ljós kemur, sem er auðvitað mikill skandall, að kominn sé óboðinn gestur í veisluna. Það sé kominn gestur í veisluna sem sé bara alls ekki á gestalista ríkisstjórnarinnar og átti alls ekki að mæta. Hann hefur einhvern veginn svindlað sér inn í boðið og er farinn að njóta veitinganna. Þetta er auðvitað mikið hneyksli. Þá eru góð ráð dýr og lögspekingar og alls konar snillingar eru settir í að semja svona pappír.

Ég vil minna á, herra forseti, að fyrir þessu þingi liggur tillaga um að við Íslendingar skipum í nefnd til að fara og ræða við hinn erlenda her og bandarísk stjórnvöld um brottför hersins úr landinu. Það væri nær að Alþingi eyddi tíma sínum í að koma því verki áleiðis. Það er tímabært og þó fyrr hefði verið. Af ýmsum ástæðum er auðvitað sérkennilegt að menn skuli nú um þessar mundir og við þessar aðstæður, bæði í alþjóðastjórnmálum og hér á Íslandi, berja saman löggjöf um hvernig þessu skuli komið til frambúðar.

Ég minni líka á að á dagskrá þessa fundar eru tillögur um sýnu þarfari mál og brýnni en þetta. Þau lúta að því að fara í að rannsaka þá mengun og þau umhverfisspjöll sem erlend herseta hefur valdið, tillögur fluttar af hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og þeim sem hér talar.

Ég vil líka spyrja hæstv. utanrrh. af þessu tilefni hvað líði viðræðum við bandarísk stjórnvöld um áframhaldandi umsvif erlends hers í landinu í ljósi þess að bókanir um þau samskipti eru að renna sitt skeið. Núgildandi bókun er uppsegjanleg frá og með aprílmánuði á þessu ári og fellur úr gildi ári síðar. Það er auðvitað eftir öðru að nánast engar fréttir fáist af því hvað sé í gangi í þeim efnum, svo að ekki sé minnst á að öllum hugmyndum um aðild allra stjórnmálaflokka að þessum viðræðum er hafnað. Að sjálfsögðu á að læsa þetta ofan í skúffu og pukrast með þetta eins og yfirleitt allt annað sem þessum samskiptum hefur verið samfara. (**Utanrrh.:** Viltu vera með?) Já, herra forseti. Ég teldi það ágætt, ef þetta er tilboð frá hæstv. utanrrh. um að t.d. sá sem hér talar og flokkur hans fái að komast eitthvað að þessum málum, og ég er til í það. Ég hefði gaman af því að ræða við þessa höfuðsnillinga og vera með í þessum viðræðum öllum. Það yrði sennilega aðeins meira fjör ef ég yrði þar með heldur en er núna.

Herra forseti. Ég hlýt vitanlega að vekja athygli á þeirri staðreynd, í ljósi sögunnar og vona að mér leyfist það nú þó að ég sé þar kannski pínulítið að líta á ávextina í annarra garði, að hér er formaður Framsfl., hæstv. utanrrh., að flytja frv. til laga um fyrirkomulag samskipta og sérstaklega viðskiptatengsl við erlendan her í landinu, um ótímabundna löggjöf sem felur í raun í sér þá hugsun að erlend herseta verði hér um aldur og ævi. Þetta er ekki tímabundið ástand eða tímabundin ráðstöfun. Ég sé ekki að reiknað sé með öðru í þessu frv. en það gildi um aldur og ævi, ad infinitum. Það er alveg horfið út úr stefnu Framsfl. að hér skuli ekki vera erlendur her á friðartímum eða hvað? Það er ekki neinn bráðabirgðabragur á þessum samsetningi sem formaður Framsfl. er að flytja hér um umbúnaðinn, silkipappírinn utan um fyrirkomulagið sem helmingaskiptaflokkarnir bjuggu sér til þess að græða á erlendri hersetu um miðbik aldarinnar. Það reyndist furðu lífseigt þar til önnur stoðin gaf upp öndina, þ.e. Samband ísl. samvinnufélaga, sem var gróðaveitufarvegurinn frá annarri hliðinni en svo hitt kerfið hinum megin.

Að öðru leyti, herra forseti, ætla ég ekki að ræða mikið um þetta frv. efnislega. Ég hef eiginlega ekki geð í mér til þess. Ég bendi þó á þá staðreynd að sem betur fer hefur mikilvægi þessara viðskipta eða stærð þeirra í íslenskum þjóðarbúskap farið ört minnkandi, það er vel. Í grg. með frv. eru birtar upplýsingar yfir vægi þessara viðskipta á árinu 1998 sem ég hygg reyndar að hafi verið óvenjuumsvifamikið ár í þessum efnum.

Í þeirri þáltill. sem ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson flytjum um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkuflugvallar er birt tafla sem ég lét taka saman fyrir tveimur árum um þessi viðskipti og stærð þeirra í íslensku efnahagslífi og þjóðarbúskap allt frá árinu 1970. Þar kemur fram að tekjur af hersetunni hafa yfirleitt verið á bilinu allt frá 8,3% af útflutningstekjum og niður í þau 4,7% sem þau eru samkvæmt greinargerð með frv. hæstv. ráðherra á árinu 1998.

Ef þetta er skoðað sem hluti af vergri landsframleiðslu fór þetta upp í að verða á árunum upp úr 1980, árin 1983 og 1984 var þetta hlutfall hæst, allt að 3,3% af vergri landsframleiðslu en var á árinu 1998 1,8%. Þetta er á niðurleið og mun væntanlega reynast lægri tala á árinu sem leið og árinu sem er nú að líða vegna minni framkvæmda ef ég veit rétt.

Með öðrum orðum, herra forseti, þetta er ekki lengur orðin sú stærð í efnahagslífi okkar eða þjóðarbúskap, sem betur fer, sem gerir það að verkum að við þurfum að hafa stórfelldar áhyggjur af því þó að úr þessu dragi og þetta hverfi. Við höfum mætt miklu stærri sveiflum í efnahagslífi okkar og þjóðarbúskap. Þetta er eiginlega innan skekkjumarka í þeim útreikningum og þetta er orðin stærð sem er ekki nema eins og tvöfaldar sveiflurnar á milli ára í veiðum og vinnslu uppsjávarfiska.

Áhrifin væru hins vegar talsverð og staðbundin á atvinnulíf á Suðurnesjum. Þess vegna viljum við mæta því með mótaðgerðum og reyndar háttar óvenjuvel til í þeim efnum um þessar mundir þar sem atvinnuástand á því svæði er nokkuð gott og margt áhugavert að gerast í atvinnulífinu.

Það er því miður svo dapurlegt, herra forseti, að enginn sjálfstæður metnaður virðist vera orðinn eftir, a.m.k. í herbúðum stjórnarflokkanna og jafnvel víðar í þessum efnum.

Það virðist engin sjálfstæð stefna vera til staðar lengur eins og sú sem a.m.k í orði kveðnu var við lýði á því árabili þegar menn réttlættu hina erlendu hersetu fyrir sjálfum sér með því að hún væri ill nauðsyn og til komin vegna ófriðlegra aðstæðna í heiminum en hins vegar skyldi hinn erlendi her hverfa úr landi um leið og friðvænlegar horfði.

Nú er þetta komið allt saman á heldur dapurlegra plan og viðskiptaþátturinn virðist vera aðalatriði þessa máls eða stór hluti málsins af hálfu stjórnvalda. Þar af leiðandi læðist því miður að manni sá ónotalegi grunur að kannski væri vænlegasta leiðin og helstu vonirnar til þess að losna við þessa erlendu hersetu að hinir réttu, útvöldu aðilar hættu að græða á hersetunni. Kannski komi þá annað hljóð í strokkinn hjá t.d. stjórnarflokkunum ef óboðnir gestir í veislunni væru farnir að græða á þessu. Þá skapast kannski forsendur til þess að taka það mál á dagskrá af meiri alvöru að Íslendingar reki af sér slyðruorðið og hafi sama metnað eins og flestallar ef ekki allar aðrar þjóðir. Nánast alls staðar annars staðar í heiminum þar sem ég þekki til á byggðu bóli líta menn á það sem nauð eða illa nauðsyn í versta falli að hafa erlendan her í landi sínu. Nágrannaþjóðir okkar hafa ekki léð máls á slíku. Fjarlægar þjóðir eins og í Asíu eru í óða önn að hrinda erlendri hersetu af höndum sér, semja um að erlendir herir fari, jafnvel þó að það kosti umtalsverðar efnahagslegar fórnir og er þó við ramman reip að draga þar sem er Sámur frændi með *alla peninga sína og allan sinn yfirgang*.

En því miður er þetta mál nánast ekki á dagskrá á Íslandi nema þá af hálfu þess flokks sem hér er talað fyrir. Það er harla dapurlegt og segir sína sögu um það hversu rislágur málflutningur íslenskra stjórnmálamanna er orðinn upp til hópa í þessum efnum og metnaðurinn lítill fyrir hönd sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar.

[11:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vissi að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er á móti Atlantshafsbandalaginu eins og ýmsu öðru sem hann er á móti en ég átti satt best að segja ekki von á að hann væri andvígur því að setja opnar, íslenskar leikreglur *um þessi viðskipti sem hefur ekki áður verið gert*. Hann talar um forval og tilnefningar eins og þar sé verið að hleypa mönnum inn í eitthvert fjós og inn í eitthvert mjólkurbú.

Nú hefur hv. þm. eitt sinn verið samgrh. og það vill svo til að það er mjög algengt hjá Vegagerðinni að fram fari forval og útboð. Það nákvæmlega sama er að gerast hér. Leit hv. þm. þannig á meðan hann var samgrh. að þar væri verið að hleypa einhverjum útvöldum að inn í eitthvert mjólkurbú? Ég á ekki von á því. Hér er um það nákvæmlega sama að ræða. Ég bið hv. þm. að ræða þessi mál málefnalega en ekki með einhverjum allt öðrum hætti vegna þess að varnarliðið á í hlut.

Að því er varðar samninga við Bandaríkjamenn sem hv. þm. spurðist fyrir um þá eru þeir í undirbúningi. Þeir verða að sjálfsögðu á vettvangi utanrrn. Ég fagna því í sjálfu sér að hv. þm. vill koma að þessum samningum en ég held ég verði að hafna því miðað við ræðu hans hér því hann leit á það þannig að það væri svona til að skapa fjör. Hér er um alvarlega samninga að ræða milli þjóða og þeir verða að sjálfsögðu reknir á þeim grundvelli.

[11:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í sjálfu sér hvorki með því eða á móti að regluverki sé komið á í þessum samskiptum. Ég var fyrst og fremst að draga athyglina að því hversu vandræðalegur gjörningur þetta væri og síðan ræddi ég málið út frá grundvallarviðhorfum mínum í þessu efni enda lít ég á erlenda hersetu sem grundvallarmál. Ég ætla mér ekki að fara að blanda mér í eða skipta mér mikið af tæknilegum atriðum í sambandi við það hvernig menn eru að veita þessum gróða inn í landið. Ég hlýt þó auðvitað að vekja athygli á því og draga athygli að því sem þarna er að gerast og er vandræðalegt fyrir stjórnvöld, og ég vísa til þess sem ég sagði áður um teboðið.

Varðandi viðræður við bandarísk stjórnvöld um framhald mála og umsvif hersetunnar hér, hernaðarumsvifanna hér á næstu árum, þá hefði ég svo sannarlega áhuga á að komast að því máli. Mér finnst það heldur snautlegt og ekki mjög lýðræðislega hugsað af hálfu hæstv. ráðherra að hafi menn tiltekna afstöðu í því máli þá megi þeir ekki vera með. Það er nú ekki mjög heilsteypt lýðræðisleg nálgun, er það? Nú hefur hluti þjóðarinnar þá skoðun að æskilegt væri að losna við erlendan eða a.m.k. að takmarka umsvif hans.

Ég mundi beita mér í slíkum umræðum og koma algjörlega hreint til dyranna í þeim efnum. Ég mundi að sjálfsögðu ekki draga dul á þá skoðun mína að æskilegast væri að herinn færi. Ég held að skoðun mín sé nokkuð þekkt og kynni að vera að viðmælendur, viðræðuaðilarnir, ættu einhver blöð einhvers staðar þannig að þeir gætu slegið því upp hjá sjálfum sér hvaða skoðanir sá sem hér stendur hefur í þeim efnum. En ég mundi hins vegar líta á það sem árangur ef í slíkum samningum næðist fram að takmarka og draga úr umsvifum hersins og ég mundi líta á það sem undirbúning að því að hann færi endanlega á brott.

[11:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessir samningar verða að sjálfsögðu reknir á vettvangi utanrrn. Þeir verða ekki á vettvangi Alþingis. Viðræðurnar verða að sjálfsögðu samkvæmt þeim samningsmarkmiðum sem utanrrn. setur í þeim efnum. Þetta veit hv. þm.

Mig undrar að hann vilji sem andstæðingur Atlantshafsbandalagsins, andstæðingur þess varnarsamstarfs sem við höfum átt við Bandaríkin, taka þátt í slíku samningsferli. Dettur hv. þm. í hug að þetta sé einhver vettvangur til þess að eyðileggja samstarf Íslendinga og Bandaríkjamanna á sviði varnarmála sem staðið hefur í tæp 50 ár? Mér finnst það undarleg hugsun og mig undrar að hv. þm. skuli vilja taka þátt í því miðað við það grundvallarsjónarmið sem hann hefur.

Ég vil fullvissa hv. þm. um að þessar samningaviðræður verða ekki notaðar til þess að eyðileggja þetta samstarf heldur til þess að treysta það.

[11:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið í húfi, það er ekkert annað. Það mundi bara eyðileggja algjörlega samskipti Íslands og Bandaríkjanna ef menn með aðrar skoðanir en hæstv. utanrrh. kæmust að þessum viðræðum. Er þá ekki yfirleitt óheppilegt t.d. að ég fái að fara til Bandaríkjanna? Er þá ekki stórhættulegt að ég hafi aðgang að Bandaríkjamönnum yfirleitt? Er ekki stórhættulegt að það vitnist vestur um haf að sá hluti þjóðarinnar sem hefur þessa skoðun sé til?

Hvað ætlar hæstv. utanrrh. að gera í sambandi við utanrmn.? Nú vill svo til að ég er nefndarmaður í utanrmn.

Það vill líka svo til að ríkisstjórnin er að lögum skuldbundin til að ráðfæra sig við utanrmn. Alþingis um mikilsverð málefni. Ætlar hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir því að reka mig úr utanrmn.? Hvar endar þessi hugsunarháttur hjá hæstv. utanrrh.? Hvar er hann á vegi staddur í sínum lýðræðislega þankagangi eða hitt þó heldur í þessum efnum?

Auðvitað verður hæstv. utanrrh. að hafa aðferðafræði sína fram í þessum efnum svo lengi sem hann hefur til þess stuðning ríkisstjórnarinnar en mér finnst þetta ekki mjög málefnalegt upplegg, satt best að segja, af hálfu hæstv. ráðherra. Auðvitað nær það ekki máli að það mundi breyta í grundvallaratriðum þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi og allir vita um, að þetta mál er umdeilt og hefur mjög lengi verið. Þó að menn hafi að vísu mikið reynt til þess á síðustu árum að búa til þann veruleika að þetta heyrði til liðinni tíð og engir væru eftir í landinu með þau sjónarmið að óæskilegt væri að hafa hér erlendan her, reynist það jafnoft rangt og kemur mönnum alltaf jafnmikið á óvart að þetta er ekki þannig. Það er útbreidd andstaða við hina erlendu hersetu meðal þjóðarinnar og hún nær t.d. langt út fyrir raðir þess stjórnmálaflokks sem ég tala fyrir og það held ég að hæstv. utanrrh. ætti að viðurkenna. En það er orðið bannorð að viðurkenna það, sem var þó lengi vel staðreynd, að m.a. Framsfl. var verulega klofinn í þessu máli.

[11:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er enn í þeirri umræðunni að gera lítið úr öllu sem gert er í kringum varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Að vinna fyrir varnarliðið er niðurlægjandi eftir hans orðum að dæma. Að græða á erlendri hersetu er lágkúrulegt af hans orðum að dæma. Þeir sem vinna fyrir herinn lepja fjármagn af hersetunni. Forval samkvæmt þessu frv. er ekkert betra en einokunin sem var hér áður. Menn lepja enn fjármagn vegna þess að það er herinn sem er að fá fólk til að vinna fyrir sig. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. sé í rauninni að meina starfsfólkið sem vinnur hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Það eru 900 manns sem vinna hjá varnarliðnu beint og um 800 manns sem vinna hjá verktökum sem starfa fyrir varnarliðið. Hvaða munur er á því að vinna fyrir varnarliðið eða vinna fyrir Eimskip eða t.d. Atlantsskip eða skipafélög yfirleitt? Hvaða munur er á því að vinna fyrir varnarliðið eða önnur fyrirtæki eða vinna hjá fyrir fyrirtæki sem vinnur fyrir varnarliðið?

Mér finnst þetta ótrúlega lágkúruleg umræða hjá hv. þm. Þessi endalausa niðurlægingarárátta vinstri manna í garð starfsmanna sem vinna fyrir varnarliðið er óþolandi og mér finnst tímabært að hv. þm. fari að skipta um gír þegar hann talar um starfsfólk varnarliðsins og þá sem hafa lifibrauð af því að vinna fyrir það. Það er ekkert verra að hafa lifibrauð sitt af því að starfa fyrir varnarliðið heldur en að vera bóndi á Íslandi. Ég ætla bara að upplýsa hv. þm. um það ef hann veit það ekki að fólk sem vinnur hjá varnarliðinu er ekki að þiggja það fé frá ríkinu eða íslenskum skattborgurum.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér nú ekki á óvart þó hv. þm. Kristján Pálsson spýtist upp í ræðustólinn með þessum hætti og lesi allt annað út úr orðum manna en sagt var. Ég sagði það aldrei og það var ekkert slíkt í mínum orðum sem sneri að starfsmönnum sem þarna eiga í hlut, að starfið væri niðurlægjandi. Ég nefndi það ósköp einfaldlega ekki og að sjálfsögðu beinist mín afstaða ekki að einstökum starfsmönnum sem þarna eiga í hlut eða út af fyrir sig einstökum fyrirtækjum sem eru þarna í undirverktöku eða öðru slíku. Ég var að tala um hin almennu samskipti í sögulegu ljósi.

Hitt er alveg ljóst og eru það engar nýjar fréttir og ég geri ráð fyrir því að þeir af starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli sem fylgst hafa með þjóðmálaumræðum á Íslandi á umliðnum árum og áratugum viti það vel að ég hef þá afstöðu í þessu máli að ég vil losna við erlendan her úr landinu. Og ég vil undirbúa það þannig að það verði mögulegt, m.a. með því að efla aðra atvinnustarfsemi í staðinn, m.a. með því að reyna að ná því fram að draga úr þessum umsvifum og að við sem heild, þjóðarbúið og efnahagsbúskapur þess og líka þetta svæði sem í hlut á, verði í minna og minna mæli háð þessari atvinnustarfsemi, að annað komi í staðinn þannig að sá draumur okkar mjög margra geti ræst sem ég hygg nú að á löngum tímabilum hafi verið von a.m.k. hálfrar þjóðarinnar ef ekki meira, þ.e. að hún gæti aftur búið í herlausu landi, að það geti orðið sem átakaminnst og haft sem minnsta röskun í för með sér þegar það gerist. Ég trúi því að það muni gerast og er eiginlega sannfærður um að það. Spurningin er bara um tíma því að það hlýtur að fara svo að fyrr eða síðar vaxi upp nægilega öflug kynslóð í landinu sem á sér þann draum að landið sé án erlendrar hersetu, og að hún nái því fram. Ég spái því að við munum mörg lifa það.

[11:19]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað þarf hv. þm. ekkert að undrast að ég spýtist upp í ræðustól eins og hv. þm. orðaði það. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt að menn rjúki á fætur og reyni að fá skýringar á því hvað verið sé að meina með þessari síbylju sem er reyndar búin að ganga yfir í marga áratugi. Þetta er ekkert að byrja en það er eins og því ætli ekkert að linna að menn verja málflutning sinn gegn hersetunni með því að niðurlægja þá sem starfa fyrir herinn. Það er niðurlægjandi að græða á því að vinna fyrir herinn. Það hefur alla tíð verið punkturinn í málflutningi vinstri manna að það að græða á hernum, þ.e. hinn svokallaði hergróði, sé eitthvað verra en að græða á öðrum rekstri. „Græða á erlendri hersetu", sagði hv. þm. áðan. Það er miklu verri gróði heldur en annar gróði. Þess vegna hlýtur það að ná yfir alla sem eru að vinna fyrir herinn hvort sem það eru verktakar eða venjulegt starfsfólk. Þess vegna hlýtur að vera nauðsynlegt að fá fram hvað hv. þm. og flokkur hans sé í raun að meina með þessum málflutningi.

Ég vil líka minna á að þetta eru mjög mikil viðskipti og skipta verulega miklu máli fyrir þjóðarbúið, þ.e. 10 milljarðar. Það kemur fram í greinargerð með þessu ágæta frv. utanrrh. sem er að mínu áliti mjög nauðsynlegt að 10 milljarðar koma inn í erlendum gjaldeyri til þjóðarbúsins, sem er um 1,4% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, vegna þeirra viðskipta og starfs sem fram fer hjá varnarliðinu. Mér fyndist að hv. þm. yrði maður að meiri ef hann hætti þessum árásum á fólk sem vinnur hjá varnarliðinu.

[11:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég kynni sanskrít þá mundi ég sennilega reyna að tala hana í næstu ræðu og láta á það reyna hvort hv. þm. Kristján Pálsson skildi mig ekki betur þá. Ég hugsa að hann gerði það. Hann skilur a.m.k. engan veginn venjulega íslensku og hef ég þó haft orð fyrir það að tala hana alveg þokkalega skýrt. En af einhverjum furðulegum

ástæðum heyrir og skilur hv. þm. Kristján Pálsson ævinlega eitthvað allt allt annað út úr ræðum mínum, eða iðulega, og reyndar fleiri manna en það sem sagt er. (**KPál:** Það er erfitt að viðurkenna þetta.) Þetta er þessi kostulega árátta eða eiginleiki eða hvað við viljum kalla það sem er eitt af aðalsmerkjum hv. þm. Kristjáns Pálssonar hér í rökræðum.

Ég nefndi starfsfólkið alls ekki á nafn í þessu sambandi. Það eina sem ég vék að í því sambandi var að auðvitað hefði það talsverð staðbundin áhrif á Suðurnesjum ef að drægi úr þessum umsvifum eða herinn færi og þá þyrfti að sjálfsögðu að bregðast við því. Að öðru leyti fólst ekkert í mínu máli, og ég fullyrði það, (**KPál:** Hvert á að senda fólkið?) — og ég bið hv. þm. að lesa aftur ræðu mína þegar hún verður vélrituð — sem gefur tilefni til að túlka sem niðrandi ummæli í garð þessa ágæta fólks sem þarna vinnur og að sjálfsögðu þarf alls ekki að draga neitt samasemmerki þar á milli þó menn hafi þessa grundvallarafstöðu og hins. Ég á marga ágæta kunningja í þessum hópi og frændur og ég hef rætt við marga þeirra og þar upp til hópa gera menn alveg greinarmun á þessu sjálfir. Ég get upplýst hv. þm. Kristján Pálsson um það að margir andstæðingar erlendrar hersetu eru í þessum hópi starfsmanna þó að þeir fari kannski ekki hátt með það og ég er alls ekki viss um að allir sem þarna vinna kjósi hv. þm. þó að hann rembist mikið við það að reyna að fá þá til þess.

Varðandi mikilvægi þessara umsvifa þá eru þau sem betur fer á mikilli niðurleið. Ef við lítum 15–20 ár til baka þá hefur vægi þessara hluta í þjóðarbúskapnum, í útflutningstekjum og landsframleiðslu, um það bil helmingast. Ég bendi hv. þingmanni á að skoða töflu sem fylgir með þáltill. okkar Ögmundar Jónassonar í því sambandi.

[11:23]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna það í upphafi míns máls að nokkuð er þessi umræða komin út af sporinu. Ég ætla að reyna að gera mitt til þess að færa hana aftur að kjarna málsins eins og mögulegt er en get þó ekki látið hjá líða að benda hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni á að það er auðvitað ýmislegt annað hægt að fást við á Suðurnesjum en að vinna fyrir herinn eins og við vitum bæði og m.a. er öflugt starf Íslands innan Schengen-samstarfsins, þar sem við verðum útvörður, þáttur í því að efla atvinnulífið þar m.a. Þetta er nú bara létt ábending í upphafi máls míns.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu efni við það að bæta sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði í upphafi umræðunnar en ég verð að segja eins og er, herra forseti, að maður hættir seint að undrast hér á 125. löggjafarþingi Alþingis. Ég er enginn lögspekingur en hér rekur hvert frv. annað sem maður hreinlega skilur ekki hvers vegna er komið fram. Mér fannst hæstv. utanrrh. ekki skýra nægilega vel í framsögu sinni áðan hver væri hinn raunverulegi tilgangur þessa frv. og þætti mér vænt um að fá aðeins nánari skýringar á því hjá hæstv. utanrrh.

Samt sem áður verð ég að viðurkenna það líka, herra forseti, að auðvitað er þetta svolítið í stíl hæstv. ríkisstjórnar. Hér er bráðabirgðaákvæði sem mér sýnist orka tvímælis svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Nokkuð hefur hæstv. ríkisstjórn sérhæft sig í bráðabirgðaákvæðum og má þar t.d. benda á að til umfjöllunar í hv. umhvn. er frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar hefur einnig verið sett inn bráðabirgðaákvæði, og virðist þetta nú orðið ansi oft notað ráð hjá hæstv. ríkisstjórn við samningu frumvarpa.

Annað er að, eins og fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, vissar væntingar standa til íslenskra yfirvalda varðandi þetta mál. Á það var bent að í nýjasta fréttabréfi Eimskipa má m.a. lesa tilvitnun, sem farið var í áðan, í orð stjórnarformanns þess ágæta fyrirtækis. Þar kemur m.a. fram að Eimskip munu leita leiða til þess að áfrýja því dómsmáli sem gengið hefur í Bandaríkjunum og óþarft er að fara hér nánar í saumana á, enda hygg ég að flestum sem taki þátt í þessari umræðu sé fullkunnugt um hvað það snýst. Það er sem sagt verið að leita leiða til þess að áfrýja til hæstaréttar þar. Væri þá ekki ráð að bíða eftir þeim dómi eða hvað? Er brýn þörf á þessari lagasetningu vegna þessa máls? Það væri gaman að fá einhverjar skýringar á því. Ég get heldur ekki á mér setið með að reyna að bera hér saman við innlendar aðstæður enda hefur hæstv. ríkisstjórn marglýst því yfir að ekkert skuli aðhafst til að breyta fiskveiðistjórnarlögum vegna þess að beðið er niðurstöðu Hæstaréttar á Íslandi.

Þetta tiltekna mál er að mínu mati nokkuð einkennilegt. Ég hygg að ástæðuna sé að einhverju leyti að finna í þeim samningi sem gerður var við bandarísk stjórnvöld um þessa flutninga og þá snýr málið ósköp einfaldlega að hæstv. ríkisstjórn og því hvers vegna samningurinn var og er óskýr eins og hér hefur komið fram. Hvers vegna er þörf á að setja slík lög sem hæstv. utanrrh. hefur hér greint frá? Enn og aftur virðast vinnubrögðin einkennast af því að verið sé að byrgja brunn eftir að barnið er dottið í hann og að mínu viti að gæta hagsmuna sem ég fæ ekki séð að sé hlutverk löggjafarsamkundunnar að standa sérstakan vörð um. Þess vegna verð ég að segja eins og er, herra forseti, að mér þykir þetta nokkuð einkennilegt frv. Ég tek það þó fram að ég hef á þessu nokkurn skilning vegna veru minnar hér í vetur og vegna kynna minna af öðrum frv. sem frá hæstv. ríkisstjórn hafa komið. En mér finnst hins vegar að aðalefni þess gangi gegn grunnhugsuninni um frjálsa samkeppni og frjáls viðskipti á Íslandi.

[11:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um tilgang þessa frv. Hann er mjög einfaldur. Tilgangurinn er sá að setja skýran lagaramma utan um stjórnsýslu á varnarsvæðunum og samskiptin við varnarliðið. Margt í framkvæmd varnarsamningsins síðustu áratugi hefur byggst á venjum og hefðum sem voru taldar fullnægjandi á þeim tíma. En á undanförnum árum hefur margt breyst og við höfum þróað og sett á fót nýtt fyrirkomulag til að tryggja samkeppni og jafnræði í viðskiptum við varnarliðið og til að gefa fleirum tækifæri til að koma að þeim viðskiptum. Þess vegna er mikil þörf á því að setja grundvallarákvæði þar að lútandi í lög. Þetta er aðalástæðan.

Að því er varðar bráðabirgðaákvæðið þá er ljóst að samkvæmt samningi við Bandaríkjamenn njóta tvö fyrirtæki á Keflavíkurflugvelli sérréttinda til tiltekins tíma, þ.e. Íslenskir aðalverktakar og Keflavíkurverktakar. Þess vegna þurfti að taka það fram.

Hv. þm. talaði um það að samningurinn sem gerður var hefði verið óskýr. Hann er að okkar mati ekki óskýr. Hins vegar eigum við í deilu við Bandaríkjamenn um skilning á þeim samningi. Það liggur alveg ljóst fyrir og það er skylda okkar að gæta íslenskra hagsmuna samkvæmt þessum samningi. Við erum ekki að gæta hagsmuna tiltekinna fyrirtækja. Við erum að gæta íslenskra hagsmuna í samræmi við þennan

samning og okkur ber að gera það og ef við gerðum það ekki þá værum við að bregðast skyldum okkar.

[11:32]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. andsvarið en ég verð þó að viðurkenna að ég er litlu nær. Gott og vel, að sjálfsögðu er það hlutverk yfirvalda hér að gæta íslenskra hagsmuna. En hvað býr að baki þessari yfirlýsingu? Það er ekki nógu skýrt í frv. Ég verð bara að viðurkenna það, herra forseti, að ég vænti þess að hæstv. utanrrh. geti skýrt það betur.

[11:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé mikilvægt að fara yfir þetta mál í hv. utanrmn. Ég tel að það sé réttur vettvangur til þess.

Í nefndum samningi stendur að annars vegar skuli íslenskt fyrirtæki hafa hlutdeild í þessum flutningum og hins vegar bandarískt fyrirtæki. Út á það gengur þessi samningur og sá samningur stendur. Það er okkar, íslenskra yfirvalda, að sjá til þess að við þennan samning sé staðið. Við teljum að samningurinn sé ekki framkvæmdur í samræmi við það í dag og það hefur komið skýrt fram af okkar hálfu í þessu sambandi.

Til þess að árétta þann skilning er m.a. tekið fram í frv. hvað teljist vera íslenskt fyrirtæki samkvæmt þeim skilningi sem við höfum alltaf lagt í það mál, ekki bara að því er varðar sjóflutningana heldur þessi samskipti yfirleitt og það er mjög skýrt í frv.

[11:34]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég mun fara nokkrum orðum um þetta frv. Í fyrsta lagi ætla ég að ræða almennt um frv. Í öðru lagi ætla ég, með leyfi forseta, að ræða örlítið um tilvitnun í ársfund Eimskipafélagsins, í þriðja lagi um tilkynningarskyldu og verklagsreglur í 8. gr. frv., í fjórða lagi um undanþágu frá sköttum og gjöldum í 11. gr. og í fimmta lagi um bráðabirgðaákvæði I og II í frv.

Ég velti fyrir mér vegna orða hætsv. utanrrh. hverjar skyldur íslenskra yfirvalda séu gagnvart bandarískum yfirvöldum þegar verið er að fjalla um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna. Mér sýnist að það sé fyrst og fremst að virða rétt þeirra sem gert hafa samninga og í öðru lagi að gæta að jafnræði á milli aðila sem eru skilgreindir sem verktakar og eiga í viðskiptum við varnarliðið og að ákvæði og samningar standi sem gerðir hafa verið og í gildi eru.

Herra forseti. Ég velti fyrir mér hlutverki utanrmn. varðandi umfjöllun um frv. Það sem hv. utanrmn. þarf að hafa í huga er í fyrsta lagi jafnræði, í öðru lagi sanngirni og í þriðja lagi að hlutur einstakra aðila verði ekki fyrir borð borinn. Það sem ég tel veigamest í þessu máli er hið síðasttalda.

Í þessu frv. eru einkum tekin til umfjöllunar viðskipti íslenskra verktaka við varnarliðið. Þetta eru ansi víðfeðm orð, þ.e. íslenskir verktakar. Þeir geta verið allt frá því að vera leigubílstjórar sem gera samkomulag um akstur og fólksflutninga á varnarsvæðinu ásamt alls kyns verktöku. Í mín eyru a.m.k. hafa komið kvartanir um mismunun á milli einstaklinga, vegna einstaklinga. Ég gæti tekið sem dæmi ákveðið mál sem ég var með til umfjöllunar fyrir þremur árum síðan. Ég læt það eiga sig, en ætla að ræða frv. almennt.

Ég fellst alveg á heimildir utanrrh. til að taka ákvörðun um aðgengi að varnarsvæðinu. Það er nauðsynlegt að ákvæði liggi hjá íslenskum yfirvöldum um ákvörðun um aðgengi.

Herra forseti. Ég vil eins og ég sagði áðan ræða aðeins um 11. gr. Hún fjallar um undanþágu frá sköttum og gjöldum. Ég tel að það eigi að vera þannig varðandi skattalagaákvæðin að öll störf — og þætti mér nú vænt um, herra forseti, að utanrrh. hlustaði nú á það sem ég hef fram að færa — sem lúta að þjónustu vegna veru varnarliðsins ættu að vera að fullu skattskyld til íslenska ríkisins samkvæmt lögum og reglum.

Herra forseti. Ég óska þess að hæstv. utanrrh. fari yfir frv. á eftir og skýri betur þau ákvæði sem ég er að fjalla um og spyr um. Ég fer ekki nákvæmlega ofan í hverja grein. Ég tel að hæstv. ráðherra sé fullkunnugt um hvað verið sé að fjalla um vegna þess að það kemur þannig út að ákveðnar greinar í frv. gætu á einhvern hátt falið í sér einokunarákvæði. Ef það er rétt skilið að um einokunarákvæði sé að ræða þá er verið að stíga skref aftur á bak.

Ég geld, herra forseti, sérstakan varhug við bráðabirgðaákvæði I og sérstaklega bráðabirgðaákvæði II og vil, með leyfi herra forseta, fara örlítið yfir þessi ákvæði eins og þau standa hér í frv. Ákvæði til bráðabirgða nr. I hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skal utanríkisráðuneytinu heimilt að tilnefna verktaka til samninga við varnarliðið án forvals og með óbreyttum kjörum vegna verklegra framkvæmda sem greiddar eru af bandarískum stjórnvöldum, í samræmi við samninga Íslands og Bandaríkjanna þar að lútandi."

Ég þarf að fá aðeins útskýringu á þessari grein. Hvað er verið að fara með þessu bráðabirgðaákvæði?

Síðan kemur bráðabirgðaákvæði II sem er sérstaklega til þess fallið að vekja umhugsun um þessi mál, þ.e. einokun. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Áður en samningar samkvæmt lögum þessum, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og ekki hafa sætt forvalsmeðferð, koma til framlengingar er heimilt, að tillögu forvalsnefndar, að láta fara fram forval og tilnefna hæfa aðila samkvæmt III. kafla laganna. Framlenging slíkra samninga án undanfarandi tilnefningar er ógild og gilda ákvæði 3. og 4. mgr. 4. gr. um slík tilvik."

Þarna eru hlutir á ferðinni sem ég vil tengja saman, herra forseti, við það sem ég tiltók sem annað atriðið sem ég vildi fjalla um í minni ræðu. Það varðar innhald plaggs sem var dreift fyrir fjórum dögum í hólf þingmanna. Þar stendur, með leyfi forseta, um þetta mál sem hér hefur verið fjallað um og margsinnis verið vakin athygli á í ræðum:

„Eimskip er ósátt við niðurstöðu áfrýjunardómstóls frá því í byrjun þessa árs og hefur ákveðið að áfrýja málinu og mun leita eftir því að hæstiréttur Bandaríkjanna taki málið til úrskurðar."

Síðan kemur það sem varð til þess að undirritaður hrökk við við yfirlestur þessa plaggs áður en undirritaður hafði kynnt sér frv. að nokkru marki.

„Taldi stjórnarformaður eðlilegt að íslensk stjórnvöld fylgdu þessu máli vel eftir."

Herra forseti. Þetta varð til þess að vekja tortryggni mína. Ég sé ástæðu til að hvetja til þess að samningar sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna haldi áfram gildi sínu og að bandarískum yfirvöldum sé heimilt að framlengja samningana samkvæmt ákvæðum þeirra án þess að til sérstaks

forvals komi. Ég sé ekki ástæðu til annars en óska eftir því að hv. utanrmn. athugi þessi orð mín vel.

Ég vil að lokum í þessari stuttu ræðu spyrja hæstv. utanrrh. þriggja spurninga:

Í fyrsta lagi. Mun hæstv. utanrrh. beita sér fyrir því að þeir samningar sem eru í gildi fái að renna sitt skeið og þar með talið framlengingarákvæði?

Í öðru lagi. Er hæstv. utanrrh. tilbúinn að taka upp samkomulag um undaþágur Bandaríkjamanna frá sköttum? Þá á ég við það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar sem ég vona að hæstv. ráðherra hafi hlýtt á, að öll störf sem lúta þjónustu vegna veru varnarliðsins ættu að vera að fullu skattskyld til íslenska ríkisins. Ég er að ræða um þjónustustörf varnarliðsins og starfsemi Ratsjárstofnunar.

Í þriðja lagi kem ég að umsögn í ræðu stjórnarformanns óskabarns þjóðarinnar og tilmælum, sem ég nefndi hér áðan, um að íslensk stjórnvöld fylgi málinu vel eftir.

Ég spyr hæstv. utanrrh.: Er hann undrandi á því að þetta frv. um tiltekna varnarþætti og umrædd ræða sem ég hef vitnað til tvisvar sinnum vekji tortryggni? Í tilefni af þessum vangaveltum vaknar einnig sú spurning hvort hæstv. utanrrh. hafi rætt þetta mál sérstaklega við Eimskipafélagið.

[11:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Það hefur komið fram að rétt væri í sambandi við tiltekið mál að bíða eftir því að tilteknir dómar féllu í Bandaríkjunum. Ég vil minna á að bandarískir dómstólar hafa lögsögu yfir bandarískum borgurum og bandarískum fyrirtækjum og hafa ekkert gildi hér á Íslandi. Okkur ber að sjálfsögðu að halda á okkar málum og rétti okkar með þeim hætti sem við teljum skylt og rétt. Það erum við að gera í þessu frv. Við erum að ítreka þann skilning sem við höfum á ýmsum málum, m.a. því máli sem mest hefur verið rætt um. Hv. þm. Gísli S. Einarsson spurði um hvort ég mundi beita mér fyrir því að samningar fái að renna sitt skeið.

Með frv. er á engan hátt verið að grípa inn í gerða samninga. Það er ekki ætlunin að gera það. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir í umræddu máli að við teljum og höfum alltaf talið að það fyrirtæki sem hér hefur verið rætt um uppfylli ekki tiltekin skilyrði. Það er ekkert nýtt. Og af því að vitnað var í eitthvert fréttabréf Eimskipafélags Íslands, sem ég hef því miður ekki séð en hér var vitnað í, um að beina því til íslenskra stjórnvalda að þau beiti sér í þessu máli, þá hafa íslensk stjórnvöld beitt sér í málinu lengi vegna þess að það er skoðun okkar að Bandaríkjamenn hafi ekki staðið við samningsskuldbindingar sínar og ég er margbúinn að ítreka það í máli mínu að það sé skylda okkar að sjá til þess að bæði Bandaríkjamenn og aðrir sem við semjum við standi við samningsskuldbindingar sínar á sama hátt og það er skylda okkar að Norðmenn og Rússar standi við samningsskuldbindingar sínar í Smugunni, svo eitthvað sé nefnt. Til þess eru alþjóðlegir samningar og auðvitað ber að standa við þá. Ég sagði að það væri vegna þess að við vildum standa á íslenskum hagsmunum.

Nú er alveg ljóst að öll fyrirtæki sem vilja koma að þessum viðskiptum geta breytt málum sínum á þann veg að þau uppfylli þau skilyrði sem við teljum að þurfi að uppfylla, og ég vænti þess að sem flestir komi að því máli og vilji gera það. Það liggur þá alveg fyrir hvaða skilning við höfum á því og vonandi verður það til að skýra málið. Ég vænti þess að hv. þingmenn geti verið sammála um að það er ekki alveg sama hvernig þetta er og það hlýtur að þurfa að vera einhver skilgreining á því hvað er íslenskt fyrirtæki. Það er hægt að stofna alls konar pappírsfyrirtæki. Það er enginn vandi. Og ég spyr: Er þá nóg að stofna pappírsfyrirtæki á Íslandi? (**GE:** Við skulum þá hafa það íslenskt fyrirtæki.) Og ætli sé þá ekki nauðsynlegt að skilgreina hvað við eigum við með því? (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Menn geta haft mismunandi skoðanir á því og við skulum fara yfir það. En við vitum að hægt er að stofna hundruð pappírsfyrirtækja. (Gripið fram í.)

Hv. þm. spurði hvort ég væri tilbúinn að beita mér fyrir því að Bandaríkjamenn hefðu ekki lengur undanþágu frá skattskyldu hér á landi, (**GE:** Að taka upp skattskyldu.) að taka upp skattskyldu á starfsemi Bandaríkjamanna hér á landi. Svarið er einfalt, það er nei. Það samrýmist ekki íslenskum hagsmunum og varnarskuldbindingum Íslands að sú starfsemi sem rekin er á Keflavíkurflugvelli greiði skatta og skyldur til íslenska ríkisins. Hins vegar greiðir allt það fólk sem hefur laun af þeirri starfsemi skatta og skyldur sem íslenskir ríkisborgarar. Íslendingar fá því óbeint verulegar skatttekjur af þeirri starfsemi. En það er engan veginn frambærilegt að fara nú að tala um að viðkomandi aðili borgi skatta af allri starfsemi hér á landi. Þá er hv. þm. að taka upp hugsun sem ég hélt að væri fyrir löngu aflögð. (**GE:** Aronsku?) Ég ætla ekki að nefna það en einu sinni var hún kölluð það og menn vildu taka upp gjöld fyrir alla mögulega og ómögulega hluti og vildu láta Bandaríkjamenn borga vegi og sjálfsagt mundu þeir sömu menn telja rétt að þeir greiddu fyrir jarðgöng víðs vegar um landið nú til dags. Ég vænti þess að hv. þm. eigi ekki við það að fara eigi að taka af þeim skatta og skyldur til að byggja jarðgöng. Mér finnst það vera alveg fráleit hugsun og ég er ekki tilbúinn til að nefna það því að ég hef ávallt verið á móti slíkri hugsun. Þegar ég kom í utanrrn. minnir mig að þar hafi verið tekjupóstur upp á annaðhvort 1.000 dollara eða 500 dollara, ég man það ekki, fyrir afnot af Keflavíkurveginum sem var eitthvað frá gamalli tíð. Ég bað menn vinsamlegast um að endursenda slíka fjármuni sem skiptu svo sem engu máli, en öll slík hugsun tel ég að eigi ekki við í þessu máli. Við Íslendingar erum að leggja af mörkum með því að leggja til þessa aðstöðu. Það hefur alltaf verið viðurkennt og það höfum við gert endurgjaldslaust og eigum að halda áfram að gera það.

Hv. þm. spurði um Eimskipafélag Íslands. Það liggur ljóst fyrir að Eimskipafélag Íslands var eitt sinn með þessa flutninga en Eimskipafélag Íslands á engan einkarétt á þeim flutningum. Það er ekki skoðun utanrrn. ef einhver heldur það. Það liggur hins vegar fyrir að við höfum ákveðna skoðun á því hvernig menn uppfylla skilyrði til þess að geta tekið þátt í íslenska hluta þessara flutninga, og ég endurtek: hinum íslenska hluta þessara flutninga, ekki hinum bandarísku. Við erum einfaldlega að fylgja því eftir að farið sé að þeim reglum. Hvaða skipafélög það eru er háð því að þau uppfylli þessi skilyrði. Sem betur fer eru það fleiri fyrirtæki en Eimskipafélag Íslands og að sjálfsögðu getur þeim fyrirtækjum fjölgað. Við búum í frjálsu landi og ef menn eru jafnáhugasamir og hér kemur fram um að taka þátt í þessum flutningum, þá hljóta þeir að geta uppfyllt þau skilyrði sem koma fram í þeim samningi sem við gerðum um þessi mál á sínum tíma. En ég tek fram að ég er ekkert viss um að slíkur samningur yrði gerður í dag og menn mundu sætta sig við að allir þessir flutningar yrðu annaðhvort með bandarísku fyrirtæki eða íslensku fyrirtæki. Það má vel vera. Ég á ekki

von á ef við gengjum til slíkra samninga í dag að hann yrði eins. En það kemur bara málinu ekki við. Samningurinn var gerður og hann var í gildi. Og svo lengi sem hann er í gildi og hefur ekki verið endurskoðaður, ber að standa við hann.

[11:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef komið meginsjónarmiðum mínum á framfæri gagnvart þessu máli áður og ætla ekki að notfæra mér rétt minn til að halda aðra ræðu. Ég ætla hins vegar aðeins að hnykkja á nokkrum mikilvægum atriðum í stuttu andsvari við hæstv. ráðherra.

Ég vísaði í minnisblað sem hæstv. ráðherra hafði látið starfsmenn sína senda ríkisstjórn Bandaríkjanna 24. febrúar og það minnisblað er ekki hægt að skýra öðruvísi en svo að stjórnvöld í Bandaríkjunum séu hvött til að rifta samningum sem fyrir eru. Komið hefur fram hjá hæstv. ráðherra að það er ekki meiningin og það er ágætt. Þá liggur það fyrir.

Sömuleiðis sagði hæstv. ráðherra að ekki væri ætlunin að grípa inn í gerða samninga og það er ákaflega mikilvægt að það liggi fyrir í lok þessarar umræðu. Í gerðum samningum er að finna einhliða ákvæði sem veitir stjórn Bandaríkjanna heimild til að framlengja þann samning sem núna er í gildi við þetta tiltekna skipafélag. Það hlýtur þá að felast í orðum hæstv. ráðherra að ekki sé ætlunin að reyna að fá stjórnvöld í Bandaríkjunum til að notfæra sér ekki þessa heimild. Ella hefði hæstv. ráðherra tæpast tekið svo til orða að ekki væri ætlunin að grípa inn í gerða samninga. Þetta finnst mér mikilvægt að fram komi.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra þegar hann talar um pappírsfyrirtæki og það er drjúgur kafli í ágætri greinargerð með frv. sem fjallar um pappírsfyrirtæki. Það liggur þó í augum uppi að það fyrirtæki sem við höfum nefnt til umræðunnar er með engu móti hægt að kalla pappírsfyrirtæki. Það hefur starfað í nokkur ár og sinnt hlutverki sínu með sóma. Meginhlutverk þess gagnvart okkur, neytendum á Íslandi, er að lækka vöruverð og það er það sem skiptir máli.

Að lokum, herra forseti, langar mig til að ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra sem er svohljóðandi: Er Atlantsskip eina fyrirtækið sem þetta frv., ef að lögum verður, kann að hafa áhrif á?

[11:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni að frv. væri ekki ætlað að grípa inn í gerða samninga. Hins vegar liggur ljóst fyrir hver skoðun okkar er á þeim samningi sem Bandaríkjamenn hafa gert. Við teljum að hann sé ekki í samræmi við samkomulag ríkjanna á sínum tíma og meira skal ég ekki segja um það. Skoðun utanrrn. liggur alveg ljós fyrir.

Ég á von á því að frv. geti haft áhrif á ýmis fyrirtæki. Hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði m.a. frá því að hann hefði fengið kvartanir um að einstaklingar og fyrirtæki væru meðhöndluð með mismunandi hætti. Ég hef líka fengið slíkar kvartanir og ég tel að sumar þeirra kvartana eigi við rök að styðjast og þar hafi ekki verið farið að þeim leikreglum sem við viljum sjá. Með þessu frv. teljum við að við séum að koma á slíkum leikreglum og ef varnarliðið fari ekki að þeim séu þeir samningar sem þeir gera við fyrirtæki á öðrum grundvelli ógildir. Því miður hefur komið fyrir að þessi mál hafi ekki verið rekin á þann hátt sem við viljum sjá. Við teljum að með frv. séum við að tryggja það ástand og þess vegna geti frv. haft veruleg áhrif á ýmis fyrirtæki og að okkar dómi til góðs.

[11:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál verður skoðað mjög gaumgæfilega í hv. utanrmn. Þar verða þær ræður sem hæstv. ráðherra hefur flutt kannaðar og með hliðsjón af frv. sem fyrir liggur.

Hæstv. ráðherra hefur sagt tvennt: Í fyrsta lagi, ekki verður reynt að grípa inn í gerða samninga og það er gott. Það ætti að tryggja að þeir samningar sem þetta tiltekna skipafélag hefur gert ættu að ná fram að ganga og renna sitt skeið á enda. Ég túlka orð hæstv. ráðherra þannig. Eigi að síður hefur hann hnýtt við orð sín eftirfarandi ummælum sem efnislega eru svohljóðandi: Hann er ósáttur við hvernig bandarísk stjórnvöld hafa túlkað samninginn og hann vill setja skýrari leikreglur. Hann er með öðrum orðum að boða að umhverfinu verði breytt og að þau fyrirtæki og þeim samningum, sem ekki uppfylla þær leikreglur sem hann er að breyta, verður þá væntanlega rift. Þar með er hæstv. ráðherra að segja að orðin í orðsendingunni frá honum til kollega síns í Bandaríkjunum frá 24. febrúar standa, þ.e. þar er beinlínis hvatt til þess að samningi verði rift og a.m.k. eins og þar segir verði hann ekki látinn renna lengur en til 1. nóvember árið 2000 og þar með að framlengingarákvæði samningsins gildi ekki. Þetta tel ég vera hið versta mál, herra forseti, og ég mun fyrir mitt leyti ekki geta fallist á þetta. Meiri hlutinn mun auðvitað ráða en ég á, herra forseti, eftir að sjá ýmsa þingmenn í stjórnarliðinu, ekki síst talsmenn frjálsrar samkeppni í Sjálfstfl., samþykkja þetta. Ég tel að þetta yrðu ólög ef staðfest yrðu.

[12:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talaði um þetta mál eins og frv. gildi bara um eitt mál, að þetta frv. sé bara um eitt mál. (**ÖS:** Ég óttast það.) Svo er alls ekki. Hann óttast það. Þá hefur hann ekki lesið frv. Það liggur alveg ljóst fyrir, hv. þm., að við teljum að þarna hafi ekki verið farið að reglum. Við höfum verið þeirrar skoðunar að það ætti að bjóða út á nýjan leik. Það er okkar skoðun og við höfum haldið henni fram við Bandaríkjamenn og menn þurfa ekkert að reyna að snúa út úr því.

Hins vegar hef ég sagt og stend við það að þessu frv. sem slíku er ekki ætlað að grípa inn í gerða samninga. Þessu frv. er ætlað að skapa meira réttaröryggi og tryggara umhverfi fyrir þá sem skipta við varnarliðið. Það er ætlunin með þessu frv. Ég vona að það sé skýrt og ég vænti þess að þeim tilgangi verði náð ef frv. verður að lögum. Ég tel mjög mikilvægt að það verði að lögum.

[12:02]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir skýr svör hæstv. utanrrh. við þeim spurningum sem ég setti fram og sérstaklega fyrir það að hæstv. ráðherra svaraði því til að ekki sé verið að grípa inn í gerða samninga.

Varðandi 11. gr. sem fjallar um skattaákvæði þá veit ég ekki nákvæmlega hvernig skilgreiningin er á skattlagningunni en ég tel bara að öll þjónustustörf sem unnin eru vegna veru varnarliðsins eigi að vera skattskyld samkvæmt íslenskum reglum, jafnvel þó að hermenn framkvæmi þau störf, nema um beina hermennsku sé að ræða. Þetta er bara það sem ég er að ræða um. Ég er að draga pínulítið í efa að skilgreiningin sé nægjanlega góð, en það eru þjónustustörf

sem eru framkvæmd af hermönnum sem eru við störf á varnarsvæðinu.

Ég reikna ekki með að hæstv. utanrrh. hafi eignað mér aronsku þó ég velti fyrir mér þessum þáttum. Ég tel að mörg þjónustustörf unnin af hermönnum, ættu Íslendingar að vinna. Ég tel það.

Ég fer fram á það, hæstv. forseti, að við frv. verði bætt ákvæði sem hljóði eitthvað á þá leið að fyrirtæki sem sýnt hafa fram á það í raun að þau hafi getu til þess að versla við eða veita varnarliðinu þjónustu skuli hljóta tilnefningu utanrrh. Ég fram á að þetta taki hv. utanrmn. til skoðunar og að hæstv. utanrrh. skoði hvort ekki sé rétt að þetta ákvæði fylgi með.

[12:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega andvígur slíku ákvæði vegna þess að þetta verður að sjálfsögðu að meta á hverjum tíma. Það er alveg eins með fyrirtæki sem taka þátt í framkvæmdum hér á landi, hvort sem það er í vegagerð, hafnargerð eða í aðrar framkvæmdir, að þau verða að sýna fram á það á hverjum tíma að þau hafi getu, hæfni og bolmagn til þess að taka að sér verkefni. Með nákvæmlega sama hætti verður gerð slík úttekt á þeim fyrirtækjum sem sýna áhuga og þeim fyrirtækjum síðan gefið tækifæri til að bjóða í. Við getum ekki haft aðrar reglur í sambandi við þessar framkvæmdir en framkvæmdir hér á Íslandi. Með því værum við að veita tilteknum fyrirtækjum rétt umfram aðra.

Það er nú því miður svo í lífinu að fyrirtæki sem stendur sig vel í dag er ekki alveg víst að standi sig jafnvel að einu ári liðnu. Þess vegna verður það að koma til sífellds endurmats. Þarna er einfaldlega verið að koma á nákvæmlega sömu leikreglum og gilda í íslenskum viðskiptum.

[12:06]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svör frá hæstv. utanrrh. um þessi mál eru ákaflega skýr. Ég ítreka það hér að ég tel að skyldur íslenskra yfirvalda gagnvart bandarískum yfirvöldum í þessum málum sem þetta frv. fjallar um séu að virða rétt þeirra sem gert hafa samninga og gæta að jafnræði á milli aðila þeirra sem eru skilgreindir sem verktakar í viðskiptum við varnarliðið.

Ég tel að það þurfi að vera alveg skýrt að þeir samningar sem gerðir hafa verið muni standa og því var svarað hér. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla meira um þetta mál öðruvísi en að ég tel að ég hafi komið málefnalega á framfæri þeim atriðum sem ég gerði grein fyrir í upphafi máls mín í fimm atriðum þegar ég nefndi hvað ég ætlaði að fjalla um. Og ég tel að ég hafi fengið svör við þeim spurningum sem ég bar fram.

[12:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig nú kannski í reynd ekki hafa svarað nægilega skýrt spurningum hv. þm. að því er varðar bráðabirgðaákvæði I og II. Ég hygg að mér hafi láðst að gera það. En samkvæmt greinargerð með frv. þá er hér sérstaklega verið að vitna til þess samkomulags sem gert var milli Íslands og Bandaríkjanna um tiltekinn rétt ákveðinna fyrirtækja, þ.e. Íslenskra aðalverktaka og Keflavíkurverktaka í tiltekinn tíma. Frv. fjallar um hvernig þessum málum skuli almennt vera fyrir komið, meðal annars með nánustu framtíð í huga.

En það er hins vegar staðreynd að tilteknar reglur gilda um þessi tvö fyrirtæki og þessu frv. er ekki ætlað að breyta því ástandi eða því ástandi sem kynni að skapast með nýjum samningum við Bandaríkjamenn. Þá er ég ekki að gefa nokkurn skapaðan hlut í skyn í þeim efnum. Það er fyrst og fremst tilgangurinn með þessum ákvæðum til bráðabirgða sem ég hygg að mér hafi láðst að svara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, 1. umr.

Stjfrv., 452. mál. — Þskj. 726.

[12:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Tilgangur þessa lagafrv. er að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands varðandi upplýsingaskipti á tæknilegum reglum um vörur og fjarþjónustu sem haft geta í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir, samanber samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

Í frv. er skilgreint hvaða reglur teljast tæknilegar reglur og þar með hvaða reglur þarf að tilkynna samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra samninga. Tæknileg regla í skilningi frv. eru lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem fjalla annars vegar um eiginleika vöru, t.d. varðandi gæði og öryggi, og hins vegar um fjarþjónustu, þ.e. þjónustu sem veitt er gegn þóknun með rafrænum hætti.

Talið er nauðsynlegt að setja rammalög um upplýsingaskipti þessi til að renna sterkari stoð undir framkvæmd þeirra. Með frv. eru tekin upp ákvæði tilskipunar sem fyrirhugað er að taka upp í EES-samninginn og fjallar um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur, um fjarþjónustu, en slík ákvæði náðu áður einungis til vöru.

Ef frv. þetta verður að lögum mun það enn fremur veita afdráttarlausari heimild fyrir setningu reglugerðar um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur. Frv. beinist að stjórnvöldum og felur í sér ákvæði varðandi tilhögun upplýsingaskipta um tæknilegar reglur. Í því felst að tilkynnt sé til Eftirlitsstofnunar EFTA og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um áform um setningu tæknilegra reglna.

Með þessu móti gefst EES-ríkjunum og þeim ríkjum sem aðild eiga að Alþjóðaviðskiptastofnuninni tækifæri á að kynna sér ákvæði reglnanna. Jafnframt skapast tækifæri fyrir íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðila að kynna sér og gera athugasemdir við drög að tæknilegum reglum sem hingað berast frá fyrrnefndum ríkjum.

Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að minnka líkurnar á því að tæknilegar viðskiptahindranir myndist vegna sérstakra krafna í reglum einstakra ríkja. Almennt gildir að tæknilegar reglur skuli ekki setja formlega nema þriggja mánaða frestur hafi verið gefinn öðrum ríkjum til umsagnar. Í frv. felst því skuldbinding fyrir stjórnvöld að tæknileg regla verði ekki endanlega samþykkt eða frv. til laga sem felur í sér tæknilegar reglur verði ekki lagt fyrir Alþingi fyrr en þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um fyrirhugaða setningu í samræmi við ákvæði umræddra milliríkjasamninga. Ef verulegar efnisbreytingar verða eftir tilkynningu ber að tilkynna þær breytingar. Ráðgert er að sá aðili sem semur tæknilega reglu beri ábyrgð á því að hún sé tilkynnt til

utanrrn. sem annast samskipti við nefndar alþjóðastofnanir. Jafnframt er lagt til að utanrrn. geti með samningi falið annarri stofnun framkvæmd upplýsingamiðlunar af þessu tagi.

Til að annast skipulega dreifingu upplýsinga eins og ráð er fyrir gert í samningnum, þ.e. þeim samningi sem hér um ræðir, þarf að koma á sérstöku kerfi sem tryggir rétt íslenskra stjórnvalda og hagsmunaaðila til að kynna sér tæknilegar reglur annarra ríkja og gera við þær athugasemdir með viðskiptahagsmuni okkar í huga. Auk þess þarf að virða þá skuldbindingu að tilkynna skipulega um áform að setningu tæknilegra reglna hér á landi.

Ég vil leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. þessu vísað til hv. utanrmn.

[12:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að tímabært sé að við Íslendingar komum upp kerfi þar sem fylgst sé skipulega með tæknilegum viðskiptahindrunum eða tæknireglum sem geta á köflun verkað sem tæknilegar viðskiptahindranir. Ég hygg nú að langmestar líkur séu á því að þær berist að okkur utan frá frekar en að mikil hætta sé á því að hér verði settar reglur eða að upp komi þær aðstæður að af okkar hálfu verki hlutir eins og tæknilegar viðskiptahindranir út á við. Þó er að sjálfsögðu ekki hægt að útiloka það og svona tilkynningarfyrirkomulag og eftirlitskerfi hlýtur að sjálfsögðu að verða gagnkvæmt. Ég geri ekki athugasemdir við það nema síður sé þó að þessum málum sé komið í skikkanlegt horf af okkar hálfu.

Mig langar af okkar hálfu að spyrja hæstv. utanrrh. aðeins um framkvæmdina. Nú er það svo að þetta er væntanlega á ábyrgð utanrrn. sem fer með utanríkisviðskiptamál og framkvæmd alþjóðasamninga fyrir okkar hönd. Ég sé í athugasemdum með frv. að meiningin er að fela Löggildingarstofu að annast þessa framkvæmd, taka við og senda tilkynningar og ég vildi í fyrsta lagi spyrja: Er ekki ástæða til að hafa neinar áhyggjur af því að framsal verkefnis af þessu tagi skapi vandamál eða er búið að kanna að samstarfsaðilar, hvort sem heldur eru evrópskar stofnanir eða Alþjóðaviðskiptastofnunin, taki aðila eins og Löggildingarstofuna fullgildan eða verður þetta gert í umboði utanrrn. Ég geri þá ráð fyrir því að um stjórnvald og yfirvald þurfi að vera að ræða. Ég minni á þær hremmingar sem Íslendingar hafa áður lent í varðandi t.d. áform um að stjórnvöld framselji frá sér eftirlitsvald til annarra aðila á lægri stjórnsýslustigum eða einkaaðila, að slíkt hefur ekki verið tekið gilt. Ég vildi spyrja um þetta atriði.

Í öðru lagi vildi ég spyrja um kostnað. Mér sýnist ákaflega varlega áætlað að einn starfsmaður og kostnaður upp á 5 millj. kr. á ári komi til með að nægja til að annast þessa framkvæmd því að þetta hlýtur að fela í sér að taka á móti og miðla áfram öllum tilkynningum af þessum toga sem okkur berast og ég ráð fyrir að það sé talsvert magn.

Það þriðja sem vekur spurningar er mögulegur tvíverknaður í þessum efnum og tvöfalt kerfi sem virðist þarna vera að komast á að verulegu leyti. Annars vegar er um að ræða tilkynningar og eftirlit með þessum hlutum á vettvangi Evrópuríkjanna eða á EES-svæðinu og hins vegar er Alþjóðaviðskiptastofnunin að því er best verður séð með mjög sambærilega hluti á öllum þeim sviðum sem Alþjóðaviðskiptastofnunin tekur til, þ.e. þegar í hlut eiga almennar iðnaðarvörur og væntanlega í framhaldinu einnig fleiri vörur eins og landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Það er kannski ekki praktískt mál að spyrja hvort einhver leið hefði verið til þess að einfalda þetta t.d. að það nægði að tilkynna til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar það sem þar er og það dygði að það gengi síðan áfram eða hvort þarna er um tvíverknað að ræða og að hve miklu leyti hann er óumflýjanlegur.

[12:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við teljum að Löggildingarstofan sé hæfust til þess að taka að sér þetta hlutverk. Við teljum að hún fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru til slíkrar stofnunar og treystum henni fyllilega til þess. Að okkar mati verður það fyrst og fremst að byggjast á því hvað við teljum í þessum efnum og höfum ekki borið það neitt sérstaklega undir þá aðila sem eiga að taka við tilkynningum frá okkur.

Ef eitthvað annað kemur í ljós í framtíðinni, er að sjálfsögðu hægt að gera þar breytingu á en ég tel enga ástæðu til þess að ætla það. Hér er um að ræða stofnun sem er fyrir hendi í íslenska stjórnkerfinu og hefur alla burði til að taka þetta að sér og það er langhagkvæmast á allan hátt að koma því þar fyrir. Það er rétt sem hv. þm. sagði að það verður auðvitað gert í umboði utanrrn. og það er byggt á því að við höfum fullt traust á þessari stofnun.

Um kostnað er það að segja að álitið er að þessi upphæð muni nægja. Ég skal ekkert fullyrða um það hvort annað eigi eftir að koma í ljós í framtíðinni. Auðvitað er þetta alþjóðlega samstarf að vinda upp á sig og alþjóðleg viðskipti eru að aukast og við gerum okkur ekki fyllilega grein fyrir því hvað þetta getur orðið umfangsmikið í framtíðinni. Við núverandi aðstæður telja menn að einn starfsmaður eigi að anna því að sinna þessu verkefni og kostnaðaráætlunin er byggð á því.

Hvað varðar tvíverknað er alveg ljóst að þessar stofnanir, annars vegar Evrópustofnanirnar og hins vegar Alþjóðaviðskiptastofnunin, gera mismunandi kröfur og mismunandi samningar eru þar í gangi. Alþjóðaviðskiptastofnunin verður sífellt umfangsmeiri stofnun. Þar hafa verið gerðir miklir samningar en hins vegar brást það á fundinum í Seattle að ganga frá mjög mikilvægum samningum sem hefðu m.a. varðað þetta viðfangsefni. En ég geri ráð fyrir því að í nánustu framtíð verði gengið til nýrrar lotu og gengið frá því máli.

Nú skal ég ekki fullyrða um það hvernig þessi mál þróast í framtíðinni. Vonandi þróast þau í þá átt að það verði jafnvel nægilegt að Alþjóðaviðskiptastofnunin hafi ein umsjón með öllum slíkum málum því að alþjóðaviðskiptin þurfa að komast í þann farveg að þau séu sambærileg og þau séu samræmd. Þannig er það ekki í dag og meðan það ástand ríkir verður ekki hjá því komist að vinna þetta þannig, þ.e. annars vegar á grundvelli samningsskuldbindinga okkar gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar á grundvelli samningsskuldbindinga okkar gagnvart WTO eða Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

[12:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin og að sjálfsögðu var spurning mín hvað varðar Löggildingarstofuna ekki fram borin af neinu vantrausti til þeirrar stofnunar. Ég treysti henni að sjálfsögðu fullkomlega fyrir svona verkefni og ég geri ráð fyrir því að það sé hagkvæmt fyrirkomulag að fela henni að annast þetta og augljóslega mun praktískara

fyrirkomulag en setja upp eitthvert sjálfstætt batterí í þessum efnum. Hinn möguleikinn hefði væntanlega verið sá að ráðuneytið sjálft hefði í sérstakri deild eða með sérstökum starfsmanni annast þetta.

Ef engin stjórnskipuleg vandkvæði eru á því að fela slíkum aðila þetta hlutverk geri ég ekki neinar athugasemdir við það en *ég leyfi mér enn að draga í efa að það muni duga* lengi að hafa í því einn starfsmann en þó getur svo sem vel verið að ég sé óþarflega svartsýnn í þeim efnum.

Varðandi Alþjóðaviðskiptastofnunina þá deili ég þeirri skoðun með hæstv. utanrrh. Ég hefði miklu frekar viljað sjá þróun mála fara í þá átt að samræmdar almennar leikreglur í alþjóðaviðskiptum færðust meira til Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og yrðu heimsreglur en í minna mæli yrði um að ræða blokkamyndun eða reglur sem tækju til tiltekinna svæða. Að því leyti er þróun alþjóðamálanna mótsagnakennd. Annars vegar er verið að reyna að útfæra og útvíkka alþjóðlegar reglur sem eru að sjálfsögðu til góða svo fremi sem þær eru sanngjarnar og taki eðlilegt tillit til hluta eins og umhverfismála og stöðu þróunarríkja. Hins vegar er í gangi ákveðin tilhneiging til blokkamyndunar milli stóru viðskiptasvæðanna, Evrópusambandsins, Ameríku og Asíu. Á þetta hefur oft verið bent en kannski er ekki auðvelt úr því að ráða. Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar æskilegt væri að breyttu breytanda að þessar reglur yrðu fyrst og fremst heimsreglur og vistaðar hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:24]

Útbýting þingskjala:

Hópuppsagnir, 469. mál, stjfrv. (*félmrh.*), þskj. 748.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, 468. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 747.

Norræna ráðherranefndin 1999, 470. mál, skýrsla samstarfsráðherra, þskj. 749.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 377. mál. — Þskj. 633.

[12:25]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég leyfi mér eina ferðina enn að mæla fyrir till. til þál. um endurskoðun viðskiptabannsins á Írak. Flutningsmenn að tillögunni ásamt mér eru hv. þingmenn Margrét K. Sverrisdóttir, Össur Skarphéðinsson og Ögmundur Jónasson.

Þetta mun vera, herra forseti, í fimmta sinn sem þessi þáltill. er flutt lítt breytt eða óbreytt. Tillgr. er stutt og svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar. Einnig verði mótuð sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur, ekki síst börn, líði beinan skort af þeim sökum."

Herra forseti. Eins og áður sagði er verið að endurflytja tillögu sem oft áður hefur verið hreyft. Því miður verður að segja þá sögu eins og hún er að málið hefur aldrei orðið útrætt á þingi og reyndar aldrei verið afgreitt frá hv. utanrmn. Verður að segja að það er flutningsmanni og væntanlega öllum flutningsmönnum talsverð vonbrigði að mál af þessu tagi skuli geta legið fyrir þinginu árum saman án þess að fá afgreiðslu.

Skemmst er frá því að segja, herra forseti, að ástand mála í Írak hefur síst skánað. — Ég ætla að forvitnast um hvort hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur áframhaldandi umræður *um utanríkismál sem eru á dagskrá. Geri ég að sjálfsögðu* engar athugasemdir þó hæstv. ráðherra þurfi að bregða sér frá, en vildi a.m.k. vita af því ef hæstv. ráðherra er á förum.

Ástandið í Írak, herra forseti, hefur síst skánað og tala látinna af völdum hungursneyðar, lyfjaskorts og af öðrum ástæðum hækkar jafnt og þétt. Til marks um hversu alvarlegt þetta ástand er má nefna að nú nýverið sagði æðsti yfirmaður Sameinuðu þjóðanna á svæðinu, Hans von Sponeck, yfirmaður hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna í Írak, af sér eftir að hafa árangurslaust um margra mánaða og missira skeið hvatt til þess að viðskiptabanninu yrði aflétt. Hans von Sponeck telur tekjur Íraka af takmarkaðri olíusölu engan veginn duga fyrir nauðþurftum þessara 22 milljóna þjóðar.

Í skýrslu Kofis Annans, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til 51. fundar allsherjarþingsins kemur fram að um 4 milljónir Íraka, aðallega börn undir fimm ára aldri væru hrjáðar af vannæringu. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í Morgunblaðsgrein eftir framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands í mars 1998 var áætlað að um 80% þjóðarinnar hefðu litlar sem engar tekjur. Læknisþjónusta og starfsemi sjúkrahúsa er í lágmarki og heilsufari þjóðarinnar hrakar að sama skapi.

Írakar hafa búið við nær algert viðskiptabann í um áratug. Um 1,5–1,7 milljónir manna hafa látist í kjölfar bannsins, *meiri hlutinn börn. Þessar mannfórnir eru þar með orðnar* með því mesta sem orðið hefur hjá einni þjóð frá lokum síðari heimsstyrjaldar.

Herra forseti. Hans von Sponeck er ekki einn um það af þeim sem gjörþekkja til ástandsins í Írak að segja af sér embætti og treysta sér ekki til að bera ábyrgð á framkvæmd viðskiptabanns Sameinuðu þjóðanna á þessu svæði. Forveri hans í embætti, Denis Halliday, sem var þá einn af reyndustu, háttsettustu og virtustu yfirmönnum Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði sagði af sér embætti af nákvæmlega sömu orsökum og hefur síðan gerst einn ötulasti talsmaður þess að þessu misheppnaða viðskiptabanni verði aflétt. Nokkrum dögum eftir að Hans von Sponeck sagði af sér, sagði næstæðsti eða einn af æðstu yfirmönnum Sameinuðu þjóðanna á svæðinu, Jutta Burghart, virtur austurrískur erindreki Sameinuðu þjóðanna einnig af sér embætti af sömu ástæðum og fleiri mætti þar til nefna.

Allt þetta fólk og fjölmargir fleiri hafa barist ötullega fyrir því að þessu viðskiptabanni verði aflétt, að því hörmungarástandi sem þarna er að valda miklum mannfórnum verði aflétt. Að Sameinuðu þjóðirnar og aðildarríkin sjái að sér, horfist í augu við það að viðskiptabannið á Írak er ekki að skila tilætluðum árangri, þ.e. þeim að koma ógnarstjórn Saddams Husseins frá völdum heldur þvert á móti situr hann sem fastast og margir telja að einmitt viðskiptabannið hafi auðveldað honum að halda heljargreipum sínum á þessari hrjáðu þjóð.

Herra forseti. Nú er svo komið að það eru fyrst og fremst tvær þjóðir sem styðja þetta viðskiptabann í krafti sterkrar stöðu sinnar, þ.e. Bandaríkjamenn og Bretar, og því orka menn ekki að fá því aflétt. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort Ísland geti ekki a.m.k. lagt sitt lóð á aðrar vogarskálar

en þær sem þessi tvö ríki ein hafa kosið að velja. A.m.k. er hart við það að búa ef starfhættir á hinu háa Alþingi eru þannig að það taki næstum áratug og kannski takist það aldrei að fá fram afstöðu Alþingis í þessu efni. Viljum við eða viljum við ekki að atkvæði Íslands og rödd Íslands á alþjóðavettvangi sé skýr í máli af þessu tagi? Hvað vill meiri hluti alþingismanna? Vill hann að Íslendingar styðji þetta viðskiptabann og beri ábyrgð á því og afleiðingum þess — og ég minni á að við höfum fyrir okkar leyti fullgilt það með auglýsingum hér á heimavettvangi — eða viljum við fela talsmönnum okkar á alþjóðavettvangi og þar með talið auðvitað ekki síst hæstv. utanrrh., að beita sér fyrir breytingu í þessum efnum? Það er allt og sumt, herra forseti, sem hér er verið að fara fram á.

Ég spyr einnig, herra forseti: Er ekki möguleiki að fá menn til þess að endurmeta afstöðu sína til þessa máls, hæstv. utanrrh., sem hefur auðvitað fylgst með framgangi mála á þessu svæði og verður eins og við öll hin að horfast í augu við að þarna hafa hlutirnir orðið allt aðrir en ætlað var? Þegar sá sem hér talar flutti í fyrsta sinn tillögu um að aflétta þessu viðskiptabanni eða a.m.k. að framkvæmd þess yrði endurskoðuð, þá voru þær raddir út af fyrir sig ekki mjög margar. Það skal viðurkennt, enda kannski ekki orðið jafnljóst og nú er hvaða afleiðingar það væri að hafa. En þetta hefur breyst og ég leyfi mér að fullyrða að nú sé svo komið að hinar raddirnar sem reyna enn þá að mæla þessu bót séu að verða einangraðar og fáar.

Ég hreyfði þessu máli á vettvangi Norðurlandaráðs fyrir tveimur, þremur árum síðan, herra forseti, og þar leit lengi vel út fyrir mjög góða samstöðu um að Norðurlandaráð ályktaði og beindi til ríkisstjórna Norðurlandanna mjög sambærilegum texta og þeim sem hér er fluttur í tillöguformi. Það var ekki fyrr en komið var til umræðna um tillögu frá forsætisnefnd um að afgreiða málið með mjög jákvæðum hætti sem andstaða birtist við það. Og hvaðan halda menn að hún hafi komið, herra forseti. Hún kom úr röðum íhaldsmanna frá Íslandi. Það voru í raun einu raddirnar sem upp komu og dugðu reyndar til þess að koma í veg fyrir að Norðurlandaráð tæki afstöðu í málinu svipað og hér er lagt til.

Herra forseti. Vegna þess hversu gamalkunnugt þetta mál er ætla ég ekki lengja hér um það umræður. Ég tel mig í raun ekki þurfa að eyða löngum tíma í að rökstyðja að ástand það sem þarna viðgengst getur ekki gengið. Alþjóðasamfélagið er á himinhrópandi villigötum ef það heldur þessu viðskiptabanni til streitu, liggur mér við að segja, í rauninni algerlega burt séð frá því hvaða þjóðréttarlegar eða pólitískar réttlætingar sem menn telja sig hafa haft fyrir því á sínum tíma og/eða hafa jafnvel enn. Ástandið er ósköp einfaldlega þannig í þessu landi að við getum ekki horft á það viðgangast. Það er algjörlega sambærilegt hvað neyð almennings, hungursneyð, barnadauða og aðra slíka hluti varðar við það sem t.d. vofir yfir í Mósambík og veldur því að alþjóðasamfélagið er núna að grípa til umfangsmikilla hjálparaðgerða þar. Ég sé ekki að mönnum sé nokkur kostur að standa samtímis þannig að málum að þar sem náttúruhamfarir valda neyð og yfirvofandi hungursneyð eða mannfórnum, komi menn með hjálparhönd sem að sjálfsögðu er gott og rétt, en réttlæti hins vegar slíka hluti með því að tiltekin þjóð hafi verið svo ógæfusöm að hafa yfir sér harðstjóra þegar ljóst er að menn eru ekki að ná neinum minnsta árangri í því að koma honum frá völdum með þeim aðgerðum sem beitt er. Ég skal fúslega viðurkenna að ég tel að menn hafi vel getað rökstutt og haft þá skoðun á fyrstu árunum eftir Flóabardaga að á það mætti láta reyna hvort unnt væri með þessum hætti að einangra á alþjóðavettvangi og koma frá ógnarstjórn Saddams Husseins. En ég tel að sá reynslutími sé fyrir löngu liðinn og miklu meira en það, herra forseti. Viðskiptabannið hefur varað í áratug og það er ekkert fararsnið á Saddam Hussein og hann og stjórnarflokkur hans sem einn öllu ræður í Írak, virðast hafa ef eitthvað er enn öflugri tröllatök á þessari stríðsþjáðu þjóð en fyrr.

Saga Íraks á síðustu áratugum eða síðustu 15, 20 árum, herra forseti, er mikil sorgarsaga, mikil ógæfusaga. Í Írak var þróaðasta þjóð Miðausturlanda sem bjó við bestu lífskjör, fyrir utan þá Ísrael, og háþróaðasta atvinnulíf og samfélag á margan hátt. Þar var t.d. heilbrigðisþjónusta slík að hún nálgaðist að standast fullan samanburð við það sem vestrænar kröfur gera enda voru Írakar þjóð sem naut mikillar velvildar á Vesturlöndum og var studd af vestrænum ríkisstjórnum allt fram á mánuðina fyrir Persaflóastríðið. Ríkisstjórn Íraks og Saddams Husseins naut sérstakrar velvildar Bandaríkjamanna og Breta á meðan þeir stóðu í hernaðinum við óvininn sem búið var að skilgreina í Miðausturlöndum sem númer eitt, þ.e. Íran. Á þeim tíma dældu ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Bretlands einkum og sér í lagi, en fleiri Vesturlandaþjóða, fjármagni og hergögnum til Íraks. Það er því ekki svo, herra forseti, að Vesturlönd beri enga ábyrgð á því ástandi sem þarna er. Það er nú ekki svo. Sagan leiðir annað í ljós og margir telja að í raun hafi átt sér stað ótrúlegir hlutir í alþjóðasamskiptum þegar Vesturlönd sneru skyndilega við blaðinu og hófu styrjöld gegn Írak og telja að Írakar hafi haft ástæðu til að ætla að þeir ættu allt öðru að mæta mánuðina áður en styrjöldin hófst.

En hvað sem þeirri sögu allri líður — það verður óðum viðfangsefni sagnfræðinga að draga þá hluti fram í dagsljósið og ég óttast nú að hlutur margra Vesturlanda teljist þá ekki ákaflega góður svo sem þeirra sem hafa haft hvað mestar áhyggjur af því að Írakar kynnu að koma sér upp efnavopnum, þ.e. sömu þjóða og aðstoðuðu Írak við að ná tökum á þeirri tækni á meðan Írak stóð í hernaðinum við Íran — þá held ég að við eigum að hafa þann þroska til að bera að slá striki yfir slíkt, hvaða afstöðu sem við höfum haft til þeirra hluta og hvernig sem sjónarmið og rökræður hafa gengið í gegnum tíðina og horfast í augu við ástandið þarna eins og það er. Það er ekki verjandi. Við getum ekki horft upp á þá hluti sem þarna eru að gerast. Þeir samrýmast engan veginn öðrum grundvallarleikreglum og mannréttindaákvæðum. Ef eitthvað er hörmulegt brot á mannréttindum, ef eitthvað nálgast það að vera þjóðarmorð, þá er það það sem er að gerast í Írak í dag. Þjóðin er að falla og heilar kynslóðir írakskra barna eru að þurrkast út og þær sem eftir lifa munu bera þess merki ævilangt sökum vannæringar og misþroska sem af þessu hörmulega ástandi skapast.

Þannig er til að mynda engin leið að lesa ákvæði Genfarsáttmálanna og komast að annarri niðurstöðu en þeirri að ástandið í Írak er brot á þeim, brot á öllum þeim mannréttindaviðmiðunum sem okkur er tamt að taka okkur og þá held ég að við eigum að ýta til hliðar deilum um það hverjum sé um að kenna, börnin deyja samt og það krefst þess að við beitum okkur fyrir því, herra forseti, að staða þessara mála verði endurskoðuð. Það að hafast ekki að og horfa áfram árum eða áratugum saman á þetta ástand er líka ábyrgðarhlutur.

[12:40]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp til þess að lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og meðflutningsmanna hans. Ég tel að tillögugreinin sé skynsamlega saman sett. Það er auðvitað alveg ljóst að það verður að endurskoða þetta viðskiptabann. Það hefur engan veginn þjónað tilgangi sínum. Hörmungarnar sem Írakar hafa mátt líða vegna þess á liðnum áratug eru slíkar að ég býst við að fáir geri sér grein fyrir hvað er að gerast í Írak í raun og veru. Auðvitað hafa ekki margir átt þess kost að kynna sér ástandið þar en við lestur blaðagreina og skýrslna um þessi mál er auðvitað alveg ljóst að viðskiptabannið er ekkert minna en ósýnilegt stríð á hendur írösku þjóðinni. Og hverjir eru það sem líða fyrst í stríði? Það eru að sjálfsögðu þeir sem minnst mega sín. Það eru börnin, það er gamla fólkið og svo að lokum falla hinir fullorðnu líka. Það er ekkert minna en siðferðileg skylda okkar á hinu háa Alþingi að beita mætti okkar þannig að þetta viðskiptabann verði tekið til tafarlausrar endurskoðunar. Ég skora á hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir því að þessi þáltill. verði samþykkt þannig að við getum beitt okkur á alþjóðlegum vettvangi fyrir slíkri endurskoðun.

Hv. flm. Steingrímur J. Sigfússon skýrði hér ítarlega ástæður þess hvers vegna þetta viðskiptabann hefur engan veginn þjónað tilgangi sínum, ég hef litlu við það að bæta. En mér finnst mjög mikilvægt að menn gleymi því ekki að í ákvæðum og umfjöllun um viðskiptabann er því ætíð hnýtt aftan við að þeir sem setji á viðskiptabann gagnvart öðrum þjóðum séu meðvitaðir um hvaða afleiðingar það hafi með tilliti til mannúðarsjónarmiða og til lífs almennings í þeim löndum sem verða fyrir slíku. Staðreyndirnar liggja fyrir. Hörmungarnar sem þetta viðskiptabann m.a. hefur leitt yfir írösku þjóðina eru slíkar að ekkert réttlætir þær og það er alveg ljóst að sá áratugur sem liðinn er síðan þetta bann var sett á hefur gert okkur ljóst að viðskiptabönn virka illa eða ekki á harðstjóra, á einræðisríki. Þau geta virkað á lýðræðisríki. En það hlýtur að leiða af hugsuninni að baki viðskiptabanninu að þrýstingur myndist frá almenningi á stjórnvöld, þrýstingur sem jafnvel leiðir til þess að þau fari frá. Ekkert slíkt er uppi á teningnum í Írak. Það er löngu ljóst og þess vegna er um gjörsamlega misheppnaða aðgerð að ræða. Við vitum líka að viðskiptabannið á Júgóslavíu hefur eitt og sér líklega styrkt Milosevic meira í sessi en margt annað. Það er reyndar önnur umræða en hins vegar tengist það þeirri almennu umræðu um gildi viðskiptabanna og hvort þau séu í raun til nokkurs þegar einræðisríki eða harðstjórar eru annars vegar. Þetta er brýn og þörf tillaga, herra forseti. Ég lýsi enn og aftur yfir stuðningi mínum við hana og von minni til þess að hið háa Alþingi sjái sér fært að samþykkja hana núna hér í þetta sinn.

[12:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Viðskiptabönn eins og það sem alþjóðasamfélagið hefur sett á Írak hefur oft í sögunnar rás dugað til þess að knésetja harðstjóra og einræðisseggi af þeirri tegund sem Saddam Hussein er. Það var þess vegna ekkert skrýtið að menn skyldu velta því fyrir sér í upphafi að grípa til þess ráðs. Ég minnist þess að einn mætur flokksbróðir minn skrifaði einu sinni góða grein um það mál þar sem hann hvatti mjög til þess að slíkum aðferðum yrði beitt og nefndi og rökstuddi sérstaklega gildi þess að setja viðskiptabann á Írak. Um tíma var ég jafnvel nokkuð tekinn af þeim rökum.

Eigi að síður hef ég frá upphafi haldið við þá skoðun mína að viðskiptabannið á Írak þjónaði ekki tilgangi sínum. Og nú held ég að engum blöðum sé um það að fletta að sagan hefur sýnt að það þjónar ekki tilgangi sínum heldur öfugum tilgangi, þ.e. alveg eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir gerði að umræðuefni í ræðu sinni áðan, að viðskiptabann á Júgóslavíu hafi styrkt Milosevic í sessi, þá hefur hið sama í reynd gerst innan Íraks. Það er varla hægt að draga aðra ályktun af því. Saddam Hussein hefur notað þá sem reka viðskiptabannið og eru helstu málsvarar þess sem grýlu til að sameina þjóð sína gegn andstæðingi utan frá. Þetta held ég, herra forseti, að hafi leitt til þess að staða hans hefur ekki veikst. Það mætti jafnvel færa nokkur rök að því að hún hafi á vissan hátt upp á síðkastið styrkst.

Það er alveg ljóst að þær staðreyndir sem fyrir liggja hníga allar að því að viðskiptabannið hefur leitt miklar hörmungar yfir þá sem eiga enga sök á þeim atburðum sem þarna gerðust. Það eru fyrst og fremst börn, aldraðir og sjúklingar sem eiga um sárt að binda. Fyrir liggur að í kjölfar Flóabardaga hafa dáið af völdum viðskiptabannsins sennilega 1,5–1,7 milljónir einstaklinga. Þetta er sex eða sjö sinnum fleiri en núlifandi Íslendingar.

Ég held, herra forseti, að við verðum að læra af reynslunni. Ég er þeirrar skoðunar að þetta viðskiptabann sé blettur á Vesturlandaþjóðum og ég er algjörlega sannfærður um að nauðsynlegt sé að við gerum það sem við getum til þess að hrinda því.

Ég vissi ekki það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi í ræðu sinni að það hefði næstum verið komið samþykki fyrir einhvers konar ályktun af því tagi innan Norðurlandaráðs en það hefðu verið íslenskir íhaldsmenn sem fyrst og fremst hefðu þar gengið gegn því. Það þykir mér miður, herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að íslenska þjóðin eigi að beita sér eftir megni að hrinda þessu viðskiptabanni.

[12:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál sé rætt á hv. Alþingi og ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræðir það nokkuð á annan hátt en hann hefur gert á undanförnum árum og ég vil þakka honum fyrir það. Það er annar tónn í málflutningi hans og ég virði þær skoðanir sem þar koma fram og tel mikilvægt að þetta mál sé rætt á þann hátt hér á hv. Alþingi.

Það liggur alveg ljóst fyrir að Frakkar, Kínverjar og Rússar hafa haldið því fram í öryggisráðinu að Írakar hafi fullnægt kröfum öryggisráðsins sem eru settar fram í ályktunum þess. Bandaríkjamenn og Bretar hafa hins vegar sagt að það eigi eftir að svara fjölda spurninga um efnavopn og margt fleira. Og í ályktun nr. 1284/1999 ályktaði öryggisráðið að þar sem Írak hafi ekki fullnægt öllum skilyrðum ályktunar 686/1991 væri ekki unnt að aflétta viðskiptaþvingunum.

Eins og kunnugt er gerði ályktun 1284 ráð fyrir því að sett yrði á laggirnar ný eftirlits- og rannsóknarnefnd til að annast vopnaeftirlit í Írak og var henni ætlað að fylgja því eftir að íröksk stjórnvöld játist undir ályktanir öryggisráðsins. Sú eftirlitsnefnd leysti fyrri vopnaeftirlitsnefnd frá 1991 af hólmi en sú nefnd hafði sætt mikilli gagnrýni undir það síðasta.

Hin nýja eftirlitsnefnd hefur ekki hafið störf af fullum krafti. Búið er að skipa nefndina og enn er verið að vinna að skipulagslegum atriðum sem tryggja mun hlutlaust yfirbragð hennar. Og sem kunnugt er er það hinn sænskættaði Hans Blix sem mun stýra störfum hennar.

Utanríkisráðherrar Norðurlandanna ræddu þetta mál á fundi sínum í Kaupmannahöfn nýlega. Segja má að það sé samhljóða álit okkar að við vonumst eftir því að hin nýja nefnd undir forustu Hans Blix muni geta varpað betra ljósi á það sem er að gerast í Írak þótt mikil vitneskja sé um það fyrir. Það liggur alveg ljóst fyrir að þar eiga miklar hörmungar sér stað.

Tekjur af olíusölu Íraka renna í sjóð undir stjórn Sameinuðu þjóðanna og sá sjóður á að renna til mannúðarmála. Það er hins vegar mat manna að þrátt fyrir nýlegar hækkanir á olíuverði og þá um leið meiri tekjur í þenna umrædda sjóð hafi ástand mannúðarmála þarna á svæðinu alls ekki tekið þeim framförum sem menn hefðu viljað sjá og eftirlitsmenn samtakanna viðurkenna mjög mikla erfiðleika fólks í Írak og telja jafnframt að olíusölukerfið og mannúðaraðstoðin hafi þó haft verulega jákvæð áhrif.

Það verður þó að hafa það í huga að íröksk stjórnvöld hafa hindrað þetta starf vísvitandi, hafa í reynd hindrað að þessi mannúðaraðstoð geti skilað sér, sem er mjög alvarlegt. Og það er alveg ljóst að standa hefði mátt mun betur að matvælaaðstoð á svæðinu og lyfjadreifingu og íröksk stjórnvöld geta að sjálfsögðu ekki firrt sig þeirri ábyrgð.

Frá upphafi hafa íröksk stjórnvöld selt olíu fyrir rúmlega 18 milljarða Bandaríkjadollara, sem varið hefur verið til kaupa á varningi í þágu mannúðaraðstoðar og dreift bæði af stjórnvöldum þar og starfsmönnum Sameinuðu þjóðanna. Ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna vinna að heilbrigðismálum í Írak, m.a. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og þær stofnanir hafa reynt að gera sitt ýtrasta til þess að koma þarna til aðstoðar. Reynt var að ná til barna á aldrinum þriggja til fimm ára á sl. ári og m.a. má nefna að UNICEF hefur annast bólusetningu gegn lömunarveiki og það hefur tekist sem betur fer að ná til að því talið er 99% barna undir fimm ára aldri í landinu. Það er hins vegar ljóst að margt er ógert og hörmungarnar eru miklar.

Mér finnst vissulega koma til greina að aflétta þessu viðskiptabanni. En við verðum að hafa það í huga að það er aðeins tvennt sem Sameinuðu þjóðirnar geta gert. Það er annars vegar að beita viðskiptabanni og hins vegar valdbeitingu. Og við skulum líka hafa það í huga í þessu sambandi að jafnvel þótt viðskiptabanninu verði aflétt er hörmungum þarna ekki lokið. Hörmungum barnanna er ekki lokið. Þarna ríkir skelfilegt ástand sem er fyrst og fremst á ábyrgð þess harðstjóra sem þar er við völd.

Vissulega er rétt að það ber að hafa uppi efasemdir um hvernig harðstjórar skuli meðhöndlaðir. En það hlýtur að vera skylda lýðræðisaflanna í heiminum og þeirra sem berjast fyrir mannúð og mannvernd að berjast gegn slíkum illum öflum með þeim tækjum sem til eru. En það er slæmt til þess að vita að stundum bitnar það á þeim sem síst skyldi og alltaf á að endurmeta það. Það er samdóma álit Norðurlandanna að endurmeta beri þetta mál m.a. í ljósi þess sem kemur út úr því starfi sem er nú undir forustu Hans Blix sem við höfum mikla tiltrú á. Við munum að sjálfsögðu endurskoða afstöðu okkar til þessa máls með reglulegum hætti eins og við höfum gert. En ég tel eðlilegt og nauðsynlegt að Norðurlöndin hafi samstarf sín á milli í þessu mikilvæga máli. Hin Norðurlöndin hafa meiri möguleika á því að fylgjast með málum á þessu svæði og við Íslendingar nýtum okkur þá þekkingu og viljum hafa samstarf við þau.

En okkur er það eitt í huga að vinna að því að koma þessum málum til betri vegar eins og hefur verið gert í Suður-Afríku og fyrrum Júgóslavíu, því að viðskiptabann er það sem við höfum beitt og munum beita. Því er beitt til að koma framtíðarkynslóðum til hjálpar. En ef það snýst upp í andhverfu sína, þá ber vissulega að endurskoða það.

Í því sambandi vil ég sérstaklega hafa það í huga að þessi valdsmaður í Írak hefur beitt sér skipulega fyrir því að mannúðaraðstoðin komist ekki til skila til þess að fá meiri samúð heimsins, því í huga hans skiptir engu máli hvort milljón barna deyi ef það eitt getur orðið til þess að efla völd hans.

[12:56]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið um þessa tillögu og ég leyfi mér að túlka það svo að það sé ekki bara ég sem hafi fjallað um þetta í einhverri annarri tónhæð en stundum áður. Mér finnst að andinn í þessari umræðu allri og þar á meðal í ræðu hæstv. utanrrh. gefi tilefni til að ætla, sem er auðvitað mjög eðlilegt, að menn séu að endurmeta viðhorf sín í þessu sambandi ósköp einfaldlega í ljósi þeirra staðreynda sem við mönnum blasa og draga lærdóm af þeirri löngu sögu sem þarna er orðin. Annað væri að sjálfsögðu óeðlilegt.

Ég vil taka það skýrt fram, þótt ég kæmi ekki inn á það í framsöguræðu minni en þess er getið í greinargerð, að ég er ekki þeirrar skoðunar að beiting viðskiptalegra aðgerða, viðskiptaþvingana af einhverju tagi geti ekki verið árangursrík aðferð í alþjóðasamskiptum. Dæmin sýna hið gagnstæða og t.d. er í greinargerðinni vitnað í þann þátt sem viðskiptahindranir gagnvart kynþáttaaðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku áttu í að fella þá stefnu. Reyndar var þar um að ræða samþættar aðgerðir, pólitíska einangrun og viðskiptalegar aðgerðir sem aldrei urðu að algjöru viðskiptabanni en voru verulega samskiptatakmarkanir, pólitísk einangrun. Enginn vafi á því að gagnvart þeirri þjóð höfðu hlutir eins og bann við samskiptum á íþróttasviðinu og ýmsu slíku einnig umtalsverð áhrif.

En þar var, eins og réttilega kom fram í máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, við talsvert aðrar aðstæður að etja. Þar náði andstaða almennings upp til stjórnvalda. Þar voru mikilvægir viðskiptahagsmunir í húfi bæði innlendir og erlendir. Þrýstingur kom því fram á mjög mörgum vígstöðvum, í fjölmiðlum og annars staðar sem alls ekki er til að dreifa í landi eins og Írak, þar sem ríkir einræðisstjórn, harðstjórn sem hefur fjölmiðla í sínum höndum og þar sem almenningur getur ekkert annað en liðið og þolað hörmungarnar og hefur í raun og veru enga möguleika til þess að láta andúð sína í ljós eða koma henni fram.

Ég minni að lokum á í þessu sambandi að það var svo að fulltrúar meiri hluta suður-afrísku þjóðarinnar báðu um viðskiptaaðgerðirnar. Afríska þjóðarráðið fór um heiminn og hvatti til þeirrar viðskiptalegu einangrunar á Suður-Afríku sem smátt og smátt komst á. Reyndar varð Ísland því miður eitt af síðustu ríkjum heims til að taka upp í sína löggjöf reglur um viðskiptabönn á Suður-Afríku. Okkar saga í þeim efnum er því kannski ekkert allt of fögur. Það var ekki fyrr en sá sem hér stendur hafði flutt um það tillögur á Alþingi í tvö

eða þrjú ár að stjórnvöld loksins komust í gang með að banna innflutning á vörum frá Suður-Afríku og hér hættu að sjást Del Monde ávaxtadósir og annað slíkt í hillum sem fram að þeim tíma voru hér í viðskiptum á Íslandi og Ísland sennilega síðast Vestur-Evrópulanda til þess að leyfa vöruinnflutning frá Suður-Afríku. En það er önnur saga.

Herra forseti. Það sem ég vil leggja áherslu á varðandi beitingu viðskiptaþvingana er að þær verði að skoða í ljósi aðstæðna hverju sinni. Það held ég að sé lærdómurinn af þessu. Það er ekkert eitt til sem heitir viðskiptaþvinganir eða viðskiptabönn með sameiginlegum áhrifum án tillits til aðstæðna. Þvert á móti getur tæki sem gagnlegt er á einum stað og leiðir mögulega til þess að hægt sé að knýja fram breytingar án róttækari aðgerða eða valdbeitingar snúist upp í algjöra andhverfu sína annars staðar. Það er það sem við horfumst í augu við.

Í öðru lagi, herra forseti, held ég að menn verði að horfa á að ekki er hægt að bíða þess endalaust, svo árum eða áratugum skiptir, að slíkar aðgerðir skili hugsanlega árangri. Það er ekki hægt að dæma heilar þjóðir og heilar kynslóðir til hörmunga árum eða áratugum saman í von um að það skili kannski árangri að lokum. Það er ósköp einfaldlega of dýrt og ekki verjandi. Það er ekki réttlætanlegt.

Horfum t.d. til þess að aðgerðir af þessu tagi munu ekki einungis valda hörmungum og nauð hjá núlifandi kynslóð í landi eins og Írak. Þær munu hafa áhrif á þróunarmöguleika þessa ríkis og lífskjör komandi kynslóða áratugi fram í tímann. Þetta land sem var eitt hið þróaðasta í Miðausturlöndum er nánast komið aftur á steinaldarstig, samanber það sem áður var vitnað til. Nánast yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hefur engar tekjur, atvinnulífið er hrunið, innviðir samfélagsins eru hrundir, samgöngur, veitukerfi, orkuframleiðsla og annað slíkt. Þjóðin hefur að einhverju leyti dregið fram lífið með því að ganga á eignir sínar sem voru talsverðar og selja þær á svartamarkaði. Nú eru þær að verða uppurnar nema hjá fámennri yfirstétt sem haft hefur aðstöðu til þess í krafti spillingar að ná til sín verðmætum. Þar af leiðandi er fram undan enn þá meiri hungursneyð enn þá stærri hluta þjóðarinnar að mati þeirra sem gerst til þekkja.

Við getum auðvitað tekið fleiri dæmi úr sögunni. Ég tel t.d. að þær erfiðu aðstæður sem kúbverska þjóðin hefur verið dæmd til um áratugaskeið vegna hins svívirðilega viðskiptabanns, einhliða viðskiptabanns Bandaríkjanna á Kúbu, séu nánast hliðstæða að þessu leyti. Þar eru margar kynslóðir þjóðarinnar dæmdar til verri lífskjara og skertra þróunarmöguleika vegna óréttmætra aðgerða af þessu tagi. Það á ekki að vera leyfilegt. Það er siðferðilega óverjandi, herra forseti.

Það er rétt að hér komi fram að því miður er það ekki bara þessi hernaður sem að írösku þjóðinni beinist, þ.e. viðskiptabann með hörmulegum afleiðingum. Þessi þjóð sætir því líka að á hana eru gerðar loftárásir og í raun ríkir þar styrjaldarástand. Ég hygg að árásarferðir bandarískra og breskra herflugvéla á landið skipti frekar hundruðum en tugum á undanförnum mánuðum. Þar af leiðandi er hernaðurinn enn í gangi með tilheyrandi mannfórnum og umtalsverðu falli óbreyttra borgara svo tugum ef ekki hundruðum skiptir á síðustu mánuðum svo dæmi sé tekið. Miklar loftárásir á svæðinu í sunnanverðu Írak, til að mynda í nágrenni við borgina Basra, hafa að mati hjálparstofnana valdið umtalsverðu mannfalli og ekki síst hjá óbreyttum borgurum.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir það sem hann sagði um mikilvægi þess að mál þetta verði afgreitt hér og fái umfjöllun. Ég leyfi mér að vona að í því felist stuðningur ráðherrans við að Alþingi taki á málinu og að utanrmn. brjóti nú í blað og ljúki umfjöllun sinni um það, þó ekki væri nema til þess að láta það ekki viðgangast árum saman að brennandi mál af þessu tagi sé svæft í nefnd. Það er vansi fyrir Alþingi Íslendinga að hlutirnir gangi þannig til og því bind ég vonir við að loksins náist afgreiðsla á þessu máli.

Það er viðbúið að ég endurflytji tillögu mína á vettvangi Norðurlandaráðs í ljósi þess sem hæstv. ráðherra upplýsti hér um umfjöllun utanríkisráðherra Norðurlanda um þetta mál. Ég minnist þess að vísu að í umsögnum um tillöguna töldu sumir af utanríkisráðherrum eða sum utanríkisráðuneytanna á þeim tíma að í sjálfu sér væri ekki tilefni til slíkrar ályktunar á vettvangi Norðurlandaráðs vegna þess að ráðuneytin væru öll með þessi mál til umfjöllunar. Á hinn bóginn voru þróunarsamvinnustofnanir flestra ef ekki allra Norðurlandanna mjög jákvæðar og nánast án undantekninga öll þau samtök sem vinna að mannúðarmálum og þekkja til ástandsins í Írak af eigin raun, sem mæltu mjög með því að Norðurlandaþjóðirnar beittu sér meðal þjóðanna fyrir erindi af því tagi sem hér er lagt upp með.

Hæstv. ráðherra minnti á það sem rétt er að innan öryggisráðsins og meðal þeirra þjóða sem fara með neitunarvald í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er meiri hluti fyrir því að viðskiptabanninu verði aflétt. Meiri hluti þjóðanna með neitunarvald í öryggisráðinu, Frakkar, Kínverjar og Rússar hafa mælt með því að viðskiptabanninu verði aflétt. Ekki bara vegna ástandsins sem mælir auðvitað með því heldur líka vegna þess að Írakar hafi þegar fullnægt skilyrðunum sem ályktunin setur. En Bandaríkjamenn og Bretar hafa spyrt sig saman í þessu eins og fleiru. Þeir telja að þar vanti pínulítið upp á og einhverjum spurningum sé ósvarað. Þannig er þetta mál búið að standa núna í u.þ.b. tvö ár.

Slíkt pólitískt þrátefli hefur dæmt írösku þjóðina til þess að búa áfram við þetta ástand um árabil. Mannfórnirnar á meðan á því ástandi stendur eru eins og raun ber vitni. Þá kemur spurningin: Er það verjandi að láta pólitískt þrátefli af þessu tagi, ágreining milli stórveldanna í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og svo auðvitað hina hlið málsins, hið pólitíska þrátefli ógnarstjórnar Saddams Husseins við Vesturlönd, Bandaríkin og Bretland sérstaklega, valda því að ástandið vari? Ég tek undir það að margt bendir til þess að Saddam Hussein hafi takmarkaðan áhuga á því að þetta ástand breytist. En eigum við þá að láta hann ráða því með því að gefa honum færi á því að halda þessu pólitíska þrátefli af sinni hálfu áfram? Ég segi nei. Má ekki fara að láta á það reyna hvort aðrar aðferðir reyndust árangursríkari til að grafa undan honum, t.d. þær að Vesturlönd slökuðu einhliða til, kæmu inn í Írak með myndarlega matvælaaðstoð og tækju til höndum við að byggja upp í því landi eins og menn hafa þó yfirleitt reynt að gera þar sem þjóðir hafa búið við styrjöld og eyðileggingu? Kynnu þá ekki aðstæður að breytast í Írak?

Erum við ekki einmitt að gera sömu mistökin aftur og aftur og einu sinni enn? Sömu mistökin og Bandaríkjamenn gerðu gagnvart Kúbu, að hneppa þá í viðskiptabann sem eyðilagði útflutningsatvinnulíf þeirra og þrýsti þeim yfir í herbúðir andstæðinganna? Og erum við ekki einmitt að hjálpa andstæðingnum með þessu ástandi? Það er allt sem bendir til þess þegar sagan er skoðuð.

Varðandi tekjur af olíusölu vísa ég til þess sem fram kemur í grg., að þrátt fyrir að þær hafi auðvitað verið nokkr-

ar og að sjálfsögðu linað þjáningarnar þá er það mat allra þeirra sem til þekkja, bæði Denis Halliday — sem sagði reyndar af sér því hann hafði ítrekað lagt til að heimildirnar yrðu rýmkaðar — og Hans von Sponeck, að þær dugi engan veginn til. Ég minni líka á að talsverður hluti þessara tekna kemur Írökum ekki til góða heldur gengur í að greiða stríðsskaðabætur Íraka, m.a. til einnar ríkustu þjóðar heims, þ.e. Kúveit sem hefur enn ekki komið á kosningarétti kvenna svo við tökum lýðræðið aðeins inn í myndina. Mætti nú margt um þá aðdáun segja sem Vesturlönd fengu allt í einu á stjórnarfarinu í Kúveit. Ég skal ekki segja hvernig háttað er hlutföllum milli stríðsskaðabótanna og olíusölunnar nú en svona var þetta a.m.k. lengi framan af, svo mikið er víst.

Við eigum að sjálfsögðu, herra forseti, að berjast gegn hinum illu öflum í heiminum. Við eigum að gera það. Þá væri betur að við gætum orðið sæmilega sammála um hver hin illu öfl eru. Við erum öll sammála um að Saddam Hussein er vondur. En þegar kemur að því að spá í hvort Tyrkir séu ekki líka býsna vondir, sem hundelta og myrða Kúrda, þá virðist samstaðan bresta. Það illa er nefnilega víða að verki í heiminum og Vesturlönd þurfa að horfa í eigin barm og spyrja sig: Höfum við verið sjálfum okkur samkvæm? Erum við ekki sums staðar að ala harðstjóra við brjóst okkar og láta óátalið að þeir komist upp með hluti sem við virðumst ekki þola annars staðar?

Að sjálfsögðu á ekki að bæta eitt böl með því að benda á annað verra. Það er ekki erindi ræðu minnar heldur þurfum við að gæta að því að framganga okkar sé í samræmi og í tilvikum af þessu tagi eigum við umfram allt að bera hagsmuni þolendanna fyrir brjósti.

Allra síðast er náttúrlega líka rétt að fram komi að viðskipta- og samskiptabannið við Írak hefur hindrað og torveldað öðrum að leggja þarna til líknandi hönd. Þannig getur t.d. ekki hver sem er farið með matvæli eða lyf inn til Írak. Það er bannað og stofnanir hafa fengið neitanir í þeim efnum vegna þess að það ríkir algert viðskipta- og samskiptabann gagnvart þessu landi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:12]

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 397. mál. — Þskj. 655.

[13:46]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Þetta er á þskj. 655, 397. mál. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Össur Skarphéðinsson.

Segja má að þetta mál, herra forseti, svipað og síðasta dagskrármálið sem hér var til umræðu, sé að verða gamall kunningi. Ég hygg að þetta frv. sé nú flutt í 7. sinn, í það var efnað á árunum 1984–1985 ef ég man rétt. Þannig háttaði til þegar það var fyrst flutt að þá voru sömuleiðis til umfjöllunar á þingi Nýsjálendinga drög að frv. til laga um friðlýsingu Nýja-Sjálands fyrir því sama, þ.e. friðlýsingu Nýja-Sjálands fyrir kjarnorku- og efnavopnum og takmarkanir á umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Þar skildi þó á milli með þessum málum að Nýsjálendingar settu þetta í löggjöf. Þeir kjarnorkufriðlýstu land sitt og urðu að því nokkur eftirmál og yfingar með Nýsjálendingum og Bandaríkjamönnum einkum og sér í lagi. Þær leiddu nánast til þess að svonefnt varnarbandalag Suðvestur-Kyrrahafsins ANZUS leið undir lok.

Hér hefur þessu máli, herra forseti, hins vegar reitt af — kannski öllu heldur ekki reitt af — þannig að það hefur aldrei fengist afgreitt úr nefnd. Það er auðvitað dapurlegt að menn skuli þurfa að búa við það jafnvel áratugum saman að ekki sé tekist á við grundvallarmál eins og þetta, spurninguna um hvort Íslendingar fylgi í fótspor þeirra fjölmörgu þjóða, jafnvel heilla heimsálfa, sem friðlýst hafa yfirráðasvæði. Það er dapurlegt að það ráðist í raun af því sleifarlagi sem hér er uppi, að mál hljóta ekki afgreiðslu árum og jafnvel áratugum saman.

Frv., herra forseti, lýsir þessu í einum 17 lagagreinum, þ.e. með hvaða hætti þessu yrði fyrirkomið. 1. gr. er svohljóðandi:

„Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs.“

Markmið laga þessara, eins og segir í 2. gr., er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust, afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Þessar tvær greinar, herra forseti, lýsa kjarna málsins.

Í 3. gr. eru orðskýringar.

4. gr. leggur kvaðir á hendur íslenskra ríkisborgara og tengjast því sama. Frv. felur ekki aðeins í sér yfirlýsingu af hálfu Íslands sem ríkis eða sjálfstæðrar þjóðar heldur leggur það einnig kvaðir á íslenska ríkisborgara, að þeir taki ekki með athæfi sínu þátt í að búa til kjarnorkuvopn eða eiturefnavopn, hafi þau undir höndum eða leggi því lið á einn eða annan hátt að með þau sé sýslað.

Í 7. gr. voru sett inn ákvæði um að banna tilraunir með kjarnorkuvopn á íslensku yfirráðasvæði eða innan hins friðlýsta svæðis. Á sínum tíma voru í gangi tilraunir af hálfu nokkurra þjóða með kjarnorkuvopn og tilraunasprengingar; Bandaríkjamenn, Kínverjar og Frakkar hafa af og til gert slíkt þó að nú hafi verið gerður um það alþjóðasamningur sem því miður er að vísu strand í bili vegna andstöðu á Bandaríkjaþingi.

10. gr. kveður á um kjarnorkuknúin farartæki og bannar för þeirra um hið friðlýsta svæði, sbr. þó ákvæði 12. gr. Hið sama á við um 11. gr., um farartæki sem flytja kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang og losun er þar sömuleiðis í 2. mgr. bönnuð.

12. gr. geymir þær undanþágur gagnvart 6., 9. og 10. gr. og fyrri mgr. 11. gr. sem óhjákvæmilegt er talið að hafa vegna alþjóðaréttar, þ.e. varðandi friðsamlega umferð eða gegnumferð upp að 12 mílna mörkum. Það er ljóst að við höfum ekki samkvæmt þjóðarétti stöðu til að banna slíka

umferð innan sérefnahagslögsögunnar og sérstaklega ætti það ekki við um umferð vestan við landið þar sem sérefnahagslögsögur Íslands og Grænlands, eða reyndar Danmerkur fyrir hönd Grænlands, liggja saman. Sama má auðvitað segja um sundið milli Íslands og Færeyja. Samkvæmt þjóðarétti er ekki mögulegt að banna slíka friðsamlega gegnumferð. Þetta tæki þó aldrei til svæðisins innan 12 sjómílna marka og lofthelginnar þar upp að.

Í 13. gr. er síðan fjallað um komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna loft- eða landhelgi og að heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla skyldu aldrei leyfðar nema óyggjandi teldist að í því fælist ekki brot á þessari friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Þar er og fjallað um það hvernig fara skuli að í vafatilvikum o.s.frv.

14. gr. kveður á um vinnu íslenskra stjórnvalda að því að afla hinu friðlýsta svæði og friðlýsingunni sem slíkri viðurkenningar á alþjóðavettvangi og reyna með samningum við einstök ríki, samtök ríkja eða alþjóðastofnanir, að ná því fram að hið friðlýsta svæði verði virt og viðurkennt.

Í 15. gr. er refsiákvæði og 16. gr. felur framkvæmdina utanrrh. sem hann fari með í samráði við Alþingi og utanrmn. Alþingis og jafnframt sé utanrrh. heimilt að fela öðrum ráðherrum sem til greina gætu komið framkvæmd einstakra þátta, svo sem samgrh. eða umhvrh.

Herra forseti. Það hefur gengið á ýmsu í sögu þessa frv. og flutningsmannahópurinn hefur tekið breytingum. Oftar en einu sinni voru meðflutningsmenn úr öllum þingflokkum nema einum, þ.e. þingflokki Sjálfstfl. Þannig fluttu þetta frv. á kjörtímabilinu 1991–1995, ásamt með þeim sem hér stendur og ég hygg tveimur af núv. meðflutningsmönnum, hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og Össuri Skarphéðinssyni, ekki ómerkari menn en páv. formaður Framsóknarflokksins, Steingrímur Hermannsson, og páv. formaður þingflokks Framsóknarflokksins, Páll Pétursson. Þá leit út fyrir að Framsóknarflokkurinn fylkti sér á bak við þessa stefnu að unnið skyldi að friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. Síðan hefur orðið nokkurt mannfall í meðflutningsmannahópnum og þar hafa nú ekki sést framsóknarmenn því miður, herra forseti, frá og með því að núv. utanrrh. tók endanlega við mannaforráðum á þeim bæ. Meðflutningsmenn að þessu frv. eru eftir sem áður úr tveimur stærri þingflokkum stjórnarandstöðunnar.

Það má líka geta þess, herra forseti, að í raun liggur hluti þessa frv. fyrir á Alþingi nú þegar í formi stjfrv. Hæstv. dómsmrh., ef ég man rétt — a.m.k. einhver hæstv. ráðherra — hefur hér flutt frv. um að við tökum upp í okkar rétt ákvæði sem þarf til að banna efnavopn hjá okkur í samræmi við þróun þeirra mála á alþjóðavettvangi. Það er að sjálfsögðu vel en þó er ástæða til að minna á að í reynd hefur slíkt legið fyrir í frumvarpsformi, tillaga um það, í talsvert á annan áratug.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð í ljósi þess hversu gamalkunnugt þetta mál er. Ég vonast til að fyrr eða síðar komi að því að málið fái hér afgreiðslu og Íslendingar beri gæfu til að sameinast um að friðlýsa land sitt. Það væri tvímælalaust heillaspor í öllu tilliti að mínu mati, með því legðum við okkar lóð á vogarskálar friðar og afvopnunar. Við værum að gera róttæka ráðstöfun af okkar hálfu til að reyna að verja land okkar og efnahagslögsögu fyrir þeirri vá sem steðjað getur af óhöppum í umferð kjarnorkuknúinna farartækja eða meðferð kjarnorkuvopna. Við værum þar að gefa gott fordæmi í hópi Vestur-Evrópuríkja. Við mundum jafnframt slást í hóp með þeim stóra hluta mannkynsins sem hefur einhliða gripið til slíkra ráðstafana. Ég leyfi mér þá að minna á kjarnorkufriðlýsingu Suður-Ameríku, Tlatelolco-samninginn svonefnda og ég minni á Rarotonga-samkomulagið um kjarnorkufriðlýsingu Kyrrahafsins. Ég minni einnig á viðræður sem staðið hafa yfir í Afríku um að gera heimsálfuna Afríku að kjarnorkuvopnalausu friðlýstu svæði. Ég get vísað til umræðna í Evrópu, m.a. um að kjarnorkufriðlýsa Norðurlönd og mynda friðarbelti niður eftir Evrópu, milli austan- og vestanverðra hluta álfunnar, sem kæmi í staðinn fyrir járntjaldið sem þar stóð einu sinni. Víða um heim er hreyfing á þessum málum og þrátt fyrir allt er hægt að gleðjast yfir því sem áunnist hefur. Samningurinn um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna hefur náð fram að ganga og alþjóðasamningur um tilraunabann sömuleiðis, þó að hann sé nú strand eins og áður var getið.

Á hinn bóginn hafa komið fram áhyggjuefni í þróun mála á síðustu missirum og ber þar einkum að nefna að ríki eins og Indland og Pakistan hafa gert tilraunir með kjarnorkuvopn. Í reynd er það óopinbert leyndarmál að kjarnorkuveldunum hefur fjölgað um nokkur ríki á síðustu árum eða einum til tveimur áratugum. Líklega eru þau nær því að nálgast átta eða tíu frá því að vera þau fimm sem hingað til hafa opinberlega verið talin búa yfir slíkum vopnum. Í þann hóp verður að bæta ríkjum eins og Ísrael, Indlandi og Pakistan og margir óttast að ein tvö til þrjú í viðbót séu skammt undan.

Mannkynið stendur því enn þá frammi fyrir þessari ógn hvað sem líður slökun og nokkurri afvopnun. Langalvarlegasta bráðaógnunin sem steðjar að öryggi og lífi og heilsu manna á jörðu er hættan á átökum eða stórfelldum óhöppum sem tengjast kjarnorkuvopnum og nýtingu eða beislun kjarnorku yfirleitt. Um það er ekki deilt. Ég leyfi mér þess vegna að halda því fram að það væri í góðu samræmi við þann orðstír sem við tölum um a.m.k. á tyllidögum að við viljum skapa okkur í heiminum sem friðelskandi smáþjóð, að við gripum til aðgerða gagnvart landi okkar og lögsögu af því tagi sem þetta frv. felur í sér.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

[14:01]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt um þetta mál. Við Íslendingar höfum margoft ítrekað að kjarnorkuvopn skuli ekki staðsett hér og ekki í íslenskri lögghelgi og á þeirri stefnu er engin breyting. Kjarnorkuvopn hafa ekki verið staðsett hér á landi og stendur ekki til að gera það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að útrýming kjarnorkuvopna í heiminum, sem ég vil berjast fyrir, muni fyrst og fremst nást á vettvangi samningaleiðarinnar en ekki með einhliða yfirlýsingum eða lagasetningu í einstökum löndum. Náðst hefur verulegur árangur í þessari viðleitni í afvopnunarviðræðum á undanförnum árum og áratugum með niðurskurði kjarnavopna, sérstaklega hjá stórveldunum. Gerður hefur verið efnavopnasamningur um hefðbundin vopn í Evrópu sem Ísland hefur undirritað og samningur gegn útbreiðslu kjarnavopna eða svokallaður NPT-samningur. Það vill svo til að 24. apríl nk. er endurskoðunarráðstefna um þann samning á vegum Sameinuðu þjóðanna í New York. Við munum taka þátt í þeirri ráðstefnu og leggja okkar af mörkum til að áfram megi halda á þeirri braut að kjarnorku-

vopn haldi ekki áfram að breiðast til fleiri landa í heiminum. Eins má nefna samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem er mjög mikilvægur þótt ákveðin ríki hafi ekki undirritað hann eins og kom fram hjá hv. flm.

Ég vil jafnframt ítreka að Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu og hefur þar ákveðnar skuldbindingar. Samþykkt þessa frv. samrýmist ekki þeim skuldbindingum eins og áður hefur komið fram við umræðu um málið og ég vil lýsa yfir áframhaldandi andstöðu minni við þetta frv.

[14:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég stend upp til að gera í örstuttu máli grein fyrir stuðningi mínum við þetta frv. til laga sem flutt er af þingmönnum vinstri grænna og nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég er ekki þar á meðal en efni þessa frv. er mér ákaflega hugþekkt. Ég vil sérstaklega benda á 1. gr., markmiðsgreinina þar sem segir:

„Lög þessi gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs."

Ég tel að okkur væri mikill sómi að samþykkt slíkrar tillögu. Það kemur fram í grg. að þetta frv. er flutt í sjöunda sinn svo mál er til komið að tekið verði hressilega á og það afgreitt út úr hv. utanrmn. til samþykktar í þinginu. Ég tel að þeir kunni að leynast víða sem styðja þetta mál. Ýmsar blikur eru á lofti í þessum málum eins og minnt hefur verið á, t.d. tilraunir Indlands og Pakistans með kjarnorkuvopn sem hafa verið gerðar á undanförnum árum. Einnig og ekki síst sá alvarlegi atburður þegar fulltrúadeild Bandaríkjaþings felldi tillögu forseta landsins þess efnis að skrifa undir alþjóðlegan samning um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn. Líka hefur ákveðinn sperringur í rússneskum yfirvöldum, sem hafa verið að minna á sig sem kjarnorkustórveldi, vakið ugg og því telja margir að það sé þeim mun brýnna að samþykkja slíka tillögu en áður hefði verið.

Það er alveg rétt sem hefur komið fram að með samningum hefur með ákveðnum hætti verið skorinn niður kjarnorkuvígbúnaður. Það er ágætt út af fyrir sig en öllum heiminum stafar mikil hætta af nýtingu kjarnorku líka á öðrum sviðum en sviði hernaðar eins og til raforkuframleiðslu. Skemmst er að minnast hins hræðilega atburðar sem varð í Úkraínu og enn eru að koma fram mjög alvarlegar afleiðingar af. Núna kemur einnig í ljós varðandi endurvinnslustöðina í Sellafield, þar sem allt átti að vera tryggt og öryggi í hámarki og ekki er svo lítið búið að gera úr því, að niðurstöður af öryggisráðstöfunum höfðu verið falsaðar markvisst. Það eru fleiri slíkar stöðvar en í Sellafield og ef það er viðtekin regla að allt það öryggi sem á að vera í kringum þetta er meira og minna falsað vekur það náttúrlega ákveðinn ugg. Ég held að það sé ekki síst þess vegna ástæða til að taka af skarið og sýna mjög markvissa andstöðu.

Ég tek undir það sem stendur í grg. með þessu frv. að það sé eðlileg, lýðræðisleg krafa að sú yfirlýsta stefna, að hér skuli ekki geymd kjarnorkuvopn, verði bundin í lögum landsins. Ég tel að fyllsta ástæða sé til þess. Jafnvel þó það sé yfirlýst að hér hafi aldrei verið geymd kjarnorkuvopn og það sé líka yfirlýst að hér hafi aldrei verið farið um með kjarnorkuvopn hafa samt komið fram mjög sterkar vísbendingar í gagnstæða átt sem ég tel alveg fyllsta mark á takandi. Ég held að það sé líka alveg vert að taka undir það að í framhaldi af slíkri lagasetningu hlyti að koma til skoðunar að taka upp almenn ákvæði þar að lútandi í stjórnarskrá. Með þeim hætti væri vilji bæði Alþingis og þjóðarinnar allrar tryggður að baki friðlýsingar landsins.

Alþingi Íslendinga væri mikill sómi af því að samþykkja slíka tillögu og lögbinda hana og ég tel, þvert ofan í það sem hæstv. utanrrh. fullyrti hér, að þrátt fyrir aðild okkar að NATO getum við vel staðið að slíkri samþykkt.

[14:09]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir umræðuna og þakka undirtektir hv. síðasta ræðumanns, Sigríðar Jóhannesdóttur. Hvað varðar ræðu hæstv. utanrrh. kom þar fátt á óvart. Þó eru nokkur atriði sem ég vil fjalla um sem komu fram í máli hans. Hæstv. ráðherra taldi að að útrýmingu kjarnorkuvopna, sem hann lýsti sig þó hlynntan sem langtímamarkmiði, og er það vel, yrði ekki unnið með árangursríkum hætti með einhliða yfirlýsingum. Þessu er ég ósammála. Ég tel að sagan sýni akkúrat hið gagnstæða. Ég nefni þar aftur fordæmi Nýja-Sjálands. Nýsjálendingar höfðu þann kjark að þeir kjarnorkufriðlýstu land sitt og bökuðu sér með því mikla óþökk voldugs nágranna sem eru Bandaríkin, eða umsvifamikils aðila í heimshluta þeirra, og það slitnaði upp úr varnarsamstarfi þessara ríkja og hrikti í stoðum samskipta þeirra. Enginn vafi er á því að andrúmsloftið á Nýja-Sjálandi og almenningsálitið þar var jafnandvígt kjarnorkuvígbúnaði og kjarnorkunotkun eins og raun ber vitni, m.a. vegna nálægðarinnar við tilraunasprengingar Frakka í Kyrrahafinu þar sem menn höfðu fyrir sér skelfilegar afleiðingar af kjarnorkumengun, geislamengun og þau ólýðræðislegu og ómanneskjulegu meðul sem þar voru notuð, m.a. brottflutning fólks í stórum stíl af landi sínu til þess að eyðileggja það svo með kjarnorkutilraunum og menga líklega um aldur og ævi. Nýsjálendingar réðust því í það að friðlýsa sitt land og hófu í kjölfarið mjög markvissar aðgerðir gegn framferði Frakka. Þeir höfðu að mörgu leyti forustu í baráttunni gegn framferði Frakka í Suður-Kyrrahafi, sem leiddi til þess ásamt með öflugum þrýstingi alþjóðasamfélagsins að Frakkar gáfust upp að lokum, hættu tilraunasprengingum sínum í Suður-Kyrrahafi og lýstu því svo yfir að þeir mundu þaðan í frá virða kjarnorkufriðlýsingu Suður-Kyrrahafsins, svonefnt Rarotonga-samkomulag, sem stækkaði auðvitað við hina víðlendu sérefnahagslögsögu Nýja-Sjálands og hina víðlendu sérefnahagslögsögu þess. Ég tel því að einmitt þetta fordæmi sé borðleggjandi um það að með því að sýna þann kjark sem Nýsjálendingar gerðu geti menn náð árangri.

Ég tek undir það og kom reyndar lítillega inn á það í máli mínu að ýmislegt jákvætt væri þrátt fyrir allt á döfinni eða hefði gerst í alþjóðastjórnmálum að þessu leyti í á síðustu árum. Þar ber tvímælalaust að nefna samninginn um efnavopn og framlengingu samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna „Non-Proliferation Treaty", NPT-samningsins sem svo er skammstafaður upp á enska tungu. Það er að sjálfsögðu jákvætt að þeir samningar náðust eða framlengdust, en hitt er mikið áhyggjuefni hver staða þeirra er í alþjóðastjórnmálum um þessar mundir. Á Bandaríkjaþingi eru hlutirnir eins og raun ber vitni að tilraunabannssamningurinn er þar strand, þó kannski sé ekki útséð um að það hafi meira verið af taktískum innanríkispólitískum ástæðum sem meiri hluti repúblikana í báðum

deildum þingsins valdi að stoppa hann til að gera forseta erfitt fyrir. Hugsanlega kann það að breytast eftir kosningar í haust. Síðan hafa atburðir, sem orðið hafa í samskiptum t.d. Rússa og Vesturlanda og þá einkum og sér í lagi loftárásir NATO á Júgóslavíu í óþökk Rússa, valdið verulegri kólnun í þeim samskiptum sem hafa síðan leitt til þess að Rússar og Kínverjar hafa aukið samstarf sitt. Rússar hafa minnt nokkuð groddalega á, svo ekki sé meira sagt, að þeir séu kjarnorkuveldi og það svo um munar, búi yfir miklum haug af kjarnorkuvopnum, því miður sjálfsagt í mismunandi góðu ástandi en örugglega nóg til þess að valda jörðinni og lífríkinu óbætanlegum skaða ef ekki útrýmingu ef gripið yrði til þess að nota það af öllu afli.

Ég held að við Íslendingar, herra forseti, ættum líka að hafa í huga að við búum við arfleifð í þessum efnum, sem er ein og sér að mínu mati þannig að við ættum að taka þessi mál alvarlega og hafa þau hér á dagskrá. Ég á við að menjar kalda stríðsins í formi kjarnorkukafbáta eru að ryðga niður í hafinu bæði norðan og sunnan við landið. Enginn er að takast á við þau hrikalegu vandamál sem af því geta stafað þegar kjarnorkukafbátarnir við Bjarnarey og víðar í Norðurhöfum fara að leka, sem því miður eru yfirgnæfandi líkur á að gerist ef ekki innan áratuga þá a.m.k. á næstu öldum. Sama má segja um eitt eða tvö stykki sem talið er að liggi í höfunum hér sunnan við þó að hafstraumar valdi því að vísu að í bráð séu þeir kannski ekki jafnalvarlegt ógnunarefni fyrir okkur Íslendinga eins og hinir sem liggja fyrir norðan okkur og hverra mengun mun fyrr eða síðar berast að Íslandsströndum rétt eins og geislamengunin frá Sellafield og Dounreay, þó að hún fari nokkuð lengri leið.

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla sem hæstv. utanrrh. hafði um aðild okkar að NATO og það að aðild okkar að NATO geri það að verkum að við getum ekki samþykkt frv. af þessu tagi þá er það að vísu ekki ný yfirlýsing frá hæstv. utanrrh. heldur gaf hann hana til skýringar á því, m.a. í fyrsta skipti hér þegar hann sem utanrrh. tók þátt í umræðum um þetta frv., að engir framsóknarmenn væru meðflutningsmenn að tillögunni lengur. Þeim hafði þá sem sagt yfirsést, hæstv. núv. félmrh., Páli Péturssyni, og fyrrv. formanni Framsfl. og utanrrh. á einni tíð, Steingrími Hermannssyni, þegar þeir léðu nafn sitt við þessa tillögu, eða hvað? Þeir hafa þá væntanlega ekki áttað sig á því að það jafngilti úrsögn úr NATO. Nema það sé það sem þeir hafi viljað beita sér fyrir. Ég tel að þessi yfirlýsing hæstv. utanrrh. sé gagnmerk og hún var mjög þörf að því leyti til að hún opnaði augu fjölmargra fyrir því að aðild Íslendinga að hernaðarbandalaginu NATO er þá ekki án skuldbindinga. Það fylgja pinklar með, sem sagt þeir að við getum ekki friðlýst land okkar vegna þessarar aðildar. Eða er það ekki það sem hæstv. utanrrh. er að segja? Íslendingar hafa með aðild sinni að NATO og skuldbindingum sem því fylgja fyrirgert rétti sínum til að t.d. friðlýsa landið fyrir kjarnorkuvopnum. Ég les það út úr orðum hæstv. utanrrh. og kemur svo sem ekkert að öllu leyti á óvart vegna þess að NATO byggir á beitingu kjarnorkuvopna sem hluta af varnar- eða hernaðarviðbrögðum sínum. Það kann vel að vera að það mundi valda yfingum og sennilega rúmlega það ef við Íslandsmenn tækjum okkur til og friðlýstum einhliða lögsögu okkar. Þá er eins gott að það fái að koma fram í dagsljósið. Og hvers vegna skyldum við ekki mega friðlýsa land sem í orði kveðnu er hvort sem er kjarnorkuvopnalaust? Hvernig stendur þá á því? Ég held að hæstv. utanrrh. eigi að fylgja málinu eftir og fara betur yfir það, nákvæmlega hvað það er þá sem kemur í veg fyrir þetta vegna aðildar okkar að NATO.

Eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir minnti líka réttilega á er ein ærin ástæða til að menn treysti varlega því sem þeim er sagt í þessum efnum og geri ráðstafanir sínar sjálfir. Það er sá leyndarhjúpur sem öllu sem lýtur að hagnýtingu kjarnorkunnar, svo ekki sé nú talað um kjarnorkuvígbúnaðinum, fylgir, og við Íslendingar vorum mjög nýlega minntir á þegar hneykslin frá Sellafield komu upp á yfirborðið. Þá voru allir sárir og svekktir og töldu sig grátt leikna og hafða að fíflum o.s.frv., sem sannarlega var rétt, en er þá ekki ástæða til að vera þeim mun tortryggnari og treysta því varlegar en ella að mark sé á öllu takandi sem mönnum er sagt í þessum efnum þegar nágrannaþjóð kemur fram með þeim hætti eins og Bretar gerðu í því tilviki?

Að lokum, af því síðasti ræðumaður vék einnig að því að frv. og þetta mál ætti sér víðar stuðning meðal þjóðarinnar, þá get ég fullyrt að svo er. Ég hef ítrekað orðið var við það á undanförnum árum að þetta mál á sér stuðning meðal þjóðarinnar að svo miklu leyti sem tilvist þess hefur náð að verða heyrum kunn. Ekki hefur tekist hjá voldugum aðilum að þegja það í hel, sem að sjálfsögðu er sérstakt áhugamál ýmissa að láta helst sem minnst fyrir því fara að einhver málafylgja af þessu tagi sé uppi höfð í landinu, vegna þess að á umliðnum árum hef ég iðulega fengið mikil viðbrögð við flutningi þessa frv. og þar á meðal og einna vænst þótti mér þegar nokkur ungmenni í landinu tóku sig saman og söfnuðu þúsundum undirskrifta í skólum landsins til stuðnings því að frv. yrði að lögum og landið yrði friðlýst.

Herra forseti. Ég endurtek að lokum þá trú mína að fyrr eða síðar nái frv. fram að ganga, a.m.k. að hluta til. Með afgreiðslu þess stjfrv. sem snýr að efnavopnunum og liggur fyrir þinginu, verður að sjálfsögðu hluti landsins friðlýstur í þeim skilningi. Ég teldi vissulega koma til greina ef um það mætti nást einhver pólitísk samstaða að líta á einstaka þætti þessa máls, t.d. spurninguna um hvort hægt væri að skapa hér breiðari pólitíska samstöðu en ella um að banna hér umferð kjarnorkuknúinna farartækja og þá fyrst og fremst af umhverfisástæðum, því allt mundi ég flokka sem árangur í þessum efnum sem færði okkur skrefi nær því lokatakmarki að friðlýsa landið og efnahagslögsöguna að fullu og öllu.

[14:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér finnst málflutningur hv. þm. í þessu máli stundum bera vott um nokkurn tvískinnung. Hann kvartar yfir því að einhverjir hafi reynt að þegja þetta mál í hel, ég veit ekki hvað hv. þm. á við með því. Ég veit ekki betur en ég sem utanrrh. hafi setið hér í þinginu í hvert einasta skipti sem hann hefur fjallað um þetta mál og ég veit ekki betur en ég hafi tekið til máls í hvert einasta skipti. Hann segist hafa safnað miklum undirskriftum til stuðnings málinu. Það kemur mér ekkert á óvart þó að ungmenni landsins vilji vera laus við kjarnavopn og eiturvopn. Það vilja allir, það vil ég líka. Það er fyrst og fremst spurningin um hvernig það verður gert, með hvaða hætti líklegast er að við náum árangri á þeim sviðum. Gerum við það einhliða eða gerum við það í samvinnu við aðrar þjóðir? Gerum við það í samvinnu við helstu bandalagsþjóðir okkar? Hann nefnir sem mikla hættu í þessu sambandi allt það dót, kjarnorkukafbáta o.fl. sem eru að ryðga niður í fyrrum Sovétríkjunum, sem sumir voru nú hrifnir af hér áður fyrr. Þetta frv. breytir engu um það, og

skiptir engu máli í því sambandi. Og er ekki líklegra að það sé betra til árangurs að vinna með vina- og bandalagsþjóðum okkar að því að leysa það mál? Eða höfum við burði til þess að gera það einir? Nei, að sjálfsögðu ekki.

Það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga að ef þetta frv. yrði gert að lögum, þá er eðlilegt í framhaldi af því að við segjum okkur úr Atlantshafsbandalaginu. Hv. þm. sagði að það væri mjög gott að utanrrh. hefði nefnt þetta því það hefði opnað augu þjóðarinnar fyrir því að það fylgdu því skuldbindingar að vera í Atlantshafsbandalaginu. Ég hef aldrei heyrt það fyrr að þjóðin sé ekki meðvituð um að það fylgi því skuldbindingar að vera í Atlantshafsbandalaginu. Að sjálfsögðu fylgja því skuldbindingar. Það fylgja því þær skuldbindingar að ef ráðist verður á eina af þeim þjóðum sem eru í Atlantshafsbandalaginu jafngildir það árás á þær allar. Það mega menn vita. Atlantshafsbandalagið er náttúrlega stofnað vegna reynslunnar sem varð í seinni heimsstyrjöldinni. Það er rétt að Atlantshafsbandalagið hefur komið sér upp kjarnavopnum og það er stór þáttur í varnarmætti þess sem kölluð hefur verið fælingarstefna, enda liggur alveg ljóst fyrir að menn munu hika við að ráðast á þjóðir þess bandalags. Það eru margir andstæðingar kjarnavopna innan Atlantshafsbandalagsins, ekki aðeins á Íslandi og ekki aðeins sá sem hér stendur. Það eru margir utanríkisráðherrar innan Atlantshafsbandalagsins algjörlega á móti kjarnavopnum, t.d. utanríkisráðherra Þýskalands sem hefur haft þær skoðanir allt sitt líf. Ekki dettur honum í hug að Þýskaland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu til þess að fara í þá baráttu einn og sér. Eða lýsa Þýskaland sem kjarnorkuvopnalaust svæði og friðlýsa það. Þetta fjallar eingöngu um það, hv. þm., að hvorki ég né margir aðrir teljum að sú leið sem hv. þm. er að stinga hér upp á muni skila nokkrum árangri. Og að líkja ástandinu hér við það ástand sem var í kringum Nýja-Sjáland er að mínu mati út í hött. Mér finnst að grg. með frv. sé annaðhvort vissir draumórar eða blekking, kannski sjálfsblekking. Hv. þm. telur að okkur sé best borgið utan Atlantshafsbandalagsins, utan samstarfs við vestrænar þjóðir, og flokkur hans er að verða eini flokkurinn í Vestur-Evrópu sem hefur þessa hugsun. Það eitt og sér er náttúrlega afskaplega merkilegt, en við því er ekkert að gera og frv. ber þess merki á vissan hátt.

[14:27]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég er svo sem heldur ekkert hissa á síðustu ræðu hæstv. utanrrh. og allra síst á síðustu orðunum um mig og minn flokk, að við séum orðin sérstakt fyrirbæri í Vestur-Evrópu af því við séum á móti öllum sköpuðum hlutum, og á móti vestrænu samstarfi var það núna, vestrænni samvinnu. Það er ég síður en svo ekki, ég er hins vegar andvígur því að við séum að láta draga okkur inn í hernaðarumsvif sem við eigum ekkert erindi inn í. Þvert á móti vil ég einmitt leggja áherslu á friðsamlega og borgaralega samvinnu. og Ísland gerir það sem sjálfstætt ...

(Forseti (ÁSJ)**:** Forseti vill tilkynna hv. þm. að það voru mistök með að þetta væri andsvar, hv. þm. á fimm mínútna ræðu hér.)

Mér datt það í hug, herra forseti, en það gildir einu, ég reyni að koma þessu að á sem allra skemmstum tíma. Ég taldi að sem frsm. ætti ég hana eftir.

Ég er algjörlega andvígur hæstv. utanrrh. um að frumkvæði af hálfu lands eins og Íslands geti ekki haft pólitísk áhrif. Það má tína til ýmis dæmi í þeim efnum. Ef hæstv. ráðherra telur að aðstæður á Nýja-Sjálandi og það sem gerðist í þeim heimshluta sé ósambærilegt getum við litið til ýmissa annarra atburða. Erum við ekki stolt af því stundum að Ísland hafi haft áhrif og jafnvel rutt brautina, haft áhrif á þróun réttarins á heimsvísu, t.d. með kjark sínum og frumkvæði í sambandi við útfærslu landhelginnar? Stundum er það þannig að jafnvel litlu þúfurnar velta þungu hlassi. Og skyldi það ekki geta farið svo að ef Ísland riði á vaðið með slíkar aðgerðir í Vestur-Evrópu þætti það tíðindum sæta og það kæmi hreyfingu á hlutina annars staðar? Ég spái því.

Ég minnist þess t.d. þegar við áttum orðaskipti um komu erlendra herskipa til íslenskra hafna, ég og páv. hæstv. utanrrh., Geir heitinn Hallgrímsson, og utanrrh. staðfesti það, aðspurður af mér, að sú yfirlýsta stefna Íslands að hér skyldi ekki vera kjarnorkuvopn gilti að sjálfsögðu einnig um komu herskipa hingað inn í lögsöguna og til íslenskra hafna. Þetta þótti tíðindum sæta og varð að uppsláttarfrétt vestan hafs og austan af því þarna vildu ýmsir meina að Íslendingar hefðu brotið í blað varðandi þá hefð eða þann praxís sem verið hafði í NATO, að spyrja ekki um slíkt og vera ekki að velta því fyrir sér hvort herskip eða skip úr kjarnorkuflota aðildarríkjanna sem væru að koma inn í lögsögu og inn í hafnir væru í það og það skiptið búin kjarnorkuvopnum eða ekki.

Þetta leiddi til talsverðra umræðna um þessi mál ekki bara á Íslandi heldur í Danmörku og víðar þannig að það er nú ekki svo að það geti ekki skipt máli hvað jafnvel hinar minni þjóðir gera í þessum efnum og við teljum að við höfum haft áhrif í sambandi við að verða fyrst til að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og fleira mætti nefna í þeim dúr. Því tel ég fjarri öllum sanni að hægt sé að sanna það eða rökstyðja með fullnægjandi hætti að aðgerð af þessu tagi af Íslands hálfu geti ekki haft umtalsverð áhrif.

Ég var ekki að beina máli mínu að hæstv. utanrrh. hvað varðaði það að menn vildu lítið gera með þetta mál hér eða að sem minnst umfjöllun yrði um það. Þvert á móti þá hefur hæstv. utanrrh., eins og hann réttilega nefndi sjálfur, síðan hann tók við því embætti verið hér virkur þátttakandi í umræðum um þessi mál og það er lofsvert. Ég hygg að ég hafi nú í hvert einasta skipti þakkað það sérstaklega þannig að það er nú öðru nær.

Ég safnaði ekki undirskriftum sjálfur þessu frv. mínu til stuðnings. Það gerðu ungmenni í skólum landsins alveg óbeðin. Að vísu get ég viðurkennt að frumkvæðið að því mun að vísu hafa komið aðallega frá framhaldsskólanemum í mínu kjördæmi. En það var ekki fyrir mitt tilstilli og þeim undirskriftum var að lokum safnað víðar og víðast hvar í landinu. Þó ég sé ekki að gera kannski mikið úr því máli þá fannst mér það ánægjulegur vottur þess að þetta unga fólk hefði hugsjónir og meiningar í þessum efnum enda væri illa komið ef ungt fólk léti það ekki eftir sér að dreyma um betri og friðvænlegri framtíð.

Við skulum bara skilja við málið þannig að það sé nú það sem fyrir okkur öllum vaki en hins vegar sé uppi einhver ágreiningur um leiðirnar að því marki.

[14:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég er tilbúinn til þess að skilja við málið þannig að það sé ágreiningur um leiðir að marki en ég vil aðeins mótmæla því að litið sé á Atlantshafsbandalagið sem hernaðarbandalag. Ég bið hv. þm. að kynna sér þær breytingar sem hafa orðið á Atlantshafsbandalaginu, á friðarstefnu

þess og þær gífurlegu breytingar sem þar eru að eiga sér stað. Þar er um allt önnur samtök að ræða en var um það leyti sem Atlantshafsbandalagið var stofnað enda hafa orðið gífurlegar breytingar í heiminum.

Ég minni t.d. á að settur forseti Rússlands útilokaði það ekki fyrir nokkru síðan að Rússland kynni einhvern tíma í framtíðinni að verða aðili að því bandalagi. Nú ætla ég ekkert að spá fyrir um það hvort og hvenær það geti orðið. En það sýnir mikla breytingu á hugarfari í Evrópu að slíkt skuli vera sagt. Ég hygg að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kæmist að því ef hann kynnti sér þessi mál rækilega, færi t.d. í heimsókn til Atlantshafsbandalagsins, sem ég tel að sé mjög tímabært að hann geri, og kynni sér þetta allt málefnalega. Ég hvet hann til þess og ég skal gjarnan greiða ötullega fyrir því að hann fái þar allar nauðsynlegar upplýsingar, því mér heyrist á öllu að það væri honum hollt. Ég segi það ekki í neinni niðrandi merkingu því að hann hefur breytt um skoðun í ýmsum málum eins og aðrir. Ég hef breytt um skoðun í ýmsum málum og það er ekkert til að skammast sín fyrir.

[14:34]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi það líka í mikilli einlægni að ég vildi svo sannarlega að ég hefði tilefni til að breyta um skoðun á NATO. Ég vildi það svo sannarlega. En því miður er það þannig að ég get ekki litið á NATO öðruvísi en það sem ég tel það vera, hernaðarbandalag og notað þá nafngift.

Nú er það svo að ég tel mig hafa gert einmitt þetta sem hæstv. utanrrh. hvetur til, þ.e. að fylgjast vel með þessu máli. Ég tel mig hafa gert það. Ég hef að vísu ekki verið sérstakur gistivinur NATO sjálfs en ég hef fylgst mjög vel með umfjöllun um þessi mál á alþjóðavettvangi og haft aðstöðu til þess um langt árabil og ég hef líka búið við það að heyra þessar ræður um að NATO sé að breytast. Ég þekki þær ákaflega vel.

Ég var í flokki hér á einni tíð með mönnum sem héldu þessu mjög stíft fram að nú væri NATO allt annað en það var hér í eina tíð, að þetta væri orðið alveg sérstakur friðarklúbbur sem væri í raun og veru orðinn hálfgerður armur Sameinuðu þjóðanna til að passa upp á friðinn í heiminum. (**Gripið fram í:** Hvaða flokkur var þetta?) Ég tel því miður að það hafi orðið hljótt um þessar ræður eftir Kosovo.

Staðreynd málsins er sú, og það hefur allan tímann valdið því að ég hef átt erfitt með að samþykkja þessar kenningar, að NATO hefur ekki í neinu breytt sínum grundvallarsamþykktum. Ég hef sagt sem svo: Á meðan þær eru eins og þær eru, byggja á beitingu kjarnavopna að fyrra bragði, þá get ég ekki skrifað upp á þetta bandalag.

Ég tel því miður að breytingarnar á NATO, þó að sumt verki þar pósitíft eins og samstarf í þágu friðar og annað slíkt, þá sé annað neikvætt eins og utansvæðisstrategían. Ég veit nú ekki hvort er búið að þýða það fyrirbæri vel á íslensku, „Out of Area Strategy", þar sem NATO velur sér í rauninni allan heiminn að eigin geðþótta að vígvelli ef svo ber undir. Ég tel það færa allt NATO í öfuga átt ef eitthvað er.

Þannig að þegar öllu er til haga haldið get ég með engu móti, því miður, skrifað upp á að það sé tilefni til að breyta afstöðu til þessa bandalags.

[14:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri á ræðu hv. þm. að Alþb. hefur þá verið u.þ.b. að klofna áður en Samfylkingin var stofnuð hvort eð var þannig að það hefur kannski ekki skipt svo miklu máli. En ég endurtek það að þarna hafa orðið miklar breytingar. Ég nefni t.d. æfinguna hér fyrir tveimur árum, Samvörð, sem var almannavarnaæfing á vegum bandalagsþjóða Atlantshafsbandalagsins og samstarfsþjóða þess. Ég minni á þá æfingu sem verður í sumar sem mun verða um björgun á hafinu. Atlantshafsbandalagið hefur því í sívaxandi mæli ekki aðeins litið á öryggi borgaranna að því er varðar hernaðarlegar varnir heldur öryggi borgaranna almennt, þar með taldar almannavarnir, þar með talda björgunarstarfsemi á hafi úti og síðast en ekki síst friðargæslu á Balkanskaga en í henni taka m.a. íslenskir lögreglumenn og íslenskt hjúkrunarfólk þátt. Aðild að þessum samtökum gefur okkur enn betra tækifæri til þess að taka þátt í friðargæslu og verja saklaust fólk frá stríðsátökum í mun meira mæli en áður var.

Þetta eru náttúrlega gífurlegar breytingar sem er alveg ástæða til að fara yfir þegar menn meta þessi samtök. Mér finnst að hv. þm. hafi ekki gert það í þeim mæli sem þörf hefði verið á. Það er hans mál að sjálfsögðu en ég harma það að hann skuli ekki hafa gert það.

[14:38]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé réttara að orða það þannig að ég hef vissulega fylgst með þessum breytingum en ég er bara ekki sammála því að í þeim felist neitt það sem gefi tilefni til að endurskoða grundvallarafstöðu mína til þessa hernaðarbandalags. Það er bara því miður þannig.

Í Alþb. voru vissulega á sinni tíð frjóar umræður um það hvort NATO væri að taka raunverulegum breytingum í kjölfar þess að múrinn féll og Varsjárbandalagið var lagt niður. Ég held því enn fram að þar hafi menn glatað sögulegu tækifæri til þess að koma skipan öryggismála í heiminum yfir á annað og farsælla spor með því að leggja ekki Atlantshafsbandalagið líka niður og efla í staðinn alþjóðlegar öryggisgæslustofnanir og gefa þeim kraft til þess að sinna betur sínu hlutverki, þá væri málum betur fyrir komið, stofnanir eins og ÖSE og Sameinuðu þjóðirnar.

Vissulega hefur NATO verið að leita sér að nýju hlutverki, það er alveg ljóst. Og það hefur nú á köflum verið hent gaman að því að þetta bandalag hafi eiginlega verið eins og atvinnulaus leikari á hlaupum eftir nýjum hlutverkum. Það hafa verið búnar til alls konar krúsidúllur utan um það en svo kom hið rétta í ljós. Hið rétta andlit sýndi sig á nýjan leik t.d. í Kosovo.

Varðandi Rússland að lokum, af því að það var hér nefnt í ræðu hæstv. utanrrh., þá tek ég undir það. Ef stækkun NATO hefði byggt á þeim grunni að Rússland yrði með og ég tala nú ekki um ef það hefði verið í sæmilegu samkomulagi við þau ríki sem Rússland á landamæri að í austri þá hefði öðru verið til að dreifa. Ég nefndi það einmitt í rökræðum um stækkun NATO hér á sínum tíma að megingallinn við þá hugmyndafræði alla væri sá að Rússland væri ekki með og það væri verið að búa til nýjar línur í Evrópu aðeins austar en þær hefðu áður legið.

Það er megingallinn og meginhættan í hinni nýju öryggismálaskipan í Evrópu að Rússland er þar ekki með og það hefur ævinlega gefist illa í Evrópu (**Gripið fram í:** Þú ert ... með Rússum.) að reyna að horfa fram hjá því að reyna að hafa öryggislausnir þannig að þeir séu þar með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á mengun við Keflavíkurflugvöll, fyrri umr.

Þáltill. SJóh og SJS, 391. mál. — Þskj. 649.

[14:41]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsókn á mengun í jarðvegi og grunnvatni við Keflavíkurflugvöll sem ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Þessi tillaga er flutt í tengslum við aðra tillögu sem verður flutt hér í kjölfarið.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gangast fyrir rannsókn á umfangi mengunar í jarðvegi og grunnvatni frá „varnarsvæðinu" við Keflavíkurflugvöll."

Svohljóðandi greinargerð fylgir þessari tillögu:

„Þingsályktunartillaga hliðstæð þessari hefur verið flutt áður á Alþingi og ekki náð fram að ganga. Í tengslum við tillöguna er lögð fram önnur þingsályktunartillaga þar sem lagt er til að umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu á Íslandi verði rannsökuð. Steingrímur J. Sigfússon er fyrsti flutningsmaður hennar en flutningsmaður þessarar tillögu er þar meðflutningsmaður.

Á undanförnum árum hafa verið dregin fram í dagsljósið fjölmörg mengunarslys sem orðið hafa í nágrenni herstöðva víða um heim frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Vegna fákunnáttu voru menn lengi vel ekki á varðbergi og með ýmsu móti, jafnvel af ásetningi, fóru niður í jarðveg efni eins og afísingarefni, ýmiss konar hreinsiefni svo sem hið stórhættulega leysiefni tríklóretýlen, TCE, hið baneitraða PCE, úrgangsolíur, slökkviefni, rafgeymaleifar (blý og sýra), spennaolía, sem stundum innihélt PCB, málningarleifar, málmhúðunarleifar, þotueldsneyti og ýmislegt annað miður geðslegt. Áður fyrr vildu menn umfram allt skjótvirk efni en voru ekki alltaf meðvitaðir um skaðsemi þeirra.

Nú er brýn nauðsyn á að safnað verði allri fáanlegri vitneskju um þá staði sem kunna að vera hættusvæði meðan enn eru á lífi menn sem hafa unnið við herstöðina frá upphafi og búa yfir vitneskju um hvar slík eiturefni hafa verið urðuð eða farið niður fyrir slysni eða gáleysi."

Ég get getið þess hér að eitt aðaltilefni þess að ég flutti upphaflega þessa tillögu var að nokkrir menn sem lengi höfðu unnið á Keflavíkurflugvelli, vinir mínir, höfðu samband við mig og höfðu áhyggjur vegna slíkra mála þar sem þeir höfðu jafnvel unnið við urðun eða tekið þátt í að hella niður efnum sem þeir í þá tíð voru ekki meðvitaðir um hversu skaðsamleg voru. Þeir höfðu sem sagt áhyggjur af því að vitneskja um þessa urðunarstaði eða þá staði þar sem þessi efni hefðu verið látin fara niður í jarðveginn mundi glatast með þeim. Og þetta voru fullorðnir menn þá.

Þess vegna lagði ég til í framhaldinu að kortlögð yrði sú vitneskja sem fengist við að tala við þá menn og nákvæm efnagreining gerð á þeim jarðvegi sem menn óttuðust að væri mengaður.

„Meðan niðurstaða slíkrar könnunar liggur ekki fyrir getum við aðeins borið aðstæður hér saman við þær sem nú eru þekktar frá öðrum herstöðvum þar sem slíkar rannsóknir hafa verið gerðar, t.d. í Þýskalandi, á Guam og Filippseyjum, en þar hafa víða komið fram alvarleg mengunartilfelli og þurft hefur að leggja í mikinn kostnað við hreinsun jarðvegs.

Þess má geta að í sýnum sem tekin hafa verið á Heiðarfjalli, þar sem ratsjárstöð var þó aðeins rekin í 15 ár, hefur greinst töluvert af baneitruðum þungmálmum, t.d. kadmíum, krómi, blýi og nikkel.

Árið 1989 lét bandarískí herinn gera mælingar á grunnvatnssýnum sem tekin voru á svæðum sem á kortum í fylgiskjali eru merkt með svörtum punktum. Rannsóknin tók aðeins til tveggja hættulegra efna, TCE, eða tríklóretýlen, og PCE, eða perklóretýlen. Rannsóknin leiddi í ljós að efnið tríklóretýlen fannst þá á útbreiddu svæði við flugvöllinn og víða yfir hættumörkum, m.a. við þáverandi vatnsból Njarðvíkinga og hersins, eins og marka má af korti 1. Efnið TCE er talið geta valdið ýmsum alvarlegum sjúkdómum, svo sem hjartagöllum, og vera krabbameinsvaldandi."

Í framhaldi af þessu langar mig að segja frá óformlegri könnun sem gerð var árið 1973 á búsetu barna í Arizona sem fæddust með hjartagalla. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að um þriðjungur þessara barna komu frá litlu svæði í suðvesturhluta borgarinnar Tucson. Við nánari athugun 1981 kom í ljós að á þessu svæði var drykkjarvatn mengað eiturefnum og þar á meða eiturefninu TCE. Þetta eiturefni, tríklóretýlen, er lífrænt leysiefni sem getur haft alvarleg áhrif á miðtaugakerfi manna og truflað illa starfsemi hjarta og lifrar. Efnið getur borist í líkamann gegnum húðina auk hinnar hefðbundnu leiðar með mat og drykk. Rannsóknir hafa líka verið gerðar á efninu sem krabbameinshvata.

Á vegum barna- og hjartadeildar háskólasjúkrahússins í umræddri borg í Arizona var því gerð faraldursfræðileg rannsókn á börnum með hjartagalla sem fæðst höfðu þar í dalnum frá 1. jan. 1969 til 31. des. 1987. Tekin voru viðtöl við foreldra 707 barna með meðfæddan hjartagalla. Í ljós kom að á meðal barna þeirra foreldra sem drukkið höfðu mengað vatn voru líkurnar þrefalt meiri á hjartagöllum en í börnum foreldra sem bjuggu utan við vatnsveitusvæðin. Árið 1981 var hinum menguðu brunnum lokað og vatn tekið af öllu þessu vatnasvæði. Brá þá svo við að meðfæddum hjartagöllum í suðvesturhluta borgarinnar fækkaði til samræmis við meðaltalið í öllum dalnum.

Í Santa Clara-héraði í Kalifornfu var gerð önnur rannsókn 1980–1982 þar sem aukin tíðni andvana fæðinga var rakin til TCE-mengunar drykkjarvatns. Og til að klykkja út með í þessari óhugnanlegu upptalningu er þess að geta að of mikið nítrat í drykkjarvatni, sem er eitt af því góðgæti sem einmitt hafði fundist í drykkjarvatninu á Suðurnesjum, hefur mjög alvarleg áhrif á súrefnisflutningsgetu blóðsins, svo kallað Blue Baby Syndrome.

Þegar ég flutti tillöguna fyrst var skammt um liðið frá því að nýtt vatnsból hafði verið tekið í notkun fyrir Suðurnes, sem var gert í framhaldi af þeirri rannsókn sem ég vitna til. Þá hafði undanfarin fimm ár á undan orðið vart við óeðlilega tíðni fæðingargalla hjá fyrirburum í Sjúkrahúsi Keflavíkur. Hann nefndist Potters Syndrome og lýsir sér í nýrnaleysi barna sem leiðir alltaf til dauða. Sjö tilfelli munu vera staðfest á því fimm ára tímabili sem um ræðir. Ég ræddi málið við landlækni á sínum tíma og hann staðfesti þetta og sagði að það væri vægast sagt mjög furðulegt því að þessi sjúkdómur væri svo fáheyrður að hann ætti varla að geta komið fyrir hér á landi. Ég get ekki fullyrt að um bein tengsl hafi verið að ræða en ég taldi þá og tel enn að faraldursfræðileg athugun hefði þurft að fara fram á þessu. Auk þess tel ég að fara þurfi fram faraldursfræðileg rannsókn á tíðni annarra hugsanlegra mengunarsjúkdóma á Suðurnesjum.

Ég var að ræða um tríklóretýlen sem er talið geta valdið hjartagöllum og þar að auki vera krabbameinsvaldandi en hitt

efnið sem rannsakað var, perklóretýlen (PCE), er baneitrað, en það fannst einnig í nokkrum mæli í grunnvatnssýnum sem tekin voru á þessu svæði. Þessi efni eyðast ekki, það er bara svo einfalt. Þetta eru svokölluð þrávirk leysiefni. Það verður að hreinsa jarðveginn því annars breiðast efnin sífellt meira út.

Það má ljóst vera að leiði niðurstaða jarðvegs- og grunnvatnsrannsókna í ljós að á svæðinu fyrirfinnist eiturefni í einhverjum mæli verður að gera þá kröfu að herinn hreinsi upp eftir sig áður en lengra er haldið. Þessi krafa á í raun ekki aðeins við um Suðurnes heldur og aðra staði á Íslandi þar sem herinn hefur haft umsvif.

Þess má geta að á undanförnum árum hafa þýsk yfirvöld gert 1.595 skaðabótakröfur á hendur Bandaríkjaher vegna mengunar frá herstöðvum í Þýskalandi og þegar hafa verið greiddar skaðabætur vegna tæplega 1.100 þessara mála þegar ég athugaði þetta síðast, en nokkuð er um liðið. Þeim kann að hafa fjölgað.

Nýlega hefur það gerst að bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ treystu sér ekki til að taka við svæði sem herinn vildi skila, þ.e. svokölluðu Nickel-svæði sem liggur að Keflavík, vegna gruns um mikla mengun á svæðinu, m.a. vegna þess að það var vitað að þarna hafði farið niður mikil olía á árum áður. Herinn neitaði að fjármagna rannsókn á svæðinu svo að utanrrn. tók að sér að tryggja fjármögnun á rannsókn á jarðvegssýnum sem tekin voru á umræddu svæði. Í ljós kom að sýnin voru mikið menguð af olíu hvers konar — sem kom reyndar ekki á óvart — en einnig var nokkur blýmengun þar á afmörkuðum svæðum. Það er mikilvægt að samningar takist um að herinn hreinsi þarna upp eftir sig áður en tekið verði við þessu landi. Engar rannsóknir voru gerðar nú á grunnvatni á þessu svæði en víst er að það er mengað eins og rannsóknin frá 1989 benti til.

Í bandarískum lögum er kveðið á um að Bandaríkjamenn fari að kröfum viðkomandi þjóðar í umhverfismálum. Okkur ber því að gæta hagsmuna þegna okkar, krefjast þess að þessi mál verði rannsökuð og viðeigandi ráðstafanir gerðar til úrbóta svo landið verði aftur nýtanlegt.

Ég vil sérstaklega benda á fylgiskjal gagnmerkt sem fylgir með frv. á bls. 3 og 4 sem sýnir mjög glöggt útbreiðslu þessarar mengunar á tríklóretýlen og perklóretýlen sem komu í ljós í þessari rannsókn sem herinn gerði árið 1989.

[14:54]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að flestir á Suðurnesjum séu ánægðir með umhyggju hv. þm. fyrir heilbrigði Suðurnesjamanna og ég tek undir með henni að það sé sjálfsagt að fara varlega í öllum þeim málum og líta á öll hættumerki.

Ég vil samt minna á að ákveðin mengun mældist í vatni og vatnsbólum sem Suðurnesjamenn notuðu allt fram til ársins 1992, en síðan þá höfum við notað allt annað vatn eins og hv. þm. veit. (Gripið fram í.) Það er ekkert stutt síðan, það eru átta ár síðan skipt var um vatnsból. Mengunin var ekki slík að hætta hafi verið af henni en það var samt mengun og við skulum alveg vera sammála um það.

Aftur á móti hefur þetta Nickel-svæði svokallaða sem hv. þm. minntist einnig á verið kannað og það hefur komið í ljós að sáralítil mengun er á því svæði. Nickel-svæðið var á sínum tíma miklu stærra en þetta núverandi svæði sem um er rætt. Ég bý sjálfur á því svæði og hundruð annarra og enginn hefur fundið fyrir neinni mengun. Aftur á móti er búið að gera það mikið úr mengunarhættumálum á þessu ákveðna svæði að varla hefur verið hægt að afgreiða það frá hernum til byggingar fyrir Reykjanesbæ. Sú mikla tortryggni sem hefur ríkt út af þessu máli er í rauninni að hamla skipulagi og uppbyggingu svæðisins.

Þegar verið er að vitna mikið í erlendar skýrslur sem koma okkur í rauninni ekkert við, þá held ég að það verði til þess að þetta verði allt enn þá þyngra. Og ég vil mælast til þess að þetta svæði verði afhent bæjaryfirvöldum í Reykjanesbæ sem allra fyrst því að umræðan er virkilega farin að há uppbyggingu bæjarins.

[14:57]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér kemur afskaplega mikið á óvart að hv. þm. skuli fullyrða að komið hafi í ljós að mengun væri lítil sem engin í rannsóknninni á mengun á Nickel-svæðinu. Ég talaði við flokksbróður hans sem er heilbrigðisfulltrúi á Suðurnesjum fyrir skömmu og fékk einmitt frá honum þær fréttir að þarna hefði komið í ljós mikil mengun af völdum olíu, eins og ég tók fram í ræðu minni, og töluverð blýmengun á ákveðnum svæðum. Ég mundi nú segja að ástæða væri til að fara varlega þegar slíkt kemur í ljós.

Auk þess tók ég fram að þarna var aðeins jarðvegur rannsakaður. Grunnvatn var ekki rannsakað eins og gert var t.d. í rannsókn hersins á þessu svæði sem ég vitna til í þáltill. minni. Og það þyrfti auðvitað að gera, það þyrfti að rannsaka þetta miklu betur.

Af því að þarna hefur komið í ljós, í staðfestri rannsókn sem gerð var af hernum sjálfum, umtalsverð TCE-mengun og það er vitað mál að sú mengun getur smitast t.d. í gegnum húð og valdið alvarlegum heilbrigðisvandamálum, þá finnst mér ekkert gamanmál ef verið er að gefa það í skyn að taka eigi við þessu svæði alveg athugasemdalaust og eins og sumir hafa verið með áform um, að hefja byggingu barnaheimilis þarna nú þegar. Ég vil gjarnan að uppbygging barnaheimila sé sem víðast á Suðurnesjum en ekki á þessu svæði, hæstv. forseti.

[14:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna á að byggð hefur verið á þessu svæði í áratugi. Sumt af þessu svæði er enn innan girðingar og blýmengun mældist þar sem tankar eru, það er sem sagt mengun sem kemur af málningu. Það hrynur af þeim þegar verið er að skrapa þá og mála þá upp aftur og málningin fer í jarðveginn og út af fyrir sig er það einhver mengun.

Ég hef aldrei heyrt að olíumengun væri stórhættuleg þó að einhver steinolíumengun eða dísilolíumengun væri á svæðum. Ég hef ekki heyrt að það væri hættuleg mengun, enda er hún lífræn og í sjálfu sér mjög auðvelt að þrífa hana upp. Auðvitað tek ég undir að þrífa eigi upp það sem mengað er. En það er ekki það mikið að fara þurfi út í enn fleiri rannsóknir og enn meiri tafir á þessu máli.

Það má heldur ekki gleyma því að svona PCB-umræða — ég reikna með að hv. þm. hafi meint PCB í staðinn fyrir TCE. Ég er samt ekki alveg viss. (**SJóh:** Nei, það er nú ekki alveg ...) Ókei. En þetta eru allt saman spurningar um þrávirk efni, lífræn efni sem eru hættuleg. Og bandarískt herinn t.d. hreinsaði upp allt PCB sem var á þeirra vegum og eyddi því en aftur á móti hefur PCB-mengun verið vandamál miklu víðar um landið og þá ekkert síður hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla bara að benda hv. þm. á að við rannsókn lyfjadeildar Háskólans þá fannst t.d. mjög mikil

PCB-mengun á Álftanesi hjá forsetasetrinu. Það fannst í æðarfuglum á sínum tíma og það er miklu víðar hægt að finna PCB eða þrávirk lífræn efni sem eru hættuleg í náttúrunni. Auðvitað eigum við að reyna að eyða því og það hefur tekist ágætlega suður frá.

En mér finnst ástæðulaust að vera að halda uppi miklum hræðsluáróðri vegna þessa svæðis.

[15:01]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það á ekki að halda uppi hræðsluáróðri, en það á að fara varlega. Og það er fyllsta tilefni til þess að fara varlega eins og þau dæmi sýna sem ég rakti í máli mínu.

Það er freistandi að að skipuleggja þetta svæði sem, eins og hv. þm. sagði réttilega, teygir sig inn í miðju Reykjanesbæjar og það sem fyrst. En það hefur komið í ljós við þessa rannsókn sem utanrrn. lét framkvæma á svæðinu að þarna var umfangsmikil olíumengun, blýmengun á ákveðnum svæðum. Það var ekki rannsakað þarna með tilliti til allra efna og grunnvatn var ekki rannsakað.

Ég tel að það þurfi að fara fram betri rannsókn á þessu svæði og fyllri og áður en tekið verður við þessu svæði þurfi að fara fram á að Bandaríkjamenn hreinsi upp t.d. þessa olíumengun sem allir viðurkenna og er staðfest þarna og hægt er að hreinsa upp, t.d. með sérstökum efnavinnsluaðferðum með bakteríum. Það eiga þeir að gera og skila okkur þessu svæði hreinu þegar þar að kemur.

[15:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Flutningsmenn þessarar tillögu hafa vakið máls á mikilvægu máli sem varðar okkur öll eins og önnur umhverfismál í okkar samfélagi. Það sama á við um þá tillögu sem hér verður rædd á eftir sem fjallar um rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu.

Vera varnarliðsins byggir á varnarsamningnum frá 1951 sem hefur lagagildi hér á landi. Samningurinn kveður skýrt á um að ekkert ákvæði hans beri að skýra á þann veg að raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenskum málefnum. Í varnarsamningnum er nánar greint hvernig Ísland og Bandaríkin annast sameiginlegar varnir landsins. Framlag Íslendinga er að leggja til aðstöðu í landinu sem ríkin verða ásátt um að nauðsynleg sé til varna landsins. Af þessu leiðir að um mengun af völdum varnarliðsins fer að ákvæðum íslenskra laga um umhverfismál eins og þau eru á hverjum tíma. Vilji Bandaríkjamenn gera strangari kröfur í tilteknum efnum er það samþykkt en tilslakanir frá íslenskum lögum eru ekki veittar.

Öll venjubundin starfsemi manna veldur einhverri röskun á umhverfinu. Á sviði umhverfismála hafa orðið stórstígar framfarir á undanförnum árum og vitneskja okkar allra um hættur sem fylgja óvarlegri umgengni um umhverfið hefur aukist. Mat á umgengni varnarliðsins um varnarsvæðið verður því að taka mið af því hvað íslensk lög og venjur hafa áskilið í áranna rás. Þannig verður t.d. við umræðu um það hvort förgun sorps hjá varnarliðinu hafi verið ásættanleg að líta til þess sem tíðkanlegt var í landinu á þeim tíma sem til umræðu var. Sé þessa gætt mun koma í ljós að umgengni varnarliðsins um varnarsvæðin hefur á hverjum tíma verið í samræmi við þær kröfur sem gerðar hafa verið.

Meðan varnarliðið hefur svæði þessi í sinni umsjá getur það jafnt sem aðrir vörsluaðilar lands þurft að grípa til aðgerða að boði íslenskra heilbrigðisyfirvalda til að fyrirbyggja mengun eða til að hreinsa eldri mengun. Varnarliðið ber ábyrgð á mengun sem stafar af frágangi sorps þess sem frá því hefur komið og urðað hefur verið á varnarsvæðunum eða fargað þar með öðrum hætti. Ljóst er að ekki er alltaf einfalt að fjarlægja sorp úr gömlum haugum og öruggara kann að vera að láta kyrrt liggja og verja hauginn svo sem kostur er.

Samkvæmt íslenskum lögum er hins vegar ekki til að dreifa ótakmarkaðri ábyrgð í tíma á mengun af þessum toga heldur er tjónvaldur ábyrgur fyrir tjóni í tíu ár samkvæmt íslenskum reglum. Þá er það almenn regla, ef fram kemur mengunartjón í nágrannalöndum okkar, að tjón frá sorpi í jörðu er ekki bótaskylt ef frágangur þess var í samræmi við fyrirmæli yfirvalda á þeim tíma sem gengið var frá sorpinu eða ef urðunarstað er lokað í samræmi við gildandi reglur.

Í tillögum þeim sem eru til umræðu virðist látið að því liggja að mikil óvissa sé um mengun frá starfsemi varnarliðsins og eftirliti sé þar áfátt. Þetta er alrangt. Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd varnarsvæða fjallar um öll umhverfismál á varnarsvæðum, bæði að því er varðar varnarliðið og aðra aðila. Nefndin gætir þess að ákvæðum íslenskrar löggjafar um skipulags-, bygginga- og umhverfismál sé fylgt.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur sinnt eftirliti með umhverfismálum á varnarsvæðum frá 1989 og greiðir varnarliðið fyrir þann kostnað sem af því hlýst. Heilbrigðiseftirlitið hefur starfsmann sem sinnir þessum verkefnum sérstaklega og starfar náið með umhverfisdeild varnarliðsins. Umhverfisdeild varnarliðsins hefur með höndum innra eftirlit á varnarsvæðunum og starfa þar á annan tug manna í dag. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur eftirlit með umhverfisdeildinni og að hún starfi í samræmi við íslenskar reglur.

Í greinargerð með tillögunni er sérstaklega fjallað um meinta mengun í kringum Keflavíkurflugvöll. Að því er varðar stöðu mála á neðra Nickel-svæði fyrir ofan Reykjanesbæ, sem hér hefur komið til umræðu, hefur viðurkennt bandarískt ráðgjafarfyrirtæki komist að þeirri niðurstöðu að nokkrir staðir væru á svæðinu þar sem jarðvegsmengun er fyrir ofan viðmiðunarmörk. Um er að ræða olíuefni, blý og PCB. Svæðin eru einangruð og er gerð og magn mengandi efna ekki talið að mati skýrsluhöfunda koma í veg fyrir hreinsun með frekar einföldum hætti. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur komist að sömu niðurstöðu og staðfest að svæðið sé hæft til íbúðabyggðar eftir hreinsun. Gert er ráð fyrir að unnt sé að hreinsa jarðveginn með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Að því er varðar TCE og PCE-mengun, sem jafnframt hefur komið hér til umræðu, í kringum Keflavíkurflugvöll, ber að hafa í huga að sú mengun hefur lengi verið þekkt og var ástæða þess að varnarliðinu var gert að fjármagna gerð nýrrar vatnsveitu eftir að þessi efni fundust í grunnvatni árið 1989. Ekkert nýtt hefur komið fram sem bendir til að frekari hætta sé af þessum efnum eða þörf sé frekari rannsókna eða aðgerða.

Herra forseti. Tillöguflytjendur hafa hér hreyft mikilvægu máli. Mér er sönn ánægja að upplýsa að utanrrn. hefur vakandi auga yfir mengunarmálum vegna starfsemi varnarliðsins og það er fylgst náið með hugsanlegri mengunarhættu. Ég tel hins vegar að engin efni séu til þess að á þessu stigi fari fram umfangsmiklar rannsóknir á stöðu mála og ég tel að þessi málefni séu í allgóðu lagi á því svæði sem hér hefur verið til umræðu.

[15:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna ræðu hæstv. utanrrh. sem staðfestir í rauninni það sem ég var að segja hér áðan og staðfestir að af hálfu varnarliðsins og íslenskra stjórnvalda, heilbrigðiseftirlits og umhverfisdeildar varnarliðsins, er mjög vel að málum staðið. Það er farið að ýtrustu kröfum og þess gætt að heilbrigði manna og dýra sé ekki í neinni hættu út af þessari starfsemi, og það er að sjálfsögðu vel. En auðvitað hafa alltaf og geta alltaf gerst einhver slys og við þeim hafa varnarliðið og utanrrn. brugðist mjög afgerandi á hverjum tíma.

Ég fagna því að komið skuli vera að því varðandi svokallað Nickel-svæði, sem er framtíðarbyggingarsvæði og hefur verið hugsað sem slíkt í Reykjanesbæ, að hæstv. utanrrh. álíti ekki ástæðu til mikilla rannsókna til viðbótar við þær sem hafa þegar verið gerðar og að í raun sé mjög skammt í að hægt verði jafnvel að afhenda svæðið bæjaryfirvöldum þannig að hægt sé að nýta það til uppbyggingar fyrir bæinn, bæði fyrir íbúðabyggingar og annað sem bæjaryfirvöld hafa áhuga á að gera þar.

Herra forseti. Mig langaði í framhaldi af því að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hægt sé að sjá fyrir dagsetningar á því hvenær afhending Nickel-svæðisins efra yrði hugsanleg til bæjaryfirvalda í Reykjanesbæ að undangenginni hreinsun á þeirri mengun sem talið er að þurfi að hreinsa áður.

[15:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki nefnt neinar dagsetningar í því sambandi. Ég og mitt ráðuneyti höfum lagt áherslu á að hægt verði að taka þetta svæði undir íbúðabyggð eins fljótt og nokkur kostur er. Þetta svæði stingur mjög í augu og ég skil hv. þm. sem býr þar í nágrenninu að hann sé áhugasamur um að þar verði breyting á. Þarna eru leifar af ýmsu sem þarf að fjarlægja og þetta er eitt af því sem við þurfum að ráða bót á og ég vil fyrir mitt leyti leggja á það áherslu að það verði sem fyrst.

Því miður þá get ég ekki nefnt neina dagsetningu í því sambandi en við í utanrrn. munum gera okkar til þess að það geti orðið sem fyrst þannig að þetta svæði geti nýst sem framtíðarbyggð og íbúum á þessu svæði sem þurfa virkilega á því að halda, enda mun það taka miklum stakkaskiptum. Það er afar ljótt í dag. En ég veit að þarna verður fagurt um að litast þegar þar verður komin byggð.

[15:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þetta svar. Ég skynja það á svari hans að fullur vilji er fyrir því að gera þetta eins fljótt og vel og kostur er. Það er svo sannarlega sannleikanum samkvæmt að það er orðið mjög til vansa hvernig þetta svæði hefur þróast í algjörri andstöðu við aðra byggð í kring. Þarna eru tankar ónotaðir. Þarna eru leiðslur í jörðu sem þarf að fjarlægja og ýmsilegt fleira þannig að þetta stingur mjög í stúf við allt annað umhverfi. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að þetta á að geta orðið mikil vin. Undir klettunum þarna er gróðursælt utan girðingarinnar þannig að þetta er allt saman mögulegt.

Ég get líka tekið undir það með hæstv. ráðherra að í dag er skipulagið orðið þannig að á tveim stöðum liggja vegir þannig að þeir enda á girðingunni. Og syðri endi Reykjaneshallarinnar, sem var tekin í notkun fyrir nokkrum vikum, liggur að girðingunni þannig að allir sjá hvað þetta er allt orðið tæpt og erfitt í raun fyrir skipulagsyfirvöld og bæjaryfirvöld að eiga við málið.

Ég fagna því að þetta skuli þó vera komið svona nokkurn veginn á lokastig og við sjáum fyrir að á næstu mánuðum, eða hvað eigum við að segja, verði unnið að því að þetta svæði verði afhent bænum og ég vona að það dragist nú a.m.k. ekki lengur en svo að þetta verði tilbúið næsta sumar.

[15:15]

Útbýting þingskjala:

Endurgjald fyrir útvarpsleyfi, 473. mál, fsp. SvanJ, þskj. 753.

Geysissvæðið í Biskupstungum, 478. mál, fsp. ÍGP, þskj. 758.

Koma útlendinga til Íslands, 474. mál, fsp. ÖJ, þskj. 754.

Launaþróun í heilbrigðisþjónustu, 475. mál, fsp. ÖJ, þskj. 755.

Loftslagsmeðferð erlendis fyrir psoriasissjúklinga, 477. mál, fsp. ÖJ, þskj. 757.

Meðferð á psoriasis, 476. mál, fsp. ÖJ, þskj. 756.

Vísindarannsóknir við Hólaskóla, 472. mál, fsp. GE, þskj. 752.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er meðflutningmaður að þessari tillögu og jafnframt fyrri flm. að tillögu sem er á dagskrá á eftir um tengt málefni og ætla því ekki að lengja umræður um þetta mál. Ég vil aðeins þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir frumkvæði hennar í þessum efnum. Hún hefur áður flutt þessa tillögu og fylgt málinu eftir. Ég tel ærna ástæðu til að mál þetta nái fram að ganga.

Við eigum það sameiginlegt, ég og hv. þm., að hafa bæði alist upp og búið í nágrenni við herstöð og þekkjum af eigin raun ýmislegt sem þeirri starfsemi fylgir. Miðað við það sem ég þekki til um meðferð úrgangs og önnur slík mál þá hef ég engin dæmi úr reynslusögu minni um jafnhirðuleysislega umgengni við land og náttúru og þá sem ég varð áhorfandi að þegar herstöð var á Heiðarfjalli við Langanes. Meðferð þeirra mála hefur kannski ekki verið til muna verri hjá hernum en var hjá okkur Íslendingum sjálfum og má til sanns vegar færa að þar fór ýmislegt úrskeiðis og þætti ekki gott til eftirbreytni í dag. Þó er ólíku saman að jafna vegna hinna hættulegu efna og ýmissa umsvifa sem hersetu fylgja, sem eru sjaldgæf eða ekki fyrir hendi þegar um borgaralega starfsemi og daglegt líf almennings er að ræða. Ég held að sá samanburður hljóti að verða hinum fyrrnefndu, þ.e. hernaðaryfirvöldunum eða hernum, mjög í óhag. Hjá þeim eru auðvitað á ferðinni mjög hættuleg efni sem fylgja umsvifum þeirra. Mengun út af ógætilegri meðferð eða hirðuleysislegri förgun á víðavangi getur því að sama skapi orðið alvarlegra mál. Ég hygg að þetta sé ekki ýkja umdeilt.

Ég held að það væri öllum fyrir bestu, varðandi svæðin í kringum Keflavíkurflugvöll, að koma þeim málum á hreint í eitt skipti fyrir öll með rækilegri rannsókn. Viðbrögðin við niðurstöðunum væru að hreinsa svæðin eins og mögulegt er og taka jafnvel eftir atvikum þátt í kostnaði sem af því hlýst o.s.frv. Ég held að hik bæjaryfirvalda við að taka við menguðum svæðum áður en allir lausir endar hafa verið hnýttir sé skiljanlegt í ljósi þess sem oft hefur komið upp eftir á í slíkum tilvikum. Ég minni þar á fordæmin frá Þýskalandi og Kanada þar sem risið hefur umfangsmikill málarekstur. Þau

tilvik skipta þúsundum frekar en hundruðum þar sem yfirgefnar herstöðvar eða svæði sem hernaðarumsvifum tengjast hafa orðið deiluefni.

Ég tek því eindregið undir þessa tillögu og teldi skynsamlega ráðstöfun að samþykkja hana og einnig þá sem hér á eftir fylgir.

[15:20]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu eða fjalla almennt um efni þeirrar þáltill. sem hér er til umræðu, um rannsókn á mengun í jarðvegi og grunnvatni við Keflavíkurflugvöll. Ég leyfi mér að vísa til ágæts svars hæstv. utanrrh. þar sem fram kemur að þessi mál, umhverfismál á Keflavíkurflugvelli eru í ágætum og eðlilegum farvegi, þ.e. í ágætu samstarfi utanrrn. við heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og byggingar- og skipulagsnefnd varnarsvæðisins. Það hefur sýnt sig á liðnum árum, að þegar upp hafa komið vandamál hafa þau verið leyst farsællega og allir aðilar axlað ábyrgð sína. Í þeim efnum nægir að benda á úrlausnina varðandi vatnsból Suðurnesjamanna.

Í annan stað, herra forseti, vildi ég nefna að mér þótti það mjög lítt við hæfi hjá hv. flm. að blanda saman pólitísku starfi embættismanns á Suðurnesjum, eins og hún gerði hér, í faglega umræðu um umhverfismál á Keflavíkurflugvelli. Ég hygg að öllum sem til þekkja, og hv. málshefjanda einnig, sé fullkunnugt um að starfsfólk heilbrigðiseftirlits Suðurnesja gerir miklar kröfur og er afskaplega faglegt í öllum störfum sínum. Hvað þau gera síðan í frítímum sínum tel ég ekki koma málinu á nokkurn hátt við í umræðu hér. Ég hygg þó að það hafi verið yfirsjón hjá hv. þm., að missa þetta út úr sér.

Hins vegar vil ég nefna sérstaklega Nickel-svæðið sem hér hefur komið til umræðu. Rétt er að ítreka að varnarsvæðið nýtir ekki Nickel-svæðið með tilkomu Helguvíkur og það stendur þarna eins og illa gerður hlutur og er afskaplega til baga, er bæði sjónmengun og kemur ekki síður í veg fyrir þéttingu byggðar í Reykjanesbæ. Byggingar- og skipulagsyfirvöld í Reykjanesbæ hafa mjög sóst eftir því að nýta þetta svæði vegna lóðaskorts í Reykjanesbæ og jafnframt til að þétta byggð á milli Keflavíkur og Njarðvíkur. Það er með öðrum orðum, herra forseti, afskaplega aðkallandi að þessu svæði verði skilað. Ég vil lýsa sérstakri ánægju með hvernig utanrrn. hefur staðið að því í mjög góðu samstarfi við heilbrigðis- og bæjaryfirvöld á Suðurnesjum. Ég skil orð hæstv. utanrrh. þannig að nú styttist í að þetta ágæta svæði verði afhent Suðurnesjamönnum, öllum til mikillar ánægju.

Niðurstaðan er sú að málið sé í eðlilegum farvegi. Ég held að ekki sé hægt að líta öðruvísi á það. Að því er unnið faglega, menn fara yfir íslensk lög, embættismenn og pólitíkusar á Suðurnesjum vinna í því út frá íslenskum lögum og íslenskum forsendum og á svari hæstv. utanrrh. er ekki annað að heyra en það sé í eðlilegum farvegi og undir það tek ég.

Ég hef hins vegar ákveðnar efasemdir um það að gera í málflutningi hér úlfalda úr mýflugu. Við hljótum að treysta þar til bærum heilbrigðisyfirvöldum til að fjalla um málið og leggja blessun sína yfir það. Það hefur m.a. komið fram hjá bæjarstjórn Reykjanesbæjar að hún mun ekki taka við svæðinu fyrr en heilbrigðiseftirlit Suðurnesja leggur blessun sína yfir það. Það er eðlilegt og ég veit ég ekki annað en að mjög gott samstarf hafi verið á milli varnarliðsins og utanrrn. Það er hinn eðlilegi og faglegi farvegur og mér finnst því óeðlilegt að gefa í skyn að vandamálið sé meira en raun virðist bera vitni. Þetta er hin eðlilega niðurstaða og nái menn samkomulagi um hana með faglegum rökum þá er það í lagi.

En ég fagna því viðhorfi sem fram kom hér hjá hæstv. utanrrh. hvað þetta svæði varðar.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í grg. með tillögunni sem hér er til umfjöllunar, um ástand umhverfismála í kringum margar af þeim stöðvum sem varnarliðið hefur notað undanfarna hálfa öld, er gerð grein fyrir ástandinu þar. Að mínu mati er sá galli þar á að mikið er gert úr því sem aflaga kann að hafa farið. Að okkar mati er þar nokkuð hallað réttu máli. Það er því nauðsynlegt að víkja stuttlega að stöðu mála að því er varðar hvern og einn þessara staða. Ég tel að ... (**SJS:** Erum við hætt að ræða... ?) (**SJóh:** Nei, við erum enn að ræða þessa tillögu.)

Ég biðst afsökunar, herra forseti, vegna þess að ég taldi að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefði haldið hér framsöguræðu um annað málið, þ.e. um fleiri staði. Að vísu fannst mér hún vera fremur stutt. Ég taldi það hins vegar mjög til bóta en bið þingið afsökunar á framhleypni minni. Ég hef því lokið máli mínu.

[15:26]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. lagði mikla áherslu á að við legðum til aðstöðu í Keflavíkurherstöðinni vegna varnarsamstarfsins. Þar af leiðandi taldi hann eðlilegt að við yrðum fyrir nokkrum óþægindum vegna þess.

Ég skil það svo að Þjóðverjar hafi líka lagt til þá hernaðaraðstöðu í sínu landi vegna varnarsamstarfsins við Bandaríkin. Þeir hafa hins vegar ekki talið það aftra sér í að krefjast skaðabóta vegna þeirrar mengunar sem varð á þessum tíma í herstöðvum í þeirra landi. Þeir hafa gert, eins og ég taldi hér upp áður, miklar kröfur og fengið greiddar skaðabætur í tæplega 1.100 tilfellum.

Mér er ekki kunnugt um að Íslendingar hafi gert neinar slíkar skaðabótakröfur. Samt tel ég ekki hægt að efast um að Bandaríkjamenn sjálfir sem gera rannsóknina sem teiknuð er upp á kortinu sem tillögunni fylgir, þ.e. korti 1 sem ég vitna nú til, hafi vitað hverju þeir gætu átt von á. Þar kemur fram að gríðarlega mikil mengun er m.a. af TCE í grunnvatni á öllu þessu svæði. Þarna er verið að rannsaka grunnvatn. Svo menn rugli því ekki saman þá var rannsókn utanrrn., sem ég þakka auðvitað fyrir, á Nickel-svæðinu gerð á jarðvegi, ekki á grunnvatni. Á þessu korti kemur fram að á þessu svæði er TCE-mengun í grunnvatninu og það hefur væntanlega ekki breyst síðan þessi rannsókn var gerð.

Hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á að mjög vel sé fylgst með mengun frá starfsemi varnarliðsins og mikil varúð viðhöfð. Ég tek undir það. Núna og á undanförnum árum hefur eftirlitið verið betra. Meðferð leysiefna á varnarsvæðinu hefur gjörbreyst frá því sem áður var og þar gilda mjög strangar reglur. Það breytir þó ekki því að áður fyrr, þegar bæði Bandaríkjamenn og Íslendingar voru ekki svo meðvitaðir um skaðsemi þessara efna, var eitt og annað látið gossa.

Það er einmitt það sem ég er að tala um að verði rannsakað og staðsett betur. Ég hef þessar upplýsingar frá fólki sem hefur unnið lengi innan svæðisins og er engan veginn mitt flokksfólk, ef það hefur farið eitthvað fyrir brjóstið á hvæstv.

ráðherrum eða þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls, þá er það ekki svo heldur er þetta fólk sem vann þarna á þeim tíma sem menn voru sér ekki meðvitaðir og verið var að urða og hella niður hinu og þessu sem menn vita nú að var engin hollusta. Og menn vildu gjarnan fá að kortleggja þetta, fá að gefa upplýsingar sem þeir búa yfir sjálfir, en ekki hefur mátt gera það. Þetta hefur verið tabúefni. Það er þess vegna sem ég flyt þessa tillögu um að þetta sé rannsakað betur, þetta sé kortlagt betur en var gert og hefur verið gert hingað til, þ.e. það sem gerðist áður fyrr. Ég veit og viðurkenni fúslega og þakka að þarna er fylgst mjög vel með í dag.

Nickel-svæðið, sem hér hefur verið mikið til umræðu, er auðvitað fleygur inn í skipulagið í Reykjanesbæ. En við megum aldrei taka við því svæði fyrr en búið er að gera allt sem unnt er til að hreinsa upp þá mengun sem staðfest er að þar hafi orðið, bæði í þessari rannsókn sem fór fram á jarðveginum og var gerð að tilhlutan utanrrn. og einnig í þeirri rannsókn sem Bandaríkjamenn gerðu sjálfir og staðfestir að þarna er mengun í grunnvatni, sem var ekki rannsakað núna í þessari síðustu rannsókn. Ég tel að þarna þurfi að fara mjög varlega og alls ekki að byggja þarna upp íbúðabyggð eða dagheimili, eins og sumir hafa haft áhuga á, áður en búið er að gera allt til að kanna hvers konar mengun kunni að vera þarna á svæðinu og allt gert til að eyða henni. Það hefur náttúrlega hingað til ekki verið gert.

Hæstv. utanrrh. lagði á það mikla áherslu að utanrrn. fylgdist með vakandi auga með þessum málum á Keflavíkurflugvelli og nærliggjandi svæðum og það er náttúrlega afskaplega gott að þeir geri það. En þeir hafa ekki alltaf gert það. Það stingur mig svolítið að þeir framsóknarmenn sem hafa tekið þátt í þessari umræðu virðast vera afskaplega ánægðir með ástandið þarna og vilja gera lítið úr þeirri mengun sem þarna hefur komið í ljós í rannsóknum og telja að ekki þurfi að rannsaka meira.

Ég er ekki sama sinnis. Ég tel að rannsaka þurfi svæðið betur og ítarlegar jafnvel þó það sé freistandi að hafa ekki þennan fleyg í skipulagið í Reykjanesbæ. Ég tel að fylgja þurfi eftir kröfum um að svæðið verði hreinsað upp og greiddar verði skaðabætur vegna mengunar. Ég tel að slíkt hafi ekki verið gert, ég tel að við höfum verið óeðlilega hnjáliðamjúk í þessum efnum og eigum tvímælalaust að fara þess á leit að þessu verði fylgt eftir.

[15:34]

Útbýting þingskjala:

Útflutningur á lambakjöti, 482. mál, fsp. DrH, þskj. 762.

Vegalög, 480. mál, frv. ÞBack og JónK, þskj. 760.

[15:34]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í síðari ræðu hv. málshefjanda fannst mér koma fram dálítil vankunnátta á málefninu, svo það sé nú bara orðað eins og er við hæfi. Meðal annars kemur fram að það þurfi að hennar mati að kanna betur ástandið og eyða þeim jarðvegi sem hafi mengast, sérstaklega á Nickelsvæðinu.

En út á hvað heldur hv. þm. að viðræður milli Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, varnarliðsins og utanrrn. gangi annað en einmitt þetta? Hver er það að mati hv. þm. sem á að leggja mat á þetta? Hv. þm. segir ítrekað: Það á að kanna betur. Gott og vel.

Í því felst að sjálfsögðu gífurlegt vantraust á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem er vel búið vel menntuðu fagfólki sem gegnir þessu hlutverki. Það liggur ítrekað fyrir að bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ muni ekki taka við þessu svæði fyrr en Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur lagt blessun sína yfir það.

Ég veit ekki hvort hv. þm. telur það skynsamlegra að kanna það betur á grundvelli sögusagna einhverra sem fyrir áratugum unnu þarna eða blanda inn í afstöðu sinni til varnarliðsins ellegar þá að láta fagfólkið, eins og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem samkvæmt stjórnsýslu á að fjalla um svona — er ekki skynsamlegra að láta slíka aðila meta það hvers eðlis mengunin er, hversu mikil og hvenær er eðlilegt að taka við?

Að sá tortryggni, eins og ég tel hv. þm. hafa verið að gera, er einungis til þess að seinka því að Nickel-svæðinu verði skilað og er vantraust á fagfólkið hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

[15:37]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst alveg með eindæmum hvernig fólk getur snúið fyrir sér hlutunum hérna. Ég minntist að vísu á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja þar sem ég vísaði til samtals sem ég hafði átt við þá hjá eftirlitinu um mengunina á svæðinu og engan veginn þannig að ég væri að tortryggja svör eða störf þeirra á neinn hátt. Ég veit ekki hvernig hv. þm. Hjálmar Árnason hefur getað fengið það út úr máli mínu að ég vantreysti Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.

Hins vegar er það ekki Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sem er að gera rannsóknir á jarðvegi og jarðvatni á Suðurnesjum. Það eru aðrir aðilar sem hafa verið fengnir til þess. Það kemur svo sjálfsagt að Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að meta það hvenær nægilega er rannsakað en ég hef engan dóm lagt á það í máli mínu hvað það hefur sagt eða gert í þeim málum, hvort það sé rétt eða ekki rétt. Hins vegar hef ég ítrekað tekið fram að ég tel að það þurfi að fara fram meiri rannsóknir, ekki bara á Nickel-svæðinu heldur öllu varnarsvæðinu með tilliti til mengunar í jarðvegi og grunnvatni.

[15:38]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þetta er í sjálfu sér litlu að bæta en ég ítreka að í málflutningi hv. þm. tel ég hafa komið fram tortryggni og í rauninni vantraust á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja með því að hv. þm. í rauninni segir: Ég tel að eigi að kanna og rannsaka betur. Það er sem sagt persónulegt og huglægt mat hv. þm. sem á að ráða því hversu langt rannsóknir eigi að ganga, versus það að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja er það fyrirbrigði í stjórnsýslunni sem leggur mat á þær rannsóknir sem lagðar eru fyrir. Og það er ekki fyrr en þá sem bæjaryfirvöld munu taka við svæðinu.

Í þessu felst ákveðið vantraust á heilbrigðiseftirlitið, a.m.k. hefur hv. þm. sig örlítið upp fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og telur sig betur í stakk búna til að leggja það mat á.

Mér er hins vegar fullkunnugt um það að starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja vinnur á mjög faglegum nótum en grun hef ég um að hv. þm. kryddi mat sitt örlítið pólitískt í afstöðu sinni m.a. til varnarliðsins.

[15:40]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið getur maður nú þakkað fyrir að hér í þinginu skuli vera þingmenn sem krydda aldrei mál sitt eða hugsanir sínar pólitísku mati eins og hv. þm. Hjálmar Árnason. Það skyldi þó aldrei vera að það hafi kryddast eitthvað af pólitísku mati þegar hann heyrði ofheyrnir hérna þegar ég

hélt ræðu mínu um þessi efni og heyrði mig segja eitthvað sem sáði tortryggni um störf Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Það var mér ekki í huga og kom aldrei fram í máli mínu, hvorki fyrr né síðar.

Hvort ég hafi hins vegar það mat sjálf að frekari rannsóknir þurfi að fara fram á svæðinu, það gæti alveg eins verið að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja væri mér sammála um það. Og það væri kannski gott að hv. þm. kynnti sér það hvaða meiningar Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur í þeim efnum áður en hann fer að gera mér upp pólitískt krydd í tilveruna hér á Alþingi.

[15:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega alveg ljóst að í gegnum tíðina hafa viðhorf til umhverfismála breyst. Það á ekki einungis við um það svæði sem hér er til umræðu, það á við um landið í heild. Og þau spilliefni sem þarna hafa farið niður hafa áreiðanlega ekkert síður farið niður af völdum Íslendinga sem hafa m.a. verið að starfa að ýmiss konar verktakastarfsemi á svæðinu og enginn mælt fyrir um hvernig þeir skyldu haga sínu verki. En þeir hafa væntanlega staðið að því eins og venja var á hverjum tíma.

En aðalástæðan fyrir því að ég vildi svara hv. þm. er vegna þess sem hún sagði um skaðabætur. Það er rétt að Íslendingar hafa ekki lagt áherslu á skaðabætur sem slíkar heldur að bæta úr um ástand mála. Gott dæmi um það er vatnsveitan og samstarf sveitarfélaganna á Suðurnesjum við varnarliðið um þau mál. Það er náttúrlega alveg ljóst að varnarliðið tók mjög myndarlegan þátt í fjármögnun þeirrar vatnsveitu sem var umfram það sem hefði verið talið eðlilegt ef þarna hefði verið allt með felldu. Og sama á við um það samstarf sem hefur myndast um sorpmál á þessu svæði.

Ég tel það skipta meginmáli að við leggjum áherslu á að bæta ástand mála en séum ekki fyrst og fremst að reyna að fá einhverja peninga. Þess vegna er það rétt að við höfum ekki verið að fara út í skaðabótamál vegna þess að við höfum náð niðurstöðu með varnarliðinu um að bæta ástand mála og við munum halda því áfram.

[15:43]

Flm. (Sigríður Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott til þess að vita að hæstv. utanrrh. er mér sammála um að viðhorf til umhverfismála hafa breyst. Það er náttúrlega á þeim grunni sem ég flyt mál mitt hérna. Ég hef margítrekað það að umgengni við þessi spilliefni hefur gjörbreyst, bæði af hálfu varnarliðsins og sjálfsagt líka af hálfu íslenskra verktaka á undanförnum árum vegna þess að fólk er orðið sér meðvitað um skaðsemi þeirra. Hér áður fyrr var fyrst og fremst verið að grípa til þeirra efna sem voru fljótvirkust. Það var ekki verið að spá í hvort þau væru kannski jafnframt bráðdrepandi.

Ég held að ýmsir hafi sömu sögu að segja og ég. Þegar ég, sem ung húsmóðir, var að hreinsa til í húsi mínu í kringum 1965 þá var ég fyrst og fremst að spekúlera í að hafa eitthvað sem virkaði nógu hratt og vel en ekki endilega það sem fór vel með náttúruna. Þetta voru ríkjandi viðhorf. Á þessum tíma setti herinn út í umhverfið efni sem vitað er að eru mjög skaðleg og langvirk. Ákveðnir aðilar buðust til að láta kortleggja vitneskju sína um hvar þetta hefði verið og það var ekki þegið á sínum tíma. Ég tel að þarna hafi verið farið mjög óvarlega. Það hefði þurft að þiggja þær upplýsingar sem þeir bjuggu yfir, hvort sem þetta voru Ameríkanar eða íslenskir verktakar sem þarna voru að verki. Við hljótum að standa betur að vígi ef við vitum nákvæmlega og getum kortlagt hvar þessi efni er að finna í náttúrunni á þessum svæðum.

[15:46]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Málið sem er hér á dagskrá hefur náttúrlega teygst ansi langt umfram það sem menn gerðu ráð fyrir. Ég tel að í framhaldi af þeim miklu umræðum sem hér hafa verið um Nickel-svæði, starfsemina hjá varnarliðinu og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja verði að hnykkja á ýmsum atriðum.

Hæstv. utanrrh. tók reyndar af mér ómakið varðandi skaðabótaumræðuna sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir sagði að ekki hefði komist inn á borð íslenskra stjórnvalda, að aldrei hefði verið leitað skaðabóta vegna eins né neins til varnarliðsins. Það er hins vegar staðreynd, og mér fannst hæstv. utanrrh. fara afskaplega varlega í þá umræðu, að Vatnsveita Suðurnesja var alfarið greidd af varnarliðinu. Þar kom ekki til ein einasta króna af íslenskri hálfu þannig að ég og líklega flestir Suðurnesjamenn töldum þetta skaðabætur. Farið var fram á að Bandaríkjamenn endurnýjuðu vatnsból og vatnstaka Suðurnesjamanna vegna þess skaða sem orðið hefði í vatnsbólunum. Bandaríkjamenn borguðu það allt saman og ég hef litið á þetta sem skaðabætur.

Það má þó ekki gleyma því að margs konar önnur starfsemi fer fram á Keflavíkurflugvelli en bara í kringum herinn. Þarna er allt millilandaflug landsmanna. Þarna fer fram gríðarleg vinna í kringum flugvélar. Afísingarefni sem notuð eru á flugvélar eru t.d. af ýmsum toga og það hefur verið mikið vandamál hvernig fara á með þessi efni. Mengandi leysiefni fara niður í jörðina og menn halda að þau hafi sest í grunnvatnið. Þessi efni skipta náttúrlega máli þegar rætt er um herinn og veru hans. Málið snýst um fleira en starfsemi hersins. Það er líka verið að tala um starfsemi vegna millilandaflugsins.

Á vegum varnarliðsins hefur verið byggt ýmislegt annað sem Suðurnesjamenn hafa sannarlega notið fyrir utan sameiginlega starfsemi, t.d. höfnin í Helguvík. Þar er ekki um neinar skaðabætur að ræða. Sú framkvæmd hefur hins vegar fyrst og fremst sýnt góðan hug varnarliðsins í garð Suðurnesjamanna og hefur nýst þeim vel.

Ég vil vara við því að endurtaka síbyljuna um þær miklu hættur sem eiga að stafa af mengun á Nickel-svæðinu. Það að draga inn í þetta dagheimili, eins og hv. þm. gerir, finnst mér alveg sérlega ósmekklegt. Finnst henni líklegt að menn á Suðurnesjum, hjá varnarliðinu eða í utanrrn. eða í heilbrigðiseftirlitinu vilji endilega planta niður dagheimilum á menguð svæði? Auðvitað dettur ekki nokkrum manni slíkt í hug. Að draga þetta svona fram eins og ekkert liggi fyrir um hvernig málin eru komin á Nickel-svæðinu finnst mér dálítið billegt hjá hv. þm. Það liggja fyrir rannsóknir og þegar unnið hefur verið úr þeim verður þetta svæði tilbúið til byggingar. Mér finnst ástæðulaust að biðja um enn frekari rannsóknir til þess. Það liggja fyrir rannsóknir á vatninu. Það voru byggð ný vatnsból til þess að mæta þeirri mengun sem fannst í vatnsbólum Suðurnesjamanna. Það þarf ekki að fara í sérstakar rannsóknir á grunnvatni þess vegna.

Ég bið hv. þm. bara að reyna að skilja að allar þær rannsóknir sem þarf að gera hafa þegar farið fram. Það sem eftir er að gera er að hreinsa svæðið samkvæmt þeim rannsóknum. Þar með er í sjálfu sér kominn punktur yfir i-ið. Allar þær sögur sem hv. þm. hefur heyrt sagðar af varnarliðinu eða

starfseminni eiga væntanlega ekki við um Nickel-svæðið. Það hefur verið kannað best af öllum svæðum á Suðurnesjum. Ég hugsa að ef eitthvað grunsamlegt hefði verið til staðar þá hefði það verið þar sem ég bý á Nickel-svæðinu. Þar hefur reyndar ekkert fundist. Þar er búið að grafa allt upp, búið að byggja á því öllu og enginn hefur kvartað yfir vanlíðan út af búsetunni þar.

Ég ætla ekki að fjalla um alla þá sem hv. þm. hefur minnst á hér í ræðum sínum inn í þetta. M.a. tók hún það sérstaklega fram að heilbrigðisfulltrúinn á Suðurnesjum væri flokksbróðir minn. Ég er að sjálfsögðu mjög ánægður með að hann skuli vera flokksbróðir minn enda hinn vænsti maður. Hann hefur gegnt starfi sínu með miklum sóma. Ég held að pólitíkin skipti að öðru leyti ekki jafnmiklu máli og hv. þm. vill vera láta. Það er frekar slæmt finnst mér að draga slíkt inn í þetta mál. Það segir okkur ekki neitt annað en að það sé þá helst af pólitískum ástæðum sem hv. þm. leggur svona mikla áherslu á að halda áfram þessu þófi, einhverjum sérstökum minnisvarða sem hægt sé að tala um.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að ég held að þessar umræður hafi þrátt fyrir allt skýrt málið verulega. Það hefur komið mjög skýrt fram hjá hæstv. utanrrh. að svæðið er vel rannsakað. Það stendur til að fara að skila því mjög fljótlega eftir þá hreinsun sem nauðsynleg er. Þar með tel ég að Suðurnesjamenn eigi að vera komnir með allt í hendurnar til að geta rólegir byggt hús sín á hinu svokallaða Nickel-svæði. Við hv. þm. sem búsettir eru þarna á Suðurnesjum, þessir þrír þingmenn sem búa þar, erum sammála um að Nickel-svæðið er fleinn og hálfgerð eyðimörk í þessu annars fallega bæjarfélagi. Svæðinu þarf að breyta sem allra fyrst í vinalegt íbúðasvæði þar sem við getum búið í sátt og samlyndi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, fyrri umr.

Þáltill. SJS og SJóh, 392. mál. — Þskj. 650.

[15:53]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsókn á áhrif af umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu. Flm. ásamt mér er hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta fara fram rannsókn á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu og hernaðarumsvifa á Íslandi og hættum sem eru núverandi hernaðarumsvifum samfara. Einnig verði gerð úttekt á lagalegum álitaefnum þessu tengdum.

Rannsókn beinist sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

1. grunnvatnsmengun,
2. jarðvegsmengun,
3. frágangi spilliefna og sorphauga,
4. umhverfishættu sem stafar af núverandi hernaðarumsvifum,
5. réttarfarslegum hliðum málsins varðandi skaðabótaskyldu erlendra og/eða íslenskra stjórnvalda gagnvart landeigendum í þeim tilfellum sem mengun hefur orðið og skyldu þeirra til að hreinsa menguð svæði.

Jafnframt verði reynt að áætla kostnað við hreinsun þeirra svæða sem hafa orðið fyrir mengun.“

Þessi tillaga er að því leyti nátengd þeirri sem hér var á dagskrá síðast að þar var til umfjöllunar eitt svæði af nokkrum sem til greina koma, þ.e. nágrenni herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Ég vísa til þess sem áður sagði um stöðu mála á því svæði og þær upplýsingar sem fyrir liggja úr rannsóknum, að svo miklu leyti sem þær hafa farið fram, á mengun af ýmsu tagi: grunnvatnsmengun, jarðvegsmengun og hættulegum efnasamböndum sem þar hafa verið greind og mæld.

Erlendir herir hafa víðar drepið niður fæti hér á landi frá því að þeir hófu innreið á árum síðari heimsstyrjaldar. Á árunum í kringum 1990 var staðfest mikil mengun á svæði þar sem starfrækt var ratstjárstöð á Heiðarfjalli í landi Eiðis á Langanesi um 15–16 ára skeið, frá árunum 1954 fram um 1970. Satt best að segja, herra forseti, er viðskilnaðurinn á þeim stað með miklum ólíkindum svo ekki sé fastar að orði kveðið. Landeigendur hafa um árabil leitað réttar síns en koma alls staðar að lokuðum dyrum, hvort sem heldur er hjá bandarískum eða íslenskum stjórnvöldum. Svo virðist sem meira að segja íslenska réttarkerfið meini þeim að fá umfjöllun um sín mál. Tilraunum þeirra til að fá málið tekið upp fyrir íslenskum dómstólum er sömuleiðis vísað frá.

Staða málsins er hins vegar sú, svo ótrúlegt sem það kann að virðast, að ófrágengnir sorphaugar, spilliefni og mengun af ýmsum toga eru á fleiri en einum og fleiri en tveimur stöðum á þessu svæði eða í nágrenni við það. Það er í algjöru leyfisleysi og óþökk landeigenda en svo á að heita að landinu hafi verið skilað. Þar tekur þó steininn úr að mínu mati, herra forseti, sá samningur — ef samning skyldi kalla — sem íslensk stjórnvöld gerðu við bandarísk hermálayfirvöld og stjórnvöld sem fría Bandaríkjamenn allri ábyrgð á viðskilnaði þeirra á þessu svæði. Mér er mjög til efs að slíkir gjörningar fái staðist og að þannig sé hægt að svipta íslenska borgara því að ná rétti sínum eins og þar virðist ætlunin.

Á Straumnesfjalli standa mikil mannvirki auð og hafa verið í niðurníðslu frá því að þar var starfrækt ratsjárstöð. Við ratsjárstöðina á Bolafjalli sem tók við hlutverki stöðvarinnar á Straumnesfjalli hafa orðið mengunarslys, samanber alvarlegan olíuleka sem varð haustið 1989. Þá er ljóst að frágangur sorphauga á svæði ratstjárstöðvarinnar á Stokksnesi er algjörlega ófullnægjandi og ekki liggur fyrir hverjum ber að fjarlægja þau mannvirki sem þar hafa verið yfirgefin og eru að grotna niður. Svo merkilega vill nú til að síðast í gærkvöldi komu fréttir af samþykkt bæjarstjórnar Hornafjarðarbæjar þar sem þess er krafist að yfirvöld hlutist til um að viðkomandi mannvirki verði rifin og fjarlægð enda stafi af þeim bæði sjónmengun og hætta og óþrifnaður af ýmsum toga. Ber þá vel í veiði að í hlut á sjálfur heimabær hæstv. utanrrh. og skulum við ætla að málaleitan heimamanna hafi náð eyrum hans.

Loks má nefna að ratsjárstöðin á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi stendur upp af vatnsbóli Þórshafnar og kom til deilna milli heilbrigðisyfirvalda og forsvarsmanna stöðvarinnar um það mál á sínum tíma.

Þetta mál, herra forseti, kemur þannig við sögu á þó nokkuð mörgum stöðum á landinu. Það gefur tilefni til að farið sé yfir þessi mál í heild sinni, umhverfisáhrifin metin eins og tillagan gerir ráð fyrir og öll atriði málsins krufin til mergjar. Með því að gera það, herra forseti, ætti fást niðurstaða sem

væri síðan fordæmisgefandi gagnvart því sem síðar kann að koma upp í þessum efnum.

Áður hefur komið fram í umræðunni og það er rétt að ítreka það að erlendis hafa málin víðast hvar verið að þróast í þá veru að hernaðaryfirvöld, þeir sem ábyrgð hafa borið á herstöðvum eða umsvifum herja, bera einnig ábyrgð á þeim umhverfisspjöllum sem þar hafa orðið og hafa í vaxandi mæli orðið að greiða allan kostnaðinn af því sem því fylgir að hreinsa upp eftir slíka starfsemi. Sem dæmi má taka að á árinu 1992 var um 90 milljörðum íslenskra króna varið til slíkra verkefna í heiminum að áætlað er.

Mengun hefur mjög víða verið staðfest og verið fylgifiskur starfsemi af þessu tagi. Má þar taka fjölmargar herstöðvar, yfirgefnar eða enn þá starfræktar herstöðvar, í Þýskalandi en þar munu mál sem upp hafa komið og tengjast þessum hlutum vera um 1.500 talsins. Það má nefna Suður-Kóreu, Filippseyjar, eyjuna Guam og síðast en ekki síst má nefna Kanada þar sem umfangsmikil málaferli eða deilumál hafa nú leitt til þeirrar niðurstöðu að kanadíska alríkisstjórnin hefur í kyrrþey í raun og veru eða þannig að lítið bar á samið um það við stjórnvöld norðursvæða Kanada, hið nýja sjálfstjórnarsvæði Nunavut, að reiða fram miklar fjárhæðir til þess að hreinsa upp mengað land, mengaðan jarðveg og fjarlægja hættuleg efni úr yfirgefnum eða enn þá starfræktum herstöðvum á því svæði. Ég hygg að sá samningur hafi verið upp á um 230 millj. kanadískra dollara.

Einnig var gerður samningur um þátttöku Bandaríkjamanna í hreinsun herstöðva á norðurslóðum sem að vísu var því miður tafin af hinu íhaldssama öldungadeildarþingi Bandaríkjanna.

Herra forseti. Ég hygg að ekki sé síst ástæða til þess að fara ofan í réttarfarslega hlið þessa máls. Það er auðvitað ekki hægt að una því að aðstæður manna séu eins og þær sem lesa má út úr þrautagöngu eigenda jarðarinnar Eiðis á Langanesi í samskiptum sínum við stjórnvöld og réttarkerfið. Það getur ekki verið svo, herra forseti, að landeigendur séu sviptir með öllu möguleikum til þess að ná rétti sínum, fá mál sín upp tekin og um þau fjallað og réttilega í þeim dæmt. Hvað sem um þau málsatvik eða málsaðstæður má segja að öðru leyti, og ætla ég ekki að blanda þeim sérstaklega inn í þetta mál, þá er eitt víst og það er að það gengur ekki í réttarríki að stjórnvöld semji rétt af þegnum sínum og ryri þannig eignir manna að þeir komi þar engum vörnum við. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. ef hann nær að hlýða á mál mitt og ég veit að hann er hér á mælendaskrá: Hefur hæstv. utanrrh. kynnt sér sögu þess máls? Telur hæstv. utanrrh. að það gangi í réttarríki að menn séu settir í þær aðstæður eins og uppi eru í málefnum eigenda jarðarinnar Eiðis, að þeir eigi að sitja þar uppi með mengunina og viðskilnaðinn eins og hann er, óbættir hjá garði, og hafi engar leiðir til þess að leita réttar síns? Yrði það niðurstaða dómstóla að þeim bæri ekki réttur í þessum efnum, væri það þó niðurstaða löglega, skulum við ætla, fram gengin eða fengin, af þar til bærum yfirvöldum. En að málin geti legið afvelta eins og gildir í því tilviki er auðvitað algerlega óþolandi. Það kann vel að fara svo að í fleiri tilvikum reyni á þetta á næstunni. Segjum nú svo að ekki náist neitt samkomulag um yfirtöku landeigenda á svæðunum í kringum Keflavíkurflugvöll. Hvernig á þá að fara með þau mál? Verður ekki að vera einhver farvegur fyrir úrlausn deilumála af því tagi og hægt að setja þá hluti niður? Ég held að þeir tímar, herra forseti, séu liðnir að stjórnvöld geti farið með þessi mál eins og þeim sýnist og landsmenn, almenningur, landeigendur eða sveitarfélög láti bjóða sér slíkt að ekki sé hægt að fá niðurstöðu í mál af þessu tagi bara af því að í hlut eigi íslenska ríkið annars vegar og hinir voldugu samstarfsaðilar á hina hliðina, þ.e. Bandaríkjaher og bandarísk stjórnvöld og sá þagnarmúr sem um þessi samskipti hefur verið lukinn. Það gengur ekki, herra forseti. Þeir tímar eru liðnir alls staðar annars staðar. Þar þykir sjálfsagt mál að menn sæki rétt sinn í þessum efnum og náist hann ekki fram í frjálsum samningum þá hafa menn iðulega knúið hann fram í gegnum dómstóla og þeir tímar hljóta þá að vera handan við hornið á Íslandi að slíkt verði gert af okkar hálfu. Mér er ómögulegt að sjá að íslenskir dómstólar geti daufheyrst við því út í það endalausa að taka slík mál fyrir. Þá er orðið eitthvað meira en lítið brogað í okkar réttarfari.

Rétt í lokin og til gamans, herra forseti, þá hafa ýmsir komið að þessu máli í gegnum tíðina. Það vill svo til að ég hef í höndunum bréf sem þáv. hæstv. umhvrh. og núverandi formannsefni Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, ritaði ekki ómerkari manni en sjálfum William Perry varnarmálaráðherra Bandaríkjanna í marsmánuði 1995 þar sem hann reyndi að koma að málefnum landeigenda jarðarinnar Eiðis og vekja athygli bandarískra stjórnvalda á viðskilnaði Bandaríkjahers þar og hvernig réttarstaða landeigendanna væri þar fyrir borð borin. Ekki veit ég hverjar urðu lyktir eða afdrif þeirra bréfaskrifta eða hvort við þeim bárust nokkur svör. En hinu finnst mér, herra forseti, nauðsynlegt að halda til haga að hvað sem líður samskiptum íslenskra og bandarískra stjórnvalda í þessum efnum og þó svo menn vilji halda í heiðri það sem hæstv. utanrrh. kom inn á fyrr í umræðum í dag, að við eigum auðvitað ekki að heimta peninga fyrir aðstöðu hér sem við leggjum til sem okkar hluta af þessum samskiptum, þá má ekki fara þvílíku offari í þeim efnum að réttur borgara ríkisins, landeigenda eða sveitarfélaga sé fyrir borð borinn og að við Íslendingar verðum af því sem kallast mætti sanngjörn leiðréttíng okkar mála. Það þykir alls staðar annars staðar í kringum okkur sjálfsagður hlutur að menn í ljósi nýrra viðhorfa í umhverfismálum, í ljósi nýrra vísindalegra upplýsinga um hve hættuleg þessi mengun getur verið taki tillit til þessa. Þarna eiga í hlut í sumum tilvikum eins og t.d. á Heiðarfjalli bráðdrepandi efni, stórhættuleg og bráðdrepandi efni. Við svo búið má auðvitað ekki við standa, herra forseti, að allir hagsmunir okkar séu fyrir borð bornir í þessum efnum.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu, þó svo hún mæli fyrir um aðgerðir sem umhvrh. mundi annast, vísað til hv. utanrmn. þar sem málefni varnarsvæðanna heyra stjórnsýslulega undir utanrrn. og eðlilegt er jafnframt að þessar tvær tillögur fylgist að.

[16:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hafði þegar hafið mál mitt í þessari umræðu og biðst aftur afsökunar á því en vil koma þá beint að Heiðarfjallsmálinu sem hv. þm. hefur rætt allítarlega og er orðið langt og á margan hátt fróðlegt mál. Fá svæði á Íslandi hafa verið rannsökuð jafnítarlega og það svæði án þess að nokkurrar mengunar yrði vart nema eftir eina sýnatöku sem landeigendur stóðu fyrir og umhvrn. hafnaði og taldi óvandaða á sínum tíma. Vegna staðhæfinga í greinargerð með tillögunni um að mengun hafi verið staðfest á Heiðarfjalli er nauðsynlegt að rekja nokkuð þær umfangsmiklu rannsóknir sem fram hafa farið á fjallinu. Tímans vegna verður aðeins

fjallað um rannsóknir sem gerðar voru eftir 1990 en af nógu er að taka fyrir þann tíma.

Umhvrn. stóð fyrir umfangsmiklum rannsóknum á Heiðarfjalli frá 1990–1994 undir forustu sérstakrar þriggja manna nefndar og mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Þar var allt rannsakað sem hægt var að rannsaka. Ítarlegar rannsóknir sýndu að engar upplýsingar höfðu fram komið um mengun á svæðinu umfram það sem algengt er í íslensku grunnvatni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að meðferð sorps þar hefði verið í samræmi við það sem almennt gerðist á Íslandi á þeim tíma. Enn frekari rannsókn með jarðgasleitartæki leiddi í ljós að á nokkrum svæðum hafi mátt greina nokkru meira magn lífrænna efna en annars staðar. Þessar niðurstöður gáfu að áliti vísindamanna ekki til kynna útbreidda alvarlega mengun en útilokuðu ekki að hættulegt efni væri að finna í haugnum. Úr því yrði hins vegar ekki skorið nema með frekari rannsóknum.

Þegar að þeim rannsóknum kom í september 1991 synjuðu landeigendur Hollustuvernd og Orkustofnun um aðgang að landinu til sýnatöku. Landeigendur hafa jafnframt hafnað beiðni utanrrn. og varnarliðsins um að fá að hreinsa yfirborðsrusl af fjallinu og harma ég það.

Árið 1993 rannsökuðu mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins vatnssýni og komust að þeirri niðurstöðu eftir rannsóknir hér á landi og erlendis að styrkur allra efna sem rannsökuð voru væru langt undir viðmiðunarmörkum, vatn væri vel drykkjarhæft og ekki fundust þrávirk halógenlífræn efni í þeim sýnum sem tekin voru á haugnum. Þá reyndist blýinnihald lindarvatns á Heiðarfjalli undir greiningarmörkum í rannsókn umhvrn. árið 1994. Með þeirri rannsókn taldi umhvrn. rannsóknum á lindarvatni Heiðarfjalls lokið og ekki væri ástæða til frekari athugana því að ekkert hefði komið fram sem benti til að lindarvatn á svæðinu væri mengað.

Ég vil taka fram vegna þess sem hv. þm. spurði mig um um rétt landeiganda að þeirri jörð sem þarna átti hlut að máli, að þeir komu á minn fund fyrir löngu síðan og fóru fram á greiðslur, skaðabætur frá ríkinu og það liggur alveg ljóst fyrir að ef um skaðabætur á að vera að ræða þá verður að beina þeirri skaðabótakröfu að íslenska ríkinu. Ég sagði sem rétt var að ég gæti ekki sem utanrrh. reitt fram skaðabætur í einhverju samtali við þá. Það gæti aðeins gerst að mínu mati með málaferlum þeirra á hendur íslenska ríkinu og hvatti þá reyndar til að fara í slíkt mál sem þeir að sjálfsögðu geta farið í. Þeir verða að beina því máli gegn íslenska ríkinu. En þeir verða þá að sýna fram á tjón sem þeir hafa orðið fyrir.

Hv. þm. ræddi einnig um Stokksnes og vitnaði þar í nýlega frétt. Það er rétt að nýlega var haldinn fundur austur á Hornafirði um þau mál sem var að frumkvæði utanrrn. vegna þess að við viljum koma málum þar í lag og þau eru í megnasta ólagi. Unnið er að því að gera verkefnaáætlun í samstarfi varnarliðsins og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja í samráði við bæjarstjórnina á Höfn, og þar sem annars staðar ber varnarliðinu að fara að íslenskum lögum og reglum.

Það má segja að sjálfsagt hefði verið hægt að nýta þessi mannvirki ef vel hefði verið staðið að málum fyrr á árum. Það er ekki hægt í dag nema þá að afar litlu leyti. Þarna er um afar fagran stað að ræða, einn fallegasta stað á landinu að mínu mati, og þarna er um mikla sjónmengun að ræða og mikilvægt að þar verði bætt úr. Við viljum að sjálfsögðu standa faglega að því og þess vegna er þessi verkefnaáætlun komin í gang og við erum að vinna að málinu.

Á Bolafjalli varð eitt einangrað mengunaróhapp árið 1989 eða áður en ratsjárstöðin þar var formlega tekin í notkun og formlegt eftirlit af hálfu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja hófst. Samkvæmt upplýsingum heilbrigðiseftirlitsins má ætla að eldsneytisolía sem lak niður þá hafi að mestu leyti brotnað niður nú.

Ég vil jafnframt taka fram út af Gunnólfsvíkurfjalli að Ratsjárstofnun hefur kappkostað að aðstoða heimamenn við vatnstöku við rætur fjallsins en ekki var mögulegt að taka þar vatn fyrr en vegur var lagður upp á fjallið sem var gert þegar ratsjárstöð var byggð þar. Njóta heimamenn góðs af því í dag og hafa fengið betra vatn, eftir því sem ég best veit, en þeir hafa áður notið.

Í tillögunni sem hér er til umræðu er lagt til að fram fari úttekt á lagalegum álitaefnum tengdum umhverfismálum og veru varnarliðsins. Erfitt að sjá ástæðu til þess. Eins og ég hef rakið hefur stjórnsýsla þessara mála verið ágæt undanfarin ár og brugðist hefur verið hratt og vel við öllum athugasemdum og mál verið rannsökuð í þaula. Um hina lagalegu stöðu er að öðru leyti enginn vafi. Varnarliðið ber ábyrgð á mengun sem stafar af frágangi sorps þess sem frá því hefur komið og urðað hefur verið á varnarsvæðunum eða fargað þar með öðrum hætti. Samkvæmt íslenskum lögum er sú ábyrgð takmörkuð í tíma við tíu ár. Þá er það almenn regla við mengunartjón í nágrannalöndum okkar að tjón frá sorpi í jörðu er ekki bótaskylt ef frágangur þess var í samræmi við fyrirmæli opinberra aðila á þeim tíma sem gengið var frá sorpinu eða ef urðunarstað var lokað í samræmi við gildandi reglur. Bótakröfum er unnt að beina til skaðabótanefndar sem úrskurðar samkvæmt varnarsamningnum um kröfu vegna tjóns sem rekja má til bótaskyldrar háttsemi varnarliðsins. Slíkar kröfur greiðast svo af varnarliðinu og íslenska ríkinu í samræmi við ákvæði varnarsamningsins.

En til að unnt sé að fá bótakröfu greidda þarf að hafa orðið tjón. Í því sambandi nægir ekki að vitna til hárra fjárhæða sem kunna að hafa verið greiddar eða bóta fyrir tjón í öðrum löndum. Aðili, t.d. á Heiðarfjalli, verður að sanna og þá fyrir íslenskum dómstólum að hann hafi orðið fyrir tjóni.

[16:17]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Aðeins fáein orð að lokum um þessi mál. Þó að hæstv. utanrrh. hafi haft uppi eins og vænta mátti tilburði til að verja og réttlæta framgöngu íslenskra stjórnvalda og þá auðvitað fyrst og fremst þess ráðuneytis sem hann hefur stýrt um nokkurt árabil í þessum efnum held ég að allmörg álitamál standi eftir og að nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir um það að full tilefni séu til þess að fara yfir þessi mál í heild sinni af okkar hálfu.

Mér er hins vegar vel ljóst að þau mál öll eru í afar mikilli nálægð við pólitískt viðkvæma hluti sem gerðu það að verkum að ég var svo sem aldrei bjartsýnn á að það yrði auðveldur róður að fá slíkt í gegn. Ég batt þó og bind reyndar enn vissar vonir við að m.a. breytt viðhorf til umhverfismála og aukinn skilningur á því hversu alvarlegir þeir hlutir séu geri það að verkum að menn fari að líta á þessa hluti í nýju ljósi og dropinn muni hola steininn og menn muni komast að þeirri niðurstöðu hér að við rétt eins og aðrar þjóðir þurfum að gera upp við þetta tímabil. Almenningsálitið og viðhorf hafa gjörbreyst.

Ég tek undir það sem kom fram fyrr í umræðum í dag að ég treysti því að framkvæmd þessara mála sé með allt öðrum og betri hætti í dag en hún var fyrir 10, 20, 30 árum. Satt

best að segja trúi ég því staðfastlega að nú eigi sér ekki stað hlutir af því tagi sem þá voru alsiða. Vissulega var margt í eigin framgöngu ekki til fyrirmyndar og enginn sómi að. Þó ég hefði ekki mikil samskipti við herstöðina á Heiðarfjalli og minnkandi áhuga eftir því sem ég komst til vits ára að hafa saman við hana að sælda, þá náði ég þó að koma þar í nágrennið nokkrum sinnum á meðan hún var starfrækt. Ég sá t.d. þau ósköp sem viðgengust í sambandi við meðferð á sorpi og hvernig á opna ruslahauga var hent hverju sem var og þar ægði öllu saman, fyrir utan þá geigvænlegu sóun sem menn urðu þar vitni að. Þar var hent hlið við hlið matarúrgangi, hellt niður olíu, hent rafmagnstækjum, hent rafgeymum, þessu sturtað af bílpöllum á opna öskuhauga þannig að það var undir hælinn lagt hvað sneri upp og hvað sneri niður. Þarna fór fram förgun eða losun stórskaðlegra efna eins og kunnugt er.

Þó að svo kunni að vera að slík efni séu ekki enn mælanleg svo skaðinn sé ekki farinn að koma fram í uppsprettulindum eða grunnvatni neðar á svæðinu vegna þess að þarna var um að ræða losun á hauga á nokkuð þurrum stöðum í sumum tilvikum og að hluta til var mokað yfir haugana jafnóðum þannig að það er ekki öll sú mengun sýnileg á yfirborði í dag, þá óttast ég mjög að þar geti átt eftir að koma fram alvarlegir hlutir síðar.

Hæstv. ráðherra staðfesti viðskilnaðinn á Stokksnesi og hvernig menn líta á þá hluti og heimamenn hafa þar verið að knýja á um úrbætur. Það er gott og vel ef vilji er fyrir hendi að taka þar á málum og út af fyrir sig treysti ég því að hæstv. utanrrh. reki trippin a.m.k. í því tilviki enda honum málið skylt og svæðið honum kærkomið. En eftir stendur að á þessum stöðum og fleirum er ástæða til að taka til hendinni. Sama gildir um Straumnesfjall. Ég held að alveg ástæðulaust sé að nota þær ömurlegu rústir sem þar eru sem vettvang fyrir fleiri kvikmyndir eða kvikmyndasenur og það væri hreinsun að því að koma þeim út úr heiminum.

Herra forseti. Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að halda þessum málum áfram á dagskrá og ég tel sjálfsagt mál að hæstv. utanrmn. vísi þessum málum til umhvn. og svo vel ber einnig í veiði að hæstv. umhvrh. er kominn til þingfundar. Ég treysti því að hæstv. umhvrh. hafi fylgst með þessum málum og leggi því lið fyrir sitt leyti að hugað verði að þessum málum frá umhverfishliðinni og þeim komið í einhvern farveg.

[16:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta hefur verið löng og mikil umræða um umhverfismál sem tengjast veru varnarliðsins hér á landi og ég tel að þetta hafi verið ágæt og nauðsynleg umræða. Ekki ætla ég að halda því fram í lok umræðunnar að þarna sé allt í lagi. Ég vil ekki að mál mitt sé skilið þannig að svo sé. Þarna hefði margt mátt betur fara.

Hv. þm. nefndi aðstæður á Straumnesfjalli. Ég kom þangað og gekk þar um húsarústir og skoðaði þær fyrir tveimur árum, ekki vegna þess að ég gerði mér sérstaklega ferð þangað sem utanrrh. heldur sem áhugamaður um útivist. Ég tel að þar hafi verið skilið afar illa við. Þær eignir voru seldar eftir því sem ég best veit og einstaklingar tóku við þeim eignum. Þar var að sjá m.a. afganga af skjalasafni stöðvarinnar, sem ég vænti að sé nú ekki mikið af hernaðarleyndarmálum í, en það hafði hvorki verið brennt eða fjarlægt.

Hitt er svo annað mál að þegar gengið er um þessar eyðibyggðir er svipuð sjón á öðrum stöðum og af öðrum ástæðum, t.d. Hvalstöðin nokkru innan við Hesteyri, ekki svo óskaplega langt sunnan við. Þar eru rústir sem eru ekki fagrar að sjá og falla ekki inn í umhverfið. Það eru vissulega minjar um fyrri tíma, ef minjar skyldi kalla, eða leifar sem eru ekki til fyrirmyndar víða á landinu. Það á ekki eingöngu við um veru varnarliðsins eða veru Breta hér á landi á sínum tíma. Auðvitað eru þessar rústir á Straumnesfjalli að eyðast smátt og smátt vegna þess að þar eru mikil veður og þær munu að einhverju leyti hverfa umfram það sem nú er.

Það er leitt til þess að vita að geta ekki gengið betur um á Heiðarfjalli. Það er mikil ástæða til að hreinsa þar betur til. Sama má segja um Stokksnes, það hefur dregist allt of lengi að ganga þar frá málum og verður reynt að bæta úr því. Ég vil því alls ekki gera lítið úr þeirri sjónmengun sérstaklega sem víða er. En að því er varðar mengun í jarðvatni og í jarðvegi þá er það nú svo að sjálfsagt leynist einhver mengun í jarðvegi í kringum þessar stöðvar og ég þekki vel til þess hvernig gengið var um úrgang og sorp á Stokknesi á sínum tíma. Þar var einfaldlega öllu sturtað í sjóinn hvað svo sem það var og rak það á fjörur og inn um Hornafjörð og inn um eyjar og út um sund. Þessi úrgangur var oft og tíðum leikföng barnanna þannig að þetta var svo sem ekki til mikillar fyrirmyndar.

En þannig var gengið frá málum á þessum tíma. Þeir aðilar sem þarna störfuðu voru ekkert einir um það. Íslendingar gengu ekki betur um land sitt og umhverfi. Þeir voru ekkert betri. Þetta var bara tákn þess tíma og svona var gengið um á þessum tímum. En þarna hefur sem betur fer orðið mikil breyting á og mikilvægt er að reyna að hreinsa sem best til á þessum svæðum.

En ég bið hv. flm. að muna að það á líka við um ýmislegt annað í landinu sem tengist ekki endilega veru varnarliðsins. Varnarliðið er ekki eini aðilinn sem hefur einhvern tíma gengið illa um land okkar. Þess vegna vil ég ekki skilja við umræðuna án þess að á það sé bent. Við þurfum að ræða þessi mál út frá sjónarmiði umhverfismála en ekki að því er varðar afstöðuna til varnarliðsins eða afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins. Það finnst mér vera allt annað mál.

En ég vil sem utanrrh. ganga fram í því að reyna að bæta þarna úr eftir því sem hægt er. Sumt er þannig vaxið að við höfum tekið málið að okkur eins og á Straumnesfjalli. Þessar eignir hafa verið seldar. Ef þar á að hreinsa til umfram það sem þegar hefur verið gert þá verður væntanlega að gera það á kostnað okkar Íslendinga sjálfra, svo að það sé ljóst. Ég tel að það verði ekki sótt á hendur þeirra aðila sem þar voru á sínum tíma.

Ég vil svo að lokum þakka fyrir umræðuna sem ég tel að hafi verið nauðsynleg og vonandi varpað nokkru ljósi á ástand þessara mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:28]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuuppbygging og þróun vistvæns samfélags í Hrísey, 471. mál, þáltill. ÁSJ o.fl., þskj. 750.

Úthlutun fjár til hitaveitna á köldum svæðum, 479. mál, þáltill. ÁSJ, þskj. 759.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál (úrskurðir, undanþágur, teikningar, deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 698.

[16:29]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Hinn 1. jan. 1998 öðluðust gildi ný skipulags- og byggingarlög sem komu í stað skipulagslaga frá 1964 og byggingarlaga frá 1978. Framkvæmd laganna byggist að verulegu leyti á setningu reglugerða og er þá fyrst og fremst um að ræða tvær reglugerðir, annars vegar skipulagsreglugerð og hins vegar byggingarreglugerð.

Þessar reglugerðir tóku báðar gildi í júlí 1998. Við gerð þeirra, sérstaklega byggingarreglugerðar, komu í ljós ýmsir agnúar á lögunum sem nauðsyn ber að sníða af auk þess sem nú er fengin tveggja ára reynsla af framkvæmd laganna sem hefur leitt í ljós nokkra vankanta.

Frá því að skipulags- og byggingarlög öðluðust gildi 1. janúar 1998 hafa tvisvar sinnum verið gerðar á þeim breytingar. Annars vegar með lögum nr. 58/1999, í tengslum við skipulag miðhálendisins. Hins vegar með lögum nr. 117/1999 rétt fyrir síðustu jól en þá voru lögfest ákvæði varðandi gildi deiliskipulaga sem ekki höfðu fengið lögformlega meðferð samkvæmt eldri lögum, réttindi iðnmeistara sem ekki höfðu farið í meistaraskóla en eru með meistarbréf og ákvæði sem heimilar tilfærslu verkefna frá byggingarnefnd til byggingarfulltrúa. Ekki vannst tími til þess að vinna að öllum nauðsynlegum breytingum á lögunum fyrir áramót og því er frv. það sem ég mæli hér fyrir nú lagt fram.

Frv. er samið í umhvrn. í samráði við fjölmarga aðila eins og fram kemur í athugasemdum með því. Þau atriði sem komu til endurskoðunar og teljast til efnisatriða eru m.a. að lagt er til að komi upp ágreiningur milli stjórnvalda sé það umhvrh. að skera úr um hann. Samkvæmt 8. gr. laganna er það hlutverk úrskurðarnefndar að fjalla um öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma við framkvæmd laganna. Ekki er gert ráð fyrir afskiptum umhvrh. af málum samkvæmt lögunum eins og var fyrir gildistöku þeirra 1. janúar 1998. Vera kann að betur fari á að ágreiningur sem upp kann að koma milli stjórnvalda um framkvæmd laganna heyri undir umhvrh., t.d. ágreiningur á milli sveitarstjórna og Skipulagsstofnunar, samanber t.d. ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, en sérstök úrskurðarnefnd sem starfar samkvæmt þeim fjallar ekki um slík mál, svo sem um valdmörk stofnana.

Í 5. gr. er lagt til að úrskurðarnefnd hafi þrjá mánuði til að kveða upp úrskurð í stað tveggja mánaða, enda oft um tímafrek mál að ræða. Málafjöldi hefur aukist verulega eftir að nefndin tók til starfa. Þau voru um 60 talsins á síðasta ári en meðan ráðherra úrskurðaði í þessum málum voru þau 20–25 á ári þegar mest var. Þá er enn fremur í 5. gr. lögð til orðalagsbreyting á 5. mgr. 8. gr. laganna í tengslum við kröfu um stöðvun framkvæmda. Í gildandi lögum segir að úrskurðarnefnd skuli úrskurða „þegar í stað", en lagt er til að orðalaginu verði breytt í „eins fljótt og kostur er". Ljóst er að fara verður eftir stjórnsýslulögum þegar óskað er eftir stöðvun framkvæmda þannig að reikna má með að einhver tími farið í meðferð málsins.

Í 6. gr. er lagt til að ráðherra geti að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum skipulagsreglugerðar og í 15. gr. frá einstökum ákvæðum byggingarreglugerðar. Slík ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum og sú leið hefur verið farin í byggingarreglugerð að ráðherra geti veitt tímabundnar undanþágur í allt að eitt ár, mæli ríkar ástæður með því. Þá er yfirleitt um að ræða undanþágur til þess að koma málum í það horf sem byggingarreglugerð kveður á um.

Í vissum tilvikum kann að vera réttlætanlegt að veita undanþágur frá ákvæðum skipulags- og byggingarreglugerðar og er eðlilegt að ráðherra sem setur reglugerðirnar hafi slíka undanþáguheimild. Þetta er í samræmi við aðra löggjöf á sviði umhverfismála svo sem lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 8. gr. frv. er lögð til breyting á 2. málsl. 3. mgr. 19. gr. gildandi laga á þann veg að ráðherra skuli áður en hann tekur ákvörðun um staðfestingu aðalskipulags athuga hvort efnisgallar og/eða formgallar séu á gerð skipulags. Sé um slíkt að ræða ber ráðherra að leita umsagnar sveitarstjórnar áður en hann tekur ákvörðun um hvort hann staðfestir aðalskipulagið, frestar staðfestingu eða synjar henni.

Eins og málum er háttað í dag staðfestir ráðherra skipulagsuppdrátt en athugar einungis hvort formgallar séu á afgreiðslu málsins. Ráðherra fer hins vegar ekki yfir efnisatriði. Úrskurðarnefnd samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur vísað máli frá vegna kæru þar sem niðurstaða nefndarinnar var að hún gæti ekki úrskurðað í málum sem ráðherra staðfestir því að nefndin væri ekki sett ofar ráðherra heldur hliðsett stjórnvald. Nefndin fjallar hins vegar um ágreining sem rís um deiliskipulag en deiliskipulög eru ekki staðfest af ráðherra. Með þessu er verið að koma málum þannig fyrir að ráðherra geti tekið efnislega afstöðu til athugasemda sem borist hafa við aðalskipulag en ekki aðeins til formsins.

Í 12. gr. er lagt til að við 5. tölul. 34. gr. bætist nýr málsliður sem heimilar landeigendum og framkvæmdaraðilum að hafa frumkvæði að deiliskipulagi á eigin kostnað. Oft hefur verið gagnrýnt að landeigendum eða framkvæmdaraðilum sé ekki heimilt að hafa frumkvæði að deiliskipulagi á eigin kostnað en ákvæði þar að lútandi var sett inn í skipulagsreglugerð og þykir rétt að tryggja lagalegan grundvöll ákvæðisins. Í þessu tilviki er rétt að benda á að sveitarfélög leggja oft meiri áherslu á deiliskipulag annarra reita en landeigendur sem vilja t.d. ráðstafa landi sínu undir sumarbústaði. Því er ekki óeðlilegt að þeir hafi slíka heimild og kosti þá deiliskipulagið sjálfir að öllu leyti.

Í 2. mgr. 35. gr. gildandi laga kemur fram að ekki skuli greitt skipulagsgjald af mannvirki sem ekki er háð byggingarleyfi að undanskildum stofnkerfum rafveitna, vatnsveitna, hitaveitna og fjarskipta utan þéttbýlis. Engin ástæða er til þess að undanþiggja framkvæmdir þessari greiðslu þótt ekki þurfi byggingarleyfi. Eitt verður yfir alla að ganga eigi samræmi að nást og er lögð til breyting á þessu í 13. gr. frv. Í staðinn fyrir hugtakið stofnkostnaður er lagt til í 13. gr. að notað verði hugtakið heildarkostnaður. Með því er átt við allan kostnað við gerð mannvirkis, þar á meðal við verkframkvæmd, hönnun og eftirlit. Hins vegar þykir ekki rétt að kostnaður við rannsóknir komi inn í skipulagsgjald enda framkvæmdaraðili oft að vinna grunnrannsóknir sem nýtast einnig öðrum.

Við framkvæmd nýrra laga hefur helst verið gagnrýnt að byggingarleyfi þurfi fyrir hverri einustu framkvæmd, svo sem lítils háttar breytingum á húsum eða ef reistar eru smærri byggingar sem ljóst er að menn muni ekki dveljast í. Í sumum tilvikum kann að vera réttlætanlegt að falla frá kröfu um byggingarleyfi en það verður byggingarnefnd að meta hverju sinni, ekki síst með hliðsjón af grenndarrétti. Í 14. gr. er því lagt til að byggingarnefnd geti veitt undanþágu frá byggingarleyfi sé um smærri byggingar að ræða sem ekki eru ætlaðar til íveru, svo sem verkfæraskúra eða geymsluhús, eða minni háttar breytingar á byggingu.

Í b-lið 16. gr. er lagt til að byggingarnefnd geti með samþykkt sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa leyfi til að gefa út byggingar- og framkvæmdarleyfi fyrir tilteknum minni háttar framkvæmdum. Einnig er lagt til að byggingarnefnd geti með samþykkt sveitarstjórnar veitt byggingarfulltrúa umboð til að veita heimild frá undanþágu frá byggingarleyfi samanber það sem ég sagði um 14. gr. á undan. Gild rök eru fyrir því að fela byggingarfulltrúa afgreiðslu minni mála til þess að flýta fyrir afgreiðslu þeirra.

Í 2. mgr. 42. gr. gildandi laga kemur fram að byggingarefni, raðframleiddar byggingareiningar og hús skuli hafa hlotið vottun faggiltrar prófunarstofu á byggingarsviði um að þau uppfylli ákvæði byggingar- og brunavarnareglugerða, standist staðla og falli að verklagi á sérislenskum aðstæðum áður en heimilt er að nota þau til byggingarframkvæmda. Í 17. gr. frv. er lögð til sú breyting á þessu ákvæði að byggingarvörur, á markaði skuli uppfylla ákvæði reglugerða um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994, ásamt síðari viðbótum.

Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur var sett til að uppfylla skyldur sem Ísland undirgekkst með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipun sambandsins um byggingarvörur hefur að mestu verið óvirk fram að þessu á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem ekki hefur verið unnt að ljúka við gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta því að ákvarðanir lágu ekki fyrir um hvernig standa skyldi að staðfestingu þeirra. Þessar ákvarðanir hafa nú flestar verið teknar af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á grundvelli samþykkta í fastanefnd Evrópusambandsins um byggingarmál. Hins vegar mun vinna við útgáfu samhæfðra staðla og tæknisamþykkta taka nokkurn tíma. Því verður enn bið á að ákvæði reglugerðarinnar um viðskipti með byggingarvörur verði að fullu virk varðandi allar byggingarvörur.

Nokkur vafi hefur leikið á því hvernig túlka beri 7. mgr. 43. gr. gildandi laga. Í fyrsta lagi hefur þótt óeðlilegt að heimilt sé að veita byggingarleyfi í byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag án þess að gera kröfu um að framkvæmdin sé í samræmi við byggingar sem fyrir eru í hverfinu. Því er lagt til, í 18. gr. frv., að tilgreint verði að heimilt sé að veita slíkt leyfi sé framkvæmdin í samræmi við byggingar sem hafa verið reistar í hverfinu. Í öðru lagi hefur þótt óljóst hvort skipulagsnefnd getur tekið ákvörðun um að fjalla ekki um umsókn um leyfi samkvæmt þessari málsgrein og þar með komið í veg fyrir að byggingarnefnd geti veitt leyfið. Rétt þykir að kveðið sé skýrt á um þetta og því lagt til að byggingarnefnd leiti umsagnar skipulagsnefndar. Engu síður verði það skipulagsnefndar að láta fara fram grenndarkynningu. Lagt er til það nýmæli að ekki þurfi að fara fram í öllum tilvikum fjögurra vikna grenndarkynning ef tryggt er að þeir sem eiga hagsmuna að gæta hafi samþykkt framkvæmdina með áritun sinni. Mjög mikilvægt er að áritunin sé á aðaluppdrætti fyrirhugaðra framkvæmda eða breytinga þar sem þá á að vera tryggt að hlutaðeigandi geri sér alveg ljóst hvað hann er að samþykkja.

Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. laganna geta eingöngu einstaklingar orðið hönnuðir og lagt fram uppdrætti fyrir byggingarnefnd. Lagt er til að fyrirtæki þar sem starfa löggiltir hönnuðir geti einnig lagt uppdrætti fyrir byggingarnefnd að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullnægjandi ábyrgðartryggingu. Eðlilegt þykir að fyrirtækjum þar sem löggiltur hönnuður starfar verði heimilt að leggja inn uppdrætti fyrir byggingarnefnd og fyrirtækið taki ábyrgðartryggingu fyrir verkum sem unnin eru í nafni þess og beri almenna ábyrgð á þeim. Algengt er að í fyrirtækjum sem sérhæfa sig í hönnun mannvirkja starfi eigendur þess og eignaraðild að þeim sé dreifð. Rétt þykir því að heimila þeim að bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum fyrirtækisins en ekki að ábyrgðin lendi á nokkrum einstaklingum innan þess eða jafnvel einum.

Í 48. gr. gildandi laga eru kröfur um starfsreynslu þeirra sem hljóta löggildingu sem hönnuðir mismunandi eftir stéttum. Arkitektar þurfa enga starfsreynslu til að fá að gangast undir próf, byggingarfræðingar þurfa 20 mánaða starfsreynslu en aðrar stéttir þriggja ára starfsreynslu til að hljóta löggildingu á sínu sérsviði. Mikillar óánægju hefur gætt hjá Verkfræðingafélagi Íslands, Tæknifræðingafélagi Íslands og fleirum með það að mismikillar starfsreynslu sé krafist eftir stéttum. Engar forsendur eru fyrir því að krefjast mismunandi starfsreynslu eftir að því kerfi hefur verið komið á sem skipulags- og byggingarlög kveða á um, þ.e. að umsækjendur um rétt til að starfa sem hönnuðir sanni þekkingu sína með því að gangast undir próf. Því er lagt til í 21. gr. frv. að allir hönnuðir standi jafnt að vígi hvað varðar kröfur um starfsreynslu og þeir verði að loknum starfsreynslutíma að taka próf og standast. Lagt er til að starfsreynslan verði hjá öllum tvö ár.

Með skipulags- og byggingarlögum var innanhússhönnuðum í fyrsta sinn veitt heimild til að hljóta löggildingu til að gera séruppdrætti á sínu sviði. Í raun hafði þessi löggilding þeirra ekki sömu áhrif og t.d. löggilding tæknifræðinga til að gera séruppdrætti þar sem innra skipulag mannvirkis er hluti af aðaluppdrætti en innanhússhönnuðum er ekki heimilt að að breyta aðaluppdrætti. Því er lagt er til í 22. gr. frv. að innanhússhönnuðum verði heimilt að breyta hluta aðaluppdráttar sem snýr að innra skipulagi og notkun mannvirkis þegar kemur til breytinga á húsnæði. Með slíkan uppdrátt skal fara eins og séruppdrátt skv. 2. mgr. 47. gr.

Í a-lið 24. gr. frv. er lagt til, samkvæmt beiðni Samtaka iðnaðarins, að blikksmíðameisturum, málarameisturum, stálvirkjameisturum og veggfóðrarameisturum verði einnig heimilt að starfa sem byggingarstjórar en eins og lögum er búið í dag hvað varðar iðnmeistara geta aðeins húsasmíðameistarar, múrarameistarar, pípulagningameistarar, vélvirkjameistarar og rafvirkjameistarar orðið byggingarstjórar.

Í 2. tölul. 2. mgr. 51. gr. gildandi laga er kveðið á um að arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára starfsreynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti geti orðið byggingarstjórar. Rétt þykir að krefjast ekki starfsreynslu af þeim frekar en iðnmeisturum skv. a-lið, auk þess sem erfitt er fyrir menn að sýna fram á reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti. Því er lagt til í b-lið 24. gr. að ekki verði krafist starfsreynslu af þessum aðilum.

Í c-lið 24. gr. er lagt til að fyrirtækjum og stofnunum verði heimilt að vera byggingarstjórar. Skv. 51. gr. geta fyrirtæki ekki orðið byggingarstjórar heldur eingöngu einstaklingar. Þetta er bagalegt enda taka fyrirtæki oft að sér byggingarstjórn og er því eðlilegt að breyta greininni þannig að fyrirtæki þar sem starfar aðili sem uppfyllir skilyrði til þess að vera byggingarstjóri geti tekið að sér skyldur byggingarstjóra og þar með þá ábyrgðartryggingu sem lögboðin er. Má segja hið sama um þetta og það sem ég sagði áður um möguleika fyrirtækja að taka á sig ábyrgð hönnuða.

Í 54. gr. gildandi laga segir að sveitarstjórn geti sett sérstaka gjaldskrá um bílastæðagjöld í sveitarfélaginu sem ráðherra staðfestir. Engin ástæða er til þess að ráðherra sé að staðfesta slíka gjaldskrá, enda hefur verið horfið frá því þegar um er að ræða aðrar gjaldskrár sveitarfélaganna, samanber gjaldskrá samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eðlilegt er að sveitarfélögin sjálf sjái um birtingu gjaldskráa og beri alla ábyrgð á gjaldtökunni sem þau taka sjálf ákvörðun um.

Því er lagt til í 27. gr. frv. að gjöldin skuli birt í B-deild Stjórnartíðinda en án afskipta ráðherra. Í 4. mgr. 26. gr. gildandi laga segir að óheimilt sé að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmd hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrr en ólögleg bygging eða byggingarhluti hennar hefur verið fjarlægður, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Það er samdóma álit þeirra sem starfa að þessum málum að þetta ákvæði sé óframkvæmanlegt og að önnur ákvæði laganna eigi að tryggja að ekki sé byggt í trássi við gildandi skipulag svo sem ákvæði um eftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög. Því er lagt til í 28. gr. frv. að þetta ákvæði verði fellt á brott.

Í 29. gr. frv. er lögð til sú breyting á ákv. til brb. í gildandi lögum að heimilt verði að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags og gildi það fram til ársins 2008 en þá skal aðalskipulagi allra sveitarfélaga lokið. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. gildandi laga verður deiliskipulag eingöngu gert á grundvelli aðalskipulags en nauðsynlegt er að hægt verði að gera deiliskipulag á grundvelli svæðisskipulags, ekki síst þar sem mörg sveitarfélög hafa þegar hafið gerð svæðisskipulags án þess að fyrir liggi aðalskipulag. Þetta á einkum við í dreifbýlum sveitarfélögum þar sem umfangsmikil vinna hefur verið lögð í gerð svæðisskipulags.

Í 29. gr. er einnig lögð til ákveðin málsmeðferð varðandi þær byggingarvörur sem falla ekki undir 17. gr. frv. þar sem enn hefur ekki verið lokið við gerð samhæfðra staðla og tæknisamþykkta sem reglugerð um viðskipti með byggingarvörur vísar í, samanber það sem ég greindi frá hér á undan varðandi reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, og er þetta í tengslum við 17. gr. frv. Markmiðið er að leitast við, þar til reglugerðin hefur náð til allra byggingarvara, að vísa framleiðendum og innflytjendum byggingarvara á þá málsmeðferð sem mun gilda um byggingarvörur á Evrópska efnahagssvæðinu í nánustu framtíð.

Virðulegur forseti. Ég hef hér að framan farið nokkuð ítarlega yfir helstu efnisatriði frv. til breytingar á skipulags- og byggingarlögum en sneitt hjá minni háttar atriðum svo sem ýmiss konar lagfæringum. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir þá þætti heldur vísa til ítarlegra athugasemda með einstökum greinum frv.

Ég vil í lokin taka fram að á undanförnum vikum hefur umhvrn. átt í viðræðum við Skipulagsstofnun og Fasteignamat ríkisins um hlutverk þess síðarnefnda samkvæmt lögunum, samanber nánar 13. gr. frv. Að mínu mati kemur vel til greina, þar sem Skipulagsstofnun er ekki háð skipulagsgjaldi vegna reksturs stofnunarinnar, að fela henni í stað Fasteignamatsins að taka við tilkynningum um heildarkostnað við gerð mannvirkja sem ekki eru virt til brunabóta og gefa tollstjóraembættinu fyrirmæli um innheimtuna. Slíkt fyrirkomulag kallar á örfáar breytingar á gildandi lögum. Þetta tel ég eðlilegt að hv. umhvn. athugi sérstaklega.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 7.–8. og 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:51.

82. FUNDUR

mánudaginn 20. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Tilfærsla á aflahlutdeild, beiðni um skýrslu, 462. mál, þskj. 740. *Hvort leyfð skuli.*
3. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 663. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, stjfrv., 452. mál, þskj. 726. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 377. mál, þskj. 633. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 397. mál, þskj. 655. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Rannsókn á mengun við Keflavíkurflugvöll, þáltill., 391. mál, þskj. 649. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, þáltill., 392. mál, þskj. 650. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 430. mál, þskj. 698. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 460. mál, þskj. 738. — 1. umr.
11. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 697. — 1. umr.
12. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 338. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.
13. Stjórn fiskveiða, frv., 144. mál, þskj. 165. — Frh. 1. umr.
14. Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, þáltill., 263. mál, þskj. 334. — Fyrri umr.
15. Almannatryggingar, frv., 266. mál, þskj. 349. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Katrín Fjeldsted, 14. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá hópi sem kallar sig nýja Íslendinga.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Aðstaða til að sækja framhaldsskólanám, 376. mál, svar menntmrh., þskj. 736.

Áhrif framræslu á fuglalíf, 383. mál, svar umhvrh., þskj. 751.

Brunavarnir, 485. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 765.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 486. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 766.

Endurskoðun kosningalaga, 481. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 761.

Framkvæmd skólahalds í framhaldsskólum skólaárin 1996/1997, 1997/1998 og 1998/1999, 487. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 767.

Tekjuskattur og eignarskattur, 484. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 764.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 489. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 771.

Afturköllun þingmála.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur tilkynning um að fsp. á þskj. 734, 458. mál, um póstdreifingu í dreifbýli, hafi verið kölluð aftur. Fsp. er frá Ísólfi Gylfa Pálmasyni. Enn fremur hefur borist tilkynning um að fsp. til sjútvrh. á þskj. 616, 361. mál, um áhrif laga nr. 12/1998 á íslenskan sjávarútveg hafi verið kölluð aftur. Sú fsp. er frá Svanfríði Jónasdóttur.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Sjálfstæði Færeyja.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við höfum undanfarna daga fylgst með því sem átti að verða upphaf viðræðna Færeyinga við dönsk stjórnvöld um samkomulag eða samning um tilhögun mála á leið Færeyinga til sjálfstæðis. Því miður virðist þetta upphaf ekki hafa tekist sem skyldi og mikið ber á milli sjónarmiða.

Nú er það svo að sjálfsögðu að þessi mál verða viðræðuaðilarnir að leysa sjálfir og ég er ekki að taka þetta upp hér á þeim grundvelli að við Íslendingar förum að blanda okkur inn í málin eða taka afstöðu. Hitt er annað mál að við höfum af mjög skiljanlegum ástæðum mikla samúð með málstað frænda okkar Færeyinga og viljum gjarnan styðja þá í því sem þeir ákveða eða vilja sjálfir.

Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að spyrja hæstv. forsrh. hvort hæstv. ráðherra sjái að við Íslendingar eða íslensk stjórnvöld geti haft hlutverki að gegna í þessu sambandi eða miðlað málum á einhvern hátt. Er hæstv. forsrh. tilbúinn til að skoða það að Íslendingar bjóði fram aðstoð sína eða milligöngu annaðhvort nú þegar eða síðar ef það telst heppilegra, a.m.k. láta það liggja ljóst fyrir og yfirlýst af okkar hálfu að kæmi til okkar kasta eða yrði til okkar leitað þá værum við Íslendingar tilbúnir til að reyna að leika þarna hlutverk eða miðla málum eftir því sem aðstæður mundu bjóða?

[15:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Við höfum haft þá stefnu, ríkisstjórnin, eins og ég hygg langflestir Íslendingar að mál Færeyinga um sjálfstæðisvilja þeirra og viðleitni hljóti að vera mál þeirra sjálfra. Við vitum að þetta er umdeilt mál heima hjá þeim. En um leið og við höfum haft þessa stefnu þá höfum við líka haft þá stefnu að leiti réttkjörin stjórnvöld í Færeyjum okkar atbeina á hverjum tíma til þess að ná sínum málum fram þá viljum við veita þeim þann atbeina sem við megum.

Það er rétt hjá hv. þm. að það var augljóst að Færeyingum vinum okkar þóttu þeir kostir sem við þeim blöstu í Kaupmannahöfn á dögunum nokkuð harðir. Ekki skal ég

fjalla um það en ég held að mér sé óhætt að segja án þess að það hafi verið rætt í ríkisstjórn að ef aðilarnir báðir mundu til okkar leita um milligöngu í þessu mikilvæga máli þá mundum við ekki skorast undan slíku. Ég hygg að það sé varlegast að hafa ekki stærri eða meiri orð um það. En við mundum ekki að fyrra bragði sýna neina framhleypni hvað það varðar heldur mundum við eingöngu ef til okkar yrði leitað af báðum aðilum, að sjálfsögðu ekki skorast undan því að veita okkar atbeina í máli af þessu tagi sem við þekkjum náttúrlega töluvert til. Við viljum Færeyingum allt hið besta. Það er mjög rík samúð með sjónarmiðum þeirra á Íslandi. En ég hygg að ég taki ekki dýpra í árinni en þetta.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Mér er vel ljóst að það er tæplega við hæfi að svara þessu öðruvísi eða ekki við því að búast að hæstv. forsrh. gangi lengra en svo að lýsa því yfir að yrði eftir því leitað þá værum við Íslendingar tilbúnir til að gegna þarna milligönguhlutverki. Ég vísa einnig í því sambandi til þeirrar ríku hefðar sem er fyrir því í samstarfi Norðurlandaþjóða að bjóða fram aðstoð eða miðla málum ef upp koma vandamál í samskiptum af því tagi sem við erum hér að tala um. Fyrir því er löng hefð að hinar norrænu þjóðir reyni að stuðla að góðum samskiptum og farsælum málalyktum þegar uppi eru viðkvæm samskiptamál af því tagi sem þarna eru augljóslega í núverandi viðræðum, eða sem áttu að verða, milli færeyskra ráðamanna og danskra stjórnvalda um þessi mál.

Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og ég lýsi því fyrir mitt leyti yfir að ég held að það sé engin spurning að við Íslendingar eigum að láta það liggja alveg ljóst fyrir að við séum tilbúnir til þess að aðstoða eftir því sem við frekast gætum í þessum efnum.

Mannréttindabrot í Tsjetsjeníu.

[15:08]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mánuðum saman hafa borist fréttir af ófriði og grófum mannréttindabrotum í Tsjetsjeníu. Rússneski herinn hélt sleitulaust og vikum saman uppi loftárásum á byggð ból í Tsjetsjeníu, þar á meðal á höfuðborgina Grosní með þeim afleiðingum að borgin sem áður hýsti um 400 þúsund manns er nú nánast tóm. Talið er að innan við 20 þúsund manns séu eftir í borginni og fulltrúar í sendinefnd Evrópuráðsins hafa lýst eyðileggingu borgarinnar þannig að hún hafi verið eyðilögð skipulega.

Þegar Rússar byrjuðu að hafa í hótunum fyrir síðustu áramót um að engu yrði eirt ef skæruliðar gæfust ekki upp og í framhaldinu þegar mörg hundruð þúsund manns voru hrakin frá heimilum sínum krafðist þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs þess að Íslendingar og þá hæstv. utanrrh. fyrir okkar hönd kæmi á framfæri hörðum mótmælum við Rússa.

Nú vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvað hafi verið gert í þessu efni og hvað standi til að gera.

Í annan stað vil ég spyrja um mannúðarhjálp gagnvart Tsjetsjenum. Hvernig geta Íslendingar lagt sitt lóð á vogarskálar í því efni og hvað hefur verið afráðið í þeim efnum?

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við Íslendingar höfum fyrst og fremst fylgst með þessu máli á vettvangi þeirra alþjóðastofnana sem við eigum aðild að og þá fyrst á vettvangi Evrópuráðsins, en eins og kunnugt er var einn hv. þm., Lára Margrét Ragnarsdóttir, með í þeirri eftirlitsnefnd sem fór til Tsjetsjeníu til þess að yfirfara mál þar sem var mjög mikilvægt. Þannig var Evrópuráðinu gefinn aðgangur að málinu og síðan verður það metið á vettvangi Evrópuráðsins, ekki eingöngu á vettvangi þingmanna heldur líka á vettvangi utanríkisráðherranna. En utanríkisráðherrafundur Evrópuráðsins verður að vísu ekki fyrr en í maímánuði.

Þessi mál hafa jafnframt verið rædd á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og fulltrúar Atlantshafsbandalagsins hafa átt viðræður við Rússa í þessu sambandi. Ég átti fyrir nokkru kvöldverðarfund með Avdeev, fyrsta aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands, í Moskvu þar sem við ræddum þetta mál allmikið og ég lýsti yfir miklum áhyggjum af framvindu mála þar. Vandamálið í þessu felst ekki síst í því að það er erfitt að finna samningsaðila í Tsjetsjeníu til að semja við. Auðvitað eru þeir fyrir hendi og á það hefur margoft verið bent.

Að því er varðar mannúðarhjálp þá hafa alþjóðlegar mannúðarstofnanir margboðið fram aðstoð og það mun ekki standa á því. En Rússar hafa hingað til staðið í vegi fyrir því að mannúðarhjálp bærist skipulega. Vonandi munu þeir láta af þeirri andstöðu og sérstaklega eftir eftirlitsferð Evrópuráðsins er alveg ljóst að það er mikil þörf á þeirri aðstoð þannig að við Íslendingar munum halda áfram að fylgjast með þessu máli og ræða það á alþjóðavettvangi þar sem við höfum tækifæri til.

[15:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Sérstaklega finnst mér mikilvægt að heyra að það er vilji til að kanna hvernig við getum komið að mannúðarstarfi. Það er góðra gjalda vert að við látum til okkar taka í samfélagi með öðrum þjóðum og þá ekki síst Evrópuráðsþjóðunum.

Ég set ákveðið spurningarmerki við starf okkar á grundvelli NATO-samstarfsins því að reynslan sýnir okkur að þar vega þyngra þröngir eiginhagsmunir NATO-ríkjanna. Mannúðarsjónarmiðin eru hins vegar víkjandi.

Ég tel mjög mikilvægt að Íslendingar afsali sér ekki eigin dómgreind og eigin sjálfstæði og þótt það kunni að vera alveg rétt að það sé erfitt að finna samningsaðila í Tsjetsjeníu þá eigum við að beina skeytum okkar fyrst gegn þeim sem heldur um byssugikkinn gagnvart Tsjetsjeníu. Það eru Rússar og að sjálfsögðu eigum við að koma hörðum og eindregnum mótmælum á framfæri við Rússa sem eru ábyrgir fyrir mannréttindabrotum í Tsjetsjeníu.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Við erum á engan hátt að afsala okkar sjálfstæðum skoðunum í þessu máli þó að við vinnum að þeim á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Ég tel afar mikilvægt að halda samskiptum Atlantshafsbandalagsins og Rússlands gangandi. Ég tók það jafnframt fram að við hefðum rætt þessi mál beint við Rússa og vitnaði þá til nýlegs fundar sem ég átti í Moskvu. En það er alveg ljóst að Rússar hafa jafnframt miklar áhyggjur af framvindu mála og þeir hafa sýnt a.m.k. lit að undanförnu til að hleypa alþjóðasamfélaginu að þessu

máli og ég tel útilokað að lausn náist í þessu mikilvæga máli án atbeina alþjóðasamfélagsins.

Hins vegar er alveg ljóst að uppbyggingarstarf og það að koma á friði í þessu hrjáða landi mun taka langan tíma. Þar er mikið starf fyrir höndum og mikilvægt er að vita til þess að áhugi skuli vera á hv. Alþingi fyrir því að við Íslendingar tökum þátt í því uppbyggingarstarfi sem hlýtur að verða þarna fram undan.

[15:14]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör en ég vil vekja athygli þingheims á orðfærinu sem við notum í tengslum við þetta mál.

Fyrir áramótin lýsti forseti Rússlands því yfir að gerðar yrðu árásir á Grosní og Tsjetsjeníu og engu yrði eirt. Í kjölfarið birtist hins vegar í fjölmiðlum á Vesturlöndum víða að Rússar kynnu að vera að mildast og nú tölum við um að þeir sýni lit. Staðreyndin er sú að það hefur verið farið með ofbeldi á hendur íbúum Grosní og saklaust fólk hefur verið hrakið frá heimilum sínum. Mér finnst ófært annað en hæstv. utanrrh. fyrir hönd íslensku þjóðarinnar komi á framfæri mótmælum okkar gegn þessum mannréttindabrotum beint og milliliðalaust.

Heimsóknir ættingja erlendis frá.

[15:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn til utanrrh. vegna ótrúlega úreltra laga sem gilda um erlenda gesti sem koma hingað til dvalar hjá ættingjum sínum án þess að vera að koma hingað til að vinna. Íslendingar sem eiga erlent tengdafólk t.d. í öðrum löndum en EES-ríkjunum geta ekki fengið það í heimsókn til tímabundinnar dvalar nema fara að mjög úreltum aðferðum sem gera þessu fólki illmögulegt að fá þessa gesti og þeim að koma hingað.

Þeir fá þriggja mánaða dvalarleyfi í senn en ættinginn hér á landi verður að ábyrgjast ekki aðeins greiðslu farseðils fram og til baka heldur þarf að greiða fyrir fram inn á bankareikning 58 þús. kr. fyrir hvern mánuð, þ.e. áður en þeir fá leyfið.

Ég nefni dæmi um íslenskan mann sem er giftur konu frá Filipseyjum. Hann hefur verið giftur henni í 11 ár, á með henni tvö börn og á von á þriðja barninu sínu. Hann hugðist bjóða tengdaforeldrunum, þ.e. ömmunni og afanum, hingað til hálfs eða eins árs dvalar núna þegar þriðja barnið kemur í heiminn. Til að fá leyfið þarf hann að leggja út fargjaldið fyrir þau bæði og leggja 1.400 þús. kr. inn á reikning í banka til að tryggja framfærslu þeirra fyrir fram ef þau ætla að dvelja hjá honum í eitt ár eða 12 mánuði. Ef hann ætti konu frá EES-ríki eða ættingarnir væru að koma þaðan þyrfti hann hvorki leyfi né peninga inni á bankareikningi.

Þetta tel ég vera löngu úrelt ákvæði enda lögin frá 1965 og því spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki sé á döfinni að breyta þessum lögum því að með þessum reglum er verið að hindra heimsóknir ættingja t.d. nýbúa hingað því að fæstir eru með upphæðir sem þessar á lausu eða liggjandi á bankareikningum. Ég efast um, herra forseti, að við mundum sætta okkur við svona ef við værum að fara að heimsækja ættingja okkar í öðrum löndum.

[15:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég skal játa það að ég er ekki gjörkunnugur þessum reglum. En nú eru hér til umfjöllunar í þinginu bæði þáltill. um svokallað Schengen-samstarf og jafnframt lagafrv. sem tengjast komu og för erlendra manna hingað til lands. Mér þykir eðlilegt að allar slíkar reglur séu teknar til endurskoðunar í tengslum við þessa miklu breytingu því að við þurfum að samræma reglur við önnur Evrópuríki á þessu sviði og það er eðlilegt að þessar reglur eins og aðrar séu teknar til endurskoðunar í þessu samhengi. Það er að vísu ekki gert ráð fyrir því að samkomulagið um Schengen taki gildi fyrr en á næsta ári. Þess vegna höfum við rúmt ár til frekari undirbúnings. En við hljótum að líta á þessar reglur í samhengi við þær miklu breytingar sem þá verða.

[15:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur vel í að endurskoða þessar reglur. Ég er á því að það verði að gera þetta. Þetta er gamaldags og úrelt fyrirbæri sem gerir fólki erfitt fyrir, útlendingum sem vilja koma hingað til lengri dvalar til ættingja sinna sem koma frá ríkjum utan EES. Í rauninni er verið að hindra útlendinga í því að heimsækja ættingja sína.

Og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann muni gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til þess að breyta þessu og hvort hann sé ekki sammála mér um að svona reglur séu úreltar og okkur til lítils sóma.

[15:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi mál eru nú kannski ekki síst á vettvangi dómsmrn. en hæstv. dómsmrh. hefur upplýst mig um að reglur sem þessar séu til endurskoðunar og ég sagði hér áðan að mér fyndist sjálfsagt að taka þær til athugunar og breyta þeim. Mér heyrist á því sem hv. þm. sagði að ýmislegt mætti betur fara í því sambandi og eðlilegt að þarna verði einhver breyting á. Þarna eru, ef rétt er, mjög háar tryggingar þannig að við í ríkisstjórninni munum taka þetta til frekari athugunar. Ég segi fyrir mig, miðað við þær upplýsingar sem hv. þm. reiddi hér fram, að þá sýnist mér að þörf sé á breytingum á þessu sviði.

Meðferð þjóðlendumála.

[15:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Mig langar að eiga orðastað við hæstv. fjmrh. og tilefnið er ítrekaðar yfirlýsingar hæstv. landbrh. í svonefndum þjóðlendumálum.

Nú er það alkunna að hæstv. landbrh., raunar ásamt hv. 1. þm. Suðurl., Árna Johnsen, gagnrýndi stefnu ríkisstjórnarinnar mjög harðlega á bændafundi á Suðurlandi fyrir ekki margt löngu. En hæstv. landbrh. hefur nú bætt í og á opinberum vettvangi um helgina og raunar í fjölmiðlum í dag hefur hann beinlínis gagnrýnt fjmrn. fyrir stefnumörkun og verklag í þessum efnum. Hann segist í viðtali hafa gert þessi mál að umtalsefni ítrekað á ríkisstjórnarfundum. Gagnrýnisefni hans eru eftirfarandi: Hann telur að formaður svokallaðra þjóðlendunefndar, sem er deildarstjóri í fjmrn., fari í offari í málinu, sé raunar vanhæfur. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hver eru hans viðbrögð við þessu?

Í annan stað hefur hæstv. landbrh. fullyrt að kröfur sem unnar eru og eru settar fram í nafni hæstv. fjmrh. séu í engu samræmi við vilja Alþingis í þessum efnum. Hvert er álit ráðherrans á þessu?

Ég vil einnig velta því upp hér, herra forseti, af því að auðvitað er hæstv. landbrh. þarna að ræða um málefni sem eru mjög á hans borðum, þ.e. málefni bænda í landinu: Er hér e.t.v. um að ræða djúpstæðari ágreining en ætla mætti í fljótu bragði, þ.e. milli einstakra ráðherra? Er um að ræða mismunandi stefnumörkun ríkisstjórnarflokkanna í þessu sambandi? Er djúpstæðari ágreiningur en í fljótu bragði mætti virðast?

[15:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í þeim fréttum sem hafa verið að birtast um þetta málefni nú um helgina er nú öllu grautað saman. Fréttin sem hv. þm. las upp úr er gott dæmi um það. Þar var vitnað í deildarstjóra í fjmrn. sem væri formaður í þessari svokölluðu þjóðlendunefnd og héti Hákon Birgisson. Sá maður er nú ekki starfandi í fjmrn. og kann ég engin deili á þeim einstaklingi. (**Gripið fram í:** Og heitir alls ekki Hákon Birgisson.)

Málið er það að samkvæmt þjóðlendulögunum sem hér voru samþykkt fyrir tveimur árum ber fjmrh. að gera kröfur fyrir hönd ríkisins um það hvar hin svokallaða þjóðlendulína eigi að liggja. Til þess að vinna þetta verk af einhverri skynsemi ákvað ég að fela ráðuneytisstjóranum í fjmrn. ásamt öðrum lögfræðingum þar og tveimur öðrum einstaklingum sem til voru kallaðir að undirbúa kröfugerðina og leggja hana síðan fram í mínu nafni.

Þetta er það sem hefur verið gert. Það er enginn maður vanhæfur í því starfi, allra síst formaður þessa vinnuhóps sem ég vil alls ekki kalla venjulega nefnd. Hún hefur ekkert verið skipuð formlega. Hún hefur ekkert erindisbréf eins og sumir halda og hafa sagt í fjölmiðlum, hvað þá að hún hafi stöðu að lögum. Þetta er bara vinnuhópur á vegum ráðuneytisins sem er mér til ráðgjafar. Það mál er þá upplýst. Þess vegna er rangt að gera því skóna t.d. að að þessum vinnuhópi eigi að koma einhver önnur ráðuneyti. Það er alls ekki gert ráð fyrir því í lögunum.

Að því er varðar síðan kröfugerðina sjálfa þá er hún fram sett á málefnalegum forsendum og reynt að gera hana þannig úr garði að hún styðjist við rök, dómafordæmi og önnur þau sjónarmið sem eðlilegt er að hafa uppi í þessu sambandi. (Forseti hringir.)

Ég mun svara öðrum atriðum þegar ég kemst að í síðara svari.

[15:25]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil vekja á því athygli að ég ruglaði engu saman. Mér er kunnugt um það að annars vegar er um að ræða þjóðlendunefnd, vinnuhóp í ráðuneytinu, og hins vegar svokallaða óbyggðanefnd.

En ber hins vegar svo að skilja að hæstv. landbrh. kunni ekki skil á þessu tvennu? Hann hefur upplýst það ítrekað að um þessi mál hafi verið fjallað í ríkisstjórninni. Hefur þá hæstv. fjmrh. ekki reynst kleift að útskýra þessa hluti, því að hér er haft beint eftir hæstv. landbrh.?

Að vísu finnst mér slæmt að þurfa að ræða þetta í hans fjarveru en ég hafði trú á að hann yrði hér. En hjá því verður ekki komist því að ítrekað eru fjölmiðlar að fjalla um málið á þessum grundvelli. Ég kalla því enn og aftur eftir því hvort hér sé um meira að ræða en tæknilega útfærslu og verklag og vinnubrögð í þessum efnum eða hvort hér sé um það að ræða að stjórnarflokkarnir séu einfaldlega ekki samstiga þegar kemur að stefnumörkun í þessu stóra máli, því að hér er um mjög veigamikið mál að ræða og mikilvægt að vel sé að verki staðið strax á fyrstu skrefunum.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Ég get nú fullvissað hv. þm. um að það er alveg ástæðulaust að gera því skóna að hér sé stórfelldur pólitískur ágreiningur á ferðinni þó að menn greini kannski á um einstakar kröfur í svona stóru máli.

Það sem ég var að segja áðan, herra forseti, er — bara til þess að menn átti sig á því hvað hér er á ferðinni — að hér hefur verið sett í gang ákveðið ferli til þess að greiða úr gömlum ágreiningi um það hvar landamerki einkaeignarlanda og almenningseignar liggja. Óbyggðanefndin er ekki skyldug til þess að taka tillit til allra þeirra krafna sem fram koma. Hún starfar ekki eins og dómstóll að því leyti til að hún er ekki bundin af kröfugerð aðila. Hún getur úrskurðað eitthvað allt annað heldur en það sem fram kemur í kröfum aðila.

En kröfugerðin á báða bóga er væntanlega hugsuð þannig og byggð upp að auðveldara verði fyrir nefndarmenn að átta sig á aðalatriðum þessa máls, kjarna þessa mál, og komast síðan að skynsamlegri niðurstöðu og það mun nefndin gera að því er varðar þetta tiltekna landsvæði í Árnessýslu nú á þessu ári með vettvangskönnunum, með því að kynna sér öll gögn málsins og ljúka því síðan eins og lögin gera ráð fyrir.

[15:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svör hans og útskýringar. Það er hins vegar deginum ljósara að það hlýtur að vera afskaplega óþægilegt, svo ekki sé nú fastar að orði kveðið, fyrir fulltrúa ríkisstjórnarinnar, hæstv. fjmrh., í þessum efnum, að sitja undir endurtekinni gagnrýni hæstv. landbrh. í þessu máli og svo ég tali nú ekki um þegar hans eigin flokksbróðir, hv. þm. Árni Johnsen, tekur í sama streng. Ég verð því bara að segja að ég hef áhyggjur af þessu máli.

[15:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Ég kann vel að meta umhyggjusemi hv. þm. í þessu efni. En þetta mál er nú auðvitað ekki til þess að hafa í neinum sérstökum flimtingum. Hér er alvörumál á ferðinni sem varðar miklu, bæði um hagsmuni bænda og annarra.

Aðalatriðið er að leiða þessi mál til skynsamlegrar niðurstöðu. Eitt af verkefnum óbyggðanefndar er jafnframt að leita sátta í þessum málum þegar kröfur aðila liggja fyrir og grennslast fyrir um það hvort það eru sáttamöguleikar eða hvort að úrskurða verður með öðrum hætti og þá getur hugsanlega farið svo að einhver deilumálanna endi fyrir dómstólum.

En þannig var þetta ferli byggt upp af hálfu löggjafans hér á sínum tíma og það er bara verið að reyna að vinna eftir þessum lögum eftir bestu getu og í anda þess lagabókstafs sem hér er byggt á.

Smíði nýs varðskips.

[15:29]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. dómsmrh. Nú mun svo vera að um þessar mundir er varðskipið Óðinn orðið 40 ára. Það kom í febrúar 1960. Nefnd var að störfum sem vann að athugun og endurskoðun á skipakosti Landhelgisgæslunnar. Það má segja að að sé með ólíkindum að skip sem sé orðið 40 ára sé gert út til leitar og björgunar. Danir hafa aflagt öll þessi skip og tekið upp nýjan skipakost.

Frá því varðskipið Óðinn kom fyrst til landsins hefur fiskiskipaflotinn gjörbreyst bæði hvað varðar stærð og vélarafl. Því er mjög nauðsynlegt, ef við ætlum að sinna flotanum og líka dreifðum byggðum landsins svo vel sé, að endurnýja skipakost Landhelgisgæslunnar, sérstaklega þetta tiltekna skip.

Það hefur áður komið fram að nauðsynlegt sé að Landhelgisgæslan hafi þrjú skip í rekstri. Af því tilefni var samþykkt þáltill. þess efnis að skipastóll Landhelgisgæslunnar yrði skoðaður. Til þess var skipuð nefnd og ég veit ekki betur en hún sé um það bil að ljúka störfum. Því beini ég fyrirspurn minni til hæstv. dómsmrh.: Hvað líður störfum þessarar nefndar eða endurskoðun vegna endurnýjunar á varðskipum ríkisins?

[15:31]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp og vekja athygli á því hér á hinu háa Alþingi. Ég er honum alveg sammála um að þetta er afskaplega mikilvægt mál.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið mun nefndin skila skýrslu og tillögum um gerð og búnað skipsins mjög fjótlega, jafnvel í lok þessarar viku. Von mín er að smíði geti hafist á næsta ári en hér er auðvitað um að ræða mjög dýrt skip og mikla framkvæmd. Ég hef ekki séð tillögur nefndarinnar enn þá né kostnaðaráætlun en því hefur verið fleygt að kostnaður við smíðina verði 2,5–3 milljarðar kr.

Enn er óleyst deila við Eftirlitsstofnun EFTA vegna ákvörðunar um að skipið verði smíðað innan lands en það er unnið að lausn þeirrar deilu. Ég vona að smíði nýs varðskips tefjist ekki um of. Þetta er mjög mikilvægt mál og þýðingarmikið fyrir hagsmuni okkar Íslendinga.

[15:33]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég held að allir Íslendingar geri sér grein fyrir mikilvægi málsins bæði með tilliti til, eins og ég gat um áðan, stækkunar fiskiskipastólsins og þeirra starfa sem Landhelgisgæslan sinnir þegar slys og aðrir voveiflegir atburðir eiga sér stað. Það er gott að heyra að málið er senn í höfn. Ég þakka fyrir þetta svar.

Tilfærsla á aflahlutdeild.

Beiðni SvH o.fl. um skýrslu, 462. mál. — Þskj. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Beiðni leyfð með 37 shlj. atkv.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 452. mál. — Þskj. 726.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 377. mál. — Þskj. 633.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 397. mál. — Þskj. 655.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Rannsókn á mengun við Keflavíkurflugvöll, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJóh og SJS, 391. mál. — Þskj. 649.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Umhverfisáhrif af völdum erlendrar hersetu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og SJóh, 392. mál. — Þskj. 650.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 430. mál (úrskurðir, undanþágur, teikningar, deiliskipulag o.fl.). — Þskj. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 738.

[15:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Samkvæmt gildandi ákvæðum laga um stjórn fiskveiða hafa eigendur krókabáta orðið að velja milli eftirfarandi kosta varðandi veiðar báta sinna:

1. Að stunda veiðar með handfærum eingöngu í 40 daga með þeirri takmörkun að þorskafli fari ekki yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk.

2. Að stunda veiðar með línu og handfærum í 32 daga með þeirri takmörkun að þorskafli fari ekki yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk. Hver dagur sem línuveiðar eru stundaðar hefur aukið vægi við útreikning sóknardaga.

3. Að stunda veiðar í 23 daga með handfærum eingöngu á tímabilinu 1. apríl til 31. október, án takmörkunar á heildarafla.

4. Að stunda veiðar með þorskaflahámarki sem byggist á veiðireynslu viðkomandi báts, án takmörkunar á sókn og afla í öðrum tegundum.

Með lögum nr. 1 14. janúar 1999, eins og þeim var breytt með lögum nr. 9 16. mars 1999, var ákveðið að frá og með fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 2000 skyldi sú breyting verða að bátum sem veiðar stunduðu skv. 3. tölul. hér að framan yrði úthlutað sóknardögum til handfæraveiða. Þeim yrði heimilt að stunda veiðar á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Þessir sóknardagar yrðu framseljanlegir milli báta samkvæmt ákveðnum reglum þar um. Afli á einu fiskveiðiári ákvarðaði fjölda sóknardaga á árinu á eftir samkvæmt reiknireglu 3. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Öðrum bátum, þ.e. bátum sem stunduðu veiðar samkvæmt 1., 2. og 4. tölul. hér að framan, yrði úthlutað aflahlutdeildum, árlegu aflamarki yrði úthlutað í þorski, ýsu, ufsa og steinbít en veiðar á öðrum tegundum yrðu frjálsar. Þetta aflamark mætti aðeins nýta til línu- og færaveiða, krókaaflamark, og yrði ekki frekar en krókaaflahlutdeildin flutt til báts sem hefði aðra gerð veiðileyfis.

Í frv. þessu er lagt til að gildistöku ofangreindra ákvæða verði frestað um eitt ár og því verði skipan á fiskveiðiárinu 2000/2001 sú hin sama og á fiskveiðiárinu 1999/2000.

Ástæðan er að þessu til viðbótar var reynt, við lagabreytingarnar í janúar 1999, að gefa krókaaflamarksbátum möguleika á að stækka og verða stærri en þau 6 tonn sem áður hafði verið miðað við varðandi krókabáta. Þegar farið var að skoða lagaákvæðin í undirbúningi þess að nýtt fyrirkomulag tæki gildi kom í ljós að möguleikarnir til stækkunar krókabáta höfðu víðtækari afleiðingar í för með sér en ráðgert var í fyrstu. Ég tel því eðlilegt að við þessar aðstæður stígum við eitt skref til baka þar sem greinilega tókst ekki að ná því markmiði sem stefnt var að við lagasetninguna í janúar 1999 og að við bindum aftur stærð krókabátanna við 6 tonn, en að þessi lagagrein verði eins og aðrar til skoðunar í starfi svokallaðrar endurskoðunarnefndar á næstu mánuðum. Nefndinni verði falið að vega og meta hvernig taka eigi næsta skref og ná þeim markmiðum sem ekki tókst að ná með lagasetningunni í janúar 1999. Ég mun fara nánar út hvernig þessu er háttað þegar ég fer yfir einstakar lagagreinar frv.

Svo ég fjalli örlítið um 1. gr. frv. þá er í 1. og 2. tölul. greinarinnar frestað um eitt ár að taka upp framseljanlega sóknardaga og jafnframt kveðið á um að fyrirkomulag það sem skýrt er í 3. tölul. hér að framan gildi fyrir fiskveiðiárið 2000/2001.

Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. er heimilt að flytja sóknardaga á milli báta og þar segir að sóknardagar skerðist með ákveðnum hætti séu þeir fluttir til stærri báts og að þeim fjölgi séu þeir fluttir til minni báts. Þá segir í 5. málsl. 5. mgr. að miða skuli við stærð báta 1. janúar 1999. Hér er lagt til að þessi viðmiðun verði felld brott enda er hún óþörf og getur jafnvel leitt til mjög óeðlilegrar niðurstöðu hafi stærð báts breyst eftir 1. janúar 1999. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að um endurnýjun krókabáta og breytingar á þeim gilda ákveðnar reglur varðandi úreldingu og því er eðlilegast við flutning sóknardaga á milli þeirra að miða við raunverulega stærð báta eins og hún verður þegar reglur um flutning sóknardaga koma til framkvæmda 1. september 2001. Enn fremur er ljóst að í upphafi fiskveiðiársins 2001 fá allir bátar sama sóknardagafjölda.

Breytingar samkvæmt 2. gr. lúta eingöngu að því að fresta því um eitt fiskveiðiár að veita veiðileyfi með krókaaflamarki og lengja um eitt fiskveiðiár gildistíma þeirra fiskveiðistjórnarkerfa sem skýrð eru í 1., 2. og 4. tölul. hér að framan. Varðandi flutning þorskaflahámarks milli ára er þó rétt að láta fram koma að miðað er við að heimilt sé hverjum báti að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki sínu frá fiskveiðiárinu 2000/2001 til fiskveiðiársins 2001/2002 sem við það breyttist í krókaaflamark í þorski.

Í 3. gr. er lagt til að ekki sé heimilt að veita bátum 6 brúttótonn eða stærri leyfi til að stunda veiðar með krókaaflamarki eða stækka krókaaflamarksbáta þannig að þeir verði stærri en 6 brúttótonn.

Samkvæmt þeim breytingum sem urðu á ákvæðum um skipan veiða smábáta í upphafi árs 1999 eru engar takmarkanir á stærð þeirra báta sem kost eiga á leyfi til veiða með krókaaflamarki. Krókaleyfi hafa hins vegar frá 1991 verið bundin við báta undir 6 brúttótonnum og skv. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða eru leyfi með framseljanlegum sóknardögum bundin við báta undir 6 brúttótonnum. Í þessu sambandi skal þess getið að nokkrir bátar sem eru stærri en 6 brúttótonn

en undir 6 brúttólestum eiga rétt á krókaleyfi, enda hafa þeir verið í flokki smábáta fyrir 1991.

Með því að afnema stærðartakmarkanir á veiðileyfi með krókaaflamarki kæmi sú staða upp að öll skip sem að öðru leyti uppfylltu ákvæði 5. gr. laga um stjórn fiskveiða gætu fengið krókaaflamarksleyfi. Þótt ekki sé heimilt að flytja krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark til báta sem eru stærri en 6 brúttótonn eða 6 brúttólestir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 11. gr. og 8. mgr. 12. gr. er heimilt að flytja almennt aflamark og aflahlutdeild til krókaaflamarksbáta, en 6. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV verður ekki túlkuð með öðrum hætti því þar eru aðeins takmarkanir settar á það að flytja krókaaflahlutdeild og krókaaflamark til báta með aðra gerð veiðileyfis. Við flutning almenns aflamarks og aflahlutdeildar til báts með krókaaflamarksleyfi verður í raun sú breyting að hið almenna aflamark eða aflahlutdeild breytist í krókaaflamark og krókaaflahlutdeild.

Af framangreindu leiðir að bátar, án tillits til stærðar, gætu fengið leyfi til veiða með krókaaflamarki. Þeir gætu að vísu ekki fengið krókaaflahlutdeild eða krókaaflamark flutt til sín væru þeir stærri en 6 brúttótonn eða 6 brúttólestir en þeir væru frjálsir að veiðum á þeim tegundum sem ekki er úthlutað krókaaflamarki í. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXIV við lög um stjórn fiskveiða er aðeins úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa og steinbít, en veiðar á öðrum tegundum eru krókaaflamarksbátum frjálsar, sbr. 7. mgr. þess ákvæðis. Gætu því stór línuveiðiskip t.d. stundað óheftar veiðar á grálúðu og karfa en flutt til sín almennt aflamark í þorski, ufsa, ýsu og steinbít eftir þörfum, ef ákvæði þessu yrði ekki breytt. Í seinni málslið þessarar greinar er kveðið á um að bannað sé að stækka krókaaflamarksbáta þannig að þeir verið stærri en 6 brúttótonn. Þykja sömu rök liggja til þess.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

[15:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum nú er um að fresta gildistökuákvæðum núgildandi laga um stjórn fiskveiða og er ekkert nema gott um það að segja að slíkt frv. komi fram frá sjútvrh. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því að við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lögðum fram slíkt frv. um frestunarákvæði í byrjun febrúar sl. Það breytir ekki því að það er sama hvaðan gott kemur.

Efnislega hef ég ekki neitt sérstakt við frv. sjútvrh. að athuga og tel að það sé í raun og veru þarft vegna þeirra breytinga sem í því eru. Ég mun hins vegar síðar þegar við ræðum næsta mál á dagskrá gera grein fyrir atriðum sem ég hefði talið að sjútvrh. hefði getað tekið upp líka vegna þess að ég tel að þau skipti máli. Í frv. sem við ræðum nú er eingöngu tekið á vanda þeirra manna sem gera út í svokölluðu aflahámarkskerfi eða krókakerfinu almennt. Eins og ráðherrann fór hér yfir eru raunverulega fjögur mismunandi veiðileyfi í gangi í krókakerfinu eða smábátakerfinu og þeim er öllum frestað sem eðlilegt er því verið er að skoða heildarlöggjöfina um stjórn fiskveiða og fara yfir hana í ýmsum atriðum. Vonandi ná menn góðri lendingu um það hvernig stjórn fiskveiða skuli vera á næstu árum eftir næsta fiskveiðiár því fyrir liggur að fiskveiðistjórnarlögunum verður ekki breytt mikið á næsta fiskveiðiári. Þess vegna er nauðsynlegt að taka úr sambandi slík tímaákvæði sem hafa verið að tifa í núverandi lögum um stjórn fiskveiða því að í rauninni er óeðlilegt að alls konar breytingar séu að taka gildi í lögum sem eru í heildarendurskoðun. Ég get alveg verið sammála hæstv. sjútvrh. um það.

Það er aðeins eitt efnislegt atriði sem ég vil benda á. Það er e.t.v. örlítið ósamræmi í 2. gr. b-lið, 3. málsl. 4. mgr. þar sem talað er um 20% á milli ára og hins vegar þess sem kemur fram í athugasemdum um 2. gr. en þar segir: „Varðandi flutning þorskaflahámarks milli ára er þó rétt að láta fram koma að miðað er við að heimilt sé hverjum báti að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki sínu frá fiskveiðiárinu 2000/2001 til fiskveiðiársins 2001/2002 sem við það breyttist í krókaaflamark í þorski."

Ég velti þessu fyrir mér vegna þess að ef frv. verður samþykkt öðlast lögin þegar gildi og þá finnst mér þrátt fyrir að í b-liðnum sem ég vitnaði til standi að heimilt sé að flytja 20% af þorksaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir á annað, hefði kannski einnig átt að standa í athugasemdunum: frá árinu 1999/ 2000–2001. Það er spurning hvort upp komi einhver mistúlkun. Það ætti ekki að gera það vegna þess að þetta er skýrt í b-lið 2. gr. en út frá athugasemdum um greinina gætu menn farið að misskilja þetta. En auðvitað er það lagatextinn sem gildir, ég vildi bara að þessi ábending kæmi hérna fram.

Að öðru leyti get ég tekið undir frv. Það tekur yfir, eins og ég sagði áðan, hluta af því frv. sem ég og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson höfum lagt fram og að því leyti held ég að það falli mjög að þeirri framsetningu. Hins vegar vantar alveg að taka á vanda aflamarksskipa og vanda þeirra sem hafa verið með lítið aflamark og verið mikið í leiguliðaviðskiptum á undanförnum árum.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég er honum sammála að öllu leyti. Ég tel að þetta frv. sé skynsamleg ráðstöfun hjá hæstv. sjútvrh. í ljósi allra aðstæðna, enda lá það reyndar hér fyrir í frumvarpsformi flutt af þeim hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

Með hliðsjón af þeim aðstæðum sem uppi eru, þeirri óvissu sem ríkir í málefnum sjávarútvegsins og hvað varðar sjálfan grundvöll kvótakerfisins væri auðvitað afar sérkennilegt ef menn létu eftir sem áður þennan hluta fiskiskipaflotans sem sótt hefur í öðru fyrirkomulagi einnig ganga inn í þetta sama kvótakerfi við þær aðstæður. Ég minni líka á, herra forseti, að sú niðurstaða sem varð í janúarmánuði 1999 var mjög umdeild og að mörgu leyti tókst ekki að mínu mati nógu vel til þegar þeim hluta smábátaflotans sem hafði sótt á grundvelli sóknartakmarkana eða veiðidaga var gert að velja eina ferðina enn í þvinguðu vali og búinn var til fjórði ef ekki fimmti flokkurinn af fiskveiðistjórnarfyrirkomulagi fyrir þann hluta flotans.

Mergurinn málsins er sá, herra forseti, að svo oft og með svo vafasömum hætti er búið að hlutast til um fiskveiðistjórn þessa hluta flotans, minnstu bátanna, og svo mörg eru kerfin orðin og svo oft hafa menn þurft að velja undir þvinguðum aðstæðum að þar er orðin ærin mismunun á og staða aðila mjög ólík. Eina lausnin út úr því væri að sjálfsögðu að stokka spilin algjörlega upp á nýtt og taka upp nýtt samræmt fiskveiðistjórnarkerfi fyrir alla báta af þessari stærð og fyrir allan smábáta- og bátaflotann. Fyrir því eru öll rök, herra forseti, að það mætti gera án þess að það ylli nokkurri röskun eða væri á kostnað annarra í sjálfu sér.

Ég sæi fyrir mér að slíkt kerfi væri mun einfaldara og með minni takmörkunum en það sem nú er, fyrst og fremst þá í formi óframseljanlegra hámarka eða þaka varðandi mikilvægustu nytjastofnana en að öðru leyti mundi þessi hluti flotans sækja með tiltölulega frjálsum hætti. Það er það sem hentar best aðstæðum og á best við og sem mætir mismunandi aðstæðum hvað varðar árstíðir, veðurfar og annað slíkt. Það er það sem kemur til móts við öryggissjónarmið og felur ekki í sér þær hættur sem núverandi fyrirkomulag að hluta til hefur gert í þeim efnum þar sem menn sitja uppi með mjög fáa veiðidaga og eru þar af leiðandi undir mikilli pressu að nýta þá til fulls hvernig sem viðrar ef menn hafa farið á sjó á annað borð o.s.frv.

Ég ætla ekki að taka tíma í þetta að öðru leyti, herra forseti, en ég leyfi mér að láta þetta sjónarmið koma hér fram í tengslum við frv. hæstv. ráðherra um að fresta gildistöku kvótasetningar þessa hluta smábátaflotans um eitt ár, sem ég tel vera skynsamlega ráðstöfun. Reyndar held ég að menn ættu líka, herra forseti, að velta því aðeins fyrir sér út í hvers konar reikningsskap er komið þegar t.d. á að fara kvótasetja veiðar þessara smáu skipa undir 6 tonnum á tegundum eins og ufsa og steinbít. Trúir því virkilega einhver maður að viðgangi þessara stofna sé stefnt í hættu á einn eða neinn hátt með þeim afar takmörkuðu veiðum sem líklegt er að þessi skip með veiðarfærum sínum séu að taka úr slíkum stofnum? Ég held ekki. Og þar af leiðandi held ég að þetta sé, svo dæmi sé tekið, til marks um þá ofstjórn eða þær ógöngur sem menn hafa í rauninni lent út í hvað varðar þessi mál, þ.e. fiskveiðistjórnina gagnvart smáu fiskiskipunum, og þetta sé til marks um það að þetta kerfi var auðvitað farið að lifa af sjálfu sér og þjóna sjálfu sér miklu fremur en einhverjum skynsamlegum, brýnum eða óumflýjanlegum aðgerðum sem nauðsynlegar voru vegna fiskveiðistjórnar og til að tryggja að ekki væri gengið úr hófi fram í fiskstofnana.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

[15:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hér hefur þegar komið fram, þ.e. að út af fyrir sig er skiljanlegt að þeim ákvæðum sem eru í þessum lögum verði frestað vegna þess að ef eitthvað er að marka að menn vilji endurskoða lögin um stjórn fiskveiða er kannski ekki ástæða til að einmitt þau ákvæði sem hér er um að ræða gangi til gildis í haust. Ég get þó ekki annað sagt en að þetta mál hefði ég aldrei getað stutt eins og það liggur fyrir. Og það er satt að segja með miklum ólíkindum að stjórnarliðar og þeir sem studdu þetta frv. á síðasta þingi skuli hafa fundið leið til þess að gera það, því að þeir túlkuðu niðurstöðu Hæstaréttar á þann veg að það væri í raun og veru brot á stjórnarskránni að búa til kerfi eins og þetta sem hér er á ferðinni en settu síðan inn ákvæði um trillurnar á sama grundvelli og þeir sögðu að Hæstiréttur hefði dæmt af hvað varðaði stóru bátana. Ég kalla þetta ekki mjög góð vinnubrögð á hv. Alþingi að vinna á þennan hátt og þess vegna mun ég auðvitað ekki geta stutt þetta mál þó að málið standi um það að fresta gildistöku þeirra laga sem hér er um að ræða. Ég skil svo sem vel að menn vilji fresta því og það er ekki óskynsamlegt að skoða það.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann líti svo á þeir sem hafa tekið ákvarðanir á grundvelli þessara laga — og þeir eru ábyggilega þó nokkrir — t.d. um að smíða sér skip með það fyrir augum að fá þau í hendur og nýta þau í haust þegar þessi lagaákvæði áttu að taka gildi, og hafa tekið ákvarðanir um þó nokkuð miklar fjárfestingar, eigi að sitja uppi með þetta. Það er a.m.k. ekki að sjá í þessu frv. að neitt tillit sé tekið til þess. Ég geri ráð fyrir því að einhver mál muni koma upp í tengslum við þetta sem megi rekja til þess að menn hafi tekið ákvarðanir. Ég veit reyndar til þess að sumir hverjir hafa selt báta sína með veiðileyfum, látið smíða aðra og ætla sér að nota þetta nýja veiðileyfi í haust á þá. Þeir hafa sem sagt selt veiðileyfin og selt það þeim sem treystu ekki á það að lögin tækju gildi og keyptu af þeim veiðileyfin. Þarna eru örugglega vandræði einhverra.

Ég lýsi yfir stuðningi við eina hugsun í þessu frv. sem ég var reyndar ákaflega óánægður með og það er að í raun og veru er verið að leggja af smábátaflokkinn með lögunum eins og þau eru. Það tel ég vera hið mesta óráð, það var inni í frv. og mér skilst að það hafi farið út úr því á milli 2. og 3. umr. eitthvert ákvæði um að bátana mætti stækka eftir að lögin tækju gildi núna næsta haust en það ákvæði hefur verið tekið út vegna þess að ekki þurfti á því að halda því að þá gátu allir fengið veiðileyfi og krókaleyfi á hvað stóran bát sem væri. Þetta er hið mesta óráð að mínu viti því auðvitað þarf að vera hægt að taka ákvarðanir á grundvelli einhvers skipaflokks sem heitir smábáta- eða grunnslóðaveiðiflokkur. Mér finnst full ástæða til að ræða hvar þau mörk eigi að liggja; mér finnst ekki að þau eigi endilega að liggja á sex tonnum. Það getur vel verið að skynsamlegt sé að breyta þeim en þá eiga menn líka að breyta þeim mörkum og hækka þau upp í sjö, átta, níu eða tíu tonn eða hvað menn vilja hafa það og skoða hvað er skynsamlegast í því en hafa þau mörk fyrir hendi til að hægt sé að hafa önnur úrræði fyrir þennan flota. Þess vegna tel ég að það sé góð hugsun á bak við það að breyta út frá þeirri óráðsíu sem ég vil meina að hafi verið þarna í lögunum. Ég hvet til þess að menn velti því fyrir sér, hins vegar er erfitt að ræða þessi mál núna undir þeirri óvissu sem er uppi.

Satt að segja finnst mér að menn þyrftu að fara að huga að þessum málum út frá því að hér hafi myndast afstaða út frá nýjum grundvallarforsendum sem menn munu kannski sjá í dómi Hæstaréttar á næstunni, það er ekki svo langt í hann. Ef Vatneyrardómurinn verður staðfestur þurfa menn að taka þessi mál öll upp aftur og skoða. Það er svo sem ekki hægt að spá fyrir um það núna en ég vil óska eftir því að hæstv. ráðherra svari því hvaða skoðun hann hefur á þeim vanda sem menn hafa lent í núna sem hafa tekið ákvarðanir á grundvelli þeirra laga sem liggja fyrir og eru núna að lenda í því að verða fyrir tjónum vegna þess, ef þessi breyting verður gerð á lögunum.

[16:03]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eins og aðrir þeir sem hér hafa talað fagna ég því að þetta frv. er komið fram og tel reyndar að mikil þörf hafi verið á því að fresta gildistökuákvæði þessarar smábátalöggjafar. Eins og við munum var hún sett í skugga hæstaréttardóms sem gerði það að verkum að hugtakið veiðileyfi var fellt niður. Menn töldu sig þurfa að bregðast við því með því að skilgreina annan rétt sem menn hefðu og sá veiðiréttur væri þá skilgreindur í gegnum kvótann. Það var niðurstaða Alþingis á þeim tíma að ekki væri hægt að verja veiðirétt smábátanna nema gera það á þann hátt sem niðurstaða varð um. Ég vil aðeins í þessu sambandi vekja athygli á því og minna á það að á þeim tíma var gagnrýni, sem

höfð var uppi, fyrst og fremst sú að menn væru að bregðast of lítið við dómnum en ekki það að menn hefðu farið offari í viðbrögðunum. Ég held hins vegar að sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir núna sé þess eðlis að fullt tilefni sé til að fresta þessari gildistöku og reyna að verja það kerfi sem við höfum búið við og við höfum kallað í meginatriðum þorskaflahámarkskerfið og að hluta til dagakerfið sem hefur í öllum aðalatriðum reynst mjög vel fyrir þennan flokk báta. Nú háttar svo til eins og við vitum að heildstæð endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða stendur yfir þar sem allt fer undir, bæði stóra kvótakerfið, grundvöllurinn sjálfur og líka smábátakerfið eins og það leggur sig. Að mínu mati hefði verið mjög óeðlilegt ef sú nefnd sem vinnur að endurskoðuninni hefði skilað af sér sínu verki núna á haustdögum eins og gert er ráð fyrir og á sama tíma hefði verið að ganga í gildi breyting fyrir nokkurn hluta flotans, sem hefði e.t.v getað gengið í allt aðra átt en menn voru að leggja upp með í þessari endurskoðunarnefnd. Að mínu mati er miklu eðlilegra að við vinnum þannig að málinu að allt sé undir í þessum efnum og endurskoðunarnefndin hafi frjálsar hendur til að móta heildstæðar reglur. Þess vegna fagna ég mjög því frv. sem hér liggur fyrir og tel að það verði til bóta fyrir bæði endurskoðunarvinnuna og alveg sérstaklega þó fyrir þennan bátaflokk, þessa minni báta, sem hafa sannarlega verið að bæta hlut sinn á grundvelli gildandi laga um báta undir sex tonnum. Við þurfum ekki annað en skoða þá reynslu sem er þegar fengin af þessu. Á haustdögum fékk ég svar hæstv. sjútvrh. við fsp. um þróun aflamarks annars vegar og þróun þorskaflahámarksins hins vegar. Þar kemur mjög vel fram að mörg þau byggðarlög, sem hafa verið að tapa kvótum, hafa orðið undir í stóra kvótakerfinu, hafa að nokkru leyti getað bætt sér upp skaðann með því að byggja upp veiðirétt í smábátakerfinu. Auðvitað er skemmst að minnast Vestfjarða í því sambandi þar sem víða hefur orðið ævintýraleg uppbygging í þessu kerfi, sem betur fer, og hefur komið byggðunum til bjargar þar sem illa hefur farið. Til að mynda í heimabyggð minni er veiðirétturinn í þorskaflahámarkinu kominn vel yfir tvö þús. tonn af þorski en hefur hrunið niður í stóra kvótakerfinu. Það er mjög skemmtileg tilfinning og eiginlega ólýsanleg að vera á bryggjunum þegar bátarnir koma að landi, fullir af fiski, í þessum minni höfnum og sjá þessa duglegu ungu menn sem hafa verið að hasla sér völl í þessu kerfi, hafa komist inn í kerfið í gegnum þessa lagasetningu og fylgjast með hvernig þeir bjarga sér. Það er ekkert ofmælt sem kom fram í ræðu formanns Eldingar, smábátafélagsins á Vestfjörðum, þegar hann lýsti tilfinningu okkar sem búum í þessum byggðum að upplifa þessa reynslu. Ég er ekkert að segja að þeir sem stóðu að þessari lagasetningu hafi alveg séð fyrir hinar jákvæðu afleiðingar þorskaflahámarksins. Annars vegar hafa menn ákveðinn grundvöll til að byggja á sem er úthlutunin í þorskinum og hins vegar þá veiðiréttinn og frelsið og möguleikann til að bæta sig með því að sækja í aðrar tegundir. Það er þetta sem hefur verið að skapa þessum byggðum, þessum útgerðum, þessum einstaklingum og fjölskyldum, í öllum tilvikum er hér um að ræða bæði einstaklingsútgerðir og fjölskylduútgerðir, hefur verið að skapa þeim nýja möguleika og miklar tekjur sem hafa tryggt betur stöðu byggðanna.

Þess vegna, virðulegi forseti, held ég að það sé skynsamlegt sem hæstv. sjútvrh. er hér að leggja til. Menn hafa aðeins velt fyrir sér hugmyndunum um stækkun þessara báta. Ég vil segja það fyrir mína parta að ég get vel hugsað mér að menn séu ekki bara bundnir við sex tonna báta. Ég held hins vegar ef menn ætla að reyna að verja þetta kerfi í grunninn álíka og það er í dag, að erfitt sé að hugsa sér það að sú stækkun geti orðið mjög mikil. Margir hafa nefnt eitthvað í kringum tíu tonnin því ef menn fara miklu hærra er hætt við að grundvöllur núverandi kerfis, þorskaflahámarkskerfið gæti brostið. Ég get vel hugsað mér að einhver stækkun yrði heimiluð á þessum bátum, t.d. upp í tíu tonn eða þar um bil, sem gætu þá aukið öryggi þeirra sjómanna sem eru að sækja á þessum litlu bátum, oft við erfiðar aðstæður. Auðvitað getur verið að það kalli aftur á móti á eitthvað annað, einhverjar aðrar ráðstafanir sem menn verða að bregðast við en það verða menn þá að hugsa eitthvað frekar.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki þurfi að hafa mörg orð um þetta mál. Ósk um frestun á þessari lagasetningu hefur verið mjög til umræðu upp á síðkastið, þetta hefur komið fram sem ósk m.a. frá Landssambandi smábátaeigenda, þetta hefur líka komið fram sem ósk frá fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem eru háðust þessum veiðum og ég tala ekki um þeirra einstaklinga sem hafa verið að veiða í þessu kerfi. Þess vegna er frv. mjög í þeim anda sem þar hefur verið talað um. Ég tel að með því sé líka verið að leggja grunninn að því að hægt sé að endurskoða þá fiskveiðilöggjöf heildstætt sem við búum við í dag.

[16:10]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og allflestir þingmenn, sem talað hafa, vil ég lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Ég tel að það sé góðra gjalda vert svo langt sem það nær. Ég vil þó taka sérstaklega undir orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar þeir bentu á það að í þinginu til umfjöllunar seinna í dag frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þar sem flm. eru hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og Árni Steinar Jóhannsson. Sá lagatexti sem þar er lagður til gengur lengra að mínu mati og er betri. Það er ástæða til að beina þeim tilmælum til hv. sjútvn. að hún taki bæði þessi frv. og stilli þeim saman og sjái hvort við getum ekki náð út úr því heildstæðari breytingum en hér er lagt til. Ég vil árétta á sama hátt og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf., að ég tel að sú umfjöllun sem fer núna fram um sjávarútvegsmál, sé bráðnauðsynleg á grunni nýrra hugmynda um stjórn fiskveiða. Varðandi endurskoðunarnefndina um stjórn fiskveiða er algjört lykilatriði að mínu mati að einmitt núna komi fram hugmyndir um breytingar og sýn manna á það hvernig við viljum sjá stjórn fiskveiða í framtíðinni.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna, virðulegi forseti. Ég mun styðja þetta lagafrv. og tel að það sé gott innlegg, svo langt sem það nær, þó svo að við hefðum viljað sjá frekari og meiri breytingar í anda þess frv. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson mun tala fyrir á eftir.

[16:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Meginefni þessa frv. er að fresta um ár gildistöku á tilteknum ákvæðum gildandi laga um stjórn fiskveiða sem fela í sér breytingu á veiðum smábáta á þá lund að þær verða kvótasettar í öðrum tegundum en þorski eins og nú er, þ.e. ýsu, ufsa og steinbít. Meginbreytingin, sem leitast er við að ná fram með þessu stjfrv., er að fresta gildistökunni um eitt ár. Eins og kom skýrt fram í máli hæstv. ráðherra liggja rökin nokkuð ljós fyrir.

Ég tel mjög skynsamlegt að fara þessa leið, að bíða með að láta hið nýja krókaaflamark taka gildi þar til að menn hafa endurskoðað lögin í heild sinni og komið sér saman um hvernig menn ætla að hafa lagaumhverfið til frambúðar. Mér finnst athyglisvert í þessu að upphaflega þegar það mál kom fram að gera breytingar á lögunum í framhaldi af dómnum í desember 1998 sögðu lögfræðingar okkur að menn yrðu að gera breytingar tiltölulega fljótt til að mæta niðurstöðu Hæstaréttar. Þeir lögðu til að breytingar yrðu gerðar eigi seinna en um sex mánuðum eftir að dómur féll eða menn frestuðu því ekki lengur en til upphafs næsta fiskveiðiárs eftir að dómur féll. Þannig var frv. þáv. sjútvrh. lagt fram. Við umfjöllun í sjútvn. var niðurstaðan að lengja aðlögunartímann frá því kerfi sem menn höfðu og til þess sem er ætlað að taka upp, um eitt ár, þannig að aðlögunartíminn var lengdur upp í eitt og hálft ár. Lögfræðingar töldu þá það á ystu nöf að löggjafinn brygðist ekki við fyrr.

Nú er greinilegt að þessar áhyggjur lögfræðinga hafa breyst og því talið óhætt að hafa aðlögunartímann enn lengri eða tvö og hálft ár. Mér finnst nauðsynlegt að vekja athygli á þessu vegna þess að viðbrögð þingsins mótuðust í upphafi mjög af áliti lögfræðinga, þ.e viðbrögð Alþingis við dóminum. Ég tel rökin sem borin eru fram núna vera í fullu lagi af því að menn hafa í lögum ákveðið að endurskoða þessa löggjöf í heild sinni. Því tel ég það fyllilega eðlilegt og uppfylla lagaleg skilyrði þótt aðlögunartíminn teygist eins og raun ber vitni.

Mér fannst, herra forseti, nauðsynlegt að halda þessu ákvæði til haga. Það réð miklu um viðbrögðin á sínum tíma en menn hafa eftir að hafa skoðað málið í betra næði komist að þeirri niðurstöðu að hin skjótu viðbrögð sem kallað var eftir hafi ekki endilega verið nauðsynleg.

Ég vil víkja að einu atriði, þ.e. mér finnst rétt og skylt að halda til haga breytingum sem Alþingi ákvað að gera í fyrra. Þá kom fram í áliti meiri hluta sjútvn. og hér í máli hæstv. sjútvrh. að opna þyrfti fyrir möguleika smábátamanna til að stækka báta sína. Það kom mjög skýrt fram þegar gerð var grein fyrir þessari brtt. á síðasta ári að ástæða þess að menn lögðu þetta til voru öryggissjónarmið. Menn vita að þeir sem róa á þessum litlu bátum eru ekki jafndreifðir um landið. Útgerð víða á verðurhörðum svæðum er á þá lund að stór hluti hennar fer fram með litlum bátum. Þar er auðvitað helst að nefna Vestfirði. Drjúgur hluti útgerðarinnar þaðan er stundaður af litlum bátum, minni en 6 brúttótonn. Niðurstaða meiri hluta sjútvn. var þá að leggja til af öryggisástæðum að mönnum yrði gert kleift að stækka þessa báta sína.

Það lá alveg fyrir að það yrðu ekki róttækar breytingar í útgerðarmunstri á þessum stöðum á næstu árum. Menn sáu því fram á það að útgerð frá þessum stöðum yrði stunduð af litlum bátum í fyrirsjáanlegri framtíð. Það er ábyrgðarhluti að búa svo um hnútana að menn haldi þeirri útgerð fastri í litlum bátum sem ætlað sé að róa allt árið, sækja afla til að halda uppi atvinnu bæði fyrir sjómenn og landverkafólk. Það gerir það enginn að gamni sínu að búa til þannig lagaumhverfið fyrir þessi landsvæði að menn séu dæmdir til að róa litlum fleytum ár eftir ár. Menn hafa verið heppnir á undanförnum vetrum vegna þess að þeir hafa ekki verið mjög veðurharðir. Komi hins vegar erfiðari vetur eins og mörg dæmi eru um þá geta menn búist við hinu versta ætli menn að halda áfram að stunda útgerð með þessum hætti.

Ég vil halda þessu sjónarmiði til haga, að möguleikum manna til að þróa útgerðina frá því sem nú er verði ekki lokað. Það kom mjög skýrt fram í máli hæstv. sjútvrh., hann tók það sérstaklega fram að endurskoðunarnefndinni væri ætlað að skoða hvernig markmiðum sem menn settu sér á síðasta ári yrði best náð. Þau voru að öryggissjónarmiðin réðu því að opnað yrði fyrir möguleika til að stækka bátana. Þeir möguleikar voru ekki mjög rúmir. Í smábátakerfinu, á bátum minni en sex tonn áttu menn að fá möguleika á að stækka þá upp fyrir sex tonn. Menn gátu hins vegar ekki flutt aflahlutdeild frá þeim nema niður á báta sem voru minni en sex tonn og geta ekki flutt aflahlutdeild og aflamark til þeirra. Þetta átti að afmarkast við þá sóknarmöguleika sem viðkomandi bátur hafði þegar stækkunin fór fram, einmitt til að koma í veg fyrir að stórar glufur opnuðust að þessu leyti.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að skoða ábendinginu sjútvrn. í sjútvn. um hugsanlegan möguleika á að stórir bátar gætu skráð sig inn í hið nýja krókaflamarkskerfi. Ég er ekki að öllu leyti sammála því sem fram kemur í grg. um 3. gr., að heimilt sé að flytja aflamark og aflahlutdeild úr stóra kerfinu yfir í smábátakerfið. Það er rökstutt með því að menn séu að gagnálykta frá ákv. til brb. XXIV. Það segir ekkert um það í viðkomandi bráðabirgðaákvæði að það sé heimilt og ég tel mig reyndar geta lesið út úr lögunum allt annan skilning. En til þess að hafa á hreinu hvað menn voru að gera þá eru menn að setja upp tvö aðskilin kerfi, aflamarkskerfið og krókaaflamarkskerfið. Það er ekki gert ráð fyrir möguleikum á að blanda þeim saman, þannig að það sé alveg skýrt.

Hins vegar er frávik frá þessu í bráðabirgðaákvæði XXIII þar sem heimilað er að færa aflamark úr stóra kerfinu yfir á svonefnda þorskaflahámarksbáta. Það má gagnálykta út frá því ákvæði líkt og gert er með frv., þ.e. segja að úr því að það er sérstaklega tekið fram í þessu bráðabirgðaákvæði að heimilt sé að flytja yfir á krókabát á þorskaflahámarki aflamark á þorski, þá sé annar flutningur óheimill. Ég tel þannig að túlkunin sem fram kemur í greinargerð með 3. gr. sé ákaflega rúm, rýmri en ég get fallist á.

Það breytir því ekki að þegar menn telja glufur í kerfinu umfram það sem ætlað er þá er sjálfsagt og eðlilegt að líta yfir það í nefndarstarfi og búa svo um hnútana að þau markmið sem menn settu sér í upphafi náist.

[16:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mjög skýrt fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hann er ósammála túlkun ráðuneytisins á lögunum. Ég vildi aðeins fá að heyra það skýrar hvort hv. þm. telji þá algerlega óþörf þau ákvæði sem þarna eru sett inn til viðbótar. Það er mikilvægt að fá að vita það.

Hins vegar vil ég taka undir með honum í því að auðvitað er mikil nauðsyn á að menn létti af útveginum þeim hömlum sem orðið hafa til þess að menn eru farnir að gera út minni báta en þeir hefðu viljað gera. Spurningin er auðvitað: Hvernig fara menn að þessu? Það dugir auðvitað ekki að létta bara stærðartakmörkunum af því að þessi floti þarf þá á meiri veiðiheimildum að halda. Því stærri og fleiri sem þessir bátar verða því meira þurfa þeir að fá að veiða. Ef menn hleypa stórum bátum inn í þennan flokk þá munu þeir ekki gera annað en útrýma hinum í stórum stíl. Ég tel að það þurfi líka með einhverjum hætti að mynda almennar reglur þannig að hægt verði að opna á milli þeirra kerfa sem verða í gangi. Veiðiheimildir gætu þá farið eftir því hvernig hagkvæmast er að gera út en væru ekki njörvaðar í sömu viðjar og undanfarin ár.

[16:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á þeirri skoðun að betra sé fyrir sjávarbyggðirnar, sérstaklega minni sjávarþorpin, að hafa tvö kerfi; hafa smábátakerfið og verja það í stað þess að þau renni saman í eitt eins og var lagt til í frv. í desember 1998. Því var síðan breytt í meðförum sjútvn. yfir í tvö kerfi aftur og þar með var smábátakerfið varið. Ég tel mjög þýðingarmikið að hafa leikreglurnar þannig að sem minnstar líkur verði á því að það renni saman við hitt vegna eðlis þess. Þess vegna er ég sammála því sem hér hefur komið fram, m.a. hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og reyndar einnig hæstv. sjútvrh., að menn verði að gæta þess að breytingar á krókaaflamarkinu eyðileggi ekki það kerfi. Ráðuneytið hefur áhyggjur af því að möguleikar séu á því að það verði eyðilagt með því að stór skip geti skráð sig inn og síðan flutt aflaheimildir til sín úr stærra kerfinu. Það er auðvitað eðlilegt að menn skoði röksemdirnar á bak við það í starfi sjútvn. En ég hef ekki sannfærst um að þetta megi lesa út úr lögunum. Alla vega var það ekki ætlun manna á sínum tíma að ganga frá löggjöfinni um krókaaflamarkið með þessum hætti. Ég undirstrika að sjónarmiðin eru kannski ekki að öllu leyti eins hvað þetta frv. varðar.

[16:27]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Mig langar að blanda mér aðeins í umræðuna um frv. það sem hæstv. sjútvrh. fylgdi úr hlaði. Það er þó sérstaklega varðandi seinni málslið 3. gr. þessa frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þá er óheimilt að stækka bát sem leyfi hefur til veiða með krókaaflamarki þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri."

Hér höfum við þingmenn hlustað á þjónarmið hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem túlkaði og flutti meirihlutaálit sjútvn. þegar þessum lögum var breytt. Hann fjallaði um það öryggissjónarmið sem mest var greinilega litið til þegar takmarkanir á stækkunum báta voru felldar úr gildi. Þó mætti kannski líka segja að það sé meginniðurstaðan af svokölluðu Valdimarsmáli, þeim dómi að ekki væri heimilt að hindra aðgang að auðlindinni og öllu því sem þá kom fram.

Ég hef líka hlustað á hæstv. sjútvrh. fylgja þessu úr hlaði og skýra þau sjónarmið sem liggja að baki þessum breytingum. Ekki hafði verið gert ráð fyrir því í fyrstu, eins og hæstv. ráðherra komst að orði, að þetta hefði þá fjölgun í för með sér sem raun ber vitni og með þessu frv. sé verið að stíga eitt skref til baka og binda þessar stærðir fast við 6 tonn og ekkert megi stækka. Ég vil því aðeins nota tækifærið og spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hér sé ekki komið dálítið harkalega í bakið á þeim sem töldu að breytingin mundi standa, þ.e. þegar þessi lög voru samþykkt í ársbyrjun 1999. Er ekki komið harkalega í bak þeirra með því að stoppa þetta af þarna og fresta um eitt ár?

Tökum dæmi af útgerðaraðila sem fór strax af stað og tók sig til og stækkaði bát sinn eða keypti nýjan. Hvað á að gera við þann bát sem hugsanlega yrði tilbúinn til veiða, við skulum segja fyrst 15. september eða einhvern tíma rétt eftir 1. september í ár? Ég vildi gjarnan heyra sjónarmið hæstv. sjútvrh. hér á eftir, hvort sá aðili fengi ekki þá þegar að fara á sjó og nota réttindi sín og þá fjárfestingu sem hann er búinn að leggja í og fara að róa. Eða á að skikka hann til þess að bíða í eitt ár með þessum breytingum?

Ég er ansi hræddur um, herra forseti, að hér sé verið að koma allharkalega í bakið á mörgum og vildi láta þetta sjónarmið koma fram í umræðum um frv. hæstv. sjútvrh. sem hér er fylgt úr hlaði, og ítreka því spurningu mína til hæstv. sjútvrh.: Hvað skal gera í þessum tilfellum? Það eru örugglega þó nokkuð mörg dæmi í landinu um menn sem treystu á þessa lagabreytingu sem hér hefur verið lýst og fóru af stað og stækkuðu báta sína.

[16:31]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er svolítið merkilegt að upplifa þessa umræðu, einkum af hálfu stjórnarliða, þ.e. hvernig því er stillt upp að hér þurfi að fara að fresta framkvæmd tiltekinna laga eða ákvæða í lögum. Það kemur svolítið á óvart, herra forseti, vegna þess að það var skrifað í textann strax í janúar 1999 að endurskoða ætti lögin. Það er ekkert nýtt sem var að koma upp núna, menn vissu það þá þegar, en settu eigi að síður þau ákvæði inn sem menn hafa reitt sig á og gert áætlanir sínar samkvæmt þeim. Og ekki bara það heldur breyttu menn lögunum líka í vor sem leið, einmitt ákvæðum sem lutu að smábátunum. Ég er því ekki viss um að ég kaupi alveg þau rök að nú þurfi að fresta ákveðnum hlutum af því að verið sé að endurskoða lögin. Menn áttuðu sig kannski ekki á því þegar þessi lög voru sett að þetta væri svona óraunsætt eða yrði e.t.v. ekki framkvæmanlegt af því að það ætti að fara að endurskoða lögin og þurfa þess vegna að grípa til frestunar núna.

Mér finnst þetta hins vegar bera vott um óvandaða lagasetningu. Mér finnst þetta bera vott um það hvað menn bera litla virðingu fyrir þeim hópi manna sem stundar smábátaveiðar. Þessi hópur hefur mátt sæta því að hrært er í löggjöfinni og starfsumhverfinu a.m.k. einu sinni á ári, stundum oftar, og menn vita satt að segja sjaldnast hvaðan á þá stendur veðrið. (Gripið fram í.)

Það er þess vegna ekki óeðlilegt að menn spyrji núna: Hvað um okkur, hvað gerist? Einhverjir eru búnir að gera skuldbindingar, hafa haldið að lögin sem sett voru mundu a.m.k. gilda þar til endurskoðun væri lokið, þ.e. að farið yrði eftir löggjöfinni. Það má vel vera, eins og hér er skotið inn, að einhverjir hafi beðið um breytingar en mér finnst það ekki vera nein afsökun fyrir meiri hlutann á Alþingi þó að hann hlaupi eftir slíku og þurfi síðan að koma til baka og breyta enn á ný. Mér finnst þetta einfaldlega bera vott um óvandaða lagasetningu, um að mál hafi ekki verið hugsuð í gegn.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fjallaði reyndar svolítið um það áðan hversu mikill asi hefði verið á mönnum í janúar 1999 þegar verið var að bregðast við dómi Hæstaréttar frá í desember árinu áður, og að lögfræðingar hefðu haft ýmsar áhyggjur sem menn hefðu tekið mark á á þeim tíma. Það er alveg rétt, menn höfðu vissulega miklar áhyggjur. Það er kannski allt í lagi að rifja upp að það voru tvö frv. sem lögð voru fram upphaflega og aldrei varð nema annað þeirra að lögum, einfaldlega vegna þess að menn voru að fálma dálítið og voru ekki vissir um hvernig ætti að bregðast við, voru þó greinilega með þau pólitísku fyrirmæli að viðbrögð ættu að vera í algjöru lágmarki.

Skilaboðin sem komu út úr viðbrögðunum voru líka dálítið sérkennileg eins og menn muna. Annars vegar að allir ættu að geta fengið veiðileyfi og þar með var afnumin í rauninni sú endurnýjunarregla sem var í löggjöfinni, í 5. gr., býsna hörð um hvað menn þyrftu að uppfylla til að geta endurnýjað og stækkað skip sín, en hins vegar var hert á hvað varðaði

smábátana og menn þurftu að úrelda þrefalt ef þar átti að stækka bát. Þannig var það, herra forseti, að skilaboðin voru dálítið misvísandi og þeir voru býsna margir hér í þinginu sem þóttust nokkuð vissir um það á þeim tíma að hér væri ekki verið að stíga a.m.k. öll skref rétt.

Eitthvað var það nefnt hér áðan að menn hefðu kvartað undan því að þetta væru ekki næg viðbrögð við dómi. Ég mundi frekar orða það svo að menn hefðu talið að ekki væri um rétt viðbrögð við dómi að ræða, að býsna margir hér hafi litið svo á að dómur Hæstaréttar, þó að einungis væri verið að dæma um 5. gr., gæfi vísbendingar sem segðu okkur ýmislegt fleira sem rétt hefði verið fyrir þingið að taka á á þeim tíma og gefa sér örlítinn tíma í það. Það varð ekki, herra forseti. Þess vegna erum við stödd í því umhverfi sem við erum núna, bíðum enn dóms Hæstaréttar vegna niðurstöðu Vatneyrardómsins og auðvitað er það svo að allt þetta umhverfi er mjög ótryggt, allt starfsumhverfi greinarinnar er í svolitlu uppnámi.

Ég ætlaði ekki að halda langa ræðu, ég vildi bara koma þessu að. Mér finnst að menn eigi að draga lærdóma af þeirri reynslu sem hér er fengin af endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Menn eru að hlaupa hér til mjög reglulega til að breyta löggjöfinni og e.t.v. of oft. Það væri betra að gefa sér tíma, íhuga málin betur, fara vandlegar yfir þegar lögunum er breytt en reikna síðan með því að þau fái a.m.k. að reyna sig, að menn fái að starfa eftir þeim en þurfi ekki að sæta því að hér sé komið inn með frv. til breytinga svo ört sem raun ber vitni.

[16:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir mjög jákvæðar undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hjá hv. alþingismönnum. Ég vil taka undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að hrært hefur verið of mikið í smábátalöggjöfinni, það hafa verið gerðar of miklar breytingar á henni á stuttum tíma, en eins og fram hefur komið hafa þessar breytingar ekki allar verið gerðar vegna þess að vilji Alþingis hafi staðið til þess sérstaklega og þær breytingar sem við erum hér að fjalla um koma til af völdum Hæstaréttar þar sem um er að ræða dóm sem Alþingi varð að bregðast við. Og þær breytingar sem lagðar eru til eru gerðar vegna þess að komið hefur komið í ljós að tilteknar breytingar sem gerðar voru í janúar 1999 höfðu meiri og víðtækari afleiðingar í för með sér en ætlað var í upphafi og við því verður að bregðast.

Menn hafa velt fyrir sér hvort eðlilegt sé gagnvart Hæstarétti að svo langur frestur verði þar til breytingar sem gerðar eru sem viðbrögð við dómi Hæstaréttar taki gildi. Ég tel að það sé galli að langur tími líði þar til löggjöfin taki gildi sem ætlað er að bregðast við dómi réttarins, en í ljósi þess að enn þá er raunverulega verið að vinna að því að koma löggjöfinni í það form sem hv. Alþingi vill koma henni í til að bregðast við dómi Hæstaréttar, þá tel ég það vera réttlætanlegt.

Talað hefur verið um stækkunarmöguleikana sem felast í bráðabirgðaákvæði XXIV og það er í rauninni grundvöllurinn fyrir því að þetta frv. er flutt. Ég er síður en svo að hafna því að það geti orðið niðurstaðan, þannig að smábátarnir geti verið stærri en 6 tonn, ég sé ekki að 6 tonn sé einhver töfratala í því sambandi, en ég tel hins vegar rétt að í því samhengi sem við erum komin með þetta mál núna verði það verkefni endurskoðunarnefndarinnar að vega og meta hvernig við tökum þá skrefið fram á við aftur til mótvægis við það skref sem við værum þá að stíga til baka til fyrra ástands.

Síðan hefur verið rætt um þá möguleika að flytja aflahlutdeild eða aflamark úr stóra kerfinu í krókaaflamarkskerfið. Ég held að þeir möguleikar séu ótvírætt fyrir hendi því að hægt er að gagnálykta frá því að óheimilt er að flytja veiðiheimildir eða aflaheimildir úr krókaaflamarkinu yfir á skip sem hafa önnur veiðileyfi. Þar sem það er bannað held ég að menn verði að gagnálykta að það sem ekki er bannað sé þá leyfilegt, sem sé að flytja af skipum með aðra tegund veiðileyfis yfir á skip sem eru með krókaaflamarki. Ég held að umfjöllun hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um möguleika í þorskaflahámarkinu að flytja aflamark úr aflamarkskerfinu yfir í þorskaflahámarksbátana styðji frekar þá skoðun en dregið sé úr gildi hennar. Því að auðvitað má segja að krókaaflamarkskerfið sé skilgetið afkvæmi þorskaflahámarksins, það sé frekari útfærsla á því yfir í fleiri tegundir.

Eðlilega hefur verið spurt um þá aðila sem hafa tekið ákvarðanir á grundvelli löggjafarinnar sem hér er verið að ræða um að fresta. Það var erfitt þegar verið var að vinna að gerð frv. að meta að hve miklu leyti aðilar hefðu tekið ákvarðanir á grundvelli þessara ákvæða. En hins vegar um leið og frv. var komið fram fóru að berast upplýsingar um hvernig málum gæti verið háttað að þessu leyti til. Ég tel því eðlilegt að það verði vegið og metið í hv. sjútvn. hvort mögulegt sé að taka tillit til þessara aðila að einhverju leyti. Ég held að erfitt verði að gera það en til þess að allrar sanngirni sé gætt tel ég eðlilegt að það sé reynt og það mun ekki standa á sjútvrn. að aðstoða við að finna einhverja leið sem þar mætti að gagni koma.

Ég held hins vegar, herra forseti, að það sem mestu máli skiptir fyrir smábátakerfið í framtíðinni sé að löggjöfin sem um það verður sett verði þannig úr garði gerð að ekki sé sífellt verið að breyta henni, þannig að þeir sem í þessu kerfi vinna geti eins og aðrir þjóðfélagsþegnar notið stöðugleikans og byggt framtíð sína á stöðugu fiskveiðistjórnarkerfi sem þeir geta reitt sig á.

[16:44]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að halda sögunni til haga af því að hæstv. ráðherra fór yfir það áðan að breytingin varðandi smábátana hefði verið til að bregðast við dómi þá er það ekki alls kostar rétt. Það var þannig að Landssamband smábátaeigenda hafði átt í viðræðum við sjútvrn. þar sem menn voru að ræðast við undir þeim formerkjum að smábátamenn vildu gjarnan fara að fá traustara starfsumhverfi og reyna þá að semja um hvernig það yrði í grófum dráttum. Það var hins vegar meiri hluti sjútvn. sem í rauninni breytti þeim hugmyndum og setti sínar inn og mér sýnist að við séum enn að fást við þann gjörning.

Það má segja að framsal sóknardaganna sé kannski það eina sem úr því efni geti kallast viðbrögð við dómi og nú er verið að fresta því vegna þess, eins og ég gat um áðan, að þá var um að ræða þrengingu á endurnýjunarreglum þannig að það er ekki alls kostar rétt, herra forseti, að þessar breytingar á smábátakaflanum hafi verið viðbrögð við dómi. Ég vil nú meta það svo að þær hafi miklu frekar verið viðbrögð við þeim hugmyndum sem sjútvrn. og Landssamband smábátaeigenda voru sameiginlega komin með til þess að þeirra mati að tryggja öruggt starfsumhverfi smábátanna.

[16:46]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast nú ekki við þessa túlkun hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Ég held, a.m.k. eins og sú saga birtist mér í þingsölum, að sú löggjöf sem við búum við núna hafi verið viðbrögð við dómi Hæstaréttar frá því í desember 1998.

Hvað hefði getað gerst ef sá dómur hefði ekki fallið er eitthvað sem enginn okkar veit og ekkert okkar mun nokkurn tíma vita. Þegar litið verður yfir söguna síðar meira þá held ég að öllum muni verða ljóst að löggjöfin eins og hún er nú var viðbrögð við dómi Hæstaréttar í desember 1998.

[16:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í seinni ræðu hæstv. sjútvrh. að hann fjallaði um að það hefði verið mjög erfitt við samningu þessa frv. að sigla á milli skers og báru hvað þetta varðar og eftir að frv. hafi verið lagt fram hafi upplýsingar borist ráðuneytinu um það að menn hafi tekið lögin góð og gild og farið að stækka við sig bátum.

Hæstv. ráðherra sagði líka að það yrði vegið og metið í hv. sjútvn. að taka tillit til þessa en það yrði erfitt. Ég vil bara leyfa mér að vitna aftur í það sem kom hér fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni með öryggissjónarmiðið. En ég get ekki ímyndað mér að það sé erfitt að taka tillit til þessa. Og er það virkilega þannig í þessum lögum þar sem of mikið hefur verið hrært í smábátakerfinu, eins og hæstv. ráðherra sagði, að menn geti ekki notið stöðugleikans? Menn geta með öðrum orðum ekki treyst því sem samþykkt var á hv. Alþingi fyrir rúmlega einu ári síðan. Menn fara að aðlaga sig að því kerfi. Síðan kemur hæstv. sjútvrh. með frv. til þingsins um breytingar, um frestun á tilteknum þáttum. Og þá eiga menn ekki að njóta stöðugleikans heldur kemur löggjafinn og rekur rýting, ef svo má að orði komast, í bakið á þeim sem tóku lögin gild. Og svo verður bara sagt: „Þetta var bara allt í plati. Það var vitlaust gefið og við getum ekkert farið eftir þessu. Þið verðið bara að eiga það við ykkur þó að þið hafið treyst á þessi lög og farið út í einhverjar fjárfestingar til stækkunar báta og annað slíkt."

Er það virkilega þannig í þessum hrærigraut, ef svo má að orði komast, þessum breytingum sem verið er að gera að menn geti ekki treyst því sem hér er samþykkt?

[16:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða og mikil dramatík þegar hæstv. ráðherra er að taka undir með hv. þm. um það að það sé hið besta mál að leita leiða til þess að leysa úr vandanum sem hann var að lýsa.

Það sem ég var að segja var að erfitt væri þegar verið væri að vinna frv. að meta hversu umfangsmiklar ákvarðanir menn hefðu tekið á grundvelli laganna og jafnframt hvers eðlis þær ákvarðanir hafa verið.

Síðan frv. kom fram þá hafa eðlilega komið fram miklu betri og víðtækari upplýsingar um þetta. Það sem ég var að segja var að ég teldi eðlilegt að það væri vegið og metið hvernig hægt væri að taka tillit til þeirra. En það er hins vegar erfitt, eins og ég sagði, að fresta hluta af löggjöfinni en undanþiggja hluta af henni. Ég sagði að það væri erfitt en ég sagði ekki að það væri ómögulegt.

Síðan varðandi stöðugleikann sem hv. þm. minntist á, þá er ég alveg sammála honum í því að það hafa orðið allt of miklar breytingar á löggjöf um smábátana í gegnum tíðina. En það er nú bara einu sinni þannig að löggjafinn hefur það vald að breyta þeim lögum sem hann setur. Ef ég hef skilið skoðanir hv. þm. og flokks hans eða fylkingar rétt þá eru þar uppi miklar hugmyndir um að breyta núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi. Ætti þá honum og flokki hans að vera það ómögulegt til þess að raska ekki stöðugleikanum? Það eru svo sannarlega rök gegn þeim breytingum sem hann og hans flokkur hefur lagt til. En ég mundi samt ekki vilja ganga svo langt að taka löggjafarvaldið af þinginu á þeim grundvelli.

[16:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins um það mál sem ég hef nú verið að ræða hér og kom fram í fyrri hluta andsvars hæstv. sjútvrh. þá vil ég bara fagna því og taka undir það sem hæstv. ráðherra hefur sagt um þennan þátt sem ég gerði að umtalsefni. Ég ætla ekki að fara út í frekari umræðu um fiskveiðistjórnarkerfið við hann, ekki hér og nú. En ég fagna því sem hér hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra og vil trúa því og treysta að hv. sjútvn. taki þessi atriði til skoðunar vegna þess að það er það langt síðan þessar breytingar voru gerðar og við vitum, eins og hér hefur komið fram, að fjöldi aðila í þessu landi tók sig til eftir þessar breytingar og ætlaði að stækka sína báta. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Síðan verða hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn að eiga það við sig hvort þeir hafi gengið of langt í þessu í janúar 1999. Um það ætla ég ekkert að fjalla. Ég var ekki hér þegar það var gert. En mér finnst grundvallaratriði að það verði ekki komið það harkalega í bakið á þeim sem tóku þetta bókstaflega, hófu framkvæmdir, keyptu báta og tæki og tól til að byggja upp þessa báta, að erfitt verði að lagfæra það heldur verði tekið tillit til þeirra. Og ég treysti öðrum mönnum í þessu kerfi og hv. sjútvn. náttúrlega miklu betur til að vega það og meta en mér í þessum efnum.

En mér finnst það einhvern veginn mjög lúalegt og það geti bara ekki gengið að fjárfestingar manna á þessu sviði séu bara gerðar einskis nýtar eða ógiltar í einu vetfangi.

[16:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þrátt fyrir mismunandi orðalag séum við hv. þm. Kristján L. Möller samstiga í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:53]

Útbýting þingskjala:

Eðli og umfang vændis, 483. mál, þáltill. GÖ o.fl., þskj. 763.

Samkeppnislög, 488. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 770.

Sóttvarnalög, 490. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 772.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GAK og ÁSJ, 429. mál (sólarlagsákvæði, sóknardagar, veiðar smábáta o.fl.). — Þskj. 697.

[16:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli fyrir er að sumu leyti eigi ólíkt því sem við ræddum áðan og hæstv. sjútvrh. mælti

fyrir, þ.e. varðandi frestunarákvæðin. En það er hins vegar þó nokkuð margt annað í þessu frv. sem við flytjum hér, ég og hv. Árni Steinar Jóhannsson, og mun ég nú gera grein efnisatriðum þess.

Í a-lið 1. gr. frv. er lagt til frestunarákvæði þess efnis að í stað orðanna „1. september 2000“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 1. september 2001, sbr. frv. sem við ræddum hér áðan.

Í b-lið 1. gr. eru hins vegar lagðir til þrír nýir málsliðir svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hver sóknardagur telst 24 klst. Hvern sóknardag má taka út í tveimur 12 klst. veiðiferðum talið frá upphafi veiðiferðar. Veiðiferð sem er lengri en 12 klst. telst heill sóknardagur.“

Í grg. segir svo um b-lið 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Í b-lið er lagt til að lagfært verði það stífa sóknarákvæði að hver af fáum veiðidögum krókabáta í dagakerfi skuli aðeins tekinn og talinn með samfelldri 24 klst. veiðiferð. Þarna er í raun verið að pína sjómenn, unga sem aldna, til þess að vinna óhóflega langan vinnudag sem fær ekki staðist lög og reglur um almenn hvíldarákvæði. Hér er því um þarfa leiðréttingu að ræða. Auk þess geta ákvæði eins og þessi stangast á við öryggissjónarmið. Sjómenn freistast til þess að fullnýta sóknardagana ef á annað borð róður er hafinn þegar þeir eru jafnfáir og raun ber vitni, jafnvel þótt veður versni, og getur slíkt skapað slysahættu.“

Ég held að þarna sé hreyft ákaflega þörfu máli sem ég tel að sé nauðsynlegt að menn ræði. Það er ástæðulaust að hafa lögin áfram eins og þau eru. Þó að þær breytingar sem hér eru lagðar til gildi aðeins til eins árs, þ.e. á meðan heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða á sér stað, þá held ég að þarna sé mjög þörf leiðrétting á ferðinni. Það er einfaldlega þannig að þarna er sú stífa regla afnumin að menn skuli ævinlega eyða einum sóknardegi þegar þeir fara til fiskveiða hvort sem þeim tekst að róa í sex klukkustundir eða átta klukkustundir — þ.e. að þá skuli þær teljast 24 — og þar með eyða einum af þessum fáu dögum sem menn hafa. Eins og kom hér fram í umræðum um það frv. sem við ræddum hér fyrr þá eru reyndar þrjú sóknarákvæði inni í lögunum um smábátana og mun ég fara yfir þau hér á eftir, en það eru sóknarákvæði þar sem menn hafa hámarkasafla einnig í þorski, annars vegar 32 daga ef þeir stunda línuveiðar og hins vegar 40 daga ef þeir stunda handfæraveiðar gegn því að undirgangast 30 tonna hámarksheimildir í þorski.

Ég held að mjög margs konar rök mæli með því að þessu ákvæði sé breytt og farið niður í það að telja tímabilið í tólf klukkustunda tímabilum. Það kann að vera að sumir segi sem svo: „Hvers vegna telja menn þetta bara ekki í klukkustundum eins og það er raunverulega?“

Það kann vel að vera að best væri að gera það en ég held hins vegar að svona ákvæði yrði mikil bót. Menn munu velta því fyrir sér og segja sem svo: „Er þá ekki verið að gefa mönnum miklu meiri sóknarmöguleika?“ Það getur verið í báðar áttir. Það er einfaldlega þannig að ef mönnum tekst að fara tvo róðra á 24 klst. með því að vera tvisvar sinnum tólft tíma í sjóferð að þá er það nú svo að þeir fara þá tvisvar frá landi og tvisvar að landi þannig að menn eru þá að eyða helmingi meira tíma í siglingu í sólarhringnum. Hins vegar er mönnum gefinn sá kostur að eyða aðeins 12 tímum í staðinn fyrir 24 og þurfa ekki að vera að pína sig upp í það að vera 24 klst. í beit við fiskveiðar.

Ég held að þetta ákvæði sé einfaldlega skynsamlegt og líka réttlátt gagnvart vinnutímareglum og út frá öryggissjónarmiðum sem eðlilegt er að taka tillit til. Ég dreg í efa að hægt sé að færa fyrir því rök að þessi sókn svona útfærð verði miklu afkastameiri en sú sem stunduð er í dag fyrir utan það að ég tel að núverandi ákvæði geti beinlínis verið hættuleg og þess vegna sé rétt að hverfa frá þeim og breyta þeim.

2. gr. þessa frv. inniheldur sólarlagsákvæði. Þar leggjum við til að sett verði inn í lögin ákvæði um að núverandi lög um stjórn fiskveiða falli úr gildi 1. sept. 2001, eftir um hálft annað ár. Þetta teljum við eðlilegt að setja inn í lögin, þ.e. að í þeim sé sólarlagsákvæði. Í athugasemdum um 2. gr. segir:

„Hér er sett inn ákvæði um að lögin falli úr gildi, svonefnt sólarlagsákvæði. Með því er verið að leggja áherslu á að núverandi fyrirkomulag er tímabundið. Í því að takmarka gildistíma laganna felst í senn ákveðin yfirlýsing um að lögin muni breytast, auk þess sem fiskveiðistjórnarkerfið er í annarri réttarfarslegri stöðu sé löggjöfin tímabundin.“

Þingflokkar Frjálslynda flokksins og vinstri grænna hafa lagt fram sérstaka þáltill. um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu, sem vonandi næst að ræða hér síðar í dag. Við teljum að þetta frv. sem við hér ræðum sé í fullu samræmi við hana og hluti framsetningar okkar á stefnumótun til framtíðar við heildarendurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða.

Í 3. gr. þessa frv. er um hrein frestunarákvæði að ræða og færðar til dagsetningar, frá deginum í dag til ársins 2001. Þannig er í raun verið að færa til dagsetningar. 3. gr. er þar að langmestu leyti samstofna frv. sem við ræddum hér fyrr að öðru leyti en því að undir c-lið er tekið fram að sóknardagar í ákv. til brb. XXIII skuli einnig vera hægt að telja í 12 klst. veiðiferðum, tímabilum. Í c-lið segir síðan að fjöldi sóknardaga skuli aukinn í hlutfalli við aukinn heildarafla þorsks sem og þorskaflahámark þessara báta og að ákvæðið eigi einnig við um 8. mgr.

Um 3. gr. segir í grg.:

„Í a-, b- og d-liðum er um að ræða að fresta núverandi ákvæðum til bráðabirgða um eitt ár, til 1. september 2001, til samræmis við sólarlagsákvæði 2. gr. frumvarpsins og breytingar sem gerðar eru á 6. gr. laganna, sbr. a-lið 1. gr. frumvarpsins.

Í c-lið er lögð til sams konar breyting um heimild til 12 klst. veiðiferðar þeirra sóknardagabáta sem veiðar stunda eftir ákvæði til bráðabirgða XXIII við lögin og lögð er til í b-lið 1. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að sóknardögum þeirra báta sem starfa eftir 6. og 14. mgr. ákvæðisins, sem og 8. mgr., verði fjölgað í hlutfalli við meiri heildarafla þorsks á næsta fiskveiðiári ef heildarþorskaflinn verður aukinn frá því sem nú er.“

Þá erum við komin að 4. gr. þessa frv. en þar segir:

„Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða.“

Mig minnir að í dag séu bráðabirgðaákvæði við lög um stjórn fiskveiða 27 þannig að hér yrði þá um ákv. til brb. XXVIII að ræða. Þessi ákvæði eru sett fram í a- og b-lið 4. gr. Fyrri liðurinn víkur í raun að því að gera ráðstafanir fyrir annan hluta flotans en bara smábátana. Það sem við höfum rætt hér fyrr í dag varðandi frv. sjútvrh. og hins vegar flest þau atriði sem við höfum rætt varðandi 1., 2. og 3. gr. þessa frv. sem nú er til umræðu snýr nánast eingöngu að veiðum smábátaflotans, þ.e. skipum undir 6 tonnum sem hafa reyndar fjögur mismunandi veiðileyfi eins og áður hefur komið fram.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingum til samræmis við það sem hér mun lagt til varðandi smábátana. Sjútvrh. lagði í frv. sínu til að fresta kvótasetningu á ýsu, ufsa og steinbít í

smábátaflotanum. Við leggjum hins vegar til að kvótasetning á ufsa og steinbít verði tekin út úr kvótalögunum, að ekki verði um kvótasetningu að ræða á þessum fisktegundum meðan á þessu endurskoðunartímabili stendur, þar til því lýkur og ný lög um stjórn fiskveiða hafa tekið gildi. Hvort allar þær fisktegundir verða kvótasettar sem nú eru veit enginn. Ég dreg það reyndar mjög í efa ef menn ætla að fara í efnislega skoðun á því hvaða fisktegundir eigi heima í kvótakerfi og hverjar ekki. Mér finnst þurfa sterk rök fyrir því að leggja höft á frelsi manna til að veiða fisk. Þar þarf sterk og efnisleg rök en ekki bara hippusumhapps-tillögur um það að þetta árið skuli kvóti á sandkola, næsta ár skrápflúru og svo koll af kolli. Það verða að vera einhver efnisleg rök fyrir því að fisktegund sé almennt inni í kvótakerfi og þurfi sérstakrar skömmtunar við. Það verður að segjast að varðandi steinbítinn þá verður t.d. engan veginn séð að nokkur ástæða sé til að hafa hann í kvótakerfinu.

Þegar lögin voru sett á um stjórn fiskveiða 1984 og kvótakerfið sett á, eins og þeir vita sem þekkja þessa sögu, var fyrst og fremst verið að skera niður þorskaflaheimildir á árinu 1984. Reyndin varð sú að í stað þess að veiða 289 þús. tonn á árinu 1983 þá veiddum við 281 þús. tonn á árinu 1984. Það er þess vegna spurning hvort við þurftum nokkuð að grípa til kvótakerfisins í ljósi þess að það mátti þegar bæta við þorskaflann á árinu 1984.

Á árinu 1984 var jafnframt ákveðið að taka steinbít og skarkola inn í kvótakerfið. Þeir sem urðu fyrir mestum niðurskurði í þorski fengu mesta úthlutun í þessum tveimur fisktegundum. Ég held að tvö ár hafi liðið þar til þessar fisktegundir voru aftur teknar út úr kerfinu. Síðan hefur það gerst að þessar göfugu fisktegundir, skarkoli og steinbítur, eru aftur komnar inn í kvótakerfið. Ég hygg að steinbíturinn hafi farið þar aftur inn fyrir rúmum tveimur árum síðan.

Þegar maður skoðar fiskveiðisöguna þá er ekkert í henni sem bendir til að nokkur ástæða sé til að hafa steinbítinn inni í kerfinu, hvorki fyrr né síðar. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, sem er auðvitað hið merkasta plagg eins og venjulega, má sjá að varðandi steinbítinn er ekkert sem bendir til þess að hann sé í mikilli áhættu. Þar kemur m.a. fram að nýliðun í steinbít er mjög góð og hefur verið mjög góð allt frá árinu 1990. Reyndar er búist við því að nú séu að koma inn í stofninn góðir árgangar. Steinbíturinn hefur ekki verið sérlega mikið rannsakaður á undanförnum árum en hér kemur fram að sóknarþungi í steinbít er ekki talinn mikill. Talið er að sóknarþunginn hafi náð hámarki á árunum 1991–1993, þá var steinbíturinn ekki inni kvóta en síðan hafi sóknarþunginn farið minnkandi.

Það kemur ekkert fram í plöggum Hafrannsóknastofnunar um að við þurfum að hafa sérstakar áhyggjur af steinbítnum. Ég bið menn að kynna sér skýrslu Hafrannsóknastofnunar. Ég ætla ekki að lesa þetta upp. Þeir sem áhuga hafa á stjórn fiskveiða geta kynnt sér þetta og margir hverjir hafa sjálfsagt kynnt sér það.

Um ufsann er það einfaldlega að segja að hann er flökkufiskur og hefur jafnan verið viðurkennt að ufsinn fari hér á milli lögsagna og flakkaði um Norður-Atlantshaf. Ég minnist þess að þegar ég stundaði síldveiðar á árum áður, úr norsk-íslenska síldarstofninum áður en hann hrundi á árunum 1965–1966, vorum við að fá ufsa á öllu svæðinu þar sem við fylgdum síldinni eftir frá Austfjörðum yfir til Færeyja og langleiðina að norsku lögsögunni. Ufsinn er flökkufiskur og um það er ekkert deilt.

Það kemur einnig fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar, í töfluriti sem þeir birta, að 60% meira er í árgangi sjö ára ufsa og eldri í veiðinni en menn gerðu ráð fyrir í spá sem hér er birt. Það segir einfaldlega, með leyfi forseta:

„Hlutdeild sjö ára og eldri ufsa í veiðinni 1998 var 36% en í síðustu úttekt var gert ráð fyrir að fiskar úr þessum aldurshópi yrðu 22% af heildarfjölda."

Þarna er sem sagt yfir 60% skekkja.

Þetta er kannski í samræmi við það sem fiskimönnum hefur fundist koma fram á miðunum í vetur, að það væri meiri ufsi á ferðinni en menn áttu von á. Fiskimenn hafa bent á að ufsaúthlutunin væri of lág miðað við aflahorfur. Það má líka segja frá því að ufsinn var hér í kvóta í mörg ár og veiddist þá ekki upp í mörkin sem sett voru hvorki af Hafrannsóknarstofnun né stjórnvöldum.

Þegar úthafskarfinn var kvótasettur á Reykjaneshrygg og skuttogaraflotinn okkar, frystitogaraflotinn að stærstum hluta, fékk úthlutaðar veiðiheimildirnar í úthafskarfa þá átti samkvæmt lögunum um veiðar utan lögsögu að skila ákveðnu hlutfalli af kvótanum utan lögsögunnar til þeirra skipa sem stunduðu veiðar innan lögsögunnar. Og hverju skiluðu menn þá inn? Þá skiluðu menn inn ufsa því að hann var svokallaður pappírsfiskur á þeim árum og tillögurnar um leyfða veiði voru langt umfram það sem veiddist. Þar af leiðandi má segja að ufsinn hafi lengi vel verið frjáls í kvótakerfinu. Svo dróst veiði saman fyrir tveimur eða þremur árum síðan og mönnum sýndist þá eðlilegt að minnka ufsaveiðina. Núna virðist mönnum hins vegar eðlilegt að auka ufsaveiðina en það fær nú ekki svakalega mikinn hljómgrunn uppi á Skúlagötu 4 á Hafrannsóknastofnun.

Við teljum eðlilegt, þar sem ufsinn er flökkufiskur og ekkert bendir til þess að steinbíturinn sé í neinni hættu, að meðan á endurskoðun laganna stendur verði gefið það jafnræði með mönnum í stóra kerfinu og smábátakerfinu að ufsi og steinbítur verði tekinn út úr kvótanum. Þar af leiðandi sitji báðir aðilar við sama borð að þessu leyti meðan á endurskoðunartímabilinu stendur.

Annað ákvæði til bráðabirgða er í b-lið 4. gr.: „Á fiskveiðiárinu 2000/2001 skal allt að 1,5% aflaheimilda af heildaraflamarki þorsks og ýsu úthlutað sérstaklega til aflamarksskipa sem voru minni en 200 brúttórúmlestir 1. september 1999. Skilyrði þess að aflamarksskip fái úthlutun er að skipið hafi hinn 1. september 1999 haft minna aflamark en 80 þorskígildistonn. Úthlutunarréttur hækkar með fækkandi þorskígildistonnum aflamarks viðkomandi fiskiskips niður í 20 þorskígildistonn eða minna miðað við 1. september 1999. Jafnframt er skilyrði að fiskiskipið hafi leigt til sín á Kvótaþingi 40 þorskígildistonn eða meira fiskveiðiárið 1999/2000. Þá þarf aflamarksskip að hafa veitt 75% af aflamarki sínu í botnfiski fiskveiðiárið 1999/2000.

Aflaheimildir þessar verða ekki framseldar til annarra fiskiskipa og teljast ekki með þegar veiðiskip uppfyllir 50% veiðiskyldu, samanber ákvæði 12. gr. laga þessara. Heimildum þessum verður aðeins úthlutað til dagróðrabáta. Hámarksúthlutun eftir stærðarflokkum fiskiskipa í brúttórúmlestum annars vegar og þorskígildishámarki hins vegar er sem hér segir:"

Hér birtist síðan tafla sem skýrir sig nánast sjálf. Hún miðar annars vegar við stærð skipanna: frá 0–20; frá 20,1–40; frá 40,1–60; 60,1–100; 100,1–150 og 150,1–200 brúttórúmlesta.

Hin viðmiðunin er að skipin hafi ýmist: minni þorskígilsiskvóta en 20 tonn; 20,1–40 tonn; 20,1–40 tonn; 40,1–60 tonn og 60,1–80 tonn. Ef skip hafa meira en 80 þorskígildistonn og eru stærri en 200 brúttólestir, hvort heldur sem er, þá fá þau ekki úthlutun samkvæmt þessari úthlutunartöflu. Eins og menn sjá er þetta gert til þess að koma til móts við þá sem gert hafa út aflamarksskip á undanförnum árum meðan verið er að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Það er verið að leggja til að þeim verði úthlutað ákveðnum tonnum fyrir næsta fiskveiðiár. Það er lagt til að í þetta verði sett allt að 1,5% af heimildum þorsks og ýsu.

Við höfum farið nokkuð yfir þessar stærðir fiskiskipa og kvótastöðu flotans að þessu leyti og skoðað hversu margir næðu að uppfylla þessi skilyrði, þ.e. hafa leigt til sín meira en 40 þorskígildistonn hafa minna aflamark en kemur fram í töflunni, eða vera undir þessum stærðum, hafa veitt 75% af heimildunum sínum, hafa raunverulega verið í útgerð og hafa verið að greiða stórgreifunum peninga fyrir að fá að stunda fiskveiðar. Þetta er í mörgum tilfellum sjómenn sem voru áður á stærri fiskiskipum þar sem búið er að hagræða, eins og menn kalla það, selja þessi fiskiskip til annarra landa, jafnvel á sóknardaga í Litháen eða Lettlandi eða rússneska eða franska eftir atvikum. Þessi skip og aflaheimildir þeirra kunna að hafa verið seldar úr sjávarþorpunum í kringum land og farið í hina stórkostlegu samþjöppun aflaheimilda þar sem menn sjá framtíð sína í því að fram undan séu hinir góðu dagar sex til sjö stórfyrirtækja í sjávarútvegi sem muni byggja upp Ísland framtíðarinnar. Þetta eru þeir sjómenn sem hafa þarna misst störf; hafa í raun og veru aldrei gert neitt annað en að vera sjómenn og telja sig hafa rétt til þess að stunda fiskveiðar; hafa keypt sér báta og reynt að hefja útgerð og baslast áfram við að gera út; hafa greitt stórgreifunum 100 kr. fyrir kílóið fyrir að leigja til sín aflaheimildir. Í raun og veru er með þessari tillögu gerð tilraun til að leyfa þessum sjómönnum eins og öðrum að lifa af endurskoðunartíma næsta árs og standa uppréttir við það að reyna að stunda fiskveiðar og hafa í sig og á.

Við skulum ekki draga fjöður yfir það að tillagan er um að taka kvóta út úr kerfinu, út úr pottinum, og leyfa þessum mönnum að njóta hans án þess að þeir þurfi að borga sægreifunum fyrir.

Við teljum að hér sé hreyft réttlætismáli og það sé rétt að þegar verið er að gera bráðabirgðaákvæði um frestun á kvótasetningu innan smábátakerfisins sé með einhverjum hætti líka komið til móts við þau sjónarmið manna sem gera út í aflamarkskerfinu. Stundum hefur verið talað um þennan flota frá 20 eða 10 brúttólestum og upp í 200 sem hinn gleymda flota eða hinn týnda flota. Þetta er sá floti sem hefur verið að leigja til sín hvað mest af aflaheimildum en eins og kom fram í skýrslu sem rædd var á vegum sjútvrh. um Kvótaþing og fleira voru það stærstu útgerðirnar sem höfðu leigt mest frá sér. En þetta er flotinn sem hefur verið að leigja mest til sín í raun og veru. Ef skoðað væri hlutfallslega eru sumir þessara báta eingöngu háðir því að geta leigt aflaheimildir af öðrum.

Mér finnst það ekki segja neitt um það að þessir viðkomandi menn eigi ekki rétt til þess að stunda fiskveiðar á Íslandi. Þeir hafa stundað sjómennsku sína í 10, 20, 30 og sumir 40 ár og eiga til þess atvinnurétt eins og aðrir. Ef það er meining stjórnvalda að íslenskir útgerðarmenn einir og sér hafi eignast atvinnuréttindi til að stunda fiskveiðar held ég að það sé algjör misskilningur. Ef það á að mismuna mönnum með þeim hætti áfram sem verið hefur þá tel ég að það gangi aldrei.

Þar til viðbótar segir nú í þessari grein að við leggjum til að fiskiskip sem eru með meira en 80 þorskígildi fær ekki úthlutun eins og ég gat um hér áðan. Svo segjum við: Einnig skal þeim útgerðaraðilum sem gera út fiskiskip sem eru minni en 20 brúttórúmlestir að stærð, uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. um að hafa leigt til sín 40 þorskígildistonn eða meira á fiskveiðiárinu 1999–2000 og höfðu minna aflamark 1. sept. 1999 en 15 þorskígildistonn, úthlutað allt að 15 tonnum í þorskígildum, þorsks og ýsu. Þó skal þeim aldrei úthlutað meira en aflamark þeirra var þann 1. sept. 1999 og aldrei meira en sá afli sem þau veiddu og lönduðu á fiskveiðiárinu 1999–2000. Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt til sín viðbótaraflaheimildir. Þar væri í raun og veru verið að koma að vanda sjómanna og eigenda fiskiskipa sem eru minni en 20 brúttórúmlestir, eru með tiltölulega litla þorskveiðiheimildir, hafa ekki verið á leigumörkuðunum, hafa kannski eingöngu verið að gera skip sín út í tvo, þrjá, fjóra mánuði á ári eða eru með veiðiheimildir í öðru en þorski. Við getum tekið grásleppu sem dæmi þar sem menn hafa stundað grásleppuveiðar sem meginatvinnuveg sinn en hafa samt sem áður stundað einhverjar þorskveiðar og eiga tiltölulega lítinn aflakvóta eða hafa tiltölulega lítinn aflakvóta í þorski. Þarna er um tiltölulega fá skip að ræða. Ég hef farið yfir það og skoðað nokkuð gaumgæfilega og mér sýndist að þarna gæti verið um að ræða útdeilingu á um 350 tonnum, 350–400 tonnum því að þau skip sem eru undir 20 brúttólestum og hafa minni þorskígildiskvóta en 15 tonn eru tiltölulega fá. En þetta er líka sá hluti manna sem hafði ekki burðugar tekjur út úr grásleppuveiðum á síðasta ári og mun sennilega ekki hafa það heldur á þessu ári. Þarna er verið að koma til móts við ákveðin sjónarmið og ákveðin réttlætismál. Þegar verið er að gera leiðréttingu fyrir þá sem vinna í smábátakerfinu, krókakerfinu, teljum við eðlilegt að líta líka til þeirra sem eru í aflamarkskerfinu en hafa þar tiltölulega litlar veiðiheimildir og þröngan kost.

Við teljum að þær greinar sem ég hef nú rætt séu í raun og veru viðbótargreinar við það sem kom fram í frv. sjútvrh. ásamt þeim ákvæðum að breyta sóknardögum eða mega telja sóknardaga í 12 klukkustunda tímabilum í staðinn fyrir 24. Það er um réttlætismál að ræða til samræmingar við það sem verið er að gera við smábátaflotann að fresta þar kvótasetningu og gefa mönnum aukið frjálsræði til veiða út næsta fiskveiðiár meðan endurskoðun laganna stendur yfir. Rétt er að standa þannig að málum að þessi hluti flotans, sem hefur haft litlar aflaheimildir og hefur í raun og veru verið að greiða auðlindagjald til þeirra stóru á undanförnum árum, fái einhverja aðlögun að því að fá að lifa af endurskoðun fiskveiðistjórnarlaganna. Eins og allir vita hefur sjútvrh. lýst því yfir að hann telur að það tæki meira en ár að klára að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða.

Ég sé að tími minn er búinn en vonandi fæ ég tækifæri til að ræða þetta mál nánar síðar við umræðuna.

[17:24]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til laga sem hér er til umfjöllunar er flutt af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og þeim sem hér stendur. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara efnislega yfir frv., það var gert á mjög skilmerkilegan hátt af 1. flm., Guðjóni A. Kristjánssyni. Í sambandi við fiskveiðiumræðuna tel ég nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

Mjög mikilvægt er fyrir endurskoðunarnefndina um lögin um stjórn fiskveiða að fá fram þau sjónarmið sem eru sett fram til að vinna sér tíma. Það er einnig mjög mikilvægt í umræðunni núna, einmitt fyrir þessa nefnd, að fá fram þau sjónarmið sem flokkarnir standa fyrir til að hægt sé að móta raunverulega vinnu í nefndinni um endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Endurskoðunin fer ekki fram öðruvísi en klárt sé hvert þeir sem takast á á hinu pólitíska sviði vilja stefna. Í því sambandi langar mig til að koma fram á þessum grunni hér að það er algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur að skoða hlutina út frá nýjum sjónarhornum eins og staða mála er í dag. Við eigum á þessari öld, nýrri öld, að nálgast hlutina á róttækan hátt.

Við eigum að hefja umræðuna til vegs um veiðarfæri. Hvers konar veiðarfæri viljum við nota? Krafan um vistvæn veiðarfæri er alls staðar uppi á borði í heiminum í kringum okkur. Þar verðum við að líta gagnrýnt á málin.

Við verðum að hefja til vegs og virðingar umræðuna um orku og orkunotkun í flotanum. Það er staðreynd að orkunotkun Íslendinga hefur stóraukist með togaravæðingunni og ef ekki hefðu komið til hitaveituframkvæmdir stæðum við raunar mjög illa varðandi þennan þátt málsins.

Við verðum að hefja til vegs og virðingar umræðuna um fjárfestingu. Hvers konar samsetningu viljum við hafa út frá fjárfestingu? Venjulegur togari kostar tvo milljarða en t.d. smábátarnir sem við viljum styrkja hlutdeildina í í aflanum kosta aðeins brot af því.

Við verðum að hefja umræðuna um vinnuaflið. Hvers konar samsetningu af vinnuafli viljum við hafa? Viljum við hafa þessa stórkostlegu vélvæðingu með miklum tilkostnaði eða viljum við lofa fleirum að njóta þess, bæði til sjávar og í landvinnslunni, til að vinna aflann?

Ekki þarf að fjölyrða um byggðamálaþáttinn. Það er ekki eðlilegt að stjórn fiskveiða sé á þeim nótum að í heilu byggðarlögunum, þar sem mörg hundruð manns búa með öllum þjónustuþáttum, geti menn geti átt von á því næsta morgunn að búið sé að malbika yfir kartöflugarðinn þeirra og þeir hafi enga möguleika til þess að afla sér lífsbjargar.

Það verður líka að fara með gagnrýni inn í vinnsluferlið vegna hugsunarinnar um nýja stjórn fiskveiða. Hvernig sjáum við framþróun okkar í sambandi við vinnsluna? Hvernig stöndum við að málum þar? Það er himinljóst að virðisaukinn í íslenskum sjávarútvegi vegna vinnslu er mjög lítill miðað við það sem við þekkjum t.d. hjá nágrönnum okkar eins og Dönum. Danir eru með miklu meiri virðisauka vegna fullvinnslu í landi og markaðsmála. Þetta eru hlutir sem við verðum að koma inn í umræðuna.

Þessi hörðu viðskiptasjónarmið út frá útgerðarþættinum verður að endurskoða. Þegar þeir þættir sem ég hef verið að tala um, sem eru kannski grundvöllurinn af hugsuninni um vistvænar veiðar, eru allir skoðaðir er ekki víst að þessi hörðu viðskiptasjónarmið sem við höfum keyrt eftir þjóni samfélaginu þegar er litið í heildarsamhengi á málin. Ekki út frá fjárfestingu, ekki út frá orku, ekki út frá hugsuninni um nýjar og bættar aðferðir við að taka fiskinn, og þá á ég við veiðarfæri.

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á tel ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson fylgdi því mjög vel úr hlaði og ég hlýt að fagna því að við flm. að hæstv. sjútvrh. kom hér með frv. sem við ræddum fyrr í dag sem byggir að hluta til á sömu hugmyndum og við getum ekki annað en stutt það. Þetta frv. verður lagt inn til umfjöllunar í sjútvn. og ég bind enn þá miklar vonir við það að hugmyndir okkar nái framgangi í meðhöndlun sjútvn. þannig að frv. okkar verði til grundvallar við þá vinnu sem á síðan eftir að koma út úr nefndarstörfunum.

Að svo mæltu vil ég segja að þetta frv. er að hluta til það sama og fram kemur hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég vil árétta það eins og fram kom í framsögu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að þetta frv. til laga hefur verið á borðum þingmanna frá því í febrúar en hefur ekki fengist rætt fyrr en nú og var tími til kominn að fá þetta innlegg.

[17:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þær frestanir á lögunum sem hér eru lagðar til og vísa til þess sem ég sagði við umræðuna hér á undan. En ég vil fjalla nokkuð um önnur atriði og byrja á því að tala um sólarlagið sem þarna er lagt til að verði í september 2001. Þó að ég hafi stutt slíkt sólarlag í aðdraganda kosninganna, en það var einmitt á stefnuskrá Samfylkingarinnar að menn gæfu sér ákveðinn tíma til endurskoðunar og að lögin rynnu þá út á þeim tíma, tel ég að sá tími sé liðinn sem menn höfðu til þess að bíða eftir sólarlaginu. Mér virðist það vera svo, eins og fleira sem hér hefur komið fram í umræðunni um sjávarútvegsmál, að fjöldamargir þingmenn gefi sér það að Vatneyrardómurinn verði ekki staðfestur og ýmislegt í þessu frv. gerir bókstaflega ráð fyrir að dómurinn verði ekki staðfestur. Ég tel ástæðu til að gera ráð fyrir að svo geti farið en grundvallarafstaðan er þó sú að við eigum að virða þau grundvallarsjónarmið sem eru á bak við atvinnufrelsi og jafnræði til að stunda sjó á Íslandi og það verður ekki gert nema með almennum reglum um sókn á fiskimiðin.

Lagt er til að gerðar verði breytingar hvað varðar sóknardagana og þeim verði í raun og veru skipt í tvennt, menn geti farið tólf tíma í einu. Engin spurning er um að ef þetta verður leyft þá geta menn sótt meira en áður. Út af fyrir sig ætla ég ekki að gera neinar athugasemdir við það að menn vilji auka sóknargetu þessa flota, en eitthvað fleira þarf þá að breytast líka einfaldlega vegna þess að sá litli hluti sem þeim flota er ætlaður í kvóta getur aldrei orðið undirstaða að neinni atvinnu fyrir þessa menn til framtíðar. Menn verða þá líka að horfast í augu við það að þeir fái að veiða margfalt það sem gert er ráð fyrir að þeir megi veiða í lögunum.

En það er líka annað sem er að og það er að eftir að búið var að breyta 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða er ákaflega erfitt að sjá fyrir sér hvernig eigi að stjórna fiskveiðum með sóknardagafyrirkomulagi því ekki er hægt að takmarka fjölda skipa í hverjum útgerðarflokki nema með einni aðferð. Og sú aðferð væri þá fólgin í því að bjóða veiðileyfin upp. Ég held að af ýmsu sem menn hafa látið sér detta í hug að gera væri það e.t.v. versta aðferðin vegna þess að það mundi þýða að skipta yrði flotanum upp í ótal marga útgerðarflokka því að auðvitað gætu einhverjir smábátamenn sem eru vanir að veiða kannski 15–20 tonn á færi aldrei boðið í á móti þeim sem veiða 200 tonn, þ.e. boðið í veiðileyfin. Ég er því á þeirri skoðun að við verðum að horfast í augu við það að sóknardagafyrirkomulag eins og þetta er ónýtt, og eina leiðin til að leyfa bátum að veiða með einhverju líku fyrirkomulagi er að gefa meira frjálsræði og láta það einfaldlega hafa sinn gang hvað þessir bátar veiða mikið.

Það sýndi sig á sínum tíma þegar menn byrjuðu á því að setja sóknardaga á bátana þá fóru menn fyrst að reyna að basla við að ná dögunum og veiðin jókst verulega eftir

að takmarkanirnar voru settar, af því að Íslendingar þurfa alltaf að nota alla möguleika sem þeir fá. Meðan þeir höfðu ótakmarkað leyfi til að sækja sjó voru þeir rólegri en þegar þeir fengu þá ögrun að þeir mættu veiða svo og svo marga daga þurftu þeir auðvitað að ná þeim. Það virkaði því nákvæmlega öfugt þegar þetta var sett á á sínum tíma, ég held að menn hefðu betur aldrei gert það. En það er skoðun mín að þarna sé á ferðinni kerfi sem sé vonlaust að geti nokkurn tíma orðið að gagni.

Eitt ákvæði í 4. gr. er um að taka steinbítinn og ufsann út úr kvótanum og ég get tekið undir allt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði um það. Mér finnst full ástæða til að menn fari yfir þennan hluta málsins. Þrýstingur hefur verið frá útgerðarmönnum um að koma kvótanum á helst sem víðast og þá hefur ekki endilega verið fyrir hendi rökstuðningur sem byggir á því að einhver nauðsyn sé á því að setja kvóta á viðkomandi tegundir. Mér finnst að það ætti a.m.k. að vefjast fyrir mönnum að fara að setja kvóta á fisktegund sem ekki er í neinni hættu. Vitanlega ættu menn þá að taka slíkan kvóta til endurskoðunar ef það hefur sýnt sig að menn hafi tekið ákvarðanir sem ekki þurfti að taka. Ég er þess vegna sammála því að menn ættu að skoða það allt saman upp á nýtt.

Síðan er tillaga, b-liðurinn í 4. gr., um að taka 1,5% aflaheimilda í þorski og ýsu og úthluta þeim sérstaklega til skipa. Þarna er auðvitað á ferðinni góður hugur til að reyna að rétta það sem mönnum finnst vera óréttlæti og ekkert nema gott um það að segja. En það er samt byggt á því sem ég sagði áðan, þ.e. á þeirri hugsun að þetta kerfi verði áfram til staðar og menn hafi áfram rétt til þess að mismuna mönnum með því að handstýra úthlutun á veiðiheimildum. Ég tel að við getum ekki haldið áfram á þeirri braut, auk þess sem þarna er líka gert ráð fyrir að Vatneyrardómurinn verði ekki staðfestur. Ég tel að það sé rangt að gera ráð fyrir að svo geti ekki farið, fyrir utan það að ég hef þá bjargföstu trú að við komumst aldrei út úr þeim vandræðum sem við höfum ratað í í sambandi við stjórn fiskveiða ef við förum ekki að útbúa reglur sem hafa almennt gildi. Þess vegna tel ég að þó að góður hugur sé á bak við það að reyna að rétta hlut þeirra sem hafa farið verr út úr þessu kerfi undanfarin ár, sé sá tími því miður liðinn hjá að standa í slíku því að menn verða að horfast í augu við það að koma á framtíðarskipulagi með almennum reglum.

Ég ætla ekki að ræða almennt um fiskveiðistjórnarmálin núna, ég geri ráð fyrir að umræðan haldi hér áfram og við fáum tækifæri til að ræða um þau undir liðnum sem er hér á eftir, þ.e. þáltill. Frjálslynda flokksins og vinstri grænna sem er líka á dagskrá. Ég ætla mér að ræða þar um þau stefnumið sem þar koma fram og hvaða skoðanir ég hef á þeim. Að vísu er þrengri stakkur skorinn fyrir þá umræðu og það hefði auðvitað verið freistandi að ræða um það undir þessu frv. að einhverju leyti en ég ætla nú að neita mér um það og gera það heldur undir þeim lið sem kemur næstur á eftir.

Það er eitt sem mig langar þó til þess að segja af því að hér er á ferðinni tillaga um að taka aflaheimildir sem núna eru hjá einhverjum tilteknum hluta flotans eða almennt af honum öllu heldur og dreifa þeim út, að nýlega kom fram skýrsla sem LÍÚ lét vinna þar sem niðurstaðan varð sú að útgerðarmenn sem fengu úthlutað aflaheimildum á grundvelli þess að þeir væru með atvinnuréttindi á sínum tíma mundu nú allir vera búnir að selja þessi atvinnuréttindi sín, nema 19% sem væru eftir. Og það virtist vera að LÍÚ-forustan hafi látið gera þetta sem einhvers konar innlegg í rökstuðning fyrir því að ekki væri hægt að fara til baka.

Ég tek þessum tíðindum með miklum fyrirvara. Mér finnst að menn eigi að horfa á þetta frá öðru sjónarhorni, þ.e. að þeir sem seldu frá sér þessi atvinnuréttindi hafi nú kvatt þau og þeir sem keyptu þau hafi ekki verið að kaupa neitt annað en það sem var á boðstólum, þ.e. úthlutunarrétturinn eins og hann var á þeim tíma. Í lögunum um stjórn fiskveiða stóð allan tímann að menn hefðu ekki eignast neinn rétt til frambúðarúthlutunar þó að þeir hefðu keypt kvóta af einhverjum öðrum. Þess vegna finnst mér að umræðan um atvinnuréttindin hljóti þá að taka svolítið mið af því að sá hópur sem nú er með kvóta undir höndum og menn hafa talað um sem atvinnuréttindi þessara manna, hefur minnkað býsna mikið því að það eru þá ekki nema 19% af öllum heila kvótanum sem hægt er að skilgreina á þann hátt. Og ég geri ráð fyrir að það sé býsna stór hluti af þessum 19% hjá stærstu fyrirtækjunum í landinu.

Menn hljóta því að þurfa að velta fyrir sér hvernig líta eigi á þennan hluta málsins þegar þetta hefur verið grundvallarrökstuðningur frá ýmsum sem hafa viljað líta á þetta sem atvinnuréttindi, hversu óendanlega lítið í raun og veru er eftir af því sem menn hefðu getað kallað atvinnuréttindi með þeim rökstuðningi sem ég vil taka fram að ég hef aldrei tekið undir. Vegna þess að hafi verið um að ræða atvinnuréttindi manna á þeim tíma og menn viljað líta á atvinnuréttindin til að veiða fisk, og hafi það verið stjórnarskrárvarin réttindi hlýtur að liggja beint við að þeir menn sem héldu áfram að veiða fisk vegna þess að þeir höfðu leigt sér atvinnuréttindi eða keypt af hinum sem höfðu þessi þrjú ár sem notuð voru eða hvað það nú var, hefðu þá verið sviptir þessum stjórnarskrárvörðu atvinnuréttindum. Slík röksemdafærsla getur ekki gengið upp og ég hef reyndar aldrei getað séð hvernig menn hafa getað byggt málflutning á því að kalla kvótaúthlutunina atvinnuréttindi. Eftir að búið var að taka þennan kvóta og úthluta honum hafði honum verið breytt í sérréttindi eða hlunnindi eða eitthvað sem væri í líkingu við slík réttindi. En atvinnuréttindi geta það ekki verið úr því að menn gátu selt einhverjum öðrum þennan rétt.

Mér finnst ástæða til að nefna þetta því að það hefur oft verið ofarlega í umræðunni hvað það væri rosaleg árás á þá sem væru í útgerð ef farið yrði að hrófla við þessu kerfi og verið væri að ráðast á fyrirtæki um allt land, en svo kemur bara í ljós þegar þeir skoða þetta sjálfir sem hafa viljað halda þessum röksemdum sem mest til haga að það eru innan við 20% eftir af þessum atvinnuréttindum sem þeir hafa viljað kalla svo.

Hæstv. forseti. Ég ætla, eins og ég sagði áðan, að ræða almennt um þessi mál undir næsta lið og hef lokið máli mínu.

[17:45]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál. Það er einfaldlega þannig að Vatneyrardómurinn er ekki fallinn í Hæstarétti þó ég telji reyndar líklegt miðað við málatilbúnað og ekki síst eftir að hafa hlustað á hluta af málflutningnum fyrir Hæstarétti og síðan lesið um hann í blöðum að dómurinn verði staðfestur. Það er einfaldlega þannig að ég tel að alþingismenn og ríkisstjórn verði að halda áfram að hugleiða þessi mál og koma með tillögur. Við höfum hins vegar orðið vör við að ríkisstjórnin hefur sagt sem svo: Við skulum bara bíða eftir dómnum og svo bregðumst við við.

Mér hefur ekki fundist það viturlegt. Mér hefur heyrst á hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að honum finnist það heldur ekki viturlegt. Þess vegna göngum við út frá því í vinnu okkar þegar við leggjum fram frv. og þáltill. að menn séu að leggja til hægfara breytingar á lögunum, sem við ætlumst til að taki ekki meira en rúmt ár, eða hálft annað ár héðan í frá. Í því máli sem við ræðum vonandi næst á dagskránni segjum við m.a. í greinargerð:

„Verði Vatneyrardómur hins vegar staðfestur af Hæstarétti óbreyttur er sú aðferð útilokuð sem lýst er í 6. lið hér að framan.“ Það er einfaldlega niðurstaða málsins að verði Vatneyrardómurinn staðfestur höfum við ekki tíma til að sitja yfir því að útfæra lagfæringar eins og hér er lagt til heldur sýnist mér að við verðum að grípa til þess að fara yfir í það að stýra sókn og stýra eftir landhelgislögunum.

[17:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég set alls ekki út á það að menn séu að koma með hugmyndir og leiðir. Ég er hins vegar ósammála því að menn eigi að ganga út frá því að hægt sé að halda áfram að mismuna mönnum í þeim leiðum sem menn vilja fara. Það er verið að halda áfram að handstýra þessu og skammta með þeim hætti sem ég tel að geti alls ekki gengið upp hvað varðar þau grundvallaratriði sem ég hef nefnt. Ég *á við það þegar ég er að gagnrýna hluta tillagnanna sem* hér liggja fyrir. Ég tel hins vegar góðra gjalda vert að menn vilji koma með nýjar hugmyndir. En ég verð að segja að ég er svolítið hissa á að hv. þm. skuli segja að hann hafi trú á því að Vatneyrardómurinn verði staðfestur, hafandi verið að mæla fyrir þessu fyrirbrigði sem hér er, því það gerir ráð fyrir að hægt sé að halda áfram að mismuna mönnum í þessum atvinnuvegi. Hv. þm. gerir líka ráð fyrir að á tiltölulega stuttum tíma verði menn búnir að koma sér upp öðru kerfi þrátt fyrir allt og sá afréttari sem er þarna á ferðinni er hugsaður fyrir tiltölulega stuttan tíma. Eins og ég segi finnst mér að menn eigi fyrst og fremst að fara að huga að almennum reglum sem geta dugað til framtíðar og hætta að reyna að finna eitthvert réttlæti í því kolómögulega kerfi sem er fyrir hendi.

[17:49]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Undir síðustu orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar get ég alveg tekið. Ég held einmitt að það sem við höfum verið að reyna að gera með því að vinna upp tillögur um það hvernig stefnan gæti litið út í framtíðinni hafi markast af því að við vildum horfa til framtíðar með breyttum aðferðum.

Ég veit ekki hvort á að kalla þetta afréttara en út af fyrir sig má alveg kalla það það. Ég vil kalla þetta afréttara á réttlæti, að verið sé að rétta af það óréttlæti sem mönnum hefur verið boðið upp á með því að vera leiguliðar stórútgerðanna að aflaheimildum í fjöldamörg ár. Það er ekki verra en hvað annað að nota þetta orð um það að við séum að rétta af það óréttlæti sem viðgengist hefur. Þess vegna get ég alveg tekið undir með hv. þm. að það megi kalla þetta afréttara. Þetta eru tímabundnar aðgerðir sem við göngum út frá að fái að gilda í eitt ár á meðan verið er að endurskoða lögin. Ef Vatneyrardómurinn verður staðfestur höfum við ekki tíma til að fara þessa leið. Það liggur alveg fyrir.

Aðeins út af því að hv. þm. vék að könnun LÍÚ, þá hafði ég ekki áttað mig á því fyrr en í dag, raunar eftir að ég var búinn að vera í viðtali uppi í útvarpi, að sú viðmiðun sem þeir ganga út frá byggist á því að 69,5% hafi skipt um hendur vegna eignabreytinga, þ.e. vegna sölu á aflaheimildum og eignarhlutum í fyrirtækjum. Ekki er endilega verið að tala um að selja aflahlutdeild, heldur eignarhlut í fyrirtækjum. Þannig er verðmætið fundið út. Þegar selt er skip eða hlutabréf er verið að selja hluta af eignarhluta og hluta af aflaheimildum. Ég ætla því að leyfa mér að geyma mér að leggja mikið út af þessari skýrslu LÍÚ.

[17:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir allt sem hv. þm. sagði um leiguliðana. Það hefur náttúrlega verið skelfilegt óréttlæti sem menn hafa búið við, verið sviptir atvinnuréttindum sem sjómenn og útgerðarmenn ættu að hafa í útgerð á Íslandi en hafa ekki haft síðan þetta kerfi var sett á. Vissulega á ekki að tala óvirðulega um hugmyndir um að reyna að rétta þann hlut. Hins vegar er ákaflega flókið og snúið að búa til réttlátt kerfi úr því kerfi sem nú er og ekki treysti ég mér til að handvelja þá sem eiga að fá og hafna þeim sem eiga ekki að fá. Þess vegna hef ég lagt á það áherslu, og það er grundvallarafstaða mín, að við eigum ekki að bíða eftir einhverjum Vatneyrardómi. Við eigum að taka afstöðu á grundvelli almennra forsendna. Það höfum við verið að gera í Samfylkingunni og tillögur okkar munu ganga út frá því. Við munum halda okkur við tillögur okkar hvernig sem Vatneyrardómurinn fellur því að þær eru hugsaðar út frá þessu.

En það sem hv. þm. sagði um LÍÚ og könnunina gefur mér tilefni til að segja að enda þótt stór hluti af veiðiheimildum hafi skipt um eigendur með þeim hætti að menn hafi selt hlutabréf í fyrirtækjum er enn ein ágæt röksemd fyrir því að aldrei er hægt að tala um þetta fyrirbrigði eins og atvinnuréttindi því þeir sem hafa átt hlutabréf í fyrirtækjum eru ekki endilega menn sem hafa komið nærri því að veiða fisk eða vinna við þennan atvinnurekstur sem slíkan heldur hafa af einhverjum ástæðum átt í þessum fyrirtækjum. Á milli atvinnuréttinda og eignarhalds á hlutabréfum er langur vegur.

[17:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en vil þó aðeins víkja að nokkrum atriðum sem komu hér fram. Við vorum búnir að skiptast á skoðunum um forsendur staðfestingar Vatneyrardóms eða ekki og ætla ég ekki að endurtaka það. Mig langar hins vegar að víkja að því ákvæði sem við leggjum til í þessari tillögu um að miðað við 12 klst. *róðrarlag sé mönnum heimilt að fara tvær veiðiferðir* til þess að telja sólarhringinn. Að þá sé það hægt með því að koma að landi innan 12 klst. og telja tímabilið í 12 klst. tímabili, ef menn fara hins vegar fram yfir þessar 12 klst. þá teljist það sólarhringur. Menn eiga því ekki neitt alfrjálst val þarna. Ég held samt að þetta sé til mikilla bóta út frá ýmsum sjónarmiðum séð, öryggissjónarmiði, eðlilegum vinnutíma sjómanna við fiskveiðar og margt fleira mætti vafalaust tína til.

Ég er ekki viss um að það tólf tíma ákvæði, sem við erum að leggja til, sé ákvæði sem eykur sóknarálag geysilega mikið. Í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar kom réttilega fram að meðan menn höfðu aðeins meira frelsi til þessara veiða keyrðu menn ekki eins skarpt og nýttu þessa daga ekki eins rosalega og þeir hafa verið að gera á undanförnum missirum

þegar dagarnir eru komnir niður í 23. Við skulum heldur ekki gleyma því ef menn ætla sér að fara tvær tólf klukkustunda veiðiferðir, eða fara alveg yfir í öfgana að breyta 23 dögunum í 46 sjóferðir, þá þýðir það einfaldlega að í siglinguna að og frá landi, að því gefnu að menn séu að sækja á svipuð fiskimið og þeir hafa sótt, eyða menn helmingi meiri tíma. Menn fara sem sagt 46 sinnum á sjó og 46 sinnum í land. Ef ég færi þetta yfir á eitt einfalt dæmi eins og sjósókn frá Ísafirði og aðeins væri um færabát að ræða sem væri í þessu dagakerfi, og menn ætluðu að róa út að Aðalvík, 10–12 mílur undan, þá væru þetta um þrír tímar á hægfara báti, einn og hálfur á hraðfiskibát. Ef ferðin væri farin fjórum sinnum á sólarhring á hraðfiskibát þýðir það sex klst. í staðinn fyrir ef farið væri bara einu sinni á sólarhring og 24 tímarnir nýttir í botn, þá eru bara þrír tímar sem fara í siglingarnar. Þetta getur vegið í báðar áttir. Ég held hins vegar að það sé það mikið réttlætissjónarmið gagnvart þessum mönnum, ég tala ekki um gagnvart eldri sjómönnum, sem eiga báta í þessu dagakerfi, að ekki sé verið að pína menn til að nýta dagana með því að vera 24 tíma á sjó í hverri sjóferð. Mér finnst það ekki ná nokkurri átt. Þar að auki held ég að menn hafi séð það að menn hafa stundum verið að nýta þessa daga það mikið að menn hafa nánast verið með ofhlaðna báta.

Ég held að ekki sé rétt af hv. Alþingi að ýta undir slíka sjósókn, þó ekki væri frá öðru en öryggissjónarmiði, ég tala nú ekki um frá eðlilegu sjónarmiði þeirra manna sem eiga að stunda þá hörkuvinnu sem það er að veiða fisk á smábátum, að þeim sé ekki ætlað það að þurfa að vinna í yfir 20 tíma í striklotu.

Þetta vildi ég sagt hafa um þessi 12 tíma ákvæði. Ég held að eðlilegt sé að lagfæra þetta. Ég get alveg tekið undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að meðan dagarnir voru fleiri, var sóknin ekki eins rosalega hörð og hún var þegar menn fóru að fækka dögunum. Það segir okkur það að reglur sem eru komnar í það umhverfi að menn eiga allt sitt undir atvinnu í tuttugu og þrjá sólarhringa á ári, teygja menn sig náttúrlega ansi langt á kostnað eigin starfsþreks og öryggis við fiskveiðar að þessu leyti. Þess vegna held ég að það sé eðlilegt sjónarmið að breyta þessu.

Auðvitað verðum við í öllum gjörðum okkar að reyna að útbúa reglur sem eru almennar. Ég geri mér alveg fyllilega grein fyrir því að í því frv. sem er aðeins ætlað að gilda til eins árs er verið að gera sérstakar lagfæringar fyrir hluta af flotanum. En það er verið að gera þær með hliðsjón af því að lagt er til að smábátaflotinn verði ekki kvótasettur og búi við það næsta fiskveiðiár meðan lögin eru í endurskoðun. Þess vegna er eðlilegt að sá hluti sjómanna sem er að gera út skip í almenna aflamarkskerfinu, hefur tiltölulega litlar veiðiheimildir, voru áður á skipum annarra útgerðarmanna sem hafa labbað út úr kerfinu með hagnaðinn sinn, ef hægt er að orða það svo, og ákveðið að selja öðrum eða sameina og taka út hlutaféð, selja hlutabréfin sín og orðið þess valdandi að margir sjómenn víðs vegar um landið hafa misst atvinnu sína og ekki átt annarra kosta völ en að reyna að bjarga sér með einhverjum hætti.

Þeir hafa valið að kaupa sér báta með tiltölulega litlar aflaheimildir og sumir keyptu báta fyrir kannski tveim, þrem árum síðan og reiknuðu með að geta gert út á steinbít. Síðan kipptu menn steinbítnum inn í kvótakerfið svona rétt til að hafa gaman af því, ekki af því að fyrir því væru nein fiskifræðileg rök, þau hafa ekki fundist enn. Við teljum því réttlætanlegt að gera eitthvað, þannig að meira jafnræði verði með mönnum þetta endurskoðunarár en er í dag.

Í því ljósi er þetta frv. lagt fram. Það er tímabundið eins og kom fram áðan en vonandi tekst mönnum að vinna að endurskoðun þessara laga og ná einhverri sátt um þau því allir þurfa á því að halda að lending náist um þessi mál, þó að ég geri mér auðvitað grein fyrir að sú lending sem ég vil sjá er ekki endilega sú lending sem þeir sem telja sig eiga milljarðana í sjóðnum sætti sig við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Erfðafjárskattur, 360. mál, nál. allshn., þskj. 769.

Flokkun eiturefna, 496. mál, fsp. ÞBack, þskj. 780.

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 206. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 784.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra, 492. mál, fsp. KolH, þskj. 776.

Gróðurvinjar á hálendinu, 349. mál, svar umhvrh., þskj. 746.

Kærumál vegna ólöglegrar sölu á tóbaki, 495. mál, fsp. ÞBack, þskj. 779.

Lífeyrissjóður bænda, 498. mál, fsp. DrH, þskj. 782.

Móttaka flóttamanna, 497. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 781.

Ríkisjarðir, 499. mál, fsp. DrH, þskj. 783.

Tóbaksvarnir á heilbrigðisstofnunum, 494. mál, fsp. ÞBack, þskj. 778.

Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 338. mál. — Þskj. 591.

[18:03]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sverrir Hermannsson, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. í samráði við sjútvn. Alþingis að grípa þegar í stað til eftirfarandi ráðstafana:

1. Afla gagna og undirbúa tillögur um skiptingu fiskiskipaflotans í útgerðarflokka. Dagróðra- og strandveiðiflotinn verði sérstakur útgerðarflokkur með tiltekna hlutdeild í veiðum helstu nytjastofna.

2. Afla gagna og undirbúa tillögur um mögulega byggðaeða svæðatengingu veiðiréttinda með sérstakri hliðsjón af hlutdeild smábáta og strandveiðiflotans.

3. Afla gagna og móta reglur um skilyrði sem leggja eigi til grundvallar því að einstakar tegundir séu kvótasettar. Einnig reglur um hvernig tegundir skulu teknar út úr kvóta þegar forsendur kvótasetningar eru brostnar.

4. Skipa starfshóp um umhverfismál og sjávarútveg sem móti stefnu um hvernig stuðla megi að þróun íslensks sjávarútvegs í átt til vistvænna veiða og sjálfbærrar þróunar, m.a. með sérstakri hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum.

5. Skipa 15 manna ráðgjafarnefnd samkvæmt tilnefningum með fulltrúum allra þingflokka, fulltrúum heildarsamtaka sjómanna, Sjómannasambands Íslands, Farmanna-

og fiskimannasambands og Vélstjórafélags Íslands, fulltrúa frá Verkamannasambandi Íslands fyrir hönd fiskverkafólks, fulltrúa frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, fulltrúa frá Landssambandi smábátaeigenda, fulltrúa frá Samtökum fiskvinnslustöðva," — þ.e. bæði með og án útgerðar og því sem í daglegu tali eru kölluð samtök fiskvinnslustöðva — „tveim fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, auk formanns sem sjútvrh. skipar án tilnefningar. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar verði að vera samráðsvettvangur allra helstu hagsmunaaðila og vera Alþingi og ríkisstjórn til aðstoðar og ráðgjafar um vinnu og stefnumótun á þessu sviði. Ráðgjafarnefndin skal vera sjútvn. Alþingis og stjórnskipuðum nefndum, auðlindanefnd og nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða til aðstoðar og samráðs, með reglubundnum hætti."

Vík ég nú að greinargerðinni:

„Mikið óvissuástand ríkir nú í málefnum íslensks sjávarútvegs. Til viðbótar langvinnum deilum um stjórnkerfi fiskveiða og mikilli óánægju með ýmsa þætti þess hafa nú komið málaferli og dómar sem valda því að sjálfur grundvöllur fiskveiðistjórnarkerfisins er í uppnámi. Nauðsynlegt er að Alþingi og ríkisstjórn bregðist þegar við þessu ástandi og því er tillaga þessi flutt. Hún felur í sér að Alþingi hlutist til um verkefni sem lúta að gagnasöfnun, tillögugerð og undirbúningi fyrir framtíðarstefnumótun sem sátt geti orðið um. Jafnframt þarf að tryggja að löggjöfin sé í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Fimmti töluliður tillögunnar kveður á um skipun 15 manna ráðgjafarnefndar. Eins og málin standa eiga margir mikilvægir hagsmunaaðilar enga aðild að þeirri vinnu sem fram fer. Nauðsynlegt er að aðilar eins og Sjómannasamtökin, fulltrúar fiskvinnslufólks og sveitarfélaganna séu með í ráðum. Því er lagt til að slík breið ráðgjafarnefnd verði skipuð.

Að tillögunni standa þingflokkar Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Markmið flokkanna fara saman í ýmsum veigamiklum atriðum hvað varðar sjávarútvegsmál en að öðru leyti er um mismunandi áherslur að ræða. Í fskj. eru því greinargerðir fyrir áherslum flokkanna hvors fyrir sig í sjávarútvegsmálum. Einnig verður flutt frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem felur í sér aðgerðir sem þingmenn flokkanna telja nauðsynlegt að grípa til tafarlaust." — Og ræddum við það hér á undan þessu máli.

Í grg. þingflokks Frjálslynda flokksins segir m.a.:

„Tilgangur með flutningi þáltill.

Þingsályktunartillaga um nýjan grundvöll fiskveiðistjórnar á miðunum við Ísland, sem lögð er fram, hefur þann tilgang að koma á nýrri skipan fiskveiðistjórnar.

Brugðist er við þeirri réttaróvissu sem hæstaréttardómur í máli Valdimars Jóhannessonar í árslok 1998 og svo nýgenginn héraðsdómur í svonefndu Vatneyrarmáli hafa skapað. Telja þingmenn Frjálslynda flokksins það algert ábyrgðarleysi af hálfu Alþingis og raunar brot á þeim eiðstaf eða drengskaparheiti um verndun stjórnarskrárinnar sem hver þingmaður undirritar að láta eins og ekkert sé þegar veigamiklar efasemdir eru risnar um að lög, sem þingið hefur sett, fái staðist mikilvæg ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði þegna lýðveldisins.

Jafnframt er gerð tillaga um skipulegt vinnuferli sem er tilraun til sáttagerðar um hvernig mætti feta sig út úr þeim ógöngum sem núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi með óheftum heimildum til framsals og leigu veiðiheimilda hefur leitt yfir þjóðina.

Hér fylgir greinargerð sem þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur unnið að undanförnu og er sett fram sem lýsing á því hvernig semja mætti nýja löggjöf um stjórn fiskveiða þannig að lögin uppfylltu jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar og léttu oki misréttis af þjóðinni.

Jafnframt skal tryggja í nýrri löggjöf forgang og hagsmuni fólks í sjávarbyggðunum og strandveiðiflotans til atvinnuréttar og fiskveiða á heimamiðum."

Ég mun síðan grípa niður í grg. á ýmsum stöðum og hér segir m.a. á síðu 3:

„Það er grundvallaratriði til skilnings á vandanum sem hér er fengist við að menn hætti að tala um kvótakerfi sem er svo stórkostlegt að fram er haldið að heimsathygli veki. Þetta kerfi er samsett úr tvennu sem skoða verður hvort í sínu lagi ef menn eiga að geta rætt fyrirbærið með þeim skilningi á eðli þess sem nauðsynlegur er.

Annars vegar er kvótasetning, þ.e. ákvörðunin um það hversu mikið á að veiða af hverri fisktegund til að sú nýting stofnsins þyki innan öryggismarka fyrir viðgang hans og líkleg er til að gefa hámarksafrakstur af honum. Þessi hluti íslenska kvótakerfisins þykir hafa tekist nokkuð vel í samanburði við önnur lönd þótt um ýmis atriði í því efni megi deila."

Þarna er kannski rétt að staldra aðeins við vegna þess að því hefur löngum verið haldið fram að íslenska kvótakerfið hafi verið að byggja upp fiskstofna hér við land. Ég hygg að slíkt sé ofmælt svo vægt sé til orða tekið. Það er einfaldlega þannig að samkvæmt skýrslum Hafrannsóknastofnunar hefur okkur ekki tekist að ná miklum árangri varðandi uppbyggingu fiskstofnanna annars vegar, a.m.k. verður það ekki séð á þeirri veiði sem þeir hafa gefið á undanförnum árum og er ekki hægt að halda því fram að kvótakerfið hafi sérstaklega fært okkur björg í bú að þessu leyti.

Svo ég grípi hér niður í eitthvað má t.d. benda á að veiði á ýsu í 50 ár var að meðaltali 60 þús. tonn. Ýsuafli á Íslandsmiðum í 50 ár, hálfa öld, var að meðaltali 60 þús. tonn. Hann er núna 35 þús. tonn eða 25 þús. tonnum minni en hann hefur verið að meðaltali í hálfa öld þar á undan. Auðvitað hafa þar verið sveiflur og ýsuaflinn hefur mest farið upp í 105 þús. tonn. En það er bara ómögulegt að halda því fram að kvótakerfi okkar Íslendinga hafi neitt sérstaklega verið að byggja upp ýsustofninn, það er ekki svo og ekki er hægt að sýna fram á að svo sé.

Og til að upplýsa þingmenn um það þá er hér súlurit af ýsustofninum úr skýrslum Hafrannsóknastofnunar og þar sjá allir hvernig hann hefur þróast á undanförnum árum. Það hefur ekki verið markviss uppbygging þó að ég geri vissulega ráð fyrir því að nú um stundir séu að vaxa upp mjög góðir árgangar af ýsu. Það hefur a.m.k. komið fram í seiðavísitölum undanfarinna ára að ýsuklak hafi tekist vel þannig að miklar líkur eru á því að nú séu að vaxa upp sterkir árgangar í ýsustofninum. Hvort það hefur eitthvað með kvótakerfið að gera ætla ég hins vegar að leyfa mér að draga mjög í efa.

Við getum skoðað fleiri fisktegundir til að varpa ljósi á þetta, t.d. karfann. Við höfum verið að veiða að meðaltali 92 þús. tonn af karfa sl. 50 ár en erum núna að veiða 60 þús. tonn úr tveimur stofnum, djúpkarfa- og gullkarfastofninum. Þar vantar því 32 þús. tonn upp á þetta 50 ára meðaltal. Menn geta síðan farið út um allan heim og haldið því fram

að okkur hafi tekist óskaplega vel í að byggja upp fiskstofnana. Ég hygg að svo sé ekki og ég hygg að flestir þeir sem stunda karfaveiðar, þ.e. togarasjómennirnir, séu ekki par hressir með það útlit sem er í karfastofninum. Það væri náttúrlega efni í sérumræðu, að taka út karfastofninn og síðustu ákvörðun sjútvrh. um veiðar á úthafskarfanum annars vegar og djúpkarfanum hins vegar. En látum það bíða betri tíma. Það er eins konar vísindaumræða sem gaman væri að skemmta sér yfir með hæstv. sjútvrh. hér í þessum ræðustól. En mér finnst það eiginlega ekki vera efni þessa máls og ætla ekki að teygja það mikið inn í umræðuna. Ég held því áfram í grg.:

„Hins vegar er úthlutun hins leyfða kvóta sem er allt annað mál og höfuðatriði hins pólitíska ágreinings í þessu mikla deilumáli meðal þjóðarinnar. Fyrirsvarsmenn núgildandi úthlutunar, þ.e. gjafar veiðiréttarins til þeirra sem skip áttu á tilteknu tímabili endur fyrir löngu og afkomenda þeirra, telja þetta hina einu leið til hagfelldrar útgerðar á Íslandsmið. Er þá með öllu litið fram hjá ágöllum úthlutunarinnar, svo sem hróplegu samkeppnisforskoti stóru útgerðanna gagnvart hinum smærri, lokun kerfisins á nýliðun í útgerð, óöryggið sem aðferðin býr sjávarbyggðum, flæði fjármagns út úr greininni þegar útgerðarmenn eða erfingjar þeirra selja hlut „sinn" í „sameign þjóðarinnar", skefjalausu brottkasti fisks sem kerfið leiðir af sér og síðast en ekki síst þeirri taumlausu skuldsetningu sem útgerðin tekur á sig þegar sægreifarnir eru keyptir út úr greininni. Eru þá ótalin stjórnarskrárákvæðin sem fyrr var vitnað til." — Sem nú í raun og veru er verið að fjalla um í Hæstarétti í hinu umdeilda Vatneyrarmáli.

Margir þingmenn úr mörgum flokkum hafa á undanförnum árum lýst því hvaða galla þeir teldu fylgja núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Minnist ég þá orða hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar þegar hann skrifaði sl. sumar í Fiskifréttir að aldrei yrði sátt um að hafa byggðir bjargarlausar við nyrsta haf, kvótalausar og atvinnulausar, og er ég honum algjörlega sammála eins og við höfum reyndar oft verið. Ég tel og reyndar við sem flytjum þessa þáltill. að það verði að stýra saman hagsmunum byggðanna annars vegar og hagsmunum strandveiðiflotans hins vegar og reyna að tryggja að söluréttirnir sé ekki jafnopinn og hann hefur verið og að sá sem skrifaður er fyrir aflahlutdeildinni geti ekki í raun ákveðið einn daginn að héðan í frá muni hann selja aflann óveiddan og eftir sitji fólkið í byggðinni bjargarlaust, atvinnulaust og nánast eignalaust. Þetta er staða sem er því miður komin upp í mörgum byggðum, þ.e. að eignir hafa fallið mikið í verði.

Frv. fylgir löng greinargerð sem ég ætla ekki að lesa alla við þessa umræðu en mun kannski vitna í hana hér síðar. Hér fylgir einnig kafli úr málefnabók Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um það hvernig þeir sjá þessi mál fyrir sér. Það sem við erum að leggja hér upp með er að unnið verði að því að finna sátt þar sem hagsmunir fólksins og hagsmunir byggðarlaganna fara saman.

[18:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veiti því athygli að hér er um að ræða sameiginlega till. til þál. tveggja þingflokka á Alþingi. Í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar kom fram áðan að hann vildi takmarka möguleika aðila til þess að selja veiðiréttinn og þá ekki hvað síst með tilliti til hinna smærri byggða sem hafa kannski fyrst og fremst forsendur til áframhaldandi vaxtar eða tilveru ef þær hafa veiðiréttinn. Af því að fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa í umræðu um sjávarútvegsmál gjarnan komið því að að þar á bæ væri heldur andstaða við það að fjármunum væri mikið blandað í þessa umræðu eða að menn væru alltaf að tala um peningamálin, þá vil ég spyrja hv. þm. hvort hann sé þá á þeirri skoðun að það eigi jafnvel að banna mönnum að versla með skip, vegna þess að ef mönnum er bannað að versla með veiðiheimildir þá er hin leiðin eftir sem við þekkjum bæði frá því í gamla daga, þ.e. að menn seldu einfaldlega skipin eða útgerðirnar og þar með var lífsbjörgin aftur tekin frá stöðunum.

[18:20]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mikinn greinarmun á því, hv. þm., hvort menn selja skip eða hvort menn selja atvinnuréttinn burtu. Það var einfaldlega þannig að fyrir daga kvótakerfisins, fyrir daga skrapdagakerfisins, seldu menn skip. Það var hins vegar þannig að þeir sem eftir voru í byggðarlögunum gátu drifið sig af stað á nýjan leik og þurftu ekki að sækja veiðiréttinn undir aðra. Nú er fyrirkomulaginu þannig háttað að ef menn vilja hefja útgerð þá skulu þeir sækja veiðiréttinn til annars manns eða annars félags, annarrar kennitölu. Eins og kemur fram í greinargerð okkar í Frjálslynda flokknum viljum við að mönnum verði gert jafnt undir höfði, að menn geti nálgast þessar heimildir eftir ákveðnum leiðum. Við viljum taka útgerðarflotann og skipta honum upp í a.m.k. þrjá aðgreinda útgerðarflokka, skilgreina strandveiðiflotann sérstaklega og útfæra stýrikerfi fiskveiða sem hentar strandveiðunum og hentar byggðunum og þar sem menn hafa ekki leyfi til þess að selja þennan rétt burtu frá byggðunum, hafi ekki með það að gera.

Varðandi stærri flotann höfum við sagt sem svo að eðlilegt sé að skipta frystiskipunum og stóru skipunum upp sér sem eru í alþjóðlegri samkeppni og vera með stýrikerfi á þau þannig að þau geti nálgast sínar aflaheimildir t.d. í gegnum uppboð. Það er hins vegar ekki hægt að sleppa því að stýra þessu uppboði algjörlega, hvorki varðandi útgerðir né skipaflota.

[18:22]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. þm. um að það er óeðlilegt að það gerist sem skýrsla LÍÚ segir okkur að hafi gerst, þ.e. að ákveðnum aðilum sé úthlutaður aðgangur að auðlindinni og síðan sé þeirra að ákvarða hverjir megi sækja og að það þurfi að sækja veiðiréttinn undir þá. Og af því ég heyri að ég og hv. þm. erum sammála um að það þurfi að ríkja jafnræði í þessum efnum hvað varðar aðgang að aflaheimildum, vænti ég góðs stuðnings hv. þm. þegar kemur að umfjöllun um tillögur Samfylkingarinnar sem byggja á því að menn þurfi ekki að sækja veiðiréttinn undir annan en þann sem er eigandi auðlindarinnar, þ.e. þjóðina eða opinbera aðila fyrir hennar hönd, og að þar ríki jafnræði. Þannig og einungis þannig getum við komist nálægt því ástandi sem ríkti áður en farið var að skammta veiðiréttinn eftir þeim reglum sem við þekkjum núna, þ.e. að viðurkennt verði að um takmarkaðan rétt sé að ræða og því sé eðlilegt að menn greiði fyrir þennan rétt, en það eigi þá við um alla en ekki bara suma eins og nú.

[18:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er afskaplega knappur tími að ræða þessi mál undir þingályktunartillöguforminu og því verður þetta kannski dálítið sundurlaust. Mig langar þó til að reyna

að nota tækifærið til þess að spyrja hv. tillöguflytjendur hvað standi á bak við þetta. Fyrst langar mig í raun til þess að spyrja upphafsspurningar sem er á þessa leið: Eru flutningsmenn bara sammála um það sem stendur í tillögugreininni? Það er ástæða til þess að bera upp þessa spurningu vegna þess að tillögugreinin fjallar um að afla gagna og skipa starfshópa. Síðan er uppsetning plaggsins með þeim hætti að stefna þeirra er kynnt í sitt hvoru plagginu sem fylgir með og það er að sjá að töluvert mikill munur sé á þessum tveimur stjórnmálaöflum hvað stefnuna sjálfa varðar. Mig langar t.d. að spyrja: Hefur orðið breyting á afstöðu vinstri grænna til framsalsins? Það stendur nefnilega einhvers staðar í greinargerð Frjálslynda flokksins að gert sé ráð fyrir því að selja eigi veiðiheimildir á einhvers konar uppboði hjá stærri flotanum. En hjá vinstri grænum er talað um að skilgreina eigi veiðiréttinn þannig að hann verði hreinn afnotaréttur og síðan er þar talað um framseljanleg veiðiréttindi sem er samkvæmt minni orðabók óbreytt fyrirkomulag hvað varðar sölu á veiðiheimildum. Þá er ég að tala um veiðiheimildir til lengri tíma. Það er ekki lengra síðan en í haust á aðalfundi Samtaka fiskvinnslu án útgerðar þar sem við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vorum báðir ásamt formanni vinstri grænna og hlustuðum á hann útlista stefnu vinstri grænna þannig að ekkert fór á milli mála að hann hafði þá skoðun og þá stefnu að þeir sem hefðu veiðiréttindin ættu að fá að selja þau á einhvers konar blindum markaði, eins og hefur reyndar áður komið fram í tillögum frá formanni vinstri grænna áður en hann stofnaði þann flokk sem hann er nú foringi fyrir. En tillögur hans ganga aftur í stefnu vinstri grænna fyrir síðustu kosningar og ég vek athygli á því að í þeirri stefnu er sagt, og vil ég, með leyfi forseta vitna í það plagg:

„Meðan framseljanleg veiðiréttindi eru hluti af fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar, verði söluhagnaður veiðiheimilda gerður upptækur gegnum skattkerfið."

Í þessum tillögum er hvergi tillaga um að afnema þetta kerfi og engar hugmyndir greinilega um hvernig eigi að gera það. Ég verð því að líta svo á að þarna sé á ferðinni sú stefna sem ég var að lýsa hér áðan að eigi að vera óbreytt samkvæmt þessum tillögum. Ég spyr þess vegna um mismuninn á stefnu þessara tveggja hreyfinga hvað þetta varðar.

Það er ýmislegt fleira sem ég tel ástæðu til þess að skoða nánar. Í greinargerð um stefnu þingflokks Frjálslynda flokksins stendur, og ég ætla að vitna í 7. lið þar sem talað er um nauðsynlegan undirbúning, með leyfi forseta, svo þetta verði svolítið skýrara:

„Veiðiheimildum, sem losna undan kvótaúthlutun samkvæmt ofanrituðu, aukningu á leyfilegu veiðimagni samkvæmt nýrri kvótasetningu og nýjum tegundum, sem teknar yrðu undir kvótasetningu, yrði annars vegar úthlutað með því að bjóða veiðiheimildir upp á opnum tilboðsmarkaði á vegum ríkisins og hæstu boð látin ráða og hins vegar með greiðslu aflagjalds hjá strandveiðiflotanum."

Þetta er nákvæmlega sami grunnur að því að koma veiðiheimildum í hendur manna eins og við höfum verið að tala fyrir hjá Samfylkingunni. En ég spyr: Hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð fallist á þessa leið og eru menn búnir að hverfa frá því sem stóð á bak við hugmyndir þeirra í kosningabaráttunni og ekki bara í kosningabaráttunni heldur líka í haust? Ég spyr líka eftir tillögum um það hvernig eigi að skattleggja kvótagróðann því það var einmitt tillaga vinstri grænna. Kannski er ástæða til að það sé rætt hér í samhengi við þessa umræðu.

Mér finnst annars að svolítið vanti í þá hugmynd sem hér er á ferðinni að menn séu að skerpa þennan grundvallarágreining. Mér finnst eins og menn séu dálítið að smokra sér fram hjá honum vegna þess að hann snýst um eignarhaldið að auðlindinni og hefur gert allan tímann. Á meðan menn gera ráð fyrir því á ýmsum stöðum í þessum tillögum eins og hefur komið fram í umræðunni í dag að hægt sé að halda áfram að gera einhvers konar handvirkan mismun á þeim sem stunda sjó á Íslandsmiðum verður þessi grundvallarágreiningur ekki leystur. Ég tel að sú tillaga sem við erum að fjalla um muni ekki færa okkur að markinu nema því aðeins að menn hafi gert upp við sig afstöðuna til grunvallarágreiningsins. Við teljum að það höfum við hjá Samfylkingunni gert og þess vegna eru tillögur okkar ótruflaðar af því sem kemur út úr Vatneyrardóminum. Við teljum að grundvöllurinn eigi að vera jafnræði og réttlæti til starfs og atvinnu í sjávarútvegi. Þegar menn hafa komist að þeirri niðurstöðu eru málin ekki eins flókin og þau verða alltaf í umræðunni þegar menn velta sífellt fyrir sér nýjum leiðum til að búa til réttlæti í kolómögulegt kerfi.

[18:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar, sem er flutt sameiginlega af þingmönnum Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingrinnar – græns framboðs, fjallar eins og stendur mjög skýrt í textanum ekki um fiskveiðistjórnun sem slíka heldur fjallar hún um ákveðinn grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar, ákveðinnar vinnu, ákveðinnar sýnar sem maður nálgast á þá vinnu. Þar eigum við samleið Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn í að vinna þann grundvöll og um það fjallar tillagan fyrst og fremst, um þá vinnu og þann grundvöll sem þarf að leggja í til að vinna síðan þá fiskveiðistjórnun en út frá þeirri sýn sem þar er lögð. Þó margt geti verið sameiginlegt hjá flokkunum er ekki í sjálfu sér neitt samkomulag um útfærslu á einstaka atriðum sem lúta að fiskveiðistjórninni sjálfri. Ég vil láta þetta koma fram í upphafi, herra forseti, til að öllum sé ljóst um hvað till. til þál. fjallar.

Með till. til þál. er síðan greinargerð, m.a. frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, sem leggur þar fram áherslur sínar í sjávarútvegsmálum. Þar kemur fram að brýnt er að gera grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnar og móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Í því samhengi er mikilvægt að aðgreina í umræðunni fyrirkomulagsatriði eins og leigu og sölu aflaheimilda í kvótakerfi annars vegar og hins vegar verndunaraðgerðir og fiskveiðistjórnarmarkmið, byggð á áliti vísindamanna auk upplýsinga frá atvinnugreininni sjálfri. Við lifum það einmitt í gegnum fiskveiðistjórnina að þar er á vissan hátt verið að blanda saman annars vegar pólitískum leiðum og rétti til fiskveiða og hins vegar fiskveiðistjórnun og stjórnun á nýtingu úr stofnunum. Því teljum við í sjálfu sér að eigi ekki að blanda saman, við munum hvort eð er þurfa að beita stýringum á það hvort tveggja en kannski ekki endilega þeim sömu.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að auðlindir sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar og fiskveiðistjórn sé ekki stjórnun um eignarrétt og einstökum byggðarlögum tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi. Eins og hefur rækilega komið fram í umræðum á hv. Alþingi hefur fátt meiri áhrif á byggðir og byggðaröskun og öryggi búsetu í landinu en einmitt rétturinn til að njóta þessara auðlinda og aðgengis að

þeim. Það er einmitt óöryggið sem íbúar vítt og breitt um landið, í þéttbýli og dreifbýli búa við, sem er ein alvarlegasta ástæðan fyrir búseturöskuninni. Við leggjum áherslu á að sjávarútvegurinn lagi sig að markmiðun sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni við náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna, vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan. Þetta teljum við eiga að vera sýn sem á að vinna eftir og bæði nýting og fiskveiðistjórn á að byggja á. Þetta eigi að draga miklu sterkar inn í bæði aðferðir og aðferðafræði við veiðarnar og við stýringu á sókn í þær.

Við leggjum áherslu á að sjávarútvegsstefnan treysti byggð og efli atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstur auðlindanna innan lands. Við leggjum áherslu á að sjávarútvegsstefnan stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæðanna ásamt jöfnum og góðum lífskjörum þeirra sem starfa við greinina og veita henni þjónustu. Markmiðið er að afraksturinn um nýtingu sameiginlegra auðlinda dreifist réttlátlega til landsmanna allra.

Herra forseti. Það er óþolandi að fólk sem árum, áratugum, jafnvel öldum saman, hefur byggt búsetu sína og afkomu og menningu á því að eiga aðgang að fiskimiðum landsins skuli í krafti einhverra fiskveiðistjórnarákvæða vera svipt rétti sínum til þess að stunda þessar veiðar og búa við það óöryggi sem ég lýsti áðan. Fólk sem hefur einmitt unnið í fiskvinnslunni og verið með í því að skapa þá auðlind sem fiskurinn er má ekki vera réttlaust þegar rætt er um öryggi og aðgengi til þessarar auðlindar. Þessu getum við ekki unað.

Því legg ég áherslu á að sjávarútvegurinn, ekki síst fiskvinnslan, þróist og verði fær um að bjóða vel launuð og eftirsóknarverð störf og standa sig í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hvað launakjör, starfsaðstæður, vinnuumhverfi og aðra slíka þætti snertir.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að til að ná fram markmiðum farsællar og réttlátrar sjávarútvegsstefnu þurfi að grípa m.a. til eftirfarandi aðgerða:

Efla smábáta- og bátaútgerð á nýjan leik. Láta slíka útgerð njóta aukins forgangs á grunnmiðum næst landinu og hvetja um leið til notkunar vistvænna veiðiaðferða, orkusparnaðar og umhverfisvænnar þróunar greinarinnar. Kostir þessarar útgerðar eru einnig þeir að oft er um að ræða einyrkja og fjölskyldufyrirtæki og þannig viðhelst fjölbreytni í greininni, nýliðun á sér frekar stað. Gera á tilraun með fyrirkomulag þar sem mönnum gefst kostur á að sanna getu sína sem dugandi veiðimenn á smábátum yfir sumartímann og öðlast þannig smátt og smátt tiltekna reynslu innan fiskveiðistjórnarkerfisins.

Við leggjum áherslu á það að byggð við sjávarsíðuna í sveitum landsins á að treysta með því að tengja við búsetu á jörðunum tiltekinn nýtingarrétt í samræmi við sögulegar nytjar af sjávarfangi. Efling bátaútgerðar almennt og efling fiskvinnslunnar væru jafnframt liður í að treysta stöðu byggðarlaganna.

Eitt vil ég líka draga fram, herra forseti, sem við teljum mikilvægt einmitt í því að byggja upp markvissa fiskveiðistjórn en það er að efla rannsóknir og ekki síst á staðbundnum og stofnum og deilistofnum. Sterk rök hníga að því að inn á flóum og fjörðum vítt og breitt um landið séu staðbundnir stofnar sem blandist lítt stofnunum utan þeirra svæða. Auðvitað þýðir ekki að beita einhverjum algildum fiskveiðistjórnarkerfum á landið allt gagnvart þessum stofnum.

Herra forseti. Mikilvægt er að ná sátt um stjórn fiskveiða og rétt til þessarar auðlindar. Með þessari till. til þál. erum við að leggja til að unninn verði grundvöllur til þess að vinna nýja fiskveiðistjórnarstefnu á.

[18:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Ég tek eftir því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð talar mikið um að tengja við byggðirnar og jafnvel við einstaka bæi. Ég hef einfaldlega áhuga á að fræðast um hvernig menn hugsa sér að tengja veiðiréttindin við og ákveða hve mikið menn eigi að fá að veiða, hvernig eigi að skipta veiðiréttindunum á milli manna sem eru í útgerð þar sem menn eru að tengja þetta við byggðirnar. Ég endurtek spurningu mína frá því áðan hvort Vinstri hreyfingin – grænt framboð er sammála því sem kemur fram í, að mig minnir, 7. lið í tillögum frá Frjálslynda flokknum um það að bjóða veiðiheimildir upp. Síðan hef ég mikinn áhuga á því að vita hvernig menn hugsa það og hvernig menn geta fundið réttlátari leiðir til að láta menn hafa veiðiréttindi á grundvelli þeirra markmiða sem þarna eru sett fram um eflingu bátaútgerðarinnar og eflingu fiskvinnslunnar og hvernig beri þá að velja menn til að veiða þennan fisk. Er það kannski hugmyndin að einhvers konar útboð verði á þessum veiðiheimildum? Eða á þetta að fara eftir einhverjum hugmyndum um það hvernig hafi verið staðið að veiðum fyrr á tímum eða á að miða við síðustu ár? Það er ekki björgulegt í sumum byggðum ef það yrði gert. Á að skilja þetta þannig að menn geri bókstaflega ráð fyrir því að svo verði gert? Það er grundvallarspurning hvort þeim verði áfram mismunað sem sækja sjó á Íslandsmiðum.

[18:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþingi Íslendinga er einmitt kjörið til að stýra hlutunum. Ef allir hefðu jafnan sjálftökurétt og þar hlypi hver í kapp við annan og sá fengi sem hlypi hraðast þyrftum við að sjálfsögðu ekkert Alþingi. Auðvitað þurfum við stýringu á hlutunum og út frá pólitískri sýn sem við höfum. Við höfum þá sýn að það eigi að stunda vistvænar veiðar, það eigi að láta byggðirnar njóta forgangs, bundins forgangs til ákveðinna auðlinda, og því þarf að stýra. Við erum ekkert að kinoka okkur við því að það sé gert. Tillaga okkar gengur út frá því að vinna ákveðinn grundvöll, grunnvinnu til að beita einmitt stýringum á. Varðandi vangaveltur eins og þær hvernig megi binda veiðiheimildir við jörð, þetta hefur verið öldum saman og það er eðlilegt að ákveðinn veiðiréttur fylgi jörðum og sé ekkert fluttur þaðan. Ef jörðin fer í eyði færist hann í sjálfu sér ekkert yfir á næstu jörð. Þetta er í sjálfu sér útfærsluatriði.

Við leggjum áherslu á að auðlindir sjávarins eru sameign þjóðarinnar og eigi ekkert að lúta einhverjum uppbótareglum í sjálfu sér.

[18:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstvirtur forseti. Þarna kom það, Alþingi Íslendinga er kjörið til að stýra og skammta og það hefur Alþingi Íslendinga verið að gera. Það er nákvæmlega þannig sem menn hafa hagað sér og þannig hafa menn litið á hlutverk sitt. Þeir hafa, hér á hv. Alþingi, alveg frá því þetta kerfi var fundið upp, gengið fram, valið úr, stýrt, látið þennan og hinn fá, en annan ekki, og tekið atvinnuréttindin af þeim sem ættu að hafa þau og fært þau öðrum. Þetta er ekki réttlæti. Það verður aldrei búið til réttlæti með þeim aðferðum sem hér var lýst.

Hér verða menn að horfast í augu við það að almennar reglur verða að koma til ef það á að vera hægt að koma á einhverju réttlæti. Það að fara núna að skipta upp veiðiréttindum til þess að sækja sjó á milli jarða held ég að muni ekki leysa mörg vandamál þó að það mundi kannski geta bjargað einhverjum bóndanum. En það leysir ekki aðalágreiningsmálið sem uppi er í þjóðfélaginu um hvernig eigi að stýra aðgangnum að fiskimiðunum í heildina. Það verður ekki gert nema með almennum reglum. Það er niðurstaða okkar í Samfylkingunni og ég hefði satt að segja áhuga á því að hafa miklu lengri tíma til að ræða við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um það hvernig þeir sjá þetta fyrir sér svo maður skilji betur hvernig þeir hafa hugsað sér þetta nýja skömmtunarkerfi því að það mun taka því kerfi mjög mikið fram sem verið hefur og þar hafa menn ekki kallað allt ömmu sína fram að þessu.

[18:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem alþingismaður kinoka ég mér ekki við að axla þá ábyrgð að taka þátt í að stýra landinu, hvorki hvað varðar þau ákvæði sem lúta að nýtingu og meðferð fiskimiðanna né öðrum verkefnum sem Alþingi er falið að stýra.

Ég ítreka það að ef náttúruauðlindin sem slík er bara afhent þeim sem hlaupa hraðast í þessu kapphlaupi þá er það í sjálfu sér ekki stýring sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur áhuga á. Hún hefur áhuga á því að þessar auðlindir séu nýttar á hagkvæman og sjálfbæran hátt í þágu þjóðarinnar allrar og þar sé ekki kerfisbundin mismunun, hvorki hvað varðar byggðir, búsetu né annað því um líkt eins og við nú upplifum, þ.e. það mikla óöryggi sem núverandi fiskveiðistjórn einmitt hefur í för með sér gagnvart hinum dreifðu byggðum. Ég undirstrika þetta óöryggi. Varðandi það þá teljum við að Alþingi hafi á vissan hátt brugðist í stýringu sinni og við leggjum til að tekinn verði upp betri háttur og markvissari.

[18:48]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla að reyna að svara í einhverju því sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Ég treysti mér náttúrlega ekki til að gera það í andsvari en skal reyna að vera stuttorður.

Í greinargerð Frjálslynda flokksins með þessari þáltill. kemur alveg skýrt fram að við teljum að stöðva eigi framsal og framleigu á veiðiheimildum, þ.e. hvernig svo sem menn útfæra kerfið við að nálgast aflaheimildirnar. Við höfum lýst því í okkar greinargerð að við teljum að það verði að nálgast þær með því að bjóða mönnum upp á jafnræði og við höfum kallað það að setja á einhvers konar stýrt uppboð eða stýrðar leiðir þar sem menn geti nálgast aflaheimildirnar og í okkar hugmyndum höfum við lagt til að það gerðist á fimm árum.

Við teljum hins vegar að ekki sé verjandi að þær heimildir geti svo farið í framleigu vegna þess að þá held ég að við værum í raun að bjóða upp á svipað fyrirkomulag og við höfum, þ.e. að menn gætu með einhverju lagi fundið glufur á kerfinu. Við skulum ekki gleyma því og við vitum það öll að við erum afar fundvís á leiðir í svona kerfum. Við finnum endalaust einhver göt og smugur. Við óttumst sem sagt að ef heimilt væri að framleigja þetta og framsal í þessu kerfi eftir að menn hefðu fengið til sín þær heimildir sem þeir hefðu leyfi til að nálgast og hefðu forgang til að nálgast með jafnræðisreglum, eins og við höfum verið að reyna að lýsa í þessum atriðalista sem er hér í 15 atriðum, þá værum við í raun að setja aftur í gang braskið og vesenið og allt saman til lítils unnið.

Það væri eðlilegt að hugsa svona kerfi þannig að meginmarkmið þeirra útgerða sem fengju til sín veiðiheimildir væri að veiða þessar heimildir, tekjurnar kæmu sem sagt af veiðunum, það væri meginmarkmið. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur að hugsa þetta þannig að þeir sem eru í útgerð hyggist gera út á veiðiheimildirnar sínar og að með þeirri aðferð sem þeim verður boðin til að nálgast þær, t.d. í stýrðu útboði, séu þeir ekki að ná í meiri veiðiheimildir en þeir ætla sér að nota, sem þeir ætla sér að gera út á og stunda fiskveiðar á. Það fælust því ekki nýir leigumöguleikar í því að kalla fram viðskipti milli manna inni í kerfinu. Ég held að menn ættu ekki að byrja á því. Ef það tækist að búa til texta sem menn gætu sæst á að þessu leyti held ég að menn ættu ekki að byrja á því að halda áfram með braskið.

Við sjáum aldrei fyrir endann á því og það hefur best sýnt sig í því kerfi sem við erum með að við sjáum aldrei fyrir endann á því hvernig þetta þróast og hvaða afleiðingar fylgja þessum frjálsa framsalsrétti útgerðarmanna. Ég hef reynt að orða þetta þannig að útgerðarmenn, hverjir svo sem þeir eru, sem vilja stunda fiskveiðar eigi að fá veiðirétt og nýtingarrétt og það eigi að reyna að úthluta honum með sem mestu réttlæti milli manna. Hugmyndir okkar ganga út á að mönnum sé gefin ákveðin aðlögun að þessu kerfi og ég held að sú greinargerð sem hér fylgir með skýri nokkurn veginn hvað við erum að hugsa í því.

Ég hef hins vegar sagt áður í þessum ræðustól, síðast í liðinni viku, að ég væri sannfærður um enginn einn þingmaður, hvorki ég né aðrir, fái það eftirsóknaverða hlutverk að fá að mæla fram sinn eigin lagatexta. Þegar niðurstaða fæst sem vonandi verður, verður hún vonandi þannig að sem flestir geti sætt sig við hana. Það mun hins vegar enginn fá sinn óskatexta algjörlega uppfylltan. Ég held að við vitum það öll. Og ég held að við eigum ekki að ætla okkur þá dul að hvert og eitt okkar geti fengið þann texta í svona viðamikil lög sem hann eða hún persónulega óskar eftir eða heldur að sé réttastur. Sjónarmið annarra verða líka að komast að og það mun enginn skrifa sinn óska-lagatexta í þessum lögum.

[18:53]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að flestir séu sammála um að sjávarútvegurinn sé ein af undirstöðum efnahagsgangverksins í þjóðfélaginu og þess vegna sé eðlilegt að markaðslögmálin ráði þar eins og annars staðar í atvinnulífinu þar sem við gerum kröfur. Ég held að við séum líka sammála um það að þó að hugsjónir eins og þær sem koma fram í lögum dýranna í Hálsaskógi séu fallegar þá eru þær ekki framkvæmanlegar í atvinnurekstri, allra síst í atvinnurekstri sem er í harðri samkeppni.

Þess vegna er það alveg rétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson segir, menn reyna alltaf að finna leiðir. Menn leita leiða og ef einhvers staðar er búin til glufa er farið í gegnum hana. Þess vegna velti ég því fyrir mér — og þetta eru vangaveltur sem ég vænti að fá viðbrögð við — hvort aðilum sem meinað er að leigja frá sér veiðiheimildir ef þeir ekki geta veitt sjálfir, muni þá ekki t.d. finna þá leið að leigja frá sér skipið með veiðiheimildunum þannig að annar aðili veiði. Og í öðru lagi hvort hv. þm. sjái mun á því hvort útgerð leigir eða selur frá sér heimildir sem henni voru

afhentar í gjafakvótakerfi eða hvort útgerð fær að leigja frá sér heimildir sem hún er áður búin að leigja til sín og þar með að greiða fyrir.

[18:55]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil reyna að svara þessu þannig að mér finnst að það starfsumhverfi sem íslenskum útgerðarmönnum er búið til að nálgast veiðiheimildir eigi að hvetja þá til dálítillar ábyrgðar og dálítillar festu og að það eigi ekkert að vera sjálfgefið að menn geti nálgast veiðiheimildir ef þeir ætla sér ekki að nýta þær.

Það er hugsanlegt að menn megi færa eitthvað af veiðiheimildum á milli ára. Ég tel hins vegar alveg gjörsamlega útilokað að halda áfram að byggja undir framleigukerfi í hvaða mynd sem það er. Ég held að það muni alltaf kalla fram þá óæskilegu þætti sem við höfum verið að upplifa, m.a. í núverandi kvótakerfi. Þess vegna tel ég að það yrði okkur öllum til góðs að útgerðarmenn vissu það að þegar þeir væru að leigja til sín aflaheimildir þá þyrftu þeir nokkurn veginn að reyna að miða við það að þeir gætu veitt þetta sjálfir. Það kann hins vegar vel að vera að það væri eðlilegt þeir gætu fært á milli ára aflaheimildir sem þeir væru búnir að leigja. En framleigan finnst mér ekki koma til greina.

[18:56]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að það er eðlilegt að ætlast til ábyrgðar af þeim sem fá að nýta sameiginlega auðlind og ég er líka sammála hv. þm. um að það er óeðlilegt að opna á það að menn geti leigt til sín veiðiheimildir umfram það sem þeir ætla sér að veiða. Við hljótum auðvitað að horfa til þess að menn séu þarna að afla sér veiðiréttar fyrst og fremst.

Hins vegar vitum við bæði, ég og hv. þm., að ýmislegt getur komið upp á sem gerir það að verkum að menn geta ekki nýtt sér þann rétt sem þeir eru búnir að leigja til sín. Og spurningin er þá þessi: Hvernig bregðumst við við slíku?

Ég hef horft til þeirrar hugmyndar að menn gætu skilað inn, en ég geri mér jafnframt grein fyrir því að það verður alltaf það mikil eftirsókn eftir veiðirétti á Íslandsmiðum að hann verður alltaf verðmæti í sjálfu sér. Spurningin er þá þessi: Hvernig er hægt að fá menn til að skila inn slíkum dýrmætum rétti? Eða verða menn að horfast í augu við það að til þess að hér megi verða sú hagræðing sem hlýtur að verða af því að ef einn ekki getur nýtt sér, og við skulum segja að það sé af óviðráðanlegum aðstæðum, þá fái annar að gera það? Hvaða aðferðum getum við þá beitt til þess að gera kerfið það lipurt að slíkt gangi upp?

Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að við eigum hér heiðarleg skoðanaskipti um þessa hluti vegna þess að þetta skiptir virkilega máli þegar við erum að þróa nýjar hugmyndir um hvað eigi að taka við af því kerfi sem nú er við lýði.

[18:58]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað hægt að finna fjölmargar leiðir til þess að mæta því að mönnum séu ekki settar ósanngjarnar reglur að þessu leyti. Það er t.d. hægt að finna þá reglu að menn geti skilað inn aftur og eigi þá rétt á því að fá greitt 90% af andvirðinu til baka þaðan sem þeir fengu heimildirnar. Ég sé því ekki annað en að auðveldlega sé hægt að mæta slíkum uppákomum.

Ég skil áhyggjur hv. þm. þannig að verið sé að velta því upp t.d. hvað gerist ef skip bilar í sex mánuði. Í lögunum núna er m.a. ákvæði um að ef skip bilar í langan tíma þá þurfi það ekki að uppfylla veiðiskylduna, ef ég man rétt. Ég lít því svo á að hér sé bara um hreint útfærsluatriði að ræða og ég get ekki ætlað nokkrum manni það að útfæra lögin þannig að menn stórskaðist á að vinna eftir þeim. Menn hljóta bara að útfæra reglurnar þannig að meginmarkmiðið sé að þeir séu ekki að taka til sín veiðiheimildir með neinu móti öðruvísi en að þeir ætli sér að veiða þær, en ef eitthvað kemur hins vegar fyrir sem gerir það að verkum að þeim tekst það ekki þá eigi þeir einhverja eðlilega útgönguleið sem býður ekki upp á að menn geti braskað með þetta sín á milli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:00]

Útbýting þingskjala:

Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), 257. mál, nál. utanrmn., þskj. 785.

Fjármálaeftirlit, 199. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 774; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 775.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 225. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 789.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 236. mál, nál. allsh.n., þskj. 786; brtt. allshn., þskj. 787.

Vaxtalög, 491. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 773.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, 237. mál, nál. allshn., þskj. 788; brtt. allshn., þskj. 790.

Út af dagskrá voru tekin 13.–15. mál.

Fundi slitið kl. 19:01.

---

83. FUNDUR

þriðjudaginn 21. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 460. mál, þskj. 738. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, frv., 429. mál, þskj. 697. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, þáltill., 338. mál, þskj. 591. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 206. mál, þskj. 240, nál. 784. — Síðari umr.
5. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 236. mál, þskj. 288, nál. 786, brtt. 787. — 2. umr.
6. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, stjfrv., 237. mál, þskj. 289, nál. 788, brtt. 790. — 2. umr.
7. Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), stjtill., 257. mál, þskj. 324, nál. 785. — Síðari umr.
8. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 199. mál, þskj. 232, nál. 774, brtt. 775. — 2. umr.

9. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268, nál. 789. — 2. umr.

10. Vaxtalög, frv., 491. mál, þskj. 773. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

11. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231, nál. 727. — 2. umr.

12. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 291, nál. 721, brtt. 722 og 723. — 2. umr.

13. Erfðafjárskattur, stjfrv., 360. mál, þskj. 614, nál. 769. — 2. umr.

14. Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, stjfrv., 420. mál, þskj. 683. — 1. umr.

15. Húsgöngu- og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 684. — 1. umr.

16. Samkeppnislög, stjfrv., 488. mál, þskj. 770. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

17. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 489. mál, þskj. 771. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

18. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.

19. Vátryggingarsamningar, frv., 427. mál, þskj. 692. — 1. umr.

20. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, stjfrv., 468. mál, þskj. 747. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Álagning gjalda á vörur, 500. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 794.

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 206. mál, nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 792.

Tilhögun þingfundar.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna fundahalda í dag að við það verður miðað að eftir atkvæðagreiðslur um þrjú fyrstu dagskrármálin verði tekið til umræðu fjórða dagskrármálið, Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Hins vegar verður gert hlé á umræðu um Schengen-dagskrármálin og tekið fyrir áttunda dagskrármálið um þrjúleytið í dag vegna útfarar. Síðan er við það miðað að umræðu verði framhaldið síðar á fundinum um fjórða, fimmta og sjötta dagskrármálið.

Þessu vildi forseti koma á framfæri við þingheim.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[13:34]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég lagði fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um aðstöðu til að sækja framhaldsskólanám vítt og breitt um landið. Með þeim spurningum sem ég lagði fram var ætlunin að fá niðurstöðu eða greint frá því í hvaða sveitarfélögum eða svæðum sú aðstaða væri ekki fyrir hendi að ungt fólk gæti sótt framhaldsskólanám heiman að frá sér en yrði að fara lengra til þess að sækja framhaldsskólanám. Ég spurði í hvaða byggðarlögum háttaði þannig til að fólk 16–20 ára eigi þess ekki kost að sækja framhaldsskóla daglega heiman frá sér.

Í svari hæstv. menntmrh. eru þessi byggðarlög skilgreind sem kjördæmi og svarið þá þannig að í öllum kjördæmum megi finna þær aðstæður að ekki sé hægt að sækja framhaldsskólanám, nema þá helst í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Fyrir mér er þetta ekki svar, herra forseti. Ég vildi fá þetta nánar greint niður. Þetta er stórmál, þ.e. hvernig fólki reynist unnt að sækja framhaldsskólanám eftir því hvar það býr og þá líka hvernig bæta megi úr.

Svarið er þannig, herra forseti, að mér finnst þetta ekki svara þeim spurningum sem ég setti fram. Kannski hafa þær verið óljósar en það hefði átt að láta þær njóta vafans. Ég fer fram á það, herra forseti, að gengið verði eftir nákvæmra og fyllra svari þannig að nýta megi upplýsingarnar eins og til er ætlast.

[13:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tel að þessum spurningum sé svarað með fullnægjandi hætti. Eins og fram kom hjá hv. þm. þá kann að vera að spurningarnar séu ekki nógu skýrar þannig að ég hvet hv. þm. til þess að leggja fyrir mig nýjar spurningar sem eru þá skýrari svo ég geti svarað með þeim hætti sem hann óskar.

[13:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því eftir því sem hæstv. menntmrh. lýsir hér að það þarf að stafa þetta greinilega og ítarlega þannig að það sé alveg ljóst. Ég vonast til þess að hæstv. forseti leyfi mér að leggja þá þær spurningar fram. Ég fæ svo aðra til að lesa þær yfir þannig að hæstv. ráðherra geti svarað þeim á fullnægjandi hátt.

[13:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég geti svarað á fullnægjandi hátt. Við það set ég fyrirvara. En ég get ekki svarað öðrum spurningum en þeim sem fyrir mig eru lagðar og því verður að leggja þær fram mjög skýrt til að fá fram skýr svör. Þetta eru það almennt orðaðar spurningar að svörin standast fyllilega gagnrýni þegar litið er á spurningarnar.

[13:37]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur áður af svipuðu tilefni minnt á að svör hæstv. ráðherra eru á þeirra ábyrgð. Spurningar eru að sönnu á ábyrgð hv. þingmanna. Forseta heyrist hins vegar að á þessu tiltekna máli hafi fengist tiltölulega farsæl lausn og hefur litlu við að bæta.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 738.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GAK og ÁSJ, 429. mál (sólarlagsákvæði, sóknardagar, veiðar smábáta o.fl.). — Þskj. 697.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Grundvöllur nýrrar fiskveiðistjórnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 338. mál. — Þskj. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Of skammt var liðið frá útbýtingu 10., 16. og 17. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, síðari umr.

Stjtill., 206. mál. — Þskj. 240, nál. 784 og 792.

[13:41]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta utanrmn. um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Schengen-samstarfið gengur út á það að fella niður eftirlit á sameiginlegum landamærum þeirra ríkja sem eru aðilar að samkomulaginu. Það á rætur að rekja til samkomulags milli Benelúxlandanna, Frakklands og Þýskalands sem undirritað var í júní 1985.

Samstarfið hefur tvö meginmarkmið, annars vegar að tryggja frjálsa för einstaklinga um innri landamæri samstarfsríkjanna en á hinn bóginn að efla baráttu þeirra gegn alþjóðlegri afbrotastarfsemi. Þessu samstarfi var fylgt eftir með sérstökum samningi árið 1990 sem lýtur að framkvæmd samkomulagsins frá 1985 og er nefndur Schengen-samningur. Öll aðildarríki Evrópusambandsins nema Írland og Bretland eru aðilar að þeim samningi.

Amsterdam-sáttmálinn, sem undirritaður var 1997, breytti stöðu Schengen-samstarfsins. Í bókun sem fylgdi sáttmálanum er samstarfið fellt undir laga- stofnanaramma ESB. Fyrir þessar breytingar höfðu Íslendingar og Norðmenn gert samstarfssamning við Schengen-ríkin, svokallaðan Lúxemborgarsamning sem gengur út á þátttöku Íslands og Noregs í Schengen-samstarfinu. Laut sá samningur að því að viðhalda þeim hagsmunum sem þjóðirnar tvær hafa af norræna vegabréfasambandinu.

Til að bregðast við þeim breytingum sem urðu á Schengen-samstarfinu með tilkomu Amsterdam-sáttmálans var gerður svokallaður Brussel-samningur milli ráðs Evrópusambandsins og Íslands og Noregs um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerða. Sú þáltill. sem í þessu nál. er fjallað um leitar heimildar Alþingis til að fullgilda þann samning.

Samningurinn skuldbindur Ísland til að taka yfir þegar gildandi reglur á samningssviðinu sem flestar eru þær sömu og fólust í Lúxemborgarsamningnum auk þess sem gert er ráð fyrir að nokkrar tengdar gerðir ESB verði teknar upp í íslenskan rétt. Í ákvæðum Brussel-samningsins er að finna ákvæði um að Ísland og Noregur muni leitast við að framfylgja samræmdri framkvæmd og túlkun aðildarríkja ESB á einstökum gerðum og í því sambandi taka tillit til úrlausna dómstóls ESB. Hins vegar er engu sjálfstæðu eftirlits- eða dómskerfi komið á fót.

Á fundum utanrmn. var skoðað og metið hvaða þýðingu það hefði haft fyrir norræna vegabréfasamstarfið ef Ísland og Noregur hefðu ekki gerst aðilar að Schengen. Upplýst var að þegar Danmörk, Svíþjóð og Finnland sóttu um aðild hafi öll ríkin gert það með þeim fyrirvara að unnt yrði að viðhalda norræna vegabréfasamstarfinu. Til þess að svo mætti verða var ljóst að finna þyrfti lausn fyrir Ísland og Noreg sem ekki gátu orðið fullgild aðildarríki Schengen, en skilyrði fullrar aðildar er skv. 1. mgr. 140. gr. Schengen-samningsins að vera aðildarríki ESB. Afstaða allra Norðurlandanna mótaðist af því að ef lausn yrði ekki fundin og Danmörk, Svíþjóð og Finnland hefðu orðið aðildarríki hefði norræna vegabréfasambandið liðið undir lok og hefði það haft neikvæð áhrif á norrænt samstarf almennt. Í því sambandi er ljóst að ef Ísland hefði eitt Norðurlandanna kosið að standa utan Schengen hefði eftirlit á norrænum landamærum verið tekið upp gagnvart Íslandi auk þess sem ætla má að afleiðingar þessa birtust á öðrum sviðum norræns samstarfs svo sem að því er varðar lögreglusamvinnu.

Herra forseti. Það er ljóst að aðild Íslands að Schengen-samstarfinu kallar á miklar framkvæmdir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Umferð um flugstöðina hefur aukist verulega, frá 1989–1999 hefur hún vaxið úr um 600 þúsund farþegum í 1,2 milljónir. Gert er ráð fyrir tvöföldun farþega frá 2000–2010 og að um 2015 verði farþegar um þrjár milljónir. Stækkun flugstöðvarinnar er því einkum til komin vegna aukinnar umferðar um völlinn. Engu að síður má rekja hluta framkvæmda til Schengen-samkomulagsins en einnig leggst til talsverður rekstrarkostnaður vegna aðildarinnar.

Nefndin kannaði sérstaklega hvaða undirbúningur hefði farið fram á Keflavíkurflugvelli og fór í kynnisferð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar af því tilefni. Þar var farið yfir fyrirhugaðar

framkvæmdir og kostnaðaráætlanir og teikningar skoðaðar. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir í flugstöðinni er nú samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslu ríkisins metinn 3,6 milljarðar kr., en beinn kostnaður vegna aðildar Íslands að Schengen um 500–900 millj. kr., eða allt að 25%. Þá er ráðgert að rekstrarkostnaður sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli á ári hverju vegna Schengen nemi um 46 millj. kr., en fram kom að þessi aukning gerði embættinu enn fremur kleift að efla eftirlit á öðrum sviðum svo sem gagnvart fíkniefnum og á flugstöðvarsvæðinu almennt, og þannig væri þessi aukni kostnaður ekki einvörðungu tengdur Schengen-samstarfinu.

Rétt er að geta þess að allmiklar breytingar hafa orðið á kostnaðarútreikningum á þeim tíma sem undirbúningur og framkvæmdir hafa staðið. Því eru kostnaðartölurnar sem birtar eru í þessu áliti birtar með allmiklum fyrirvara.

Nefndin kannaði einnig hvaða undirbúningur hefði farið fram í höfnum landsins vegna fyrirhugaðrar aðildar að Schengen og hvaða hugmyndir væru uppi um nýtingu annarra flugvalla en Keflavíkurflugvallar. Lagðar voru fram skýrslur sem unnar voru af embætti ríkislögreglustjóra við undirbúning málsins, þ.e. annars vegar um landamæraeftirlit í höfnum og á flugvöllum og hins vegar samantekt á umferð flugvéla og skipa til og frá landinu um flugvelli og hafnir á Íslandi árið 1998. Þá bárust nefndinni einnig upplýsingar um einstaka flugvelli frá Flugmálastjórn. Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að þær framkvæmdir sem nú standa yfir og eru fyrirhugaðar vegna aðildar Íslands að Schengen hafi engin áhrif á stöðu flugrekstraraðila og stöðu flugvalla í alþjóðlegri samkeppni. Hafa ber þó í huga að flugrekstraraðilar er fljúga innan Schengen-svæðisins munu með tilkomu Schengen njóta þjónustu á flugvöllum Schengen-svæðsins sem almennt ætti að ganga hraðar en nú. Framangreindum flugrekstraraðilum verður ætluð aðstaða í Schengen-hlutum bygginga á viðkomandi flugvöllum sem kann að fela í sér betri aðstöðu en nú er veitt.

Nefndin kynnti sér sérstaklega hvaða áhrif þátttaka í Schengen mundi hafa á stöðu ferðaþjónustunnar í landinu. Meiri hlutinn telur að ef vel tekst til í allri framkvæmd, einkum á Keflavíkurflugvelli og í tengslum við afgreiðslu skemmtiferðaskipa, geti þátttaka í Schengen-samstarfinu falið í sér sóknarfæri fyrir íslenska ferðaþjónustu til lengri tíma litið, bæði innan Schengen-svæðisins og utan þess. Ísland verður hluti af stækkandi markaði þar sem fullt ferðafrelsi ríkir og ber í því efni að minna á fyrirhugaða stækkun ESB sem felur um leið í sér stækkun Schengen. Nefndin leitaði upplýsinga um hvernig staðið yrði að talningu útlendinga sem koma til landsins ef Ísland gerðist aðili að Schengen, en slíkar talningar hafa veitt mikilvægar upplýsingar um þróun ferðamála á Íslandi. Ljóst er að þessi upplýsingaþáttur fellur niður með aðild að Schengen
og er það miður. Ekki verður fyllilega séð hvernig þeirri þörf verður mætt með öðrum hætti.

Rétt er að geta þess að meðal aðila í ferðaþjónustu er afstaðan blendin gagnvart þeim áhrifum sem Schengen-samstarfið kemur til með að hafa á stöðu greinarinnar. Flutningaaðilar leggja mikla áherslu á að tryggt verði að framkvæmdin tefji ekki för ferðamanna um Keflavíkurflugvöll og að staða flugvallarins í samanburði og samkeppni við aðra flugvelli versni ekki. Taka ber fram að nokkrir aðilar lýstu miklum áhyggjum af því að staða flugrekstraraðila mundi versna og staða flugvallarins einnig. Er þetta áréttað hér til að undirstrika mikilvægi þess að allar ráðstafanir miði að því að engin neikvæð áhrif komi fram í stöðu flugsamgangna við landið í kjölfar aðildarinnar að Schengen-samstarfinu.

Herra forseti. Meiri hlutinn telur jafnframt að ef kosið yrði að standa utan Schengen-samstarfsins væri sú hætta fyrir hendi að það hefði áhrif til verri vegar á vissa þætti alþjóðasamstarfs, þ.e. lögreglusamstarf og réttaraðstoð innan Norðurlandanna og almennt í Evrópu. Rökin að baki þessu viðhorfi eru að ríkin sem taka þátt í Schengen, þar með talin Norðurlöndin, sjá sér ekki hag í því eða hafa ekki bolmagn til að viðhalda sérstöku samstarfi við Ísland umfram það sem felst í lágmarksréttindum Íslands samkvæmt alþjóðasamningum. Þetta væri áfall fyrir íslenska lögreglu sem í auknum mæli þarf að beina kröftum sínum að alþjóðlegri afbrotastarfsemi.

Nefndin kynnti sér sérstaklega frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið sem hefur verið til meðferðar í allshn. með hliðsjón af því hvaða upplýsingar er heimilt að skrá inn í kerfið. Þá var á fundum nefndarinnar leitað upplýsinga um hvernig fylgst yrði með Bretum og Írum sem koma hingað til lands þar sem þeir eru ekki aðilar að Schengen. Upplýst var að skv. 2. mgr. 6. gr. Schengen-samningsins, samanber orðskýringar í 1. gr. samningsins, verði breskum og írskum farþegum sem koma frá þriðja ríki ekki flett sjálfvirkt upp í Schengen-upplýsingakerfinu. Um stöðu Breta og Íra að öðru leyti er þess að geta að bókun um sameiningu Schengen og ESB gerir ráð fyrir að Bretar og Írar geti sótt sérstaklega um að taka þátt í meðferð Schengen-gerða að hluta eða að öllu leyti. Bretar hafa sótt um þátttöku í þeim hlutum Schengen-gerða sem þeir telja að hafi ekki áhrif á að þau markmið þeirra að viðhalda eftirliti á innri landamærum gagnvart Schengen-ríkjunum. Sambærileg umsókn hefur ekki enn verið lögð fram af Írum.

Þá var einnig spurst fyrir um hver staða Grænlendinga og Færeyinga yrði í framtíðinni. Upplýst var að aðildarsamningur Dana nær yfir bæði Grænland og Færeyjar en meta þurfi sérstaklega hvaða hlutum Schengen-samningsins verði hrint í framkvæmd á þessum svæðum.

Gert er ráð fyrir að afgreiðsla farþega sem ferðast milli Íslands annars vegar og Grænlands og Færeyja hins vegar verði með sama hætti og innan Schengen-svæðisins, en stærstur hluti farþega í millilandaflugi utan Keflavíkurflugvallar fer á milli þessara landa.

Í fylgiskjölum með þáltill. er fjallað um áhrif Schengen-samstarfsins á þjóðréttarlega stöðu Íslands með sérstöku tilliti til stjórnarskrár landsins. Er þar fjallað annars vegar um stöðu mála fyrir Amsterdam-sáttmálann og hins vegar eftir að Schengen-samstarfið var fært undir stofnanir ESB.

Nefndin fékk á sinn fund Stefán Má Stefánsson prófessor, einn þeirra þriggja sérfræðinga sem fengnir voru til að skrifa álitsgerðirnar. Í álitsgerð með fskj. 4 er komist að þeirri aðalniðurstöðu að afskipti alþjóðastofnana af íslenskum ríkisborgurum séu ekki veruleg vegna hugsanlegrar aðildar Íslands að samstarfssamningnum um Schengen. Framsal á einstökum þáttum ríkisvalds sem gert er ráð fyrir í samstarfssamningnum er að áliti sérfræðinganna takmarkað og tekur til afmarkaðra málaflokka. Það framsal ríkisvalds sem fjallað er um í álitsgerðinni er takmarkaðra og fyrirsjáanlegra en það sem felst í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Í álitsgerð í fskj. 5 er m.a. bent á reglur Brusselsamningsins, að þær hafi að geyma önnur og hagstæðari

ákvæði en eldri samningsforsendur um afleiðingar þess að Ísland samþykkir ekki tiltekna Schengen-gerð. Í álitsgerðinni er komist að þeirri niðurstöðu að dómsúrlausnir dómstóls EB verði réttarheimildir hér á landi á vissum sviðum sem þó séu ekki formlega bindandi. Tekið er fram að í aðalatriðum muni dómstóll EB og raunar framkvæmdastjórnin túlka og beita Schengen-gerðum eins og hverjum öðrum bandalagseða sambandsrétti en íslenskir dómstólar og stjórnvöld séu á sama hátt valdbær til að leysa úr ágreiningi um Schengenreglur hér á landi eftir því sem efni þeirra gefur tilefni til og segja til um stöðu þeirra að landsrétti.

Þótt túlkunaráhrif dómstóls EB um Schengen-reglur muni verða talsverð felst þó ekkert valdaframsal í því enda eru íslenskir dómstólar ekki formlega bundnir við niðurstöður dómstóls EB eða framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt Brussel-samningnum. Meginatriðið í niðurstöðum sérfræðinganna er að ákvæði samningsins geri í engu tilviki ráð fyrir því að ákvarðanir stofnana ESB öðlist sjálfkrafa gildi hér á landi eða komi til framkvæmda án milligöngu innlendra stjórnvalda eða löggjafarvalds.

Í ljósi þessa álits leggur meiri hlutinn til að tillagan verði samþykkt. Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson lýsa yfir stuðningi við aðild Íslands að Schengensamstarfinu en undirstrika að undirbúningur og framkvæmd séu að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nál. rita Tómas Ingi Olrich, form. og frsm., Jón Kristjánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Jónína Bjartmarz, Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson.

[13:56]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 792 vegna 206. máls um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Íslands og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Þegar við ræðum þetta Schengen-mál tel ég nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir pólitísku samhengi þess. Við verðum að átta okkur á því, eins og fram kemur í nál. því sem ég mæli hér fyrir, að það sem við höfum kallað Evrópuhugsjónina, drauminn um nánara samstarf Evrópuríkjanna, er reist á tveimur stoðum. Annars vegar er það hin pólitíska hugmyndafræði sem að baki býr og hins vegar viljinn til að reyna að bæta efnahagsástandið í ríkjum Evrópu.

Aukin Evrópusamvinna var á sínum tíma, eftir síðari heimsstyrjöldina, svar við þeim lærdómi sem þjóðir álfunnar höfðu dregið af hildarleiknum sem lék þessar þjóðir mjög grátt. Að mínu mati var þessi hugsjón mjög glæsileg og hefur í langflestum tilvikum leitt til góðs eins. Meðal þessara þjóða hefur hún a.m.k. tryggt frið og þannig borið mjög góðan ávöxt.

En Evrópusamvinnan og hugsjónin á sér líka efnahagslega hlið. Hinn sameiginlegi innri markaður, sem við eigum aðild að með EES-samningnum, var skapaður til að stuðla að aukinni velferð þjóðanna í Evrópu. Menn komust að því að með því að brjóta niður múra, auðvelda efnahagslega starfsemi yfir landamæri og draga þannig úr innri viðskiptakostnaði væri hægt að bæta lífskjör í Evrópu svo um munaði. Skýrsla sem á sínum tíma var lögð fram og rökstuddi þetta, svokölluð Cecchini-skýrsla, komst að þeirri niðurstöðu að hægt væri að auka þjóðarframleiðsluna með þessum breytingum um einhver prósent. Þó að erfitt sé að meta það eftir á þá voru á þeim tíma, að mínu mati, flutt fyrir þessu fullgild rök.

Það er enginn vafi á því að Schengen-samstarfið, eins og við ræðum það hér, er mjög í anda þessa pólitíska samstarfs sem tókst með Evrópuþjóðunum á ofanverðri þessari öld — sem er nú ekki liðin. Hins vegar er það mikill galli á þessari hugmyndafræði, Schengen-hugmyndafræðinni, að hún gengur þvert gegn hinum efnahagslega hluta Evrópuhugsjónarinnar sem fól það í sér að draga úr tilkostnaði í samskiptum þjóða á milli og átti að leiða til þess að atvinnulíf, viðskiptalíf og samskipti þjóðanna yrðu þjálli og ódýrari en ella. Schengen-samstarfið hefur með öðrum í för með sér umtalsverðan kostnað sem annaðhvort verður borinn uppi af skattborgurum þessara ríkja eða þá að þessum kostnaði verður velt út til atvinnulífsins, farþeganna sem nota flugvellina eða þeirra sem reka fyrirtæki í flugsamgöngum og starfa á þessum vettvangi.

Ef við skoðum þetta út frá okkar eigin sjónarhóli liggur fyrir að Íslendingar tóku þá afstöðu strax í upphafi að leita leiða til að verja það sem menn kölluðu norræna vegabréfasambandið og gera það á þeim grundvelli að verða aðilar að Schengen-samstarfinu.

Hér á landi hefur áherslan mest verið lögð á einmitt þetta, að Schengen-vegabréfasamstarfið sé tilraun til að verja þetta norræna vegabréfasamband en þetta er þó alls ekki nákvæm lýsing vegna þess að þegar Schengen-samstarfið tekur gildi fellur þetta norræna vegabréfasamband niður. Það verður ekki lengur til sem sjálfstætt vegabréfasamband heldur verður það bara hluti af Schengen-samstarfinu í heild sinni, þannig að sú sérstaða sem menn hafa a.m.k. stundum talað um hverfur að þessu leyti.

Einnig er ástæða til að vekja athygli á því, eins og raunar hefur komið fram, að tvær þjóðir innan Evrópusambandsins hafa ekki kosið að gerast aðilar að Schengen. Það eru bæði Írar og Bretar. Þetta eru þjóðir sem við höfum átt heilmikið saman að sælda við. Bretar eru og hafa á tíðum verið ein okkar helsta viðskiptaþjóð og ef við skoðum sérstaklega það sem snýr að ferðamennskunni liggur fyrir að hingað til lands komu á síðasta ári samkvæmt upplýsingum Ferðamálaráðs yfir 31 þúsund Bretar og við þekkjum það að Írland hefur orðið æ þýðingarmeiri markaður fyrir okkur sem ferðamannaland. Það gefur því augaleið að hvað þetta áhrærir mun vegabréfasambandið ekki breyta neinu.

Þegar við hins vegar veltum fyrir okkur uppruna ferðamannanna er ástæða til að vekja athygli á því sem fram hefur komið í allmörgum þeirra álita sem kallað var eftir á sínum tíma af hálfu utanrmn. að möguleikinn til að skrá slíkar upplýsingar fellur niður með tilkomu Schengen. Sá möguleiki að reyna að átta sig á því hvaðan einstakir ferðamenn koma hingað til lands verður ekki lengur til staðar.

Nú getum við sagt sem svo að þetta sé bara ómerkileg statistik sem við verðum þá án í hagtölum okkar sem ríkis, en við skulum heldur ekki gleyma því að auðvitað eru slíkar upplýsingar tæki og tól fyrir þá sem starfa að því að markaðssetja Íslands og vinna að því að gera Ísland að ferðamannalandi og draga að okkur gjaldeyristekjur. Þessar upplýsingar hafa auðvitað verið mjög mikilvægar fyrir okkur til þess að átta okkur á hvar við erum að græða og hvar við erum að tapa markaðshlutdeild, en þetta mun sem sagt falla niður sem afleiðing af þeirri nýskipan sem Schengen-samstarfið felur í sér fyrir okkur.

Þegar við ræðum um frekari þróun á Evrópusamvinnu okkar er óhjákvæmilegt að menn velti fyrir sér hinni efnahagslegu hlið málsins. Það er á þessu pólitísk hlið, þ.e. spurningin um það hvort menn vilji eiga nánara samstarf pólitísks eðlis eða annars konar við Evrópuríkin og almennt talað er sá sem hér stendur jákvæður fyrir því að slíkt samstarf sé til staðar. Við stigum mjög verðmætt og mikilvægt skref á sínum tíma með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og fyrir því voru ekki síst efnahagsleg rök eins og ég hef áður sagt.

Hvað Schengen áhrærir þurfum við einmitt að velta þessu fyrir okkur. Hvaða pólitísku afleiðingar hefur þetta fyrir okkur? Það er augljóst mál að það hefur ýmsar pólitískar afleiðingar. Þetta vegabréfalausa samstarf innan Schengensvæðisins hefur auðvitað pólitíska skírskotun sem að mínu mati er á margan hátt mjög jákvætt. Hins vegar hefur þetta á sér þá efnahagslegu hlið sem snýr að þeim sem nota flughafnirnar og eru að ferðast á milli landanna. Enginn vafi er á því, og það kom greinilega fram í yfirferð utanrmn. yfir málið, að þetta hefur á sér efnahagslega hlið og mun hafa í för með sér ýmsan kostnað.

Því hefur að vísu verið haldið fram að við það að gerast aðili að Schengen muni sú þörf hverfa að bera á sér vegabréf og fara þannig á milli landa. Á sínum tíma, a.m.k. í upphafi, var mjög mikið gert úr þeim þætti málsins. Það hefur hins vegar orðið æ ljósara eftir því sem liðið hefur á umræðuna að sú röksemd á ekki við neitt að styðjast í raun og veru. Sannleikurinn er sá og mun koma fram skýrar í dag þegar ýmis hliðarfrv. þessa máls verða rædd, að gert er ráð fyrir því að fram fari ýmiss konar persónubundið eftirlit með einstaklingum sem eru að ferðast á þessu svæði. Ég vek t.d. athygli á því að í umsögn Flugleiða um þetta mál er farið allmörgum orðum um þetta og ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna aðeins í umsögn fyrirtækisins að þessu leyti:

„Flugleiðir telja afar mikilvægt að almenningur hafi jafnan glöggar upplýsingar um hvað Schengen-aðild felur í sér varðandi landamæraeftirlit og nauðsyn þess fyrir ferðafólk að bera jafnan á sér vegabréf á ferðalögum. Ýmsar eftirlitsskyldur hafa verið lagðar á herðar flugrekenda, og sem hafa leitt til þess að þeir eða afgreiðsluaðilar í alþjóðlegum flugstöðvum þurfa að skoða vegabréf farþega er þeir fara um slíka flugstöð.

Slíkt er oftast gert í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að kanna hvort samræmi sé milli framvísaðs farseðils og vegabréfs hlutaðeigandi farþega. Og í öðru lagi til að kanna hvort hann beri vegabréf með áritunum í samræmi við kröfur þess ríkis, sem hann ætlar að ferðast til, en mörg ríki beita þungum sektum á flugrekendur, ef þeir flytji farþega sem ekki beri fullnægjandi ferðaskjöl."

Þegar við ræðum síðan um þann vanda eða þá stöðu sem flugfélög, sem vinna á þessum markaði, eru stödd í við tilkomu þessarar ákvörðunar um aðildina að Schengensamstarfinu þá eru það ein þrjú atriði sem ég held að við þurfum sérstaklega að hafa í huga. Í fyrsta lagi skulum við gera okkur grein fyrir því að með þessum breytingum erum við Íslendingar að taka að okkar landamæraeftirlit, ekki bara fyrir okkar ríki heldur fyrir ytri landamæri Schengensvæðisins í heild. Það liggur alveg fyrir að sérstaða okkar og staðsetning mun auka mjög álagið á slíkt eftirlit. Það getur þýtt að öllu öðru óbreyttu að tafir gætu aukist við afgreiðslu á Keflavíkurflugvelli sem er mjög alvarlegt mál. Við vitum að Flugleiðir, okkar meginflugfélag, hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir frammistöðu sína og Keflavíkurflugvöllur hefur verið útnefndur sem einn af bestu flugvöllum Evrópu og skipar sér líka framarlega í röð í heiminum sakir hraðrar og skilvirkrar afgreiðslu. Það er því mjög mikilvægt að við getum haldið þeirri stöðu áfram. Það gæti haft mjög alvarleg áhrif fyrir ferðaþjónustu okkar, fyrir þá ímynd sem við höfum og ýmislegt fleira ef sú aðstaða mundi breytast á einhvern hátt og enn langar mig að vitna, með leyfi virðulegs forseta, í umsögn Flugleiða hf. að þessu leyti en þeir segja sem svo:

„Ef lengja þyrfti tengitímann þýðir það í framkvæmd að áætlunarflug félagsins lendir neðar í röðinni á bókunarskjám flugfélaga og ferðaskrifstofa, en áætlunarflugið raðast á slíka skjái í röð eftir áætluðum heildarferðatíma milli áfangastaða. Kannanir hafa ítrekað staðfest að söluaðilar velji fyrst og fremst þá ferðavalkosti sem er að finna í efstu þremur til fimm línum bókunarskjánna. Lengri tengitími gæti einnig þýtt að tilteknir áfangastaðir féllu út úr áætlun félagsins vegna þess að þeir eru nú þegar á mörkum þess að mögulega sé hægt að fljúga frá þeim alla leið yfir hafið og til baka á 24 klukkustundum með millilendingu á Íslandi í báðum ferðum. Þessi 24 tíma skilgreining ræður því hvort einstakir staðir falli inn í tengileiðakerfi Flugleiða."

Með öðrum orðum, við sjáum á þessu að það er óskaplega mikilvægt og getur haft mikla þýðingu fyrir svo mikilvæga atvinnustarfsemi sem ferðaþjónustan er hvernig til tekst varðandi þessa tengiþjónustu sem mun verða erfiðari við tilkomu Schengen.

Það liggur líka fyrir að alls konar umtalsverður kostnaður fellur til vegna aðildar okkar að Schengen-samstarfinu. Það er nauðsynlegt að það komi hér fram að upplýst hefur verið að ríkissjóður hefur verið skuldbundinn til þess að greiða þann kostnað, bæði stofnkostnað og rekstrarkostnað sem hlýst af aðild Íslands að Schengen og að ekki verða lagðar viðbótarálögur á flugrekstraraðilana vegna þessa. Í bréfi um Schengen-málið sem hæstv. utanrrh. sendi til Flugleiða 9. maí 1996, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkissjóður mun greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað er leiðir af Schengen-samstarfinu. Hvernig fjármögnun verður háttað er ekki unnt að svara á þessu stigi en engar fyrirætlanir eru um að leggja á viðbótargjald vegna Schengen-samkomulagsins."

Þetta er mjög mikilvægt frá sjónarhóli þeirra sem reka þessa atvinnustarfsemi en þetta eru líka heilmikil tíðindi í sjálfu sér.

Eins og ég hef áður rakið er í þriðja lagi gert er ráð fyrir því að þrátt fyrir að passaskyldan falli niður verði eftir sem áður um að ræða margs konar persónubundið eftirlit sem fari fram þó að það færist að hluta til yfir á aðra aðila og fari fram með öðrum hætti. Af þessu getum við séð að grípa þarf til margvíslegra ráðstafana til að tryggja að ferðaþjónustan verði ekki fyrir skakkaföllum. Fyrir liggur yfirlýsing íslenskra stjórnvalda um að það muni ekki leiða til kostnaðar, en jafnframt liggur fyrir að staðið verði að þessum málum með þeim hætti að ekki verði röskun á, sem þýðir og kallar í sjálfu sér á auknar fjárfestingar fyrir opinbera aðila.

Utanrmn. fór sérstaklega ofan í þessi mál og ræddi þau mjög ítarlega til að reyna að varpa ljósi á þann raunverulega kostnað sem kynni að falla til og ríkið þyrfti að greiða vegna aðildarinnar að Schengen. Augljóst er að þessi kostnaður mun að langmestu leyti falla til vegna breytinga sem þarf að gera í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Að vísu þarf líka að

grípa til úrræða í höfnum og á flugvöllum landsins en það eru smáupphæðir miðað við það sem við erum að tala um í helstu flughöfn okkar, Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Að sjálfsögðu skal vakin á því athygli og viðurkennt að núna ber vel í veiði, ef þannig má að orði komast, þegar á að fara út í miklar breytingar og stækkanir á Flugstöð Leifs Eiríkssonar hvort sem er, að hægt verði að gera þær á þann veg að taka jafnframt tillit til breytinganna sem verða vegna Schengen. Við getum því sagt sem svo að þær breytingar verði hlutfallslega ódýrari en ef við værum að bregðast sjálfstætt við Schengen-samstarfinu með stofnkostnaði í flugstöðinni. Engu að síður liggur það fyrir að núna verður ráðist í fjárfestingu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar upp á 3,6 milljarða kr. Eins og kom fram í máli hv. formanns utanrmn. hafa þessar tölur verið nokkuð á reiki en þetta eru nýjustu tölur og miðað við þær hönnunarforsendur sem menn ganga út frá núna er gert ráð fyrir að þessi kostnaður verði um 3,6 milljarðar kr. Af þessu er áætlað að Schengen-hlutinn sé á bilinu 500–900 millj. kr. og sjá menn að óvissan er talsverð og mundi einhvers staðar vekja athygli, en fyrir því eru færðar þær skýringar að sumt sé svolítið erfitt að meta hvað sé Schengen og hvað komi ekki Schengen við. Við skulum því líta á þessar tölur eins og þær eru settar fram, 500–900 millj. kr. sem er þó alla vega allt að fjórðungur af heildarfjárfestingunni vegna breytinganna og stækkunarinnar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Auk þessa fellur til umtalsverður annar kostnaður vegna Schengen-samstarfsins og er gert ráð fyrir um 200 millj. kr. vegna þessa í fjárlagaliðum dómsmrn., að langmestu leyti vegna stofnkostnaðar en þegar hefur verið veitt heimild til að ráða 10 lögreglumenn og þrjá tollverði til starfa vegna þessara breytinga.

Til viðbótar við þetta fellur líka til annar kostnaður sem er bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður og snýr að rekstraraðilum sem starfa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það eru bæði verslunareigendur og aðrir þjónustuaðilar. Eins og við vitum var sem betur fer gripið til þess fyrir nokkrum árum að bjóða út stærri hluta af starfsemi innan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og vonandi verður framhald á því. Það gefur augaleið að í ekki stærri flugstöð en þessari er hægt að koma við slíkri þjónustu að langmestu leyti á einum stað. Að vísu kann það að henta í einhverjum tilvikum að hafa sams konar þjónustustarfsemi á tveimur stöðum í flugstöð, en í flugstöð af ekki meiri stærð en þessari er langsamlega víðast hægt að koma því best fyrir þannig og ódýrast að slíkur rekstur fari fram á einum stað. Schengen-samstarfið gerir það hins vegar að verkum að þessar verslanir verða að vera með útibú á tveimur stöðum, þ.e. fyrir Schengen-farþega og hina sem ekki uppfylla þessi merku skilyrði. Reyndin verður því væntanlega sú að það verða tvær búðir sem selja úr, tvær búðir sem selja gleraugu, tvær búðir sem selja varaliti og tvær búðir sem selja áfengi svo nokkuð sé upp talið. Það er því alveg ljóst sem kemur fram í áliti Ferðamálaráðs að þessi kostnaður mun auðvitað aukast vegna þess að verslunarrými þarf að vera tvöfalt í sumum tilvikum, virðulegi forseti, eins og segir orðrétt í áliti Ferðamálaráðs og því arður á fermetra minni og vegna fleiri atriða.

Vakin hefur verið athygli á því að samhliða þessu verði tekið upp aukið samstarf við erlenda aðila varðandi alþjóðlegt lögreglusamstarf o.s.frv. Jafnframt hefur komið fram að í tengslum við Schengen-samstarfið verði komið upp viðurhlutamiklum banka sem geymir margháttaðar upplýsingar sem gætu komið að gagni í baráttunni við óaldarlýð og glæpamenn eins og segir í nál. mínu. Schengen-upplýsingakerfið, sem skammstafað er SIS, er byggt upp þannig að annars vegar er um að ræða sérstakan landshluta kerfisins, sem er þá starfandi í hverju landi þar sem upplýsingar úr öllum löndunum eru varðveittar og hins vegar er það hinn miðlægi hluti SIS sem er staðsettur í Strassborg og annast miðlun upplýsinga til aðildarríkjanna. Í þessu kerfi verða varðveittar margháttaðar og yfirgripsmiklar upplýsingar, s.s. um eftirlýsta og óæskilega einstaklinga, týnda einstaklinga, vitni o.fl.

Auk þessa verður komið á svokölluðum SIRENE-skrifstofum í aðildarlöndunum sem annast upplýsingamiðlun og annað það er varðar rekstur Schengen-upplýsingakerfisins. Hér á landi voru settar fram tillögur í febrúar um ráðningu tíu til tólf starfsmanna á vegum SIRENE-skrifstofunnar á Íslandi. Ég vil að það komi sérstaklega fram að gert er ráð fyrir því að þessi nýja starfsemi verði að sjálfsögðu staðsett í Reykjavík og muni þess vegna skapa verðmæta atvinnu á því atvinnusvæði.

Hins vegar er augljóst mál að Schengen-samstarfið er ekki forsendan fyrir því að hægt sé að taka upp þetta alþjóðlega lögreglusamstarf. Ég vil taka það fram að ég tel að alþjóðlegt lögreglusamstarf af þessu taginu sé af hinu góða og það sé hlutur sem okkur beri að gera vegna þess að það er líklegra til að okkur takist að sigrast á alþjóðlegri glæpastarfsemi. Við þekkjum að glæpastarfsemi þekkir ekki landamæri og við þurfum vissulega að vera þar vel á varðbergi. En það er ástæða til að vekja athygli á því að vitaskuld er þetta sjálfstæð starfsemi sem passaleysi á ferðalögum er ekki forsenda fyrir.

Við vitum líka að Bretar og Írar munu standa utan Schengen-samstarfsins en þeir munu hins vegar hafa gengið frá, a.m.k. hvað varðar Breta, sérstökum samningum sem gerir þeim kleift að taka þátt í þeim hluta samningsins sem þeir kjósa. Þeir munu þannig fá sérstaka meðferð og alls ekki þá sömu og aðrir sem standa utan samstarfsins og þetta er dálítið athyglisvert. Þeir eru aðilar að Evrópusambandinu en þeir eru formlega séð utan Schengen og ættu auðvitað að vera álitnir þar með eins og hvert annað non-Schengen-ríki, svo ég sletti nú. Það er ljóst mál að svo verður ekki. Það liggur fyrir að þegnum Írlands og Bretlands verður ekki slegið sjálfvirkt upp í SIS-kerfinu þegar þeir koma frá þriðja ríki en öðrum farþegum frá þriðju ríkjunum verður hins vegar slegið upp í upplýsingakerfinu. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að þeir standa utan Schengen-samstarfsins en munu að þessu leytinu njóta sömu réttinda í flugstöðvum Schengen-svæðisins og ríkisborgarar aðildarríkja þess svæðis.

Ég tel líka ástæðu til þess að vekja athygli á því að með tilkomu Schengen-samstarfsins verður mjög mikil breyting á eftirliti okkar með komu útlendinga. Kjarni málsins er sá að með aðild okkar að Schengen-samstarfinu verður í raun og veru landamæraeftirlit Íslands ekki lengur í okkar höndum nema að nokkru leyti. Um leið og einstaklingur er kominn á Schengen-svæðið, hvort sem það er á Ítalíu, Grikklandi, Hollandi eða á Norðurlöndunum svo dæmi séu tekin þá lýkur vegabréfaeftirlitinu. Við vitum að víða er uppi mikil gagnrýni á framkvæmd landamæraeftirlits í ýmsum löndum, þeim sem við felum nú með þessari ákvörðun framkvæmd landamæraeftirlits fyrir okkar hönd. Vonandi verður staðið vel að þeim málum þannig að við getum haft fullt traust á því. Út af fyrir sig ætla ég ekkert að útiloka það nema síður

sé, en ég vildi hins vegar vekja athygli á því að oft hefur verið vakið máls á þessu, t.d. í alþjóðlegum blöðum og tímaritum þar sem menn hafa haft nokkrar áhyggjur af þessu.

Við vitum líka að talsverður hópur fólks, svokallaðra ólöglegra innflytjenda, sem býr nú á Schengen-svæðinu á greiðan aðgang um svæðið eftir að það er á annað borð komið þangað inn fyrir landamærin, í rauninni inn fyrir landamæri Schengen-svæðisins. Matskennt eftirlit, persónueftirlit af því tagi sem ég nefndi áðan, mun auðvitað ekki koma í veg fyrir að ólöglegir innflytjendur geti farið um svæðið ef þeir kjósa svo.

Virðulegi forseti. Á margan hátt stöndum við nú frammi fyrir orðnum hlut. Sú stefna var mörkuð í upphafi að ganga til Schengen-samstarfsins sem fullgildir aðilar. Það má ljóst vera af því sem ég hef sagt að miklu verður að kosta til. Ekki hefur verið látið reyna á aðra kosti, s.s. að fara svipaðar leiðir og Bretar og Írar, þjóðir sem við höfum mikið og gott samstarf við. Mér er fullkomlega ljóst hvað það hefði haft í för með sér, m.a. fyrir það sem menn hafa talað um, vegabréfaleysið í samskiptunum við Norðurlöndin. Af þessu leiðir að við stöndum ekki á þessari stundu frammi fyrir mjög mörgum góðum kostum sem hefði hugsanlega annars verið hægt að vinna að og því mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[14:21]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðuegi forseti. Málið sem hér er til umræðu er vafalaust stærsta utanríkismál sem komið hefur til umfjöllunar á Alþingi síðan EES-samningurinn var gerður. Þetta mál var lagt fram sem ríkisstjórnartill. og það er ekki gert nema fyrir liggi stuðningur þingflokka stjórnarflokka við slíkt mál, öðruvísi er það ekki kynnt sem stjórnartill.

Nú vill svo til að sá hv. þm. sem var að enda ræðu sína er varaformaður þingflokks Sjálfstfl. Það kemur í ljós að varaformaður þingflokksins styður ekki stjórnartillöguna. Af því tilefni langar mig til að spyrja hann:

Í fyrsta lagi, getur hann upplýst fyrir okkur hvernig málið var kynnt og afgreitt í þingflokki Sjálfstfl. áður en það var lagt fram sem stjórnartillaga?

Í öðru lagi, getur hann upplýst okkur um það hvort fleiri þingmenn Sjálfstfl. hafa sambærilega eða svipaða afstöðu og hann? Ef svo er, hve margir eru þeir? Það ræður auðvitað úrslitum um það hvort hér er verið að kynna mál sem er stjórnartillaga, þ.e. sem nýtur meirihlutafylgis sem stjórnarflokkarnir geta aflað því eða ekki.

[14:22]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur alveg fyrir að þetta er stjórnartillaga og þetta er tillaga sem nýtur stuðnings stjórnarflokkanna, þingflokka hennar. Hins vegar er ekkert nýtt að upp komi mál sem flutt eru sem slík að í einstökum tilvikum hafi einstakir þingmenn skoðanir sem eru ekki endilega í samræmi við almenna niðurstöðu viðkomandi þingflokka.

Það kom fram strax í upphafi þegar hæstv. utanrrh. mælti fyrir þessu máli að ég setti fram þær efasemdir sem ég hef viðrað núna í nokkuð lengra máli. Út af fyrir sig þarf afstaða mín því ekki að koma á óvart í þessum efnum. Þetta mál var kynnt með hefðbundnum hætti innan þingflokks Sjálfstfl., fékk þar mjög ítarlega umræðu þar sem menn höfðu tækifæri til að setja fram sjónarmið sín. Ég tel hins vegar mjög óeðlilegt að ég fari að tala fyrir hönd annarra þingmanna, sem ég hef svo sem ekkert verið að fara í gegnum afstöðuna hjá, að ég fari að tala fyrir hönd þeirra einstakra þingmanna og skýra afstöðu þeirra. Það er eðlilegast að hver þingmaður geri það fyrir sig.

[14:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa svarað að hluta til spurningum mínum, þ.e. hann hefur upplýst að málið hafi verið kynnt með hefðbundnum og eðlilegum hætti fyrir þingflokki Sjálfstfl. og að þingflokkur Sjálfstfl. hafi sent þau skilaboð til utanrrh. að hann styðji tillöguna og muni standa að því að hún verði samþykkt á Alþingi.

Ég spurði hins vegar hv. þm. líka hvort hann gæti upplýst okkur um það hvort fleiri þingmenn Sjálfstfl. væru sömu skoðunar. Ef þeir eru umtalsvert fleiri er ég ansi hræddur um að málið hafi verið lagt fram á röngum forsendum. Hann segist ekki hafa gáð að því hvort svo væri en það kemur væntanlega fram í umræðum.

En ég þakka hv. þm. fyrir að upplýsa stöðu málsins sem er sú að þingflokkur Sjálfstfl. hefur tilkynnt hæstv. utanrrh. að hann samþykkti að leggja málið fram sem stjfrv. og tæki á sig þær skyldur að sjá til þess að málið næði fram að ganga.

[14:25]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi mál voru kynnt eðlilega bæði innan stjórnarflokkanna og milli þeirra. Það lá einfaldlega fyrir að þetta var mál sem þingflokkur Sjálfstfl. styður. Það lá hins vegar líka fyrir að innan þingflokks Sjálfstfl. voru uppi efasemdir og athugasemdir um málið. Það var afgreitt þannig frá þingflokki Sjálftsfl. að öllum var það ljóst að viðhorf voru uppi af því tagi sem ég hef sjálfur verið að lýsa og viðra. Það hefur verið unnið heiðarlega að þessu máli eins og vænta má í þessu stjórnarsamstarfi.

[14:26]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð og vil nota tækifærið til að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að samþykkja það að ég fái að taka til máls núna þó að ég mæli ekki fyrir sérstöku nál., en hann þarf að hverfa frá og getur ekki komið aftur fyrr en síðar í dag til að flytja framsöguræðu sína.

Ég sakna þess hins vegar mjög að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera í salnum því að ég tel, ekki síst í ljósi þess sem hv. þm. sem hér var að ljúka máli sínu sagði áðan, að nauðsynlegt sé að fá úr því skorið, hæstv. forseti, hvernig þingflokkur Sjálfstfl. hefur greint hæstv. utanrrh. frá afstöðu sinni til málsins.

Ef það hefur verið gert með þeim hætti að utanrrh. hafi verið gert ljóst að innan þingflokks Sjálfstfl. væru andstöðuraddir við frv., en samt — samt — mundi forusta Sjálfstfl. tryggja frv. samþykkt á Alþingi er ekkert við því að segja. Hafi málið hins vegar verið kynnt þannig fyrir hæstv. utanrrh. að þingflokkur Sjálfstfl. hefði samþykkt að málið yrði lagt fram sem stjórnartillaga án þess að láta þess getið að andstaða væri uppi þá er málið miklu alvarlegra. Ég óttast að svo hafi verið satt að segja og ég hef sjálfur reynslu af því á árum áður að hafa upplifað slíkt.

En hæstv. utanrrh. er ekki hér svo ég get ekki spurt hann að því en það er nauðsynlegt að þetta upplýsist. Vænti ég að hægt sé að koma því til hans ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill upplýsa vegna fyrirspurnar hv. þm. um fjarveru hæstv. utanrrh. þá hefur það legið fyrir að hann mun koma til umræðunnar síðar í dag. En það varð að samkomulagi að hæstv. dómsmrh. væri hér við fyrri part umræðunnar og er þá til andsvara ef sérstökum fyrirspurnum er beint að honum.)

Þá spyr ég hæstv. dómsmrh. og þetta er mjög einföld spurning sem hæstv. ráðherra getur svarað í andsvari: Var utanrrh. og ríkisstjórninni gerð grein fyrir því að andstaða væri við málið í þingflokki Sjálfstfl. þegar niðurstaða á afgreiðslu þingflokks Sjálfstfl. var tilkynnt og ákvörðun tekin um að flytja till. til þál. sem stjórnartillögu?

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi er hér um að ræða stærsta viðfangsefni á sviði alþjóðamála sem Alþingi hefur tekist á við síðan EES-samningurinn var gerður á sínum tíma. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það en þetta er efnisatriði málsins. Ætla menn að samþykkja að Ísland gerist aðili að Schengen eða ætla menn ekki að gera það? Um það snýst þetta mál og ekkert annað.

Það er ekki til afgreiðslu hér hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst standa að einstökum framkvæmdaratriðum. Hvernig menn hyggjast standa að því að fjármagna eða smíða viðbót við flugstöðina á Keflavíkurflugvelli ellegar hvernig menn hyggjast standa að ráðningu starfsmanna, eða hvernig menn ætla að þjálfa tollverði eða löggæslumenn. Um það snýst ekki það mál sem liggur fyrir Alþingi.

Það mál sem fyrir Alþingi liggur er einfaldlega þetta: Ætla menn að segja já eða nei við þátttöku í Schengen-samstarfinu? Ætla menn að svara já eða nei við því erindi sem hefur verið sent til Alþingis, að Ísland segi já við samningi sem er mikilsverðasti samningur á vettvangi alþjóðamála síðan EES-samningurinn var gerður? Um það snýst málið og um það eru við beðin að taka afstöðu.

Ætlum við Íslendingar að taka þátt í pólitísku samstarfi við önnur Evrópuríki, ekki einu sinni eins og EES-samningurinn var gerður þar sem við höfum ekki aðstöðu til þess að hafa áhrif, heldur á jafnréttisgrundvelli, á sama grundvelli og ríkin innan Evrópusambandsins hafa, þ.e. hafa rétt til þess að hafa jafnmikil áhrif á undirbúning og afgreiðslu mála og þau? Um þetta snýst spurningin. Þetta er hið stóra pólitíska mál sem blasir við okkur og við erum beðin að taka afstöðu til. Ætlum við að varðveita vegabréfafrelsið innan Norðurlanda? Ætlum við að taka þátt í að greiða frjálsa för fólks um Evrópu sem jafnréttisaðili í samstarfi við aðra? Já eða nei. Þetta er kjarni málsins. Já eða nei við þeirri spurningu. Svar mitt er já. Ég ætla ekki að hlaupast frá því að segja já við þeirri pólitísku spurningu: Eigum við Íslendingar að taka þátt í friðar- og samvinnuferlinu í Evrópu á jafnréttisgrundvelli? Já.

Það er síðan í höndunum á ríkisstjórninni, einstökum ráðherrum, fjárveitingavaldinu og fleirum hvernig að framkvæmdinni á þessari samþykkt verður staðið, hvernig flugstöðin á Keflavíkurflugvelli verði undir það búin að framkvæma samninginn sem við erum að gangast undir, hvernig hafnir úti á landi verða búnar undir það, hvernig löggæslan verður búin undir það, hvernig tollverðir verða búnir undir það o.s.frv., hvernig uppfræðslan verður um það, um réttindi okkar og skyldur. Það er framkvæmdaratriði í höndunum á fjárveitingavaldinu, Alþingi að nokkru leyti þegar þar að kemur sem hluti fjárveitingavaldsins og ráðherrum. En það er ekki til umfjöllunar hér. Það er alfarið á ábyrgð framkvæmdarvaldsins, þ.e. hæstv. ríkisstjórnar og ráðherra, alþingismenn koma ekki að því við afgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Ég þarf ekki að segja miklu meira en það sem ég er búinn að gera. Málið snýst um það hvort við ætlum að vera með í hinu pólitíska og efnahagslega samrunaferli í Evrópu. Svarið er já.

[14:33]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði á þá leið hvort utanrrh. hefði verið gerð grein fyrir andstöðu í þingflokki sjálfstæðismanna varðandi Schengen-málið. Ég get að sjálfsögðu ekki svarað fyrir hæstv. utanrrh. að öðru leyti en því að um er að ræða tillögu frá ríkisstjórninni sem er fullt samkomulag um. Á því leikur enginn vafi.

[14:33]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efa ekki að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar standa á bak við það mál sem hér um ræðir og munu greiða því atkvæði, ella hefði það ekki verið flutt sem stjtill. en það var ekki það sem ég spurði um. Ég spurði um hvort þeirri vitneskju hefði verið komið á framfæri við hæstv. utanrrh. þegar honum var tilkynnt um að þingflokkur Sjálfstfl. hefði samþykkt að heimila að málið yrði lagt fram sem stjtill. að það væri andstaða í þingflokknum við tillöguna. Var honum gerð grein fyrir því hve margir þingmenn Sjálfstfl. hefðu lýst andstöðu sinni við málið eða, svo komið sé að sama máli hinum megin frá, var hann fullvissaður um það að þó að andstaða nokkurra þingmanna Sjálfstfl. við málið lægi fyrir, þá væri um svo fáa þingmenn að ræða að Sjálfstfl. ábyrgðist að hægt væri að flytja málið sem stjtill. þar sem hann tryggði þingmeirihluta engu að síður?

[14:35]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og öllum má vera ljóst er um stjtill. að ræða sem þingflokkur Sjálfstfl. styður og hefur heimilað framlagningu á fyrir sitt leyti. Engin ástæða er til þess að efast um heilindi þingflokks Sjálfstfl. í þeim efnum. Hins vegar hefur það líka alltaf verið ljóst að það hafa verið uppi efasemdarraddir um málið í Sjálfstfl. og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson hefur einmitt lýst þeim efasemdum sínum í þingræðum þannig að það þarf ekki að koma neinum á óvart. Hann er með sérnefndarálit og hefur gert grein fyrir afstöðu sinni í umræðum um málið.

[14:36]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. keppast um að skýra frá því sem allir vita en svara ekki því sem ég spurði um og ætti það þó að vera einna helst formaður þingflokks Sjálfstfl. sem ætti að geta svarað því. Mig rekur nefnilega minni til þess að svipaðir atburðir urðu uppi í þessum sama flokki, þegar annað stórt utanríkismál var til umræðu, þ.e. afstaðan til EES. Þá var okkur sem vorum í samstjórn með Sjálfstfl. ekki bara tilkynnt að það væru einhverjir sjálfstæðismenn sem væru ekki reiðubúnir til að styðja málið heldur jafnframt hversu margir þeir væru og að Sjálfstfl. mundi tryggja málinu framgang á Alþingi og sjá til þess að nægilega margir þingmenn flokksins greiddu atkvæði með því svo að það þyrfti ekki að treysta á stjórnarandstöðuna til að afgreiða málið.

Mín einfalda spurning er þessi, það er vont að spyrja svona að utanrrh. fjarverandi: Sýndi þingflokkur Sjálfstfl. utanrrh. ekki þessa kurteisi? Ég fæ svar við öllu nema því sem ég spyr um. Ég fæ svar við því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi áður látið afstöðu sína í ljósi. Ég fæ svar

við því að þingflokkur Sjálfstfl. hafi heimilað framlagningu málsins en ég fæ ekki svar við þessari einföldu spurningu sem ég er að bera fram: Var hæstv. utanrrh. sýnd sú sjálfsagða tillitssemi að greina honum frá því hversu margir þingmenn Sjálfstfl. væru andvígir þessu máli og að engu að síður þrátt fyrir afstöðu þeirra væru svo margir þingmenn Sjálfstfl. fylgjandi málinu að þingflokkur Sjálfstfl. ábyrgðist að nægilegur þingmeirihluti væri á Alþingi til að afgreiða málið fyrir atbeina stjórnarflokkanna án þess að þurfa að leita til stjórnarandstöðunnar um stuðning? Þetta er einföld spurning, herra forseti, og ég skil ekki hvers vegna er svona erfitt að fá svar við henni.

[14:38]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst merkilegt að þurfa að svara spurningu af þessu tagi mörgum sinnum og stafa það þannig niður í viðkomandi. Að sjálfsögðu er það ljóst af hálfu Sjálfstfl. að það er þingmeirihluti fyrir málinu.

[14:38]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm., formanni þingflokks Sjálfstfl., fyrir. Hún upplýsti okkur að vísu ekki um hvað vænta mætti margra þingmanna Sjálfstfl. í hópi þeirra sem sætu hjá eða greiða atkvæði á móti. En hún tók þó af öll tvímæli þannig að ég lít svo á að hæstv. utanrrh. hafi verið fullvissaður um það af hálfu Sjálfstfl. að þó svo andstöðu gætti innan flokksins væru nægilega margir þingmenn Sjálfstfl. samþykkir tillögunni til þess að tryggja að hún yrði afgreidd. Það er hins vegar að verða vaninn hjá þessum ágæta flokki þegar kemur að stórum ákvörðunum í utanríkismálum, ekki síst er varða samskipti okkar við nánustu viðskiptaþjóðir, þá klofnar flokkurinn ævinlega og það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að ekki væri lengur hægt að reiða sig á Sjálfstfl. í utanríkismálum. En það er að gerast — ekki bara núna heldur líka þegar EES-samningurinn var afgreiddur á sínum tíma. Það er nokkurt nýmæli og umhugsunarvert nýmæli.

Umræðu frestað.

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (menntunarkröfur, tryggingar, afleiðusamningar o.fl.). — Þskj. 683.

[14:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum, sem er 420. mál þingsins á þskj. 683.

Með frv. þessu, sem lýtur aðallega að breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti, eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum sem taldar eru hæfa betur þeim aðstæðum á verðbréfamarkaði sem nú ríkja. Helstu breytingar sem frv. felur í sér eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að starfsmenn fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf, skuli hafa staðist nám í verðbréfamiðlun. Í dag nær þessi krafa einungis til framkvæmdastjóra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og daglegra stjórnenda rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Verði þetta frv. að lögum mun krafa um nám í verðbréfamiðlun ná til allra starfsmanna sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf í viðskiptabönkum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu.

Í öðru lagi er lagt til að aðskilnaður einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði gerður skýrari og verklagsreglur um eigin viðskipti þeirra sem og eigenda þeirra, stjórnenda, starfsmanna og maka ítarlegri. Í frv. er lagt til að Fjármálaeftirlitið staðfesti reglur til fyrirtækjanna sem miði að því að tryggja þennan aðskilnað og skulu þær vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Þá er lagt til að bætt verði við ákvæðum um verklagsreglur um eigin viðskipti fyrirtækja og starfsmanna þeirra og ákvæði sem tryggi betur stöðu Fjármálaeftirlitsins við setningu og eftirfylgni reglnanna.

Í þriðja lagi er lagt til að krafa um starfsábyrgðartryggingu verði látin ná til verðbréfamiðlana en ekki verðbréfafyrirtækja. Það fyrirkomulag er í samræmi við starfsábyrgðatryggingar í vátryggingastarfsemi þar sem vátryggingamiðlurum er gert skylt að afla sér starfsábyrgðartryggingar en ekki vátryggingafélögum. Að síðustu er lagt til að ákvæði verði sett um samningsbundið uppgjör í samræmi við tilskipun ESB þar að lútandi. Auknar eru heimildir yfirvalda til að viðurkenna að ákveðin uppgjör er varða samninga sem tengjast vöxtum og gjaldeyri dragi úr áhættu við útreikning eiginfjárhlutfalls. Ég mun á eftir gera nánari grein fyrir fyrstu tveimur breytingunum, þ.e. menntunarkröfum til starfsmannafyrirtækja, sem stunda verðbréfaviðskipti, og aðskilnaði einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Samkvæmt gildandi lögum um verðbréfaviðskipti skulu framkvæmdastjórar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og daglegir stjórnendur rekstrarfélaga verðbréfasjóða hafa lokið prófi í verðbréfamiðlun. Þessi krafa er hins vegar ekki gerð til stjórnenda annarra fyrirtækja á fjármagnsmarkaði eins og banka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Forsendur hæfniskröfunnar voru þær að ráðgjöf um viðskipti á þessu sviði væru vandasöm og þörfnuðust umtalsverðrar þekkingar jafnframt hinni reikningslegu sem hinni lagalegu. Var talið að hagsmunum viðskiptamanna yrði ekki veitt nægileg vernd fyrir hættum á mistökum öðruvísi en að reynt yrði að tryggja að milligöngumaður um viðskiptin fullnægði ákveðnum almennum kröfum m.a. varðandi menntun.

Á þeim tíma sem fyrstu lög um verðbréfaviðskipti voru sett voru fyrirtækin í verðbréfaþjónustu lítil og framkvæmdastjórar þeirra höfðu með höndum flesta ef ekki alla þætti rekstrarins. Af þeim sökum var eðlilegt að hæfniskrafan tæki til þeirra. Undanfarin ár hefur verðbréfamarkaðurinn hins vegar vaxið verulega og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að sama skapi. Hlutverk framkvæmdastjóra felst nú fyrst og fremst í almennri stjórnun fremur en að stunda og hafa milligöngu um viðskipti á markaði. Í dag er það því almennt ekki framkvæmdastjóri sem stundar hin daglegu viðskipti heldur aðrir starfsmenn fyrirtækisins. Þá er ljóst að þrátt fyrir að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á rekstri fyrirtækis sem slíkur er það ekki trygging fyrir því að þekking hans nái út til þeirra starfsmanna sem stunda hin daglegu viðskipti.

Af þessum ástæðum verður að telja að ekki sé nauðsynlegt að gera það að skilyrði fyrir starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að framkvæmdastjóri þess hafi lokið prófi

í verðbréfamiðlun. Einnig verður að teljast óeðlileg mismunun að framkvæmdastjórar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu þurfi að uppfylla þessi skilyrði umfram framkvæmdastjóra annarra fyrirtækja á fjármagnsmarkaði. Það er hins vegar í samræmi við upphaflegan tilgang reglnanna og stuðlar að auknu öryggi í verðbréfaviðskiptum að gera slíkar kröfur til þeirra starfsmanna fyrirtækja í verðbréfaþjónustu sem hafa daglega umsjón með starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf.

Í samræmi við þetta er sú breyting lögð til í frv. þessu að þeir starfsmenn fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf skv. 8. og 9. gr. laganna skuli hafa lokið prófi í verðbréfamiðlun. Jafnframt er fallið frá þessari almennu kröfu varðandi framkvæmdastjóra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Engu að síður verður að telja líklegt að í flestum tilfellum sé skipulag fyrirtækjanna þannig að eðlilegt sé að framkvæmdastjórinn hafi lokið verðbréfamiðlunarprófi, samanber athugasemdir við 3. gr. frv. Í frv. er gert ráð fyrir að fyrirtækin tilkynni Fjármálaeftirlitinu um þá starfsmenn sem skulu uppfylla þetta skilyrði.

Verði frumvarpið að lögum mun krafa um próf í verðbréfamiðlun ekki einungis ná til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu heldur einnig til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Það kemur til af því að um verðbréfaviðskipti þeirra gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfaviðskipti, sbr. 44. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og 8. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Fyrrgreind krafa er áfram gerð til daglegra stjórnenda rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Próf og námskeið í verðbréfamiðlun hafa verið haldin hér á landi í um áratug. Mikil eftirspurn hefur verið síðari ár eftir þessu námi og hefur þátttaka í prófum aukist gífurlega. Nú hafa um 120 manns lokið prófi og má reikna með að sú tala eigi eftir að a.m.k. tvöfaldast á næstu tveimur árum. Áhugi á prófinu gefur til kynna að námsefnið endurspegli vel þarfir markaðarins og fjármálafyrirtæki telji það þjóna hagsmunum sínum að starfsmenn sæki námskeið og ljúki prófi, þrátt fyrir að tiltölulega fáir þurfi í raun á þeim starfsréttindum að halda sem prófið veitir. Þessi mikli áhugi sem hér hefur verið lýst er mjög jákvæður og mikilvægt er fyrir þróun íslensks verðbréfamarkaðar að nám í verðbréfamiðlun styrkist enn frekar. Fyrirhuguðum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti er ætlað að stuðla að því.

Ein af meginstoðum verðbréfaviðskiptalaganna er 15. gr. sem kveður á um þá skyldu sem lögð er á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að gæta óhlutdrægni í viðskiptum. Viðskiptamaður fyrirtækisins skal njóta þess verðs og annarra skilmála sem almennt tíðkast á markaði milli óskyldra aðila.

Ein af meginstoðum verðbréfaviðskiptalaganna er 15. gr. sem kveður á um þá skyldu sem lögð er á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að gæta óhlutdrægni í viðskiptum. Viðskiptamaður fyrirtækisins skal njóta þess verðs og annarra skilmála sem almennt tíðkast á markaði milli óskyldra aðila.

Verðbréfafyrirtæki sinna margvíslegri þjónustu skv. 8. gr. laganna. Þau geta svo dæmi sé tekið stýrt eignasafni viðskiptavina sinna, sinnt móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum, stundað viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning og stundað ráðgjöf og greiningu. Þar sem þetta fer allt fram innan veggja sama fyrirtækis er hætta á hagsmunaárekstrum ávallt fyrir hendi, t.d. þegar verðbréfafyrirtæki á í viðskiptum fyrir eigin reikning við viðskiptamenn sína. Brugðist er við þessu með kröfu um aðskilnað einstakra starfssviða. Hvert starfssvið skal vera sjálfstætt í störfum sínum og traustir veggir, eða svokallaðir kínamúrar, skilja þau að.

Sé aðskilnaðar ekki gætt er sá möguleiki fyrir hendi að árekstrar verði á milli hagsmuna og fyrirtæki glati trausti markaðarins. Grundvöllur starfsemi verðbréfafyrirtækja er að þau njóti trausts almennings og eiga fá fyrirtæki jafnmikið undir því að viðhalda því trausti.

Í frv. er lagt til að ákvæði um aðskilnað einstakra starfssviða verði styrkt enn frekar til að tryggja betur en nú er að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Það er gert með því að Fjármálaeftirlitið staðfestir reglur fyrirtækjanna sem miða að því að tryggja þennan aðskilnað. Reglurnar skulu vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Jafnframt eru í frv. gerð skýrari ákvæði 21. gr. laganna um reglur um eigin viðskipti félagsins og viðskipti eigenda, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra en náin tengsl eru á milli þeirrar greinar og 15. gr. Samkvæmt gildandi lögum er fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu skylt að setja sér verklagsreglur um tiltekin atriði og skulu þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Verklagsreglurnar eru keimlíkar frá fyrirtæki til fyrirtækis enda höfðu Samtök verðbréfafyrirtækja forgöngu um að vinna staðlaðar verklagsreglur fyrir verðbréfafyrirtækin. Það er síðan fyrirtækjanna sjálfra að hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt. Engin viðurlagaákvæði eru í reglunum.

Ekki er talið rétt að setja ákvæði í lög um það hvernig viðskiptum eigenda, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra skuli háttað. Hins vegar er lagt til að bætt verði við ákvæðum sem tryggi betur stöðu Fjármálaeftirlitsins við setningu og eftirfylgni þeirra reglna sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu setja. Þannig verði kveðið á um að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir frávikum frá ákvæðum reglnanna og að þær skuli vera aðgengilegar viðskiptamönnum.

Herra forseti. að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

[14:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti o.fl. Ég fagna því að þetta frv. sé komið fram en um leið vil ég vekja athygli á því að þegar hæstv. viðskrh. tók við var hér hávær umræða um að viðskipti á Verðbréfaþingi og í einstökum fyrirtækjum og stofnunum færu ekki fram sem skyldi. Við því var talið nauðsynlegt að bregðast með setningu reglna.

Við yfirlestur á þessum reglum þá finnst mér ekki mjög langt gengið. Ég hefði viljað sjá hæstv. viðskrh. ganga mun lengra. Þrátt fyrir að við séum kannski að slíta barnsskónum í þessum efnum, þ.e. að verðbréfaviðskipti verði almenn og á markaði, þá hafa verðbréfaviðskipti átt sér stað um heim allan um nokkuð langt skeið. Því velti ég upp þeirri spurningu, virðulegi forseti, og varpa til hæstv. viðskrh.: Hvernig samræmast þær reglur sem hún ber hér fram á hinu háa Alþingi þeim mörkuðum sem lengst eru komnir á þessu sviði.

Ég velti því jafnvel fyrir mér hvort við ættum ekki að skoða það í mikilli alvöru að taka upp reglur bandarískra markaðarins. Þær eru komnar langsamlega lengst enda hafa

þar verið stunduð verðbréfaviðskipti á mörkuðum um langt skeið. Þeir hafa þróað reglur sínar í þá mynd sem þær eru í nú. Þess vegna spyr ég hæstv. viðskrh. hvernig reglurnar sem hér er verið að ræða eru í samanburði við reglurnar þar. Var að einhverju leyti horft til annarra markaða við samningu þeirra. Ég held að óþarft sé að finna upp hjólið í þessum efnum. Þess í stað ætti að leita í smiðju þeirra sem lengst eru komnir.

Ég beini því þessum spurningum til hæstv. viðskrh.

[14:54]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. finnst ekki langt gengið í þessu frv. Ég vil nú halda því fram að þetta frv. sé ágætlega unnið og til verulegra bóta. Við samningu þess var að sjálfsögðu haft til hliðsjónar það sem gengur og gerist í Evrópu og innan Evrópska efnahagssvæðisins eins og með aðra löggjöf.

Hv. þm. nefndi bandaríska markaðinn og taldi að hugsanlega ættum við að horfa meira til hans í þessum efnum. Ég vil minna á að bandarískt markaðurinn er kannski 100 ára á sama tíma og sá íslenski er kannski 10 ára. Við verðum því að gæta okkar og sníða okkur stakk eftir vexti.

Varðandi spurninguna um hvað í þessu frv. ætti að tryggja betur en sú löggjöf sem við búum við í dag að ekki verði slys eins og fyrir nokkrum vikum — ég lýsti m.a. yfir mikilli óánægju með þróun markaðarins þá — þá eru í þessu frv. sett í lög, ef af lögum verður, ákvæði um Kínamúra. Sterkari stoðum er skotið undir verklagsreglurnar. Það vandamál sem við áttum við að etja hér var kannski fyrst og fremst það að verklagsreglur voru brotnar. Ég tel að með þessu lagaákvæði sem nú er sett inn þá styrkjum við reglurnar og komum í veg fyrir að annað eins gerist til framtíðar.

Þetta eru aðalatriðin fyrir utan aukna kröfu um menntun sem hlýtur alltaf að vera af hinu góða.

[14:56]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að vissulega er frv. sem hér liggur fyrir til bóta. Ég held að það liggi nú í hlutarins eðli, þegar verið er að feta sig áfram á þessari slóð, að þá sé frv. sem sett er fram og unnið í hinu ágæta ráðuneyti viðskrn. til bóta.

Hins vegar vil ég benda á rök hæstv. viðskrh. Hún sagði eitthvað á þá leið að við yrðum að horfa til þess að okkar markaður eða okkar verðbréfamarkaður væri um 10 ára á meðan Bandaríkjamarkaðurinn væri um 100 ára. Ég held einmitt að það séu rökin fyrir því að skoða betur þær reglur sem þar gilda. Það er alveg ástæðulaust að brölta þetta áfram og reyna að finna upp hjólið þegar það hefur fyrir löngu verið fundið upp.

Ég held, virðulegi forseti, ef líkja mætti þessu við bílaframleiðsluna, að ástæðulaust sé fyrir okkur að framleiða árið 2000 bíla sem voru kannski í tísku 1910. Ég held að við eigum að nýta okkur þá reynslu sem þarna er til orðin, þá þekkingu og það regluverk sem Bandaríkjamenn hafa komið sér upp til þess að viðskipti á markaði geti gengið eðlilega fyrir sig og verðmyndun á markaði þar sem verslað er með verðbréf sé eðlileg.

Þess vegna, virðulegi forseti, vil ég einmitt nota röksemdafærslu hæstv. viðskrh. til að benda á að sennilega er miklu skynsamlegra að leita í smiðju þeirra sem þekkja þetta hvað best en reyna að finna upp hjólið í þessum efnum.

[14:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum þegar ég las þetta frv. hæstv. viðskrh. um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti. Ég átti satt að segja von á því, miðað við fyrri yfirlýsingar hæstv. ráðherra, að hér yrði hraustlegar að verki staðið en þetta frv. sýnir. Frv. þetta er ákaflega rýrt í roðinu og tekur að mjög litlu leyti á þeim vandamálum sem komið hafa upp á verðbréfamarkaðnum að undanförnu. Þess vegna á ég von á því að fyrir efh.- og viðskn. liggi mikil vinna við að taka frv. og gera það eilítið beittara en hæstv. ráðherra leggur til.

Við vitum að ólögleg innherjaviðskipti og brot á verklagsreglum eru orðin allt of algeng á fjármálamarkaðnum. Það sýnir svo að ekki verður um villst að verulega þarf að herða á öllum ákvæðum til að koma í veg fyrir brot á reglum og ólögleg innherjaviðskipti. Fjármálaeftirlitið þarf að fá þann lagagrundvöll sem til þarf til að fylgja eftir úrbótum þegar slíkt kemur upp. Ég held að allir hljóti að taka undir að það gengur gegn öllu siðferði og lögum að starfsmenn og stjórnendur fyrirtækja taki til sín skjótfenginn eða óeðlilegan hagnað í skjóli trúnaðarupplýsinga, sem áhrif hafa á verðmæti hlutabréfa, sem þeir fjármagna jafnvel með lánveitingum og hugsanlega sérkjörum til kaupanna frá viðkomandi fyrirtæki. Mér finnst í frv. ansi lítið tekið á þessu atriði sem mikið hefur verið gagnrýnt í umræðunni.

Það er allt of algengt, eins og hæstv. viðskrh. hefur reyndar vikið að í umræðunni, að gera þurfi athugasemdir við verklagsreglur og framkvæmd þeirra hjá fjármálafyrirtækjum. Þess er skemmst að minnast að Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við framkvæmd verklagsreglna hjá sex fyrirtækjum, m.a. Búnaðarbankanum. Ég held að það sé nokkuð ljóst að of algengt er að leki á trúnaðarupplýsingum hafi viðgengist sem síðan hafi leitt til óeðlilegra viðskipta með hlutabréf. Traust er fjármálamarkaði auðvitað afar mikilvægt eins og þarf varla að segja hæstv. ráðherra, en það hefur beðið hnekki. Mikilvægt er að þar séu vönduð vinnubrögð þannig að brot á lögum og reglum grafi ekki undan trausti fyrirtækjanna.

Ég fagnaði því mjög þegar hæstv. ráðherra boðaði að hún mundi bera fram frv. til laga um verðbréfaviðskipti. Ég taldi satt að segja borðleggjandi að hæstv. ráðherra mundi taka á þessum málum. Fyrsta verk hæstv. ráðherra í stóli viðskrh. var einmitt að taka mjög hart á því þegar fram kom í fjölmiðlum að fjármálafyrirtæki hefðu brotið verklagsreglur. Þá boðaði ráðherrann breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti til að taka á þessum málum.

Hvað er það sem gagnrýnt hefur verið, m.a. í fjölmiðlum, að því er þetta varðar? Gagnrýnd hefur verið hugsanlega betri staða innanbúðarmanna í verðbréfafyrirtækjum en viðskiptamanna þess, hætta á hagsmunaárekstrum innan verðbréfafyrirtækjanna sjálfra, verðbréfafyrirtækja sem bæði stýra eignasöfnun viðskiptavina og eiga einnig viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning. Á þessu er ekkert tekið í frv. hæstv. ráðherra né þá viðskiptum starfsmanna með óskráð verðbréf og þátttöku starfsmanna í útboðum sem fyrirtæki hefur umsjón með. Ég sé ekki að hæstv. ráðherra taki neitt á þessum brýnu málum í frv. og raunar er langur vegur þar frá.

Það er vissulega jákvætt í frv., þ.e. eitt meginmarkmið þess, að verðbréfafyrirtæki gæti óhlutdrægni í viðskiptum

og komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra með því skilja að starfssvið fyrirtækjanna og láta Fjármálaeftirlitið staðfesta reglur þar að lútandi sem viðskiptamenn eiga að geta kynnt sér. Á því er tekið í þessu frv. Auðvitað er það einnig til bóta að starfsmenn fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnunum sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf eigi að hafa staðist próf í verðbréfamiðlun. Þetta er auðvitað sjálfsagt.

Ákvæði sem lúta að innherjaviðskiptum finnast mér hins vegar afar máttlaus og raunar er slakað á eftirliti þar sem lagt er til að verklagsreglur um viðskipti eigenda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði rýmkaðar frá því sem nú er þannig að þær taki einungis til viðskipta þeirra sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtækjum. Það kemur fram í athugasemdum um 8. gr. Þar segir beinlínis, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er lagt til að verklagsreglur um viðskipti eigenda fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði rýmkaðar frá því sem nú er, þannig að þær taki einungis til viðskipta þeirra sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtækinu skv. 12. gr. laganna, þ.e. eignarhlutur sem nemur 10% eða meira af eigin fé þess eða atkvæðisrétti. Ástæðan er sú að eftir því sem eigendum lítilla eignarhluta í fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu fjölgar verður nær ókleift að hafa eftirlit með viðskiptum þeirra með þeim hætti sem kveðið er á um í verklagsreglunum."

Mér finnst hálfgerð uppgjöf hjá hæstv. ráðherra að standa að málum eins og hér er lýst.

Önnur atriði um innherjaviðskipti í þessu frv. eru minni háttar og skipta raunar engu máli. Ég hef allmargar spurningar til hæstv. ráðherra sem ég ætlast til að hún veiti svör við núna við 1. umr. málsins til þess að auðvelda meðferð málsins í efh.- og viðskn. Í frv. er t.d. ekkert að sjá um meðferð trúnaðarupplýsinga og ég spyr hæstv. ráðherra: Er ekki full ástæða til þess miðað við það sem á undan hefur gengið á fjármálamarkaði að taka á meðferð trúnaðarupplýsinga?

Á innherjaviðskiptum er takmarkað tekið eins og ég hef sagt og vantar skýra skilgreiningu á því hverjir eru innherjar. Einnig vantar skýrar verklagsreglur um aðgang starfsmanna sem búa yfir trúnaðarupplýsingum að kaupum á hlutabréfum í fyrirtækjum og þá hvort og hvernig þeir megi sjálfir koma að útboðum á hlutabréfum sem í gangi eru í fyrirtækjum sem þeir vinna hjá. Á að skilyrða að slík kaup starfsmanna megi einungis fara fram á föstu gengi áður en útboð hefst eða eiga þeir að geta keypt meðan útboð er í gangi, sem ég tel óeðlilegt? Þannig var það einmitt í innherjaviðskiptunum í Búnaðarbankanum þegar starfsmenn sem bjuggu yfir trúnaðarupplýsingum um afkomu bankans keyptu á lokastigi útboðs. Í þessu sambandi vitna ég til þess að Verðbréfaþing hefur kveðið upp úr um að það telji að taka eigi á því máli. Það kom fram í yfirlýsingu Verðbréfaþings vegna afkomuviðvörunar Búnaðarbankans sem mikið var í fjölmiðlum. Þingið taldi ekki efni til frekari aðgerða vegna þess hvernig bankinn rækti upplýsingaskyldu sína að þessu sinni en síðan segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar telur Verðbréfaþing, í ljósi umfjöllunar fjölmiðla og annarra um viðskipti innherja með bréf bankans o.fl., að nauðsynlegt sé að setja skýrari ákvæði í lög og reglur um framkvæmd útboða, um viðskipti umsjónaraðila, innherja og starfsmanna með bréf í tengslum við útboð, svo og um viðskipti hlutafélaga með eigin bréf. Það er hagsmunamál allra þátttakenda á verðbréfamarkaði að leikreglur séu skýrar til að þeir sem kappkosta að fylgja þeim þurfi ekki að sæta ásökunum eða tortryggni um óheiðarleg eða óeðlileg vinnubrögð. Þingið mun beita sér fyrir viðræðum við Fjármálaeftirlitið, stjórnvöld og samtök aðila á verðbréfamarkaði um bætta skipan þessara mála."

Ég spyr: Hafa þessar viðræður átt sér stað milli Verðbréfaþings og viðskrn. varðandi þau atriði sem hér voru nefnd? Þetta eru afar brýn atriði sem snerta beinlínis mál eins og í Búnaðarbankanum, hvernig standa eigi að útboðum þegar starfsmenn taka þátt í þeim. Þetta eru mjög veigamiklar athugasemdir frá Verðbréfaþingi. Ég verð að segja, herra forseti, að ég er hissa á að hæstv. ráðherra hafi ekki tekið á í þessu frv. Ég spyr því sérstaklega um þetta.

Ég vil líka spyrja um það sem hefur verið í umræðunni, þ.e. bann við viðskiptum innherja að liðnum ákveðnum tíma frá birtingu afkomutalna fyrirtækja. Ég man ekki betur en hæstv. ráðherra hafi einmitt tekið undir það í utandagskrárumræðum sem Samfylkingin stóð fyrir um daginn að til greina kæmi að taka upp slíkt ákvæði. Ráðherra nefndi að það mundi án efa minnka tortryggni í garð innherjaviðskipta, þ.e. bann við viðskiptum innherja að liðnum ákveðnum tíma frá birtingu afkomutalna fyrirtækja. Er eitthvað á döfinni hjá hæstv. ráðherra hvað það varðar? Af hverju sér maður þess ekki stað í því frv. sem við ræðum hér?

Þó að ég vitni ekki oft í Verslunarráðið eða tillögur sem þaðan koma þá kom ráðið þó með ákveðnar tillögur varðandi þessi mál, t.d. að skilgreina betur hvaða hópur telst innherjar og hvernig tilkynningaskyldu innherja skuli háttað. Mér fundust athyglisverðar tillögurnar frá Verslunarráði í þessu máli. Það hefur meira að segja komið til tals innan efh.- og viðskn. að betur þurfi að skilgreina hverjir eru innherjar. Á þessu var sem sagt tekið í skýrslu Verslunarráðs Íslands sem birt var nýlega. Um þetta spyr ég líka hæstv. ráðherra.

Ég tel líka að ákvæði vanti um upplýsingagjöf vegna skýldrar eignar. Ég sé ekki að á því sé tekið. Þess er skemmst að minnast þegar eignarhaldsfélag Orca-hópsins neitaði að gefa upplýsingar um hverjir væru eigendur. Á því máli er ekki tekið í þessu frv. Ég get ekki séð það. Við höfum fyrir okkur dæmi hjá þessu eignarhaldsfélagi þar sem neitað var að gefa upplýsingar. Ég sé ekki að á því sé tekið í frv. en í skýrslu Verslunarráðs er einmitt bent á hve mikilvægt sé að taka á því máli. Þar stendur einmitt að ákvæði vanti um upplýsingagjöf vegna skýldrar eignar.

Síðan tel ég ástæðu til að vara við því að rýmka heimildir til viðskipta með óskráð verðbréf. Verðbréfaþing áætlar að 10–20% markaðarins séu viðskipti með óskráð verðbréf. Þeir telja að þau hafi vaxið með viðskiptum á óskráðum bréfum í deCODE-fyrirtækinu sem raskað hafi þessum hlutföllum skráðum verðbréfum í óhag. Það hefur einmitt tengst innherjaviðskiptunum, þ.e. viðskiptum með óskráð hlutabréf og ég sé ekki að á því sé tekið. Um það segir t.d. Verslunarráð, með leyfi forseta, þegar vikið er að nýlegum umræðum um undanþágu frá verklagsreglum verðbréfafyrirtækja vegna viðskipta með óskráð bréf:

„Reglur sem eru þannig að þörf er á undanþágum skapa varla nægilegan trúverðugleika, jafnvel þótt yfirmannsábyrgð sé skýr. Því er nauðsynlegt að verklagsreglur nái til allra venjulegra tilvika sem upp koma. Hafa ber í huga að starfsmenn fjármálafyrirtækja geta í mörgum tilfellum tengst ýmiss konar rekstri, svo sem fjölskyldurekstri í smáum stíl án þess að slíkt sé til skaða fyrir nokkurn aðila."

Síðan vil ég ræða ákveðið mál sem tengist þeirri sprengingu sem orðið hefur á gengi hlutabréfa í fjölda fyrirtækja. Sú þróun vekur upp spurningar um hvort gengi hlutabréfa

í mörgum fyrirtækjum endurspegli verðmæti fyrirtækjanna, hvort verðmyndun á bréfunum sé eðlileg og hvort ekki sé ástæða til að ætla að þar séu hagsmunaárekstrar. Hvaða áhrif hefur það á gengi eða verðmyndun hlutabréfa þegar um er að ræða gífurlega mikil viðskipti verðbréfafyrirtækjanna sjálfra fyrir eigin reikning? Telur ráðherrann ekki ástæðu til þess að taka á þessu? Þetta er atriði sem mjög sterklega hefur komið fram í efh.- og viðskn. í tenglsum við þessi mál að taka þurfi á og aðilar á verðbréfamarkaðnum hafa einmitt bent á þetta atriði. Er hægt að treysta eðlilegri ráðgjöf verðbréfafyrirtækja við einstaklinga og fyrirtæki standi þau sjálf í miklu braski eða viðskiptum á hlutabréfamarkaðnum? Telur ráðherrann virkilega enga ástæðu til þess að taka á þessu?

Eins og hæstv. ráðherra heyrir hef ég ýmsar athugasemdir við þetta frv. og hafði vænst meira af hæstv. ráðherra miðað við hvað hún kom hressilega fram fyrstu dagana í stóli viðskrh. með alls konar yfirlýsingar um að á þessum málum þyrfti að taka. *Miklu fleiri en ég bundu miklar vonir* við störf ráðherra að því er þessi mál varðar.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra, sem tengist innherjaviðskiptum í Búnaðarbankanum, hvort hún telji að viðskiptin sem þar fóru fram nýlega séu að fullu rannsökuð eða hvort *málið sé enn til skoðunar í Fjármálaeftirlitinu. Ég vil gjarnan* fá einhvern botn í þetta mál. Er Fjármálaeftirlitið enn að skoða það mál eða er að fullu lokið þessu máli varðandi innherjaviðskiptin?

Ég vil líka spyrja um brot á verklagsreglum hjá þessum sex fjármálafyrirtækjum. Hversu umfangsmikil voru þau brot sem þar voru framin? Hefur hæstv. ráðherra látið kanna það eða hyggst ráðherra láta kanna umfang brotanna hjá þessu fyrirtækjum, hve lengi þau hafi viðgengist? Mér finnst oft vanta þegar slík mál koma upp, þegar brotin eru lög um verðbréfaviðskipti eða verklagsreglur, að maður fái botn í þau, hvort þau hafi að fullu verið rannsökuð, hverjar lyktir máls eru o.s.frv. Þess vegna spyr ég um þetta mál nú.

Ég tel líka fulla ástæðu til að spyrja hæstv. ráðherra um mál sem kom upp nýverið og ég hef ekki heldur heyrt að hafi fengist lyktir í en það snertir málefni sem aðalbankastjóri Búnaðarbankans var viðriðinn. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komu fram á hann að hafa gefið Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum vísvitandi rangar upplýsingar vegna athugunar sem Fjármálaeftirlitið var að gera að ósk viðskrn. á viðskiptum bankans við tiltekinn fyrrverandi viðskiptamann bankans. *Ég er að nefna mál sem maður hefur ekki fengið neina niðurstöðu í.* Er athuguninni lokið? Hefur hæstv. viðskrh. fengið niðurstöðu í málinu?

Þetta mál snerist um rangar upplýsingar eða misræmi í upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið fékk út af tilteknu máli en *þær snertu rangar upplýsingar* sem Fjármálaeftirlitið á að hafa fengið um samkomulag sem Búnaðarbankinn gerði á sínum tíma við Sparisjóð Suður-Þingeyinga. Samningurinn á milli þessara aðila á að hafa hljóðað upp á að Búnaðarbankinn og Sparisjóður Suður-Þingeyinga skiptu söluandvirði á hlutabréfum í togaranum Hólmadrangi sem fór í nauðungaruppboð vegna gjaldþrotamála mannsins. Hann taldi að bréfin hefðu farið langt undir markaðsverði. Þetta snerti upplýsingar sem einn fjölmiðill hafði óskað eftir frá bankanum sem voru á þann veg að Búnaðarbankinn hefði ekki undir höndum neinar upplýsingar að því er það mál varðaði og síðan þegar sá maður sem tengdist þessu máli leitaði eftir sömu upplýsingum í Búnaðarbankanum um það mál fékk hann allt aðrar upplýsingar. Þess vegna finnst mér ástæða til að halda því til haga í umræðunni hvort lyktir séu komnar í málið.

Ég tel einnig rétt, herra forseti, að nefna að Samfylkingin hefur flutt nokkur mál á þinginu sem tengjast breytingum á leikreglum á fjármálamarkaði, bæði á samkeppnislögum og á lögum um fjármálaeftirlit, sem við ræðum væntanlega síðar í dag. En ég vil spyrja í tengslum við þetta frv. um verðbréfaviðskipti, af því mér finnst það tengjast því, um skoðun hæstv. ráðherra á till. til þál. sem liggur fyrir efh.- og viðskn. um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði. Það var í þá veru að fela viðskrh. að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðnum setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum. Ég tel afar mikilvægt að á þessu sé tekið og þetta nái til allra stofnana sem sýsla með fjármagn og á ég þá t.d. líka við lífeyrissjóði, vátryggingafélög og fleiri aðila, ekki bara verðbréfafyrirtæki.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. En ég hef lagt fjölda fyrirspurna fyrir hæstv. ráðherra sem ég vona að hún svari og við fáum þá skýrari upplýsingar um málið áður en það gengur til hv. efh.- og viðskn.

[15:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir ræðu sína þó mér fyndist hún dálítið neikvæð í garð þessa frv. En mér fannst hv. þm. ekki gera sér grein fyrir eða ekki tala eins og hún teldi þá kínamúra sem frv. kveður á um skipta miklu máli því að mjög mörg af þeim atriðum sem hún kom inn á eiga að leysast með þeim kínamúrum sem þarna er verið að koma upp.

Hv. þm. talaði fyrst um meðferð trúnaðarupplýsinga. Um það er það að segja að við í viðskrn. erum að fylgjast með þeirri þróun sem hefur átt sér stað í löndunum í kringum okkur núna á síðustu vikum og mánuðum og í ráðuneytinu er ákveðin vinna í gangi sem tengist því. Ég vil láta það koma fram að ekki er ólíklegt eða það gæti alveg komið til greina að ástæða væri til þess að bæta inn í frv. ákvæði í meðförum þingsins sem sneri að þessu atriði, a.m.k. hvað það varðar að opna á reglugerðarsetningu í framhaldi af vinnu í nefnd og á hv. Alþingi.

Hv. þm. nefndi aðkomu starfsmanna að útboðum og talaði um innherjaviðskipti í Búnaðarbankanum. Þar held ég að hv. þm. sé að tala um gagnrýniatriði sem komu upp í tengslum við útboðið sem Verðbréfaþing ákvað að beina ekki til Fjármálaeftirlitsins. Því máli er lokið og Verðbréfaþing taldi að ekki hefði verið um innherjaviðskipti að ræða og því er ekki meira um það að segja.

Það var fleira sem hv. þm. nefndi. Hún talaði einnig um að hugsanlega mætti banna kaup starfsmanna eftir ákveðinn tíma frá afkomubirtingu og það er atriði sem ég kom einmitt inn á þegar við fjölluðum um þetta mál áður og taldi að kæmi til greina. Það er eitt af þeim atriðum sem þarf að skoða frekar en ég tel þó að kínamúrarnir, sem þetta frv. kveður á um, eigi að duga án þess að þessu verði beint komið fyrir í lögum. Það er þannig með mjög mörg atriði að með því að koma á þessum aðskilnaði á starfssviðum og að setja verklagsreglurnar í þann farveg sem kveðið er á um þá erum við að styrkja þetta fyrirkomulag mjög mikið. Ég tala ekki um með því að Fjármálaeftirlitið, eins og allir vita, þurfi að staðfesta verklagsreglurnar. Síðan er það mál fyrirtækjanna að hafa eftirlit með þeim. Það er hið innra eftirlit sem heyrir beint undir stjórnir sem á að sjá um það.

Hv. þm. nefndi upplýsingagjöf og nefndi Orca-hópinn sérstaklega í því sambandi. Fjármálaeftirlitið hefur heimild til þess að fá þær upplýsingar og fékk þær upplýsingar í því tilfelli sem hv. þm. talar um, eftir því sem ég best veit. En almennt vil ég leggja mikla áherslu á að Fjármálaeftirlitið starfar algjörlega sjálfstætt. Það er ekki hlutverk mitt sem viðskrh. að hafa eftirlit með Fjármálaeftirlitinu þó að það heyri undir viðskrn. í stjórnsýslunni. Ég legg mikla áherslu á þetta og ég vil lýsa því yfir að ég ber fullt traust til Fjármálaeftirlitsins og tel að það hafi verið að vinna mjög gott verk núna á síðustu vikum. Hv. þm. verður að hafa skilning á því að ég er ekki að stjórna Fjármálaeftirlitinu.

Hv. þm. talaði um brot á verklagsreglum sex fyrirtækja sem hefur komið fram opinberlega að um sé að ræða. Fjármálaeftirlitið hefur farið með það mál og er með sum þeirra enn til athugunar. Það er ekki hlutverk mitt að greina nákvæmlega frá því hvaða fyrirtæki þetta eru frekar en gert hefur verið í fjölmiðlum og ég tel að einmitt í þessu máli hafi verið brugðist við. Ég vil enn einu sinni láta það koma fram að það hafi verið í fullu samræmi við það sem er hlutverk Fjármálaeftirlitsins.

[15:24]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og nokkuð skýrðist málið þó það hafi kannski ekki verið mjög mikið. Sumpart fannst mér hæstv. ráðherra misskilja það sem fram kom í máli mínu áðan.

Ég fagna því að sjálfsögðu að ráðherrann tekur undir að það eigi að athuga hvort ekki eigi að skoða ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga og ég mun vissulega taka það upp í efh.- og viðskn. og lít svo á að ráðherra líti jákvæðum augum á að það sé skoðað að slíkt sé gert. Eins lokar ráðherrann ekki á það sem ég tel afar mikilvægt að skoða betur að herða á ýmsum ákvæðum sem snerta innherjaviðskipti, t.d. að bann sé sett við viðskiptum innherja að liðnum ákveðnum tíma frá birtingu afkomutalna fyrirtækja. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að skoða það mál.

Ráðherrann vitnar í mál sem Verðbréfaþing var með til skoðunar og segir að Verðbréfaþing hafi lokið því máli án þess að vísa því til Fjármálaeftirlitsins og því sé ekkert meira um það mál að segja. En mér finnst hæstv. ráðherrann misskilja nokkuð hvað það var sem Verðbréfaþing var með til umfjöllunar. Það voru fyrst og fremst afkomuviðvaranir Búnaðarbankans sem Verðbréfaþing taldi ekki efni til frekari aðgerða út af en það snerti ekki beint þessi innherjaviðskipti. Ég spurði einmitt ráðherrann um þær ábendingar sem komu fram hjá Verðbréfaþingi í tengslum við yfirlýsingu Verðbréfaþings vegna þeirrar afkomuviðvörunar sem kom fram hjá Búnaðarbankanum en afkomuviðvaranirnar fólu í sér breyttar forsendur sem leiddu til aukins hagnaðar í bankanum sem bankinn upplýsti að hefði tengst þessum nýju afkomuviðvörunum. En í tengslum við það mál taldi Verðbréfaþing að í ljósi umfjöllunar fjölmiðla og annarra um viðskipti innherja með bréf bankans og fleira að nauðsynlegt væri að setja skýrari ákvæði í lög og reglur um framkvæmd útboða um viðskipti umsjónaraðila, innherja og starfsmanna, með bréf í tengslum við útboð svo og um viðskipti hlutafélaga með eigin bréf — svo og um viðskipti hlutafélaga með eigin bréf.

Þetta taldi Verðbréfaþing að þyrfti að ræða og sagðist mundu beita sér fyrir viðræðum við Fjármálaeftirlitið, stjórnvöld og samtök aðila á verðbréfamarkaði um bætta skipan þessara mála. Þessu svaraði hæstv. ráðherra ekki og ég spyr hvort fram hafi farið þessar viðræður milli ráðherrans hæstv. og ráðuneytisins og Verðbréfaþings um þau atriði sem ég hef nefnt. Þetta eru atriði sem tengjast mjög því frv. sem er til umræðu og mjög brýnt fyrir efh.- og viðskn., sem skoðar þetta mál, að fá upplýsingar um það hvort þessi samtöl hafi farið fram milli Verðbréfaþings og ráðuneytisins um þau atriði sem snerta innherjaviðskipti og það að taka miklu betur á þeim málum bæði í lögum og reglugerðum en gert hefur verið. Það snertir t.d. útboð eins og hér er nefnt og um viðskipti hlutafélaga með eigin bréf.

Hæstv. ráðherra kom t.d. ekki inn á það sem ég nefndi í máli mínu og tengdist verðmyndun hlutabréfa en ég tel óeðlilegt að verðbréfafyrirtæki standi sjálf í miklum viðskiptum á hlutabréfamarkaði um leið og þau eru í ráðgjöf við einstaklinga og fyrirtæki. Það er þetta sem hefur verið töluvert gagnrýnt í efh.- og viðskn. og það er þetta atriði sem ég tel mjög brýnt að ráðherrann svari vegna þess að ég tel að með þessu sé veruleg hætta á þegar verðbréfafyrirtæki standa sjálf í miklum viðskiptum á hlutabréfamarkaði fyrir eigin reikning að það geti haft óeðlileg áhrif á gengi bréfanna. Mér finnst afar mikilvægt að fá fram skoðun hæstv. ráðherra á því.

Varðandi Fjármálaeftirlitið og traustið sem hæstv. ráðherra sagðist bera til þess, þá átta ég mig ekki á því af hverju hæstv. ráðherra er að blanda því inn í þetta mál vegna þess að það er svo sannarlega hægt að taka undir með hæstv. ráðherra að Fjármálaeftirlitið hefur staðið sig mjög vel, ekki síst af því að löggjöfin um Fjármálaeftirlitið er mjög veikburða og þarf að herða á henni, eins og verið er að gera nú í þinginu. Ég skil þess vegna ekki af hverju hæstv. ráðherra er að blanda trausti sínu á Fjármálaeftirlitinu inn í þær spurningar sem ég hef sett fram.

Ég spurði líka hæstv. ráðherra, sem hún ekki svaraði, um lyktir á ýmsum málum sem Fjármálaeftirlitið hefur verið með til skoðunar. Ég er ekkert að tala um að ráðherrann eigi að blanda sér inn í það mál, síður en svo. Auðvitað á Fjármálaeftirlitið, sem á að vera sjálfstætt í störfum sínum, að vera óháð boðvaldi ráðherrans. En ég hefði þó haldið að hæstv. ráðherra hefði fengið niðurstöður og lyktir í ýmsum málum sem Fjármálaeftirlitið er að skoða, bæði að því er varðar þau sex fjármálafyrirtæki sem brutu verklagsreglurnar og eins það sem fram kom í máli mínu og spyr ráðherrann hæstv. aftur um það: Eru komnar einhverjar lyktir í það mál sem upp kom þegar aðalbankastjóri Búnaðarbankans var sakaður um að hafa gefið Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum rangar upplýsingar vegna athugunar sem Fjármálaeftirlitið að ósk viðskrn. var að gera á viðskiptum bankans við tiltekinn fyrrverandi viðskiptamann bankans? Er ráðherra kunnugt um að komnar séu lyktir í það mál? Ráðherrann getur svarað því með einföldu já-i eða nei-i og auðvitað er það fjarri öllu lagi að hér sé verið að tala um að ráðherrann blandi sér með einum eða öðrum hætti í afskipti eða niðurstöður Fjármálaeftirlitsins af því máli.

Ég er raunverulega að freista þess hér, herra forseti, með síðari ræðu minni að fá fyllri upplýsingar en ég fékk í ræðu ráðherrans við ýmsum þeim spurningum sem ég setti fram en þær eru raunverulega fjórar, svo ég dragi það saman hér í lokin. Það er hvort farið hafi fram viðræður milli ráðuneytisins og Verðbréfaþings um þau mikilvægu atriði sem Verðbréfaþing telur að þurfi að setja lög og reglur um og ég ætla ekki að tíunda hér aftur. Í öðru lagi hvort ráðherrann telji

ekki að setja þurfi því ákveðnar skorður að Verðbréfaþing geti fyrir eigin reikning verið í viðskiptum á hlutabréfamarkaði og þar með haft hugsanlega óæskileg áhrif á gengi eða verðmyndun hlutabréfanna. Síðan spyr ég hvort lyktir séu komnar í það mál sem Fjármálaeftirlitið var að fjalla um sem snerti aðalbankastjóra Búnaðarbankans og ég tel ekki ástæðu til að tíunda hér frekar. Að lokum spyr ég um afstöðu hæstv. ráðherra til þáltill. sem nú er til umfjöllunar í efh.- og viðskn. um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem felur í sér að viðskrh. sjái til þess að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðnum setji sér sértakar siðareglur í viðskiptum.

Fleira mætti auðvitað fara inn á vegna þess að hæstv. ráðherra fór t.d. ekki inn á það sem ég tel mikilvægt að fá fram afstöðu hennar til, þ.e. hvort ekki þurfi að skilgreina betur innherja og tilkynningarskyldu þeirra en gert hefur verið og vitnaði þar í skýrslu Verslunarráðs Íslands.

Ég skal, herra forseti, ekki tefja umræðuna frekar, enda á ég sæti í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar, en ítreka, herra forseti, enn og aftur spurningar mínar til hæstv. ráðherra og vænti þess að hún svari þeim í síðari ræðu sinni.

[15:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af síðari ræðu hv. þm. Ég ætla að ítreka það sem ég hef þegar sagt, að það eru kínamúrar sem leysa mörg af þeim málum sem hv. þm. nefndi. Frv. kveður á um hæfisskilyrði og skerpu á verklagsreglum sem er nú kannski grundvallaratriðið í þessu máli öllu saman.

Hv. þm. endurtók spurningu sína um meðferð trúnaðarupplýsinga. Hvað það mál varðar er ákveðin athugun í gangi og ég lét það koma fram. Það eru ýmis mál sem hv. þm. hefur greinilega áhuga á að vita meira um, sem eru til athugunar í Fjármálaeftirlitinu, en ég get ekki svarað spurningum sem varða eftirlitið. Þegar það hefur lokið umfjöllun sinni um mál eru þau gerð opinber og þá hef ég aðgang að þeim eins og aðrir en ekkert umfram það.

Um málið sem hv. þm. nefndi og varðar aðalbankastjóra Búnaðarbankans, þá er nákvæmlega eins vaxið með það mál og önnur, að ég hef ekkert um það að segja, en það er eftir því sem ég best veit enn þá til athugunar í Fjármálaeftirlitinu, a.m.k. hafa mér ekki borist fregnir um að því hafi verið lokið.

Síðan var fjallað um útboð. Í 7. gr. frv. er kveðið á um útboð og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum. Í reglugerð sem ráðherra setur skal kveða nánar á um almennt útboð verðbréfa, svo sem um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs, tilkynningar um almennt útboð, reglur um fyrsta söludag almennra útboða og tilkynningar verðbréfafyrirtækja og annarra aðila, sem hafa milligöngu um almennt útboð, um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði."

Í þessari grein er reglugerðarheimild og í ráðuneytinu er að sjálfsögðu verið að vinna að því hvernig málum skuli verða fyrir komið í þeirri reglugerð.

Þetta held ég að séu nú aðalatriðin í máli hv. þm. en ég vil bara ítreka það að ég tel að þetta frv. sé mjög til bóta og auðvitað erum við að þróa þennan unga markað okkar en við verðum líka að taka tillit til aðstæðna og við megum ekki drepa markaðinn algjörlega niður, eins og mér finnst nánast að hv. þm. sé að segja með orðum sínum. Mér leikur forvitni á að vita hvernig það frv. yrði úr garði gert sem hún legði fram í eigin nafni og varðaði þennan málaflokk.

[15:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi síðasta athugasemd hæstv. ráðherra er fráleit, að verið sé að drepa niður verðbréfamarkaðinn þó að spurt sé eðlilegra spurninga sem snerta tiltekin mál og innherjaviðskipti sem upp hafa komið og margir hafa gert athugasemdir við og telja að herða þurfi lög og reglur út af. Það er furðulegt að hæstv. viðskrh. skuli gera slíka athugasemd úr þessum ræðustól þó að hér sé haldið uppi vörn fyrir því að hafðar séu eðlilegar og sanngjarnar leikreglur á verðbréfamarkaðnum.

En hæstv. ráðherra getur aldrei svarað þeirri spurningu, sem er mjög einföld, hvort fundur hafi farið fram milli ráðuneytisins og Verðbréfaþings um þessi tilteknu atriði sem Verðbréfaþing er að kalla eftir að verði leiðréttar. Það er ekki nægjanlegt að vísa í kínamúra sem taka alls ekki á öllum þeim málum sem ég hef verið uppi með eða einhver almenn ákvæði í frv. sem varða útboð og almenn útboð, vegna þess að ég sé ekki að þau snerti endilega viðskipti innherja og það sem Verðbréfaþing er að tala um er þann þáttinn varðar.

Ég bið því hæstv. ráðherra að svara því hvort samtöl hafi farið fram við Verðbréfaþing um þau atriði sem Verðbréfaþing er að kalla eftir og hvort ráðherrann muni þá leita eftir slíkum fundi til þess að taka á þeim atriðum sem Verðbréfaþing er að biðja um leiðréttingu á vegna þess að mjög mikilvægt er fyrir framvindu málsins í efh.- og viðskn. að þetta liggi fyrir.

Það sem verið er að taka á í frv. er aðskilnaður einstakra starfssviða, sem vissulega er mikilvægt, próf í verðbréfamiðlun, starfsábyrgðartryggingu og afleiðusamninga. Þetta er það sem frv. tekur á. Það sneiðir fram hjá því mikilvæga sem hefur þó verið fjallað um í fjölmiðlum og víðar og í efh.- og viðskn., þ.e. að herða miklu meira á lögum um verðbréfaviðskipti en ráðherra hefur gert.

Og ég spyr í lokin hvort samtöl hafi farið fram milli Verðbréfaþings og ráðuneytisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsgöngu- og fjarsölusamningar, 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (heildarlög). — Þskj. 684.

[15:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga sem fyrir liggur á þskj. 684.

Frv. þetta er samið í viðskrn. í þeim tilgangi að lögleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997, um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga. Í 15. gr. tilskipunarinnar kemur fram að aðildarríkin skuli samþykkja lög og önnur nauðsynleg fyrirmæli eigi síðar en þremur árum frá gildistöku hennar. Framangreind tilskipun var birt í Stjórnartíðindum ESB 4. júní 1997 og því ber aðildarríkjum að hafa sett lög í samræmi við ákvæði hennar eigi síðar en 4. júní árið 2000.

Í tilskipun 97/7/EB, um fjarsölu, er að finna margvíslegar lágmarksreglur sem miða að því að veita neytendum vernd með tilliti til fjarsölu á vöru og þjónustu. Frumvarp þetta miðar að því að setja í innlendan rétt ákvæði tilskipunarinnar.

Fjarsölusamningar eru gerðir með aðstoð eins eða fleiri fjarskiptamiðla og undir þeim kringumstæðum notar seljandi fjarskiptatæknina til að gera samning við neytanda án þess að þeir hittast. Eðlilegt er að við slíkar kringumstæður sé neytendum veitt aukin réttarvernd, svo sem víðtækari réttur til upplýsinga af hálfu seljanda svo og réttur til að falla frá samningi ef varan uppfyllir ekki við skoðun og móttöku þær forsendur sem hann lagði til grundvallar við kaupin og gat vænst að hún uppfyllti samkvæmt upplýsingum frá seljanda. Í frumvarpinu er einnig að finna takamarkanir sem varða beina markaðssókn til neytenda en á undanförnum árum hefur umræða og aðgerðir til verndar neytendum aukist vegna tilkomu nýrra aðferða og miðla, svo sem notkun símbréfa, tölvupósts og annarra ágengra söluaðferða. Í 14. gr. frumvarpsins eru m.a. ákvæði sem varða slíka markaðsstarfsemi. Auk þess má geta að dómsmálaráðuneytið hefur nýlega lagt fram frumvarp í því skyni að lögleiða tilskipun 95/46/EB, sbr. frumvarp til laga um persónuvernd og persónuupplýsingar, einkum 28. gr. þess frumvarps þar sem lagðar eru til reglur til verndar einstaklingum þegar um beina markaðssókn er að ræða. Á Alþingi voru einnig samþykkt í lok ársins 1999 ný fjarskiptalög, nr. 107/1999. Í þeim lögum hefur íslenskur réttur verið aðlagaður ákvæðum í tilskipun 97/66/EB, um friðhelgi einkalífs á sviði fjarskipta, en þar má sérstaklega benda á 12. gr. tilskipunarinnar og 34. gr. laga nr. 107/1999. Í framangreindum ákvæðum er áskrifendum að fjarskiptaþjónustu veittur réttur með sérmerkingum, t.d. í símaskrá, að undanþiggja sig frá beinni markaðssókn með notkun síma, o.þ.h. fjarskiptaþjónustu.

Af framansögðu er ljóst að við samningu frv. hefur því einnig verið tekið tillit til réttarþróunar á sviði persónuverndar og fjarskipta. Við undirbúning málsins var einnig ákveðið að fella inn í frv. þetta ákvæði gildandi laga um húsgöngusölu en þau voru sett árið 1992 þegar Íslandi bar skylda til samkvæmt EES-samningnum að setja í íslensk lög ákvæði tilskipunar ráðsins 85/577/EB, um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva. Ótvírætt hagræði er af því bæði fyrir neytendur og seljendur að þeir hafi ávallt gott yfirlit yfir þær reglur sem gilda og að slíkum reglum sé skipað innan sama lagabálks sé þess nokkur kostur. Ör þróun hefur verið á ýmiss konar söluaðferðum og í reynd hafa skilin milli mismunandi tegunda söluaðferða verið að eyðast. Þannig er t.d. algengt að samhliða því að stunda verslun á fastri starfsstöð skipuleggi seljandi auk þess netverslun eða aðrar tegundir fjarsölu. Ýmis rök eru því fyrir því að skipa ákvæðum þessara tilskipana á þennan hátt og munu önnur grannríki á Norðurlöndum fara svipaða leið við setningu laga um þetta efni samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér um það mál.

Ég vil þá með leyfi hæstv. forseta víkja að einstökum ákvæðum frv. Í 1. gr. er kveðið á um gildissvið frv. en sem fyrr segir er því ætlað að taka til samninga sem gerðir eru við neytendur með fjarsölu eða húsgöngusölu.

Í 2. gr. er fjarsala skilgreind og einnig eru í þeirri grein ýmis hugtök skilgreind sem notuð eru í frumvarpstextanum.

Í 3. og 4. gr. er að finna upptalningu á þeim tegundum samninga sem eru undanþegnir ákvæðum þessa frv. Þannig tekur frv. þetta til að mynda ekki til samninga um sölu á fjármálaþjónustu né heldur samninga um smíði eða byggingu fasteigna. Ákvæði frv. taka heldur ekki til samninga sem gerðir eru við húsgöngusölu þar sem verðmæti samninganna er 4.000 kr. eða minna.

Í 5. gr. er kveðið á um þær upplýsingar sem seljendum vöru og þjónustu er skylt að veita áður en samningur er gerður við neytandann. Jafnframt er tekið fram að þegar um símasölu er að ræða sé ávallt skylt að taka fram þegar í upphafi að samtalið fari fram í viðskiptalegum tilgangi.

Í 6. gr. er tekið skýrt fram að neytandi eigi ávallt rétt á að fá skriflega staðfestingu á þeim upplýsingum sem seljanda er skylt að veita honum samkvæmt 5. gr. frv. Í ákvæðinu er tekið fram að ef um er að ræða markaðssókn sem beint er að íslenskum neytendum, svo sem með tilboðum á íslensku, um kaup á vöru eða þjónustu, þá skulu allar upplýsingar sem seljanda er skylt að veita samkvæmt ákvæðum frv. einnig veittar á íslensku.

Í 7. gr. eru nokkrar samningstegundir undanþegnar frá þeirri samningsskyldu sem almennt hvílir á seljendum vöru og þjónustu samkvæmt ákvæðum frv. Dæmi um slíka samninga má nefna samninga um sölu á matvælum eða þess konar vörum sem ætlaðar eru til daglegrar neyslu, enda eiga ákvæði um upplýsingaskyldu ekki við þegar um er að ræða samninga um kaup á slíkum vörum.

Í 8. gr. er að finna grundvallarreglu frv. um rétt neytenda til að falla frá samningi sem gerður er í fjarsölu og er hann hvorki skyldugur að tilgreina nokkra ástæðu fyrir því né skal hann greiða nokkur viðurlög af því tilefni. Neytendum var jafnframt veittur sambærilegur réttur til að falla frá samningi og skila vöru þegar sett voru árið 1992 lög um húsgöngusamninga og mun það gilda áfram um þess konar samninga samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir. Framangreind ákvæði eru í samræmi við ákvæði tilskipana Evrópusambandsins en á alþjóðavettvangi hefur sífellt verið lögð meiri áhersla á að auka neytendavernd og sjást þess glögg merki í lagasetningu svo sem í frv. því sem ég mæli nú fyrir.

Í 9. gr. er kveðið nánar á um fresti og frestsdaga er neytandi hefur til þess að beita rétti sínum til að falla frá samningi. Almennt miðast upphaf frestsins við það tímamark er vara er afhent eða samningur um þjónustu er gerður, enda hafi seljandi þá jafnframt fullnægt þeirri upplýsingaskyldu sem á honum hvílir samkvæmt ákvæðum frv. Í vissum tilvikum, einkum við sölu á þjónustu, t.d. í símasölu, getur seljandi ekki veitt allar upplýsingar við gerð samningsins en undir þeim kringumstæðum er honum veittur fimm daga frestur til þess að fullnægja þeirri skyldu. Fullnægi seljandi vöru eða þjónustu ekki skyldu sinni til að veita þær upplýsingar sem honum er skylt að gera innan þess frests, sem hér er getið um, sbr. einnig ákvæði 6. gr. frv., þá er samningurinn ekki bindandi fyrir neytanda.

Nokkrar takmarkanir er þó að finna í frv. á rétti neytenda til að falla frá samningi en í 10. gr. frv. er að finna nánari ákvæði þar að lútandi. Hafi neytandi keypt myndband eða hljóðsnældur, svo dæmi séu nefnd, og rofið innsigli seljanda fellur réttur niður til að fá vöruna endurgreidda samkvæmt ákvæðum frv. Samningar um áskrift að dagblöðum og tímaritum eru einnig undanþegnir, en nánar skal hér vísað tl ákvæða 10. gr. um undanþágur þessar.

Í 11. gr. er gerð sú almenna krafa til seljanda vöru og þjónustu að þeir efni samning sem gerður er með fjarsölu við neytanda innan 30 daga frá því að pöntun er gerð. Hafi

afhending ekki átt sér stað innan þess tíma á neytandi rétt á að fá endurgreitt það er hann kann að hafa greitt til seljanda.

Í 12. gr. er tekið fram að útgefendum greiðslukorta sem unnt er að nota við gerð fjarsölusamninga, beri að setja skýrar reglur um hvernig neytandi geti afturkallað greiðslur hafi greiðslukort hans verið misnotuð með einum eða öðrum hætti við gerð samningsins.

Í 13. gr. er lagt bann við svonefndum „ágengum söluaðferðum" en með því er átt við að neytanda sé t.d. send vara án þess að hann hafi óskað eftir henni og til þess ætlast að hann greiði fyrir hana. Jafnframt er tekið skýrt fram að þegjandi samþykki neytanda undir slíkum kringumstæðum sé ávallt ógild en reglur af þessu tagi eru til þess fallnar að stuðla að aukinni friðhelgi almennings gegn ágengri sölumennsku af þessu tagi.

Í 14. gr. er að finna reglur sem leggja bann eða sérstök takmörk við notkun tiltekinna fjarskiptaaðferða við fjarsölu. Í 1. mgr. er þannig tekið fram að óheimilt sé að nota símbréf við sölustarfsemi til neytenda nema neytandinn hafi sérstaklega samþykkt notkun þeirrar fjarskiptaaðferðar. Ástæða þykir til að takmarka með þessum hætti ýmsar sjálfvirkar söluaðferðir af þessu tagi enda má segja að þær séu afar hvimleiðar fyrir neytendur. Í greininni er einnig tekið fram að þeir seljendur sem hyggjast skipuleggja beina markaðssókn skuli fyrir fram kanna þá skrá sem Hagstofa Íslands ber að halda samkvæmt ákvæðum í frv. til nýrra laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Bein markaðssókn, t.d. að senda tilboð um kaup á vöru beint á heimili neytenda er því óheimil enda hafi nafn viðkomandi einstaklings verið fært í skrána. Hið sama á við hafi neytandi óskað eftir því við gerð símaskrár að það verði fært inn merki sem gefi til kynna að óheimilt sé að hafa samband við viðkomandi símanúmer í símsölu eða með nokkurri annarri sambærilegri aðferð við beina markaðssókn sem er skipulögð og fram fer með notkun símkerfisins. Hafi neytandi hins vegar alls ekki afþakkað eða á nokkurn hátt gefið til kynna að hann óski eftir að seljandi sendi honum tilboð í beinni markaðssókn, þ.e. hann er hvorki skráður í skrá Hagstofunnar né heldur verið sérmerktur í símaskrá, þá er seljendum vöru og þjónustu ávallt heimilt að senda honum sölutilboð með notkun tölvupósts, sbr. 3. gr. 14. gr.

Það sjónarmið ræður hér að ein slík sending valdi neytanda ekki þess háttar ónæði að rétt sé að banna notkun slíkra fjarskiptaaðferða í beinni markaðssókn. Hér er þó við það miðað við seljendur vöru og þjónustu eiga ávallt að gefa neytanda kost á því að veita sérstakt samþykki sitt fyrir áframhaldandi notkun á þessari fjarskiptaaðferð. Samþykki neytandi ekki sérstaklega áframhaldandi sendingar með tölvupósti eru þær framvegis óheimilar.

Í 15. gr. er tekið fram að samtökum neytenda skuli ef ástæða er til vera heimilt að gæta hagsmuna neytenda samkvæmt ákvæðum frv.

Ákvæði um lagaval er að finna í 16. gr. en markmið þessa ákvæðis er að tryggja að ekki verði beitt lögum einhvers ríkis nema því aðeins að neytandinn fái með því betri rétt en hann ella er aðnjótandi samkvæmt gildandi löggjöf annarra ríkja á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Í 17. gr. er tekið fram að Samkeppnisstofnun sé falið eftirlit með viðskiptaháttum samkvæmt lögum þessum og er það í samræmi við verksvið stofnunarinnar samkvæmt gildandi lögum en starfsmenn stofnunarinnar sinna að hluta til málefnum neytenda.

Í 18. gr. er tekið fram að ef ekki leiðir annað af ákvæðum þessa frv. þá beri að öðru leyti að fara eftir ákvæðum þeirra laga sem gilda almennt um kaup og sölu vöru til neytenda, samanber nú ákvæði laga um lausafjárkaup.

Í 19.–21. gr. er að finna heimildir ákvæði um heimild til að setja reglugerð, viðurlög og gildistöku laganna ef að lögum verður.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir frv. þessu. Það er að finna á þskj. 684, um húsgöngu- og fjarsölusamninga og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[15:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. sem felur í sér aukna neytendavernd en með því er verið að veita neytendum vernd með tilliti til fjarsölu á vöru og þjónustu. Það sem ég vildi sérstaklega taka upp í þessu stutta andsvari er 12. gr. þessa frv. um greiðslu með korti. Þar er talað um að fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skuli setja skýrar reglur um það hvernig neytandi getur óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings og eins hvernig á að endurgreiða neytandanum vegna ólögmætrar misnotkunar á greiðslukorti hans. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að misnotkun á greiðslukortum gegnum netverslun og almennt misnotkun á greiðslukortum sé að koma fram í ört vaxandi mæli. Nú veit ég að það hefur komið fram hjá greiðslukortafyrirtækjunum að þau eru að skoða hvernig hægt er að bregðast við þessari misnotkun. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra:

Hefur ráðherrann kynnt sér þessi mál sérstaklega?

Má eiga von á því að á þessu máli verði tekið fljótlega, vegna þess að ég held að það þurfi að hafa nokkuð hraðar hendur til þess að koma í veg fyrir þessa misnotkun?

Mér kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir og það eru fyrirtækin sjálf sem eiga að setja reglur um þetta. Ég hygg að þarna þurfi líka að koma til, að mínu viti, atbeini ráðuneytisins í þessu efni og að ráðuneytið ætti að koma að slíkum reglum og spyr ég hæstv. ráðherra um skoðun hennar á því og þá sérstaklega hvort hæstv. ráðherrann hafi kynnt sér þetta mál sérstaklega og skoðun hennar á því og hvort þess megi vænta að tekið verði á þessu máli fljótlega. Ástæða er til að taka þetta mál upp í tengslum við þetta frv.

[15:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að 12. gr. sé mjög mikilvæg grein og einmitt hvernig henni hefur verið fylgt eftir og tek undir það með hv. þm. að það er mikilvægt að málum verði þannig fyrir komið að korthafar þurfi ekki að bera skaða af ef kort þeirra eru misnotuð. Þetta er mál sem er til athugunar í nefnd sem er að störfum, ætli hún kallist ekki nefnd um rafeyri og greiðslukortastarfsemi. Þar koma mjög margir aðilar að sem tengjast þessu máli og hafa hagsmuna að gæta. Þetta er einmitt þar til umfjöllunar. Ég tel mjög mikilvægt að þarna náist niðurstaða sem allir geti sætt sig við.

[15:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þær upplýsingar sem hún gefur um þetta mál. Vissulega er hægt að taka undir það með hæstv. ráðherra að 12. gr. er afar mikilvæg og mikilvægt að frá henni sé tryggilega

gengið þannig að það sé tekið á þessu máli eins og hægt er til að koma í veg fyrir misnotkun á greiðslukortum. Ég hygg að efh.- og viðskn. muni skoða þessa grein mjög náið og eins það hvort stjórnvöld eigi ekki með einhverjum hætti að koma að þeim reglum sem á að setja til að tryggja vernd neytenda en að fyrirtækjunum sjálfum sé ekki bara eftirlátið það. En hæstv. ráðherra upplýsir að verið sé að skoða þessi mál í nefnd sem er að skoða greiðslukortastarfsemi. Mér finnst afar mikilvægt að efh.- og viðskn. geti fylgst með þessum þætti í starfi nefndarinnar þegar verið er að setja þetta ákvæði í lög varðandi þetta frv. Ég spyr: Hvað líður störfum þessarar nefndar? Hvar er málið á vegi statt? Má gera ráð fyrir að niðurstöðurnar liggi fyrir meðan efh.- og viðskn. er að fjalla um þetta frv. eða a.m.k. þann þáttinn sem snýr að meðferðinni á greiðslukortum sem er verið að taka fyrir í þessari nefnd? Ég held að það verði mikilvægt að fá upplýsingar um það nú við 1. umr. málsins.

[16:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel sjálfsagt að efh.- og viðskn. fylgist með starfi þessarar nefndar. Ég reikna með því og tel alveg fullvíst að nefndin fái allar þær upplýsingar sem hún þarf á að halda við umfjöllun þessa máls og ráðuneytið hefur tök á að veita henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (póstþjónusta). — Þskj. 771.

[16:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæl hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Frv. er 489. mál þingsins á þskj. 771.

Í V. kafla laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, er fjallað um starfsemi þessara fyrirtækja. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. laganna er starfsemi þeirra fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfaviðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í tengslum við slík viðskipti. Í greininni er síðan talin upp í 14 töluliðum sú starfsemi sem fyrirtækjunum er heimil. Í 4. mgr. sömu greinar kemur fram að fyrirtækjunum sé heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi. Í 2. gr. laganna kemur enn fremur fram að fyrirtækjunum sé einungis heimilt nema annað leiði af lögum að stunda viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laganna.

Með vísan til þessara ákvæða hefur verið mikil óvissa um hvort viðskiptabankar eða sparisjóðir geti tekið að sér að veita póstþjónustu. Samstarf Íslandspósts hf. annars vegar og viðskiptabanka eða sparsjóða hins vegar getur því að óbreyttum lögum aðeins farið fram að takmörkuðu leyti.

Það að samvinna sé möguleg milli aðila sem heimild hefur til að veita póstþjónustu og viðskiptabanka og sparisjóða er mikilvægt fyrir samfélagið. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða, enda getur samvinna um grunnþjónustu af þessu tagi skipt sköpum um hvort hún sé fyrir hendi eða ekki í hinum dreifðu byggðum landsins.

Heildarendurskoðun fer nú fram á lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Hún er í höndum sérstakrar nefndar sem viðskrh. skipaði 23. ágúst 1999, svokallaðri bankalaganefnd. Vinnu hennar verður líklega ekki lokið fyrr en síðar á þessu ári. Þar sem hér er um brýnt mál að ræða er frv. þetta lagt fram nú þegar.

Með vísan til þessa er lagt til í frv. að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilað að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita hana samkvæmt lögum. Um póstþjónustu er nú fjallað í lögum nr. 142/1996. Gert er ráð fyrir að um hana fari samkvæmt sérstökum samningi á milli aðila. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi, skyldur og ábyrgð aðila vegna póstþjónustunnar, en rétt þykir að slík þjónusta sé rekin á ábyrgð leyfishafa. Það skal sérstaklega tekið fram að ekki er um að ræða að viðskiptabankar og sparisjóðir öðlist með þessu sjálfstætt leyfi til póstþjónustu, heldur er hér um að ræða rétt til að veita slíka þjónustu fyrir hönd annars aðila sem hefur slíkt leyfi. Eðlilegt þykir að afla þurfi samþykkis Fjármálaeftirlitsins til þessarar starfsemi og er það í samræmi við ákvæði 4. mgr. 44. gr. laganna.

Ég mælist til þess, hæstv. forseti, að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:05]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér um lítið frv. um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Lítið frv. segi ég en samt stórt mál, a.m.k. fyrir suma. Megininntak frv. er að bankar og sparisjóðir megi taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Hæstv. viðskrh. hefur farið yfir málið, gert grein fyrir innihaldi þess og hvernig standa skuli að þessu. Ég vil hins vegar, herra forseti, gjarnan fara nokkrum orðum um tilurð málsins og mikilvægi þess.

Það er svo að í tæplega tvö ár hafa sparisjóðir víða um landið efnt til samstarfs við Íslandspóst um afgreiðslu. Þetta samstarf hefur í einhverjum tilfellum orðið til þess að hægt hefur verið að halda úti eðlilegri póstþjónustu á viðkomandi stað. Bættar samgöngur og breytingar í þjónustuháttum gera það að verkum að ýmislegt í hinni daglegu þjónustu, ýmislegt af því sem við gerum kröfu um að sé hluti af okkar daglegu þjónustu, á erfiðara uppdráttar en áður. Við þekkjum líka að það verður erfiðara að veita þjónustuna þegar fækkar í byggðum. Við könnumst öll við hvatninguna til að versla í heimabyggð, sem minnir okkur á þá staðreynd að það eru ákveðin mörk á því hvenær talið er réttlætanlegt að bjóða upp á tiltekna þjónustu. Þegar fólki sem sótt hefur þjónustuna fækkar kemur að því að aðilar treysti sér ekki lengur til að halda uppi þjónustunni. Þess vegna er svo mikilvægt að þeir sem best til þekkja og fólk lítur á sem nauðsynlega þjónustuaðila hafi allar forsendur, þar á meðal lagaforsendur, til þess að taka höndum saman um að veita þjónustuna.

Ég gat þess að það væru um tvö ár síðan menn fóru í samstarf um þessa þjónustu. Skrefið sem hér á að stíga er í raun að viðskiptabankar og sparisjóðir geti tekið að sér sem verktakar að veita þá þjónustu sem pósturinn hefur veitt. Eins og hér stendur: „veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu“. Það er mjög mikilvægt að þjónustan verði treyst og þeir aðilar, viðskiptabankar og

sparisjóðir annars vegar og Íslandspóstur eða póstþjónustan hins vegar, sem eiga að því er virðist svo eðlilega saman um samstarf, geti unnið að með þeim hagkvæmasta hætti sem hægt er og hér er verið að opna fyrir með þessari lagabreytingu.

Ég tel, herra forseti, afar mikilvægt fyrir mannlíf um landið allt að lagaákvæði sem taka mið af eldri veruleika standi ekki í vegi fyrir að stofnanir og þjónustuaðilar geti nýtt sér þá möguleika sem fyrir hendi eru til samstarfs um þjónustuna eða að einn aðili sinni jafnframt þjónustu fyrir annan. Sparisjóðirnir áttu frumkvæðið að þessu samstarfi við Íslandspóst og ég veit að þar hafa menn bundið miklar vonir við það að þessi lagabreyting gæti orðið til þess að hægt yrði að þróa frekara samstarf. Við sem komum utan af landi, af sparisjóðasvæðunum, þekkjum að þeir hafa sinnt hinum fámennari og dreifðari byggðum. Þar á bæ þekkja menn vel hvar skórinn kreppir varðandi þjónustumöguleikana.

Ég sagði hér og hef reyndar tvisvar tekið fram, herra forseti, að það eru núna bráðum tvö ár síðan menn fóru að gera tilraunir með samstarf af þessum toga. Allt frá þeim tíma hafa menn beðið eftir því að frv. sem þetta birtist hér á Alþingi. Það er vel að nýr viðskrh. skuli beita sér strax í málinu. Ég veit að ég mæli fyrir munn margra þegar ég læt í ljósi þá ósk og von að þetta frv. hafi hér skjótan framgang, að nefndin skoði hvort hér er ekki rammlega um allt bundið þannig að í framhaldinu geti viðskiptabankar og sparisjóðir tekið að sér þessa mikilvægu þjónustu svo að landsbyggðin fái notið eins góðrar póst- og bankaþjónustu og mögulegt er við þær kringumstæður sem þar eru.

[16:11]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frv. Ég vil fyrst og fremst standa hér upp til að lýsa yfir stuðningi við efnisatriði þess sem ég tel vera mjög til bóta og er eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði tilraun til að laga þetta lagaumhverfi að veruleikanum og nútímanum. Við vitum að vegna fólksfækkunar og þeirra tæknilegu breytinga og annarra breytinga sem sífellt eiga sér stað hefur þjónusta á borð við póstþjónustu og eftir atvikum bankaþjónusta á landsbyggðinni átt undir högg að sækja. Þess vegna er ekkert óeðlilegt, nema síður sé, að reynt sé að steypa saman þjónustuformum af þessu tagi sem fara ákaflega vel saman. Það eru til ákveðin dæmi sem hafa komið upp á síðustu mánuðum og missirum um að samkeyra einmitt bankaþjónustu og póstþjónustu sem hefur orðið til þess að halda lífinu í þjónustustarfsemi af því taginu og það er auðvitað af hinu góða. Við vitum líka að víða úti í heimi, t.d. á Norðurlöndunum og reyndar Bretlandi líka, hefur sú þróun orðið að sums staðar er póstþjónustan hvorki framkvæmd af pósthúsum né bankastofnunum heldur jafnvel af verslunum, sem hefur orðið til þess að tryggja hvort tveggja í senn verslunarþjónustu í litlum byggðarlögum og um leið póstþjónustuna.

Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, þó að ég sé að sjálfsögðu mjög fylgjandi því skrefi sem hér er verið að stíga, að athugandi sé að menn hugleiði það sem næsta skref að opna frekari möguleika á að sinna póstþjónustu utan hefðbundinna póstútibúa, bæði til að tryggja þá eðlilegu þjónustu og eins vegna þess að póstþjónustan í sjálfu sér er að taka mjög miklum breytingum. Við höfum kannski vanist því flest hver að póstþjónusta sé mjög afmarkað skilgreint fyrirbrigði, að fara í pósthús og senda póst hefur ekki vafist fyrir manni að skilja, en í dag vitum við að póstþjónustan á í harðri samkeppni við ýmislegt annað. Ef ég tek sem dæmi var algengt hér áður fyrr að póstur, svokallaður markpóstur, stundum kallaður ruslpóstur líka, sem sendur er í stórum stíl í gegnum póstdreifingarkerfið í landinu færi einmitt þessa hefðbundnu leið. Menn fóru með þetta á pósthúsið og síðan fór þetta sína leið um póstdreifingarnet Pósts og síma og síðar Íslandspósts. Nú eru komin ýmis annars konar form á því að dreifa slíkum pósti. Tökum dæmi: Þegar við opnum okkar góða blað, Morgunblaðið, þá fylgir því oftar en ekki t.d. einhver bæklingur með alls konar fróðleik eða auglýsingum eða einhverju því sem viðkomandi vilja koma á framfæri. Þar með er Morgunblaðið á vissan hátt orðið póstdreifingaraðili, það er að vísu ekki með pósthús úti á landi, en það er eins konar póstdreifingaraðili og skilar því hlutverki alveg prýðilega að svo miklu leyti sem því er ætlað. Við vitum líka að með þessu móti hefur Morgunblaðið kannski líka möguleika á því að bjóða fram prentun og bjóða þá í senn bæði póstdreifingu og prentun.

Ég er aðeins að vekja athygli á þessu af því að pósthúsin og póstdreifingin í landinu eiga nú í vaxandi samkeppni úr átt sem menn hafa kannski ekki alveg áttað sig á. Þess vegna, virðulegi forseti, er mjög mikilvægt til að tryggja lífsnauðsynlega starfsemi á borð við póstdreifingu og pósthúsin í landinu, að við höfum sem fjölbreytilegust tæki fyrir pósthúsin þannig að Íslandspóstur eða önnur þau fyrirtæki sem kynnu að hafa með höndum póstdreifingu geti brugðist við með öllum tiltækum ráðum til að sinna því hlutverki sem við ætlumst til. Við setjum mjög ströng lög, eins og við vitum, um póstdreifingu í landinu. Póstlögin fela í sér ýmsar kvaðir sem póstdreifingaraðilanum, þeim sem einkanlega sér um póstdreifingu í landinu, er ætlað að standast. Þess vegna verðum við um leið og við setjum kvaðir og skyldur á slík fyrirtæki að leggja þeim til vopnin til að berjast og til að aðlaga sig breyttum tíma.

Virðulegi forseti. Það var einungis þetta sem mig langaði til að segja með örfáum orðum og styðja þannig við þá viðleitni sem kemur fram í frv. hæstv. viðskrh. og ég tel að sé mjög til fyrirmyndar og til bóta, bæði fyrir landsbyggðina og fyrir þessa nauðsynlegu atvinnustarfsemi í heild sinni. Ég tel að í framhaldinu sé eðlilegt að við veltum því fyrir okkur með hvaða hætti öðrum við ættum að opna fyrir möguleika á samrekstri póstdreifingar og annarrar atvinnustarfsemi í landinu en ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt skref sem hérna er verið að stíga.

[16:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mig langaði aðeins að koma hér upp til að þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þetta litla frv. fær á hv. Alþingi. Mig langar til að láta það koma fram að þau orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur eða það frumkvæði sem hún hafði að því að taka þetta mál upp á hv. Alþingi með fyrirspurn fyrr í vetur hafði nokkur áhrif á að þetta mál er núna komið í frumvarpsform og komið hér til umfjöllunar. Ég held að það sé ágætt að láta það koma fram að það geti verið svo að stjórnarandstaðan bendi á mál sem eru mikilvæg og ýta við ráðherrunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:17]

Útbýting þingskjala:

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 206. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 791.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 225. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 793.

Styrkir til sérleyfishafa, 347. mál, svar samgrh., þskj. 768.

Tímareikningar á Íslandi, 493. mál, frv. VE o.fl., þskj. 777.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 488. mál. — Þskj. 770.

[16:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8/1993, með síðari breytingum, sem er 488. mál þingsins á þskj. 770.

Með frv. þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á samkeppnislögum sem hafa þann tilgang að styrkja lögin þannig að þau þjóni betur því markmiði að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins.

Þegar gildandi samkeppnislög voru sett var það gert með vísan til þeirrar meginreglu að virk samkeppni sé best til þess fallin að stuðla að efnahagslegum framförum í þjóðfélaginu. Lögunum var því ætlað að stuðla að aukinni samkeppni í íslensku viðskiptalífi auk þess sem nauðsynlegt þótti að laga samkeppnisreglur hér á landi að þeim reglum sem giltu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Almennt verður að telja að reynslan af samkeppnislögunum hafi verið góð. Þau hafa leitt til jafnari samkeppnisskilyrða á mörkuðum og haft þau áhrif að tekið er aukið tillit til samkeppnissjónarmiða við laga- og reglugerðasetningu og að öðru leyti í opinberri stjórnsýslu. Á grundvelli þeirra hefur alvarlegum samkeppnishindrunum í viðskiptum verið eytt. Lögin hafa þannig stuðlað að aukinni samkeppni milli fyrirtækja til hagsbóta fyrir neytendur og þjóðfélagið í heild.

Nokkur veigamikil atriði valda því hins vegar að nauðsynlegt er að breyta samkeppnislögunum. Með þeim breytingum sem hafa orðið á viðskiptaumhverfi hér á landi og annars staðar á undanförnum árum, t.d. með nýrri upplýsingatækni, lækkandi samgöngukostnaði og aukinni alþjóðavæðingu hefur viðskiptamáti fyrirtækja breyst. Við þetta hafa aðrir samkeppnishættir orðið til og samkeppnishindranir breytt um form. Til að takast á við ný samkeppnisleg vandamál sem leitt hafa af hinum breyttu aðstæðum hafa samkeppnisreglur flestra þjóða tekið breytingum. Nýjar reglur hafa verið teknar upp, þær eldri hafa verið skerptar og framkvæmd samkeppnisreglna einstakra ríkja og ríkjabandalaga verið samræmd og styrkt.

Hin öra þróun í viðskiptum og umhverfi þeirra hefur ekki haft minni áhrif hér á landi en annars staðar á síðustu árum. Ein afleiðing þróunarinnar er aukin samþjöppun á ýmsum mikilvægum íslenskum mörkuðum. Fákeppnismarkaðir hafa orðið til þar sem áður ríkti blómleg samkeppni. Má þar sérstaklega nefna matvörumarkaðinn, byggingavörumarkaðinn og fjölmiðlamarkaðinn. Fákeppni hefur og lengi einkennt fleiri mikilvæga markaði, svo sem ýmsar greinar samgangna, olíuviðskipti, fjármálamarkaðinn og tiltekin svið fjarskipta. Á mörgum öðrum smærri mörkuðum er og hefur verið fákeppni í viðskiptum. Þegar keppinautum fækkar á markaði getur orðið til markaðsráðandi staða eða myndast fákeppni. Þá er samkeppninni hætta búin. Fyrirtæki hafa ekki lengur sama vilja og getu og áður til að keppa.

Eðli máls samkvæmt er meiri hætta á fákeppni á Íslandi en víðast annars staðar. Þjóðin er fámenn og íslenski markaðurinn er fjarri öðrum mörkuðum. Með tilliti til þess og með hliðsjón af þeirri þróun sem áður er lýst er mikilvægt að hafa hér skörp samkeppnislög. Samkeppnisyfirvöld þurfa að hafa nauðsynlegar heimildir til að grípa til ráðstafana sem koma í veg fyrir og uppræta samkeppnishömlur og örva samkeppni í viðskiptum. Annars fer þjóðarbúið á mis við þann ávinning sem hlýst af virkri samkeppni.

Það hefur sýnt sig á undanförnum missirum að þau samkeppnislög sem við búum við hafa ekki ætíð reynst nógu öflug til að sporna við samkeppnishömlum markaðsráðandi fyrirtækja eða þróun í átt til fákeppni. Í ljósi þeirrar samþjöppunar sem verið hefur í viðskiptalífinu og vænta má að haldi áfram og með hliðsjón af breyttum samkeppnisháttum er því brýn þörf á að styrkja samkeppnislögin. Það verður helst gert með því að laga þau að þeim lögum og reglum sem best hafa virkað til að taka á þeim vanda sem aukin samþjöppun getur haft í för með sér.

Með frv. því sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að fjölga þeim ráðum sem unnt verður að beita gegn samkeppnishindrunum. Ýmis þau ákvæði sem nú gilda eru styrkt og gerð skilmerkilegri og lögin að öðru leyti skýrari.

Herra forseti. Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingum sem felast í frv.

Í fyrsta lagi ber að nefna bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkvæmt gildandi lögum er fyrirtækjum sem eru í markaðsráðandi stöðu ekki fyrir fram bannað að misbeita stöðu sinni til skaða fyrir samkeppnina. Það er fyrst eftir að samkeppnisyfirvöld hafa sýnt fram á að tiltekin hegðun eða athafnir fyrirtækis hafa skaðleg áhrif á samkeppni í ákveðnu tilviki sem þau geta lagt bann við umræddri hegðun eða athöfnum. Til samræmis við bannákvæði 54. gr. EES-samningsins og þróunina í samkeppnisrétti á Vesturlöndum og víðar er lagt til í frv. að misnotkun á markaðsyfirráðum verði bönnuð fyrir fram. Þetta er gert til þess að efla samkeppni auk þess sem fyrirtæki munu vita í hvers konar háttsemi er fólgin misnotkun og geta þannig áttað sig á því að misnotkun þeirra á markaðsstöðu sinni getur varðað viðurlögum. Þessi breyting er mikilvægt nýmæli í íslenskum samkeppnislögum sem nýtur almenns fylgis, bæði meðal neytenda og í viðskiptalífinu.

Í öðru lagi skal nefna víðtækara bann við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja. Þrátt fyrir að samkeppnishamlandi samstarf fyrirtækja, einkum þeirra sem starfa á sama sölustigi, sé talið með alvarlegustu samkeppnishindrunum er tiltölulega takmarkað bann lagt við slíku samstarfi í gildandi lögum. Þannig er fyrirtækjum sem starfa á sama sölustigi nú bannað að hafa með sér samráð um verð, markaðsskiptingu og gerð tilboða. Enn fremur er fyrirtækjum bannað að reyna að ákveða verð sem gilda skal við endursölu vöru á næsta sölustigi.

Til þess að efla samkeppni er í frv. gert ráð fyrir mun víðtækara banni við samstarfi og samráði fyrirtækja. Þetta þýðir að hvers konar samstarf fyrirtækja sem raskað getur samkeppni verður bannað. Þó er ráð fyrir því gert að

fyrirtæki geti fengið undanþágu frá banninu að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Hið nýja bannákvæði er byggt á 53. gr. EES-samningsins og ákvæðum í lögum margra nágrannaríkja. Um bann við samkeppnishömlum af þessum toga hefur víðast myndast sátt hjá samtökum viðskiptalífs og neytenda.

Í þriðja lagi má nefna breytingar á eftirliti með samruna fyrirtækja. Í frv. er gert ráð fyrir að samrunaákvæði samkeppnislaga verði styrkt til muna. Vegna túlkunar dómstóla er óljóst að hvaða leyti er unnt að taka á samruna sem hefur þau áhrif að markaðsráðandi fyrirtæki eykur markaðsyfirráð sín með því að taka yfir keppinaut. Það er hins vegar ekki í samræmi við þá hugsun sem liggur að baki heimildinni í gildandi lögum til íhlutunar í samruna að aðeins megi grípa til aðgerða þegar fyrirtæki nær markaðsyfirráðum með samruna en ekki þegar fyrirtæki, sem hefur markaðsráðandi stöðu, kaupir smám saman upp alla keppinauta sína.

Með fyrirhugaðri breytingu í frv. tekur ákvæðið því einnig til þess að markaðsyfirráð verða efld með samruna sem hefur skaðleg áhrif á samkeppni að mati samkeppnisyfirvalda. Enn fremur verður unnt að grípa til íhlutunar gegn samruna ef hann leiðir til svonefndrar fákeppnismarkaðsráðandi stöðu.

Ákvæði um tímafrest til að taka ákvörðun í samrunamálum verður samkvæmt frv. gert skýrara en í gildandi lögum og frestur rýmkaður. Einnig verður samkeppnisráði veitt heimild til að fresta framkvæmd samruna fyrirtækja meðan á rannsókn stendur og koma þannig í veg fyrir hugsanlega samkeppnislega röskun vegna ólögmæts samruna.

Í fjórða lagi skal nefna ákvæði um samanburðarauglýsingar. Vegna skuldbindinga EES-samningsins er lagt til að lögfest verði efni tilskipunar ESB um samanburðarauglýsingar.

Loks má nefna breytingar um sektarákvæði. Í frv. er gert er ráð fyrir því að sektarákvæði samkeppnislaga verði skýrð og styrkt. Stefnt er að því að gera þau líkari sams konar ákvæðum í löggjöf EES og ESB.

Ég mun nú gera nánari grein fyrir þeim breytingum sem felast í einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er lagt til að hugtakið samruni verði skilgreint í orðskýringagrein laganna. Það er gert til einföldunar á ákvæðum 18. gr. laganna.

Í 2. gr. felst að nýr stafliður bætist við 2. mgr. 5. gr. laganna. Samkepnnisráði verður með breytingunni falið það sérstaklega að fylgjast með þróun samkeppnis- og viðskiptahátta í íslensku viðskiptalífi. Þetta á að gera m.a. í því skyni að kanna hvort tilteknar aðstæður séu á einstökum mörkuðum sem raskað geta samkeppni.

Það er mikilvægt að samkeppnisyfirvöld hafi skýra heimild til að framkvæma athuganir af þessum toga. Athuganirnar kunna síðan að verða birtar og öllum aðgengilegar og stuðla þannig að opinberri umræðu um samkeppnismál.

Í 2. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir að ný málsgrein bætist við 5. gr. laganna þar sem tekið er fram að samkeppnisráð geti forgangsraðað málum. Til þess að framfylgja stefnu samkeppnislaganna og sinna því eftirliti sem samkeppnisyfirvöldum er falið er nauðsynlegt að þau geti í meginatriðum stýrt sjálf nýtingu þess mannafla sem þau hafa yfir að ráða til þess að sinna þeim verkefnum sem brýnust þykja til að efla samkeppni og stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum. Ákvæðið sækir fyrirmynd sína til evrópsks samkeppnisréttar.

Í 3. gr. er lagt til að reglur samkeppnislaga um bann við samkeppnishamlandi samráði og samstarfi fyrirtækja verði færðar til samræmis við reglur sem gilda í EES-samkeppnisrétti. Þannig verður samkvæmt 10. gr. laganna lagt bann við öllum samkeppnishamlandi samningum, samþykktum og samstilltum aðgerðum milli fyrirtækja á sama hátt og gert er í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að misnotkun fyrirtækja á markaðsyfirráðum verði fyrir fram bönnuð. Eins og áður segir er þetta nýmæli í íslenskum samkeppnislögum sem byggir á 54. gr. EES-samningsins og er efnislega sambærilegt við ákvæði í lögum margra Evrópuríkja. Til þessa hafa samkeppnisyfirvöld aðeins getað bannað háttsemi eða hegðun sem felur í sér misbeitingu á markaðsyfirráðum eftir á þegar sýnt hefur verið fram á að hún hafi verið skaðleg í tilteknu tilviki. Það hefur þýtt að íslensk markaðsráðandi fyrirtæki hafa getað misnotað stöðu sína gagnvart keppinautum og/eða neytendum án þess að um brot á samkeppnislögum hafi verið að ræða þangað til samkeppnisyfirvöld grípa inn í t.d. með því að banna tiltekna háttsemi.

Í 4. gr. frv. eru nefnd dæmi um samkeppnislega misbeitingu. Þau eru þó ekki tæmandi en gefa góða vísbendingu til markaðarins um hvers konar háttsemi verður óheimil. Brjóti fyrirtæki gegn banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu mun samkeppnisráð geta gripið til íhlutunar, en einnig getur brot leitt til viðurlaga samkvæmt XIII. kafla laganna.

Í 5. gr. er lagt til að svokölluð „minni háttar" regla gildandi laga verði samræmd þeirri reglu sem gildir samkvæmt EES-samkeppnisrétti. Helsta breytingin er sú að sett verða viðmiðunarmörk um markaðshlutdeild sem ráða því hvort samningar sem að öllu jöfnu falla undir bannákvæði 10. gr. laganna teljist hafa minni háttar áhrif og falla því ekki undir bannákvæði. Í ljósi þess að sett verða viðmiðunarmörk verður fyrirtækjum betur ljóst við hvaða aðstæður samningar þeirra á milli falla utan bannreglnanna og þykir því rétt að fella úr gildi ákvæði 13. gr. gildandi laga sem gerir ráð fyrir að fyrirtæki geti sent tilkynningu og óskað eftir afstöðu samkeppnisyfirvalda til tiltekinna samninga.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir að fella á brott 1. mgr. 14. gr. laganna sem fjallar um samskipti móður- og dótturfélaga, þ.e. í samræmi við þá stefnu frv. að laga íslenska samkeppnislöggjöf að EES-samkeppnisrétti.

Með 7. gr. frv. er ákvæði 15. gr. laganna fellt á brott. Sama skýring er á því og við 6. gr. frv., að verið er að laga lögin að EES-reglum. Gert er ráð fyrir því að samkeppnisráð setji hópundanþágur svipaðar þeim sem gilda í EES-réttinum.

Í 8. gr. er m.a. að finna ákvæði um heimildir samkeppnisráðs til þess að veita undanþágur frá banni laganna við samkeppnishamlandi samvinnu fyrirtækja og samtaka fyrirtækja og reglur um hópundanþágur. Grundvöllur þess er m.a. sá að vissar tegundir af samkeppnishamlandi samstarfi og samningum milli fyrirtækja geta haft ýmiss konar jákvæð áhrif sem geta vegið upp ókostina við hömlurnar.

Í 9. gr. er gert ráð fyrir breytingum á 17. gr. laganna. Þær helgast af því að með frv. er horfið frá blönduðu kerfi bann- og misbeitingarreglna og teknar upp bannreglur í samræmi við fyrirmyndir erlendis frá. Af þeim sökum verður að gera viðeigandi breytingar á 17. gr. laganna þannig að samkeppnisráði verði veitt almenn heimild til að stöðva hegðun sem fer gegn bannákvæðum laganna og grípa til ráðstafana til að skapa á ný skilyrði fyrir virka samkeppni. Þá er lagt til að lögfest verði heimild til íhlutunar vegna samkeppnishindrana opinberra aðila sem ekki byggja á ákvæðum í sérlögum. Loks er gert ráð fyrir að orðalagið um að samkeppnisráð geti

gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, verði látið halda sér.

Í 10. gr. er lagt til að samrunareglur í 18. gr. samkeppnislaga verði styrktar. Samrunareglur eru einn af hornsteinum samkeppnisréttarins og gegna því hlutverki að koma í veg fyrir að samkeppni hverfi eða minnki til muna með samruna eða yfirtöku fyrirtækja. Í þessu sambandi verður að leggja áherslu á að ákvæði um fyrir fram bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu kemur ekki í veg fyrir samkeppnishömlur sem stafa af samruna. Í samruna felst að einn eða fleiri keppinautar hverfa af markaðnum, en ákvæði um bann við misnotkun á markaðsstöðu fyrirtækja kemur ekki í veg fyrir samkeppnishömlurnar sem verða við það t.d. að fákeppni myndast við það að keppinautum fækkar við samruna.

Í efnisbreytingunum á samrunaákvæðinu í frv. felst að heimilt verður að ógilda eða setja samrunaskilyrði þegar hann leiðir til þess að markaðsráðandi staða fyrirtækis styrkist. Er það í samræmi við samrunareglur sem gilda í aðildarríkjum EES-samningsins og víðar. Einnig er í frv. tekið fram að unnt sé að beita ákvæðinu þegar svokölluð fákeppnis- eða sameiginleg markaðsráðandi staða verður til við samruna eða þegar slík staða styrkist.

Núgildandi tímafrestur samkvæmt 18. gr. laganna gerir samkeppnisyfirvöldum illkleift að fjalla um samruna með fullnægjandi hætti. Gert er ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld hafi 30 daga til að ákveða hvort samruni gefi tilefni til þess að vera tekin til nánari skoðunar. Eftir að samkeppnisyfirvöld senda fyrirtækjum tilkynningu innan 30 daga frestsins um að samruni krefjist nánari skoðunar, hafa þau allt að þrjá mánuði eftir að tilkynningin hefur verið send til að ógilda samrunann.

Þar sem erfitt getur verið að hlutast til um samruna þegar fyrirtæki hafa að öllu eða verulegu leyti verið sameinuð er Samkeppnisráði samkvæmt frv. veitt heimild til að grípa til aðgerða meðan á rannsókn samrunamáls stendur og í tengslum við afgreiðslu þess.

Í 11. gr. frv. er lagt til að lögfest verði efni tilskipunar ESB um samanburðarauglýsingar. Auglýsingar eru mikilvæg leið til að skapa markaði fyrir vöru og þjónustu. Rétt þykir að grundvallarákvæði um form og efni séu þau sömu á EES-svæðinu og skilyrði fyrir notkun samanburðarauglýsinga samhæfð.

Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 23. gr. laganna sem skyldar seljendur til þess að veita skriflegar leiðbeiningar með vöru á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku. Ákvæðinu er ætlað að styrkja stöðu neytenda þar sem greinargóðar leiðbeiningar eru nú nauðsynlegar með flestum vörum.

Í 13. gr. felst sú breyting að heimild samkeppnisráðs til að grípa til aðgerða gegn óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum, er færð úr 51. gr. laganna í lokaákvæði VI. kafla, jafnframt geti samkeppnisráð beint fyrirmælum til fyrirtækja, t.d. um að þau grípi til ráðstafana sem eyða skaðlegum áhrifum óréttmætra viðskiptahátta.

Í 14. gr. er gert ráð fyrir að fella á brott VIII. kafla laganna um eftirlit með greiðslukortastarfsemi. Ekki þykir lengur ástæða til að vera með sérákvæði um greiðslukortastarfsemi heldur er við það miðað að almenn ákvæði laganna, t.d. um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, auk ákvæða IV. og V. kafla, veiti fullnægjandi heimild til eftirlits með greiðslukortastarfsemi. Tilgangur breytinganna er með öðrum orðum ekki sá að draga úr vernd neytenda eða takmarka möguleika samkeppnisyfirvalda til afskipta af greiðslukortafyrirtækjum.

Í 15. gr. felst að samkeppnisyfirvöldum verður veitt heimild til að afla trúnaðargagna og upplýsinga og afhenda þau samkeppnisyfirvöldum annarra landa. Er þetta talið nauðsynlegt til að tryggja framkvæmd samkeppnisreglna einstakra þjóða á Evrópska efnahagssvæðinu og til þess að fara að tilmælum OECD um aukið samstarf samkeppnisyfirvalda aðildarþjóða og jafnframt til að standa við hugsanlega samninga um aukið samstarf norrænna samkeppnisyfirvalda við lausn alvarlegra samkeppnishindrana sem ná til fleiri en eins lands.

Í 16. gr. felst heimild til handa samkeppnisráði að leggja á stjórnvaldssektir ef fyrirtæki brjóta gegn banni eða fyrirmælum sem tengjast óréttmætum viðskiptaháttum og villandi auglýsingum. Þetta er nauðsynlegt þar sem það hefur sýnt sig að dagsektaúrræði gildandi laga hafa ekki alltaf átt við í málum af þessum toga.

Í 17. gr. er lagt til að orðið „leggur" komi í stað „getur lagt". Ætlast er til að meginreglan verði sú að stjórnvaldssektir verði lagðar á ef umrædd brot eiga sér stað og þær hafi þau varnaðaráhrif sem þeim er ætlað að hafa. Með þessari breytingu er stuðlað að því að sektarákvarðanir hér verði í samræmi við það sem tíðkast erlendis. Lagt er til að samkeppnisráð geti við ákvörðun um sektir tekið tillit til samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis. Er þetta í samræmi við það sem víða tíðkast erlendis.

18. og 19. gr. þarfnast ekki skýringa.

Herra forseti. Það verður að ítreka mikilvægi þess að samkeppnislögin verði skerpt og heimildir samkeppnisyfirvalda verði efldar í því skyni að tryggja virka samkeppni. Virk samkeppni í viðskiptalífinu er ein forsenda efnahagslegra framfara í þjóðfélaginu og öflug samkeppnislög eru nú einn af hornsteinum efnahagslöggjafar flestra þjóða, bæði í Vestur-Evrópu þar sem reglur hafa verið skerptar á síðustu árum, í Norður-Ameríku og einnig hjá fyrrum austantjaldslöndum, mörgum Asíuríkjum og víðar.

Hæstv. forseti. Vegna þeirra aðstæðna hér á landi sem áður hefur verið lýst er afar mikilvægt að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í frv. nái sem fyrst fram að ganga. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því frv. sem hæstv. viðskrh. hefur hér mælt fyrir. Ég verð að segja eins og er að mér finnst nú meiri bragur að því frv. sem ráðherrann mælir nú fyrir um breytingu á samkeppnislögunum en því máli sem hún mælti fyrir fyrr í dag um verðbréfaviðskipti. Mér sýnist að hér sé á ferðinni mjög gott frv. og sýnist að að verulegu leyti sé tekið tillit til þess sem fram kom í frv. Samfylkingarinnar sem var lagt hér fram fyrr í vetur undir forustu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar.

Það hefur lengi legið fyrir að það hafi þurft að skerpa á ákvæðum samkeppnislaga og gera þau mun beittari til þess að Samkeppnisstofnun hafi nauðsynlega lagastoð til að sinna þeirri eftirlitsskyldu sinni að hindra eða koma í veg fyrir eins og kostur er fákeppni og einokun í atvinnulífinu. Þær öru breytingar sem orðið hafa á atvinnulífinu á umliðnum árum, sem ekki síst hafa einkennst af einkavæðingu ríkisfyrirtækja, mikilli sameiningu og samruna fyrirtækja, samþjöppun valds og fjármagns í þjóðfélaginu og miklum og örum breytingum

á fjármálamarkaði og í viðskiptalífi, kalla á miklu beittari og markvissari samkeppnislöggjöf en við búum við í dag. Reyndar er það svo að við búum við miklu veikari samkeppnislöggjöf en þau lönd sem við helst viljum bera okkur saman við og ljóst að með sívaxandi alþjóðavæðingu er það líka veigamikill hluti að því að gera okkur samkeppnisfær við aðrar þjóðir að leikreglur séu skýrar í atvinnulífinu og á fjármálamarkaði og að samkeppnislöggjöfin sé virk og markviss til að fyrirbyggja samþjöppun og einokun í atvinnu- og viðskiptalífinu.

Gagnrýnin umræða um þá hættu sem fylgir valdasamþjöppun í atvinnulífinu og óæskileg völd og ítök fárra aðila og fyrirtækjasamsteypna er líka nauðsynleg. Til að frjáls samkeppni í atvinnu- og viðskiptalífi nái tilgangi sínum og neytendur njóti hennar í lægra vöruverði og betri þjónustu er það því grundvallaratriði að koma í veg fyrir fákeppni, óeðlilegar viðskiptahindranir og samþjöppun valds í atvinnulífi, en margt bendir til þess að á liðnum árum hafi tilhneigingar gætt til þess að þrengja að frjálsri samkeppni og ýta undir fákeppni og einokun á sama tíma og Samkeppnisstofnun og eftirlitsstofnanir með fjármálamarkaði, eins og Bankaeftirlitið og nú Fjármálaeftirlitið, hafa ekki haft nauðsynleg tæki og lagastoð til að bregðast við þessari þróun. Hringamyndun, valdasamþjöppun og óeðlileg hagsmunatengsl sem takmarkað geta samkeppni verða sífellt sýnilegri og meira áberandi í þjóðfélaginu. Slík þróun er andstæð hagsmunum neytenda. En stjórnvöldum ber skylda til að sjá til þess að leikreglur frjálsrar samkeppni séu þannig að neytendur fái notið hennar í lægra vöruverði og betri þjónustu.

Samþjöppun t.d. á flutningsmarkaði bæði í lofti, sjó- og landflutningum er farin að ógna alvarlega eðlilegri samkeppni og fyrirtæki á flutningsmarkaðnum tengjast líka með beinni eignaraðild tryggingа- og olíufélögunum sem þau eiga mikil viðskipti við. Sömu tilhneigingar gætir líka í bankakerfinu þar sem t.d. Landsbankinn er orðinn stór eignaraðili í vátryggingastarfsemi en það virðist svo að olíufélögin séu að teygja anga sína og umsvif æ meira inn í óskylda starfsemi og liggja undir ámæli fyrir verðsamráð. Hagsmuna- og stjórnunartengsl milli samkeppnisaðila eru algeng og í atvinnulífinu hafa myndast markaðsráðandi fyrirtækjablokkir sem tengjast eigna- og stjórnunarlega.

Það eru ekki síst olíufélögin, tryggingа- og flutningafyrirtæki, útflutningsfyrirtæki, sjávarafurða- og ferðaþjónustufyrirtæki sem tengjast með gagnkvæmu eignarhaldi. Stjórnunartengsl eru áberandi þar sem sömu aðilar sitja í stjórnum þessara fyrirtækja sem oft eru í samkeppni.

Fákeppni og samþjöppun valds er líka að verða meira áberandi í fjölmiðlastarfsemi sem er vissulega mjög varhugavert fyrir lýðræðið og eðlilega skoðanamyndun í landinu. Er reyndar orðin full ástæða til þess að fákeppni og valdasamþjöppun á fjölmiðlamarkaðnum sé gefinn meiri gaumur og áhrifin af þeirri þróun, og kannski full ástæða til þess að Samkeppnisstofnun skoði þá þróun sem orðið hefur í fjölmiðlastarfsemi hér á landi á undangengnum árum.

Að öllu samanlögðu má segja að sú samruna- og sameiningarþróun sem einkennt hefur viðskipta- og atvinnulífið á undanförnum árum hafi í allt of miklum mæli leitt til samþjöppunar valds og auðs á fárra manna hendur. Ljóst er líka að þessi þróun hefur skapað nokkurn trúnaðarbrest og tortryggni milli atvinnu- og viðskiptalífsins annars vegar og almennings hins vegar. Almenningur er nefnilega í sífellt meira mæli að gera sér grein fyrir að óheft frjálshyggja og söfnun valds og fjármagns á fárra manna hendur eykur ekki einasta misrétti í kjörum fólks, sem leitt hefur til þess að mikil gjá er í kjörum milli hópa og stétta í þjóðfélaginu, heldur er einnig um að ræða þróun sem ýtir undir fákeppni og einokun sem leiðir af sér hærra vöruverð og verri þjónustu við almenning.

Ég tel að það hljóti að vera forgangsverkefni að hraða þeirri úttekt sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa óskað eftir um úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi. Raunar sætir það furðu að hæstv. viðskrh. skuli draga lappirnar í því máli en sá málflutningur er langt frá því að vera boðlegur að bera fyrir sig að 10 eða 15 millj. kr. kosti að gera slíka úttekt og því þurfi að seinka því brýna verkefni verulega og sú úttekt verði ekki tilbúin fyrr en, mig minnir að hæstv. ráðherra hafi talað um að tveim árum liðnum héðan í frá, eins og nefnt var í hér umræðunni um daginn.

Ég tel að það sé skylda Alþingis að fylgjast vel með þeirri þróun sem orðið hefur og snertir stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Til að svo megi verða þarf úttekt að liggja fyrir og ég skora á hæstv. ráðherra að hraða þeirri úttekt eins og kostur er og fráleitt að ráðherrann skuli bera fyrir sig svo einföldum rökum að hér sé um að ræða 10 eða 15 millj. kr. útgjöld sem hver einasti þingmaður í þessum sal er örugglega tilbúinn að standa að til (Gripið fram í.) að hægt verði að flýta slíkri úttekt.

Ég veit ekki hvað hæstv. ráðherra var að reyna að segja hér úr hliðarsal en væntanlega kemur hún því á framfæri úr ræðustól og ekki síst ef það hefur verið eitthvað jákvætt um það að hæstv. ráðherra ætli að hraða þeirri úttekt sem ég var að nefna í máli mínu.

Ég sé, herra forseti, út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa mjög mörg orð um þetta frv. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar, en frv. sem við ræðum er mjög mikilvægt og gerir Samkeppnisstofnun fært með mun markvissari og beittari hætti og aðgerðum að taka á málum, ekki síst varðandi samruna fyrirtækja en í frv. eru samrunaákvæði samkeppnislaga styrkt verulega sem og bann við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja og bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þessir þættir eru þeir mikilvægustu að taka á og þó fyrr hefði verið. Samkeppnisstofnun verður að hafa afar skýrar og víðtækar heimildir til að geta bannað samstarf og samráð fyrirtækja sem torvelda samkeppni og á það ekki síður við um misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja. Ég er sannfærð um að mörg þau mál sem verið hafa á borði Samkeppnisstofnunar hefðu farið á annan veg ef þessi lagaákvæði hefðu verið fyrir hendi sem frv. felur í sér og er þar af ýmsu að taka t.d. á matvörumarkaðnum sem mér fannst hæstv. ráðherra nefna hér áðan.

Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi svarað Neytendasamtökunum sem fyrir skömmu síðan beindu ósk til hæstv. ráðherra um rannsókn á orsökum verðhækkana og hvers vegna verðlag væri svona hátt hér á landi. Mig minnir að það hafi verið í byrjun febrúarmánaðar sem viðskrh. fékk þetta bréf frá Neytendasamtökunum en þar var þess farið á leit við viðskrh. að hún láti nú þegar fara fram ítarlega athugun á orsökum þess að verðhækkanir og verðlag hér á landi sé langt umfram það sem gerist í nálægum löndum eins og ítrekað hafi komið fram í könnunum. Neytendasamtökin studdu mál sitt gögnum um verðhækkanir hér á landi á undanförnum 12 mánuðum sem fram höfðu komið m.a. frá hagdeild ASÍ, og væri fróðlegt við þessa umræðu, ekki síst þar sem hæstv. ráðherra hafði sjálf orð á, þegar hún mælti

fyrir frv., þeirri fákeppni sem orðin er á matvörumarkaðnum sem er auðvitað vísasti vegurinn til að hækka verðlag og draga úr þjónustunni, að hæstv. ráðherra upplýsi hvort hún ætli að verða við óskum Neytendasamtakanna um rannsókn á orsökum verðhækkana og hvers vegna verðlag er svona hátt hér á landi. Þeirri spurningu beini ég til hæstv. ráðherra.

Eins og ég sagði á ég sæti í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar. Ég vil ítreka þakklæti mitt til hæstv. ráðherra fyrir að leggja fram þetta frv. og spyr hæstv. ráðherra hvort hún leggi ekki mikla áherslu á að málið nái fram að ganga á þessu þingi. Ég tel afar brýnt að málið fái framgang á þessu þingi og vil segja í lokin að ég fagna því að sjá í frv. mörg þau ákvæði og áherslur sem Samfylkingin hefur lagt áherslu á í þeim málum og tengist leikreglum í atvinnulífinu og á fjármálamarkaði.

[16:53]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum sem hæstv. viðskrh. hefur lagt fram og vil ég líkt og fyrri ræðumaður, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, taka undir með henni að ég fagna þessu frv. alveg sérstaklega.

Það er ekki spurning að um nokkurt skeið hefur virkilega þurft að treysta og herða á þeim möguleikum sem samkeppnisyfirvöld eiga að hafa yfir að ráða til að tryggja að hér á landi sé virk samkeppni. Við hljótum að spyrja okkur um leið þeirrar spurningar af hverju við erum að brölta þetta og af hverju við erum að reyna að tryggja þá samkeppni sem nokkuð mikið hefur verið í umræðunni á undanförnum árum.

Það liggur fyrir, virðulegi forseti, að á meðan við viðurkennum markaðinn sem ákveðið verðmyndunartæki mun hann aldrei virka sem skyldi nema tryggt sé að menn keppi á þeim markaði á réttum forsendum, þ.e. að fyrir hendi sé heilbrigð samkeppni, nægilegur fjöldi fyrirtækja sem keppa um þær sálir sem um er að keppa og tryggja það á þann hátt að neytendur fái þær vörur og þjónustu sem í boði eru á sem besta verði. Það er fyrst og síðast markmið samkeppninnar, auk þess að tryggja hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta og efnahagslegar framfarir. Þetta er meginmarkmiðið sem menn hafa fyrir augum þegar menn tala um að tryggja þurfi virka samkeppni. Samkeppni er því fyrst og fremst fyrir neytendur en síður fyrir fyrirtæki þó að hún sé það líka því að þegar öllu er á botninn hvolft skilar heilbrigð samkeppni öllum einhverjum hagsbótum.

Samkeppni er því eins konar nútíma félagsleg aðgerð með það að markmiði að dreifa valdi og verðmætum sem jafnast. Þetta vill stundum gleymast í þeirri umræðu sem fram fer, enda kannski ekki nema von, ekki eru nema sex, sjö ár síðan við höfðum hér á landi verðlagsstjóra sem hafði með það að gera hvað hlutirnir skyldu kosta og oft á tíðum þannig að það hafði ekkert með raunverulegan framleiðslukostnað eða eðlilegar ávöxtunarkröfur að gera heldur var einhvers konar miðstýring sem réð því hvað hlutirnir skyldu kosta.

Hér hafa orðið miklar breytingar á ekki lengri tíma en sjö árum eða svo eða frá tilkomu og samþykkt EES-samningsins. Öll þessi mál hafa því horft til verulegra bóta þó að segja megi að ýmsir árekstrar hafi orðið frá því að samkeppnislögin voru samþykkt og hvernig þau hafa verið framkvæmd allt frá samþykkt þeirra 1993.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan fagna ég sérstaklega þessu frv. og tel það vera til þess fallið að styrkja möguleika Samkeppnisstofnunar til þess að halda uppi og hafa eftirlit og tryggja að hér á landi sé virk samkeppni. Og ég fagna sérstaklega þeirri áherslubreytingu sem finna má í frv., þ.e. að horfið sé í meira mæli frá hinni svokölluðu misbeitingarreglu sem hefur verið nokkuð ráðandi í núgildandi lögum yfir til þeirrar reglu sem kölluð hefur verið bannregla, þ.e. að leggja fyrir fram bann á að menn misnoti aðstöðu sína á markaði, í stað þess að haga reglum þannig að sýna þurfi fram á skaðlega misnotkun á markaðsráðandi stöðu vegna þess að slíkt athæfi verður hvorki refsivert né möguleikar á því að grípa inn í fyrr en sýnt hefur verið fram á það, og þá er það einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að hin ólögmæta starfsemi hefur þá farið fram um nokkurt skeið áður en mögulegt er að grípa inn í. Því fagna ég sérstaklega þeirri áherslubreytingu sem fram kemur í frv., þ.e. að horfið sé að hluta til frá svokallaðri misbeitingarreglu yfir til bannreglunnar sem flestar þjóðir sem við viljum bera okkur saman við hafa fyrir nokkru síðan tekið upp í löggjöf sína.

Enn fremur, virðulegi forseti, vil ég fagna því sérstaklega að staðið hefur verið við það sem hæstv. fyrrv. viðskrh. sagði hér í umræðu um frv. það sem Samfylkingin lagði fram á haustdögum, að hann mundi án efa horfa til þeirra atriða sem við lögðum áherslu á og augljóslega má greina í þessu frv., auk þess sem bætt hefur verið verulega við. Ég vil fagna því sérstaklega og hvernig staðið hefur verið að vinnu við frv.

Til að taka sem dæmi eru Bandaríkin, sem lengst eru komin í þessum samkeppnisfræðum, með tvær stofnanir sem hafa með það að gera að halda uppi eftirliti með virkri samkeppni, annars vegar samkeppnisstofnun sem hefur almennt eftirlit og hins vegar dómsmálaráðuneytið sem rekur þau mál sem hugsanlega geta leitt til refsingar. Það væri kannski dálítið broslegt, af því að olíumarkaðurinn er nefndur hér sérstaklega, virðulegi forseti, að sjá hæstv. dómsmrh. eltast við Skeljung ef tilefni gæfist til að skoða þann markað sérstaklega.

Ég nefni þetta bara sem dæmi, virðulegi forseti, að í því landi sem lengi hefur kennt sig við kapítalisma og er kannski lengst komið á því sviði er lögð gríðarleg áhersla á að haldið sé uppi virkri samkeppni því talið er þar, eins og víðast annars staðar, að það sé best til þess fallið að tryggja hag neytenda.

Þó er eitt atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi nefna sérstaklega í umræðunni og það er sú áhersla sem lögð er á samrunareglurnar í frv. Í frv. er sérstaklega lögð áhersla á að tryggt verði að samrunareglur taki til styrkingar á markaðsráðandi stöðu ásamt því að unnt verði, eins og samkvæmt gildandi lögum, að beita reglunum þegar markaðsráðandi staða verður til við samruna. Þetta hefur verið vandamál í núgildandi lögum, vandamál sem hefur verið erfitt að eiga við og kannski meginástæða þess að ekki hefur verið gripið til aðgerða á ákveðnum mörkuðum þar sem verulegs samruna hefur gætt sem hefur leitt til hækkandi verðs til neytenda. Ég fagna því sérstaklega að ætlunin með þessu frv. er að styrkja heimildir yfirvalda til að fjalla um samruna fyrirtækja.

Enn fremur er í frv. lögð sérstök áhersla á svokallaða fákeppnis-markaðsráðandi stöðu, þ.e. í þeim tilvikum sem samruni leiðir til þess að fyrirtækjum á markaði fækkar mjög verulega og hætta er á því að þau taki aukið tillit til hvers annars og hætti að keppa með þeim afleiðingum að verð til neytenda hækkar.

Virðulegi forseti. Þetta eru þau meginatriði sem ég vildi nefna í þessari umræðu jafnframt því að ítreka að það frv. sem hæstv. viðskrh. leggur hér fram er mjög vel unnið. Ég

hvet hæstv. efh.- og viðskn. til að fjalla um það hratt og örugglega og ég vonast til þess og vænti þess að hæstv. viðskrh. leggi verulega áherslu á að frv. verði að lögum áður en þetta þing er úti.

[17:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, með síðari breytingum, er virkilega þarft. Það hefur sýnt sig að þau samkeppnislög sem við höfum búið við hafa verið fjarri því að tryggja virka samkeppni. Þaðan af síður hafa þau tryggt rétt neytandans, rétt hins almenna þjóðfélagsþegns gegn því að ákvæðum samkeppnislaganna væri ekki hreinlega beitt gegn þeim eða að þau veittu þeim falska vernd. Við vorum með verðlagseftirlit og margháttað eftirlit, bæði með verði og gæðum þjónustu, sem hefur nú verið aflagt á mörgum sviðum, en treyst á í staðinn að virk samkeppni og það að neytandinn, hinn almenni þjóðfélagsþegn, kvæði í rauninni á um bæði gæði, verð og þjónustu. Vissulega hefur þetta skilað árangri á ýmsum sviðum, a.m.k. tímabundið. Eins og ég hef vakið athygli á áður í fyrirspurnatíma á Alþingi hafa þó orðið mun meiri hækkanir á síðasta ári hér á landi á innfluttum matvörum en innflutningsverð hefði átt að gefa tilefni til. Jafnframt höfum við líka séð og reynt að mörg af þessum stóru fyrirtækjum, sem hafa verið að hasla sér völl á matvörumarkaðnum, hafa steypt sér saman og skapað sér þar fákeppnisaðstöðu og möguleika á að nýta aðstöðu sína á þeim grunni. Gagnvart slíku er neytandinn og hinn almenni þjóðfélagsþegn gjörsamlega varnarlaus. Við höfum fellt niður verðlagseftirlit og ákvæðum samkeppnislaga hefur a.m.k. ekki verið beitt hingað til eða verið gripið til þeirra til að vernda neytandann gegn meintri eða hugsanlegri fákeppni.

Ég vil í þessu sambandi ítreka fsp. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til hæstv. viðskrh. um hvað líður beiðni Neytendasamtakanna um að kanna hvort í skjóli fákeppni hafi verð verið hækkað á vörum hér á landi, einkum á matvörum á síðasta ári.

Við upplifum það t.d. hjá olíufélögunum í þeim miklu hækkunum sem hafa komið fram upp á síðkastið á olíu og bensíni og annarri slíkri þjónustu að þar virðist ekki vera mikill munur á. Hafi menn einhvern tímann rætt um samkeppni í sölu og dreifingu á olíu minnist ég þess ekki um langa hríð að hafa heyrt eitt einasta orð í þá átt að það væri samkeppni á olíudreifingarmarkaðnum.

Herra forseti. Við höfum búið við það að samfélagið hefur lagað sig að ákveðnum verklagsreglum í skjóli þessara samkeppnislaga og að neytandinn verður oft aukaatriði. Það hefur verið mikilvægara atriði hvernig einstök fyrirtæki og samsteypur geta komið sér saman um þann markað sem er.

Herra forseti. Ég fagna þeirri ákveðnu viðleitni sem þessar lagabreytingar hafa að markmiði, að tryggja raunverulegan rétt neytandans, raunverulegan rétt hins almenna borgara í samkeppnisumhverfinu þannig að það sé hagur þeirra og hagsmunir sem séu hafðir að leiðarljósi en ekki hagsmunir einstakra fyrirtækja í skiptingu markaðarins.

Ég vil benda á atriði sem ég tel að hæstv. viðskrh. hefði einmitt átt að og eigi að huga að frekar í sambandi við lagasetningar og jöfnun á samkeppnisaðstöðu. Mér skilst að skv. 14. gr. hafi verið felld niður ákvæði um greiðslukort og greiðslukortaviðskipti. Nú skal ég játa að ég er ekki kunnugur þessum atriðum í smáatriðum en ég vil þó benda á eða spyrja hvort í þessum viðskiptum með notkun greiðslukorta til greiðslu fyrir vöru og þjónustu sé hvergi falin mismunun sem gæti t.d. tekið til ákvæða 3. gr. þar sem segir:

„Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykkta og samstilltra aðgerða sem:

a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti, ...

d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra."

Eftir því sem ég veit best eru mismunandi samningar og mismunandi kjör í viðskiptum með greiðslukort hjá þeim aðilum sem innheimta þessa þjónustu í verslunum, stórmörkuðum og hjá öðrum slíkum aðilum sem innheimta eða taka við greiðslu fyrir vöru og þjónustu með greiðslukortum og standa svo skil á þjónustugjaldi til banka og greiðslukortafyrirtækja.

Eftir því sem ég veit best eru mismunandi kjör á eftir því hversu stórir eða litlir viðskiptaaðilarnir eru og jafnvel breytilegt á milli bankastofnana hvernig þeir innheimta og hvað þeir leggja á eða hvað þeir taka fyrir þjónustu sína. Fyrir mér ætti þetta að vera samræmd þjónusta, ég nefni þetta sem dæmi, og þessi innheimta þeirra á þjónustugjaldinu ætti ekki í sjálfu sér að hafa áhrif á samkeppnistöðu fyrirtækja eða verslana.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskrh. hvernig sé háttað þeim kjörum sem eru á greiðslukortaviðskiptum í verslunum og hvort þar sé beitt mismunun sem hefur svo áhrif á vöruverð og verð á vöru og þjónustu?

Hvort sem eru viðskiptabankar, bankar í eigu ríkisins eða einkabankar, eða aðrir slíkir aðilar þá tel ég að aðeins það að greitt sé með greiðslukortum eigi ekki að vera mismunandi í verði á þjónustu.

Herra forseti. Ég vil líka draga fram samkeppni í þjónustu. Við sem búum úti á landi upplifum þessa samkeppnisumræðu sem talsvert framandi. Við upplifum hana með þeim hætti að það samkeppnissvæði eða sá samkeppnismarkaður sem verið er að búa löggjöfina um sé aðeins á Stór-Kópavogseða Stór-Reykjavíkursvæðinu. Síðan séu lög og reglur og sú umgjörð sem viðskiptalífinu er búin þar að sjálfsögðu látin ganga yfir alla landsmenn án þess að jafnræðisregla og kröfur um jafngildi verðs á vöru og þjónustu og gæði á henni sé fylgt um allt land. Einmitt þessi lög um samkeppni geta virkað hamlandi í uppbyggingu á þjónustu úti á landi, þar sem m.a. er oft reynt að nýta saman þjónustu og styrk hins opinbera, opinberra stofnana, bæði á vegum sveitarfélaga og ríkisins, og jafnvel í samvinnu við einkaaðila, tengja þetta saman og nýta styrk til allra. Mér hefur fundist að einmitt samkeppnislögin eða beiting þeirra, sú umgjörð sem þau búa við, virki hamlandi á starfsemi og þjónustu ríkisins, þjónustu sveitarfélaganna og þjónustu hins opinbera. Það leiðir líka hugann að því, herra forseti, hvort ekki verði að huga alveg sérstaklega að samkeppnisumgjörð ríkisstofnana og stofnana á vegum sveitarfélaganna og þjónustu á þeirra vegum, hvort staða þessara aðila, sé ekki beitt rangindum í gegnum samkeppnislögin. Það er hagur borgaranna og hagur einstaklinganna út um allt land sem á að vernda og standa vörð um. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að einmitt þetta sé haft rækilega með og í huga þegar við endurskoðum nú samkeppnislögin.

Herra forseti. Ég fagna því að frv. hefur verið lagt fram og tek undir þau orð hv. þm. sem hér hafa lýst þeirri skoðun sinni að mikilvægt sé að þetta frv. nái sem fyrst fram að

ganga, fái vandlega skoðun í nefnd, hraða og góða þannig að það sem til bóta horfir geti sem fyrst komið til framkvæmda.

Við horfum upp á það nú að sé ekki hægt að beita viðurlögum eða bannákvæðum, t.d. gagnvart matvörumarkaðnum sem hefur tiltölulega frjálsar hendur með að hækka verð á vöru og þjónustu eins og við höfum nú upplifað, þá er mjög erfitt að stýra peningamálum í landinu. Ef hin virka samkeppni sem falið er það mikilvæga hlutverk að hafa eftirlit og gera kröfu til verðs og gæða á vörum og þjónustu verður ekki að fullu virk þá höfum við í raun ekkert kerfi til að vernda okkur gegn því. Þá verður hagstjórn og peningamálastjórn fálmkennd.

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram og vona að það fá vandaða og góða meðferð.

[17:16]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka þá góðu umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Mér virðast allar líkur á því að pólitísk samstaða geti skapast um málið. Ég tel mjög mikilvægt að frv. verði að lögum nú í vor en geri mér jafnframt grein fyrir því að búast má við að hv. efh.- og viðskn. leggi til einhverjar breytingar eins og gengur.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þær spurningar sem hér hafa komið fram. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um nefnd sem beiðni kom um frá Neytendasamtökunum að yrði skipuð til að kanna hvort í skjóli fákeppni hefði verið um óeðlilegar hækkanir að ræða á matvöruverði hér. Samkeppnisstofnun er að vinna í þessu máli og eftir því sem mér er best kunnugt þá hefur hún verið í sambandi við Neytendasamtökin. Ég vonast því til að út úr þeirri vinnu komi upplýsingar sem eru mjög í samræmi við það sem formaður Neytendasamtakanna fer fram á í erindi sínu.

Hv. þm. spurði út í skýrslubeiðni sem hefur áður komið til umfjöllunar á hv. Alþingi. Þar fóru hv. þm. Samfylkingarinnar fram á að unnin yrði skýrsla um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi. Því miður gat ég ekki orðið við því að lokið yrði við að vinna þá skýrslu á þessu þingi, þ.e. innan þeirra tímamarka sem þingsköp kveða á um. Í sjálfu sér er ekki svo mikið meira um það að segja. Mér þykir leitt að geta ekki gert eins og beðið er um í skýrslubeiðninni. Hins vegar verðum við að hafa það í huga að fjárveiting er ekki fyrir hendi og þar er um ansi mikla fjármuni að ræða. Ég virði að sjálfsögðu það viðhorf Samkeppnisstofnunar og forstjóra hennar að vilja ekki fara fram úr fjárlögum, enda hafa fallið hér stór orð um að það skuli ekki gert. Ég hef sagt að ég vil beita mér fyrir því að þessi vinna geti hafist á þessu ári. Það hefur ekkert breyst síðan ég fjallaði síðast um það mál á hv. Alþingi. Ég tel að svo verði.

Varðandi orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar um greiðslukortastarfsemina þá er þess að geta að samkeppnislög ná til þeirrar starfsemi. Þess vegna tel ég að þar sé ekki um vandamál að ræða. Ég tek hins vegar undir margt af því sem fram kom í máli hans. Þegar hann talar um „okkur sem búum úti á landi" þá vil ég láta þess getið að ég er ein af þeim sem búa úti á landi og þekki allvel til aðstæðna þar. Auðvitað er þar víða allt annar heimur í sambandi við viðskipti og vöruverð þó að kannski megi segja að svæðið þar sem ég bý sé nokkuð vel sett, a.m.k. hvað varðar matvöruverð.

Hæstv. forseti. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þingmanna fyrir góðar undirtektir sem ég met mjög mikils. Ég vonast til þess að frv. fái skjóta afgreiðslu á hv. Alþingi.

[17:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég kaupi ekki þau rök sem ráðherra setur fram fyrir því að dráttur verði á því að fram fari úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi og hún þurfi að bíða eftir næstu fjárlögum til þess að fá þær 15 millj. kr. sem það kostar. Ég minni hæstv. ráðherra á að aukafjárveitingar sem hér eru samþykktar árlega skipta milljörðum. Það verður svo sannarlega tekið eftir því hvað viðskrn. fer umfram í aukafjárveitingum fyrst aðhaldssemin er svona mikil hjá hæstv. ráðherra að hún getur ekki einu sinni beitt sér fyrir þessum 15 millj. í aukafjárveitingar til að flýta þessari brýnu úttekt á stjórnunar- og eignatengslum.

Varðandi það að vísa í að Samkeppnisstofnun sé að skoða matvörumarkaðinn og fákeppni þar, að það sé svar við Neytendasamtökunum, þá get ég alveg örugglega talað fyrir munn Neytendasamtakanna og sagt að það er ekki það sem þeir fara fram á. Þegar þau tala um þessa könnun þá gengur það að hluta til út á að m.a. verði kannað hvort um eðlilega markaðsstarfsemi sé að ræða á þessu sviði, þ.e. matvörumarkaðnum. Þeir eru að vísa í verulegar hækkanir sem orðið hafa, sérstaklega á matvörumarkaðnum, á umliðnum mánuðum. Þau færa fram sterk rök og tölur fyrir því. Þeir óska eftir því að rannsókn verði gerð á orsökum þessara verðhækkana. Ég hvet ráðherra enn og aftur til að verða við þessari sanngjörnu og eðlilegu ósk Neytendasamtakanna. Að vísa í Samkeppnisstofnun í þessu sambandi, sem er fyrst og fremst að kanna fákeppni á matvörumarkaðnum, er auðvitað út í hött.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, frh. síðari umr.

Stjtill., 206. mál. — Þskj. 240, nál. 784, 791 og 792.

[17:23]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Málið sem nú er á dagskrá, staðfesting á Schengen-samkomulaginu, er að mörgu leyti athyglisvert. Ég vil taka það fram í upphafi að að mínu áliti er mjög eðlilegt að ríkisstjórn á hverjum tíma leiti eftir því sem er Íslandi hagstætt og hæfir íslenskum hagsmunum. Því er ekkert við það að athuga að Íslendingar kanni það hvort þeir ættu að taka þátt í Schengen-samkomulaginu. Þó nokkur athugun hefur átt sér stað og henni fylgt einhver kostnaður sem út af fyrir sig er kannski ekki mjög mikill.

Ég er einn af þeim sem frá upphafi hafa haft töluverðar efasemdir um hvort við værum þarna að gera rétt. Ég taldi þó rétt að gaumgæfa það nokkuð vel áður en við kvæðum upp nokkurn úrskurð um það. Nú liggja þessi nál. fyrir og það er athyglisvert, herra forseti, að í nál. meiri hluta utanrmn. koma engin einustu rök fram fyrir því að við tökum upp þetta samstarf. Þó er það ágæta fólk að mæla með því að við samþykkjum tillöguna. Því tekst að klára nál. án þess að nokkur rök séu færð fram. Hins vegar má finna þar á einum tveimur eða þremur stöðum hálfkveðnar vísur um að ef við gerðum þetta ekki þá gæti farið í verra fyrir okkur, samstarf við Norðurlandaþjóðirnar gæti orðið verra og aðrar þjóðir hefðu ekki bolmagn til að hjálpa okkur í sama mæli og áður

við eftirlit á glæpamönnum og öðrum óþjóðalýð sem kynni að koma hingað.

Ég tók sérstaklega eftir því í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs, frsm. nefndarálitsins, að hann tók það fram að ekki væri vitað hver kostnaðurinn af þessu væri en þó mundi kostnaðurinn verða allmikill. Það sagði framsögumaðurinn: Kostnaðurinn verður allmikill svo ekki sé nú meira sagt. Þannig komst hann að orði. Svo einhvern grun hefur hv. formaður utanrmn. um að þetta verði nú ansi dýrt.

Í vetur og undanfarin ár hefur í stjórnsýslunni verið reynt að komast að því hvaða kostnað þetta hefði í för með sér, en með litlum árangri. Ég ætla ekki að nefna neina tölu hér en þykist þó vita og sjá á öllum tilburðum um þetta að hér erum við að efna til rekstrarkostnaðar sem mun nema mörgum hundruðum millj. kr. á ári. Það væri út af fyrir sig alveg hægt að verja ef einhver gæti borið fram rök fyrir því hvers vegna við værum að þessu. En það stendur mjög illilega, herra forseti, í flutningsmönnunum. Ég hef að vísu heyrt nokkrar sögur um það hvers vegna ætti að gera þetta. Lengi vel gekk sú saga að það væri voðalegt að vera annars flokks þjóð, þurfa að ganga í gegnum einhver hlið ásamt vondum mönnum eins og Írum og Englendingum, ég tala nú ekki um Kanadamenn eða Bandaríkjamenn. Þetta hefur breyst og fáir tala um þann voða. Það hefur líka verið sagt að við værum að gera þetta fyrir Noreg, það væri svo skelfilegt fyrir Noreg ef við gerðum þetta ekki. Ég vissi ekki til þess, herra forseti, að við skulduðum þeirri þjóð neitt. Menn ættu nú að minnast þess, t.d. þegar þeir borga olíureikningana sína. Ef við erum að gera þetta fyrir Noreg þá væri nú það minnsta að ætlast til að þeir borguðu þetta. En það er af og frá. Ég hef enga trú á því að þeir muni gera það. Hér erum við því að taka á okkur verulegan kostnað án þess að geta sýnt fram á nokkuð einasta gagn af þessu.

Það hefur líka verið sagt að ef við færum í þetta mundum við hafa svo mikið gagn af erlendri aðstoð við að leita uppi bófa og glæpamenn sem við mundum ekki njóta ella, ef við værum ekki í þessu bófabankasamkomulagi. Hins vegar liggur fyrir að þó Englendingar séu ekki í samkomulaginu þá munu þeir eigi að síður taka þátt í þessu. Það hefði verið ómaksins vert að kynna sé það líka.

Það er athyglisvert í umræðunni sem átt hefur sér stað í Englandi um þetta mál hvers vegna Englendingar vilja ekki vera í Schengen. Reyndar hefur það sama komið fram í Dublin. Það er einfaldlega vegna þess að Englendingar telja að fyrir þá sé engin þörf á að treysta öðrum þjóðum fyrir sinni landamæravörslu. Þeir hafa þá sérstaklega vikið að Sikiley sem þeir virðast hafa mjög litla trú á. Ég ætla að hér sé það sama. Menn verða nefnilega að gera sér grein fyrir því að England er eins og Írland og Ísland. Við erum náttúrlega varðir af náttúrunni. Við eigum engin landamæri að öðrum ríkjum. Það er allt annað með þjóðir sem búa í Mið-Evrópu, Lúxemborg eða einhverja þá sem eiga engra annarra kosta völ en að vera hluti af Evrópu. Þeir eiga engra annarra kosta völ en að vera í þessu Schengen-bandalagi. Hins vegar er engin þörf sem rekur okkur til að gera þetta.

Ég hef af því verulegar áhyggjur að við séum þarna að taka á okkur mikinn kostnað. Ég hef ekki mjög miklar áhyggjur af þessum stofnkostnaði. Við þyrftum hvort sem er að stækka þessa flugstöð og vonandi þurfum við að stækka hana miklu meira í framtíðinni. Stofnkostnaðurinn er því ekki svo skelfilegur. Ég óttast hins vegar rekstrarkostnaðinn og einnig þá áhættu sem við tökum gagnvart Norður-Atlantshafsflugi Flugleiða. Það er athyglisvert að lesa umsögn Flugleiða sem kom til utanrmn. um þetta mál, undirskrifuð af forstjóra Flugleiða, Sigurði Helgasyni. Það er ástæða til að átta sig á að í öllum þeim texta fer ekki á milli mála að það góða félag hefur af þessu verulegar áhyggjur. Þar er sagt frá því að íslensk stjórnvöld hafi margsinnis lofað — og ég ætla aldeilis að vona að það gangi eftir — að fjárfesta þannig og setja eftirlitsstöðvarnar þannig upp að engin hætta sé á því að Flugleiðir verði fyrir skakkaföllum. En samt hafa þeir áhyggjur af þessu. Þeir eru í mjög mikilli samkeppni og þar má ekkert út af bera.

Menn verða að muna það og mega ekki gleyma því að Norður-Atlantshafsflug Flugleiða er eitt af þessum fjöreggjum íslensks efnahagslífs sem ástæðulaust er að setja í nokkra áhættu. Við erum núna að byggja flugstöðina og erum að reikna með 14 hliðum sem á að afgreiða í gegnum. Gengið er út frá því í áætlunum Flugleiða að þegar um er að ræða persónur utan Schengen-samkomulagsins, non-Schengen persónur, þá taki 45 sekúndur að afgreiða hvern mann, þ.e. $^3/_4$ úr mínútu, og að það megi alls ekki verða tafir þarna umfram eina klukkustund, það megi ekki því að þá sé öll samkeppni þeirra í uppnámi og þeir séu í voða.

Því má ljóst vera að með 14 hliðum erum við ekki að fullnusta þetta vegna þess að Flugleiðir gera ráð fyrir því með vonum sínum og spám að þeir geti komið hér í gegn þegar mesta álagið er 1.200–1.500 farþegum og þess vegna er að vísu varaplan við þessa flugstöð upp á að setja ein sex hlið til viðbótar til þess að geta annað þessu. Ég ætla nú að vona að þessar áhyggjur séu ástæðulausar en við skulum gera okkur grein fyrir því að við erum að taka þarna mjög mikla áhættu sem er alveg ástæðulaust að taka. Engin ástæða er til þess að taka þessa áhættu af því að við erum ekki að sækja nokkurn skapaðan hlut í þetta samkomulag, ekki nokkurn skapaðan hlut.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, herra forseti, þá skil ég mætavel og tel það skyldu stjórnvalda að leita eftir því hvað íslenskum hagsmunum er fyrir bestu á hverjum tíma. Því er ekkert óeðlilegt að ríkisstjórnin stæði að því að fylgjast með undirbúningi þessa Schengen-samkomulags. En núna þegar ljóst er að við höfum engan hagnað af því, bara kostnað, eingöngu kostnað, er mér alveg óskiljanlegt hvers vegna menn vilja samt halda áfram.

Herra forseti. Menn nefna það að menn séu stoltir, þetta sé stefnufesta og það sé rétt að vera stoltur og stefnufastur og láta ekkert aftra sér frá því sem menn ætli sér að gera. Það eru svo sem ágætismannkostir að vera stefnufastur og stoltur. En ég hélt að það væri drýgra og gæfusamara til lengdar litið, þar sem ljóst er að ekki er eftir neinu að sækjast nema því að bera bara aukinn kostnað, að viðurkenna það hreinlega. Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut niðrandi við það að endurskoða það þegar þær upplýsingar liggja fyrir eins og þær gera nú að við höfum ekkert í þetta að sækja og hætta þá við þetta, eða a.m.k. fresta því að við ætlum að taka ákvörðun um það að vera í þessu, fresta því í nokkur ár, fimm eða tíu ár, og sjá hvernig þetta gengur fyrir sig því að það er alls ekkert ljóst hvernig framkvæmdin verður á þessu. Það er alls ekkert ljóst. Þetta er eitt af þessum dæmigerðu afkvæmum möppudýranna í Brussel, eitthvað sem er búið til og svo haldið áfram að spinna utan um. Þó að allir séu búnir að gleyma til hvers það var þá skal haldið áfram af því að við erum svo stefnufastir og svo stoltir.

Af því að ég er gríðarlegur stuðningsmaður minnar ágætu ríkisstjórnar og hef ekki hvikað í því nokkurn skapaðan hlut (**Gripið fram í:** Stefnufesta.) þá minni ég á hið fornkveðna að sá er vinur sem til vamms segir. Eins og ég hef margsinnis ítrekað í mínum ágæta þingflokki, Sjálfstfl., þá er ég af þeim ástæðum sem ég nú hef tilgreint alveg ófáanlegur til þess að styðja þetta mál.

[17:34]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Meiningin er að ég mæli fyrir nál. fyrri minni hluta utanrmn. En vegna tiltekinna aðstæðna í dag þá varð því ekki við komið að ég kæmi þar inn í umræðuna sem eðlilegt hefði verið með tilliti til venjulegrar uppröðunar hlutanna. En umræðuna þurfti að hefja í dag og henni þurfti fram að halda vegna aðstæðna, er mér tjáð, og ekki er við það að sakast.

Ég hef skilað nefndaráliti sem er á þskj. 791 og ætla að gera grein fyrir því og vitna lítillega í fylgiskjöl sem fylgja nefndarálitinu. Það er að vísu ekki nema hluti þeirra umsagna og gagna sem til utanrmn. komu af eðlilegum ástæðum. Það hefði verið þykkur bunki ef allt hefði verið tekið með. En ég hef valið nokkrar umsagnir sem ég ætla að vitna til sérstaklega í máli mínu og sú er ástæðan fyrir því að þær eru birtar hér sem fylgiskjöl. Vilji menn kynna sér frekari gögn í málinu þá er nóg til af þeim í utanrmn. og væntanlega ekki vandi að fá aðgang að þeim.

Herra forseti. Nefndarálit 1. minni hluta hefst á því að ræða svolítið um þá athyglisverðu og umhugsunarverðu staðreynd að í þessu stóra máli, sem legið hefur fyrir núna um nokkurt árabil að gæti komið hér til afgreiðslu og þá á þeim grundvelli að gerð væri tillaga um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu, þ.e. að um þetta hefur sáralítil umræða orðið í íslenskum þjóðmálum og í íslenskum stjórnmálum. Það má vera okkur Íslendingum nokkurt umhugsunarefni þegar jafnvel stórpólitísk og afdrifarík utanríkismál af þessu tagi eru um árabil í farvatninu, koma síðan hér til afgreiðslu og endanlegrar ákvörðunar á Alþingi án þess að heitið geti að nokkur almenn umræða hafi farið fram um málið.

Herra forseti. Hér verður að segjast eins og er að stjórnvöld bera mikla sök. Ég segi það alveg hispurslaust og beint út að ég tel það mjög ámælisvert hversu íslensk stjórnvöld hafa staðið slælega að verki hvað það varðar að kynna þetta mikilsverða mál fyrir almenningi og miðla upplýsingum um það. Það hefur mestan part verið læst niðri í skúffum embættismanna þessi fimm ár eða svo frá því að ljóst mátti verða í kjölfar sameignlegrar yfirlýsingar forsætisráðherra Norðurlanda að að þeim tímamótum gæti komið að lagt yrði til að Ísland, lýðveldið Ísland, gerðist aðili að þessum Schengen-samningum án þess þó að vera meðlimur í Evrópusambandinu. Og þegar af þeim einu ástæðum hefði auðvitað verið ærin ástæða til að draga upp eins skýrt og kostur var þá mynd sem þarna var að teiknast og reyna að auðvelda almenningi að átta sig á því máli og mynda sér á því skoðun, jafnvel þó svo að þetta mál ætti ekki að fara sérstaklega til þjóðaratkvæðagreiðslu hér. Sá háttur hefur ekki verið hafður á þegar mikilsverð utanríkispólitísk mál hafa verið leidd hér til lykta, öfugt við t.d. nágrannaríkið Danmörku. Þar hafa menn kosið í almennum kosningum um öll meiri háttar mál sem tengjast þátttöku Dana, t.d. í Evrópusambandsstarfinu. Það hefur aftur leitt til mikillar umfjöllunar um málin, mikillar umræðu og upplýsinga sem leitt hafa til þess að Danir eru vel með á nótunum, fylgjast með og veita stjórnvöldum aðhald þegar að þessum hlutum kemur samanber auðvitað og frægast er þegar þeir felldu tilraun danskra stjórnvalda til að koma þeim inn í Maastricht-samninginn á sínum tíma.

Ég rek í nefndaráliti lítillega aðdraganda málsins en það er út af fyrir sig óþarfi að tyggja þá staðreyndaþulu upp aftur og aftur. Það var lítillega hlaupið á því í nefndaráliti meiri hluta og það kemur fram hér í fylgiskjölum með tillögunni og greinargerð hvernig þetta samstarf er til komið. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í það fyrir utan það sem er pólitískt í því sambandi og skiptir máli þegar málið er greint pólitískt.

En ég ætla aðeins að víkja að upphafinu eins og það snýr að Íslandi og sameiginlegri yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna sem var reyndar gefin í tengslum við fundi á Íslandi í febrúarmánuði 1995.

Það hefur áður komið til orðaskipta milli m.a. mín og hæstv. utanrrh. út af því hvernig sú yfirlýsing hefur síðar verið túlkuð. Ég vil enn fara lítillega yfir það mál og halda til haga skilningi mínum á því að þegar hin sameiginlega yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlandanna var gefin þá hafi síður en svo verið sjálfgefið að niðurstaða þeirrar samstöðu sem Norðurlöndin, a.m.k. í orði kveðnu, boðuðu þá að þau vilju sýna í þessu máli leiddi til aðildar þeirra að Schengen-samningunum. Þá var ekkert ríkjanna orðið aðili. Danir voru að vísu í viðræðum um að koma þar. En það lá snemma fyrir að aðild Dana að þessum þáttum Evrópusamstarfsins, eða Schengen-samningsins sem síðar varð þar innlimaður, yrði með sérstökum hætti eins og í mörgum fleiri tilvikum. Ein af mörgum undanþágum sem Danir hafa frá ýmsum framkvæmdaþáttum innan Evrópusambandsins á grundvelli svonefnds Edinborgarsamkomulags tengist einmitt Schengen.

Það er nú svo kostulegt eins og það er, herra forseti, að í skjalasöfnum íslenskra ráðuneyta fannst ekki yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda frá 27. febrúar 1995. Ég bað nefndadeild Alþingis að láta leita hennar bæði í utanrrn. og forsrn. Á hvorugum staðnum var hægt að útvega gagnið og ég leyfi mér að spyrja: Er ekki til opinber þýðing á þessari yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna? Hún virðist ekki finnast í skjalasöfnum ráðuneyta og það er umhugsunarverð staðreynd ef grundvallargögn af því tagi eru ekki til.

Ég er með hana hér upp úr þingtíðindum Norðurlandaráðs þar sem hún var birt sem fylgiskjal með greinargerð forsætisráðherra Dana fyrir hönd forsætisráðherranna á Norðurlandaráðsþingi það ár. En í íslenskri þýðingu á ég þessa yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna ekki, og þaðan af síður þá í löggiltri þýðingu.

Því er ég nú að tala um þetta, herra forseti, að stundum geta orð skipt máli, jafnvel eitt einasta orð, og hvaða merking er í það lögð. Ég hef haldið því fram oftar en einu sinni og hef ýmislegt fyrir mér í því, þar á meðal skoðanir manna sem voru samtíma á vettvangi eins og Hjörleifs Guttormssonar sem var mikill þátttakandi í þessu ferli á sínum tíma, að hann og mjög margir fleiri hafa viljað meina að í hinni sameiginlegu yfirlýsingu forsætisráðherra Norðurlandanna hafi það legið ljóst fyrir sem og í umræðum í kringum það mál að málin gætu tekið stefnu í báðar áttir, þ.e. annars vegar að öll Norðurlöndin yrðu aðilar að Schengen-svæðinu. En hitt var heldur ekki, nema síður sé, útilokað sem möguleiki að ekkert þeirra færi þar inn. Hugsunin var þá sú að menn mundu leita lausna þannig að eitt skyldi yfir alla ganga.

Einmitt á þeim grunni er, t.d. í fréttatilkynningum og umfjöllun um þessa yfirlýsingu, talað um samstöðu Norður-

landanna um að leita lausna í þessu sambandi og ganga til viðræðna við aðila Schengen-samkomulagsins um einhverja slíka lausn sem feli í sér samstæða lausn fyrir Norðurlöndin öll í þessum efnum.

Hins vegar er bæði í greinargerð með þessari tillögu og víðar mikið lagt upp úr því að forsætisráðherrar Norðurlandanna hefi tekið það sem kallað er jákvæða afstöðu til þátttöku í Schengen-samstarfinu. Það liggur í þessum orðum að í raun hafi allur andi yfirlýsingar forsætisráðherranna verið sá að hin sameiginlega lausn fyrir hönd Norðurlandanna ætti að liggja í gegnum aðild þeirra að samningnum.

Ég tel að þetta sé ekki nákvæm túlkun á yfirlýsingunni. Mér finnst mikill ábyrgðarhlutur að gera þá ekki grein fyrir málinu í víðara samhengi því það má líka lesa út úr þessari yfirlýsingu á mörgum öðrum stöðum að náist ekki farsæl eða ásættanleg lausn, t.d. með aðild allra ríkjanna og þá aukaaðild þeirra sem verða ekki aðilar að Evrópusambandinu, þá komi aðrar samningslausnir til greina sem áfram geti varðveitt samstöðu Norðurlandanna í þessum efnum. Ég lít svo á að með aðild sinni að þessari yfirlýsingu hafi hinar Norðurlandaþjóðirnar, eins og Danir sem þegar voru aðilar, eða Svíar og Finnar í kjölfarið, einnig skuldbundið sig til þess að opna á slíkar mögulegar lausnir.

Vandinn er hins vegar sá að málin tóku þegar þá stefnu að það var ekkert skoðað eða rætt um aðra möguleika en aðild vegna þess að stjórnvöld á Íslandi og í Noregi lögðu alls ekkert upp með það og gerðu engar kröfur um að aðrir mögulegir kostir yrðu skoðaðir samhliða.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna til þessarar yfirlýsingar forsætisráðherranna á dönsku og þess vegna er svo komið að ég er hér með dansk-íslenska orðabók í ræðustól. Ég sá að það vakti undrun manna að slíkt plagg skyldi hingað upp borið. En það er í sögulegu ljósi ekkert nema gott um það segja að einstöku sinnum þurfi menn að fara yfir í danska texta á Alþingi Íslendinga. (**Gripið fram í:** Og vanda framburðinn.) Og þá er að vanda framburðinn. Í þessari umtöluðu málsgrein, út úr hverri textahöfundar greinargerðartillögunnar og fleiri fræðilegra greina lesa þetta jákvæða, sem mjög skilmerkilega er til haga haldið en ekkert vitnað í aðrar greinar samþykktarinnar, segir, með leyfi forseta:

„Statsministrene bemærker at de bedste forudsætninger for en videreførelse af den frie bevægelighed, herunder pasfrihed, i Norden indenfor rammerne af det videre europæiske samarbejde om grænsekontrol opnår ved en fælles positiv nordisk holdning til medvirken i Schengen-samarbejdet."

Þó að þetta sé hin nafntogaða setning um hina jákvæðu afstöðu les ég þetta ekki sjálfkrafa sem niðurstöðu í þeim efnum um að stefna eigi á aðild. Og kemur þá að orðinu „medvirken". Hvað þýðir það? Þýðir það sjálfkrafa aðild? Það getur þýtt það. En það getur líka þýtt fleira. Og hvað voru mennirnir þá að fara sem settu þetta á blað? Var þetta orðað svona til að menn gætu lesið það út úr því síðar meir sem þeim sýndist, eins og stundum áður og endranær þegar menn eru í pólitískum vanda með viðkvæma hluti og kjósa að orða þá svo óljóst að hægt sé að túlka það pínulítið eftir „behag", skulum við þá hafa það? (**Gripið fram í:** Hvað þýðir „behag"?) Já, það er nú það. Þarf nú að þýða það líka? „Medvirken", eins og það kemur hér fyrir, eða sögnin „medvirke" sem hér er á ferðinni getur þýtt að vinna að einhverju og hún getur þýtt að taka þátt í einhverju. Það gætu menn túlkað sem aðild, þátttöku í samstarfinu, já, ekki endilega með fulla aðild að því, en einhvers konar þátttöku. Það getur þýtt að leggja sitt af mörkum til að samkomulag náist. Og sé annað dæmi tekið líka getur „medvirke ved en konsert" þýtt að koma fram á tónleikum. Ég vil því leyfa mér að halda því fram, herra forseti, að þessi fortakslausa jákvæða túlkun eða þýðing á skjali sem ekki virðist til í löggiltri íslenskri þýðingu — ég bið þá að það sé framreitt ef það er til — sé sagnfræðilega ekki nákvæm og það sé ábyrgðarhlutur að láta afdrifarík hluti ganga fram með svo, mér liggur við að segja, hroðvirknislegri bakgrunnsvinnu. Sögulega séð er mjög slæmt ef menn á síðari tímum fara að rýna í það hvað vakti fyrir mönnum, hver voru hin nákvæmu efnisatriði máls þegar lagt var upp í för af þessu tagi vegna þess að hér er ekki smámál á ferðinni. Ég er ekki í þessum æfingum, herra forseti, bara af því ég hafi gaman að þeim, það hef ég að vísu líka. En ég geri þetta einnig vegna þess að mér finnst skipta máli að svona hlutir séu hafðir nákvæmir. Ég get ekki hrósað undirbúningsvinnu að þessu leyti þegar kemur á daginn að grundvallargögn eru ekki finnanleg á íslensku máli í hlutum af þessu tagi. Kannski eru þeir það einhvers staðar en hafa forlagst, mislagst einhvers staðar í skjalasöfnum og þá það. Ekki meira um þetta, herra forseti.

Um aðdraganda málsins og undirbúning að öðru leyti vil ég segja að það er auðvitað mjög slæmt þegar að svo er komið, þó að við höfum haft í raun allan þennan tíma til að undirbúa afstöðu okkar til þessa stóra máls, að jafnlítið skuli hafa verið unnið t.d. á vettvangi stjórnmálanna eða á vettvangi ýmissa annarra aðila í samfélaginu, að upplýsa um málið, fá um það umræður og skoða það á alla enda og kanta. Er það t.d. ekki ámælisvert, herra forseti, að endurfluttri tillögu á Alþingi um að gerð yrði úttekt á Schengen-aðild og með sérstöku tilliti til mögulegra áhrifa í baráttunni gegn fíkniefnum, var ekki ansað? Slík vinna fór ekki fram. Menn töpuðu mörgum missirum sem þeir hefðu getað notað í að fara yfir þá hluti og stjórnmálamenn hefðu getað verið þátttakendur í því starfi. Í þessari tillögu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Kristín Ástgeirsdóttir fluttu á 123. löggjafarþingi síðast, þá endurflutt ef ég man rétt, var gert ráð fyrir að dómsmrh. yrði falið að gera sérstaka úttekt. Og gert var ráð fyrir að Alþingi yrði gefin skýrsla um málið í ársbyrjun 1999. Hefði verið farið að þessari tillögu hefði í fyrsta lagi þessi vinna verið unnin og í öðru lagi hefði Alþingi haft eitt ár til að byggja á skoðun sína og frekari vinnu, við skulum vona, við vandaða skýrslu um málið. Slík skýrsla er ekki til í dag. Þvert á móti kom það í ljós og ég skýt því inn í framhjáhlaupi, að ekkert skipulegt samstarf er í gangi af einum eða neinum toga til að t.d. kortleggja þennan þátt málsins sérstaklega. Aðspurður sagði landlæknir í utanrmn: „Nei." Landlæknisembættið eða aðrir slíkir aðilar eru ekki þátttakendur í neinu skipulögðu samstarfi eða verkefni, nefnd eða áætlun sem snýr að þessu máli og það er miður því þetta er grafalvarlegur þáttur þessa máls. Og ég kem að því betur síðar þegar ég vitna í umsögn landlæknisembættisins.

Herra forseti. Ég get ekki annað en lýst vonbrigðum mínum með það hversu lítill áhugi var sýndur á málinu, eins og m.a. kom í ljós þegar þessari ágætu tillögu og í raun og veru sjálfsögðu tillögu sem er ákaflega erfitt að sjá hvers vegna menn voru að setja sig upp á móti, var ekki sinnt af Alþingi. Var það af þeirri einu ástæðu að þarna var hreyft við viðkvæmum þætti þessa máls, sem þeir sem völdin hafa haft í þessari stofnun töldu óþægilegt að væri mikið uppi í umræðunni? Ég fæ ekki komið auga á neitt annað því svo bersýnilega ómálefnalegt er það að taka því ekki fagnandi að

fara í úttekt á þessum þætti málsins. Þá verða þeir að svara fyrir það sem þarna hafa vélað um.

Herra forseti. Um aðdraganda málsins ætla ég eingöngu að hafa þau orð að nauðsynlegt er til skilnings á málinu og hvers eðlis í raun þetta fyrirbæri, Schengen-samstarfið, að átta sig á uppruna þess og hvaða ríki hrintu því af stað. Það voru Benelúx-löndin og Frakkland og Þýskaland. Ætli það sé tilviljun? Nei, auðvitað ekki því þetta eru löndin sem hvort sem er eru þannig sett að þau eru í raun runnin saman. Það eru nákvæmlega þessi lönd sem eru elsti kjarninn í samstarfi ríkjanna á meginlandi Evrópu. Þetta eru löndin þar sem landamærin voru hvort sem er meira og minna orðin ósýnileg eins og allir vita sem hafa ferðast eitthvað um á þessu svæði á undanförnum árum og jafnvel áratugum. Þetta eru löndin þar sem menn sækja í miklum mæli vinnu fram og til baka yfir landamærin. Og þetta eru löndin þar sem minnihlutatungumálahópar búa þvers og kruss beggja vegna landamæranna hver í bland við annan. Þarna eru að sjálfsögðu aðstæður sem gera það að verkum að það er fullkomlega eðlilegt að þessi kjarni landa eða ríkja í norðvestanverðri Evrópu sem lengi hafa unnið saman, allt frá því á eftirstríðsárunum eftir að þar fór að komast á eðlilegt ástand, hafa í raun virkað sem ein atvinnu- og samskiptaheild, að þau vilji koma á slíku skipulagi hjá sér. Það gefur augaleið. Það er fullkomlega eðlilegt og ekkert nema gott um það að segja. Þess vegna riðu þau á vaðið og fóru einhliða fram með Schengen-samkomulagið vegna þess að þeim og sjálfsagt fleirum þótti seint ganga með þau markmið Rómarsáttmálans sem vissulega eru að tryggja frjálsa för einstaklinga á samningssvæðinu.

En það þýðir ekki að þetta fyrirkomulag eigi í eðli sínu nokkurt sérstakt erindi t.d. norður til Skandinavíu eða vestur til Íslands eða þess vegna suður á Píreneaskaga eða austur til Grikklands. Þá er bara orðið um allt aðra hluti að ræða og allt aðrar aðstæður. Þetta finnst mér að menn þurfi að hafa í huga og að menn nái ekki miklum eða djúpum skilningi á þessu máli nema átta sig á þessum uppruna hlutanna. Þess vegna er það heldur ekki tilviljun að eyríkin, Bretland, Írland og Ísland, hafa haft þarna allt aðra stöðu. Og þess vegna er það ekki tilviljun að Danir voru í nokkuð sérstakri stöðu með sín sameiginlegu landamæri við Þýskaland sem ekki var til að dreifa og hefði ekki þurft að valda neinum vandræðum hvað hin Norðurlöndin snertir. Til dæmis var það þannig að þegar Finnar tóku ákvörðun um að gerast aðilar að Schengen, þá voru þeir í raun og veru eyja í því samstarfi með landamæri í allar áttir nema að Svíþjóð, sem liggja að öðrum löndum sem ekki eru með.

Herra forseti. Síðan er nauðsynlegt að hafa í huga að það er með Maastricht-sáttmálanum sem uppsetningu þessara hluta er breytt í Evrópusambandinu, þ.e. grundvallarskipulagi Evrópusambandsins er þar breytt og búið til þriggja stoða fyrirkomulag þar sem yfirþjóðlega valdið og stofnanirnar eru fyrst og fremst á ferðinni í fyrstu stoð. Þegar Amsterdam-sáttmálinn innlimar síðan Schengen-samstarfið í Evrópuréttinn, þá lendir drjúgur hluti þess inn í þessa fyrstu stoð. Og þar með eru í rauninni gjörbreyttar aðstæður hvað varðar þátttöku ríkja sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu í þessu samstarfi. Það hlýtur að gefa augaleið að þegar svo er komið leiðir það til margháttaðra lagalegra og þjóðréttarlegra spurninga, að ríki eins og Ísland sé þátttakandi í slíku samstarfi sem búið er að innlima í Evrópusambandið. Ég held því miður að nægjanlegri athygli hafi ekki verið beint að þeim þætti málsins.

Það verður líka að hafa í huga að Schengen-samkomulagið og þær gerðir sem því fylgja eru ekki endanlegur kyrrstæður gjörningur um aldur og ævi. Nú eru þessar gerðir orðnar hluti af regluverki Evrópusambandsins og munu taka til við að þróast þar og renna saman við réttinn að öðru leyti þannig að smátt og smátt verður enginn greinarmunur gerður á því hvað einu sinni hét Schengen og hvað ekki Schengen og hvaða reglur rekja sig sérstaklega til þess upphaflega samstarfs og hvaða reglur ekki. Nýjar reglur verða ekkert merktar sérstaklega með neinni fyrirsögn Schengen. Þær verða bara hluti af réttarreglum Evrópusambandsins, gerðum eða tilskipunum. Þetta er með öðrum orðum ekki kyrrstætt fyrirbæri heldur dýnamískt sem mun þróast og leiða einnig til vandamála og árekstra, að mínu mati, fyrir ríki eins og Ísland sem ekki er aðili að Evrópusambandinu og ætlar sér vonandi ekki að verða í fyrirsjáanlegri framtíð.

Herra forseti. Þess vegna hefði að mörgu leyti verið miklu heiðarlegra — ég vona að hæstv. utanrrh. heyri mál mitt og taki sérstaklega eftir þessu orðalagi — að koma þannig að þessu máli í íslenskum stjórnmálum að byrja á því, eða a.m.k. samhliða, að ræða grundvallarspurninguna: Reiknum við með því að Ísland gangi í Evrópusambandið á allra næstu árum eða ekki? Já eða nei. Er stefna Íslendinga sú, eða verður hún að ganga þarna inn eða ekki? Og ef það er svo að menn ætla að standa í lappirnar með þá stefnu að gæta hagsmuna Íslands með samningum og samskiptum við Evrópusambandið en án aðildar, þá þegar áttu menn að setja mikið spurningarmerki við það: „Já, en eigum við þá nokkuð að fara inn í þetta Schengen heldur?“ Vegna þess að það er mótsagnarkennt og að mörgu leyti mjög umhent að sjá í því skynsemina að þjóð sem ætlar ekki á komandi árum inn í Evrópusambandið fari í þetta Schengen-samstarf. Einustu rökin sem haldbær eru fyrir því eru þau að það hafi verið eina leiðin til að bjarga hinu svokallaða norræna vegabréfasambandi. Ég kem nánar að því á eftir. En ég held að svo sé ekki og jafnvel þó það væri, dugar það ekki að mínu mati til að réttlæta þessa niðurstöðu. Það er bara ósköp einfaldlega ekki slík þungavigt í því máli og þar er um svo ósambærilega hluti að ræða að ég tel að sú röksemdafærsla standist ekki þegar betur er að gáð.

Hitt er svo algjörlega ljóst að það er eðlilegt að þeir sem reikna með því eða eru beinlínis með uppgerðan hug í þeim efnum að Ísland eigi eða muni lenda inni í Evrópusambandinu innan fárra ára, séu eindregnir stuðningsmenn þess að við göngum í Schengen því það er vissulega talsvert skref inn í það samhengi. Því verður ekki á móti mælt. Við erum með því að ganga stórt skref í viðbót í átt að hinum sameiginlegu reglum Evrópusambandsins og þátttöku í stofnanakerfi þess umfram það sem samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði felur í sér. Á því er grundvallarmunur vegna þess að í Schengen er ekkert sjálfstætt stofnanakerfi sett upp fyrir aðildarþjóðirnar gegnum EES eins og er í hinu tilvikinu heldur eru grunneiningarnar einingar Evrópusambandsins og í reynd er þarna um að ræða eins konar aukaaðild ríkjanna að þessum hluta sem er nú tengdur við Schengen.

Herra forseti. Ef við ræðum lítillega um aðra kosti, þ.e. hverjir þeir virðast hafa verið í stöðunni, þá má fljótt á litið segja og umræðan hefur kannski verið rekin aðallega á þeim nótum að þeir hafi bara verið tveir. Þeir hafi verið annars vegar þessi aukaaðild Íslands og Noregs sem eðli málsins samkvæmt gátu ekki orðið venjulegir aðilar að Schengen-samningnum eftir að hann hafði verið innlimaður

í Evrópusambandið. Það er sú leið sem hér er valin, einhvers konar aukaaðildarleið kölluðu lagaprófessorar þetta á fundi utanrmn. vegna þess að þetta er ekki sambærileg leið við EES-lausnina þar sem sett er upp hliðarkerfi, spegilkerfi á við Evrópusambandið sem er þá fyrir þær aðildarþjóðirnar gegnum EES.

Hinn kosturinn virðist þá í fljótu bragði vera sá að vera algjörlega utan við, hafna þessari aðild.

En ég leyfi mér að segja að myndin sé ekki svo einföld. Það held ég að hafi verið dregið ágætlega fram m.a. af hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að veruleikinn er ekki þannig. Ég tel a.m.k. að tvenn veigamikil rök séu fyrir því að þarna hefðu getað verið ýmir millikostir færir í stöðunni. Ég bendi á það sem Bretar og Írar eru að gera. Þeir eru ekki þátttakendur í Schengen. Þeir eru vissulega aðildarþjóðir að Evrópusambandinu. En Ísland og Noregur eða við Íslendingar einir þess vegna hefðum getað höfðað til aðildar okkar í gegnum EES og farið fram á viðræður um ákveðna millileið, millilausn, sem fæli það í sér að við værum ekki aukaaðilar að Schengen-samstarfinu eða þessum þáttum Evrópusamstarfsins heldur semdum um þátttöku í tilteknum verkefnum en værum ekki með í öðrum, t.d. að fordæmi Breta og Íra eða því sem stefnir í þar, þannig að við héldum eftir réttinum til sjálfstæðs landamæraeftirlits að svo miklu leyti sem við teldum okkur þurfa eða vildum geta gripið til þess.

Herra forseti. Einnig tel ég að hægt sé að færa fyrir því rök — eða ég vil a.m.k. heyra þau hrakin þá — að við hefðum ósköp einfaldlega getað farið fram á viðræður um sérlausn, um sérsamninga fyrir Ísland. Enn betra hefði auðvitað verið fyrir Ísland og Noreg ef þar hefði náðst slík samstaða. Hvernig sérlausn? Jú, t.d. þannig að reynt yrði að varðveita eins og kostur er samstöðu Norðurlandanna í þessum efnum. Þó það væri ekki hægt að fullu með gagnkvæmum hætti þá var það væntanlega hægt einhliða af hálfu Íslands og Noregs því að ég sé ekki að neitt hefði bannað okkur að halda áfram að taka á móti frændum okkar frá hinum Norðurlandaþjóðunum án vegabréfa ef það var aðalatriðið, þó að það gæti að vísu ekki gilt á móti á sambærilegan hátt þá vegna aðildar þeirra að Schengen. Þá hefðu komið til ferðalög yfir ytri landamæri Schengen.

Sérlausnir af slíkum toga er vissulega hægt að hugsa sér í þessu efni en að sjálfsögðu þýðir ekki að tala um það þegar aldrei var látið á það reyna að slíkar lausnir fyndust í stöðunni.

Auðvitað er það alveg ljóst í huga mínum, út frá afstöðu minni til þessa máls, að æskilegast hefði verið að öll Norðurlöndin hefðu sameiginlega haldið sjálfstæði sínu fyrir utan Schengen-þátt Evrópusamstarfsins og leyst málið með sérstökum samningum sem svæði við Schengen. Á því held ég hefðu verið allir möguleikar ef öll Norðurlöndin hefðu sameiginlega knúið á um slíka lausn. Einu praktísku vandamálin sem maður sér að þá hefðu getað orðið uppi voru á landamærum Danmerkur og Þýskalands. Að engu öðru leyti held ég að þetta hefði orðið mikið vandamál.

En um það þýðir tæplega að ræða úr þessu og ég tel að meginástæðan fyrir því að slíkir kostir hafa lítið komið til umræðu eða skoðunar sé náttúrlega ósköp einfaldlega viljaleysi þeirra sem fóru með málin fyrir hönd Íslands og Noregs eða Norðurlandanna á þessum árum. Þar var línan öll sú, og ég hygg að það megi segja að það hafi verið ríkjandi stefna hjá ríkisstjórnum allra Norðurlandanna á þessum tíma, að það ætti að sjóða þetta saman í gegnum aðild að Schengen. Önnur sjónarmið voru í minni hluta og þeim var því miður vikið til hliðar.

Þá vil ég, herra forseti, aðeins áður en ég hverf alveg frá þessu með norræna vegabréfasambandið, árétta það sem segir í nefndaráliti 2. minni hluta og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom hér ágætlega að, að í reynd er ekki rétt að segja að norræna vegabréfasambandið sé varðveitt í þessum Schengen-samningum. Það er ekki rétt. Norræna vegabréfasambandið líður undir lok. Það er lagt niður. Það verður ekki til sem fyrirbæri frá og með aðild Íslands, Noregs og síðan hinna aðildarríkja Evrópusambandsins að þessu fyrirbæri. Það er búið. Það er því í raun og veru hvorki sögulega né efnislega rétt að segja að það sé verið að færa norræna vegabréfasambandið inn í Schengen. Það er ekki þannig og í öðru lagi vegna þess að norræna vegabréfasambandið var allt annað fyrirbæri en það sem hér er verið að setja á fót. Norræna vegabréfasambandið annars vegar og Schengen-samstarfið í allri sinni breidd hins vegar eru tveir ósambærilegir hlutir. Það er beinlínis villandi að jafna þessu tvennu saman. Norræna vegabréfasambandið var hreint milliríkjasamstarf eins og allt norrænt samstarf, án nokkurrar yfirþjóðlegrar yfirbyggingar. Það var ekkert valdaframsal fólgið í vegabréfasambandi Norðurlandanna. Það byggði á þátttöku sjálfstæðra ríkja og í því var ekki fólgið valdaframsal eða yfirþjóðleg tilfærsla af neinum toga.

Það gildir að sjálfsögðu ekki um Schengen nema síður sé. Þar er á ferðinni mikið valdaframsal til sameiginlegra stofnana og dómstóla Evrópusambandsins. Þar er að verulegum hluta farið inni í þann hluta Evrópuréttarins þar sem hið yfirþjóðlega vald er til staðar og þar eru á ferðinni margir aðrir þættir sem komu alls ekki við sögu í norræna vegabréfasambandinu.

Reyndar er það nú svo að okkur sem höfum kannski ferðast einna mest milli Norðurlandanna á umliðnum árum og þess vegna áratugum verður stundum á að brosa þegar ræðurnar eru settar á um mikilvægi hins norræna vegabréfasambands sem vegabréfasambands, af því að ekkert okkar kannast við að hafa nokkurn tíma farið til Norðurlandanna án þess að hafa með okkur vegabréf. (**SighB:** Jú.) Það er upplýst að einn þingmaður hefur gert það og (**SighB:** Margir fleiri.) sennilega til þess að láta reyna á þetta. En a.m.k. er það svo, herra forseti, að ekkert okkar kannast við að það hafi verið sérstakur þröskuldur í vegi ferðalaga okkar þó maður stingi á sig vegabréfi með öðrum ferðagögnum þegar maður fer til útlanda. Það gerir maður yfirleitt. Það geri ég a.m.k. af því að það getur oft komið sér vel að hafa vegabréf jafnvel þó maður þurfi ekki endilega að sýna það í landamærahliði. Ég hygg nú að það rifjist upp fyrir flestum vönum ferðalöngum að það er nú ekki algengt að þeir fari úr landi án vegabréfs, nema hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem gerir það sennilega af prinsippástæðum að ferðast vegabréfalaus og mun væntanlega fara að flandra um alla Evrópu þegar Schengen verður komið, án vegabréfs, af prinsippástæðum einnig. (**SighB:** Af þægindaástæðum.)

Hitt er annað mál að margháttuð samvinna og réttindayfirfærsla milli Norðurlandanna í tengslum við ferðafrelsi þar á milli hefur auðvitað skilað norrænum ríkisborgurum miklu og skal síst gert lítið úr því. Ég hef því að sjálfsögðu talið að norræna vegabréfasambandið sem slíkt, sem hluti af miklu stærri heild, væri ákaflega jákvæður þáttur í samstarfi Norðurlandanna og hefur mér vitanlega ekki skapað nein vandamál. En vegabréfaleysið sjálft sem slíkt var ekkert

aðalatriði þess máls og hefur aldrei verið. Það er mikill misskilningur að gera það að aðalatriði í málinu.

Herra forseti. Ég gagnrýni það að forsvarsmenn Íslendinga tóku strax í byrjun, og þar með talið í þessu samstarfi Norðurlandanna, upp þá stefnu að vinna að aðild okkar að Schengen-samstarfinu án þess að aðrir kostir væru skoðaðir sérstaklega eða samhliða.

Herra forseti. Ég nefni að lokum í þessum þætti málsins þá staðreynd að jafnvel þó að Ísland gerðist aðili eða fullgilti fyrir sitt leyti þessa samninga, hefði mátt hugsa sér að við hefðum staðið þannig að framkvæmdinni eða gildistökunni að hún hefði verið skilyrt með tilteknum hætti, t.d. þannig að við tilkynntum viðsemjendunum það að Ísland mundi taka sér tíma til að ákveða hvenær og jafnvel hvort samningarnir gengju í gildi af okkar hálfu þó svo að við hefðum fullgilt þá. Þó ekkert kæmi nú annað til en, að mínu mati, afar slakur undirbúningur framkvæmdar málsins á ýmsan hátt þá hefðu verið fjölmörg rök fyrir því.

Herra forseti. Ég hef áður komið hér að þáttum sem lúta að undirbúningnum sérstaklega og ætla að víkja að nokkrum fleiri þáttum þess máls. Ég nefndi að í ljós hefði komið hér að ekkert sérstakt samstarf eða skipuleg vinna væri í gangi á vegum t.d. landlæknisembættisins eða þeirra aðila sem fara með forvarnir og fíkniefnavarnir í landinu. Það hlýtur að teljast nokkuð alvarlegt og mikið umhugsunarefni þegar ljóst er að áhyggjur manna af þessum breytingum, ekki bara á Íslandi heldur mjög víða annars staðar á svæðinu sem í hlut á, tengjast m.a. og ekki síst þessum þætti málsins, þ.e. áhyggjur af því að þessi hindrunarlausa för fólks án persónueftirlits á landamærum á öllu þessu stóra svæði sem þarna verður til auki mjög á flæði fíkniefna og jafnvel ferðalög fólks í vafasömum tilgangi innan svæðisins og að erfitt verði að henda reiður á slíku.

Herra forseti. Þarna mætti vitna í ýmsar umsagnir með þessu máli, t.d. frá bæði ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu. En ég hygg að ég komi kannski aðeins betur að því síðar. Ég ætla líka að nefna í sambandi við kostnað og mat á kostnaði, að einnig á því sviði er undirbúningi málsins mjög ábótavant. Það hefur komið í ljós og var staðfest t.d. á fundi í utanrmn. 16. febrúar sl. að áætlanir um kostnað í þessu sambandi fram að þeim tíma byggðust í raun á ágiskunum, því að þá var upplýst í utanrmn. að fyrsta kostnaðaráætlunin væri væntanleg til ráðuneytisins á þeim dögum, þ.e. ítarleg og útfærð og rökstudd kostnaðaráætlun. Auðvitað hlýtur þetta að vekja miklar spurningar, herra forseti, um það hversu vandaður undirbúningurinn af okkar hálfu hafi verið, t.d. hvað varðar mat á kostnaði.

Nú er alveg ljóst að það er ekkert alltaf endilega einfalt að meta hver kostnaður getur endanlega orðið af svona hlutum. Ég skal fúslega viðurkenna að mönnum getur verið nokkur vorkunn í því sambandi. T.d. var það svo að alveg fram á síðustu mánuði liðins árs voru áætlanir um fjárfestingar eða framkvæmdir í Keflavík að taka stórstígum breytingum og yfirleitt upp á við í formi stækkunar. Þegar utanrmn. kom í heimsókn í flugstöðina voru þar á borðum tiltölulega nýjar og jafnvel glænýjar áætlanir um stórfelldar viðbætur og stækkanir á þeim framkvæmdum sem þar höfðu verið fyrirhugaðar, sem margir voru að sjá í fyrsta sinn, hygg ég. Auðvitað kallar það svo á aukinn kostnað, rekstrarkostnað og stofnkostnað o.s.frv.

Við fyrstu athugun utanrmn. á samstarfi þeirra aðila sem þarna þyrftu að koma við sögu virtist það a.m.k. frekar brotakennt. Starfsmenn Flugmálastjórnar og Siglingamálastofnunar könnuðust t.d. lítið við að hafa átt aðild að þessu máli. Þegar betur var að gáð og eftir því gengið þá fundust að vísu ákveðin plögg. Hins vegar kom í ljós að Flugmálastjórn hafði í raun verið tiltölulega lítill þátttakandi í þessu að öðru leyti en því sem snýr að framkvæmdunum í Keflavík. Starf sem laut að kortlagningu, aðstöðu og skipulagi t.d. á öðrum flugvöllum eða í höfnum landsins virtist tiltölulega skammt á veg komið.

Utanrmn. hefur eytt miklum tíma í að reyna að rekja ýmsa lausa þræði í þessu máli. Ég vil segja það um vinnuna þar að ég er í öllum aðalatriðum sáttur við það hvernig á því hefur verið haldið. Ég tel að formaður utanrmn. eigi í raun hrós skilið fyrir það að miklu leyti hvernig hann hefur stýrt þeim málum. Það er aðeins einn þáttur málsins sem þannig var skilið við af okkar hálfu að ég var berlega ósáttur við en það er lögfræðilegi þátturinn, það sem lýtur að skoðun á þessu máli út frá stjórnarskránni. Ég kem betur að því síðar. Hvað aðra þætti snertir þá tel ég að utanrmn. hefði tæpast, miðað við tímann sem henni var skammtaður og aðstæður, getað gert þetta öllu betur en raun ber vitni. Það hefur verið reynt að fara yfir eiginlega alla þá þætti málsins sem mönnum hefur þótt ástæða til að skoða, jafnvel farið út fyrir verksvið utanrmn. í vissum skilningi. Nokkrum tíma hefur verið varið í að reyna að skilja hluti og átta sig á málum sem ættu jafnvel frekar heima í starfi allshn. svo dæmi sé tekið.

Ég ætla svo, herra forseti, að ræða aðeins um málið út frá þeirri uppsetningu að reyna fyrir mitt leyti að gera grein fyrir þeim kostum sem mér sýnist að fylgja mundu aðild að Schengen-samningunum og göllum og ókostum hins vegar.

Ef við byrjum á kostunum þá má auðvitað segja að með aðild allra Norðurlandanna og aukaaðild Íslands og Noregs að Schengen sé vegabréfafrelsinu innan Norðurlandanna bjargað — bjargað fyrir horn, gætum við sagt. Það má vissulega til sanns vegar færa að þá helst það fyrirkomulag að menn geti ferðast innan Norðulandanna án þess að reiða fram vegabréf en verða þó að hafa á sér önnur gild persónuskilríki. Það verður sem sagt ekki reglubundið persónueftirlit á landamærum þegar um ferðir milli þessara landa er að ræða. Þá vísa ég aftur til þess sem áður var að vikið að nauðsynlegt er að hafa í huga að Schengen-samstarfið er allt annað og meira en norræna vegabréfasambandið nokkurn tíma var.

Möguleikarnir voru hins vegar ýmsir aðrir ef eftir þeim hefði verið leitað. Ég tel að ég hafi þegar sýnt fram á það. Við getum hugsað okkur þá stöðu sem uppi hefði verið ef Ísland, eitt Norðurlandanna, hefði verið utan Schengen-samstarfsins. Ég fæ ekki séð að neitt hefði verið því til fyrirstöðu að við hefðum einhliða ákveðið að framfylgja ekki vegabréfaeftirliti þegar um flug frá hinum Norðurlöndunum væri að ræða. Schengen-samstarfið gengur væntanlega ekki út á það að skipta sér af landamæraeftirliti annarra landa, þ.e. umferð frá Schengen og þangað. Hins vegar er ljóst að þetta hefði ekki getað orðið gagnkvæmt og því hefði fylgt sú takmörkun, sá ókostur frá því sem verið hefur, að menn hefðu getað þurft að sýna vegabréf og sæta eftirliti á leið sinni til baka.

Auðvitað hefði mátt hugsa sér, eins og ég nefndi áður, að ná samningum um einhvers konar sérstöðu Íslands í þessum efnum. Fyrir því væru ýmis rök. Það má t.d. benda á landfræðilega legu, við erum að þessu leyti í annarri stöðu en nokkur önnur Evrópuþjóð, liggur mér við að segja. Þó mikið hafi verið gert af því að spyrða saman Ísland og Noreg í

þessum efnum þá er þar einn stór munur á sem auðvitað kom strax í ljós. Það eru hin löngu landamæri Noregs við Svíþjóð. Mikil dagleg umferð er þar yfir. Það að sækja atvinnu og stunda verslun þar yfir hefði skapað margháttuð vandamál fyrir Noreg, að standa utan Schengen-svæðisins ef Svíþjóð hefði verið þar innan borðs. Þessi vandamál eru alls ekki til staðar í tilviki Íslands.

Í öðru lagi, herra forseti, má hvað kostina snertir segja að með aðild að Schengen verði Ísland hluti af samgöngusvæði Evrópu í lagalegum skilningi, sérstaklega hvað flug varðar. *Flugumferð héðan til Evrópu yrði eins og hver önnur innanlandsflugferð í reynd*, það verður þá ekki allur munur á því að hoppa upp í flugvél í Keflavík og fljúga til Evrópu heldur en er að fara héðan frá Reykjavíkurflugvelli til Akureyrar nema það tekur lengri tíma. Það kann vel að vera að á þessu *hefði mátt byggja ýmsa jákvæða þætti*, t.d. *í sambandi við* sókn í ferðaþjónustu o.s.frv.

Reyndar var það nú svo, þegar eftir því var gengið suður í Keflavík, hvaða helstu kostir yrðu þessu samfara að að lokum kom aðeins ein bein tillaga í þeim efnum. Hún var frá manni sem var vel að sér um flugrekstur. *Hann taldi að* leiða mætti að því líkur að Íslendingar fengju betri stæði á flugvöllum. Þeir kæmust innar eða nær flugstöðvunum og yrðu betur settir í þeim efnum en umferð frá svæðum utan Schengen þegar flugvélar væru að tylla sér niður á evrópska flugvelli. Þeim væri vísað til sætis eða öllu heldur stæðis í þeim selskap.

Vissulega má færa ýmis rök fyrir því að þetta geti orðið til góða fyrir þá miklu umferð sem er milli Íslands og Evrópu.

Í þriðja lagi geta vissulega falist ýmsir möguleikar í því að auglýsa stöðu Íslands í þessu sambandi, t.d. fyrir umferð frá Vesturlöndum. Hægt væri að auglýsa það að Ísland sé þægilegt hlið inn á Schengen-svæðið, hér sé fljótlegt og auðvelt að komast í gegn og inn á þetta svæði. Kannski verður þannig hægt að tefla því fram með rökum og í reynd að hér taki skemmri tíma og verði þægilegra að fara inn á svæðið en á stórum flugvöllum niðri á meginlöndunum.

Í fjórða lagi geta að sjálfsögðu þeir sem sjá framtíðina þannig fyrir sér að Ísland muni fyrr eða síðar verða aðili að Evrópusambandinu tínt það til sem kost við þessa niðurstöðu. Mér finnst eðlilegt að þeir geri það og ég sé að einn og einn maður kinkar hér ákaft kolli í salnum, t.d. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður Alþfl. Hann er greinilega þeirrar skoðunar, sem kemur mér ekki á óvart, að það sé sérstakur kostur við þessa aðild Íslands að Schengen að það gæti verið ákveðinn liður í nálgun okkar í þessu samhengi.

Þá ætla ég að fjalla um gallana, herra forseti, og ókostina sem ég tel samfara því að fara þarna inn. Í því sambandi er fyrst að nefna ósköp einfalda staðreynd sem tengist pólitískri stöðu Íslands. Það opinberast með því einu að benda á að Ísland er ekki í Evrópusambandinu. Ég hef bundið vonir að við færum ekki þangað inn. Meðan það er a.m.k. eindregin meirihlutaskoðun í stjórnmálunum, hvað sem öðru líður á Íslandi, að ekki sé hagstætt fyrir Ísland að ganga þarna inn þá finnst mér það sú stefna sem við eigum að byggja á og af þeim ástæðum hefðu menn átt að setja stórfellt spurningarmerki við þessa lausn.

Mér finnst í raun að t.d. hæstv. forsrh. hafi verið plataður í þessu máli. Ég held það hljóti að vera miðað við þau viðhorf og þá einörðu afstöðu sem oft hefur heyrst frá þeim ágæta manni, hæstv. forsrh., í þessum efnum. Ég þykist reyndar vita hvernig það var gert. Ég gæti látið fletta upp á þeim ummælum hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar frá febrúarmánuði 1995, að þetta væri svo sem eins og ekkert mál og það eina sem í þessu væri fólgið væri að Ísland tæki að sér og sæi um að það yrði fullnægjandi eftirlit á landamærunum hér gagnvart umferð utan frá. Þetta yrði í raun smámál og mun ekki kosta neitt eða svo til ekki neitt, yrði einfalt og ódýrt í framkvæmd, lét hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafa eftir sér á vetrardögum 1995.

Nú er spurningin: Hefur þetta gengið eftir? Er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sömu skoðunar í dag, að þetta muni kosta sama og ekki neitt, sé einfalt og lítið mál, þessi lausn? Ég leyfi mér að efast um að sú yrði niðurstaðan ef sá góði maður tæki sig til og skoðaði vandlega það sem fyrir liggur, þó ekki væri nema bara hlýddi á ræður flokksmanna sinna, hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og Einars Odds Kristjánssonar. Kannski leynast þar fleiri sem deila þeirri skoðun með þeim ágætu mönnum, að þetta sé nú ekki eins rakið eins og ætla mátti á sínum tíma.

Á þessum tíma sagði t.d. hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að Íslendingar væru tilbúnir að uppfylla allar kröfur Schengen-*samkomulagsins um ytra eftirlit og sæju engin vandkvæði* á slíku. Þetta kom fram í Morgunblaðinu, sjálfu Morgunblaðinu í febrúar 1995. Einhvers staðar annars staðar hafði hæstv. forsrh. Davíð Oddsson um þetta þau orð, ef minni mitt svíkur mig ekki, að þessu ætti ekki að verða samfara nema *mjög óverulegur kostnaður. Annað hefur nú komið á* daginn.

Ég held sem sagt, herra forseti, að pólitísku rökin og ástæðurnar séu þarna veigamestar í mínum huga þó ég heyri að þeir aðrir sem hér hafa haft gagnrýna afstöðu til þessa máls, einkum þá af þeim sem þegar hafa talað, hv. þingmenn Vestfirðinga Einar Oddur Kristjánsson og Einar K. Guðfinnsson, hafi gert kostnaðinn að sínum aðalrökum. Ég hef hinn pólitíska þátt málsins tvímælalaust númer eitt.

Ég ætla þó aðeins, herra forseti, að ræða um kostnaðinn einnig. Auðvitað alveg ljóst og hefur þegar sannast miðað við þau fjárfestingaráform og rekstraráform sem fyrir liggja að af þessu mun hljótast umtalsverður kostnaður fyrir Ísland. Auðvitað þarf að líta til þess. Þegar við veltum því fyrir okkur hvort svona niðurstaða sé í heildina hagstæð fyrir okkur þá skiptir kostnaðurinn máli. Fyrir mér er hann ekki aðalatriði og væri út af fyrir sig ekki frágangssök ef ég teldi einboðið og pólitískt jákvætt að vera þarna inni, þá held ég að ég mundi mæla með því að við tækjum á okkur þennan kostnað. En þegar maður lítur til gallanna að öðru leyti þá vegur þessi kostnaður þó nokkuð. Hann er mikill.

Í þessu sambandi hafa allar tölur lengi verið mjög á reiki. Það hefur verið upplýst í meðferð málsins að menn hafa rennt tiltölulega blint í sjóinn í þeim efnum og gera sjálfsagt enn. Ég leyfi mér að fullyrða að enn sé veruleg óvissa um hversu mikill kostnaður verður samfara þátttöku okkar þegar á hólminn er komið og frá líður.

Þó er ljóst, herra forseti, að stofnkostnaður og rekstrarkostnaður í byrjun verður umtalsverður og hleypur á hundruðum millj. kr. Ég get þar aftur sparað mér tíma og vísað til þess sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í þeim efnum. Ég tel að mat manna á þessum þáttum byggist á mikilli bjartsýni og mikilli viðleitni til að gera lítið úr þeim kostnaði sem þarna yrði á ferðinni. Það hefur komið á daginn að fyrri hugmyndir manna um stofnkostnað í flugstöðvarbyggingunum í Keflavík voru algjörlega óraunhæfar. Síðast í október eða nóvember sl. var ákveðið að stækka tengibygginguna

við enda á núverandi landgangi um meira en þriðjung. Fleiri breytingar hafa verið gerðar á framkvæmdaáformum þar á síðustu mánuðum sem hleypa kostnaðinum verulega upp, t.d. að fjölga landamærahliðum eða borðum úr áður áformuðum 10–14 hliðum upp í 22. Síðan þarf að manna þá aðstöðu og reka. Allt snýst þetta um háar fjárhæðir.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að fyrsti áfangi stækkunar flugstöðvarinnar í Keflavík er núna áætlaður upp á 3,5 milljarða kr. Inni í því eru ekki allar kostnaðartölur sem tengjast framkvæmdum í gömlu byggingunni, stækkun og breytingum þar. Vissulega stóðu framkvæmdir fyrir dyrum. Þær hefðu þurft að koma til sögunnar í öllu falli. En það er jafnljóst að þær framkvæmdir hefðu getað orðið til muna einfaldari og ódýrari og ekki bara þær heldur líka þær viðbætur sem koma til sögunnar í framtíðinni. Núverandi framkvæmd upp á 3,5 milljarða kr. er ekki ætlað að endast nema í 5–7 ár. Þá þarf að halda áfram. Þá kemur annar áfangi og síðan þriðji áfangi um 2015. Þessir viðbótaráfangar verða líka miklu dýrari vegna Schengen. Augljósast er það að þar sem hefði nægt tiltölulega einföld bygging á einni hæð verður að koma til bygging á tveimur hæðum, önnur fyrir farþega af Schengen-svæðinu og hin fyrir farþega utan þess. Þess vegna verður í raun um að ræða tvöfalda uppbyggingu á þeirri aðstöðu sem er þarna að bætast við að mjög miklu leyti.

Í beinu framhaldi af þessum áfanga upp á 3,5 milljarða kr. og reyndar væntanlega nokkuð betur þegar allt verður saman komið vilja þeir sem þarna leggja á ráðin um framkvæmdir fara í að breikka núverandi landgang og er framkvæmd sem okkur var sagt að mundi kosta um einn milljarð kr. Þá erum við komin upp í 4,5 milljarða kr. Einhvern tíma í kringum 2007 þarf að ráðast í annan áfanga stækkunar sem er álman út úr nýju viðbyggingunni í aðra hvora áttina. Það eru tveir milljarðar í viðbót og síðan seinni áfangi stækkunarinnar álma í hina áttina, aðrir tveir. Þá erum við komin upp í eina sjö, átta, níu milljarða kr., herra forseti, svona lauslega áætlað.

Þarna eru því fram undan gríðarlegar framkvæmdir og gríðarlegur kostnaður sem mun verða einhverjum milljörðum kr. dýrari vegna aðildar okkar að Schengen. Og það er bara stofnkostnaður. Síðan kemur rekstrarkostnaðurinn sem hlýtur að verða umtalsverður. Þar verður ekkert val, þar verður ekkert um að ræða að skera niður eða spara. Þar verður ósköp einfaldlega að bæta við, stækka og fjölga mönnum þannig að umferðin gangi nógu hratt í gegn ef ekki allt á að fara í klessu. Pressan á mönnum verður sú að þarna má nánast ekkert út af bera. Hér var upplýst hversu margar sekúndur mætti taka að skoða framan í hvern einasta farþega sem kemur þarna inn á svæðið utan að og drífa hann í gegnum hliðin. Maður sér eiginlega fyrir sér mann sem tekur aftur fyrir viðkomandi og skúbbar þeim í gegnum hliðið til þess að þeir fljóti þar í gegn á svo sem 15 sekúndum stykkið. Þetta verður mikil færibandavinna þannig að meistari Chaplin, væri hann á dögum, hann hefði sennilega getað farið með vélina þarna suður eftir og búið til nýjan „Nútíma“ með því einu að mynda raðirnar sem streymdu þarna í gegn.

Ég vek athygli þeirra á því sem hér eru og ekki voru í utanrmn. eða fóru í heimsókn í flugstöðina í Keflavík að fróðlegt væri fyrir hv. þm. að fá send gögnin út utanrmn. þar sem sýnd eru þessi fjárfestingarplön og að mönnum yrði sýnd sú staðreynd að það sem þarna er að gerast er að þarna er verið að byggja nýja flugstöð. Það verður byggð ný, sjálfstæð flugstöð við enda núverandi landgangs og síðan verður hún stækkuð og stækkuð aftur. Að lokum verður gamla flugstöðin orðin minni hluti af þeim byggingum sem eru þarna á ferðinni og hefur hún þó kostað sinn skilding, blessunin.

Vissulega er í leiðinni verið að búa í haginn fyrir framtíðina og við skulum vona að við eignumst þarna glæsilega byggingu sem þjóni vel sínu hlutverki en ég hlýt að segja að dýr mun Hafliði allur ef svo skal hver limur sem þessar framkvæmdir sem eru að fara af stað þarna.

Að síðustu, herra forseti, í sambandi við kostnaðinn er náttúrlega nauðsynlegt að draga athygli að þeirri staðreynd að rekstrarkostnaðurinn verður vegna þessa fyrirkomulags óhjákvæmilega talsvert meiri, m.a. vegna þess að talsvert af þjónustustarfsemi og verslun og öðru slíku þarf að vera tvöfalt og í reynd þrefalt. Ég geri því ráð fyrir því að sumar verslanir, eins og Fríhöfnin eða Íslenskur markaður, muni áfram reka starfsemi sína inni í gömlu byggingunni núverandi og síðan á báðum hæðum í nýju byggingunni vegna þess að það verður nauðsynlegt ætli menn að ná til beggja hópa farþega, þeirra sem eru utan, eru frá löndum utan svæðisins og hinna sem eru innansvæðisfarþegar. Í reynd kallar þetta á tvöföld eða kannski öllu heldur þrefalt úthald hjá mjög mörgum af þessum aðilum.

Þriðji þátturinn, herra forseti, varðar erfiðleika sem ég flokka undir galla eða ókosti við aðildina. Hann varðar líkur á erfiðleikum sem skapist í tengiflugi til og frá Keflavík vegna þessa fyrirkomulags. Það hafa reyndar fleiri ræðumenn gert að umtalsefni á undan mér og ég get þá farið hratt þar yfir sögu. Það er alveg ljóst að þetta er sá þáttur málsins sem hefur valdið flugrekstraraðilunum mestum áhyggjum og ég hélt kannski um skeið að þær áhyggjur væru svo miklar og staða þeirra aðila svo mikilvæg eða sterk, skulum við segja, að þetta mundi fara langt með að hindra að haldið yrði áfram viðræðum um aðild okkar Íslendinga að Schengen vegna þess að mér er mjög vel kunnugt um að fjölmargir af stóru flugrekstraraðilunum höfðu af þessu miklar áhyggjur og hafa reyndar enn. En menn hafa valið að kyngja því að stjórnvöld hafa ákveðið stefnuna í þessum efnum og menn snúið sér að því að gera gott úr því og vona að þau vandamál sem þetta getur augljóslega skapað reynist yfirstíganleg. En það er ekkert sjálfgefið í þeim efnum. Það má ósköp lítið út af bera, eins og kemur glöggt fram t.d. í umsögnum aðila eins og Flugleiða, Ferðamálaráðs og reyndar einnig t.d. Hafnasambands sveitarfélaga sem kemur inn á það sem snýr að afgreiðslu skemmtiferðaskipa.

Flugleiðamenn taka reyndar nokkuð merkilega til orða í umsögn sinni. Þeir segja: „Ef Ísland gerist aðili að Schengen-samstarfinu“ — því er nú greinilega ekki slegið föstu að í það stefni á þeim bæ heldur er þetta orðað nákvæmlega svona:

„Ef Ísland gerist aðili að Schengen-samstarfinu er afar brýnt fyrir hagsmuni, flug- og ferðaþjónustu að mjög vel verði gætt þriggja mikilvægra þátta:

1. Að svo verði búið um hnútana í Leifsstöð að vegabréfaeftirlit það sem Íslendingar takast á hendur á ytri landamærum Schengen dragi ekki úr skilvirkni flugvallarins í afgreiðslu farþega sem fara um Ísland í flugi milli Ameríku og Evrópu. Þessir farþegar bera í raun uppi þá ferðatíðni og það mikla úrval áætlunarstaða sem Íslendingar eiga nú völ á. Þetta skiptir t.d. höfuðmáli fyrir útrás íslensks atvinnulífs. Jafnframt tryggja þeir íslenskri ferðaþjónustu, sem nú

er annar stærsti útflutningsatvinnuvegur Íslands, aðgang að mörkuðum allan ársins hring."

Hér hygg ég að sé ekkert ofsagt. Staðreyndin er sú að út á þetta tengiflug og umfangsmikla flutninga á farþegum yfir Atlantshafið með viðkomu og flugvélaskiptum í Keflavík eru milliríkjasamgöngur okkar jafnmiklar og raun ber vitni. Væri engu slíku fyrirkomulagi til að dreifa mætti auðveldlega sjá fyrir sér að hér væru ein til tvær ferðir á viku vestur um haf í besta falli og flogið daglega til Kaupmannahafnar og kannski svolítið rúmlega það. Umferð Íslendinga sjálfra mundi ekki endilega kalla á miklu meira flug en það og ekki er víst að neinn grundvöllur væri fyrir því ef ekki hefði tekist að byggja þessa umfangsmiklu flutninga sem bæta við og fylla í skörðin og gera það að verkum að efnahagslegur grundvöllur er fyrir því viðamikla áætlunar- eða leiðakerfi sem Flugleiðir reka til og frá Keflavík.

Í öðru lagi leggja þeir Flugleiðamenn eins og fleiri ferðaþjónustuaðilar höfuðáherslu á að þetta leiði ekki til viðbótarkostnaðar og tala einnig um nauðsyn þess að upplýsa almenning um málið og vitna í loforð og heitstrengingar ráðherra m.a. í því sambandi að til þessa megi aldrei koma.

Þessir erfiðleikar í tengiflugi, herra forseti, eru praktískur vandi sem þarna blasir við okkur. Þó að vissulega virðist flest hafa verið gert sem er auðveldlega hægt að sjá eða ætlast til að gert hafi verið, svo sem ákvörðun um að fjölga þarna hliðum eða skoðunarstöðvum, er mörgum spurningum enn ósvarað. Það sannreyndi utanrmn. m.a. þegar við urðum vitni að vangaveltum manna og bollaleggingum um hluti eins og þá hvort hægt væri að spara tíma og hvort það stæðist t.d. að framkvæma einhverja fyrirframskoðun á farþegum vestan hafs. Eða hvort hægt væri að fá og leyfilegt að fá aðgang að farþegaskrám og keyra þær saman við upplýsingagrunninn á meðan farþegar væru á leiðinni til landsins yfir hafinu. Slíkum spurningum var ekki svarað já eða nei. Þær liggja í loftinu, þau mál eru óútkljáð. Þar af leiðandi er alveg ljóst að ýmsar hugmyndir sem menn hafa haft til að undirbúa eða auðvelda afgreiðsluna og flýta fyrir henni eru í lausu lofti enn sem komið er og ekki nein niðurstaða fengin í þeim efnum.

Ferðamálaráð er sömuleiðis í umsögn sinni býsna áhyggjufullt yfir þessu, held ég hljóti að verða að segjast. Ég leyfi mér að orða það svo með sérstakri vísan til þess hverjir eru þar innstu koppar í búri, þ.e. formaður stjórnar og varaformaður. Það eru góðkunningar okkar hér, hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hv. þm. Jón Kristjánsson. Þeir standa eitthvað nálægt þeirri ríkisstjórn sem er að flytja málið þannig að maður hefði fljótt á litið ekki búist við því að umsögn sem afgreidd hefur verið í stjórn Ferðamálaráðs yrði mjög gagnrýnin eða mjög hörð í garð þessa máls, eða hvað? En þó er það þannig að áhyggjur og efasemdir Ferðamálaráðs og ferðaþjónustuaðilanna leyna sér ekki í umsögn Ferðamálaráðs sem er að vísu undirrituð af Magnúsi Oddssyni ferðamálastjóra.

Þar er tíundað með svipuðum hætti og ræðumaður er reyndar að gera að vissulega sé hægt að sjá ýmis jákvæð áhrif af aðild hvað varði ferðaþjónustuna og þá fyrst og fremst þau að ferðamönnum verður almennt gert auðveldara að ferðast innan svæðisins en í raun og veru erfiðara að koma til þess. Ferðamálaráð telur nauðsynlegt að benda á þá þætti sem gætu — ef ekki er rétt að staðið — haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu við aðild okkar að Schengen og vitna þar sérstaklega til stöðu mála í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Síðan er í ítarlegu máli farið yfir það að allt sem torveldað gæti fólksflæði í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða verkað sem hemill fyrir komu ferðamanna utan að hingað inn væri auðvitað mjög neikvætt fyrir íslenska ferðaþjónustu. Sömuleiðis ef af þessu hlýst umtalsverður kostnaður sem tilhneiging verður síðan til að velta yfir á herðar notendanna, sem verður auðvitað til staðar, væri barnalegt að reikna með öðru en að stjórnvöld gerist þreytt á því að standa undir miklum útgjöldum sem leiða af síauknu eftirliti eða mannahaldi og hafi þá uppi tilburði til að reyna í rólegheitum að velta því yfir á notendurna.

Hér eru menn greinlega ekki fæddir í gær, hvorki í Ferðamálaráði né hjá Flugleiðum, og það er farið í alveg sérstaka leiðangra til að reyna að valda stöðuna í þessum efnum, dregnar fram heitstrengingar ráðherra og talað um að aldrei megi það verða að þarna myndist einhverjir þröskuldar í formi kostnaðar sem verði neikvæðir fyrir ferðaþjónustuna.

Í fjórða lagi, herra forseti, ætla ég að fjalla um sem eina meginröksemd gegn aðild okkar að þessu samstarfi, en það lýtur að afnámi persónueftirlits innan svæðisins og flæði fíkniefna. Þar er tvímælalaust á ferðinni eitt mesta áhyggjuefnið í sambandi við þátttöku og í raun og veru alla þessa framkvæmd, ekki bara fyrir Íslendinga heldur fyrir fjölmargar aðrar þjóðir. Það hafa menn væntanlega heyrt eða séð úr fréttum, m.a. frá Frakklandi og víðar að á Evrópu að einnig þar, niðri á meginlandi Evrópu, hafa menn af þessum hlutum miklar áhyggjur. Frakkar héldu til að mynda landamæraeftirliti til streitu mjög lengi og eiginlega til síðustu stundar, eins og þeim var stætt á miðað við ýtrustu fresti, eftir að það átti að hafa verið aflagt, einfaldlega vegna þess að þeir voru ósáttir við hvernig staðan var gagnvart fíkniefnavörnum og pólitík ýmissa nágrannalanda í sambandi við fíkniefni.

Ég held menn verði að hafa það í huga, herra forseti, að þegar þetta gerist og allt þetta persónueftirlit á landamærum fellur niður þá sameinast í eitt svæði lönd með mjög ólíka stefnu og ólík viðhorf í þessum efnum. Þar er gjarnan fyrst nefnt Holland sem hefur haft uppi allt aðra áherslu í sambandi við fíkniefni og haldið uppi mun minna eftirliti en aðrar þjóðir, jafnvel lögleitt í vissum skilningi að hluta til fíkniefni sem eru annars staðar bönnuð.

Vissulega eru hlutir í þessum pappírum sem öll aðildarríkin skuldbinda sig til þess að að takast á við sameiginlega — það er mér vel ljóst — og Hollendingar einnig. En eftir stendur að framkvæmdin verður væntanlega áfram verulega mismunandi í hverju landi fyrir sig og eftir stendur líka hitt sem t.d. kom fram í umsögn eða samtölum okkar við landlækni, að með þessu færast uppsprettur fíkniefna inn fyrir innri landamæri Schengen-ríkjanna í ákveðnum tilvikum. Það er t.d. talið að á Ítalíu séu starfræktar heróínverksmiðjur, að þangað berist — eftir ólöglegum leiðum að sjálfsögðu — hráefni, ópíum, til vinnslu og það sé hreinsað og unnið í leynilegum verksmiðjum, sjálfsagt undir handarjaðri mafíunnar eða Cosa Nostra og síðan haldi það áleiðis norður eftir Evrópu til markaða þar. Það sem gerist með tilkomu Schengen er að þessar uppsprettur eiturlyfjanna eða dreifingarmiðstöðvar, hvort sem þær eru á Ítalíu eða í Hollandi, eru komnar inn fyrir hin sameiginlegu landamæri.

Í þriðja lagi má nefna nýjustu leiðir sem eiturlyfin flæða nú eftir frá austanverðri Evrópu og Rússlandi inn til Vestur-Evrópu. Því miður er það svo að það er almennt vitað að þar eru leiðirnar mjög greiðar í gegnum fyrrum austantjaldsríkin og yfir til Vestur-Evrópu, og það reyndar svo að sumir halda

því fram að austurevrópskar mafíur séu meira og minna búnar að leggja þennan markað undir sig og einkum og sér í lagi vændi og klámiðnað hvers konar en honum er gjarnan tengd fíkniefnadreifing.

Í fjórða lagi, herra forseti, er líka nauðsynlegt að menn átti sig á því að þegar persónueftirlit er afnumið við ferðalög fólks innan þessa stóra svæðis þannig að í raun heil heimsálfa og jafnólík lönd og Spánn, Ítalía og Grikkland í suðri og austri, Skandinavía í norðri og Ísland í vestri eru öll komin innan sama svæðisins, þá verður afar vandséð að mikið verði hægt að hafa eftirlit með því hvernig t.d. ólöglegir innflytjendur og þau hundruð þúsunda að talið er sem eru núna í Evrópu án lögmætra eða réttra persónuskilríkja og tilskilinna leyfa, ferðast um svæðið af þeirri ósköp einföldu ástæðu að reglubundið persónueftirlit verður bannað.

Menn benda á að á móti eigi að efla löggæsluna og beita einhvers konar stikkprufum, það eigi í auknum mæli að fara að krefja ferðamenn um skilríki hvar sem þeir eru staddir, þess vegna hérna úti á stéttinni að mynda þinghúsið, og þá megi búast við því að lögreglan komi að þeim, klappi á öxlina á þeim og biðji þá um persónuskilríki. En á landamærunum verður það ekki heimilt, ekki sem reglubundið eftirlit. Ég verð a.m.k. að játa það á mig að þó ég hafi mikla trú á lögreglumönnum og þefvísi þeirra og næmni þá á ég erfitt með að sjá að það eitt að horfa alvarlega í augun á þúsundum farþega sem eru að streyma inn í gegnum hlið eða út úr dyrum á flugvöllum nægi til þess að tína úr misindismennina. En það kom einu sinni fram á okkar fundum að þeirri tækni yrði beitt alveg sérstaklega að horfa hvasst í augun á mönnum og gjarnan mundu þá glæpamennirnir eitthvað glúpna.

Herra forseti. Í fullri alvöru talað held ég að menn verði bara að horfast í augu við það eins og það er að með þessu er auðvitað verið að fella niður þó þá síu, þó þann hemil og þó þá fælingu sem hefur verið fólgin í núgildandi landamæraeftirliti í Evrópu. Það er þannig. Auðvitað ætla menn ýmis varnarviðbrögð á móti. En ég leyfi mér því miður að draga mjög í efa að það reynist nægjanlega árangursríkt.

Í hinni ágætu umsögn ríkislögreglustjóra sem í nefndaráliti þessu er birt sem fskj. I — og ég skýt því að í leiðinni að ég tel að umsögn ríkislögreglustjóra sé því embætti til sóma. Hún er mjög ítarleg og vandlega unnin að flestu leyti — stendur m.a. í tölulið 4, með leyfi forseta:

„Svo sem ljóst má vera kunna ýmsar hættur að vera samfara afnámi eftirlits á innri landamærum aðildarríkjanna. Af þessum sökum eru í Schengen-samningnum margvísleg ákvæði til að vega upp á móti þeirri vá."

Þetta er orðað svona, herra forseta forseti: „.... til að vega upp á móti þeirri vá", og hættum sem geta verið samfara afnámi persónueftirlits á landamærum. Ég held að lögreglustjóraembættið taki ekki svona til orða að gamni sínu. Síðan er vissulega fjallað ítarlega um það í umsögninni, svo öllu sé nú með hlutlausum hætti til haga haldið, að upplýsingasamstarfið, lögreglusamvinnan og ýmiss konar hert eftirlit verði reynt til að vega upp á móti þessu, til að mótverka þetta. En það leynir sér ekkert og menn eru ekkert að reyna að fela það í þessari umsögn ríkislögreglustjóra, og það líkar mér vel, að þarna er um grundvallarbreytingu að ræða sem er eðlilegt að menn hafi áhyggjur af, og auðvitað alveg sérstaklega fyrir land eins og Ísland sem hefur í raun og veru verið í algjörlega sérstakri stöðu til að verja sig að þessu leyti þannig að eiginlega ekkert annað land í Evrópu hefur getað teflt þar fram sambærilegum hlutum. Við höfum vegna okkar landfræðilegu einangrunar og þess hversu auðvelt það er vegna samgönguháttanna hér að koma við eftirliti, verið í öfundsverðri og mjög sérstakri stöðu. Ætli það geti ekki einmitt verið vegna þess sem við höfum verið blessunarlega laus við ýmiss konar glæpalýð og þrátt fyrir allt fengið minna yfir okkur af harðnandi ofbeldi sem menn verða mjög fyrir barðinu á víða í nágrannalöndunum?

Er það þá ekki, herra forseti, nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur ef við erum að glata úr höndum okkar kannski virkasta aðhalds- eða eftirlitstækinu í þessu sambandi, réttinum til eftirlits á landamærum okkar ríkis? Og er ástæða til þess fyrir okkur að gefa það eftir nema að mjög vel athuguðu og yfirlögðu ráði? Þarf ekki mikið að koma á móti? Ég segi jú. Það þarf mjög mikið að koma á móti. Þessu eiga menn ekki að henda frá sér með einhverja glýju í augunum bara af því að það sé svo fínt að taka þátt í slíku samstarfi Evrópuríkjanna.

Í fimmta lagi er þarna á ferðinni, herra forseti, sem mörgum hefur orðið nokkurt umhugsunarefni, viðamikil söfnun persónuupplýsinga. Það var að vísu ekki þáttur sem var sérstaklega til umfjöllunar í utanrmn. en ég nefni það hér í leiðinni. Og þar hafa auðvitað vaknað ýmsar spurningar sem lúta að persónuvernd og meðferð slíkra rafrænt skráðra upplýsinga.

Í sjötta lagi sem ókost og rök gegn því að við Íslendingar gerumst aðilar að þessu samstarfi nefni ég þá glötuðu sérstöðu Íslands sem þetta að sjálfsögðu felur í sér. Ísland án aðildar að Schengen en með góðum samningum við sín nágrannaríki bæði í austri og vestri hefði getað gert sér mat úr og byggt á sinni sérstöðu að ýmsu leyti, einnig í þessu tilliti. Nærtækast er auðvitað það sem snýr að rekstri okkar millilandaflugvalla eða flugvallar, sem aðallega er einn. Það er alveg ljóst að bæði uppbygging og rekstur flugstöðvarinnar og millilandaflugvallarins í Keflavík hefði orðið til muna ódýrari og einfaldari en ella verður án aðildar að Schengen. Færa má rök fyrir því að ýmiss konar kostnaður og óþægindi sem farþegar verða þarna fyrir hefðu ekki orðið til staðar og Keflavík hefði áfram getað státað af því að vera afar þægilegur og einfaldur viðkomustaður þar sem skamman tíma tæki að skipta um flugvél o.s.frv.

Vissulega hefðu þau óþægindi þá flust annað og menn hefðu átt það eftirlit eftir, t.d. í þeim tilvikum sem þeir voru að koma til landsins vestan um haf. En þá má líka benda á það þó það sé kannski ekki mjög stórmannleg röksemd, en látum hana flakka, að það hefði orðið hausverkur annarra, það eftirlit og þær tafir og þau óþægindi og sá pirringur sem það kynni að valda farþegum. Sú gremja beinist þá ekki að Íslendingum í því tilviki þegar eftirlitið fer fram á meginlandi Evrópu, á hinum Norðurlöndunum eða einhvers staðar annars staðar.

Ég tel verulega ástæðu til að ætla að það hefði verið mun vænlegri kostur í því sambandi fyrir okkur að reyna að gera áfram út á þá eiginleika sem menn hafa verið að reyna að fiska á í uppbyggingu tengiflugsins í Keflavík á undanförnum árum, að þar væri um sérlega þægilegan og fljótlegan viðkomustað að ræða.

Í sjöunda lagi, herra forseti, er ljóst og menn þurfa að gera sér grein fyrir því að þessi viðbúnaður, þó ærinn sé og mikill og dýr í Keflavík, verður ekki bara þar. Eigi þetta ekki að verka sem þröskuldur eða takmörkun annars staðar í landinu þá þarf líka að vera hægt að hafa svona viðbúnað á öðrum flugvöllum þar sem millilandaflug er starfrækt og í mjög

mörgum af höfnum landsins. Verði það ekki gert þá verða þessir staðir dæmdir úr leik sem þátttakendur í millilandaflugi eða millilandasiglingum. Það verður að vera þannig að á öllum helstu flugvöllum landsins og í öllum helstu höfnum verði komið upp slíkum Schengen-landamærastöðvum. Annars eru menn að útiloka þá aðila frá því að vera þátttakendur í slíku eða eiga möguleika í sambandi við þróun þeirra mála sem ella væri.

Hefur t.d. hv. þm. Jón Bjarnason kannað það hvort Alexandersflugvöllur við Sauðárkrók er í stakk búinn til þess að taka við flugumferð bæði frá Schengen-svæðum og utan? Ég veit það ekki. Og hvernig snýr þetta að fjölmörgum höfnum sem þurfa á því að halda að geta tekið við farþegum, t.d. öllum þeim mörgu höfnum sem taka erlend fraktskip vegna flutninga á afurðum úr sjávarútvegi eða innflutnings á hráefni? Þar er mjög oft um það að ræða að áhafnir komi frá borði og þurfa að eiga samskipti við heimamenn. Þá þarf að vera fyrir hendi fullnægjandi aðstaða sem er viðurkennd sem landamærastöð samkvæmt Schengen. Svo ekki sé nú minnst á skemmtiferðaskipin þar sem hundruð eða jafnvel þúsundir ferðamanna koma stundum í land þar sem þau samskipti þurfa að ganga mjög greitt fyrir sig, þar sem algjörlega óhugsandi er að fara að standa í tímafreku eftirliti á hverjum einasta farþega. Það er vandséð annað en að það girði þá fyrir möguleikana á stuttum heimsóknum farþega af skemmtiferðaskipum í land eins og nú eru mikið tíðkaðar.

Að vísu má hugsa sér að eftir að slíkt skip er komið inn fyrir 12 mílna lögsögu landsins og einu sinni búið að koma í land þá sé hægt að líta á umferðina sem innan svæðis svo fremi sem hún fari ekki út fyrir 12 mílna lögsögu. En það mun vera svo að öll umferð á sjó sem fer út fyrir 12 mílna landhelgi, önnur en fiskiskip og reglubundnar áætlunarsiglingar með farþega, þ.e. ferjur, er flokkuð sem utan-Schengenumferð, samanber það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði hér um þetta mál.

Ég get vísað í þessu sambandi, herra forseti, í umsögn Hafnasambandsins en þar er akkúrat komið inn á þetta mál. Þar segir m.a., herra forseti, eftirfarandi:

„Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á að vegabréfaafgreiðsla skemmtiferðaskipa í höfnum getur lengst verulega með tilkomu Schengen-reglna og einnig reglna um skoðunarstöðvar fyrir fisk. Flest skemmtiferðaskip hafa aðeins stutta viðdvöl í hverri höfn og því bagalegt ef mikil lenging eða töf verður vegna vegabréfaskoðunar."

Herra forseti. Þá ætla ég að draga saman niðurstöður mínar á eftirfarandi hátt. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að það sé ekki skynsamlegur kostur fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Schengen-samningnum. Ég vísa til alls þess sem hefur áður komið fram í mínu máli og bendi þar sérstaklega á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi samrýmist það ekki pólitískri stöðu Íslands og áframhaldandi stöðu okkar án aðildar að Evrópusambandinu að taka þátt í þessu samstarfi á grunni eins konar aukaaðildar að verkefnum sem búið er að innlima í Evrópusambandið, þar með talið að hluta til inn í fyrstu stoð Evrópusambandsins með yfirþjóðlegu valdi.

Í öðru lagi verður gríðarlegur kostnaður því samfara fyrir Ísland, bæði í formi fjárfestinga og rekstrarkostnaðar að taka þátt í þessu samstarfi sem ástæða er til að ætla að við hefðum að mestu eða jafnvel öllu leyti komist hjá með því að semja um annars konar lausn á samskiptum okkar við aðildarríki Evrópusambandsins eða Schengen-svæðisins að þessu leyti.

Í þriðja lagi geta skapast erfiðleikar í tengiflugi til og frá landinu vegna tafsams eftirlits sem ytri landamærastöðvar Evrópusambandsins krefjast. Gildir þetta fyrst og fremst fyrir millilandaflug í Keflavík.

Í fjórða lagi er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af minni möguleikum til eftirlits með flæði fíkniefna og fór fólks í vafasömum tilgangi innan svæðisins. Lausn í átt til þess sem Englendingar eða Írar eru að þróa, að taka þátt í vissum hlutum Schengen-samstarfsins, t.d. lögreglusamstarfinu að einhverju leyti en áskilja sér áfram rétt til persónueftirlits á landamærum, hefði í þessu sambandi verið mun fýsilegri kostur fyrir Ísland.

Í fimmta lagi eru það ýmsir þættir sem snúa að söfnun persónuupplýsinga og rekstri upplýsingakerfisins og persónuvernd í því sambandi sem eru óljósir og ekki er fullljóst enn hvers kyns árekstrar kunna að verða þar.

Í sjötta lagi, herra forseti, er ástæða til að hafa áhyggjur af þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu á þeim grunni sem það er byggt á og á því valdaframsali til yfirþjóðlegra stofnana sem þar fer fram í reynd, ekki að formi til en í reynd, með tilliti til stjórnarskrárinnar. Því miður, herra forseti, var sá þáttur málsins allt of lítið skoðaður af hálfu utanrmn. Í reynd er það svo að einungis sömu lögfræðingar og sömu lögfræðilegu álitsgjafarnir og ráðgjafarnir hafa komið að málinu allt frá samningstímanum sem ráðgjafar ríkisstjórnarinnar og síðan til að meta niðurstöðuna sjálfa. Það er mikill veikleiki í málinu að ekki skuli hafa farið fram óháð og sjálfstæð skoðun fleiri sérfróðra aðila á þessum viðkvæma þætti málsins. Ég ætla aðeins að rökstyðja þetta, herra forseti. Þegar samningarnir náðust 1997 um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu fyrir tilkomu Amsterdambreytinganna voru fengnir þrír ágætir lagaprófessorar til að meta þá niðurstöðu og skiluðu þeir henni í formi álitsgerðar í desember 1997. Þessir þrír lagaprófessorar voru Davíð Þ. Björgvinsson, Stefán M. Stefánsson og Viðar M. Matthíasson.

Þegar Schengen-samstarfið hafði síðan færst undir Evrópusambandið með Amsterdam-sáttmálanum þurfti á nýjan leik að fara í samningaviðræður og þeir samningar náðust um miðjan desember 1998 og þar telja menn að meginsamningsmarkmiðum Íslands hafi verið náð. Sá samningur var síðan undirritaður í Brussel 18. maí 1999. Í grg. með þáltill. á bls. 3 segir svo, með leyfi forseta:

„Meðan á samningaviðræðunum stóð leitaði utanríkisráðherra ráðgjafar lagaprófessoranna þriggja" — hverra? Jú, þeirra Davíðs Þ. Björgvinssonar, Stefáns M. Stefánssonar og Viðars M. Matthíassonar, — „um stjórnskipuleg atriði og hafði að öðru leyti samráð við ríkisstjórn og utanríkismálanefnd .... Með bréfi, dags. 17. febrúar sl., óskaði utanríkisráðuneytið eftir því við lagaprófessorana" — hvaða lagaprófessora? Lagaprófessorana þrjá, Davíð Þ. Björgvinsson, Stefán M. Stefánsson og Viðar M. Matthíasson. — „að þeir gæfu skriflega umsögn um endanlega gerð samningsins og er umsögn þeirra, dags. 31. ágúst 1999, prentuð sem fylgiskjal V með tillögu þessari."

Herra forseti. Þetta eru auðvitað hinir mætustu og virtustu lagaprófessorar sem þarna eiga hlut að máli. En þetta er í öllum þremur tilvikunum sömu þrír lagaprófessorarnir sem meta fyrstu niðurstöðuna, sem veita ráðgjöf í áframhaldandi samningaferli og sem meta síðan niðurstöðuna á lokastigi. Þá hlýtur maður að spyrja: Er það ekki veikleiki í stöðunni út frá öllum venjulegum viðmiðunum sem hafðar eru til

hliðsjónar um hæfi manna til að meta hluti sem þeir hafa áður átt aðild að, að svona skuli vera í pottinn búið? Ég veit að það er óþarfi en ég tek það samt fram, herra forseti, til að fyrirbyggja allan misskilning á frumstigi, að ég met þessa ágætu fræðimenn mikils og tel að vinna þeirra sé vönduð. Ég er síður en svo að láta að því liggja að niðurstöðum þeirra sé ekki treystandi sem slíkum. Ég bendi bara á að þeim málatilbúnaði er auðvitað stórlega áfátt, að þessi afdrifaríki þáttur málsins sem varðar samhengi við stjórnarskrána og var t.d. í tilviki EES-samninganna mjög umdeildur meðal lögfræðinga þar sem þeir skiptust nokkuð í tvö horn, þeir sem töldu að teygja mætti þannig á stjórnarskrárrammanum, eins og það var stundum orðað, að EES-samningurinn slyppi og hinir sem töldu að hann gerði það ekki.

Núna erum við aftur að fjalla um hluti sem sumpart eru jafnvel enn þá vandasamari en matið á EES-samningnum var á sínum tíma gagnvart stjórnarskránni. Ég segi um þann þátt málsins, herra forseti, að það eru mér vonbrigði og mikill veikleiki er í þeim bakgrunni málsins að ekki skuli hafa tekist að kalla til einhverja aðra til að skoða þessa hluti sem ekki eiga sömu málsaðild og þessir ágætu herramenn og sumir þeirra komu reyndar líka að mati á EES-samningnum fyrir stjórnvöld og eiga þar af leiðandi aðild að málinu einnig frá því stigi.

Síðast en ekki síst, herra forseti, dreg ég saman sem röksemd í þessum efnum, sem er þá væntanlega 8. tölul. í því safni, að ég get ekki komist að annarri niðurstöðu eftir að hafa setið nokkuð yfir þessu ásamt með félögum mínum í utanrmn. undanfarnar vikur og reynt eftir föngum að fara yfir helstu þætti málsins þó að ég hefði vissulega getað kosið mér meiri tíma til að lesa öll þessi miklu gögn sem fyrir okkur hafa verið lögð, en að undirbúningi hvað varðar framkvæmd og gildistöku samningsins sé mjög ábótavant og þar sé ýmislegt enn þá með ákaflega losaralegum blæ. Það er alveg skiljanlegt, og menn þurfa ekkert að taka þetta sem einhvern áfellisdóm yfir störfum sínum og ég veit að önnum köfnum ráðuneytismönnum, sem hafa ærið að starfa fyrir þó að svona verkefni bætist ekki við er auðvitað heilmikil vorkunn í þeim efnum eða öðrum hjá embættum eins og ríkislögreglustjóra, Útlendingaeftirliti, sýslumanni á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar þar sem þetta er gífurlegt viðbótarverkefni, þó að mönnum hafi reynst tíminn ódrjúgur til undirbúnings. Ég get bara sem dæmi, herra forseti, vitnað aðeins í niðurstöður álitsgerðar ríkislögreglustjóra, með leyfi forseta, en þar segir um stöðu þess embættis þar sem framkvæmd færist yfirleitt á þær herðar um þetta mál:

„Fram undan eru stórfelldar breytingar og endurskipulagning á störfum lögreglunnar vegna aðildar að Schengensamstarfinu." Sem sagt, stórfelldar breytingar og endurskipulagning á störfum lögreglunnar vegna aðildar að Schengensamstarfinu. Hér er ekki tekið grunnt í árinni.

Ég get, herra forseti, til viðbótar því sem ég hef áður fært fram sem rök fyrir afstöðu minni, tekið undir ýmislegt af því sem fram kemur í nál. 2. minni hluta og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mælti fyrir. Ég tek ekki undir allar röksemdirnar þar og við metum þetta svolítið út frá ólíkum sjónarhólum, hv. 1. þm. Vestf. meira út frá kostnaði en ég kannski örlítið meira út frá pólitískum þáttum en safnast þegar saman kemur og þegar allt er saman lagt tel ég þennan samning ekki skynsamlegan fyrir okkur.

Ég verð að segja að fyrirvaralaus stuðningur þingmanna Samfylkingarinnar og ef vera skyldi alls þingflokks Samfylkingarinnar vekur líka nokkra undrun mína. Ég hefði haldið eins og allt er í pottinn búið að vænta mætti a.m.k. einhverrar gagnrýni á suma þætti málsins úr þeim herbúðum en svo virðist ekki vera því að fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. skrifa fyrirvaralaust upp á nál. meiri hlutans, að vísu að þeirri sjálfsögðu setningu viðhafðri að framkvæmdin sé á ábyrgð stjórnvalda og hefði það einhvern tíma verið kallað „selvfølgelighed" af því að menn hafa orðið að bregða aðeins fyrir sig dönsku í þessari umræðu.

Niðurstaða 1. minni hluta, herra forseti, er sem sagt sú „að leggja til að Alþingi staðfesti ekki samninginn og felli till. til þál. um fullgildingu samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna. Þess í stað verði leitað eftir viðræðum um sérlausn fyrir Ísland. Til vara vill 1. minni hluti gera þá kröfu að viðsemjendum okkar verði tilkynnt, fari svo að samningurinn verði samþykktur, að Ísland muni áskilja sér rétt til þess að fresta framkvæmd samningsins þar sem of mörg álitamál séu hvað varðar stöðu Íslands, undirbúningi sé ábótavant."

Undir nefndarálitið skrifar sá sem hér stendur.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu.

[19:12]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með þungaflutningabifreiðum, 381. mál, svar samgrh., þskj. 795.

Íslensk málnefnd, 501. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 796.

[19:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hafði eitthvað misskilið hvernig þessari umræðu yrði háttað í dag og því miður hafði ég bundið mig við skyldustörf í kvöld þannig að ég get ekki verið við umræðuna í kvöld, en mig langar til að koma að tveimur atriðum sem hafa komið fram í máli þeirra sem ég hef hlýtt á, annars vegar hv. 5. þm. Vestf., Einars Odds Kristjánssonar, og hv. síðasta ræðumanns, Steingríms J. Sigfússonar, 3. þm. Norðurl. e.

Fyrsta atriðið sem ég vildi koma inn á sem skiptir miklu máli í þessu sambandi er að meta hagsmuni Íslands og Íslendinga í þessu sambandi, hverjir eru hagsmunir landsins í þessu stóra máli og hvers vegna við höfum komist að þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir. Mér hefur fundist koma fram í máli hv. þm. að aðrir kostir hefðu verið uppi á borðinu. Þar hefðu menn getað leitað annarra lausna. Auðvitað geta menn haldið slíku fram en hér er um samningslausn að ræða sem að mínu mati er sú besta samningslausn sem völ var á, en auðvitað geta menn lengi haldið áfram að íhuga og velta því fyrir sér hvort menn hefðu ekki getað náð einhverri allt annarri lausn. Ég skal ekki gera lítið úr því en ég er fullviss um að það var ekki fyrir hendi.

Ég vil fyrst koma að því sem hér hefur verið rætt um að af þessu hljótist verulegur kostnaður. Það liggur alveg ljóst fyrir að allmikill kostnaður mun verða í sambandi við þetta mál. Það er hins vegar mjög erfitt að gera sér grein fyrir hvað hann verður mikill og við hvað á að bera saman og hvernig þeim útreikningum á að vera háttað. Ég geri ekkert lítið úr tilraunum til slíkra útreikninga en ég hygg þó að þeir séu mjög erfiðir eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni en ég gef ekki allt of mikið fyrir

slíka útreikninga, enda er það að mínu mati ekki aðalatriði þessa máls.

Í því sambandi verðum við að velta fyrir okkur hver sé hinn raunverulegi kostnaður af því að standa utan við þessa lausn. Er hann enginn? Mér finnst það koma fram í máli þeirra sem gera mikið úr kostnaðinum við aðildina.

Það er t.d. ljóst, ef við lítum á tengiflug Íslendinga frá Íslandi, að ef við stöndum utan við Schengen-lausnina þurfum við meiri tíma til að fara áfram í tengiflugi til annarra landa, t.d. innan Evrópu. Hv. þm. segja að þar verði okkur úthlutað ákveðnum stæðum. Það liggur alveg ljóst fyrir að Schengenhlutinn í flugstöðvum í Evrópu verður hjartað í flugstöðvum í Evrópu. Það verður gegnum þessar flugstöðvar sem umferðin gengur greiðast fyrir sig. Það er alveg ljóst að í þeim hlutum flugstöðvanna sem taka við umferð frá löndum utan Schengen-svæðis eða utan Evrópu mun taka lengri tíma að komast í gegn. Ég ætla ekki að flokka það sem einhvern óæðri félagsskap. Hins vegar er staðreynd að það mun taka lengri tíma og valda farþegum allmiklu meiri óþægindum en annars verður um að ræða. Er einskis virði fyrir Íslendinga að losna við það? Kostar ekki tíminn peninga? Kostar ekki sá tími peninga einnig, þó það séu bara ferðamenn að fara sér til skemmtunar og yndisauka til annarra staða? Kostar það ekki viðskiptaaðila okkar sem leita út í heim eftir viðskiptum við aðrar þjóðir, kostar ekki tími þeirra peninga? Ætli það sé ekki ljóst að sú tíðni sem menn annars mundu búa við í þessu tengiflugi yrði minni. Það verður að reikna með, þegar ferðalög eru skipulögð, þessum töfum. Þetta vildi ég nefna sem dæmi.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði réttilega að það yrði auðveldara að ferðast innan svæðisins. Hann átti þá m.a. við þetta sem ég hef komið að. Hann sagði hins vegar að það yrði erfiðara að komast til svæðisins. Ég tel að það sé ekki rétt. Nú höfum við í undirbúningi samninga við dönsku utanríkisþjónustuna þar sem við gerum ráð fyrir því að danska utanríkisþjónustan geti fyrir okkar hönd veitt ferðamönnum frá Suður-Ameríku, Asíu eða annars staðar frá, vegabréfsáritun fyrir okkar hönd. Við munum þannig stórauka þessa þjónustu.

Þegar ferðamaður kemur t.d. frá Suður-Ameríku eða frá Tævan, en þaðan koma ferðamenn í vaxandi mæli og það land er nokkuð til umræðu um þessar mundir, þá þarf viðkomandi ferðamaður frá Tævan að hafa fimm vegabréfsáritarnir til Norðurlandanna. En það er algengt að ferðamenn frá þessum heimshluta heimsæki fleiri en eitt Norðurlandanna. Eftir þessa breytingu þarf ferðamaður hvort sem er frá Tævan eða Suður-Ameríku aðeins eina vegabréfsáritun inn á Schengen-svæðið. Hann á að vísu að fá vegabréfsáritun, fyrst og fremst til þess lands sem hann ætlar fyrst til þannig að þessi skipan mála mun auðvelda aðilum utan svæðisins að ferðast til Íslands. Hún mun því greiða fyrir því að þessi þjónusta sé veitt með eðlilegum hætti. Nú þurfum við t.d. að veita ferðamönnum frá Tævan vegabréfsáritun frá Hong Kong.

Ég fullyrði að með þeirri skipan sem þarna er ákveðin megi búast við að ferðamannastraumur til Íslands gangi auðveldar fyrir sig og verði meiri. Það liggur alveg ljóst fyrir að þær þjóðir sem við erum að fara í samskipti við eru ekki síst þær þjóðir sem hafa áhuga á Íslandi sem áfangastað. Þessi skipan mála mun greiða fyrir samskiptum milli Íslands og Evrópu og auka ferðamannastraum. Það eru ýmsir sem gera nokkuð úr skriffinnsku í kringum hitt og þetta. Hér verður um að ræða samgöngur með svipuðum hætti og innanlandsflug okkar. Þess vegna er ég viss um að þetta mun greiða fyrir. Þau rök eru m.a. birt í Noregi að nauðsynlegt sé fyrir Noreg að vera með í þessu, að ef Noregur stæði utan Schengen-samkomulagsins mundi það torvelda samskipti milli Norðurlandanna og draga úr ferðamannastraum til Noregs.

Það er líka ljóst að ýmsir ferðamenn sem ákveða að fara á norðurslóðir velja á milli þess hvort þeir eigi að fara til norðurhluta Noregs, Svíþjóðar eða Íslands. Sumir vilja heimsækja alla þessa staði. Þarna er valið á milli og ég er viss um að þessi lausn mun gera það líklegar að við verðum fyrir valinu.

Greiðari samgöngur og betri aðferðir til að komast á milli auðvelda viðskipti og auka milli landa. Ég er þeirrar skoðunar að þetta muni greiða fyrir viðskiptum okkar við Evrópu. Við þurfum að sjálfsögðu að gera það upp við okkur með hverjum við viljum fyrst og fremst starfa. Viljum við halda áfram að starfa á þessu sviði með hinum Norðurlöndunum? Mitt svar er já. Viljum við halda áfram að starfa með þeim Evrópuþjóðum sem eru aðilar að þessu samkomulagi? Svar mitt er já. Þetta eru þær þjóðir sem við höfum mest samskipti og viðskipti við og að mínu mati er ábyrgðarhlutur að ætla sér að vera utan við þessa samvinnu.

Nú segja menn, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að út af fyrir sig sé allt í lagi að gera þetta ef menn ætli sér inn í Evrópusambandið. Það má vel vera að hann hafi rétt fyrir sér í því og hann hefur rétt fyrir sér í því. Ef við förum inn í þessa samvinnu þá verður auðveldara að fara þar inn. En ég held því hiklaust fram að það muni jafnframt auðvelda okkur að vera þar fyrir utan ef við kjósum það. Ég held að hv. þm. ættu líka að íhuga það. Við Íslendingar höfum hingað til kosið að vera með í allri þeirri alþjóðasamvinnu, þar á meðal Evrópusamvinnu, sem við teljum að sé okkur hagstæð. Þetta lá til grundvallar þegar við gerðumst aðilar að innri markaðnum vegna mikilvægra viðskiptahagsmuna. Með sama hætti hljótum við að ákveða að taka þátt í þessari samvinnu vegna þess að hún er okkur hagstæð.

Þá er því haldið fram að við hefðum getað fengið einhverja svipaða lausn og Bretar og Írar og það hafi ekkert verið reynt. Nú er ekki hægt að líta eins á Bretland og Írland í þessu samhengi af þeirri einföldu ástæðu að Bretland og Írland eru aðilar að Evrópusambandinu. Ég þykist nokkuð viss um að ef byrjunarpunkturinn í þessu máli hefði verið að ganga í Evrópusambandið þá hefðu menn getað fengið sömu niðurstöðu og Bretar og Írar. En þá hefðu menn kosið að vera í flokki með Bretum og Írum en ekki með hinum Norðurlöndunum. Ég vil ekki mæla sérstaklega með því. Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir að Írar eru mun áhugasamari en Bretar um að koma inn í þetta samstarf og munu gera það ef Bretar taka þessa ákvörðun. Vegna mikilla tengsla milli flugsins til Bretlands og sérstöðu Íra í því sambandi þá kjósa þeir hins vegar að velja sömu lausn og Bretar. Hins vegar liggur ljóst fyrir að Bretar eru smátt og smátt að færa sig í þessa átt, taka meiri og meiri þátt í þessu. Menn meta það svo að þeir muni enda inni í þessu samstarfi, hvenær svo sem það verður.

Það er ekki jafnauðvelt fyrir okkur Íslendinga, sem stöndum utan Evrópusambandsins, að taka um þetta ákvörðun á einhverju því stigi sem við teljum að okkur henti. Við urðum að grípa tækifærið þegar það gafst. Það gafst þegar samningurinn um Schengen var gerður og það samkomulag náðist

fyrst og fremst vegna samskipta og vináttu okkar við aðrar Norðurlandaþjóðir. Það var mjög mikilvægt er sá samningur var gerður vegna þess að eftir það ákvað Evrópusambandið að færa þetta mál inn á vettvang Evrópusambandsins. Vegna þess að við höfðum gert góðan samning með þátttöku í ákvarðanatöku o.s.frv., mun skýrar en er í EES-samningnum, tókst okkur að viðhalda þeirri skipan mála. Ég fullyrði að hefði sá samningur ekki verið gerður þá hefði það ekki tekist, það er mitt mat.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Að lokum vil ég segja að ákvörðunin um þetta mál er fyrst og fremst pólitísks eðlis og fjallar um það hvar Ísland vill standa í alþjóðlegri samvinnu, hverja við teljum vera okkar helstu bandamenn, hverja við teljum okkar helstu viðskiptaaðila og hvaða þjóðir við teljum að við munum hafa mest samskipti við í náinni framtíð. Ég held að það liggi ljóst fyrir að það eru Norðurlandaþjóðirnar og þjóðirnar á meginlandi Evrópu. Við eigum mest menningarleg tengsl við þessar þjóðir. Við eigum mest viðskiptaleg tengsl við þessar þjóðir og hagsmunir okkar liggja að verulegu leyti með þessum þjóðum. Þeir verða ekki algerlega aðskildir frá hagsmunum þeirra. Þetta er aðalatriði málsins og þess vegna er niðurstaða mín sú að við hljótum að velja samleið með þessum þjóðum þegar það er okkur hagstætt.

Menn gera mikið úr erfiðleikum sem orðið gætu á Keflavíkurflugvelli. Það er allt saman leysanlegt og ég tel enga ástæðu til að óttast það sérstaklega. Ég geri mér góða grein fyrir því hversu mikilvægt tengiflugið er, hversu mikilvægur grundvöllur það er í rekstri Flugleiða og samskiptunum við bæði Ameríku og Evrópu. Þetta er allt saman leysanlegt og við munum leysa það mun betur en aðrar þjóðir. Við munum leysa það þannig að Keflavíkurflugvöllur verði eftirsóttur lendingarstaður þegar komið er inn á Schengen-svæðið. Ég er viss um að það getur orðið okkar til vegsauka og til þess að auka umferð um þann flugvöll. Auðvitað eru þar ákveðin viðfangsefni og vandamál en ekkert sem bendir til annars en að þau séu hægt að leysa.

Ég bið hv. þm. og aðra, líka aðila í ferðaþjónustu, að tala ekki eingöngu um tafir sem geta orðið á þeim flugvelli. Mér finnst að það þurfi líka að tala um þjónustuna við fólkið á þeim flugvöllum sem eru endastöðvar og skiptistöðvar. Er það ekki líka skylda okkar að standa þannig að málum að för Íslendinga til annarra landa sé bærilega greið og aðgangur þeirra til annarra landa landa sé greiður. Ferðalög Íslendinga eru sífellt að aukast og þau munu stóraukast í framtíðinni. Þegar við samþykktum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið voru frjálsar ferðir fólks á milli landa eitt af því sem þar var talað um sem grundvallaratriði. Hér er verið að hrinda því í framkvæmd að miklu leyti. Þeir sem stóðu að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hljóta því að styðja þetta mál. Ég fæ það a.m.k. ekki til að ganga upp að menn sem studdu það mál styðji ekki þetta mál. Einn af grundvallarþáttunum í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var frjáls för fólks, frjáls vöruviðskipti og frjálst flæði þjónustu og fjármagns. Þetta er því ekkert annað en einn af grundvallarþáttunum í því máli.

Að lokum vildi ég, herra forseti, þakka fyrir það ágæta starf sem unnið hefur verið í hv. utanrmn. Ég veit að það er mikið að vöxtum og þar hefur verið farið vel í gegnum þetta mál. Það hefur verið kvartað yfir því að ekki hafi verið mikil kynning á því. Málið hefur út af fyrir sig verið heilmikið kynnt en það hefur að mínu mati ekki hlotið þá athygli og áhuga innan lands sem ástæða hefði verið til. Bara þetta nafn, Schengen, fælir frá. Menn spyrja: Hvað er nú það? Þetta er lítill bær í Evrópu sem þessi samningur hefur verið kenndur við. En þetta mál mun ekki kennt við þennan bæ um aldur og ævi. Það sem standa mun á hliðunum inn í Evrópu er annars vegar Evrópubúar og hins vegar þeir sem eru utan Evrópu, þ.e. European or non-European. Þeir sem vilja vera utan Schengen vilja þá dæma okkur og alla Íslendinga til að ferðast eins og þeir séu ekki Evrópubúar, non-European. Ég lít á Ísland sem Evrópuþjóð og hef alltaf litið á Ísland sem Evrópuþjóð. Þess vegna er það mín pólitíska niðurstaða að við eigum að vera með Evrópu í þessu máli.

[19:33]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála utanrrh. um það að við séum Evrópuþjóð og ég er ekki að leggja til að við segjum okkur úr Evrópu, ekki heldur úr Norðurlöndunum. Hæstv. ráðherra talar um að menn geti út af fyrir sig velt fyrir sér og bollalagt aðrar leiðir en talar í raun og veru eins og þær hefðu ekki verið í boði. Það sem ég er að segja er það, að ég tel að ekkert hafi verið látið á það reyna. Það voru ekki skoðaðir eða ræddir aðrir mögulegir kostir samhliða. Málinu var ekki stillt þannig upp. Það var ekki lagt upp í þetta ferðalag nema með þetta eina takmark og endastöð, aðild að Schengen.

Í öðru lagi er vissulega rétt að tafir á flugvöllum annars staðar og óhagræði sem gæti skapast af því að standa utan við, og kæmi þá fram annars staðar, skiptir að sjálfsögðu máli og ber að meta það. Tíminn er verðmætur þar. Hæstv. ráðherra talar um viðskiptaferðir út í heim en þá skulum við líka hafa í huga, herra forseti, að heimurinn er meira en Evrópa. Við þurfum líka að muna eftir því að við getum ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnum. Við þurfum líka að vera tilbúin til að mæta því sem getur kallað yfir okkur, óhagræði og takmarkað stöðu okkar gagnvart öðrum aðilum. Ég nefni þar sérstaklega Norður-Ameríku og t.d. vaxandi samskipti við þá heimsálfu og vonandi einkum og sér í lagi við Kanada á næstu árum og áratugum.

Í þriðja lagi stillir hæstv. ráðherra þessu dálítið þannig upp að spyrja sjálfan sig spurninga: Viljum við tilheyra Norðurlöndunum? Ætlum við að vinna með þeim? Hann svarar sjálfum sér játandi. Erum við Evrópuþjóð og ætlum að vera áfram í Evrópu? Hann svarar sjálfum sér játandi.

Ég tel að þetta snúist ekki um það að velja í grundvallaratriðum hverjum við ætlum að tilheyra eða með hverjum við ætlum að starfa. Ég hef ekki heyrt neina tillögu um að við segðum okkur úr Norðurlöndunum eða Evrópu. Þetta snýst auðvitað ekki um það, hæstv. ráðherra, og það er ekki mjög efnislegt finnst mér að stilla málinu þannig upp. Það er einföldun á þessu máli að svara sér svo játandi með svo einfaldri spurningu. Við ætlum að sjálfsögðu að eiga góð samskipti við þessar þjóðir. Spurningin er á hvaða formi það er.

[19:35]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki þannig, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að ávallt sé hægt að velja út úr slíku samstarfi það sem okkur hentar best og sleppa hinu. Við getum út af fyrir sig staðið í ræðustól á Alþingi daginn út og daginn inn og reynt að semja við sjálfa okkur um þetta mál og önnur mál. Það er bara ekki þannig. Þegar ég er að lýsa því hvaða kostir hafi verið þarna í boði, þá er það mitt mat og það verður þá

að standa sem mitt mat að það hafi annaðhvort verið að vera með í þessu eða standa utan við það. Þegar hv. þm. er að þýða „positiv medvirkning" liggur alveg ljóst fyrir að þar er verið að tala um jákvæða þátttöku og það lá alveg ljóst fyrir alla tíð vegna þeirrar yfirlýsingar sem hann vitnaði í og við höfum oft tekist á um að menn voru fyrst og fremst að tala um það að ná niðurstöðu sem Norðurlöndin öll gætu sætt sig við. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir og ég hélt að það væri hv. þingmönnum alveg ljóst að þegar Finnland og Svíþjóð gengu í Evrópusambandið, þá voru þau að ganga í Evrópusambandið og Danmörk var þar fyrir. Þeir vildu hins vegar láta reyna til hins ýtrasta að fá niðurstöðu sem væri ásættanleg fyrir Noreg og Ísland. Þannig var málið unnið og slík niðurstaða fékkst. Það má tala við hvern sem er um það og ég hvet hv. þm. t.d. að spyrja forsætisráðherra Danmerkur um það vegna þess að hann vitnaði til þessa máls á dönsku hvort það væri ekki alveg ljóst því að hann þekkir afar vel til þess næst þegar hann hittir hann í Norðurlandasamvinnunni. Þannig er þetta og þetta er mat mitt og það verður þá að standa þannig og ég tel mig hafa orðið nokkra þekkingu á þessu samningaferli.

[19:37]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki dreg ég það í efa að hæstv. ráðherra er búinn að fara í margar ferðirnar og hefur orðið þó nokkra nasasjón af því hvernig þessir hlutir ganga þarna fyrir sig. Vissulega er það svo að í sinni hráustu mynd snúast þessir hlutir um að vera með eða vera ekki með.

En svo þegar betur er að gáð er veruleikinn ekki alltaf svo einfaldur og eitt er víst og það er að menn ná ekki fram samningum um sérlausnir sem þeim hentar nema að reyna það, nema að tefla fram sérstöðu sinni og biðja um skilning á henni og fara fram á einhverjar lausnir sem taki tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem menn eru í. Hvernig hefur þetta gengið í Evrópusambandinu? Eru þetta svona hreinar línur þar, annaðhvort 100% með eða 100% ekki? Ó, ekki, aldeilis. Hvernig er þetta með Dani? Það er búið að klæðskerasauma hverja lausnina á fætur annarri til að henta Dönum í Edinborgarsamþykktunum með ýmiss konar undanþágum þeirra frá fyrri tíð vegna sumarbústaða o.s.frv. o.s.frv. Hvernig er með Breta og Íra? Þeir hafa sérstöðu í ýmsum þáttum Evrópusamstarfsins. Þeir eru ekki með í Schengen. Hvernig er með vini okkar, Grikki? Ekki nema lítill hluti af Evrópuréttinum er virkur gagnvart Grikkjum. Þeir eru á sérkjörum gagnvart Schengen enn sem komið er það best ég veit.

Í reynd er það þannig að einmitt Evrópusambandið með sínu volduga bírókratíi er þekkt út um allan heim fyrir lagni sína við að möndla fram alls konar sérlausnir og stoða- og grindarkerfi sem kennt er í flóknustu stjórnsýslufræðum í háskólum um víðan heim af því að engir hafa náð slíkri fullkomnun í skrifræði nema ef vera skyldi þeir sem héldu um taumana hjá faróunum í Egyptalandi en þar mun hafa verið nokkuð umfangsmikið byrokratí á einni tíð.

Þess vegna er það ekki þannig, herra forseti, að það liggi bara fyrir að kostir Íslands eða Noregs eða þess vegna hinna Norðurlandanna hafi í þessu dæmi í byrjun bara verið að vera með 100% eða ekki. Sagan sýnir annað.

[19:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnar til sérlausna sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa fengið í málinu og ýmsum öðrum. Danir hafa ákveðna lausn innan Schengen. Segja má að hún sé kannski ekkert ósvipuð og við og Norðmenn höfum fengið og líkist henni.

Það er hins vegar annað mál að semja um lausn, verandi aðildarríki í Evrópusambandinu eða standa utan þess. Það liggur alveg ljóst fyrir og ég minni á að það er mjög einstakt og hefur raunverulega aldrei gerst áður að tekist hafi að semja við Evrópusambandið um álíka lausn og fékkst fyrir Noreg og Ísland. Þar er tekið tillit til sérstöðu okkar. Þar er tekið tillit til Norðurlandasamvinnunnar þannig að því verður ekki haldið fram að við höfum ekki fengið viðurkennda sérstöðu okkar í þessu máli. Það höfum við fengið og á það höfum við lagt áherslu. En ég fullyrði að ef við hefðum farið út úr þeim ramma og stokkið yfir í eitthvað annað og farið að tala um eitthvað svipaða lausn og Bretar og Írar fengu innan Evrópusambandsins hefði því verið lokið þar með. Þetta fullyrði ég. Menn verða þegar þeir dæma þetta mál að meta stöðu okkar og samningsstöðu sem ríkis sem stendur utan Evrópusambandsins. Það er aðalatriði málsins. Þess vegna fullyrði ég að hér fengum við lausn sem er einstök. Hún mun gagnast okkur hvort sem við göngum í Evrópusambandið eða ekki. Hún mun gera okkur auðveldara, það er rétt, að fara þar inn en hún mun líka gera okkur auðveldara að standa þar utan við ef við kjósum svo.

[19:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem studdu samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hljóta að styðja Schengen. Á þessa leið talaði hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson. Með öðrum orðum er Schengen rökrétt framhald á EES og hann bætti í og sagði að EES fjallaði um frjálst flæði á vöru, fjármagni og fólki og með Schengen erum við að tryggja það síðastnefnda, vöru, fólki og fjármagni.

Mér finnst þetta heiðarlegt af hálfu hæstv. utanrrh. Hann lítur öðrum augum á Schengen-samkomulagið sem hluta af hinu evrópska samrunaferli. Það sem er heiðarlegt við þetta er að stilla málinu upp pólitískt. Það sem mér fannst hins vegar áhyggjuefni og óábyrgt af hálfu hæstv. utanrrh. er hvernig hann afgreiddi peningahlið málsins og ef ég heyrði rétt, hvernig hann orðaði þá gagnrýni sem hefur komið fram á milljarðakostnað sem Íslendingar eru að taka á sig vegna Schengen. Hann sagði: Þetta er ekki aðalatriði málsins og þá er málið útrætt.

Ég vil, herra forseti, lýsa því yfir, að mér finnst þetta afspyrnuóábyrg afstaða af hálfu hæstv. utanrrh. í þessu máli.

[19:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vel má vera að menn líti svo á að það sé óábyrg afstaða. Ég er einfaldlega að halda því fram að það sé nánast útilokað að reikna þetta dæmi. Kostnaðurinn er ekki upp á marga milljarða, það er ekki rétt, það er rangt. Ég treysti mér ekki til að meta það nákvæmlega hver kostnaðurinn verður en hann verður ekki upp á marga milljarða og það hafa verið lagðar fram tölur um það hver hann er. Það hefur t.d. verið metið svo af þeim aðilum sem hafa teiknað flugstöðina að viðbótarkostnaður vegna hennar væri á bilinu 500–900 millj. Ég er ekkert viss um að þeir útreikningar

séu réttir. Vel má vera að það megi reikna þetta hærra eða eitthvað lægra. En ég tel að þeir sem fara út í slíka útreikninga verði líka að reikna kostnaðinn hinum megin fyrir land og þjóð og þá hagsmuni sem eru í húfi en það verði ekki einfaldlega afgreitt með því að reikna laun viðbótarlögreglumanna eða viðbótarrekstrarkostnað í flugstöðinni. Dæmið er ekki svo einfalt. Það er það sem ég er að halda fram. Ég tel óábyrgt að reyna að reikna eingöngu kostnaðartölur en reikna engan fórnarkostnað við það að standa utan við. Það má kalla það óábyrgt gagnvart mér ef menn kjósa svo. Ég er einfaldlega þessarar skoðunar og ég vænti þess að hv. þm. virði það.

[19:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að þjóðin virði það. Hún ætlast til þess af ríkisstjórn og ráðherrum að þeir viti út í hvað verið er að taka okkur.

Í svari hæstv. utanrrh. kemur fram að menn hafi ekki hugmynd um kostnaðinn, menn viti ekki hvað þetta kemur til með að kosta okkur. Og þeir sem á annað borð reikna þessa hluti, segir hæstv. utanrrh., verða að taka ýmsar forsendur inn í þá reikninga.

Eru menn virkilega að fá Alþingi Íslendinga til að samþykkja hér lög og breytingar án þess að þeir viti hver tilkostnaðurinn verði?

Ég mun síðar við umræðuna í kvöld fjalla um þær mótsagnir sem komu fram í máli hæstv. utanrrh. sem segir fjálglega að tíminn kosti peninga þegar menn bíði í biðröðum á erlendum flugvöllum, en gerir síðan ekkert úr því amstri og þeim töfum sem verða á okkar eigin flugvöllum.

Um þessar mótsagnir mun ég fjalla síðar við umræðuna, en hitt finnst mér óábyrgt að íslensk stjórnvöld hafi ekki hugmynd um og viðurkenni það hver tilkostnaðurinn verði af Schengen fyrir Íslendinga. Það finnst mér mjög alvarlegt og mér finnst það óábyrgt.

[19:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er að snúa út úr orðum mínum og hann verður að eiga það við sjálfan sig. Ákveðnar kostnaðartölur liggja fyrir í þessu máli og þær hafa verið reiddar fram. Ég var einfaldlega að segja að ég hefði vissar efasemdir um að hægt sé að reikna viðbótarkostnaðinn í flugstöðinni með því að segja: fjárfestingarkostnaðurinn er á bilinu 500–900 milljónir. (**ÖJ:** Fyrsti áfanginn.)

En ég bið hv. þm. að hugsa líka um það hvort einhver kostnaður er af því að standa utan við þetta. Og sá kostnaður er mikill að mínu mati og sá kostnaður er mun meiri en kostnaðurinn við það sem við þurfum að leggja í þetta. Það er mat mitt á málinu. Það er m.a. ástæðan fyrir því að ég tek afstöðu með því að við gerum þetta.

Hann segir að þjóðin muni ekki skilja það. Ég held að þjóðin skilji það alveg. (**ÖJ:** Muni ekki virða það.) Muni ekki virða það. Nú, ég vænti þess að það sé virt við mig að ég segi skoðun mína í málinu. Og ég vænti þess að það sé virt við mig að ég segi mitt mat á málinu og hvert er mat mitt á því hvað er íslensku þjóðinni fyrir bestu til lengri tíma litið. Ég tel að það sé ástæðan fyrir því að ég er kjörinn til setu hér á Alþingi og hafi þær skyldur við þjóðina að segja mína skoðun á því og standa við það og standa að málum með þeim hætti. Það er það sem ég er að gera.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta reynist íslensku þjóðinni hagstætt og það er ábyrgðarhlutur að standa gegn því. Það mun koma í ljós, hv. þm., þótt síðar verði. Og þá ætla ég og ég veit að ég mun verða stoltur af því síðar meir að hafa staðið að þessu. Ég vænti þess að hv. þm. verði stoltur af því að hafa verið á móti því. En ég hef miklar efasemdir um það.

[Fundarhlé. — 19:49]

[20:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um fullgildingu samnings um svokallaðar Schengen-gerðir og Schengensamning og á þeirri spýtu hanga reyndar fleiri þingmál, frv. til breytinga á lögum, frv. um svokallað upplýsingakerfi Schengen og breytingar á ýmsum lögum sem nauðsynlegt er að gera vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Schengen-samstarfið gengur út á að fella niður eftirlit innan Schengen-svæðisins sem tekur til Evrópusambandsríkjanna að undanskildu Bretlandi og Írlandi. Frakkar munu verða með í Schengen-samstarfinu og þótt þeir hafi lengi tregðast við og haft miklar efasemdir þar í landi um ágæti þessa samstarfs hefur það sjónarmið orðið ofan á í Frakklandi sem annars staðar innan Evrópusambandsins að Schengensamkomulagið og Schengen-samstarfið sé eðlileg þróun eða eðlilegur hluti af samrunaferli Evrópu.

Ég virði að sjálfsögðu það sjónarmið, það heiðarlega sjónarmið sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. í umræðunni fyrr í kvöld, að sér fyndist það vera rökrétt af hálfu þeirra sem studdu samninginn um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma að styðja einnig Schengen-samkomulagið. Þar með stillir hann þessu réttilega upp í pólitískt samhengi.

Það var nú reyndar svo að flokkur hans, Framsfl., var ekki einhuga um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma og ágæti þess og ágæti Evrópusamvinnunnar í þeim farvegi sem ákveðið var að fara en svo virðist sem þar hafi orðið veruleg breyting á, enda margoft komið fram að Framsfl. hefur gerst talsmaður þessa Evrópusamstarfs.

Evrópusamstarfið á sér langa og virðulega sögu. Á síðari hluta 20. aldarinnar, fljótlega eftir stríð, var farið að tala um nauðsyn þess að stofna jafnvel eitt ríki í Evrópu. Það mun hafa verið Winston Churchill sem orðaði þá hugsun fyrst, fljótlega eftir seinna stríð, 1946. Það voru þó ekki Bretar sem voru með í Evrópusamstarfinu frá upphafi, það voru sex Evrópuríki, Holland, Belgía, Lúxemborg, Vestur-Þýskaland, Frakkland og Ítalía sem stofnuðu svokallað stál- og kolabandalag upp úr 1950. Árið 1951 var tekin ákvörðun um það og tók það síðan til starfa á næstu missirum, 1953 hafði það tekið til starfa og byggði á sameiginlegum markaði með kol og stál í Evrópu.

Á þessum tíma var einnig stofnað evrópskt varnarbandalag, European Defense Union, en það er ekki fyrr en undir lok sjötta áratugarins, 1957, að Rómarsáttmálinn er undirritaður og þá af hálfu þeirra sex ríkja sem stóðu upphaflega að stál- og kolabandalaginu. Og á Rómarsáttmálanum byggist síðan Evrópusamvinnan allar götur frá þeim tíma.

Með Rómarsáttmálanum er Evrópubandalag Evrópu stofnað, skammstafað EBE á íslensku, European Economic Community, skammstafað EEC á ensku. Síðan er það ekki fyrr en líður á öldina að Evrópubandalagið tekur pólitískum breytingum og til verður Evrópusambandið eftir því sem þessi Evrópusamruni verður meiri.

Við þekkjum þá sögu, hvernig sífellt fleiri ríki hafa bæst í hópinn. Í byrjun áttunda áratugarins, 1973, gerðust Bret-

ar, Írar og Danir þátttakendur í Evrópusambandinu, síðan komu Grikkir, Portúgalar og Spánverjar 1986 og síðan á tíunda áratugnum komu Finnar, Svíar og Austurríkismenn. En á þessu tímabili er stöðugt verið að efla samstarfið og samvinnuna innan Evrópu og við færumst sífellt nær því marki sem Winston Churchill orðaði 1946, að stofnað yrði evrópskt sambandsríki.

Við þekkjum þá áfanga núna á síðustu árum með Maastricht-samkomulaginu sem undirritað var á fyrstu árum tíunda áratugarins, 1993, þar sem unnið er að nánari samvinnu innan Evrópusambandsins, félagslegir og efnahagslegir þættir koma til sögunnar og stöðugt fleiri þættir tíndir til, og í byrjun síðasta árs er evran tekin upp og fyrsti áfangi hennar kemur í gagnið.

Samfara þessari þróun, hinni auknu samvinnu innan Evrópu gerist annað. Það dregur úr sjálfstæði einstakra ríkja sem eiga aðild að þessu sambandi. Það er ekki ýkja langt síðan að fulltrúar þeirra komu saman í Helsinki í Finnlandi þar sem enn ein ákvörðunin var tekin í þá veru að draga úr neitunarvaldi aðila Evrópusambandsins, enda gefur augaleið að eftir því sem ríkjunum fjölgar verður torveldara að heimila þeim að beita neitunarvaldi.

Og það er í því samhengi sem við erum núna að ræða Schengen-samkomulagið, í hinu sögulega samhengi, enda segir á bls. 120 í till. til þál., með leyfi forseta, um samkomulagið:

„Aðaltilgangurinn með Schengensamningnum er að skapa skilyrði til þess að afnema allt eftirlit með ferðum manna yfir landamæri innan Schengensvæðisins. Í því felst jafnframt að taka verður upp sameiginlegar reglur varðandi eftirlit við ytri landamæri svæðisins. Schengensamstarfið er þannig liður í því að náð verði áformum þeim sem keppt er að með hinum innri markaði ESB í samræmi við 7. gr. A í Rómarsamningnum."

Þetta er alveg skýrt, enda fengum við staðfestingu á því af hálfu hæstv. utanrrh. áðan að þetta væru fyrst og fremst pólitísk markmið. Hann gekk meira að segja svo langt að fullyrða að peningamálin væru ekkert aðalatriði. Og þegar gengið var á ráðherra að hann skýrði betur fyrir þingheimi hverjar væru hinar fjárhagslegu skuldbindingar var að skilja á máli hans að það hefði ekki verið reiknað út, að menn vissu ekki út í hvað þeir væru að fara. Hann vísar í fyrsta áfanga verksins og sagði sjálfur að það væru ónákvæmar tölur, 500–900 milljónir, sagði hann, að kæmu til sérstaklega vegna Schengen, og vísaði hann þá til milljarðauppbyggingar á flugstöðinni í Leifsstöð. (**Gripið fram í:** Hæstv. ráðherra.) Hæstv. ráðherra. Mér er réttilega bent á að nota rétt orð og hugtök og biðst ég forláts á því þegar ég geri það ekki. Það var aldeilis ekki meiningin.

En þetta er sem sagt samhengi hlutanna. Og ég virði þá sem koma hreint til dyra og segja hvað það er sem vakir fyrir þeim, að þetta séu fyrst og fremst pólitísk markmið sem menn eru að ná, og ég skil það mjög vel. Ef menn vilja stofna eitt ríki afnema þeir að sjálfsögðu landamæri innan þeirra ríkja. Það gerðu menn í Þýskalandi þegar menn voru að sameina þýsku ríkin á 19. öldinni, þar sem var að finna tugi smáríkja og endalausa tollamúra. Menn réðust að sjálfsögðu fyrst í þessar breytingar þegar þeir reyndu að ná fram því markmiði að stofna eitt ríki.

Ég skil þess vegna þá sem eru að ganga inn í nýtt evrópskt ríki. Að sjálfsögðu vilja þeir afnema allt innra eftirlit og öll landamæri. Út á það gengur stofnun eins ríkis. En hina sem ekki eiga sér þetta markmið, sem ekki eru að keppa að þessu, skil ég ekki. Vegna þess að það sem hlýst af þessu Schengen-samstarfi er ekkert annað en óhagræði, fjárútlát og óhagræði, auk þess sem Íslendingar glata sérstöðu sinni. Eða skyldu menn gera sér grein fyrir því að í þessum pappír, í öllum þessum lagabreytingum og samningum sem við erum að undirgangast, hafa Íslendingar afskaplega lítið forræði? Þeir ráða ekki för. Þetta er fyrst og fremst samræmingarvinna sem við og sérfræðingar okkar eru að inna af hendi við það sem annars staðar hefur verið ákveðið. Út á það gengur þetta og ég skil það mætavel. Þegar við sem vildum fara aðra leið og efla lögreglusamstarf, ekki bara við Evrópu heldur í heiminum öllum, var okkur bent á að þar yrði að stíga skrefin hægar, einfaldlega vegna þess að heimurinn væri margbreytilegur og byggði á ólíkum lögmálum, siðum og venjum. Sums staðar væru harðstjórar og annars konar lagaumhverfi og frábrugðið okkar, og til að geta ráðist í samræmingu þyrftu menn að geta treyst á að svipuð viðhorf og lög væru til grundvallar. Ég skil þetta mjög vel. Og ég skil að við þurfum að vinna þessa samræmingarvinnu en það eigum við þá að gera með opnum huga og opnum augum.

Við erum að afsala okkur forræði yfir þessum málum sjálf. Við erum að undirgangast alla þessa samninga sem Evrópumenn eru að gera sín í milli. Og það er mjög skiljanlegt viðhorf hjá þeim sem vilja stofna nýtt sambandsríki í Evrópu að hætti Winstons Curchills. Það skil ég mjög vel.

Við umræðuna hefur verið farið ítarlega yfir það óhagræði og þau fjárútlát sem Schengen-samkomulagið hefur í för með sér. En þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi nefna, að við erum að afsala okkur forræði í eigin málum með þessu. Við erum að gera það. Við erum að undirgangast allar þær skuldbindingar sem Evrópusambandið hefur komið sér saman um.

Í öðru lagi er það amstrið í kringum þetta. Ég sagði í andsvari við hæstv. utanrrh. að mér fyndist hann harla mótsagnakenndur í yfirlýsingum sínum. Annars vegar segir hann að tíminn kosti peninga. Ég hef ekki tölu á því hve oft hann endurtók að tíminn kostaði peninga, það kostaði peninga að bíða við hlið í erlendum flughöfnum. Ég minnist þess að samflokksmaður hæstv. utanrrh., núv. hæstv. viðskrh., Valgerður Sverrisdóttir, hafði uppi svipuð sjónarmið við fyrri umr. málsins. Ég man ekki betur en hún segði að nú yrði hún frjáls að ferðast í Evrópu. Þetta er svipuð hugsun og kom fram hjá hæstv. utanrrh.

Hins vegar þegar kemur að því að meta eða svara þeirri gagnrýni sem kemur frá flugmönnum eða Ferðamálaráði, sem hefur áhyggjur af töfum á íslenskum flughöfnum, þá leyfa menn sér að blása á slíkt. Allir slíkir erfiðleikar verða yfirstignir, sagði hæstv. utanrrh. áðan. (**Utanrrh.:** Mál sem þarf að leysa.) Mál sem þarf að leysa og það leysum við, sagði hæstv. utanrrh. En ég hefði haldið að tíminn væri peningar í Leifsstöð eins og annars staðar.

En með fullri virðingu fyrir sjónarmiðum Flugleiða og Ferðamálaráðs og sjónarmiðum hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., þá held ég að þessi þáttur skipti ekki eins miklu máli og menn vilja vera láta. Þrátt fyrir þennan ferðamann sem menn eru að búast við frá Tævan sem mun ætla að heimsækja öll Norðurlöndin og þurfa að vísa í hverju landi og fá þá gjöf núna með Schengen að það þurfi bara að sækja um á einum stað, þá blæs ég líka á þetta. Ég hef heldur ekki miklar áhyggjur af þessum ferðamanni frá Tævan. Ég hef ekki eins miklar áhyggjur af þessu og margir sem hafa verið

að tjá sig um þessi mál. Ég minnist þess þegar menn voru að opna Leifsstöð á sínum tíma, ég held að það hafi verið Sjálfstfl. sem stillti sér þá upp á Reykjanesinu, sennilega nærri Flugstöðinni, með hana í baksýn, og undir auglýsingu sem birtist í öllum blöðum, stærðu þeir sig af þessu afreki sínu. Ég man ekki hvort það var í þessum texta eða texta með þessari auglýsingu, þar sem fram kom að nú mætti búast við auknum ferðamannastraumi til Íslands vegna þessarar glæsilegu flugstöðvar. Ég held að þetta gerist ekki svona. Ég held að menn ákveði ekki að heimsækja lönd vegna þess að það hafi spurst út að þar sé falleg flugstöð eða menn þurfi að standa í fimm mínútur í biðröð. Ég hef aldrei fundið þessi höft, þetta ófrelsi, sem hæstv. viðskrh. hefur fundið til í evrópskum flughöfnum, hef reyndar mjög sjaldan orðið fyrir einhverri töf þar.

Það sem mér finnst skipta meira máli er að Íslendingar skuli vera að afsala sér forræði yfir þessum málum sjálfir og peningahliðinni sem hæstv. utanrrh. leyfir sér að segja að sé ekkert aðalatriði. Viðurkennir síðan í næstu setningu að hann hafi ekki hugmynd um hvað hann sé að tala um, ekki sé vitað hvað þetta kostar. Hann segir að meira að segja hjá þeim sem séu að slá á upphæðir hlaupi á 500–900 millj. í fyrsta áfanga, slíkt sé ekki aðalatriðið. Við erum upplýst um í greinargerð með frv. sem við tökum til umræðu síðar í kvöld að stofnkostnaður upplýsingakerfisins er 244 millj. Fram hefur komið að kostnaður við stækkun Leifsstöðvar á næstu 15–20 árum verði 6–8 milljarðar og menn hafa upplýst það og enginn neitar því að drjúgur hluti af þessum fjárfestingum er tilkominn vegna Schengens. Það eru þessir hlutir sem mér finnst að þurfi að ræða nánar og síðan eru það fíkniefnin. Þar vil ég sannast sagna segja að ég vil hlusta á það sem aðilar á borð við lögregluyfirvöld og heilbrigðisyfirvöld eru að benda okkur á. Í umsögn landlæknisembættisins segir m.a., með leyfi forseta:

„Ákvæði um eflingu og samvinnu á sviði baráttu gegn ávana- og fíkniefnum: Ljóst er hversu miklu máli samvinna og auknar aðgerðir á þessu sviði skipta miklu máli fyrir okkur Íslendinga. Ekki hvað síst er þetta mikilvægt í ljósi þess að innan Schengen-svæðisins eru ríki þar sem fíkniefnavandinn er mun alvarlegri en hér og niðurfelling eftirlits innan svæðisins býður upp á aukið streymi fíkniefna til landsins án eftirlits."

Þetta er nokkuð sem menn eru að vara okkur við. Að sönnu verður hægt að leita á þeim sem koma til landsins í tolli, geri ég ráð fyrir. En það er búið að rjúfa sambandið sem er á milli vegabréfaskoðunar annars vegar og tolleftirlits hins vegar og þetta segja þeir sem kynnt hafa sér þessi mál að muni torvelda okkur eftirlit. Síðan á að koma á móti aukið samstarf lögregluyfirvalda. Ég held að ekki sé neinum blöðum um það að fletta að með þessu erum við að draga úr eftirliti. Við erum að draga úr eftirliti á ferðamönnum sem koma til landsins og þar með auka hættu á fíkniefnasmygli. Ég held að enginn deili um að þetta muni gerast, að þessi hætta sé a.m.k. fyrir hendi.

Stærsta málið finnst mér þó vera hitt að þetta er fyrst og síðast pólitísk ákvörðun og mér fannst það koma mjög skýrt fram hjá hæstv. utanrrh. Peningarnir eru ekki aðalatriðið, sagði hann. Það kemur fram að hann veit ekkert hvað hann er að tala um í þeim efnum. Það er bara puttinn upp í loftið eins og hæstv. forsrh. þjóðarinnar orðaði það gagnvart Perlunni á sínum tíma. Við setjum bara puttana upp í loftið, það er reikniaðferðin, hún er nú þetta vísindaleg reikniaðferðin sem menn nota gagnvart Schengen. Menn setja þar puttana upp í loftið og okkur er sagt að pólitískur ávinningur að Schengen vegi upp á móti fjárhagslegum tilkostnaði, fjárhagslegu tapi.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína eða umfjöllun miklu lengri á þessu stigi. Ég mun geyma nánari umfjöllun um Schengen-samkomulagið þar til umræðan kemur um eftirlitskerfið sem hefur verið í þeirri nefnd þar sem ég hef haft áheyrnaraðild og aðrar lagabreytingar sem menn telja nauðsynlegar í tengslum við Schengen-samkomulagið og læt máli mínu lokið að sinni.

[20:54]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar, samkomulagið um Schengen, er stórmál og ég vil áður en lengra er haldið lýsa furðu minni á því hversu fáir þingmenn eru í sölum til þess að taka þátt í síðari umr. um það. Ég tók eftir því að þegar hv. formaður utanrmn., Tómas Ingi Olrich, flutti framsögu um nefndarálitið var hann ekkert sérlega sannfærandi. Hann gat þess í framsögu sinni að það væru margar spurningar í þessu máli, enda veit hv. þm. Tómas Ingi Olrich að það eru mörg vandamál í sambandi við málið. Ekki síst veit hann það vegna nálægðar sinnar við ferðamannaiðnaðinn í landinu.

Það vekur furðu að lesa nefndarálit frá meiri hluta nefndarinnar vegna þess að það er engu líkara en að umfjöllunin um þetta mál hafi eingöngu átt sér stað í þessum 50 km radíus út frá Reykjavík. Það er heimsóknin í Keflavík, möguleikarnir í Keflavík og það eru heimsóknir til stóra flutningsaðilans, Flugleiða, sem standa upp úr. Gera menn sér ekki grein fyrir því að hér er svo stórt mál á ferðinni að það verður að taka innanríkismálin öll undir? Ég hef grun um að það sé þess vegna sem ekki var mjög mikill sannfæringarkraftur í málflutningi formannsins fyrr í dag.

Staða mála er nefnilega þannig að ef við tökum landið í heild hafa menn lagt mikið kapp á að eiga möguleika í framtíðinni á að koma víðar inn á Ísland, sérstaklega með ferðamenn. Í því skyni höfum við fjárfest í alþjóðaflugvöllum bæði á Akureyri og á Egilsstöðum. Menn hafa gert tilraunir, menn hafa góðar vonir og eftir því sem ferðamannastraumurinn til landsins þyngist áttu að verða meiri möguleikar á að þetta gæti ræst. Það kom fram í ræðum í dag að menn áætla að fjöldi ferðamanna fari úr 600 þúsundum nú um stundir og geti á örfáum árum nálgast 3 millj. Þetta er stórmál fyrir ferðamannaþjónustuna í landinu sem er nú þegar farin að gefa í gjaldeyristekjur um 30 milljarða kr. Mér finnst mjög einkennilegt að ekki skuli hafa verið fjallað um þetta mál hér, í þessu víða samhengi vegna sérstöðu okkar með þetta stóra land. Ferðaþjónustuaðilar bundu mjög miklar vonir við stóru flugvellina úti á landi á Akureyri og á Egilsstöðum.

Ég get ekki betur séð en það hafi lítið sem ekkert verið hugsað um stöðu þessara valla eða hvernig þeir eiga að tengjast þá samningnum ef hann verður samþykktur. Það er a.m.k. ekki áætlun um neina sérstaka uppbyggingu þar og menn hafa ekki lýst áhyggjum sínum yfir því að þessir flugvellir gætu ekki tekið við þessari þjónustu.

Annar vaxtarbroddur í ferðaþjónustunni er líka mikið áhyggjumál og það er innkoma skemmtiferðaskipa til landsins eins og kom fram í ræðu hv. þm., forsvarsmanns minnihlutaálits utanrmn. Steingríms J. Sigfússonar. Þar hafa menn ekkert rætt um hvert fyrirkomulagið á að vera, vitandi það að ferðaþjónustan úti um land hefur gert stórátak í að auka

innkomu ferðamanna með skipum. Bylting hefur orðið á örfáum árum þar sem menn hafa sóst eftir stórum skemmtiferðaskipum til landsins og æ fleiri staðir sækjast eftir styttri eða lengri viðkomu slíkra skipa á ströndinni. Á örfáum árum hefur fjöldi þessara ferðamanna inn á Akureyri farið úr 6–8 þúsund manns upp yfir 20 þúsund manns á ári. Hver verður staða þessara hafna og hvað hafa menn hugsað sér í þessu samhengi?

Það er algjör krafa að þegar menn koma inn með svona stórmál að menn velti fyrir sér afleiðingunum fyrir landið allt. Það er algjör krafa að menn líti ekki bara á innkomuna á þetta horn sem hér er þó að ég geri mér fullkomna grein fyrir því að auðvitað er þetta merkilegasti innkomupósturinn og alþjóðaflugstöð okkar. Ekki verður nægilega á það bent að hér er um að ræða gríðarlegar fjárfestingar sem í þessu ljósi væru betur komnar annars staðar, á annan hátt og án Schengen-samstarfs með öðru fyrirkomulagi eins og margir hv. ræðumenn hafa talað um. Menn hafa fullyrt að bara rekstrarkostnaður, aukning vegna þessa fyrirkomulags gæti orðið um hálfur milljarður á ári. En eins og kom fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar finnst hæstv. utanrrh. það minni háttar mál, þetta sé pólitískt mál að taka ákvörðun um. Auðvitað er þetta pólitískt mál en þetta er stórt peningalegt útgjaldamál.

Þegar menn tala um uppbygginguna í Keflavík þá snýst það um 3,5 milljarða kr. á allra næstu missirum. Til nokkurra ára litið er það um 7 milljarða fjárfesting. Þetta er stórmál. Við verjum löngum tíma, mörgum klukkustunda í umræður um þjóðþrifamál og útgjöld sem skipta kannski nokkrum tugum milljóna. Auðvitað erum við að tala um stórmál í Íslandssögunni. Það má ekki gera lítið úr því og við eigum að verja tíma í að ræða þessi mál.

Það hefur vakið athygli mína að aðeins einn hv. þm. hefur talað á móti samþykkt þessa samnings. Það er hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon. Það vekur sérstaka athygli mína að samfylkingarþingmennirnir skrifa undir meirihlutaálit ríkisstjórnar og þingmenn Samfylkingar hafa mjög lítið haft sig í frammi í umræðum og það vekur sérstaka athygli.

Það vekur líka sérstaka athygli að hér eru málsmetandi sjálfstæðismenn sem lýsa yfir mjög miklum efasemdum. Þar á ég við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Þeir hafa bent á marga galla samningsins og mál þeirra er í sjálfu sér mjög í sama anda og gagnrýni mín. Við eigum að ræða málið út frá þeim atriðum.

Forsmekkurinn að því sem við erum að fara inn í er í sjálfu sér ljós. Stofnanir ríkisins hafa verið settar í viðbragðsstöðu. Innan lögreglunnar er unnið á fullu vegna eflingar á starfsemi og breyttra starfshátta. Innan fíkniefnalögreglunnar er í gangi vinna til eflingar á starfsemi hennar og breyttra starfshátta. Þetta bendir til þess, aukin framlög til þessara þátta, að menn viti hver holskeflan verður og ætli að bregðast við hér og taka á þeim málum sem brenna munu á okkur hér. Þetta eru hlutir sem við verðum að gera okkur grein fyrir.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt en segi að síðustu þetta: Það er allt of mikið gert úr vandræðunum af því að hafa ekki þann aðgang sem Schengen-fyrirkomulagið gefur. Það hefur komið fram hjá mörgum þingmönnum í umræðunni í dag og ég hef alveg sömu sögu að segja, að ég hef ekki orðið var við vandræðagang af því að fara á milli landa í Evrópu með bláa passann minn. Ég kemst um eins og mér sýnist. Það hefur ekki valdið mér vandræðum, sárasjaldan töfum, eiginlega aldrei bið. Þær röksemdir duga bara ekki í dag. Á þessum flugstöðvum gengur allt vel fyrir sig. Ég held aftur á móti að við eigum að líta á gildi þess að búa á eylandi. Við höfum möguleika á þessari virku landamæravörslu og eigum að nýta okkur það til fullnustu þó enginn sé að tala um að loka sig af á neinn hátt. Við eigum að nota sérstöðu okkar og höfum enga ástæðu til þess að fara í Schengen á þessum nótum. Ég held að það sé einmitt þetta sjónarmið, sem hefur einnig komið fram í umræðunni hjá mörgum, sem Bretar og Írar ætla að nýta sér. Þetta eru eylönd sem hafa þá sérstöðu að geta haft öðruvísi eftirlit en þjóðirnar sem eiga samliggjandi landamæri, þjóðir sem hafa verið með náið samstarf síðustu áratugi og árhundruð, ef við tökum Benelúxlöndin og næstu lönd þar í kring.

Virðulegi forseti. Ég held að málið hafi alls ekki verið nægilega rætt í þinginu og alls ekki nógu vel kynnt fyrir þjóðinni. Ég tel að umræðan um afleiðingar Schengen-uppbyggingarinnar sé algerlega eftir. Það er óskýrt hvernig menn ætla að standa að málum við hafnir landsins og hefur ekki verið skýrt hvernig menn sjá fyrir sér þróun mála á þessum tveimur alþjóðaflugvöllum sem við höfum byggt upp úti á landi og menn í ferðaþjónustunni á landsbyggðinni bundu svo miklar vonir við. Ég get ekki séð annað en að þetta samkomulag um Schengen muni um alllanga framtíð leiða til þess að innkoman verði einvörðungu á þetta svæði hér. Þá eru öll plön og draumar manna í ferðamálaþjónustunni fyrir norðan og austan farin út í vindinn.

Ég held að þetta fyrirkomulag með Schengen-höfnum og Schengen-flugstöð muni leiða að enn þá verra verði að fá flutningsaðila til að fara inn á hafnir annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu eða inn á flughafnir annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er stóralvarlegt mál fyrir landsbyggðina og fyrir uppbyggingu ferðaþjónustunnar í landinu. Farþegafjöldi til landsins hefur aukist svo mikið að það eru örfá missiri þar til við þurfum að fara að athuga okkar gang og taka umferðina inn á fleiri flughafnir. Það mundi nýtast landinu vel á alla kanta.

Ég vil svo að síðustu, virðulegi forseti, taka undir lokaorð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem talaði fyrir minnihlutaáliti utanrmn. Ég lýsi mig andvígan þessu samkomulagi.

[21:06]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður ræddi um áhrif Schengen-samningsins á ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Ég get tekið undir það með honum að það er áríðandi að erlendir ferðamenn komi víðar inn í landið en á Keflavíkurflugvelli. Mér finnst þetta þó málað fulldökkum litum í sambandi við Schengen-samninginn. Það er alveg ljóst að það er ekkert því til fyrirstöðu að taka Schengen-farþega t.d. í flugstöðinni á Egilsstöðum. Slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar við endurnýjun flugstöðvarinnar. Það er verið að stækka flugstöðina á Akrueyri og án efa verður tekið tillit til Schengen-farþega. Vangaveltur hv. þm. eru því ástæðulausar að þessu leyti. Það þarf auðvitað tollgæslu og löggæslu til að annast þessa hluti þar eins og á Keflavíkurflugvelli. Ég held að það verkefni verði eins unnið á landsbyggðinni sem á suðvesturhorninu.

Varðandi skemmtiferðaskip sem koma frá löndum utan Schengen-svæðisins, þá er langt frá því óyfirstíganlegt að taka á móti þeim. Ég held að of mikið sé gert úr þessum áhyggjum varðandi landsbyggðina. Það eru önnur atriði en

þessi samningur sem standa þar í veginum en það er of langt mál að fara í það í stuttu andsvari.

[21:08]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í andsvari hv. þm. Jóns Kristjánssonar kom fram að menn geti komið inn á þessa alþjóðaflugvelli af Schengen-svæðinu eftir samþykkt þessa samnings. Þá eru úti allir möguleikar varðandi annað vegna þess að þessar flughafnir hafa í engu verið byggðar upp á tilsvarandi hátt eins og gert er ráð fyrir í Keflavík. Ég þekki heimaflugstöð mína og það hefur verið þvílíkt bras að klára hana, eftir að farið var í endurnýjun á henni á síðustu árum, að verkið er vart hálfkarað. Þar hefur alls ekki verið staðið þannig að málum og eru engin plön um það. Ef menn hafa þá hugsjón að skoða eigi landið allt í þessu samhengi, af hverju velta menn þá ekki fyrir sér þeim nauðsynlegu framkvæmdum sem augljóslega þarf að fara í á þessum flugstöðvum? Af hverju velta menn ekki fyrir sér þeim framkvæmdum og kostnaði sem augljóslega þarf að fara í varðandi hafnirnar sem eiga að vera leið inn í landið?

Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, að umræðan um fyrirkomulagið á þessu og áhrifin á innanríkismál hér er ekki nógu þroskuð. Menn vita ekkert hvað þeir eru að fara út enda eru sumir talsmanna stjórnarmeirihlutans með efasemdir, að ekki sé meira sagt.

[21:10]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áreiðanlega ekki talað nógu skýrt í fyrra andsvari mínu. Það er alveg ljóst að t.d. við flugstöðina á Egilsstöðum er ekkert því til fyrirstöðu að taka inn farþega frá löndum utan Schengen-svæðisins. Hún er tilbúin til þess eins og hún er núna. Hún stendur tilbúin til þess. Það þarf einfaldlega að aðskilja farþega eftir því hvort þeir koma af svæðinu eða utan þess.

Það er reiknað með því í byggingu flugstöðvarinnar og hún stendur tilbúin til þess nú þegar. (**ÖJ:** Skilja Vestur-Íslendingana frá Evrópumönnunum?) Já, ef hv. þm. vill túlka það þannig þá verður það gert svo. Það er alveg ljóst að flugstöðin á Egilsstöðum er t.d. tilbúin til þess nú þegar í dag. Endurbygging flugstöðvarinnar á Akureyri stendur yfir og það er unnið að því af fullum krafti samkvæmt þeirri flugmálaáætlun sem við erum með núna. Þá er náttúrlega einboðið að búa flugstöðina þannig úr garði að þetta verði mögulegt á Akureyri líka. Ég vona að ég hafi talað nógu skýrt í þessu efni.

[21:11]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er hægt að afgreiða farþega á Akureyri og á Egilsstöðum. Það sem ég er að segja er að þessi ofuráhersla á Schengen-portið í Keflavík leiðir til þess, viðskiptalega séð, að þau fyrirtæki sem hugsanlega hefðu farið í flutninga inn á Akureyri og Egilsstaði fara að sjálfsögðu um það sem á að vera hið eiginlega hlið. Þannig þróast hlutirnir. Það er að mínu mati ástæðulaust að gera þetta. Þetta eyðileggur fyrir okkur möguleikana að þessu leyti. Eins og kom fram í umræðunni er ánægjulegt ef á Egilsstöðum og Akureyri verður aðstaða til að sortera Vestur-Íslendinga frá Evrópumönnum þegar þeir koma til Akureyrar eða Egilsstaða í heimsókn. Þannig verða málin með Schengen-fyrirkomulaginu og það er öllum mönnum ljóst.

Umræðan um þessi innanríkisport og bollaleggingar um framtíð þeirra og stöðu, ef af samþykkt þessa fyrirkomulags verður, hefur ekki farið fram hér og alls ekki gagnvart höfnunum og skemmtiferðaskipunum heldur. Þar mun gerast hið sama, útgerðaraðilar skemmtiferðasskipa munu fara um aðalportið. Þannig gerast kaupin á eyrinni. Þetta eru eiginlega tæknilegar hindranir eða tæknileg stýring á eitt svæði á landinu, ef við göngum þetta skref.

[21:13]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að koma inn á það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var að segja varðandi hafnirnar. Það hefur verið upplýst að þannig verði staðið að þessu varðandi hafnirnar, menn hafi einfaldlega gripið til þess ráðs, að skilgreina alla þá sem koma siglandi frá útlöndum til Íslands sem farþega utan Schengen-svæðisins nema þeir komi með ferjunni Norrænu. Þannig fer þetta að verða dálítið flókið. Við höfum farþega sem koma frá Schengen-svæði, farþega sem koma frá löndum Schengen-svæðis og við höfum farþega sem koma frá Írlandi og Bretlandi, sem fá alveg sérstaka meðhöndlum og síðan fáum við þá koma á sjó, sem eru alltaf utan Schengen-svæðis nema þeir komi með ferjunni Norrænu.

Ég held, virðulegi forseti, að nauðsynlegt sé fyrir okkur sem vorum innvígðir í þessa umræðu í utanrmn. að kortleggja þetta fyrir þingheim. Þetta er dálítið flókið og menn þurfa þess vegna að átta sig á því að þetta er ekki bara spurning um Schengen og non-Schengen heldur líka hvort menn koma fljúgandi eða siglandi. Þetta er svona „non-sigling eða non-flug".

Við þessa athugun hefur þó komið fram, virðulegi forseti, að það þarf að hafa viðbúnað út af þessu á Seyðisfirði. Ég vil upplýsa að það hefur komið fram að girðingin utan um tollsvæðið er of lág og þarf að staga í nokkur göt. Ég veit að menn munu örugglega tryggja það í þessum undirbúningi. Ég heyri að hv. 3. þm. Austurl. mun koma þessu á framfæri. Hann er mikill áhugamaður um að bæta starfsaðstöðuna í sínu kjördæmi og mun örugglega bregðast vel við þessu og svo er það líka ... (**JónK:** ... þurfi ekki að hafa áhyggjur af því.) Nei, ég hef ekki áhyggjur af því. Ég vil þó aðeins upplýsa að einnig hefur verið greint frá því í þessum skýrslum að auðvelt virðist vera fyrir útlendinga að sleppa inn í landið á Seyðisfirði, svo sem með því að fara yfir girðinguna, einkanlega vegna þess að gámar skyggja á svæðið. Þetta verður að laga og koma upp eftirlitsmyndavélum.

[21:15]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef enga ástæðu til annars en taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni varðandi þessar bollaleggingar. Það er akkúrat þetta sem ég átti við með skipin. Ég hef sjálfur haft reynslu af því um margra ára skeið að markaðssetja landsbyggðina og reyna að ná flutningsaðilum beint þangað inn. Það verður vandkvæðum bundið miðað við þetta upplegg. Það liggur alveg himinklárt fyrir. Þó að hv. þm. kæmi með mér á skemmtiferðaskiparáðstefnuna í Flórída og gæti vélað einhvern til þess að koma með 2.000 farþega til Bolungarvíkur þá væri það ekki sjálfgefið eftir þessa breytingu.

Ég er að segja það að fyrir viðskipti á landsbyggðinni mun þetta verða til trafala. Viðkomandi flutningsaðilar munu fyrst og fremst fara inn á hinar sjálfgefnu Schengen-leiðir þar sem

auðvelt er að komast að og það verður miklu erfiðara að fá menn til þess að stansa. Menn skulu ekki gera lítið úr þessu vegna þess að það er gríðarleg fjölgun einmitt á þessum vettvangi varðandi skipin. Það eru gríðarlegir möguleikar í þjónustunni vegna þess að við eigum víða fínar hafnir og það er ástæða fyrir ferðamenn að staldra við víða um land. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti að vísu á að e.t.v. yrði það skilgreint þannig að menn væru komnir inn ef þeir færu inn í Schengen-höfn og héldu sig innan 12 mílna. Sé hugsað til viðskiptanna setja menn alltaf á sig grettu ef svona atriði eru í dæminu. Þess vegna munu skipin kannski fremur koma í aðrar hafnir og þá væntanlega á þessu svæði hér.

[21:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu fullgilding á samningi sem ráð Evrópusambandsins, lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Ég vil byrja á því, herra forseti, að taka undir orð hæstv. utanrrh. í umræðunni fyrr í kvöld þar sem hann sagði eitthvað á þá lund að allt of fáir virtust hafa reynt að setja sig inn í Schengen-samstarfið. Hann benti á að meira að segja nafnið á þessu Schengen væri kannski ekki sérstaklega til þess fallið að laða menn að því að sökkva sér í málið. Ég held að þetta sé alveg hárrétt hjá hæstv. utanrrh. Ég held að það sé mjög alvarlegt mál þegar við á hv. Alþingi fjöllum um veigamikið mál og þýðingarmikla löggjöf. Málið snýst um afar þýðingarmikla samninga sem við erum að gera við önnur lönd og snerta alla íbúa landsins. Við getum ekki einu sinni, hér á hinu háa Alþingi, haft myndugleika til að gefa þessu íslenskt nafn.

Herra forseti. Nei, látum þetta heldur hafa innilega torkennilegt nafn. Það byrjar á „sch", samstöfu sem engin hefð er fyrir í íslensku máli. (**Gripið fram í:** Scheving.) Já, Scheving. Það er víst alveg hárrétt hjá hv. þm. en ég geri ekki ráð fyrir að Schevingar vilji láta binda sig við Schengen eða þessu litla þorpi eins og hæstv. utanrrh. talaði um. (**HBl:** Það er ekki sami framburðurinn, Schengen og Scheving.) Það er aldeilis ekki sami framburðinn, það er alveg hárrétt sem hv. þingmenn segja hér. Ég er ekkert viss um að íslensk alþýða vilji tala um Schengen eins og hún talar um Scheving og er reyndar bara viss um það. Enda forðast hún að setja sig inn í þetta. Ég ítreka alveg grínlaust, herra forseti, að það ætti að vera lágmarkskurteisi gagnvart íslenskri þjóð og Alþingi að svona mál sé sett fram með íslensku heiti. Við ættum að geta rætt það á þeim grundvelli. Ég tek undir það hjá hæstv. utanrrh. að líklega fælir þetta menn frá því að setja sig inn í málið. Vonandi er það samt ekki tilgangurinn að halda íslenskri alþýðu frá því að setja sig inn í málin með því að hafa það með torkennilegu heiti, útlendu og með furðulegri stafasamsetningu. Nóg um það.

Í umræðunni í dag hefur komið fram að þetta samkomulag um að leggja niður landamæri Íslands gagnvart Evrópu er ekki aðeins ferða- og viðskiptalegs eðlis. Þetta er fyrst og fremst pólitísks eðlis. Þetta er hluti á þeirri vegferð að gera Ísland að aðildarríki Efnahagsbandalagsins, gera það að fullgildum aðila þar. Það hefur ekki farið leynt hjá mörgum ræðumönnum hér, hv. þm. í þessari umræðu. Ég held að það sé mikilvægt að þetta sé jafnframt skoðað í ljósi þess að þetta er skref á þeirri vegferð.

Varðandi kostnaðinn við að gerast aðili að þessu samkomulagi hefur komið fram að hann sé bæði hár og óviss. Menn flakka á milli hundraða milljóna og milljarða króna, ýmist innan árs eða milli ára og nefna jafnvel áratug. Það er mikið flakk og flökt á öllum kostnaðartölum í umræðunni, hvort sem það er stofnkostnaður eða rekstrarkostnaður. Það er alvarlegt og ámælisvert, herra forseti, þegar svo veigamikið mál er lagt fyrir Alþingi Íslendinga að því fylgi ekki ítarlegri kostnaðargreining.

Því hefur verið haldið fram í umræðum og ekki hvað síst af hæstv. utanrrh. að það sé líka kostnaðarlegur ávinningur að gerast aðili að þessu samkomulagi. En hvergi hafa heldur verið nefndar neinar tölur í því sambandi. Þarna er stuðst við gersamlega huglægt mat sem ekki er raunhæft. Það er ekki samboðið Alþingi að leggja málið fyrir eins og hér er gert, varðandi stofnkostnað og rekstrarkostnað. Það er alveg ljóst að kostnaður við Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli tvöfaldast, tvöfalda þarf rými svo hægt sé að flokka fólk eftir því frá hvaða álfum það kemur.

Það hefur verið rakið ítarlega hvaða áhrif þetta getur haft á ferðaþjónustuna. Ég vil taka eindregið undir orð hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar varðandi áhrif á ferðaþjónustuna vítt og breitt um landið. Auðvitað tekur þessi samningur mið af því að nánast öll umferð, millilandaflugumferð fari fram um Keflavíkurflugvöll þó svo að hægt sé í neyðartilvikum að lenda á Egilsstöðum og hleypa fólki út til að komast á klósett eða til nauðþurfta. Þar verður ekki hægt að stunda almennilegt og reglulegt millilandaflug milli álfa, hvort sem er til Evrópu eða Ameríku. Jafnframt er ljóst það mikla fjármagn sem þarf í Keflavíkurflugvöll á næstu árum gerir ekki auðsótt að sækja fjármagn til að byggja upp fullkomna millilandaflugvelli hvort sem er á Egilsstöðum, Akureyri eða Sauðárkróki. Þrátt fyrir góðan vilja okkar hv. þm. Jóns Kristjánssonar, þó við hefðum viljann, mundum við ekki eiga auðvelt með að sækja það fé. Við munum verða út undan með flugvellina á landsbyggðinni þó við höfum aðrar og betri hugmyndir. Ég tel, herra forseti, lagt upp í áætlun til næstu eins til tveggja áratuga í skipan flugvalla- og ferðamála Íslendinga. Þetta mun ráða til um millilandaflug til og frá Íslandi, hvort sem það er til Evrópu, Ameríku eða annarra heimsálfa. Þetta skal vera okkur alveg fullkomlega ljóst. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Austurl. og Norðurl. e. sem bera hag flugvallarins á Akureyri fyrir brjósti eða hv. þm. Norðurl. v. þar sem rætt er um að gera Alexandersflugvöll að alþjóðlegum flugvelli, séu nokkuð inni í þessari umræðu um þetta Schengen-samstarf, sem heitir svo brengluðu nafni.

Ég vil líka vekja athygli á umræðunni um fíkniefni, flutningi á þeim til landsins og því eftirliti sem við getum þar beitt. Með því að gerast aðilar að þessum samningi eins og hér er gert ráð fyrir erum við að kasta fyrir róða kostunum við að búa í eyríki. Við getum aldrei orðið meginland en við getum dregið fram kosti þess að vera eyríki. Það að geta haft sterkt eftirlit t.d. með fíkniefnasmygli til landsins er kostur sem okkur ber að nýta. Það er hörmulegt að vita til þess að við ætlum að gefa þann möguleika frá okkur.

Herra forseti. Hér eru mörg atriði sem styðja það að hafna þessum samningi. Í fyrsta lagi er hann bara skref á vegferð inn í Evrópusambandið og ég, herra forseti, er andvígur því. Að bera fyrir borð stóran hluta ávinningsins af því að vera sjálfstætt ríki, frjálst til að semja á eigin forsendum við önnur lönd um ferðir til og frá landinu hvort sem er til Evrópu, Asíu, Suður- eða Norður-Ameríku, því er ég andvígur. Ég tala nú ekki um frændur okkar í Kanada sem verða,

ef af þessu verður, litnir grunsemdaraugum við komuna til landsins. Nei, herra forseti. Ég er andvígur þessu.

Kannski er lausnin sú sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom hér með að gera bara Leifsstöð að Schengen-stöð en láta aðra flugvelli á landinu fá sömu stöðu og hafnirnar. Þar yrði litið eins á alla, eins og hver og einn væri að koma inn á Schengen-svæðið. Þar nytu allir jafnra réttinda. Kannski væri það leið út úr þessum ógöngum í þessum ruglingi sem hér er á ferðinni.

Virðulegi forseti. Ég er andvígur því að gerast aðili að þessum samningum.

[21:29]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get eiginlega ekki skilið það eftir í þessari umræðu að það hangi á Schengen-samningnum hvort flugvellir á Egilsstöðum og Akureyri verði millilandaflugvellir. Það kemur þessum samningi í raun ekkert við í sjálfu sér. Það eru allt aðrir hlutir sem þar hanga á spýtunni og það er auðvitað fullkunnugt. Keflavíkurflugvöllur er með svona mikla umferð vegna þess að hann er tengiflugvöllur. Það hafa verið gerðar ráðstafanir og miklar tilraunir til að fá umferð í gegnum Egilsstaða- og Akureyrarflugvöll beint frá útlöndum en Schengen-samningurinn breytir engu þar um. Það eru alveg full tök á því að afgreiða farþega af Schengen-svæðinu sem utan frá á þessum völlum eins og ég hef tekið fram. Það er algerlega ástæðulaust að mála þetta þessum litum og algerlega á skjön við umræðuna sem hér fer fram. Hv. þm. geta verið á móti þessum samningi en það verður að varast að blanda saman algerlega óskyldum atriðum.

[21:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg fráleitt að halda að Schengen-samstarfið komi ekki alþjóðlegum flugvöllum við ef þeir koma upp á Egilsstöðum, Akureyri eða Sauðárkróki. Það er alveg fráleitt. Hins vegar má vel vera að það megi gera hið besta úr því þannig að það megi bjarga fólki þar í land og veita því nauðþurftir og annað slíkt. En gætu þeir ekki orðið eiginlegir millilandaflugvellir sem sjá um flutning ekki bara milli Evrópu og Íslands heldur líka til Ameríku? Og hver er kominn til með að segja að Egilsstaðir geti orðið tengiflugvöllur í flugi milli álfa? Ég er ekki reiðubúinn til að segja það um ókomin ár.

Herra forseti. Mér finnst alveg bráðsniðugt að gera þessa flugvelli eins og hafnirnar í kringum landið þannig að fólk geti komið þangað, bara utan-Schengen-fólk, og fengið þar af leiðandi eðlilega, góða og fína íslenska afgreiðslu.

[21:32]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins endurtaka að það er ekki verið að bjarga fólki í neyð með því að lenda í beinu leiguflugi á flugvöllum úti á landi. Það er eins og hv. þm. hafi vantrú á því að það sé hægt að tollskoða flugvélar og láta fara fram vegabréfaskoðun ef það er úti um landsbyggðina. Því fer alveg víðs fjarri. Ég endurtek að það kemur ekki rekstri þessara flugvalla við hvort Schengen-samningurinn er tekinn upp eða ekki eins og er á Keflavíkurflugvelli.

Menn tala um í öðru orðinu að þeir hafi áhyggjur af biðröðum á Keflavíkurflugvelli en segja svo um í hinu orðinu að allir muni fara þangað og það muni kippa grundvellinum undan því að ná ferðafólki inn á landsbyggðaflugvellina. Því fer alveg víðs fjarri. Ég endurtek að ég viðurkenni sjónarmið þeirra sem eru á móti Schengen-samningnum en að blanda því inn í svo alls óskylda hluti og hér er gert, það skil ég ekki.

[21:33]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það að hugur minn hefur staðið til þess að Egilsstaðaflugvöllur yrði hreinlega millilandaflugvöllur en ekki bara lendingarstaður fyrir leiguflugvélar. Hitt tek ég undir með hv. þm. Jóni Kristjánssyni að hann setji sig rækilega inn í málin og beiti sér fyrir því að það fjármagn sem ætlað er að verja til uppbyggingar Leifsstöðvar í kringum þetta Schengen-samstarf, verði ekki látið koma niður á uppbyggingu flugvallanna á Egilsstöðum, Akureyri og Sauðárkróki þannig að þeir geti orðið millilandaflugvellir og þjónað hlutverki til beggja átta. (**Gripið fram í:** Þeir eru millilandaflugvellir.) Já, þeir fá ekki einu sinni bensín á millilandaflugvélarnar.

[21:34]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við þessa umræðu en kemst þó ekki hjá því vegna umræðna eða orðaskipta sem hér hafa orðið um stöðu millilandaflugs eða samgangna annars staðar en í Keflavík sem hér hefur af eðlilegum ástæðum verið mest til umræðu. Því er m.a. haldið fram af hv. þm. Jóni Kristjánssyni að þarna sé verið að blanda saman tveimur algjörlega óskyldum hlutum. Það er ekki svo. Þetta er praktískt mál sem ég vona að mér takist að útskýra fyrir hv. þingmanni að er svo. Það er einmitt full ástæða til þess að hafa af því áhyggjur hvernig framtíðarplön liggja í þessum efnum.

Það er að vísu alveg rétt að millilandaflug okkar Íslendinga hefur því miður þróast eins og raun ber vitni án þess að þar hafi Schengen-samningar komið til fram að þessu. Það er náttúrlega óheyrilega miðstýrt út frá þessum eina flugvelli á suðvesturhorni landsins sem er meinlegur galli og mikill ókostur fyrir ferðaþjónustuna í landinu í ýmsu tilliti. Það snertir vissulega ekki alla aðila þar eða alla þætti hennar því að þetta kerfi getur í sjálfu sér þjónað vissum hagsmunum ágætlega. En þeir hagsmunir byggja á þeirri aðferðafræði að taka alla ferðamenn inn í landið og senda þá úr landi aftur frá sama blettinum á suðvesturhorni landsins. Það þýðir að allar ferðir, um 95–98% erlendra ferðamanna sem koma til landsins og þeir verða sennilega í fyrsta sinn fleiri en þjóðin á því ári sem nú er nýhafið, hefjast og enda hér og þá fer það eftir því hversu marga daga menn dvelja í landinu hversu stóran hring út frá Reykjavík þeir geta farið á þeim tíma sem þeir hafa hér.

Þessu hafa menn haft mikinn áhuga á að breyta. Á þetta hafa fjölmargir bent í ferðaþjónustu, sérstaklega aðilar sem eru að reyna að koma fótum undir ferðaþjónustu út um landið, t.d. í þeim landshlutum sem fjærst liggja Reykjavík eins og á Norður- og Austurlandi. Það mundi gjörbreyta aðstæðum rekstraraðila á þessu sviði ef þó ekki nema einhver lítill hluti ferðamannanna að þessu leyti ferðaðist samkvæmt öðru munstri um landið, kæmi t.d. inn í landið á suðvesturhorninu en færi út í gegnum flug segjum frá Egilsstöðum eða Akureyri eða öfugt. Menn undrar nokkuð varðandi jafnmiklar flugsamgöngur og eru t.d. yfir háferðamannatímann þegar lendingar með ferðamenn í Keflavík nálgast kannski 100 á viku — eða svo dæmi sé tekið þá er þetta í viku hverri

kannski komið í 25–30 flug á Kaupmannahöfn eina saman — að ekki skuli a.m.k. lítið hlutfall þessara samgangna geta byggst upp frá öðrum flugvöllum.

Ég tel að í þeim tilraunum sem hafa verið gerðar á undanförnum árum til að breyta þessu eitthvað og eru ekki mjög margar hafi aldrei verið nein alvara því miður. Það lægist meira að segja að manni sá grunur að þær hafi sumar hverjir verið látnar mistakast viljandi vegna þess að það hafi ekki verið raunverulegur áhugi hjá þeim sem til hefðu þurft að koma til að breyta þessu munstri. Hvað sem hver segir og þó að sjálfsagt megi færa fyrir því rök að það sé hægara sagt en gert og það sé af ákveðnum hagkvæmnisástæðum sem þetta hafi byggst upp svona, þá verður hinu ekki mótmælt að þetta er fyrirkomulag sem er geysilega óhagstætt fyrir þá sem eru að reyna að reka ábatasama starfsemi á sviði ferðaþjónustu í öðrum landshlutum. Það er svo. Þetta kerfi mylur fyrst og fremst undir þá sem útgerðinni stjórna héðan frá þessu horni.

Þetta er líka mjög óhagstætt í umhverfislegu tilliti því að með öðruvísi samgöngumynstri gæfist kostur á dreifa betur álaginu af ferðamennskunni, jafna henni út á landshluta, draga úr þeirri hrikalegu umferð og því mikla álagi sem er orðið á ákveðnum vinsælum ferðamannastöðum á suðvesturhorninu og gera fleiri svæði og landshluta að virkum þátttakendum og helst heilsársþátttakendum í ferðaþjónustunni. Þess vegna er það ekki að tilefnislausu finnst mér að draga það inn í þessa umræðu hér að núna liggja fyrir fjárfestingaráform í flugstöðinni í Keflavík og þar í kring upp á upphæðir af því tagi sem ég hef nefnt í minni ræðu og hefur ekki verið mótmælt og verður ekki mótmælt því að ég er með þau gögn í höndunum. Um er að ræða beinar fjárfestingar af stærðargráðunni 7–8 milljarðar kr. á næstu 15 árum. Aðspurðir segja þeir sem þarna véla um frá Framkvæmdasýslu ríkisins og aðilar úr ferðaþjónustunni, að inn í þessar áætlanir komi engin áform um neinar fjárfestingar í samgöngumannvirkjum á landsbyggðinni, engar, og ég held að hv. þm. Jón Kristjánsson hljóta að verða að viðurkenna að menn hafa stundum sagt einhver orð úr ræðustóli á Alþingi af minna tilefni. Svo kemur hv. þm. og getur reynt að segja: „Já, en þetta kemur Schengen ekki við.“ En það er bara ekki þannig. Það hvernig aðstaða er til að takast á við þetta nýja umhverfi á flugvöllum og í höfnum úti á landi er stórt praktískt mál með tilkomu Schengen.

Það er að vísu rétt að við núverandi aðstæður t.d. á Egilsstaðaflugvelli er hægt að taka á móti einstökum flugvélum. Það er hægt með fyrirvara að fá þar inn mannskap og ég geri ráð fyrir því að hægt sé að koma þar upp tölvubúnaði og reka hann í samband og hafa þar eitt eða tvö hlið sem ræður kannski við það að taka eina flugvél inn í flugstöðina ef hún er tóm að öðru leyti. En ég er ansi hræddur um að málin vandist ef þannig háttaði til að á sama tíma væri í flugstöðinni mikil umferð vegna innanlandsflugs því sú flugumferð er eðli málsins samkvæmt innansvæðisumferð. Þá kemur að því að halda verður farþegunum sem koma með millilandaflugvélinni utan frá aðskildum frá hinum vegna þess að þeim má ekki blanda saman og ætli þá fari ekki að verða þröngt um. Hvar á þá að setja upp eins og kannski fjögur hlið til þess að það taki ekki marga klukkutíma að tína þessa farþega inn í Schengen, skoða hvert einasta vegabréf og slá því upp í hinu samræmda upplýsingakerfi? Ég bið guð að hjálpa mér ef millilandaflugvélarnar væru tvær og svo væri eins og einn Fokker líka á vellinum. Jafnvel þó að segja megi að á Egilsstöðum sé möguleiki á að taka inn stök flug af þessu tagi, þá er alveg augljóst mál að t.d. við núverandi aðstæður, bæði á Egilsstöðum svo ég tali ekki um á Akureyri, geta skapast mjög mikil vandræði vegna þrengsla og vegna þess að það er erfitt að koma við þeim búnaði sem mun þurfa að setja þarna upp ef þar á að staðaldri að vera til staðar viðbúnaður til þess að mæta umferð af þessu tagi. Á Akureyri er þetta praktískt mál. Þangað hafa verið undanfarin sumur allmörg leiguflug frá landi sem verður utan Schengen, nánar tiltekið Sviss. Þar koma þotur með 110–150 farþegum og þær lenda gjarnan þar á sama tíma og innanlandsflug er á staðnum. Ærin vandræði hafa nú þegar skapast þó ekki bætist síðan við sá aðskilnaður sem á grundvelli þessa þarf síðan að gera á þeim farþegum sem eru utan og innan svæðisins. Bara sá praktíski þáttur einn að taka þessa farþega inn í landið án þess að það taki óratíma og að slá þeim öllum upp í upplýsingakerfinu kallar á heilmikla aðstöðu eins og við sjáum best á því að nú telja menn ekki minna duga í Keflavík en 22 hlið til þess að mæta umferðinni á morgnana, t.d. þeirri sem kemur vestan um haf. Og eigi þessir flugvellir ekki að vera stórkostlega takmarkaðir, ég neyðist því miður til að segja, herra forseti, nánast úr leik í samkeppni að þessu leyti í umferð á komandi árum eins og þetta blasir við mér, þá sýnist mér að það þurfi að gera miklar ráðstafanir sem ekki er stefnt að eins og málin standa í dag þar sem menn eru að reyna að sleppa frá þessu með þeim einfalda hætti að segja: „Þetta bjargast. Þetta verður hægt. Það er hægt að koma þessu við“ o.s.frv. Ég tel það ekki metnaðarfull svör fyrir hönd þessara staða eigi þeir að eiga einhverja möguleika í þessari samkeppni.

Sama gildir í verulegum mæli um hafnirnar. Þetta er spurningin um það að inntaka þessara farþega inn á svæðið sé gerleg á nægjanlega skömmum tíma til þess að menn standi í því. Og menn verða að átta sig á því að þarna ráðum við engu um kröfurnar. Þær eru settar af Schengen og við verðum að uppfylla þær kröfur um skoðun á hverjum einasta farþega sem inn á Schengen-svæðið er að koma og slá honum upp í upplýsingakerfinu því ef þar kynni að vera í hópnum einhver skúrkur sem kominn er á skrá í einhverju af þessum löndum þá þarf að fletta honum upp, slá inn hans nafn og númer og þá kunna að blikka gul eða rauð ljós ef þarna er einhver hæpinn pappír á ferðinni. Ég ætla ekki hér að fara að gefa slíkum mögulegum sökudólgi nafn eins og stundum var gert í utanrmn. Það kynni að misskiljast sem fordómar ef ég færi að hafa þá hluti eftir. En menn notuðu ýmis vinnuheiti á þá einstaklinga sem kynnu að vera að slæðast hingað til landsins, hugsanlega á hæpnum forsendum eða vafasömum pappírum o.s.frv.

Herra forseti. Ég vil nefna eitt enn í þessu sambandi sem ég geri ráð fyrir að hv. þm. Jón Kristjánsson skilji líka mætavel og það er mögulegt varaflugvallarhlutverk þessara flugvalla. Hvað gerðist nú ef allt í einu yrði ófært í Keflavík og búið væri að setja stærri eldsneytisslöngu á Egilsstaðaflugvelli en þar er nú? En hún nægir svona rétt til þess að flytja mjólkina úr einni kú per tíma, svo lítill er vökvinn sem um hana rennur. Og það er t.d. ein ástæðan fyrir því að menn hafa afskrifað í raun og veru Egilsstaðaflugvöll sem mögulegan varaflugvöll sem nái máli eftir reynsluna af honum núna í vetur af því að auðvitað dugar ekki að það sé verið að kjótla eldsneytinu á stórar vélar sem taka tugi þúsunda lítra í einhverjum tebollum. Það gengur ekki.

En segjum svo að búið væri að bæta úr þessu en síðan kæmi upp sú praktíska staða að einar þrjár eða fjórar vélar sem væru að koma vestan um haf gætu ekki lent í Keflavík.

Þá er í reynd varaflugvöllur okkar númer eitt á Egilsstöðum, eins og stefnan var mörkuð á sínum tíma með uppbyggingu þess vallar fyrir háar fjárhæðir og með ágætri 2000 m flugbraut sem ég veit að hv. þm. þekkir. Það er úti í hafsauga að taka slíkan flota niður á Egilsstöðum við núverandi aðstæður ef ekki verða gerðar verulegar ráðstafanir til þess að til staðar sé búnaður eða a.m.k. að fljótlegt væri að drífa í gang aðstöðu þar sem hægt verði að afgreiða farþega í mörgum hliðum samtímis og með umtalsverðum mannafla og búnaði. Allt þetta þarf að geta gerst á mjög skömmum tíma því að ef vélin lendir á Íslandi og farþegarnir koma inn í landið þá koma þeir inn á Schengen. Það er ekkert val í þeim efnum.

Annaðhvort er til staðar landamærastöð eða ekki sem uppfyllir þær kröfur sem hinar sameiginlegu reglur setja. Það er þannig. Og það verða engar b- og c-stöðvar leyfðar í þessu kerfi, ég hef hvergi rekist á það, þó að slíkt kerfi væri búið til hér til bráðabirgða í sambandi við gæðaeftirlit á fiski sem kæmi inn á Evrópska efnahagssvæðið. Þetta er allt öðruvísi. Þarna verða gerðar mjög strangar kröfur til þess að hinum sameiginlegu skilmálum verði fylgt vegna þess að við tökum að okkur landamæravörslu fyrir allt svæðið. Okkur á að treysta sem útstöð, sem landamærastöð fyrir Schengen í vestri. Þeir menn sem koma til Íslands og fara inn í gegnum þau hlið eru komnir inn í Evrópu, eru komnir á Schengen. Og þar af leiðandi er það sameiginlegt mál allra landanna að gæslan sé með þeim hætti sem skylt er.

En ég verð að segja, herra forseti, að ég tel að það sé því miður ekki svo. Ég segi því miður því að ef veruleikinn væri eins einfaldur og mér fannst felast í skilningi hv. þm. Jóns Kristjánssonar á þessu máli, að það væri í sjálfu sér ekkert vandamál varðandi stað eins og Egilsstaði og Akureyri eða hafnir landsins, það væri bara misskilningur að blanda því eitthvað saman við Schengen, þá væri þetta minna áhyggjuefni a.m.k. hvað þennan þátt málsins varðar en það er fyrir mér. Ég held nefnilega að þvert á móti sé þetta eitt af mörgu sem þarna sé verulega ástæða til að hafa áhyggjur af. Ég spái því að hv. þm. Jón Kristjánsson muni nú átta sig á því að þetta er eitthvað flóknara en hann hafði verið að gera sér vonir um þó að ég skilji alveg og viti af hverju hann var sæll í sinni trú af því að það var vissulega reynt að láta líta svo út eða það mátti ráða af gögnum sem fyrir okkur voru lögð í utanrmn., að þetta væri nú ekki stórmál. En ég held að þar hafi ekki öll sagan verið sögð eins og ég vona að mér hafi tekist að rökstyðja eitthvað með máli mínu. Það er a.m.k. minn skilningur á málinu og ég tel mig hafa rök fyrir því að hafa áhyggjur af því að þarna hafi menn ætlað að fara frekar ódýra leið fram hjá álitamáli í þessu sambandi sem ég spái að við séum ekki búin að sjá fyrir endann á.

[21:49]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. 4. þm. Norðurl. e. var að meginefni til um aðstöðu ferðaþjónustunnar hér á landi og það módel sem hún er rekin eftir. Ég er alveg sammála honum um að auðvitað er það ekki gott mál að allir ferðamenn komi hér inn á eitt landshorn og það er eitt vandamál sem við eigum við að etja í ferðaþjónustunni. Ég vil gjarnan að hægt væri að byggja upp flug erlendis frá á vellina úti á landi.

En hv. þm. sagði réttilega í upphafi ræðu sinnar að þetta ástand hefði skapast á undanförnum árum þó að Schengensamningurinn hefði ekki verið kominn, og ég tek undir það með hv. þm.

Ef svo vildi til að olíufélagið Shell rausnaðist til þess, sem þeir væru nú ekki of góðir til, að setja stærri bensíndælu á Egilsstaðaflugvöll og þar lentu þrjár eða fjórar vélar frá Ameríku í einu, þá reikna ég nú með að þó að Schengen-samningurinn væri ekki fyrir hendi yrði að fara fram vegabréfaskoðun úr þessum vélum.

En ég er alveg tilbúinn til að berjast fyrir því, bæði fyrir Egilsstaði og Akureyri, ef svo kynni að fara að mikil straumhvörf yrðu í umferð um þessa velli og mönnum tækist það sem aðila fyrir austan og norðan hefur langað mjög til, að efla slíka umferð, þá er ég reiðubúinn til að berjast fyrir framkvæmdum á þessum flugvöllum og hef reyndar ekkert legið á liði mínu í því efni.

En ég endurtek, mér finnst þessi umræða um Schengensamninginn vera allt of svart/hvít.

[21:51]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að bilið milli mín og hv. þm. hafi styst svolítið í sjónarmiðum okkar í þessum efnum, og það er ágætt. Það er nú oft afraksturinn af því að menn rökræði, skiptist á skoðunum, að bilið minnkar á milli manna. Ég fagna því að hv. þm. heitir hér vasklegu framlagi sínu í því að berjast fyrir úrbótum eftir því sem þörf krefur á umræddum flugvöllum.

Á báðum þeim stöðum sem hér hafa sérstaklega verið nefndir, Egilsstaðir og Akureyri, hafa menn verið að binda vonir við það einmitt síðustu árin að einhverjir hlutir væru að gerast í þeim efnum. Og vissulega hefur þar aðeins farið í gang t.d. beint millilandaflug, en þó minna en menn hefðu viljað sjá. Ég hygg að sérstaklega eigi það við um Egilsstaðaflugvöll og kjördæmi hv. þm., sem bráðum verður okkar beggja trúlega, að þar hafi það orðið mönnum nokkur vonbrigði að ekki skuli hafa komið upp meiri starfsemi á grundvelli þeirrar miklu uppbyggingar sem lagt hefur verið í á Egilsstöðum, en hún er jú ekkert ýkja gömul eins og við vitum. Menn hefðu sjálfsagt vel getað sætt sig við að það tæki einhvern tíma en lítið hefur gerst.

Svona er staðan í dag. En þá skiptir líka miklu máli að ekkert það sé gert sem kunni að verða viðbótarþröskuldar í vegi þeirrar þróunar sem menn hafa viljað sjá á þessum stöðum. Og það er það sem ég er að benda á og tel að eigi fullt erindi inn í þessa umræðu og annað væri í raun sérkennilegt ef það ætti ekki erindi hingað inn að ræða um aðstöðu og viðbúnað til þess að menn gætu uppfyllt þær kröfur sem þarna er verið að setja á okkur. Og það liggur fyrir í gögnum okkar að menn hafa verið að skoða, þó allt of lítið sé, þessa hluti.

Ríkislögreglustjóri lét gera úttekt á aðstöðu á flugvöllum og höfnum og Flugmálatjórn og Siglingastofnun hafa eitthvað haft það til skoðunar. En ég held því fram að það samstarf hafi verið allt of lítið og menn hafi í raun ekki tekið þá hluti alvarlega — nema í Keflavík. Öll orkan hefur farið í að horfa til aðstöðunnar þar, allar fjárfestingaráætlanirnar eru þar og það er hlutur sem mér finnst ekki góður, herra forseti.

[21:53]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það eru vonbrigði á Austurlandi að ekki hefur tekist að nýta Egilsstaðaflugvöll sem skyldi og þá miklu fjárfestingu sem þar er. Vissulega hafa farið fram tilraunir í þessu efni sem hafa ekki gengið upp hingað til, en enn þá eru áhugasamir menn með áform í

þessum efnum. Þeir markaðir sem þeir horfa til eru einkum þýski markaðurinn og leiguflug frá Evrópu. Ég sé ekki að Schengen-samningurinn muni leggja stein í götu þess, en ég endurtek að ef þörf er á framkvæmdum úti á landi í þágu þessa samnings, þá er auðvitað sjálfsagt að berjast fyrir því. Það leiðir af sjálfu sér og ég tek undir það efnislega að ef þörf er fyrir framkvæmdir vegna þessa samnings við samgöngumannvirki úti um landsbyggðina er sjálfsagt að huga að þeim málum. Ég er ekki að bera á móti því þó að mér finnist þessi mál hafa verið máluð dökkum litum í umræðunni í kvöld.

[21:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það mjög miður þegar umræður um mál, stórmál af þessu tagi sem Schengen-samningurinn er, fara að snúast um allt annað en fyrir Alþingi liggur. Það sem menn eru að ræða hér eru bara allt aðrir hlutir.

Ég furða mig á því ef menn halda virkilega að á varaflugvöllum þar sem flugvélar lenda vegna þess að ófært er um hríð að lenda á þeim aðalflugvelli þar sem fljúga á til, að þar fari fram tollskoðun. Hvers konar vitleysa er þetta? Það fer að sjálfsögðu ekki fram tollskoðun annars staðar en á áfangastað þeirra farþega sem eru með viðkomandi flugvél. (**Gripið fram í:** Að menn bíði bara á Akureyri?) Að menn bíði bara á Akureyri? Já. (**Gripið fram í:** Í flugvél.) Nei, nei, menn bíða — það er óheimilt að losa farangur og frakt úr flugvélum annars staðar en á áfangastað. Hvers konar vitleysa er þetta, virðulegi forseti? Þetta vita menn sem vanir eru ferðalögum og oft hafa þurft að sæta því að lenda á varaflugvöllum vegna þess að flugvelli á áfangastað hefur verið lokað. Halda menn að farþegar hlaupi út úr millilandaflugvél á Egilsstöðum ef lent væri þar á varaflugvelli í staðinn fyrir Keflavík og færu bara niður á Fjörður? Ég undrast þetta, þetta kemur málinu náttúrlega ekki nokkurn skapaðan hlut við og það er alveg fráleitt að menn skuli standa í svona umræðum um þetta stærsta utanríkismál sem Alþingi fjallar um og vera með slíka röksemdafærslu. Ég frábið mér svo mikið sem að hlusta á svona hluti.

[21:59]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki ónýtt að eiga slíkan kennara að í þingmennsku sem hv. þm. Sighvat Björgvinsson, (**SighB:** Ég hélt að ég þyrfti ekki að kenna ...) að kenna mönnum hvað sé innan dagskrár og hvað sé ekki innan dagskrár að ræða. Það hefur örugglega aldrei hent hv. þm. Sighvat Björgvinsson að stíga eitt feilspor í þeim efnum, að taka nokkurn tíma fyrir í máli annað en það sem strangt tekið tilheyrir dagskránni.

Síðan þakka ég einnig fyrir það, gamall samgrh., að hv. þm. ætlar að kenna mér hvað felist í millilendingum á varaflugvöllum og vegabréfaskoðun og öðru slíku. Og ég ætla að spyrja hv. þm.: Telur hv. þm. líklegt að eftirlitsaðilar með framkvæmd Schengen-samkomulagsins tækju það gilt að millilandaflugvélar frá Bandaríkjunum með umferð utan svæðis lentu á Egilsstaðaflugvelli vegna þess að það væri ófært í Keflavík, farþegarnir færu inn í flugstöðina og þeim væri síðan komið fyrir á hótelum á Héraði, telur hv. þm. að þá þurfi ekki að fara fram vegabréfaskoðun, að þá þurfi ekki að fara fram það lögbundna eftirlit sem er forsenda þess að hleypa megi mönnum inn á Schengen-svæðið? Svarið er auðvitað jú.

Telur hv. þm. að ef áfram væri nú ófært í Keflavík og valinn yrði sá kostur að fljúga frá Egilsstöðum á Íslandi, sem er í Schengen, til London, sem er líka í Schengen, að þá yrði sú umferð ekki meðhöndluð sem innansvæðisumferð? Svarið er jú. Þá þyrfti þeirri skoðun að vera lokið áður á farþegum og uppflettingu í sameiginlega upplýsingakerfinu sem tilheyrir þátttöku í Schengen. Hér gerir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sig því beran að miklum misskilningi og ótrúlegri vanþekkingu ef hann meinar virkilega það sem hann sagði áðan. Það fer mönnum alltaf illa sem ætla að taka að sér að kenna öðrum að kunna ekkert í fræðunum sjálfir. Það endar yfirleitt illa.

[21:59]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reikna með að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi svipaða reynslu af því að millilenda á flugvelli og dvelja þar um skamma hríð vegna þess að aðalflugvöllur hafi verið lokaður vegna veðurs. Á slíkum flugvöllum fer aldrei tollafgreiðsla fram, aldrei. Á þeim flugvöllum sem eru þannig undirbúnir að þeir geti tekið á móti transit-farþegum fara slíkir farþegar beint í transit án þess svo mikið sem fara í gegnum vegabréfaskoðun, hvað þá heldur tollskoðun.

Hvernig dettur hv. þm. í hug að ef svo skyldi fara að flugvél frá Bandaríkjunum þyrfti að lenda á Egilsstaðaflugvelli vegna þess að Reykjavíkurflugvöllur væri lokaður eða Keflavíkurflugvöllur öllu heldur, að þá mundu menn bara labba þar í land, taka sitt hafurtask og fara niður á Fjörður.

Ég hef sjálfur þurft að millilenda vegna veðurs á flugvöllum þar sem var ekki transit-afgreiðsla. Það mál var leyst einfaldlega þannig að þá voru vegabréfin tekin af farþegunum þegar þeim var komið fyrir á hótelum. Þannig eru mörg dæmi um það hvernig svona mál eru leyst. En það er alveg fráleitt að í þessu stærsta utanríkismáli Íslendinga skuli menn vera að rífast um það hvernig eigi að meðhöndla það ef þrjár vélar frá Ameríku millilenda á Egilsstöðum. Að hugsa sér, virðulegi forseti, að þetta skuli vera umræðuefni hér. Og svo segja menn, ja, því miður, öll þessi fjárfesting á Egilsstaðaflugvelli nýtist ekki nægilega vel. Vilja menn þá fjárfesta meira þar? Vegna þess að gæti verið að einhver flugfélög frá Ameríku mundu einhvern tímann, kannski einu sinni á ári eða annað hvert ár þurfa að millilenda þar? Egilsstaðaflugvöllur virðist allt í einu vera orðinn einn aðalmillilandaflugvöllur í Ameríkufluginu fyrir Evrópu. (**Gripið fram í:** Gott ef væri.) Gott ef væri, gott ef væri. En þetta, herra forseti, þó að ég ætli ekki að fara að setjast í einhvern kennarastól, er ekki uppbyggileg umræða. Og að byggja andstöðu sína við Schengen-samninginn á svona röksemdafærslu finnst mér vera fyrir neðan virðingu jafnágæts, gáfaðs og reynds þingmanns og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

[22:01]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst aðallega ánægjulegt að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli vera mættur hér til leiks og með þetta miklum krafti, bara nokkurn veginn kominn í sinn gamla ham þegar hann var nokkurn veginn óumdeildur Íslandsmeistari í útúrsnúningum og rangfærslum úr ræðustóli. Ekki var mikið um það deilt að þegar hv. þm. var í stuði væri hann eiginlega flestum öðrum fremri og var þó samkeppnin hörð í Vestfjarðakjördæmi stundum, þar sem hv. þm. var lengi í framboði. Auðvitað gat hv. þm. engu svarað hvað

varðaði dæmi mín sem ég tók sem nægja að ég tel fyrir alla þá sem þekkja til málsins til að sýna fram á að það getur verið praktískur veruleiki sem menn standa þarna frammi fyrir. Hér var ósköp einfaldlega verið í lokin á langri umræðu, sem hefur að mínu mati verið málefnaleg og efnisleg þangað til núna áðan í einu stuttu andsvari frá þingmanni Vestfirðinga, farið út í það að ræða um stöðu ferðaþjónustu á landsbyggðinni í þessu samhengi og það á fullt erindi inn í umræðuna. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson má að sjálfsögðu gera lítið úr því að við hér, nokkrir þingmenn landsbyggðarinnar, höfum haft af því nokkrar áhyggjur að þarna kynnu að vera hlutir á ferð sem þyrfti að skoða út frá stöðu ferðaþjónustunnar og möguleikum hennar og þar með talið þeirra flugvalla á landsbyggðinni sem hafa helst verið taldir koma til greina í sambandi við millilandaflug. Það verður þá að vera hlutskipti þessa þingmanns Vestfirðinga í umræðunni að telja það alveg sérstaklega óviðeigandi að hafa áhyggjur af þeim hlutum að draga það inn í umræðuna. Ýmsu er maður svo sem vanur frá hv. þm.

En ég tel þó, herra forseti, satt best að segja, þó ég sé alltaf þakklátur fyrir uppfræðslu og leiðbeiningar, að ég verði að afþakka frekari tilburði af hálfu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar til að kenna mér lestur og skrift í þessum fræðum. Mér sýnist ég geti ekkert af honum lært.

[22:04]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist. Ég ætla að flytja bara örstutt mál um stöðu landsins í heild sinni varðandi Schengen-umræðuna. Það á auðvitað fullt erindi inn í umræðuna og hafi ég ekki verið sannfærður um það áður, þá er ég sannfærður um það núna, eftir útspil hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að það er aldeilis ástæða til að ræða þessi mál í þingsölum vegna þess að það er greinilega mjög mikil fáfræði í gangi. Bæði Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur, þó sérstaklega Akureyrarflugvöllur, eru áfangastaðir. Þangað kemur fólk frá útlöndum, t.d. frá Sviss, og fær tollskoðun. (**SighB:** Er það ekki hið besta mál?) Jú, en þú stilltir, hv. þm., málunum upp alltaf á þann hátt að þetta hafi verið transit-farþegar.

(**Forseti** (HBl)**:** Það ber að segja háttvirtur þingmaður.)

Hv. þm. stillti málunum upp á þann hátt að þetta væru transit-vellir og það er allt annað dæmi. Þetta eru líka áfangastaðir. Málið í heildarsamhengi er þannig að ef við erum í þeirri stöðu vegna einhvers sem við höfum ekkert rætt í gegn að við erum að fara í milljarðafjárfestingu í aðstöðu, þá hlýtur það að hafa áhrif á það sem við erum að gera annars staðar í landinu, það gefur augaleið. Við höfum barist fyrir því um áraraðir að fá örfárra tugmilljóna fjárfestingar til lagfæringa á þessum völlum. Egilsstaðaflugvöllur hefur að vísu verið byggður upp á myndarlegan hátt, en eins og ég sagði áðan, og ég er tíður farþegi frá Akureyri, þar er stöðin fokheld. Sú aðstaða er alls ekki kláruð. Hvað halda menn að gerist eins og ég benti á í viðskiptaheiminum þegar verið er að athuga möguleikana á því að fá menn til þess að dreifa álaginu í ferðaþjónustunni inn á landið þegar menn einblína bara á þetta Schengen-hlið inn í landið? Það gefur svoleiðis augaleið. Hér í samanburði við fjárfestingar upp á nokkra tugi millj. á þessum póstum sem við erum að tala um, þá erum við að tala um fjárfestingar á næstu missirum og árum upp á milljarða. Viðskiptaheimurinn er nú bara þannig í dag að slíkar fjárfestingar eru leiðandi fyrir áhuga ferðaþjónustuaðila til afnota. Svo einfalt er það. Þess vegna á þetta sjónarmið fullt erindi inn í umræðuna vegna þess að ákvörðunin um fjárfestingarnar leiðir til þess að notkunin konsentrerast. Það er svo einfalt mál. Þetta vildi ég draga fram vegna þess að ég hef um árarаðir og árabil unnið í ferðaþjónustugeiranum og ég veit nákvæmlega hvar skóinn kreppir í þeim efnum. Það eru mörg ljón á veginum varðandi það að fá áhugasama þjónustuaðila til þess að fljúga inn á þessa tvo velli og m.a. þá eru það aðstöðumálin. Og þó að menn hafi tekið myndarlega á varðandi vellina sjálfa og tæknibúnaðinn og að vissu leyti húsakostinn eins og á Egilsstöðum, er hér um sáralitlar fjárfestingar í raun og veru að ræða. Ég árétta enn og aftur að Akureyrarflugvöllur er hálfkarað dæmi.

[22:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Því miður gat ég ekki komið upp í andsvar í þriðja sinn, en ég var nú bara satt að segja svo hissa að ég varð að biðja um orðið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem er mikill áhugamaður um uppgang landsbyggðarinnar, hefur miklar áhyggjur af því hvað gerist ef flugvél frá útlöndum lendir á einhverjum flugvelli á landsbyggðinni. Ég hef engar áhyggjur af því. Ég hef miklu meiri áhyggjur af því sem landsbyggðarþingmaður, herra forseti, ef flugvélar frá útlöndum vilji ekki lenda á landsbyggðarflugvöllum. Ég held að það sé miklu meira áhyggjuefni en ef að svo færi að þær skyldu vilja lenda þar. Ég held að það hljóti að vera eftirsóknarvert fyrir okkur landsbyggðarmenn ef erlend flugfélög eða íslensk flugfélög með erlendum farþegum vilja nýta þessa velli. En við viljum ekki fara að hugsa til þess með einhverri skelfingu ef þau gera það. Ef flugvélar frá Ameríku, svo maður tali ekki um þrjár, þrjár á einum og sama degi, vilja lenda á Egilsstaðaflugvelli þá fagna ég því. Ég held að það væri bara mikil upplyfting fyrir þann ágæta stað, en ég hef ekki áhyggjur af því.

[22:09]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það orkar kannski tvímælis að fara í andsvar þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er kominn í útúrsnúningastílinn og að leggja þannig út af orðum mínum að ég hafi fyrst og fremst áhyggjur af því ef til þeirra óskapa kæmi að einhverjar flugvélar frá útlöndum lentu á flugvöllum úti á landi. Hann snýr hlutunum svo rækilega á haus sem hugsast getur því að ræða mín var einmitt sú að ég hef lengi verið baráttumaður fyrir því að reyna að fá fram breytt munstur í ferðaþjónustu og aðkomu farþega að landinu. Ég þykist þekkja nægjanlega vel til þessara mála til þess að vita að núverandi fyrirkomulag er landsbyggðinni mjög óhagstætt af ýmsum ástæðum. Þó ekki kæmi annað til en að ferðamenn, samkvæmt könnunum, eyða drjúgum hluta af farareyri sínum á fyrstu tveim til þremur sólarhringum ferðalags þar sem þeir stoppa í landi, það sýna allar kannanir, þá nægir það eitt og sér til þess að sýna að það er nú ekki kannski eftir miklu að slægjast þó að þeir fari eitthvað út á land hafandi eytt á fyrstu sólarhringunum á innkomustaðnum stórum hluta peninga sinna. Það liggur ósköp einfaldlega, herra forseti, fyrir í gögnum þessa máls og hv. þm. ætti kannski að fara í möppur sínar í utanrmn. því það hefur hent að hv. þm. hafi vantað á einn og einn fund, og fara í gegnum gögnin sem liggja þar. Þar eru m.a. úttektir annars vegar ríkislögreglustjóra og hins vegar aðila eins og Flugmálastjórnar og Siglingastofnunar og svo minnisblað frá flugmálastjóra að síðustu til okkar í

utanrmn. um það sem þurfi að gera, eða sé í undirbúningi, varðandi hafnir og flugvelli í landinu. Það er mikill misskilningur að reyna svo að koma hér og segja að það eigi ekki við og það sé ekki innan dagskrármálsins að ræða um þessa stöðu í heild sinni fyrir landið, eins og þetta komi Keflavík bara við. Það er ákaflega kurteislegt orðalag, held ég, um innlegg hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, ef innlegg skyldi kalla, að kalla það misskilning.

[22:11]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þekki ég hv. þm. Steingrím J. Sigfússon aftur því nú kemur í ljós þegar upp er staðið hefur hann aldeilis ekki neinar áhyggjur af því þó að flugvélar með erlenda farþega þurfi að lenda á flugvöllum úti á landi. Þvert á móti fagnar hann því vegna þeirra áhrifa sem hann telur að það hafi. Þarna þekki ég hv. þm. aftur og mér finnst mjög ánægjulegt að heyra það. Áhyggjur hans yfir því að svo mundi fara voru bara hreinn misskilningur og hann er ekki þeirrar skoðunar þegar á reynir. Hins vegar er ég honum alveg sammála um það að það er náttúrlega nauðsynlegt að skipta út þessum tebollum eða mjaltakerfi á flugvellinum á Egilsstöðum eins og hann kallaði það. Það verður sjálfsagt gert af hæstv. ríkisstjórn án þess ég viti nokkuð um það. Svo getum við fagnað báðir, við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, þegar flugvélar með erlendum farþegum lenda á þeim velli, tökum vel á móti þeim, þó ég geri mér ekki vonir um að þrjár vélar frá Ameríku lendi á einum og sama deginum á Egilsstaðafluvelli.

[22:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér fer fram síðari umræða um þáltill. og þar með lokaumræða málsins. Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst það í hæsta máta vafasamt fyrir Alþingi að ljúka umræðu um þetta mikilvæga mál í ljósi þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram við umræðuna. Hæstv. utanrrh. hefur staðfest að peningalegir þættir, fjárhagslegir þættir málsins, séu óljósir. Fram hefur komið að fyrirhugaðar framkvæmdir við Leifsstöð á næstu 15 árum munu nema 7–8 milljörðum kr., 7–8 þúsund milljónum króna. Á næstu missirum mun þessi kostnaður nema þremur og hálfum milljarði króna. Menn gera ráð fyrir að drjúgur hluti af þessu fjármagni sé til kominn vegna Schengen. Hæstv. utanrrh. sagði að menn giskuðu á 500–900 millj. bara í þessum fyrsta áfanga. Þetta væri byggt á ágiskunum. Hér hefur komið fram við umræðuna að tilkostnaður annars staðar á landinu er líka óljós — puttinn upp í loftið. Þetta er gamla aðferðin sem hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, beitti á Perluna forðum daga. Nú ætla menn að hafa sama hátt á í þessu efni.

En það er annað sem fram hefur komið í þessari umræðu og það er hve mjög ríkisstjórnin og samherjar hennar — við fengum hér ágætt dæmi um slíkan samherja, hv. þm. Sighvat Björgvinsson — hve mjög þessir aðilar eru í vörn í þessu máli, bullandi vörn. Þeir standa frammi fyrir álitsgerðum frá ferðaþjónustunni, frá Ferðamálaráði, frá flugfélaginu og fjölmörgum aðilum sem til þekkja. Þeir standa frammi fyrir álitsgerðum frá heilbrigðisyfirvöldum, frá landlæknisembættinu, frá lögregluyfirvöldum og þeim sem vel til þekkja og lýsa áhyggjum yfir því að hér muni slakna á eftirliti með innflutning á eiturlyfjum til landsins. Gagnvart þessu stendur ríkisstjórnin núna og meiri hlutinn sem ætlar að reyna að knýja þetta í gegn. Hvaða röksemdum er beint á móti? Jú, við þurfum að bíða skemur í biðröðum þegar við komum á flugvelli í Evrópu. Ég minnist þess ekki sjálfur að hafa þurft að bíða neins staðar á flugvelli í Evrópu. (**Gripið fram í:** Ó, jú.) Slíkar biðraðir eru í Bandaríkjunum og víða annars staðar. (**SJS:** Þú ferðast nú ekki eins mikið og utanrrh.) Ég ferðast að vísu ekki eins mikið og hæstv. utanrrh. En í fullri alvöru, þá er þetta ekki það stóra vandamál sem Íslendingar standa frammi fyrir. Við erum hins vegar að ráðast hér í milljarða fjárfestingar og óhagræði sem er óumdeilt af hálfu þeirra sem þekkja til í ferðamálaiðnaðinum, og við stöndum frammi fyrir þessum varnaðarorðum frá heilbrigðisyfirvöldum og lögregluyfirvöldum einnig.

Hvað er það sem við fáum á móti? Hvernig er þetta rökstutt og hvernig er þetta réttlætt af hálfu ríkisstjórnarinnar? Með pólitík. Okkur er sagt að þetta snúist bara um pólitík því að með þessu móti bindumst við Evrópusambandinu fastari böndum. Hæstv. utanrrh. sagði fyrr við umræðuna að það væri rökrétt af hálfu þeirra sem á sínum tíma studdu samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði að styðja einnig Schengen, og það er rétt. Ég rakti það í máli mínu fyrr í dag hvernig Evrópa hefði verið að bindast fastari böndum og færast nær því takmarki sem Winston Churchill lýsti árið 1946, að stofnað yrði sambandsríki Evrópu. Ég rakti hvernig Rómarsáttmálinn kom til sögunnar árið 1957 og síðan koll af kolli, Maastricht og Amsterdam. Evran kemur til sögunnar og síðan fáum við þessa þáltill. sem segir hreint út að hér sé byggt á framhaldinu af Rómarsáttmálanum frá 1957. Þetta eru röksemdirnar sem við fáum fyrir því að færa þessar peningalegu fórnir og setja þessa bagga á ferðaiðnaðinn á Íslandi og torvelda yfirvöldum að fylgjast með smygli til landsins og reyna að koma í veg fyrir slíkt. Það eru pólitískar forsendur sem bornar eru á borðið.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka það að talsmenn Schengen-samkomulagsins hafa verið í bullandi vörn við þessa umræðu. Þeir hafa fengið stuðning frá pólitískum samherjum um Evrópusamrunann. Þess vegna kom hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hér í pontu áðan. Við höfðum ekki heyrt þær raddir fyrr í dag. En þegar menn fóru að gera sér grein fyrir því hve mjög hallaði á stjórnarmeirihlutann í þessu máli þá fóru menn úr þessum ranni að kveðja sér hljóðs. Hér hafa menn verið í bullandi vörn að verja milljarða sem á að setja í þennan samning og óumdeilt óhagræði, og menn verja það á pólitískum forsendum með því að Evrópa krefjist þess. Brussel krefst þess. Þetta eru röksemdirnar, hv. þm. Jón Kristjánsson, talsmaður Framsfl. (**Gripið fram í:** Ávarpa forseta en ekki þingmenn.)

[22:20]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 13. þm. Reykv. sagði að það væri rökrétt af þeim sem hefðu stutt EES að styðja Schengen-samkomulagið. Það er algerlega rangt. EES-samningurinn gekk út á tvennt, aukna pólitíska samvinnu í Evrópu og það að auðvelda efnahagsstarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu. Schengen-sáttmálinn er vissulega skref í þá átt að auka pólitíska samvinnu í Evrópu. En Schengen-samstarfið hefur í för með sér auknar byrðar á atvinnulífið. Enginn hefur a.m.k. haldið því fram í mín eyru af fullri alvöru að þetta samstarf muni leiða til þess að t.d. hagvöxtur muni aukast. Það er að vísu líklegt að það muni hleypa dálitlu lífi í byggingarstarfsemi á suðvesturhorninu með miklum framkvæmdum suður í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og það er líka vitað að þetta mun hleypa nokkru lífi í eftirlitsstarfsemi á þessu svæði.

En það er út af fyrir sig ekki vegna Schengen-samstarfsins heldur vegna þess að menn hafa tekið um það ákvörðun að reyna að auka alþjóðlegt samstarf um varnir gegn glæpum. Schengen-samstarfið er þess vegna í raun fyrst og fremst pólitískt samstarf sem mun hafa í för með sér auknar byrðar fyrir atvinnulífið, t.d. ferðaþjónustuna. Þess vegna, virðulegi forseti, eins og ég rakti í máli mínu fyrr í dag, er þessi Schengen-niðurstaða, að mínu mati, mikið stílbrot á Evrópuhugsjóninni vegna þess að um leið og hún felur í sér kröfu um aukna pólitíska samvinnu felur hún það líka í sér að byrðarnar á atvinnulífið aukast. Það er af þessum ástæðum sem sá sem hér stendur mun ekki styðja þessa þáltill. og mun þess vegna skila auðu við atkvæðagreiðsluna.

[22:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Það er rétt sem hann bendir á að byrðarnar munu aukast á innlent atvinnulíf með tilkomu Schengen.

En svo að ég skýri mitt mál aðeins nánar þá var ég fyrst og fremst að vísa í orð hæstv. utanrrh. og talsmanna Framsfl. um hinn pólitíska ávinning af Schengen-samstarfinu og því að bindast Evrópusambandinu fastari böndum. Ég vísaði í álitsgerðina sem fylgir þessari þáltill. þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Schengen-samstarfið er þannig liður í því að náð verði áformum þeim sem keppt er að með hinum innri markaði ESB í samræmi við 7. gr. A í Rómarsamningnum."

[22:23]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi skrifað það alveg rétt niður eftir hv. þm. að hann teldi það vera rökrétt framhald af afstöðu þeirra sem studdu EES-samstarfið að lýsa stuðningi við Schengen-niðurstöðuna. Ég var að reyna að koma nokkrum orðum að því og rökum að svo væri ekki, í raun væri Schengen-samstarfið á vissan hátt stílbrot í hugmyndafræðinni á bak við Evrópuhugsjónina. Evrópuhugsjónin er að mínu mati eitt glæsilegasta hugmyndafræðilega afrek sem sett hefur verið fram á vissan hátt sem svar við miklum hildarleik síðari heimsstyrjaldarinnar og blés mönnum auðvitað ákveðnar væntingar í brjóst.

Við skulum aldrei gleyma því að grundvöllurinn að þessari hugmyndafræði var líka efnahagslegur og megingallinn við þetta mikla fírverk sem Schengen-samstarfið er, er auðvitað að það gerir ráð fyrir því að auka byrðar í mjög mikilvægri atvinnugrein sem ferðaþjónustan er. Það er eingöngu þetta sem ég vildi hafa sagt vegna þess að ég tel að það sé grundvallaratriði um þetta mál allt saman og er grundvöllurinn að þeirri afstöðu sem ég hef tekið í þessu máli.

[22:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er margt sem ég virði vissulega í Evrópusamstarfinu, samstarfi Evrópuríkja, og heimurinn lítur að mörgu leyti öðruvísi út og leit öðruvísi út á rústum stríðshrjáðrar Evrópu eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Það er margt sem ég skil út frá hagsmunum meginlandsbúa. En þannig eigum við líka að líta á málin. Við eigum að líta á málin út frá hagsmunum okkar Íslendinga og láta aðra um að líta á málin og skoða þau út frá hagsmunum meginlands Evrópu. Þeir eru bara ólíkir.

[22:25]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er eiginlega með hálfum huga að ég nýti mér síðasta rétt minn til þess að fara í ræðustólinn og taka upp mál sem hér hefur aðeins borið á góma en ég tel þó að eigi erindi inn í þessa umræðu og áhugaverð skoðanaskipti sem hér hafa orðið upp á síðkastið og urðu reyndar að hluta til fyrr í dag um eðli þessa samnings sem við erum að gera. Það verður bara að hafa það þó að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson komi upp á eftir og telji að það sé ekki við hæfi að blanda þessu inn í umræðuna. En ég ætla að færa rök fyrir því að það geri það engu að síður.

Ég er alveg sammála því sem hér var rætt áðan og kom í raun fram hjá hæstv. utanrrh. fyrr í dag að grundvöllur þessa samstarfs er fyrst og fremst pólitískur. Flest af stóru verkefnunum og áföngunum sem hrint hefur verið í framkvæmd í Evrópusamvinnunni núna síðustu 10–15 árin eru fyrst og fremst drifin áfram af pólitísku hugsuninni um samrunaferlið í Evrópu. Það er þannig. Ég sat á ráðstefnu fyrir nokkrum vikum síðan þar sem ágætir stjórnmálafræðingar og hagfræðingar ræddu m.a. um upptöku sameiginlega gjaldmiðilsins, tilkomu evrunnar og evrópska seðlabankans og þeir sögðu að hagfræðingar í Evrópu væru flestir sammála um að evran sé ekki fyrst og fremst hagrænt mál heldur pólitískt. Fyrir upptöku hins sameiginlega gjaldmiðils og tilkomu seðlabankans og sameiginlegrar efnahagsstefnu má færa bæði rök með og á móti frá hagrænu sjónarmiði, ekki síður á móti. En það er augljóst að það er mjög stór áfangi í áttina að sameiginlegu ríki að taka upp einn gjaldmiðil, að taka upp einn seðlabanka. Sama á auðvitað við hér. Það er í sjálfu sér ekki stórt hagrænt mál hvernig þessum hlutum er hagað að öðru leyti en því að það hlýst af þessu kostnaður, þessu brambolti á ytri landamærum. En það er mjög stórt skref í áttina að ríki að leggja niður innri landamæri og efla eftirlitið á ytri landamærum ríkisins. Ætli menn þekki það ekki. Á hverju hefur það byggst í gegnum tíðina í sögunni að þjappa mönnum saman í ríki og láta þá fá þá tilfinningu að þeir eigi saman? Með því að leggja niður landamærin, auka samskiptin innan ríkisins en girða svo í kringum það, reisa múra eða eitthvað annað. Þeir kunnu það Kínverjarnir og Evrópusambandið virðist kunna ýmislegt fyrir sér í þessu líka.

Ef við lítum yfir hvað hefur verið að gerast þarna, þá er það hverjum manni ljóst að þarna er nýtt sambandsríki á hraðri uppsiglingu og til þess hafa menn verið að breyta nafngiftum. Það sem áður hét bandalag heitir nú samband o.s.frv.

Hvað hefur gerst að undanförnu og hvað er í sjónmáli? Ef við bara örstutt, herra forseti, leyfum okkur nú, líka með tilliti til þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er ekki í salnum, að fara yfir það. Jú, það er búið að búa til einn sameiginlegan markað með frjálsri för fólks, viðskiptum og varnings og þjónustu. Það er búið að taka upp sameiginlegan gjaldmiðil og hann er að komast í notkun. Það er verið að leggja niður innri landamæri og auka eftirlitið á ytri landamærunum. Það er verið að koma upp sameiginlegri varnarstefnu. Og hvað er það yfirleitt sem menn nota til að skilgreina ríki ef það er ekki akkúrat þetta? Þetta er allt að verða komið og þess vegna er það auðvitað þannig að samkvæmt öllum venjulegum skilgreiningum er Evrópusambandið núna að verða komið mjög langt í áttina að því að flokkast sem sambandsríki.

Eitt dæmi enn um það sem þarna hefur breyst: Fyrir eins og tíu árum síðan töluðu utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna hver fyrir utanríkisstefnu síns ríkis, t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Farið þangað í dag, mætið á alþjóðlegar ráðstefnur og þar sitja — hvað eru þeir orðnir margir núna? 12 voru þeir einu sinni, 15, eða hvað þeir eru núna — þögulir, frekar álútir utanríkisráðherrar. Svo kemur sá sem fer með málin hjá framkvæmdastjórninni og talar fyrir hönd ríkjanna. Þarna hefur einnig orðið á grundvallarbreyting.

Þess vegna er alveg hárrétt að setja þennan gjörning í þetta samhengi. Það að innlima Schengen-gerðirnar, sem fram að þeim tíma voru aðeins samstarf fimm ríkja, inn í Evrópuréttinn var auðvitað mjög stórt skref sem hefur í rauninni fengið allt of litla athygli hér. Og þess vegna á að taka grundvallarspurninguna um aðild okkar eða ekki aðild að þessu upp í því samhengi, að þetta er líka spurning um hvað við ætlum okkur í sambandi og samskiptum við þetta sambandsríki sem þarna er að renna upp.

Ætlum við að verða þar aðilar eða ætlum við ekki að verða það? Og ef við ætlum ekki að verða það, eins og málin liggja fyrir í dag, eigum við að móta okkur þá stefnu að gæta hagsmuna okkar með hliðsjón af því. Ekki með því að segja okkur úr Evrópu, ekki með því að hætta að tilheyra Norðurlöndunum, ekki með því að hætta að versla við þessar þjóðir eða hætta að ferðast þangað. Nei, heldur gera það á öðrum grunni, byggja þau samskipti upp á þeirri forsendu að Ísland ætli ekki að verða aðili að Evrópusambandinu en eiga mjög gott samband og samstarf, samvinnu og viðskipti við það, og halda áfram að tilheyra Evrópu.

Ég sé enga mótsögn í þessu og engin vandamál þessu samfara. Þetta er bara spurning um að marka stefnuna. Og það er af ýmsum ástæðum mjög mikilvægt að við gerum það og höfum þetta eins skýrt og kostur er. Af hverju? Jú, vegna þess að núverandi ástand skapar óvissu. Það eru í rauninni allir tvístígandi. Menn eru tvístígandi vegna þess að margir vita ekki hvort þeir eigi að reikna með því að innan átta, tíu, fimmtán ára verðum við þarna innan borðs eða ekki og við þær aðstæður er erfitt að fóta sig á einhverri línu til að fylgja og gæta hagsmuna sinna samkvæmt. Það er það óæskilega við ástandið eins og það er í dag. Það er óheppilegt fyrir stjórnmálalífið, fyrir atvinnulífið, fyrir félagasamtök og aðra sem þurfa að gæta hagsmuna sinna í þessu sambandi að þetta skuli vera í þeirri biðstöðu sem raun ber vitni. Yfirlýsingar eru þokukenndar, menn slá úr og í, alls konar táknmál er komið í loftið í þessum efnum þar sem algengasti frasinn er: Við verðum að skoða þetta allt saman með mjög opnum huga, Evrópa er að breytast og við verðum að fylgjast með því. Það er tuggið ofan í okkur ár frá ári eins og stórtíðindi að heimurinn taki breytingum. Síðan hvenær varð það frétt? (**JónK:** Það veitir ekki af.) Nei, það virðist ekki veita af að tyggja það. Ég hef bara alltaf reiknað með því í þessi 43 ár sem ég hef lifað, frá því að ég fór að hafa einhverja meðvitund hef ég séð að hlutirnir breytast í kringum mig og ég er hluti af hinu síbreytilega umhverfi. Þó að þetta kunni að koma hv. þm. Jón Kristjánssyni spánskt fyrir sjónir, þá er þetta nú samt svona.

Fyrir mér er þetta engin speki, ég fylgist ágætlega með stjórnmálaframvindu í Evrópu og veit að þar er ýmislegt að gerast. Það breytir engu um hitt að við Íslendingar þurfum að hafa áherslur okkar eins skýrar í þessum efnum og kostur er. Og það er auðvitað svolítið sorglegt, herra forseti, að við skulum akkúrat núna, fáeinum vikum áður en hæstv. utanrrh. skilar væntanlegri skýrslu um úttekt á stöðu mála, þurfa að loka þessu stóra máli úr því að það er jafnseint á ferðinni hvort sem er og raun ber vitni. Ég hefði kosið að við hefðum eftir mikla og málefnalega umræðu um stöðu Íslands í þessu sambandi, eftir nokkurra mánaða ferli í þeim efnum getað þá frekar lent þessu í kjölfarið, þegar vonandi væru komnar skýrari línur um það í hvað stefni í þessum efnum fyrir Íslands hönd.

Ég tel mjög mikilvægt að menn reyni að ganga frá því fyrr en síðar, til a.m.k. næstu nokkurra ára og um einhverja fyrirsjáanlega framtíð, hvernig við Íslendingar ætlum að halda á hagsmunum okkar í samskiptum við þetta stóra og mikilvæga markaðssvæði og nágrannasvæði sem Evrópa er. Það er ekki skynsamlegt eða heppilegt að hafa hlutina meira og minna í þoku og í óvissu og biðstöðu, eins og þetta hefur verið og við verðum bara að horfast í augu við að er staðreynd. Þannig er það.

Það versta er kannski, herra forseti, að maður hefur það stundum á tilfinningunni að af einhverjum ástæðum þori menn ekki alltaf að tala hreint út í þessum efnum, þori í rauninni ekki að segja hug sinn. Og á bak við fyrirsagnirnar um að skoða verði þetta allt með mjög opnum huga og að Evrópa sé að breytast, leynist stundum uppgerður hugur manna um að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið. Af hverju segja menn það þá ekki? Við gætum þá rökrætt það út frá þeim grundvelli. Það væri miklu heppilegra.

Menn geta jú skotið sér á bak við það að ýmislegt sé óljóst í þessu enn þá, en er það? Liggur ekki í aðalatriðum allt fyrir sem þarf að liggja fyrir um hvað því væri samfara fyrir Ísland að ganga inn í Evrópusambandið? Ég held það. Ég held að það sé 95% klárt í raun og veru um hvað þetta mál komi til með að snúast. Því tel ég að það sé líka pínulítill feluleikur að það þurfi að skoða þetta svona óskaplega mikið og allt það.

Norðmenn telja það ekki. Norðmenn sögðu fyrir nokkrum árum þegar búið var að fella aðild Noregs að Evrópusambandinu í annað sinn: Þar með er þetta mál afgreitt hjá okkur næstu tíu árin eða svo. Þá þegar var ákveðið að það yrði í öllu falli ekki fyrr en á þriðja kjörtímabili Stórþingsins þaðan í frá sem menn færu í gang með að ræða á nýjan leik stöðu Noregs í þessu sambandi og það hefur haldið í öllum aðalatriðum. Það vottar að vísu fyrir umræðu þar núna en samt er ekki reiknað með því að fyrr en að afloknum næstu stórþingskosningum í Noregi fari menn í raun og veru að velta þessum málum eitthvað upp á nýjan leik. Það er þó búin að vera sú festa í þessu af hálfu Norðmanna sem því hefur verið samfara, en ég tel að hér á Íslandi hefði mátt standa betur að málum. (Gripið fram í.) Já, það má kannski segja sem svo að hæstv. forsrh. hafi þó þrátt fyrir allt með yfirlýsingum sínum, sem menn hafa nú reynt mikið að gera grín að, um að aðild væri ekki á dagskrá hér skapað þó þá festu í málinu sem fyrir hendi hefur verið við núverandi valdahlutföll í landinu, og það er vel. Það hefur ekkert staðið á okkur sem erum hæstv. forsrh. sammála í þeim efnum að hrósa honum fyrir það, og ég er tilbúinn til að gera það hvar og hvenær sem er að hann má eiga það sem hann á í þeim efnum.

Það gildir ekki um suma aðra. Það er t.d. alveg greinilegt að milli núverandi stjórnarflokka er áherslumunur í þessu máli. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi keyrt þetta Schengenmál fastar fram en ella væri vegna þess að hann sé lengra kominn í hugrenningum sínum um mögulega nálgun Íslands

við Evrópusambandið á komandi árum. Það er mat mitt á framgöngu og yfirlýsingum hans undanfarin ár. Ég tel það mjög miður að hæstv. utanrrh. skyldi t.d. ekki, þegar lagt var upp í þetta ferli 1995, halda öðrum möguleikum opnari en þeim að Ísland og eftir atvikum hin Norðurlöndin, Noregur eða öll hin Norðurlöndin reyndu að ná fram a.m.k. samhliða öðrum mögulegum lausnum en þessari sem hér hefur nú verið landað, sem kölluð er samningsniðurstaða. Ég tel að þar hefði mátt vinna með opnari huga að hlutunum. Svo ekki sé nú minnst á afstöðu a.m.k. sumra talsmanna Samfylkingarinnar sem reyndar blönduðu sér inn í þessar umræður áðan á mjög sérkennilegan hátt.

Herra forseti. Ég tel að þetta hafi í sjálfu sér verið hin þarfasta umræða og þó meiri hefði verið. Einhvern tíma hefur nú verið haldinn kvöldfundur á Alþingi af minna tilefni en því sem hér er rætt um og ekki tel ég það eftir mér að halda umræðunni eitthvað áfram og ég veit að það gildir líka um hæstv. virðulegan forseta okkar. Staðreyndin er auðvitað sú að það sem að er í þessu máli er m.a. að ekki hefur fengist í gang nein almennileg grundvallarumræða um þessi stóru mál. Það er þá helst að örlað hafi fyrir henni á köflum hér í dag og í kvöld, og það er vel. En hún hefði þurft að fara fram bæði fyrr, meir og víðar og út um allt þjóðfélagið, því hér erum við með eitt af þessum stóru málum í höndunum sem mun marka afgerandi stöðu Íslands í þessu samhengi á komandi árum og jafnvel áratugum. Það er þannig, því verður ekki á móti mælt.

Í nágrannalöndunum hefur gildistaka eða fullgilding þessara Schengen-gerða verið stórmál og því hafa fylgt miklar umræður á þjóðþingum annars staðar á Norðurlöndunum og reyndar líka í Evrópu. Í franska þinginu var þetta mál fyrirferðarmikið og í Frakklandi hafa orðið miklar umræður um þetta og Frakkar hafa á köflum verið með böggum hildar yfir því, þó að þeir séu í miðri Evrópu, að láta þetta ganga í gegn hjá sér, af ýmsum sömu ástæðum og hér hefur verið hreyft sem áhyggjuefni eða álitamálum í þessu sambandi.

Herra forseti. Ætli ég láti þetta ekki nægja tímans vegna eins og maður segir. Þetta er að verða ágætt, nú hallar kvöldi. En ekki tel ég það eftir mér að vera hér lengur viðstaddur umræðuna og teldi reyndar fulla þörf á því að hún héldi áfram og það er nokkur ágalli á henni, þó að ég viti af hvaða ástæðum það er að hæstv. utanrrh. hefur ekki verið viðstaddur í kvöld og reyndar ekki heldur formaður hv. utanrmn., og það hefði gjarnan mátt haga betur til með skilyrði fyrir þessa umræðu hér í dag og í kvöld.

[22:40]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hv. þm. kom fram að hann bar saman Norðmenn og Íslendinga og viðbrögð þeirra um Evrópuumræðuna, annars vegar festuna sem hefði verið í Noregi eftir að þeir felldu aðild að Evrópusambandinu 1993, og hins vegar Ísland þar sem ekki hefði verið að hans mati sama festa fyrir hendi.

Ég vil vekja athygli á því að hér er um algjörlega ósambærilega hluti að ræða. Á Íslandi hefur aldrei verið borin undir þjóðina sú tillaga að ganga í Evrópusambandið. Og það má því segja með góðum rökum að hér hafi verið miklu meiri festa í þeim málum hvað það varðar að hér hafa menn aldrei látið sér detta í hug að koma með tillögu inn á Alþingi um að bera undir þjóðina spurninguna um hvort hún vildi ganga í Evrópusambandið. Það hafa Norðmenn þó gert tvisvar sinnum. Ef eitthvað er, þá er festan meiri hjá okkur en Norðmönnum og ég er því ósammála þingmanninum að því leyti til.

Síðan fannst mér dálítið kyndugt þegar hann gat þess að í ljósi þeirrar festu eða skorts á þeirri festu sem hann taldi vera á afstöðunni á Íslandi að forsrh. hefði sýnt mjög mikla festu í málinu. Og hvernig fer það saman að forsrh. sem er kjölfestan í einhverri Evrópuandstöðu, skuli svo vera primus mótor eða hringamiðjan í einhverri pólitískri umræðu hér á landi sem snýst um stefnuleysi í þessum efnum? Ég fæ þetta ekki til að koma heim og saman, herra forseti, og þætti því vænt um ef hv. þm. gæti útskýrt fyrir okkur hvernig á þessu stendur.

[22:42]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fer nú allt eftir því hvernig á hlutina er litið. Mér er alveg ljóst að í Noregi háttar þannig til að þar hefur tvisvar verið borið undir þjóðaratkvæði að Norðmenn gerðust aðilar að Evrópusambandinu og fellt í bæði skiptin. Þessa sagnfræði kann ég.

Það sem ég var að vísa til um festu, þrátt fyrir þessa atburði sem voru auðvitað sviptingarsamir í Noregi, var sú staðreynd að þessi niðurstaða sem var þó mjög umdeild og um málið voru ákaflega skiptar skoðanir í Noregi svo flokksbönd riðluðust og tvær nokkuð jafnstórar fylkingar tókust á, þá náðu þó norskir stjórnmálamenn og norskir flokkar að sameinast um það í kjölfar niðurstöðunnar að nú gilti hún. Og nú væri það ekkert á dagskrá næstu tvö til þrjú kjörtímabilin að hrófla neitt við því, þjóðin hefði talað. Það kalla ég þó festu. Það var ekkert sjálfgefið. Menn hefðu auðvitað getað haldið áfram að baksast með málin eins og menn hafa gert sums staðar annars staðar. Danir hafa t.d. bara farið í það að semja um smábreytingar og reyna svo upp á nýtt og þannig hafa þeir stundum mjakað þessum hlutum áfram.

Á Íslandi hefur aldrei verið látið á það reyna í þjóðaratkvæði hvort menn vildu ganga inn í Evrópusambandið, það er alveg rétt. Málið hefur einmitt með þeim skilningi aldrei verið uppgert. Óljós umræða hefur mallað hér, legið niðri á köflum og kraumað undir og stundum komið upp. Það sem ég var að gagnrýna og ég tel ekki gefa okkur nægilega traustan eða fastan grundvöll til að gæta okkar hagsmuna á er í raun og veru þessi óljósa umræða, tvíbentu mótsagnakenndu skilaboð sem oft eru að berast.

Hvað á að lesa t.d. út úr yfirlýsingum formanns Framsfl. á undangengnum flokksþingum og í ræðum hans og skýrslum til Alþingis sl. tvö til þrjú ár, þar sem í nánast hvert einasta skipti er tekið pínulítið skref í viðbót, aðeins lengra í átt til þess að opna á mögulegar aðildarviðræður eða annað slíkt? Í því ljósi og í þeim samanburði get ég kallað dagskrártillögur Davíðs Oddssonar eða öllu heldur ekki dagskrártillögur um að málið sé ekki á dagskrá, ákveðna festu.

[22:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið er í þeirri stöðu að það hefur enginn lagt það til að Íslendingar gengju í Evrópusambandið og það er ekkert á döfinni svo vitað sé af hálfu neins stjórnmálaflokks að leggja það til.

Á döfinni er að gefa út stöðuskýrslu sem dregur fram stöðu málsins og dregur fram upplýsingar um væntanlega kosti og galla við aðild að Evrópusambandinu frá sjónarhóli Íslendinga. Menn geta þannig kynnt sér þær upplýsingar

sem fyrir liggja í málinu og mótað sér afstöðu og umræðan þróast út frá þeim forsendum sem lagðar verða fram. Hvert sú umræða leiðist veit enginn. Ég á ekki von á að út úr henni komi einhver stuðningur við inngöngu Íslands í Evrópusambandið.

En hv. þm. gerði nefnilega dálítið mikið úr því að reyna að gera menn tortryggilega í málinu, að ég held af pólitískum ástæðum af því að hann er á pólitískum atkvæðaveiðum. Það þjónar hagsmunum hans að reyna að gera Framsfl. tortryggilegan í málinu. Hann byggði ræðu sína upp á því að segja að Evrópa eða Evrópusambandið væri að þróast í átt að sambandsríki. Þar af leiðir að hættulegt er að tengjast Evrópusambandinu með Schengen-samningnum af því að þá eru menn að taka þá afstöðu að ganga í Evrópusambandið.

Þetta var málflutningur hv. þm. Ég vil segja að þessi málflutningur á ekki við nein rök að styðjast. Hann er ekki efnislegt innslag í umræðuna heldur bara pólitískar yfirlýsingar, ætlaðar til þess að styrkja stöðu flokks hans.

[22:47]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nær að halda að hv. þm. hafi verið að ramba á nýyrði, „pólitískar atkvæðaveiðar". Ég hef aldrei heyrt um ópólitískar atkvæðaveiðar. Ef menn eru í stjórnmálum eru menn yfirleitt á höttum eftir stuðningi og atkvæðum og það hlýtur að teljast pólitík.

Varðandi það að engir hafi lagt til eða haft það sem beina stefnu að við Íslendingar gengjum inn í Evrópusambandið er það að vísu umdeilanlegt. Það stappaði mjög nærri að Alþfl. blessaður gerði það að flokksstefnu sinni, a.m.k. að sótt skyldi um aðild, látið á það reyna hvað okkur byðist. Það var í anda þeirrar hugmyndafræði að það væri hægt að fara svona og reka inn nefið og tékka á því hvernig mönnum yrði tekið án nokkurra skuldbindinga, sem síðan hefur auðvitað verið hrakið. Menn sækja ekki um aðild að Evrópusambandinu upp á grín til þess að tékka á því hvað þeim bjóðist. Það er ekki þannig.

En langleiðina var það þannig að Alþfl. var með þetta á stefnuskrá sinni og hann uppskar ekki mikið eins og kunnugt er í því efni. Nú verður að vísu að viðurkennast að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar í Noregi var nánast eitt, eins og — ef ég má, herra forseti — segir í textanum „andskotans reiðarslag" fyrir Alþfl. því enginn vafi er á því að það var í bígerð að keyra á það, í kjölfar þess að Norðmenn hefðu samþykkt aðild, að Íslendingar ættu að gera það einnig. En svo fór nú ekki sem betur fór.

Við skulum síðan bíða og sjá hvað Samfylkingin ákveður sem flokksstefnu í þessum efnum en það glyttir nú í það, a.m.k. hjá ungliðahreyfingunni, að þetta eigi að verða flokksstefnan.

Ég vona að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi rétt fyrir sér. Ég yrði manna glaðastur ef út úr stöðuskýrslunni kæmi skýr leiðsögn um að það væri ekki fýsilegur kostur fyrir okkur Íslendinga að reikna með aðild að Evrópusambandinu um fyrirsjáanlega framtíð eða eins og aðstæður eru nú. Þá væri komin, skulum við segja, viðbótarröksemd til að gera það sem ég hef verið að leggja áherslu á, að setja málið niður til einhvers tíma, segja við íslenskt atvinnulíf, Verslunarráðið, Samtök atvinnulífsins, félagasamtök og fyrirtæki: Svona verður þetta og nú skulum við gæta hagsmuna okkar á þessum grundvelli.

[22:49]

Útbýting þingskjals:

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 502. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 797.

[22:49]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Nú er komið að lokum umræðunnar. Ég vil fyrir hönd formanns utanrmn., sem gat ekki verið við umræðuna síðari hluta dagsins, þakka fyrir hana. Þetta hefur verið málefnaleg umræða. Hér telja menn sig hafa unnið stóra sigra, m.a. 13. þm. Reykv., sem taldi að stórir sigrar hefðu unnist fyrir þingflokk hans í þessari umræðu. Hann minnti mig á persónu í gömlu leikriti sem sagði: Sjáið þið hvernig ég tók hann, piltar! Ég hef ekkert á móti því að hv. 13. þm. Reykv. gangi glaður til sængur í kvöld og ætla ekki að fara að munnhöggvast við hann um það hver hafi verið í vörn hér eða ekki.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. er dálítið klókur. Hann gerði sitt ýtrasta til að finna hér snertipunkta við Sjálfstfl. og það eru pólitísk klókindi af honum og ég vona að hann sofi vel með ástarjátningar sínar til forsrh. Ég ætla ekki að taka upp neina afbrýðisemi þess vegna þó að ég sé í samstarfi við hann.

En það mál sem um er að ræða, er í stuttu máli að verið er að greiða fyrir frjálsri för fólks á Schengen-svæðinu. Hér er verið að taka upp aukna lögreglusamvinnu við Evrópuríki. Við höfum talið það okkur í hag að standa ekki utan við þá auknu samvinnu. Rætt hefur verið um fjárhagshlið þessa máls og kannski var sú fullyrðing sem heyrðist hér áðan að þetta þýddi álögur á ferðaþjónustuna sem rak mig upp í þessi lokaorð. Hvergi hefur komið fram í skjölum málsins að það væru lagðar neinar álögur á ferðaþjónustuna í þessu sambandi.

Hitt hefur komið fram og varað hefur verið við því í umsögn Ferðamálaráðs sem ég stend að og er einn af þeim sem samþykktu þá umsögn, að auknum kostnaði vegna aðildar okkar að Schengen verði ekki velt út til flugfarþega eða fyrirtækja í flugrekstri. Það er eingöngu varað við þessu.

En í umsögn Flugleiða kemur fram að utanrrh. hefur árið 1996 skrifað svohljóðandi bréf þar sem segir m.a:

„Ríkissjóður mun greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað er leiðir af Schengen-samstarfinu. Hvernig fjármögnun verður háttað er ekki unnt að svara á þessu stigi, en engar fyrirætlanir eru um að leggja á viðbótargjald vegna Schengen-samkomulagsins."

Þetta er í umsögn Flugleiða sem fylgir áliti frá 1. minni hluta utanrmn. Að sjálfsögðu liggja fyrir fjölmargar umsagnir um málið en ekki hafa verið ákveðnar neinar álögur á ferðaþjónustuna í þessu sambandi.

Mikið hefur verið gert úr fjárfestingum í Leifsstöð varðandi Schengen-samkomulagið og vegna stækkunar flugstöðvarinnar. En það hefur þá jafnframt komið fram að það er ekki nema lítill hluti af þessari fjárfestingu vegna Schengen því að sem betur fer hefur þróunin verið þannig að umferð ferðamanna til landsins í gegnum Leifsstöð hefur stóraukist. Við erum í þeim sporum að þurfa að stækka flugstöðina og getum þá um leið skipulagt stækkunina með tilliti til þess að hægt sé að taka á móti farþegum utan Schengen-svæðisins og innan Schengen. Það stendur þannig á spori hjá okkur að mestur hluti þessara fjárfestinga var nauðsynlegur vegna umferðar til landsins.

Satt að segja vona ég að sú endurskipulagning sem er nauðsynleg á tollgæslu og löggæslu og aðkomu til landsins

vegna þessa máls verði ferðaþjónustunni til góðs og landsmönnum til góðs almennt. Hún sé viðskiptatækifæri fyrir ferðaþjónustuna og hún leiði til þess, ef vel er á haldið, að umferð ferðamanna til landsins aukist því að ekki má gleyma, og það kemur einnig fram í umsögn Ferðamálaráðs, að kosturinn við þetta er að hér er verið á stærstu mörkuðum erlendra ferðamanna hingað til landsins að greiða fyrir frjálsri för þeirra hingað. Ekki má vanmeta það heldur.

Ég held að ástæðulaust sé að mála þetta svo dökkum litum sem gert hefur verið af sumum hv. ræðumönnum en ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við hv. þm. um hver hafi sigrað eða tapað í umræðunni og vona að menn gangi bara glaðir til sængur í þeirri trú að þeir hafi sigrað.

[22:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson telur að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hrósum sigri eftir umræðuna. Því fer fjarri. Við bentum hins vegar á að talsmenn Schengen-samningsins hefðu verið í bullandi vörn. Við lýstum áhyggjum yfir því að menn gætu ekki svarað einföldum spurningum um fjárhagslegar skuldbindingar sem fylgja Schengen-samkomulaginu og vitnuðum þar í ummæli hæstv. utanrrh.

Núna undir lok umræðunnar kemur raunar eina röksemdin sem ég hef heyrt frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir því að við tökum á okkur þær skuldbindingar sem fylgja Schengen-samstarfinu, að þetta muni efla og auka straum ferðamanna til Íslands. Telur hv. þm. Jón Kristjánsson að menn velji sér land til að ferðast til eftir því hversu lengi þeir þurfi að standa í biðröðum til þess að komast inn í landið? Á hvern hátt rökstyður hann að Schengen-samkomulagið muni auka ferðamannastraum til Íslands? Fróðlegt væri að heyra skýringar hans á þessu.

En ég ítreka að á þessu máli eru ýmsir lausir endar. Menn hafa slegið fram getgátum, ágiskunum varðandi peningalegar hliðar. Talað er um framkvæmdir við Leifsstöð upp á sex til átta milljarða á næstu 15 árum, 3,5 milljarða á næstu missirum. Menn eru að slá á það út í loftið að Schengen-hlutinn af þeirri framkvæmd sé 500–900 miljónir.

Mér finnst áhyggjuefni hvernig þetta mál er afgreitt og að við skulum ekki fá nein haldgóð svör um þessi efni.

[22:59]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það hefur engin úrslitaáhrif á för erlendra ferðamanna hvort vegabréfaskoðun er ströng eða ekki. Hins vegar er ég sannfærður um að það hefur áhrif að Ísland er hluti af stærri heild í Evrópu, hluti af hinum stóra markaði þar og þar er greitt fyrir frjálsri för ferðamanna. Það hefur áhrif, ég er sannfærður um það.

Varðandi fjárfestingarnar í Leifsstöð endurtek ég það sem ég hef sagt áður að langstærstur hluti þeirra fjárfestinga er til að lagfæra þar aðstöðuna til móttöku ferðamanna. Það er vegna þess að þar er gríðarlega vaxandi umferð og miklar áætlanir um fjölgun ferðamanna á næstu árum sem betur fer. Viðbótarfjárfestingar vegna Schengen eru ekki nema hluti af þeim ávinningi sem við fáum af auknum ferðamannastraumi á næstu árum en það er ekki vegna vegabréfaskoðunar, það er vegna almennrar kynningar á landinu og markaðsstarfsemi sem sú aukning kemur. En það sakar ekki að vera hluti af Evrópumarkaðnum og för fólks sé sem frjálsust um það svæði.

[23:01]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hversu stór hluti af þremur og hálfum milljarði kr. sem á að verja til fyrsta áfanga stækkunar Leifsstöðvar er vegna Schengen? Eru það 500 millj.? Eru það 900 millj. eða er það bara puttinn upp í loftið? Hve stórar upphæðir er hér um að tefla? Hver verður rekstrarkostnaðurinn? Eru það 200 millj., 300 millj. eða 400 millj.? Við vitum að stofnkostnaðurinn við rekstrarkerfið er 244 millj. en hver verður rekstrarkostnaðurinn þegar til lengri tíma er litið? Hver verður hann? Er það bara puttinn upp í loftið?

Ég vil leyfa mér að beina spurningu til hv. þm. Jóns Kristjánssonar: Ef það fer svo að þessi kostnaður lendir ekki á ferðaþjónustunni, kemur hann ekki til með að lenda á einhverjum? Og hverjir skyldu það vera? Það skyldu þó aldrei vera íslenskir skattgreiðendur? Og hverjir eru það? Það eru þegnar þessa lands og fyrirtæki þessa lands, þar á meðal ferðaþjónustan.

[23:02]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu mun þessi kostnaður verða greiddur af skatttekjum. Ég vona að ferðaþjónustan sé það öflug að hún geti borgað skatta eins og aðrar atvinnugreinar. Það sem átt var við með að kostnaður mundi ekki lenda á ferðaþjónustunni var að ekki yrðu lögð sérstök gjöld á ferðaþjónustuna vegna þessa. Þar var ekki átt við að ferðaþjónustan greiddi ekki skatta. Að sjálfsögðu verður þetta greitt af skatttekjum. Það gefur augaleið og þarf ekki að hafa mörg orð til að útskýra það.

Varðandi fjárfestingarnar í Leifsstöð þá get ég alveg fallist á efri mörkin, að þetta kosti 900 millj. til milljarð kr. Við skulum bara fallast á það. Það er tæplega einn þriðji hluti af þeirra framkvæmda sem áformaðar eru í fyrsta áfanga verksins. Ég verð að segja að mér blöskrar það ekkert í slíkum stórframkvæmdum og slíkum umsvifum sem þarna eru. Þau eru gríðarlega mikil og munu auka tekjur þjóðarinnar verulega á næstu árum, menn skulu ekki gleyma því. (**ÖJ:** Auka tekjur þjóðarinnar, hvernig?) Maður verður nú eiginlega alveg orðlaus af hagfræði hv. þm. ef hann heldur að viðbót upp á milljón ferðamenn muni ekki auka tekjur þjóðarinnar. Tekjur af ferðamönnum núna eru 30 milljarðar kr., svo hváir hv. þm. (**ÖJ:** Ákveða menn að koma til Íslands út af passaskoðun?) (Forseti hringir.) Ég er gáttaður á málflutningi hv. þm. (Forseti hringir.) og því hve þessi peningamál öll virðast hringla í höfði hans. Það er greinilegt að hann ber ekki skynbragð á tekjuöflun þjóðarinnar. (Forseti hringir.) Nú hringir hæstv. forseti svo ég ætla að hætta.

[23:05]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mig langar að blanda mér aðeins í umræðuna varðandi það sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Hann ræddi um að þátttaka í Schengen væri ákveðið viðskiptatækifæri. Þegar ég kom að þessu máli fyrst sem fulltrúi í allshn. þá var það fyrsta sem ég heyrði um Schengen að þetta yrðu auknar álögur á ferðaþjónustuna. Þess vegna varð það mér undrunarefni, þegar ég fór síðan á fund ýmissa ferðamálafræðinga á Keflavíkurflugvelli í ferð með allshn. og utanrmn., að fulltrúar Flugleiða litu á aðild að Schengen sem viðskiptatækifæri. Þar er því ekki litið á þetta sem auknar álögur. Þeir litu á samninginn sem viðskiptatækifæri að geta markaðssett Ísland sem hlið að Evrópu. Ég

vil biðja fólk um að hugleiða þann þátt málsins. Í stað þess að aðildinni fylgi álögur á ferðaþjónustuna er litið á þetta sem jákvæða þróun til að auka ferðaþjónustu á Íslandi.

[23:06]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom einmitt inn á þennan þátt sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni í nál. mínu. Ég tíni þar fram sem einn af fjórum kostum sem hugsanlega megi sjá við aðild okkar að Schengen-samstarfinu, að menn reyni þá að auglýsa stöðu Íslands og þá sérstaklega Keflavíkurflugvallar, að þar sé þægilegt að koma inn á Schengen-svæðið. Ef innstæður verða fyrir því að þar verði fljótlegt að fara í gegnum eftirlitið og það gangi hratt fyrir sig o.s.frv., þá getur vel verið að það nýtist mönnum í einhverju tilliti. En það er ekkert sjálfgefið í þeim efnum og áhyggjur manna eru líka miklar yfir því að það geti snúist upp í andhverfu sína, orðið þröskuldur og valdið það miklum töfum í skiptikerfinu að það setji allt úr skorðum.

Varðandi afstöðu Flugleiða þá man ég eftir því sem þessir ágætu starfsmenn Flugleiða sem mættu þarna fyrir hönd fyrirtækisins sögðu. En við skulum líka minnast hins sem er í umsögn fyrirtækisins Flugleiða, að þar eru slegnir margir varnaglar við þeim áhættum sem fyrirtækið Flugleiðir og fleiri aðilar í ferðaþjónustunni augljóslega sjá í þeim mikla kostnaði sem verður þessu samfara. Flugleiðamenn vísa aftur og aftur í yfirlýsingar og loforð ráðherra um að kostnaðinum verði ekki velt yfir á notendur. Það er greinilega á þeim grundvelli sem þeir byggja afstöðu sína og sætta sig við niðurstöðuna, enda kannski ekki mikið annað að gera í þeirra tilviki þegar búið var að taka um þetta pólitíska ákvörðun en að gera það besta úr hlutunum. En það þarf ekki að lesa umsögn Flugleiða mjög vandlega til þess það sjá að á þeim bæ hafa menn líka miklar áhyggjur af því að þetta muni ekki halda og að smátt og smátt muni hneigst til að velta þessum kostnaði yfir á notendurna. Sama kemur fram í umsögn Ferðamálaráðs og fleiri aðila sem við vorum í sambandi við út af þessum þætti málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 2. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 288, nál. 786, brtt. 787.

[23:09]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Já, virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi. Þetta frv. er eitt af þremur frv. sem nefndin hefur haft til umfjöllunar vegna lögfestingar nauðsynlegra ákvæða vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið ýmsa menn á sinn fund. Einnig fóru nefndarmenn ásamt hv. utanrmn. í heimsókn í flugstöð Leifs Eiríkssonar, kynntu sér fyrirsjáanlegar breytingar á flugstöðinni og funduðu með hagsmunaaðilum tengdum málinu. Nefndinni bárust einnig umsagnir frá ýmsum aðilum sem nefndir eru í nál.

Frv. fjallar um rekstur Schengen-upplýsingakerfisins hér á landi. Rekstur þess er mikilvægur þáttur Schengen-samstarfsins en upplýsingakerfinu er ætlað að styrkja eftirlit á ytri landamærum og gera lögregluyfirvöldum kleift að viðhalda öryggi innan aðildarríkjanna samhliða því að persónueftirlit er afnumið á innri landamærum. Schengen-samstarfið er uppbyggt á þann hátt að hvert aðildarríkjanna starfrækir staðbundið upplýsingakerfi eða landseiningu þar sem upplýsingar frá öllum aðildarríkjum eru varðveittar. Til stuðnings staðbundnu kerfunum er tæknileg stoðeining í Strassborg í Frakklandi sem annast miðlun upplýsinga aðildarríkjanna hvers til annars með beinlínutengingu svo að tryggt sé að gagnasöfn landseininganna samsvari hvert öðru. Upplýsingar sem skráðar eru í landskerfi aðildarríkis fara þannig í landskerfi allra aðildarríkja samstarfsins í gegnum stoðeininguna í Strassborg en aðildarríki sem skráir upplýsingar inn í kerfið ber ábyrgð á skráningunni. Frv. fjallar eins og áður sagði um rekstur landseiningarinnar á Íslandi, þar sem m.a. er kveðið á um hvað má skrá í kerfið, í hvaða tilvikum og hversu lengi upplýsingar mega standa. Settar eru reglur um hverjir skuli hafa aðgang að upplýsingunum og um ábyrgð á skráningu þeirra í kerfið. Jafnframt er tölvunefnd falið almennt eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög og reglur.

Nefndin ræddi allítarlega 5.–8. gr. frv. Í 5. gr. er tilgreint hvaða upplýsingar skrá má í upplýsingakerfið. Í a–j-lið 1. mgr. er talið upp hvað heimilt er að skrá í kerfið og eru þessir liðir í samræmi við a–j-lið 3. mgr. 94. gr. Schengen-samningsins frá 19. júní 1990 um framkvæmd Schengen-samkomulagsins. Jafnframt kemur fram í 4. gr. frv. að í upplýsingakerfið skuli aðeins skrá upplýsingar sem um getur í 5. gr., enda sé skráningin nauðsynleg með hliðsjón af tilgangi skráningar skv. 6.–8. gr. frv. og tilefni til skráningar nægjanlega brýnt. Tilefni til skráningar þarf að vera nægjanlega brýnt — þetta er mikilvægt atriði. Samkvæmt þessu er óheimilt að skrá aðrar upplýsingar en heimilað er í 5. gr. og því t.d. óheimilt að skrá kennitölur einstaklinga í kerfið.

Það kom skýrt fram í meðferð nefnarinnar að upptalning sú sem kemur fram í 5. gr., sbr. 6.–8. gr., frv. er tæmandi. Ekkert annað má skrá en þar kemur fram.

Skv. i–lið 1. mgr. 5. gr. má skrá ástæður fyrir skráningu skv. 6.–8. gr. Með hliðsjón af því að þær upplýsingar sem skrá má um einstaklinga í upplýsingakerfið teljast viðkvæmar persónuupplýsingar og því að þær mega ekki standa lengur en þörf krefur, sbr. 1. mgr. 17. gr., telur nefndin að ástæðu fyrir skráningu skv. i–lið verði að skrá í öllum tilvikum. Segja má að orðalag 3. mgr. 94. gr. Schengen-samningsins styðji þetta enn frekar en þar segir að upplýsingar um einstaklinga skuli takmarkaðar, m.a. við ástæðu fyrir skráningu. Jafnframt telst ekki þurfa að skrá jafnítarlega upplýsingar t.d. þegar leitað er að vitni samkvæmt d-lið 1. mgr. 6. gr. og þegar leitað er eftir eftirlýstum manni samkvæmt a-lið 1. mgr. sömu greinar. Þannig verði ekki skráðar meiri upplýsingar en nauðsyn beri til í kerfið, annað geti leitt til bótaábyrgðar samkvæmt 16. gr. frv.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram sú gagnrýni að einstök ákvæði frumvarpsins séu of óljós og opin. Má þar sem dæmi nefna h-lið 1. mgr. 5. gr. þar sem heimilað er að skrá hvort viðkomandi er ofbeldishneigður. Þetta var nokkuð mikið rætt í nefndinni og mat hennar var að mjög sterk rök verði að vera fyrir slíkri skráningu, t.d. að viðkomandi hafi

hlotið dóm sem dæmi fyrir ofbeldisbrot. Það verða að vera vísbendingar um að viðkomandi sé ofbeldishneigður, ekki getgátur.

Nefndarmenn ræddu sérstaklega um heimildir tölvunefndar til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu. Frv. gerir ráð fyrir að tölvunefnd verði eftirlitsaðili kerfisins hér á landi. Hins vegar er gert ráð fyrir að eftirlit með upplýsingakerfinu verði nokkuð frábrugðið eftirliti nefndarinnar með öðrum gagnagrunnum. Þannig er tölvunefnd t.d. ekki falið að kveða upp úrskurð í ágreiningsmálum heldur verður það á hendi ríkislögreglustjóra. Úrskurði hans má kæra til dómsmrh. Þetta er í samræmi við meginreglu stjórnsýsluréttarins um kæruleiðir. Með hliðsjón af hlutverki tölvunefndar telur nefndin rétt að ríkislögreglustjóri óski eftir umsögn tölvunefndar þegar ágreiningsmál koma til kasta hans.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, og ég ætla að fara aðeins í þær.

Samkvæmt c-lið 10. gr. verður skráningarstofa ökutækja beinlínutengd við upplýsingakerfið til að kanna hvort vélknúin ökutæki, eftirvagnar eða hjólhýsi séu skráð í upplýsingakerfið. Schengen-samningurinn tiltekur hins vegar hverjir megi leita beint að upplýsingum í upplýsingakerfinu og aðili á borð við skráningarstofu ökutækja er ekki þar á meðal. Nefndin leggur því til að c-liður falli brott og að b-liður 19. gr. breytist í samræmi við það.

Nefndin telur að fyrningarfrestur bótakröfu samkvæmt 16. gr. sé of knappur og leggur til að hann verði lengdur í tvö ár. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að þegar réttur þess, sem verður fyrir tjóni, til að leita réttar síns er bundinn tímatakmörkunum skuli sá frestur ekki vera of skammur. Með tilliti til þessa og ef um viðkvæmar persónuupplýsingar kunni að vera þykir rétt að lengja frestinn frá því sem kveðið er á um í 16. gr. frv. úr einu ári í tvö ár.

Að mati nefndarinnar er gildistökuákvæði frv., þ.e. 20. gr. þess, ekki nægilega skýrt. Töluverð umræða varð um gildistökuákvæðið, bæði í tengslum við þetta frv. og líka það frv. sem er hér síðar á dagskrá um bandorm sem tengdur er Schengen-samstarfinu. Með því að heimila dómsmrh. að ákveða hvenær lögin öðlist gildi er verið að framselja heimild löggjafans til að ákvarða um gildistöku laga. Við meðferð málsins kom fram að hér er um að ræða sérstakt vandamál þar sem ekki liggur fyrir hvenær Ísland muni hefja þátttöku í Schengen-samstarfinu. Tekið er fram í greinargerð að fyrirhugað sé að Norðurlöndin hefji þátttöku haustið 2000, og nú er hugsanlega verið að ræða um marsmánuð 2001. Eftir því hvernig undirbúningi miðar, segir í grg., getur þó verið nauðsynlegt að fresta þátttökunni og af þeirri ástæðu var lagt til að ráðherra ákveðið hvenær lögin öðlist gildi.

Á fund nefndarinnar kom m.a. Páll Hreinsson og í máli hans kom skýrt fram að ákvæðið eins og það er í frv. brýtur ekki í bága við stjórnarskrána og að jafnframt væri til bóta ef bætt yrði í greinina eins og hún stendur í frv. að lögin yrðu birt í A-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar kom einnig fram í máli hans að slíkt valdframsal löggjafans á að vera algjör undantekning.

Það var því mat nefndarinnar að þrátt fyrir að þetta gildistökuákvæði frv. standist stjórnarskrá sé ákvæðið óheppilegt. Hér er um að ræða algera undantekningu frá því sem almennt tíðkast og ekki í samræmi við þá lagahefð sem skapast hefur hér á landi að Alþingi ákveði hvenær lög sem það hefur samþykkt öðlist gildi. Vegna almenns réttaröryggis verður að vera skýrt hvenær og með hvaða hætti lög taka gildi og ekki hvað síst að þau séu birt með lögformlegum hætti svo almenningur geti kynnt sér efni þeirra.

Undirbúningur fyrir þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu stendur yfir og til þess að honum verði eðlilega fram haldið, m.a. með móttöku gagna og ýmissa upplýsinga frá öðrum aðildarríkjum, verða ákvæði Schengen-samningsins að hafa verið lögfest hér á landi. Leggur því nefndin til að lögin öðlist þegar gildi.

Jafnframt eru lagðar til málfarsleiðréttingar á 6. og 12. gr.

Herra forseti. Hv. allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[23:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið sem verið hefur í smíðum í nokkurn tíma en áætlaður stofnkostnaður við það er að mati fjmrn. 244 millj. kr. Þetta er hluti af því máli sem var til umræðu hér fyrr í dag og í kvöld og að sjálfsögðu óaðskiljanlegur hluti þess. Eins og þetta mál kemur mér fyrir sjónir er það vissulega peningalegs eðlis og skipulags eðlis, en þetta er líka pólitískt mál og við höfum kannski fram til þessa fyrst og fremst verið að tala um pólitískar hliðar málsins en vissulega komið inn á aðra þætti.

Ég ætla að fara örfáum orðum um nokkrar greinar frv. sem gerir ráð fyrir því að hér verði komið á fót upplýsingakerfi sem ríkislögreglustjóri einn beri ábyrgð á. Ríkislögreglustjóri ber einn ábyrgð á þessu kerfi.

Inn í þetta kerfi má skrá upplýsingar um einstaklinga og þar á meðal upplýsingar sem skipta máli og geta skipt miklu máli, sumt harla matskennt, t.d. hvort viðkomandi sé ofbeldishneigður, hvort ætla megi af fyrri hegðun að viðkomandi einstaklingur fremji skemmdarverk.

Ég held að enginn deili um að þetta er nokkuð sem er harla matskennt og stundum pólitískt. Ég hygg að ýmsir mundu líta svo á að þeir aðilar sem reyndu að stöðva eða trufla og höfðu í frammi mótmæli við fundahöld þau þegar helstu vesírar fjármálaheimsins komu saman til fundar í Seattle í Bandaríkjunum sl. haust, hafi verið að fremja skemmdarverk. Og þegar þeir komi til annarra landa megi ætla að þeir geri slíkt hið sama ef slíkar ráðstefnur eða fundir yrðu fyrirhugaðir. Hér erum við því farin að tala um pólitík. Við erum farin að tala um matskennda hluti og við erum farin að tala um pólitík.

Þess vegna skiptir mjög miklu máli hvernig við byggjum og geirneglum eftirlitskerfið fyrir hönd einstaklingsins, hvernig við hönnum eftirlitið fyrir hönd einstaklingsins gagnvart ríkislögreglustjóra, þeim embættismanni sem einn ber ábyrgð á þessu kerfi. Og það gerum við með því að fela tölvunefnd, sem kemur til með að heita Persónuvernd áður en langt um líður, þetta eftirlit.

Í 18. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd skal hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við lög þessi og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Tölvunefnd skal einnig hafa eftirlit með því að öryggi upplýsingakerfisins sé tryggt þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að því eða geti haft áhrif á skráningu í það."

Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd hefur aðgang að skráðum upplýsingum og öðrum nauðsynlegum gögnum til að sinna eftirliti með upplýsingakerfinu skv. 1. mgr."

Og að lokum segir, með leyfi forseta:

„Nú gerir tölvunefnd athugasemdir við starfrækslu upplýsingakerfisins og skal hún þá koma þeim og tillögum um úrbætur á framfæri við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið."

Þetta er 18. gr. og er verið að fjalla um það eftirlit sem tölvunefnd eða Persónuvernd, sem svo verður kölluð eftir að lögum verður breytt væntanlega fljótlega, á að starfa eftir samkvæmt þessari grein.

Í ljósi þess að við erum að fjalla um samræmingu á íslenskum lögum við það sem gerist hjá Evrópusambandsríkjum, þá spyr maður hvort við getum kveðið öðruvísi að orði, hvort við getum haft þetta eftirlit öðruvísi en hér segir til um og okkur var bent á það í umfjöllun allshn. að það væri ekkert sem stoppaði okkur í því. Niðurstaðan er hins vegar sú að skilgreina eigi eftirlitshlutverk tölvunefndar eða Persónuverndar nánar með reglugerð og á þetta kom fram gagnrýni í umfjöllun allshn.

Ég ætla af því tilefni að leyfa mér, herra forseti, að vitna í bréf sem allshn. barst frá tölvunefnd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Tölvunefnd ræddi frv. á fundi sínum þann 6. þ.m. Um er að ræða frv. sem efnislega byggir að miklu leyti á efni Schengen-samningsins frá 14. júní 1985, en fyrirhugað er að Ísland hefji þátttöku í því samstarfi haustið 2000."

Síðan greinir nánar frá því út á hvað frv. gengur, og síðan segir, með leyfi forseta:

„Að áliti tölvunefndar fellur það utan verksviðs hennar að taka afstöðu til þeirrar pólitísku stefnumörkunar sem felst í gerð og lögleiðingu ákvæða Schengen-samningsins. Hins vegar er ljóst að frv. miðar að setningu lagareglna sem einungis munu mynda vissan ramma um gerð upplýsingakerfisins sem síðar þarf að fylla í með reglugerð og öðrum fyrirmælum. Ætla verður að á því stigi muni í ríkari mæli verða tekið á skipulags- og öryggismálum upplýsingakerfisins og öðrum atriðum sem tengjast verksviði tölvunefndar. Mun þá bæði koma til hennar kasta að endurmeta og eftir atvikum gera tillögur um almenna öryggis- og skipulagsskilmála og viðhafa nauðsynlegt eftirlit með því að þeim sé fylgt. Af því tilefni vekur tölvunefnd athygli á því að verði frv. að lögum þarf samhliða að auka fjárveitingar til nefndarinnar en hún hefur ekki nægjanlegar fjárveitingar til þess að leysa þau verkefni af hendi sem henni eru nú þegar falin að lögum, hvað þá bæta við sig frekari verkefnum."

Með öðrum orðum, samkvæmt þessari umsögn telur tölvunefnd sig ekki hafa fjárhagslega stöðu til að sinna þessu hlutverki. Í annan stað finnst mér að lesa megi í þessum orðum ákveðna gagnrýni á það fyrirkomulag sem kveður á um í frv., að menn vilja skýrari lagatexta um hlutverk tölvunefndar eða Persónuverndar hvað eftirlitsþáttinn snertir.

Ég vil vekja athygli á þessu og beini því til hv. formanns allshn. að þetta mál verði tekið til frekari athugunar fyrir 3. umr. þessa máls.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. að sinni. Ég tel að í umfjöllun allshn. hafi verið gerðar ýmsar breytingar á frv. sem séu tvímælalaust til bóta og hv. formaður nefndarinnar vék að þeim áðan. Ég er hins vegar andvígur pakkanum í heild sinni, tel hann til mikillar óþurftar en þá tengi ég þetta frv. að sjálfsögðu Schengen-samkomulaginu sem slíku, en ég vil engu að síður koma þessum ábendingum og þeirri gagnrýni á framfæri hér.

[23:30]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. 13. þm. Reykjav. að fyrir honum vefðist þetta ákvæði í frv. um ofbeldishneigðina. Það kom skýrt fram hjá mér áðan að nefndin fjallaði m.a. um þetta atriði. Það er ljóst að nefndin taldi eitthvað meira þurfa að koma til en vangaveltur viðkomandi landamæravarða eða þeirra sem fletta upp í þessu SIS-upplýsingakerfi, þar sem upplýsingarnar eru skráðar. Ég benti á að þarna mætti ekki vinna út frá getgátum heldur þarf eitthvað að vera til staðar sem bendir til þess að viðkomandi sé ofbeldishneigður, t.d. dómur fyrir ofbeldi.

[23:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber mikið traust til íslensku lögreglunnar. Engu að síður tel ég að hún þurfi að hafa aðhald, ekki síst þegar henni eða ríkislögreglustjóra er falin ábyrgð á þessum upplýsingagrunni. Þar er kveðið á um að hægt sé að skrá einstaklinga inn í grunninn og vara aðrar þjóðir við honum ef hann er talinn ofbeldishneigður eða líklegur til að fremja skemmdarverk. En skemmdarverk er harla matskennt fyrirbæri og ég nefndi fund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Seattle sl. haust. Þar voru að margra dómi framin skemmdarverk, alvarleg skemmdarverk, en aðrir líta þessar mótmælaaðgerðir öðrum augum og telja þær lýðræðislegar í eðli sínu. Í þessu samhengi benti ég á mikilvægi þess að treysta stöðu tölvunefndar eða Persónuverndar til að hafa eftirlit með lögreglunni. Ég bendi á að tölvunefnd telur ekki nóg að gert í því efni. Þess vegna finnst mér mikilvægt að allshn. Alþingis taki þetta mál til endurskoðunar áður en frv. kemur til 3. umr.

[23:33]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef raunar mína skoðun á mótmælunum í Seattle og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur eflaust sína skoðun á þeim og hugsanlega aðra. Ég treysti hins vegar engum betur til að meta og skrá í þennan upplýsingagrunn en einmitt lögreglumönnum, þeim færu lögreglumönnum sem við höfum hér á Íslandi. Ég treysti þeim fyllilega til að sinna starfi sínu og því hlutverki sem þeim er falið í þessu frv.

[23:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess áðan að ég bæri fullt traust til lögreglunnar. Hins vegar finnst mér það áhyggjuefni ef þetta er viðhorfið hjá hv. þm., að við eigum einfaldlega að treysta lögreglunni og ríkislögreglustjóra, fela honum þetta vald í hendur án þess að byggja inn í lögin eftirlit og aðhald gagnvart honum fyrir hönd almennings. **(Gripið fram í:** Hver er hann, þessi mæti lögreglumaður sem þú ert að tala um?) Við erum að tala um embættið og embættinu er falin ábyrgð á þessum upplýsingagrunni sem skráir matskennda þætti eins og hvort einstaklingur er talinn ofbeldishneigður eða líklegur til að fremja skemmdarverk, sem eru væntanlega pólitísk í eðli sínu. Ef við ætlum að gangast inn á að fela ríkislögreglustjóra slíkt vald þá þurfum við að gæta þess að hann fái aðhald. Það aðhald á lögum samkvæmt að koma frá tölvunefnd. Tölvunefnd telur ekki nægilega langt gengið í þessu efni og væntir þess að fastar verði kveðið á um þetta

í reglugerð sem fylgir lögunum. Ég tel mikilvægt að allshn. taki það til endurskoðunar fyrir 3. umr. málsins, hvort ekki sé unnt að verða við þessum óskum, að vísu óbeinu, sem lesa má í umfjöllun tölvunefndar um þetta efni.

[23:35]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar hann ræddi um umsögn tölvunefndar varðandi þetta frv. að þar hefðu komið fram áhyggjur um að fjármagn til reksturs starfseminnar væri ekki nægjanlegt. Þetta vakti einmitt líka athygli mína á þessum sama fundi. Mig minnir að þar hafi komið fram að þeir hefðu eingöngu 4,2 millj. kr. til ráðstöfunar á síðasta ári. Þess vegna fór ég að skoða þetta mál.

Við höfum líka verið að skoða annað frv. sem er frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í fskj. frá fjmrn. með því frv. kemur fram að á þessu ári er fjármagn til rekstrar tölvunefndar, sem verður síðan Persónuvernd, 7 millj. kr. En fyrirhugað er að í það fari um 42 millj. kr. þegar Persónunvernd hefur tekið yfir þau verkefni sem henni er ætlað samkvæmt frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar kemur fram mikil efling á þeirri starfsemi sem Persónuvernd mun hafa með höndum, m.a. varðandi Schengen-upplýsingakerfið, þ.e. hennar þætti í því máli. Áhyggjur mínar og vonandi tölvunefndar, Persónuverndar í framtíðinni, minnkuðu við að lesa þessa umsögn.

[23:37]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég er ein af fulltrúum Samfylkingarinnar sem skrifuðu undir þetta nál. meiri hluta allshn. Í raun var bara um eitt álit að ræða. Í nefndinni fóru fram mjög fjörugar, góðar og málefnalegar umræður um frv. sem hér er verið að afgreiða til 3. umr. Mikil umræða fór fram um skráninguna og hvenær menn teldust ofbeldishneigðir. Þá var vitanlega átt við að viðkomandi hefði dóm á bakinu, þetta væri ekki eitthvað sem væri sýnilegt utan á honum og mætti ekki vera of matskennt. Í þessu samhengi var jafnframt rætt um að gefa út handbók um ýmsar túlkanir sem tölvunefnd mundi koma að að einhverju leyti.

Formaður nefndarinnar hefur farið hér yfir ýmsar tillögur sem fram komu við umræðu í nefndinni. Þar er ekki hvað síst um að ræða 20. gr., hvort hún stæðist stjórnarskránna og hvort hún væri of mikið valdaframsal fyrir löggjafarsamkunduna. Því hefur nú verið breytt þannig að lögin öðlast nú þegar gildi en þar er ekki vísað í framtíðina á nokkurn hátt.

Varðandi 18. gr. er gríðarlega mikilvægt, ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram og ég man eftir frá umræðum með fulltrúum tölvunefndar, að leggja fjármuni í eftirlitið sem við erum að fara að byggja upp. Það er lykilatriði. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að þessi lög munu ekki verða virk fyrr en þær reglugerðir sem þarf koma fram.

Þar er mjög skýrt hvernig lögreglan á að starfa. Þessi listi er tæmandi en ef það væri ekki nógu skýrt þá væri það hættulegast fyrir persónuverndina. Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi áðan hlutverk tölvunefndar. Ég skrifaði niður eftir fulltrúum þeirra að í þessu frv. er gert ráð fyrir að tölvunefnd sé fengið annað hlutverk en hún hefur samkvæmt gildandi lögum. Þar er greinilega frekar tekið mið af því að hún sé virk í löndunum hér í kring. Það er þá eitthvað sem þarf að skoða. Þar skiptir einnig öllu að nægir fjármunir séu til að hægt sé að sinna þessu verki. Auðvitað var líka rætt um að kannski ætti tölvunefnd að geta tekið bindandi ákvarðanir svo ekki verði of mikið um mat ríkislögreglustjóra að ræða á þessum upplýsingum. Númer eitt, tvö og þrjú megum við ekki að skapa slakara eftirlitskerfi en við höfum í dag.

Eins og ég segi höfum við undirritað þetta álit allshn., ég náði ekki að gera það þar sem ég var erlendis þegar það var gert, en lýsi mig samþykka því.

[23:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kem hér upp fyrst og fremst til að ítreka að mikilvægt er að fyrir 3. umr. þessa máls verði 18. gr. tekin til umfjöllunar. Ég vek athygli á því að tölvunefnd eða Persónuvernd hefur samkvæmt lagagreininni einungis heimild til að koma ábendingum á framfæri. Hún hefur ekki rétt til að fara fram á að breytingar verði gerðar. Ef einstaklingur sem kvartað hefur til tölvunefndar, hefur óskað eftir að fá upplýsingar um hvað skráð er um hann sjálfan í gagnagrunninum og telur eitthvað ámælisvert í því efni og tölvunefnd er sama sinnis, þá getur hún komið kvörtun á framfæri en ríkislögreglustjóri þarf ekki að fara að þeim ábendingum. Ég tel að tölvunefnd þurfi að fá eins konar vald í þessu efni.

Einstaklingurinn getur vissulega leitað réttar síns en það gerir hann þá fyrir dómstólum. Þeir sem hafa þurft að sækja mál sín fyrir dómstólum vita að málsmeðferð getur kostað mikla peninga. Þar hefur verið nefnd ein millj. kr. Það getur kostað eina millj. kr. að sækja rétt sinn fyrir dómstólum. Ég tel að þarna sé nokkuð sem þurfi að hyggja að. Það getur vel verið að kunni að vera einhverjar málamiðlanir í þessu, t.d. tryggð gjafsókn svo dæmi sé tekið, að einstaklingurinn geti fengið tryggingu fyrir gjafsókn. Eðlilegast hefði ég þó talið að tölvunefnd hefði vald til að knýja lögreglustjóraembættið til að gera þær breytingar sem hún telur að þurfi. Þetta vildi ég árétta, herra forseti, áður en þessari umræðu lýkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, 2. umr.

Stjfrv., 237. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 289, nál. 788, brtt. 790.

[23:44]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. allshn. um frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Þetta er eins og það mál sem við ræddum hér áðan, eitt af þremur frv. sem nefndin hefur haft til umfjöllunar vegna lögfestingar nauðsynlegra ákvæða vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Við í nefndinni ræddum mjög ítarlega um 9. og 10. gr. frv. þar sem í þeim greinum er lögð til breyting á ákvæðum lögreglulaga, nr. 90/1996. Í þessum ákvæðum frv. er lagt til að ríkislögreglustjóri geti skipað menn til starfa til að sinna landamæravörslu sem ekki hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Samkvæmt 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga skal hins vegar sá sem skipaður er til lögreglustarfa hafa lokið prófi frá skólanum. Með frv. sem við erum að ræða hér er því lögð til undantekning frá þeirri meginreglu. Með þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er allnokkur breyting gerð á því fyrirkomulagi sem fyrir er og verður því breyting á landamæravörslunni. Persónueftirlit með farþegum sem

ferðast innan Schengen-svæðisins verður lagt af, en verður umfangsmeira með þeim sem ferðast til og frá ríkjum utan Schengen-svæðisins. Gert er ráð fyrir að fjölga þurfi starfsfólki til að sinna landamæravörslu og þykir það til hagræðis að heimilt verði að skipa einstaklinga, eingöngu til þeirra starfa þótt þeir hafi ekki lokið prófi frá skólanum. Nefndin telur eðlilegt að gefið verði svigrúm til að ráða til starfa einstaklinga með aðra menntun en frá Lögregluskólanum, t.d. með góða tungumálakunnáttu, en telur rétt að þeir starfi ætíð undir stjórn lögreglumanns sem skipaður er samkvæmt 3. mgr. 28. gr. lögreglulaga.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, urðu þó nokkrar umræður um þetta atriði og ákvað nefndin að forvitnast um það hvernig þetta er annars staðar á Norðurlöndum og fengum við m.a. bréf frá Landssambandi lögreglumanna um hvernig að þessum málum er staðið þar. Vil ég, með leyfi herra forseta, fá að vitna í að hluta til það bréf sem við fengum hjá nefndinni:

„Danmörk: Vegabréfaeftirlit og landamæravarsla er lögregluverkefni í Danmörku eins og mörg undangengin ár. Engu að síður hefur umræða átt sér stað um breytingu á þessu, þ.e. að lögreglan réði sérstaka aðila til vegabréfaeftirlits. Er þá einkum horft til Noregs og hvernig mál hafa þróast þar í landi. Danskir lögreglumenn búast við að slíkir aðilar verði komnir til starfa þar í landi fyrir gildistöku Schengen-samkomulagsins og þá á alþjóðaflugvöllunum á Kastrup og í Billund.

Noregur: Við opnun Gardermoen-flugvallar varð mikil breyting á aðkomu farþega til Óslóar sem kallaði á aukin fjölda fólks við vegabréfaskoðun. Var þá ákveðið að lögreglan réði sérstaka aðila til vegabréfaeftirlits en u.þ.b. 30 slíkir starfa nú á Gardermoen. Þeir eru ekki til staðar á fleiri stöðum í landinu.

Norðmenn gera þær kröfur til umsækjenda að þeir séu með hreina sakaskrá og byggi á góðri almennri menntun og hafi sem fjölbreytilegasta tungumálakunnáttu. Við ráðningu var frekar leitað eftir fólki á miðjum aldri en yngra fólki. Komið var á fót sérstöku námskeiði þar sem fólkið las m.a. útlendingalöggjöf o.fl. henni tengt, kynnti sér mismunandi gerðir vegabréfa, öryggismerki þeirra og þekktar leiðir til fölsunar. Þá var fólkið þjálfað í meðferð þeirra tækja sem tiltæk eru til greiningar á fölsuðum vegabréfum.

„Landamæraverðirnir" starfa með og undir stjórn lögreglunnar. Ávallt er lögreglumaður til staðar á hverju vegabréfaskoðunarsvæði og fara öll vafa- og úrskurðarmál um hans hendur. Álagstímum í flugumferð er mætt með því að bæta við lögreglumönnum til að létta á álaginu. „Landamæraverðirnir" klæðast einkennisfötum sem eru í sama lit og einkennisföt lögreglu en með öðrum merkingum, þ.e. „passkontrol". Þeir hafa engin önnur lögregluverkefni með höndum.

Svíþjóð: Svíar hafa tekið upp sama kerfi og Norðmenn og er ekki merkjanlegur munur á framkvæmd þar í landi. Eins og í Noregi klæðast „landamæraverðir" einkennisfötum af sama lit og einkennisfatnaður lögreglu en með öðrum merkingum, þ.e. „passkontrol". Þeir eru aðeins við störf á stærstu alþjóðaflugvöllum."

Ég vildi geta þessara atriða í tengslum við þá umræðu sem m.a. átti sér stað í nefndinni um 9.–10. gr. frv.

Að öðru leyti vil ég minna á að tolleftirlitið breytist ekki með tilkomu þessara laga, svo það sé alveg á hreinu, en að öðru leyti vísa ég í það sem stendur í þskj. 788 um þær breytingar sem hv. allshn. leggur til á frv. því sem við ræðum nú.

Ég vil einnig ítreka það sem ég sagði áðan varðandi gildistökuákvæði þessara laga, en það hljóðar eins og í frv. sem við ræddum hér áðan, um Schengen-upplýsingakerfið, en í 12. gr. stendur:

„Dómsmrh. ákveður hvenær lög þessi eða einstakir kaflar þeirra öðlast gildi."

Ég tiltók nákvæmlega hver rök nefndarinnar voru fyrir því að breyta þessu ákvæði á þann veg að lögin öðlist þegar gildi og vil ég vísa í þá umræðu sem var hér áðan.

Að öðru leyti, herra forseti, leggur hv. allshn. til að þetta frv. til laga um breyting á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndin leggur til á þskj. 790.

[23:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar þetta frv. kom til 1. umr. lýsti ég andstöðu við það á tveimur forsendum, í fyrsta lagi sem hluta af Schengen-samkomulaginu sem ég er andvígur, og í öðru lagi gerði ég athugasemdir við einstakar greinar, og sérstaklega 10. gr. sem lýtur að landamæraeftirliti. Hvað þá gagnrýni snertir vil ég geta þess að í umfjöllun nefndarinnar var komið til móts við þau sjónarmið sem ég og fleiri settum fram og ég tel þá breytingu til bóta sem gerð hefur verið á 10. gr. og formaður allshn., hv. þm. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, gerði grein fyrir hér áðan. Ástæðan fyrir því að í nál. kemur fram að ég er andvígur þessu frv. á rót að rekja til þess að ég er andvígur heildarpakkanum sem slíkum eins og hér hefur komið fram í umræðunni í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–13. og 18.–20. mál.

Fundi slitið kl. 23:54.

---

84. FUNDUR

miðvikudaginn 22. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, stjfrv., 420. mál, þskj. 683. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Húsgöngu- og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 684. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Samkeppnislög, stjfrv., 488. mál, þskj. 770. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 489. mál, þskj. 771. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, stjtill., 206. mál, þskj. 240, nál. 784, 791 og 792. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 236. mál, þskj. 288, nál. 786, brtt. 787. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, stjfrv., 237. mál, þskj. 289, nál. 788, brtt. 790. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 11. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Kristján Pálsson, 8. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Um kl. 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um flugsamgöngur á landsbyggðinni. Málshefjandi er hv. þm. Kristján L. Möller. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 420. mál (menntunarkröfur, tryggingar, afleiðusamningar o.fl.). — Þskj. 683.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Húsgöngu- og fjarsölusamningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 421. mál (heildarlög). — Þskj. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 488. mál. — Þskj. 770.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (HBl) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, DO, JÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 489. mál (póstþjónusta). — Þskj. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fullgilding samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, frh. síðari umr.

Stjtill., 206. mál. — Þskj. 240, nál. 784, 791 og 792.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]

Tillgr. samþ. með 43:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, HBl, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, ÍGP.
nei: SJS, ÞBack, ÖJ, GAK, JB, KolH.
4 þm. (SvH, EKG, EOK, GunnB) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÓÖH, PP, TIO, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, JóhS, KPál) fjarstaddir.

12 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þessi tillaga fjallar um staðfestingu á Schengen-samkomulaginu en ekki um einstök framkvæmdaratriði að þeim samningum samþykktum. Hér er um að ræða eitt stærsta utanríkismál sem komið hefur til kasta Íslendinga síðan EES-samningurinn var samþykktur. Hér er um að ræða ákvörðun Íslendinga um að taka áframhaldandi þátt, stíga næsta skref í samstarfi Evrópuþjóðanna um frjálsa för fólks. Þarna er um það að ræða að við tökum þátt í því samstarfi á jafnréttisgrundvelli með sömu réttindum til að hafa áhrif á ákvarðanatöku og aðrar þjóðir sem standa að samningnum, þar á meðal þjóðirnar í Evrópusambandinu.

Herra forseti. Ég segi já.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að það samrýmist mjög illa pólitískri stöðu Íslands sem er ekki aðili að Evrópusambandinu, og ætlar sér vonandi ekki að verða, að gerast aðili að Schengen-samningnum sem er búið að innlima í Evrópusambandið og að hluta til í fyrstu stoð þess og undir yfirþjóðlegt vald. Þessi gerð er hluti af því að mynda sambandsríki í Evrópu, Evrópusambandið. Ég er þeirrar skoðunar að Ísland eigi ekki að gerast aðili að því sambandsríki heldur leysa samskipti sín við samningum við það.

Í öðru lagi mun hljótast af þessu mikill kostnaður, fjárfestingarkostnaður svo nemur milljörðum og umtalsverður rekstrarkostnaður.

Í þriðja lagi er ástæða til að hafa áhyggjur af vaxandi flæði fíkniefna þegar persónueftirlit verður fellt niður á þessum stóru landamærum.

Í fjórða lagi eru þarna áhyggjuefni fyrir íslenska ferðaþjónustu og fleira mætti nefna sem gerir að að verkum að það er að mínu mati ekki fýsilegur kostur fyrir okkur Íslendinga að gangast inn á þessa lausn.

Ég segi nei.

[13:40]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Þessu máli er vafalaust á þann veg komið að ekki verður aftur snúið. Á því er sá meingalli að engar haldbærar upplýsingar hafa fengist um þann kostnað sem Ísland kemur til með að bera vegna framkvæmda í fyrstunni eða vegna rekstursins. Fyrir því er það sérstaklega að ég treysti mér ekki til þess að veita þessu máli atfylgi mitt og greiði þess vegna ekki atkvæði.

[13:41]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé hið mesta framfaramál og sjálfsagt fyrir okkur Íslendinga að taka þátt í Schengen-samstarfinu fyrst við eigum kost á því með þeim hætti sem hér kemur fram. Með því að taka þátt í því höfum við áfram tækifæri á því að taka fullan þátt í norrænni samvinnu. Við tökum líka fullan þátt í evrópskri samvinnu með þeim takmörkunum sem það að vera ekki aðili að Evrópusambandinu fylgir. Við komumst inn í lögreglusamstarf, samstarf vegna flóttamanna, samstarf vegna aðgerða gagnvart borgurum þriðju ríkja. Ég tel að varðandi Flugstöðina í Keflavík eigi það að vera stefna okkar að það verði þjónustuvænasta flugstöð Schengen-svæðisins og nota það sem sóknarfæri fyrir íslenska ferðaþjónustu. Ég segi já.

[13:42]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að með Schengen-samstarfinu sé stigið stórt framfaraskref í íslenskri löggæslu, landamæraeftirliti, framfaraskref sem nauðsynlegt er á nýrri öld. Með þessu samstarfi er tryggt stóraukið upplýsingaflæði milli löggæslustofnana hér á landi og í samstarfsríkjum okkar. Með því er einnig tryggð aðild okkar að stjórn samstarfsins sem við getum ekki fengið með öðru móti. Herra forseti. Ég segi því já.

[13:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með Schengen-samkomulaginu gerast Íslendingar landamæraverðir fyrir Evrópusambandið og glata fyrir vikið sjálfstæðum rétti sínum til að haga landamæravörslu að eigin vild. Af Schengen-samningnum hlýst sannanlega mikið óhagræði fyrir Íslendinga, mikil fjárútlát, milljarða fjárútlát, auk þess sem erfiðara verður um vik að koma í veg fyrir eiturlyfjasmygl til landsins. Þetta er hins vegar pólitísk ákvörðun byggð á Rómarsáttmálanum eins og staðhæft er í greinargerð þeirrar þáltill. sem við greiðum nú atkvæði um. Með Schengen-samningnum fórna Íslendingar miklum hagsmunum fyrir litla, ef nokkra hagsmuni. Þetta er hins vegar rökrétt vilji menn gera Ísland að héraði í stór-evrópsku ríki. Því er ég hins vegar andvígur og segi nei.

[13:44]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í umræðu um þetta mál hef ég rökstutt afstöðu mína mjög rækilega. Á margan hátt stöndum við frammi fyrir orðnum hlut. Sú stefna var mörkuð í upphafi að ganga til Schengen-samstarfsins sem fullgildir aðilar. Ljóst má vera af því sem ég hef rökstutt í umræðunni að miklu verður kostað til. Ekki hefur verið látið reyna á aðra kosti, svo sem að fara svipaðar leiðir og Bretar og Írar, þjóðir sem við höfum átt og eigum mikið og gott samstarf við. Af því leiðir að við eigum ekki marga góða kosti sem annars hefði verið hægt að vinna að. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[13:45]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Að mínu mati er komið að tímamótum í miklu samningaferli. Það er e.t.v. svo að ýmislegt er eftir að gera varðandi undirbúning og framkvæmd og eftirlit en ég tel að Ísland geti ekki annað en verið með í þessu stórmáli. Það er um að ræða stór framfaraskref í samstarfi við Evrópulöndin og þessi aðgerð eflir sjálfstæði Íslands. Ég segi já.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á málflutning í þessu máli, m.a. í allan gærdag, og velt fyrir mér þeim rökum sem komu fram hjá hinum vísustu mönnum, þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé óhagstætt fyrir íslenska þjóð. Ég segi nei.

[13:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég styð fyrirliggjandi tillögu um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Í því efni tek ég þó enga afstöðu til undirbúnings málsins né verklags alls af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þar eru ekki öll kurl komin til grafar, svo sem varðandi byggingarframkvæmdir og rekstur í Leifsstöð og kostnað því samfara, né heldur skipulag starfsmannamála þar syðra. Óljós áform um hlutafélagavæðingu Leifsstöðvar auka enn á þá óvissu. Ég áskil mér því allan rétt til að fylgjast grannt með framgangi mála og gagnrýna ríkisstjórnina sem ber ábyrgð á málinu ef ástæða er til. Ég árétta þó stuðning minn við grundvallaratriði málsins, Schengen-aðildina sjálfa. Ég segi já.

[13:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Aðild Íslands að Schengen-samstarfinu skerðir sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt Íslands. Það að mestöll eða nánast öll alþjóðleg flugumferð mun verða að fara um Keflavíkurflugvöll skerðir eða nánast hindrar alla möguleika á uppbyggingu alþjóðlegrar flugumferðar og flugþjónustu á flugvöllum úti á landi. Aðildin að þessu samkomulagi mun að mínu mati verða til mikils tjóns fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Við erum á rangri leið, herra forseti, með þessa samþykkt. Ég segi nei.

[13:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég átel stjórnvöld fyrir það hvernig staðið er hér að málum. Engin athugun hefur verið gerð á því hvort aðrar leiðir hefðu verið færar, samanber þær leiðir sem Bretar og Írar koma til með að fara. Ekkert marktækt kostnaðarmat liggur fyrir. Hins vegar er ljóst að um himinháar upphæðir er að ræða fyrir Íslendinga og alls ekki öll kurl komin þar til grafar. Í framsöguræðu hv. formanns utanrmn., Tómasar Inga Olrich, í gær skorti tilfinnanlega fyrir því haldbær rök að hér sé um skynsamlega ákvörðun að ræða. Hins vegar hefur verið bent á stórar hættur samfara fullgildingu samningsins og nægir þar að nefna mögulegt aukið flæði fíkniefna um lögsögu okkar og mikla áhættu sem tekin er í málefnum ferðaþjónustunnar.

Herra forseti. Í ljósi þess að hér er um eitt stærsta utanríkismál að ræða sem komið hefur til kasta Alþingis frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var samþykktur, hefði mér fundist eðlilegt að spurningin um þjóðaratkvæðagreiðslu hefði komið fram á Alþingi, það hefur hún ekki gert. Ég tel fullgildingu samningsins veikja sjálfstæði íslensku þjóðarinnar og segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS*, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

nei: JB, KolH, ÞBack, ÖJ.

5 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, SvH) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, GÁ, HÁs, HBl, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 799).

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 288, nál. 786, brtt. 787.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, GÖ, HÁs, HjálmJ, JÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingmenn þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þau tvö frv. sem verða nú greidd atkvæði um og leiðir af Schengen-samningnum. Með þessum lagafrv. er verið að færa mikið vald undir embætti ríkislögreglustjóra án þess að veita embættinu eðlilegt aðhald. Ríkislögreglustjóri á að sjá til þess að þættir sem eru mjög matskenndir eru færðir inn í evrópskan öryggisgrunn. Þar er t.d. um að ræða meinta ofbeldishneigð eða hvort einstaklingar séu líklegir til skemmdarverka. Aðhald er ekki nægilegt frá tölvunefnd eða Persónuvernd, þar er allt óunnið og á að koma í reglugerðum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á Alþingi hafa reynt að hafa áhrif á vinnslu málsins og munu að sjálfsögðu freista þess fram á síðustu stundu, en við erum eftir sem áður andvíg pakkanum í heild sinni.

2.–5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 787,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

7.–9. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 787,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF,

PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EKG, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 787,3 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

13.–15. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 787,4 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

16. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

17.–18. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 787,5 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 787,6 (ný 20. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF,

PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (EKG, EOK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 237. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 289, nál. 788, brtt. 790.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 790,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. (verða 3.–4. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (EKG, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EOK, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 790,2 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, IP, JóhS, KPál, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

5.–6. gr. (verða 6.–7. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, MF, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 790,3 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, MF, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

11 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, KHG*, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, MF, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

8.–9. gr. (verða 9.–10. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 790,4 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 790,5 (ný 10. gr., verður 12. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 790,6 (ný 12. gr., verður 14. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
10 þm. (EKG, EOK, GAK, GunnB, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.
8 þm. (EKG, EOK, GunnB, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, DO, EMS, GÁ, HÁs, HjÁ, JóhS, KPál, PP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 14:07.

---

85. FUNDUR

miðvikudaginn 22. mars,
að loknum 84. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Leigulínur til gagnaflutnings, fsp. SvanJ, 395. mál, þskj. 653.
2. Uppbygging vega á jaðarsvæðum, fsp. KLM, 423. mál, þskj. 688.

Til menntamálaráðherra:

3. Kostnaður við fjarkennslu, fsp. SvanJ, 424. mál, þskj. 689.
4. Tungutækni, fsp. SvanJ, 464. mál, þskj. 742.

Til iðnaðarráðherra:

5. Vinnuvélanámskeið, fsp. MF, 431. mál, þskj. 701.

Til dómsmálaráðherra:

6. Skráning afbrota, fsp. MF, 432. mál, þskj. 702.
7. Heilbrigðisþjónusta við unga afbrotamenn, fsp. MF, 433. mál, þskj. 703.
8. Eftirlit á skilorði, fsp. MF, 434. mál, þskj. 704.
9. Gæsluvarðhaldsvistun barna, fsp. MF, 435. mál, þskj. 705.
10. Viðbrögð við vandamálum sem tengjast spilafíkn, fsp. ÖJ, 445. mál, þskj. 716.

Til félagsmálaráðherra:

11. Málefni ungra afbrotamanna, fsp. MF, 436. mál, þskj. 706.
12. Rekstur Reykjadals í Mosfellssveit, fsp. KLM, 449. mál, þskj. 720.

Til fjármálaráðherra:

13. Greiðsla þungaskatts erlendra ökutækja, fsp. JHall, 446. mál, þskj. 717.

Leigulínur til gagnaflutnings.

Fsp. SvanJ, 395. mál. — Þskj. 653.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Síðastliðið vor lofaði ríkisstjórnin breytingum á gjaldskrá Landssíma Íslands hf. vegna margendurtekinna kvartana yfir miklum kostnaði ...

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þm. um að gefa betra hljóð í salnum.)

Herra forseti, ég hygg að þessar kvartanir hafi verið — ekki kvartanir forseta — hafi verið vegna gjaldskrár Landssímans og yfir miklum kostnaði landsbyggðarinnar við gagnaflutninga og almenna þátttöku í upplýsingasamfélaginu. Við endurskoðun gjaldskrár var viðurkennt af hálfu Landssímans að verð fyrir lengri leiðir var of hátt reiknað og að landsbyggðin hefði þar með borgað of mikið fyrir þá þjónustu. Nú þekki ég ekki til vinnubragða eða viðmiðana sem Landssíminn notar til að finna út rétt verð fyrir einstaka þjónustuþætti. En hitt stendur eftir að enn er allt að fimmfaldur munur á leigulínum og vegalengdir frá Reykjavík ráða gæfu manna í þessum efnum.

Ég lít svo á, herra forseti, að af hálfu ríkisstjórnarinnar hafi verið gefið pólitískt loforð um að þessi kostnaður yrði jafnaður. Annars væri til lítils að setja upp áætlanir

um fjarvinnsluverkefni til að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig ætti að leggja fram tillögur þar að lútandi sem m.a. gerðu ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar yrðu nýttir til hins ýtrasta, eins og segir í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Það hefur komið fram, herra forseti, að hæstv. félmrh. virðist skilyrða stuðning sinn við að jöfnuði verði komið á í þessum efnum með áformum samgrh. um sölu Landssímans.

Þegar menn setja sér pólitísk markmið þarf oft að uppfylla þau með pólitískum ákvörðunum og aðgerðum. Tæknimenn Landssímans hafa hingað til verið ófærir um það, eðlilega. Það þekkjum við sem höfum hreyft þessum málum hér á Alþingi á undanförnum árum. Ég hef því lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. samgrh.:

Telur ráðherra að jafna þurfi aðstöðu þeirra sem þurfa eða vilja nýta sér möguleika nýrrar samskiptatækni til fjarkennslu, fjölmiðlunar eða fjarvinnslu, hvað varðar verð leigulína til gagnaflutninga?

Í öðru lagi: Hvaða færar leiðir sér ráðherra til slíks aðstöðujöfnuðar?

[14:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég leyfa mér að minna á nýsamþykkt fjarskiptalög sem tóku gildi um síðustu áramót. Lögin voru samþykkt hér á Alþingi af fulltrúum allra stjórnmálaflokka og enginn greiddi atkvæði gegn þeim. Er ég mælti fyrir frv. til laga um fjarskipti lagði ég áherslu á nauðsyn þess að mæta þörfum allra landsmanna um að njóta ákveðinnar lágmarksfjarskiptaþjónustu, nauðsyn þess að ávallt verði til öflug fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og löggjöf hamli ekki þróun upplýsingatækni og komi ekki í veg fyrir tækniframfarir. Síðast en ekki síst lagði ég áherslu á að nýta upplýsingatæknina til að styðja við búsetu í landinu öllu og sporna sem frekast má gegn byggðaröskun.

Vegna þessa vil ég upplýsa þingið að ég hef óskað eftir því við verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið, sem vinnur á vegum forsrn., að gerð verði athugun á þörf landsbyggðarinnar fyrir gagnaflutningi á sviði menntunar, heilbrigðisþjónustu og atvinnulífs. Mér er kunnugt um að verkefnisstjórnin hefur tekið jákvætt á þessu máli. Hluti af þessari vinnu hefur þegar farið fram í samstarfi við ráðuneytið og bendi ég á skýrsluna Stafrænt Ísland í því efni. Jafnframt vænti ég þess að frekar verði unnið að málinu í samvinnu við atvinnulífið.

Svo ég víki nánar að spurningum hv. þm. þá er svar mitt: Já, að sjálfsögðu tel ég að jafna þurfi aðstöðu þeirra sem þurfa eða vilja nýta sér möguleika nýrrar samkiptatækni. Þær leiðir sem ég sé færar til þess eru fyrst og fremst leiðir til hins frjálsa markaðar og tækniframfara. Því til staðfestingar nægir að benda á að með tilkomu samkeppni á fjarskiptamarkaði er nú hafin samkeppni á öllum sviðum. Þar er gagnaflutningur á engan hátt undanskilinn. Sú samkeppni hefur þegar sýnt að verð til neytenda hefur farið hríðlækkandi. Þar nægir að benda á GSM-markaðinn. Í þessari samkeppni er augljóslega fólgin töluverð aðstöðujöfnun.

Ég vil benda á að í framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, sem gefin var út í október 1996, eru skilgreind þrjú forgangsverkefni í málefnum upplýsingasamfélagsins. Eitt þeirra er að flutningsgeta og flutningsöryggi tölvutækra upplýsinga innan lands og til útlanda verði fullnægjandi og anni ört vaxandi notkun en kostnaður verði í lágmarki.

Þessi stefna er enn í fullu gildi. Ég hef unnið markvisst að því að hrinda henni í framkvæmd og hef einsett mér að ná því marki að á sviði fjarskipta og símaþjónustu verðum við í fremstu röð. Engum blöðum er um það að fletta að fjarskiptakostnaður skiptir miklu fyrir notendur. Kostnaður er sá þáttur sem hvað mest gæti hamlað þróuninni sé honum ekki haldið í lágmarki.

Enda þótt það komi ekki fram í fyrirspurninni tel ég líklegt að hv. þm. spyrji um tvenns konar notkun leigulínu, annars vegar línu sem fyrirtæki og einstaklingar leigja milli starfsstöðva og hins vegar línur sem leigðar eru á starfsstöð eða heimili að tengibúnti í almennum gagnaflutningsnetum, t.d. háhraðaneti eða ADM-neti Landssíma Íslands hf.

Um þessar tvær tegundir leigulína gilda ólíkar reglur. Fyrst ber að nefna leigulínur milli starfsstöðva. Samkvæmt 19. gr. fjarskiptalaga á Póst- og fjarskiptastofnun að tryggja að a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki bjóði fram leigulínur. Gjald fyrir þessar línur er hið sama alls staðar á landinu, þ.e. fyrirtæki á Akureyri, svo dæmi sé tekið, borgar jafnmikið fyrir sömu lengd af leigulínu og fyrirtæki í Reykjavík. Þá er og rétt að minna á að í haust sem leið var gjaldskrá leigulína breytt í þá átt að gjald á lengri leiðum lækkaði verulega. Gjald fyrir styttri línur hækkaði nokkuð. Með þessu var stigið stórt skref til að jafna aðstöðumun. Við endurskoðun gjaldskrárinnar kom í ljós að kostnaður á lengri leiðum hafði verið ofmetinn.

Þegar um er að ræða leigulínu fyrir tengingu notenda inn á almenn gagnaflutningsnet horfir málið öðruvísi við. Gagnaflutningsnet eins og t.d. háhraðanet og ADM-netið er byggt upp með tengibúntum sem að jafnaði eru staðsett í þéttbýli. Háhraðanet auka mjög hagkvæmni í gagnaflutningum. Því er það grundvallaratriði að tengibúntum við gagnaflutningsnetin fjölgi eins og kostur er og jafni þar með aðstöðu þeirra sem vilja eða þurfa að nýta sér þessa samskiptatækni.

Eitt vil ég undirstrika vegna umræðu um jöfnun fjarskiptakostnaðar, að vegna skuldbindinga sem við höfum tekist á hendur með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ber gjaldskrá fjarskiptafyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild að taka mið af tilkostnaði og hæfilegum arði af fjárfestingu. Í þessu sambandi ber að benda á að líklegt er að fyrirtæki og einstaklingar muni í vaxandi mæli nota aðrar aðferðir en fastar leigulínur við fjarvinnslu, fjarkennslu eða fjölmiðlun. Öll tækniþróun stefnir í þá átt að stuðla að jafnari aðstöðu en áður. (Forseti hringir.) Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna ADSL-tæknina sem felur í sér möguleika á hraðvirku sambandi um hefðbundnar símalínur þar sem notandinn getur verið sítengdur við internetið allan sólarhringinn á föstu verði (Forseti hringir.) sem á að vera hið sama fyrir alla hvar sem þeir eru í landinu.

Herra forseti. Ég gæti komið að fleiri upplýsingum en verð því miður að stoppa hér.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Það er gott að heyra að vilji hans er jákvæður í þessum efnum. Ég velti því hins vegar fyrir mér, herra forseti, þegar hæstv. ráðherra segir hvaða leiðir hann sjái fyrir, hvort það dugar eitt og sér. Hæstv. ráðherra segist sjá leiðir hins frjálsa markaðar, samkeppni og svo samskiptatækni. Dugar eitt og sér, segi ég, vegna þess að staðreynd mála er sú að ekki er um samkeppni að ræða alls staðar. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er að þar sem samkeppni á sér ekki stað er kvartað. Þar kvarta

menn undan því að Landssími Íslands sé eins og hver annar bergþurs. Þetta er því miður svona. Þess vegna nægir ekki að benda á samkeppnina vegna þess að hún er ekki alls staðar til staðar. Hins vegar er það mikið rétt að tæknin breytist mjög hratt og innan fárra ára hygg ég að tæknin verði orðin þannig að menn geti í mun ríkari mæli en nú valið sér það fyrirtæki sem þeir versla við og fengið þá þjónustu sem þeir þurfa á samkeppnishæfu verði. En það er ekki í dag og þess vegna þurfum við að leita leiða til að hjálpa til að ýta undir að sú þróun geti orðið á landsbyggðinni sem ég heyri að ráðherrann vill sjá.

Í máli ráðherrans kom fram að fyrirtæki úti á landi, t.d. á Akureyri, borguðu jafnmikið fyrir sömu lengd á línu. Gott og vel, en menn gátu fyrir nokkrum árum tekið ákvörðun um jöfnun símkostnaðar. Og nú spyr ég: Hvað er á móti því að menn taki slíka ákvörðun þegar þessi tegund síma á í hlut vegna þess að við erum að tala um tækni sem er afskaplega svipuð og hliðstæð?

Mér finnst áríðandi, herra forseti, að þetta komi fram í umræðunni.

[14:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir viðbrögðin við svari mínu, en hlýt að vekja athygli á því sem alltaf kemur fram hjá hv. þm. Samfylkingarinnar, þ.e. hin sérkennilega afstaða til Landssíma Íslands hf. þegar talað er um bergþurs í því líkingamáli og notað á og gegn þessu fyrirtæki sem sinnir þjónustu um allt land. Og hver er árangurinn af starfi þessa fyrirtækis? Hver er árangurinn af starfi fólksins sem vinnur hjá Landssímanum? Hann er mældur þannig af OECD að símgjöld á Íslandi séu þau lægstu í veröldinni. Bergþursinn nær þessum árangri, eins og Samfylkingin kallar Landssímann. Ég er mjög undrandi satt að segja á slíkri afstöðu til fyrirtækisins og velti því mjög fyrir mér hvers vegna þetta er. Það mætti kannski halda að þetta væri einhvers konar minnimáttarkennd eða tilraun til þess að víkja sér undan því að halda eitthvað sérstaklega upp á ríkisfyrirtæki, að hinir gömlu sósíalistar snúist svona til einkennilegrar áttar þegar þeir reyna allt hvað þeir geta til að breiða yfir hið gamla nafn og númer.

Svo ég snúi mér að öðru vil ég minna á að gagnaflutningar í gegnum ISDN-kerfið eru á sama verði alls staðar á landinu. Það er hluti af hinni nýju löggjöf að gera þá kröfu. Nú er verkefnið það að byggja upp þessa þjónustu um landið allt og það eru þau áform sem ég hef haft uppi.

Ég vil að lokum, herra forseti, taka skýrt fram að sem ráðherra fjarskiptamála hef ég lagt mikla áherslu á þá grundvallarstefnu mína að fjarskipti eigi að vera aðgengileg fyrir alla, ódýr og örugg. Því til stuðnings hef ég þegar lagt á ráðin með að aukinn kraftur verði settur í það verkefni að gera öllum heimilum landsins kleift að fá ISDN-línu fyrr en þegar hefur verið ráðgert. Einnig mun ég leggja áherslu á það markmið sem sett er fram í stjórnarsáttmálanum að tekjum af sölu ríkisfyrirtækja verði m.a. varið til að efla upplýsingasamfélagið og þar með að tryggja jafna aðstöðu landsmanna á fjarskiptasviðinu.

Uppbygging vega á jaðarsvæðum.

Fsp. KLM, 423. mál. — Þskj. 688.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Í samþykktri þál. um stefnu í byggðamálum stendur m.a. í kaflanum Jöfnun lífskjara – bætt samkeppnisstaða, með leyfi forseta:

„Gert verði átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir.“

Í tillögum þverpólitískrar byggðanefndar forsrh. var lagt til að 2 milljörðum yrði varið til átaks í vegamálum á næstu fjórum árum. Sérstaklega var lagt til að þessar framkvæmdir færu fram á þeim svæðum þar sem íbúaþróun væri alvarleg og að vegagerð væri líkleg til þess að hafa áhrif á byggðaþróun. Tillaga nefndarinnar var samþykkt skömmu fyrir síðustu kosningar af hæstv. ríkisstjórn, en mér sýnist að þessum fjármunum hafi ekki verið varið til jaðarsvæðanna eingöngu. Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni að sú bylting sem orðið hefði á vegakerfi okkar og samgöngum undanfarna áratugi nýttist ekki síst bændum og öðrum þeim sem byggja hin dreifðu landsvæði landsins.

Herra forseti. Ég er ekki viss um að bændur almennt geti tekið undir þetta sjónarmið nú þegar tími vorleysinga fer í hönd og fjölmargir safn- og tengivegir um allt land verða ófærir vegna aurbleytu. Til þess að á Íslandi búi ein þjóð þarf að bæta og viðhalda góðum samgöngum. Það sem skiptir meginmáli fyrir þróun einstakra byggðarlaga er hvernig samgöngur eru innan þess og til annarra þjónustusvæða.

Í framlagðri vegáætlun er þess getið að meira fé vanti í safn- og tengivegi landsins. Samþykktin í byggðaáætluninni sem ég vitnaði til í upphafi máls míns er vafalaust hugsuð til þess að bæta safn- og tengivegi í hinum dreifðu byggðum landsins. En hver er framkvæmdin? Hvernig stendur þessi vinna? Mér er kunnugt um að á vegum Byggðastofnunar er eitthvað verið að vinna í þessum málum og á minnisblaði Byggðastofnunar til hv. fjárln. í desember sl. var gerð tillaga um 550 millj. kr. til byggðavega sem ekki var samþykkt á fjárlögum.

Ég vil því enn fremur spyrja hæstv. samgrh. út í þetta atriði. Er Byggðastofnun að vinna í þeim vegamálum, samanber þál. í byggðamálum? Hvenær liggja þær tillögur fyrir?

Herra forseti. Fsp. mín á þskj. 688 um þetta mál er svolhljóðandi:

„Hvað líður undirbúningi að átaki í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði), sbr. þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001?“ — sem nú er hálfnað.

[14:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. vil ég gefa svohljóðandi svar:

Síðasta haust kom út hjá Byggðastofnun skýrsla sem í aðalatriðum fjallar um styrkleika byggðarlaga, atvinnuþróun í jaðarbyggðum og nýjar áherslur í byggðamálum. Meðal annars sem þar kemur fram er mikilvægi góðra samgangna á jaðarsvæðum þar sem búsetuástand er verst.

Að frumkvæði Byggðastofnunar fóru fram viðræður á milli hennar og Vegagerðarinnar um hvernig væri hægt að ná markmiðum ályktunarinnar, þ.e. ályktunar Alþingis um stefnu í byggðamálum 1999–2001, en þar segir:

„Gert verði átak í uppbyggingu vega í þeim landshlutum þar sem samgöngur eru ófullnægjandi (jaðarsvæði) svo að þær verði í samræmi við nútímaþarfir."

Í viðræðum kom fram af hálfu Byggðastofnunar að aðaláherslan skyldi lögð á vegagerð á svæðum þar sem ástand í búsetu er verst, það sem nefnt er atvinnuþróunarsvæði I í skýrslu Byggðastofnunar. Einnig skyldi reikna með að áætlun um vegi þessa, sem nefndir hafa verið jaðarbyggðavegir, lúti ákvæðum vegalaga og verði fjallað um áætlunina innan ramma vegáætlunar með sama hætti og um aðrar vegaframkvæmdir, enn fremur að byggðavegir verði sérstakur liður í vegaáætlun.

Vegagerðin hefur gert lauslegt mat á þessu vegakerfi í samræmi við svæðaskiptingu Byggðastofnunar og metið kostnað við nauðsynlegar endurbætur þess. Umræddir vegir eru á atvinnuþróunarsvæðum í flokki I eða til tengingar slíkra svæða og eru innan sex kjördæma, þ.e. annarra en Reykjaness og Reykjavíkur. Ekki voru teknir með þeir vegir sem fjármagnaðir eru af stórverkefnafé í langtímaáætlun.

Kostnaður við endurbætur á því vegakerfi sem hér um ræðir, sem þar var dregið upp, er metinn á 6 milljarða kr. Í gildandi vegáætlun eru fjárveitingar um 150 millj. kr. til umræddra vega. Með hliðsjón af þeim heildarkostnaði sem áður var nefndur, 6 milljarðar kr., er ljóst að hér er um langtímaverkefni að ræða. Málið er nú til skoðunar í ráðuneytinu. Niðurstaðna er að vænta í tengslum við afgreiðslu vegáætlunar.

Ég nefndi áðan að ekki væru teknir með þeir vegir sem fjármagnaðir eru af stórverkefnafé í langtímaáætlun. Meðal þeirra er að finna ýmsa stofnvegi sem tengja jaðarsvæði, þ.e. atvinnuþróunarsvæði I, við meginvegakerfi landsins. Eru þeir í raun enn mikilvægari fyrir svæðin en vegirnir á svæðinu. Því kemur að mínu mati vel til greina að lána eða færa jaðarbyggðafé verði það skilgreint til að flýta fyrir framkvæmdum á slíkum stofnvegum sem mikilvægastir teljast frá byggðasjónarmiði, og yrðu þeir fjármunir síðan að koma inn á vegáætlun þegar um það væri ákveðið nánar.

Herra forseti. Þetta er það svar sem ég get á þessu stigi gefið hv. þm. og þingheimi en vísa að sjálfsögðu til þeirrar vinnu sem fram fer í samgn. þingsins í tengslum við gerð vegáætlunar.

[14:30]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er viðurkennt og hefur margsinnis verið lýst yfir að uppbygging byggðavega, safn- og tengivega um byggðir landsins hefur dregist stórlega aftur úr annarri vegagerð á landinu á undanförnum árum. Meginþungi áherslunnar hefur verið lagður á tengingu þéttbýlisstaðanna og stofnbrautir landsins.

Eitt það mikilvægasta í að efla og styrkja byggð í sveitum er að styrkja þetta vegakerfi. Við höfum samþykkt hér á Alþingi, æ ofan í æ, ályktun um að gera átak í þessum efnum. Nú stendur upp á okkur að fylgja því eftir með gjörðum, ekki bara orðum, herra forseti.

[14:31]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að vekja athygli á samgöngumálum landsbyggðarinnar. Samgöngur í hinum dreifðu byggðum eru mjög mikilvægar en við vitum að safn- og tengivegir eru víða í ákaflega slæmu ásigkomulagi. Það kemur sérstaklega fram á vorin þegar frost fer úr jörðu. Eftir þessum vegum eru mikir flutningar, bæði fyrir landbúnað og á fólki til og frá vinnu og í skóla. Oft á tíðum jaðrar það við barnaverndarmál hvað vegirnir eru í slæmu ásigkomulagi þar sem aka þarf börnum í skóla allt upp í 60–70 km leið.

Við viljum að fólk haldi áfram að búa í hinum dreifðu byggðum. Því er vert að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki athugandi hvort fjármagnið mundi ekki nýtast betur í þessa vegi ef sveitarfélögin fengju að sjá um framkvæmdirnar.

[14:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er nú hætt við að erfitt verði að gera mikið fyrir þá peninga sem hæstv. ráðherra sagði að væru núna til ráðstöfunar, 150 millj. kr. af 6 milljarða kr. framkvæmdum í vegamálum. Það verður að segjast að það veldur miklum vonbrigðum að heyra hvernig málið er statt. Það er greinilega langt í að menn fylgi eftir hinum miklu fyrirheitum um að gera átak í þessu efni. En það væri sannarlega full ástæða til að gera.

Ef menn meina eitthvað með öllu talinu um byggðastefnu þá er það þarna sem á reynir. Fólk getur auðvitað ekki búið í þessum dreifðu byggðum öðruvísi en að komast til og frá. Maður talar nú ekki þá sem þurfa að sækja sér atvinnu í sífauknum mæli út fyrir eigið byggðarlag. Það kann að vera um töluvert langan veg að fara vegna þess að búskapurinn gefur ekki nægilega af sér í þessum sveitum til þess að menn hafi af því lífibrauð.

Ég hvet þess vegna til að menn taki sig nú saman í andlitinu og fari yfir þessi mál upp á nýtt.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans hér og þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu vegna fsp. minnar.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hefur Byggðastofnun skilað enn einni skýrslunni um nýjar áherslur í byggðamálum þar sem landinu hefur verið skipt niður í atvinnuþróunarsvæði eftir því hve mikil vandamálin eru. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að það vantar ekki fleiri skýrslur í byggðaþróunar- og byggðamálaumræðu á Íslandi. Það sem vantar eru einhverjir peningar og það vantar aðgerðir.

Hér hefur komið fram að heildarkostnaður við að byggja upp safn- og tengivegi svo að viðunandi sé er í kringum 6 milljarða kr. Í vegáætlun nú eru ætlaðar til þess um 150 millj. kr. á ári. Það sjá náttúrlega allir að þarna eru himinn og haf á milli. Ég veit ekki á hvaða ári framkvæmdum lýkur ef féð verður ekki meira en þarna.

Spurning mín var einfaldlega um hvort staðið yrði við þær ályktanir sem eru í þál. um byggðamál og meira fé sett í þessa vegagerð. Sauðfjárbændum hefur t.d. verið sagt að þeir geti aldrei lifað af búskap sínum og verði að stunda aðra vinnu með. Þeir þurfa þá að komast eftir vegunum til að sækja vinnu til næstu þéttbýlisstaða ef þessi stefna á að ganga fram.

Það er hárrétt sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir nefndi hér áðan. Það eru ekki bara bændur sem þurfa að keyra til vinnu heldur þarf að aka börnum eftir þessum vegum í skóla dag hvern. Það er langt frá því að margir af þeim tengi- og safnvegum sem þarna er ekið eftir séu mannsæmandi. Þetta er kannski eitt brýnasta málið sem taka þarf á í hinum dreifðu byggðum landsins.

Ég endurtek, herra forseti, þakkir til hæstv. samgrh. fyrir svar hans og þeirra þingmanna sem tóku þátt í umræðunni.

[14:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Nú þarf átak, segja margir hv. þingmenn. Öllum er ljóst að víða þarf stórt tak, jafnvel átak í samgöngumálum (**ÖS:** Grettistak.) og jafnvel grettistak, eins og ég veit að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem hér situr, vill að lyft verði á öðrum vettvangi.

En ég hlýt að vekja athygli á því að fjármunirnir ráða ferðinni. Við leggjum nokkuð meiri fjármuni í vegagerðina og í vegaframkvæmdir á næstu árum samkvæmt þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir þinginu en áður hefur verið. Þeir fjármunir koma úr ríkissjóði sem hefur í mörg horn að líta.

Vegna þess sem hv. þm. og fyrirspyrjandi, Kristján Möller, sagði um að meira fé þyrfti þá gætum við staðið frammi fyrir þeim valkosti, t.d. á næstu fjórum árum, að setja 6 milljarða í þessa fáförnu vegi og sleppa jarðgöngum. Við getum ekki bæði sleppt og haldið. Í þessu felst vandi minn sem samgrh. Ég verð að gera tillögur um eins arðbærar framkvæmdir og kostur er sem komi samt sem áður til móts við þau byggðasjónarmið sem við viljum halda í heiðri.

Svo ég endurtaki það þá er úr vöndu að ráða og við reynum auðvitað allt hvað af tekur að bæta þessa vegi eins og fram kom hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að nauðsynlegt er að gera. Við þurfum sérstaklega að líta til tengivega vegna skólaaksturs. Það er alveg ljóst. Að því er unnið og til þess stendur minn vilji.

Kostnaður við fjarkennslu.

Fsp. SvanJ, 424. mál. — Þskj. 689.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Fjarkennsla verður sífellt mikilvægari þáttur í skólastarfi, einkum fyrir þá sem af einhverjum ástæðum geta ekki nýtt sér tilboð um dagskóla eða hefðbundið nám. Fjöldi Íslendinga stundar nú nám við skóla fjarri heimilum sínum, jafnvel við skóla erlendis. Hluti nemenda sem stundar nám við skóla hér á landi er búsettur erlendis.

Fjarkennsla hefur líka reynst góður kostur fyrir skóla sem ekki hafa getað ráðið til sín kennara í einstökum greinum. Þeir hafa nýtt fjarkennslu til að halda úti námi í áföngum sem ella hefði þurft að fella niður og nemendur orðið án.

Spurning mín til hæstv. menntmrh. er um hvaða reglur gildi um greiðslu kostnaðar vegna kaupa á svona fjarkennsluáföngum, þ.e. þegar skólinn stendur við gefin fyrirheit um heildstætt nám. Upplýsingar mínar benda til þess að í einhverjum tilfellum séu nemendur látnir greiða a.m.k. helming kostnaðar þó að um hefðbundið framhaldsskólanám sé að ræða en þar á kennslukostnaður lögum samkvæmt að vera nemanda að kostnaðarlausu. Með nýrri aðalnámskrá er sett fram það markmið að leitast verði við að tryggja að hver einstaklingur geti fundið nám við hæfi innan framhaldsskólans og að námshraði miðist að nokkru við eigin getu, að afkastamiklir nemendur geti hraðað náminu.

Það mun einkum vera í tilfellum sem þessum, herra forseti, þegar nemendur vilja finna nám við hæfi eða hraða námi sínu, að jafnvel hefur verið talið, a.m.k. einhvers staðar, að nemendur ættu að bera kostnaðinn algjörlega sjálfir ef þeir taka áfangann í fjarnámi. Þannig virðast þessir frábæru möguleikar til að jafna aðstöðu til náms geta snúist upp í fjárhagslega mismunun nemenda.

Í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er sett fram það markmið að möguleikar fjarkennslu verði að fullu nýttir og það er alveg nauðsynlegt til að mæta mismunandi þörfum og aðstæðum, herra forseti.

„Hátt hlutfall réttindalausra kennara eða leiðbeinenda við kennslu í framhaldsskólum, einkum á landsbyggðinni," var ein af morgunfréttum Ríkisútvarpsins. Með markvissri fjarkennslu væri líka hægt að bæta úr þeirri stöðu. En það má þá ekki verða til að mismuna nemendum fjárhagslega. Það hlýtur að vera hlutverk menntmrh. að tryggja að nemendum sé ekki mismunað og því er þessi fsp. fram komin.

[14:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í 39. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, er ákvæði þess efnis að í reglugerð skuli settar fram reglur, reiknilíkan, til að reikna út kennslukostnað skóla. Hlutverk reiknilíkansins er að tryggja jafnræði skóla til fjárveitinga í samræmi við stærð, gerð, staðsetningu og samsetningu náms. Líkanið skal tryggja eftir því sem frekast er unnt faglegt starf skóla um leið og það stuðlar aðhaldi í meðferð fjármuna til kennslu og rekstrar. Í gerð líkansins skulu felast möguleikar til að auka eða draga úr stuðningi við tiltekin markmið skólastarfs á samræmdan hátt um leið og hliðstætt verði unnt að taka tillit til sérstakra aðstæðna.

Reiknilíkanið tekur til fjárveitinga til kennslu, kennslutengdra starfa, annarra starfa í skólum og rekstrarþátta sem skólar geta óhindrað fært á milli fjárlagaliða. Forsendur reiknilíkansins eru hinar sömu fyrir alla skóla en greinast í tvennt, annars vegar þær sem hafa sama tölugildi fyrir alla skóla en hins vegar sérstakar forsendur fyrir hvern skóla. Þannig hefur síðustu árin t.d. aukið tillit verið tekið til tekjuþarfar verkmenntaskóla og sérstakra aðstæðna lítilla skóla í dreifbýli.

Í reiknilíkaninu er gert ráð fyrir að kostnaður við kaup á áföngum í fjarkennslu sé greiddur eins og greitt er fyrir aðra kennslu viðkomandi skóla, þ.e. að viðkomandi skóli telji fram áfanga og nemendur sem þreyta próf í fjarkennslu líkt og aðra áfanga við skólann. Einu gildir hvort áfanginn eða námið er í boði í heimaskóla eða ekki.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Mér finnst það sem hér kom fram í máli hæstv. ráðherra mjög mikilvægt, þ.e. að reglurnar geri ráð fyrir sömu greiðslu fyrir þá kennslu sem nemandinn nýtur með fjarkennslu og gagnvart annarri kennslu, sem þýðir væntanlega að nemendur eiga ekki að greiða fyrir kennslu í framhaldsskólum þó að fjarkennsluáfangi sé keyptur svo þeir geti stundað nám sitt. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt, herra forseti, og einnig að menn skoði nákvæmlega hvert þeir stefna í þessum efnum.

Eitt af markmiðum stjórnvalda er einnig að auka aðgang að framhaldsskólanámi með fjarkennslu og nýta þannig upplýsingatæknina til að brjóta niður hömlur vegna staðbundinnar einangrunar. Þannig væri hægt að ná til nemenda hvar sem þeir eru. Þá er auðvitað mjög mikilvægt að ljóst sé hver á að greiða fyrir nám sem fram fer með slíkum hætti.

Eins og ég sagði áðan ættu möguleikar þessarar nýju tækni til jöfnunar á aðgengi til náms ekki að verða til þess að búa til nýja mismunun, þ.e. mismunun sem byggist á fjárhag nemenda.

[14:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði að spurt var hvaða reglur gildi í framhaldsskólum við greiðslu kostnaðar við kaup á áföngum í fjarkennslu sem ekki er unnt að bjóða upp á í heimaskólum. Eins og ég sagði gerir reiknilíkanið ráð fyrir að kostnaður við kaup á áföngum í fjarkennslu sé greiddur með sama hætti og vegna annarrar kennslu. Þetta er sú regla sem ráðuneytið hefur mótað og þetta er sú regla sem ráðuneytið fylgir í skólasamningunum sem gerðir eru við hvern einstakan framhaldsskóla. Þetta er því alveg skýrt af hálfu ráðuneytisins.

[14:46]

Útbýting þingskjals:

Almannatryggingar, 503. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 798.

Tungutækni.

Fsp. SvanJ, 464. mál. — Þskj. 742.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Sífellt fleiri hafa áhyggjur af því hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar eða verði gerðar til að tryggja stöðu íslenskunnar við þær tæknibreytingar að tölvur noti hið talaða orð til samskipta, það sem kallað er tungutækni. Átt er við að tölvur nái að skilja hið talaða orð og að hægt sé að gefa þeim munnleg fyrirmæli um hvað þær eigi að gera, að tölvur bæði skilji og noti tungumálið, hið talaða orð.

Það hefur komið fram, m.a. á nýafstöðnu nýsköpunarþingi Rannsóknarráðs og Útflutningsráðs, að unnið væri að því af miklum krafti að koma tungutæknilausnum á markað á allra næstu árum. Hvernig verður íslenskan gjaldgeng í upplýsinga- og samskiptasamfélaginu við slíkar aðstæður? Við þessar breytingar eru auðvitað þau tungumál sem flestir nota sem er fyrst og fremst verið að þróa. Til að íslenskan geti verið með þarf að tölvutaka tungumálið svo hægt sé að nota það í samskiptum manns og vélbúnaðar.

Íslenskt málsamfélag er lítið og um það hefur verið afar víðtæk samstaða með þjóðinni að tunguna þyrfti að efla. Nýsköpun málsins hefur verið mikil og afar jákvæð, það er hægt að segja allt á íslensku, og þannig viljum við hafa það. Þanþol málsins hefur reynst mjög mikið til þessa.

En nú virðist tæknin komin þangað að rétt sé að huga vel að því hvað er í farvatninu, hvaða nýjungar gætu ógnað okkar litla málsamfélagi og þar með því sem sumir hafa talið grundvöll þjóðernis okkar og sjálfstæðis. Því er mikilvægt að stjórnvöld fylgist vel með, haldi íslenskunni fram og geri sitt til að íslenskt talmál verði tölvutekið og því komið inn í viðeigandi staðla.

Spurningin er því þessi:

„Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu ráðherra til að tryggja stöðu íslenskunnar við þær tæknibreytingar, sem verið er að þróa, að tölvur skilji mælt mál (tungutækni)?"

Herra forseti. Það væri líka upplýsandi ef hæstv. ráðherra segði frá hvernig stjórnvöld sjá þessa þróun og þátt íslenskunnar fyrir sér í næstu framtíð.

[14:48]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það var þegar fyrir einu ári sem menntmrn. gaf út skýrslu um þetta mál, um tungutækni og stöðu íslenskunnar í upplýsingasamfélaginu og ég geri fastlega ráð fyrir því að hv. þm. hafi fengið eintak af þeirri skýrslu. Þar er þess m.a. getið að mikilvægt skref í þessu efni sé að tryggja stöðu íslenskrar tungu í algengustu stýrikerfum tölva. Einmitt í dag þegar þessar umræður fara fram á hinu háa Alþingi er verið að auglýsa Windows-stýrikerfið á íslensku og bjóða það til sölu. Það er árangur af starfi sem unnið hefur verið frá því í janúar í fyrra og er stórt skref í því að tryggja stöðu íslenskunnar í upplýsingatækniheiminum.

Í framhaldi af þessari skýrslu sem menntmrn. lét vinna um tungutæknina hefur verið unnið að verkefnaáætlun um stöðu íslenskunnar gagnvart tungutækni og gerðar tillögur um uppbyggingu á þessu sviði. Í skýrslunni er lagt til að hrundið verði af stað átaki á fjórum sviðum:

1. Byggð verði upp sameiginleg gagnasöfn, málsöfn, sem geti nýst fyrirtækjum sem hráefni í afurðir.

2. Fé verði veitt til að styrkja hagnýtar rannsóknir á sviði tungutækni.

3. Fyrirtæki verði styrkt til þess að þróa afurðir tungutækninnar.

4. Menntun á sviði tungutækni og málvísinda verði efld.

Menntmrn. og verkefnisstjórn ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið unnu síðan sameiginlega tillögur um frekari útfærslu þessara tillagna og fjármögnun þeirra sem voru lagðar fyrir forsrn. og mig fyrir nokkrum vikum. Í tillögunum er gert ráð fyrir að hafist verði handa um átak á sviði tungutækni þegar á þessu ári. Verkefnið heyri undir menntmrn. sem ráði verkefnisstjóra til verksins sem vinni að áframhaldandi þróun tungutækni ásamt verkefnisstjórn. Eru uppi áform um að tekjum af sölu ríkisfyrirtækja verði varið til þessa verkefnis en eins og segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar ber að verja hluta af andvirði þessara sölutekna til verkefna á sviði upplýsingatækni.

Menntmrn. hefur beitt sér fyrir því að Háskóli Íslands skipuleggi nám á sviði tungutækni. Hefur rektor háskólans ákveðið að skipa starfshóp til að skipuleggja þverfaglegt nám í tungutækni sem áætlað er að hefjist næsta haust. Verður námið skipulagt í samstarfi við íslensk fyrirtæki sem hyggjast vinna á þessu sviði.

Þá hefur menntmrn. unnið að því að tengja Íslendinga alþjóðlegu samstarfi á sviði upplýsingatækni. Að frumkvæði Íslands var á síðasta ári stofnaður norrænn vinnuhópur um samstarf á sviði tungutækni. Hópurinn skilaði skýrslu til norrænu ráðherranefndarinnar sem hefur nú ákveðið að verja 17 millj. danskra kr. á næstu fimm árum til að auka samstarf og samnýtingu á þekkingu á Norðurlöndum á sviði tungutækni. Einnig hefur ráðuneytið átt í viðræðum við fulltrúa framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðild Íslendinga að rannsóknaáætlunum sambandsins í tungutækni. Hefur málaleitan Íslands verið vel tekið og er unnið að framgangi þeirra mála í samvinnu við Rannsóknarráð Íslands.

Það hefur því verið tekið skipulega til hendi varðandi þennan þátt og allt er þetta liður í því að búa íslenskuna undir það að vera virkur þátttakandi í upplýsingatækniheiminum og að búa okkur undir það að tölvur geti einnig skilið íslensku þegar hún er töluð eins og önnur tungumál. Sú tækni er hins vegar misjafnlega langt á veg komin. Þegar er fyrir

hendi forrit sem unnt er að nota í þessu skyni en við þurfum að fylgjast með því og við þurfum að þróa þessa tækni sem best þannig að íslenskan verði ekki út undan að þessu leyti.

Einnig er nauðsynlegt að huga að notkun íslenskra bókstafa í þessum heimi. Ég sakna þess verulega þegar rætt er um mælt mál og þessa tækni að símafyrirtækin hafa ekki sýnt þann metnað við framleiðslu á farsímum eða GSM-símum að nota þar íslenska stafi, t.d. á þeim síðum símanna sem blasa við manni þegar þeir eru opnaðir og nota þar ekki heldur íslenska texta. Það er aðeins einn farsími sem ég veit til að hefur verið íslenskaður þannig. Það er þarf því víða að líta til þessara þátta og þarf að knýja markaðinn og fyrirtækin til þess að sinna þessum þörfum íslenskunnar ekki síður en Íslendinga.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram síðast í máli hæstv. ráðherra, að auðvitað þarf að knýja fleiri en stjórnvöld til að takast á við þetta verkefni. Eins og ég gat um áðan í ræðu minni, það er stórt og mikið verkefni að halda íslenskunni til haga í því umróti sem er í heimi tækninnar og í öllum þeim möguleikum sem blasa við okkur blasa.

Það er alveg ljóst að í skýrslunni sem hæstv. ráðherra vísaði til kom vilji í ljós. Fyrirspurn mín laut að því hvernig og því hefur verið svarað. Ráðherra hefur farið yfir ákveðna hluti sem hann eða ráðuneyti hans eða stjórnvöld hafa með einum eða öðrum hætti tekist á við eða hrint í framkvæmd.

Ég velti því fyrir mér, af því að ráðherra talar um átak þegar á þessu ári og áform um tekjur af sölu ríkisfyrirtækja, hvort það er bundið, hvort ef ekki verður um tekjur af sölu ríkisfyrirtækja að ræða, hvort það þýðir þá að ekki verður farið í það sem þarf að gera, eða af hverju er þetta bundið svona saman? Er það til að gera sölu ríkisfyrirtækja meira aðlaðandi í augum einhverra sem yrðu ella andsnúnir? Það er svolítið vont alltaf þegar hlutir eru bundnir svona saman.

Auðvitað verður það þannig og mér heyrist vera vilji til þess að það verður tekist á við þetta verkefni hvort sem ríkisfyrirtæki verða seld eða ekki. Það hlýtur að verða vegna þess að það er alveg ljóst að það er nauðsynlegt fyrir okkur að íslenskan haldi þeim sessi sem við viljum sjá að hún geri í heimi tækninnar í framtíðinni.

[14:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er alveg skýrt eins og fram kom í svari mínu áðan að við erum að vinna að þessu. Við höfum lagt fram bæði skýrslu um málið þar sem menn geta kynnt sér það viðfangsefni sem við stöndum frammi fyrir og einnig höfum við unnið verkefnaáætlun til að ná þeim markmiðum sem við teljum að setja beri í þessu efni. Síðan hefur það verið sett fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hluta af tekjum af sölu ríkisfyrirtækja skuli varið til þess að styrkja upplýsingatæknina og þetta verkefni er eitt af þeim.

Eins og menn vita þegar rætt er um fjármál ríkisins er um gífurlega stóran tekjustofn að ræða og ég held að öll þau verkefni sem hljóti viðurkenningu til að fá hluta af honum ættu að vera tiltölulega vel sett hvernig sem verður með sölu ríkisfyrirtækja, hvort selt verður mikið eða lítið. Ég held að mikil trygging sé fólgin í því að fá þá viðurkenningu sem felst í þessum þáttum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil vekja athygli á því að þarna er náttúrlega ekki verið að tala um nein sambærileg verkefni eins og t.d. borgarstjórinn í Reykjavík hefur nefnt að hún vilji selja Landsvirkjun og nota söluandvirðið til þess að byggja í Reykjavík ráðstefnumiðstöð og tónlistarhús. Það er ekkert endilega bundið við ríkið að menn ákveði að nota tekjur af sölu fyrirtækja í einhverjum ákveðnum tilgangi. Ég tel að það sé mikil viðurkenning þegar það er viðurkennt að upplýsingatæknin eigi að verða hluti af þeim verkefnum sem við viljum fjármagna þannig.

Vonandi verður það líka til þess að greiða fyrir sölu fyrirtækjanna. Ég held að þetta sé góður málstaður þannig að þetta falli allt saman og eigi eftir að skila góðum árangri.

Skráning afbrota.

Fsp. MF, 432. mál. — Þskj. 702.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa málefni ungra afbrotamanna verið nokkuð í umræðunni en þó hvergi nærri eins mikið og ástæða væri til vegna þess hve afbrot unglinga hafa aukist og orðið sýnu alvarlegri samfara aukinni eiturlyfjaneyslu. Ofbeldi meðal barna og unglinga hefur færst í vöxt og nýlegar kannanir sýna að börn í grunnskólum á Íslandi óttast að verða fyrir ofbeldi af hendi skólafélaga sinna. Innbrotum, peningaþjófnaði og hvers kyns auðgunarafbrotum unglinga hefur einnig fjölgað, líklega til þess að fjármagna kaup á eiturlyfjum en einnig má reikna með því að stöðugt vaxandi neyslukapphlaup, auknar meðvitaðar eða ómeðvitaðar kröfur jafnaldra á börn og unglinga að taka þátt í neyslubrjálæðinu verði til þess að börn og unglingar leiðist út í auðgunarafbrot.

Sem betur fer eru þessi afbrot ekki öll það alvarleg að þau leiði til fangelsisvistunar þeirra sem sakhæfir teljast eða að þörf sé á annars konar vistun ósakhæfra og sakhæfra barna. Þó eru þau tilvik allt of mörg.

9. júlí 1998 skilaði umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, skýrslu eða réttara sagt tilmælum og ábendingum til dómsmrh. hvað varðar þau úrræði sem við höfum til vistunar og meðferðar ungra afbrotamanna. Segja má að þessi skýrsla og ábendingar umboðsmanns barna hafi falið í sér harðan dóm á það hvernig við stöndum að málum, að þar sé víða pottur brotinn hvað það varðar að við uppfyllum ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála.

Í framhaldi af tilmælum umboðsmanns barna skipaði þáv. dómsmrh. nefnd sem ætlað var að fara yfir stöðu ungra afbrotamanna og þá ekki síst þeirra sem hafa náð 15 ára aldri og teljast sakhæfir. Niðurstaða þessarar nefndar og tillögur til úrbóta lágu fyrir í maí 1999. Vinnan reyndist nefndinni erfið og þá fyrst og fremst vegna þess að hér á landi fer ekki fram heildstæð skráning á landsvísu á málefnum sem varða afbrot og því voru upplýsingnar um afbrot barna ekki aðgengilegar, eins og segir í skýrslu nefndarinnar.

Nefndin taldi að slík afbrotafræðileg skráning væri nauðsynleg til þess að hægt væri að meta vandann, umfang hans og þróun frá ári til árs og koma með tillögur til úrbóta. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

Er framkvæmd samræmd og heildstæð afbrotafræðileg skráning á öllum afbrotum og tengdum atriðum? Ef svo er, hvenær hófst slík skráning? Ef ekki, er ráðherra tilbúinn til

þess að beita sér fyrir því að hún verði hafin nú þegar?

[15:00]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa þeirri skoðun minni að heildstæð afbrotafræðileg skráning er gífurlega mikilvægt verkefni sem leggur grunninn að því að finna leiðir til þess að berjast gegn og draga úr afbrotum. Ég hef því mikinn áhuga á þessu máli og tek undir með hv. fyrirpsyrjanda um það.

Málaskrá lögreglunnar er miðlæg og samræmd fyrir landið allt og í hana færa lögreglustjórar í öllum umdæmum upplýsingar um brot sem þar eru til rannsóknar. Málaskrá lögreglunnar var tekin í notkun hjá hluta lögregluembættanna til reynslu árið 1995. Frá 1. jan. 1998 eða í rúm tvö ár hafa öll embættin verið tengd málaskránni. Með færslum í málaskrána er stefnt að því að skrá öll brot og brotaflokka með samræmdum hætti og safna á einn stað upplýsingum sem nýtast við tölfræðilega úrvinnslu um þróun brota, stöðu mála o.fl. Ýmsar aðrar skrár eru tengdar málaskránni, svo sem dagbók lögregluliðanna og munaskrá.

Í byrjun þessa árs var tekin í notkun miðlæg efnaskrá til þess að eiga hverju sinni nákvæmt yfirlit yfir haldlögð fíkniefni í landinu og meðferð þeirra. Ríkislögreglustjóri hefur yfirumsjón með og viðheldur málaskrá lögreglunnar og öðrum miðlægum upplýsingakerfum eða skrám hjá lögreglu.

Á síðustu missirum hefur farið fram úttekt á ýmsum atriðum og úrvinnslu tölulegra upplýsinga sem varða fíkniefnamál. Um þessar mundir er verið að hleypa af stokkunum tölfræðilegri athugun á öllum ofbeldisbrotum síðasta árs. Þessar athuganir eru yfirgripsmiklar, þær ná yfir landið allt og hafa ekki verið unnar áður.

Ný samræmd og miðlæg málaskrá, sem er málaskrá ákæruvalds, var tekin í notkun til reynslu um síðustu áramót. Að undanförnu hafa fulltrúar dómsmrn., ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra rætt um úrvinnslu tölulegra upplýsinga sem stefnt er að með þessari málaskrá ákæruvaldsins og hvernig megi almennt bæta tölfræði um afbrot. Málaskrá ákæruvaldsins er framhald af málaskrá lögreglu og mun veita sérstaklega upplýsingar um afdrif mála eftir að þau berast ákæruvaldinu.

Loks vil ég vekja athygli á að unnið er að því að kanna refsidóma frá ákveðnu tímabili og skrá viðurlög við afbrotum fyrir tiltekna brotaflokka. Má efalaust draga einhverjar ályktanir af þeim niðurstöðum, svo sem um þróun á ákvörðun refsinga og hvaða áhrif þyngd refsinga hefur á brotatíðni.

Málaskrá lögreglu gegnir nú lykilhlutverki við öflun tölfræðiupplýsinga um fjölda mála hjá lögreglu og verður málaskrá ákæruvalds í nánum tengslum við hana. Ég hef mikinn áhuga á þessum málaflokki, eins og ég lýsti hér fyrr, og hef lagt áherslu á að þessar miðlægu skrár nýtist sem öflugt tæki við úrvinnslu tölfræðiupplýsinga. Til þess að ná því markmiði þarf að samræma þær skilgreiningar sem byggt er á við skráningu grunnupplýsinga um mál í málaskrá lögreglu og að öll lögregluembætti fái samræmd fyrirmæli um skráningu til þess að upplýsingar sem þaðan koma séu eins áreiðanlegar og kostur er.

Í lok síðasta árs fól ég ríkislögreglustjóra að fara ítarlega yfir öll álitaefni varðandi skráningu afbrota í málaskrá lögreglunnar og setja fram mótaðar og rökstuddar tillögur um skráningu og talningu brota svo og að annast þarfagreiningu á tölfræðilegum upplýsingum. Er nú unnið að þessu verki hjá ríkislögreglustjóra en í því starfi er m.a. litið til leiða sem farnar hafa verið á öðrum Norðurlöndum á þessu sviði.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og þann áhuga sem hún hefur sýnt þessum málaflokki og tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá henni að málaskrá lögreglu og heildstæð afbrotafræðileg skráning á öllum afbrotum og tengdum atriðum er mjög mikilvægt tæki til þess að hægt sé að bregðast við á réttan, eðlilegan og sem bestan hátt við þeirri þróun sem við horfum óneitanlega á, þ.e. að afbrotum barna og unglinga hefur fjölgað verulega samfara aukinni fíkniefnaneyslu.

Það að þessi málaflokkur heyrir undir fleiri en eitt ráðuneyti er í raun og veru vegna þess að á undanförnum árum hefur það gerst að málum barna sem eru á barnaverndaraldri, undir sjálfræðisaldri sem nú hefur verið hækkaður upp í 18 ár, var vísað til barnaverndaryfirvalda á hverjum stað og eru þar með ekki lengur í skráningu hjá lögreglunni. Oftar en ekki var um það að ræða að þó að barn væri sakhæft 15 ára var málinu vísað til barnaverndaryfirvalda og félagsmálayfirvalda á hverjum stað og þess vegna var mjög erfitt fyrir þá nefnd, sem lagði mikla vinnu í skýrsluna sem hún skilaði til dómsmrh. fyrir ári síðan, að ná í þær upplýsingar sem til þurfti til þess að koma með tillögur til úrbóta þó að það hafi vissulega verið reynt, vegna þess að safna þurfti upplýsingunum á svo mörgum stöðum.

En ég fagna þeirri skráningu sem nú hefur verið tekin upp og þeim áhuga sem hæstv. ráðherra hefur sýnt þessum málaflokki.

[15:06]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ítreka að ég tek undir orð hv. fyrirspyrjanda. Ég tel að hér sé um ákaflega mikilvægt mál að ræða sem verður að fylgjast nákvæmlega með og skiptir miklu til þess að reyna að átta sig á umfangi vandans, ekki síst hvað snertir unga afbrotamenn.

En hv. þm. nefndi að það gæti verið ókostur að þessi mál heyrðu undir fleiri en eitt ráðuneyti. Ég geri ráð fyrir að þar sé átt við félmrn. Það samstarf hefur gengið með ágætum og dómsmrn. hefur átt samstarf við Barnaverndarstofu og félmrn.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til að upplýsa það að lögregluyfirvöld hafa verið í samstarfi við barnaverndaryfirvöld á ýmsum stöðum hér á landi. Ég hef því ekki orðið vör við annað en að þau mál séu í góðu lagi.

Heilbrigðisþjónusta við unga afbrotamenn.

Fsp. MF, 433. mál. — Þskj. 703.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í þeirri skýrslu sem skilað var til hæstv. dómsmrh. fyrir um tæpu ári er auðvitað tæpt á mörgum málum sem tengjast ungum afbrotamönnum og meðferð mála þeirra. Eitt af þeim eru heilbrigðismálin þar sem komið hefur í ljós að ekki er um það að ræða að heilbrigðisþjónusta við unga fanga sé sérstaklega skilgreind, þ.e. þeirra sem eru

vistaðir í fangelsum landsins eða öðrum stofnunum, sérstaklega í fangelsunum. Um þá gilda ekkert aðrar reglur um meðferð eða þá heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga að fá en aðra fanga eða þá fanga sem eldri eru.

Einnig var komið inn á þetta atriði í skýrslu umboðsmanns barna sem skilað var til þáv. dómsmrh. í júlí 1998, þar sem rakin eru hvaða áhrif það getur haft á unga fanga að vera samvistum við eldri fanga og vera vistaðir þar og að þeir þurfi að eiga kost á því að leita sérfræðiþjónustu. En þar segir sérstaklega um þetta, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 5. tölulið 2. gr. laga nr. 48/1988, sbr. lög nr. 123/1997 skal Fangelsismálastofnun sjá til þess að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta og þjónusta prests. Mér þykir einsýnt“ — segir umboðsmaður barna — „að telja verði sálfræðiþjónustu til sérhæfðrar þjónustu samkvæmt þessu ákvæði. Afar mikilvægt er að ungir fangar fái notið slíkrar þjónustu, ekki aðeins í bráðatilfellum, heldur að staðaldri með það að markmiði að aðstoða þá við að takast á við sára andlega vanlíðan sem óhjákvæmilega fylgir fangavist. Í heimsókn minni á Litla-Hraun kom fram að til stæði að ráða sálfræðing til starfa við fangelsið, en enn hefði ekki verið gengið frá ráðningu hans. Sem umboðsmaður barna mælist ég eindregið til þess að föngum, yngri en 18 ára, verði þegar í stað tryggð fullnægjandi sálfræðiþjónusta, sem þeir eiga skýlausan rétt á. Skoðun mín er jafnframt sú að barnaverndarnefndir sveitarfélaga og/eða starfsmenn þeirra hafi og ríkum skyldum að gegna gagnvart þessum ungmennum, sem hafa villst af leið. Þeim ber að fylgjast með líðan og aðbúnaði þessara ungmenna sem eru í fangavist og ekki síður að aðstoða þau við takast á við lífið að henni lokinni.“

Einnig kemur fram í skýrslunni sem nefnd dómsmrh. skilaði að nefndin leggi til að kannaðir verði möguleikar á að heilbr.- og trmrn. og Barnaverndarstofa geri samning um þjónustu við skjólstæðinga Barnaverndarstofu hliðstæðan þeim sem gerður hefur verið við Fangelsismálastofnun vegna heilbrigðisþjónustu við fanga, og það eigi þá við samning sem gerður er vegna sérhæfðrar þjónustu í fangelsum. Og því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að heilbrigðisþjónusta við unga afbrotamenn verði skilgreind sérstaklega og að komið verði á reglubundinni samvinnu allra stofnana sem sjá um heilbrigðisþjónustu við unga afbrotamenn í samræmi við niðurstöður í skýrslu nefndar dómsmálaráðherra um málefni ungra afbrotamanna frá 4. maí 1999?

[15:11]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Í niðurstöðu nefndar um málefni ungra afbrotamanna er bent á þá staðreynd að heilbrigðisþjónusta við unga afbrotamenn hafi ekki verið skilgreind sérstaklega. Því er reyndar ekki slegið föstu að það sé nauðsynlegt en mér finnst þó ástæða til að athuga það betur.

Með lögum nr. 123/1997, um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist, var heilbrigðisþjónusta við fanga almennt hins vegar skilgreind sérstaklega í fyrsta sinn og þykir bót að því. Þar segir jafnframt, sbr. nú 2. mgr. 2. gr. laga um fangelsi og fangavist, að heilbr.- og trmrn. sjái, að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun, um og beri ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum. Þess utan starfa sálfræðingar í fangelsiskerfinu. Um samvinnu heilbrigðisstofnana sín á milli vísast því aðallega til heilbr.- og trmrn.

Reglubundin samvinna er hins vegar á milli Fangelsismálastofnunar annars vegar og SÁÁ og Barnaverndarstofu hins vegar, en báðir taka við ungum dómþolum og eftir atvikum þeim sem sæta ákærufrestun hins vegar. Þá er starfandi fangaprestur sem fylgist með sálarheill fanga.

Heilbrigðisþjónusta við fanga hefur verið mjög til umræðu af og til undanfarin ár. Umræðan leiddi m.a. af sér að stofnuð var réttargæsludeild að Sogni í Ölfusi árið 1992 fyrir ósakhæfa afbrotamenn. Nokkrir einstaklingar sem eru mjög erfiðir hafa verið og eru á Litla-Hrauni, en þeir sýna einkenni geðraskana án þess að teljast ósakhæfir. Einstaka sinnum hefur verið gripið til vistunar á Sogni ef þörf er á tímabundinni vistun fyrir þá utan fangelsins á vegum geðdeilda eða geðlækna.

Eftir að nokkur sjálfsvíg urðu meðal fanga, þar á meðal ungra fanga, á Litla-Hrauni fyrri hluta árs 1998 hafa dómsmála-, fangelsis- og heilbrigðisyfirvöld unnið að því að leita leiða til að koma á fót heilbrigðisstofnun eða fá inni hjá slíkri stofnun til að annast vistun fanga með tímabundnar geðraskanir.

Fangaverðir fá í fangavarðaskólanum ítarlega fræðslu um hvað eina sem lýtur að heilbrigðismálum fanga. Sífellt meiri áhersla er lögð á að fangaverðir taki þátt í að sinna meðferð fanga og fylgjast með velferð og framgangi þeirra og dregið hefur úr eftirliti með föngum enda sér nútímatæknibúnaður um þá hlið mála að mestu leyti.

Sérstakt námskeið var haldið fyrir fangaverði á Litla-Hrauni til að læra að þekkja einkenni fanga sem kunna að vera í sjálfsvígshættu. Á síðasta hausti gáfu Fangelsismálastofnun og landlæknisembættið út reglur um aðgerðir starfsmanna fangelsa vegna sjálfsvígshættu fanga o.fl.

Stöðugt er reynt að bæta heilbrigðisþjónustu við unga afbrotamenn. Einn liður í því er að gefa föngum kost á að fara í meðferð hjá SÁÁ vegna áfengis- eða fíkniefnamisnotkunar, ekki eingöngu í lok refsivistar eins og áður tíðkaðist heldur fyrr í afplánuninni.

Fíkniefnanotkun er mikill vágestur á Litla-Hrauni og þótt reynt sé að sporna við henni með margvíslegum aðgerðum og ærnum tilkostnaði gengur illa að uppræta hana. Eitt brýnasta verkefnið gagnvart ungum afbrotamönnum er einmitt að losa þá úr viðjum fíkniefna svo að þeir geti tekist á við að fóta sig í lífinu að lokinni afplánun.

Þess má geta að ég hyggst beita mér fyrir því að byggt verði nýtt fangelsi á höfuðborgarsvæðinu, m.a. með það að markmiði að huga að greiningu fanga með tilliti til heilbrigðisástands og sérþarfa. Hér er um mikilvægt mál að ræða, hæstv. forseti, sem ég mun fylgjast náið með.

[15:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram við umræðuna að ég tel að það sé vel séð fyrir sálfræðiþjónustu og heilbrigðisþjónustu á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu, þannig að enginn misskilningur sé þar um. Verulegum fjármunum er varið til þessara þátta í meðferð skjólstæðinganna á meðferðarheimilunum.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá afstöðu sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, mikil nauðsyn er á því að fylgjast með því hvernig staðið er að heilbrigðisþjónustu við unga afbrotamenn.

Sannarlega fá fangaverðir fræðslu í fangavarðaskólanum um hvernig þeir eigi að bregðast við og er mikil nauðsyn á að þeir séu vel uppfræddir. Hins vegar er það þannig að ég tel að fangaverðir á landinu séu allt of fáir miðað við fjölda fanga. Ég tel að mjög mikil nauðsyn sé á því að skilgreina sérstaklega heilbrigðisþjónustuna fyrir unga afbrotamenn sem hafa verið vistaðir í fangelsunum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þeir eigi að vera sér og þeir eigi ekki að vera innan um eldri og harðari afbrotamenn. Þeir eiga rétt á meðferð hjá SÁÁ eins og aðrir fangar. Það sem stingur svolítið í augu hvað það varðar er að við erum að fá þessa ungu fanga, sem eru í raun og veru bara börn að þroska, inn í fangelsin eftir harða neyslu í eiturlyfjum þegar hefði oft og tíðum þurft að byrja á meðferðinni. Í stað þess eiga fangar í flestum tilvikum möguleika á því í lok afplánunar að fara í meðferð hjá SÁÁ.

Vegna þess að þarna eru oft fársjúkir einstaklingar á ferðinni hefði ég talið eðlilegra að þeir fengju slíka meðferð í upphafi afplánunar. Í raun og veru er felldur mjög harður dómur yfir þessari stöðu í skýrslu umboðsmanns barna sem hún skilar 1998 um það hvernig hún telur að þau börn sem eru í fangelsunum séu í hættu og kynni af hörðum afbrotamönnum við þær aðstæður að vera með þeim í fangelsi auki beinlínis hættu á því að þau fái þunglyndi og auki hættuna á sjálfsvígstilraunum umfram það sem í dag er í fangelsunum.

En ég fagna því, ef rétt er, sem kom fram hjá hæstv. félmrh. að vel væri staðið að verki hvað varðar sálfræði- og meðferðarráðgjöf á heimilum á vegum Barnaverndarstofu.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka að þar sem hv. fyrirspyrjandi vitnar í skýrslu nefndar um málefni ungra afbrotamanna er því ekki slegið föstu að nauðsynlegt sé að skilgreina sérstaklega heilbrigðisþjónustu við unga afbrotamenn. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að rétt sé að athuga það betur.

Vissulega eru nokkuð skiptar skoðanir um þessi mál, hvort t.d. eigi að koma upp sérstöku unglingafangelsi eða ekki og hvernig meðferð ungra afbrotamanna skuli háttað. En ég held að óhætt sé að segja að þessi mál séu í nokkuð góðu lagi hér á landi.

Eftirlit á skilorði.

Fsp. MF, 434. mál. — Þskj. 704.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram hjá mér eru ýmsir þættir sem getið er um í skýrslunni sem skilað var frá þeirri nefnd sem þáv. hæstv. dómsmrh. skipaði en einnig í áliti umboðsmanns barna. Þar af er ýmislegt um eftirlit á skilorðstíma, þ.e. þeir sem hafa ekki fengið óskilorðbundna refsingu og þurfa að dvelja í fangelsum. En í almennum hegningarlögum er gert ráð fyrir að ungmenni sem brjóta af sér séu ekki dæmd til refsivistar nema um sé að ræða mjög alvarleg eða ítrekuð brot.

Samkvæmt ákvæðum laganna er heimilt að fresta því að gefa út ákæru, fresta því að ákveða refsingu eða fresta fullnustu refsingar gegn því að sá sem brotið hefur af sér gerist ekki sekur um brot á meðan á skilorði stendur.

Þetta er eitt af því sem umboðsmaður barna gerir að umtalsefni í niðurstöðum sínum og þar segir hún, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framansögðu ber að mínu áliti að beita öllum tiltækum úrræðum til þess að koma í veg fyrir ungmenni, yngri en 18 ára, séu vistuð í fangelsum. Í almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, er gert ráð fyrir að ungmenni, sem brjóti af sér séu ekki dæmd til refsivistar nema um sé að ræða mjög alvarleg eða ítrekuð brot.“

Engu að síður er það niðurstaða umboðsmanns Alþingis að í þeim tilvikum sem skilorðinu er beitt, sem er sem betur fer í flestum tilvikum, „að mjög skorti á að samhliða almenna skilyrðinu sé beitt þeim sérstöku skilyrðum sem ráð er fyrir gert í 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, þar á meðal vistun á meðferðarstofnunum.“ 57. gr. laganna heimilar að fresta því að gefa út ákæru og fresta því að ákveða refsingu eða fresta fullnustu refsingar gegn því almenna skilyrði að sá sem brotið hefur af sér gerist ekki sekur um brot á meðan á reynslutímanum stendur.

Þetta er tekið fyrir í skýrslunni sem skilað var til dómsmrh. þar sem sagt er:

„Þá vekur nefndin athygli á því að ekki er algengt í dómum að frestun ákvörðunar eða fullnustu refsingar sé bundin skilyrði um að barn sæti eftirliti. Einnig virðist eftirlitið ekki vera virkt í þessum tilvikum þar sem dómar berast ekki til fullnustu fyrr en nokkrum vikum eða mánuðum eftir uppkvaðningu. Nefndin telur ástæðu til að kannað verði hvort ekki sé ástæða til að beita eftirliti í auknum mæli og með virkari hætti þegar refsing er skilorðsbundin með það að markmiði að veita barni stuðning til að það haldi ekki áfram á braut afbrota. Í þessu sambandi er ástæða til að endurskoða reglur um skilorðsdóma og fyrirkomulag eftirlitsins.“

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur þetta verið gert? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að reglurnar verði endurskoðaðar? Hafi þær verið endurskoðaðar, hvað felst í þeim?

[15:23]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Á árinu 1999 bárust Fangelsismálastofnun þrír skilorðsbundnir dómar þar sem dómþolar voru undir 18 ára aldri og þeim hafði jafnframt verið gert að sæta sérstöku eftirliti. Á árinu 1999 var frestað ákæru á hendur 62 ungmennum og hafði Fangelsismálastofnun umsjón og eftirlit með þessum aðilum. Talsverð fækkun varð á ákærufrestunum á milli áranna 1998 og 1999 en fyrra árið voru þær 92.

Enn sem komið er hafa ekki verið gerðar sérstakar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits. Almennt má segja að þeim mun yngri sem skjólstæðingar eru, þeim mun meiri vinna er lögð í skilorðseftirlit bæði í formi aðhalds og stuðnings. Þá er ávallt reynt að virkja aðstandendur ungmennanna eftir því sem framast eru tök á. Ég hef einmitt fengið góðar ábendingar frá foreldrahópum um Vímulausa æsku og öðrum foreldrahópum og hef mikinn áhuga á því að skoða hvort við getum bætt enn frekar úr þessu eftirliti.

Á undanförnum missirum hafa dómstólar í auknum mæli kveðið upp dóma þar sem frestun á fullnustu eða ákærufrestun er bundin sérstökum skilyrðum. Fangelsismálastjóri hefur nýlega vakið athygli mína á því að nauðsynlegt sé að bæta samstarf milli ákæruvalds, dómstóla og Fangelsismálastofn-

unar í ljósi þessarar breytingar. Hef ég nú til athugunar að skipa starfshóp til að gera tillögur um aukið og bætt samstarf þessara aðila.

Þá hef ég til athugunar hvort ekki sé rétt að auka enn frekar stuðning við ungmenni á meðan þau sæta eftirliti á skilorðstímanum og hvort ekki sé ástæða til að beita eftirliti í auknum mæli og virkar þegar refsing er skilorðsbundin. Þessar tillögur eru nú til sérstakrar athugunar í ráðuneytinu. Ég minni þó á að ábyrgð foreldra má ekki gleymast þegar um ungmenni yngri en 18 er að ræða. Samvinna þeirra við opinbera aðila sem annast skilorðseftirlit er mikilvæg til að árangur náist. Þó verður að hafa persónuréttindi ungmennanna í heiðri þannig að það skerðir möguleika skilorðsfulltrúa til að geta krafist allra nauðsynlegra upplýsinga í eftirliti sínu. Svo dæmi sé tekið getur skilorðsfulltrúinn ekki krafist blóðsýnis til að ganga úr skugga um hvort viðkomandi ungmenni sé í vímuefnaneyslu.

Ég hef líka til skoðunar hvort ekki sé rétt að fjölga um einn starfsmann í Fangelsismálastofnun við skilorðseftirlit því mér er fullljóst að með betra og markvissara eftirliti má fylgjast enn betur með þeim sem sæta skilorðseftirlitinu. Möguleikar á að grípa fyrr inn í og taka á málum mundu aukast stórlega. Ég mun leggja áherslu á þetta mál.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það úrræði að beita frekar skilorðsbundnum dómum en óskilorðsbundnum á börn hlýtur að vera það sem við leggjum áherslu á enda er það andi þeirra laga sem í gildi eru. Við vitum um mjög stóra hópa sem hafa beðið bæði eftir dómum og verið á frestun eða verið á skilorði á undanförnum árum þar sem eftirfylgnina eða skilyrðin sem á að fylgja á meðan á skilorði stendur vantar af hálfu fangelsisyfirvalda til að um virkt eftirlit sé að ræða.

Hvort sem um er að ræða skilorðsbundna dóma eða óskilorðsbundna þá á tíminn, sem refsingin stendur yfir, að vera notaður til betrunar og endurhæfingar. Virkt eftirlit á skilorðstíma ýtir frekar undir að ákveðin betrun og endurhæfing eigi sér stað. Vissulega er ábyrgð foreldra til staðar en það er oft og tíðum þannig, sérstaklega þegar um börn sem hafa verið í eiturlyfjaneyslu er að ræða, að mjög erfitt er að fá þau til samstarfs við foreldra, erfiðara en að fá þau til samstarfs við fangelsismálayfirvöld eða félagsmálayfirvöld. Þess vegna hljótum við að leggja áherslu á að farið sé í það að setja nýjar reglur hvað varðar skilorð og skilorðseftirlitið, beita því meira, með það að aðalmarkmiði að um betrun og félagslega endurhæfingu sé að ræða eins og getur um í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum og barnasáttmálanum.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. dómsmrh. hefur sýnt það í svörum sínum að hún hefur áhuga á þessum málaflokkum og ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að fullyrða að það hafi ekki verið til staðar í mörg undanfarin ár að menn hafi hugsað um að það þurfi að beita sérstökum úrræðum hvað varðar unga afbrotamenn.

Umræður utan dagskrár.

Flugsamgöngur við landsbyggðina.

[15:32]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Íslandsflug hefur nú ákveðið að draga sig út úr samkeppni við Flugfélag Íslands í áætlunarflugi á innanlandsmarkaði eftir kostnaðarsama styrjöld frá því að sérleyfi í fluginu voru afnumin um mitt ár 1997. Í upphafi þessa mikla stríðs lækkuðu fargjöld um 40% en eru nú jafnhá og þau voru áður. Það sem hefur sennilega mestu valdið um að þessari samkeppni er lokið er að Flugfélagi Íslands leyfðist að lækka fargjöld sín um leið og þessi samkeppni hófst og elta þar með lág fargjöld Íslandsflugs. Til þess að samkeppni verði á markaðnum þarf annar aðilinn að hafa möguleika á að koma sér þar fyrir. Telur hæstv. samgrh. að Samkeppnisstofnun hefði átt að grípa inn í þessa atburðarás?

Núverandi fyrirkomulag sjúkraflugs á Íslandi hefur gengið sér til húðar. Þörf er á stórátaki til þess að bæta þennan nauðsynlega þátt flugþjónustunnar, tryggja að hann sé til staðar þegar á þarf að halda og tryggja íbúum landsins jafnrétti hvað varðar sjúkraflutninga. Traust og öflug sjúkraflutningaþjónusta er mikill stuðningur við heilbrigðisstarfsemi í dreifbýli en það er eins með sjúkraflugið og áætlunarflugið, þetta er allt í stórhættu og hætta á að flugrekstraraðilar dragi sig þar út úr. Þróunin í innanlands- og sjúkraflugi er ein sorgarsaga.

Herra forseti. Hér á Íslandi eru til dæmi um að samgöngur við einstök byggðarlög séu eru styrkt af ríkissjóði. Benda má á ferjusiglingar til nokkurra staða og einnig má benda á endurgreiðslu ríkissjóðs til sérleyfishafa vegna farþegaflutninga á landi, sem voru 54 millj. kr. á síðasta ári. Það eru því fordæmi fyrir því að styrkja samgöngur til ýmissa minni staða. Hvers vegna er það ekki hægt í fluginu einnig?

Á sama tíma og þetta gengur yfir okkur í flugsamgöngum á Íslandi er samgrn. með hugmyndir um að auka álögur á innanlandsflugið. Forsendur traustra byggða og þar með vaxtarsvæða eru öruggar samgöngur, öflug sveitarfélög og samstarf byggðarlaga um þjónustu og góð skilyrði til atvinnusóknar. Þannig er m.a. komist að orði í byggðaáætlun hæstv. ríkisstjórnar. Spyrja má: Er stefnan í flugmálum á Íslandi í takt við þessa áætlun? Ég segi hiklaust nei. Byggðaþróunaraðgerðir í nágrannalöndum okkar eru almennt umfangsmiklar og fjölbreyttar og beinast ýmist beint eða óbeint að sveitarstjórnum, einstaklingum eða fyrirtækjum. Þannig má segja að byggðastyrkir til að halda uppi og styrkja flug til minni staða á landsbyggðinni væru í samræmi við kerfi það sem vel er þekkt og mikið notað í þessum löndum. Hvers vegna skyldum við ekki geta tekið þetta upp einnig?

Herra forseti. Ég hef gert að umræðuefni nýjasta þáttinn í því sem ég tel enn eitt skrefið aftur á bak í byggðaþróun á Íslandi. Ég tel að við þurfum að beita frekari jöfnunaraðgerðum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Einkunnarorðin okkar gætu samt sem áður verið samkeppni, samstarf og samstaða. Afskiptaleysisstefna núverandi ríkisstjórnar í byggðaþróunarmálum er stórhættuleg fyrir land og þjóð. Til þess að á Íslandi búi ein þjóð þarf að bæta samgöngur því að góðar og öruggar samgöngur eru skilvirkasta leiðin að því marki. Allir landsmenn eiga að hafa sömu möguleika án tillits til búsetu. Ef samgöngur eru í þokkalegu lagi og jafnræðisreglunnar gætt á öðrum sviðum gengi það eftir. Markmiðið með bættum samgöngum hlýtur að vera að samgöngur auki möguleika á atvinnurekstri og búsetu á viðkomandi svæði.

Þróun í flugsamgöngum undanfarinna missira er stórt skref aftur á bak í þessum efnum.

Herra forseti. Að lokum langar mig að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. samgrh.:

1. Ætla ríkisstjórnin og hæstv. samgrh. að gera eitthvað í því ástandi sem skapast hefur upp á síðkastið í málefnum landsbyggðarinnar hvað varðar flugsamgöngur?

2. Hyggst ríkisstjórnin fara þá leið að styrkja flug til ýmissa staða á landsbyggðinni?

3. Kemur til álita hjá hæstv. samgrh. að á vegum ríkisstjórnarinnar verði allt sjúkraflug boðið út í einu lagi með flugi á landsbyggðina? Með slíku heildarútboði tel ég að hægt væri að fá hagstæð og góð tilboð frá nokkrum aðilum í flugrekstri og tryggja áfram samkeppni, áframhaldandi sjúkraflug og flugsamgöngur við landsbyggðina.

[15:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Að undanförnu hafa komið upp nokkur vandamál er tengjast innanlandsflugi og framtíð þess í landinu. Þau vandamál hafa verið mjög í sviðsljósinu og eru færð inn á Alþingi með þessari utandagskrárumræðu. Þrátt fyrir þennan vanda er ástæða til þess að vekja athygli á því, sem er mjög þýðingarmikið, að farþegum í innanlandsflugi fjölgar stöðugt þegar á heildina er litið. Á milli áranna 1997 og 1998 fjölgaði farþegum í innanlandsflugi um 8% og milli áranna 1998 og 1999 um 3,3%. Heildarfarþegaflutningar árið 1996 voru 406 þúsund en 1999 voru farþegar 482 þúsund.

Hins vegar hafa vöruflutningar með flugi dregist saman þegar á heildina er litið. Flug til Siglufjarðar hefur, svo við tökum dæmi, dregist mjög saman á milli áranna 1998 og 1999, eða um 19%. Það hefur mjög mikla og afgerandi þýðingu fyrir afkomu þessa flugs. Milli Akureyrar og Húsavíkur fækkaði um 28% á milli áranna 1998 og 1999 og farþegum fækkaði um 16% á leiðinni Reykjavík/Gjögur á sama árabili.

Þróunin er þó sú að umferð eykst á meginflugvöllum en flestir minni áætlunarstaðir eiga í vök að verjast. Þannig voru áætlunarflugvellir 31 fyrir 12 árum, eru nú aðeins 14 og gæti hugsanlega enn fækkað.

Eins og þekkt er var innanlandsflugið gefið frjálst 1. júlí 1997, en áður höfðu flugfélög almenn sérleyfi á vissar leiðir. Við þessa breytingu hófst samkeppni og verð lækkaði. Fullyrða má að þessi samkeppni hafi gengið út í algerar öfgar og eftir stendur annað stóra flugfélagið með mikinn taprekstur og skuldaklafa en hitt stóra flugfélagið er hætta að fljúga á öllum aðalleiðum í það minnsta. Það voru vissulega miklar væntingar bundnar við samkeppni í innanlandsflugi en þetta er hins vegar staðreyndin.

Við niðurfellingu sérleyfa og innleiðingu samkeppni láta flugfélög viðskiptasjónarmið ráða í rekstri sínum í öllum meginatriðum eins og eðlilegt er og fljúga því ekki á óarðbærum leiðum. Gert er ráð fyrir þessu í núverandi löggjöf því heimilt er að bjóða út skyldu til opinberrar þjónustu í áætlunarflugi til flugvallar sem þjónar jaðar- eða þróunarhéraði eða flugleið til héraðsflugvallar með lítilli umferð, enda sé slík leið lífsnauðsynleg fyrir efnahagsþróun á svæðinu.

Í fjárlögum fyrir árið 2000 er gert ráð fyrir 9,7 millj. kr. til að styrkja slíkar flugsamgöngur. Í útboði á flugi í 4 mánuði milli Bíldudals og Ísafjarðar var lægstbjóðandi með um 1,4 millj. Útboð á flugi milli Reykjavíkur og Gjögurs kostar a.m.k. 5,2 millj. á ári miðað við lægsta tilboð og útboð á flugi milli Grímseyjar og Akureyrar kostar 8,9 millj. kr. Þessi kostnaður er því samtals 15,5 millj.

Að mínu áliti er ljóst að flugi verður að halda úti til ákveðinna staða hvað sem öðru líður. Hitt er jafnljóst að ákveðin þróun á sér stað sem taka verður tillit til, þá fyrst og fremst í vegasamgöngum. Bættar vegasamgöngur hafa auðvitað áhrif á samkeppnisstöðu flugsins. Þannig eru til staðir í dag sem ekki er lengur flogið til sem áður var talið útilokað að þjóna nema með flugi.

Í samgrn. liggur fyrir bréf frá Flugfélagi Íslands þar sem félagið segist munu hætta 1. júlí flugi milli Akureyrar, Ísafjarðar, Grímseyjar, Þórshafnar, Vopnafjarðar og Egilsstaða nema einhverjar breytingar verði á fyrirsjáanlegum taprekstri félagsins, sem er upp á 30–40 millj. kr. Auðvitað er hér um óásættanlegan taprekstur að ræða. Mér hefur einnig borist annað bréf, réttara sagt afrit af bréfi til bæjarstjórnar Siglufjarðar, þar sem Íslandsflug tilkynnir um breytingar.

Í ljósi þeirrar þróunar sem hér hefur verið lýst tel ég að bregðast verði við hverju dæmi fyrir sig og meta þau sérstaklega. Allt virðist stefna í að bjóða verði út flug út frá Akureyri, nema til Reykjavíkur að sjálfsögðu. Þar gæti einnig komið til flug frá Akureyri til Siglufjarðar yfir vetrarmánuðina. Kostnaður verður hins vegar verulegur og á það vil ég leggja áherslu að á fjárlögum þessa árs eru engir fjármunir til að koma til móts við þessar byggðir eða bjóða út svo umfangsmikla þjónustu í flugi.

[15:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það eru mjög alvarlegar fréttir að Íslandsflug ætli að hætta flugi til Siglufjarðar. Flugið hefur verið mikilvægur þáttur í samgöngum við Siglufjörð. Væru göngin um Héðinsfjörð hins vegar komin, væri þetta ekki svo alvarlegt en það er þau því miður ekki enn þá.

Íslandsflug hefur þjónað Sauðárkróki og Siglufirði ágætlega að undanförnu. Ég tel að leita verði allra leiða til að flugsamgöngum verði haldið uppi við Siglufjörð þar til vegasamgöngur við Akureyri eru orðnar viðunandi, þ.e. jarðgöng komin. Þess er vonandi ekki mjög langt að bíða. En ég legg áherslu á að óviðunandi er að ekki sé haldið uppi flugi til Siglufjarðar þangað til.

[15:44]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er verið að ræða mjög alvarlegt mál, ekki bara fyrir Siglufjörð og flugsamgöngur þangað heldur og alla aðra staði á landinu þar sem flugsamgöngur hafa lagst af. Það er að skapast mjög alvarlegt ástand í innanlandsfluginu, þ.e. að sú flugþjónusta sem byggðist upp víða um land hefur smám saman dregist saman. Bættar vegasamgöngur hafa á nokkrum stöðum haft áhrif á fyrri þörf fyrir reglulegt flug en það er ekki hægt að ganga svo langt að leggja alfarið niður flug til þeirra staða sem mikilvægir eru til að halda uppi byggð í landinu. Fólk verður einnig að hafa val og auk þess er ekki hægt að treysta á færð á vegum frá öllum stöðum, t.d. Siglufirði, yfir vetrartímann.

Íslandsflug kom á samkeppni í innanlandsfluginu og hafði veruleg áhrif til lækkunar fargjalda. Nú er Íslandsflug að leggja niður áætlunarflug á mörgum stöðum og gerir það með litlum fyrirvara vegna taprekstur. Flug til Egilsstaða leggst af um næstu mánaðamót og um leið fellur niður staðbundið sjúkraflug frá Egilsstöðum sem Íslandsflug þjónaði.

Íslandsflug leitar nú til sveitarfélaganna og hins opinbera til að halda uppi áætlunarflugi þar sem fyrirtækið geti ekki haldið áfram í taprekstri. Fyrirsjáanlegt er að auk fækkunar í áætlunarleiðum munu fargjöld hækka á þeim flugleiðum

sem eftir verða. Flugsamgöngur, þ.e. áætlunarflug, verða til framtíðar að vera til fleiri staða en fimm eða sex helstu flugvalla landsins. Þetta er enn einn hlekkurinn sem er að bresta í öryggismálum og landsbyggðarmálum almennt. Þetta er stórt og mikið byggðamál. Það er komið að því að hið opinbera, þ.e. ríkisstjórnin, taki ákvörðun um opinbera styrki til fleiri staða en gert er í dag.

[15:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fyrir marga staði á landinu er reglulegt flug sannkölluð lífæð. Það er mikilvægur öryggisþáttur, bætir búsetuskilyrðin og getur verið það sem skiptir sköpum þegar menn velja sér framtíðarbúsetu eða taka slíka ákvörðun.

Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið að flug hefur verið að dragast saman á ýmsum stöðum og hefur víða valdið miklum áhyggjum, einkum þar sem samgöngur eru erfiðar eða vegalengdir miklar. Nú síðast komu tíðindi frá Siglufirði. Eins og hér hefur komið fram er flugið einkar mikilvægt fyrir Siglufjörð yfir vetrartímann því að það rýfur þá miklu vetrareinangrun sem þar er og spurning hvort Siglufjörður á einhverja möguleika á flugi þar til jarðgöngin eru komin til Ólafsfjarðar.

En það kom líka á óvart, herra forseti, að ákveðið skyldi að hætta flugi til Húsavíkur fyrir skömmu og það veldur sannarlega miklum áhyggjum og þá ekki síður vegna sumarumferðar þar sem heimamenn hafa undanfarin ár verið að byggja upp einstaka ferðaþjónustu í kringum hvalaskoðun. Mörg þúsund manns og sífellt vaxandi fjöldi leggur leið sína til Húsavíkur með flugi eða gerði það. Það er því eðlilegt að heimamenn óttist að með því að flugið leggist af sé brugðið fæti fyrir frekari þróun á því sviði.

Herra forseti. Flugrekstrarhafar hljóta eins og aðrir að hafa séð að styrkir til sérleyfishafa á fólksflutningum í landi eru um 54 millj. í fjárlögum ársins. Ráðherra staðfesti með orðum sínum hér áðan þá staðhæfingu sem heyrist þessa dagana að flugfélögin munu ekki hafast að á næstunni því nú bíði þau eftir að ríkið bjóði fram styrki til flugs á ákveðnum flugleiðum, enda fordæmi fyrir slíku. Það virðist vera sá veruleiki sem blasir við í dag.

[15:48]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er ekki hægt að segja að þingmönnum hafi komið á óvart sú ákvörðun að Íslandsflug leggi niður flug til Siglufjarðar né Mýflug leggi niður flug til Húsavíkur. Þingmönnum hefur verið kunnugt hvert stefndi. Mikill halli hefur verið á innanlandsflugi og á undanförnum árum höfum við staðið frammi fyrir því að þurfa að taka upp styrki til nýrra flugleiða.

Okkur er það minnisstætt þegar litlum 800 þús. kr. var varið til að styrkja flug til Raufarhafnar sem olli miklu uppþoti á markaðnum, bæði í fjölmiðlum og hér á Alþingi og talið að ég væri að brjóta lög Evrópusambandsins með því að veita slíkan styrk án þess að flugið yrði boðið út sem aftur færir okkur til þess að ekki er heimilt samkvæmt samningum okkar að styrkja flug til einstakra staða án þess að það sé áður boðið út og fyrir liggi að áætlunarflug til viðkomandi staðar leggist niður. Í því ljósi er óhjákvæmilegt að horfa á ástandið eins og það er núna.

Því miður verð ég að segja að heldur dapurlega horfir um Húsavíkurflug. Að vísu mun eins og áður verða leiguflug til Húsavíkur sem mun náttúrlega að einhverju leyti létta hlut ferðaþjónustunnar þar en ef við horfum til hinna smærri staða fyrir norðan og á Norðausturlandi, jafnvel Vestfjörðum, ef við tökum það inn í þessa sömu mynd, þá virðist mér blasa við að boðið verði út flug frá Akureyri í tengslum við flugið til Reykjavíkur eins og verið hefur, til Vopnafjarðar, Þórshafnar, Grímseyjar, Egilsstaða, Ísafjarðar og Siglufjarðar eins og var fyrir eina tíð vegna þess að það er ódýrasta leiðin og fullnægjandi lausn og sú besta sem í sjónmáli er.

Ég hygg að óhjákvæmilegt sé að horfa á þessa hluti eins og þeir liggja fyrir, takast á við þau vandamál sem við blasa og leysa þau.

[15:50]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér um ræðir varðar þróun í samgöngumálum sem á sér nokkurn aðdraganda. Um árabil hefur þróunin verið þannig að áætlunarleiðum í lofti hefur fækkað og landsamgöngur tekið við. Flugsamgöngur hafa í auknum mæli verið bundnar við fáa flugvelli þar sem farþegar hafa safnast að frá tiltölulega stórum svæðum. Þessi hefur þróunin orðið fyrir austan. Þar eru nú aðeins í notkun þrír áætlunarflugvellir og þeim hefur fækkað um helming á einum áratug. Algengur aksturstími til flugvallar, t.d. á Egilsstöðum frá þéttbýlisstöðum á Austurlandi er um ein klukkustund.

Nú er þessari þróun enn haldið áfram og mér er kunnugt um og hefur komið fram í þessari umræðu að boðað hefur verið að flug verði lagt niður til Þórshafnar og Vopnafjarðar í vor frá Akureyri auk þeirra staða sem hafa verið nefndir í umræðunni. Aðstaða þessara þéttbýlisstaða, svo þau dæmi séu tekin, til að sækja til stærstu flugvallanna er vonlaus vegna fjarlægðar.

Eins og komið hefur fram hefur ríkisvaldið styrkt einstakar flugleiðir með fjárframlögum. Nauðsyn ber til að skoða nú þær aðstæður sem upp hafa komið og hvernig hægt er að tryggja samgöngur til þeirra staða með flugi sem eru algerlega háðir slíkum samgöngum. Um opinberan stuðning þarf að skapa viðmiðunarreglur og taka þá mið af þeim aðstæðum sem hafa skapast.

Við þau vandkvæði sem eru í samgöngumálum landsbyggðarinnar bætist að sérleyfishafar í fólksflutningum með áætlunarbílum eiga í miklum erfiðleikum. Skýrsla liggur nú fyrir í samgrn. um mál þeirra og nauðsyn ber til að ráðast í ráðstafanir til að tryggja þær samgöngur. Blönduð leið á opinberum stuðningi á skipulagsbreytingum er nauðsynleg í þeim efnum. Sjúkraflug er enn einn þáttur þessara mála en ástand þess er nátengt hnignun áætlunarflugsins. Það hefur skapast alvarlegt ástand á Austurlandi í þessum efnum. Ég nefni þetta hér þó að málið sé á forræði heilbrrn. en þar að auki eru nýjar leiðir í skoðun í þessum málum og nauðsynlegt er að komast að niðurstöðum um þær sem fyrst.

[15:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni sem er samgöngumál innan Íslands alls. Sú frétt að leggja eigi niður flugsamgöngur til Siglufjarðar veldur vissum óhug.

Þess verður að krefjast af stjórnvöldum að til sé einhver samræmd og ákveðin stefna varðandi grunnþjónustu í samgöngumálum allra landsmanna. Það er óviðunandi að samgöngur, þetta grunnþjónustunet okkar allra, skuli vera háð arðsemiskröfum einstakra einkafyrirtækja sem af og til hlaupa út á markaðinn og leggja svo upp laupana sitt á hvað. Það verður að vera til opinber stefna um grunnsamgönguþjónustu og samgöngur í landinu, bæði varðandi flug og

áætlunarferðir og það að alltaf sé verið að koma á óvart og grípa til skyndilausna varðandi einstaka staði gengur einfaldlega ekki upp. Það er einsýnt að styrkja þarf flugsamgöngur til þeirra staða sem ekki eiga möguleika á öðrum samgöngum og þarf sá styrkur að vera þannig að of hátt verð hamli ekki notkun, hamli ekki ferðum.

Herra forseti. Það þarf pólitíska ákvörðun um samgöngur á Íslandi og að staðið sé við hana.

[15:55]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er rætt mál sem sýnir okkur í hnotskurn hversu nauðsynlegt er að mótuð sé stefna til framtíðar í almenningssamgöngum þjóðarinnar. Hér er því miður að því er virðist niðurstaða að koma á óvart sem hv. þm. Halldór Blöndal benti á að ætti ekki að koma á óvart.

Hér skortir framtíðarsýn til þess að átta sig á hvernig mál þróast. Hér sitja menn uppi með það að við blasir að ákveðin grunnþjónusta við byggðarlög sem þurfa mjög á samgöngum í lofti að halda geti fallið niður. Þetta hefði ekki átt að koma á óvart. Það hefði átt að vera búið að móta stefnu. Það hefði átt að vera búið að móta reglur um hvernig menn ættu að taka á þessum málum.

Í máli hæstv. samgrh. kom fram að á fjárlögum er takmarkað fjármagn til að mæta þessum vanda og augljóst að það fjármagn til þeirra staða sem ákveðið var að veita styrki er of lítið til að mæta vandanum. Nú blasir við að fjölga þarf þessum stöðum og auka fjármagnið.

Herra forseti. Ég held að það sé augljós niðurstaða af þessu máli að markaðurinn hefur verið látinn nær afskiptalaus um verkefni sem hann ræður ekki við. Það er kominn tími til, herra forseti, að stjórnvöld móti stefnu til framtíðar, stefnu sem getur tryggt þá grunnþjónustu sem nauðsynleg er og það sé ekki tilviljanakennt hvernig styrkjum er veitt í þetta verkefni.

[15:57]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þótt ljóst væri í hvað stefndi hnykkir manni illa við þegar þær spurnir berast að ekki eru rekstrarforsendur fyrir flugi til Siglufjarðar. Að sjálfsögðu er það öðrum þræði vegna bættra samgangna á landi en nú loksins er komið bundið slitlag þangað alla leið.

Hvað varðar samkeppni í flugi, þá er hún ekki lengur fyrir hendi til Siglufjarðar þannig að ekki eru það undirboð heldur einfaldlega viðskiptalegar forsendur sem hindra flugfélagið Íslandsflug í því að halda áfram fluginu eftir bréfi þeirra.

Flug verður auðvitað að vera reglulegt og lausn þarf að finna á þessu. Þetta er vissulega algerlega óviðunandi. Þess ber þó að geta að styrkir til ferju- og flugsamgangna eru nú teknir af vegafé og þann póst má heldur ekki skerða. Þetta þarf að skoða í víðara samhengi. Þetta er vissulega byggðamál, þetta er stórt byggðamál sem þarf að taka á í heild, móta almennar reglur af hálfu stjórnvalda og þingsins um áætlunarferðir og tryggja fjárveitingu til þess.

[15:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þær aðstæður sem eru að skapast í innanlandsflugi eru mjög alvarlegar og þær eru það ekki síst vegna þess að sennilega eru fá dæmi um þjóðir sem hafa byggt innanlandssamgöngur sínar jafnmikið á flugi og Íslendingar. Það sem er enn merkilegra er að lengst af var þetta flug rekið án nokkurra niðurgreiðslna eða styrkja öfugt við það sem er orðið fyrir löngu síðan víðast hvar í kringum okkur. Má þar sem dæmi taka Grænland, Norður- og Vestur-Noreg og reyndar allan norðanverða Skandinavíu og ég hygg skosku eyjarnar einnig og fleiri slík svæði.

Það sem hefur einnig verið sérstaklega mikilvægt við innanlandsflugið hér er að það hafa í reynd á stórum svæðum verið einu skipulögðu almenningssamgöngurnar sem fólk hefur átt kost á. Því er það þeim mun alvarlegra ef það er að leggjast af á fjölmörgum stöðum sem þær takmörkuðu almenningssamgöngur sem eru á landi eiga líka undir högg að sækja og eru sums staðar að leggjast af þannig að heil héruð og jafnvel langleiðina heilir landshlutar gætu þar af leiðandi, ef svo fer sem horfir, staðið frammi fyrir því að þar verði engar skipulagðar almenningssamgöngur. Þannig geta menn auðvitað ekki haft hlutina.

Ég tel þarf af leiðandi, herra forseti, að enginn annar kostur sé uppi í stöðunni nú en sá að við tökum til skoðunar að fara sambærilegar leiðir í þessu eins og t.d. Norðmenn hafa gert. Þeir gera samninga á grundvelli útboða við flugfélög um tiltekna lágmarksþjónustu, framboð á ákveðnum sætiskílómetrum til nokkurra ára í senn og flugfélög eins og Braathens og Widerø reka umfangsmikið flug til Vestur- og Norður-Noregs á grundvelli slíkra samninga þar sem efnahagslegur grundvöllur er tryggður með stuðningi ríkisvaldsins. Það er ósköp einfaldlega algert úrslitaatriði í byggðalegu, atvinnulegu og öryggislegu tilliti fyrir fjölmörg byggðarlög landsins að þar verði áfram áætlunarflug því að ef það tapast, þá tapast ekki aðeins samgöngurnar heldur einnig þjónusta á flugvöllum, öryggi í sjúkraflugi og í raun inni verða þær byggðir ekki lífvænlegar til frambúðar litið nema samgöngurnar séu tryggðar.

[16:01]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur verið um þetta mjög alvarlega mál sem ég vildi fara með í utandagskrárumræðu á hv. Alþingi.

Það er rétt sem hæstv. samgrh. sagði að upp hafa komið vandamál. Ég tel það meira en nokkur vandamál. Þetta eru stór vandamál sem eru að koma upp þegar við sjáum að öll samkeppni er að líða undir lok og að eftir stendur kannski eitt flugfélag á Íslandi sem mun sinna flugi. Það er miklu meira en nokkur vandamál.

Mér finnst því miður að ekki hafi komið nógu skýrt fram hjá hæstv. samgrh. hver vilji ríkisstjórnarinnar er í þessu efni. Ég vil því nota tækifærið og spyrja hvort þetta mál hafi verið rætt í hæstv. ríkisstjórn og hvort bregðast eigi við því eða á bara að láta allt danka og leggja niður flug á þessu ári og skoða eitthvað á næsta ári? Það verður erfiðara að hefja flug eftir að það hefur algerlega stoppað.

Hér kom fram hvað styrkir eru háir til flugsamgangna á Íslandi, en þeir eru tæpar 10 millj. Í svari hæstv. samgrh. til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, sem dreift hefur verið í dag, kemur fram að fyrirtækið Kynnisferðir, sem er 80% í eigu Flugleiða, fékk tæpar 6 millj. í styrk á síðasta ári en það fyrirtæki skilaði 45 millj. kr. hagnaði ef upplýsingar mínar eru réttar. Við sjáum því um hvaða tölur er verið að ræða í þessu efni. Kynnisferðir eru með áætlunarferðir frá Reykjavík til Keflavíkur og kynnisferðir um Suðurland. Þetta er því stórmál.

Hér er ég með mikinn doðrant sem er útboð norska ríkisins á flugi til landsbyggðarinnar þar og ég held að þetta séu hlutir sem við getum tekið okkur til eftirbreytni og ættum

að skoða. Ég vil því bara rétt í lokin, um leið og ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni, enn á ný spyrja eftir því hvort ríkisstjórnin sé með einhverjar áætlanir uppi um að bregðast við þessum vanda nú þegar. Ég tel að það sé of seint að bregðast við vandanum á næsta ári eða þegar ný fjárlög hafa verið gerð.

[16:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. Það fer ekkert á milli mála að samgrh. hefur gott stuðningsmannalið í þinginu fyrir nauðsynlegum aðgerðum því að mér sýnist að flestir rói í sömu átt í þessu máli.

Það er spurt hvað ríkisstjórnin eða samgrh. ætli sér að gera. Við erum að skoða hvaða leiðir eru færar. Einnig er spurt um hvort ekki sé eðlilegt að teknir séu upp byggðastyrkir. Eins og kom fram í ræðu minni eru veittir byggðastyrkir þó að þeir séu ekki háir vegna flugsins og við höfum verið að fikra okkur inn á þessa leið sem hv. málshefjandi nefndi að væri notuð í Noregi, og reyndar fleiri, með því að bjóða út flugleiðirnar á jaðarbyggðirnar. Ég lýsti því jafnframt yfir í ræðu minni að ég tel að það beri að skoða hvort ekki eigi að bjóða út fleiri leiðir. Að þessu verður unnið og ég vona að hv. þm. styðji þær hugmyndir þegar þær koma fram.

Vegna umræðu um styrki, og ekki síst vegna þess sem hv. málshefjandi nefndi eitt ákveðið fyrirtæki, þá er það þannig að samkvæmt fjárlögum eru veittir styrkir til sérleyfishafa upp á 54 millj., þar af fær þetta umrædda fyrirtæki hlut vegna sérleyfis sem það rekur. Strætisvagnar á höfuðborgarsvæðinu fá 60 millj. Það er nauðsynlegt að því sé teflt fram í allri umræðunni um andstöðu við höfuðborgarsvæðið, en þetta eru styrkir til almenningssamgangna.

Ég vil að lokum, herra forseti, undirstrika að það er ekkert sem bendir til þess að flugfargjöld muni hækka sem betur fer. En rétt í lokin vil ég segja frá því að í samgrn. er í undirbúningi að halda ráðstefnu um almenningssamgöngur á Íslandi, bæði hvað varðar flug og aðrar áætlunarsamgöngur og ég vænti þess að hv. þm. taki þátt í þeirri umræðu sem þar fer vonandi fram þegar ráðstefnan verður haldin og verður undirbúningur að aðgerðum.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:07.

---

86. FUNDUR

fimmtudaginn 23. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Álagning gjalda á vörur, stjfrv., 500. mál, þskj. 794. — 1. umr.
2. Brunavarnir, stjfrv., 485. mál, þskj. 765. — 1. umr.
3. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 797. — 1. umr.
4. Réttindagæsla fatlaðra, stjfrv., 419. mál, þskj. 682. — 1. umr.
5. Hópuppsagnir, stjfrv., 469. mál, þskj. 748. — 1. umr.
6. Lögreglulög, stjfrv., 467. mál, þskj. 745. — 1. umr.
7. Dómtúlkar og skjalaþýðendur, stjfrv., 486. mál, þskj. 766. — 1. umr.
8. Sóttvarnalög, stjfrv., 490. mál, þskj. 772. — 1. umr.
9. Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, þáltill., 263. mál, þskj. 334. — Fyrri umr.
10. Almannatryggingar, frv., 266. mál, þskj. 349. — 1. umr.
11. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 2. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þuríður Backman, 5. þm. Austurl.

Varamenn taka þingsæti.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa svohljóðandi bréf. Hið fyrra er dagsett 22. mars árið 2000:

„Þar sem undirritaður óskar leyfis vegna veikinda og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfir hann sér, með vísan til 53. gr. þingskapa að óska þess að varamaður hans taki sæti hans á meðan, eða frá og með 23. þessa mánaðar.

Því er þess óskað að 1. varaþm. flokksins í Vestf., Pétur Bjarnason, taki sætið.

Virðingarfyllst,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf."

Kjörbréf Péturs Bjarnasonar hefur verið samþykkt. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Síðara bréfið er dagsett 22. mars 2000:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur vegna dvalar erlendis leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varaþm. Samfylkingarinnar í Suðurl., Katrín Andrésdóttir héraðsdýralæknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl."

Kjörbréf Katrínar Andrésdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Katrín Andrésdóttir, 3. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Katrín Andrésdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Búsetuþróun, 505. mál, fsp. KLM, þskj. 803.

Flutningur eldfimra efna um Hvalfjarðargöng, 507. mál, fsp. GuðjG, þskj. 805.

Mengunarmörk, 504. mál, fsp. GE, þskj. 802.

Umferð um Hvalfjarðargöng, 506. mál, fsp. GuðjG, þskj. 804.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um klukkan 3 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um sparnað í lyfjakostnaði hins opinbera. Málshefjandi er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir en hæstv. heilbr.- og trmrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður til andsvara.

Atkvæðagreiðsla verður síðar í dag.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt.

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að spyrjast fyrir um hverju það sætir að frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er ekki á dagskrá. Frv. þetta felur í sér breytingar á skattleysismörkum og persónuafslætti manna í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga en samkvæmt þessu frv. á það að koma til framkvæmda í staðgreiðslunni nú 1. apríl. Á morgun er að ég best veit ekki þingfundur og næsta vika er nefndavika. Ég sé ekki fram á að þetta frv. geti tekið gildi 1. apríl eins og til stóð og samið var um í kjarasamninum þannig að þessi kjarabót geti gagnast launafólki 1. apríl í staðgreiðslunni. Þess vegna spyr ég hverju það sætir að málið er ekki á dagskrá. Þar sem hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur vildi ég gjarnan spyrja hann: Ef þetta mál nær ekki fram að ganga á tilsettum tíma, þ.e. fyrir 1. apríl, hvernig verður þá launafólki bætt upp að hækkun á skattleysismörkum tekur ekki gildi 1. apríl næstkomandi?

[10:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér er ljúft að skýra þetta mál, bæði fyrir hv. þm. og þingheimi og sömuleiðis lesendum Morgunblaðsins sem hafa kannski fengið það á tilfinninguna í morgun að hér væri maðkur í mysunni, enda segir í frétt blaðsins að ekki hafi fengist skýring á því hvers vegna þetta mál væri ekki á dagskrá hér. Þó var ekki leitað skýringa hjá ábyrgðarmanni málsins sem stendur hér í ræðustól.

Þetta mál er þannig vaxið, herra forseti, að í tengslum við kjarasamninga hins svokallaða Flóabandalags var gefin út yfirlýsing, sem menn þekkja, sem m.a. gerir ráð fyrir því að skattleysismörk og persónuafsláttur hækki frá og með 1. apríl. Því til staðfestingar hefur verið lagt fram frv. um það efni.

Hins vegar liggur ekki fyrir niðurstaða í atkvæðagreiðslu Flóabandalagsins og mun ekki koma í ljós fyrr en 1. apríl. Þá kom upp það álitamál hvort lögfesta ætti frv. áður en ljóst væri hvort niðurstaða kjarasamninganna væri sú sem þeir gera ráð fyrir. Það er ekki eðlilegt að gera það þannig að lögfestingin bíður niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Flóabandalagsins, sem sagt þess að það liggi fyrir hvort kjarasamningarnir verða á þeim nótum sem þar er lagt upp með. Það er auðvitað forsenda þessa frv.

Þá vaknar sú spurningin sem hv. þm. vakti athygli á, þ.e. hvort ávinningurinn af þessu frv. komi til framkvæmda 1. apríl. Það er rétt að hafa í huga að langflestir félagsmenn í Flóabandalaginu fá eftir á greidd laun. Þeir mundu ekki njóta þessa ávinnings hvort sem er fyrr en 1. maí. Gagnvart þeim er þetta þess vegna ekki vandamál. Gagnvart þeim sem fá fyrir fram greidd laun verður málið leyst þannig að það verður gert upp eftir á, væntanlega um mánaðamótin 1. maí. Áhrifin af þessu frv. verða þannig, ef málið heldur áfram eins og upphaflega var ráðgert og samningar verða staðfestir, þau að þetta tekur gildi fyrir flesta 1. apríl eins og hér er gert er ráð fyrir. Með öðrum orðum er þetta ekki neitt vandamál. Ég vænti þess að jafnöflugur þingmaður og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir muni standa að baki okkur við að afgreiða þetta mál hratt og vel þegar niðurstaðan í atkvæðagreiðslu Flóabandalagsins liggur fyrir.

[10:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur skýrt mál sitt og glögglega að vanda en svar hans vekur upp nýjar spurningar. Við höfum æ ofan í æ heyrt forsrh. og forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar segja frá því í fréttum hvernig þeir ætli að liðka fyrir kjarasamningum með aðgerðum í skattamálum og á ýmsan hátt þannig að samningar náist. Þegar við hins vegar, herra forseti, hlustum á hæstv. fjmrh. vaknar spurningin um hvort komi á undan eggið eða hænan. Er það svo að ríkisstjórnin bíði og sjái hvað Flóabandalagið gerir í sínum málum og kippi frv. til baka ef einhverjir hnökrar verða? Væri kannski skynsamlegt ríkisstjórnin afgreiddi frv. sitt fyrst þannig að Flóabandalagið velktist ekkert í vafa um vilja ríkisstjórnarinnar og ætlun í tengslum við vinnumarkaðinn, skattamál og þau mál sem sett hafa verið á oddinn, ekki bara af Flóabandalaginu heldur fjölmörgum öðrum? Eða er það svo að ríkisstjórnin ætli að bregðast við samningum hverjum á fætur öðrum og koma kannski með ný og ný úrræði í skattamálum og öðru? Þetta eru þær spurningar sem vakna við svör hæstv. fjmrh., virðulegi forseti.

[10:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær upplýsingar sem hér koma fram. Þær skýra vissulega málið vegna þess að við í efh.- og viðskn. vorum í mikilli óvissu að því er þetta mál varðar í gærkvöldi þegar það var rætt hverju sætti að málið er ekki á dagskrá. Þetta skýrir málið að verulegu leyti.

Það sem skiptir öllu máli í þessu er að ávinningurinn af frv., þ.e. að þetta komi fram í staðgreiðslunni og sé miðað við 1. apríl, skili sér til launafólks. Hæstv. ráðherra hefur skýrt frá að það muni gerast bæði fyrir þá sem fá fyrir fram greidd og eftir á greidd laun. Það er það sem skiptir öllu máli.

Hitt finnst mér nokkuð sérkennilegt að beðið skuli eftir niðurstöðu í atkvæðagreiðslu Flóabandalagsins. Mér fyndist að meiri manndómur hefði verið að því að lögfesta þetta alveg óháð þeirri atkvæðagreiðslu svo mjög sem skattleysismörkin hafa dregist aftur úr launaþróun á umliðnum árum. Ég vænti þess að við eigum eftir að sjá fleiri úrbætur sem

tengjast þessum kjarasamningum. t.d. barnabæturnar en þær höfum við ekki séð enn þá. Vissulega mun ekki standa á okkur, fulltrúum Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., að afgreiða þetta mál fljótt og vel þegar það kemur inn í nefndina.

[10:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Varðandi yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf út fyrir nokkrum dögum í tengslum við kjarasamninga þá vil ég leggja áherslu á að þar er um að ræða nokkra þætti.

Í fyrsta lagi að skattleysismörk fylgi launaþróun á komandi missirum og árum. Þetta er krafa gervallrar verkalýðshreyfingarinnar og hefur verið um langt skeið. Því er að sjálfsögðu hægt að verða við án tiltekinna kjarasamninga og lykta þeirra.

Í öðru lagi er um að ræða barnabætur. Þar erum við að tala um kosningaloforð sem gefin voru fyrir síðustu kosningar. Barnabætur hafa rýrnað að verðgildi jafnt og þétt á liðnum árum. Eru núna 0,60% af landsframleiðslu en voru fyrir 6–7 árum 1,21% af landsframleiðslu. Hér er um að ræða kosningaloforð sem gefið var fyrir síðustu kosningar.

Í þriðja lagi er í þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að finna harla vafasöm atriði fyrir öryrkja og lífeyrisþega sem geta falið í sér kjararýrnun fyrir þá. Það er mikilvægt að þingið fái þetta frv. eða tillögur ríkisstjórnarinnar sem fyrst inn á borð þannig að við getum tekið það til málefnalegrar umfjöllunar. Það er fráleitt að binda umfjöllun um þetta efni við kjarasamninga hjá litlum hluta vinnumarkaðarins, innan við 10% hans.

[10:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég var inntur eftir skýringum er varða eitt ákveðið þingmál. Þær skýringar hef ég veitt og ég heyri ekki betur en menn telji að þær séu fullnægjandi að því er varðar framgang og afgreiðslu málsins á hinu háa Alþingi.

Síðan eru að sjálfsögðu önnur atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars sl. Þau eru ekki til meðferðar í þingmálinu sem spurt var um. Ég get hins vegar sagt frá því að það er verið að vinna að útfærslu á barnabótaþætti þessarar yfirlýsingar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að sá þáttur komi til framkvæmda fyrr en á næsta ári þannig að í raun væri nægilegt að afgreiða slíkt mál á þinginu í haust. Við höfum til skoðunar hvort það náist að gera þær breytingar sem þar er um að ræða á vorþinginu en það mun koma í ljós.

Ég vil geta þess að ég hef tjáð formanni verkalýðsfélagsins Eflingar í Reykjavík um framkvæmd þess þingmáls sem hér er til umræðu. Hann var sá viðsemjandi sem við höfðum mest samband við í tengslum við þetta mál. Auðvitað liggur fyrir að það er samhengi á milli afgreiðslu málsins og atkvæðagreiðslnanna í Flóabandalaginu. Það hafa ekki komið athugasemdir við þessa málsmeðferð af hálfu þeirra aðila þannig að ég held að þetta mál sé í mjög eðlilegum farvegi.

Það var ágætt að fá tækifæri til að skýra málið. Ég þakka fyrir það tækifæri. Málið er svona vaxið og ef allt fer að óskum þá mun þetta koma til framkvæmda eins og að er stefnt frá 1. apríl þó að menn muni ekki njóta þess fyrr en 1. maí.

Álagning gjalda á vörur, 1. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 794.

[10:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 794 um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur sem fluttar eru hingað til lands eða framleiddar eru hér á landi. Nánar tiltekið er um að ræða breytingar á ákvæðum tollalaga, laga um vörugjald, gjald af áfengi, virðisaukaskatt og laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Hér er því um að ræða svokallaðan bandorm þar sem fleirum en einum lögum er breytt en þó samkynja atriðum í öllum lögunum.

Meginmarkmiðið með frv. er að tryggja að skýrt sé kveðið á um það í lögum í hvaða tilvikum þau gjöld sem lögð eru á vörur samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga skuli felld niður eða lækkuð. Með því er tryggt að farið sé að þeim reglum sem fram koma í 77. gr. stjórnarskrárinnar þess efnis að ákvarðanavald um álagningu, breytingu eða niðurfellingu skatta verði ekki framselt til framkvæmdarvaldsins, en með breytingum á stjórnarskránni 1995 voru heimildir í þessum efnum þrengdar mjög verulega, eins og við mörg munum og þekkjum frá þeim tíma.

Í flestum tilvikum er ekki um efnislegar breytingar í frv. að ræða frá núverandi framkvæmd. Þó eru lagðar til í einstökum tilvikum nokkrar breytingar sem sérstök ástæða þótti til að nota tækifærið nú og breyta frá núverandi framkvæmd og mun ég rekja efni þeirra hér.

Auk breytinga á ákvæðum tollalaga og annarra laga er varða niðurfellingu gjalda er lögð til breyting á málskotsreglum í þeim tilvikum er ágreiningur rís um niðurfellingu tolla. Þannig er lagt til að úrskurður einstakra tollstjóra varðandi það hvort skilyrði séu fyrir hendi til lækkunar eða niðurfellingar gjalda verði að meginstefnu til kæranlegur til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar áður.

Meginrökin fyrir þessari breytingu er að telja verður að möguleiki innflytjenda til að kæra synjun tollstjóra á niðurfellingu tolls og eftir atvikum annarra aðflutningsgjalda verði virkari og málsmeðferð einfaldari við að unnt verði að kæra synjunina til ríkistollstjóra í stað ríkistollanefndar. Hafa ber í huga að í flestum tilvikum eru fjárhæðir aðflutningsgjalda ekki háar. Öðrum úrskurðum tollstjóra en þeim er varða fyrrgreind niðurfellingarákvæði yrði eftir sem áður skotið til ríkistollanefndar.

Þar sem í frv. er einkum um að ræða formbreytingu á niðurfellingarákvæðum er ekki ástæða til að fara sérstaklega yfir efni einstakra greina og vísa ég í því sambandi til athugasemda með einstökum greinum frv. Ég vil þó nefna nokkur atriði.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á reglum um tollfrjálsan innflutning á hráefni til iðnaðarframleiðslu. Þannig er lagt til að í stað sérstakrar heimildar til ráðherra til niðurfellingar tolls verði lögbundin sú meginregla að tollur skuli falla niður af hráefni, efnivöru eða hlut í innlenda framleiðsluvöru, svo og af umbúðum fyrir slíka vöru. Hins vegar nái niðurfelling ekki til landbúnaðarvara sem framleiddar eru hér á landi og njóta tollverndar. Þetta er í samræmi við gildandi framkvæmd en lagt er til að skýrt verði kveðið á um þetta atriði í lögum.

Í frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um gjald af áfengi, m.a. er lagt til að innflutningur og sala á áfengi til tollfrjálsra verslana og í tollfrjálsar forðageymslur verði

jafnan undanþegin áfengisgjaldi. Samkvæmt gildandi lögum er fjmrh. heimilt að leggja gjald á áfengi sem flutt er inn eða selt til tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna. Eðlilegt þykir að áfengi sem selt er til slíkra aðila verði jafnan undanþegið gjaldi.

Hér er rétt að hafa í huga að fram er komið frv. um breytt fyrirkomulag á rekstri fríhafnarverslana og þarf að skoða sérstaklega samhengið á milli þessara tveggja frv. í meðferð efh.- og viðskn.

Þá er lagt til að endurgreiða skuli áfengisgjald af áfengi sem gjald hefur verið reiknað eða greitt af en er síðar sent til útlanda í tollfrjálsa verslun, í tollvörugeymslu, í tollfrjálsa forðageymslu, eða á frísvæði eða er fargað undir eftirliti tollyfirvalda. Rétt þykir að heimila endurgreiðslu áfengisgjalds í þessum tilvikum. Um er að ræða fremur hátt gjald og fyrirkomulag á smásölu áfengis er þannig að hætt er við að í einstökum tilvikum sé meira magn pantað til smásölu en unnt reynist að selja. Geta birgjar þá neyðst til að taka aftur við óseldum birgðum.

Hvað varðar lög um vörugjald af ökutækjum er lögð til breyting á fyrirkomulagi við eftirgjöf gjalda af ökutækjum fyrir björgunarsveitir. Á undanförnum árum hefur sérstakur liður á fjárlögum verið ætlaður til endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af ökutækjum og vélsleðum sem flutt eru inn vegna starfsemi björgunarsveita og hefur sérstakur liður í 7. gr. fjárlaga jafnframt heimilað slíka endurgreiðslu. Fjárhæð endurgreiddra gjalda hefur verið takmörkuð við þá fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hvers árs. Nú er lagt til að þessu fyrirkomulagi verði breytt þannig að í stað endurgreiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í fjárlögum verði lögbundin niðurfelling á ökutækjum og vélsleðum sem flutt eru inn fyrir starfsemi björgunarsveitanna. Þessi breyting skapar aukið svigrúm til innflutnings og endurnýjunar í samræmi við þarfir björgunarsveitanna á hverjum tíma og er að mínum dómi eðlileg breyting í alla staði.

Í frv. er enn fremur lagt til, og það er frávik frá gildandi lagaheimildum, að tollgæslumönnum verði heimiluð notkun gasvopna og handjárna við störf sín. Þessi breyting þykir eðlileg með hliðsjón af því að tollgæslumenn þurfa í auknum mæli að hafa afskipti af aðilum sem stunda ólöglegan innflutning fíkniefna og svífast í sumum tilvikum einskis í starfsemi sinni. Löggæslumönnunum og tollgæslumönnunum er því nauðsyn að hafa heimild til að bera þennan búnað til að vera betur færir um að gæta öryggis síns og annarra.

Herra forseti. Ég hef í grófum dráttum gert grein fyrir helstu efnisþáttum frv. Það er von mín að verði frv. að lögum verði betur tryggt að þær reglur sem lúta að lækkun og niðurfellingu gjalda á vörur séu skýrar þannig að borgurunum og aðilum í atvinnurekstri megi vera vel ljós réttur sinn og skyldur í þessum efnum.

Samfara þeim formbreytingum sem hér eru lagðar til er eins og áður segir lögð til nokkur breyting á málsmeðferð með það að markmiði að auðvelda aðilum að fá lækkuð eða niðurfelld gjöld í þeim tilvikum sem slíkur réttur er fyrir hendi og fá skorið úr ágreiningsefnum sem upp kunna að koma með greiðum og skilvirkum hætti.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunavarnir, 1. umr.

Stjfrv., 485. mál (heildarlög). — Þskj. 765.

[10:52]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um brunavarnir.

Frv. þetta er samið af nefnd sem umhvrh. skipaði í lok ársins 1998 til að endurskoða lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, í ljósi reynslu liðinna ára.

Við samningu frv. var farið yfir norræna löggjöf um sama efni og hafði nefndin sérstaklega til hliðsjónar norskt frv. til laga um brunavarnir. Jafnframt hafði nefndin til hliðsjónar tillögur nefndar umhvrn. um varnir og viðbrögð við mengunaróhöppum á landi frá ágúst 1997, þar sem nefndinni var sérstaklega falið að fjalla í frv. um viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum á landi og hlutverk slökkviliða í því sambandi.

Nefndin fékk það hlutverk að fjalla um skipulag brunavarna og brunamála í héraði, ábyrgð sveitarfélaga innan málaflokksins, um starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins og hlutverk hennar innan stjórnkerfisins, svo sem um tengsl við Skipulagsstofnun. Jafnframt var nefndin að fjalla um málefni Brunamálaskólans.

Málaflokkurinn brunavarnir heyrði undir félmrn. til 1. jan. 1998 er hann færðist til umhvrn. Núgildandi lög um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, voru samin af nefnd sem páv. félmrh. skipaði, en þau lög tóku við af lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál. Málefni brunavarna hafa því verið skamman tíma undir yfirstjórn umhvrn. en fram hafði komið nokkur óánægja með einstök atriði gildandi laga, einkum þau er snúa að menntun og þjálfun slökkviliðsmanna.

Við samningu frv. var leitað samráðs við fjölmarga aðila er tengjast á einn eða annan hátt framkvæmd brunamála. Jafnframt var leitað umsagna 22 valinna aðila, þar á meða ráðuneyta, stofnana, hagsmunasamtaka og bárust umsagnir frá flestum þessara aðila. Voru þessar umsagnir teknar til ítarlegrar skoðunar og var reynt að samræma þau sjónarmið sem þar komu fram og höfð var hliðsjón af þeim við samningu frv. Einhugur var meðal nefndarmanna um frv. sem hér er lagt fram.

Ég vil til upplýsingar gera grein fyrir brunatjónum á Íslandi samanborið við önnur lönd.

Á árunum 1981–1999 námu bætur tryggingafélaga vegna brunatjóna á Íslandi samtals 13.100 millj. kr. eða um 690 millj. kr. á ári að jafnaði.

Brunatjón á Íslandi síðustu tvo áratugi eru með því minnsta sem þekkist samanborið við nágrannalönd hvort heldur þau eru mæld í mannslífum eða eignatjóni. Skýringar á því eru eflaust margar en benda má á að hér á landi er hlutfall gamalla húsa lágt og steinsteypa algengasta byggingarefnið auk þess sem tiltölulega lítið er um stórar byggingar. Hvað varðar manntjón má ætla að hátt hlutfall sérbýlishúsa hafi mikið að segja auk þess sem á umræddu tímabili hafa ekki orðið mannskæðir brunar, t.d. á hótelum og samkomustöðum. Þá má einnig benda á að hér á landi er haldið uppi virku opinberu eftirliti með brunavörnum.

Gildissvið frv. tekur til eldvarna og slökkviliðsstarfa vegna eldsvoða og viðbúnaðar vegna mengunaróhappa á landi. Starfsemi slökkviliða lýtur annars vegar að eldvörnum og hins vegar að slökkvistörfum og viðbúnaði vegna mengunaróhappa sem verða á landi. Það er nýmæli að slökkvi-

liðum sé falið það hlutverk að hafa með höndum viðbúnað vegna mengunaróhappa á landi en rétt þykir að sú starfsemi sé hluti af starfsemi slökkviliða og hefur framkvæmdin verið víða sú að slökkviliðin sinni slíkum störfum. Í dag hefur enginn ábyrgð samkvæmt lögum á viðbúnaði vegna mengunaróhappa og þykir því nauðsynlegt að kveða á um þetta hlutverk í frv.

Helstu nýmæli frv. eru annars þau að lögð er áhersla á að skýra ábyrgðarsvið ríkisins, þ.e. Brunamálastofnunar annars vegar og sveitarfélaga hins vegar. Brunamálastofnun fari þannig með yfirumsjón, vinni leiðbeiningar og tryggi eftir megni samræmt og faglegt eftirlit og virkt slökkviliðsstarf á landinu öllu en sveitarfélögin annist framkvæmd eldvarnaeftirlits og slökkvistarfs. Þá er lögð áhersla á að sveitarfélög auki samvinnu bæði á sviði eldvarnaeftirlits og starfsemi slökkviliða. Með því verði auðveldara að byggja upp faglega þekkingu á sviði brunavarna sem er nauðsynleg til að ná fram markmiðum frv. Sterk rök hafa komið fram fyrir því að forsenda fyrir bættum brunavörnum, einkum í hinum dreifðu byggðum landsins, sé stækkun umdæma eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Með því verði auðveldara að byggja upp faglega þekkingu á sviði brunavarna. Til að treysta og samræma starf slökkviliða og auka öryggi vegna eldsvoða í landinu ber sveitarfélögum samkvæmt frv. að leggja fram áætlun um skipulag slökkvistarfa til samþykktar Brunamálastofnunar. Í frv. eru ákvæði til að framfylgja lögunum, þ.e. þvingunarúrræði, gerð mun skýrari en í gildandi lögum jafnframt sem þau eru víðtækari.

Lagt er til að ekki verði lengur starfandi sérstök stjórn yfir Brunamálastofnun heldur fari forstjóri stofnunarinnar með stjórn hennar og beri þær skyldur sem stjórn stofnunarinnar hefur haft samkvæmt gildandi lögum. Forstjórinn mun eftir sem áður bera ábyrgð gagnvart ráðherra.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á yfirstjórn stofnunarinnar eru í samræmi við breytta stefnu í rekstrarmálum ríkisstofnana og mótaða stefnu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Vegna þessara breytinga á stjórn stofnunarinnar þykir rétt að starfandi verði sérstakt brunamálaráð sem sé Brunamálastofnun og ráðherra til faglegrar ráðgjafar um þá þætti sem falla undir frv. Með slíku ráði mun starfsemi Brunamálastofnunar vera styrkt, enda eiga sæti í brunamálaráði helstu aðilar sem koma að framkvæmd brunamála.

Í ráðinu sitja sjö fulltrúar sem koma skulu frá Brunatæknifélagi Íslands, Félagi slökkviliðsstjóra, Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sambandi ísl. tryggingafélaga, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífs. Ráðherra skipar formann.

Það nýmæli er að finna í frv. að kveðið er á um starfsemi Brunamálaskóla en gert er ráð fyrir skólinn verði sérstök deild innan Brunamálastofnunar og er honum ætlað að hafa umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna. Áður voru ákvæði um skólann í reglugerð.

Varðandi kennslu og verklega þjálfun er gert ráð fyrir að nýta bæði þekkingu og aðstöðu sem stærri slökkviliðin í landinu hafa yfir að ráða á grundvelli samkomulags Brunamálastofnunar við viðkomandi slökkvilið. Einnig er lagt til að skipað verði skólaráð sem sé faglegur ráðgjafi Brunamálastofnunar um starfsemi og rekstur skólans. Í skólaráði munu sitja þrír fulltrúar, einn fulltrúi tilnefndur af Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, einn tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og formaður skipaður af ráðherra. Ráðinu ber að skipuleggja starf skólans og ber það ábyrgð gagnvart brunamálastjóra á framkvæmd og starfsemi Brunamálaskólans.

Í frv. er það nýmæli að skilgreind eru sérstaklega verkefni eldvarnaeftirlits sveitarfélaga. Sú skilgreining er í samræmi og með hliðsjón af hlutverki byggingarfulltrúa og er leitast við að tryggja samfellu í eftirliti frá byggingarstigi til notkunar mannvirkja. Eins og komið hefur fram er það nýmæli í frv. að mælt er fyrir um samvinnu sveitarstjórna um brunavarnir. Hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða en á síðustu árum hafa sveitarfélögin aukið samstarf við brunavarnir.

Með frv. þessu er lögð áhersla á að sveitarfélög auki samvinnu sín á milli, bæði hvað varðar eldvarnaeftirlit og starfsemi slökkviliða. Með stækkun umdæma og slökkviliða er lögð áhersla á aukna samræmingu í starfsemi slökkviliða, meiri fagþekkingu og hagræðingu sem meðal annars felst í betri búnaði slökkviliða og þannig meira öryggi gagnvart eldsvoðum. Nú eru starfandi 60 slökkvilið í landinu öllu en sveitarfélögin eru 124 talsins og hafa því allmörg sveitarfélög nú þegar sameinast um rekstur slökkviliða.

Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin geti samið sín á milli um sameiginlegt eldvarnaeftirlit og/eða slökkvilið. Sveitarstjórn getur samið við annað sveitarfélag um að það taki við starfsemi slökkviliðs þess umdæmis að öllu leyti þannig að starfsemi slökkviliðsins færist til annars sveitarfélags sem mundi þá sinna báðum sveitarfélögunum. Eins geta sveitarfélög samið um að einungis afmarkaður þáttur í starfsemi slökkviliðs flytjist undir stjórn annars sveitarfélags, svo sem starfsemi eldvarnaeftirlits. Með slíkum samningum þarf ætíð að tryggja að hvert sveitarfélag hafi aðgang að slökkviliði sem þjóni íbúum sveitarfélagsins. Því er sú skylda lögð á sveitarfélög sem gera með sér slíkan samning að þau tilkynni það til Brunamálastofnunar. Til að hvetja sveitarstjórnir til þeirrar samvinnu sem hér hefur verið lýst er lagt til að Brunamálastofnun fái heimild til að veita í fimm ár frá gildistöku laganna tímabundinn fjárstuðning til þeirra sveitarfélaga sem sameinast um starfsemi eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs. Gert er ráð fyrir að árlegur fjárstuðningur verði að lágmarki mismunur á innheimtu brunavarnagjaldi og árlegum kostnaði við rekstur Brunamálastofnunar.

Kveðið er sérstaklega á um þau hæfisskilyrði sem slökkviliðsstjóri þarf að uppfylla til að geta gegnt starfi. Lagt er til að gerðar verði strangari hæfiskröfur til þeirra starfa sem slökkviliðsstjórar sinna en þeirra sem starfa sem slökkviliðsmenn. Rétt þykir að gera auknar hæfiskröfur til slökkviliðsstjóra með hliðsjón af því hve mikilvægu hlutverki þeir gegna við framkvæmd brunavarna. Því er þýðingarmikið að slíkir aðilar hafi hlotið til þess þjálfun og hafi yfir tiltekinni þekkingu að ráða.

Virðulegur forseti. Ég hef rakið helstu breytingar og nýmæli sem fram koma í frv. Ég vil geta þess að í ákvæðum til bráðabirgða IV í frv. er mælt fyrir um endurskoðun ákvæða frv., verði það að lögum, og annarra laga sem fjalla um byggingarefni og öryggi bygginga með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um byggingar og önnur mannvirki. Samhliða slíkri endurskoðun kæmi til álita að færa stjórnsýslu byggingarmála á eina hendi og einfalda þannig og samhæfa framkvæmd þessa málaflokks.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv. Ég legg áherslu á að ég tel að nokkuð góð sátt ríki um þetta frv. meðal þeirra sem fara með framkvæmd brunamála. Verði frv. að lögum getur það orðið til þess að bæta öryggi

fólks gagnvart eldi og draga úr eignatjóni þegar frá líður. Ég vænti þess að frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi með gildistöku frá og með 1. janúar árið 2001.

Virðulegur forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hæstv. umhvn.

[11:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög þýðingarmikið frv. sem hér er lagt fram til 1. umr. Ég vona að félmn. hafi tök á að vinna með þetta frv. þannig að möguleiki sé á að afgreiða það fyrir vorið. Það hefur verið ljóst árum saman að nokkrir hnökrar hafa verið í málefnum brunamála og sérstaklega í verkaskiptingu af ýmsu tagi sem þurft hefur að endurskipuleggja. Í fljótu bragði virðist mér að hér sé tekið á þeim málum. Það er auðvitað mjög mikilvægt að félmn. fari gaumgæfilega yfir þetta frv. ... (**Gripið fram í:** Umhverfisnefnd.) umhvn. Lái mér hver sem vill að mér verði fótaskortur á tungu. Þetta var verkefni félmn. um árabil. Ég geri mér auðvitað grein fyrir að málið fer til umhvn. Það er mikilvægt að gaumgæfilega verði farið yfir frv., sérstaklega hvað varðar verkaskiptinguna sem kveðið er á um í frv.

Það er veigamikið að farið sé yfir skyldur slökkviliða og skyldur sveitarfélaga og betur skilgreint en áður verkefni Brunamálastofnunar og ekki síst Brunamálaskólans. Það hefur oft verið þannig varðandi skólann, stöðu hans innan Brunamálastofnunar, að menn hefur greint dálítið á um ákvarðanatöku og verkaskiptingu þar. Þess vegna er mikilvægt að á þeim málum sé tekið í þessu frv. Við fyrstu yfirferð virðist mér að það sé nokkuð gott.

Það eru þó nokkrar spurningar sem mig langar að bera fram. Svo ég byrji á Brunamálaskólanum þá tek ég undir að það hafi verið mjög gott mál á sínum tíma að honum skyldi komið á laggirnar. Þá gilti um hann reglugerð sem ekki hafði skýra stoð í lögum, alla vega ekki hvað innri mál skólans varðaði. Hins vegar hefur verið ljóst í alllangan tíma að það er mjög mikilvægt að kveða á um skólann í lögum.

Hér er ákvæði um það í 9. gr. að skólinn verði sérstök deild innan Brunamálastofnunar sem hafi umsjón með menntun, fræðslu og þjálfun slökkviliðsmanna á vegum Brunamálastofnunar og verði sérstakt viðfangsefni í fjárlögum. Setja á á laggirnar sérstakt þriggja manna skólaráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Það á að vera til ráðgjafar um fag- og rekstrarmálefni skólans og ber ábyrgð gagnvart brunamálastjóra á framkvæmd og starfsemi Brunamálaskólans. Við ráðningu skólastjóra Brunamálaskólans skal brunamálastjóri jafnframt leita eftir tillögu skólaráðs.

Ég skil þessa grein, þ.e. 9. gr. og skýringar með henni þannig að skólaráð muni móta talsvert framtíð Brunamálaskólans. Ég les greinina þannig að skólaráðið verði líka mótandi um mannahald og ráðningamál, að ráðið og skólinn verði sjálfstæðari sem sérstök deild eins og málum er skipað hér en hingað til hefur verið. Ég spyr hæstv. umhvrh. hvort það sé ekki rétt skilið að fyrir utan að brunamálastjóri leiti eftir tillögum skólaráðs við ráðningu skólastjóra verði skólaráðið líka með mannahald og ráðningarmál hjá sér. Ég spyr um þetta.

Það eru ýmis nýmæli í þessu frv. fyrir utan betri verkaskiptingu. Í 14. gr. þar sem kveðið er á um samvinnu sveitarstjórna um brunamál er nýmæli sem varðar bráðabirgðaákvæði I, að Brunamálastofnun fái heimild til að veita í fimm ár tímabundinn fjárstuðning til sveitarfélags sem sameinast um starfsemi eldvarnaeftirlits og slökkviliðs. Ég mundi gjarnan vilja fá að heyra meira um þennan þátt. Er þarna kannski átt við stærri sveitarfélög sem eru þegar með slökkvilið og sameinast minni sveitarfélögum um þá starfsemi? Er í einhverjum tilfellum um það að ræða að sveitarfélög sem hafa ekki verið með slökkvilið sameinist og komi sér upp slökkviliði, þessi smærri? Hvað er það nákvæmlega sem menn eru þarna að sjá fyrir?

Það er kveðið á um að ákveðinn mismunur á álögðu brunavarnagjaldi og árlegum kostnaði við rekstur Brunamálastofnunar verði veitt til þessara styrkja. Árið 1999 nam þessi mismunur 14 millj. kr. Verður styrkur veittur til að kaupa tæki, slökkviliðsbifreiðar eða önnur tæki sem slökkvilið þarf að hafa? Verður styrknum veitt til reksturs? Það sér maður ekki á greininni eða útlistun á henni. Mér finnst mjög mikilvægt að sveitarfélög semji sín á milli um sameiginlegt eldvarnaeftirlit og slökkvilið. Ég er sannfærð um að ef skipa á þessum málum vel þá á að vera með fá en öflug slökkvilið, auðvitað þannig að þau nái til allra staða sem þeim er ætlað að þjóna. Þau yrðu fremur fá og öflug og mundu sameinast bæði um rekstur og tæki. Mér finnst þetta ákvæði mikilvægt en vil gjarnan heyra hver hugsunin er varðandi það sem ég hef nefnt.

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frv. Það jafngildir þó ekki því að ég lýsi yfir fullum stuðningi við öll ákvæði þess. Ég legg mikla áherslu á að umhvn. skoði það vel. Þetta er talsverður lagabálkur um mál sem hafa verið erfið. Það hefur verið talsverður ágreiningur um verkaskiptingu og sjálfstæði þeirra stofnana sem tengjast brunavörnum og slökkviliðum, ekki síst Brunamálastofnunar og Brunamálaskólans. Þess vegna er afar brýnt að nú þegar þetta mál kemur til kasta löggjafafns þá förum við í það vandlega og gætum að því að málum verði skipað eins og best verður á kosið.

Þess vegna lýsi ég því yfir að ég mun hvetja til þess að Samfylkingin leggi sitt af mörkum til að skoða þessi mál mjög vel. Mér þykir gott að það skuli koma til umræðu áður en nefndavikan hefst þannig að mögulegt sé að afgreiða þetta mál fyrir vorið. Svo mikilvægt tel ég þetta mál vera.

[11:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Frv. til laga um brunavarnir sem við ræðum hér felur í sér nokkrar umbætur frá því sem verið hefur. Lengi vel var lenska hér á landi að hafa stjórnir yfir opinberar stofnanir og síðan forstjóra sem ekki heyrði undir stjórnina. Þannig var þetta iðulega og olli því að skipuritið var afskaplega óhreint. Það var ekki á hreinu hver réð og hver bar ábyrgð. Þetta hefur valdið miklum deilum milli stjórnar stofnana sem oft telur að hún eigi að stjórna og hins vegar forstjórans sem telur að hann hlýði eingöngu ráðherra.

Í 8. gr. þessa frv. er ráðin bót á þessu og lagt til að brunamálastjóri heyri beint undir ráðherra og það sé ekki stjórn yfir stofnuninni. Mér finnst það sé rétt. Annaðhvort höfum við stjórn sem ræður forstjóra og ber ábyrgð gagnvart ráðherra eða þá að forstjórinn heyri beint undir ráðherrann svo að skipuritið sé hreint. Þetta kemur í veg fyrir alls konar vandkvæði og deilur þannig að þetta er til mikilla bóta.

Við Íslendingar búum við að hér er frekar lítið um brunatjón. Þetta er eitthvað um 700 millj. kr. tjón að jafnaði á ári. Árlega farast um 1–2 í brunatjónum sem eru að sjálfsögðu einum til tveimur of mikið. Því er sjálfsagt að reyna að halda vel á brunavörnum almennt.

Hins vegar finnst mér, herra forseti, dálítið merkilegt sem kemur fram í umsögn fjmrn. sem segir að gjaldið hafi undanfarin ár gefið meiri tekjur en sem nemur rekstri Brunamálastofnunar. Það eru svona 13 millj. kr. á ári og það er eins og menn hafi sest niður og reynt að eyða þessu eins og mögulegt var í staðinn fyrir að huga að því að lækka skattinn á húseigendur.

Sama kemur í umsögn um 37. gr. Þar er þessi skattlagning ákvörðuð 0,045 prómill af vátryggingarfjárhæð. Þar kemur fram að það hafi verið afgangur af þessu gjaldi undanfarin ár og nú ætli menn fram til ársins 2005 að reyna að koma þeim afgangi í lóg.

Nú er þetta ekki stór gjaldaliður hjá húseigendum, 450 kr. af 10 millj. kr. íbúð. Margur mundi segja að munaði nú ekkert um það. En þeir eru svo margir, pinklarnir sem búið er að hengja á húseigendur. Þetta er einn molinn í viðbót og þyrfti að huga að því hvort hann megi lækka með betri rekstri og ódýrari á þessu sviði.

Gert er ráð fyrir að það eigi að styðja sveitarfélög til að sameinast um rekstur slökkviliða o.s.frv. og allt gott um það að segja. Vonandi lækkar það tíðni brunatjóna enn frekar. En ég vil geta þess að Brunabótafélag Íslands stendur í svipaðri starfsemi með sína miklu sjóði, sem sumir telja að það hafi ekki fengið löglega frá eigendum sínum. Þar er ákvæði um að sveitarfélögin erfi borgara sína sem sumir telja að sé ekki alveg í samræmi við stjórnarskrána. Hér á hinu háa Alþingi hefur verið flutt frv. um að leggja niður Brunabótafélag Íslands og greiða þær eigur sem þar eru inni til lögmætra eigenda. En það er annað mál. Þeir eru sem sagt líka að veita styrki til sveitarfélaga til þess að efla brunavarnir þannig að þetta skarast nú eitthvað.

En mér finnst, herra forseti, að þegar í ljós kemur að skattur til að standa undir ákveðnum verkefnum er of hár þá eigi menn ekki síður að huga að því að lækka skattinn fremur en endalaust að reyna að koma honum í lóg með því að fjölga verkefnum.

[11:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Þær hafa að mínu mati verið frekar jákvæðar. Hér hefur verið bent á að þetta er mjög þýðingarmikið frv. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði tvívegis óvart að frv. ætti að fara til félmn. Það er mjög eðlilegt að hún skyldi segja það þar sem einungis tvö ár eru síðan þessi málaflokkur fór frá félmrn. yfir í umhvrn. Brunamálastofnun tilheyrir núna umhvrn. og þetta frv. mun fara til umfjöllunar í umhvn.

Það er einnig rétt sem hér var sagt að Brunamálaskólinn hefur haft mjög óljósa stöðu samkvæmt lögum. Það hefur ekki verið minnst á skólann í lögum en nú er bætt úr því. Ég tel að hér sé málefnum hans mjög vel fyrir komið og vil taka fram að samráð var haft við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna varðandi ákvæði Brunamálaskólans og reynt að skoða öll sjónarmið sem þar komu fram. Auðvitað kom til umræðu að hafa skólann alveg sjálfstæðan og sumir telja að það sé æskilegt. Hins vegar ber að hafa í huga að Brunamálastofnun hefur yfir mikilli fagþekkingu að ráða varðandi þessi mál og okkur þótti eðlilegt að skólinn yrði sérstök deild innan stofnunarinnar en skólinn hefur þó mjög mikið sjálfstæði eigi að síður. Skólaráðið mun hafa mjög mikil og mótandi áhrif á starfsemi skólans og mun einnig koma með tillögur, t.d. um ráðningu skólastjóra Brunamálaskólans. Það er rétt sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á, að Brunamálaskólinn mun hafa mikið sjálfstæði miðað við texta frv.

Við sameiningu slökkviliða á að taka gjaldið sem runnið hefur í ríkissjóð, þ.e. mismuninn á innheimtugjaldi og því sem fer til reksturs Brunamálastofnunar sem var um 13–14 milljónir á yfirstandandi ári, og láta renna til þeirra sem vilja fara í sameiningar á slökkviliðum eða eldvarnaeftirliti. Að sjálfsögðu verða sveitarfélögin að segja til um hvað þau vilja sjálf en þetta er aðallega hugsað þannig að lítil sveitarfélög muni nýta sér féð. Meginmarkmiðið er að hin minni sveitarfélög skoði ofan í kjölinn hvort ekki sé æskilegt að þau sameinist t.d. um rekstur slökkviliða. Þá gæti t.d. orðið einn slökkviliðsstjóri yfir slökkviliðum sem núna hafa verið rekin í tveimur hlutum og hægt yrði að sameina í slökkvilið á tveimur svæðum í eitt. Þetta væri hugsanlegt og þetta ákvæði snýr að því að aðstoða sveitarfélög og hvetja til að sameina eldvarnaeftirlit eða slökkvilið. Í sérhæfðum málum eins og starf slökkviliða og eldvarnaeftirlit svo sannarlega eru er talið að því stærri sem einingarnar séu þeim mun sterkari geti þær orðið.

Varðandi spurningu frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um styrkinn sjálfan, hvort hann yrði veittur til tækjakaupa eða til reksturs, þá er ekki búið að útfæra það endanlega. Það kemur fram í bráðabirgðaákvæði að umhvrh. mun setja reglur varðandi þessa styrki eftir umsögn Brunamálastofnunar. Þannig getur vel komið til greina að niðurstaðan verði að veita bæði styrki til tækjakaupa og til reksturs. Það er eitthvað sem menn verða að skoða út frá þeim upphæðum sem við munum hafa handa á milli til að hvetja sveitarfélögin til að sameinast um þessi mál. Þetta þarf að skoða sérstaklega hjá Brunamálastofnun og umhvrh. mun taka tillit til þeirrar ráðgjafar sem þar fæst.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði að Samfylkingin teldi mjög æskilegt að skoða málið vel í umhvn. og að það væri það miklvægt að æskilegt væri að ná því fram á yfirstandandi þingi. Ef það tekst, sem ég vona sannarlega því að mínu mati er um mjög mikið framfaramál að ræða, þá mundu lögin taka gildi um næstu áramót. Ef það tekst ekki að ná því fram núna verður frv. væntanlega lagt fram aftur í haust. Það má sjá fyrir sér að við náum því í gegn fyrir jól og þá taka lögin gildi á svipuðum tíma. En það væri mjög æskilegt að fá þetta í gegn á yfirstandandi þingi svo að þeir sem búa við þetta lagaumhverfi viti alveg hvað er fram undan. Ég deili þeim skoðunum sem hér hafa komið fram, að æskilegt væri að ná frv. fram á yfirstandandi þingi en ég geri mér líka grein fyrir því að það eru fjölmörg mál í nefndunum sem þarf að afgreiða.

Hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á atriði sem eðlilegt er að draga fram en samkvæmt þessu frv. leggjum við niður stjórn Brunamálastofnunar. Hún verður aflögð og í staðinn munum við hafa brunamálaráð sem mundi verða brunamálastjóra til ráðgjafar en hefði ekki frekari völd en að vera ráðgefandi. Í dag hefur stjórnin miklu sterkara hlutverk og að mínu mati er rétt að hafa beint ábyrgðarsamband milli ráðherra og forstjóra viðkomandi stofnunar. Það hefur verið stefnan í stjórnsýslunni að leggja niður stjórnir. Það er t.d. engin stjórn yfir Náttúruvernd ríkisins, engin stjórn yfir Hollustuvernd ríkisins o.s.frv. Þetta skapar mun betri uppbyggingu eða strúktúr á stofnunum og ábyrgð á milli forstjóra og ráðherra. Því er það lagt til að stjórn Brunamálastofnunar verði lögð

niður en í staðinn komi brunamálaráð. Hins vegar er umdeilanlegt hvort yfirleitt eigi að vera brunamálaráð eða ekki. En vegna þess hve málaflokkurinn er sérhæfður og óska ýmissa aðila um að hafa aðgang að þeirri stofnun, þó ekki væri nema í formi faglegrar ráðgjafar, þá ákváðum við að leggja til að hafa brunamálaráð sem á að geta styrkt stofnunina með faglegri ráðgjöf.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir þessar umræður. Ég tel þær hafa verið jákvæðar og uppbyggilegar og vona að málið fái góða umfjöllun í umhvn. og náist í gegn á yfirstandandi þingi.

[11:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru auðvitað ákveðin rök fyrir því að ég hef mikinn áhuga á því að þetta mál vinnist vel. Ráðherrar jafnaðarmanna komu að uppbyggingu Brunamálastofnunar og við höfum fylgt þeim málum eftir með fyrirspurnum um álitamál hin síðari ár. Við þekkjum mjög vel söguna og hvar hefur steytt á steini, ef svo má að orði komast.

Mér finnst það ekki alveg ljóst af svörum ráðherrans hver staða skólans er. Það kemur fram að tillaga kemur frá skólaráði um skólastjóra. Ég spurði: Hvað með aðra starfsmenn skólans? Er það skólastjórinn sem ræður til sín fólk? Er það skólaráðið sem ræður hverjir verða ráðnir til skólans eða er það brunamálastjóri sem ræður fólk til skólans?

Varðandi reglugerðna um styrkinn og hvort e.t.v. verði veittir styrkir bæði til tækjakaupa og reksturs þá skil ég alveg að eftir eigi að útfæra það. En það leiðir auðvitað hugann að því sem oft er rætt í nefndum þingsins og hér á Alþingi í umræðu. Í raun þyrftum við að þróa mál okkar þannig að reglugerðir fylgi lagafrumvörpum. Það er oft mjög erfitt að sjá hver túlkun laganna verður í fyllingu tímans og reglugerðir eru stundum á jaðrinum við að styðjast við lög.

Ég vil líka spyrja varðandi brunamálaráðið: Nú verður stjórn Brunamálastofnunar aflögð en er einhver stefnumörkin í gangi hjá ríkisstjórninni til að stokka þetta almennt upp? Við erum sums staðar með stjórnir yfir stofnunum. Á að skoða hvar stjórnir verði og hvar ráð verði eða er þetta bara í höndum viðkomandi fagráðherra á hverju sviði?

[11:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi mannaráðningar til Brunamálaskólans þá er ljóst að skólinn verður deild innan Brunamálastofnunar. Hann er ekki skóli úti í bæ þannig að brunamálastjóri mun bera endanlega ábyrgð á mannaráðningum til skólans sem deildar innan Brunamálastofnunar. Brunamálastjóri verður að bera sömu ábyrgð þar og gagnvart öðrum starfsmönnum sem ráðnir eru til stofnunarinnar.

Hins vegar er sérstaklega tekið fram í texta frv. að:

„Við ráðningu skólastjóra Brunamálaskólans skal brunamálastjóri leita eftir tillögu skólaráðs."

Þannig er gert ráð fyrir mjög miklu samráði varðandi ráðningu skólastjóra, þ.e. að leitað sé eftir tillögu frá skólaráðinu. Í textanum er einungis tekið til ráðningar skólastjórans en ekki ráðningar annarra kennara. Nýr brunamálastjóri mun taka við frá og með næstu áramótum þar sem búið er að gera starfslokasamning við núverandi brunamálastjóra. Ég á fastlega von á að leitað verði eftir sem bestu samráði við brunamálastjóra almennt um málefni skólans, að sjálfsögðu. Það er eðlilegt.

Varðandi það hvort almenn stefnumörkun sé að leggja af stjórnir í stofnunum þá man ég nú ekki til þess að ríkisstjórnin hafi sérstaklega tekið á því síðan ég bættist í þann hóp. En ég er almennt þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að beint ábyrgðarsamband sé á milli ráðherra og forstjóra stofnunar. Ég tel að það hafi reynst vel í þeim tilvikum sem við höfum lagt niður stjórnir. Því legg ég til að brunamálstjórn verði lögð niður. Það getur skapast núningur á milli stjórnar og ráðherra, stjórnar og forstjóra og ég tel miklu eðlilegra að hafa þarna beint samband á milli.

[11:29]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil nú fyrst af öllu fagna framlagningu þessa frv. til laga um brunavarnir. Hér eru á ferðinni býsna mikilvæg mál þó ekki séu þau daglega á dagskrá á hinu háa Alþingi eða í hinni almennu umræðu. Engu að síður eru hér miklir hagsmunir á ferð, öryggisþjónusta sem nauðsynlegt er að hafa í sem bestu lagi frá einum tíma til annars.

Herra forseti. Áður en ég vík tali að einstökum greinum frv. og innihaldi þess þá vil ég taka fram að held ég að við höfum gegnum árin búið býsna vel hvað þennan öryggisþátt varðar. Þó að stundum hafi staðið stormar um t.d. Brunamálastofnun ríkisins og hún verið í almennri umræðu, að minni hyggju, um aukaatriði, þá þekki ég það vel til innan búðar að þar hefur verið mikill metnaður ríkjandi og veruleg uppbygging á ferð. Ég nefni til sögunnar eitt atriði þar sem við stöndum miklum mun framar en flestar aðrar þjóðir og það er kortlagning bygginga, skoðun þeirra með eldvarnaeftirlit í huga og gagnabanka sem komið hefur verið upp í Brunamálastofnun og hjá einstökum slökkviliðum um til hvaða bragða ætti að grípa þegar og ef óhapp gerist. Ég held að ég geti fullyrt það, herra forseti, að við stöndum talsvert framar nágrannþjóðum okkar hvað þetta varðar og kannski njótum við fámennisins í því sambandi.

Í þessum efnum er auðvitað aldrei nóg að gert og fræðslustarfsemi og fyrirbyggjandi aðgerðir af þessum toga munu því miður aldrei koma í veg fyrir að óhapp verði.

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. og finnst sitt hvað horfa til betri vegar og fjölmargt þar skýrt. Það eru þó nokkur atriði sem ég staldra við og af því að í orðaskiptum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og hæstv. umhvrh. var staldrað við stjórnarfyrirkomulag þessarar stofnunar, þá dugir mér sú röksemd ekki að það passi betur í strúktúrinn, eins og hæstv. umhvrh. orðaði það, að breyta stjórn í ráð, breyta virkri stjórn sem skipuð er af hagsmunaaðilum, slökkviliðsmönnum og sjúkraflutningamönnum, fulltrúum ráðherra og tryggingafélaga í ráð, sjö manna ráð sem er því sem næst valdalaust og er í raun valdalaust ef við segjum það eins og það er, enda áttar maður sig á því þegar samsetning ráðsins er skoðuð að semjendur frv. hafa lent í vandræðum með að setja það saman. Það má til sanns vegar færa að Samtök atvinnulífsins eigi þarna fulltrúa vegna þess að stóru byggingarnar eru yfirleitt í eigu fyrirtækja, en hvar eru þá fulltrúar almennra húseigenda? Menn hafa auðvitað lent í tómum vandræðum með að fylla þarna töluna sjö með vitrænum hætti.

Ég tel að miklu meiri metnaður verði innan búðar hjá stjórn þessarar stofnunar ef hún hefur þar völd. Það er mín reynsla, þvert á það sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan, og menn skulu ekki flýja þau vandamál sem geta komið upp, að stjórnir verði ekki endilega ráðherra þóknanlegar, verði ekki endilega þóknanlegar brunamálastjóra eða forstjóra stofnunar. Þær eiga ekki að vera það. Þær eiga að stjórna samkvæmt faglegum metnaði og samkvæmt þeim fjárhagslega ramma sem þessum stjórnum eru skapaðar.

Þess vegna gef ég ákaflega lítið fyrir það að væntanlegur brunamálastjóri, samkvæmt þessari nýskipan mála, þurfi á einhverju beinlínusambandi við ráðherra að halda. Þessi stofnun er ekki það stór í mannahaldi og peningum að það kalli á einhverja beina stýringu hæstv. ráðherra í þeim efnum. Ég vil segja, svo að það sé hér fyrirliggjandi, að yfirleitt hafa bein afskipti ráðherra af undirstofnunum eins og Brunamálastofnun er ekki haft í för með sér farsæld og hamingju, þvert á móti. Yfirleitt hefur það verið best að ráðherrar skipti sér sem minnst af slíkum stofnunum ef nokkur kostur er og að stjórn þeirra hafi með höndum reksturinn, mannahaldið og hina faglegu uppbyggingu. Ég segi því, herra forseti, að ég er ekki sammála þessari nálgun mála. Mér finnst hún satt að segja dálítill flótti frá veruleikanum og jafnvel flótti frá viðfangsefnum skulum við segja.

Hæstv. ráðherra hefur væntanlega tök á því að rökstyðja eilítið betur en hún gerði áðan hvers vegna þessi breyting er gerð. Það dugir heldur ekki að vísa til annarra hliðstæðra stofnana og segja að þetta sé þróun mála og passi betur við hinn eðlilega strúktúr. Það dugir engan veginn. Við verðum að horfa á málið eins og það er og það er einfaldlega þannig að stjórn Brunamálastofnunar ríkisins hefur verið virk og hefur skipt máli. Á hana hefur verið hlustað inn á við og út á við, en eftir þetta verður það ekki gert.

Ég vil enn fremur undirstrika að stjórn þessarar stofnunar hefur virkað þyngra í hinni almennu umræðu einmitt sem þrýstiaðili gagnvart ráðuneyti um tiltekna hluti af þessum sökum jafnvel þótt einn af þremur hafi verið skipaður af ráðherra sjálfum.

Ég vil einnig, eins og aðrir hafa gert, staldra örlítið við Brunamálaskólann sem ég tek undir að mikilvægt er að festa í lög og reyna að skilgreina betur en gert hefur verið. Hins vegar hefur Brunamálaskólinn þrátt fyrir þessa óljósu ytri umgjörð og vöntun á lagagrundvelli verið að vinna þrekvirki og þar hafa mál gengið mjög vel fram í alla staði þrátt fyrir óljósan lagaramma. Það er því fagnaðarefni út af fyrir sig að skapa honum þann sess sem honum ber.

Í markmiðssetningu í 9. gr. og síðan aftur í 17. gr. er varðar hæfi og löggildingu slökkviliðsmanna sem hangir hvað með öðru, þá sakna ég þess örlítið að hengja það ekki á Brunamálaskólann í lagatexta að honum beri líka að vera lykilatriði hvað varðar endurmenntun og símenntun slökkviliðsmanna. Í lagatextanum er eingöngu kveðið á um mikilvægi þess að forsenda þess að menn fái löggildingu sem slökkviliðsmenn sé sú að þeir hafi farið í gegnum skólann en ég vil einnig sjá það sem hlutverk skólans í lagatexta að símenntun og endurmenntun sé þar mikilvægur þáttur.

Einnig og ekki síður þurfum við að velta örlítið vöngum yfir því hvert hlutverk Brunamálaskólans í þessu samhengi andspænis eðlilegri starfsemi Brunamálastofnunar er varðandi námskeiðahald hjá slökkviliðum. Ég nefndi áðan að Brunamálastofnun hefði verið virk í ýmsu og m.a. í námskeiðahaldi hringinn í kringum landið. Ekki síst hefur það skipt miklu hjá hinum litlu slökkviliðum sem eru mörg hver fámenn, sum jafnvel ekki með fasta starfsmenn, jafnvel ekki hálft stöðugildi, heldur byggja á áhugamannaliðum sem kölluð eru til ef óhöpp verða. Ég hefði viljað sjá eilítið betur neglt niður í lagatexta hvernig Brunamálaskólinn og eftir efnum og ástæðum stofnunin sjálf ætlar að koma að þeim atriðum, fræðslu og kennslu, sem eru svo snar þáttur í núverandi starfsemi stofnunarinnar.

Í 16. gr. eru fræðslu- og þjálfunaratriði í brunavörnum sett á herðar slökkviliðsstjóra fyrst og síðast og það er út af fyrir sig alveg rétt að þetta frumkvæði verður að koma að heiman hjá slökkviliðsstjórunum sjálfum, hjá liðunum sjálfum en engu að síður sýnir reynslan, sérstaklega á minni stöðum, að það er ákaflega gott og nauðsynlegt að hvatinn komi frá Brunamálastofnun og eftir efnum og ástæðum Brunamálaskólanum.

Hér hafa menn rætt sameiningu slökkviliða og sameining virðist vera lykilorð í einu og öllu sem menn koma nærri. Hún á við í fjölmörgum tilfellum og er af hinu góða, sérstaklega hvað varðar samnýtingu tækjabúnaðar þegar það á við og því er unnt við að koma varðandi þjálfun, skoðanaskipti o.s.frv. En ég vara við því og vek á því athygli að hér erum við að tala um ákaflega sérhæfða þjónustu, öryggisþjónustu, og falsöryggi í þeim efnum er verra en allt annað. Menn vinna ekki sigur á öryggi nu í þessum efnum með sameiningu einni saman. Í því sambandi get ég ekki látið hjá líða, herra forseti, að víkja talinu að sameiningu sem hefur verið mjög í umræðu á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. sameiningu slökkviliða Hafnarfjarðar og Garðabæjar við Reykjavíkurliðið. Mér finnst ekki einsýnt að sú sameining gangi fram. Það eru auðvitað sveitarstjórnarmennirnir sem ráða því en ég hef gjarnan sagt sem svo að eðli máls samkvæmt verður það þannig á þessum vettvangi eins og öðrum að jaðarbyggðir munu mæta afgangi í þeim efnum. Í þessu samhengi vil ég segja að ég tel algert grundvallaratriði að gengið sé frá því til langframa að jaðarbyggðir sem í þessu tilfelli við sameiningu slökkviliða Hafnarfjarðar og Reykjavíkur yrðu náttúrlega suðurhluti svæðisins og síðan eins og verið hefur ofanbyggðir Reykjavíkur, Kjalarnes o.s.frv. haldi óbreyttri þjónustu. Þetta er því ekki alveg jafnborðleggjandi og menn gætu haldið fyrir fram.

Einnig verða menn að átta sig á því úti á landi á hinum smærri stöðum að sameining slökkviliða yfir fleiri tuga eða hundruð kílómetra svæði er í raun engin sameining. Heimamenn í viðkomandi þéttbýli á hverjum stað munu bera hitann og þungann af því ef eitthvað kemur upp á. Menn verða því að tala um sameiningu í ljósi veruleikans og hann er sá sem ég lýsti hér áðan. Ef menn tala hins vegar um dreifbýlið verður að játa að það er bara allt annað að tala um brunavarnir og öryggismál í þeim efnum í þéttbýlinu á suðvesturhorninu annars vegar og í hinum litlu byggðum úti á landi hins vegar. Þar eru þessi mál allt öðruvísi og hafa gengið fram með ég vil segja ótrúlega góðu móti vegna þess að þar hafa einstaklingar búið sem hafa lagt sig fram til að tryggja þá þjónustu á viðkomandi stöðum án þess að fá mikið endurgjald fyrir nema klapp á bakið og traust og trúnað samborgara sinna og ástæða er til að halda því til haga því þessir hlutir gerast auðvitað ekki sjálfkrafa. Þess vegna er mikilvægt að Brunamálastofnun viðhaldi og haldi áfram því mikilvæga viðhalds- og uppbyggingarstarfi sem hún hefur sýnt og lagt af mörkum varðandi hinar dreifðu byggðir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vildi bara með þessu stutta innleggi mínu undirstrika að hér er á ferðinni mjög mikilvægur málaflokkur sem lýtur að varðveislu efnislegra verðmæta og ekki síður öryggi gagnvart lífi og limum fólks og í þeim efnum má ekkert til spara.

[11:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. umhvrh. í andsvari við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og einnig þeirra

orða sem féllu hjá síðasta ræðumanni um stjórnir og forstöðumenn ríkisstofnana þá sagði hæstv. umhvrh. að hún teldi eðlilegt að forstöðumenn heyrðu beint undir ráðherra. Það er svo sem sjónarmið út af fyrir sig, en mér finnst að ekki eigi að útiloka almennt að ráðherra skipi stjórnir til þess að stjórna stofnunum og stjórnirnar ráði síðan framvæmdastjóra eða forstöðumenn sem heyri þá alfarið undir stjórnirnar. Þá er skipuritið í lagi og ábyrgðin á hreinu. Það sem er verst er það sem menn hafa verið að gera undanfarna áratugi á Íslandi, að ráðherra skipi forstöðumenn og jafnframt séu settar stjórnir yfir stofnanirnar. Forstöðumaðurinn telur að sjálfsögðu þar sem hann er ráðherraskipaður að hann hafi allt með rekstrinn að gera og stjórnirnar telja í skjóli nafns síns, þ.e. stjórn, að þeim beri að stjórna. Þarna geta orðið árekstrar og hafa orðið árekstrar á undanförnum árum eins og við þekkjum. Ég tel mjög mikilvægt að skipuritið sé hreint, annaðhvort skipi ráðherrann stjórn yfir stofnanir og stjórnin ráði síðan forstöðumenn yfir stofnunina sem ber þá ábyrgð gagnvart stjórninni alfarið eða að ráðherra skipi forstöðumann beint sem ber þá ábyrgð gagnvart ráðherranum. Sú breyting sem hér er lögð til er því til bóta. Hún hefði getað verið á hinn veginn, þ.e. ráðherra skipaði stjórnina alfarið og stjórnin réði síðan forstöðumanninn á sína ábyrgð. En eins og ég gat um er það verst þegar bæði stjórn og forstöðumaður telja sig þurfa að ráða, þannig að þessi breyting er til bóta.

Við þekkjum nokkur dæmi enn í kerfinu þar sem stjórnir eru til hliðar við forstöðumenn og eitt stærsta dæmið er náttúrlega stjórnarnefnd Ríkisspítalanna sem í krafti nafns síns telur náttúrlega að hún eigi að stjórna. En jafnframt er forstöðumaður sem heyrir beint undir ráðherra og ef árekstur verður þarna á milli, þá er spurningin hvor þeirra eigi að ráða. Þetta fyrirkomulag tel ég að hafi kostað hundruð milljóna í óþarfa útgjöldum vegna þess að stjórnunin er ekki nógu markviss.

Ég vildi bara koma þessu að, herra forseti, vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið um stjórnir og forstöðumenn ríkisstofnana.

[11:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það eru nokkur atriði sem hér hafa komið fram í umræðunni sem ég vil nefna sérstaklega. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur miklar efasemdir um að réttmætt sé að afnema stjórnina. Hann tíndi það til að þar sem stjórnir eru þar sé meiri metnaður. Ég hef ekki séð neitt samhengi á milli þess að þar sem stjórnir eru sé meiri metnaður en þar sem ekki eru stjórnir. Ég sé þar ekkert samhengi.

Ég tel best að hafa ábyrgðarsvið forstjóra mjög skýrt og þar sé ekki stjórn sem er hálfgerður millilíður á milli forstjóra og ráðherra. Það skapar mörg grá svæði og þurrkar út ábyrgð t.d. forstöðumannanna eða þurrkar út ábyrgð stjórna á hinn bóginn. Því er betra fyrir starfsemina að hafa ekki stjórn og ég held að nú sé þannig komið að einungis ein stofnun undir umhvrn. hafi yfir sér stjórn. Ef ég man rétt er aðeins stjórn yfir Landmælingum ríkisins. Það var réttlætt að einhverju leyti með flutningi þeirrar stofnunar, að hafa þyrfti stjórn til að fylgjast með henni. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um að viðhalda eigi þeirri stjórn og mun endurskoða það.

Varðandi skólann þá var hér rætt um endurmenntun og símenntun. Það má segja að farskólinn hafi að einhverju leyti sinnt þessu með starfsemi sinni undanfarið. Farskólinn verður hluti af Brunamálaskólanum. Í dag er farskólinn rekinn sjálfstætt frá Brunamálaskólanum má segja en skólarnir verða felldir í einn og sama skólann með þessum breytingum. Hér má einnig benda á að skólaráðið er Brunamálastofnun til ráðgjafar um fagleg og rekstrarmálefni skólans og ber ábyrgð gagnvart brunamálastjóra og framkvæmd á starfsemi Brunamálaskólans. Ég hef því ekki áhyggjur af þessari sí- og endurmenntun þar sem skólaráðið mun hafa mikið um starfsemi skólans að segja. Ég tel því að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessu.

Varðandi sameiningu slökkviliða þá er það rétt að ekki er eðlilegt að sameina slökkvilið sem mjög langt er á milli en sveitarfélögin ráða þessu. Hér er enginn að þvinga sveitarfélögin til eins né neins. Við erum að hvetja sveitarfélögin til þess að skoða þetta og ætlum að bjóða upp á fjárhagsstuðning til þess að gera þetta mögulegt. Ég tel að við séum að stíga mjög jákvætt skref sem mun auka öryggi fólks gagnvart eldsvoðum og minnka eignatjón.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að menn mundu ekki sigra á sameiningunni einni saman. Mér fannst þetta nokkuð skondið þar sem ég veit ekki betur en Samfylkingin er svona að mörgu leyti hugsuð þannig. (**GÁS:** ... á sameiningu einni saman.) Á sameiningu einni saman, það eru þau rök sem flokkarnir sem eru að sameinast í Samfylkingunni hafa notað, að sameinast í einn stóran flokk til þess að hafa eitthvert afl. Það má segja að hið sama gildi um þetta. Með því að sameinast eru talsverðar líkur á því að hægt sé að auka öryggi og minnka eignatjón. En þetta þarf að skoðast í hverju tilfelli fyrir sig.

Varðandi falska öryggið sem hv. þm. kom inn á þá vil ég taka undir það að maður skyldi ekki skapa falskt öryggi. Ég vil hins vegar benda á ákvæði í 13. gr. Þar eru nýmæli um brunavarnaráætlun en þar segir að á hverju starfssviði slökkviliðs skuli liggja fyrir brunavarnaráætlun sem hlotið hafi samþykki Brunamálastofnunar. Hana á að endurskoða á fimm ára fresti. Áætlunin á að tryggja að slökkvilið er þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin samkvæmt þessum lögum. Með brunavarnaáætluninni styrkjum við verulega starfsemina og aukum öryggið um leið. Hér er um nýmæli að ræða sem hefur mjög mikið að segja.

Það er rétt sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði um að við höfum búið frekar vel í þessum málefnum. Það hefur verið sýnt fram á að hér er minna um brunatjón en í nágrannalöndunum. Það er talið vera vegna þess að hlutfall gamalla húsa er lágt. Steinsteypa er algeng. Það er lítið um stórar byggingar og mörg sérbýli þannig að okkur hefur farnast nokkuð vel hér varðandi þessi mál.

[11:51]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt. Vegna sameiningar slökkviliða annars vegar og samfylkingarmanna hins vegar, vil ég taka fram að Samfylkingin var ekki stofnuð til þess að auka öryggi og minnka eignatjón. Það er hins vegar markmiðið með sameiningu slökkviliða þannig að þar á ekki alveg hið sama við.

Svo ég víki að málefni dagsins þá vil ég bara undirstrika ákveðin atriði. Ég heyri að ég og hæstv. ráðherra erum ekki sammála og verðum það ekki. En þessi málaflokkur er þeim sérkennum búinn að í stjórn stofnunarinnar hafa setið fulltrúar tryggingafélaga. Af hverju það? Vegna þess að þar fara sameiginlegir hagsmunir. Það er mjög mikilvægt fyrir tryggingafélögin að halda tjónum í lágmarki. Þau hafa lagt

sig fram um það og verið í samstarfi við Brunamálastofnun eða einstök slökkvilið og einnig unnið að því starfi á eigin vegum. Það var kannski ekki síst með tilvísan til þess að ég vakti athygli á mikilvægi þess að metnaðurinn væri til staðar, að menn upplifðu sig ekki í einhverju ráði, valdalausa og allslausa, segjandi hitt og annað meðan algerlega væri undir hælinn lagt hver hlustaði, hvort brunamálastjóri eða forstjóri gerði það, hvað þá ráðherra. Þessi ráð eru auðvitað í lausu lofti. Við skulum bara horfast í augu við það. Þau hafa enga stöðu og spurningin er þá: Til hvers eru þau? En nóg um það.

Ég vonast sannarlega til þess að sí- og endurmenntun verði haldið vel til haga í Brunamálaskólanum. Þar koma þó líka inn í þættir eins og kostnaður. Litlu slökkviliðin hafa ekki efni á því að senda menn til langrar dvalar. Það eru þættir sem við þurfum að gaumgæfa mjög vel, annaðhvort í lagatexta eða í athugasemdum með frv. Það þekki ég vel.

Að lyktum vil ég segja að það eru fjölmargir sem að málinu koma. Brunabótafélag Íslands er einn þáttur sem ekki má vanmeta varðandi uppbyggingu og tækjabúnað slökkviliða vítt og breitt um landið. Þar breytir engu sífelld andstaða Sjálfstfl., herra forseti, við það félag.

[11:53]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Með þessu frv. erum við að stíga jákvætt skref fram á við. Ef eitthvað er þá fækkar tjónum verði þetta frv. að lögum. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem talaði hér fyrr í dag, teldi málið vera til framfara og meira að segja að Samfylkingin mundi frekar mælast til að ná málinu í gegn á yfirstandandi þingi.

Varðandi brunamálaráð þá hefur það skýrt hlutverk samkvæmt textanum. Það á að vera Brunamálastofnun og brunamálastjóra til faglegrar ráðgjafar. Að mínu mati er ekki eðlilegt að hafa stjórn yfir þessari stofnun frekar en yfir öðrum stofnunum. Maður spyr sig: Af hverju ætti þá ekki að vera stjórn yfir öllum stofnunum? Ég styð ekki þá stefnu og vil draga fram að nokkuð mikil sátt ríkir um frv. hjá öllum hagsmunaaðilum og öðrum sem málið varðar.

Varðandi það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði um að lítil sveitarfélög hefðu ekki efni á að senda menn til langrar dvalar þá áttaði ég mig ekki alveg á þeim skilaboðum. Ég vildi gjarnan að hv. þm. notaði tækifærið í andsvari til að skýra það nánar.

[11:54]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti við það að Brunamálaskólinn hefur verið vistaður á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir örsmá sveitarfélög munar um það að senda, jafnvel þó sé ekki nema einn maður, til dvalar hér. Það getur vel verið að búið sé að kippa þessu í liðinn. Ég man hins vegar eftir því að þetta var vandamál þegar námskeiðahald var annars vegar, þegar ég var virkur í sveitarstjórnarmálum. Það getur vel verið að búið sé að kippa þessu öllu í liðinn og þá er það gott og vel.

Ég segi hins vegar, herra forseti, um þessa ofurviðkvæmni hæstv. ráðherra hér ræðustól þegar hún vísar til ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, að hæstv. ráðherra má ekki falla í þann fúla pytt að halda að það eitt að ganga frá lagasetningu á Alþingi dragi úr eignatjóni, fækki dauðaslysum eða meiðslum um allt land. Þannig er veruleikinn ekki.

Herra forseti. Ég reynt að ræða þetta mál á málefnalegum grunni og ég nenni ekki að ræða meira um stjórn eða ráð. Það er aukaatriði af minni hálfu. Við erum að ræða lagarammann sem eftir á að fylla inn í. Ég var að reyna að velta upp ýmsum álitamálum sem mikilvægt er að hafa í huga þegar við setjum á blað lagatexta af þessum toga. Textinn er bara einn og sér. Það er síðan framkvæmdin og eftirfylgjan sem mestu skiptir, ekki síst í þessum málaflokki. Það er því alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að vera jafnhörundsára og hún virtist vera hér í ræðustólnum. Ég sagði það í ræðu minni að ég fagnaði framlagningu þessa frv. Mér sýnist í fljótu bragði að flest af því sem þar birtist horfi til bóta og gerði okkur betur í stakk búin til að ná árangri í þessum efnum. En það er ekkert í hendi í þeim efnum. Ný lög mega ekki skapa okkur falskt öryggi.

[11:56]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ágætt að fá þetta fram af mér hefur fundist mál hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar gagnvart þessu frv. frekar flutt á neikvæðum nótum. Það er þá misskilningur af minni hálfu og viðkomandi þingmaður fagnar framlagningu frv. Það er gott að heyra. Kannski er eðlilegt að benda á öll álitamálin og rétt að álitamálin eru að sjálfsögðu mörg þegar ráðist er í svo mikla endurskoðun.

Það er líka rétt að frv. tryggir ekki eitt og sér að við lendum ekki í einhverjum stórsköðum. En frv. á að tryggja að við búum við betra kerfi í málaflokknum en við búum við í dag. Að sjálfsögðu getum við lent í stórslysum eins og aðrar þjóðir en við reynum að minnka þá áhættu með þessu frv., með því að bæta stjórnun þessa málaflokks frá því sem er í dag.

Varðandi það að menn gætu ekki sent slökkviliðsmenn til langdvalar hér á höfuðborgarsvæðinu til að læra, þá hef ég ekki sérstakar áhyggjur af því. En ég hef orðið vör við að sumir hafa áhyggjur af því vegna þess að við erum að breyta Brunamálaskólanum. Það hefur verið starfandi farskóli sem hefur farið með tækjabúnað um landið og boðið upp á þjónustu þar. Það hefur tekist vel og er sniðugt fyrirkomulag að þurfa ekki ávallt að senda slökkviliðsmenn hingað suður til að stunda nám. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af þessu og ég býst við að þetta fyrirkomulag verði áfram við lýði. Það hefur reynst ágætlega.

Hins vegar er óeðlilegt að hafa þetta í tveimur aðskildum einingum eins og það er í dag. Með frv. verður Brunamálaskólinn þannig heildstæður skóli með mjög mikið sjálfstæði innan Brunamálastofnunar. Ég tel að menn þurfi ekki að hafa áhyggjur af sérstaklega miklum fjárútlátum vegna náms í Brunamálaskólanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 1. umr.

Stjfrv., 502. mál. — Þskj. 797.

[11:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Frv. gerir ráð fyrir að stofnað verði hlutafélag í eigu ríkisins sem taki við rekstri flugstöðvarinnar, rekstur Fríhafnarinnar verði sameinaður starfsemi flugstöðvarinnar og hlutafélagið yfirtaki eignir og skuldir stofnananna.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar var byggð á árunum 1983–1987. Með þeirri byggingu náðist það langþráða markmið að aðskilja borgaralegt flug hermálaþætti flugumferðar á Keflavíkurflugvelli. Langtímaskuldir stöðvarinnar vegna byggingarkostnaðar námu 2,4 milljörðum kr. árið 1988 en voru komnir upp í 4,1 milljarð kr. árið 1995. Tekjur stöðvarinnar dugðu engan veginn til að greiða niður þann skuldabagga. Því var gripið til þess ráðs árið 1997 að endurskipuleggja rekstur flugstöðvarinnar með það fyrir augum að auka rekstrartekjur hennar. Aðstaða til verslunar og veitingarekstrar í flugstöðinni var boðin út og leigutökum gert að greiða veltutengda leigu. Árangurinn lét ekki á sér standa og í lok árs 1998 gat flugstöðin í fyrsta skipti staðið í skilum með vexti og afborganir af lánum, sem ekki hafði verið hægt að gera tíu árin á undan þegar skuldirnar söfnuðust upp.

Á síðustu árum hefur orðið ljóst að flugstöðin bæri ekki þá miklu aukningu í flugumferð sem orðið hefur á síðustu árum. Sem dæmi má nefna að farþegar sem fóru um stöðina á fyrsta starfsári voru 806 þúsund á ári en reiknað er með um 1,3–1,4 millj. farþega á þessu ári. Stækkun flugstöðvarinnar var því óhjákvæmileg og hefur þegar verið hafist handa um þá framkvæmd. Fyrsti áfangi þeirrar stækkunar verður 15.600 m en flugstöðin er í dag um 17 þúsund m og er kostnaður við þennan áfanga áætlaður 3,6 milljarðar kr. Ljóst er að með óbreyttu rekstrarfyrirkomulagi hefur flugstöðin ekki bolmagn til að greiða niður viðbótarfjárskuldbindingar í tengslum við stækkunina og róttækra aðgerða er þörf ef ekki á að koma til umfangsmikilla útgjalda úr ríkissjóði til að greiða fyrir stækkunina.

Með þessu frv. er stefnt að því að skapa forsendur fyrir því að tekjur flugstöðvarinnar geti staðið undir fjárfestingarkostnaði, rekstri og afborgunum áhvílandi lána. Starfsemi fríhafnar verður sameinuð rekstri flugstöðvarinnar og lagður grunnur að frekari tekjuaukningu að verslunarrekstri í stöðinni. Flugstöðin yfirtekur þær skuldir sem rekja má til byggingar stöðvarinnar sem og ný lán vegna frekari stækkunar. Þannig losnar ríkissjóður úr ábyrgðum sem munu nema nálega 8 milljörðum kr. á næstu árum. Þrátt fyrir áætlaðan tekjuauka og sameiningu flugstöðvar og Fríhafnar er gert ráð fyrir að hið nýja fyrirtæki greiði 1.355 millj. kr. í ríkissjóð í formi skatta og arðgreiðslna á næstu fimm árum. Nettótekjur ríkissjóðs af verslunarrekstri í flugstöðinni dragast því einungis saman sem nemur um 140 millj. kr. á ári að meðaltali næstu fimm ár.

Frv. gerir enn fremur ráð fyrir að flugstöðin verði gerð að hlutafélagi með sérstakri stjórn. Hingað til hafa mál flugstöðvarinnar heyrt beint undir utanrrn. Það hefur þannig verið verkefni embættismanna í ráðuneytinu að finna rekstrarforsendur fyrir flugstöðina. Starfsmenn ráðuneytisins hafa unnið mikilvægt starf á þessu sviði á undanförnum árum en öllum má ljóst vera að nú á tímum er óeðlilegt að verslunarfyrirtæki með veltu á fimmta milljarð kr. á ári skuli vera rekið af skrifstofum Stjórnarráðsins.

Nýir tímar kalla á að nýtt séu þau tækifæri til veltuaukningar og sveigjanleika í rekstri sem hlutafélagsformið býður upp á. Sú ráðstöfun er í samræmi við þróun mála á helstu flugvöllum í nágrannalöndum okkar. Við breytingu á rekstrarformi flugstöðvarinnar verða hagsmunir starfsmanna tryggðir. Breytingin verður framkvæmd í samræmi við ákvæði laga og dómafordæmi sem skapast hafa við áþekkar breytingar á liðnum árum. Í tengslum við breytingar á rekstrarformi og stækkun flugstöðvarinnar er gert ráð fyrir að mikill fjöldi nýrra starfa skapist og er varlegt að áætla að sú fjölgun geti numið um 100–150 störfum.

Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á rekstri alþjóðaflugvalla og samkeppni milli þeirra harðnað. Sala tollfrjáls varnings hefur verið lögð af innan Evrópusambandsins. Sú breyting hefur ekki leitt til minnkandi verslunar á flugvöllum heldur hafa flugvellir lagt síaukna áherslu á vænlegt verslunarumhverfi og fjölbreytta þjónustu til að laða að farþega og afla tekna til starfsemi sinnar. Sama þróun hefur átt sér stað um allan heim. Mikilvægt er að treysta stöðu flugstöðvarinnar í þessari samkeppni svo að auðveldara sé að hámarka tekjur af verslunarrekstri.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur hins vegar sérstaka stöðu þar sem hún er ekki einvörðungu samgöngumannvirki heldur gegnir hún einnig mikilvægu hlutverki í varnarsamvinnu okkar við Bandaríkjamenn. Flugstöðinni er ætlað hlutverk í varnarþágu á ófriðartímum í samræmi við samninga milli Íslands og Bandaríkjanna sem við skulum vona að aldrei komi til. Í frv. er gert ráð fyrir að þessar skuldbindingar standi óhaggaðar. Þá er rétt að nefna að embætti flugvallarstjóra mun áfram hafa með höndum yfirumsjón með flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli og samskipti við varnarliðið í því sambandi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til meðferðar í hv. utanrmn.

[12:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. er Flugstöð Leifs Eiríkssonar reist á árunum 1983–1987 og þegar menn horfa til baka til þess tíma hljóta menn að sjá að við þá framkvæmd voru gerð mjög alvarleg mistök sem m.a. áttu rætur að rekja til þess að frekar mætti rekja framkvæmdina eins og að henni var unnið til pólitísks áhuga og hagsmuna tiltekins stjórnmálaflokks í kjördæmi á þeim árum heldur en til þess að menn hafi verið að undirbúa verkin vel og vinna þau eftir bestu getu. Öll framkvæmdin var í skötulíki, mjög illa var unnið að öllum undirbúningi, jafnvel svo að framkvæmt var fyrst og síðan teiknað, enda fór byggingin langt fram úr öllum kostnaðaráætlunum og var miklu dýrari þegar upp var staðið en nokkur hafði ráðgert, auk þess sem síðar kom í ljós að ekki hafði af hálfu þáv. hæstv. utanrrh. verið gert neitt til þess að reyna að tryggja að hægt væri að greiða vexti og afborganir af þeim skuldum sem hann stofnaði til vegna byggingar stöðvarinnar. Hefur svo verið síðan að þessi bygging, flugstöðin, hefur hvorki getað greitt vexti né afborganir af lánum fyrr en í fyrra af eigin tekjum og hafa skuldir safnast upp eins og hæstv. ráðherra greindi frá áðan og verið öllum sem að málinu standa til hinnar mestu vanvirðu. Þetta má allt rekja til þess hvernig að undirbúningi málsins var staðið á sínum tíma af hálfu þeirra sem þá fóru með ábyrgðina á málinu og stjórnuðu verklegum undirbúningi sem nánast var enginn eins og fram kom áðan. Það er því mjög eðlilegt þegar enn frekari framkvæmdir standa fyrir og menn hafa reynsluna af fyrri framkvæmdum á þessum stað, að reynt sé að horfa til nýrrar áttar og spyrja í fyrsta lagi hvernig við eigum að standa við þær skuldbindingar sem við tókum á okkur illu heilli vegna ónógs undirbúnings og slaklegrar framkvæmdar á sínum tíma vegna byggingar flugstöðvarinnar, hvernig við getum séð okkur fært að gera það. Og í öðru lagi hvernig á að vinna að þeim viðbótum sem þarf að reisa við flugstöðina nú og hvernig menn ætla

að tryggja það að rekstur flugstöðvarinnar geti síðan staðið undir þeim skuldbindingum sem á að taka í þeim efnum.

Hæstv. utanrrh. hefur kynnt þetta mál vel í utanrmn. og m.a. lagt fram ýmis athyglisverð gögn t.d. um hvernig málum er háttað á flugvöllum í nágrannalöndunum. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. sem þar eigum sæti höfum skoðað þær tillögur með jákvæðum huga og við teljum að skoða beri það af fullri alvöru og með jákvæðu viðhorfi að gera þær skipulagsbreytingar á stjórnun flugstöðvarinnar eins og hér er lagt til, þ.e. að breyta rekstrarformi fyrirtækisins úr því að vera skúffa í utanrrn. eins og það hefur verið meira og minna stjórnað af embættismönnum þaðan í það að vera sjálfstætt hlutafélag með sjálfstæða stjórn og eigin rekstrarábyrgð. Við teljum að þetta sé jákvæð breyting og viljum gjarnan skoða það og styðjum að það verði gert.

Ég tek sérstaklega fram að í einni grein frv. eru ákvæði um að þarna sé um að ræða hlutafélagsvæðingu án þess að því fylgi ákvörðun um að ríkið selji sína eign í fyrirtækinu öðruvísi en það verði þá lagt sérstaklega fyrir Alþingi og Alþingi samþykki þá ráðstöfun. Þetta er sjálfsögð varúðarráðstöfun af hálfu utanrrn. að leggja slíkt til, en ég vil nú samt sem áður biðja menn að hugleiða hvort það sé eðlilegt og rétt í sjálfu sér að ríkið standi í rekstri flugstöðvar af þessu tagi og þeim verslunarrekstri og beri þá ábyrgð á honum sem eini eigandi flugstöðvarinnar sem þar fer fram á vegum ríkisins. Mér finnst mjög eðlilegt að menn hugi jafnframt að því þó að ekki sé gerð tillaga um það hvort eðlilegt sé að íslenska ríkið taki á sig ábyrgð og armæðu, bæði fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð af rekstri flugstöðvar og verslana í henni.

Þó að við fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. sem hér um ræðir séum almennt jákvæðir til þeirra breytinga þá er auðvitað ekki sama hvernig að þeim breytingum er staðið og hvernig þær eru undirbúnar. Ég vil leggja sérstaka áherslu á tvennt í því sambandi. Í fyrsta lagi gætir að sjálfsögðu nokkurs öryggisleysis og kannski ótta meðal starfsmanna þegar svona miklar breytingar standa fyrir dyrum. Ég legg mjög mikla áherslu á það við hæstv. utanrrh. og mun fylgja því eftir í utanrmn. að það sé gert sem hægt er til að tryggja hag starfsmanna sem þarna vinna, þeim sé haldið mjög vel upplýstum um hvað til standi og réttur þeirra sé virtur til fullnustu þannig að þær breytingar sem þarna eru fram undan eigi stuðningi starfsfólks að mæta en ekki andstöðu. Ég legg mjög mikið upp úr því og legg mikla áherslu á að reynt sé að vinna að málinu á þann hátt.

Í öðru lagi er rétt að huga að samkeppnisumhverfinu sem verður innan flugstöðvarinnar eftir að búið er að gera hana að hlutafélagi í eigu ríkisins. Þá verður um að ræða tvenns konar rekstur innan stöðvarinnar, eins og nú á sér raunar stað, annars vegar rekstur verslana sem alfarið eru í höndum einkaaðila og hins vegar rekstur Fríhafnarinnar, stærstu verslunar á svæðinu, sem eru í höndum sama aðila og á húsið og er leigusali gagnvart þeim einkafyrirtækjum sem þar þurfa að vera í samkeppni við verslunarrekstur húseigandans. Ég held að það gæti og þyrfti að koma til álita í því sambandi hvort ekki sé nauðsynlegt að gera þá breytingu á rekstrarforminu að annars vegar sé stofnað sérstakt félag um flugstöðina sem slíka, byggingu hennar og rekstur og hins vegar sé stofnað annað félag um rekstur Fríhafnarinnar þó svo að hvort tveggja verði áfram í höndum ríkisins þannig að þeir einkaaðilar sem eru með rekstur innan vébanda flugstöðvarinnar sjái ekki ástæðu til að tortryggja það að húseigandinn sem er samningsaðili þeirra um leigu á húsnæðinu og um sköpun aðstöðu sé líka sjálfur í samkeppnisrekstri við þá um verslun innan vébanda flugstöðvarinnar.

Þetta held ég að þurfi að skoða mjög vandlega í utanrmn. og verður sjálfsagt gert þar en ég ítreka tilmæli mín til utanrrh. um að hann beiti sér fyrir því að eiga góð samskipti við þá starfsmenn sem þarna eiga hagsmuna að gæta og geri það sem unnt er til þess að tryggja hagsmuni þeirra og beiti sér fyrir því að sem jákvæðast viðhorf geti orðið hjá starfsmönnum til þeirrar breytingar sem ég tel að sé skynsamleg út af fyrir sig.

[12:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir mjög málefnalega ræðu um þetta mál. Ég vil fullvissa hann um að við munum í öllu virða rétt starfsmanna í þessu máli. Við þurfum á þessu fólki að halda, flugstöðin þarf á því fólki að halda sem þar er nú við störf. Það er rétt að geta þess að við áætlum að frá árinu 1999 til ársins 2005 muni starfsfólki fjölga úr 290 í 400. Fyrirtækið sem hér um ræðir er í miklum vexti. Ég tel að þessar breytingar skapi því fólki aukin tækifæri og ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu starfsmanna. Við munum að sjálfsögðu upplýsa starfsfólkið um framgöngu þessa máls eftir því sem nýjar upplýsingar koma í ljós.

Að því er samkeppnisumhverfið varðar þá er alveg rétt hjá hv. þm. að huga þarf vel að því, m.a. verður að taka tillit til þess að vöruúrval í Fríhöfninni samrýmist því hvaða aðilar taka á leigu húsnæði í flugstöðinni þannig að ekki sé um tvíverknað að ræða. Forðast ber að óeðlileg samkeppni verði milli Fríhafnarinnar og þeirra leigutaka sem þar starfa. Ég tel að það eigi að fara mjög varlega í þessu máli og í þessum breytingum. Auðvitað getur það komið til greina þegar fram líða stundir að Fríhöfnin sem slík verði jafnframt boðin út og rekin af einkaaðilum. Það er gert á mörgum öðrum flugvöllum allt í kringum okkur. Það er hlutur sem ber að íhuga en um það hafa engar ákvarðanir verið teknar.

[12:18]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. ætli að hafa gott samstarf um þessi mál við starfsfólk í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og legg áherslu á að hann fylgi því eftir. Ég vil aðeins taka fram um það sem hann sagði annað að mér finnst að sjálfsögðu að gæta verði rekstrarhagsmuna Fríhafnarinnar ekkert síður en annarra í þessu húsi. Það er ekkert sjálfgefið þó einhver einkaaðili gefi sig fram og hafi hug á því að versla með einhverja tiltekna vöru, að þar með eigi Fríhöfnin að afsala sér verslun með hana bara á þeim forsendum að hún sé ríkisfyrirtæki. Það verður að gæta hagsmuna beggja aðila, ekkert síður þeirrar verslunar sem ríkið telst eiga en hinna.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að ég lagði það ekki til að rekstur Fríhafnarinnar yrði einkavæddur þó ég tæki fram að ég teldi eðlilegt að menn skoðuðu hvort sama hlutafélag í ríkiseigu væri annars vegar með rekstur hússins og hins vegar með rekstur fríhafnarverslunarinnar. Ég gerði það eingöngu til að benda á að það gæti verið æskilegt að annar aðili en sá sem rekur fasteignina sjálfa gæti hagsmuna Fríhafnarinnar sem verslunar og starfsmanna hennar. Þannig væri ekki hægt að ásaka stjórn fyrirtækisins fyrir að misbeita valdi sínu í því skyni að vera jafnframt rekstraraðili hússins. Það var einfaldlega þetta sem ég benti á en ég var ekki að gera það

að tillögu minni að Fríhöfnin yrði seld einkaaðila í hendur.

[12:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi hv. þm. ekki þannig að hann væri að leggja það til. Ég skildi alveg nákvæmlega hvað hann var að fara. Hér er farin sú leið að þetta verði allt saman á einni hendi. Það er í samræmi við þá ráðgjöf sem ég hef fengið frá þeim ráðgefandi stjórnum sem þarna hafa starfað undanfarna mánuði, annars vegar ráðgefandi stjórn Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og hins vegar ráðgefandi stjórn Fríhafnarinnar. Þessir aðilar hafa unnið afar gott starf á undanförnum mánuðum og í þessu frv. er í einu og öllu farið eftir þeim niðurstöðum sem þessir menn hafa komist að. Ég tel sjálfsagt að vandlega verði farið yfir málið í hv. utanrmn. og þeir aðilar sem hvað best hafa sett sig inn í þetta á undanförnum mánuðum mæti þar og geri grein fyrir því af hverju þeir telja nauðsynlegt að málinu sé skipað með þessum hætti. Ég hvet til þess að slík umræða fari fram um það á vettvangi nefndarinnar, m.a. með því að kalla þessa aðila fyrir.

[12:22]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef að vísu engu við orð hæstv. ráðherra að bæta nema því að við í utanrmn. munum að sjálfsögðu fylgja þessu máli vel eftir og óska eftir góðu samstarfi við hæstv. utanrrh. og ráðuneyti hans um alla þá upplýsingaöflun sem við þurfum að fara í til að komast að sem skynsamlegastri niðurstöðu í þessu máli. Ég ítreka aðeins að okkur finnst sjálfsagt og jákvætt að skoða tillögu hæstv. utanrrh. þó við höfum ekki bundið okkur til að standa með þeim í einstökum atriðum. Okkar niðurstaða mun ráðast af nánari skoðun í utanrmn.

[12:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst sannast sagna ekki undarlegt að hæstv. utanrrh. þætti ræða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar bæði góð og málefnaleg. Ræða hans var að sönnu málefnaleg en góð fannst mér hún ekki. Málefnin sem hann talaði fyrir eru ekki á þann veg að ég geti stutt þau. Það sem mig langar hins vegar til að spyrja hv. þm. Sighvat Björgvinsson nánar um er sú yfirlýsing hans að opinberir aðilar eigi ekki að koma nálægt rekstri, verslunar- eða atvinnurekstri. Honum finnist það heyra til liðinni tíð. Er þetta algilt sjónarmið eða ber að skoða eðli máls hverju sinni? Hér erum við að fjalla um gullgerðarvél fyrir íslenska ríkið sem færir ríkissjóði mikla fjármuni. Þeir eru taldir í hundruðum millj. kr. á hverju ári. Þarf ekki að skoða eðli máls hverju sinni í stað þess að taka kaldhamraða pólitíska hægri sinnaða afstöðu eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði í máli sínu hér áðan?

[12:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Afstaða mín var ekkert kaldhamraðri en svo að ég sagði sjálfsagt að skoða það og taka til umhugsunar hvort íslenska ríkið ætti að standa í rekstri eins og þeim að reka flugstöð. Það er undantekning að ríki geri slíkt. Ég tók ekki afstöðu í því hvort það ætti að gera eða ekki en það væri umhugsunarvert, þetta þyrftu menn að skoða og ég veit að hv. þm. eru ekkert á móti því. Ég ítreka að þetta er skoðun okkar beggja sem erum fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. Í því sambandi vísa ég bara hv. þm. á viðtal sem tekið er við Margréti Frímannsdóttur í Degi í dag. Þar segir hún nákvæmlega það sama þannig að þar er ekki um að ræða neinn meiningarmun á milli okkar. Mér heyrðist ekki heldur neinn meiningarmunur á milli okkar hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Ég skildi hann svo í lok ræðu hans að hann teldi sjálfsagt að skoða málið og athuga það. Þannig væri ekki sjálfgefið hvorki að ríkið ætti að halda þessum rekstri áfram, hvað þá að auka við hann, né að aðrir ættu að taka við honum. En við erum sammála um að þetta er nokkuð sem þarf að skoða betur og það er meginatriði málsins.

[12:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að þetta mál hefur verið til skoðunar bæði hér á Alþingi og í samfélaginu í langan tíma. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fram kemur sú tillaga eða hún viðruð, að einkavæða beri Flughöfnina í Keflavík, Leifsstöð. Þannig að þetta er ekki nýtt af nálinni og þetta hefur verið til skoðunar. Ég skildi hv. þm., Sighvat Björgvinsson, þannig að hann væri að lýsa stuðningi við áform ríkisstjórnarinnar um að einkavæða Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég gat ekki skilið tölu hans hér á annan veg. Í því sambandi og í framhaldi af því spurði ég hann hvort þetta væri pólitísk afstaða jafnaðarmanna. Öðruvísi mér áður brá, að mönnum þætti óeðlilegt að ríki eða sveitarfélög fyrir hönd almennings í landinu kæmu nálægt atvinnulífinu. Ég gat ekki skilið ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar öðruvísi en að hann væri farinn að hamra nýja línu í ætt við nýja stefnu sem reyndar hefur verið boðuð af hálfu svokallaðra jafnaðarmannaflokka í Evrópu. Hún er meira í ætt við frjálshyggju en vinstri stefnu og sjónarmið jafnaðarmennskunnar.

[12:27]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég set nú ekki jafnaðarmerki á milli vinstri stefnu og þess að vera bara alltaf á móti. Ég set miklu frekar jafnaðarmerki á milli hægri stefnu og þess að vera alltaf á móti. Þeir sem alltaf eru á móti breytingum eru að sjálfsögðu íhaldssömu öflin í þjóðfélaginu. Ég vil í þessu sambandi leiðrétta hv. þm. Það er ekki ætlun stjórnvalda að einkavæða Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það er sérstaklega tekið fram í frv. að með samþykkt þess sé tilgangurinn ekki að gera það heldur þurfi sérstaka samþykkt Alþingis ef það ætti að gera.

Ég vil hins vegar vekja athygli á einni mjög einfaldri staðreynd. Menn hafa í vaxandi mæli tekið upp eða heimilað einkafyrirtækjum að starfa á verslunarsvæði Fríhafnarinnar. Áður fyrr var aðeins leyft að reka þar ríkisverslun sem var Fríhöfnin. Á síðari árum hafa menn í auknum mæli leyft einstaklingum að versla þar, m.a. í samkeppni við Fríhöfnina. Hver hefur árangurinn orðið? Árangurinn hefur m.a. orðið sá að tekjur Fríhafnarinnar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hafa vaxið það mikið að nú fyrst eru rekstrartekjurnar nægjanlegar til þess að flugstöðin geti staðið undir greiðslu vaxta og afborgana. (**ÖJ:** Af því að þeir einkavæddu hana?) Það er í fyrsta skipti sem það verður. Ég segi nú bara alveg eins og er, virðulegi forseti: Er það ekki fagnaðarefni að þessar skuldir skuli ekki halda áfram að hlaðast á herðar skattborgara? Ef skýringin á því að svo sé ekki lengur er að einhverju leyti sú að opnað hafi verið fyrir frjálsari verslun innan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar en áður var, eru það þá ekki rök fyrir því að menn skoði málið og gefi sér það ekki fyrir fram að þetta megi ekki? Eða telur hv. þm. að það hefði verið affarasælla að halda sér við hina upphaflegu ákvörðun

um að þarna mætti enginn koma nema ríkisrekið fyrirtæki þó það kostaði það að skuldir vegna byggingarinnar héldu áfram að hlaðast á herðar íslenskra skattborgara?

[12:30]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla nú að nýta mér það að ég kem hér beint á eftir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og benda honum á að hagnaður af Fríhöfninni hefur farið stigvaxandi síðustu ár, ekki vegna þess að þar hafa komið til einkareknar verslanir heldur vegna þess að fólk hefur verslað þar, í þessari einu og stóru millilandaflughöfn sem Íslendingar eiga og ætla núna að afhenda einkaaðilum. Hér á borðum okkar erum við með frv. um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson var það heiðarlegur að segja, þegar málið var kynnt þjóðinni fyrir fáeinum dögum, að hann útilokaði ekki — þannig held ég að hann hafi komist að orði — að hlutafé í hlutafélaginu yrði selt. Þetta er mikið framfaraskref, að viðurkenna þetta á þessu stigi. Yfirleitt þegar ráðist hefur verið í breytingu á rekstrarformi opinberra stofnana sem menn hafa ætlað að selja síðar hefur verið sagt á þessu stigi máls að ekkert slíkt vaki fyrir mönnum, einvörðungu sé um það að ræða að breyta rekstrarformi. Þetta var sagt þegar Landssíminn var gerður að hlutafélagi. Síðan liðu nokkrir mánuðir og þá var að sjálfsögðu farið að tala um sölu á stofnuninni. Þannig mætti nefna fjölmörg dæmi um óheiðarlegan málflutning. Það á hins vegar ekki við í þessu tilviki.

Við erum ekki bara að fjalla um einkavæðingu á hluta stofnunar heldur einkavæðingu á flugstöðinni með manni og mús. Hér segir í 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er nefnist Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum, til hins nýja félags."

Í 7. gr. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Tilgangur félagsins er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli og hvers konar aðra starfsemi sem þessu tengist."

Síðan kemur landvinningagreinin fyrir einkavæðinguna, nr. 8, með leyfi forseta:

„Heimili og varnarþing félagsins skulu vera á Keflavíkurflugvelli, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum."

Þarna er landvinningagreinin fyrir frekari áform um einkavæðingu tengdum flugrekstri vætanlega. Hér erum við í fyrsta lagi að fjalla um einkavæðingu á flugstöðinni með manni og mús.

Annað atriði sem *ég vildi víkja að í 1. umr. um málið er* hvernig þetta ber að. Óhætt er að segja að þetta mál beri mjög brátt að. Í byrjun þessarar viku var tilkynnt í einni þingnefnd þingsins, í trúnaði, að til stæði að leggja fyrir þingið frv. um rekstrarbreytingu flugstöðvarinnar, um hlutafélagavæðingu eða einkavæðingu flugstöðvarinnar. Að kvöldi sama dags birtist hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum og tilkynnti þjóðinni hvað stæði fyrir dyrum. Þetta er á mánudegi. Á miðvikudegi liggur fullbúið frv. á borðum þm. og í dag, á fimmtudegi, hefst umræða um málið.

Nú er það svo að þetta mál hefur lengi verið til umræðu í þjóðfélaginu. Það hefur oft komið upp í umræðum á Alþingi eins og ég nefndi áðan. Hins vegar kom þetta mál flestum mjög í opna skjöldu núna. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé: Hvers vegna þessi vinnubrögð? Hvers vegna hafa menn verið að pukrast með þetta mál? Hvernig stendur á því? Skyldi það vera að ríkisstjórnin og þá ekki síst Framsóknarflokkurinn sé feiminn við málið? Ef Framsóknarflokkurinn er feiminn við þetta mál hvernig skyldi standa á því? Hvernig skyldi standa á því að hann sé feiminn við þetta mál? Jú, að hluta til af pólitískum klókindum. Flokkurinn gerir sér grein fyrir því að þetta er óvinsælt og mætir andstöðu í þjóðfélaginu. Í öðru lagi, sem tengist að sjálfsögðu andstöðu fólks við frv., er það peningahlið málsins. Fríhöfnin í Keflavík og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur verið sannkölluð gullgerðarvél fyrir íslenska ríkið. Gullgerðarvél fyrir íslenska ríkið. Þetta hefur oft verið rætt hér á Alþingi en þess má geta þess að hagnaður fríhafnar og flugstöðvarinnar árið 1997 var samtals 408 millj. kr. Á árinu 1998 var samanlagður hagnaður flugstöðvar og fríhafnar 620 millj. kr. og hafði þá aukist um 212 millj. kr. á milli ára. Þetta er þróunin sem við höfum séð síðustu árin. Samfara auknum umsvifum og aukinni verslun höfum við hagnast sem þessu nemur.

Hér er á ferðinni sannkallaður gullmoli í eigu íslensku þjóðarinnar. Þennan gullmola, þessa gullgerðarvél ætlar ríkisstjórnin að gefa frá okkur, í áföngum að sönnu, eins og gert er með Landssímann og önnur fyrirtæki sem hafa verið einkavædd. Að sjálfsögðu vakir fyrir mönnum að selja þetta fyrirtæki og koma því í einkahendur. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því og við gerum það öll. Það er mikill þrýstingur frá fjármálaaðilum í samfélaginu að koma höndum yfir þennan gullmola. Það segir sig sjálft. Það er mikill þrýstingur frá aðilum sem hafa peninga á hendi á að komast yfir þessa gullgerðarvél. Að sjálfsögðu er Framsóknarflokkurinn og ríkisstjórnin feimin við þetta, að ætla að afhenda einkaaðilum þessa gullgerðarvél Íslendinga.

Í annan stað er það staðreynd sem hefur komið upp á Alþingi oftar en einu sinni að menn hafa ekki verið fyllilega sáttir við mannaráðningar í flugstöðinni. Þær hafa í sumum tilvikum verið umdeildar og stundum komið inn á borð Alþingis. Ég ætla ekki að víkja að persónulegum málum einstaklinga hér en vek athygli á því að þessi umræða hefur farið fram. Það er ágætt. Þegar flugstöðin hefur verið gerð að hlutafélagi þá er hæstv. utanrrh., sem ber ábyrgð á þessum málum, laus við allar áhyggjur. Hann væri laus við að þurfa að taka málin upp hér á þingi. Hann þarf ekki lengur að svara fyrir stofnunina sem opinbera stofnun. Um hana gilda önnur lög varðandi stjórnsýslu og upplýsingar, nú eru það hlutafélagalög. Hlutabréfið verður í þessu tilviki væntanlega eitt, á hendi hæstv. utanrrh. Halldórs Ásgrímssonar. Völdin og ráðin yfir þessari stofnun verða komin til hans.

Hér er því um að ræða takmörkun á lýðræðinu. Það er *verið að takmarka lýðræðið og færa vald frá Alþingi, frá full*trúum almennings sem hér eru, undir einn mann. Hann situr hér og er titlaður hæstv. utanrrh., hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson. Hann er laus við allar áhyggjur um að þurfa að fara með umræðu um þessi mál út á lýðræðislegan vettvang. Þá er ég fyrst og fremst að skírskota til Alþingis Íslendinga. Þannig verður öllum þessum málum komið á bak við tjöldin. Ég velti því fyrir mér, í ljósi þess hve brátt þetta ber að og hve feimin ríkisstjórnin greinilega er við málið, hvort hér sé komin ein ástæðan fyrir því að menn vilji hraða þessu máli.

Hitt þekkjum við mætavel, sönginn um nýju tímana. Hann var kyrjaður líka þegar ráðist var í að gera ríkisbankana að hlutafélögum. Nýi tíminn, söngurinn um hann var kyrjaður

þegar byrjað var að selja hlut í ríkisbönkunum. Það var kyrjaður margradda kórsöngur um ágæti þess að steypa sjóðum í eigu almennings í FBA, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Söngurinn var enn kyrjaður þegar hann var seldur. Þjóðin horfði agndofa á hina ungu menn byrja að braska með milljarða. Í fyrstu héldu menn að verið væri að ráðast í breytingar og fjárfestingar sem kæmu atvinnulífi og þjóðlífi öllu að gagni en svo rann það upp fyrir mönnum að fyrstu skrefin sem þar voru stigin, fjárfestingar stórfelldar á sviði matvöruverslunar og dreifingar, hafa leitt til einokunar á því sviði og ekki orðið þjóðinni til hagsbóta eins og í veðri var látið vaka í upphafi.

Að lokum vil ég mótmæla þeirri almennu pólitísku staðhæfingu sem við höfum heyrt frá hæstv. utanrrh. og var ítrekuð af hálfu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um að það gangi ekki að hið opinbera annist eða komi nálægt atvinnu- og verslunarrekstri. Ég mótmæli þessu. Ég leyfi mér að halda því fram að mönnum beri að skoða málavöxtu hverju sinni. Hér erum við að tala um stærstu flugstöð Íslendinga. Þetta er einokunarfyrirtæki. Þarna er einokun. Við göngum þarna öll í gegn, við gerum það. Ég leyfi mér að efast um að þeirri samkeppni sem menn tala stundum fyrir á hátíðisdögum verði komið við þarna, nema þá innan flugstöðvarinnar eins og menn gera reyndar nú í einhverjum mæli. Menn fara ekki að velja á milli flugstöðva sem menn koma til. Þannig verður það væntanlega ekki.

Þegar hæstv. utanrrh. sagði í fjölmiðlum hér um daginn að það gengi ekki að reka atvinnufyrirtæki og verslun sem deild í utanrrn. þá spurði ég sjálfan mig: Kemur þetta frá formanni Framsóknarflokksins sem einu sinni taldi sig vera á miðjunni og jafnvel standa til vinstri? Líður formanni slíks flokks ekki svolítið undarlega að vera kominn ofan í skúffu hjá Sjálfstæðisflokknum? Finnst mönnum það ekki dálítið skrýtið þar á bæ? Einhvern tímann var Framsóknarflokkurinn ekkert feiminn við að viðurkenna og berjast fyrir því að ef það gagnaðist borgurum landsins þá væri rekstur fyrirtækja félagslegur, bara út frá eðli máls hverju sinni. Nú er farið að tala í anda kaldhamraðrar peninga- og frjálshyggju. Hann segir að verslun og atvinnurekstur eigi ekki að vera deild í utanrrn. En hvernig líður hæstv. formanni Framsóknarflokksins sem deild í Sjálfstæðisflokknum?

[12:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svara deildar- og skúffutali hv. þm. Ég vildi aðeins svara því sem hann sagði um að málið hefði borið að mjög hratt. Það var sagt frá því á sl. sumri að ég hefði skipað tvær ráðgefandi nefndir til þess að undirbúa þetta mál, annars vegar varðandi flugstöðina og hins vegar fríhöfnina.

Nefndin varðandi flugstöðina skilaði af sér mjög góðum tillögum, m.a. í frumvarpsformi. Ég fór með það mál strax inn í ríkisstjórn, í utanrmn., og hafði hugsað mér að kynna þær næst starfsfólki á þriðjudegi. Það kom hins vegar í ljós að fjölmiðlar höfðu einhvern veginn komist í málið sem ég vissi ekki um og ég átti því engan annan kost en að svara þeim seinni partinn á mánudegi og taldi það vera betra en að þeir væru með getgátur, eins og þeir voru með, um málið, m.a. að til stæði að selja flugstöðina. Það kemur alveg skýrt fram í frv. að það stendur ekki til. Ég hef hins vegar sagt að ég vilji ekki útiloka það, en það er hins vegar ákvörðun Alþingis ef það verður gert. Ég teldi það bara óskynsamlegt að útiloka það um aldur og ævi og væri ekki í neinu samræmi við það sem gengur og gerist í kringum okkur. Það liggur ekkert á í þeim efnum og það eru engar forsendur fyrir því að taka þá ákvörðun í dag.

[12:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar skúffurnar og deildirnar var ég einfaldlega að leggja út af orðalagi hæstv. utanrrh. sjálfs. Nú segir hæstv. utanrrh. að ekki standi til að selja flugstöðina, hlutabréfin. Hann útilokar ekki að svo kunni að verða gert. Ég spyr þá: Hvers vegna í ósköpunum er verið að gera þetta þegar sýnt er og kemur fram í gögnum með frv. að ríkissjóður verður fyrir tilfinnanlegu tapi, 200 millj. á fyrsta ári, og það er sannanlegt að ríkissjóður, skattborgarinn, verður fyrir tapi af þessu? Það er sannanlegt og kemur fram í þeim gögnum sem hér fylgja með. Hitt skil ég varðandi lýðræðið og ég vildi gjarnan fá nánari upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra. Ég skil að hæstv. ráðherra vilji komast hjá því að svara fyrir þessa stofnun og gerðir sínar hér á Alþingi. Með þessari breytingu kemst hann hjá því. Það er það sem gerist. Hann er að takmarka lýðræðið og færa vald yfir þessari stofnun undir einn mann, sig sjálfan. Mér finnst þetta ósæmilegt. Ég skil þá, þótt ég sé ósammála þeim, sem vilja stofna hlutafélög um opinberan rekstur til þess að selja þau, ég skil það. Það eru frjálshyggjumennirnir sem vilja koma öllu lifandi og dauðu á markað, ég skil þá mjög vel. Hina skil ég ekki sem vilja gera þessar stofnanir að hlutafélögum án þess að selja, nema ef vera skyldi að þeir vilji styrkja sín eigin völd. Og það er þetta sem er að gerast með því frv. sem hér til umfjöllunar.

[12:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki séð hvernig í ósköpunum hægt er að koma í veg fyrir það þó að þetta frv. verði samþykkt að hv. þm. Ögmundur Jónasson kveðji sér hljóðs hér á Alþingi og ræði þetta mál. Mér hefur fundist í gegnum tíðina að hv. þm. væru tilbúnir að ræða öll mál sem uppi væru í þjóðfélaginu og engar takmarkanir væru þar á. Það er verið að tala um að stofna hlutafélag í eigu ríkisins. Ef hv. þm. vill ræða málefni þess hlutafélags í eigu ríkisins getur hann að sjálfsögðu gert það hér á Alþingi. Og að verið sé að takmarka lýðræðið með því að stofna eitt hlutafélag, ég hef bara aldrei heyrt annað eins. Hv. þm. segir að ríkissjóður sé að tapa heilum 200 millj. fyrsta árið, 140 millj. að meðaltali. Gefur hv. þm. sér þær forsendur að það eigi aldrei að borga þær skuldir sem búnar eru að vera að safnast upp í gegnum tíðina? Eða eru það þær forsendur sem hv. þm. gefur sér almennt að því er varðar fjármál ríkisins að allt í lagi sé að safna þar upp alls konar óreiðuskuldum? Heldur hv. þm. að það séu hagsmunir starfsfólksins og skattborgaranna? Ég fer að halda samkvæmt þessum málflutningi að skuldirnar komi honum ekkert við.

[12:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil nú ekki hvers konar útúrsnúningar þetta eru. Að sjálfsögðu vil ég borga niður skuldir, ég vil ekki afsala þjóðinni þeirri gullgerðarvél sem hún á þarna, sem hún m.a. notar til þess að greiða niður skuldir sínar, þar með af flugstöðinni. Og það er sannanlegt og kemur m.a. fram í þessum plöggum að ríkissjóður mun verða fyrir tekjutapi vegna þeirra breytinga sem eru fyrirhugaðar. Varðandi hitt sem lýtur að takmörkun lýðræðisins, þá er það líka

óvefengjanlegt. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að ég sem aðrir þingmenn get vakið máls á öllu milli himins og jarðar hér í þingsal, en hæstv. ráðherrar eru bundnir af lögum um hverju þeir svara. Hlutafélagalögin eru takmarkandi hvað þetta snertir, borið saman við lög sem gilda um opinberar stofnanir og opinbera stjórnsýslu. Þetta er staðreynd og á þetta hefur margoft verið látið reyna, t.d. varðandi símann, Póst og síma, fyrir og eftir að sú stofnun var gerð að hlutafélagi. Þetta eru því útúrsnúningar hjá hæstv. ráðherra. En hann mun verða spurður nánar út í þessi mál, bæði hvað snertir lýðræði og hvað snertir peningana. Því þar fer ég með rétt en ekki rangt mál. Það er hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, sem fer með rangar staðhæfingar í því efni.

[12:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var tíðrætt um gullgerðarvél og gullmola. Hv. þm. er einn fárra þingmanna sem situr í stjórn lífeyrissjóðs og stendur að braski alla daga eins og hann komst svo fallega að orði, og ætti að vita að við verðmat fyrirtækja er tekið tillit til væntanlegs hagnaðs fyrirtækis. Og nú spyr ég hv. þm., segjum að þessi gullmoli, þessi gullgerðarvél yrði seld, og hann ætti að taka afstöðu til þess í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að kaupa hlutabréf í því fyrirtæki, hvernig mundi hann meta þá gullgerðarvél? Mundi hann meta hana á eigin virði eða mundi hann meta *einhvers væntanlegan hagnað af gullgæsinni*?

Svo er önnur spurning til hv. þm. Nú er verið að selja Landssímann eins og hv. þm. kom hérna að og ekki er verið að tala um 10 milljarða, eins og eigið féð er, nei, það er verið að tala um 30, 40 og jafnvel miklu fleiri milljarða. Hvað er verið að borga fyrir, umfram eigið fé? Hvað er það *eiginlega*, hv. þm.? Hvað er verið að borga fyrir, umfram eigið fé? Það skyldi nú ekki vera væntanlegur hagnaður allrar framtíðar sem verið er að borga fyrir?

Og svo vil ég þakka hv. þm. fyrir að hamra ofan í alþjóð að flugstöðin verði seld.

[12:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal víkur að verðlagningu á þessu fyrirtæki þegar kemur til þess að selja það, því ég held að til standi að gera það. Þá vísa ég til sögunnar og reynslunnar, ég vísa til sölunnar á SR-mjöli, ég vísa til sölu á Áburðarverksmiðju ríkisins og ég gæti talið upp fleiri fyrirtæki og stofnanir sem hafa verið seldar langt undir eðlilegu verði. Við erum ekki komin að því stigi núna að ákveða sölu á þessu fyrirtæki, en ég tel að með þeirri breytingu sem verið er að gera núna sé verið að búa í haginn fyrir slíka breytingu. Ég hef einfaldlega alltaf sagt og gerði það þegar verið var að breyta Pósti og síma á sínum tíma í hlutafélag, að ég skildi þá sem vildu gera þetta með það fyrir augum að koma því á markað og selja fyrirtækið, og það væri rökrétt á vissan hátt að innleiða þar nýtt eftirlitsform. Í stað almannavaldsins væri eftirlit markaðarins. Ég skildi þetta mætavel þótt ég sé andvígur því persónulega. Ég er andvígur því að stíga það skref yfir höfuð að gera Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem er fyrirtæki og stofnun í eigu okkar allra, við höfum byggt hana upp sameiginlega, reyndar fengið peninga einnig annars staðar frá, frá Bandaríkjamönnum í þessu tilviki, en við eigum hana sameiginlega og ég vil að þetta verði áfram sameiginleg eign okkar. Við erum í raun ekki að greiða fyrir samkeppni, við erum með í höndunum fyrirtæki sem mun verða einokunarfyrirtæki þar sem markaðslögmálum verður komið við að mjög takmörkuðu leyti. Og við eigum að halda þessari stöð í eigu þjóðarinnar allrar.

[12:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gladdi mig enn og aftur að heyra hv. þm. segja „þegar kemur að sölu", því það er von mín og trú að það verði gert *einhvern tíma* þó að menn beri á móti því og séu ekki eins sannfærðir og hv. þm. En hv. þm. nefndi Áburðarverksmiðju ríkisins og SR-mjöl og ég spyr hv. þm. sem þá sat í stjórn Lífeyrsissjóðs starfsmanna ríkisins, af hverju bauð ekki Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins í þessi fyrirtæki fyrst þau voru svona miklir gullmolar? Og hefði getað náð fram miklum hagnaði væntanlega, sem ég reyndar sé nú ekki alveg, fyrir hönd lífeyrisþega sinna.

Hv. þm. svaraði ekki spurningunni sem ég spurði áðan þegar Landssíminn verður seldur, segjum á 40 milljarða og eigið fé er 10 milljarðar, hvað eru 30 milljarðarnir sem þarna eru á milli? Hvað er það? Er það ekki væntanlegur hagnaður af þessu fyrirtæki um alla framtíð?

[12:57]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég tek nú, herra forseti, undir með breska stjórnmálamanninum MacMillan sem einhverju sinni sat á forsætisráðherrastóli í Bretlandi og til umræðu voru einkavæðingaráform Thatcher-stjórnarinnar, að sér fyndist ekki hyggilegt að selja fjölskyldusilfrið. Og í þessu tilviki erum við núna að selja gullgerðarvél sem mun um ókominn tíma skila íslensku þjóðinni hagnaði. Þetta er einokunarfyrirtæki að auki þar sem markaðslögmálum verður komið við að mjög takmörkuðu leyti, nema innan stofnunarinnar og það er þegar farið að nýta þau á *þeim vettvangi*. *Ég skil því ekki markaðshyggjumenn* og frjálshyggjumenn eins og Pétur H. Blöndal að leggjast á sveif með einokunarsinnum að þessu leyti.

Innan lífeyrissjóðakerfisins og í umræðu um lífeyrissjóði og fjárfestingar lífeyrissjóða, þá hef ég aldrei verið talsmaður brasks og greiddi atkvæði gegn þeirri lagaklásúlu í lögum um lífeyrissjóði á sínum tíma sem kvað á um að lífeyrissjóðir skyldu jafnan leita hæstu ávöxtunar. (**Gripið fram í:** Fyrir sjóðfélagana.) Fyrir sjóðfélaga sína hverju sinni. Mér fannst þetta vera til óþurftar og mér finnst við vera komin of langt út á braut gróðahyggjunnar, þar sem hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. skírskotar til sem hinna nýju tíma, hinna nýju sjónarmiða. Mér finnst þetta afturhald og mér finnst þau skref sem hér er verið að boða til fortíðar en ekki inn í þá framtíð sem ég a.m.k. vil sjá.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér veigamikið og stórt mál, framtíðarskipan á eignarhaldi og rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þar eru engin smámál á ferð ef litið er til þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem í húfi eru, þess fjölda Íslendinga sem hafa starfað og munu starfa þar syðra. Málið er einnig *stórt sé litið til rekstursins í ljósi þeirra* söknarfæra sem við viljum nýta í ferðamannaiðnaði og þess mikilvæga hlutverks sem flugstöðin gegnir í að tengja Íslendinga við útlönd. Formbreyting sú sem hér er gerð tillaga um hefur þannig á sér margar hliðar.

Ég vil taka fram, herra forseti, strax í upphafi að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að horfa algerlega fordómalaust á þá tillögu sem hér um ræðir. Ég vil á engan hátt útiloka að eftir

vandlega yfirlegu og skoðun kunni það að vera skynsamlegt að fara þessa leið.

Engu að síður tel ég þarna ákveðin álitaefni sem brýnt er að ræða hispurslaust áður en ákvörðun verður tekin. Það er kannski ekki jafnsjálfgefið að stíga þetta skref og menn telja í fljótu bragði. Þess vegna kann að vera að ræða mín kunni að virka niðurdrepandi og niðurrífandi fyrir hæstv. utanrrh. Þá verður svo að vera því öðruvísi nálgumst við ekki kjarna málsins en að benda á kosti og galla frv. sem hér um ræðir. Það er rétt að undirstrika að menn eru ekki að ræða þetta mál í formi þáltill. eða lauslegra áforma, hér er verið að niðurnjörva hvernig rekstrarumhverfi og rekstrarform þessa stóra íslenska ríkisfyrirtækis á að vera í framtíðinni.

Ég vil hins vegar segja að ég kann að meta þá hreinskilni hæstv. ráðherra þegar spurt er, sem eðlilegt er að gert sé, hvernig hann sjái síðan næsta skref í þessu sambandi. Hann hefur sagt, umfram það sem ýmsir aðrir hæstv. ráðherrar hafa gert á liðnum árum, að hann vilji ekki útiloka að á síðari tímum gæti til þess komið að selja þetta hlutafélag eða einhverja tiltekna þætti úr því. Mér finnst gott hjá honum að segja það. Ég minni á fyrri umræður við svipaðar kringumstæður varðandi Póst og síma o.s.frv. — tína mætti til fleiri tilvik sem hægt er að vísa til. Þar þorðu menn ekki að horfast í augu við þetta og þá reyndu menn, t.d. þáv. hæstv. samgrh., að draga dul á þetta og halda hinu gagnstæða fram, þ.e. sögðu eitt en meintu annað, þannig ég haldi því til haga.

Það er hins vegar engin tilviljun, án þess að ég ætli að blanda mér í orðaskipti hæstv. ráðherra við hv. þm. Ögmund Jónasson, að hið háa Alþingi og fjöldi þingmanna staldri við þegar að svokallaðri hlutafélagavæðingu kemur, jafnvel þeir hv. þm. sem telja að hlutafélagaformið skapi aukinn hreyfanleika og ákveðinn sveigjanleika sem ekki sé til staðar í hefðbundnum ríkisrekstri. En þegar kemur að samskiptum framkvæmdarvalds og þings þá verður á því alger eðlisbreyting. Ekki stigbreyting, heldur eðlisbreyting.

Þingmenn hafa ítrekað lent í því, þegar þeir hafa viljað afla upplýsinga um framgang mála í einstökum hlutafélögum, að hæstv. ráðherrar sem haft hafa forræði þeirra hlutafélaga hafi einfaldlega sagt: Ykkur kemur þetta ekki við. Hlutafélagalögin eru þannig samansett að við megum ekki veita ykkur þessar upplýsingar. Þingsköpin taka heldur ekki af öll tvímæli um að þið hafið neinn rétt á að spyrja okkur um gang mála í þessum tilteknu hlutafélögum. Fyrir tveimur árum lét hæstv. forsrh. tiltekinn sérfræðing sinn, lagaprófessor, taka saman álitsgerð í þessa veru. Sá hinn sami komst að þeirri niðurstöðu að hlutafélög í eigu ríkissjóðs, jafnvel þó þau séu 100% í eigu ríkissjóðs, lúti ekki hinni almennu skilgreiningu um opinber málefni. Af því var dregin sú ályktun að þar með ættu þingmenn engan umframrétt yfir almenn upplýsingalög þegar kæmi að óskum um upplýsingar um gang mála í þessum fyrirtækjum.

Þetta er auðvitað mjög mikilvægur þáttur. En auðvitað getum við bætt úr þessum samskiptaörðugleikum með því að hnykkja á þingsköpum og raunar, til þess að halda öllu til haga, einnig hlutafélagalögum í þá veruna að algjörlega kýrskýrt sé að eigi ríkið 50% eða meira í fyrirtæki þá sé það opinbert og lúti skilgreiningu á opinberum málefnum. Þar með væri hæstv. ráðherrum hverju sinni gert að upplýsa þingmenn í samræmi við það sem venja er þegar ríkisfyrirtæki eiga í hlut.

Þetta þykir ekki stór þáttur í þessu máli en er auðvitað undirliggjandi faktor sem við skulum ekki gera lítið úr. Þess vegna vakna auðvitað margir upp og segja sem svo: Er þetta enn ein leiðin hjá ríkisstjórninni, í þessu tilfelli hæstv. utanrrh., til að skáskjóta þessu stóra fyrirtæki, þessu milljarðafyrirtæki, þessu fyrirtæki sem telur hundruð starfsmanna, fram hjá eftirliti Alþingis og aðhaldi stjórnarandstöðunnar og geta haft þetta í friði fyrir sig og sína? Þannig hefur það því miður birst í samskiptum þings og framkvæmdarvalds þegar hlutafélagavæðing hefur átt sér stað. Landssíminn er auðvitað hrópandi dæmi um þetta. Það er í því ljósi sem menn hika eilítið og segja: Er það alveg sjálfgefið að mál gangi fram með þessum hætti?

Lítum örlítið á hina efnislegu umgjörð málsins að öðru leyti. Aflvaki hlutafélagavæðingar ríkisfyrirtækja hefur fyrst og síðast verið sá að talið er að það eigi ekki við að ríkið sé í samkeppni á tilteknum sviðum markaðarins. Það var vísað til þess í Landsbankamálinu og það er einnig notað sem rök hér. Mér finnast það vissulega rök þegar menn ræða mál af þessum toga. Á hinn bóginn má spyrja: Við hvern er Leifsstöð í samkeppni? Nú er samkeppni þessara flugstöðva með ýmsum hætti. Leifsstöð er aðallega í samkeppni við erlendar flugstöðvar. Fyrst og síðast er Leifsstöð í samkeppni um farþega frá útlöndum og reynir að laða að sér nýja flugrekstraraðila, einnig frá útlöndum. Um erlend samskipti, í þess orðs fyllstu merkingu, er ekki að ræða í þessum geira. Því miður kannski. Sökum smæðar okkar og stöðu sé ég það ekki fyrir að Leifsstöð sem miðstöð okkar í flugsamgöngum við útlönd muni eiga í beinum samskiptum af þessum toga. Samkeppnin hefur auðvitað birst í Leifsstöðinni inná við. Þar er í raun ekki verið að breyta neinu með þessari formbreytingu. Eftir sem áður verður það hlutafélag sem um ræðir 100% í eigu ríkissjóðs og á forræði ráðherrans.

Raunar mætti segja, herra forseti, að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafi í raun verið ígildi hlutafélags fram að þessu. Utanríkisráðherrar hafa hverju sinni nánast getað gert það sem þeim hefur dottið í hug þar syðra, og stundum án þess að spyrja kóng eða prest. Þeir hafa að vísu haft ráðgefandi apparöt og stjórnir yfir tilteknum þáttum í gegnum tíðina og stundum hafa þeir notað þessar ráðgefandi stjórnir og ráð sem skálkaskjól fyrir óvinsælum ákvörðunum og vísað til ráðgjafar þeirra. Öll umgjörð þessa hefur eins og við þekkjum verið í hlutafélögum. Hið stóra stökk sem yrði með þessari formbreytingu er því ekki alveg fyrirséð.

Það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvar þessi eðlisbreyting verður með þeirri formbreytingu sem hér ætti sér stað. Ég sé hana ekki í fljótu bragði. Þarna hefur verið ígildi stjórnar yfir þessu fyrirtæki, undir forræði ráðherra. Hið eina sem gerist er að háeffið bætist við. Ég velti því þar af leiðandi eilítið fyrir mér hvaða raunbreyting mundi eiga sér stað. Hún verður auðvitað talsverð gagnvart starfsmönnum, þ.e. gagnvart þeim sem eru ríkisstarfsmenn, einkum og sér í lagi í fríhöfninni, sem hefur eins og hér hefur réttilega verið sagt, verið gullkista þessarar stöðvar.

Í því samhengi er líka rétt að lýsa yfir vonbrigðum með það, þó ég hafi að vísu hlýtt á skýringar ráðherra þar um, að enn og aftur birtast starfsmönnum ríkisfyrirtækja áform um hlutafélagavæðingu í gegnum fjölmiðla. Ég hef samúð með stöðu ráðherra í þessum efnum. Það er ekkert áhlaupaverk í þessu opna samfélagi okkar að gera þetta þannig að starfsmenn heyri um slíkt fyrstir allra. Þarna tókst honum það ekki og það er slæmt. Ég held, með fullri virðingu fyrir utanrmn., ráðuneytunum og ríkisstjórninni, að það takist nú ekki að halda slíkan trúnað gagnvart fjölmiðlum marga daga

hafi ráðherrann ætlað sér það. Auðvitað átti hann að vera búinn að merkja í dagbók sína fund með starfsmönnum strax eftir fund utanrmn. Að vísu var hann á öðrum fundi þennan *mánudag*.

Af þessu verða menn að læra. Þetta skapar auðvitað tortryggni, stundum ástæðulausa en engu að síður eðlilega. Mér nægir hins vegar ekki, af því ég hef dálitla reynslu af því og við höfum það líka af þessari hlutafélagavæðingu, að hagur starfsmanna sé ævinlega og alltaf tryggður. Það hafa gengið mál í þessa veru og oftar en ekki hafa nú starfsmenn og starfsmannafélög viðkomandi aðila unnið þau mál. Reynslan hér í húsinu handan við okkur hefur hins vegar verið sú að það hefur snarfækkað á gólfinu en fjölgað, eins og menn þekkja, stórkostlega á efri hæðum. Ég læt mér ekki koma annað til hugar en sama þróun verði þar syðra. Það þekkja menn erlendis frá og sama þróun hefur átt sér stað hér heima. Fólkið á gólfinu óttast því eðlilega mest slíkar breytingar. Ég hins vegar treysti því að menn muni nota þennan tíma og það ráðrúm sem gefst við umfjöllun þessa máls til að tryggja að framkvæmdin verði skynsamleg, verði þetta að veruleika.

Herra forseti. Nú er það þannig að Leifsstöð og byggingarframkvæmdir frá 1983–1987 hafa legið óbættar hjá garði. Það hefur að mjög litlu leyti verið reynt að borga niður þær fjárfestingar sem páv. stjórn helmingaskiptaflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., réðust í á þessum árum. Þeir ætluðu nú öllu að týna á lokasprettinum til að ljúka því fyrir kosningarnar 1987 og misstu algjörlega peningatökin á þeirri framkvæmd, voru að teikna flugstöðina á sama tíma og hún var byggð. Þeir sem komið hafa nærri slíku vita að slíkt er óráð og við höfum ekki enn bitið úr nálinni með það.

Ástæðan fyrir því að við skuldum enn þá í kringum 5 milljarða kr. í þessari flugstöð sem er að verðmæti einhverjir 5 milljarðar — þannig að hreinn eignarhluti ríkisins er enginn í flugstöðinni þar syðra — er auðvitað sú að við höfum notað hagnaðinn af fríhöfninni sem skilað hefur stórum fjárhæðum í tekjur. Ríkissjóður hefur hirt þessa fjármuni að langmestu leyti. Ég er ekki að segja flugstöðin hafi ekki staðið undir sér fram að þessu. Við skulum horfa á veruleikann eins og hann er. Eignarhlutur ríkisins, ef við getum sagt sem svo, er enginn í þessari stöð. Nú erum við að ráðast í framkvæmdir, enn og aftur í tímahraki, sem á að ljúka fyrir 1. mars að ári, eða hvort það er 1. apríl.

Það er rétt um ár þar til taka á stækkunina í notkun að verulegu leyti. Framkvæmdir eru byrjaðar og þó enn sé verið að teikna. Ég er satt að segja viðbúinn hinu versta en vona hið besta þegar kemur að fjármálalegu uppgjöri á þeim framkvæmdum sem þar eiga sér nú stað. Þær eru ekki nein smásmíði og munu samkvæmt upplýsingum nema í kringum 4 milljörðum kr. Ég vona svo sannarlega að menn geti haldið sig innan þeirra áætlana þó að ég endurtaki að ég sjái það ekki alveg fyrir og mundi ekki leggja mikið undir í þeim efnum.

Herra forseti. Þetta er hin stóra umgjörð þess nýja hlutafélags sem þarna á að taka við. Og það er eftirtektarvert í því samhengi þegar umsögn fjmrn. í þessa veru er skoðuð og raunar líka inngangserindi hæstv. ráðherra þar sem hann taldi það mjög mikilvægt að nú væri þessi 8 eða 9 milljarða skuld á flugstöðinni, sem til verður orðin eftir að næstu lotu verður lokið, ekki færð í ríkisreikning — nú vildi ég gjarnan að hæstv. ráðherra legði við hlustir — að mjög mikilvægt væri að þessar tölur fyrirfyndust ekki í ríkisreikningi heldur væru skuld hins nýja hlutafélags.

Ég gef, herra forseti, ekki mikið fyrir þetta. Ég gef ekki mikið fyrir svona feluleik út af fyrir sig. Það verður eftir sem áður á ábyrgð ríkissjóðs að greiða þetta hvort heldur það verður hlutafélag í eigu þess eða undirstofnun eins og við þekkjum. Mér finnst þetta ekki rök í sjálfu sér. Það er hins vegar eftirtektarvert í umsögn fjmrn. að þar er sagt berum orðum að nettótekjur ríkissjóðs muni lækka um 140 millj. á ári á tímabilinu en tæplega 200 millj. á fyrsta ári. Ég gef mér hins vegar, og ég bið þá hæstv. utanrrh. að leiðrétta mig, að þessi lækkun verði m.a. til orðin vegna þess að hlutafélagið sjálft eigi að standa skil á gjaldföllnum skuldbindingum vegna hvers árs, þ.e. það eigi að borga afborganir og vexti og hlutafélagið eigi að gera það. Þannig að lækkunin á tekjunum sé ekki eingöngu vegna þess að nýja hlutafélagið taki yfir lífeyrisskuldbindingar heldur líka vegna þess að þeir ætla að borga þær skuldir eitthvað niður sem eru áhvílandi.

Það verður hins vegar ekkert séð af þessu yfirlitsblaði fjmrn. og menn þurfa aðeins að vinda sér í gegnum fylgiskjöl með frv. sem eru um margt ágæt en að því leyti til gölluð að þau segja okkur ekki stöðuna eins og hún er í dag. Mér hefði þótt fróðlegt og ég hvet til þess og óska raunar eftir því að í umfjöllun utanrmn. fái menn yfirlit um þróun fjármála allt frá 1987 að stöðin var tekin í gagnið og menn átti sig algjörlega á því hver er staðan í dag áður en menn ætla að renna inn í þetta nýja fyrirkomulag. Hér er töfluverk sem sýnir hvernig þróun mála mun verða í framtíðinni en lítið um núverandi ástand. Við erum í miðjum byggingarframkvæmdum — gleymum því ekki. Það er því mjög brýnt að við áttum okkur á stöðunni fyrir byggingarframkvæmdir og síðan eftir þær en það er hér hins vegar nákvæmlega listað.

Því er, herra forseti, nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri okkur eilítið gleggri grein fyrir hver hin fjárhagslega staða þessa hlutafélags er eftir stækkun og miðað við núverandi ástand. Þetta mun væntanlega leiða til þess að gullkistan, Fríhöfnin, mun auðvitað skila öllu sínu til þessa hlutafélags, hún mun verða hluti af því, en að tök og tækifæri ríkissjóðs til að seilast með krumluna í þessa stóru tekjupósta munu verða hverfandi, nema ríkissjóður fari hina gömlu leið og hækki arðsemiskröfu og nái peningunum þannig. Það er því ekkert gefið í þessu.

Herra forseti. Það væri líka fróðlegt í þessu samhengi, af því að vísað hefur verið til þess, hvernig þessu er háttað í nágrannalöndum okkar, og það er með ýmsu móti, ég þekki það. Sumir hafa gengið býsna langt í einkavæðingarátt, aðrir hafa ekki tekið hænufet í þá veru. Auðvitað veltir maður því fyrir sér og skoðar í þessu ljósi, því að hæstv. ráðherra hefur verið ærlegur með það að hann segist ekki vilja útiloka sölu síðar meir, hvort það sé mjög fýsilegur kostur til að mynda ef stærsti aðilinn í ferðaþjónustu á Íslandi, Flugleiðir, ætti 50–60% í einu millilandaflughöfn á Íslandi. Er það eitthvað sem við gætum séð fyrir okkur? Nei, auðvitað ekki. En má ekki ætla að einmitt þetta stóra fyrirtæki yrði fyrst allra til þess að sækjast eftir slíkum eignarhlut? Mörgum finnst einmitt að Flugleiðir ráði of miklu varðandi rekstur og framgang mála þar syðra og loki á aðra aðila t.d. varðandi lendingargjöld og ýmislegt annað.

Herra forseti. Tími minn er búinn. Ég vil bara árétta það að þó að ég hafi virkað hér gagnrýninn á ýmsa hluti þá held ég að við þurfum að vera það. Ég held að við þurfum að skoða þessi mál algjörlega í botn og gefa okkur ekkert fyrir fram. Mér finnst, af athugasemdum með frv., að menn geri

það dálítið og gefi sér ekki nægilegan tíma til að skoða allar hliðar málsins.

[13:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að upplýsa um fjárhagslega stöðu flugstöðvarinnar. Ég tel langheppilegast að gera það þegar málið kemur til umfjöllunar í nefnd. Það eru að sjálfsögðu til reikningar flugstöðvarinnar fyrir sl. ár og ekkert á móti því að þeir reikningar séu sýndir í meðferð málsins þannig að hv. þm. geti áttað sig á því.

Hv. þm. nefndi að verið væri að færa skuldir til inn í hlutafélag, þ.e. þær væru ekki lengur á ábyrgð ríkissjóðs. Það sem skiptir að sjálfsöðgu meginmáli í því er að hér er verið að sýna fram á samkvæmt áætlunum óháðra endurskoðenda að við getum ráðið við þessar skuldir og borgað þær niður. En á undanförnum árum, alveg fram til þessa dags eða til 1998, voru þessar skuldir að safnast upp og ef það hefði haldið áfram hefði það endað á ríkissjóði, endað á skattborgurum landsins. Hér er því ekkert bara verið að færa til tölur, hér er verið að standa þannig að málum að viðkomandi fyrirtæki endurgreiði þetta allt saman. Það er náttúrlega löngu tímabært að ganga þannig frá málinu sem hafði einhverra hluta vegna verið vanrækt allt of lengi.

[13:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hæstv. ráðherra deilum ekkert um það að menn hafi ekki sinnt þeirri sjálfsögðu skyldu að greiða skuldir ríkissjóðs vegna skuldbindinga í Leifsstöð. En hver er ástæðan? Er ástæðan sú að fjármuni hafi vantað úr rekstri stöðvarinnar? Nei, hún er ekki sú. Hún er einfaldlega þessi: Ríkissjóður hefur tekið stóran hluta af hagnaði stöðvarinnar í almennan rekstur. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur þær tölur handbærar en ég vil samt spyrja hann um þær. Getur hæstv. ráðherra upplýst hvað ríkissjóður hefur tekið mikla peninga út úr rekstri Leifsstöðvar frá 1987 til dagsins í dag? Hefur hæstv. ráðherra upplýsingar um hvort þeir fjármunir hefðu ekki staðið undir þessum skuldbindingum, þessum áhvílandi lánum og afborgunum af þeim? Mér er nær að halda að þeir hefðu gert það.

Þessi hlutafélagavæðing er auðvitað engin hókus pókus aðferð í því að borga skuldir. Það sem einum af oddvitum ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanrrh., aðstoðarforsrh., hefði vissulega verið í sjálfsvald sett núna í fimm ár var að taka ekki peninga úr rekstri flugstöðvarinnar í ríkissjóðshítina heldur nota þá fjármuni eins og þeim ber í að borga niður skuldir. Það þarf ekkert að hlutafélagavæða sérstaklega til þess. Það er auðvitað pólitísk ákvörðun oddvita ríkisstjórnarinnar hvernig sá hagnaður er notaður og eðli máls samkvæmt á að nota hann til að borga niður skuldir. Þar erum við hæstv. ráðherra sammála. Og hvort hann eða forverar hans hafi farið öðruvísi að og hann telji sig þurfa að hlutafélagavæða og sérstaklega að tryggja það að gírugur fjmrh. taki ekki þarna fjármuni og fari með þá í almennan rekstur, það veit ég ekkert um, en ég fæ ekki séð að nýir fjármunir verði til með hlutafélagavæðingunni einni og sér.

[13:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki talið neina ástæðu til þess að breyta skipulaginu eins og það var, þ.e. að flugstöðin skilaði miklum peningum til ríkissjóðs og flugstöðin mun áfram skila miklum peningum til ríkissjóðs. Þarna er að vísu munur upp á 140 millj. að meðaltali á ári sem getur þá gengið til þess að greiða niður skuldir. En það sem við höfum fyrst og fremst lagt áherslu á er að auka tekjur flugstöðvarinnar, skapa nýjan grundvöll, vegna þess að þetta er mjög góð starfsemi sem þarna er fyrir hendi. Það eru gífurlegir möguleikar en að mínu mati hefur þeim möguleikum ekki verið sinnt sem skyldi.

Ég er þó alveg sannfærður um að þegar ný stjórn kemur að þessu fyrirtæki sem hefur þekkingu á málum, þá eru miklu meiri líkur til þess að þeir möguleikar sem eru fyrir hendi verði nýttir heldur en að fyrirtækið verði rekið, eins og ég hef sagt, sem deild í utanrrn. Þó að ég hafi mikla trú á embættismönnum mínum og því ágæta fólki sem þar er, þá er það ekki sérstaklega ráðið þangað inn með tilliti til verslunarrekstrar á Keflavíkurflugvelli, að flutningsskyldir diplómatar eigi á hverjum tíma að hafa mikið vit á klæðaverslunum eða skóverslunum á Keflavíkurflugvelli. Það er ekki eðli þeirra starfa.

[13:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú veit ég ekki gjörla um innanbúðarmál í utanrrn. eða hverjir hafa sérþekkingu á skóm. Hitt er annað mál að ég sé það fyrir að ný stjórn hlutafélags þurfi fyrst og síðast að halda utan um hina stærri þræði. Það verður tæpast á hennar valdi að ákvarða staðsetningu skóverslana eða umfang þeirra og hvort það eigi að vera einkaaðilar sem leigi þar pláss eða hlutafélagið sjálft sem eigi að halda þeim rekstri úti.

Við skulum undirstrika þann veruleika sem við okkur blasir að þessi hlutafélagavæðing ein og sér mun ekki skýra neitt þau vandamál sem uppi hafa verið varðandi samkeppnisatriði og álitamál í rekstri innan stöðvarinnar. Því að eftir sem áður mun verða togstreita þar á ferðinni hvort heldur það er hlutafélag í eigu ríkissjóðs eða deild í utanrrn. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra, vegna þeirra stóru skuldbindinga sem þarna eru annars vegar, muni vilja hafa fingurna í því hvernig þessi mál ganga til.

Ég sagði áðan og ég held að það sé bara þannig að ákveðið gagnsæi er í þessum málflutningi öllum. Stundum hentar að hafa pólitíska fjarlægð frá ákvörðunum svo sem varðandi forstöðumann þar syðra, og það passar núna að fá þá pólitísku fjarlægð og geta vísað til stjórnar fyrirtækisins, það er meiri pólitísk fjarlægð í því en ráðgjafarnefnd í deild utanrrn. Það skapar því ákveðinn ótrúverðugleika í nálgun þessa máls.

Og að lyktum vil ég segja þetta, herra forseti, og undirstrika það að ég leggst ekki gegn þessu þver og endilangur. En hefði ekki verið skynsamlegra að leggja þetta til í lok uppbyggingartímabilsins, þ.e. 1. mars að ári, þegar uppbyggingu væri lokið og menn sæju landið fyrir sér eins og það er en ekki á miðjum framkvæmdatíma þegar spurningarnar eru fleiri en svörin?

[13:58]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að spurningarnar væru í raun fleiri en svörin og það er akkúrat það sem knýr mig hingað upp. Ég deili að vísu áhyggjum mínum með honum varðandi starfsmannamál í Leifsstöð eins og reyndar á við um önnur starfsmannamál ríkisins hvort heldur er í ríkisfyrirtækjum eða fyrirtækjum sem hafa verið hlutafjárvædd því að í starfsmönnunum eru auðvitað fólgin gríðarlega mikil verðmæti.

Hv. þm. talaði líka um pólitíska fjarlægð. Ég er alveg sannfærður um að við hlutafjárvæðingu verður hin pólitíska fjarlægð meiri.

En spurningar mínar sem vöknuðu þegar ég hlustaði á hv. þm. voru í fyrsta lagi hvort þingmaðurinn sé á móti því að Flugstöð Leifs Eiríkssonar verði hlutafjárvædd. Ég náði því ekki alveg í ræðu hans og gott væri að fá alveg skýrt svar við því hvort hann er á móti þessu. Og hin spurningin var sú hvort þingmaðurinn sé á móti því að stækka Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það kom ekki fram í ræðu hans áðan þegar hann fjallaði um þessi mál á mjög breiðum grunni og eftir standa í raun þessar tvær spurningar.

[14:00]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur greinilega komið seint inn í ræðu mína. Ég er hvorki með þessu máli né á móti því, við skulum bara hafa það alveg á hreinu. Ég mun taka afstöðu til þess þegar fyrir liggja svör við þeim fjöldamörgu spurningum sem ég hef hér varpað fram. Þau hafa alls ekki komið í ljós. Ég áskil mér því allan rétt í þessum efnum.

Af því að hv. þm. lýsti yfir áhyggjum sínum af framtíð starfsmannamála, sem kann auðvitað að tengjast breytingum á kjördæmaskipan en ég skal ekkert um það segja, má náttúrlega spyrja: Hefur hann raunverulega áhyggjur af málinu og ætlar hann að fylgja því eftir? Mun afstaða hans til málsins byggjast á því hvort hagur starfsmanna verði tryggður? Verður hann kannski á móti málinu ef hagur þeirra verður ekki tryggður? Þannig má gagnspyrja.

Hlutafélagavæðing — ég verð nú að leiðrétta hv. þm., við erum að tala um hlutafélagavæðingu en ekki hlutafjárvæðingu — er auðvitað til að skapa ráðherranum pólitíska fjarlægð. Það dettur ekki nokkrum manni í hug að ný stjórn í Leifsstöð verði með öðrum formerkjum en til að mynda í Íbúðalánasjóði eða þeim stjórnum og ráðum sem ráðherrarnir hafa skipað. Þarna eiga sérfræðingar í skóverslunum greinilega að ráða ferðinni.

En það væri líka fróðlegt að heyra hvort hv. þm., sem kemur úr stjórnarliðinu, líti þannig á að pólitískt jafnvægi eigi að ríkja í þessari stjórn, eins og menn þekkja raunar enn að hluta til í Landssímanum og Íslandspósti þar sem hann situr. Finnst honum það sjálfsagt og eðlilegt að þar verði ákveðið pólitískt jafnvægi þannig að eftirlitsskylda annarra flokka sé tryggð með þessari mikilvægu starfsemi? Er hann mér sammála um það? Ég held að það sé sniðugt en jafnframt að tryggja nauðsynlega sérhæfingu og sérþekkingu á rekstri skóverslana.

[14:02]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafði ákveðna þörf fyrir að snúa örlítið út úr máli mínu. Það kom reyndar skýrt fram, ég þakka hv. þm. fyrir að svara því, að hann er hvorki með né á móti þessu máli. Hann talaði á þeim nótum og þá hef ég í raun skilið ræðu hv. þm. alveg rétt.

Það er hins vegar mikill misskilningur hjá hv. þm. að halda að ég sé fyrst og fremst að hugsa um þetta mál út af breytingu á kjördæmaskipan. (**GÁS:** Gott að vita það líka.) Auðvitað tengist Flugstöð Leifs Eiríkssonar öllu landinu eins og önnur ríkisfyrirtæki. Að þessu leyti er ég greinilega örlítið víðsýnni en hv. þm. vegna þess að þetta tengist landinu í heild.

Mér finnst mjög eðlilegt, herra forseti, að þegar valið verður í stjórn þessa fyrirtækis þá verði það hæft fólk og það er ekkert óeðlilegt að ákveðið pólitískt jafnvægi sé í þeim efnum eins og reyndar hefur verið gætt að í mjög mörgum hlutafélögum sem stofnuð hafa verið á vegum ríkisins. Að því leyti fara skoðanir okkar saman. Ég hef hins vegar þá staðföstu trú að nútímalegra sé að gera fyrirtæki eins og þetta að hlutafélagi. Ég er klár á því að ákvarðanataka verður mun skjótari með þeim hætti heldur en þegar fyrirtækið heyrir beint undir utanrrn. Það kom reyndar komið mjög vel fram í ræðu hæstv. utanrrh. að embættismenn eiga ekki að vera að vasast í verslunarrekstri og þess háttar. Þannig fara skoðanir okkar saman að þessu leyti.

[14:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. mun beita sér fyrir því gagnvart hæstv. ráðherra, formanni sínum, að þarna verði ákveðið pólitískt jafnvægi á í stjórnarskipan. Hæstv. ráðherra hefur væntanlega hlýtt á þingmanninn sinn. (**Utanrrh.:** Já, já.)

Ég fagna því hins vegar líka þó ég sé ekki hissa á því að hv. þm. hefur ákveðinn skilning á afstöðu minni, þ.e. að vera með og á móti frv. Þetta hefur nú verið aðalsmerki Framsfl. og þeir þekkja þetta auðvitað mætavel. Ég segi einfaldlega að ég ætla að taka málefnalega afstöðu til þessa máls þegar öll kurl eru komin til grafar. Eins og ég rakti hér í ítarlegu máli og gæti gert nánar ef tími gæfist til eru fjöldamargar spurningar sem ekki hefur verið svarað.

Ég hef aldrei verið svo mikill ofsatrúarmaður á hlutafélagavæðingu og hvað þá einkavæðingu að orðið eitt, að hugtakið eitt nái að búa til peninga, dugi til að breyta hér nótt í dag. Ég hef aldrei verið sama sinnis og t.d. hv. þm. Pétur Blöndal í þeim efnum, af því ég sé hann hér. Ég bið hann afsökunar ef ég er að gera honum upp skoðanir.

Ég vil að rök séu færð fyrir slíkum breytingum. Þess vegna sagði ég áðan að í samkeppnisumhverfi vil ég skoða það mjög gaumgæfilega og er yfirleitt hlynntur því að ríkissjóður mæti á markaðinn undir tilteknum formerkjum. Það er ekki alveg sama hvernig það er gert. En þar sem það er ekki borðleggjandi og langt í frá að samkeppni ríki þar gildir annað. Getur hv. þm. bent mér á hvaða flugvöllur er í beinni samkeppni við Leifstöð? Er Egilsstaðaflugvöllur í beinni samkeppni við Leifsstöð? Eða Ísafjörður? Nei, auðvitað ekki. Þessi flugstöð er ein sinnar tegundar hér á landi og verður í fyrirsjáanlegri framtíð.

Maður gefur sér því að þessi lögmál séu ekki til staðar þarna. En ýmis önnur rök sem hér hafa verið tínd til kunna að gera það að verkum að þetta sé skynsamlegt. Ég ætla ekkert að útiloka það. Á hinn bóginn hefur mér ekki sýnst að sérfræðingar hæstv. ráðherra í málefnum flugstöðvarinnar, ekki endilega sendiherrar heldur líka ákveðnir sérhæfðir aðilar og með sérþekkingu, hafi nú yfirleitt verið fljótir til aðgerða. Það hefur ekki þurft að spyrja Alþingi um stórar eða litlar ákvarðanir þar syðra.

Þessir kostir hlutafélagsins hafa því verið til staðar þótt þar sé um deild í ráðuneytinu að ræða.

[14:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mér er sagt að stærsta snyrtivöruverslun landsins sé í Fríhöfninni í Keflavík. Hún heyrir beint undir hæstv. utanrrh. Þegar hann ræðir við forstöðumenn þeirrar stofnunar fjalla þeir kannski um álagningu á ilmvötnum og í næstu andrá fer hann að ræða um afstöðu Íslands til

stórra mála á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þetta er náttúrlega fáránlegt.

Herra forseti. Fríhafnir eru undanþegnar öllum gjöldum til ríkisins og jafnvel til sveitarfélaga. Þetta er eins konar skattaparadís. Þetta er svona útópía frjálshyggjumanna, ekkert ríki. En þar er einn hængur á. Menn þurfa að kaupa sér farmiða til að njóta gæðanna. Þess vegna eru það hagsmunir flugfélaga um allan heim og ferðaskrifstofa að fríhafnir séu sem víðast við flugvelli til þess að hvetja fólk til þess að fljúga. Almenningur nýtur ekki þessara skattfríðinda eða skattaparadísarinnar nema með því að fljúga.

Hv. þingmenn geta ímyndað sér hvað mundi gerast ef Kringlan fengi svipuð leyfi hérna að öðru óbreyttu, ef hún þyrfti ekki að borga virðisaukaskatt, ekki tolla eða önnur gjöld af allri veltu sinni. Það yrði aldeilis hagnaður af því fyrirtæki. Það yrði mikils virði. Fríhafnir eru þannig í eðli sínu gullkista og auðlind fyrir þá sem reka þær. Þannig geta menn líka notað þær. Í kringum fríhafnir myndast verslunarmiðstöðvar á ólíklegustu stöðum, jafnvel uppi á miðri Miðnesheiði. Það er alltaf jafnskrýtið, herra forseti, að keyra þarna í eyðimörkinni um miðjan vetur í snjókomu og byl en vera allt í einu kominn inn í glæsilega verslunarmiðstöð. Einasti hvatinn fyrir þessari miðstöð þarna er fríhöfn.

Nú er það þannig, herra forseti, að ég er á móti fríhöfnum. Ég er á móti því að mismuna fólki í sköttum. En það er önnur saga, ég breyti því væntanlega ekki um allan heim.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í Evrópusambandinu undanfarið. Þar er eitt ríki í mótun og hluti af því er að loka fríhöfnum, loka þessum skattaparadísum sem eru úti um allt eða þá skipta þeim upp. Það mun gera það að verkum að okkar fríhöfn fær meira vægi vegna þess að hún stendur í samkeppni við fríhafnir annars staðar. Það er hugsanlegt að í tengslum við það samkomulag sem við samþykktum í gær um Schengen-samninginn gefist ný sóknarfæri í því að Keflavíkurflugvöllur verði sem dyr t.d. Ameríku og Japans til Evrópu. Fólk sem kemur inn til Evrópu gæti farið í Fríhöfnina í Keflavík á leið sinni til Evrópu og þar væri feiknarmikið sóknarfæri fyrir duglega bisnessmenn, herra forseti. Það gæti gefið duglegum framkvæmdamönnum tækifæri til að láta Fríhöfnina skila miklu meiri hagnaði en hún nokkurn tíma mundi gera undir opinberri forsjá.

En Fríhöfnin er líka í samkeppni við verslun hér innan lands. Hún hefur farið illa með verslun innan lands, virkilega illa. Það er engin tilviljun að stærsta snyrtivöruverslun landsins er í Fríhöfninni. Það er vegna skattfrelsisins. Þetta hefur náttúrlega komið mjög illa niður á snyrtivöruverslunum á landinu sem og annarri verslun sem er í beinni samkeppni þar við, þar á meðal ÁTVR sem verður af miklum viðskiptum vegna Fríhafnarinnar. Ég reikna ekki með því að við getum breytt því vegna þess að þessar fríhafnir eru um allan heim.

Það er svo merkilegt að þegar maður les þetta frv. þá er hvergi talað um Fríhöfnina. Hún er ekki nefnd í frv. en þó á hún að vera sá dráttarklár sem dregur ríkissjóð upp úr skuldafeninu sem þessar miklu framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli hafa valdið. Þess er þó getið í greinargerð að hæstv. utanrrh. hafi tekið þá ákvörðun að fella rekstur Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli undir starfsemi flugstöðvarinnar til að styrkja enn frekar fjárhagslegan grundvöll þeirrar uppbyggingar sem nú stendur yfir. Meiningin er því, þó það komi ekki fram í frv., að nota Fríhöfnina sem dráttarklár til að greiða niður þær skuldir sem þessar miklu fjárfestingar valda.

Þegar við ræðum um stofnun hlutafélags um rekstur sem er á höndum ríkisins þá þarf alltaf að ræða um hag starfsmanna. Það er miður þegar þeir frétta það ekki fyrstir, heldur frétta úr fjölmiðlum að það eigi að fara að breyta rekstrinum. Hér virðist hafa orðið slys og hæstv. utanrrh. á alla mína samúð fyrir að hafa lent í því slysi. Hann gat þess að hann hefði viljað tilkynna starfsmönnum þetta fyrst.

Það hefur hins vegar sýnt sig í þeim fyrirtækjum sem hafa verið einkavædd hingað til að fyrir flesta starfsmenn er það til bóta. Launakerfi ríkisins er það niðurnjörvað og stíft að starfsmenn hafa ekki getað notið hæfileika sinna og dugnaðar. Þess vegna er við því að búast og væntanlega kemur það upp að þegar búið er að breyta þessu í hlutafélag þá eru meiri möguleikar til þess að greiða starfsfólki eftir hæfileikum og getu. Það kæmi væntanlega konum hvað mest til góða þar sem þeim hefur oft ekki verið greitt í samræmi við getu, því miður.

Herra forseti. Í 6. gr. er gert ráð fyrir að við stofnun félagsins verði allt hlutafé þess í eigu íslenska ríkisins og ráðstöfun þess og sala háð samþykki Alþingis. Þetta þykir mér að sjálfsögðu miður af því að ég vil ganga enn lengra. Þetta er hins vegar ágætis skref og ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem reyndar er ekki viðstaddur núna, fyrir að benda á það sí og æ og undirstrika að flugstöðin verði seld. Það þykir mér mjög jákvætt þó honum þyki það ekki.

En þar sem hér er um „bisness" að ræða, herra forseti, þá legg ég til að hv. utanrmn., sem stendur jafnan ekki daglega í bisness, fái góða ráðgjafa úr atvinnulífinu til þess að hjálpa sér við að fara yfir þetta frv. Þetta er frv. um bisness, atvinnurekstur og því þarf að líta á dæmið í heild, hvernig menn sjá þetta dæmi fyrir sér ef Fríhöfnin yrði látin fylgja með. Segjum að það yrði gerður samningur milli ríkisins og þessa hlutafélags um að Fríhöfnin njóti skattfríðinda eins og álverið og fleiri fyrirtæki, óbreytt í tíu eða fimmtán ár og svo yrði dæmið selt. Þá hygg ég að svo miklir peningar fáist fyrir að allar skuldir ríkissjóðs vegna flughafnarinnar mundu greiðast fyrir andvirðið og kannski gott betur. Þeir markaðsaðilar sem kæmu inn í dæmið gætu hugsanlega átt möguleika á aukningu með því að markaðsvæða Fríhöfnina út um allan heim þannig að umferðin stóraukist, ekki til Íslands heldur milli annarra landa og Evrópu og frá Evrópu til annarra landa. Þetta sjá náttúrlega bisnessmenn en ekki endilega hv. utanrmn. sem ekki er að fjalla um svona viðskipti alla daga.

Ég legg því til að utanrmn. fái góða viðskiptamenn úr atvinnulífinu til að ráðleggja sér hvernig best er að standa að slíku dæmi og gæta hagsmuna ríkissjóðs sem best. Þá er kannski hægt að breyta þessu skuldaáhyggjudæmi yfir í gullgerðarvél, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um, og ég reikna með því að þegar á að fara að selja þetta fyrirtæki, sem hv. þm. er búinn að lýsa hér yfir aftur og aftur að verði gert, muni Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins með hv. þm. Ögmund Jónasson í stjórn verða fús til að borga mikið fyrir þessa gullgerðarvél og það muni koma ríkissjóði til góða.

Ég má til með, herra forseti, að geta hérna um leiðinlegt orð í 11. gr. Þar stendur: „Við niðurlagningu stofnunarinnar ..." Niðurlagning er í mínum huga alltaf eins og að leggja síld í dós. Ég mundi vilja að menn notuðu annað orð, t.d. þegar stofnunin verður lögð niður eða eitthvað slíkt. En þetta er væntanlega málefni nefndarinnar sem fer yfir þetta.

Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi við frv. Ég tel að þetta sé mjög jákvætt skref í átt að meiru og ég ætla að vona að

menn taki sér ekki allt of langan tíma til að átta sig á því að það sé skynsamlegast af öllu að ríkið selji þetta hlutafélag því það eru einkaaðilar sem geta gert úr þessu mikinn hagnað til hagsbóta fyrir sjálfa sig og það kemur væntanlega fram í háu verði til hagsbóta fyrir ríkissjóð.

[14:17]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gjarnan svo þegar hv. þm. Pétur Blöndal kemur í þennan stól þá talar hann í svörtu og hvítu. Og mér fannst, herra forseti, hv. þm. taka dálítið stórt upp í sig þegar hann talaði um að ríkisstarfsmenn njóti ekki hæfileika sinna. Það vill nú þannig til að fjölmargir menn eru starfsmenn ríkisins að sjálfsögðu og þar er auðvitað mjög margt hæfileikafólk, þannig að rekstrarformið eitt og sér segir ekki allt um það hvort menn njóti hæfileika sinna eða ekki. Ég hnaut því í raun og veru um þessa stóru fullyrðingu. Við getum sagt: Veldur hver á heldur. Ég er sannfærður um að það eigi að hlutafélagsvæða þetta fyrirtæki en mér þykir, herra forseti, hv. þm. taka ansi stórt upp í sig þegar hann talar um að ríkisstarfsmenn njóti ekki hæfileika sinna í því rekstrarformi þar sem ríkisrekstur er. Því velti ég fyrir mér hvort hv. þm. sé að fullyrða það að allir þeir fjölmörgu starfsmenn ríkisins séu á hálfu gasi eða hálfum hraða af því einu að þeir eru starfsmenn ríkisins.

[14:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir sérstaklega vænt um að fá þessa athugasemd frá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni. Ég sagði að ríkisstarfsmenn njóti oft ekki hæfileika sinna. Ég stend við það. Þeir eru nefnilega margir á fullu gasi, en þeir njóta þess ekki.

Ég hef kynnst kennurum sem skila alveg frábæru starfi, herra forseti, og halda hv. þm. að þeir njóti þess einhvern veginn? Fá þeir hærri laun? Ónei. Þeir njóta þess einskis. Ég þekki frábæra starfsmenn ríkisins á heilbrigðissviðinu sem leggja sig mjög hart fram. Halda hv. þm. að þeir njóti þess einhvern veginn í launum? Ónei, það gerist ekki. Það hefur meira að segja ekki verið hægt þangað til núna nýverið að láta þá njóta þess. Nú er reyndar búið að breyta lögum þannig að forstöðumenn geta látið menn sem eru sérstaklega snjallir, sérstaklega duglegir, með sérstaklega mikla menntun eða mikla reynslu njóta þess. En því miður hefur það verið þannig hingað til að ríkisstarfsmenn hafa ekki notið hæfileika sinna og dugnaðar. Ég stend við það.

Það er ekki þar með sagt að þeir séu á hálfu gasi, alls ekki. Þeir eru margir alveg frábærir starfsmenn.

[14:20]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. þá missti ég af orðunum: „oft ekki hæfileika sinna". En það á auðvitað við um fjölmarga aðra starfsmenn í öðrum rekstrarformun að þeir njóta oft ekki hæfileika sinna einhverra hluta vegna og eftir stendur sú spurning í sjálfu sér. Við getum vissulega leikið okkur að því að ræða þetta á heimspekilegan hátt, hvort starfsmenn njóti oft ekki hæfileika sinna o.s.frv. Það fer ekki alltaf eftir rekstrarforminu. Ég veit sem fyrrverandi kennari að það er dálítið erfitt að koma á einhverri ákvæðisvinnu eða kaupauka eða einhverju slíku inn hjá kennarastéttinni og það er í raun og veru erfitt að finna þann farveg. Ég ætla því ekki að munnhöggvast lengur við hv. þm. um þetta. En það kemur í ljós að rekstrarformið skiptir ekki höfuðmáli í þessu.

[14:21]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal lýsti því yfir í ræðu sinni að hann væri á móti fríhöfnum vegna eðlis þeirra, þær störfuðu í skjóli skattfríðinda, en lýsti því jafnframt yfir að hann mundi sennilega ekki hafa afl til að berjast gegn þeim þar sem þær væri að finna um allan heim.

Nú veit ég að hv. þm. Pétur Blöndal getur frætt þingheim um hvernig háttað er með fríhafnir almennt. Upplýsingar mínar segja að þeim fari óðum fækkandi í Evrópu, sérstaklega vegna tollabandalags Evrópu. Þetta hangir kannski saman við þá umræðu sem við höfum átt hér og áttum í gær um aðild okkar að Schengen-svæðinu, að með tilkomu tollabandalags Evrópubandalagsríkja falla niður möguleikarnir á því að reka fríhafnir.

Ég hefði gaman af að heyra hv. þm. staðfesta þá skoðun eða það sem ég hef heyrt um þetta mál. Jafnframt langar mig að spyrja um hagnaðarvon væntanlegra aðila sem gætu hugsanlega boðið í Fríhöfnina okkar eða flugstöðina þegar hún verður síðan auglýst til sölu. Hv. þm. segir að hagnaðarvonin sé umtalsverð vegna þess að þarna sé starfað í skjóli skattfríðinda. En hvað gerist þá ef við, íslensk þjóð, verðum síðan aðili að Evrópusambandinu? Erum við þá ekki búin að deyfa og veikja allar hagnaðarvonir þeirra sem mögulega mundu vilja eignast þessa flugstöð og þar með talið Fríhöfnina?

[14:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi einmitt að sú fækkun á fríhöfnum í Evrópu eða veiking á þeim, því að þær geta bara tekið þá farþega sem koma utan Evrópusvæðisins eða utan Schengen-svæðisins, veldur því að þeim fækkar og þetta gefur Fríhöfninni í Keflavík aukið tækifæri vegna þess að stór hluti af farþegum í gegnum flugvöllinn í Keflavík er ekki að koma til Íslands. Hann er að millilenda frá Ameríku til Evrópu þannig að stór hluti af rekstri Keflavíkurflugvallar er utan frá, ekki innan Schengen-svæðisins. Ég sé að þarna geti verið mikið tækifæri fyrir menn, viðskiptamenn, til framtíðar að stórauka umferð um Keflavíkurflugvöll öllum til hagsbóta, þ.e. Íslendingum.

Vissulega er það svo að hv. þm. standa ekki í rekstri alla daga og þekkja ekki rekstrarlegar forsendur. Þess vegna lagði ég til að hv. utanrmn. fengi til umræðu um þetta frv. menn sem vit hafa á þeim málum og standa í rekstri alla daga til þess að fá um það smánámskeið hvernig best er að haga þessum málum þannig að hagnaðarvonin verði sem mest og þar af leiðandi væntanlegt verð fyrir flugstöðina þegar hún verður seld.

[14:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns langar mig að bregðast við orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér í umræðunni þegar hann blandaði því inn í umræðuna um Flugstöð Leifs Eiríkssonar að Framsfl. væri orðinn deild í Sjálfstfl. Ég ætla ekki að svara fyrir það, það hefur formaður Framsfl. gert sjálfur og mun væntanlega bregðast við slíkum umsögnum. En það er beinlínis óþolandi að Sjálfstfl. sleppur eða víkur sér undan óþægilegum málum í ríkisstjórn aftur og aftur. Hann afgreiðir þau mál yfir á samstarfsflokkinn og hann hefur leikið þennan leik ekki í einni ríkisstjórn heldur a.m.k. tveimur og yfir á þá þriðju. Hann er á vissan hátt

eins og hvelja sem sleppur undan ábyrgð sinni af því að það hentar þeim stóra flokki.

Ég minni á að forsrh. tók ekki ábyrgð á Fljótsdalsvirkjun fyrr en átök urðu hér í þessum sal að morgni dags í umræðu um störf þingsins og vakti athygli okkar allra. Og forsrh. og flokkur hans hefur látið Framsfl. bera þungann af pólitískri umræðu og afgreiðslu á Schengen-málinu og við þingmenn sem störfum á Alþingi og tökum þátt í umræðum í þessum sal tökum auðvitað eftir þessu. Þetta hentar þessum flokki og eru þar með örlög samstarfsflokks hans. Við þurfum þess vegna ekki að vænta þess í þessu máli eða öðrum óþægilegum að forsrh. ...

(**Forseti** (GuðjG): Hæstv.)

... hæstv. birtist hér. — Já, herra forseti, ég skal gæta þess að segja hæstv. forsrh. um þann góða mann. Við þurfum ekki að vænta þess að hæstv. forsrh. birtist hér eða taki ábyrgð á óþægilegum málum. Það samræmist ekki foringjastíl hans.

Herra forseti. Ég hafði þörf fyrir að minnast á þetta í upphafi máls míns í umræðu um Flugstöð Leifs Eiríkssonar og kemur væntanlega engum á óvart þó að ég láti þessi orð falla því að hver einasti maður utan og innan þessa húss þekkir þá sýn sem ég er að draga upp.

Í öðru lagi vil ég taka fram að fulltrúar Samfylkingarinnar í utanrmn. hafa tekið þessu frv., þ.e. kynningu utanrrh. á frv. í utanrmn., mjög vinsamlega. Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur ekki tekið þetta mál beinlínis til formlegrar afgreiðslu. Það kom hér inn á þing fyrir svo fáum dögum að flest okkar eru bara enn þá með það í handritsformi á borðunum. Við munum að sjálfsögðu skoða það og hvort þingflokkurinn er einungis með eina afstöðu til málsins. Það er engin ástæða til að við gerum það fyrr en málið fer að vinnast í nefnd og svör hafa komið við þeim spurningum sem m.a. hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson varpaði fram í spurningum sínum til hæstv. utanrrh. Við skulum hafa þetta á hreinu.

Með þessari umræðu erum við ekki að leggjast gegn frv., síður en svo. Við viljum ræða það, fá skýrari mynd af afleiðingum þess og skoða hvaða afleiðingar samþykkt frv. hefur.

Hér var það nefnt, og reyndar kom það líka fram í máli hv. Ögmundar Jónassonar að honum fyndist jafnaðarmenn vera farnir að bregðast við á nýjan hátt. Hv. þm. var að gefa það til kynna að stefna jafnaðarmanna samræmdist ekki þeirri stefnu jafnaðarmanna sem honum fyndist að ætti að vera til. Þá langar mig að minnast á það í tilefni af þessum ummælum, að á sínum tíma voru bæjarútgerðir starfandi úti um allt land sem jafnaðarmenn komu á laggir og skiptu mjög miklu máli fyrir atvinnulíf þess tíma. Mér dettur ekki í hug að nokkur maður fari að koma með tillögu um það í dag að sveitarfélög hringinn í kringum landið fari að setja bæjarútgerðir á laggirnar.

Þetta er bara breyting og þróun sem hefur átt sér stað. Það breytir því ekki að jafnaðarmenn á ýmsum stöðum og í sveitarfélögum um land allt bera atvinnumál á atvinnusvæðum sínum jafnmikið fyrir brjósti og áður. Ég vil líka nefna það, af því að mér er það mál skylt, að í kreppunni lögðu fátækir sjómenn fram fé til samvinnufélaga, bátasamvinnufélaga, fé sem þeir áttu ekki og sem þeir mundu aldrei fá til baka aftur, enda var það ekki arður eða ágóði sem stýrði því heldur löngun til að stuðla að atvinnuuppbyggingu í heimabyggð sem stýrði því að menn lögðu fé af mörkum til að stofna útgerðarsamvinnufélög, eins og t.d. á Ísafirði. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki kúabúunum.) Ég gæti nefnt kúabúin og margt fleira. Ég er að nefna það sem ég þekki, jafnvel á kroppnum.

Þetta gerum við ekki lengur af því að þetta voru aðgerðir og barn síns tíma. Ég vil líka nefna að við viljum að þjónustustofnanir á velferðarsviði séu að langmestum hluta á sviði og vettvangi ríkisins. Það er af því að við viljum ekki að það sé geðþóttaákvörðun einkaaðila sem ræður velferðarþjónustu eða velferðarstigi í landinu. Um þetta erum við sammála. Ég vil þó minna á að það er ekkert fortakslaust að ákveða að einhvers konar einkaumönnun sé til staðar og ég vil sérstaklega minna á að á vegum Barnaverndarstofu eru gerðir þjónustusamningar við einkaaðila, við fjölskyldur sem hafa sett sig niður eða breytt búum sínum og taka við dýrmætum þætti velferðarþjónustu, nefnilega að taka á móti ungmennum sem hafa orðið fíkniefnum að bráð og gera þjónustusamninga um umönnun og þjónustu við Barnaverndarstofu. Þetta hefur reynst vel, þetta er gott mál. Og það er ekkert sem segir að ríkið verði að kaupa sveitabýli og ráða fólk á býlið til að reka slíka starfsemi.

Þess vegna hljótum við að bera mjög fyrir brjósti hvernig velferðarþjónusta er veitt og hvernig hún er skilgreind. Við verðum að skoða það á hverjum tíma hvaða leið er best í því máli sem við erum með í höndunum.

Við getum líka rætt annað mál eins og það að bjóða út byggingu og rekstur öldrunarþjónustu, skóla o.s.frv. Þar spyrni ég gjörsamlega við fótum vegna þess að það samræmist ekki þeirri hugmyndafræði sem ég aðhyllist, að afhenda slíkt fortakslaust til einkaaðila með arð í huga því það hlýtur að ráða viðhorfi þeirra sem byggja upp og taka við slíkum verkefnum.

Við höfum sagt undanfarin ár að við viljum skoða hvað á að vera hjá ríkinu og hvað ekki. Við viljum meta hvað á skilyrðislaust að tilheyra ríkisstarfsemi og hvað má vera annars staðar, hvað má einkavæðast. Og við höfum talið að fara eigi yfir flóru fjárlaganna og ríkisstofnana og skoða þetta grjóthart.

En það er ekki gert hjá þessari ríkisstjórn. Hingað detta inn háeffingar og einkavæðingar, meira og minna tilviljanakennt og með svo litlum fyrirvara að alþingismenn eiga sáralítinn kost á að kynna sér forsendur eða hugmyndafræði að baki þeirri ákvörðun sem fyrir okkur er lögð hverju sinni. Frv. kemur e.t.v. inn á þriðjudegi og það er tekið til umræðu á fimmtudegi alveg óháð því hvort þingmenn hafi verið önnum kafnir í öðrum verkum og umræðum fram að því.

Þingmönnum er ekki ætlað að hafa miklar skoðanir á því hvað geti falist í breytingunni úr stofnun í „háeff"-félag og svo síðar við einkavæðingu og sölu. Þetta er það sem er að. Í stað þess að þetta sé gert eins og hjá fólki, að farið sé yfir hvert menn stefna í upphafi kjörtímabils og ákveðið hvar menn ætla að enda, hvað þeir ætli að vera með sjálfir og hvað eigi að vera annars staðar þannig að um það geti farið fram öflug pólitísk umræða sem grundvallast á hugmyndafræði þeirra sem um þetta véla. Sú hugmyndafræði er ólík hvort sem flokkurinn heitir Vinstri grænir, Samfylkingin, Framsfl., Sjálfstfl. eða Frjálslyndir. Þess vegna eru hér ólíkir flokkar af ólíkri stærð. Ég sakna slíkrar umræðu í þessum sal, nákvæmlega slíkrar umræðu, pólitískrar, málefnalegrar umræðu um hvert hver flokkur ætlar að stefna í slíkum málum og hvert ríkisstjórn á hverjum tíma ætlar að stefna. Þessu er hent inn á borðið tilviljanakennt og sagt: Hana, takið við þessu og skoðið það og verið með eða á móti. Við búum við

slík vinnubrögð og þau vinnubrögð eru frekar leiðinleg, svo ég taki ekki dýpra í árinni.

Ég held að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafi bent á það að þegar menn eru búnir að afgreiða frá sér stofnunina í „háeff"-félag sé viðkomandi ráðherra laus allra mála gagnvart því að gefa upplýsingar um hvað sé að gerast í fyrirtækinu og Alþingi sé búið að fá fyrirtækið í þá fjarlægð að ráðherrann sé stikkfrí hvað varðar upplýsingagjöf.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég sakna þess að sjá ekki hæstv. utanrrh. hér. Það eru ekki margar spurningar sem *ég ætla beinlínis að beina til hans — ég tel að vísu að það* sé gott fyrir hæstv. ráðherra að vera viðstadda umræður sem þeir kveikja af því að ýmislegt kemur nú fram í umræðum. En ég er komin að spurningu sem ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra heyri og hún varðar frv. til laga um breytingu ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Vegna fyrirspurnar hv. þm. um viðveru hæstv. utanrrh. verður forseti að hryggja hv. þm. með því að *ráðherra þurfti að fara á fund með Samtökum atvinnulífsins* sem haldinn er í forsrn. klukkan þrjú. En hann hefur í hyggju að mæta aftur til fundarins og þessarar umræðu. Það verður því að vera ákvörðunarefni hv. þm. hvort hún bíður með fyrirspurnir sínar eða treystir aðstoðarmönnum ráðherrans til þess að taka þær niður.)

Herra forseti. Ég er alþingismaður í umræðu á hv. Alþingi og tala til alþingismanna og þar með hæstv. utanrrh. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ræða þarf við aðila atvinnulífsins. Það vekur hins vegar upp þá spurningu hvað við eigum að gera þegar ráðherrarnir eru búnir að binda sig hér og þar á sama tíma og þeir hafa kallað eftir umræðu um mál sem þeir bera inn. Þetta mál kom inn á borð okkar fyrir tveimur dögum og er tekið til umræðu í dag þrátt fyrir að ráðherra muni ekki geta verið viðstaddur umræðuna allan þann tíma sem hún stendur. Mér finnst það miður og ég held að við þingflokksformenn þurfum að ræða það á fundi hjá forseta hvort í slíkum tilfellum eigi að fresta umræðunni og taka hana upp aftur þegar ráðherrar geta mætt.

Ég ætla hins vegar að vekja athygli á því, af því að ég er að ræða hér alvarlegt mál og ég er að tala til alþingismanna, að formaður utanrmn. sem mun fá þetta mál til afgreiðslu í sinni nefnd er heldur ekki staddur hér, en ég þykist vita að hér séu einhverjir einstaklingar sem eru úr utanrmn. og ætla því að ljúka máli mínu. En ég kem þessum athugasemdum á framfæri við forseta, að það verður auðvitað að skoða hvernig á að bregðast við þegar menn eru að fá mál svona skjótt á dagskrá en geta ekki verið við umræðuna.

Það sem ég ætlaði að benda á er frv. til laga sem liggur fyrir þinginu um breytingar á hlutafélagalögunum og þetta mál flytja nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar með hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson í fararbroddi. Þar segir: „Hlutafélögum, sem teljast til E-hluta ríkisreiknings og ríkið á að hálfu eða meira, er skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinbert málefni og ríkisfyrirtækjum."

Þetta er stórmál og sérstaklega varðandi þá umræðu sem hér hefur átt sér stað að með því að hlutafélagavæða stofnun sé búið að setja hana í þá fjarlægð að alþingismenn geti ekki lengur fengið mikilvægar upplýsingar sem þeir krefjast, þeir geti ekki komið með óþægilegt aðhald að ráðherranum o.s.frv. Ef þetta frv. verður hins vegar að lögum þá er það svo að meðan félagið telst í meirihlutaeign ríkisins eru gerðar sömu kröfur um upplýsingaskyldu til Alþingis eins og væri það stofnun. Ég hvet alþingismenn til að sameinast um að þetta frv. geti orðið að lögum því það mun gjörsamlega breyta umfjölluninni um að breyta stofnunum ríkisins í hlutafélög, a.m.k. meðan ríkisstjórnin er að gefa það til kynna að þannig verði það til allnokkurra ára.

Ég vil líka koma inn á það, virðulegi forseti, að nefnt hefur verið að þetta fyrirtæki væri gullgerðarvél og við höfum átt fleiri slíkar og má nefna Landssímann. Við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar ákveðið þjónustusvið í stofnunum ríkisins er komið í bullandi samkeppni af því Alþingi hefur á einhverjum tíma afgreitt lög sem hafa opnað fyrir samkeppnisfyrirtæki á markaði, þá stöndum við frammi fyrir því að það er varla ákvörðun lengur hvort við höldum slíku þjónustufyrirtæki eða þjónustuhluta þess í eigu ríkisins sem algjörri ríkisstofnun vegna þess að þá er hún farin að skekkja samkeppnisstöðu og viðhalda ójöfnuði sem ekki er sæmandi. Í sumum tilfellum hefur það gerst, herra forseti, að menn hafa fyrst sett lög sem hafa opnað á samkeppnina, fyrirtæki hafa orðið til, þau sömu fyrirtæki hafa fundið til þess *ójafnaðar sem felst í því að ríkisfyrirtæki er með ríkiseinokun* og kæra til Samkeppnisstofnunar og Samkeppnisstofnun kemur og krefst breytinga hjá ríkisfyrirtækinu sem það verður stundum ekki við, eins og hefur gerst hjá Landssímanum, en hægt og sígandi rennur upp fyrir mönnum það ljós að a.m.k. þjónustuhluti þess fyrirtækis verður að fara út á markað til að hreinar línur séu í samkeppninni. Þannig gerast *málin, herra forseti, oft á þann hátt að þegar það kemur* til ákvörðunar okkar hefur ákvörðunin í raun verið tekin fyrir alþingismennina.

Herra forseti. Það voru nokkrar spurningar sem ég vildi varpa hér fram og treysti því að formaður utanrmn. fari yfir umræðuna og sjái hvað hafi verið spurt um. Ég ætla líka að benda á að í 4. gr. frv. kemur fram að sú nefnd sem á að *setja á laggirnar, þar sem á að meta eignir, réttindi, skuldir* og skulbindingar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, fær mjög stuttan tíma. Hún á að skila þeim tillögum í lok júlí, enda á að stofna hlutafélagið 1. september og hlutafélagið á að yfirtaka allar eignir þann 1. október. Og miðað við hraðann á einkavæðingarnefndinni sem sendir okkur eitt og eitt mál í einu inn á þing, þá finnst mér að þarna sé ætlast til gífurlega *mikils verkefnis á mjög skömmum tíma.*

Flugstöð Leifs Eiríkssonar er afskaplega flott bygging. Hún var mjög dýr. Ég get ekki dæmt um hvort hún er jafnhentug og hvort hentugleikinn er í samræmi við verðið á henni, en það er umhugsunarefni að ef hún verður seld hefur það verið reynsla okkar að ríkið hefur verið með eins konar útsölu á ríkisfyrirtækjum og hafi fyrirtækið verið gullgerðarvél fyrir ríkið áður þá er það afskaplega eftirsóknarverður gullklumpur þegar út á markaðinn er komið og gætum við nefnt mörg nýseld fyrirtæki því til stuðnings. Við erum ekki að fjalla um það hér en við hljótum að gera ráð fyrir að í kjölfar þess að þetta fyrirtæki verði „háeffað" verði það selt einhvern tíma, ég geri mér enga grein fyrir hvenær það verður. Þess vegna skiptir mjög miklu máli hvernig haldið er á þessu máli og hvernig er haldið utan um eigur ríkisins. Ef slíkt fyrirtæki verður selt, þá verði séð til þess að a.m.k. það fjármagn sem almenningur í gegnum ríkið hefur lagt í fyrirtækið skili sér til ríkisins og annarra þarfa og uppbyggingar. Það er grundvallarkrafa sem við hljótum að gera.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra, af því að vísað er til þess í 13. gr. að stjórnin sem nú hefur verið yfir Flugstöð Leifs Eiríkssonar verði lögð niður. Mig langar að vita hve margir hafi verið í þeirri stjórn og hvaða verkefni þeir hafi haft. Ég geri ekki ráð fyrir að neinn hér geti svarað því. Ég

legg það hins vegar inn í umræðuna þannig að það verði tekið fyrir í utanrmn. Sömuleiðis vil ég nefna að í 15. gr. á að setja þjónustugjaldskrá eða að heimilt verði að þetta nýja hlutafélag setji þjónustugjaldskrá fyrir félagið þar sem gætt verði — taki menn eftir — almennra arðsemissjónarmiða og jafnframt tekið tillit til nýjunga sem geta haft áhrif á söluverð þjónustu félagsins.

Þá vaknar þessi spurning: Á hverja eru sett þjónustugjöld? Hverjir eru það sem borga þjónustugjöld í dag og munu borga þau áfram? Það er alveg ljóst að þessi þjónustugjöld munu hækka miðað við þessa uppsetningu á málinu. Hverjir eru það sem borga þurfa hærri þjónustgjöld og til hverra mun það þjónustugjald renna? Því þannig er það alltaf að það kemur út í verðlagið sem á er lagt.

Ég vil taka líka undir þær spurningar hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar varðandi umsögn fjmrn. Þar bæti ég við: Hver mun í framtíðinni ákveða lendingargjöldin sem hlutafélagið fær 25% af? Verða þessar tölur fyrir áhrifum af Schengen? Það er mjög stór spurning sem ég hefði viljað fá svar við hér. Ráðherrann orðaði það svo að þetta væri fyrirtæki í miklum vexti og því hlýtur það að verða mjög arðbært í tímans rás. Upplýsingarnar sem fylgja með þessu frv. eru mjög óljósar.

[14:46]

Útbýting þingskjala:

Heimsóknir útlendinga, 508. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 806.

Húshitunarkostnaður, 513. mál, fsp. EKG, þskj. 812.

ILO-samþykkt um aðbúnað skipverja, 512. mál, fsp. GHall, þskj. 811.

Vanskil útvarpsgjalda, 511. mál, fsp. GHall, þskj. 810.

[14:46]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var sérkennilegt upphafið á ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Hún eyddi drjúgum tíma af stuttum ræðutíma sínum í að fjalla um að hæstv. forsrh. tæki ekki þátt í þessari umræðu. Hún bjó til mikla kenningu um að hann væri nú laginn við að stinga sér undan ábyrgð, hann tæki ekki ábyrgð á óþægilegum málum og eitthvað fleira í þeim dúr. Í þetta fór drjúgur hluti af ræðutímanum.

Hvers konar vitleysa er þetta eiginlega? Ég tel þennan málflutning ekki sæmandi jafnþingreyndum manni og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, formanni þingflokks Samfylkingarinnar. Auðvitað veit hv. þm. að forsrh. tekur ábyrgð á þeim málum sem hafa verið afgreidd og samþykkt í ríkisstjórninni. Auðvitað veit hv. þm. sem sjálf er fyrrv. ráðherra hvernig stjórnarfrumvörp ganga fyrir sig hér í þinginu. Stjórnarfrumvörp eru flutt hér af þeim ráðherra sem hefur forræði málsins, sem í þessu tilfelli er auðvitað hæstv. utanrrh. Ég veit ekki hvort hv. þm. er að gefa í skyn að hæstv. utanrrh. sé ekki treystandi til að fylgja þessu máli eftir og hæstv. forsrh. þurfi að halda í hendina á honum.

Svona málflutningur er alveg út í hött og eiginlega ekki boðlegur jafnágætum þingmanni og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Ég verð að segja að þessi endalausa minnimáttarkennd samfylkingarmanna í garð hæstv. forsrh. fer að verða brosleg.

[14:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki kom það mér á óvart þó að það sviði svolítið undan þessum orðum mínum um ábyrgð hæstv. forsrh. Hins vegar er alveg ljóst að ekki nokkur maður í Samfylkingunni hefur minnimáttarkennd gagnvart hæstv. forsrh.

Ég veit, herra forseti, að forsrh. ber ábyrgð á öllum málum sem ríkisstjórnin hans ber fram. Alþingismenn allir vita að hæstv. forsrh. ber ábyrgð á ríkisstjórninni og öllum málum sem eru borin fram. Þjóðin hefur ekki hugmynd um, þegar hún hlustar á fréttirnar, hvernig verkaskiptingin er og hver heldur utan um hvað. Þess vegna vil ég að árétta að utanrrh. hefur verið ágætlega bær til að halda utan um þau mál sem að honum hafa snúið. Aðrir ráðherrar Sjálfstfl. og Framsfl. hefur mér sýnst að öxluðu vel ábyrgð á sínum málaflokki. En það eru þeir, herra forseti, sem birtast sem handhafar málsins í sjónvarpi, útvarpi, í viðtölum og annars staðar.

Stundum hentar það forsrh. í ríkisstjórn, og ég minnist þess að Steingrímur Hermannsson gerði það oft, að koma líka í viðtöl út af málum sem aðrir ráðherrar voru með og láta það koma skýrt fram að þessi mál væru á hans ábyrgð. Það sem ég dreg fram í þessari umræðu, hef gert áður og á eftir að gera oft, er hvaða lag forsrh. hefur á því að koma hvergi nærri og láta líta þannig út að samstarfsflokkurinn einn beri ábyrgð á málinu. Það er þessi ásýnd sem ég er að tala um. Ég er ekki að tala um þekkingu. Ég er að tala um ásýnd og sú ásýnd er alveg skýr.

[14:50]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það ekki rétta túlkun að það hafi sviðið undan þessum orðum. Mér fannst þau hins vegar afskaplega ómakleg og ekki sæma, eins og ég sagði, þessum ágæta hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að vera með ummæli sem hún veit að eiga ekki við rök að styðjast. Það sæmir bara ekki jafnþingreyndum og ágætum þingmanni.

En hv. þm. sagði eitt mjög athyglisvert í þessu svari sínu núna. Hún sagði: Þjóðin hefur ekki hugmynd um hvernig mál ganga fyrir sig hér, þjóðin veit ekki hver hefur forræði málsins. Er það kannski skýringin á því að hv. þm. er að reyna að lauma því inn hjá þjóðinni í beinni útsendingu, að hæstv. forsrh. sé eitthvað að svíkjast undan merkjum og þori ekki að koma fram? Er verið að reyna að blekkja þjóðina sem ekki þekkir, eins og hún segir réttilega, hvernig málin ganga fyrir sig? Það finnst mér nú bara enn þá ómerkilegra en ég þorði að halda.

Varðandi það að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafi annan stíl en Steingrímur Hermannsson þá segi ég nú bara: Sem betur fer.

Hæstv. forsrh. má hins vegar vel við una ef hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa ekki önnur og stærri mál til að deila á hann fyrir en þetta.

[14:51]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað umhugsunarefni hvort maður á að koma aftur og svara þessu. Ég tek það hins vegar fram að ég hef ekki notað orðin „svíkjast undan merkjum“, það gerði hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Ég notaði ekki orðin „þorir ekki að gangast við málum“, þau orð notaði hv. þm. Guðjón Guðmundsson.

Það er ekki ómerkilegt að draga það fram hver er handhafi og baráttumaður máls eða mála. Ég hef m.a. sagt frá því á mörgum fundum að ég er þeirrar skoðunar og hef verið lengi að það blasi við þeim sem á annað borð skoða þessi mál að ásýndin í þeim málum þar sem deilur rísa er alveg skýr, ásýndin á því hver hefur haldið utan um erfið mál er skýr. Hæstv. þáv. viðskrh. hélt á sínum tíma utan um erfið mál og

margir hefðu talið að hann væri einn í ríkisstjórninni með þau, eða a.m.k. einn flokkur. Sama má segja um önnur mál sem hafa komið hér inn sem eru óþægileg og valda deilum úti í samfélaginu. Ég er að tala um ásýnd, ég er að tala um aðferðafræði. Þessi skoðun mín er alveg skýr og ég verð sömu skoðunar þar til ég sé að þetta breytist.

[14:52]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli ásökunum Rannveigar Guðmundsdóttur í garð Sjálfstfl. sem hún færði hér fram í upphafi máls síns áðan. Mér finnast þær bæði vera ósmekklegar og órökstuddar. Inntak þeirra var að Sjálfstfl. varpaði ábyrgð af sér yfir á samstarfsflokkinn þegar um erfið mál væri að ræða.

Hins vegar er alveg skýrt að það hefur aldrei staðið á Sjálfstfl. að styðja við stjórnarfrumvörp. Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því að forsrh. hefur hvað eftir annað gengið fram fyrir skjöldu til þess að verja ráðherra, einnig ráðherra úr samstarfsflokknum bæði í þessari ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnum. Það hefur aldrei staðið á því. Mér finnst það sannarlega sýna málefnafátækt að vera með málflutning af þessu tagi.

Varðandi Schengen-málið, sem var sérstaklega nefnt hérna, var alveg ljóst að nokkrir þingmenn Sjálfstfl. voru bundnir við skyldustörf annars staðar og höfðu fjarvistarleyfi. Þar á meðal var t.d. formaður utanrmn. sem ekki hefur getað tekið þátt í umræðunum um það mál sem hér er á dagskrá vegna þess að hann er bundinn erlendis. Það var vitað um afstöðu þeirra þingmanna sem sátu hjá fyrir fram þannig að það kom engum á óvart.

[14:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú að taka það fram að ég var hér með mjög málefnalega ræðu og notaði tíma minn ágætlega, kom m.a. með spurningar til utanrrh. sem ég treysti að teknar verði til athugunar í utanrmn., jafnvel að hann komi inn í umræðuna þegar hann kemur til baka og þetta mál verður tekið á dagskrá á ný. Ég hef ekki, herra forseti, verið með ásakanir. Ég veit þó ekki hvort sagt var „ásakanir" eða hvaða orð var notað. Ég ætla nú ekki að leggja neinum orð í munn varðandi það. Ég hef heldur ekki gagnrýnt það að forsrh. hafi varið einhverja ráðherra ef þeir hafa lent í erfiðum málum. Ég hef ekki minnst á það.

Ég er að draga fram það sem mér og öðrum er alveg ljóst, að hæstv. forsrh. hefur sérstakt lag á því að vera fjarri óþægilegum málum sem valda deilum og eru á forræði samstarfsflokksins. Það er það sem mér hefur birst í þessum sal og þannig birtist það öðrum og það er umtalað í þjóðfélaginu. Það vekur mér furðu ef sjálfstæðismenn hafa sloppið við þá umræðu. Mér finnst sjálfsagt að draga það fram hér, í tilefni af orðum sem féllu, og ég á ábyggilega eftir að ræða það oftar. Það er ekki ómálefnalegt vegna þess að þetta er skoðun sem ég set fram.

Það að sjálfstæðismenn komi hér hver af öðrum til að verja foringja sinn og flokk segir mér að þeim er ekki jafnókunnugt um þessa umræðu og þeir vilja vera láta.

[14:56]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það koma mjög skýrt fram í þessari umræðu að það eru skiptar skoðanir um það sem þingmaðurinn nefndi hér. Því var varpað fram í upphafi ræðu hennar áðan að Sjálfstfl. varpaði af sér ábyrgð yfir á samstarfsflokkinn í erfiðum málum. Við því var ég fyrst og fremst að bregðast. Ég ítreka mótmæli mín gegn því að sú sé raunin. Þvert á móti stendur Sjálfstfl. mjög sterkur og saman að baki stjórnarfrumvörpum.

[14:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Það er rétt. Þetta voru orð mín í upphafi máls míns. Við þau stend ég. Það birtist okkur öllum hvernig hinn stóri flokkur og hinn mikli foringi stendur að erfiðum og umdeildum málum. Það er skýrt og ég stend við orð mín hér.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Sparnaður í lyfjakostnaði hins opinbera.

[14:59]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Tilefni þessarar umræðu utan dagskrár eru upplýsingar sem heilbr.- og trn. Alþingis hefur fengið um að áætluð sparnaðaráform ríkisins í lyfjakostnaði upp á rúman milljarð, sem áttu að koma til framkvæmda á þessu ári, séu ekki líkleg til að standast nema til komi veruleg aukning á þátttöku neytenda í lyfjakostnaði.

Eftir að frjálsræði var aukið í lyfsölu hefur samkeppnin leitt af sér hagstæðari kjör til neytenda þar sem apótekin hafa veitt afslátt af hlutdeild þeirra í verði lyfja. Samkeppnin hefur þó ekki veitt ríkissjóði sama afsláttarhlut almennra skattgreiðenda í lyfjaverðinu. Útgjöld ríkisins vegna þessa málaflokks fara því vaxandi ár frá ári. Til að koma til móts við þau útgjöld hefur kostnaðarhlutdeild neytenda aftur verið aukin og fjármunir þannig aftur sóttir í vasa þeirra.

Ef fjárlagatölur frá árinu 1991 eru skoðaðar má sjá að kostnaður almannatrygginga vegna lyfja var þá um 2,4 milljarðar kr. en hefur farið ört vaxandi síðan og stefnir í það samkvæmt nýjum upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins að verða rúmlega 5 milljarðar kr. á þessu ári ef ekkert verður að gert.

Miðað við þróunina fyrstu tvo mánuði ársins stefnir í nokkra kostnaðaraukningu milli áranna 1999 og 2000 og eigi forsendur fjárlaga að standast þarf að spara 1,1 milljarð kr. í lyfjakostnaði á þessu ári.

Nú stefnir óðum í að fyrsta ársfjórðungi ljúki og enn hafa áformaðar tillögur ríkisstjórnarinnar um breytt kerfi í þessum efnum ekki litið dagsins ljós eða tillögur um hvernig þessum sparnaði skuli náð fram. Breytingar voru reyndar gerðar á reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði um síðustu áramót þar sem lítillega var komið til móts við þennan vanda en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað er vandinn sem leysa þarf úr þó eftir sem áður rúmur milljarður. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2000 er því lýst hvernig átti að ná þessum sparnaði fram. Áformað var að endurskoða heildsölu- og smásöluálagningu lyfja og ráðast í aukin útboð á lyfjum til að bæta og styrkja skynsamlegt og hagkvæmt lyfjaval innan sem utan heilbrigðisstofnana.

Þá er áformað að taka upp nýtt fyrirkomulag á niðurgreiðslum almannatrygginga vegna lyfja að sænskri og danskri fyrirmynd sem gerir mögulegt að flytja greiðsluþátttöku ríkisins á einstaklingum sem að jafnaði nota lítil lyf yfir til einstaklinga eða sjúklinga sem raunverulega þurfa á meiri

og dýrari lyfjum að halda. Þessi kerfisbreyting átti að vera undirstaða þess sparnaðar sem til átti að koma.

Í sjálfu sér er ég fylgjandi því að gera kerfisbreytingar í þessum efnum þar sem kerfið sem við búum við í dag er greinilega fullkomlega úr sér gengið. Það sem vekur furðu snýr hins vegar að bjartsýninni sem hrjáði stjórnvöld í desember þegar til stóð að koma breytingunni á innan ársins. Þær áætlanir hafa verið fullkomlega óraunsæjar og er það mat þeirra sem málið hafa skoðað að a.m.k. 7–10 mánuði taki að koma breytingunni á. Þeim mun lengra sem líður á árið virðist fátt annað til ráða en að auka verulega á kostnaðarhlutdeild sjúklinga eigi að ná þessum sparnaði fram. Þessi skoðun kom fram í umræðum á fundi heilbr.- og trn. Alþingis með forsvarsmönnum Tryggingastofnunar nýverið.

Herra forseti. Stjórnarandstaðan benti á það við fjárlagagerðina á hversu miklum brauðfótum þessi sparnaðaráform stóðu. Nágrannalöndin hafa tekið sér nokkur ár í að gera slíkar kerfisbreytingar og danska kerfið var meira að segja í endurskoðun um síðustu áramót þegar Íslendingar gengu bláeygir inn í fjárlagagerð með áform um að spara fleiri hundruð millj. kr. á grundvelli kerfisins innan ársins.

Herra forseti. Slík vinnubrögð eru til háborinnar skammar og ég undrast það mjög að svo virðist sem enginn utan stjórnarandstöðuþingmanna hafi sett spurningarmerki við þær hugmyndir við fjárlagagerðina og maður veltir því fyrir sér hvort eitthvert mark sé takandi á slíkum fjárlögum.

Það sem mestu skiptir í dag og er ástæða þess að málið er tekið upp utan dagskrár á Alþingi er hvernig skuli leyst úr þessu máli innan ársins. Áhyggjur mínar snúa ekki síst að því hvort hér standi til að velta milljarði yfir á lyfjanotendur á þessu ári og því óska ég eftir því að hæstv. heilbrrh. skýri stöðu máls þessa nánar fyrir þinginu.

Herra forseti. Ég vil í ljósi þess sem á undan segir beina eftirfarandi spurningum til hæstv. heilbrrh.:

Hversu miklum sparnaði skilaði reglugerðarbreytingin sem gerð var á greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði um síðustu áramót?

Hversu mikið jókst hlutur sjúklings með þeirri breytingu?

Hvernig hyggst ráðuneytið ná fram því sem út af stendur af þeim 1.100 millj. kr. sem þarf að spara?

Telur ráðherra raunhæft að ná þessum sparnaði fram á þessu ári eða stefnir í að forsendur fjárlaga standist ekki?

Mun hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði aukast verulega vegna áforma um þennan sparnað á árinu?

[15:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér er stórt spurt og ég mun því í máli mínu halda mig við að svara þeim beinu spurningum sem ég þakka hv. þm. fyrir að leggja hér fram.

Fyrst varðandi fyrstu tvær spurningarnar. Reglugerðarbreytingin um sl. áramót á að draga úr útgjöldum ríkisins sem nemur 320 millj. kr. Við breytinguna var haft að leiðarljósi að hlífa elli- og örorkulífeyrisþegum. Hlutur þessara hópa hækkaði aldrei meira en um 100 kr.

Hámarksgreiðsla fyrir lyfjaávísun annarra hópa hækkaði annars vegar um 600 kr. og hins vegar um 300 kr. fyrir svokölluð e-merkt lyf. Þá er ég að tala um hámarksgreiðslu. Hámarkshlutur sjúklings fyrir öll algengustu lyfin eru nú 3.800 kr. Hámarkshlutur þeirra sem þurfa nauðsynlega á lyfjum að halda eru 2.400 kr. og hlutur elli- og örorkulífeyrisþega verður sem sagt aldrei hærri en 1.100 kr.

Virðulegi forseti. Hefðbundin gagnrýni tiltekinna stjórnarandstæðinga á hækkanir sl. þrjú ár felst í að breyta þessum lágu krónutölum í háar prósentutölur. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verða þær tölur þó aldrei meira en 100 kr. vegna breytingarinnar um áramót.

Þá kem ég að þriðju og fjórðu spurningu, þ.e. hvernig ráðuneytið hyggist ná fram sparnaði á þessu ári og hvort ráðherra telji raunhæft að ná þessum sparnaði fram á þessu ári eða hvort stefni í að forsendur fjárlaga standist ekki.

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. segir að ríkisstjórnin hafi uppi áform um að lækka lyfjaútgjöld um 1000 millj. kr. frá því sem ella hefði orðið sem gert er ráð fyrir að náist með margþættum aðgerðum í lyfjamálum á næsta ári. Svona stendur þetta í fjárlagafrv. Lyfjaverð er hér um 26% hærra en í löndunum sem við miðum okkur við. Því hefur Tryggingastofnun óskað eftir því við lyfjaverðsnefnd að verðlagning verði endurskoðuð. Unnið er að endurskoðun á reglugerð um greiðsluþátttöku og er eins gott að segja það eins og er, við verðum að grípa til sambærilegra aðgerða nú eins og við gerðum um áramót.

Í frv. til breytinga á lyfjalögum sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að sérstök nefnd ákveði hve mikið almannatryggingar greiði í nýjum, dýrum lyfjum.

Á norrænum vettvangi er unnið að sameiginlegum aðgerðum til að stemma stigu við sölumennsku lyfjafyrirtækja. Rekinn verður harður áróður til að fá lækna til að nýta sér lyfjaval sem nú þegar er staðreynd og upplýsingastarf landlæknis og TR gagnvart þeim sem skrifa lyfjaávísanir verði stóraukið. Bara þetta ætlum við að gæti skilað um 100 millj. kr. Þegar hefur verið ákveðið að styrkja lyfjamáladeild Tryggingastofnunar til að auka upplýsingastarf gagnvart læknum og draga með því úr lyfjakostnaði. Auk þess hefur verið í umræðu í heilbrrn. að draga úr kostnaði við geðdeyfðarlyf sem hefur margfaldast á 7–8 árum. Þetta yrði gert á grundvelli vandaðrar úttektar fagnefndar sem prófessor Tómas Helgason stýrði og sambærileg vinna á öðrum sviðum er í undirbúningi. Samtals erum við að tala um margþættar aðgerðir sem skila ættu um 1000 millj. kr. umfram það sem ella hefði orðið, eins og segir í fjárlagafrv. Ég vonast fastlega til að þessi markmið náist.

Síðasta spurningin er svohljóðandi: Mun hlutur sjúklings í lyfjakostnaði aukast verulega vegna áforma um þennan sparnað á árinu? Hlutur þeirra sem nota lyf mun ekki aukast verulega á árinu eins og fullyrt er í spurningunni, en hlutur þeirra mun hins vegar aukast. Það liggur fyrir. Það er óumflýjanlegt að fara aftur svipaða leið og við gerðum um áramót og þá munum við aftur sjá til þess eins og gert var um áramót að hækkun elli- og örorkulífeyrisþega verður ekki nema sem svarar til einu strætógjaldi í Reykjavík.

[15:08]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er ekki að undra að þessi fyrirspurn komi fram um lyfjamálin vegna þess að þess er skemmst að minnast að öll áform um að draga úr lyfjakostnaði á síðasta ári mistókust herfilega.

Í staðinn fyrir 300 millj. kr. sparnað var raunaukningin 300 millj. kr. Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 2000 í þeirri nefnd sem undirbjó það að reyna að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum var lagt fyrir minnisblað frá heilbrrn. frá 8. júlí um að ganga inn í svokallað sænskt/danskt kerfi. Áætlað var að það gæti staðið fyrir mjög verulegri

lækkun á lyfjakostnaði. Niðurstöður okkar á tillögu til ríkisstjórnarinnar voru þær að þetta kerfi skyldi taka gildi 1. júlí árið 2000 og við ætluðum að með því gætum við sparað 400 millj. kr.

Í meðferð fjárlagafrv. varð það hins vegar niðurstaðan að heilbrrn. treysti sér til að hefja þessa aðgerð fyrr, helst 1. janúar, í síðasta lagi 1. mars og var þannig gengið út frá því að heildarsparnaðurinn gæti orðið 1000 millj. kr. Nú kann það að vera að þetta muni dragast eitthvað og þá horfir mjög í verra vegna þess að það fer ekkert milli mála að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar gæti hæglega leitt til þess að þetta hagkerfi ofhitnaði og því er það skylda stjórnvalda að standa við áform fjárlaga um ríkisútgjöld hvað sem það kostar. Það hefur ekki farið fram hjá neinum og enginn skyldi ætla annað en verði hnökrar á því að draga úr kostnaði við lyf, þá komumst við ekki hjá því að ná því markmiði einhvern veginn öðruvísi, þ.e. að auka verði þá hlutdeild sjúklinga á annan hátt til að markmiðið um 1000 millj. náist.

[15:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mig langar að líta á þetta mál, útgjöld ríkisins til lyfjamála, frá öðrum sjónarhóli en hv. þm. sem talað hafa hér á undan mér. Lyfjakostnaður sjúklinga er niðurgreiddur af sameiginlegum sjóðum okkar og samkomulag er um það í samfélaginu að slíkt sé gert. Hins vegar eru þetta gífurlegar upphæðir sem hér um ræðir.

En tilgangurinn með lyfjagjöf er jú að efla heilsu og heilbrigði þegnanna. Með því að greiða niður lyfjakostnaðinn erum við að viðurkenna ábyrgð samfélagsins á því að það skipti okkur öll máli að þegnarnir séu eins virkir í samfélagi manna og heilsa þeirra frekast leyfir.

Á hitt ber að líta að margar leiðir eru til að efla heilbrigði aðrar en lyfjagjöf, aðferðir sem eru ekki niðurgreiddar úr sameiginlegum sjóðum okkar eins og sállæknislegar meðferðir ýmiss konar og fjölbreyttar aðferðir við nudd sem innan heilbrigðisþjónustunnar eru viðurkenndar aðferðir til að takast á við ýmiss konar heilsubresti. Hið opinbera tekur ekki þátt í kostnaði nema við eina tegund af nuddi, hið svokallaða sjúkranudd. Það sama gildir ekki um viðurkenndar aðferðir eins og rolfing eða höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð og gestalt-meðferð er heldur ekki niðurgreidd. Aðferðum af því tagi er oftar en ekki beitt áður en vandamál þegnanna eru komin á það stig að farið er að hugleiða lyfjagjafir til að takast á við vandann. Ég vil leyfa mér að efast um réttmæti þeirrar ákvörðunar að lyfjagjafir skuli njóta forgangs umfram aðrar aðferðir sem heilbrigðisstéttirnar hafa þó tök á að beita í baráttunni fyrir bættri heilsu.

Ég gagnrýni þessa áherslu á lyfjagjafirnar m.a. vegna þess að þar er oft um að ræða miklu kostnaðarsamari aðferðir en sállæknisleg meðferð eða önnur viðtalsmeðferð og ýmsar tegundir af nuddi geta nokkurn tíma orðið. Það er að mínu mati ákveðið óréttlæti fólgið í því að styðja ekki þá sem leita sér aðstoðar í sálarþrengingum sem viðurkennt er að oft leiðir til alvarlegra líkamlegra kvilla fyrr en hinar andlegu þrengingar eru komnar á það stig að hægt er að gefa út lyfseðil fyrir geðlyfjum oft með ófyrirsjáanlegum aukaverkunum.

[15:13]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Á þessu máli eru ýmsar hliðar. Það sem er hvað alvarlegast er að það var ekki í fyrsta sinn á þessu ári sem stefnt var að því að spara í lyfjaútgjöldum og því miður virðist það ekki ætla að verða í fyrsta sinn sem ekki er staðið við þau sparnaðaráform.

Herra forseti. Áætlað var árið 1999 að spara um 300 millj. kr. í lyfjaútgjöldum. Niðurstaðan varð hins vegar sú að á fjáraukalögum þurfti að bæta við um 570 millj. kr. til að endar næðu saman og farið var um 600 millj. kr. fram úr fjárlögum árið 1999. Áætlað var á þessu yfirstandandi ári að spara milljarð í lyfjaútgjöldum. Margoft var í umræðum í fjárln. og í umræðum um fjáraukalög og fjárlög varað við að ekki lægju fyrir tillögur um hvernig ætti að ná þessum markmiðum og því miður, herra forseti, virðist svo vera enn í dag að ekki liggi þær tillögur fyrir sem sýna fram á að þessum markmiðum verði náð.

Minni hlutinn í fjárln. varaði þess vegna við þessum málaflokki og ýmsum öðrum, að markmiðin næðust ekki fram. Það verður að segjast, herra forseti, að þessar tillögur sem ætíð voru á leiðinni þegar um var spurt virðast enn vera á leiðinni og því verðum við að búast við því í lok þessa árs að enn á ný verði leitað eftir aukafjárveitingum til að ná endum saman.

Herra forseti. Ég vil endurtaka það sem við fulltrúar minni hlutans í fjárln. sögðum nokkrum sinnum, að því miður virðist það enn vera svo að þessi málaflokkur sé stjórnlaus.

[15:15]

Jónína Bjartmarz:

Virðulegi forseti. Hlutfallslegt söluverðmæti lyfja hefur á undanförnum árum aukist um 8–13% á ári hverju en á tímabilinu 1992–1998 jukust útgjöldin úr rúmum 5 milljörðum ísl. kr. í rúma 8 milljarða sem er um 65% miðað við verðlag á hverju ári.

Á árunum 1997–1999 jukust útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna niðurgreiðslu lyfja úr 3,6 milljörðum kr. í 4,5 milljarða en þetta svarar til 25% útgjaldaauka. Aukin lyfjaneysla sem varð, þrátt fyrir margvíslegar tilraunir til að draga úr útgjöldum, skýrir ekki þessa miklu aukningu. Á mælikvarða skilgreindra dagskammtalyfja eða DDD eins og Hagstofa Íslands mælir neysluna hefur neyslan aukist um 25% en heildarsöluverðmæti hefur aukist um 65%.

Með öðrum orðum eru það hin nýju og dýru lyf sem hækka svo mjög lyfjareikning ríkisins og gegndarlaus aukning, t.d. í geðdeyfðarlyfjum, bendir ótvírætt til að neysla þeirra hafi farið úr böndunum. Við notum mun meira af þeim lyfjum en þjóðirnar sem við helst berum okkur saman við.

Virðulegi forseti. Hér hefur komið fram að á vegum heilbr.- og trmrn. er unnið að margþættum aðgerðum sem allar hafa að markmiði að draga úr lyfjaútgjöldum án þess að íþyngja þeim sem mest þurfa á lyfjum að halda. Það þarf að endurskoða reglugerðina um greiðsluþátttöku, draga úr þessari gríðarlegu notkun geðdeyfðarlyfja og lækka reikning ríkisins vegna þeirra lyfja. Það þarf að beina upplýsingum til læknanna sem skrifa lyfseðlana og lækka álagningu á lyfjum sem er hér mun hærri heldur en annars staðar. Og það þarf að endurskoða í grundvallaratriðum hvernig og hve mikið hið opinbera á að greiða af nýjum lyfjum, svokölluðum lífstílslyfjum, eins og skilgreina má sum þeirra.

Virðulegi forseti. Ég tel að við verðum að fá lækna í lið með okkur til að ávísa jafnan á jafngóð en ódýrustu lyfin sem kostur er á. Með samstilltu átaki mundi það efla kostn-

aðarvitund og draga úr lyfjaneyslu í samfélaginu.

[15:18]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa einsett sér að spyrna við fæti í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, þar á meðal lyfjakostnaði. Nú er hæstv. ráðherra álasað fyrir bjartsýni.

Hér á landi höfum við einbeitt okkur að því að veita bestu þjónustu sem völ er á og í mörg ár hefur þróunin verið sú að lyfjakostnaður hefur aukist jafnvel um 10–20% á ári, eins og reifað var hér að framan. Þarna er átt við heildarkostnað við lyf. Erfitt hefur verið að sundurgreina þennan kostnað. Það er erfitt að fá nákvæma sundurliðun á kostnaði fyrri ára hjá Tryggingastofnun ríkisins og vantar enn heimild hjá tölvunefnd til að það megi gerast á fullnægjandi hátt. Þó er vitað að allan síðasta áratug hefur hlutfall haldist svipað milli þess sem tryggingarnar borga annars vegar og almenningur hins vegar. Hlutdeild almennings hefur haldist nokkuð svipuð, þar kemur áreiðanlega til aukin samkeppni í lyfsölu og hefur áhrif á þessar tölur.

Á ráðstefnu sem ég sótti sl. sumar voru kynntar tölur um lyfjakostnað á Norðurlöndum þar sem Noregur skráðist langlægstur en Ísland hæst. Ef við gáum aðeins bak við tjöldin þá vitum við að á markaðinn koma ný lyf, ný og betri lyf. Þegar litið er á kostnað við þau verður með réttu að draga frá þeim kostnaði það sem sparast annars staðar. Það er ekki auðvelt verk. Þar er um að ræða að fólk getur frekar sótt vinnu en áður, þarf kannski síður að vistast á sjúkrahúsum, þarf minna af rannsóknum. Það sem erfiðast er að mæla er að sumir geta öðlast betra líf með nýjum lyfjum. Hvers virði er allt þetta í reikningsdæminu?

Starf Tryggingastofnunar ríkisins og landlæknis hefur verið til fyrirmyndar, m.a. með lyfjavali svokölluðu. Ábendingar frá þeim og vinna lækna hefur leitt til þess að læknar eru mun meðvitaðri um kostnað lyfja en áður, ég fullyrði það. Það er rétt að undirstrika mikilvægi þess að heilbrigðisyfirvöld hafi náið samstarf við læknastéttina hvað þetta varðar.

Tími minn er á þrotum, virðulegi forseti, en ég ætlaði þó að segja í lokin að ég tel langlíklegast að það að efla grunnþjónustuna dragi úr kostnaði heilbrigðisþjónustunnar. Það held ég að við ráðherrann getum verið sammála um.

[15:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að hefja þessa umræðu. Í öðru lagi vil ég þakka hv. þm. Einar Oddi Kristjánssyni fyrir skorinorða yfirlýsingu. Hann sagði að við fjárlagasmíðina hefði verið gert ráð fyrir að spara rúman milljarð kr. í lyfjakostnaði. Fjárln. hefði verið talin trú um að þetta hefði mátt gera með kerfisbreytingum. Nú er að koma á daginn að þær kerfisbreytingar ganga ekki eftir.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði: Við munum engu að síður standa við markmið fjárlaga. Nú beini ég þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. Geirs Haarde: Verður það gert? Mun hann samþykkja að rúmlega eitt þúsund milljónir kr. verði settar á herðar sjúklinga til þess að markmið fjárlaga nái fram að ganga?

[15:22]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að taka þetta mál hér upp og líkt og fyrri ræðumaður þakka ég hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir að upplýsa hvað raunverulega átti sér stað í við fjárlagagerðina. Hjá honum kom fram að fjárln. hafi verið kynnt sú hugmynd að gera kerfisbreytingu á þessu fyrirkomulagi. Því segi ég, virðulegi forseti, í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram og markmiða hennar, að ég átti von á því að hæstv. heilbrrh. kynnti hér einhverjar hugmyndir um breytingar sem stefnt yrði að og þessi umræða yrði um möguleikana, viðhorf eða hugmyndir um hvernig við gætum tekist á við þetta í framtíðinni. Ég taldi að ætlunin væri að takast á við það að lækka lyfjaverð án þess að það bitnaði á sjúklingum. Ég hefði haldið að umræðan ætti að snúast um það.

En hvað kom fram í ræðu hæstv. ráðherra? Jú, við ætlum að reyna að gera það sama og við gerðum í gær. Það var kjarninn í ræðu hennar auk þess að drepa umræðunni á dreif með tilvitnun til reglugerða eins og of oft er gert í þessari umræðu.

Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort ekki verði að skoða það í þessu samhengi hvort snúa ætti af þeirri leið að vera með lyfjaverðsnefnd, miðstýrða nefnd sem tekur ákvörðun um það hvert verð á lyfjum eigi að vera. Væri mögulega hægt að nýta samkeppnina og markaðinn með einhverjum þeim hætti að mynda verðið öðruvísi? Ég átti satt að segja vona á því að hæstv. heilbrrh. kæmi fram með einhverjar hugmyndir að slíku. Svo var ekki.

Niðurstaðan virðist mér, virðulegi forseti, að þessi umræða, fyrir utan það að snúast upp í það að vera heldur ófrumleg, sé á milli fulltrúa stjórnarflokkanna, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og hæstv. heilbrrh. um hver beri sökina á því að svo er komið. Mér virðist það niðurstaðan í þessari umræðu. Enginn vill bera ábyrgðina.

[15:24]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hefur lyfjakostnaður farið vaxandi um langt árabil og nemur á árinu 1999 9,2 milljörðum kr. Þar af eru 4,7 milljarðar hlutur ríkisins í þeim kostnaði.

Lengi hefur verið leitað leiða til að lækka þessi útgjöld. Það er innbyggð útgjaldaaukning í málaflokknum vegna nýrra og dýrra lyfja sem koma á markaðinn og heilbrigðisþjónustan hefur tekið fljótt í not vegna metnaðar síns til að veita góða þjónustu. Það er hluti af stefnumörkun sem ég hygg að samstaða sé um meðal þjóðarinnar.

Á fundi þann 15. okóber sl. fórum við í fjárln. yfir greinargerð fjárlaga um fyrirætlanir um sparnað í lyfjakostnaði fyrir árið 2000. Þar er lýst að með margþættum aðgerðum sé áformað að sporna við vexti lyfjaútgjalda og ná fram 170 millj. kr. lækkun á milli ára. Áformað sé að endurskoða heildsölu- og smásöluálagningu lyfja og ráðast í aukin útboð á lyfjum til að bæta og styrkja skynsamlegt og hagkvæmt lyfjaval, jafnt innan sem utan heilbrigðisstofnana. Þá verði áfram unnið að gerð leiðbeininga, ráðgjöf verði efld, auk þess sem gripið verði til ýmissa annarra ráða. Síðan er því lýst að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag á niðurgreiðslum almannatrygginga vegna lyfja o.s.frv.

Eins og fram kemur voru í grg. fjárlagafrv. taldar upp ýmsar leiðir til þess að lækka þennan kostnað. Það er hins

vegar alveg rétt sem fram kom hjá varaformanni nefndarinnar, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að okkur voru kynntar þessar leiðir.

Ég legg áherslu á að áfram verði unnið að þessari reglugerðarbreytingu og hún tekin í gagnið þegar hún er tilbúin. En ég legg eigi að síður áherslu á að markmiðum fjárlaga verði náð, enda hef ég ekki heyrt deilt um það í þessari umræðu að vinna beri að því með öllum tiltækum ráðum.

[15:27]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og þeim sem tóku þátt í umræðunum. Niðurstaðan af umræðunni er hins vegar sú, eins og ég óttaðist, að áform um sparnað um einn milljarð á þessu ári voru fullkomlega óraunhæf og munu að miklu leyti færast yfir á neytendur. Það sýnist mér vera niðurstaðan af þeim svörum sem hæstv. ráðherra hefur gefið hér. Hæstv. ráðherra sagðist vonast til að þessi áform næðust. Hvað ef þau nást ekki, herra forseti?

Ég tek undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það hefur vissulega alvarleg áhrif á hagkerfið ef fjárlögin standast ekki og þess vegna er mikilvægt að forsendur fjárlaga séu raunhæfar. Hæstv. fjmrh. er hér viðstaddur að minni beiðni en ég fór fram á viðveru hans hér einmitt til að undirstrika alvarleika þessa máls gagnvart forsendum fjárlaga.

Var það virkilega svo þegar tillögur voru lagðar fyrir hv. fjárln. á haustdögum um þennan sparnað að menn vissu ekki að það tæki a.m.k. upp undir ár að koma þessum breytingum í framkvæmd? Ég undrast það mjög að hæstv. heilbrrh. hafi ekki áttað sig á þessum fleti málsins einfaldlega vegna fenginnar reynslu af kerfisbreytingum í heilbrigðiskerfinu. Það væri algjör nýlunda ef hægt væri að gera slíkar grundvallarbreytingar á hinu flókna almannatryggingakerfi að það taki minna en ár og jafnvel fleiri ár að koma slíku í framkvæmd. Ég undrast mjög að menn hafi ekki séð það fyrir á haustdögum þegar þessar tillögur voru kynntar fjárln. er menn gerðust svo bjartsýnir að halda að breytingarnar gætu tekið gildi 1. janúar eða í síðasta lagi 1. mars.

Fyrst og fremst, herra forseti, vekja þessar umræður mann til umhugsunar um vinnubrögð við fjárlagagerð. Ég ítreka enn og aftur að nauðsynlegt er að þess sé gætt að forsendur fjárlaga séu raunhæfar þannig að líklegt sé að þær standist.

[15:29]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér virðist vera mjög útbreiddur sá misskilningur að kerfisbreytingin ein hafi átt að skila milljarði. Ef menn lesa fjárlögin þá er talað um fjölþættar aðgerðir. Við höfum þegar farið í margar þeirra og þær hafa skilað okkur árangri.

Mig langar líka að koma inn á það sem enginn hefur talað um í þessari umræðu, að lyfjaverð hér á Íslandi er 26% hærra en í nágrannalöndum. Við erum auðvitað að vinna að því að lækka það hlutfall án þess að varpa því yfir á sjúklingana. Ég held að menn hljóti að vera sammála um þau markmið.

Þetta er ekkert nýtt vandamál sem við stöndum frammi fyrir og þetta er ekki bara vandamál Íslendinga. Þetta er vandamál allra heilbrigðisráðherra, fjármálaráðherra og allra þjóða og því þurfum við með samstilltu átaki að vera vakandi fyrir þessu. Sérstaklega fyrir því að alltaf er sífelldur auglýsingakliður um ný lyf og meira að segja ganga framleiðendur í lyfjaframleiðslunni svo langt að þeir eru með námskeið fyrir fólk hvernig hægt er að fara fram hjá reglum og lögum þjóðanna. Það er gengið svo hart fram.

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Árið 1990 voru útgjöldin til lyfja 2,5 milljarðar. Þetta hefur farið sífellt vaxandi og forverar mínir hafa allir þurft að glíma við þetta. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gekk vasklega í þetta en samt sem áður var milljarður í mínus.

Um fundarstjórn.

Útbýting fyrirspurnar.

[15:31]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að óska eftir því við hæstv. forseta að hann greiði fyrir því að fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það efni sem hann var spurður um áðan en gat ekki svarað verði dreift á þessum fundi. Ég hef látið útbúa þá fyrirspurn og verið er að ganga frá henni og mér finnst sjálfsagt að gefa hæstv. fjmrh. formlegt tækifæri til þess að svara þeirri spurningu þótt síðar verði. Erindi mitt við hæstv. forseta er að biðja hann um að greiða fyrir því að fyrirspurninni verði dreift á þessum fundi.

[15:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér sýnist að fundarstjórn forseta sé nú alveg að fara úr böndum, herra forseti. Ég hef aldrei orðið vitni að því áður að menn komi hér upp undir þeim dagskrárlið til að boða fyrirspurnir sem þeir hyggist dreifa þann dag á fundinum. Það eru sérstakar reglur í þingsköpunum um fyrirspurnir til ráðherra. Það þarf ekkert að tilkynna það úr ræðustól ef menn hyggjast nýta sér þau ákvæði. Þeim er dreift þegar búið er að prenta þær og svo er þeim svarað við fyrsta tækifæri þar á eftir. Þetta veit jafnþingreyndur maður og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

(**Forseti** (GÁS): Hv. þingmönnum ætti að vera ljóst að fyrirspurn er á leiðinni. Forseti mun reyna að koma til móts við eðlilegar óskir þingmanna um að embættismenn þingsins gangi hratt og rösklega til verks eins og þeir gera gjarnan.)

[15:33]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir. Það hefur oft komið fyrir að þingmenn hafi óskað eftir fyrirgreiðslu frá hæstv. forseta að taka fyrir og dreifa sem skjótast máli sem þeir hafa áhuga á og ég þakka hæstv. forseta fyrir jákvæðar undirtektir.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 502. mál. — Þskj. 797.

[15:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni við síðustu umræðu vil ég aðeins vekja athygli á því að dreift var hér á Alþingi rétt áðan fyrirspurn frá mér. Það var að vísu ekki um þetta mál og alveg óskylt þessu öllu saman, en ég held að það sé rétt að maður noti tækifærið og kynni þetta þegar tilefni gefst til þess héðan úr ræðustól Alþingis að þessu gefna tilefni.

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykn., formaður þingflokks Samfylkingarinnar, kaus í máli sínu að vera með dálitla ólund í garð Sjálfstfl. og einhverjir kynnu að halda að það væri tilefni til mikillar umræðu. Mér finnst það sannast sagna ekki. Mér finnst það bara ágætlega við hæfi að hv. þm. tali með þessum hætti, fulltrúi stjórnmálaflokks sem hefur ekki mikið rykti meðal þjóðarinnar og mér finnst mjög við hæfi að hv. þm. tali á þennan hátt í umræðunni sem var auðvitað ekkert tilefni til, en er að öðru leyti kannski lýsandi fyrir eitthvað annað en það sem hv. þm. var að ræða um.

En varðandi það efni sem hér liggur fyrir, frv. til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þá er það alveg rétt sem fram hefur komið að um er að ræða býsna þýðingarmikið mál. Flugstöðin er mjög mikilvægur vinnustaður fjölda fólks en ekki síður hliðið okkar að samskiptum við útlendinga sem hingað koma. Um flugstöðina fara um milljón farþegar á ári eða þar um bil, ef ég man rétt, sem segir okkur að hér er um að ræða bæði efnahagslega stærð sem skiptir miklu máli fyrir þjóðfélagið og ekki síður hitt að hér er um að ræða fyrirtæki sem hefur heilmikið að segja um stöðu þjóðarbús okkar. Ef vel tekst til um uppbyggingu og rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þá vegnar okkur betur vegna þess að flugstöðin er svo snar þáttur í framtíðarskipan ferðaþjónustunnar sem er að verða stöðugt mikilvægari í efnahagsbúskap okkar.

Þegar við skoðum flugstöðvar og veltum fyrir okkur þeirri þróun sem hefur orðið í þeim málum á síðustu árum, þá sjáum við að flugstöðvar almennt eru að breytast gríðarlega mikið. Þær voru tiltölulega einföld apparöt þar sem flugvélar voru afgreiddar, farþegar og vörur en flugstöðvar eru núna að verða miklu frekar nokkurs konar viðskiptaeining þar sem fara fram fjölbreytileg viðskipti, ekki bara afgreiðsla á flugvélum og að koma áhöfnum og farþegum frá einu landi til annars heldur hitt að þær eru að verða miðstöð margvíslegra viðskipta og verslunar alveg sérstaklega. Í því ljósi að hér búa um 280 þúsund manns eða svo en um flugstöðina fara um milljón farþegar, þá sjáum við í hendi okkar að í flugstöðinni leynast gríðarlega mikil viðskiptatækifæri og möguleikar á að eiga viðskipti og efla atvinnu- og viðskiptastarfsemi.

Þess vegna þarf í rauninni ekki að undra þegar við skoðum málin í því ljósi að eðlilegt sé að skipuleggja rekstur flugstöðvarinnar á þann hátt að þetta viðskiptaumhverfi sé sem heppilegast. Það er einfaldlega það sem verið er að gera með þeirri formbreytingu sem nú er verið að leggja til. Það er verið að viðurkenna að Flugstöð Leifs Eiríkssonar er ekki bara hefðbundinn vettvangur til að afgreiða flugvélar heldur er þetta líka vettvangur viðskipta. Þess vegna er skynsamlegast að hafa það rekstrarform á flugstöðinni sem líkist mest því sem gerist og gengur í viðskiptum almennt og það er auðvitað ekki tilviljun að hér á landi eins og annars staðar hefur hlutafélagsformið verið valið. Það er nefnilega alveg rétt sem sagt er á kjarnyrtan hátt um hlutafélag í athugasemdum við lagafrv., með leyfi virðulegs forseta:

„Hlutafélag á þess kost í ríkari mæli en ríkisstofnun að laga sig að breyttum aðstæðum enda býður rekstrarformið upp á meiri sveigjanleika en við verður komið í hefðbundnum stofnanarekstri."

Þetta höfum við stundum rætt á hv. Alþingi og ég held að við þurfum ekki í rauninni að þrátta mjög mikið um þetta vegna þess að reynslan sýnir einfaldlega að þegar menn eru að taka ákvarðanir um að setja upp rekstrarform í kringum rekstur sinn, þá er hlutafélagið að jafnaði valið. Ég held þess vegna að mjög eðlilegt sé að ríkisvaldið breyti stofnunum í þessa veru vegna þess að reynslan úr viðskiptalífinu sýnir að hlutafélagsformið er einfaldlega heppilegasta formið.

Sem betur fer hefur mjög margt breyst til batnaðar við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á síðustu árum. Ég vil nefna þá breytingu sem hefur verið gerð og var gerð á sínum tíma þegar tekin var um það ákvörðun að auka útboð á verslunarrekstri og verslunarþjónustu í flugstöðinni. Það spáðu mjög margir illa fyrir því. Ég man eftir að úr þessum ræðustóli var m.a. varað við því að þetta gæti haft í för með sér fækkun starfa á flugvellinum. Við vitum að hið gagnstæða hefur gerst. Þetta hefur haft í för með sér að þeir sem eiga þarna viðskipti leggja sig fram um að auka tekjur flugstöðvarinnar og þess vegna hafa þeir lagt sig fram um að nýta sér bæði það jákvæða umhverfi sem þarna hefur ríkt með vaxandi fjölda ferðamanna og einnig hitt að gera viðskiptin sem mest aðlaðandi. Kaupmenn eru auðvitað sérfræðingar á sínu sviði og þeir hafa betra lag á því en nokkrir aðrir skyldi maður ætla að reyna að auka umsvif á viðskiptasviðinu á þessu svæði.

Við urðum þess vegna vitni að því að slíkar breytingar urðu fyrst og fremst til þess að auka umsvif og auka heildartekjur af verslun á svæðinu og enn fremur að skapa fleiri störf sem auðvitað er fagnaðarefni í sjálfu sér. Þess vegna vil ég taka mjög undir það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði í fyrstu ræðu sinni þegar hann var að tala fyrir því eðlilega fyrirkomulagi að auka útboð og auka viðskiptatækifærin á sviði flugstöðvarinnar. Ég held að það hafi verið alveg hárrétt ábending að skynsamlegast er í þessum efnum að verslunarreksturinn sé almennt í höndum þeirra sem með þessi mál fara. Og það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt og á því hefur verið vakin athygli að Fríhöfnin er stærsta snyrtivöruverslun á Íslandi og maður getur vel ímyndað að ýmislegt annað henti betur verksviði utanrrn. en að vera yfirmenn snyrtivöruverslana þó að ég sé ekki að gera lítið úr hæfileikum þess fólks sem þar starfar. Ég get bara vel ímyndað mér að aðrir hafi við skulum segja meiri áhuga á starfsemi af því tagi en fólk sem t.d. fer að vinna í diplómatíunni án þess að ég sé á nokkurn hátt að gera lítið úr því mikilvæga starfi sem þar er unnið. (**ÖJ:** Eru það diplómatar sem afgreiða þarna?) Nei, það eru ekki diplómatar, en það er mjög diplómatískt og gott fólk sem vinnur þar, það er alveg rétt hv. þm. En ég er einfaldlega að segja að það er kannski heppilegra fyrir þetta góða fólk að lúta stjórnanda sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti — ég hélt satt að segja að deilurnar um rekstrarform verslana væru deilur sem heyrðu fortíðinni til. Ég hélt að menn deildu kannski frekar um hvernig eigi að reka símafélög eða banka. Ég hélt að rekstrarform búða væri kannski ekki, hvað eigum við að segja, mikilvægasta ádeiluefnið í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir, en lengi má manninn reyna eins og við vitum.

Aðalhagsmunir ríkisins í þessum efnum eru náttúrlega fyrst og fremst að afla tekna, ekki út af fyrir sig að sjá um atvinnurekstur, heldur miklu frekar að afla tekna og reyna að gera það með þeim hætti sem skynsamlegast er talið hverju sinni.

Virðulegi forseti. Ég skil vel það sem hér hefur verið sagt og tek undir það að þegar við erum að fjalla um þessi mál, breytingar á rekstrarformi, þá er mjög mikilvægt að það sé gert af fullri virðingu við það starfsfólk sem vinnur í þeim fyrirtækjum. Ég fullyrði að það hefur jafnan verið haft að leiðarljósi þegar ríkisvaldið á undanförnum árum hefur verið

að breyta rekstrarformi, eins og t.d. í Pósti og síma á sínum tíma, bönkunum og víðar. Menn hafa reynt að leggja sig virkilega fram um að það sé gert á þann hátt að sem minnst röskun verði fyrir starfsmenn. Við vitum að bara tilhugsunin og vitneskjan um það eitt að verið sé að breyta rekstrarformum kallar kannski á óróa. Ég held hins vegar að ekkert tilefni sé til þess í þessu tilviki hér. Hlutafélagaformið hentar eins og ég sagði áðan afar vel fyrir viðskiptaumhverfið og ætti þess vegna að öllu jöfnu frekar að leiða til þess að umsvifin kynnu að aukast, eins og við sjáum að hefur verið að gerast. Hæstv. utanrrh. vakti athygli á því að talið væri að starfsfólki mundi fjölga verulega, ég hygg um 290–400 manns á næstu árum í þessum rekstri.

Ég vek líka athygli á því, virðulegi forseti, að í 11. gr. frv. er kveðið á um það hvernig með skuli fara þegar þessi formbreyting tekur gildi, eða eins og þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Við niðurlagningu stofnunarinnar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, sbr. 13. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna hennar eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, nr. 77/1993, eftir því sem við á.“

Þessi grein eru mjög skýr og ekkert tilefni til að ætla, nema síður sé, að ekki verði gætt að fullu og öllu réttinda starfsmanna eins og lög kveða á um. Hæstv. utanrrh. kynnti þessi mál fyrir starfsfólki strax og unnt var, sem var líka til mikillar fyrirmyndar. Menn gátu því haft möguleika á að ræða við hæstv. ráðherra um þessi mál að öllu leyti.

Það hefur líka verið vakin athygli á því að í umsögn fjmrn. er sagt að þessi breyting muni hafa það í för með sér að nettótekjur ríkissjóðs af fyrirtækinu lækki um 140 millj. kr. á ári á tímabilinu en tæplega 200 millj. kr. á fyrsta árinu. Í því sambandi vil ég benda á að þetta þýðir að fyrirtækið, áður stofnunin, Flugstöð Leifs Eiríkssonar verður sem þessu nemur betur sett. Það verður væntanlega betur sett. Úr því að þessir peningar fara ekki til ríkissjóðs heldur verða eftir í fyrirtækinu þá er unnt að styrkja hinn fjárhagslega grundvöll fyrirtækisins.

Eitt af því sem menn hafa gagnrýnt, m.a. sá sem hér stendur, er að ekki hafi verið tekið á því á sínum tíma að tryggja að hagnaðurinn af rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og þar með talið Fríhafnarinnar gengi til að greiða niður þær skuldir sem urðu til við fjárfestinguna í hinni nýju og glæsilegu byggingu. Þess vegna ætti það út af fyrir sig að vera fagnaðarefni að sjá að þessi formbreyting verður fremur til að styrkja þær fjárhagslegu stoðir sem fyrirtækið stendur á, fyrir utan það sem við sjáum af þessu, að gert er ráð fyrir því að þetta hlutafélag standi undir skuldbindingum flugstöðvarinnar í dag.

Fyrr í þessari umræðu var nokkuð rætt um hvernig flugstöðin hafi árum saman safnað skuldum og að ekki hafi verið gengið í að greiða niður þær stofnframkvæmdir sem á sínum tíma var efnt til, fyrir einum og hálfum áratug eða þar um bil þegar hina nýja og glæsilegu flugstöð var reist. Við vitum að það var tímabær fjárfesting að hverfa úr þessum gömlu kofum, sem Ameríkanarnir áttu ef ég man rétt, og reisa okkar eigin flugstöð og greina um leið milli hins borgaralega hlutverks flugvallarins og hins hermálalega. Um þetta voru m.a. við talsmenn Vestrænnar samvinnu og kommarnir alltaf sammála, að það væri mikilvægt í sjálfu sér. Á þeim tíma var hins vegar ekki gengið frá því hvernig þessi stofnkostnaður yrði greiddur niður. Nú hefur það verið gert.

Það er auðvitað alrangt sem hér hefur verið sagt, að þessi mikli stofnkostnaður það sé dæmi um óráðsíu. Menn getur auðvitað greint á um það í einstökum atriðum hvernig staðið var nákvæmlega að framkvæmdinni á sínum tíma en aðalatriðið var að árum saman var látið undir höfuð leggjast að ganga þannig frá málum að Flugstöð Leifs Eiríkssonar fengi að njóta einhvers hluta tekna sinna til þess að greiða niður skuldir vegna mikils og eðlilegs stofnkostnaðar.

Það var aðfinnsluvert, að ganga ekki frá þeirri hlið málsins. Þess vegna ber mjög að fagna þeirri ákvörðun sem tekin var á síðasta kjörtímabili og skaut betri fjárhagslegum stoðum undir þetta fyrirtæki. Þar með var tryggt að það gæti greitt niður þessar skuldir. Eins og fram kemur í þessum fskj., bæði stofn-efnahagsreikningi og efnahagsreikningum fyrirtækisins, erum við að greiða niður þessar skuldir. Það er alveg augljóst mál.

Áðan var vakin athygli á þeirri stöðu sem þessi flugstöð hefur. Hún er auðvitað eina alvöru alþjóðlega flugstöðin okkar þó að aðrar flugstöðvar, eins og á Akureyri og Egilsstöðum, séu í stakk búnar til að taka við millilandaflugi auk hennar en í miklu minni mæli. Þetta er auðvitað aðalflugstöð okkar. En það er ekki þar með sagt að þessi flugstöð hafi einokunarstöðu. Hún hefur að vísu einokunarstöðu á landinu að vissu leyti en engu að síður skiptir gríðarlega miklu máli hvernig menn standa sig í þeim rekstri, hvort og hvernig mönnum tekst að auka tekjur flugstöðvarinnar. Ef vel tekst til um rekstur flugstöðvarinnar, takist t.d. vel til með tengiflugið sem er mjög þýðingarmikill þáttur í þessum rekstri og ef vel tekst til um að draga úr tíma við að afgreiða flugvélar þá verður eftirsóknarverðara að nota Keflavíkurflugvöll sem tengiflugvöll.

Þegar við fjölluðum um þær breytingar sem voru á sínum tíma gerðar á rekstrarformi flugstöðvarinnar var þetta mjög haft í huga, að reyna að tryggja að eftirsóknarvert væri að nota Flugstöð Leifs Eiríkssonar fyrir þetta tengiflug. Sem betur fer hefur tekist að standa vel að þessum málum en þar með er ekki sagt að menn eigi bara að una við orðinn hlut og huga ekki að breytingum. Öðru nær, við eigum einmitt að líta þannig á að vegna þess að við höfum skapað þessari flugstöð gott orðspor, gott rykti, þá eigum við að gera allt til að það batni enn svo menn telji það afar áhugaverðan kost að koma hingað og njóta aðstöðunnar og þjónustunnar.

Það er einmitt það sem þetta frv., virðulegi forseti, gengur út á, að bæta samkeppnisstöðu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Þannig verður hún ákjósanlegur viðkomustaður fyrir alþjóðlegt flug sem hingað kemur. Hugsunin í þessu frv. er líka að flugstöðin verði góð rekstrareining sem skapi ríkissjóði tekjur, standi undir eigin fjárfestingu og skapi eftirsóknarverða og öfluga atvinnustarfsemi fyrir þá sem þar starfa.

Virðulegi forseti. Ég held að þegar við skoðum þetta allt af sanngirni þá hljótum við a.m.k. að vera sammála um þessi markmið, þó að menn greini sjálfsagt á um hvaða leiðir séu skynsamlegastar í þessum efnum. Sjálfur er ég alveg sannfærður um að hlutafélagaformið er betra í þeim efnum en stofnanaformið af því þetta er viðskiptaeining. Flugstöðin er viðskiptaeining. Hún er ekki bara tæki til að afgreiða flugvélar, eins og ég sagði áðan, heldur viðskiptavettvangur sem við þurfum að búa þannig úr garði að þar megi nýta öll þau tækifæri sem bjóðast bæði skjótt og skilvirkt.

Ég mundi svo, rétt í lokin á umræðunni um Schengen,

benda á að ekki veiti nú af öllum tækifærum til að draga sem mest af peningum í þetta fyrirtæki til að standa undir þeim stofnkostnaði sem þar stendur fyrir dyrum. Læt ég svo lokið umræðu minni um Schengen-hluta þessa máls.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að ég sit í utanrmn. Alþingis sem fulltrúi flokks míns. Þess vegna var mjög ósanngjarnt þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hóf umræðu sína á að gefa til kynna að sjálfstæðismenn reyndu að koma sér undan erfiðum málum. Ég held þvert á móti að við höfum nú sýnt það í allri umræðunni í vetur, ekki síst um þetta mál, að við erum einörð á bak við þessa ákvörðun og teljum þetta reyndar ekki óþægilegt mál nema síður sé. Þetta frv. er fagnaðarefni og mun verða til að styrkja stoðir þess reksturs sem þarna fer fram.

[15:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sami misskilningur kom fram í ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og kom áður fram hjá hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni, að menn vildu koma á því skipulagi að diplómatar, starfsmenn utanrrn., færu að afgreiða í verslunum á Keflavíkurflugvelli. Það hefur aldrei staðið til. Á Keflavíkurflugvelli, í Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem er í eigu íslensku þjóðarinnar, er rekin margvísleg afgreiðsla, fyrirgreiðsla og búðarrekstur í einkaeign. Þetta er boðið út eða með einhverjum hætti komið til einkaaðila sem síðar reka það á sínum viðskiptaforsendum.

Þetta er hægt að gera í flugstöð sem er eign íslensku þjóðarinnar. Nú stendur til að taka þessa flugstöð með manni og mús og gera hana að hlutafélagi. Flugstöðin yrði einokunarfyrirtæki vegna þess að það er ekki valið á milli flugstöðva þegar lent er í landinu. Þú ert þar hvort sem þér líkar betur eða verr. Innan þessarar flugstöðvar geta menn hins vegar verið með margvíslegan rekstur.

Hitt er annað mál að menn deildu um það á sínum tíma hvort fríhöfnin ætti að vera á hendi ríkisins eða einkaaðila. Ýmsir telja að svo eigi að vera. Ég var einn þeirra og er enn þeirrar skoðunar að hún eigi að vera á vegum almennings, einfaldlega eðli málsins samkvæmt. Þetta er fyrst og fremst áfengisútsala þar sem ekki reynir á samkeppni en á hitt reynir að veita peningnum inn í ríkissjóð. Þeir hafa streymt þaðan milljörðum saman á liðnum árum.

Á árinu 1997, svo dæmi sé tekið nánast af handahófi, var hagnaður Fríhafnarinnar 628 millj. kr. Um þetta snýst málið en ekki hvort diplómatar afgreiði í skóverslunum í Leifsstöð. Það er útúrsnúningur.

[15:56]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hálfgerður misskilningur uppi í þessari umræðu. Það sem ég var einfaldlega að segja áðan var að ég vakti á því athygli að starfsemin sem fram fer í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli, er að langmestu leyti viðskiptalegs eðlis. Þess vegna skiptir það miklu máli að rekstrarlegt umhverfi flugstöðvarinnar sé sem líkast hinu viðskiptalega umhverfi þannig að flugstöðin geti tekið þátt í að draga til sín aukin viðskipti.

Hins vegar er alveg rétt að menn geta tekið um það ákvörðun, alveg eins og höfum áður gert, að bjóða út fleira í rekstri flugstöðvarinnar. Ég held að það hafi almennt séð verið heppilegt. Mér dettur t.d. ekki í hug að nokkur maður muni koma með þá tillögu núna að hætta þessu formi og láta reksturinn aftur í hendur ríkisins. Það er bara hið viðtekna skoðun í okkar þjóðfélagi að verslunarrekstur sé best kominn í höndum einstaklinga.

Ég er alveg sammála því að fríhafnarreksturinn, a.m.k. hvað varðar áfengi og tóbak, sé í höndum hins opinbera en að öðru leyti tel ég skynsamlegt að reyna að stíga skref fram á við.

Þetta er þó ekki kjarni málsins sem við ræðum hér um. Þá erum við að tala um eitthvað lengra í framtíðinni, um hvernig menn ætla sér að reka einstakar einingar innan flugstöðvarinnar. Við erum að tala um þessa stóru formbreytingu á þessari stofnun, sem nú er í fyrirtæki, í hlutafélag. Við sem núna stöndum að þessu erum þeirrar skoðunar að heppilegra sé, til þess að tryggja þennan mikilvæga rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, að reksturinn geti notað sér þau tæki sem hið viðskiptalega umhverfi veitir.

[15:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að við núverandi aðstæður og fyrirkomulag sé rekin viðskiptastarfsemi í Leifsstöð. Ekkert sem kemur í veg fyrir það enda sagði hv. þm. að um þetta gætum við tekið ákvörðun.

Spurningin er hver þessi „við" erum. Alþingi Íslendinga getur nú tekið slíka ákvörðun en eftir breytinguna með þessu frv. þá er það utanrrh. einn eða þeir sem hann fær völdin í hendur. Verði stöðin seld þá er það eigenda Leifsstöðvar að taka þessa ákvörðun.

Mér fannst hv. þm. kominn í mótsögn við það sem hann sagði hér upphaflega þegar hann sagði að hann teldi að verslun með áfengi og tóbak ætti að vera á vegum opinberra aðila. Ég gat ekki skilið hann betur. Um þetta snýst málið. Að halda flughöfninni sem slíkri í eigu og undir eftirliti almennings. Sama gildi síðan um áfengissöluna, fríhöfnina, þar er aðallega selt áfengi og tóbak, eitthvað meira. Menn hafa lengi rætt hvar eigi að draga þær línur. Í sjálfu sér hef ég ekkert á móti því að koma annarri viðskiptastarfsemi í hendur einkaaðila. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því þó ég hafi miklar efasemdir um að fara með áfengi og tóbak, uppistöðuna í tekjuöflun ríkisins, til einkaaðila.

[16:00]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það töluvert fagnaðarefni sem hv. þm. sagði í seinna andsvari sínu. Hann talaði um að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu að auka hlut viðskiptalífsins í þeim rekstri sem nú fer fram innan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ég gat a.m.k. ekki skilið hv. þm. öðruvísi en svo að hann væri fremur jákvæður fyrir því, svo ég oftúlki örugglega ekki neitt, að stærri hluti en nú er fari í hendur viðskiptalífsins og rekstur sem ríkið ber núna rekstrarlega ábyrgð á megi þess vegna minnka.

Við vitum að Fríhöfnin verslar með ýmislegt fleira en áfengi og tóbak. Þess vegna gæti þetta verið töluverð breyting sem ég mundi fagna. Þetta er samt ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er rekstur þessarar stóru stofnunar, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Við erum hér að ræða um hvernig rekstrarform hentar þessari flugstöð best til að skapa þjóðarbúinu sem mestar tekjur. Það er síðan útfærsluatriði hvort það sé gert þannig að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. reki þessa starfsemi eða bjóði hana út. Það verður þá væntanlega gert á rekstrarlegum forsendum vegna þess að til hlutafélagsins verður að gera rekstrarlega kröfu. Það þyrfti að standa skil á arði og sköttum sínum og skyldum til hins opinbera.

Það gerir það ekki nema tekjurnar séu sem allra mestar fyrir hlutafélagið. Ég vildi segja hv. þm., virðulegi forseti, að málið snýst um með hvaða hætti við gerum fyrirtækið, nú stofnunina, nógu öflugt til þess að skapa sem mestar tekjur sem síðan mundu skila sér til hins opinbera.

[16:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég vil í upphafi segja að ég tel í sjálfu sér ekki nauðsynlegt að ríkið standi í atvinnurekstri sem eins vel væri komið, hagsmunum eins vel borgið og réttur borgaranna tryggður, í höndum félagasamtaka eða einkaaðila. Hins vegar hlýtur rekstur þjónustu sem lýtur að öryggi beint eða óbeint að vera á ábyrgð ríkisins, annaðhvort formlega eða þá að tryggt sé með lögum að hagsmunum þjóðfélagsþegna sé örugglega borgið, þar sé engin óvissa.

Mér finnst heldur ekki nauðsyn í sjálfu sér að selja fyrirtæki í eigu ríkisins bara af því að það gefur arð eða af því að möguleiki sé á því að það gefi arð. Það eru í sjálfu sér engin rök fyrir því að selja fyrirtæki í eigu ríkisins eða hlutafélagavæða það. Það verða að vera þaulkannaðar forsendur fyrir því hvaða rekstrarform er ákveðið og hver fer með ábyrgð á verkefninu. Málið snýst um það. Sé lagaleg umgjörð ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana þannig að þær geti ekki staðið sig eðlilega í samkeppnisumhverfi og starfsmenn þeirrar stofnunar fái ekki tækifæri til að sýna hug sinn og dug þá er eitthvað að umgjörð ríkisstofnananna, þá er eitthvað að ríkisvaldinu sjálfu. Það á ekki að flýja í að hlutafélaga- eða einkavæða starfsemina þess vegna. Mér finnst ástæða, herra forseti, til að þetta mál verði einmitt skoðað mjög rækilega, þ.e. að rekstrarumhverfi ríkisstofnana verði eðlilegt og þær samkeppnishæfar þannig að við þurfum ekki að hlusta á raddir í hv. Alþingi um að umgjörð ríkisstofnana hamli starfsmönnum og stofnunum sem beitt gætu metnaði sínum landi og þjóð til hagsbóta og arðs þegar þarf. Mér finnst það ekki rök í þessari umræðu, herra forseti. Það á að snúa sér að rótum meinsins ef menn geta ekki fullyrt að svo sé.

Ég vil líka benda á, herra forseti, að lög um hlutafélög snúast reyndar um annars konar umgjörð en rekstur ríkisins á hlutafélögum. Hvernig er aðalfundur og hvaða málefnaleg umræða fer fram á aðalfundi hlutafélags þar sem einn hluthafi fer með allt hlutaféð? Hvaða aðhald veitir slíkur aðalfundur eða slíkt hlutafélag þeim sem fara með stjórn og rekstur fyrirtækisins? Ekki nokkurt. Þetta rekstrarform á vegum ríkisins er ekki rekstrarform, finnst mér, í skilningi laga um hlutafélög. Lögin um hlutafélög gilda þar sem margir eiga aðild að, með hlutafélagafundum þar sem hluthafar koma sér saman, þeir koma allir með sín innlegg og gera sínar kröfur til hlutafélagsins. Stjórn í hlutafélagi sem aðeins er skipuð einum hluthafa, einum sem ræður og skipar, er í sjálfu sér engin trygging fyrir fagmennsku í störfum umfram góða starfsmenn ríkisins. Að segja það er ósanngjarnt í garð embættismanna, starfsmanna ríkisins sem ráðnir eru og trúað fyrir verkum sínum, að þeir séu í sjálfu sér, vegna þess að þeir eru starfsmenn ríkisins, síður færir um að ráða þessum málum. Ég frábið mér svona málflutning fyrir hönd góðra starfsmanna ríkisins og þjóðfélagsþegna. Þetta eru engin rök fyrir því að þörf sé á að hlutafélagavæða.

Það eru nokkur atriði í þessu frv. sem ég hefði viljað spyrja um. Hlutafélagavæðing á flugstöðinni og hlutafélagavæðing á flughöfninni, þessi orðanotkun rennur svolítið saman fyrir mér. Fyrir mér er þetta flugvöllur, fyrir mér er þetta flughöfn. Síðan er þjónusta og þjónusturými í þeirri flughöfn þar sem megintilgangurinn er að taka á móti farþegum og þjóna hinum ýmsu þörfum þeirra. Önnur þjónusta og verslun geta svo sem tengst þessu en það er annað mál. Mér finnst umræðan reyndar bera keim af því að menn eru að ræða um hvernig nálgast eigi hagnaðinn af sölu brennivíns, ilmvatna, púðurs og skótaus og hvaða þekkingu menn hafi á þeim sviðum. Auðvitað er mikilvægt að á hverjum stað, hvort heldur verið er að lesta eða ferma vélar, keyra töskum út á völl eða selja skó, sé valinn maður í hverju rúmi. Ég vænti þess að svo sé. Það er bara óþarfi að taka það fram og ætti að gilda einu hvort hann er starfsmaður hlutafélags eða ríkisstofnunar í því tilliti og rangt að greina þar á milli.

Ég vil spyrja varðandi þetta: Er það rétt skilið að nú eigi að aðskilja rekstur flughafnarinnar sem slíkrar og flugvallarins sjálfs? Sé svo hvernig sjá menn þá það samspil? Fyrir mér er bæði flugvöllur og flughöfn samgöngumannvirki í heild sinni. Þetta er þjónustumannvirki. Sú starfsemi sem þar fer fram er öryggis- og þjónustustarfsemi og hvar er sú höfn stærri og mikilvægari en einmitt á Keflavíkurflugvelli? Hvernig sjá menn þennan aðskilnað fyrir sér ef þetta verður raunin? Hvernig sjá menn að til framtíðar verði gætt þess öryggis sem slíkt samgöngu- og þjónustumannvirki veitir? Hæstv. utanrrh. kom einmitt inn á það í framsögu sinni og sagði eitthvað í þá veruna að þetta væri ekki aðeins mikilvægasta höfn landsins og samgöngumannvirki heldur líka þáttur í varnar- og öryggisstarfi. Viljum við tefla í tvísýnu með forsjá slíks mannvirkis? Mér finnst að svara verði þessari spurningu og gera úttekt til að leiða þetta í ljós. Það dugir ekki að segja: Við sjáum bara til og gerum svo samninga við viðkomandi fyrirtæki um að fyllsta öryggis verði gætt.

Ég hefði viljað sjá hvað það þýðir í reynd að aðskilja rekstur flugvallarins og flughafnarinnar. Hvaða auknar skuldbindingar færast þá yfir á ríkið ef sú verður raunin sem mér skilst af þessu frv., að ætlunin sé að hafa það aðskilið? Hvað verður þá um skyldur ríkisins varðandi flugvöllinn, kostnað, fjárhagsleg ábyrgð, snjómokstur og hvað annað sem fallið gæti undir rekstrarkostnað?

Ég hefði líka viljað heyra hvernig menn sjá fyrir sér þær stórkostlegu framkvæmdir sem fyrirsjáanlegt er að ráðast þurfi í við flugstöðina eða flughöfnina — ég renn þarna aðeins á milli hugtaka — m.a. vegna aðildar að Schengen-samstarfinu ef af verður. Ég vona náttúrlega að svo verði ekki. Þær fela í sér verulegar fjárfestingar og ábyrgðir. En hvort sem við verðum aðilar að Schengen eða ekki þarf þarna að ráðast í verulegar framkvæmdir, auka þjónustu og hefja framkvæmdir og rekstur sem, eins og fram kom í umræðunni um Schengen-aðildina, enginn getur nákvæmlega sagt til um hver verður. Enginn veit heldur hvað það kostar eða hvernig muni takast við að veita alla þá þjónustu sem þörf verður á.

Þarna eru ýmsir óvissuþættir sem við þurfum að takast á við á næstu árum. Í þessum útreikningum gefa menn sér samt að umferðin muni aukast, tvöfaldast á næsta áratug, ekki aðeins með þörf fyrir auknu rými og auknum kostnaði heldur þá væntanlega líka með auknum tekjum, lendingargjöldum o.s.frv. Þannig finnst mér kostnaðarlega hliðin og kostnaðarleg ábyrgð varðandi lagafrv. sem hér er lagt fram í afar mikilli óvissu sem og sú hagsmunagæsla sem við hljótum að bera fyrir brjósti varðandi uppbyggingu og þjónustu í flugstöðinni.

Þá vil ég, herra forseti, leyfa mér að spyrja hvað átt er við í 8. gr. frv. til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Þar stendur:

„Heimili og varnarþing félagsins skulu vera á Keflavíkurflugvelli," — og takið eftir — „en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum."

Ég hélt, herra forseti, að þetta frv. snerist um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli, klippt og skorið. Er meiningin að reka einhverja fríhöfn á Þingvöllum á kristnihátíðinni eða hvað er verið að opna þarna fyrir? Eða er ætlunin að þetta hlutafélag fari að reka einhverja flugvelli úti á landi? Ég hef enga fyrirframskoðun á því í sjálfu sér annað en að vera tortrygginn gagnvart því. Þjónusta úti á landi við aðra flugvelli — hvað vakir fyrir mönnum með þessu? Ekki er slík setning sett inn bara út í bláinn. Ég hef enga trú á því og vænti þess að hægt sé að fá svör við þessu.

Málið verður hins vegar enn þá stærra ef gert er ráð fyrir að flugstöðin og þetta hlutafélag fari líka að ráða þjónustu á verkefnum á flugvöllum úti á landi og stýra þeim. Nógu erfitt er nú að fá starfsemi í flugi til annarra flugvalla, alþjóðlegt flug til annarra flugvalla en flugvallarins á Keflavíkurflugvelli, meira að segja er beitt tæknilegum hindrunum, eins og það að ekki skuli vera hægt að afgreiða bensín á flugvélar á ákveðnum flugvöllum má hreinlega skoðast sem samkeppnis- og tæknihindrun.

En við hverju má maður búast ef sameiginlegt fyrirtæki fer að reka þessa flugvelli? Þess vegna spyr ég, herra forseti, hvað er átt við þarna?

Ég vil líka, herra forseti, fá að spyrja um hvað átt er við í 15. gr. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom inn á það sama hér fyrr í dag:

„Stjórn félagsins er heimilt að setja þjónustugjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða ..." — Eru það einhver önnur sjónarmið en við gætum sett í sjálfu sér við núverandi rekstrarform? Er nauðsynlegt að setja það með þeim arðsemissjónarmiðum að arðurinn rynni til almennings í landinu, til ríkisins, til starfseminnar sem þarna er? — „og jafnframt tekið tillit til nýjunga sem geta haft áhrif á söluverð þjónustu félagsins."

Er hér verið að opna fyrir sjálftökurétt í gjaldtöku á ferðafólk og þá sem fara um völlinn? Ekki eru það aðrir sem eiga að greiða þessi þjónustugjöld væntanlega nema þá þeir sem eru að flytja vörur eða þjónustu. Erum við að afsala okkur stjórnun á þjónustu og gjaldtöku hennar og þá líka á samkeppnisstöðu okkar í alþjóðlegu samhengi í hendur þessa hlutafélags, ef af verður?

Ég vil líka, herra forseti, vekja athygli á að mér finnst umsögn frá fjmrn. sem fylgir frv. nokkuð fátækleg. Ég hefði viljað sjá þar samanburð á þessari hlutafélagavæðingu og á fjárhagslegum hagsmunum ríkisins, tekjum, gjöldum og á fjárhagslegum ábyrgðum við núverandi form, tiltölulega lítið breytt eða aðlagað. Það er mjög eðlilegt að í svona stóru máli fylgi ítarleg greinargerð um fjárhagsleg fjármunaleg áhrif á ríkissjóð bæði til skemmri og lengri tíma. En það er ekki, herra forseti, heldur er orðalag eins og: „Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á húsaleigu fyrir landamæravörslu, tollafgreiðslu og öryggiseftirlit, en í athugun er að fella þá leigu niður."

Hvers konar fjárhagsleg umsögn er þetta? Það væri fróðlegt að vita — og ég sakna þess að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér og gera grein fyrir afstöðu sinni sem fjmrh. og vörslumaður ríkissjóðs — hvernig hann lítur á þetta mál. Ég er þó engan veginn að gera því skóna að ríkisstjórnin sé ekki einhuga í málinu. En við sem fjöllum um fjárhags- og fjármunalega ábyrgð ríkissjóðs til lengri og skemmri tíma hefðum gjarnan viljað heyra sjónarmið hans á einu stærsta fjárhagslega máli sem borið er fram á Alþingi nú. Og það hefði verið fróðlegt að heyra nánari skýringar hans á því hvað hér er á ferðinni og snertir einmitt fjármál og ríkissjóð.

Í umræðu um Schengen var gert ráð fyrir því að lendingargjöld mundu tvöfaldast eða jafnvel meira og ég dreg enga dul á að ég mundi fagna aukinni umferð um flugvöllinn. En hvað þýðir það?

Herra forseti. Ég styð mjög eindregið að öll sóknarfæri séu nýtt á flugvellinum á Keflavíkurflugvelli. Ég vil að horft sé einmitt á þessi sóknarfæri og staðan metin út frá þeim, en ekki eins og mér virðist í þessu lagafrv. að hlutafélagavæða bara sisona. Herra forseti. Við eigum að horfa fram á veginn.

[16:22]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur frammi til umræðu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég vil vekja athygli á því að þetta er frv. til laga en ekki þáltill. um einhverja athugun á því hvort hentugt kunni að vera að fara þessa leið, eins og mér virðist hafa komið fram í máli sumra sem hér hafa tekið til máls. Sú athugun virðist hafa farið fram að dómi hæstv. ríkisstjórnar og hér er þetta frv. lagt fram í því skyni að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélags sem nefnist Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum, til hins nýja félags sem ráðgert er að stofna. Það fer því ekkert milli mála að þessi ákvörðun hefur verið tekin. Mér skilst að þetta hafi lengi verið rætt innan ríkisstjórnarinnar. Þetta hefur farið ákaflega leynt, ég verð að játa að ég heyrði fyrst um einhvern ávæning af því á mánudaginn að þessa væri að vænta og hafði ekki haft af því neinar spurnir áður. Mér skilst þó á 1. þm. Vestf., Einari K. Guðfinnssyni, að þetta hafi lengi verið á döfinni og m.a. verið haldnar tilheyrandi fagnaðarhátíðir í Sjálfstfl., en þetta hefur farið mjög leynt og ekkert lekið.

Það er náttúrlega von að manni sé órótt þegar rætt er um að einkavæða eða stofna hlutafélag um slíka stofnun sem þarna er um að ræða, enda sér maður fyrir sér, vegna þess að sporin hræða, að einkavæðing gæti náttúrlega verið handan við hornið. Hæstv. utanrrh. var nú svo hreinskilinn fyrr í umræðunni að hann gaf í skyn að það væri fyllilega mögulegt. Og öðruvísi mér áður brá þegar hæstv. núv. forseti Alþingis, fyrrv. samgrh., var að tilkynna hlutafélagavæðingu Landssímans á síðasta kjörtímabili og sór og sárt við lagði að einkavæðing kæmi auðvitað ekki til greina, sem er svo komið á daginn að er höfuðmarkmiðið og finnst flestum að atburðir þar gerist ekki nægilega hratt til að sú stofnun verði að fullu einkavædd.

Það sama má segja með bankana. Gefið var í skyn að það væri alls ekkert á döfinni að selja þá, þetta væri bara til að nútímavæða þessar stofnanir og þær gætu frekar brugðist við í samkeppninni. En síðan er öllum ljóst núna að stefnt er að fullri einkavæðingu, og sumar þeirra hafa meira að segja þegar verið einkavæddar að fullu, eins og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins.

Þetta eru trúarbrögð í öðrum stjórnarflokknum, þeim sem manni virðist að ráði töluvert miklu um það sem gerist á vegum þeirrar hæstv. ríkisstjórnar sem núna situr. Þó að maður sjái kannski ekki eftir að hafa lesið frv. og þau fylgiskjöl sem því fylgja endilega ljósið hérna við 1. umr. um nauðsyn þess að hlutafélagavæða þessa stofnun, þá sér maður að þetta gerir auðvitað lífið þægilegra fyrir t.d. þá sem hafa viljað koma í gegn ákveðnum ráðningum þarna á undanförnum mánuðum. Auðvitað verður þægilegra að ekki verði þetta bras við Alþingi og aðra sem hafa verið með óþægilega gagnrýni á lofti þegar þetta verður bara orðið hlutafélag og hlutafélagið verður í höndum hæstv. utanrrh. sem hefur þá væntanlega hæg heimatök að koma í gegn þeim mannaráðningum sem hann telur vera vænlegastar á þeim stað, en það hefur þvælst nokkuð fyrir eins og alþjóð er kunnugt.

Það er mikill gróði af Fríhöfninni og gróðinn er náttúrlega fyrst og fremst vegna þess að fólk sér sér hag í að versla þarna. Ég fer töluvert til útlanda og ég fer í gegnum margar fríhafnir en sé mér hag í að versla frekar t.d. það sem hér hefur verið nefnt, snyrtivörur, í Fríhöfninni í Keflavík, vegna þess að þær eru þar á hagstæðara verði og væntanlega vegna þess að þar er ekki þessi þriðji aðili sem mundi náttúrlega þurfa að taka til sín hluta af gróðanum ef þessi fríhöfn væri rekin á sama hátt og aðrar fríhafnir, sem hér hefur verið vitnað til í umræðunni í dag í löndunum í kringum okkur, og eru sem þessu nemur væntanlega dýrari en Fríhöfnin í Keflavík.

Ég er hrædd um að ef verðlagið þarna færðist til jafns við það sem er í þeim fríhöfnum sem eru næst okkur þá mundi kannski draga töluvert úr viðskiptum og menn mundu frekar beina viðskiptum sínum annað. Samkeppnin er nefnilega, eins og öllum má ljóst vera, við erlendar fríhafnir og verslunin í Fríhöfninni hér er þeim mun meiri þeim mun hagstæðari samanburð sem við höfum við erlendar fríhafnir fyrst og fremst.

Um þær litlu búðir sem hafa verið starfræktar um nokkurt skeið í húsakynnum flugstöðvarinnar og eru reknar af einkaaðilum er það að segja að þær hafa sumar gengið ágætlega en ekki allar. Sumum þeirra hefur þurft að loka vegna þess að þar hafa viðskipti ekki verið nægileg svo þær gætu borið sig. Ég er ansi hrædd um að þá sem báru þetta hvað harðast fram á Alþingi á sínum tíma hafi ekki grunað að rekstur þessara búða yrði jafnerfiður og hann hefur verið í sumum tilfellum. En ég veit að sumar aðrar búðir hafa gengið ágætlega.

Hæstv. utanrrh. bar það fram í máli sínu að möguleikum til að hafa hámarkságóða af starfseminni þarna suður frá hefði ekki verið sinnt sem skyldi. Ég er svolítið hissa á þeim vinkli vegna þess að ég ræði mikið við fólk sem þarna er í forsvari og ég veit ekki betur en að það hafi augun opin fyrir ýmsum möguleikum og sé ævinlega að reyna að taka inn einhverjar nýjar vörutegundir sem þeir vonast til að gefi meiri viðskipti og meiri umsvif.

Mér finnst svolítið langsótt það sem komið hefur fram í umræðunni í dag um að sérstök stýring væri frá diplómötum sem störfuðu í utanrrn. á starfseminni sem þarna fer fram. Auðvitað er hin daglega starfsemi þarna og einmitt hvernig trippin eru rekin frá degi til dags hvaða vörutegundir eru t.d. teknar inn til að hámarka gróða. Þær ákvarðanir eru auðvitað teknar af starfsfólki Fríhafnarinnar sem hefur verið ráðið til þess en ekki diplómötum í utanrrn., kannski sem betur fer, þó þar sé auðvitað um ágætis fólk að ræða.

Í umræðunni í dag hefur komið fram að þetta breyti þeirri upplýsingaskyldu sem hæstv. ráðherrar hafa t.d. gagnvart Alþingi um starfsemina þarna suður frá, sem stundum hefur nú verið kvartað mikið yfir. Ég minnist þess að hv. þm. Kristján Pálsson, sem því miður er ekki viðstaddur umræðuna af einhverjum ástæðum, fór í hart við mig í umræðu um þessi mál hér áður og kvartaði sáran undan þessari upplýsingaskyldu og sagði að það yrði sem bráðast að breyta þessari stofnun í hlutafélag til að losa stjórnvöld undan slíkri upplýsingaskyldu.

Hv. þm. hefur kannski vitað um hvert þessum málum var stefnt þegar hann mælti þau orð. Ég vissi það hins vegar ekki og undraðist mjög þessi ummæli en hv. þm. Kristján Pálsson hefur þá væntanlega verið búinn að taka þátt í þeim fagnaðarsamkomum sem áður hefur verið getið um á þinginu í dag af hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, sem haldnar hafa verið hjá þingflokki Sjálfstfl. á undanförnum mánuðum tengdar þessu máli.

Mér finnst vera gengið á svolítið léttum fótum í þessari umræðu allri yfir það hvaða breytingu þetta muni hafa í för með sér gagnvart starfsmönnum. Nú er það svo að starfsmenn ríkisins hafa löngum verið lægra launaðir en starfsmenn á almennum markaði. Og það var alltaf þegar ég stóð í samningaviðræðum fyrir hönd ríkisstarfsmanna fóðrað með því að laun ríkisstarfsmanna ættu að vera lægri en starfsmanna á almennum markaði vegna þess að ríkisstarfsmenn — það að vera ráðinn hjá ríkinu — fæli í sér svo mikil réttindi. Lífeyrisréttindin væru t.d. miklu betri en annars staðar þekktist, starfsöryggi væri svo miklu meira en annars staðar þekktist, veikindaréttur væri svo miklu betri en annars staðar þekktist o.s.frv. Mér finnst núna þegar rætt er um að breyta hverju ríkisfyrirtækinu af öðru í hlutafélag þá sé gengið yfir það svolítið léttum fótum að hægt sé að breyta þessu bara svona frá degi til dags og taka af fólki þennan rétt, sem það hefur kannski verið að ávinna sér áratugum saman, með einu pennastriki. Mér finnst þetta ekki sjálfsagt mál. Mér finnst að þetta ætti að vera miklu örðugra en það er í þeim lögum sem vitnað er til hér frá árinu 1996 og voru sett án þess að ég legði þar við samþykki mitt.

Vegna orða hv. þm. Péturs Blöndals fyrr í dag um að kjör starfsfólks hafi batnað til mikilla muna þegar ríkisfyrirtækjum hefur verið breytt í hlutafélög eða einkafyrirtæki — og sérstaklega hjá konum, eins og hann sagði, þá vil ég nú minna á að þar sem ég þekki til hefur verið mikill munur á Jóni eða ættum við að segja Jónu og séra Jóni. Kjör þeirra sem hafa verið yfirmenn á slíkum stofnunum hafa nefnilega verið lagfærð stórkostlega en hjá þeim sem hafa starfað — ég tala nú ekki um hjá þeim sem hafa starfað við gólflistana — hefur vinnuálag verið aukið til muna og það fólk hefur borið mjög skarðan hlut frá borði og nægir að benda á fyrirtækið hér handan við götuna, Landssímann, þessum orðum til sönnunar.

Ég vil minna á að ef hæstv. ríkisstjórnir sem hér hafa setið að völdum síðan 1987 hefðu tekið þá meðvituðu ákvörðun að greiða af skuldum flugstöðvarinnar með þeim tekjum sem komu inn af flugstöðinni hverju sinni, þá hefði náttúrlega ekkert uppsafnað vandamál verið þar í dag eins og raunin er. Vandamálið er auðvitað það að ríkið tók til sín þessar gríðarlega miklu tekjur en lengdi í skuldum flugstöðvarinnar.

Kannski er ljósið það, ef þetta frv. verður samþykkt, að hér er njörvað niður í sérstakri umsögn sem fylgir með sem fskj. II frá fjmrn., að þessar skuldir skuli greiddar af ágóða

flugstöðvarinnar, og sá gróði sem kemur til ríkisins af henni verði sem því nemur minni.

Ég hef ekki trú á því, hæstv. forseti, að það skref sem hér er verið að stíga verði til góðs, hvorki fyrir starfsfólk né fyrir ríkissjóð. Ég vil lýsa því yfir að þetta skref verður ekki stigið með stuðningi mínum nema fram komi milli umræðna — og ég vil taka fram að ég útiloka það auðvitað ekki — haldbærari rök en hér hefur verið teflt fram fyrir þessum gjörningi.

[16:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur fyrr í dag að ég nefndi — og hv. þm. gerði það einnig að umtalsefni — hve sýnilegt það er orðið að Framsfl. er farinn að koma fram sem deild í Sjálfstfl. (**Utanrrh.:** Það var nú skúffa ...) Ég leiðrétti það þá núna, hæstv. utanrrh. talar um skúffu, að þeir séu skúffa í Sjálfstfl. (**Utanrrh.:** Þú sagðir það.) Að Framsfl. sé orðinn að skúffu eða deild í Framsfl. Og ekki vinstra megin í þeim flokki heldur hægra megin.

Það vekur athygli mína að þeir sjálfstæðismenn sem standa í framvarðarsveit með hæstv. utanrrh., formanni Framsfl., um að einkavæða Leifsstöð, stærstu flugstöð Íslendinga, eru hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hefur nú ekki verið kenndur við vinstri sinnuð stjórnmál eða miðjustjórnmál og nú síðdegis kom hv. þm. Einar K. Guðfinnsson einnig Framsfl. til hjálpar, en hv. þm. hafði forgöngu um það á sínum tíma að tala fyrir einkavæðingu Landssímans, að gera Landssímann að hlutafélagi.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem er hinn mætasti maður og ég mundi hugsanlega lýsa sem kapítalista með mannlega ásýnd, eins og sagt var um Edward Heath á sínum tíma, er þrátt fyrir þá ásýnd mjög einarður talsmaður frjálshyggjusjónarmiða. Þetta eru þeir aðilar sem nú koma fram hér á Alþingi ásamt formanni Framsfl., hæstv. utanrrh. Halldóri Ásgrímssyni, og tala fyrir því að einkavæða flugstöðina í Keflavík, einkavæða Leifsstöð.

Reyndar á Framsfl. og hæstv. utanrrh. ákveðinna hagsmuna að gæta í þessu máli vegna þess að völdin yfir flugstöðinni, völdin yfir þeirri starfsemi færast til hans. Það verður væntanlega í anda hlutafélagavæðingar ríkisfyrirtækja búið til eitt hlutabréf sem fært verður undir hæstv. utanrrh., formann Framsfl., sem kemur til með að hafa öll ráð í hendi. Hann kemur til með að hafa öll ráð í hendi sér um þessa starfsemi.

Hæstv. ráðherra sagði í umræðunni fyrr í dag að menn gætu haldið áfram að spyrja, það væri ekkert sem bannaði þingmönnum að spyrja út í þessa starfsemi. En það mun standa á svörunum vegna þess að með þessari breytingu er þrengt að þingmönnum um að krefjast upplýsinga. Það er staðreynd.

Ég tek undir það sem talsmenn Samfylkingarinnar hafa sagt við þessa umræðu, sumir hverjir þótt ég sé ekki sammála þeim um áherslur í þessu máli, nema hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur sem talaði hér mjög einarðlega áðan og ég tek undir sjónarmið hennar. En ég tek undir með þeim að því leyti að eðlilegra hefði verið að ráðst í aðrar lagabreytingar samhliða formbreytingum af þessu tagi og þá vísa ég sérstaklega til frv. sem liggur fyrir þinginu um hlutafélög, þar sem kveðið er á um að hlutafélögum í eigu ríkisins verði gert skylt að veita Alþingi sömu upplýsingar um opinber málefni og ríkisfyrirtækjum. Mér hefði fundist eðlilegt að löggjöf af því tagi yrði samþykkt samhliða þeim kerfisbreytingum sem ríkið er að ráðast í. Það er ekki þar með sagt að ég sé hlynntur þeim kerfisbreytingum, síður en svo. Það er ég alls ekki.

Ég ætla að nefna aðeins aftur ummæli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Hún vék að markalínunni í pólitíkinni, við værum að fjalla um hápólitískt mál og að mikilvægt væri að við ræddum þessar markalínur. Hún sagði að á Alþingi skiptumst menn í mismunandi stjórnmálaflokka með ólíkar áherslur, og það er rétt. Ég vék að því áðan og gerði að umtalsefni orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem ég heyrði ekki betur en talaði fyrir þessari einkavæðingu, en ég sagði: öðruvísi mér áður brá, þegar jafnaðarmenn skömmuðust sín ekki fyrir að tala fyrir því að ýmis atvinnustarfsemi væri rekin á félagslegum grunni ef það hentaði. En nýkratismínn er að fara inn á aðrar brautir. Það er nokkuð sem menn eru farnir að tala fyrir t.d. innan Samfylkingarinnar.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vék t.d. að velferðarþjónustunni. Nú er það að gerast í Evrópu, hjá jafnaðarmannaflokkum í Evrópu, t.d. breska verkamannaflokknum að hann gengur harðar fram í einkavæðingunni innan velferðarþjónustunnar en jafnvel Thatcher gerði með einkaframkvæmd á sviði heilbrigðismála í öldrunarþjónustunni. Þar er farið að tala um „Granny Farming", þar sem fyrirtæki hafa peninga og arð af því að reka elliheimili. Þetta er staðreynd og menn takast á um þessar línur. Ég tek hins vegar undir það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði, að það skorti á það hjá okkur hér á Alþingi að við kortleggjum landslagið. Það skortir á að við gerum okkur grein fyrir markalínum milli opinbers reksturs og einkareksturs. Ég tek undir þetta. Við höfum lagt fram þáltill., í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þar sem við höfum lagt til að slík umræða fari fram.

Þrátt fyrir það vil ég segja að við eigum ekki að nálgast þetta tiltekna mál á hugmyndafræðilegum forsendum. Reyndar er það kjarninn í málflutningi okkar hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að skoða jafnan eðli máls, skoða hverja stofnun og starfsemi sem í hlut á hverju sinni. Það sem hér er um að ræða á að mínum dómi ekki heima í hlutafélagsforminu, alls ekki. Hvers vegna? Í fyrsta lagi er þetta gullgerðarvél. Þetta færir ríkissjóði mörg hundruð millj. kr. á ári hverju. Ég vakti máls á því fyrr við umræðuna og tók nánast af handahófi að árið 1997 var hagnaður Fríhafnarinnar 628 millj. Árið eftir hafði samanlagður hagnaður flugstöðvarinnar og Fríhafnarinnar aukist um 212 millj. kr.

Í þeim gögnum sem reidd eru fram með þessu frv. kemur fram að hlutur skattborgarans, ríkissjóðs, muni rýrna um mörg hundruð milljónir við þessar kerfisbreytingar. Síðan eru menn að rugla hér og snúa út úr og gefa í skyn að starfsmenn utanríkisþjónustunnar komi til með að starfa í verslunum á Keflavíkurflugvelli. Það er enginn að tala um slíkt og enginn sem mælir gegn því fyrirkomulagi sem við búum við núna, að rekin sé verslunarstarfsemi á vegum einkaaðila í flugstöðinni í Leifsstöð. Það er ekkert sem mælir gegn því, í því fyrirkomulagi sem við búum við núna, ekki nokkur skapaður hlutur. En mér er það algerlega óskiljanlegt hvers vegna menn ætla að taka bygginguna sem slíka og þessa starfsemi sem slíka, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, með manni og mús og gera að einkafyrirtæki. Þó er ljóst að það muni rýra hlut skattborgaranna. Menn eru fyrst og fremst og eingöngu að gera þetta á hugmyndafræðilegum forsendum nema þar séu einhver önnur og annarleg sjónarmið á ferðinni, að þjóna fjármálabröskurum sem vilja komast yfir þennan

gullmola. Eða er ætlunin að forða hæstv. utanrrh. frá því að þurfa að ræða þessi mál á Alþingi?

Þetta er í hæsta máta undarleg ráðstöfun, herra forseti. Ég vil minna á að hér við umræðuna hafa verið settar fram ýmsar spurningar. Það hafa menn gert úr fleiri en einum stjórnmálaflokki. Sumir hafa þegar tekið afstöðu til þessa máls. Þetta er ekki nýtt af nálinni. Það hefur verið til umræðu bæði hér og í þjóðfélaginu í langan tíma. Aðrir vilja taka sér lengri tíma, hafa krafið hæstv. utanrrh. um upplýsingar og bíða þeirra til að taka afstöðu en ég vil lýsa því yfir hér og ítreka þá afstöðu mína að ég er þessu algerlega andsnúinn.

[16:50]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að nefna út frá orðum hv. 13. þm. Reykv. sem vakti athygli á því að samkvæmt mati fjmrn. muni þessi formbreyting verða til þess að minni peningar renni til ríkissjóðs en ella. Hvað þýðir það? Eins og ég sagði áðan hefur það þá þýðingu að þetta fyrirtæki, í eigu ríkisins, verður betur í stakk búið efnahagslega. Það verður þess vegna betur í stakk búið til þess að standa undir þeim skuldbindingum sem á því hvíla.

Í þessari umræðu í dag hefur mér heyrst að menn séu ekki síst að gagnrýna þann hátt sem hafður hefur verið á alveg frá því að flugstöðin var opnuð árið 1987, að hún hafi ekki fengið að njóta tekna sinna. Við vitum að flugstöðin hefur borgað, ég held að ég muni það rétt, í kringum 500 millj. á ári í ríkissjóð að jafnaði. Það segir okkur að ef þessi stofnun hefði fengið að njóta tekna sinna sjálf, þá væri væntanlega búið að borga upp stofnkostnaðinn og fyrirtækið væri skuldlaust, þetta glæsilega góða fyrirtæki. Þá væri það enn meiri gullmoli fyrir ríkið til lengri tíma litið. Þess vegna finnst mér mjög sérkennilegt ef það er allt í einu orðið gagnrýnisefni að Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. muni borga minna í ríkissjóð og skilja þá meira eftir hjá fyrirtækinu sjálfu, sem áður var þó stofnun. Þá verður það betur í stakk búið til þess að nota sitt sjálfsaflafé til þess að greiða af þeim kostnaði sem til var stofnað þegar fyrirtækið varð til á sínum tíma. Þetta held ég að sé kjarni þessa máls. Þess vegna er ekki hægt að gagnrýna við formbreytinguna, virðulegi forseti, að meira verði eftir hjá stofnuninni til að borga niður þennan kostnað.

[16:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Spurningin er hvert hagnaðurinn af þessari starfsemi er látinn renna, hvort hann er látinn renna til að greiða niður skuldir sem hvort sem er hvíla á ríkissjóði eða hvort hann er með öðrum hætti látinn renna til samfélagsins. Það sem ég er að gagnrýna er að þessi kerfisbreyting muni leiða til þess að fyrirtækið verði selt, fengið öðrum eignaraðilum á frjálsum markaði og þeir muni síðan taka arð út úr fyrirtækinu til sín. Ég tel að þannig muni minna renna til samfélagsins. Það er sú gagnrýni sem ég set fram og ég skil ekki hvers vegna breyta þarf Leifsstöð, flugstöðinni, í hlutafélag til að fjármunirnir renni til að greiða niður skuldir. Þetta er nánast tæknilegt atriði og pólitísk ákvörðun.

[16:53]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum aðeins átta okkur á því um hvað þetta frv. snýst. Þetta er frv. um formbreytingu á stofnun í hlutafélag. Með því er ekki verið að taka ákvörðun um sölu hlutabréfanna. Það er sjálfstæð ákvörðun sem menn tækju ef það kæmi til álita að selja hlutabréf úr þessu fyrirtæki. Það er út af fyrir sig alveg sjálfstæð ákvörðun. Það er líka hárrétt að ekki þurfi að formbreyta þessari stofnun til að tryggja að meiri hluti afraksturs hennar renni til að standa undir skuldum hennar. Það er alveg hárrétt.

Ég var hins vegar að segja að menn geta ekki í öðru orðinu gagnrýnt að fyrirtækið hafi ekki fengið að njóta tekna sinna og borga niður skuldir. (Gripið fram í.) Nei, ég er að vekja athygli á því, hv. þm., að í þessari umræðu hefur verið gagnrýnt að fyrirtækið hafi ekki fengið að njóta sinna tekna og hafi þess vegna safnað skuldum. Ég held að að hluta til hafi það verið gert í pólitísku skyni, að reyna að setja þetta góða fyrirtæki í frekar neikvætt ljós en það er önnur saga. (Gripið fram í.) Það var ekki sorgarsaga, þessi glæsilega uppbygging þessa mannvirkis sem leysti af hólmi gamla kofa suður á Keflavíkurflugvelli, öðru nær. Það var auðvitað ánægjuleg stund þegar þessi flugstöð var tekin í notkun.

Ég er einfaldlega að segja, virðulegi forseti, að þetta er út af fyrir sig ekki gagnrýnisefni við þessa formbreytingu, sem mér fannst þó hv. þm. vera aðeins að ýja að hérna áðan. Hann sagði að þetta mundi leiða til þess að minna fari ríkissjóð en áður. Ástæðan fyrir því að minna fer í ríkissjóð er sú að meira fer til að borga niður skuldirnar við stofnkostnaðinn við þessa ágætu byggingu, Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég tel að það sé í sjálfu sér ekkert gagnrýnisefni frekar en að formbreyta fyrirtækinu.

[16:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Inntakið í mínum málflutningi er að minna renni til samfélagsins. Ég hef á tilfinningunni að hv. þm. beini gagnrýni í andsvari til mín sem í reynd er á málflutning annarra við þessa umræðu. Ég veit að hv. þm. getur ekki komið aftur upp í andsvari en hann getur tekið aftur til máls. Hann hefur bara talað einu sinni í málinu.

Ég hefði áhuga á að heyra sjónarmið hans í þessum efnum. Er hann að tala fyrir því að flugstöðinni verði breytt í hlutafélag án þess að hún verði seld, án þess að hlutabréfin verði seld? Ég held við þurfum að fá þetta alveg skýrt.

Ég skildi það á hv. þm. núna síðast í andsvari að hann teldi ekkert sjálfgefið í því efni. Ég vildi hins vegar gjarnan heyra sjónarmið hans. Vill hann láta breyta flugstöðinni í hlutafélag þar sem umsjón með þessu fyrirtæki, þessari stofnun, er tekin frá almannavaldinu og færð í formi eins hlutabréfs undir einn mann, formann Framsfl., og þrengja þannig að lýðræðinu? Er hann að tala fyrir því? Telur hann að það eigi að ganga áfram og selja hlutabréfin í fyrirtækinu þegar fram líða stundir? Ef svo er vakna ýmsar aðrar spurningar sem ég hef áhuga á að ræða nánar við þingmanninn.

Ég bíð spenntur eftir að heyra seinni ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar þar sem hann útlistar hugmyndir sínar í þessu efni.

[16:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að draga þessa umræðu á langinn. Hún hefur um margt verið býsna fróðleg og sýnt okkur að það er ekki endilega allt sem sýnist í þessu. Einfaldar yfirlýsingar og einföld stefnumið leysa ekki sjálfkrafa öll vandamál. Það eitt að formbreyta þessu fyrirtæki breytir ekki nóttu í dag.

Það var einkar athyglisvert að fylgjast með orðaskiptum hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og Ögmundar Jónassonar og mátti skilja á innskoti hins fyrrnefnda að raunar væri

brýn nauðsyn á því að ríkissjóður setti á sig lög, lög á borð við þau sem hér eru í frumvarpsformi til að tryggja að tekjur af Fríhöfninni skiluðu sér rétta leið, nefnilega til hennar sjálfrar. Af orðum hans mátti ráða að það væri í raun tilgangurinn með hlutafélagavæðingunni, að tryggja að ríkisstjórnin skilaði þessum peningum á réttan stað. Það er einkar athyglisvert að það sé ein helsta ástæða þess að formbreyta og hlutafélagavæða og alveg nýtt innlegg í málið.

Ég ræddi hins vegar eilítið, herra forseti, í fyrri ræðu minni um þá stöðu sem uppi væri í Fríhöfninni nú um stundir, hvað þar blasti við með frv. sem hér liggur frammi því að á öllum hlutum eru ýmsar hliðar eins og hér hefur komið fram. Ég dvaldi dálítið við rekstur Fríhafnarinnar, þann hluta sem ríkisrekinn er og skilar sannarlega mestu til eigandans, ríkissjóðs, eiganda mannvirkjanna sem eru skuldsett eins og raun ber vitni upp á tæpa 5 milljarða kr.

Ég ætla að verja nokkrum mínútum, herra forseti, í að fara aðeins yfir hina hliðina á þessum peningi, rifja upp hin stóru áform og stóru orð sem uppi voru hér fyrir einhverjum missirum þegar ný skipan mála var tekin upp þar syðra. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir drap á þetta í ræðu sinni, þ.e. samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem eru þarna syðra í samkeppni við ríkisreksturinn. Það er hárrétt sem hún sagði áðan, að þessi fyrirtæki voru löðuð til rekstrar þarna í stórum stíl og smáum. Stór fyrirtæki eins og Íslenskur markaður og smærri búðir, skóverslanir hafa hér tíðum verið nefndar. Staðreyndin er að rekstur þessara fyrirtækja hefur ekki gengið nægilega vel. Þau hafa mjög átt undir högg að sækja. Ýmsar skýringar eru á því. Sumir halda því fram að samkeppnisstaðan sé afskaplega ójöfn, það séu svipaðar vörutegundir hjá Fríhöfninni og hjá Íslenskum markaði og jafnvel öðrum verslunum þarna. Raunin hefur einmitt orðið sú að þessar smærri verslanir hafa týnt tölunni ákaflega hratt.

Eftir því sem ég best veit voru opnaðar átta verslanir þarna í kjölfar þessarar nýskipunar. Tvær eru hættar, eigendaskipti hafa orðið á einni þeirra vegna rekstrarerfiðleika, tvær hafa algjörlega skipt um vöruúrval og flestar þeirra ganga illa, það eru kannski ein eða tvær undantekningar þar frá.

Þetta er nú bakhliðin á þeirri glansmynd sem hæstv. utanrrh. hefur reynt að draga upp á hinu háa Alþingi þegar menn hafa verið að spyrjast fyrir um þessa nýskipan mála á Keflavíkurflugvelli. Þetta er sá veruleiki sem við okkur blasir. Og aukinheldur sem hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir að auka verulega kostnað við yfirstjórn þarna syðra með því að tvískipta stjórnunarþættinum og setja flugvallarstjóra annars vega og forstjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hins vegar með tilheyrandi aðstoðarfólki í hvorri deildinni. Það væri fróðlegt að heyra hversu mikið þetta nýja fyrirkomulag hafi sparað í yfirstjórn Leifsstöðvar. Ég er ekki með það handbært en vafalaust hefur hæstv. ráðherra það og getur fært rök að þeim fullyrðingum sem maður hefur heyrt hér frá honum að allur rekstur hafi farið batnandi.

En vangaveltur mínar snúast fyrst og fremst um það hvernig þessi nýskipan, hlutafélagavæðingin, spili inn í það andrúmsloft og þær kringumstæður sem þarna eru. Mun þetta einfalda mjög hina erfiðu stöðu sem þarna er til staðar og ekki er auðvelt úr að leysa? Mun þetta einfalda mjög hina réttmætu samkeppni byggða á jafnræðisgrundvelli, að hlutafélag undir sjálfstæðri stjórn eigi bygginguna og langstærsta fyrirtækið þarna innan dyra, hlutafélag sem hefur auðvitað það markmið fyrst og síðast og eingöngu að hámarka sinn arð eðli máls samkvæmt? Telur hæstv. ráðherra að það verði auðveldara fyrir samkeppnisaðila hins nýja hlutafélags, ríkissjóð, að vera í samkeppni við hið nýja öfluga hlutafélag á þennan hátt?

Þessir aðilar munu væntanlega þurfa að sækja til hlutafélagsins um ný og breytt leigukjör ef efni standa til þess. Þetta nýja hlutafélag mun væntanlega taka ákvarðanir um hverjir verða hvar í þessari flugstöð, hinni gömlu og hinni nýju. Og hefur hann engar áhyggjur af því í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað, einkum og sér í lagi eftir að Landssíminn var hlutafélagavæddur, að erfitt verði að koma þessu öllu heim og saman með hliðsjón af samkeppnislögum til að mynda?

Ég er að reyna að draga upp kannski örlítið aðra mynd en ég gerði í fyrri ræðu minni en þetta er hin hliðin á þessum peningi líka. Í fljótu bragði fæ ég ekki séð að þetta muni sérstaklega einfalda þessi samskipti heldur kannski þvert á móti. Ég hef áhyggjur af því.

Stór tekjupóstur í rekstraráætlun hins nýja hlutafélags miðar að því að leigutekjur flugstöðvarinnar fari verulega hækkandi. Þá vísa ég til þess að frá árinu 2001 og til ársins 2005 fari þær upp um 200 millj. kr., ekki vegna þess að plássið aukist neitt því að hið nýja líf hlutafélagsins byrjar væntanlega eftir stækkun. Einhvers staðar á að ná í hærri leigutekjur. Það má hugsa sér að það sé gert með því að hlutafélagið rukki undirstofnanir og undirdeildir sínar um hærri leigu, en það er auðvitað bara hringrás peninganna og skiptir ekki nokkru máli til eða frá.

Ég vil gjarnan heyra hæstv. ráðherra fara aðeins yfir það hvernig hann sér þetta rekstrarumhverfi fyrir sér að breyttu breytanda þegar þetta hlutafélag er orðið um hús og rekstur og er í samkeppni við aðra aðila þarna sem um leið eru að kaupa sér þjónustu hjá þessu sama hlutafélagi. Það geta svo sem margir sagt að þetta sé í raun engin breyting, hlutafélagið komi bara í staðinn fyrir ríkissjóð. Það kann vel að vera en ég hygg þó að eðlisbreytingin sé þessi, að hlutafélagið hefur engum öðrum skyldum að gegna nema hámarka sinn gróða, og það á auðvitað að gera það og við byggjum á því að það geri það. Enda hefur hæstv. ráðherra sagt það sjálfur að hann ætli ekki að snerta á þessum rekstri, þarna komi aðilar inn sem hafi þekkingu á ilmvötnum og rekstri skóbúða og flugstöðva og hafi sérþekkingu með höndum. Þeir munu þá væntanlega ganga til þeirra verka að hámarka þetta.

En hvað þá með rekstrarumhverfið innan stöðvarinnar að breyttu breytanda? Því landslagi þurfum við líka að velta fyrir okkur og má kannski segja að kveði við eilítið annan tón í þessari seinni ræðu minni. En ég vil ekkert síður gaumgæfa hvað við erum að gera á þeim vettvangi mála.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég segi það eitt að eftir því sem á þessa umræðu hefur liðið þykir mér einsýnt að í þetta mál verði að kafa. Hæstv. ráðherra verður auðvitað var við að við hv. þm. Samfylkingarinnar í Reykjaneskjördæmi höfum viljað fylgjast grannt með framgangi málsins, enda er það svo að flestir starfsmenn þessa stóra vinnustaðar eru einmitt íbúar í kjördæmi okkar. Það vekur hins vegar athygli að þingmenn stjórnarflokkanna í Reykjaneskjördæmi sýna þessu lítinn áhuga, a.m.k. hafa fáir þeirra komið í þennan ræðustól undir umræðunni. Ég sakna þess ekki neitt en það sendir þó ákveðin skilaboð þarna suður yfir heiðar.

[17:06]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. 6. þm. Reykn. tók sérstaklega fram þegar hann ræddi um þingmenn Samfylkingarinnar — Samfylkingarinnar í Reykjaneskjördæmi — því það fór ekki fram hjá neinum sem hlustaði á ræðu hv. 2. þm. Vestf. að hann gaf dálítið annan tón en þeir sem síðar töluðu af hálfu þess flokks hér í dag. (Gripið fram í.)

Ég vil segja eitt, af því að hv. þm. kom aðeins inn á mitt mál áðan, að mér fannst hv. þm. reyndar snúa töluvert út úr. Það sem ég talaði um áðan var ekki það að formbreytingin væri forsenda þess að meira væri eftir af tekjum flugstöðvarinnar í þessari stofnun. Það sem ég var einfaldlega að segja var að menn geta náttúrlega ekki nánast í sömu andránni gagnrýnt að ekki hafi verið gengið nægilega rösklega til þess verks að greiða niður skuldir Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, en þegar það síðan gerist við þessa formbreytingu að stærri hluti af tekjum flugstöðvarinnar fer til þess að lækka skuldirnar, þá geta menn ekki verið að gagnrýna hvort tveggja í senn, þ.e. að meiri peningar skuli fara til flugstöðvarinnar og að skuldir hafi ekki verið greiddar niður í fortíðinni.

Það var einfaldlega þetta sem ég var að segja, þ.e. að út af fyrir sig væri það mjög jákvætt að með þessu væri tryggt að flugstöðin gæti greitt hraðar niður skuldir sínar.

Hitt er svo annað mál, sem hér hefur líka verið rætt, hvort þetta fæli í sér ákvörðun um sölu hlutafjár. Ég vil einfaldlega segja að þetta frv. kveður mjög skýrt að orði í þessum efnum. Þetta frv. segir að ef menn fara í það að ætla sér að selja hlutabréf skuli sú sala og ráðstöfun vera óheimil án samþykkis Alþingis. Það er því algjörlega ótímabært að menn séu að taka neina afstöðu til þess máls hér og nú. Það mál er einfaldlega ekkert á dagskrá þessa frv. Öðru nær, þar er einfaldlega sagt að verið sé að formbeyta fyrirtækinu og fyrir því eru flutt frambærileg rök. Allar aðrar ákvarðanir bíða síns tíma.

[17:08]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég og hv. þm. séum alls ekkert ósammála um þetta. Það er spurning hvernig menn nálgast þetta viðhorf. Ég skil hann þannig að hann sé mér sammála um að það að hlutafélagavæða sé ekki endilega forsenda þess að menn greiði skuldir Leifsstöðvar. Það er hægt að gera með öðru móti.

Það var hins vegar einkar athyglisvert sem hann sagði hér fyrr í umræðunni að honum hefði stundum fundist eftir að hann kom í þetta hús, að áhugi forsvarsmanna umliðinna ríkisstjórna hefði ekkert verið sérstaklega mikill á að greiða þessar skuldir af einhverjum þeim ástæðum að menn vildu láta þessa stofnun bera þær af pólitískum ástæðum, skildi ég hann. Ég get ekki dæmt um það, ég trúi því þó tæpast að svo sé í pottinn búið.

Hitt er annað mál að menn gleyma því ekki svo glatt hvernig helmingaskiptaflokkarnir 1983–1987 fóru með peninga skattborgara þegar þeir reistu þetta glæsilega mannvirki þarna suður frá og luku þar verki einhverjum dögum fyrir kosningar 1987, þar sem kostnaður fór langt umfram allar áætlanir. Og menn hafa verið að bíta úr nálinni með það síðan. Það gleymist auðvitað ekki neitt og engin ástæða til að hætta að borga skuldir sínar til að minna á þann pólitíska skandal.

En sala síðar, og það er auðvitað kjarni málsins sem hér er nefndur og hæstv. ráðherra hefur — og ég hældi honum fyrir það — sagt að það kæmi til álita. Auðvitað gerir það það. Við fylgjumst með þróun mála hjá Pósti og síma þar sem hver stjórnarliðinn á fætur öðrum sagði úr þessum ræðustól að það væri ekkert á dagskrá, það væru engin áform uppi um sölu. Það voru varla nokkrar vikur liðnar frá samþykkt hlutafélags um Landssímann að þáv. samgrh. — og núv. samgrh. hefur hnykkt á — var farinn að tala um söluna.

[17:11]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá liggur það fyrir að við hv. þm. erum alveg sammála um að hlutafélagavæðingin er auðvitað ekki forsenda þess að hægt sé að skilja eftir hjá þessu fyrirtæki meiri tekjur til að greiða niður skuldir.

En það sem ég var hins vegar að vekja athygli á og geri enn á ný, svona í tíunda sinn, er einfaldlega það að þessi lagabreyting hér leiðir til þess að meiri tekjur verði eftir og það er út af fyrir sig fín ákvörðun vegna þess að það mun styrkja forsendur rekstrarins á flugstöðinni sem þá verður orðin fyrirtæki.

En auðvitað hefði það getað verið pólitísk ákvörðun á sínum tíma að greiða minna fé til ríkissjóðs og meira fé til að greiða niður skuldir flugstöðvarinnar. Hæstv. núv. utanrrh. beitti sér fyrir því að svo var gert og á mikið hrós skilið fyrir.

Það er svo aftur önnur saga sem við höfum líka verið að ræða í dag og það er að skoðun okkar sem stöndum að þessu frv. er sú að hlutafélagavæðingin er líklegri til þess að gefa þessari stofnun, þessu fyrirtæki meiri viðskiptatækifæri og auka möguleika fyrirtækisins á að auka tekjur sínar, sem er þá bæði eigendunum og öllum þeim sem að því standa til hagsbóta. Með öðrum orðum, tekjuöflunin er líkleg til að vaxa í heild sinni.

Hv. þm. fór aftur yfir þann kostnað sem stofnað var til á sínum tíma þegar flugstöðin var reist. Það er að vísu ekkert nýtt í sögunni að kostnaður verði meiri í stórum framkvæmdum en til var ætlast og búist var við, því miður, það er bara einfaldlega þannig. En stóra málið er að menn taki á málum og borgi niður þær skuldir sem til var stofnað á sínum tíma og er auðvitað ámælisvert að það skyldi ekki hafa verið gert fyrr. En það er fagnaðarefni að hæstv. utanrrh. hafði þetta frumkvæði að málinu.

[17:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. sér nú til sólar og sér ástæðu til að borga niður skuldir. Hann hefur raunar haft tækifæri til þess að beita sér innan þingflokks síns og innan ríkisstjórnarflokka allt frá árinu 1991 en viðhorf hans hafa greinilega ekki náð fram að ganga þannig að skuldirnar eru gjörsamlega óbreyttar frá því sem þær voru þegar flugstöðin var byggð.

Það er ekkert í hendi sem tryggir það að hlutafélagavæðingin auki tekjur flugstöðvarinnar með þessu frv. Það á eftir að koma í ljós. Ég nefndi það í ræðu minni hvernig það gæti í raun flækt þá samkeppni sem er til staðar innan flugstöðvarinnar þótt flugstöðin sem stofnun sé ekki í samkeppni við einn eða neinn. Við skulum því ekki skapa okkur falskt öryggi með þessari nafnbreytingu einni saman.

Að lyktum vil ég segja að ég fagna áhuga hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar á þessu máli sem er í utanrmn. en einnig þingmaður Vestfirðinga. Kollegar hans úr þingflokki Sjálftsfl. úr Reykjaneskjördæmi hafa ekki sýnt þessu sérstakan áhuga þó að hv. þm., formaður þingflokksins Sjálfstfl.,

hafi komið hér í andsvar af óskyldu efni. En ég segi það að lyktum að sitthvað á eftir að útskýra í þessu og sitthvað eftir að setja hér upp á borð til að unnt sé fyrir þingmenn í heild og breidd að taka efnislega afstöðu til frv. Það vantar mikið upp á það. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. geti varpað ljósi á einhverja hluti í lokaræðu sinni.

En það er mikið verk fyrir höndum í utanrmn. og þarf hörku Vestfirðinga til.

[17:15]

Útbýting þingskjala:

Framtíð sjúkraflugs, 515. mál, fsp. KLM, þskj. 814.

Lækkun lyfjaútgjalda Tryggingastofnunar ríkisins, 516. mál, fsp. SighB og ÖJ, þskj. 815.

Vegaframkvæmdir í Hvalfirði, 346. mál, svar samgrh., þskj. 807.

[17:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu um þetta mikilvæga mál. Í umræðunni hefur verið látið að því liggja að þetta mál væri sérstaklega erfitt, því hefði komið í hlut utanrrh. og Framsfl. að takast á við það og það hefði ekki mætt á samstarfsflokknum í sama mæli. Ég vil vísa þessu algjörlega á bug. Það er afar góð samstaða um þetta mál milli stjórnarflokkanna. Hér er einfaldlega um mál að ræða sem taka þarf á og margir hafa komið að því, m.a. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem vann ágætt starf. Hann setti sig inn í þessi mál og kom með ákveðnar tillögur sem leiddu m.a. til þess að tókst að auka tekjurnar í flugstöðinni. Við höfum smátt og smátt verið að ná tökum á þessu.

Hér er verið að leggja til, eftir allmikla yfirlegu af ýmsum mönnum, að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag, m.a. vegna þess að við teljum að það form henti vel í þessum rekstri. Hér er um verslunarrekstur og þjónustu að ræða og hlutafélagsform hentar þar vel. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að Framsfl. hafi verið sérstaklega áhugasamur um það í gegnum tíðina að vera með mikinn ríkisrekstur. Hann hefur þá afar lítið lesið sögu Framsfl. og getið sér illa til um hans stefnu. Við höfum alltaf verið þeirrar skoðunar að atvinnurekstur inn í landinu eigi fyrst og fremst að vera í höndum einstaklinga og samtaka þeirra, ég tala nú ekki um þegar um samkeppnisrekstur er að ræða. (Gripið fram í.) Ja, hér er að sjálfsögðu um samkeppnisrekstur að ræða. Þessi flugstöð er í samkeppni við ýmislegt annað, t.d. eru þar að hluta vörur sem einnig eru seldar í flugvélunum. Þær eru líka seldar í öðrum flugstöðum o.s.frv.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkið eigi að vera sem minnst í slíkum atvinnurekstri. Hér er hins vegar lagt til að þessu verði breytt í hlutafélag í eigu ríkisins. Við skulum sjá hvernig það gengur. Það eru engin áform um það í frv. að selja hlutafélagið en það væri rangt af mér og öðrum að útiloka það um alla framtíð.

Hv. þm. Jón Bjarnason spurði hvort ekki væri verið að aðskilja flughöfnina og flugvöllinn. Það er rétt til getið hjá honum. Sú er reyndin, m.a. vegna þess að flugvöllurinn hefur þá sérstöðu að rekstrarkostnaður hans er greiddur af bandarísk a varnarliðinu. Þetta er flugvöllur með tvöfaldan tilgang, annars vegar fyrir okkar flug, áætlunarflug, og hins vegar fyrir starfsemi varnarliðsins eins og allir vita. Við teljum það mjög til bóta að aðskilja þetta og fá þar hreinni línur.

Hv. þm. spurði einnig um 8. gr., hvað átt væri við með „útibú á öðrum stöðum". Það kemur m.a. fram í athugasemdum að þar gæti verið um skrifstofu eða þjónustustörf annars staðar að ræða. Mér finnst líka koma til greina að þetta fyrirtæki geti rekið fríhöfn á öðrum flugvelli hér innan lands, hvort sem er á Reykjavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Egilsstaðaflugvelli ef eftir því er óskað eða um semst. Það er alveg ljóst að á þessu sviði er mikil sérþekking og getur ekki verið neitt að því að leitað sé til þeirra sem búa yfir þeirri sérþekkingu til að leysa slík mál annars staðar ef upp koma.

Hér var spurt um þjónustugjaldskrá. Þá er fyrst og fremst verið að tala um þá þjónustugjaldskrá sem gildir í dag. Menn greiða leigugjöld í þessari flugstöð auk þess sem einnig er greitt miðað við veltu. Það er slík gjaldskrá sem þarna er verið að tala um en hins vegar þykir rétt að hún sé staðfest af utanrrn. Í sjálfu sér er engin nýlunda í því.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði mig nokkurra spurninga. Ég biðst afsökunar á því að ég var ekki viðstaddur þegar hún flutti ræðu sína. Ég hafði fyrir löngu lofað því að vera á mikilvægum fundi og varð að standa við það. Ég vænti þess að hv. þm. skilji það. Hv. þm. spurði hvort hér væri ekki um stuttan tíma að ræða til að meta félagið. Ég tel að það sé alveg nægur tími og ekki þurfi lengri tíma í það. Það liggur allt fyrir í þessu sambandi. Við þurfum að skipa nefnd sem þarf að fara yfir það en sá tími sem hér er til ráðstöfunar er að mínu mati yfirdrifið nægur og gæti þess vegna verið styttri.

Í öðru lagi spurði hún hversu margir hafi verið í þeirri ráðgefandi stjórn sem starfað hefur að þessum málum undanfarið. Þar hafa verið þrír einstaklingar sem hafa skilað mjög góðu starfi og lagt í þetta mikla vinnu.

Hv. þm. spurði líka um lendingargjöld. Lendingargjöld hér eru 7 dollarar og 5 sent á tonnið, þau lægstu hér á landi. Þetta er tiltölulega lágt miðað við ýmsa aðra flugvelli í Evrópu þannig að Keflavíkurflugvöllur er vel samkeppnishæfur við aðra flugvelli og 25% af þessum lendingargjöldum renna til flugstöðvarinnar.

Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið málefnaleg og hér hafa ýmis sjónarmið komið fram. Ég tel þó að allir þeir sem hafa tekið til máls séu sammála um að hér sé um að ræða mikilvægt fyrirtæki sem er í sókn. Störfum hefur fjölgað mikið þar og við erum að ná utan um fjármálin með þeim aðferðum sem þar hefur verið beitt. Mér finnst það nú vera aðalatriðið. Okkur ber skylda til að ná utan um þessi fjármál. Það er ekki hægt að horfa upp á að allt sé í vanskilum og dráttarvöxtum en nú hefur tekist að ná góðum tökum á þessum málum.

Við erum að leggja hérna í gífurlegan kostnað, mikla fjárfestingu sem ekki nýtist nema tiltölulega fáa klukkutíma á hverjum sólarhring. Það er ekki mjög algengt á flugvöllum í Evrópu að þar sé svona stuttur nýtingartími. Það eru miklir toppar í umferðinni í flugstöðinni sem kalla á að hér sé haldið mjög vel á málum til að dæmið gangi upp. Það er einfaldlega það sem við erum að gera. Ég vildi óska eftir því að hv. utanrmn. vinni þetta mál hratt og vel þannig að við getum lokið því tímanlega fyrir vorið.

Menn hafa haldið því fram að þetta mál hafi verið unnið nokkuð hratt. Það er rétt. En vilja þingmenn að mál séu almennt unnin hægt? Er það eitthvað markmið í sjálfu sér að menn liggi yfir þessu dögum og mánuðum saman? Ég hef aldrei litið á það sem markmið. Hins vegar er mikilvægt að vinna málin vel og vanda sig við þau. Ég tel enga ástæðu til að hanga yfir hlutunum mánuðum saman.

[17:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minnast á örfá atriði í tilefni þessara orða hæstv. utanrrh.

Við skulum vinna málin vel, það á að vera markmiðið. Hæstv. ráðherra segir nauðsynlegt að ná utan um fjármálin. Gagnrýnin beinist einmitt að því að menn glati tökunum á fjármálunum með því að gefa þessa gullgerðarvél sem flugstöðin er frá sér, þ.e. frá þjóðinni.

Þrjú önnur atriði vildi nefna. Fyrst ætlaði ég að spyrja: Hvað er það að mati hæstv. utanrrh. sem kemur í veg fyrir að viðskiptastarfsemi, þess vegna á vegum einkaaðila, sé rekin í Leifsstöð, án þess að gera flugstöðina í heild sinni að hlutafélagi og hugsanlega með það fyrir augum að selja hana?

Í öðru lagi segir hæstv. ráðherra og formaður Framsfl. að sá flokkur hafi aldrei verið talsmaður ríkisreksturs. Það kann vel að vera en sú var tíðin að hann lagði áherslu á samfélagsrekstur, félagslegan rekstur og félagsleg sjónarmið. Um það snýst þetta mál að hluta til, hvert eigi að beina hagnaðnum af þessari gullgerðarvél. Á að beina honum inn til samfélagsins eða til einkaaðila?

Í þriðja lagi segir hæstv. ráðherra að því fari fjarri að Framsfl. sé að vinna skítverkin fyrir Sjálfstfl., vinna verk sem Framsfl. sé á móti skapi. Ég sagði það aldrei. Ég sagði reyndar hið gagnstæða, að þetta væri Framsfl. að skapi og sérstaklega hæstv. utanrrh. því að þetta færði völdin yfir Leifsstöð til hans.

Ég sagði hins vegar að á milli Framsfl. og Sjálfstfl. væri orðinn illgreinanlegur munur. Framsfl. væri sem deild í Sjálfstfl. og þar færu sjónarmiðin algjörlega saman í þessu máli eins og öðrum sem lúta að einkavæðingu eða því að greiða fyrir fjármagninu í samfélaginu.

[17:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill grundvallarágreiningur milli mín og hv. þm. Ögmundar Jónassonar um hvernig eigi að reka samfélagið. Ég og flokkur minn erum mjög fyrir félagsleg gildi og félagslega hjálp. Við teljum að við náum þeim markmiðum best með því að nýta markaðslögmálin í atvinnurekstri og byggja atvinnulífið upp á þeim grundvelli. Þannig náum við mestum hag fyrir þjóðfélagið og getum betur hjálpað þeim sem minna mega sín.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vill grauta þessu öllu saman. Hann vill að ríkið sé í öllum hlutum. Það má vel vera að hv. þm. vilji líka að ríkið reki matvörubúðir. Ég átta mig ekkert á hugmyndafræði hans. En það vill bara svo til að þessi hugmyndafræði er aflögð, einnig af vinstri flokkum víðast í heiminum. Þessar hugmyndir liðu meira og minna undir lok með falli Sovétríkjanna.

Mér heyrist hins vegar hv. þm. enn á því að ríkið eigi að vera í þessum hlutum. Ég get ekkert að þessu gert, hv. þm., en Framsfl. stendur fyrir sín félagslegu gildi og getur sinnt þeim best með því að nýta markaðslögmálin í atvinnurekstri. Þetta hefur alls staðar gefist best í hinum vestræna heimi en hv. þm. virðist ekki enn farinn að átta sig á þessu.

[17:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög fróðlegt svar frá formanni Framsfl. og hæstv. utanrrh.

Framsfl., segir hann, vill efla hin félagslegu gildi og félagsleg sjónarmið í samfélaginu með markaðsvæðingu. Það er hann að gera hér í reynd. Hann er núna að bjóða út elliheimili og hefja einkaframkvæmdir innan velferðarþjónustunnar. Þetta er hins vegar ekki til þess fallið að efla félagsleg gildi.

Hæstv. utanrrh. svaraði hins vegar ekki spurningu minni. Ég spurði: Hvað kemur í veg fyrir að viðskiptastarfsemi, þess vegna á vegum einkaaðila, fari fram í flugstöðinni í Keflavík án þess að hún verði gerð að hlutafélagi og seld?

[17:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við teljum einfaldlega að hlutafélagaformið henti best til þessa rekstrar. Við trúum því að við munum ná bestum árangri með þeim hætti. Þess vegna erum við að gera það. (**ÖJ**: En hvað kemur í veg fyrir hitt?) Það sem kemur í veg fyrir það er fyrst og fremst að við teljum að við *munum ekki ná jafngóðum árangri*. Við teljum það skyldu okkar að reyna að ná sem bestum árangri í þessu máli. Við trúum því að þetta form henti best til þess. Þess vegna er það valið. Svo einfalt er það. Auðvitað er hægt að gera það með öðrum hætti og sætta sig þá við minni árangur. Mér heyrist að hv. þm. vilji hafa hlutina þannig.

[17:30]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst vanta eilítið upp á í ræðu hæstv. ráðherra. Vegna yfirlýsingar hans um að það væri eitthvað sérstakt markmið hjá stjórnarandstæðingum að draga þetta mál á langinn og við værum á móti því að ganga rösklega til verks þá vil ég segja að það er fjarri lagi. Hins vegar skal ganga hægt um gleðinnar dyr þegar jafnmargir starfsmenn eiga hlut að máli og raun ber vitni. Það er heldur síðra að þeir fái að heyra um tíðindi sem þessi í fjölmiðlum þannig að því sé haldið til haga.

Mig langar hins vegar til að spyrja þriggja spurninga. Í fyrsta lagi: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því að hér verði gerðar breytingar á þingsköpum sem tryggi greiða miðlun upplýsinga frá ráðherrum til þingmanna vegna fyrirspurna hinna síðarnefndu? Þetta bar á góma í umræðunni og menn eru tortryggnir í garð hlutafélagavæðingarinnar sem stundum verður til þess að vík verður á milli vina og eftirlitsskylda Alþingis er fyrir borð borin. Er hæstv. ráðherra tilbúinn að beita sér fyrir því samhliða að frumvörp þessa efnis nái hér fram að ganga þannig að greið upplýsingamiðlun verði eftir sem áður varðandi málefni Leifsstöðvar þrátt fyrir þessa formbreytingu?

Í annan stað. Ég velti því fyrir mér í fyrri ræðu minni hvort tímasetningin væri ekki röng, hvort ekki væri eðlilegra og skynsamlegra, ef menn eru sammála um þessi pólitísku markmið, að láta þessa formbreytingu verða eftir að stækkun flugstöðvar hefur átt sér stað, þ.e. eftir ár. Þá verða öll kurl komin til grafar og fyrir lægi strax í upphafi hverjar skuldbindingar og skuldir þessa nýja fyrirtækis væru.

Það er reynt að áætla þær hér í fylgiskjölum en það er auðvitað ekki fyrirséð hverjar niðurstöðutölur verða vegna stækkunar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ég sagði í fyrri ræðu minni að ég vonaði hið besta en væri viðbúinn hinu versta í ljósi reynslunnar.

Í bláendann vil ég líka spyrja: Er hæstv. ráðherra tilbúinn að lýsa því hér yfir, eins og flokksbróðir hans gerði, að

þessi nýja stjórn verði ekki eingöngu skipuð flokkssystkinum ráðherra?

[17:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst fá hæfa einstaklinga í þessa stjórn og ég bendi á þá ráðgefandi stjórn sem er að störfum í flugstöðinni. Ég veit ekki til að neinn af þeim sé flokksbundinn í Framsfl. og veit ekki um pólitískar skoðanir þeirra.

Hv. þm. spurði hvort ég væri tilbúinn að standa að breytingum á þingsköpum. Ég hef ekki tekið þátt í þeirri umræðu og er að sjálfsögðu tilbúinn að fara yfir það. Ég lít svo á að eftirlitsaðili Alþingis í þessum tilvikum sé Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis og á að fylgjast með málum sem þessum fyrir hönd Alþingis.

Að hve miklu leyti á að miðla upplýsingum um svona rekstur í opinberri umræðu? Ég skal ekki leggja mat á það. Mér finnst sjálfsagt að fara yfir þessi mál. En það er að sjálfsögðu ekki undir mér einum komið heldur atriði sem verður að ræða í forsn., á milli flokkanna hér á Alþingi. En ef þarna er talið að mjög skorti á upplýsingamiðlun þá er sjálfsagt að fara yfir það.

Hv. þm. spurði hvort ekki hefði verið rétt að bíða með þessa breytingu. Svar mitt er nei. Ég tel mikilvægt að þetta gerist strax þannig að undirbúningurinn verði sem bestur. Það er ekki gott að koma með tillögu eins og þessa og láta síðan dragast langtímum saman að koma á breytingum. Það er óheppilegt og eykur líkurnar á lausatökum. Svona mikilvæg starfsemi verður að vera í föstum skorðum og það er ómögulegt að búa við langt óvissuástand í þessum efnum.

[17:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði hér síðast að það væri ómögulegt að búa við lausatök og óvissu í þessum efnum. Metur hann það ekki jafnmikils að þessi stóri hópur starfsmanna búi við vissu og öryggi um störf sín og kjör? Og væri ekki skynsamlegt að ríkisvaldið og ríkisstjórnin skipulegði fram í tímann og gæfi sér ráðrúm til að stilla og lægja öldur sem æ og aftur hafa risið með réttu eða röngu?

Ég fagna hins vegar yfirlýsingum hans varðandi hinar tvær spurningarnar. Hann lýsti yfir vilja sínum til að skipa þessa stjórn þverpólitískt, ekki raða á jötuna eins og stundum hefur viljað verða. Hann segist og til viðræðu um, með pólitíska breidd að baki, að skoða hvernig hægt er að koma í veg fyrir að algjörlega slitni á tengsl þings og hlutafélaga í eigu ríkisins.

[17:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég vildi árétta eru spurningar mínar, í fyrsta lagi varðandi flugvöll og flughöfn. Fyrir mér eru flugvöllur og flughöfn mjög nátengd fyrirbæri og hluti af sömu ábyrgð og þjónustu. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Er það algengt í nágrannalöndunum að forsjá sé á sinni hvorri hendinni varðandi flugvöll og flughöfn? Hefur það verið rækilega kannað hvaða áhættu menn eru þarna að taka? Ég er ekki að hvetja til þess að flugvöllurinn sé hlutafélagavæddur eða einkavæddur en þetta er samt stórmál í sjálfu sér og mikil ábyrgð.

Í öðru lagi er hlutafélagavæðing í þessu formi til ætluð að selja megi fyrirtækið. Þó að menn séu hér að tala um rekstrarform þá er ætlunin líka að búa þetta undir sölu. Þá spyr ég: Hvernig verður því fjármagni varið sem ætlað er á næstu árum til uppbyggingar á Leifsstöð? Menn eru að tala um marga milljarða kr. á næsta áratug. Hver mun eiga það fé og hver mun axla ábyrgðina á notkun þess? Hvernig verður því háttað?

[17:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú skipan mun almennt vera á flugvöllum að bæði flugstöð og flugvöllur og allar flugbrautir eru reknar í hlutafélagsformi sem eitt hlutafélag, stundum að mestu í eigu ríkisins og að einhverju leyti í eigu annarra aðila. Hér eru hins vegar allt aðrar aðstæður vegna þess að bandaríska varnarliðið hefur byggt þennan flugvöll og rekur hann og þær aðstæður kalla á aðra skipan hjá okkur.

Þetta félag mun fjármagna allar framkvæmdir í framtíðinni og taka til þess nauðsynleg lán án þess að ríkið þurfi að ábyrgjast þau. Það er engin ástæða til þess vegna þess að þetta félag verður ágætlega statt. Samkvæmt rekstraráætlun verður hagnaður nægilega mikill til að standa undir skuldbindingum. Þess vegna er ekki beint ástæða til að hafa áhyggjur af því en allt þetta verður á ábyrgð þessa fyrirtækis.

[17:39]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Ég vil ítreka það, eins og reyndar kom fram í andsvari hans, að það er umhugsunarefni þegar rekstrarleg ábyrgð og forsjá flughafnar og flugvallar er færð á sína hvora höndina. Ég held að það sé íhugunarefni og að skoða eigi hvort það sé í raun rétt að eignarhald á flugvöllum sé breytilegt í nágrannalöndunum.

Varðandi fjármagnið sem veita á til flugvallarins þá er ég að benda á að mikilvægi þessa flugvallar og flughafnar gerir að verkum að það er nánast ríkisábyrgð á öllu sem þar er. Enginn mundi þola rekstrarstöðvun á slíkum flugvelli. Einhver hlýtur að þurfa að standa straum af þeim kostnaði sem ráð er fyrir gert til uppbyggingar þessarar flughafnar á næstu árum, upp á nokkra milljarða kr. Einhver þarf að borga af því og bera ábyrgð á því. Ég tel að þær ábyrgðir sem íslenska ríkið hefur gagnvart þeirri starfsemi sem þarna fer fram eigi að skoðast mjög vandlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hópuppsagnir, 1. umr.

Stjfrv., 469. mál. — Þskj. 748.

[17:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um að ræða EES-mál sem miðar að því að bæta atvinnuöryggi starfsmanna gagnvart atvinnurekendum. Þetta kveður sem sagt á um aukinn rétt starfsmanna og aukið starfsöryggi.

Helstu breytingar sem lagðar eru til frá gildandi lögum um hópuppsagnir með frv. þessu eru eftirfarandi:

Lagt er til að lögunum verði skipt upp í fimm kafla en gildandi lög eru ekki kaflaskipt.

Í gildandi lögum er kveðið á um að atvinnurekandi skuli tilkynna stjórn vinnumiðlunar um áformaðar hópuppsagnir. Vegna ákvæða laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir,

er nauðsynlegt að leggja til breytingar á ákvæðum laga um hópuppsagnir. Samkvæmt lögum um vinnumarkaðsaðgerðir hafa svokölluð svæðisráð tekið við hlutverki stjórnar vinnumiðlunar. Í frv. þessu er lagt til að atvinnurekandi skuli beina tilkynningu um hópuppsagnir til svæðisvinnumiðlunar í því umdæmi þar sem atvinnustarfsemi hans fer fram.

Gildandi lög taka ekki til starfsmanna sem missa vinnu sína þegar starfsemi fyrirtækis stöðvast vegna dómsúrskurðar en lagt er til að lögin nái að meginefni einnig til þessara tilvika.

Lagt er til að kveðið verði á um að fulltrúa starfsmanna verði heimilt að kveðja til sérfræðinga sér til aðstoðar á meðan á samráði samkvæmt lögunum stendur.

Þá er lagt til að ákvæði laga um hópuppsagnir verði bundin viðurlögum. Á íslenskum stjórnvöldum hvílir sú skylda að tryggja að tilskipunum Evrópusambandsins, sem teknar eru upp í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins, sé fylgt eftir í framkvæmd. Í því markmiði er lagt til að brot atvinnurekanda á skyldum sínum hvað varðar samráð og upplýsingagjöf vegna áformaðra hópuppsagna geti leitt til skaðabótaskyldu atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum auk þess sem mælt er fyrir um að brot gegn lögunum geti varðað sektum sem renni í ríkissjóð.

Herra forseti. Þetta frv. skapar nokkurt jafnvægi milli starfsmanna og atvinnurekanda. Starfsmönnum á almennum vinnumarkaði er óheimilt að knýja á um kjarabætur með hópuppsögnum eins og kunnugt er. Ef atvinnurekandi vill eða þarf að fækka hjá sér mönnum þannig að kallast geti hópuppsagnir er honum skylt að tilkynna það með nægum fyrirvara og fara skipulega að. Skilgreiningin á hópuppsögnum er í 1. gr. þessa frv.:

„Lög þessi gilda um hópuppsagnir atvinnurekanda á starfsmönnum af ástæðum sem ekki tengjast hverjum einstökum þeirra þegar fjöldi starfsmanna, sem sagt er upp á 30 daga tímabili, er:

a. að minnsta kosti 10 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en 20 og færri en 100 starfsmenn í vinnu,

b. að minnsta kosti 10% starfsmanna í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta 100 starfsmenn en færri en 300 starfsmenn í vinnu,

c. að minnsta kosti 30 starfsmenn í fyrirtækjum sem venjulega hafa 300 starfsmenn eða fleiri í vinnu.

Við útreikning á fjölda þeirra sem sagt er upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða."

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu hér í dag verði þetta frv. sent hv. félmn. til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög, 1. umr.

Stjfrv., 467. mál. — Þskj. 745.

[17:45]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Með frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á 38. gr. laganna en það ákvæði fjallar um inntöku nýnema og námstilhögun í Lögregluskóla ríkisins.

Markmiðið með frv. er einkum tvíþætt. Annars vegar að veita valnefnd Lögregluskólans meira svigrúm við ákvörðun um inntöku nema og hins vegar að gera náms- og þjálfunartíma lögreglunema skilvirkari og samfelldari, en það mun leiða til markvissari vinnubragða. Með því móti verður fyrr unnt að fjölga faglærðum lögreglumönnum.

Í a-lið 2. mgr. 38. gr. laganna segir að lögreglumannsefni skuli vera 20 til 35 ára. Í frv. er lagt til að víkja megi frá aldurshámarki laganna við sérstakar aðstæður. Þetta skilyrði laganna hefur í sumum tilvikum reynst of strangt þannig að ekki hefur verið unnt að taka inn nemendur sem hafa ákjósanlega reynslu til að starfa sem lögreglumenn og hafa sinnt afleysingastörfum með góðum árangri um langa hríð.

Einnig er lagt til í frv. að heimilt verði að taka nema inn í Lögregluskólann á grundvelli starfsþjálfunar sem jafna má til tveggja ára almenns framhaldsnáms. Hér er haft í huga að reynsla úr atvinnulífi og af öðrum vettvangi getur verið heppilegur grundvöllur undir störf í lögreglu og því er þessi heimild lögð til. Þó skal það áréttað sérstaklega að starfsþjálfun verður að vera það mikil að henni megi öldungis jafna til tveggja ára framhaldsnáms.

Loks eru lagðar til með frv. breytingar á skipulagi grunnnáms í Lögregluskólanum. Þær breytingar miða m.a. að því að auka vægi starfsþjálfunar í náminu. Er gert ráð fyrir að Lögregluskólinn muni hafa meiri afskipti af nemum en verið hefur á starfsþjálfunartíma námsins. Með bættri þjálfun og samfelldara námi er stefnt að því að auka gæði námsins en breytt fyrirkomulag grunnnáms gerir skólanum einnig kleift að efla enn frekar framhaldsmenntun lögreglumanna.

Herra forseti. Ég hef nú í aðalatriðum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, 1. umr.

Stjfrv., 486. mál (heildarlög). — Þskj. 766.

[17:48]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um dómtúlka og skjalaþýðendur. Frv. felur í sér heildarendurskoðun gildandi laga um dómtúlka og skjalaþýðendur en þau eru frá árinu 1914 og nefnast lög um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalaþýðendur.

Frv. þetta er byggt á tillögum nefndar sem dómsmrh. skipaði árið 1998 til að endurskoða fyrirkomulag prófa til löggildingar dómtúlka og skjalaþýðenda. Nefndin taldi nauðsynlegt að endurskoða gildandi lög sem eru komin á níræðisaldur og þarfnast lagfæringar í ýmsum atriðum.

Ég mun nú gera grein fyrir helstu atriðum í frv.

Í 1. gr. frv. segir að:

Með dómtúlk og skjalaþýðanda er í lögum þessum átt við þann sem öðlast hefur löggildingu til að annast túlkun fyrir dómi og þýðingu skjala sem hafa réttarlegt gildi.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

Í 2. gr. frv. eru sett ákveðin skilyrði til að fá löggildingu sem dómtúlkur eða skjalaþýðandi en þau eru að viðkomandi sé svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar, hafi lokið háskólaprófi, sem jafngildir meistaragráðu frá Háskóla Íslands og staðist próf.

Í 3. gr. frv. eru síðan nánari ákvæði um próf og fyrirkomulag þess.

Í 4. gr. frv. eru nánari ákvæði um löggildingu og störf dómtúlka og skjalaþýðenda. Þar segir m.a. að dómsmrh. skuli halda skrá um þá sem hafa löggildingu sem dómtúlkar og skjalaþýðendur. Með þessu verður unnt að veita upplýsingar fyrir þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda og er fyrirhugað að veita aðgang að skránni á heimasíðu ráðuneytisins.

Þá segir í 6. gr. frv. að þeir einir megi nefna sig dómtúlka eða skjalaþýðendur sem hafi til þess löggildingu. Lagt er til að brot gegn þessu varði sektum.

Herra forseti. Ég hef nú í aðalatriðum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 490. mál (samstarfsnefnd, kostnaður o.fl.). — Þskj. 772.

[17:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Campylobacter-sýkingar hafa lengst af verið tiltölulega fátíðar hér á landi. Á þessu varð breyting árið 1998. Sýklafræðideild Landspítalans tilkynnti sóttvarnalækni í ársbyrjun 1999 um aukinn fjölda innlendra tilfella á árinu 1998. Þegar ljóst var að aukningin virtist halda áfram árið 1999 boðaði sóttvarnaráð fulltrúa yfirdýralæknis og Hollustuverndar ríkisins til fundar þar sem vandinn var ræddur og lagt var á ráðin um aðgerðir.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir var líklegast talið að campylobacter-sýkingarnar stöfuðu af menguðum kjúklingum en mikilvægt þótti að kanna aðra möguleika einnig. Beindust aðgerðir að því að kynna fyrir almenningi hættuna sem stafar af ófullnægjandi meðferð matvæla, einkum kjúklinga. Jafnframt voru lögð drög að umfangsmiklum aðgerðum til rannsóknar á útbreiðslu campylobacter-mengunar í matvælum og umhverfi.

Ríkisstjórnin veitti sumarið 1999 fjármuni til þess að flýta rannsóknum á útbreiðslu campylobacter-mengunar í dýrum, matvælum og umhverfi. Í kjölfarið var birt skýrsla um könnun á útbreiðslu campylobacter og orsökum sýkinga í mönnum ásamt tillögum um aðgerðir.

Var skipuð nefnd um framkvæmd mála vegna útbreiðslu campylobacter. Nefndin taldi boðleiðir til að uppræta smit ekki nægilega skýrar og þar af leiðandi erfitt að samræma aðgerðir um landið allt. Þegar hætta væri á útbreiðslu smitnæmra sjúkdóma sem ógnað gætu heilsu manna þyrfti að veita tilteknum aðilum heimild til að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með aðgerðum til að meta og uppræta smithættu. Lagði nefndin til að sérstök samstarfsnefnd tæki að sér þetta hlutverk.

Í frv. er gert ráð fyrir að heilbr.- og trmrh. skipi sérstaka samstarfsnefnd, þegar þörf skapast, sem hafi það hlutverk að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með aðgerðum til að meta og uppræta smit. Gert er ráð fyrir að nefndin verði skipuð þremur mönnum, sóttvarnalækni, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, einum manni tilnefndum af Hollustuvernd ríkisins og öðrum af yfirdýralækni.

Frv. gerir ráð fyrir að nefndin hafi aðgang að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og geti fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Þegar nefndin telur þörf á gefur hún öllum þeim sem hafa eftirlit með dýrum, matvælum og umhverfi fyrirmæli um að grípa án tafar til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppræta smit.

Frv. gerir ráð fyrir að sóttvarnalæknir geri faraldsfræðilega rannsókn á uppruna smits ef hópsýking eða farsótt sem ógnar heilsu manna brýst út. Hefur sóttvarnalæknir í slíkum tilvikum sama rétt til að fá upplýsingar og til skoðunar og samstarfsnefndin.

Reynslan sýnir að oft eru það sýkingar í mönnum sem verða fyrstar til að gefa vísbendingar um uppruna smits. Því er sífelld vöktun og greining á orsökum alvarlegra sýkinga forsenda þess að hægt sé að grípa snemma til aðgerða áður en hópsýking eða farsótt fer úr böndum. Slíkar aðgerðir eru eitt meginánersluatriði sóttvarnalaganna.

Með frv. er einnig lagt til að heimilt verði að setja ákvæði í reglugerð um læknisrannsóknir á fólki ef tilmæli berast um það frá sóttvarnalækni. Er með því verið að bregðast við tilmælum sóttvarnalæknis en hann telur mikilvægt að hafa slíka heimild í lögum þegar talin er hætta á að næmar sóttir sem ógnað geti almenningsheill berist til landsins.

Útlendingar sem EES-samningurinn tekur ekki til og sækja um dvalarleyfi og/eða atvinnuleyfi þurfa að kröfu Útlendingaeftirlitsins að framvísa heilbrigðisvottorði áður en umsókn þeirra er yfirfarin. Hafa þessar aðgerðir stuðst við tilmæli og dreifibréf landlæknis fram að þessu. Hér er því verið að setja slíka heimild í lög en þó með vissum takmörkunum.

Loks eru í frv. ákvæði sem kveða skýrar á um ábyrgð sóttvarnalæknis, kostnað vegna framkvæmda laganna og um greiðsluhlutdeild sjúklinga. Sama gildir um heimild til að veita undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklinga. Slík undanþáguheimild verður að vera fyrir hendi þegar sjúklingar leita til göngudeildar smitsjúkdóma vegna greiningar og meðferðar tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, þegar sjúklingar eru kvaddir til rannsókna til að leita að smiti og þegar fólki er gert að sæta læknisrannsókn.

Virðulegi forseti. Í ræðu minni hef ég lauslega farið yfir aðdraganda þess að ég legg fram frv. til laga um breytingu á sóttvarnalögum. Aðalástæða breytinganna er að nauðsynlegt er að hafa einfaldar og skýrar reglur í sóttvarnalögum um það hvernig skuli bregðast við hópsýkingum og farsóttum. Einnig er mikilvægt að hafa í lögum heimild til að krefjast þess að fólk sem kemur til landsins frá svæðum þar sem smitsjúkdómar eru landlægir fari í læknisrannsókn ef það vill dvelja hér á landi.

Ég tel mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga á þessu

þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Starfsgrundvöllur lítilla iðnfyrirtækja á landsbyggðinni, 517. mál, fsp. SJóh, þskj. 816.

Vegamál, 510. mál, þáltill. JB, þskj. 809.

[Fundarhlé. — 18:02]

Álagning gjalda á vörur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 794.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Brunavarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 485. mál (heildarlög). — Þskj. 765.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 502. mál. — Þskj. 797.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRJ, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KF, KHG, LB, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VS, ÞKG.
1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BH, GE, GunnB, JónK, KA, KolH, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, PBj, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Hópuppsagnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 469. mál. — Þskj. 748.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Lögreglulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 467. mál. — Þskj. 745.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Dómtúlkar og skjalaþýðendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 486. mál (heildarlög). — Þskj. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sóttvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 490. mál (samstarfsnefnd, kostnaður o.fl.). — Þskj. 772.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 9.–11. mál.

Fundi slitið kl. 18:14.

87. FUNDUR

mánudaginn 3. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231, nál. 727. — 2. umr.
3. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 199. mál, þskj. 232, nál. 774, brtt. 775. — 2. umr.
4. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 291, nál. 721 og 900, brtt. 722 og 723. — 2. umr.
5. Erfðafjárskattur, stjfrv., 360. mál, þskj. 614, nál. 769. — 2. umr.
6. Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), stjtill., 257. mál, þskj. 324, nál. 785. — Síðari umr.
7. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 236. mál, þskj. 800. — 3. umr.
8. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, stjfrv., 237. mál, þskj. 801. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Varamenn taka þingsæti.

[15:01]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett 31. mars 2000:

„Þar sem ég er á förum til útlanda, herra forseti, í opinberum erindagerðum tekur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson varamaður sæti mitt á Alþingi frá 3. apríl nk.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Davíð Oddsson."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 31. mars 2000:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Reykjavík, Vigdís Hauksdóttir garðyrkjufræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ólafur Örn Haraldsson."

Kjörbréf Vigdísar Hauksdóttur hefur áður verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 31. mars 2000:

„Þar sem Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Ólafía Ingólfsdóttir bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristinn H. Gunnarsson,
formaður þingflokks Framsfl."

Ólafía Ingólfsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 539. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 840.

Almannatryggingar, 572. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 874.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 557. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 859.

Argos-staðsetningartæki til leitar og björgunar, 574. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 876.

Ábúðarlög, 239. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 900; brtt. minni hluta landbn., þskj. 901.

Ábyrgðarmenn, 561. mál, frv. LB o.fl., þskj. 863.

Álbræðsla á Grundartanga, 371. mál, nál. iðnn., þskj. 898.

Bann við notkun farsíma án handfrjáls búnaðar við akstur, 537. mál, frv. SJóh o.fl., þskj. 838.

Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, 267. mál, nál. allshn., þskj. 817.

Bílaleigur, 570. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 872.

Bókaútgáfa, 576. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 878.

Dómstólar, 573. mál, frv. LB o.fl., þskj. 875.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 524. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 825.

Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, 581. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 883.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 553. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 855.

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, 544. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 846.

Gjaldþrotaskipti, 509. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 808.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 525. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 826.

Hönnun og merking hjólreiðabrauta, 528. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 829.

Innflutningur dýra, 552. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 854.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 545. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 847.

Jarðgangaáætlun 2000–2004, 571. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 873.

Kosningar til Alþingis, 522. mál, frv. DO, þskj. 823.

Lagabreytingar vegna Genfarsáttmála, 542. mál, þáltill. SJS, þskj. 844.

Landmælingar og kortagerð, 555. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 857.

Landsvegir á hálendi Íslands, 518. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 818.

Lax- og silungsveiði, 551. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 853.

Lífsýnasöfn, 534. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 835.

Loftpúðar í bifreiðum, 578. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 880.
Matvæli, 554. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 856.
Meðferð opinberra mála, 559. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 861.
Orkunýtnikröfur, 523. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 824.
Orkusjóður, 541. mál, frv. ÁSJ, þskj. 843.
Rannsókn sjóslysa, 567. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 869.
Ráðuneyti matvæla, 536. mál, þáltill. KA o.fl., þskj. 837.
Ríkisábyrgðir, 595. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 897.
Samvinnufélög, 531. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 832.
Samvinnufélög, 532. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 833.
Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 236. mál, þskj. 800.
Siglingalög, 568. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 870.
Sjúklingatrygging, 535. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 836.
Skattfrádráttur meðlagsgreiðenda, 577. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 879.
Skólaakstur, 540. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 841.
Staðfest samvist, 558. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 860.
Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, 514. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 813.
Stjórn fiskveiða, 519. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 820.
Stjórn fiskveiða, 529. mál, frv. PBj og ÁSJ, þskj. 830.
Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 407. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 902.
Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 530. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 831.
Sveitarstjórnarlög, 563. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 865.
Tekjuskattur og eignarskattur, 546. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 848.
Tilkynningaskylda íslenskra skipa, 569. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 871.
Tónminjasafn, 566. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 868.
Tryggingagjald, 550. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 852.
Upplýsingalög, 564. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 866.
Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, 538. mál, þáltill. ÖJ, þskj. 839.
Vátryggingastarfsemi, 526. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 827.
Veiðieftirlitsgjald, 543. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 845.
Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 556. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 858.
Vinnumarkaðsaðgerðir, 521. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 822.
Virðisaukaskattur, 548. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 850.
Vörugjald, 520. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 821.
Vörugjald af ökutækjum, 549. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 851.
Yrkisréttur, 527. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 828.
Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, 237. mál, þskj. 801.
Þjónusta hins opinbera, 579. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 881.
Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, 533. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 834.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að kl. 3.45 fer fram utandagskrárumræða um breytta stöðu í álvers- og virkjunarmálum.

Enn fremur vill forseti geta þess að gert er ráð fyrir nýjum fundi kl. 6 í dag og er fyrirhugað að fram fari atkvæðagreiðslur á þeim fundi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Skýrsla um Schengen-samstarfið.

[15:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í apríl fyrir réttu ári var skipuð nefnd til að gera greinargerð um áhrif Schengen-samstarfsins á ferðaþjónustuna og var hlutverk nefndarinnar að vera ráðuneytinu til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd Schengensamningsins. Skyldi hún jafnframt skoða sérstaklega hvernig hægt væri að nýta þetta aukna frelsi til eflingar íslenskri ferðaþjónustu.

Nú er þessi skýrsla komin fram og þar er talað um aukið óhagræði og aukinn tilkostnað vegna Schengen-samstarfsins og það sem meira er, í skýrslunni koma fram fullyrðingar sem stangast á við það sem hér var sagt við afgreiðslu Schengen-þáltill. Þar var fullyrt að Schengen-samkomulagið yrði ferðaþjónustunni mjög til framdráttar og mundi efla samkeppnishæfi Leifsstöðvar verulega. Hér segir hins vegar, með leyfi forseta:

„Það er álit nefndarinnar að Schengen-samstarfið muni ekki auka viðskiptamöguleika flugstöðvarinnar að ráði. Erfiðlega hefur gengið að fá ný flugfélög til þess að lenda hér. Það mun varla breytast eingöngu vegna Schengen.

Það er álit nefndarinnar að vafasamt sé að það megi markaðssetja Flugstöð Leifs Eiríkssonar á þeim forsendum að hér verði um sérstaklega þénuga landamæravörslu að ræða umfram önnur lönd."

22. mars var samþykkt þáltill. um Schengen-samkomulagið eftir umræðu sem byggði á gögnum sem þá lágu fyrir. Það var hins vegar ekki fyrr en daginn eftir að sú skýrsla sem hér var vitnað til kom fram. Ég vil því beina eftirfarandi spurningu til hæstv. utanrrh.: Var hæstv. ráðherra kunnugt um innihald þessarar skýrslu þegar hann tók þátt í umræðum um Schengen-þáltill. á þingi og ef svo er, finnst honum þetta eðlileg vinnubrögð?

[15:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér var kunnugt um að verið var að vinna að þeirri skýrslu og embættismenn í utanrrn. vissu um hana. Skýrslan breytir ekki neinu um skoðun mína og okkar í utanrrn. á því að við teljum að Schengen-samstarfið þjóni hagsmunum Íslands og verði til þess að efla veg ferðaþjónustu til lengri tíma litið. Ég og starfsmenn mínir í utanríkisþjónustunni erum einfaldlega ósammála mörgu því sem kemur fram í þessari skýrslu svo það sé á hreinu.

[15:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta finnst mér harla undarleg svör: „breytir ekki neinu". Hér er talað um aukinn tilkostnað og aukið óhagræði án þess að það færi okkur þá kosti sem boðaðir voru. Hér segir, með leyfi forseta, í skýrslunni:

„Sé vikið að kostnaði við rekstur Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar má öruggt telja eins og áður hefur komið fram að

hann aukist. Fyrir því eru mörg rök. Má nefna að kostnaðurinn vegna tvískiptrar flugstöðvar hlýtur að vera meiri. Aukinn kostnaður á farþega skapast vegna þess að verslunarrými, veitingaþjónusta, Saga biðstofa, upplýsingagjöf til farþega og önnur farþegaþjónusta þarf að verða tvískipt og tilkostnaður því meiri. Kostnaður á hvern farþega vegna löggæslu og landamæragæslu hlýtur að aukast." — *Síðan* segir:

„Að mati nefndarinnar er hætta á að alls konar innheimta þjónustugjalda og skatta verði hækkuð á næstu árum. Það er jafnframt álit nefndarinnar að verði þjónustugjöld og skattar hækkuð skerði það samkeppnisstöðu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og þar með íslenskrar ferðaþjónustu."

Okkur kemur þetta ekkert við, segir hæstv. utanrrh. Við erum einfaldlega ósammála þessu. Er ekki hægt að ætlast til þess að menn reyni að svara þessu með einhverjum rökum en ekki útúrsnúningi af þessu tagi?

[15:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég sagði ekki að okkur kæmi þetta ekkert við. Ef einhver er að snúa út úr, þá er það hv. þm. Ögmundur Jónasson. Ég sagði einfaldlega að þessi skýrsla breytti ekki okkar skoðunum og ég veit ekki til þess að mér eða öðrum beri einhver skylda til þess að vera sammála slíkri skýrslu jafnvel þótt hv. þm. líki hún. Ég tel að þarna sé farið yfir þetta mál með þeim hætti að það sé ekki fullnægjandi, málið er ekki rökstutt á þann hátt sem hefði þurft að gera og ein hlið tekin á málinu en ekki ýmsar aðrar. Þetta mál verður einfaldlega ekki dæmt á þann hátt. Hér er um stórpólitískt mál að ræða sem skiptir hagsmuni íslensku þjóðarinnar mjög miklu til lengri tíma litið. Það liggur alveg ljóst fyrir að nokkur kostnaður er af þessu máli en ávinningurinn er hins vegar mjög mikill og það ber að sjálfsögðu að hafa í huga þegar heildarmat er lagt á málið.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. utanrrh. vera mjög ósanngjarn í garð skýrsluhöfunda vegna þess að þeir færa fram rök með og á móti. En ég vil vekja athygli á einu: Hæstv. utanrrh. segir að hann sé ósammála því sem hér kemur fram. Þess vegna þarf væntanlega ekki að ræða málið. En hvað með okkur hin? Áttum við ekki rétt á því að fá þessar upplýsingar í hendur áður en greitt var atkvæði um þáltill.? Um það snýst málið og það var þess vegna sem ég beindi þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort honum hefði verið kunnugt um innihald skýrslunnar og hvort hann teldi þetta eðlileg vinnubrögð. Ég tel svo ekki vera. Ég tel hér mjög ólýðræðislega að verki staðið.

Ný gögn í Geirfinnsmálinu.

[15:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. sem eiginlega er tvíþætt: Hvernig stendur á því að þau gögn sem nú hafa komið fram í Geirfinnsmálinu svokallaða hafa ekki áður verið lögð fram þrátt fyrir að ítrekað hafi verið eftir því leitað á liðnum árum við málsmeðferð? Geta þessi gögn hæstv. dómsmrh. tilefni til þess að beita sér fyrir endurupptöku málsins, að beita sér fyrir því ásamt saksóknaraembættinu að mál Magnúsar Leópoldssonar og Sævars Ciesielskis verði tekið fyrir að nýju í ljósi fram kominna gagna?

Herra forseti. Það er afar mikilvægt að öll gögn finnist og að skýringar á hvarfi þeirra fáist. Það voru margir einstaklingar fangelsaðir í Geirfinnsmálinu og fram hefur komið að játningar sumra þeirra voru fengnar með harðræði. Það sem eftir stendur er að margir einstaklingar hafa búið við skert mannorð og við það verður ekki unað. Allt þetta mál rýrir traust á réttarfarinu og eina leiðin til að græða það sár sem málsmeðferð öll hefur valdið er að taka málið upp að nýju.

Samkvæmt breyttum lögum hérlendis er nú unnt að meta sönnunargögn að nýju og þess vegna hefur verið kallað eftir þessum gögnum sem skyndilega hafa komið fram. Ég vona að hæstv. dómsmrh. eigi svör við þessum spurningum.

[15:12]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Það virðist hafa verið mat þeirra aðila sem komu að rannsókn málsins að umrædd gögn hafi ekki skipt máli við rannsókn og meðferð málsins almennt séð.

Svo ég reki aðeins tildrög þessa máls, þá var það lögmaður Magnúsar Leópoldssonar, Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, sem átti fund með mér og bað um liðsinni dómsmrn. við að kanna hvort hugsanlegt væri að einhvers staðar í kerfinu væru til viðbótarskjöl sem tengdust umbjóðanda hans og Geirfinnsmálinu. Ég taldi að sjálfsögðu rétt að verða við þeirri beiðni og skrifuð voru bréf til bæði dómstóla og lögregluyfirvalda og beðið um nákvæma könnun á málinu.

Nýlega kom í ljós að viðbótargögn hafa fundist sem eru merkt Geirfinnsmálinu og eru að því er ég best veit að mestu tengd svonefndu spíramáli, sem svo er nefnt, sem upp kom í byrjun rannsóknar í Geirfinnsmálinu. Lögmanninum var sent bréf nýverið og honum skýrt frá þessum fundi og boðið að skoða öll gögn í tengslum við þetta mál. Ég bíð eftir viðbrögðum lögmannsins í þessu sambandi en hann er nú að fara yfir málið í heild sinni.

[15:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég vonaðist eftir afdráttarlausari svörum. Magnús Leópoldsson fór fram á opinbera rannsókn á tildrögum þess að hann var grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar og farið var fram á að ríkissaksóknari fyndi gögn sem ekki hafa komið fram síðan 1976. Sömuleiðis hafði Ragnar Aðalsteinsson leitað til embættanna á sínum tíma um ný gögn og urðu sum vel við erindum en ég minnist þess að fram hafi komið hjá honum að saksóknari hafi neitað um að kanna gögn þar.

Nú upplýsir hæstv. dómsmrh. hér að það hafi verið mat þeirra sem að komu á sínum tíma að gögnin skiptu ekki máli um málsmeðferð. Þetta vekur furðu mína miðað við að tveir lögmenn þessara einstaklinga hafa kallað eftir nákvæmlega þessum gögnum sem ekki fundust.

Ég spyr hæstv. dómsmrh. aftur hvort hún muni beita sér fyrir því að þetta mál verði tekið upp til þess að reyna að gefa viðkomandi aðilum réttláta málsmeðferð.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að ég sagði hér áðan að málsaðilar virtust ekki telja skipta máli að þessi gögn kæmu fram við meðferð málsins. Um það ætla ég ekkert að fullyrða hér og nú.

Ég sagði líka áðan að Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður væri lögmaður fyrir Magnús Leópoldsson og væri að fara yfir þau gögn sem hafa fundist. Ég bíð því eftir frekari viðbrögðum í þessu sambandi.

Vaxtabyrði heimilanna.

[15:16]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hafa birst fréttir í fjölmiðlum af góðu gengi bankastofnana í landinu og hagnaði svonefndra fjárfesta af eignarhlut í þeim. Á sama tíma berast líka fréttir af því að almenningur, heimilin í landinu séu að sligast undan vaxtaokri bankanna sem stýrt er af stjórnvöldum. Ástæðan er sögð vera sú að þessu fólki sé ætlað að slá á þensluna fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Fastagjald af síma hækkar nú um meira en 100% og bensínverð virðist fylgja sölugengi bankahlutabréfa hvað snertir stöðugar hækkanir.

Einhver kynni að segja að þetta væri í jafnvægi, að þjóðin ætti stöðugt meiri hlut í bankakerfinu og því væru allir að græða í raun. Það er ekki fólkið sem rekið er út á guð og gaddinn, svo notuð séu orð sparisjóðsstjóra nú nýverið, sem kaupir hlutabréf í bönkunum, það gera aðrir. Skuldugar fjölskyldur þurfa að taka á sig allt að 14 þús. kr. hækkanir á mánuði samkvæmt nýlegum fréttum og meiri hækkanir vaxta eru sagðar liggja í loftinu.

Ég spyr hæstv. félmrh.: Er þetta ásættanleg stefna ríkisstjórnarinnar gagnvart heimilunum í landinu? Samrýmist þetta hugsjónum og stefnu Framsfl. sem hér áður fyrr notaði slagorð eins og „Fólk í fyrirrúmi“, „Fjölskyldan hafi forgang“ og „Manngildi ofar auðgildi“?

Að lokum spyr ég: Má búast við því að hæstv. félmrh. styðji slíkar álögur á heimilin áfram eða hyggst hann beita sér fyrir ráðstöfunum gegn þeim?

[15:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er vissulega áhyggjuefni hvernig skuldir heimilanna hækka og hvernig þær skrúfast upp án þess að skuldsett fólk hafi neina stjórn á því. En þetta kemur út af þeim tengingum sem eru við vísitölu.

Bensínverðið hefur haft feiknamikil áhrif á vísitöluna, mig minnir að það sé ábyrgt fyrir um 20% af þeirri hækkun sem orðið hefur undanfarið. Húsnæðiskostnað á Reykjavíkursvæðinu — af einhverjum undarlegum ástæðum er einungis húsnæðiskostnaður hér á þessu svæði inni í vísitölunni — má skrifa fyrir þriðjungi hækkunar vísitölunnar. Það er ekki ásættanlegt að binda húsnæðiskostnaðinn einungis við Reykjavíkursvæðið.

Nú er hv. þm. eins vel kunnugt og mér um af hverju húsnæðiskostnaðurinn spennist svo upp hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er vegna þeirra þjóðflutninga sem eru utan af landi yfir á þetta svæði, þessi mikla spenna myndast af því. Gjarnan vildi ég ná að gera mitt til þess að snúa þeirri þróun við.

En það rétt að hafa í huga, þegar talað er um skuldir heimilanna, að skuldir heimilanna eru svipuð stærð og innstæður heimilanna í lífeyrissjóðum. Það eru að vísu ekki sömu aðilar sem eiga þær í öllum tilfellum en skuldir heimilanna og innstæður í lífeyrissjóðunum haldast nokkuð í hendur.

[15:20]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gleðjast yfir því að hæstv. félmrh. hefur áhyggjur af þessari þróun. Ég held að margir hafi áhyggjur af henni. En mér fannst í raun lítið um svör við fyrirspurnunum. Ég ítreka því spurningar mínar.

En hvað tenginguna við vísitölu snertir þá er margt fleira sem kemur til en tenging við vísitölu. Þessar vaxtahækkanir eru ekki eingöngu vegna tengingar við vísitölu heldur og vegna ákvörðunar Seðlabanka sem fylgir í kjölfar yfirlýsinga stjórnvalda um að slá þurfi á þensluna. Þá liggur í loftinu að heimilin, þessi skuldugu heimili, eigi að taka þátt í þessum leik fyrir hönd ríkisstjórnarinnar til að slá á þensluna.

Varðandi hækkanir á höfuðborgarsvæðinu þá valda þær því að fólk sem á húsnæði úti á landi og þarf að greiða af þeim fasteignagjöld greiðir stöðugt hærri gjöld af þeim á sama tíma og söluverð húsanna lækkar. Þetta er dálítið öfugsnúið. Mér finnst það dálítið klént ef ríkisstjórnin notar það sem afsökun að fólkið flytjist á höfuðborgarsvæðið, eins og það sé eitthvert náttúrulögmál. Auðvitað á stefna ríkisstjórnarinnar stóran hlut í því.

[15:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þenslan í þjóðfélaginu er auðvitað mikið áhyggjuefni. Þenslan myndast m.a. vegna þess að kaupmáttaraukning hefur verið geysilega mikil í þjóðfélaginu. Fólk hefur meira úr að spila og eyðir því meira en áður. Við horfum fram á viðskiptahalla sem kannski er upp á 50 milljarða á þessu ári og það er hreint ekkert gleðiefni.

Hvað varðar fasteignagjöldin þá er það ákvörðun ríkisstjórnarinnar að færa fasteignagjöldin til sanngjarnara horfs. En ég legg áherslu á að það þýðir ekki að lækka þau einhliða og færa til raunvirðis nema sveitarfélögunum sem tapa fasteignagjöldum sé bætt það með öðrum hætti. Það er sérstök nefnd að störfum við að skoða fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga undir forustu formanns fjárln., hv. þm. Jóns Kristjánssonar. Eitt af verkefnum hennar er að finna út hvernig hægt er að komast út úr þessum vandræðum með fasteignagjöldin.

[15:23]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mér finnst að Framsfl. hafi um margt ekki haft gott af sambúðinni við Sjálfstfl. Ég vil aðeins rifja upp að einn ágætur vinur minn í Framsfl., þá óbreyttur þingmaður, hafði sem fast orðtæki „allt er betra en íhaldið“ og kvað þó mun sterkar að orði.

Virðulegi forseti. Það má ekki skilja það svo að ég sé að sneiða að hæstv. félmrh. með þessu en hann hefur ekki svarað því hvort hann hyggist styðja þessar álögur áfram eða hvort hann muni beita sér fyrir ráðstöfunum gegn því að þessi ósköp haldi áfram.

[15:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt hef ég ekki einn vald á þessu máli. Ég hef áhyggjur af þróun mála en ég get ekki lofað að lagfæra þetta hér og nú.

Sérstaða framhaldsskóla með bekkjakerfi.

[15:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Undanfarið hefur staðið styr um nýja aðalnámskrá framhaldsskóla. Þrír skólar hafa öðrum fremur látið í ljósi áhyggjur af stöðu sinni innan breyttrar tilhögunar í kerfinu. Þar hefur jafnvel borið á óánægju vegna þeirra vinnubragða hæstv. menntmrh. Hér á ég við Verslunarskólann, Menntaskólann á Akureyri og Menntaskólann í Reykjavík. Ótti nemenda og starfsfólks í þessum skólum hefur snúist um að verið sé að fórna sérstöðu skólanna sem hingað til hafa boðið upp á nám til stúdentsprófs sem gengur eftir öðrum brautum en fjölbrautakerfið. Hæstv. menntmrh. hefur lent í rimmu við nemendur og starfsfólk þessara skóla sem nú hefur leitt til þess að einn af þessum þremur skólum, þ.e. Verslunarskóli Íslands, hefur fengið samning um að öllum hans óskum verði mætt. Málið virðist því leyst varðandi Verslunarskóla Íslands og það er vel.

En þá rétt að spyrja um framhaldið: Er gert ráð fyrir því að Menntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn í Reykjavík fái ámóta undanþágur? Mun fyrirkomulag bekkjakerfis sem verið hefur í þessum skólum og sú sérstaða sem námsbrautir innan þeirra hafa markað sér fá ámóta viðurkenningu og sú námsbraut sem nú er viðurkennd sem námsbraut til stúdentsprófs í Verslunarskóla Íslands?

[15:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta mál er flóknara en svo að hv. þm. hafi vikið að því öllu í ræðu sinni enda er framkvæmd á námskránni ekki háð samkomulagi við menntmrh. heldur verða skólarnir að laga sig að nýjum kröfum með mismunandi hætti eftir því hvort þeir eru fjölbrautaskólar eða bekkjakerfisskólar.

Ég hef farið í alla framhaldsskóla landsins nema einn, ég mun fara í hann núna eftir rúma viku, framhaldsskólann á Vestfjörðum eða Menntaskólann á Ísafirði eins og hann vill kalla sig núna. Ég get fullvissað hv. þm. um að það eru engin vandræði í neinum af þessum skólum við að laga sig að námskránni. Bekkjakerfisskólarnir verða að gera það með sínum hætti og fjölbrautakerfisskólarnir með sínum hætti.

Hvað varðar Verslunarskóla Íslands kemur fram í samkomulagi eða yfirlýsingu sem við rituðum undir, ég og skólastjóri Verslunarskólans, að allir nemendur þess skóla ljúka verslunarprófi og bæta síðan við sig einingum til stúdentsprófs. Nám í Verslunarskólanum er því byggt upp samkvæmt skilgreiningu menntmrn. á starfsnámskerfi þar sem fyrstu prófin veita ákveðin starfsréttindi og svo bæta nemendur við sig einingum til stúdentsprófs. Það eru mismunandi námsgreinar eftir því hvaða nám menn hyggjast stunda að loknu stúdentsprófi.

Einnig vil ég minna á að samkvæmt breytingum sem gerðar voru á framhaldsskólalögunum á Alþingi skömmu fyrir jól þá er það svo að hvort heldur menn eru í bóknámi eða starfsnámi þá ljúka þeir námi sínu með stúdentsprófi ef þeir ætla í háskólanám. Próf sem háskólar viðurkenna er stúdentspróf, hvort sem nám er starfsnám eða bóknám. Námið snýst um útfærslu á námskránni og hefur alltaf snúist. Það hefur aldrei snúist um undanþágur frá námskránni eða annað slíkt.

[15:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um hvernig nám Verslunarskólans hefur verið byggt upp og þær óskir sem hafa verið settar fram af þeirra hálfu. Mér er einnig fullkunnugt um að nú verða engar breytingar eins og hæstv. menntmrh. var búinn að óska eftir eða láta í veðri vaka að þyrftu að verða á námsbraut Verslunarskólans til stúdentsprófs. Það er sams konar óánægja uppi varðandi þessa aðalnámskrá í bekkjakerfisskólunum á Akureyri og í Reykjavík. Hæstv. ráðherra fer eins og köttur í kringum heitan graut í því að svara spurningu minni.

Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn á Akureyri hafa látið í ljós óskir um ákveðna sérstöðu. Ég vil fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hvort þeim óskum verður sinnt á sama hátt og óskum Verslunarskólans hefur verið sinnt.

[15:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og ég sagði gefur hv. þm. sér rangar forsendur. Hún ræðir ekki málið á þeim forsendum sem ber að gera þegar litið er til námsins í Verslunarskólanum. Verslunarskólinn býður upp á nám sem er byggt upp á því að menn taka verslunarpróf og bæta síðan við sig einingum til stúdentsprófs. Þar er ekki um bóknámsbrautir að ræða þannig að námið er skilgreint með þeim hætti sem Verslunarskólinn gerir. Ég hef alltaf sagt og sagði í upphafi að hugmyndir manna um afstöðu mína til Verslunarskólans byggðust á misskilningi.

Varðandi hina skólana tvo þá er alveg ljóst að þeir halda sérstöðu sinni sem bekkjakerfisskólar og munu áfram starfa í samræmi við námskrána sem bekkjakerfisskólar.

[15:29]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau orð að þeir muni halda þessari sérstöðu sinni. Það er góð yfirlýsing og þörf í þeirri umræðu sem nú á sér stað um stöðu þessara skóla.

Ég ítreka, herra forseti, að það að Verslunarskólinn skuli skyndilega vera orðinn starfsnámsskóli er alveg nýtt í stöðunni. Sérstaða hans hefur verið viðurkennd í gegnum það að hann fær nú skilgreiningu sem starfsnámsskóli, sem ekki var í umræðunni fyrir tíu dögum síðan. Sérstaða hans hefur því verið viðurkennd á viðunandi hátt. Það hefur verið fundin lausn á vandamálinu.

Það er ekki búið að finna lausnina fyrir hina tvo skólana en ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hann skuli segja það hér að sérstaða þeirra verði tryggð.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Lausnin liggur fyrir fyrir hina skólana líka. Þeir eru að vinna að sínum skólanámskrám í samræmi við nýju námskrána og eftir þá fundi sem við höfum átt í skólanum er enginn vandi fyrir þessa skóla að skipuleggja starf sitt sem bekkjakerfisskólar innan nýju námskrárinnar.

Hlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði.

[15:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Um áramót var reglum um hlut sjúklinga í lyfjakostnaði breytt. Eftir það er sjúklingum sem þurfa sveppalyf gert að greiða þau að fullu fyrstu tvo mánuðina. Það kostar þá 20 þús. kr. Áður greiddi lífeyrisþegi 1.000 kr. fyrir skammtinn. Sveppasjúkdómar eru algengari hér en annars staðar líklega vegna þess hve sundlaugar eru vinsælar hér og eru sveppasýkingar algengar hjá öldruðum og oft svo slæmar að fólk á mjög erfitt með gang. Þetta er sjúkdómur sem leggst á húð, undir neglur bæði á fótum og höndum. Í verstu tilfellum hefur fólk þurft að fara í hjólastól þegar það er illa haldið af þessum sjúkdómi.

Nú hef ég eftir læknum að ýmsir aldraðir sem taka t.d. nokkuð af öðrum lyfjum og eru með lágan lífeyri, hafi ekki treyst sér til þess að leysa þessi lyf út, hafi ekki efni á þeim. Þetta er smitandi sjúkdómur og því mikilvægt að hann sé læknaður annars halda þeir sem eru haldnir honum áfram að smita.

Nú veit ég að hæstv. heilbrrh. er mjög hlynnt forvörnum og hefur beitt sér fyrir þeim og því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún sé tilbúin að breyta reglunum varðandi sveppalyfin og koma til móts við þá sem þurfa þessi lyf. 20 þús. kr. eru miklir peningar fyrir fólk sem er með undir 50 þús. kr. í framfærslu á mánuði. Samkvæmt upplýsingum sem mér hafa borist frá læknum er þetta verulegt vandamál, þ.e. þessi aukna kostnaðarhlutdeild, og mun koma í bakið á okkur síðar. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hún sé tilbúin að skoða það að breyta reglum hvað varðar þessi lyf sem lenda sérstaklega illa á öldruðum.

[15:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi sveppalyfin sem hv. þm. spyr um þá er sú breyting sem gerð var um áramótin algerlega í samræmi við önnur fúkkalyf. Það er mikilvægt að hv. þm. viti það og þingheimur allur að þeir sem hafa sérstaklega lágar tekjur geta fengið undanþágu frá greiðslum og svo eru lyfjakortin við lýði sem þessir einstaklingar geta fengið sem þurfa mikið á lyfjum að halda. Þetta veit ég að hv. þm. þekkir allra manna best.

[15:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er rétt að sveppalyfin falla undir sama flokk og fúkkalyfin. Aftur á móti eru reglurnar sem snúa að sveppalyfjunum þannig að það er erfitt að fá lyfjaskírteini og menn fá ekki lyfjaskírteini fyrr en eftir tvo mánuði. Fyrstu tvo mánuðina verða aldraðir og allir sem fá sveppasýkingar að greiða þetta að fullu og þetta eru 20 þús. kr.

Það getur vel verið að suma muni ekkert um að borga 20 þús. kr. fyrir fyrsta lyfjaskammtinn þangað til þeir fá lækkunina. En fólk sem er á lágmarkslífeyri, sem er kannski 50 þús. kr., hefur ekki efni á þessu. Það leysir ekki út lyfin. Ég hef upplýsingar um að fólk leysir ekki út þessi lyf vegna þess að það hefur ekki efni á þeim og það gerir það auðvitað að verkum að sveppasjúkdómarnir smitast miklu hraðar og við erum þar með ekki að koma í veg fyrir að þeim fjölgi sem fá þessa sjúkdóma. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er hún tilbúin til að taka sérstaklega á þessu vegna þess að þetta snýr sérstaklega illa að öldruðum og kemur mjög illa við þá sem hafa litlar tekjur?

[15:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er sérstök reglugerð við lýði sem tekur á því ef fólk er með mjög lágar tekjur. Það getur þá fengið þessi lyf sem og önnur endurgreidd. Það er sú reglugerð sem tekur á þessu máli eins og öðrum málum hvað varðar lyf þegar fólk er með lágar tekjur og þarf mikið á lyfjum að halda.

[15:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er alveg rétt að það eru endurgreiðslureglur hjá Tryggingastofnun varðandi háan lyfjakostnað. Aftur á móti hjálpar það ekki fólki sem hefur ekki efni á því að leysa út lyfin til að byrja með. Það getur ekki tekið út fyrsta skammtinn til þess að vinna á þessum sjúkdómi. Ég held því, herra forseti, að það sé mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra skoði þetta sérstaklega. Það er munur á því að borga 1.000 kr. fyrir lyfjaskammtinn eða 20 þús. kr., fyrir þá sem hafa lítið. Ég fer fram á það við hæstv. ráðherra í fullri vinsemd að hún líti á þetta vegna þess að það hafa margir haft samband við mig vegna þessa, m.a. bæði aldraðir og læknar sem telja að það þurfi að taka sérstaklega á þessu. Ég fer því fram á það við hæstv. ráðherra að hún skoði þetta sérstaklega.

Vegurinn fyrir Búlandshöfða.

[15:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nýlega var opnaður nýr vegur fyrir Búlandshöfða. Það gekk undrahratt að byggja þennan veg og hann var tekinn í notkun löngu áður en menn höfðu reiknað með að hann yrði tilbúinn. Verktakinn skilaði honum löngu fyrr. Hann var mikil samgöngubót, þessi vegur, og íbúarnir voru farnir að tala um meiri samvinnu og jafnvel sameiningu, og ýmsar hugmyndir voru á lofti um hvernig þessar samgöngubætur mundu gagnast fólki á norðanverðu Snæfellsnesi. En svo fór að rigna og vegurinn lagði af stað til sjávar og 30 metra kafli af honum kvaddi og fór. Þetta var auðvitað mikið áfall fyrir fólkið og býsna alvarlegt að svona lagað skuli geta gerst. Eitthvað hlýtur að hafa verið að í undirbúningi þessa verks eða í verkinu sjálfu.

Traust manna á þessum vegi er auðvitað fokið út í veður og vind. Menn hætta kannski að tala um hagræðið sem verður af samgöngubótunum þegar þeir treysta sér ekki að fara um þennan veg ef það rignir. Ég held að það þurfi að skoða þessi mál og ég spyr hæstv. samgrh. hvort hann ætli að láta fara fram rannsókn á því hvað er að í þessu vegstæði og hvort hann ætli að beita sér fyrir því að komið verði upp einhvers konar viðvörunarferli ef veður af slíku tagi sem við fengum um daginn verða, svipað og t.d. aðvörun gagnvart snjóflóðum er komið á framfæri ef veðurfar verður þannig að ástæða er til að gera ráð fyrir því að hætta sé á ferðum.

[15:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég segja að náttúruhamfarir gera ekki að jafnaði boð á undan sér. Það er auðvitað deginum ljósara að vegna þeirrar feiknarlegu úrkomu sem varð þá fór sem fór í Búlandshöfðanum.

Vegagerðin mun að sjálfsögðu gefa skýrslu um aðstæður þarna í veginum við Búlandshöfða og hvernig staðið hefur

verið að viðgerðum og mun að sjálfsögðu reyna að leggja mat á hvað hafi gerst því að það er í fyllsta máta óvenjulegt og óeðlilegt að slíkt geti komið fyrir á nýjum vegi. Ég vil ekkert fullyrða um hvað hefur orðið þarna. Það er alveg ljóst að þarna hefur orðið verulega mikið tjón en ég get ekki fallist á að ástæða sé til þess að vekja þann ótta eða áhyggjur sem hv. þm. ræddi um.

Hvort eigi að koma upp viðvörunarkerfi, þá þarf auðvitað að meta það. Það er mikið fyrirtæki og það verður að skoða hvort ástæða er talin til þess. Ég hef þegar eins og við er að búast farið yfir þetta með vegamálastjóra og hann mun skila skýrslu til samgrn. um það sem þarna gerðist og mun væntanlega leggja á ráðin um hvað hægt sé að gera til þess að bæta þarna úr.

[15:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Náttúruhamfarir, ég kann ekki að skilgreina þær. En ég held að vegir á Íslandi verði a.m.k. að vera vatnsheldir á hættulegum stöðum og það hefur þessi vegur ekki verið. Undirstaða hans hefur ekki verið nógu traust svo sem nauðsynlegt er og þess vegna kann vel að vera að um einhverja fleiri hluta hans sé svipað ástatt. Þess vegna tel ég að fram þurfi að fara rannsókn á þessu. Ég hvet til þess að undinn verði bráður bugur að því að láta slíka rannsókn fara fram. Ég er ekki að vekja ótta hjá mönnum. Ég er fyrst og fremst að fara fram á að menn láti sér þetta áfall að kenningu verða og komi í veg fyrir slys með öllum ráðum, en það hefði svo sannarlega getað orðið þegar þetta gerðist núna fyrir nokkrum dögum.

[15:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég efast ekkert um að menn láti sér þetta að kenningu verða því að það er svo að öll reynsla okkar við það að búa í þessu landi, ekki síst reynsla okkar við mannvirkjagerð hlýtur að verða okkur að liði við áframhaldandi uppbyggingu. Það fer ekki hjá því.

Ég tek undir með hv. þm. þegar hann varar við því að þarna geti verið hætta á ferðum í framtíðinni. En ég efast ekkert um að Vegagerðin mun leggja sig fram um að bæta þarna úr og tryggja öryggi, ganga úr skugga um eins og kostur er á að þarna sé allt í lagi, allar vatnsrásir séu eins og þær eiga að vera. Ég mun gera mitt til þess að allt verði gert til þess að þessi vegur verði sem öruggastur.

[15:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég tel að fram þurfi að fara alvörurannsókn á þessum vegi og að ekkert megi til spara til þess að menn viti á hverju er von þarna. Sú viðvörun sem þarna hefur komið fram er allt of alvarleg og hún bendir til þess að undirstöður vegarins séu ekki í lagi. Vonandi er það bara á þessum kafla sem fór en það vita menn ekki nema að láta rannsaka þetta mjög vel. Þessi höfði er úr mjög lausum efnum og hann er feiknarlega brattur og feiknarlega hár. Það er einfaldlega ekki hægt að búa við það að menn viti ekki nákvæmlega hverju menn eiga þarna von á.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 901. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Breytt staða í álvers- og virkjanamálum.

[15:46]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ljóst er að þær fréttir sem bárust í síðustu viku um að fjárfestar fyrirhugaðs álvers á Reyðarfirði hefðu leitað eftir breytingum á öllum áætlunum varðandi byggingu álvers á Reyðarfirði og þar með breytingu á virkjunarframkvæmdum hafa kollvarpað áformum ríkisstjórnarinnar um stóriðju á Austurlandi. Sú kúvending sem orðið hefur í málinu sýnir að áformin um Fljótsdalsvirkjun og 120 þúsund tonna álver voru byggð á afar veikum grunni. Í raun var aldrei rekstrargrundvöllur fyrir slíku álveri og þegar í nóvember lá þessi staðreynd fyrir hjá fjárfestum.

Í þeim miklu átökum um málið á Alþingi fyrr í vetur bentu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á að það álver og sá virkjunarkostur sem tekist var á um væri óarðbær fjárfesting en á það var ekki hlustað.

Herra forseti. Fjárfestar álvers á Reyðarfirði eiga því ekki að missa traust fyrir það að vilja hætta við óarðbært fyrirtæki heldur þveröfugt og siðferðileg ábyrgð framkvæmdanna verður alltaf hjá stjórnvöldum. Fullyrðingar ráðherra fyrr í vetur um að bygging 120 þúsund tonna álvers væri ekki ávísun á stækkun með tilheyrandi virkjunarframkvæmdum átti sér enga stoð í raunveruleikanum og því afhjúpa nýjar áætlanir um álver á Reyðarfirði og breytt virkjanaröð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega ráðherra Framsfl. í Eyjabakkamálinu. Því var alveg ástæðulaust að þröngva þáltill. um virkjun Eyjabakka í gegnum Alþingi fyrir síðustu jól með þeim hætti sem gert var og undir þeim formerkjum að þarna væri stærsta byggðamál sögunnar á ferð. Þingi og þjóð var talin trú um að nauðsynlegt væri að fallast á slæleg vinnubrögð í málinu þar sem ekki gæfist tími til að vinna þau eftir kröfum tímans. Nú þegar aðeins þrír mánuðir eru liðnir frá afgreiðslu málsins er það aftur komið á byrjunarreit.

Þó gleðjast megi yfir því að fyrirhuguð Fljótsdalsvirkjun sé út af borðinu í bili, þá er sú staða sem óbilgjörn vinnubrögð ríkisstjórnarinnar hafa komið okkur Íslendingum í og þá sérstaklega Austfirðingum algerlega óviðunandi. Eftir 20 ára bið og loforð um væntanlegar virkjanir og stóriðju eru vonbrigði þeirra sem hafa beðið eftir stóriðjuframkvæmdum mikil. Skellurinn er stór og trú manna á áframhaldið er veikt. Slík staða getur alltaf komið upp við undirbúning svo stórra verkefna, jafnvel þó að vandað sé til verka og því er afar brýnt að hafa á hverjum tíma uppi varaáætlun eða önnur verk í gangi samhliða.

Stóriðja mun aldrei verða stærsta byggðamál sögunnar. Þær hugmyndir eru barn síns tíma. Ef menn vilja fara í stóriðju, þá verður hún að vera til að styrkja búsetu á landsbyggðinni. En það er brýnt að hafa í huga að hin nýju áform um tvöfalt stærra álver og stórvirkjun við Kárahnjúka eru jafnótraust og þau fyrri. Það er afar óheppilegt að íbúar Austurlands þurfi að búa við áframhaldandi óvissu vegna

vinnubragða stjórnvalda og togstreitu þeirra við fjárfestingaraðila.

Í þessu máli leggur þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs áherslu á eftirfarandi:

Að lögð verði áhersla á að ljúka vinnu við rammaáætlun um virkjanir vatnsafls og jarðvarma á Íslandi þar sem lagt verði mat á alla virkjanakosti og öll stóriðju- og virkjanaáform skoðuð í því ljósi.

Að stjórnvöld taki þegar í stað upp viðræður við Austfirðinga um átak í atvinnumálum fjórðungsins í ljósi þessarar stöðu og lagt verði umtalsvert fé í nýsköpunarvinnu og vinnu verði hraðað við verulegar samgöngubætur á Austurlandi, þar með talin jarðgöng til að styrkja atvinnulíf og búsetu.

Að hafist verði handa um verndaraðgerðir á Eyjabakkasvæðinu og undirbúning að stofnun Snæfellsþjóðgarðs eins og fram kemur í þáltill. sem nú liggur fyrir þinginu.

Herra forseti. Því spyr ég hæstv. starfandi iðnrh., Halldór Ásgrímsson: Mun ríkisstjórnin undanskilja Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal við gerð þeirrar rammáætlunar um virkjanir vatnsafls og jarðvarma á Íslandi eins og nú er í vinnslu? Hvernig mun hæstv. ríkisstjórn bregðast við þessari stöðu gagnvart Austfirðingum og hvaða áform hefur hún varðandi atvinnu- og byggðamál á Austurlandi til að forða enn frekari byggðaröskun á svæðinu?

[15:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er að mínu mati algerlega rangt sem hv. þm. sagði að það sem nú hefur komið upp hafi kollvarpað áformum í virkjana- og stóriðjumálum á Austurlandi. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að það var vilji ríkisstjórnarinnar að fara í tiltölulega lítinn áfanga m.a. vegna þess að það er tiltölulega fátt fólk á Austurlandi og það er þjóðhagslega heppilegra að fara í minni áfanga eins og ráð var fyrir gert. Þegar það kemur hins vegar upp að fjárfestarnir vilja fara í stærri áfanga, þá verður að sjálfsögðu að líta á það mál eins og það kemur fyrir. Það hefur ýmsa kosti en það hefur einnig galla. Gallarnir eru m.a. þeir að slíkt álver kæmist í notkun mun seinna en annars hefði orðið og áhrifin á byggð á Austurlandi og þjóðhagslegu áhrifin koma seinna fram.

Hv. þm. sagði að því hefði verið lýst yfir á Alþingi að ekki væri ætlunin að stækka þetta álver. Ég vitna þar til Hallormsstaðaryfirlýsingarinnar þar sem gert er ráð fyrir því að álver á Reyðarfirði yrði stækkað síðar meir og gæti orðið allt að 480 þúsund tonn með þeim fyrirvörum sem þar þurfti að setja fram og það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því að Kárahnjúkavirkjun kæmi til síðar.

Nú er það svo með þann þingflokk sem hv. þm. er talsmaður fyrir að hann er á móti öllum þessum framkvæmdum og vill breyta öllu svæðinu í þjóðgarð og ásakar okkur um að skapa óvissu. Það má kannski segja að hægt sé að skapa vissu, eða hvað? — með því að gera ekki neitt og hreyfa sig ekkert og loka sig inni í málum og ákveða að þarna verði orkan ekki nýtt og segja ávallt: Það verður að gera eitthvað annað fyrir Austurland. Hvað er þetta annað? Það væri fróðlegt að hv. þm. upplýsti það.

Víða háttar svo til á landsbyggðinni að atvinnumál eru ekki í nægilega góðu lagi og ákveðinn flótti hefur verið frá landsbyggðinni þannig að hér er Austurland ekki eitt á ferð. Það þarf líka að huga að öðrum landshlutum en það liggur alveg ljóst fyrir að mestu möguleikar þessa landsfjórðungs eru á sviði orkuvinnslu og tilheyrandi stóriðju.

Hv. þm. spurði hvað yrði gert að því er varðar rammaáætlun. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi virkjun, þ.e. Kárahnjúkavirkjun, er á skipulagi um miðhálendið og gert er ráð fyrir þeirri virkjun í því skipulagi. Það kemur að sjálfsögðu til kasta Alþingis að heimila byggingu þeirrar virkjunar. Slík heimildarlög eru ekki fyrir hendi. Það kæmi því væntanlega til kasta Alþingis næsta haust að taka ákvörðun um hvort rétt væri að leyfa byggingu þeirrar virkjunar eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt að leyfa þá virkjun, enda er hún í því skipulagi sem lagt hefur verið fram en þar verður um sjálfstæða ákvörðun Alþingis að ræða.

Að því er varðar önnur þau mál sem hv. þm. gat hér um, þá er það vilji ríkisstjórnarinnar að haldið verði áfram við undirbúning þessa máls eins og áður hafði verið ætlað, t.d. að því er varðar vegagerð í Fljótsdal sem tengist virkjunarframkvæmdum en sú vegagerð er nú í umhverfismati. Væntanlega verður ráðist í nauðsynlega vegagerð þegar niðurstöður í því liggja fyrir og málið er tilbúið til framkvæmda. Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi nýja áætlun um jarðgangagerð þar sem m.a. koma inn jarðgöng á Austurlandi þannig að allt það sem hv. þm. nefndi er í gangi, m.a. með því að ríkisstjórnin hefur lagt fram þessa tillögu. Ég vænti þess að fram fari góð vinna á næstu vikum varðandi þetta mál og innan fimm vikna geti legið fyrir hver verða næstu skref í málinu. Það verður áfram unnið að því eins og áður hafði verið ætlað og við það miðað að virkjunarframkvæmdir með tilheyrandi stóriðju á Austurlandi geti hafist eins fljótt og kostur er.

[15:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Flestum er í fersku minni æðibunugangur ríkisstjórnarinnar liðið haust þegar allt var lagt undir í umræðunni um framhald framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun. En hvar standa stjórnvöld nú þremur mánuðum síðar? Á byrjunarreit og með allt niður um sig.

Hæstv. iðnrh. segist hafa lært af reynslunni. Í þetta sinn mun ríkisstjórnin ekki stóla á einhverjar undirtyllur, þær hinar sömu og fyrirrennari hennar í embætti, Finnur Ingólfsson seðlabankastjóri, setti allt sitt traust á. Hornsteinn stóriðjuáforma ríkisstjórnar Íslands, sjálf Hallormsstaðaryfirlýsingin, er þegar allt kemur til alls marklaust plagg.

Herra forseti. Fjárfestar hafa eðli málsins samkvæmt það eitt að leiðarljósi að ávaxta sitt pund. Það kemur því nokkuð á óvart að hæstv. starfandi iðnrh. skuli kvarta undan skorti á staðfestu af þeirra hálfu. Staðreyndirnar hafa legið á borðinu mánuðum saman. Fjárfestar vilja stórt álver, minnst 240 þúsund tonn. Annað er óhagkvæmt og freistar þeirra ekki. Hæstv. iðn.- og viðskrh. á að vera fullkunnugt um þær staðreyndir.

Stóra spurningin er hins vegar hvort stjórnvöld munu læra sína lexíu og draga réttar ályktanir af Fljótsdalsvirkjunar-„afferunni“. Hver er t.d. staða væntanlegrar rammaáætlunar um nýtingu vatnsorku og jarðvarma með tilliti til hins nýja virkjunarkosts við Kárahnjúka? Hvaða arðsemiskröfur hyggjast stjórnvöld gera til virkjunarframkvæmdanna?

Herra forseti. Að lokum verður ekki hjá því komist að benda á að í stórmálum sem þessum reynir á fagleg vinnubrögð, dugandi samráð og skýra pólitíska sýn. Á þeim prófum er ríkisstjórnin fallin með eftirminnilegum hætti. Eftir stendur að Framsfl. og Sjálfstfl. hafa engar raunhæfar lausnir að bjóða í byggðamálum. Að auki er þessum flokkum ótamt að

taka tillit til málefnalegrar gagnrýni og almannavilja.

[15:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Allir talsmenn ríkisstjórnarinnar lögðu ætíð höfuðáherslu á þegar þessi mál voru til umræðu að það væri ekkert í hendi, menn hefðu ekkert í hendi. Á hinn bóginn væri sjálfsagt og nauðsynlegt að undirbúa alla þá kosti sem menn gætu notað til þess að koma málum í höfn. Þetta var ætíð sagt af hálfu ríkisstjórnarinnar, og bent á að meðan samningar lægju ekki fyrir við virkjunaraðila og verksmiðjureisandann væri ekkert í hendi. Þetta vissu menn. Það þarf ekkert að koma á óvart að breyting verði síðan.

Ég tel að sú breyting sem nú hefur orðið geti út af fyrir sig verið farsæl og heppileg. Ég held að minni ágreiningur ætti að reynast um þennan virkjunarstað, þessi virkjun er afar heppilegur virkjunarkostur að mínu áliti. Ég held að enn meiri samstaða ætti að nást meðal þjóðarinnar um þessa virkjun en hina fyrri sem ég studdi þó auðvitað ákaft.

Menn hafa talað um að þessi virkjun og þessar framkvæmdir yrðu of dýrar og mundu spenna um of upp íslenskt efnahagslíf. Ég bað Þjóðhagsstofnun sérstaklega að athuga fyrir mig og bera saman framkvæmdir sem yrðu við Kárahnjúkavirkjun og þetta stórt iðjuver á Reyðarfirði. Í ljós kemur að umfangið, bæði hvað varðar fjárfestingu og vinnumarkað, og sem hlutfall af landsframleiðslunni er afar svipað og þær framkvæmdir sem við réðumst í á árunum 1966–1968 og er það svipað umfang. Þó yrði vinnuaflsnotkun eða hlutfallið nokkru minna en þá var. Þetta er því augljóslega verkefni sem við getum ágætlega ráðið við og ég er sannfærður um að þetta verkefni verður okkur farsælt og okkur til heilla.

[16:00]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Það má með sanni segja að stóriðjumál og virkjunarhugmyndir Framsfl. á Austurlandi séu að verða eitt mesta klúður sem um getur. Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa áður bent á að flótti fyrrv. iðnrh. úr þeim stól átti rætur sínar að rekja m.a. til þess öngþveitis sem þessum málum hafði verið siglt í.

Nú hefur hæstv. iðnrh., sem tók við málinu, tekið til við að gefa út yfirlýsingar þess efnis að æðstu menn Norsk Hydro verði alveg á næstunni kvaddir til Íslands og látnir skrifa undir samninga um fjárfestingar í stóriðju á Reyðarfirði sem nú eru helst líkur á að aldrei muni rísa af grunni, a.m.k. verður engin orka til slíkrar stóriðju næstu sjö til átta árin. Raunar er vafasamt að það muni standast umhverfismat að leiða gruggið úr Jökulsá á Dal yfir í Fljótsdal.

En vegna Austfirðinga sem dregnir hafa verið á tálar í þessu máli er mikil þörf á skjótum viðbrögðum því hætt er við að nú bresti á hraðari fólksflótti en áður vegna þessara vinnubragða. Að vísu vænta menn þess að innan tíðar skipist mál á þann veg að Austfirðingum sem og öðrum strandbúum landsins verði gert kleift að sækja sjóinn, sem mun hafa mest að segja í að hindra byggðaröskun. En vegna blekkinga af þessu tagi í stóriðju- og virkjanamálum er nauðsynlegt að finna ný úrræði sem verða mættu atvinnuvegum eystra til eflingar, svo sem stuðningur við ferðaþjónustu auk margs annars.

En umfram allt þurfa Austfirðingar að gjalda varhug við þeim blekkingaráróðri sem að þeim hefur verið haldið og á greinilega að stunda áfram eins og flest virðist benda til.

[16:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gagnrýnt stjórnarflokkana fyrir einnar hugmyndar byggðastefnu. Byggðastefnuhugmynd ríkisstjórnarinnar fyrir Austfirði hefur verið stóriðja. Nú kemur í ljós að 120 þús. tonna álver kemur ekki til með að standa undir sér sem rekstrareining eins og hæstv. fyrrv. iðnrh. hélt þó alltaf fram að það mundi að gera. Ljóst er að svo er ekki og að kúvending hefur átt sér stað.

Þá kemur í ljós, herra forseti, að ríkisstjórnin hefur engin önnur úrræði. Engin. Það er ekkert „plan B" í gangi. Mig langar til að spyrja hæstv. starfandi iðnrh. í þessu sambandi hvort hann sé ekki tilbúinn að opna augu sín fyrir þeirri gullkistu sem ferðaþjónustan og náttúruvernd geta verið þjóðinni. Væri hann ekki tilbúinn til að skoða þá hugmynd að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar reiknaði líka út þann kost að virkja ekki og stofna þjóðgarð á svæðinu?

Mig langar til að fara örfáum orðum um hvað Vinstri hreyfingin – grænt framboð sér fyrir sér í þessum málum. Við erum að tala um að ferðaþjónustan skili þjóðarbúinu talsvert meiri tekjum en stóriðjan gerir í dag. Hitt er líka að við megum ekki varpa þessari tvöföldu ímynd út til umheimsins. Annaðhvort er landið okkar ímynd hreinleika og ósnortinnar náttúru eða málsvari stóriðjufyrirtækja sem fá víðerni okkar undir stórvirkjanir til að knýja risastórar málmbræðslur.

Er hæstv. starfandi iðnrh. ekki tilbúinn að skoða atvinnumöguleikana sem felast í þjóðgarði? Þjóðgarðurinn mundi teygja sig frá Skaftafelli yfir allan Vatnajökul og yfir víðernin norðan Vatnajökuls, yfir friðlandið við Mývatn, meðfram Jökulsá á Fjöllum og alla leið til Öxarfjarðar. Væri ekki hugsanlegt að kanna þessa möguleika, reikna út og skoða í samhengi við stóriðjuáformin sem greinilega eru ekki fugl í hendi?

[16:04]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér eru til umræðu breyttar aðstæður í virkjana- og stóriðjumálum. Fyrir mér er málið þannig vaxið að nú liggur fyrir að vinna að þessu máli í samræmi við þær aðstæður. Þarna er um að ræða risavaxið framtíðarverkefni fyrir Austurland. Málið er engan veginn á byrjunarreit eins og hér hefur verið haldið fram. Ef þessi áform sem nú eru uppi ganga fram þá er hér um að ræða auðlindanýtingu sem er flókin og þarf mikinn undirbúning. Aðalatriðið er þó að missa ekki sjónar af takmarkinu þó að aðstæður breytist.

Það er endalaust hægt að leggjast í þrætubók um fortíðina, t.d. um hvaða áhrif sá áróður sem uppi hefur verið hafður í málinu hefur haft á fjárfesta. Fyrir mér skiptir það ekki höfuðmáli. Fyrir mér er aðalmarkmiðið að hugsa um framtíðina.

Vissulega mun í næsta hring í umræðunni talað um að framkvæmdirnar passi ekki fyrir Austurland, þar væri nær að leggja vegi, byggja háskóla og hátæknifyrirtæki og efla ferðaþjónustu. Þetta eru allt góð verkefni en það er hægt að vinna að þessu öllu saman óháð því hvort fjárfest verður í álverksmiðju á Reyðarfirði. Hins vegar eykur framleiðslustarfsemi af þessu tagi þjóðartekjurnar og aukning þjóðartekna og hagvöxtur hleypir lífi í aðra uppbyggingu. Þetta eru margsagðar staðreyndir í þessu máli.

Það er rangt sem hér var haldið fram af upphafsmanni þessarar umræðu, að ákvörðun um stóriðju á Austurlandi hafi verið kollvarpað. Aðstæður hafa breyst og það verður að vinna í samræmi við nýjar aðstæður. Það skiptir mestu máli fyrir Austfirðinga og aðra landsmenn að halda ótrauðir áfram við verkefnið og fá niðurstöðu um framhaldið. Það er fráleitt að þessi áform verði til að koma í veg fyrir aðra atvinnuuppbyggingu á Austurlandi og séu skilaboð til fólks um að pakka niður og hafa sig burt.

[16:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ekki hefur sést mikið til Sjálfstfl. að undanförnu né heyrst frá honum um gjörbreytta stöðu virkjanamála norðan Vatnajökuls. Tímabært er að forsrh. axli ábyrgð sína á málinu sem hann telur farsælt nú í dag.

Innkoma málsins í þingið í haust og allur málabúnaður var byggður á eindæma veikum grunni eins og nú hefur komið í ljós. Hagfræðingar sýndu fram á að 120 þús. tonna álver stæði ekki undir sér. Við í Samfylkingunni bentum á það í umræðunni í desember. Nú er það staðfest af fjárfestunum sjálfum.

Þegar umhvrh. felldi úr gildi úrskurð skipulagsstjóra, sem varðaði 480 þús. tonna álver, varð strax ljóst að Framsfl. ætlaði að losa sig úr þeirri erfiðu pólitísku stöðu sem virkjun Eyjabakka hafði sett þá í. Þjóðin stóð frammi fyrir fyrsta kafla í leikriti sem nú er að ná hápunkti sínum. Allan tímann var ljóst um afstöðu Norsk Hydro og að ekkert var fast í hendi með fjárfesta. Hallormsstaðaryfirlýsingin reyndist upphafið að afleitum vinnubrögðum Alþingis. Þingmenn voru dregnir á asnaeyrum og stjórnarliðar létu hafa sig í að gera eins konar umhverfismat sjálfir.

Hverjir eru svo þolendur þessarar atburðarásar? Ekki ríkisstjórnin, ekki Framsfl. og aldeilis ekki fjárfestarnir. Nei, herra forseti, allt þetta mál er óþolandi fyrir Austfirðinga. Hjá þeim voru byggðar upp væntingar sem engin innstæða reyndist fyrir. Stóriðjuáform á Austurlandi eru eina ferðina enn komin á upphafsreit.

Herra forseti. Ríkisstjórnin er eins og hástökkvari sem hefur það ekki yfir 1,20 og lætur hækka ránа í 2,40.

[16:09]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það eru mikil vonbrigði að fjárfestar í álveri á Reyðarfirði vilji nú snúa frá fyrri áfangaskiptingu við álversbyggingu. Það lá hins vegar fyrir á fyrri stigum umræðna við Norsk Hydro að þeir vildu fara í stærri áfanga fyrr í framkvæmdaröðinni. Þeir féllust hins vegar á byrjunaráfanga upp á 120 þús. tonn, m.a. vegna þess að Fljótsdalsvirkjun sem orkuöflun var tilbúin og lagaheimild til fyrir henni. Því hefði framkvæmdin sem heild getað farið fyrr af stað.

Það kom fram hjá Geir A. Gunnlaugssyni, framkvæmdastjóra Hæfis, á fundi á Egilsstöðum í gærkvöldi að ástæður þess að farið er fram á breytingar á framkvæmdaröð eru annars vegar að arðsemi er meiri af 240 þús. tonna álveri en 120 þús. tonna álveri. Hin ástæðan og ekki síðri er sú að fjárfestar vilja fá tryggingu fyrir að stækkun verði heimil síðar og íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun geti afhent raforku til stækkunar álvers.

Umhverfismat mun taka a.m.k. tvö ár. Strax hefur komið í ljós í fjölmiðlum að minni andstaða verður gegn Kárahnjúkavirkjun en Fljótsdalsvirkjun enda snerist deilan um Fljótsdalsvirkjun, m.a. hér á Alþingi, um umhverfismatsferli en ekki hvort virkja skyldi. Það er augljóst að ef halda á áfram viðræðum við þá fjárfesta sem nú er verið að ræða við þarf að fá haldfastari pappír en Hallormsstaðaryfirlýsingin virðist nú vera.

Í fjárfestahópnum eru öll stærstu fjármálafyrirtæki landsins og þeirra ábyrgð er mikil. Þau munu taka á sig miklar fjárhagslegar skuldbindingar við undirbúning málsins og einnig hljóta þau að bera mikla ábyrgð gagnvart stjórnvöldum sem mikið hafa lagt á sig til að skapa það umhverfi að hægt sé að hefja framkvæmdir.

Neikvæði þátturinn við þessa breytingu á afstöðu fjárfestanna er auðvitað sá að framkvæmdinni verður frestað, til mikilla vonbrigða fyrir Austfirðinga og landsmenn alla. Þjóðhagsleg áhrif munu einnig koma seinna til en ella. Jákvæði þátturinn er hins vegar sá að álverksmiðjan verður stærri og mannaflsfrekari og hefur því mun meiri jákvæð byggðarleg áhrif þó að þau komi seinna til.

[16:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Nú er ljóst að Alþingi var leitt á villigötur í haust við afgreiðslu þáltill. um Fljótsdalsvirkjun. Austfirðingar hafa verið blekktir og hjá þeim vakin fölsk sýn í atvinnumálum. Það er ekki trúverðugur málflutningur að kenna fjárfestum um brigðir þó að þeir hafi ekki viljað ganga með ríkisstjórninni í gapastokkinn. Ætli þeir séu ekki bara sælir með að hafa fallið í áliti hjá hæstv. iðnrh.?

Herra forseti. Ætli ríkisstjórnin öll hafi ekki fallið í áliti hjá Austfirðingum, Alþingi og þjóðinni eins og hún hefur haldið á þessu máli? Austfirðingar hafa verið blekktir. Reynt hefur verið að telja þeim trú um að stóriðja og stórvirkjanir ættu að vera framtíðarsýn þeirra. Engir aðrir valkostir hafa verið kynntir. Ég tel að ríkisstjórnin skuldi, ekki aðeins Austfirðingum heldur og Alþingi og þjóðinni allri, aðra valkosti fyrir Austurland í atvinnuuppbyggingu, aðra stóra, virka og öfluga valkosti eins og staðan er nú.

Herra forseti. Nú er þörf á að leggja stóraukið fjármagn til átaks í vegagerð, styrkja samgöngur innan byggðarlagsins. Það má flýta jarðgangagerð, byrja jafnvel í haust sé þess nokkur kostur. Hleypa má auknum krafti í ferðaþjónustuna með auknu fjármagni og nýrri markaðssókn. Nýta þarf enn betur, árið um kring, þá náttúruauðlind sem ferðaþjónustan er. Efla má Egilsstaðaflugvöll sem raunverulegan millilandaflugvöll og stýra þangað millilendingum í vöru- og farþegaflugi.

Það er svo margt hægt að gera, herra forseti, ef vilji og sýn er fyrir hendi. Þá sýn skuldar hæstv. ríkisstjórn og Alþingi Austfirðingum.

[16:13]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ein meginundirstaða þeirra framfara sem orðið hafa í íslensku samfélagi á þessari öld er að þjóðin hefur nýtt þá orku sem býr í landinu. Íslendingar eru svo lánsamir að búa yfir meiri vistvænni orku en nokkur önnur þjóð í veröldinni. Spurningin er hins vegar hvort og hvernig við viljum beisla þá orku. Það er nefnilega svo að verðmæti orkunnar verða til þegar hún er beisluð.

Hins vegar má einnig vera ljóst, herra forseti, að slík beislun kostar fórnir. Það gildir í raun um öll mannanna verk, hvort heldur eru húsbyggingar, vegalagnir, hafnarmannvirki og þannig mætti áfram telja. Allt kostar þetta ákveðnar fórnir og árekstra við umhverfið og náttúruna. Þar þurfum við að velja meiri hagsmuni fyrir minni. Niðurstaðan byggir ávallt á

atvinnulífi, efnahagslífi og byggðasjónarmiðum og ekki síst velferðarkerfinu, en það byggir jú á því að verðmætasköpun eigi sér stað.

Ég er sjálfur enn þeirrar skoðunar að skynsamlegast hefði verið að byrja á 120 þús. tonna álveri. Þau eru hagkvæm og nægir að vísa til Norðuráls, sem hefur verið starfrækt hagkvæmt á 60 þús. tonnum og er núna að fara upp í 90 þús. tonn. Með því að byrja smátt er auðveldara að sjá umhverfisþáttinn og meta síðan áhrif hans áður en næstu skref eru stigin og með því að byrja smátt er hægt að hafa fyrr áhrif á byggðarlög, á efnahagssjónarmið o.s.frv. Í staðinn hefur með málflutningi og bænarskjali til konunga, tekist að laða fram umræður og áætlanir um stærri álver í fyrsta áfanga. Nú er mikilvægt að menn stígi á stokk og svari skýrt hvort þeir vilji yfir höfuð virkja eður ei, hvort þeir vilji stöðva orkunýtingu. Nú þurfa menn að tala skýrt og hætta hálfvelgju. Munu menn una þeirri niðurstöðu sem kemur af þeirri umræðu sem er nú byrjuð eða munu þeir færa málflutning sinn í annan búning?

[16:16]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hæstv. sitjandi iðnrh., Halldór Ásgrímsson, svaraði fyrirspurnum mínum eitthvað á þá leið að Kárahnjúkavirkjun muni koma fyrir þingið í haust, þ.e. það á að undanskilja Jökulsá á Dal frá rammaáætluninni. Það er alveg ljóst að Kárahnjúkavirkjun er of stór framkvæmd fyrir Landsvirkjun eins og komið hefur fram. Varðandi atvinnu- og byggðamálin benti hæstv. ráðherra á vegáætlun og jarðgangaáætlun en ekkert annað fyrir utan áframhaldandi vinnu við stóriðjuframkvæmdir.

Herra forseti. Framhald stóriðju og virkjanaframkvæmda eru síður en svo auðveld aðgerð, hvort heldur er fyrir stjórnvöld eða framkvæmdaraðila því þar er mörgum spurningum ósvarað: Hvaða tryggingu hefur hæstv. sitjandi iðnrh. fyrir því að mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar verði jákvætt? Mun ríkisstjórnin halda áfram að binda stóriðjuáætlanir við pólitískar ákvarðanir áður en mat á umhverfisáhrifum og arðsemismat er unnið? Telur hæstv. sitjandi iðnrh. að það verði óumdeilt að hleypa Jöklu í Lagarfljót? Hvernig verður mengun frá 360 eða 480 þús. tonna álveri í Reyðarfirði í svo þröngum firði? Og hvað þýðir rekstur svo stórs álvers fyrir fámenn byggðarlög?

Herra forseti. Mörgum spurningum er ósvarað hvað varðar hugmyndir sem fram hafa komið um stækkun fyrsta hluta álvers og virkjana við Kárahnjúka. Herra forseti, mig langar til að vekja athygli þingsins á því hvaða raddir umhverfisverndarsinna meðal stjórnarliða hafa fengið að heyrast í dag. Engin.

[16:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og kemur fram í umræðunni hefur Fljótsdalsvirkjun verið lengi í undirbúningi og virkjanaleyfi vegna hennar löngu verið afgreitt af Alþingi eins og kunnugt er. Hins vegar er það mál sem hér hefur verið til umræðu, þ.e. álver á Reyðarfirði í samvinnu við Norsk Hydro og aðra fjárfesta, mál sem hefur einungis verið til umfjöllunar í u.þ.b. tvö ár, og hér er ekki um neitt smámál að ræða. Verið er að tala um fjárfestingu upp á upp undir 200 milljarða kr. og allir hv. þm. hljóta að skilja að slíkt þarf verulegan undirbúning. Það sem mér finnst verst við umræðuna í dag er þetta tal um að hér sé eitthvert leikrit á ferðinni, hér sé blekkingartal og vísvitandi sé verið að draga menn á asnaeyrunum og blekkja fólk. Er það nú sæmandi hv. þm. að tala með þessum hætti? Lagðir hafa verið á milli 3 og 4 milljarðar í Fljótsdalsvirkjun. Var það allt gert í blekkingarskyni? Voru allir þeir sem stóðu að því í mörgum ríkisstjórnum að hugsa um blekkingu? Halda menn að þegar nú stendur til að leggja allt að því einn milljarð í rannsóknir við Kárahnjúkavirkjun sé það gert í blekkingarskyni og það sé líka gert í blekkingarskyni að fá fjárfestana til að eyða 200–400 millj. á næstunni í undirbúning álvers á Reyðarfirði? Telja menn að ríkisstjórnin hafi þau völd að hún geti fengið bæði innlenda og erlenda fjárfesta með sér í slíkan blekkingarleik? Nei, auðvitað ekki. Hér er um mikið alvörumál að ræða og það ber að ræða á málefnalegum grundvelli og það skulum við gera á næstu vikum, við skulum fá niðurstöðu í þetta mál. Hér er um mikið hagsmunamál Austurlands og þjóðarinnar að ræða og ég biðst undan því að menn tali um þetta jafngáleysislega og hér hefur veið gert og stjórnarandstöðunni væri nær að segja eitthvað um eigin hugmyndir. Ekki kom fram eitt orð um það hvað stjórnarandstaðan vildi gera annað en að breyta svæðinu í þjóðgarð og hleypa nægilega mörgum ferðamönnum inn á svæðið.

Ábúðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 291, nál. 721 og 900, brtt. 722, 723 og 901.

[16:21]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 721, 239. mál, um frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum, frá meiri hluta landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbrn. Umsagnir bárust um málið frá Sýslumannafélagi Íslands, Búnaðarsambandi Suðurlands, Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Skagfirðinga. Nefndin ræddi einnig brtt. frá landbrn. við 2. mgr. 4. gr. frv. ásamt greinargerð frá Stefáni Ingólfssyni verkfræðingi um mat á eignum á jörðum og matshandbók.

Í frv. er lagt til að samræma verðmat mannvirkja og endurbóta í eigu fráfarandi ábúenda á jörðum á öllu landinu. Í því skyni er m.a. gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi á skipan úttektarmanna og yfirmatsnefndar og settar viðmiðunarreglur um mat á eignum og endurbótum. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að samræma vinnubrögð á þessu sviði og bendir jafnframt á mikilvægi þess að úttektarmenn hafi sérþekkingu annars vegar á mati jarða og hins vegar á mati fasteigna.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Einar Oddur Kristjánsson og Sigríður Ingvarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Kristinn H. Gunnarsson, Einar Már Sigurðarson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón Guðmundsson, Jónína Bjartmarz og Guðmundur Árni Stefánsson.

[16:24]

Frsm. minni hluta landbn. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir nál. á þskj. 900, 239. mál, um frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum,

nr. 64/1976, með síðari breytingum. Það er frá minni hluta landbn. eða með undirritun minni og er svohljóðandi:

„Í frv. er lagt til að samræma verðmat mannvirkja og endurbóta í eigu fráfarandi ábúenda á jörðum á öllu landinu. Núverandi fyrirkomulag býður upp á mismunun á mati, sérstaklega þar sem engar samræmdar matsreglur liggja fyrir. Sömuleiðis er erfitt að halda uppi faglegri þjálfun matsmanna þegar fá verkefni koma til hvers sveitarfélags á hverju kjörtímabili. Samræmdar reglur eða matshandbók er því nauðsynleg hið allra fyrsta og mundi ein sér samræma að mestu mat á jörðum á landinu öllu við óbreytta skipan úttektarmanna og gæti því dugað til bráðabirgða þar til heildarendurskoðun ábúðarlaga væri lokið.

Gild rök geta verið fyrir því að stækka svæði úttektarmanna með tilliti til þjálfunar og samræmingar á mati. Í frv. er lagt til að landið verði eitt skoðunarsvæði og að landbrh. skipi tvo úttektarmenn, annan samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands og hinn án tilnefningar. Ekki kemur fram hvar úttektarmenn eigi að sitja.

Hægt er velja mismunandi leiðir til að stækka svæði úttektarmanna án þess að ganga svo langt að gera landið allt að einu úttektarsvæði. Ýmsir erfiðleikar geta verið því samfara, m.a. vegna þess að úttektir þarf að framkvæma allar á sama tíma eftir fardaga og á tilskildum tíma. Að auki gæti ferða- og dvalarkostnaður verið óhóflega mikill. Í 41. gr. núgildandi laga er kveðið á um greiðslur til úttektarmanna en í frv. er skilinn eftir opinn reikningur gagnvart hlutaðeigandi aðilum. Frv. mun leiða til aukins kostnaðar leigutaka við ábúðarskipti frá því sem nú er.

Mikilvægt er að um mat á jörðum sjái aðilar sem eru sérfróðir um landbúnað, byggingar og lögfræðileg atriði sem snerta ábúðaskipti. Þá verður að teljast stjórnsýslulega hæpið að landeigandi, sem er í flestum tilfellum ríkið, setji reglur um útreikning á raunvirði eigna og skipi jafnframt úttektarmenn og yfirmatsnefnd. Í þeim tilfellum þegar ríkið er ekki eignaraðili og leigusali jarða þurfa lögin að taka tillit til þess að sátt getur verið milli landeigenda og leigutaka um úttektir, mat og leigu á jörð. Ástæðulaust er þá að efna til óþarfa kostnaðar við ábúðarskiptin.

Til að stækka svæði úttektarmanna frá því sem nú er, án þess að ganga svo langt að gera landið allt að einu svæði, er hægt að setja úttektina undir svæði og ábyrgð sýslumannsembættanna. Þar kemur annar stjórnsýsluaðili að málinu. Fyrir hendi eru ákvæði um skipan úttektarmanna eða virðingagjörðarmanna á vegum sýslumannsumdæmanna sem sinna landskiptum og meta veðhæfni jarða. Með því að fela sýslumönnum umsjónina styrkjast verkefni og fagleg vinna á landsbyggðinni. Samkvæmt þessari svæðaskiptingu og faglegum kröfum yrðu úttektarmenn þrír, þ.e. einn tilnefndur af sýslumanni, einn af viðkomandi búnaðarsambandi og einn af samtökum sveitarfélaga á viðkomandi svæði og væri hann byggingafróður maður.

Landbrh. hefur skipað nefnd til að endurskoða lagaákvæði sem snerta jarðir. Mikilvægt er að hraða heildarendurskoðun ábúðarlaga, jarðalaga og laga um Jarðasjóð og getur þessi breyting á ábúðarlögum vel beðið hennar."

Með tilliti til nál. frá undirritaðri eru lagðar fram brtt. á þskj. 901. Það er brtt. við 2. gr. frv. um að greinin orðist svo:

„39. gr. laganna hljóðar svo:

Sýslumenn skulu hver í sínu umdæmi skipa þrjá úttektarmenn til fjögurra ára í senn til að framkvæma úttektir á jörðum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda við ábúðarlok. Skal einn tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi, einn tilnefndur af samtökum sveitarfélaga í viðkomandi umdæmi og skal hann vera sérfróður um byggingar og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt."

Við 6. gr. er brtt. um að greinin orðist svo:

„43. gr. laganna hljóðar svo:

Úttektarmenn fá þóknun fyrir starf sitt sem hér segir:

1. Fyrir úttekt á jörð skal greiðslan miðast við dagkaup, eins og það er reiknað í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni. Kostnaður þessi greiðist að jöfnu af fráfaranda og viðtakanda.

2. Fyrir aðrar virðingar- og skoðunargerðir ákveðst greiðslan á sama hátt, og ber þeim að greiða, sem krafist hefur virðingar- eða skoðunargerðar. Þó kosta landsdrottinn og leiguliði skoðun og virðing, sem gerð er skv. 16. gr., að hálfu hvor."

Við 7. gr. er gerð sú brtt. að 1. efnismgr. orðist svo:

„Landeigandi og fráfarandi ábúandi geta krafist yfirmats á eignum fráfarandi ábúanda samkvæmt lögum þessum innan fjögurra vikna frá dagsetning úttektar skv. 42. gr."

Ég mæli fyrir þessum brtt. þar sem ábúðarlögin eru í endurskoðun ásamt fleiri lögum sem snerta jarðir. Þessi lög skarast og mjög erfitt er að taka hluta laganna án þess að koma inn á önnur svið í öðrum lögum. Því tel ég mjög brýnt að endurskoðun sé hraðað og ekki verði tekið eins stórt skref eins og tillögur meiri hlutans gera ráð fyrir, a.m.k. ekki að sinni, heldur verði farin sú leið að fela sýslumannsembættunum að gera þetta því að þeir hafa nú þegar hluta af þessu mati hjá sér. Auk þess er mjög nauðsynlegt að lögfróðir menn komi að málinu og það ætti að skila sér í því að málaferli og klögumál eftir að úrskurður hefur átt sér stað eða matið er lagt fram verði færri ef lögfræðileg ágreiningsmál eru leyst áður en matið er lagt fram.

Við höfum því miður ekki staðið okkur hvað varðar skráningu landareigna og landamerkja. Þar er mjög mikil vinna fram undan hjá okkur og það hefur sýnt sig í þeim svæðaskipulögum sem farið hefur verið í að þetta er meiri háttar mál og kostnaðarsamt að koma landamerkjum á hreint. Þegar verið er að breyta skipulagslögum eins og hefur verið gert varðandi miðhálendið er enn frekar mikilvægt að landamerki séu óumdeild og það er hluti af þessu og þar kemur þessi lögfræðilega þekking og úrlestur á skjölum inn í vinnuna.

Þetta er helsta ástæðan fyrir breytingunni að taka ekki svona stórt skref. Fyrir utan það að halda þessu hjá sýslumannsembættunum höldum við vinnunni örugglega heima í héruðum en forðumst þá nálægð sem er í dag í minnstu sveitarfélögunum þegar fámenni, skyldleiki og kunningsskapur hlýtur að hafa áhrif á afstöðu manna til verðmætamats fyrir utan það að í dag er engin handbók eða leiðbeiningar fyrir úttektarmenn til að fara eftir.

Eins og frv. liggur fyrir, eins og kom fram í brtt., getur það verið opin bók hvað varðar gjaldtöku. Ég tel betra að hafa þetta bundnara í sjálfum lögunum en að vísa eingöngu til reglugerðar eins og til stendur. En það var góð samstaða í nefndinni. Mér leyfist að segja, það litla sem við ræddum þetta, að við hefðum þurft að fara betur yfir málið áður en við afgreiddum það út úr þinginu og út úr nefndinni. Ég get líka tekið þá sök á mig að hafa ekki óskað eftir betri tíma til að fara yfir þær ábendingar sem komu við frv. því að þær voru nokkrar og þó svo að við værum öll sammála í nefndinni um að það yrði að hverfa frá núverandi fyrirkomulagi. Við

vorum öll sammála um að stækka svæðin og að hver sveitarstjórn fyrir sig skipaði ekki tvo úttektarmenn. Um þetta vorum við sammála.

Ég met það svo að það hefði verið gott að við hefðum getað rætt betur um leiðir. Eins er mjög áríðandi að allri endurskoðun sem snerta ábúðarlögin verði mjög hraðað því að fram undan eru trúlega töluverðar breytingar hvað varðar búsetu fólks og þá vitna ég til nýrra sauðfjársamninga þar sem leyfð eru uppkaup hjá bændum á kvótum. Það mun örugglega hafa einhver áhrif á búsetu og hreyfingu fólks og má gera ráð fyrir því að fyrstu tvö árin sem samningurinn er í gildi verði meiri hreyfing á búsetu sauðfjárbænda en verið hefur. Þetta eru spádómar. En það er margt sem kallar á að hraða þessari vinnu og að ábúendur, leiguliðar, geti treyst faglegum vinnubrögðum við úttekt á jörðum. Þetta er mikið peningalegt spursmál og handbókin ein og sér mun örugglega leiða margt gott af sér.

[16:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil aðeins hnykkja á atriðum sem komu m.a. fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman varðandi frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, með síðari breytingum.

Ég vil benda á, eins og þar kemur fram, að landbrh. fer með meginhluta jarðeigna sem munu koma til kasta ábúðarlaganna og fer hann með þau mál fyrir hönd ríkisins. Það er hann sem setur reglugerðir um hvernig skuli meta eða virða eignir og mannvirki við ábúendaskipti. Það er hann sem skipar úttektarmennina samkvæmt þessu frv., það er hann sem skipar úttektarmennina til að gera úttektina og það er landbrh. sem skipar síðan líka yfirmatsnefndina ef mál fara þangað.

Þó vafalaust megi finna því stað að þetta sé ekki ólöglegt er það samt svo að þetta býður upp á stjórnsýslulega óvissu og gæti leitt til umræðu um hagsmunaárekstra. Ég tel að einmitt þessi atriði ætti að skoða mjög vandlega og sú tillaga sem kom fram hjá hv. þm. Þuríði Backman um að a.m.k. eitt annað stjórnsýslustig kæmi í þennan feril væri verulega til bóta. Enda þótt þetta sé í sjálfu sér ekki stórmál, og ekki er fjallað um margar jarðir árlega, þá eru þetta engu að síður eignir og oft og tíðum lífsstarf þess fólks sem á í hlut. Því er afar mikilvægt að öll sú vinna sé vönduð og hlutlaus.

Þá vil ég líka benda á stöðu jarða og ábúenda á jörðum sem eru ekki í ríkiseign en lúta samt ábúðarlögum en á því er ekki skýrt tekið í þessu frv. Þá er þeim gert skylt að fara í þennan úttektarferil þó svo landeigandi og leigjandi gætu orðið ásáttir um annað.

Það er líka ljóst að með frv. er opinn reikningur hvað kostnað varðar og alveg ljóst að hann mun aukast frá því sem nú er.

Ég vek athygli á þessu og tel reyndar, herra forseti, að eðlilegt væri að hv. landbn. skoðaði þetta frv. betur á milli 2. og 3. umr. og reyndi að sjá hvort ekki mætti þar enn betrumbæta.

[16:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Nú ber svo við að fulltrúar Samfylkingarinnar í landbn. eru hvorugur til staðar í dag. Annar er fjarverandi vegna veikindaforfalla og hinn er með fjarvist vegna trúnaðarstarfa á vegum þingsins en þeir hefðu væntanlega farið yfir málið eftir afgreiðslu þess úr nefnd og með tilliti til yfirferðar og afstöðu Samfylkingarinnar.

Ég vil hins vegar láta það koma fram að Samfylkingin styður afgreiðslu málsins. Eins og kom fram í ræðu frsm. fyrsta minni hluta sagði þingmaðurinn að öll nefndin væri sammála um að hverfa frá ríkjandi fyrirkomulagi. Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að í gildandi lögum eru engin ákvæði um hvaða sjónarmið úttektarmönnum og yfirmatsnefndum beri að leggja til grundvallar við mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúenda og fleiru er ábótavant sem varðar ríkjandi fyrirkomulag. Þess vegna hefur orðið misræmi í því hvernig eignir og endurbætur fráfarandi ábúenda hafa verið metnar við ábúðarlok og það getur hafa verið mismunandi hvernig þetta mat hefur verið eftir því hvar á landinu menn hafa búið. Því er mikilvægt að leitast verði við að ráða bót á þessu misræmi með því frv. sem hér liggur fyrir og það hefur orðið niðurstaða í því máli. Samfylkingin styður afgreiðslu málsins og stendur að brtt. sem koma fram af hálfu meiri hluta landbn. og fylgir nefndarmönnum sínum í landbn. í málinu.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (yfirstjórn). — Þskj. 614, nál. 769.

[16:44]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt, með síðari breytingu.

Hér er í rauninni um formbreytingu að ræða. Þetta er ekki efnisbreyting og þetta frv. er lagt fram í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að flytja mál er varðar álagningu og innheimtu erfðafjárskatts frá félmrn. til fjmrn. þar sem álagning og innheimta skattsins er ekki frábrugðin almennri tekjuöflun ríkissjóðs.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), síðari umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 324, nál. 785.

[16:47]

Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. um þáltill. um fullgildingu bráðabirgðasamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu, PLO, fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Stefán Hauk Jóhannesson skrifstofustjóra og Auðbjörgu Halldórsdóttur frá viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis. Þá bárust nefndinni skriflegar upplýsingar frá utanríkisráðuneyti um samskipti Íslands og palestínskra stjórnvalda.

Árið 1989 var samþykkt á Alþingi þál. þar sem meðal annars kemur fram að Alþingi telji að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu, PLO. Síðan

þá hafa Palestínumenn fengið sjálfsstjórn á ákveðnum svæðum og palestínsk stjórnvöld hlotið alþjóðlega viðurkenningu sem fulltrúar palestínsku þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Í janúar samþykktu íslensk stjórnvöld að yfirmaður sendinefndar palestínskra stjórnvalda í Ósló yrði einnig fulltrúi þeirra gagnvart Íslandi.

Með þál. er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á bráðabirgðasamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Frelsissamtaka Palestínu fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu, PLO.

Bráðabirgðasamningur sá við PLO sem hér um ræðir er hliðstæður öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA-ríkin hafa gert. Meginfyrirmyndir þessa samnings eru fríverslunarsamningar EFTA-ríkjanna við Eystrasaltsríkin sem undirritaðir voru í desember 1995 og fullgiltir í febrúar 1996. Samningurinn fjallar eins og aðrir fríverslunarsamningar m.a. um meðferð tolla og samsvarandi gjalda, upprunareglur og samvinnu um tollaframkvæmd, ríkiseinokun, tæknilegar reglugerðir, greiðslur og yfirfærslur, opinber innkaup, vernd hugverka, samkeppni fyrirtækja, ríkisaðstoð, undirboð og erfiðleika vegna greiðslujafnaðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Jónína Bjartmarz, Einar K. Guðfinnsson, Árni Ragnar Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálaeftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 232, nál. 774, brtt. 775.

[16:50]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit.

Nefndin fékk á sinn fund ýmsa aðila og sendi málið til umsagnar eins og gerð er grein fyrir í nál. Nefndin gerir tillögur um breytingar á frv. í 15 liðum sem fram koma á þskj. 775. Ég mun nú í örstuttu máli gera grein fyrir þessum tillögum.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um að ný grein bætist við frv. þar sem fyrst og fremst er um orðalagsbreytingu að ræða. Þar er hugtakanotkun gerð nákvæmari en er í lögunum.

Í öðru lagi er brtt. við 1. gr. frv. þar sem verið er að hnykkja á því að leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins fjalli um hóp eftirlitsskyldra aðila.

Í þriðja lið er tillaga um breytingu á 2. gr. frv. sem er þannig efnislega að eftirlitsskyldur aðili sem í hlut á skuli bera kostnað af starfi sérfræðings að hluta eða öllu leyti eftir mati Fjármálaeftirlitsins. Það sem þarna er á ferðinni er að ekki sé algilt að fyrirtækið sem í hlut á greiði viðkomandi sérfræðingi heldur sé þetta háð mati eftir því hvers eðlis starf viðkomandi sérfræðings er.

Í fjórða lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 3. gr. frv. Þar er einungis um að ræða hugtakabreytingu.

Í fimmta lið brtt. er gert ráð fyrir því að í stað 4. og 5. gr. frv. komi ný grein er orðist eins og segir í brtt. Tilgangurinn er að sameina ákvæði um dagsektir og stjórnvaldssektir eins og þau eru í frv., lækka fjárhæðirnar frá því sem var í frv. og eins að fella út ákvæði um stjórnvaldssektir sem slíkar en taka upp ákvæði um févíti. Ákvæði um févíti eru til í lögum um kauphallir og þótti rétt að Fjármálaeftirlitið hefði svipaðar heimildir eða sambærilegar og þar eru. Í lögum um kauphallir er kveðið á um heimildir slíkra fyrirtækja til að leggja févíti á aðila.

Í sjötta lið brtt. eru gerð tillaga um breytingu á 6. gr. frv. þar sem tekið er á þagnarskylduákvæðum. Þar er gert ráð fyrir því að við bætist ný málsgrein er verði 2. efnismgr., svohljóðandi:

„Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu."

Þetta er ákveðin niðurstaða af hálfu nefndarinnar varðandi upplýsingar sem eftirlitsskyldir aðilar láta af hendi til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið hefur lagt á það mikla áherslu að ákveðinn trúnaður gildi gagnvart eftirlitsskyldum aðilum þegar þeir hafa látið upplýsingar af hendi og að ekki gangi að Fjármálaeftirliti sé skylt að afhenda trúnaðarupplýsingar sem eftirlitsskyldir aðilar búa yfir og afhenda Fjármálaeftirlitinu í góðri trú. Slíkt fyrirkomulag væri í alla staði mjög óeðlilegt.

Enn fremur eru orðalagsbreytingar í 2. efnismgr. 6. gr. frv. Síðan er nýtt orðalag í 3. efnismgr. sem verður 4. efnismgr.

Í sjöunda lið brtt. er lagt til að inn komi grein í lögin þar sem kveðið yrði á um að Fjármálaeftirlitið skuli gefa viðskrh. skýrslu um starfsemi sína fyrir 15. sept. ár hvert og í framhaldi af því skuli viðskrh. gera Alþingi grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Slík skýrsla viðskrh. til Alþingis getur verið hluti af grg. með frv. um breytingu á greiðslum til Fjármálaeftirlitsins en um þær greiðslur gilda sérstök lög sem samþykkt voru hér á Alþingi fyrir síðustu áramót.

Í áttunda lið brtt. eru gerðar tillögur til breytingar á 8. gr. frv. þar sem fjallað er um kærunefnd. Þar er fyrst og fremst kveðið á um að 120 þús. kærugjald, sem kveðið er á um í lögunum, verði fellt niður. Einnig er lagt til að taka upp átta vikna frest fyrir kærunefnd til þess að skila niðurstöðu.

Í níunda lið brtt. er gerð tillaga um að við 2. málslið 1. efnismgr. 9. gr. bætist orðin „að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits skyldrar starfsemi". Þetta fjallar um heimildir Fjármálaeftirlitsins til eftirlits með dótturfyrirtækjum eftirlitsskyldra fyrirtækja. Það er nauðsynlegt að Fjármálaeftirlitið geti haft eftirlit með þeim að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsskyldrar starfsemi. Meiningin er ekki að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með þessum fyrirtækjum að öðru leyti, slíkt mundi einungis vera að vekja upp falskar vonir um að starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld njóti einhvers konar eftirlits af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Enn fremur er orðalagsbreyting í þessum lið.

Í 10.–12. lið brtt. er verið að gera tillögur um orðalagsbreytingar.

Í 13. lið brtt. er gert ráð fyrir tillögu til breytinga á IV. kafla frv., þ.e. að það bætist ný málsgrein við 43. gr. vátryggingalaganna. Hún fjallar um það að stjórn vátryggingafélags skuli setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti félagsins, stjórnar þess og starfsmanna og að þessar verklagsreglurnar skuli staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.

Hér er sem sé verið að taka upp í rekstri vátryggingafélaga svipaðar starfsskyldur og gilda í fjármálafyrirtækjum.

Í 14. lið brtt. er orðalagsbreyting.

Í 15. lið brtt. er sams konar tillaga um setningu verklagsreglna hjá lífeyrissjóðum og lagt er til að gildi fyrir vátryggingafélög, þ.e. að það eigi að setja verklagsreglur um verðbréfaviðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og starfsmanna og að þessar verklagsreglur skuli hljóta staðfestingu Fjármálaeftirlitsins.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson rita undir þetta nál. með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja brtt. við málið. Að öðru leyti stendur nefndin að þessu nál. og þessum brtt. og leggur til að málið verði samþykkt með þeim brtt. sem hér hafa verið kynntar.

[17:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta frv. fékk mjög góða umfjöllun í hv. efh.- og viðskn. Það er aðeins eitt sem ég var ekkert sérstaklega hamingjusamur með og það eru þessi févíti. Þau geta numið frá 10 þús. kr. og upp í 2 milljónir fyrir einstakt tilfelli. Þar er verið að sekta menn eftir á og ég er á móti því að Fjármálaeftirlitið geti lagt á slíkar sektir. Ég er bara yfirleitt á móti því að aðrir en dómstólar leggi á sektir.

Auk þess hefur Fjármálaeftirlitið möguleika á að setja á dagsektir, þ.e. það getur sagt að ef ákveðin skilyrði eru ekki uppfyllt fyrir ákveðinn tíma þá komi til dagsektir. Það er miklu eðlilegri framkvæmd að viðkomandi fyrirtæki geti brugðist við með því að lagfæra það sem úrskeiðis hefur farið en að það fái eftir á févíti.

Þetta er nú það eina sem ég hafði við frv. að athuga en ég styð það að öllu leyti.

[17:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á haustdögum lauk Samfylkingin vinnu sinni við þau mál sem hún lagði áherslu á í upphafi þings og kynnti sem helstu málin sem hún vildi sjá að næðu fram að ganga og taldi mjög mikilvæg. Þetta voru frv. um Fjármálaeftirlitið, frv. um Samkeppnisstofnun, frv. um siðareglur á fjármálamarkaði og um kauphallir.

Það var engin tilviljun að þetta voru fjögur mál sem þarna tengjast vegna þess að því hefur verið ábótavant að fylgja eftir mjög breyttum fjármálamarkaði. Þeim lögum sem voru sett í upphafi var orðið ábótavant og á það lögðum við mikla áherslu þegar við kynntum niðurstöðu vinnu okkar við þessi mál.

Þess vegna er það mjög ánægjulegt að náðst hafi samstaða um það frv. sem síðar kom fram frá ríkisstjórninni um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit og að mjög margt liggur saman í meginatriðum þess frv. og þá þeirra laga sem verða sett hér frá Alþingi á grundvelli frv. og á þeim viðhorfum sem Samfylkingin setti fram á fyrstu dögum þingsins með þessari málafernu sinni. Það sem við settum fram þarna byggir á því viðhorfi Samfylkingarinnar að nýta markaðskerfið til þess að byggja undir öflugt velferðarþjóðfélag sem Samfylkingin stendur vörð um. Það er alveg ljóst eftir því sem við skoðum þessi mál að mörgu var orðið ábótavant í þessum efnum.

Það átti líka eftir að koma í ljós, virðulegi forseti, síðar þegar við stóðum frammi fyrir einkavæðingu m.a. bankanna og miklu kappi sem hljóp í hlutabréfaviðskipti að menn voru svo vanbúnir skynsamlegum og réttlátum vinnubrögðum að þeir féllu í freistni til innherjaviðskipta og enn á ný var það undirstrikað hversu mikilvægt það væri að standa vel að málum þannig að fólk gæti treyst því að þeir sem vissu um bæði verðmæti eða breytingar á verðmætum fyrirtækja væru ekki að nýta sér þá vitneskju til þess að maka krókinn sjálfir.

Það er alveg ljóst að umræðan á Alþingi í vetur hefur leitt í ljós að miklu var ábótavant í þessum efnum og að mikilvægt er að ná saman um að breyta lögum og styrkja þær stofnanir sem ég hef hér vikið að. Og nú er verið að afgreiða þetta frv. um fjármálaeftirlit og að styrkja það.

Eitt af því sem okkur í Samfylkingunni fannst mjög mikilvægt þegar við vorum að fara yfir þessi mál var að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins og úrræði, heimildir til að kalla eftir upplýsingum og þau úrræði sem Fjármálaeftirlitið þarf til bæði að knýja á um upplýsingar og gera kröfur um úrbætur á grundvelli þeirra krafna og tilmæla sem sett höfðu verið fram. Það voru líka viðhorf okkar að styrkja ætti heimildir Fjármálaeftirlitsins til að beita sektum. Þannig hefur verið staðið að málum í nágrannalöndum okkar og mikilvægt er fyrir okkur að standa þannig að málum að Fjármálaeftirlitið gæti fylgt eftir kröfum sínum og sett þær þannig fram að það væri vitað að Fjármálaeftirlitið gæti fylgt þeim eftir og að ekki yrði staðar numið. Þess vegna er mjög mikilvægt líka að verklagsreglur séu skýrar og eftirlit tryggt með þeim hætti að unnt sé að framfylgja því.

En af því að Samfylkingin flutti þessa málafernu í upphafi þings og ríkisstjórnin kom fram með frv. skömmu síðar, m.a. um Fjármálaeftirlitið þá vil ég spyrja formann efh.- og viðskn. hvernig þessi mál voru unnin og hvort það sé ekki ljóst að farið hafi verið yfir bæði málin saman og hvernig áherslur Samfylkingarinnar í því frv. sem hún flutti um fjármálaeftirlit hafa ratað inn í þetta nál. og þær brtt. sem hafa verið unnar sameiginlega í efh.- og viðskn. Ég tek það sérstaklega fram að þó að það sé með fyrirvara þá standa bæði Jóhanna Sigurðardóttir og Margrét Frímannsdóttir að þessu nál. En það er mjög mikilvægt að fá það fram frá formanni efh.- og viðskn. hvernig málið var unnið og að hvaða leyti tillit var tekið til okkar tillagna í þessu stóra og þýðingarmikla máli.

[17:09]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má segja að í umfjöllun nefndarinnar hafi bæði þessi mál verið opin þegar verið var að fjalla um stjórnarfrv. Efnislega fjallar kannski frv. Samfylkingarinnar mikið um annars vegar eftirlitsheimildir og sektarákvæði. Í stjórnarfrv. var verið að styrkja eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins og enn fremur að gefa eftirlitinu möguleika á að skipa sérfræðinga til athugunar á tilteknum þáttum. Eins fær eftirlitið ríkari heimildir til þess að gera sérstakar athuganir á starfsstað. Þau mál gengu því mjög í sömu átt.

Ég gat áðan í framsögu minni um nýtt ákvæði um févíti sem er í stjórnarfrv. sem kemur til móts við hugmyndir um auknar sektarheimildir. Nefndin dró reyndar aðeins úr heimildum sem fyrirhugað var að setja samkvæmt frv. en ég hygg að við þetta geti allir unað.

Síðan vil ég segja að nefndin gerir brtt. um sérstakar verklagsreglur sem vátryggingafélög og lífeyrissjóðir eiga að setja. Það var mjög í anda þess sem Samfylkingin ræddi um í meðferð málsins. Síðast en ekki síst er núna gert ráð fyrir því að viðskrh. leggi á þingi árlega fram skýrslu um starfsemi eftirlitsins og það var atriði sem þingmenn Samfylkingarinnar í nefndinni lögðu áherslu á.

[17:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, fyrir þessar upplýsingar. Mér finnst það skipta mjög miklu máli að þegar fram hafa verið lögð ítarleg og vel unnin frv. eins og þau sem Samfylkingin vann á haustdögum og lagði inn sem fyrstu mál sín í upphafi þings, þá séu þau skoðuð samhliða og ég met það að bæði málin hafa verið opin þegar um þau var fjallað í nefndinni.

Ég tek eftir þessu nýja ákvæði um févíti og líka því að dregið var úr, að því er mér skilst, fjárhæðum. Við töldum að þarna þyrftu að vera öflug úrræði og væntanlega mun afstaða okkar í því efni koma betur fram hjá talsmanni Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn., Jóhönnu Sigurðardóttur. En mér finnst mjög mikilvægt að brtt. kom fram um verklagsreglurnar og að skýrsla verði lögð fram um störf Fjármálaeftirlitsins.

Þá get ég auðvitað ekki stillt mig um að rifja það upp að afskaplega var það mikilvægt innlegg í bæði eftirlit og umfjöllun um stöðu á samkeppnismála- og fyrirtækjamarkaði þegar Samkeppnisstofnun skilaði stóru skýrslunni sinni um rekstrar- og eignartengsl á sínum tíma, og hvað það er mikið umhugsunarefni fyrir okkur á Alþingi að fyrirmæli skuli þurfa að koma héðan hverju sinni og að ekkert skuli hafa gerst í þeim efnum í sex ár og að nú skuli það taka kannski eitt eða tvö ár í viðbót að fá slíka skýrslu. Ég held að það sé eitt öflugasta tæki okkar til að vera með öflugt eftirlit á markaði og fylgjast með hvernig markaðurinn er að þróast.

Ég þakka fyrir þessar upplýsingar.

[17:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er tekið til 2. umr. frv. til laga um breytingu á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, en það frv. er mjög mikilvægt til þess að ná utan um það að styrkja eins og kostur er leikreglur á fjármálamarkaðnum og styrkja eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins með eftirlitsskyldum aðilum.

Herra forseti. Ég tel að frv. hafi batnað mjög í meðförum hv. efh.- og viðskn. að flestu leyti þó að ég lýsi óánægju minni með að þau ákvæði sem fram koma í 4. og 5. gr., sem eru þau úrræði sem Fjármálaeftirlitið hefur þegar ekki er farið að tilmælum þess um úrbætur, eru veikt verulega. En ýmis ákvæði hafa þó komið fram í skoðun nefndarinnar sem hafa bætt frv. mjög.

Hér voru tveir síðustu ræðumenn að ræða meðferð efh.- og viðskn. á því frv. sem Samfylkingin lagði fram um sama efni og ég verð að segja að mér finnst frv. Samfylkingarinnar hafa fengið ágætis umfjöllun í efh.- og viðskn. og þakka fyrir það. Eins og kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar hefur að sumu leyti verið tekið tillit til þeirra atriða sem Samfylkingin lagði til. Lögð var vinna í það af hálfu nefndarinnar og nefndarritara að útbúa minnisblað þar sem mismunurinn á þessum tveimur frv., stjfrv. og frv. Samfylkingarinnar, var tekinn saman.

Ef ég fer aðeins yfir það sem út af stendur í því efni, þá er það í fyrsta lagi að í frv. Samfylkingarinnar var lagt til að kveðið verði skýrar á um stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins og lögð áhersla á að Fjármálaeftirlitið sé sjálfstæð og óháð ríkisstofnun sem lúti sérstakri stjórn.

Á þessu er ekki tekið í frv. en ég tel afar mikilvægt að allt sé gert og líka í lögum til að undirstrika sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins sem hefur auðvitað afar mikla þýðingu og að sú stofnun lúti ekki í einu eða neinu boðvaldi ráðherra. Ég lít reyndar svo á að þó að það standi ekki beinum orðum í frv. þá sé það skilningur allra að sjálfstæði stofnunarinnar sé engu að síður með þeim hætti að stofnunin lúti ekki boðvaldi ráðherra.

Við höfum líka lagt til að viðskrh. verði skylt að gefa Alþingi skýrslu á hverju ári um störf Fjármálaeftirlitsins. Á því er tekið í þeirri brtt. sem nefndin flytur og þar er tiltekið að ráðherra geti annaðhvort lagt fram skýrslu um starfsemi Fjármálaeftirlitsins eða látið yfirlit um starfsemi þess fylgja með frv. til breytinga á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem gert er ráð fyrir að þurfi að breyta á hverju haustþingi. Ég tel þetta ákvæði afar mikilvægt. Þetta gefur þingmönnum tilefni og tækifæri til að ræða almennt um fjármálamarkaðinn, stöðu hans og eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins og að fara yfir það hvort einhverju þarf að breyta í lögum eða reglugerð til þess að styrkja enn frekar stoðir eftirlitsins.

Síðan vorum við að ýmsu leyti með önnur ákvæði sem lúta að þeim tækjum sem eftirlitið hefur ef eftirlitsskyldir aðilar verða ekki við tilmælum um úrbætur og ætla ég aðeins að fara nánar inn á það í máli mínu á eftir.

Ég ritaði undir nál. ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur með ákveðnum fyrirvara. Í rauninni má segja að þeir fyrirvarar séu þríþættir, þ.e. þeir lúta að þremur efnisatriðum í frv. Í fyrsta lagi, eins og ég nefndi áðan, hefðum við viljað sjá tekið á sjálfstæði stofnunarinnar með óyggjandi hætti í frv. og í lögunum.

Í annan stað finnst mér það síður en svo til bóta að breyta þeim ákvæðum sem lúta að dagsektum og stjórnvaldssektum og draga verulega úr þeim, en í frv. var lagt til að dagsektirnar gætu numið frá 50 þús. kr. til 5 millj. kr. á dag og að heimilt væri að ákveða það sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila og stjórnvaldssektir, sem mér fannst margir af hinum eftirlitsskyldu aðilum hafa ýmislegt við að athuga og höfðu raunar allt á hornum sér í því efni, gátu numið samkvæmt frv. 50 þús. kr. til 10 millj. kr. En samkvæmt þeim brtt. sem hér eru lagðar til er verulega dregið úr þessum fjárhæðum að beiðni eftirlitsskyldu aðilanna og það finnst mér slæmt. Engu að síður er þetta áfangi á þeirri leið að styrkja Fjármálaeftirlitið þannig að þeir hafi þau tæki sem til þarf. En við skulum sjá hvernig þessi ákvæði reynast og það gefst þá tækifæri síðar til að breyta þeim og herða á þessum atriðum.

Þriðja atriðið sem ég vildi nefna varðar athugasemdir sem fram hafa komið hjá Blaðamannafélagi Íslands og snertir þagnarskylduákvæðið eða í raun og sanni aðgang að gögnum og upplýsingum hjá Fjármálaeftirlitinu. Ég get tekið undir það sem fram kemur hjá Blaðamannafélagi Íslands um rökstuðning þeirra fyrir því að verið sé að hefta að verulegu leyti aðgang þeirra að Fjármálaeftirlitinu, eðlilegan aðgang að mínu viti. Ég vil vitna, herra forseti, í umsögn Blaðamannafélagsins. Þeir hjá félaginu vitna í það að felld er brott í frv. — reyndar var gerð tillaga um það, herra forseti, að fella út ákveðna tilvísunarsetningu sem var í upplýsingalögunum sem þeir töldu veikja verulega þann kafla upplýsingalaganna sem sneri að gögnum um einka- og fjárhagsleg málefni. Efh.- og viðskn. ákvað að setja þær tilvísanir aftur inn í upplýsingalögin. Þau standa því óbreytt að því er þetta varðar, en engu að síður var það niðurstaða meiri hluta efh.- og viðskn. að taka inn ákvæði sem lýtur að því að þagnarskylduákvæðið í lögum um viðskiptabanka framlengist með þeirri brtt. sem hér er lögð til til Fjármálaeftirlitsins.

Um þetta segir Blaðamannafélag Íslands, með leyfi forseta:

„Í 5. grein upplýsingalaganna, þar sem fjallað er um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna, segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gildi um aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila." — Þetta er auðvitað lykilsetning, herra forseti, „sömu takmarkanir gildi um aðgang að gögnum er varðar mikilvæg fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila". Enn fremur segir í umsögn Blaðamannafélagsins: „Bí telur að með þessu ákvæði sé staðinn fullur vörður um þá hagsmuni sem ætlunin er að vernda með 6. grein þess frumvarps sem efh.- og viðskn. hefur til meðferðar. Það er mikilvægt grundvallaratriði upplýsingalaga að í hverju máli fari fram hagsmunamat þar sem hinir tilgreindu hagsmunir, sem njóta verndar samkvæmt 5. grein (eða vegna almannahagsmuna samkvæmt 6. grein), eru vegnir saman við þá almannahagsmuni sem upplýsingarétturinn stendur vörð um. Mat á þessum hagsmunum annast úrskurðarnefnd um upplýsingamál og má skjóta úrskurðum hennar til dómstóla. 6. grein frumvarpsins virðist ætlað að breyta í grundvallaratriðum þessu ferli þannig að Fjármálaeftirlitið megi einungis láta upplýsingar í té á grundvelli úrskurðar dómara og þá einungis í þágu opinberrar rannsóknar eða við meðferð dómsmáls."

Ég tel að ákvæði upplýsingalaganna séu nægjanleg til að vernda þá hagsmuni sem snúa að viðskiptahagsmunum fyrirtækja eða annarra lögaðila. Ef uppi er álitaefni í þeim efnum má með þessu ákvæði, eins og það er í upplýsingalögunum, skjóta ágreiningnum til úrskurðarnefndar sem vegur og metur þá almannahagsmuni sem þarna er um að ræða, og sem upplýsingarétturinn á að standa vörð um annars vegar og síðan viðskiptahagsmunir fyrirtækja og annarra lögaðila.

Herra forseti. Ég mun því ekki greiða atkvæði með þeirri brtt. sem meiri hluti hv. efh.- og viðskn. leggur til varðandi það að framlengja þagnarskylduákvæði viðskiptabankalaganna yfir á Fjármálaeftirlitið, heldur tel ég að ákvæði upplýsingalaganna séu nægilega trygg og með þeim sama rökstuðningi eins og Blaðamannafélag Íslands teflir fram í umsögn sinni.

Að öðru leyti, herra forseti, er ég í það heila tekið bærilega sátt við frv. sem kemur hér til umræðu eftir meðferð efh.- og viðskn. á málinu og tel að með því frv., sem væntanlega verður fljótlega að lögum, hafi staða Fjármálaeftirlitsins styrkst til muna og að hún sé eftir þessa lagasetningu miklu færari um að taka á álitaefnum sem upp koma á fjármálamarkaðnum.

[17:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar þau mál sem þetta frv. tekur til komu til umræðu á þinginu í haust hafði ég þau orð að það væri mjög líklegt, ég teldi mjög miklar líkur á því að unnt yrði að skapa breiða pólitíska samstöðu um breytingar á lögum um fjármálaeftirlit í landinu. Samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir hefur það í stórum dráttum tekist. Enda er það svo að allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. skrifa undir nál., þrír að vísu með fyrirvara. Ég er einn þeirra sem skrifa undir nál. með fyrirvara og ætla í örstuttu máli að gera grein fyrir því hvers vegna ég geri það. Fyrst hvers vegna ég styð þetta frv.

Frv. eða lögin, þegar þau koma til sögunnar, munu styrkja starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er betur tryggður aðgangur að gögnum og upplýsingum og eykur möguleika Fjármálaeftirlitsins á því að gegna eftirlitshlutverki sínu.

Síðan um þau atriði sem ég hef miklar efasemdir um, þá er það í fyrsta lagi hvað snertir févíti og dagsektir. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti ákvarðað dagsektir sem geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. en að auki getur Fjármálaeftirlitið lagt févíti á eftirlitsskylda aðila sem brjóta gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu, og geta þær sektir eða févíti numið frá 10 þús. kr. til 2 millj. kr. Slíkum ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins er unnt að vísa til kærunefndar, úrskurðarnefnar, sem skipuð er af Hæstarétti eða tilnefnt er í samkvæmt ábendingum frá Hæstarétti, því það mun vera ráðherra sem gengur frá skipuninni. Sú úrskurðarnefnd getur síðan hnekkt ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins. En þrátt fyrir þennan fyrirvara hef ég mjög miklar efasemdir um að framkvæmdarvaldinu, eða framkvæmdaraðila eins og Fjármálaeftirlitinu, sé fengin sú heimild í hendur að leggja á sektir. Að þessu leyti tek ég undir gagnrýni sem kom fram í umræðunni á undan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

Önnur atriði sem ég vil gera athugasemdir við snerta upplýsingaskylduna. Þar eru gerðar breytingar frá því fyrirkomulagi sem nú er við lýði og er þær að finna í 6. gr. frv. og brtt. sem síðar komu fram við þá grein. En þar segir, með leyfi forseta:

„Upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt lögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila eru háðar sambærilegri þagnarskyldu þegar þær hafa verið afhentar Fjármálaeftirlitinu."

Þannig er komist að orði í brtt.

Um hvað snýst þetta mál? Jú, við höfum hér dæmin fyrir okkur. Í haust komu upp tvö dæmi þar sem fréttamenn, *í öðru tilvikinu fréttamaður Morgunblaðsins kærði synjun* Fjármálaeftirlitsins um að veita honum aðgang að öllum bréfum sem farið höfðu á milli Fjármálaeftirlitsins og fyrirtækisins Orca SA frá því fyrr um haustið. Og í úrskurði kærunefndarinnar var þessari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hnekkt og því gert að veita blaðamanni Morgunblaðsins umbeðnar upplýsingar.

Hitt tilvikið sem ég vildi vitna í snertir Lífeyrissjóð Vestfirðinga og Lífeyrissjóð Vestmannaeyja vegna fjárfestinga þeirra í hlutabréfum fyrirtækja í heimabyggð sjóðanna. Að þessu sinni var það Jón Birgir Pétursson, blaðamaður á DV, sem kærði til úrskurðarnefndar synjun Fjármálaeftirlitsins um umbeðnar upplýsingar.

Á hvaða grundvelli kvað kærunefndin upp sinn úrskurð? Hún kvað sinn úrskurð upp á grundvelli upplýsingalaga sem *taka til opinberrar stjórnsýslu, opinberra stofnana á borð við* Fjármálaeftirlitið. Það gilda mun rýmri reglur eða strangari ákvæði, eftir því hvernig menn vilja líta á málin, gagnvart opinberum aðilum en einkaaðilum um upplýsingaskyldu. Og það var á grundvelli þess sem tókst að knýja Fjármálaeftirlitið til að láta umbeðnar upplýsingar af hendi.

Núna er sú breyting gerð á að það er sett inn í lögin ákvæði þess efnis að Fjármálaeftirlitið skuli háð þagnarskyldu þrátt fyrir að stofnunin sé opinber stofnun sem heyrir undir upplýsingalög. Þetta er breytingin. Það eru ákveðin rök fyrir þessari breytingu, vissulega, að sömu lögmál skuli gilda um

upplýsingar hvar sem þær eru í kerfinu, þ.e. hvar sem þær eru í kerfinu þá beri sömu lög að gilda um upplýsingarnar.

Þegar stofnanir eða fyrirtæki sem sýsla með peninga eru kærðar til Fjármálaeftirlitsins þá er það hins vegar iðulega svo að þær eru jafnframt í opinberri umræðu og ég er almennt fylgjandi því sjónarmiði að sú umræða eigi að vera eins opin og gerlegt er. Ég held að það sé óhætt að segja að í báðum þeim tilvikum sem ég vitnaði til varðandi Orca-hópinn annars vegar og síðan lífeyrissjóðina hins vegar þá hafi það verið til góðs að fá þessi mál upp á yfirborðið og gögnin reidd fram.

Hins vegar finnst mér það engan veginn einhlítt mál hvað beri að gera í þessu. Mér finnst það engan vegin einhlítt. Ég hef hins vegar ákveðið að taka afstöðu með Blaðamannafélaginu í þessu máli og styðja þeirra sjónarmið einfaldlega vegna þess að ég er því fylgjandi að upplýsingar séu allar uppi á borði og að sem allra minnst leynd sé yfir þeim, ekki síst þegar um er að ræða stór fjárfestingarfyrirtæki og fjárreiður þeirra.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi koma á framfæri í tengslum við þessa umræðu. Ég hef miklar efasemdir og geri fyrirvara varðandi dagsektir og févíti og einnig varðandi þessa grein sem lýtur að upplýsingaskyldunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:35]

Út af dagskrá voru tekin 2., 7. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 18:04.

---

88. FUNDUR

mánudaginn 3. apríl,
að loknum 87. fundi.

Dagskrá:

1. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 291, nál. 721 og 900, brtt. 722 og 723. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Erfðafjárskattur, stjfrv., 360. mál, þskj. 614, nál. 769. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), stjtill., 257. mál, þskj. 324, nál. 785. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 199. mál, þskj. 232, nál. 774, brtt. 775. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Vaxtalög, frv., 491. mál, þskj. 773. — 1. umr.

6. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 549. mál, þskj. 851. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

[18:07]

Útbýting þingskjala:

Losun mengandi lofttegunda, 580. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 882.

Samráð stjórnvalda við frjáls félagasamtök, 588. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 890.

Ábúðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 291, nál. 721 og 900, brtt. 722, 723 og 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Brtt. 723,1 felld með 22:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, PBj, VÞV.

nei: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, ÓI, PHB, SAÞ, SF, SP, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, EOK, JB, KolH, RG, SJóh, VH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KA, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 722,1 samþ. með 35 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, JB, KA, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 723,2 felld með 25:1 atkv. og sögðu

já: PBj.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, ÓI, PHB, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG.

9 þm. (ÁSJ, EOK, JB, KolH, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KA, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 901,1 kölluð aftur til 3. umr.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, JB, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (JB, PBj) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 722,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 901,2 kölluð aftur til 3. umr.

6. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (JB, PBj) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 901,3 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 723,3 felld með 24:2 atkv. og sögðu
já: ÍGP, PBj.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, ÓI, PHB, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG.
9 þm. (ÁSJ, EOK, JB, KolH, RG, SJóh, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KA, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 722,3 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb.
5 þm. (ÁSJ, KolH, PBj, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 722,4 (ný 8. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 360. mál (yfirstjórn). — Þskj. 614, nál. 769.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PBj, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (BBj) greiddi ekki atkv.
28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Bráðabirgðasamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO), frh. síðari umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 324, nál. 785.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PBj) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 905).

Fjármálaeftirlit, frh. 2. umr.

Stjfrv., 199. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 232, nál. 774, brtt. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]

Brtt. 775,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, PBj, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þegar á heildina er litið er hér mikið framfaramál á ferðinni. Verið er að styrkja stöðu Fjármálaeftirlitsins í fjármálalífinu og þetta er í anda þess sem fulltrúar allra flokka á Alþingi töluðu fyrir í haust og vildu skapa um þverpólitíska sátt. Það hefur í grófum dráttum tekist með þessu frv. Ég styð frv. en þó með fyrirvara í tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi er ég andvígur því að Fjármálaeftirlitinu sé veitt heimild til að setja á dagsektir frá 10 þús. kr. upp í eina milljón á degi hverjum eða févíti allt að tveimur millj. kr. Ég tel að það sé hlutverk dómstóla en ekki framkvæmdaraðila á borð við Fjármálaeftirlitið að kveða upp slíka dóma.

Í öðru lagi er ég andvígur því að þrengja upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins gagnvart fjölmiðlum eins og gert er með 6. gr. frv. Ég og aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getum hvorki stutt 5. gr. né 6. gr. frv.

Brtt. 775,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 775,3 samþ. með 36 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 775,4 samþ. með 36 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, ÓI, PBj, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 775,5 (ný grein, verður 5. gr., 4.–5. gr. frv. falli brott) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, PBj, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KA, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 775,6 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KA, KF, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, PBj, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KA, KF, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, PBj, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PP, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 775,7 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 775,8–15 samþ. með 36 shlj. atkv.

8.–17. gr. (verða 9.–21. gr.), svo breyttar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:27]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Vaxtalög, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 491. mál. — Þskj. 773.

[18:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Það er efh.- og viðskn. sem flytur þetta frv. Frv. er þrjár greinar.

1. gr. felst í því að Seðlabanki Íslands skuli setja nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Sú grein er ekki efnisleg breyting frá því fyrirkomulagi sem nú er.

Í 2. gr. frv. er fjallað um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana og geti beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir viðurlögum á þann hátt sem mælt er fyrir í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi ef ekki er farið eftir reglunum. Í þessari grein er verið að skipta um hlutverk þannig að í stað Seðlabankans, sem hefur þetta hlutverk samkvæmt núgildandi lögum, verði Fjármálaeftirlitinu falið hlutverkið.

Í 3. gr. segir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Hæstv. forseti. Frv. þetta er flutt í tengslum við þær breytingar sem verið er að gera á lögum um fjármálaeftirlit og það er tillaga um að frv. fari beint til 2. umr. þar sem efh.- og viðskn. flytur það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 1. umr.

Stjfrv., 549. mál. — Þskj. 851.

[18:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls mín þakka þingflokksformönnum fyrir að hafa greitt fyrir því að þetta mál gæti komið á dagskrá í dag með afbrigðum og sömuleiðis vil ég þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir þann aukafund sem fyrirhugaður er í kvöld vegna þessa máls. Ástæðan fyrir því að málið er tekið fyrir með þessum hætti er sú, eins og málið ber með sér, að það er þess eðlis að það kann að hafa veruleg áhrif úti á markaðnum, hafa áhrif á viðskipti á því sviði sem það fjallar um. Þess vegna er eðlilegt að það fái greiða afgreiðslu í þinginu þó að sjálfsögðu sé ekki hægt að fara fram á að allir þingmenn styðji efni málsins. Ég þakka fyrir þá fyrirgreiðslu sem ég hef fengið í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í frv. er lögð til breyting á vörugjaldi af fólksbifreiðum, vélsleðum, bifreiðum til bílaleigna og af bifreiðum til fatlaðra sem eru sérstaklega útbúnar hjólastólalyftu. Meginbreyting frv. felst í því að lagt er til að flokkum vörugjalds á fólksbifreiðar verði fækkað úr þremur í tvo. Þannig verði lagt 30% vörugjald á allar fólksbifreiðar með minni vélar en 2.000 rúmsentímetra en 45% vörugjald á bifreiðar með stærri vélar en það. Samkvæmt þessu verður ekki lengur gerður greinarmunur á vörugjaldi eftir því hvort um bensín- eða dísilbifreiðar er að ræða og má því segja að í raun sé vörugjaldsflokkum fækkað úr sex í tvo.

Samkvæmt gildandi lögum er vörugjald á fólksbifreiðar nú 30, 40 eða 65% eftir vélarstærð. Mörkin eru mismunandi eftir því hvort um bensín- eða dísilbifreiðar er að ræða. Undanfarin ár hefur vörugjald af fólksbifreiðum verið lækkað í áföngum og gjaldflokkum fækkað. Eitt meginmarkmið með þeim breytingum hefur verið að gera almenningi auðveldara að kaupa þær gerðir bifreiða sem hver um sig telur best henta sínum þörfum. Með því frv. sem hér er mælt fyrir er stefnt að því að stíga enn eitt skref í átt til minni neyslustýringar á þessu sviði, auðvelda fólki þannig að kaupa öruggari og betur búnar bifreiðar. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þeirrar öru þróunar sem verið hefur í öryggisbúnaði bifreiða undanfarin ár en stærri bifreiðar eru gjarnan betur búnar öryggisbúnaði en minni bílar og jafnframt iðulega búnar vélum með stærra sprengirými. Aukin notkun vel útbúinna bifreiða er án nokkurs vafa til þess fallin að draga úr alvarlegum umferðarslysum og m.a. með hliðsjón af því er lagt til að gjaldflokkum verði fækkað og vörugjald á fólksbifreiðar með aflmeiri vélar lækkað.

Undanfarin ár hafa tiltölulega fáar bifreiðar verið fluttar inn í 65% gjaldflokknum. Þannig hafa einungis verið fluttar inn 900–1000 bílar í þessum flokki ár hvert sl. þrjú ár, en á sama tíma hefur heildarinnflutningur fólksbifreiða verið á bilinu 12.000–17.000 bifreiðar. Mikill meiri hluta innfluttra bíla í efsta gjaldflokki, eða um sjö af hverjum tíu bifreiðum, hafa verið notaðar. Slíkur innflutningur á eldri gerðum bifreiða getur ekki talist þjóðhagslega hagkvæmur. Slíkar bifreiðar uppfylla í mörgum tilvikum síður þær kröfur sem nú eru gerðar til nýrra bifreiða að því er varðar mengunarvarnir og nýtingu eldsneytis. Af því leiðir að bílaflotinn mengar meira en ella væri. Enn fremur er talið að töluvert sé um að rangt tollverð sé gefið upp við innflutning á notuðum bifreiðum og er hvatinn þeim mun meiri eftir því sem gjaldprósentan er hærri.

Ég met það svo að lækkun á 65% vörugjaldi í 45% sé til þess fallin að draga úr innflutningi notaðra bifreiða sem eru eins og áður segir í mörgum tilvikum búnar ófullkomnum mengunarvarnabúnaði. Með því er stuðlað að því að heildarmengun frá bifreiðum minnki. Auk þess má vænta þess að innheimta aðflutningsgjalda verði betri og vegi þannig upp hugsanlegt tekjutap á þessari breytingu. Því til viðbótar vil ég nefna að mikil þróun hefur orðið á bensín- og dísilvélum undanfarin ár. Þessar vélar þurfa í mörgum tilvikum stærra sprengirými en hefðbundnar vélar en menga eftir sem áður

minna. Því er eðlilegt að draga úr fylgni skattheimtu og sprengirýmis bílvéla.

Eins og þingmönnum er nú kunnugt og liggur í eðli máls af þessu tagi er nokkrum erfiðleikum háð að meta áhrif breytinga sem þessara á tekjur ríkissjóðs þar sem innflutningur bifreiða er sveiflukenndur og háður mörgum mismunandi þáttum. Þó má gera ráð fyrir að miðað við innflutning síðasta árs muni tekjur ríkissjóðs verða minni en ef innflutningurinn hefði af öðrum ástæðum verið óbreyttur. Munar þar e.t.v. 300–350 millj. kr. Á móti má gera ráð fyrir að breytingar á eftirspurn og innkaupamunstri í kjölfar lækkunar á vörugjöldum dragi úr þessu tekjutapi. Gera má ráð fyrir tilflutningi á bifreiðum á milli gjaldflokka eftir því sem fleiri kaupa sér stærri bifreiðar en áður.

Til að gefa nokkra mynd af áhrifum þessara breytinga á útsöluverð fólksbifreiða má nefna að gera má ráð fyrir að framangreindar breytingar á vörugjöldum af fólksbifreiðum muni að öðru óbreyttu leiða til þess að útsöluverð bensínbifreiða með 1.600–2.000 rúmsentímetra vélum lækki um 5–7% en útsöluverð bensínbifreiða með yfir 2.500 rúmsentímetra vélum og dísilbifreiða með yfir 3.000 rúmsentímetra vélum um 10–13%. Hins vegar má gera ráð fyrir því að breytingin hafi þau áhrif að verð á bensínbifreiðum með 2.000–2.500 rúmsentímetra vélum og dísilbifreiðum með 2.000–3.000 rúmsentímetra vélum geti hækkað um allt að 2–3%. Enginn getur þó sagt nákvæmlega fyrir um þessar breytingar því samkeppni er mikil á þessum markaði og ég tel persónulega ekki líklegt að bifreiðaumboð muni láta verðhækkun af þessum toga og þessari stærðargráðu koma fram í verðlagi til neytenda. Að öðru óbreyttu mundi lækkun á útsöluverði fólksbifreiða samkvæmt þessum tillögum leiða til tæplega 0,2% lækkunar á framfærsluvísitölunni.

Þess má geta að við vinnslu þessa frv. hefur verið litið til ýmissa sjónarmiða sem fram hafa komið á undangengnum mánuðum, missirum og árum frá samtökum ýmissa hagsmunaaðila á þessu sviði. Þannig hafa Félag íslenskra bifreiðaeigenda og Bílgreinasambandið farið þess ítrekað á leit við fjmrn. að það beitti sér fyrir því að vörugjald af ökutækjum verði lækkað og gjaldflokkum fækkað. Síðast á laugardag á aðalfundi Bílgreinasambandsins voru tilmæli þessa efnis ítrekuð og bárust þau mér í hendur í dag. Í þessu efni hafa ofangreind samtök verið samstíga um að mæla með því að gjaldtakan yrði miðuð við tvo flokka, annars vegar að bifreiðar með undir 2.000 rúmsentímetra vélum beri 30% vörugjald en bifreiðar með stærri vélum 40% gjald. Með þessu frv. er verulega komið til móts við þessa aðila þó ekki sé unnt að ganga alla leið. Hér er sem sagt gert ráð fyrir tveimur flokkum með 30 og 45% gjaldi en Bílgreinasambandið og FÍB hafa lagt til að flokkarnir yrðu með 30 og 40% gjaldi. Við teljum ekki forsendur til að stíga stærra skref til lækkunar vörugjalda við núverandi aðstæður og því er óhjákvæmilegt að mæta lækkuðum tekjum með nokkurri hækkun á ákveðinn flokk bifreiða, einkum ef það mark á að nást að fækka gjaldflokkunum í tvo.

Með tilliti til þeirra breytinga á almennu vörugjöldunum sem eru meginefni þessa frv. er lagt til að vörugjald á bifreiðum til fatlaðra sem búnar eru hjólastólalyftu verði 10% í stað 30% samkvæmt gildandi lögum. Ef sérreglur giltu ekki um þessa tegund bifreiða mundu þær bera 40–65% vörugjöld eftir atvikum samkvæmt gildandi lögum en 30–45% samkvæmt því sem lagt er til í frv. Hér er sem sagt lögð til sérregla um að þessar bifreiðar muni framvegis njóta ívilnunar og greiða einungis 10% gjald í stað 30% eins og núverandi lög gera ráð fyrir.

Í frv. er einnig lagt til að vörugjald af bifhjólum, vélsleðum og fjórhólum verði lækkað úr 70% í 30%. Vörugjöld af þessum ökutækjum hefur verið óbreytt frá árinu 1991. Á sama tíma hafa vörugjöld af öðrum ökutækjum lækkað verulega. Ekki þykir ástæða til þess að leggja mun hærri gjöld á ökutæki af þessu tagi enda hefur það leitt til óæskilegra tilrauna manna til þess að koma slíkum tækjum hingað til lands með óeðlilegum hætti. Miðað við innflutning á síðasta ári má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs verði um 50 millj. kr. lægri vegna þessara breytinga en að óbreyttum lögum.

Síðast en ekki síst vil ég nefna að í frv. er lagt til að um vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu frá bílaleigum gildi sömu reglur og um vörugjald af leigubifreiðum. Af slíkri breytingu leiðir að bílaleigur geti keypt fólksbifreiðar til starfsemi sinnar með 10–13% vörugjaldi eftir því um hvorn gjaldflokk bifreiða er að ræða. Þessi breyting er í samræmi við þá stefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, þ.e. að lækka vörugjald af ökutækjum sem notuð eru í atvinnurekstri. Í þessu sambandi skiptir miklu máli að þjónusta við erlenda ferðamenn sem nýta sér bílaleigubifreiðar sem samgöngutæki er arðvænleg atvinnugrein sem skilar miklum virðisauka í þjóðarbúið. Á það hefur ítrekað verið bent á undanförnum árum af aðilum í ferðaþjónustu að hátt verð á bifreiðum til þessarar starfsemi hafi hamlað uppbyggingu þessarar þjónustu hér á landi. Með þessum breytingum er stefnt að því að koma til móts við ferðaþjónustuna á þessu sviði og gera hana betur samkeppnishæfa í samanburði við slíka þjónustu í öðrum löndum.

Í þessu sambandi vek ég athygli á því að ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja fram frv. til laga um leigu á ökutækjum. Því frv. hefur verið útbýtt á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir að samgrn. gefi út starfsleyfi fyrir bílaleigur auk þess að setja almenn skilyrði fyrir rekstri slíkrar starfsemi.

Í frv. því sem hér er mælt fyrir er lagt til að skilyrði fyrir lækkun vörugjalds af bílaleigubifreiðum verði nokkuð ströng. Það er gert til þess að tryggja sem best að þær bifreiðar sem bera lægra vörugjald samkvæmt greininni verði eingöngu notaðar til útleigu frá bílaleigum og ekki með öðrum hætti. Því er samþykkt frv. samgrh. um bílaleigur forsenda þess að þau ákvæði frv. sem hér er mælt fyrir geti náð fram að ganga og skilað árangri.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Það liggur fyrir að hér er komið til móts við óskir sem settar hafa verið fram um langt árabil af hálfu hagsmunaaðila, einkanlega Bílgreinasambandsins og Félags bifreiðaeigenda en einnig aðila í ferðaþjónustu. Sama gildir um aðila sem reka og eiga bifhjól eða stunda rekstur á vélsleðum, fjórhólum og þess háttar tækjum. Hér er í einu frv. reynt að koma til móts við fjölmörg sjónarmið á þessu sviði.

Ég tel að kjarni þessa máls sé viðleitni til þess að draga úr neyslustýringu á þessu sviði og örva fólk til að kaupa öruggari bíla sem minna menga heldur en nú gerist. Einnig er hér viðleitni til að ná utan um óæskilegan innflutning á notuðum bifreiðum þar sem löngum hefur verið grunur um að maðkur gæti verið í mysunni. Hér er náð utan um mörg markmið samtímis, með tiltölulega litlum herkostnaði að dómi okkar sem berum ábyrgð á samningu þessa frv.

Ég legg til að frv. þessu verði, herra forseti, vísað til 2.

umr. og hv. efh.- og viðskn. þegar þessari umræðu lýkur.

[18:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir frv. því sem hér er til umræðu um fækkun vörugjaldsflokka úr þremur í tvo á báðum tegundum bifreiða, þ.e. bensín- og dísilbifreiðum. Þessir flokkar voru áður fimm, fyrir nokkrum árum var þeim fækkað niður í þrjá og hér er komin tillaga um að fækka þeim í tvo. Eflaust eru þeir til sem mundu telja að aðeins ætti að hafa einn vörugjaldsflokk.

Það er alveg óumdeilt, herra forseti, að mismunandi flokkar þýða neyslustýringu og á sínum tíma birtist í mismunandi vörugjaldsflokkum vilji til að taka hærra gjald af dýrari bifreiðum. Hér er lagt til að í stað þess að vera með 30, 40 og 65% vörugjald á mismunandi stærðum bifreiða eða mismunandi vélarafli þá verði nú einungis tveir flokkar, 30 og 45%.

Það er auðvitað alltaf álitamál hvenær rétt er að gera breytingar af þessu tagi. Það er umhugsunarefni að við höfum búið við viðkvæmt efnahagsástand mánuðum saman og ríkisstjórnin hafnaði því sem var að gerast þar til þensla var komin á hættustig. Ekki var brugðist tímanlega við þeirri þenslu sem í uppsiglingu var og uppskeran reyndist allt að 6% verðbólga.

Herra forseti. Það er líka stutt síðan að Seðlabankinn var með yfirlýsingar um að ekki hafi verið nóg að gert af hálfu ríkisstjórnarinnar og Samfylkingin hefur verið þeirrar skoðunar að brugðist hafi verið við of seint. Við hefum ekki þurft að lenda í þessu verðbólgustigi sem raun bar vitni.

Þess vegna er aðalfyrirvari Samfylkingarinnar um það hvort þetta frv. virki hugsanlega sem eldsmatur inn í efnahagsástandið, að það setji nýjan kipp í viðskiptalífið, auki þenslu og bæti á viðskiptahallann. Eru menn tilbúnir til þess að kaupa breytingu á þessum vörugjaldsflokkum því verði ef svo reynist?

Önnur hlið á þessu máli er að sennilega er það hagkvæmasta leið ríkisstjórnar til að lækka vísitölu að fara þessa leið með breytingu á vörugjaldi bifreiða enda er ljóst að menn búast við því að þetta lækki vísitölu um u.þ.b. um 0,2%, þ.e. framfærsluvísitöluna. Maður hefur auðvitað velt því fyrir sér hvers vegna ríkisstjórnin kom með þessa vörugjaldsflokkabreytingu núna. Hvað er það nákvæmlega núna sem veldur því að menn finna það út að þeir eru tilbúnir að verða við ítrekuðum óskum innflytjenda og þeirra sem starfa við þessi viðskipti? Eða liggur eitthvað annað að baki? Ég átta mig ekki á því en ég reikna með að þessi mál skýrist við yfirferð málsins í nefnd.

Það er erfitt að sjá við yfirlestur frv. hvaða afleiðingar það hefur. Hæstv. fjmrh. setur það fram í greinargerð að hugsanlega geti hér verið um 300 eða 350 millj. kr. tekjutap að ræða. En ég er sjálf þeirrar skoðunar að það sé alls óvíst að nokkurt tekjutap verði hjá ríkissjóði. Það má geta sér þess til að þessi breyting geti orðið hvati þess að fólk fari í endurnýjun á bifreiðum sínum. Ákveðnar stærðir á bifreiðum lækka mjög mikið og auðvitað fýsir marga bæði að kaupa sér betri bifreiðar og ekki síst það sem hæstv. fjmrh. nefndi, að eiga þess nú kost að kaupa sér öruggari bifreiðar. Ég geri ekki lítið úr þeim þætti.

Hins vegar hef ég tekið eftir því að menn hafa búist við u.þ.b. 10% samdrætti í bifreiðaviðskiptum miðað við árið 1999 sem reyndar var toppár í viðskiptum af þessu tagi og e.t.v. dregur frv. úr þeim mun sem menn áætluðu að þarna yrði. Það þarf ekki mikla aukningu í sölu frá því sem gert hefur verið ráð fyrir og hefur væntanlega verið gert ráð fyrir varðandi fjárlög ríkisstjórnarinnar til þess að auknar tekjur af virðisaukaskatti vegi upp þessa lækkun. Alla vega ber ég fram þá spurningu til hæstv. fjmrh. hvort ekki megi gera ráð fyrir því að ef þessi breyting hefur áhrif til aukningar á viðskiptum með bifreiðar, sérstaklega með nýjar bifreiðar og þá í þá átt að menn eru að kaupa dýrari bifreiðar, og þó að afsláttur sé á ákveðnum tegundum bifreiðanna, þá gerist það strax við aukin viðskipti að þarna komi meiri tekjur inn. Mér finnst áhugavert að fá álit hæstv. ráðherra á þessu.

Aðalfyrirvari okkar er, eins og ég hef áður sagt, áhrifin á þenslu þó einnig vakni spurningar um hvert skattafslættinum sé beint og það ætlum við auðvitað að skoða við yfirferð málsins í nefnd. Sumt af því sem þarna er lagfært er afdráttarlaust til bóta. Það er hægt að nefna breytingar á vörugjaldi á bifreiðum fyrir fatlaða og að hætt er að mismuna eftir landshlutum vörugjaldi á vélsleðum sem var náttúrlega farið að verða mjög úrelt sjónarmið. Því er enginn vafi á því að það er verið að taka þarna á ýmsum þáttum sem skipta máli.

Herra forseti. Ég hef flutt tillögu nokkrum sinnum á Alþingi á liðnum árum um að lækka vörugjald af öryggisbúnaði svo sem eins og ABS öryggisbremsum og talið að í því fælust miklar úrbætur og að verið væri að koma þá til móts við fólk sem er kannski að kaupa sér ódýrari bifreiðar en vill vera með þennan öryggisbúnað sem skiptir mjög miklu máli. Hér á borð þingmanna hefur verið dreift þáltill. um endurskoðun gjalda á svokallaða loftpúða stundum nefnda líknarbelgi. Enn má nefna einn annan öryggisþátt sem eru bifreiðar með fjórhjóladrifi. Fjórhjóladrif skiptir orðið miklu sem útbúnaður bifreiða ekki síst í þungri og varhugaverðri vetrarfærð eins og við þekkjum frá þessum vetri.

Það er full ástæða til að nefna þetta vegna þess að hæstv. fjmrh. nefndi að í þessari breytingu fælist að fólki væri gert kleift að kaupa bifreiðar betur útbúnar og með þessum öryggisbúnaði. En mér mundi finnast það skipta miklu máli að ráðherrann skoðaði það að gera fólki kleift að kaupa hinar minni bifreiðar sem ekkert hreyfast í verði með þessum búnaði því að hann er mjög dýr þegar hann bætist ofan á almennt verð bifreiða.

Á það er bent að með þessu frv. sé verið að stíga skref í átt að minni neyslustýringu og að fólki sé auðveldað að kaupa öruggari og betur búnar bifreiðar. Um það er deilt hvort það eigi að hætta algjörlega neyslustýringu og hvort það eigi kannski með tímanum að verða bara einn vörugjaldsflokkur. Það er líka full ástæða til að benda á það sem ég hef hér gert, að mörg öryggistæki þyrftu að vera líka í hinum ódýrari bifreiðum. En við eigum eftir að fara yfir hvað í þessu felst og hvaða bifreiðar eiga í raun hlut að máli, þ.e. hvaða bifreiðagerðir breytast mest, og þá sér maður miklu betur hvað í þessu frv. felst.

Ég geri mér alveg grein fyrir því sem ráðherrann hefur haldið fram að það hefur kannski ekki verið flutt mikið inn af bifreiðum í hæsta vörugjaldsflokki nema þá af einstaklingum. En það hlýtur að verða mjög mikil aukning í innflutningi bifreiðaumboðanna á stærri bifreiðum sem nú fara eingöngu í 45% flokk og það hlýtur að vera hluti af því sem hér er verið að gera.

Mér finnst skipta máli að við skoðum hvort við komum með þessum breytingum til móts við almennt launafólk og gefum því fyrst og fremst tækifæri til að kaupa öruggari

bifreiðar á sambærilegu verði og ódýrari bifreiðar voru áður eða hvort hér er aðallega um ívilnun að ræða til þeirra sem hafa efni á að kaupa mjög dýrar bifreiðar og jeppa. Auðvitað skiptir það máli í skoðun á því sem hefur verið að gerast og hvenær manni finnst ástæða til að fara út í breytingar í ríkisfjármálunum til hagsbóta fyrir ákveðna hópa.

Virðulegi forseti. Ég átta mig heldur ekki á því hvort í frv. felast ívilnanir hvað varðar dísilbifreiðar eða hvort hlutfallið breytist eitthvað á milli dísilbifreiða og bensínbifreiða hvað varðar vörugjöld. Kannski er tilflutningurinn algjörlega tilsvarandi þannig að hlutfallið á milli vörugjaldsálagningarinnar á hvorum bifreiðaflokknum fyrir sig sé tilsvarandi. Ég hef áhuga á að vita það af því að í frv. felst að ekki verður lengur gerður greinarmunur á bensín- og dísilbifreiðum. Það kemur fram í greinargerð með frv.

Sjálf hef ég talið að dísilbifreiðar séu minni mengunarvaldur og hef lengi furðað mig á því af hverju ekki sé ívilnað hvað það varðar eða fólk hvatt á einhvern hátt til þess að velja fremur dísilbifreiðar. Ég vil spyrja ráðherrann hvort þarna sé algjörlega jöfnuður eða hvort bensínvélarnar séu orðnar svo góðar að það sé kannski ekki marktækur munur lengur á því hvort verið sé að brenna bensíni eða dísilolíu.

Mér finnst það skipta máli í umfjöllun um þetta mál sem á að skoða í nefnd strax í kvöld að hæstv. fjmrh. hefur reynt að verða við óskum okkar um þær upplýsingar sem hann hefur getað aflað strax á þessum morgni. Þess vegna munum við fara vel yfir þetta mál í nefnd og ekki taka efnislega afstöðu til frv. og innihalds þess fyrr en að þeirri yfirferð lokinni. Ég hef þó sett fram nokkrar athugasemdir hér og ákveðna fyrirvara Samfylkingarinnar. En ég ætla ekki að líta svo á að við höfum á neinn hátt bundið okkur hvað varðar afgreiðslu málsins. Við munum taka afstöðu til þess efnislega þegar við höfum farið yfir málið í nefnd og fengið þær upplýsingar sem við köllum eftir þar.

[18:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum og hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir því.

Eins og hæstv. ráðherrann kom inn á er vissulega verið að breyta þarna neyslustýringu eða færa til áherslur í gegnum skatta á hvaða bílar eru keyptir. En megintilgangur frv., herra forseti, er nú kannski sá sem hæstv. ráðherrann aðeins tæpti á. Hann hefði kannski bara átt að kveða hreint upp úr með það. Það er náttúrlega þessi verðbólga og óstöðugleiki á markaðnum hér varðandi ríkisfjármálin, það er verðbólgan í rauninni sem er vandinn og viðskiptahallinn er vandinn sem verið er að fást við. Með þessum tillögum sem hér eru lagðar fram er náttúrlega meginmarkmiðið og vonin að það takist að slá aðeins, þó það sé ekki nema um 0,2%, á vísitöluna.

Það bara leiðir hugann, herra forseti, að þessari vá sem við stöndum frammi fyrir við stjórn peningamála, og ég vil draga hér fram, og birtist m.a í þessu frv. Þá er kannski líka hin veika hlið athugasemdanna með frv., frá fjmrn. m.a., hvað lítið er spáð í áhrif þess á markaðnum. Leiðir þetta til aukins innflutnings á bílum og leiðir þetta til þess að viðskiptahallinn muni aukast? Við öllum aðgerðum sem miða að því að auka innflutning og sem leiða til aukins viðskiptahalla, hljótum við að vera á varðbergi gagnvart. Viðskiptahallinn sem við stöndum núna frammi fyrir er um 50 milljarðar á þessu ári — tala á því bili hefur verið nefnd — og er þetta þá líklega þriðja árið í röð með geigvænlegum viðskiptahalla, meiri en hægt er að búast að land eins og Ísland ráði við. Það er höfuðvandinn.

Þess vegna, herra forseti, hefði átt að athuga mjög gaumgæfilega hvaða áhrif þessi aðgerð hefði á innflutning og aukinn viðskiptahalla. Því að með þessu er verið að skapa nýjan markað. Það hefur verið talið að það væri komin viss mettun á bílamarkaðnum nú við þessar aðstæður varðandi stærð á bílum og gerð og því þá m.a. stýrt í gegnum tolla. En með því að breyta tollasamsetningunni nú þá er verið að skapa nýjan markað fyrir nýjan innflutning. Það hefði átt að liggja fyrir þó ekki væri nema örlítil tilvitnun í reynsluna frá síðustu tollalækkunum á bílum, varðandi innflutning þeirra.

Ég dreg þetta fram hér, herra forseti, því að þetta er svo alvarlegt mál og viðskiptahallinn og verðbólgan sem við nú stöndum frammi fyrir er alvarlegasta ógnunin við stöðugleikann og í rauninni við sjálfstæði íslensks efnahagslífs.

Það skyldi þó ekki vera að þessi fregn um 10–15% samdrátt á innflutningi bíla væri að hvetja til þess að auka innflutning því að þverstæðurnar eru þær að dragist bílainnflutningur saman þá lækka tollar, gjöld og vörugjöld og þar af leiðandi minnka líka tekjur ríkissjóðs. Ef bílainnflutningur dregst saman um 10 eða 15% yfir árið þá er það væntanlega töluverð skerðing á tekjum ríkissjóðs. Ef þetta er aðgerð til þess að viðhalda eða skapa nýjan markað og nýja eftirspurn eftir bílum til þess eins að réttlæta það að viðhalda tekjum ríkissjóðs þá tel ég þetta vera varhugaverða leið.

Ég dró þetta fram, herra forseti, þrátt fyrir leiðréttingar, sumar ágætar og sumar vafasamar varðandi tolla á bílum, því áfram er jú verið að stýra neyslunni með tollum og ekkert er óeðlilegt við það. Það væri ástæða til að stýra því með tollum að bílar sem væru búnir betri mengunarútbúnaði, sem menguðu minna, eins og hæstv. fjmrh. minntist á, yrðu meira keyptir. Það er hægt að gera í gegnum tolla og hefði kannski átt að skoða það jafnframt þessum breytingum sem hér eru lagðar til.

Dýrari bílar lækka. Þá gefst vissulega fleirum tækifæri til að kaupa stærri bíla, en tekjulægsta fólkið þarf áfram að kaupa þessa litlu bíla.

Þetta mál þarf hraða meðferð í þinginu. Við gerum okkur grein fyrir því. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mun ekki tefja framgang þessa máls. Hann mun hlutast til um að það fái fljóta afgreiðslu. En ég bendi ítrekað á að ein meginrök frv. eru að reyna að slá á þensluna. Og hafi þetta frv. og afleiðingar þess áhrif á aukinn innflutning og aukinn viðskiptahalla þá tel ég það varhugavert. Það á að nýta hvert tækifæri sem bitnar mjúklega á landsmönnum til þess að draga úr viðskiptahallanum. Það er brýnasta málið sem við nú stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum.

[19:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þetta frv. sem er afturhvarf frá forsjárhyggju. Nú á að hætta að stýra neyslu fólks í jafnríkum mæli og hingað til hefur verið. Sú var tíð, herra forseti, að það þótti engin goðgá að setja lúxustolla á sápur og annan munað sem menn við græn skrifborð ákváðu að væri munaður og það átti almenningur ekki að kaupa. Sá tollur sem við ræðum, þetta 65% vörugjald, eru leifar frá þessum tíma. Þetta hefur leitt til þess að í rauninni eru mjög fáir bílar fluttir inn sem falla undir þessi lög og flestir notaðir, um 70% eins og komið hefur fram

í umræðunni. Það er náttúrlega segin saga að ákaflega erfitt er að komast að því hvert er innkaupsverð notaðs bíls vegna þess að John í Bandaríkjunum getur selt James í Bandaríkjunum einhvern bíl á 1.000 dollara eða 10.000 dollara, það veit enginn. Síðan kaupir einhver Íslendingur þennan bíl. Hvort hann kaupir hann á 10.000 dollara eða 1.000 dollara veit heldur enginn. Þegar hann flytur þennan bíl til Íslands getur hann alveg eins hafa keypt hann á einhverri útsölu, brunaútsölu eða eitthvað slíkt, og ómögulegt er að komast að því hvert innkaupsverðið var í Bandaríkjunum. Auðvitað kunna einhverjir að hafa spilað á þetta. Ég reikna því með því að þessi breyting verði til þess að menn hætti þessari vitleysu og fari að flytja inn nýja bíla í staðinn fyrir notaða sem væru þá með raunverulegt verð og að tekjur ríkissjóðs muni þá aukast.

Ekki er hægt að tala um þetta mál án þess að geta þess að einhverjir munu hafa keypt bíl í gær eða fyrir helgina með 65% tolli og tekið til þess há lán, verið jafnvel með 80–90% lánað, og þeir sitja allt í einu uppi með það að þeir eiga minna en ekki neitt eftir þau viðskipti, að eigið fé sem þeir lögðu fram er horfið. Þetta er náttúrlega eitthvað sem menn þurfa að búast við og þetta er fylgifiskur slíks frv. um tollalækkanir en menn þurfa að átta sig á þessu. Einhver kann að vera í þeirri stöðu að hann neyðist til þess, af því hann getur ekki borgað þær háu greiðslur sem hann var búinn að setja sig í, að selja bílinn og þá er skaðinn skeður. En þetta höfum við séð áður við niðurfellingu tolla og vörugjalda.

Auðvitað eiga menn að stefna að því að hafa einn flokk, vera ekkert að stýra því hvernig einstaklingurinn verslar, hvað hann kaupir og hvernig hann kaupir. Þó að engan veginn sé skynsamlegt að kaupa svona dýra bíla, ég mundi aldrei gera það, þá er ég ekkert að hafa vit fyrir öðru fólki sem telur það ánægjunnar virði að kaupa bíl upp á 3 eða 4 milljónir sem er svo yfirgengilega hátt verð að ég get ekki einu sinni hugsað mér það. Ég er samt á móti því að hafa áhrif á það og stýra því hvernig annað fólk hegðar sér.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gat um áhrif á þenslu. Það eru viðurkennd fræði að það eigi að hækka skatta þegar er þensla og lækka þá þegar er kreppa. En í þessum sérstöku vörutegundum er innlendur virðisauki mjög lítill hluti af verði bílsins, það er eiginlega bara sölumennskan sem er kannski 8 eða 9%. Það gæti því hent, herra forseti, að þetta virkaði öfugt á þenslu, vegna þess að þeir menn sem kaupa sér bíl og taka á sig skuldbindingu upp á 50 þús. kr. á mánuði gera ekkert annað við peninginn, eins og þeir menn sem keypt hafa svona dýra bíla hafa væntanlega orðið varir við. Þeir geta ekki keypt mikið annað fyrir þann sama pening og þá geta þeir heldur ekki keypt innlendar vörur fyrir þann sama pening. Þar sem meginhlutinn af verði bílanna fer annaðhvort í ríkissjóð eða til útlanda, yfir 90%, getur þetta jafnvel virkað þannig að það slái á þenslu að menn kaupi sér bíla. En auðvitað er önnur hlið á þeirri medalíu sem eru erlendar skuldir þjóðarinnar. Ég deili því með öðrum hv. þm. að það er mjög mikið áhyggjuefni og þarf að taka til sérstakrar skoðunar.

Ég held að sú breyting sem verið er að gera muni ekki stórauka innflutning á bílum, menn eru þegar það vel „bílaðir" eftir velgengni undanfarinna ára og auk þess held ég að það séu ekki voðalega margir Íslendingar svo óskynsamir að kaupa svona mjög dýra bíla.

[19:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir málefnalegar ræður. Hér hefur verið hreyft flestum þeim sjónarmiðum sem máli skipta í sambandi við mál af þessu tagi og kannski ekki ástæða til þess að lengja mikið umræðuna með því að velta þessum atriðum sérstaklega fyrir sér. Spurt var hvenær væri rétti tíminn til að gera svona breytingu. Hann er eflaust aldrei ef menn líta til aðstæðna að öðru leyti í þjóðfélaginu. Hann er a.m.k. jafngóður eða jafnslæmur núna eins og einhvern tímann seinna eða jafnvel einhvern tíma á fyrri tíð.

Menn hafa mikið velt fyrir sér áhrifum þessara breytinga á þensluna svokölluðu, viðskiptahallann og þess háttar. Ég tel ekki að þar sé nein stórfelld hætta á ferðum. Ég tel að bílamarkaðurinn á Íslandi sé það mettaður að þó að búast megi við því að breytingar verði í því hvers konar bíla fólk kaupi verði ekki endilega mikil breyting í fjölda þeirra. Þar fyrir utan erum við að tala um breytingu upp á, eftir því sem okkur sýnist, 300–350 millj. kr. Þótt okkur finnist það stórar upphæðir, og það eru þær auðvitað fyrir hinn almenna borgara, þá eru það ekki upphæðir sem velta þungu hlassi í hagkerfi sem er upp á 700 milljarða. Við megum því ekki mikla þessi áhrif fyrir okkur. En að því er varðar tekjur ríkissjóðs er það vissulega til umhugsunar, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði, hvort það verður yfirleitt nokkurt tekjutap af svona breytingum. Ekki er hægt að fullyrða um það og þetta er bara spá um þessar 300 millj. sem er byggð á óbreyttri eftirspurn og byggð á framreikningi og ákveðnum líkindum.

Ýmsir aðrir aðilar sem hafa komið nálægt þessu máli hafa fullyrt það við okkur í ráðuneytinu að tekjutapið verði lítið sem ekkert. Um það vil ég ekki dæma, við viljum hafa vaðið fyrir neðan okkur og höfum þess vegna reiknað með einhverju tekjutapi af þessu.

Það var líka spurt hvert þessi ívilnun beinist. Í máli einhverra þingmanna lá í loftinu að verið væri að hygla hinum efnameiri. Ég tel alls ekki að svo sé. Það liggur fyrir að samkvæmt þessum breytingum munu tilteknir mjög algengir fólksbílar lækka um 7% í verði miðað við hreinan framreikning á meðan stærri bílar lækka kannski um 12%. En við skulum hafa í huga að notaðir bílar munu væntanlega lækka sambærilega mikið og þannig verður fleirum gert kleift að kaupa sér notaðan bíl af dýrari tegund, væntanlega betri, öflugri og öruggari bíl.

Það er því í raun og veru svo með mál eins og þetta að þó að verð á nýjum bíl lækki mun það hafa áhrif niður allan skalann, ef svo má að orði komast, að því er varðar notaða bíla og koma þar með öllum þeim til góða sem nýta sér slíka bíla eða kaupa notaða bíla.

Það er ekki hægt, held ég, að taka breytingu sem þessa og stilla henni upp með tilliti til áhrifa á ákveðna tekjuhópa í þjóðfélaginu. Það er alltaf ákveðin tilhneiging til að gera það. Þar fyrir utan eru ýmsir sem hafa kannski ekkert sérstaklega mikil auraráð sem hafa gaman af því að verja sínum takmörkuðu fjármunum í bíla og þá kannski í svolítið íburðarmeiri bíla en almennt gerist. Það verður þá að vera einkamál þess fólks og eðlilegt að menn hafi valfrelsi um slíka hluti. En að draga úr neyslustýringu eins og hér er lagt til greiðir fyrir því að fólk geti tekið slíkar ákvarðanir upp á eigin spýtur og án atbeina hins opinbera.

Ég get því miður ekki svarað spurningu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um mismuninn á milli dísil- og bensínbifreiða að því er varðar hvoru eldsneytinu er betra að brenna. Ég geri ráð fyrir að það sé spurning sem gæti komið upp í þingnefndinni en hins vegar finnst mér eðlilegt að ríkið láti það afskiptalaust að því er varðar gjaldtöku hvort menn kjósa frekar að velja sér bensínbíl eða dísilbíl og láti innkaupsverð og reksturskostnað slíkra bíla ráða því hvað verður fyrir valinu. Það hefur verið heilmikil stýring í þessu í dag sem hefur t.d. þýtt það að mjög lítið er flutt inn af bensínbílum í dýrari flokkunum. Auðvitað hafa innflytjendur hagað því svo að þeir hafa flutt inn bíla sem hafa verið rétt undir stærðarmörkum í þessum mismunandi flokkum. Það hefur verið þannig undanfarið að mjög hagstætt hefur verið að flytja inn dísilbíla sem hafa verið rétt undir 3.000 sm mörkunum, það hefur komið vel út, en aftur verr að vera með örlítið stærri vélar í þessum bílum. Þetta mun breytast, þetta mun að sjálfsögðu hafa áhrif á það hvers konar bílar verða fluttir inn. Það held ég sé eðlileg breyting og það sé eðlilegt að menn taki slíkar ákvarðanir á grundvelli innkaupsverðs bíla og reksturskostnaðar en ekki á grundvelli þess hvernig ríkið kýs að skattleggja slík tæki. Skattlagningin á að mínum dómi að vera sem hlutlausust.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir umræðuna og þær málefnalegu spurningar sem komu fram. Ég vænti þess að menn fái svör við öðrum spurningum í efh.- og viðskn. á fundinum á eftir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vaxtalög, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 491. mál. — Þskj. 773.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:18]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

[19:18]

Útbýting þingskjals:
Skipulag ferðamála, 366. mál, nál. allshn., þskj. 903.

Fundi slitið kl. 19:18.

89. FUNDUR

þriðjudaginn 4. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
1. Erfðafjárskattur, stjfrv., 360. mál, þskj. 614. — 3. umr.
2. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 199. mál, þskj. 906. — 3. umr.
3. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 904, brtt. 901. — 3. umr.
4. Vaxtalög, frv., 491. mál, þskj. 773. — 2. umr.
5. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 371. mál, þskj. 627, nál. 898. — 2. umr.
6. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665, nál. 902. — 2. umr.
7. Skipulag ferðamála, stjfrv., 366. mál, þskj. 621, nál. 903. — 2. umr.
8. Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, stjfrv., 267. mál, þskj. 350, nál. 817. — 2. umr.
9. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, stjfrv., 468. mál, þskj. 747. — 1. umr.
10. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 484. mál, þskj. 764. — 1. umr.
11. Íslensk málnefnd, stjfrv., 501. mál, þskj. 796. — 1. umr.
12. Almannatryggingar, stjfrv., 503. mál, þskj. 798. — 1. umr.
13. Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, þáltill., 263. mál, þskj. 334. — Fyrri umr.
14. Almannatryggingar, frv., 266. mál, þskj. 349. — 1. umr.
15. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 352. mál, þskj. 605. — Fyrri umr.
16. Smásala á tóbaki, þáltill., 368. mál, þskj. 624. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:33]

Útbýting þingskjala:
Alþjóðasamningar á sviði mannréttinda, 598. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 912.
Ábúðarlög, 239. mál, þskj. 904.
Erfðabreyttar afurðir, 601. mál, fsp. KolH, þskj. 915.
Fjármálaeftirlit, 199. mál, þskj. 906.
Framkvæmd meðlagsgreiðslna, 560. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 862.
Greiðslur til hjúkrunarheimila, 599. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 913.
Hagavatn á Biskupstungnaafrétti, 603. mál, fsp. ÍGP, þskj. 917.
Háskólanám á Austurlandi og Vestfjörðum, 591. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 893.
Hefting sandfoks, 602. mál, fsp. ÍGP, þskj. 916.
Lagaleg staða byggðasamlaga, 597. mál, fsp. ÖJ, þskj. 911.
Norræna rannsóknarsamstarfsverkefnið „Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi", 605. mál, fsp. SighB og SvH, þskj. 919.

Símnotkun og símkostnaður landsmanna, 594. mál, fsp. KF, þskj. 896.

Smíði nýrrar Hríseyjarferju og útboð á ferjusiglingum, 596. mál, fsp. GHall, þskj. 910.

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, 587. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 889.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 289. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 907.

Sæðisstöðvar Ríkisútvarpsins, 606. mál, fsp. PBj, þskj. 920.

Úrbætur í öryggismálum sjómanna, 600. mál, fsp. GHall, þskj. 914.

Verndun Þjórsárvera við Hofsjökul, 604. mál, fsp. KPál, þskj. 918.

Vörumerki, 370. mál, nál. iðnn., þskj. 842.

Erfðafjárskattur, 3. umr.

Stjfrv., 360. mál (yfirstjórn). — Þskj. 614.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálaeftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 906.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vaxtalög, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 491. mál. — Þskj. 773.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 2. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 627, nál. 898.

[13:38]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, nr. 62/1997.

Forsenda þessa frv., herra forseti, byggir á því að náðst hefur samkomulag um að auka framleiðslugetu álversins á Grundartanga úr 60 þús. lestum á ári í 90 þús. lestir. Frv. byggir á samkomulagi vegna þessa þar sem m.a. er kveðið á um greiðslu byggingarleyfisgjalds, gatnagerðargjalds og fasteignaskatts.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið ýmsa mæta gesti á sinn fund og mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Í vinnslu nefndarinnar og í viðræðum við ýmsa gesti sem á fund nefndarinnar komu, þar á meðal fulltrúar sveitarfélaga í nágrenni Grundartanga, komu fram ýmis þau sjónarmið sem vert er að vekja athygli á og er vísað til m.a. í nál. hv. iðnn.

Tveir hreppar, Hvalfjarðarstrandarhreppur og Skilmannahreppur, njóta fasteignagjalda og opinberra gjalda af þeim stóru mannvirkjum sem á Grundartanga eru, en það sjónarmið kom fram hjá öðrum nágrannasveitarfélögum, svo sem Akranesi, að fjölmargir starfsmanna Grundartanga búa á Akranesi og það sveitarfélag sem og önnur hafa lagt í verulegan kostnað vegna þeirrar stækkunar sem felst í frv. Þeir telja með öðrum orðum að það geti allt eins átt við að fasteignagjöldin renni til fleiri sveitarfélaga en þeirra tveggja sem áður voru nefnd. Nefndin tekur í sjálfu sér undir það sjónarmið og beinir því til hæstv. ríkisstjórnar að endurskoða gildandi lög um stórvirki á borð við álverksmiðjur, hvort rétt sé að einungis eitt eða tvö sveitarfélög njóti þeirra opinberu gjalda sem af þeim koma, enda má nokkuð ljóst vera að starfsmenn slíkra fyrirtækja dreifast um stærra svæði en í tiltölulega litlum sveitarfélögum.

Nefndin vekur athygli ríkisstjórnarinnar á þessu og beinir því til hennar að taka þessi mál til endurskoðunar en nefndarmenn gera sér fyllilega grein fyrir því að hér er ekki um einfalt mál að ræða en telur vert að það verði tekið til skoðunar.

Einnig kom fram það sjónarmið, herra forseti, að með rökum megi halda því fram að núverandi fyrirkomulag dragi í rauninni úr vilja minni sveitarfélaga til að sameinast öðrum nágrannasveitarfélögum þar sem þau njóta tiltölulega hárra tekna af svo stórri starfsemi sem raun ber vitni.

Herra forseti. Þetta vildu nefndarmenn í hv. iðnn. draga fram en leggja til að frv. verði eigi að síður samþykkt óbreytt. Undir þetta rita allir nefndarmenn hv. iðnn.

[13:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur á þingskjalinu þar sem þetta nál. frá iðnn. er ritað, var ég ekki viðstödd þegar málið var afgreitt. Mig langar þess vegna til að láta það koma fram að ég hefði kannski skrifað undir þetta mál með fyrirvara og þó ekki, því að sú umræða sem varð í nefndinni vegna þeirra tekjustofna eða opinberu gjalda sem koma til lítilla sveitarfélaga kemur mjög skýrt fram í nál. Í þessu máli eru það tveir hreppar sem fá aðaltekjurnar af álbræðslunni á Grundartanga og þarna er verið að fjalla um stækkun þannig að þetta eru bara viðbótartekjur sem koma til Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps. Ég tel því mjög mikilvægt, herra forseti að þessi mál verði skoðuð því að eins og þarna háttar til eru tveir litlir hreppar í nágrenninu og svo Akraneskaupstaður sem ekki njóta neinna opinberra gjalda af þessari stóriðju, en engu að síður eru þau sveitarfélög með ákveðna þjónustu við þá sem starfa við stóriðjuna. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að þetta verði skoðað, sérstaklega í ljósi þess að þegar lítil sveitarfélög eða litlir hreppar hafa fengið miklar tekjur af stóriðju hefur það komið í veg fyrir vilja þeirra sveitarfélaga til að sameinast öðrum sveitarfélögum. Ég held að ákvarðanir verði að koma frá Alþingi sem ýta undir frekari sameiningu sveitarfélaganna og að taka þurfi á þeim þætti sem eru tekjustofnarnir frá stóriðjunni og þeir þurfi að dreifast víðar en á þessi litlu sveitarfélög.

Ég vil, herra forseti, láta það koma fram í þessari umræðu að mjög brýnt er að tekið verði á þessum málum. Ekki þótti eðlilegt að leggja til einhverjar breytingar í þessu máli þar sem þetta er bara afmarkað mál og um ákveðna stækkun er að ræða en það þarf að taka á þessum málum og skoða þau í frekara samhengi og það fyrr en síðar.

[13:45]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., hefur gert ágæta grein fyrir nál. sem hér er til umræðu. Um þetta mál spunnust mjög miklar umræður í iðnn. eins og eðlilegt er m.a. vegna þess að fasteignaskattar eru í raun óréttlát skattheimta, ekki bara þegar fjallað er um þetta einstaka mál heldur þegar við fjöllum um álagningu fasteignaskatta almennt. Eins og hæstv. forseti og þingheimur veit miðast álagningin við mat á fasteignum hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað mikill munur á verði á fasteignum í höfuðborginni og úti á landsbyggðinni. Við megum hins vegar ekki gleyma að hér er um einn af megintekjustofnum sveitarfélaga að ræða en fasteignagjöldin skiptast í álagningu á viðkomandi fasteignir og síðan þjónustugjöld, sem auðvitað eru mjög réttlát gjöld. Þjónustugjöld greinast í vatnsskatt, holræsagjöld og síðan sorphirðugjöld sem standa straum af útlögðum kostnaði viðkomandi sveitarfélaga og það er mjög brýnt að við finnum lausn á þessu máli. Við megum ekki gleyma því að hér er um einn af megintekjustofnum sveitarfélaga að ræða en skatturinn er afar óréttlátur.

Þess eru líka dæmi að fólk búi í viðkomandi sveitarfélögum án þess að greiða fasteignaskatt, oft á tíðum embættismenn. Fyrirtæki eins og Rarik greiðir ekki fasteignaskatta í byggðarlögum þar sem það er með starfsemi. Hins vegar greiðir það þjónustugjöld þar, en flest önnur ríkisfyrirtæki greiða þar fasteignaskatta.

Það er eins og fram hefur komið ákaflega óréttlátt að fasteignaskatturinn renni, þegar um virkjanir eða stóriðju er að ræða, beint til viðkomandi sveitarfélaga. Það má í raun og veru segja og væri hægt að sanna að sveitarfélögin beri ekki mikinn kostnað af þeim framkvæmdum. Því teljum við í nefndinni og vorum mjög sammála um það, að þessi mál bæri að skoða til hlítar. Við vitum reyndar að ríkisstjórnin — það er í stjórnarsáttmála — áætlar að endurskoða álagningu fasteignagjalda á landsvísu. Eins og ég hef lýst hér er það mjög nauðsynlegt.

Hins vegar er ekki hægt að taka þetta einstaka mál út af fyrir sig og dreifa fasteignaskattinum af stækkuninni á Grundartanga á fleiri sveitarfélög en hér um ræðir. Það er ekki hægt að taka þetta eina verkefni út af fyrir sig. Það er auðvitað mjög óréttlátt en hins vegar er brýnt að móta heildstæða stefnu í þessum efnum.

[13:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er e.t.v. ekki miklu við það að bæta sem félagar mínir úr hv. iðnn. hafa sagt hér við umræðuna. Þó vil ég benda á hversu sérstakt málið er. Hér er frv. til laga varðandi álvinnslu á Grundartanga þar sem fest er í lög hvernig borga eigi fasteignaskatt af viðbótarframkvæmd við álverið á Grundartanga. Það var sett í lög hvernig borga ætti fasteignaskatt af álverinu þegar það var reist samkvæmt samningi sem þá var unninn. Nú er tekin ákvörðun um stækkun og félagið á viðræður við stjórnvöld og sveitarstjórnirnar í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi og fleiri um breytingarnar á samningnum. Breytingarnar eru þær að kveða á um hlutfallið af áætlaðri stærð viðbótarinnar og verðmæti hennar. Þetta er mjög óvanalegt vegna þess að um fasteignaskattana gilda almenn lög hjá sveitarfélögunum. Þarna er farið út í að kveða á um fasteignaskattana með lögum og ef álverið breytist og stækkar þá þarf að setja ný lög fyrir viðbótarskattinn. Þetta er mjög óvanalegt og full ástæða til þess að þingmenn geri sér grein fyrir því. Þess vegna er þetta mál sérstakt.

Það er líka mismunandi hvernig þessi stóriðjufyrirtæki greiða til samfélagsins. Ég get bent á að álverið í Straumsvík borgar ekki fasteignaskatt. Hins vegar greiðir álverið í Straumsvík sérstakt framleiðslugjald. Einnig mætti velta því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að gjöld sem stóriðjufyrirtæki greiða skuli vera af mismunandi toga. Eitt borgar fasteignaskatt og annað ekki, annað borgar framleiðslugjald og hitt ekki.

Um leið og við fjöllum um þetta mál og fáum til viðtals í iðnn. fulltrúa sveitarfélaganna í nágrenni álversins og fulltrúa frá Akranesbæ þá kemur strax upp umræða um búsetu, þjónustu og gjöld sem renna til lítils sveitarfélags. Ábending okkar í iðnn. lýtur að því að um verulega fjármuni er að ræða. Þegar opinber gjöld af stóriðjuveri renna til svo lítilla sveitarfélaga og svo miklir hagsmunir eru í húfi dregur það úr vilja hinna litlu ríku sveitarfélaga til að sameinast hinum litlu fátæku. Það kom fram í umræðunni að þetta er staða sem menn þekkja víða á landinu.

Hins vegar er ljóst að iðnn. getur ekki lagt það til að menn fari öðruvísi með fasteignaskatta í einu sveitarfélagi en öðru. Álagning fasteignaskatts er afdráttarlaus réttur viðkomandi sveitarfélags og byggist á þjónustu við búsetu. Fasteignaskattur er alls óháður því hvort fólk vinnur í sveitarfélaginu eða ekki. Þannig greiði ég í Kópavogi fasteignaskatt óháð því hvar ég vinn og sama gildir um aðra íbúa Kópavogs. Hins vegar er líka ljóst að margir í Kópavogi og Reykjavík starfa hjá álverinu í Straumsvík þrátt fyrir að tekjur af álverinu í Straumsvík renni til Hafnarfjarðar. Þetta vita þingmenn líka.

Þegar við stöndum frammi fyrir því að stóriðjufyrirtæki er staðsett í litlu sveitarfélagi og starfsfólk fyrirtækisins er ekki búsett í sveitarfélaginu sem fær þó tekjur af fyrirtækinu sjáum við mismunun og mismunandi möguleika sveitarfélaga sem liggja hlið við hlið til að þjóna íbúum sínum. Þetta ræddum við í iðnn. í ágætu bróðerni og þar var bent á að starfandi er tekjustofnanefnd á vegum félmrn. Sú nefnd skoðar gildandi tekjustofna og hvaða breytingar þurfi að gera í ljósi breyttra sveitarfélaga með tilliti til jöfnunar og hlutverks þeirra.

Ég vil minna á að áður fyrr borguðu stórfyrirtæki svokallað landsútsvar. Landsútsvar rann til ríkisins en ákveðinn hluti þess til sveitarfélagsins þar sem stórfyrirtækið var staðsett. Þetta hefði átt við um stóriðjufyrirtækin í dag en átti þá m.a. við um stóru olíufyrirtækin. Þessu var breytt og sveitarfélögin sátu að því að fá tekjurnar af þeim fyrirtækjum sem staðsett voru innan þeirra marka.

Við þá umræðu sem átti sér stað í iðnn. og við erum að vekja hér í sölum Alþingis, hv. þingmenn, kviknar líka sú spurning hvort við nálgumst umræðuna frá röngum sjónarhóli. Við erum að velta fyrir okkur hvort gera eigi nágrannasveitarfélögum sem einnig eru smá kleift að fá hlutdeild í miklum tekjum annarra lítilla sveitarfélaga þar sem stórfyrirtæki reka starfsemi sína. Eigum við e.t.v. að nálgast umræðuna hinum megin frá og spyrja hvort löggjafinn verði

að horfast í augu við að fráleitt sé að vera með svo smá sveitarfélög yfirleitt.

Við höfum hvatt til sameiningar og falið sveitarfélögunum verkefni sem eru allt of stór og þung fyrir smá sveitarfélög. Við höfum hvatt til þess að þar sem þau sameinast ekki þar fari sveitarfélög saman í verkefni, þau reki saman félagsmálanefnd, reki saman skólanefnd og reki skólana saman. Það gera þessir fjórir hreppar sunnan Skarðsheiðar.

Við stöndum frammi fyrir því, þó sú spurning sé óþægileg, hvort það sé e.t.v. skylda löggjafans að lögfesta lágmarksstærð sveitarfélaga. Þá stæðum við ekki frammi fyrir því að finna leiðir til að mjatla hluta af tekjum úr einu sveitarfélagi yfir til annars. Þá stæðum við ekki frammi fyrir því að meta hvort skoða eigi hvar menn búa og hvar þeir vinna. Við vitum að það mat er óframkvæmanlegt hér á höfuðborgarsvæðinu. Fremur ættum við að skoða hversu stór sveitarfélög þurfa að vera til að bera þjónustustigið sem við ætlumst til að hver einasti íbúi í þessu landi búi við svo hann njóti þeirra tekna sem renna til sveitarfélagsins. Þessu vil ég varpa inn í umræðuna, herra forseti.

[13:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nú þakka hv. nefndarmönnum fyrir að hafa tekið þessi mál til umfjöllunar. Þessi mál voru hér rædd við 1. umr. málsins. Ég tók þátt í henni og fannst full ástæða til að menn skoðuðu vandlega hvort hægt væri að taka á þessu máli með breytingum á lögum. Þessi lög eru út af fyrir sig sérstök, eiga við um þessi byggðarlög sem þarna eiga hlut að máli og þetta fyrirtæki.

Einnig er vert að hafa fleira í huga. Þegar fyrri verksmiðjan var byggð á Grundartanga var t.d. byggð ný höfn þar. Hún er í eigu þessara sveitarfélaga allra og Borgarnes er með í því líka, þ.e. Borgarbyggð núna. Auðvitað var þetta ekki verkefni sem snerti aðeins einn lítinn hrepp. Þarna fóru menn fram hjá því sem þurfti að gera, þ.e. að ákvarða þarna atvinnusvæði og skipa málum þannig að tekjur af og þjónusta við þetta fyrirtæki kæmu í réttan stað niður, á allt svæðið.

Hið ömurlegasta við þetta er hins vegar að menn skuli þarna sitja uppi með tvo bláfátæka hreppa meðan hinir velta sér í peningaflóðinu. Þetta er bara ákvörðun sem er tekin hér á hv. Alþingi að hafa þetta svona. Menn sitja uppi með að hafa ekki ráðið bót á því.

Ég vona sannarlega að tekjustofnanefndin skoði þetta vandlega. Ég er hins vegar fylgjandi því að menn skoði þetta frá hinni hliðinni eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi hér áðan, þ.e. að sveitarfélögin stækki. Auðvitað væri eðlilegast að sveitarfélögin á þessu svæði, a.m.k. þau sunnan Skarðsheiðar, væru í einu samfélagi, einu sveitarfélagi sem tæki yfir þetta svæði allt saman. Landfræðilega væri það eðlilegt. Þetta er mjög lítið svæði, tekur um 20 mínútur að keyra milli enda þess á alla kanta. Þannig er ekki um það að ræða að nein landfræðileg mörk ákvarði þetta heldur eru þetta gamlar hefðir og venjur, gömul landfræðileg mörk sem hafa fyrir löngu misst gildi sitt og ættu í raun að vera horfin.

Ég kem hingað fyrst og fremst til að þakka nefndinni fyrir að hafa þó farið yfir þetta mál. Vonandi verður framhald á þeirri umfjöllun, vonandi kemur eitthvað út úr tillögum tekjustofnanefndarinnar. Ég bind hins vegar ekki mjög miklar vonir við að þar verði niðurstaða sem leysi þetta mál. Hitt væri eðlilegra að Alþingi mannaði sig upp í að ákveða að sveitarfélög skuli hafa vissa stærð til að geta sinnt skyldum sínum við íbúana, verið burðug og uppfyllt alla þá þætti sem eitt sveitarfélag þarf að geta sinnt.

[14:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sá vandræðagangur sem umræðan um þetta tiltölulega saklausa frv. hefur afhjúpað er afar athyglisverður og nokkur áfellisdómur að mínu mati yfir stjórnvöldum sem reka að því er maður hefði haldið meðvitaða stefnu í málefnum stóriðju. Haldið hefur verið á lofti möguleikum landsbyggðarinnar til þess að bjóða stóriðju heim en það er náttúrlega afar vandræðalegt að ekki skuli hafa verið hugsað fyrir einföldum hlutum eins og tekjuskiptingu vegna tekna af stóriðju til hreppa sem ættu möguleika á aðild að þessum tekjum fyrr en núna. Það segir sína sögu um fyrirhyggju stjórnvalda eða öllu heldur skort á fyrirhyggju stjórnvalda í málefnum stóriðjunnar og hver pólitíkin er í því að bjóða stóriðju heim í hvern dal og hvern fjörð á landinu.

Hér hefur verið afhjúpað það sem ég kalla vandræðagang stjórnvalda og sem er sannarlega þörf á að taka föstum tökum og ég get ekki látið hjá líða að nefna í þessu sambandi það mál sem hér hefur komið til umfjöllunar vegna stækkunar álverksmiðju Norðuráls á Grundartanga en það hefur komið í ljós og er í umræðunni núna þessa dagana að starfsleyfi fyrir stækkuninni var gefið út tveimur mánuðum áður en umsagnir almennings og aðila að málinu áttu að vera komnar inn. Áður en umsagnarfrestur var liðinn var búið að gefa út starfsleyfi fyrir þeirri stækkun sem hér er til umfjöllunar. Það er því greinilega ekki á einum pósti heldur öllum þar sem stjórnvöld og ráðamenn hefur skort fyrirhyggju í málefnum álverksmiðju á Grundartanga. Líti fólk nú í eigin barm og athugi hvort ekki sé þörf á að taka til hendinni og hafa betri fyrirhyggju og skýrari áform þegar farið er út í mál af þessari stærðargráðu.

Ég átel stjórnvöld fyrir þann vandræðagang sem þetta mál hefur skapað og hefði maður nú ekki haldið að álverksmiðjan á Grundartanga ætti eftir að valda jafnkjánalegum afhjúpunum og hér hafa komið fram í máli hv. þingmanna sem starfa í hv. iðnn.

[14:03]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áttaði mig allt í einu á því í ræðu hv. þm. hvers vegna andstaða hennar við stóriðju er svona mikil því hún afhjúpaði hér þá sýn og skilning sinn að það væri stefna stjórnvalda að bjóða álver í hvern fjörð og hvern dal. Þá áttaði ég mig á því hvers vegna hv. þm. hefur talað svona einarðlega gegn stóriðju. En ég vona að það sé hv. þm. til huggunar að það er misskilningur. Þarna gætir einhvers misskilnings. Ég hygg að þessi stefna í stóriðju sem hv. þm. lýsti hafi aldrei nokkurs staðar komið fram nema þá hjá hv. þm.

Hvað varðar vandræðagang stjórnvalda þá er það málflutningur sem ég get ekki tekið undir. Ég vil benda á það sem fram kom m.a. í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þ.e. rétt sveitarfélaga. Það er svolítið stórt mál að ganga á þann rétt sveitarfélaga að svipta þau heimildinni til þess að leggja fasteignagjöld á þá starfsemi sem fram fer í hverju sveitarfélagi. Hins vegar er hv. iðnn. að benda á ýmis pólitísk rök fyrir því að taka þessi mál til endurskoðunar. Ég tel það ekki vandræðagang heldur er einungis verið að benda á ýmsar hliðar þessa máls. Það er stórmál að svipta sveitarfélög þeim rétti sínum að leggja fasteignagjöld á fyrirtæki.

[14:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna andsvars hv. þm. Hjálmars Árnasonar er rétt að það komi fram að maður skyldi ætla að stjórnvöld sem reka stóriðjustefnu á þann hátt sem stjórnvöld gera í dag ættu að starfa af fyrirhyggju og útsjónarsemi á öllum sviðum og alveg niður á hið smæsta. Það er ljóst að það hefur ekki verið gert hér og fyrir það er rétt að gagnrýna stjórnvöld.

Ég fagna því hins vegar að hv. þingmenn iðnn. skuli benda á að hér sé úrbóta þörf og tek undir það þannig að það fari ekki á milli mála að hér þarf auðvitað að hugsa hlutina algerlega ofan í kjölinn, niður í rót. Það er hv. iðnn. að benda á og það er af hinu góða. En það breytir því ekki að stjórnvöld liggja undir ámæli fyrir að hafa ekki hugsað málið nægilega vel.

[14:06]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sem nefndarmaður í iðnn. fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð stend ég að þessu nál. enda tel ég að við stöndum frammi fyrir gerðum hlut. Ég get ekki látið hjá líða, eins og margir aðrir hafa gert í þessari umræðu, að velta upp spurningum í sambandi við fyrirtæki af þessari stærðargráðu og nálgast þetta frá þeim vinkli sem ég tel að sé kannski alvarlegastur í þessu öllu, því að sú staða að vera með gjaldtöku af svo stórum, við skulum segja, landsfyrirtækjum inn í svo litla hreppa er stóralvarlegt mál út frá því að það er skoðanamyndandi um hvað skuli gera.

Það er ekkert smámál fyrir lítinn hrepp upp á 200–300 manns að standa frammi fyrir fleiri milljóna króna tekjum. Það er ekkert smámál vegna áforma okkar um sameiningu og samvinnu að standa frammi fyrir því að hreppar með örfá hundruð íbúa, kannski bara 300 íbúa, hafa svo miklar tekjur af þessum landsfyrirtækjum að þeir hafi engan áhuga á samvinnu, hvað þá heldur sameiningu. Þessi vinkill er í raun og veru stórhættulegur vegna þess að ef verið er að áforma framkvæmdir af slíkri stærðargráðu þá verða viðkomandi sveitaryfirvöld gagnrýnislaus vegna þess að peningamálin verða ofar öllu öðru í huga manna.

Það er svo greinilegt í umræðunni um stóriðju, og getum við þá farið aftur í tímann til desember þegar við ræddum um Austurland, að sveitarstjórnarmennirnir keyra ákafast á stóriðjuna út frá peningalegum beinum greiðslum sem þeir sjá fram á, í staðinn fyrir að þeir ættu að vera í þeirri stöðu að geta litið á málin gagnrýnni augum þegar verið er að plana svona hluti. Þessari sýn vildi ég koma á framfæri vegna þess að ég held að þetta sé einmitt stórhættulegt í umræðunni, sérstaklega þegar við erum með lítil sveitarfélög sem taka við slíkri starfsemi.

Það hefur komið fram í umræðunni að mjög víða um land standa menn frammi fyrir því að það er tregða í sambandi við samvinnu, alla vega í sambandi við sameiningu sveitarfélaga út af slíkum aðstöðumun sem skapast af stórframkvæmdum. Þetta þekkjum við úr uppsveitum Árnessýslu. Þetta þekkjum við norður í landi og þetta höfum við norðan Skarðsheiðar eins og dæmin sanna, í Rangárvallasýslu og á fleiri stöðum. Út frá þessum atriðum held ég að sé alveg tímabært að taka þessa hluti með inn í umræðuna þegar við ræðum um stórar framkvæmdir. Það gildir svo sem einu hvort þar er um málmbræðslur eða aðrar stóriðju- eða stórframkvæmdir að ræða. Það er seinni tíma mál sem við þurfum að taka á. Ég get tekið undir með hv. 4. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, að full ástæða er til þess að þingið skoði þetta mál jafnvel í framhaldi af þessari afgreiðslu hér, þ.e. hvort við eigum ekki að taka upp sveitarstjórnarmál, samvinnumál sveitarfélaga, og líta alvarlega á þau í framhaldi af þessu því að svona tel ég að þetta geti ekki gengið.

Fólk horfir upp á svo augljósa mismunun og þetta gildir um marga hreppa. Það er verið að malbika heim að bæjum. Það er verið að nota peninga til þess að lýsa heimreiðir. Það er góðra gjalda vert ef það væri á færi allra. En það er svo langt í frá. Þetta skapast af þessari aðstöðu. Síðan gerist það líka að nágrannarnir sem eru kannski álíka margir eru eins og fátæklingar við hliðina á ríku mönnunum og eru komnir í þá hlægilegu stöðu að þurfa að vera ölmusumenn. Þeir sem eru ríkari eru farnir að borga heldur meira í skólann og heldur meira í ýmis sameiginleg verkefni. Þvílík staða. Þvílík leiðindi fyrir nágranna. Á þessum grunni vil ég að þetta sé skoðað. Ég vil árétta það, virðulegi forseti, að ég stóð að þessu nál. sem iðnaðarnefndarmaður fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, enda lít ég á þetta sem afgreiðslu á gerðum hlut.

[14:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það búa innan við 500 manns í öllum þessum fjórum hreppum þannig að við erum að tala um 130–140 manneskjur í þeim hreppi sem mestar tekjur hefur. Það er ekki bara það. Hann mat á sínum tíma þörf sína fyrir tekjur upp á 3%. Útsvarið var hækkað með lögum frá Alþingi þegar ákveðið var að Reykjavíkurborg þyrfti að fá rúm 7% í tekjur. Af því að hún gat ekki tekið ákvörðun um það sjálf þá var það gert á hv. Alþingi og þar með voru tekjurnar meira en tvöfaldaðar hjá þessum litla hreppi. Og svo er meira. Þá var bara ein verksmiðja í hreppnum. Eftir að þetta gerist kom ný verksmiðja til viðbótar, álverksmiðjan. (**Gripið fram í:** Hún er í tveimur sveitarfélögum.) Henni er að vísu skipt á milli tveggja sveitarfélaga. En nú kemur stækkunin enn þar ofan á. Þar sem þeir mátu þörf sína fyrir tekjur á sínum tíma upp á 3% þá hljóta menn í því samhengi að sjá að þeir hljóta að hafa býsna rúm fjárráð núna og mér finnst hálfömurlegt að menn skuli ekki hafa fundið leiðina til þess að komast ofan í vasann hjá þeim aftur.

[14:12]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að við erum að tala um mjög fámenn sveitarfélög í þessu tilfelli sem hv. þm. ræddi um. En ég var að ræða almennt um málin. Við þekkjum þetta vandamál mjög víða um landið og það gildir í raun og veru ekki bara um stóriðju heldur aðstöðugjald af ýmiss konar annarri starfsemi sem er í nágrenni þéttbýlis. Þetta er víða um landið. Þarna eru að vísu mjög lítil sveitarfélög. Ég tók meðaltal og var að tala um kannski 200–300 manna sveitarfélög. En ég get ekki séð annað en að við séum sammála um að það þurfi að taka á þessum málum og gæta jöfnuðar í þeim eins og öðrum. Það er óviðunandi að aðstöðumunur geti skapast vegna landsframkvæmda af þessu tagi. Ég tel að svo sé og er tilbúinn að standa að því að skoða miklu fleiri mál. Kannski er kominn tími á að skoða landskatt eina ferðina enn því að sveitarfélögin á suðvesturhorninu búa náttúrlega við yfirburðastöðu hvað varðar skattlagningu á sameiginlegum fyrirtækjum sem þjóna okkur öllum, svo sem í samgöngum sem eru ekkert smámál núna. Túrisminn er með 30 milljarða tekjur og flugþjónustan og ferðamálaþjónustan, ferðaskrifstofuþjónustan, er stór hluti af því. Kannski má því skoða niður í kjölinn landsfyrirtæki

af þessu tagi og gera bragarbætur sem leiða til þess að við getum notið meiri jöfnuðar meðal sveitarfélaganna hver svo sem stærðargráðan er.

[14:14]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Hér hefur orðið ágæt umræða um í rauninni afskaplega lítið mál. Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að hér er verið að fjalla um orðinn hlut. Aðeins er um að ræða stækkun á álverinu á Grundartanga og byggir sá gjörningur á samkomulagi og lögum sem upphaflega voru sett. Hér er því aðeins um framlengingu á því að ræða. En það er rétt að taka það fram, herra forseti, að stærð starfseminnar skiptir máli í þessu tilviki en ekki eðli starfseminnar. Það er ekki vegna þess að hér sé um stóriðju að ræða eða álver að ræða. Sömu umræður væru uppi ef um væri að ræða t.d. stórt tölvufyrirtæki, samkomulag við eitthvert erlent tölvufyrirtæki sem hér hefði viljað fjárfesta. Stærð starfseminnar og áhrif hennar á lítil sveitarfélög í nágrenninu eins og hér hefur verið dregið fram leiðir til ákveðinnar mismununar þar sem tvö sveitarfélög njóta verulega góðs af en í nágrenninu eru önnur tvö lítil sveitarfélög sem berjast í bökkum. Síðan má nefna stærra sveitarfélagið, Akraneskaupstað, sem veitir íbúum nágrannasveitarfélaganna ákveðna þjónustu. Gegn þessu er síðan réttur sveitarfélaga samkvæmt gildandi lögum og svo það stórpólitíska mál að núverandi fyrirkomulag kann að draga úr vilja minni sveitarfélaga til þess að sameinast. Þetta er í rauninni það sem hv. iðnn. er sammála um og ber nú svo við að nefndin er sammála í áliti sínu. Út á það hafa umræður gengið og þessu beinir einmitt hv. nefnd til ríkisstjórnarinnar að hún taki á. Málin verða ekki leyst í tengslum við þetta eina mál. Það er í rauninni niðurstaða nefndarinnar um leið og hún mælir með samþykkt frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (menntun leiðsögumanna). — Þskj. 621, nál. 903.

[14:17]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um skipulag ferðamála með síðari breytingu. Allshn. fékk þetta mál eins og lög gera ráð fyrir og nefndin sendi málið til ýmissa aðila til umsagnar og þar á meðal til hv. menntmn. Þar sem þetta mál fjallar um að flytja mál er varða menntun leiðsögumanna ferðafólks frá samgrn. til menntmrn. þótti rétt að leita umsagnar hv. menntmn.

Í umsögn menntmn. segir, með leyfi forseta:

„Það er skilningur nefndarinnar að með þessu sé í engu verið að breyta inntaki þessa náms, sem er mjög sérhæft, né inntökuskilyrðum, þ.e. að nemendur séu 21 árs og hafi m.a. lokið stúdentsprófi. Nefndin leggur áherslu á að það sé tryggt."

Síðan segir einnig, með leyfi forseta:

„Nefndin telur nauðsynlegt að þessi mál verði skoðuð í heild sinni, m.a. með tilliti til staðsetningar námsins í menntakerfinu."

Undir þessi orð hv. menntmn. tekur allshn. sérstaklega og í ljósi þessa leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[14:20]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér einungis til þess að vekja athygli á niðurlagi bréfs hv. menntmn. sem nefndin sendi hv. allshn. við umfjöllun málsins. Í bréfinu kemur fram að nefndin er sammála um að námið sé mjög sérhæft og leggur áherslu á að í engu sé verið að breyta inntaki námsins né inntökuskilyrðum og þau skilyrði sem sett eru nú fyrir inngöngu í námið haldist óbreytt.

En í nefndinni urðu talsverðar umræður um óheppilegt orðalag í grg. með frv. þar sem fram kom að framhaldsskólalögin kæmu til með að ná yfir þetta nám. Það hefur valdið ákveðnum titringi í leiðsögumannastétt að heyra áform um að námið skuli skilgreint á framhaldsskólastigi en ekki á háskólastigi.

Hv. menntmn. tók í sjálfu sér ekki afstöðu efnislega til þessa atriðis en ítrekar það í bréfi sínu að nauðsynlegt sé að þessi mál verði skoðuð í heild sinni, sérstaklega er varðar staðsetningu námsins í menntakerfinu. Svo það sé alveg skýrt og því sé haldið til haga þá tók hv. menntmn. í rauninni ekki afstöðu í þessu ágreiningsmáli en telur mjög brýna ástæðu til að taka þetta nám og skoða það með skilgreiningar menntakerfisins okkar í huga og ákvörðun verði tekin um það eða ljósi varpað á það undir hvaða skólastig þetta nám skuli heyra.

[14:22]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar nál. frá allshn. um skipulag ferðamála, með síðari breytingu. Ég undirritaði nál. þar sem skýrt kemur fram að færa eigi ferðamálin frá samgrn. og yfir í menntmrn., þ.e. menntun leiðsögumanna.

Það kemur líka skýrt fram að þetta nám getur ekki fallið undir lög um framhaldsskóla heldur er þetta jafnvel spurning um að að færa slíkt nám undir sérnám. Umræður urðu um það í nefndinni hvort þetta ætti að vera á vegum Endurmenntunarstofnunar, því þarna er fyrst og fremst um að ræða fólk sem hefur lokið stúdentsprófi — sem er skilyrði inn í skólann — og mjög margir eru með langt nám að baki áður en þeir taka að sér leiðsögn í ferðaþjónustu.

Þannig var þetta afgreitt úr nefndinni og við lýstum okkur samþykk því.

[14:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég hef ekki komið að þessu máli í nefndarvinnunni vegna þess að ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem var með það til umfjöllunar. En mig langar vegna þeirrar umfjöllunar um skipulag ferðamála og um leiðsögumannanámið að leggja áherslu á að það má ekki slaka á neinn hátt á kröfunum um menntun og þekkingu.

Nú er það þannig víða erlendis þar sem menn öðlast réttindi til leiðsögumennsku að þeir þurfa að ganga í gegnum harðan skóla og ströng próf og hafa ekki réttindi til þess að leiðsegja nema vera með slík próf að baki. Ég tel það vera mjög mikilvægt að við höldum því að þarna sé vel að verki staðið og menn séu með fróða leiðsögumenn sem hafa mikla og yfirgripsmikla þekkingu. Við gætum t.d. tekið okkur aðrar þjóðir til fyrirmyndar sem eru með leiðsögumannapróf sem skilyrði fyrir því að menn fái að leiðsegja ferðamönnum. Ekki má slaka á kröfunum.

Það er annað sem ég hefði talið að við þyrftum einnig að gera og það er að setja skilyrði fyrir því að í hverri rútu á

Íslandi í leiðsögn sé innlendur fararstjóri eða leiðsögumaður sem beri ábyrgð á ferðinni. Þannig hefur þetta víða verið gert. Ég hef starfað við leiðsögn hátt á annan áratug erlendis og mjög víða er manni ekki heimilt að fara um landsvæði án þess að vera með innlendan leiðsögumann með leiðsögumannapróf með sér. Og víða fær maður ekki að koma inn í sögufrægar byggingar, sem hafa langa sögu að baki, þó að maður hafi alla þekkingu á svæðinu og byggingunum, öðruvísi en að hafa með sér innlendan leiðsögumann með faglega þekkingu og próf á viðkomandi svæði eða á viðkomandi mannvirkjum.

Ég held því að við ættum að koma okkur upp slíku kerfi og t.d. að setja það sem skilyrði að vel menntaðir íslenskir leiðsögumenn séu alls staðar með, beri ábyrgð á ferðum t.d. útlendra ferðamanna um landið. Víða eru svæði sem eru mjög hættuleg yfirferðar og erlendir leiðsögumenn þekkja ekki nema að litlu leyti og þar eigum við auðvitað að gera slíkar kröfur.

En það er sem sagt ekki verið að fjalla sérstaklega um eðli námsins heldur hvar því skuli skipað. Engu að síður tel ég ástæðu til að koma aðeins inn á það í umræðunni fyrst þetta mál er hér á dagskrá, að við pössum upp á að hvergi verði slakað á kröfunum í sambandi við menntun og að við tryggjum að þeir ferðamenn sem ferðast um landið fái þá þjónustu sem þeir búast við og fái góða þjónustu þegar þeir ferðast um okkar fallega land.

[14:27]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns, hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, vil ég að fram komi að það var alveg skýrt í áliti menntmn. og mér heyrist það sama gilda um álit hv. allshn. að allir eru sammála um að afar þýðingarmikið sé að ekkert verði slakað á námskröfum þeirra einstaklinga sem fara í þetta nám og hér sé um afar þýðingarmikið nám að ræða. Allir virðast sammála um að grunnkröfurnar geri það að verkum að í þetta nám veljast einungis einstaklingar sem hafa til þess mjög góðan og sterkan grunn.

Það sem hins vegar hefur vakið upp ágreining og vangaveltur, eins og ég vék að í ræðu minni áðan, er orðalag í frv. sjálfu sem er eftirfarandi, með leyfi herra forseta. Þar segir:

„Verði frv. að lögum er litið svo til að starfsmenntun leiðsögumanna falli undir nýleg lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla, og menntmrh. geti á grundvelli þeirra sett um hana námskrá."

Hv. menntmn. tók ekki afstöðu til þessa orðalags að öðru leyti en því að hún leggur til að hér þurfi að skoða málin. Við búum við skilgreiningu á skólakerfinu sem er þrískipt, grunnskóli, framhaldsskóli og háskóli. Við eigum ekki lengur neina skilgreiningu sem heitir sérskóli. Kannski stendur hnífurinn þar í kúnni og það starf þarf að fara fram núna í framhaldinu að þetta nám og jafnvel annað nám sé skilgreint með hliðsjón af því að það sé nánast hvorki framhaldsskólanám né háskólanám. Það verður því að vera alveg klárt hvað það er sem þarf að skilgreina betur.

[14:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessar viðbótarupplýsingar um umfjöllunina um málið og ég get heils hugar tekið undir þær skoðanir sem koma fram í andsvari hennar.

[14:30]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. og ég tel að breytingarnar séu mjög til bóta. Án þess þó að halda því fram að illa hafi verið sinnt um þetta undir verndarvæng samgrn. þá hefur samt sem áður komið í ljós að það er ólipurt í framkvæmd. Fyrir nokkrum árum kom t.d. í ljós þegar efnt var til menntunar sviðsleiðsögumanna að heldur óþjálla var að sækja hana undir samgrn. og tengja hana síðan stofnunum menntmrn. Þessi breyting er því á allan hátt mjög eðlilegur hlutur. Ég vil taka undir flest það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði um leiðsögumenn, menntun þeirra og metnað.

Það er nú svo að þessi atvinnugrein, ferðaþjónusta, hefur eflst geysimikið á undanförnum áratug, meira en marga áratugi þar á undan. Leiðsögumenn hafa á margan hátt átt undir högg að sækja og eins og kom fram áðan eru dæmi um að erlendir leiðsögumenn ferðist með hópum um landið. Sömuleiðis eru það áhugahópar um ferðamál, og þeir margir mjög stórir, sem sinna ekki menntun leiðsögumanna sinna eins og vert væri. Þeir eru margir með afburðafæra menn í þekkingu á landi og leiðum en það er fleira sem einkennir góðan leiðsögumann en þekkingin ein. Leiðsögumenn þurfa að ganga í gegnum mjög strangan skóla þar sem farið er yfir starf þeirra á mjög fjölbreytilegan hátt og margt fleira tekið en þekking á landinu vegna þess að leiðsögumaður er jafnframt stjórnandi og að vissu leyti ábyrgðarmaður hópsins. Hann þarf því að hafa margt fleira til brunns að bera en þekkingu á landinu. Hann þarf að þekkja inn á skipulag þess sem verið er að fara og fólkið sem hann er að fara með.

Ég held að með menntun leiðsögumanna, sem hefur átt undir högg að sækja eins og ég gat um áðan, hafi tekist mjög vel til að halda námskröfum bæði vel skilgreindum og nokkuð stífum. Ég held að ekki sé á nokkurn mann hallað þó að nefnd sé Birna G. Bjarnleifsdóttir sem hefur verið forsvarsmaður og umsjónarmaður þessa náms frá upphafi og haft handleiðslu allan tímann sem það hefur staðið yfir, en það hefur þróast á hinn ákjósanlegasta veg, m.a. í tengslum við Menntaskólann í Kópavogi og ýmsa aðra.

Sú breyting sem komin er fram er vafalaust til bóta en ég tek undir þær athugasemdir sem hafa verið gerðar við niðurlag greinargerðarinnar. Það er mjög sérkennilegt ef starfsmenntun leiðsögumanna falli undir nýleg lög um framhaldsskóla þar sem stúdentspróf er gert að inntökuskilyrði. Þetta er liður sem ég treysti að verði tekinn til skoðunar og þessu námi verði fundinn farvegur sem því hæfir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, 2. umr.

Stjfrv., 267. mál. — Þskj. 350, nál. 817.

[14:34]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um framkvæmd samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra.

Meginmarkmið samningsins er að banna þróun og framleiðslu efnavopna sem og alla aðra meðhöndlun þeirra. Því

er markmið frv. að lögfesta þessi nauðsynlegu ákvæði samningsins til að unnt verði að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt alþjóðasamningnum um bann við efnavopnunum en Alþingi veitti ríkisstjórninni með þingsályktun árið 1997 heimild til að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd.

Nefndin leggur til, herra forseti, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, 1. umr.

Stjfrv., 468. mál. — Þskj. 747.

[14:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um jöfnunargjald vegna reksturs sem fellur undir ákvæði um alþjónustu á árinu 2000. Tilgangur frv. er að heimila öflun fjár í jöfnunarsjóð samkvæmt lögum nr. 107/1999, um fjarskipti, til að fjármagna alþjónustu Neyðarlínunnar. Gert er ráð fyrir að útgjöld sjóðsins standist á við tekjur.

Við opnun fjarskiptamarkaðarins 1. jan. 1998 og afnám einkaréttar var talin hætta á að samkeppni mundi snúast mest um þjónustu í þéttbýli og að dreifbýlið mundi ekki njóta sömu markaðsáhrifa. Þess vegna hefur í löggjöf Evrópusambandsins og lög einstakra landa verið sett ákvæði um sérstaka alþjónustu.

Um alþjónustu er fjallað í 13. gr. fjarskiptalaga og segir þar, með leyfi forseta:

„Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun við útgáfu rekstrarleyfa mælt svo fyrir að rekstrarleyfishafi eða rekstrarleyfishafar skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Til alþjónustu teljast m.a. talsímaþjónusta, þjónusta við fatlaða eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu sem notendur tengjast um heimtaugar almenna talsímanetsins."

Í þessu felst heimild fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til að tryggja lágmarkstalsímaþjónustu við íbúa landsins óháð búsetu og jafnframt er skilgreint hver lágmarksþjónusta við hvern símnotanda skuli vera. Það er ljóst að sú staða getur komið upp að alþjónusta verði ekki veitt án rekstrataps og eru ákvæði í jöfnunarsjóð ekki sett í þeim tilgangi að tryggja fjármagn til þjónustunnar.

Í talsímatilskipun ESB er fyrirkomulag alþjónustu nákvæmlega skilgreint. Þar kemur fram hvaða tegundir þjónustu má nefna alþjónustu og hvaða tegundir alþjónustu megi fjármagna úr jöfnunarsjóði, en samkvæmt Evróputilskipunum á þessu sviði má ekki fjármagna alla alþjónustu úr jöfnunarsjóði þeim sem fjallað er um í frv. þessu.

Ný fjarskiptalög, nr. 110/1999, voru samin með þessar Evrópureglur í huga, svo og reglugerð nr. 216/1998, um alþjónustu. Sem dæmi um alþjónustu hér á landi má nefna almenna talsímaþjónustu, aðstoð talsímavarðar, aðgang að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala, aðgang að upplýsingaþjónustu um símanúmer, almenningssíma og almennan gagnaflutning með allt að 128 Kb/s á talsímanetinu.

Í samræmi við reglugerð um alþjónustu auglýsti Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsóknum um fjárframlög vegna alþjónustukvaða. Ein umsókn barst um fjárframlög á árinu 2000 og var hún frá Neyðarlínunni hf. Farið var fram á 19 millj. kr. framlag vegna kostnaðar við neyðarsímsvörun sem telst vera alþjónusta og fyrirtækinu hefur verið gert skylt að veita. Með umsókninni fylgdu fullnægjandi gögn um kostnað sem umsækjandi ber af alþjónustukvöð. Póst- og fjarskiptastofnun áætlar því að greiða 19 millj. kr. úr jöfnunarsjóði á árinu. Lagt er til að jöfnunargjaldið verði 0,18% fyrir árið 2000. Prósentutala þessi er hlutfall veltu og fjárþarfar sjóðsins. En árið 1998 var velta gjaldskyldra fjarskiptafyrirtækja 11,5 milljarðar kr.

Lagt er til að heimilað verði að innheimta fyrirframgreiðslu þar til endanleg álagning liggur fyrir svo hefja megi greiðslu fjárframlaga sem fyrst en augljóst er að fyrirtækinu getur reynst erfitt að reka þjónustuna með tapi mánuðum saman. Jöfnunarsjóður hefur ekkert fé til ráðstöfunar í dag enda hefur jöfnunargjald ekki verið innheimt hingað til og þurfa fyrirframgreiðslur því að hefjast við fyrsta mögulega tækifæri. Við undirbúning fjarskiptalaga var sérstök athygli fjarskiptafyrirtækja vakin á þessu ákvæði.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 484. mál (skattleysismörk). — Þskj. 764.

[14:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá því 10. mars sl. þar sem lagðar voru línur að því er varðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á árinu 2000.

Þetta frv. er í sjálfu sér ekki flókið mál. Það er aðeins tvær efnisgreinar en í því kemur fram sá ásetningur ríkisstjórnarinnar í beinu framhaldi af yfirlýsingunni sem ég nefndi að breyta persónuafslætti í skattalögum þannig að persónuafsláttur inn og skattleysismörkin hækki í samræmi við þær launabreytingar sem ákveðnar eru í kjarasamningum Flóabandalagsins sem hefur nú verið staðfestur í almennri atkvæðagreiðslu félagsmanna þess.

Gert er ráð fyrir því í frv. að hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka komi fram í áföngum frá og með 1. apríl á þessu ári allt fram til ársins 2003. Persónuafsláttur inn hefur þegar hækkað um 2,5% frá og með 1. janúar sl. en samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að hann hækki á ný um 2,5% með gildistíma frá síðustu mánaðamótum þannig að heildarhækkunin á árinu 2000 nemi 5%. Þar með verður hækkunin á árinu 2000 allnokkru meiri en sú launahækkun sem ákveðin er í margumræddum kjarasamningi.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í frv. að persónuafsláttur hækki um 3% 1. janúar nk., 3% 1. janúar árið 2002 og um 2,25% 1. janúar árið 2003. Samanlögð hækkun á árunum 2000–2003 er því tæplega 14%.

Um þetta atriði snýst frv. Það er væntanlega flestum þingmönnum vel kunnugt og breytingin sjálf er tæknilega

séð mjög einföld og ekki óalgeng í sölum þingsins þegar á annað borð er verið að breyta þessum lögum.

Það kom til tals í þinginu fyrir tæplega hálfum mánuði að dregist hefði að mæla fyrir þessu frv. Ástæðurnar fyrir því voru raktar á þeim tíma. Beðið var úrslita í atkvæðagreiðslu Flóabandalagsins. Úrslit liggja fyrir nú og því ekki eftir neinu að bíða með að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum.

Ég vænti þess að frv. geti fengið greiða meðferð í gegnum Alþingi þannig að hægt sé að framkvæma ákvæði þess frá og með næstu mánaðamótum, bæði gagnvart þeim sem fá laun sín greidd eftir á og gagnvart þeim sem eru á fyrirframgreiddum launum. Þar sem þetta mál kemur til uppgjörs um næstu mánaðamót vænti ég þess að efh.- og viðskn. hafi hraðar hendur við að afgreiða þetta frv.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umræðunni vísað til efh.- og viðskn. og til 2. umr.

[14:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel afar þýðingarmikið að verkalýðshreyfingin hafi náð fram breytingu á skattleysismörkum og persónuafslætti í tengslum við nýgerða kjarasamninga. Þróun skattleysismarka hefur á umliðnum árum verið láglaunafólki afar óhagstæð og löngu tímabært að leiðrétta kúrsinn í þeim efnum.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér frá Þjóðhagsstofnun kemur fram að 14 þúsund láglaunafjölskyldur, sem voru skattlausar á árinu 1995, voru á árinu 1998 farnar að greiða skatt af launum og lífeyri sem eru varla til að lifa af þar sem skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun. Ef skattleysismörk hefðu fylgt launaþróun hefðu þau átt að vera tæplega 80 þús. kr. á árinu 1999 í stað liðlega 63 þús. kr.

Einnig er athyglisvert að skoða skattleysismörkin frá árinu 1988 til ársins 2000 og sjá þá þróun sem þar hefur orðið. Vissulega hafa fleiri ríkisstjórnir en sú sem nú er farið þá leið að láta ekki skattleysismörkin fylgja launaþróun. Þegar þróun skattleysismarka er skoðuð frá árinu 1988 kemur þó í ljós að þau voru mun nær því að fylgja þróun launa og verðlags á niðursveifluárum í efnahags- og atvinnulífi á árunum 1988–1994 en í góðærinu eftir að núv. ríkisstjórn tók við árin 1995–1999. Eins og ég nefndi áðan þá hefur þeim fjölgað um 14 þúsund manns sem þurfa að fara að greiða skatta af lágum launum sínum frá árinu 1995.

Á árinu 1988 fylgdu skattleysismörkin launa- og verðlagsþróun. Þar var ekkert bil á milli en strax á árunum 1989–92 hækkuðu skattleysismörkin umfram launaþróunina en voru ívið lægri en launavísitala árin 1993 og 1994. Þar munar 500–1.500 kr. Eftir árið 1995 byrjar hins vegar að síga verulega á ógæfuhliðina og munur á skattleysismörkum og launavísitölu verður allt frá 5.000 til tæpra 17.000 kr. á árunum 1996–1999. Ljóst er að þegar skattleysismörk fylgja ekki launum dregur mjög úr tekjujöfnunaráhrifum skattkerfisins. Það kemur verst niður á fátækasta fólkinu, láglaunafjölskyldum og síðan lífeyrisþegum og einstæðum foreldrum, en stór hópur einstæðra foreldra fyllir einmitt láglaunahópinn. Þegar litið er á þróun persónuafsláttar sl. 13 ár kemur í ljós að persónuafsláttur hækkaði á árunum 1988–1995 um tæpar 9.000 kr. en frá árinum 1996–1999 hefur persónuafslátturinn lækkað úr 24.500 í rúmar 23.000 eða um tæplega 1.300 kr.

Með samkomulagi sem Flóabandalagið gerði í tengslum við nýgerða kjarasamninga hækkar persónuafslátturinn í áföngum. Í byrjun árs 2003 verður hann þó aðeins 26.588 kr. Þá hefur verið tekið tillit til allra þeirra hækkana sem koma árlega á næstu fjórum árum. Þegar litið er til skatthlutfallsins þá var það á árunum 1988–1994 á bilinu 35% og fór í 42% á þessu sex ára tímabili en á árunum 1996–1999 var það tæplega 42% fram til maí 1997 þegar það lækkaði í tengslum við kjarasamninga. Nú er það liðlega 38%.

Með því að ríkisstjórnin hefur kosið að láta skattleysismörkin dragast verulega aftur úr launaþróun eins og þessar tölur staðfesta hefur tekjumunur í þjóðfélaginu aukist verulega enda hafa ráðstöfunartekjur láglaunafólks aukist hlutfallslega mun minna en hjá fólki með hærri tekjur. Þar á ofan var fátækasta fólkið látið borga fyrir lækkun á skatthlutfallinu, skatthlutfalli annarra, um tæp 4% í tengslum við kjarasamningana 1997 með raunlækkun skattleysismarka. Það hefur einmitt komið fram hjá ASÍ að við lækkun á skatthlutfallinu árið 1997, sem kom auðvitað mörgum til góða, kostaði ríkissjóður það með því að láta skattleysismörkin dragast aftur úr. Það kom niður á þeim verst settu. Það sem ríkið sparaði með lækkun skattleysismarka var með öðrum orðum notað til að lækka skatta þeirra betur settu. Þannig hefur skattbyrði lágtekjufólks verið þyngd á undanförnum árum miðað við skattbyrði þeirra sem hafa hærri tekjur.

ASÍ gerði á síðasta ári mjög merkilega úttekt á skattkerfinu þar sem m.a. er farið ítarlega yfir skattleysismörkin og þróun þeirra á undanförnum árum og áhrif þeirra á tekjur launafólks og hvað það þýðir í sparnaði fyrir ríkissjóð að láta skattleysismörkin ekki fylgja launaþróun. Í úttekt ASÍ eru tekin nokkur viðmið á hækkun launa og tekna á árunum 1996–1999. Þá kemur í ljós að laun hafa hækkað um 23,4% á tímabilinu en á sama tíma hafa skattleysismörk einungis hækkað um 5,1%. Munurinn þar á er því um 17%. Það munar auðvitað gífurlega mikið um það fyrir kjör láglaunafólks.

Í skýrslu ASÍ um skattamálin segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef skattleysismörk eru vísvitandi látin dragast aftur úr launaþróun og þær tekjur sem ríkissjóður fær vegna þessa nýttar til lækkunar á almennri tekjuskattsprósentu þá er verið að draga mjög úr tekjujöfnun."

Það er alveg ljóst að skattleysismörkin hafa gegnt veigamiklu hlutverki, jöfnunarhlutverki í skattkerfinu. Með öðrum orðum urðu skattalagabreytingarnar 1997 til þess að skattbyrði lágtekjufólks þyngdist miðað við skattbyrði þeirra sem meira hafa milli handanna. Reyndar segir í skýrslu ASÍ að hér hafi verið um tilfærslu á skattbyrðinni að ræða, það var verið að þyngja þetta hjá láglaunahópunum.

ASÍ kemst að þeirri niðurstöðu að a.m.k. sé nauðsynlegt að skattleysismörkin fylgi lágmarkshækkun samkvæmt kjarasamningum og þannig sé tryggt að kjarabætur skili sér að fullu til þeirra sem fá einungis launahækkanir í samræmi við kjarasamninga. Það er einmitt lagt til í frv. sem við ræðum hér. Við það að skattleysismörkin fylgi lágmarkshækkunum samkvæmt kjarasamningum eykst meðalskattbyrði aftur á móti eitthvað hjá þeim sem njóta launaskriðs umfram umsamdar hækkanir.

ASÍ hefur einnig haldið því fram, t.d. í þeirri skýrslu sem ég nefndi, að það sé ekki dýrt að hækka skattleysismörkin eða láta þau fylgja launum. Reyndar segir í skýrslunni að það kosti ekki neitt.

„Ef skattleysismörkin fylgja launaþróun þá aukast tekjur ríkissjóðs jafnt og tekjur í landinu," segir orðrétt í skýrslunni. Síðan segir:

„Það er hins vegar mjög freistandi að láta skattleysismörk ekki fylgja launaþróun því að þá hækka skatttekjur ríkissjóðs mun meira en tekjur almennings."

Ég ætla aðeins, herra forseti, að vitna nánar í þessa skýrslu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef öll laun hækka um 10% en skattleysismörk og persónuafsláttur haldast óbreytt þá aukast samanlagðar skatttekjur sveitarfélaga og ríkissjóðs um 17,6%. Útsvarstekjur sveitarfélaga hækka um 10% en tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti um rúmlega 20%. Aðgerðin skilar því u.þ.b. 12 milljörðum til hins opinbera og meðalskattbyrði launafólks hefur með því aukist."

Síðan segir:

„Ef öll laun hækka um 10% og skattleysismörk og persónuafsláttur hækka einnig um 10% þá aukast tekjur ríkissjóðs um 10%. Aðgerðin skilar tæplega 7 milljörðum til hins opinbera og meðalskattbyrði launafólks helst óbreytt. Þó tekjuauki ríkisins verði ekki eins mikill og í fyrra dæminu með óbreytt skattleysismörk þá hefur ríkið samt sem áður töluvert svigrúm til góðra hluta og nóg til þess að hækka laun og rekstrarkostnað í takt við almenna þróun í landinu."

Í skýrslunni er síðan vakin athygli á því að þegar skattleysismörkin hafa dregist langt aftur úr launaþróun í mjög langan tíma og tekjum ríkissjóðs verið ráðstafað í önnur verkefni sé mjög dýrt að snúa dæminu við þannig að skattleysismörkin fylgi t.d. lágmarkslaunum. Þeir segja að það kosti 780 milljónir að hækka skattleysismörkin um 1.000 kr. miðað við óbreyttar tekjur í þjóðfélaginu. Það er auðvitað gífurleg fjárhæð. Ef skattleysismörkin hækka um 1.000 kr. þá hækka ráðstöfunartekjur einstaklings um 385 kr. á mánuði og hjóna um 690–767 kr. á mánuði. Þeir benda á að í haust hafi komið fram kröfur um að skattleysismörk skyldu hækkuð í takt við þróun launavísitölu síðustu ára upp í 85 þús. kr. á mánuði, miðað við rúmar 63 þús. nú. Við þetta mundu skattleysismörkin hækka um 21.600 kr. rúmar og ráðstöfunartekjur einstaklinga hækka um 8 þús. kr. á mánuði miðað við óbreytta skattprósentu.

Síðan segja þeir:

„Ætla má að slík aðgerð kosti um 15–17 milljarða og þyrfti ríkissjóður að ná inn auknum tekjum á móti eða skera niður útgjöld sem því næmi."

Miðað við þetta sjáum hve gífurlega háar fjárhæðir menn hafa haft af launafólki og það af lægst launaða fólkinu. Ég bendi á að 1988 héldust skattleysismörkin og launaþróunin alveg í hendur en þetta bil sem ég nefndi hér kostar gífurlega mikið að leiðrétta að fullu.

Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er minna sýnilegt þegar skattleysismörk eru látin dragast aftur úr launaþróun, en þegar skattprósentan er hækkuð. Í báðum tilvikum er þó verið að hækka skatta. Það er mjög mikilvægt að halda þessari staðreynd til haga í umræðunni. Ef skattleysismörk fylgja ekki launaþróun þá er verið að auka tekjumun í þjóðfélaginu.

Það kostar ekkert að láta skattleysismörkin fylgja launahækkunum. Hins vegar aukast tekjur ríkissjóðs verulega ef þau eru ekki látin fylgja launahækkunum. 1% tekjuaukning skilar 1,8% í auknum tekjum ef öllum viðmiðunarupphæðum er haldið óbreyttum.

Það er því freistandi fyrir ríkisstjórnir að láta skattleysismörk ekki halda í við launaþróun í landinu. Þau hafa verið látin síga meðvitað og oft verið notuð til að fjármagna aðrar skattbreytingar. Nýjasta dæmið er frá 1997 þegar skattleysismörkin voru ekki hækkuð til þess að fjármagna skattalækkunina."

Það er ástæða til að rifja þetta upp núna í tengslum við þetta frv. og það sem hefur náðst fram til þess að leiðrétta aðeins kúrsinn í tengslum við nýgerða kjarasamninga.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að hafa mikið fleiri orð um þetta en vil þó nefna að í umsögn fjmrn. er talað um að ríkissjóður verði af um 900 millj. kr. tekjum á árinu 2000, þ.e. 1.200 milljónum miðað við heilt ár. Það er þá einungis vegna þess að fjárlögin miðuðu aðeins við 2,5% hækkun skattleysismarka en ekki hækkun skattleysismarka í samræmi við laun. Ríkissjóður er því raunverulega búinn að taka inn til sín með fjárlögunum það sem þeir eru núna að skila aftur með því samkomulagi sem náðist við verkalýðshreyfinguna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fær þetta frv. til umfjöllunar. Ég mun vitaskuld gera mitt til að kappkosta að málið fái fljóta og góða afgreiðslu í nefndinni. Ég treysti auðvitað því sem fram kom í máli hæstv. fjmrh. fyrir tveimur vikum eða svo að sá dráttur sem orðið hefur á að afgreiða þetta mál, hæstv. fjmrh. hefur vissulega skýrt ástæðuna fyrir því, bitni ekki á þeim sem njóta góðs af þessu frv. með breytingu á persónuafslætti og skattleysismörkum. Ég treysti því að þeim sem fá fyrirframgreidd laun verði bætt það upp um næstu mánaðamót en af eðli máls leiðir að þetta hefur engin áhrif á þá sem fá eftirágreidd laun. Yfir það verður farið í efh.- og viðskn. og læt ég máli mínu lokið.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Ferjuaðstaða við Bakkafjöru undan Vestmannaeyjum, 589. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 891.

Tekjuskattur og eignarskattur, 547. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 849.

[15:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er jákvætt skref sem stigið er þegar skattleysismörkin eru hækkuð eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umræðu. Reyndar orkar tvímælis að komast þannig að orði vegna þess að í reynd eru skattleysismörkin ekki hækkuð að raungildi heldur gerir frv. ráð fyrir því að skattleysismörk fylgi lágmarks umsaminni launaþróun og þá er litið til næstu þriggja ára.

Þetta frv. er til komið í tengslum við kjarasamninga sem kenndir hafa verið við Flóabandalagið en Alþýðusamband Íslands kom einnig að viðræðum við ríkisstjórnina um þessi mál. Ástæða er til að vekja athygli á því að hér er um sameiginlegar áherslur að ræða hjá samtökum launafólks í landinu í heild sinni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði réttilega í ítarlega skýrslu sem ASÍ og BSRB unnu á síðasta ári. Hún ber heitið Skattkerfið frá sjónarhóli launafólks. Að skýrslunni unnu lífeyris-, velferðar- og skattanefnd ASÍ og skattanefnd BSRB en skýrslan kom út í september 1999.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði ítarlega í skýrsluna og ætla ég þess vegna að láta það vera í framsögu minni við 1. umr. að undanskildum nokkrum setningum sem mig langar til að vitna í skýrsluna, með leyfi forseta. Hér segir á bls. 43:

„Stjórnmálamenn hafa vanið sig á að kalla það „óbreytt ástand" eða „óbreytt skattkerfi" þegar skattleysismörk eru látin dragast aftur úr launaþróun. En afleiðingin er síður en svo óbreytt ástand. Með því að láta skattleysismörk dragast

aftur úr launaþróun er meðvitað verið að auka tekjumun í þjóðfélaginu því ráðstöfunartekjur láglaunafólks aukast hlutfallslega minna en ráðstöfunartekjur hálaunafólks þrátt fyrir hlutfallslega sömu launahækkun."

Það sem gerst hefur hér á undanförnum árum er að skattbyrðar á láglaunahópa og millitekjuhópa hafa aukist vegna þess að skattleysismörk hafa ekki fylgt launaþróun í landinu. Hér er því verið að stíga mikilvægt skref en þó er eitt atriði sem ég vil vekja sérstaklega athygli á.

Frv. vísar til næstu ára, þ.e. til ársins 2003. Í rökstuðningi með frv., eða þannig hefur hæstv. ráðherra komist að orði, segir að hér sé farið að kjarasamningum. Frv. er væntanlega í samræmi við þær launahækkanir sem Flóabandalagið hefur samið um og það er alveg rétt. En ég vil vekja athygli á því að hér er um að ræða 10% af launamarkaðnum á Íslandi. Kjarasamningar liggja engan veginn ljósir fyrir hjá öðrum í landinu. Þess vegna er óljóst hver kjaraþróunin verður þegar á heildina er litið. Ég hefði talið eðlilegt að við skoðun í efh.- og viðskn. væri tekið til athugunar að setja ákvæði inn í frv. þess efnis að ef um hærri tölur verði að ræða í öðrum kjarasamningum komi þær ákvarðanir sem hér er verið að lögfesta til endurskoðunar. Þannig mundi það gerast í reynd að skattleysismörkin eða persónuafsláttur inn fylgdu launaþróun í landinu. Það er ekki tryggt með þessu frv. Á það vil ég leggja áherslu og það er eðlilegt að við tökum þetta til athugunar þegar málið kemur til umfjöllunar í efh.- og viðskn.

[15:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna hverju góðu skrefi sem þessi ríkisstjórn tekur til að leiðrétta misgengi og mismunun sem orðið hefur á liðnum árum. Ég vek sérstaka athygli á því að Jóhanna Sigurðardóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. og talsmaður okkar í þessari umræðu, fór mjög vel yfir hvað gerst hefur á liðnum árum og hversu óhagstæð þróun persónuafsláttar og skattleysismarka hefur verið.

Hér kemur fram að til standi að hækka skattleysismörkin og reyna að tryggja að skattleysismörk fylgi launaþróun á næstu þremur árum. Ég hlýt að vekja athygli á því, sem er gífurlega mikilvægt í þessari umræðu, að ekki er verið að lagfæra þann halla sem myndast hefur í þessu máli. Með þessu er ekki tekið á, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, því að færa skattleysismörkin á þann stað sem áður þótti eðlilegt að þau væru. Til þess þyrfti að taka stærri skref í lagfæringunni. Það er einungis ákveðið að héðan í frá verði ekki meiri skekkja milli skattleysismarka og launaþróunar en hingað til hefur orðið. Héðan í frá fylgist þetta að með þeim hlutföllum sem fest eru í þessu frv. Í raun ætti hið stóra verkefni Alþingis þó að vera meiri lagfæring á þessum málum en hér er gert. Ég tek hins vegar undir það með öðrum sem hér hafa talað að mikilvægt er að tekið skuli á þessu máli.

Það kom líka fram að stór hópur láglaunafjölskyldna sem ber skatt samkvæmt gögnum fyrir árið 1998 var undir skattleysismörkum árið 1995. Það hlýtur að vera umhugsunarefni og ástæða til að skoða í framhaldi af lögfestingu þessa frv. að hvaða leyti þessir hlutir breytast og fróðlegt væri að fá á því úttekt. Ég kalla eftir því hér við fjmrh. að það hlýtur að vera áhugavert fyrir fjmrn. að skoða hvort þessi samanburður breytist og að hve miklu leyti.

Það er umhugsunarefni að aðgerðir ríkisstjórnar hafi þyngt skattbyrðar láglaunahópa og þegar kemur að kjarasamningum þurfi launþegar að kaupa eðlilegar úrbætur til baka sem hluta af kjarasamningi. Með aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum er leitað eftir því við ríkisstjórnina að hún lagfæri þær byrðar sem hún sjálf hefur sett á þessa launahópa. Þetta er talsvert umhugsunarefni. Við þekkjum hvernig gengið hefur verið til kjarasamninga í gegnum tíðina og hvernig félagsmálapakkinn hefur tengst kjarasamningum hverju sinni en launþegar hafa í auknum mæli þurft að kaupa til baka eðlilegar úrbætur. Þannig hefur verið haldið á málum að skekkja hefur myndast, eins og í þessu tilfelli þegar skattleysismörk hafa sigið niður þar til skekkjan er orðin svo mikil að undan er kvartað þá setja launþegasamtökin það á oddinn að skekkjan verði lagfærð og ganga e.t.v. skemur í kröfum sínum í kjaramálum vegna þess að þau fá leiðréttingu á einhverju sem hefði aldrei átt að gerast.

Launþegasamtökin kaupa þannig lagfæringu á skattleysismörkum í tengslum við kjarasamninga. Þannig kaupa launþegasamtökin hækkun barnabóta eftir að ríkið frysti mörkin og stórir hópar fjölskyldna misstu barnabætur, þ.e. hópar sem skríða yfir ný viðmiðunarmörk og bera í raun ekki meira en áður úr býtum vegna þess að viðmiðunarmörk barnabótanna og skerðing þeirra étur upp kjarabætur.

Þannig kaupa launþegasamtökin lengingu fæðingarorlofs þrátt fyrir yfirlýsta stefnu stjórnarflokkanna fyrir kosningar um að taka á þessum hlutum. Þetta finnst mér mikið umhugsunarefni þegar við höfum hlustað á tiltölulega hógværar kröfur í kjarasamningum núna miðað við það sem gerst hefur í þjóðfélaginu og miðað við að ríkisstjórnin hefur misst verðbólguna upp í 6%, að launþegasamtökin skuli setja á oddinn við ríkisvaldið að lagfæra skattleysismörk, taka á fæðingarorlofsmálum og endurskoða barnabætur. Þetta gerist þrátt fyrir að í kosningum fyrir tæpu ári höfum við hlustað á yfirlýsta harða stefnu um barnakort og lagfæringu á þessum mikilvægu fjölskyldumálum.

Auðvitað ættu landsmenn að fá að sjá stjórnarflokkana hrinda í framkvæmd þeim málum sem þykja svo sjálfsögð og eru boðuð fyrir kosningar. Kjarasamningar ættu síðan að vera sjálfstætt úrlausnarefni utan við þær lagfæringar eða framkvæmd þeirra stefnumiða. Það gerist ekki. Þetta hlýtur að vekja alla til umhugsunar. Auðvitað finnst okkur hinum gott að launþegasamtökin setji á oddinn að lagfæra þessa hluti en þegar við vitum að í raun kostar framkvæmd þessara mála eitthvað í prósentum í kjarasamningunum sjálfum þá má spyrja hvort þetta sé ekki meira en ósanngjarnt, hvort þetta sé ekki allt að því brot gagnvart þeim stóru hópum sem eru á lægstu launum. Reyndar hafa þeir hópar verið að semja núna, verið með lausa samninga og reynt að fá úrbætur á sínum málum.

Herra forseti. Þetta eru þær athugasemdir sem ég vil koma fram með í þessari umræðu. Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún fór yfir afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli. En það er full ástæða til að við þingmenn stöldrum við það hvort við ætlum að marka stefnu innan stjórnmálaflokkanna. Ætlar ríkisstjórnin að koma fram eftir kosningar og boða hvað hún ætlar að lagfæra og láta verða af því? Eða þarf launaþegahreyfingin og lægst launaða fólkið að kaupa þau stefnumið í kjarasamningum? Um það hljótum við að spyrja hér í dag.

Þess vegna lýk ég máli mínu, herra forseti, með því að

spyrja hæstv. fjmrh. hvenær leiðréttingar á barnabótum sem samið var um í kjarasamningunum komi til framkvæmda. Við höfum heyrt af því í fréttum nú í hádeginu að ríkisstjórnin var að kynna lengingu fæðingarorlofs og er yfir sig hrifin af þeirri gjörð sinni og hefur hástemmdar yfirlýsingar þar um.

Herra forseti. Ég vona að hæstv. fjmrh. geti svarað einhverju af þessu.

[15:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fólki fyrir þessa umræðu og þær undirtektir sem frv. hefur fengið. Ég geri ráð fyrir að það hafi breiðan og góðan stuðning í öllum þingflokkum, enda er málið þess eðlis. Ég ætla ekki að fara að taka upp gamla umræðu um þróun þeirra marka sem hér er um að ræða, þ.e. skattleysismarka, persónuafsláttarins og þeirra hluta allra saman. Við sem komum að þessu máli þegar núverandi skattkerfi var upp tekið í ársbyrjun 1988 munum mætavel hvernig þetta var úr garði gert. Þá var persónuafslátturinn látinn fylgja lánskjaravísitölunni. Kerfið tók gildi 1. janúar 1988 og persónuafslátturinn var látinn fylgja lánskjaravísitölunni í nokkur missiri, ekki mjög mörg, þar til þáverandi ríkisstjórn breytti því kerfi og farið var yfir í það að taka sérstakar ákvarðanir í hvert skipti um þróun þessara upphæða.

Ég nenni ekki að fara að rifja upp hvernig þetta gekk fyrir sig eða hverjir sátu í ríkisstjórn á þeim tíma eða hvernig þetta var allt saman. Við höfum gert þetta svo oft að það tekur því ekkert. (**RG:** Það þýðir heldur ekki lengur að horfa til fortíðar.) Nei, það tekur því ekki að horfa til fortíðar í þessum efnum. Það er rétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Það er alveg hundleiðinlegt. Það borgar sig ekkert. Ég ætla því ekki að fara inn í þær umræður. Það er alveg ástæðulaust. Aðalatriðið er að hér er komin ákveðin niðurstaða sem menn hafa ákveðið að fylgja fram í tengslum við þá kjarasamninga sem gerðir voru fyrir nokkrum vikum síðan.

En það var fleira í þessari yfirlýsingu, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi. Eitt af því voru fyrirheit um ákveðnar breytingar á barnabótakerfinu. Ég sagði hér fyrir 12 dögum eða svo að það mál væri í úrvinnslu. Það frv. hefur ekki séð dagsins ljós í Alþingi enn sem komið er. Það er verið að vinna að málinu. Það er ekki ætlunin að þær breytingar taki gildi fyrr en á næsta ári og á árunum 2001–2003 þannig að það er ekki endilega nauðsynlegt að slíkt mál hljóti afgreiðslu á þessu þingi. En ef tekst að ljúka þeirri vinnu og koma því máli inn í þingið, þá væri afskaplega gott að eiga stuðning vísan við að lögfesta þær breytingar nú á þessu þingi. Það væri auðvitað betra að vera búinn að því þegar þinginu lýkur frekar en að gera það í haust. En um það er því miður ekki meira að segja á þessu stigi málsins.

Að því er varðar fæðingarorlofið þá er líka ákvæði um það í yfirlýsingunni frá 10. mars. Það er að vísu ákaflega almennt orðað ákvæði. Það er ekki farið neitt efnislega út í það mál. Það er vegna þess að þá var ekki vinnan í því máli komin lengra en svo að menn treystu sér ekki til þess að skrifa meira á blað um það efni. Nú er það mál mun lengra komið eftir ítarlegar viðræður við aðila á vinnumarkaðinum, eftir vinnu í Stjórnarráðinu, eftir samstarf við opinbera starfsmenn og eins og ég segi, samtök atvinnulífs og launþega. Ég geri mér vonir um að það mál komi inn í þingið von bráðar og það mun þá verða flutt af hæstv. félmrh. því að ætlunin er að flytja þennan málaflokk yfir í það ráðuneyti eins og mörg rök eru fyrir. Ég ætla ekki að mæla fyrir því máli hér og nú. Það er óeðlilegt. En það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að allir sem hafa komið nálægt úrvinnslunni á því máli eru mjög ánægðir með niðurstöðuna. Ég tel að hún sé meiri háttar góð eins og krakkarnir segja.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umræðu og ítreka mínar óskir um að nefndin afgreiði þetta þingmál vel og fljótt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 798.

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Aðdragandi að gerð frv. er sá að hinn 2. júní 1998 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Í árslok 1998 skipaði ég nefnd sem vinna skyldi tillögur um stefnumótun í málefnum langveikra barna og skilaði sú nefnd skýrslu í júní 1999.

Í framhaldi af því samþykkti ríkisstjórnin að tillögu minni að skipuð yrði nefnd skipuð fulltrúum heilbrrn., félmrn., menntmrn. og fjmrn. sem gera skyldi drög að stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna og var sú stefna samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar nú fyrir skömmu og hún hefur þegar verið kynnt hagsmunahópum sem málinu tengjast.

Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar er að finna ítarlegar tillögur til úrbóta í málefnum langveikra barna í heilbrigðis-, félags- og menntamálum. Ein af tillögum nefndarinnar er sú að lagt yrði fram það frv. sem hér er nú flutt.

Í frv. er lagt til að gerð verði sú breyting á 36. gr. laga um almannatryggingar að Tryggingastofnun ríkisins verði heimilað að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað annars foreldris vegna sjúkrahússinnlagnar barns fjarri heimili sem er yngra en 18 ára. Ef um er að ræða erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra barns að 18 ára aldri. Með þessari breytingu er komið til móts við foreldra veikra og langveikra barna um greiðslu dvalarkostnaðar hér innan lands fjarri heimili þegar barn þarf að leggjast inn á sjúkrahús. Í frv. er gert ráð fyrir að tryggingaráð setji nánari reglur um dvalarkostnaðinn.

Hér er um að ræða mikla réttarbót fyrir foreldra veikra barna þar sem ekki er gert ráð fyrir því í núgildandi lögum um almannatryggingar að dvalarkostnaður foreldra sé greiddur hér innan lands heldur aðeins ef um er að ræða dvalarkostnað foreldra veikra barna ef sjúkrahúsvist er erlendis.

Breyting sú er hér er lögð til mun eðli sínu samkvæmt aðallega nýtast foreldrum barna utan af landi sem þurfa að leggjast á sjúkrahús í Reykjavík eða á Akureyri.

Auk þess sem þetta frv. er hér lagt fram hefur þegar verið breytt reglugerðum um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna þar sem, með leyfi forseta:

1. Aldursákvæðum reglugerðarinnar er breytt þannig að almenn aldursviðmið umönnunargreiðslna séu hækkuð úr

16 í 18 ár og heimilaðar eru umönnunargreiðslur að 20 ára aldri vegna barna með lífshættulega sjúkdóma eða alvarlega fjölfötlun.

2. Heimilt verði að greiða umönnunargreiðslur í allt að sex mánuði eftir andlát langveiks barns en þær falli ekki niður strax eftir andlát svo sem nú er.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir aðdraganda þess að ég legg fram þetta frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Frv. er samið sem hluti af stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna og í samvinnu við Umhyggju, félag til stuðnings langveikum börnum. Ég tel afar brýnt að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[15:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram í þinginu. Það er kom í framhaldi af þingsályktunartillögu um stefnumótun í málefnum langsjúkra barna frá 1998 sem samþykkt var, en 1. flm. þeirrar þáltill. var Jóhanna Sigurðardóttir og var þar kveðið á um að samræma stefnumótun í málefnum langsjúkra barna og að þjónusta við langveik börn yrði samræmd þeirri þjónustu sem fötluð börn njóta m.a. og auðvitað tekið af allmörgum öðrum þáttum.

Það er vissulega framfaraskref og tímabært að gera þá breytingu sem hér er verið að gera á almannatryggingalögunum þar sem komið er til móts við foreldra veikra og langveikra barna um greiðslu á dvalarkostnaði innan lands. Hingað til hefur verið greiddur kostnaður ef barn hefur þurft að gangast undir aðgerð í útlöndum en nú er farið að framkvæma fjölda aðgerða hér á landi sem áður voru gerðar erlendis og því óeðlilegt að foreldrar langveikra barna fengju stuðning frá hinu opinbera aðeins ef aðgerðin væri gerð í útlöndum því auðvitað er það hagkvæmara og minni óþægindi fyrir alla aðila og hagstæðara fyrir ríkissjóð að aðgerðirnar séu gerðar hérlendis og fyrir það eiga foreldrar langveikra barna ekki að líða, þ.e. að fá ekki stuðning, þegar þeir þurfa að ferðast langan veg og flytja að heiman frá sér á meðan börn eru til meðferðar á sjúkrastofnunum. Þetta er því mjög jákvætt skref sem hér er verið að stíga og fagna ég því.

Hæstv. ráðherra nefndi einnig breytingar sem hafa orðið á umönnunargreiðslum sem hafa verið gerðar í framhaldi af þessari þingsályktun og eru þetta allt breytingar til bóta og koma þessum hópi til aðstoðar í veikindum barna, sérstaklega foreldrum langveikra barna. Þess vegna fagna ég frv. og ég efast ekki um að þetta mál muni fara fljótt og vel í gegnum heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti og vonast síðan til þess að tekið verði á fleiri málum sem nefnd voru í þessari þingsályktun sem ég var einn af flutningsmönnum að með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á sínum tíma. Ég fagna því að ríkisstjórnin skyldi taka á þessum þáttum. En það eru ýmis fleiri mál sem þarf að taka á og ég vonast til að tekið verði jafnjákvætt í þau.

[15:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil lýsa mikilli ánægju með þetta frv. sem ég tel vera framfaraskref, en með því er lagt til að heimilt verði samkvæmt reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað annars foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngri en 18 ára fjarri heimili. Þetta er í samræmi við viðbrögð við kröfum sem hafa verið háværar í þjóðfélaginu að undanförnu innan þings sem utan. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vitnaði til þáltill. sem hér var borin fram í haust af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni og þeim sem hér stendur. Þar er lagt til að tekið verði á þessum málum og foreldrum langveikra barna tryggður aukinn réttur.

Í kröfugerðum samtaka launafólks hefur þessu einnig verið haldið á loft og vísa ég þar t.d. til sameiginlegra áhersluatriða BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands frá því á í haust.

Þótt þetta sé mikilvægt skref sem hér er verið að stíga þá þarf að stíga miklu stærri skref í þessum málaflokki og nægir þar að minna á að aðstandendur langveikra barna hafa miklu lakari rétt hér á landi en gerist alls staðar í löndunum í kringum okkur. Vísa ég þá fyrst og fremst til Norðurlandanna sem okkur er gjarnt að bera okkur saman við.

Á Íslandi eru greiddir sjö veikindadagar fyrir börn undir 13 ára aldri án tillits til fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra. Í Svíþjóð eru greidd 90% launa í 120 daga á ári fyrir hvert barn fram að 16 ára aldri. Í Finnlandi eru greidd 66% af launum í 60–90 daga á ári og lengur vegna langsjúkra barna. Heimilt er að greiða báðum foreldrum laun ef nauðsyn krefur. Í Noregi eru greiddir allt að 780 veikindadagar, þar af 100% laun í 260 daga og síðan 65% laun í 520 daga fyrir hvert barn fram að 16 ára aldri auk orlofs af greiddum sjúkrabótum í allt að tólf vikur á ári. Í Danmörku er greidd launauppbót 90% launa til annars foreldris meðan á meðferð stendur. Launauppbót má síðan greiða í þrjá mánuði til aðlögunar fyrir barnið og foreldra eftir að meðferð lýkur. Þær tölur sem hér er vitnað í eru fengnar úr yfirliti frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna og er birt í fyrrnefndri þáltill. sem ég vitnaði til.

Þarna er náttúrlega ekki saman að jafna, annars vegar réttindum aðstandenda langveikra barna á Norðurlöndum þar sem greitt er upp í ár og reyndar lengur, við það sem gerist á Íslandi þar sem sjö veikindadagar eru greiddir.

En ég kom ekki hingað upp til að gera lítið úr því frv. sem hér liggur fyrir þinginu. Ég tel það vera framfaraspor og styð það heils hugar.

[15:32]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. sem hæstv. heilbrrh. mælti fyrir hér áðan. Þetta er mjög mikið framfaraskref sem verið er að taka.

Ég vil aðeins mótmæla hv. þm. Ögmundi Jónassyni þar sem hann heldur því fram að heilbrigðisþjónusta við langveik börn á Íslandi sé verri en í nágrannalöndunum. Ég er hér með skýrslu sem nefnd um stefnumótun í málefnum langveikra barna. Skýrslan er frá árinu 1999 og ég ætla að leyfa mér að vitna í hana, með leyfi forseta, en þar stendur:

„Ekkert bendir til annars en að læknis- og hjúkrunarþjónusta hér á landi við börn með líkamlega langvinna sjúkdóma sé sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndunum að svo miklu leyti sem strjálbýli hamlar ekki aðgengi barna að þjónustunni. Net heilsugæslunnar er þéttriðið um allt land þó sums staðar skorti á samfellu í þeirri þjónustu. Vísir er að ráðningu sálfræðinga að heilsugæslustöðvum, sérfræðingar í barnalækningum eru einungis á stærstu þéttbýlisstöðunum og nánast eingöngu á suðvesturhorninu og á Akureyri. Barnalæknir tók nýlega til starfa á Selfossi og helstu undirsérgreinar barnalæknisfræðinnar eru til staðar í landinu og

barnalæknar menntaðir við góðar stofnanir austan hafs og vestan."

Sem betur fer er þjónustan hér ekki verri. En mig langar aðeins að minnast á fjölskyldur langveikra barna sem ég tel mjög nauðsynlegt að hugað sé að, því að oft vill það verða þannig að þær gleymast, bæði foreldrarnir og systkinin. Ég las mjög áhugavert viðtal við unga konu, Ragnheiði Ósk Erlendsdóttur hjúkrunarfræðing, sem er núna í MA-námi í hjúkrun við Háskóla Íslands. Hún er einmitt að skrifa ritgerð um aðlögun systkina barna með t.d. langvarandi astma og er að skoða þessi mál þar sem hún vill meina að börnin gleymist oft og foreldrarnir líka. Það er því mjög nauðsynlegt að hugað sé að þeim.

[15:35]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslendingar búa við einhverja bestu heilbrigðisþjónustu í heiminum. Um það hef ég aldrei efast. Og það gildir jafnt um börn sem aldna á íslenskum heilbrigðisstofnunum. Við höfum hins vegar oft rætt hvernig megi bæta þá þjónustu og andæft því þegar við teljum að verið sé að skerða hana.

Ég hef engar efasemdir um að búið sé vel að íslenskum börnum sem leita lækninga á íslenskum heilbrigðisstofnunum. Ég tel hins vegar að í ýmsum tilvikum mætti gera betur.

Það sem ég vék að í mínu máli áðan var að bera saman réttindi aðstandenda veikra barna og langveikra barna við það sem gerist á Norðurlöndunum. Ég gat um það að á Íslandi byggju foreldrar við sjö daga rétt, fengju greidda sjö veikindadaga á sama tíma og í Noregi er sá dagafjöldi 780, þar af 260 á 100% launum, 520 dagar á 65% launum. Það er þetta sem ég var að bera saman og sagði að ekki væri saman að jafna réttindum aðstandenda langveikra barna hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum. Það er því miður rétt staðhæfing.

Hins vegar vil ég ítreka það að ég styð það frv. sem hér er til umræðu og tel það vera framfaraspor.

[15:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Drífu Hjartardóttur þá vil ég taka undir það sem stóð í skýrslunni sem hún vitnaði til að þjónusta við langveik börn er mjög góð hér á landi. Það var einmitt sérstaklega sýnt fram á það á dögunum á ráðstefnu á vegum Umhyggju, á afmæli Umhyggju þar sem farið var yfir þá þjónustu sem langveikum börnum er boðið upp á á sjúkrahúsum á Íslandi og það var mjög eftirminnilegt að sjá hve vel þeim er sinnt og hvað þau fá góða þjónustu.

Aftur á móti vil ég benda á vegna þeirrar umræðu sem var hér á undan að víða er pottur brotinn engu að síður. Við erum þá ekki endilega að tala um þjónustuna heldur réttindi foreldranna og má kannski segja að það snúi að félmrn. Þessi mál vilja oft skarast þegar þau heyra undir fleiri en eitt ráðuneyti. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á eru réttindi foreldra til fjarvista frá vinnu vegna veikinda barna mjög ólík hér á landi og annars staðar á Norðurlöndunum. Það er alveg sláandi hvað það er mikill mismunur. Það eru sjö dagar sem foreldrar geta verið frá vinnu vegna veikinda barna sinna hér á landi meðan þeir fá allt upp í 90% laun í 120 daga í Svíþjóð fyrir hvert barn, 780 daga fyrir hvert barn í Noregi og greidd launauppbót til annars foreldris meðan á meðferð stendur, allt að 90% launa í Danmörku og svona mætti áfram telja um Norðurlöndin. Við erum því mun aftar.

Engu að síður er það frv. sem hér er til umræðu mikil réttarbót fyrir foreldra sem eru með langveik börn á sjúkrastofnunum og fagna ég því að það skuli vera lagt fram hér í þinginu og vona ég að það verði að lögum sem fyrst.

[15:39]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu má alltaf gera betur og það þarf alltaf að huga vel að þessum málum og sjálfsagt að skoða það hvort réttur foreldra vegna veikinda barna eigi ekki að vera meiri. En ég vil aðeins taka það fram að í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna kemur fram að haldið verður áfram á þeirri braut að bæta aðstöðu langveikra barna á sjúkrahúsum og liður í því er að byggja við Barnaspítala Hringsins og á þessu ári eru áætlaðar 300 millj. til verkefnisins. Jafnframt mun barnadeild Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar flytja í nýtt og sérhannað húsnæði á vordögum þessa árs.

[15:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fjárhagsstaða foreldra langveikra barna er oft mjög slæm eftir langvarandi veikindi barnanna. Auðvitað er mjög mikil bót að fá þennan stuðning.

Aftur á móti vantar upp á veikindaréttinn og það kemur þessu frv. í raun ekki við því að það er annað mál sem þarf að taka á. En ég bendi á að taka þarf á þessum málum. 50 þús. kr. á mánuði eins og fólk kemur til með að fá til að vera hjá börnunum sínum er mikill stuðningur miðað við að það er ekki neitt í dag, og ég fagna því að það skuli vera gert.

En það að draga nýjan barnaspítala inn í málið þá skilst mér herra forseti, að á nýjum barnaspítala verði ekki viðbótarþjónusta heldur verði allri þjónustu, sem nú er veitt á mörgum stöðum, komið fyrir á einum stað, þannig að það er ekki viðbót. Ég er því ekki viss um að það eigi heima í þessari umræðu.

[15:41]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara geta þess að í nýjum Barnaspítala Hringsins verður þjónusta við foreldra og aðstandendur aukin og það frv. sem við erum að ræða hér nú mun koma mjög til móts við aðstandendur langveikra barna.

[15:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir jákvæðar umræður um það frv. sem hér liggur fyrir. Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna er tekið á mjög mörgum hlutum. Tekið er á menntamálunum, félagsmálunum og heilbrigðismálunum. Til viðbótar því sem þegar er búið að gera er gert ráð fyrir tveim nefndum sem taka nú þegar til starfa. Og einmitt vegna þess máls sem hér var rætt um varðandi orlof foreldra sem eiga langveik börn er gert ráð fyrir að vinnuhópur fari þegar að starfa að undirbúningi þess að lengja þann tíma en fulltrúar vinnumarkaðarins verða að koma að því máli. Önnur nefnd mun líka þegar hefja störf og á hún að fylgjast með því að allt gangi upp sem segir í þessari stefnumótun sem er mjög víðtæk.

En vissulega er mjög margt að gerast einmitt um þessar mundir hvað varðar fjölskyldumálin. Í morgun var fæðingarorlofið kynnt sem er afskaplega mikil réttarbót fyrir foreldra og mikið jafnréttismál, og ég veit að það mun breyta miklu fyrir fjölskylduna. Það er mjög ánægjulegt að við skulum ná

jafnvíðtækri sátt um það mál og raun ber vitni. Þar er líka tekið á ýmsum málum er varða börn sem fæðast sjúk, tekið er á málum sjúkra mæðra, bæði fyrir og eftir fæðingu. Það er því æðimargt að gerast um þessar mundir sem er til bóta hvað varðar sjúk börn á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 263. mál. — Þskj. 334.

[15:44]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem flutt er af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þuríði Backman og mér, en hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að nú þegar verði sett á stofn hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir til að létta undir með fjölskyldum þeirra."

Nú munu vera hér á landi um 20 börn sem greinst hafa með alvarlega geðsjúkdóma en sjúkdómstilvik þar sem um er að ræða geðröskun eða miklar hegðunartruflanir eru mun fleiri en þessu nemur. Óþarft er að lýsa því hve mikil áhrif geðsjúkdómar hafa á börnin sjálf, foreldra þeirra, systkini og heimilisaðstæður allar. Langflest þessara barna búa á heimilum sínum og eru í umsjá foreldra sinna allan sólarhringinn þrátt fyrir alvarleg veikindi þar sem úrræði heilbrigðiskerfisins fyrir geðveik börn eru af mjög skornum skammti.

Nýlega bundust foreldrar geðsjúkra barna samtökum sem hafa það m.a. að markmiði að vinna að bættri þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra og sóttu fulltrúar allra stjórnmálaflokka fund með þessum samtökum skömmu fyrir síðustu kosningar. Á þessum fundi kom m.a. fram að geðsjúk börn sem lögð eru inn til vistunar á geðdeildir fá aðeins að dvelja þar takmarkaðan tíma og eru send heim áður en meðferð er að fullu lokið þar sem innlagnartími er að hámarki sex vikur. Barna- og unglingageðdeild Landspítalans er eina stofnunin á heilbrigðissviði sem sinnir þessum sjúklingum. Á landinu öllu eru aðeins örfá langlegupláss til framhaldsmeðferðar fyrir börn með alvarlega geðsjúkdóma og eftir slíka vist býðst ekki annar stuðningur en göngudeildarþjónusta sem er einnig takmörkuð, ekki síst vegna álags. Staðreyndin er sú að á Íslandi eru engin langtímaúrræði til fyrir þessi börn.

Flestir þessara ungu sjúklinga dveljast í heimahúsum á ábyrgð foreldra sinna þrátt fyrir að hafa verið greindir með mjög alvarlegar geðtruflanir eða geðsjúkdóma. Á herðum foreldra þeirra og forráðamanna hvílir ábyrgð á meðferð þeirra og þjálfun auk uppeldishlutverksins og umsjár heimilisins og annarra barna á heimilinu. Í mörgum tilvikum er um að ræða einstætt foreldri, oftast móður. Enn fremur eru oft fleiri börn á heimilinu sem verða að taka stöðugt tillit til erfiðra aðstæðna vegna sjúkleika systkina.

Aðstoð við þessar fjölskyldur er af mjög skornum skammti og álag á þær er því mikið. Oftast verða þær að treysta á skyldmenni til þess að gæta sjúklingsins ef fjölskyldan á að fá hvíld og tækifæri til þess að sinna öðrum verkefnum eða hugðarefnum. Þar sem skyldmenni eða stórfjölskylda getur ekki komið til bjargar er enginn til staðar til að leysa viðkomandi foreldri af eða draga úr álaginu. Því miður hefur það sýnt sig að þrátt fyrir að það sé almennt viðhorf að öll börn skuli eiga kost á því að ganga í sinn heimaskóla og þrátt fyrir góðan vilja og metnað skólastjórnenda og kennara og almennan stuðning sveitarfélaga fer því fjarri að hægt sé að bjóða börnum sem þjást af alvarlegum geðsjúkdómum fullnægjandi námsaðstæður í almennum grunnskólum.

Við þetta bætist að í samfélaginu gætir víða fordóma gagnvart geðrænum sjúkdómum sem eru ekki eins sýnilegir og líkamlegir sjúkdómar eða fötlun. Geðrænir sjúkdómar barna birtast oft í afbrigðilegu athæfi og alvarlegum hegðunartruflunum sem reyna mjög á nánasta umhverfi sjúklingsins og krefjast ómældrar þolinmæði þeirra sem sinna honum.

Mikilvægt skref til að bæta aðstæður þessara barna og koma til móts við álag á fjölskyldur þeirra og heimili er að setja á stofn hvíldarheimili eða skammtímavistun þar sem sjúklingum væri tryggð sólarhringsumönnun um tíma svo að fjölskyldan gæti hvílst og sinnt öðrum verkefnum og hugðarefnum áhyggjulaus um stundarsakir. Úrræði af því tagi hefði þau áhrif að fjölskyldur sjúklinganna væru betur í stakk búnar til að takast á við það álag sem sjúkdómunum fylgir. Fjölskyldulífið gæti orðið eðlilegra og ánægjulegra þegar sjúklingurinn dvelst heima ef fjölskyldan á þess kost við og við að fá góða hvíld.

Stórt framfaraskref var stigið þegar hvíldarheimilum var komið á fót fyrir andlega og líkamlega fötluð börn. Engin hvíldarheimili af því tagi eru til fyrir börn sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða en mikil þörf er á að komið sé til móts við fjölskyldur þeirra ekki síður en hinna. Þótt nauðsynlegt sé að taka mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af rekstri hvíldarheimila fyrir fatlaða er einnig ástæða til að ítreka að mikilvægt er að hvíldarheimilum fyrir geðveik börn sé ekki ætlað að sinna öðrum sjúklingum. Þeir sem stríða við geðsjúkdóma eru afar viðkvæmir og hluti af vanda þeirra er sá að þeir trufla mjög nánasta umhverfi sitt og í sumum tilvikum þurfa þeir sérstaka gæslu þar sem þeir geta verið hættulegir sjálfum sér og öðrum.

Með því að koma á fót hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðveik börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir væri stórt skref stigið í þá átt að gera þessum sjúklingum og fjölskyldum þeirra kleift að lifa eðlilegu fjölskyldulífi og búa betur að veiku barni sínu þann tíma sem heilsan leyfir að sjúklingurinn dveljist heima hjá sér.

Ég legg til að þáltill. verði vísað til heilbrn. að lokinni umræðunni og ég vonast til þess að hún fái þar góða og skjóta umfjöllun en þess er að geta að nokkuð er um liðið frá því að tillagan kom fyrst fram. Hún hefur oft verið sett á dagskrá en síðan tekin út af dagskrá þegar liðið hefur verið á kvöld og hefur gengið svo í nokkra mánuði. En nokkrum sinnum hefur verið vikið að þessu máli sem er mjög brýnt að leysa.

[15:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að hreyfa mjög þörfu máli og ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni og félögum hans í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að leggja fram þessa þáltill.

Eins og margoft hefur komið fram, og jafnvel í þinginu í vetur, er ástand á þjónustu við þennan hóp sjúkra barna ekki sem skyldi. Sérstaklega er þörf á hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir þessi börn og það er vel við hæfi í

framhaldi af þeirri umræðu sem var á undan um þjónustu við langveik börn að taka einmitt þetta mál til umræðu.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur farið mjög vel yfir málið en ég vil ítreka að fyrir þennan hóp barna og foreldra þeirra er engin langtímameðferð, engar hvíldarinnlagnir og engin sérstök neyðarmóttaka enn þá þó að það eigi að standa til bóta. Eins og bent hefur verið á er þetta ekki mjög stór hópur sem er mjög illa staddur. Það á því ekki að kosta samfélagið mjög mikið að ráða þarna bót á þjónustunni þó að *mun fleiri þyrftu að fá skammtímavistun.* Veikindi þessara barna eru þannig að ekki er hægt að senda þau í pössun hjá ættingjum eða hjá ömmu og afa eins og önnur börn. Þetta eru börn sem mörg hver þurfa manninn með sér og þurfa sérstaka hvíldarvist eða hvíldarinnlagnir.

Eins og komið hefur fram í umræðunni er þetta mjög mikið álag á fjölskyldur þessara barna, á foreldra og systkini að búa við það að börnin séu alltaf heima eins og þau eru því að öll þjónusta og umönnun er í rauninni á ábyrgð foreldranna þó að þau séu mjög mikið veik.

Hvíldarinnlagnir og skammtímavistun þykir sjálfsögð fyrir fötluð börn og hún þykir líka sjálfsögð fyrir aldraða því að það er álag á fjölskyldur að annast bæði fatlaða og aldraða. En það er ekki síður álag að annast alvarlega geðsjúkt barn. Það er jafnvel erfiðara og þess vegna er mjög brýnt mál að komið verði komið á hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir þessi börn. Á þeim fundum sem við þingmenn höfum átt með þessum samtökum og foreldrum þessara barna hefur komið mjög skýrt fram hvað það er geysilegt álag að vera með svona veikt barn. Foreldrar hafa jafnvel hrökklast úr vinnu vegna þess að þeir geta ekki sinnt vinnu með þessum börnum. Einnig hafa hjónabönd brostið undan álaginu þannig að mjög oft eru einstæðir foreldrar að sinna þessum börnum og þá jafnvel með fleiri börn. Ég minni á að enn þá er mjög mikill mismunur á þjónustu við fatlaða og síðan þann hóp alvarlega veikra barna sem eru geðsjúk börn.

Fyrr í vetur lagði ég fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. heilbrrh. um málefni og þjónustu við þennan hóp barna. Í svörum hæstv. ráðherra kom fram að ekki stæði sérstaklega til að bæta úr ástandinu hvað varðar hvíldarinnlagnirnar eða skammtímavistun og ekki heldur varðandi langtímameðferð. Mér finnst eiginlega afleitt að ekki eru á döfinni neinar úrbætur fyrir þennan hóp. Því vonast ég til að þegar þetta mál kemur til umfjöllunar í heilbr.- og trn., sem verður vonandi *á næstu dögum, þá verði hugað sérstaklega að þessum hópi* og það verði krafa frá nefndinni þar sem er fólk sem þekkir mjög vel til í heilbrigðismálum að þar verði farið fram á að gerðar verði úrbætur í málefnum foreldra þessara barna og fjölskyldna þeirra og sömuleiðis fyrir þessi börn. Þetta fólk fer aldrei neitt um helgar með öðrum börnum sínum. Það getur ekkert gert. Það er algerlega bundið yfir þessum alvarlega veiku börnum. Það er líka oft mjög illa statt fjárhagslega því að þau börn sem eru mikið veik eiga til að eyðileggja og skemma í kringum sig og þetta eru mikil útgjöld fyrir foreldrana.

Ég minnist þess að móðir sagði við mig: Ég hef ekki efni á að klæða barnið mitt því að hann eyðileggur alltaf fötin sín því að hann er það mikið veikur. Þetta er mikið álag, mikill kostnaður og það er enginn sérstakur stuðningur við þessa foreldra. Einhverjir þeirra fá umönnunarbætur frá Tryggingastofnun en það eru ekki það háar fjárhæðir að þær komi að miklu gagni miðað við þau fjárútlát og þau vandræði sem skapast af þessum börnum.

Ég er alveg sannfærð um að ef komið verður á svona skammtímavistun eða hvíldarinnlögnum fyrir þessi börn muni það þýða sparnað þegar upp er staðið fyrir samfélagið því að það er dýrt þegar fjölskyldur brotna niður og foreldrar skilja. Það er dýrt að börn eru afskipt í fjölskyldum. Börn sem eru afskipt í fjölskyldum leiðast því miður frekar út í erfiðleika og vandræði í lífinu. Þó að það sé ekkert algilt þá vitum við að svo er og fólk sem hefur staðið frammi fyrir þessu hefur verulegar áhyggjur af öðrum börnum í fjölskyldunni þegar ekki er hægt að sinna þeim vegna sjúka barnsins því að öll athyglin og öll orkan fer í að hugsa um alvarlega veika barnið á heimilinu.

Það er líka vandamál eins og kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar hann mælti fyrir þessari þáltill. að fordómar eru því miður til staðar gagnvart geðsjúkdómum og það er erfitt að vera með þessi börn. Þau sýna af sér afbrigðilega hegðun og þau reyna mjög á þolinmæði þeirra sem eru í kringum þau hvort sem það eru ættingjar eða aðrir þar sem foreldrar eru með þessi börn. Öll greinargerðin sem fylgir með þessu þingmáli skýtur mjög styrkum stoðum undir það hversu mikilvægt er að slíkri þjónustu verði komið á við þessi börn því að þau þurfa mikla gæslu, þau geta verið sjálfum sér skaðleg, þau eru jafnvel umhverfi sínu skaðleg, þau hafa verið foreldrum sínum skaðleg. Því er geysilega brýnt mál að ráðin verði bót á þjónustu við geðsjúk börn og foreldra þeirra og því vonast ég til að þetta þingmál fái jákvæða umfjöllun í heilbr.- og trn. þegar það kemur þar til umfjöllunar.

[16:00]

Útbýting þingskjala:

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 407. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 923; nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 928; brtt. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 929.

[16:00]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Til umræðu er þáltill. um hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn með alvarlegar hegðunartruflanir og hún er flutt af þremur þingmönnum vinstri grænna, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Þuríði Backman.

Í grg. með þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Nú munu vera hér á landi um 20 börn sem greinst hafa með alvarlega geðsjúkdóma en sjúkdómstilvik þar sem um er að ræða geðröskun eða miklar hegðunartruflanir eru mun fleiri."

Flm. leggja til að sett verði á laggirnar hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir þennan skilgreinda hóp barna með alvarlegar hegðunartruflanir til að létta á fjölskyldum þessara barna. En í grg. kemur fram að langflest þeirra búa á heimilum sínum og eru í umsjá foreldra sinna allan sólarhringinn þrátt fyrir alvarleg veikindi og ástæða þess sé, með beinni tilvintun í grg., með leyfi forseta að: „úrræði heilbrigðiskerfisins fyrir geðveik börn eru af mjög skornum skammti."

Nú er það svo að ég er ekki í nokkrum vafa um að flm. hafa greint réttilega þörf fjölskyldna alvarlega geðsjúkra barna fyrir að fá tímabundna hvíld vegna umönnunar barna sinna. Álag á foreldra við umönnun barns sem hefur við alvarlegan sjúkdóm eða fötlun að stríða er stöðugt, það er óumflýjanlegt og oft yfirþyrmandi og þurfa foreldrar og fjölskyldur fatlaðra og langveikra barna, hvort sem veikindin

eru af líkamlegum eða andlegum toga, á miklum stuðningi að halda til að ráða við þetta stóra verkefni.

Í grg. með till. til þál. segir að úrræði heilbrigðiskerfisins fyrir geðsjúk börn séu af mjög skornum skammti. Áður en lengra er haldið langar mig að fjalla í nokkrum orðum um þessa tilvitnuðu fullyrðingu flm.

Nýlega fóru fram umræður í þinginu um málefni geðsjúkra barna í tilefni af fsp. hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur til hæstv. heilbrrh. um þetta efni. Mig langar til þess að rifja upp nokkur svör hæstv. heilbrrh. við þessum fsp. þingmannsins. Þar kom m.a. fram að mikil vinna og fjármagn hefur á undanförnum mánuðum og árum farið í að styrkja geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn. Ég ætla að nefna nokkur atriði úr svörum ráðherra.

Starfsemi barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, BUGL, hefur verið efld verulega og á síðustu tveimur árum einum saman hefur stöðugildum á deildinni fjölgað um 21. Nú eru stöðugildi á BUGL um 70 talsins sem sinna á hverjum tíma tólf börnum sem eru inniliggjandi auk tveggja í dagvistun, fyrir utan þjónustu við tugi barna og fjölskyldur þeirra á göngudeild geðdeildarinnar. Göngu- og dagdeildarþjónusta við geðsjúk börn hefur verið efld verulega og er það í samræmi við almenna þróun í geðheilbrigðisþjónustu og breyttar áherslur að gefa kost á auknum úrræðum við fleiri skjólstæðinga og fjölskyldur þeirra með meðferð án innlagnar á stofnun.

Á síðustu árum hefur verið lögð áhersla á aukna samvinnu aðila í heilbrigðis- og félagsmálakerfinu sem koma að málefnum geðsjúkra barna með stofnun samstarfsráðs ráðuneytanna og aðila sem veita þessum börnum þjónustu í þessum kerfum.

Með opnun unglingageðdeildar á Vogi um síðustu áramót hefur verið komið til móts við þarfir ungmenna sem eru í vímuefnavanda.

Síðan vil ég líka nefna að sett hefur verið sérstök fjárveiting í að setja á laggirnar bráðamóttöku fyrir börn og unglinga með geðraskanir. Í undirbúningi er opnun deildar fyrir langtímameðferð fyrir unglinga á vegum BUGL. Í svörum hæstv. ráðherra kom einnig fram að nefnd á vegum fjögurra ráðuneyta hafi verið að störfum til að vinna að heildstæðri og samræmdri stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna og unglinga. Niðurstaða þessarar vinnu liggur nú fyrir og var stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna, þar með geðsjúkra barna, kynnt 13. mars sl.

Ég tel að enginn velkist í vafa um vilja hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar að styðja sem best við þjónustu við geðsjúk börn, það hefur ráðherra og ríkisstjórnin margoft sýnt í verki.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna sem var kynnt nýlega og ég nefndi hér á undan er staðfest að í undirbúningi er opnun deildar fyrir langtímameðferð unglinga á vegum BUGL svo og að geðheilbrigðisþjónustan að Stuðlum verði aukin með þjónustusamningi við barna- og unglingageðdeild Landsspítalans. Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna byggir á þekkingu færustu sérfræðinga á þessu sviði þar sem ráðgjafar nefndarinnar voru bæði sérfræðilegir fagaðilar og samtök foreldra langveikra barna, þ.e. Umhyggja, en foreldrar eru að sönnu sérfræðingar í veikindum barna sinna.

Með þeim úrræðum sem kynnt voru í málefnum geðsjúkra barna er komið verulega til móts við þá þörf sem er fyrir hendi um hvíldarinnlangnir fyrir þessi veiku börn þó stofnun sérstaks hvíldarheimilis sé ekki sérstaklega nefnt í þessu sambandi. Hvíldarinnlagnir, þar sem lögð er áhersla á endurhæfingu og hæfingu þessara barna, er sjálfsagður þáttur í þeirri þjónustu sem þarf að veita á deildum fyrir langveik geðsjúk börn og unglinga á sama hátt og hvíldarinnlögn fyrir aldraða er sjálfsagður þáttur í þjónustu við aldraða.

Í lögum um málefni fatlaðra er kveðið á um stuðning við fatlaða, hvort heldur sem fötlunin er af andlegum eða líkamlegum toga. Geðfatlaðir falla undir þessi lög en hins vegar er mér ekki alveg ljóst hvað greinir á milli í skilgreiningu á geðfötluðum annars vegar og geðsjúkum hins vegar sem er lögð til grundvallar ákvörðun um mismunandi rétt og þjónustu til þessara hópa. Það eru aðrir sem eru fróðari mér í þeim efnum.

Í IV. kafla núgildandi laga, sem kveður á um stoðþjónustu, segir að stoðþjónusta skuli m.a. miðuð við þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri aðstoð við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði, eins og segir í 4. tölul. 4. gr. laganna, með leyfi forseta.

Í IX. kafla laganna er sérstaklega kveðið á um málefni fatlaðra og fjölskyldna þeirra. Þar segir m.a. að fjölskyldur fatlaðra barna skuli eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Einnig segir að foreldrar skuli eiga kosta á skammtímavistun fyrir fötluð börn sín þegar þörf krefur en skammtímavistun er ætluð fötluðum einstaklingum til tímabundinnar dvalar til hvíldar eða vegna erfiðra heimilisaðstæðna.

Þá er kveðið á um það í 23. gr. laganna að fötluðum börnum skuli gefast kostur á sumardvöl þegar þörf er á.

Í nýju frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem hæstv. félmrh. mælti fyrir fyrir nokkru, er steypt saman tveimur mikilvægum lögum, lögum um málefni fatlaðra og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar er tekinn af allur vafi um rétt langveikra barna, þar með talið geðsjúkra barna, og þeim tryggður sami réttur og fötluðum til sértækrar þjónsutu eins og til skammtímavistunar, stuðningsfjölskyldu og þjónustu í skólaleyfum.

Í grg. með þáltill., sem er til umfjöllunar, eru færð fyrir því rök að þau börn sem tillagan fjallar um þarfnist sérstakrar þjónustu vegna alvarleika sjúkdóms síns. Ég tek undir þau sjónarmiði og til að koma til móts við þennan rétt þeirra, sem allur vafi er tekinn af með nýju frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga að er þeirra, þarfnast sennilega sérstakra ráðstafana og úrræða og reynir þá sérstaklega á samvinnu heilbrigðiskerfisins og félagsmálakerfisins. Fjölskyldur barna og unglinga með alvarlegan geðsjúkdóm þurfa ekki síður en fjölskyldur annarra langveikra barna hvíld og stuðning til þess að geta ráðið við þær aðstæður sem skapast við svo alvarleg veikindi í fjölskyldunni. (Forseti hringir.)

Í seinni ræðu minni mun ég koma inn á aðra þætti.

[16:09]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir innlegg hennar í umræðuna. Mig langar til að spyrja hana hvort hún sé sammála og muni styðja þessa þáltill. sem fjallar um mjög afmarkað efni, um að komið verði á fót hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir.

Hún sagði í ræðu sinni að hún teldi að þörfin væri rétt greind af hálfu flm. þáltill. Nú spyr ég: Styður hv. þm. þáltill. og að markmið hennar nái fram að ganga?

[16:10]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu minni áðan sagði ég að þessi þörf væri rétt greind. Jafnframt sagði ég að með ráðstöfunum sem hafa verið að koma fram, í rauninni síðan hv. þm. lagði fram þáltill. sína, hafa komið fram tilkynningar, frumvörp, greinargerðir sem benda til þess að verið sé að koma til móts við þessa þörf um hvíldarheimili og skammtímavistun.

Ég get þá svarað því þannig og vísað í ummæli hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur í umræðunni um daginn varðandi þunganir unglingsstúlkna í fyrirspurnatíma þá. Þá sagði hún það réttilega að ráðherra hefði verið á undan að svara þeirri þörf sem var greind áður en hún kom til umræðu í þinginu.

[16:11]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þrátt fyrir ýmis fögur orð og fyrirheit er staðreyndin sú að barnadeildarhluta barna- og unglingageðdeildarinnar er lokað um helgar. Umkvörtunarefni aðstandenda þessara veiku barna, sem margir hverjir eru einir á báti, einstæðir foreldrar, var að þeir réðu ekki við þá stöðu mála.

Þetta er staðreynd. Enda þótt aukið fjármagn kunni að hafa verið sett inn í þessa starfsemi þá er þetta staðreynd. Það þarf að koma til móts við þetta fólk og hér er sett fram ákveðin, afmörkuð lausn á þessu afmarkaða máli og spurt er hvort hv. þm. styðji hana.

[16:12]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Áður hefur komið fram í svörum ráðherra að lokanir um helgar eiga ekki við um báðar deildirnar. Annaðhvort er það unglingadeildin eða barnadeildin sem er lokuð og eftir því sem ég hef skilið er það á víxl. Það er því möguleiki að koma til móts við þessar þarfir.

En ég sagði einnig að í stefnu ríkisstjórnarinnar um hvernig á að koma til móts við þjónustu við langveik börn er verið að kynna að verið sé að setja á stofn nýja deild fyrir langveika unglinga sem ég tel að komi til móts við þetta.

Ég endurtek að skammtímavistun er nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi unglingageðdeildar og barnageðdeildar á sama hátt og það er eðlilegur þáttur í starfsemi öldrunardeilda og í ýmsum öðrum þáttum heilbrigðisþjónustunnar.

[16:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. þm. Ástu Möller á að barna- og unglingadeild, BUGL, er lokuð um helgar. Börnin eru send heim um helgar, það er staðreynd. Það er verið að vinna heilmikið í nefndum, sagði hv. þm. Auðvitað er verið að tala um hlutina. Ríkisstjórnin vill bæta ástandið.

En það eru engar hvíldarinnlagnir, það er ekki langtímameðferð og enn er ekki komin sérstök neyðarmóttaka þó áformað sé að koma henni á. Þó að það sé til skiptis opið á barnadeildinni og unglingageðdeildinni um helgar er engu að síður verið að senda börnin heim þessar sex vikur sem þau eru þarna inni því að þau fá ekki nema skammtímameðferð inni á barna- og unglingageðdeild.

Hvað tekur þá við? Þá koma börnin aftur til foreldranna, oft jafnmikið veik og áður. Það eru engin langtímaúrræði fyrir þessi börn. Í svörum frá hæstv. ráðherra, þegar ég var með fsp. fyrr í vetur, kom fram að þjónusta á barna- og unglingageðdeildinni hefði verið aukin. Það er vegna þess að börnum fjölgar og því miður þá fjölgar líka geðsjúkum börnum því það er yfirleitt ákveðið hlutfall af börnum sem eru því miður haldin geðrænum sjúkdómum.

Í áformum ríkisstjórnarinnar er talað mjög fagurlega um að það eigi að veita þessum börnum sumardvöl og þjónustu o.s.frv. Mikið vantar upp á að þessi börn hafi sambærilegan rétt og fötluð börn, það er bara staðreynd málsins. Alltaf er hægt að vera með fögur orð, en staðreyndirnar tala sínu máli. Þess vegna spyr ég hv. þm. hvort hann ætli að styðja þetta *mál í heilbr.- og trn.* Þetta er eitt brýnasta málið um þessar mundir því ástandið er afleitt og það hefði þingmaðurinn vitað hefði hann komið á fund foreldra þessara barna.

[16:15]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í nýju frv. sem er nú fyrir þinginu um félagsþjónustu sveitarfélaga eru sameinaðir tveir lagabálkar, annars vegar um þjónustu sveitarfélaga og hins vegar um málefni fatlaðra. Öllum ætti að vera ljóst að réttur fatlaðra og langveikra barna ætti að vera hinn sami. Í þessu frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga er tekinn af allur vafi um hver réttur langveikra barna er og hann er jafnaður út. Þannig að réttur langveikra barna til skammtímavistunar, til stuðningsfjölskyldu og þjónustu í skólaleyfum er hinn sami milli fatlaðra og langveikra barna. Þannig er tekið á þessu máli. Ég sagði áðan að þessi þörf hefði verið réttilega greind og á þessum málum er tekið.

Þegar ég skoðaði þessa þáltill. þá fór ég yfir skýrslur ýmissa nefnda sem fjallað hafa um stöðu langveikra barna. *Í engri þessara skýrsla er greind þörf fyrir sérstakt* hvíldarheimili en hins vegar kemur fram að þörf sé fyrir skammtímavistun. Ég tek undir að það þarf að koma til móts við það. Það þarf að koma þessum krökkum í skammtímavistun og það á að leysa á þeim deildum sem nú þegar eru til staðar. Fjármagn til slíkrar þjónustu hefur aukist gríðarlega á undanförnum mánuðum. Stundum helst það ekki alveg í hendur, að geta ráðið starfsfólk og hið aukna fjármagn. Við verðum að sýna ákveðna þolinmæði meðan verið er að brúa þetta bil. Það er því enginn vafi á að hér er tekið á þessum málum af myndugleik.

[16:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um frv. félagsþjónustu sveitarfélaga sem hér liggur fyrir þinginu sem tryggja á sambærilegan rétt fyrir fötluð og sjúk börn. Allir geta verið sammála því. En það er einmitt það sem við höfum gagnrýnt hérna. Þessi börn hafa ekki sama rétt. Þegar rétturinn er kominn þá verða auðvitað úrræðin að vera til staðar. Úrræðin eru ekki til staðar. Ástandið í þjónustu við fötluð börn er meira að segja þannig enn þá í góðærinu að það vantar úrræði. Þau bíða á löngum biðlistum og það vantar víða úrræði fyrir fötluð börn. En það eru engin úrræði fyrir þessi börn. Það er ágætt að vera með fögur orð. Orð eru til alls fyrst og lagasetning um að þessi börn eigi að hafa sama rétt er auðvitað fyrsta skrefið. En það er bara ekki nóg. Þetta fólk getur ekki beðið endalaust eftir því að fá þjónustu.

Það að heilbrigðis- og félagskerfið eigi að vinna saman að því að veita þessa þjónustu vekur ákveðinn ugg í brjósti manns. Maður sér hvernig hlutirnir hafa gengið þar sem þessi

kerfi hafa átt að vinna saman. Ég minni bara á íbúana fyrrverandi, íbúa Kópavogshælis, sem enn eru á Ríkisspítölunum, eru enn með heimili sitt inni á sjúkrastofnun, hátæknistofnun. Það fatlaða fólk ætti að eiga rétt á örorkubótum, ætti að eiga rétt á ferðaþjónustu fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga en fær enga af þessari þjónustu af því þeir eru enn þá inni á sjúkrastofnun. Þessi kerfi virka ekki saman. Það eru allir að ýta hlutunum frá sér. Þess vegna hefur maður áhyggjur af því þegar vísað er til samvinnu þar sem sporin hræða. Reynslan af því hvernig þessi kerfi hafa unnið saman er því miður þannig að maður hefur áhyggjur af slíkum áætlunum.

[16:20]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég vildi koma að við þessa umræðu er að skammtímavistun er ekki geymslustaður. Hvíldarheimili á heldur ekki að vera geymslustaður. Með því að taka þetta inn á deildir þar sem fram fer virk hæfing og endurhæfing er tveimur markmiðum náð. Annars vegar fæst hvíld fyrir fjölskyldu og hins vegar hæfing og endurhæfing fyrir þessa krakka. Það skiptir verulegu máli að börnin séu undir handleiðslu fagfólks til að auka öryggi þeirra og hæfni til að takast á við lífið. Um leið gefst tækifæri til að taka fjölskylduna inn í og aðlaga betur þessum félagslegu aðstæðum og styðja frekar.

Það sem ég mundi vilja sjá í framhaldi af þessu — ég hef talað mikið fyrir því þar sem ég hef áður starfað á öðrum vettvangi — er að styrkja heimahjúkrun við geðsjúk börn. Þar á ég við sérhæfða heimahjúkrun sem einnig væri hægt að kalla sjúkrahússtengda heimahjúkrun við geðsjúk börn. Þar er aukið við úrræði til að styðja þá krakka sem geta verið heima. Við vitum mjög vel að þegar foreldrar hafa beintengingu inn á sjúkrastofanir eins og sjúkrahússtengd heimahjúkrun veitir verða óþolandi aðstæður þeirra þolanlegri.

[16:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég er einn af þremur flutningsmönnum þessa þingmáls og vil koma að nokkrum þáttum. Hér er lagt til að það verði komið upp hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir. Það hefur komið fram að barna- og unglingageðdeild Landspítalans er eina stofnunin á heilbrigðissviði sem sinnir þessum sjúklingum og það eru eingöngu fimm langlegupláss til framhaldsmeðferðar fyrir börn með alvarlega geðsjúkdóma á landinu öllu þar fyrir utan. Einnig hefur komið fram að nokkuð er um liðið frá því þessi þáltill. kom fram á þinginu.

Í vetur hefur sem betur fer verið unnið að undirbúningi þess að sinna betur langveikum börnum og þar með geðsjúkum börnum. En þó sú ágæta vinna sé í gangi þá er það staðreynd sem blasir sérstaklega við foreldrum þessara barna að hvíldarúrlausnir vantar. Því vil ég biðja alla þá sem vinna að málefnum langveikra barna að hafa þessa úrlausn inni í þeirri mynd.

Hvíldarheimili væri gott úrræði fyrir þessi börn sem í dag eru ekki nema 20, sem er kannski 20 börnum of mörg ef við lítum þannig á það. Því miður má gera ráð fyrir að þeim fjölgi frekar á komandi árum. Við erum hér að tala um hvíldarheimili sem tengt væri þeirri sérfræðiþjónustu sem fyrir er og þar færi fram endurhæfing samhliða. En það er líka hægt að vísa til sveitarfélaganna og vætnanlegra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem málefnum fatlaðra verður komið fyrir. Geðsjúkir mundu þá eiga sama rétt og fatlaðir einstaklingar í þjóðfélaginu í dag.

Fatlaðir einstakingar eiga rétt á hvíldarheimili og stuðningsfjölskyldum en geðsjúkir falla þar fyrir utan. Nú á að breyta þessu þannig að rétturinn verði sá sami þegar lögin um félagslega þjónustu taka gildi. Þá verður þessi þjónusta komin yfir á sveitarfélögin og þá þarf að gera þeim kleift að sinna þessum einstaklingum eins og fötluðum. Þá erum við ekki að tala um sérhæfða stofnun eða hvíldarheimili í hverju sveitarfélagi heldur annars konar þjónustu, t.d. stuðningsfjölskyldur fyrir þessi börn eða annars konar þjónustu. Þar má nefna aukna þjónustu heilbrigðisstofnana í samvinnu við svæðisskrifstofu fatlaðra. Því miður eru ekki alls staðar sérhæfðar sjúkrastofnanir, en góðar heilsugæslustöðvar eru út um allt land. Vissulega má vera meiri samvinna á milli félagsþjónustunnar og heilsugæslunnar eins og ég hef áður nefnt. En þarna þarf samvinnu á milli. Ýmsum svona málum væri hægt að fara að vinna að þó frv. um það hafi ekki verið lögfest. Það þarf að undirbúa þennan farveg.

Það er varla hægt að lýsa því fyrir þeim sem ekki hafa kynnst því hvernig aðstæður foreldra geðsjúkra barna eru. Þó maður heyri þær lýsingar þá kemst það ekki í hálfkvisti við að kynnast því í raun. Þessir foreldrar eru því miður oft einstæðar mæður þar sem álagið er það mikið að fjölskyldur sundrast. Foreldrar ná ekki að stunda vinnu með eðlilegum hætti. Það er ekki hægt að fara frá veiku barni. Þetta skapar félagslega einangrun sem verður oft algjör. Það er ekki hægt að fá nema kannski nánustu aðstandendur til að gæta barnsins ef foreldri vill fara eitthvað frá. Álagið er því einna mest á systkinum ef til staðar eru og því miður þá verður það oft til þess að þau bera þess ekki bætur.

Rétt er að hafa í huga að fordómar eru til staðar gagnvart geðsjúkdómum. Menn fyllast í minnsta lagi forvitni þegar fólk, ég tala nú ekki um börn, með einkennilega hegðun er á almannafæri. Það er erfitt fyrir þau og aðstandendur þeirra að bregða sér af bæ og vera úti meðal almennings ef hegðun barnsins vekur mikla athygli. Það ýtir líka undir það að erfitt er að koma sér út á meðal manna og hafa barnið með sér.

Ef réttur geðsjúkra barna verður sá sami og langveikra barna og þjónustan fer yfir til félagsþjónustu sveitarfélaganna þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir afleiðingum þess. Þó hugmyndafræðin sé til staðar, aðferðirnar til að leysa verkefnið þá er, eins og fram kom í máli hv. þm. Ástu Möller ef ég skildi hana rétt, ekki þar með sagt að hægt sé að fá það starfsfólk sem þarf að vera til staðar. Þannig þarf líka að huga að því að þessum börnum er ekki komið fyrir bara í pössun, ekki komið fyrir á hvíldarheimili nema þar sé fólk með ákveðna þekkingu og reynslu til þess að sinna þörfum geðsjúkra barna.

Það er mjög mikilvægt að koma hvíldarþjónustunni heim í læknishéruðin, að það verði ekki eingöngu ein stofnun hér á höfuðborgarsvæðinu. Þó við séum að tala um að koma upp skammtímavistun, hjúkrunarheimili eða hvíldarheimili eins og hér er gert ráð fyrir, sem einnig sinnti endurhæfingu þá er mjög mikilvægt að koma hvíldarþjónustunni heim í læknishéruðin þannig að ekki þurfi að senda börnin langar leiðir.

[16:30]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mig langar í lokin að árétta ýmsa þætti sem ég sagði áðan og vísa til þess að þegar ég var að skoða

þessa þáltill. ræddi ég við fagfólk sem hefur mikla reynslu á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga. Í þeim samtölum kom fram að leggja þarf aukna áherslu á þjónustu við unglinga með því að styrkja sérhæfða hæfingardeild fyrir unglinga þar sem lögð er áhersla á langtímaúrræði og uppbyggingu á félagslegum þáttum gagnvart foreldrum og stuðningur við þá aukinn.

Þetta er í samræmi við svar hæstv. heilbrrh. nýverið hér í þinginu og stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum geðsjúkra barna þar sem kemur fram að í undirbúningi er opnun deildar fyrir langtímameðferð unglinga sem eiga við geðsjúkdóma að stríða.

Ég tek undir með því fagfólki sem ég ráðfærði mig við og legg áherslu á að úrræði fyrir börn og unglinga sem eiga við veruleg geðræn vandamál að stríða verði styrkt enn frekar með langtímaúrræðum þar sem m.a. verði gert ráð fyrir skammtímavistun þeirra, m.a. með hliðsjón af þörfum fjölskyldunnar fyrir hvíld um leið og unnið er að frekari hæfingu þessara einstaklinga til langframa.

Hins vegar er það ekkert launungarmál, eins og komið hefur fram í máli ýmissa ræðumanna hér í dag, að ákveðin hætta er á árekstrum um ábyrgð á þjónustu við geðsjúk börn milli félagslega kerfisins annars vegar og heilbrigðiskerfisins hins vegar varðandi hvíldarinnlagnir eða skammtímavistun, því að þótt verið sé að mæta sömu þörf eru hvíldarinnlagnir úrræði heilbrigðiskerfisins en skammtímavistun er úrræði félagslega kerfisins. Þarna reynir á samvinnu þessara tveggja kerfa samfélagsins og sérstaklega reynir á nýstofnað samstarfsráð félmrn. og heilbr.- og trmrn. um meðferð barna og unglinga með vímuefnavanda og hegðunar- og geðraskanir, sem hefur það hlutverk að vinna að samhæfingu þjónustu við þennan hóp barna og unglinga. Í samstarfsráðinu eiga sæti fulltrúar ráðuneytanna tveggja, Barnaverndarstofu, BUGL, Stuðla og SÁÁ.

Í þessu sambandi vil ég benda á að í ítarlegri skýrslu starfshóps sem hæstv. heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, skipaði um stefnumótun í málefnum geðsjúkra og skilaði tillögum sínum í október 1998 er gerð ítarleg grein fyrir stöðu málefna geðsjúkra barna og settar fram ítarlegar tillögur til úrbóta í málaflokknum. Þar er ekki sérstaklega nefnd þörf fyrir hvíldarheimili sem sérstaklega tæki börn með alvarlega geðsjúkdóma til skammtímavistunar. Í skýrslunni er hins vegar lögð rík áhersla á að styrkja þau úrræði sem þegar eru til staðar fyrir þessi börn. Þar er m.a. hægt að taka við börnum til skammtímavistunar, m.a. með það að markmiði að hvíla fjölskyldur um leið og barnið nýtur þjónustu til frekari hæfingar. Þó að ég útiloki alls ekki að einhverjar fjölskyldur mundu geta nýtt sér sérstakt hvíldarheimili þá tel ég réttara að styrkja þau úrræði sem þegar eru til staðar og koma þar til móts við þessar þarfir.

[16:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega mundu fjölskyldur geta notfært sér slík úrræði. Þær kalla eftir slíkum úrræðum því ástandið er að sliga þessar fjölskyldur. Ég vildi að hv. þm. hefði verið viðstaddur þegar við ræddum við foreldra þessara barna. Þeir eru að sligast undan álaginu og þurfa að fá skammtímavistun, hvíldarvistun fyrir þessi börn og þar er ekki verið að tala um geymslustaði. Auðvitað er verið að tala um að sinna þessum börnum vegna þess að það er ekki hægt að setja þau í pössun hjá ömmu og afa eða frændum og frænkum, það er ekki hægt.

Þess vegna verður að koma slíkum úrræðum á ef við ætlumst til að það fólk sem er með þessi börn hugsi um börnin sín áfram eins og gert er í dag. Það er eina leiðin til að þeir fái einhverja hvíld og geti sinnt öðrum börnum í fjölskyldunni og þeir geti lifað eðlilegu fjölskyldulífi þó ekki væri nema kannski tvo, þrjá daga í mánuði, því það getur þetta fólk ekki eins og ástandið er í dag.

Ég get ekki annað en brugðist við þegar ég heyri hv. þm. tala um að e.t.v. gætu einhverjar fjölskyldur nýtt sér úrræði sem þessi ef þau væri til staðar. Þetta er mjög brýnt mál og mikil þörf á slíkum úrræðum, því að það er ákall frá foreldrum þessara barna um að fá úrræði sem þessi.

[16:35]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Annaðhvort tala ég ekki nógu skýrt eða hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir hlustar ekki á það sem ég er að segja, því að skammtímavistun er það sem spurningin snýst um. Hún snýst um að koma til móts við þessa þörf.

Það sem ég er að segja er að komið verður til móts við þá þörf með þeim úrræðum sem ég hef verið að lýsa. En ég segi hins vegar að með því að koma til móts við þessa þörf þar sem þjónustan er veitt núna í dag, þá verður ekki þörf á að setja upp sérstakt hvíldarheimili. Þar liggur blæbrigðamunurinn á því sem ég er að segja og sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir er að segja.

Það sem skiptir máli er að koma til móts við þessa þörf, ekki að stofnað verði sérstakt hvíldarheimili þar um, heldur að foreldrar umræddra barna hafi aðgang að deild sem lítur svo á að það sé sjálfsagður hluti af þjónustunni.

[16:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vitnaði bara orðrétt í orð hv. þm. í lok máls hennar þegar ég tók til máls áðan.

Það snýst ekki um að það þurfi að vera sérstakt hvíldarheimili heldur að þjónustan sé til staðar. Það hefur enginn verið að tala um það, a.m.k. hef ég ekki skilið umræðuna í dag þannig að það verði að vera sérstök stofnun heldur að þjónustan sé til staðar en það er hún ekki í dag. Það er engin slík þjónusta fyrir þennan hóp í dag.

Við getum verið með góð áform og ég vona að áformin séu til staðar, sem mér heyrist á hv. þm., en það þarf að koma þessari þjónustu á, það er aðalatriðið, og það fyrr en síðar. Við erum búin að tala um það á annað ár að slík þörf sé til staðar, en það hefur ekkert gerst.

[16:37]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við séum þá að ná saman. Það sem ég sagði áðan var að þó að ég útiloki alls ekki að einhverjar fjölskyldur mundu geta nýtt sér sérstakt hvíldarheimili, þá tel ég réttara að styrkja þau úrræði sem þegar eru til staðar og koma þar með til móts við þarfirnar.

Ég hef lýst í ræðu minni þeim áformum og ákvörðunum sem hafa verið teknar í þessu máli og ég hef miklar væntingar um að í þeim tilvikum sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við þarfirnar verði það gert.

[16:38]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég kem hingað upp fyrst og fremst til að þakka fyrir umræðuna sem hefur verið mjög jákvæð að mínum dómi. Allir þeir sem hafa tekið til máls eru því

sammála að koma þurfi til móts við þörf geðsjúkra barna og aðstandenda þeirra. Þeirri þörf er ekki svarað í dag.

Þó að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Ástu Möller að eðlilegt sé að leita til sérfræðinga, hjúkrunarfólks og lækna um ráðgjöf þá þarf einnig að leita til annarra sérfræðinga sem eru foreldrarnir sjálfir. Og það er í þeirra rann sem þessi tillaga er sótt um að komið verði á fót sérstöku hvíldarheimili eða skammtímavistun fyrir geðsjúk börn og börn með alvarlegar hegðunartruflanir.

Hvar sú stofnun er eða hvar þetta gerist getum við rætt. Við skulum passa okkur á því að drukkna ekki í skilgreiningum. Það er líka rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ástu Möller að koma þarf í veg fyrir árekstra á milli heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu, að ýmsu er að hyggja í þessu, ég geri mér grein fyrir því.

Ég vona að þessi tillaga og sú umræða sem henni fylgir geti orðið til góðs fyrir þetta fólk. Ég geri mér ekki grein fyrir því hve mikla fjármuni þarf til þess að leysa þennan vanda. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvort það muni kosta einhverjar milljónir kr., tugi milljóna eða meira. En ég er alveg sannfærður um að það mun ekki kosta þær 300–350 millj. kr. sem ríkisstjórnin leggur til að við afléttum í sköttum á bíleigendur á komandi árum. Ég er alveg sannfærður um að hún ætlar að styrkja bíleigendur miklu meira en nemur stuðningi við aðstandendur geðfatlaðra barna.

Þegar við skoðum þessi mál eigum við að setja þau inn í rétt samhengi. Við eigum að skoða hvernig Íslendingar verja peningunum sínum og því fjármagni sem við höfum til ráðstöfunar sameiginlega.

Ég lít svo á að hér sé á ferðinni eitt brýnasta forgangsverkefni sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir að leysa og ég vona að það gerist sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslensk málnefnd, 1. umr.

Stjfrv., 501. mál. — Þskj. 796.

[16:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þegar ný háskólalög tóku gildi var út frá því gengið að háskólarektor réði alla starfsmenn við Háskóla Íslands. Þá lá einnig ljóst fyrir að skoða þyrfti ýmsar stofnanir sem störfuðu í tengslum við Háskóla Íslands með tilliti til hinnar nýju skipunar og taka afstöðu til álitamála sem kynnu að koma upp varðandi ráðningu starfsmanna. Þetta frv. er flutt vegna slíkra athugana en þar er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um Íslenska málnefnd er varða ráðningu forstöðumanns og rekstrargrundvöll stofnunarinnar.

Gert er ráð fyrir því að forstöðumaður verði skipaður af menntmrh. og til fimm ára í samræmi við þá meginreglu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að forstöðumenn skuli skipaðir til starfa af ráðherra. Þá er gert ráð fyrir að Íslensk málstöð verði sjálfstæð stofnun og ekki rekin í lögbundinni samvinnu við Háskóla Íslands. Frv. gerir ekki ráð fyrir að forstöðumaðurinn sé jafnframt prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands og því er gert ráð fyrir samkvæmt frv. að starfsskyldur forstöðumannsins verði einvörðungu við Íslenska málstöð.

Frv. er ekki nema þrjár greinar og efnisatriði þess eru í 1. gr. á þann veg að Íslensk málnefnd sé málræktar- og málverndarstofnun og hún reki Íslenska málstöð. Í þeirri grein er tekið fram að ekki sé um samvinnuverkefni að ræða á milli Íslenskrar málnefndar og Háskóla Íslands að reka málstöðina. Þetta útilokar þó ekki að unnt verði að viðhalda starfstengslum Íslenskrar málstöðvar við háskólann eða einstakar háskólastofnanir á grundvelli sérstaks samkomulags ef þörf krefur, en minnt er á að háskólaráð Háskóla Íslands, heimspekideild Háskóla Íslands og Orðabók háskólans tilnefna fulltrúa sína í Íslenska málnefnd.

Í 2. gr., herra forseti, er lagt til að forstöðumaður verði skipaður af menntmrh., eins og áður sagði, á grundvelli laganna nr. 70/1996, og fellt niður það skilyrði að forstöðumaðurinn sé jafnframt prófessor í íslenskri málfræði í heimspekideild Háskóla Íslands, en gerðar verði þær hæfiskröfur að forstöðumaður hafi lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Þetta er efni frv., herra forseti, og það hefur verið reifað og rætt við Háskóla Íslands og Íslenska málnefnd. Þessir aðilar hafa báðir lýst sig sammála þeim breytingum sem lagðar eru til með frv. og legg ég til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[16:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er lagt til að stofnuð verði ný stofnun sem heitir Íslensk málnefnd, er málræktar- og málverndarstofnun og hún rekur Íslenska málstöð. Mig langar rétt aðeins í þessu sambandi að koma upp í ræðustól og geta þess, herra forseti, að hér er verið að stofna nýja stofnun og það er að mínu mati um það bil á tveggja vikna fresti sem Alþingi gerir það. Ég vildi bara vekja athygli á þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÖJ og ÞBack, 266. mál. — Þskj. 349.

[16:47]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á að koma seint í ræðustól, en ég var að svara þýska sjónvarpinu til um það hvort Alþingi Íslendinga tæki tillit til álfa í sínu starfi þannig það þarf að sinna ýmsum mikilvægum verkefnum.

Ég mæli hér fyrir ... (**Gripið fram í:** Eins og álfur út úr hól!) ekki sem álfur út úr hól að vísu, en fyrir mjög brýnu framfaramáli, breyting á lögum um almannatryggingar. Við leggjum þetta frv. fram ég og hv. þm. Þuríður Backman þar sem við gerum tillögu um breytingu á 7. gr. almannatryggingalaga sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Í stað gjaldskrár ráðherra er Tryggingastofnun þó heimilt að semja um gjaldskrá er gildi um almenna tannlæknaþjónustu.

Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 18 ára og yngri, 90% kostnaðar, en hver einstaklingur í þessum aldurshópi skal eiga kost á einni skoðun á ári hjá tannlækni sér að kostnaðarlausu.

2. Heimilt er að greiða 80% kostnaðar við gullfyllingar, gerð króna og brúa hjá börnum og ungmennum, 18 ára og yngri, samkvæmt reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessum tölulið að fyrir liggi sérstök umsókn og samþykki sjúkratrygginga.

3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 100% kostnaðar, þó er ekki greitt fyrir gullfyllingar, krónur, brýr eða tannplanta. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna þessara þátta.

Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður."

Þetta er 1. gr. frv. eins og hún hljóðar, en svipað frv. var einnig lagt fram á 122. og 123. þingi og var þá vísað til heilbr.- og trn. án þess að hljóta þar afgreiðslu. Hins vegar hefur verið komið til móts við þau frv. í veigamiklum atriðum. Það er mjög mikilvægt að halda því til haga að dropinn holar steininn. Málflutningur hér er liður í baráttu mjög margra fyrir því að efla tannlæknaþjónustuna í landinu og er gott til þess að vita að þessi barátta hefur skilað nokkrum árangri á undanförnum árum.

Meðal þess sem gerst hefur varðar bæði unglinga og elli- og örorkuþega. Viðmiðunaraldursmörk hafa verið hækkuð í 17 ár hjá unglingum eins og lagt var til í frv. á sínum tíma en greiðsluhlutfallið var þó ekki hækkað í 90% eins og við lögðum til. Þá fá elli- og örorkulífeyrisþegar sem ekki hafa tekjutryggingu nú 50% af kostnaði endurgreiddan en fengu enga endurgreiðslu áður. Elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu fá nú greidd 75% af tannlæknakostnaði, en fengu áður 50%. Elli- og örorkulífeyrisþegar með skerta tekjutryggingu fá nú greidd 75% af tannlækniskostnaði, en fengu áður 50%. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og fá ekki vasapeninga fá nú 100% endurgreiðslu en fengu 75% áður. Þá fá börn í umönnunarflokki 3 nú 90% af kostnaði eins og börn í flokkum 1 og 2, en fengu áður 75%.

Þetta eru réttarbætur sem eru mjög mikilvægar. En það er nauðsynlegt að stíga stærri skref og minna á að í skýrslu sem birt var á vegum landlæknisembættisins, árið 1997 mun það hafa verið, þá kom í ljós að efnalítið fólk veigraði sér við að leita læknisþjónustu vegna aukinna byrða og var það einkum á sviði tannlækninga sem efnalítið fólk veigraði sér við að leita læknis.

Í því sambandi er rétt að rifja upp ofurlítið upp söguna. Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlæknakostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum árum. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt og var svo fram á tíunda áratuginn. Þá var verið að sækja á og bæta stöðu fólks. En í byrjun þessa áratugar þá seig mjög á ógæfuhliðina. Þegar þarna var komið sögu var kostnaðarhludeild notenda, aldraðra og öryrkja, aukin. Börn og unglingar undir 16 ára aldri fengu allan tannlæknakostnað sinn endurgreiddan í byrjun tíunda áratugarins. En á árunum 1992–1993 var endurgreiðslan færð í áföngum niður í 75%. Á þessum árum var framlag Tryggingastofnunar við tannlæknakostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta óskertrar tekjutryggingar lækkað úr 100% í 75% og hlutur þeirra sem búa við skerta tekjutryggingu var lækkaður í 50%. Aðrir elli- og örorkulífeyrisþegar sem höfðu fengið greidd 50% af tannlæknakostnaði sínum fengu nú engan stuðning. Fleiri ráðstafanir voru gerðar í skerðingarátt, einkum á sviði tannréttinga. En síðan hafa menn verið að rétta kúrsinn örlítið á undanförnum árum og er það vel.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir breyttu greiðsluhlutfalli hins opinbera í tannlækniskostnaði en einnig er aldursviðmiðunarmörkum breytt úr 17 árum í 18. Við leggjum til að aldursmörkin verði 18 ár. Gert er ráð fyrir að fram að 18 ára aldri greiði fólk einvörðungu 10% af tannlækniskostnaði en brýnt er að endurmeta með tilliti til eftirlitsþáttarins hvenær rétt væri að endurgreiða kostnaðinn að fullu. Annars staðar á Norðurlöndunum eru aldursmörkin og þátttaka hins opinbera í tannlækniskostnaði meiri en hér. Í Danmörku er allur kostnaðurinn greiddur af hinu opinbera til 18 ára aldurs, í Finnlandi og Noregi til 19 ára aldurs og í Svíþjóð til 20 ára aldurs. Æskilegt er að innan fjögurra ára verði búið að hækka aldursmörkin í 20 ár og byggjum við þá við svipað fyrirkomulag og best gerist á Norðurlöndum að þessu leyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að draga úr kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins á elli- og örorkulífeyrisþega.

Samkvæmt frumvarpinu er sú breyting gerð á 1. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að felld er niður tilvísun til tannréttinga og sama gildir um tilvísun til gullfyllinga, krónu- og brúargerðar í 1. tölul. 2. mgr. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga.

Varðandi kostnaðinn þá er erfitt að áætla nákvæmlega kostnað við breytingarnar en þegar kostnaður við þær er metinn ber að hafa í huga hinn mikla fjárhagslega ávinning sem hlytist af því að bæta tannheilsu þjóðarinnar. Bætt tannheilsa og betri vitund ungs fólks um mikilvægi þess að vernda tennurnar mundi stórlega draga úr tilkostnaði þjóðarinnar við tannlækningar þegar fram líða stundir. Raunhæft er að ætla að kostnaður vegna barna muni aukast um rúmar 140 millj. kr. og vegna lífeyrisþega, þ.e. elli- og örorkulífeyrisþega, um rúmar 90 millj. kr. Heildarkostnaðaraukinn væri samkvæmt þessu um 230 millj. kr.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni umræðu vísað til heilbrn. Alþingis.

[16:57]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður að þessu frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar og vil aðeins ítreka nokkur atriði og fara yfir kannski ekki nýja þætti en draga annað fram.

Það að breyta aldursmörkunum úr 17 upp í 18 er hluti af því að samræma þau aldursmörk við sjálfræðisaldur. Þetta er að gerast á mörgum sviðum þar sem aldursmörk koma fram og það er eðlilegt að hafa þessi mörk sem samræmdust. Börn og unglingar eru það til einhvers ákveðins aldurs og það er ekki gott að það sé sums staðar 16, 17 eða 18 ára

sem viðmiðunarmörkin eru. Átján ára verður fólk sjálfráða og það er m.a. ástæðan fyrir því að við leggjum til að mörkin séu við 18 ára aldur.

Það að þátttökukostnaður 18 ára og yngri sé 90% tekur mið af þeim reglum sem í gildi eru í dag. Það er ekki fast verðlag hjá tannlæknum. Þar er frjáls álagning og þessi 10% sem út af standa eru þá í dag hugsuð til þess að einstaklingar sem hafa möguleika á að velja á milli tannlækna, geti gert það og að þessi 10% kostnaður sem á einstaklingana fellur nægi til þess að fólk velji sér tannlækna, a.m.k. að hluta til vegna kostnaðarvitundar eins og sagt er.

Tannheilsa okkar Íslendinga hefur mjög batnað, í fyrsta lagi með breyttri og bættri tannhirðu og vitund foreldra um mikilvægi þess að hirða tennur barna sinna alveg frá blautu barnsbeini og fá þeir góðar leiðbeiningar til þess í dag. Það er allt önnur tannhirða núna en tíðkaðist fyrir 10–20 árum síðan, hvað þá þar áður. Tannhreinsivörur verða stöðugt betri og það ætti að hjálpa til þó að sumir munu nú kannski segja að helmingurinn af því væri bara markaðssetning. En eftir sem áður finnast nú ýmis ráð til tannhirðu sem ekki voru til áður.

Þetta er einn þátturinn en breytt mataræði hefur líka hjálpað til. En matarvenjur og siðir hafa einnig hjálpað til við að skemma tennur. Sífellt meiri gosdrykkja Íslendinga, þá sérstaklega barna og unglinga, hefur mjög slæm áhrif á tannheilsuna og mun örugglega skila sér í verri tannheilsu þeirra þegar þeir komast á fullorðinsár.

Reykingar spila líka inn í heilbrigði tanna og tannholds. Vonandi gengur okkur vel að draga úr reykingum þannig að dragi úr tannholdsbólgu og áhrifum reykinga á tennur. Ég nefni þetta hér vegna þess að ástand tannholdsins hefur mikið að segja þegar kemur á fullorðinsár. Maður hefur áhuga á því að halda upprunalegum tönnum sínum til æviloka og það er orðið algengt í dag að fólk nái að halda þeim allt sitt líf. Tennur eru sjaldnast rifnar úr fólki og komið fyrir heilgómum eins og mjög algengt var hér áður fyrr. Það hefur því mikið að segja að styrkja fullorðið fólk, elli- og örorkuþega, til að halda áfram að sinna tannheilsu sinni, leita til tannlæknis og halda tönnunum í góðu standi. Elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa að fá þá þjónustu sem hægt er að veita, til að setja niður tannparta og styrkja eða laga tannhold eftir sem þarf í stað þess að rífa allar tennurnar úr.

Því miður eru margir tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar til í dag sem telja sig ekki hafa efni á því að fara til tannlæknis og viðhalda tannheilsu. Í þessu frv. er lagt til að þátttaka ríkisins í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega verði 100% fyrir almenna tannlæknaþjónustu en ekki gullfyllingar. Þessu vildi ég bæta við og benda á að það verður mun algengara að fullorðið fólk, elli- og örorkulífeyrisþegar, haldi tönnum sínum fram á efri ár og allt til dauðadags. Þess vegna tel ég ástæðu til að styrkja fólk á þessum aldri til að nýta sér tannlæknaþjónustu eins og það gerði þegar það var yngra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 352. mál. — Þskj. 605.

[17:04]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Aukinn hraði og umferð við þjóðvegi landsins hefur kallað á breytt viðhorf til lausagöngu búfjár. Lausaganga búfjár á vegum er víðtækt vandamál hér á landi sem haft hefur í för með sér slys og slysahættu og ógnað öryggi vegfarenda. Mikið álag er á ökumönnum þegar búfé er á eða við vegi því að það er aldrei að vita hvenær skepnurnar hlaupa fyrir farartækin. Þetta á sérstaklega við um sauðfé og er þá fyrri hluti sumars verstur. Því mæli ég hér fyrir till. til þál. um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, sem er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna."

Í grg. kemur fram að árlega berist fréttir af alvarlegum umferðarslysum sem orðið hafa vegna þess að búfé gengur laust á vegum úti. Þar er einnig tafla sem sýnir slysatíðni af þeim sökum á árunum 1994–1998 samkvæmt nýjum tölum frá Umferðarráði. Á árinu 1994 urðu fjögur slys. Í þeim slysum voru fjórir lítið slasaðir en óhöpp án slysa voru 59. Þessar tölur gefa nokkra hugmynd um þann fjölda slysa og óhöppa af þessum sökum á ári hverju. Árið 1997 urðu slysin fimm. Þar af var einn mikið slasaður, fjórir lítið slasaðir og óhöpp án slysa 117 sem vitað var um en það er ekki tilkynnt um öll slys. Þessi fimm ár urðu slysin 20 alls. Á þessu tímabili varð sem betur fer ekkert dauðaslys, mikið slasaðir voru þrír, lítið slasaðir 26 en óhöppin alls 356. Eins og hér kemur fram hefur fjöldi umferðaróhappa af völdum lausagöngu búfjár nærri því tvöfaldast á fjögurra ára bili. Eins og ég sagði áðan hafa 29 manns slasast í þessum umferðaróhöppum.

Umræðan um lausagöngu búfjár á vegum og hættuna sem af henni skapast verður sífellt háværari og hafa margir orðið til þess að hugleiða hvað væri til ráða. Ein þeirra lausna sem litið hefur verið til er að setja upp girðingar með fram öllum vegum. Viðhald slíkra girðinga þarf að vera viðvarandi ef tryggja á að þær haldi búfénaði frá umferðarleiðum vélknúinna ökutækja. Girðingar meðfram vegum hafa hins vegar þann ókost að draga úr nýtingu túna og verða jafnvel einnig til þess að fjárrekstur fer um þjóðvegi.

Þá er þess að geta að víða háttar svo til að bithagar eru báðum megin vegar eða bithagar öðrum megin og vatnsból hinum megin. Við slíkar aðstæður hefur oft dregist að girða vegi vegna augljósra vandamála sem það hefði í för með sér. Sú lausn sem hér er gerð tillaga um yrði til þess að víkja þeim vandamálum úr sögunni.

Framtíðarlausn gæti verið að leggja göng úr ræsahólkum undir alla nýja vegi og vegi sem verið er að endurnýja og laga. Þannig má tryggja leið fyrir búfénað. Mikilvægt væri að nota tækifærið og gera slíkar rásir fyrir búfénað um leið og vegur er lagður eða endurbættur til að draga sem mest úr viðbótarkostnaði. Ef tekin verður ákvörðun um að girða þjóðvegi á næstu árum má um leið gera ráð fyrir búfjárrásum eins og hér er lýst og hafa um staðsetningu þeirra samráð við staðkunnuga í hverju tilviki. Enginn verulegur aukakostnaður hlýst af þessu ef það er gert um leið og vegirnir eru lagðir. Í nánast öllum tilvikum er hægt að staðsetja búfjárrásir af

þessu tagi þannig að þær nýttust einnig til að hleypa burt leysingarvatni á vorin en væru þurrar í annan tíma.

Reynsla af þessu fyrirkomulagi er fyrir hendi og nefni ég bara einn stað en þeir eru sem betur fer orðnir nokkrir núna þar sem framsýnir bændur hafa fundið heppilega lausn á hættunni sem stafar af lausagöngu búfjár. Sem dæmi má nefna bæinn Ásbrandsstaði í Vopnafirði en þegar vegur þar var endurbyggður og lagt á hann bundið slitlag árið 1985 lét bóndinn þar leggja rörhólka undir veginn til þess að hægt væri að hleypa skepnum þar um án þess að þeim, eða akandi vegfarendum, stafaði hætta af. Fyrirkomulag þetta hefur reynst einstaklega vel.

Með þessari þáltill. er skýringamynd. Bóndinn á Ásbrandsstöðum lýsti því þannig að hann þurfti einu sinni að teyma kýrnar í gegnum hólkinn en kindurnar rásuðu strax þar í gegn án þess að það þyrfti nokkuð að hafa fyrir því að reka þær.

Þegar vegir eru lagðir er landeiganda skylt að láta af hendi land sem þarf undir vegi eða til breytinga, t.d. breikkunar og viðhalds vega. Um þessar vegarlagningar næst oftast sátt á milli Vegargerðar og landeigenda en eins og fram kemur í lögunum er ekki auðvelt fyrir landeigandann að neita vegarlagningu þó að það valdi verulegu óhagræði hvað varðar aðgengi búpenings að beitilandi eða skemmdir á vel ræktuðum túnum. Því er mjög líklegt að það verði til bóta að fá svona rásir undir vegi. Raunar finnst þeim það nauðsynlegt sem við þessar aðstæður búa. Best væri að svona rásir gætu verið vélgengar þegar tún eru við vegina en auðvitað væri það meiri aðgerð en hér er verið að mæla fyrir.

Veghaldara er skylt að girða með vegum þar sem farið er um afgirt land og það er vel. En það er jafnbrýnt að sjálfsagt verði að lagðar verði rásir í gegnum vegina þar sem þannig hagar til eins og hér hefur verið lýst. Fyrir utan þennan stað á Vopnafirði er hægt að nefna Ljósavatnshrepp en þar hefur slíkum rásum verið komið fyrir og hafa þær dugað vel.

Fyrir bændur sem búa við þær aðstæður að tún eða beitilönd séu beggja vegna þjóðvegar, sem er býsna víða, skapast oft hættuástand bæði vor og haust þegar sauðfé er rekið á milli beitihólfa. Það er nefnilega enginn hægðarleikur að kenna sauðkindinni umferðarreglurnar og líklega ógerningur, nema e.t.v. einstakri spakri forustukind tækist það.

Ég vil geta þess að nefnd sem fékk vinnuheitið vegasvæðanefnd skilaði áfangaskýrslu í janúar 1999, en það var hæstv. landbrh. sem skipaði nefndina. Nefndinni var falið að fjalla um leiðir til að halda búfé frá helstu þjóðvegum landsins. Hún fór yfir þróun mála frá árinu 1991–1993 og var ætlað að skilgreina helstu áhættusvæði og gera tillögur um úrbætur miðað við stöðu mála eins og þau voru þegar hún skilaði skýrslunni. Henni var einnig ætlað að gera tillögur um lagabreytingar ef þess gerðist þörf.

Ég ætla að nefna helstu niðurstöður nefndarinnar í skýrslunni.

Nefndin var sammála um að allsherjarbann við lausagöngu búfjár í landinu væri óraunhæft og slík tillaga mundi einungis drepa málinu enn einu sinni á dreif. Nefndin var einnig sammála um að árangursríkasta leiðin væri að girða af fjölförnustu og hættulegustu vegi með veggirðingum, þ.e. girðingum sem beinlínis er ætlað að koma í veg fyrir að búfé eigi aðgang að þeim. Sömuleiðis var nefndinni ljóst að hvorki verður hægt né heldur æskilegt að girða alla vegi landsins því í þessum málum þarf að fara bil beggja.

Varðandi umferðaróhöpp kemur fram í skýrslunni að samkvæmt lögregluskýrslum og upplýsingum frá Umferðarráði um fjölda óhappa og umferðarslysa á árunum 1988–1997 þar sem ekið var á dýr á vegi, komi fram að á þessu tíu ára tímabili hafi orðið 40 slys á mönnum. Þar af létust tveir. Tíu slösuðust alvarlega og 40 urðu fyrir minni meiðslum. Eignatjónsóhöpp urðu alls 437. Óhætt er að fullyrða að fjöldi umferðaróhappa vegna árekstra ökutækja og búfjár sé mun meiri en fram kemur í upplýsingum Umferðarráðs þar sem einungis hluti þeirra er tilkynntur lögreglu. Flest þessara umferðaróhappa verða við árekstra ökutækja og sauðfjár.

Hrossum landsmanna hefur fjölgað mikið á síðustu árum og það hefur leitt til aukinnar slysatíðni. Staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu slysin hafa orðið við árekstra ökutækja og hrossa. Í sumum tilvikum er um að ræða hross í rekstri eða menn á hestum. Tiltölulega fá slys hafa orðið vegna árekstra ökutækja og nautgripa enda eru þeir yfirleitt í vörslu allt árið. Ætla má að alvarlegustu slysin séu bundin við afmarkaða staði í þjóðvegakerfinu. Sama gildir um tíðni slysa, þ.e. að líkur eru á að flest slysin verði á tiltölulega afmörkuðum stöðum í vegakerfinu.

Umferðaróhöpp sem verða við árekstra ökutækja og búfjár hafa í för með sér miklar bótakröfur en í flestum tilvikum leiða hlutlægar bótareglur umferðarlaga til þess að bifreiðaeigendur eru gerðir ábyrgir fyrir tjóni. Ábyrgðartryggingar ökutækja greiða bætur fyrir búfé en eigendur bifreiða missa svokallaðan bónusrétt hjá tryggingafélögum. Ekki eru til upplýsingar um kostnað bifreiðaeigenda vegna þessara tjóna en ætla má að hann nemi tugum milljóna árlega samkvæmt upplýsingum frá VÍS.

Varðandi girðingar er almenna reglan með vegum sú að Vegagerðinni er skylt að girða með vegi þegar hann er lagður um ræktað land og girt heimalönd. Markmið þeirra hefur fyrst og fremst verið að loka viðkomandi löndum en ekki friða vegi fyrir búfé. Gera má ráð fyrir að þessar girðingabætur Vegagerðarinnar muni aukast.

Eins og segir í áfangaskýrslunni, með leyfi forseta:

„Árangur þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til í því skyni að stemma stigu við lausagöngu búfjár hefur ekki þótt vera sem skyldi og eru til þess margvíslegar ástæður sem ekki er unnt að telja með tæmandi hætti. Aðalástæður þess eru þó að aðgerðir hafa ekki verið nægilega samræmdar og markvissar auk þess sem auknar girðingaframkvæmdir krefjast aukinna fjárveitinga. Þá má geta þess að sum sveitarfélög og einstaklingar hafa ekki tekið þessi mál nógu föstum tökum. Í seinni tíð hefur samt hluta fjárveitinga, sem ætlaðar eru til umferðaröryggisaðgerða á þjóðvegum, verið ráðstafað til að reisa girðingar með vegum þar sem helst hefur þótt þörf til að auka öryggi umferðar.“

Í framtíðinni verður örugglega meira um að girt sé beggja vegna vega. Það mundi örugglega draga úr deilum á milli Vegagerðarinnar og bænda og auðvelda lagningu vega eða finna vegstæði ef þessi ráðstöfun yrði gerð samhliða því að leggja nýja vegi eða endurbæta og girða meðfram vegum.

Töluverð ásókn hefur verið í að fá svona ræsi en Vegagerðin hefur ekki talið að hún gæti orðið við öllum þeim óskum þar sem hún hefur ekki fjárveitingar til þess. Þess má geta að hólkur eins og ég nefndi, hólkurinn sjálfur undir veginn við Ásbrandsstaði kostaði um 300 þús. kr. þegar hann var lagður. Ég skal ekki leggja neinn dóm á hvort það er dýr hólkur eða ekki en öryggi vegfarenda og þægindi ábúenda eru það mikil við svona framkvæmdir og bætur að ég legg til

að samgn. athugi hvernig koma megi þessu inn í vegalögin.

[17:19]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. um rásir fyrir búfé til að koma í veg fyrir slys er afar mikilvægt innlegg í þá áætlun og það starf sem unnið er að, að tryggja öryggi á þjóðvegum landsins.

Markvisst er unnið að því að koma upp girðingum meðfram vegum þar sem umferð er mest til að koma í veg fyrir að búfé, stórgripir og sauðfé, komist inn á vegina og geti valdið þar slysum og truflun á umferð. Afar mikilvægt er að tryggja umferðina eins og nokkur kostur er á þessu sviði. Til að svo megi verða þurfa jafnframt að vera til góðar lausnir til að umferð um landið á milli vega og milli svæða og milli túna og milli beitarhólfa geti verið sem greiðust. Þá er mikilvægt að einmitt sá valkostur komi inn sem hv. þm. Þuríður Backman bendir hér á. Ég hvet til þess að við hönnun mannvirkja í vegagerð, hönnun nýrra vega, og jafnframt líka við endurbætur á eldri vegum, sé þetta tekið inn með fullum þunga þannig að öryggi á vegum aukist en umferð og nýting á landi meðfram þeim verði sem hagkvæmust og öruggust.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé afar mikilvægt mál fyrir öryggi umferðar vítt og breitt um landið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Smásala á tóbaki, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 368. mál. — Þskj. 624.

[17:22]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Auk mín eru flm. þessarar þáltill. Bryndís Hlöðversdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson og Margrét K. Sverrisdóttir. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að í heilbrigðisreglugerð verði ákvæði um sérstakt skilyrt leyfi til að selja tóbak."

Í grg. kemur fram að skaðsemi tóbaks er óumdeild. Þrátt fyrir að nokkuð hafi dregið úr tóbaksnotkun á undanförnum áratugum, ekki síst vegna mikils og markviss áróðurs, eru reykingar engu að síður algengar eins og fram hefur komið í fjölda kannanna. Kannanir hafa einnig sýnt að reykingar barna og unglinga færast í aukana og færast neðar í aldurshópa, einkum hjá ungum stúlkum.

Samkvæmt nýjum upplýsingum tóbaksvarnanefndar má ætla að íslenskir grunnskólanemendur hafi varið liðlega 110 millj. kr. til tóbakskaupa árið 1999. Öll sú tóbakssala er ólögleg enda er bannað samkvæmt lögum nr. 74/1984, sbr. 8. gr. laga nr. 101/1996, að selja fólki undir 18 ára aldri tóbak. Af þessum 110 millj. kr. má ætla að nemendur í 8. bekk, 13 ára, hafi keypt sígarettur fyrir rúmlega 12 millj. kr. Því yngri sem unglingar byrja að reykja, þeim mun háðari verða þeir tóbaki og því líklegra er að þeir reyki sem fullorðnir. Því yngri sem einstaklingur er þegar hann byrjar að reykja, þeim mun líklegra er einnig að hann hljóti af alvarlegan heilsufarslegan skaða. Yfir 80% allra reykingamanna byrja að reykja áður en þeir ná 18 ára aldri.

Þá er þess einnig að geta að talin er sterk fylgni milli tóbaksreykinga ungmenna og hættu á að þeir leiðist út í neyslu annarra og enn hættulegri vímuefna. Því hefur verið haldið fram að takist að koma í veg fyrir að unglingar reyki eða neyti áfengis eru nánast engar líkur til þess að þau ánetjist sterkari fíkniefnum. Samkvæmt ársskýrslu frá SÁÁ reykja yfir 95% þeirra sem leita sér aðstoðar vegna áfengisvandamála og er næsta fátítt að sá sem verður eiturlyfjum að bráð reyki ekki. Því er ljóst að mikils er um vert að allra leiða sé leitað til þess að draga úr reykingum almennt og þó sérstaklega reykingum barna og unglinga.

Í upplýsingum frá tóbaksvarnanefnd, sem birtar voru í janúar árið 2000, kemur fram að u.þ.b. 26,6% Íslendinga á aldrinum 18–69 ára reyki daglega en það er um fjórðungur Íslendinga á þessum aldri. Notkun vindlinga er langalgengust eða 74,6% í hópi þeirra karla sem reykja og 96,6% í hópi kvenna sem reykja.

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að með því að draga úr möguleikum — einkum unglinga — til að nálgast tóbak væri stórt skref stigið í þá átt að draga úr reykingum barna og unglinga. Af könnunum sem gerðar hafa verið m.a. í Reykjavík og nágrenni má ráða að í u.þ.b. 70% tilvika geti unglingar undir 18 ára aldri keypt sígarettur í verslunun og söluturnum. Víða vantar því mikið á að verslanir sem selja tóbak framfylgi lagaákvæðum um bann við sölu þess til þeirra sem eru yngri en 18 ára. Leiða má líkur að því að ef sölustöðum tóbaks fækkaði yrði mikilvægt skref stigið til þess að draga úr reykingum unglinga. Samhliða leyfisskyldu á smásölu tóbaks þyrfti að auka eftirlit til muna en það er tæplega nokkurt eins og málum er háttað nú.

Í skoðanakönnun sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1999 kom fram að meiri hluti fólks, eða 56%, er mjög hlynntur eða frekar hlynntur því að fækka sölustöðum tóbaks. Athyglisvert er að sjá að rúmlega 43% þeirra sem reykja daglega eru hlynntir því að sölustöðum verði fækkað.

Þingsályktunartillögur um sama efni og hér er fjallað um hafa verið fluttar á undanförnum þingum. Þær hafa ekki hlotið brautargengi þrátt fyrir að augsýnilega sé þörf róttækra úrræða til að stula að því að lagaákvæðum um sölu tóbaks verði framfylgt.

Hér er farin sú leið að leggja til að í heilbrigðisreglugerð, sem er nú unnið að, verði sett ákvæði um að til þess að selja tóbak þurfi sérstakt leyfi. Lagt er til að leyfi til tóbakssölu verði tímabundið, t.d. til þriggja ára í senn, en skilgreind ákveðin viðurlög ef um brot á reglunum er að ræða. Þá sé einnig skýrt að leyfi til tóbakssölu verði ekki endurnýjað ef sannað er að brotið hafi verið verulega eða ítrekað gegn lagaákvæðum um sölu tóbaks.

Herra forseti. Ég vil geta þess að fyrir heilbrigðisnefnd Bandaríkjaþings liggur tillaga um leyfisskyldu til að selja tóbak og í þeirri tillögu er líka lagt til að það verði mjög öflugt eftirlit með sölunni, samanber með áfengissölu í Bandaríkjunum. Þar er eftirlitið mjög strangt og mjög hörð viðurlög ef fólki undir leyfilegum aldri er selt áfengi. Ef tekið yrði upp þetta kerfi sem hér er verið að leggja til, að það þurfi sérstakt leyfi til að selja tóbak eins maður þarf leyfi til að selja áfengi, þá gætu sjoppur, veitingastaðir, verslanir og aðrir sem selja þær í dag, sótt um þetta leyfi. Ef söluaðilar verða uppvísir að því að selja börnum og unglingum undir 18 ára aldri missa þeir leyfið eða fá sekt og missa síðan leyfið ef um ítrekuð brot er að ræða. Eins og þetta er í dag þá er þetta brotið því að 70% unglinga undir 18 ára aldri þar sem könnun hefur verið

gerð var hreinlega selt tóbak. Á mörgum stöðum voru þau ekki einu sinni spurð hvað þau væru gömul. Það þýðir ekki að hafa í lögum að ekki megi selja börnum og unglingum undir 18 ára aldri tóbak ef við höfum engin viðurlög við því eða framfylgjum þeim ekki, erum ekki með eftirlit og þó svo að það kæmi til einhverrar sektar eða verslunareigendur eða útsölustaðir fengju aðvörun þá væru þeir alveg vissir um að þeir mundu aldrei tapa af söluleyfinu. Þetta er að mínu mati og margra annarra eina leiðin til þess að herða tökin á eftirlitinu og forða því að börnum og unglingum undir 18 ára aldri sé selt tóbak.

Herra forseti. Ég legg til að tillögunni verði vísað til heilbr.- og trn.

[17:31]

Ásta Möller:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar þáltill. um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Flutningsmenn tillögunnar eru hv. þm. Þuríður Backman, Bryndís Hlöðversdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jón Kristjánsson og Margrét K. Sverrisdóttir. *Ég vil byrja á að þakka flm. fyrir þessa þáltill. og lýsi* stuðningi við hana. Ég tel að hún sé verulega til bóta og mun styðja hana.

Við vitum að skaðsemi tóbaks er óumdeild. Reykingar hafa verið taldar eitt helsta heilbrigðisvandamál nútímans. Þess er skemmst að minnast að í nýlegu riti Hjartaverndar um reykingar sem dreift var í öll hús á landinu eru birtar *ógnvænlegar staðreyndir um áhrif reykinga á heilsu manna* og byggja þær á íslenskum rannsóknum. Þar kemur m.a. fram að hættan á að deyja úr kransæðastíflu meira en sjöfaldast hjá konu sem reykir meira en einn pakka á dag. Einnig kemur fram að daglega deyr einn Íslendingur vegna reykinga og fimmta hvert dauðsfall á Íslandi er af völdum reykinga. Það kemur líka fram að fertugur karl sem reykir einn pakka af *sígarettum á dag styttir ævi sína um 7,8 ár og fertug kona um* 8,5 ár. Og ekki þarf að hafa mörg orð um þann kostnað sem heilbrigðiskerfið hefur af völdum reykinga.

Jafnframt vil ég benda á að nýr forstjóri Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Gro Harlem Brundtland, hefur skorið upp herör gegn reykingum og gert baráttu gegn reykingum eitt af meginásherslumálum í tíð sinni sem yfirmaður *stofnunarinnar. Hún hefur lýst því yfir að tóbaksreykingar* og malaría séu stærstu heilbrigðisvandamál nútímans.

Í lögum um tóbaksvarnir, sem mér er kunnugt um að eru nú til endurskoðunar í heilbrn., er kveðið á um að bannað sé að selja börnum undir 18 ára aldri tóbak. Hins vegar hafa kannanir sýnt að þetta bann við sölu tóbaks til barna yngri en 18 ára er ekki virt og þau geta keypt tóbak í nær hvaða *verslun sem er. Í Morgunblaðinu um helgina var sagt frá* nýlegri athugun Æskulýðs- og tómstundaráðs Hafnarfjarðar þar sem fram kom að 57% verslana í Hafnarfirði virða lög um tóbaksvarnir og selja ekki tóbak til ólögráða unglinga. Fyrir fjórum árum var þetta hlutfall milli 5 og 7% af verslunum í Hafnarfirði sem seldu ekki tóbak til ungmenna.

Við höfum frétt af því í gegnum tíðina að Æskulýðs- og *tómstundaráð Hafnarfjarðar hefur verið mjög virkt í aðhaldi* og það sést á þessum tölum hvað aðhald hefur mikið að segja, þ.e. frá því að vera milli 93–95% af verslunum sem seldu tóbak til unglinga, þá er það komið niður í 43%. Það er því alveg ljóst að aðhald skilar árangri, en það aðhald verður að vera stöðugt. Það er ekki nóg að gert sé átak í eitt skipti og síðan látið þar við sitja heldur verður átakið að vera stöðugt.

Það kom líka fram í blöðum um helgina að reykingar í grunnskólum hafa aukist. Árið 1994 reyktu 10,4% grunnskólanema en það hefur aukist upp í 11,4% árið 1998. Og enn ógnvænlegri tölur er að sjá hjá 16 ára unglingum. Þar kemur í ljós að á árinu 1992 reyktu um 16% unglinga en sú tala á árinu 1997 er komin upp í 21,4%, 23% af stúlkum, næstum því fjórða hver 16 ára stúlka reykti árið 1997 og fimmti hver strákur. Það er því mikil ástæða til að taka harkalega á þessu máli.

Við vitum og það kemur fram í grg. með *þáltill.* að yfir 80% reykingamanna byrja að reykja fyrir 18 ára aldur. Það er því mikið í húfi.

Stjórnvöld hafa ýmis ráð til að stemma stigu við reykingum og verðstýring er eitt af því. Aðgengi, m.a. aðgengi ungs fólks að tóbaki, er annað ráð. Upplýsingar og varnarmiðar á sígarettupökkum eða tóbaksvörum hafa sitt að segja, bann við tóbaksauglýsingum og fræðsla um skaðsemi tóbaks. Hægt er að taka ákvarðanir til að verja fólk við óbeinum reykingum, t.d. með reyklausum svæðum á veitingastöðum, reykingabanni í flugvélum og á opinberum stofnunum og við höfum gengið býsna langt í þá veru. Hægt er að hafa eftirlit með tóbaksvörum og bjóða upp á námskeið og stuðning til að hætta reykingum og hægt er að gera virkar og stöðugar rannsóknir um tóbaksvarnir og árangur aðgerða og stuðla að fjölmiðlaumfjöllun um skaðsemi tóbaks. Með þeirri þáltill. sem liggur hér fyrir er eitt af þessum ráðum tekið fram og gert er ráð fyrir að sala á tóbaki verði eingöngu háð leyfum.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan styð ég þessa þáltill. Með henni er gerð tillaga um að herða á reglum við að framfylgja banni við sölu á tóbaki til unglinga undir 18 ára aldri. *Það er til mikils að vinna því bætt heilsa, betra líf og* minni heilbrigðiskostnaður er í húfi.

[17:38]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli hv. þm. sem hér hafa talað eru fleiri og fleiri rannsóknir sem renna stoðum undir þá fullyrðingu að tóbaksneysla, reykingar séu stórhættulegar.

Á seinni árum hefur farið fram geysimikil umræða í þjóðfélaginu um tóbaksreykingar og skaðsemi reykinga. Hún *hefur borið árangur, einkum þó meðal fullorðinna en því* miður, eins og kom fram í síðustu ræðu, hefur eitthvað farið úrskeiðis að koma þessum boðskap til yngra fólksins, elstu bekkja grunnskóla og þó einkum og sér í lagi unglinga í framhaldsskólum. Ég held að þessi till. til þál. sem hér liggur fyrir sé innlegg í það hvernig við getum náð til þessa fólks og hvernig við getum komið í veg fyrir að börn fái aðgang að tóbaki þrátt fyrir að stranglega sé bannað að afgreiða þau með tóbak. Sýna kannanir sem gerðar hafa verið að slíkt er gert og þær staðreyndir að unglingar innan 18 ára reykja þrátt fyrir boð og bönn.

Með þáltill. er lagt til að setja ákvæði um að sækja skuli um sérstakt leyfi til að selja tóbak og lagt til að það verði tímabundið og veitt til þriggja ára í senn.

Sú vísbending að 80% allra reykingamanna byrji að reykja fyrir 18 ára aldur sýnir hversu reglum er illa framfylgt um að ekki megi selja tóbak til þeirra sem eru yngri en 18 ára og ég lít svo á að þessi þáltill. auki aðhald þeirra sem fá leyfi til að selja tóbak og þar með verði auðveldara að hefta aðgengi yngstu neytendanna að tóbaki, því að kaupmönnum verður gert skylt að sækja um skilyrt leyfi til að selja tóbak.

Löggjafinn hefur hingað til ekki átt hægt um vik með að beita refsingum ef tóbak er selt of ungum neytendum, en verði þáltill. samþykkt er ljóst að unnt verður að svipta þá söluleyfi sem ekki fara að lögum í þessum efnum. Jafnframt er nauðsynlegt að eftirlit með slíkum sölustöðum verði virkara en nú er. Það má reyndar telja líklegt að sölustöðum tóbaks fækki að einhverju marki ef menn þurfa að sækja um sérstakt söluleyfi tóbaks og reyndar, sem betur fer, hefur fjölgað þeim sjoppum eða smásölum sem kjósa að hafa ekki tóbak á söluskrá sinni, og það er vel.

Reykingar eru lífshættuleg fíkn, eins og rannsóknir hafa sýnt, sem við viljum forða æskunni frá.

Herra forseti. Ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við þáltill.

[17:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og aðrir hv. þm. lýsi ég stuðningi við þessa þáltill. um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Ég tel mjög mikilvægt að lögum sé framfylgt. Það er betra að hafa færri lög og mjög mikilvægt að þeim sé framfylgt vegna þess að ef lögum er ekki framfylgt grefur það undan virðingu almennings fyrir lögum.

Lögum um sölu tóbaks er ekki framfylgt. Það hafa kannanir sýnt og tilraunir sem menn hafa gert sýna að enginn vandi er fyrir unglinga undir 18 ára aldri að kaupa tóbak. Þess vegna tel ég brýnt að fara þá leið sem hér er lögð til, þ.e. að sala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Sú leyfisveiting má gjarnan vera mjög einföld í sniðum og hún má vera ódýr en þannig að menn missi hana ef þeir brjóta lögin ítrekað en fái áminningu áður.

Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að þeim sem byrja ungir að reykja er sérstaklega hætt við að verða fíkninni að bráð. Það er því mikilvægt að lögum um að börn undir 18 ára aldri megi ekki kaupa tóbak sé framfylgt.

Herra forseti. Í þessu sambandi vil ég gjarnan geta þess að sömu aðferð mætti nota með áfengi, þ.e. að smásala á áfengi væri háð leyfisveitingu og sömu aðferð verði beitt við að veita leyfi til að selja áfengi. Sumir hv. þm. telja að það gæti verið skynsamlegt að áfengi yrði ekki selt lengur í þeim musterum sem selt er í dag, þar sem áfengið er sveipað heilagleika og gert mjög spennandi, heldur yrði það selt eins og hver önnur vara í verslunum. En þá yrði að sjálfsögðu að hafa einhverja slíka leyfisveitingu til þeirra sem selja áfengi þannig að þar séu lög heldur ekki brotin. En ég vil minna á, herra forseti, að á kvöldin um helgar í Reykjavík sjást útúrdrukknir unglingar langt undir þeim aldri að hafa mátt kaupa það áfengi sem þeir hafa innbyrt. Lögum er ekki framfylgt um áfengisneyslu unglinga. Þeir drekka sem sagt bæði landa og fá keypt fyrir sig og komast í áfengi einhvern veginn. Þá er betra að hafa lögin ögn mildari og refsa þeim sem mundu selja þeim áfengi.

Ég legg því til að það yrði jafnframt skoðað að áfengissala yrði gerð almenn í verslunum og áfengissalan yrði háð leyfisveitingum eins og smásala á tóbaki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:44]

Útbýting þingskjals:

Vörugjald af ökutækjum, 549. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 930.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 2. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 665, nál. 902, 923 og 928, brtt. 929.

[17:45]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38, frá 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Nál. undirritaði meiri hluti hv. sjútvn.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund allnokkra gesti sem nefndir eru í áliti nefndarinnar.

Í lögunum um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum er kveðið á um framsal veiðiheimilda í c-lið 2. gr. og segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Innan hvers árs er heimilt að framselja ákveðinn hluta árlegs aflahámarks hvers skips miðað við aflareynslu þess við veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á þremur síðustu vertíðum og leyfilegan heildarafla hvers árs. Skal það magn, sem heimilt er að framselja, nema 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla síðustu þriggja síldarvertíða."

Með þessu frv. sem við nú ræðum er lagt til að aflétt verði takmörkunum á heimild til flutnings aflahámarks af skipum sem stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum 1995, 1996 og 1997 og skipum sem hafa komið í þeirra stað. Hins vegar er skýrt kveðið á um að ekki megi framselja veiðiheimildir af skipum sem ekki stunduðu síldveiðar á viðmiðunarárunum eða komið hafa í stað þeirra. Er tilgangurinn með því að koma í veg fyrir að sótt verði um veiðileyfi og aflahámark fyrir skip í þeim eina tilgangi að flytja af þeim aflahámarkið.

Ástæða er til að vekja athygli á því að samkvæmt gildandi lögum skal sjávarútvegsráðherra fyrir 1. nóvember næstkomandi leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000. Því má vænta þess að breytingar verði á lögunum sem hafi áhrif á veiðistjórnina þegar á næsta ári. Það er þess vegna ljóst að það fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til mun að stofni til fyrst og fremst gilda fyrir yfirstandandi ár og í sjálfu sér mun það ekki mynda þess vegna sérstakan stofn til frekari úthlutunar á aflaheimildum. Um það verður væntanlega tekin sérstök ákvörðun með því frv. sem lagt verður fram að öllu óbreyttu á næsta hausti.

Þess vegna er ástæða til þess að vekja athygli á því að það fyrirkomulag sem nú er verið að leggja til í þessu frv. er fyrirkomulag sem eingöngu er ætlað að standi á þessu ári og það sé þannig á valdi Alþingis að gera þær breytingar sem þingið kýs á þessari löggjöf, að sjálfsögðu eins og alltaf er, og í sjálfu sér er þetta ástand, þetta fyrirkomulag, sem hér er verið að leggja til enginn sjálfgefin stofn til þeirrar úthlutunar sem verður viðhöfð eftir að sú lagasetning á sér stað. Það er á valdi Alþingis að ákveða þar um.

Undir nefndarálitið rita auk formanns og framsögumanns, þess sem hér stendur, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Árni Ragnar Árnason og Vilhjálmur Egilsson. Enn fremur ritar hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson undir nefndarálitið, en með fyrirvara. Meiri hlutinn mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

[Fundarhlé. — 17:49]

[18:20]

Útbýting þingskjala:

Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 586. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 888.

Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 585. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 887.

Fullgilding samþykktar Alþjóðasamvinnustofnunarinnar um jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu, 584. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 886.

Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, 583. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 885.

Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, 582. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 884.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, 237. mál, frhnál. allshn., þskj. 931.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 18:21.

---

90. FUNDUR

miðvikudaginn 5. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Erfðafjárskattur, stjfrv., 360. mál, þskj. 614. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Fjármálaeftirlit, stjfrv., 199. mál, þskj. 906. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Vaxtalög, frv., 491. mál, þskj. 773. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 371. mál, þskj. 627, nál. 898. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Skipulag ferðamála, stjfrv., 366. mál, þskj. 621, nál. 903. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, stjfrv., 267. mál, þskj. 350, nál. 817. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, stjfrv., 468. mál, þskj. 747. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 484. mál, þskj. 764. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Íslensk málnefnd, stjfrv., 501. mál, þskj. 796. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Almannatryggingar, stjfrv., 503. mál, þskj. 798. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, þáltill., 263. mál, þskj. 334. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Almannatryggingar, frv., 266. mál, þskj. 349. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 352. mál, þskj. 605. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Smásala á tóbaki, þáltill., 368. mál, þskj. 624. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með útlendingum, 328. mál, nál. allshn., þskj. 921; brtt. allshn., þskj. 922.

Forkaupsréttur sveitarfélaga að fiskiskipum, 277. mál, svar sjútvrh., þskj. 819.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum, 607. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 927.

Erfðafjárskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 360. mál (yfirstjórn). — Þskj. 614.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KLM, KPál, LB, ÓÍ, PP, PBj, PHB, RG, SAÞ, SF, SvH, VH, VÞV, ÞKG, ÖJ.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, GE, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, IP, JÁ, KA, KF, KHG, LMR, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 936).

Fjármálaeftirlit, frh. 3. umr.

Stjfrv., 199. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 906.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KLM, KPál, LB, ÓÍ, PP, PBj, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SvH, VH, VÞV, ÞKG, ÖJ.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BH, EKG, GE, GÁS, HBl, KA, KF, KHG, LMR, SJóh, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram við atkvæðagreiðsluna að ég er hlynnt því frv. sem hér eru greidd atkvæði um enda styrkir það mjög stöðu Fjármálaeftirlitsins. Ég skrifaði undir nál. efh.- og viðskn. með fyrirvara vegna þess að ég er mótfallin nýju ákvæði sem meiri hluti efh.- og viðskn. tók upp um að yfirfæra þagnarskylduákvæði viðskiptabankalaga yfir á Fjármálaeftirlitið. Blaðamannafélag Íslands hefur mjög mótmælt þessu ákvæði og telur nægjanlegt að ákvæði upplýsingalaga gildi sem takmarka aðgang að gögnum er varðar mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila.

Ég styð sjónarmið Blaðamannafélagsins og vildi láta það koma fram við lokaatkvæðagreiðslu að ég er andsnúin því ákvæði sem meiri hlutinn tók upp um þetta efni.

[13:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tel þetta frv. vera mikið framfaraspor og gleðilegt að þverpólitísk samstaða skuli hafa myndast um að efla Fjármálaeftirlitið. Ég skrifaði hins vegar undir nál. með fyrirvara og eftir 2. umr. í atkvæðagreiðslu greiddum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs atkvæði gegn tveimur ákvæðum frv., annars vegar ákvæði sem kveður á um dagsektir og févíti sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja á fyrirtæki sem það tekur til rannsóknar. Við teljum að það sé dómstólanna að kveða upp úrskurð af þessu tagi en ekki framkvæmdarvaldsins.

Í annan stað greiddum við atkvæði gegn því að skerða upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins gagnvart fjölmiðlum. Þetta náði hins vegar fram að ganga gegn atkvæðum okkar. Þegar á heildina er litið ítreka ég að okkur þykir þetta marka framfaraspor og við styðjum frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 937).

Vaxtalög, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 491. mál. — Þskj. 773.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 627, nál. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KLM, KPál, LB, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VÞV, ÞKG, ÞSveinb.
6 þm. (ÁSJ, JÁ, JB, KolH, PBj, SvH) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HBl, KA, KF, KHG, LMR, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KLM, KPál, LB, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VH, VÞV, ÞKG, ÞSveinb.
7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, PBj, SighB, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HBl, HjÁ, JÁ, KA, KF, KHG, LMR, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Skipulag ferðamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (menntun leiðsögumanna). — Þskj. 621, nál. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 267. mál. — Þskj. 350, nál. 817.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, frh. 1. umr.

Stjfrv., 468. mál. — Þskj. 747.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 484. mál (skattleysismörk). — Þskj. 764.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Íslensk málnefnd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 501. mál. — Þskj. 796.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 503. mál. — Þskj. 798.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Hvíldarheimili fyrir geðsjúk börn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 263. mál. — Þskj. 334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ og ÞBack, 266. mál. — Þskj. 349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 352. mál. — Þskj. 605.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Smásala á tóbaki, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 368. mál. — Þskj. 624.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tilhögun þingfundar.

[13:44]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill geta þess að vænta má atkvæðagreiðslu síðar í dag að loknum 92. fundi.

Fundi slitið kl. 13:44.

---

91. FUNDUR

miðvikudaginn 5. apríl,
að loknum 90. fundi.

Dagskrá:

Til dómsmálaráðherra:

1. Viðbrögð við vandamálum sem tengjast spilafíkn, fsp. ÖJ, 445. mál, þskj. 716.
2. Heimsóknir útlendinga, fsp. ÁRJ, 508. mál, þskj. 806.

Til félagsmálaráðherra:

3. Rekstur Reykjadals í Mosfellssveit, fsp. KLM, 449. mál, þskj. 720.
4. Móttaka flóttamanna, fsp. ÞSveinb, 497. mál, þskj. 781.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Meðferð á psoriasis, fsp. ÖJ, 476. mál, þskj. 756.

Til fjármálaráðherra:

6. Greiðsla þungaskatts erlendra ökutækja, fsp. JHall, 446. mál, þskj. 717.
7. Lækkun lyfjaútgjalda Tryggingastofnunar ríkisins, fsp. SighB og ÖJ, 516. mál, þskj. 815.

Til menntamálaráðherra:

8. Fullorðinsfræðsla fatlaðra, fsp. KolH, 492. mál, þskj. 776.

Viðbrögð við vandamálum sem tengjast spilafíkn.

Fsp. ÖJ, 445. mál. — Þskj. 716.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Á yfirstandandi þingi hef ég ásamt þingmönnum úr öllum flokkum, sem eiga sæti á Alþingi, flutt frv.

sem gerir ráð fyrir banni við spilakössum. Þar er vísað bæði til spilakassa sem reknir eru á vegum Háskóla Íslands og Íslenskra söfnunarkassa en aðild að þeim eiga Rauði kross Íslands, Slysavarnafélagið Landsbjörg og SÁÁ.

Þetta er þverpólitískt mál. Að því standa fulltrúar allra stjórnmálaflokka og allir þeir fulltrúar sem hér eiga hlut að máli stóðu einnig að tillögu þess efnis að þeim stofnunum, þeim þjóðþrifastofnunum sem njóta arðsins af spilakössunum, verði fundnir aðrir tekjumöguleikar. Við erum ekki á eitt sátt um það hvernig að því skuli staðið enda gengur tillagan út á að kanna hvernig slíkt getur orðið. Hér er um talsverða fjármuni að ræða en samkvæmt upplýsingum hæstv. dómsmrh. við fyrirspurn sem ég bar fram fyrr á yfirstandandi þingi kom fram að að frádregnum vinningum og kostnaði höfðu Íslenskir söfnunarkassar til ráðstöfunar á árinu 1998 834 millj. og Happdrætti Háskóla Íslands 235 millj. kr. Hér er vissulega um umtalsverðar fjárhæðir að ræða.

Vandinn sem þetta veldur í samfélaginu er hins vegar miklu stærri en nemur þessum upphæðum enda ekki alltaf mældur á slíka mælikvarða. Komið hefur fram að á meðferðarstöðinni á Vogi voru árið 1998 11% af innlögðum einstaklingum það ár haldnir sjúklegri spilafíkn. Samkvæmt upplýsingum frá læknum á Vogi er ekki búið að taka saman tölur fyrir síðari ár en á þessu ári greindist hópurinn þannig í sundur: Karlar voru 165 en konur 19. Meðalaldur hópsins var 33 ár. 74 þessara spilafíkla voru 25 ára og yngri. Spilafíklar 20 ára og yngri voru 45, sá yngsti var 15 ára, sá elsti var 74 ára. Þetta er brotabrot af þeim fjölda sem haldnir eru þessari fíkn.

Nú er þeirri spurningu beint til hæstv. dómsmrh.: Eru áform af hálfu stjórnvalda um að bregðast við vandamálum sem tengjast spilafíkn?

[13:49]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Happdrætti ýmiss konar hafa verið leyfð hér á landi í áratugi. Upphaflega voru flokkahappdrætti algengasta happdrættisformið auk smærri skyndihappdrætta. Í seinni tíð hafa rutt sér til rúms mun fjölbreyttari form happdrætta sem eru m.a. afleiðing aukinnar tæknivæðingar. Flest þeirra happdrætta eru þannig upp byggð að mjög fljótlega kemur í ljós hvort þátttakandi hlýtur vinning í happdrættinu. Njóta slík happdrætti mestra vinsælda í dag.

Það er sameiginlegt með allri happdrættisstarfsemi að happdrættisformið hefur verið notað til að afla fjár til uppbyggingar og styrktar þjóðþrifastarfsemi.

Flestir sem taka þátt í happdrættum gera það sér til ánægju og til að styrkja góð málefni. Samt sem áður finnast alltaf einhverjir í hópi þátttakenda sem haldnir eru sjúklegri spilafíkn og ná því ekki að gæta hófs í spilamennskunni og er þeim aðilum vissulega mikil vorkunn enda um ákveðinn sjúkdóm að ræða.

Sem betur fer eru til leiðir til að ráða bót á þessum vanda. Til að mynda hóf SÁÁ meðferð við spilafíkn á árinu 1994 og hefur starfsemi þeirra á þessu sviði smám saman aukist og meðferðaraðilum fjölgað. Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ treysta þeir sér hins vegar ekki til að slá því föstu að spilafíklum hafi fjölgað þar sem kannanir á því hafa ekki verið gerðar. Hins vegar er sjúkdómurinn að koma meira fram í dagsljósið í kjölfar þess að meðferðarúrræði hafi aukist.

Meðferð SÁÁ við spilafíkn fer fyrst og fremst fram á göngudeild en einnig í hópmeðferð og á sérstökum helgarnámskeiðum. Margir spilafíklar eða um 50% þeirra munu einnig vera áfengissjúklingar. Geðræn vandamál eru einnig algengur fylgifiskur sjúklegrar spilahegðunar. Annars konar meðferð getur því blandast inn í meðferð spilafíknar.

Samkvæmt fjárlögum greiðir ríkið um 390 millj. kr. til sjúkrastofnana SÁÁ á þessu ári. Mun það vera um 80% af kostnaði sjúkrahússins Vogs og 50% af göngudeildarþjónustu SÁÁ. Það er því staðreynd að í dag koma stjórnvöld til móts við starfsemi SÁÁ hvort sem hún snýr að meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga eða spilafíkla. SÁÁ annar öllum þeim einstaklingum sem leita til samtakanna vegna spilafíknar. Þá ber að geta þess að Íslenskir söfnunarkassar sf. og Happdrætti Háskóla Íslands hafa með fjárframlögum styrkt starfsemi SÁÁ við meðferð spilafíkla. Mun styrkur þessara aðila á síðasta ári hafa verið samtals um 5 millj. kr. Með framlögum Happdrættis Háskóla Íslands til starfseminnar verður að líta svo á að um styrk frá hinu opinbera sé að ræða þar sem happdrættið er ríkisfyrirtæki. Enn fremur má nefna að Rauði kross Íslands hefur leiðbeint aðilum sem til þeirra hafa leitað við spilafíkn. Er þar bent á fleiri leiðir til úrræða en hjá SÁÁ, svo sem viðtöl hjá geðlæknum eða sálfræðingum. Þá hafa Íslenskir söfnunarkassar nýlega gefið út bækling um spilafíkn sem liggja mun frammi á öllum stöðum þar sem spilakassar eru til staðar. Eru þar ábendingar til fólks um meðferðarúrræði og leiðir við spilafíkn og spurningalisti fyrir fólk til að átta sig á hvort það geti verið í áhættuhópi þeirrar fíknar.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svarið þó ég sé mjög óánægður með þetta svar því ég fæ ekki betur skilið en ekkert eigi að gera.

Okkur er bent á að þessar þjóðþrifastofnanir séu að afla fjár til uppbyggingarstarfs. Hins vegar er þetta uppbyggingarstarf þannig vaxið að það brýtur niður meira en það byggir upp. Staðreyndin er sú að spilafíkn er alvarlegur sjúkdómur og hann er skilgreindur sem slíkur og honum fylgja aðrir alvarlegir sjúkdómar, svo sem áfengissýki, ýmiss konar geðræn vandamál, fælni, þunglyndi og kvíði og hinir sjúku eiga oft við alvarleg félagsleg vandamál að stríða. Sjúkdómurinn leysir upp fjölskyldur, ræðst að atvinnuöryggi og tækifærum hinna veiku og eyðileggur framtíð barna þeirra.

Fyrir nokkru efndi Rauði kross Íslands, SÁÁ og Slysavarnafélagið Landsbjörg til fundar á Grand Hótel í Reykjavík. Það var boðið sérfræðingi erlendis frá, frá Las Vegas í Bandaríkjunum. Tilefni fundarins og markmið var að reyna að sannfæra fundargesti og í kjölfar íslenska þjóð um að spilavíti væru af hinu besta og ættu heima í þjóðfélagi okkar.

Síðan fáum við svar frá hæstv. dómsmrh. um hvaða úrræði á að bjóða upp á. Bæklingur var gefinn út af einhverjum samtakanna. Þetta minnir mig á það að menn ráðist að veikburða manni, brjóti undan honum fæturna og bjóði honum síðan hækjur til að styðjast við. Þetta eru engin svör, hæstv. dómsmrh., og þau frv. sem við höfum talað fyrir hafa verið flutt á mörgum þingum. Alltaf hafa þau verið svæfð. En ég vil lýsa því yfir að það verður ekki endalaust. Við munum ekki gefast upp fyrr en við fáum einhverja niðurstöðu í þessi mál og önnur svör koma frá hæstv. dómsmrh.

[13:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég verð að fá að minna hv. þm. og fyrirspyrjanda á það að spilafíkn er ekki ný af nálinni. Hún hefur fylgt manninum lengi og það er ekki bara spurning um

eitthvert form á happdrættum eða fjölda söfnunarkassa sem við erum að tala um. Ég get hins vegar alveg tekið undir með honum að það er sjálfsagt og er rétt og skylt að fylgjast með þróun í þessum málum.

Eins og ég sagði áðan eru ýmis úrræði til staðar í þjóðfélaginu í dag, sem betur fer, til að ráða bót við spilafíkn. Ég kannast ekki við, og ég legg á það ríka áherslu, að fram hafi komið athugasemdir við þau meðferðarúrræði sem eru í gangi í dag en stjórnvöld eru vissulega á varðbergi gagnvart þessu máli og fylgjast með hvernig því vindur fram.

Úrræðin sem eru til staðar í dag virðast hins vegar hafa fengið góðan hljómgrunn og unnt hefur verið að anna þeim málum sem upp hafa komið. Eins og fyrr sagði nýtur SÁÁ styrktar ríkisins á fjárlögum og frá happdrættisfyrirtækjum til verulegs hluta starfsemi sinnar.

[13:57]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. upplýsti okkur um að spilafíkn væri ekki ný af nálinni. Ber að skilja það sem svo að þessi sjúkdómur hafi unnið sér hefð eða hvernig ber að skilja þessar upplýsingar?

Þau svör sem gefin voru voru gróflega dapurleg. Þessi spilafíkn sem alið er á með þeim hætti sem menn þekkja er fjárhættuspil sem hefur löngum verið bannað á Íslandi og á ekkert skylt við almenn happdrætti.

Heimsóknir útlendinga.

Fsp. ÁRJ, 508. mál. — Þskj. 806.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Fyrir um tveimur vikum spurði ég um mjög sérstakar reglur sem gilda um dvalarleyfi fyrir útlendinga sem vilja koma hingað í heimsókn til ættingja sinna eða tengdafólks. Í kjölfarið kom í ljós að fólk hefur fengið mjög misvísandi upplýsingar um skilyrði fyrir dvalarleyfi. Ég lenti meira að segja í því sjálf og ég fékk ekki reglurnar, sem unnið er eftir, fyrr en fjórum dögum eftir að ég bað um þær fyrst.

Í kjölfar þessarar fyrirspurnar fékk ég ótrúleg viðbrögð frá fólki sem sagði farir sínar ekki sléttar í þessum efnum. Reglurnar sem gilda eru mjög mismunandi eftir tengslum og skyldleika gestsins við gestgjafann. Almennt þurfa þeir sem sækja um dvalarleyfi að leggja fram rúmlega 60 þúsund kr. tryggingu fyrir hvern mánuð sem gesturinn hyggst dvelja hér og 108 þúsund fyrir hjón og þetta þarf að leggja inn á bankareikning fyrir fram. Eins og segir í vinnureglum Útlendingaeftirlitsins getur staðfesting verið í formi peninga, bankayfirlita, tékka eða yfirlita frá sjóðum. Þetta á þó ekki við um foreldra og tengdafólk íslenskra ríkisborgara eða útlendinga með dvalarleyfi en börn þeirra sem eru að bjóða foreldri eða foreldrum þurfa að sýna fram á að geta framfleytt þeim með launaseðlum síðustu þriggja mánaða eða með framlagningu skattskýrslu. Ég velti fyrir mér hvaða heimild er fyrir svona kröfum. Ég ætla að nefna dæmi um sambýliskonu, ég var að nefna foreldra, tengdafólk og börn.

Íslendingur sem starfaði í Namibíu við þróunarverkefni okkar þar var að koma heim og ætlaði að bjóða með sér þarlendri sambýliskonu sinni sem hann hefur búið með þar sl. 10 mánuði. Þau ætluðu að sjá til hvernig henni líkaði hér áður en þau ákvæðu um framhaldið á sambandi þeirra. Hann hefur gengið á hvern vegginn af öðrum við að fá dvalarleyfi fyrir hana og m.a. kom krafa um háa innlögn á bankareikning í hennar nafni á kennitölu sem hún er auðvitað ekki með. Þegar hann var alveg að gefast upp á öllum barningnum var honum bent á að hann skyldi bara giftast henni því að þá mundi hann losna við allt vesenið. Hvaða Íslendingar eiga inni á bankabók fyrir sinni eigin framfærslu í marga mánuði eða jafnvel ár fram í tímann? Þetta er niðurlægjandi krafa um framvísun launaseðla, skattframtals eða hundruð þúsunda innlagnir á bankareikninga. Það er verið að mismuna fólki þarna eftir því hvort það er ríkt eða fátækt í því að fá sína nánustu hingað sem gesti. Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh.:

Hvaða rök eru fyrir því að Íslendingar sem vilja bjóða erlendum ættingjum og tengdafólki til dvalar þurfi að hlíta mismunandi reglum til að fá dvalarleyfi fyrir þá?

Hyggst ráðherra afnema skilyrði sem eru fyrir heimsóknum útlendinga utan EES-svæðisins? Þar á ég við peningatryggingar, framvísanir launamiða, skattskýrslu og bankainnstæðu, sem er niðurlægjandi eins og ég sagði áðan fyrir þá sem eru að bjóða hingað til sín ættingjum. Um vegabréfsáritanir gegnir öðru máli og gilda um það aðrir samningar.

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. fyrirspyrjanda vil ég segja að það er alveg skýrt að í lögunum um eftirlit með útlendingum frá 1965 segir í 10. gr. að meina beri útlendingi landgöngu af nokkrum ástæðum og meðal þeirra er nefnt að slíkt eigi við ef ætla megi að viðkomandi hafi ekki nægileg fjárráð sér til framfærslu hér á landi. Þessi krafa er ekki gerð að ástæðulausu. Löng reynsla þeirra sem fylgjast með komum og dvöl útlendinga til landsins sýnir að meðal þeirra eru ávallt einhverjir úr þeim stóra hópi fólks sem kemur frá örbirgðarríkjum jarðar og eru að leita sér að betri bústað og krafan um nægileg fjárráð er sett fram til þess að forðast straum útlendinga til landsins sem hér mundu e.t.v. lenda á vonarvöl. Slíkar reglur gilda ekki bara hér. Þær gilda einnig í nágrannaríkjum okkar. Á þetta legg ég áherslu.

Það er á grundvelli lagaákvæðisins að Útlendingaeftirlitið hefur gert þá kröfu til þeirra sem óska dvalarleyfis að þeir sýni fram á getu sína til þess að framfleyta sér þann tíma sem þeir hyggjast dvelja hér. Þetta geta þeir gert með því að framvísa gögnum um að þeir séu að fara í vinnu, að þeir njóti tekna af eignum, eigi reiðufé eða fé á bankareikningum einhvers staðar o.s.frv. Þetta er gert með viðtölum við viðkomandi einstaklinga. Þar sem starfsliði Útlendingaeftirlitsins þótti óþægilegt að hafa ekki fastsettar viðmiðunarupphæðir varðandi framfærsluna voru þær reglur settar sem svo mjög hefur verið fjallað um í fjölmiðlum en þar var tekið mið af framfærslufjárhæðum hjá Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Þetta á almennt við um alla þá útlendinga sem banka upp á hjá Útlendingaeftirlitinu og óska dvalarleyfis fyrir sjálfa sig en sérreglur gilda um borgara á Evrópska efnahagssvæðinu eins og kunnugt er.

Þá kem ég að spurningunni, en hún fjallar um það tilvik þegar erlendum ættingjum og erlendu tengdafólki íslenskra ríkisborgara er boðið hingað til dvalar og gestgjafarnir sækja um dvalarleyfi fyrir þá. Þar gildir sú regla að börnum eða foreldrum er veitt slíkt dvalarleyfi en gerð er sú krafa að gestgjafarnir geri grein fyrir því hvernig gestirnir munu framfleyta sér meðan á dvölinni stendur. Ef gestgjafarnir

ætla að sjá um uppihaldið er þeim gert að framvísa gögnum um að þeir séu til þess færir. Slík gögn eru t.d. upplýsingar um atvinnu og tekjur gestgjafans, um eignir hans o.s.frv. Ef framfærslugeta gestgjafans liggur ekki í augum uppi samkvæmt þeim upplýsingum sem hann framvísar hefur samkvæmt núgildandi reglum verið krafist fjártryggingar samkvæmt viðmiðunarreglum fyrir framfærslu gestanna, en í algerum neyðartilvikum og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá Útlendingaeftirlitinu hefur þetta raunar aðeins gerst einu sinni. Ég endurtek: Aðeins einu sinni.

Varðandi aðra ættingja en börn og foreldra gilda um þá almennar reglur fyrir veitingu dvalarleyfis en ekki neinar aðrar sérreglur. Þetta eru reglurnar eins og þær hafa lengi verið en eina breytingin sem gerð hefur verið upp á síðkastið eru reglurnar um viðmiðunarfjárhæðir í framfærslunni og krafa um tryggingu ef gestgjöfum tekst ekki að sýna fram á framfærslugetu sína varðandi foreldra og börn sem þeir hyggjast bjóða til sín.

Það er spurt um rökin fyrir þessu. Því er til að svara að við búum við og framkvæmum löggjöf sem setur hömlur á innflutning fólks til landsins. Um það atriði má sjálfsagt deila en löggjöfin gildir. Heimsóknir erlendra ættingja til íslenskra ríkisborgara eru sjaldnast neitt vandamál og yfirleitt þarfnast þeir ekki dvalarleyfis heldur koma hingað sem venjulegir ferðamenn og stansa ekki við í lengri tíma. Það er hins vegar einfaldlega ein af staðreyndum lífsins að fólk sem býr í ýmsum fátækum og vanþróuðum ríkjum jarðar vill mjög gjarnan setjast að í velferðarríkjum og reynslan kennir okkur að ef við á annað borð viljum hafa stjórn á innflutningi fólks til landsins þarf sérstaklega að hafa aðgát við veitingu dvalarleyfis til fólks frá ríkjum þar sem almenningur býr við örbirgð eða stöðuga styrjaldarvá. Nágrannaríki okkar hafa að undanförnu verið að herða reglur um dvalarleyfi ættingja frá vanþróuðum ríkjum, t.d. í Danmörku og Svíþjóð fá gestgjafar sem hafa dvalarleyfi en ekki ríkisfang alls ekki að taka á móti foreldrum sínum né börnum en hafi þeir fengið ríkisfang þurfa þeir að sanna fyrir útlendingaeftirlitinu framfærslugetu sína gagnvart gestunum.

Í Noregi eru fjölskylduheimsóknir leyfðar en sú regla gildir að viðkomandi gestir verða að sýna fram á að uppihald þeirra sé tryggt meðan þeir dvelja í landinu.

[14:07]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á breytingu eða réttarbót sem er í vændum varðandi maka Íslendinga sem koma til landsins sem ekki hafa fengið sjálfkrafa atvinnuleyfi. Í félmn. hefur verið til meðferðar frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga, sem ég flutti fyrr í vetur, og miðar einkum að því að fá skýra heimild til að skipta sér af atvinnuleyfum handa nektardansmeyjum, en athygli okkar var vakin á því að óréttlæti viðgengist við atvinnuleyfisveitingar til maka Íslendinga. Í nál. hv. félmn. segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt leggur nefndin til breytingu á 13. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, samkvæmt tillögu félagsmálaráðuneytis, en henni er ætlað að undanþiggja maka íslenskra ríkisborgara með skýrum hætti frá skilyrðum laganna um atvinnuleyfi, enda hafi þeir fengið dvalarleyfi hér á landi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð." (Forseti hringir.)

(**Forseti** (ÍGP)**:** Ég minni hæstv. ráðherra og hv. þm. á að virða þau tímamörk sem hér eru. Við höfum eina mínútu til þess að að gera athugasemdir.)

[14:09]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að mér þykir málflutningur hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur í þessu máli að ýmsu leyti sérkennilegur og hún er jafnvel að leggja til að ryðja eigi úr vegi möguleikum íslenskra stjórnvalda að stjórna straumi innflytjenda til landsins. Stendur vilji hv. fyrirspyrjanda virkilega til þess að Ísland marki sér sérstöðu meðal vestrænna þjóða sem allar með tölu hafa stranga löggjöf í þessum málefnum?

Kjarni málsins er sá að íslensk löggjöf er í þessum efnum síst strangari eða meira íþyngjandi en almennt gerist meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við. Við rekum ekki einangrunarstefnu eins og öllum landsmönnum er kunnugt. Innflytjendum hér á landi hefur fjölgað mjög og þeir hafa að sönnu auðgað það líf sem er hér með menningu sinni og þeim straumum og áhrifum sem þeir bera með sér. Ég vara hins vegar við óábyrgum málflutningi sem felur í sér að Ísland hugsanlega eitt vestrænna ríkja opni allar gáttir. Hins vegar má bæta við að það er tími til kominn að endurskoða lög um útlendinga og vonast ég til að það verði gert sem fyrst.

[14:10]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á skjali sem var að berast á borð okkar frá allshn. en það er umsögn um frv. um eftirlit með útlendingum sem varðar íbúa Schengen-svæðisins. Í nál. stendur, með leyfi forseta:

„Bent var á að frumvarp þetta breytti í raun litlu um það lagalega tómarúm sem hér væri til staðar um öll helstu grunnatriði sem varða lagalega stöðu útlendinga, meðferð á málum þeirra, komu og dvöl í landinu og brotthvarf héðan."

Ég held að þetta séu orð í tíma töluð og ég vona að tekin verði upp endurskoðun á lögum frá 1965 sem varða þessi atriði og einhverju skikki komið á þessi mál vegna þess að því miður er það svo að geðþóttaákvarðanir og mismunandi upplýsingar frá degi til dags hafa ráðið í afgreiðslu mála útlendinga hér og er alls ekki sæmandi.

[14:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Lög um útlendinga frá 1965 eru skýrt mörkuð þeim forneskjulega hugsunarhætti sem gætt hefur í garð útlendinga hér á landi til skamms tíma.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir er að vekja máls á óeðlilegri og ósanngjarnri málsmeðferð við heimsóknir útlendinga hingað til lands. Og ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég furða mig á ummælum hæstv. ráðherra um að forðast straum útlendinga til landsins. Hæstv. ráðherra talar um að hingað gæti komið fólk frá fátækum löndum og lent á vonarvöl. Á hvaða leið er hæstv. dómsmrh.? Ég vil líka benda hæstv. dómsmrh. á það og hv. þm. Ástu Möller að það er ekki allt til eftirbreytni sem gert er í nágrannalöndunum.

[14:13]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim hv. þm. sem hafa vakið athygli á því að lögin frá 1965 um eftirlit með útlendingum eru löngu úr sér gengin og mjög mikilvægt að við endurskoðum þau.

Hins vegar, virðulegi forseti, kem ég hingað upp sökum þess að orðnotkun hæstv. dómsmrh. var á þann veg að hættan væri sú að hingað kæmi fólk frá vanþróuðum ríkjum. Ég hélt satt best að segja að menn væru hættir að tala á þann veg og legg til að menn tali frekar um rík ríki og fátæk ríki. Ég held að það sé miklum mun eðlilegri skýring. Hæstv. dómsmrh. varar eindregið við því að hingað komi fólk frá fátækum ríkjum því að það gæti lent á vonarvöl.

Virðulegi forseti. Mér þykir það mjög miður að héðan frá hinu háa Alþingi skuli það heyrast að við erum með hæstv. dómsmrh. sem talar fyrir einangrunarstefnu gagnvart útlendingum.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég hef því miður orðið fyrir miklum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Ég hefði talið að ráðherra vildi við þessa umræðu lýsa því yfir að það væri löngu tímabært að endurskoða þau úreltu lög frá 1965, eins og kom reyndar fram hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur þar sem hún las úr nál. frá allshn.

Ég er að tala um gesti til Íslendinga, til fólks sem býr hér. Það er mjög afmarkað mál sem ég er að taka hér fyrir og að vera að tala um einhvern straum útlendinga frá vanþróuðum löndum. Hvers konar umræða er þetta eiginlega? Fólki er nánast gert ókleift að fá sína nánustu hingað með úreltum og fáránlegum reglum. Það er verið að hnýsast í einkahagi fólks með því að krefjast þess að það leggi fram skattskýrslur og launaseðla. Það er verið að mismuna ríkum og fátækum við að fá sína nánustu hingað með því að krefjast hárra fjárhæða inn á bankareikninga fyrir fram. Menn hafa auðvitað verið að fara fram hjá þessum reglum vegna þess að þetta eru fáránlegar reglur. Menn hafa verið að fá lán í nokkra daga til að leggja inn á bankareikning, sýna Útlendingaeftirlitinu og síðan er lánið borgað til baka. Við eigum að leiðrétta slíkar reglur og hætta þessari vitleysu. Þetta verður bara til þess að menn fara í kringum þær. Það er líka niðurlægjandi fyrir fólk sem ætlar að bjóða sínum nánustu hingað að þurfa að búa við svona fáránlegar reglur eins og gilda í þessum efnum.

Ég vona að þegar hæstv. ráðherra kemur upp í seinna sinn muni hann lýsa því yfir að full ástæða sé til að breyta þessum reglum því að það er full ástæða til þess og ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra sé ekki á sama máli, því að það er ekki boðlegt að búa fólki þær aðstæður sem það býr við hvað það varðar að fá sína nánustu hingað.

[14:16]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég verð í tilefni af þessari umræðu að spyrja: Á hvaða leið eru hv. þingmenn? Hafa þeir ekkert kynnt sér hvaða lög og reglur gilda um málefni útlendinga, bæði hér á landi og í nágrannaríkjum og almennt annars staðar í löndum sem við höfum náin samskipti við? Það gengur nú meira að segja svo langt í Danmörku, þar sem við erum að tala um heimsóknir ættmenna, að ef einhver vafi leikur á um skyldleika er hægt að fara fram á DNA-rannsókn til að sýna fram á skyldleikatengsl. Ég held að hv. þm. ættu að kynna sér hvað er að gerast í okkar heimi hér.

En ég vil nota tækifærið, virðulegi forseti, og svara seinni spurningu hv. fyrirspyrjanda þar sem spurt var hvort ráðherra hygðist afnema skilyrði sem eru fyrir heimsóknum útlendinga utan EES-svæðisins. Svar mitt við þessari spurningu er að til þess hef ég enga heimild. Orðalag 10. gr. laganna um eftirlit með útlendingum er tvímælalaust (**ÁRJ:** Það er hægt að breyta reglunum.) en það hefst á orðunum „að meina beri" o.s.frv. Það er hægt að breyta viðmiðunarreglum um framfærslu eins og nýlega settar vinnureglur gera en meginatriðinu um að framfærsla sé tryggð get ég ekki breytt.

Ég mun hins vegar leggja fyrir næsta þing frv. til nýrra útlendingalaga og þá verður hægt að taka fyrir umræðuna um hvort slaka skuli á skilyrðunum fyrir dvalarleyfi útlendinga hér á landi. Það er ljóst að núgildandi reglur eru ekki strangari en svo að nýjum borgurum af erlendum uppruna, nýbúum, hefur fjölgað verulega á síðustu árum. Þannig voru á árinu 1993 veitt 417 ný dvalarleyfi og 1.264 dvalarleyfi útlendinga voru þá framlengd. Samtals er hér um að ræða 1.681 dvalarleyfi.

Á síðasta ári, þ.e. árið 1999, voru hins vegar 2.333 ný dvarleyfi veitt til útlendinga og 2.243 dvalarleyfi voru framlengd, eða alls 4.576. Aukningin á þessum sex árum er því 172%.

[14:18]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 261. mál, nál. félmn., þskj. 933; brtt. félmn., þskj. 934.

Fjöldi starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og veiting húsnæðislána, 454. mál, svar félmrh., þskj. 926.

Loftslagsmeðferð erlendis fyrir psoriasissjúklinga, 477. mál, svar heilbrrh., þskj. 925.

Vörugjald af ökutækjum, 549. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 935.

Rekstur Reykjadals í Mosfellssveit.

Fsp. KLM, 449. mál. — Þskj. 720.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Í Reykjadal í Mosfellssveit hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekið sumarbúðir með miklum myndarbrag frá árinu 1963. Sumarbúðir þessar voru fyrst í stað eingöngu fyrir hreyfihömluð börn og unglinga en hin síðari ár einnig fyrir þroskahefta.

Í haust bárust hins vegar þau tíðindi út að styrktarfélagið sæi sér ekki lengur fært að bjóða öðrum en hreyfihömluðum sumardvöl vegna hallareksturs nema viðbótarfjármagn fengist frá hinu opinbera. Þess bera að geta að heilbrrn. veitir tæpar 12 millj. kr. til þessarar starfsemi svo og hefur starfsemin verið fjármögnuð frá ýmsum styrktaraðilum og velunnurum.

Nú er hins vegar svo komið að þetta gengur ekki lengur. Rétt er einnig að geta þess að framlag ríkisins hefur eingöngu hækkað um 12% frá árinu 1992 og á sama tíma hafa taxtalaun hækkað um ein 40% eða rúmlega það. Gestum í þessari sumardvöl hefur hins vegar fjölgað úr 80 í 160.

Mér er kunnugt um að styrktarfélagið hefur skrifað félmrn. nokkur bréf en lítið verið um svör og þaðan af síður að ráðuneytið hafi veitt eitthvert fé sem heitið getur til þessarar mikilvægu starfsemi, eins og reyndar lög um málefni fatlaðra gera ráð fyrir og á ég þá við lagagreinarnar um skammtímavistun og sumardvöl.

Herra forseti. Á þeim þrem mínútum sem ég hef hér til að leggja fram og fylgja úr hlaði þessari mikilvægu fyrirspurn get ég ekki minnst á nema fáein atriði í þessu sambandi. En það er alveg ljóst að mitt í öllu góðærinu eiga hreyfihamlaðir

og fatlaðir sér fáa málsvara í stjórnkerfinu hvað rekstur þessarar sumardvalar varðar, sem hefur auk þess veitt þessum þjóðfélagsþegnum mikla ánægju og gleði undanfarin ár og er einnig eina úrræði foreldra til að komast í frí.

Herra forseti. Ég trúi því ekki að 100 börnum og ungmennum sem eru fötluð en ekki hreyfihömluð verði úthýst í sumar frá sumardvöl í Reykjadal. Sumardvöl og sumarleyfi eru mikilvægir þættir í lífi okkar Íslendinga. Við heyrum frá metsölu ferðaskrifstofa til sólarlanda, góðærið hefur aukið þessi ferðalög og sumarfrí landans. En fötluð börn og unglingar eiga um svo sárgrætilega fáa kosti að velja. Sumarbúðir fatlaðra barna og unglinga eiga því ekki að verða út undan nú í miðju góðærinu.

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. félmrh. er á þessa leið:

Hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að tryggja áframhaldandi óbreyttan rekstur Reykjadals í Mosfellssveit í sumar?

Eru einhver önnur úrræði tiltæk á vegum ráðuneytisins hvað varðar sumardvöl fatlaðra næsta sumar sem kæmu í stað og/eða til viðbótar starfseminni í Reykjadal?

[14:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í Reykjadal hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra annars vegar rekið sumardvöl og hins vegar skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni. Rekstur sumardvalarinnar hefur til margra ára fengið framlag á fjárlögum undir heilbrrn. en aldrei fengið framlag frá félmrn. Í fjárlögum þessa árs eru áætlaðar 11,7 millj. kr. til sumardvalarinnar á fjárlagalið frá heilbrrn.

Í febrúar á síðasta ári sendi Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra erindi til félmrn. þar sem félagið fór fram á að ráðuneytið tryggði viðbótarfjármagn til starfsemi sumardvalarinnar. Starfsemi sumardvala er ekki lögbundið verkefni svæðisskrifstofa. Erindið kom til umfjöllunar í fjárln. við afgreiðslu fjárlaga og fengust á sérstökum fjárlagalið 2,5 millj. til styrktar sumardvölinni í Reykjadal.

Skammtímavistun hefur verið rekin í Reykjadal frá árinu 1992. Um hefur verið að ræða helgarvistun yfir vetrarmánuðina og hefur sú starfsemi notið fjárframlaga undir fjárlögum félmrn. Í fjárlögum þessa árs eru áætlaðar 2,6 millj. til helgarvistunar. Við afgreiðslu fjárlaga fengust alls 28 millj. til eflingar skammtímavistun hjá svæðisskrifstofum Reykjavíkur og Reykjaness og þessi aukning var í samræmi við tillögur nefndar um tæmingu biðlista.

Með vísan til þeirrar aukningar sem svæðisskrifstofurnar í Reykjavík og Reykjanesi fengu til þjónustu skammtímavistana athugaði ráðuneytið hjá framkvæmdastjórum þeirra sl. haust að þeir könnuðu möguleika á samstarfi við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um starfsemina í Reykjadal. Viðræður áttu sér stað á milli þessara aðila og svæðisskrifstofan í Reykjavík hefur þegar gengið frá samningi við Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sem tryggir að helgarskammtímavistun í Reykjadal verði óbreytt á þessu ári.

Sérstakar sumardvalir fatlaðra eru sem sagt ekki skipulagðar af hálfu svæðisskrifstofa Reykjavíkur eða Reykjaness enda hvílir ekki sú skylda á þeim að reka sumardvalarstaði. Með lögunum um málefni fatlaðra frá 1992 varð sú breyting á að skylda ríkisins til þess að kosta starfsemi sumardvalarheimila var felld niður. Í lögum um málefni fatlaðra frá 1983 voru sumardvalarheimilin talin upp sem stofnanir þjónustu við fatlaða og kostnaður vegna þeirra greiddur úr ríkissjóði.

Lögin frá 1992 gera á hinn bóginn ráð fyrir að sumardvalir séu reknar af sveitarfélögunum en ríkinu sé heimilt að greiða umframkostnað vegna dvala fatlaðra barna. Og þar segir um sumardvalir:

„Fötluð börn skulu eiga aðgang að sumardvöl sem rekin er af sveitarfélögum, félagasamtökum eða einstkalingum með sama hætti og önnur börn. Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag vegna þess umframkostnaðar sem þjónusta við fötluð börn hefur í för með sér, enda hafi verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum í áætlunum svæðisskrifstofa."

Í fjárlögum þessa árs eru áætlaðar samtals 166 millj. kr. til starfsemi skammtímavistana fyrir fatlaða í Reykjavík og á Reykjanesi. Í Reykjavík eru 100 millj. kr. og á Reykjanesi 66 millj. kr. Það er því ekki svo að fötluð börn á þessu svæði séu algjörlega í þjónustuleysi.

Varðandi Reykjadal hefur verið ákveðið að félmrn. leggi fram 4 millj., heilbrrn. 4 millj. og svæðisskrifstofa 2 millj. Rekstur sumardvalar í Reykjadal verður því á þessu ári óbreyttur.

[14:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil fagna þessari yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra. Með þessu er verið að leysa vanda um 100 fjölskyldna sem sáu fram á að geta ekki farið í frí með þeim börnum sínum sem ekki eru fötluð, þ.e. hreyfihömluð eða sem ekki hefðu getað fengið vistina í Reykjadal. Menn sáu fram á að stór hópur fjölskyldna mundi missa af sumarleyfinu og að börnin fengju ekki umrædda þjónustu.

Hér hefur komið yfirlýsing frá hæstv. ráðherra um að þjónustan verði óbreytt. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur lagt til viðbótarfjármagn fyrir þá þjónustu sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra treystir sér ekki til að veita nema slíkt komi til.

[14:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Allt var þetta rétt og skýrt sem hæstv. félmrh. skýrði frá og í lögin sem sett voru 1992 komu mörg nýmæli og þar er einungis um heimild að ræða af hálfu ríkisins til að greiða umframkostnað.

Það breytir því ekki að hvert einasta sumar eru Reykjadalsmálefni upp í loft. Það er aldrei ljóst hvernig eða hvort unnt verður að starfrækja sumardvalaraðstöðuna þar og reyndar á það sama við nú um stundir með Öskjuhlíðarskóla, því að málum er ekki skipað til frambúðar. En það er mjög ánægjulegt að heyra að ráðherrarnir tveir og svæðisskrifstofa ætla að koma með viðbótarfjármagn vegna sumarsins í sumar. En það getur ekki gengið lengur að þessi viðkvæmi hópur viti aldrei hvaða úrræði verði á komandi sumri og mjög erfitt fyrir aðstandendur þessara barna að vita ekki hvaða þjónusta verður á sumrinu vegna þess að í önnur hús er ekki að venda.

[14:29]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég fagna svari hæstv. félmrh. um rekstur Reykjadals á komandi sumri. Ég hef eins og aðrir orðið mjög vör við áhyggjur þeirra sem hafa notið dvalarinnar þar og fjölskyldna þeirra. Börn og unglingar hafa notið þess svo sannarlega að vera þarna í sumardvöl og hafa nánast hlakkað til þess allan veturinn að komast í Reykjadal að sumri, þannig að ég fagna því að dvölin verður óbreytt áfram.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni um fyrirspurnina sem ég lagði fram og um leið fagna alveg sérstaklega yfirlýsingu hæstv. félmrh. sem kom fram í síðustu tveimur, þremur línunum í svari hans um að félmrn., heilbrrn. og svæðisskrifstofurnar á höfuðborgarsvæðinu ætli sér að tryggja 10 millj. kr. á þessu ári til áframhaldandi reksturs sumardvalar í Reykjadal í Mosfellssveit.

En það er líka alveg hárrétt sem fram hefur komið að það gengur náttúrlega ekki að þessi starfsemi sé í uppnámi á hverju ári og foreldrar og þeir einstaklingar sem þjónustunnar njóta séu í vafa stóran hluta ársins hvort starfsemin verði áfram eða ekki. Eins og ég sagði áðan ber að fagna því alveg sérstaklega að bráðabirgðalausn er fundin á þessu í ár en um leið vil ég nota tækifærið til að ítreka að við verðum að finna á þessu farsæla lausn í fjárlögum til komandi ára.

Ég ítreka það, herra forseti, sem ég sagði í upphafi máls míns. Svarið við fyrirspurninni í lokin var mjög ánægjulegt. Það hefur komið fram að hæstv. ráðherrar félags- og heilbrigðismála hafa sett eitthvað úr fjárhirslum sínum, sem þeir hafa aukalega og ekki er ráðstafað, í þennan rekstur og hér hefur komið fram hjá hæstv. félmrh. að reksturinn í Reykjadal í Mosfellssveit verði óbreyttur á þessu ári og því ber sérstaklega að fagna.

[14:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég minnist þess aldrei í minni tíð í félmrn. að málefni Reykjadals hafi verið upp í loft, eins og hér var fullyrt áðan. Einhver vandræði í Reykjadal hafa a.m.k. ekki verið úrlausnarefni hjá félmrn. fyrr en núna á þessu ári að Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra ákvað að skilgreina upp á nýtt, væntanlega vegna þess að reksturinn verður dýrari ár frá ári og út af fyrir sig hef ég svo sem skilning á því.

En málið er að þroskaheftir geta átt þarna sumardvöl í sumar eins og venjulega. Síðan er það okkar á Alþingi að taka á því hvernig þessu máli verður háttað í framtíðinni, þ.e. hvernig rekstur Reykjadals verður tryggður áfram. Þetta er einungis ákvörðun sem gildir vegna sumarsins í sumar. Og eins og ég sagði áðan þurfa menn ekki að hafa áhyggjur af því. Það er búið að leysa vandann.

Móttaka flóttamanna.

Fsp. ÞSveinb, 497. mál. — Þskj. 781.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Herra forseti. Á liðnum árum hafa Íslendingar tekið sig á svo um munar í móttöku flóttamanna. Það framtak er ekki síst hæstv. félmrh. að þakka.

Fyrir nokkru lagði ég fram fyrirspurn á hinu háa Alþingi um móttöku flóttamanna á yfirstandandi ári og hvort ákvörðun hefði verið tekin um hvar þeir skyldu eyða fyrsta ári sínu á Íslandi.

Frá því að fyrirspurnin var lögð fram hefur félmrh. tilkynnt að næsti hópur flóttamanna sem hingað kemur á svonefndum flóttamannakvóta Sameinuðu þjóðanna skuli setjast að á Siglufirði. Mig langar til að nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. félmrh. um ástæðurnar sem liggja að baki því að Siglufjörður varð fyrir valinu. Að auki væri fróðlegt að heyra hvort sveitarfélög þurfa að uppfylla einhver sérstök skilyrði hvað varðar t.d. stærð eða félagsþjónustu til að taka á móti flóttamönnum. Styðst félmrh. við einhverjar vinnureglur í því efni?

Herra forseti. Vart þarf að taka fram að flóttamannaaðstoð verður að sníða að þörfum þiggjendanna, þ.e. þess fólks sem íslensk stjórnvöld ákveða að veita skjól hér á landi. Í því efni er hollt fyrir okkur að hafa í huga að fólkið sem við munum bjóða velkomið hingað í sumar hefur verið á flótta í fimm til tíu ár. Búast má við því að flestir þeirra komi frá Krajina-héraði og hafi búið árum saman við mjög þröngan kost í flóttamannabúum. Það gefur augaleið að flóttafólk sem búið hefur við viðlíka aðstæður þarf á góðri þjónustu og ekki síst sálgæslu að halda þegar það tekur fyrstu skrefin hér á landi.

Herra forseti. Með dyggri aðstoð Rauða kross Íslands hefur grettistaki verið lyft í móttöku flóttamanna á síðustu árum hér á landi. Það er von mín að sú þróun haldi áfram og ekki verði slegið af kröfum um aðstoð og aðhlynningu heldur bætt um betur svo að flóttamenn eigi þess kost að standa á eigin fótum svo fljótt sem verða má eftir komuna hingað til lands.

[14:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hef ég ákveðið að ganga til samninga við bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar um móttöku 20–25 flóttamanna frá Krajina-héraði í fyrrum Júgóslavíu. Þetta geri ég að tillögu flóttamannaráðs. Auglýst var eftir áhugasömum sveitarfélögum í janúar sl. Einungis eitt sveitarfélag óskaði eftir að taka á móti flóttamönnum og það var Siglufjörður. Flóttamannaráð mælti með því að gengið yrði til samninga við Siglufjörð. Meðal þeirra atriða sem voru höfð til hliðsjónar við val á sveitarfélagi — þetta val er vandað og reynt er að fara mjög nákvæmlega yfir aðstæður í sveitarfélaginu áður en ákvörðun er tekin — var í fyrsta lagi staða félagsþjónustu sem er sérlega góð á Siglufirði. Tillit er tekið til skólamála og húsnæðismála. Hvort tveggja er í góðu lagi á Siglufirði. Tekið er tillit til vinnumarkaðar. Að flestu leyti er vinnumarkaður á Siglufirði góður. Það vantar fólk í mörg störf. Síðan er líka tekið tillit til virkni Rauða kross deildar á staðnum því að Rauði krossinn kemur mjög að verkinu og Rauða kross deildin á Siglufirði er alveg sérstaklega öflug. Þar er unnið mikið og fórnfúst starf. Síðan er líka litið á íbúafjölda svæðisins.

Undirbúningurinn er hafinn og allir aðilar sem að verkinu hafa komið hafa sýnt mikinn metnað í að leysa það vel af hendi. Áætlað er að sendinefnd fari út á næstu vikum til að hitta þær fjölskyldur sem Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur mælt með að komi hingað til lands og það er ráðgert að flóttafólkið komi í júní næstkomandi.

Síðan ég kom í félmrn. hafa komið í kringum 150 flóttamenn á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna hingað til lands til búsetu. Þessir hópar hafa farið til Ísafjarðar, Hornafjarðar, Blönduóss, Reyðarfjarðar, Dalvíkur og Hafnarfjarðar og nú fer hópur til Siglufjarðar. Allt hefur þetta gengið alveg framúrskarandi vel og verið einstaklega ánægjulegt að koma að þessu verkefni og vinna að því með heimamönnum. Ég veit að svo verður einnig á Siglufirði. Ég þekki þar vel til og veit að þar er samfélag sem kemur til með að taka mjög vel á móti gestum. Þetta fólk hefur yfirleitt reynst góðir borgarar og undantekningarlítið reynst

góðir borgarar í sínum sveitarfélögum eða í þjóðfélaginu. Margir hafa flutt sig eitthvað til innan lands og sem betur fer fór hópurinn sem kom til Reyðarfjarðar í sumar allur til baka til Kosovo eftir að friður komst þar á, þar sem hann taldi sig hafa þar að góðum kostum eða fullnægjandi kostum að hverfa og stjórnvöld í Kosovo lögðu mikla áherslu að fá þetta góða fólk til baka. Og það var út af fyrir sig mjög ánægjulegt að það skyldi geta horfið heim til sín aftur.

[14:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda, Þórunni Sveinbjarnardóttur frá Samfylkingunni, varðandi þessi brýnu mál. Það er mjög mikilvægt að Ísland skipi sér í sveit vestrænna ríkja sem vilja leggja sitt af mörkum varðandi flóttafólk og gefa því tækifæri til nýs lífs.

Eins og hér hefur komið fram eru samningar gerðir við sveitarfélög og fólki er boðið á einn stað og vissulega hefur verið vel að þessu fólki hlúð við komuna. En því miður hefur þetta ekki bara gengið vel og þar er ég ósammála hæstv. félmrh. Það eru ekki alls staðar störf við hæfi og því miður hefur þróunin orðið sú að jafnvel allt að helmingur þessa fólks hefur flutt af svæðinu sem því var boðið á í upphafi. Þess vegna spyr ég ráðherrann hvort það sé ekki áhyggjuefni að lagt er mikið í undirbúning og fé veitt til þess að koma fólkinu vel fyrir, en síðan unir það sér ekki á stöðunum og fyrir marga eru þeir staðir úti á landi sem boðið er upp á framandi og þetta er ekki val fólksins sjálfs.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Ég vil þó taka fram að ég er ekki sannfærð um að það stuðli að bestri þjónustu við flóttamenn sem hingað koma að láta sveitarfélögin keppa um að vera í hlutverki móttökusveitarfélags eins og raunin hefur verið til skamms tíma, þó með undantekningum núna.

Sé það hins vegar niðurstaða ráðuneytisins þá er ég þeirrar skoðunar að það mætti kynna betur fyrir sveitarfélögum á Íslandi þá miklu kosti sem fylgja því að taka á móti flóttamönnum og þá miklu ábyrgð sem verið er að axla með því að standa fyrir slíkri móttöku.

Ég velti því líka fyrir mér hvort ekki þurfi að gera strangari kröfur um skólagöngu, þ.e. um framboð náms, t.d. framhaldsnáms vegna þess að í sveitarfélögum þar sem ekki er hægt að stunda framhaldsnám eru t.d. minni líkur til þess að hægt sé að taka á móti fjölskyldum sem eiga unglinga eða stálpuð börn. Þetta þarf allt að hafa í huga og allt þarf þetta að verka þannig saman að meiri líkur séu til þess en minni að fólk ílengist á fyrsta samastað sínum hér á landi.

Að lokum langar mig að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að formlega verði frá því gengið að Íslendingar bjóði hingað velkomna 20–25 flóttamenn af kvóta Sameinuðu þjóðanna á hverju ári.

Við hv. þingmenn megum ekki gleyma því að það er auðvitað heill þeirra sem hér fá skjól sem skiptir mestu máli þegar móttaka flóttamanna er annars vegar. Því má aldrei gleyma.

[14:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mun ekki binda hendur eftirmanna minna með því að leggja til að við tökum kvóta. En eins og ég hef margoft sagt mun ég meðan ég er í þessu embætti leggja til að tekið verði við einhverjum hóp á hverju ári.

Það ber að hafa orð á því hér að þessir gestir okkar hafa ekki nokkra átthagafjötra og þeim er gjörsamlega frjálst eins og öðrum borgurum og íbúum landsins að færa sig til. Það er alls ekki meiningin að viðkomandi, ef þeir ekki una sér, séu dæmdir til þess að vera í viðkomandi sveitarfélagi, síður en svo. Það eina sem gert er er að samið er í fyrsta lagi við Rauða krossinn og í öðru lagi við viðkomandi sveitarfélag um að taka við viðkomandi einstaklingum. Rauði krossinn kemur að því að velja fólkið. Það gerum við ekki í ráðuneytinu og hann aðstoðar við að koma því á staðinn, leggur að hluta til í íslenskukennslu handa viðkomandi einstaklingum og fyrir það hefur Rauði krossinn fengið í kringum hálfa milljón á hvern einstakling. Síðan er samið við sveitarfélagið um að annast viðkomandi, leggja honum til húsaskjól, vasapeninga og aðstöðu alla og félagsþjónustu sérstaklega í eitt ár og eftir það ár eru skyldur sveitarfélagsins við viðkomandi engu meiri en við aðra íbúa í sveitarfélaginu eða gesti þess.

Meðferð á psoriasis.

Fsp. ÖJ, 476. mál. — Þskj. 756.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Psoriasis er ólæknandi húðsjúkdómur sem talið er að hrjái á milli fimm til átta þúsund Íslendinga í einhverjum mæli en reikna má með að eitt til tvö hundruð manns séu þungt haldnir af sjúkdómnum og þurfi stöðugt að vera undir læknishendi og jafnvel dveljast á sjúkrahúsi. Sjúkdómur þessi er ættgengur og langvarandi og lýsir sér í útbrotum, sárum og fleiðrum sem valda sjúklingnum miklum óþægindum, kláða og vanlíðan. Mjög mismunandi er á hve háu stigi sjúkdómurinn er en í alvarlegum tilvikum geta sjúklingar verið algerlega óvinnufærir öryrkjar. Sjúkdómurinn getur lagst á fólk á öllum aldri og hér á landi er nokkur fjöldi barna og unglinga sem er mjög þjáður af psoriasis.

Mörgum sjúklingum með psoriasis á háu stigi hefur gefist vel loftslagsmeðferð í hlýju loftslagi þar sem sólböð og sjóböð eru stunduð undir eftirliti lækna og hjúkrunarfólks. Á árunum 1976–1999 gafst íslenskum psoriasissjúklingum kostur á slíkri meðferð með stuðningi Tryggingastofnunar samkvæmt ákveðnum lögbundnum reglum. Árlega áttu um 40 manns kost á loftslagsmeðferð á norskri meðferðarstöð sem rekin er á Kanaríeyjum en kostnaður vegna hvers sjúklings sem slíkrar meðferðar naut í þrjár vikur var aðeins 150 þús. kr. Heilbrigðisyfirvöld allra Norðurlandanna annarra en Dana senda sjúklinga sína í þessa meðferðarstöð. Danir senda sjúklinga sína í loftslagsmeðferð í meðferðarstöð við Dauðahafið í Ísrael.

Þrátt fyrir góðan árangur af loftslagsmeðferð af þessu tagi hjá mörgum af psoriasissjúklingum, jákvæðar niðurstöður vísindamanna um gildi meðferðarinnar, minni lyfjanotkun sjúklinga og hlutfallslega lítinn kostnað sem loftslagsmeðferð er samfara, hefur dregið mjög úr möguleikum íslenskra psoriasissjúklinga til þess að njóta þessara lækninga.

Með breytingu sem gerð var á lögum um almannatryggingar snemma árs 1999 var endanlega afnumið það fyrirkomulag sem gilt hafði allt frá 1979 um loftslagsmeðferð psoriasissjúklinga. Meginrökin voru þau að jafnan væri hægt

að veita meðferð hérlendis. Í ljós hefur komið að hjá mörgum psoriasissjúklingum er árangur ekki fullnægjandi af þeirri meðferð sem í boði er hér á landi, svo sem sjúkrahúsvist, lyfja- og göngudeildarmeðferð eða læknismeðferð með böðum í Bláa lóninu. Þróunin annars staðar á Norðurlöndum er sú að æ fleiri sjúklingum hefur verið gefinn kostur á loftslagsmeðferð í sólarlöndum, einkum vegna þess að sú meðferð þykir ódýr miðað við aðrar og árangur af henni varir í mörgum tilvikum lengur en af annarri meðferð. Auk þess verður að leggja áherslu á að loftslagsmeðferð er lyfjalaus meðferð en þau lyf sem þungt haldnir psoriasissjúklingar þurfa að taka hafa mjög oft miklar aukaverkanir.

Í ljósi þess eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir hæstv. heilbrrh.:

1. Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta stöðu psoriasissjúklinga í ljósi þess að stórlega hefur dregið úr heimildum fyrir þá til að gangast undir loftslagsmeðferð erlendis?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þeim skilyrðum sem siglinganefnd hefur sett fyrir loftslagsmeðferð psoriasissjúklinga verði breytt?

3. Er eðlilegt að gerð sé krafa um að psoriasissjúklingar noti lyf sem valdið geta alvarlegum aukaverkunum áður en reynd er náttúruleg meðferð eins og loftslagsmeðferð?

[14:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 13. þm. Reykv. spyr mig um loftslagsmeðferð erlendis fyrir psoriasissjúklinga og fullyrðir í spurningunni að stórlega hafi dregið úr heimildum fyrir þá til að gangast undir slíka meðferð. Fullyrðingin er bæði rétt og röng.

Eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á í ræðu sinni giltu áður sérákvæði gagnvart psoriasissjúklingum og fóru árlega um 30–40 sjúklingar til Kanaríeyja til slíkrar meðferðar. Í lok árs 1995 ákvað tryggingaráð að hætta að greiða fyrir skipulagðar ferðir til Kanaríeyja. Þess í stað var ákveðið að reglur um utanfarir psoriasissjúklinga yrðu þær sömu og gagnvart öðrum sjúklingahópum skv. 35. gr. almannatryggingalaga, þar sem m.a. er kveðið á um svokallaða siglinganefnd. Nefndin hefur þær reglur að þörf verði að vera mjög brýn og meðferð fullreynd hérlendis áður en sjúklingar eru sendir úr landi og gildir það um alla sjúklingahópa. Breytingin byggist með öðrum orðum á faglegum grundvelli.

Í ljós hefur komið að vísindalegar rannsóknir af meðferð á psoriasis við Bláa lónið hafa sýnt mjög góðan árangur, bæði böðin, ekki síður ef jafnframt er notuð ljósameðferð. Gerði Tryggingastofnun í framhaldi af þessu samning við Heilsufélagið um meðferð við Bláa lónið og eru nú meðhöndlaðir þar 222 sjúklingar á ári á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, en eins og áður segir áttu einungis 30–40 sjúklingar kost á ferð úr landi áður. Vegna þessarar starfsemi var einnig komið upp sjúkrahóteli við Bláa lónið fyrir þá sjúklinga sem koma utan af landi og greiðir Tryggingastofnun kostnaðinn vegna dvalar þar.

Meðferðarmöguleikar fyrir psoriasissjúklinga hafa verið auknir á fleiri vegu. Í febrúar á þessu ári var gefin út ný auglýsing um gjaldskrá fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitt af öðrum en læknum. Með breytingunum sem sú auglýsing fól í sér stendur psoriasissjúklingum nú til boða meðferðarmöguleikar víðar en áður var en jafnframt stendur nú til boða meðferð í betri lömpum en áður buðust, tæki eru stillanleg eftir þörf húðar fyrir ljósmagn í hvert sinn. Gæði meðferðar fyrir psoriarissjúklinga hafa því tvímælalaust aukist.

Tryggingastofnun ríkisins hefur nýlega endurnýjað samning við Samtök psoriasis- og exemsjúklinga sem hefur gefið samtökunum aukið rými til meðhöndlunar á psoriasissjúkdómnum. Því verður að telja að þeir þættir sem ég hef nú talið upp hafi opnað möguleika á verulega bættri aðstöðu fyrir psoriasissjúklinga á Íslandi andstætt því sem látið er að liggja í spurningunni.

Virðulegi forseti. Hv. 13. þm. Reykv. spyr hvort skilyrðum siglinganefndar verði breytt varðandi þennan sjúklingahóp. Af því tilefni skal tekið fram:

Strax og hinum skipulögðu Kanaríeyjaferðum var hætt árið 1996 var gert ráð fyrir að hægt væri að sækja um meðferð við psoriasis erlendis vegna afar erfiðs sjúkdóms. Afgreiðsla siglinganefndar Tryggingastofnunar á slíkum umsóknum er skv. 35. gr. almannatryggingalaga. Hefur nefndin afgreitt ferðaheimildir að fengnum læknisvottorðum. Nefndin setti sér viðmiðunarreglur 1998 að höfðu samráði við dósent í húðsjúkdómum við læknadeild Háskóla Íslands til að skilgreina skilyrði um að meðferð væri fullreynd á Íslandi. Þessum reglum var breytt í mars 1999 og þá miðað við að meðferð á húðdeild Landspítalans sé að fullu reynd. Ef einhver þeirra meðferðarúrræða sem eru skilyrði fyrir heimild á utanferð koma ekki af einhverjum ástæðum til greina þarf læknir umsækjanda að gefa skýra grein fyrir því hvers vegna svo sé.

Nú sé ég að klukkan er farin að tifa á mig. En til að mynda hafa nú þegar fjórir Íslendingar fengið leyfi á þessu ári til að fara og að öðru leyti vísa ég til skriflegs svars sem liggur á borðum hv. þm.

Varðandi allra síðustu spurningu hv. þm. um lyfin þá er það metið fyrir hvern einstakling.

[14:54]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda um nauðsyn þess að reglur sem gilda fyrir psoriasissjúklinga verði rýmkaðar. Ekki ætla ég að draga í efa þær vísindalegu rannsóknir sem gerðar hafa verið á meðferð í Bláa lóninu sem hefur reynst vel, en ég vil hins vegar benda á það að psoriasis er afar óvenjulegur sjúkdómur og afskaplega persónubundinn. Það sem hentar einum, hentar e.t.v. ekki öðrum. Mér finnst það koma fram í svari hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn hv. þm. að þær breytingar sem hafa verið gerðar á utanferðum og reglum um utanferðir í lækningaskyni fyrir psoriasissjúklinga fullnægi ekki þeirri þörf sem er nú fyrir hendi. Ég harma að svör hafa ekki komið efnislega við því hvort ætlunin sé að bæta stöðu sjúklinga hvað snertir ferðalög til útlanda í lækningaskyni.

[14:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vissulega er full ástæða til að nýta Bláa lónið sem best og nota úrræði sem eru hér á landi til hins ýtrasta. En það er fjöldi sjúklinga sem eru haldnir þessum hvimleiða sjúkdómi, psoriasis, sem fær ekki hjálp þar. Fyrir tveimur árum fengum við í heilbr.- og trn. gesti á fund okkar frá psoriasissamtökunum sem sýndu okkur fram á það hvernig fólk var orðið óvinnufært vegna þess að það fékk ekki viðunandi meðferð, eina leiðin var loftslagsmeðferðin. Það gat haldið heilsu í heilt ár, jafnvel lengur, eftir slíka meðferð, en var sett á lyf og mun dýrari meðferð hér á landi vegna þessara breyttu reglna.

Nú kemur fram í svari sem liggur hér á borðum að heimilaðar hafi verið þrjár ferðir, sex ferðir og fjórar ferðir á ári í loftslagsmeðferð. Þetta eru mjög fáar ferðir og það kom fram hjá fulltrúum psoriasissamtakanna að fólki hefði verið synjað um slíkar ferðir.

(**Forseti** (ÍGP)**:** Tíminn er útrunninn. Hv. þm. er þegar komin 18 sekúndur fram yfir.)

Herra forseti. Ég vona að hæstv. ráðherra breyti þeim reglum og sjái til þess að þeir sem fá ekki lækningu í Bláa lóninu geti leitað sér lækninga á Kanaríeyjum.

(**Forseti** (ÍGP)**:**Forseti vill minna hv. þm. á það að í fyrirspurnartíma hafa þingmenn eina mínútu til umráða en ekki eina og hálfa mínútu.)

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin og öðrum þingmönnum sem hafa tekið til máls. Ég vil vekja athygli á því að þessi umræða er að hefjast núna vegna þess að fyrir þinginu liggur frv. sem við berum fram ásamt mér hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Pétur Bjarnason og Þuríður Backman þar sem við gerum tillögu um breytingar á lögum um þessi efni og segir í tillögunni sem við höfum borið upp, með leyfi forseta:

„Beri meðferð hér á landi ekki fullnægjandi árangur að mati sérfræðinga skal Tryggingastofnun greiða kostnað við loftslagsmeðferð allt að 40 psoriasis-sjúklinga árlega á viðurkenndri meðferðarstöð erlendis í allt að fjórar vikur eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð sem heilbrigðisráðherra setur.“

Þetta er frv. til laga sem dreift hefur verið í þinginu og kemur senn til kasta þingsins að taka afstöðu til. En með því frv. sem við leggjum fram er lagt til að við hverfum aftur til fyrra horfs þegar fjörutíu manns fengu loftslagsmeðferð af þessu tagi árlega. Eins og hefur komið fram og kemur fram í svari við fyrirspurn frá mér sem hæstv. heilbrrh. hefur dreift í þinginu og vísaði til hér áðan, þá hefur mjög fækkað þessum ferðum á síðasta ári. Staðreyndin er sú að enda þótt siglinganefnd hafi afgreitt þrjár ferðir á árinu 1999 og sex ferðir á árinu 1998 mun engin umsókn hafa borist á árinu 1997 einfaldlega vegna þess að menn vissu að þeir fengju ekki leyfi til þessara ferða.

Það er ágætt og góðra gjalda vert að skírskota til vísindalegra rannsókna. (Forseti hringir.) Ég held að það sé líka ágætt að hlusta á þau rök sem sjúklingarnir sjálfir færa fram, því ég held að hv. þm., Pétur Bjarnason, hafi hitt hér naglann á höfuðið þegar hann sagði að þetta ...

(**Forseti** (ÍGP)**:** Má ég minna hv. þm. að fara að þingsköpum.)

Ég mun gera það. Ég ætla að ljúka setningunni sem ég var byrjaður á. Ég vil taka undir með hv. þm. Pétri Bjarnasyni, um að þetta er persónubundinn sjúkdómur og það þarf að taka á honum á persónubundinn hátt.

[14:59]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Enn á ný minni ég hv. þm. á það að við erum tímabundin og okkur ber að virða þingsköp.

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að fáist ekki lækning hér heima geta þessir sjúklingar leitað til siglinganefndar og farið til Kanaríeyja í þessa meðferð eins og þeir hafa hingað til getað. Ég minni líka á að meðhöndlunin í Bláa lóninu hefur stórbatnað með hótelinu sem þar var reist og þar fá 222 sjúklingar meðhöndlun árlega. Það eru ekki bara Íslendingar sem þangað koma heldur útlendingar líka og telja jafnvel margir að þeir fái meiri bata í Bláa lóninu en við höfum hingað til horft til. Ég minni því sérstaklega á að við höfum verið að bæta aðstöðuna. Við höfum bætt aðstöðuna við heilsugæslustöðvarnar fyrir þessa sjúklinga og þannig er mjög margt gert. Mér finnst eðlilegt að þessir sjúklingar, eins og allir aðrir sjúklingar sem þurfa meðferð erlendis, fari í gegnum siglinganefnd.

Mér finnst óeðlilegt að setja kvóta eins og boðaður var hér áðan, að það eigi bara einhver viss fjöldi að fara í slíka meðferð erlendis. Auðvitað þurfum við að fara eftir vísindalegum forsendum þegar það er ákveðið.

Greiðsla þungaskatts erlendra ökutækja.

Fsp. JHall, 446. mál. — Þskj. 717.

[15:01]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir fsp. sem hv. þm. Jónas Hallgrímsson, sem sat hér á þingi sem varamaður, flutti á þskj. 717. Hún er svohljóðandi:

1. Hvaða reglur gilda um notkun kreditkorta við greiðslu þungaskatts erlendra ökutækja sem koma tímabundið til landsins?

2. Eru fyrirhugaðar breytingar á gildandi reglum?

Fyrirspurnin er til komin af því að í gildi hafa verið reglur um að taka ekki við kreditkortum til greiðslu þungskatts af ökutækjum sem koma hingað til lands. Þetta veldur töfum og óþægindum við afgreiðslu ferðamanna, innlendra og erlendra, sem koma hingað með ökutæki sín. Greiðslukort eru viðurkenndur gjaldmiðill í öllum þróuðum löndum og nýlega hefur verið slakað á reglum um notkun greiðslukorta við tollafgreiðslu, m.a. á Keflavíkurflugvelli. Enn fremur hefur sýslumannsembættið á Seyðisfirði sent fjmrn. erindi varðandi þetta mál þar sem bent er á þau óþægindi sem af þessu hljótast. Þess vegna er þessi fyrirspurn borin fram.

[15:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Spurt er hvaða reglur gildi um notkun kreditkorta við greiðslu þungaskatts erlendra ökutækja sem koma tímabundið til landsins.

Samkvæmt lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, ber að greiða af erlendum ökutækjum, annars vegar fast gjald þungaskatts og hins vegar kílómetragjald. Ef um er að ræða ökutæki sem nýtt eru til atvinnurekstrar fer um greiðsluskyldu með sama hætti og skráð innlend ökutæki, þ.e. í þeim ber að hafa ökumæli ef þau eru 4 tonn eða þyngri og af þeim er 25% hærra fast gjald o.s.frv.

Reglum um álagningu þungaskatts af erlendum skráðum ökutækjum var breytt á síðasta ári til samræmis við reglur sem gilda um sambærileg innlend ökutæki. Fyrir þann tíma var greiddur mun hærri þungaskattur af erlendum skráðum ökutækjum. Meginforsenda breytingarinnar var að jafna stöðu ökutækjanna hvort sem þau eru skráð hérlendis eða erlendis.

Almennt tíðkast ekki að greiða opinber gjöld með kreditkortum. Gjaldanda ber að standa skil á greiðslum á fyrir fram ákveðnum gjalddögum eða eindögum og þá með staðgreiðslu. Að taka upp mismunandi greiðsluform gengur gegn þeim meginreglum sem gilda um álagningu og innheimtu skatta og jafnræði gjaldenda. Með þeirri tilhögun fengju sumir gjaldendur lengri greiðslufrest en aðrir. Það gengi gegn ákvæðum laga um gjalddaga og eindaga þar sem greiðsluskylda þeirra yrði þá ekki til fyrr en á gjalddaga greiðslukortareiknings í stað gjalddaga eða eindaga laga um viðkomandi skatt. Upphafstími vanefnda gæti þannig einnig orðið mismunandi eftir greiðslufyrirkomulagi gjaldandans.

Jafnframt er kveðið á um það í 8. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, að innheimtumenn ríkissjóðs annist innheimtu þungaskatts. Ef heimila ætti greiðslukortafyrirtækjum innheimtu þungaskatts gengi það gegn þessu ákvæði. Í þessu sambandi má þó geta þess að gjaldandi getur greitt gjöld sín og skatta hjá innheimtumanni með debetkorti þar sem tæknilegur aðbúnaður viðkomandi innheimtumanns býður upp á slíkt. Ef um er að ræða erlent debetkort frá fyrirtæki sem íslenskt kortatæki hefur gert samstarfssamning við getur gjaldandinn að því er best er vitað notað slíkt kort til greiðslu hjá innheimtumanni.

Þannig eru þessar reglur, hv. fyrirspyrjandi, og vandséð að þeim verði auðvelt að breyta án þess að til komi ný vandamál sem birtust í formi mismununar milli gjaldenda eða frávikum frá þeirri reglu að innheimtumenn ríkissjóðs annist innheimtu þungaskatts en ekki greiðslukortafyrirtæki. Þannig eru ekki neinar sérstakar hugmyndir um breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Ekki stendur til að heimild verði gefin til greiðslu skatta með kreditkorti og það svarar síðari spurningu hv. þm. Hins vegar er að sjálfsögðu eðlilegt að fylgjast með öllum tækninýjungum, framförum og framþróun á þessu sviði þannig að unnt sé að veita sem besta þjónustu bæði innlendum sem erlendum gjaldendum.

[15:06]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Eins og fram kom er ekki fyrirhugað að breyta þessu fyrirkomulagi. Mér finnst það miður. Ég bendi á að þarna er um mjög sérstakar aðstæður að ræða og mjög sérstakar aðstæður við innheimtu sem hefur verið viðurkennt með breytingum á innheimtu hjá tollinum á Keflavíkurflugvelli.

Mér er fullljóst að ekki gilda sömu lagaákvæði um innheimtu tolla og innheimtu skatta eða þungaskatts. Ég vil þó beina því til hæstv. ráðherra að þetta mál verði skoðað og fylgst mjög grannt með þróuninni í þessu efni því að m.a. þeir útlendingar sem koma með ökutæki til landsins eru mjög vanbúnir að mæta þessum greiðslumáta. Fæstir þeirra eru með debetkort sem viðurkennt er með samningum við íslenskar bankastofnanir. Þarna er um mjög óþægilegt mál að ræða sem þarf að kanna til hins ýtrasta hvort ekki er hægt að ráða bót á.

Lækkun lyfjaútgjalda Tryggingastofnunar ríkisins.

Fsp. SighB og ÖJ, 516. mál. — Þskj. 815.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Í tengslum við meðferð hv. fjárln. á fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir yfirstandandi ár var starfandi vinnuhópur um málefni heilbrrn. sem íhugaði m.a. að leggja á þá kvöð að heilbrrn. næði sparnaði í lyfjakostnaði eða með lækkun á útgjöldum í lyfjakostnaði um 400 milljónir frá því sem ella mundi verða.

Nokkru síðar barst hins vegar erindi frá heilbrrn. sem átti í erfiðleikum með að uppfylla fjárlagaramma sinn. Þar lýsti ráðuneytið því yfir að það væri reiðubúið að gera tilteknar kerfisbreytingar á lyfjamálunum sem skila mundu 1.000 millj. kr. lækkun útgjalda frá því sem í stefndi. Fjárln. samþykkti þessa afgreiðslu með þessum hætti. Þessa frásögn hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem á sæti í fjárln., staðfest hér á Alþingi.

Af þessum ástæðum og m.a. vegna þess að hæstv. fjmrh. gat ekki svarað slíkum spurningum í umræðutíma á Alþingi hér fyrr vegna þess að mælendaskrá var fullskipuð höfum við hv. þm. Ögmundur Jónasson lagt fram til hans svohljóðandi fyrirspurn:

1. Mun ráðherra krefjast þess að staðið verði við markmið fjárlaga fyrir árið 2000 um 1.000 millj. kr. lækkun lyfjaútgjalda Tryggingastofnunar ríkisins?

2. Mun ráðherra krefjast þess að því markmiði verði náð með því að hækka greiðsluhlutdeild sjúklinga þar sem engin breyting hefur enn verið gerð á fyrirkomulagi lyfsölu, verðlagningu lyfja eða innkaupum sem líkleg er til að skila slíkum sparnaði?

Þá stendur það eitt eftir, virðulegi forseti, að ná þessum árangri eða eitthvað upp í hann með því að breyta hlutfallaskiptingu á greiðslu fyrir lyf, auka hlut sjúklinga og lækka hlut Tryggingastofnunar ríkisins.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er heldur óvenjulegt að beina þeirri spurningu til fjmrh. hvort hann ætlist til að staðið verði við markmið fjárlaga. Að sjálfsögðu gerir fjmrh. á hverjum tíma þær kröfur til allra samráðherra sinna og fagráðherra að þeir standi við þau markmið sem samstaða hefur náðst um í fjárlagafrv. Það á við um þetta ákvæði eða þá fyrirætlan sem hér er til umræðu eins og aðrar. Það er að sjálfsögðu fagráðuneytisins að útfæra hvernig unnið er að þeim sparnaði sem um er að ræða.

Hér er talað um 1.000 millj. kr. sparnað í lyfjainnkaupum. Það liggja fyrir breytingar sem gerðar voru í þessu efni um síðustu áramót sem fagráðuneytið telur að muni skila milli 300 og 400 milljónum. Það er auðvitað verkefni þess ráðuneytis að finna leiðir til þess að skila afgangnum. Að sjálfsögðu er ekki deilt um að ætlast er til að heilbrrn. finni aðrar leiðir ef þær sem áður voru ráðgerðar ganga ekki upp.

Í þessu sambandi hefur verið talað um að gjörbreyta greiðslufyrirkomulagi í sambandi við lyf, innleiða hér nýtt kerfi eins og gert hefur verið í Svíþjóð og Danmörku. Það verða einhverjar tafir á því að það kerfi sjái dagsins ljós hér á Íslandi. En á meðan verður ráðuneytið að grípa til annarra ráða til að standa við sinn hluta af fjárlögunum að þessu leyti.

Þetta held ég að sé augljóst mál og eiginlega er alveg furðulegt að þingmaður sem hefur bæði verið fjmrh., heilbrrh. og formaður fjárln. Alþingis skuli bera fram fyrirspurn af þessu tagi.

[15:12]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að óvenjulegt sé að beina fyrirspurnum sem tengjast heilbrigðisþjónustunni, og þess vegna lyfjaverði einnig, til hæstv. fjmrh. Ég held að það sé kominn tími til þess að við gerum meira af því að sjá til að ráðherrar Sjálfstfl. láti ekki alltaf samverkamenn sína í ríkisstjórn axla byrðarnar.

Auðvitað er þetta á ábyrgð ríkisstjórnarinnar allrar. Auðvitað er þetta á ábyrgð verkstjórans í fjármálum ríkisins, hæstv. fjmrh. Geirs H. Haarde. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að þessari fyrirspurn sé beint til hans.

Hér kom fram, í tengslum við utandagskrárumræðu um lyfjaverð fyrir fáeinum dögum, að stjórnarmeirihlutinn væri staðráðinn í að spara 1.000 millj. kr. í lyfjaverði. Þegar við spurðum hvort þetta yrði gert á kostnað sjúklinganna, þeirra sem þurfa að nota lyfin, var sagt að þetta yrði gert hvað sem tautaði og raulaði. Það teljum við alvarleg tíðindi og ástæðu til að krefja hæstv. ráðherra svara.

[15:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Íslensk heilbrigðisyfirvöld ákváðu að fara dönsku leiðina til að spara einn milljarð á þessu ári í lyfjakostnaði ríkisins. Danir kynntu þetta mál í 8–10 mánuði og voru ekki vissir um að þeir mundu spara með þessari aðferð. Nú berast upplýsingar þess efnis að enginn sparnaður hafi hlotist af þessari aðferð í Danmörku.

Í upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins sem heilbr.- og trn. fékk þegar hún var þar í heimsókn kemur í ljós að þeir eru sannfærðir um að þessi aðferð muni ekki spara neitt á þessu ári. Því er ljóst að ef standa á við fjárlög eins og hæstv. fjmrh. segir þá er engin önnur leið en að varpa öllum þessum kostnaði, einum milljarði, yfir á sjúklingana. A.m.k. var það niðurstaða sérfræðinga í lyfjamálum hjá Tryggingastofnun að þar gæfist engin önnur leið. Þess vegna væri fróðlegt að vita hvernig menn ætla að taka á þessu.

[15:15]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Í afgreiðslu fjárlaga í haust voru sett fram nokkur sparnaðarmarkmið af hálfu heilbrrn. sem áttu að ná samtals um 1 milljarði kr. Reglugerðarbreyting hefur þegar náð um 300–400 millj. kr. og nokkrar aðrar aðgerðir sem eru taldar upp í athugasemdum fjárlagafrv. eru fyrirhugaðar.

Það er rétt að í heimsókn heilbr.- og trn. til Tryggingastofnunar ríkisins var talað um að þetta tæki það langan tíma að þetta yrði ekki tilbúið fyrr en um áramót. En það er einkennileg túlkun hjá hv. 15. þm. Reykv. að tala um að þetta sparaði ekki neitt. Ég minnist þess ekki að embættismenn Tryggingastofnunar hafi túlkað málið á þennan hátt. (**ÁRJ:** Það er ekki sparað fyrr en um áramót, þau næstu.) Það sparast ekki á þessu ári ef það tekur ekki gildi. Um það snýst málið. En það eru margar aðrar aðgerðir sem fyrirhugaðar eru.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Það er mjög eðlilegt að menn spyrji hann um þetta mál vegna þess að það fékkst ekkert svar frá hæstv. heilbrrh. Það er ekki rétt hjá hv. formanni fjárln. að það hafi náðst 300–400 millj. kr. lækkun útgjalda vegna lyfjakostnaðar af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til. Vonast var til að það gæti e.t.v. náðst á heilu ári. En heilbr.- og trmrn. tilkynnti fjárln. í desembermánuði sl. að þeir ætluðu að ná í 600 millj. kr. lækkun til viðbótar og hvorugt hefur staðist. Þær aðgerðir sem áttu að sjá dagsins ljós til að ná þessum 600 millj. til viðbótar hafa ekki komið fram enn þá, og komið að þinglokum.

Hinar aðgerðirnar sem hv. formaður fjárln. talaði um hafa heldur ekki skilað þeim árangri sem til var ætlast, hvað þá heldur nú þegar þeim árangri sem til var ætlast á heilu ári.

Kjarni málsins er sá sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. Hann ætlast til þess að við þessa lækkun lyfjaútgjalda verði staðið og sagðist krefjast þess að fagráðherra viðkomandi máls, heilbrrh., næði þeim með einhverjum hætti. Þá er enginn önnur leið til innan ramma gildandi laga nema að hækka hlut sjúklinga. Ef á að breyta því þá þarf að breyta lögum og ekkert frv. hefur séð dagsins ljós um það fyrir Alþingi enn.

Ég þekki ósköp vel samskipti fjmrn. og heilbrrn. frá minni ráðherratíð. Þá var það samráð þessara tveggja ráðuneyta hvernig ætti að bregðast við ef ekki næðust þau markmið sem menn ætluðu sér að ná og menn leituðu lausna sameiginlega. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það ekki gert núna líka? Leggur hann ekki sitt lóð á vogarskálina um það hvernig heilbrrn. skuli ná þessum árangri eða krefst hann þess að heilbrrh. nái því án þeirrar aðstoðar sem fjmrh. getur og þarf að veita ráðherranum í þeim efnum? Ekki veitir af aðstoð þar.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er einhver misskilningur að ég sé að kvarta yfir því að þessari spurningu skuli beint til mín sérstaklega. Ég er að kvarta yfir innihaldi spurningarinnar vegna þess að svörin við henni eru að sjálfsögðu augljós. Það liggur fyrir hver markmið manna eru í fjárlögunum og ætlunin er að standa við þau. Það er ágætt samstarf milli ráðuneytanna tveggja um þetta atriði eins og fjölmörg önnur.

Í fjárlögunum var ætlunin að spara eitt þúsund millj. í þessum lið. Það var gripið til aðgerða um áramót sem talið er að muni spara 300–400 millj. á heilu ári, þ.e. á þessu ári, af þessum 1000 millj. Síðan hefur ráðuneytið verið með ýmsar aðrar aðgerðir í undirbúningi, aðgerðir sem snerta álagningu lyfja og fleira í þeim dúr. En auðvitað er það fyrst og fremst verkefni fagráðuneytis á þessu málasviði eins og öðrum að koma með tillögur um þetta efni. Ég kvíði því ekki að heilbrrn. muni ekki standa við sitt í því. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af því að heilbrrn. komi ekki með brúklegar tillögur í þessu efni og þá mun ekki standa á stuðningi fjmrn. eða annarra ráðuneyta eða ráðherra í þessu máli. Auðvitað er ríkisstjórnin öll samhent í því að standa vörð um fjárlögin og skila þeim árangri sem þar er ætlast til að því er varðar afgang og efnahagsleg markmið. Frá þeim hefur ekki verið hvikað.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra.

Fsp. KolH, 492. mál. — Þskj. 776.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Málefni fatlaðra hafa hvað eftir annað komið til umræðu á þessu þingi og er greinilegt að hér er um að ræða málaflokk sem hvílir þungt á mönnum. Skorað hefur verið á stjórnvöld að bæta úr á ýmsum sviðum og tryggja fötluðum sama rétt og sömu tækifæri til innihaldsríks lífs og aðrir þegnar samfélagsins hafa. Hér áðan var fjallað um sumardvöl fatlaðra barna í Reykjadal í Mosfellssveit og þar má segja að málum hafi verið reddað í horn af hæstv. félmrh. en þó einungis til eins árs.

Það er nokkuð einkennandi fyrir þennan málaflokk, herra forseti, hversu oft ráðherrar lenda í að redda hlutum fyrir horn. Ég leyfi mér að halda því fram að málefni fatlaðra eigi skilið ábyrgari meðferð í stjórnkerfinu og hjá framkvæmdarvaldinu en reddingar fyrir horn.

Veigamikill þáttur í málefnum fatlaðra eru menntamálin en þar hafa líka tíðkast reddingar frá ári til árs þó hæstv. ríkisstjórn hafi nú gefið til kynna að nú hilli undir úrbætur er lúti að lengingu framhaldsnáms fyrir fatlaða nemendur þó sannarlega mættu sjást gleggri merki um að stjórnvöld ætli í þeim efnum að standa við orð sín.

Sá þáttur menntamálanna sem ég nú vek máls á er fullorðinsfræðsla fatlaðra. Fullorðinsfræðsla fatlaðra skipuleggur námskeið fyrir fullorðið fólk sem á þess ekki kost að sækja fullorðinsfræðslu við sitt hæfi hjá öðrum aðilum. Kennslan fer fram í námskeiðsformi og stunda nú um 300 manns nám hjá fullorðinsfræðslunni í Reykjavík og nágrenni og um 150 manns utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta er fólk frá 17 ára aldri til 67 ára aldurs.

Fullorðinsfræðslan hefur átt í vaxandi erfiðleikum vegna fjárskorts síðustu missiri og hefur þurft að draga nokkuð úr starfseminni á höfuðborgarsvæðinu, t.d. hefur nemendatímum fækkað talsvert milli ára og kemur það eðlilega afskaplega illa niður á mörgu. Fjárskorturinn er einn liður í fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. en annar liður varðar húsnæðismál fullorðinsfræðslunnar.

Um þessar mundir fer kennsla fram á tíu stöðum á höfuðborgarsvæðinu: Í Blesugróf, á Kópavogshæli, í Bústöðum, í Safamýrarskóla, á vinnustofunni Ási, í sundlaug endurhæfingardeildar Landspítalans svo að einhverjir staðir séu nefndir, ef sundlaugin stendur þá enn fullorðinsfræðslunni til boða. Mér er ekki fullkunnugt um það. En stærsti hluti bóklegu kennslunnar fer fram í Borgarholtsskóla. Þar hefur fullorðinsfræðslan þó ekki fengið fastan samastað og vita forráðamenn hennar og þiggjendur þjónustunnar ekki annað en samningar við Borgarholtsskóla renni út nú í vor. Þá lítur út fyrir að sá þáttur kennslunnar verði húsnæðislaus á hausti komanda. Nú spyr ég hæstv. menntmrh.:

1. Hvaða áform eru uppi um fullorðinsfræðslu fatlaðra á næstunni:

a. með tilliti til húsnæðisvanda starfseminnar,

b. í ljósi samdráttar á yfirstandandi námsári?

2. Er gert ráð fyrir að breyta rekstrarformi fullorðinsfræðslunnar í nánustu framtíð?

[15:24]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fullorðinsfræðsla fatlaðra hefur starfað undir þeim merkjum síðan 1991 og hefur verið í sífelldri þróun. Það er rétt hjá hv. þm. að nú njóta um 320 manns þjónustu fullorðinsfræðslunnar í Reykjavík. Menntmrn. hefur komið að því með margvíslegu móti að styrkja forsendur fyrir starfi fullorðinsfræðslunnar, nú síðast með áformum um að koma henni skipulega fyrir í samstarfi við Öyrkjabandalagið og Þroskahjálp. Ráðuneytið hefur leitað eftir tilnefningum frá þessum aðilum og einnig frá félmrn. til þátttöku í nefnd sem á að undirbúa það að fullorðinsfræðsla fatlaðra verði sjálfseignarstofnun eins og aðrar símenntunarmiðstöðvar sem hér hafa verið stofnaðar á undanförnum missirum. Þannig er unnið að því að koma þessu í það horf að fullorðinsfræðslan standi jafnfætis öðrum símenntunarmiðstöðvum.

Hins vegar hefur ráðuneytið gert meira fyrir fullorðinsfræðslu fatlaðra en þessar fullorðinsfræðslumiðstöðvar almennt, m.a. þegar litið er til húsnæðismála. Eins og fram kom eru hér ýmis hús sem fullorðinsfræðslan hefur til afnota og það er ekki rétt að gefa þá mynd af þessari starfsemi að hún þurfi endilega öll að vera á sama stað. Þar er verið að sinna mismunandi starfsþáttum. En varðandi bóklega þáttinn sem hér kom til umræðu sérstaklega og hefur verið í Borgarholtsskólanum undanfarin missiri þá er stefnt að því að hann verði þar áfram á næsta vetri. Hins vegar er það vilji ráðuneytisins og hefur lengi staðið til að finna fullorðinsfræðslunni og þessum þætti í starfi hennar varanlegt húsnæði sem taki tillit til þarfa fullorðinsfræðslunnar með öðrum hætti en hingað til hefur verið unnt að gera. Það fara fram viðræður við Reykjavíkurborg um þessa þætti. Menn hafa ákveðið húsnæði í huga og einnig kemur að sjálfsögðu til álita að stuðla að því að reisa sérstakt hús fyrir þessa starfsemi. Ég tel að það sé mikilvægt að ljúka skipulagsvinnunni og koma fullorðinsfræðslunni í það skipulagshorf sem treystir hana í sessi sem einingu og nær þannig utan um þá miklu starfsemi sem þar fer fram.

Ég skil ekki almennilega hvað hv. þm. á við þegar vísað er til þess að samdráttur sé í fjárveitingum til fullorðinsfræðslu fatlaðra á þessu ári. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, og hv. þm. ætti einnig að geta haft ef hann hefði litið á fjárlög síðasta árs og fjárlög þessa árs, voru í fjárlögum ársins 1999 84,5 millj. ætlaðar til fullorðinsfræðslu fatlaðra en á þessu ári á að verja til þessarar starfsemi 106,6 millj. kr. Þarna er um 20 millj. kr. hækkun á framlögum til fullorðinsfræðslu fatlaðra þannig að það skýtur mjög skökku við þegar hv. þm. fullyrðir að það sé verið að draga saman seglin að því er þennan þátt varðar.

Eins og ég sagði þá lítur menntmrh. á það sem sérstakt hlutverk sitt að styðja betur við fullorðinsfræðslu fatlaðra en símenntunar- og fullorðinsfræðslumiðstöðvar almennt. Við munum halda því áfram og ég stefni að því að skapa þessari starfsemi það öryggi að menn þurfi ekki að vera í þeirri óvissu sem þeir telja að stundum hafi steðjað að starfinu. En það hefur aldrei orðið neitt hlé á þessu starfi síðan 1991. Það hefur þróast og þroskast eðlilega og þar á sérstakan heiður skilinn María Kjeld sem leitt hefur starfið og tekur nú þátt í þessum undirbúningi sem við höfum lagt af stað með til að skapa fullorðinsfræðslunni betri og skýrari starfsramma en hún hefur haft til þessa.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin og lýsi því yfir að mér þykir ákaflega vænt um að heyra falleg orð hæstv. ráðherra í garð fullorðinsfræðslunnar. Ég finn að hann metur mikils það starf sem þar er innt af hendi og þar deilum við svo sannarlega sömu skoðun.

Mig langar til að lýsa yfir ánægju minni með að heyra að vilji ráðuneytisins sé að leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar sem er talsverður. Ég hef sjálf komið í hús fullorðinsfræðslunnar í Blesugróf. Það er afskaplega erfitt fyrir fatlað fólk. Það er einbýlishús með stórum stiga upp í gegnum mitt húsið og af sjálfu leiðir að hann nýtist ekki fyrir þá sem þarna þurfa að fara um sali eða húsakynni.

Varðandi orð hæstv. ráðherra um fjármálin, fjárveitingarnar og þær hafi ekki minnkað eða verið dregnar saman vil ég einungis segja að það sem ég hef fyrir mér og er grunnurinn að spurningu minni, herra forseti, er sótt í fréttabréf fullorðinsfræðslu fatlaðra sem gefið var út sl. haust. Þar segir að vegna rekstrarfjárskorts hafi orðið að draga nokkuð saman starfsemina á höfuðborgarsvæðinu nú í haust og fækka nemendatímum í námskeiðum. „Þetta hefur auðvitað komið illa við marga og ber að harma.“, segir í þessu fréttabréfi, með leyfi forseta. Þetta hafði ég fyrir mér í því.

Eins má geta þess hér að hollvinasamtök fullorðinsfræðslunnar hafa verið stofnuð. Þau voru stofnuð 29. mars sl. Það má ætla af orðum hæstv. ráðherra og af þeim áhuga sem það fólk sem stendur að hollvinasamtökunum hefur sýnt á þessu málefni, að fáni fullorðinsfræðslunnar verði borinn hátt á næstu missirum. Ég treysti því, herra forseti, að hún fái að blómstra undir handleiðslu hæstv. ráðherra.

[15:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég var á sunnudaginn viðstaddur upphaf kynningardaga fullorðinsfræðslu fatlaðra í Ráðhúsinu í Reykjavík og þar var fjöldi nemenda og aðstandenda þeirra og einnig forustumenn í fullorðnisfræðslunni. Það er engan bilbug að finna hjá því fólki sem að þessu starfar að halda starfi fullorðinsfræðslunnar áfram og við hv. þm. hljótum að leggja okkur fram um að gera það sem í okkar valdi stendur til að þessi starfemi þróist.

Einnig er sú breyting orðin á málefnum fatlaðra þegar litið er til menntunar að framhaldsskólarnir hafa opnað dyr sínar fyrir fötluðu fólki í mun ríkari mæli en áður var á grundvelli nýrra framhaldsskólalaga. Nokkur fjárveiting er til þess á þessu ári að geta boðið fötluðum þriðja árið á framhaldsskólastigi. Hins vegar verða skilin á milli skólastarfs og þess sem felst í starfsþjálfun ógreinilegri eftir því sem þetta fólk eldist. Þarna þarf því að vera gott samstarf milli skóla og atvinnulífs og milli skóla og fullorðinsfræðslu fatlaðra. Við þurfum því að vinna að þessu öllu samtímis til að tryggja sem best stöðu fatlaðra og menntun þeirra.

Fundi slitið kl. 15:32.

---

92. FUNDUR

miðvikudaginn 5. apríl,
að loknum 91. fundi.

Dagskrá:

Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 549. mál, þskj. 851, nál. 930 og 935. — 2. umr.

Vörugjald af ökutækjum, 2. umr.

Stjfrv., 549. mál. — Þskj. 851, nál. 930 og 935.

[15:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Nefndin fékk á sinn fund ýmsa gesti, m.a. frá nokkrum samtökum og auk þess bárust umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Með frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um vörugjald af ökutækjum.

Helsta breytingin sem lögð er til er fækkun á flokkum vörugjalds á fólksbifreiðar úr þremur í tvo og að vörugjald á fólksbifreiðar með aflmeiri vélar verði lækkað nokkuð frá núgildandi lögum. Með breytingunni er stefnt að því að gera fleirum kleift að kaupa öruggari og betur búnar bifreiðar en einnig mun breytingin að líkindum leiða til þess að draga mun úr innflutningi notaðra bifreiða sem oft eru búnar ófullkomnum mengunarvarnabúnaði.

Meðal annarra breytinga sem lagðar eru til í frv. er að vörugjald af bifhjólum, vélsleðum og fjórhjólum verði lækkað úr 70% í 30%. Þá er lagt til að lækkað verði gjald af fólksbifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum þannig að bílaleigur hérlendis verði samkeppnishæfari samanborið við slíka þjónustu í öðrum löndum. Loks er lögð til veruleg lækkun á vörugjaldi á bifreiðar sem eru sérútbúnar fyrir fatlaða.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir það rita hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson, Einar Oddur Kristjánsson, Jón Kristjánsson, og Vigdís Hauksdóttir.

[15:34]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er komið til 2. umr. frv. til laga um breytingu á vörugjaldi af ökutækjum sem ríkisstjórnin hefur lagt til að afgreidd verði með miklum hraða. Þar ber ríkisstjórnin fyrir sig markaðslegar ástæður. Það hefði verið eðlilegt að efh.- og viðskn. hefði getað fjallað um þetta mál og fengið til þess lengri tíma en raun ber vitni. Rétt áður en ég kom í ræðustól voru enn að berast umsagnir um þetta mál. Þar voru umsagnir frá Landvernd og náttúruverndarsamtökum sem ástæða hefði verið til að fjalla frekar um.

Ýmis rök kunna að vera fyrir því að einfalda og samræma vörugjald af ökutækjum og almennt getur slík einföldun verið mjög jákvæð. Það er líka afar jákvætt að lækka mjög mikið vörugjald af sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða. Það er ástæða til að fagna því enda hefur sú breyting óveruleg

áhrif á tekjur ríkissjóðs. Ég hef aflað mér gagna um að hér er einungis að meðaltali um fimm sérbúna bíla fyrir fatlaða að ræða á ári. Áhrifin af þeirri breytingu sem hæstv. fjmrh. leggur til eru um 900 þús. kr. á hvern bíl þannig að hér erum við að tala um 4,5 millj. Eftir stendur þá 10% vörugjald af bifreiðum fatlaðra. Miðað við hve hér er um litla fjárhæð að ræða, um 200 þús. kr. á hvern bíl, hefði ég talið að ganga ætti alla leið að því er varðar þessa sérbúnu bifreiðar fatlaðra og fella af þeim vörugjaldið.

Minni hlutinn tekur undir það með Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og BSRB að lækkun skatta á stærstu bifreiðarnar sé óskynsamleg miðað við núverandi stöðu efnahagsmála en áætlað tekjutap ríkissjóðs sem leiðir af breytingunum er samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjmrn. um 300–350 millj. kr. auk 50–60 millj. taps vegna lækkunar á vörugjaldi af bifhjólum, vélsleðum og fjórhjólum. Hins vegar er athyglisvert að á móti gerir fjárlagaskrifstofan ráð fyrir að aukin eftirspurn eftir bifreiðum geti að einhverju leyti vegið upp tekjutapið. Sú athugasemd að breytingin leiði til aukinnar eftirspurnar er athyglisverð og staðfestir það sem Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki hafa haldið fram, og við í minni hlutanum tökum undir, að áhrif frv. eru þensluhvetjandi. Við teljum því að meginbreytingar þessa frv. séu afar varhugaverðar miðað við ríkjandi efnahagsástand. Þjóðhagsstofnun telur að út frá hagfræðilegu sjónarhorni megi færa rök fyrir því að leggja beri sömu opinberu gjöld á allar gerðir bifreiða þannig að gjaldtakan sjálf stýri ekki kaupákvörðun neytenda en þyngra vegi að þær efnahagslegu aðstæður sem nú ríkja mæli á móti slíkri breytingu.

Þjóðhagsstofnun bendir jafnframt á að innflutningur hefur vaxið mjög hratt á síðustu árum eða frá árinu 1995. Þjóðhagsstofnun bendir á að hann hafi aukist um 175% á föstu verðlagi. Innfluttum bílum hefur fjölgað frá árinu 1995, úr tæplega 7.000 í rúmlega 17.300 á árinu 1999. Það er líka hægt að skoða þetta í ljósi þess að innflutningur bifreiða á árunum 1995–1999 vex úr 5,2 milljörðum í 13,6 milljarða. Við erum að tala um gífurlega mikinn vöxt í innflutningi bifreiða á umliðnum árum.

Eins og fram hefur komið eru áhrif þessara breytinga langmest á stærstu bifreiðarnar eða jeppana. Í yfirliti sem við fengum frá fjmrn. er um það að ræða að á stærstu bílunum, sem eru með vélarstærð yfir 2.500 rúmsentímetra, erum við að tala um 10,47% lækkun sem getur verið á fimmta hundrað þús. kr. Á minni bílunum, 2000–2.500 rúmsentímetra í vélarstærð, erum við að tala um rúmlega 3% hækkun sem er um 74 þús. kr. og á bifreiðum með 1.600–2.000 rúmsentímetra vél er lækkunin upp á 6,14% eða tæpar 125 þús. kr.

Þjóðhagsstofnun hefur bent á að frá árinu 1995 hafi einkaneysla aukist um tæplega 6% á ári á mann en bifreiðaliður einkaneyslunnar hefur aukist um 12,5% á ári á mann. Jafnframt því vekur Þjóðhagsstofnun athygli á því að einkaneyslan undanfarin ár hafi aukist meira en kaupmáttur og mikill halli sé á vöruskiptum við útlönd. Það má auðvitað skoða þetta mál út frá ýmsum hliðum og við í minni hlutanum höfum gert það. Umferðarþunginn er áhyggjuefni samfara þessum ört stækkandi bílaflota, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, og mengunin því samfara.

Samkvæmt yfirliti frá Þjóðhagsstofnun yfir fólksbílaeign í löndum OECD frá árinu 1995 þá var Ísland á bekk með þjóðum sem flest ökutæki höfðu á hverja þúsund íbúa. Frá þeim tíma hefur bílaeign Íslendinga vaxið um 250 þúsund bifreiðar og má áætla að fjöldi einkabíla hér á landi sé með því mesta sem þekkist meðal þjóða. Ljóst er að hér á höfuðborgarsvæðinu hefur þessi mikli bílafloti oft leitt til mikils öngþveitis í umferðarmálum. Það má benda á að umferð í Reykjavík er þrisvar til fjórum sinnum meiri en gerist í borgum af sambærilegri stærð í Evrópu. Ég held að það fari ekki á milli mála að þessi breyting muni enn auka innflutning á bílum. Það segir auðvitað sína sögu að skráðum einkabílum í Reykjavík hefur fjölgað um 40% á milli áranna 1994 og 1999. Það kemur fram í miklu álagi á gatnakerfið, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, og vaxandi mengun sem er mikið áhyggjuefni. Út á það gengur einmitt umsögn Landverndar og fleiri náttúruverndarsamtaka sem mér var að berast fyrir örfáum mínútum síðan.

Þjóðhagsstofnun vekur athygli á lántökum og skuldum vegna bílaeignar og telur varlega áætlað að bílalán nemi um helmingi af kaupverði að meðaltali. Jafnframt bendir Þjóðhagsstofnun á að skuldir heimilanna hafi aukist um 77 milljarða kr. frá árslokum 1998 til ársloka 1999, þ.e. á einu ári, og sé nú komið í 513 milljarða. Einnig er athyglisvert að á árinu 1998 var eignaaukning heimilanna í landinu meiri vegna bílakaupa heldur en íbúðarhúsnæðis.

Útlán til bílakaupa hjá tryggingafélögum og eignaleigum hafa líka vaxið gífurlega á sl. fjórum árum, þau hafa aukist um hátt í 500%. Þau voru á árinu 1995 tæpir 2 milljarðar kr. en á árinu 1998 rúmlega 9 milljarðar kr. Ég tel að bæði útlánaaukning banka og tryggingafélaga hafi aukið verulega á einknaeysluna og dregið niður þjóðhagslegan sparnað. Ég sé því varla ástæðu til að bæta þar í miðað við efnahagsaðstæður. Þær skattalækkanir á bílum sem frv. gerir ráð fyrir gætu enn aukið á útlán í bönkum og valdið þenslu í þjóðfélaginu.

Seðlabankinn hefur líka gert mjög alvarlegar athugasemdir við þetta frv. sem lúta að þjóðhagslegum áhrifum þessara breytinga við ríkjandi efnahagsskilyrði. Þar er talið að frv. gangi í ranga átt miðað við þá þörf sem er á auknu aðhaldi. Í umsögn Seðlabankans segir að skattalækkunin sem í þessari breytingu felst muni ýta enn frekar undir innlenda eftirspurn og leiða til aukins viðskiptahalla, annars vegar vegna beinna tekjuáhrifa en einnig muni breytingar á hlutfallslegu verði gefa sjálfstætt tilefni til bifreiðakaupa sem í einhverjum mæli verði fjármögnuð með lánsfé. Mælist Seðlabankinn til þess að breytingin verði útfærð þannig að skattlagning á innfluttar bifreiðar minnki ekki á heildina litið.

Við þessa umræðu, nú þegar við höfum fengið umsagnir Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka sem vara alvarlega við þessari breytingu miðað við ríkjandi efnahagsástand, hefði verið ástæða til að fá fram skoðun hæstv. ráðherra á þeim umsögnum. Hins vegar finnst mér hæstv. ráðherra og reyndar fleiri aðilar sem mæla með þessari breytingu, t.d. Bílgreinasambandið, hafi gert allt of lítið úr efnahagslegum áhrifum þessara breytinga.

Fylgjendur þessa hafa bent á að þegar á árunum 1993, 1995 og 1996 hafi gjaldflokkarnir verið einfaldaðir og samræmdir, þeim fækkað og vörugjaldið á bifreiðum í ákveðnum stærðarflokkum lækkað. Þeir vísa til þess að það hafi ekki haft nein áhrif á efnahagsástandið. Að mínu viti er það langt frá því að vera samanburðarhæft að vitna í ástandið á árinu 1993. Þeir vísa þar einkum til viðskiptahallans og almenns ríkjandi efnahagsástands. Á árinu 1993 og reyndar 1995 líka var slaki í hagkerfinu en ekki ofþensla. Þá var útlánaeftirspurn mun minni en nú og framboðið kannski minna. Þá var ekki svona mikill viðskiptahalli heldur afgangur upp á 0,8%. Útlánin voru um 5% í innlánsstofnunum og í lánakerfinu í

heild um 11% á árinu 1993. Sama gildir raunverulega um árið 1995 sem menn bera einnig fyrir sig, að þetta hafi ekki haft nein áhrif á efnahagslífið þá. Þá var líka afgangur þegar við skoðun viðskiptahallann upp á 0,9% og í útlánum innlánastofnana var engin aukning. Ef við skoðum árið 1996 þá var viðskiptahallinn 1,6% samanborið við það að viðskiptahallinn er núna 7,2% af landsframleiðslu.

Vegna þessa er ekki hægt að bera saman breytingarnar núna og lækkun á vörugjaldinu árið 1995, 1996 og reyndar 1993 líka. Ef við lítum á lánakerfið í heild þá eru útlán upp á 17,5% og hjá innlánsstofnunum upp á 23% en voru mun minni á þeim árum sem vörugjaldsbreytingar vegna ökutækja höfðu ekki nein efnahagsleg áhrif. Ég tel það mjög mikilvægt að fá fram skoðun ráðherra á umsögnum Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka í þessu efni.

Alþýðusambandið leggst sömuleiðis eindregið gegn frv., m.a. vegna þess að viðskiptahallinn stafi að stórum hluta af mikilli aukningu á vöruinnflutningi. Í umsögn ASÍ segir að ef lækka eigi skatta telji ASÍ að lækkunin eigi fyrst og fremst að gagnast þeim tekjulægstu og elli- og örorkulífeyrisþegum. Þeir benda á að skattalækkun á dýrari bifreiðum gagnist fyrst og fremst þeim sem hafa efni á að kaupa dýra og stóra og neyslufreka bíla. Talið er að breytingin muni auka á tekjuójöfnuð í landinu, eins og þeir segja.

BSRB varar líka við þessum breytingum og spyr hvað valdi því að ríkisstjórnin beiti sér fyrir skattalækkunum á bifreiðum nú því erfitt sé að koma auga á félagsleg og efnahagsleg rök sem mæli með þeim breytingum sem áformaðar eru. Þegar ráðist er í skattalækkanir er eðlilegt að forgangsraða þannig að skattaívilnair skili sér fyrst og fremst til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda. Ekki er talið að svo sé gert í þessu frv. BSRB hvetur til varfærni í þessum efnum og hvetur alþingismenn til að grípa til þeirra skattkerfisbreytinga einna sem til þess séu fallnar að stuðla að kjarajöfnuði í þjóðfélaginu jafnframt því sem þær treysti stöðugleika í efnahagslífinu.

Maður veltir því fyrir sér af hverju farið er í þessar breytingar núna miðað við þær erfiðu efnahagsaðstæður sem við búum við. Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki hafa varað við þeim. Fyrir breytingunum hafa ekki komið nein haldbær rök að mínu viti. Maður hefði talið skynsamlegt, ef á annað borð er svigrúm til að lækka skattaálögur ríkisvaldsins á bifreiðar, að fara frekar í það að lækka meira skatta á bensínið vegna þess að það hefði komið mörgum til góða.

Bent er á að samdráttur sé í bílainnflutningi núna. Maður veltir fyrir sér hvort bílamarkaðurinn hafi ekki haft eitthvert veður af þessum breytingum og það sé fyrst og fremst ástæðan fyrir samdrætti í innflutningi fremur en eitthvað annað. Þannig hefði verið eðlilegt að fá meiri tíma til að fjalla um þetta mál en afgreiða það ekki svona í hendingskasti eins og hér er gert.

Ég minni á umsögn sem var að koma frá Landvernd og náttúru- og umhverfisverndarsamtökum á Íslandi sem telja að verði frv. að lögum liggi í augum uppi að neysla beinist fremur að bílum sem eyða meira eldsneyti. Þeir lýsa sig reiðubúna til samráðs við stjórnvöld með það í huga að gera breytingar á núverandi gjaldheimtu á ökutækjum þannig að stuðla megi að umhverfisvænni samgöngum hér á landi. Samtökin harma þann hraða sem einkennir afgreiðslu þessa frv. sem fyrirhugað er að afgreiða á Alþingi í dag. Þá er minnt á nauðsyn þess að stjórnvöld beiti sér fyrir aðgerðum sem dragi sem mest úr notkun eldsneytis sem veldur losun gróðurhúslofttegunda. Samtökin skora á Alþingi að fjalla ítarlega um þetta mál og fá fram öll sjónarmið áður en til afgreiðslu þess kemur. Í þessu sambandi má vísa í Árósasamninginn en þar er staðfest mikilvægi þess að stjórnvöld hafi samráð við frjáls félagasamtök um mótun umhverfisstefnu.

Ég geri ekki ráð fyrir að efh.- og viðskn. gefist tími til þess að fjalla um þessa hlið málsins. Auðvitað væri hægt að fjalla mjög ítarlega um þetta mál og áhrifin af því. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að knappur tími er til þingstarfa í þessum sal vegna þess að það er að koma að þingflokksfundum. Ég vil því lýsa niðurstöðu minni hlutans hér í lokin:

„Það er skoðun minni hlutans að það sé vissulega umhugsunarvert að ríkisstjórnin ætli að ganga þvert gegn alvarlegum aðvörunum efnahagsstofnana þjóðarinnar, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Þær vara sterklega við þensluhvetjandi áhrifum þessara breytinga, sem munu m.a. auka viðskiptahallann og útlán lánastofnana, kynda undir verðbólguna og draga úr sparnaði. Þjóðhagslegur sparnaður hefur ekki verið minni um langt skeið, eða síðan í lok áttunda áratugarins, en hann var á síðasta ári aðeins 14% af landsframleiðslu.

Minni hlutinn telur afar óráðlegt að grípa til þensluhvetjandi aðgerða við ríkjandi efnahagsaðstæður og getur því ekki stutt málið."

Þetta er afstaða minni hlutans, herra forseti. Ég ítreka fyrirspurnir mína til hæstv. fjmrh. varðandi umsagnir Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka og spyr hæstv. ráðherra um afstöðu hans til frekari lækkunar á sérbúnum bifreiðum fatlaðra sem ég kom inn á í upphafi máls míns.

[15:53]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar síðasta atriðið, sérútbúna hjólastólabíla fyrir fatlaða, þá held ég að samkomulag sé um það milli manna að fella alveg niður vörugjaldið af þeim, þ.e. fara úr 30% ofan í 0% í stað þess að fara úr 30% ofan í 10%. Ég þakka þingmanninum fyrir ágætt samstarf um það mál.

Varðandi umsagnir þær sem borist hafa þá kemur auðvitað ekki á óvart að bæði Seðlabanki og Þjóðhagsstofnun skuli fara með nokkur viðvörunarorð í sambandi við mál sem lýst er yfir í grg. að muni valda tekjutapi hjá ríkissjóði. Ég tel að það sé skylda þessara stofnana að hafa uppi slík viðvörunarorð. Áður en þetta frv. var flutt veltu menn þessum þáttum að sjálfsögðu vel og vandlega fyrir sér.

Ég tel hins vegar að hér sé um að ræða svo lágar upphæðir sé litið til hagkerfis okkar í heild, eins og ég sagði við 1. umr., að þær velti einar og sér ekki þungu hlassi. Það hefur verið mikil mettun á markaði fyrir bíla að undanförnu og þess er ekki að vænta að stökkbreytingar verði í kjölfarið á þessum lagabreytingum hér, alls ekki. Þess vegna taldi ég núna meira um vert að ná þeim markmiðum sem ætlunin er að ná með þessu frv. þó að búast hefði mátt við viðvörunarorðum hjá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka. Einhvern tíma verða menn að taka af skarið í svona málum ef menn hafa á annað borð þá sannfæringu að neyslustýringin eigi að vera minni en hún hefur verið.

Þess vegna er þetta gert núna. Meginmálið er að gefa fleirum kost á að eignast betri bíla, öruggari, umhverfisvænni og draga úr tollsvikum í sambandi við innflutning á notuðum bílum.

[15:57]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir afstöðu hans til vörugjalds á sérbúnum bifreiðum fyrir fatlaða. Ég vænti þess að á því verði tekið áður en þetta mál verður samþykkt frá Alþingi.

Ég verð að segja að afstaða hæstv. fjmrh. til þjóðhagslegra áhrifa af þessum breytingum vekja hjá mér furðu miðað við þann gífurlega innflutning sem hefur verið á bílum, miðað við gífurlegan viðskiptahalla og almenna þenslu í þjóðfélaginu, ekki síst í útlánum hjá bankastofnunum. Við erum að mínu viti að tala um töluverðar fjárhæðir, um 400 millj. kr., og hér liggja fyrir mjög sterkar aðvaranir frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun. Mér finnst það skylda stjórnvalda og ekki síst fjmrh. að hlusta á þær aðvaranir en þær hafa verið settar fram af minni hlutanum einnig sem tekur undir skoðanir Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka í þessu máli. Meira er sennilega ekki hægt að gera.

Hæstv. ráðherra sagði að ekki væri um annað að ræða en að stökkva í þessu máli, að alltaf væri spurning hvenær tímabært væri að gera slíkar breytingar. Hæstv. ráðherra hefur verið varaður við að gera þær núna miðað við ríkjandi efnahagsskilyrði. Nú er allt önnur staða uppi en var árin 1993, 1995 og 1996 þegar sambærilegar breytingar áttu sér stað. Við slík skilyrði er hægt að koma fram með slíkar breytingar. Það á ekki að koma með slíkan eldsmat inn í verðbólguna eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

[15:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert ágæta grein fyrir nál. sem minni hluti efh.- og viðskn. skrifar sameiginlega undir, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Rannveig Guðmundsdóttir ásamt mér. Ég ætla því ekki að hafa yfir þær röksemdir sem hún flutti hér og eru sameiginlega okkar allra.

Í stuttu máli er hér um skattalækkunarfrumvarp að ræða. Það er verið að lækka skatta, þ.e. lækka skatta á bíleigendum. Þeir sem eiga minnstu bílana standa í stað, þeir sem eiga bíla í milliflokki, með á milli 2.000 og 2.500 rúmsentímetra slagrými svo vísað sé í tæknimálið, hækka lítillega, eða um 2%, en stærsti flokkurinn lækkar um 12% og fer þá úr 65% í 45%. Með öðrum orðum, þetta er skattalækkunarfrumvarp fyrir bíleigendur.

Það er sitthvað jákvætt í þessu frv. Þar vísa ég sérstaklega til fatlaðra vegna þess að bifreiðar sérútbúnar fyrir fatlaða lækka verulega. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna því. Eins þykir mér rétt að fram komi að ég tel til bóta að lækka gjöld á bílum í atvinnurekstri og sérstaklega bílum sem notaðir eru af bílaleigum. Eitt af því sem að mínum dómi hefur staðið íslenskum ferðaiðnaði fyrir þrifum er hinn hái kostnaður við bílaleigu.

En hér lýkur eiginlega því sem ég er ánægður með í frv. vegna þess að við þær aðstæður sem við búum við nú tel ég þetta frv. og þær breytingar sem verið er að ráðast í afar óskynsamlegar. Afstaða mín er studd af áliti sem kemur bæði frá Seðlabankanum og Þjóðhagsstofnun en auk þess hafa stærstu launþegasamtök landsins, Alþýðusamband Íslands og BSRB, lýst andstöðu og efasemdum við þessa ráðagjörð.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í þann hluta nál. þar sem við vísum í athugasemdir frá ASÍ og BSRB. Hér segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn frumvarpinu, m.a. vegna þess að viðskiptahallinn stafi að stórum hluta af mikilli aukningu vöruinnflutnings sem hafi aukist meira en kaupmáttur og landsframleiðsla á undanförnum árum, en á síðasta ári var aukningin einna mest í bifreiðainnflutningi.

Einnig bendir ASÍ á að skattalækkun á dýrari bifreiðum gagnist fyrst og fremst þeim sem hafi efni á að kaupa dýra, stóra og neyslufreka bíla og hún auki líka á tekjujöfnuð í landinu. Orðrétt segir í umsögn ASÍ: „Ef lækka á skatta telur ASÍ að lækkunin eigi fyrst og fremst að gagnast þeim tekjulægstu og elli- og örorkulífeyrisþegum.““

Í umsögn BSRB segir eftirfarandi:

„Eðlilegt er að spyrja hvað valdi því að ríkisstjórnin beiti sér fyrir skattalækkunum á bifreiðum nú því erfitt er að koma auga á félagsleg og efnahagsleg rök sem mæla með þeim breytingum sem áformaðar eru. Þegar ráðist er í skattalækkanir er eðlilegt að forgangsraðað sé þannig að skattaívilnanir skili sér fyrst og fremst til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda. Það er ekki gert með þessu frumvarpi. Að vísu er lagt til að skattar á bifreiðar fatlaðra lækki og styður BSRB þá breytingu. Þegar á heildina er litið koma breytingarnar mest til góða þeim sem hyggjast festa kaup á stórum og dýrum bifreiðum. Ætla má að kaupendur slíkra bifreiða séu þeir hópar í þjóðfélaginu sem hafa best efnin. Frumvarpið er því ekki kjarajafnandi nema síður sé.“

Enn fremur segir í álitsgerð BSRB:

„Efnahagsleg rök virðast ekki mæla með þessari aðgerð fremur en hin félagslegu. Miklar líkur eru á að breytingarnar séu þensluvaldandi, auki innflutning bíla til landsins með tilheyrandi lántöku og þá einnig með þeim afleiðingum að viðskiptajöfnuður við útlönd verði enn óhagstæðari en hann nú er og er þá vart á bætandi.

BSRB hvetur til varfærni í þessum efnum og hvetur alþingismenn til að grípa til þeirra skattkerfisbreytinga einna sem eru til þess fallnar að stuðla að kjarajöfnuði í þjóðfélaginu jafnframt því sem þær treysti stöðugleika í efnahagslífinu.“

Undir þetta sjónarmið tökum við í minnihlutaálitinu og vörum mjög við þessu frv. þótt við fögnum einstökum liðum þess og sérstaklega því sem snýr að fötluðu fólki. Það teljum við vera til bóta.

Ríkissjóður verður fyrir tekjutapi sem nemur að öllum líkindum um 350 millj. kr. að óbreyttum innflutningi. Nú getur þetta hins vegar leitt til þess að innflutningur til landsins aukist. Ef það gerist mun það auka á viðskiptahalla þjóðarinnar sem er ærinn fyrir og reyndar meiri en dæmi eru um um langan aldur og hefur svo verið núna undanfarin tvö ár.

Haft er á orði að þetta sé allt gert til þess að jafna kerfið, fækka flokkum í hagræðingarskyni o.s.frv. Ég held að staðreyndin sé sú að enn eina ferðina er ríkisstjórnin að mylja undir efnafólk í landinu því það er fyrst og fremst efnafólkið, þeir sem festa kaup á stærstu og dýrustu bifreiðunum, sem munu hagnast mest á þessum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Það er það sem málið snýst um fyrst og fremst. Fyrst og fremst snýst þetta mál um að mylja undir efnamesta hluta þjóðfélagsins.

Eitt að lokum, herra forseti, ég ítreka að þau rök sem ég vil gera að mínum hafa þegar komið fram í máli hv. þm.

Jóhönnu Sigurðardóttur sem flytur minnihlutaálitið ásamt mér og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur.

Það mál sem ég vildi vekja athygli á er að það er umhugsunarefni fyrir okkur hvernig við viljum haga samsetningu bílaflotans í landinu og hvaða afleiðingar þessi samsetning getur haft á öryggi á vegum landsins. Það er sagt í umræðum sem tengjast þessu máli að það sé ekki og eigi ekki að vera lengur í tísku að hafa með höndum neyslustýringu eins og það er kallað. Mér finnst neyslustýring ekki slæm og ekki óeðlilegt og reyna þá að beina neyslustýringunni inn í skynsamlegan farveg og eitt af því er samsetning bílaflotans.

Það kemur fram í ágætu riti sem var gefið út í Noregi árið 1997 þar sem þessi mál voru könnuð að það skiptir verulegu máli hvernig bílaflotinn er samsettur. Því minni sem bílarnir eru og því léttari sem bílarnir eru, þeim mun ólíklegri eru þeir til að valda öðrum tjóni. Því fleiri sem hinir stóru, öflugu drekar eru því líklegri eru þeir að valda þeim tjóni sem eru á smærri bílum. Þetta er staðreynd. Þetta kemur fram í ágætum tölfræðiupplýsingum í þessu riti og er gefið út af Transportøkonomisk institutt í Ósló árið 1997 en bókin heitir Trafikksikkerhetshåndbok.

Ég vil vekja athygli á þessu sjónarmiði en segja að lokum að Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki stutt þær lagabreytingar sem lagt er til að við samþykkjum með þessu frumvarpi.

[Fundarhlé. — 16:07]

[18:00]

Útbýting þingskjals:

Ábúðarlög, 239. mál, frhnál. landbn., þskj. 940.

[18:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í því máli sem er til umfjöllunar, frv. til laga um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, þykir mér full ástæða til að draga inn einn þátt sem enn hefur ekki verið nefndur í ríkum mæli í þessari stuttu og hröðu umfjöllun sem fer nú fram, en það er umhverfisþátturinn.

Það er alveg ljóst að frv. þetta hvetur til kaupa á stærri bílum. Það er líka alveg ljóst að stærri bílar menga meira en minni bílar. Það er alveg sama hvernig við lítum á það mál, þeir eyða meira eldsneyti og þó að vélabúnaður verði sífellt fullkomnari þá þýðir stórfelld aukning í stærri bílum jafnframt stórfellda aukningu mengunar.

Ég tel ástæðu til að draga fram í umræðuna framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Ég tel það frv. sem liggur frammi stríða í meginatriðum gegn þeirri framkvæmdaáætlun sem ríkisstjórnin keyrir eftir í umhverfismálum. Þess vegna hef ég óskað eftir því, herra forseti, að hæstv. umhvrh. sé viðstödd orð mín því að ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. umhvrh. hvort ekkert hafi verið leitað til umhvrn. með álit á þessu frv. er varðar umhverfisþáttinn. Satt að segja hefði mér fundist full ástæða til og hvet því hæstv. umhvrh. til að koma og segja skoðun sína á málinu og hvernig þetta blasir við henni.

Verði frv. að lögum sýnist mér að verið sé lögleiða óskynsamlega stefnu í umhverfismálum hvað aukinn útblástur varðar. Ég hef líka verið að velta því fyrir mér hvort svona snaggaraleg afgreiðsla á málinu sé ekki hættuleg fyrir okkur. Mér sýnist þetta vera mál sem þyrfti miklu meiri ígrundun og miklu gaumgæfilegri skoðun en möguleiki er á að gefa því í þessu hraða afgreiðsluferli.

Ég vil benda á það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag þar sem hún benti á að Náttúruverndarsamtök Íslands, Landvernd og Umhverfisverndarsamtök Íslands hafa tjáð sig um málið. Þau vara eindregið við því að þungt lóð sé lagt á vogarskálar aukinnar mengunar og þau lýsa sig reiðubúin til samstarfs í málum af þessu tagi en til þeirra var ekkert leitað í aðdraganda vinnunnar við þetta frv. Benda má á að í áliti þessara samtaka nefna þau Árósasamninginn til sögunnar, sem er samningur sem við Íslendingar erum aðilar að og skuldbindur okkur til þess að leita til frjálsra félagasamtaka á borð við þau sem hér voru nefnd í málefnum sem þau snerta.

Annað mál langar mig að nefna sem ég tel vera varhugavert í þessu frv. og það lýtur að öryggismálunum því að ég held að hér séu á ferðinni falskar upplýsingar í grg. með frv. og í ræðu hæstv. fjmrh. hafi komið fram falskt öryggi. Ég fullyrði að áhættuhópurinn í umferðaröryggismálunum kemur ekki til með að minnka við það að allir fari að aka um á stórum bílum. Áhættuhópurinn breytist og þeir sem verða fyrir barðinu á tjóni sem stór bíll veldur verða fyrir meira tjóni en hinir sem verða fyrir tjóni sem lítill bíll veldur. Því léttari sem bíllinn er því minna tjóni veldur hann á öðrum eigum, öðrum ökutækjum og mögulega fólki. Því stærri sem bíllinn er því meira tjóni veldur hann á öðrum ökutækjum, á öðrum eigum og á fólki.

Ég veit til þess að í Skandinavíu hefur verið hreyfing í gangi sem er að vinna að því að minnka fjölda stórra bifreiða í umferð í borgum vegna þess að þeir valda meira tjóni en litlir og léttir bílar. Þessa er ekki getið í umræðunni um þetta frv. Ég tel því ekki vera um að ræða neitt mál sem eykur öryggi fólks í umferðinni því að sá sem er öruggur, sá eini sem er öruggur í stóru bílunum, er sá sem situr inni í bílnum en hinir sem verða fyrir árekstri sem stór bíll veldur eru í meiri hættu. Áhættuhópurinn breytist því og jafnvel stækkar.

Þetta vildi ég draga fram í dagsljósið, herra forseti, og þætti mikill fengur í því að fá einhvers konar umsögn eða álit hæstv. umhvrh. á þessum þáttum sem ég tel heyra undir umhvrn. og málaflokk hæstv. umhvrh. þannig að ég fagna því að umhvrh. hæstv. skuli vera í salnum.

[18:06]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Reyndar flyt ég nú ekki þetta mál sem hér um ræðir en mér er sönn ánægja að svara hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur þessari spurningu.

Eins og ég hef skilið þetta mál hafa tiltölulega fáar bifreiðar verið fluttar inn í 65% gjaldflokknum hingað til, eða um 900–1.000 bílar á meðan heildarinnflutningur á fólksbifreiðum hefur verið 12–17 þúsund á hverju ári. Mikill meiri hluti þeirra bíla sem hafa verið fluttir inn í efsta gjaldflokki eða sjö af hverjum tíu hafa verið notaðir bílar sem í mörgum tilvikum hafa síður uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar til bifreiða varðandi mengunarvarnir og nýtingu eldsneytis. Bílaflotinn hefur því verið að menga tiltölulega mikið vegna þessa.

Lækkunin úr 65% vörugjaldi í 45% er þar af leiðandi til þess fallin að draga úr innflutningi á þessum ófullkomnu bifreiðum og getur því stuðlað að því að heildarmengun frá bifreiðum minnki. Rökin eru eiginlega þau að með því að stíga þetta skref núna, með því að einfalda þetta kerfi fara menn frekar út í það að kaupa bíla sem eru með betri mengunarvarnabúnaði en að flytja inn ónýtar bifreiðar eða bifreiðar sem eru ekki með eins góðum mengunarvarnabúnaði.

Ég get líka svarað því, hæstv. forseti, að ekki var haft neitt formlegt samráð við umhvrn. varðandi vinnslu á þessu frv. af því að þeirri spurningu var einnig beint til mín.

[18:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir að upplýsa að ekki hafi verið haft neitt samráð við ráðuneyti hennar þegar þetta mál var undirbúið og beini þar með ábendingu til hæstv. fjmrh. og þeirra annarra sem hér sitja úr hæstv. ríkisstjórn að það er auðvitað sjálfsagt þegar um svona mál er fjallað að leitað sé til ráðuneytis umhverfismála sem hefur á forsjá sinni framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun í samfélaginu. Það þarf ekki neinar mannvitsbrekkur til að sjá að hér er verið að hvetja til aukins innflutnings á stórum ökutækjum og stór ökutæki eyða meira bensíni eðli málsins samkvæmt. Þar af leiðandi er þetta mál sem heyrir undir málasvið hæstv. umhvrh. Það hefði því verið eðlilegt í þessu tiltekna máli að leitað hefði verið til hennar.

Hvað varðar eldri bílana get ég svo sem alveg tekið undir að það er rétt að notaðir bílar menga venjulega meira en þeir nýju. En það breytir ekki því að hér er verið að hvetja til notkunar á bílum sem eyða meira eldsneyti og ríkisstjórnin er með stefnu í gangi sem miðar að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Við höfum einnig skuldbundið okkur til þess að draga úr loftmengun og þar með myndun gróðurhúsalofttegunda.

[18:09]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda á að hér er um stjfrv. að ræða sem var að sjálfsögðu tekið fyrir í ríkisstjórninni og þar fórum við yfir þetta mál og þessi rök komu öll fram. Ég sá enga ástæðu til þess að stoppa frv. af með það sjónarmið í huga sem hér er dregið fram sérstaklega. Ég tel rökin vera fullnægjandi fyrir því að samþykkja þetta frv. vegna þess að það minnkar innflutning á notuðum bílum sem hafa slakari mengunarvarnabúnað en þeir nýju. Ég tel líka að öryggi sé mjög sterk rök í þessu máli, stærri bílarnir eru öruggari í keyrslu og draga þar af leiðandi úr alvarlegri umferðarslysum. Það þarf því að skoða mörg sjónarmið í þessu stóra máli.

Ef menn ætla ávallt að sjá einungis eitt sjónarmið, þ.e. að það sé slæmt að vera með stóra bíla, þá væri auðvitað eðlilegast bara að banna það að flytja inn stóra bíla ef maður ætlar að ganga alla leiðina til enda og vera bara á móti stórum bílum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti mjög mörgu en ég trúi því varla að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé á móti stórum bílum.

[18:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. umhvrh. sér ástæðu til að draga það fram í dagsljósið að Vinstri hreyfingin – grænt framboð geti mögulega verið á móti stórum bílum. Svo er alls ekki. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er með því að öryggi í umferðinni sé sem mest. Ég hef undir höndum skýrslu frá Noregi sem leiðir hið gagnstæða í ljós við það sem hæstv. umhvrh. er að segja. Í borgarsamfélagi er ekki meira öryggi af því, hvorki fyrir fólk eða eignir, að ekið sé um í auknum mæli á stórum bílum.

Þess vegna er Vinstri hreyfingin – grænt framboð með því að umferðaröryggi í borgum og bæjum sé aukið.

[18:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski óþarfi en samt er tilefni til að láta þess getið hvernig þingmál fá meðferð á vettvangi ríkisstjórnar áður en þau koma inn í þingið. Þau eru vitanlega kynnt í ríkisstjórn öllum ráðherrum og farið þar yfir þætti sem varða hugsanlega önnur ráðuneyti. Í þessu máli er það ekki aðeins umhvrh. sem hefði hugsanlega áhuga á málinu, umferðarmálin heyra undir dómsmrh. En fyrst og fremst er þetta þó skattamál og fjáröflunarmál fyrir ríkissjóð.

Hins vegar er það ekki rétt sem hv. þm. sagði að stórir bílar mengi alltaf meira en litlir. Það er að koma á markaðinn alls kyns nýr búnaður, nýr vélarbúnaður og nýrri tæki þar sem þessu er öfugt farið og mengunarvarnabúnaðurinn í bílunum gerir það að verkum að þeir þurfa stærra slagrými og þar af leiðandi stærri vélar. Þetta fer ekki alltaf saman.

Markmiðið hjá okkur er að gera mönnum kleift að flytja inn slíka bíla án þess að þeim sé sérstaklega refsað fyrir það með gjaldtöku af hálfu ríkisins.

Auðvitað er óöruggara að sitja í litlum bíl ef það kemur stór bíll og keyrir á hann. En það er öruggara að sitja í stórum bíl ef það kemur lítill bíll og keyrir á hann. Ég held að það sé almennt öruggara að vera í stærri bílum en litlum bílum upp á umferðaröryggið að gera. Við erum hér að ívilna sérstaklega algengustu fólksbílategundunum sem eru með allt að 2.000 kúbíksentímetra vélum þannig að æ fleiri geti fikrað sig upp í þann stærðarflokk af bílum sem hafa til þessa þurft að kaupa ódýrustu bílana.

En auðvitað geta allir núna, ef stærstu bílarnir lækka eins og fyrir er séð, fært sig upp um flokk sem á annað borð kaupa notaða bíla vegna þess að notaðir bílar munu lækka í verði af þessum ástæðum. Þetta mun gera fleirum kleift að kaupa öflugri, öruggari og betri bíla.

[18:14]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar orð hæstv. fjmrh. vil ég aðeins benda á að það er ekki nægilega gott að heyra af munni hans í umræðunni að hann haldi að það sé öruggara að aka um á stórum bílum og að hann haldi þegar á allt er litið að þannig sé það. Við höfum alveg möguleika á að kynna okkur þetta svo óyggjandi sé og það hafa farið fram rannsóknir á þessum málum. Ég býðst til þess að lána hæstv. fjmrh. þær upplýsingar sem ég hef undir höndum um öryggismál í umferðinni.

Auðvitað er þetta ekki umferðaröryggismál fyrst og fremst en það breytir því ekki að það er full þörf á því að horfa á allar hliðar málsins. Þó hér sé einungis um skattamál að ræða frá sjónarhóli hæstv. fjmrh. er það ekki þannig með okkur sum hin. Þetta er líka umferðaröryggismál og þetta er líka mengunarmál. Bílar sem eyða meira bensíni en hinir sem eyða minna bensíni hljóta á endanum að menga meira, eðli málsins samkvæmt.

[18:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæðulaust að halda uppi einhverju stagli um þetta mál. Í grg. með þessu frv. er farið yfir umhverfishliðar, öryggishliðar og fleiri atriði sem þarna skipta máli, eins og t.d. tolleftirlit og að hugsanlega sé pottur brotinn varðandi hinn mikla innflutning á notuðum bílum til landsins.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er ekki sammála forsendunum í þessu máli og þar við situr. Hún vill leggja

megináherslu á umhverfisþátt þessa máls eins og hún vill gera í öllum málum. Hún vill stjórna landinu, að því mér heyrist, eingöngu út frá umhverfissjónarmiðum. Það er því miður ekki hægt. Það verður að taka tillit til fleiri atriða. Hvort fólk hefur persónulega áhuga á stórum bílum eða ekki er að sjálfsögðu aukaatriði.

Hér er almennt verið að draga úr neyslustýringunni í landinu. Mér finnst það vera markmið í sjálfu sér. Svo hefur það þessar verkanir sem við höfum deilt um. En það þýðir ekki að halda áfram að stagla og segja „jú víst" eða eitthvað í þá áttina. Það verður að komast að niðurstöðu í málinu. Þetta mál er þess eðlis að það er ekki hægt að taka í það langan tíma hér í þinginu eins og skilningur hefur verið á. Það hefði mjög óheppileg áhrif á markaðnum, á verslun og viðskipti eins og alkunna er.

[18:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Varðandi síðustu orð hæstv. fjmrh. þar sem látið er að því liggja að umræður um þetta mál hér í þinginu séu til þess að tefja málið finnst mér afar ósanngjörn aðdróttun. (**Fjmrh.:** Ég var ekki að láta að því liggja.) Herra forseti. Það mátti skilja af máli ráðherrans að með því að fjalla um málið með hliðsjón af umhverfismálum, sem þó eru dregin fram sem röksemd fyrir þessum aðgerðum, væri verið að tefja umræðuna. Ég vil bara láta það koma skýrt fram að það hefur verið og er fullur vilji til að þetta mál fái hraða, eðlilega og góða afgreiðslu í þinginu.

Ég vildi, herra forseti, fyrst benda á að í þessu frv. eru ýmsir góðir hlutir. Það er mjög ánægjulegt að lækka skuli vörugjald af bifreiðum til fatlaðra. Ég tel það sé mjög góð aðgerð. Ég tel einnig að góð rök séu fyrir lækkun vörugjalds á bifreiðum til bílaleigna. Það hefur verið gagnrýnt hversu bílaleigur eru dýrar, ekki síst í tengslum við ferðaþjónustuna og mér finnst það mjög skiljanleg rök. Ég vil þó varpa fram spurningu varðandi það atriði.

Í fyrsta lagi: Verður fylgst með því að þessi lækkun komi strax fram eða eins skjótt og kostur er í verðlagningu þjónustu bílaleigna?

Í öðru lagi: Nú hafa bílaleigur margar hverjar gert bindandi samninga um útleigu á bílum til lengri tíma, a.m.k. til sumarsins í mörgum tilvikum. Eru einhverjar sérstakar aðgerðir af hálfu fjmrn. sem lúta að þessum þætti í rekstri bílaleignanna þannig að boðuð skattalækkun til þeirra komi til framkvæmda strax og fyrirhugað er?

Varðandi skattahliðina á málinu þá er það svo að sköttum er ávallt beitt til neyslustýringar með einum eða öðrum hætti, hvort sem er á þessu eða öðru. Þetta mál er óháð því hvort við erum með eða á móti sköttunum. Breytingarnar á sköttunum eru í sjálfu sér neyslustýrandi, þær breyta neyslunni. Að því held ég að eigi að huga varðandi þetta frv. Við getum sjálfsagt innst inni eða jafnvel áberandi haft löngun til að eiga góða bíla, jafnvel stóra bíla, sterka bíla og aflmikla bíla og allt það. Okkur kann að langa í fjórhjól og eiga snjósleða og allt þetta. Við getum sjálfsagt haft löngun til þess og óskað þess að þetta sé sem ódýrast. Það er ekki óeðlilegt í landi eins og Íslandi, landi hinna miklu fjarlægða þar sem einstaklingurinn og þjóðin eru háð einkabílnum. Það er í sjálfu sér réttlætanleg skoðun að vilja að farartækin séu sem ódýrust, ég deili í sjálfu sér þeirri skoðun. En hér er um skattabreytingarnar sjálfar að ræða og þá líka í hvaða umhverfi þær eru gerðar.

Ég vil, herra forseti, draga fram nokkur atriði varðandi umhverfið sem þessar skattabreytingar hafa áhrif á, umhverfið þar sem hin breytta neyslustýring á sér stað. Við skulum rifja upp að viðskiptahallinn á árinu 1999 reyndist um 43 milljarðar kr. eða 6,7% af landsframleiðslu. Fyrir fjárlög þess árs var að mig minnir aðeins gert ráð fyrir að viðskiptahallinn yrði 28–30 milljarðar. Það sýnir nú hversu sterk, örugg og traust peningastjórnunin eða áætlunin í fjármálum ríkisins er. Nú spáir Þjóðhagsstofnun hins vegar að viðskiptahallinn á árinu 2000 verði yfir 50 milljarðar kr., eða um 7,2% af landsframleiðslunni. Við afgreiðslu fjárlaga um síðustu jól var gert ráð fyrir að mig minnir rétt að viðskiptahallinn yrði um 38 milljarðar kr. Það eru bara örfáir mánuðir síðan. Hvers konar öryggi og vissa í peningastjórnun er þetta? Við stöndum frammi fyrir alvarlegri þróun þar sem viðskiptahallinn hefur a.m.k. þrjú undanfarin ár verið umfram 6% af landsframleiðslu. Þessi halli er ekki tilkominn vegna verulegrar aukningar í fjárfestingu í atvinnulífi hér innan lands. Nei, hallinn er fyrst og fremst tilkominn vegna aukinnar í neyslu, aukins vöruinnflutnings.

Það er ógnvekjandi, herra forseti, að á síðasta ári jukust skuldir heimilanna um 16%, eða 77 milljarða. Þær nema núna um 513 milljörðum kr. Þannig er ekki aðeins um heimilin heldur líka atvinnuvegina í þessu góðæri. Það er ekki verið að fjárfesta mikið í atvinnuvegunum. En skuldir atvinnuveganna við lánakerfið jukust um 133 milljarða kr. á sl. ári, um rúm 26%. Við þessar aðstæður snýst peningastjórnun Seðlabankans nánast alfarið um að halda genginu stöðugu með stöðugt hærri vöxtum. Vöxtum sem innlent atvinnulíf og íslensk heimili verða að greiða, jafn skuldsett og þau eru nú.

Vegna fastgengistefnunnar verður Seðlabankinn að beita öllu sínu afli til að viðhalda genginu og hefur því mun minni möguleika og svigrúm til að bregðast við í peningastjórnun innan lands. Það er það sem við erum að upplifa. Þessi mikli viðskiptahalli ógnar stöðugleika og fjárhagslegu sjálfstæði heimila og atvinnulífs, allra Íslendinga ef ekki verður brugðist við. Stór hluti þessa viðskiptahalla verður til við innflutning bíla. Stór hluti skuldaaukningar heimilanna verður einmitt til við bílakaup.

Lækkun á verði bíla eða breyting á framboði á bílum kallar á breytt munstur í bílakaupum, kallar á nýja þörf og meiri eftirspurn. Fréttir hafa borist af því að bílainnflutningur fyrstu þrjá mánuði ársins hefði dregist saman um 10–15% miðað við sömu mánuði í fyrra. Þau tíðindi ættu í sjálfu sér að vera gleðileg þegar horft er til viðskiptahallans.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að í þeim umsögnum sem borist hafa við þetta frv. frá aðilum efnahagslífsins, frá Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun, ASÍ og BSRB er varað við þessum breytingum. Allir þessir aðilar vara við því að lækka skatta á bílum og búa þar með til nýtt neyslumunstur, búa til svigrúm til nýrra þarfa og aukins innflutnings. Þeir telja að við núverandi aðstæður eigi enga áhættu að taka sem leitt geti til aukinnar þenslu og aukins innflutnings.

Ég tel því, herra forseti, að efnahagslegar aðstæður nú í dag hvetji ekki til þessara aðgerða. Ég tel fremur að letja ætti eindregið til þeirra. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh. þar sem hæstv. forsrh., yfirmaður efnahagsmála landsins er ekki viðstaddur: Hvernig sjá menn mjúka lendingu efnahagslífsins með svo miklum viðskiptahalla þrjú ár í röð? Þessi þrjú

ár er hann miklu hærri en gert var ráð fyrir. Þær áætlanir sem við erum að vinna út frá við gerð fjárlaga og ýmsar efnahagsaðgerðir eru þannig meira eða minna marklausar. Grundvallaratriði eins og áætlanir um viðskiptajöfnuð standast engan veginn.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vara við þessu frv. og við þessari neyslubreytingu. Ég vara við því að hér verði stigið skref til aukinnar þenslu og viðskiptahalla. Í efnahagsumhverfi sem einmitt ætti að letja okkur til slíkra aðgerða er þetta í sjálfu sér óþarfa áhætta.

[18:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi svara þeim spurningum sem komu fram í máli þingmannsins hér áðan varðandi bílaleigubílana. Að sjálfsögðu mun reynt að fylgjast með því að sú lækkun sem hér er verið að skapa grundvöll fyrir komi til framkvæmda sem fyrst, ef þingmaðurinn mætti nú vera að því að hlusta á svör við spurningum hans. Auðvitað verður reynt að tryggja það. Í frv. er gert ráð fyrir að þessi grein komi til framkvæmda 15. maí á meðan aðrar greinar frv. komi strax til framkvæmda. Ástæðan er sú að forsendan fyrir þessari breytingu er að Alþingi verði áður búið að samþykkja hið nýja frv. sem hér liggur á borðum manna um bílaleigur. Nú er verið að undirbúa brtt. varðandi þetta frv. sem lýtur að því að ef bílaleigur hafi í millitíðinni fest kaup á bílum sem mundu njóta ívilnunar samkvæmt ákvæðum þessara laga og þeirrar greinar sem ekki tekur gildi fyrr en 15. maí þá verði heimilt að endurgreiða þeim mismuninn. Það er til að tryggja að lækkunin komi fram. Það verður auðvitað í verkahring samgrn. að hafa eftirlit með hinum nýju lögum um bílaleigur og þar af leiðandi líka því hvernig fer með einstaka samninga sem búið er að gera fram í tímann á þessu sviði. Ég býst nú ekki við að það verði mjög flókið að leiðrétta taxta bílaleignanna í samræmi við ákvæðin sem hér er um að tefla og þær lækkanir sem geta orðið í kjölfarið á þessum lögum.

En það er ágætt að benda á það hér að auðvitað verður fylgst með því að bílaleigurnar standi sig í stykkinu þegar þær hafa loks fengið þá ívilnun sem forsvarsmenn þeirra hafa beðið eftir í mörg ár sem og aðilar í ferðaþjónustu á Íslandi.

[18:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ábendingum mínum fólst engin tortryggni gagnvart bílaleigum hér á landi og ég treysti því í sjálfu sér að þær láti þessa verðlækkun koma fram í verðlagi sínu. En engu að síður er ástæða til að vera á varðbergi og fylgja einmitt þessum þáttum eftir út í gegn, hvort sem það er hæstv. samgrh. eða fjmrh., þeir sitja nú báðir í ríkisstjórn og þetta hlýtur að vera hluti af ríkisstjórnarákvörðuninni hvernig með þetta verður farið. En mikilvægt er að þetta komist endanlega til neytandans, ég vil árétta það og þakka fyrir undirtektir hæstv. fjmrh. í þeim efnum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:36]

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SF, VS, VH, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KA, KolH, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, GE, GÁS, HBl, HjÁ, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, PBj, SighB, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VE, VÞV, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getur ekki stutt þetta frv. og vísa ég til sjónarmiða sem fram komu af okkar hálfu við umræðuna fyrr í dag.

Við styðjum eindregið þá ákvörðun að lækka vörugjald af bifreiðum sérhannaðra fyrir fatlaða. Að öðru leyti er ástæða til að hafa efasemdir um frv. sem fyrst og fremst er sniðið að þörfum hinna efnameiri í þjóðfélaginu. Frv. gengur þvert á varnaðarorð Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka sem vara við því að það kunni að verða þensluvaldandi og auka á geigvænlegan viðskiptahalla. Frv. gengur þvert á varnaðarorð ASÍ og BSRB sem segja frv. félagslega ranglátt og hvetja samtökin þingmenn til að styðja þær skattkerfisbreytingar einar sem auka á jöfnuð í þjóðfélaginu. Þetta frv. gerir það ekki. Í því kveður við gamalkunnan tón um þörf á hagræðingu og samhæfingu og að það sé fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Hið rétta er að þetta er pólitískt frv. ríkisstjórnar sem hefur tekið að sér það hlutverk að mylja undir efnafólk á Íslandi.

[18:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar telja jákvætt það markmið frv. að einfalda og samræma vörugjald af ökutækjum eins og hér er lagt til, en telja það ekki heppilegt miðað við ríkjandi efnahagsástand að gera þessar breytingar sem lagðar eru til með frv. Það er í samræmi við álit Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar sem vara sterklega við þensluhvetjandi áhrifum þeirra breytinga sem munu m.a. auka viðskiptahallann og útlán lánastofnana, kynda undir verðbólguna og draga úr sparnaði.

Við munum því ekki greiða atkvæði með frv. að undanskildu ákvæðinu er lýtur að sérútbúnum bifreiðum fyrir fatlað fólk, en þar er um að ræða örfáar bifreiðar, fimm bifreiðar og tekjutap ríkissjóðs vegna þessa er nánast ekki neitt eða mjög óverulegt, um fjórar millj. kr. sem ekki mun hafa nein áhrif á efnahagsástandið.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SF, VS, VH, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KA, KolH, LB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, GE, GÁS, HBl, HjÁ, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, PBj, RG, SighB, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VE, VÞV, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., a-liður, samþ. með 42 shlj. atkv.

3. gr., b–d-liðir, og 4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VH, ÞKG.

16 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KA, LB, RG, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, GE, GÁS, HBl, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, VÞV, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, LB, ÓI, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (ÁSJ, BH, SJóh) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, GE, GÁS, HÁs, HBl, KA, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, VÞV, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 18:40.

---

93. FUNDUR

miðvikudaginn 5. apríl,
að loknum 92. fundi.

Dagskrá:

1. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 549. mál, þskj. 851, brtt. 938 og 939. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Vaxtalög, frv., 491. mál, þskj. 773. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 371. mál, þskj. 627. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Skipulag ferðamála, stjfrv., 366. mál, þskj. 621. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, stjfrv., 267. mál, þskj. 350. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

[Fundarhlé. — 18:41]

[18:56]

Útbýting þingskjala:

Vörugjald af ökutækjum, 549. mál, brtt. PHB, þskj. 938; brtt. PHB og JóhS, þskj. 939; brtt. fjmrh., þskj. 943.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:58]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 938, 939 og 943 og frá 2. umr. allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Vörugjald af ökutækjum, 3. umr.

Stjfrv., 549. mál. — Þskj. 851, brtt. 938, 939 og 943. [18:58]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 938 sem frsm. meiri hluta efh.- og viðskn.

Brtt. gengur út á það að í frv. er gert ráð fyrir því að gildistaka frv. eigi sér stað nú þegar að undanskildu ákvæði sem varðar bílaleigubíla. Það átti að taka gildi 15. maí vegna þess að það þarf að setja reglugerðir og það á eftir að samþykkja lög um bílaleigur. Það var talið nauðsynlegt að hafa þennan tíma til þess að setja þær reglugerðir og kynna málið.

Nú hins vegar háttar þannig til að aðaltími ferðaþjónustu fer í hönd og það er mjög mikilvægt að bílaleigur geti keypt inn bíla nú þegar. Það er of seint fyrir þær að gera það 15. maí og þetta mundi stöðva allan innflutning því að menn borga að sjálfsögðu ekki 30 eða 45% vörugjald ef þeir geta gert það með 10% 15. maí.

Þess vegna er lagt til eftirfarandi:

„Endurgreiða skal mismun greidds vörugjalds af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum ... og tollafgreiddar eru eftir gildistöku þeirra og þess vörugjalds sem borið hefði að greiða ef bifreið hefði verið tollafgreidd eftir 15. maí 2000. Endurgreiðsla skal háð því að skilyrðum d-liðar 3. gr. laga þessara til lækkunar vörugjalds sé fullnægt."

Það er sem sagt lagt til að menn geti flutt inn bifreiðarnar, þeir borgi þá fullt vörugjald ef lögin verða samþykkt, 30 eða 45%, og síðan fái þeir endurgreiddan mismuninn á því gjaldi og 10% vörugjaldi sem hefði átt að greiða.

Herra forseti. Ég mæli enn fremur fyrir brtt. á þskj. 939 sem framsögumaður meiri hluta efh.- og viðskn. og í samræmi við samkomulag hæstv. fjmrh. og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, meðflutningsmanns míns. Þessi brtt. gengur út á það að í stað þess að „bifreiðar fatlaðra sem eru sérstaklega búnar til flutnings á þeim, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu, og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins", lækki niður í vörugjaldsflokk 10%, þá verði vörugjaldið ekkert. Það verði sem sagt ekkert vörugjald af þeim bifreiðum og þær verði fluttar yfir í þann flokk bifreiða sem ekki greiði vörugjald, sem er í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Rökstuðningurinn á bak við þetta er sá að hér er um að ræða mjög dýrar og sérhannaðar bifreiðar. Þær eru yfirleitt nokkuð stórar og þær þurfa mjög dýran aukabúnað, hjólastólalyftu, sem er það dýr að ekki er talið eðlilegt að greitt sé af slíkum bifreiðum vörugjald.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:02]

Brtt. 939 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 943 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VH, VÞV, ÞKG.

13 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KA, RG, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HBl, HjÁ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 938 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KA, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VH, VÞV, ÞKG.
12 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, RG, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HBl, HjÁ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, ÓI, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, VH, VÞV, ÞKG.
13 þm. (ÁSJ, ÁRJ, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KA, RG, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 947).

Vaxtalög, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 491. mál. — Þskj. 773.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KA, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HBl, HjÁ, JÁ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 948).

Álbræðsla á Grundartanga, 3. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 627.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:04]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KA, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, VS, VH, VÞV, ÞKG.
5 þm. (ÁSJ, JÁ, JB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PBj, SighB, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 949).

Skipulag ferðamála, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál (menntun leiðsögumanna). — Þskj. 621.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:05]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KA, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GÁS, HBl, HjÁ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 950).

Bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna, 3. umr.

Stjfrv., 267. mál. — Þskj. 350.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:06]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DrH, EOK, EMS, GHH, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KA, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BH, EKG, GE, GuðjG, GÁS, HBl, HjÁ, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, PBj, SighB, SJS, StB, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 951).

Fundi slitið kl. 19:07.

94. FUNDUR

fimmtudaginn 6. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Norræna ráðherranefndin 1999, skýrsla, 470. mál, þskj. 749. — Ein umr.
2. Norrænt samstarf 1999, skýrsla, 422. mál, þskj. 687. — Ein umr.
3. Vestnorræna ráðið 1999, skýrsla, 388. mál, þskj. 646. — Ein umr.
4. Ályktanir Vestnorræna ráðsins, þáltill., 461. mál, þskj. 739. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, stjtill., 581. mál, þskj. 883. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, stjtill., 582. mál, þskj. 884. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, stjtill., 583. mál, þskj. 885. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Fullgilding samþykktar Alþjóðasamvinnustofnunarinnar um jafnrétti, stjtill., 584. mál, þskj. 886. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjtill., 585. mál, þskj. 887. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjtill., 586. mál, þskj. 888. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, stjtill., 587. mál, þskj. 889. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Upplýsingalög, stjfrv., 564. mál, þskj. 866. — 1. umr. (Atkvgr.)
13. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855. — 1. umr. (Atkvgr.)
14. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 236. mál, þskj. 800. — 3. umr. (Atkvgr.)
15. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, stjfrv., 237. mál, þskj. 801, frhnál. 931. — 3. umr. (Atkvgr.)
16. Vörumerki, stjfrv., 370. mál, þskj. 626, nál. 842. — 2. umr. (Atkvgr.)
17. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 289. mál, þskj. 471, nál. 907. — 2. umr. (Atkvgr.)
18. Staðfest samvist, stjfrv., 558. mál, þskj. 860. — 1. umr. (Atkvgr.)
19. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, stjfrv., 559. mál, þskj. 861. — 1. umr. (Atkvgr.)
20. Vörugjald, stjfrv., 520. mál, þskj. 821. — 1. umr. (Atkvgr.)
21. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 547. mál, þskj. 849. — 1. umr. (Atkvgr.)
22. Virðisaukaskattur, stjfrv., 548. mál, þskj. 850. — 1. umr. (Atkvgr.)
23. Tryggingagjald, stjfrv., 550. mál, þskj. 852. — 1. umr. (Atkvgr.)
24. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 595. mál, þskj. 897. — 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson samgrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Landvernd, Náttúruverndarsamtökum Íslands og Umhverfisverndarsamtökum Íslands.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill geta þess að ekki eru fyrirhugaðar atkvæðagreiðslur í dag.

Norræna ráðherranefndin 1999, ein umr.

Skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda, 470. mál. — Þskj. 749.

og

Norrænt samstarf 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, 422. mál. — Þskj. 687.

[10:32]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf norrænu ráðherranefndarinnar sem liggur frammi. Íslendingar höfðu með höndum formennsku í ráðherranefndinni árið 1999. Í hópi samstarfsráðherranna var hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson í forsvari fyrri hluta ársins þar til ný ríkisstjórn tók við völdum að loknum alþingiskosningum og þannig æxlaðist það að í júní tók sú sem hér stendur við störfum samstarfsráðherra.

Formennskuhlutverki í ráðherranefndinni fylgja talsverðar annir, bæði fyrir ráðherrana, sem gegna formennsku hver í sinni fagráðherranefnd, og fyrir þann fjölda embættismanna í stjórnsýslunni sem að málinu kemur. En jafnframt gefur það færi á að móta og fylgja eftir ákveðnum áherslum sem formennskulandið setur fram. Ég tel að vel hafi tekist til þetta tímabil, bæði með stjórn og eftirfylgni áherslumála og vil þakka þeim sem að málinu hafa komið.

Ég ætla að draga fram í dagsljósið nokkra þætti skýrslunnar án þess að það verði tæmandi talning á atburðum

starfsársins. Jafnframt mun ég skýra frá nokkrum ákvörðunum sem voru teknar á þessu ári.

Árið 1999 voru fjárlög norrænu ráðherranefndarinnar 741 millj. danskra króna og skiptust þannig að rúmlega 70% þeirra runnu til hins hefðbundna norræna samstarfs, 20% til samstarfs um málefni grannsvæðanna og 9% til samstarfs um Evrópumál. Sé innihaldið flokkað á annan hátt kemur í ljós að tæplega helmingur fjárveitinganna rann til menningar- og menntamála eða rúmlega 45%, um 25% til umhverfis- og auðlindamála og þau 30% sem eftir voru skiptust milli annarra sviða og reksturs aðalskrifstofunnar. Í starfsemi sem þessari þar sem starfrækt er 31 stofnun, fjölbreytt styrkjakerfi og starfs- og nemendaskipti auk víðtæks verkefnasamstarfs fer ekki hjá því að ákveðin sjálfvirkni komist á fjárveitingar. Hún hefur ásamt öðru leitt til þess að ráðrúm til nýrra pólitískt áhugaverðra verkefna er orðið þröngt. Vandinn er enn brýnni þar sem ekki hefur náðst sátt um hækkun fjárveitinga til samstarfsins og eru norrænu fjárlögin í ár lægri en þau voru fyrir sjö árum.

Af þessum ástæðum ákváðu samstarfsráðherrarnir eftir *síðustu áramót að endurskoða uppbyggingu fjárlaganna með* það að markmiði að skapa svigrúm til nýsköpunar í störfum ráðherranefndarinnar. Niðurstöður endurskoðunarinnar eiga að liggja fyrir síðar á árinu.

Þau markmið sem stefnt var að á formennskuári okkar Íslendinga voru sett fram í sérstakri formennskuáætlun þar sem gerð var grein fyrir forgangsmálum okkar á öllum sviðum samstarfsins. Vegna sérstakrar áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, náttúruverndar og lífskjara á Vestur-Norðurlöndum og öðrum norðlægum slóðum var jafnframt lögð fram sérstök markmiðslýsing eða áætlun undir yfirskriftinni „Fólk og haf í norðri". Sá árangur sem náðist með þessu móti var þrenns konar. Í fyrsta lagi var hafist handa um ýmis verkefni sem ég mun víkja frekar að á eftir. Í öðru lagi jókst þátttaka og virkni af hálfu Færeyinga og Grænlendinga á mörgum sviðum samstarfsins eins og að var stefnt jafnframt því sem tekið var upp óformlegt tví- og þríhliða samstarf milli Íslands, Færeyja og Grænlands á nokkrum sviðum. Í þriðja lagi er það mikilvægt fyrir árangur til framtíðar að Danir ákváðu í formennskuáætlun sinni að fylgja þessum áherslum okkar eftir. Það skiptir máli því að flest verkefni ráðherranefndarinnar eru til lengri tíma en árs.

Þær áherslur sem við Íslendingar settum fram í Fólki og hafi í norðri endurspeglast í verkefnum ráðherranefndarinnar á fjölmörgum sviðum. Til að gefa mynd af afrakstri ársins nefni ég nokkur þeirra helstu.

Fyrst ber að telja að á árinu 1999 hófst víðtækur undirbúningur að stefnumótun til næstu 20 ára um sjálfbær Norðurlönd. Verkið er unnið í tilefni yfirlýsingar sem forsætisráðherrar Norðurlandanna gáfu þess efnis í árslok 1998. Ætlunin er að stefnumótunin verði lögð fyrir Norðurlandaráð í september á þessu ári þannig að unnt verði að fjalla um hana á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember nk. Við undirbúning stefnumótunarinnar var margt af því sem stefnt var að með Fólki og hafi í norðri sett í fyrirrúm. Bæði á sviði umhverfis- og sjávarútvegsmála voru á dagskrá á starfsárinu fjölmörg verkefni þar sem markmið Fólks og hafs í norðri voru í fyrirrúmi.

Ég nefni þar sérstaklega framkvæmdaáætlunina um vernd náttúru- og menningarminja á Norðurskautssvæðunum, Íslandi og Svalbarða, ásamt þverfaglegu umhverfis- og sjávarútvegsáætluninni. Í samræmi við áætlanir þessar er unnið að verkefnum sem snúa að sjálfbærri ferðaþjónustu, Staðardagskrá 21 á Norðurskautssvæðunum, áhrif botnvörpuveiða á lífríki sjávar og sjálfbærni í sjávarútvegi svo að eitthvað sé nefnt.

Innan norrænu rannsóknaráætlunarinnar um norðurskautsmál og norðurskautsáætlunarinnar er unnið að fjölda verkefna þar sem markmið Fólks og hafs í norðri eru höfð að leiðarljósi. Dæmi þessa eru verkefni um líffræðilega fjölbreytni, um umhverfisvá á norðurslóð, um fjarlækningar, tengslanet sérfræðinga á svæðinu, könnun á lífskjörum þjóða á Norðurskautssvæðunum ásamt verkefnum þar sem markmiðið er kynning erlendis á lífskjörum þessara þjóða. Eitt verkefnanna er stuðningur við þátttöku frumbyggja á norðurslóð í heimssýningunni í Hannover í sumar.

Á sviði byggðamála voru einnig á dagskrá verkefni og áætlanir sem snerta hagsmuni fólks á norðvestlægum svæðum sérstaklega. M.a. veitti norræna Atlantshafsnefndin NORA, sem heyrir undir það svið og hefur árlega til ráðstöfunar 50 millj. ísl. króna, styrki til fjölda vestnorrænna samstarfsverkefna. Íslenskir aðilar komu þar að næstum 60 *verkefnum.*

Á sviði menningarmála var lögð sérstök áhersla á stöðu jaðarsvæða og fámennra samfélaga og voru af því tilefni haldnar tvær ráðstefnur um það efni hér á landi. Á annarri þeirra var sjónum beint að menningu og tómstundum barna og ungmenna á jaðarsvæðum og á hinni var það staða fámennra þjóða og jaðarsvæða í norrænu menningarsamstarfi.

Að lokum vil ég nefna ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í desember sl. um samstarf á Norður-Atlantshafssvæðinu. Hana sóttu fulltrúar frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi ásamt fulltrúum frá Skotlandi og eyjunum þar auk Nýfundnalands. Þar kom fram mikill áhugi á að hefja á norrænum vettvangi verkefnasamstarf um sameiginleg hagsmunamál þessara landa og svæða og beindist áhuginn að umhverfismálum sjávar fyrst og fremst, en einnig að landbúnaðarsamstarfi og ferðamennsku.

Það var fleira en vestnorrænir hagsmunir sem við Íslendingar settum í fyrirrúm á starfsárunum. Eitt af því sem við settum okkur í upphafi árs var að nota formennskutímann til að gera norrænt samstarf um Evrópumál markvissara og tel ég okkur hafa orðið vel ágengt í því.

Upplýsingastreymið milli ráðherranefndar skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og norrænu sendiráðanna í Brussel hefur orðið skilvirkara en áður og samráð ráðherra norrænu ríkjanna fyrir ESB-fundi hefur aukist. Eins voru haldnar tvær norrænar ráðstefnur í Brussel í samstarfi sendiráðs Íslands, viðkomandi fagráðuneytis á Íslandi og ráðherranefndarskrifstofunnar. Önnur var í tilefni bókarinnar „Kyn og stjórnvöld á Norðurlöndum" og hin var um umhverfisþátt norðlægu víddarinnar. Báðar tókust vel og þjónuðu þeim tilgangi að koma norrænum sjónarmiðum að á vettvangi ESB.

Á starfsárinu var að tillögu Halldórs Ásgrímssonar, þáv. samstarfsráðherra, ákveðið að skipa nefnd, aldamótanefndina eða „Vismandspanelet", sem falið var að meta hvaða breytinga væri þörf á inntaki norræns samstarfs við upphaf nýrrar aldar til að samstarfið þjóni áfram pólitísku hlutverki sínu. Einn meginþáttur þess sem nefndinni er falið að meta er norrænt samstarf í ljósi alþjóðavæðingarinnar. Nefndin skilar áliti sínu í september og stefnt er að því að það verði lagt fyrir þing Norðurlandaráðs í Reykjavík í nóvember.

Norræna ráðherranefndin tók á starfsárinu þátt í tveimur samstarfsverkefnum sem við Íslendingar settum á oddinn.

Annað var ráðstefnan „Konur og lýðræði" sem ríkisstjórn Íslands hélt í samstarfi við ríkisstjórn Bandaríkjanna og norrænu ráðherranefndina. Ráðherranefndin hefur síðan tekið að sér mikilvægt hlutverk við eftirfylgni ráðstefnunnar. Hitt verkefnð var þátttaka í fjármögnun og undirbúning að viðamikilli sýningu um víkingatímann og víkingana sem verður opnuð í Smithsonian-safninu í Washington síðar í þessum mánuði til að minnast landafundanna og vesturfara norrænna manna. Ætlunin er að hún fari síðan til fleiri borga í Bandaríkjunum og Kanada.

Upplýsingatækni, matvælaöryggi og varnir gegn fíkniefnum voru einnig forgangsmál í formennskuáætlun okkar. Því er það fagnaðarefni að á síðasta ári skyldi ákveðið að stofnaðar yrðu ráðherranefndir á sviði upplýsingatækni og fíkniefna ásamt því að í undirbúningi er fundur þeirra ráðherra er fara með matvælamál. En fyrirsvar ráðherra á málaflokkunum er ein forsenda þess að unnt sé að taka á málunum af krafti. Með samstarfi sem stýrt er af embættismönnum má ná vissum árangri en sé ætlunin að gefa starfinu raunverulegt vægi þurfa stjórnmálamenn að vera tilbúnir að ganga fram fyrir skjöldu og leggja sitt lóð á vogarskálina.

Athyglisvert er hve mikil gróska er um þessar mundir í norrænu samstarfi á vettvangi atvinnulífsins. Samruni og samstarf norrænna fyrirtækja er nánast orðið daglegt brauð. Þessa þróun er vert að styðja og á liðnu ári var að frumkvæði utanríkisviðskiptaráðherra landanna gerð úttekt á þeim hindrunum sem er fyrir slíku samstarfi í löggjöf landanna. Eins og við var að búast kenndi þar margra grasa og verður því samstarfi því fylgt eftir, m.a. af aldamótanefndinni. Ætlunin er og að gera átak hvað varðar aðstoð við þá sem flytja búferlum milli landanna til starfa eða náms. Þjónustusíminn „Halló Norðurlönd" var stofnaður til reynslu fyrir tveimur árum í þessum tilgangi og þangað gefst almenningi kostur á að hringja endurgjaldslaust til að fá ráðleggingar og upplýsingar um réttindi sín samkvæmt norrænum samningum. Nú eru uppi áform um að auka þjónustuna og koma á símsvörun í öllum löndunum. Þessari aukningu fylgir þó nokkur kostnaðarauki og endanleg ákvörðun um framhaldið verður tekin á fundi okkar samstarfsráðherranna í júní í sumar.

Eftir að aðalskrifstofa Norðurlandaráðs flutti frá Stokkhólmi hefur norrænt samstarf þótt falla um of í skuggann þar í borg. Því ákváðu samstarfsráðherrarnir nýverið að opna upplýsingaskrifstofu, svokallaða „Informations fönster" eða upplýsingaglugga við Sergel-torg í miðborg Stokkhólms og þegar hefur verið opnuð upplýsingaskrifstofa í Ósló heldur minni í sniðum.

Sem kunnugt er tóku Danir við formennskunni af okkur við síðustu áramót. Formennskuáætlun þeirra ber yfirskriftina „Norrænu velferðarsamfélögin". Áhersla er þar lögð á að lýðræðishefðin, keimlík afstaða þjóðanna til félagslegrar ábyrgðar og viljinn til að hlúa að atvinnulífinu eigi rætur að rekja til sameiginlegs menningararfs norrænu þjóðanna. Á tímum síaukinnar alþjóðavæðingar leggja Danir áherslu á að nauðsynlegt sé að standa vörð um og kynna þessi gildi og við deilum skoðun þeirra á því.

Virðulegur forseti. Ég hef skýrt frá nokkru af því sem var á dagskrá ráðherranefndarinnar á liðnu ári og við upphaf þessa árs. Fjölmargt er þó ótalið og vísa ég um það til skýrslu samstarfsráðherra sem liggur hér frammi. Hún er unnin í samstarfi ráðuneytanna allra og gefur glögga mynd af því fjölbreytta og umfangsmikla starfi sem unnið er á norrænum vettvangi.

Að lokum vil ég þakka fulltrúum í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir gott starf og gott samstarf og óska þeim velfarnaðar á formennskuári Íslands í Norðurlandaráði.

[10:46]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Fyrir fundinum liggur skýrsla Norðurlandaráðs fyrir árið 1999 á þskj. 687 og er þetta 422. mál þingsins. Ég mun sem formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs gera stuttlega grein fyrir innihaldi hennar. Sú upptalning verður þó hvergi tæmandi, þar sem annars vegar er fjallað um störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og hins vegar er stuttlega farið yfir störf Norðurlandaráðs og fagnefnda ráðsins.

Eins og flestir þingmenn vita voru gerðar skipulagsbreytingar á Norðurlandaráði á þingi þess í Reykjavík árið 1995. Starfseminni var skipt upp í þrjú meginsvið, þ.e. Norðurlandanefnd, sem sér um samvinnu innan Norðurlanda, Evrópunefnd, en meginstarfsemi þeirrar nefndar er fólgin í samvinnu Norðurlandanna og Evrópu í sambandi við ESB- og EES-samninga, og nærsvæðanefnd, sem fjallar um samvinnu Norðurlanda við nærsvæði þeirra. Forsætisnefnd var stækkuð og hefur yfirumsjón og eftirlit með starfsemi og rekstri Norðurlandaráðs. Ég mun síðar í ræðu minni víkja nánar að starfsemi þessara nefnda.

Flokkastarf var aukið og forustuhlutverk Norðurlandaráðs eflt. Flokkastarfið skiptist í fjóra meginflokka, þ.e. sósíaldemókratíska hópinn eða jafnaðarmannahópinn, en í þeim hópi situr Samfylkingin, miðjuhópinn þar sem framsóknarmenn sitja, hægri hópinn þar sem sjálfstæðismenn sitja og vinstri sósíalista þar sem vinstri grænir sitja.

Eitt árlegt Norðurlandaþing er haldið að hausti í stað tveggja áður. Embættisár forseta er eitt ár, þ.e. almanaksárið. Þemaráðstefnur eru haldnar sem fjalla um málefni er snerta norræna samvinnu og þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni.

Sífelldar umræður eru um það hvort hið nýja skipulag virki á réttan hátt. Á stundum er rætt um að hverfa aftur til fyrra skipulags. Þó hygg ég að fleiri aðhyllist hið nýja skipulag sem virðist skilvirkara en eldra fyrirkomulag. Einnig er rætt um hvort færa eigi Norðurlandaráðsþing og halda það fyrri hluta árs, t.d. í mars, þar sem fjárlaganefndarmenn þjóðþinganna eru oft á tíðum önnum kafnir við fjárlagagerð að haustinu, en enn hefur ekki verið ákveðið neitt í þessum efnum.

Sett hefur verið á fót sérstök nefnd vísra manna eða „vismandspanelet", sem oft er nefnd aldamótanefndin á íslensku, undir forustu Jóns Sigurðssonar, forstjóra Norræna fjárfestingarbankans, en hann er einnig fyrrverandi samstarfsráðherra Norðurlandaráðs. Gert er ráð fyrir að nefndin skili af sér 1. september nk. og niðurstöður þeirrar nefndar verða til umfjöllunar á 52. Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík 6.–8. nóvember nk.

Árið 1999 fór Svíinn Gun Hellsvik með forsetaembætti Norðurlandaráðs, en um síðustu áramót tók Sigríður Anna Þórðardóttir við embættinu. Bindum við Íslendingar miklar vonir við störf hennar og óskum við Sigríði Önnu Þórðardóttur gæfu og gengis í því ábyrgðarmikla starfi sem forsetastarf Norðurlandaráðs er.

Herra forseti. Næst ætla ég að víkja að starfsemi Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman sex sinnum á árinu. Að venju voru fundir í Norðurlandaráði og ráðstefnur undirbúnar. Ítarlega var rætt um

skipulagningu haustfunda Norðurlandaráðs en haustfundurinn var að þessu sinni haldinn á Akureyri 26.–29. september og tókst hann afar vel. Berglind Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, kom til fundar við nefndina og fjallaði m.a. um skipulagningu Barentsráðstefnunnar í Alta en Norðurlandaráð og norska Stórþingið stóðu fyrir þeirri ráðstefnu 7.–9. apríl sl. Rætt var um opnun sendiráðs Norðurlandanna í Berlín og forsætisnefndarfund í framhaldi af þeirri opnun. Siv Friðleifsdóttir samstarfsráðherra og Snjólaug Ólafsdóttir frá Norðurlandaskrifstofu forsrn. komu til fundar við nefndina. Þar var rætt um helstu mál norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin stóð straum af kostnaði þátttakenda frá Rússlandi og Eystrasaltsríkjum við ráðstefnuna Konur og lýðræði sem fór fram í Reykjavík 8.–10. október sl. en mjög góður rómur var gerður að þeirri ráðstefnu. Ákveðið hefur verið að framhaldsráðstefna verði haldin í Litháen síðar. Fram kom að íslenska ríkisstjórnin ætlar að standa fyrir ráðstefnu um norðlægu víddina í Brussel fljótlega.

Rætt var um verkefnið „Fólk og haf í norðri" sem var meginverkefnið í formennskutíð Íslands en hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, fór með formennsku í ráðinu en síðar tók hæstv. umhvrh., Siv Friðleifsdóttir, við formennskunni.

Rætt var um Eystrasaltssamstarfið og samstarfið við Vestnorræna ráðið en Íslandsdeild vill efla það. Það er í rauninni skylda okkar Íslendinga að vera í sem bestu samstarfi við frændur okkar í Færeyjum og vini okkar á Grænlandi.

Á fundi Íslandsdeildar fyrir 51. Norðurlandsþing var þingið undirbúið af kostgæfni enda tóku allir sjö fulltrúar Íslandsdeildar þátt í opinberum umræðum á þinginu í Stokkhólmi.

Fréttamannastyrkir Norðurlandaráðs voru veittir á fundi Íslandsdeildar þann 26. maí, en samanlögð var styrkupphæðin 90 þús. danskar krónur. Eftirfarandi fréttamenn hlutu styrki: Benedikt Sigurðsson, Elín Þóra Friðfinnsdóttir, Elmar Gíslason, Friðrik Á. Brekkan, Sveinn Helgason, Hjálmar Blöndal og Þorvaldur Örn Kristinsson.

Oft er rætt um að efla þurfi tengsl fjölmiðla við hið víðtæka og umfangsmikla starf Norðurlandaráðs.

Í byrjun nóvember tók Einar Farestveit við starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs en Auðunn Atlason lét af störfum í september. Þá lét Kristín Ólafsdóttir, sem einnig hafði unnið fyrir Íslandsdeildina, af störfum í október. Auðuni og Kristínu er þakkað gott samstarf og Einar Farestveit er boðinn velkominn til starfa. Mjög nauðsynlegt er fyrir Íslandsdeild Norðurlandaráðs að hafa þrautþjálfað og gott starfsfólk vegna hins umfangsmikla starfs sem í ráðinu er.

Herra forseti. Næst vík ég að fastanefndum Norðurlandaráðs.

Í byrjun árs 1999 tók Gun Hellsvik frá Svíþjóð við embætti forseta Norðurlandaráðs af Berit Brörby Larsen frá Noregi. Forsætisnefnd er skipuð forseta og tólf fulltrúum flokkahópanna sem kosnir eru af þingi Norðurlandaráðs. Landsdeildir allra Norðurlanda og allir flokkahópar skulu eiga fulltrúa í forsætisnefnd Norðurlandaráðs. Hlutverk forsætisnefndar er að hafa yfirumsjón með öllum málum í sambandi við þing Norðurlandaráðs og á milli þinga, en hún hefur einnig með höndum erlend samskipti og utanríkis- og varnarmál, en þetta er í raun nýr þáttur í starfi Norðurlandaráðs frá skipulagsbreytingunni 1995. Forsætisnefnd fjallar einnig um fjárlög Norðurlandaráðs en sérstakur hópur fer ofan í fjárlög og fjárlagagerð. Fjallað er um tillögur sem beint er til forsætisnefndar.

Á starfsárinu hafa af Íslands hálfu setið í forsætisnefnd Valgerður Sverrisdóttir fyrir flokkahóp miðjumanna, Rannveig Guðmundsdóttir fyrir flokkahóp jafnaðarmanna og Sigríður Anna Þórðardóttir fyrir flokkahóp hægri manna. Þegar ný Íslandsdeild var kosin í júní sl. tók Ísólfur Gylfi Pálmason sæti Valgerðar Sverrisdóttur og Sighvatur Björgvinsson tók sæti Rannveigar Guðmundsdóttur.

Forsætisnefnd hélt níu fundi á árinu. Fjallað var um samnýting Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar um samvinnu á sviði upplýsingaþjónustu. Rætt var um fund í Riga samkvæmt tillögu lettneska þingsins í tilefni af 800 ára afmælis þess árið 2001. Undirbúið var 51. Norðurlandaráðsþing í Stokkhólmi og tillögur Knuts Enggards um útgáfu á afmælisriti í tilefni af 50 ára afmæli ráðsins.

Ráðinn var nýr framkvæmdastjóri í stað Berglindar Ásgeirsdóttur sem sagði embætti sínu lausu og Norðmaðurinn Frida Nokken var ráðin í embættið. Berglindi eru þökkuð mjög farsæl og góð störf bæði sem framkvæmdastjóri ráðsins og eins fyrir hjálp og velvilja í garð Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Forsætisnefnd fjallar um tillögur sem berast til nefndarinnar hverju sinni. M.a. var fjallað um stöðu Sama á Norðurlandaráðsþingum, aukna samvinnu við Eystrasaltsríkin, rætt um breytingar á upplýsingaþjónustu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar. Kynntar voru tillögur um *breytingar á tímaritinu Politik i Norden og upplýsingar um* ráðið á veraldarvefnum. Upplýsingafulltrúi Norðurlandaráðs er hinn kunni íslenski fjölmiðlafræðingur Sigrún Stefánsdóttir.

Herra forseti. Næst vík ég að starfi Norðurlandanefndar.

Norðurlandanefnd hélt sex fundi á árinu. Málefni nefndarinnar eru fyrst og fremst norræn samstarfsmálefni, menning, menntun, félagsmál, jafnréttismál og réttindamál. Vinnuhópur um börn og unglinga hélt vinnufund á Egilsstöðum í lok maí og niðurstöður vinnuhópsins voru birtar í tillögunni A1194/nord, sem samþykkt var á 51. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi.

Á haustfundi á Akureyri í september var fjallað um líftækni og lífsiðfræði. Þar voru framsögumenn Kári Stefánsson forstjóri og Högni Óskarsson geðlæknir. Einnig var fjallað norræna vöruflutninga og fjarskipti þar sem hæstv. samgrh., Sturla Böðvarsson, var framsögumaður.

Fulltrúar Íslands í Norðurlandanefnd á starfsárinu voru Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir en á 51. þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi tók Arnbjörg Sveinsdóttir sæti í Evrópunefnd í stað Norðurlandanefndar.

Herra forseti. Næst vík ég að starfi nærsvæðanefndar. Nefndin hélt alls fimm fundi á árinu. Í starfsáætlun nefndarinnar var lögð áhersla á nánara samstarf við Eystrasaltslöndin og önnur nærsvæði Rússlands og heimskautasvæðanna. Umhverfismál skipa stóran sess í starfi nefndarinnar og sérstök áhersla er lögð á aðstæður barna og unglinga á þessum svæðum.

Nærsvæðanefnd fylgir eftir verkefninu BarnForum, og er ákveðið að halda verkefninu áfram. Nærsvæðanefnd tók þátt í Barentsráðstefnunni í Alta, ráðstefnu Evrópusambandsins hjá Eystrasaltsþinginu, fjölmiðlaráðstefnu í Vilnius, ráðstefnu um kjarnavopn, stefnu Eystrasaltsríkjanna sem haldin í Vilnius og áttu enn fremur fund með þingmannasambandi NV-Rússlands í Viborg.

Nú vík ég að starfsemi Evrópunefndarinnar. Hlutverk Evrópunefndarinnar er að sinna samstarfi Norðurlanda og EFTA/ESB-ríkja og fjalla um stefnu norrænu ríkjanna í þeim málaflokki. Nefndin hefur einkum fjallað um atvinnumál, hagstjórnarmál, neytendamál og meðferð evrópskrar löggjafar í ESB og EES á Norðurlöndunum auk þess að fjalla um starfsáætlanir formennskuríkja og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um efnahagsmál, mikið er fjallað um gjaldmiðla Norðurlandanna gagnvart EMU.

Starfandi er sérstakur vinnuhópur á vegum Evrópusambandsins um Norræna iðnaðarsjóðinn. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum fyrir 52. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík. Ráðstefna nefndarinnar um svæðisbundna samvinnu í ört stækkandi Evrópusambandi var haldin í samvinnu við norrænu ráðherranefndina og Benelux-löndin.

Nefndin hélt fund um „norðlægu víddina" með Evrópu- og utanríkisnefnd þjóðþinga Norðurlanda. Fulltrúar Íslands í Evrópunefndinni voru Siv Friðleifsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Siv vék úr nefndinni þegar hún tók við embætti umhvrh. en Hjálmar Jónsson kom í nefndina í hennar stað sl. sumar.

Herra forseti. Næst vík ég að helstu verkefnum eftirlitsnefndar Norðurlandaráðs. Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti Sturlu Böðvarssonar þegar Sturla tók við embætti samgrh. sumarið 1999. Helstu verkefni Evrópunefndarinnar voru skoðun á ársreikningum norræna menningarsjóðsins, eftirlit með ályktunum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar og skoðun á málefnum norræna menningarsjóðsins, styrktarúthlutunum með tilliti til einstakra landa.

Norðurlandaráð veitir þrenn verðlaun árlega og nema þau 350 þús. danskra króna. Þau eru bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun.

Bókmenntaverðlaunum hefur verið úthlutað frá árinu 1962. Markmið þeirra er að auka áhuga á norrænum bókmenntum. Danska skáldkonan Pia Tafdrup hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 1999 fyrir bókina „Dronningeporten".

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs hafa verið veitt frá árinu 1965. Leif Segerstam frá Finnlandi hlaut verðlaunin árið 1999.

Á Norðurlandaráðsþingi í Reykjavík árið 1995 var samþykkt að veita umhverfis- og náttúruverndarverðlaun. Verkefnið „Natur og Miljø" frá Álandseyjum hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 1999, en verkefnið er unnið samkvæmt Staðardagskrá 21.

Helstu ráðstefnur á vegum Norðurlandaráðs voru Barentsráðstefna Norðurlandaráðs og norska Stórþingsins í Alta dagana 7.–9. apríl 1999, Málstofan Þýskaland og Norðurlöndin — eiga þau samleið í nýrri Evrópu? í Berlín 21. október sl. og ráðstefna um líftækni og líffræði í tengslum við haustfund á Akureyri 26. og 29. september sl.

Stærsta stund í starfi Norðurlandanna á árinu var vafalítið þegar opnað var nýtt sameiginlegt sendiráð í Berlín. Opnun sendiráðanna er í raun táknræn fyrir samstöðu og eindrægni í Norðurlandasamstarfinu.

Herra forseti. Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir mikið og gott starf. Ég vil þakka samstarfsráðherrum og starfsmönnum öllum hjá alþjóðasviði Alþingis fyrir þeirra störf.

[11:03]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samstarfsráðherra Siv Friðleifsdóttur og formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, hlý orð í minn garð í tilefni formennsku minnar í Norðurlandaráði fyrir hönd Íslands.

Heimurinn breytist og mennirnir með. Það höfum við fengið að finna á mjög áþreifanlegan hátt á síðustu árum. Breytingarnar eru svo örar að við þurfum að hafa okkur öll við til að fylgjast með framförum og tækni á öllum sviðum.

Þá er vert að velta fyrir sér stöðu norræna samstarfsins og hvaða stefnu við mörkum okkur á þeim vettvangi í framtíðinni. Norðurlöndin hafa svo sannarlega verið í fararbroddi lýðræðisþjóða á Vesturlöndum og innan Evrópu og staða Norðurlandanna er afar sterk um þessar mundir þar sem þrjú Norðurlandanna hafa á síðasta ári gegnt forustuhlutverki í þremur mjög mikilvægum stofnunum Evrópu; Íslendingar í Evrópuráðinu, Norðmenn í ÖSE og Finnar í ESB. Norðurlöndin öll hafa nýtt sér þessa stöðu til að hafa sem mest og víðtækust áhrif innan Evrópu og norrænar áherslur hafa þess vegna orðið meira áberandi þar en nokkru sinni fyrr.

Alþjóðleg samskipti hafa aukist stórkostlega síðustu ár, ekki síst í stjórnmálalífi þar sem þau eru hornsteinn öryggis, friðar og efnahagslegrar velsældar. Heimurinn verður alþjóðlegri með hverjum degi og störf þingmanna sömuleiðis. Það er vandfundinn sá málaflokkur sem á sér ekki alþjóðlega hlið. Fjarskiptamál álfunnar eru á borðum sérfræðinga í Brussel, réttarfar í Strassborg og ákvarðanir um umhverfisvernd eru teknar innan ramma alþjóðlegrar umfjöllunar og lagasetningar um umhverfismál. Löggjöf ríkja verður æ alþjóðlegri og störf þjóðþinga taka ríkara mið af því.

Stækkun og aukið vægi Evrópusamvinnunnar er ekki ógnun við norræna samvinnu heldur örvun. Norðurlandaráð er form á svæðisbundnu þingmannasamstarfi sem hefur vakið athygli víða og orðið öðrum til eftirbreytni, t.d. við stofnun Eystrasaltsráðsins og Norður-Írlandsþingmannaráðsins. Menningarsamstarf Norðurlandaráðsþjóðanna hefur aldrei verið jafnmikilvægt og nú á sama tíma og áherslan á alþjóðlega samstarfið eykst.

Ég vil sérstaklega nefna sjónvarpsmálin en mjög lengi hefur verið mikill áhugi á að auka samvinnu Norðurlandanna þar en minna orðið úr en áformað hefur verið. Einkum er nauðsynlegt að marka skýra stefnu í þessum málum og gera það kleift að ná sjónvarpsútsendinum norrænu stöðvanna alls staðar á Norðurlöndum ásamt því að auka samvinnu í dagskrárgerð sem stenst samkeppni við það sem best er gert í veröldinni allri. Það hefur aldrei verið brýnna en einmitt núna að þessum þætti sé sinnt af alvöru á sama tíma og tungumál Norðurlandanna eiga í vök að verjast gagnvart erlendum áhrifum. Allar Norðurlandaþjóðirnar eru á sama báti hvað það snertir og við erum öll mjög meðvituð um það hve djúpar rætur tungumálið á í menningu okkar. Þetta tvennt, tungumál og menning, verður ekki aðskilið. Þess vegna er nauðsynlegt að leggja enn ríkari áherslu á málskilning milli Norðurlandaþjóðanna, einkum hjá börnum og unglingum, og rækta á þann hátt sameiginlegan menningararf Norðurlandanna.

Í þessu sambandi er vert að geta þess að í sumar verður haldin í Reykjavík æskulýðsráðstefna. Hún er skipulögð af frjálsum félagasamtökum á Norðurlöndum og hér á Íslandi er það Ungmennafélag Íslands sem sér um undirbúninginn. Lögð er mikil áhersla á að fá sem mesta þátttöku víðs vegar að á Norðurlöndunum og sérstaklega frá jaðarsvæðunum og

hinum dreifðu byggðum. Þess er vænst að þátttakendur verði 3–4 þúsund talsins og ég held að óhætt sé að segja að þetta sé langstærsti viðburður af þessu tagi sem nokkurn tíma hefur verið staðið fyrir á Norðurlöndunum og mikið gleðiefni að þessi ráðstefna verður haldin á Íslandi.

Ég nefni líka hinn mikilvæga þátt í norrænni samvinnu á sviði menntunar og rannsókna sem ásamt menningarsamvinnunni eru kjarninn í norrænni samvinnu. Þar brennur mjög á að ryðja úr vegi ýmsum hindrunum sem t.d. íslenskir *námsmenn* reka sig á þegar þeir nema á Norðurlöndunum. Þrátt fyrir gagnkvæma viðurkenningu á menntun á milli Norðurlandanna hefur komið í ljós í ríkara mæli en menn töldu að þar þarf að bæta úr og þar er verk að vinna og það var mjög mikil áhersla á þennan þátt á Norðurlandaráðsþinginu í Stokkhólmi í haust.

Grundvallaratriðið í starfi Norðurlandaráðs hlýtur líka að vera að stuðla að friði, öryggi og stöðugleika í Evrópu. Á öryggismálin ættu menn ekki aðeins að líta frá hefðbundnu, hernaðarlegu sjónarhorni í ljósi þess að kalda stríðið er að baki, heldur reyna að finna og ráðast að *rótum* þess vanda sem veldur deilum og gæti leitt til átaka. Það ber að styrkja norrænt samstarf á vettvangi friðargæslu, mannúðar og hjálparstarfs.

Einnig væri gagnlegt að gangast fyrir umræðu, ekki aðeins á norrænum vettvangi, um stefnumörkun um málefni minnihlutahópa, flóttamanna og innflytjenda og sér í lagi í ljósi uppgangs nýnasista en þau mál hafa verið mjög í brennidepli á Norðurlöndum, einkum í Svíþjóð og Danmörku.

Hlutar Norðurlandanna eru heimskautasvæði og hlutar þeirra liggja að Barentshafi og Eystrasalti. Áherslur í alþjóðasamstarfi verða að taka mið af þessu ásamt að efla tengslin við Vestnorræna ráðið.

Verkefnin í austurvegi felast m.a. í að efla lýðræði, mannréttindi, dóms- og réttarkerfi, festa lögmál markaðarins í sessi, tryggja aðgang að menntun og heilsugæslu og stuðla að skynsamlegri nýtingu auðlinda. Aukin áhersla á efnahags- og umhverfismál kallar á aukin tengsl á milli vestnorræna svæðisins og annarra hluta Norðurlanda. Á heimskauts- og Barentssvæðunum þarf að styðja frumbyggja til að standa vörð um og þróa menningu sína. Norðurlöndin eiga áfram að styrkja samstarf sitt sem tekur mið af heildarhagsmunum svæðisins og metnaðarfullum markmiðum í umhverfismálum.

Finnar komu því til leiðar innan Evrópusambandsins á formennskuári sínu í fyrra að tillögur þeirra um norðlæga víddina yrðu teknar inn í framkvæmdaáætlun ESB. Þeirri vinnu verður lokið í sumar og á fundi Noðurlandaráðs í Helsinki í janúar sl. gerði Lipponen, forsætisráðherra Finna, þingmönnum Norðurlandaráðs grein fyrir hvernig þessi vinna stendur. Verður forvitnilegt að sjá árangur hennar þegar framkvæmdaáætlunin liggur fyrir í sumar.

Herra forseti. Í þekkingarsamfélagi nútímans skiptir sköpum um efnahagslega velferð þjóða, hvernig staðið er að menntun og rannsóknum. Í þeim efnum dugar ekkert annað en það besta. Þess vegna eru menntun og rannsóknir mikil*vægustu mál framtíðarinnar til* að standast öðrum þjóðum snúning í harðri alþjóðlegri samkeppni. Samvinna í menntamálum hefur skipað stóran sess í norrænni samvinnu. Miklu skiptir eins og ég nefndi áðan að háskólastúdentar geti farið óhindrað á milli Norðurlandanna til að stunda nám. Ráðstefna Norðurlandaráðs um þekkingu og vöxt á Norðurlöndunum í mars sl. setti menntamálin og rannsóknirnar í enn sterkara kastljós en áður á norrænum vettvangi. Þar var fjallað um þessi mál í mjög víðu samhengi og í brennidepli voru menntun, rannsóknir, nýsköpun í atvinnulífnu og samkeppnisstaða Norðurlandanna.

Norrænt samstarf hefur í tímans rás fyrst og fremst byggt á sameiginlegum menningararfi norrænu þjóðanna. Á þeim *tíma sem nú fer í hönd, tíma þar sem aukin samvinna þjóða* og hnattvæðing er lykilatriði er alltaf best að vera sjálfum sér trúr og þekkja þann jarðveg sem maður er sprottinn úr. Það er gæfuríkast að kannast við og virða þann menningararf sem okkur er fenginn í hendur.

Stundum er sagt að nóbelsskáld okkar Íslendinga, Halldór Laxness, sé íslenskari en allt sem íslenskt er. Fáir nútíma Íslendingar hafa gefið heiminum stærri verðmæti en hann. Um það vitnar sú viðurkenning sem hann hefur hlotið fyrir skáldverk sín og útbreiðsla bóka hans. Halldór ferðaðist mikið um heiminn. Fáir hafa verið trúrri uppruna sínum en hann.

Ég nefni þetta til að undirstrika þá staðreynd að það sem á *við í lífi einstaklings á einnig við um líf þjóða*. Norðurlöndin hafa borið gæfu til þess að standa trúan vörð um þann menningararf sem fortíðin hefur skilað og skyldi það ekki vera meginástæða þeirrar velmegunar og traustu og góðu stöðu sem þau búa við í nútíðinni. Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja. Ef til vill getum við séð ákveðnar hliðstæður í víkingatímanum og þeim tímum sem við lifum nú. Víkingatíminn var blómaskeið á Norðurlöndum og einkenndist af því að þjóðirnar sköruðu fram úr öðrum í krafti þekkingar og tækni.

Norðurlandabúar réðu yfir mikilli þekkingu og færni í siglingum. Þeir áttu mikil viðskipti og blómleg við aðra íbúa álfunnar og fluttu heim með sér hvers kyns þekkingu og *reynslu*. Þetta var forsenda aukinnar þekkingar og framfara og veitti þeim í raun yfirburðastöðu í Evrópu. Allt gat það í sjálfu sér ógnað þeim gildum sem þeir byggðu á heima fyrir en hafa ber í huga þegar við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar og samskiptatækni þekkingarsamfélagsins þeytir okkur á fljúgandi ferð inn í óræða framtíð, blasir þá ekki áþekk mynd við í nútímanum í smækkandi heimi og birtist í síharðnandi samkeppni milli þjóðanna í að tileinka sér þá fjölmörgu möguleika sem felast í tækninýjungum og vísindalegri þekkingu og uppgötvunum? Það hefur góðu heilli *einkennt Norðurlandaþjóðirnar hve mikið þær hafa lagt upp* úr menntun og þekkingu. Þess vegna standa þær vel að vígi í því að nýta sér tæknina. Óvíða í heiminum er tölvueign meiri, internettenging almennari og farsímanotkun algengari. Norðurlöndin standa framarlega í hátækniiðnaði og eru fyrirtæki eins og Nokia og Ericsson glöggt dæmi um það svo að einhver séu nefnd af mörgum.

Menntun og rannsóknir eru forsenda framfara og velmegunar. Það er ófrávíkjanleg staðreynd að beint samband er milli menntunar og efnahagslegrar velmegunar. Reyndin sýnir svo að ekki verður um villst að þær þjóðir sem hafa lagt áherslu á að mennta þegna sína standa best að vígi í alþjóðlegri samkeppni. Þær bera mest úr býtum efnahagslega og eru þess vegna hæfastar til að skapa þegnum sínum þá farsæld og lífshamingju sem maðurinn hefur frá fyrstu tíð sóst eftir og leitað að.

Alþjóðleg samvinna á sviði vísinda fer nú ört vaxandi. Sýnt er að þjóðfélagsþróun næstu aldar byggist fyrst og fremst á skipulegri hagnýtingu þekkingar á öllum sviðum þjóðfélagsins. Þekkingarþjóðfélagið tekur við af iðnaðar-

þjóðfélaginu á nýrri öld. Flestir gera sér nú grein fyrir að engin þjóð getur ein og sér skapað og náð tökum á því að hagnýta á hagkvæmastan hátt alla þekkingu sem hún þarfnast. Þjóðir verða að skipta sér verkum eða eiga með sér samvinnu til að leysa verkefni hvort sem er á sviði hátækni og geimvísinda, læknisfræði og heilbrigðisþjónustu, orkumála, efnahags- og atvinnumála, umhverfismála, náttúruauðlinda, öryggismála, þróunarmála og margs fleira. Margir hafa vaxandi áhyggjur af áhrifum mannsins á veðurfar og fjölbreytni lífríkisins á jörðinni.

Ráðstefna Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í mars sl., þekking og vöxtur sýndi á glæsilegan hátt hversu vakandi og meðvitaðar Norðurlandaþjóðirnar eru um að halda forustu sinni í samfélagi þjóðanna á sviði mennta, vísinda og rannsókna. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á nauðsyn þess að ráðstefnunni sé fylgt eftir af miklum krafti.

[11:18]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka þær inngangsræður sem hér hafa verið fluttar um norrænt samstarf og í stuttu yfirliti í þeim þremur ræðum var margan fróðleik að finna. Þó vil ég koma með alveg sérstaka ábendingu í upphafi máls míns í tilefni þess að á fundum okkar á Norðurlöndum kemur jafnan fram mikil hvatning um að taka þau mál eða málaflokka, sem verið er að fást við hverju sinni, fyrir í umræðu í þjóðþinginu. Ósjaldan er rætt um að fara verði með þessi eða hin málin inn í þjóðþingin, og að mikilvægt sé að þjóðþingin taki þátt í þeirri umræðu sem fer fram á vettvangi Norðurlandaráðs.

Í hvert sinn sem við hlustum á slíka hvatningu finnum við til þess að mál eru of lítið rædd í þjóðþinginu. Þegar skýrsla Norðurlandaráðs eða skýrsla samstarfsráðherra er flutt hér á þinginu eru afar fáir sem taka þátt í umræðum um þá skýrslu og þeir fáu eru gjarnan þeir sem eru í norrænu samstarfi og hafa setið þá fundi sem verið er að vitna til. Og ég held að ég mæli fyrir munn allra okkar, sem höfum verið virk í norrænu samstarfi, þegar ég held því fram að okkur langar til að umræðan sé öðruvísi, að þeir sem eru á fundum og virkir í samstarfinu miðli til hinna sem ekki eiga þess kost að vera á þeim ráðstefnum sem um er að ræða eða sitja fundina þar sem tekið er á samnorrænum viðfangsefnum.

Þar sem ég sat í upphafi fundar og horfði á tóman ráðherrabekkinn meðan samstarfsráðherra Siv Friðleifsdóttir hélt ræðu sína, þá áttaði ég mig á því hversu mikilvægt það er að margir ráðherrar væru hér viðstaddir og þingmenn gætu notað þá skýrslu sem hér er lögð fram og fylgir ræðu samstarfsráðherra til að beina fyrirspurnum til ólíkra ráðherra um hin ýmsu mál. Þess vegna fagna ég því sérstaklega að mættur er hæstv. utanrrh., Halldór Ásgrímsson, og tekur þátt í umræðunni. Ég beini því þess vegna bæði til forseta þingsins og þessara tveggja ráðherra hvort ekki sé ástæða til að við reynum að gera umræðuna um norrænt samstarf þannig, samstarfið sem ég lít á sem það mikilvægasta og þýðingarmesta fyrir okkur Íslendinga, að ráðherrarnir reyni að sjá af svo sem 1–2 klukkustundum þann dag sem umræðan fer fram og geti þá tekið þátt í umræðu um þau mál sem drepið er á í skýrslunni og varða ráðuneyti þeirra.

Með öðrum orðum, herra forseti, er ég að gefa það til kynna að umræða okkar í þjóðþinginu um norrænt samstarf sé veik, hún þurfi að vera betri og ég hvet til þess að við reynum að vinna bug á því.

Þegar ég lít á skýrslu samstarfsráðherranna, þá gríp ég niður í nokkur einstök mál sem mig langar að staldra við, m.a. samstarf á sviði orkumála sem er mjög áhugavert að lesa. Sömuleiðis kom forseti Norðurlandaráðs, Sigríður Anna Þórðardóttir, inn á sjónvarpsmálin sem beinlínis hafa verið vandræðaleg fyrir okkur og hafa dregið fram algert úrræðaleysi á Norðurlöndum með að ná niðurstöðu í þau mál. Við það að skoða hugmyndir sem hafa verið uppi um samstarf í orkumálum vakna auðvitað margar spurningar sem varða okkur sjálf og hvernig við og orkumál okkar, sem eru sérstæð, tengjast samstarfi Norðurlandanna. Vísað er til funda sem haldnir hafa verið hér og á Norðurlöndum og að á fundi orkuráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja hafi verið ákveðið að leggja sérstaka áherslu á raforkumarkað, gasmarkað, orkustefnu, loftslagsmál og orkusparnað og útvíkka norrænu orkurannsóknaráætlunina þannig að hún nái einnig til Eystrasaltssvæðisins og eru löndin að veita sérstakt fjármagn til þessa verkefnis sem mér finnst vera mjög áhugavert. Það er á þennan hátt sem við eigum fyrst og fremst að beita okkur nú í samvinnu við Eystrasaltsríkin vegna þess að sú mikla áhersla á að fara með allt norrænt inn í Eystrasaltsríkin í kjölfar þess að þau opnuðust hefur kannski breyst og þarf að breytast þannig að við tökum fyrir sérstök viðfangsefni.

Mig langar líka til að heyra um það annaðhvort hjá samstarfsráðherra eða hæstv. utanrrh. hvernig útfærsla verður á norðlægu víddinni sem getið var um í ræðu hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur. Í skýrslu Norðurlandaráðs kemur fram að Paavo Lipponen, forsætisráðherra Finnlands, ítrekaði það í ræðu sinni í lok janúar að Evrópusambandið hefði fallist á að norðlæga víddin yrði á aðgerðaáætlun sambandsins. Við höfum nokkrum sinnum nefnt þetta þýðingarmikla mál. Þetta er stórpólitískt mál fyrir þjóðir í Norður-Evrópu en í hvert sinn sem við höfum nefnt þetta og hversu mikilvægt það var að Paavo Lipponen skyldi ná þessu inn í aðgerðaáætlun sambandins þegar hann var með formennsku í Evrópsambandinu vaknar líka sú spurning hvernig þessi aðgerðaáætlun snúi að okkur Íslendingum. Hvar koma Íslendingar að þessu máli? Ég legg fram þá spurningu til hæstv. utanrrh. og samstarfsráðherra.

Annað sem ég vil benda á er að eins og getið er um málefni allra annarra ráðherra er hér getið um áhugaverð málefni á vettvangi dómsmrn. Á árlegum sumarfundi ákváðu dómsmálaráðherrar nýja framkvæmdaáætlun fyrir árið 1999–2000. Þar eru tilgreind sérstök forgangsverkefni sem ég er mjög hrifin af og fagna því. Þau tengjast því sem Samfylkingin hefur verið að gera. Hún hefur flutt á haustþingi gífurlega mörg mál sem varða réttindi barna og úrbætur í málefnum barna. Í hinni nýju framkvæmdaáætlun eru forgangsverkefni barátta gegn afbrotum ungs fólks og barátta gegn barnaklámi á netinu, alþjóðlegur sifjaréttur, kynferðisleg misnotkun barna, starf er varðar afbrotavarnir ásamt mörgu öðru sem hér er nefnt. Ég nefni þetta af því að þetta er eitt af þeim málefnum sem hefði verið mjög áhugavert að geta spurt hæstv. dómsmrh. nánar út í. Ég minnist þess ekki að hæstv. dómsmrh. hafi fjallað um í fjölmiðlum á hverju eigi að taka á norrænum vettvangi. Hins vegar höfum við öll orðið vör við að hæstv. dómsmrh. hefur leitað vestur um haf og átt þar samráð í málefnum sem varða fíkniefnavarnir og úrræði varðandi afbrotamál og frá mínum sjónarhóli séð er það ekki vettvangurinn sem ég mundi sækja í. Fyrst og fremst væri það hinn norræni vettvangur.

Á ráðstefnu á vegum Norðurlandaráðs fyrir einu eða tveimur árum vorum við með fulltrúa frá Evrópusamband-

inu. Þar kom fram að vitað væri að í Evrópu væri að finna barnavændishús og ég býst við að við séum öll sammála um að það sé eitthvert versta dæmi um þessi skelfilegu mál sem hafa verið að ríða yfir Vestur-Evrópu og hafa komið hingað til okkar. Þetta eru málefni sem væri áhugavert að ræða hér í þjóðþinginu og taka fyrir jafnvel í nefndum þingsins og hvernig verið er að taka á þeim á norrænum vettvangi.

Herra forseti. Ég ætla að víkja örlítið að skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Í upphafi vil ég nefna það um leið og ég fagna því að forseti okkar er Sigríður Anna Þórðardóttir, að síðustu þrír forsetar Norðurlandaráðs hafa verið konur. Það er mjög áhugavert vegna þess að það undirstrikar það jafnrétti sem hefur verið að festa rætur á Norðurlandaþingunum og endurspeglar stöðu kvenna bæði á heimaþingum og á norrænum vettvangi. Fyrstu ár mín í Norðurlandaráði voru karlar jafnan forsetar þó að við vitum önnur dæmi um að konur hafi gegnt því embætti fyrr á árum og þar með íslenskar.

Gífurlegar breytingar urðu á skipulagi Norðurlandaráðs þegar innra skipulagi þess var breytt í hina svokölluðu þrjá stólpa, þ.e. Norðurlandanefndina, Evrópunefndina og nærsvæðanefndina. Áður fyrr var verkefni Norðurlandaráðs á vettvangi Norðurlandanefndarinnar einnar í dag. Ég hef allan tímann frá því að þessi breyting var gerð minnt á að þýðingarmesta samstarfið er samstarf Norðurlandanna sjálfra og við megum aldrei missa sjónar á því í umfjöllun okkar um þetta samstarf. Auðvitað höfum við þurft að líta til Evrópu og það er mikilvægt að gefa Evrópumálunum gaum og ástæða var til að sérstök nefnd yrði sett í það. Einnig voru pólitískir hlutir að gerast í Eystrasaltslöndunum sem urðu til þess að Norðurlöndin ákváðu að verða mikil hjálparhella og stuðningslönd við þá lýðræðisþróun sem þar átti sér stað. Hins vegar hefur það verið að gerast að menn hafa verið að draga úr fjárveitingum til Norðurlandaráðs. Fjárlög Norðurlandaráðs eru, ef upplýsingar mínar eru réttar, óbreytt frá árinu 1995. Þrátt fyrir það renna núna um 140 millj. danskra króna til nærsvæðasamstarfsins sem þýðir að við erum að veita miklu minna fjármagn til hins eiginlega samstarfs en áður gerðist.

Nú er ég ekki stjórnmálamaður sem mælir allt í krónum og aurum. En það er alveg ljóst að í þessu tilfelli erum við að draga úr samstarfi með því að draga úr fjármagni og dreifa því sem gekk til norræns samstarfs yfir á bæði Evrópusamstarf og nærsvæðasamstarf. Yfir þessu eigum við að vaka. Það eru skilaboð mín.

Mig langar líka, herra forseti, af því að ég gat um barnamálin, sem heyra undir dómsmrn. og komu fram í skýrslu samstarfsráðherra, að víkja að því að Norðurlandanefndin var með *vinnuhóp um börn og unglinga og hélt vinnufund* á Egilsstöðum í lok maí í fyrra. Þar voru mjög áhugaverð verkefni tekin fyrir og niðurstaða vinnuhópsins hefur verið birt í sértakri tillögu. Í tilmælunum felst m.a. að skorað er á norrænu ráðherranefndina að vinna sérstaka aðgerðaáætlun fyrir börn og unglinga, að þróa norræna samvinnu um andlega heilsu barna, að hafa samvinnu við norræna umboðsmenn barna um að skýrgreina hvað felist í hugtakinu „barnets beste", — það besta fyrir börnin — að vinna að því að tryggja hagsmuni barna innan réttarkerfisins, og að innleiða og framkvæma barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Herra forseti. Því hlýt ég að minna á að hér fyrir þinginu liggur þáltill. um að yfirfara íslensk lög með tilliti til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gera úrbætur á þeim lögum þar sem er ábótavant. Ég hvet því til þess að á sama tíma og ég les áherslur Norðurlandanefndarinnar á að innleiða og framkvæma barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að eitthvað felist í því að taka þessa umræðu í heimaþinginu og að við bregðumst þá við. Þar sem svo vill til að tillaga liggur fyrir, þá hvet ég til þess að sú tillaga verði ein af þeim tillögum sem ná fram að ganga á vori komanda.

Fleira sem nefnt er varðandi börnin er að unnin verði rannsókn á aðstæðum barna og ungs fólks í dreifðum byggðum á Norðurlöndunum. Þetta er gífurlega mikilvægt, að unnin verði rannsókn á aðstæðum barna og ungs fólks og skoðaðir verði líka möguleikar til menntunar og félagslegra aðstæðna, sérstaklega barna og unglinga í þéttbýli, og afla þekkingar á kostum og göllum þess að vera barn eða unglingur í dreifbýli og svo þróun upplýsingatækninnar. Þá hlýt ég að spyrja þá sem *málið varðar og þekkja: Hvernig ætlum* við að kanna þessi mál á Íslandi? Hvernig ætlum við að standa að þeirri vinnu hér á landi? Ég vil gjarnan sjá að það verði gert á öflugan hátt og leggja því lið.

Herra forseti. Síðasta ráðstefnan sem ég sótti á þessu ári var þemaráðstefna um þekkingu og vöxt á Norðurlöndum sem áðan var getið um. Þar var skyggnst markvisst til framtíðar og menn gerðu sér grein fyrir því hvaða gífurlegar *þjóðsfélagsbreytingar eru að verða*, bæði á Norðurlöndum og í Evrópu. Hvert ætlum við að stefna og hvernig? Þetta var góð ráðstefna og ég mundi vilja sjá slíka umræðu fara fram hér á landi. Þar var spurt hvort Norðurlönd gætu orðið heimamarkaður. Staða Norðurlandanna var dregin fram í hnattvæðingunni, svo og í Evrópu og staða okkar í Evrópu. Þetta var gífurlega góð ráðstefna, ein sú besta sem ég hef sótt á Norðurlöndunum. Og mig langar til að slík umræða færist inn í íslenskt samfélag og við gætum staðið fyrir því að slík umræða fari fram hér heima. Mér finnst þemaráðstefnur mjög góður þáttur í starfi Norðurlandaráðs, sérstaklega þegar þess er gætt að fulltrúar viðkomandi fagnefnda í þjóðþingunum fái að sækja þær en á því hefur verið brestur hjá okkur í íslenska þjóðþinginu. Ég vil hvetja til þess að fólk sem á sæti í fagnefndunum hér sæki slíkar þemaráðstefnur og að haldið verði áfram á sömu braut með þær.

[11:33]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi sérstaklega að hæstv. dómsmrh. Sólveig Pétursdóttir leitaði víða fanga til að fá hugmyndir til að bæta löggæslu, vímuefnavarnir og málefni barna. Ég tel að það sé mjög gott og til fyrirmyndar að hún sæki sem víðast í þeim efnum. Mig langar líka til þess að fullvissa hv. þm. um að á engan hátt er verið að *draga úr norrænu samstarfi á þessu sviði*. Það er þvert á móti mjög öflugt. Ég minni á að á sl. sumri var haldinn fundur norrænu dómsmálaráðherranna hér á landi þannig að ekki þarf að óttast að áhugi sé dvínandi á norrænu samstarfi á því sviði. Á þeim fundi samþykktu dómsmálaráðherrar Norðurlandanna nýja framkvæmdaáætlun fyrir árin 1999–2000. Þar eru tilgreind ýmis forgangsverkefni. Ég nefni nokkur þeirra: baráttuna gegn afbrotum ungs fólks, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna, afnám félagsréttarlegra hindrana í löggjöf við samruna fyrirtækja og ýmislegt fleira, kynferðislega misnotkun barna, starf er varðar afbrotavarnir, löggjöf um upplýsingatækni, svo fátt eitt sé nefnt. Á þessu sviði er því mjög öflugt samstarf dómsmálaráðherra á Norðurlöndum.

[11:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir hafi annaðhvort misskilið ræðu mína hrapallega eða alls ekki heyrt hvað ég var að segja vegna þess að ég var að telja upp þau forgangsverkefni sem hún var að endurtaka í ræðustól og draga fram hve mér fyndist áhugavert að samstarf dómsmálaráðherra á Norðurlöndunum væri í þessum farvegi.

Það er persónuleg skoðun mín að ekki sé mikið að sækja til Bandaríkjanna hvorki varðandi vímuefnavarnir né forvarnamál. Ég er fylgjandi því að ráðherrar og fólk í pólitík og allir sem vilja efla sig geri sem mest af því að skoða hvað er að gerast í heiminum. Ég er að benda á að á sama tíma og mér finnst að ekki hafi verið farið rétt að í Bandaríkjunum þar sem fangelsin eru yfirfull af ungmennum vegna fíkniefnabrota af því að einu úrræðin eru að fangelsa þá hef ég tekið eftir því að för dómsmálaráðherra til Bandaríkjanna hefur fengið mjög gott og mikið rými í fjölmiðlum og þar með fékk ég að vita hvað hún var að sækja þangað. Ég hef ekki séð mikið af því að dómsmrh. okkar væri að segja frá því í fjölmiðlum hvað er að gerast á norrænum vettvangi, hvaða forgangsverkefni eru þar. Það er það sem mig langar að sé gert, því sé haldið á lofti og að við eigum að vinna inn í landið okkar það sem er verið að takast á um saman á Norðurlöndunum.

Þetta er inntakið í því sem ég beindi sjónum að fyrir utan að leggja áherslu á að ef ráðherrarnir væru hér þegar við förum yfir skýrsluna, gætum við beint þeim spurningum til ráðherranna, hvað hefði verið að gerast og hvað er að gerast heima í þessum málum. Það getum við ekki gert með þessu vinnulagi.

[11:37]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er við hæstv. dómsmrh. að sakast þó fjölmiðlar sýni frekar áhuga á ferðum hennar og samstarfi við Bandaríkin en til Norðurlandanna.

Ég vil sérstaklega draga fram í þessa umræðu af því að nefndar voru vímuefnavarnir að Bandaríkin hafa lengi verið í forustu á sviði vímuefnavarna. Hugmyndir að því sem við höfum gert á Íslandi t.d. í áfengisvörnum og meðferðarúrræðum, höfum við m.a. sótt til Bandaríkjanna, til Hazelden-stofnunarinnar í Minnesota. Áður en við komum upp meðferðarstofnunum á Íslandi fóru Íslendingar til Bandaríkjanna í meðferð. Þessu megum við ekki gleyma. Bandaríkjamenn hafa staðið framarlega í slíkum málum og er margt hægt að læra af þeim.

[11:38]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það ekki dæmalaust að þegar ég er að reyna að finna leiðir til þess að umræðan um norrænt samstarf geti orðið sem ítarlegust og best og frjóust skuli formaður þingflokks Sjálfstfl. detta í að gera það að aðalmáli að ég skuli hafa nefnt að ég mundi ekki hafa sótt helstu upplýsingar eða leiðsögn til Bandaríkjanna? Auðvitað veit ég að við sóttum áfengisvarnastefnuna þangað og að við erum ábyggilega löngu komin langt fram úr þeim. Við erum búin að sækja þangað það sem þar er að hafa fyrir löngu. Auðvitað veit ég að enginn stýrir hvað fer í fjölmiðlana en ef ráðherra er að leggja mikla áherslu á málefni kemur hann þeim inn í fjölmiðla. Ég ætla bara að hæla dómsmrh. fyrir hvað hún hefur verið dugleg við að koma öllu inn í fjölmiðla sem hún er að fást við svo það sé þá líka skýrt.

Menn verða að geta tekið því að aðrir séu með ólíkar skoðanir á einhverju og ekki að hlaupa í vörn fyrir einn afmarkaðan þátt. Hér eigum við að ræða hvað við getum komið með hingað inn og hvernig við getum nýtt norræna samstarfið til að gera úrbætur hjá okkur. Við höfum oft gert það, en sums staðar er enn ábótavant.

Herra forseti. Það er engin tilviljun að ég skuli hafa lagt megináherslu á málefni barna í stuttri ræðu minni, bæði hvað varðar ráðherraskýrsluna og skýrslu Norðurlandaráðs. Það er engin tilviljun.

[11:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær framsöguræður sem hafa verið hér á undan og skýra mjög vel starf Norðurlandaráðs og mikilvægi norræns samstarfs. Norrænt samstarf er þungamiðja í utanríkisstefnu okkar Íslendinga og það ber að ræða mjög ítarlega og vekja athygli á því.

Maður finnur það í þessu samstarfi að það eru ekki bara við Íslendingar sem lítum svo á að norrænt samstarf hafi mikla kosti. Við finnum það t.d. þegar verið er að fjalla um uppgang nýnasismans á Norðurlöndum núna hversu mikilvægt er fyrir hinar Norðurlandaþjóðirnar að starfa saman og reyna að vinna bug á þeirri plágu sem uppgangur nýnasismans er á Norðurlöndunum og þar hafa menn fundið styrk af samstarfinu við þá baráttu.

Hæstv. forseti. Ég vil gera sérstaklega að umtalsefni tvö verkefni sem ég hef tekið þátt í á norrænum vettvangi með sæti mínu í Norðurlandaráði á síðasta ári. Það var haustið 1998 sem Norðurlandanefnd setti á fót vinnuhóp um málefni barna og unglinga og í honum áttu sæti sjö þingmenn af Norðurlöndunum. Það var afskaplega áhugavert að taka þátt í þessu starfi og veitti manni mikla innsýn í það sem er að gerast á Norðurlöndunum varðandi starf fyrir börn og unglinga og ekki síður hér á landi. Hópurinn átti einmitt eins og hér hefur verið nefnt einn fund á Egilsstöðum þar sem við fengum mjög góðar upplýsingar frá íslenskum aðilum varðandi það sem verið er að gera hér. Sérstaka athygli vakti erindi Karls Steinars Valssonar frá karlanefnd Jafnréttisráðs og einnig hinna sem þarna komu; Þórhildar Líndal, umboðsmanns barna, og Helgu Guðmundsdóttur sem fjallaði um starf með börnum og unglingum í dreifbýli og tók sitt starf á Egilsstöðum sem gott dæmi um það. En verkefni hópsins var að draga upp útlínur að helstu vandamálum á möguleikum barna og unglinga á Norðurlöndunum á þröskuldi nýrrar aldar.

Vinnuhópurinn fundaði fimm sinnum og í starfi sínu lagði hann sérstaka áherslu á réttindi barna og unglinga, baráttu gegn einelti, menntamál, félagsmál og heilsuverndarmál þessa þjóðfélagshóps. Það er aðeins misvísandi sem kemur fram í skýrslu nefndarinnar að ekki var einungis um eina tillögu að ræða sem kom út úr starfi hópsins, heldur voru tillögurnar þrjár. Það var ein þverfagleg tillaga og vinnuáætlun, eins og kemur fram í skýrsluni, þar sem skorað er á norrænu ráðherranefndina að vinna sérstaka aðgerðaráætlun fyrir börn og unglinga og þróa norræna samvinnu um andlega heilsu barna, að hafa samvinnu við norræna umboðsmenn barna um að skýrgreina hvað felst í hugtakinu „barnets beste“, að vinna að því að tryggja hagsmuni barna innan réttarkerfisins, að innleiða og framkvæma barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

og að innleiða aðferðir til að tryggja börnum og ungu fólki áhrif í samfélaginu.

Einnig var tillaga varðandi einelti og ofbeldi meðal barna og síðan tillagan sem hér er nefnd um börn og unglinga í dreifbýli. Ég lagði mesta áherslu á þetta atriði í starfi mínu og ég held að tími sé til kominn að skoða vandlega hverjar eru sérstakar aðstæður barna og unglinga á landsbyggðinni. Ástæðan er sú að þó að Norðurlöndin standi framarlega í málefnum barna og unglinga hafa rannsóknir og aðgerðaáætlanir miðað nær eingöngu við þann hóp sem býr í borgum og bæjum. Samtímis finnast nær engar rannsóknir á högum barna og unglinga í dreifbýli, m.a. hvað varðar aðstöðu eða aðstöðumun í menntamálum, félagsmálum, réttindamálum og almennum uppvaxtarskilyrðum.

Á Norðurlöndunum býr mikill fjöldi fólks í dreifbýli og mikill fjöldi barna og unglinga. Aðstæður þessa hóps eru aðrar en í þéttbýli, möguleikarnir eru mismunandi og vandamálin að sumu leyti frábrugðin. Nauðsynlegt er að afla meiri þekkingar á högum þessa hóps til að geta mótað skynsamlega stefnu.

Í tillögunni felst að lagt er til að norræna ráðherranefndin láti vinna skýrslu um stöðu barna og unglinga í dreifbýli, sem skoði m.a. að hve miklu leyti menntamál og félagsleg réttindi þeirra eru tryggð í sama mæli og í þéttbýli, í öðru lagi kosti og galla þess að alast upp í dreifbýli og safna nýjum upplýsingum þar að lútandi og í þriðja lagi hvernig upplýsingatækni getur komið að notum við að draga úr göllum þess að alast upp í fámenni og einangruðu samfélagi og þá er verið vísa bæði í internet, spjallrásir, tölvupóst o.fl.

Skorað er á norrænu ráðherranefndina að styðja samvinnu milli dreifðra byggða sem lýtur að því að skiptast á upplýsingum og reynslu af stefnumótun fyrir börn og unglinga. Þar eð engar rannsóknir hafa farið fram á Norðurlöndunum á stöðu barna og unglinga í dreifbýli gæti skýrsla af þessu tagi verið grunnur að stærra rannsóknarverkefni í þessum málaflokki, þ.e. samnorrænu rannsóknarverkefni.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var að nefna hvernig staðið yrði að þessu. Ég held að augljóst sé að þetta verður að vera samnorrænt verkefni. Það er ósk og von okkar að ráðherranefndin sinni þessu og að hún veiti í þetta verulegu fé því að þetta mun kosta töluvert og þá verði augum beint að samnorrænum rannsóknum á aðstæðum barna og unglinga í dreifbýli og þetta þarf að gera sem fyrst. Ég trúi því og treysti að ráðherranefndin muni sinna þessu verkefni.

Ég vildi einnig nefna það starf sem ég átti þátt í um vinnu eftirlitsnefndarinnar. Ég tók sæti í henni á miðju síðasta ári og þá var, eins og gefur að skilja, komin vel af stað sú vinna sem eftirlitsnefndin var að huga að á þeim tíma, en eftirlitsnefndin annast eftirlit þingmanna með starfsemi sem fjármögnuð er með sameiginlegu norrænu fjármagni og getur einnig skoðað norrænt samstarf að öðru leyti. Auk þess sem skoðaðir voru ársreikningar og ársskýrslur Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar velur eftirlitsnefndin á hverju ári eitt eða fleiri svið til sérstakrar skoðunar. Fyrir árið 1999 var slíku eftirliti beint að því hvernig farið sé eftir tilmælum Norðurlandaráðs.

Það er skoðun mín að það sé afskaplega mikilvægt að því starfi sé framfylgt sem fer fram í Norðurlandaráði og þeim tilmælum sem samþykkt eru á Norðurlandaráðsþinginu. Eins og menn vita var samþykkt tillaga á þinginu í Stokkhólmi þar sem eftirlitsnefndin lagði til að ríkisstjórnir Norðurlanda færu yfir verklag sitt varðandi meðferð og pólitíska úrvinnslu tilmæla Norðurlandaráðs, að þær þrói í samráði við norrænar samstarfsstofnanir upplýsingar um meðferð tilmæla og skjalahald, að þær hafi forgöngu um samráð fulltrúa í embættismannanefndum og embættismanna á hinum ýmsu skrifstofum Norðurlandaráðs, að þær geri í tilkynningum eftir því sem hægt er grein fyrir áhrifum þeirra ráðstafana sem samþykktar hafa verið og að þær taki að nýju upp kerfi þar sem framlag einstakra landa til tilkynninga verði aðgengilegt fyrir fulltrúa Norðurlandaráðs.

Síðan beindi eftirlitsnefndin einnig til Norðurlandaráðs, og sú tillaga var samþykkt, að setja öll tilmæli á dagskrá á þingum ráðsins, að vanda enn frekar gerð tilmæla og að á þau verði litið miðað við framkvæmdaáætlun á hverju sviði og að hvetja deildir landanna til að fjalla um þær tillögur í skýrslunni og að þeim tilmælum Norðurlandaráðs verði framfylgt sem varða þeirra eigið þing og ríkisstjórn. Ég tel ekki síður mikilvægt að við fjöllum um þetta á Alþingi og að við fylgjum því eftir hvernig ráðherrar okkar fylgja eftir þeim tillögum sem að þeim er beint á Norðurlandaráðsþingum. Þetta snýr að starfi okkar í þinginu og er mikilvægt að því verði fylgt eftir.

Ég vil að lokum geta þess að það norræna samstarf sem ég hef tekið þátt í hefur haft mikið gildi fyrir mig sem þingmann til að víkka sjóndeildarhringinn. Oft og tíðum heyrum við þingmenn að þetta starf skili ekki nokkrum hlut varðandi vinnu okkar sem þingmanna en það er að mínu áliti síður en svo. Þetta starf hefur mikið gildi, mikið gildi fyrir Alþingi og það hefur mikið gildi fyrir okkur hvert um sig sem þingmenn við störf okkar.

[11:53]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Á síðasta ári fór Ísland með formennsku í norrænu ráðherranefndinni og sinnti því mikilvæga verkefni með sóma. Ég sé sérstaka ástæðu til að þakka hæstv. samstarfsráðherra Siv Friðleifsdóttur fyrir framlag hennar og Halldóri Ásgrímssyni fyrir framlag hans ásamt starfsfólki Norðurlandaskrifstofunnar.

Ég vil gera norrænu fjárlögin að sérstöku umtalsefni. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi áðan að ekki hefði verið nein aukning á norrænu fjárlögunum á síðustu árum. Undir það tek ég og það er mikið áhyggjuefni. Hið hefðbundna norræna samstarf hefur þvert á móti verið skorið niður þrátt fyrir það að á hverju ári sé verið að koma inn með ný verkefni. Það hefur einfaldlega þýtt að það hefur verið skorið niður á mjög mörgum sviðum en á sama tíma hefur áherslan á grannsvæðasamstarfið verið aukin mjög mikið svo að það tekur núna um 20% af heildarframlaginu.

Við verðum að horfast í augu við það sem búum á Vestur-Norðurlöndum að sá hluti Norðurlandanna hefur orðið nokkuð út undan í allri umræðunni og áherslunni sem er á grannsvæðasamstarfið í austri. Auðvitað er mikilvægt að við stöndum vörð um Vestur-Norðurlöndin hvað þetta snertir.

Núna er unnið að norrænu fjárlögunum fyrir næsta ár og þau verða meginefni sumarfunda Norðurlandaráðs í júní. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra Sivjar Friðleifsdóttur hvernig þeirri vinnu miði því að ljóst er að ákveðin vandamál hafa verið á ferðinni við að koma norrænu fjárlögunum saman og ég veit að verið er að vinna að því hörðum höndum þessa dagana. Það væri mjög áhugavert að fá að vita hvort það er eitthvað sem ráðherra gæti fært inn í umræðuna hvað það snertir.

En áætlun Íslands á formennskuárinu laut sérstaklega að málefnum Vestur-Norðurlanda og Norðurskautssvæðanna. Við lögðum áherslu á að norræn samvinna gæfi þessum svæðum sérstakan gaum og að þau væru gerð meira sýnileg. Sérstakar áherslur formennskuárs Íslands birtust í áætluninni Fólk og haf í norðri, sem ráðherra fjallaði um í máli sínu, en þar var lögð veruleg áhersla á umhverfismál, sjálfbæra nýtingu auðlinda og sjálfbæra þróun. Lögð var sérstök áhersla á aðstæður fólks í dreifðum byggðum landsins og það hefur beina skírskotun til Íslands en við þekkjum öll þann vanda sem steðjar að landsbyggðinni. Í því sambandi má einnig benda á að á þinginu í Stokkhólmi samþykkti Norðurlandaráð tilmæli um börn og ungt fólk í dreifbýli. Þar er skorað á norrænu ráðherranefndina að m.a. verði unnin rannsókn á aðstæðum barna og ungs fólks í dreifðum byggðum á Norðurlöndum og tek ég alveg sérstaklega undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um mikilvægi þess máls.

Athugun ráðherranefndarinnar á m.a. að leita svara við hvernig réttindi barna og unglinga eru virt með tilliti til möguleika til menntunar og félagslegra aðstæðna og þá sérstaklega barna og unglinga í dreifbýli. Þá skal athugunin afla þekkingar á kostum og göllum þess að vera barn eða unglingur í dreifbýli og hvernig þróun upplýsingatækninnar geti haldið hugsanlegum ókostum þess í lágmarki og hvernig unnt sé að styrkja þá þróun.

Í nóvember í ár verður 52. þing Norðurlandaráðs haldið á Íslandi. Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur veg og vanda af skipulagningu þess og vinnan er komin vel á veg. Þingið er auðvitað stórt í sniðum og má reikna með því að um eitt þúsund manns verði á þinginu þegar allt er talið, þingmenn og ráðherrar frá öllum Norðurlöndunum, mikill fjöldi fréttamanna og erlendra gesta. Þingið verður haldið í Háskólabíói og á Hótel Sögu eins og við höfum gert undanfarin skipti sem við höfum haldið Norðurlandaráðsþing hér á landi og auðvitað er óhætt að segja að Íslandsdeild Norðurlandaráðs mun gera sitt ýtrasta til að gera þingið sem veglegast.

Drög að dagskrá þingsins voru samþykkt af forsætisnefnd Norðurlandaráðs nú í byrjun mars. Rétt er að geta þess sérstaklega að samþykkt var að stytta þingið um einn sólarhring, m.a. vegna eindreginna óska forseta norrænu þjóðþinganna. Ekki var unnt að gera þetta nema með því að stytta dagskrána og hugsanlega takmarka ræðutíma en vonast er til að þetta fyrirkomulag komi ekki niður á hinni pólitísku umræðu á þinginu. Búast má við að umræðan verði mjög líflega enda verða mörg spennandi mál sem til umfjöllunar á þinginu. Þar ber hæst skýrslu aldamótanefndarinnar eða „vísra manna nefndarinnar" sem Jón Sigurðsson, bankastjóri Norræna fjárfestingabankans, stýrir en hún verður lögð fram í haust og rædd á þinginu.

Í tengslum við þingið er rétt að minnast á Upplýsingaskrifstofu Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar en fyrir ári voru upplýsingaskrifstofur Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar sameinaðar í tilraunaskyni. Nú í haust var Sigrún Stefánsdóttir ráðin sem deildarstjóri. Upplýsingaskrifstofan mun stuðla að öflugri kynningu og samstarfi við fréttamenn í tengslum við þing Norðurlandaráðs á Íslandi og þess má vænta að við fáum verulega landkynningu í kjölfarið.

Samhliða þinginu verður staðið fyrir menningardagskrá sem vel verður vandað til. Við í Íslandsdeild Norðurlandaráðs höfum lagt áherslu á að efni dagskrárinnar og umgerð snúi fyrst og fremst út á við, þ.e. að almenningur fái notið norrænnar menningar og lista í tengslum við þing Norðurlandaráðs á Íslandi.

Ísland hafði frumkvæði að því að vísra manna nefndinni var komið á fót. Hlutverk hennar er að móta og koma með tillögur að framtíðarinnihaldi norrænnar samvinnu nú í byrjun nýs árþúsunds. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að meta kosti þess að taka upp grannsvæðasamstarf við lönd í vestri, þ.e. Skotland, Hjaltlandseyjar og Nýfundnaland. Lífsskilyrði á þessum svæðum eru um margt svipuð og á Vestur-Norðurlöndum. Hin síðustu ár hefur grannsvæðasamstarf Norðurlanda aðallega beinst að svæðunum í austri eins og ég nefndi áðan. Það hefur kostað verulega fjármuni en hefur hins vegar leitt til þess að skorið hefur verið niður til hinnar hefðbundnu norrænu samvinnu. Nú er svo komið að við þurfum að meta hvort ekki sé rétt að beina áherslum okkar í auknum mæli í vestur, þ.e. til Færeyja, Íslands, Grænlands og hugsanlega nýrra grannsvæða. Ég hef áhuga á því að fara alveg sérstaklega ofan í þessi mál og skoða hvort við Íslendingar gætum ekki haft frumkvæði að einhverju í þessa veru á formennskuári okkar í Norðurlandaráði.

Jón Sigurðsson kom á fund í forsætisnefnd Norðurlandaráðs núna í janúar og greindi frá því helsta sem vísra manna nefndin fjallar um. Skýrslu nefndarinnar er beðið með mikilli eftirvæntingu og forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefur þegar ákveðið vinnuferli til að meðhöndla skýrsluna en hún verður lögð fram í september. Ég vildi spyrja ráðherra nánar um hvernig þessi vinna stendur og hvort þess sé að vænta að skýrslunni verði lokið í september. Hvaða línur hafa verið lagðar og hvernig stendur sú vinna? Það verður líka spennandi að í kjölfarið mun Norðurlandaráð og norræna ráðherranefndin skoða hvort gera þurfi einhverjar skipulagsbreytingar á norrænu samvinnunni.

Gildi norrænnar samvinnu kom berlega í ljós á síðasta hausti þegar Norðurlöndin opnuðu sameiginlegt sendiráð í Berlín. Samstaðan sem Norðurlöndin sýndu með því framtaki vakti verðskuldaða athygli í Þýskalandi og víðar. Byggingarnar eru óvenju glæsilegar og framlag Íslands er alveg sérstaklega fallegt og vel heppnað. Það er mikilvægt að Norðurlöndin haldi fast saman í framtíðinni eins og þau hafa jafnan gert. Þau eru fyrirmynd svæðasamstarfs í Evrópu gegnum tíðina og þess vegna var sendiráðsopnunin í Berlín mjög mikilvægur og táknrænn viðburður sem sýndi áþreifanlega í alþjóðlegu samhengi samstöðu og stefnu Norðurlandanna í norrænu samstarfi.

[12:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka umræðurnar um skýrsluna um norrænt samstarf í dag. Ég tel að þær hafi verið afar góðar. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, fyrir hlý orð í minn garð og þá skýrslu sem hann flutti fyrir hönd Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Hún var mjög yfirgripsmikil og lýsandi fyrir starfið í deildinni. Ég vil einnig taka undir með þeim þingmönnum sem hér hafa talað og drepa á ýmis atriði sem fram komu í máli þeirra.

Í fyrsta lagi vil ég taka undir með hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur sem ræddi í fyrri ræðu sinni um ýmislegt sem snýr að mennta- og menningarmálum. Hún minntist á æskulýðsráðstefnu sem haldin verður á Íslandi seinna á árinu. Í máli þingmannsins kom fram hve mikilvægt er að við hlúum að rótum okkar, menningararfinum og þá sérstaklega unga fólkið. Þetta hefur verið rætt á norrænum vettvangi, þ.e. hve

mikilvægt er að standa vörð um það að vera norrænn og það að tilheyra þessari menningarheild til að standa sterkari í alþjóðavæðingunni sem dynur í dag á öllum ríkjum heimsins.

Í norrænu samstarfi hefur verið lögð mikil áhersla á menningarsamstarf og það að virkja ungt fólk, börn og unglinga. Á síðustu árum hefur verið t.d. verið tekið upp ýmislegt nýtt svo sem Nordjobb og Nordplus. Samskipti hafa aukist milli vinabæja og samskipti barna og unglinga hafa aukist á sem flestum sviðum. Það er mjög ánægjulegt og brýnt vegna þess að margt annað glepur unga fólkið í dag. Heimurinn er að minnka. Það er miklu ódýrara t.d. að fara til annarra landa, fljúga til útlanda. Fjölmörg tækifæri eru fyrir ungt fólk til að skoða heiminn. T.d. er vinsælt að fara sem „au pair" til annarra landa, því miður ekki svo oft til Norðurlandanna heldur til fjarlægri landa. Ungt fólk fer í sólarlandaferðir og alls konar ævintýraferðir og en hoppa þá gjarnan yfir Norðurlöndin og fara eitthvað lengra í burtu. Ég tel því mjög mikilvægt að norræna samstarfið standi sterkan vörð um barna- og ungmennaskipti og það samstarf sem á sér stað á þeim vettvangi.

Hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir ræddi einnig um fjármálin. Það gerðu fleiri þingmenn. Eins og fram kom í fyrri ræðu minni fara um 70% af fjárlögunum í hefðbundið norrænt samstarf. 20% fara til nærsvæðanna og 9% til Evrópumála. Það er athyglisvert að skoða þessar tölur vegna þess að stundum er sagt að norrænu fjárlögin séu stíf og ósveigjanleg. Þó er varla hægt að taka undir það þegar maður sér t.d. að 20% af fjárlögunum fer til nærsvæðasamstarfsins. Til þessa samstarfs fór ekkert fyrir nokkrum árum síðan þannig að í staðinn fyrir 0% fara 20% af fjárlögunum til nærsvæðasamstarfsins.

Það hefur verið pólitísk samstaða um þessar breytingar vegna þess að ástandið á nærsvæðunum, sem eru aðallega Eystrasaltsríkin og Rússland, hefur verið þannig að menn hafa viljað leggja áherslu á samstarf við þessi ríki sem nýlega hafa öðlast meiri lýðræðisleg réttindi heldur en þau hafa búið við í áratugi. Þau eru nú frjáls. Þetta hefur orðið til þess að við í vest-norðri höfum orðið svolítið út undan eins og hér var einnig dregið fram. Ég tek undir það. En það hefur verið pólitísk sátt um þessar breytingar vegna stöðunnar í Eystrasaltsríkjunum og nærsvæðum okkar. Við höfum hins vegar lagt áherslu á það í formennskuprógrammi okkar að reyna að draga svolítið fókusinn til vest-norðurs með dagskrá okkar „Fólk og haf í norðri". Það hefur tekist að mörgu leyti. En „vísmannsgrúppan" eða aldamótanefndin, sem þingmenn hafa einnig komið inn á, skoðar sérstaklega áherslur í norrænu samstarfi á nýrri öld og hvernig beina skuli áherslum okkar í nærsvæðasamstarfinu á næstu öld. Það verður mjög spennandi að sjá hvað kemur út úr því.

Af fjármagninu fara 9% til Evrópumála og það er líka áherslubreyting. Ljóst er að mikil umræða hefur verið um Evrópumál á vettvangi norræns samstarfs að undanförnu og svo mun verða áfram. Hingað til hafa menn ekki viljað tala um svokallaða blokk, að Norðurlöndin vilji fari í einhverja blokk í evrópsku samstarfi, en það er að breytast núna í dag. Stöðugt fleiri tala um að með því að fleiri lönd komi inn í Evrópusambandið muni svæðabundið samstarf aukast. Það verður að aukast og því er alveg ljóst að Norðurlöndin munu fara að vinna nánar saman á vettvangi Evrópusambandsins en við höfum séð hingað til. Eðli málsins samkvæmt munu þau gera það af því að það er æskilegt til að hafa meiri áhrif innan Evrópusambandsins. Eins og allir vita er norræna samstarfið okkar gluggi inn í Evrópusamstarfið. Við getum haft mjög náin samskipti við þrjú norræn ríki sem eru líka í Evrópusamstarfinu, þ.e. Finnland, Svíþjóð og Danmörk. Þannig verður það seint nógu vel undirstrikað að norræna samstarfið er leið fyrir okkur inn í þá miklu pólitísku umræðu og starf sem á sér stað innan Evrópusamstarfsins.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom inn á að norræna samstarfi væri afar mikilvægt, t.d. vegna ráðstefna sem væru haldnar á norrænum vettvangi. Hún tók fram að ekki kæmust allir þangað og því væri mikilvægt að við ræddum meira á vettvangi Alþingis um Norðurlandasamstarfið. Ég tek undir það. Norrænt samstarf er mikilvægt. Ég vil tvinna það aðeins inn í umræðuna um fjárlögin. Það er ljóst að við borgum 1% af fjárlögum á norrænum vettvangi. Núna fara 741 millj. danskra króna til þessa samstarfs, þ.e. 7,5 milljarðar íslenskra kr. Við borgum 1% af því. Við höfum aðgang að öllu styrkjakerfinu á norrænum vettvangi sem er afar mikilvægt. Norrænt samstarf frjálsra félagasamtaka er styrkt þannig að íslensk frjáls félagasamtök hafa þarna aðgang. Umfangsmikið menningarsamstarf er styrkt og svo er pólitíska samstarfið einnig afar mikilvægt, t.d. á sviði embættismannanefndanna sem hafa í gegnum norræna samstarfið getað komið með ýmsar nýjar áherslubreytingar í sambandi við lagatexta. Norræna samstarfið er uppspretta okkar í sambandi við undirbúning að nýjum lögum. Ég vil líka nefna pólitískt samstarf á vettvangi stjórnmálamannanna sjálfra en eins og hér kom fram í máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur þá víkkar norræna samstarfið sjóndeildarhringinn. Ríkin þurfa að fást við svipuð vandamál og því er þetta pólitíska samstarf á vettvangi stjórnmálanna afar mikilvægt.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði einnig út í útfærslu á norðlægu víddinni eða hvernig aðgerðaráætlunin sneri að okkur varðandi norðlægu víddina. Ég vil taka undir hrós hv. þm. til Finnanna sem komu þessari hugmynd inn í umræðu á norrænum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins. Fyrir tveimur árum síðan vissi ekki nokkur maður hvað norðlæga víddin þýddi. Í dag vita það mjög margir og skilja út á hvað hún gengur. Norðlæga víddin snýr að því að gera aðgerðaáætlun í umhverfismálum og efnahagssamstarfi og minnka þá félagslegu gjá sem er á milli Norðurlandanna og ríkjanna í austri, þ.e. Eystrasaltsríkjanna og Rússlands. Fyrir okkur er það mjög mikilvægt öryggisatriði að þessi velferðargjá minnki og þessi ríki nái að koma á sterkari félagslegu kerfi heldur en þau búa við í dag. Það minnkar líka ásókn íbúa þeirra í að færa sig í stórum stíl á milli landa. Það er mjög æskilegt að geta komið fólki til aðstoðar við að bæta kjör þess á sínu heimasvæði. Þetta er öryggismál fyrir öll Norðurlönd, einnig fyrir okkur, en enn þá mikilvægara fyrir okkur tel ég umhverfissamstarfið.

Fyrir okkur er mjög mikilvægt að bæði í Eystrasaltsríkjunum og ekki síður í Norðvestur-Rússlandi verði tekið til hendinni. Á Kólaskaga — norðlæga víddin snýr að því líka — þarf t.d. að leysa ákveðin umhverfisvandamál. Við Kólaskaga mara kafbátar sem úr getur lekið geislavirkur úrangur. Fyrir hagsmuni okkar í sjávarútvegi er afar mikilvægt að þar verði ekki umhverfisslys, t.d. á Kólaskaga eða í Barentshafinu. Það mundi hafa áhrif á markaði okkar.

Við styðjum því svo sannarlega norðlægu víddina og viljum að hún komist til framkvæmda sem allra fyrst og nú er hún orðinn hluti af Evrópusambandsáætlunum.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir ræddu einnig um sérstök skilaboð varð-

andi fjármálin. Það er ágætt að fá brýningu en það er alveg ljóst að Ísland hefur stutt það að hækka rammanna en ekki hefur náðst sameiginleg niðurstaða um það hin seinni ár þannig að rammarnir hafa verið fastir, þ.e. þeir hafa eiginlega lækkað. Við styðjum hins vegar að hækka rammana og það mun verða skoðað á fundi samstarfsráðherranna í júní hvaða ramma við munum setja. Við munum á þeim fundi sjá tvær tillögur, önnur er sú að hækka rammana ekki og hvað það hefur í för með sér. Hin tillagan mun sýna hækkun rammans um u.þ.b. 20 millj. danskra króna og hvað slík hækkun hefði í för með sér og að sjálfsögðu koma inn fleiri ný verkefni með hærri fjárveitingum. Við munum því taka ákvarðanir í júní varðandi rammana.

Flestir sem hér hafa tekið til máls hafa fjallað um tilmæli varðandi börn og ungt fólk í dreifbýli. Ég tel mjög mikilvægt að við komum þeim tilmælum til lífs og ég mun hafa þá umræðu í huga þegar við tökum þau mál til umfjöllunar á vettvangi samstarfsráðherranna varðandi fjármögnun. Þetta er auðvitað mjög brýnt mál, sérstaklega fyrir þau lönd þar sem mikið dreifbýli er eins og fyrir okkur Íslendinga og löndin í norðvestri. Þessar áherslur falla mjög vel að þeim áherslum sem við höfum sett í formannsprógrammi okkar á síðasta ári. Ég fullvissi hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur um að alveg sé hægt að treysta a.m.k. á þá er hér stendur til að fylgja þessu eftir.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja nokkur orð um aldamótanefndina sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir spurði út í, hvernig mál stæðu varðandi aldamótanefndina sem Jón Sigurðsson, bankastjóri Norræna fjárfestingarbankans leiðir. Sú nefnd á að greina sameiginlega þætti sem einkenna þjóðfélagsþróunina á Norðurlöndum og hvernig við getum aðlagað norrænt samstarf að því, öllum þeim nýjungum sem við stöndum frammi fyrir við þessi aldamót.

Nefndin mun skila hugmyndum sínum inn á netið sennilega í maí, eða bráðlega, og þá geta allir skoðað hugmyndirnar sem nefndin hefur. Búið er að kynna þær hugmyndir fyrir þeirri er hér stendur í tólf atriðum, svona eins og klukkan slær, og það er margt mjög spennandi sem nefndin er að skoða, ýmislegt sem snýr sérstaklega að okkur t.d. umhverfismál í Norður-Atlantshafi og auðlindanýtingu. Ég vil því hvetja hv. þingmenn sem hafa sérstakan áhuga á norrænu samstarfi og reyndar alla í samfélaginu til að kynna sér á netinu vinnu nefndarinnar og koma með ábendingar, því ætlast er til þess að menn komi með ábendingar. Síðan munum við að öllum líkindum fá umræðu um þetta á Norðurlandaráðsþinginu í haust og verður mjög spennandi að sjá hvernig sú umræða þróast. Ég vil lýsa sérstakri ánægju hér að lokum, virðulegi forseti, með þau skilaboð sem hafa komið um undirbúning þingsins, Norðurlandaráðsþingsins sem við munum halda hér í nóvember í haust. Ég tel mjög mikilvægt að Íslendingar haldi þetta þing núna árið 2000 og standi vel að því og mér heyrist það vera í mjög góðum höndum undir forsæti hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur.

[12:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samstarfsráðherra fyrir hvernig hún reyndi að fara yfir þær spurningar sem við bárum fram hér í umræðunni og þau mál sem hér hefur borið á góma. Þetta hefur verið mjög gagnlegt. Auðvitað vakna nýjar spurningar. En við ætlum líka að ræða hér frekar um Vest-Norðurlöndin. Ég vil taka undir það að mér finnst það vera farið að ná í gegn á norrænum vettvangi að líta þurfi í vest-norður því að á tímabili vorum við e.t.v. svolítið í hættu stödd og átti það við um öll löndin í vestri og jafnvel að Norðmennirnir fyndu það.

Ég ætla líka að taka undir að sátt var um skipulagsbreytingu á Norðurlandaráði um svokallaða þrjá stólpa. En einnig var mjög mikill áhugi á að sinna Eystrasaltsríkjunum eins og kom fram í ræðu minni og sjálf studdi ég það eins og allir aðrir. En ég minnist þess líka að ákefðin var svo mikil hjá Norðurlöndunum að menn urðu hreinlega að biðjast undan fjármögnun svo margra verkefna og báðu fyrst og fremst um hjálp á lagasviði. Þetta var nú í upphafi og ég segi þetta í góðum tón vegna þess að það var mikil ákefð að hjálpa til.

Ég bind vonir við gáfumannahópinn og endurskoðunina sem hann mun hrinda af stað. Ég trúi því að þar verði bent á breyttar áherslur og að við munum nálgast t.d. aðstoð í austurátt á annan hátt en áður í næstu framtíð. Hvað varðar norðlægu víddina og umhverfismálin, þá skipta samtvinnuð umhverfis- og orkumál á nærsvæðunum í austri auðvitað mjög miklu máli, en ég er alltaf frekar spennt fyrir því að vita hvernig við munum koma að verkefnum í norðlægu víddinni.

Ég þakka samstarfsráðherra aftur fyrir svör hennar.

[12:22]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær skýrslur sem hér hafa verið gefnar um hið norræna samstarf, bæði af hv. samstarfsráðherra, Siv Friðleifsdóttur, og hv. 5. þm. Suðurl., Ísólfi Gylfa Pálmasyni.

Það er alveg ljóst að verið er að vinna að mjög mörgum áhugaverðum verkefnum og ég tel að við megum ekki láta deigan síga. Ég vil koma hér upp til að lýsa yfir fullum stuðningi við áframhaldandi aukna og meiri vinnu í samráði við Norðurlöndin. Ég geri mér alveg grein fyrir að þessi samvinna hefur að vissu leyti verið í svolitlum erfiðleikum síðustu tíu árin. Það fer ekki hjá því að breytt staða varðandi Eystrasaltsríkin og einnig sú breytta staða að Svíar og Finnar ganga inn í Evrópusambandið, að um stund beini menn orkunni í aðrar áttir og þess vegna höfum við kannski verið í vissum erfiðleikum og ég tel mig hafa fundið fyrir því í samfélaginu. Ef til vill hefur fólk fundið minna fyrir því í beinni samvinnu þinganna og á hinum pólitíska vettvangi, en í samfélaginu varðandi alls konar samskipti á sviði atvinnumála og jafnvel menningarmála hefur maður fundið fyrir því að áherslubreytingar hafa orðið og urðu síðustu tíu árin.

Komið hefur fram í ræðum manna að aukin samvinna austur á bóginn hefur e.t.v. kostað 20% af framlögunum, sem þó hafa staðið í stað. Þetta eru hlutir sem við verðum að horfast í augu við og gera okkur grein fyrir. Kannski er ekkert nema gott um það að segja, allir hlutir jafna sig og það opnast nýjar leiðir og nýjar víddir í slíku samstarfi. Ég held því að nauðsynlegt sé fyrir okkur núna að hefja nýja sókn í norrænni samvinnu í þessu breytta ljósi. Hlutirnir hafa jafnað sig varðandi samvinnuna t.d. hvað varðar Eystrasaltsríkin og má segja að bæði Svíar og Finnar séu búnir að taka stöðuna í sambandi við samvinnu sína og samstarf suður á bóginn við Evrópusambandið.

Í heimsóknum, t.d. í Eystrasaltsríkin, fann maður fyrir því að Norðurlöndin, sérstaklega Svíar og Danir, beindu athyglinni mjög mikið austur á bóginn og það gildir ekki bara um hina pólitísku og menningarlegu samvinnu. Ég upplifi það þannig að á síðustu árum hafi verið stríður straumur af

fólki sem hafi haft áhuga á að vera með samvinnu á sviði viðskipta og atvinnumála almennt séð. Ég held að þetta sé farið að jafna sig og ný staða komin í málin, eins og ég sagði áðan. Við eigum að nota tækifærið og taka nýjan kúrs, sem ég treysti okkar fólki sannarlega til að gera, og efla okkur á nýjan leik. Vest-norræna samvinnan er góðra gjalda verð en við megum ekki haga okkur þannig í henni gagnvart hinum Norðurlöndunum að þeir líti á samstarfið við vest-norræna svæðið sem minna atriði eftir að við tökum höndum saman og vinnum á því sviði. Ég held að við verðum að passa mikið upp á það og taka þá stöðu í nýju ljósi. Við Íslendingar eigum gríðarlega möguleika og sóknarfæri í sambandi við samvinnu við Eystrasaltsríkin og höfum vissulega notað þau og eigum að gera það í auknum mæli.

Ég vil aðeins árétta þessa hluti og lýsa því yfir að ég tel að norræn samvinna, eins og komið hefur fram hjá nánast öllum ræðumönnum hér, sé hornsteinn að utanríkispólitík okkar og hana beri að efla og styrkja. Ég held að við höfum vel efni á því að setja örlítið meiri kraft í slíka vinnu á hinum ýmsu póstum. Ég fyrir mína parta er orðinn langeygur eftir því að við getum hafið nánari samvinnu á sviði fjölmiðlunar. Það er óásættanlegt að við skulum eki vera búin að koma því á koppinn að geta til jafns við möguleikana á öðrum sjónvarpsstöðvum og þá engilsaxneskum opnað sjónvarpsrásirnar á milli þannig að við getum notið beinni samskipta milli Norðurlandanna.

Enn og aftur, ég tel að ástandið í heimsmálum síðustu tíu árin hafi sett okkur í nýja stöðu í norrænni samvinnu. Nú hafa þeir hlutir sjatnað, lagt sig, og þá eigum við að taka nýja stöðu og blása nýju lífi í þá samvinnu og það held ég að sé verkefni þess fólks sem velst fyrir okkar hönd til að vinna að norrænni samvinnu í framtíðinni, og það er ekki lítið verkefni. Ég lýsi yfir stuðningi við norræna samvinnu og færi þakkir til þess fólks sem hefur unnið fyrir hönd okkar og ég er bjartsýnn á framtíðina ef haldið verður á málum eins og gert hefur verið hingað til og tekin verði ný staða í nýju ljósi.

[12:28]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þau norrænu mál sem við höfum verið að ræða og þakka hlý orð í okkar garð sem stöndum í þeirri samvinnu. *Við hefðum auðvitað viljað sjá enn þá fleiri taka* þátt í þessari umræðu en við því er ekkert að gera. Mörg athyglisverð sjónarmið komu hér fram og ágætis veganesti fyrir okkur sem stöndum í norrænu samstarfi að fara með á þá fundi sem fram undan eru.

Það er alveg rétt og ég fagna í rauninni þeim ummælum samstarfsráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, þegar talað er um fjárlög Norðurlandaráðs, að ekki hafi orðið neinar breytingar í dálítið langan tíma og ekki hafi átt sér stað raunaukning. En menn eru að skoða þau mál af mikilli alvöru núna og getur skipt norrænt samstarf miklu máli.

Við þurfum að passa mjög vel upp á að standa vörð um þær norrænu stofnanir sem hér eru eins og Norrænu eldfjallastöðina sem starfrækt er á Íslandi. Við verðum að vera á verði og passa upp á að Norræna eldfjallastöðin fái það fjármagn sem henni ber að fá, og nákvæmlega sama má segja um Norræna húsið sem er miðstöð norrænnar samvinnu hér á landi.

Það er deginum ljósara að Norðurlandaráðssamstarfið gefur okkur miklu meira en það kostar okkur. Eins og fram hefur komið í umræðunni er hin svæðisbundna samvinna okkar á Norðurlöndum fyrirmynd annarra landa varðandi svæðisbundna samvinnu. Enn og aftur þakka ég þá umræðu sem hér hefur átt sér stað og er okkur, eins og ég sagði í upphafi máls míns, gott veganesti til framtíðar litið.

[12:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom inn á samstarfið varðandi norðlægu víddina. Það er mjög mikilvægt samstarf og eitt af því sem við Íslendingar höfum lagt mikla áherslu á á undanförnum árum. Við höfum lagt megináherslu á að Evrópusambandið kæmi að því starfi með einum eða öðrum hætti. Þess vegna vorum við mjög ánægðir þegar Finnland tók frumkvæði að því að Evrópusambandið kæmi inn í það mikilvæga starf og reyndi með því að færa áherslurnar í Evrópusamstarfinu að einhverju leyti til norðurs og vesturs. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu, síðast í máli hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar, hafa áherslurnar á undanförnum árum flust mjög til austurs og miklu fjármagni hins norræna samstarfs verið varið í samstarf við frændur okkar og vini í *Eystrasaltsríkjunum* sem við höfum stutt af fullri einurð. Hins vegar höfum við viljað minna á að það skiptir líka máli að efla samstarfið í norðri, ekki síst á vesturvæng Norðurlandanna sem stundum hefur verið kallað vestnorræna samstarfið.

Það er eins með þetta mál og mörg önnur sem skipta okkur máli í Evrópusamvinnunni. Það er erfitt fyrir okkur að komast að því vegna þess að Evrópusambandið heldur sínum málum innan sinna vébanda og milli þeirra ríkja sem eru aðilar að Evrópusamstarfinu. EES-samningurinn gerir ekki beinlínis ráð fyrir því að aðildarþjóðir hans komi beint að slíku samstarfi. Möguleikar okkar hafa verið í gegnum Norðurlandasamstarfið í þessu sambandi og þess vegna höfum við lagt á það áherslu í samvinnu okkar við hin Norðurlöndin að við kæmum að þessu máli með einum eða öðrum hætti.

Við beittum okkur fyrir því á sl. hausti að haldin var sérstök ráðstefna í Brussel um norðlægu víddina fyrir forgöngu Íslendinga og íslenska sendiráðsins í Brussel. Samstarfsráðherra Norðurlandanna, Siv Friðleifsdóttir, var þar í forsvari fyrir okkar hönd. Þessi ráðstefna var afskaplega vel heppnuð. Margir tóku þátt í henni og af því starfi var verulegur *árangur sem sýnir að við eigum möguleika á að koma inn í* slíkt samstarf ef við höfum góðar tillögur og erum tilbúin að leggja eitthvað af mörkum.

Í framhaldi af því var haldinn sérstakur fundur í Finnlandi um norðlægu víddina. Það var í fyrsta skipti sem utanríkisráðherrum Íslands og Noregs var boðið að koma til slíkrar ráðstefnu á vegum Evrópusambandsins til að hafa þar áhrif. Það hefur ekki verið gert áður, að ráðherrum þessara ríkja hafi verið boðið að taka þátt í ráðstefnu sem þeirri. En fyrir forgöngu Norðurlandaráðs og þá sérstaklega Finnlands sem þá var í forsæti fyrir Evrópusamstarfinu var það gert. Ég tel að það hafi verið gagnlegt. Við munum leggja áherslu á það í framtíðinni að gera okkar besta til að hafa áhrif á þetta samstarf. Við erum tilbúin að leggja þar verulega af mörkum því að það hefur mikla þýðingu fyrir okkur og Norðurlandasamstarfið í heild sinni.

Ég held að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hafi sagt að nauðsynlegt væri að blása nýju lífi í Norðurlandasamstarfið. Ég vil ekki á nokkurn hátt draga úr því. Ég tel Norðurlandasamstarfið afskaplega mikilvægt og það starf sem er unnið

á vettvangi Norðurlandaráðs mjög þýðingarmikið, ekki síst vegna þess að allt þetta samstarf skapar í reynd grundvöllinn fyrir íslenska utanríkisþjónustu til að starfa að ýmsum málum. Aðkoma okkar að mjög mörgum málum er í gegnum Norðurlandasamstarfið og þess vegna er mjög mikilvægt að rækta vel allt það samstarf hvort sem það er á vettvangi þingmanna, félagasamtaka, ráðherra, einstakra ráðuneyta, stofnana, félagasamtaka o.s.frv.

Í formennskutíð Íslands var ákveðið að rétt væri að minnast nýs árþúsunds í Norðurlandasamstarfinu með því að skipa sérstakan hóp vísra manna til að fara yfir framtíðarmöguleika og framtíðarsýn samstarfsins. Við töldum nóg komið af því að skoða skipulag, samsetningu nefnda, um hvað nefndir ættu að fjalla og hvernig ætti að breyta skipulagi Norðurlandasamvinnunar sem við höfum eytt miklum tíma í á undanförnum árum. Við töldum nær að líta til framtíðar og fara yfir möguleika Norðurlandaráðs í breyttu umhverfi, hvaða þýðingu Norðurlandaráð hefði í þessu breytta umhverfi og hvaða breytingar væru nauðsynlegar í því sambandi. Við ákváðum að fara þess á leit við Jón Sigurðsson, bankastjóra Norræna fjárfestingarbankans, að leiða þetta starf af okkar hálfu sem hann varð fúslega við. Ég tel að það hafi verið mikilvægt vegna þess að Jón Sigurðsson hefur mikla reynslu, m.a. á vettvangi stjórnmála en einnig á vettvangi stjórnsýslunnar. Þar fyrir utan er hann í forsvari fyrir eina mikilvægustu stofnun sem Norðurlandaþjóðirnar hafa komið á fót. Ég vænti mikils af þessu starfi en mér er ljóst að þegar við tölum um eflingu Norðurlandasamstarfsins og samvinnunnar milli Norðurlandanna þá verðum við jafnframt að hafa í huga að annað samstarf hefur tekið æ meiri tíma af hálfu Norðurlandanna, t.d. Evrópusamstarfið, Schengen-samstarfið og samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Allt þetta er nauðsynlegt að taka með í þessa mynd því að Norðurlandasamstarfið sem slíkt verður ekki aukið eða eflt aðeins á vettvangi þess sem einangraðs fyrirbæris heldur í tengslum við annað samstarf hvort sem það er nærsvæðasamstarfið í Eystrasaltinu, í kringum Norðurheimskautið, Evrópusamstarfið eða samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins í öryggis- og varnarmálum o.s.frv. Þetta mun hafa æ meiri þýðingu í framtíðinni. Ef við viljum efla Norðurlandasamstarfið og blása í það meira lífi þá verður ekki hjá því komist að sjá það í nánu samhengi við annað alþjóðastarf.

Ég vil að lokum, herra forseti, þakka þessa umræðu og það sem hér hefur komið fram. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir það góða og mikilvæga starf sem þeir vinna á vettvangi Norðurlandaráðs og Norðurlandasamvinnunnar. Sú vinna er grunnurinn í því samstarfi, þ.e. þingmannasamstarfið og án þess væri Norðurlandasamstarfið ekki svipur hjá sjón. Mikilvægt er að skilningur sé á því ekki aðeins hér á Alþingi heldur í þjóðfélaginu almennt.

[12:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög ánægð með orð hæstv. utanrrh. í þessari umræðu og er fullkomlega sammála mati hans þegar hann dregur línurnar í stöðu Íslands, mikilvægi norræns samstarfs og hvernig það fléttast inn í Evrópusamstarf og annað erlent samstarf sem við tökum þátt í. Það er gott að fá kastljós á þessi mál frá öðrum sjónarhóli. Ég tek sérstaklega eftir því að Ísland hafði frumkvæði að ráðstefnu um norðlægu víddina og að Finnar höfðu forgöngu um að bjóða Norðmönnum og Íslendingum til fundar um þetta mikilvæga málefni. Þegar ég hlusta á hæstv. utanrrh. þá tengi ég þetta saman. Það gefur mér tilefni til að álykta sem svo að við getum með ákveðnu frumkvæði komið okkur inn í samvinnuna þó við stöndum formlega utan við. Vissulega er það áhyggjuefni að sumt af því sem gerist á vettvangi Norðurlandaráðs á ákveðnar rætur í Evrópusamstarfi þeirra Norðurlanda sem eru hluti af Evrópusambandinu.

Ég hef oft hlustað á félaga mína frá Noregi hafa áhyggjur af því hvernig sú þróun verður og hvaða áhrif þessi þróun hafi á norrænt samstarf. Þeir óttast að þessi tvö lönd verði að einhverju leyti út undan og þess vegna vil ég nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. utanrrh. hvert mat hans er á svæðasamvinnu innan Evrópusambandsins og hvort, á meðan þessi tvö lönd standa utan Evrópusambandsins, möguleiki sé á að Norðurlöndin verði öflugri og eins konar svæðasamband innan Evrópusambandsins.

[12:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af spurningu hv. þm. vil ég taka fram að innan Evrópusambandsins vöruðu margir við svæðasamstarfi. Þegar Finnland og Svíþjóð gengu inn í Evrópusambandið var lögð áhersla á að ekki væri verið að mynda blokk meðal Norðurlandanna heldur færu þau þar inn sem sjálfstæð ríki. Ekki var talið líklegt að Norðurlöndin kæmu til með að hafa nána samvinnu á vettvangi Evrópusambandsins.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé allt að breytast, að samstarf milli ríkja innan Evrópusambandsins sé að stóraukast og þar eigi sér stað nokkur svæðaskipting. Eftir því sem Evrópusambandið stækkar meir hef ég trú á að þetta samstarf ákveðinna svæða muni eflast og aukast. Auðvitað get ég ekki fullyrt um þetta. Ég hef hins vegar séð það í öllu alþjóðasamstarfi að eftir því sem fleiri ríki taka þátt í því, þeim mun meira verður samstarf á ákveðnum svæðum. Þetta hefur að sjálfsögðu gerst hjá Sameinuðu þjóðunum. Þetta hefur gerst í Alþjóðabankanum þó að þar eigi enn þá fleiri ríki aðild. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé og verði þróunin innan Evrópusambandsins enda eru Norðurlöndin ekki lengur viðkvæm fyrir því að vinna saman eða því að taka Ísland og Noreg þar með ef þess er nokkur kostur. Ástæðan fyrir því að við höfum m.a. komist inn í samstarfið með þessum hætti er fyrst og fremst samstarf okkar innan Norðurlandanna.

[12:44]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög áhugavert. Satt að segja hef ég haft á tilfinningunni að vilji þessara landa til að forðast að mynda blokk hafi haft áhrif á samstarfið, bæði við Ísland og Noreg og jafnvel örlítið á samstarfið þeirra í milli. Það kom mér a.m.k. mjög á óvart þegar ég sat síðast þing Sameinuðu þjóðanna og setti mig inn í með hvaða hætti samstarf Norðurlandanna er núna, að auðvitað voru löndin í Evrópusambandinu hluti af umræðunni þar. Fulltúrar Evrópusambandsins mæltu fyrir munn þeirra en það kom mér t.d. á óvart hve lítið samstarf var á milli Íslands og Noregs. Á vissan hátt skrifaði ég það á þennan vandræðagang varðandi einhverja blokkamyndun og að löndin hafi e.t.v. verið of upptekin af því að vera sjálfstæð, hvert land, gagnvart Evrópusambandinu. Það má vel vera að þetta sé rangt hjá mér en ég fékk þetta á tilfinninguna. Umræðan á þeim fundi sem ég sat nýverið — ég er um þessar mundir eingöngu varamaður í Norðurlandaráði — benti til að þetta væri eitthvað að breytast og ég er mjög ánægð að heyra viðhorf utanrrh. vegna þess að ég hef trú á því að þannig verði Norðurlöndin

sterk, auðvitað sterkust ef þau eru saman innan eða utan einhvers samstarfs. Þannig er það ekki núna en ég tel að þau séu sterk saman hvort sem það er formlega sem blokk eða í óbeinu samstarfi. Ég er mjög ánægð með þær upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. utanrrh.

[12:46]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. utanrrh. Ég vil hins vegar beina til hans spurningu varðandi formennskuáætlun hans í ráðherrasamstarfinu. Hann lagði sérstaka áherslu á byggðamál í formennskuáætlun sinni. Mig langar að heyra frá honum hvernig hann telji það hafa skilað sér og nefna sérstaklega að í skýrslunni kemur fram að boðið hafi verið upp á þann möguleika að norræna samstarfið í byggðamálum standi fyrir og kosti rannsókn og umfjöllun um byggðastefnu í einu af löndunum. Þetta hefur þegar verið gert í Finnlandi og unnið hefur verið að athugun á sóknarfærum í upplýsingatækni sem áhrifavaldi í byggðaþróun og fleiri afmörkuðum málum. Mér þætti vænt um ef hæstv. utanrrh. segði okkur aðeins frá því hvernig þetta samstarf hefði gengið og einnig hvort hann telji að við getum lært eitthvað af Norðurlandaþjóðunum varðandi það sem við höfum rætt mjög mikið á Íslandi, að flytja störf út til hinna dreifðu byggða í tengslum við upplýsingatæknina.

[12:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að leggja endanlegt mat á hvernig til hefur tekist en ég tel að okkur hafi tekist að koma þessum áherslum á framfæri inn í starf nefnda og þeirra aðila sem fjalla um Norðurlandasamstarfið. Við vorum með mikla áherslu á samstarfið milli Færeyja, Grænlands, Íslands og Noregs, þ.e. vestnorræna samstarfið, og ég tel að okkur hafi tekist að beina athyglinni í meira mæli að því. Ég tel að okkur hafi líka tekist að beina athyglinni meira að norðlægu víddinni, þ.e. þeim byggðum sem eru hvað dreifðastar á Norðurlöndunum og þess vegna lagt ákveðinn grundvöll að frekara samstarfi á þessu sviði. Ég held að mjög erfitt sé að meta árangur þessa máls aðeins í ljósi þess sem nú hefur gerst á þeim stutta tíma frá því við komumst í formennsku, ég held við getum aðeins metið það til lengri tíma litið. Við töldum rétt að leggja áherslu á þetta í formennskutíð okkar, m.a. vegna dreifðrar byggðar á Íslandi og höfðum til þess stuðning margra annarra á Norðurlöndunum vegna þess að þau vandamál sem við horfumst í augu við hér eru jafnframt annars staðar á Norðurlöndunum.

Mér finnst sjálfsagt að fara yfir þetta á einhverjum tímapunkti og rifja upp hvernig þarna hefur tekist til en við megum samt gæta okkar á því að þetta gerist ekki í einu vetfangi. Hér er um langtímamarkmið að ræða og ég vona að þær áherslur sem við settum þarna muni líka skila sér í framtíðarsamstarfi.

[12:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þetta. Ég vildi aðeins spyrja hvort hann gæti sagt okkur eitthvað meira um það sem kemur fram í skýrslunni um þá rannsókn sem gerð var á byggðamálum í Finnlandi og þann vinkil varðandi sóknarfæri í upplýsingatækninni sem áhrifavaldi í byggðaþróun. Var þetta hugsað þannig varðandi rannsóknina sem gerð var í Finnlandi að gerðar verði rannsóknir í fleiri löndum og hvort Ísland er þá hugsanlega í þeirri röð og gerðar verði rannsóknir í byggðamálum á vegum norrænu ráðherranefndarinnar?

[12:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákveðið var að þessi rannsókn færi fram í Finnlandi. Mér vitanlega hafa ekki verið ákveðin nein frekari skref í þessum rannsóknum. Mér finnst eðlilegt að halda áfram á sömu braut til að reyna að kortleggja og gera sér góða grein fyrir ástandinu alls staðar á Norðurlöndum og að hvaða leyti við getum lært af þeirri sameiginlegu reynslu sem þar hefur orðið. Þetta starf heldur væntanlega áfram. Ég skal játa að ég er ekki í sömu snertingu við það og ég var meðan ég gegndi starfi samstarfsráðherra Norðurlandanna og vel má vera að núverandi samstarfsráðherra, Siv Friðleifsdóttir, gæti svarað meiru um það hvað framtíðin ber í skauti sínu, hvað býr í framtíðinni í þessum efnum. Mér finnst sjálfsagt og nauðsynlegt að Íslandsdeild Norðurlandaráðs fari yfir það og átti sig betur á því með það að leiðarljósi að fylgja þessum áherslum eftir og leggja áherslu á það við undirbúning fjárlaga og fjárveitinga til þessa málaflokks, að áfram verði hlúð að þessum málaflokki, m.a. í því skyni að halda áfram þessum rannsóknum og þeim áherslum sem þarna hafa verið lagðar.

[12:53]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. utanrrh. hvað varðar samstarf Norðurlandanna innan Evrópusambandsins. Það virðist vera að sú afstaða sem lá fyrir í upphafi sé eitthvað að breytast, en þá var lögð sérstök áhersla á það af hálfu Norðurlandanna þegar Svíþjóð og Finnland fóru inn í Evrópusambandið mundu þau ekki mynda þar blokk, Norðurlöndin þrjú. Hins vegar er það þannig að áherslur Norðurlandanna verða meira og meira áberandi innan Evrópusambandsins. Málflutningur þeirra virðist virkilega ná í gegn og tillögur Finna um norðlægu víddina sem eru að ná inn í framkvæmdaáætlun Evrópusambandsins eru auðvitað mjög mikilvægar.

Vert er að geta þess í þessu sambandi að það styttist í að Svíar taki við formennsku innan Evrópusambandsins, ef ég man rétt er það seinni hluta þessa árs svo enn verða Norðurlöndin í forustuhlutverki þar.

Ég vil líka nefna sérstaklega í umræðunni að önnur lönd innan Evrópusambandsins, t.d. Holland, Belgía og Lúxemborg, eru með mjög öflugt svæðissamstarf. Þau hafa ekki séð ástæðu til annars en halda því mjög til streitu. Ég átti þess kost að sitja þing þeirra í mars sl. Mér þótti það vera mjög áhugavert og það var alveg greinilegt að engin önnur áform voru uppi hjá þeim en að halda sig mjög fast við það svæðisbundna samstarf.

Ég tek enn fremur undir það sem fram hefur komið hér í umræðum í dag í máli hv. samstarfsráðherra að það er aukin og vaxandi áhersla á svæðisbundið samstarf.

[Fundarhlé. — 12:55]

Vestnorræna ráðið 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, 388. mál. — Þskj. 646.

og

Ályktanir Vestnorræna ráðsins, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 461. mál. — Þskj. 739.

[13:30]

Flm. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mun fjalla um í sömu lotu skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir árið 1999 og síðan um þáltill. um ályktanir Vestnorræna ráðsins sem eru fluttar af nefndarmönnum þingmannaráðsins í heild.

Þjóðþing Færeyinga, Grænlendinga og Íslendinga stofnuðu Vestnorræna þingmannaráðið í Nuuk á Grænlandi 24. september 1985 sem samstarfsvettvang þinganna þriggja. Með því var formfest samstarf landanna þriggja, sem oft ganga undir nafninu Vestur-Norðurlönd. Á aðalfundi ráðsins árið 1997 var nafninu breytt í Vestnorræna ráðið þegar samþykktur var nýr stofnsamningur í þjóðþingum aðildarlandanna. Við þær breytingar voru einnig samþykktar nýjar vinnureglur og markmið samstarfsins skerpt.

Vestnorræna ráðið rekur nú sérstaka skrifstofu þar sem framkvæmdastjóri er Páll Brynjarsson og hefur þétt mjög starfsemi og árangur á vettvangi Vestnorræna ráðsins með dugmiklu starfi. Ástæða er til að þakka starfsmanni fyrir mjög ötult og gott starf.

Markmið ráðsins eru að starfa saman að hagsmunum þessara þriggja landa, gæta auðlinda og menningar Norður-Atlantshafssvæðisins, fylgja eftir samvinnu ríkisstjórna og landsstjórna Vestur-Norðurlanda, auka samstarfið á vettvangi norrænnar samvinnu og vera þingræðislegur tengiliður milli samvinnuaðila í þessum löndum og annarra fjölþjóðlegra hagsmunahópa og ríkjasamtaka. Vestnorræna ráðið hefur í gegnum tíðina ályktað um ýmis mál, þar á meðal umhverfis- og auðlindamál, aukið menningarsamstarf landanna og skóla- og íþróttasamvinnu, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í Vestnorræna ráðinu sitja 18 þingmenn, sex frá hverju aðildarríki. Vestnorræna ráðið kemur saman til ársfundar sem fer með æðsta ákvörðunarvald ráðsins. Þriggja manna forsætisnefnd, skipuð þingmanni frá hverju aðildarríki, stýrir starfi ráðsins á milli ársfunda. Löndin hafa skipst á um að gegna formennsku í Vestnorræna ráðinu.

Jafnt og þétt hefur áunnist árangur í starfi Vestnorræna ráðsins á þessu 15 ára tímabili sem liðið er frá stofnun þess og þó sérstaklega undanfarin ár þar sem samstarf og samskipti Grænlands, Íslands og Færeyja hafa aukist verulega með persónulegum samböndum vegna þessa starfs og það hefur skilað sér á margan hátt inn í samskipti þjóðanna sem hafa leitt til árangurs og aukins samstarfs.

Ný Íslandsdeild var kjörin til setu 16. júní sl. og hana skipa eftirtaldir þingmenn auk þess sem hér mælir: Hjálmar Árnason varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Gísli S. Einarsson, þingflokki Samfylkingarinnar, Guðmundur Hallvarðsson, þingflokki sjálfstæðismanna, Svanfríður Jónasdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Einar Oddur Kristjánsson, þingflokki sjálfstæðismanna. Varamenn eru Einar K. Guðfinnsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Gunnar Birgisson, Ólafur Örn Haraldsson, Guðjón A. Kristjánsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Ritari Íslandsdeildarinnar var til 1. september Auðunn Atlason. Gústaf Adolf Skúlason var ritari frá þeim tíma til 1. desember er Jóhanna Helga Halldórsdóttir tók við starfinu. Vestnorræna ráðið hefur átt mjög gott samstarf við alþjóðaskrifstofu Alþingis og kann starfsmönnum alþjóðaskrifstofunnar þakkir fyrir ötult starf.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins hélt fjóra fundi á árinu. Þar var m.a. fjallað um dagskrá ársfundarins sem fram fór á Brjánsstöðum á Skeiðum í ágúst, undirbúning kvennaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Færeyjum í júní, lífsgildakönnun sem Vestnorræna ráðið fól Félagsvísindastofnun HÍ að gera í aðildarlöndunum, kynningarbækling Vestnorræna ráðsins sem kom út í mars og heimasíðu ráðsins sem opnuð var í apríl.

Þá ræddi Íslandsdeildin skipulega möguleika á að tengja starf ráðsins betur vestnorrænu samstarfi framkvæmdarvaldsins. Það mál var einnig til umræðu á fundi ritara með framkvæmdastjóra ráðsins og tveimur starfsmönnum frá Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins, Snjólaugu Ólafsdóttur og Ingibjörgu Jónsdóttur, og Skarphéðni Steinarssyni, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu. Tengsl Vestnorræna ráðsins og framkvæmdarvaldsins var svo enn rætt á fundi forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins í mars sl. en í tengslum við hann heimsótti nefndin Norðurlandaráð og norrænu ráðherranefndina og sat kynningarfund um starfsemi þeirra.

Þannig hefur Vestnorræna ráðið lagt kapp á að ná betra samstarfi, betri tengingu við Norðurlandaráð og það hefur líka lagt kapp á að ná samstarfi á útfærslu til að mynda heimskautaráðsins. Því miður verður að segja að þar hefur hv. Alþingi Íslendinga nokkuð staðið í vegi fyrir eðlilegri þróun því að slaknað hefur á möguleikum Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins til að taka þátt í því samstarfi sem á sér stað í heimskautaráðinu. En Vestnorræna ráðið leggur mikla áherslu á að úr því verði bætt og þeir möguleikar verði þéttir.

Heföbundinn ársfundur Vestnorræna ráðsins var haldinn eins og ég gat um fyrr dagana 9.–12. ágúst á Brjánsstöðum á Skeiðum. Fundinn sóttu af hálfu Íslandsdeildar eftirtaldir þingmenn: Árni Johnsen, Hjálmar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir, Gísli S. Einarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Pétur H. Blöndal. Alls sóttu fimmtán vestnorrænir þingmenn frá aðildarlöndunum ársfundinn.

Samþykktur var fjöldi tillagna um jafnréttis- og menntamál á ársfundinum. Þar skorar Vestnorræna ráðið á ríkis- og landsstjórnir að beita sér fyrir aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum, styrkja kvennarannsóknir og rannsóknir um jafnréttismál á Vestur-Norðurlöndum, vinna að og útfæra löggjöf um fæðingarorlof, beita sér gegn ofbeldi gagnvart konum og til að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Enn fremur samþykkti ráðið að skora á þjóðþingin þrjú að halda ráðstefnu vestnorrænna þingkvenna með þátttöku fleiri sem vinna að jafnréttismálum. Ráðstefnuna skuli halda annað hvert ár til skiptis í löndunum þremur. Þá samþykkti ráðið ályktun þess efnis að menntamálaráðherrar aðildarlandanna setji á fót vinnuhóp sem á að koma með tillögur til að bæta aðgengi grænlenskra, íslenskra og færeyskra stúdenta að háskólamenntun á Vestur-Norðurlöndum.

Það skýtur auðvitað skökku við að þessar þrjár þjóðir hafa ekki létt róðurinn fyrir menntafólk landanna þriggja til þess að sækja í rann hvers annars, nýta nálægðina, nýta

þróunina og nýta tengslin og rækta þau um leið, hlúa að auknu samstarfi þessara þriggja félaga á norðurkantinum. Það skiptir miklu máli og á þar við að aldrei kann það góðri lukku að stýra að leita of langt yfir skammt eða sækja vatnið yfir lækinn. Það á einnig að mínu mati að vera hlutverk Íslendinga að vera stóri bróðirinn í þessu samstarfi og hafa ákveðið frumkvæði og dug og til þess þurfum við að sýna bæði Grænlendingum og Færeyingum enn meiri ræktarsemi en við höfum gert til þessa. Margt hefur verið vel gert en við eigum auðvitað að rækta okkar garð fyrst og fremst, okkar slóð, okkar umhverfi og leggja höfuðáherslu á það og þá eru okkar næstu nágrannar, Grænland í vestri og Færeyjar í austri.

Í tilefni þess að árið 2000 er vestnorrænt menningarár samþykkti ráðið á síðasta ársfundi að stofna til vestnorrænna barnabókaverðlauna sem stefnt er að því að veita í fyrsta sinn á þessu ári. Eins ákvað ráðið að halda ráðstefnu um menningarmál og fer hún fram á Grænlandi í sumar í tengslum við vígslu Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð um miðjan júlímánuð. Ársfundurinn ákvað einnig að starfsárið 2001 hjá Vestnorræna ráðinu yrði helgað veiðum og veiðiskap. Í því samhengi hyggst ráðið standa fyrir ráðstefnu um veiðar í löndunum þar sem m.a. verða ræddir möguleikar á því að koma á fót vestnorrænni fiskveiðirannsóknarstöð og samvinnu í menntun sjómanna. Einnig er vonast til þess að haldin verði sameiginleg sýning um veiðimenningu í löndunum þremur.

Til að mynda eru norrænu húsin í viðkomandi löndum að undirbúa slíka sýningu og það er gert að hluta til í samstarfi við Vestnorræna ráðið auk stjórnvalda í hverju landi og þess er að vænta að þarna verði um spennandi kost að ræða sem einnig er hugsaður sem kynningarþáttur í starfsemi þessara þriggja landa út á við. Til að mynda kemur til greina að sýning þessa eðlis verði fyrst opnuð í Skotlandi á hausti komanda. Menn hafa því ýmis járn í eldinum sem er afrakstur aukins samstarfs þessara þriggja landa.

Á kvennaráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Færeyjum í sumar var fjallað um marga þætti, margar tillögur sem ég vík að síðar. Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni voru Svanfríður Jónasdóttir alþingismaður, Marita Petersen, fyrrverandi lögmaður Færeyja, Brynhildur Flóvenz frá Jafnréttisráði og Margrét Gunnarsdóttir, deildarsérfræðingur hjá Vinnumálastofnun. Rétt er að það komi fram að grunntónninn í þeim þáltill. sem Vestnorræna ráðið hefur tekið upp kom fram í ræðu íslenska fyrirlesarans, hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, á ráðstefnunni í Færeyjum.

Um þessar mundir er verið að að ljúka undirbúningi menningarráðstefnu Vestnorræna ráðsins í Qaqartorq á Grænlandi 13.–15. júlí nk. sem verður eins og fyrr sagði í tengslum við vígslu Þjóðhildarkirkju og bæjar Eiríks rauða í Brattahlíð. Tilefni byggingarinnar er að 1000 ár eru liðin frá því að Leifur heppni sigldi frá Brattahlíð og uppgötvaði Ameríku og rúm 1000 ár eru liðin frá byggingu Þjóðhildarkirkju, fyrstu kristnu kirkju í Ameríku þar sem Grænland tilheyrir Ameríku jarðfræðilega. Byggingarnar eru samstarfsverkefni grænlensku landsstjórnarinnar og Vestnorræna ráðsins og verkefninu hefur verið stýrt í nafni Vestnorræna ráðsins af sérstakri nefnd, Brattahlíðarnefnd, sem hefur haft veg og vanda af undirbúningi alls þess máls frá upphafi og væntanlega til enda. Byggingarnar voru smíðaðar af Ístaki hf. hér á landi og síðan fluttar til Grænlands þar sem þær voru reistar á sl. sumri. Lokið verður við endanlegan frágang, smíði innbús og ýmissa þátta í sumarbyrjun eða nokkru fyrir vígslu húsanna um miðjan júlí. Brattahlíðarverkefnið á Grænlandi er án efa stærsta verkefnið sem Vestnorræna ráðið hefur tekið þátt í og í rauninni eina framkvæmdaverkefnið sem hefur átt sér stað í sögu Vestnorræna ráðsins.

Þær tillögur sem Vestnorræna ráðið leggur fram til samþykktar á Alþingi eru í nokkrum liðum og þess eðlis að Alþingi álykti með hliðsjón af ályktunum Vestnorræna ráðsins sem samþykktar voru á 15. ársfundi þess, að:

a. Alþingi standi fyrir ráðstefnu kvenna á vestnorrænu þjóðþingunum í samvinnu við þing Færeyinga og Grænlendinga,

b. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að bæta skilyrði til rannsókna á málefnum sem tengjast konum sérstaklega,

c. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að semja vestnorræna verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna,

d. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að skipa vinnu hóp sem leggi fram tillögur um sameiginlegar aðgerðir í vestnorrænu löndunum til að stöðva ofbeldi gegn konum,

e. fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði,

f. fela ríkisstjórninni að vinna að því að stofna sjóð eða koma á öðru fyrirkomulagi sem greiði allan kostnað af fæðingarorlofi,

g. fela menntamálaráðherra, í samvinnu við menntamálaráðherra Færeyja og Grænlands, að stofna vinnuhóp sem hafi það verkefni að rannsaka hvað hindrar vestnorræna stúdenta í að stunda nám í öðrum vestnorrænum ríkjum.

Þetta eru marksæknar tillögur, að mörgu leyti róttækar, en í takt við tíðarandann og eðlilega þróun. Það er von Vestnorræna ráðsins að þær fái brautargengi hjá framkvæmdarvaldinu því fyrst og fremst eru tillögurnar ábending og ósk til viðkomandi ríkisstjórnar um upptöku á tillögunum og framgangi mála.

Þegar kemur að tillögunni um ráðstefnu kvenna á vestnorrænu þjóðþingunum er það svo að vestnorrænar konur hafa haft samstarf á mörgum sviðum undanfarin ár. Staða kvenna í þessum löndum er að mörgu leyti svipuð, þar á meðal aðstaða þeirra til þátttöku í stjórnmálum. Vestnorræn samfélög hafa í gegnum tíðina verið veiðisamfélög og hefur það skapað vestnorrænum konum sérstakt umhverfi, ólíkt því sem gerist í iðnaðarsamfélögum annarra norrænna ríkja.

Veiðimannasamfélagið hefur að mörgu leyti farið á mis við eðlilega þróun í menntakerfi lands okkar. Að sumu leyti má segja að við höfum byggt menntakerfi okkar upp í takt við iðnaðarsamfélag en ekki veiðimannasamfélag. Það kann að gefa ýmsar skýringar á misræmi sem er í dag á milli stöðu þéttbýlis og dreifbýlis en ekki skal farið nánar út í þá sálma hér. Þetta hefur hugsanlega leitt til þess að þátttaka vestnorrænna kvenna í stjórnmálum er minni en gerist annars staðar á Norðurlöndum. Því er áríðandi að skapa vettvang fyrir vestnorrænar konur í stjórnmálum þar sem þær geta skipst á hugmyndum og miðlað af reynslu sinni og styrkt þannig samvinnuna sín í milli. Það er jafnmikilvægt að draga fram og marka sérstöðu kvenna í veiðimannasamfélaginu eins og er svo víða ríkjandi á Íslandi án þess þó að það hafi verið tekið til sérstakrar skilgreiningar eða skoðunar. Engu að síður eru sjónarmið mismunandi og það er mikilvægt í eðlilegri þróun um þátttöku kvenna í stjórnmálum að draga

í miklu öflugri og sterkari mæli fram sjónarmið kvenna í veiðimannasamfélaginu sjálfu, kvenna sem eru á vettvangi, kvenna sem þekkja hræringar í því umhverfi þar sem áhættan er í rauninni meiri en annars staðar í samfélaginu sem er eðlilegur fylgifiskur veiðimannasamfélagsins.

Lagt er til að slík ráðstefna verði haldin annað hvert ár, til skiptis í löndunum þremur, eins og ég gat um áðan, og að þangað verði boðið fulltrúum frá jafnréttisnefndum, kvennasamtökum og öðrum sem starfa að jafnréttismálum, óháð kyni.

Sérstakar kvennarannsóknir, sem hafa rutt sér svolítið til rúms í umfjöllun á síðustu árum eða síðustu áratugi, hafa fyrst og fremst verið í höndum háskóla og annarra rannsóknastofnana en þessum þáttum, þessum verkefnum hefur fjölgað verulega. Þessi rannsóknarvinna er mjög mikilvæg fyrir samfélagið í heild, ekki bara konur heldur samfélagið í heild, og Vestnorræna ráðið leggur mikla áherslu á að þarna sé gengið til verka og unnið tæpitungulaust og óhikað í að draga fram áhersluþætti sem geta skapað okkur betri farveg og möguleika inn í framtíðina með virkari þátttöku kvenna ekki síður en karla. Þetta er hlutur sem hefur stundum verið einhvers konar feimnismál en er auðvitað bláköld staðreynd sem er ástæða til að horfast í augu við óhikað. Þarna er verkefni að vinna.

Rannsóknarheimildir er helst að finna í bókum, tímaritum, handritum og skýrslum en það er spennandi verkefni að kalla til, eins og ég vék að áðan, reynslu kvenna sem skipa sess reynslunnar í veiðimannasamfélögunum. Kannski hefur verið lögð einum of mikil áhersla á að menntuðu konurnar, þ.e. skólagengnu konurnar, sérfræðingarnir, hákólaborgararnir, drægju ályktanir, söfnuðu niðurstöðum án þess að leita til fólksins sjálfs og draga fram sjónarmið þess, sjónarmið þeirra sem sitja veiðimannasamfélagsmegin við borðið. Þetta er kannski það sem er mest spennandi í þessum efnum og mun gefa bæði fljótvirkari og raunhæfari svör.

Lögð er til vestnorræn verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna og þrátt fyrir það að á síðustu árum hafi þróunin verið hægt og bítandi verið í átt til jafnréttis kynjanna, er staða þeirra um margt ólík og hallar þar einkum á konur. Gleggsta dæmið snertir atvinnu, konur í fiskvinnslu, sem stunda til að mynda á Íslandi erfiðustu vinnu á landinu, þola mesta þrældóminn og hafa minnst úr býtum hlutfallslega miðað við álag og ábyrgð á auðlind sem skapar grunn íslensku þjóðarinnar.

Út af fyrir sig er það sérstakt verkefni að fjalla um stöðu kvenna í fiskvinnslu, þessu dýrerfiða starfi sem slítur fólk meira en gengur og gerist í öðrum störfum. Þarna er kannski við marga að sakast. Stjórnvöld, atvinnurekendur, verkalýðsfélög eiga eflaust öll sinn þátt í því að þarna hefur mörgu leyti verið flotið sofandi að feigðarósi. Þarna þarf að bylta hlutum, rífa þá upp og taka af skarið til að tryggja um leið grunn og framtíð í vinnslu og útfærslu og þróun á íslenskum möguleikum, íslenskum auðlindum, sem eiga að vera grunnur okkar inn í framtíðina.

Með gerð verkefnaáætlunar um jafnrétti væri með starfi að jafnrétti kynjanna mótuð stefna og Vestnorræna ráðið ber í brjósti vonir um að þessi vinna gæti orðið vopn í baráttunni gegn því kynjamisrétti sem er enn fyrir hendi.

Vestnorræna ráðið leggur sérstaka áherslu á það í þáltill. að auka þurfi aðgerðir til að stöðva ofbeldi gegn konum. Í allri umræðu um ofbeldi gegn konum hefur komið fram að þörf er á að styrkja þá meðferðarvinnu sem er nú þegar í boði á Vestur-Norðurlöndum. Í fyrsta lagi eru rannsóknir á konum sem beittar hafa verið ofbeldi mjög takmarkaðar, upplýsingar þar eru mjög takmarkaðar og og hafa kannski ekki verið unnar eins faglega og tilefni og ástæða gefur til með þjálfuðu fólki. Þar sem þessar upplýsingar liggja mjög takmarkað fyrir er erfitt að taka markvisst á þessum vanda og þarf meiri vinnu og meiri skipulagningu til að reyna að þétta leið þarna til varnar.

Þar að auki er lítið til af tölfræðilegum upplýsingum í þessum efnum, einkum á Íslandi og í Færeyjum. Þær eru meiri á Grænlandi þar sem danska kerfið kemur við sögu og hefur svolítið annað skipulag á í því landi, hefur til að mynda þróað upp annað kerfi en er þó í Færeyjum. Þarna geta löndin miðlað af reynslu sinni og nýtt sér upplýsingar og rannsóknir sem eru gerðar í þessum löndum.

Til að hægt verði að undirbúa aðgerðir til að stöðva ofbeldi gegn konum er fjárstuðningur nauðsynlegur. Það er lykillinn að því að finna flöt og finna farveg fyrir árangur. Þá er einnig mikilvægt að hafin verði samvinna á milli vestnorrænu landanna um meðferð og ráðgjöf fyrir konur sem hafa verið beittar ofbeldi. Ekki er síst þörf á þessu í nútímasamfélagi eins og Íslandi þó ekki væri nema með tilliti til þess að skortur á aga er tilfinnanlegur í samfélagi okkar. Í norrænu samfélögunum hefur fjarað undan ákveðnum styrk sem fylgir aga og tillitssemi þar sem menn eiga að vinna saman og taka tillit hver til annars. Þetta hefur því miður fjarað út og er sýnilegt, ekki síst í samfélagi okkar og kannski meira hjá okkur en öðrum löndum í Vestnorræna ráðinu. Því miður er það klár staðreynd að það er meira rótleysi hjá okkar unga fólki, meira sinnuleysi í þessum þáttum en hjá grönnum okkar í austri og vestri. Þarna höfum við því verk að vinna og væri bæði spennandi og mikilvægt að bera saman bækur í þeim efnum.

Af hálfu Vestnorræna ráðsins er líka lögð áhersla á að kanna sérstaklega stöðu kvenna á vinnumarkaði, fara ofan í saumana á þeim málum þar sem talsvert hefur þó verið unnið á undanförnum árum og má segja að hafi unnist hægt og bítandi. Rannsóknir á Íslandi og í Færeyjum sýna að 75% kvenna vinna úti en 85% karla. Þrátt fyrir það er launaskiptingin sú að karlar fá u.þ.b. tvo þriðju hluta af greiddum launum en konur aðeins einn þriðja. Þetta undirstrikar þörf þess að fást við þessi mál og reyna að finna þeim skynsamlegan farveg þó að kannski sé verst í þeim efnum að eiga við sjálf verkalýðsfélögin sem halda mjög fast gegn öllum breytingum, allri þróun í þessum efnum og eru íhaldssamastir allra í samfélaginu til að stokka spilin svo sanngirni sé gætt. Mætti þó nefna ýmsa fleiri sem koma við sögu.

Vestnorræna ráðið leggur mikla áherslu á löggjöf um fæðingarorlof og þar telur Vestnorræna ráðið mikilvægt að samfélagið axli ábyrgð á barnsfæðingum þar sem þær eru samfélaginu í hag. Það eru hagsmunir allra og ekki síst fámennra landa að konur haldi áfram að ala börn og því er nauðsynlegt að barnsfæðingar og barnsburðarleyfi, hvort sem feður eða mæður taka það, hafi sem minnsta fjárhagslega röskun í för með sér fyrir fjölskyldurnar.

Þá leggur Vestnorræna ráðið mikla áherslu á að tekið verði tak að skapa betra aðgengi að háskólum á Vestur-Norðurlöndum, í Færeyjum, Grænlandi og Íslandi, að samstarf landanna á þessu sviði aukist og að opnaðar verði dyr því að það hlýtur að vera spennandi fyrir námsmenn í þessum þremur löndum að eiga kost á að sækja til næstu granna ef þeir hafa betri aðstæður en þeir búa sjálfir við. Það hlýtur líka

að vera kostur fyrir hvert land að geta sótt sem styst í nám og starfsmöguleika til þess að vinna gengi inn í framtíðina.

[14:00]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 562. mál, frv. ÞBack, þskj. 864.

Bað- og snyrtiaðstaða á hjúkrunarheimilum, 610. mál, fsp. GunnB, þskj. 945.

Endurreisn velferðarkerfisins, 593. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 895.

Erfðafjárskattur, 609. mál, fsp. GunnB, þskj. 944.

Lagaumhverfi varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., 608. mál, beiðni GÖ o.fl. um skýrslu, þskj. 942.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, 233. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 941.

Rekstur björgunarsveita í landinu, 575. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 877.

Vetraríþróttasafn, 565. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 867.

[14:01]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka formanni Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins fyrir þá skýrslu sem hann flutti hér. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að sitja í Vestnorræna ráðinu á síðasta kjörtímabili og hafði af því mjög mikla ánægju. Það er greinilegt að mörg afar spennandi verkefni eru fram undan hjá Vestnorræna ráðinu. Reyndar kom fram hjá forseta Norðurlandaráðs, hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur, í umræðunni í morgun að hún vildi mjög gjarnan beita sér fyrir enn nánara samstarfi milli Norðurlandaráðs og Vestnorræna ráðsins og tek ég heils hugar undir það.

Ég sat þá ráðstefnu sem hv. þm. Árni Johnsen talaði um, Kvennaráðstefnuna í Færeyjum, og hv. þm. vitnaði í mjög margar ályktanir sem samþykktar voru þar. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir flutti þar afar merkilegt erindi sem var gerður góður rómur að. Ég tek því heils hugar undir þessar tillögur og vonast til þess að þær nái fram að ganga hér í þinginu.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Árna Johnsen um lífsgildakönnunina, sem er mjög merkileg könnun, sem verið var að vinna að á meðan ég sat í ráðinu, þ.e. könnun á lífsgildum ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum, um mismuninn á — hv. þm. kom m.a. inn á aga fleira. Mig langar til að spyrja um niðurstöður þessarar könnunar. Hafa þær verið kynntar? Ég hef ekki orðið var við hvar það merkilega verkefni stendur í augnablikinu. Ég vissi að búið var að vinna þá rannsókn á Íslandi og í Færeyjum en það var ekki búið að fullganga frá þessu verkefni í Grænlandi. Það væri fróðlegt að vita hvar þetta verkefni stendur.

[14:03]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til stóð að birta niðurstöður lífsgildakönnunarinnar, sem Vestnorræna ráðið stóð fyrir, á fyrstu mánuðum þessa árs. Nú eru þeir mánuðir senn að líða en nokkur vinna er eftir í frágangi. Staðið hefur á upplýsingum sem eru að safnast úr þessum þremur áttum og vonandi verður þess ekki langt að bíða að könnunin verði kynnt, þ.e. á næstu vikum og í seinasta lagi næstu missirum.

Einnig er ástæða til að taka undir það sem hv. þm. nefndi um aukinn veg Vestnorræna ráðsins í samstarfi við Norðurlandaráð og því sem ég vék einnig að, t.d. um starfsemi heimskautaráðsins, því að við þurfum auðvitað að þétta okkar stöðu í þessum efnum. Það er svolítið mikið bil á milli hins annars ágæta Norðurlandasamstarfs og Vestnorræna ráðsins þar sem Vestnorræna ráðið hefur verið svolítið í landsbyggðarhlutverki í öllu bírókratíinu hjá Norðurlandaráði. En þar þurfum við að brúa bilið og það er gott að Íslendingar hafi frumkvæðið að því og ég vona að það gangi sem best.

[14:05]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir að Vestnorræna ráðið má ekki falla í neina bírókratíu því að það er þannig samsett að í raun og veru er engin ástæða til þess. Við sem sitjum í Norðurlandaráði höfum mjög oft rætt um málefni Vestur-Norðurlanda. Það vill þannig til að mörg okkar hafa einmitt setið í Vestnorræna ráðinu. Við þekkjum því starfsemi þess afar vel og höfum mikinn áhug fyrir því að tengja það sem allra best inn í Norðurlandasamstarfið og ég mun vinna að því eins og svo margir aðrir sem í Íslandsdeildinni sitja.

En við megum líka, eins og ég sagði, passa okkur á því að Vestnorræna ráðið falli ekki inn í þessa bírókratíu. Þegar talað er um lífsgildakönnunina þá hefur hún verið býsna lengi á leiðinni vegna þess að meðan ég var formaður Vestnorræna ráðsins var ég alltaf að bíða eftir niðurstöðum úr þessari lífsgildakönnun. Þetta var tilbúið á Íslandi og í Færeyjum en niðurstöðurnar virðast ekki vera tilbúnar enn þá. Og nú hvet ég formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins til þess að kreista þessar upplýsingar fram þannig að við getum horft á niðurstöður þeirra því að ég ímynda mér að það verði spennandi lesning.

[14:06]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að minna á að skaflinn, sem sumir kalla Grænlandsjökul, bráðnar hægt og það er ákveðinn taktur í grænlenska samfélaginu þar sem menn fara varlega í ýmsum þáttum. Við vonum að niðurstöður liggi fyrir eins fljótt og unnt er af hálfu Grænlendinga. Eftir því er beðið og við sýnum þolinmæði eins og við ætlumst til að aðrir sýni okkur þolinmæði.

[14:07]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Til að byrja á því að taka upp þráðinn þar sem síðustu ræðumenn slepptu þá fór fram kynning á einhverjum þáttum þeirrar rannsóknar sem hv. þm. Ísólfur Gylfi var að spyrja um. Það sem ég man úr þeim þáttum var að íslensk ungmenni höfðu ekki nándar nærri eins mikinn áhuga á pólitík og færeysk. Færeysk ungmenni virtust hafa lítið álit á stjórnmálamönnum sínum og mikinn áhuga á stjórnmálum en það var alveg öfugt á Íslandi þar sem íslensk ungmenni virtust hafa þó nokkuð álit á stjórnmálamönnum sínum en lítinn áhuga á stjórnmálum.

Þetta má kannski rekja til þess hvernig staðan var í löndunum áður en þessi rannsókn var gerð, en mér fannst þetta alla vega mjög áhugaverð niðurstaða.

Herra forseti. Ég sný mér þá að efni þeirrar ályktunar og skýrslu sem hér eru til umfjöllunar. Það sem ég ætla fyrst og fremst að víkja að eru þær tillögur sem liggja fyrir í þáltill. Hv. flutningsmaður kom inn á að þau mál sem þar eru til umfjöllunar sem snúa fyrst og fremst að jafnrétti kynjanna eru ekki bara fyrir konur og munu ekki bara gagnast konum ef þau ná fram að ganga, heldur samfélaginu öllu. Það

eru orð að sönnu. Það skiptir auðvitað verulegu máli fyrir samfélagið að allir fái notið hæfileika sinna og krafta en það skiptir líka máli að með börnum og ungmennum sé ræktuð gagnkvæm virðing fyrir kynjunum og það virðist sem svo að þar sem það er gert sé minni hætta á að menn hafi fordóma gagnvart öðrum hópum samfélagsins eða annarra samfélaga. Jafnréttisuppeldi virðist því vera leið til að minnka hættu á rasisma sem, eins og fram kom í máli manna í morgun þegar var verið að fjalla um Norðurlandaráð, er málefni sem þar er mjög á dagskrá.

Það er líka annað sem byggir undir það og styður að Vestnorræna ráðið taki málefni kvenna upp af myndarskap. Ljóst er að víða á strjálbýlum svæðum eru konur mun færri en karlar. Það virðist sem svo að þau lífsskilyrði sem fólki eru búin þar henti körlum að mörgu leyti betur. Að minnsta kosti virðist reynslan vera sú að konurnar fara, þær flytja sig um set þar sem aðstæður þeirra til að þroskast og taka þátt í atvinnulífi eru betri. Og ef við ætlum að halda lífvænlegri byggð á norðurslóðum er mjög mikilvægt að staða kvenna sé þannig að þær geti verið sáttar við sinn hlut vegna þess að okkur er auðvitað öllum ljóst að ekkert samfélag þrífst án kvenna og það er þess vegna, eins og ég sagði áðan, mjög á réttum stað að Vestnorræna ráðið skuli taka á þessum málum og vonandi að þeim verði þá fylgt eftir á sama hátt.

Eins og hér hefur komið fram rekja þessar tillögur um málefni kvenna tilurð sína til ráðstefnu sem haldin var í Færeyjum í júní sl. Þar störfuðu sex starfshópar og má segja að tillögurnar séu sameiginlegur afrakstur þeirra hópa. Það voru bæði stjórnmálamenn, rannsóknarfólk, vísindamenn, háskólagengið fólk og fólk víða að úr samfélaginu, mest konur, sem sátu ráðstefnuna og fjölluðu um þessi mál. Og það var nokkuð eindregin niðurstaða sem þar kom fram sem birtist hér í þessum tillögum.

Þær tillögur sem ég ætla fyrst og fremst að tala um eru í stafliðum a til f í tillögunni. En ég vil fyrst, herra forseti, fara aðeins yfir tillögu sem er með staflið a, um að Alþingi standi fyrir ráðstefnu kvenna á Vestnorrænu þjóðþingunum í samvinnu við þing Færeyinga og Grænlendinga.

Eins og fram kemur í rökstuðningi við tillöguna en þar segir, með leyfi forseta:

„Vestnorræn samfélög hafa í gegnum tíðina verið veiðisamfélög og hefur það skapað vestnorrænum konum sérstakt umhverfi, ólíkt því sem gerist í iðnaðarsamfélögum annarra norrænna ríkja. Þetta hefur hugsanlega leitt til þess að þátttaka vestnorrænna kvenna í stjórnmálum er minni en gerist annars staðar á Norðurlöndum. Því er áríðandi að skapa vettvang fyrir vestnorrænar konur í stjórnmálum þar sem þær geta skipst á hugmyndum og miðlað af reynslu sinni og þannig styrkt samvinnuna sín í milli."

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt, herra forseti, vegna þess að ef við horfum til þess hvernig staða kvenna er í stjórnmálum, þá hefur það verið svo lengst af hér og er enn í Færeyjum og á Grænlandi að staða kvenna hefur verið mun lakari en annars staðar á Norðurlöndum. Í síðustu kosningum breyttist þetta hins vegar hjá okkur og 35% alþingismanna sem kjörnir voru í síðustu alþingiskosningum eru konur, og með þeim breytingum sem hér hafa átt sér stað hefur þeim fjölgað enn, þannig að ég hygg að þær séu núna 38–39% alþingismanna. Það er mjög góður árangur miðað við þá stöðu sem hér hefur verið lengst af.

En það vekur jafnframt athygli, herra forseti, að það er svolítið mismunandi hjá okkur hvaðan konurnar koma. Hlutfallslega mun fleiri konur á Alþingi Íslendinga koma úr R-kjördæmunum en af landsbyggðinni og ef menn bera saman hlutfall kynja innan þingmannahópanna þar, þá er það mun jafnara en annars staðar. Úti á landi eru konurnar enn til muna færri og enn þá eru tvö kjördæmi þar sem engin kona er kjörin á Alþingi.

Landsbyggðin er því enn þá í mjög svipaðri stöðu og þjóðþing Færeyja og Grænlands, þ.e. hlutfallið er einhvers staðar á milli 15 og 20% eins og gerist hjá þeim frændum okkar. Það segir okkur að einhver líkindi kunni að vera með þeim aðstæðum sem konum eru búnar í Færeyjum, á Grænlandi og úti á landi á Íslandi. Það sem segir í rökstuðningi fyrir því að þessar ráðstefnur verði haldnar, þ.e. að sú staðreynd að vestnorræn samfélög hafi í gegnum tíðina verið veiðimannasamfélög, er að mínu mati skýringin. Staða kvenna hér á suðverstuhorninu er til muna orðin líkari stöðu kvenna í iðnríkjunum og fjöldi þeirra í stjórnmálum þar af leiðandi í svipuðu hlutfalli.

Ein af þeim tillögum sem eru ekki á meðal þeirra sem liggja fyrir Alþingi Íslendinga er einmitt tillaga sem verður væntanlega borin upp á þjóðþingum Grænlands og Færeyja um að þar beiti menn sér markvisst fyrir aðgerðum til að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Þar horfa þær til þess sem gert var hér en eins og menn muna var hér á Alþingi samþykkt tillaga þess efnis haustið 1998 að skipuð yrði nefnd til þess að auka hlut kvenna í stjórnmálum. Nefndin var skipuð til fimm ára og fyrsta verkefni hennar var að ráðast í aðgerðir og kynningarstarf til að reyna að auka hlut kvenna þegar í síðustu kosningum.

Eins og ég gat um áðan, herra forseti, bar það þann árangur að í heildina séð erum við u.þ.b. að verða á pari við önnur norræn ríki og vel það hér, ef við horfum bara til R-kjördæmanna. Þetta skiptir verulegu máli og þess vegna, af því ég gat um það áðan, að veiðimannasamfélagið hefði þarna ákveðin áhrif.

Þá skiptir líka máli, herra forseti, að bætt verði skilyrði til rannsókna á málefnum sem tengjast konum sérstaklega og sömuleiðis þar sem fjallað er um í c-lið að gerð verði verkefnaáætlun um jafnrétti kynjanna.

Ég er á þeirri skoðun, herra forseti, að miðað við það sem við horfum til varðandi þátttöku kvenna í stjórnmálum sé óráð að fara með aðferðir og hugmyndir iðnríkjanna hráar og ætla að láta þær gilda sem möguleika til framfara fyrir þær konur sem búa við þessar aðstæður. Þess vegna er mjög mikilvægt að fram fari rannsóknir á stöðu kvenna í veiðimannasamfélaginu en eftir því sem ég hef leitað eftir virðist vera lítið um það, ef nokkuð. Menn hafa verið að skoða afmarkaða þætti eins og stöðu kvenna í sjávarbyggðum og slíka hluti en hafa ekki náð utan um þetta verkefni enn þá. Þess vegna er mjög mikilvægt að það verði gert vegna þess að við náum ekki árangri ef við höfum ekki réttan grunn til að standa á og réttar forsendur til að vinna út frá.

Ég held það væri mjög mikils virði í framhaldi af þeim tillögum sem liggja fyrir og gæti verið liður í framkvæmd þeirra að við beittum okkur bæði fyrir slíkum rannsóknum og einnig, eins og kom fram í máli framsögumanns, hv. þm. Árna Johnsens, að á vettvangi Vestnorræna ráðsins yrði sérstaklega fjallað um þetta efni.

Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði í upphafi um mikilvægi þess að skapa konum á norðurslóðum þær aðstæður að þær geti verið sáttari við umhverfi sitt og aðstæður sínar. Þess vegna er mjög mikilvægt að markvisst

verði unnið úr þessum tillögum og að menn haldi sig þá við þann veruleika sem ég held að við séum velflest sammála um að sé þannig að það er munur á þessum samfélögum og sá munur hlýtur einnig að birtast í stöðu bæði karla og kvenna í veiðimannasamfélögunum.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að halda langa ræðu og ég held að ég sé búin að koma að því sem mér finnst skipta máli. Ég vil þó í lokin nefna f-lið tillögunnar sem er í afskaplega skemmtilegu samræmi við þær tillögur sem þegar hafa verið kynntar varðandi fæðingarorlofsmál á Íslandi. En í f-lið stendur að það eigi að fela ríkisstjórninni, ef samþykkt verður, að vinna að því að stofna sjóð eða koma á öðru fyrirkomulagi sem greiði allan kostnað af fæðingarorlofi. Mér sýnist að með þeim hugmyndum sem liggja nú fyrir um það að tryggingagjaldið standi straum af fæðingarorlofsgreiðslum fyrir bæði karla og konur, séum við komin mjög á svipaðan stað og sá starfshópur sem fjallaði um þetta mál á ráðstefnunni í Færeyjum og í rauninni hafi ríkisstjórnin hér komist að niðurstöðu sem er þverpólitísk og ætti þess vegna að geta orðið mjög mikil sátt um, bæði á Alþingi og úti í samfélaginu.

[14:20]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstvirtur forseti. Ég vil koma hér eingöngu til að fagna því hversu öflugt starf hefur verið hjá Vestnorræna ráðinu á síðasta ári. Ég átti þess kost að sitja á fundinum sem haldinn var á Brjánsstöðum á síðasta ári þar sem voru einmitt samþykktar þær tillögur sem liggja fyrir í formi þáltill. og ég tel það afskaplega mikilvægt starf sem þarna fer fram. Ég vildi einnig nefna það sem umhugsunarefni hvort Vestnorræna ráðið ætti að tengjast betur inn á Skotland og nefni þá sérstaklega Orkneyjar og Hjaltlandseyjar, og vísa til sögulegra tengsla þessara þjóða og þessara landsvæða. Hv. þm. Árni Johnsen nefndi það einmitt áðan að tengsl við Skotland væru kannski þáttur sem ætti að skoða. Ég tel mikilvægt að íhuga það mjög vel hvort þarna sé vettvangur sem Vestnorrænu þjóðirnar hefðu hag af því að vinna með og nefni aftur sérstaklega skosku hálöndin, Orkneyjar og Hjaltlandseyjar.

Ég átti þess kost að sitja á málþingi þar sem fyrirlesarar voru frá þessum stöðum. Þeir töldu mjög mikilvægt að tengjast Íslandi og Færeyjum vegna þess að það væru svo lík hagsmunamál sem þessi landsvæði væru að fást við. Þetta málþing var á vegum breska sendiráðsins og þarna voru menn að ræða m.a. menntamál, fiskveiðistjórnarmál og upplýsingatæknimál. Það kom mjög skýrt fram hjá þeim að þeir töldu sig eiga miklu meira að sækja norður eftir, til okkar, en suður til Suður-Englands, til London og töldu sig reyndar ekki hafa mjög mikið að sækja til Glasgow og Edinborgar sem eru stórborgir Skotanna.

Ég held að samstarf gæti fært okkur mjög mikið. Það er t.d. mjög merkilegur dreifður háskóli í Skotlandi sem er áhugavert að kynna sér. Þeir hafa einig farið sérstakar leiðir í fiskveiðimálum. Eins og við vitum er upplýsingatækniþjónusta og upplýsingatækniiðnaður mjög öflugur á þessum svæðum sem ég held að við getum lært mjög mikið af.

Hæstv. forseti. Ég vildi einnig fagna sérstaklega þeirri tillögu sem liggur fyrir um ályktanir Vestnorræna ráðsins. Það var satt að segja mjög sérstök upplifun að heyra að nú eru jafnréttismál orðin aðalmál Vestnorræna ráðsins og birtast í þessari till. til þál. og ánægjulegt að finna og heyra það að jafnréttismál eru slík stórmál og eins og formaður Vestnorræna ráðsins, hv. þm. Árni Johnsen, fór yfir, þá skipta þessi mál, þessi málaflokkur jafnréttismál, allt samfélagið mjög miklu máli. Ég vil fagna því að í framsöguræðu formannsins, og ég vonast til að sem flestir kynni sér efni hennar, kom mjög berlega í ljós hversu mikið mál er um að ræða.

Eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir nefndi áðan er mjög gaman að það skuli koma fram á þessu þingi það sem kemur hér fram í f-liðnum, að fela ríkisstjórninni að vinna að því að stofna sjóð eða koma á öðru fyrirkomulagi sem greiði allan kostnað af fæðingarorlofi. Eins og við vitum kemur inn í þingið núna á næstu dögum tillaga þess efnis sem er hvað mesta framfaramál að mínu áliti varðandi jafnréttismál og fjölskyldumál sem við höfum séð í mjög langan tíma og er byltingarkennd tillaga. Ég held það gæti verið ósk okkar allra að slíkar áherslur nái fram að ganga, einnig í hinum vestnorrænu löndunum, Færeyjum og Grænlandi.

Að síðustu vildi ég nefna þá áherslu sem er varðandi það að rannsaka hvað hindrar vestnorræna stúdenta í að stunda nám í öðrum vestnorrænum ríkjum. Það er alveg klárt að þegar námsfólk fer á milli landa er mjög mikið hagsmunamál hverrar þjóðar að taka á móti erlendum stúdentum og það er stór þáttur í utanríkispólitík margra landa. Ég átti þess kost að ræða við breska þingmenn sem töldu það vera mjög mikla afturför í breskri utanríkispólitík þegar Bretar hættu að fella niður skólagjöld fyrir erlenda stúdenta. Eins og margir þekkja kannski telja Þjóðverjar að það að styrkja erlenda stúdenta í landi sínu sé hreint efnahagslegt spursmál því þegar stúdentar koma heim til sín nýta þeir þá tækni og þekkingu sem þeir hafa kynnst í því landi þar sem þeir stunduðu nám sitt. Það að reyna að hafa áhrif á það að stúdentar frá þessum löndum, frá Færeyjum og Grænlandi, stundi nám á Íslandi, Íslendingar fari til náms í Færeyjum og Grænlandi, er auðvitað mikið mál og hefur marga vinkla sem við getum haft hag af.

Hæstv. forseti. Enn og aftur, þetta var ánægjulegt að heyra um áherslur Vestnorræna ráðsins og að það skuli vera jafnréttismál sem þeir hafa sem aðaláherslumál.

[14:28]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Fyrr í dag þegar við töluðum um fyrsta og annan dagskrárlið, skýrslu frá norrænu ráðherranefndinni og skýrslu um norrænt samstarf, þá lét ég þess getið að Norðurlandasamvinnan hefði verið í vissu uppnámi kannski síðustu tíu ár vegna breytinga á alþjóðavettvangi. Ég nefndi sérstaklega til sögunnar breytta stöðu í Eystrasaltsríkjunum þar sem þau eru öll orðin sjálfstæð og við höfum einbeitt okkur að samvinnu við þau. Ég gat sérstaklega um breytta stöðu Finna og Svía þar sem þeir eru nú gengnir í Efnahagsbandalagið og hafa á síðustu árum beitt miklum kröftum í vinnu sem lítur að aðlögun að vinnuferli og vinnumáta gagnvart nýjum samstarfsaðilum.

Ég vil byrja á því eins og varðandi fyrsta og annan dagskrárlið fyrr í dag að þakka því fólki sem hefur unnið frábært starf á vegum Vestnorrænu nefndarinnar. Hér er komin till. til þál. út úr vinnu þeirra og ég vil árétta að það er góðra gjalda vert og mjög athyglisverðar tillögur sem hafa komið út úr þessu samstarfi. En á sama hátt og varðandi skýrslu ráðherranefndarinnar og skýrslu um norrænt samstarf held ég að við höfum gott af því að skoða málin í nýju ljósi akkúrat núna. Öll þau atriði sem till. til þál. um ályktanir Vestnorræna ráðsins eru auðvitað góðra gjalda verð og ber að styðja. En ég sakna meira þess sem ekki er í skýrslunni og þá á ég kannski við grunninn að því varðandi þau vandamál

sem þáltill. miðar að því að leysa, þ.e. stöðu kvenna í öllum liðum frá a til g í þessum dreifðu byggðum, sem sagt á vestnorræna svæðinu.

Ég sakna þess að vestnorræna samvinnan skuli ekki í mjög auknum mæli vera panel eða forum fyrir aukna samvinnu t.d. um nýtingu auðlindanna, atvinnumál í víðum skilningi. Það er t.d. hagsmunamál okkar að verslunin sé skoðuð alveg sérstaklega því að Danir hafa vegna stöðu sinnar bæði í Grænlandi og Færeyjum haft nánast algjöra einokun á verslun þangað til núna á allra síðustu árum. Það eru mjög miklir möguleikar fyrir okkur Íslendinga og fyrir Grænlendinga og Færeyinga að auka samskiptin á milli landanna t.d. á sviði verslunar, sölu á iðnvarningi o.fl.

Við þurfum líka að leggja mjög aukna áherslu á ferðamennskuna í sambandi við vestnorræna samstarfið. Nú hefur verið tilkynnt að Flugfélag Íslands er að hefja beint flug á Grænland, áður var það Flugfélag Norðurlands sem stóð í þessari samvinnu. Þarna eru gríðarlegir möguleikar sem þarf að rækta og þarf að setja aukinn kraft í.

Á sviði fiskveiða þurfum við nauðsynlega, sérstaklega gagnvart Grænlandi, að fara í alvarlegar umræður um sameiginlega nýtingu og vinnslu stofna. Þar hefur átt sér stað þróun á undanförnum árum með samvinnu fyrirtækja eins og Samherja og Grænlandsverslunar eða konunglegu Grænlandsverslunarinnar á sviði rækjusölu o.fl. Það eru þessi grundvallaratriði sem ég held að við þyrftum að rækta betur, þ.e. hreinlega beint á sviði atvinnumála. Ég er ekki að gera lítið úr því sem hefur verið gert, ég er sammála því sem sett er fram en ég held að við eigum gríðarleg sóknarfæri í þeim samvinnumöguleikum sem felast í samvinnu á sviði atvinnulífs. Ég vil árétta að það er mjög mikilvægt fyrir okkur og fyrir Grænlendinga og Færeyinga líka því við erum líkar þjóðir að mörgu leyti og það er mjög mikilvægt að við getum opnað brautir sem gera okkur mögulegt að auka verslun og viðskipti á öllum sviðum.

Það er fyrst og fremst þetta sem ég vildi koma á framfæri í umræðunni. Ég held að mergurinn málsins sé í sambandi við vestnorrænu samvinnuna, alveg eins Norðurlandasamvinnuna í það heila tekið, að einmitt núna stöndum við á þeim tímamótum að við þurfum að endurskoða alla þessa samvinnu. Þegar við lítum og horfum gagnrýnum augum á það sem gerst hefur síðustu tíu ár með aukinni áherslu Skandinavíuþjóðanna á Balkanlöndin og samvinnuna við þau, með aukinni samvinnu Svía og Norðmanna suður á bóginn, þá höfum við hvort sem okkur líkar betur eða verr að viðurkenna það, á þessu tíu ára tímabili verið í mjög erfiðri stöðu með Norðurlandasamstarfið. Kannski var aukin samvinna og stofnun Vestnorræna ráðsins og aukin vinna þar, bara afleiðing af því sem gerðist eða hefur gerst síðustu tíu árin.

Þetta þarf að skoða í nýju ljósi. Okkur er ekki hollt að taka okkur saman, dreifbýlið einvörðungu, taka okkur út úr og ræða um vandamál okkar og funda um þau og gera ráðstafanir, við þurfum á því að halda að vera með meiri breidd í þessu og við þurfum alla Norðurlandasamvinnuna undir. Þess vegna held ég að á næstu árum eigum við að einbeita okkur að því að ræða þessi mál í nýju ljósi. Við skulum segja að komin sé ró á hlutina varðandi samvinnuna við Eystrasaltsríkin. Kannski má segja að Finnar og Svíar séu búnir að fóta sig í samvinnunni við Evrópusambandið. Ég held að núna sé lag til að skoða þessi mál öll ofan í kjölinn og leggja nýja línu til næstu 10–20 ára hvernig við ætlum að vinna þessi mál. Við þurfum á því að halda að auka tenginguna við Skandinavíu, Danmörku, Noreg, Svíþjóð og Finnland, það er okkur hollt fyrir allra hluta sakir. Við getum lent í því ef við einangrum okkur um of í samvinnunni innbyrðis í þessum dreifbýlu löndum að missa af tækifærum og af „impúlsum" sem eru okkur svo nauðsynlegir til að þroska og þróa framfarir fyrir alla.

En enn og aftur, ég held að miklir möguleikar séu í efnahagslegri samvinnu og ég held að það eigi að auka áhersluna á hina efnahagslegu samvinnu mjög mikið. Ég tel reyndar að aukin efnahagsleg samvinna á sem flestum sviðum leiði af sér lausn á mjög mörgum af þeim liðum sem eru settir fram í till. til þál. um ályktanir Vestnorræna ráðsins. Það sem stendur alltaf upp úr varðandi stöðu, t.d. kvenna í dreifbýlinu í þessum dreifðu byggðum eru atvinnumálin, möguleikar kvenna, eftir að þær hafa aflað sér menntunar, til þess að fá störf o.s.frv. Grunnurinn liggur að víðtækri samvinnu til þess að byggja upp atvinnulíf, háþróað, sem fólk sækir í og getur nýst öllum.

Að endingu, virðulegi forseti, vil ég árétta að það er mikið og merkilegt og gott starf sem okkar fólk hefur unnið á þessu sviði og hefur skilað miklum árangri. En varðandi Norðurlandasamvinnuna alla vil ég segja eins og í fyrri ræðu minni að ég held að á þessum tímamótum, vegna stöðunnar, ættum við að eyða nokkrum tíma í að ræða hvernig við viljum taka næstu skref til þess að efla samvinnu okkar, þessi norræna fjölskylda, og taka nýjan stefnu.

[14:38]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki alveg gott að átta sig á því hvert hv. ræðumaður vildi stefna með ræðu sinni vegna þess að á sama tíma og hann hvatti til aukins samstarfs vestnorrænu ríkjanna hvatti hann jafnframt til þess að sú samvinna yrði ekki það mikil að menn gleymdu sér og ræktuðu ekki norræna samstarfið í heild.

Mér finnst það svolítið sérkennilegt upplegg að koma hér og tala um tillöguna án þess að tala um hana, þ.e. að tala um það sem hv. þm. hefði fundist að ætti að vera í henni. Segja má að upplegg okkar sem stöndum að tillögunni um málefni kvenna sé byggðamál að langstærstum hluta og trú okkar á að það þurfi að hyggja að stöðu kvenna sérstaklega á þessum norðlægu svæðum og dreifbýlu svæðum og þá er ekkert undanþegið, þá er allt með. Hér hefur verið talað um nauðsyn á rannsóknum og öðru slíku til að við getum skotið styrkari stoðum undir það sem menn vilja síðan takast á við.

Ég vil líka vekja athygli hv. þm., af því að það virðist hafa farið fram hjá honum, að á þeim ársfundi þar sem þessar tillögur voru samþykktar var líka ákveðið að næsta ár, árið 2001, yrði helgað veiðum og veiðiskap. Í því samhengi hafa menn rætt möguleika á því að koma á fót vestnorrænni fiskveiðirannsóknastöð og samvinnu í menntun sjómanna. Ýmis mál eru undir og þó að menn séu fyrst og fremst að þessu sinni að einbeita sér að stöðu kvenna og menntamálum hefur auðvitað á þessum vettvangi verið fjallað um mörg mál og margt er í burðarliðnum, ýmsar hugmyndir sem verið er að þróa.

[14:40]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir hvatningu um að samstarf á sviði atvinnumála verði aukið, og ekki bara í okkar ranni heldur til lengri fjarlægða litið. Við leggjum höfuðáherslu á það í Vestnorræna ráðinu að rækta garðinn í okkar hring en

viljum hafa allar aðrar dyr opnar líka og eigum að horfa til þess.

Hluti af þessu er í hugmyndinni um aukið samstarf á sviði menntunar milli landanna þriggja, Færeyja, Íslands og Grænlands, því að það er horft beint til þess að í framhaldi af menntuninni verði það atvinnan og atvinnusköpunin. Ágætis þróun hefur átt sér stað í þessum málum á undanförnum árum, þ.e. aukning hefur orðið. Til að mynda hafa viðskipti Grænlands við Ísland aukist stórlega á undanförnum árum svo nemur milljörðum. Því miður hefur það ekki verið gagnkvæmt af okkar hálfu en allt þarf þetta að vinnast í einni heild.

Ég held það sé líka mikilvægt að menn taki skref en ekki stór stökk, vegna þess að reginmunur er á möguleikum okkar til þess að ganga til samstarfs við Grænlendinga og Færeyinga eða til að mynda við Svía sem líta svolítið öðrum augum á okkur og finnst við minni en við vildum. Við þurfum að gera þetta markvisst en hugmyndin er öflug og mikilvægt að fylgja henni eftir. Þetta er vettvangur Vestnorræna ráðsins og við reynum að fylgja því fast eftir að auka það samstarf með öllum tiltækum ráðum.

[14:42]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en verið sammála hv. 1. þm. Suðurl., Árni Johnsen, um þessi störf. Ég geri mér grein fyrir því. En það sem stendur upp úr hjá mér þegar ég ræði um þessi mál er að ég hef fundið fyrir því í vinnu minni að á tíu ára tímabili í þessari Norðurlandasamvinnu höfum við — ja, ég vil segja einangrast frá hinum Norðurlöndunum. Það hefur t.d. verið á sveitarstjórnarsviði, atvinnumálasviði. Þá hafa komið hingað sendinefndir í auknum mæli án þátttöku hinna Norðurlandaþjóðanna. Það sem ég er að setja fram er að við verðum að skoða þessi mál í nýju ljósi vegna þess að þó svo samvinna okkar sé góð og hana eigi að efla verðum við að gæta þess að missa ekki þau tengsl við Skandinavíu sem við höfðum. Ég fullyrði að þau hafa á síðustu árum minnkað stórlega og það er til tjóns til lengri tíma litið. Þeirri tengingu verðum við að koma á aftur.

Ég hef reynslu af þessari vinnu og þó að það sé góðra gjalda vert að hitta vini okkar, Færeyinga og Grænlendinga, til þess að ræða mál, þá saknaði maður oft og tíðum sárlega þátttöku hinna þjóðanna vegna þess að þær hafa ýmislegt til málanna að leggja sem gagnast okkur. Það er þessi vinna sem ég vil að við förum í, fyrst og fremst okkur til hagsbóta vegna þess að þessar stærri þjóðir hafa hluti til málanna að leggja sem við þurfum nauðsynlega á að halda. Ég er að tala um það í málflutningi mínum að við reynum kannski að rétta stefnuna og taka stöðuna í nýju ljósi vegna þess að það er lag til þess núna.

Ég held raunar að við séum öll sammála, virðulegi forseti, þannig að við þurfum svo sem ekki að eyða mörgum orðum í það.

[14:44]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns. Það er mjög mikilvægt að þarna sé samfelldur taktur á milli starfs bæði Vestnorræna ráðsins og stóra bróður, Norðurlandaráðs. Því miður er það svo að þessi þrjú eylönd í norðurkantinum hafa verið svolítið einangruð alveg eins og Ísland hefur að sumu leyti verið svona fylgifiskur í Norðurlandaráði, þó að það starf skipti auðvitað miklu máli. En öflugu þjóðirnar þar stýra hlutunum og þar er skriffinnska mikil. Það er meira unnið á persónulegum nótum í Vestnorræna ráðinu og meiri beintenging við umhverfi, land, þjóð og atvinnulíf o.s.frv. Það hefur skilað okkur áleiðis og ráðherrar okkar hafa fylgt þeim málum vel eftir á undanförnum árum, ræktað þessi samskipti og aukið þau. Þegar við hugsum til lengri tíma erum við um leið að gera tvennt, við erum að verja hagsmuni okkar, auðlindahagsmuni, inn í framtíðina og eðlileg samskipti við næstu granna okkar sem eiga að byggjast á vinarþeli, orði sem er erfitt að þýða á önnur tungumál.

[14:46]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir orð hv. 1. þm. Suðurl., Árna Johnsens, að við eigum þarna gríðarlega mikið óunnið og marga möguleika og við eigum að efla þessi samskipti. Ég veit að hv. þm. Árni Johnsen þekkir þessa hluti manna best og gerir sér grein fyrir því hvaða gríðarlegu möguleikar eru fyrir hendi t.d. eins og í ferðamannaþjónustunni. Í raun og veru má segja að Íslendingar hafi hafið það samstarf því að nú er ferðaskrifstofa á Akureyri t.d. sem gerir nánast út á Austur-Grænland. Eins og ég sagði í minni ræðu þá er farið að fljúga, Flugfélag Íslands ætlar að fara að fljúga beint til Grænlands, sem er mjög mikið til bóta. Þarna eru gríðarlegir möguleikar sem okkur ber að rækta en líka á öllum hinum póstunum. Og um þetta erum við í raun öll sammála.

Ég vil nota þessa síðustu mínútu enn og aftur til þess að þakka nefndinni fyrir gott samstarf og árétta það enn og aftur að ég og minn flokkur viljum taka upp nýja sýn á Norðurlandasamstarfið og blása til nýrrar sóknar í þessari samvinnu allri þar sem nú er lag eftir tíu ára þróun, skulum við segja, gagnvart Eystrasaltslöndum og nokkurra ára þróun fyrir Finna og Svía að aðlaga sig að vinnunni gagnvart Evrópusambandinu.

Þarna eigum við gríðarlega möguleika. Það er bjart fram undan og okkur ber að efla þetta samstarf og þessa samvinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, fyrri umr.

Stjtill., 581. mál. — Þskj. 883.

[14:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 2. og 22. febrúar í ár.

Samkvæmt samningi þessum munu aðilar semja fyrir 1. júlí 2000 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá júlí 2000 til apríl 2001. Er eins og í samningi landanna frá í fyrra við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30 þúsund lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Í samningnum er kveðið á um það nýmæli að færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðunum 1999/2000 og 2000/2001 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu á hvorri

vertíð innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2000.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, fyrri umr.

Stjtill., 582. mál. — Þskj. 884.

[14:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem hv. þingmenn þekkja. Með þessari þáltill. er leitað heimilar Alþingis til staðfestingar á samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, en þessir samningar voru undirritaðir í Þórshöfn 20. október 1999.

Á grundvelli samnings strandríkjanna fjögurra, Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands frá 1996, hafa þessi ríki auk Evrópubandalagsins á undanförnum árum samið árlega um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Á fundi aðila í Þórshöfn í október 1999 náðist um það samkomulag að hámarksafli verði 1.240 þús. lestir en var 1.300 þús. lestir árið áður. Aflinn skiptist milli aðila í sömu hlutföllum og verið hefur og koma í hlut Íslands rétt rúmlega 194 þús. lestir.

Eins og fyrr hafa aðilar í sérstökum tvíhliða samningum komið sér saman um frekara fyrirkomulag veiða, m.a. um heimild til að veiða í lögsögu hvers annars, og eru þessir samningar með svipuðum hætti og verið hefur.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[14:52]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst og fremst um að ræða spurningu til hæstv. utanrrh. Það segir hér í greinargerð með tillögunni að nota skuli aflareglu sem miðast við fiskveiðidánarstuðulinn 0,125 í stað 0,15 sem verið hefur viðmiðunin undanfarin ár.

Fróðlegt væri að fá upplýst hvað gerir það að verkum að menn eru að breyta hér um viðmið. Eru einhver teikn á lofti sem kalla á að menn herði viðmið hvað þetta varðar? Og sömuleiðis hitt, ef þessi viðmið hefðu verið notuð í ár, er þá ráðherranum ljóst eða hefur það verið skoðað hvað það hefði þýtt í aflaheimildum í heildina og þá í leiðinni fyrir okkur Íslendinga?

[14:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þjónar hagsmunum Íslands að þessi stofn fái að byggjast upp eins hratt og nokkur kostur er. Eftir því sem minna er veitt er það að mínu mati þeim mun betra fyrir framtíð stofnsins og þar með hagsmuni Íslands og í reynd annarra þjóða. Það gerir það líklegra að stofninum takist að komast í fyrra horf, þ.e. eins og var þegar þessi stofn leitaði í miklum mæli inn í íslenska lögsögu og var uppistaða í atvinnulífi á Norðurlandi og Austurlandi.

Því miður hefur stofninn gengið inn í íslenska lögsögu í tiltölulega litlum mæli. Við teljum mjög mikilvægt að það náðist fram að þessi fiskveiðidánarstuðull lækki úr 0,15 í 0,125, en það hefur verið viðmiðunin undanfarin ár.

Ég ætla ekki að halda því fram að þessi stofn sé að hruni kominn. Svo er ekki. En við erum þeirrar skoðunar að leyfilegt aflamagn undanfarin ár hafi verið of hátt og við höfum barist fyrir því að það væri heldur lægra. Þess vegna teljum við að þarna hafi verið stigið mikilvægt skref til þess að vernda stofninn betur og teljum að þetta sé í reynd mikilvægasta nýmælið í þessum samningi til þess að tryggja skynsamlega stjórn þessa stofns til frambúðar. En því miður var mjög illa staðið að þessum málum hér fyrr á árum og varð það til þess að veiðar úr stofninum lögðust af hér á Íslandi um margra áratuga skeið. Það má ekki gerast á nýjan leik.

[14:55]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Þau voru mjög skýr. Það er út af fyrir sig gott að vita að við stöndum ekki frammi fyrir hruni. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það er mikilvægt að við förum með gát. Við viljum gjarnan sjá meira af norsk-íslenska síldarstofninum innan íslenskrar lögsögu og bæði helgast það auðvitað af því að við byggjum stofninn upp og eins hinu að aðstæður í sjónum séu þá þannig að síldin nái til veiðisvæða þar sem íslenski flotinn getur athafnað sig.

Ég ætla ekkert að fylgja eftir síðari spurningu minni. Ég tók eftir því að ráðherra svaraði henni ekki. Kannski hefur þetta ekki verið reiknað út og kannski er einfalt að gera þetta bara sjálfur. En það er alltaf athyglisvert þegar menn eru að breyta viðmiðum í málum, að vita hvort menn hafa þá skoðað og litið til þess hver niðurstaðan verði.

Ég endurtek þakkir til ráðherra fyrir svörin sem voru skýr og tek undir með honum hvað varðar mikilvægi þess að byggja stofninn upp.

[14:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki þessar tölur á reiðum höndum en ég veit að þessi fiskstofn var hér fyrr á árum þegar best lét stærsti fiskstofn á Norður-Atlantshafi. Ég minnist þess að hann var á tímabili um 10 millj. tonn. Ef ég kann þessa útreikninga rétt, þá hefði samkvæmt fyrri viðmiðun verið í lagi að veiða 1,5 millj. lesta af síld en með þessu er það þá lækkað í 1.250 þús. lestir.

Ég vona að þetta varpi ljósi á stærðargráður í þessu sambandi, en það er okkar markmið, Íslendinga, að þessi mikilvægi fiskstofn nái sinni fyrri stærð. Það er afar mikilvægt að til séu nokkuð jafnir árgangar og það er fyrst og fremst elsta síldin og stærsta síldin sem leitar til Íslands. Þess vegna er svo mikilvægt að þessi síld fái að stækka því að það er hún sem mun leita inn í íslenska lögsögu. Þetta er jafnframt verðmætasta síldin eða sú síld sem var kölluð og gengur undir nafninu Íslandssíld, demantssíld. Það er nú svo að margir eru að selja síld undir þessu merki. Jafnvel

þótt að Norðmenn kalli þennan stofn ekki norsk-íslenska síldarstofninn heldur norska vorgotssíldarstofninn þá vitum við mörg dæmi þess að þeir vilja hins vegar selja afurðirnar undir nafninu Íslandssíld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, fyrri umr.

Stjtill., 583. mál. — Þskj. 885.

[14:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem gerðir voru á 26. þingi aðila stofnunarinnar í Cardiff 19. maí 1999.

Upphaf þessarar stofnunar má rekja til ársins 1977 þegar hún var sett á laggirnar með bráðabirgðasamkomulagi. Endanlegur stofnsamningur var undirritaður 15. júlí 1982 í París þar sem stofnunin hefur aðsetur. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 12. júní 1987, en Alþingi hafði með ályktun 18. mars sama ár heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samhliða undirritun stofnsamningsins undirrituðu símastjórnir aðildarríkjanna rekstrarsamkomulag. Hafa þær sem rekstraraðilar lagt fram hlutafé til stofnunarinnar og haft æðsta vald í daglegum rekstri hennar. Gervitungl stofnunarinnar veita svæðisbundna fjarskiptaþjónustu, þar með talinn flutning á sjónvarpsmerkjum. Rekstraraðilar hafa haft einkarétt á aðgangi að gervitunglum og því að veita fjarskiptaþjónustu um þau.

Hin almenna stefna Evrópusambandsins um afnám einkaréttar í fjarskiptum og markaðssjónarmið hefur valdið vaxandi gagnrýni á núverandi fyrirkomulag EUTELSAT. Það er talið hindra eðlilegan vöxt stofnunarinnar enda sé einkaréttur sá sem felst í stofnsamningnum í ósamræmi við ríkjandi markaðsaðstæður. Á þingi aðila stofnunarinnar í París 18.–20. maí á síðasta ári var þess vegna ákveðið að breyta rekstrarformi hennar með breytingum á stofnsamningi til að gera henni kleift að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum.

Meginbreytingin er sú að stofnað verður nýtt fyrirtæki, Eutelsat SA sem verður í upphafi staðsett í Frakklandi. Fyrirtækið mun starfrækja gervitunglakerfi og veita þjónustu um það. Í því skyni verða eignir EUTELSAT og starfsemi yfirfærð til nýja fyrirtækisins. Aðalverkefni þeirrar stofnunar verður að tryggja að fyrirtækið fari að grundvallarreglum.

Ég vil að endingu leggja til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samþykktar Alþjóðasamvinnustofnunarinnar um jafnrétti, fyrri umr.

Stjtill., 584. mál. — Þskj. 886.

[15:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ILO í Genf 23. júní 1981.

Samykkt ILO nr. 156 hefur það að markmiði annars vegar að stuðla að jafnrétti karla og kvenna sem hafa fjölskylduábyrgð til starfa og hins vegar að jafna aðstöðu þeirra starfsmanna sem bera ábyrgð á fjölskyldu og þeirra sem hafa ekki slíka ábyrgð. Í stórum dráttum má segja að tilgangurinn sé að hvetja aðildarríki til að grípa til allra viðeigandi aðgerða til að koma þessum markmiðum í framkvæmd með tilliti til mismunandi aðstæðna í hinum ýmsu ríkjum, fremur en að fastákveða nákvæmlega hvaða aðgerðir ríkin skuli grípa til.

Í undirbúningsgögnum samþykktarinnar kemur þannig skírlega fram að stefnan við gerð hennar var að heimila aðildarríkjum að hafa sem mest svigrúm til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd. Fullgilding þessarar samþykktar kallar á eina lagabreytingu hér á landi, þ.e. vegna ákvæðis 8. gr. samþykktarinnar um að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs. Um verður að ræða nýja reglu í íslenskum vinnurétti en meginreglan er sú að atvinnurekendur þurfa ekki að gefa upp ástæðu uppsagnar. Félmrh. hefur í samræmi við þetta lagt fyrir Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi frv. til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

Ég legg til, herra forseti, að tillögu þessari vísað til hv. utanrmn. að lokinni umræðunni.

[15:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég styð fullgildingu á þessari samþykkt heils hugar. Hún er afskaplega mikilvæg og það kom vel fram í umræðunni sem fyrir jól þegar félmrh. bar fram frv. til þess að afgreiða tillöguna. Þau eru orðin æðimörg árin sem hefur verið bent á nauðsyn þess að fullgilda þessa samþykkt. Á sínum tíma var tillaga um það flutt samhliða tillögu um opinbera fjölskyldustefnu og jafnan hefur verið lögð áhersla á vilja verkalýðshreyfingarinnar til að fá tillöguna samþykkta. Það er óumdeilt að hún hefur sem slík áhrif sem þáttur í mikilvægri fjölskyldustefnu.

Af hverju hefur þá tekið svona langan tíma að fá samþykktina fullgilta úr því hún er góð og gagnast fjölskyldufólki og er jafnréttisákvæði fyrir fólk á vinnumarkaði? Það er vegna 8. gr. samþykktarinnar sem er um að ekki sé heimilt að segja fólki upp vegna fjölskylduaðstæðna og ótta vinnuveitenda við það að slík lögfesting bindi hendur þeirra. Þess vegna gerði ég vissa athugasemd við orðalag tillögugreinarinnar sem félmrh. bar fram fyrir jól sem var varfærin og óskaði eftir því að orðalagið væri sérstaklega skoðað í nefnd. Ég held það sé alveg óumdeilt að hér er verið að stíga það skref sem við höfum kallað eftir, að tryggja að fjölskyldufólk þurfi ekki að búast við uppsögn vegna fjölskylduábyrgðar. Ég fagna því alveg sérstaklega að þessi fullgilding er nú komin inn í þingið. Það er nefnilega þannig að í kjarasamningum hefur aldrei fengist tekið fullt tillit til aðstæðna fjölskyldna

að þessu leyti og því var alveg ljóst að fullgilding þessarar samþykktar varð að koma til til að tryggja fjölskyldufólk á vinnumarkaði gagnvart uppsögnum.

Öll önnur ákvæði samþykktarinnar teljast í raun og veru þegar uppfyllt hérlendis og mörg ár síðan byrjað var að fara yfir þau ákvæði og hvort aðstæður hérlendis uppfylltu samþykktina fullkomlega. Svo reyndist vera. Það var fyrst og fremst 8. gr. sem varðar uppsagnir vegna fjölskylduábyrgðar. Bæði ASÍ og BSRB hafa heils hugar tekið undir að tillagan verði fullgilt og sömuleiðis Bandalag háskólamanna og flest öll samtök á vinnumarkaði sem hafa að einhverju leyti komið að þessu.

Því er mjög mikilvægt að samþykktin er komin inn í þingið. Það var í upphafi árs 1995 sem tillagan var fyrst borin inn í ríkisstjórn og eins og dropinn holar steininn er það svo að með sífelldri umræðu í þingsal og væntanlega eftirfylgni félmrh. að fylgja þessu eftir í tengslum við umræðu sem hér varð þegar samþykkt var opinber fjölskyldustefna, þá er samþykktin komin núna inn í þingið til fullgildingar sem og frv. ráðherra og ég fagna þessu alveg einlæglega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, fyrri umr.

Stjtill., 585. mál. — Þskj. 887.

[15:09]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996. Samningur þessi er tvímælalaust mikilvægasti alþjóðasamningur undanfarinna ára og lýtur að kjarnavopnum. Samningurinn kveður á um allsherjarbann við tilraunum með kjarnasprengingar. Áður höfðu samningar náðst um bann við tilraunum í andrúmslofti í geimnum og neðan sjávar árið 1963 sem og um takmörkun sprenginga við 150 kílótonna styrkleika árið 1974.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegu eftirlitskerfi sem samanstendur af alls 321 stöð víðs vegar um heim í samtals 89 löndum. Kerfið er tvískipt, aðalkerfi og varakerfi. Tvær þessara stöðva eru staðsettar á Íslandi til mælinga á geislavirkni og jarðhræringum. Stöð til mælinga á geislavirkni tilheyrir aðalkerfinu og hún verður staðsett á Rjúpnahæð. Uppsetning stöðvarinnar er áætluð síðar á þessu ári. Hún verður í umsjón Geislavarna ríkisins sem munu einnig sjá um að miðla upplýsingum frá stöðinni til alþjóðlegrar gagnamiðstöðvar sem safnar saman upplýsingum frá stöðvum víðs vegar um heim. Stöð til jarðskjálftamælinga sem Veðurstofa Íslands hefur umsjón með er staðsett í nágrenni Borgarness og er henni ætlað að þjóna varakerfinu. Sérstök stofnun með aðsetur í Vínarborg hefur umsjón með framkvæmd samningsins og rekstri alþjóðaeftirlitskerfisins og gagnamiðstöðvarinnar.

Kjarnorkuveldin hafa frá árinu 1945 framkvæmt alls 2.046 sprengingar með kjarnavopn. Engar tilraunasprengingar fóru fram eftir að samningurinn var lagður fram til undirskriftar í september 1996 þar til í maí 1998 að Indland og Pakistan rufu þá samstöðu sem ríkti um allsherjarbann. Allsherjarbann við kjarnasprenginum hefur mikla þýðingu til að stemma stigu við vígbúnaðarkapphlaupi á sviði kjarnavopna.

Samningurinn setur ríkjum skorður í þróun á smíði kjarnavopna, einkum þeim ríkjum sem eiga ekki slík vopn fyrir en hafa í hyggju að koma þeim upp. Samningurinn hamlar einnig gegn frekari þróun nýrra vopna þeirra ríkja sem hafa þegar á að skipa kjarnavopnum. Samningurinn hefur þannig mjög mikið gildi í viðleitni til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna og hefta frekari þróun þeirra. Hann er einnig álitinn skipta miklu hvað varðar fækkun kjarnavopna.

Dómsmrn. hefur nú til athugunar hvort þörf er á setningu nýrra laga eða breytingum á núgildandi lögum til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem felast í þessum samningum. Ég tel mikilvægt að við staðfestum þennan samning sem fyrst og vænti þess að hv. utanrmn. taki hann til skjótrar úrlausnar og afgreiðslu.

Ég legg til að málinu vísað til hv. utanrmn. að lokinni umræðunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, fyrri umr.

Stjtill., 586. mál. — Þskj. 888.

[15:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem samþykkt var á ríkjaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Róm 17. júlí 1998.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn mun koma til með að hafa aðsetur í Haag. Hann hefur það hlutverk að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði.

Stofnun dómstólsins er tvímælalaust eitt mikilvægasta framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Unnið hefur verið að stofnun slíks dómstóls allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. Dómstóllinn hefur sjálfvirka lögsögu í málum sem undir hann heyra, þ.e. óháða sérstöðu, samþykki viðkomandi ríkja. Skilyrði er þó að annaðhvort þegnríki sakbornings eða ríki þar sem hið meinta brot var framið sé aðili að samþykktinni. Sérstakur saksóknari starfar samkvæmt samþykktinni og getur hann að eigin frumkvæði eða eftir tilvísun frá aðildarríki eða öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hafist handa við að rannsaka og gefa út ákæru í málum sem undir dómstólinn heyra. Samkvæmt samþykktinni er óheimilt að hefja eða halda áfram rannsókn eða saksókn í máli á eins árs tímabili eftir að öryggisráðið hefur lagt fram beiðni þar að lútandi til dómstólsins í samræmi við ályktun sem samþykkt er samkvæmt 7. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Lögsaga Alþjóðlega sakamáladómstólsins er til fyllingar lögsögu einstakra ríkja til að saksækja og dæma í þeim málum sem hér um ræðir. Lögsaga dómstólsins verður því aðeins virk að viðkomandi ríki hafi sökum skorts á getu eða vilja látið undir höfuð leggjast að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn er varanlegur og hefur almenna lögsögu. Hann er því frábrugðinn alþjóðastríðsglæpadómstólnum í málefnum fyrrum Júgóslavíu og Rúanda sem hafa takmarkaða lögsögu bæði í tíma og rúmi.

Rómarsamþykktin var undirrituð fyrir Íslands hönd 26. ágúst 1998. Hinn 29. mars sl. höfðu alls 95 ríki undirritað samþykktina, en aðeins sjö ríki höfðu fullgilt hana. Samþykktin mun öðlast gildi tveimur mánuðum eftir að 60 ríki hafa fullgilt hana og þar sem við höfum verið mjög hvetjandi um stofnun þessa dómstóls og unnið mikið að málinu allt frá upphafi, tel ég mjög mikilvægt að við séum jafnframt meðal fyrstu ríkja sem fullgilda þessa mikilvægu samþykkt.

Norðurlöndin hafa haft með sér samráð um undirbúning fullgildingar Rómarsamþykktarinnar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, enda er málið bæði flókið og umfangsmikið. Fullgilding Rómarsamþykktarinnar kallar á löggjöf um framkvæmd hennar hér á landi. Í dómsmrn. er unnið að undirbúningi frv. þar að lútandi og er gert ráð fyrir að það verði lagt fyrir Alþingi í upphafi næsta löggjafarþings.

Ég vil að þessum orðum sögðum, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[15:18]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að Alþingi heimili ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem samþykkt var í Róm 17. júlí 1998. Það var mjög jákvætt þegar Ísland tengdist yfirlýsingu sem utanrrh. Írlands flutti af hálfu Evrópusambandsins á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma þar sem verið var að styðja við stofnun alþjóðlegs glæpadómstóls. Á þeim tíma bundu margir vonir við að slíkur dómstóll yrði orðinn að veruleika árið 2000 og mér sýnist að hér sé eitt skref í þá átt. Mér hefði fundist skipta mjög miklu máli að Ísland styddi við dómstólana, bæði að sjálfsögðu Alþjóðlega sakamáladómstólinn og ekki síður að styðja eins og unnt er stríðsglæpadómstólana í málefnum fyrrum Júgóslavíu og í Rúanda, sem hafa auðvitað takmarkaða lögsögu eins og kemur fram í greinargerð með þessari tillögu. Með stuðningi við þessa dómstóla stuðlum við að því að endir verði bundinn á refsileysi þeirra sem brjóta alþjóðalög. Það eru nefnilega bein tengsl á milli mannréttindabrota og svokallaðs refsileysis. Mannréttindabrot sem framin eru í skjóli refsileysis virðast endurtaka sig og það er hægt að greina ferli ofsókna og glæpa í samfélögum sem ákveða að þegja slíkt í hel. Þetta hefur margoft komið fram, t.d. hjá mannréttindasamtökunum Amnesty og þau hafa getað staðfest að bein tengsl eru á milli mannréttindabrota og svokallaðs refsileysis.

Þegar mannréttindabrot eru framin í skjóli refsileysis í samfélögum sem þegja slíkt í hel eða hylma yfir og hunsa lög og reglur, er það vegna þess að önnur ríki láta sig þetta engu varða. Samt eru ríki samkvæmt alþjóðalögum skuldbundin til þess að draga stríðsglæpamenn eða aðra sem gerast sekir um mannréttindabrot til ábyrgðar fyrir gjörðir sínar. Sömuleiðis má framselja þá. En ríkisstjórnir hafa víða komist upp með að setja lög sem tryggja náðun brotamanna eða gefa þeim grið. Þess vegna er það svo mikilvægt að Íslendingar sem, eins og ég hef oft áður sagt, eiga að vera rödd mannréttinda á alþjóðavettvangi, styðji með virkum hætti stofnun alþjóðaglæpadómstóla svo hægt sé að binda endi á það refsileysi sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Það kemur fram í greinargerð með þessari till. til þál. að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn muni hafa það verkefni að dæma í málum einstakinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði, og þess vegna sé stofnun dómstólsins tvímælalaust eitt mikilvægasta framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. Undir þetta vil ég taka.

Herra forseti. Það er nokkurt umhugsunarefni að eitt þeirra vestrænu ríkja sem við lítum til í svo mörgum efnum og sem hefur náð langt á vissum sviðum í lýðræðisátt, Bandaríkin, hafa samt verið með einhvern böggling í sumum málum. Við horfum til þess að Bandaríki Norður-Ameríku eru eitt fárra ríkja sem enn þá eru með dauðarefsingu og að þeim er mjög lagt að endurskoða þau ákvæði. Og svo kemur það fram í þessari greinargerð að Bandaríkin lögðu meginherslu á það þegar verið var að afgreiða þessa tillögu að þegnríki sakbornings yrði að veita samþykki sitt í hvert skipti til að lögsaga dómstólsins yrði virk, en samkvæmt því yrði ekki unnt að lögsækja bandaríska hermenn nema með sérstöku samþykki Bandaríkjanna. Ef öll ríki sem væru að fullgilda þessa samþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn mundu vera með fyrirvara af þessum toga þá má reikna með að dómstóllinn yrði ærið veikur og gæti ekki framfylgt þeim verkefnum sem honum eru falin með alþjóðasamþykkt og á alþjóðavettvangi. Mér finnst þetta vera mikið umhugsunarefni.

Ég vil endilega nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. utanrrh. út í alþjóðaglæpadómstóla Júgóslavíu og Rúanda. Mér skilst að stuðningur við þá komi ekki formlega hingað inn í þingið eða sem fullgilding. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh. hvort Ísland hafi sýnt því virkan stuðning að báðir þessir stríðsglæpadómstólar yrðu fullgiltir og fengju þann styrk sem þeir þurfa á að halda. Ég þekki ekki nægilega vel hvernig stuðningur við þá dómstóla fer fram og spyr því hæstv. utanrrh. að því hvernig þau mál standi og um afstöðu Íslands gagnvart þeim.

Það kemur fram í lok greinargerðarinnar að Norðurlöndin hafa haft með sér samráð um undirbúning fullgildingar Rómarsamþykktarinnar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, enda málið bæði flókið og umfangsmikið, og að fullgildingin kalli á löggjöf um framkvæmd hennar hér á landi og að unnið sé að henni.

Um þessi lokaorð í greinargerðinni vil ég segja fyrir hönd Samfylkingarinnar að við munum styðja það þegar hæstv. ráðherra kemur með frumvörp sem lúta að þessari samþykkt og ég vil líka draga sérstaklega fram, af því við erum búin að ræða norrænt samstarf hér fyrr í dag og hversu margar hliðar séu á því, að hér er ein hlið þess að Norðurlöndin hafa haft með sér samráð í þessu flókna og umfangsmikla máli og enn á ný í einu máli sem alls ekki er tengt Norðurlöndunum komum við að því hve mikilvægt það samstarf er.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar spurningu hv. 4. þm. Reykn., Rannveigar Guðmundsdóttur, þá er það þannig með stríðsglæpadómstólana vegna Rúanda og fyrrum Júgóslavíu að þeir eru settir á fyrir frumkvæði öryggisráðs Sameinuðu

þjóðanna. Það gerist því með öðrum hætti en stríðsglæpadómstóllinn sem nú er verið að koma á stofn og vonandi getur orðið að veruleika sem fyrst. Þess vegna höfum við ekki þurft að staðfesta það mál á sambærilegan hátt með því að flytja sérstaka þáltill. á Alþingi því til staðfestingar. En eftir því sem ég best veit á það samt stoð í íslenskum lögum sem hefur komið hér fyrir Alþingi, þannig að við höfum á allan hátt stutt tilvist og framkvæmd þessara dómstóla. Þeir eru afskaplega mikilvægir, bæði vegna þeirra hræðilegu brota sem áttu sér stað í þessum löndum og eins til þess að vara alla þá við sem einhvern tímann, annaðhvort munu eða hafa hugsað sér að framkvæma slík brot og glæpi gagnvart mannkyninu. Það er að sjálfsögðu ekki síst vegna þeirrar hræðilegu reynslu sem lönd hafa orðið fyrir á undanförnum árum að skriður hefur á nýjan leik komist á að koma alþjóðastríðsglæpadómstólnum á laggirnar. Ég vænti því þess að það geti orðið sem allra fyrst. En það hefur á engan hátt haft áhrif á starfsemi þessara tveggja dómstóla sem eru að vinna sitt verk og því miður er margt eftir og mikið eftir í þeirra verki.

[15:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessar upplýsingar og finnst mikilvægt að hægt sé að finna stoð í lögum sem við höfum sett hér á Alþingi varðandi þessi mál. Ég fagna því mjög að Ísland hefur í auknum mæli látið í sér heyra um slík viðkvæm alþjóðamál. En það sem skiptir máli er að Ísland er með það í stjórnarskrá að hér sé ekki dauðarefsing og að Ísland hefur viljað vera bæði friðarrödd og rödd mannréttinda og að það hefur verið að aukast að ráðherra hafi látið í sér heyra um þessi mál. Þess vegna vil ég, um leið og ég þakka þessar upplýsingar, hvetja hæstv. utanrrh. til þess að sýna þessum málum, stríðsglæpadómstólunum báðum, stuðning og taka afdráttarlausa afstöðu þar sem hann getur komið því við þannig að hæstv. utanrrh. láti í sér heyra um þessi mál þegar hann flytur ræður á erlendri grund og þar sem það passar vegna þess að það er sannfæring mín að þó að við séum fámenn þjóð hér norður á hjara veraldar, þá sé bæði litið hingað með virðingu og hlustað á þessa rödd. Ég hvet utanrrh. til að vera í enn auknum mæli þessi rödd sem ég fagna að hann hefur orðið og að hann noti tækifærið þegar hann flytur ræður erlendis til þess að hvetja til samstöðu um þessa glæpadómstóla.

[15:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur ekkert á stuðningi okkar Íslendinga í þessum málum. En ég vil geta þess af þessu tilefni að það er jafnframt afskaplega mikilvægt að Mannréttindadómstóll Evrópu geti starfað eðlilega. Þegar ég var í því hlutverki að berjast fyrir því að Mannréttindadómstóll Evrópu fengi meira fjármagn til ráðstöfunar til þess að sinna mikilvægum málum, mannréttindamálum, ekki síst í ríkjum sem nú eru að gerast aðilar að Evrópuráðinu, en þar hefur hver einasti borgari rétt á því að senda sín mál til þessa dómstóls og ég er viss um að það verður í auknum mæli í framtíðinni, þá vakti það athygli mína að sá dómstóll hefur mun minna fjármagn til ráðstöfunar en stríðsglæpadómstóllinn vegna fyrrum Júgóslavíu. Og það sýnir hvað þetta er afskaplega kostnaðarsamt og það er jafnframt ánægjulegt að þjóðir heims hafa samt ekki látið undir höfuð leggjast að fara í þetta mál og setja upp þann dómstól. En það má ekki verða til þess að menn gleymi eða vanræki á nokkurn hátt Mannréttindadómstól Evrópu sem mér finnst að hafi ekki verið sinnt nauðsynlega og að hann hafi ekki notið þess skilnings sem nauðsynlegur er til að tryggja áframhaldandi starfsemi hans því hann er afar mikilvægur fyrir þróun mannréttinda í Evrópu og reyndar í heiminum öllum því menn líta mjög til fordæma í Evrópu í þessum málum.

[15:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. kom hér með upplýsingar sem komu mér mjög á óvart og ég tek undir þessi orð hans. Ég hafði ímyndað mér að Mannréttindadómstóllinn væri á grænni grein, hann hefði verið settur á laggirnar þannig að tryggt yrði það fjármagn sem þyrfti til að hann gæti staðið fyrir og undir verkefnum sínum. Ég hef þess vegna ekki spurt um hann. Ég hef mjög oft í umræðu um utanríkismál komið inn á stríðsglæpadómstólana og mikilvægi þeirra. Ég held ég hafi yfirleitt ekki fjallað mikið um Mannréttindadómstólinn annað en að fagna tilkomu hans. Ég tek undir það með ráðherra að það er mikilvægt að hann geti starfað með fullum þunga og að honum sé tryggður bæði stuðningur og fjármagn. Þess vegna þakka ég þessar upplýsingar og hvet hann eindregið í störfum sínum og í baráttu fyrir mannréttindadómstólum.

Það er trúa mín að þarna getum við lagt lið og að þessir dómstólar séu mjög mikilvægt tæki í friðarbaráttunni sem er svo sannarlega mikil þörf á enn í dag. Þó að við höfum trúað því fyrir nokkrum árum að við værum kannski komin að einhverjum sérstökum þáttaskilum í þeim efnum, hefur það sem verið hefur að gerast á síðasta áratug sýnt okkur að þróunin er breytileg og það þarf verulega að taka á og halda vöku vel á vopnum sínum til þess að tryggja frið, bæði í okkar heimsálfu og annars staðar.

[15:33]

Ásta Möller:

Herra forseti. Í haust varpaði ég fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. þar sem ég innti ráðherrann eftir því hvenær hann hygðist leggja fyrir Alþingi þáltill. um fullgildingu á Rómarsáttmálanum um stofnun alþjóðlegs sakamáladómstóls. Í svari hæstv. utanrrh. kom fram að unnið væri að fullgildingu sáttmálans í utanrrn. og þáltill. þess efnis yrði flutt á vorþinginu og það hefur gengið eftir og því ber að fagna. Jafnframt greindi hæstv. utanrrh. frá því að Norðurlöndin hefðu með sér samráð um fullgildingu á sáttmálanum.

Samkvæmt greinargerð með þáltill. hefur Noregur þegar fullgilt samninginn, en í svari hæstv. utanrrh. frá í haust komu fram þær upplýsingar að Danmörk og Finnland áforma að fullgilda samkomulagið nú í vor og Svíþjóð að ári liðnu héðan í frá. Í greinargerð kemur einnig fram að 29. mars sl. höfðu alls 95 ríki undirritað samþykktina, en sjö ríki hafa fullgilt hana. Til að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn geti tekið til starfa þurfa 60 þjóðlönd að staðfesta samþykktina. Ég fagna því sérstaklega að þessi þáltill. er nú komin fram og tel mikilvægt að Ísland sé í fararbroddi að fullgilda samþykktina.

Í gegnum tíðina hafa margir alþjóðasamningar, sáttmálar og yfirlýsingar verið undirritaðar af þjóðum heims til varnar mannréttindum fólks. Þar er skemmst að minnast mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem er grundvallarsamningur þjóða á milli til verndunar mannréttindum

einstaklinga, en á síðasta ári fagnaði alþjóðasamfélagið 50 ára afmæli sáttmálans. Hins vegar verður ekki hjá því komist að viðurkenna að þrátt fyrir góðan vilja, fjölmarga alþjóðlega samninga og reglur í þessa veru, hefur mannkynið iðulega staðið máttvana gagnvart mannréttindabrotum víðs vegar um heiminn.

Alþjóðasamfélagið hefur ekki haft tök á að kalla þá einstaklinga til ábyrgðar sem gerast sekir um glæpi gagnvart mannkyninu og refsa þeim. Afleiðingarnar eru öllum kunnar, glæpamennirnir sleppa og mannréttindabrotum og glæpum gagnvart saklausu fólki fjölgar. Þrátt fyrir ótrúlegar tækniframfarir, aukna velferð manna og aukinn skilning á alþjóðavettvangi á mannréttindum sem staðfestur hefur verið með fjölda alþjóðlegra sáttmála um mannréttindi, var tuttugasta öldin sú blóðugasta, mannskæðasta og ofbeldisfyllsta frá upphafi mannkyns. Heimsstyrjaldirnar tvær leiddu til dauða um 100 millj. manna og á þeim rúmlega 50 árum sem liðin eru frá lokum seinni heimsstyrjaldar hafa um 24 millj. manna látist af völdum hernaðar og annarra átaka í heiminum. Til samanburðar hefur verið metið að um 16 millj. manna létust á 19. öld og um 5,5 millj. manna á 18. öld af völdum stríðsátaka.

Á síðustu árum hefur verið ötullega unnið að því að koma á stofn alþjóðlegum sakamáladómstól til að lögsækja þá einstaklinga sem gerast sekir um alvarlega glæpi á ófriðartímum. Sem kunnugt er tekur Alþjóðadómstóllinn í Haag eingöngu á málum er varða samskipti milli ríkja, en tæki til að taka á stríðsglæpum sem framdir eru á einstakingum hefur skort. Stríðsdómstólar hafa verið settir á laggirnar til að taka á einstökum málum, eins og hefur komið fram í tilviki Rúanda og fyrrum Júgóslavíu, en þeir dómstólar hafa verið settir á fót til að taka á þessum tilteknu málum en hafa ekki möguleika á að taka á mannréttindabrotum sem eiga sér stað annars staðar né koma í veg fyrir ofbeldi í framtíðinni. Alþjóðlegum sakamáladómstól er ætlað að lögsækja einstaklinga sem grunaðir eru um yfirgang, stríðsglæpi, þátttöku í þjóðarmorði eða aðra alvarlega glæpi gegn mannkyninu. Til hins síðastnefnda teljast víðtækar og skipulagðar árásir á tiltekinn hóp manna, t.d. með morðum, útrýmingu, nauðgunum, kynlífsþrælkun, þröngvuðum þungunum, mannránum eða glæpum vegna aðskilnaðarstefnu. Dómstóllinn hefur heimild til að taka upp mál með litlum fyrirvara eða beina þeim tilmælum til viðkomandi þjóðlanda að lögsækja stríðsglæpamenn. Einnig getur hann að eigin frumkvæði lögsótt stríðsglæpamenn ef tilmæli um upptöku mála í viðkomandi landi reynast árangurslaus.

Að lokum vil ég nefna að nýlega hef ég sent fyrirspurn til hæstv. utanrrh. þar sem ég óska eftir að fá upplýsingar um hvaða alþjóðasamningar á sviði mannréttinda sem Ísland hefur undirritað hafa ekki verið fullgiltir eða staðfestir af Alþingi og hver sé ástæða þess að samningarnir hafi ekki verið fullgiltir.

Af orðum mínum hér má vera ljóst að ég styð af alhug þessa þáltill. og ég vona að aðrar þjóðir komi sem allra fyrst í kjölfarið svo að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn geti orðið sem fyrst að veruleika.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, fyrri umr.

Stjtill., 587. mál. — Þskj. 889.

[15:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna í tillögunni og einnig eru þær prentaðar sem fylgiskjöl með henni.

Ákvarðanir þessar kalla allar á lagabreytingar hér á landi og voru teknar af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Samkvæmt EES-samningnum verða þær skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar nema eitthvert þeirra beiti heimild í 103. gr. samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Hafa ríkin sex mánuði samkvæmt þessum sama samningi, þ.e. frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni, til þess að aflétta fyrirvaranum. Með þessu er vísað til nauðsynlegs atbeina þjóðþinga aðildarríkjanna og af hálfu Íslands hefur fyrirvara þessum því einungis verið beitt þegar ljóst er að ákvörðunin kallar á lagabreytingar í samræmi við 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Á þeim sex árum sem liðin eru frá því að EES-samningurinn tók gildi hefur Ísland beitt þessum fyrirvara vegna 38 af u.þ.b. 700 ákvörðunum EES-nefndarinnar. Af ýmsum samverkandi ástæðum hefur Ísland staðið sig verst EFTA/EES-ríkjanna við að aflétta stjórnskipulegum fyrirvörum innan hins samningsbundna frests ef svo má komast að orði.

Nú er svo komið að upp hafa safnast 19 ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara við og eru 13 þeirra orðnar eldri en sex mánaða, en eins og ég gat um áður gerir samningurinn um EES sem staðfestur var af Alþingi á sínum tíma, ráð fyrir því að þessu ferli sé lokið innan sex mánaða. Þetta hefur annars vegar í för með sér að viðeigandi ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar ganga hvorki í gildi á Íslandi né í hinum aðildarríkjunum og hins vegar að Ísland gæti staðið frammi fyrir því að önnur aðildarríki fari fram á að frestað verði framkvæmd einstakra viðauka samningsins eða hluta þeirra gagnvart Íslandi í samræmi við 102. gr. EES-samningsins.

Að undanförnu hafa samstarfsríkin innan EES og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lýst yfir vaxandi áhyggjum vegna tafa á afturköllun stjórnskipulegra fyrirvara sem Ísland hefur gert og verður að telja nauðsynlegt að grípa til aðgerða til þess að bæta hér um. Því var tekin ákvörðun um að leita í einu lagi eftir samþykki Alþingis til staðfestingar umræddra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og jafnframt að taka eftirleiðis upp það fyrirkomulag að leita sérstaklega eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við. Slíks samþykkis verður þá leitað í formi þingsályktunartillögu er hlutaðeigandi ráðuneyti undirbúi samhliða nauðsynlegum frumvörpum til lagabreytinga. Jafnframt verður þeirri föstu vinnureglu komið á með vísan til 24. gr. þingskapa að haft verði samráð

við utanrmn. um efni þessara ákvarðana meðan þær eru á undirbúningsstigi. Þessi meðferð ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar samsvarar betur stjórnskipulegum venjum okkar við meðferð þjóðréttarsamninga, auk þess verður aðkoma Alþingis að ákvarðantöku nefndarinnar tryggari og betri yfirsýn fæst um þróun samningsins.

Herra forseti. Ég tel að nokkuð hafi á það skort á undanförnum árum að Alþingi hafi komið með viðeigandi hætti að þessu máli, bæði á undirbúningsstigi og ekki nægilega tímanlega heldur eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið sínar ákvarðanir. Þessi mál hafa verið til umfjöllunar í mörgum nefndum þingsins en ekki á einum stað. Með þessu fyrirkomulagi er miklu tryggara að Alþingi komi að málinu mun fyrr, fyrir utan það að með þessu fyrirkomulagi hefur ein nefnd þingsins, þ.e. hv. utanrmn., miklu meiri yfirsýn yfir málið í heild og ætti þar með að geta haft meiri áhrif á þróun mála og eftir því hefur verið kallað af hv. Alþingi að undanförnu. Með þessu eru stjórnvöld að koma til móts við þessa sjálfsögðu kröfu Alþingis að því er varðar málefni sem tengjast EES-samningnum.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingalög, 1. umr.

Stjfrv., 564. mál. — Þskj. 866.

[15:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, og fleiri lögum sem forsrh. hefur lagt fyrir Alþingi, en ég hef hér framsögu fyrir í fjarveru hans eins og þegar hefur komið fram hjá hæstv. forseta.

Megintilgangur frv. er að laga upplýsingalögin að frv. því er Alþingi hefur nú til meðferðar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og tryggja að ekki verði hallað á þann rétt sem almenningi hefur verið veittur til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum með upplýsingalögum. Hið sama á að sínu leyti til um aðgang aðila máls að upplýsingum samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, en þau þarfnast þó miklu minni breytinga við. Að auki er í frv. þessu leitað eftir nokkrum breytingum til að bæta starfsskilyrði úrskurðarnefndar um upplýsingamál en að því verður nánar vikið síðar.

Hv. allshn. Alþingis hefur nú til meðferðar frv. til nýrra heildarlaga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Er því frv., ef að lögum verður, m.a. ætlað að koma í stað gildandi laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga sem í daglegu tali eru nefnd tölvulög. Gildissvið hinna nýju laga verður hins vegar víðtækara en tölvulaganna að því leyti að það tekur yfirleitt til hvers kyns persónuupplýsinga án tillits til þess í hvaða formi þær eru varðveittar, en gildissvið tölvulaganna hefur verið einskorðað við persónuupplýsingar sem eru kerfisbundið færðar í skrá.

Þessi takmörkun eða afmörkun réttara sagt á gildissviði tölvulaga eftir því á hvaða formi upplýsingar eru varðveittar hefur hins vegar einnig verið nýtt í öðrum tilgangi, þ.e. til þess að draga mörkin á gildissviði þeirra laga gagnvart upplýsingalögum.

Þegar að því kemur að leysa úr beiðnum um aðgang að persónuupplýsingum hjá hinu opinbera hefur lagagrundvöllur slíkra úrlausna þannig ráðist af því á hvaða formi þær eru varðveittar. Hafi þeim kerfisbundið verið safnað í skipulagslega heild, þ.e. skrá, hefur borið að leysa úr beiðni um aðgang að þeim á grundvelli tölvulaga, en sé svo ekki hafa upplýsingalögin tekið við og eftir atvikum stjórnsýslulög.

Með því að ný lög um persónuvernd gera ekki ráð fyrir að halda í þessa afmörkun á varðveisluformi upplýsinga sem þau taka til ber hins vegar nauðsyn til að endurskoða þær reglur sem gilt hafa um lagaskil milli tölvulaga annars vegar og upplýsingalaga hins vegar. Að athuguðu máli hefur niðurstaðan orðið sú sem fram kemur í þessu frv. og felst gagnvart upplýsingalögum í því að sama lagaskilaregla og fólgin hefur verið í gildissviði tölvulaga er nú færð inn í upplýsingalögin, sbr. 1. gr. frv., á þann hátt að þau taka ekki til aðgangs að upplýsingum samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nema þær séu varðveittar í því formi sem lýst er í 2. mgr. 3. gr. upplýsingalaga.

Í þeirri grein upplýsingalaga er inntaki upplýsingaréttarins síðan lýst á þann hátt að lögin ná til hvers kyns gagna í vörslu stjórnvalda að undanskildum skrám sem þau halda. Með þessu móti er í raun haldið í þau hin sömu lagaskil milli upplýsingalaga og nýrra laga um persónuvernd sem ég hef þegar lýst hvernig gilt hafa á milli hinna fyrrnefndu laga og tölvulaga. Verði frv. þetta að lögum verður því engin breyting þar á.

Að þessu mæltu, herra forseti, ber að leggja áherslu á að lagaskilareglur af þessu tagi eru formlegar og skipta í þessu tilliti fyrst og fremst máli við ákvörðun um á hvaða lagagrundvelli ber að leysa úr beiðni um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Efnisreglur allra þeirra laga sem hér hafa verið nefnd til sögunnar um aðgang að þeim upplýsingum sem hér er um að ræða, þ.e. hinum svonefndu persónuupplýsingum, eru hins vegar allar keimlíkar og líklegt að þær leiði yfirleitt til svipaðrar niðurstöðu. Eðli máls samkvæmt er aðgangur að þeim vitaskuld verulegum takmörkunum háður án þess að ég ætli mér lengra út í þá sálma hér enda engar slíkar efnisreglur að finna í þessu frv.

Aðrar breytingar á upplýsingalögum í frv. þessu miða að því að styrkja og styðja þau starfsskilyrði sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál eru búin samkvæmt lögunum. Þar er um að ræða nefnd sem komið er fót með V. kafla upplýsingalaga til að þjóna sem kærustig fyrir ágreining um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögunum, hvar sem hann kann að rísa í stjórnsýslunni.

Í þessu samhengi er e.t.v. rétt að rifja upp, herra forseti, að upplýsingalög voru samþykkt hér með tiltölulega almennt orðuðum og matskenndum takmörkunar- og undanþáguákvæðum. Það hefur því verið ákaflega mikils virði, bæði fyrir stjórnvöld og almenning, að fá úrlausn eins og sama stjórnvaldsins um það hversu langt þessar takmarkanir verða taldar ná í hverju tilviki. Það hefur bæði aukið samræmi í framkvæmd laganna og hraðað því að það kæmist á. Það er einnig óhætt að segja að almenningur hafi óspart nýtt sér þetta úrræði þegar til þess er litið að nefndin hefur kveðið upp yfir 90 úrskurði á þeim þremur árum sem hún hefur starfað. Hér er lagt til að betur verði að starfsskilyrðum nefndarinnar búið í nokkrum atriðum án þess þó að um raunverulegar breytingar sé að ræða nema í einu tilviki.

Í 2. gr. er lagt til að tekið verði í lögin ákvæði um þagnarskyldu nefndarmanna og þeirra sem með henni starfa en ekkert slíkt ákvæði hefur verið í lögunum sjálfum svo undarlegt sem það má nú vera. Ég legg áherslu á að þessi viðbót er eingöngu lögð til í öryggisskyni, en er algjörlega nauðsynleg. En rétt er að taka fram að það er ekkert sérstakt tilefni sem hefur gefist til þess enda hefur verið litið svo á að sú þagnarskylda sem lögð er á þá sem taka að sér opinbert starf samkvæmt almennum hegningarlögum hafi tekið til nefndarmanna í þessari nefnd, eins og fram kemur í athugasemdum með frv. En vegna sérstöðu þessa máls þykir rétt að ítreka það í þessum lögum, en almennt er afar mikilvægt að þagnarskylda sé virt bæði í þessum tilvikum og öllum öðrum án þess að það eigi að standa í vegi fyrir nauðsynlegum upplýsingum á grundvelli ákvæðinna reglna til almennings í landinu.

Þá er í 3. gr. lagt til að tekið verði í lögin sérstakt ákvæði um skyldu stjórnvalda til að afhenda nefndinni þau gögn er hún fjallar um hverju sinni enda getur hún yfirleitt ekki metið rétt til aðgangs að þeim nema ljóst sé hvers efnis þau eru. Þessa reglu hefur að vísu mátt leiða af kærusambandi við nefndina og skyldur hennar eins og annarra stjórnvalda til að upplýsa mál áður en ákvörðun er tekin samkvæmt rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Í stöku tilvikum hafa stjórnvöld hins vegar reynst treg til að afhenda nefndinni þau gögn sem um ræðir án nánari útskýringa og röksemdafærslu af þessu tagi. Því er lagt til að sérstakt ákvæði um þessa skyldu verði tekið í lögin sjálf svo sem til hægðarauka fyrir störf nefndarinnar enda verður sama skylda leidd af almennum reglum eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Í 4. gr. er komið á ákveðnu nýmæli þar sem lagt er til að úrskurðir nefndarinnar um aðgang að gögnum eða afrit af þeim verði aðfararhæfir. Ef úrskurðarnefnd hefur úrskurðað að beiðni um aðgang að gögnum skuli tekin til greina og stjórnvald óskar ekki eftir að réttaráhrifum úrskurðarins verði frestað til að bera hann undir dómstóla ber stjórnvaldi samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laganna að veita aðgang að viðkomandi gögnum jafnskjótt og úrskurður hefur verið birtur. Lögin hafa fram til þessa ekki búið þeim sem fær slíkan úrskurð nein tækifæri til að sækja þann rétt sinn gagnvart stjórnvöldum. Hér er lagt til að úr því verði bætt þannig að hægt verði að leita atbeina sýslumanns í því skyni enda þótt ekki sé reiknað með að til þess komi nema í algjörum undantekningartilvikum.

Fram til þessa eru þess engin dæmi að stjórnvöld hafi ekki hlítt úrskurðum nefndarinnar eða borið þau undir dómstóla ella. Í stöku tilviki hefur þó borið við að stjórnvöld hafa dregið að veita aðgang samkvæmt úrskurði, jafnvel svo að yfir því hefur verið kvartað við umboðsmann Alþingis. Í áliti sínu af því tilefni bryndi hann fyrir stjórnvöldum nauðsyn þess að ákvæði laganna þetta varðandi væru virt og er sú réttarbót sem hér er lögð til til þess fallin að stuðla að því.

Loks er í 5. gr. lögð til minni háttar bragarbót á 18. gr. laganna til að ekki valdi vafa frá hvaða tímamarki beri að telja frest til að stefna úrskurði fyrir dómstóla, en ákvæðið hefur reyndar þegar verið skýrt með sama hætti í einum dóma Hæstaréttar.

Herra forseti. Ég hef þá farið yfir öll helstu atriði þessa frv. og vil að öðru leyti vísa til athugasemda sem því fylgja til nánari skýringar. Frv. má að flestu leyti heita tæknilegs eðlis sem fara má betur yfir í þeirri nefnd er málið fær til meðferðar, þ.e. hv. allshn. Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:57]

Útbýting þingskjals:

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 289. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 952.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 553. mál. — Þskj. 855.

[15:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Frv. þetta til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er lagt fram í þeim tilgangi að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna ákvæða í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða milli landbrh. fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands, sem undirritaður var 11. mars sl. Samningurinn er að verulegu leyti samhljóða eldri samningum um sama efni en felur einnig í sér nokkrar breytingar.

Hæstv. landbrh. hófst handa sl. vor, strax eftir að núverandi ríkisstjórn var mynduð, um að leggja drög að gerð nýs samnings um framleiðslu sauðfjárafurða í samræmi við ákvæði 30. gr. laga nr. 99/1993, en núverandi samningur um framleiðslu sauðfjárafurða gildir til ársloka í ár. Hófust þá óformlegar viðræður við Bændasamtök Íslands.

Hinn 17. ágúst skipaði landbrh. nefnd til viðræðna við Bændasamtök Íslands um gerð ný samnings. Í nefndinni áttu sæti fimm fulltrúar frá landbrn., fjmrn. og Byggðastofnun undir forustu Sveinbjörns Eyjólfssonar, aðstoðarmanns landbrh. Formlegt starf nefndarinnar hófst þegar í ágúst með viðræðum við Bændasamtökin en af þeirra hálfu tóku fimm fulltrúar bænda þátt í samningsgerðinni undir forustu Ara Teitssonar, fomanns Bændasamtaka Íslands.

Þegar í upphafi viðræðnanna var ljóst að gera þyrfti nokkrar breytingar á gildandi búvörusamningi, enda þótt margt hefði tekist vel í framkvæmd hans og náðst hafi jafnvægi milli framleiðslu og afsetningar afurða. Mjög lítil framþróun hafði hins vegar orðið innan greinarinnar og eru lífskjör sauðfjárbænda víðast hvar bág, eins og kemur fram í áliti nefndar, dags. 7. okt. 1998, lífskjaranefndarinnar svonefndu sem landbrh. skipaði í mars 1997 til að gera úttekt á lífskjörum bænda.

Almennt er talið að vandi sauðfjárræktarinnar liggi í því að einingarnar séu of litlar og nýting fastafjármuna og vinnuafls þar af leiðandi ekki næg og möguleikar til þess að afla tekna utan bús víða takmarkaðir. Eftir tekjuleysi undanfarinna ára eru margir sauðfjárbændur nú í þeirri aðstöðu að vilja eða þurfa að hætta búskap. Bændur og stjórnvöld hafa á liðnum árum reynt að stuðla að því að stækka sauðfjárbúin og hefur það m.a. verið gert með stuðningi ríkisins við bændur sem hætta vildu búskap samkvæmt ákvæðum í tveimur síðustu búvörusamningum 1991 og 1995.

Í hinum nýja sauðfjársamningi eru fjölmörg sóknarfæri fyrir bændur sem vilja halda áfram búskap og bæta afkomu sína og þar er einnig komið verulega til móts við þá bændur sem vilja hætta búskap. Þar er um að ræða tilboð ríkisins um kaup á greiðslumarki til þeirra sem vilja hætta og heimild til að framselja greiðslumark sem gefið verður frjálst síðar á samningstímanum. Ætti þetta tvennt að skapa verulegt svigrúm fyrir þá bændur sem áfram starfa og vilja starfa í þessari mikilvægu atvinnugrein.

Samningsaðilar hafa í starfi sínu haft ítarlegt samráð við ýmsa aðila, m.a. Hagþjónustu landbúnaðarins og Byggðastofnun svo og Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins varðandi landnýtingarþátt gæðastýringarkerfis þess sem ætlunin er að taka upp og verður komið að síðar.

Herra forseti. Ég mun nú víkja að nokkrum efnisatriðum hins nýja samnings um framleiðslu sauðfjárafurða og gera sérstaka grein fyrir þeim breytingum sem hann hefur að geyma miðað við það framleiðslustjórnunarkerfi sauðfjárræktar sem nú gildir.

Samningur sá sem nú liggur fyrir nær yfir tímabilið 2001–2007. Um efni hans vísast til fskj. I með frv. þessu. Samningurinn er að nokkru leyti samhljóða sauðfjárhluta samnings sömu aðila um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt sem undirritaður var 11. mars 1991 með breytingum sem gerðar voru á honum með samningi um sauðfjárframleiðslu sem undirritaður var 1. okt. 1995.

Í markmiðum samningsins kemur fram að styrkja skuli sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda. Skilyrði eru sköpuð til að ná fram aukinni hagræðingu í sauðfjárrækt, að sauðfjárrækt verði í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið, að halda skuli jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða og efla beri fagmennsku, þekkingu og þróun í sauðfjárrækt.

Þessum markmiðum hyggjast samningsaðilar ná með því að beina stuðningi í ríkari mæli að gæðastýrðri framleiðslu, viðhalda því kerfi sem gildir um útflutning sauðfjárafurða, efla rannsóknir, kennslu, leiðbeiningar og þróun greinarinnar, vinna að sátt um mat á landnýtingu og aðstoð við þá bændur er vilja hætta sauðfjárframleiðslu.

Samkvæmt samningnum og frv. þessu verður greiðslumark áfram bundið við lögbýli. Beingreiðslur verða áfram greiddar óháð framleiðslu. Framleiðsla og afurðauppgjör verður óháð greiðslumarki lögbýlis.

Á fyrsta ári gildistíma nýs samnings verður svokallað ásetningshlutfall 0,6 eins og verið hefur, þ.e. til að fá fullar beingreiðslur þarf sauðfjárbóndi að eiga a.m.k. 60 vetrarfóðraðar kindur fyrir hver 100 ærgildi greiðslumarks. Nái ásetningur ekki þeirri tölu skerðast beingreiðslur hlutfallslega. Að loknu þessa fyrsta ári samningstímans skal endurskoða ásetningshlutfallið árlega.

Öllum sauðfjárframleiðendum er áfram heimilt að koma með til förgunar alla framleiðslu sína án takmarkana eins og verið hefur. Allir sauðfjárframleiðendur taka þátt í útflutningi í sama hlutfalli og áður. Undanþegnir útflutningsuppgjöri eru eins og áður þeir bændur sem hafa 0,7 vetrarfóðraðar kindur eða minna á hvert ærgildi greiðslumarks en það hlutfall tekur breytingum í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts innan lands. Þeir bændur sem framleiða samkvæmt þessari ásetningsreglu eru skuldbundnir til að leggja aðeins inn afurðir þess fjár ef þeir vilja komast hjá skerðingu.

Þá getur landbrh. ákveðið að kjöt af sauðfé sem slátrað er á ákveðnum tímabilum utan haustsláturtíðar verði einnig undanþegið útflutningsuppgjöri. Verðlagning sauðfjárafurða verður frjáls og bændur semja sjálfir við sláturleyfishafa um verð fyrir framleiðslu sína.

Frá og með 1. jan. 2001 verða heildarbeingreiðslur til sauðfjárbænda 1.740 millj. kr. og skiptast hlutfallslega eins milli lögbýla og beingreiðslur hafa gert á þessu ári, árinu 2000. Beingreiðslur taka breytingum til samræmis við uppkaup ríkisins á greiðslumarki og einnig frá 2003 til samræmis við álagsgreiðslur fyrir gæðastýrða framleiðslu. Gerð er nánari grein fyrir þessu í hinum nýja samningi á fylgiskjölum með honum, þ.e fskj. I með frv., hvernig þessu skuli háttað.

Heimilt verður að framselja greiðslumark sauðfjárafurða eftir að ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi en eigi síðar en 1. jan. 2004. Eins og áður hefur komið fram hefur slíkt framsal verið óheimilt frá árinu 1995. Að margra áliti hefur það staðið í vegi fyrir hagræðingu í greininni, m.a. hjá bændum með blandaðan búrekstur, að ekki hefur verið heimilt að framselja greiðslumark í sauðfé milli manna. Þeir sem stóðu að gerð sauðfjársamningsins töldu því óhjákvæmilegt að heimila slíkt framsal aftur og er með því stefnt að því að skapa aukið rými til hagræðingar innan greinarinnar.

Í frv. er gert ráð fyrir að framsal greiðslumarks milli lögbýla taki gildi 1. janúar ár hvert og nýr aðili taki beingreiðslur frá þeim tíma. Hið síðarnefnda er einnig nýmæli en ekki hafa verið bein ákvæði í lögum um gildistíma slíks framsals áður. Því er nauðsynlegt að taka það skýrt fram þannig að aðilar geti aðlagað sig að því í framtíðinni.

Sérstakar jöfnunargreiðslur verða greiddar þeim framleiðendum sem nýlega hafa byrjað sauðfjárrækt, hafa haft miklar og vaxandi afurðir af hverri á eða hafa stækkað bú sín á undanförnum árum. Frekari skilyrði eru sett í frv. fyrir því að hljóta slíkar jöfnunargreiðslur, en gert er ráð fyrir að landbrh. setji nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð. Jöfnunargreiðslur geta að hámarki numið 100 kr. á hvert kíló dilkakjöts. Gert er ráð fyrir að varið verði um 60 millj. kr. á ári til þessara jöfnunargreiðslna.

Jöfnunargreiðslur verða hvorki uppkeyptar né framseldar og með þeim er verið að koma til móts við framsæknasta hluta stéttarinnar, þ.e. þá sauðfjárbændur sem hafa náð bestum árangri í búrekstri sínum og jafnframt þá sem nýlega hafa byrjað búskap. Það er mjög mikilvægt fyrir framgang greinarinnar að þessir aðilar fái hvatningu til að halda áfram á sömu braut, þ.e. þeirri framfarabraut sem þeir hafa rutt í þessari búgrein.

Greiddar verða sérstakar álagsgreiðslur á gæðastýrða sauðfjárframleiðslu, þær afurðir sem framleiddar hafa verið eftir kröfum um skilgreindan framleiðsluferil, hollustu og umhverfisvernd. Álagsgreiðslur greiðast fyrir tiltekna gæðaflokka dilkakjöts eftir ákvörðun landbrh. og að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga. Álagsgreiðslur þessar hefjast árið 2003 og nema fyrsta árið 12,5% og hækka síðan árlega til loka samningstímans og verða þær þá orðnar 22,5% af beingreiðslum. Beingreiðslur til þeirra sem ekki taka þátt í gæðastýringunni lækka að sama skapi. Auk þess verða álagsgreiðslur fjármagnaðar með svokölluðu uppkaupaálagi, þ.e. hluta af þeim fjármunum sem beingreiðslur lækka um vegna uppkaupa ríkissjóðs á greiðslumarki sem áður hefur verið vikið að.

Með þeirri upptöku gæðastýringarkerfis, eins og þess sem hér er stefnt að, hefur verið náð mjög merkum áfanga og

er mikilvægt að hér takist vel til. Í þessu gæðastýringarkerfi er landnýtingarþátturinn án efa einn sá mikilvægasti en með því er stefnt að því að sauðfjárframleiðsla verði á næstu árum og áratugum stunduð í sátt við landið. Með upptöku gæðastýringarkerfis eins og þess sem hér um ræðir er því stigið mikilvægt skref í þá átt að skapa nauðsynlega sátt um nýtingu landsins.

Það verður þó að hafa í huga að ágangur sauðfjár er aðeins einn þáttur þessa stóra máls. Sauðfé hefur fækkað mjög mikið en þáttur hrossa og gæsa og annarra fuglategunda svo eitthvað sé nefnt hefur farið vaxandi. Það er því ljóst að mikið starf er fram undan á þessu sviði og árangurinn skilar sér ekki á skömmum tíma.

Gæði íslenskrar sauðfjárframleiðslu eru mjög mikil en með gæðastýringarkerfi þessu er ætlunin að treysta enn betur og staðfesta þá gæðaímynd sem íslensk sauðfjárframleiðsla hefur. Jafnframt er gæðastýringarkerfið leið til að tryggja betri rekstur innan greinarinnar og þar með betri afkomu sauðfjárbændanna í landinu.

Ljóst er að ef af þessu gæðastýringarkerfi verður, eins og hér er stefnt að, fá þeir bændur sem taka þátt í því álag á beingreiðslur og þar með hærri greiðslur en aðrir og ætti það því að verða öllum hvatning til að gerast þátttakendur í þessu starfi og stuðla þannig að því að sauðfjárframleiðslan verði í æ ríkari mæli gæðastýrð og vistvæn. Við fáum betri afurðir sem ætti að geta orðið til þess að styrkja markaðinn fyrir sauðfjárafurðir sem er afar nauðsynlegt, en stærsti hlutinn af þeim vanda sem menn standa frammi fyrir í þessari grein er hvað sá markaður hefur minnkað á undanförnum árum og áratugum.

Í almennri umræðu hefur komið fram að gæðastýringin sem hér er stefnt að feli í sér mismunun á milli bænda og hún sé þess vegna brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, en e.t.v. er á þessum mínútum einmitt verið að kveða upp mikilvægan dóm í Hæstarétti um þessa sömu reglu.

Í samantekt um gæðastýrða sauðfjárrækt sem fylgir hinum nýja sauðfjársamningi og er hluti fskj. I með frv. þessu koma fram upplýsingar um hvernig háttað verður í stjórnum, ábyrgð, undirbúningi, framkvæmd, eftirliti og tilgangi gæðastýringar í sauðfjárrækt. Gæðastýringin tekur til landnota, einstaklingsmerkinga sauðfjár, kynbótaskýrsluhalds, gæðadagbókar, búfjáreftirlits, lyfjaeftirlits, áburðarnotkunar og fóðrunar. Gert er ráð fyrir að í gæðahandbók komi fram hvaða grunnkröfur eða lágmarkskröfur aðilar þurfa að uppfylla og að þær megi herða, auka eða breyta eftir því sem árangur næst. Um nánari útlistun á þessu fyrirkomulagi vísa ég til fskj. I með frv.

Eins og gæðastýringarkerfið er sett upp er stefnt að því að við ákvörðun um hverjir geti orðið aðilar að gæðastýringu í sauðfjárrækt og þar með fengið álag á beingreiðslur samkvæmt hinum nýja sauðfjársamningi verði byggt á hlutlægum og fyrir fram ákveðnum mælikvarða þannig að allir sauðfjárbændur eigi þess kost að uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett og jafna möguleika til að verða aðilar að gæðastýringarkerfinu. Hins vegar má gera ráð fyrir að einhver hluti sauðfjárbænda sé ekki tilbúinn að leggja á sig þá viðbótarvinnu sem þetta útheimtir en það er alfarið þeirra val ef þeir kjósa að standa utan við gæðastýringarkerfið. Það er því ekki rétt sem sumir halda fram að gæðastýringarkerfið feli í sér mismunun milli bænda sem brjóti gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og vænti ég þess að það standist eins og nokkrar aðrar reglur sem hafa verið dregnar í efa að standist stjórnarskrána og mér skilst að menn hafi nú komist að niðurstöðu um að standist stjórnarskrána.

Þá felur hinn nýi sauðfjársamningur í sér verulega aðstoð ríkisins við þá sauðfjárbændur sem hætta vilja búskap. Ríkissjóði er í frv. veitt heimild til uppkaupa á greiðslumarki eftir nánari ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð. Beingreiðslum sem svarar til fyrstu 25.000 ærgildanna sem ríkið kaupir skal varið til að greiða álag á framleitt dilkakjöt fyrstu tvö árin en eftir það verða þær eins og áður segir nýttar til greiðslu álags á gæðastýrða framleiðslu. Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur ákveðið að uppkaupum verði hætt þegar keypt hafa verið 45.000 ærgildi og gert er ráð fyrir að varið verði 990 millj. kr. til uppkaupanna.

Í hinum nýja sauðfjársamningi er samið um framlög til eflingar fagmennsku innan greinarinnar að fjárhæð 35 millj. kr. á ári. Fé þetta verður nýtt til þess að styðja kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greininni og til stuðnings átaksverkefnum á sauðfjársvæðum. Gert er ráð fyrir að uppbygging gæðastýringarinnar verði studd af þessum lið. Þá er í sauðfjársamningnum enn fremur samið um framlög ríkissjóðs til þróunar- og þjónustukostnaðar að fjárhæð 235 millj. kr. á ári og framlög til niðurgreiðslna á ull að fjárhæð 220 millj. kr. á ári. Um er að ræða hliðstæðar greiðslur og bændur fá samkvæmt núgildandi sauðfjársamningi.

Endurskoðunarákvæði er í hinum nýja sauðfjársamningi. Að þremur árum liðnum skulu samningsaðilar samkvæmt því gera úttekt á framkvæmd samningsins með tilliti til þeirra markmiða sem sett eru í honum. Skal sérstaklega hugað að því hvernig til hefur tekist við undirbúning og framkvæmd gæðastýringar sem er mikið nýmæli og endurskoðað hve stór hluti skuli greiddur út á gæðastýrða framleiðslu.

Að lokum eru í frv. gerðar nokkrar leiðréttingar á tilvitnunum í önnur lög sem breyst hafa á undanförnum árum. Ákvæði þessi varða ekki framkvæmd nýs sauðfjársamnings og ég tel ekki ástæðu til að gera þær breytingar að umræðuefni hér.

Á fskj. II með frv. er að finna kostnaðarumsögn fjmrn. og læt ég nægja að vísa í hana en að öðru leyti vísa ég til greinargerðar þeirrar sem fylgir frv. og athugasemda með því.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni frv. og um leið hins nýja sauðfjársamnings milli ríkisins og bænda sem er grundvöllur þessa frv. Hér er um viðkvæmt mál að ræða sem snertir hagsmuni mjög margra og skiptir jafnframt sköpum varðandi búsetu og afkomu fólks í hinum dreifðu byggðum landsins, ekki aðeins þeirra sem lifa af sauðfjárrækt heldur jafnframt annarra sem eru háðir starfi þeirra og þeirri byggð sem sauðfjárræktin stendur undir. Það er eðlilegt að sitt sýnist hverjum þegar um slíkt mál er að ræða. En að mínum dómi hefur með þessum samningi tekist að opna sauðfjárræktinni leið inn í framtíðina til þess að festa sig betur í sessi og sækja fram í stað þess að vera ávallt í vörn. Samningurinn gerir þeim sem kjósa að hætta framleiðslu kleift að skapa sér verðmæti úr eignum sínum sem þeir eiga m.a. í greiðslumarki og hasla sér völl á nýjum vettvangi og vaxandi möguleikar eru sem betur fer í þjóðfélaginu að finna slíkan vettvang og mikilvægt að það sé ekki síst í hinum dreifðu byggðum landsins.

Fyrir þá sem áfram kjósa að starfa í greininni skapar samningurinn rekstraröryggi til næstu sjö ára og opnar þeim jafnframt leið til að treysta stöðu sína. Ég legg hins vegar áherslu á að ávinningur hvers og eins bónda er fyrst og fremst

undir hans eigin framtaki kominn og hann verður fyrst og fremst sóttur inn á við í aukinni hagræðingu og bættum rekstri. Fyrir samfélagið í heild er þessi samningur fjárfesting í framtíð landbúnaðar og sterkari byggð, fjárfesting í auknum gæðum þessarar framleiðslu, betri rekstri og aukinni arðsemi greinarinnar í heild og síðast en ekki síst fjárfesting í umhverfisvænni búgrein sem hefur ávallt verið mikilvæg Íslendingum, ekki aðeins vegna matvælaframleiðslu heldur sem menningararfur og mikilvægt einkenni í íslensku þjóðlífi.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[16:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að lífskjör bænda væru bág og það er hárrétt. Ég held að það séu fáar stéttir sem hafa eins bág lífskjör og vil ég rekja það til landbúnaðarstefnu síðustu 30, 40, 50 ára. Ég er með þrjár spurningar til hæstv. ráðherra.

Telur hæstv. ráðherra að rétt sé að halda þessu kerfi áfram nánast óbreyttu? Eitt sinn voru bændur stoltir landstólpar.

Nú eru settar kvaðir á bændur vegna gæðastýringar og ef gæðastýringin á að vera eitthvað annað en nafnið tómt, hljóta að verða einhverjir sem standast ekki skilyrðin. Annars væri það tómt ákvæði ef allir ættu að fá að fara í gegnum það. Hvernig geta bændur ákveðið að selja ærgildi sín núna þar sem þetta verkefni tekur ekki gildi fyrr en 2003? Þ.e. þeir vita ekki í dag hvort þeir munu uppfylla þetta gæðastýringarátak en verða að taka ákvörðun um sölu áður. Hvernig gengur það upp?

Nú skulum við hugsa okkur að einhver bóndi sé hræddur við að selja greiðslumarkið sitt og hann standist ekki kvaðir um gæðastýringu. Telur hæstv. ráðherra að sá bóndi sem oft er kannski með lítið bú og illa staddur fjárhagslega þoli 22,5% skerðingu til viðbótar við allt annað?

[16:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikil einföldun að ætla sér að kenna því kerfi um, eins og hv. þm. sagði hér, hvernig til hefur tekist í sauðfjárræktinni. Þar er náttúrlega fyrst og fremst um að ræða mikla breytingu á lífsháttum Íslendinga, mikla breytingu í mataræði og ekki hefur tekist nægilega vel til að aðlaga þessa grein breyttum aðstæðum. Með þessu eru sköpuð skilyrði til þess og það eru sköpuð skilyrði líka til þess að greinin geti sótt fram á nýjan leik.

Að því er varðar gæðastýringarkerfið sem hv. þm. kom inn á, þá er alveg ljóst að þegar þetta frv. hefur verið samþykkt og samningurinn kominn á munu margir bændur standa á mikilvægum vegamótum í lífi sínu. Þeir þurfa þá að ákveða hvort þeir vilja breyta til, selja greiðslumark sitt og fara til annarra starfa. Margir þessara bænda eru komnir á allháan aldur og standa frammi fyrir slíkum ákvörðunum á næstu árum og þeir verða náttúrlega að meta hvort þeir treysta sér til að taka þátt í því að gangast undir þetta gæðastýringarkerfi og sækja fram á þeim grundvelli eða hvort réttara sé fyrir þá að hætta. Ég tel að allir bændur geti tekið þátt í þessu og verði ekki í neinum vandræðum með það. Ég er alveg sammála hv. þm. að ef einhverjir þeirra standast ekki þessar kröfur til frambúðar munu þeir vera í vondum málum og þeir munu ekki þola það. En það verður að vera einhver hvatning í þessu, hvatning til breytinga og auðvitað tökum við einhvers staðar áhættu. Við getum ekki tryggt hverjum og einum fullnægjandi niðurstöðu í þessu sambandi og ég veit að hv. þm. skilur það mjög vel.

[16:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sáttur við það svar hæstv. ráðherra að kerfið eigi ekki sök á þessu vegna þess að kerfið hefur löngum verið að hvetja menn til framleiðslu alveg burt séð frá neytendum, markaði og þeim breytingum sem hafa átt sér stað. Meira að segja sá samningur sem samþykktur var síðast er með ásetningshlutfalli þannig að menn verða að hafa 0,6 ærgildi í búinu sínu til að fá óskertar bætur. Kerfið heldur því áfram og það á að halda áfram að hvetja menn til framleiðslu. Þeir geta ekki bara hirt beingreiðslur sínar án þess að þurfa að framleiða og vera á búinu áfram. Ég fullyrði því að það kerfi sem hefur verið í gangi hefur neytt menn til að hokra áfram í síminnkandi búum við sífelldar skerðingar og það er ekki fyrr en framsalið verður gefið frjálst að menn geta farið að hætta rekstri og selja kvóta sinn þeim bændum sem vilja halda áfram með stærri og arðbærari bú og þá fyrst mun koma í ljós hvert raunverulegt verðmæti þessa kvóta er þegar framsal hans er orðið algerlega frjálst. Þá gætu menn hætt með sóma og selt beingreiðslur sínar en ekki fyrr, og það verður ekki fyrr en eftir þrjú ár samkvæmt frv. Mér finnst því að við séum að halda áfram á þeirri braut a.m.k. þar til framsalið verður gefið frjálst.

[16:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekkert úr mikilvægi þess að unnt verði að stækka búin og ég geri mér fulla grein fyrir því að með frjálsu framsali skapast mun meiri möguleikar til þess. Það er ekki það eina sem skiptir máli, hvorki í þessari atvinnugrein né annarri. Það er ekki alltaf magnið sem skilar bestum árangri og skoðanir hafa komið fram í mörgum tilvikum á því hvers vegna ákveðnum atvinnugreinum hefur hrakað. Og eitt af því sem hagfræðingar hafa skilgreint í því sambandi er að sum fyrirtæki eru haldin magnsjúkdómum og halda að allt fáist með meiri veltu.

Ég er hins vegar sammála því að það þarf að stækka búin og þarna skapast ákveðið svigrúm til þess. Í þessum samningi er ekki verið að hvetja til mikillar framleiðslu. Það er frekar til að draga úr framleiðslu að þetta ásetningshlutfall er sett án þess þó að það komi í veg fyrir að menn nái nauðsynlegri hagræðingu og það held ég að ætti að vera alveg ljóst. Hér er því ekki um framleiðsluhvetjandi aðgerðir að ræða. Þvert á móti er verið að draga úr framleiðslunni, ekki síst með þeim uppkaupum sem ég vænti að hv. þm. geti stutt miðað við þann málflutning sem hann hefur haft hér í frammi, því það ætti m.a. að leiða til þeirrar niðurstöðu sem hann hefur verið að tala fyrir.

[16:31]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Hæstv. starfandi landbrh. hefur farið allítarlega yfir búvörusamninginn og þó einkum auðvitað lagafrv. sem liggur fyrir að þingið fjalli um á næstu vikum.

Búvörusamningur um starfsskilyrði sauðfjárbænda hefur verið undirritaður af fulltrúum ríkis og bænda. Samningurinn er gerður til sjö ára og er í meginatriðum byggður á samþykktum bænda sjálfra hvað varðar aðferðafræðina.

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 1998 og 1999 fjallaði um hana á þeim nótum og gerði sínar samþykktir. Enginn aðili talar fremur fyrir sauðfjárbændur en heildarsam-

tök þeirra, það liggur í augum uppi, og innihald samningsins er mjög í samræmi við samþykktir bændanna.

Á hinn bóginn er það mála sannast og þarf ekki að velkjast í vafa um að enginn talar fremur fyrir stefnu stjórnvalda en hæstv. ríkisstjórn. Þessi niðurstaða í samningnum er byggð á málefnasamningi ríkisstjórnarinnar og samþykktum stjórnarflokkanna hvors um sig á liðnum missirum.

Þetta frv. til breytinga á búvörulögum mun lögfesta samninginn sem hæstv. ríkisstjórn og Bændasamtök Íslands hafa gert. Vissulega er hann ekki ólíkur þeim sem síðast var gerður en að hinu leytinu má líka segja að hann sé tímamótasamningur og getur vissulega orðið öllum aðilum til sóma.

Hvað varðar fjármagn til þessarar búgreinar má segja að eftir langvarandi niðurskurð og skerðingar sjái sauðfjárbændur fram á kaupmáttaraukningu. Það er nýtt orð fyrir þeim. Sauðfjárbændum sem það kjósa er gert kleift að hætta. Aðstæður eru nú allt aðrar í þjóðfélaginu en við síðustu samningagerð. Ríkið hefur meira svigrúm til samningagerðarinnar og þeir sem hætta vilja búskap hafa miklu fremur að öðrum störfum og verkefnum að hverfa í þjóðfélaginu.

Hvað varðar gæðastýringarþáttinn er stefnan tekin á sífellt aukin vörugæði og áherslu á hollustu og hreinleika. Hún er aðlögun því að í framtíðinni hlýtur kerfið að verða eitt og óskipt fyrir alla. Mín skoðun er sú að bændum verði ekki mismunað þannig að einhverjir séu í gæðastýringarkerfi, aðrir ekki heldur verði einfaldlega allir sem munu stunda landbúnað í framtíðinni, þ.e. sauðfjárrækt, í gæðastýringarkerfinu því að sjálfsögðu þurfa sömu reglur að gilda fyrir alla. Því vil ég líta svo á að þessi tvískipting sem verður til að byrja með verði vafalaust aðeins til bráðabirgða.

Samkvæmt samningnum verður tekið sérstaklega mið af beitarþoli einstakra jarða. Sauðfjárrækt verði stunduð í sátt við landið eins og flestir stunda hana að sjálfsögðu í dag þótt því miður finnist vissulega dæmi um annað. En sauðfjárrækt er ekki og verður ekki stóriðja á Íslandi. En hún getur verið lífvænleg fyrir þá sem verða helst háðir henni í tekjum á landsvæðum þar sem best er að stunda sauðfjárbúskap í dreifðum byggðum landsins. Það fer saman að í þeim byggðum þar sem örðugast er um aðra atvinnu meðfram búskapnum er landið best gróið og hentugast fyrir fjárbúskap. Aðferðafræði samningsins er á margan hátt til þess fallin að þróa sauðfjárræktina þangað sem hún á einkum heima.

Herra forseti. Það er skammt eftir af þingtímanum á þessu vori. Því heiti ég á meðnefndarmenn mína í landbn. Alþingis að stuðla að því að okkar vinnu við lögfestingu samningsins megi ljúka á skömmum tíma á þeim vikum sem eftir lifa af þessu þingi. Sjálfsagt kemur eitthvað í ljós sem betur má fara eins og gengur við lagagerð, lagasetningu, og ég hefði vissulega talið skynsamlegra að fara öðruvísi að í nokkrum greinum þessa samnings. Allir sem láta sig málið varða og hafa skoðað það og hugsað það geta vafalaust hugsað sér eitthvað öðruvísi en niðurstaðan varð svo endanleg um. En öll grundvallaratriði samningsins hljóta að standa. Samkvæmt þeim eru sauðfjárbændur að greiða atkvæði þessar vikur og að sjálfsögðu verða þeir að geta treyst því að samningnum verði ekki breytt í neinum meginatriðum. Um það er að ræða að fullgilda samning sem myndugir aðilar hafa gert.

Þessi samningur, herra forseti, skiptir byggðir landsins miklu máli, vissulega einkum dreifðu byggðirnar, en hann skiptir þjóðina öllu máli.

[16:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Jónsson sem er í landbn. sagði að allir mundu standast gæðastýringarverkefnið. Hvað er þá fólgið í þessu gæðastýringarverkefni? Ég hef lesið þetta verkefni í gegn og ég sé hvergi neina gæðastýringu í því. Mér sýnist að það sé skrifræðisstýring, að verið sé að búa til bókhald hér og bókhald þar. Ég spyr hv. þm.: Hvar er gæðastýringin í þessu verkefni? Hvar koma betri gæði fram? Ef allir eiga að standast það, hvernig ætlar hann þá að ná í búskussana sem örugglega eru til?

Þá vil ég beina sömu spurningu til hv. þm. og ég beindi til hæstv. ráðherra en fékk ekki svar við: Hvernig tekur bóndi í dag ákvörðun um að selja greiðslumarkið sitt þegar hann veit ekki hvort hann stenst gæðastýringarverkefnið? Ef hann stenst ekki gæðastýringarverkefnið, ef einhver alvara er á bak við það, telur hv. þm. þá að þessi bóndi megi við 22,5% skerðingu sinna bágu launa?

[16:39]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal lætur sig varða landbúnað og það er gott. Þeir sem hugsa sér að vera í sauðfjárrækt áfram á Íslandi munu vafalaust hugsa til þess núna þegar þessi samningur hefur verið lögfestur og áður en hann tekur gildi hvað þeir hyggist fyrir, hvort þeir ætli sér að vera áfram eða hvort þeir ætli að hætta, þ.e. þeir bændur sem nú eru starfandi. Ég er nokkuð viss um að það verður ekkert erfitt að ná þessum 45 þúsund ærgildum, þ.e. að svo margir hyggist hætta fljótlega vegna þess að uppkaupatilboðið er allgott og þá geta menn sem ekki treysta sér í gæðastýringarkerfið hætt.

Hins vegar vil ég líka benda hv. þm. á að leiðbeiningarþjónusta í landbúnaði er allgóð og reyndar ágæt. Ráðunautar, dýralæknar og margir fleiri hafa ágæta yfirsýn yfir það hvernig bændur búa. Flestir sauðfjárbændur standa sig vel og framleiða góða vöru. Það er alveg ábyggilegt. Ég veit að hv. þm. getur ekið um sveitir og áttað sig á því. En markið er sett á aukin gæði eins og ég nefndi áðan og aukinn hreinleika og það er þetta sem almennar reglur verða settar um í framtíðinni, en núna er aðlögun að því.

Síðan vil ég benda hv. þm. á niðurlag ályktunar Sjálfstfl. á síðasta landsfundi um landbúnaðarmál, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Öflugur og vel rekinn landbúnaður er þáttur í sjálfstæði hverrar þjóðar og leggur Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á að íslenskur landbúnaður búi við sanngjörn samkeppnisskilyrði við framleiðslu á hollum og góðum búvörum."

Við erum að stefna að hollari og betri búvörum.

[16:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki fyrri spurningunni, þ.e. hvar gæðin væru tryggð í þessu gæðastýringarverkefni þannig að ég sé ekki enn þá hvar á að tryggja gæðin í þessari upptalningu í átta liðum.

Síðan gat hv. þm. þess að margir bændur stæðu frammi fyrir ákvörðun um að hætta nú. Það er alls ekki auðvelt að hætta í sauðfjárrækt og sennilega ekki erfiðara í neinni grein að hætta vegna þess að menn hafa kannski verið að rækta upp ákveðið sauðfjárkyn og það er ekkert auðvelt að hætta því ævistarfi. Margir bændur eru hræddir við það sem tekur við þannig að þeir mundu halda áfram og svo munu þeir

líka vera hræddir við allt það skrifræði sem fylgir þessari gæðastýringu eða ekki ná því vegna þess að það eru skilyrði um landnot t.d. Og hvað gerist þá? Þá munu þeir taka þessu eins og hverjum öðrum náttúruhamförum og þeir munu búa áfram eins og þeir bjuggu áfram eftir Skaftáreldana.

[16:42]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Bændur eru hræddir", sagði hv. þm. Bændur eru ekkert hræddir og þó verið sé að reyna að hræða þá verða þeir ekkert hræddir. Þeir kynna sér þetta mál og hafa fulla burði til þess að kynna sér þetta ofan í kjölinn og taka sjálfstæða ákvörðun hver fyrir sig hvort þeir halda áfram að búa eða ekki.

Hvað varðar gæðastýringarþættina þá hélt ég að ég hefði svarað því að leiðbeiningarþjónustan og að sjálfsögðu ráðuneytið og framkvæmdanefnd búvörusamninga kemur til með að hafa full tök á því að kynna bændum hvernig þeim málum verði fyrir komið. Ég held að hv. þm. verði að treysta bændum til þess að ráða sjálfum sér með þokkalegu móti innan þessa ramma sem settur er með lögum.

[16:43]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Frv. byggir á samningi sem gerður hefur verið á milli ríkisvaldsins og Bændasamtaka Íslands.

Herra forseti. Það verður að segjast í byrjun að aðkoma sérstaklega stjórnarandstöðunnar að samningi sem þessum, í raun að frv. sem þessu, er mjög takmörkuð. Í fyrsta lagi hefur ekkert samráð verið haft við t.d. fulltrúa stjórnarandstöðunnar í landbn. um gerð samningsins og við höfum því engin tækifæri haft til þess að hafa áhrif á hann. Við fáum hann hins vegar í hendur hér í frumvarpsformi og getum í raun og veru þó vilji væri fyrir hendi sáralitlu breytt vegna þess að við munum ekki endanlega afgreiða frv. þetta fyrr en atkvæðagreiðslu er lokið meðal sauðfjárbænda. Verði samningurinn samþykktur þar þá er býsna erfitt að gera a.m.k. viðamiklar breytingar á því sem hér liggur fyrir öðruvísi en endurtaka þá atkvæðagreiðsluna og þannig gæti hringurinn haldið áfram nokkuð oft. Þess vegna er nauðsynlegt, herra forseti, í upphafi að gera athugasemdir við það að stjórnarandstaðan skuli ekki hafa haft til þess aðstöðu að koma að málinu.

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp að þegar síðasti samningur var gerður hafði því verið lofað í aðdranda þess samnings af hálfu páv. hæstv. landbrh. að landbn. þingsins kæmi að einhverju leyti að því máli en við það var ekki staðið. Það var heldur ekki gert nú og til að halda því til haga vildi ég hefja ræðu mína á þessum athugasemdum.

Hins vegar er ljóst að niðurstaða þeirra samningaviðræðna sem átt hafa sér stað milli ríkisvaldsins og samtaka sauðfjárbænda er að sjálfsögðu yfirfull af jákvæðum hlutum. Það er þó ýmislegt sem eðlilegt er að hafa áhyggjur af vegna þess að ekki er jafnljóst hver niðurstaðan verður þegar fram líða stundir gagnvart því að ná þeim markmiðum sem menn hafa sett sér með þessum samningi. Ég mun ekki í ræðu minni fara nákvæmlega niður í hvert smáatriði í frv. en ég geri ráð fyrir að við munum eyða dágóðum tíma til þess í landbn. og mun að sjálfsögðu ekki láta mitt eftir liggja í þeim efnum og get lýst því yfir fyrir mína hönd vegna áskorana hv. þm. Hjálmars Jónssonar, formanns nefndarinnar, að það munu örugglega ekki verða tafir á málinu af hálfu stjórnarandstöðunnar í nefndinni.

Herra forseti. Markmið samningsins eru fögur og vonandi að þau náist sem flest fram. Það er hins vegar nauðsynlegt að benda á að samningar hafa verið gerðir áður og fögur markmið sett fram. Því miður hefur enn ekki tekist að ná þeim öllum fram í þeim samningum sem gerðir hafa verið.

Það er þó eitt markmið sem ég sakna sárlega í þessum samningi og það er markmið sem sett var fram í samþykktri stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Í þeirri samþykkt segir, með leyfi forseta:

„Í þeim sveitum sem byggja nær eingöngu á sauðfjárrækt og samgöngur hindra atvinnusókn í önnur byggðarlög verði hugað að aðgerðum sem gætu meðal annars falist í breyttum áherslum í ráðstöfun beingreiðslna með tilliti til byggðasjónarmiða."

Því miður hefur þetta ekki verið sett inn í markmið samningsins en hefði líklega átt að vera eitt höfuðmarkmiðið vegna þess að þetta er grundvallaratriði því að bág staða landbúnaðar er að sjálfsögðu byggðamál og það ber að taka á því sem slíku. Það var einmitt á þeim nótum sem hv. þm. Hjálmar Jónsson, formaður landbn., skrifaði í grein sem hann sendi í Morgunblaðið þann 20. október 1999. Ein meginhersla hans var sú að þannig yrði gengið að þessum samningi að það ákvæði sem ég las hér áðan væri þar vel ráðandi.

Það er hins vegar ljóst að til þess að það megi verða þarf það auðvitað að liggja vel skilgreint fyrir út frá landgæðum og byggð hvar á landinu best er að stunda sauðfjárrækt og gera í raun og veru þeim bændum, sem þar vilja búa með sitt sauðfé, kleift að stunda búskap sinn með reisn. Vissulega eru vonir til þess að hluti af því náist í gegnum hið svokallaða gæðastýringarkerfi, en á því eru verulegir gallar sem ég mun væntanlega minnast örlítið á síðar í ræðu minni.

Ég sagði áðan að gerðir hefðu verið samningar áður með fögrum markmiðum sem því miður hefðu ekki náðst. Í síðustu samningum var m.a. þetta markmið sett: „Að auka hagkvæmni og samkeppnishæfni sauðfjárframleiðslu til hagsbóta fyrir sauðfjárbændur og neytendur."

Það er athyglisvert að í markmiðum núverandi samnings hefur orðið „neytendur" fallið brott og það er kannski enn einn vandinn við samninginn, þ.e. skortur á tengingu milli framleiðandans og markaðarins, milli bóndans og neytandans. Þar eru tengingar engar en milliliðir því miður of margir.

Hvernig hefur tekist að ná markmiðum um samkeppnishæfnina og hagkvæmnina? Ég held að því sé best lýst með tölum sem lýsa afkomu þeirra sem stunda þessa atvinnugrein. Í skýrslu sem Byggðastofnun tók saman kom fram í niðurstöðum að sú þróun hefði átt sér stað í tekjum sauðfjárbænda á árabilinu 1991–1998 að þær hefðu lækkað um nær 20% á sama tíma og kaupmáttur almennra launþega hækkaði um tæp 15%. Þetta var á tímabilinu frá 1991–1998. Ekki liggja fyrir tölur um árið 1999 en því miður eru allar líkur á að á því ári hafi þessi munur aukist ef eitthvað er.

Í markmiðum hinna gömlu samninga var einnig talað um að ná jafnvægi milli framleiðslu og sölu og í markmiðum hins nýja samnings er talað um að halda jafnvægi milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða. Því miður hefur þetta jafnvægi ekki náðst og á seinni árum hefur munurinn á milli framleiðslu og sölu sauðfjárafurða aukist, þ.e. framleiðslan

hefur aukist en salan minnkað. Þróunin í sölu kjöts hefur því verið nær eingöngu niður á við, þó á því sé eins árs undantekning. Þessu til frekari áréttingar, herra forseti, vil ég vitna í grein eftir fyrrv. formann landbn., Egil Jónsson, sem hann ritaði Morgunblaðið um þetta mál laugardaginn 25. mars sl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég taldi það skyldu mína að rjúfa þagnarmúrinn um hvernig kjörum sauðfjárbænda er komið eftir samningsferli síðasta áratugar nýliðinnar aldar þegar kjör í sauðfjárbúskap versnuðu um þriðjung."

Herra forseti. Þetta er í rauninni þungur dómur manns sem vann að þessum málum og hefur fylgst býsna vel með þeim um þá stefnu sem hér hefur verið við lýði þann áratug sem hann fjallar um. Hann kemst að vísu sjálfur að þeirri niðurstöðu að hinn nýi samningur muni engu um þetta breyta. Ég vil ekki vera svo svartsýnn en vona hins vegar að úr rætist vegna þess að málið er svo mikilvægt að nauðsyn krefur að úr verði bætt.

Herra forseti. Sú aðferðafræði sem hér er viðhöfð snýr í fyrsta lagi að beingreiðslum sem eru miðaðar við framleiðsluviðmið frá 1976–1978 og er í raun uppistaðan í þeim samningi sem nú er í gildi og verður það áfram. Síðan er nýjungin um gæðastýringuna og jöfnunargreiðslurnar auk ýmissa annarra jákvæðra þátta. Það er hins vegar afar mikilvægt fyrir okkur hv. þm. að hugleiða gaumgæfilega hvernig við förum með þá fjármuni sem hér eru á ferð, því að verið er að greiða út úr ríkissjóði rúmlega 2 milljarða á ári og síðan er 1 milljarður sem á að fara í hin svokölluðu uppkaup ríkissjóðs á greiðslumarki. Ég vil gera uppkaupin örlítið að umtalsefni.

Það liggur í mínum huga alls ekki ljóst fyrir hverjir það eru sem munu ganga fremstir fram í sölu ærgilda. Hæstv. starfandi landbrh. taldi sig draga fram rök fyrir því að það yrðu elstu bændurnir sem þar mundu fremstir fara. Það er í raun og veru ekkert sem segir til um slíkt og ýmsir hafa af því áhyggjur að það gætu alveg eins orðið yngri bændurnir. Þá verð ég að segja að áhyggjur okkar yrðu enn meiri um framtíð þessa atvinnuvegar sem er svo mikilvægur í landinu. Við verðum auðvitað að vona hið besta en eðlilegt er að spyrja hæstv. landbrh. hvernig hann sér þetta fyrir og hvort gert sé ráð fyrir því að einhverjar reglur gildi um það hvernig valið verði úr þeim hópi ef svo illa vildi til, vil ég orða það, að boðin væru fleiri en 45 þúsund ærgildi til uppkaupa af hálfu bænda sem stunda sauðfjárrækt í dag.

Til áréttingar um áhyggjur af yngri bændunum vil ég vitna í bónda einn sem rætt var við í Morgunblaðinu þann 19. febrúar sl. Þetta er Eyjólfur Gunnarsson, sauðfjárbóndi á Bálkastöðum í Hrútafirði. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég óttast að ungir menn muni helst hætta, menn sem geta farið í aðra vinnu. En að þeir muni sitja eftir sem frekar hefðu átt að hætta, bændur sem geta ekki búið en eiga ekki kost á öðrum störfum."

Herra forseti. Vonandi er þetta rangt, en því miður er ýmislegt sem bendir til að eitthvað geti verið til í slíkum áhyggjum varðandi hina yngri bændur.

Ég spurði hæstv. landbrh. hvort einhverjar reglur yrðu settar eða hvort þær lægju fyrir um hvernig að þessu yrði staðið. Einnig er eðlilegt að velta fyrir sér hvernig hið frjálsa framsal muni þróast, þ.e. það sem leyft verður þegar búið er að kaupa upp hin 45 þúsund ærgildi eigi síðar en árið 2004, og hvernig sérfræðingar okkar í landbúnaðarmálum sjá hugsanlega þróun í þeim efnum. Má t.d. búast við að framboð verði mikið eða á hvernig markaði mun þetta fara fram og hvernig geta menn áætlað þá sölu? Ef þetta verður ekki fyrr en árið 2004 eru aðeins þrjú ár eftir af samningnum og spurning hvaða vissu menn hafa þá fyrir því, ef þeir eru að kaupa á hinum frjálsa markaði, að það muni halda þegar og ef samningur verður framlengdur. Þetta eru allt spurninar sem við hljótum að velta fyrir okkur og skoða í samhengi vegna þess að það skiptir auðvitað verulegu máli hvernig þessi þróun verður.

Það er hins vegar ljóst að innan bændahópsins hafa verið deildar meiningar um hvort leyfa eigi hið frjálsa framsal og sumir vilja ganga svo hart fram að leyfa það nú þegar og auðvitað hægt að færa fyrir því rök. En eins og ég sagði áðan hef ég meiri áhyggjur af því að ekki sé tekið heildstætt á byggðavandanum, sem ég vil kalla, í málinu. Það eru megináhyggjur mínar í þessu og ég er ekki viss um að hið frjálsa framsal muni endilega leysa þann vanda á hinn besta hátt.

Hér hefur verið nefnt og nokkuð rætt um hina svokölluðu gæðastýringu. Vissulega er ýmislegt jákvætt sem þar kemur fram ef allt mun ganga upp, en þó er ljóst að mikill vandi getur komið upp þegar bændastéttinni verður hugsanlega skipt upp í tvo hópa, annars vegar gæðastýrður hópur og hins vegar þeir sem sumir í blaðagreinum hafa kallað skussa, en ég vil ekki taka það upp vegna þess að auðvitað geta ýmsar aðstæður verið þannig að menn hafi ekki möguleika á að taka þátt í gæðastýringunni. Það er fyrsti þátturinn í gæðastýringunni sem ég geri ráð fyrir að geti orðið hvað erfiðastur, þ.e. landnotin. Í fskj. er yfirlýsing varðandi þau mál og ég tel að við í landbn. þurfum að fara vandlega yfir það. Hvernig land er beitt hefur að sjálfsögðu mikil áhrif. Við getum ímyndað okkur að tveir bændur, hlið við hlið, þar sem annar vill vera í gæðastýringunni en hinn ekki, geti beitt sama afréttinn á mismunandi hátt og þar af leiðandi geti það bitnað á þeim bóndanum sem vill vera í gæðastýringunni ef hinn bóndinn ofbeitir það land sem hann þarf einnig að hafa aðgang að. Væntanlega hafa sérfræðingarnir velt þessu fyrir sér og eiga svör sem við fáum, ef ekki í umræðunni þá í umfjöllun landbn. um frv.

Nauðsynlegt er að nefna jákvæðu þættina sem hér koma fram en þeir eru að gerð er tilraun til þess að auka fagmennsku í greininni. Það er afar mikilvægt og nauðsynlegt vegna þess að það skiptir líka máli að litið sé jákvætt til þessarar atvinnugreinar því hún á mest undir því komið að neytendur nýti þær afurðir sem framleiddar eru. Ég ætla að vitna í aftur það sama viðtal og ég vitnaði í áðan við Eyjólf Gunnarsson á Bálkastöðum, en hann segir, með leyfi forseta:

„Samdráttur í sölu kindakjöts er þó aðalmálið fyrir sauðfjárbændur," segir Eyjólfur „og á þeim málum er ekkert tekið í búvörusamningnum. Það er endalaust undanhald og ekki séð fyrir endann á því. Við höfum í raun ekkert við nýjan sauðfjársamning að gera ef við náum ekki að selja vöruna."

Herra forseti. Það er mikill sannleikur í þessum orðum. Það er auðvitað lykilatriðið að það náist að selja þessa ágætu gæðavöru en því miður vantar alla tengingu í samninginn við þann mikilvæga þátt þessa máls.

Að lokum vil ég, herra forseti, vitna í grein sem upphaflega er reyndar skrifuð af ritstjóra Vikunnar í blaðið Vikuna en Bændablaðið tók upp og ekki að ástæðulausu vegna þess að þar er einmitt verið að fjalla um þessa mikilvægu tengingu, þ.e. framleiðsluna og sölu þeirra afurða sem á markað koma. Með leyfi forseta, segir Jóhanna Harðardóttir, ritstjóri Vikunnar:

„Nýjustu fréttir herma að lambakjötsneysla sé alltaf að minnka og á 15 árum hefur neyslan farið úr 40 í 25 kg á mann á ári."

Þetta er gífurleg minnkun og eins og komið hefur fram í máli mínu virðist hún halda áfram. Jóhanna Harðardóttir rekur síðan og viðurkennir að vera einn af þeim sem hún kallar svikara því þeir borða ekki lengur jafnmikið af lambakjöti og áður, en segir síðan, með leyfi forseta:

„Gallinn er bara sá að markaðssetning á lambakjöti er marga áratugi á eftir tímanum."

Herra forseti. Ég held að með þessari stuttu nettu setningu sé einmitt lýst hluta af þeim vanda sem við eigum við að stríða við að koma þessum gæðavörum í maga landsmanna.

Herra forseti. Ég vil ljúka ræðu minni með því að endurtaka það sem ég sagði áðan. Það mun að sjálfsögðu verða kappkostað af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar í landbn. að þetta mál fái hraða afgreiðslu í nefndinni.

[17:03]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem til þess að þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir jákvæð viðbrögð. Ég fagna því að hann muni vinna vel ásamt öðrum í stjórnarandstöðunni með stjórnarliðum að því að ljúka farsællega þessari lagasmíð sem við stöndum frammi fyrir.

Það er rétt sem hann segir að stjórnarandstaðan hefur ekki haft aðstöðu til þess að koma að málinu. Ég hygg að það sé bara eðlilegt samningaferli. Aðrir en samningamenn komu ekki beinlínis að málinu, ekki heldur stjórnarliðar. Hins vegar gátu allir fylgst með hvernig gekk, a.m.k. með öðru auganu. Ég minnist þess að við hv. þm. Einar Már Sigurðarson vorum galvaskir og brosandi báðir tveir við setningu búnaðarþings, þar var náttúrlega ýmislegt um þessi mál fjallað, og á fleiri fundum þar sem samtök bænda, einkum sauðfjárbænda, hafa haldið fundi, t.d. landsfund sinn í desemberbyrjun ef ég man rétt.

Hann spurði um og velti fyrir sér þessu með ráðstöfun beingreiðslna með tilliti til byggðasjónarmiða eins og kemur fram í ályktun Alþingis, stefnumótandi byggðaáætlun, sem ríkisstjórnin lagði fram á síðasta þingi. Það er alveg rétt að Alþingi hefur ályktað í tvígang um að sauðfjárrækt sé stunduð öðrum þræði til þess að styrkja byggð og til þess að halda byggðinni uppi. Það er erfitt að greina á milli byggðasjónarmiða og sauðfjárræktar. Það er alveg rétt. En auðvitað er byggð einnig styrkt með ýmsum öðrum hætti en með sauðfjárrækt.

Síðan vil ég fagna því að hv. þm. er búinn að finna spámann þar sem Egill Jónsson á Seljavöllum er, fyrrverandi þingmaður. Hann hefði betur áttað sig á því fyrr og fylgt Agli undanfarna áratugi.

[17:06]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eigi er fundinn spámaðurinn Egill. Ég vitnaði örlítið í grein þessa ágæta manns vegna þess að ég taldi að hann hefði haft aðstöðu og þekkingu til þess að meta þá þróun sem átt hefði sér stað í landbúnaði. Ég tók hins vegar fram að ég tæki ekki undir alla þá svartsýni sem hann lýsti yfir til framtíðar. Hefði ég hins vegar verið búinn að finna spámanninn Egil þá hefði ég væntanlega fyrst og fremst tekið undir framtíðarsýn hans, en það var alveg þveröfugt.

Varðandi hið eðlilega samningaferli þá er það auðvitað rétt hjá hv. þm. að það er erfitt að láta fjölda aðila taka þátt í því sem slíku. Ég greindi það hins vegar þegar síðustu samningar voru gerðir að þáv. hæstv. landbrh. gaf það vilyrði að haft yrði sérstakt samráð við landbn. í samningaferlinu.

Það var nokkuð merk yfirlýsing fannst mér hjá hv. þingmanni að stjórnarliðar, ég skildi það svo, í landbn. hefðu heldur ekki fengið að fylgjast neitt með umfram okkur stjórnarandstæðinga í nefndinni og það verð ég að segja að er nokkuð merkilegt. Ég vona hins vegar að það muni ekki tefja málið í nefndinni að þar af leiðandi sé ekki næg vitneskja um þá þróun sem átti sér stað á samningaferlinu. En á það var ég akkúrat í raun og veru að leggja megináherslu að hefði landbn. verið höfð með í ráðum og hefði komið að á vissum tímapunktum og verið upplýst um stöðu mála þá hefði átt að vera enn fljótlegra og auðveldara að afgreiða málið í nefndinni.

Ég vil síðan að sjálfsögðu taka undir það með hv. þm. að þetta mál er í eðli sínu um leið byggðamál. En það er auðvitað hægt að gera ýmislegt annað til þess að styrkja byggðir og ég tala nú ekki um hinar dreifðu byggðir í sveitum landsins öðruvísi en með beingreiðslum. Ég var, herra forseti, aðeins að rifja upp að gefnu tilefni hvað stóð í samþykktri stefnu.

[17:08]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki neitt merkileg yfirlýsing þó að samningamenn ríkis og bænda fengju frið til þess að vinna sína vinnu án þess að aðrir væru að hlutast til um það meðan þeir voru að koma sér niður á aðferðafræðina í samningum. Hinu skal ég ekki leyna og engin ástæða er til þess, að að sjálfsögðu fylgdist ég grannt með, einkum frá áramótum, hvernig gekk og við vildum að sjálfsögðu, stjórnarmeirihlutinn á þingi ásamt ríkisstjórninni, tryggja að þingmeirihluti væri fyrir samningnum þegar kæmi að lögfestingu hans á Alþingi. Annað hefði verið óeðlilegt en að fylgjast með til þess að bændur gætu verið nokkuð vissir um að samningnum yrði ekki gjörbreytt á þingi eða hann jafnvel felldur þegar þeir væru búnir vonandi að samþykkja hann.

Herra forseti. Ég vil ekki forsjárhyggju í landbúnaði. Ég vil ekki þá forsjárhyggju að ungir bændur megi ekki hætta ef þeir vilja. Ef ungur bóndi kýs að hætta þá hættir hann og hefur öll tök á því að koma undir sig fótunum á öðrum vettvangi og það finnst mér allt í lagi að sjálfsögðu. Það eru of margir að framleiða fyrir of lítinn markað nú um stundir og þess vegna er öðrum þræði uppkaupatilboðið gert til að gera mönnum kleift að hætta. Ég vona að þeir hætti sem sjá sér hag í því en aðrir ekki og ég vona að að þeir sem eftir verða verði hæfilega margir til þess að Íslendingar geti neytt hollra og góðra matvæla. Ég segi næstum því amen eftir efninu.

[17:10]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst og hefur skýrst að auðvitað hafa stjórnarliðar í landbn. fylgst betur með og út af fyrir sig er ekkert um það að segja. Ég hefði talið óeðlilegt ef bændur hefðu ekki haft neina tryggingu fyrir því að þingmeirihluti væri fyrir samningnum. Það er nauðsynlegt.

Hins vegar undirstrikar þetta að sjálfsögðu það sem ég sagði í ræðu minni áðan að við stjórnarandstæðingar höfum þar af leiðandi afar takmarkaða möguleika til að koma við nokkrum breytingum á samningnum og þess vegna hefði hugsanlega verið betra að hafa meira samráð við landbn. þannig að hugsanlega hefði verið hægt að bæta samninginn

eitthvað því að varla trúa menn því að hann sé fullkominn frekar en nokkuð annað.

Hv. þm. játaði að hann vildi ekki forsjárhyggju í landbúnaði. Ég held að ég verði að benda hv. þm. á að hans ágæti flokksbróðir og ég vænti spámaður að einhverju leyti, Egill Jónsson, hefur einmitt fyrst og fremst verið með þá gagnrýni á þann samning sem nú liggur fyrir að þar sé allt of mikil forsjárhyggja á ferðinni. Ég er alveg sammála hv. þm. í því að ef ungur bóndi vill bregða búi þá á ekki að banna honum það, hvorki með lögum frá Alþingi né þvingunum. Það sem ég hef hins vegar mestar áhyggjur af er að hinn ungi bóndi hætti ekki vegna þess að hann vilji endilega hætta, heldur vegna þess að hann neyðist til að hætta og það er miklu alvarlegri hlutur. Ég vona auðvitað að svo sé ekki. En eins og ég kom örlítið að í ræðu minni þá eru ákveðnar áhyggjur í þá áttina. Það er mjög slæmt ef við erum vegna aðstæðna að neyða menn til þess að hætta því starfi sem þeir hafa mestan áhuga á að sinna.

[17:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Þessar lagabreytingar miða að því að uppfylla samning sem er fskj. með frv., samning um framleiðslu sauðfjárafurða.

Núna stendur yfir atkvæðagreiðsla meðal bænda um þennan samning og það er ekki ljóst hvernig atkvæðin muni falla. En það er ljóst að bændur treysta á að þeir séu að greiða atkvæði um þann samning, um þær lagabreytingar sem við erum hér að fjalla um. Það er ekki hægt að skrifa undir svona samning nema með fyrirvara um samþykki bænda og samþykki þingsins. Öðruvísi verður það ekki gert. En það er líka ljóst að menn telja að lengra verði ekki komist. Samningurinn hefur að mörgu leyti verið sniðinn eftir óskum bændastéttarinnar og ekki hefur komið fram mér vitandi óánægja með einhvern einstakan þátt samningsins. Bændur eru ekki allir ánægðir í sjálfu sér með þennan samning. En þeir eru óánægðir á mismunandi forsendum eftir því hvernig málið snýr að hverjum og einum. Búskapur bænda er misjafn og þessi samningur kemur til með að snúa mjög ólíkt að hverjum bónda fyrir sig og þannig mótast hans viðhorf. Það er því ekkert eitt atriði í þessu sem stendur upp úr þannig að hægt sé að segja að erfitt sé að knýja fram þennan samning á þingi því að bændur séu óánægðir með eitthvert eitt atriði. Það er ekki þannig.

Samningurinn er gerður til sjö ára. Það er nauðsynlegt að gera slíka samninga til langs tíma. Menn í búskap sem og í sjávarútvegi verða að vita nokkur ár fram í tímann við hvað þeir eiga að búa, að hverju þeir eiga að aðlaga sinn búskap. Forsenda samningsins er að innanlandsframleiðslan verði svipuð því sem hún er í dag út samningstímabilið. Við það er samningurinn miðaður.

Það er því áhyggjuefni að sjá ekki í samningnum hvatningu til markaðsaukningar eða átaks til að auka neyslu íslensks lambakjöts á innanlandsmarkaðnum eða í það minnsta að það komi fram í samningnum að það eigi að sporna við frekari samdrætti í innanlandsneyslunni.

Ég ætla ekki að fara yfir hvert einasta atriði samningsins. Mig langar bara í nokkrum orðum að segja það sem mér býr í brjósti um helstu þætti. Það er stefnt að uppkaupum á 45 þúsund ærgildum næstu þrjú árin. Bændur hafa því næstu þrjú ár til að aðlaga sig þessum samningi og þau ár munu segja okkur töluvert um það hvernig sauðfjárbúskapurinn verður í nánustu framtíð því að uppkaupin eru hugsuð þannig að á fyrsta árinu fær bóndinn hæsta verð fyrir hvert ærgildi en síðan fer það stiglækkandi.

Ég veit að margir bændur bíða eftir þessum samningi til að losna úr þeim aðstæðum sem þeir búa við í dag. Ég vona að það séu frekar eldri bændurnir en ungir. Það er illt til þess að hugsa að bændur vilji losna úr búskap en vegna aðstæðna geti þeir ekki selt eða hætt búskap. Það er því örugglega góð lausn fyrir þó nokkra bændur að fá þennan uppkaupsrétt og margir munu örugglega nýta sér hann fyrsta árið og fá þannig sem mest fyrir sinn kvóta.

Ég tek undir með þeim sem hafa áhyggjur af því að sjá ekki fyrir hvernig byggð þróast við þessi uppkaup. Auðvitað hefur það að segja þegar fækkar í sveitum og fækkun fólks hefur áhrif á búskapargetu þeirra sem eftir verða. Þetta hefur áhrif á möguleika annarra sauðfjárbænda þó svo að þeir geti keypt upp kvóta, geti haft arðbærari bú því að með fækkun í sveitinni verður erfiðara að stunda smalamennsku. Félagslegi þátturinn verður líka erfiður ef það fækkar í sveitum þannig að það er ekki eingöngu rekstur sauðfjárbúanna sem kemur til með að skipta sköpum í framtíðina heldur líka þessi félagslegi þáttur. Þetta er áhyggjuefni. Þessi samningur hjálpar bændum sem vilja hætta, en síðan verður maður bara að vona það besta og að það verði gripið inn í með einhverjum hætti ef í ljós kemur að í óefni stefnir.

Þessi uppkaup eru ekki eingöngu út úr greininni heldur er meiningin að úthluta hluta þessara ærgilda aftur til þeirra bænda sem vilja stækka við sig, fara í gæðastýringu og gera búin sín rekstrarhæfari. Þessi 45 þúsund ærgildi hverfa því ekki alfarið út af markaðnum á þessum þremur árum.

Eftir 2004 verður um frjálst framsal að ræða og það er bara opin bók. Við vitum ekki hver þróunin verður. Það er reynt að hafa áhrif á búsetuþróunina að hluta til með þessum álagsgreiðslum, þ.e. gæðastýrðri framleiðslu, þar sem á að taka tillit til jarðagæða. En það ákvæði er samt svo veikt í samningnum að það ræður ekki uppkaupum. Þessi gæðastýrða framleiðsla er ekki eftir sömu reglum og önnur gæðastýrð framleiðsla. Þetta er alveg sérstakt. Ég veit ekki hvað á að kalla þetta. Þetta er alveg sér pakki sem búinn er til til þess að við getum með góðum huga hvatt bændur til að fara í annað framleiðsluferli en margir þeirra viðhafa í dag. Margir þeirra hafa tekið þetta upp eða svipað kerfi og fylgjast vel með og eru góðir bændur. Það er verið að hvetja aðra til þessarar breyttu hugsunar, breytts verklags, aukinnar fagmennsku.

En í þessu segir ekkert að það skuli vera ítala á búunum, að það skuli vera algjörlega bundið hvað hver bóndi hefur margt fé miðað við hvernig ástand jarðarinnar er. Það á að stefna að því. En það er ekki hægt að banna bónda — ég get ekki lesið það út úr þessum samningi — sem hefur ekki nægilega góð afréttarlönd að auka kvóta sinn og hafa fleira fé. Þó andi gæðastýringarinnar segi til um að hann skuli taka tillit til og bæta jörðina þá sé ég ekki að hægt sé að koma í veg fyrir að bændur sem ekki hafa nægilega góð afréttarlönd eða beitilönd, auki við sig.

En vissulega er hægt að nota þessa gæðastýringu til þess að fá betri nýtingu afurða og koma á hagræðingu í rekstri og auka kynbætur. Og það er hægt að nota þessa gæðastýringu sem tæki til að breyta hugsunarhætti bænda til að stýra framleiðslunni inn í lífræna framleiðslu. En því miður, segi ég, fyrir okkur öll og ekki síst bændurna sjálfa var það

skref ekki stigið að nota þessa gæðastýringu sem hluta af ferli inn í lífræna ræktun því að möguleikar okkar á að efla sauðfjárrækt í landinu hljóta að byggjast á því, og hafa alltaf gert, að auka útflutning. En við náum ekki að auka útflutning og hækka verðið nema við séum með framleiðslu sem hefur lífrænan stimpil. Annað er bara tilbúningur. Eitthvað sem heitir vistvænt, eitthvað sem heitir heilnæmt og gott íslenskt, er ekki til. Ef við ætlum að auka markaðssetningu til útflutnings þá verður afurðin að vera stimpluð sem lífrænt ræktuð.

Því harma ég að þetta fyrsta skref skuli ekki hafa verið notað sem ákveðið ferli með möguleika á að hefja lífræna ræktun. Það er enginn hvati í samningnum fyrir bændur til að hefja lífræna ræktun. Það er engin áætlun sem segir að stefnt skuli að því að árið 2007 skuli einhver prósent, segjum bara 5%, bænda hafa hafið lífræna ræktun. Það eru engin markmið til lífrænnar ræktunar sett fram. Það finnst mér miður þegar við horfum til útflutnings.

Samningurinn miðast við það að halda innlenda markaðnum og þá verðum við að gera eitthvað til þess að halda honum. Það kostar peninga og það kostar áhuga sláturleyfishafa og annarra að markaðssetja kindakjötið innan lands. En því miður eru heldur ekki til neinar aðgengilegar tölur sem skýra það hvernig varan er markaðssett, hversu há prósenta af kjötinu er þiðin fyrir neytandann, hversu há prósenta er bara í heilum og hálfum skrokkum og hversu há prósenta er í frystiborðunum.

Það er orðið þannig hjá fjölskyldum í dag að það er lítill fyrirvari og undirbúningur fyrir matseldina. Það þarf að vera hægt að grípa einn pakka af góðu kindakjöti alveg eins og maður grípur einn pakka af svínakjöti eða ófrosnum kjúklingum. Ef við ætlum að halda núverandi stöðu kindakjöts á markaði þá verður eitthvað að breytast í markaðssetningunni.

Ég ætla að vona að gæðastýringin hafi jákvæð áhrif. Það tekur tíma að sanna sig. En það má líka koma með varúðarorð. Þetta gæðastýringarkerfi getur líka orðið dýrt. Það getur líka orðið bákn. Það á að hafa það í huga strax frá upphafi að það verði ekki eitthvert ógurlegt bákn sem verði bæði dýrt og flókið.

Herra forseti. Að lokum vil ég helst segja um þennan samning að hann er flókinn. Það er kannski helsti löstur samningsins að hann er of flókinn. Þegar maður er búinn að lesa hann sér maður að það er óljóst hvert stefnir varðandi búsetu sauðfjárbænda. Það eru engin bein búsetumarkmið í samningnum. Markmiðin eru svona hvetjandi, en ekki bein.

[17:28]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðallega þakka fyrir ágætar hugleiðingar hv. þm. Þuríðar Backman. Hún sagði að gæðastýringarkerfið væri flókið og samningurinn allur og að gæðastýringarkerfið gæti orðið bákn í úrvinnslunni. Ég hef satt að segja hugleitt það líka og ég held að það séu varnaðarorð í tíma töluð að þess þurfi sérstaklega þurfi að gæta að gæðatýringarkerfið verði ekki flókið eftirlitskerfi. Þar ræður miklu hvernig úrvinnslan mun verða á næstunni um þetta þegar menn eru að setja sig í stellingar til þess að fara að vinna samkvæmt samningnum. Það kann líka að vera að samningurinn allur sé flókinn en ég hygg nú að menn ráði alveg við það að átta sig samt á því. Ég heyri það á ræðum stjórnarandstæðinga hér í dag að þeir hafa sett sig vel inn í málið og ráða alveg við að skilja þetta og ég veit að það gera bændur líka.

Þegar hæstv. landbrh. sem nú er í Kína — ég segi nú ekki að hann sé að kenna þeim að mjólka, sem flogið hefur þó fyrir — kom frá því að kynna samninginn í þingflokki þeirra framsóknarmanna þá sagði hann: „Þetta er góður samningur. Það skilja hann ekki nema greindustu menn."

Bændastéttin er nú þannig að hún á auðvelt með að skilja samninginn og taka ákvarðanir. Ég held því að það sé rétt sem hv. þm. Þuríður Backman segir að þeir bændur sem hyggjast hætta munu selja strax og þess vegna held ég að uppkaupatilboðið verði fljótt uppfyllt í þessum 45 þúsund ærgildum þannig að þá er komin frjáls sala á greiðslumark miklu fyrr en 2004.

[17:30]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér nýjan búvörusamning við fulltrúa sauðfjárbænda, ekki við sauðfjárbændur sjálfa, og okkur er sagt að þetta sé fyrir greindustu menn að skilja. Ég er ekki í þeim hópi. En ég ætla samt að reyna að fjalla um frv. þó að ég skilji það ekki til hlítar.

Herra forseti. Við lifum á nýjum tímum. Ferðalög eru orðin mjög auðveld, tölvur eru komnar á flest heimili, netið og farsímar og við upplifum tækninýjungar á hverjum degi. Og svo kemur hér inn í sali hv. Alþingis samningur lengst aftan úr fornöld, kerfi sem búið var til um miðja þessa öld sem er að líða — hún er reyndar ekki liðin — fullur af forsjárhyggju, herra forseti. Nú skal aldeilis haldið í hendina á bændum sem ekki kunna fótum sínum forráð. Bændur eiga að gera þetta og bændur eiga að gera hitt. Og ef þeir gera þetta og hitt fá þeir styrk frá ríkinu, ella ekki eða skertan styrk.

Enn er haldið áfram að hafa framleiðsluhvatningu í þessum búvörusamningi nákvæmlega eins og í þeim síðasta, sem ég gagnrýndi mikið þá. Í frv. stendur, herra forseti:

„Beingreiðslur skulu vera 4.399 kr. á hvert ærgildi ..." — ég skil nú ekki af hverju þeir hafa það ekki 4.400, þetta er svona Hagkaupsverð á hvert ærgildi.

„Til þess að fá fullar beingreiðslur þarf sauðfjárbóndi að eiga að minnsta kosti 0,6 vetrarfóðraðar kindur fyrir hvert ærgildi greiðslumarks ... Nái ásetningur ekki þeirri tölu skerðast beingreiðslur hlutfallslega."

Ef menn eiga kindur hljóta þeir eðli samkvæmt að slátra kindum. Og ef þeir slátra kindum verður til kjöt, þ.e. til að fá beingreiðslur þurfa menn að búa til kjöt. Forsendan fyrir því að fá beingreiðslurnar er að menn framleiði. Og svo er verið að segja að vandinn sé sá að menn framleiði of mikið. Þetta skildi ég ekki síðast og skil ég ekki enn, en ég er sennilega ekki í hópi þeirra greindu manna sem eiga að geta skilið þetta allt til hlítar.

Herra forseti. Mennirnir við grænu skrifborðin á Hótel Sögu hafa fundið út hvernig á að auka gæði landbúnaðarframleiðslunnar. Bændur hafa reyndar framleitt kindakjöt í landinu í þúsund ár, en gæði þess hafa sennilega ekki verið nógu mikil allan þann tíma. Nú á sem sagt að fara að hjálpa þeim að auka gæðin.

Þá kemur mjög skemmtilegur kafli hérna, herra forseti, á síðu 16 í frv., sem heitir Gæðastýrð sauðfjárrækt. Þetta plagg er framleitt á grænu skrifborði, það er alveg greinilegt.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa dálítið upp úr því til að menn átti sig á hvernig haft er vit fyrir bændum:

„Gæðastýringin tekur til eftirfarandi þátta:

Landnota. Framleiðandinn sýnir fram á afnotarétt yfir landi, þar með talið afrétt, sem fullnægir beitarþörf alls búpenings viðkomandi bús. Nánar skilgreint í gæðahandbók."

Hingað til höfum við haft forðagæslumenn og ítölu en nú á sem sagt að gera enn betur, herra forseti.

„Einstaklingsmerkinga. Sauðfé merkt og skráð samkvæmt gæðahandbók.

Kynbótaskýrsluhalds. Bústofn skráður og metinn í viðurkenndu kynbótaskýrsluhaldi.

Gæðahandbóka. Hirðing og meðferð bústofns skráð samkvæmt gæðahandbók.

Búfjáreftirlits. Leggja skal fram vottorð frá búfjáreftirlitsmanni sveitarfélags um fóður, aðbúnað og ástand búfjár, samkvæmt ákvæðum gæðahandbókar. Lagt skal mat" — ég vil að hv. þingmenn leggi við eyrun — „á ytri ásýnd býlisins, samkvæmt ákvæðum gæðahandbókar."

Nú skal verða fallega málað ella fá menn ekki styrk. (**HjálmJ:** Tími til kominn.) Tími til kominn, segir hv. formaður landbn.

„Lyfjaeftirlits. Gera skal grein fyrir kaupum og notkun lyfja á búinu."

Nú fara að verða vandræði með magnyltöflurnar.

„Áburðarnotkunar og uppskeru. Gera skal grein fyrir áburðarnotkun, hvernig hún er ákvörðuð og uppskera skráð af hverri spildu, sbr. ákvæðum gæðahandbókar.

Fóðrunar. Gera skal grein fyrir fóðrun og fóðurefnum (beit, heygjöf, kjarnfóðri o.fl.) sbr. ákvæði gæðahandbókar."

Nú skal fylgjast með á vetrardögum hvar rollurnar eru að kroppa, hvort það er beitilyng, stör eða eitthvað því um líkt. Og allt á að skrá í þessa gæðahandbók.

Þetta er náttúrlega ekkert annað en skrifræði, herra forseti, skrifræði og aftur skrifræði, sem fór með Sovétríkin forðum tíð. Það er ekkert um gæði í þessu. Þetta eykur ekki gæði kindakjötsins, sem er reyndar mjög gott, gæði íslensks kindakjöts eru frábær. Það er ekkert í þessu sem eykur gæði þess eða tryggir þau — nema ef vera skyldi að þeir menn sem eiga að hafa eftirlit með þessu komi heim að býlum og segi: Nú skaltu gera svona, vinurinn, og nú skaltu gera hinsegin. Einhver stráklingur úr Reykjavík, sem væntanlega er búinn að læra í búnaðarháskóla, ætlar að fara að segja bónda sem búinn er að starfa við þetta í 30–40 ár hvernig hann eigi að hegða sér og hvernig hann eigi að framleiða gott lambakjöt. Herra forseti. Þetta er forsjárhyggja ef eitthvað er.

Og ef menn ekki hlíta þessu fá þeir ekki greiðslur úr ríkissjóði. Þá sæta þeir skerðingu, herra forseti.

Ég spurði hæstv. starfandi landbrh. um það vandamál í sambandi við ákvörðun bænda um hvort þeir eigi að selja kvótann sinn, því að þeir vita ekki hvort þeir uppfylla þessi skilyrði um gæðastýringu fyrr en hún er komin á. Og henni er ekki komið á fyrr en eftir að tíminn til að selja beingreiðslurnar er liðinn. Menn þurfa því að taka áhættu. Þó að hv. formaður landbn. hafi sagt hér áðan að bændur væru ekki hræddir, þá er það þannig með allt fólk að það óttast að skipta um starf, svo maður tali nú ekki um starf sem það hefur kannski sinnt í 30–40 ár og telur sig jafnvel ekki kunna neitt annað. Auk þess er það tengt búsetu því að menn þurfa að flytja búferlum og skilja eftir allar eigur sínar verðlitlar eða verðlausar. Það er því ekki lítið átak að selja kvótann sinn og hætta búskap.

Margir munu óttast það og þeir munu líka óttast þetta skrifræði og ekki uppfylla það eða fara ekki í það, og þeir munu taka þessu eins og hverjum öðrum náttúruhamförum, herra forseti. Þeir hafa staðist náttúruhamfarir hingað til, skerðingu á kvóta aftur og aftur þangað til býlið er orðið svo lítið að þeir geta hvorki lifað né dáið, og nú munu þeir taka þessari 22,5% skerðingu áfram og geta ekki hætt. Þetta er grafalvarlegt mál.

Á blaðsíðu 12, herra forseti, er dæmi sem ég ætlaði að leika mér að búa til gagndæmi við, ég hef stundum gert það. Þar kemur fram þegar menn eru búnir að selja beingreiðslurnar, þá stendur:

„Samningshafar undir stafliðum a, b, c og d skulu undirgangast kvaðir um að framleiða ekki sauðfjárafurðir á samningstímanum."

Og nú ætla ég að búa til lítið dæmi handa hv. þm. til að hugsa um.

Segjum að einhver bóndi, Jón, eigi kvóta og selji hann — beingreiðslurnar. Þá má hann ekki framleiða á búi sínu. Hann selur mér fjárstofninn. Og svo leigir hann mér húsin sín og selur mér hey á haustin því hann má framleiða hey. Svo er hann vinnumaður hjá mér á veturna og starfar við það að gefa þessum kindum mínum að éta.

Er hann þá að framleiða sauðfjárafurðir? Og ef sagt er: Já, þetta er á sama býlinu: Ókei, þá bara flytjum við kindurnar yfir á næsta bæ eða eitthvert eyðibýli. Þetta er dæmi um hvernig hægt er að fara í kringum þessa reglu, og ég skil nú ekki af hverju hún er þarna.

Annað vandamál með söluna á þessum beingreiðslum er: Hvað tekur við árið 2008? Þegar síðasti samningur var samþykktur þá spurði ég: Hvað tekur við árið 2000? Verða þá áfram beingreiðslur til bænda? Og ef maður reiknar beingreiðslurnar inn í verðið sem ríkið er að bjóða, þá er það 20% arðsemiskrafa. Það er ekkert voðalega skynsamlegt fyrir bónda að ganga að þessu tilboði ríkisins. En ef maður tekur bara sjö árin sem samningurinn tekur til, þá er það 9% arðsemiskrafa. En þá er ekki reiknað með því að helmingurinn af því sem ríkið kaupir leggist til viðbótar. Arðsemiskrafan er því töluvert hærri. Það er dúndurarðsemi að selja ekki. Sennilega er verðið allt of lágt.

En þá kemur það til að menn þurfa að hokra til að fá þessar greiðslur. Og það er einmitt það sem gerir þetta svo óaðgengilegt.

Þetta mikla kerfi sem við höfum haft, herra forseti, í fjölda áratuga hefur gert það að verkum að greiðslur til bænda eru nú — ef maður tekur allar þær greiðslur sem koma fram í þessu frv. — 75 þús. kr. á mánuði á hvern bónda og geri ég þá ráð fyrir 2.600 bændum en þeir eru mikið færri í reynd, vegna þess að hjón hafa stundum skipt með sér beingreiðslunum og þetta hefur dreifst mjög víða. Sennilega eru bændur með beingreiðslur upp á 100 þús. kr. á hverja fjölskyldu eða hvern starfandi bónda að meðaltali á mánuði sem er meira en hann hafði í tekjur.

Þetta kerfi er búið að gera það að verkum að bændur framleiða sem sagt minna en ekki neitt. Og þessu kerfi á að viðhalda.

Þetta kerfi sem við höfum haft hér svo lengi hefur búið til fátækt, og þá mundi ég kalla það raunverulega fátækt. Fólk sem hefur það mjög slæmt, eignirnar rýrna á hverju ári og það getur hvorki lifað né dáið. Þetta fólk fer ekki í félagsmálastofnanir, það get ég fullyrt. Það er ekki búið að læra það og hefur auk þess það mikla sjálfsvirðingu að það gerir það ekki. En þetta er fólk sem er fátækt og það á að gera það enn fátækara.

Ég spyr, hvers vegna í ósköpunum var framsalið ekki heimilað strax? Af hverju í ósköpunum var það ekki heimilað við síðasta búvörusamning? Hvers vegna þurfa menn endilega að hokra? Þetta er einhver draumsýn að hafa byggð um allt land og menn eru að fórna bændum í því skyni að hafa slíka draumsýn.

Hvers vegna er þessi framleiðslukvóti? Af hverju þurfa menn að eiga 0,6 kindur, vetrarfóðraðar kindur? Hvers vegna í ósköpunum ekki bara núll komma núll kindur? Af hverju þurfa menn endilega að eiga þessar kindur til að fá beingreiðslur? Það er til þess að menn neyðist til að búa. Þeir skulu sko ekki bregða búi, blessaðir.

Þetta er allt að því mannvonska. Það á að þvinga menn til að búa en búa við sífellt lakari og lakari kjör. Ég hef hitt bónda sem sagði: Ef ég gæti keypt kvóta og ég væri með svona 600 ærgildi í staðinn fyrir þau 300 eða 200 sem ég er með, þá gæti ég búið góðu búi. Þá borgar sig að vera yfir þessu um veturinn, þá yrði ég með sæmilega afkomu. En hann má það ekki í dag. Þessi ungi maður, sem ég þekki, má ekki kaupa kvóta. Þannig er það í dag. Hann fær það ekki.

Og annar bóndi sem gjarnan vill bregða búi og selja sinn kvóta má það ekki heldur. Til hvers er þessi gæðastýring, herra forseti? Hvaða bákn er verið að byggja þar upp? Hvað er verið að gera þarna? Menn eiga að færa í bækur hér og þar og þar og hér. Til hvers, herra forseti, er þessi gæðastýring? Ég sé ekki að hún gefi nokkurn skapaðan hlut nema að hún vinsar úr þá bændur sem eiga tölvur og þeir skulu fá extra miklar greiðslur. En hinir bændurnir sem ekki eiga tölvur skulu blæða. Bændur hafa ekki allir tölvur og það eru ekki allir tilbúnir til þess.

Nei, herra forseti, þessi samningur er ekki góður fyrir bændur, svo maður tali ekki um skattgreiðendur. Skattgreiðendur greiða milljarða á hverju einasta ári í þetta kerfi. Uppkaupin eiga að kosta tæplega milljarð, herra forseti, á sama tíma og það vantar peninga út um allt, í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu o.s.frv. Nei, herra forseti, þessi samningur er ekki góður fyrir skattgreiðendur. Er hann þá góður fyrir neytendur? Nei, það er hann ekki. Við erum með miklar kvaðir og hömlur á innflutningi landbúnaðarvara til að halda kerfinu við þannig að hann er heldur ekki góður fyrir neytendur.

Herra forseti. Þessi samningur er slæmur fyrir bændur. Hann er slæmur fyrir skattgreiðendur og hann er slæmur fyrir neytendur. Ég er á móti honum.

[17:46]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði af andhita, einkum undir það síðasta og það er vissulega gott. Hann nefnir að gæðastýringin sé hálfgert fíaskó. Ég nefndi áðan í andsvari við annan hv. þm. að nauðsynlegt væri að gæta þess að gæðastýringarkerfið verði ekki bákn, að þar komist ekki skriffinnarnir á kreik til að búa til bákn. Ég lít svo á að gæðastýringin sé millistig þangað til farið verði í eitt heildstætt kerfi sem byggir á hollustu og hreinleika rétt eins og í öðrum greinum. Ég hef iðulega tekið dæmi um frumutöluna í mjólk. Það er ekki þannig að sumir megi hafa þetta margar frumur í hverri einingu mjólkur og aðrir einhvern annan frumufjölda heldur allir það sama. Það er sett eitt kerfi fyrir alla og þannig á það að sjálfsögðu líka að vera í gæðastýringu að reglur um hollustu og hreinleika, gæði, fóðrun, hirðingu og hvað eina eiga að ná til allra, ekki bara sumra. Ekki á að mismuna mönnum eftir því hvort þeir fara í gæðastýringu eða ekki. Ég lít þannig á að þetta sé millistig, millileið, þangað til allir eru í gæðastýringu.

Hv. þm. fór með dæmi um bónda sem yrði leiguliði hjá honum og framleiddi kjöt út á hann þó að hann hefði selt rétt sinn. Bændur eru ekki bara greindir. Þeir eru líka heiðarlegir og þeir munu ekki fara fram hjá lögum eða reglum í stórum stíl en hins vegar er það rétt sem hv. þm. sagði. Hvers vegna þurfa menn að eiga 0,6 kindur á ærgildi greiðslumarksins? Hvers vegna má það ekki vera núll? Þetta er góð spurning.

[17:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vistvænar afurðir eru sífellt að verða vinsælli. Markaðurinn sér um að menn eru tilbúnir til að borga meira fyrir mjólk sem er vottuð. Menn eru tilbúnir til að borga meira fyrir kjöt sem er vottað að sé vistvænt. Þetta hefur sýnt sig alls staðar. En hér á landi erum við með miðstýrt kerfi sem byggir á því að t.d. geymslu- og frystikostnaður er niðurgreiddur á allt kjöt þannig að þeir sem framleiða vistvænt kjöt komast ekki fram hjá kerfinu. Þetta skal allt fara í sama farveginn.

Eins og hv. þm. sagði áður í umræðunni eiga allir bændur að fara í gegnum gæðakerfið. Hvernig á þá að vinsa skussana frá?

Herra forseti. Hv. þm. sagði að bændur væru heiðarlegir. Það er ljómandi gott að búið er að finna a.m.k. eina stétt í þjóðfélaginu sem er heiðarleg og svíkur ekki undan skatti. Það er fínt mál og gott að fá svona siðgæðisvottorð frá klerkinum.

Herra forseti. Hv. þm. sagði að gæðastýringin mætti ekki verða bákn og hann vonaði að hún yrði ekki bákn og hann tryði því að hún yrði ekki bákn. Ég segi nú ekki annað en: „Mikil er trú þín, kona."

[17:49]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnar í Biblíuna máli sínu til stuðnings og það er vissulega gott. Hann sagði áðan að hömlur væru á innflutningi landbúnaðarafurða. Það er alveg rétt vegna þess að engin þjóð er tilbúin að fórna landbúnaði sínum fyrir frjálsan innflutning. Við erum aðilar að GATT-samkomulaginu og förum þar fram með öðrum þjóðum. Sumar þjóðir styrkja landbúnað sinn meira en við gerum. Aðrar þjóðir styrkja sinn landbúnað minna. Við erum ekkert á slæmu róli í því. Við erum heldur ekki að styrkja beinlínis landbúnað heldur erum við að gera íslenskan landbúnað samkeppnishæfan á matvælamarkaðnum.

Hvað varðar bændur, greindina og heiðarleikann, þá eru þeir líka svo skynsamir að þeir munu ekki gerast leiguliðar hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal.

[17:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að fáar þjóðir búi við jafnmiklar kvaðir og hömlur á innflutningi landbúnaðarafurða og Íslendingar. Sú spurning hefur a.m.k. vaknað hjá mér af hverju ég er hættur að kaupa grænmeti. Ég hef spurt að því í hv. efh.- og viðskn. hvernig standi á því að ég er hættur að kaupa grænmeti. Það er orðið svo dýrt. Það veldur því að ég er hættur að kaupa það að mestu leyti.

Ég vona, herra forseti, að engum bónda detti í hug að framleiða appelsínur því þá mundu þær kosta 4.000 kr. kg og ég hefði ekki efni á að kaupa þær. Einhverjum bónda datt í hug að framleiða papriku og síðan hef ég ekki getað keypt papriku á Íslandi. Þetta er dæmigert fyrir það kerfi sem við búum við og ég skora á hv. þm. að hugleiða hvort ekki þurfi að taka allt þetta kerfi til endurskoðunar og gera bændum kleift að verða frjálsir menn og standa hnarreistir og skila þjóðarbúi sínu eins og þeir hafa gert þannig að bú verði landstólpi eins og var í eina tíð.

[17:52]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að gagnrýna að þetta stóra mál skuli vera tekið á dagskrá án þess að hæstv. landbrh. sé viðstaddur. Ég heyri reyndar að hv. formaður landbn., Hjálmar Jónsson, gerir sitt besta til þess að verja hvern stafkrók í frv. en eigi að síður er það svo að við hefðum gjarnan viljað eiga orðastað við hæstv. landbrh. Hann hefur í rauninni komið fram sem táknrænn vörsluaðili þessara hugmynda. Hann hefur sjálfur verið á fundum og ég hefði gjarnan viljað bæði heyra mál hans og eins hitt að tryggja að hann hlýddi á mál alþingismanna.

Mig langar líka til að segja það í upphafi, herra forseti, að mér kom nokkuð á óvart eftir að síðasti búvörusamningur var afgreiddur héðan frá Alþingi fyrir fimm árum að þeir bændur sem ég heyrði í, m.a. á bændafundum sem ég fór á, virtust að jafnaði til muna frjálslyndari og tilbúnari til að taka áhættu og fara í stærri breytingar í starfsumhverfi sínu en hv. Alþingi. Það kom mér nokkuð á óvart. Það segir mér að þeir sem höndla þessi mál fyrir hönd bænda eru að verja eitthvert annað kerfi en bændurnir sjálfir vilja að þeir séu að horfa til. Það segir mér að þeir séu kannski að verja eigið kerfi umfram það sem við vildum sjá bændum landsins til handa.

Ekki síst vegna þess að hv. formaður landbn. segir okkur að menn munu forðast allt skrifræði er athyglisvert að horfa á tölurnar sem koma fram í umsögnum fjármálaskrifstofu fjmrn. um hvað þetta muni kosta. Þar kemur fram, herra forseti, að þjónusta og þróunarkostnaður muni verða 1 milljarður 645 þús. kr. á þessu tímabili, hann muni verða hátt í 2 milljarðar af þessari upphæð. En álagsgreiðslurnar vegna gæðastýringar verða til muna lægri. Greiðslurnar sem eiga að fara beint til bænda vegna gæðastýringarinnar eru til muna lægri en þjónustu- og þróunarkostnaðurinn og hvert skyldi hann nú falla? (**Gripið fram í:** Það er frystingin.) Nei, ég held að það sé ekki frystingin. Ég held að hún sé einhvers staðar annars staðar. Sömuleiðis, herra forseti, vegna þess að menn tala um að nú ætli þeir að fækka sauðfé um 45 þúsund fjár er gert ráð fyrir uppkaupum á greiðslumarki fyrir tæpan milljarð sem er mun lægri tala en menn ætla að fara með í þjónustu- og þróunarkostnað. Þetta er athyglisvert í ljósi þess sem verið er að halda fram.

Þetta er líka athyglisvert þegar við horfum til þess hver markmiðin í samningnum eru. Þau eru að sjálfsögðu fallega orðuð. Nýi samningurinn hefur það að markmiði að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda. *Við hljótum að velta svolítið fyrir okkur hvort menn séu þá á réttri leið.*

Nú heyrist mér á mönnum að þeir reikni með því að nægir verði til að selja eða láta ríkinu aftur í té ávísanirnar, að selja ríkinu til baka þær ávísanir sem þeir hefðu annars rétt á að fá og að menn munu þannig geta fækka sauðfé í landinu um 45 þús. fjár. Hins vegar er ástæða til þess vegna þess að hér eru menn með ákveðin markmið og þau nokkuð háleit að vekja athygli á því hvernig fór fyrir mönnum með þann samning sem er enn í gildi, samninginn frá 1995 þar sem voru einnig háleit markmið en mér sýnist að hafi flest brugðist.

Ég sagði við þá umræðu að mér sýndist að inni í þeim samningi væri eins konar sóknarmark, að menn mundu að sjálfsögðu fjölga fé til þess að reyna að bjarga sér og það hefur sannarlega gerst. Menn hafa farið í það að fjölga fé það mikið að það er nánast jafnmikil fjölgun og sú fækkun sem menn ætla sér að ná í þeim samningi sem á nú að taka gildi ef samþykktur verður. Menn eru sem sé að reyna að spóla aðeins til baka í samningnum en mér sýnist að menn séu kannski ekki á mikilli leið til framfara.

Gagnrýnt hefur verið að engin búsetumarkmið séu í þessum samningi. Í byggðaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að gripið verði til sérstakra ráðstafana hvað varðar svæði sem byggja á sauðfjárrækt. Reyndar er líka vikið að sjávarútvegi en ekki er að sjá að samningurinn í sjálfu sér beini mönnum í þá átt, færi ekki búsetumarkmið. Þá veltir maður því fyrir sér hvernig eigi að styrkja sauðfjárræktina vegna þess að auðvitað er alveg ljóst að takmörk eru fyrir því hversu fáir bændur geta haldið út á tilteknum svæðum landsins. Ef menn eru að óska eftir stórfelldum uppkaupum eða sölu bænda á ávísununum og þá jafnframt áskilnað um að ekki megi vera með sauðfjárrækt á jörðinni næstu sjö árin þá má ætla að það verði þannig grisjun á ýmsum svæðum *landsins að enginn landbúnaður verði stundaður.* Þar koma bæði til félagslegir þættir en líka hitt að til þess að smala suma afrétti þarf ákveðinn fjölda bænda. Ef þeir eru ekki til staðar er sauðfjárrækt þar með dottin um sjálfa sig á viðkomandi svæði.

Mér finnst athyglisverð, herra forseti, sú áhersla sem lögð er hér á gæðastýringu. Kannski hef ég verið of tilbúin til þess að trúa því að við værum með vöru í hæsta gæðaflokki. Ekki er langt síðan hér var einmitt umræða um gæðastýringarmál þar sem ríkið var að fara í mikla herferð til að selja þessa gæðavöru. Ég minnist þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal tók líka þátt í þeirri umræðu og velti vöngum yfir því af hverju ríkið þyrfti að fara í að selja þessa gæðavöru ef hún seldi sig sjálf og væri svona góð. Þessu hefur verið haldið að okkur en nú á að fara í gæðastýringu. Nú eiga bændur samkvæmt því sem hér kemur fram að sitja tvo daga á námskeiði og þar með eiga þeir að vera fullnuma í gæðastýringunni. Síðan eru önnur skilyrði sem hefur verið farið yfir, m.a. skilyrði sem lúta að því að bóndi hafi yfir að ráða beitilandi sem sé í viðunandi beitiástandi og beitarnýting sé sjálfbær.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst þessi setning hljóma eins og tónlist í eyrum mínum. Ég veit að hún gerir það gagnvart býsna mörgum öðrum. Menn vilja gjarnan sjá það að landið sé skynsamlega nýtt til beitar og mörgum hefur sviðið ofbeit eða ofnýting lands og það er í góðu samræmi við þær hugmyndir sem menn hafa orðið um umhverfisvernd og nýtingu auðlindanna að þarna sé farið fram með þeim hætti sem hér er lýst að beitiland sé í viðunandi ástandi og beitarnýting sé sjálfbær. Hins vegar sýnist *mér að þarna geti verið ýmsir hlutir á ferðinni sem gera það* að verkum að ég get ekki glaðst innilega þó að setningin sé falleg vegna þess að hér segir, ef ég má vitna í, með leyfi forseta:

„Leiki vafi á að fullnægjandi beitiland sé fyrir hendi eða þar sem vitað er að ástand landsins er ekki ásættanlegt, svo

sem vegna upplýsinga um rof eða hrossabeit, fer fram ítarlegri skoðun á landinu. Jafnframt skal stefnt að því að auðnir og rofsvæði verði ekki nýtt til beitar og gerðar tímasettar framkvæmda- og fjárhagsáætlanir um úrbætur eftir því sem við á."

„Jafnframt skal stefnt að því ..." og „.... úrbætur eftir því sem við á". Síðan kemur toppurinn:

„Fáist ekki fjármagn til nauðsynlegra girðinga verða bændur ekki látnir gjalda þess í vottun."

Þeir geta sem sé fengið gæðastýringarskírteinið, heimildina eða álagið án þess að þessir hlutir séu í lagi og það segir hér: „Fáist ekki fjármagn til nauðsynlegra girðinga ..." Hvaðan á það fjármagn að koma? Það fjármagn á greinilega ekki að koma frá bændum sjálfum. Þetta fjármagn á að koma úr ríkissjóði, vænti ég, og þarna er gat sem að mínu mati gerir það að verkum að mjög erfitt er að trúa á að mönnum sé fullkomin alvara með hinar ágætu fyrirætlanir um beitilandið í viðunandi ástandi og sjálfbæra beitarnýtingu. Ég verð að segja að gæðastýringarátakið og gæðastýringarumræðan og það álag sem bændur eiga að fá ef þeir taka þátt, minnir mig, í námskeiðum verkalýðsfélaganna sem voru haldin á árum áður og eru sum haldin enn og eru misgóð. Í mörgum tilfellum var um að ræða námskeið sem voru þannig að menn gátu fengið 5% launahækkun, 8% launahækkun ef þeir sóttu námskeiðin. Í sumum tilvikum var ekki hægt að halda námskeiðin. Það voru ekki tök á því. Þá voru ákvæði inni um að væri ekki hægt að halda námskeiðið fengu menn samt launahækkunina. Þetta var aðferð til að hækka launin.

Ég held því fram, herra forseti, að gæðastýringarmálin í þessum samningi sé því miður fyrst og fremst aðferð til að hækka laun bænda. Nú er ég ekki að sjá eftir því þó að bændur hafi hærri laun og mér hefur sviðið það eins og fleirum að skynja það að raunverulega fátæktin í íslensku samfélagi er á meðal sauðfjárbænda. Hins vegar væri eðlilegra og hreinlegra að koma beint framan að hlutunum.

Ég held líka að ástæða sé til að gæta að því sem hér hefur verið bent á í umræðunni að tímafresturinn liggur þannig í málinu að menn verða búnir að missa möguleikana á því að skila ríkinu aftur ávísuninni þegar að því kemur að þeir verða að fara í gegnum gæðastýringarnálaraugað sem verður eins og ég sagði áðan, herra forseti, kannski ekkert nálarauga þegar upp verður staðið þar sem að þessi varnagli er sleginn með fjármagn til girðinganna.

Áður en ég hverf frá ákvæðum samningsins vildi ég ræða aðeins um jöfnunargreiðslurnar og þá fjölgun sauðfjár sem orðið hefur. Það blasir við að á tímabili núgildandi samnings hefur sauðfé í landinu fjölgað nánast jafnmikið og það fé sem menn ætla sér að kaupa upp í næsta samningi. Það var þannig að menn gátu og geta framleitt eins og þeir vilja og með þessum samningi á að verðlauna þá og mæta þeim sem hafa verið að auka við fé sem menn gætu kannski ætlað að væru fyrst og fremst ungir bændur sem væru að byrja. Hitt stendur eftir að gamla kerfið þar sem menn leiða rétt sinn til 20 ára gamals kjötinnleggs, það er það sem blífur. Þeir sem áttu kjötinnlegg fyrir 20 árum eiga réttinn í kerfinu og þó að gerð sé tilraun til að mæta þeim sem hafa verið að reyna að vinna sig inn í kerfið, þá er það gert af mjög miklum vanefnum eða mjög sparlega skulum við kannski orða það. Það er algerlega, herra forseti, skilið á milli þess hvað menn eru að framleiða, hversu mikið og þess hvað ríkið er tilbúið til að styrkja hvern og einn.

Ýmsir velta fyrir sér lögmæti þessarar stefnu, lögmæti þess að kjötinnleggið fyrir 20 árum skapi grundvöllinn fyrir ávísanagreiðslunum í dag. Ljóst er að þeir sem eru að reyna að berjast inn í greinina og hafa vissulega verið að taka áhættu með aukinni framleiðslu og ætluðu sér kannski líka að hafa meira upp úr sér en reyndist vegna þeirra breytinga sem urðu á verði útflutts kjöts eru mjög ósáttir við hlut sinn. Þeim finnst að þarna sé hrópleg mismunun á ferðinni og efast um lögmætið eins og ég sagði áðan. Fróðlegt væri að vita og væntanlega getur hv. formaður landbn. svarað því hvort menn hafa látið skoða sérstaklega lagalega stöðu þess að tiltekinn hópur bænda, vegna þess að hann leiðir rétt sinn svo langt aftur í tímann, fær rétt til reglubundinna ávísana frá ríkinu á meðan aðrir sem eru í framleiðslu eiga ekki kost á slíku nema þá að mjög takmörkuðu leyti eins og komið hefur fram.

Herra forseti. Mér fannst merkilegt að umræða skyldi spinnast um heiðarleik þessarar stéttar. Sú athugasemd sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að eftir að búið var að gefa heiðarleikavottorðið væri þetta kannski eina stéttin með slíkt vottorð. Mér finnst lágmark ef menn vilja kalla eftir sérstökum heiðarleik hjá tilteknum stéttum að búa þeim það starfsumhverfi að þeir geti unnið í því kerfi. Mér finnst að Alþingi hafi í sumum tilfellum verið mjög mislagðar hendur þegar um það er að ræða að skapa okkar hefðbundnu atvinnugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, eðlilegt starfsumhverfi. Stundum hefur það verið þannig, herra forseti, að þeir sem hafa verið duglegastir við að fara fram úr kerfinu hafa uppskorið mest þegar upp er staðið og slík kerfi geta aldrei verið ásættanleg. Þess vegna skora ég á hv. landbn. að fara vel ofan í markmið samningsins um að styrkja sauðfjárrækt og bæta afkomu sauðfjárbænda ef hægt er að gera það í einum og sama gjörningnum og menn velti því mjög alvarlega fyrir sér hvort þau fyrirheit sem eru í samningnum, hvort þau markmið sem eru í samningnum geta samræmst því sem þarna er sett fram sem höfuðmarkmið.

Ég er á þeirri skoðun, herra forseti, að það kerfi sem verið er að framlengja með svolitlum breytingum sé löngu gengið sér til húðar, að menn þurfi að hugsa þetta upp að nýju, að rétt sé að hlusta á bændur sjálfa vegna þess eins og ég sagði áðan, að það kom mér á óvart að heyra hversu miklu lengra þeir væru tilbúnir til að ganga, hversu miklu frjálslyndari þeir voru en hv. Alþingi þegar síðan þessi búvörusamningur var samþykktur. Ég held að rétt sé að menn fari að leggja eyrun eftir því hvað verið er að segja í grasrótinni, hvernig menn vilja hafa þetta. Það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir framtíð atvinnugreinar þar sem á að styrkja atvinnugreinina að setja upp kerfi sem menn telja að passi best fyrir eldri bændur en komi verst út fyrir hina yngri. Það er ekki lífvænlegt kerfi, herra forseti. Það er ekki framtíð í slíku kerfi.

[18:09]

Útbýting þingskjals:

Sjálfbær atvinnustefna, 590. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 892.

[18:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Inntak þessa frv. er nýr samningur um sauðfjárframleiðslu.

Í upphafi er rétt að taka fram að afkoma sauðfjárbænda síðustu ár hefur ekki aðeins verið afar misjöfn heldur líka afar slæm og tekjur í þessari grein hafa oft og tíðum verið langt undir því sem dugir til framfærslu fjölskyldna miðað við fulla atvinnu í greininni.

Þetta er að vísu hluti af þeirri stöðu sem margar byggðir búa við, þ.e. bæði við ótryggt atvinnuástand og litlar tekjur. Það er því erfitt að horfa á sauðfjárræktina aðgreinda frá byggð í landinu og aðgerðir sem lúta að sauðfjárrækt hljóta því líka að skoðast í almennu byggða- og búsetuljósi. Sauðfjárræktin hefur einmitt verið ein sterkasta atvinnugreinin og stoðin við búsetu og landnytjar í hinum dreifðu byggðum þar sem fólk hefur haft takmarkaða möguleika á að stunda aðrar atvinnugreinar.

Þá er og rétt að líta á aðgerðir við sauðfjárræktina í því ljósi að umsvif þar og afkoma hefur mjög sterk og víðtæk áhrif á atvinnu og líf í nærliggjandi þéttbýli og reyndar í atvinnu- og afkomu þjóðarinnar allrar. Því er mjög erfitt að líta á stöðu sauðfjárræktarinnar einangrað heldur ber að líta á hana í þessu ljósi þó svo að sjálfsögðu sé um sjálfstæða atvinnugrein að ræða.

Mikil breyting hefur orðið í búsetu á landinu á undanförnum árum og ljóst er að við blasir enn meiri uppstokkun ekki aðeins á atvinnugreinunum úti um hinar dreifðu byggðir heldur einnig í búsetu.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vísa að tölum úr Árbók landbúnaðarins og Hagtölum landbúnaðarins sem greina frá búfjáreigendum í einstökum sýslum sem ábúendum lögbýla, hvernig það hefur breyst á árunum 1968–1998. Árið 1968 var tala búfjáreigenda 4.887 en árið 1998 3.557 eða fækkun um rúm 27%. Ef maður lítur á hvar hlutfallsleg fækkun hefur orðið mest þá hefur hún orðið í Gullbringu- og Kjósarsýslu, einmitt þeirri sýslu sem hér er næst. Jafnframt hafa lönd þeirra verið tekin undir undir íbúðabyggingar eða undir verksmiðjur og framleiðslu.

Önnur héruð landsins þar sem mikil fækkun hefur orðið er Barðastrandarsýsla. Þar hefur fækkunin orðið rúmlega 45% á þessum tíma, í Ísafjarðarsýslu um 43%, í Norður-Þingeyjarsýslu um 36% og í Norður-Múlasýslu um 5%. Því er ljóst og þarf ekki að koma á óvart að einmitt þau svæði sem hafa verið greind sem þau svæði sem eiga hvað fæsta valmöguleika í atvinnu og eru mjög háð sauðfjárræktinni hafa komið harðast út í þeim mikla samdrætti sem hefur orðið í sauðfjárræktinni.

Ekki eru mörg ár síðan, ætli það hafi ekki verið árin 1970–1975 að sauðfjáreign landsmanna var í kringum 800 þús. en er nú einhvers staðar í kringum 500 þús. Á árunum 1970–1980 voru miklir uppgangstímar og miklar væntingar en frá 1980 hefur orðið gríðarleg breyting. Ekki er að undra þó þessi mikla skerðing, þessi mikla breyting í atvinnugreininni, hafi áhrif á búsetu í landinu og kjör þeirra sem í greininni starfa.

Það sem mér finnst kannski stærsti ágallinn varðandi samninginn sem við erum að fjalla um er að hann gefur ekki beint nýja sýn. Hann fæst við vanda dagsins að nokkru leyti með tækjum fyrri tíma. Ég skil þann vanda að ná tökum á því sem er að gerast í dag. Engu að síður hefði verið mikilvægt að draga upp sterkari framtíðarsýn í þessum samningi en mér finnst hann veita.

Eins og ég sagði áðan er erfitt að líta á sauðfjárræktina eina og sér. Það verður að horfa á hana sem hluta af byggðamálunum og búsetunni og einmitt þar vantar okkur sýn. Okkur vantar byggða- og búsetusýn, okkur vantar þá sýn eða pólitíska ákvörðun um hvernig við ætlum að byggja landið. Alþingi hefur samþykkt þáltill. og Byggðastofnun hefur gert úttektir og samið tillögur um aðgerðir og stefnu í byggðamálum en þeim hefur ekki verið fylgt heildstætt eftir. Komið hefur verið að einstaka þáttum sem lúta að byggð og búsetu í landinu en ekki með fullum þunga og heildstætt, á það skortir. Sá samningur sem við erum nú með og felur í sér töluvert fjármagn, væntingar og aðgerðir mun því bæði til skemmri og lengri tíma hafa mjög takmörkuð áhrif á byggða- og búsetustefnuna. Þá heildstæðu mynd vantar en þessi samningur á að koma inn í þá heildstæðu mynd.

Það mætti draga sterkar fram landvarðahlutverk þeirra sem búa í hinum dreifðu byggðum. Það mætti benda á mikilvægi þeirra gagnvart öllu atvinnulífi, líka í þéttbýlinu. Það mætti sýna fram á hversu mikilvægur hlekkur þessi búgrein er fyrir fjölbreytt atvinnulíf í sveitum landsins.

Maður veltir einnig fyrir sér þörfinni á ákveðinni byggðastefnu, að tekin sé pólitísk ákvörðun um hvernig við viljum hafa byggð og henni sé fylgt eftir. Það er fullgilt sjónarmið að segja: *Byggðin og búsetan sjálf er auðlegð.* Það samfélag sem byggir hinar dreifðu byggðir og samfélagsgerðin er líka auðlegð. Það að vera nærtækur, vernda og njóta, leiðbeina um notkun og nýtingu hinna dreifðu byggða og auðlinda náttúrunnar er líka auðlegð. Það gæti verið vert að huga að því sjónarmiði, herra forseti, að byggða- og búsetuaðgerðir af hálfu stjórnvalda ættu að snúa beint að þessum þætti, beint að því sem við höfum tekið pólitíska ákvörðun um. Búseta í hinum dreifðu byggðum landsins er auðlegð og verðmæti og fyrir það viljum við greiða. Fyrir það viljum við taka þátt í að axla kostnaðinn og þá byrðina af því að geta notið þessarar auðlegðar þjóðarinnar allrar.

Ég vil draga þetta inn í umræðuna vegna þess að aðrir sem búa í sveitum landsins, þó þeir stundi ekki sauðfjárrækt eða nautgriparækt, geta líka stundað þar atvinnu og eru mikilvægir fyrir byggð og búsetu landsins. Þeir sem sinna ferðaþjónsutu um sveitir landsins eiga erfitt með að ná inn tekjum fyrir starfsemi sína, jafnmikilvægur hlekkur og þeir eru fyrir ferðaþjónustuna í heild. Þeir eru mikilvægir fyrir allt landið, iðnað og atvinnustarfsemi sem við bindum miklar væntingar við. Ferðaþjónustan er í örum vexti hér á landi og skilar mestri aukningu í þjóðarbúið þrátt fyrir erfiðleika í rekstri, m.a. vegna gengisskráningar.

Fjármagnið sem einmitt þetta fólk er með í að skapa, gróðinn af auðlind þeirri verður að stórum hluta eftir í þéttbýlinu en ég er hræddur um að Ísland yrði ansi lítið ferðamannaland ef ferðaþjónustan um sveitir landsins yrði skorin af.

Þegar við grípum inn aðeins í einn þátt byggðamála þá verður myndin aldrei heildstæð. Það er margir og mörg önnur störf mikilvæg í sveitum til að nýta auðlegð landsins allri þjóðinni til heilla. Þess vegna er ástæða til að styrkja búsetu með beinum aðgerðum. Ég bendi á, herra forseti, hversu mikilvægt er að stefnan í byggða- og búsetumálum sé heildstæð.

Ég vil aðeins víkja að nokkrum atriðum í samningnum, þ.e. því lagafrv. sem fer til nefndar og fær þar þá ítarlega umfjöllun. Ég vil t.d. koma að markaðsmálunum. Áður hefur komið fram hér í umræðunum ákveðin gagnrýni á hvernig staðið hefur verið að markaðsmálum fyrir afurðir sauðfjárræktarinnar. Ég tek undir að þar þurfi að gera stórátak, bæði í markaðsmálum og einnig markvisst í rannsóknum og þróun á markaði.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að spyrja starfandi hæstv. landbrh.: Hvað er vitað um störf markaðsráðs kindakjöts, sem starfar, að því er ég held, að markaðssetningu kindakjöts og fær til þess fjármagn? Ég veit að því er ætlað mikilvægt hlutverk og það skilar væntanlega miklu og góðu starfi. Ég tel mikilvægt í þeirri umræðu sem fram fer um málið í nefnd að fram komi ítarleg gögn sem sýni hvað markaðsráðið sé að vinna, hvernig að því er staðið og hverju starfið skilar. Það er mikið að gerast á kjötmarkaðnum, það fer ekki fram hjá okkur. Ekki bara á milli kjöttegunda heldur líka innan kjöttegunda. Við finnum á okkur að markaðurinn og neyslan á dilkakjötinu er að breytast. Þess vegna er mikilvægt að vita hvernig hún er að breytast. Fer meiri hluti sölunnar áfram fram í heilum og hálfum skrokkum, frystum, eða ekki? Hve stór hluti af kjötinu er seldur ferskur árið um kring, þ.e. af því sem slátrað er utan hefðbundins sláturtíma, og hve stór hluti fer ferskur á markað í sláturtíðinni? Hvernig er staðið að markaðssetningu á fersku kjöti? Stefnt var að stórátaki í að markaðssetja ferskt kjöt en hvernig hefur það gengið? Þetta er mjög mikilvægt.

Það er mikilvægt að vita hve stór hluti salan í reyktu kjöti er. Hver er markaðshlutdeild reykta kjötsins eða saltkjötins, unninnar kjötvöru? Það er mikilvægt að vita hvernig íslenskur kjötmarkaður er að breytast og þróast. Hvað er gert til að öðlast vitneskju um hann, sundurliðað og hvernig er unnið að þessari þróun? Maður fær á tilfinninguna þegar kemur að kjötborðinu að ástandið sé tiltölulega óbreytt.

Hins vegar er gleðilegt, herra forseti, að á síðasta ári náðist verulegur varnarsigur í markaðssetningu á dilkakjöti, hverju svo sem það er að þakka. Samdráttur á innanlandsmarkaði var vart merkjanlegur eða liðlega 1% eða 1,6%. Það sýnir að dilkakjötið hefur sterka stöðu þrátt fyrir allt og áfram mjög sterka stöðu á kjötmarkaði á Íslandi. Um það hljótum við einmitt að standa vörð. Ekki standa vörð um það með því að að segja: Borðaðu þetta, borðaðu þetta. Heldur með því hugarfari að neytandinn segi og hugsi: Mig langar í þetta, mig langar í þetta. Þeirri afstöðu þarf að koma betur inn í markaðssetningunni á þessu öllu. Á þessa tilfinningu finnst mér skorta, herra forseti, án þess að ég sé að vega að því sem vel er gert.

Má ég bara benda á eitt, herra forseti, sem hefur áhrif á afkomu greinarinnar? Það eru t.d. viðskipti afurðastöðvanna við smásalana. Afurðastöðvarnar fá afurðalán út á birgðir sínar til að standa undir því að hafa greitt fyrir kjötið. Þær fá út á það lán. Þegar þær selja svo kjötið til smásalanna þarf að greiða afurðalánið við næstu mánaðamót eða innan ákveðins tíma frá því að sala hefur farið fram. Þá verða þær að greiða afurðalánið upp. Þá eru samningar gjarnan með þeim hætti að smásalinn hefur mun lengri greiðslufrest á kjötinu en afurðasölufyrirtækið á að greiða lánið. Þar getur munað allt frá 5–10 dögum upp í 45 daga og jafnvel meira. Afurðasölurnar verða sjálfar að fjámagna greiðslur fyrir kjötið þann tíma. Þetta er kannski tvöfaldur eða þrefaldur sá tími sem kjötið stoppar í matvörubúðunum. Matvörubúðirnar eða smásalarnir geta hafa því haft fjármagnið tvisvar til þrisvar sinnum lengur í sinni vörslu áður en þeir þurfa að greiða afurðasölufyrirtækinu. Afurðasalan verður hins vegar að taka víxil, bera af honum kostnað og greiða vexti af því fé. Vel má vera að þetta teljist eðlilegir viðskiptahættir en þetta er varla til hagsbóta fyrir framleiðsluna. Ég bendi á þetta, herra forseti, því að mér hefur þótt þetta afar ranglátt.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka það sem aðrir hafa látið hér í ljós varðandi gæðastýringuna. Ég tel að á henni sé afar hæpin útfærsla og legg áherslu á að landbn. skoði reglur um gæðastýringu afar vandlega. Mér sýnist þar verið að skapa meiri vinnu fyrir þá sem tékka af bændurna, hvort þeir hafi nú fylgt gæðastýringunni, en hina sem eiga að fylgja henni.

[18:30]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason fór vítt um völl í ræðu sinni. Hann ræddi aðeins um fækkun fólks í landbúnaði í grennd við Reykjavík og sums staðar við mestu þéttbýlissvæði landsins, en ég vil benda á að mest fjölgun á sauðfé á undanförnum árum hefur orðið þar sem bændur hafa aðaltekjur sínar af sauðfjárrækt. Þeir fá nokkra viðurkenningu nú með þessum samningi gegnum álagsgreiðslur. Stuðningur er lagaður nokkuð að núverandi framleiðslu og er miðað við undanfarin þrjú ár. Ég hef vissulega heyrt óánægju hjá ýmsum bændum með þetta, en vegna byggða- og búsetusjónarmiða er þetta réttlætanlegt að mínum dómi. Hitt er rétt sem hv. þm. segir að heildstæð stefna í byggða- og búsetumálum þarf auðvitað að vera fyrir hendi og hún er fyrir hendi því að vorþingið í fyrra samþykkti stefnumótandi byggðaáætlun til nokkurra ára og samkvæmt henni er unnið.

Markaðsmálin eru svo ekki hluti af þessum samningi.

Hv. þm. spurði hvort verið væri að selja neysluvörur, kjötvörur eða hvort væri verið að selja nánast að segja dauðar kindur í pokum eins og var gert. Ríkið á ekki að taka að sér markaðssetninguna. Það hlýtur að vera þeirra sem eru á heildsölustigi, þ.e. afurðastöðvanna og þeirra sem selja kjötið í búðirnar. Markaðssetningarmenn þurfa auðvitað að standa sig og fylgja kröfum tímans. Það er ekki hægt að segja að ríkið eigi að taka á markaðssetningarmálum í þessum samningi.

[18:32]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber mikla virðingu fyrir þeirri viðleitni sem samningurinn felur í sér um að færa framleiðsluna til þeirra svæða sem eru bæði hagkvæmust til að stunda hana og eru best til þess fallin, þó svo að ég telji að í samningnum felist að vísu allt of takmarkaðir möguleikar til þess að ná tekjum út úr því. En ég ber virðingu fyrir því sjónarmiði sem hv. þm. einmitt ítrekaði hér.

Varðandi markaðsmálin og markaðsnefndina þá er ég alveg sammála hv. þm. um að þessir samningar hefðu einmitt ekki átt að fjalla svo mikið um markaðsmálin eða taka inn ýmis atriði sem lúta að þeim eins og gæðastýring eða annað því um líkt. Það hefði átt að vera beinn samningur við ríkið. Það var eitt sjónarmið. En varðandi þá markaðsnefnd sem ég minntist á þá lagði ég áherslu á að hún starfar á ábyrgð landbrh. að ég best veit og þess vegna var ástæða til að sú vitneskja kæmi inn til landbn. í umfjöllun málsins en ekki það að samningurinn eigi að taka tillit til þess. Þetta vildi ég einmitt árétta.

Varðandi stefnuna í byggðabúsetumálum þá er það alveg hárrétt hjá hv. þm. að viljayfirlýsing liggur fyrir en efndirnar vantar.

[18:34]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég árétta að verið er að vinna eftir stefnumótandi byggðaáætlun sem samþykkt var á Alþingi og þegar hafa allmörg skref verið stigin en vissulega eru mörg fram undan í því að jafna búsetu í landinu.

Hvað varðar markaðsráðið þá er það sjálfstæð nefnd sem starfar í Bændahöllinni og erfitt að svara til um það hvernig hún sinnir starfi sínu hér. Það er væntanlega ekki okkar mál beinlínis. Ég vil árétta að markaðsmálin eru ekki okkar, hvorki embættismenn né stjórnmálamenn eiga að standa í því að selja kindakjöt.

Að gæðastýringin sé hæpin í útfærslu, þá tek ég undir það með hv. þm. Gæðastýringin er ekki mikið útfærð, það er alveg rétt. Ég hef verið að vara við því í umræðunni að hún verði ekki að einhverju óskaplegu eftirlitsbákni heldur þjóni einmitt markmiðum sínum, einföld og skýr og nái til allra en ekki bara sumra, nái sem sagt í heild yfir bændastéttina sem sinnir sauðfjárrækt en ekki að greina hafrana frá sauðunum ef svo má segja um þá sem velja annars vegar gæðastýringu og hins vegar þá sem ekki velja hana. Eðlilegt er að sama gildi um alla eftir ákveðinn umþóttunartíma.

[18:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á það í sambandi við gæðastýringuna að meginþorri bænda í sauðfjárframleiðslunni er með gæðastýrða framleiðslu og uppfyllir flestar af þeim kröfum sem þarna er um að ræða og er alveg ástæðulaust að vera endilega að finna hana upp núna. Auk þess eru lög og reglur sem búa henni umgjörð.

Ég tel eðlilegt og styð það að sjálfsögðu að hvatt sé til góðrar framleiðslu en ég mæli áfram og tek undir varnaðarorð með hv. þm. um að þarna sé ekki verið að búa til skriffinnsku skriffinnskunnar vegna og hvet hv. landbn. til að skoða það mjög gaumgæfilega hvort ekki megi einfalda þetta. Engin bót er að því að gera hlutina flóknari og óaðgengilegri en nauðsynlegt er, en ég treysti hv. landbn. til að fara mjög ítarlega í gegnum þetta mál og vona að samningurinn verði sauðfjárræktinni til styrktar verði hann afgreiddur.

[18:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Til umræðu er nýgerður búvörusamningur og hefur umræðan verið ansi yfirgripsmikil og ég vil meina góð og í marga staði mjög fróðleg. Ég get þó ekki látið hjá líða að koma í ræðustól og hnykkja eilítið á einu atriði sem hv. þm. Þuríður Backman gat þó um í ræðu sinni en það er það sem lýtur að lífrænum landbúnaði og lífrænt vottaðri framleiðslu.

Herra forseti. Að mínu mati er það ekki nægilega ábyrgt af þeim sem að þessu áliti standa að ekki skuli vera getið um það einu orði í samningnum og þessu frv. til laga, að lífrænt vottaðar vörur séu hluti af búvörusamningnum. Það er satt að segja sárgrætilegt í þeirri umræðu sem þó er til staðar í samfélaginu í dag að stjórnvöld skuli ekki ætla að átta sig á því að ef einhver landbúnaður er umfram annan umhverfisvænn, nánast náttúruvernd, þá er það hinn lífræni landbúnaður sem við eigum til staðar í landi okkar. Ég fullyrði, herra forseti, að ef til kæmi hvatning frá stjórnvöldum þá treysti ég mér til að fullyrða að tugir bænda gætu án mikillar fyrirhafnar stigið skrefið yfir í lífræna ræktun og í það að framleiða lífrænt vottað dilkakjöt. Við vitum af upplýsingum frá mörkuðum erlendis að lífrænt dilkakjöt sárvantar inn á markaði í Evrópu og það að ekkert skuli vera talað um í gæðastýringarkafla þessa samnings að beita lífrænum aðferðum við að ná upp ræktarlandi er líka grætilegt, herra forseti. Spámenn í hinu stóra Evrópusambandi segja að um árið 2010 megi gera ráð fyrir að 15–25% af ræktarlandi Evrópusambandsins komi til með að verða vottað lífrænt ræktarland. Í dag árið 2000 erum við að ræða um búvörusamning á Íslandi sem á að gilda til ársins 2007 eða 2008 og við nefnum ekki lífrænt ræktarland. Fyrir þetta átel ég þá sem að þessum samningi standa. Hins vegar er grunnhugmyndin í gæðastýringarkerfinu góð.

Mér þykir hins vegar sárt að heyra hv. 1. þm. Norðurl. v., Hjálmar Jónsson, formann hv. landbn. segja það fullum fetum í ræðustóli, að gæðakerfið sé lítið útfært. Svo sannarlega hefði verið þörf fyrir betri útfærslu á því og ekki hvað síst er varðar landnýtinguna, afréttina og landkostina þar.

Manni sárnar að sjá setningu í frv. á bls. 17 sem fjallar um afrétti og fjallað er um beitarstjórnunina og ræktarlandið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þar sem land hefur lágmarkshulu gróðurs, rof innan tilskildra marka og ástand gróðurs talið ásættanlegt, skal beitarnýting ekki vera meiri en svo að jafnvægi ríki eða gróðri fari fram og rof minnki."

Herra forseti. Það er ekki ásættanlegt að á svæði þar sem ástand gróðurs er einungis talið ásættanlegt, þar sem viðurkennt er að rof sé til staðar, þá skuli einungis verða gerð krafa um að jafnvægi ríki. Ég tek sömuleiðis undir þá gagnrýni hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur sem kom fram áðan að tekið skuli fram í samningnum að ef ekki fáist fjármagn til nauðsynlegra girðinga, þá verði bændur ekki látnir gjalda þess í vottun sem, herra forseti, þýðir ekkert annað en það að beit verður leyfð og gæðavottunin verður veitt jafnvel þó svo fé gangi á svæði sem alls ekki er talið vera sjálfbært.

Herra forseti. Í þeim stöðlum sem lífrænn landbúnaður fer eftir er fjallað um gróðurlendi, landnýtingu og beitarstjórnun. Ég hvet hv. landbn. þegar hún fjallar um þennan samning og frv. sem hér liggur fyrir að fara betur yfir þann þátt mála og leggja til bragarbót á þeim kafla sem fjallar um beitarstjórnun og beitarland. Landið okkar á það skilið.

Ég vil vitna í orð hv. þm. Hjálmars Jónssonar sem talaði áðan um að við værum að stefna að hollari og betri búvörum. Það er auðvitað alveg rétt, það er okkar sameiginlega markmið og um það markmið getum við svo sannarlega sameinast og tekið verulega vel á í þeim efnum að vörurnar okkar verði æ hollari og æ betri. En hv. þm. segir jafnframt að hann vilji í framtíðinni sjá eitt heildstætt kerfi sem byggi á hollustu og hreinleika. Í framhaldi af því spyr ég hv. þm. Hjálmar Jónsson, hvers vegna hefur þá lífræna framleiðslan gleymst í þessum samningi? Hvers vegna erum við ekki að gera meira í þeim samningi sem hér liggur fyrir til að efla eða gera fólki grein fyrir því að lífræna framleiðslan er umhverfisvernd, hún er náttúruvernd. Ég verð að segja, herra forseti, í ljósi allra þeirra upplýsinga sem við höfum um erlenda markaði og möguleika í lífrænni ræktun er þetta auðvitað ekki ásættanlegt. Það er hálfgrátlegt til þess að vita að krafturinn hjá stjórnvöldum hefur iðulega farið í einhvers konar undanþágupólitík þar sem á erlendum mörkuðum því er haldið fram sem við vitum að lambakjötið okkar, þó svo það hafi ekki lífræna vottun, er hreint. Við vitum að það gengur á góðu landi og við vitum að það er hreinna en þær afurðir sem eru ræktaðar á verksmiðjuframleiðslubúum í Evrópu. Samt sem áður höfum við ekki gert neitt átak í því að styrkja lífrænu framleiðsluna umfram þá vistvænu. Við höfum jafnvel verið að beita krafti okkar í að sækja um undanþágur frá kröfunni um tilbúinn áburð á ræktarlandi og það að kraftar stjórnvalda skuli fara í að sækja um undanþágur frá Evrópuvettvangi frá kröfunni um tilbúinn áburð er í hæsta máta vafasöm pólitík.

Herra forseti. Ég hvet hv. landbn. og alla þá stjórnmálamenn sem að þessum málum koma að gefa betri gaum að lífrænu ræktuninni, gefa betri gaum að lífrænt vottaða dilkakjötinu, opna augun fyrir möguleikum þess og gera verulega gott átak í aðlögunarstuðningi fyrir bændur sem vilja fara út í lífræna ræktun. Í því sambandi langar mig til að minna á till. til þál. sem búið er að dreifa í þinginu á þskj. 678 þar sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð eða þrír þingmenn hennar koma fram með tillögu um aðlögunarstuðning til bænda sem stunda lífrænan landbúnað.

Herra forseti. Lífræn framtíð er framtíð sem við þurfum að standa vörð um, framtíð sem við getum hafið til vegs í auknum mæli og meiri mæli en þessi búvörusamningur gerir.

[18:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem hefur verið málefnaleg. Hér hefur verið varpað fram ýmsum spurningum sem ég held að sé eðlilegast að svarað verði við meðferð málsins í nefnd. Það er hins vegar nauðsynlegt að hafa í huga sérstöðu þessa máls að því leytinu til að hér hefur verið gerður samningur við Bændasamtökin um þessi mál, samningur ríkisins við Bændasamtökin. Menn verða að sjálfsögðu að virða það að forustumenn bænda hafa fallist á að standa að málum með þessum hætti.

Auðvitað má hugsa sér að gera þetta öðruvísi, t.d. að því er varðar lífræna ræktun þá er það nokkuð sem er að þróast og kemur til með að þróast á næstu árum. Skoðanir eru skiptar eins og gengur en ég er alveg viss um að hún á framtíð fyrir sér. Ég tel alla möguleika til þess að hún geti þróast vel innan þess gæðastýringarkerfis sem menn ætla sér að koma upp, það er hluti af því. Það er náttúrlega háð því að viðkomandi bændur hafi bæði aðstæður og möguleika til að stunda slíkan búskap og það verður jafnframt að fara eftir markaðsaðstæðum og kröfum neytenda. Þar eins og annars staðar eru það neytendurnir sem ráða, þ.e. hvað neytendurnir vilja og það er mikilvægt að landbúnaðurinn og ekki síst sauðfjárræktin þróist með hliðsjón af því sem neytendur vilja fá. Ég er þeirrar skoðunar að þessi grein hafi ekki þróast nægilega til að taka tillit til þarfa og óska neytenda. Ég er alveg viss um að með þeirri breytingu sem þarna á að eiga sér stað opnast nýjar leiðir í því sambandi.

Við vitum að þessar afurðir eru misjafnar. Féð gengur á misjafnlega góðu landi. Sumt fé er meira og minna á ræktuðu landi en annað gengur upp til heiða. Við þekkjum öll mismunandi gæði þessa kjöts þó að það komi ekki alltaf fram þegar það er selt í verslunum og bændur hafa ekki að mínu mati notið þessa gæðamunar í nægilega ríkum mæli.

Allir þessir möguleikar opnast þegar þetta gæðastýringarkerfi er komið í gagnið og ég er alveg viss um að hin lífræna ræktun getur jafnframt þróast á þeim grundvelli.

Ég vil endurtaka þakkir fyrir þessa umræðu og vænti þess að hv. landbn. afgreiði málið fljótt og vel enda treysta bændur landsins á eðlilega afgreiðslu málsins hjá hv. nefnd þannig að það geti komið til endanlegrar afgreiðslu hér á Alþingi áður en þingi lýkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 3. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 800.

[18:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ástæða til að hafa mörg orð um þau frumvörp sem hér liggja fyrir þinginu og eru reyndar fylgifrumvörp við tillögu sem hér var flutt fyrir nokkru síðan til þingsályktunar til staðfestingar á Schengen-samningnum eða Schengen-gerðum sem svo eru nefndar.

Schengen-samningurinn kom til umræðu á Alþingi 22. mars sl. og sannast sagna hélt ég að við hefðum þá lokið umfjöllun þess máls. Ég mun skýra hvers vegna svo er ekki.

Í umræðunni um þáltill. um Schengen-samninginn röktum við sum þá pólitísku þróun sem er að eiga sér stað í Evrópu og sýndum fram á hvernig Schengen-samkomulagið tengist Evrópusamrunanum. Ég minnti á Rómarsamninginn frá árinu 1957 þegar Efnahagsbandalag Evrópu var formlega stofnað, en samningurinn tók síðan gildi árið eftir, árið 1958. Það er athyglisvert að sjá hér í þáltill. í gögnum með Schengen-samningnum setningu sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Schengensamstarfið er þannig liður í því að náð verði áformum þeim sem keppt er að með hinum innri markaði ESB í samræmi við 7. gr. A í Rómarsamningnum."

Þetta er nú mergurinn málsins. Þetta er hin pólitíska hlið á þessu máli. Hér er verið að hnýta enn einn þráðinn í Evrópusamrunanum.

Ég ætla ekki að víkja nánar að þessari hlið í umræðunni nú og ætlaði sannast sagna ekki heldur að tala um hina efnahagslegu og peningalegu þætti þessa máls, taldi þá afgreidda að sinni einfaldlega vegna þess að við hefðum samþykkt Schengen-samkomulagið. Okkur þótti mörgum ýmsum spurningum ósvarað um kostnaðinn. Sitthvað var vitað. Við vitum að stofnkostnaður við Schengen-upplýsingakerfið er 220 millj. kr. Við vitum um áætlaðan kostnað við rekstur þess kerfis. En varðandi aðrar framkvæmdir sem tengjast Schengen-samkomulaginu og nýju eftirlitskerfi og tollgæslukerfi, þá er margt á huldu. Menn töluðu um 500–1.000 millj. kr. á allra næstu árum. Þetta er allt óljóst.

Við vitum hins vegar að ráðast á í stækkun á flugstöðinni í Keflavík sem í fyrsta áfanga mun kosta 3,5 milljarða kr. og síðan er rætt um 2 milljarða til viðbótar á allra næstu árum. Hve mikið af þessu er komið til vegna Schengen-samstarfsins er hins vegar óljóst. Þar er svona puttinn upp í loftið, eins og sagt var.

Þetta héldum við sannast sagna að væri allt útrætt mál. Og það við héldum við hinn 22. mars sl. En síðan rann upp 23. mars og þá skilaði frá sér áliti nefnd sem hafði einmitt verið að kanna þau mál sem snúast um Schengen-samkomulagið og peningalega og efnahagslega þætti þess. Þetta var álit frá nefnd sem hefur verið að störfum í rétt ár. Hún var skipuð í aprílmánuði árið 1998 af samgrh. og átti að kanna áhrif Schengen-samstarfsins á ferðaþjónustuna á Íslandi. Hlutverk nefndarinnar var að vera til ráðgjafar um undirbúning og framkvæmd Schengen-samningsins og skyldi hún jafnframt skoða sérstaklega hvernig hægt væri að nýta þetta aukna frelsi til eflingar íslenskri ferðaþjónustu, svo ég vísi í upphafsorð skýrslunnar.

En skemmst er frá því að segja að þessi skýrsla hefur að geyma ýmsa mjög neikvæða þætti fyrir þessa gjörð alla saman. Reyndar er það rangt sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. í

umræðu á þinginu í byrjun vikunnar að nefndin eða nefndarálitið væri neikvætt þegar á heildina væri litið. Nefndin tekur á jákvæðum og neikvæðum þáttum, þótt ég hafi staðnæmst við hina neikvæðu, hin gagnrýnu atriði, þegar ég vakti máls á skýrslunni í fyrirspurnatíma á mánudaginn.

Í skýrslunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Nefndin telur augljóst að stækkun flugstöðvarinnar sé bæði vegna Schengen-aðildar og fyrirsjánlegrar aukningar í ferðamannafjölda. Hitt er einnig ljóst að flugstöðin verður tvískipt vegna Schengen-aðildarinnar. Það er hins vegar augljóst að mati nefndarinnar að tvískiptingin í sjálfu sér veldur óhagræði og auknum kostnaði."

Síðar í skýrslunni er vikið að viðskiptamöguleikum flugstöðvarinnar, en því hafði verið haldið mjög á lofti í umræðum hér að þeir mundu aukast verulega vegna þessara breytinga, en hér segir, með leyfi forseta:

„Það er álit nefndarinnar að Schengen-samstarfið muni ekki auka viðskiptamöguleika flugstöðvarinnar að ráði."

Síðar segir í þessari sömu skýrslu, með leyfi forseta:

„Sé vikið að kostnaði við rekstur FLE má öruggt telja eins og áður hefur komið fram að hann aukist. Fyrir því eru mörg rök. Má nefna að kostnaður vegna tvískiptrar flugstöðvar hlýtur að verða meiri. Aukinn kostnaður á farþega skapast vegna þess að verslunarrými, veitingaþjónusta, Saga biðstofa, upplýsingagjöf til farþega og önnur farþegaþjónusta þarf að verða tvískipt og tilkostnaður því meiri. Kostnaður á hvern farþega vegna löggæslu og landamæragæslu hlýtur að aukast."

Og síðar segir, með leyfi forseta:

„Að mati nefndarinnar er hætta á að alls konar innheimta þjónustugjalda og skatta verði hækkuð á næstu árum. Það er jafnframt álit nefndarinnar að verði þjónustugjöld og skattar hækkuð skerði það samkeppnisstöðu FLE og þar með íslenskrar ferðaþjónustu. Þetta er augljóst þar sem þau gjöld sem tekin eru í dag eru ekkert sérstaklega lág í samanburði við það sem gerist í nágrannalöndunum."

Nú er í þessari skýrslu, sem eins og ég segi dregur upp bæði neikvæðar og jákvæðar hliðar, lögð áhersla á að aukinn tilkostnaður sé ekki einvörðungu kominn til af Schengensamstarfinu. En eins og hér er rakið og hér hefur verið vitnað til þá er verulegur hluti kostnaðarins til kominn af þeim sökum enda benda skýrsluhöfundar á að þetta valdi bæði auknum tilkostnaði og auknu óhagræði. Enda segir það sig sjálft þegar tvískipta þarf flugstöðinni, það segir sig sjálft, og þegar ráða þarf her manna til að sinna þessari auknu gæslu.

Síðan er vikið að ýmsu óhagræði sem flugfélögin verða fyrir. Það er vikið að Ameríkufluginu og erfiðleikum sem þar munu koma upp. Allt þetta er eflaust leysanlegt. En staðreyndin er eftir sem áður sú að þetta veldur miklu óhagræði og tilkostnaði.

Þá finnst mér þetta standa upp á íslensk stjórnvöld og þá sem vilja koma þessu fyrirkomulagi á: Hvað hafa Íslendingar út úr þessu samstarfi? Þetta finnst mér skorta. Við vitum að tilkostnaðurinn er mikill. Skattgreiðandinn þarf að borga fyrir þetta samstarf mörg hundruð milljónir, ef ekki milljarða og þessu fylgir mikið óhagræði. Og fram á það er sýnt af nefnd sem ríkisstjórnin lét fara í saumana á þessum málum. Það er sýnt fram á það. Þá stendur upp á ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann að sýna okkur sem höfum efasemdir fram á að kostirnir séu enn þá meiri. Og hverjir eru þeir? Ég auglýsi eftir þeim.

Við skiljum náttúrlega áfergju eindreginna Evrópusinna í að binda okkur böndum við Evrópusambandið eða þeirra sem vilja stuðla að stofnun Stór-Evrópuríkis og að Íslendingar gerist þar útkjálkabyggð. En gagnvart öðrum er mér þetta hulin ráðgáta.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um Schengensamkomulagið og Schengen-samstarfið að sinni þótt að sjálfsögðu væri hægt að hafa um það langt mál, ég hef gert það í fyrri ræðum mínum þannig að sjónarmið mín eru kunn í því efni.

Mig langar þá til að víkja að frv. eða fylgifrv. sem eru til afgreiðslu og sérstaklega að tveimur þáttum sem ég hef gagnrýnt. Ég læt liggja milli hluta álitaefni sem komu upp í tengslum við skilgreiningu á landamæravörðum og hlutverki lögreglumanna við útfærslu á þessum málum. Ég hef trú á því að það muni leysast í sjálfu sér þegar fram líða stundir með lagabreytingum næsta haust. Við erum a.m.k. fullvissuð um að svo verði. En ég ætla að víkja að tveimur þáttum sem mér finnst skipta mjög miklu máli í þessu. Það er annars vegar hvað skráð er í grunninn og hins vegar persónuverndin, hvernig staðið er vörð um einstaklinginn í þessum frv.

Gagnagrunnurinn verður á ábyrgð ríkislögreglustjóra. Það er það embætti sem mun bera ábyrgð á skráningu í grunninn. Síðan þegar gáð er að því hvaða upplýsingar eigi að skrá í hann er þar að finna ýmislegt sem er harla matskennt. Það má t.d. skrá upplýsingar um hvort viðkomandi einstaklingur er ofbeldishneigður eins og segir í lögunum. Þetta er matskennt, þetta getur verið handfast ef viðkomandi hefur verið dæmdur en þetta getur líka verið matskennt.

Í 6. gr. í 2. lið b, segir varðandi heimildir til skráningar á upplýsingum um einstaklinga í upplýsingakerfið:

„Ætla má af fyrri hegðun hans eða öðrum ástæðum að tilgangur hans með komu hingað til lands eða á Schengensvæðið sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi."

Þarna erum við aftur komin með atriði sem er harla matskennt og það er ríkislögreglustjóri sem á að ákveða þetta upp á sitt eindæmi. Hann ákveður hvað er skráð í grunninn. Ef hann álítur einhvern einstakling líklegan til að fremja skemmdarverk þá skráir hann í grunninn og sendir boð um það inn á allt Evrópusvæðið í gegnum gagnagrunninn.

Ég vakti athygli á því við fyrri umræðu þessara mála að skilgreiningin á skemmdarverkum væri harla misjöfn. Þegar mótmælendur voru að hleypa upp fundunum í Seattle fyrir nokkrum vikum þá var litið á það sem skemmdarverk af hálfu þeirra sem skipulögðu ráðstefnu Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar. Þar litu menn á það sem skemmdarverk að menn væru að reyna að hleypa upp ráðstefnunni og má til sanns vegar færa að einhverjir hafi verið að reyna það.

Hefði þessi ráðstefna átt sér stað hér á landi og hefðu einhverjir verið gripnir hér af lögreglu gæti það hent að viðkomandi einstaklingar væru skráðir í grunninn sem einstaklingar líklegir til að fremja skemmdarverk. Þetta eru harla matskennd atriði.

Ef við ætlum að samþykkja lög sem veita ríkislögreglustjóra heimild til slíkrar skráningar er það lágmarkskrafa að mínum dómi að persónuvernd verði styrkt til mikilla muna frá því sem er í þessum lögum. Því í lögunum getur persónuvernd, sem nú heitir tölvunefnd, — persónuvernd kemur hún til með að heita — komið á framfæri við ríkislögreglustjóra ábendingum eða gagnrýni og hún getur gert hið sama gagnvart dómsmrn. En hún hefur ekki vald til að setja fram

bindandi tilmæli, það hefur hún ekki. Hún hefur ekki vald til að setja fram bindandi tilmæli um að ríkislögreglustjóra beri að taka einstaklinginn út úr gagnagrunninum.

Er það eitthvað í Schengen-samkomulaginu eða samningnum sem mælir gegn því að persónuvernd fái þetta vald? Nei. Það er ekkert í samningnum sem mælir gegn því. Í samningnum í 109. gr. og einnig í 114. gr. er vísað til innlendra laga í þessu efni.

Í 109. gr. segir, með leyfi forseta:

„Réttur hvers einstaklings til þess að fá aðgang að þeim upplýsingum, sem eru til um hann í Schengen-upplýsingakerfinu, skal vera í samræmi við innlend lög samningsaðilans sem fær beiðni um nýtingu þessa réttar á yfirráðasvæði sínu."

Í 114. gr. segir, með leyfi forseta, hér í 2. lið:

„Hver sem er hefur rétt til að senda beiðni til eftirlitsstofnunarinnar um athugun á upplýsingum, sem skráðar eru um viðkomandi einstakling í Schengen-upplýsingakerfinu, svo og á notkun þeirra. Þessi réttur er útfærður í samræmi við innlend lög þess samningsaðila sem fær beiðnina. Hafi annar samningsaðili fært inn viðkomandi upplýsingar fer athugunin fram í náinni samvinnu við eftirlitsstofnun þess samningsaðila."

Einnig hér er vísað í innlend lög. Það er ekkert í samningnum sem kemur í veg fyrir að við getum hert hina innlendu löggjöf til verndar persónuvernd Íslendinga, það er ekkert sem kemur í veg fyrir það.

Þess vegna er það algjörlega óskiljanlegt að meiri hlutinn á Alþingi skuli neita að taka ábendingar okkar úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til athugunar. Mér finnst gjörsamlega óskiljanlegt að gefa einum manni, ríkislögreglustjóra, sjálfdæmi um hvað hann setur inn í grunninn. Verndin sem við setjum fyrir einstaklinginn í formi persónuverndar, þess embættis sem er að verða til, er ekki sterkari en svo að sú stofnun hefur einungis rétt til að koma með ábendingar.

Hvað gerir einstaklingurinn ef hann ætlar að sækja rétt sinn og fá sig færðan úr grunninum ef það er í samræmi við álit persónuverndar? Hann verður að sækja það fyrir dómstólum. Hvað skyldi það kosta að sækja mál fyrir dómstólum? Skyldi það vera yfir eða undir einni milljón? Það er a.m.k. ekki langt undir einni milljón, hefði ég haldið.

Þetta eru þau atriði sem mér finnst ástæða til að taka til endurskoðunar í þessum fylgilögum með Schengen-samkomulaginu áður en við afgreiðum þau frá okkur. Mér finnst það vera grundvallaratriði að við gerum það.

[19:09]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mikið í skýrsluna sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði í en ég tel ekkert nýtt í þeirri skýrslu sem kom ekki fram við meðferð málsins hjá nefndinni. Ég veit ekki betur en að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi farið með allshn. og hv. utanrmn. í Leifsstöð þar sem þessar upplýsingar komu fram. Það er því ekkert nýtt í skýrslunni nema að ég fagna því sem þingmaður Reykjaness að þeir ítreka enn og aftur mikilvægi tvöföldun Reykjanesbrautarinnar. Mér finnst ágætt að hnykkt hafi verið á því á þessari skýrslu.

En burt séð frá því vil ég aðeins útskýra varðandi þau atriði sem hv. þm. kom áðan inn á og það er þá einna helst varðandi kæruleiðir út frá ákvörðun ríkislögreglustjóra, tengdum upplýsingagrunninum, að það þurfa að vera afskaplega veigamiklar ástæður fyrir því að vikið sé frá meginreglu íslenskra laga, sem er sú, byggist á stjórnarskránni, að ráðherra beri ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum. Það er algjör undantekningarregla ef á að víkja frá þeirri meginreglu að kæra beri úrskurði lægra setts stjórnsýsluvalds til æðra setts sem er ráðherra.

Þetta kemur m.a. fram í mjög góðri lesningu í skýrslu forsrh. um starfsskilyrði stjórnvalda sem ég tel vera skyldulesningu og er í rauninni kennsluefni.

Ég ræddi einnig við formann tölvunefndar um þetta mál. En ég sé að tími minn er að verða búinn og mun útskýra það í seinna andsvari mínu.

[19:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert nýtt sem kom fram í skýrslunni, sagði hv. formaður allshn. Ég sé að hv. þm. Ásta Möller nikkar til samþykkis.

Þá spyr ég á móti: Þegar við fáum skýrslu frá stjórnskipaðri nefnd til að gera úttekt á áhrifum Schengen-samkomulagsins á ferðaiðnað á Íslandi, og í skýrslunni kemur fram að þetta valdi ómældu óhagræði og tilkostnaði þá spyr ég: Hver er ábyrgð hv. þm. og hver er ábyrgð hæstv. utanrrh., sem kemur ekki með nokkur einustu rök gegn þeim staðhæfingum sem við fáum í skýrslunni? Síðan er fullyrt að ekkert nýtt komi fram.

Eru menn staðráðnir í að hlusta á engin rök í málinu? Ég hef auglýst og auglýsi enn eftir rökum hæstv. utanrrh. í málinu. Búið er að færa fyrir því rök að þetta samkomulag valdi okkur ómældu óhagræði og tilkostnaði en við fáum ekki rökin á móti um hagnaðinn og kostina sem þessu eiga að fylgja.

[19:13]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að halda áfram með svar mitt sem ég var byrjuð á áðan og það er varðandi kæruleiðirnar í þessu frv. Ég ræddi við formann tölvunefndar, Pál Hreinsson, þann mikla lögspeking. Hann var alveg á þessu sama og ég er í dag, að endanlegt úrskurðarvald verði hjá dómsmrh. enda verði leitað umsagnar til tölvunefndar, væntanlegrar persónuverndar.

Til dæmis hafa Norðmenn sama fyrirkomulag. Umboðsmaður Alþingis hefur bent á og ítrekað þessa meginreglu í íslensku réttarkerfi að ráðherrar beri ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum og hafi endanlegt úrskurðarvald. Það þurfi að vera sérstakar og veigamiklar ástæður fyrir því að víkja frá þeirri grundvallarreglu. Ég skil ekki svona tortryggni endalaust. Það er ekkert sem gefur tilefni til þess að tortryggja þetta, ekki neitt.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson benti einnig á að það væri svo dýrt fyrir viðkomandi að fara með málið fyrir dómstóla. Það er alveg rétt. En það verður hvort sem er, ef maður færi hina leiðina sem hv. þm. er að tala um, að tölvunefndin hafi endanlegt úrskurðarvald. Þó að tölvunefnd úrskurði í málum er stjórnsýslustigið endanlegt úrskurðarvald, það er ekki dómstóll. Eftir sem áður getur viðkomandi farið með málið fyrir dómstóla. Kostnaðurinn verður sá sami eftir sem áður.

Fleira var það ekki, herra forseti.

[19:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stóð í þeirri trú að ef tölvunefnd hefði vald til að koma með bindandi úrskurð þá yrði einstaklingurinn, sem kvartar yfir því að hann hafi hafnað að ósekju inni í grunninum, tekinn út úr honum. (**Gripið fram í:** En ef tölvunefnd neitar?) Það er alveg rétt. „Hvað ef tölvunefnd neitar?“ er spurt, þá þyrfti einstaklingurinn eftir sem áður að fara fyrir dómstóla. En ég hefði haldið að þarna væri komin ákveðin trygging fyrir einstaklinginn. Ég skil ekki hvers vegna fólk og hv. þm. eru ekki tilbúnir að verja eða stuðla betur en sem þessu nemur að persónuvernd í landinu. Ég skil það ekki. Mér finnst það vera mannréttindamál.

Ég veit ekki hve langt menn eiga að ganga í að vitna í það sem fram hefur komið frá tölvunefnd í viðræðum um þetta mál við allshn. Ég man ekki betur, og hef það reyndar staðfest hér í pári mínu, en að fulltrúar tölvunefndar hafi bent á að öryggi og innra eftirlit kerfisins kæmi til með að vera að verulegu leyti í reglugerðum. Þeir sögðu það. Ég man ekki betur en að fram hafi komið gagnrýni á að svo væri. Það er reyndar ekkert nýtt að alþingismenn og aðrir hafi gagnrýnt að reglugerðarvaldið sé einum of mikið.

Síðan kom einnig fram hjá fulltrúum tölvunefndar að þeim þætti öryggi og skipulag óljóst í þessum málum. Þeir óskuðu eftir því að alla vega á einhverju stigi yrði kveðið nánar á um öryggisþáttinn gagnvart persónuverndinni í lögunum. Þegar gengið var eftir því hvort unnt væri að gera það var því svarað til að tölvunefnd hefði hvorki mannskap né fjármuni til slíkra verka. Ég man ekki betur.

[19:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er leitt til þess að vita að fleiri hv. þm. skuli ekki sjá þörf fyrir að sitja í salnum þegar mál af þessu tagi kemur til 3. og síðustu umræðu. Ég ítreka þau orð sem ég hef áður sagt, herra forseti: Það var sorgardagur í þessum sal þegar þáltill. um heimild til ríkisstjórnarinnar um að samþykkja og fullgilda Schengen-samninginn fór hér í gegn.

Ég ítreka það líka, herra forseti, að rökin með því að við gerumst aðilar að þessum samningi eru satt að segja afar fátækleg. Ég átel stjórnvöld fyrir að hafa ekkert gert til að nýta tímann í upplýsingagjöf og kynningu fyrir almenning sem á sannarlega heimtingu og rétt á að fá að vita um hvað hér um ræðir.

Tvö ár eru síðan lögð var fyrir þingið þáltill. sem gerði ráð fyrir að ríkisstjórnin legði fram greinargóðar upplýsingar um hvað þetta kostaði þjóðina, hvað þetta þýddi og hvar rökin með því að gerast aðilar lægju. Sú þáltill. var illu heilli felld. Enn eru afskaplega ótryggar upplýsingar á borðinu er lúta að fjármálum þessa ævintýris alls. Það á ekki síst við um umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. í frv. sem hér er til umfjöllunar, frv. til laga um Schengen-upplýsingakerfið.

Herra forseti. Í öllu þessu máli er stór þversögn. Það er alveg ljóst að persónueftirlit, við það að gerast aðilar að Schengen-samningnum, verður afnumið. Samt sem áður er hin fullyrðingin hávær í umræðunni og kemur á móti, að allt eftirlit verði stóraukið. Í þessu felst þversögn og við eigum auðvitað að velta þessu þannig fyrir okkur að við komumst til botns í málunum.

Ég hef, herra forseti, hlustað á lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli lýsa því hve vel þjálfaðir landamæraverðirnir okkar verði í því að lesa látæði fólks sem kemur til landsins. Ef það vill svo til að það er grunsamlegt en er ekki í upplýsingakerfinu þá ætlar lögreglan að lesa af látæði fólks hvort það er grunsamlegt eða ekki. Þetta er hluti af því stóraukna eftirliti sem verður til staðar. Herra forseti, mér finnst þetta ekki traustvekjandi.

Síðan er eitt enn. Ef út í það yrði farið þá væri meira að segja hægt að hugsa sér að Íslendingar gerðust aðilar að upplýsingakerfi Schengen án þess að samningurinn sjálfur yrði fullgiltur. Ég hefði gjarnan viljað heyra umræðu — það hefur ekki verið rætt í þessum sal við fyrri umræður þessa máls — um hvort það er rétt túlkað að við gætum gerst aðilar að upplýsingakerfinu sem slíku án þess að samningurinn yrði fullgiltur. Það væri ágætt ef hæstv. utanrrh. gæti svarað því og farið um það einhverjum orðum því að það er sannarlega sorglega fátt sem hæstv. utanrrh. hefur sagt um þessi mál hér úr ræðustóli. Það skortir alla umræðu. Hún er sannarlega ekki nægilega djúp eða vitræn til að við getum tekið upplýsta ákvörðun um þetta mál á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, 3. umr.

Stjfrv., 237. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 801, frhnál. 931.

[19:21]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Nefndin ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umr. á hinu háa Alþingi. Við nánari athugun þótti rétt að afnema 10. og 12. gr. frv. eins og og það liggur fyrir og er það tillaga nefndarinnar. Þetta var m.a. gert í samráði við Lögregluskóla ríkisins, ríkislögreglustjóraembættið, Landssamband lögreglumanna og dómsmrn. Rétt þótti að skoða betur hvernig standa ætti að framkvæmd landamæraeftirlits með tilkomu Schengen-samningsins og hverjir ættu að sjá um þá framkvæmd. Ætlunin er að skoða þau mál gaumgæfilega í sumar, hugsanlega í samræmi við endurskoðun á lögreglulögum.

Herra forseti. Því leggur nefndin til þá breytingu að 10. og 12. gr. frv. falli brott.

[19:23]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. formaður allshn. gat um að þessar breytingar hefðu verið unnar í samvinnu við tiltekna aðila, þar á meðal Landssamband lögreglumanna. Ég vænti þess að framhald verði á þeirri samvinnu.

En ég kveð mér hljóðs til að beina spurningum til hæstv. utanrrh. sem hér hefur verið spurður ýmissa spurninga en svarar engu. Í áliti nefndar sem skipuð er af ríkisstjórninni, þ.e. af samgrh., fyrir ári síðan til að gera sérstaka úttekt á Schengen-samstarfinu og áhrifum þess á íslenskt efnahagslíf, ferðaþjónustu og aðra þætti, er mjög hörð gagnrýni og varnaðarorð. Varnaðarorð er kannski ekki rétta hugtakið en gagnrýnin er til staðar. Þar er talað um óhagræði sem af þessu hljótist og aukinn tilkostnað. Að auki er hrakið ýmislegt sem fram hefur komið í umræðunni um það hagræði og

þá kosti sem ríkisstjórnin, þar á meðal hæstv. utanrrh., segir fylgja þessu samstarfi. Aukinn ferðamannastraumur hefur verið nefndur og annað hagræði muni hljótast af Schengen-samkomulaginu. Það er allt hrakið í þessari skýrslu.

Nú þegar við óskum eftir upplýsingum og viðbrögðum við skýrslunni og við þeirri gagnrýni sem við höfum sett fram þá fáum við engin svör. Látum það vera að hæstv. utanrrh. geti ekki svarað af meiri nákvæmni en raun ber vitni um tilkostnaðinn, hvort hann verður 500 milljónir, 1.000 milljónir, 2.000 milljónir, menn vita það einfaldlega ekki. Hitt vita menn að tilkostnaðurinn verður mikill og einnig að óhagræðið verður mikið. Það er staðfest í þeirri skýrslu sem ríkisstjórnin skipaði til að gera sérstaka úttekt á þessu.

Þegar við síðan spyrjum hér á þingi hvers vegna eigi að kalla yfir okkur aukin útgjöld, aukin útgjöld fyrir íslenska skattgreiðendur og aukið óhagræði fyrir ferðaþjónustuna og aðra sem koma til með að tengjast þessu, þá er bara þögn, engu svarað.

Alþingi á annað og betra skilið en þessi viðbrögð.

[19:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef margoft tekið þátt í umræðu hér á hv. Alþingi um þetta Schengen-mál og farið yfir málið á ýmsan hátt. Ég veit ekki hvort allir hv. þm. hafa hlustað á málflutning minn. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta. Skýrslan sem hv. þm. vitnar til breytir engu um skoðun mína í þessu sambandi. Ég tel að hún hreki á engan hátt þann málflutning sem ég hef haft uppi í málinu.

Það er alveg ljóst að í þessu máli sem öðrum eru misjafnar skoðanir. Ég tel að þessi skýrsla taki ekki á málinu í heild sinni. Það hefur mikið verið unnið í þessu máli og mikið af gögnum komið fram. Ég tel að ég hafi svarað því sem fram hefur komið. Auðvitað get ég haft um það mörg orð en ég á ekki von á að það verði til þess að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson verðum sammála um það.

Varðandi spurningu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur áðan, um hvort við getum verið aðilar að upplýsingakerfinu en ekki verið aðilar að Schengen-samningnum, þá svara ég þeirri spurningu hiklaust neitandi. Upplýsingakerfið og aðildin að því er hluti af Schengen-samningnum. Þar af leiðandi verðum við að vera annaðhvort aðilar að þessu samstarfi í heild sinni eða standa utan við það. Ég tel að það sé alveg ljóst.

[19:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að forminu mun þetta hafa átt að vera andsvar við ræðu minni en uppistaðan var andsvar við ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur í málinu á undan.

Í málflutningi sínum hér á Alþingi benti hæstv. utanrrh. á, ef ég man rétt, að af Schengen-samstarfinu hlytist margvíslegt hagræði. Er það ekki rétt munað hjá mér? Þar á meðal er væntanlega hagræði fyrir íslenska ferðaþjónustu. Síðan kemur fram álitsgerð frá stjórnskipaðri nefnd til að gera úttekt á einmitt þessu. Þar kemur fram að af þessu samstarfi hljótist óhagræði og mikill tilkostnaður. Þegar við auglýsum eftir rökum fyrir íslensku þjóðina og íslenska skattborgara til að ráðast í milljarða tilkostnað og taka á okkur slíkt óhagræði þá segir hæstv. utanrrh. stutt og laggott: Ég er einfaldlega ósammála þessu. Þarf ekki að færa einhver rök fyrir áliti af þessu tagi? Ég hefði haldið það.

Ég vil einnig vekja athygli á þeim vinnubrögðum að láta Alþingi, ég segi láta Alþingi samþykkja Schengen-samkomulagið eða ljúka umræðu um það degi áður en mikilvægt gagn í málinu kemur fram, eins og þessi rannsóknarskýrsla um áhrifin á ferðamálaiðnaðinn. Mér finnast þetta ekki boðleg vinnubrögð.

[19:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ýmislegt í þessu nál. sé ekkert sérstaklega rökstutt og þar ýmislegt sagt sem hefði e.t.v. mátt kafa betur ofan í en ég ætla að láta það liggja á milli hluta. Ég tel að við sem höfum borið málið fram höfum rökstutt það með margvíslegum rökum, ræðum á Alþingi, með skýrslum, og þingmenn hafa haft aðgang að öllum þeim skjölum.

Ég hef líka sagt í þessu sambandi að þegar upp er staðið er þetta mál fyrst og fremst pólitísks eðlis, hvar við viljum standa og með hverjum við viljum starfa og það hef ég margoft ítrekað.

Ég er þeirrar skoðunar að af þessu máli hljótist til lengri tíma litið margvíslegt hagræði fyrir íslenska þjóð og gefi okkur tækifæri til að taka þátt í þessu samstarfi um langa framtíð og viðhalda þeim nánu samskiptum sem við höfum haft við hin Norðurlöndin á ýmsum sviðum. Það er aðalatriði málsins og um það er ekkert fjallað í skýrslunni enda var ekki ætlunin að nefndin gerði það.

Ég vil ítreka að endanleg niðurstaða mín í þessu máli og það sem ræður ákvörðun minni og væntanlega flestra annarra hv. þm. er pólitísks eðlis. Ég vona að hv. þm. skilji það og virði þá afstöðu.

[19:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Margt órökstutt í þessu máli, segir hæstv. utanrrh. Er það órökstutt að benda á að við þurfum að setja upp 14 landamærahlið sem sennilega verði 22? Að líklegt sé að flöskuhálsar myndist, er það órökstutt? Þvert á móti, í stuttu máli eru settar fram ýmsar rökstuddar fullyrðingar.

Þetta er pólitísk ákvörðun, segir hæstv. utanrrh. Ég virði það alveg ef honum finnst það vera þessarar pólitísku skoðunar virði að steypa Íslendingum út í þennan kostnað upp á sennilega milljarða og kalla yfir okkur þetta óhagræði vegna pólitísks ásetnings um að tengjast betur Evrópusambandinu. Ég vil benda á að menn hafa líka rætt um pólitík í Bretlandi. Þar hafa menn tekið aðra afstöðu og hafa ekki gengist undir Schengen-samkomulagið enda þótt þeir séu innan Evrópusamstarfsins.

Þess vegna finnst mér vægast sagt svolítið undarlegt af hálfu hæstv. utanrrh. og þeirra sem tala fyrir þessu máli að gæta ekki betur en raun ber vitni hagsmuna Íslendinga, að horfa á hagsmuni íslenskra skattborgara, að hafa í huga og verja hagsmuni íslenskrar ferðaþjónustu. Þess vegna fagnaði ég því á sínum tíma þegar ég frétti að verið væri að gera athugun og úttekt á þessum málum út frá sjónarhóli þessara aðila.

Þegar úttektin og rannsóknarskýrslan liggur á borðinu er hún hins vegar að engu höfð. Okkur kemur þetta ekki við, segja menn, við erum í pólitík hérna.

[19:34]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hefur komið fram í máli hæstv. utanrrh. að það eru skiptar skoðanir um Schengen, þetta er pólitískt mál. Við höfum þurft að vega bæði kosti og galla Schengen-aðildar.

Í títtnefndri skýrsla, sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnar í sífellu í, eru bæði jákvæðir og neikvæðir þættir dregnir fram. Hún er enginn dómur, hún er enginn endanlegur dómur yfir kostum og göllum Schengen-aðildar. Þar er margt tekið inn í. Þetta eru að vissu leyti ákveðnar hugleiðingar nefndarmanna um hvaða áhrif Schengen-aðild hafi á ferðaþjónustuna. Þar er tekið inn í m.a. stækkun á flugstöðinni. En þeir taka líka fram að stækkunin á flugstöðinni sé ekkert aðallega út af Schengen heldur út af auknum ferðamannafjölda til Íslands út af þörfinni sem er fyrir því að stækka flugstöðina.

Ég vil með leyfi forseta fá að vitna aðeins í þessa skýrslu. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Schengen-aðild felur í sér breytingu á útgáfu vegabréfsáritunar til Íslands því taka verður upp samræmdar vegabréfsáritanir fyrir allt Schengen-svæðið. Lagt verður niður núverandi kerfi þeirra ræðismanna Íslands sem hafa haft heimildir til útgáfu vegabréfsáritana því eingöngu verður hægt að gefa út vegabréfsáritanir í sendiráðum aðildarþjóðanna. Þetta þýðir að Ísland hefur gert samninga um að sendiráð Norðurlandanna sjái um þessar vegabréfaáritanir til Íslands."

Síðan segir að hér geti verið á ferðinni jákvæð heildaráhrif fyrir íslenska ferðaþjónustu:

„Nefndin hefur rætt þetta atriði ítarlega og komist að þeirri niðurstöðu að hér sé á ferðinni þáttur sem hljóti að hafa jákvæð áhrif á ferðamannastrauminn til Íslands í framtíðinni. Hér eru möguleikar sem ferðaþjónustan verður að nýta sér."

[19:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera sitthvað jákvætt sem fylgir þessu, t.d. varðandi útgáfu vegabréfa í ræðismannsskrifstofum, ég skal ekki fella dóma um það. En það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að það eru skiptar skoðanir um Schengen og sú skýrsla sem hér hefur verið gerð að umræðuefni er enginn dómur, það er alveg rétt. Skýrslan setur fram rök með og á móti. Þetta er einnig rétt hjá hv. þm.

En þetta er grundvöllurinn sem við eigum síðan að nýta okkur til að ræða málin á og skiptast á skoðunum, upplýstum skoðunum. Ég hef gagnrýnt að skýrslan skuli koma fram daginn eftir að umræðu lýkur um þetta mikilvæga mál. Það finnst mér vera gagnrýniverð vinnubrögð í hæsta máta.

[19:37]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að það er ekkert nýtt í skýrslunni. Öll þessi sjónarmið komu fram á fundi allshn. og utanrmn. í Leifsstöð sem mér skilst að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi ekki verið á. Þar komu þessi sjónarmið öll fram þannig að það er ekkert nýtt í þessu máli.

[19:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Bara til að halda staðreyndum til haga þá er rétt að ég var ekki á fundinum í Leifsstöð. Ég er fastafulltrúi í efh.- og viðskn. þingsins sem sat fund á þessum tíma en ég er áheyrnarfulltrúi í allshn. En hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Steingrímur J. Sigfússon voru á fundinum. Við höfum rætt skýrsluna og það er mat okkar að þær upplýsingar sem þarna koma fram séu sumar nýjar.

Það kann vel að vera að það sé ekkert nýtt að af þessu Schengen-samkomulagi hljótist óhagræði eða af því hljótist aukinn tilkostnaður. Það sem er nýtt í málinu er að rannsóknarnefnd á vegum ríkisstjórnarinnar skuli segja það og staðhæfa það í skýrslu sem hún færir ríkisstjórninni. Það er nýtt.

[19:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Ég vil vekja athygli á þeim atriðum sem hafa komið fram, bæði í lögunum og í þessum frv. og í þeim umræðum sem hafa verið.

Í fyrsta lagi liggur ljóst fyrir að fyrir ferðaþjónustu á Íslandi er ekki sýnilegur beinn ávinningur. Á sumum sviðum má vænta ávinnings en á öðrum má vænta þess að ekki verði ávinningur.

Það er líka vitað að þetta muni verða verulega kostnaðarsamt bæði rekstrinn á eftirlitskerfinu og þessu samstarfi. Einnig verður stofnkostnaður svo skiptir milljörðum kr. hér á Keflavíkurflugvelli til að uppfylla þau ákvæði sem þar er um að ræða. Reyndar er sá kostnaður ekki ljós, hvorki varðandi rekstur þessa samstarfs né stofnkostnað sem hlýst beint af því. Ég ítreka að það hlýtur að vera áhyggjuefni þegar svo stórt mál er kynnt með þeim hætti.

Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, og ekki síst í framhaldi af ágætri ábendingu hv. þm. Þorgerðar Gunnarsdóttur, þegar hún lagði áherslu á tvöföldun Reykjanesbrautarinnar í umræðunni um Schengen-málið. Ég tek alveg undir það með hv. þm. að samgöngur bæði á Reykjanesbrautinni og fyrsti hluti Vesturlandsvegar er orðinn sprunginn og mundi þurfa aðgerða við. Ég taldi reyndar að það hefði verið óskynsamlegt við afgreiðslu fjárlaga núna í haust og í þeim efnahagsaðgerðum sem ríkisstjórnin var með þá að velja þann kost að fresta framkvæmdum við samgöngumannvirki á höfuðborgarsvæðinu. Það hefði alveg eins mátt finna aðra leið til að fresta framkvæmdum og miklum fjárútlátum. Þar á meðal hefði verið skynsamlegra að mínu áliti að hætta við þennan mikla fjáraustur sem er fyrirsjáanlegur í kringum Schengen-samstarfið og flugstöðina að þarflausu og leggja það fjármagn heldur til þess að styrkja samgöngurnar út frá Reykjavík. Þetta hefði verið miklu skynsamlegri ráðstöfun. Ég harma það þegar ríkisstjórn fær stuðning við svo skammsýnar sparnaðaraðgerðir eins og hún er þar að leggja fram annars vegar og hins vegar óskynsamlegrar fjárfestingar sem hún er að leggja í í kringum þetta Schengen-samstarf.

Það er á nákvæmlega sama svæðinu sem þetta val er að fara fram. Það er alveg sama þó að hæstv. ráðherra segi að þetta sé pólitísk ákvörðun og við virðum hana sem slíka. Hitt er líka pólitísk ákvörðun að verja fjármagninu með þessum hætti þó að um leið verði aðrar framkvæmdir að vera á hakanum. Ég er viss um það, herra forseti, að góð samgöngumannvirki út frá Reykjavík væri mun jákvæðara fyrir ferðaþjónustuna í landinu en það að fjárfesta í þessu Schengen-samstarfi. Ég er sannfærður um það og það er pólitísk skoðun mín og vissa.

Ég deili fyllilega áhyggjum og áherslum íbúa þessa svæðis hér og tel að þeir hefðu átt að hafa meiri áhrif á gælu- og geðþóttaákvarðanir um val á fjárfestingum og gæluverkefnum sem þjóna ekki beint hagsmunum ríkisins — þar virðast aðrir mikilvægari.

Ég vil líka spyrja um varðandi atriði sem kemur fram í skýrslunni um áhrif Schengen-samstarfsins á ferðaþjónustuna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Schengen-aðild felur í sér breytingu á útgáfu vegabréfsáritana til Íslands því taka verður upp samræmdar vegabréfsáritanir fyrir allt Schengen-svæðið. Lagt verður niður núverandi kerfi þeirra ræðismanna Íslands sem hafa haft heimildir til útgáfu vegabréfsáritana því eingöngu verður hægt að gefa út vegabréfsáritanir í sendiráðum aðildarþjóðanna. Þetta þýðir að Ísland hefur gert samninga um að sendiráð Norðurlandanna (í flestum tilvikum Danmörk og hugsanlega eitt annað Schengen-ríki þar sem ekki eru norræn sendiráð), geti veitt ríkisborgurum utan Schengen-svæðisins í þessum sendiráðum (þar sem ekki er íslenskt sendiráð) vegabréfsáritanir til Íslands."

Ég leyfi mér að spyrja: Er þá ekki hægt að fá áritanir í íslenskum sendiráðum? Verður að fara í háttvirt sendiráð Danmerkur? Væri ekki hægt að fara í íslensk sendiráð til að fá sér vegabréfsáritanir? Þær tengingar sem verið hafa við bæði sendiráðin og ræðismennina og hafa haft mikla þýðingu fyrir samstarf Íslands og tengsl út um lönd, verða þær rofnar í gegnum þessa aðgerð?

Mér finnst þarna ekki aðeins um sjálfstæðisskerðingu að ræða heldur líka um verulegt óhagræði að ræða. Ég tel að þarna sé verið að skera á tengsl sem hefð er fyrir og hafa verið til styrktar.

Ég vil líka, herra forseti, vekja athygli á því að með Schengen-samstarfinu, með því að byggja það upp eins og hér er lagt til, mun nánast öll utanlandsflugumferð fara í gegnum Keflavíkurflugvöll. Það mun vera krafan. Þar mun vera aðstaða til að halda fólki hæfilega aðskildu og krafa um að uppfylla þær öryggiskröfur og öryggisskyldur að geta horft djúpt í augun á þeim sem koma til þess að sjá hvort þeir séu hættulegir eða ekki. Það mun þá jafnframt þýða að flugvellir úti um land, á Egilsstöðum, Akureyri, Sauðárkróki og hvar annars staðar sem við vildum styrkja reglulegt millilandaflug með farþega og vörur, millilendingaflug, munu hafa stórlega skerta möguleika með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

Herra forseti. Ég tel þá pólitísku ákvörðun sem við fjöllum hér um vera skammsýna. Ég tel hana þrengja hag Íslands bæði inn á við og út á við. Hún þrengir að hagsmunum Íslands bæði til skemmri en þó sérstaklega til lengri tíma og er því að mínu viti afar óráðleg.

[19:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tel að því fé sem verja á í aðild Íslendinga að Schengen-samkomulaginu væri betur varið í aðra hluti. Ég vil t.d. nefna, eftir umræður sem hafa átt sér stað hér á landi og hér á hinu háa Alþingi um að fátækt íslensku þjóðarinnar fari vaxandi með hverju árinu sem líður, að við höfum ótal verkefni hér innanlands sem skiptir okkur máli að verði leyst.

Við höfum rætt um stöðu sjúklinga, geðsjúkra t.d. Þar er verðugt verkefni sem útheimtir hundruð milljóna ef vel á að standa að verki. Heilbrigðiskerfi okkar er stöðugt á brauðfótum. Þangað vantar fé. Okkur vantar fé í velferðarkerfið okkar. Það eru ótal mál hér innan lands sem þurfa á fjármagni að halda.

Ávinningurinn af þeim milljörðum sem fara í Schengen-aðildina okkar hefur ekki verið tíundaður hér í þingsölum. Herra forseti, það er þyngra en tárum taki að mál af þessu tagi skuli ekki fá meiri umræðu og efnislega umfjöllun hér í þinginu en raun ber vitni. Eini stjórnmálaflokkurinn sem stendur hér í pontu og andæfir eitthvað heitir Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Í salnum sitja núna tveir stjórnarliðar og hlusta á málflutning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli þegar málið er komið til lokaafgreiðslu.

Herra forseti. Ég sé ekki nauðsyni þess og hef ekkert heyrt í málflutningi stjórnarliða hér í þinginu að landamæri Íslendinga þurfi að vera eins og Schengen-samkomulagið gerir ráð fyrir. Ég verð að segja að ég tel hin náttúrulegu landamæri Íslands vera einhver bestu landamæri sem nokkur þjóð getur búið við. Ég sé þess vegna ekki ástæðuna fyrir því að við gerumst hlið í norðvestri fyrir Schengen-svæðið.

Herra forseti. Það væri gaman að spyrja fylgismenn aðildarinnar hvort þeir telji það til farsældar fyrir íslenskt samfélag að landamæri okkar verði flutt suður á Spán t.d., austur fyrir Þýskaland eða suður fyrir Tyrkland ef því er að skipta. Auðvitað á Evrópusambandið eftir að stækka og ytri mörkin eiga eftir að færast enn lengra út. Við vitum að það sem er til innan Schengen-svæðisins í dag kemur til með að verða til á Íslandi eftirlitslaust þegar við erum orðin aðilar. Ég bendi á það sem hefur reyndar verið bent á í þessari umræðu oftar en einu sinni áður, að þau lönd sem nú þegar hafa samþykkt fíkniefni, ákveðna tegund fíkniefna til eigin nota fólks, eru innan Schengen-svæðisins — ein sex, ef ég man rétt, herra forseti. Það sem má í þeim Schengen-löndum verður eftirlitslaust á Íslandi því að farþegar geta gengið eftirlitslausir án vegabréfs inn í Schengen-ríkið Ísland.

Þannig verð ég enn að segja að rökin sem hér hafa verið tíunduð frá fylgjendum aðildar að Schengen-svæðinu hafa ekki verið nægilega sterk. Ég spyr, herra forseti: Er ekki ljóst að mörg þeirra vandamála sem við reynum að bægja frá okkar landi og þjóðfélagi eru nú þegar til staðar innan Schengen-svæðisins? Þegar við höfum slegið skjaldborg um landið okkar og gert það að inngönguhliði á Schengen-svæðið, erum við ekki þar með komin með vandamál Schengen-svæðisins inn á gafl hjá okkur? Værum við ekki að auðvelda fjölþjóðlegum glæpamönnum að hreyfa sig innan Íslands eins og þeim virðist hafa verið auðveldað að hreyfa sig innan Schengen-svæðisins innan Evrópusambandsins?

Ég vil ítreka hvað gerist ef Íslendingar verða nú aðilar að Evrópusambandinu og tollabandalagið verður lagt niður. Hingað til hefur verið horft til þess að tollabandalagið geri okkur kleift að fylgjast með varningi á þeim nótum sem við teljum nauðsynlegt öryggis okkar vegna. En nú stefnir í það, ef Framsfl. fær að ráða, að Ísland komist með báða fætur inn fyrir aðild að Evrópusambandinu og hvar stöndum við þá?

Nei, herra forseti, ég sakna umræðu hér úr þingsölum. Ég leyfi mér að hvetja til þess að við notum okkar dýrmæta fé til annarra hluta en hér er gert ráð fyrir. Ég hvet til að við notum peninga okkar til að hlúa að því sem við eigum og leysa okkar vandamál í stað þess að kaupa okkur aðild að vandamálum annarra með ófyrirséðum afleiðingum.

[19:53]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að gera örstutta athugasemd við málflutning hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur varðandi dæmið sem hún tók um einstaklinginn í Hollandi sem gengur með fíkniefni á sér út af því að það er leyfilegt þar.

Hér eftir sem áður verða sömu reglur um tollskyldu. Innan ríkisins Íslands er refsivert að koma inn í landið með fíkniefni. Það verður áfram refsivert. Vonandi verða refsingarnar jafnvel hertar einhvern daginn og enn frekara eftirlit haft með fíkniefnum.

En tolleftirlitið breytist ekki. Það virðist oft vera einhver misskilningur í gangi varðandi Schengen-samninginn, að menn geti komið hingað án þess að eitt eða neitt sé skoðað. Það er stranglega og verður stranglega bannað að flytja inn og neyta fíkniefna hér á landi.

[19:55]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni að tollamálin yrðu óbreytt. Við vitum það og það hefur verið tíundað. En ég vakti máls á því hvað gerist síðan ef við stefnum hraðbyri inn í Evrópusambandið. Þá erum við um leið búin að leggja niður tollamúrana og þar með eftirlit sem við reynum þó að státa af í dag að haldist óbreytt.

En ég sé ekki annað en að við komum til með að eiga í auknum erfiðleikum út af því frelsi sem þó ríkir í ákveðnum löndum gagnvart fíkniefnum. Ég sé ekki annað en að við komum til með að lenda í auknum vandamálum hér með því að vegabréfaeftirlitið minnkar. Einstaklingur sem hefur ekki verið á sakaskrá í neinu af þessum löndum og er þar af leiðandi ekki í gagnagrunni Schengen-svæðisins eða upplýsingakerfinu er ekki stoppaður á landamærum Íslands ef hann kemur frá öðru Schengen-landi.

[19:57]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hann er ekki endilega stoppaður hjá landamæravörðunum, það er rétt. En hann getur verið stoppaður í tollinum.

Þar fyrir utan gerir Schengen-samningurinn einmitt ráð fyrir því að samvinna lögreglu í allri Evrópu verði efld og styrkt til mikilla muna. Til þess eru ýmsar ráðstafanir gerðar í tengslum við Schengen-samninginn, m.a. SIS-upplýsingakerfið og frv. sem við erum að fjalla um hér. Það er verið að efla samvinnu lögreglunnar í Evrópu, og var kominn tími til.

Ég vil ítreka að viðkomandi getur gengið óáreittur í gegnum landamæraeftirlitið en hann verður eftir sem áður stoppaður í tollinum.

[19:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Að lokum vil ég aðeins taka fram að hér eru stór ágreiningsmál á ferðinni. Hér hefur verið bent á ákveðnar hættur. En lokaorðin í þessu máli frá minni hálfu eru að ég sé ekki annað en að hægt hefði verið að auka allt samstarf milli lögregluyfirvalda, jafnvel að Íslendingar gerðust ekki aðilar að Schengen-samningnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörumerki, 2. umr.

Stjfrv., 370. mál. — Þskj. 626, nál. 842.

[19:58]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörmerki, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnaðarráðuneyti, Borghildi Erlingsdóttur frá Einkaleyfastofunni og Ólaf Ragnarsson og Örn Þór frá Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa. Þá bárust umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, dómsmálaráðuneytinu og laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Megintilgangur frv. er að greiða úr réttaróvissu sem skapast hefur í kjölfar úrskurðar héraðsdóms Reykjavíkur frá 15. nóvember 1999 þar sem máli íslensks aðila á hendur erlendum eiganda vörumerkis var vísað frá dómi á þeim forsendum að lagaheimild skorti til að reka málið fyrir íslenskum dómstóli. Ekki var fallist á að höfða mætti mál á hendur merkiseiganda á varnarþingi umboðsmanns hans skv. 35. gr. vörumerkjalaga, nr. 45/1997.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að í málum sem rekin eru samkvæmt vörumerkjalögum skuli varnarþing erlends eiganda vörumerkis vera í Reykjavík. Sambærilegt ákvæði var að finna í eldri vörumerkjalögum, nr. 47/1968. Með hliðsjón af því og áðurgreindum úrskurði héraðsdóms lítur nefndin svo á að brýnt sé að setja slíkt ákvæði í gildandi lög. Til samræmis við önnur ákvæði gildandi vörumerkjalaga, þar á meðal 35. gr. sem frumvarpinu er ætlað að auka við, virðist hins vegar eðlilegt að tala um eiganda vörumerkis í stað umsækjenda og eigenda skráninga og gerir nefndin því breytingartillögu þess efnis.

Nefndin telur æskilegt að fella brott 4. mgr. 42. gr. vörumerkjalaga í því skyni að ekki þurfi að gefa út ákæru til að banna notkun vörumerkis, sem og að veita ráðherra ótvíræða heimild til að ákveða gjald fyrir áfrýjun í vörumerkjamálum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

Við 1. gr. Í stað orðanna „Umsækjendur og eigendur skráninga, sem hafa ekki lögheimili hér á landi, teljast" komi: Eigandi vörumerkis, sem hefur ekki lögheimili hér á landi, telst.

Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita nefndarmenn iðnn. Hjálmar Árnason formaður, Guðjón Guðmundsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni R. Árnason, Pétur H. Blöndal og Árni Steinar Jóhannsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 2. umr.

Stjfrv., 289. mál (stimpilgjald). — Þskj. 471, nál. 907 og 952.

[20:02]

Frsm. meiri hluta samgn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir hönd meiri hluta samgn. fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund m.a. Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti. Nefndin sendi ýmsum aðilum málið til umsagnar og bárust frá umsagnir frá Verslunarráði Íslands, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Landssíma Íslands hf. og Seðlabanka Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að undanþága frá greiðslu stimpilgjalda af útgefnum hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. og Íslandspósti hf. verði afnumin. Er það eðlilegt þar sem starfsemi þeirra er nú á samkeppnismarkaði.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta meirihlutaálit samgn. rita Árni Johnsen formaður, Hjálmar Árnason, Jón Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson og Kristján L. Möller.

[20:03]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar felur í sér að fella niður stimpilgjöld af hlutabréfum þeirra hlutafélaga sem höfðu verið stofnuð á grundvelli þeirra laga.

Í lögum um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, nr. 103/1996, segir í lok 2. mgr. 4. gr.: „Hlutabréf, sem gefið verður út í tengslum við stofnun félagsins eða skiptingu þess samkvæmt niðurlagsákvæði í 2. mgr. 2. gr. skal undanþegið stimpilgjöldum."

Fram kom við umræðu um þetta frv. að tilgangurinn væri að stofna hlutafélag um reksturinn. Þetta væri bara formsatriði til þess að auðvelda fyrirtækinu að takast á við verkefni sín. Og það kom einmitt skýrt fram í umræðunni að ekki stæði til að selja fyrirtækið.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 2. gr. þessara sömu laga hafa nú verið stofnuð tvö hlutafélög, Landssími Íslands hf. og Íslandspóstur hf. Ekki verður séð að síðan þá hafi nokkuð gerst sem ekki var fyrirséð við setningu laganna árið 1996 og því er ekki sérstök ástæða nú fremur en þá til að innheimta stimpilgjöld af viðkomandi hlutabréfum sem eru að fullu í eigu ríkisins. Miðað við óbreytt eignarform, þjónustuskyldur og kvaðir gagnvart landsmönnum öllum, óháð búsetu og stöðu í þjóðfélaginu, er ekki nú frekar en við setningu laganna 1996 sérstök ástæða til að ríkið innheimti þessi gjöld. Þessi gjöld mundu hvort sem er bara renna til ríkisins og allur arður af hlutafélögunum rennur til ríkissjóðs.

Skýrt kom fram við setningu laganna að ekki stæði til að setja hlutabréf Pósts og síma hf. á markað eða selja fyrirtækin sem stofnuð væru á grundvelli þeirra. Eigi hins vegar að selja Landssíma Íslands hf. eða Íslandspóst hf. að hluta eða öllu leyti er þessi lagabreyting vafalaust nauðsynleg. Eina sýnilega ástæðan með þessu frumvarpi er að búa í haginn fyrir sölu fyrirtækjanna. Sé svo hefðu þær ástæður einfaldlega átt að koma fram í greinargerð með frumvarpinu.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs er andvígur öllum tilburðum stjórnvalda sem lúta að sölu og einkavæðingu þessara mikilvægu þjónustustofnana almennings og því styður minni hlutinn ekki frumvarpið. Hann styður ekki að fella niður stimpilgjöld af hlutabréfunum. Hann telur enga ástæðu til þess nú frekar en þegar hlutafélögin voru stofnuð að gera það. Ef þetta er liður í að selja eða einkavæða þessi þjónustufyrirtæki, þá varar hann við þeirri þróun og er andvígur henni.

[20:07]

Frsm. meiri hluta samgn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla einungis að ítreka þá ósk mína og von að ríkisstjórnin láti verða af því að selja Landssímann sem fyrst og helst Íslandspóst líka. Greinargerðin út af fyrir sig gerir ekki útslagið um ákvörðun um slíka sölu, en eins og ég segi, ég ætla rétt að vona að ríkisstjórnin beri þá gæfu að selja Landssímann sem fyrst.

[20:07]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að ríkisstjórnin beri þá gæfu að gera það ekki. Ég vona að ríkisstjórnin virði svo skyldu sína gagnvart landsmönnum öllum hvar sem þeir búa á landinu varðandi aðgang að þjónustu síma og pósts, að þeir selji ekki þá þjónustu á markaði.

En ef þetta voru rökin fyrir þessum breytingum þá hefðu þau hreinlega átt að koma fram en ekki að vera að sigla undir fölsku flaggi eða láta að því liggja með því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 821.

[20:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í frv. því sem ég mæli hér fyrir er lagt til að vörugjald verði fellt niður af tilteknum vörum og að fjárhæð gjaldsins verði breytt af öðrum vörum.

Markmiðið með þeim breytingum sem lagðar eru til er annars vegar að létta vörugjaldi af ýmsum vörum sem nýttar eru í iðnaði og hins vegar að auka samræmi í gjaldtöku af svipuðum eða sambærilegum vörum.

Í frv. er í fyrsta lagi lagt til að 15% vörugjald verði fellt niður af ýmsum rafmagnsvörum sem flokkast í vöruliði 8535-8538 í tollskrá. Nánar tiltekið er hér um að ræða ýmiss konar raftækjabúnað sem að verulegu leyti er nýttur í iðnaði, svo sem rafmagnstöflur, öryggisrofa, kveikjara og rafmagnstengla. Æskilegt er að vörugjaldinu verði aflétt af slíkum iðnaðarvörum í áföngum, eftir því sem staða ríkissjóðs veitir svigrúm til á hverjum tíma. Í frv. er lagt til að skref verði stigið í þá átt með niðurfellingu vörugjalds af fyrrgreindum rafmagnsvörum og létt undir með þeirri starfsemi sem hefur að miklu leyti búið við það í dag að þurfa að sækja um endurgreiðslur á þessu vörugjaldi sem kallað hefur á heilmikinn kostnað bæði hjá atvinnurekstrinum og því opinbera.

Í öðru lagi er lagt til að vörugjald verði fellt niður af vörugjaldsskyldu snakki, poppkorni, salthnetum, saltkexi og saltstöngum. Vörugjald af þessum vörum er ýmist 10, 20 eða 40 kr. á hvert kílógramm vörunnar. Ástæðan fyrir því að þessi breyting er lögð til er sú að misræmis þykir gæta í álagningu vörugjalds á snakk og sambærilegar vörur þar sem sumar (**ÖJ:** ... poppkorn í jeppunum.) tegundir bera vörugjald en aðrar ekki. Slíkt misræmi getur leitt til röskunar á samkeppni við markaðssetningu og sölu á vörum sem eru í beinni samkeppni innbyrðis um hylli neytenda. Heppilegast þykir að gjaldtaka af þessum hlutum verði að öllu leyti felld niður og því er þessi breyting lögð til.

Í þriðja lagi er lagt til að fjárhæð vörugjalds af kakói og vörum framleiddum úr því verði samræmd. Í dag er þar ósamræmi. Kakóduft og vörur framleiddar úr kakói bera að jafnaði vörugjald og er gjaldið í langflestum tilvikum 60 kr./kg. Á einstaka vörur er gjaldið lægra eða 15 kr./kg og má þar einkum nefna drykkjarvöruefni sem ætluð eru til framleiðslu á kakómalti með íblöndun í vatn. Lagt er til að gjaldtakan verði samræmd þannig að gjaldið verði 60 kr./kg. Með þeirri breytingu er gjaldtaka samræmd af vörum

sem eru svipaðar að efnisinnihaldi og í samkeppni um hylli neytenda.

Ástæða þess að ekki er lagt til að vörugjaldið verði samræmt með því að lækka gjaldið af öllum vörum úr 60 kr. í 15 kr. er sú að mun fleiri vörutegundir bera hærra gjaldið og yrði tekjutap ríkissjóðs af slíkri gjaldbreytingu umtalsvert og mun meira en sem nemur tekjuauka ríkissjóðs af þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Í fjórða lagi er lagt til að fellt verði niður 15% vörugjald af hjólbörum. Af hálfu hagsmunasamtaka iðnaðarins hefur um árabil verið lögð áhersla á að vörugjald verði fellt niður af þessum tækjum og þar sem staða ríkissjóðs þykir gefa svigrúm til slíkrar breytingar er hún lögð hér til.

Í fimmta lagi er lagt til að vörugjald verði fellt niður af marmara og öðrum steini sem ætlaður er til framleiðslu, svo sem legsteinagerðar. Ástæða þessa er hin sama og um síðasta atriðið sem ég nefndi. Hagsmunasamtök iðnaðarins hafa lagt ríka áherslu á niðurfellingu vörugjalds af þessari vöru og telja hana til þess fallna að efla innlendan iðnað.

Loks er í sjötta lagi lagt til í frv. að 25% vörugjald verði fellt niður af þeim vopnum og skotfærum sem enn bera vörugjald. Með lögum nr. 89/1998 var vörugjald fellt niður af ýmsum skotvopnum og skotfærum sem einkum eru notuð til veiða. Nokkrar tegundir slíkra vopna bera þó enn vörugjald. Lagt er til að vörugjaldið verði fellt niður af þeim vopnum sem enn bera slíkt gjald þar sem um er að ræða vörur sem einkum eru ætlaðar til íþróttaskotfimi og þykir eðlilegt að vörugjald af þeim verði fellt niður á sama hátt og af rifflum og öðrum skotvopnum og skotfærum sem notuð eru við veiðar.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er áætlað að tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga verði á annað hundrað millj. kr. þó auðvitað sé mjög erfitt að meta slíkt tekjutap, eins og í öðrum sambærilegum málum, en þetta miðast við óbreytta sölu á þessum varningi.

Hér er um að ræða tvenns konar mál, herra forseti, annars vegar ívilnun gagnvart þeim atvinnurekstri sem enn ber vörugjöld, sérstaklega í rafmagnsiðnaðinum, og hins vegar samræmingu á hinum ýmsu neysluvörum sem bera vörugjöld en hafa ekki enn verið samræmd.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[20:13]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál, enda fæ ég það til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. En ég verð að segja, herra forseti, að þegar hæstv. fjmrh. kemur hér næstum dag eftir dag og mælir fyrir lækkun á sköttum gæti maður haldið að staða ríkissjóðs væri mjög góð og allt í blóma í efnahagslífinu, en við erum að tala um 150 millj. kr. sem ákvæði þessa frv. kosta.

Nú skal ég ekki draga í efa að það getur verið hið besta mál að fella niður vörugjald af rafmagnsvörum, hjólbörum, kakói, poppkorni, salthnetum og vopnum eins og hér er lagt til, en ég hélt satt að segja að við værum núna í þeirri stöðu í efnahagsumhverfinu að ekki væri tímabært að gera þetta eins og nú stendur á í efnahagsmálunum og minni ég þar á aðvaranir sem komu fram hjá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun sem við fórum yfir í gær og ætla ég ekki að endurtaka hér.

En í grg. með frv. stendur:

„Enda þótt vörugjaldslögin kveði á um heimild innlendra framleiðenda til að fá vörugjald fellt niður af vörum sem notaðar eru sem efnivara í framleiðslu er að mati fjármálaráðuneytisins æskilegt að vörugjaldi verði aflétt af slíkum iðnaðarvörum í áföngum, eftir því sem staða ríkissjóðs veitir svigrúm til."

Í framhaldi af þessu má spyrja: Af hverju er þetta endilega valið og hvað stendur þá út af í þessum efnum? Þarna er bætt við, herra forseti: „eftir því sem staða ríkissjóðs veitir svigrúm til". Hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin meta það greinilega svo að tímabært sé að fara í þessar skattalækkanir og það er athyglisvert að ríkissjóður hafi svigrúm til þess miðað við mikinn viðskiptahalla og þensluna í þjóðfélaginu. Að öðru leyti mun ég auðvitað skoða þetta mál vel í efh.- og viðskn. og fá mat sérfræðinga á þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 547. mál. — Þskj. 849.

[20:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Á hverju þingi eru gerðar nokkrar almennar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ég mæli hér í dag fyrir frv. til laga um breytingu á þeim lögum. Í þessu frv. er að finna tillögur um ýmsar breytingar á grundvallarlögunum um tekjuskatt og eignarskatt en í aðalatriðum má skipta þessum breytingum í þrennt. Í fyrsta lagi er hér fjallað um skattlagningu tekna sem myndast vegna kaupa á hlutabréfum samkvæmt svokölluðum kauprétti. Í öðru lagi eru breytingar á skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalda og í þriðja lagi er breyting á nýtingu hlutabréfaafsláttar í þá veru að lagt er til að hún nái einnig til erlendra hlutabréfa. Að auki eru lagðar til nokkrar smærri breytingar sem lúta einkum að framkvæmd laganna. Breytingarnar eru í aðalatriðum þessar, herra forseti:

Í frv. er að finna ný ákvæði um skattlagningu tekna á svokölluðum kaupréttarsamningum, en það hugtak er notað um kaup starfsmanna á hlutabréfum í fyrirtækjum sem þeir vinna hjá. Kaupréttur sem hluti launakjara hefur verið að ryðja sér til rúms hér á landi undanfarin missiri og hefur það fyrirkomulag þann mikilvæga kost að veita æ fleiri launamönnum beina hlutdeild í atvinnurekstri og myndar að auki hollustutengsl sem talin eru skipta máli í þessu sambandi. Í gildandi lögum er ekki sérstaklega kveðið á um skattlagningu slíkra tekna heldur er litið svo á að þær falli undir almenna reglu sem er að finna í 7. gr. laganna um starfstengdar greiðslur.

Skortur á skýrum lagaákvæðum hefur í vissum tilvikum leitt til vandkvæða um upptöku kaupréttarkerfis hér á landi og því er lagt til í frv. að tekin verði af tvímæli um hvernig skattskyldu þessara tekna skuli háttað og þessum málum komið í fastan farveg. Við samningu frv. var þess gætt að reglurnar yrðu einfaldar og skýrar og tækju einkum mið af útfærslu reglna í þeim löndum sem hafa mesta reynslu á þessu sviði, svo sem Bandaríkjunum og Bretlandi.

Lagt er til að tvenns konar reglur gildi um skattlagningu þessara tekna. Annars vegar meginregla, aðalregla, og hins vegar sérregla.

Í meginreglunni felst að til skattskyldra tekna teljist mismunur á gangverði þegar kaupréttur er nýttur og þeirri fjárhæð sem starfsmaður greiðir fyrir hlutabréfin samkvæmt kaupréttarsamningi. Með gangverði er átt við skráð gengi á þeim tíma sem kaupréttur er nýttur. Hafi félag ekki skráð gengi skal miðað við gangverð í viðskiptum með bréfin, ella bókfært verð eigin fjár samkvæmt síðasta endurskoðaða uppgjöri félagsins. Skattskyldan myndast um leið og rétturinn er nýttur, þ.e. á þeim tíma er starfsmaður leysir til sín bréfin og greiðir fyrir þau hið fyrir fram ákveðna verð.

Samkvæmt meginreglunni er því um að ræða endurgjald til starfsmanns fyrir vinnuframlag hans sem skattlagt er eins og aðrar launatekjur. Í meginreglunni er því kveðið með skýrum hætti á um ákvörðun þeirra tekna. Þessar tekjur mynda jafnframt stofn tryggingagjalds og iðgjalds til lífeyrissjóðs, einnig teljast þær til rekstrarkostnaðar hjá launagreiðanda. Þegar starfsmaður selur bréfin reiknast fjármagnstekjur af mismun söluverðs þess og gangverðs sem var þegar hann nýtti kaupréttinn.

Í sérreglunni felst hins vegar að um tekjur starfsmanna vegna kaupréttar fari alfarið eins og um fjármagnstekjur sé að ræða að uppfylltum tilteknum skilyrðum og þær skattlagðar samsvarandi með 10% skatti. Skilyrðin eru m.a. þau að kauprétturinn nái til allra fastráðinna starfsmanna, að starfsmaðurinn verði að eiga bréfin í tvö ár eftir að hann nýtir kaupréttinn og að hámark kaupréttar hvers starfsmann megi ekki vera hærra en 600 þús. kr. á ári að kaupverði. Í tilviki sérreglunnar er gangverð og kaupverð hið sama þegar samningur um kauprétt er gerður. Jafnframt þarf félag sem hefur í hyggju að veita starfsmönnum sínum kauprétt samkvæmt sérreglunni að senda áætlun um hann fyrir fram til ríkisskattstjóra til staðfestingar. Til skattskyldu samkvæmt sérreglunni stofnast því ekki fyrr en starfsmaðurinn selur bréf sín en ekki þegar kauprétturinn er nýttur eins og samkvæmt meginreglunni. Er skattstofninn þá mismunur á upphaflegu kaupverði og söluverði bréfanna og telst ekki til frádráttarbærs rekstrarkotnaðar hjá launagreiðanda.

Í annan stað er lagt til að gerðar verði breytingar á skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalda. Það er önnur meginbreytingin í þessu frv. Í gildandi lögum er ekki að finna skýr ákvæði um rétt launagreiðanda til að draga iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna sinna frá sem rekstrarkostnað. Að sama skapi eru ákvæðin óljós um hvort telja eigi slík framlög launagreiðenda til skattskyldra tekna hjá launþegum sem þeirra njóta. Í frv. er þess vegna lagt til að tekinn verði af allur vafi um að lögaðili eða sjálfstætt starfandi maður geti talið til rekstrarkostnaðar iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda starfsmanna, enda séu þau tekjufærð í hendi launþegans. Jafnframt verði tekin upp skýr ákvæði um heimildir til að draga iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda frá skattskyldum tekjum launþega. Í því samhengi er lagt til að í stað þess að launþegi geti dregið frá skattskyldum tekjum sínum 4% vegna lífeyrisiðgjalda í samtryggingarsjóð og allt að 2% vegna séreignasparnaðar verði honum gert kleift að draga frá tekjum sínum allt að 20% samtals vegna lífeyrissparnaðar, þó að hámarki 1,5 millj. kr. á ári. Þetta á við um hvort heldur sem iðgjald er greitt í sameignar- eða séreignarsjóði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Meginbreytingin frá gildandi lögum er því sú að framlag launagreiðanda verður nú tekjufært í hendi launþega en á móti fær launþeginn mun rýmri rétt til frádráttar, eða allt að 20%. Sem dæmi má nefna að launþegi sem í dag getur dregið allt að 6% eigið iðgjald frá tekjum og nýtur auk þess 6% framlags frá atvinnurekanda, eða samtals 12%, mun eftir breytinguna geta notið allt að 20% frádráttar. Í því tilviki er rýmkunin 8%. Hér er um umtalsverða almenna rýmkun að ræða á þeim hluta launagreiðslna sem geta verið frádráttarbærar frá skatti með skipulögðum lífeyrissparnaði. Þær njóta því skattfrestunar þangað til þess kemur að greiðslur berast úr lífeyrissjóðnum. Í þessu felst með öðrum orðum markviss hvatning til aukins sparnaðar. Til að auka áhuga og fjárhagslegan ávinning einstakinga á frekari lífeyrissparnaði er enn fremur lagt til að mótframlag launagreiðanda í formi lækkunar á tryggingagjaldi hækki úr 0,2% í allt að 0,4%. Ég mun á eftir, á þessum sama fundi, mæla fyrir frv. um breytingu á lögum um tryggingagjald þar sem tekið er á þessu atriði.

Reynst hefur erfitt að meta þátttöku almennings í viðbótarlífeyrissparnaði þar sem upplýsingar um þetta hafa ekki legið fyrir á einum stað. Getgátur hafa verið uppi um að þátttakan gæti verið um 15% þegar á heildina er litið. Hins vegar er vitað að rúmlega þriðjungur ríkisstarfsmanna hefur aukið við lífeyrissparnað sinn með þessum hætti.

Í könnun sem fyrirtækið Pricewaterhouse Coopers gerði í ársbyrjun fyrir fjmrn. á þátttöku almennings í viðbótarlífeyrissparnaði kemur hins vegar fram sú ánægjulega staðreynd að þátttakan virðist meiri en framangreindar getgátur segja til um. Þar kemur fram að rúmlega 27% þjóðarinnar nýtir sér nú þegar möguleikann á 2% viðbótarsparnaði. Í könnuninni kemur enn fremur fram að fleiri konur en karlar hafa sparað í þessu formi, flestir þátttakendur eru á aldursbilinu 30–49 ára og dreifingin virðist jöfn yfir landið allt. Jafnframt var í könnuninni skoðaður ásetningur fólks til þess að bæta 2% við lífeyrissparnað sinn og í ljós kom að rúmlega 40 af hundraði aðspurðra hefðu slíkt í hyggju. Síðast en ekki síst kom fram í könnuninni að 44% þeirra sem spurðir voru töldu mjög eða frekar líklegt að þeir mundu nýta sér þann möguleika að verja hærra hlutfalli af skattskyldum tekjum til viðbótarlífeyrissparnaðar ef slíkt væri heimilt. Allt bendir því til þess að ofangreind rýmkun, hvort sem er af frádráttarrétti launþegans eða mótframlagi launagreiðanda í formi lækkunar á tryggingagjaldi, muni leiða til þess að áhugi almennings á þessu hagstæða sparnaðarformi muni áfram aukast. Allt mun þetta verða til þess, herra forseti, ef að líkum lætur að treysta sess Íslands í fremstu röð í lífeyrismálum í heiminum.

Önnur fyrirhuguð breyting, herra forseti, sem ég vil nefna varðar hlutabréfaafsláttinn svokallaða. Eins og kunnugt er hefur mönnum um árabil verið heimilt að draga frá tekjum sínum tiltekna fjárhæð vegna fjárfestingar í atvinnurekstri. Þetta fyrirkomulag hefur án efa leitt til þess að þátttaka almennings á hlutabréfamarkaði er orðin mun almennari en ella hefði verið. Frádrátturinn hefur hingað til verið bundinn við fjárfestingu í innlendum hlutafélögum. Í frv. er hins vegar lagt til að frádráttarreglurnar verði rýmkaðar frá því sem nú er. Þar er lagt til að heimild til að draga frá tekjum einstaklinga fjárfestingu í hlutabréfum taki jafnt til innlendra sem erlendra félaga og þurfa erlendu félögin að sjálfsögðu að fullnægja öllum þeim skilyrðum sem gilda um innlendu félögin í lögunum. Þessi tillaga um breytingu leiðir af samningsskuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins og er til komin vegna athugasemda sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við íslensk stjórnvöld varðandi núgildandi ákvæði.

Þessu tengd er breyting sem einnig er lagt til að ráðist verði í en hún varðar eignarskattsfrelsi hlutabréfa að tilteknu marki. Hingað til hefur eignarskattsfrelsið verið bundið við innlend skráð félög en það skilyrði verður nú fellt brott m.a. vegna athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA.

Ég vil að endingu nefna, herra forseti, að í frv. eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar. Má þar helst nefna breytingu á 117. gr. laganna þar sem lagt er til að fjmrh. fari með túlkun á tvísköttunarsamningum og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli ákvæðisins í stað ríkisskattstjóra eins og nú er. Í því skyni geti fjmrh. gefið út verklagsreglur um túlkun á framkvæmd samninganna sem skattyfirvöld yrðu bundin af. Hann geti jafnframt gefið út álit um þetta efni sé eftir því leitað.

Um önnur atriði er óþarft að hafa hér mörg orð, herra forseti, en ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[20:26]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vildi fjalla lítillega um tvö af þremur meginatriðum þessa frv. Annars vegar þar sem fjallað er um skattlagningu tekna vegna kaupa á hlutabréfum, sem auðvitað er mjög mikilvægt að hafa reglur um. Hins vegar á ég við ákvæði í þessu frv. sem lýtur að skattalegri meðferð lífeyrisiðgjalda til að örva sparnað.

Eins og ég sagði, varðandi skattlagningu tekna vegna kaupa á hlutabréfum, þá er auðvitað mjög mikilvægt að um skattalega meðferð þeirra gildi ákveðnar reglur. Mér sýnist að sú leið sem hæstv. fjmrh. hefur valið í þessu efni sé sú sem farin hefur verið í Bandaríkjunum. Þar hafa verið notaðar tvær aðferðir, annars vegar varðandi samninga sem ekki eru háðir sérstökum skilyrðum þar sem greiddur er fullur tekjuskattur af og hins vegar er sú sérregla sem hæstv. ráðherra lýsti hér. Hún gildir við ákveðin skilyrði en þá er einungis greiddur 10% fjármagnstekjur sé sú leið valin.

Það er einmitt varðandi þessa sérreglu sem ég hef ákveðnar spurningar til hæstv. ráðherra. Ég hef ýmsar efasemdir um hana. Í fyrsta lagi er eins og menn þekkja að færast í vöxt að hluti launa sé greiddur með hlunnindum, hlutabréfum og kaupréttí í þeim, það þekkjum við af því sem hefur verið að gerast á undanförnum vikum og mánuðum á fjármálamarkaði. Maður veltir fyrir sér þegar kominn er upp þessi möguleiki, að greiða kannski hluta af launum upp að tilteknu marki og hér er miðað við hámark kaupréttar upp að 600 þús. kr., hvort það sé ekki hvati til að stýra launum inn í þann farveg að einungis sé greiddur 10% skattur, meðan aðrir sem ekki hafa þessa möguleika greiða fullan skatt. Þessu vildi ég a.m.k. hreyfa. Ég tel að þetta gæti verið hvati til að auka það að laun verði að einhverju leyti greidd með þessum hætti, þ.e. þegar um er að ræða mismunandi álagningu í skattinum eftir því hvort um er að ræða beinar launatekjur eða hvort greitt er með hlunnindum, í þessu tilviki með kaupréttí að hlutabréfum.

Það sem einnig vakti athygli mína að því er þennan þátt varðar er að mér sýnist að gert sé ráð fyrir að einungis fastráðnir starfsmenn geti nýtt sér þessa sérreglu en verktakar, ráðgjafar eða t.d. stjórnarmenn í félagi sem ekki eru fastráðnir, geti ekki notað þessa sérreglu.

Nú geri ég ráð fyrir að þegar verið er að tala um verktaka þá nái það til einyrkja eða þeirra sem eru á svona verktakagreiðslum einhvers konar og nú er í vaxandi mæli hjá fyrirtækjum verið að bjóða þeim sem eru raunverulega ekkert annað en launþegar upp á verktakafyrirkomulagið, m.a. til þess að viðkomandi atvinnurekendur sleppi þá við að greiða tilskilin gjöld í lífeyrissjóð o.s.frv. fyrir viðkomandi. Ég skil ekki af hverju þeir eigi þá að gjalda þess sem hafa ekki möguleika á öðru en slíku fyrirkomulagi, þ.e. að þeir geti ekki notið slíks réttar. Segjum sem svo að fyrirtæki sem þeir vinna hjá, þar sem þeir þiggja ákveðnar verktakagreiðslur, væri hugsanlega á hlutabréfamarkaði og vildi bjóða slíkar greiðslur til þeirra þá virðast þessir aðilar undanþegnir því að geta fengið þá skattalegu meðferð sem um ræðir í 8. gr. B, þ.e. þegar kaupréttur að hlutabréfum í viðkomandi félagi nær til allra starfsmanna, sem er eitt af skilyrðunum og mér finnst út af fyrir sig alveg ágætt.

Síðan hefði ég viljað fá einhverja skýringu á því, og má það auðvitað bíða starfsins í efh.- og viðskn. ef hæstv. ráðherra hefur ekki á takteinum svör við því, og velti því fyrir mér af hverju sé verið að velja þennan eignarhaldstíma á bréfunum, af hverju starfsmaður þurfi að eiga hlutabréfin í tvö ár eftir að kaupréttúrinn er nýttur. En mér skilst líka, sem er náttúrlega verulegt hagræði fyrir viðkomandi og hvati til þess að það verði leitað með hluta launanna inn í þetta form, að skattskylda stofnast ekki fyrr en þá við sölu bréfanna.

Við munum því auðvitað skoða þetta vandlega sem hér er lagt til en ég ítreka það að ég er auðvitað hlynnt því að um þetta gildi skýrar skattalegar reglur að því er varðar meðferð á slíkum hlutabréfum samkvæmt kaupréttí.

Hitt atriðið sem er stóra atriðið í þessu frv. er skattaleg meðferð lífeyrisiðgjalda og ég held að hér sé verið að fara mjög góða leið, þ.e. að reyna að örva þjóðhagslegan sparnað í landinu. Ekki veitir af vegna þess, eins og við fórum yfir hér fyrir jólin, að Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki hafa einmitt varað við því hvað þjóðhagslegur sparnaður hér er lítill og hefur ekki í langan tíma verið eins lítill eða 14% af landsframleiðslu. Ég man eftir að í umsögn þeirra fyrir jólin kom fram að hann þyrfti að vera 19% af landsframleiðslu bara til þess að standa undir áformuðum fjárfestingum á þessu ári.

Mér fundust mjög athyglisverðar þær tölur sem hæstv. ráðherra var að upplýsa hér um þá könnun sem hefur verið gerð til þess að athuga þátttöku landsmanna í viðbótarlífeyri sem var opnað fyrir fyrir ekki löngu síðan. Ég verð satt að segja að taka undir með ráðherra að þetta kemur nokkuð á óvart því að stór hluti þjóðarinnar er þátttakandi í þessum viðbótarsparnaði þar sem um það er að ræða að 27% þjóðarinnar hefur nýtt sér leið viðbótarsparnaðar eða viðbótarlífeyris. Það er líka mjög merkilegt í þeirri könnun að konur hafa frekar nýtt sér þessa sparnaðarleið en karlar og þarf þó ekki að fara mörgum orðum um það að í heildina tekið hafa konur lægri laun en karlar. (**Fjmrh.:** Þær eru hyggnari.) Ég ætlaði einmitt að fara að segja það líka að þær eru hagsýnni heldur en karlmennirnir og hyggnari eins og hæstv. fjmrh. sagði og ég held ég verði bara að taka undir það þegar litið er til þess mikla launamunar sem er milli kynjanna að konur séu þarna hagsýnni, spari meira og leggi meira til hliðar í viðbótarlífeyri. Það kemur virkilega á óvart í þessari könnun og líka það sem hæstv. ráðherra nefndi að enn stærri hluti þjóðarinnar, eða um 40%, vilja gjarnan geta bætt við þennan viðbótarsparnað sem verið er að opna á með þessari leið.

Hæstv. ráðherra nefndi hér einnig það frv. sem fylgir þessu og hann mælir fyrir á eftir. Ég vil aðeins segja nokkur orð um það af því að það tengist, herra forseti, þessu frv., að þar er lagt til að hlutfall tryggingagjalds, sem launagreiðendur

eða menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi geta haldið eftir af gjaldstofni tryggingagjalds ef sá hluti er lagður fram sem mótframlag við iðgjaldshluta launamanns vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, verði hækkað úr 0,2% í 0,4%. Þetta er alveg ágætisleið sem hæstv. ráðherra leggur til í þessu sambandi og tryggir að hægt sé að fara út í að auka enn frekar á þennan viðbótarlífeyrissparnað sem var byrjað á fyrir nokkru síðan.

En þar velti ég aftur fyrir mér, herra forseti, einyrkjunum og þeim sem eru á verktakasamningi við fyrirtækin, hver staða þeirra er við þessa breytingu. Þessir einyrkjar þurfa að greiða tryggingagjald þó þeir séu ekkert annað en launþegar og það finnst mér vera mál sem tími er til kominn að skoða, þ.e. hvort rétt sé og eðlilegt að þeir sem þurfa eða eru raunverulega knúnir til þess að vera í slíku launafyrirkomulagi eins og þarna er af því að þeim er ekki boðið upp á annað t.d. af sínum vinnuveitanda, þurfi að greiða tryggingagjald. Og þeir greiða sjálfir mótframlag atvinnurekanda ef þeir ætla að ná sér upp yfir 10% sem hinn almenni launamaður hefur. Ég spyr þá líka um stöðu þeirra gagnvart þessum viðbótarsparnaði og hvort ekki hafi verið hugsað fyrir því. Mér finnst alveg sjálfsagt að skoða það í leiðinni þegar þetta frv. fer til umfjöllunar í efh.- og viðskn.

Herra forseti. Í lokin vildi ég spyrja hvort frv. eins og það er lagt fram hér sé unnið í fullu samráði við lífeyrissjóðina og hvort þeir séu sáttir við þá breytingu sem hér er lögð til. Ég held að það skipti verulegu máli að lífeyrissjóðirnir sem gegna mikilvægu hlutverki hér að því er varðar lífeyrisgreiðslur og almenna samtryggingu að því er varðar ýmsa félagslega þætti, séu bærilega sáttir við þá breytingu sem hér er lögð til.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra í lokin. Mér finnst ekki í umsögn Fjárlagaskrifstofunnar neitt vera getið um hvað þær breytingar sem hér eru lagðar til dragi úr skatttekjum ríkissjóðs, t.d. varðandi 2. gr. frv. og áhrifin sem sú breyting sem hér er lögð til hefur á ríkissjóð að því er varðar skattalega meðferð lífeyrisgreiðslna og hvernig verið er að auka möguleika fólks á viðbótarlífeyrissparnaði.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv. en vona að það fái góða afgreiðslu í efh.- og viðskn.

[20:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir jákvæðar undirtektir við meginefni þessa frv. Að því er varðar kaupréttarákvæðin þá er náttúrlega alveg ljóst að við erum að fara hér út á nýtt svið í löggjöf. Þó eru fyrirmyndir þess til annars staðar frá eins og ég gat um í minni framsögu.

Auðvitað koma upp álitamál og það er sjálfsagt að nefndin fari yfir málið á breiðum grundvelli. Við í ráðuneytinu höfum farið mjög ítarlega ofan í þessa sálma og valið þá leið sem hér er fyrir hendi, valið sem sagt eina meginreglu en ákveðið að hafa afbrigði af henni sem sérreglu fyrir þá sem uppfylla sérstök skilyrði. Skilyrðin eru m.a. hugsuð þannig að enginn verði útundan í fyrirtækinu, að allir fastir starfsmenn fyrirtækis eigi rétt á þessu fyrirkomulagi þó að rétturinn sé ekki nákvæmlega eins, það sé ekki sama upphæðin — hún gæti verið launatengd o.s.frv. — og að menn tilkynni það skattyfirvöldum fyrir fram að þeir ætli að fara inn á þessar brautir, að sett verði ákveðið hámark í upphæðum þannig að menn flytji nú ekki öll laun yfir í þetta form og sömuleiðis að binda þetta í ákveðinn tíma áður en menn geti hagnýtt sér þessi réttindi.

Þingmaðurinn spurði hvers vegna væri miðað við tvö ár. Það er engin sérstök ástæða fyrir því. Það er bara tímabil sem var talið skynsamlegt í þessu sambandi, líka til þess að þjóna því markmiði að efla tengsl og mynda hollustusamband milli launagreiðandans og launþegans. Tvö ár voru talinn heppilegur tími að því leyti til því að við vitum að í mörgum starfsgreinum er mikil hreyfing á fólki, mikill órói. Fyrirtæki eru að kaupa starfsmenn hvert frá öðru, m.a. með tilboðum af þessum toga og þess vegna er nauðsynlegt að hafa einhverja festu í þessu ef menn ætla að fá að fara inn á sérregluna sem vissulega er mjög ívilnandi miðað við meginregluna.

[20:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherranum hæstv. fyrir svörin og það er einmitt kjarni málsins að þessi sérregla er mjög ívilnandi miðað við meginregluna. Þess vegna var ég að vekja athygli á því að hugsað væri um að hún yrði nýtt í mjög miklum mæli þar sem hún býður upp á að greiddur sé 10% hluti af því sem telst til launa meðan fólk þarf að greiða af launum sínum miklu meira í skatt, 37% eða 38%.

Ég spurði hæstv. ráðherra einnig um stöðu einyrkjanna, þeirra sem eru sjálfstætt starfandi, eru á verktakagreiðslum en eru raunverulega launþegar að því er varðar þessa skattalegu meðferð á hlutabréfum samkvæmt kauprétti af því að þeir eru undanþegnir, ef ég skil það rétt sem segir í greinargerð um 2. gr.

Eins spurði ég um stöðu þeirra í hinu meginákvæði frv., þ.e. um þennan viðbótarlífeyrissparnað. Sjálfstætt starfandi eða þeir sem eru á verktakagreiðslum þurfa sjálfir að standa undir því að borga í lífeyrissjóð og líka þá mótframlag atvinnurekanda. Ég vildi því gjarnan í lokin spyrja hæstv. ráðherra hvort hann eigi einhver svör um stöðu þessara aðila.

[20:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé rétt hjá þingmanninum að það hefur ekki verið gert ráð fyrir því í frv. að þeir sem ekki eru fastráðnir starfsmenn fyrirtækja geti hagnýtt sér þennan rétt og þar undir falla að sjálfsögðu verktakar jafnvel þó að þeir séu með fasta samninga við viðkomandi fyrirtæki eða einyrkjar eða hugsanlega ýmsir lausamenn.

En þetta eru atriði sem mér finnst að nefndin eigi að skoða. Getur það verið réttlætanlegt við einhverjar aðstæður að bæta þessum hópum við? Ég sá ekki kost á því þegar við vorum að vinna frv. í ráðuneytinu. Kannski er hægt að finna einhverja leið til þess, útvíkka þetta þannig. Þá væri það auðvitað jákvætt.

Að því er varðar lífeyrismálin þá vil ég sérstaklega fagna undirtektum þingmannsins við áform okkar um að auka lífeyrissparnaðinn í landinu og þar á meðal viðbótarlífeyrissparnaðinn svokallaða. Ég tek undir það að þær upplýsingar sem ég kom hér með um þátttökuna í þessu eru vissulega mjög athyglisverðar þó að þær séu kannski ekki hinn endanlegi sannleikur vegna þess að hér er um könnun að ræða en ekki upplýsingar úr launabókhaldi eða slíku.

Þingmaðurinn hefur ítrekað í umræðum, bæði hér áðan og í gær, kvartað og látið í ljós áhyggjur sínar yfir því að sparnaður í landinu sé ekki nógu mikill, það sé þensla og halli sé á viðskiptum við útlönd. Hér er komin ein stór aðgerð til þess að sporna gegn þessu öllu saman, gríðarlega mikilvæg aðgerð. Og þá verður þetta litla frv. sem hér var

mælt fyrir áðan um vörugjald auðvitað algjört hjóm. 100 milljónir eða svo skipta engu máli og velta engu hlassi í því stóra efnahagslega samhengi sem við erum að tala um. Launasumman í landinu er á milli 300 og 400 milljarðar kr. og hvert prósent af henni í nýjum sparnaði, eins og við erum hér að ýta undir, er það sem skiptir máli.

[20:45]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lét það vissulega í ljós í ræðu minni um þetta frv. að auðvitað væri verið að fara skynsamlega leið til þess að örva sparnað í landinu. Ég vil ekkert draga úr því að þetta er mjög mikilvægt innlegg í það efni. En það gefur aftur á móti að mínu viti ekki tilefni til að hægt sé að setja út úr ríkissjóði peninga í formi skattalækkana eins og við höfum verið að ræða í dag og í fyrradag.

Herra forseti. Ég stend aðallega upp til að þakka hæstv. ráðherra fyrir. Ég heyri að staða þessa fólks sem er sjálfstætt starfandi eða á verktakagreiðslum, þó það séu raunverulega launamenn, hefur verið skoðuð í ráðuneytinu þó að ráðuneytið hafi ekki fundið leið til að sjá til þess að þessir aðilar fengju einhverja réttarstöðu samkvæmt ákvæðum frv. En ég heyri að hæstv. ráðherra er opinn fyrir því að efh.- og viðskn. reyni að finna leið til að tryggja stöðu þessara aðila og ég mun beita mér fyrir því að svo verði gert í efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 850.

[20:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hér er mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Frv. þetta er flutt í framhaldi af starfi nefndar sem ég skipaði í byrjun árs 1999 til að gera athugun á tilhögun og framkvæmd virðisaukaskattsins, m.a. í tilefni þess að röskur áratugur var liðinn frá setningu laganna um hann. Einnig átti nefndin að meta hvort reynslan af innheimtu skattsins gæfi tilefni til breytinga á löggjöf eða einhverjum framkvæmdaatriðum. Auk þess þótti ástæða til að fara yfir athuganir sem gerðar hafa verið á nokkrum þáttum er lúta að framkvæmd skattsins.

Nefndin lauk starfi sínu í febrúar með ítarlegri skýrslu sem ég hef þegar sent til allra alþingismanna. Starf nefndarinnar var umfangsmikið en hún kannaði flesta þætti skattkerfisins, virðisaukaskattsins, einkum framkvæmd hans, tekjuþróun og ýmis lagaleg atriði sem kynnu að þarfnast úrbóta. Fulltrúum ýmissa hagsmunasamtaka var gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina bæði skriflega og munnlega.

Meginniðurstöður nefndarstarfsins eru þessar helstar:

Virðisaukaskatturinn hefur staðið undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar og tiltölulega góð sátt er um hann hjá hagsmunaaðilum. Hlutfall rauntekna virðisaukaskatts af reiknuðum virðisaukaskatti samkvæmt þjóðhagsstærðum hefur verið mjög stöðugt allt frá upphafi skattkerfisins árið 1990. Hækkun hlutfallsins á síðustu árum gefur vísbendingu um að skattskil hafi batnað. Undanskot virðast heldur minni nú en þau voru fyrir nokkrum árum. Má leiða líkur að því að þau séu á bilinu 6–8% af reiknuðum virðisaukaskatti sem jafngildir um 4–5 milljörðum kr. í tekjutap hjá ríkissjóði á ári hverju.

Endurgreiðsluhlutfall af matvöru til veitingahúsa verði hækkað til að jafna samkeppnisstöðu þeirra vegna sölu verslana á tilbúnum mat í lægra skattþrepi. Endurgreiðsluhlutfallið hækki úr 93,75% af innskatti matvöru í 112,5%.

Gerðar verði lagfæringar á reglum varðandi virðisaukaskatt í byggingarstarfsemi. Meðal annars verði reglur um notkun tækja einfaldaðar, afgreiðslutími endurgreiðslubeiðna styttur og þrjár reglugerðir sameinaðar í eina reglugerð.

Heimiluð verði að vali skattaðila takmörkuð einkanot virðisaukaskatts bifreiða gegn því að einkanotin verði útsköttuð, eins og kallað er, og á þau reiknuð bifreiðahlunnindi tekjuskatts hjá notanda hennar.

Afnumin verði heimild til innsköttunar á hópbifreiðar sem notaðar eru í skattskyldum atvinnurekstri þar sem fólksflutningar eru utan skattskyldusviðs.

Gerðar verði breytingar á reglum um virðisaukaskatt hjá opinberum fyrirtækjum. Þannig verði heimilaður að uppfylltum skilyrðum innskattur vegna kostnaðar í blandaðri starfsemi.

Skýrar verði kveðið á um skattskyldu mötuneyta opinberra stofnana og öryggisgæsla hjá opinberum stofnunum verði skattskyld með sama hætti og önnur eigin not.

Heimilt verði við virðisaukaskattskil að taka tillit til rafræns afsláttar sem veittur er eftir á í gegnum greiðslukortafyrirtæki að uppfylltum vissum skilyrðum. Tekin verði upp rafræn skil á virðisaukaskatti, bæði skýrslum og greiðslum, eins fljótt og unnt er. Skatteftirlit verði hert og beint í auknum mæli að virðisaukaskatti, m.a. verði eftirlit með tekjuskráningu eflt og fylgst með því að grunnskrá virðisaukaskatts sé rétt. Tekið verði áfram af festu á skattsvikum í virðisaukaskatti til að tryggja innheimtu hans og skilvirkni. Fjölgað verði um 15 manns á næstu tveimur árum við virðisaukaskattsframkvæmd hjá skattfyrirvöldum þannig að tíu menn komi til starfa í ársbyrjun 2001 og fimm í ársbyrjun 2002.

Teknar verði upp beinar innri endurskoðunaraðferðir í skattkerfinu til að koma í veg fyrir hugsanlegt misferli og gripið til sérgreindra ráðstafana við útborgun greiðslna yfir tiltekinni fjárhæð. Jafnframt verði meiri tengingar milli allra þátta skattframkvæmdar. Ýmsum framkvæmdaatriðum verði gefinn betri gaumur. Til dæmis verði leitað lausna til að draga úr áætlunum í skattkerfinu, samskipti tölvukerfa ríkisins verði betur skilgreind og komið á formlegu samstarfi ábyrgðaraðila kerfanna.

Herra forseti. Þetta eru meginatriði í skýrslu þessarar nefndar en hægt er að fullyrða að hér var á ferðinni afskaplega merkilegt nefndarstarf sem hefur skilað sér í þessu ítarlega og vandvirknislega nál., enda var leitað til allra helstu sérfræðinga í landinu um þetta mál.

Margt athyglisvert og jákvætt kemur fram í tillögu nefndarinnar. Meðal þess er nefndin kemst að niðurstöðu um er að tiltölulega góð sátt sé um þennan mikilvægasta tekjustofn ríkisins hjá hagsmunaaðilum og skatturinn standi undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. Það má því segja að þeir sem stóðu að undirbúningi þessa skatts og því að hann var innleiddur á Íslandi fyrir rúmum tíu árum hafi gert rétt enda var söluskatturinn að niðurlotum kominn eins og kunnugt er og virðist vera mun betri sátt um þennan skatt en var um söluskattinn á sínum tíma, svo gallaður sem hann var orðinn.

Nefndin hefur farið út í mjög umfangsmikla og athyglisverða greiningu á tekjum af skattinum þar sem stofn virðisaukaskattsins er reiknaður út frá þjóðhagsreikningum og hann síðan borinn saman við raunverulegan skattstofn eins og hann birtist í virðisaukaskattsskýrslum. Hlutfall rauntekna af reiknuðum skatti fer hækkandi samkvæmt þessum útreikningum eða úr 91% fyrsta ár virðisaukaskattsins í 94% árið 1998. Þessi hækkun hlutfallsins gefur óneitanlega þá vísbendingu að skil á skattinum hafi verið að batna á síðustu árum.

Fram hjá hinu verður þó ekki litið að þessir útreikningar benda einnig til þess að skattsvik séu 6–8% af þessum reiknaða stofni eða 4–5 milljarðar á ári eins og ég gat um sem er að sjálfsögðu allt of mikið. Ég tek undir tillögu nefndarinnar um nauðsyn þess að herða eftirlit með virðisaukaskattsframkvæmdinni, auka áherslur á virðisaukaskatt í skatteftirliti og skattrannsóknum og vænti ég þess að þessara tillagna sjái stað við gerð fjárlaga fyrir árið 2001. Ýmsar tillögur nefndarinnar eru þess eðlis að ekki þarf að gera breytingar á lögum heldur eingöngu á reglugerðum og verkferlum innan skattkerfisins. Vinna við þær breytingar er þegar hafin í ráðuneytinu. Aðrar tillögur kalla á lagabreytingar og frv. það sem hér er lagt fram byggist á tillögum nefndarinnar.

Meginatriði frv. eru þessi:

Í fyrsta lagi er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um skattskyldu mötuneyta í eigu ríkis og sveitarfélaga vegna sölu á mat til starfsmanna á verði undir framleiðslukostnaði.

Í öðru lagi er lagt til að við uppgjör virðisaukaskatts verði heimilað að taka tillit til rafræns afsláttar sem veittur er í verslunum þegar greitt er með kreditkorti.

Í þriðja lagi er annars vegar verið að þrengja frádráttarheimild vegna bifreiða til fólksflutninga sem notaðar eru í virðisaukaskattskyldum rekstri. Er það gert m.a. til þess að jafna samkeppnisstöðu rekstraraðila í fólksflutningum sem ekki njóta frádráttar vegna innskatts. Hins vegar er verið að opna fyrir möguleika fyrir ráðherra til að setja reglur um skiptingu innskatts hjá opinberum aðilum.

Í fjórða lagi er lagt til að fjármálaráðherra geti sett reglur um rafræn skil á virðisaukaskatti.

Í fimmta lagi er lagt til að gerðar verði breytingar á endurgreiðslureglum 42. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að endurgreiðslur á virðisaukaskatti til veitingahúsa verði hækkaðar úr 93,75% af innskatti vegna hráefniskaupa í 112,5%. Þannig er dregið úr því misræmi sem er komið upp vegna þess að verslanir eru í auknum mæli farnar að selja tilbúinn mat sem fellur í 14% skattþrep í samkeppni við veitingahús sem selja mat og aðrar veitingar í 24,5% skattþrepi. Þá þykir nauðsynlegt að setja hámark á endurgreiðslurnar. Hins vegar er lagt til að rekstrarleyfishöfum í fólksflutningum verði greiddur hluti virðisaukaskatts sem eftir stendur af verðmæti hópbifreiða sem seldar eru úr landi. Það er að sjálfsögðu góð tillaga, ekki aðeins vegna skattamálsins heldur líka vegna þess að þar er um sannkallað landhreinsunarmál að ræða.

Áætlað er að lækkun á tekjum ríkissjóðs vegna þessara breytinga geti orðið á bilinu 100–130 millj. kr. þegar öll kurl koma til grafar. Munar þar mest um hækkun endurgreiðslu til veitingahúsa sem er stærsti liðurinn í þessu máli.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[20:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ástæða er til að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur lagt fram í þinginu um framkvæmd virðisaukaskatts og ég held að það sé mjög mikill fengur í skýrslunni en nefnd á vegum hæstv. ráðherra var falið að meta reynsluna af virðisaukaskattskerfinu og leggja þá til breytingar eftir atvikum á virðisaukaskattslöggjöfinni.

Það frv. sem við ræðum er út af fyrir sig ekki stórt í sniðum og ég ætla ekki að hafa mörg orð um það. Þarna er ein meginbreyting sem mér sýnist fljótt á litið að sé eðlileg. Verið er að draga úr því misræmi sem er vegna þess að verslanir eru í auknum mæli farnar að selja tilbúinn mat sem fellur undir lægra skattþrepið í samkeppni við veitingahús sem selja mat og aðrar veitingar í hærra skattþrepi. Fljótt á litið sýnist mér þetta verða eðlileg samræming.

Ég vildi aðeins fara í örfá atriði í skýrslunni sem þessar tillögur eða ákvæði frv. eru byggðar á. Mér finnst ýmislegt standa út af sem er ekki tekið á í frv. sem fram kemur í skýrsluni. Sumt á auðvitað heima í fjárlögum eins og hæstv. ráðherra nefndi.

Í skýrslunni kemur fram að áætlað er að umfangið, þegar skoðuð eru skattsvik eða undanskot frá virðisaukaskatti, sé nokkuð mikið eða 6–8% af reiknuðum virðisaukastofni sem jafngildir um 4–5 milljarða kr. tekjutapi hjá ríkissjóði á ári. En þess er jafnframt getið að úr undanskotinu hafi dregið.

Við erum náttúrlega að fjalla um gífurlega mikilvægan tekjustofn fyrir ríkissjóð, þann tekjustofn sem mestu skilar í ríkissjóð, sem er virðisaukaskatturinn. Ég man ekki í augnablikinu hvað það er en ætli það sé ekki eitthvað nálægt 60 milljörðum sem hann skilar í ríkissjóð. Þess vegna er skatteftirlitið mjög mikilvægt, ekki síst í virðisaukaskatti.

Ég get ekki skilið málið öðruvísi en svo að ráðherra taki undir þá tillögu sem fram kemur í skýrslu nefndarinnar um aukinn mannafla en tillögur nefndarinnar ganga út á að fjölgað verði í skatteftirlitinu um 15 manns á næstu tveimur árum þannig að tíu manns komi til starfa í ársbyrjun 2001 og fimm í ársbyrjun 2002. Ég spyr ráðherrann að því hvort það sé ekki alveg ljóst að við fáum að sjá þessa tillögu núna þegar frv. verður lagt fram að því er varðar þessa þætti í tillögu nefndarinnar sem ég tel að séu ekki hvað síst mikilvægir.

Ég nefni t.d. að þegar verið er að meta reynsluna af virðisaukaskattskerfinu og hvernig dregið hafi þar úr skattsvikum þá er m.a. getið um embætti skattrannsóknarstjóra sem hafi skilað verulegu. Ég held að það hljóti að liggja alveg fyrir að það embætti hljóti að fá hluta af þeim mannafla sem gert er ráð fyrir.

Eins er ljóst af þessari skýrslu að þegar verið er að meta reynsluna og ástæður fyrir því að dregið hafi úr undanskoti er líka verið að mínu viti að vitna til þeirra ákvæða sem voru samþykkt fyrir örfáum árum, sem voru hert viðurlög við skattsvikum. Ég spyr hæstv. ráðherra um reynsluna af þeim hertu viðurlögum sem við samþykktum fyrir fjórum eða fimm árum — og vænti þess að hann heyri spurningu mína þó að hann sé í samtölum við einn hv. þingmann. En ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að hafa viðurlögin með þeim hætti að þau séu til varnar því að menn freistist til þess að vera með undanskot í skattinum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra að því sem kemur fram í skýrslunni að Ríkisendurskoðun hafi nokkrum sinnum gert athugasemdir við að ekki hafi allir þeir sem uppvísir hafi orðið að vanskilum sætt viðeigandi meðferð. Ég veit

ekki við hvað er átt en þetta er ekki skýrt neitt mikið frekar en sagt að fjmrn. hafi beitt sér nýverið fyrir því að skattrannsóknarstjóri fengi aukin fjárframlög til þessa verkefnis. Ég veit ekkert nákvæmlega hvað verið er að vitna í en ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Í skýrslunni er líka farið í helstu undanskotsleiðir í virðisaukaskatti. Þar er einmitt verið að tala um duldar rekstrartekjur eða svarta atvinnustarfsemi og það hefur nú oft verið rætt hér í þingsölum hve mikilvægt það væri að taka á því máli sem snertir svarta atvinnustarfsemi. Eins hefur það verið rætt hér sem dregið hefur verið fram sem helsta undanskotsleiðin, þ.e. tæming fyrirtækja eða kennitöluskiptingar. Þetta eru þau meginatriði sem ég tel að menn eigi að beina sjónum sínum að, þ.e. svartri atvinnustarfsemi og sífelldum kennitöluskiptingum til þess að sleppa undan t.d. vörslusköttum.

Í skýrslunni kemur fram að nefndin telji nauðsynlegt að endurskoða skipulag og áherslur almenns skatteftirlits þannig að tryggt sé að virðisaukaskattur mæti ekki minna eftirliti en tekjuskattur og að virðisaukaskattsskyldir aðilar séu heimsóttir með skipulögðum hætti. Kanna þurfi reglulega bókhald skattskyldra aðila og unnið verði að gerð áætlunar, og m.a. stefnt að því að fyrirtæki af tiltekinni stærð fái heimsókn eftirlitsmanna með reglulegu millibili, en minni rekstraraðilar komi til viðtals á embættisskrifstofu skattstjóra með gögn sín. Ég hélt nú satt að segja að þær áherslur sem hér eru dregnar fram væru bara í fullum gangi hjá þeim sem eiga að standa að skatteftirlitinu, en það er örugglega ekki að ástæðulausu að þetta er dregið fram og ég legg áherslu á að þetta sem hér er verið að leggja til komist til framkvæmda.

Síðan er það dregið fram í sambandi við ýmis framkvæmdaratriði að of mikið sé um það að áætlanir séu gerðar í virðisaukaskatti og þær oft á tíðum ekki nægilega raunhæfar, sem dregur úr trúverðugleika skattkerfisins þegar aðilar komast upp með að skila ekki skýrslu. Það er líka ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra um framkvæmdina á innskattinum vegna þess að ekki eru ýkja mörg ár síðan dómar féllu vegna sviksamlegrar háttsemi manna við að fá virðisaukaskatt ranglega greiddan úr ríkissjóði og Vatnsberamálið er mál sem menn þekkja í því sambandi þar sem 38 millj. kr. voru sviknar út úr ríkissjóði og þar var um að ræða nýja tegund skattsvika. En á því var tekið í löggjöf á sínum tíma með ákvæði ef ég man rétt þess efnis að skattstjóra væri heimilt að krefjast tryggingа vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts úr ríkissjóði. Tekið var á því á þann hátt að gert var ráð fyrir að unnt væri að krefja aðila, sem fá greiddar verulegar fjárhæðir úr ríkissjóði, um tryggingu vegna t.d. bankaábyrgðar eða veðsetningar. Ég man ekki betur en þetta hafi verið gert fyrir nokkrum árum og ég vildi gjarnan fá að vita — kannski kemur það fram í skýrslunni, ég hef ekki haft tækifæri til þess að lesa hana frá orði til orðs — hvaða reynsla var af slíku ákvæði, sem ég man ekki betur en næði hér fram að ganga fyrir einhverjum tíma síðan.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara ítarlega yfir skýrsluna miðað við það að við erum í nokkurri tímaþröng og liðið er að kvöldi og nokkur mál eftir sem taka þarf fyrir, en ég vil ítreka þá áherslu sem ég legg á að hæstv. ráðherra fari eftir þeim tillögum, sem ég ætla ekkert að draga í efa, sem lagðar eru fram varðandi það að auka mannskapinn við skatteftirlit og minni í því sambandi á að menn telja að það sem sett er af fjármagni til að auka skatteftirlitið með auknum mannskap skili sér sex- til sjöfalt aftur í því að betur gengur að innheimta það sem undan er skotið í skatti.

Herra forseti. Ég ítreka aftur þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir að leggja fram þessa skýrslu og hefði þurft að hafa betri tíma og tóm til að ræða hana almennt, vegna þess að hér er á ferðinni hið merkasta gagn og mjög upplýsandi um stöðu virðisaukaskattsins, sem er auðvitað mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og því mikilvægt að það mál sé sérstaklega rætt hér í þingsölum.

[21:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega hárrétt að virðisaukaskatturinn er mikilvægasti tekjustofn íslenska ríkisins, u.þ.b. 40% tekna ríkisins koma af þessum eina skattstofni og þess vegna er mjög mikilvægt að hann sé í góðu lagi, að framkvæmd hans sé í góðu lagi og eftirlit með innheimtu og annað þess háttar. Við erum áreiðanlega öll sammála um það atriði. Það var af þeim sökum m.a. sem ég ákvað að beita mér fyrir þessari úttekt sem nú liggur hér fyrir og er eins og ég sagði áðan hið merkasta plagg. Ég heyri að hv. þm. er sammála mér um það atriði. Þarna koma fram miklar og gagnlegar upplýsingar, auk þess sem þarna eru gerðar ákveðnar tillögur sem við erum að taka undir með því frv. sem nú er til umræðu. Aðrar breytingar er hægt að gera með reglugerðum eða breytingum á verklagsreglum og ég mun beita mér fyrir því að þær komi til framkvæmda samhliða því að þessi lagabreyting sem hér er lögð til nái fram að ganga.

En að því er varðar hins vegar mannaflaþörfina þá er það rétt, eins og kemur fram í skýrslunni, að virðisaukaskattsskyldum aðilum hefur fjölgað mjög mikið frá því skatturinn tók fyrst gildi. Þeim hefur fjölgað á undanförnum árum mjög verulega, bæði vegna þess að hér er um að ræða öflugt efnahagslíf og fólki fjölgar sem fer út í rekstur, rekstraraðilum fjölgar en því miður líka vegna þess að eitthvað er um gerviverktöku svokallaða, starfsemi sem er í raun launþegastarfsemi en er kölluð eitthvað annað, kölluð verktakastarfsemi. Það þarf að ná utan um slíka starfsemi. En a.m.k. eru hugmyndir um það í skýrslunni að auka mannafla í kerfinu. Ég tók undir það í ræðu minni að á því gæti verið þörf. Verkefni hvers manns við virðisaukaskattsframkvæmdina hafa aukist mikið á undanförnum árum. Hvort það eru nákvæmlega tíu starfsmenn á næsta ári og fimm á hinu árinu, það vitum við að sjálfsögðu ekkert um. Fara þarf betur ofan í þá sálma, en ljóst er að það er arðbær fjárfesting fyrir ríkið að fjölga starfsmönnum við þessi verkefni.

[21:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það hefur komið skýrt fram að hæstv. ráðherra hefur skilning á því að auka mannaflann við skatteftirlitið og ég vona að því verði fylgt fast eftir við næstu fjárlagagerð. Við tökum umræðu um það þá og vonum að góð lending verði á því af hálfu hæstv. ráðherra.

En hæstv. ráðherra er greinilega staðráðinn í að fylgja eftir þeim tillögum sem hér koma fram frá nefndinni og er það vel. Hæstv. ráðherra nefndi að aðrar breytingar sem nefndin leggur til verði þá gerðar með reglugerð og ég hefði gjarnan viljað og fer fram á það við hæstv. ráðherra að efh.- og viðskn. fái að sjá þær breytingar við meðferð þessa frv. sem hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir með reglugerðarsetningu.

[21:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú kannski ekki endilega búið að forma þær breytingar, en þær liggja fyrir efnislega séð í skýrslu nefndarinnar. Ég get nefnt sem dæmi þau leiðindamál sem annað slagið koma upp þegar virðisaukaskattskyldir bílar eru notaðir til að aka starfsmönnum heim til þeirra og látnir vera þar yfir nótt. Hérna er um að ræða eilífa vandræðamál og togstreitu milli gjaldenda og skattyfirvalda, eilífir árekstrar og endalaus leiðindi. En þessu er hægt að breyta með reglugerðum og sambærilegum breytingum á framkvæmd að því er varðar tekjuskattslögin. Nú er búið að kortleggja þetta mál vel og vandlega. Fyrir liggja margs konar umkvartanir um þetta sem komið hafa inn á borð til mín. Þessu viljum við reyna að breyta í samræmi við tillögur nefndarinnar og við munum gera það um leið og hinar breytingarnar taka gildi. Og sama má segja um fleiri atriði. Hvort reglugerðarbreytingar verða tilbúnar áður en nefndin lýkur störfum sínum skal ég ekki fullyrða, en ég get alveg fullyrt að nefndarmenn munu fá upplýsingar um allt sem fyrirhugað er í þessum efnum í starfi sínu að þessu máli.

[21:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða nokkur frv. til laga sem kveða á um breytingar á sköttum, vörugjöldum og virðisaukaskatti. Við erum búin að heyra að lækka á skatta af salthnetum, marmara, skotvopnum, poppkorni, og þetta kemur ofan á skattalækkanir á jeppum. Ákveðið var í gær að lækka dýrustu jeppana um 500–700 þús. kr. í verði, þannig að nú geta menn borðað ódýrt popp í ódýrari jeppum.

Og menn ætla að ganga enn lengra í þessu frv. því samkvæmt því mun ríkissjóður verða af um 100 millj. kr. vegna skattívilnana til veitingahúsa. Það kann reyndar að eiga við ákveðin rök að styðjast að gera þá breytingu til að gera veitingahúsin samkeppnisfær eða hæf við verslanir sem tíðka í sífellt ríkari mæli að senda frá sér tilbúinn mat. Ég kann að samþykkja það.

En hitt vekur athygli mína, þ.e. 1. gr. þessa frv. þar sem kveðið er á um annars konar samræmingu og samhæfingu, því að nú á að fara að skattleggja mötuneyti í stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þetta finnst mér vægast sagt vera afar vafasamur hlutur, að greina þann þátt starfseminnar í opinberum stofnunum frá og setja sérstaklega á hann skatt. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þróunin hefur öll verið í þessa átt á undanförnum árum, að þvinga opinberar stofnanir til að greina sig niður í rekstrareiningar og ef menn síðan koma auga á að samkeppni ríkir á viðkomandi sviði eða sviði þar sem einhver slík eining er starfandi, þá er Samkeppnisstofnun svipstundis sigað á hana og hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin færir hana út á markaðstorgið. Þetta höfum við séð gerast á ýmsum sviðum og menn nýta sér náttúrlega Evrópusamstarfið, hið Evrópska efnahagssvæði, markaðssáttmála Evrópu, til þess að knýja á um slíka þróun.

Auðvitað eru afleiðingarnar stundum ömurlegar. Ég veit ekki hvort menn muna eftir því þegar lítið bæjarfélag var kært fyrir að bjóða upp á ókeypis tjaldstæði, það skerti samkeppnistöðu hótela í grenndinni og bæjarsjóður var þvingaður til að taka gjald á tjaldstæðinu. Það er inn í slíkan farveg sem við erum að fara með samfélag okkar. Og verkstjórinn og ökumaðurinn á þeirri vegferð er hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde. Nú erum við að ræða enn eitt frv. frá honum. Áðan var það poppkornið og marmarinn og byssurnar, í gær voru að stóru jepparnir og nú á að fara að skattleggja mötuneytin hjá ríki og sveitarfélögum.

Ég ætla að leyfa mér að vera á móti þessari breytingu. En ég ætla jafnframt að vekja athygli hv. þingmanna og þjóðarinnar á því hvers eðlis þær breytingar eru sem verið er að ráðast í. Verið er að lækka skattheimtu á stórum, dýrum lúxusjeppum um 500–700 þús. kr., enda er fagnað í bílaumboðunum, veisluhöld eru í Heklu og víðar að sjálfsögðu, þeir eiga svo góða ríksstjórn sem vinna þessi verk fyrir þá. En síðan er tekið til hendinni gagnvart mötuneytunum til að íþyngja opinberri starfsemi sem hefur mátt sæta niðurskurði á ýmsum sviðum enn meira. Og allt er þetta tæknilegt og í samræmingarskyni o.s.frv. Herra forseti. Ég mótmæli þessari 1. gr. laganna.

[21:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að hér í kringum Alþingi er fullt af veitingastöðum sem selja mat í harðri samkeppni við mötuneyti, opinber mötuneyti, þar á meðal mötuneyti hv. Alþingis sjálfs. Ég hefði nú gaman af að vita um hve mikið maturinn hjá hv. þm. er niðurgreiddur. Ég hefði gaman af að vita hvað hver máltíð sem ég borga eitthvað 240 kr. fyrir kostar. Hvernig ætlast menn til þess að hinn venjulegi veitingamaður geti staðist slíka samkeppni? Þetta er stórlega niðurgreitt, engir skattar greiddir, enginn eignarskattur, enginn tekjuskattur og enginn virðisaukaskattur. Hvernig ætlaði hv. þm. að standa í slíkum rekstri ef hann þyrfti? Hv. þm. á auðvitað mjög erfitt með að ímynda sér hvernig er að standa í atvinnurekstri því hann hefur aldrei staðið í því sjálfur. En það er ekkert gaman að standa í atvinnurekstri og þurfa að dæla sköttum inn til ríkisins í samkeppni við ríkið.

[21:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm., Pétri H. Blöndal, að ég hafi aldrei staðið í atvinnurekstri. Ég hef unnið hjá fyrirtækjum og stofnunum, bæði á almennum markaði og hjá ríki og sveitarfélögum. En samkvæmt hans heimssýn stendur náttúrlega enginn í atvinnurekstri eða tengist atvinnulífinu nema hann eigi fyrirtæki og haldi þar um taumana. Við höfum einfaldlega ólíkan skilning á þessu. Það kemur mér ekkert á óvart að hér skuli stíga í pontu hv. þm. Pétur H. Blöndal sem hefur gert það að lífshugsjón sinni að grafa undan og veikja opinbera starfsemi, samneysluna. Það kemur mér ekkert á óvart. Það kemur mér ekki á óvart úr þeim herbúðum að menn þurfi að mæla allt, í krónum og aurum, alltaf. Menn eru búnir að reikna það út í sérstökum vasafjárlögum sem gefin voru út á vegum ríkisstjórnarinnar hvað fatlaðir kosta, hver einasti einstaklingur. Allt skal reiknað og mælt á þennan mælikvarða. Þessi ræða og þessi sjónarmið valda mér því ekki mikilli undrun.

[21:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar þá til að spyrja hv. þm. hvernig hann telji að menn geti staðið í samkeppni undir þessum formerkjum. Í fyrsta lagi þegar maturinn er stórlega niðurgreiddur hjá hinu opinbera. Í öðru lagi þurfa þeir sem standa í samkeppni við hið opinbera að borga virðisaukaskatt, í þriðja lagi tekjuskatt og í fjórða lagi eignarskatt. Hvernig eiga menn að geta staðið í þessari samkeppni?

[21:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að ég hefði á því ákveðinn skilning að jafna stöðu veitingahúsa gagnvart verslunum sem senda frá sér tilbúinn, framreiddan mat. Ég hef á því ákveðinn skilning að jafna stöðu þeirra sem keppa á markaði. Ég er hins vegar að vekja athygli á því sem er að gerast með þessari tillögu að lagabreytingu, þ.e. að gera mötuneyti í opinberum stofnunum skattskyld. Hverjar skyldu þessar opinberu stofnanir sem við erum að tala um vera? Við erum að tala um skólana, um sjúkrahúsin og um sambýli fyrir fatlaða. Þetta er sú starfsemi sem ég er að vísa til og hv. þm., Pétur H. Blöndal, vill ólmur skattleggja. Það eru engin ný tíðindi. En á sama tíma og menn tala með þessum hætti þá eru menn tilbúnir að beita niðurskurðarhníf gagnvart þessum sömu stofnunum. Það skal höggvið frá báðum endum.

[21:20]

Útbýting þingskjala:

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 176. mál, nál. umhvn., þskj. 954; brtt. umhvn., þskj. 955.

Öflun markaða erlendis fyrir lambakjöt, 611. mál, fsp. SighB, þskj. 953.

[21:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem er afrakstur af nefndarstarfi. Sú nefnd hefur skilað af sér mikilli skýrslu sem ég því miður hef ekki haft nægilega mikil tök á að kynna mér en er eflaust mjög fróðleg.

Í 1. gr. segir, með leyfi herra forseta:

„Jafnframt skulu ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki greiða virðisaukaskatt af framleiðsluverði á mat sem tilreiddur er í mötuneytum þeirra og seldur er starfsmönnum eða öðrum á verði undir framleiðsluverði."

Ég, herra forseti, vil víkka þetta dálítið út. Ég vil auk þess gera ráð fyrir að þessi fyrirtæki skili hagnaði og gera ráð fyrir eðlilegum hagnaði. Önnur fyrirtæki þurfa að greiða virðisaukaskatt af hagnaðinum. Þau þurfa að borga virðisaukaskatt af allri útseldri vöru og þar með er hagnaður fyrirtækisins. Málið snýst þá ekki bara um framleiðsluverð. Vegna þess sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði hér áðan um að sveitarfélag hafi verið dæmt til að taka gjald fyrir ókeypis tjaldstæði þá vil ég víkka þetta út til allrar annarrar starfsemi sveitarfélaga sem eru í samkeppni við aðra, að þar skuli koma til virðisaukaskattur, ekki bara á framleiðsluverð á mat. Sveitarfélögin og hið opinbera hafa fært sig inn á mörg önnur svið, til dæmis tjaldstæði, sem hafa hingað til verið og eiga að vera á hendi samkeppnisaðila. Ég mun skoða það og vænti þess að hv. efh.- og viðskn. skoði þann möguleika að taka inn í þessa grein hagnað og eins aðra starfsemi á samkeppnismarkaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 550. mál. — Þskj. 852.

[21:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald. Frv. er flutt í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að efla lífeyrissparnað landsmanna. Til að auka áhuga og fjárhagslegan ávinning einstaklinga á frekari lífeyrissparnaði er lagt til í frv. að mótframlag launagreiðenda í formi lækkunar á tryggingagjaldi, sem stundum er kallað tíund, verði aukið í allt að 0,4% af gjaldstofni almenna tryggingagjaldsins í stað 0,2% samkvæmt gildandi lögum. Þetta frv. er lagt fram samhliða frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég mælti fyrir hér fyrr á fundinum þar sem lagt er til að rýmkaðar verði heimildir launþega til að draga frá tekjum iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda.

Ákvæðum laganna um tryggingagjald var breytt í árslok 1998 þannig að launagreiðendum var gert kleift að leggja til viðbótarframlag fyrir launamenn sem höfðu gert samning um viðbótarlífeyrissparnað í formi lækkunar á tryggingagjaldi sem nam 0,2% af gjaldstofni tryggingagjaldsins. Markmiðið var að auka þjóðhagslegan sparnað og efla lífeyrissparnað einstaklinga. Mótframlaginu var ætlað að vera tíundi hluti fjárhæðarinnar sem launamaður legði til hliðar í lífeyrissparnað.

Eins og nefnt var hér áður sýnir könnun sem nýlega var gerð að um 27% landsmanna taka nú þátt í viðbótarlífeyrissparnaðinum. Í könnuninni var lögð fram sú spurning hvort menn hefðu hug á að auka sparnaðinn í þessu formi ef það væri heimilt. Töldu 44% aðspurðra mjög líklegt eða frekar líklegt að þeir mundu nýta sér þennan möguleika og verja hærra hlutfalli af skattskyldum tekjum til viðbótarlífeyrissparnaðar. Hækkun á mótframlagi launagreiðenda til viðbótarlífeyrissparnaðar launþega í formi lækkunar á tryggingagjaldi ætti þess vegna að ýta undir framangreindan áhuga almennings á viðbótarlífeyrissparnaði á komandi árum. Það er af þessum ástæðum, herra forseti, sem þetta frv. er flutt. Það þarfnast ekki frekari skýringa enda er það nátengt máli sem ég mælti fyrir hér áðan.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[21:24]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Fyrir rúmu ári ræddum við um þessa breytingu, að reyna að örva sparnað með því að ríkið greiddi 10% á móti sparnaði launþeganna og þá á því formi að tryggingagjaldið yrði lækkað. Menn áttu von á að þetta hefði þau áhrif að fólk færi að spara en reynslan hefur nú ekki orðið sú, enda benti ég á það á þeim tíma að um væri að ræða óskaplega margar litlar færslur, marga tvöhundruðkalla sem þyrfti að safna saman í bókhaldi fyrirtækja og hver færsla kostaði sitt í rekstri. Þetta er sem sagt mjög dýr leið til að styrkja sparnað og auk þess kemur hún eingöngu þeim til góða sem borga skatt á annað borð. Hinir sem ekki borga skatt fá ekki styrk til að spara og það finnst mér neikvætt. Svo er það þessi hugljómun að eingöngu eigi að styrkja sparnað til lífeyrisgreiðslna.

Við höfum nokkuð öflugt kerfi lífeyrissjóða sem geta að óbreyttum vöxtum tryggt nokkuð góðar lífeyristryggingar. Fólk er sem sagt nokkuð vel sett í ellinni með þann líf-

eyrissparnað og enginn hefur fært rök fyrir því að leggja meiri álögur á hinn vinnandi mann eða hvetja hann til þess á starfsævinni að hafa meira umleikis sem lífeyrisþegi.

Það sem vantar hér á landi er almennan sparnað, sparnað til að standa undir alls konar áföllum sem menn verða fyrir lífinu, hvort sem það er að klessukeyra bílinn, lenda í skilnaði eða einhverju þvíumlíku. Slíkan sparnað vantar illilega. Þar er pottur brotinn hjá fólki. Það á ekki fyrir þessum áföllum þegar þau dynja yfir. Það hefur verið lítill skilningur hjá almenningi á því að menn þurfi að eiga eitthvað í handraðanum til að mæta slíkum áföllum. Þessi sparnaður hefur ekki verið styrktur af ríkinu eða hvatt til hans og það er miður. Það er kannski erfitt að styrkja slíkan sparnað vegna þess að hann er ekki eins bundinn og það er erfitt að finna út hvað er sparnaður í því formi, menn geta tekið út af einni bankabókinni og lagt inn á aðra og þannig er spurning hve mikið framlagið er inn í þann sparnað.

En ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að hugleiða að hvetja menn til sparnaðar með öðrum hætti, t.d. með því að örva skilning manna á gildi sparnaðar sem slíks, hvers virði það er að eiga peninga í handraðanum. Menn eru sjálfstæðari og geta betur mætt áföllum. Eins þyrfti að upplýsa almenning um ókosti þess að skulda óhóflega. Þegar menn eru búnir að keyra allt í botn í heimilisbókhaldinu þannig að þeir eru farnir að borga kannski 50 þús. kr. á mánuði af fokdýrum jeppa þá getur orðið mjög erfitt að ráða við slíkan bita til fjölda ára. Þegar loksins er búið að borga jeppann niður þá er hann orðinn verðlaus. Þannig finnst mér skorta á að ríkisstjórnin kynni hvert gildi sparnaðar er og hvaða ókostir eru því samfara að skulda.

Sú leið sem menn hafa farið er á vissan hátt forræðishyggja. Því er stýrt hvernig þeir eiga að spara og þá fá þeir til þess styrk. Auk þess er þetta ekki félagslegt vegna þess að þeir sem ekki greiða skatt, þ.e. yfirleitt tekjulægsta fólkið, fær ekki styrk til að spara þó það gæti oft á tíðum sparað og sé kannski í mestri þörf fyrir að spara.

Ég hef því vissar efasemdir um þetta frv. eins og hið fyrra. Reyndar er styrkurinn orðinn það stór núna, sem sagt tvöfölduð upphæðin og allir þessir smáaurar verða þá tvisvar sinnum smáaurar og kannski farnir að nálgast eitthvað almennilegt. Af 100 þús. kr. tekjum á mánuði yrði styrkurinn 400 kr. í staðinn fyrir 200. Það var reyndar samkomulag um það í fyrra að þetta yrði greitt einu sinni á ári úr fyrirtækjunum. Samt sem áður þarf að halda utan um hverja einustu mánaðargreiðslu fyrir hvern einasta mann. Þannig er haldið utan um allar þessar greiðslur í kerfinu í bókhaldi fyrirtækjanna og þeir sem hafa komið nálægt bókhaldi vita að fjölgun færslna kostar heilmikið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisábyrgðir, 1. umr.

Stjfrv., 595. mál. — Þskj. 897.

[21:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir.

Í frv. eru lagðar til tvær breytingar að því er varðar undanþágur frá greiðslu ábyrgðargjalds. Í fyrsta lagi er lagt til að skuldbindingar Íbúðalánasjóðs sem sjóðurinn tók við frá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna verði undanþegnar greiðslu ábyrgðargjalds. Ljóst er að þar til útistandandi lán gömlu byggingarsjóðanna hafa verið innheimt mun þurfa að endurfjármagna lántökur þeirra til að mæta misvægi í greiðslustreymi innlána og útlána. Að óbreyttum lögum mun þurfa að greiða ábyrgðargjald af þeim lántökum. Lánþegar verða hins vegar ekki krafðir um greiðslu ábyrgðargjaldsins þar sem á móti þeim koma ekki ný útlán og mun því þurfa að mæta kostnaði vegna þessa með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Í öðru lagi er lagt til að Lánasjóður ísl. námsmanna verði undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds. Sjóðurinn starfar á félagslegum grundvelli eins og kunnugt er og er fjármagnaður með lántökum á markaðsvöxtum. Mismuni á þeim og útlánsvöxtum sjóðsins er síðan mætt með framlagi úr ríkissjóði. Verði sjóðurinn áfram látinn greiða ábyrgðargjald verður að mæta kostnaði við gjaldið með samsvarandi framlögum úr ríkissjóði að því gefnu að ekki verði breytt útlánakjörum til námsmanna og gjaldið innheimt hjá þeim.

Í þessu ljósi tel ég eðlilegt að Lánasjóður ísl. námsmanna verði sömuleiðis undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.

Ég vil taka fram að lagabreytingin raskar ekki í neinu samkeppnisstöðu fjármálastofnana á einkamarkaði gagnvart lánasjóðum í eigu ríkisins enda liggja sérstök sjónarmið að baki þessum fyrirhuguðu undanþágum.

Eins og áður sagði er Lánasjóður ísl. námsmanna fyrst og fremst félagslegur sjóður sem ætlað er að tryggja jafnrétti og öryggi við menntun óháð efnahag. Draga má í efa að Lánasjóður ísl. námsmanna starfi í raun á samkeppnismarkaði þar sem sjóðurinn starfar með félagsleg sjónarmið að leiðarljósi og býður námsmönnum vaxtakjör sem eru lægri en bjóðast annars staðar.

Hvað varðar undanþágu frá greiðslu ábyrgðargjalds vegna skuldbindinga Íbúðalánasjóðs nær hún eingöngu til gömlu sjóðanna sem svo eru kallaðir, gömlu byggingarsjóðanna, og því ljóst að sú undanþága hefur engin áhrif á lánamarkaðinn í dag. Lagabreytingin þjónar eingöngu þeim tilgangi að veita undanþágu frá greiðslu ábyrgðargjalds vegna endurfjármögnunar eldri lána og hefur engin áhrif á vaxtakjör sem bjóðast neytendum á lánamarkaði nú um stundir.

Hvað aðra starfsemi Íbúðalánasjóðs varðar greiða lántakendur í húsbréfakerfinu 0,35% álag á vexti fasteignaveðbréfa sem standa á móti útgefnum húsbréfum. Álaginu er ætlað að mæta vanskilum í kerfinu sem rekið er með ábyrgð ríkissjóðs.

Af lántökum Íbúðalánasjóðs vegna nýrra útlánaflokka utan húsbréfakerfisins verður áfram innheimt ábyrgðargjald og raskar breytingin því ekki samkeppnisstöðu gagnvart öðrum lánveitendum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð en legg til að því verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr. að lokinni umræðunni.

[21:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki annað en að það sé rétt og skynsamleg leið sem hæstv. ráðherra mælir fyrir að undanþiggja frá greiðslu ábyrgðargjalds byggingarsjóðina og Lánasjóð ísl. námsmanna.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, af því að hér er vísað til þess að þessir sjóðir, byggingarsjóðirnir, hættu starfsemi með lögum nr. 4/1998: Hefur þá safnast upp skuld hjá Íbúðalánasjóði við ríkissjóð eða hefur Íbúðalánasjóður staðið skil

á þessu gjaldi fram að þessu eða þar til þessu verður breytt núna með lögum?

Ég vil spyrja af því að það óvanalega er að með þessu frv. er ekkert mat frá fjárlagaskrifstofu, ekki það sem ég hef undir höndum, hvað þessi breyting þýðir þá í tekjutap fyrir ríkissjóð sé ekki staðið skil á þessu gjaldi. Síðan er spurning hvort safnast hafi upp skuld og ef svo er hvort hún verði þá felld niður þegar þetta frv. verður samþykkt.

[21:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður ekki svarað því hvernig þessu er háttað í bókhaldi Íbúðalánasjóðs, hvort hann hefur greitt gjaldið til þessa eða hvort safnast hefur upp skuld við ríkissjóð en þeirra upplýsinga er sjálfsagt að afla og leggja fram í þingnefndinni.

Það fórst fyrir að leggja fram kostnaðarmat, þ.e. prenta það með frv. þó að það lægi fyrir þegar því var útbýtt fyrst, en frv. hefur verið prentað upp með kostnaðarmatinu. Þar kemur fram að ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlaga fyrir þetta ár að sjóðirnir greiði ríkisábyrgðargjaldið. Ef til þess hefði komið hefði rekstrarafkoma Íbúðalánasjóðs versnað um 151 milljón og Lánasjóðs ísl. námsmanna um 28 milljónir og það hefði þurft að hækka vexti Byggingarsjóðs ríkisins nokkuð og sömuleiðis Byggingarsjóðs verkamanna.

Hækkun vaxtanna hefði hins vegar haft áhrif á útgreiðslu vaxtabóta úr ríkissjóði sem erfitt er að áætla hvað hefðu orðið miklar en gera má ráð fyrir því að ríkissjóður hefði þurft að leggja Lánasjóði námsmanna til þessar 28 milljónir miðað við að raungildi eigin fjár sjóðsins hefði haldist óbreytt.

Verði þetta frv. að lögum þarf ekki að hækka útlánsvexti eða auka framlög úr ríkissjóði. Hér háttar þannig til að verið er að flytja úr einum vasa í annan, ábyrgðargjaldið af Lánasjóði námsmanna og Íbúðalánasjóði rennur beint í ríkissjóð, en ríkissjóður hefði þurft að koma með framlög til þess að standa undir gjaldinu. Þetta hefði náttúrlega verið hálfvandræðalegt mál og þess vegna er þessi leið farin, nettóútkoman er núll fyrir ríkissjóð en væntanlega bætt eða betri bókhaldsleg afkoma hjá þessum aðilum.

[21:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar sem ég hafði ekki undir höndum af því að ég er var með fyrri útgáfu frv. En orð ráðherrans staðfesta áhrifin af þessu, að það er skynsamleg og eðlileg leið sem hér er verið að fara. Það verður auðvitað skoðað í nefndinni því að tvö ár eru liðin síðan sjóðirnir hættu starfsemi, eða frá 1998. Það þarf að skoða það hvort safnast hafi upp skuld við Íbúðalánasjóðinn og ég sé ekki annað en það þurfi þá að skoða hvernig hægt er að fella hana niður ef svo er en þetta verður auðvitað kannað í efh.- og viðskn.

[21:36]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Enn og aftur ræðum við um frávik frá reglum sem settar eru til handa opinberum aðilum.

Þegar gjald var lagt á ríkisábyrgðir var það mjög gott skref fram á við til að sýna raunverulegan kostnað við lántöku. Áður hafði það verið svo að opinberir bankar tóku lán erlendis og það virtist vera að þeir fengju sjálfir ógurlega góð kjör. En það var í rauninni ríkissjóður Íslands sem var að fá kjörin vegna þess að ríkisábyrgð var á bönkunum.

Eftir að ríkisábyrgðargjaldið var sett á kom í ljós hver áhættan var og að menn yrðu að borga fyrir hana og þá breyttist mjög margt. Reyndar er það svo að innlánsstofnanir voru undanþegnar sem skekkti mjög mikið stöðu ríkisbankanna gagnvart þeim eina einkabanka sem var í gangi á þeim tíma.

Nú er þetta allt saman horfið þar sem búið er að hlutafélagavæða ríkisbankana og þeir hafa verið að losa sig við ríkisábyrgðina vegna þess að ábyrgðargjaldið var hærra en sem nam þeirri vaxtahækkun sem þeir þurftu að sæta á erlendum mörkuðum án ríkisábyrgðar.

Það er mjög mikilvægt í allri starfsemi að sýna raunverulegan kostnað, hvort sem það er opinber eða einkastarfsemi. En þar er ljóður á hjá opinberum fyrirtækjum og það ræddum við áðan varðandi virðisaukaskattinn. Opinber fyrirtæki greiða t.d. ekki eignarskatt. Þau greiða ekki tekjuskatt og þau greiða almennt ekki virðisaukaskatt. Þetta skekkir allan samanburð á milli þeirra og annarra fyrirtækja sem eru að hasla sér völl. Ég vil nefna að sennilega, þó ég viti það ekki, er um helmingur af löggæslunni einkavæddur. Ég reikna með því að starfsmenn í öryggisgæslu séu að verða fleiri en starfsmenn lögreglunnar. Þessar einkaöryggisgæslur eru í samkeppni við aðila sem greiða ekki þessi opinberu gjöld sem ég nefndi, eignarskatt, tekjuskatt, virðisaukaskatt o.s.frv. Hér er lagt til að þessu verði haldið áfram gagnvart þessum sjóðum.

Það getur verið, herra forseti, að menn vildu selja fasteignalánasjóðinn Íbúðalánasjóð, og hann yrði seldur fyrirtæki sem héti Húsbréf hf. Þá er náttúrlega mjög mikilvægt að sýndur sé raunverulegur kostnaður af þessum sjóðum. Líka er hugsanlegt að hægt sé að selja Lánasjóð ísl. námsmanna til einkaaðila sem tæki að sér að veita lánin en fengi styrk til þess að standa undir vaxtaniðurgreiðslunni. Þá er mjög mikilvægt að sýnt sé að það sé einhver trygging eða greitt sé fyrir ríkisábyrgðina sem hvílir á þessum sjóðum. Þess vegna er mjög mikilvægt, herra forseti, að þetta ríkisábyrgðargjald sé sýnt í reikningum þessara sjóða.

Segjum t.d. að hinn nýi banki, sem stofnaður var á dögunum eða í vikunni, geri ríkissjóði tilboð í að reka Íbúðalánasjóð. Hvernig á þá að vera hægt að sýna að það sé hagkvæmt þegar Íbúðalánasjóður greiðir enga skatta og á heldur ekki að greiða gjald fyrir ríkisábyrgðina? Það er mjög mikilvægt að sýna alla þessa skatta og gjöld til að hægt sé að sjá hvort það borgar sig að hafa þetta í höndum einkaaðila eða á hendi hins opinbera.

Ljóst er að þau gjöld sem hér yrðu lögð á, ef þessi grein yrði ekki sett á, rynnu í ríkissjóð og úr ríkissjóði. Menn eru bara að plata sjálfa sig, eða eins og hæstv. fjmrh. sagði í andsvari áðan, að þetta sýni betri bókhaldslega útkomu. Nema hvað? Það er einmitt verið að plata, það er einmitt verið að plata sjálfan sig með því að sýna betri bókhaldslega útkomu. Það er ekki verið að sýna hvað þessir sjóðir kosta ríkissjóð raunverulega.

Herra forseti. Við erum nýbúin að samþykkja fjárreiðufrv. þar sem tekið var sérstaklega á því að reyna að sýna alla skatta út og inn og reyna að sýna t.d. barnabætur, ekki sem frádrætti frá skatti heldur sem útgreiðslu úr ríkissjóði. Hér er verið að snúa við blaðinu að því leyti. Ég vænti þess að hv. efh.- og viðskn., sem fær þetta mál til umfjöllunar, muni skoða mjög nákvæmlega hvernig þetta samrýmist þeirri

hugsun sem er í fjárreiðufrv. og samrýmist þeirri hugsun að sýna raunverulegan kostnað hvar sem hann verður til þó að það sýni verri bókhaldslega útkomu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfest samvist, 1. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 860.

[21:42]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 86/1996. Með frv. eru lagðar til breytingar á skilyrðum til að stofna til staðfestrar samvistar hér á landi og þau rýmkuð með tilliti til borgara annarra ríkja. Þar sem löggjöf í Danmörku, Noregi og Svíþjóð um staðfesta samvist er hliðstæð íslenskri löggjöf þykir rétt að leggja ríkisborgararétt í einhverju þessara ríkja að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt.

Þá er í frv. heimild fyrir dómsmrh. til að ákveða í reglugerð að ríkisborgararéttur í ríki þar sem löggjöf um staðfesta samvist er hliðstæð íslenskri löggjöf verði lagður að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt með sama hætti og danskur, norskur eða sænskur ríkisborgararéttur.

Lagt er til í frv. að lögfest verði sambærilegt ákvæði og er í dönsku lögunum um staðfesta samvist um að nægilegt sé að báðir einstaklingar sem hyggjast stofna til staðfestrar samvistar hafi átt búsetu í landinu í tvö ár án tillits til ríkisfangs en ákvæðið miðar að því að auka réttindi þeirra sem hér hafa fasta búsetu.

Sambærileg breyting og hér er lögð til hefur þegar verið gerð á dönsku lögunum um staðfesta samvist. Stjórnarfrumvarp sem er efnislega eins og dönsku lögin og þetta lagafrv. er nú til meðferðar í þinginu í Noregi. Í Svíþjóð hefur einnig komið fram stjórnarfrumvarp þar sem lögð er til rýmkun skilyrða til að stofna til staðfestrar samvistar með tilliti til borgara annarra norrænna ríkja.

Loks er í frv. þessu lagt til að bætt verði í 6. gr. laganna málsgrein um að lagaákvæði, sem hafa sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gildi ekki um staðfesta samvist. Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur þýðingu eðli máls samkvæmt. Þetta getur t.d. átt við um feðrun barna, en feðrunarreglur um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra í barnalögum geta ekki gilt um staðfesta samvist því að óhugsandi er að kona í staðfestri samvist geti verið faðir barns sem maki hennar elur. Sambærileg ákvæði hafa verið í dönsku og sænsku lögunum um staðfesta samvist frá upphafi. Þetta er eina breytingin sem lagt er til að gerð verði á 6. gr. laganna.

Ég minni á að í umræðunni um heildarlög um ættleiðingar sem var til meðferðar í þinginu fyrir áramót þá lýsti ég því yfir að frv. til breytinga á lögum um staðfesta samvist væri í undirbúningi í dómsmrn. Nú hefur það verið lagt fram. Þá lét ég þau orð jafnframt falla að þá gæfist tilefni til þess fyrir Alþingi að skoða sérstaklega stöðu þeirra sem eru í staðfestri samvist með tilliti til stjúpættleiðinga. Á það má benda að danski dómsmrh. hafði sama háttinn á. Hann lagði fram frv. um staðfesta samvist en taldi rétt að láta þinginu eftir að móta reglur um ættleiðingu.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að við Íslendingar höfum verið í fararbroddi við að tryggja réttarstöðu barnafólks í staðfestri samvist með því að lögfesta reglu um sameiginlega forsjá með börnum foreldris í staðfestri samvist fyrst allra ríkja og að við stöndum enn fremstir að því er þetta varðar, að Danmörku einni undanskilinni.

Herra forseti. Ég hef nú í aðalatriðum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[21:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að hér er komið fram frv. til laga um breytingu á lögunum um staðfesta samvist. Það er rétt sem hæstv. ráðherra rakti hér áðan að það hafði komið fram að hún mundi leggja hér fram frv. Hins vegar skildi ég ekki alveg seinni hlutann af því sem ráðherra var þá að reyna að koma til skila, sem sé því að síðan ætti að láta þinginu eftir að móta reglur um ættleiðingu.

Ég vil vekja athygli á því að þingið hefur viljað móta slíkar reglur á undanförnum árum. Hér hafa komið fram frv. um stjúpættleiðingu. Þau hafa ekki verið afgreidd þannig að það hefur ekki verið vilji til þess, herra forseti, að láta þinginu slíkt eftir. Eins og ég segi þá átta ég mig ekki alveg á því hvert ráðherrann var að fara en það mun væntanlega skýrast betur hér í umræðunni.

Herra forseti. Mér finnst mjög mikilvægt þegar við erum að fjalla um þessa löggjöf að þá horfum við bæði til þess hvaða áskoranir hafa borist til okkar frá öðrum eða frá þeim alþjóðasamtökum sem við erum þátttakendur í og líka að við horfum til okkar stjórnarskrár. Árið 1994 samþykkti Evrópuþingið áskorun til aðildarríkjanna um að jafna rétt samkynhneigðra. Síðan eru liðin sex ár.

Ef við víkjum síðan sérstaklega að mannréttindavinkli þessa máls og eins og hann ætti að snúa að okkur samkvæmt stjórnarskránni þá segir þar að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til stöðu sinnar. Það er nákvæmlega út frá þessu, herra forseti, sem ég tel að við eigum að skoða þessi mál. Við eigum að skoða þau út frá mannréttindasjónarhorni og við eigum að leggja þá mælistiku á það sem verið er að gera í málefnum samkynhneigðra sem við höfum þegar við fjöllum um stöðu gagnkynhneigðra. Öðruvísi er ekki um jafnræði og mannréttindi að ræða.

Það kemur fram í athugasemdum við lagafrv. að meginmarkmið þess sé að breyta skilyrðum til að stofna til staðfestrar samvistar. Þar er fjallað um möguleika fólks til þess að öðlast staðfesta samvist á Íslandi og þar eru settar ákveðnar skorður. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort þetta séu þær skorður sem íslensk lög setja við hjónaböndum gagnkynhneigðra. Ef svo er ekki, hvaða munur er þá hér á?

Herra forseti. Síðan komum við að dulmálinu í frv. Þegar textar eru eins og texti 2. gr. eða skýringanna á 2. gr. þá fer maður að velta því fyrir sér hvað búi þar að baki. Hvað er verið að reyna að segja eða öllu heldur hvað eru menn að reyna að segja ekki? Mér finnst þessi 2. gr. mjög sérkennileg. Ég sé ekki þar sem fjallað er almennt um frv. að vikið sé að efni hennar. Mér finnst að hér sé eitthvert dulmál á ferðinni og ég vil því til áréttingar, herra forseti, fá að vitna beint í þessar skýringar eins og þær liggja fyrir:

„Hér er lagt til að bætt verði í 6. gr. laganna ákvæði um að lagaákvæði sem hafa sérstakar reglur um annan makann í

hjúskap og bundin eru við kynferði hans gildi ekki um staðfesta samvist. Ákvæðinu er ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðuna þegar þannig hagar til að kynferði maka hefur eðli málsins samkvæmt þýðingu. Þetta getur t.d. átt við um feðrun barna, en feðrunarreglur um börn giftra foreldra og sambúðarforeldra í barnalögum geta ekki gilt um staðfesta samvist því að óhugsandi er að kona í staðfestri samvist geti verið faðir barns sem maki hennar elur. Þessi tillaga byggist á eðli máls og þarfnast ekki skýringa. Tekið er fram að þessi breyting haggar ekki þeirri réttarstöðu að annar einstaklingurinn í staðfestri samvist fer með forsjá barns hins sem hann eða hún hefur forsjá fyrir, sbr. 3. mgr. 30. gr. barnalaga."

Herra forseti. Ég bara viðurkenni að ég skil þetta ekki. Þetta á að vera skýring við greinina og það segir hér: „Þessi tillaga byggist á eðli máls og þarfnast ekki skýringa." Svo kemur skýring og hún er svo fullkomlega óskiljanleg og fyndin að auki — þetta er svona ekta útúrsnúningaskýring — að ef málið væri ekki þeim mun alvarlegra þá væri hægt að henda dálitið gaman að þessu. En það ætla ég ekki að gera. Ég ætla bara að spyrja beint, herra forseti: Er nokkur möguleiki að skilja þessa grein þannig að í henni geti falist leyfi til að ættleiða barn og síðan muni þingið móta reglurnar? Er nokkur leið að skilja þessa grein þannig að stjúpforeldri í staðfestri samvist fái að ættleiða barn maka síns eins og stjúpforeldri í hjónabandi gagnkynhneigðra hefur?

Ég óska eindregið eftir því að það verði útskýrt mjög nákvæmlega hvað felst í þessari 2. gr. Það kom ekkert fram um það í máli hæstv. ráðherra. En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra útskýri hvað hún er að fara með greininni og ég tala nú ekki um með þessum dæmalausu útskýringum á greininni.

Hér segir, herra forseti, í bréfi frá Samtökunum '78 um stjúpættleiðingu og mannréttindi barna, með leyfi forseta:

„Baráttan fyrir rétti til stjúpættleiðingar varðar vissulega mannréttindi samkynhneigðra í staðfestri samvist, en umfram allt snýst sá réttur um hagsmuni og velferð þeirra barna sem um ræðir, eins og margsinnis hefur verið bent á. Þau börn sem njóta munu góðs af stjúpættleiðingu hafa yfirleitt alist upp um árabil með foreldri og stjúpforeldri sem bæði eru af sama kyni. Þetta eru þau börn sem sækja félagslegt og réttarlegt öryggi sitt einungis til þess kynforeldris sem þau búa með, en eiga ekki kost á slíku frá hinu kynforeldrinu. Í sumum tilvikum er hitt kynforeldrið ekki lengur á lífi, í öðrum tilvikum vill það ekki af tilvist barnsins vita, en við hlið barnsins stendur stjúpforeldri sem býður því stuðning dag hvern án þess að barnið hafi styrk af lögum til staðfestingar því sambandi eða njóti þess réttar gagnvart stjúpforeldri sem ákvæði í lögum um stjúpættleiðingu gætu veitt."

Herra forseti. Ég veit að ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum hér hvert vilji þingsins stendur í þessum efnum. Hann stendur einfaldlega til þess að heimilt verði fyrir foreldri í staðfestri samvist að stjúpættleiða — og ég segi foreldri því að menn gegna foreldraskyldum, fólk gegnir foreldraskyldum — börn maka síns þegar þannig stendur á. Og eins og ég benti á áðan hefur áður verið flutt frv. til laga um breytingu á lögunum um staðfesta samvist til þess að kalla þessa breytingu fram án þess að þau frv. hafi orðið að lögum.

Umræðan um þessi mál hefur ekki farið hátt í þjóðfélaginu. Almennt talað virðist sem Íslendingar séu þess viljugir að samkynhneigðir njóti hér sambærilegra mannréttinda á við aðra og mönnum finnst dálítið sérkennilegt að lögin um staðfesta samvist, sem sannarlega voru réttarbót á sínum tíma, séu í rauninni hálfgildings hjónaband þó með banni eða takmörkuðum aðgangi að börnum. Það kemur m.a. fram hvað varðar rétt til tæknifrjóvgunar.

Eins og fram kom hér áðan snýst þetta um rétt barna og snýst um bann við mismunun. Það snýst um það að þegar við erum að fjalla um stöðu barna og réttindi þá á ekki að taka tillit til aðstæðna foreldra. Það á ekki að mismuna börnum eftir aðstæðum foreldra þeirra og það hélt ég að væri löngu viðurkennt í okkar samfélagi og hefði verið viðurkennt þegar við hættum að greina á milli skilgetinna og óskilgetinna barna. Það er í rauninni, herra forseti, ákveðin þverstæða að leyfa ekki stjúpættleiðingu heldur sameiginlegt forræði. Við erum búin að ganga það skref og við eigum auðvitað að klára þetta mál og eins og ég gat um áðan að víkja hvergi frá því sem við gerum kröfur um þegar um gagnkynhneigða er að ræða. Við eigum að horfa til þess að um mannréttindamál er að ræða. Og við eigum að velta því fyrir okkur hverjar séu þarfir barna en ekki að vera sífellt að velta okkur upp úr stöðu foreldra þeirra.

Farið hafa fram ákveðnar rannsóknir á stöðu barna sem alast upp hjá samkynhneigðum og ekkert bendir til þess, herra forseti, að slík börn fái í nokkru lakara uppeldi eða hafi erfiðari aðstæður en börn sem alast upp í gagnkynhneigðum samböndum. Það sem við verðum fyrst og fremst að gæta okkar á er að setja ekki lög sem taka tillit til fordóma eða jafnvel að ýta undir fordóma. Ef við ætlum að komast hjá slíku verðum við að vera með mælistikuna á hreinu, þá mælistiku sem ég hef verið að tala um hér að mér þyki mikilvæg, þ.e. að við séum ekki að mismuna fólki eins og gert hefur verið gagnvart samkynhneigðum heldur horfum fyrst og fremst til þess að allir eigi að njóta hér jafnræðis, allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til stöðu sinnar.

Ég vil bara ítreka ósk mína um að ráðherra útskýri í fyrsta lagi hvað hún á við með því að láta þinginu eftir að móta reglur um ættleiðingu. Mig skiptir engu hvað danski ráðherrann gerði í þeim efnum. Í öðru lagi vil ég að við fáum svör við því hvað verið sé að fara með 2. gr. þessa frv., þ.e. hvaða máli sú grein skiptir, hvaða máli það skiptir sem hér segir, með leyfi forseta:

„Lagaákvæði, sem hafa sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans, gilda ekki um staðfesta samvist."

Hvaða dyr opnar það að setja þetta ákvæði inn? Opnar það fyrir eða auðveldar það okkur að leyfa ættleiðingu? Er þetta ákvæði skref í þá átt að samkynhneigðir njóti hér mannréttinda sambærilegra á við aðra? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra komi hér og útskýri þetta og að þessi umræða geti orði gagnleg fyrir áframhaldandi vinnslu málsins í hv. allshn.

[21:59]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að upplýsa hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um ákveðin atriði sem ég hélt að allir vissu um. Ég vil í rauninni benda henni á að tala við hennar samflokksmenn í allshn.

Það er alveg ljóst að við umræður fyrir jól á hinu háa Alþingi þegar ættleiðingalögin voru hér til umræðu, kom skýrt fram í máli allra nefndarmanna hv. allshn. að það væri í rauninni samkomulag um að hrófla ekki við ættleiðingalögunum.

Í fyrsta lagi með tilliti til þess mikilvægis að lögleiða þau sem fyrst og í öðru lagi að lagatæknilega væri ekki hægt að breyta þeim lögum með tilliti til stjúpættleiðinga samkynhneigðra. Algjör samstaða var um þetta í nefndinni. Sú leið sem er nú farin er í fyllsta máta eðlileg og í samræmi við þann vilja sem kom skýrt fram fyrir jól. Ekkert er óeðlilegt að hæstv. dómsmrh. vitni til Danmerkur um hvaða aðferð var farin þar. Í öllu málinu og í allri meðferð málsins er verið að vitna til Danmerkur og benda á Danmörk sem eina landið sem viðurkennt hefur stjúpættleiðingar. Af hverju ekki að hafa sama háttinn á aðferðinni? Það þýðir ekki bara að taka einn hlutann frá Danmörku, mér finnst alveg eðlilegt að við förum sömu leið. Þess vegna fagna ég framlagningu frv. og segi að allshn. kemur til með að taka á þessu máli og væntanlega leggja það til að stjúpættleiðingar verði leyfðar.

[22:01]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var mér fullkomlega meðvituð um það samkomulag sem gert var í allshn. og ég hef ekki verið að kalla eftir breytingum á ættleiðingalögunum. Ég hef hins vegar bent á að fram hefur komið frv. til laga um breytingar á lögunum um staðfesta samvist þar sem reynt er að nálgast það markmið sem ég veit að meirihlutavilji þingheims, ef ekki alls, stendur til, þ.e. að stjúpættleiðingar verði leyfðar.

Það sem ég var fyrst og fremst að kalla eftir var hvað fælist í 2. gr. Á hvað opnar hún? Spurningin er þessi: Af hverju kemur hæstv. ráðherra ekki með frv. um það efni sem menn hafa gert ákveðið samkomulag um að yrði lögfest, af hverju er það nefndin sem á að leggja það til? Þetta er bara þingtæknilegt atriði og þetta er líka spurning um hver á að hafa frumkvæði að slíkum málum. Ég skil ekki alveg af hverju hv. Alþingi á að móta reglur í þessum efnum. Út af fyrir sig er allt í lagi að það gerist en ég skil ekki af hverju það er svona nauðsynlegt í þessu máli og af hverju ráðherrann kemur þá ekki fram með fullbúnar tillögur sem hægt er að ræða. Spurning er hvort þarna eru einhverjar aðrar skýringar en þær að gera eins og Danmörk vegna þess að það er gott að horfa á hvað grannar okkar eru að gera. Sannarlega megum við taka margt eftir þeim en engin nauðung felst í því og hreint ekki þegar við erum ekki sannfærð um það að leiðin sé rétt og nú er ég að tala um formið miklu frekar en innihaldið.

[22:03]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg hissa á hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, sem er fulltrúi löggjafarvaldsins, að fagna ekki þessari aðferð hjá dómsmrh. að leyfa þinginu að móta jafnmerkilegar reglur og reglur um stjúpættleiðingar samkynhneigðra eru. Fyrir mitt leyti er ég mjög ánægð með það sem hæstv. dómsmrh. er að gera með framlagningu þessa frv. því að í rauninni er ekki verið að gera neitt annað með því en það sem stendur nákvæmlega í frv., þ.e. að rýmka þessi skilyrði til að stofna til staðfestrar samvistar. Það er nákvæmlega það sem verið er að gera, ekkert annað.

[22:04]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst gæta ákveðinnar tilhneigingar til útúrsnúninga. Eins og ég sagði áðan hefur verið látið á það reyna hvort vilji væri fyrir því að þingið mótaði þessar reglur. Sá vilji hefur ekki reynst vera til staðar. Ég hafði skilið málið þannig þegar þetta samkomulag varð í allshn. að hér kæmu inn ákveðnar tillögur. Ég er ekki á móti því að þingið móti reglur, það er svo langt í frá. Ég óskaði hins vegar eftir því að útskýrt væri hvað kæmi fram í 2. gr., hvort hún opnaði á þessa möguleika og einnig hitt að mér fannst sérkennilegt að ráðherrann skyldi kjósa að fara þessa leið. Mér fannst það sérkennilegt vegna þess að ef um stjfrv. er að ræða hefur það stundum þótt haldbetra, a.m.k. sýnir reynslan það í þessum málum að þingmannafrv. dugði ekki, en stjfrv. hafa hingað til dugað vegna þess að þau eru þó búin að fá samþykki í stjórnarflokkunum. Ég vænti þess að það samkomulag sem menn tala um að gert hafi verið muni þá halda og þó að það sé ekki hluti af stjfrv. nægi það þó til ef nefndin flytur og er sammála um það.

[22:05]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um 2. gr. frv. Þetta er í raun ekki efnisleg breyting heldur fyrst og fremst tæknilegt atriði. Þarna er m.a. verið að ræða um feðrunarreglur í barnalögum sem eiga ekki við um fólk sem er í staðfestri samvist. Það virðist vera að gleymst hafi að setja þessa skýringu eða ákvæði inn í upprunalega frv. um staðfesta samvist og þykir rétt að setja það fram til frekari skýringar enda nefndi ég það í framsögu minni að svipað ákvæði væri í sambærilegri löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Vera má að hv. þm. finnist vera of flóknar skýringar á þessu atriði en ég held þó að þetta komi skýrt fram í grg.

Að öðru leyti vil ég taka fram að þinginu er að sjálfsögðu frjálst að taka mál til meðferðar hvenær sem er og koma með tillögur um lagabreytingar. Hins vegar kom fram þegar rætt var um heildarlöggjöf um ættleiðingar fyrr á þessu þingi að ýmsir hv. þm. vildu athuga hvort hægt væri að koma ættleiðingum varðandi staðfesta samvist undir þá löggjöf en það hefði ekki verið lögfræðilega rétt. Ég upplýsti á þeim tíma að til stæði að endurskoða lögin um staðfesta samvist og lét þá þau orð falla sem ég kom með í framsögu minni. Þetta ætti því að vera alveg skýrt.

Ég vil bara taka undir með hv. formanni allshn. sem skýrði frá hvernig umræður áttu sér stað á þessum tíma. Það er vissulega nokkuð sérstök leið sem hér er farin en að mínu mati er sú aðferð þingræðisleg sem hér er farin. Þetta er þverpólitískt mál sem við erum að fjalla um og ég treysti því að allshn. muni fara vel og vandlega yfir það og koma með góðar tillögur í því sambandi.

[22:07]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það stundum hvimleitt þegar ráðherrar eða stjórnarþingmenn koma upp eftir hentugleikum og benda okkur hinum á að þingið geti komið með tillögur og fjallað um mál að vild. Auðvitað er það þannig. Það vitum við og höfum alltaf vitað. En málið snýst ekki um það hvort við megum koma með tillögur eða leggja til mál eða taka mál til umfjöllunar. Málið snýst um það hvað verður samþykkt. Málið snýst um að kalla fram meirihlutavilja sem er þá frjáls en ekki bundinn af því hvar menn eru staddir í stjórn eða stjórnarandstöðu, það sé hægt að kalla fram breytingar á lögum til heilla fyrir land og lýð án tillits til þess hver flytur málið. Við stjórnarandstæðingar höfum hins vegar mátt sitja undir því að mál sem við flytjum eru sjaldnast samþykkt. Við megum meira að segja sæta því að flytja mál og að ráðherra flytji síðan sama mál og það verður að samþykkja mál ráðherrans en ekki þingmannsins þó um sama efni sé að ræða. Menn geta því komið og sagt að þingið geti tekið

hvaða mál til umræðu sem er og sett fram hvaða tillögu sem er og ég segi já, sannarlega er það rétt, en spurningin er hvað er samþykkt. Af því að reynslan er búin að kenna okkur öllum og það fyrir löngu, þetta er búið að liggja fyrir lengi og það hefur alltaf verið með svipuðum hætti, að það eru fyrst og fremst þau mál sem ríkisstjórnin ber fram sem eru samþykkt og stundum virkar þetta sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstjórnina, þá finnst manni það skipta máli ef manni er annt um hlutina að það sé alveg klárt að málið fái þá framgang eftir þeim leiðum sem hér eru algengastar, þ.e. með stjórnarmeirihluta.

[22:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Sannarlega er ástæða til að fagna því frv. sem er komið fram og anda þess og þeim réttarbótum sem eru lagðar til fyrir samkynhneigða í staðfestri samvist. Eins og komið hefur fram í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, var boðað að þessi leið yrði farin, þ.e. dómsmrh. hæstv. boðaði að brtt. kæmu fram við lögin um staðfesta samvist og þær liggja nú fyrir. Ég lít svo á að hv. allshn. hafi þar með aðgang að þessum lögum umfram það sem segir í þessu frv. Ég treysti því sem sagt hefur verið og hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir gefur okkur nánast loforð um, að innan skamms muni koma tillögur frá hv. allshn. um stjúpættleiðingar samkynhneigðra. Þessu ber auðvitað að fagna.

Ef við lítum í heild á réttarbaráttu samkynhneigðra, íslenskra lesbía og homma, frá upphafi þá sjáum við að skrefin koma, við tökum skref. Þó þau séu sum smá og við vildum gjarnan hafa þau stærri eru þau samt sem áður til staðar og þetta er eitt af þeim skrefum sem þarf að stíga sem við erum að stíga núna. Það er svo sannarlega réttarbót. En ég er í hópi þeirra sem vildu óska að við gætum tekið stærri skref. Ég er í hópi þeirra sem segja hvað er okkur að vanbúnaði að samþykkja full mannréttindi til handa samkynhneigðum? Hvað er okkur að vanbúnaði að leyfa frumættleiðingar samkynhneigðra eins og Hollendingar hafa leyft? Hvað er okkur að vanbúnaði að leyfa lesbískum konum að fara í tæknifrjóvgun? Það eru enn þá ákveðin atriði sem ég er svo sem viss um að hv. allshn. kemur til með að skoða í umfjöllun sinni um þetta mál.

Af því að dönsku lögin hafa verið nefnd og eru fyrirmynd þess frv. sem liggur fyrir ítreka ég að Danir hafa leyft stjúpættleiðingar, þeir hafa reyndar ekki leyft tæknifrjóvganir fyrir lesbískar konur, þeir hafa ekki leyft frumættleiðingar, þeir leyfa ekki ættleiðingar á börnum utan lands frá. Þar eru ekki leyfð kirkjubrúðkaup fyrir samkynhneigða en þó er ákveðið form blessunar til staðar fyrir samkynhneigð pör í Danmörku og það er eitthvað sem ég held að við verðum að fara að innleiða. Á einhvern hátt verðum við að fá okkar æruverðugu þjóðkirkju til að blessa með viðeigandi hætti sambönd samkynhneigðra. Það skýtur svolítið skökku við og það má kannski beina því til hv. allshn. að hún athugi ákvæði í hjúskaparlögum, sem samkvæmt lögunum um staðfesta samvist gilda um það fólk sem býr í staðfestri samvist, þar sem segir í 8. gr. þeirra laga, með leyfi forseta:

„Ákvæði hjúskaparlaga um ógildingu hjúskapar, hjónaskilnaði og fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita gilda um ógildingu og slit staðfestrar samvistar ...“

Nú ber á það að líta að í þeim hjúskaparlögum sem vitnað er til er þess getið að áður en hjón slíta samvistum eða slíta hjúskap skuli þau leita til prests, þau skuli leita sátta prests. Að mínu mati er kannski um lítið atriði en lapsus að ræða. Hér er misvísandi grein sem gildir um pör í staðfestri samvist sem ætla að slíta hjúskap sínum, þau eiga að leita til prests sem á að sætta á milli þeirra eða gera tilraun til sátta þegar þau ætla að skilja en þau fá ekki blessun hans við upphaf sambúðarinnar. Hér er því atriði og það eru kannski fleiri atriði sem þarf að skoða í þessu tilliti þegar lög um staðfesta samvist hafa nú verið opnuð. Ég bendi á erfðalögin og ég bendi á lögin um tæknifrjóvgun. Eins og ég segi er okkur kannski ekkert að vanbúnaði að ganga lengra en að samþykkja stjúpættleiðingarnar eða leggja til reglur um stjúpættleiðingar til handa samkynhneigðum.

Orð mín til hv. allshn. felast því fyrst og fremst í hvatningu til að brjóta þetta mál algjörlega til mergjar. Skoða þau lög sem gætu mögulega fjallað um þessi mál, þ.e. þau pör sem búa samkvæmt lögunum um staðfesta samvist, og athuga hvort það sé ekki á fleiri sviðum sem við getum gert bragarbót og aukið mannréttindi samkynhneigðra. Það verður að segjast eins og er að samkynhneigðir eru að ryðja braut nýjum viðhorfum, þeir hafa verið að berjast gegn fordómum, og viðhorfin til lesbía og homma hafa gjörbreyst á mjög skömmum tíma.

Samkynhneigðir hafa sýnt og sýna daglega að þeir eru ekki síður en gagnkynhneigðir færir um að lifa ánægjulegi lífi í sátt við umhverfi sitt, í sátt við allt sitt nánasta umhverfi og samfélag. Til þess að samkynhneigðum sé fært að njóta lífsins eins og þeir þurfa þá er nauðsynlegt að skilningur gagnkynhneigðra verði þeim ekki fjötur um fót.

Það er vert að ítreka þakkir fyrir að hér skuli búið að opna þessi lög. Ég treysti því og veit að hv. allshn. kemur til með að taka þetta mál til athugunar og skoða ofan í kjölinn. Þegar það kemur frá nefndinni þá treysti ég því að það verði efnismikið og komi til með að brjóta í blað í réttindamálum samkynhneigðra.

[22:16]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi fá að segja hér nokkur orð til skýringar vegna ræðu hv. þm. Á síðasta ári voru stjúpættleiðingar einstaklinga í staðfestri samvist heimilaðar með lögum í Danmörku en þó með þeirri undantekningu, eins og hv. þm. gat um, að stjúpættleiðing er ekki heimil þegar svo stendur á að stjúpbarnið hefur verið ættleitt frá öðru landi. Skýringin er sú að nauðsynlegt þótti að gera þessa undantekningu varðandi börn sem ættleidd hafa verið erlendis til að spilla ekki þeim tengslum sem hafa myndast milli Danmerkur og þeirra landa sem börnin koma frá. Ekkert þeirra landa samþykkir svo vitað sé, ættleiðingu fólks í staðfestri samvist. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef fengið til skýringar á þessu lagaákvæði. Eftir því sem best er vitað er Danmörk eina ríkið sem leyft hefur stjúpættleiðingar einstaklinga í staðfestri samvist. Einstaklingar í staðfestri samvist hér á landi fara reyndar, á grundvelli barnalaga, sameiginlega með forsjá barns annars sem er stjúpbarn hins, en sú var ekki raunin í Danmörku áður en framangreind breyting var gerð á lögum um staðfesta samvist.

[22:17]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að fagna sérstaklega framkomnu frv. frá hæstv. dómsmrh. þar sem skilyrðin fyrir því hverjir geti stofnað til staðfestrar samvistar eru rýmkuð. Það er auðvitað búið að bíða eftir þessari opnun, við vissum af henni í allshn. eftir miklar umræður þegar við höfðum

ættleiðingalögin til umfjöllunar í nefndinni. Þá var spurningin um að vera með ýmsa fingurbrjóta ef við færum að breyta þeim lögum og tala sérstaklega um staðfesta samvist. Það gekk raunar ekki upp þar sem staðfest samvist er ígildi hjónabands. Lagatæknilega séð var þannig miklu eðlilegra að ef þessi lög yrðu opnuð þá tækjum við út þá sviga sem þar þurfti um að lögin um ættleiðingar ættu við varðandi stjúpættleiðingar. Það er auðvitað fyrsta skrefið.

Danir hafa verið taldir gríðarlega víðsýnir. Mér finnst mjög gott að við fylgjum þeim fast eftir og séum jafnvel framar þeim í sumu. Mér finnst það mikið ánægjuefni. En þetta er auðvitað fyrsta skrefið. Við vitum að kröfunni um full mannréttindi mun áfram haldið á lofti þar sem við erum að tala um frumættleiðingu og tæknifrjóvganir. Þau skref tökum við næst. Við höfum tekið eitt skref í einu og þau hafa verið afar farsæl.

En ég vil líka upplýsa þá þingmenn sem hér eru um að í 15 ár eða svo hafa verið ólöglegar tæknifrjóvganir í Skandinavíu sem lesbíur hafa t.d. notað sér. Á það hefur verið litið sem ákveðið vandamál og ég man eftir miklum umræðum um þetta, t.d. í Noregi. Þetta er þó meira svona til upplýsingar.

Ég get svo sem skilið að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir skilji ekki 2. gr. Þetta er þó skýrara þegar maður hefur unnið með sifjarétt eins og ég hef gert í minni vinnu, með feðrun barna og hjónabandsörðugleika. Þannig er að ef kona manns verður ófrísk í hjónabandi eftir annan en maka sinn þá skoðast hann samt sem áður faðir þess barns. Makinn þarf að fara í vefengingarmál til þess að breyta því. Þess vegna er talað um að „þessi tillaga byggist á eðli máls". En hins vegar koma þar inn í tæknifrjóvganirnar sem eru kannski seinni tíma mál.

Við skulum ekki gleyma því að við í allshn. sammæltumst um þetta mál, með stjúpættleiðingarnar, þannig að þegar þessi lög yrðu opnuð þá mundi koma viðbótarbreytingartillaga við þetta frv. sem yrði um stjúpættleiðingar. Um það urðum við sammála í allshn. Það var ætlan okkar og svo mun verða. Það þarf enginn að óttast að svo verði ekki. Síðan mun þingið greiða atkvæði og eflaust munu fleiri greiða þessu atkvæði en þeirri brtt. sem allshn. kemur með. Það er nú einu sinni þannig að við þurfum að fá meiri hluta fyrir málinu. Ég veit að sá meiri hluti er til staðar í þinginu.

Við skulum ekki gleyma því að þetta er mjög mikið réttindamál þeirra barna sem eiga foreldra í staðfestri samvist. Ég lít þannig á frv. sem hér er komið fram sem afskaplega gott og rýmkun á skilyrðum fyrir að stofna til staðfestrar samvistar sem gefi okkur möguleika á að skoða hin málin.

[22:21]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur með frv. þessu lagt fram breytingar á lögum um staðfesta samvist í þá veru að skilyrði slíkrar samvistar verði rýmkuð. Það er gott og í samræmi við tíðarandann og raunveruleikann. Frv. er svipað og gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum og í frv. þykir því rétt að leggja ríkisborgararétt t.d. í einhverju þessara ríkja að jöfnu við íslenskan ríkisborgararétt svo að staðfest samvist verði heimiluð. Einnig eru búsetuskilyrði í núgildandi lögum rýmkuð töluvert. Þetta eru allt framfaraskref.

Sem formaður allshn. vil ég leyfa mér að fagna framlagningu frv. sérstaklega, enda er hún í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar voru við umfjöllun þingsins um ættleiðingarlögin fyrir jól. Af umræðum um ættleiðingarlögin á þeim tíma og þeirrar óformlegu umræðu sem allir nefndarmenn hv. allshn. hafa tekið þátt í að undanförnu er ljóst að nefndin kemur til með að taka frv. afar vel. Allshn. gefst þá tækifæri til að taka á stjúpættleiðingum samkynhneigðra og hugsanlega leggja til að þær verði heimilaðar. Þá kemur til kasta þingsins enda gildir þingræðið hér, að meiri hluti Alþingis ræður því hvaða lög eru staðfest, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Breytingarnar eru einnig í samræmi við það land sem við höfum einna helst borið okkur saman við í lagasetningu en það er Danmörk. Það hefur margoft komið fram að í Danmörku eru stjúpættleiðingar heimilaðar og eingöngu í því landi. Þá er ég að tala um stjúpættleiðingar en ekki frumættleiðingar. Því er mjög eðlilegt að við lítum til þess ferlis er viðhaft var í Danmörku og förum þessa leið, að allshn. komi til með að taka á málefnum samkynhneigðra varðandi stjúpættleiðingar.

Í umræðum um ættleiðingarlögin á sínum tíma kom skýrt fram að það var ekki lagatæknilega hægt að koma stjúpættleiðingum fyrir í ættleiðingarlögunum þar sem lögin um staðfesta samvist undanþiggja lögin um ættleiðingar hvort sem er. Því má segja að náðst hafi samkomulag meðal nefndarmanna í hv. allshn. um að geyma þessa mikilvægu breytingu á réttarstöðu samkynhneigðra þar til að frv. sem við ræðum nú um yrði lagt fram. Það hefur nú verið gert, herra forseti, og vil ég þakka fyrir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 559. mál. — Þskj. 861.

[22:25]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum.

Með frv. er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem hafa orðið fyrir ofsóknum og ógnunum og felst það í því að unnt verði að leggja svokallað nálgunarbann á þann sem veldur ofsóknum eða ógnunum. Í slíku banni felst að sá sem því sætir má ekki koma á tiltekinn stað eða svæði eða ónáða með einum eða öðrum hætti þann sem verndaður er af banninu. Í frv. er lagt til að nýr kafli bætist við lög um meðferð opinberra mála og þar verði kveðið á um skilyrði þess að manni verði gert að sæta nálgunarbanni og um meðferð slíkrar kröfu fyrir dómstólunum. Þá er lagt til að í hegningarlögunum verði mælt fyrir um refsingu þegar brotið er gegn nálgunarbanni.

Frv. sem ég mæli hér fyrir er liður í að bæta réttarstöðu þeirra sem eru þolendur afbrota, en ýmis lög hafa verið sett í sama skyni á undanförnum árum. Hér má helst nefna lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, og lög nr. 36/1999, um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, en með þeim var bætt til muna réttarstaða brotaþola við meðferð opinberra mála.

Þegar á heildina er litið er óhætt að fullyrða að á síðustu árum hafi réttarstaða brotaþola verið bætt til mikilla muna og er hún nú eins og best gerist í samanburði við nágrannaþjóðir

okkar. Þó því marki hafi verið náð legg ég ríka áherslu á að áfram verði haldið á þessari braut til að tryggja enn betur öryggi og réttindi borgaranna, þá sérstaklega þeirra sem orðið hafa þolendur afbrota.

Samkvæmt 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum að raska friði annars manns með því að ásækja hann, ofsækja hann með bréfum eða ónáða hann á annan svipaðan hátt, þar á meðal með símhringingum, þrátt fyrir áminningu lögreglu. Í framkvæmd hefur refsing sárasjaldan verið dæmd samkvæmt þessu ákvæði og því er ástæða til að draga í efa hvort gildandi lög veiti þeim sem þurfa að þola ofsóknir næga vernd.

Með frv. er lagt til að úr þessu verði bætt og virkara úrræði skapað til að vernda þolendur ofsókna. Þetta felst m.a. í því að lagt er til að brot gegn nálgunarbanni geti varðað þungum viðurlögum, einnig þykja aukin varnaðaráhrif felast í að dómstólum verði falið að leggja á nálgunarbann í stað þess að sá sem veldur ónæði sé áminntur af lögreglu. Með málsmeðferð fyrir dómi er lögð rík áhersla á alvarleika þessara mála og sú málsmeðferð er því frekar til þess fallin að hafa þau áhrif að látið verði af ásókn í garð þess sem njóta á verndar.

Þegar rætt er um nálgunarbann verður ekki litið hjá þvingunareðli úrræðisins og þeim hömlum sem felast í slíku banni. Með lögfestingu nálgunarbanns er í raun verið að takmarka ferða- og athafnafrelsi manna sem varið er af stjórnarskrá og alþjóðlegum mannréttindasamningum. Á hinn bóginn er viðurkennt að slík réttindi geti þurft að þoka fyrir réttindum annarra þegar veigamikil rök mæla með. Það á við þegar einhver þarf að þola ítrekaðar ofsóknir eða ógnanir sem vitanlega eru meinlegar fyrir viðkomandi og fjölskyldu hans.

Lög sem veita nauðsynlega vernd gegn slíkri áreitni og fela í sér eðlilega takmörkun á athafnafrelsi þess sem henni veldur samrýmast fyllilega stjórnlögum og alþjóðlegum skuldbindingum landsins á sviði mannréttinda. Þó verður að gæta þess að lagaheimildir af þessu tagi gangi ekki lengra en nauðsyn krefur auk þess sem beita verður slíkri heimild með varúð.

Í frv. er lagt til að brot gegn nálgunarbanni varði sektum eða fangelsi allt að einu ári. Ef brot er ítrekað eða stórfellt er lagt til að það geti varðað fangelsi allt að tveimur árum. Þessi refsimörk taka mið af því að brot gegn nálgunarbanni beinist ekki einvörðungu að þeim sem misgert er við heldur felur brotið einnig í sér að virt eru að vettugi fyrirmæli dómara.

Herra forseti. Ég hef nú fjallað um frv. almennum orðum og mun nú víkja að meginákvæðum þess.

Í 1. gr. frv. er lagt til að maður sem krafist er að sæti nálgunarbanni eigi rétt á að fá sér skipaðan verjanda. Hér er haft í huga að krafan um nálgunarbann felur vissulega í sér alvarlega ásökun í garð þess sem hún beinist að því er eðlilegt og í samræmi við sjónarmið um réttaröryggi að viðkomandi eigi kost á að fá sér skipaðan verjanda.

Í 2. gr. frv. er lögð til heimild til að handtaka mann ef hann sinnir ekki að forfallalausu kvaðningu um að mæta fyrir dóm vegna kröfu um nálgunarbann á hendur honum. Nauðsynlegt getur verið að krefja þann sem krafa beinist gegn skýringa fyrir dómi, auk þess sem menn gera sér betur grein fyrir alvarleika málsins þegar þeir eru leiddir fyrir dómara. Það eitt kann að leiða til þess að látið verði af ofsóknum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að nýr kafli, XIII. kafli A, með fjórum greinum, bætist við lög um meðferð opinberra mála þar sem fjallað verði um nálgunarbann.

Í a-lið 3. gr. frv. segir hvað felst í nálgunarbanni og hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi svo að dómur geti lagt á slíkt bann. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að leggja bann við því að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með öðru móti í samband við annan mann, ef rökstudd ástæða er til að ætla að hann muni fremja afbrot eða raska á annan hátt friði þess manns sem í hlut á. Þegar metið er hvort þessum skilyrðum sé fullnægt verður að líta til fyrri hegðunar manns sem krafa beinist gegn og samskipta hans við þann sem vernda á með banninu.

Samkvæmt b-lið 3. gr. frv. gerir lögregla kröfu um nálgunarbann en almennt er ekki gert ráð fyrir að slík krafa verði höfð uppi nema eftir beiðni þess sem njóta á verndar. Það er þó ekki skilyrði og því getur lögregla án beiðni krafist nálgunarbanns ef það þykir nauðsynlegt. Hér er haft í huga að sá sem sætir ofsóknum getur verið í þeirri aðstöðu að honum sé ókleift að setja fram slíka beiðni vegna tengsla eða sambands við þann krafa beinist að.

Í c-lið 3. gr. frv. er fjallað um málsmeðferðina fyrir dómi þegar krafist er nágunarbanns. Í ákvæðinu segir einnig að nálgunarbanni skuli markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár. Þannig verður nálgunarbann ekki framlengt nema til komi nýr úrskurður.

Í d-lið 3. gr. frv. er síðan fjallað um birtingu úrskurðar og um heimild lögreglu til að fella niður nálgunarbann þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar banninu eru ekki lengur fyrir hendi. Einnig segir í þessu ákvæði frv. að lögregla skuli tilkynna þeim sem njóta á verndar með nálgunarbanni um að krafa verði lögð fyrir dóm og um afdrif hennar og lok nálgunarbanns þegar það fellur niður.

Herra forseti. Ég hef nú í aðalatriðum rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[22:34]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. hæstv. dómsmrh. Sólveigar Pétursdóttur um nálgunarbann er mjög merkilegt og gott mál og enn ein réttarbótin sem hæstv. dómsmrh. stendur nú fyrir.

Refsimál sem geta heyrt hér undir eru nokkuð sérstök en geta verið mjög erfið og afar óþægileg fyrir þá sem fyrir slíkum ofsóknum verða svo ekki sé talað um ógnun og það ofbeldi sem oftast er fylgifiskur slíkra athafna. Nálgunarbann getur verið mikilsvert tæki til að hamla gegn því að fólk verði síendurtekið fyrir ofsóknum af hendi tiltekins aðila. Oftast er um heimilisofbeldi að ræða en þolendur þess mun frv. m.a. vernda. Staðreyndin mun vera sú að oftast nær eða undantekningarlítið eru það konur sem verða fyrir þessum ógnunum. Þetta eru því miður allt of tíðir atburðir í íslenskum veruleika en þetta er hlutur sem nauðsynlegt er að horfast í augu við. Það er einmitt gert með þessu frv.

Nálgunarbann getur verið tæki sem gott er að beita til varnar því að einstaklingar verði fyrir þessum endurteknu ógnunum. Hins vegar verða veigamiklar og rökstuddar ástæður eðlilega að búa að baki mati á slíkri ákvörðun um nálgunarbann og því er mikilvægt að dómstólar meti slík tilvik.

Það undirstrikar hins vegar alvöru málsins, eins og hæstv. dómsmrh. kom inn á, að þessi mál fari að kröfu lögreglunnar til dómstóla. Það er einmitt það sem maður vonar að þetta frv. síðan stuðli að, þ.e. að varnaðaráhrif þess verði þau að

við sjáum ekki svona brot sem frv. er ætlað að taka til, að það komi í veg fyrir að einstaklingar verði lagðir í einelti með ofsóknum, ógnunum og ofbeldi.

[22:36]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp í annað sinn í dag, nú út af öðru máli, til að fagna frv. frá hæstv. dómsmrh. Nálgunarbannið hefur verið mikið baráttumál kvennahreyfinga í mörg ár og það hefur tekið langan tíma að koma því á það stig sem það er komið núna. Það kemur raunar fram í athugasemdunum við lagafrv. að fyrst í desember 1993 er skipuð nefnd. Það sem gerir hins vegar síðan útslagið er í rauninni skýrslan frá 1997 um heimilisofbeldi, um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Frv. er gríðarlega mikilvægt og mjög mikill fengur fyrir alla þá sem þurfa að sitja undir því að þola ofbeldi þannig að það er gríðarleg réttarbót.

Það er líka mjög mikilvægt að lögreglan geti gert kröfu um nálgunarbann, þ.e. að það sé í frv. til viðbótar þannig að það sé í rauninni ekki bara þolandinn sem þurfi að fara fram á nálgunarbannið heldur geti lögreglan líka gert það. Þegar maður veltir þessum málum fyrir sér hefur manni fundist afar sérstakt að talið var að nálgunarbannið takmarkaði frjálsræði þess sem fyrir því yrði. En þá spurði maður sig líka: Hvað með frjálsræði þeirra sem verða stöðugt fyrir þessu ofbeldi, þ.e. kvenna og barna sem búa við slík skilyrði?

Öll þessi sjónarmið hafa því breyst og þroskast með aukinni umræðu og aukinni þekkingu og það verður mjög áhugavert og gaman að ræða þetta áfram í hv. allshn.

[22:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla einungis að taka undir orð þeirra ræðumanna sem hafa talað í þessu máli hér á undan og fagna því að þetta frv. skuli komið fram. Það er svo sannarlega kominn tími til að þessi réttarbót verði fest í lög vegna þeirra fjölmörgu sem hafa þurft að þola ofbeldi af því tagi sem hér um ræðir.

Í framhjáhlaupi langar mig að geta þess að ég er á leiðinni á fund hjá stígamótakonum núna og ég hlakka til að hitta þær og segja þeim að ég sé að koma frá því að hafa hlustað á hæstv. dómsmrh. fylgja þessu máli hér úr hlaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 22:40.

---

95. FUNDUR

föstudaginn 7. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ályktanir Vestnorræna ráðsins, þáltill., 461. mál, þskj. 739. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, stjtill., 581. mál, þskj. 883. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, stjtill., 582. mál, þskj. 884. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, stjtill., 583. mál, þskj. 885. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Fullgilding samþykktar Alþjóðasamvinnustofnunarinnar um jafnrétti, stjtill., 584. mál, þskj. 886. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjtill., 585. mál, þskj. 887. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjtill., 586. mál, þskj. 888. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, stjtill., 587. mál, þskj. 889. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

9. Upplýsingalög, stjfrv., 564. mál, þskj. 866. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

11. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 236. mál, þskj. 800. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

12. Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, stjfrv., 237. mál, þskj. 801, frhnál. 931. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

13. Vörumerki, stjfrv., 370. mál, þskj. 626, nál. 842. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 289. mál, þskj. 471, nál. 907 og 952. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

15. Staðfest samvist, stjfrv., 558. mál, þskj. 860. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

16. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, stjfrv., 559. mál, þskj. 861. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

17. Vörugjald, stjfrv., 520. mál, þskj. 821. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

18. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 547. mál, þskj. 849. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

19. Virðisaukaskattur, stjfrv., 548. mál, þskj. 850. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

20. Tryggingagjald, stjfrv., 550. mál, þskj. 852. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

21. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 595. mál, þskj. 897. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

22. Lagaumhverfi varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl., beiðni um skýrslu, 608. mál, þskj. 942. *Hvort leyfð skuli.*

23. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231, nál. 727. — 2. umr.

24. Orkunýtnikröfur, stjfrv., 523. mál, þskj. 824. — 1. umr.

25. Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, stjfrv., 524. mál, þskj. 825. — 1. umr.

26. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 526. mál, þskj. 827. — 1. umr.

27. Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 530. mál, þskj. 831. — 1. umr.

28. Samvinnufélög, stjfrv., 531. mál, þskj. 832. — 1. umr.

29. Samvinnufélög, stjfrv., 532. mál, þskj. 833. — 1. umr.
30. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 546. mál, þskj. 848. — 1. umr.
31. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 543. mál, þskj. 845. — 1. umr.
32. Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, stjfrv., 544. mál, þskj. 846. — 1. umr.
33. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 521. mál, þskj. 822. — 1. umr.
34. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 525. mál, þskj. 826. — 1. umr.
35. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 545. mál, þskj. 847. — 1. umr.
36. Réttindagæsla fatlaðra, stjfrv., 419. mál, þskj. 682. — 1. umr.
37. Matvæli, stjfrv., 554. mál, þskj. 856. — 1. umr.
38. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 555. mál, þskj. 857. — 1. umr.
39. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 556. mál, þskj. 858. — 1. umr.
40. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859. — 1. umr.
41. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665, nál. 902, 923 og 928, brtt. 929. — Frh. 2. umr.
42. Lífsýnasöfn, stjfrv., 534. mál, þskj. 835. — 1. umr.
43. Sjúklingatrygging, stjfrv., 535. mál, þskj. 836. — 1. umr.
44. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 146. mál, þskj. 167. — 1. umr.
45. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.
46. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
47. Barnalög, frv., 339. mál, þskj. 592. — 1. umr.
48. Barnalög, frv., 396. mál, þskj. 654. — 1. umr.
49. Suðurnesjaskógar, þáltill., 390. mál, þskj. 648. — Fyrri umr.
50. Ráðuneyti matvæla, þáltill., 536. mál, þskj. 837. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Drífa Hjartardóttir, 4. þm. Suðurl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 3. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafía Ingólfsdóttir, 2. þm. Suðurl.,
Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að fyrirhugað er að hafa atkvæðagreiðslur klukkan hálftvö í dag.

Landsvirkjun, 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (aðild að fjarskiptafyrirtækjum). — Þskj. 231, nál. 727.

[10:32]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta iðnn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun.

Hér er, herra forseti, í raun um afskaplega litla lagabreytingu að ræða sem hefur þó fengið töluverða umræðu í nefndinni. Frv. gengur út á að Landsvirkjun fái heimild til að eiga í fjarskiptafyrirtækjum. Að baki þessu frv. býr sú staðreynd að Landsvirkjun hefur á undanförnum árum byggt upp sinn eigin fjarskiptabúnað bæði ljósleiðara, sem mun vera um 150 km langur, örbylgjusambönd og sérbyggðar fjarskiptastöðvar. Allt er þetta vegna þess að Landsvirkjun þarf að hafa öruggan fjarskiptabúnað til að stjórna mannvirkjum sínum og tryggja öryggi í raforkuframleiðslu.

Nú hefur hins vegar komið upp áhugi ýmissa einkafyrirtækja á fjarskiptamarkaði til að fá að nýta þann búnað en Landsvirkjun er samkvæmt gildandi lögum ekki heimilt að fara í slíkt samstarf og þannig er frv. til komið.

Herra forseti. Nefndin hefur fengið fjölmarga gesti á sinn fund og er þeirra getið í nál. á þskj. 727. Til að gera langa sögu stutta þá mælir meiri hluti iðnn. með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Meiri hluti hv. iðnn. mælir með því að Landsvirkjun verði heimilt að eiga aðild að fjarskiptafyrirtækjum. Hins vegar er lögð á það áhersla og kemur fram í nál. að mjög mikilvægt sé að halda hugsanlegum rekstri á fjarskiptafyrirtækjum sem Landsvirkjun kann að eignast hlut í aðskildum frá öðrum rekstri. Í umræðu innan nefndarinnar kom fram eins og tekið er fram í nál. að brýnt sé að fylgjast með þessu, þar er m.a. vísað til Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar sem ætlað er að fylgjast með því að rekstri slíks fyrirtækis, sem að nokkru leyti er í opinberri eigu en starfar að mestu leyti á öðru sviði, sé ekki blandað saman. Á það var lögð þung áhersla í umræðum nefndarmanna eins og jafnframt kemur fram í nál.

Ég held ég þurfi í raun ekki að fjölyrða mikið um þetta. Ég vil þó, herra forseti, segja rétt í lokin að lengi má deila um hvort og þá í hvaða mæli opinber fyrirtæki eigi að taka þátt í slíkum rekstri. Það var hins vegar álit hv. nefndarmanna í meiri hluta iðnn. að skynsamlegt væri að nýta þann búnað sem ég gat um hér áðan þannig að einkafyrirtæki geti fengið aðgang að honum. Meiri hlutinn telur að það mundi styrkja fjarskiptakerfið í landinu neytendum til hagsbóta. Það var okkar skoðun. Hins vegar er það ekki hlutverk löggjafans að ákveða hve langt einstakar stofnanir ganga í ákvörðunum sínum, til þess eru kjörnar þar til bærar stjórnir. Hlutverk þeirra stjórna er að ákvarða hversu langt einstakar stofnanir ganga á hverju sviði fyrir sig, það er ekki hlutverk löggjafans. *Til þess eru kjörnar stjórnir í þessar stofnanir.* Þannig er það eðlilegt að stjórn Landsvirkjunar taki ákvörðun um hvort og þá í hvaða mæli Landsvirkjun haslar sér völl á fjarskiptamarkaðnum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndarmönnum bárust er orðið mjög algengt erlendis að orkufyrirtæki hasli sér völl á fjarskiptamarkaðnum, m.a. af sömu ástæðum og hér hefur verið lýst, þ.e. að orkufyrirtækin komi sér upp ljósleiðara, örbylgjusamböndum og öðrum þeim búnaði sem þarf til að hafa örugg fjarskipti á milli þeirra mannvirkja sem

orkufyrirtækin eiga. Sama þróun á sér stað hér og nægir í því sambandi að vísa til Orkuveitu Reykjavíkur sem er komin á fleygiferð í samkeppni á fjarskiptamarkaði. Út frá því má segja að þar sem Landsvirkjun er í eigu almennings sé ekki óeðlilegt að Landsvirkjun sé gert að að taka þátt í þeirri samkeppni. Ég ítreka að eðlilegt er að ákvörðun um slíkt, hvort og þá í hvaða mæli, sé tekin af stjórn fyrirtækisins. Annars væri stjórn væntanlega óþörf.

Undir nál. meiri hluta iðnn. rita hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Drífa Hjartardóttir, Árni Ragnar Árnason og Ísólfur Gylfi Pálmason ásamt þeim sem hér stendur. Árni Steinar Jóhannsson skrifar undir með fyrirvara.

[10:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þetta mál kom hér til 1. umr. voru uppi ýmsar vangaveltur bæði hjá mér og í ræðum fleiri hv. þm., svo sem hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Við héldum því fram að hér væru ekki öll kurl komin til grafar, hér lægi fiskur undir steini og hér værum við á gruggugu vatni.

Ég sakna þess úr ræðu formanns hv. iðnn., Hjálmars Árnasonar, að ekki skuli vikið að því einu orði hvernig nú er komið. Það hefur komið í ljós eftir að málið kom til 1. umr. að búið var að stofna þetta fyrirtæki sem Landsvirkjun óskar með þessum lögum eftir að fá að stofna. Ég sakna þess sárlega að ekki skuli hafa komið frekar fram í máli formanns hv. iðnn. hvernig málið er vaxið. Er það rétt að hér sé verið að klóra yfir eitthvað eftir á, að fjarskiptafyrirtækið sem Landsvirkjun á aðild að sé þegar stofnað, sé þegar farið að bjóða í verk og hér sé verið að semja lög og samþykkja eftir á, eftir að málið er komið miklu lengra en hv. Alþingi fékk vitneskju um í byrjun?

[10:39]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi ítreka það sem ég nefndi í framsöguræðu minni. Hér er löggjafinn að taka ákvörðun um almenn prinsipp, þ.e. hvort Landsvirkjun yfir höfuð eigi að hafa heimild til að taka þátt í rekstri fjarskiptafyrirtækja eða eiga hlut í þeim. Annað er í raun ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar, þ.e. með hvaða hætti sú heimild er nýtt.

Varðandi það sem hv. þm. vék að þá hefur það komið fram, m.a. í fjölmiðlum og í starfi nefndarinnar, að þegar hafi verið búið að stofna félag þar sem Landsvirkjun var þátttakandi. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur Landsvirkjun nú dregið sig a.m.k. tímabundið út úr því fyrirtæki.

[10:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt núgildandi lögum hefur Landsvirkjun ekki leyfi til að starfa á fjarskiptamarkaði. Það segir okkur að Landsvirkjun braut lög þegar stofnað var fyrirtæki í samvinnu við einkaaðila sem ætlað var það hlutverk að starfa á fjarskiptamarkaði og hóf þegar útboð í ákveðin verk. Það liggur þannig fyrir að lögbrot var framið.

Það að Landsvirkjun sé búin að draga sig út úr fyrirtækinu, eins og kemur fram í máli formanns hv. iðnn., segir okkur bara að hér er um yfirklór að ræða. Hér hefur löggjafinn verið blekktur og mér finnst skömm að þessum framgangsmáta og þessari afgreiðslu.

[10:41]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hér ekki til að svara fyrir ákvarðanir Landsvirkjunar, á hvorki sæti í stjórn né hef nokkurn aðgang að ákvarðanatöku þar. Ég mun því ekkert svara fyrir ákvarðanir Landsvirkjunar. Þar eru fulltrúar Alþingis og fulltrúar sveitarstjórna, þar á meðal Reykjavíkurborgar, og eftir því sem ég hef lesið í fundargerðum Landsvirkjunar þá mun hafa verið einhugur um ákvörðunina innan stjórnar Landsvirkjunar. En ég tek það fram að ég er hér ekki til að svara fyrir Landsvirkjun á nokkurn hátt.

Ég ítreka hins vegar, hvort sem hv. þm. telur að Alþingi hafi verið blekkt eða ekki, að ég lít svo á að hv. Alþingi sé hér að taka afstöðu varðandi þessi atriði: Á Landsvirkjun að fá heimild til þess að nýta þann búnað sem hér hefur verið nefndur til fjarskipta? Á Landsvirkjun að hleypa öðrum fyrirtækjum að búnaðinum? Á Landsvirkjun að geta haslað sér völl á fjarskiptamarkaði? Það er í raun prinsippið sem löggjafinn er að fjalla um.

Hv. meiri hluti iðnn. styður það sjónarmið og eingöngu það prinsipp. Ef eitthvað annað kann að vera óeðlilegt í ákvörðunum Landsvirkjunar, ef Landsvirkjun er að brjóta lög, ef Landsvirkjun er að gera einhverja óeðlilega hluti, þá á að kæra það til dómstóla, til Samkeppnisstofnunar eða þeirra sem um slíkt fjalla, eða að beina slíku til stjórnar Landsvirkjunar. En mér finnst mikilvægt að greina á milli ákvarðana framkvæmdarvaldsins í einstökum stofnunum hins opinbera og almennrar löggjafar sem hv. Alþingi stendur að.

[10:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er í gangi blekkingarleikur varðandi þetta mál og mun ég koma inn á það í ræðu minni hér á eftir sem og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. En hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður iðnn., fer með rangt mál hér í andsvari og ég get ekki látið hjá líða að minnast á það hér. Hann segir að það hafi komið fram í nefndinni að Landsvirkjun hafi dregið sig út úr fjarskiptafyrirtækinu sem hún var aðili að. Það er rangt. Það hefur ekki komið fram í nefndinni. Ég hef farið í gegnum öll gögn sem nefndinni hafa borist og það kemur hvergi fram í þeim. Hér er hv. þm. að fara með rangt mál.

Aftur á móti er mjög alvarlegt að í athugasemdum með frv. kemur fram að þetta kerfi eigi að vera fyrir fleiri aðila sem starfa að öryggismálum. Hér er verið að blekkja þingið. Meiri hluti nefndarinnar kemur hvergi inn á það. Ég spyr hv. þm.: Hvernig stendur á því að hér er verið að blekkja þingið í athugasemdum án þess að meiri hlutinn geri nokkra athugasemd? Meiri hlutinn fer fram á að það verði samþykkt óbreytt.

Við vitum hins vegar alveg hvað hér er á ferðinni. Landsvirkjun hefur ekki getað unað því að bíða lægri hlut í útboði við annað fyrirtæki. Það ætlaði sér að koma á öryggisþjónustu við allt landið en beið lægri hlut. Því gat Landsvirkjun ekki unað. Þess vegna á að koma þessari lagasetningu hér í gegn.

Ég fer bara fram á það við hv. þm. að hann samþykki það hér, lýsi því yfir og segi hér hvernig í pottinn er búið.

[10:44]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo með málflutning hv. síðasta ræðumanns að hann er ekki alltaf jafnmálefnalegur og kemur það nú fram í þessu máli eins og oft áður.

Hér sagði ég áðan að það hefði komið fram í starfi nefndarinnar, herra forseti, að þetta fyrirtæki hefði verið stofnað.

En ég gat þess í framhaldi af því að mér hefðu svo borist þær upplýsingar ... (**ÁRJ:** Nefndinni.) Ég bið hv. þm. um að bíða — hún getur komið aftur í andsvar — og fletta nú upp þegar þingtíðindi verða gefin út. En þetta er svo sem ekki í fyrsta sinn sem hv. þm. gerir sig seka um fara beinlínis með rangt mál og flækja sig í einhverjum samsæriskenningum.

Hér er verið að blekkja. Ég ítreka það sem ég nefndi áðan að við erum að taka ákvörðun um almenn prinsipp. Ef þingmaðurinn telur að verið sé að blekkja, ef þingmaðurinn telur að verið sé að fremja lögbrot, ef þingmaðurinn telur að verið sé að brjóta samkeppnislög þá á þingmaðurinn einfaldlega að leggja fram kæru. Það hefur ekki með störf Alþingis að gera.

Ef hv. meiri hluti iðnn. er í blekkingarleik þá hljóta líka að vera í einum allsherjarblekkingarleik þeir umsagnaraðilar sem komu á fund nefndarinnar, m.a. fyrirtæki á fjarskiptamarkaði sem eindregið mæla með því að Landsvirkjun fái þessa almennu heimild til þess að geta nýtt búnaðinn sjálfum sér og neytendum til hagsbóta. En það kann vel að vera og kæmi mér svo sem ekkert á óvart þó að hv. þm. teldi það vera blekkingarleik og að fjarskiptamarkaðurinn sé bara ein allsherjarblekking. En ég bið hv. þm. um að fara með rétt með.

[10:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég frábið mér nú svona persónuleg fúkyrði eins og koma hér oft úr ræðustólnum frá hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Þetta er honum ekki samboðið og sérstaklega ekki sem formanni nefndarinnar sem hefur forræði á málinu í þessari umræðu.

Ég spyr hv. þm.: Ef honum höfðu borist upplýsingar um að breytingar hefðu orðið á eignarhaldi á því fyrirtæki sem var hér í umræðunni í nefndinni sem Landsvirkjun átti aðild að, hvernig stendur þá á því að hv. þm. kemur þeim upplýsingum ekki til nefndarmanna?

Það er mjög minnisstætt hvernig staðið var að þessu máli. Það var rifið út úr nefndinni áður en umsagnir höfðu borist og áður en búið var að vinna það í nefndinni. Og hvernig stendur þá á því að hv. þm. lætur ekki nefndarmenn vita um að þarna höfðu orðið breytingar á? Þetta eru fullkomlega óeðlileg vinnubrögð og ég fordæmi þau, herra forseti.

Hv. þm. býr yfir mjög alvarlegum upplýsingum sem varða málið en lætur ekki aðra nefndarmenn vita af því. Við það er eitthvað bogið. Hvernig stendur á því að hv. þm. lætur ekki nefndarmenn vita af þessum breytingum?

Það kom mér verulega á óvart þegar þetta kom fram í fréttatíma á Stöð 2 í gærkvöldi. Í fréttinni kemur einnig fram hvað málið er nú skrýtið þar sem forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar er borinn fyrir því að Landsvirkjun fer í einhverja leiki með eignarhaldið og síðan er það allt saman borið til baka í enda fréttarinnar. Þarna er því eitthvað skrýtið á ferðinni.

En við munum auðvitað koma inn á það, bæði ég og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, í máli okkar hér á eftir.

[10:48]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held það sé rétt að það komi hér skýrt fram að við erum ekki á stjórnarfundi hjá Landsvirkjun. Það held ég að liggi alveg ljóst fyrir. Við erum hér að fjalla um frv. til laga á löggjafarsamkomunni og þær ákvarðanir sem eru teknar af forstjóra eða stjórn Landsvirkjunar eru málefni þeirra. (Gripið fram í.) Það er því í hæsta máta óeðlilegt að ætlast til þess að formenn einstakra nefnda eða einstakir þingmenn séu hér að fletta í stjórnarsamþykktum einstakra ríkisstofnana. Það er búið að koma ítrekað fram að þær eru til þess að fara með málefni stofnananna. Þannig hafa lög verið samþykkt og stjórnunum er falið að höndla með málefni einstakra stofnana og þær eru ábyrgar. Ef einstaka stofnanir, stjórnir eða starfsmenn hafa gert eitthvað sem kann að vera lögbrot gagnvart einhverjum lögum þá á að fara með slík brot og slíkar ásakanir á slíkan vettvang. Þar höfum við t.d. dómstóla. Þar höfum við t.d. Samkeppnisstofnun og þannig má áfram telja.

Enn og aftur segi ég: Við erum hér að fjalla um það almenna prinsipp hvort Landsvirkjun eigi að geta tekið þátt í fjarskiptamarkaðnum eins og flest fjarskiptafyrirtæki mæla eindregið með, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi kynnt sér og muni eftir frá fundum nefndarinnar.

[10:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það er alveg sérstaklega óviðkunnanlegt hvernig þetta mál ber hér inn á þingið og hvernig haldið hefur verið á því.

Auðvitað skiptir það máli að Landsvirkjun fer sínu fram alveg óháð því hvort fyrirtækið hefur lagaramma til þess eða ekki. Og hvaða kjaftæði er það að þegar alþingismenn ætla að ræða hér um það hvort Landsvirkjun hafi haft lagaheimildir til að gera það sem hún hefur verið að gera að þá sé sagt að þingmenn eigi bara að fara fyrir dómstólana og kæra? Hvers lags umræða er farin að vera hér um lagaramma ríkisfyrirtækja á hv. Alþingi?

Þetta mál er búið að vera með eindæmum. En að umfjöllunin við 2. umr. sé með þessum hætti er fullkomlega óviðunandi og við frábiðjum okkur yfirlýsingar, þegar við ætlum að ræða um lagaramma Landsvirkjunar, framkvæmd ríkisfyrirtækisins Landsvirkjunar, um það hvort við höldum að við séum á stjórnarfundi í Landsvirkjun. Aðalfundur Landsvirkjunar er reyndar í dag og ég býst við að það verði öðruvísi hallelújasamkoma en verður hér í þessari umræðu.

Herra forseti. Það er eins og einn viðmælandi á fundi nefndarinnar orðaði það: „Ríkið er að gleypa markaðinn." Það er yfirlýst stefna stjórnarflokkanna að draga úr ríkisafskiptum og því er fullkomlega út í loftið að ríkið fari inn á ný svið, fari inn á ný samkeppnissvið og byrji á því að drepa niður þá einstaklinga og þau einkafyrirtæki sem eru að fóta sig á nýjum markaði. Þetta er að gerast. Þetta hefur verið að gerast á sl. ári. Þetta er Alþingi að lögfesta í dag, eftir á.

Það var afskaplega saklaust frv., virðulegi forseti, sem kom hérna inn í þingið í nóvember. Greinargerðin er heilar sex línur og frv. er nokkur orð. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum."

Þetta var afskaplega létt og lítið frv., sex málsliðir í greinargerð sem fjalla um að eðlilegt sé að starfsemi eins og Landsvirkjun hyggist fara út í verði rekin utan hefðbundins reksturs fyrirtækisins. Framsagan með þessu frv. um stefnumörkun var líka stutt, einföld og innihaldslítil eins og kom í ljós síðar því annað átti eftir að koma í ljós en að hér væri verið að fara fram með stefnumörkun og gefa Landsvirkjun heimild til þess að eiga hlut í fyrirtækjum á markaði.

Hæstv. viðskrh. og iðnrh. var síðan spurð í óundirbúnum fyrirspurnum hvort ráðherrann hafði vitað að það var

löngu búið að stofna það fyrirtæki sem hér var verið að skapa lagaheimild fyrir. Og hæstv. ráðherra varð að svara því neitandi.

Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að ráðherra, nýsestur í stól, veit ekki allt. En það er fullkomlega ófyrirgefanlegt af öllum hlutaðeigandi að upplýsa ekki nýjan ráðherra um stöðu mála, um hvernig haldið hefur verið á málum og hvaða mál ráðherrann er í raun og veru að bera hingað inn á Alþingi.

Þetta frv. orðast svo: „svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum.“ Í þessu felst að Landsvirkjun ætlar sér að eiga eða stofna tvö fyrirtæki. Annað fyrirtækið á að vera 100% í eigu Landsvirkjunar og á að vera um ljósleiðarann, mikilvægt samskiptanet sem aðeins Landssíminn á. Og jafnframt þessi tvö net, dreifikerfi, þessir tveir ljósleiðarar, eru í dag í eigu okkar, í eigu ríkisins, í eigu landsmanna. Núna er umræða uppi um það hvort selja eigi Póst og síma og hvort ljósleiðarinn eigi að fylgja með. Formaður iðnn., hv. þm. Hjálmar Árnason, hefur komið með yfirlýsingar um það: „Aldrei ljósleiðarann.“

Ég vek athygli á því að með þessu frv. telur Landsvirkjun sig vera að fá lagaheimild til að búa til sérstakt fyrirtæki um ljósleiðarann og leigja að honum aðgang vegna þess að þannig er hann verðmætur og þannig skipar Landsvirkjun sér á markað um nýtingu eigna sinna, eigna landsmanna. En þá er líka komið fyrirtæki, að vísu 100% í eigu Landsvirkjunar, sérstakt fyrirtæki sem er annað tveggja. Annað er Landssímans og hitt Landsvirkjunar. Og dettur einhverjum í þessum sal í hug annað en að við séum að sigla inn í þá tíma að Landsvirkjun einkavæði fyrirtækin sem hún er að stofna? Við erum hér að taka stór grundvallarskref hvað varðar það að ljósleiðararnir eigi eftir að fara út á markaðinn, þeir ljósleiðarar og þau dreifikerfi sem við eigum.

Þetta eru engin smámál. Þetta er ekkert mál sem byggist á hálfri setningu og sex línum í greinargerð. Þetta er stórmál. Þetta er stórpólitískt mál og afgreiðslan hér í dag, eftiráafgreiðslan, er ekkert minna en skandall.

Hitt fyrirtækið sem Landsvirkjun ætlar sér að setja á laggirnar er fyrirtæki þar sem Landsvirkjun verður með þriðjungs eignaraðild á móti tveimur öðrum um farsímafyrirtæki. Það er hin hliðin á dæminu og það er það sem felst í þessu.

Ég ætla að leyfa mér að benda á að það kom fram strax held ég við umræðuna um þetta mál, a.m.k. var því hreyft í nefndinni, að það væri vafamál hvort þetta frv. væri í raun og veru að heimila Landsvirkjun að búa til sérstakt fyrirtæki um ljósleiðarann þó það væri 100% í eigu Landsvirkjunar. Við fengum aldrei tækifæri til þess að fjalla um þann þátt í nefndinni, aldrei. Við vorum ekki komin að því þegar þetta mál var rifið út fyrirvaralaust.

Virðulegi forseti. Þetta frv. fékk umfjöllun á tveimur fundum í iðnn. Málið var sent til umsagnar og umsagnarfrestur gefinn til 16. mars. En það var 9. mars, viku áður en umsagnarfrestur rann út, sem hér í Alþingishúsinu var boðaður bráðafundur til þess að taka málið út. Umræðu var lokið, afgreiðsla í nefndinni var búin, umfjöllun var lokið. Hér var meiri hlutinn að neyta réttar síns. Hann tekur málið út.

Ástæðan fyrir því að menn drifu sig í að losa málið úr nefnd 9. mars þrátt fyrir að umsagnarfrestur væri ekki runninn út og vika eftir af honum, var sú að umsóknarfrestur Póst- og fjarskiptastofnunarinnar sem hafði auglýst eftir þeim fyrirtækjum sem óskuðu eftir aðgangi að TETRA-tíðnibandi, var að renna út hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Þann 13. mars rynni sá umsóknarfrestur út og þar með var þetta fyrirtæki sem Landsvirkjun var búin að eignast aðild að komið í vanda vegna þess að engin lög heimiluðu Landsvirkjun að vera þriðjungs eignaraðili að fyrirtæki sem var að leita eftir að komast inn á þetta TETRA-tíðniband hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Þá spurðu menn: „Hvernig stendur á því að málið var tekið út eftir tvo fundi í iðnn. á bráðafundi í hádegishléi í Alþingishúsinu og síðan er það að koma til umræðu núna mánuði síðar, 7. apríl árið 2000, og rifið út úr nefnd 9. mars?“

Jú, það er vegna þess að Landsvirkjun áttaði sig á því að þarna var orðin of mikil spenna. Nú voru góð ráð dýr. Og þá gerði Landsvirkjun það sem var búið að segja okkur á fundi í iðnn. að væri það tæki sem Landsvirkjun gripi til, nefnilega að fara tímabundið út úr fyrirtækinu sem var að sækja um TETRA-tíðnisviðið. Svo kemur hún bara inn aftur seinna. Þess vegna er málið búið að liggja í ró hér í nærri mánuð og þess vegna erum við fyrst að ræða það núna.

Herra forseti. Þetta stóra og pólitíska mál, fullyrði ég, er þannig vaxið að Landsvirkjun ákveður að fara á fjarskiptamarkað snemma í fyrrasumar. Ríkisstjórnin fellst á að nýta dreifikerfi Landsvirkjunar á markaði, líka í fyrrasumar. Við skulum átta okkur á því að þetta mál var ekki minna en svo að það var lagt fyrir ríkisstjórnina sjálfa og hún látin fallast á að Landsvirkjun færi á markað, í fyrsta lagi með sitt 100% fyrirtæki um ljósleiðarann og í öðru lagi með sameignarfyrirtækið.

Í framhaldi af þessu kemur svo frv. hingað inn í þingið í nóvember, þetta frv. sem ég var að lýsa, eins fátæklegt og einfalt og hugsast getur. Frv. er hins vegar ekki tekið til umræðu fyrr en í febrúar. Það lá hér í þinginu fram í febrúar. Það var ekki eitt af forgangsmálum ríkisstjórnarinnar fyrir jól, það var ekki tekið fyrir með fyrstu málum fyrstu dagana í febrúar. Nei, þetta var allt of ljúft og létt og svo einfalt, lítil stutt setning, ekkert mál, engin pólitík, engin vitneskja.

Ég hef þegar greint frá því að frv. var tekið fyrir og sent til umsagnar með fresti til 16. mars. Ýmsir aðilar komu í kjölfarið á fund iðnn. á þeim tveimur fundum sem hún gaf sér til að fjalla um málið. Síðan var málið tekið út eins og ég hef þegar lýst. Eftir að málið var tekið úr nefnd bárust nokkrar umsagnir, mjög fróðlegar, frá þeim aðilum sem við höfðum rætt við og staðfestu það sem menn höfðu þar gagnrýnt.

Enn fremur gerðist það fyrir rúmri viku að fulltrúum Neyðarlínunnar var skyndilega boðið á fund iðnn. vegna þess að þeir höfðu óskað eftir því að fá að tjá sig um málið. Þetta var gert þó búið væri að afgreiða málið úr nefnd. Þó málið væri ekki statt milli 2. og 3. umræðu þá var þessum fulltrúum boðið á fund iðnn. að fjalla um þetta mál sem búið var að senda frá nefndinni. Ég hef aldrei fyrr á mínum ferli í þinginu kynnst því. En ég þakka samt fyrir að fulltrúar Neyðarlínunnar fengu að koma og tjá sig vegna þess að þar komu líka fram mjög sérstakar upplýsingar.

Hver er þá sagan í þessu undarlega máli? Jú, Póst- og fjarskiptastofnun auglýsti í fyrrasumar eftir aðila til að sjá um TETRA-fjarskiptakerfi sem á að sjá um og þjóna öryggismálum þjóðarinnar, þ.e. vera neyðarkerfi fyrir lögreglu, slökkvilið og fleiri. Staðreyndin er sú að þegar þetta var í skoðun hafði starfshópur starfað á vegum Almannavarna ríkisins — sem líka er með í þessu — þar sem lögreglan og Landsvirkjun voru líka með. Takið eftir því, hv. þm., að

Landsvirkjun tók einnig þátt í aðdraganda málsins. Landsvirkjun ákvað í upphafi að vera með í undirbúningnum. Það hefur líka komið fram að ríkislögreglustjóri hafði óskað eftir því að Landsvirkjun væri með í vinnunni þar sem hefði verið óskað eftir að einn þjónustuaðili kæmi. Landsvirkjun stóð að undirbúningi þessa og aðdraganda með Almannavörnum, lögreglunni og öðrum þeim sem undirbjuggu málið.

Niðurstaða þeirra var að bjóða út það að setja upp fyrirtæki á TETRA-tíðnisviði og á öryggis- og neyðarbandinu sem Póst- og fjarskiptastofnun mundi auglýsa og sá sem þar yrði fenginn til verksins mundi þjóna þessum aðilum.

Þá ákveður Landsvirkjun að þeir ætli að bjóða í þetta líka. Þeir afhenda fyrrum samstarfsaðilum sínum öll gögn í málinu og segja: Takk fyrir okkur, við ætlum ekki lengur að vera hérna megin borðsins með ykkur og kaupa þjónustu þessara aðila. Nú höfum við ákveðið að við ætlum að vera með í að bjóða á þessum markaði. Nú ætlum við að vera hinum megin borðsins og seinna verður það e.t.v. þannig að við þjónum ykkur með þessu neyðarkerfi. Þar með afhentu þeir öll gögn.

Þá fer Landsvirkjun af stað og stofnar fyrirtækin sem ég hef þegar lýst. Þessi undirbúningshópur á vegum ríkisins sér um að boðið sé út hver vilji sjá um þetta öryggis- og neyðarkerfi fyrir alla þessa aðila, Almannavarnir, lögregluna, slökkviliðið o.s.frv. Það er Ríkiskaup sem býður út.

Þrjár umsóknir bárust. Tal var hæst og Landsvirkjun var næsthæst, mjög há miðað við þann næsta sem var Irja. Hún var lægst, Irja, óþekkt fyrirtæki og nýtt. En við skulum gera okkur grein fyrir því að á bak við alla þessa aðila eru stór alþjóðleg fyrirtæki hvort sem þau heita Nokia, Motorola eða Mobira, stórfyrirtæki sem þessir aðilar eru í tengslum við.

Irja fékk verkefnið og las útboðið þannig að þar með nyti Irja TETRA-markaðarins þar sem öryggisþættirnir einir sér duga harla illa til að fjármagna rekstur svona TETRA-kerfis. Það hefur komið fram hjá þeim að þá óraði ekki fyrir að öðrum aðila eða aðilum yrði hleypt inn á TETRA-kerfið, sem nú er að gerast.

Síðan gerist það í byrjun febrúar, og við vitum ekki hvers vegna, að Póst- og fjarskiptastofnun auglýsir eftir nýjum aðilum sem óski eftir að koma inn á TETRA-kerfismarkaðinn. Þá sækir TNet um, þetta dótturfyrirtæki Landsvirkjunar. Það er rétt, sem hér kom fram í andsvörum í upphafi, að það fyrirtæki var stofnað 17. ágúst 1999. Það fyrirtæki var stofnað í ágúst í fyrra og út úr því fyrirtæki dró Landsvirkjun sig nú fyrir 13. mars þar sem Landsvirkjun hefur ekki lagaumboð til að vera þar með.

Tíðnisviðin sem boðin eru út eru annars vegar fyrir öryggis- og neyðarsvið, þetta tíðnisvið sem Landsvirkjun sækir inn á með TNet, og hins vegar fyrir þjónustu við almenning. Umsóknarfresturinn rann út 13. mars og ég hef greint frá því hvernig aðdragandinn að því var hér í þinginu.

Eigendur Irju, sem gera sér allt í einu grein fyrir því í hvaða átökum þeir eiga við stóra bróður, ríkið, grípa þá til þess ráðs að selja Yrju til Línu.Nets. Lína. Net er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, Íslandssíma og starfsmanna Orkuveitu og Línu.Nets. Nú á að reyna að eiga séns í risann. Og þá er það svo fyndið að þar með er Reykjavíkurborg orðin verðandi eigandi að tveimur TETRA-kerfum, öðru í gegnum aðild sína að Landsvirkjun og hinu í gegnum aðild sína að Orkuveitu Reykjavíkur. E.t.v. er það þá sem ágreiningur fer að koma upp í stjórn Landsvirkjunar. Inn á það mun hinn fulltrúi okkar í Samfylkingunni koma hér í ræðu sinni. Þar er líka allt komið upp í loft út af vinnubrögðum.

Það kom fram, eins og ég hef áður sagt, að formaður iðnn. taldi nefndina ekki þurfa að bíða þess að hingað kæmu umsagnir, hvort sem þær væru frá Irju eða öðrum aðilum. Hann nefndi það að Irja væri ekki lengur til. Auðvitað er Irja til því hún er sams konar dótturfyrirtæki Lína.Nets sem nú á hlutabréfin, eins og dótturfyrirtækið sem Landsvirkjun ætlar að vera með í er að hluta í eigu Landsvirkjunar. Þannig eru TNet og núna Lína.Net og Irja afskaplega jafnsett.

Þegar maður snýr sér til Póst- og fjarskiptastofnunar og spyr hvort nú, 7. apríl, sé búið að afgreiða þessar umsóknir þá hefur það ekki enn verið gert. Hins vegar hefur Póst- og fjarskiptastofnun leitað álits dómsmrn. um hvort það mæli með því að fleiri en einum aðila verði hleypt inn á öryggis- og neyðarband TETRA-kerfisins. Hvort dómsmrn. telji skynsamlegt að hleypa öðrum aðila inn á öryggis- og neyðarband TETRA-kerfisins. Sú afstaða dómsmrn. liggur ekki fyrir í dag þegar við afgreiðum lagaheimild þessa til handa Landsvirkjun.

Ég vil sjá þann þingmann hér í sölum Alþingis sem heldur því fram að það sem ég hef verið að rekja hér skipti ekki máli fyrir umfjöllun alþingismanna um lagaheimild til handa ríkisfyrirtæki, eftir á. Þetta er nefnilega sagan um það hvernig stóri bróðir fer á markað. Við erum hér að tala um siðferði í vinnubrögðum. Við höfum rætt um Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirlit og með hvaða hætti við viljum búa til heilbrigðan og góðan markað sem byggi undir velferðarkerfi okkar, hvernig við viljum nýta okkur breytta stöðu og markaðshagkerfið. Til að við getum gert það þá verðum við að hafa góð eftirlitsfyrirtæki sem tryggja að hér sé farið bæði skynsamlega og eðlilega í málin og samkvæmt góðu siðferði.

Í síðustu viku gáfum við þessum stofnunum, eins og t.d. Fjármálaeftirliti, heimildir til að vera með févíti og sektir ef fyrirtæki fara ekki að reglum. En hvað erum við sjálf að gera? Ríkið, fyrirtækið okkar, er það að fara að reglum? Fer það að reglum samkvæmt því sem ég hef hér lýst? Ég segi nei.

Auðvitað tökum við afstöðu til þess hverjar lagaheimildir Landsvirkjunar eiga að vera í framtíðinni en við eigum líka að láta okkur varða um vinnubrögðin. Af hverju kom þetta mál ekki inn á þing fyrr? Af hverju fjöllum við um þetta mál hér í apríl þegar ríkisstjórnin var að véla um það í júní eða júlí í fyrra? Hvers lags er þetta?

Ég sagði að hv. formaður iðnn. hefði heimilað að fulltrúar Neyðarlínunnar kæmu inn á fund iðnn. Þó að það hafi verið handabakaleg vinnubrögð þá er ég mjög fegin því að við fengum tækifæri til að ræða við þá, enda hafði Neyðarlínan óskað eftir fundi til að koma á framfæri sínum athugasemdum. Það var alveg ljóst hvert viðhorf þeirra var. Þeim fundust vinnubrögðin ekki góð. Þeir héldu því fram að þar sem farið hefði verið út í, af hálfu þessara aðila, sem þurfa á öryggisþjónustu að halda, að fá Ríkiskaup til að bjóða þetta út ætti aðeins að vera eitt neyðarþjónustufjarskiptakerfi í gangi. Það er talið mjög erfitt eða jafnvel óframkvæmanlegt að búa til samskiptanet á milli ólíkra TETRA-kerfa. Þeir sögðu að það væri alls ekki hepppilegt að tvö TETRA-kerfi störfuðu samhliða og vart hægt að tengja þau saman. Þeir lýstu því yfir að á öryggisstöðvum þyrftu þá að vera tvö tæki, eitt fyrir TETRA-kerfið sem öryggisaðilarnir hefðu sett upp og annað

fyrir hitt TETRA-kerfið því að það væri ekki hægt að tengja þau inn á eitt og sama kerfið.

Við vitum þetta ekki nógu vel vegna þess að umfjöllun í nefndinni var þá lokið. Við gátum ekkert haldið áfram með málið. Við gátum aldrei farið ofan í það hvort lagafrv. heimilaði Landsvirkjun að búa til fyrirtæki sem það ætti 100% um ljósleiðarann, við vorum aldrei komin að því. Við fengum þá ábendingu að í dag geta Nokia-kerfin og Motorola-kerfin ekki talað saman. Það er ekki hægt að tengja þau saman. Þess vegna þarf tvö tæki alls staðar þar sem menn ætla að hafa aðgang að báðum kerfunum.

Þeir bentu líka á að fyrirtæki Landsvirkjunar, þetta nýja TNet sem Landsvirkjun, Landssíminn og Tölvumyndir eru að stofna, er þegar búið að kaupa TETRA-kerfi, áður en Póst- og fjarskiptastofnun er búin að afgreiða umsóknina um tíðnisvið. Og hverjir eiga að fá? Þeir eru búnir að kaupa kerfið.

Og þá stendur maður hér og hugsar: Bíðum við, hvað eru heilbrigðir viðskiptahættir? Hvað er ríkið? Er ríkið að stjórna því hvernig þetta á að gerast frá a til ö, óháð öllum tímasetningum og hvort hlutirnir gerist í öfugri röð? Veit þetta fyrirtæki, TNet, sem Landsvirkjun og Landssíminn og Tölumyndir eiga, að það muni fá tíðnisvið? Það er eitthvað sem ég fæ ekki mynd af þegar ég tala við forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar og ég tek ofan fyrir honum, sem leitar álits dómsmrn. á því hvort heppilegt sé að vera með tvö kerfi inni á öryggis- og neyðarbandinu.

Því var líka haldið fram á þeim fundi að þetta frv. opnaði Landsvirkjun leið inn á hvað sem væri á markaðnum. Hins vegar væri það allt annað að hve miklu leyti verið væri að opna aðgang að línum og ljósleiðara Landsvirkjunar. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnrh.: Er alveg ljóst að Landsvirkjun hafi fullnægjandi lagaheimildir með frv. til að stofna fyrirtæki í eigin eigu um ljósleiðarann?

Er alveg ljóst að ef Landsvirkjun ákveður á einhverjum tíma að selja þetta fyrirtæki frá sér, mun það mál koma hérna inn í þingið og þá hvernig?

Vissi ráðherrann að Ríkiskaup höfðu boðið út fyrir ríkisaðilana á öryggismarkaði fyrir nokkrum mánuðum, hverjir vildu taka að sér að sjá um þetta kerfi, kosta það og vera með þessi viðskipti og að búið var að ganga frá því og fela það einum meira að segja frekar litlum aðila, sem þorði svo ekki annað en fara í skjól stærri þegar hann sá hvert stefndi? Vissi ráðherrann þetta fyrir fram eða töldu menn að það væri algjör óþarfi að setja hæstv. ráðherra sómasamlega inn í málið?

Herra forseti. Ég ætla að enda ræðu mína nú. Mjög líklega mun ég koma aftur hér í ræðustól og vísa í fleiri umsagnir sem okkur bárust. En lokaorð mín eru þessi: Það er engan veginn ásættanlegt hvernig farið var með þetta mál í hv. iðnn. Það segir sína sögu um allt þetta mál að nú skuli vera ágreiningur uppi í stjórn Landsvirkjunar um málsmeðferð þar á bæ frá því að þetta mál hóf göngu sína þar og þar til við höfum öll horft á að fyrirtæki sem átti að vera í eigu Landsvirkjunar var að sækja um og sækja sig inn á neyðarlínu sem þegar var búið að úthluta öðrum. Á þessum orðum lýk ég máli mínu.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að Landsvirkjun ræður engu um það hvenær mál eru tekin á dagskrá Alþingis.)

[11:18]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Fyrst er rétt að það komi fram að sjö af níu nefndarmönnum í hv. iðnn. töldu málið orðið það rætt að hægt væri að taka það út úr nefndinni. Það voru aðeins tveir hv. þingmenn, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og hv. þm. Ragnheiður Ásta Jóhannesdóttir sem töldu að það væri ekki nógu vel rætt.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Ásta Ragnheiður.)

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Þá er líka rétt að leiðrétta aðeins að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fór ekki alveg með rétt mál þegar hún sagði að um málið hefði aðeins verið fjallað á tveimur fundum. Það er rangt. Fyrir utan þann fund sem hv. þm. gat um með fulltrúum Neyðarlínunnar kom það til umræðu í nefndinni á fjórum fundum. Á einum fundinum, líklega þeim lengsta, háttaði svo til af örugglega mjög gildum ástæðum að báðir áðurnefndir hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir þurftu að vera á vegum Alþingis við störf erlendis. En þó að hv. þm. séu við mikilvæg störf erlendis þá er það nú ekki svo að tíminn stöðvist hér heima, hvort heldur er í iðnn. eða annars staðar. Og iðnn. hélt langan, mjög málefnalegan og góðan fund og þess vegna er ekki rétt af hv. þm. að telja slíkan fund ekki með. Það var líklega einn lengsti fundurinn þar sem um þetta var fjallað.

Þar var ágætur fulltrúi Samfylkingarinnar, hv. þm. Jóhann Ársælsson, og í lok þess fundar var tilkynnt að málið yrði tekið út á næsta fundi þar á eftir og enginn nefndarmanna, herra forseti, hreyfði athugasemdum þá. En þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom síðan á næsta fund voru gerðar athugasemdir.

[11:20]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Þetta voru svo sem engar leiðréttingar. Sjö af níu töldu málið fullrætt og stóðu að því að taka það úr iðnn. í myndaherberginu hér í húsinu á hádegisverðarfundi á löngum fimmtudegi þegar umræða var og við höfðum aðeins hálftíma, hádegishléið okkar, til að sitja nefndarfund. Málinu var í upphafi vísað til umsagnar. Það var tekið fyrir á tveimur löngum fundum þar sem við ræddum við ýmsa fulltrúa sem komu á fund okkar og málið var tekið út hérna í myndaherberginu. Síðan var Neyðarlínan kölluð til fundar við iðnn. seinna. Þess vegna er þetta allt rétt sem formaður iðnn. segir og fellur að því sem ég sagði sjálf.

Og það er alveg rétt hjá hv. formanni að við Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir vorum fjarverandi á fundum erlendis annan daginn sem yfirferðin var í nefndinni. Og góður fulltrúi okkar, varamaður í nefndinni, hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir málið og ég óskaði eftir því að hann bæri fram það erindi í nefndinni að það yrði örugglega ekki tekið út þarna, vegna þess að ég óttaðist hvað væri í farvatninu, og að örugglega yrði fjallað um það á næsta fundi. Svar hans þegar við komum heim var að haldinn yrði aukafundur í nefndinni en hvorki hann frekar en ég áttum von á því að það yrði hálftími í þinghúsinu til að ljúka málinu.

Það sem ég hef dregið fram og skiptir máli er ekki hvort ég né eða Ásta Ragnheiður vorum á fundi í iðnn. eða góður annar fulltrúi okkar heldur að málið er tekið út með þeim hætti sem gert var. Umsagnir voru ekki komnar, þær hafa verið að berast. Hv. formaður iðnn. veit það, hann fer yfir umsagnir og við látum ýmislegt úr þeim koma fram í nefnd-

arálitum. Vinnubrögðin hafa verið fyrir neðan allar hellur varðandi þetta mál og við það stend ég.

[11:23]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. er ósáttur við þá ákvörðun sjö af níu nefndarmönnum að taka málið út úr nefnd.

Hvað varðar umsagnirnar þá er rétt að taka fram að þeir aðilar sem ekki voru búnir — og það er rétt hjá hv. þm. að frestur til að skila inn skriflegum umsögnum var ekki liðinn, og það er gagnrýnivert. En ég vek athygli á því, eins og hv. þm. veit, að umsagnaraðilar komu á fund nefndarinnar og færðu okkur munnlegar umsagnir sínar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér núna á milli ræðna mun það vera í stofnsamningi TETRA að ef Alþingi ekki samþykkir þessi lög muni Landsvirkjun draga sig út úr fyrirtækinu, þessu stofnaða fyrirtæki. Það mun vera skýr fyrirvari um slíkt í stofnsamningi þess fyrirtækis. Hvort það er lögbrot eða ekki skal ég ekki leggja mat á.

Hitt er deginum ljósara, herra forseti, að fulltrúar frá Tal hf., Íslandssíma, Línu.Net, Póst- og fjarskiptastofnun og fleiri aðilar mæla mjög eindregið með því að Landsvirkjun fái þessa almennu heimild. Það er til þess að geta nýtt þann búnað sem lagður er til grundvallar og ég hygg að sé nú það sem kemur málinu upphaflega af stað.

Það liggur líka ljóst fyrir, herra forseti, að að óbreyttum lögum, verði þetta frv. ekki samþykkt hefur Landsvirkjun einfaldlega ekki heimild til þess að hleypa þessum aðilum, þar á meðal Irju, inn í þennan búnað. Og ég hygg að það sé ekki það sem menn almennt vilja. Stjórn Landsvirkjunar, fjarskiptalög, dómsmrn., Póst- og fjarskiptastofnun eru þeir aðilar sem fjalla síðan um praktískar útfærslur á einstökum þáttum en ekki löggjafarsamkoman. Það var mat okkar í meiri hluta hv. iðnn.

[11:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hv. formaður iðnn. leggur mest upp úr formsatriðum varðandi iðnn. Þess vegna ætla ég að láta það koma fram að þó að aðeins tveir þingmenn hafi mótmælt því að málið væri afgreitt úr nefndinni eru það eingöngu sex þingmenn sem skrifa undir þetta nál. og eru með á því. Það er mikilvægt að það komi fram.

Hæstv. forseti. Við erum að tala um tvö fyrirtæki. Við erum að tala númer eitt um fyrirtæki sem verður 100% í eigu Landsvirkjunar og sem er um ljósleiðarann og dreifikerfið þar sem þeir ætla að leigja aðilum aðgang að, hvort sem það fyrirtæki sem leigir aðganginn heitir Irja eða eitthvað annað.

Það er ekki fyrirtækið sem er að sækja um hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Fyrirtækið sem er að sækja um hjá Póst- og fjarskiptastofnun heitir TNet og er bara allt annað. Það er fyrirtæki um að reka farsímakerfi hér og vill komast inn á neyðar- og öryggistíðnibandið hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Það er sagan sem ég var eð rekja hér. Hún er um sögu Landsvirkjunar og TNets og ákefð þeirra að fá þetta öryggiskerfi sem þeir sóttust í í fyrra og fengu ekki. Það kemur hinu málinu ekkert við, fyrirtækinu sem verður 100% í eigu Landsvirkjunar og leigir aðgang að línum sínum.

Það er mikilvægt að menn fari að tala um þessi tvö fyrirtæki aðskilið.

[11:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Málið í hnotskurn er þetta: Landsvirkjun ætlaði sér alltaf að ná í öryggisþjónustuna í TETRA-kerfinu, alveg frá upphafi. Útboð var haft á vegum Ríkiskaupa fyrir lögreglu og slökkvilið, og annað fyrirtæki bauð mun lægra, bauð lægst. Það voru þrjú fyrirtæki sem buðu og fyrirtækið Irja, lítið fyrirtæki, bauð lægst og fékk verkefnið.

Þessu getur Landsvirkjun ekki unað og nú á að ná markaðnum hvað sem það kostar. Og þessi lagasetning er hluti af því.

Þetta minnir mig á aðra lagasetningu sambærilega sem var hér til umræðu á dögunum þegar átti að tryggja Eimskip flutningana fyrir varnarliðið. Þá var risinn að kljást við litla fyrirtækið Atlantsskip sem hafði orðið hlutskarpara í útboði. Þá var hlaupið til og löggjafinn átti að bjarga málunum. Og sama er verið að gera hér.

Svona er ríkisstjórnin að hjálpa þeim stóru að klekkja á þeim smáu, hvað sem það kostar, þegar þeir tapa í eðlilegum útboðum. Eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom hér inn á hefur meðferð þessa máls verið alveg með eindæmum.

Í upphafi þegar málið kom til umræðu vissi hæstv. ráðherra greinilega ekkert um hvað málið snerist og enn síður formaður nefndarinnar. Og vinnubrögðin í nefndinni eru líka söguleg eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur rakið. Málið var tekið út með offorsi í myndaherberginu hér í hádegi 9. mars og þá skilaði meiri hlutinn nál. og nú er 7. apríl og málið fyrst að koma til umræðu.

Í athugasemdum með frv., sem er lítið frv., það er alveg rétt hjá formanni nefndarinnar, þetta er ekki stórt frv., en lítið frv. sem leynir á sér. Í athugasemdum með frv. segir að fjarskiptakerfi Landsvirkjunar geti komið að gagni fyrir fleiri aðila, m.a. þá sem starfa að öryggismálum.

Þetta er rangt. TETRA-kerfið, sem litla fyrirtækið Irja setti á laggirnar og lögreglan og slökkviliðið eru komin með tíu ára samning við, getur ekki tengst kerfinu sem Landsvirkjun og fyrirtæki þess eru búin að kaupa. Kerfin geta ekki talað saman. Það er því verið að minnka öryggið með því að koma á tvöföldu öryggiskerfi. Það getur kannski gerst eftir fjögur ár, segja sérfræðingar, en það er ekki víst. Þetta er mjög gagnrýnisvert. Ég ætla að minna á að þegar náttúruhamfarirnar urðu í Súðavík og á Flateyri var það ein mesta gagnrýnin á vinnubrögðin við björgun að björgunaraðilarnir og lögreglan voru með mismunandi kerfi og gátu ekki talað saman og það hamlaði björgunarstarfi. Og nú ætlar löggjafinn að fara að setja lög þannig að hægt verði að koma því viðvarandi ástandi á, bara vegna þess að Landsvirkjun vill komast yfir TETRA-kerfið, bara af því að Landsvirkjun vill gína yfir þessu öllu saman.

Ég minni á að lögreglan og slökkviliðið eru komin með tíu ára samning við hitt fyrirtækið sem var hlutskarpast í útboði Ríkiskaupa á síðasta ári. Og m.a. vegna þess hvernig björgunarstörfin reyndust fyrir vestan á sínum tíma var ákveðið að koma á einu samræmdu kerfi, einu samræmdu TETRA-kerfi, og var ákveðið að fara af stað í sumar sem leið í þá veru.

Það þarf líka að koma hér fram að öryggistíðni er yfirleitt tekin frá sérstaklega fyrir lögreglu, slökkvilið og björgunarsveitir, og henni er haldið frá öðrum fjarskipum. Þannig er það víða í heiminum, þessu er haldið alveg aðskildu. Gerð var undanþága á því hér vegna þess að íslenski markaðurinn er svo lítill. Póst- og fjarskiptastofnun gerði undanþágu fyrir lægstbjóðanda í útboðinu sl. haust um að það þyrfti ekki að vera eingöngu fyrir þessa björgunaraðila vegna þess að ekki

var talið að fyrirtækið gæti staðið undir sér bara með öryggisþættinum, og þess vegna gerði Póst- og fjarskiptastofnun sérstaka undanþágu fyrir Ísland í þessa veru.

Í haust var talið að eitt fyrirtæki gæti ekki staðið undir öryggisþættinum. Núna ætlar Alþingi að samþykkja breytingu á lögunum þar sem setja á annað fyrirtæki inn á þennan markað. Hvers konar endemis della er hér í gangi? Nú er allt í einu hægt að reka tvöfalt kerfi. Nú nokkrum mánuðum seinna er að mati Landsvirkjunar fjárhagslegur grundvöllur fyrir tveimur kerfum.

Þegar útboðið var gert sl. haust byggði Irja, fyrirtækið sem var hlutskarpast, allar forsendur sínar á því að þeir yrðu einir á markaðnum og töldu sig geta rekið það ef þeir væru einir á markaðnum en auðvitað eru allar forsendur brostnar ef á að fara að setja Landsvirkjun inn á þennan markað líka, fyrir utan það að verið er að minnka öryggið með þessu tvöfalda kerfi.

En það er ýmislegt fleira sérkennilegt í þessu máli. Forstjóri Landsvirkjunar hefur haldið því fram bæði í fjölmiðlum og víðar að algjör samstaða sé um málið í stjórn Landsvirkjunar. Samstaðan er nú ekki meiri en það að einn af stjórnarmönnunum, sem er fulltrúi fyrir ansi stóran hóp eigenda, þ.e. fulltrúi Reykjavíkurborgar, lagði fram átta spurningar í mörgum liðum fyrir forstjóra Landsvirkjunar 19. mars sl. Það er alllöngu eftir að málið var afgreitt í hasti í myndaherbergi inu úr iðnn. Ég get nú ekki sé annað á þeim spurningum en að ákveðnar efasemdir séu uppi hjá þessum fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem er borgarstjórinn í Reykjavík, þegar hún spyr forstjórann í þaula um málefni fyrirtækisins og þessar fyrirætlanir.

Það var samstaða í stjórn Landsvirkjunar þegar farið var í fyrsta útboðið um að vera með í þessu útboði og fara inn á þennan öryggismarkað fyrir almannaöryggi en eftir að fyrirtækið tapaði í útboðinu hefur þetta mál ekki verið til umræðu. Og samþykkt var í stjórninni að byggja ætti þetta á sviði öryggismála, þ.e. þetta mál af hálfu Landsvirkjunar. En það er sem sagt öllum aðferðum beitt. Mig langar til að rekja aðeins hvernig vinnubrögðin hafa verið í nokkrum dæmum.

Landsvirkjun sendir Póst- og fjarskiptastofnun bréf 15. mars sl. um að Landsvirkjun sé ekki lengur aðili að fjarskiptafyrirtækinu TNeti, sem er fyrirtækið sem Landsvirkjun ætlaði að nota í þennan öryggisþátt. Næsta dag, 16. mars, kemur á heimasíðu Nokia að Landsvirkjun sem hluti af TNeti hafi keypt farsímakerfi eða öryggiskerfi sem það hyggist nota á landsvísu hér, þ.e. TETRA-kerfi. Það er TETRA-kerfið sem við höfum verið að tala um sem ekki getur haft samskipti við kerfi sem þegar er komið af stað fyrir lögregluna og slökkviliðið. 29. mars, hálfum mánuði seinna, svarar forstjóri Landsvirkjunar aðspurður um hvort fyrirtækið sé enn þá hluti af þessu TNeti, og í svörum til borgarstjórans í Reykjavík, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, kemur fram, 29. mars, hálfum mánuði eftir að hann tilkynnir Póst- og fjarskiptastofnun að Landsvirkjun sé ekki hluti af því: Landsvirkjun á $^1/_3$ hlut í TNeti. Þetta er hálfum mánuði eftir að Póst- og fjarskiptastofnun fær bréf um að þeir séu ekki hluti af því.

Og annað sem er náttúrlega líka mjög sérkennilegt. Ég fletti í gær upp í hlutafélagaskrá. Þar kemur í ljós að Landsvirkjun hefur ekki einu sinni hirt um að láta hlutafélagaskrá vita að þeir eru ekki lengur hluti af þessu fyrirtæki. Í hlutafélagaskrá kemur í ljós að rekstrarstjóri Landsvirkjunar er stjórnarformaður TNets enn þá. Það hafa ekki verið gerðar neinar tilkynningar um að Landsvirkjun sé ekki hluti af þessu fyrirtæki.

Þessi vinnubrögð eru með ólíkindum. Og hvern er verið að blekkja? Póst- og fjarskiptastofnun er tilkynnt 15. mars að þeir séu ekki hluti af fyrirtækinu, iðnn. er ekkert látin vita, formaður iðnn. var látinn vita samkvæmt því sem hann sagði í ræðu sinni í upphafi. Í fréttum í gær á Stöð 2 kom fram að þeir séu farnir út úr fyrirtækinu tímabundið í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun. Póst- og fjarskiptastofnun ber það til baka í lok fréttarinnar. Og síðan eru þetta staðreyndirnar: 29. mars er borgarstjóranum tilkynnt að Landsvirkjun sé enn þá hluti af þessu. Og hlutafélagaskrá er ekki tilkynnt um að Landsvirkjun hafi dregið sig út.

Ég velti fyrir mér hvernig menn ætla að hafa þetta. Stendur til að rekstrarstjóri Landsvirkjunar eigi, þegar þetta fyrirtæki verður komið á laggirnar, að semja við sjálfan sig, stjórnarformanninn í TNeti, um öll þessi mál? Ég held, herra forseti, að ýmislegt sé óathugað í þessu máli og full ástæða sé til þess að þetta mál komi aftur til nefndarinnar á milli 2. og 3. umr. Því að slíkur er maðkurinn í mysunni að ýmissa skýringa þarf við, fyrir utan hitt að það er ábyrgðarhluti ef menn ætla að fara að samþykkja þessa heimild til Landsvirkjunar þegar áform eru uppi um að koma á tvöföldu kerfi, tvöföldu öryggiskerfi sem geta ekki einu sinni verið í samskiptum hvort við annað. Það er ábyrgðarhluti þingmanna að samþykkja slíkt. Það er því full ástæða til að þetta verði allt saman skoðað mun betur.

Eins og maður sá málið fyrst þegar það kom fyrir þingið virkaði þetta allt mjög sakleysilegt, lítið mál, leyfa Landsvirkjun að nota kerfið. Það getur vel verið að full ástæða hafi verið til að opna kerfið hjá Landsvirkjun, þeir hefðu t.d. getað leyft Línu.Neti að koma inn í kerfið og leigja sér inn í þetta kerfi Landsvirkjunar. (Gripið fram í.) Það hefði verið hægt að gera það í staðinn fyrir að koma á öðru kerfi.

Það er búið að samþykkja hér að setja á laggirnar tvöfalt kerfi meðan niðurstaða allra aðila í haust var sú að það ætti að vera eitt kerfi, það væri öryggisatriði og að fyrirtæki gæti ekki borið sig nema að vera eitt á þessum markaði. Það er alveg greinilegt að nú á að láta Landsvirkjun fara af stað — ég minni á að lögreglan og slökkviliðið eru með tíu ára samning við hitt fyrirtækið — og þá verður slíkt fyrirkomulag næstu a.m.k. fjögur árin að ófremdarástand verður í öryggismálum þjóðarinnar vegna þess að þessi kerfi tala ekki saman. Og verið er að koma á sama ástandinu og kvartað var undan í Súðavík og á Flateyri á sínum tíma.

Ég spyr: Ætla menn að stuðla að því að þetta verði svona? Fyrir utan það að full ástæða er til að spyrja hæstv. ráðherra, sem er hér á svæðinu, hvort hæstv. ráðherra hafi vitað um hvernig í pottinn var búið. Það var greinilegt að hann vissi það ekki í upphafinu þegar málið kom hér fyrst til umræðu og ég lái henni ekki að hafa ekki vitað hvernig þessi mál voru öll, það vissu það nú fæstir. Ég vil geta þess að við hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir höfum ekki lagt fram minnihlutaálit vegna þess að við höfum verið að fá upplýsingar um þetta mál alveg fram á þennan dag. Engu að síður taldi meiri hluti nefndarinnar að það væri fullklárað 9. mars. Ég efast um að ég sé búin að fá allar upplýsingar um málið þó að ég hafi verið að vinna í því undanfarna daga. En allar upplýsingar sem ég hef fengið eru ákaflega sérkennilegar og benda til þess að þarna hafi eitthvað óeðlilegt verið að gerast í málefnum Landsvirkjunar. Ég tel því fulla ástæðu til og ég fer fram á það, herra forseti, að málið fari aftur til

nefndarinnar áður en það kemur til 3. umr. því að það er ýmislegt sem við nefndarmenn þurfum að skoða betur og við þurfum að átta okkur á því hvað er að gerast.

Ég leyfi mér líka að spyrja um aðra nefndarmenn í iðnn. Hér eru tveir úr stjórnarmeirihlutanum viðstaddir umræðuna ásamt herra forseta sem er við skyldustörf. En engu að síður hefði ég gjarnan viljað sjá hér framan í hv. þm. í iðnn., sérstaklega í ljósi þeirra upplýsinga sem eru að koma fram um hvað sé hér á ferðinni. Því að ég er alveg sannfærð um að þessir hv. þm. sem skrifuðu undir nál. meiri hlutans vissu ekki í rauninni hvernig í pottinn var búið, ég er alveg viss um það og þykist vita að þeir vissu það ekki.

Herra forseti. Það er ábyrgðarhluti að koma á tvöföldu kerfi í öryggismálum. Það er óeðlilegt að ríkisvaldið stuðli að því að drepa niður frumkvæði fyrirtækja eins og Irju sem, eins og komið hefur hér fram, hefur hlaupið í skjól hjá Línu.Neti. Og það er alls ekki eðlilegt að reka hérna þessi tvö kerfi aðskilin.

Það er líka sérkennilegt að þegar Landsvirkjun bauð út kostaði það allháa fjárhæð en í dag er það mun lægri upphæð sem þeir telja sig geta rekið þetta á. Í september bauð TNet þrefalt hærra í útboði Ríkiskaupa en þeir telja núna að þeir geti boðið lægra verð en samkeppnisaðilinn. Þetta er ákaflega sérkennilegt.

Maður veltir líka fyrir sér ýmsum öðrum hlutum, hvort Landsvirkjun sé þarna að færa fjármuni frá Landsvirkjun yfir í einkafyrirtæki. Landsvirkjun lét útbúa fyrir sig ítarlega úttekt hjá erlendu fyrirtæki, Omnitel. Omnitel gerði skýrslu sem kostaði 20 millj. kr. og nú er skýrslan færð TNeti til eignar. Þarna er náttúrlega verið að færa peninga úr fyrirtækinu yfir til þessa einkafyrirtækis sem Landsvirkjun er eða er ekki hluti af, sem eru hér misvísandi upplýsingar um.

Ég verð að segja að það er siðlaust hvernig allt þetta mál hefur verið lagt upp og hvernig hefur verið staðið að því.

Herra forseti. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra svari okkur þeim spurningum sem við höfum lagt fram. Ég óska eftir því að hún upplýsi okkur um hvað hún viti og hvað hún hefur verið upplýst um þetta mál. Ég spyr hæstv. ráðherra: Finnst henni eðlilegt að vera að koma á tvöföldu öryggiskerfi? Þetta er eins og að koma á tvöföldu vegakerfi um landið, að setja upp tvöfalt öryggiskerfi og tvöfalt vegakerfi sem er ekki hægt að fara á milli. Annaðhvort verður að vera á öðrum þjóðveginum eða hinum, það er engin tenging á milli.

Telur hæstv. ráðherra það vera til bóta að koma á þessu tvöfalda kerfi? Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Er hún tilbúin að draga málið til baka í ljósi þess að verið er að ógna öryggi þjóðarinnar? Þarna hafa greinilega verið viðhöfð óeðlileg vinnubrögð hjá Landsvirkjun.

[11:47]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Faðir, fyrirgef þeim því þeir vita ekki hvað þeir gjöra. Þetta kom upp í hugann þegar hv. þm. stóð í ræðustól og fullyrti að meiri hluti iðnn. hefði ekki vitað hvað hann var að gera. Þetta er mjög alvarleg ásökun, a.m.k. fullyrðing.

Í annan stað, forseti, verð ég að leiðrétta misskilning sem kom fram í annars ítarlegu máli hv. þm. Það er einu sinni svo að Landsvirkjun getur ekki leigt öðrum fyrirtækjum aðgang að netinu og dreifingarkerfi sínu að óbreyttum lögum. Það er ákveðinn útgangspunktur í þessu frv. sem fær svo ítalega umræðu. Það er misskilningur ef hv. þm. heldur að svo sé ekki.

Við hv. þm. þurfum að svara því hvort við viljum leyfa Landsvirkjun að fara út í fjarskipti eða hvort við viljum banna það. Eða hvort á að heimila og setja inn einhverjar takmarkanir. En er þá ekki hv. Alþingi farið að ganga inn á verksvið stjórnar Landsvirkjunar?

Hvað varðar öryggisnetið og hvort í þessu öryggiskerfi séu ein eða tvær rásir eða tíðnisvið er rétt að minna á að fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar fagnaði samkeppni á því sviði. Ég hef ekki faglega þekkingu til að leggja mat á það en fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar fagnaði samkeppninni.

Herra forseti. Rétt er að taka það líka fram að eftir því sem ég hef verið að skoða fundargerðir frá stjórn Landsvirkjunar þá verður ekki betur séð en að full samstaða sé innan stjórnarinnar, þar á meðal hjá borgarstjóranum í Reykjavík um að fara þessa leið og öll stjórn Landsvirkjunar standi að þessari ákvörðun.

[11:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Er það nokkur furða þó maður efist um að nefndarmenn í iðnn. hafi vitað um hvað málið snerist þegar við hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir höfum verið að fá upplýsingar um þetta alveg fram á daginn í dag? Þær upplýsingar höfðu alls ekki komið fram í hv. iðnn. Það er því ekkert skrýtið þó að maður efist um að menn hafi vitað nákvæmlega hvernig í pottinn var búið.

Það er enginn misskilningur, auðvitað þarf lagabreytingu til þess að Landsvirkjun hleypi öðrum inn á kerfið. Aftur á móti var gagnrýni mín fólgin í því að það eru engar takmarkanir, nákvæmlega eins og hv. formaður iðnn. ... (Gripið fram í.) Það ætti að vera heimilað að gera það. En það eru engar takmarkanir í lagasetningunni eins og hún er í dag. Það gagnrýni ég. Það er kannski það sem við þurfum að skoða þegar málið kemur til nefndarinnar sem ég vona að verði á milli 2. og 3. umr. því að það er fullkomlega óeðlilegt eins og að því er staðið.

Varðandi afstöðu stjórnarmanna í Landsvirkjun get ég ekki sagt annað en að þegar það koma átta spurningar, mjög gagnrýnar, í mörgum liðum um Landsvirkjun og TNet frá stjórnarmanni, leyfi ég mér að halda því fram að ekki sé alveg samhljómur í öllum stjórnarmönnum hjá Landsvirkjun um að fara þessa leið. Enda kemur það fram í gögnum frá Landsvirkjun, frá stjórnarfundum Landsvirkjunar að það var samstaða um þetta í sumar áður en farið var í útboð Ríkiskaupa. En eftir það hefur málið ekki verið rætt og ekki hefur verið tekin afstaða til þess þannig að það er bara staðreynd málsins.

[11:51]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara örstutt. Ég hygg að það sé ágreiningur og hefur komið þá fram í andsvari hv. þm. að það er ágreiningur um það hver á að taka ákvörðun um innri málefni Landsvirkjunar. Ég er þeirrar skoðunar og ég hygg að meiri hluti iðnn. sé þeirrar skoðunar að það sé stjórn Landsvirkjunar sem taki þá ákvörðun.

Síðan á almenningur, þar á meðal alþingismenn, alla möguleika að gera athugasemd gagnvart stjórninni. Við höfum líka Póst- og fjarskiptastofnun og við höfum Samkeppnisstofnun sem er m.a., eins og fram kemur í nál., ætlað að fylgjast með því hvort ólíkum rekstri sé blandað saman en á það leggur meiri hlutinn þunga áherslu.

Rétt síðan um borgarstjórann í Reykjavík, sem hefur verið dreginn inn í þessa umræðu, er alveg ljóst að samþykktir Landsvirkjunar eru einróma. Öll stjórn Landsvirkjunar stendur að þeirri ákvörðun. Ég ætla síðan ekki að neinu leyti að verja þá gjörð. En það er rétt að draga það fram að öll stjórn Landsvirkjunar stendur að þessari samþykkt. Ég hef séð spurningarnar, það er svo allt annað mál að leggja fram gagnrýnar spurningar og það er bara mjög eðlilegt og ágætar spurningar hjá borgarstjóranum í Reykjavík. En þar kemur m.a. fram, herra forseti, að borgarstjórinn í Reykjavík telur eðlilegt að stjórn Landsvirkjunar hlutist til um hversu langt er gengið á þessu sviði sem og öðrum sviðum sem fyrirtækið kann að starfa á.

[11:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþingi á að ákveða hvort það heimilar tvöfalt öryggiskerfi. Það á að setja takmarkanir inn í lögin ef við erum að setja lög í þessa veru, Alþingi á að ákveða það. Við eigum að ákveða það hér. Það er ekki málefni stjórnar Landsvirkjunar. Við getum tekið á öryggismálum landsmanna hér í löggjafarsamkundunni.

Mér finnst ekki við hæfi að verið sé að draga afstöðu stjórnarmanna Landsvirkjunar meira inn í umræðuna en orðið er því að þeir eru ekki til að svara fyrir skoðanir sínar ... (Gripið fram í.) Meira en orðið er, sagði ég, og það er ekki eðlilegt. Mér fannst fyrirspurnir borgarstjórans í Reykjavík lýsa því að þarna voru ákveðnar efasemdir um þetta mál allt saman enda eru þetta mjög gagnrýnar spurningar. Í svörum frá forstjóranum eru atriði sem full ástæða er til að efast um og hafa skoðanir á. En ég vil ekki ætla stjórnarmönnum eitthvað frekar skoðanir en a.m.k. eins og ég sé þessar fyrirspurnir eru greinilega efasemdir frá borgarstjóranum í Reykjavík um að þarna eigi að reka tvö kerfi. Eins og komið hefur fram í umræðunni er Reykjavíkurborg farin að reka tvö TETRA-kerfi með aðild að Landsvirkjun og síðan að Línu.Neti. Það er auðvitað eðlilegt að menn geri athugasemdir við það.

[11:55]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu stórmál á sviði fjarskipta, hvort Landsvirkjun skuli heimilað að stofna til fyrirtækis til að hleypa öðrum inn á fjarskiptanet sitt. Málið á þann aðdraganda að Landsvirkjun hefur á mörgum undanförnum árum byggt upp gríðarlega mikið fjarskiptakerfi alveg frá Þjórsár-/Tungnaársvæði um Suðurland, vestur um Hvalfjörð og norður í land um Blönduvirkjun, norður til Akureyrar, Kröfluvirkjunar og Húsavíkur.

Það liggur alveg ljóst fyrir að Landsvirkjun hefur byggt upp þetta net til að sinna og þjónusta fyrirtæki sín en þetta net er jafnframt í stakk búið til þess að þjóna meiru og eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið er mikill áhugi hjá ýmsum aðilum til að komast inn á og nota þetta net. Það er mergurinn málsins.

Eins og málið hefur verið lagt upp fyrir okkur nefndarmönnum í iðnn. þá er hér um gríðarlegt hagsmunamál að ræða, líka öryggishagsmunamál, vegna þess að Landsvirkjun starfar eðli málsins samkvæmt á svæðum sem eru í óbyggðum eins og norður um Sprengisand og á öllu Þjórsár-/Tungnaársvæðinu og síðan á svæðum norður um og austur um land sem líka eiga í erfiðleikum með að ná fjarskiptum á annan hátt.

Spurningin er gagnvart Alþingi Íslendinga hvort það á að gera fyrirtækinu kleift að hleypa fyrirtækjum inn á þetta net sem er myndarlegt og afkastamikið. Ég held að við alþingismenn getum öll verið sammála um að það er auðvitað til hagsbóta fyrir landið allt að nota þær miklu fjárfestingar sem Landsvirkjun hefur farið í til þess að þjóna landinu sem best. Það er mergurinn málsins, að nota kerfið.

Þá er spurningin þessi: Hvernig á að fara í það mál? Eins og málin hafa verið lögð upp fyrir okkur er Landsvirkjun ekki heimilt að gera það á annan hátt en að taka út úr fyrirtækinu eða slíta út úr fyrirtækinu þann þátt sem sinnir fjarskiptum, stofna um það sérfyrirtæki til að geta fengið öðrum aðgang og láta það fyrirtæki starfa fyrir eigin reikning og vera óháð öðrum rekstri Landsvirkjunar.

Eins og málið hefur verið lagt upp eru stórir aðilar sem þegar hafa haslað sér völl á fjarskiptasviði sem hafa lýst miklum áhuga á því að komast inn í möguleikana á notkun á þessu kerfi. Þannig hefur þetta verið lagt upp fyrir okkur þingmönnum. Þetta mikla símakerfi er fýsilegt eða eftirsóknarvert að fá til notkunar hjá mörgum aðilum og eru einkafyrirtæki í símarekstri jafnt sem ríkisfyrirtæki sem hafa lýst áhuga á því. Þannig hefur málið verið lagt upp.

Það sem á að vera átök um er hvernig þetta er gert. Ég hef engan heyrt, hvorki í nefnd né þingsal, sem er á móti því að við notum þessar fjárfestingar. Við verðum að átta okkur á því, hv. þm., að Landsvirkjun er ekki bara eitthvert fyrirtæki úti í bæ, Landsvirkjun er eign ríkis, borgar og bæjar. Landsvirkjun er að 48% hlut eign ríkis og eignarhlutur borgar er svipaður og Akureyrarbær er með um 5% eignarhlut. Landsvirkjun er opinbert fyrirtæki og Landsvirkjun lýtur stjórn stjórnar sinnar sem á að gæta hagsmuna þessara rekstraraðila, ríkis, borgar og Akureyrarbæjar.

Fyrir mér er þetta málið pólitískt séð: Hvernig á að standa að því að hleypa öðrum notendum inn á þetta kerfi? Ég geri mér fulla grein fyrir því að í svona máli eru gríðarleg átök úti í samfélaginu vegna þess að menn hafa verið að koma upp búnaði fyrir sig. Það gildir ekki bara í fjarskiptum vegna þess að ef við erum að tala um öryggiskerfið, það hefur t.d. ekki verið þrautalaust að samhæfa björgunarsveitir í landinu. Ég geri mér grein fyrir því að málið er mjög snúið.

Það hefur komið fram í málflutningi hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að þær telja að málið hafi verið keyrt of hratt í gegnum nefndina. Ég vil taka undir þessa gagnrýni. Ég held að við hefðum átt að bíða og kortleggja betur þá gagnrýni sem komið hefur fram. Við hefðum átt að gera okkur betri grein fyrir afstöðu þeirra sem gagnrýna málið harðlega. Ég tek undir það að þessi hraði var óþarfur og ekki hafi verið ástæða til að vinna málið eins og gert var. Ég tel að það hafi verið ástæðulaust.

Ég gagnrýni líka, sem er algjörlega óviðunandi fyrir Alþingi Íslendinga og mig sem nýjan þingmann, að hvað eftir annað stendur maður frammi fyrir því að fá inn í þingið blöð, þáltill. og lagafrv. um framkvæmdir sem maður hefur á tilfinningunni og sannanir fyrir í mörgum tilfellum að ákveðið hafi verið að fara í fyrir mörgum mánuðum síðan. Slík vinnubrögð eru gagnrýnisverð.

Við ættum að setja fram ramma, heildarlínuna í lagasetningu, sýnina á hvernig við ætlum að fara í málin. Við eigum ekki að þurfa að velta okkur upp úr praktískum málum fyrirtækja eða samtaka sem auðvitað koma í kjölfarið þegar

svona umbrot eiga sér stað. Í mínum huga er þetta algjörlega óviðunandi.

Ég komst á þá skoðun að málið hafi verið keyrt of hratt í gegn er ég varð þess áskynja að borist hefðu umsagnir sem gagnrýna harðlega það sem við erum að gera og hvernig við höfum staðið að málum. Í ljósi þess að borist hafa umsagnir sem vert væri að fara yfir og þess að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir hafa ekki haft tækifæri til þess að skila minnihlutaáliti með sinni sýn á meðferð þessa máls þá er ég sammála þeirri kröfu og tek undir hana, að milli umræðna verði málið tekið inn í nefnd á ný og farið yfir þau atriði sem borist hafa og hlaðist upp á undanförnum mánuðum.

Ég endurtek hins vegar að málið snýst fyrst og fremst um hvaða form við ætlum að hafa á þessum hlutum. Við verðum að geta valið milli fleiri tillagna um hvernig eigi að standa að þessari framsetningu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að teygja þessa umræðu mikið meira en tek undir með hv. þm. og fulltrúum í iðnn., Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur, að full ástæða sé til að taka málið inn í nefndina aftur. Ég vil standa að því og skoða þessi mál í nýju ljósi. Ég beini þeim tilmælum til hv. formanns iðnn., Hjálmars Árnasonar, að það verði gert í ljósi nýrra upplýsinga. Ég tel að það þurfi ekki að tefja fyrir málinu en við höfum fullan rétt á að skoða hvort eitthvað hafi komið fram sem leitt gæti til þess að við ættum að fara öðruvísi að.

[12:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Steinar kom hér með ágætar ábendingar. Ég geri ráð fyrir að hann sé farinn að átta sig á að í þessu máli er margt að finna sem ekki var ljóst þegar málið var í nefnd. Ég vil sérstaklega taka fram að ef talsmaður Samfylkingarinnar, Margrét Frímannsdóttir, hefði ekki komið hér í 1. umr. málsins með upplýsingar um TETRA-kerfið og þátt Landsvirkjunar í því þá hefði hv. iðnn. sennilega ekki látið sér detta í hug að kalla til þá sem hún þó gerði á þessum tveimur fundum um málið.

Þetta frv. er sagt tvískipt, þ.e. í fyrsta lagi heimild Landsvirkjunar til að fara í fjarskipti og í öðru lagi heimild Landsvirkjunar til að eiga í öðrum fyrirtækjum. Þar komum við inn á þetta TETRA-mál sem við höfum farið í gegnum hér. Ég minni á að við fengum útskrift af heimasíðu Nokia þar sem sýnt var fram á að þeir eru byrjaðir að setja upp TETRA-kerfi. Þar var greint frá því hver viðskiptaaðilinn er og að sá viðskiptaaðili væri að fara inn á öryggismálin.

En varðandi það hvort við viljum nýta þær fjárfestingar sem við eigum þá eigum við að skoða það hverju sinni. Við höfum t.d. fengið athugasemdir frá Landssímanum um að í nýsettum fjarskiptalögum sé Landssímanum gert skylt — vegna fjarskiptanetsins — að birta skilmála fyrir leigulínur og byggja gjaldtöku fyrir samtengingu neta á kostnaði við stofnun og rekstur nets auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns o.s.frv. Við höfum ekkert sett fram í nál. um að þegar Landsvirkjun fari fram með sitt fjarskiptanet, sem hún ætlar að eiga ein, verði hún að gera ráð fyrir að lúta sömu kröfum. Ýmislegt af slíku tagi höfum við bara ekki rætt.

[12:06]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur á að ég tók til máls við 1. umr. um þetta mál. Ég gagnrýndi marga þætti þess eins og sjá má í þeirri þingræðu og var að vísu mjög samstiga hv. þm. Margréti Frímannsdóttur við upphaf málsins.

En í mínum huga snýst málið líka um það hvernig maður sér t.d. framtíð Landsvirkjunar. Ég er t.d. einarður andstæðingur þess að selja fyrirtækið. Ég vil að opinberir aðilar eigi það. Ég held að átökin núna séu eins og í svo mörgu öðru sem við erum að gera þegar dansinn í sölu ríkiseignanna, fjölskyldusilfursins, er á fullu. Þá eru margir truflandi hagsmunaaðilar í samfélaginu sem hamla því að maður sjái heildarmyndina í þessu dæmi. Það er mjög snúið mál.

Þess vegna spretta auðvitað alls staðar upp, þegar farið er í svona kerfisbreytingar sem keyrðar eru áfram, hagsmunaaðilar sem vilja fá bita af kökunni og líta þá til lengri tíma. Þetta finnst mér afleit staða þar sem ég er talsmaður stórra og mikilla fyrirtækja í orkugeira og opinberum rekstri, heilbrigðismálum o.fl.

Það voru reyndar mjög fáir þingmenn sem tóku til máls þegar málið var lagt fram en ég hef komið að málinu og úttalað mig um það frá upphafi. Ég man ekki betur en aðeins fjórir eða fimm, þar á meðal hv. þm. Samfylkingarinnar, hafi þá tekið til máls um frv.

[12:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra á eftir að svara okkur því hvort þessi gjörð sé fyrsta skrefið í einkavæðingu fyrirtækisins eða hluta þess. Við stöndum frammi fyrir spurningunni um hvernig fyrirtæki á markaði geti keppt við ríkisrisana. Þess vegna er núna uppi hin áleitna umræða um söluna á Landssímanum. Mörg okkar berjast fyrir því að við sölu á Landssímanum verði fjarskiptanetinu haldið eftir. Með afgreiðslu þessa frv. yrðu örlög okkar kannski þau að með því að fyrirtæki í eigu Landsvirkjunar yrði stofnað um ljósleiðara Landsvirkjunar og Landsvirkjun seldi t.d. það fyrirtæki, þá færi ljósleiðari sem nú er í eigu okkar, þ.e. Landssímans sömuleiðis á markað. Þetta er allt angi af sama stóra málinu.

Auk þess vil ég nefna það sérstaklega að það var ekki sökum tímaskorts sem við Ásta Ragnheiður skiluðum ekki nál. Við gerðum það ekki vegna þess að við féllumst ekki á að taka málið úr nefnd. Við töldum það ekki afgreitt, vildum ekki hafa afskipti af þessu enda átti að taka málið til umræðu strax eftir þá helgi. Við vorum að lýsa andstöðu okkar með þessu, tókum ekki efnislega afstöðu heldur gagnrýndum fráleit vinnubrögð.

Þetta höfum við tilkynnt þingflokki okkar. Við eigum þar með eftir að ákveða hvort við tökum að einhverju leyti afstöðu til einstakra þátta málsins eða hvort við látum það algjörlega fram hjá okkur fara.

Þetta vil ég draga sérstaklega fram. Ég held að það væri flestum til sóma að taka málið til formlegrar umfjöllunar milli 2. og 3. umr. og fagna þeirri hugmynd.

[12:10]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þessi síðustu orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Ætli það séu ekki þessi mál í heild sinni sem þarf að taka fyrir. Hv. þm. minntist á, varðandi sölu á símanum, að halda flutningskerfinu eftir sem sérfyrirtæki. Í raun erum við, varðandi Landsvirkjun, að tala um mjög áþekkt form á sérfyrirtæki.

Mín hugsun og félaga minna er ávallt sú að Landsvirkjun eigi að vera í opinberri eigu en auðvitað ráðum við því ekki. Við viljum að þetta form sé á hlutunum. Við erum talsmenn þess að ríkið eigi símann en auðvitað ráðum við því ekki.

Við þurfum að skoða hlutina í þessu ljósi eins og aðrir. Eins og alþjóð er kunnugt þá höfum við ekki meiri hluta á hinu háa Alþingi. Þannig standa málin.

Ég vil standa að þessum málum af fullu raunsæi og ítreka þá áskorun til hv. formanns iðnn., Hjálmars Árnasonar, að hann beiti sér fyrir því að málið verði tekið inn í nefndina og skoðað að nýju. Þá væru öll gögn lögð á borðið til umfjöllunar og e.t.v. fleiri fengnir á fund nefndarinnar í ljósi þess að enn eru að berast gögn sem beðið var um af hálfu nefndarinnar.

Þannig standa þessi mál og ég held að við hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir séum algjörlega sammála um hvernig framhaldið í umfjöllun um þetta mál ætti að vera.

[12:12]

Útbýting þingskjals:

Sjúkraflug, 592. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 894.

[12:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Landsvirkjun er opinbert fyrirtæki, 50% eru í eigu ríkisins, 45% í eigu Reykjavíkurborgar og 5% í eigu Akureyrarbæjar. Það er grundvallarskoðun mín og fjölda þeirra sem styðja Sjálfstfl. að rekstur sé almennt betur kominn á hendi einstaklinga en opinberra aðila. Sumir hafa jafnvel kristallað þá hugsun í slagorðunum „báknið burt".

Með þessu frv. er í annað sinn fyrirhugað að víkka út starfssvið Landsvirkjunar. Áður var Landsvirkjun heimilað að taka þátt í ráðgjafarþjónustu í samkeppni við frjálsan markað. Rökin voru þau að nýta ætti sérfræðiþekkingu innan Landsvirkjunar. Nú á hún að fara að taka þátt í fjarskiptum með sömu rökum. Það á að nýta þann búnað sem hún á og hefur rekið í fjölda ára.

Landsvirkjun er á margan hátt vorkunn vegna þess að hún er í samkeppni við raforkuver í eigu sveitarfélaga sem ekki lúta sömu takmörkunum og geta farið út um víðan völl í starfsemi sinni. En þannig háttar til að fjarskipti og raforkudreifing eru æ meira samtvinnuð nú á dögum. Nú orðið er erfitt að greina á milli hvað er raforkuflutningur og hvað fjarskipti. Það vandamál sem við erum að glíma við hér í dag er einmitt afleiðing af þeirri þróun.

Herra forseti. Með þeim rökum sem Landsvirkjun heldur fram, þ.e. að hún fari að nýta eign sína, þá getur hún farið út í ýmsilegt annað. Hún gæti farið að baka brauð og annað slíkt eins og ég hef nefnt. En hún hefði getað farið aðra leið, og því var ekki svarað í hv. iðnn. af hverju hún fór ekki þá leið, þ.e. hreinlega að skilgreina þær þarfir sem hún hefur, það öryggi sem hún þarf að njóta varðandi fjarskipti og kaupa þá þjónustu eins og aðrir símnotendur í landinu. Þá hefði hún aldrei þurft að byggja upp þetta kerfi á sínum tíma. Þá hefði Landssíminn örugglega byggt upp kerfið fyrir hana.

Nákvæmlega það sama gæti hún gert í dag. Hún gæti skilgreint þær þarfir sem hún hefur varðandi öryggi og flutningsgetu og síðan gæti hún selt þetta kerfi sitt sem er ekkert innan húss í Landsvirkjun. Þetta eru ljósleiðarar út um víðan völl og þetta eru örbylgjusendar uppi á hæðum. Hver sem er getur átt þetta. Landsvirkjun gæti jafnvel selt þetta með þeim kvöðum að hún fái þá þjónustu sem hún þarf á að halda í ákveðið árabil, segjum tíu ár, og síðan sé henni heimilt að bjóða það út. Þannig hefðu menn getað leyst þetta vandamál og Landsvirkjun hefði getað einbeitt sér að því sem hún væntanlega kann best, þ.e. að framleiða, dreifa og flytja raforku. En, nei, eins og alltaf með opinber fyrirtæki þá skal hún taka yfir fleiri og fleiri svið.

Herra forseti. Hvað þýðir þetta litla frv. sem er nú bara ekki nema örstutt: „svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum"? Hvað þýðir það? Það þýðir að Landsvirkjun getur keypt hluti í einu eða fleiri fyrirtækjum og hún getur keypt þau í heilu lagi. Hún gæti t.d. keypt Landssímann bara í einum bita og er sennilega eini innlendi aðilinn sem hefur nægilega sterka eiginfjárstöðu til að gera það. Þegar þetta frv. hefur verið samþykkt þá gæti komið upp sú staða að hún keypti annaðhvort Landssímann eða Tal eða eitthvert annað fyrirtæki sem er á markaði.

Í samræmi við grundvallarhugsun mína sem ég gat um áðan og grundvallarskoðun þá er ég á móti því að hið opinbera víkki svona út starfssvið sitt. Ef aftur á móti væri búið að einkavæða Landsvirkjun sæi ég ekkert athugavert við þessa þróun, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þá er það ekki mál löggjafans hvort eitthvert einkafyrirtæki fari út í að baka brauð eða stunda fjarskipti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir þá sögu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir rakti svo ítarlega. Hún er mjög flókin. Hún er um margt undarleg og hún er enn að gerast. Hún gerist á hverjum degi og hún ber keim af harðvítugri markaðsbaráttu erlendra fjarskiptarisa sem standa þarna á bak við. Og hún ber keim af baráttu innlendra opinberra aðila, rafrorkurisa, þ.e. ríkisins í Landsvirkjun og Reykjavíkurborgar í Línu.Net. Þetta er slagur opinbera aðila. Einkaaðilar koma þar lítt nærri og ef þeir voga sér þá eru þeir troðnir undir í slagnum, eins og örlög Irju eru glöggt dæmi um.

Herra forseti. Nú er okkur sagt að stefnt sé að markaðsvæðingu raforkukerfisins og það eigi að auka samkeppni þar og það er í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Og hluti af því er að einkavæða þessi fyrirtæki. Ég sé ekki aðra lausn til að ná fram samkeppni og þá leysist þetta mál af sjálfu sér. Ég sé því ekki að þetta sé neitt ákaflega mikið vandamál. Engu að síður er ég á móti þessu frv. vegna þess að Landsvirkjun er enn þá opinbert fyrirtæki og ég er á móti því að víkka út opinberan rekstur.

Varðandi afgreiðsluna í hv. iðnn. þá var ég ekki á móti því að taka málið út. Þetta er einfalt mál og mér fannst á þeim tímapunkti að það væri útrætt. Ég hafði sett mig nokkuð vel inn í þá þróun sem hafði gerst varðandi Línu.Net, Irju og allt þetta kerfi sem menn hafa verið að búa til þannig að ég taldi mig vera svona nokkuð vel inni í því. Síðan hefur ýmislegt gerst, en það hefði ekki breytt því að ég taldi rétt að taka málið út. Ég var hins vegar á móti því og því lýsti ég yfir og skrifa þar af leiðandi ekki undir álitið og ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv. þegar það kemur til afgreiðslu hér af þeirri ástæðu að ég er á móti því að hið opinbera sé að leggja undir sig allt atvinnulífið.

Ég get hjartanlega tekið undir með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni að það er óþolandi og stórhættulegt fyrir lýðræðið að hingað inn á Alþingi komi frv. og þáltill. sem búið er að semja um, sem alþingismönnum er gert að skrifa upp á. Það er óþolandi og það er ljóst í þessu dæmi að búið var að stofna það fyrirtæki sem við höfum rætt hér. Það var búið að gera samninga við erlenda fjarskiptarisa upp á fleiri hundruð millj. kr. og það var sem sagt búið að reikna með því að Alþingi mundi samþykkja frv. Svona vinnubrögð held ég að séu mjög slæm. Við erum að sjá þetta aftur og aftur. Við ræddum í gær um búvörusamninginn. Þar er ekki hægt að

breyta neinu, ekki í skynsemisátt, ekki neinu. Það er búið að skrifa undir þann samning. Og þó að hv. þingmenn kæmust að einhverjum lapsus eða galla í því samkomulagi og ætli sér að laga hann, þá er það ekki hægt. Umræðan er óþörf þegar svona stendur á.

Við sjáum þetta víðar. Við sjáum þetta í skattamálum t.d. varðandi þau frv. sem hér liggja fyrir í skattamálum og eru afrakstur af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Þar má heldur ekki breyta neinu. Þingmenn hafa í rauninni ekkert um að ræða. Og þó að menn hafi kannski aðrar skoðanir eða komist að einhverri annarri skynsamlegri lausn í umræðuni þá er engu hægt að breyta vegna þess að þetta er hluti af samkomulaginu.

Þetta er orðið mjög hættulegt og hefur reyndar viðgengist mjög ríkum mæli á undanförnum árum og ég held að hv. þm. ættu að skoða sinn hug í því hvar frumkvæði að lagasetningu yfirleitt liggur. Ég hef sagt það mörgum sinnum að hv. þingmenn samþykki ekki eitt einasta frv. sem þeir hafa samið sjálfir nema kannski eitthvert smotterí um þingfararkaupið eða þingsköpin. Enn hefur nú ekki komið upp sú staða að einhverjir aðilar úti í bæ séu að gera ályktarnir um þingsköpin. En hins vegar varðandi þingfararkaupið þá er það iðulega undir hæl annarra aðila úti í bæ þannig að þingmenn geta ekki einu sinni rætt það.

Öll þau frv. sem við samþykkjum eru samin annars staðar. Og sá sem semur frv. hefur frumkvæðið að gerð þess og hann ræður eiginlega öllu um það hvernig það lítur út. Þetta er því orðið mjög hættulegt fyrir þingræðið og þar með lýðræðið. Þetta er nokkuð sem ég hef margoft bent á.

En varðandi þetta frv. þá tel ég að það sé slæmt að víkka þannig út starfssvið Landsvirkjunar, opinbers fyrirtækis, og ég mun greiða atkvæði gegn því.

[12:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt viðbrögð við ræðu þingmannsins. Hann kom hér inn á grundvallarhugsun um ríkið og markaðinn. Við þekkjum afstöðu hans sem hann hreyfir hérna við á sviði sem er ekki oft til umræðu og það er að ríkið sjálft er svo ráðandi. Hins vegar hefur Sjálfstfl. aldrei tekið umræðuna og þaðan af síður ákvörðunina um hvort að einkavæða eigi þjónustufyrirtæki ríkisins. Hann hefur látið ákvörðunina verða til hinum megin frá. Hún verður til úti á markaðnum sjálfum. E.t.v. eru þetta klókindi, e.t.v. er þetta einber heigulsháttur vegna þess að þá geta menn verið í þykjustuleik, verið eins konar flokkur fólksins, en hagrætt hlutunum þannig á meðan að einn góðar veðurdag verði að einkavæða stóru ríkisfyrirtækin af því að markaðurinn er búinn að skapa þá stöðu. Það er opnað fyrir heimildir einkaaðila til þess að starfa á markaði á þeim sviðum sem áður voru með einkaleyfi ríkisins. Síðan krefst samkeppnissiðferðið þess að þar með verði ríkisfyrirtækinu deilt upp þannig að það geti ekki í skjóli annarrar markaðseinokunar beitt valdi á markaðnum gagnvart þjónustufyrirtækjum sem þar hafa orðið til. Þetta er það sem við höfum verið að horfa upp á á liðnum árum. Það sem við stöndum frammi fyrir er að ef að þessi lög heimila Landsvirkjun að reka fjarskiptafyrirtæki, sem ætti auðvitað að vera meginmálið í lagasetningunni í dag en ekki þessi subbugangur sem er orðinn til varðandi TETRA-kerfið, þá verður Landsvirkjun í þessu tilfelli e.t.v. hinn stóri samkeppnisaðili Landssímans í að reka fjarskiptafyrirtæki og e.t.v. verður það svo að enn um sinn verður það kannski hlutverk ríkisins að reka tvö fjarskiptafyrirtæki sem eru svo stór að bara þau tvö geta keppt hvort við annað og því kannski ekki ástæða til að hleypa þeim út á markaðinn. En e.t.v er þetta fyrsta skrefið í því að þau fari á markað.

[12:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gerir ekki mun á ríki og einstaklingum, þeim einstaklingum sem mynda ríki. Hann gerir ekki mun á þjóð og ríki. Ég bendi á að víða í heiminum eru margar þjóðir innan sama ríkis og víða í heiminum er sama þjóðin í mörgum ríkjum. Einu sinni tilheyrðu Íslendingar dönsku ríki en töldu sig samt vera Íslendinga og alls ekki Dani. Það að gera ekki mun á einstaklingum og ríki eru því mistök sem menn gera mjög oft. Sagt er: „Við tölum fyrir hönd ríkisins. Við erum hérna að vinna fyrir hönd ríkisins. Landsvirkjun er eign þjóðarinnar og þar með einstaklinganna." En það er bara ekki rétt. Minn flokkur berst fyrir einstaklinginn. Hann berst fyrir réttindum og sjálfstæði einstaklingsins og frumkvæði hans. Þar af leiðandi er hann á móti opinberum fyrirtækjum sem ekki eru í eigu einstaklinga heldur í eigu ríkisins eða sveitarfélaga. Sveitarfélag er ekki hið sama og þeir einstaklingar sem búa í sveitarfélaginu. Hér er um að ræða grundvallarmismun á skoðunum eða því hvernig menn líta á hlutina og kristallast mjög oft í þeirri umræðu sem við eigum á Alþingi. Menn setja samasemmerki, þ.e. vinstri menn, milli ríkis og einstaklinga og segja að einstaklingarnir eigi þetta og hitt ríkisfyrirtækið. En þannig er það ekki. Ég held að sé mjög mikilvægt að við stöndum vörð um það að einstaklingar og fyrirtæki þeirra geti haslað sér völl í atvinnulífinu.

[12:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að ræða þjóðarsamsetningu, hvorki okkar né annarra. Landsvirkjun er sf., Landssíminn er hf. Þessi stóru og miklu fyrirtæki eru stærstu fyrirtæki í eigu ríkisins, fólksins, landsmanna. Þetta er einfalt fyrir mér. Annað er útúrsnúningur. Sjálfstfl. vill að fyrirtæki sé í eigu einstaklinga. Er það svo?

[12:27]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Reykv., Pétur H. Blöndal, hreyfði við vinnubrögðum í ræðu sinni og ég vil taka undir með honum. Þar erum við sammála um leikreglur, þ.e. hvernig á að fara í mál. Við erum ósammála í pólitík eins og alþjóð veit. En það held ég að sé svo alvarlegt og það á að tala um það í hvert sinn sem það gerist, að við skulum nánast aldrei komast í að ræða og takast á pólitískt um meginlínur í málum, að við skulum enn vera í þeirri stöðu að mál hér og mál þar séu matreidd inn til okkar utan úr bæ, tilfallandi þá, ekki heildstætt, mál sem passa ekkert inn í þann heildarramma e.t.v. sem menn telja að þeir standi fyrir. Þannig gerast hlutirnir. Ég er svo innilega sammála hv. þm. Pétri Blöndal hvað þetta varðar. Það væri mjög heilbrigt fyrir okkur ef við gætum snúið umræðunni við þannig að 1. umr. væri yfirleitt átök manna um heildarsýn þeirra eða pólitíska heildarsýn á það hvernig skuli farið í mál, en ekki að gera okkur út sem eins konar sérfræðinga strax frá byrjunarpunkti og vera þar með orðnir praktískir aðilar, jafnvel rekstraraðilar mála.

[12:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir það með síðasta hv. ræðumanni að 1. umr. á að vera um heildarsýn. Þá á að fjalla almennt um mál en kannski ekki um mál í smáatriðum hvað varðar ákveðnar greinar. (Gripið fram í.) Þetta var kannski útúrdúr en ég stóðst ekki freistinguna að taka undir með hv. þm. hvað þetta varðar.

Ég vil næst þakka hv. iðnn. fyrir störf að frv. og er algjörlega sammála því sem kemur fram í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar hvað það varðar að það er stjórn Landsvirkjunar sem ákveður hversu langt fyrirtækið gengur í rekstri fjarskiptafyrirtækja. En hins vegar er lögð áhersla á að það verði tryggt að rekstur fjarskiptakerfis Landsvirkjunar verði aðskilinn frá öðrum rekstri fyrirtækisins og út á það gengur frv.

Nokkrar spurningar hafa komið fram hjá hv. þm. og m.a. spurningin um hvort ég telji að Landsvirkjun hafi heimildir með samþykkt þessa frv. til að stofna eða gerast aðili að fyrirtæki á fjarskiptasviði. Ég tel að svo sé. Það er niðurstaða mín.

Síðan var spurt um það ef Landsvirkjun selur, hvort það muni þá koma til kasta Alþingis að fjalla um það mál. Niðurstaða mín er sú að svo sé ekki í þessu tilfelli. (**Gripið fram í:** Ef Landsvirkjun selur?) Að ekki þurfi að koma til kasta Alþingis þó svo að af þessari fyrirtækjastofnun yrði og síðan tæki Landsvirkjun þá ákvörðun að selja í fyrirtækinu.

Síðan var spurt um öryggisnetið og öryggiskerfið. Hv. þm. hafa áhyggjur af því að verið sé að koma upp tvöföldu öryggiskerfi og ég get í sjálfu sér skilið þær áhyggjur, en ég tel að það sé dómsmrn. sem muni fjalla um það mál og þar af leiðandi þarf ég ekkert að tjá mig frekar um það. Dómsmrn. hlýtur að vera best til þess bært að fjalla um slík mál. Auðvitað er hugmyndin með þessu frv. og málinu öllu saman að efla öryggi landsmanna. Dómsmrn. mun því að sjálfsögðu horfa á málið þeim augum.

Einnig var fjallað um eignaraðild að Landsvirkjun, hvort þetta væri jafnvel fyrsta skrefið í því að einkavæða Landsvirkjun. Þess ber að geta að borist hefur erindi frá eignaraðila, sem er Reykjavíkurborg, þess efnis að hefja viðræður um það á meðal eignaraðila hvernig eignarhaldi skuli háttað til framtíðar í þessu fyrirtæki. Og þessa dagana erum við í iðnrn. að vinna að því að koma þeim umræðum í ákveðinn farveg og síðan verður það að koma í ljós í fyllingu tímans hvað eignaraðilar telja best í þeim efnum og að sjálfsögðu mun það mál þá koma til kasta Alþingis.

Ég freistast nú til að segja í lokin af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir skýrði það þannig að ekki hefði verið skilað nál. af hálfu minni hlutans að minni hlutinn vildi ekki hafa afskipti af málinu. Ég held að það hljóti að vera öllum ljóst að með ræðum sínum hér í dag eru hv. þm. náttúrlega að hafa afskipti af málinu og hafa auðvitað fullan rétt til þess og ekkert óeðlilegt við það að í málinu geti verið skiptar skoðanir, en ég legg áherslu á að af hálfu ríkisstjórnarinnar og af minni hálfu sem iðnrh. er fyrst og fremst verið að koma málunum í þann farveg að Landsvirkjun geti átt í fjarskiptafyrirtæki, og verði frv. að lögum verður það heimilt.

[12:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau svör sem hæstv. ráðherra kom með við fyrirspurnum mínum. Hæstv. ráðherra telur að þetta frv., eins og það er orðað, veiti Landsvirkjun lagaheimild til þess bæði að búa til sérstakt fyrirtæki 100% í sinni eigu til að selja aðgang að fjarskiptaneti sínu og jafnframt að vera með í öðrum fyrirtækjum á markaði er lýtur að því sem ég varði löngum tíma mínum í morgun að ræða varðandi TETRA-fjarskiptin.

Það vekur sérstaka athygli mína eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram að hæstv. ráðherra svari því til að hún telji að ekki þurfa að koma til kasta Alþingis ef Landsvirkjun ákveður síðan að selja annaðhvort 100% eignarfyrirtækið sem hún setur upp um ljósleiðarann eða þau fyrirtæki sem hún ætlar að vera hluti af. Þetta held ég að þýði fyrir flesta í þessum sal að sú ákvörðun, sem tekin er með lagasetningunni sem við erum að fjalla um, sé miklu stærri en menn hafa áður talið. Þetta svar finnst mér mikilvægast af því sem hefur komið hér fram í dag.

Það að erindi hafi borist frá Reykjavíkurborg um að hefja viðræður um hvernig eignarhaldi skuli háttað varðandi Landsvirkjun til frambúðar þekkjum við vegna þess að borgarstjórinn í Reykjavíkur hefur látið í ljós þá skoðun að e.t.v. eigi Reykjavíkurborg að losa sig út úr eignarhaldi að Landsvirkjun vegna þess að það brjóti í bága við það að Reykjavíkurborg rekur annað orkufyrirtæki.

Varðandi afskipti okkar af afgreiðslunni sneri sú athugasemd mín að afgreiðslu málsins úr nefnd. Við munum síðar taka afstöðu til málsins þegar það kemur til afgreiðslu hér.

[12:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað fá svar við þeirri spurningu hjá hæstv. ráðherra hvaða raunverulega tilgang hún telji vera á bak við frv. Í máli sínu við 1. umr. talaði hæstv. iðnrh. um að verið væri að veita Landsvirkjun lagaheimild til að eiga aðild að fjarskiptafyrirtækjum. Sami tónninn hefur verið bæði í formanni iðnn. og í nál. En eftir allt það sem við erum búin að koma með fram hér, bröltið í Landsvirkjun við að koma upp TETRA-kerfi, kaupa það, draga sig út úr TNeti, hvort sem það er nú raunverulegt eða ekki, upplýsingarnar um að þeir hafa ekki tilkynnt það til hlutafélagaskrár, að forstjóri Landsvirkjunar gefur borgarstjóranum í Reykjavík þær upplýsingar að Landsvirkjun sé enn þá inni í TNeti þegar bréf til Póst- og fjarskiptastofnunar segir að þeir séu þar ekki, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hver er hin raunveruleg ástæða fyrir þessu? Hún er ekki bara sú að opna fyrir aðild að þessum fyrirtækjum. Getur hæstv. ráðherra ekki svarað því hvort þarna sé eitthvað annað sem býr að baki eftir alla þá umræðu sem hér hefur verið í dag?

[12:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg augljóst hver tilgangurinn er, enda kemur það fram í mjög kjarnyrtri umsögn fjárlagaskrifstofu með frv. þar sem stendur, með leyfi forseta: „Tilgangur frumvarpsins er að veita Landsvirkjun heimild til að taka þátt í og eiga fyrirtæki á sviði fjarskipta auk orkumála og tengdrar starfsemi.“ Svo einfalt er það.

En í sambandi við mál hv. þm. almennt þá erum við ekki með frv. að fjalla um TETRA-kerfið. Póst- og fjarskiptastofnun og dómsmrn. munu fjalla um þann þátt mála. Eins og ég sagði fyrr tel ég að dómsmrn. sé sá aðili sem á að fjalla um öryggisþátt málsins og það hvort slík kerfi, ef af

því verður að þau verði fleiri en eitt, geti ekki tengst saman í öryggisskyni.

[12:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega erum við að fjalla um TETRA-kerfið. Þetta snýst um það. Þetta snýst um öryggismál og um það að Landsvirkjun þolir ekki að hafa orðið undir í útboði og ætlar að kæfa litla fyrirtækið sem varð hlutskarpara og er búið að gera samning við lögregluna og slökkviliðið. Það er raunverulega ástæðan fyrir frv. Og ég held að stjórnarliðar verði að horfast í augu við það sem hér er á ferðinni. Nákvæmlega það sama er að gerast nú og þegar frv. kom fram um að Eimskip ætti að sjá um flutningana fyrir varnarliðið og drepa átti niður Atlantsskip. (**Gripið fram í:** Hvar stendur ...?) Það er túlkun mín á þessu máli að verið sé að gera nákvæmlega það sama, þ.e. verið er að gera stóra fyrirtækinu Landsvirkjun kleift að koma inn á þennan markað og drepa niður þá sem þar eru fyrir. Það er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir. Við sjáum fram á að það verður tvöfalt öryggiskerfi, sem er mjög bagalegt, því stefnt hefur verið að því leynt og ljóst að koma á einu kerfi til að standa að öryggismálum hér á landi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:40]

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Yfirlitsskýrsla um alþjóðamál, 612. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 956.

Ályktanir Vestnorræna ráðsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 461. mál. — Þskj. 739.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, frh. fyrri umr.

Stjtill., 581. mál. — Þskj. 883.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, frh. fyrri umr.

Stjtill., 582. mál. — Þskj. 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, frh. fyrri umr.

Stjtill., 583. mál. — Þskj. 885.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding samþykktar Alþjóðasamvinnustofnunarinnar um jafnrétti, frh. fyrri umr.

Stjtill., 584. mál. — Þskj. 886.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 585. mál. — Þskj. 887.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 586. mál. — Þskj. 888.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 587. mál. — Þskj. 889.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Upplýsingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 564. mál. — Þskj. 866.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 553. mál. — Þskj. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 800.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EMS, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HjálmJ, JÁ, JóhS, JónK, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, VÞV, ÞKG.
9 þm. (ÁSJ, EKG, EOK, GunnB, JB, KolH, PBj, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (DrH, GHH, GE, GÁS, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JBjart, KA, KF, KHG, LMR, ÓI, SJS, StB, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ástæða er til að árétta afstöðu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs til Schengen-samkomulagsins. Við erum andvíg því að Íslendingar gerist aðilar að þessum samningum. Fram hafa komið hjá stjórnskipaðri nefnd fullyrðingar um að þetta samkomulag sé mjög óhagkvæmt, bjóði upp á óhagræði og óhagkvæmni fyrir íslenska ferðaþjónustu og hafi í för með sér ómældan kostnað fyrir íslenska skattgreiðendur.

Þessar fullyrðingar koma fram án þess að þeim sé á nokkurn hátt svarað af hálfu ríkisstjórnarinnar eða stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Auk þess er að finna í þeim lögum sem er fylgifrv. með Schengen-samkomulaginu ámælisverða hluti. Ekki er nægilega staðið að persónuvernd gagnvart embætti ríkislögreglustjóra. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getum því ekki stutt þessi frumvörp.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 970).

Þátttaka Íslands í Schengen-samstarfinu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 237. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 801, frhnál. 931.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Brtt. í nál. 931 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EMS, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JónK, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, VÞV, ÞKG.
9 þm. (ÁSJ, EKG, EOK, GunnB, JB, KolH, PBj, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (DrH, GHH, GE, GÁS, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KA, KF, KHG, LMR, LB, ÓI, SJS, StB, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:38]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég vil láta fram koma þá greinargerð fyrir atkvæði mínu og stuðningi við þetta mál að ég tel það skipta miklu fyrir baráttu okkar sem ríkis gegn fíkniefnavánni sem ríður hér yfir. Ég tel raunar að ef við gerumst ekki aðilar að þessu samstarfi verði Ísland verr sett í þeirri baráttu enn öll önnur Evrópuríki. Það vil ég ekki sjá og þess vegna styð ég málið.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Staðreyndin er sú að varnaðarorð hafa komið frá ýmsum sem hafa fylgst með smygli á fíkniefnum til landsins og varnaðarorðin eru á þá lund að það samkomulag sem við erum að gera og kennt er við Schengen muni veikja stöðu Íslendinga í þessum efnum. Þess vegna get ég ekki stutt þetta frv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EMS, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SvanJ, VS, VH, VÞV, ÞKG.
8 þm. (ÁSJ, EOK, GunnB, JB, KolH, PBj, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (DrH, GHH, GE, GÁS, HBl, HjÁ, ÍGP, JÁ, JBjart, KA, KF, KHG, LMR, ÓI, SJS, StB, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 971).

Vörumerki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 370. mál. — Þskj. 626, nál. 842.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Brtt. í nál. 842 samþ. með 41 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 289. mál (stimpilgjald). — Þskj. 471, nál. 907 og 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
1. gr. samþ. með 36:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JónK, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, VS, VH, VÞV, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, ÖJ.
2 þm. (PBj, SJóh) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, DrH, GHH, GE, GÁS, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KA, KF, KHG, LMR, ÓI, SJS, StB, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hvort heimilt skuli að innheimta stimpilgjöld af hlutabréfum í Pósti og síma, í Landssíma Íslands og Íslandspósti. Þessi hlutafélög voru undanþegin stimpilgjöldum þegar stofnað var til þeirra. Í sjálfu sér hafa ekki orðið þar neinar breytingar sem réttlæta að því sé breytt. Þessi félög eru áfram í eigu ríkisins að fullu og arðurinn rennur til þeirra. Þessi mikilvægu þjónustufyrirtæki eiga því að vera áfram slík. Hér er verið að undirbúa sölu þessara fyrirtækja og því er ég andvígur og þetta er ástæðulaust.

2.–3. gr. samþ. með 36:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JónK, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, VS, VH, VÞV, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, ÖJ.
2 þm. (PBj, SJóh) greiddu ekki atkv.
21 þm. (DrH, GHH, GE, GÁS, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KA, KF, KHG, LMR, ÓI, SighB, SJS, StB, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JónK, KLM, KPál, LB, PP, PBj, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, SvH, VS, VH, VÞV, ÞKG, ÖJ.
1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.
22 þm. (DrH, GHH, GE, GÁS, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KA, KF, KolH, KHG, LMR, ÓI, SJóh, SJS, StB, TIO, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Staðfest samvist, frh. 1. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 860.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 559. mál. — Þskj. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vörugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 520. mál. — Þskj. 821.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 547. mál. — Þskj. 849.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 550. mál. — Þskj. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ríkisábyrgðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 595. mál. — Þskj. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lagaumhverfi varðandi löggjöf og eftirlit með klámi, vændi o.fl.

Beiðni GÖ o.fl. um skýrslu, 608. mál. — Þskj. 942.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Beiðni leyfð með 42 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (aðild að fjarskiptafyrirtækjum). — Þskj. 231, nál. 727.

[13:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði í framhaldi af ræðu minni áðan um Landsvirkjunarfrv. Í fyrri ræðu minni vitnaði ég nokkuð til spurninga og svara sem forstjóri Landsvirkjunar svaraði stjórnarmanni í Landsvirkjun, fulltrúa Reykvíkinga, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, en hún lagði fyrir forstjórann einar átta spurningar í nokkrum liðum hverja og eina sem varða það mál sem hefur verið til umræðu, þ.e. hlutdeild Landsvirkjunar í fyrirtækinu TNeti sem síðan ætlar að fara að koma upp öðru TETRA-kerfi. Ég tel mikilvægt að ég fari aðeins yfir spurningarnar þar sem hv. formaður iðnn. gerði lítið úr því að ágreiningur væri uppi um áform Landsvirkjunar um að koma á tvöföldu öryggiskerfi hér á landi og þar sem ég tel að komi mjög skýrt fram, bæði í spurningum borgarstjórans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og svörum forstjóra Landsvirkjunar, Friðriks Sophussonar, að þarna er ekki allt sem skyldi.

Borgarstjórinn spyr forstjórann fyrst, og er best að ég lesi upp spurningarnar, með leyfi forseta:

Framhaldsstofnfundur TNets var haldinn 1. febrúar sl. þegar fyrir lá tilboð fyrirtækisins í útboði Ríkiskaupa á TETRA-fjarskiptakerfi og því hefði ekki verið tekið. Hefði þá ekki verið eðlilegt að leggja málið áður fyrir stjórn Landsvirkjunar til endurmats í ljósi þess að umræður í stjórninni og gögn sem þar hefðu verið lögð fram miðuðust öll við að stofna fyrirtækið til að standa að tilteknu tilboði á sviði öryggismála? Hér er verið að fjalla um útboð Ríkiskaupa í haust á öryggiskerfi fyrir lögregluna og slökkvistöðina. Þar varð TNet, fyrirtæki Landsvirkjunar, undir í útboði. Eins og kemur fram í spurningunni var það samþykkt hjá Landsvirkjun að Landsvirkjun tæki þátt í útboðinu til þess að sinna þessum öryggismálum en urðu þar undir.

Svar forstjórans er á þá leið að í janúar ákváðu eigendur TNets að halda áfram undirbúningi að uppsetningu TETRA-kerfis með breyttum áherslum og samkvæmt öðrum áætlunum en gengið var út frá í tilboði Ríkiskaupa og var raunar alls ekki reiknað með þeim viðskiptum sem fólust í samningi við Ríkiskaup. Þarna lýsir forstjórinn því yfir að þrátt fyrir að þeir hafi orðið undir í útboðinu og þrátt fyrir að komið hafi upplýsingar um að bara væri pláss fyrir eitt TETRA-kerfi á markaðnum, halda Landsvirkjun og fyrirtækið TNet áfram að undirbúa að setja upp TETRA-kerfið, halda þeim undirbúningi áfram í janúar í vetur eftir að þeir urðu undir í haust í útboði og er vitað að þetta mundi ekki bera sig nema eitt kerfi. Þeir koma upp TETRA-kerfi. Það hefur komið fram í ræðum m.a. í máli mínu að þeir eru búnir að kaupa kerfi frá Nokia sem getur ekki gengið með því kerfi sem fyrir er. Þetta gera þeir þrátt fyrir að ekki er komin lagaheimild fyrir fyrirtækið til þess að fara út í slíkan rekstur, þá er þegar búið að fjárfesta í búnaðinum. Þarna er stjórnarmaður með mjög gagnrýnar spurningar.

Síðan spyr borgarstjórinn: Hefur TNet gert samninga sem fela í sér verulegar fjárhagsskuldbindingar? Ef svo er, hversu mikill er hlutur eða ábyrgð Landsvirkjunar í þeim og hefði ekki verið rétt að bera slíkar ákvarðanir undir stjórn fyrirtækisins? Þarna kemur líka fram að þátttakan í þessu fyrirtæki, TNeti, hefur ekki einu sinni verið borin upp í stjórn fyrirtækisins. Þá svarar forstjórinn: Samkvæmt upplýsingum TNets hefur fyrirtækið gert samninga sem fela í sér fjárhagsskuldbindingar sem nema um 200 millj. kr. Hlutur Landsvirkjunar í þeim skuldbindingum er sem nemur hluta Landsvirkjunar í inngreiddu hlutafé sem er samtals 21 millj. kr. og heimildum til aukningar hlutafjár í 150 millj. kr. Landsvirkjun á einn þriðja hlut í TNeti. Þetta segir forstjóri Landsvirkjunar 29. mars sl., hálfum mánuði eftir að hann er búinn að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun í bréfi að þeir séu ekki eigendur að þessu fyrirtæki.

Hver er að segja satt þarna og hvenær? Mér finnst full ástæða til að það komi fram í umræðunum um þetta mál. Borgarstjóranum og stjórnarmanni í Landsvirkjun er sagt það 29. mars að þeir séu þriðjungseigendur að TNeti, en hálfum mánuði áður eru þeir ekki hluti af eigendum og alls ekki samkvæmt hlutafélagaskrá. Þar eru þeir enn þá eigendur.

Síðan eru ýmsar fleiri spurningar. Ég ætla ekki að lesa þær allar upp, menn ættu að geta kynnt sér þær, en ég vil geta þess að borgarstjóri spyr einnig um hvar sé áformað að koma upp TETRA-móðurtölvu TNets, þ.e. því öryggiskerfi sem þeir hafa verið að kaupa. Samkvæmt upplýsingum TNets hefur ekki verið tekin ákvörðun um staðsetningu TETRA-miðstöðvar TNets en framkvæmdastjóri fyrirtækisins hefur þó lýst áhuga á að leigja aðstöðu af Landsvirkjun í þessu skyni. Það eru sem sagt áform uppi um það að koma þessu kerfi fyrir hjá Landsvirkjun.

Síðan er spurt um grundvallaratriði, sem ég tel vera stórmál í þessu, og það er hvort mismunandi TETRA-fjarskiptakerfi sem tengd eru tveimur mismunandi móðurtölvum, þ.e. kerfi Irju sem núna er Lína.Net og kerfi TNets, gætu talað saman án sérstaks búnaðar. Þá kemur ákaflega loðið svar frá forstjóranum en sérfræðingar eru reyndar búnir að svara iðnn. því að það er ekki hægt og það verður ekki hægt fyrr en eftir kannski fjögur ár að þessi kerfi geti haft samskipti. En forstjórinn svarar svona: TETRA-staðallinn sem slíkur gerir ráð fyrir að um samtengingu tveggja eða fleiri kerfa geti verið að ræða með sérstökum skilgreindum tengiskilum. Slík tengiskil eru þó ekki tilbúin til notkunar hjá öllum framleiðendum. Samkvæmt upplýsingum frá TNeti mun þó vera hægt að framkvæma vissar samtengingar

milli óskyldra kerfa nú þegar.

Komið hefur fram að ekki er hægt að tengja þessi tvö kerfi saman og verður kannski ekki fyrr en eftir kannski fjögur ár.

Síðan eru tvær spurningar í lokin sem ég ætla að láta fylgja með. Sjöunda spurningin er: Liggja fyrir eða eru í undirbúningi einhverjir samningar milli Landsvirkjunar og TNets um að Landsvirkjun kaupi þjónustu af TNeti þegar það hefur rekstur? Þá svarar forstjórinn: Ein af forsendum þess að Landsvirkjun hafi á sínum tíma forgöngu um að kynna TETRA-tæknina hérlendis var sú að tími var kominn til að endurnýja eldra talstöðvarkerfi fyrirtækisins. Engir samningar liggja þó fyrir um kaup á þjónustu af TNeti.

Þetta er allt mjög sérkennilegt og þyrfti auðvitað að fá skýringar við.

Síðan er áttunda spurningin: Eru áætlanir eða samningar um að TNet hafi einhvern aðgang að línum eða aðstöðu Landsvirkjunar til reksturs fjarskiptakerfis síns? Svarið frá forstjóranum er svona: Framkvæmdastjóri TNets upplýsti að í öllum áætlunum TNets hefði verið gert ráð fyrir því að fyrirtækið leigði aðstöðu og fjarskipti af þeim aðilum sem slík gæði eiga sem auk Landsvirkjunar eru aðallega starfandi fjarskiptafyrirtæki hérlendis. Eins og kunnugt er hafa lög um Landsvirkjun staðið í vegi fyrir slíkum samningum hvað leigu á fjarskiptaleiðum varðar, bæði fyrir TNet og aðra. Með samþykkt frv. með breytingu á lögum um Landsvirkjun sem er nú til umfjöllunar á Alþingi verða slíkir samningar þó mögulegir.

Þetta eru gróflega spurningar og svör sem ég vitnaði til í máli mínu áðan og sýnir að ætlun Landsvirkjunar var alltaf að fara inn á öryggismarkaðinn. Öryggismarkaður sem þegar var vitað að væri uppfylltur með útboðinu við Irju og ekkert pláss var fyrir fleiri í. Þetta er því alveg ljóst að allan tímann var ætlunin að komast inn á þetta hvað sem tautaði og raulaði.

Sömuleiðis eru notuð öll brögð til þess að komast inn á þennan markað, m.a. gefnar misvísandi og rangar upplýsingar um aðild Landsvirkjunar að fyrirtækinu sem ég tel að fulltrúar fyrirtækisins skuldi okkur skýringar á, þ.e. þingmönnum sem eru að afgreiða þetta mál. Ég nefndi í fyrri ræðu minni að við þyrftum að fá ýmsar skýringar á upplýsingum sem við höfum hér og hafa komið fram í umræðunni í nefndinni áður en þetta mál verður endanlega afgreitt.

[13:58]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það verður að segjast að ekki þarf stórar þúfur til að velta hlössum í þinginu. Þetta mál er afskaplega lítið fyrir mann að sjá eða fyrir frv. að sjá en hefur valdið miklum og jafnvel flóknum umræðum. Þó verður því miður að segjast, herra forseti, að mikið af þeim umræðum er næstum því orðaskak um hluti sem mér sýnist ekki skipta efnislega miklu máli. Ég tel til að mynda ekki skipta máli fyrir framgang málsins hvernig hefur gengið fyrir sig skráning hlutafélagsins TNets í hluafélagaskrá vegna þess að það hlýtur endanlega að bíða eftir niðurstöðu þessa máls í Alþingi, þ.e. heimild Landsvirkjunar til að taka þátt í fyrirtækinu.

Efnislega virðist mér frv. varða þá spurningu hvort opinberu fyrirtæki eigi að vera heimilt að koma eigum sínum sem eru að sumu leyti sérhæfðar en varða öryggi í starfsemi þess fyrirtækis og öryggi í afhendingu vörunnar til viðskiptavina þess, þ.e. raforkunnar. Verðmætin eru sem sagt fjarskiptanet fyrirtækisins sem hefur hingað til verið notað einungis í eigin þágu og aðrir hafa ekki fengið að nota þó að öryggi annarra hafi legið við. Merkilegast er, herra forseti, að fyrir nokkrum árum vakti það litla umræðu á hinu háa Alþingi að sama fyrirtæki mætti með eignum sínum og þekkingu á sviði verkfræði ganga til eignaraðilar í verkfræðifyrirtækjum og keppa við önnur slík en það þykir með öllu óferjandi af hálfu nokkurra hv. þm. í þessu máli. Þá hljótum við að velta fyrir okkur, hvers vegna? Ég hlýt að segja þá skoðun mína að ég get verið sammála þeim sem telja það varasamt að hleypa einkaleyfisaðilum eins og Landsvirkjun í samkeppni á öðru sviði þar sem einungis ríkir samkeppni, þ.e. ef þar væru einungis starfandi aðilar sem eingöngu starfa á því samkeppnissviði en því er nú ekki að heilsa.

Þá kemur aftur spurningin sem varðar Landsvirkjun en ekki aðra aðila, a.m.k. ekki alla aðra aðila, að Landsvirkjun býr við undanþágu frá sköttum og skyldum. Þá verður þess enn að geta, herra forseti, að allt þetta á við um núverandi eigendur samkeppnisaðilans, Irju, í þessu máli. Eigandinn er nefnilega fyrirtæki sem er að fullu eða nær öllu í eigu Reykjavíkurborgar eða Orkuveita Reykjavíkur sem er undanþegin sköttum og skyldum, stendur í rekstri í einkaleyfisstarfsemi og nýtur þar engrar samkeppni. Mér finnst því svolítið sérkennilegt ef við ættum að fara að líta svo á að það mundi teljast til hagsbóta því fyrirtæki að fá ekki samkeppni við Landsvirkjun. Þá hlýtur maður að spyrja, hver er afstaða eigandans sem er innan þeirra beggja og fer með nær allan eignarhlut í Línu.Neti sem á alla Irju og er nærri því helmingseigandi í Landsvirkjun, þ.e. Reykjavíkurborg? Er Reykjavíkurborg virkilega mótfallin því að Landsvirkjun megi taka þátt í samkeppni í fjarskiptaviðskiptum? Mér sýnist það ekki liggja fyrir. Það eina sem liggur fyrir, herra forseti, er að eigandi Irju sagði það framan af í þessu máli að Irja væri lítið fyrirtæki einkaaðila, nánast einyrkja í samkeppni við risa. En það verður að viðurkennast að núverandi eigandi Irju er ekki lítill einyrki, heldur Reykjavíkurborg. Ég hef þá trú á þessum aðilum að ég tel að hvorki Orkuveita Reykjavíkur og dótturfyrirtæki hennar né heldur Landsvirkjun muni fara sér að voða í samkeppninni á Íslandi. Einhverjir hafa sagt að þarna væri í raun ekki um að ræða samkeppni þessara aðila heldur Motorola eða Nokia. Og þá verð ég að segja að vorkunnsemi mín er gjörsamlega horfin. Ég hef engar áhyggjur af því að þeir fari sér að voða á Íslandi. En ég tel skipta máli að koma verðmæti opinberra fyrirtækja, sem við eigum að sjá um sem best fyrir þannig að verðmætin nýtist. Og sú leið hefur einfaldlega verið valin áður bæði í málefnum Landsvirkjunar og annarra, að fara ekki þá leið að leigja einhverjum aðgang heldur að leyfa þeim fyrirtækjum sjálfum að velja endanlega hvernig það verður gert og jafnvel með því að eignast aðild, eignarhlut í fyrirtækjum í öðrum greinum.

Auðvitað væri eðlilegast, herra forseti, að við gerðum bragarbót á þessu og gerðum Landsvirkjun snöggvast að hlutafélagi og raforkustarfsemi snöggvast að samkeppnisgrein. Hún er nógu stór til þess að mínu mati og allar grannþjóðir okkar hafa séð þennan kost vænstan og telja sig í dag hafa fengið með því verulegan efnahagslegan ávinning, ekki hvað síst fyrir neytendur í þeim löndum. En við höldum enn þá í gamla sovétið.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég tel alveg ljóst að þó svo að í þessu máli hafi stundum verið slegið upp við okkur atriðum sem við höfum efast um, t.d. um það að þessi

kerfi, TETRA-kerfin, geti ekki talað saman, það er rétt að þau geta það ekki núna, en því veldur ekki að vélbúnaður sé ekki breytanlegur, heldur þarf að laga hugbúnað. Það þarf að laga hugbúnað í tölvunum til þess að þær geti talað saman og það hefur reynst auðvelt öllum öðrum fjarskiptakerfum sem starfa og lifa á tölvum. Þess vegna verð ég að álíta að þess muni ekki verða langt að bíða að tölvurnar sem stýra TETRA-kerfunum geti talað saman og afgreitt símtöl hver frá annarri.

Ég velti því líka fyrir mér hvers vegna kemur fyrir okkar sjónir, herra forseti, nýlega greinargerð sem segir að vegna þess að hugsanlega þurfi samningshafi við hið opinbera að sæta samkeppni um þessa þjónustu á suðvesturhorninu, muni nauðsynlegt að taka samninginn upp. Ég verð að viðurkenna að ég tel mig hvergi geta séð í þeim samningi að hann hvíli á þeirri forsendu að samningshafinn njóti einkaleyfis og starfi alls ekki í samkeppni. Eða á virkilega að reyna að segja okkur og telja okkur trú um það að þegar ríkið, opinber aðili, kaupir þjónustu á samkeppnismarkaði, þá sé það skilyrði að sá sem fái ríkisviðskiptin njóti þess að vera einangraður og starfi án allrar samkeppni? Ég held að það sér gjörsamlega vonlaust að telja manni trú um slíka firru.

Ég held að öll þau efnisatriði sem á stundum í athugun þessa máls virtust ástæða til efasemda hafi öll gufað upp hvert á fætur öðru, og við stöndum núna uppi með þá stöðu í málinu að samkeppnin er þegar fyrir hendi og það varðar verðmæti eigna opinberra fyrirtækja að fá heimild til þess að taka þátt í henni. Þar eru á ferðinni opinber fyrirtæki sem íslensk stjórnvöld eru þegar búin að skuldbinda til að muni innan fárra ára standa í samkeppni á sínu eigin sviði, þ.e. Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur. Ég tel alveg einsýnt að við afgreiðum þetta mál jákvætt.

[14:06]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sá ástæðu til að koma hér upp til að taka undir málflutning hv. þm. Árna R. Árnasonar um það hvernig við nálgumst þessi mál. Það er mergurinn málsins og ég er sammála honum um það. Í ræðu minni áðan áréttaði ég að það er náttúrlega mjög mikilvægt fyrir okkur að nota þau verðmæti sem við eigum, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar, ríkisins og Akureyrarbæjar. Umræðan hér á náttúrlega fyrst og fremst að snúast um það hvernig við förum að því að nota þau verðmæti. Það eru sjálfsagt mörg form á því en ein leiðin sem er fær er að gera hlutafélag um flutningsleiðirnar og hleypa aðilum inn til notkunar eða samvinnu um slíkan rekstur. Það er ein leiðin. Kannski eru fleiri leiðir. Ég vil líka nota þetta tækifæri til að benda hv. þingmönnum á að það er náttúrlega ákaflega mikilvægt fyrir landið í heild sinni að þau verðmæti sem eru um Kjöl, Þjórsár- og Tungnaársvæðið, Suðurland, upp Hvalfjörð, norður í land til Akureyrar, Húsavíkur og Kröflu séu notuð. Það gefur augaleið. Ég sakna þess í umræðunni og vil árétta að eigum við að standa hér til þess að finna leiðir eða takast á um form á því hvernig við eigum að nota þessi verðmæti öllum til hagsbóta.

[14:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að taka undir þau orð sem hér voru viðhöfð, þ.e. að skoða hvernig við nýtum verðmæti okkar, en þá eigum við líka að vinna að málunum þannig að okkur gefist tími til þess í nefndarstarfi að fara yfir þann þátt. Eins og ég dró fram í ræðu minni í morgun var það ekki gert. Við höfum ekkert fjallað um það fyrirtæki sem Landsvirkjun ætlar að setja á laggirnar og eiga 100%, sem er félag um ljósleiðara. Og því miður, hv. þm. Árni Ragnar Árnason, hafa þau vandamál sem hér hefur verið drepið á ekki gufað upp, þvert á móti hafa þau verið leidd fram með slíkum rökum að nú er alvarlega verið að skoða það af hálfu formanns nefndarinnar að taka málið inn á milli 2. og 3. umr. Ekki af því við stöndum hér og séum að nöldra, heldur vegna þess að það eru nokkur atriði sem afdráttarlaust verður að skoða betur.

Við erum að tala um að á markaðnum í TETRA-kerfinu er öryggis- og neyðarband annars vegar og almennt band hins vegar. Á almenna bandið sækja margir. Póst- og fjarskiptastofnun hefur óskað eftir umsögn dómsmrn. um það hvort dómsmrn. telji það forsvaranlegt að kerfi nr. tvö fari inn á neyðar- og öryggisbandið og því hefur ekki verið svarað. Auðvitað bíðum við þess svars.

Við erum að tala um samkeppni og það er vissulega samkeppni á markaði á ákveðnum sviðum fjarskiptamála, við erum með fleiri en eitt farsímakerfi, en annars, hv. þm., erum við með ríkiseinokun sem er ekki endilega heppileg, jafnvel frá sjónarhóli þess fólks sem vill sjá verðmætin í eigu ríkisins. En við verðum líka að passa að ríkiseinokun verði ekki að markaðseinokun sem er enn þá verra. Í því efni hefur hv. þm. Pétur Blöndal haldið hér ræður sem virkilega hefur verið hlustandi á. Og hvað gerist ef Landsvirkjun kaupir Landssímann og verður þar með eina fyrirtækið á markaði með tækifæri til þess að selja aðgang að ljósleiðurum og dreifikerfi?

[14:10]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held ég hafi oft áður sagt þá skoðun mína að mér virðist eðlilegast í ýmsum greinum, þar á meðal í þeirri starfsemi sem Landsvirkjun rekur, að breyta fyrirkomulaginu í samkeppni. Ég er sannfærður um að það verður ekki eðlilega gert með því að opinber fyrirtæki fari að keppa hvert við annað. Og ég er ekki viss um að það muni takast þannig. Þó ekki væri nema þess vegna tel ég eðlilegt að við breytum líka eignarformi þeirra fyrirtækja allra. Það hefur gerst í tilviki Landssímans. Þær deilur sem enn standa milli hv. þm. um það fyrirtæki eru eingöngu um hversu hratt eigi að ganga veginn áfram í því að selja öðrum aðilum það fyrirtæki. Og þá skulum við líka gæta þess að hér á landi starfa ýmsir aðilar við að ávaxta fjármuni landsmanna, t.d. lífeyrissjóðir. Það er mín skoðun og ég tel mig hafa nokkuð til míns máls, að þeir leita nú að tækifærum til að ávaxta peninga sjóðþeganna hérlendis en fái ekki næg tækifæri vegna þess að ríkið er enn þá eignaraðili að svo mörgum fyrirtækjum sem þeim um leið gefst ekki kostur á að festa fé í en telja vænleg tækifæri. Ég tel að við eigum ekki að gjalda varhug við því að slíkir aðilar fái að koma til sögunnar og koma að sjónarmiðum þeirra sem er vanir að reka fyrirtæki á samkeppnisforsendum, á markaðsforsendum. Að því leyti tel ég að við getum verið sammála. Og ég held að þetta mál sé aðeins spurning um lítinn tíma og sá tími sé liðinn.

[14:12]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það reyndist ekkert naumur tími. Landsvirkjun skutlaði sér bara tímabundið út úr fyrirtækinu á meðan verið er að afgreiða það, og það stendur ekki á Alþingi, það stendur m.a. á umsögn dómsmrn. En ég hallast að því að vera sammála hv. þm. um að það sé ekki endilega það

besta að risar á markaði séu tvö ríkisfyrirtæki í samkeppni, það er kannski ekki sú samkeppni sem við trúum að skili bestri þjónustu og á sem bestu verði til neytenda. Við erum bara ekki að ræða málin á þeirri forsendu. Við erum aldrei að ræða málin á þeirri forsendu, eins og ég gat um í ræðu minni í morgun vegna þess að hægt og sígandi er löggjafinn að heimila fyrirtækjum á markaði að taka og bjóða upp á sömu þjónustu og ríkið hefur haft einokun á, en bara í litlum, afmörkuðum pörtum. Hægt og sígandi fara þessi fyrirtæki að gera kröfu til ríkisins um að létta af einokun sinni á ákveðnum þáttum og benda á að ríkið geti hagrætt verði í þessum fyrirtækjum ef ekki eru aðskildir allir þættir í fyrirtækinu. Það hefur kallað á að menn bregðast við því þannig að við tölum ekki um prinsipp í þessum sal, við erum alltaf að elta viðbrögð sem verða við litlum lagabreytingum af því menn þora ekki að fara í stóru prinsippumræðuna, eins og ég benti á í morgun að Sjálfstfl., sem menn eru að segja að sé flokkurinn sem vilji helst að allt sé á markaði og heilbrigð samkeppni og fyrirtækin séu í eigu einkaaðila, og að ríkið létti þessu bara öllu af, og ég spurði: Er það? Vegna þess að það er ekki sú pólitík sem hefur verið rekin hér. Hins vegar er þessu laumað til og frá og svo elta menn uppi afleiðingarnar hér á þinginu í einu litlu frv. sem er hálf lína og sem við þurfum að túlka út og suður og halda annan fund í nefndinni til að vita hvernig sé. Þannig er nú málið.

[14:14]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það vera tilraun til að drepa málinu á dreif að tala um afstöðu Sjálfstfl. til samkeppni yfirleitt. Hún hefur alltaf legið fyrir. (Gripið fram í.) Það er hægt að bera saman, herra forseti, ef hv. þm. hafa ráðrúm til, mér skilst að það skipti miklu máli núna, framgang slíkra mála, að flytja ríkisfyrirtæki yfir í samkeppni, á vegum ráðherra Sjálfstfl. og annarra flokka, ekki bara núverandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðieftirlitsgjald, 1. umr.

Stjfrv., 543. mál. — Þskj. 845.

[14:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veiðieftirlitsgjald. Frv. er unnið eftir heildarendurskoðun á gjaldtökuákvæðum laga er heyra undir sjútvrn. Hún var gerð til að tryggja betur samræmda gjaldtöku og skýrleika gjaldtökuákvæða. Í frv. eru lagðar til ýmsar breytingar í þessu skyni. Frv. felur ekki í sér breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að fjárhæðir í gildandi lögum eru uppfærðar miðað við breytingar sem gerðar hafa verið með reglugerð vegna vísitölubreytinga.

Lagt er til að ein heildarlög verði sett um veiðieftirlitsgjald en í dag eru ákvæði um gjald vegna veiðieftirlits dreifð í fleiri lög. Með einum heildarlögum um gjald vegna veiðieftirlits má tryggja betur skýra og samræmda gjaldtöku. Lagt er til að grundvöllur veiðieftirlitsgjalds vegna úthlutaðra aflaheimilda verði lögfestur með skýrari hætti en nú er. Grunnfjárhæð gjaldsins, sem ákvörðuð hefur verið með reglugerð, verður lögfest, sem og útreikningsaðferð verðmætahlutfalla einstakra tegunda sem gjaldið miðast við. Veiðieftirlitsgjaldi er ætlað að standa undir kostnaði Fiskistofu við veiðieftirlit. Grunnfjárhæð gjaldsins hefur verið ákvörðuð með hliðsjón af því og þeim þáttum sem gjaldið byggist á, þ.e. úthlutuðu aflamarki og verðmætahlutföllum milli tegunda. Þar sem þessir þættir eru breytilegir má gera ráð fyrir að breyta þurfi grunnfjárhæð gjaldsins reglulega. Þar sem almennt liggur ekki fyrir hver hámarksafli botnfisks verður fyrr en í júlímánuði er nauðsynlegt að leggja til breytingar á álagningartíma gjaldsins. Í stað þess að gjaldið leggist á við úthlutun veiðiheimilda í upphafi fiskveiðiárs er lagt til að það leggist á 1. desember ár hvert. Gefst þá tækifæri til að endurskoða grunnfjárhæð gjaldsins með tilliti til ákvarðaðs hámarksafla og verðmætahlutfalla einstakra tegunda. Vegna breytinga á álagningartíma gjaldsins þykir eðlilegt að miða við það sem skip fengi úthlutað miðað við aflahlutdeildarstöðu þess þegar gjaldið er lagt á. Innheimta gjaldsins hefur verið trygg þar sem úthlutun veiðiheimilda hefur ekki farið fram nema gjaldið hafi fyrst verið innt af hendi. Þessi trygging verður ekki lengur fyrir hendi ef gjalddagi þess verður 1. desember ár hvert. Er því lagt til að skip verði svipt veiðileyfi verði gjaldið ekki greitt og gjaldið tryggt með lögveði í viðkomandi skipi.

Þá eru í frv. þessu lagðar til nokkrar breytingar sem er ætlað að tryggja samræmda álagningu gjalds. Helst er að nefna að lagt er til að orðalagi gildandi laga verði breytt svo að heimild til álagningar veiðieftirlitsgjalds nái til útgáfu hvers konar veiðiheimilda innan fiskveiðiárs eða veiðitímabils. Er í því sambandi sérstaklega höfð í huga úthlutun krókaaflamarks og aflahámarks til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Auk framangreindra breytinga er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka breytingu gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu lagt til að vísitölubinding gjaldsins verði afnumin.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. sjútvn.

[14:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki mikið að athuga við þá tilraun til að koma betra skipulagi á innheimtu þessara gjalda sem gerð er í þessu frv. Ég vil þó að fram komi að ég tel að ef eðlilega væri staðið að þessum málum og aflaheimildir væru leigðar út til skipa almennt þá mætti einfalda þessa hluti mikið. Þá kæmi innheimta á slíkum gjöldum inn í leigu aflaheimilda sem þannig færi fram.

Út af fyrir sig er ekki endilega þörf á að búa til mjög margar tegundir af gjöldum, aðalatriðið er hve mikið verður til ráðstöfunar. Auðvitað hefur útgerðin ekki greitt nægilega fyrir aðganginn að auðlindinni fram að þessu. Það hefur þó verið gert með ýmsum hætti og miðað við það kerfi sem nú er uppi er sjálfsagt hægt að segja að stuðningur sé við að einfalda kerfið sem nú er til staðar. Ég mun auðvitað taka þátt í því að fara yfir þetta mál í hv. sjútvn. Þar hljóta menn að velta þessum hlutum betur fyrir sér, hvort þessi leið sé nægilega víðtæk, hvort menn geti kannski fundið leið til að einfalda innheimtuna frekar eða hvort einhver önnur gjöld koma til greina en þau sem fram að þessu hafa verið innheimt af útgerðinni. En ég segi aftur: Allt hangir þetta saman við þá stefnu sem tekin verður í þessum málum varðandi raunverulega innheimtu afgjalds af nýtingu fiskstofnanna og ætti auðvitað að skoðast í því samhengi. Þeir sem eru við

völdin núna hafa fram að þessu ekki viljað ræða þau mál í fullri alvöru. Þess vegna er kannski eðlilegt að frá þeim komi tillögur af þessu tagi sem miðast við óbreytt ástand.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, 1. umr.

Stjfrv., 544. mál. — Þskj. 846.

[14:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs.

Frv. þetta er lagt fram eftir heildarskoðun á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs. Hún var gerð til að tryggja betur samræmda gjaldtöku og skýrleika gjaldtökuákvæða. Í frv. eru lagðar til ýmsar breytingar í þessu skyni. Frv. felur ekki í sér breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að fjárhæðir í gildandi lögum eru uppfærðar miðað við breytingar sem gerðar hafa verið með reglugerð vegna vísitölubreytinga.

Frv. skiptist í sex kafla. Í I. kafla eru tillögur um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Lagt er til að 18. gr. laganna, þar sem kveðið er á um veiðieftirlitsgjald, falli brott. Samhliða frv. þessu er lagt fram frv. til laga um veiðieftirlitsgjald þar sem lagt er til að grunnfjárhæð gjaldsins og verðmætahlutföll einstakra tegunda verði lögfest.

Í II. kafla eru tillögur um breytingar á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Tekið er tillit til breytinga sem felast í frv. til laga um veiðieftirlitsgjald. Auk þess er lagt til eins og áður segir að vísitölubinding verði afnumin og samræmi tryggt við álagningu gjalds. Lagt er til að gerðar verði breytingar á orðalagi laganna svo að þróunarsjóðsgjald verði innheimt vegna hvers konar aflaheimilda innan árs en núgildandi orðalag nær ekki til aflahámarks í norsk-íslensku síldinni og krókaaflamarks.

Í III. kafla frv. eru lagðar til breytingar á lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Í samræmi við það sem áður segir um frv. til laga um veiðieftirlitsgjald er lagt til að ákvæði 8. gr. laganna sem fjalla um slíkt gjald falli brott.

Í IV. kafla frv. eru tillögur um breytingar á gjaldtökuákvæði laga nr. 11/1998, um Kvótaþing. Í samræmi við fyrrgreint markmið frv. um skýrleika gjaldtöku er lagt til að grundvöllur gjalds fyrir þjónustu Kvótaþings verði lögfestur. Miðað er við að gildandi gjaldskrá verði lögfest.

Í V. kafla er lagt til að ákvæði laganna um gjaldtöku vegna veru eftirlitsmanna um borð í fullvinnsluskipum falli brott. Í áðurgreindu frv. til laga um veiðieftirlitsgjald, sem lagt er fram samhliða frv. þessu, er lagt til að um gjaldtöku vegna veru eftirlitsmanna um borð í skipum verði fjallað heildstætt.

Í VI. kafla laganna er lagt til að lögin taki þegar gildi.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið efnisatriði frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. sjútvn.

[14:24]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau frv. sem við ræðum hér frá hæstv. sjútvrh. eru skyld. Markmið þeirra beggja eiga að vera að tryggja skýra gjaldtöku og ákveðna samræmingu og eins og hér segir, með leyfi forseta, „að skýrar sé kveðið á um grundvöll og fjárhæðir gjalda en gert er í núgildandi lögum“. Það eru út af fyrir sig eðlileg og sjálfsögð markmið að stjórnvöld reyni að hafa samræmda gjaldtöku innan sömu atvinnugreinar en ég rek augun í það, herra forseti, að hér segir líka að þetta sé í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka hækkun gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu. Þess vegna er lagt til að vísitölubinding þróunarsjóðsgjalds á skip verði afnumin en þetta gjald mun hafa verið uppfært reglulega árlega miðað við byggingarvísitölu.

Mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh.: Ef það á að afnema sjálfvirknina í þessu til að sporna við þenslu í hagkerfinu, við hvað á þá að miða þegar gjaldið verður uppfært? Líklega verður það gert árlega, við hvað á þá að miða ef ekki þær hækkanir sem orðið hafa? Hafa menn hugsað sér einhverja spánnýja aðferð sem byggi á einhverjum allt öðrum forsendum? Ég sé ekki að það að breyta þessum þætti afnemi í sjálfu sér sambærilega hækkun og ella hefði orðið.

[14:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er út af fyrir sig ágæt spurning frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur. Lykilatriðið í þessu felst í orðinu sjálfvirkni, það er verið að stöðva sjálfvirkni hækkananna. Út af fyrir sig er ekki gengið út frá því að ekki verði um hækkanir að ræða en þær ákvarðanir þarf þá að taka sérstaklega. Mér finnst mjög líklegt að þegar hækkanir verða lagðar til verði stuðst við sams konar vísitölur og gert hefur verið fram til þessa. Breytingin felst í því að hækkunin verður ekki sjálfvirk þó hún verði líklega svipuð og hún hefði orðið með fyrra fyrirkomulagi. Eins og farið var rétt með í tilvitnuninni þá er það stefna ríkisstjórnarinnar og hefur verið um nokkuð langa hríð að draga úr sjálfvirkum vísitöluhækkunum.

[14:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég er út af fyrir sig sammála þeirri stefnu að menn taki hér meðvitaðar ákvarðanir um hækkanir og jafnvel lækkanir. Það má kannski telja það kost að á meðan menn hafa þennan háttinn á varðandi gjaldtöku í sjávarútvegi þá ræði menn það meðvitað árlega hvað mönnum finnst um gjaldið, undir hverju það á að standa og hvort mönnum finnist of skammt eða of langt gengið. Út af fyrir sig finnst mér aðferðin þekkileg. Hins vegar fannst mér þarna hortittur inni í skýringum sem var ekki hægt að láta hjá líða að nefna aðeins hér.

[14:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf ánægjulegt að heyra að samhljómur sé með stjórnarliðum og stjórnarandstöðu á Alþingi.

[14:29]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þau tvö þingmál sem hér er fjallað um og hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir eru þess eðlis að verið

er að samræma og einfalda gjaldtöku í sjávarútvegi, þ.e. framkvæma ákveðna lagahreinsun í því sambandi sem er af því góða. Það er mjög athyglisvert að mælt skuli fyrir þessum málum daginn eftir að Hæstiréttur felldi dóm þar sem Hæstiréttur bendir m.a. á í umsögn sinni að Alþingi hafi frjálsar hendur um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða án þess að handhafar geti gert nokkra kröfu um bótarétt í því sambandi. Hæstiréttur bendir sérstaklega á að m.a. sé hægt að taka upp og auka fégjald í því sambandi. Þá koma daginn eftir þessi viðbrögð frá hæstv. ráðherra, sú lagahreinsun og sú samræming sem hér á sér stað.

Þá er full ástæða, herra forseti, til að spyrja ráðherrann: Er þetta það? Telur hæstv. ráðherra að nú sé fullreynt af hans hálfu, þetta sé það sem hann hyggist fyrir í sambandi við fégjaldið sem Hæstiréttur ræðir um? Útilokar hæstv. ráðherra að frá honum komi aðrar tillögur og ítarlegri í því efni? Það væri fróðlegt, virðulegi forseti, að fá að heyra hvað sjútvrh. hefur um þetta mál að segja.

[14:31]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé tilviljun að þessi mál eru á dagskrá í dag, daginn eftir að hinn mikilsverði hæstaréttardómur féll. Það er a.m.k. ekki viljandi af minni hálfu að það er í dag, það eru þá einhverjir aðrir sem hafa haft þar hönd í bagga. Hins vegar er það auðvitað athyglisvert í samhengi við það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vitnaði til úr dómnum að bæði þessi frv. voru lögð fram fyrir nokkru á Alþingi og fjalla einmitt um gjaldtöku og að sú gjaldtaka skuli ákvörðuð af Alþingi en ekki annars staðar og er þar af leiðandi í fullu samræmi við það sem fram kemur í dómnum sem féll í gær.

Ef staðan hefði verið sú að þetta væru viðbrögð við dómnum væri óhætt að segja að það væru ansi hraðar hendur í sjútvrn., þær eru það út af fyrir sig en það tekur lengri tíma en tæpan sólarhring að fara í heildarendurskoðun á gjaldtökuákvæðum þeim sem eru í lögum um fiskveiðar og sjávarútveg. Ég held því að allir megi sjá að þessi frv. eru ekki viðbrögð hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórnar við dómnum.

Hins vegar veit hv. þm. Sighvatur Björgvinsson það líka, eins og væntanlega líka aðrir hv. þm., að tvær nefndir eru starfandi, önnur þingkjörin, þ.e. auðlindanefndin, og hin skipuð af ráðherra, um endurskoðun fiskveiðistjórnarlöggjafarinnar. Þessar nefndir munu væntanlega báðar fjalla um hugsanlega gjaldtöku af sjávarútveginum umfram það sem er í þessum tveimur frv. Ég held að það væri rangt af mér, herra forseti, að útiloka að það gæti komið í minn hlut að leggja fram frv. um frekari gjaldtöku einhvern tíma í framtíðinni.

[14:33]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á mjög athyglisverðri yfirlýsingu frá hæstv. sjútvrh. Við erum að ræða um gjaldtöku bæði fyrir úthlutaðar aflaheimildir og landaðan afla eða kvóta sem verið er að einfalda og samræma og það er vel. Auðvitað dettur mér ekki í hug að tengja þessi tvö frv. saman við niðurstöðu Hæstaréttar frá því í gær enda voru frv. smíðuð og kynnt á Alþingi löngu fyrir þann tíma. Það sem er athyglisvert í því sem hæstv. ráðherra er að segja er að nú í fyrsta skipti útilokar hann ekki sem málsvari ríkisstjórnarinnar að það kunni að verða niðurstaðan, ekki til þess að bregðast við dómi Hæstaréttar, heldur til þess að uppfylla kröfurnar um jafnrétti og jafnan aðgang og kröfuna um eðlilegan afrakstur þjóðarinnar á sameiginlegri auðlind. Hæstv. ráðherra útilokar ekki að niðurstaðan kunni að verða sú að í því sambandi þurfi að leggja fram á Alþingi frv. um frekari auðlindagjaldtöku en gert er ráð fyrir. Það kalla ég jákvæða yfirlýsingu af hans hendi, hann lokar ekki á það mál, hann er með öðrum orðum tilbúinn til þess að skoða það.

[14:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sínum augum lítur hver silfrið. Mér fannst orð mín ekkert sérstaklega merkileg eða sérstaklega athyglisverð, a.m.k. ekki eins athyglisverð og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fannst. Þetta er alls ekki í fyrsta skipti sem það kemur fram hjá mér að ég útiloka ekki að það geti orðið um frekari gjaldtöku á sjávarútveginn að ræða. Alveg á sama hátt og það undirstrikar auðvitað þær tvær nefndir sem ég nefndi áðan og það verkefni sem þær hafa. Hins vegar er það alltaf gott ef hæstv. ráðherrar geta með máli sínu vakið upp jákvæðar tilfinningar hjá hv. þm.

[14:36]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hingað til hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda að ekki kæmi til greina að auka þá beinu gjaldtöku sem hefur átt sér stað í íslenskum sjávarútvegi með þeim hætti sem þau gjöld eru tekin sem við erum að ræða um í dag, þ.e. gjaldtöku miðað við úthlutaðar aflaheimildir eða landaðan afla, heldur ætti arðurinn af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja að skila sér til landsmanna í auknum sköttum þegar hagnaðurinn af rekstrinum færi að skila sér inn í greinina. Þetta hefur hingað til verið stefna íslenskra stjórnvalda. Lái mér það hver sem vill þó að ég telji að það sé athyglisvert þegar hæstv. sjútvrh. lýsir þeirri skoðun sem hann lýsti hér. Hann útilokar ekki lengur þá lausn sem t.d. við í Samfylkingunni höfum lagt fram í frv. á Alþingi. Hann hafnar henni ekki alfarið. Það hefði þótt athyglisvert ef slík yfirlýsing hefði komið frá fyrrv. sjútvrh. Ég hygg að það ágæta blað, Morgunblaðið, hafi beðið eftir slíkri yfirlýsingu frá honum missirum saman og skrifað marga leiðara þar sem leiðarahöfundur lýsti þeirri von sinni að slík yfirlýsing kæmi fyrr eða síðar frá honum. Hún kom aldrei en hún kemur fram nú. Það er full ástæða til þess fyrir okkur sem höfum barist fyrir þessum málum um margra ára skeið að fagna því þegar hæstv. sjútvrh. opnar fyrir slíka lausn. Hann útilokar hana ekki lengur. Það er nokkur ávinningur af baráttunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 847.

[14:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir máli sem er fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Fram til þessa hefur það verið skilningur stjórnenda Innheimtustofnunar sveitarfélaga að meðlagsgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins sem endurkrafin er af

Innheimtustofnuninni hjá meðlagsskyldu foreldri sé samkvæmt lögum endurkrafa vegna þegins sveitarstyrks.

Í 5. mgr. 1. gr. fyrningarlaga er gert ráð fyrir því að slík krafa fyrnist ekki. Þessi lagatúlkun hefur oftsinnis verið staðfest af dómstólum, síðast árið 1983. Í nýlegu dómsmáli var henni hins vegar hafnað, bæði í héraðsdómi og fyrir Hæstarétti í dómi frá 24. ágúst 1999. Niðurstaðan byggist á því að kröfur þessar fyrnist á fjórum árum.

Ekki mun vera um að ræða dóm sem hefur mikil áhrif á starfsemi stofnunarinnar. Þau áhrif sem það mun þó hafa á fjárhag hennar, ef ekkert er að gert, eru fyrst og fremst að stofnunin tapar kröfum við eftirgreindar aðstæður, þ.e. að meðlagskröfur á hendur feðrum vegna barna sem eru t.d. ekki feðruð fyrr en mörgum árum eftir fæðingu, glatast að stórum hluta. Slík mál eru ekki mjög algeng hérlendis en eru þó til. Aðrar meðlagskröfur fyrnast á fjórum árum nema fyrning sé rofin, t.d. með aðför hjá viðkomandi skuldara. Þetta þýðir að stofnunin verður að hefja innheimtuaðgerðir á a.m.k. fjögurra ára fresti vegna meðlagsskulda sem falla í vanskil. Slíkt er ekki ávallt unnt, t.d. í mörgum þeim tilvikum sem meðlagsskuldari býr erlendis eða afplánar fangavist. Þar fyrir utan er af því fyrirhöfn og umstang og svekkelsi fyrir alla aðila.

Lögð er til í frv. sú breyting á lögunum um Innheimtustofnun sveitarfélaga að kröfur til endurgreiðslu barnsmeðlaga og sérstakra framlaga skv. 15. gr. barnalaga, sem eru greidd fyrir milligöngu opinberra aðila, fyrnist framvegis á 10 árum.

Ég undirstrika að þessi breyting á ekki að vera íþyngjandi fyrir skuldara. Það er vandræðafyrirkomulag að láta Innheimtustofnun sveitafélaga standa í því að greiða þessar skuldir fyrir óskilvísa meðlagsgreiðendur og nú munu útistandandi skuldir Innheimtustofnunar, miðað við síðustu áramót, vera í kringum 6,5 milljarðar.

Að lokinni umræðunni legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til athugunar í hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 521. mál. — Þskj. 822.

[14:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. er fylgifrv. með frv. um félagsþjónustu sveitarfélaga sem við ræddum fyrir nokkrum dögum og er flutt vegna yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna.

Ástæðan til þess að nauðsynlegt er að breyta lögunum um vinnumarkaðsaðgerðir í tengslum við samþættingu málefna fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga er sú að eiginleg atvinnumál fatlaðra sem falla nú undir lög um málefni fatlaðra, verða ekki felld undir félagsþjónustu. Með eiginlegum atvinnumálum fatlaðra er átt við atvinnu sem unnin er á launum samkvæmt kjarasamningi. Sú hlið málefna fatlaðra er því felld undir Vinnumálastofnun með frv. þessu. Aftur á móti er iðja og þjálfun sem flokkast undir atvinnumál fatlaðra, færð undir félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt frv. til laga um það efni.

Atvinnumál fatlaðra í skilningi frv. skiptist í tvennt, annars vegar vinnu á almennum vinnumarkaði með stuðningi og hins vegar vernduð störf. Forsenda þess að framangreind störf falli að frv. þessu er að þau séu unnin á kjarasamningsbundnum launum eins og áður hefur komið fram. Er lögð áhersla á að vinna fatlaðra á almennum vinnumarkaði með stuðningi gangi framar verndaðri vinnu. Reynslan sýnir að ef rétt er á haldið og fatlaðir fá vinnu við hæfi og nauðsynlega aðstoð, einkum í upphafi starfs, geta þeir innt af hendi margvísleg störf á vinnumarkaði. Er ekki talinn vafi á að sú leið er fötluðum mikilvæg til þátttöku í samfélaginu og að það sé ódýrara fyrir þjóðfélagið þegar fram í sækir en störf í verndaðri vinnu. Er svæðisvinnumiðlunum ætlað að aðstoða hina fötluðu við að fá nauðsynlega liðveislu í störfum á almennum vinnumarkaði.

Nú sem fyrr er talið nauðsynlegt að fyrir hendi séu vernduð störf. Þau störf geta ýmist verið unnin á vernduðum vinnustöðum eða innan dagvistar sveitarfélaga. Vinnumálastofnun er fyrst og fremst ætlað að semja um vernduð störf við viðkomandi rekstraraðila en ekki að reka verndaða vinnustaði. Þó er talið rétt að heimila Vinnumálastofnun slíkan rekstur og því er ákvæði þar að lútandi í frv.

Nú sem fyrr er vernduðum störfum ætlað tvíþætt hlutverk, annars vegar að sjá fólki fyrir vinnu til frambúðar, hins vegar að starfsþjálfun sem felst í vinnunni skili þeim árangri að einstakingar geti fært sig um set yfir til almenns vinnumarkaðar. Í verndaðri vinnu felst því samkvæmt framansögðu bæði vinna í hefðbundnum skilningi en jafnframt starfshæfing og starfsþjálfun.

Lögð er áhersla á að vernduð störf geta hentað fleirum en fötluðum og er ákvæði frv. um það atriði ekki bundið við þann hóp. Talið er að það sé umtalsverður kostur að Vinnumálastofnun bætist nýtt úrræði fyrir þá sem hafa ekki af ýmsum ástæðum fundið sig á almennum vinnumarkaði en geta unnið í vernduðu umhverfi.

Við það að málaflokkur þessi verði færður til Vinnumálastofnunar er gert ráð fyrir að þangað verði ráðnir starfsmenn til þess að sinna honum. Lögð er áhersla á að sú sérþekking sem svæðisskrifstofur málefna fatlaðra hafa á sviði atvinnumála þeirra glatist ekki heldur skili sér til Vinnumálastofnunar. Þetta er að sínu leyti sams konar áhersla og fram kemur í yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Um kostnað skal það tekið fram að bæði kostnaður vegna verndaðrar vinnu og aðstoðar á almennum vinnumarkaði greiðist úr ríkissjóði. Í fjárlögum ársins 2000 fá tíu verndaðir vinnustaðir um 140 millj. kr. framlag en árið 1998 störfuðu þar 349 manns í rúmlega 220 stöðugildum. Meðalstarfshlutfall starfsmanns í verndaðri vinnu var því um 60% og má áætla að 25–30% eða um 90–100 manns hafi þá starfsgetu sem krafist er í frumvarpinu til að stunda launuð störf. Ef miðað er við meðalstarfshlutfallið má gera ráð fyrir að alls verði um 60 stöðugildi í verndaðri vinnu eftir gildistöku laganna og að kostnaður ríkissjóðs vegna þeirra verði 35–40 millj. kr. á ári. Ekki er um að ræða ný útgjöld þar sem fjárhæðin kemur til lækkunar á þeim 140 millj. kr. sem nú er varið til verndaðra vinnustaða. Mismunurinn flyst yfir til sveitarfélaga til að reka dagvist fyrir þann hóp starfsmanna á vinnustöðunum sem ekki standast þær kröfur um vinnugetu sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði sent til hv. félmn. að lokinni umræðunni en þar sem þetta er fylgifrv. við félagsþjónustufrv., sem er ekki hugmyndin að verði samþykkt

eða fullafgreitt á þessu þingi, liggur ekki á að afgreiða það en nauðsynlegt að það fylgi með til þess að menn hafi myndina fyrir sér hvernig frambúðarskipulag þessara mála geti haganlegast orðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 525. mál. — Þskj. 826.

[14:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar yfirfærsla á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðin með lögum nr. 161/1996, var ljóst að sá tilflutningur næði ekki til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Það lá fyrir að um leið og yfirfærslan var ákveðin þyrfti að setja sérstök lög um þá stofnun.

Frv. er að miklu leyti byggt á 16. gr. laga um málefni fatlaðra. Þar er að finna ítarlega skilgreiningu á starfsemi Greiningarstöðvarinnar sem hefur lögbundið hlutverk og að lögbundið hlutverk stöðvarinnar haldist óbreytt að mestu frá því hún hóf starfsemi sína í janúar 1986 og þá eftir eldri lögum um málefni fatlaða frá 1983.

Greiningarstöðin hefur frá upphafi þjónað öllu landinu og starfa þar sérfræðingar á flestum sviðum fötlunar. Vaxandi eftirspurn hefur verið í gegnum árin eftir þjónustu stöðvarinnar og á síðasta ári var rúmlega 200 börnum og ungmennum vísað til athugunar og ráðgjafar. Fagleg starfsemi Greiningarstöðvarinnar hefur verið í þróun undanfarin ár og var innra skipulag stöðvarinnar endurskoðað 1997. Þá var sérhæfing efld og skilvirkni bætt svo og samvinna, stuðningur og ráðgjöf við þjónustuaðila utan stofnunar, svo sem leikskóla og skóla og aðrar stofnanir þar sem fatlaðir sækja þjónustu. Þá hefur fræðsluhlutverk stöðvarinnar verið eflt verulega. Þessara breytinga sér stað í frv. auk þjónustu við fatlaða einstaklinga. Er í frv. lögð sérstök áhersla á faglega aðstoð og ráðgjöf til samstarfsaðila, þar á meðal félagsþjónustu sveitarfélaga.

Starfsemi stofnunarinnar verður að því leyti löguð að breyttri skipan þjónustu við fatlaða við yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga. Jafnframt eru skilgreind samskipti við aðra þá sem sinna þjónustu sveitarfélaga, svo sem sérfræðiþjónustu sem rekin er af sveitarfélögunum samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla.

Lögð er áhersla á að efla hlutverk Greiningarstöðvarinnar á sviði rannsókna, fræðslu og þekkingaröflunar, auk geiningar og ráðgjafarstarfsemi hennar. Það hefur þó ekki í för með sér meiri umsvif og kostnað en nú er, heldur breyttar áherslur til að tryggja faglega framþróun á þessu þýðingarmikla sviði hér á landi. Að vísu getur að sjálfsögðu orðið af þessu meiri kostnaðarauki, það fer eftir því hvað menn leggja mikinn metnað í verkefnið og t.d. virðist vera sífellt meiri þörf á að sinna greiningu á einhverfum og þeim fer mjög fjölgandi.

Á fjárlögum ársins 2000 eru 113 millj. kr. ætlaðar til Greiningarstöðvarinnar. Við fjárlagagerð næsta árs er ósk Greiningarstöðvarinnar um að fá 123 millj., þ.e. hækkun um 10 millj., og auk þess hefur myndast hali hjá Greiningarstöðinni upp á 21 millj. kr. Hér er því um talsverða fjármuni að ræða sem varið er í þetta mikilvæga verkefni.

Svo háttar til um þetta frv. eins og það frv. sem ég var að mæla fyrir rétt áðan, að það er fylgifrv. með félagsþjónustufrv. Ég legg til að það fari til hv. félmn. en legg ekki áherslu á að það verði afgreitt sem lög á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindagæsla fatlaðra, 1. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 682.

[14:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er enn eitt fylgifrv. með félagsþjónustufrv. og samið í tengslum við það.

Í lögunum þar sem flutningur um málefni fatlaðra til sveitarfélaga var ákveðinn var ákveðið að huga skyldi sérstaklega að réttindagæslu fatlaðra. Nefnd þeirri sem falið var að semja frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga var því ætlað að taka til sérstakrar athugunar hvernig svo mætti verða. Niðurstaðan varð sú að svo afmörkuðu verkefni yrði best fyrir komið í sérlögum, enda ætti það ekki samleið innan laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Landssamtökin Þroskahjálp sem hafa hvatt mjög til að málefni fatlaðra færist til sveitarfélaga hafa jafnframt lagt ríka áherslu á að við þann flutning verði réttindagæslu fatlaðra gefinn sérstakur gaumur. Sjónarmið samtakanna er að réttindagæslan sé forsenda þess að vel takist til um flutning málaflokksins til sveitarfélaganna. Er það álit Þroskahjálpar að því verkefni sé best borgið hjá ríkinu, enda sé það best fallið til að hafa eftirlit með framkvæmd félagsþjónustunnar hjá sveitarfélögunum.

Í frv. felst einstaklingsbundin réttindagæsla fatlaðra. Það þýðir að fatlaðri eigi sér hauk í horni, þeir eigi rétt á aðstoð trúnaðarmanns og geti snúið sér til hans með erindi sín. Grundvallaratriði í störfum trúnaðarmanna er að beita sér fyrir því að réttur fatlaðra til aðstoðar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sé virtur. Sú áhersla sem lögð er á þjónustu samkvæmt þeim lögum stafar því af þörf á réttindagæslu fatlaðra og tengist beinlínis flutningi á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Jafnframt geta fatlaðir leitað til trúnaðarmanns um á hvern hátt félagsþjónustan sé veitt og að þjónustan hæfi hverjum og einum.

Ekki er þó látið við það sitja heldur er trúnaðarmanni einnig ætlað að beita sér fyrir því að veitt sé lögbundin aðstoð eftir öðrum lögum eftir því sem við á, einkum á sviði heilbrigðisþjónustu, almannatrygginga, mennta- og atvinnumála. Trúnaðarmönnum er ætlað að starfa í hverju kjördæmi og auk trúnaðarmanna í kjördæmum skal skipaður réttindagæslumaður fatlaðra sem þjónar landinu öllu. Það leiðir til þess að komið verði á fót skrifstofu réttindagæslumanns. Réttindagæslumaður hafi yfirumsjón með réttindagæslu fatlaðra um allt land, samræmi vinnubrögð trúnaðarmanna og hafi eftirlit með að þeir ræki skyldur sínar. Starfið gerir því miklar kröfur til réttindagæslumanns. Hann þarf að búa yfir víðtækri þekkingu og yfirsýn yfir réttindi og þarfir fatlaðra. Hann vinnur almennt að réttindamálum fatlaðra en ekki er gert ráð fyrir að einstaklingar leiti til hans með sín mál. Þeir hafa trúnaðarmenn til þess. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að réttindagæslumaður aðstoði trúnaðarmenn við vinnslu einstaklingsmála, óski trúnaðarmenn eftir því. Með fyrirkomulagi þessu er réttindagæslu fatlaðra komið í traust form

og enn betur búið að henni en nú er gert í gildandi lögum um málefni fatlaðra.

Talið er rétt að taka þetta fyrirkomulag til endurskoðunar að fjórum árum liðnum frá gildistöku laganna og verði þá metið hvort áfram sé þörf á þessari sérstöku þjónustu við fatlaða.

Verði frv. óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að aukin útgjöld ríkisins nemi 6–6,5 millj. kr. Í frv. eru ákvæði um að lögin skuli endurskoðuð að fjórum árum liðnum.

Ég geri, herra forseti, tillögu um að þetta mál fari til athugunar í hv. félmn. en legg ekki áherslu á að það verði afgreitt frekar en hin frv. fyrir vorið þar sem þetta er fylgifrv. með félagsþjónustufrv.

[14:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er hið besta og merkilegasta mál sem hér er borið fram. Ég hjó aðeins eftir því, herra forseti, að hæstv. félmrh. nefndi orðið kjördæmi, réttargæslumaður skyldi vera í hverju kjördæmi ef ég skyldi það rétt. Nú liggur fyrir hv. Alþingi tillaga að nýrri kjördæmaskipan. Ég vil því gjarnan gefa ráðherranum tækifæri til að skýra nánar það sem hann sagði um kjördæmin og hvað hann á við.

[14:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort sem okkur líkar betur eða verr reikna ég með því að við verðum innan skamms að neyðast til að búa við breytta kjördæmaskipan, þ.e. aðra kjördæmaskipan en nú er, og þegar eða fljótlega eftir að þessi lög hafa tekið gildi verður kjördæmaskipaninni breytt og ég reikna með að við höldum okkur við hin nýju kjördæmi.

[14:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að vonast til að hæstv. félmrh. vildi halda þessu utan við það að hin nýju kjördæmi væru að skapa sjálfum sér einhverja félagslega einingu og þá félagslega þjónustu í kringum hana. Mér finnst það í rauninni ekki vera tímabært að leggja til nú að þau fari að þjóna sem félagsleg eining og það verði þá hugað að öðrum félagslegum mörkum innan hinna nýju kjördæma, m.a. með tilliti til þessa. Ég vara því við að við förum svo fljótt að huga að þessum nýju kjördæmum sem félagslegum einingum, þetta er kosningatæknilegar einingar og eiga margar hverjar kannski fátt félagslega sameiginlegt, a.m.k. fyrir fram.

[14:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað hægt að haga þessu með ýmsu móti og ég þori nú ekki að fullyrða að það hafi verið gert með þetta. Um það getur hv. félmn. að sjálfsögðu fjallað þegar hún tekur málið til afgreiðslu. Ég bendi á að helstu rökin fyrir því að setja þessi kjördæmi upp eins og gert er í því frv. sem liggur á borðum þingmanna, voru þau að hér væri verið að jafna fólksfjölda í kjördæmunum, og þar með væri væntanlega verkefnum trúnaðarmanna jafnað. Vissulega mundi þá einn trúnaðarmaður í Reykjavík hafa miklu meira að gera en einn trúnaðarmaður á Vestfjörðum eða einn trúnaðarmaður á Norðurlandi vestra.

[14:58]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir frv. til laga um réttindagæslu fatlaðra og þar á undan um breytingu á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Við þekkjum öll hér inni að þessi mál eru komin til vegna þess að verið er að steypa saman tvennum lögum, þ.e. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra. Félagsþjónustulögin eru þegar komin til nefndar og það verður svo með öll þessi frv. að leitað verður umsagna. Þau koma því aftur til umræðu í þinginu í haust og þarf að mæla fyrir þeim aftur, enda stórt mál á ferðinni og mjög mikilvægt að tryggja að allir hnútar séu hnýttir.

Aðeins varðandi réttindagæsluna. Þetta er sérstaklega mikið mál fyrir hinn fatlaða. Hins vegar var auðvitað hugmyndafræðileg vinna um það og umræða hvort ætti ekki að falla frá sérlögum og fella í rauninni öll þessi mál inn í félagsþjónustuna en meðan ekki er alveg trygging fyrir því að allir hlutirnir gangi upp, þá gerðist það ekki og þar var hlustað sérstaklega á Þroskahjálp.

Það er talað um að það verði kannski um fjögurra ára tímabil sem við látum á þetta reyna.

Ég hefði kosið að sjá þetta ákvæði inni í lögunum vegna þess að hér er ekki eingöngu spurning um fatlaða. Þetta er líka spurning um börn og aldraða þannig að ég hefði gjarnan viljað sjá meiri breidd. Hins vegar er mjög mikilvægt að huga að því úr því við erum með sérstakt frv. um réttindagæsluna hvort við hefðum kannski átt að stíga skrefið lengra og vera með umboðsmann fatlaðra. Það hafa Þroskahjálp, Öryrkjabandalagið og fleiri lagt mjög mikla áherslu á. Í Svíþjóð og í Noregi er svonefndur „den gode mand" sem er nokkurs konar trúnaðarmaður.

Ef við skoðun 3. gr. sjáum við að í rauninni er allt undir því komið hver sá einstaklingur er sem verður þessi réttargæslumaður. Þar sem samtökin hafa um það að segja hverjir verða trúnaðarmenn, þá er líka spurning hvort þau ættu ekki líka að hafa um það að segja hver verði réttindagæslumaður þar sem það er í rauninni það sem skiptir meginmáli fyrir að allt þetta gangi upp. Við fáum eflaust umræður um það í nefndinni hversu margir eða fáir eiga að vera á hverju svæði til að tryggja lögboðna þjónustu. Þetta hangir líka saman við að tryggja t.d. fulltrúum hagsmunasamtakanna áheyrn, t.d. í félagsmálanefndum sveitarfélaga. Það er líka eitt sem við þurfum að skoða í þessu samhengi. Í Reykjavík eru aldraðir með áheyrnarfulltrúa í félagsmálaráði og mér finnst að við í félmn. eigum að skoða að fulltrúar hagsmunasamtaka eigi líka sinn áheyrnarfulltrúa innan Félagsþjónustunnar þegar þetta verður fært yfir til sveitarfélaganna þar sem þessi þjónusta skiptir gríðarlega miklu máli fyrir þennan hóp.

Núna á sem sagt að vera þessi eftirlitsnefnd og annað er mjög mikilvægt, þ.e. hverju við þurfum að breyta þegar við verðum búin að fara ofan í þær umsagnir sem koma. Ég veit að mjög mikil vinna hefur farið fram bæði með samtökunum og í þeim vinnuhóp sem var með þessa lagasmíð. Ég veit því að við eigum eftir fá mjög miklar og góðar umræður eftir að umsagna hefur verið leitað í félmn.

[15:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið er hér um fylgifrv. að ræða með félagsþjónustufrv. og við munum væntanlega taka allan þennan málaflokk til umræðu aftur á næsta hausti. En ég vildi halda því til haga að varðandi réttindagæslumálin hefur það verið skoðun mín og hefur væntanlega komið áður fram á Alþingi að það ættu að vera hagsmunasamtökin sem sinntu réttindagæslunni. Mér þykir

miður að ekki skyldi farin sú leið og raunar að hagsmunasamtökin hafi ekki fallist á þá skoðun að þau mundu sinna hagsmunagæslunni.

En þetta var sem sagt niðurstaðan. Hér er annars vegar um að ræða einn réttindagæslumann sem þjónar öllu landinu og hins vegar trúnaðarmannakerfi þar sem trúnaðarmenn verða skipaðir í öllum kjördæmum landsins og þá teldi ég heppilegt að þessir trúnaðarmenn ynnu með stofnunum félmrn. sem eru út um allt land en það eru svæðisvinnumiðlanirnar. Þeir gætu því haft þar athvarf eða aðstöðu og réttindagæslumaðurinn tengdist þá Vinnumálastofnun í Reykjavík. Þó svo málasviðin fari kannski ekki nákvæmlega saman tel ég mikilvægt að þarna sé unnið í nokkurri sameiningu af því þarna eru málefni sem falla undir eitt ráðuneyti og gætu að mínu áliti farið ágætlega saman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Matvæli, 1. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 856.

[15:05]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli, er samið í umhvrn. í framhaldi af tillögum nefndar sem starfaði í desember sl. og fékk það hlutverk að gera tillögur um hvernig bregðast skyldi við niðurstöðum skýrslu sem tekin var saman í nóvembermánuði sl. um útbreiðslu kampýlóbakter í umhverfi, húsdýrum og matvælum, og um orsakir sýkinga í mönnum. Meðal tillagna nefndarinnar eru breytingar á lögum nr. 93/1995, um matvæli, auk annarra, svo sem um breytingu á sóttvarnalögum en frv. þar að lútandi hefur hæstv. heilbrrh. þegar lagt fyrir Alþingi.

Megintillögur nefndarinnar beinast að aðgerðum til þess að draga úr tíðni kampýlóbakter í afurðum alifugla, með því m.a. að fækka menguðum eldishópum alifugla, fyrirbyggja krosssmit eins og hægt er og auka eftirlit og vöktun, en einnig að auka fræðslu til almennings og matvælafyrirtækja um smitleiðir og rétta meðferð matvæla. Til þess að tryggja framgang þeirra meginmarkmiða sem fram koma í tillögum nefndarinnar, þ.e. að ná niður kampýlóbaktermengun í matvælum og sýkingum af völdum kampýlóbakter í mönnum, er nauðsynlegt að auka fræðslu, eftirlit og vöktun. Til þess að svo megi verða þarf að breyta lögum um matvæli.

Þær breytingar sem fólgnar eru í frv. því sem ég mæli fyrir taka mið af því að hægt sé að grípa til þess ráðs að setja reglur um að starfsfólk, sem starfar við matvælaframleiðslu og dreifingu matvæla, hafi til að bera grundvallarþekkingu á meðferð matvæla, ekki síst með hliðsjón af eigin öryggi og innra eftirliti sjálfra fyrirtækjanna. Slík ákvæði er t.d. að finna í nýrri matvælalöggjöf í Danmörku og hefur því verið fylgt eftir með námskeiðum fyrir starfsfólk í matvælafyrirtækjum.

Því er lagt til í a-lið 1. gr. að hlutaðeigandi ráðherra, sem getur verið umhverfisráðherra, landbúnaðarráðherra eða sjávarútvegsráðherra eftir því um hvers konar eftirlit er að ræða, geti sett reglur þess efnis að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla sæki námskeið um meðferð matvæla og að á slíkum námskeiðum verði lögð sérstök áhersla á innra eftirlit og öryggi matvæla. Mikið skortir á að þeir sem starfa við matvælaframleiðslu hér á landi hafi til þess nægjanlega þekkingu eða hljóti fullnægjandi fræðslu áður en þeir taka til starfa. Ekki er óalgengt að starfsfólk sé ráðið og sett í störf við matvælavinnslu án nokkurs undirbúnings. Með hliðsjón af þessu er nauðsynlegt að hægt sé að setja reglur til þess að tryggja þekkingu starfsfólks.

Einn þáttur í því að tryggja framgang mála er sú ótvíræða skylda sem eftirlitsaðilar verða að bera til þess að reyna að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og grípi til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.

Því er lagt til í b-lið 1. gr. að eftirlitsaðilar skuli vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og skuli grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu. Með þessu er verið að taka af allan vafa um skyldu þessara aðila til að vinna að forvörnum og upplýsa mál sem upp kunna að koma þannig að gripið verði til viðeigandi ráðstafana eins fljótt og kostur er og áður en í óefni er komið.

Nokkuð hefur verið á reiki hvaða skyldur þeir sem annast rannsóknir og greiningu á matvælum til að tilkynna til viðkomandi stofnana ef hætta getur stafað af neyslu matvæla. Slík tilkynningarskylda er nauðsynleg ef niðurstöður greininga eða rannsókna gefa til kynna að hætta sé á heilsutjóni. Enn fremur er nauðsynlegt að takmarka tilkynningarskyldu rannsóknar- og greiningaraðila við þær örverur sem geta valdið sjúkdómum í mönnum sem eru tilkynningarskyldir samkvæmt ákvæðum sóttvarnalaga, nr. 19/1997, og því er nauðsynlegt að tengja framkvæmdina við sóttvarnalög. Um þetta er mælt fyrir í 2. gr. frv.

Um leið er eðlilegt að þeim sem sinna opinberu eftirliti og þeim sem sinna innra eftirliti í matvælafyrirtækjum beri skylda til að upplýsa hlutaðeigandi, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, yfirdýralækni og sóttvarnalækni, um gögn sem þeir hafa undir höndum eða ástæður sem geta bent til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Þetta ákvæði mun að sjálfsögðu gilda jafnt um allar rannsóknastofur, óháð því hvort þær eru reknar á vegum hins opinbera eða eru í einkaeign og hvort rannsókn eða greining sýna er gerð fyrir matvælafyrirtæki, aðra einkaaðila eða opinbera aðila. Með sama hætti á tilkynningarskylda jafnt við um opinberan eftirlitsaðila og sjálfstætt starfandi skoðunarstofu.

Að öðru leyti eru gerðar breytingar á lögunum, annars vegar með hliðsjón af því að heiti laga um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti hefur verið breytt í heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir, sbr. lög nr. 7/1998, sbr. nánar 3. gr. laganna, og hins vegar í tengslum við setningu gjaldskrár vegna útgáfu starfsleyfa og vottorða skv. VIII. og IX. kafla laganna.

Setja þarf í lögin sambærileg ákvæði um gjaldtökuheimildir og gjaldskrár og sett hafa verið inn í önnur hliðstæð lög á undanförnum árum, sbr. nánar 4. gr.

Virðulegur forseti. Ég vil í lokin geta þess að aðgerðir sem gripið var til á síðasta ári tóku að skila merkjanlegum árangri í lægri tíðni kampýlóbakter í kjúklingaeldishópum undir lok síðasta árs. Það sem af er þessu ári hefur tíðni bakteríunnar í eldishópum verið mjög lág. Í framhaldi af aðgerðum í kjúklingaeldinu var gripið til aðgerða á síðari framleiðslustigum, þ.e. í flutningum og slátrun. Svo virðist sem verulegur árangur af þessum aðgerðum hafi komið fram í marsmánuði enda hefur bakterían ekki fundist í ferskum kjúklingum sem framleiddir voru eftir 3. mars sl. Það bera

að fagna sérstaklega þessum árangri. Náist þessi árangur til frambúðar eru bundnar vonir við að verulega dragi úr sýkingum á mönnum á næstu mánuðum miðað við tvö undanfarin ár.

Bráðabirgðasamantekt á fjölda sýkinga í mars gefur vísbendingu um að kampýlóbaktersýkingum fari fækkandi. Það verður þó ekki fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum að hægt verður að fullyrða um hvort það hefur gerst.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hæstv. umhvn.

[15:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það frv. sem liggur frammi um breytingu á lögum nr. 93/1995, um matvæli, er flutt í framhaldi af skýrslu sem gerð var um útbreiðslu kampýlóbakter í umhverfi, húsdýrum og matvælum og orsakir sýkinga í mönnum ásamt tillögum til aðgerða sem skilað var til ráðuneytisins í nóvember sl., eins og stendur hér í athugasemdum við þetta frv. Jafnframt er lagt til í frv. að auka fræðslu, eftirlit og vöktun því það sé nauðsynlegt til að breytingar á þessum lögum nái fram að ganga og hef ég ekki nema gott um það að segja. Ég held einmitt að það kunni að skila sér í þessum geira. Enn fremur er brýnt, segir hér, að sú ótvíræða skylda verði lögð á eftirlitsaðila að þeir reyni að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og grípi til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.

Það er einmitt þarna sem hundurinn liggur grafinn. Það veldur vissulega vaxandi áhyggjum manna að það virðist vera æ erfiðara um þessar mundir að koma þeim matvælum sem hér á landi eru framleidd þannig til neytenda að þau valdi ekki heilsutjóni þegar verst lætur, a.m.k. truflunum á góðri heilsu. Auðvitað verður að grípa til víðtækra ráðstafana til að koma í veg fyrir að þessu fari svona fram. Það hefur að sumu leyti verið gert. Það hefur verið gripið til aðgerða eins og hæstv. umhvrh. vísaði hér til gegn kampýlóbakter sem ástæða er til að ætla að séu að skila verulegum árangri.

En það er meiri óhollusta á kreiki og aðrar bakteríur valda vaxandi áhyggjum sem virðast þó vera að einhverju leyti landshlutabundnar. Það vill nú svo til að héraðsdýralæknirinn á Suðurlandi, hv. þm. Katrín Andrésdóttir, situr hér sem varaþingmaður þessa dagana. Hún er því miður ekki stödd í þingsalnum eins og er. Hún hefur lagt fram till. til þál. sem er einmitt flutt með það í huga að koma á samræmdu eftirliti með matvælum frá „haga til maga", eins og það er orðað í þáltill. sem er hér á dagskrá seinna í dag.

Hv. þm. Katrín Andrésdóttir leggur áherslu á það í tillögu sinni að matvælaeftirlit skuli heyra undir eitt ráðuneyti. Hún tiltekur þar sérstakt ráðuneyti, landbrn., sem hún telur að eigi að vera hið íslenska matvælaráðuneyti og að það muni verða til mjög mikils hagræðis ef þannig verði unnt að koma öllu matvælaeftirliti undir eina stofnun. Nú fellur það undir hinar ýmsu stofnanir sem heyra undir landbrn. en einnig undir umhvrn. eins og frv. ber með sér sem hér er á dagskrá en það er flutt af umhvrh. Hv. þm. Katrín Andrésdóttir, sem því miður er ekki hér viðstödd, telur þetta geta valdið ýmsum vandkvæðum og segir að nærtæk dæmi séu salmonellu- og kampýlóbaktervandamálin, en þar hafi samstarf ýmissa stofnana ekki alltaf gengið sem skyldi. Nú skyldi maður ætla að hv. þm. sem er héraðsdýralæknir að atvinnu einmitt á því sviði sem þessi vandamál hafa komið fram með sem mestum þunga undanfarið, vissi um hvað þarna er að ræða. Ég mundi vilja spyrja hæstv. ráðherra hvernig henni finnst að þessi till. til þál. sem hér liggur frammi og er reyndar til umræðu seinna í dag, komi við þetta frv. til laga sem hér liggur frammi til umræðu.

[15:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni ákaflega athyglisvert og brýnt mál, þ.e. að tryggja gæði matvæla og samhæfa aðgerðir stjórnvalda sem sjá um matvælaeftirlit. Ég held að það hafi verið mjög brýnt framtak sem ráðuneytin þrjú, umhvrn., landbrn. og heilbrrn. gripu til varðandi það sem kom upp vegna kampýlóbaktersýkingar á síðasta ári sem rakin voru til neyslu matvæla, með því að gera úttekt á stöðu mála sem miðaðist annars vegar að því að kanna útbreiðsluna og hins vegar að leggja fram tillögur til úrbóta.

Það kemur fram í athugasemdum við þetta lagafrv. að í tillögum nefndarinnar hafi verið farið yfir nauðsynlegar aðgerðir sem grípa þurfi til á vegum þriggja ráðuneyta, umhvrn., heilbrrn. og landbrn. Hér erum við þá að fjalla um þær tillögur sem lúta að umhvrn. Það má hafa farið fram hjá mér, en ég spyr um það: Hafa þær tillögur þá komið fram hér á hv. Alþingi sem lúta að hinum tveimur ráðuneytunum til að ná utan um þetta mál, þ.e. heilbrrn. og landbrn.?

Efni þessa frv., til þess að reyna að ná utan um þetta mál, er einkum tvíþætt, ef ég skil þetta rétt, þ.e. að auka fræðslueftirlit og vöktun og setja reglur um að starfsfólk sem starfar við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli hafa til að bera grundvallarþekkingu á meðferð matvæla, ekki síst með hliðsjón af öryggi þeirra og innra eftirliti fyrirtækjanna. Og síðan er að koma á tilkynningarskyldu þeirra aðila sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla, eftirlit og rannsóknir og greiningu á matvælum þannig að hlutaðeigandi stofnanir fái nauðsynlegar upplýsingar í tíma og geti þannig unnið að forvörnum. Þetta er ákaflega brýnt mál og mjög nauðsynlegt að opinberir eftirlitsaðilar hafi þau lagaúrræði sem þarf til þess að geta sinnt eftirliti sínu. Það sem kemur fram í 2. gr. frv. tel ég mjög mikilvægt í því efni, t.d. um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum og skyldu til þess að upplýsa um gögn sem viðkomandi aðilar hafa undir höndum eða aðrar ástæður sem geta bent til hættu á heilsutjóni vegna neyslu matvæla. Ég tel ákaflega brýnt að vel sé frá þessu gengið og að allur vafi sé tekinn af um skyldu til að skila gögnum eða veita upplýsingar, sé talin hætta á heilsutjóni, og mér sýnist alveg bærilega búið að því í þessu frv. svona við fljótan yfirlestur.

Hitt atriðið sem er í 1. gr. lýtur að því að ráðherra sé heimilt að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla skuli sækja námskeið um meðferð matvæla þar sem sérstök áhersla er lögð á innra eftirlit og öryggi matvæla. Þetta er afar þýðingarmikið ákvæði. Ég vil spyrja ráðherrann vegna þess máls. Það tengist þá líka 5. gr. frv. Þar er verið að tala um gjaldtöku vegna kostnaðar við þetta frv., þ.e. að taka skuli mið af kostnaði við rannsókn og má ákvörðun gjalds ekki vera hærri en sá kostnaður. Eins kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofunnar um þetta frv. að gert er ráð fyrir að aukinn kostnaður verði greiddur af framleiðendum.

Í fyrsta lagi vil ég spyrja hvort það hafi nokkuð verið kannað hve mikill kostnaðurinn er í kringum þetta sem mun lenda á framleiðendum, hvort menn hafi eitthvað skoðað það.

Ég hef nokkrar áhyggjur af því að þessu verði með einum eða öðrum hætti velt út í verðlagið. Varla getur hér verið um stórar fjárhæðir að ræða. En ég vildi þó gjarnan hafa

einhverjar hugmyndir um hve umfangið á þessu er mikið að því er varðar kostnaðinn. Gert er ráð fyrir ákveðnum þjónustugjöldum, ef ég skil málið rétt, þ.e. upptöku þjónustugjalda og þá væntanlega hjá framleiðendum til þess að standa straum af þessu.

Síðan spyr ég um starfsmennina. Ég tel þetta ákaflega mikilvægt. Hvernig sjá menn fyrir sér slík námskeið? Nú eru þessi *námskeið væntanlega stunduð í vinnutíma* starfsfólks. Er þá gert ráð fyrir því og er tryggt að starfsfólk haldi launum sínum þegar það fer á slík námskeið? Ég undirstrika að þau eru mjög mikilvæg og brýnt er að stofna til slíkra fræðslunámskeiða eins og hér er lagt til.

Ég vænti þess að ráðherra hafi hlustað á vangaveltur mínar. Þetta eru nú meira vangaveltur en athugasemdir við frv. og þætti mér vænt um að fá svör við þeim frá hæstv. ráðherra nú við þessa umræðu.

[15:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað um þetta brýna mál. Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir velti vöngum yfir því hvernig staðið væri almennt að matvælaeftirliti í landinu og minntist á mál sem verður hugsanlega til umfjöllunar síðar í dag um það að matvælaeftirlit eigi að fara undir eitt ráðuneyti.

Það er þannig í dag að matvælaeftirlitið heyrir undir þrjú ráðuneyti, þ.e. sjútvrn. sem sér um eftirlit gagnvart sjávarafurðum, landbrn. sem fer með embætti yfirdýralæknis og umhvrn. sem er með Hollustuvernd ríkisins sem sína undirstofnun. Síðan hafa sveitarfélögin einnig viðtækt eftirlit í gegnum sínar heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa. Matvælaeftirlitið hér er ekki í eðlilegum farvegi að mínu mati. Það eru of mörg grá svæði sem við þurfum að útiloka í þeirri endurskoðun sem núna á sér stað á matvælaeftirliti til framtíðar. Ég tel að uppbyggingin á matvælaeftirlitinu hafi að mestu leyti skapað grundvöll fyrir þær uppákomur sem við höfum lent í í sambandi t.d. kampýlóbaktermengun í alifuglum. Ég styð því það að matvælaeftirlitið verði einfaldað og að það verði fellt undir a.m.k. eitt eða tvö ráðuneyti, ekki þrjú eins og nú. Ég flutti tillögu þar að lútandi í ríkisstjórn fyrir ekki svo löngu síðan og þar var ákveðið að minni tillögu að fela nefnd hæstv. forsrh., nefnd um opinbera eftirlitsstarfsemi, að fara heildstætt yfir þessi mál og koma með tillögur um hvernig hægt væri að einfalda matvælaeftirlitið þannig að það yrði betra og skilvirkara.

Ég hef einnig vissar efasemdir um að eðlilegt sé að sveitarfélögin fari með heilbrigðiseftirlitið varðandi framleiðslu á matvælum. Það er alveg ljóst að stór matvælafyrirtæki og stór fyrirtæki í fámennum sveitarfélögum t.d. geta haft mjög mikil áhrif á hagsmuni íbúa þar. Það getur því verið kjörlendi hagsmunaárekstra ef sveitarfélögin fara með eftirlitið. Hins vegar er alveg ljóst að ef matvælaeftirlitið verður sameinað undir eitt ráðuneyti eða tvö þá er vandi á höndum að velja hvar það eigi að lenda. Ef við göngum út frá því að allt matvælaeftirlit fari undir eitt ráðuneyti þá er spurningin hvaða ráðuneyti það eigi að vera. Það má segja að eiginlega séu tveir skólar í gangi varðandi svarið við þeirri spurningu hvar matvælaeftirlitið eigi að lenda. Í fyrsta lagi telja sumir æskilegt að eftirlitið sé í höndum ráðuneytis sem fer með framleiðslu á matvælum. Ef það er rétt kenning þá væru það landbrn. eða sjútvrn. sem eru framleiðslutengd ráðuneyti. Aðrir segja að það sé galið að gera það, það ætti einmitt ekki að setja matvælaeftirlitið í slík ráðuneyti heldur styðja hina kenninguna, en hún segir að eftirlit eigi aldrei að vera í höndum þeirra sem eru tengdir framleiðslunni eða gæta hagsmuna þeirra sem eru í framleiðslunni. Samkvæmt seinni kenningunni ætti eftirlitið því frekar að vera hjá umhvrn. eða heilbrrn., jafnvel viðskrn. sem fer með neytendamál í landinu.

Nefnd hæstv. forsrh. hefur ekki skilað af sér sínum tillögum til ríkisstjórnar þannig að á þessu stigi er of snemmt að segja hver niðurstaðan verður, en sú er hér stendur styður a.m.k. það að matvælaeftirlitið verði einfaldað af því að það hefur ekki verið í eðlilegum farvegi hingað til.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi einnig til mín spurningum um þetta frv., í fyrsta lagi varðandi þá vinnu sem nefnd undir forustu umhvrn. skilaði af sér þar sem ætlast var til þess að þrjú ráðuneyti skiluðu af sér umfangsmiklum aðgerðum til að stemma stigu við útbreiðslu kampýlóbakter. Svarið við því er að heilbrrn. hefur skilað til þingsins frv. til *sóttvarnalaga þar sem ráðuneytið er að uppfylla þær tillögur* sem nefndin kom fram með og það er til vinnslu í þinginu.

Nú erum við í umvhrn. að skila af okkur þessu lagafrv. Landbrn. hefur skilað af sér öllu sínu. Landbrn. átti að fara yfir nokkrar reglugerðarbreytingar og það er búið að endurskoða reglugerðirnar og setja nýjar þannig að ráðuneytin hafa öll verið að skila þeirri vinnu sem til var ætlast. Eitt stendur út af á þeim langa lista af aðgerðum sem við höfum verið að fara í og það er að ekki er búið að setja ný lög og ekki búið að koma fram með frv. um „súnósur", þ.e. frv. um dýrasjúkdóma sem geta borist í menn. Sú vinna er eftir og það er verið að skoða núna hvernig nefndaskipan getur verið til þess að fara í þá umfangsmiklu vinnu, en hún tengist öllum þessum ráðuneytum. Það frv. mun væntanlega koma hér inn í haust. Þetta eru heildstæð lög og það er talsverð vinna eftir við þetta. Við höfum ekki áhyggjur þó að frv. sé ekki komið fram, en að sjálfsögðu munum við vinna það.

Eins og ég sagði áðan höfum við ekki frá því í byrjun mars verið að sjá kampýlóbaktersýkingar í ferskum kjúklingum, þetta er því allt á réttri leið. Við eigum reyndar eftir erfiðustu mánuðina sem eru sumarmánuðirnir, þar sem rannsóknir sýna að þá er líklegast að kampýlóbaktermengun verði. En við vonum auðvitað að þessar aðgerðir okkar muni leiða til þess að við séum nánast búin að útrýma kampýlóbakter, þó mér skiljist að kampýlóbakter verði reyndar aldrei alveg útrýmt úr umhverfinu en við getum náð honum niður í nánast núll í matvælum.

Aðrar spurningar frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur gengu út á námskeiðin sem við erum að heimila í þessu frv. að setja reglur um. Í fyrsta lagi hvort fyrirtækin eigi að borga þessi námskeið, þá tel ég eðlilegt að fyrirtækin geri það. Mér finnst eðlilegt að fyrirtæki sem er að ráða til sín starfsfólk í viðkvæma matvælaframleiðslu borgi menntun starfsmanna sinna þannig að starfsmennirnir uppfylli lágmarkskröfur um þekkingu á meðferð matvæla. Það er ekki búið að kanna þennan kostnað, hvað þetta getur kostað fyrirtækin, það er ekki búið að gera það.

Varðandi það hvort starfsmennirnir verði á fullum launum þá geri ég fastlega ráð fyrir að fyrirtækin haldi námskeiðin annaðhvort í vinnutíma eða í versta falli á kvöldin, og það verði hluti af starfinu að þjálfa upp starfsmenn. Það er hugsanlegt og eðlilegt að þessi námskeið verði haldin í samráði við heilbrigðiseftirlitssvæðin og Hollustuvernd ríkisins. Reynt verði að útbúa efni, einfalt og gott fræðsluefni sem

hægt er að nota í matvælafyrirtækjum og að fyrirtækin sjái til þess að starfsmennirnir hafi til að bera lágmarksþekkingu til að geta höndlað matvæli með ásættanlegum hætti. Ég held að mjög brýnt sé fyrir fyrirtækin að þau fari í þessa vinnu og ég held reyndar að það hafi verið ákveðinn lærdómur sem við gátum dregið af þeirri uppákomu sem varð hér í haust varðandi kampýlóbaktermengun í alifuglum, ég held að fyrirtæki og framleiðendur hafi dregið ákveðinn lærdóm af því og séu núna að standa sig miklu betur í framleiðslunni en við höfum séð áður.

[15:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir skýr svör við þeim spurningum sem fram hafa komið. Það er út af fyrir sig slæmt að menn hafi ekki áttað sig á þeim kostnaði sem er í kringum þetta eða hvort einhver hætta sé á að þetta fari út í verðlagið, nóg er nú samt, en mér finnst það mikilvægt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að það er hennar skoðun, og þá hlýtur reglugerðinni að vera hagað með þeim hætti að starfsmenn missi einskis í launum við að fara á slík námskeið og þau verði að fullu kostuð af viðkomandi aðilum eða framleiðendum og það er auðvitað mjög eðlilegt.

Síðan fagna ég því einnig sem fram kom í máli hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur að það er skoðun hennar að einfalda þurfi matvælaeftirlitið í landinu. Ég er innilega sammála henni að mjög brýnt sé að gera það og treysti því að ráðherrann beiti sér þá fyrir því, eins og hún nefndi hér. Mín skoðun er að þetta eigi að heyra undir eitt ráðuneyti, ég held að það sé affarasælast að eitt ráðuneyti beri ábyrgð í þessum efnum en ekki sé verið að dreifa málaflokknum yfir á fleiri ráðuneyti og manni finnst svona fljótt á litið að umhvrn. hljóti að koma sterklega þar inn.

Það er auðvitað mjög slæmt og er kannski engin nýjung að matvælaeftirlitið, eins og hæstv. ráðherra upplýsti, er ekki í góðu horfi og það séu of mörg grá svæði. Á því er mjög brýnt að taka með miklum hraði vegna þess að við getum ekki búið við það að matvælaeftirlitið í landinu sé í slæmu ástandi.

[15:34]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, gráu svæðin eru of mörg, en þeim fer ört fækkandi eins og t.d. með þessu frv. En varðandi það að færa matvælaeftirlitið undir einn hatt eða tvo þá styð ég það heils hugar og flutti um það tillögu í ríkisstjórninni. Ég tel að það komi mjög vel til greina að tengja slíka uppstokkun við frekari uppstokkun innan stjórnkerfisins milli ráðuneyta. Það kemur því alveg til greina að það verði skoðað í einhverjum stærri pakka.

Erlendis er búið að sameina matvælaeftirlitið í nágrannalöndum okkar, í Noregi er það reyndar tvískipt, það er annars vegar sjávarútvegurinn og hins vegar rest, má segja. Og ég hef fundið fyrir ákveðnum vangaveltum innan sjávarútvegsins hér hvort ekki ætti að halda matvælaeftirlitinu gagnvart sjávarútveginum sér af því hann er svo sérstakur hérna hjá okkur, við erum háð útflutningi á fiskafurðum, það er því hugsanlegt að þetta lendi í tveimur ráðuneytum. En það kemur líka mjög vel til greina að færa allt matvælaeftirlitið undir eitt ráðuneyti. Ég er alveg tilbúin til að ganga í þá uppstokkun með opnum huga og ég taldi það vera það brýnt mál að ég lagði til í ríkisstjórninni að matvælaeftirlitið yrði einfaldað. Við verðum svo að sjá hver niðurstaðan verður um hvar matvælaeftirlitið lendir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:36]

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 258. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 961; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 962.

Bifreiðagjald, 219. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 963; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 964.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 286. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 960.

Vörugjald af ökutækjum, 385. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 959.

Landmælingar og kortagerð, 1. umr.

Stjfrv., 555. mál. — Þskj. 857.

[15:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Með frv. því sem ég mæli hér fyrir, um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð, nr. 95/1997, með síðari breytingum, eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um landmælingar og kortagerð og mun ég gera grein fyrir þeim hér.

Lagt er til að stjórn Landmælinga Íslands verði lögð niður og forstjóra stofnunarinnar verði falin þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar hefur haft samkvæmt gildandi lögum, en þau eru að móta stefnu stofnunarinnar og hafa eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu í samræmi við markmið laganna. Eru breytingarnar í samræmi við mótaða stefnu í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, um ábyrgð forstjóra í rekstri ríkisstofnana.

Af hálfu umhvrn. hefur verið unnið markvisst eftir þessari stefnu þannig að forstjórum stofnana sem heyra undir ráðuneytið er falin sú ábyrgð sem stjórnir þeirra höfðu áður. Sem dæmi má nefna að með lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, var stjórn Hollustuverndar ríkisins lögð niður og forstjóra falið það vald sem stjórnin hafði haft og með lögum nr. 169/1998, um breytingu á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, var stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands lögð niður og forstjóra fengin þau verkefni sem henni höfðu verið falin.

Þá er í frv. kveðið á um ný verkefni Landmælinga Íslands. Lagt er til að eitt af verkefnum Landmælinga Íslands verði fjarkönnun, en í því verkefni felst öflun, úrvinnsla og miðlun gagna á sviði loft- og gervitunglamynda af landinu. Í fjárlögum fyrir árið 2000 var samþykkt að veita 4,5 millj. til Landmælinga Íslands vegna fjarkönnunar og hefur nú þegar verið ráðið í eitt stöðugildi hjá stofnuninni til að sinna þessu verkefni.

Landmælingum Íslands ber í tengslum við fjarkönnun að hafa samráð við hlutaðeigandi aðila sem að þessum málum koma, svo sem Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands, Orkustofnun og sveitarfélögin. Stofnunin mundi því sinna því hlutverki fyrst og fremst að vera sameiginlegur vettvangur ríkisstofnana og sveitarfélaga sem nota eða hyggjast nota fjarkönnunargögn og skal stofnunin hafa að leiðarljósi að

stuðla að umhverfisvöktun með reglubundinni loftmyndatöku og notkun gervitunglagagna.

Landmælingum Íslands er einnig falið það hlutverk að miðla upplýsingum um örnefni í samráði við Örnefnastofnun Íslands, auk þess að annast kortlagningu örnefna eins og stofnuninni ber að gera samkvæmt gildandi lögum. Þá ber Landmælingum Íslands að annast skráningu og miðlun upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn af Íslandi sem eru í eigu íslenska ríkisins. Hér er fyrst og fremst átt við mælingar, punktlýsingar, prentuð kort, stafræn kort, hæðarlíkön, loftmyndir og gervitunglamyndir. Mikilvægt er að skráning og miðlun þessara upplýsinga séu á einni hendi svo þær séu aðgengilegar fyrir notendur og er eðlilegt að Landmælingum Íslands verði falið það hlutverk.

Ekki er með þessu verið að leggja til að stofnunin geymi þessar upplýsingar, heldur viti hvar þær er að finna til þess að hægt sé að fá upplýsingar á einum stað. Þau gögn sem hér er um að ræða er að finna hjá mörgum stofnunum í dag og hafa Landmælingar Íslands í samvinnu við LÍSU-samtökin, sem eru samtök um landfræðileg upplýsingakerfi á Íslandi, þegar hafið skráningu og miðlun upplýsinga á vefnum.

Verkefni sem tengjast fyrirhugaðri Landskrá fasteigna hafa verið til umfjöllunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum en henni er ætlað að vera samhæft gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Með endurskoðun á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, og lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, sem nú stendur yfir er lagður grunnur að Landskrá fasteigna.

Í tengslum við að komin verði á Landskrá fasteigna er lagt til að starfandi verði sérstakir mælingamenn sem fá þá vottun til starfa sem slíkir. Landmælingamenn skulu hnitasetja eignamörk landa og lóða en fyrirhugað er að allt landið verði hnitasett. Þegar hefur verið sett reglugerð um landshnitakerfi og viðmiðun allra mælingakerfa í landinu og nokkur sveitarfélög hafa þegar hafist handa við hnitasetningar lóða og eignarlanda, t.d. í Reykjavík. Hér er um mjög mikilvægt hlutverk að ræða sem á að tryggja að þær upplýsingar sem skráðar verða í Landskrá fasteigna séu réttar hvað varðar eignarmörk landa og lóða.

Lagt er til að mælingarmenn uppfylli ákveðnar hæfniskröfur, enda er þeim falið mikilvægt hlutverk eins og hér hefur verið lýst. Komið hefur fram að nauðsynlegt sé að fagaðili hafi umsjón með vottun mælingamanna og störfum þeirra og er í frv. gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands hafi það verkefni með höndum, enda verður að telja að stofnunin sé best til þess fallin að sinna því hlutverki.

Að lokum er lagt til í frv. að heimild Landmælinga Íslands til gjaldtöku verði gerð skýrari, þannig að ótvírætt sé fyrir hvaða efni og þjónustu stofnunin hafi heimild til að taka gjöld. Lagt er til að Landmælingar Íslands setji sér sjálf gjaldskrá vegna þeirrar starfsemi sem er í samkeppnisrekstri. Ekki er gerð krafa um staðfestingu ráðherra, heldur mundi stofnunin sjálf gefa gjaldskrána út. Telja verður óeðlilegt að samþykki ráðherra þurfi fyrir slíkum gjaldskrám, enda mundi slík krafa vera beinlínis samkeppnishamlandi. Þær gjaldskrár sem hér um ræðir lúta eftirliti samkvæmt samkeppnislögum.

Hæstv. forseti. Ég hef rakið meginefni frv. og ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

[15:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um landmælingar og kortagerð. Ég vil í upphafi láta í ljós þá skoðun mína að með frv. sé verið að stíga metnaðarfull og framsýn skref. Ég tel að þarna sé verið að taka inn í verkefnasvið Landmælinga Íslands ný verkefni sem fyllilega er ástæða til að bæði skerpa á og finna stoð í lögum og ljóst hverjir eigi að taka á þeim og með ákveðinni metnaðarfullri sýn. Ég vil því láta í ljós ánægju með þá sýn sem þar kemur fram.

Ég vil líka láta í ljós ánægju með þá breytingu að fella niður stjórn í Landmælingum Íslands. Það stjórnsýslulega rugl sem kom upp fyrir nokkrum árum, að skipa stjórnir fyrir A-hluta ríkisfyrirtæki, átti sér varla neina réttarlega stöðu. Eins og hér er líka vikið að í frv. að varðandi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eru þær kvaðir og ábyrgðir sem þeir bera á A-hluta stofnunum ríkissjóðs alveg skýrar. Því var verið að flækja mál og skapa stjórnsýslulega óvissu með því að skipa stjórnir yfir slíkum stofnum með einhverju framkvæmda- og ráðstöfunarvaldi.

Ég tel þannig að þarna sé stigið mjög skynsamlegt skref. Forstöðumaðurinn er svo ábyrgur gagnvart ráðherra og Alþingi fyrir þeim verkefnum sem honum er trúað fyrir. Hann getur haft fagmenn, fagstjórn og fagdeildir sér til aðstoðar í því. Ég hefði m.a. viljað benda hæstv. umhvrh. á að hún hefði átt að koma þessum skoðunum sínum á framfæri, t.d. þegar verið var að endurgera Byggðastofnun og færa hana undir iðnrn. með skipan stjórnar sem á sér vart heldur neina stjórnsýsluréttarlega stöðu. Þar hefði verið eðlilegra að hafa bara framkvæmdastjóra því að stofnunin heyrir hvort eð er beint undir ráðherrann sem slík og stjórnin því marklítil. Ég vil bara benda hæstv. umhvrh. á að taka samráðherra sína í kennslustund í stjórnsýslulegri stöðu stjórna og forstjóra.

Ég vil líka vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að þessi stofnun taki að sér aukin verkefni og geti líka aflað sér tekna á grundvelli verka sinna. Ég tel ekkert óeðlilegt að ríkisstofnun sem þessi, sem hefur ákveðnar skyldur, ákveðin verkefni og einnig ákveðna þjónustuskyldu, ákveðna sölu- og markaðsskyldu á sínum verkum, fái lagalega umgjörð til að selja vöru sína og þjónustu. Ég tel að huga þurfi að því að sú umgjörð sé sem eðlilegust og best þannig að starfsemin þar líði ekki fyrir. Ég vil í því sambandi benda á lögin um virðisaukaskatt varðandi rekstur á ríkisstofnunum. Þar hafa verið mörg óvissuatriði varðandi rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum og meðferð virðisaukaskatts.

Ég vil út frá fyrri reynslu benda hæstv. ráðherra á að huga vandlega að því að rekstrarumhverfi ríkisstofnana sé gert sem liðlegast þannig að ekki sé hlaupist undan málinu með því að setja hf. fyrir aftan og selja síðan eða einkavæða vegna þess að stofnunin hafi ekki fundið eðlilega rekstrarfarveg innan síns lagaramma. Ég hvet því hæstv. umhvrh. til að tryggja þetta rækilega þannig að ráðuneytið og stofnunin fái það ekki á sig að nauðsynlegt verði að „háeffa“ hana innan nokkurra ára.

Herra forseti. Þetta voru ábendingar mínar varðandi frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 858.

[15:49]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir, um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, er að stofni til samið af nefnd sem ég skipaði 23. nóvember sl. og fékk það hlutverk að endurskoða ákvæði um hreindýraveiðar í lögunum, þ.e. 14. gr. þeirra.

Nefndinni var sérstaklega ætlað að gera tillögur um skipan hreindýraráðs, þar sem m.a. skyldi tekið tillit til náttúrufræðilegrar þekkingar innan ráðsins, um fyrirkomulag rannsókna og vöktunar stofnsins, úthlutun og skiptingu veiðiheimilda, stjórn veiða, sölu veiðileyfa, gjaldtökuheimildir, arðsúthlutun og reglur um vanhæfi þeirra sem starfa að þessum málum. Enn fremur var nefndinni ætlað að fjalla um framkvæmd laganna frá gildistöku þeirra 1. júlí 1994 og gera tillögur með hliðsjón af því.

Nefndin var skipuð í kjölfar funda sem ég átti sl. sumar með ýmsum aðilum sem tengjast hreindýraveiðum. Á þeim fundum kom fram að brýnt væri að endurskoða ýmis atriði tengd veiðunum.

Nefndin kallaði til fundar við sig fjölda aðila í héraði sem koma að þessum málum með einum eða öðrum hætti og fulltrúa frá Skotvís. Niðurstaða nefndarinnar er sú að almennt sé góð sátt um framkvæmd laganna og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra á undanförnum árum en þó sé nauðsynlegt að skerpa á ýmsum atriðum, sérstaklega í tengslum við stjórn mála í héraði.

Helstu nýmæli frv. eru þau að í 2. mgr. 1. gr. er lagt til að leyfisgjald sem ráðherra ákveður árlega skuli auk þess að renna til reksturs hreindýraráðs einnig renna til vöktunar á hreindýrastofninum. Rannsóknir á hreindýrastofninum verða því ekki kostaðar af leyfisgjaldi enda vandséð að hægt sé að tengja rannsóknir og veiðar saman með þeim hætti. Fé til rannsókna á hreindýrastofninum verður því að koma til með öðrum hætti.

Í þessu tilviki er rétt að benda á að í fjárveitingum til veiðistjóraembættisins á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 3 millj. kr. framlagi til rannsókna á hreindýrastofninum og hefur veiðistjóri samið við Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað um framkvæmd rannsóknarinnar.

Í 3. mgr. 1. gr. er lögð til sú breyting á skipan hreindýraráðs að Búnaðarsamband Austurlands hafi einn fulltrúa en ekki tvo, í staðinn komi fulltrúi Náttúrustofu Austurlands og að hann skuli vera líffræðingur að mennt. Með þessu er komið til móts við þau sjónarmið að innan hreindýraráðs sé ávallt til fagleg þekking. Enn fremur er lögð til sú breyting að fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands eigi seturétt á fundum hreindýraráðs með málfrelsi og tillögurétt enda eðlilegt með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur.

Í 4. mgr. 1. mgr. er gerð grein fyrir hlutverki hreindýraráðs. Í gildandi lögum er það ekki skilgreint, heldur er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd hreindýraveiða, m.a. um hlutverk hreindýraráðs. Það er ófullnægjandi að stjórnsýslunefnd eins og hreindýraráð skuli byggja starfsemi sína á ákvæðum reglugerðar og því nauðsynlegt að kveða skýrt á um hlutverk þess, ekki síst þar sem ráðið fer með ákvörðunarvald í vissum málum. Gerð er tillaga um meginhlutverk ráðsins og er þar um tæmandi upptalningu að ræða þótt gert sé ráð fyrir nánari útfærslu í reglugerð. Lagt er til að hreindýraráð hafi með höndum framkvæmd mála fyrir hönd umhvrh., annist sölu veiðileyfa og hafi ekki heimild til að framselja þá heimild, geri tillögu um veiðikvóta og skiptingu hans, sjái um eftirlit með hreindýraveiðum og ráði til þess eftirlitsmenn, sjái um úthlutun arðgreiðslna og skiptingu arðs af veiddum dýrum og afurðum felldra dýra. Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð með nánari útfærslu á þessum þáttum. Þá er enn fremur lagt til að vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, gildi um þá sem sitja í hreindýraráði eða annast eftirlit með hreindýraveiðum. Ef vanhæfisreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem gilda um ríkisstarfsmenn, ættu að gilda um þessa starfsemi yrði nánast ógjörningur að skipa menn úr héraði í hreindýraráð eða ráða menn til eftirlits. Önnur skipan mála mundi því kalla á utanaðkomandi aðild að hreindýraráði og eftirliti með hreindýraveiðum og færi annars vegar gegn því markmiði að stjórn mála sé í héraði og hins vegar ykist kostnaður af eftirliti með veiðunum. Eins og málum er háttað er óraunhæft að gera ráð fyrir að vanhæfisreglur stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gildi um þessa starfsemi.

Það er líka nýmæli í 1. gr. að gert er ráð fyrir að hreindýraráð eða eftirlitsmenn á vegum þess geti svipt viðkomandi veiðileyfi með aðstoð lögreglu ef á þarf að halda, brjóti veiðimenn ákvæði laganna eða reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Eins og ég hef áður nefnt hefur veiðistjóri gert samning við Náttúrufræðistofnun Austurlands í Neskaupstað um rannsókn og vöktun á hreindýrastofninum. Í dag er ekki að finna í lögunum sérstaka heimild fyrir veiðistjóra til að gera slíka samninga þótt ekkert útiloki það heldur.

Í lokamálsgrein 1. gr. er lagt til að fest verði í lög að veiðistjóra sé heimilt með samningi, sem umhverfisráðherra staðfestir, að fela þar til hæfum aðila framkvæmd vöktunar og rannsókna á hreindýrastofninum. Eðlilegt er að Náttúrufræðistofa Austurlands sérhæfi sig í vöktun og rannsóknum sem bundnar eru því svæði sem hún starfar á.

Í ákv. til brb. er lagt til að ný reglugerð um veiðarnar öðlist gildi ekki síðar en í upphafi nýs veiðitímabils sem hefst 20. júlí n.k. og enn fremur að frá sama tíma öðlist gildi reglugerð um skiptingu arðs af veiðunum. Ég mun, nái þetta frv. fram að ganga, fela þeirri nefnd sem vann að frv. að gera tillögur um þær reglugerðir.

Tvennt vil ég að lokum minnast á. Annars vegar það að nái frv. fram að ganga á þann hátt að hreindýraráð taki að sér alla stjórn mála í héraði mun afskiptum einstakra sveitarfélaga á svæðinu ljúka, svo sem af skiptingu veiðileyfa og arðs. Það ætti að leiða til samræmis í stjórnsýslu á svæðinu. Hins vegar ætti að vera hægt að taka fyrr ákvörðun um úthlutun og sölu veiðileyfa, jafnvel ár eða lengra fram í tímann með þessu nýja og breytta kerfi. Þær rannsóknir sem þegar eru hafnar á vegum Náttúrustofu Austurlands á hreindýrastofninum ættu einnig að auðvelda það.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hæstv. umhvn.

[15:56]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég átti sæti í nefndinni sem undirbjó þetta frv. og hæstv. umhvrh. hefur nú rakið efni þess í stórum dráttum. Ég tel að þetta frv. horfi til bóta að flestu leyti og

að í frv. sé að finna mikilvægar úrbætur á tilhögun hreindýraveiða, hlutverki hreindýraráðs og vöktun á hreindýrum. Frv. er að mestu samhljóða áliti nefndarinnar en þó hefur einu atriði verið breytt í framlagningu umhvrn. frá því sem nefndin lagði til og var sammála um. Ég hef þess vegna fyrirvara við frv. og vil gera grein fyrir honum.

Nefndin lagði til að Náttúrustofu Austurlands yrði með lögum falið það hlutverk að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum og gera veiðistjóraembættinu og Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir þeim rannsóknum, þ.e. að tengingin milli þessara stofnana væri á þann veg. Þetta var gert í ljósi þess að þarna væri verið að flytja verkefni til rannsóknastofnunar í héraði, á staðbundnum stofni sem heldur sig á því svæði sem Náttúrustofa Austurlands hefur starfað á, þ.e. stjórn væri flutt heim í hérað.

Ég vil hafa fyrirvara við þetta atriði. Ég vildi gera grein fyrir því hér við 1. umr. málsins og vísa því til hv. umhvn. að skoða þetta ákvæði í starfi nefndarinnar eins og önnur ákvæði frv. að sjálfsögðu. Þó að frv. hafi verið undirbúið af nefnd á það að sjálfsögðu eftir að fá þinglega meðferð. Ég styð öll önnur ákvæði frv. en hef þennan fyrirvara.

Hér stendur reyndar í athugasemdum frv. að æskilegt sé að Náttúrustofa Austurlands sérhæfi sig í vöktun og rannsóknum sem bundnar eru því svæði sem henni er ætlað að starfa á. Og það er gert ráð fyrir að þessi vöktun sé fyrst og fremst ákveðin á grundvelli veiðiþols sem er afskaplega mikilvægt atriði. Allur umgangur um þennan dýrastofn og öll meðferð á honum verður náttúrlega í auknum mæli að byggjast á rannsóknum. Náttúrustofan hefur þegar ráðið sérfróðan mann í þessar rannsóknir og gert samning við hann. Þannig breytir það í sjálfu sér ekki ástandi dagsins í dag þó að frv. verði samþykkt en upp á framtíðina finnst mér, og nefndin sem undirbjó frv. var sammála um það, að festa ætti þetta í sessi með lögum.

Ég vildi gera grein fyrir þessu við umræðuna þannig að hv. umhvn. viti afstöðu mína í þessu efni.

[16:01]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi taka undir meginhluta þess frv. sem er til umræðu. Ég tel það vera til bóta að meginhluta og um leið til einföldunar og það festir í sessi ákveðna hluti sem nauðsyn ber til.

Þó eru nokkur atriði sem ég vil gera athugasemdir við. Ég vil í fyrsta lagi taka undir með hv. þm. Jóni Kristjánssyni um það atriði sem breytt er í þessu frv. frá því sem sú nefnd, sem hæstv. ráðherra skipaði til að gera tillögur að þessu frv., gerði tillögu um, þ.e. að Náttúrustofa Austurlands annist vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum, það ákvæði verði fest í lög en það verði ekki áfram hjá veiðistjóra, og síðan sé sett inn klásúla um heimild til veiðistjóra um að gera samning við annan aðila um að annast þetta. Mikilvægt er að hafa traustar stoðir undir stofnun eins og náttúrustofurnar. Hér er um verkefni að ræða sem er bundið við þann landshluta sem Náttúrustofa Austurlands starfar í og því eru öll rök í málinu til þess að það verði fest í lög að þetta verði hlutverk stofunnar.

Ég vænti þess að umhvn. muni skoða málið nákvæmlega, fara yfir röksemdir nefndarinnar sem komu upphaflega af samningu málsins og kanni síðan þau rök sem væntanlega liggja fyrir því að breyta frá áliti nefndarinnar. En ég treysti því að nefndin komist að sömu niðurstöðu og sú nefnd sem kom upphaflega að málinu.

Herra forseti. Það eru örfá atriði til viðbótar sem ég vildi koma að. Það er í fyrsta lagi varðandi skipun stjórnar. Mér finnst vera örlítil spurning hvort eðlilegt sé að Náttúrustofa Austurlands eigi þar fullgildan stjórnarmann vegna þess að meginhlutverk náttúrustofunnar er sérfræðiráðgjöf, rannsóknir og vöktun. Það er spurning hvort það fari saman að vera með fullgildan stjórnarmann með það hlutverk. Ég held að eðlilegt væri að umhvn. skoðaði það sérstaklega og einnig það sem ég tel eðlilegt að sé skoðað í þessu samhengi líka vegna þess að hreindýraveiðarnar eru og geta verið að mínu mati mikilvægur þáttur í ferðamennsku á Austurlandi. Þess vegna ætti að skoða hvort ekki sé eðlilegt að ferðamálasamtök Austurlands eigi jafnvel fulltrúa í stjórn hreindýraráðs.

Ég minnist þess að þegar við vorum í starfshópi fyrir margt löngu að leggja drög að tilurð hreindýraráðs var m.a. sú framtíðarsýn hjá okkur að hægt væri að tengja þetta miklu betur ferðamennsku og þá væri jafnvel innifalið í ferðapökkunum að fara á hreindýraveiðar. Ég er sannfærður um að með réttri markaðssetningu er hægt að auka þetta. Þá vil ég velta upp til athugunar fyrir umhvn. því sem segir í 1. gr. sem fjallar um hlutverk hreindýraráðs en í b-lið segir: „að sjá um sölu veiðileyfa og er ráðinu óheimilt að framselja þá heimild". Ég held að nauðsynlegt sé að kanna seinni hluta þessarar setningar. Það er eðlilegt að hreindýraráðið eigi að sjá um sölu veiðileyfa en í samhengi við ferðamennsku. Þá er spurning hvort hreindýraráðið eigi ekki að hafa heimild til að framselja þetta ákveðnum völdum aðilum, m.a. í tengslum við að verið sé að selja ákveðna ferðapakka þar sem í væru heimildir til hreindýraveiða.

Herra forseti. Þetta voru þau atriði sem ég taldi nauðsynlegt á þessu stigi að koma á framfæri og ég trúi því og treysti að umhvn. muni skoða þetta gaumgæfilega og vonandi komast að þeirri niðurstöðu sem reynist okkur best til framtíðar.

[16:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, og lýtur það sérstaklega að hreindýrum.

Herra forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá hv. þm. Austurl., þeim hv. þm. Jóni Kristjánssyni og hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, um hlutverk náttúrustofunnar. Komið hefur fram að Náttúrustofa Austurlands hefur sem sérverkefni að annast rannsóknir á hreindýrastofninum og mér finnst og ég tek undir að það ætti að vera kveðið á um það í þessum lögum úr því að verið er að taka hreindýrin sérstaklega út eins og þarna er gert og vil eindregið hvetja til þess að það verði kannað.

Herra forseti. Þá vil ég líka vekja athygli á stofnun hreindýraráðs og hlutverki þess. Mér sýnist, herra forseti, að þarna sé verið að stofna ráð sem er með tvíþætt hlutverk. Annars vegar er þetta bara hreint samstarfsverkefni heimaaðila um sölu á veiðileyfum og framkvæmd á veiðum, úthlutun veiðileyfa, sölu og eftirlit með þeim og framkvæmd á þessum veiðum sem atvinnu. Hins vegar er um ákveðið vöktunarhlutverk að ræða, vernd.

Herra forseti. Mér finnst að þarna sé verið að blanda tvennu saman. Það ætti hreinlega að skoða að þarna yrði stofnað félag eða fyrirtæki eins og gert er ráð fyrir en meira á forsendum heimamanna, í eigu þeirra og umsjá. Ráðuneytið

ætti í sjálfu sér ekki að vera sá aðili sem fylgist með því hvernig eða hvar hvert dýr er fellt. Þetta er atvinnuvegur innan vissra marka, innan þeirra skilyrða sem honum eru ákveðin með lögum. Sá hluti finnst mér athugandi að ætti að færast í hendur þeirra sem þar hafa beinna hagsmuna að gæta í þá veru.

Hinu hlutverkinu ætti svo að finna stað í Náttúrustofu Austurlands. Þetta fyrirtæki, hreindýraráð, er samkvæmt lagafrv. að fá stöðu stofnunar. Það verður að fá kennitölu, það verður að fá fjárforræði, það verður að fá heimild til að ráða fólk og bera ábyrgð á fólki og er að selja og innheimta þjónustu. Þetta er því orðið fyrirtæki og hefði líka verið ástæða til að geta þess að heimili og varnarþing þess yrði einhvers staðar á Austurlandi.

Herra forseti. Ég ítreka og tek undir þau sjónarmið að þessi rannsóknar- og vöktunarhlutverk ættu að vera skýrari á vegum náttúrustofunnar sem sveitarfélögin eiga aðild að. Stjórn hreindýraráðins. Lengi má velta fyrir sér hvernig svona ráð eru skipuð en eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson benti á ferðamálasamtökin get ég bent á Náttúruverndarsamtök Austurlands, sem þetta snertir líka mjög mikið, að þau gæti átt aðild að þessu en ég tek undir þau orð sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson hafði um það hvort náttúrustofan sem slík ætti að eiga mann í hreindýraráðinu. Hún ætti frekar að vera sá aðilinn sem gefur hreindýraráðinu ráð.

[16:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Segja má að um sé að ræða mál sem er eingöngu austfirskt mál og því ekki að undra þó þingmenn Austurlands vilji hafa skoðun á þessu máli. Ég tel þetta frv. vera að mestu leyti til bóta og heyri það t.d. á sveitarstjórnarmönnum að þeir eru ánægðir með að frá þeim skuli vera tekinn sá kaleikur að sjá um úthlutun arðgreiðslna og skiptingu arðs af veiddum dýrum og afurðum felldra dýra. Ég held að því sé vel fyrir komið hjá hreindýraráði.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Kristjánssyni og Einari Má Sigurðarsyni að ég hefði talið eðlilegra að hlutverk Náttúrustofu Austurlands væri ótvírætt inni í lagatextanum þannig að skýrt kæmi fram að það væri Náttúrustofa Austurlands sem ætti að sjá um vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og þar færi ekkert á milli mála. Eins og kemur fram í greinargerðinni hefur veiðistjóraembættið gert samning við náttúrustofuna. Fyrir því er engin trygging að Náttúrustofa Austurlands hafi áfram það hlutverk þó svo nú hafi verið gerður samningur um það þannig að ég teldi mun öruggara að hafa inni í lagatextanum ákvæði þess efnis að það skuli vera Náttúrustofa Austurlands sem sér um þessar rannsóknir.

Eitt atriði finnst mér skjóta svolítið skökku við í frv. og það er að veiðistjóri og „fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands eigi seturétt á fundum hreindýraráðs með málfrelsi og tillögurétt". Ég get ekki alveg fundið rökin fyrir því af hverju fulltrúar beggja þessara stofnana skuli sitja á fundum ráðsins. Það er auðvitað svo að þegar hreindýraráð fundar, á það að geta kallað til þessa sérfræðiaðila, sem er veiðistjóri og fulltrúar frá Náttúrufræðistofnun ef þess þykir þurfa við umfjöllun um mál sem eru hjá hreindýraráðinu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að væntanlega í hvert skipti sem hreindýraráð heldur fundi, og vonandi á Austurlandi, þurfa menn að fljúga sunnan úr Reykjavík og norðan af Akureyri til þess að vakta það sem fram fer á fundum ráðsins. Ég get ekki séð rök fyrir þessu og tel þetta einungis vera til kostnaðarauka og það verði þá minna eftir af því fé sem kemur inn fyrir veiðileyfin til þess að úthluta til bænda og þeirra sem fá arð af þessum veiðum.

Ég bið hv. umhvn. að íhuga mjög gaumgæfilega hvort ástæða sé til þess að auka þennan kostnað sem fylgir augsýnilega þessari ráðstöfun.

Ég tek undir að hugsanlega þurfi að skoða betur vinkil varðandi ferðaþjónustuna og reikna með því að umhvn. geri það. Þar hafa gjarnan verið mál sem menn vilja skoða í tengslum við ferðaþjónustu. Ég reikna með því að umhvn. bregðist ekki í þessu máli frekar en öðrum málum sem hafa komið til hennar. Að síðustu vil ég leggja áherslu á það við umhvn. að hún fari yfir það að umfangið varðandi stjórnsýsluna í þessum málaflokki verði ekki það mikið að kostnaðurinn taki upp þann arð sem er annars af þessum veiðum.

[16:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa átt sér stað í dag um þetta mál. Mér heyrist vera mikil samstaða og einhugur um málið. Það hafa einungis komið fram smávægilegar athugasemdir að mínu mati, enda tel ég að nefndin sem undirbjó þetta frv. hafi unnið afar vel. Sú er hér stendur reyndi að gera engar breytingar á þeirri nefndarvinnu nema eina smávægilega sem þó hefur talsvert verið til umræðu í dag.

Þessi málefni, hreindýraveiðar, hafa lengi verið mikið deiluefni á Austurlandi. Ég varð vör við það á ferðum mínum um Austurland í sumar þar sem ég hitti aðila sem koma að þessum málum að þeim lá mjög mikið á hjarta um veiðarnar. Þeir töldu að þetta væri þvílíkt hagsmunamál og sögðu af því ýmsar sögur eins og t.d. að rifrildi um hreindýraveiðarnar hefðu nánast klofið hjónabönd, valdið illdeilum í fjölskyldum o.s.frv. Þess vegna fagna ég því ef við erum að ná nokkuð góðri samstöðu um fyrirkomulag þessara veiða. Að vísu á eftir að semja reglugerð og það getur vel verið að það hvíni í einhverjum þegar sú reglugerð verður samin. En ég varð það ánægð með nefndina sem samdi frv. að verði það að lögum mun ég fela þeirri nefnd reglugerðarsmíði þá sem fyrir höndum er varðandi skiptingu arðs af veiðunum.

Sérstaklega hafa komið fram í máli manna athugasemdir um þátt Náttúrustofu Austurlands. Mig langar því að fara nokkrum orðum um það mál því það er það eina sem ég breytti í þeim texta sem kom frá nefndinni. Í tillögu þessarar nefndar frá 16. þessa mánaðar eru lagðar til breytingar á 14. gr. laganna sem fjalla um hreindýr. Þar var lagt til að Náttúrustofu Austurlands væri fengið það lögbundna hlutverk að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum í stað veiðistjóra sem samkvæmt gildandi lögum fer með það hlutverk.

Náttúrustofur sem starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, gegna hvorki stjórnsýsluhlutverki né hafa föst lögbundin verkefni. Því orkar tvímælis að festa í lög tiltekið verkefni einnar náttúrustofu eins og gerð var tillaga um. Það mundi kalla á breytingar á starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands, samanber lög nr. 60/1992, og veiðistjóra, samanber lög nr. 64/1994. Því tel ég fremur óeðlilegt eins og málum er háttað að gera þessa breytingu. En ég vil benda á það sérstaklega hér að umhvrn. mun á næstunni hefja vinnu við endurskoðun laga nr. 60/1992, að því er varðar starfsemi náttúrustofa og verður

við þá endurskoðun hægt að líta á þetta mál í heild út frá hlutverki og verkefnum náttúrustofa. Ég tel því eðlilegt að við höfum þann háttinn á að veiðistjóri geri þjónustusamninga við Náttúrustofnun Austurlands um hreindýrarannsóknir. Ég styð það því að Náttúrustofa Austurlands sinni þessu verkefni en með annarri nálgun en hv. þingmenn sem hér hafa rætt málið sjá fyrir sér. Ég sé ekki annan aðila sem getur farið í samkeppni við Náttúrustofu Austurlands um þetta verkefni. Ég sé ekki annan hæfan aðila í augnablikinu sem gæti tekið þetta verkefni til sín í gegnum þjónustusamninga annan en Náttúrustofu Austurlands.

Hér hefur það líka verið nefnt að markaðssetja mætti hreindýraveiðar betur í tengslum við ferðaþjónustuna. Ég vildi sannarlega taka undir það. Einn hvati til að breyta þessum lögum var einmitt sá að skapa grundvöll fyrir aukinni ferðaþjónustu tengdri hreindýraveiðunum vegna þess að hreindýraráð úthlutar nú öllum veiðunum í staðinn fyrir að sveitarfélögin geri það og framselji síðan leyfin aftur til hreindýraráðs eftir ákveðnu ferli. Það skapaði töf. Í þessu nýja kerfi mun hreindýraráð úthluta öllum leyfunum þannig að hægt er að gera það miklu fyrr. Menn geta þá, fái þeir leyfi, tengt þau leyfi við ferðaþjónustu og þannig væri hægt að auka virðisauka á Austurlandi tengdan ferðaþjónustunni.

Hér hefur orðið nokkur umræða um fulltrúana í hreindýraráði. M.a. komu fram hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur vissar efasemdir um að fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands og veiðistjóri ættu að vera áheyrnarfulltrúar í hreindýraráði. Ég tel eðlilegt að þessir tveir aðilar hafi rétt til að mæta á fundina sem áheyrnarfulltrúar. Það er ekki skylda að mæta á fundina. En vegna þeirra lögbundnu hlutverka sem báðir þessir aðilar hafa tel ég eðlilegt að þeir hafi rétt til að sitja fundi hreindýraráðs.

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og ég vona að frv. nái fram að ganga núna fyrir þinglok þar sem ég tel að það sé talsvert hagsmunamál fyrir Austfirðinga og reyndar þjóðina alla að við getum farið að nýta okkur þessar nýju reglur strax við úthlutun veiðileyfa í sumar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 1. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 859.

[16:23]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, er samið í umhvrn. í nánu samstarfi við sjútvrn. Frv. er lagt fram til að fullnægja þeim skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist vegna samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, oftast nefndur CITES-samningurinn. Samningurinn var gerður í Washington 3. mars 1973 og hefur honum verið breytt tvisvar. Fyrri breytingin er kennd við Bonn og var gerð 22. júní 1979 og hin síðari Gaborone þann 30. apríl 1983. En hún hefur ekki enn öðlast gildi.

Tilgangur CITES-samningsins er að koma í veg fyrir verslun með dýr eða plöntur í útrýmingarhættu eða ef slík hætta vofir yfir ef viðskipti með þau halda áfram. Samningurinn nær ekki einungis til dýra og plantna heldur einnig afurða af þeim.

Samningurinn hefur síðan hann tók gildi árið 1975 haft mikil áhrif til aukinnar verndunar lífríkisins og aukið talsvert líkur á að unnt verði bjarga fjölmörgum tegundum sem nú eru í útrýmingarhættu eða nálægt því.

CITES-samningurinn byggir á því að viðskipti milli landa með dýr og plöntur í útrýmingarhættu eða ef slík hætta vofir yfir ef viðskipti halda áfram eru bundin reglum um inn- og útflutningsleyfi. Í tveimur viðaukum við samninginn eru taldar upp þær tegundir sem samningurinn nær til. Annars vegar eru tegundir í mikilli útrýmingarhættu, en þær eru taldar upp í I. viðauka og hins vegar tegundir sem minni hætta vofir yfir en nauðsynlegt er að takmarka viðskiptin með og eru þær taldar upp í II. viðauka. Nær algert viðskiptabann er með tegundir í I. viðauka en viðskipti með tegundir sem skráðar eru í II. viðauka eru háðar ströngu eftirliti. Loks hefur III. viðauki að geyma skrá yfir um 300 tegundir sem eru háðar viðskiptatakmörkunum í löggjöf einstakra ríkja.

Til að tryggja að ákvæðum CITES-samningsins sé framfylgt er mælt svo fyrir að verslun með tegundir sem undir samninginn falla sé háð sérstökum leyfum hvort sem er til innflutnings eða útflutnings. Forsenda viðskipta með tegundir í I. viðauka er að ætlið þarf bæði inn- og útflutningsleyfi stjórnvalda í viðkomandi ríkjum en verslun með tegundir í II. viðauka er ávallt háð útflutningsleyfi.

Þær tegundir sem helst falla undir CITES-samninginn eru einkum hitabeltistegundir, en helstu norrænu dýrategundirnar sem samningurinn tekur til eru ísbirnir, skógarbirnir, úlfar, gaupur og otrar auk fjölda ránfugla og uglna. Auk þess nær samningurinn yfir nokkrar tegundir hvala sem skráðar eru í I. og II. viðauka við samninginn, en Ísland hefur gert fyrirvara við samninginn vegna hvala.

Alþingi veitti með þingsályktun sem samþykkt var 14. desember 1999 ríkisstjórninni heimild til að gerast aðili að samningnum og var hann fullgiltur 3. janúar 2000. Samkvæmt ákvæðum hans á samningurinn að öðlast gildi hér á landi 2. apríl 2000. Ég vil hins vegar benda á að umhvrn. hefur í raun framfylgt ákvæðum CITES-samningsins í mörg ár með útgáfu svokallaðra CITES-vottorða þó svo Ísland væri ekki aðili að samningnum, en CITES-samningurinn gerir ráð fyrir að aðildarríkjum samningsins sé heimilt að taka við skjölum frá bærum stjórnvöldum í viðkomandi ríki séu þau í aðalatriðum í samræmi við kröfu samningsins varðandi leyfi og vottorð.

Ég mun nú, virðulegur forseti, fara yfir helstu atriði frv.

Gildissvið frv. tekur til alþjóðaverslunar með dýr og plöntur sem falla undir CITES-samninginn en einungis að svo miklu leyti sem önnur lög gera ekki strangari kröfur, t.d. um innflutning lifandi dýra. Slíkt er í samræmi við samninginn, enda gerir hann ráð fyrir að aðildarríki hans geti gert strangari kröfur um verslun með dýr og plöntur en samningurinn gerir. Lagt er til að öll verslun með dýr og plöntur sem heyra undir lögin séu leyfisskyld í samræmi við ákvæði CITES-samningsins en hann gerir eins og áður sagði ráð fyrir að sækja þurfi um sérstakt leyfi eða vottorð vegna innflutnings og útflutnings, endurútflutnings og aðflutnings úr sjó.

Í 4. gr. frv. er heimild til handa umhvrh. og sjútvrh. að setja reglugerð um atriði sem talin eru upp í greininni en frv. fellur efni sínu samkvæmt undir tvö ráðuneyti, umhvrn. og sjútvrn. hvað varðar nytjastofna sjávar.

Helstu atriðin sem lagt er til að sett verði í reglugerðir eru ákvæði um gerð þeirra leyfa og vottorða sem gefa þarf út, lista yfir þau dýr og plöntur sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við samninginn og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, hlutverk leyfisveitenda og vísindalegra stjórnvalda, eftirlit stjórnvalda með að ákvæðum laganna sé framfylgt og meðferð lifandi dýra. Lagt er til að kostnaður vegna umsókna um leyfi og vottorð greiðist af umsækjanda.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um refsingu fyrir brot gegn ákvæðum frv. og reglugerða sem settar eru með stoð í þeim. Það er í samræmi við ákvæði CITES-samningsins en samkvæmt honum skulu aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum hans, m.a. banna verslun með dýr og plöntur í útrýmingarhættu sem brjóta í bága við samninginn og gera verslun sem brýtur gegn ákvæðum samningsins refsiverða.

Hæstv. forseti. Verndun dýra og plantna í útrýmingarhættu er eitt af mikilvægustu umhverfismálunum sem þjóðir heimsins þurfa að takast á við með ábyrgari hætti en verið hefur. Nú er talið að vegna athafna mannsins fækki tegundum í lífríki jarðar um fimm á hverri klukkustund. Full aðild Íslands að samningnum og framkvæmd hans hér á landi mun að sjálfsögðu ekki ein og sér hafa mikil áhrif á þá þróun, en slíkt er þó stuðningur við hið mikla átak þjóða heims sem þarf að verða. Ég tel að þetta mál sé mikilvægt fyrir íslenska hagsmuni og alþjóðahagsmuni og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkunýtnikröfur, 1. umr.

Stjfrv., 523. mál. — Þskj. 824.

[16:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um orkunýtnikröfur sem er á þskj. 824 og er þetta 523. mál þingsins. Frv. þetta er þáttur í samræmingu íslenskrar löggjafar að evrópskum rétti í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Frv. byggist að meginhluta á tilskipun Evrópusambandsins sem er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og okkur ber að taka upp í íslenskan rétt.

Evrópusambandið hefur á undanförnum árum í samráði við framleiðendur reynt að ýta undir framleiðslu tækja með aukna orkunýtni, ýmist með samningum eða tilskipunum. Ákvæði fyrstu tilskipunarinnar á þessu sviði er um orkunýtni kæli- og frystiskápa. Í farvatninu eru fleiri tilskipanir sem kveða á um orkunýtni annarra tækja. Verði frv. þetta að lögum er iðnrh. heimilt að innleiða ákvæði slíkra tilskipana í íslenskan rétt með setningu reglugerða.

Á 117. löggjafarþingi setti Alþingi lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl., nr. 72 11. maí 1994. Í þeim lögum sem einnig byggja á tilskipunum Evrópusambandsins er kveðið á um að neytendur hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum um orkunotkun, hávaðamengun og fleira frá heimilistækjum. Á grundvelli þeirra laga hafa þegar verið settar nokkrar reglugerðir um slíkar merkingar og geta neytendur því borið saman orkunotkun þegar þeir kaupa kæli- eða frystiskápa, þvottavélar, þurrkara eða uppþvottavélar.

Tilgangur þessa frv., eins og áður nefndra laga, er að stuðla að því að orka verði notuð á skynsamlegan og hagkvæman hátt, að dregið verði úr áhrifum orkunotkunar á umhverfið með þróun og notkun orkusparandi búnaðar. Með frv. er hins vegar lagt til að gengið verði lengra í því efni en áður hefur verið gert og settar kröfur um orkunýtni tækja. Rétt er að taka fram að frv. er ekki ætlað að taka til notaðra tækja eða farartækja, svo sem bifreiða. Frv. sjálft kveður ekki á um orkunýtnikröfur einstakra tækja heldur er iðnrh. ætlað að kveða á um orkunýtni einstakra tækja í reglugerð.

Orkunýtnikröfur þessar geta verið hámarkskröfur um orkunotkun, kröfur um ákveðna hönnun eða jafnvel kröfur er varða einstaka hluta búnaðar. Kröfurnar skulu miða að því að auka nýtni á orku og koma í veg fyrir að tæki eða búnaður sem nýtir orku illa sé settur á markað. Þegar ráðherra setur kröfur um orkunýtni skal horfa til hagrænna sjónarmiða jafnt sem umhverfissjónarmiða. Kröfurnar skulu mótaðar út frá tæknilegum og efnahagslegum möguleikum á að draga úr orkunotkun.

Ég tel ekki ástæðu til að gera grein fyrir einstökum ákvæðum frv. en vísa þess í stað til skýringa í einstakar greinar þess.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu frestað.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 1. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 825.

[16:36]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 825 sem er 524. mál þingsins, um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990.

Einn helsti tilgangur frv. þessa er að taka af öll tvímæli um að iðnrh. sé heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir töku eða nýtingu ólífrænna eða lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Sambærilega heimild forsrh. er að finna í lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998, varðandi nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu. Til að koma í veg fyrir ósamræmi og óeðlilega ásókn í þær auðlindir hafsbotnsins sem lögin ná til er æskilegt að tekinn sé af allur vafi í þessu efni.

Með lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, var lögfestur eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum á, í eða undir hafsbotninum. Frá þeim tíma hefur margt breyst. M.a. hefur ásókn í efni á hafsbotni stóraukist og afstaða til umhverfisverndar er önnur en var við setningu laganna fyrir áratug síðan.

Annar helsti tilgangur frv. er að bregðast við þeirri nauðsyn að koma betri stjórnun á fyrirkomulag efnisleitar og

efnisvinnslu, svo og útgáfu leyfa til þeirra athafna. Fram til þessa hefur efnistaka á hafsbotni fyrst og fremst verið malarnám og taka skeljasands til sementsframleiðslu. Einnig hefur verið leitað að málmum þótt þeir hafi ekki fundist í vinnanlegu magni.

Lögin um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins taka til allra lífrænna og ólífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera. Í þessu felst að lögin taka einnig til olíu sem kynni að finnast innan lögsögunnar. Lögin og þær breytingar sem felast í frv. eru þó engan veginn fullnægjandi fyrir leit að olíu eða vinnslu hennar. Það mál er mun umfangsmeira og verður væntanlega sett sérstök löggjöf um leit og vinnslu olíu þegar fram líða stundir.

Helstu breytingar sem felast í frv. þessu eru tvenns konar. Önnur helsta breytingin er ákvæði 3. gr. frv. að heimila iðnrh. að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir töku eða nýtingu efna á, í eða undir hafsbotninum utan netalaga sem eru til samræmingar við ákvæði annarra sambærilegra laga. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að efnistaka á landi er undantekningalítið aðeins heimiluð gegn endurgjaldi til landeiganda og er mikilvægt að ekki skapist ójafnvægi á milli efnistöku á landi og í sjó sem skapar óeðlilega ásókn í sjávarefni eins og nú þegar ber nokkuð á.

Lagt er til að tekjum af útgáfu leyfa verði varið til hafsbotns- og landsgrunnsmála, svo sem almennra rannsókna, sérstakra olíuleitarverkefna o.fl. Þetta er gert þrátt fyrir að almennt hafi verið litið svo á að ekki séu miklar líkur á því að verðmætar auðlindir sé að finna innan lögsögu Íslands. Sú skoðun byggist þó á takmörkuðum rannsóknum og er að svo komnu máli ekki hægt að útiloka að t.d. olía eða málmar kunni að finnast þar í vinnanlegu magni. Í þeim tilgangi að ýta undir frekari rannsóknir á auðlindum hafsbotnsins er lagt til að tekjur af leyfum vegna nýtingar efna á hafsbotninum renni til þessara rannsókna.

Hin helsta breytingin eru ákvæði 4. gr. frv., að kveða skýrar á um þau efnisatriði sem fram eiga að koma í reglugerð um framkvæmd laganna bæði hvað varðar leyfi til rannsókna og vinnslu. Í þessu sambandi má benda á að mikilvægt er að þeim sem sækja um leyfi hjá stjórnvöldum sé fyrir fram ljóst hvaða gögn þurfi að fylgja umsóknum og hver séu meginefnisatriði leyfisbréfa.

Þá er og mikilvægt að leyfishöfum sé fyrir fram ljóst hvaða gögn þeir þurfi að afhenda á leyfistímanum og við lok hans, m.a. til að upplýsa um efnistökustaði, efnismagn og efnisgerð á hverjum stað, svo nokkuð sé nefnt. Slíkar upplýsingar eru t.d. grundvallaratriði til að unnt sé að fylgjast með að skilyrðum leyfisins sé fylgt, m.a. vegna umhverfissjónarmiða. Önnur ákvæði frv. eru til stuðnings þessu.

Í 2. gr. frv. er ráðherra heimilað að veita leyfishafa fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma leyfis til leitar er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt leyfi til leitar á þeim tíma. Þetta ákvæði tekur mið af því að rannsóknir á auðlindum hafsbotnsins eru kostnaðarsamar og krefjast oftast beitingar dýrs og sérhæfðs tækjabúnaðar. Rétt þykir að sá sem leggur út í slíkar rannsóknir fái nokkurn umþóttunartíma til að meta niðurstöður rannsókna sinna og gera áætlanir um vinnslu á grundvelli þeirra. Tveggja ára forgangstími að afloknum rannsóknatíma er talinn hæfilegur hámarkstími miðað við þá nýtingu efna hafsbotnsins sem stunduð hefur verið undanfarin ár og eingöngu hefur verið bundin við jarðefnatöku.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að þeir sem hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skuli halda þeim leyfum sínum í tvö ár frá gildistöku laganna. Þessi er umþóttunartími er fyrir þá sem hafa gildandi leyfi til að sækja um endurnýjun þeirra á forsendum þessara breytinga.

Herra forseti. Að lokinni umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[16:42]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt af meginefnum frv., sennilega meginefni þess, felst í 3. gr. þar sem iðnrh. er veitt heimild til að taka leigugjald fyrir nýtingu auðlinda annarra en lifandi dýra í hafsbotninum í efnahagslögsögu Íslands. Í athugasemd með lagafrv. segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Hlýtur það að teljast eðlilegt að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar."

Um þetta er ég 100% sammála hæstv. ráðherra. En ég fæ ekki skilið að þessi röksemd gangi upp ef hún á bara við það sem finnst lifandi í hafsbotninum en ekki það sem finnst lifandi fyrir ofan hann né heldur það sem finnst lifandi í hafsbotninum sjálfum. Þannig á ekki að taka gjald fyrir nýtingu á lifandi skelfiski sem er eins og allir vita í hafsbotninum. En innheimta á gjald eftir að skelfiskurinn er dauður, þ.e. þegar á að nema skeljasandsnámur t.d. fyrir sementsframleiðslu. Það sem skilur þar á milli eru landamæri lífs og dauða í þessu tilfelli og ég spyr hæstv. iðnrh.: Finnst hæstv. ráðherra það eðlilegt að gerð sé aðeins tillaga, eins og hún gerir hér, þar sem krafist er gjalds fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar uppfylli þær auðlindir þau skilyrði að vera bæði dauðar og í hafsbotninum?

[16:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. mundi koma fram með athugasemd í líkingu við þá sem hann kom með. Ég tel ekkert athugavert við það að setja löggjöf sem þessa og tel það reyndar mjög mikilvægt vegna þess að hér erum við að tala um að samræma milli þess að auðlindin finnist á landi innan netlaga eða utan netlaga. Málið gengur fyrst og fremst út á það að samræma og meðan málum er háttað eins og raun ber vitni í dag er ásókn í að komast í efni sem eru utan netlaga og ekki þarf að greiða fyrir aðgang að, á sama tíma og innan netlaga þarf að greiða gjald. Ég tel því mjög eðlilegt að þessu sé komið í þennan farveg og tel reyndar að upp hafi komið tilvik á undanförnum árum sem geri það að verkum að þessi löggjöf sé algerlega nauðsynleg. Ég veit hins vegar að hv. þm. er náttúrlega að ýja að því að það eigi að krefjast þess að útgerðir borgi veiðileyfagjald eða gjald fyrir að veiða fisk í sjónum. Ég tel að það sé allt annað mál og er a.m.k. á þessari stundu andvíg því að tekið sé slíkt gjald, enda held ég að það sé að sýna sig núna í uppgjöri útgerðarfyrirtækja að reksturinn gengur ekki það vel að þau hafi nokkurn afgang til að greiða frekari skatt til ríkisins.

[16:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi hugsun og röksemdafærsla gengur einfaldlega ekki upp. Það gengur ekki upp að segja, eins og hér er sagt í athugasemdum með lagafrv., að eðlilegast hljóti að teljast að ríkisvaldið krefjist gjalda fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar, ef það á bara við dauðar

auðlindir í hafsbotni en ekki lifandi auðlindir í þessum sama hafsbotni.

Nú er það svo að tekið er gjald fyrir að veiða fisk innan netlaga. Einstaklingar geta og hafa tekið gjald fyrir slíkt. Það gildir ekki ef veitt er utan netlaga þannig að röksemd hæstv. ráðherra um að þetta sé bara samræming á því sem menn þurfa að greiða hvort eð er ef menn eru að nýta auðæfi í einkaeign gengur ekki heldur upp. Hvaða vit er í því, hæstv. ráðherra, að skilin á milli þess að nýta afurð skelfisks, gjaldtakan fyrir hana eigi að vera eftir því hvort skelfiskurinn er lifandi eða dauður? Hæstv. ráðherra ætlar sér að taka afgjald af því að nýta aðfurðir dauðs skelfisks við námu skeljasands en henni finnst eðlilegt og sjálfsagt að lifandi skelfiskur sé veiddur ókeypis. Menn útihluti ókeypis veiðirétti á hann. Skyldi nú ekki vera meiri sóknin eftir hinni lifandi auðlind innan fiskveiðilögsögu Íslands en hinni dauðu, a.m.k. hingað til? Þessi röksemdafærsla hæstv. ráðherra gengur ekki upp. Það að segja að eðlilegt sé að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu sameiginlegra auðlinda þjóðarinnar á að sjálfsögðu við um alla, alla íslenska ríkisborgara sem nýta slíkar auðlindir og allar auðlindir hvaða nafni sem þær nefnast.

[16:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Röksemdafærsla mín gengur algerlega upp vegna þess að við erum að tala um efnistöku, hvort hún er innan netlaga eða utan. Þess vegna þarf að vera samræmi þarna á milli. Það er hins vegar pólitískt viðfangsefni hvort við viljum að hér verði tekinn upp sá auðlindaskattur sem hv. þm. er að ýja hér að og varðar veiðar á fiski í sjónum. Þar getum við bara verið ósammála og ég er þeirrar skoðunar að ekki séu aðstæður til að taka upp slíkan skatt, en hv. þm. getur verið annarrar skoðunar.

[16:49]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hvernig getur hæstv. ráðherra haldið því fram að gjaldtaka vegna efnisnáms á efnum í sameiginlegri eigu þjóðarinnar sé ekki auðlindagjald? Hvað er það annað? Hvað er það annað en auðlindagjald að rukka einstakling fyrir aðgang að auðlind í eigu þjóðarinnar? Skiptir þá sköpum hvort um er að ræða auðlind t.d. eins og orku fallvatna, orku jarðhita eða menn eru að ræða um námur á landi eða sjó? Það skiptir ekki nokkru máli. Öll gjaldtaka fyrir nýtingu slíkra auðlinda í eigu almennings eru að sjálfsögðu auðlindagjald. Menn geta ekki sagt að eitt sé auðlindagjald en annað ekki sem lagt er á nýtingu fiskimiðanna, lifandi skelfisks. Það er ekki auðlindagjald að leggja gjald á nýtingu á dauðum skelfiski en það er auðlindagjald að leggja gjald á nýtingu á lifandi skelfiski. Þetta er hundalógík, hæstv. ráðherra. Þetta eru ekki rök. Þetta er rugl.

Ég var satt að segja að vona að þessi setning í athugasemdum við lagafrv. sem ég vitnaði í, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hlýtur það að teljast eðlilegt að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar“ — væri til vitnis um það að framsóknarmenn væru að byrja að skilja málið. Mér datt hins vegar aldrei í hug að skilningurinn takmarkaðist við það að viðkomandi auðlind væri dauð og hún væri á hafsbotni. Ég hélt að skilningurinn næði lengra en þetta og ég skil ekki hvernig fólk getur fært fram slík rök eins og hæstv. ráðherra reyndi að nota hér áðan. Ég harma það satt að segja að skilningur framsóknarmanna skuli enn þá vera hnepptur í þá hugsanafjötra sem þeir hafa hnepp sig í í sambandi við nýtingu sameiginlegra auðlinda.

En það er annað atriði í sambandi við frv. sem mér finnst ástæða til að víkja að, og leyfi ég mér að gagnrýna það. Það er hvernig á að koma því fyrir að innheimta þetta auðlindagjald af auðæfum í sameign þjóðarinnar sem finnast kunna á botni hafsins. Í 3. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar ...“

Með öðrum orðum, Alþingi er að framselja vald til gjaldtöku til fagráðherra án þess að hafa nokkuð um það að segja hvernig það skuli ákvarðað. Ráðherra hefur samkvæmt þessari lagagrein fulla heimild til þess að velja hvaða aðila sem honum dettur í hug til að nýta auðlindir á hafsbotni án þess að spyrja kóng eða prest og ákvarða það leigugjald sem honum dettur í hug. Ekkert tillit þarf að taka til þess að það kunni að vera aðrir aðilar í samfélaginu sem hafi hug á að nýta sömu auðlind né heldur er beitt einhverjum ákveðnum aðferðum eins og uppboðs- eða útboðsaðferð til þess að velja þá. Ráðherra hefur enga leiðbeiningu frá Alþingi um það hvernig verðleggja eigi þessi verðmæti.

Menn tala oft um einkavinavæðingu í sambandi við breytingu á rekstri fyrirtækja í ríkiseigu í einkaeigu. Þetta er ekki einkavinavæðing sem hér á sér stað. Um er að ræða valdaafsal til ráðherra þannig að ráðherra getur ef honum dettur í hug gert slíka samninga við aðila sem hann velur án þess að nokkur hafi hugmynd um fyrr en samningunum er lokið.

Hæstv. forseti. Ég er ekki að gera því skóna að þetta sé vilji þess hæstv. ráðherra sem nú situr. Ég er heldur ekki að gera því skóna að hún muni beita þessu valdi með þessum hætti. Um það hef ég ekki hugmynd. En þarna er verið að setja lög sem væntanlega munu eiga við fleiri iðnrh. en þann iðnrh. sem nú situr í stólnum. Með þessu er verið að opna fyrir mjög varhugaverða spillingarhættu í meðferð þessa valds sem felst í því að Alþingi er að ákvarða að selja iðnrh. sjálfdæmi um hvernig hann ber sig að við á útleigu á heimildum til nýtingar á sameiginlegum auðlindum á hafsbotni. Hann þarf ekki að auglýsa það. Hann þarf ekki að leita eftir umsóknum. Hann þarf ekki að fara í útboð og taka hagkvæmasta eða lægsta tilboði. Honum er ekki uppálagt að setja nein skilyrði um eitt eða neitt til þess aðila sem hann kann að semja við. Honum eru engar reglur settar. Hann hefur einfaldlega sjálfdæmi um það hvaða aðila hann velur, hvaða leyfi hann veitir og á hvaða verði hann leigir umræddar heimildir. Þetta er ekki lagasetning, hæstv. forseti, sem stenst kröfu í nútímasamfélagi. Það hefur enginn ráðherra og enginn stjórnmálaflokkur gott af því að fá slíkt vald í hendur og ég veit ekki til þess að í öðrum stjórnvaldsathöfnum hafi ráðherrar svona frjálsar hendur um beitingu valds eins og þarna er verið að gera ráð fyrir.

Þetta leyfi ég mér að gagnrýna, herra forseti. Þetta gengur ekki. Það gengur ekki að Alþingi veiti svo opið vald til ráðherra til að gera það sem honum dettur í hug, við það sem honum dettur í hug, fyrir þá sem honum dettur í hug og á því verði sem honum dettur í hug. Slíkt valdaframsal og vald til skattlagningar samrýmist ekki reglum í nútímaþjóðfélagi og slíkt valdaafsal Alþingis til ráðherra, að gefa ekki einu sinni leiðbeiningar um hvernig með skuli fara á ekki við á þeirri öld, sem við lifum á núna, svona gera menn ekki, hæstv. forseti.

[16:57]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil benda hv. þm. á það sem kom reyndar fram í framsöguræðu minni fyrir málinu að þetta er sambærilegt ákvæði við það sem er í þjóðlendulögunum og þar fer forsrh. með þetta vald sem hv. þm. nefnir því nafni. Það er því ekki eins og þetta sé í fyrsta skipti sem þetta er gert. Ég kann því miður ekki skil á því hvort hv. þm. studdi það frv. þegar það var samþykkt hér á Alþingi á síðasta kjörtímabili eða ekki, en mér leikur grunur á að hann hafi gert það reyndar, en hann man það væntnalega betur sjálfur.

En það sem um er að ræða er að tekjum vegna útgáfu leyfa verði varið til hafsbotns og landgrunnsmála, svo sem almennra rannsókna, sérstakra olíuleitarverkefna o.fl. samkvæmt nánari ákvörðun iðnrh. Auðvitað getur verið umdeilanlegt hvort rétt sé að gera þetta svona en fordæmið er fyrir hendi. En eitt er víst að á fjárlögum síðustu ára hefur verið mjög lág upphæð til slíkra rannsókna og kannski þess vegna fyrst og fremst erum við ekki komin lengra í rannsóknum en raun ber vitni. Eins og komið hefur fram er verið að vinna frv. til olíuleitarlaga og olíuvinnslu og augljóst að aukið fjármagn þarf til þeirra rannsókna.

Ég tel að þetta sé ekki óeðlileg aðferð sem hér er kveðið á um í frv. til að hafa ákveðið fjármagn úr að spila í þessu skyni, en auðvitað getur hv. nefnd farið betur yfir þetta mál, en svona er þetta í frv. og svona er tillaga mín.

[16:59]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. iðnrh. að sams konar ákvæði var og er í þjóðlendulögunum. Ég ætla bara að minna hæstv. ráðherra á að ég flutti sömu ræðu við það tilvik eins og nú, og finnst það jafnóeðlilegt að forsrh. Íslands skuli geta valið sér viðsemjanda og samið við hann um nýtingu á auðæfum hálendisins í sameign þjóðarinnar án þess að nokkur fái um það að vita, án þess að nokkurt val hafi átt sér stað eða nokkrar reglur séu settar þar um. Tillögur um breytingu á þeim efnum voru felldar í meðferð þingsins. Þingmeirihlutinn vildi hafa þetta svona en það er jafnóeðlilegt og það er jafnfráleitt að þingið afhendi ráðherra slíkt vald nú eins og þá, og það eru engin rök fyrir því að allir ráðherrar eigi að fá sama óskoraða valdið þó að forsrh. hafi fengið það með meirihlutasamþykkt hér á Alþingi gegn atkvæði mínu og fleiri.

Miðað við lögin eins og þau verða þegar búið er að samþykkja þetta frv. getur ráðherra t.d. samið við hvaða fyrirtæki sem honum dettur í hug um olíuleit á Íslandi, á hvaða verði sem er. Það þarf nýja lagasetningu og nýjar reglur til að koma í veg fyrir það. Hæstv. ráðherra sagði að það væri ekkert óeðlilegt að iðnn. skoðaði þetta ákvæði og ég vona að ég megi marka þau orð þannig að ráðherra finnist eðlilegt að skoðað sé hvort ekki eigi að breyta þessu ákvæði og gera það eðlilegra. Ég vona að svo verði gert því að þetta nær engri átt.

[17:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. gera heldur mikið úr þessu ákvæði ef hann telur að það sé svo að ráðherra geti samið við hvaða fyrirtæki sem er um olíuleit á grundvelli þessa ákvæðis í frv. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Eins og ég sagði er verið að semja frv. um olíuleit og olíuvinnslu og í því frv. og í þeim lögum, væntanlegum, verður að sjálfsögðu kveðið á um þá hluti sem hann fjallaði hér um og varða olíuleit. Það er grundvöllur þess að verði einhvern tíma farið í einhverjar rannsóknir hér um olíuleit og hugsanlega olíuvinnslu að í landinu séu lög um það efni. Hv. þm. hefur áður gegnt embætti iðnrh., ef ég man rétt, og ekki veit ég til þess að hann hafi nokkuð sinnt þessum málum á þeim tíma.

[17:03]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er algerlega rangt. Þegar ég var í iðnrn. samdi ég frv. um þjóðareign á landi og landgæðum og auðlindum hafsbotns þar sem gert var ráð fyrir því að þjóðin fengi réttmætt endurgjald fyrir það þegar einstaklingar nýta þessar auðlindir. (**Iðnrh.**: En olíuleit?) Það var líka í því. Hins vegar tókst ekki að ná stuðningi frá þáv. samstarfsflokki mínum til að málið yrði flutt. Þetta var að ég held fyrsta þingmál mitt og félaga minna eftir stjórnarslit þannig að það er ekki rétt að sá sem hér stendur hafi ekkert gert í málinu.

Það er líka rétt að verði þetta frv. samþykkt og komi ekki aðrar lagabreytingar til hefur iðnrh. heimild til þess að semja við hvern sem er um hvað sem er um nýtingu auðlinda hafsbotnsins fyrir hvaða verð sem er, þar á meðal vegna olíuleitar. Hæstv. iðnrh. viðurkenndi réttmæti þess sjálfur hér áðan því að hún sagði að frv. væri í smíðum til að takmarka þennan rétt hennar. En það frv. verður ekki að lögum á þessu þingi. Það sem verður að lögum á þessu þingi er það frv. sem er verið að leggja fram. Miðað við að það verði samþykkt eins og það er, hefur iðnrh. hvað sem hann heitir, hvort sem hann heitir Valgerður Sverrisdóttir eða Sighvatur Björgvinsson, þann rétt að semja við hvaða fyrirtæki sem er um olíuleit við Ísland á hvaða verði sem er. Til þess að koma í veg fyrir það þarf að samþykkja önnur lög sem hafa ekki enn verið smíðuð þannig að hvert einasta atriði sem ég hef sagt í þessum umræðum er rétt. Hvert einasta atriði.

[17:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins. Þetta er í samræmi við þau lög sem við höfum samþykkt um þjóðlendur þar sem ríkið sló eign sinni á 40% af öllu flatarmáli Íslands. Hér er gengið enn lengra á þeirri braut ríkisvæðingar því að tilgangur þessa frv. er að taka af öll tvímæli um að iðnrh. sé heimilt að ákvarða og semja um endurgjald fyrir töku og nýtingu ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins. Þetta er sem sé ríkisvæðing og menn sem hafa svipaða heimssýn og ég eru ekkert voðalega ánægðir með þessa þróun. Hins vegar sá ég ákveðin vandkvæði í því að þetta land, hálendið, var án eigenda, var almenningur. Það var hætta á að menn hreinlega slægju á það eign sinni, mundu nema land eins og var farið að gerast með ferðafélög og fleiri.

Sama hætta er með þessar auðlindir. Þess vegna tel ég það vera ákveðna neyðarlausn að fela ríkinu þessar eignir. En ég hlýt að benda á athugasemd með frv. sem hljómar svo, með leyfi herra forseta:

„Hlýtur það að teljast eðlilegt að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar."

Þarna er aftur verið að slengja saman hugtökunum ríki og þjóð, einstaklingum og ríkisvaldi sem ég hef margoft bent á að er alls ekki sama fyrirbærið. Meira að segja er ríkisvaldið oft og tíðum andstæðingur einstaklingsins, t.d. þegar um

skattgreiðslur er að ræða og skattaáþján. Ég geri því mikinn mun á ríki og þjóð. En auðvitað er þetta auðlind sem þjóðin ætti að eiga og fyrst ekki finnst önnur leið er kannski best að ríkið komi fram fyrir hönd einstaklinganna en með þeim fyrirvara að það er ekki það sama.

Hæstv. iðnrh. sagði litlar rannsóknir hafa átt sér stað á hafsbotninum og það er alveg rétt. Af hverju eru litlar rannsóknir þarna? Vegna þess að enginn hefur hag af því. Það er enginn sem á þetta. Það er enginn sem getur fengið eitthvað út úr því að rannsaka. Það kostar mikið að rannsaka og menn sjá ekki hag í því að henda út einhverjum hundruðum eða þúsundum milljóna og það sé svo undir hælinn lagt hvort þeir fá einhvern arð af því. Það er vandkvæðið þegar land er í eigu einskis. Ég sé í sjálfu sér ekki að það breytist mikið þó að ríkisvaldið slái eign sinni á hafsbotninn, vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki sama arðsemissjónarmið og einstaklingar og það mun ekki dæla peningum í rannsóknir í von um einhvern hugsanlegan hagnað. Hins vegar er möguleiki á því skv. 3. gr. að leigja þetta einstaklingum eða fyrirtækjum þeirra. Það má vel vera að það takist að fá einhverja til að rannsaka jafnvel þó það sé ekki nema tveggja ára nýtingartími sem ég tel vera allt of stuttan. Ég vil að hv. iðnn. skoði, en ég á hlut að henni, að lengja þennan nýtingartíma.

Svo er ég afskaplega óánægður með að þessar tekjur eigi að renna til rannsókna. Það þýðir að stefnumörkunin í frv. er sú að ríkið, sem sumir segja að sé þjóð, eigi aldrei að hafa neinar tekjur af þessu. Þetta eigi aldrei að skila sér í kassann. Það sem kemur inn á að fara í rannsóknir á þessu sama fyrirbæri. Auðvitað vonum við öll að þarna finnist olía eða eitthvað slíkt og þá gerir maður ráð fyrir að tekjurnar verði ansi myndarlegar. Þá þarf aldeilis að fara að rannsaka ef á að eyða öllum peningunum þannig að ég er dálítið á móti þessu ákvæði. Hins vegar veit ég nákvæmlega af hverju það er svona. Það er til þess að þetta sé ekki skattur því að ef þetta fer í rannsóknir aftur má kalla þetta þjónustugjald og þá brýtur það ekki nýsett ákvæði í stjórnarskránni um að ekki megi framselja skattlagningarvald ef hægt er að kalla það þjónustugjald þannig að það er kannski skýringin á bak við það.

Við getum ekki skoðað þetta frv. frekar en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson án þess að minnast á veiðileyfagjald og muninn á lifandi og dauðum sjávardýrum. Ég tek undir þau vandkvæði sem hann benti á að þetta leiðir hugann að veiðileyfagjaldi. Sumir segja að það sé eðlilegt að gjaldið af fiskstofnunum eigi að renna til rannsókna en ekkert meira og aðrir segja annað. Þetta er náttúrlega spurning sem stjórnvöld standa frammi fyrir og eru að vinna að til að ná sátt meðal þjóðarinnar um eignarhaldið á kvótanum.

Varðandi það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um að ráðherra gæti veitt hverjum sem er leyfi gegn hvaða gjaldi sem er hugsa ég að stjórnsýslulög, svo fremi ég skil þau, muni takmarka eitthvað möguleika ráðherrans í því að mismuna fólki. Stjórnsýslulögin muni hugsanlega tryggja það þurfi að gæta jafnræðis milli borgaranna við úthlutun slíkra veiðileyfa.

Herra forseti. Að endingu vil ég ítreka að við erum að stíga enn eitt skref í átt til ríkisvæðingar sem ætti að vera þeim hvatning sem eru á móti opinberum rekstri og opinberri eign að reyna enn frekar að einkavæða svo að menn hafi rétt aðeins við allri ríkisvæðingunni.

[17:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi að enginn hefði hag af því að kanna hafsbotninn. Ég er þessu fullkomlega ósammála. Auðvitað hefur ríkið hag af því að skoða hvort e.t.v. sé um ríkan hafsbotn að ræða, ríkan í meiningunni að þangað megi sækja olíu og verðmæti eins og hefur gerst í lögsögu Norðmanna og er verið að búast við að unnt sé í lögsögu Færeyja. Skyldi okkur veita af með öll þau verkefni sem við sífellt erum að ræða um að við þurfum að fjármagna?

Ég kem hins vegar hingað upp út af orðum hv. þm. um að eyða öllu í rannsóknir. Auðvitað snúast viðhorf manna til gjalda um það hvort menn reikna með svo takmörkuðum tekjum að þær dugi varla eða eingöngu til tengdra rannsókna eða hvort verið er að fjalla um að um þau verðmæti sé að ræða að hægt sé að gera ráð fyrir meiri tekjum en eingöngu að standa undir rannsóknum og þá erum við farin að tala um gjald í allt annarri meiningu.

Ég ætlaði bara að koma upp og nefna að auðvitað er sjálfsagt hjá okkur í nefndinni að skoða þessi mál vel, ekki síst ábendingar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem var talsmaður Samfylkingarinnar í umræðunni, og um sjálfsákvörðunarrétt ráðherra og fara yfir það og aðra þá þætti sem upp kunna að koma. Að sjálfsögðu höfum við hag af því að kanna hafsbotninn og kanna hvort það eru möguleikar á að gera samninga við þá aðila sem geta unnið þau verðmæti sem kunna að finnast á hafsbotni okkar.

[17:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einkenni á ríkisvaldi að það tekur ekki áhættu og það sem við erum að ræða hér er dæmigerð áhættufjárfesting. Það kann að vera olía, það kann líka að vera engin olía. Menn þurfa að vera tilbúnir að taka mikla áhættu í dýrum rannsóknum og fá ekki neitt uppskorið eða fá miklu meira uppskorið. Þetta er ekki eðli ríkisvalds og mér þætti gaman að sjá hv. þm. samþykkja mitt í öllum vandræðunum með heilbrigðiskerfið, menntakerfið o.s.frv., kannski 1.000 millj. kr. rannsóknir upp á þau býti að hugsanlega finni menn olíu og hugsanlega ekki.

Það er ekki hlutverk ríkisins að standa í áhættufjárfestingum. Þess vegna verð ég að segja að þetta er akkúrat það sem áhættufjárfestar allra landa eru að sækjast eftir, það er að taka slíka áhættu og uppskera vel ef auðlindir finnast en tapa ella með bros á vör. Þetta er ekki hlutverk ríkisins.

Það sem hv. þm. nefndi að það sé nóg að stunda bara rannsóknir, þá eru menn ekki mjög metnaðarfullir. Til hvers eru menn að stunda rannsóknir í leit að auðlind ef það á ekki að skila sér? Auðvitað væntum við þess að fá miklu meira út úr þessum auðlindum en það kostar að rannsaka þær. Ég endurtek því það að mér finnst miður að meiningin er að nota allar tekjur af þessari auðlind í það að rannsaka.

[17:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði fyrr á fundinum og ég vil hvetja iðnn. til þess að fara vandlega yfir málið. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hún telji sig hafa heimildir samkvæmt þessum lögum til að bjóða út framkvæmdir af þessu tagi, t.d. rannsóknir eða nýtingu á einhverjum auðlindum á hafsbotni. Mér finnst mjög mikilvægt að fá svar við þessu vegna þess

að það hafa ekki fundist aðrar leiðir til að finna út hverja eigi að velja þannig að menn geti verið sáttir við það að val á þeim aðilum sem taka sér verkefni hafi farið eðlilega fram. Ef það er niðurstaðan, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að ekki væri hægt að láta fara fram slíkt val á grundvelli þessara laga þarf nefndin að skoða það mjög vandlega hvort ekki beri að breyta þessum ákvæðum.

Ég hjó eftir því sem hæstv. ráðherra sagði að það þyrfti að samræma og þetta væri gert til þess að samræma gjöld, það yrði að vera hægt að innheimta gjöld af hafsbotninum eins og gert er á landi, og ég skal taka undir það. En þegar kom að samræminu í því að innheimta gjöld af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar þar sem þær væru niður komnar annars staðar yfir hafsbotninum, í lífríkinu, þá var ég ráðherranum ekki sammála og það var kannski það sem fékk mig til að biðja um orðið.

Hæstv. ráðherra svaraði því til í andsvari að afkoma útgerðarinnar væri ekki þannig í dag að hægt væri að tala um einhvern auðlindaskatt eða veiðileyfagjald eða eitthvað slíkt á útgerðina. Mér verður á að spyrja: Hvað hafa menn verið að gera allan þennan tíma með besta fiskveiðistjórnarkerfi í heimi ef ekki er hægt að innheimta neitt gjald af útgerðinni í dag? Og hvað varð til þess að Hæstiréttur kvað upp þann dóm sem birtur var í gær og var rökstuddur með því að stjórnvöld þyrftu á því að halda að geta komið þeim málum útgerðarinnar fyrir með tilliti til þess að sem mestur hagnaður og arður yrði af þessari auðlind og þar með af útgerðinni? Útgerðin er ekki umkomin neins í dag. Hún hefur ekki verið þess umkomin að borga neins konar gjöld undanfarin ár. Þetta er atvinnuvegur sem hefur verið á framfæri ríkisins hvað varðar rannsóknir og annað því um líkt og aðgang að þessari auðlind alveg fram á þennan dag. Það vita menn. En menn hafa lifað í voninni með að það kæmi að þeim degi að það snerist við.

Það hefur verið þvílíkt tap á útgerð á undanförnum árum að það hefur allt nýst til þess að koma í veg fyrir að skattar rynnu í ríkissjóð af útgerð á síðustu árum og mun gera það áfram og hæstv. ráðherra virðist enga von sjá. En svona er ástandið. Útgerðin hefur ekki efni á að borga fyrir aðgang að auðlindinni. Gott og vel. Tillögur okkar í Samfylkingunni í þessu máli eru þær að útgerðin muni aldrei borga meira en hún hefur efni á vegna þess að útgerðin mun ákveða sjálf hve hátt gjaldið verður á markaði. Þannig þyrfti það líka að vera hvað varðar þær auðlindir sem verið er að tala um hér og þá leysa menn bæði vandamálin, það vandamál hver eigi að fá að nýta sér auðlindina og líka hve hátt gjaldið eigi að vera. Það þarf að gera breytingar á þessu frv. sem verða til þess að hæstv. ráðherra geti látið fara fram útboð á þeim réttindum og auðlindum sem þarna er um að ræða. Það er bara eðlilegt og það er aðferð sem allir atvinnurekendur á Íslandi kunna og hafa tekið þátt í allan tímann sem þeir hafa verið í atvinnurekstri. Það er ekki eins og hægt sé að líta á þetta sem einhvers konar arðræningjatæki. Þetta er viðskiptaaðferð sem menn hafa þróað og notað í gegnum tíðina og er ekkert að því að nýta sér slíka hluti.

Ég tel að það eigi fullan rétt á sér í umræðunni að benda á þetta og ég fer fram á það, því að ég tek svo sannarlega undir þau orð sem standa hérna neðst í athugasemdum við lagafrv. „Hlýtur það að teljast eðlilegt að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar.“ Svo sannarlega. En það á líka við um allar auðlindir þjóðarinnar að mynda þarf jafnan rétt þeirra sem vilja taka að sér að nýta auðlindirnar til að fá þessi verkefni, til að verða fyrir valinu og þeir hæfustu eiga að fá tækifærin. Það á ekki að leggja það á hæstv. ráðherra að velja úr einhverjum hópi manna eftir öðrum aðferðum eða leiðum.

Ég tel að hæstv. ráðherra ætti að velta því vandlega fyrir sér hvort þetta eigi nú ekki við um allar auðlindir og ekki bara skelina eftir að hún er dauð heldur líka á meðan hún er lifandi.

[17:21]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 359. mál, nál. allshn., þskj. 967; brtt. allshn., þskj. 968.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, 233. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 969.

Póstdreifing í dreifbýli, 458. mál, fsp. ÍGP, þskj. 734.

Rafræn eignarskráning á verðbréfum, 163. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 965; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 966.

[17:22]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar og 1. umr. frv. til laga um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990. Ég vil almennt á þessu stigi málsins segja að ég fagna fram komnu frv. í aðalatriðum en þó tek ég undir gagnrýni manna varðandi það form sem á að hafa á málum eins og segir í 3. gr.

„Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo: Iðnaðarráðherra er heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir töku eða nýtingu sem hann heimilar skv. 1. mgr. Tekjum af leyfum skal varið til hafsbotns- og landgrunnsmála samkvæmt nánari ákvörðun iðnaðarráðherra.“

Ég tek undir með hv. þm. sem hafa sett fram efasemdir um 3. gr. Ég held að við þurfum að skoða þau mál mjög gagnrýnið þegar málið kemur til umfjöllunar í iðnn. en ég vil árétta að ég tel að frv. sé til bóta og tímabært að það komi fram. Í umræðunni hefur komið fram að t.d. olíufélög leita á um að fá að gera rannsóknir, tilraunaboranir á þeim svæðum á landgrunninu sem líkleg eru til að gefa olíu í framtíðinni og vinnslu. Ég held að við í iðnn. þurfum að bera okkur saman við reynslu annarra þjóða. Það þarf ekki að fara lengra en yfir pollinn og til nágranna okkar í Færeyjum og sjá hvernig þeir hafa staðið að málum og hvernig þeir standa að úthlutun leyfa. Einnig er gömul reynsla náttúrlega fengin í Noregi, Danmörku, Þýskalandi og Skotlandi varðandi þessi mál. Ég minnist þess frá dvalarárum mínum í Danmörku að þá var verið að veita leyfi til olíufélaganna bæði til að tilraunabora og síðan að fara í tilraunavinnslu og ég man ekki betur en það hafi verið gert á grunni útboða. Þetta eru því mál sem þarf mjög að athuga.

Ég held að Danir hafi haft þann háttinn á að stunda útboð, þeir létu fyrirtækin keppa um landsvæði sem voru líkleg til að gefa jákvætt í tilraunaborunum og síðan var leyfið veitt á grunni útboða.

Ég held að rangt sé á þessu stigi málsins, eins og komið hefur fram hjá þingmönnum, t.d. hv. 2. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, að blanda öðrum ágreiningsmálum um auðlindanýtingu þjóðarinnar inn í þessa umræðu. Ég held að við getum í öllum aðalatriðum tekið undir það að hér er á ferðinni gott mál. Við getum að vísu farið út um víðan völl varðandi auðlindanýtinguna og farið í umræðu um vatnið og landið, þjóðlendurnar eins og hér hefur verið nefnt, hálendið, beitina og jarðhitann. Allt eru þetta álitamál en eru önnur

mál. Hér erum við á nýjum fleti og eigum að taka þetta út frá því.

Það er líka ánægjuefni að hugur manna samkvæmt þessu frv. stendur til þess að auka rannsóknir á landgrunninu og það er svo sannarlega þörf á því að auka rannsóknir til að kortleggja hvaða möguleika við eigum þar.

Ég vildi aðeins koma upp hér og segja nokkur almenn orð um þetta. Ég tel fullvíst að þetta hljóti nákvæma og góða umfjöllun í iðnn. og ég mun leggja þar til sérstaka kortlagningu og úttekt á 3. gr. Ég get gert samanburð varðandi hálendisfrv. Það var alls ekki að mínu skapi, þó að ég hafi ekki verið hér í þingsölum á þeim tíma, að fela forsrh. umsjá og umsýslu. Ég tel það mjög gagnrýnivert og þar með þetta fyrirkomulag sem hér er og það hljóti að vera aðrar og betri leiðir til að ganga frá þeim praktísku hlutum, enda hefur hæstv. ráðherra sagt héðan úr ræðustól að hún muni skoða alla tillögur sem nefndin ber fram til breytinga ef þær gætu verið til bóta.

Að svo mæltu ætla ég að segja almennt að ég fagna þessu frv. og tel, eins og sagt er í niðurlagi við athugasemdir, að það hljóti að vera eðlilegt að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar og tel að á þessu stigi málsins sé ekki hægt að setja samasemmerki við hafsbotninn, eins og hér er til umfjöllunar, við nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar þar sem hefð er fyrir notkun um árhundruðaskeið. Við verðum að átta okkur á því þegar við förum í þessa umræðu að beit og notkun á landi, vatni, jarðgufu og þess háttar á sér nýtingarhefðir og taka þarf þá umræðu á allt öðrum grunni en hér er gert. En ég tel að hér séum við á sléttum sjó með að gera það sem gott er fyrir heildina og við eigum að taka þetta sem einangrað mál og gera það vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkunýtnikröfur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 523. mál. — Þskj. 824.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðuneyti matvæla, fyrri umr.

Þáltill. KA o.fl., 536. mál. — Þskj. 837.

[17:28]

Flm. (Katrín Andrésdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að kannað verði hvort breyta skuli landbrn. í matvælaráðuneyti, ráðuneyti matvæla og landbúnaðar. Þetta er 536. mál þingsins á þskj. 837 og flm. ásamt mér eru Lúðvík Bergvinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigríður Jóhannesdóttir.

Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að vitna í ræðu hæstv. landbrh., Guðna Ágústssonar, sem hann flutti á nýafstöðnu búnaðarþingi, með leyfi forseta:

„Ég get ekki leynt þeirri skoðun minni að mér finnst hreinleikaímynd íslensks landbúnaðar hafa beðið hnekki síðustu mánuði. Við höfum allt frá upphafi skipulegs eftirlits í landbúnaði lagt sóma okkar í að útrýma sjúkdómum, gæta að dýravelferð og bjóða heilnæma gæðavöru. Það hefur fallið móða á þessa mynd. Hver uppákoman eltir aðra og landbúnaðurinn er kominn í vörn. Hvers vegna er þetta að gerast?

Enn fremur sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„En þessi atvik hafa vakið umræðu um eftirlitskerfi með landbúnaði og afurðum hans. Í ljós hefur komið að það er ekki nógu skilvirkt. Jafnvel höfum við orðið vitni að hinum ótrúlegustu atvikum þar sem eftirlitsaðilar bera hver annan sökum í fjölmiðlum. Þessar deilur sýndu betur en margt annað að kerfið brást. Það brást bændum og það brást neytendum. Það má ekki koma fyrir aftur.

Herra forseti. Það vill svo til að ég er ein af þeim eftirlitsaðilum sem staðið hafa í eldlínunni á Suðurlandi síðustu mánuði og ég tek undir þau orð hæstv. ráðherra að kerfið er ekki nógu skilvirkt. Hreinleikaímynd íslensks landbúnaðar verður að byggjast á einföldu og skilvirku eftirliti með öllum þáttum framleiðslunnar. Gæðastaðlar verða að vera sambærilegir því sem best gerist erlendis svo íslenskir neytendur geti treyst því að landbúnaðarafurðir okkar séu jafngóðar og helst betri en erlendar landbúnaðarafurðir.

Herra forseti. Dýraverndarmál eru viðkvæm mál sem leysa þarf bæði hratt og hljóðlega. Í dag heyra þessi mál undir tvö ráðuneyti og svo sérkennilega vill til að forðagæslulög sem heyra undir landbrn. taka þó betur á málum en dýraverndarlög umhvrn. Ef forðagæslulög taka aðeins til dýra, sem fóðruð eru til afurða, og aðili sem vanfóðrar hross, kýr og kindur sveltir hundinn líka þá heyrir hundurinn beint undir umhvrn. en allar hinar skepnunnar fara í gegnum ferli forðagæslunnar áður en kemur til kasta dýraverndarráðs umhvrn. Þessu verður að breyta svo hægt sé að meðhöndla dýraverndarmál þannig að dýrin líði ekki að óþörfu fyrir torfæra málsaðferð.

Herra forseti. Ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort breyta skuli landbúnaðarráðuneyti í matvælaráðuneyti, ráðuneyti fyrir matvæli og landbúnað. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmt eftirlit með matvælum frá haga til maga, enn fremur hvort allt eftirlit með dýrahaldi skuli færast undir sama ráðuneyti.“

Eins og fram kemur í greinargerð gaf ESB í janúar sl. út svokallaða „Hvíta bók“ sem fjallar um hvernig matvælaeftirliti verði best fyrir komið í ESB-löndum í framtíðinni. Áhersla er lögð á að matvælaeftirlit skuli heyra undir eitt ráðuneyti, eina stofnun og ein lög, eftirlitið skuli vera samræmt allt frá hafi og haga til maga. Danir eru að þessu leyti lengst á veg komnir með stofnun ráðuneytis matvæla, landbúnaðar og fisks, Fødevareministeriet. Í Danmörku hefur allt eftirlit á vegum sveitarfélaganna verið fært til ríkisins.

Í nýju matvælaráðuneyti yrði allt matvælaeftirlit fellt undir eina stofnun undir stjórn yfirdýralæknis. Yfirdýralæknisembættið hefur nú umsjón með miklum hluta innlendra landbúnaðarafurða og sjúkdómavörnum dýra en ýmsir dýrasjúkdómar geta verið hættulegir mönnum. Við innflutning á hráum matvælum þarf einnig að gæta að ýmsum atriðum sem varða heilbrigði fólks.

Eftirlit með dýrum og landbúnaðarafurðum heyrir nú að mestu leyti undir landbúnaðarráðuneyti en einnig undir umhverfisráðuneyti. Þetta getur valdið ýmsum vandkvæðum, nærtæk dæmi eru salmonellu- og kampýlóbakter-

vandamálin, en þar hefur samstarf ýmissa stofnana ekki alltaf gengið sem skyldi. Vandamál sem þessi eiga yfirleitt upptök í landbúnaði og eðlilegast að leysa þau innan stofnunar undir stjórn yfirdýralæknis.

Það torveldar mjög meðferð mála ef grunur leikur á um illa meðferð dýra að forðagæsla heyrir undir landbúnaðarráðuneyti en dýravernd undir umhverfisráðuneyti. Málin geta jafnvel orðið svo flókin að hrossin á bænum heyra undir landbúnaðarráðuneytið en hundarnir undir umhverfisráðuneytið. Hér er brýn þörf á samræmingu í löggjöf og stjórnsýslu og eðlilegast að þessi mál séu á vegum eins ráðuneytis.

Nauðsynlegt er að koma á skipulagi sem hefur að leiðarljósi að gera eftirlit með matvælum og búfjárhaldi einfaldara og skilvirkara. Eftirlitið verður einnig að samræmast kröfum um matvælaeftirlit í helstu útflutningslöndum okkar, bæði austan hafs og vestan og njóta viðurkenningar erlendra yfirvalda.

Herra forseti. Ég treysti því að tillagan fái jákvæðar undirtektir í þeirri þingnefnd sem fær málið til umfjöllunar.

[17:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert og róttækt frv. sem þingmaður Samfylkingarinnar á Suðurlandi, Katrín Andrésdóttir, mælir fyrir í dag. Þar leggur hún til að við Íslendingar fetum í fótspor Dana í þeim efnum að reyna að ná betri tökum á því að hér verði framleidd heilbrigð og góð matvæli.

Mig langar að vekja athygli á því að með því að breyta landbrn. í ráðuneyti matvæla og landbúnaðar erum við e.t.v. að tengjast annarri hugmynd sem Samfylkingin hefur nokkrum sinnum sett fram sem er um sameiningu atvinnuráðuneytanna. Þetta mundi geta þýtt víðtækari uppstokkun ef lagasetning af því tagi sem hreyft er hér yrði tengd slíkri breytingu.

Það sem mig langaði hins vegar að benda á í tengslum við þetta góða mál sem þingmaðurinn flytur hér, er hvernig það tengist öðru stjfrv. sem hér var rætt í dag um breytingu á lögum um matvæli þegar hæstv. umhvrh. mælti fyrir frv. til þess að koma í veg fyrir alvarlegar sýkingar af völdum kampýlóbakter og við höfum verið að upplifa það á liðnum vikum og mánuðum hversu alvarlega við erum komin í matvælaeftirlitinu og hversu víða við þurfum að taka á. Þess vegna fagna ég þessu frv. og vil þakka hv. þm. fyrir að hafa borið það fram hér til umræðu og skoðunar.

[17:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur hv. þm. Suðurl., Katrín Andrésdóttir, lagt fram merkilegt mál, afar róttækt og því miður háttar svo til að það reyndist ekki ráðrúm til að ræða þetta mál nema í blálok fundar á föstudegi sem hefur varað mun lengur en ætlað var og fáir þingmenn eftir í húsinu.

Ég verð að segja að ég tel þetta mjög miður. Ég tel að þetta sé mál sem hefði virkilega þurft að fá góða og ítarlega umfjöllun í þingsal. Þetta er róttækt mál. Þetta er mál sem gerir ráð fyrir að matvælaeftirlitið verði sameinað undir eitt ráðuneyti, landbrn. Þetta er mjög brýnt mál vegna þeirrar reynslu sem við höfum orðið fyrir t.d. núna á umliðnu ári þegar fólk fór að veikjast unnvörpum vegna sýkingar frá matvælum. Sem betur fer höfum við ekki þurft að glíma svo ýkjamikið við þetta vandamál fyrr, ekki í svona stórum stíl, en þetta kom upp mjög áþreifanlega og þá ekki síst í sérstöku umdæmi Katrínar Andrésdóttur héraðsdýralæknis sem flytur þetta mál hér í þingsal þannig að hún þekkir það mjög náið.

Ég tók í dag í umræðu um annað frv. sem hér var á dagskrá, um breytingu á lögum um matvæli, nokkur atriði úr þessu frv. upp við hæstv. umhvrh. Þá kom í ljós að umhvrh. tók að mörgu leyti undir efni þessa frv. Að vísu var hún með hugmyndir um að matvælaeftirlitið færðist ekki undir hv. landbrn. heldur hv. umhvrn. Ég ætla kannski ekki að taka sérstaka afstöðu til þess hvorum megin hryggjar þetta lendir en ég held að það hafi verið rökstutt mjög vel, m.a. í máli hv. þm. Katrínar Andrésdóttur rétt áðan, að það sé mjög brýnt að málið verði sett undir einn hatt. Þetta er skipulagsmál sem varðar okkur öll og framtíðarheill þjóðarinnar og ég held að við ættum að geta sameinast um það hér að gefa þessu frv. myndarlega afgreiðslu og meðferð inni í nefnd sem það verðskuldar vissulega.

[17:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Andrésdóttir hefur lagt fram till. til þál. um að breyta landbrn. frá því sem nú er og gera það einnig að ráðuneyti fyrir matvæli. Ég held að hér sé, virðulegi forseti, mjög áhugaverð hugmynd á ferðinni og vel þess virði að skoða hana mjög vandlega því að það er alveg ljóst að það er mjög mikilvægt að eftirlit með matvælum og öðru slíku sé á einni hendi. Ég held að ekki þurfi að hafa um það mörg orð að það getur verið sérstaklega til þess fallið að styrkja þetta eftirlit og enn fremur að gera alla stjórnsýslu miklum mun skilvirkari en hún er í dag.

Ég held, virðulegi forseti, að hið háa Alþingi eigi að skoða það mjög vandlega að samþykkja tillöguna þrátt fyrir að hún sé róttæk. Ég lít ekki svo á að hér sé verið að gera atlögu að hæstv. landbrh. heldur frekar á hinn bóginn að verið sé að færa fleiri verk undir landbrn. og kannski ekkert skrýtið að menn hugleiði það við þær aðstæður sem nú eru uppi að þangað flytjist fleiri verk en nú er.

En ég ítreka það, virðulegi forseti, að hér er mjög áhugaverð hugmynd á ferðinni og ég vonast til þess að hið háa Alþingi sjái sóma sinn í því að skoða hana mjög vandlega.

[17:41]

Flm. (Katrín Andrésdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær góðu undirtektir sem mál mitt hefur hlotið í dag og ég vonast til að það hljóti áframhaldandi góðar undirtektir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 526. mál. — Þskj. 827.

[17:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 827 sem er 526. mál þingsins, um breytingu á lögum um vátryggingastarfsemi.

Frumvarp þetta er flutt til lögfestingar á tilskipun 1998/78/ESB um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum í fyrirtækjahópi á vátryggingasviði. Tilskipunin verður felld inn í viðauka IX við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95 frá 16. júlí 1999, og þarf

lögfestingu á henni að vera lokið eigi síðar en 5. júní árið 2000.

Í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar kveður frv. á um tvíþætt viðbótareftirlit með vátryggingafélögum. Annars vegar skal, auk venjulegra útreikninga á gjaldþoli, reikna aðlagað gjaldþol fyrir fyrirtækjahópa sem starfa einkum að vátryggingum og taka tillit til skuldbindinga við tengda aðila og til gjaldþolskrafna sem til þeirra aðila eru gerðar. Hins vegar skal hafa eftirlit með viðskiptum vátryggingafélags við tengda aðila.

Til fyllingar ákvæðum tilskipunarinnar eru í frv. ákvæði um innra eftirlit í vátryggingafélögum en slík ákvæði hafa verið rýr í íslenskri löggjöf.

Viðbótareftirlit með gjaldþoli felst í athugun á aðlöguðu gjaldþoli vátryggingafélags sem er í grófum dráttum athugun á styrk fyrirtækis sem yrði til ef eignarhlutir í hlutdeildarfélögum yrðu teknir út úr þeim og sameinaðir vátryggingafélaginu.

Frumvarp þetta var samið í Fjármálaeftirlitinu en var kynnt íslenskum vátryggingafélögum í drögum. Þótti eðlilegt að óska eftir því að Fjármálaeftirlitið tæki að sér samningu þess þar sem forveri Fjármálaeftirlitsins, Vátryggingaeftirlitið, tók þátt í sérfræðivinnu á vegum framkvæmdastjórnar ESB við lokagerð frumvarpsdraga sem síðar urðu að þeirri tilskipun sem hér er lagt til að tekin verði inn í íslenska löggjöf.

Ákvæði frv. valda ekki miklum breytingum á íslenskum vátryggingamarkaði eins og hann er nú vegna þess að nýting sama eigin fjár hjá tengdum vátryggingafélögum hefur verið óveruleg. Ekkert bendir til þess að lögfesting ákvæða um aðlagað gjaldþol verði til þess að íslenskt vátryggingafélag þurfi að styrkja fjárhag sinn af þeirri ástæðu einni.

Til upplýsinga skal getið fyrirtækjahópa á íslenskum vátryggingamarkaði sem máli geta skipt vegna ákvæða frv. um aðlagað gjaldþol ef að lögum verður. Fyrst eru talin stóru vátryggingafélögin þrjú sem munu öll falla undir ákvæðin um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli þar eð þau eiga dótturfélög eða hlutdeildarfélög sem eru einnig vátryggingafélög. Sum þeirra hlutdeildarfélaga sem talin eru upp hafa ekki verið tekin sem slík inn í ársreikninga vátryggingafélaganna þar eð þau skipta óverulegu máli í rekstrinum. Gert er ráð fyrir undanþágu af því tagi í tilskipuninni og má því vera að sumum hlutdeildarfélögum verði sleppt í útreikningum.

Síðan er gerð grein fyrir öðrum vátryggingafélögum þótt þau verði ekki hluti af fyrirtækjahópi hvað varðar viðbótarákvæðin um eftirlit með gjaldþoli.

Fyrsti fyrirtækjahópurinn sem gerð verður grein fyrir er Tryggingamiðstöðin hf. og dóttur- og hlutdeildarfélög hennar. Í vátryggingastarfsemi eru fjögur fyrirtæki, Tryggingamiðstöðin hf., Trygging hf. og Íslensk endurtrygging hf. ásamt Sameinaða líftryggingafélaginu hf. Í annarri starfsemi eru Hekla hf. og Forritun hf. Eignarhlutur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í þessum félögum er frá rúmum 26% upp í 100%. Tryggingamiðstöðin hf. er skráð á Verðbréfaþingi. Öll almenn vátryggingastarfsemi hefur verið flutt frá dótturfélaginu Tryggingu hf. til móðurfélagsins.

Annar fyrirtækjahópur sem gerð verður grein fyrir er Sjóvá/Almennar tryggingar hf. og dóttur- og hlutdeildarfélög þess fyrirtækis. Í vátryggingastarfsemi eru hlutdeildarfélögin Íslensk endurtrygging hf. og Sameinaða líftryggingafélagið hf. Í fyrirtækjahópnum er auk þess Hvatning hf. Eignarhlutur Sjóvá/Almennra trygginga hf. í þessum félögum eru frá 25% upp í tæp 90%.

Þriðji fyrirtækjahópurinn sem gerð verður grein fyrir er Vátryggingafélag Íslands hf. og dóttur- og hlutdeildarfélög þess fyrirtækis. Í vátryggingastarfsemi er auk móðurfélagsins Íslensk endurtrygging hf. Önnur félög eru Miðvangur hf., Móklettur hf., Eignarrós hf., Traustfang hf., Flutningur hf., Tölvur ehf., Fjárvangur ehf. og Samvinnuferðir/Landsýn hf. Eignarhlutur móðurfélagsins í þessum félögum er frá 20% til 100%. Vátryggingafélag Íslands hf. og Líftryggingafélag Íslands hf. mega kallast systurfélög en þau stunda starfsemi sem lög krefjast að sé rekin í aðgreindum félögum. Eigendur beggja félaga eru hinir sömu og eignarhlutföll þeirra eru nánast hin sömu í báðum félögum. Enginn einn eigandi á slíkan hlut að félögin verði dótturfélög hans. Hvort félag um sig á milli 11–12% hlut í hinu. Vátryggingafélag Íslands hf. sem er miklu stærra annast rekstur Líftryggingafélagsins í verktöku og félögin hafa sama forstjóra. Líftryggingafélag Íslands hf. á Tölvur ehf. að hálfu á móti Vátryggingafélagi Íslands hf.

Undir önnur vátryggingafélög fellur t.d. Vörður vátryggingafélag sem áður hét Vélbátatrygging Eyjafjarðar. Það stofnaði dótturfélag um rekstur fasteignar sem félagið nýtir sjálft að hluta en leigir út að meiri hluta. Þar eð dótturfélagið er ekki vátryggingafélag þarf ekki að reikna aðlagað gjaldþol Varðar.

Vegna annarra lagaákvæða þarf hins vegar að gera samstæðureikning fyrir félögin. Ákvæði frv. um eftirlit með viðskiptum tengdra aðila eiga við hér. Auk Varðar vátryggingafélags eru þrjú bátaábyrgðarfélög starfandi en þeim hefur fækkað með samruna undanfarin ár. Þessi félög eru öll lítil. Þau annast eingöngu vátryggingar fiskiskipa og hafa aðeins einn eða tvo starfsmenn hvert. Hvert félag hefur aðeins lítinn hluta af áhættunni í hverju fiskiskipi í eigin áhættu en megnið af henni er endurtryggt hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn í samábyrgðina sem aftur tilnefnir einn stjórnarmann í hverju bátaábyrgðarfélagi. Tengsl Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna eru þó ekki eignartengsl og hefur þessi hópur því ekki verið skilgreindur sem samstæða til þessa.

Eigendur Alþjóðalíftryggingafélagsins hf. eru sparisjóðir sem hafa margvíslegt samstarf sín á milli án þess að þeir hafi verið taldir mynda fyrirtækjasamstæðu. Tvö vátryggingafélög eru í ríkiseign, Viðlagatrygging Íslands og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og gilda sérlög um starfsemi þeirra. Ákvæði frv. hafa ekki áhrif á þessi tvö félög hvað gjaldþol varðar en þau munu þurfa eins og önnur vátryggingafélög að skila þeim upplýsingum sem krafist er um viðskipti við tengda aðila.

Tvö þjónustufyrirtæki í eigu vátryggingafélaga, Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi sf. og Björgunarfélagið ehf. hafa ekki verið tekin með hlutdeildaraðferð inn í ársreikninga þeirra og eru ekki meðtalin í upptalningu hér á undan. Eigið fé hvors félags um sig er innan við 1 millj. kr. samkvæmt ársreikningum þeirra. Bæði þessi fyrirtæki geta talist hlutdeildarfélög vátryggingafélaga í þeim skilningi að vátryggingafélögin hafa veruleg áhrif á rekstur þeirra. Vegna smæðar þeirra kemur þó sérstaklega til álita að undanþáguheimildir sem tilskipunin gerir ráð fyrir muni gilda um þessi félög og ekki þurfi að taka tillit til þeirra við útreikning á aðlöguðu gjaldþoli eigendanna.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni óska ég þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, 223. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 975.

Skipulagsbreytingar hjá Íslandspósti hf., 613. mál, fsp. ÖJ, þskj. 977.

Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 1. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 831.

[17:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 831 sem er 530. mál þingsins, um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Frv. þetta er samið í viðskrn. Er frumvarpið að meginefni til samhljóða frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Tvær meginástæður liggja að baki frumvarpinu. Í fyrsta lagi að stofna hlutafélag um rekstur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum til þess að ríkisstjórninni sé kleift að selja félagið ef viðunandi kauptilboð berst í það, en stefnt hefur verið að því um nokkurn tíma að ríkið dragi sig endanlega út úr rekstri vátryggingafélaga á hinum almenna markaði. Í öðru lagi að afnema sérlög um bátaábyrgðarfélög og um leið skyldutryggingu þilfarsbáta að 100,49 rúmlestum brúttó.

Í framsöguræðu þáv. viðskrh. með frv. því sem lagt var fram á 122. löggjafarþingi var rakin saga laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og laganna um bátaábyrgðarfélögin. Vísa ég einnig til sömu umfjöllunar í athugasemdum með þessu frv.

Í athugasemdum er einnig að finna ítarlega umfjöllun um eignarhald á Samábyrgðinni. Í ljósi þeirrar umfjöllunar og þeirrar umræðu sem hefur orðið á opinberum vettvangi um það efni, svo og með tilvísan til þeirra tilboða sem aðilar sem standa að bátaábyrgðarfélögunum hafa gert í Samábyrgðina, tel ég ekki ástæðu til þess að rekja nánar það mál. Virðist það nú ágreiningslaust að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum sé ríkisfyrirtæki. Hins vegar tel ég rétt að skýra frá því að fyrir liggja tvö tilboð í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Annars vegar er um að ræða ítrekun tilboðs í eignarhlut ríkisins sem þeir Sveinn Hjörtur Hjartarson, stjórnarformaður Samábyrgðarinnar og Hjálmar Styrkársson, framkvæmdastjóri Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu gerðu upp á 190 millj. kr. Hins vegar liggur fyrir tilboð frá Verði vátryggingafélagi, sem áður hét Vélbátatrygging Eyjafjarðar, upp á 200 millj. kr. Ekki hefur verið tekin afstaða til þessara tilboða. Ráðuneytið hefur hins vegar reynt að beita sér fyrir því að bátaábyrgðarfélögin kæmu sér öll saman um sameiginlegt tilboð í Samábyrgðina. Er vitað að viðræður hafa farið fram á milli aðila um það efni.

Ástæða þess að ég nefni þetta hér er að fyrir hefur legið að ríkisstjórnin kynni að vera reiðubúin til þess að selja bátaábyrgðarfélögunum og þeim sem að þeim félögum standa Samábyrgðina á verði sem er lægra en upplausnarvirði hennar.

Eins og fram kemur í frv. er viðskrh. gert að fara með eignarhlut ríkisins í Samábyrgðinni og selja hann ef ásættanlegt tilboð berst. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gefa framangreindum aðilum kost á því í eitt ár frá samþykkt frv. að koma sér saman um eitt sameiginlegt tilboð. Verði tilboðið talið ásættanlegt má gera ráð fyrir að þeim verði seldur eignarhlutur ríkisins. Hafi sameiginlegt tilboð ekki borist innan þessara tímamarka má allt eins búast við því að Samábyrgðin verði falboðin á opnum markaði. Rétt er þó að ítreka að frv. það sem hér er lagt fram fjallar fyrst og fremst um stofnun hlutafélags um rekstur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum en ekki um sölu þess. Hafa ber þó hugfast að það er ásetningur ríkisstjórnarinnar að ríkið dragi sig út úr vátryggingastarfsemi á samkeppnismarkaði.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það vakna satt að segja nokkrar spurningar þegar maður les yfir þetta frv. og greinargerð og hlýðir á mál hæstv. viðskrh. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Hæstv. ráðherra hefur lýst því að þær meginástæður sem liggja að baki frv. séu í fyrsta lagi að stofna hlutafélag um reksturinn og síðan sé stefnt að því að selja ef viðunandi kauptilboð berst. Síðan, eins og segir í greinargerðinni, hefur verið stefnt að því um nokkurn tíma að ríkið dragi sig endanlega út úr rekstri vátryggingafélaga á hinum almenna markaði.

Nú gæti það út af fyrir sig verið ágætis markmið að ríkið dragi sig út úr rekstri vátryggingafélaga ef það væri tryggt að vátryggingastarfsemin væri almennt á eðlilegum og heilbrigðum samkeppnismarkaði og þar ríkti ekki fákeppni og samráð, en á því finnst mér nokkuð bera varðandi tryggingafélögin.

Þetta tiltekna mál sem við ræðum hér kemur til efh.- og viðskn. og við munum fara yfir það ítarlega. En ráðherrann nefnir og ítrekar það í sinni framsögu að hér sé ekki verið að fjalla um sölu, hér sé fyrst og fremst verið að breyta forminu og stofna hlutafélag. Við höfum heyrt það áður þegar verið er að breyta rekstri ríkisfyrirtækja í hlutafélög að ekki séu áform um að selja eða ekki sé meiningin að selja, en það hefur yfirleitt liðið stuttur tími frá því að Alþingi hefur samþykkt hlutafélagavæðingu á ríkisfyrirtæki þangað til það hefur verið selt. En það kemur beinlínis fram, herra forseti, í 3. gr. frv. að viðskrh. er heimilt að ákveða heimild á sölu á eignarhlut ríkissjóðs í félaginu að hluta til eða öllu leyti og ég get ekki annað skilið þegar þetta er lesið en að ef fram fer sala og frv. verður samþykkt eins og hér er lagt upp með það, þá þurfi málið ekki að koma aftur til kasta þingsins. Þess vegna verður þingið og efh.- og viðskn. auðvitað að fjalla um málið einmitt út frá því að hér er einnig verið að heimila sölu, ekki bara hlutafélagavæðingu heldur er einnig verið að heimila sölu á þessu fyrirtæki.

Það sem vekur athygli mína er að það er nefnt í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að eigið fé þessa félags í árslok 1998 hafi verið 278 millj. kr. Ég veit ekki hvað það var um síðustu áramót en engu að síður er verið að tala um að tilboð sem hafa legið fyrir — en eins og hæstv. ráðherra nefndi þá kom þetta fyrir 122. löggjafarþing — eru

upp á 190 millj. kr. annars vegar og einnig liggur fyrir tilboð frá öðrum aðila upp á 200 millj. kr. En við erum að tala um að eigið fé sé upp á 278 millj. kr. þannig að eina ferðina enn virðist það vera svo að það sé verið að selja hér ríkisfyrirtæki á undirverði.

Þeir sem hafa gert tilboð í þetta eru stjórnarformaður Samábyrgðar og framkvæmdastjóri Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu. Þeir virðast hafa gert í þetta tilboð. Þetta var á 122. þingi og ég spyr: Liggja þessi tilboð enn fyrir? En þegar fyrir málinu var mælt á 122. löggjafarþingi lágu þessi tilboð fyrir. Ég spyr: Á að fara með þessa sölu fram hjá einkavæðingarnefndinni? Á ekki að fara fram útboð á sölunni? Það er nokkuð óvanalegt ef ekki á að gera það. Það er bara ákveðið hverjir það eru sem eiga að geta keypt þetta fyrirtæki. Það er nokkuð óvanalegt sem hér er verið að fara fram á og þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort einkavæðingarnefnd hafi fjallað um þetta mál sérstaklega og hvert sé álit hennar. Af hverju fer ekki fram útboð og hverju sætir að það eigi að gefa þessum aðilum eitt ár, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu, þ.e. þessum tveim aðilum sem vilja gera tilboð í þetta? Það er verið að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um að þessir aðilar geri þá eitt tilboð í þetta félag. Þetta er mjög óvanaleg aðferð, finnst mér, sem hér á að fara.

Ég vil líka spyrja hvort ekki hafi farið fram mat á þessu fyrirtæki, mat á verðmætunum í þessu fyrirtæki vegna þess að mér finnst þetta mál allt nokkuð sérstakt.

Hæstv. ráðherra nefndi að málið væri ágreiningslaust, þ.e. að fyrirtækið ætti ekki að vera áfram í ríkiseigu. En milli hverra er það ágreiningslaust?

Herra forseti. Þetta eru spurningar sem vakna við fljótan yfirlestur á þessu máli. Mér skilst að um einhvern tíma hafi verið deilur um eignarrétt í þessu fyrirtæki. Vera má að sá vandi sé leystur og væri gott að fá það alveg á hreint við þessa umræðu.

Eins og hæstv. ráðherra heyrir þá er ég nokkuð gagnrýnin á það hvernig eigi að standa að þessari sölu. Það þýðir ekki, herra forseti, að bera það á borð fyrir þingið að hér sé bara verið að stofna hlutafélag um reksturinn. Það er stefnt að sölu eins og kemur fram í 3. gr. frv. og það var auðvitað ekki hægt að skilja orð hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að stefnt væri að því að selja þetta fyrirtæki og gefa þeim aðilum sem hafa lagt fram tilboð núna í þetta fyrirtæki, eitt ár til þess að skila inn sameiginlegu tilboði. Það er því nokkuð sérkennilega að þessu staðið. Ég ætla ekki, herra forseti, að ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra en vænti þess að fá svör við þeim.

[18:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að mikilvægt er að þingið fari vel í saumana á þessu frv. Hæstv. iðnrh. sagði að óeðlilegt væri að mati ríkisstjórnarinnar að opinberir aðilar kæmu nálægt tryggingamálum. Ég tel að alhæfingar á borð við þessa séu varasamar. Svarið hljóti að vera komið undir því hvort tryggingastarfsemi, rekin á vegum opinberra aðila gagnast viðskiptavinum, gagnast þjóðfélaginu, hvort hún er íþyngjandi fyrir samfélagið, skattborgarann. Allt þetta hlýtur að verða að skoða þegar svar er gefið við þeirri spurningu hvort ríkið eigi að koma nálægt slíkum málum. Ég minni á að fyrir nokkrum árum vorum við þvinguð vegna ákvæða í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði til að losa brunatryggingar í Reykjavík undan borginni, gera þær að sjálfstæðu fyrirtæki sem var síðan selt á markaði með slæmum afleiðingum fyrir viðskiptavini þess fyrirtækis. Brunatryggingar í Reykjavík höfðu boðið upp á einhverjar ódýrustu tryggingar sem finnast á byggðu bóli en síðan hefur komið á daginn að samkeppnin kostar sitt.

Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra sagði að ekki stæði til að selja fyrirtækið að svo stöddu en tók þó jafnframt fram að það væri ásetningur ríkisstjórnarinnar að losa sig við það. Við höfum heyrt yfirlýsingar af þessu tagi fyrr í tengslum við einkavæðingu símans og póstsins og annarra fyrirtækja. En í frv. er reyndar gengið lengra en þar var gert því þá var búið svo um hnúta að Alþingi þurfti að fara höndum um nýtt frv. áður en ríkisstjórnin fékk heimild til að selja. Í þessu frv. er sú heimild hins vegar fyrir hendi.

Hér kemur fram eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að arðurinn af fyrirtækinu er nokkur. Hann er um 10 millj. kr. Fyrir liggja tvö kauptilboð. Það eru aðilar nátengdir fyrirtækinu sem bjóða í þennan gullmola sem virðist vera. Ég tek því undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þetta mál verði rækilega skoðað í meðferð þingsins.

[18:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í lok umræðunnar í framhaldi af vangaveltum og spurningum hv. þm. sem hafa tekið til máls. Þetta mál er hv. þm. kunnugt þar sem það hefur verið áður til umfjöllunar en það sem gerir það að verkum að ég taldi rétt að leggja það fram enn á ný er að ég tel mikilvægt að taka á málinu og reyna að leiða það til lykta.

Ástæða þess að það hefur strandað á hv. Alþingi hefur fyrst og fremst verið sú að ekki virtist vera samstaða á meðal ... (**ÖJ:** Í ríkisstjórninni?) Nei, ég er þá fyrst og fremst að tala um bátaábyrgðarfélögin, að kaupa Samábyrgðina. Það er náttúrlega augljóst að til þess að forsvaranlegt sé að selja fyrirtækið á undirverði þarf að vera samstaða á meðal bátaábyrgðarfélaganna um kaupin. En ástæða þess að komið gæti til greina að selja fyrirtækið á undirverði er sú að auðvitað hafa bátaábyrgðarfélögin verið nánast skyldug til að endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Þess vegna hafa þau í sjálfu sér dálítið aðra aðkomu að fyrirtækinu að mínu mati en önnur fyrirtæki í landinu.

Eins og komið hefur fram hafa verið gerð tilboð í félagið og þau hafa verið nokkru lægri en má kannski segja að upplausnarvirði þess sé.

Ekki liggur fyrir rekstrarreikningur fyrir síðasta ár þannig að ég ætla ekki að fullyrða á þessari stundu hvert verðmæti félagsins er en ég reikna með því að það sé jafnvel hærra en getið er um í greinargerð. Þar er ef ég man rétt talað um 273 millj. Ef til þess kemur að félagið verði selt á opnum markaði reikna ég alveg með því að leitað verði til einkavæðingarnefndar um það úrlausnarefni. En það sem þetta frv. kveður fyrst og fremst á um er að breyta því í hlutafélag og það verður þá a.m.k. fyrst um sinn í eigu ríkisins. Það sem ég var að tala um að væri ágreiningslaust er að félagið sé í eigu ríkisins. Ég tel að bátaábyrgðarfélögin hafi í raun staðfest þann skilning með því að gera tilboð í félagið. Það vildi ég að kæmi fram.

Ég lét þess getið í framsöguræðu minni að kannski væri ekki eðlilegt að ríkið stæði í vátryggingastarfsemi á samkeppnismarkaði. Það voru þau orð sem ég lét falla. Ég tel

mjög mikilvægt að málið komist inn í þingið og fái umfjöllun í nefnd. Ég hef áhuga á því að það verði samþykkt í vor. Auðvitað verður að koma í ljós hvort það tekst en mér finnst mjög mikilvægt að fá opinbera umræðu um málið einu sinni enn og gera tilraun til þess að breyta Samábyrgðinni í hlutafélag.

[18:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til þess að beina spurningu til hæstv. ráðherra. Finnst hæstv. ráðherra eðlilegt að einn tiltekinn ráðherra hafi sjálfdæmi um hverjum hann selur ríkiseignir og á hvaða verði? Eru þetta eðlileg vinnubrögð? Mér finnst það ekki.

Á undanförnum árum hefur verið gagnrýnt hvernig staðið hefur verið að sölu ýmissa ríkiseigna og nefni ég þar Áburðarverksmiðjuna, SR-mjöl og önnur slík dæmi en mér sýnist hér gengið lengra í þá átt að fela ákvörðunarvaldið einum ráðherra, hverjum er selt og á hvaða verði. Nú heyrum við það úr munni hæstv. ráðherra að jafnvel standi til að selja á undirverði.

[18:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sem viðbrögð við því sem kom núna fram síðast hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni hvort mér finnist eðlilegt að einn tiltekinn ráðherra fari með þetta vald að ákveða hverjum væri selt, hvernig og á hvaða verði þá er málið reyndar ekki þannig í framkvæmd að einn ráðherra ákveði þetta allt saman. Eins og kom fram í framsöguræðu minni talaði ég um ríkisstjórnina í þessu sambandi. Hv. þm. sem er nokkuð áhugasamur um einkavæðingu eða a.m.k. að fylgjast með einkavæðingu hlýtur að vera minnugur þess að starfandi er nefnd innan ríkisstjórnar sem fjallar um mál sem þetta. Auk þess lét ég þess getið að einkavæðingarnefnd mundi koma að málinu ef selt yrði á hefðbundinn hátt.

Ég vil halda mig við það sem ég hef sagt áður að mér finnst koma til greina að selja bátaábyrgðarfélögunum fyrirtækið á lægra verði ef félögin koma sér saman um að gera tilboð vegna sögunnar. Það hefur þótt eðlilegt áður þegar þetta mál hefur verið til umfjöllunar á Alþingi að taka tillit til bátatryggingafélaganna á þennan hátt og ég er alveg sammála því.

[18:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hverjir skyldu vera að gera tilboð í fyrirtækið? Það er stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins. Hverjir voru skipaðir í nefnd til að gera tillögur um þessi nýju lög? Hver var formaður nefndarinnar? Var það sami aðilinn? Það var ekki sami aðilinn, er mér gefið til kynna í salnum. Ég vil bara fá þetta upplýst. Ef ég er að fara með rangt mál, þá leiðréttist það. Ég er að vekja athygli á því að verið er að óska eftir því við Alþingi að við samþykkjum heimild til að selja þetta fyrirtæki og fela hæstv. ráðherra sjálfdæmi í málinu, hverjum er selt og á hvaða verði. Nú heyrum við það í þingsal að jafnvel standi til að selja á undirverði. (**Gripið fram í:** Vegna sögunnar.) Vegna sögunnar. Mér finnst sannast sagna þetta vera alvarlegra mál sem er hér á ferðinni en ég hafði trúað og mikil ástæða til að fara mjög rækilega í málið þegar það kemur fyrir efh.- og viðskn. þingsins.

En ég óska eftir frekari skýringingum frá hæstv. ráðherra á því hvernig staðið er að málum því að staðið er mjög óeðlilega að málum að mínu mati.

[18:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að það er mjög óeðlilega staðið að þessu sé það rétt að sá sem hefur gert tilboð í þetta fyrirtæki, upp á 190 millj., á undirverði upp á 100 millj. undir eigin fé, stjórnarformaður Samábyrgðar sé einnig formaður nefndarinnar sem samdi frv. Það er mjög óeðlilegt ef þetta er rétt. Ég bara spyr hvort það geti verið að sami aðili og semur þetta frv., formaður nefndarinnar sem ráðherra skipaði til að endurskoða þessi lög, geri síðan tilboð í þetta fyrirtæki. Þetta mál þarf rækilegrar skoðunar við í efh.- og viðskn.

Eins og ég sagði áðan þýðir ekki að bjóða þinginu upp á að það sé bara verið að hlutafélagavæða, ætlunin er auðvitað að selja. Ég spyr ráðherrann, af því að hún talar um að gefa þessum tveimur tilboðsaðilum eitt ár til að komast að einu sameiginlegu tilboði: Mun þetta mál koma aftur til kasta þingsins áður en ríkið tekur ákvarðanir um þessa sölu? Það er mjög óeðlilegt að fyrirtæki skuli ekki sett á almennan útboðsmarkað. Ég spyr: Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar? Þetta er orðið svo blygðunarlaust hjá ríkisstjórninni að ráðherra hikstar ekki þegar hún segir að hér sé verið að selja ríkiseign á undirverði. Hún segir það bara blátt áfram hér að verið sé að selja ríkiseign á undirverði. Þetta er orðið algjörlega grímulaust hjá ríkisstjórninni.

Ég spyr hæstv. ráðherra um þetta. Á málið að ganga svona fyrir sig? Ég sé ekki annað en að efh.- og viðskn. þurfi töluverðan tíma til að fara ofan í þetta mál. Ég spyr: Kemur þetta til kasta þingsins aftur áður en salan fer fram? Þetta mál er náttúrlega mjög sérkennilega vaxið ef eignin fer ekki á útboðsmarkað.

[18:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var þannig með nefndina sem hv. þm. hafa vitnað til að hún lauk ekki störfum. Það er þá komið fram. (**JóhS:** En þetta er sami aðilinn.) Ástæða þess að ég hef talað hér mjög opinskátt um þetta mál er sú að ég er þeirrar skoðunar að það geti alveg komið til greina að selja bátaábyrgðartryggingafélögunum þetta fyrirtæki á öðru verði en ef það væri selt á opnum markaði vegna sögunnar. (**Gripið fram í:** Sögunnar?) Það er skemmtileg saga sem þarna liggur að baki og ákaflega stór þáttur í Íslandssögunni allri. Þetta varð allt saman til upp úr aldamótum. Ég hélt að hv. þm. Samfylkingarinnar væru svo hlynntir öllu sem sneri að bátum. Þetta er allt svo lítið og sætt en ekki stóru, ljótu útgerðarkarlarnir. Þannig að því leyti vonast ég til að hv. þm. Samfylkingarinnar styðji nú ráðherrann í þessu máli.

[18:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru furðuleg svör hjá hæstv. ráðherra og þó að Samfylkingunni finnist þetta lítið og sætt og sé hlynnt bátum þá er Samfylkingin á móti því að gefa ríkiseigur. Samfylkingin vill að rétt og eðlilega verði staðið að því ef á annað borð á að selja þetta fyrirtæki. Ég mótmæli ekki því að það gæti verið rétt en að því ætti að standa eins og gert hefur verið, þ.e. að þetta fari á útboðsmarkað. Hæstv.

ráðherra hefur ekki svarað því hvort hér sé virkilega sami aðili að gera tilboð og var í nefnd á vegum ráðuneytisins sem fjallaði m.a. um þetta mál og hvernig það yrði fært í frumvarpsbúning. Það er auðvitað mjög alvarlegt ef svo er og verður auðvitað rækilega skoðað í nefnd.

Ráðherrann kemst ekkert hjá því að svara svo einfaldri spurningu sem ég lagði fyrir hana, um hvort þetta frv. þýddi ekki bæði hlutafélagavæðingu og sölu. Það mun ekki koma til kasta þingsins aftur þegar ákveðið verður hvernig standa eigi að þessari sölu, þ.e. hvort gefa eigi það á undirverði til tilboðsaðila eða hvort það fari á útboðsmarkað. Liggur það ekki klárt fyrir að Alþingi er endanlega að afgreiða málið frá sér með þessu frv.? Ég óska eftir svörum við því.

[18:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál mun ekki koma aftur til kasta þingsins ef það verður samþykkt í því formi sem það núna liggur fyrir ef fyrirtækið verður selt. Það er alveg ljóst. En mér finnst að í því felist ákveðin félagshyggja og fögur hugsjón að vilja líta svolítið öðrum augum á (**JóhS:** Að gefa ríkiseigur?) bátaábyrgðarfélögin vegna sögunnar en annarra aðila sem hugsanlega hefðu áhuga á að kaupa án þess að hafa nokkuð komið að þessum málum áður. Þetta er mál sem nefndin fjallar að sjálfsögðu um og ég óska henni velfarnaðar í þeim mikilvægu störfum sem eru fram undan í þessu máli og mörgum öðrum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:21]

Útbýting þingskjala:

Fjáröflun til vegagerðar, 223. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 973; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 974.

Vörugjald af ökutækjum, 385. mál, brtt. JóhS og ÖJ, þskj. 976.

Suðurnesjaskógar, fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 390. mál. — Þskj. 648.

[18:21]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um Suðurnesjaskóga, landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að beina því til landbúnaðarráðherra að skipa starfshóp til að undirbúa stofnun landshlutabundins verkefnis til landgræðslu og skógræktar á Suðurnesjum.

Starfshópurinn skili tillögum sínum nógu tímanlega til að framkvæmd verkefnisins geti hafist eigi síðar en árið 2001."

Herra forseti. Landshlutabundin verkefni um landgræðslu og skógrækt sem samþykkt hafa verið hér á hinu háa Alþingi hafa verið sett á fót mjög víða um land og reynst afskaplega vel. Á Suðurnesjum hefur landgræðsla og skógrækt staðið yfir lengi. Upphaflega hófst landgræðsluátak á Reykjanesi árið 1938 með lagningu langrar girðingar sem fyrst og fremst var hugsuð til að stöðva sandfok sem verið hafði viðvarandi á Suðurnesjum árum og árhundruðum saman. Í jarðabók Árna Magnússonar frá 1703 kemur fram að 75% af jörðum á Suðurnesjum hafi legið undir stórskemmdum vegna skemmda af sandfoki og landbroti. Þetta vandamál hefur því verið viðvarandi á þessu svæði í gegnum aldirnar. En með því átaki sem hófst árið 1938 hefur að mestu tekist að hefta sandfok, alla vega nærri byggð. Að því leyti hefur margt tekist vel af hálfu sveitarfélaga og einstaklinga á Suðurnesjum. Það er þó staðreynd að á Suðurnesjum er jarðvegur afskaplega rýr og ræktun og uppgræðsla hefur gengið illa að öðru leyti þó margir fallegir blettir séu að sjálfsögðu á Suðurnesjum sem sýnt hafa og sannað að með samstilltu átaki og fjármagni er hægt að gera kraftaverk á þessu svæði.

Að mínu áliti og meðflutningsmanna minna er sérstaklega tímabært að gera átak á Suðurnesjum eins og annars staðar á þessu sviði. Við þetta verkefni verður þó að beita öðrum aðferðum en við önnur landshlutabundin verkefni vegna þess að á Suðurnesjum er enginn búskapur lengur. Það þýðir í raun að þessi verkefni verða falin skólum, einstaklingum eða jafnvel skógræktarfélögum og félagasamtökum eins og Gróður fyrir fólk og öðrum aðilum sem nálægt þessu geta komið. En slíkt verkefni yrði undirbúið og því stjórnað af sérfræðingum.

Ávinningurinn af landgræðslu á þessu svæði væri að sjálfsögðu sambærilegur við það sem gerist annars staðar. Við mundum stuðla að því að uppfylla að hluta til mikilvægar skuldbindingar sem við komum til með að þurfa að standa við gagnvart Kyoto-samþykktinni, en við höfum u.þ.b. 10–12 ár til að geta uppfyllt þau skilyrði sem við komum til með að undirgangast með henni.

Skógræktarverkefni og landgræðsla eru meðal þeirra aðferða sem sannarlega geta uppfyllt öll þau skilyrði sem við þurfum. Þessi aðferð er mjög auðveld í framkvæmd og margt vinnst á sama tíma, þ.e. bæði að uppfylla skyldur okkar gagnvart andrúmsloftinu og fegra og græða upp umhverfi svæðisins.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að telja þá upp sem undir þáltill. rita en það eru auk mín hv. þm. Árni Johnsen, Drífa Hjartardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir og Lúðvík Bergvinsson. Við vonumst til að þetta mál fái jákvæða og hraða meðferð hjá nefndum. Ég geri að tillögu minni, hæstv. forseti, að þetta mál verði sent til hæstv. landbn.

[18:27]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Málið sem hér er hreyft er mjög áhugavert. Ásamt frsm. og öðrum standa tveir þingmenn Samfylkingarinnar að því, hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og Lúðvík Bergvinsson. Þetta mál nýtur vitanlega stuðnings í Samfylkingunni og ég vil taka það sérstaklega fram.

Þetta mál er hins vegar mjög sérstakt. Þessi tillaga um Suðurnesjaskóga, landshlutabundið verkefni um landgræðslu og skógrækt á Suðurnesjum, er öðruvísi en önnur skógræktarverkefni. Ég kem kannski að því síðar. Fyrir utan að vera öðruvísi en á þeim svæðum sem hingað til hefur verið ákveðið að ráðast í landshlutabundin verkefni um skógrækt þá tengist það jafnframt öðru máli sem verið hefur vandamál hér á svæðinu, svæðinu sem við köllum oft landnám Ingólfs. Það er lausaganga búfjár.

Lausaganga búfjár hefur verið vandamál hér, torveldað uppgræðslu og haft þau áhrif að þyngra hefur verið undir fæti með landgræðslu og uppgræðslu en vera þyrfti. Sjálf hef ég nokkrum sinnum flutt hér á þingi tillögu um bann við

lausagöngu búfjár í landnámi Ingólfs ásamt nokkrum þingmönnum úr öðrum flokkum. Það mál náði ekki stuðningi til að verða afgreitt héðan af þinginu og þá má segja að nokkur okkar hafi gripið til annarra ráða og ákveðið að gera tilraun frá öðrum sjónarhóli, ef hægt er að orða það svo. Við tókum þátt í að búa til uppgræðsluverkefni með samtökunum Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs. Hugsunin þar var að hvetja til umbóta í landnáminu, sérstaklega þá á Reykjanesinu. Við þingmenn Reykjaness vitum að þetta merkilega kjördæmi spannar eiginlega alla atvinnuhætti í landinu og er eins og smækkuð útgáfa af landinu öllu hvað atvinnuhætti varðar. Við höfum sjávarsíðuna suður með sjó og norður úr og síðan sveitina í norðri og gerum okkur grein fyrir því að staðan er ekki sú sama á Reykjanesinu og norðar í landnáminu.

Þess vegna höfum við ákveðið að reyna að hvetja til þess að menn hætti sjálfviljugir að vera með lausagöngu búfjár og verði fyrir hvatningu til þess af hálfu allra þeirra sem hafa bundist böndum til þess að gera átak í skógrækt og gróðurmálum svæðisins. Þess vegna hafa samtökin „Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs" náð fádæmaárangri, leitað samstarfs við sveitarstjórnir, hjá fyrirtækjum í öllu kjördæminu og meðal einkaaðila og einstaklinga og mikill fjöldi styður þetta verkefni og leggur því lið. Það er mikill árangur strax á þeim svæðum sem þar sem Gróður fyrir fólk hefur beitt sér. Það er hins vegar þannig að á ákveðnum svæðum í kjördæmi okkar er enn þá lausaganga og það verður að vinna bráðan bug á henni til að ná árangri eins og talað er um.

Af því ég er að nefna Gróður fyrir fólk þá hafa þeir myndað net milli aðila, milli sveitarfélaga, atvinnulífs, einstaklinga og umhverfisgeirans og sem er mjög mikils virði og sem gagnast mjög í verkefni eins og því sem þarna er á ferðinni. Þeir hafa yfir að ráða sérþekkingu og það er mjög mikilvægt að draga þá inn í eða jafnvel fela þeim verkefni af þessum toga. Þetta vil ég endilega taka fram í framsögu minni og þátttöku í umræðu um þetta mál.

Segja má að Gróður fyrir fólk sé dæmigert áhugafélag, eða eins og oft er kallað NGO og bæði í Ríó-samkomulaginu og Agenta 21, þá er lagt mikið upp úr því að svona NGO-samtök komi inn í verkefnin á umhverfissviði og að það sé ekki bara ríkið, heldur séu virkjaðir allir fyrir utan sem vilja gera átak í þessum efnum. Samtökin hafa bæði kraft og kunnáttu. Það er mjög mikilvægt að í öllu sem við erum að leggja til þá pössum við að búa ekki til samkeppnisfyrirbæri við það sem þegar er heldur eitthvað sem byggir saman, tengist eða jafnvel fá þessa aðila til þess að koma og vera með eða leiða verkefni eins og þetta, sérstaklega af því þessi samtök Gróður fyrir fólk hafa innan raða sinna feikilega hæfa sérfræðinga. Þar er fólk sem vinnur fyrst og fremst sem áhugafólk en hefur sérþekkingu og er að vinna í sínu starfi og út á sérþekkingu sína að málum af svipuðum toga.

Ef einhver von er til þess að tillaga af þessum toga gæti verið samþykkt, hún er að vísu seint fram komin, aðeins mánuður til þingloka, en ef það færi svo að við vinnu í landbn. kæmust menn að þeirri niðurstöðu að vilja samþykkja tillöguna þá finnst mér að landbn. eigi að hafa skoðun á því hvernig starfshópurinn eigi að vera og það sé afdráttarlaust þannig að það eigi að nýta þessa þekkingu samtakanna og það eigi tengja saman það sem verið er að gera.

Í greinargerðinni er bent á hvað landsvæði, sem græða þarf upp, þarf mikið til að ná þeirri gróðurþekju sem áður var á Suðurnesjum, að svæðið allt nemur tugum þúsunda hektara og þarna yrðu ræktuð skjólbelti, kjarrgróður og nytjaskógar, allt eftir aðstæðum. Þá vil ég taka sérstaklega fram að það er mjög mikilvægt í átaki af þessu tagi að reyna ekki að búa til útlönd, að halda okkur við það sem er íslenskt og það sem styður undir þá stórkostlegu fegurð í landslagi okkar og eins og hún er á Suðurnesjunum, fremur hrá og hrikaleg, með mikið aðdráttarafl, að það sem verður gert, byggi undir það.

Það er mjög fátt sem hefur gengið að rækta á Reykjanesi og það er rétt sem hér kemur fram að það er helst íslenskt birki. Það eru þessar harðgerðu kjarrplöntur og þess vegna verða aldrei stórir skógar hér eins og menn sjá þá fyrir sér. Svo er það líka mjög mikilvægt sem bent er á varðandi landgræðslu og skógrækt, í tengslum við loftslagssamninginn, að menn hafa of lítinn gaum gefið að því að öll ræktun skiptir þarna máli, það er ekki bara skógur eins og menn hafa séð fyrir sér, heldur ræktun, bara jafnvel lágvaxinn gróður vegur feikilega þungt í því efni að binda koltvísýring og styðja við það verkefni sem við eigum fram undan varðandi loftslagssamninginn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 28.–30. og 41.–47. mál.

Fundi slitið kl. 18:35.

96. FUNDUR

mánudaginn 10. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231, nál. 727. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Orkunýtnikröfur, stjfrv., 523. mál, þskj. 824. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, stjfrv., 524. mál, þskj. 825. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 526. mál, þskj. 827. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 530. mál, þskj. 831. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 543. mál, þskj. 845. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, stjfrv., 544. mál, þskj. 846. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 521. mál, þskj. 822. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, stjfrv., 525. mál, þskj. 826. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 545. mál, þskj. 847. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Réttindagæsla fatlaðra, stjfrv., 419. mál, þskj. 682. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Matvæli, stjfrv., 554. mál, þskj. 856. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 555. mál, þskj. 857. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 556. mál, þskj. 858. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Ráðuneyti matvæla, þáltill., 536. mál, þskj. 837. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Suðurnesjaskógar, þáltill., 390. mál, þskj. 648. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Lífsýnasöfn, stjfrv., 534. mál, þskj. 835. — 1. umr.
19. Sjúklingatrygging, stjfrv., 535. mál, þskj. 836. — 1. umr.
20. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828. — 1. umr.
21. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 551. mál, þskj. 853. — 1. umr.
22. Innflutningur dýra, stjfrv., 552. mál, þskj. 854. — 1. umr.
23. Samvinnufélög, stjfrv., 531. mál, þskj. 832. — 1. umr.
24. Samvinnufélög, stjfrv., 532. mál, þskj. 833. — 1. umr.
25. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 546. mál, þskj. 848. — 1. umr.
26. Vörumerki, stjfrv., 370. mál, þskj. 972. — 3. umr.
27. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 289. mál, þskj. 471. — 3. umr.
28. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 904, frhnál. 940, brtt. 901. — 3. umr.
29. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665, nál. 902, 923 og 928, brtt. 929. — Frh. 2. umr.
30. Rafræn eignarskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 189, nál. 965, brtt. 966. — 2. umr.
31. Bifreiðagjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 259, nál. 963, brtt. 964. — 2. umr.
32. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 223. mál, þskj. 265, nál. 973 og 975, brtt. 974. — 2. umr.
33. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268, nál. 789 og 793. — 2. umr.
34. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 326, nál. 961, brtt. 962. — 2. umr.
35. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 261. mál, þskj. 331, nál. 933, brtt. 934. — 2. umr.
36. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 286. mál, þskj. 435, nál. 960. — 2. umr.
37. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 328. mál, þskj. 578, nál. 921, brtt. 922. — 2. umr.
38. Almenn hegningarlög, stjfrv., 359. mál, þskj. 613, nál. 967, brtt. 968. — 2. umr.
39. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 385. mál, þskj. 643, nál. 959, brtt. 976. — 2. umr.
40. Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, þáltill., 233. mál, þskj. 284, nál. 941 og 969. — Síðari umr.
41. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.
42. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
43. Barnalög, frv., 339. mál, þskj. 592. — 1. umr.
44. Barnalög, frv., 396. mál, þskj. 654. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Fjarvistarleyfi:

Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Ólafía Ingólfsdóttir, 2. þm. Suðurl.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Innherjaviðskipti og dreifð eignaraðild, 453. mál, svar viðskrh., þskj. 899.

Skýrsla utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi, 614. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 979.

Vanskil útvarpsgjalda, 511. mál, svar menntmrh., þskj. 957.

Vörumerki, 370. mál, þskj. 972.

Landsvirkjun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (aðild að fjarskiptafyrirtækjum). — Þskj. 231, nál. 727.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

1. gr. samþ. með 28:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, LMR, PP, SAÞ, SF, StB, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

nei: PHB.

22 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KA, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EOK, HÁs, HjÁ, KPál, ÓI, SP, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Samfylkingin mun sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Hjáseta Samfylkingarinnar byggir á málsmeðferð í iðnn. Hins vegar finnst okkur þingmönnum Samfylkingarinnar í iðnn., þeirri er hér stendur og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, mjög jákvætt að nefndin ætlar að taka málið aftur fyrir og við teljum að í nefndinni verði að fara yfir tillögugreinina og hugsanlega komi til greina að leggja fram brtt. við hana. Við munum sitja hjá við atkvæðagreiðsluna en skoða málið ásamt fulltrúum í iðnn. á ný.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, LMR, PP, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.
23 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KA, KolH, KLM, LB, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EOK, HÁs, HjÁ, KPál, ÓI, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack.
7 þm. (ÁRJ, EMS, GAK, JÁ, JB, SighB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, DrH, EOK, HÁs, HjÁ, KPál, ÓI, SP, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Orkunýtnikröfur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 523. mál. — Þskj. 824.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 825.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KA, KF, KolH, KLM, LMR, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DrH, EOK, HÁs, HjÁ, KHG, KPál, LB, ÓI, SP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 526. mál. — Þskj. 827.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 831.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 543. mál. — Þskj. 845.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 544. mál. — Þskj. 846.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 521. mál. — Þskj. 822.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 525. mál. — Þskj. 826.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 545. mál. — Þskj. 847.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Réttindagæsla fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 419. mál. — Þskj. 682.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Matvæli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 856.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Landmælingar og kortagerð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 555. mál. — Þskj. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 556. mál. — Þskj. 858.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Ráðuneyti matvæla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KA o.fl., 536. mál. — Þskj. 837.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Suðurnesjaskógar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 390. mál. — Þskj. 648.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Um fundarstjórn.

Frumvörp landbúnaðarráðherra.

[15:14]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að vekja athygli á því að 20. dagskrármálið og auk þess 21. og 22. eru á forræði hæstv. landbrh. Mér skilst að hann sé fjarverandi í dag vegna veikinda. Annað mál á forræði hans kom á dagskrá fyrir helgi og hann var þá einnig fjarverandi. Þó ég beri fullan trúnað til staðgengils ráðherra í þessum efnum, hæstv. utanrrh., finnst mér eðlilegt að þetta mál fái að bíða dag eða svo. Sum málanna eru tiltölulega sérhæfð og sem fulltrúi í landbn. vildi ég gjarnan eiga orðastað við hæstv. landbrh. sjálfan í málinu ef þess gæfist kostur.

[15:14]

Forseti (Halldór Blöndal):

Hv. þm. óskar eftir því að 20., 21. og 22. dagskrármálum verði frestað þangað til hæstv. landbrh. hefur náð heilsu að nýju. Ég skil vel að hv. þm. skuli sakna hæstv. landbrh. og kjósa að eiga orðastað við hann og er ástæðulaust annað en verða við þessari beiðni.

Lífsýnasöfn, 1. umr.

Stjfrv., 534. mál. — Þskj. 835.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lífsýnasöfn. Frv. um sama efni var lagt fram á 123. löggjafarþingi en var ekki afgreitt.

Upphaf þessa frv. má rekja til vinnu siðaráðs landlæknis á árunum 1996–1997, en ráðið kynnti sér þar starfsemi lífsýnasafna og taldi nauðsynlegt að sett yrðu lög um þessa starfsemi. Siðaráðið sendi síðan ráðuneytinu drög að frv. Í framhaldi af því var skipaður vinnuhópur til að yfirfara drögin og semja frv. Vinnuhópurinn fékk á sinn fund ýmsa sérfræðinga á sviði læknisfræði, siðfræði, rannsókna og öryggis persónuupplýsinga. Þannig átti vinnuhópurinn m.a. fundi með forsvarsmönnum stærstu lífsýnasafnanna hér á landi.

Vinnuhópurinn kynnti sér ýmsar þjóðréttarreglur og skuldbindingar á þessu sviði þar sem tekið er á atriðum eins og friðhelgi einkalífsins, umgjörð vísindarannsókna, verndun persónuupplýsinga, banni við misnotkun erfðaupplýsinga og almennum öryggissjónarmiðum við geymslu heilsufarsgagna á upplýsingaöld svo að nokkur dæmi sé nefnd.

Frv. sem samið var af fyrrgreindum vinnuhópi var síðan eins og áður sagði lagt fram á 123. þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Starfsmenn ráðuneytisins hafa nú yfirfarið frv. með tilliti til þeirra umsagna sem bárust hv. heilbr.- og trn. þegar frv. var til meðferðar í nefndinni. Umsagnirnar voru almennt jákvæðar en fram komu ýmsar gagnlegar athugasemdir sem tekið hefur verið tillit til í því frv. sem ég mæli nú fyrir.

Meginmarkmið löggjafar á þessu sviði er að styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem eru til hér á landi og hvetja til vísindarannsókna. Í frv. er lögð áhersla á að tryggja að varsla, meðferð og nýting lífsýna úr mönnum verði með þeim hætti að virðing og réttindi þegnanna séu tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

Hér á landi eru nokkur mjög verðmæt söfn lífsýna. Þau eru sum hver árangur af marga áratuga vinnu heilbrigðisstarfsmanna. Lífsýnasöfnin eru ekki hvað síst verðmæt í ljósi vísindalegra, heilsufarslegra og læknisfræðilegra sjónarmiða. Lífsýnasöfnin hafa m.a. skapað grunn að sívaxandi vísindasamfélagi hér á landi síðustu áratugina. Í mörgum tilvikum hefur verðmætt safn lífsýna ýtt undir áhuga erlendra aðila, vísindastofnana og rannsóknasjóða á ýmiss konar samstarfsverkefnum íslenskra og erlendra vísindamanna. Því er nauðsynlegt að löggjafinn skapi umgjörð um lífsýni almenningi, sjúklingum og vísindasamfélaginu til heilla. Með frv. er leitast við að hlúa að rekstri þeirra lífsýnasafna sem nú þegar eru til í landinu, jafnframt því að skapa umgjörð um ný lífsýnasöfn. Gerð er grein fyrir réttindum og skyldum leyfishafa er tengjast vörslu á lífsýnum. Þá er reynt að tryggja aðgengi vísindamanna á grundvelli starfsreglna og þeirra venja er tíðkast hafa í vísindaheiminum um margra áratuga skeið með góðum árangri.

Jafnframt eru settar reglur um eftirlit opinberra aðila, svo sem heilbrrh., landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar með lífsýnasöfnun. Víða um lönd hafa verið sett lög um líffæra- og lífsýnabanka í tengslum við flutninga líffæra og vefefna milli manna. Lagasetning um lífsýnasöfn, þar sem söfnin þjóna fyrst og fremst vísindalegum tilgangi, er hins vegar á frumstigi.

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að vekja sérstaka athygli á þremur helstu álitamálunum sem til umræðu komu við gerð frv. en þau eru:

Í fyrsta lagi eignarréttur á lífsýnum, í öðru lagi fyrirkomulag samþykkis lífsýnagjafa og í þriðja lagi vernd persónuupplýsinga.

Við umfjöllun um lífsýnasöfn verður ekki hjá því komist að taka afstöðu til þess hvort leyfishafi verði eigandi þeirra lífsýna sem vistuð eru í lífsýnasafni hans. Í hefðbundinni skilgreiningu eignarréttarins felst að eigandinn einn hefur heimild til umráða og ráðstöfunar verðmæta, oftast fjárhagslegra. Þá er það einkenni eignarréttinda að aðilaskipti geta orðið að þeim og að þau verða metin til fjár á peningalegan mælikvarða.

Vegna eðlis lífsýna og þess hvernig til lífsýnasafna er stofnað geta þau hvorki né mega lúta lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Leyfishafi lífsýnasafns telst því ekki eigandi lífsýnanna en hefur ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim, eins og nánar er kveðið á um í frv. Við endurskoðun frv. voru tekin af tvímæli um það að leyfishafa er ekki heimilt að selja lífsýni en er heimilt að taka gjald sem nemur kostnaði við öflun og vörslu lífsýnanna og veitingu aðgangs að þeim.

Samkvæmt frv. verður lífsýni einvörðungu vistað í lífsýnasafni með samþykki lífsýnisgjafa. Samþykki getur annaðhvort verið ætlað eða upplýst, óþvingað samþykki. Gert er ráð fyrir að einstaklingar séu almennt ekki mótfallnir því að lífsýni sem tekin eru við venjubundna meðferð og rannsóknir í heilbrigðisstofnunum verði vistuð á lífsýnasafni eins og tíðkast hefur. Í frv. er því gert ráð fyrir ætluðu samþykki fyrir vistun slíkra sýna á lífsýnasafni hafi lífsýnagjafi ekki lýst sig mótfallinn því og skriflegar upplýsingar um það verið aðgengilegar. Sé lífsýna hins vegar aflað til vörslu í lífsýnasafni ber að leita eftir upplýstu óþvinguðu samþykki lífsýnagjafa. Það sama gildir um öflun lífsýna til notkunar í tilgreindri vísindarannsókn og vistun þess á lífsýnasafni.

Í frv. er lögð sú skylda á stjórnvöld að kynna efni þess rækilega fyrir almenningi, m.a. hvað felist í samþykki lífsýnagjafa og rétti einstaklinga til þess að hafna því að lífsýni sem tekið er við þjónusturannsókn verði varðveitt í lífsýnasafni til notkunar í vísindarannsókn samkvæmt frv. Við endurskoðun frv. var bætt við ákvæðum um rétt lífsýnagjafa til að draga samþykki sitt til baka. Þegar um er að ræða lífsýni sem aflað var til vörslu í lífsýnasafni skal lífsýni eytt ef lífsýnagjafi dregur samþykki sitt til baka.

Þegar um er að ræða lífsýni sem tekið var vegna þjónusturannsóknar og vistað á lífsýnasafni til notkunar í vísindarannsóknum getur lífsýnagjafi hvenær sem er lýst því yfir að hann sé mótfallinn því og skal lífsýnið þá einungis notað í þágu lífsýnagjafa. Við endurskoðun frv. var bætt við

bráðabirgðaákvæði um meðferð lífsýna sem aflað hefur verið fyrir gildistöku laganna. Þar kemur fram að heimilt sé að vista þau á lífsýnasafni nema lífsýnagjafi lýsi sig mótfallinn. Þá er tekið fram að gengið skuli út frá ætluðu samþykki sé lífsýnagjafi látinn.

Áhætta af starfrækslu lífsýnasafna felst aðallega í hugsanlegri misnotkun á upplýsingum eða niðurstöðum rannsókna á lífsýnum. Því er í frv. lögð rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga í íslenskum lífsýnasöfnum.

Starfræksla lífsýnasafna um margra áratuga skeið og almenn varðveisla heilsufarsupplýsinga hefur hvorki orðið tilefni til tortryggni meðal almennings í garð heilbrigðisstétta né hafa komið í ljós tilvik misnotkunar eða vanrækslu. Þrátt fyrir það er sjálfsagt að tryggja í frv. að öryggis persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum sé gætt. Þess vegna er það m.a. sett sem skilyrði leyfis til reksturs lífsýnasafns að umsögn tölvunefndar liggi fyrir. Þá hafa leyfishafar lífsýnasafna upplýsingaskyldu gagnvart tölvunefnd, sbr. 6. gr. frv.

Frv. til laga um lífsýnasöfn skiptist í sex kafla.

Í I. kafla er að finna almenn ákvæði um markmið, gildissvið og skilgreiningar. Kveðið er á um að markmið laganna sé að heimila söfnun, vörslu, meðferð og nýtingu lífsýna þannig að persónuvernd sé tryggð, gætt sé hagsmuna lífsýnagjafa og að lífsýni verði eingöngu nýtt í vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi.

Í II. kafla er fjallað um stofnun og starfrækslu lífsýnasafna. Þar er m.a. gert ráð fyrir að einungis þeir sem fengið hafa til þess heimild ráðherra geti rekið lífsýnasafn. Ráðherra skal afla umsaga landlæknis, vísindasiðanefndar og tölvunefndar áður en leyfið er veitt. Jafnframt eru sett ýmiss skilyrði fyrir leyfisveitingu, svo að skýr markmið með starfrækslunni liggi fyrir, starfsreglur hafi verið settar og tilnefnd hafi verið safnstjórn og ábyrgðarmaður sem uppfylli tiltekin skilyrði.

Í III. kafla er fjallað um söfnun, meðferð og aðgang að lífsýnum. Þar er m.a. fjallað um ætlað og upplýst samþykki eins og lýst var hér á undan. Þá er að finna ákvæði þess efnis að vernd persónuupplýsinga skuli vera í samræmi við staðla sem tölvunefnd ákveður.

Ákvæði 9. gr. fjalla um aðgang að lífsýnasafni til vísindarannsókna, frekari greiningu sjúkdóma, kennslu og gæðaeftirlits. Þar segir að sýni skuli að jafnaði ekki notuð í öðrum tilgangi en þeim var ætlað í upphafi, en undantekningar frá því eru mögulegar með samþykki vísindasiðanefndar.

Aðgang vegna vísindarannsókna getur safnstjórn ekki heimilað nema að fengnu samþykki tölvunefndar og að fyrir liggi rannsóknaráætlun samþykkt af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar. Safnstjórn getur að fengnu samþykki tölvunefndar og vísindasiðanefndar heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en hinum upphaflega, að uppfylltum skilyrðum sem lýst er í greininni. Slíkt gæti m.a. verið vegna erfðamála eða annarrar laganauðsynjar.

Í IV. kafla er fjallað um eftirlit og upplýsingaskyldu. Landlæknir skal samkvæmt frv. árlega gefa út skrá um lífsýnasöfn sem aðgengileg sé fyrir almenning. Í kaflanum er ítrekuð sú skylda heilbrigðisyfirvalda að kynna almenningi rekstur lífsýnasafna, rétt einstaklinga og hvað felst í ætluðu samþykki. Almenningi verður að verður að vera ljóst að við þjónusturannsóknir verður að taka það sérstaklega fram óski viðkomandi ekki eftir því að lífsýni hans verði vistað á lífsýnasafni og hvernig hann geti komið slíkri ósk á framfæri.

Í V. kafla er fjallað um refsingar og viðurlög. Þar er kveðið á um heimild ráðherra til að afturkalla leyfi ef brotið er gegn ákvæðum laganna eða skilyrðum leyfis er ekki fullnægt.

Loks er í frv. ákvæði til bráðabirgða þar sem landlæknisembættinu er falið að sjá um ítarlega kynningu meðal almennings á starfsemi lífsýnasafna. Einnig er þar ákvæði um meðferð lífsýna sem aflað var fyrir gildistöku laganna og lífsýna úr látnum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu ákvæðum frv. til laga um lífsýnasöfn og lýst þeim álitaefnum sem til skoðunar komu við frumvarpssmíðina. Framfarir í vísindum hafa orðið til þess að lífsýni verða sífellt mikilvægari í vísindarannsóknum og möguleikar á nýtingu þeirra hafa aukist. Því er mikilvægt að tryggja bæði hagsmuni lífsýnagjafa og hagsmuni almennings af framförum í vísindum og læknisfræði. Ég tel að með samþykki þessa frv. væri stigið mikilvægt skref til að tryggja þessa hagsmuni. Með því mundum við skipa okkur í fremstu röð á sviði löggjafar á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

[15:30]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þetta mál, frv. til laga um lífsýnasöfn, er komið fram og tek undir með hæstv. heilbrrh. að hér er mikilvægt mál á ferðinni. Eins og kom fram í ræðu hennar var frv. lagt fram á 123. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu en efni frv. er mikilvægt og áríðandi að það fái framgang á Alþingi.

Þetta mál er byggt á því meginmarkmiði löggjafar á þessu sviði sem er að styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem til eru hér á landi en eins og við þekkjum eru mörg rótgróin lífsýnasöfn til hér á landi. Það er því verkefni löggjafans í þessu samhengi að setja m.a. leikreglur um þau söfn sem eru starfandi fyrir og eins síðan hvernig við ætlum að taka á ýmsum málum þessu tengt í framtíðinni.

Það þarf líka að vera markmið löggjafar á þessu sviði að hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna en ekki að hamla þeim. Það þarf að fjalla um það eins og fram kemur í athugasemdum með frv. að „styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem til eru hér á landi, hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna, styrkja samstarf fagaðila hér á landi og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda stéttarbræður þeirra íslenskri heilbrigðisþjónustu og vísindastarfi til heilla".

Frv. leitast við „að tryggja að varsla, meðferð og nýting lífsýna úr mönnum verði með þeim hætti að virðing og réttindi þegnanna séu tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill". Það er því ekki lítið sem er undir í þessu frv. og ég er þeirrar skoðunar að farsællega hafi til tekist.

Ég vil líka láta þess getið strax við 1. umr. að ég held að það sé mjög mikilvægt og ég held að það komi glögglega fram í frv. hversu vel var staðið að undirbúningi þess. Eins og hæstv. heilbrrh. lýsti voru upphaflega gerð drög af siðaráði landlæknis að þessu frv. Það er síðan hæstv. heilbrrh. sem tekur við þeim drögum, setur á stofn vinnuhóp sem skipaður er fagaðilum á sviðinu, fólki sem er að vinna við lífsýnasöfn og í tengslum við lífsýnasöfn, m.a. forstöðulækni Blóðbankans, sérfræðingum Rannsóknastofu háskólans í meinafræði, læknum og auk þess voru fjölmargir

kallaðir til skrafs og ráðagerða við vinnuhópinn. Þá á ég við sérfræðinga bæði á sviði læknisfræði, siðfræði, rannsókna og öryggis persónuupplýsinga og vinnuhópurinn átti m.a. fundi með forsvarsmönnum stærstu lífsýnasafnanna hér á landi.

Ég held að það komi glögglega fram í þessu frv., herra forseti, að leitað var til þeirra sem eiga síðan að vinna eftir lögunum áður en frv. var lagt fyrir Alþingi. Ég held að þetta sé mjög mikilvægur punktur og ég held að mikið megi læra af þessu í tengslum við önnur mál sem hafa verið mjög erfið í umræðu vegna þess að það átti í raun og veru eftir að leita álits og hlusta á þá sem eiga að vinna eftir lögunum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta var gert og vil hæla hæstv. heilbrrh. fyrir allan þann undirbúning.

Það kom líka fram þegar umsagnir bárust um þetta mál síðast þegar það var rætt að þær voru flestar jákvæðar. Það virðist vera nokkur sátt um grundvallaratriðin í frv. eins og það var lagt fyrir þá og ég á ekki von á að það hafi mikið breyst þar sem fá grundvallaratriði eru breytt í þessu frv. frá því sem var í frv. sem lagt var fyrir á 123. þingi.

Það eru nokkur stór álitamál sem tekið er á í þessu frv. og hæstv. heilbrrh. rakti og eru í raun og veru meginatriði frv. sem er skipt upp í þrjá flokka í athugasemdum. Það er í fyrsta lagi eignarréttur að lífsýnum, samþykki lífsýnisgjafa og persónuverndin og hvernig haldið er utan um þessa þrjá þætti í efni frv.

Vegna eðlis lífsýna og hvernig til lífsýnasafna er stofnað, liggur náttúrlega beint við að þau geta hvorki né mega lúta neinum almennum lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Leyfishafi lífsýnasafns telst því ekki eigandi lífsýnanna, hann getur ekki selt þau eða veðsett en er heimilt að taka gjald samkvæmt því frv. sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum. Leyfishafi fær ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim eins og nánar er kveðið á um í frv.

Kveðið er á um þessa gjaldtökuheimild í 10. gr. frv. Ég er þeirrar skoðunar að gjaldtökuheimildin eins og hún er sett inn í þetta frv. sé í raun og veru það sjálfsögð að vart hefði þurft að setja um þetta ákvæði en það má vel vera að ég eigi eftir að komast að einhverri annarri niðurstöðu þegar ég heyri frekari rök í umræðum í heilbrn. um málið. Í 10. gr. segir um gjaldtökuna: „Heimilt að taka gjald fyrir lífsýni, eða aðgang að lífsýni, sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum. Gjaldtaka umfram það er óheimil." Það má kannski segja að þarna sé verið að taka af skarið í hinn endann um það að gjaldtaka umfram kostnað við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum sé óheimil. Ég er sammála því markmiði en tel jafnframt að gjaldtaka sem nemur kostnaði við öflun, vörslu og aðgang að sýnunum sé sjálfsögð. Ég er því mjög sátt við það hvernig lendingin er varðandi gjaldtökuna.

Kveðið er á um fyrirkomulag samþykkis lífsýnisgjafa í 7. gr. Ég held að það sé allt mjög í samræmi við almennar viðmiðunarreglur og ýtrustu kröfur hvað það varðar og eins persónuverndin, það er komið inn á hana líka, en áhætta af starfrækslu lífsýnasafna felst aðallega í hugsanlegri misnotkun á upplýsingum eða niðurstöðum rannsókna á lífsýnum. Lögð er rík áhersla á það í þessu frv. að tryggja öryggi persónuupplýsinga í íslenskum lífsýnasöfnum.

Í athugasemdum með frv. er líka dregið fram að „starfræksla lífsýnasafna um margra áratuga skeið og almenn varðveisla heilsufarsupplýsinga hefur hvorki orðið tilefni til tortryggni meðal almennings í garð heilbrigðisstétta né hafa komið í ljós tilvik misnotkunar eða vanrækslu" en allt að einu er þó lögð áhersla á að tryggja að öryggis persónuupplýsinga í lífsýnasöfnum sé gætt. Ég held að mikilvægt sé að draga þetta fram í umræðunni. Ekki hefur orðið vart við almenna tortryggni í garð þeirra safna sem hafa verið starfandi hér lengi. Sátt hefur verið um starfrækslu þeirra og rétt er að draga það fram. En allt að einu er þó mikilvægt að tryggja að þetta öryggi sé til staðar í ókominni framtíð.

Ég mun fara frekar ofan í efni þessa frv. við 2. umr. eftir að hv. heilbr.- og trn. hefur fjallað um málið og mun ekki fara efnislega frekar í það hér, en ég vil einungis benda á og kannski má vísa þeirri ábendingu til heilbr.- og trn. þegar þar að kemur, að það er mjög skrýtið lagatæknilegt atriði í þessu frv. sem ég kannast ekki við að hafa séð áður í frumvörpum. Það er þannig að frv. heitir frv. til laga um lífsýnasöfn, en 17. gr. þess fjallar um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga og eingöngu um breytingu á þeim lögum og hljóðar svo:

„Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um lífsýni sem varðveitt eru í lífsýnasöfnum og aðgang að þeim gilda ákvæði laga um lífsýnasöfn."

Ég held að það hefði verið betra, og ég mun leggja það til í heilbr.- og trn., að þessi grein verði tekin út og hún verði flutt í sérstöku frv. Bæði er það mikilvægt til þess að þeir sem sjá þetta frv. hér og fjalla um það átti sig á því um hvað það fjallar en auk þess er það svo að ég sé það ekki fyrir mér hvernig 17. gr. laga hljóði um lífsýnasöfn, þegar þau verða tilbúin. Ég held að þetta gangi illa upp lagatæknilega, að þá muni væntanlega 15. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, hljóða svo, og ég held að það sé mjög óeðlilegt að hafa slíkt ákvæði inni í lögum um lífsýnasöfn. Mig grunar að það hafi kannski verið óþarfa sparsemi á pappír að setja þetta ákvæði, sem er annars sjálfsagt efnislega að taka á því um leið og þetta frv. er flutt en það ætti þá bara að vera í sér frv.

En að öllu leyti er ég efnislega mjög sátt við þetta frv. og mun leggja mitt lóð á vogarskálar þess að það verði samþykkt nokkurn veginn því formi sem það er lagt hér fram.

[15:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Frv. til laga um lífsýnasöfn var til umræðu á 123. löggjafarþingi, þ.e. sl. vetur, og kom þá til heilbr.- og trn. þar sem ég átti sæti og var þar aðeins nokkuð til umfjöllunar og var sent út til umsagnar. Í þessu frv. sem hér er til umræðu hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem voru nokkrar við frv.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að það er til fyrirmyndar þegar staðið er að gerð frv. á þann hátt sem hér hefur verið gert. Frumkvæðið að þessu máli kemur frá siðaráði landlæknis og síðan er það unnið áfram af vinnuhópi á vegum heilbr.- og trmrn. Þar koma aðilar sem hafa mjög góða og mikla reynslu og þekkingu á sviði lífsýna og lífsýnasafna. Það var alveg ljóst þegar umsagnirnar komu til nefndarinnar sl. vetur að þær voru yfirleitt mjög jákvæðar þó að bent væri á ýmislegt sem betur mætti fara í frv. Ég tek undir með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að svona mætti oftar standa að verki við gerð frv., sérstaklega þegar um er að ræða eins viðkvæm mál og lífsýnasöfn og ýmis önnur heilbrigðismál, þá þurfa málin að vera í sátt við það samfélag sem lögin eiga að gilda um.

Ég ætla ekki að fara yfir þessar breytingar, en mér sýnist að þær séu nú allar til bóta. Ég hef ákveðnar efasemdir um

gjaldtökuna, ég er samt ekki alveg búin að taka afstöðu til þess en tel að við þurfum að skoða það í heilbr.- og trn. hversu víðtæk gjaldtakan á að vera.

Í umsögn frá fjmrn. með frv. er kveðið á um að kynningarstarf þurfi að fara fram og m.a. að kynna réttindin til almennings og er talið að í það fari um 1–2 millj. kr. Það væri fróðlegt að fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hvernig menn hyggjast kynna þetta, hvort það verður gert líkt og í sambandi við gagnagrunnslögin, hvort þetta verður sent á hvert heimili, því það er mjög mikilvægt að fólk þekki rétt sinn, þ.e. það sem snýr að lífsýnum.

Herra forseti. Ég get líka tekið undir að ég tel óeðlilegt að inn í þetta lagafrv. komi breyting, 17. gr. sem er breyting á lögum um réttindi sjúklinga. Ég tek undir að það hefði þurft að vera í sérstöku frv. Ég get ekki ímyndað mér annað en að menn sættist á það í heilbr.- og trn. að það verði tekið sér.

Herra forseti. Ég get ekki séð annað en að þetta mál sé allt hið ágætasta og mun betra frv. en það var í fyrravetur þar sem gerðar hafa verið ákveðnar breytingar á því á einum 11 atriðum sem mér sýnist allar vera til bóta. Við munum fást við þetta í heilbr.- og trn. þegar málið kemur þangað og ég get ekki ímyndað mér annað en um það verði allnokkur sátt.

[15:45]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka undir með hv. þm., mér þykir rétt að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, væntanlega heilbrn., athugi sérstaklega hvort ekki sé rétt að 17. gr. frv., um réttindi sjúklinga, verði breytt með sérstöku frv. sem nefnd eftir atvikum geti flutt.

[15:46]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð fyrri ræðumanna og gleðjast yfir þessu frv., tilurð þess og hversu vel hefur verið staðið að því. Þetta hefur verið áhugamál þeirra heilbrigðisstétta sem mest koma að lífsýnasöfnun. Eins og rakið *hefur verið lögðu læknasamtökin og siðaráð landlæknis fram* fyrstu drög að frv. um lífsýnasöfn. Má þá helst minnast á Örn Bjarnason lækni sem innan læknasamtakanna hefur verið óþreytandi að tala fyrir reglum af þessu tagi og hefur kynnt sér þær annars staðar betur en flestir.

Komið er inn á mörg atriði í þessu frv. sem telja mætti að sköruðust við frv. um persónuvernd sem er til umfjöllunar í allshn. Ég veit ekki alveg hvernig þetta er samræmt en mér finnst skipta nokkru máli að menn horfi á bæði þessi frv. í senn þannig að það sé nokkurn veginn samstiga sem gert er í þeim.

Farið hefur verið yfir þau álitamál sem helst eru talin vera í þessu frv., eignarrétt á lífsýnum, samþykki sjúklings eða lífsýnisgjafa eins og hann er nefndur hérna. Mér finnst alltaf frekar spaugilegt þegar fólk er orðið að lífsýnisgjöfum en þetta er lögfræðilegt heiti og ég skal ekki fara að deila um það. Þriðja álitamálið er persónuvernd einstaklinga og eins og ég nefndi áðan er frv. um persónuvernd einmitt til umfjöllunar hjá hv. allshn.

Mér finnst skipta mjög miklu máli að horfa á þessi mál í samhengi við umræðuna eins og hún hefur orðið. Það hafa orðið deilumál í þjóðfélagi okkar um lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Það skiptir mjög miklu máli að ná sem mestum sáttum í öllum þessum þáttum, þetta tengist, þetta hangir saman að mörgu leyti. Það er spurningin um ætlað eða upplýst samþykki, það eru til mismunandi samþykki sjúklinga og þau eru til sum hver skilgreind á alþjóðlegum vettvangi. Einnig þarf að velta fyrir sér réttindum sjúklinga og sömuleiðis skyldum sjúklinga, skyldum fólks við meðbræður sína, vísindin þurfa auðvitað að geta notið sín og að því leyti skiptir máli að vísindunum sé ekki gert erfiðar fyrir hér á landi en annars staðar. Það þarf að tryggja tilvist þeirra og það þarf að tryggja framfarir í læknisfræðinni.

Segja má að vísindamaðurinn þurfi að hafa frelsi til að starfa, hann hefur auðvitað markmið í vinnu sinni og þarf að hafa það, hann þarf að bera ábyrgð á störfum sínum. Þá er sjúklingurinn ekki endilega viðfang heldur mundu menn í nútímaþjóðfélagi frekar tala um að það væri samstarf við sjúklinginn en ekki að sjúklingurinn væri viðfangsefni. Sagt hefur verið að vísindin séu ekki til án sjúklingsins en þau eru til fyrir hann. Ég held það sé gott fyrir okkur í hv. heilbr.- og trn. að hafa það í huga og ég efast ekki um að við munum gera það.

Herra forseti. Að lokum vil ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég fagnaði framkomu þessa frv. og gleðst yfir því hvað það er vel unnið. Það er þó mikið verk fyrir höndum fyrir hv. heilbr.- og trn. að sinna frv. svo vel sé en við tökumst á við það.

[15:50]

Ásta Möller:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn sem hafa *komið hingað í ræðustól fagna því að þetta frv. er komið* fram. Í umræðunni hefur komið fram að gríðarlega mikil vinna liggur að baki þessu frv. Það hefur áður verið kynnt fyrir hinu háa Alþingi og hefur farið til umsagnar og unnið hefur verið úr þessum umsögnum þannig að mörg sjónarmið hafa komið fram og þau hafa ratað inn í frv. sem við höfum nú fyrir framan okkur. Ég sé því ekki betur en við ættum að geta skapað samstöðu um að afgreiða þetta frv. Það eru ekki mörg álitamál eftir í því, en kannski ýmis atriði sem við þurfum að skoða betur. Hins vegar er alveg ljóst að hér hefur verið unnin mjög góð vinna.

Segja *má að frv. sé í anda annars frv. sem er til umfjöll*unar í hv. allshn. og það er frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og ýmislegt sem þar er kemur einmitt fram í þessu frv., ekki síst varðandi rétt einstaklinga til að fá að vita hvar upplýsingar um þá liggja innan stjórnkerfisins. Jafnframt er kveðið á um rétt einstaklinga til að draga til baka eða fá rétt til að draga upplýsingar sínar út úr þeim gagnagrunni sem þeir hafa ekki áhuga á að vera í hverju sinni.

Í 7. gr. frv. er annars vegar talað um upplýst samþykki og hins vegar ætlað samþykki. Þar, og í fleiri greinum frv., *kemur fram sá skilyrðislausi réttur einstaklingsins að draga* til baka samþykki sitt, upplýst eða ætlað. Fram kemur að hafi lífsýni verið fært í lífsýnasafn að fengnu upplýstu, óþvinguðu samþykki og einstaklingurinn óskar eftir að draga það út, þá verður það gert og því eytt. Hins vegar kemur það einnig fram að hafi lífsýni farið inn í lífsýnasafnið á ætluðu samþykki, þá í gegnum þjónusturannsókn, getur einstaklingurinn óskað eftir því að það sé dregið út og þá er það dregið út vegna vísindarannsókna en það er hins vegar eingöngu notað í þágu einstaklingsins sjálfs nema ef veitt er að nýju upplýst samþykki ef svo ber við.

Annað atriði skiptir verulegu máli í þessu frv. og það er að kveðið er upp úr um stöðu þeirra lífsýnasafna sem hefur verið safnað hér á landi undanfarna áratugi. Kveðið er upp úr um það hvernig á að meðhöndla lífsýni úr látnum

einstaklingum, þ.e. gengið er út frá ætluðu samþykki og þar með er staðfest vinnuregla sem hefur verið beitt til margra ára í þeim lífsýnasöfnum sem eru þegar til hér á landi. Í umsögn um bráðabirgðaákvæði II þar sem kveðið er á um stöðu lífsýna úr látnum einstaklingum, segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Hér eru tekin af tvímæli um að gengið skuli út frá ætluðu samþykki fyrir vistun þeirra lífsýna sem aflað var fyrir gildistöku laganna í lífsýnasafni og gildi það einnig þegar lífsýnisgjafi er látinn. Rétt er þó að benda á að vísindasiðanefnd og/eða tölvunefnd geta sett skilyrði um öflun upplýsts samþykkis fyrir notkun lífsýnis við vísindarannsókn. Á sama hátt geta vísindasiðanefnd og/eða tölvunefnd sett skilyrði um að leitað skuli samþykkis ættingja látins lífsýnisgjafa ef þeir eiga hagsmuna að gæta, t.d. ef talið er að niðurstöður rannsóknar geti veitt mikilvægar upplýsingar um eftirlifandi ættingja."

Þetta atriði tel ég vera mjög mikilvægt og ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið um stöðu lífsýna úr látnum einstaklingum þannig að ekki er eingöngu gengið út frá ætluðu samþykki, heldur geta ættingjar haft eitthvað um það að segja ef þeir hafa athugasemdir við það að verið sé að nota lífsýnið í tilgangi sem þeir eru ekki sáttir við.

Þetta var það sem ég vildi segja um frv. og við munum taka það til umfjöllunar í hæstv. heilbr.- og trn. og vonast til þess að við náum að afgreiða það fljótt og vel því frv. er afskaplega vel unnið.

[15:56]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um frv. til laga um lífsýnasöfn sem hér er lagt fram. Ég tek undir orð þeirra sem hafa talað um vinnslu málsins. Frv. var lagt fram á 123. þingi og þá komu fram nokkrar ábendingar og athugasemdir við það, frekar jákvæðar, tekið hefur verið tillit til þeirra í frv. og það er vel. Ég vil einnig taka undir þær ábendingar sem hafa komið fram. Við undirbúning þessa frv. hafa komið þeir aðilar sem mega teljast sérfræðingar á þessu sviði og þeir hafa lagt sitt af mörkum til að frv. líti jafntrúverðuglega út og það gerir í dag. Þegar ég segi trúverðuglega á ég við að leitað hafi verið þeirra leiða að ná sáttum um framvindu málsins og tekið tillit til atriða sem mikilvæg eru í dag, eins og persónuvernd og réttindi sjúklinga.

Í dag eru til nokkur lífsýnasöfn sem hafa orðið til í gegnum árin vegna ákveðinnar vinnslu eða vísindastarfa í ákveðnu skyni. Það hefur, eins og hér stendur, komið fram að ekki hafa orðið neinar deilur eða ágreiningur um þessi söfn fram að þessu. Þeir starfsmenn sem hafa hugsað um söfnin hafa notið fulls trausts og fullt samkomulag hefur verið um söfnin. En í dag er staðan sú að lífsýnasöfn eru ekki eingöngu söfn fyrir fræðimenn, vísindin og almenning til þess að auka þekkingu vísindanna og til hagsældar fyrir almenning heldur eru í söfnunum orðin ómetanleg verðmæti, peningalegar eignir. Þess vegna er mjög mikilvægt að um þessi söfn séu skýr lög sem taki af allan vafa um hver eigi söfnin og hvernig megi fara með þau og þá ekki síður út frá fjárhagslegum hagsmunasjónarmiðum sem gætu komið fram og orðið miklu flóknari ef lögin tækju ekki á þeim.

Örfá atriði. Það er varðandi 3. gr., skilgreiningar. Hér er gerð grein fyrir ýmsum hugtökum, t.d. er í 6. lið gerð grein fyrir ætluðu samþykki, sem er svohljóðandi:

„Ætlað samþykki: Samþykki sem felst í því að lífsýnisgjafi hefur ekki lýst sig mótfallinn því að lífsýni sem tekið er úr honum við þjónusturannsókn verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr., enda hafi skriflegar upplýsingar um að slíkt kynni að verða gert verið aðgengilegar."

Svo kemur líka fram í 18. gr., ákv. til brb., að rækileg kynning skuli fara fram á lífsýnasöfnun.

Þó svo að slík kynning færi fram, þá er að mínu mati ekki nóg að gera það einu sinni heldur þyrfti í hvert skipti sem blóðsýni er tekið til þjónusturannsóknar að taka fram við hvern og einn sem fer í blóðprufu að svo kunni að fara að sýnið verði geymt í lífsýnasafni, hvernig svo sem því verður komið á framfæri eða hvernig það ferli yrði þegar farið er í venjulega blóðprufu, þá þarf þetta að koma fram, því það vill nefnilega gleymast.

Um kynningu á lífsýnasöfnum er mjög mikilvægt að þar verði tekin heildarkynning á persónuvernd og réttindum sjúklinga. Þetta eru lagaákvæði og réttindi sem fléttast hvert inn í annað og eru varla aðgreinanleg.

Annars lýsi ég ánægju með að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég tel að það sé vel unnið en þurfi að fara vel yfir það, sérstaklega með tilliti til annars frv., þ.e. um persónuvernd og réttindi sjúklinga.

[16:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær góðu umræður sem hér hafa orðið um frv. og almennan vilja manna til að það nái hratt fram að ganga. Það er alveg hárrétt sem fram hefur komið að margir hafa komið að þessu máli og margir lagt mikla vinnu í það frv. sem hér liggur fyrir. Það er mjög mikilvægt að engin tortryggni hvíli þegar mál sem þetta er lagt fram og svo er ekki. Ég hef ekki fengið margar spurningar, aðallega varðandi þá kynningu sem ætti að verða á frv. Í 13. gr. frv. kemur fram að gert er ráð fyrir að þetta mál, ef af lögum verður, verði sérstaklega kynnt. Og í athugasemdum með frv. kemur einnig fram hver sér um það, en það er landlæknir sem mun sjá um kynningu á málinu. Það verður því allt saman lögfest ef fer sem horfir.

Mér finnst þetta svara þeim spurningum sem fram hafa komið. Það komu einmitt spurningar þessu tengt frá hv. þm. Þuríði Backman. Ég endurtek ánægju mína og þakkir fyrir góðar móttökur á málinu.

En varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur um 17. gr., að henni finnst vera slegið saman tveim lagabálkum, þá er það út af fyrir sig ekki óvenjulegt að slíkt gerist, en ef mönnum sýnist svo í hv. heilbr.- og trn. að rétt sé að hafa þetta tvískipt, þá hef ég ekki neinar athugasemdir við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjúklingatrygging, 1. umr.

Stjfrv., 535. mál. — Þskj. 836.

[16:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um sjúklingatryggingu, en frv. gerir ráð fyrir að sjúklingar verði tryggðir með sérstakri sjúklingatryggingu ef þeir verða fyrir heilsutjóni í tengslum við læknismeðferð eða aðra heilbrigðisþjónustu.

Sjúklingatrygging felur í sér víðtækari rétt sjúklings til bóta en hann á eftir almennum skaðabótareglum og núgildandi reglum samkvæmt lögum um almannatryggingar. Slíkar sjúklingatryggingar hafa verið teknar upp annars staðar á Norðurlöndum og hafa gefið góða raun. Hér á landi hefur frá árinu 1989 verið vísir að sjúklingatryggingu í slysatryggingakafla almannatryggingalaganna. Var um að ræða bráðabirgðaúrræði þangað til ný lög um sjúklingatryggingu yrðu samþykkt.

Með frv. þessu er stefnt að því að gera íslenskar reglur um sjúklingatryggingu í aðalatriðum svipaðar öðrum norrænum reglum. Á þann hátt er verið að auka bótarétt sjúklinga sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð.

Frv. til laga um sjúklingatryggingu var lagt fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Það frv. sem nú er lagt fram byggir á því frv.

Fjölmargir aðilar hafa fengið frv. til umsagnar og voru umsagnirnar mjög jákvæðar og gagnlegar. Á meðal þeirra sem fengu frv. til umsagnar voru stóru sjúkrahúsin í Reykjavík, Landssamband sjúkrahúsa, landlæknir, Neytendasamtökin, Tryggingastofnun ríkisins, Lögmannafélag Íslands, Samband íslenskra tryggingafélaga, dóms- og kirkjumrn. og Örykjabandalagið. Umsagnaraðilar fögnuðu því að sett yrðu lög um sérstaka sjúklingatryggingu.

Sjúklingur sem verður fyrir heilsutjóni af völdum læknismeðferðar eða í tengslum við hana á yfirleitt ekki rétt á bótum eftir almennum skaðabótareglum nema hann geti sannað að tjónið verði rakið til sakar annars manns. Sjúklingur getur orðið fyrir heilsutjóni af ýmiss konar skakkaföllum í tengslum við læknismeðferð, rannsókn eða slíkt án þess að skilyrði bótaréttar eftir almennum skaðabótareglum séu fyrir hendi. Oft er sök augljóslega ekki orsök tjóns en í öðrum tilvikum benda líkur til sakar þótt ekki takist að sanna að svo sé. Ýmis dæmi eru um að varanleg örorka hljótist af meðferð sjúklinga, einkum á sjúkrahúsum þar sem stærri aðgerðir eru gerðar. Í sumum tilvikum hefur örorka mjög afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjúklinginn.

Skaðabótaregur veita samkvæmt þessu ekki nærri alltaf bótarétt vegna heilsutjóns sem hlýst af læknisaðgerð eða annarri meðferð innan heilbrigðiskerfisins.

Frv. gerir ráð fyrir að fjárhæð bóta fari eftir skaðabótalögum. Bætur skulu greiddar ef virt tjón nemur 50 þús. kr. eða hærri fjárhæð, hámark bótafjárhæðar vegna hvers einstaks tjónatilviks skal þó vera 5 millj. kr. Rétt er að benda á að hér er um að ræða bætur sem greiddar eru án tillits til sakar. Réttur sem sjúklingur kann að eiga vegna mistaka eða vanrækslu skerðist ekki, þannig að sjúklingur sem verður fyrir tjóni sem nemur hærri fjárhæð en 5 millj. kr. og er bótaskylt samkvæmt almennum skaðabótareglum getur eftir sem áður gert kröfu um það sem á kann að vanta og fer þá um hana samkvæmt almennum reglum.

Eins og áður sagði er tilgangurinn með frv. að tryggja sjúklingi sem verður fyrir heilsutjóni vegna læknismeðferðar víðtækari rétt til bóta en hann á eftir almennum skaðabótareglum og núgildandi reglum um almannatryggingar. Einnig er verið að gera honum auðveldara að ná rétti sínum.

Helstu rök fyrir sjúklingatryggingu er að sönnunarvandkvæði í þessum málaflokki eru oft meiri en á öðrum sviðum, bæði vegna læknisfræðilegra álitamála og vegna þess að oft eru ekki aðrir til frásagnar en þeir sem eiga hendur sínar að verja þegar sjúklingur heldur því fram að mistök hafi orðið. Einnig er kostnaður við rekstur skaðabótamála oft mikill, einkum þegar mikill vafi leikur á um sönnun gáleysis eða orsakatengsla.

Það eru einnig rök fyrir sjúklingatryggingu að æskilegt er að sem víðtækust vitneskja fáist um það sem betur má fara í heilbrigðiskerfinu. Slík vitneskja er nauðsynleg ef gera á úrbætur. Skaðabótamál eru fallin til að skapa tortryggni og geta spillt eðlilegu og nauðsynlegu sambandi sjúklings og þess sem þjónustuna veitir. Dómsmál eru því ekki til þess fallin að auðvelda öflun almennra upplýsinga um það sem miður fer. Bótaréttur úr sjúklingatryggingu er hins vegar ekki háður því að unnt sé að sýna fram á persónulega ábyrgð læknis eða annars starfsmanns.

Að lokum ætti víðtækur bótaréttur að draga úr neikvæðum afleiðingum hjá sjúklingi vegna afdrifaríkra fylgikvilla eða óvenjulegra eftirkasta læknismeðferðar. Frv. nær til allrar heilbrigðisþjónustunnar og þeir sem eiga rétt á bótum eru sjúklingar sem verða hér á landi fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða á annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur hlotið löggildingu heilbr.- og trmrh.

Einnig nær sjúklingatrygging til sjúklinga sem svokölluð siglinganefnd Tryggingastofnunar ríkisins heimilar að senda til læknismeðferðar á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun erlendis í þeim tilvikum þar sem ekki er unnt að veita læknismeðferð hér á landi.

Menn sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi þess er í hlut á eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt frv. nema annars sé getið sérstaklega. Sama á við um þá sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.

Samkvæmt frv. skal greiða bætur vegna allra tjóna sem rakin verða til þess að eitthvað fer úrskeiðis hjá lækni eða öðrum starfsmanni eða til bilunar eða galla í tæki. Við mat á því hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis hjá lækni eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni er ekki notaður mælikvarði hinnar almennu sakarreglu skaðabótaréttar, heldur er miðað við hvað gerst hefði ef rannsókn eða meðferð hefði verið hagað eins vel og hægt var. Þá skal greiða bætur vegna allra tjóna sem ljóst er að komast hefði mátt hjá með því að beita annarri aðferð eða annarri tækni sem völ var á. Bætur greiðast þrátt fyrir að tjón hafi verið óhjákvæmilegt og þó því aðeins að tjón sé meira en sanngjarnt er að sjúklingur beri. Sjúklingatrygging tekur ekki til tjóns sem einvörðungu verður rakið til eiginleika lyfs. Slíkt tjón fellur undir lög um skaðsemisábyrgð.

Í frv. er lagt til að allir sem veita heilbrigðisþjónustu innan stofnunar sem utan beri bótaábyrgð. Þegar um sjúklinga, sem brýn nauðsyn er að vista á heilbrigðisstofnun erlendis, er að ræða ber Tryggingastofnun ríkisins bótaábyrgð. Þó eru dregnar frá bætur sem kunna að vera greiddar í hinu erlenda ríki vegna tjónsins.

Gert er ráð fyrir að bótaskyldir aðilar kaupi sjúklingatryggingu hjá vátryggingafélagi, heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum sem ríkið á eða er eignaraðili að og Tryggingastofnun ríkisins er þá heimilt að bera bótaábyrgð á eigin áhættu.

Gert er ráð fyrir að kröfur um bætur vegna tjóns á öðrum en þeim sem bera bótaábyrgð í eigin áhættu verði beint að vátryggingafélagi. Kröfu um bætur vegna tjóns hjá þeim sem bera bótaábyrgðina í eigin áhættu verður hins vegar beint að Tryggingastofnun ríkisins.

Í frv. er gert ráð fyrir að ákvæði almannatryggingalaga um sjúklingatryggingu falli brott. Þó er gert ráð fyrir að þeir sem eru með bætur frá Tryggingastofnun ríkisins haldi þeim bótum sem þeir hafa áunnið sér, t.d. örorkubótum sem greiddar eru mánaðarlega, þar til einstaklingur hefur náð ellilífeyrisaldri. Enn fremur er gert ráð fyrir að kröfur eða tilkynningar fyrir gildistöku laganna verði afgreiddar samkvæmt almannatryggingalögum.

Virðulegi forseti. Ef frv. til laga um sjúklingatryggingu verður að lögum er það geysilega mikið framfaraspor í heilbrigðisþjónustunni. Það er mikil réttarbót fyrir sjúkling að geta leitað eftir bótum vegna heilsutjóns á einfaldan og skilvirkan hátt. Það er einnig ávinningur fyrir starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar að sjúklingatryggingu verði komið á, þar sem ekki er verið að leita að sök við mat á því hvort sjúklingur eigi rétt á bótum eða ekki. Ég tel að sjúklingatryggingin muni leiða til aukinna gæða í heilbrigðisþjónustu.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr. að þessari umræðu lokinni.

[16:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta frv. skuli komið fram, frv. til laga um sjúklingatryggingu. Ég hef í tvígang, ásamt hv. þm. Margéti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni, flutt hér þáltill. um endurskoðun á reglum um sjúklingatryggingu. Hún var fyrst flutt á 122. löggjafarþingi og síðan aftur á 123. löggjafarþingi. Sem fskj. með þeirri þáltill. var frv. sem hæstv. ráðherra vitnaði til að verið hefði grunnurinn að vinnunni að frv. því sem hér er til umræðu.

Á 113. löggjafarþingi kynnti þáv. heilbr.- og trmrh., Guðmundur Bjarnason, frv. til laga um sjúklingatryggingu sem Arnljótur Björnsson, þáv. prófessor, hafði samið að beiðni ráðherra. Hann hafði byggt það á danska lagafrv. um sjúklingatryggingu sem síðan varð að lögum þar. Eins og fram kemur í þessu þingskjali eru ákvæði um sjúklingatryggingu á hinum Norðurlöndunum, þær gengu í gildi í Noregi 1988, í Danmörku 1992 o.s.frv. En samkvæmt upplýsingum í þessu þingskjali hefur í þessu frv. verið fetað í fótspor Svía og Finna en sjálfsagt byggt að einhverju leyti á löggjöfinni á Norðurlöndum.

Við sem töldum að sjúklingatrygging væri löngu tímabær hér á landi lögðum í tvígang til að heilbr.- og trmrh. gerði úttekt á reglum um sjúklingatryggingu hér á landi og í kjölfarið yrðu lagðar fram tillögur sem miðuðu að réttarbótum á þessu sviði. Þær mundu lúta að því að skaða- og miskabætur væru greiddar þeim sem yrðu fyrir líkamstjóni í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, dvalarstofnun fyrir sjúklinga eða heilsugæslustöð. Leið sjúklinga til að sækja rétt sinn átti að einfalda og koma þannig í veg fyrir fjölda dómsmála.

Það hefur komið fram á undanförnum árum að málefni þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir læknamistökum hafa ekki verið í nógu góðu horfi, sérstaklega þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir tímabundinni eða varanlegri örorku vegna rannsókna eða meðferðar á heilbrigðisstofnunum. Það hefur mikið verið kvartað yfir seinagangi í kerfinu, erfiðleikum við að afla gagna, erfiðri sönnunaraðstöðu, lágum bótum o.s.frv.

Ákvæðið í almannatryggingalögunum, í 24. gr. í lögum nr. 117/1993, um slysatryggingu sjúklinga sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum, var eins og hæstv. ráðherra sagði bráðabirgðaákvæði í lögunum áður en komið var á sérstakri sjúklingatryggingu. Það verður að segjast eins og er að þetta ákvæði hefur ekki tryggt nægilega réttarstöðu þeirra sem undir það hafa fallið. Það var löngu tímabært að taka á þessum þætti.

Við kynntum okkur hvernig þessum málum var komið í Danmörku áður en við lögðum fram okkar þingmál á sínum tíma. Við töldum að í Danmörku væru þau mál til fyrirmyndar og lögðum til að þau yrðu höfð að leiðarljósi við lagasetninguna. Í þeim lögum sem fyrst tóku gildi 1992 í Danmörku og gerðar hafa verið nokkrar breytingar á síðan er tryggt að sjúklingur eða aðstandandi látins sjúklings eigi rétt á skaðabótum vegna afleiðingar rannsóknar eða meðferðar á sjúkrahúsum. Þau lög taka einnig til þeirra sem hafa tekið þátt í tilraunum, blóð, sæðis og líffæragjöf og orðið fyrir líkamstjóni við meðferð á sjúkrahúsi. Síðan hafa Danirnir víkkað út löggjöfina og aukið rétt sjúklinga til skaðabóta vegna afleiðinga rannsóknar og meðferðar á sjúkrahúsum. Þar er nú unnt að fá greiddar skaðabætur án þess að sannað sé að um mistök læknis hafi verið að ræða. Að sjálfsögðu þarf ákveðnum skilyrðum samkvæmt lögunum að vera fullnægt til að bótarétturinn verði virkur.

Ákvæði dönsku laganna hafa það einnig í för með sér að mun einfaldara og fljótlegra er að leita réttar síns. Það er mjög algengt að menn setji fyrir sig löng og erfið réttarhöld þegar menn verða fyrir skakkaföllum eða mistökum á sjúkrahúsum eða sjúkrastofnunum. Í Danmörku eru einnig frekari úrræði ef unnt er að rekja líkamstjón til lyfja. Ég hef einmitt skoðað þetta frv. með tilliti til þess og hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra í hvaða tilvikum menn teljast tryggðir þegar um lyf er að ræða, ef læknir hefur t.d. ávísað sjúklingi röngum lyfjum. Hvaða tryggingu hafa sjúklingar gegn slíkum mistökum? Nú þekkir maður nokkur tilvik um að fólk telur sig hafa misst heilsuna vegna rangrar lyfjagjafar. Ég hef verið aðeins að skoða þetta en átta mig ekki alveg á því í þessu frv. hvort sjúklingur telst tryggður í slíkum tilvikum.

Ýmis löggjöf hér á landi hefur verið í þá veru að bæta hlut þeirra sem leita réttar síns vegna þess að þeir telja sig hafa orðið fyrir skakkaföllum, ég minni á skaðabótalögin frá árinu 1993 og síðan auðvitað lögin um réttindi sjúklinga sem tóku gildi 1997. En í nokkrum fyrirspurnum sem lagðar voru fyrir þingið 1997, um læknamistök, þ.e. mistök við læknisverk hér á landi, kom í ljós hvernig ástandið hefur verið í þeim efnum.

Það kom fram í fyrirspurn sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir beindi til hæstv. heilbrrh. að fjöldi mála á því tímabili sem spurt var um, þ.e. frá 1990–1997 hefði aukist úr nokkrum tugum í að vera u.þ.b. 250 mál á ári. Þar eru meðtaldar allar kvartanir og kærur sem bárust landlæknisembættinu en undanþegin mál sem afgreidd voru í gegnum síma. Það kom líka fram í því svari að fjöldi þeirra sem telur sig hafa orðið fórnarlömb læknamistaka leggur ekki í málarekstur, bæði vegna mikils kostnaðar og annars álags sem því fylgir. Þess vegna er brýnt að þingmál sem þetta komi fram. Þetta er nokkuð langt og flókið mál sem fara þarf í gegnum í þingnefndinni. Þarna er nokkur nýlunda á ferðinni.

Skipulag og fjármögnun sjúklingatrygginga er útskýrð á bls. 12 í þingskjalinu og bent á að allir sem veita heilbrigðisþjónustu innan stofnana sem utan beri bótaábyrgð. Þar er gert ráð fyrir að bótaskyldir aðilar verði tryggðir með vátryggingu, þ.e. sjúklingatryggingu hjá vátryggingafélagi

sem hefur starfsleyfi hér á landi. Það er sama fyrirkomulag og á Norðurlöndunum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara nánar í frv. núna, við eigum eftir að skoða þetta mál í nefndinni og fara í gegnum ýmsa þætti þess. En ég hefði gjarnan viljað fá aðeins nánari útskýringar frá hæstv. ráðherra um réttindin vegna lyfjanna. Það var nýlunda í dönsku lögunum þegar við fluttum þingmál okkar, en ég fagna því að ráðist hafi verið í þá vinnu sem við lögðum til í þáltill. okkar á síðasta kjörtímabili. Hér er sem sagt komið frv. um sjúklingatryggingu og ég get ekki séð annað en að það sé verulega til bóta fyrir alla þá sem bera skaða af veru sinni á heilbrigðisstofnun.

[16:26]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér fjöllum við um afar athyglisvert og mikilvægt frv. sem felur í sér mikla réttarbót fyrir einstaklinga sem telja sig hafa orðið fyrir heilsuskaða af völdum meðferðar hjá heilbrigðisstofnunum, þ.e. hjá heilbrigðisstarfsfólki. Það kemur fram í grg. með frv. að fyrirmyndin er sótt til Norðurlandanna en sambærileg lög eru í gildi í Svíþjóð frá 1975, í Finnlandi frá 1987, í Noregi frá 1988 og í Danmörku frá 1992. Réttarstaða fólks sem telur sig hafa orðið fyrir heilsuskaða, ekki síst varanlegum heilsuskaða af völdum meðferðar sem það hefur hlotið í íslensku heilbrigðiskerfi, er sú að það hefur þurft að sækja rétt sinn í gegnum dómstólana. Þar hefur fólk þurft að sýna fram á að um læknamistök eða mistök annarra heilbrigðisstarfsmanna hafi verið að ræða. Þá fyrst að sök hefur sannast á heilbrigðisstarfsmann hefur viðkomandi einstaklingur fengið bætur.

Þrátt fyrir ákvæði almannatryggingalaga, sem mig minnir að hafi komið inn í lögin árið 1989, sem gera ráð fyrir að réttur þeirra sem verða fyrir heilsutjóni sé bættur er langt frá því að sjúklingar fái raunverulegar, fullar fébætur fyrir skaða sem þeir hafa orðið fyrir. Samkvæmt þeim ákvæðum almannatryggingalaganna sem ég vísa hér til ná þau til læknamistaka eða mistaka heilbrigðisstarfsmanna sem gerast inni á heilbrigðisstofnunum á vegum hins opinbera. Hins vegar hafa þau ekki náð til læknamistaka eða mistaka annarra heilbrigðisstarfsmanna sem eru sjálfstætt starfandi. Í því frv. sem við höfum nú fyrir framan okkur er rétturinn aukinn verulega þannig að sjúklingatryggingin nær yfir alla heilbrigðisþjónustu, hvort sem hún er rekin af hinu opinbera eða af öðrum aðilum. Það er verulega til bóta, ekki síst í ljósi þess að verið er að færa heilbrigðisþjónustu í auknum mæli út fyrir veggi stofnana sem reknar eru af ríkinu.

Einnig er vert að benda á að nú hin síðari ár hafa komið auknar kvartanir til landlæknis, kvartanir og kærur um heilbrigðiþjónustuna. Ég tel að það þurfi ekki endilega að draga þá ályktun að mistökum hafi fjölgað þó reyndar þurfi að skoða það. Ég tel frekar að fólk hafi aukna vitund um réttarstöðu sína og rétt sinn auk þess sem almenn þekking fólks á heilbrigðismálum hefur aukist verulega. Aðgangur fólks að upplýsingum um heilbrigðismál hefur aukist verulega þannig að það getur betur metið í dag en áður hvort um mistök hafi verið að ræða eða ekki. Einnig held ég að þarna komi inn minnkandi virðing fyrir valdi heilbrigðisstarfsmanna sem er í raun af hinu góða. Fólk á auðvitað sjálft að hlusta á eigin líkama en ekki aðeins á sérfræðinga sem eru til þess menntaðir.

Kerfið sem verið hefur við lýði hefur verið gagnrýnt verulega. Aðferðin sem notuð hefur verið hingað til, þ.e. að sækja bótarétt sinn fyrir dómstólum og sanna sök á heilbrigðisstarfsmann, hefur verið verulega kostnaðarsöm fyrir alla aðila. Það hefur líka skapað ákveðna erfiðleika. Þurft hefur að einangra ábyrgðaraðila og finna sökudólg. Það hefur verið mjög sársaukafullt fyrir þann sem sóttur er til saka og hefur skaðað hann bæði persónulega og faglega.

Þetta er ekki síst erfitt þar sem við vitum að flestir heilbrigðisstarfsmenn leggja sig verulega fram við að veita góða þjónustu. En við vitum líka að mistök geta alltaf orðið og að tveir einstaklingar með sama sjúkdóm sem fara í gegnum sömu meðferð svara meðferðinni ekki alltaf á sama máta. Þannig getur ýmislegt ófyrirsjáanlegt gerst.

Það hefur líka verið gagnrýnt að einstaklingur hafi einungis fengið fjárhagslegar bætur vegna tjóns hafi sök verið sönnuð. Þó hann hafi sannarlega orðið fyrir heilsutjóni þá hefur hann ekki fengið fjárhagslegar bætur eftir því sem ég kemst næst hafi ekki verið hægt að sanna sök heilbrigðisstarfsmanns. Ferillinn sem fólk hefur þurft að fara í gegnum hefur skapað ákveðna tortryggni á milli heilbrigðisstarfsmanna og skjólstæðinga þeirra. Það hefur verið túlkað sem svo að kerfið sé að verja sig og ásakanir um samtryggingu innan heilbrigðisstétta hafa komið upp á yfirborðið. T.d hafa ásakanir um samtryggingu lækna oft komið fram því samkvæmt eðli málsins þarf læknir að leggja mat á störf kollega síns þegar málsatvik eru skoðuð. Við þekkjum það mjög vel að sjúklingar sem telja sig hafa orðið fyrir heilsuskaða af völdum mistaka hafa stofnað öflug samtök sem styðja við þá sem sækja vilja rétt sinn gagnvart heilbrigðiskerfinu. Þau hafa talað máli sjúklinga gagnvart yfirvöldum í þessu efni til að sækja aukinn réttindi.

Kostir hins nýja frv. felast í mörgu. Fyrst og fremst er fókusinn algjörlega breyttur, ef ég má orða það svo, varðandi rétt einstaklinga. Nú er sjónum beint að einstaklingnum og rétti hans til bóta vegna heilsutaps. Þar er skilyrðið fyrir greiðsluskyldu að tjón hafi orðið í sambandi við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð en ekki hvort tiltekinn heilbrigðisstarfsmaður beri sök á heilsutjóni viðkomandi einstaklings. Í þessu breytta sjónarhorni felst mikil réttarbót fyrir einstaklingana.

Málsmeðferðin er einnig einfölduð verulega. Aðilar málsins fá tækifæri til að skoða málsatvik frá öllum hliðum án þess að þungi hugsanlegrar sektar og persónulegrar bótaábyrgðar einstaks heilbrigðisstarfsmanns vofi yfir. Þessi þáttur er styrktur í 8. gr. frv. þar sem allur vafi er tekinn af því að sjúklingatrygging getur ekki endurkrafið heilbrigðisstarfsmann vegna hugsanlegs tjóns af hans völdum. Þrátt fyrir að margir mundu halda því gagnstæða fram þá tel ég að þetta ákvæði styrki vitund og ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna í störfum sínum. Lagt verður kapp á að upplýsa mál í stað þess að farið sé í varnarstöðu.

Gagna verður aflað á viðkomandi heilbrigðisstofnun. Það verður eðlilegur þáttur í starfseminni án þess að skuggi hugsanlegra persónulegra bótaábyrgða heilbrigðistarfsmanna vofi yfir. Fram færi ítarleg og hlutlæg rannsókn og gögn yrðu lögð til grundvallar mati á hvort einstaklingurinn fullnægi skilyrðum laganna um að fá greidda sjúklingatryggingu. Gögnin ásamt mati á skaða viðkomandi yrðu lögð, annars vegar fyrir Tryggingastofnun ríkisins, gagnvart þeim heilbrigðisstofnunum ríkisins sem ekki kaupa sér sérstaka vátryggingu, eða fyrir viðkomandi vátryggingafélag, t.d. gagnvart sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum sem kaupa sér sjúklingatryggingu.

Ljóst er að með þessum nýju lögum, þegar þau verða að veruleika, munu fleiri mál koma upp á yfirborðið. Þau

munu leiða af auknum rétti. Fólk verður meðvitaðra um réttarstöðu, ekki þarf að sýna fram á sök heilbrigðisstarfsmanns og málsmeðferð verður einfaldari. Þetta mun leiða til aukins aðhalds á heilbrigðisstofnunum, virkari gæðastýringar og betri heilbrigðisþjónustu.

Til viðbótar má nefna að það að þurfa að sækja rétt sinn fyrir dómstólum hefur eitt og sér þrúgandi áhrif á einstaklinginn og getur staðið í vegi fyrir því að hann komist til heilsu á ný, þegar hann er upptekinn af því að verja stöðu sína og sækja rétt sinn fyrir dómstólunum. Þannig að þessi nýja leið sem frv. boðar, þegar það verður að lögum, hefur í raun forvarnaáhrif.

Nokkur atriði, herra forseti, þarfnast þó skoðunar við. Þegar ég las þetta merkilega frv. þá velti ég fyrir mér nokkrum hlutum sem mig langar að bera undir hæstv. ráðherra.

Samkvæmt 2. gr. frv. skapast réttur til sjúklingatryggingar ef viðkomandi einstaklingur hefur orðið fyrir tjóni vegna mistaka, vegna bilunar eða galla í rannsóknar- eða lækningatækjum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð, þegar komast hefði mátt hjá tjóni ef annarri meðferð eða tækni hefði verið beitt, eða þegar fylgikvillar eru meiri en við hefði mátt búast, eins og segir í 1.–4. tölul. 2. gr. frv.

Því spyr ég heilbrrh. um hvernig þessi lög mundu snúa að einstaklingum á biðlista. Þeir hafa fengið sjúkdómsgreiningu en verða fyrir heilsutjóni vegna aðgerðar eða meðferðar sem viðkomandi hefur ekki fengið, vegna þess að ekki hefur verið hægt að koma honum að. Með öðrum orðum: Hver er réttarstaða einstaklinga sem hafa fengið sjúkdómsgreiningu en verða fyrir frekara heilsutjóni þar sem þeir fá ekki viðeigandi meðferð sem metin hefur verið nauðsynleg?

Í þessu sambandi vil ég vísa í athugasemdir við 2. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi hins vegar sjúkdómur dregist á langinn vegna þess að sjúklingur fékk ekki viðeigandi meðferð, t.d. af því að sjúkdómsgreining var röng, getur sjúklingur átt rétt á bótum, skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.“

Ég er að spyrja um einstakling sem hefur sjúkdóm sem dregist hefur á langinn vegna þess að hann fékk ekki viðeigandi meðferð, ekki vegna þess að sjúkdómsgreining var röng heldur vegna þess að hann fékk ekki meðferð sem hann nauðsynlega þurfti á að halda. Ég held að nauðsynlegt sé að skoða þetta. Ég hef sjálf ekki svör við því hver réttur hans á að vera en ég held að nauðsynlegt sé að við veltum því fyrir okkur.

Síðan langaði mig líka að fá skýringu hæstv. heilbrrh. á síðustu málsgrein 2. gr. frv., en þar segir:

„Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um það fyrir hvaða tjón greiða skuli bætur skv. 1. mgr. Ráðherra getur einnig sett nánari reglur um að tilgreindir flokkar tjónstilvika skv. 3. tölul. 1. mgr. skuli undanþegnir lögunum.“

Gott væri að fá að vita hvaða tilvik hér er verið að hugsa um.

Þriðja atriðið sem mig langar líka að fá aðeins betri skýringar á er varðandi meðferð bótakrafna vegna sjúklingatryggingar. Hún er mismunandi eftir því hvort bótaskyldur aðili hefur keypt vátryggingu eða ber bótaábyrgðina í eigin áhættu. Annars vegar er bótakröfunni beint gegn Tryggingastofnun ríkisins vegna bótaskylds aðila sem undanþeginn er vátryggingarskyldu, t.d. sjúkrahúss á vegum ríkisins. Hins vegar er bótakröfu beint gagnvart vátryggingafélagi, t.d. vegna sjálfstætt starfandi aðila. Mig langaði að heyra hugleiðingar hæstv. ráðherra um hvort og þá hvernig möguleiki sé á að tryggja jafnræði í málsmeðferð þessara tveggja ólíku aðila, annars vegar Tryggingastofnunar ríkisins sem hefur ákveðnar reglur og hins vegar vátryggingafélaga. Mig langar að heyra svör ráðherrans og jafnframt tel ég ástæðu til að hæstv. heilbr.- og trn. skoði þetta sérstaklega.

Fjórða atriðið sem mig langaði að fá skýringar á er varðandi það sem segir í lið 5.3 í athugasemdum. Þar segir að þetta frv. og þau lög sem af því leiða tryggi ekki gegn mistökum vegna verkunar lyfja nema þá — ég skil það þannig — að mistök hafi orðið við lyfjagjöf, að það falli undir lögin. Hins vegar er talað um að þessi lög bæti ekki tjón af völdum eiginleika lyfja. Það kemur fram hér í grg. að ýmis rök mæli með því að samhliða sjúklingatryggingu verði stofnað til lyfjatjónstrygginga hér á landi og þá með Norðurlöndin að fyrirmynd. Mig langaði til að spyrja hvort áform eru uppi um að setja slíka lyfjatjónstryggingu á laggirnar.

Þetta voru þau atriði sem ég vildi fjalla um varðandi þetta ágæta frv. sem liggur hér fyrir. Ég verð að segja að þegar ég renndi yfir það þá vakti frv. mikla ánægju mína. Ég hafði sjálf ekki hugleitt sérstaklega þörf fyrir þessa sjúklingatryggingu og hafði ekki heldur kynnt mér það sérstaklega erlendis. Ég vil þó að lokum segja og hef reyndar sagt áður, að þetta er eitt dæmi um hvernig heilbrrh. hefur greint þörfina og svarað henni afar vel, þörf sem er mjög rík í þjóðfélaginu þó að hún hafi farið fram hjá mér eins og ég lýsti áðan.

[16:41]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um sjúklingatryggingu. Ég vil í fyrstu lýsa yfir ánægju minni með að frv. þetta skuli vera komið fram og anda þess frv. sem hér er kynnt.

Í gegnum árin hef ég sem heilbrigðisstarfsmaður vitað að þörf var á bættri réttarstöðu sjúklinga. Maður veit að heilbrigðisstarfsmenn eru breyskir sem aðrir og alltaf koma fyrir mistök þó allir reyni að vinna á faglegum grunni og forðist eftir fremsta megni að gerð verði mistök. Ýmsar ráðstafanir eru gerðar í heilbrigðiskerfinu til að tryggja eins og hægt er að ekki verði gerð mistök. Alls konar varúðarráðstöfunum er komið á inni á hinum mismunandi deildum hvað varðar meðferð, lyfjagjöf, eftirlit, skýrslugjöf og annað slíkt sem of langt væri upp að telja. Allar þessar ráðstafanir byggjast á því að veita sem besta meðferð, að tryggja að mistök verði ekki gerð og reyna að grípa inn í ef í ljós kemur að eitthvað hafi farið úrskeiðis. En alltaf verða einhver mistök og það hefur verið sársaukafullt fyrir sjúklinga að ganga þá í gegnum kæruferli og dómstóla til að fá bætur. Það eru ekki allir sem treysta sér til þess enda eru þetta oft viðkvæm mál. Þess vegna fagna ég því að þetta frv. skuli komið fram.

Hér er líka verið að tryggja rétt sjúklingsins gagnvart þeirri meðferð sem hann gengst undir. Þannig ber stofnunin sem slík ábyrgðina en ekki einstakir starfsmenn, enda koma oft mjög margir að meðferðarferli og kannski erfitt að greina hver eigi þar ákveðna sök.

Málið er fært frá dómstólunum og til Tryggingastofnunar ríkisins eða vátryggingafélaganna. Ég tek undir þá fyrirspurn hv. þm. Ástu Möller til hæstv. ráðherra um hver mismunurinn verður á bótagreiðslum frá Tryggingastofnuninni og vátryggingafélögunum.

Vonandi verður einfaldara og auðveldara fyrir einstaklinga að fá réttmætar bætur en er í dag með því að fara gegnum dómskerfið. En eftir að ég las frv. í gegn, þar sem ég þekki til í heilbrigðiskerfinu, þykist ég sjá að eftir sem

áður geti komið upp erfið mál fyrir einstaklingana þar sem Tryggingastofnun og vátryggingafélögum ber að rannsaka og sanna sök stofnunar á mistökum. Þegar sjúklingur leggst inn á heilbrigðisstofnun í einhvers konar meðferð eða aðgerð þá er þar um samofið ferli að ræða. Oft er erfitt að benda nákvæmlega á hvar eitthvað hafi verið gert sem leitt hafi til mistaka og hver hefði þá átt bregðast öðruvísi við. Þetta getur verið flókið að sanna þó útkoman sé sú að viðkomandi einstaklingur eða sjúklingur verði fyrir heilsutjóni og allir séu sammála um það. Heilsufar sjúklingsins hefur einnig mikið að segja hvað meðferð varðar.

Það kann að vera erfitt fyrir hæstv. heilbrrh. að svara til um það hér en ég tel rétt að við í heilbr.- og trn. reynum að gera okkur grein fyrir ferlinu þó vitað sé að allir geri sitt besta til að sjúklingurinn fái notið réttar síns. Þetta getur örugglega reynst flókið.

En ég vil enn og aftur þakka fyrir að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég tel að við eigum að leggja vinnu í að fara vel yfir það og reynum eftir bestu getu að sníða af þá agnúa sem á því kunna að vera.

[16:47]

Útbýting þingskjala:

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 405. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 981; brtt. meiri hluta utanrmn., þskj. 982; brtt. GHall, þskj. 983.

[16:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur orðið um þetta mikilvæga mál. Það er flókið eins og fram kemur í máli hv. þm. sem hér hafa talað. Þetta er margslungið, flókið og erfitt að sjá fyrir öllu þegar slíkt mál er til afgreiðslu og umfjöllunar. Þess vegna hefur tekið langan tíma að koma þessu frv. saman. Við höfum leitað til reyndra aðila í heilbrigðisþjónustunni, til lögfræðinga og við höfum leitað erlendis. Þannig er ljóst að víða hefur verið leitað fanga.

Til mín var beint nokkurum spurningum sem ég vona að ég geti svarað. T.d. spyr hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir: Hvað með lyf? Eru sjúklingar tryggðir gegn rangri lyfjagjöf? Svarið við því er já. Samkvæmt frv. eru sjúklingar tryggðir gegn rangri lyfjagjöf. Ef hjúkrunarfræðingur eða læknir gefur rangt lyf þá er um tryggingu að ræða. Sé aftur á móti galli í lyfinu sjálfu þá gilda um það önnur lög, þá kemur til svokölluð skaðsemisábyrgð þannig að sjúklingurinn er tryggður í báðum tilvikum. Ríkið greiðir skaðabætur vegna rangrar lyfjagjafar en hins vegar innflytjendur ef í ljós kemur að lyf eru gölluð.

Hv. þm. Ástu Möller spurði: Hvað um sjúklinga sem eru óhóflega lengi á biðlista? Eiga þeir einhvern rétt samkvæmt þessu frv. sem hér liggur fyrir? Þeir eiga ekki rétt samkvæmt frv. því sem hér liggur fyrir en ef um óforsvaranlega langan tíma er að ræða þá gildir sú regla í dag að slíkir sjúklingar geti leitað réttar síns.

Það er líka spurt um undantekningartilvikin sem greint er frá í 2. gr. Þar er sérstaklega litið til þess hve mikið er um nýja tækni í dag sem við sjáum kannski ekki nákvæmlega fyrir á þessari stundu. Til að geta tekið á móti nýrri tækni er þessi síðasta málsgrein í 2. gr. eins og þar stendur.

Varðandi jafnræðisregluna og hvort ekki sé hætta á að ekki verði fullt jafnræði milli þess sem ríkið greiðir og vátryggingafélögin þá höfum við mikið fjallað um það atriði. Það þykir rétt að ríkið hafi þessa sjálfsábyrgð fyrir starfsmenn sína. Það þykir einnig rétt að þeir sem eru sjálfstætt starfandi kaupi sína ábyrgð og þá verðum við að treysta á að ef ójafnvægi verði muni dómstólar fjalla um það.

Varðandi spurningu sem ég fékk um hámarksupphæðina, 5 millj. kr., þá eru sjúklingar í engu tilvika að missa af neinu sem þeir hafa í dag. Það er mjög mikið atriði og fremur er þetta til bóta fyrir þann sem verður fyrir skaða í heilbrigðiskerfinu.

[16:52]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um hvort ég skildi hæstv. ráðherra alveg rétt varðandi biðlistana. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að sjúklingur sem er óforsvaranlega lengi á biðlista hefði ákveðinn rétt, á það þá við í þessu frv. sem nú á að gera að lögum eða á það við um einhver önnur lög?

Varðandi spurninguna sem ég varpaði fram um lyfjatjónstryggingu þá er sagt frá því í athugasemdum með frv. að huga þurfi að því að koma á lyfjatjónstryggingu vegna heilsutjóns af áhrifum lyfja en ekki vegna lyfjamistaka sem snúa mundi að framleiðendum eða innflytjendum. Mig vantaði svar við henni.

[16:53]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um biðlistana er það að segja að frv. tekur almennt ekkert á því máli eins og ég sagði áðan. Almennar reglur taka aftur á móti á því og í sumum tilvikum hefur komið til þess.

Varðandi lyfjatjón kom ég inn á það áðan að ef um ranga lyfjagjöf er að ræða þá er sjúklingurinn tryggður. Ef sem lyfið er ekki fullkomið, ef einhver galli er á lyfinu, þá eru gilda um það önnur lög og sjúklingurinn er tryggður með þeim.

Um það fjalla þessi lög og almenn lög. Lengra erum við ekki komin en ég tel að við séum komin æðilangt í tryggingum bæði gagnvart heilsutjóni vegna mistaka og rangrar lyfjagjafar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 531. mál. — Þskj. 832.

[16:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum, sem er á þskj. 832. Samhliða þessu frv. mun ég mæla fyrir öðru frv. til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög og snertir það frv. innlánsdeildir félaganna. Þá mun fjmrh. í tengslum við frv. þetta mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Með frv. eru í stuttu máli gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum sem snerta rekstrarumgjörð samvinnufélaganna. Markmið þess er að auka möguleika samvinnufélaga á að bregðast við breyttum aðstæðum.

Meginefni frv. er að heimila hækkun séreignahluta félagsaðilanna til að stofnsjóðir samvinnufélags endurspegli betur eigið fé félagsins og jafnframt að heimila lækkun A-

eða B-deildar stofnsjóðs samvinnufélags þannig að opnað verði fyrir möguleika til að greiða út fé. Einnig er í frv. kveðið á um breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag og þá hvernig ákvörðun um breytinguna skuli taka.

Að undanförnu hefur verið mikil umræða á vettvangi samvinnufélaga um skipulagsmál og framtíð félaganna. Þróun byggðar og atvinnurekstrar hefur sniðið samvinnufélögum þrengri stakk en áður og heimildir núgildandi laga til að afla fjármagns á markaði með útgáfu B-deildarhluta hafa ekki reynst samvinnufélögunum eins vel og ætlunin var. Nokkur samvinnufélög hafa þegar ákveðið að stofna hlutafélög um einstaka þætti í rekstri sínum til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Nauðsynlegt hefur verið talið að færa samvinnufélögum auknar heimildir í lögum til að bregðast við þessum breyttu aðstæðum og auka samkeppnishæfni sína. Var skipuð nefnd til að gera tillögur um breytingar á ýmsum ákvæðum samvinnufélaganna varðandi rekstrarumgjörð félaganna. Jafnframt var tækifærið notað til að bæta við ákvæði um möguleika til slita á samvinnufélagi vegna vanskila á sendingu ársreikninga til samræmis við hlutafélagalöggjöf, leiðrétta millivísanir í lagagreinum og taka upp aðgreiningu endurskoðanda og skoðunarmanna.

Til að byggja upp eigendavitund í samvinnufélögum er í frv. gert ráð fyrir að félögunum verði heimilt að gera breytingar á stofnsjóði til hækkunar og lækkunar en jafnframt þarf að gera breytingar á skattalögum til að þetta verði kleift, m.a. þannig að hækkun séreignahluta félagsaðila teljist ekki til skattskyldra tekna.

Í þessu sambandi má benda á að í hlutafélagalöggjöf eru svipuð ákvæði um heimildir til hækkunar og lækkunar hlutafjár. Í frv. þessu er jafnframt gert ráð fyrir því, eins og áður segir, að unnt sé að breyta samvinnufélagi í hlutafélag og ákvæði eru sett til að auðvelda slíkt. Þótt samvinnufélagi yrði breytt í hlutafélag gæti það varðveitt ýmis einkenni samvinnufélags, t.d. í tilgangsákvæði samþykkta hlutafélags. Það er á valdi samvinnufélaga hvort þau nýta sér heimildir samkvæmt ákvæðum frv. ef það verður að lögum. Í fyrsta lagi er heimild til lækkunar fjár sem nokkuð hefur verið nýtt í hluta- og einkahlutafélögum ef ekki hefur verið talin þörf á eins miklu eigin fé og til er vegna rekstrar. Í öðru lagi er heimild til hækkunar fjár, t.d. vegna aukinna umsvifa. Í þriðja lagi heimild til að breyta samvinnufélagi í hlutafélag. Allt yrði þetta á valdi samvinnufélaganna. Reynt yrði að tryggja réttindi þeirra sem væru andvígir breytingu samvinnufélags í hlutafélag en þessu er öllu nánar lýst í frv.

Að því er varðar einstakar greinar frv. má taka fram að samkvæmt 1. gr. yrði samvinnufélagi sem breytt yrði í hlutafélag samkvæmt XII. kafla laganna um samvinnufélög heimilað að halda orðinu „kaupfélag" óstyttu í nafni sínu þar eð slíkt getur tengst viðskiptavild félagsins. Í 2. gr. er einungis umskrifuð tilvísun í lagagrein.

Ákvæði 3. gr. frv. kveður á um hækkun séreignahluta í samvinnufélagi, hvers konar samþykki eigenda sé áskilið, afhendingu hækkunar með samvinnuhlutabréfum í B-deild stofnsjóðs félagsins og skiptahlutföll á hlutum. Stofnsjóðsinneignir félagsaðila í samvinnufélögum hafa rýrnað í áranna rás og eru þær nú einungis lítill hluti af eigin fé samvinnufélaga. Með þessari heimild er stefnt að því að skerpa eignarvitund félagsaðila þannig að hlutdeild í stofnsjóði endurspegli a.m.k. að einhverju marki eigin fé félagsins.

Varðandi hækkun stofnfjár er tekið mið af ákvæðum hlutafélagalöggjafar um hækkun hlutafjár m.a. um skattlagningu. Svo sem segir í athugasemdum við frv. mundi hækkun séreignahluta teljast til skattskyldra tekna hjá eigendum stofnsjóðs við endursölu samvinnuhlutabréfa sem þeim hafa verið afhent.

Í 4. gr. er fjallað um lækkun A- og B-deildar stofnsjóðs samvinnufélags, fundarboð, skilyrði fyrir töku ákvarðana í því sambandi, efni ákvörðunar og hvernig ráðstafa megi lækkunarfénu t.d. í greiðslu félagsmanna, svo og um birtingu áskorunar til kröfuhafa í Lögbirtingablaði og því um líkt. Svipuð ákvæði um lækkun eru í hlutafélagalöggjöfinni. Markmið með þessari heimild er að gefa samvinnufélögunum kost á að greiða út til félagsaðila eða eigenda hluta í B-deild fjármuni sem félagsmenn telja ekki ástæðu til að nýta í rekstri félagsins, t.d. þegar samvinnufélag hefur selt hluta af starfsemi sinni og ekki þykir ástæða til að nýta þá fjármuni sem fengist hafa við slíka sölu til annars reksturs félagsins.

Þá er með þessari heimild unnt að greiða út hlutafé í dótturfélagi samvinnufélags eða fella niður B-deild stofnsjóðs með því að greiða út alla hluti í deildinni.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir þremur nýjum greinum í samvinnufélagalögin og fjalla þær allar um breytingu samvinnufélags í hlutafélag. Kveðið er á um ákvarðanatöku í þessu sambandi, félagsfund, áætlun um breytinguna og efni áætlunarinnar þar sem m.a. er kveðið á um fjárhæð hlutafjár sem verði gagngjald fyrir endurmetinn stofnsjóð A-deildar og samvinnuhlutabréf B-deildar og reglu um skiptingu fjárins milli félagsmanna. Sérfræðiskýrslu þarf að leggja fram þar sem fram kemur mat á ýmsum fjármálalegum atriðum. Sérstök ákvæði eru sett til að tryggja hagsmuni þeirra sem greiða atkvæði gegn tillögu um breytingu samvinnufélags í hlutafélag og einnig eru ákvæði um það hvenær samvinnufélagi telst slitið og hlutafélag stofnað. Við breytingu á samvinnufélagi í hlutafélag renna öll réttindi og skyldur samvinnufélagsins til hluta félagsins.

Í 6. gr. er kveðið á um að vanskil á sendingu ársreikninga geti leitt til kröfu um slit á samvinnufélagi. Samsvarandi ákvæði eru í hlutafélagalöggjöf.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir að notuð séu hugtökin endurskoðendur og skoðunarmenn eins og í lögunum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga. Áður fyrr var talað um löggilta endurskoðendur og endurskoðendur og svo er reyndar enn í nokkrum lögum.

Í ákv. til brb. er fjallað um sérstakt endurmat sem samvinnufélagi er heimilt að framkvæma á séreignahlutum félagssaðila í A-deild stofnsjóðs fyrir árslok 2003. Komi til slíks endurmats yrði hækkun á séreignahlutum afhent félagsmönnum með samvinnuhlutabréfum í B-deild, stofnsjóðs félagsins. Þessi tillaga sækir að nokkru fyrirmynd sína til heimildar hlutafélaga og einkahlutafélaga til að gefa út jöfnunarhlutabréf og reikna út jöfnunarverðmæti útgefinna hluta og hlutabréfa.

Í kostnaðarumsögn kemur fram að ekki verði séð að frv. þetta hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég mæli með því að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 833.

[17:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum, sem er á þskj. 833. Í stuttu máli eru með frv. þessu endurskoðuð ákvæði samvinnufélagalaganna um innlánsdeildir. Er m.a. gert ráð fyrir þrengri skilyrðum og virkara eftirliti en áður auk jafnræðis í skattamálum, Tryggingarsjóða innlánsdeilda, innstæðu eigenda og fjárfesta. Endurskoðun laganna byggist á bráðabirgðaákvæði gildandi laga um samvinnufélög en þar er kveðið á um að taka eigi til endurskoðunar ákvæði laganna um að samvinnufélagi sé heimilt að reka innlánsdeild að fullnægðum nánar tilteknum skilyrðum.

Innlánsdeildum samvinnufélaga hefur fækkað á síðustu árum og eru nú einungis starfandi innlánsdeildir við 10 samvinnufélög. Í árslok 1998 voru innlán í þessum deildum að fjárhæð samtals 2 milljarðar 63 millj. kr. eða 0,9% af heildarinnlánum innlánsstofnana.

Aðstæður á fjármagnsmarkaði hafa breyst verulega frá síðustu endurskoðun lagaákvæðanna um innlánsdeildir fyrir nokkrum árum og lög og reglur um starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana hafa á þeim tíma sætt endurskoðun frá grunni. Breytingarnar hafa fyrst og fremst miðað því að auka öryggi innlánsdeildanna og annarra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja. Á sama tíma hefur samkeppni milli fjármálafyrirtækja stóraukist og þjónusta þeirra tekið stökkbreytingum. Samdráttur í starfsemi innlánsdeilda miðað við heildarinnlán innlánsstofnana og breytingarnar á fjármagnsmarkaði sýna að stöðu innlánsdeilda samvinnufélaga hefur hrakað á síðustu árum í samanburði við viðskiptabanka og sparisjóði. Er tæpast lengur unnt að líta á innlánsstarfsemi samvinnufélaga sem framtíðarleið fyrir félögin á fjármagnsmarkaði, enda er innlánsstarfsemi almennt talin fara illa saman við annan atvinnurekstur.

Ekki er þó talið rétt að setja í lög einhvers konar sólarlagsákvæði í því skyni að binda enda á starfsemi innlánsdeildanna enda er ljóst að móttaka innlána hefur enn verulega þýðingu í rekstri einstakra samvinnufélaga. Jafnframt verður ekki talið að innlánseigendum margra innlánsdeilda sé sérstök hætta búin af áframhaldandi starfsemi þeirra. Sum samvinnufélög eru reyndar að kanna leiðir til þess að selja frá sér starfandi innlánsdeildir til viðskiptabanka eða sparisjóða. Þurfa félögin ráðrúm til slíkra ráðstafana án þess að þeim séu sett tímamörk í því sambandi. Hins vegar er talin full ástæða til að endurskoða ákvæðin um innlánsdeildir eins og lagt er til í frv. þessu, m.a. í því skyni að setja samvinnufélögum þrengri skilyrði um eigið fé og tryggja virkara eftirlit með félögum en áður. Hlutfall eigin fjár er að vísu lækkað úr 18% í 15% en jafnframt eru gerðar aðrar breytingar, þ.e. að taka þarf tillit til frádráttar eignarhluta í óskráðum félögum og krafna á dóttur- og hlutdeildarfélög. Eru þannig gerðar ríkari kröfur en áður til fjárhagslegs styrks samvinnufélaga sem starfrækja innlánsdeildir. Jafnframt er kveðið skýrt á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi innlánsdeilda. Þykir þetta rétt þótt einnig sé kveðið á um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með innlánsdeildum í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Einnig er í frv. þessu lagt til að kveðið verði á um skil á endurskoðuðum ársreikningum og hálfsársuppgjörum til Fjármálaeftirlitsins.

Í gildandi lögum um samvinnufélög eru ekki tryggð réttindi þeirra samvinnufélaga sem áður hafa gengið úr Tryggingarsjóði innlánsdeilda til endurgreiðsludeildar úr sameignarsjóð. Er talið nauðsynlegt að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að það hindri ekki samvinnufélög í að hafa frumkvæði að því að slíta innlánsdeildum sínum og selja frá sér innlánin. Er því í frv. lagt til að í samþykktum tryggingarsjóðsins skuli m.a. kveðið á um eignarhald á honum og ráðstöfun eigna hans til samvinnufélaga við slit á honum.

Í 1. gr. er auk framangreindra breytinga kveðið á um að Tryggingarsjóður innlánsdeilda skuli undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti og er það nánar útfært í greininni. Með þessu móti er gætt samræmis við skattalagaákvæði varðandi Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta sem hét áður Tryggingarsjóður viðskiptabanka og Tryggingarsjóður sparisjóða. Samráð hefur verið haft við fjmrn. um skattalagaákvæði frv.

Í 2. gr. er lagt til að ákvæði samvinnufélagalaga um innlánsdeildir verði endurskoðuð að nýju eigi síðar en 1. jan. 2003 þar eð mikilvægt er að fylgjast vel með þróun þessara mála og bregðast við með löggjöf ef ástæða þykir til. Af hálfu fjárlagaskrifstofu fjmrn. er ekki talið að frv. hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[17:10]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur verið að mæla fyrir tveimur frv. um breytingu á lögum um samvinnufélög. Það fyrra var um rekstrarumgjörðina og möguleika til að breyta þeim í hlutafélög sem ég held að sé rétt og eðlileg leið sem hefur það að markmiði að styrkja samvinnufélögin. Það síðara sem við erum að ræða snertir innlánsdeildirnar og þar finnst mér ástæða til að staldra aðeins við og skoða tilefni og markmið. En eins og fram kemur í frv. er tilgangurinn að styrkja eiginfjárhlut innlánsdeilda samvinnufélaga og tryggja virkara eftirlit en verið hefur og með því er megingreinin í þessu frv. að leggja til að skilyrði um eiginfjárkröfu samvinnufélaga verði hert frá því sem nú er og ákveðið að miða við 15% í staðinn fyrir 18% að ég held að hafi verið áður.

Ljóst er að frá því að ákvæði um innlánsdeildir samvinnufélaganna var breytt 1993 hefur umhverfið á fjármagnsmarkaðnum og fjármálamarkaðnum breyst mjög. Eins og hæstv. ráðherra kom réttilega inn á hefur staða innlánsdeildar samvinnufélaganna veikst verulega á umliðnum árum í samanburði við stöðu innlánsstofnana eins og banka og sparisjóða. Auðvitað er ástæða til að staldra við og hugleiða framtíð innlánsdeildanna, hvort innlánsdeildirnar heyri orðið sögunni til eða hvort rétt sé að stuðla að því að þær geti starfað eðlilega áfram. Ég sé reyndar að nefndin sem hafði þetta mál til umfjöllunar hafði einmitt hugleitt hvort efni væri til að setja inn í lög einhvers konar sólarlagsákvæði í því skyni að binda endi á starfsemi innlánsdeilda eins og er raunar sagt í greinargerð með frv.

Ef litið er á stöðuna núna miðað við eiginfjárstöðuna hjá innlánsdeildunum sem eru um það bil einn tugur að ég best veit þá standa flestar hverjar nokkuð styrkar en eins og fram kemur í frv. sjálfu er raunverulega verið að vísa til 15 innlánsdeilda eða kaupfélaga og af þeim standa fjórar innlánsdeildir mjög veikt og ástæða til að skoða nokkuð nánar.

Ef maður skoðar frv. sem miðar við 15% eiginfjárkröfu þá eru það a.m.k. fjögur sem standa mjög veikt og þurfa að bæta sig til þess að ná upp í það markmið sem verið er að setja varðandi skilyrði um eiginfjárstöðu og það svo að eitt af þessum félögum er ekki með nema 7,4% í eiginfjárstöðu miðað við það sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er talað um í frv. bæði 7,4, 10,9, 12,8 og 14,7% þannig að það er a.m.k. eitt sem stendur afar illa miðað við það skilyrði sem er sett. Þegar maður skoðar hvað þetta þýðir til að komast upp í þetta lágmark í milljón kr. eru það töluverðir peningar þegar maður skoðar það t.d. í samanburði við Tryggingarsjóð innlánsdeilda því að auðvitað hljótum við að huga hér að stöðu innlánseigenda í þessu sambandi. Mér sýnist að hjá þeim fjórum kaupfélögum sem vantar töluvert upp á að nái því markmiði sem sett er um eiginfjárstöðu í þessu frv. sé samtals um að ræða 280 millj. kr. eftir því sem ég hef kynnt mér og mest hjá einu kaupfélagi eða rúmar 60 millj. kr. sem vantar upp á að þau nái því markmiði sem hér er sett. Það eru töluverðar fjárhæðir miðað almennt við eiginfjárstöðu innlánsdeildanna.

Þegar skoðuð er staða Tryggingarsjóðs innlánsdeilda, þá skiptist hann í samtryggingarsjóð annars vegar og séreignarsjóð hins vegar. Í árslok 1998 var samtryggingarsjóðurinn með 101 millj. kr. og séreignasjóðurinn með tæplega 173 millj. kr. Í árslok 1999 voru sambærilegar tölur raunverulega það sama fyrir samtryggingarsjóðinn, um 101 – 102 millj. kr. og um 177 millj. kr. fyrir séreignarsjóðinn og hefur þá verið tekið tillit til greiðslu upp á 30 millj. kr. sem þurfti að greiða úr sjóðnum hvort tveggja vegna Kaupfélags Þingeyinga á sínum tíma sem fór í nauðasamninga. Þetta eru atriði sem mér finnst að nefndin hljóti að taka til skoðunar vegna þess að við hljótum að reyna að ganga þannig frá málinu að sæmileg trygging standi að baki hjá innlánseigendum, ekki síst í ljósi þess að töluvert vantar upp á að fjórar innlánsdeildir eða kaupfélög uppfylli þau markmið sem er verið að setja með lögunum.

Ég spyr ráðherrann að því hvort það sé raunverulega markmiðið með því að fara þessa leið að gera strangari kröfur til eiginfjárhlutfalls að hjálpa þessum aðilum og auka pressuna á að losa sig við innlánsdeildirnar. Innlánseigendur eiga miklu betri möguleika en verið hefur og heldur en var þegar ákvæði þessa frv. voru tekin til skoðunar á árinu 1993. Samvinnudeildirnar og þeir sem eiga innleg þar í deildunum eiga miklu betri möguleika en voru áður fyrir hendi. Ég lít því svo á að það frv. sem við erum að ræða sé fyrst og fremst til að styrkja eiginfjárkröfu samvinnufélaganna og gera þær strangari til að auka pressuna á að þær hætti starfsemi fyrr vegna þess að ég hygg að alveg sé hægt að segja að hér sé um nokkra tímaskekkju að ræða varðandi starfsemi þessara innlánsdeilda sem eigi í raun og sanni að heyra sögunni til. Eins sé ég að nefndin sem hafði þetta mál til skoðunar hefur greinilega verið að skoða hvort ekki væri rétt að setja sólarlagsákvæði í því skyni að binda endi á starfsemi innlánsdeildanna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann líti ekki svo á að með þessu sé fyrst og fremst verið að auðvelda innlánsdeildunum að leggja sig niður með því ákvæði sem hér er verið að setja.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þetta frv. Ég á sæti í efh.- og viðskn. sem fær það til umfjöllunar. Ég legg áherslu á að ég mun fyrst og fremst beita mér að því að skoða þann tryggingarsjóð sem stendur að baki inneignunum í innlánsdeildunum, ekki síst með tilliti til stöðu fjögurra innlánsdeilda sem standa mjög veikt miðað við þau skilyrði sem sett eru um eiginfjárkröfu í þessu frv.

[17:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í því frv. sem við ræðum um innlánsdeildir samvinnufélaganna og það frv. sem rætt var áðan var það hárrétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um. Verið er að bregðast við ákveðinni breytingu sem hefur orðið á umhverfi þessara fyrirtækja. Annars vegar er það umhverfi samvinnufélaganna og það eru þá vandkvæði þeirra að bæði er að hluta til litið á þau sem félagslegar stofnanir og hins vegar eru erfiðleikar hjá þeim að afla sér nýs áhættufjár.

Svo ræðum við um innlánsdeildina sem er sömuleiðis gömul leif frá þeim tíma er menn töldu skynsamlegt að blanda saman verslun og geymslu peninga sem er orðið mjög gamaldags og úrelt nú til dags.

Það frv. sem við sjáum hér verðum við að skoða í ljósi þeirra öru breytinga sem eiga sér stað á fjármálamarkaðinum þessa dagana og þær breytingar sem margir, og þar á meðal ég, telja sig sjá í vændum innan mjög skamms tíma og þá kannski fimm ára eða eitthvað slíks. Við sjáum nú þegar þessar breytingar gerast með því að mikill vilji er hjá stórum aðilum á fjármagnsmarkaði að sameinast til að þeir geti staðist þær miklu kröfur og samkeppni sem kemur innan ekki langs tíma og er þegar komin. Ég nefni í því sambandi sérstaklega netbanka sem munu koma, verða stofnaðir og hafa þegar verið stofnaðir. Enda þótt þeir hafi ekki verið markaðssettir neitt sérstaklega mikið er ljóst að netbankar munu hafa marga kosti umfram þá hefðbundnu banka sem starfa. Útibú verða óþörf, þau munu breytast í að verða ráðgjafarstofur um fjármál einstaklinga. Breytingarnar verða mjög örar og ég geri ráð fyrir að það verði hraðar en margur hyggur þannig að innan fimm ára munum við sjá gerbreytt landslag á bankamarkaðnum. Þá verður aðalvandi bankanna hvað gera eigi við allt starfsfólkið sem hefur annars konar færni en þá færni sem krafist verður af því starfsfólki sem á að veita ráðgjöf um hvort eigi að fjárfesta í Japan eða á Íslandi og hvernig eigi að taka hagstæð lán.

Angi af þessu er það frv. sem við ræðum hér sem eru innlánsdeildir kaupfélaganna, löngu orðnar úreltar að mínu mati. Mér finnst að sú nefnd sem fjallaði um það hafi í raun-inni ekki tekið á málinu með nógu mikilli festu og ekki í ljósi þeirra breytinga sem við stöndum frammi fyrir. Hér er verið að fara á hraða snigilsins. Teknar eru hálfar ákvarðanir, ekki er tekið ákvörðun um að leggja þessar deildir niður eða hjálpa til við að leggja þær niður, heldur á að sníða þeim þrengri stakk þannig að þær neyðist til að leggjast niður með tíð og tíma. Ég hygg að sá vandi sem steðjar að stóru bönkunum steðji ekki síður að minni sparisjóðum og alveg sérstaklega þessum innlánsdeildum og hér verði menn að vinna miklu hraðar, nákvæmlega eins og hæstv. viðskrh. verður að vinna miklu hraðar varðandi eignarhaldið á ríkisbönkunum vegna þess að þeir kunna að verða verðlausir ef menn bíða of lengi.

Það sem einu sinni var talið mikið verðmæti í bönkum, þ.e. útibúanetið, verður eins og myllusteinn um hálsinn á bönkunum vegna þess að það kostar að losa sig við steinsteypuna. Það kostar að losa sig við eða endurmennta starfsfólk sem er mjög dýrt. Það eru mörg félagsleg vandamál sem þarf að glíma við og ég vil biðja hv. þm. að gæta rétt aðeins að því hvað sú breyting þýðir sem við stöndum frammi fyrir í félagslegum vandamálum. Öll þau lán meira og minna,

bæði félagsleg og pólitísk, sem menn hafa verið að veita á undangengnum áratugum, sem verða ekki öll greidd, kosta heilmikið. Það eru sem sagt lík í lestinni.

Nýr banki sem hefur starfsemi sína t.d. á vegum erlends fjarskiptafyrirtækis, því að það eru væntanlega þau sem verða í netbankastarfsemi hér á landi sem annars staðar, og hefur ekkert af þessum líkum í lestinni getur boðið hærri lán til sparifjáreigenda, veitt betri ráðgjöf til sparifjáreigenda og hann getur veitt ódýrari og öruggari lán til skuldara með betri ráðgjöf og betri upplýsingum. Þetta er sú staða sem íslenskt bankakerfi stendur frammi fyrir. Þess vegna skil ég ekki að menn skuli leyfa sér að fara með hraða snigilsins í þessu máli. Við erum að ræða um tíu innlánsdeildir, við erum að ræða um sparifé fólks og mjög mikilvægt að fundin sé skjót lausn á þessum vanda.

Þessi mál koma væntanlega til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. Þar á ég sæti og þar mun ég reyna að knýja á um að menn finni einhverjar fljótari lausnir en hraða snigilsins sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

[17:25]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hefur orðið um þessi þingmál eða sérstaklega það síðara. Ég hef mikla reynslu af samvinnurekstri, hef setið í stjórnum samvinnufélaga og er ákaflega hlýtt til samvinnufélaga almennt. Stefna flokks míns byggir mjög á samvinnuhugsjóninni en engu að síður tel ég nauðsynlegt að taka á málum sem varða samvinnurekstur nú með tilliti til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Ég mæli þess vegna fyrir þessum málum mjög hlutlaust og tel að það sé mikilvægt að þau séu skoðuð vel í nefndinni og í sjálfu sér legg enga sérstaka áherslu á að þau verði afgreidd á þessu vori. En það verður bara að koma í ljós eftir því hvernig tekst til um vinnuna.

Það sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er í sjálfu sér alveg réttur skilningur hjá henni að með frv. um innlánsdeildir er kannski fyrst og fremst verið að skapa möguleika til að félög geti losað sig frá innlánsdeildunum ef þau telja það vera rétt, hvort sem það er að vinna á hraða snigilsins eða ekki, um það má sjálfsagt deila. Ég held hins vegar að í þessu tilfelli sé ekki nauðsynlegt í að grípa til einhverra skyndiráðstafana. Ég held að þetta muni þróast ákaflega eðlilega á næstu árum og það fari m.a. eftir hverju og einu félagi hversu hratt það vinnur að þessum málum. Ég held að við séum ekki með neinn stórkostlegan vanda hvað varðar þessar innlándeildir, þannig lagað séð að það á að vera tryggt að innstæðueigendur fái lausn mála sinna ef illa fer um rekstur félaganna. Þess vegna sé það ekki til bóta að setja mjög ströng ákvæði í lög um það hvernig málum skuli háttað. En ég tel eðlilegt að taka á þessu máli eins og gert er í frv. og legg til að ekki verði gerðar mjög róttækar breytingar í nefndinni hvað það varðar að þetta skuli allt saman gerast mjög fljótt þó ég skilji í sjálfu sér ábendingar hv. þm. Péturs Blöndals að vera þessarar skoðunar. En miðað við þá þekkingu sem ég þykist hafa af rekstrinum og samvinnufélögunum í landinu held ég að þetta vinnist betur með því að ákvæði laganna eða frv., ef að lögum verður, sé eins og kveðið er á um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 546. mál. — Þskj. 848.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörumerki, 3. umr.

Stjfrv., 370. mál. — Þskj. 972.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 3. umr.

Stjfrv., 289. mál (stimpilgjald). — Þskj. 471.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábúðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 904, frhnál. 940, brtt. 901.

[17:30]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. um frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.

Hv. landbn. ákvað að taka málið til frekari umfjöllunar eftir að því hafði verið vísað til 3. umr. og leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að 1. efnismgr. 1. gr. orðist svo:

„Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum og ekki liggur fyrir samkomulag milli aðila um skiptin skal framkvæma úttektir á jörðunum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda."

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en Pétur Bjarnason áheyrnarfulltrúi sat nefndarfundinn og er samþykkur þessari afgreiðslu.

Undir nál. rita sá sem hér stendur, Einar Már Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, Guðjón Guðmundsson, Einar Oddur Kristjánsson, Þuríður Backman og Katrín Andrésdóttir.

[17:31]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég skrifaði undir þetta frhnál. með fyrirvara. Ég tek sannarlega undir þessa viðbót, þessa brtt. frá landbn. sem kom fyrst fram í brtt. frá Guðjóni A. Kristjánssyni og kemur fram í 1. efnismgr. 1. gr. og er svohljóðandi, svo það sé öllum ljóst, með leyfi forseta: „Þegar leiguliðaskipti verða á jörðum og ekki liggur

fyrir samkomulag milli aðila um skiptin skal framkvæma úttektir á jörðunum og mat á eignum og endurbótum fráfarandi ábúanda."

Fyrirvari minn er við 2. gr. og 6. gr. Ég legg því áfram fram brtt. við ábúðarlögin varðandi þessar greinar og tek að svo komnu máli ekki undir að núna verði lagt til að tveir úttektarmenn verði fyrir landið allt sem taki út jarðir við leiguliðaskipti og að ekki sé tekið inn í lögin eitthvert ákvæði um kostnað varðandi úttektir á jörðum. Því legg ég áfram fram brtt. við þessar greinar og vísa til fyrri greinargerða og rökstuðnings um málið.

[17:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða mál sem er kannski ekki mjög stórt í sniðum og varðar mat á jörðum þegar um ábúðarskipti er að ræða.

Ég tók eftir því í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar, sem mælti fyrir brtt. sem afgreidd var milli 2. og 3. umr., að tekið hefur verið upp orðalag sem ég hafði lagt til við 2. umr. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að málið hefði batnað meir ef hv. landbn. hefði tekið tillit til fleiri atriða sem ég lagði til, en ég lagði til að landinu yrði skipt í þrjú umdæmi matsmanna og þar sem í ljós kom við skoðun í landbn. að yfirmöt voru afar fá. Mig minnir að þau hafi aðeins verið þrjú á fjögurra ára tímabili. Einnig lagði ég til að aðeins einn yfirmatsmaður væri skipaður og hann kallaði síðan til aðra því ekki er verkefni meira en það.

Mér finnst í rauninni eins og málið hefur verið sett upp og unnið að menn séu að breyta breytinganna vegna að stórum hluta. Ég get vel tekið undir það að ástæða hefði verið til að fækka matsmönnum og hefði talið nægjanlegt að gera það þannig að landinu væri skipt í þrjú svæði. Ég sé hins vegar að varaþingmaður Frjálslynda flokksins á Vestf., Pétur Bjarnason, hefur tekið undir þá breytingu sem hér var kynnt áðan og ég tek líka undir hana. Hún er efnislega sú sem ég lagði til. Ég mun ekki gera ágreining um málið frekar en tel að málinu hefði verið betur komið í öðrum farvegi.

[17:36]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni að orðalagið og meiningin er frá honum komin og skal honum þakkað fyrir það vegna þess að hann vakti athygli okkar á því að ástæðulaust væri að kalla til dómnefnd ef báðir aðilar, ábúandi og jarðeigandi, væru sammála um skiptin. Því breyttum við þessu.

En ég vek athygli á því, herra forseti, að heildarendurskoðun jarðalaga stendur yfir og þess vegna þykir okkur ekki ástæða til að gera fleiri breytingar að svo stöddu en ég vænti þess að endurskoðun laganna fari nú á nokkurn kraft og hægt verði að leggja nýtt frv. til heildarlaga fyrir þingið næsta haust eða í öllu falli á næsta vetri.

[17:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta mál er um breytingu á ábúðarlögum og er nú til 3. umr. Ég vísa til brtt. hv. þm. Þuríðar Backman við frv. þar sem lögð er áhersla á að í fyrsta lagi sé ekki verið að gera íþyngjandi lagaákvæði við ábúðarskipti og sett séu mörk fyrir því hvað má miklu til kosta við að gera slíkar úttektir. Eins og frv. liggur nú fyrir af hálfu meiri hluta landbn. þá er þar alveg opinn reikningur varðandi kostnað og auk þess er verið að færa þetta mat á hendur tveggja manna sem eiga að sjá um það um allt landið. Það þýðir verulegan ferðakostnað og kostnaðarauka, það er alveg ljóst, og auk þess sem þetta er alveg opinn reikningur.

Ég tel að þetta sé afturför. Í fyrri lögum voru settar skorður við því hvað slíkt mat mætti kosta. Reynslan er sú að þegar þetta er orðið svona opið geta reikningarnir líka orðið opnir.

Í öðru lagi finnst mér það vera í litlu samræmi við þá stefnu gagnvart landsbyggðinni að færa þetta mat á hendur tveggja manna sem þá væntanlega yrðu staðsettir (**Gripið fram í:** Á Hólum.) — já, það væri ágætt ef þeir yrðu staðsettir á Hólum en það liggur eiginlega miklu frekar fyrir að þeir verði staðsettir í Reykjavík. En hvað um það, þeir eru a.m.k. staðsettir á einum stað með miklum tilheyrandi ferðakostnaði í kringum landið. Það eru úttektarmenn og úttektarstarf er fyrir hendi víða úti um land á vegum sýslumannsembætta þar sem þeir gera m.a. landskipti og úttektir á jörðum með hæfni og hefði kannski frekar verið ástæða til að styrkja það.

Þriðja athugasemdin sem ég vil gera er að landbrh. setur reglurnar um hvernig meta skuli eignirnar til fjár, hann skipar úttektarmennina, bæði úttektarmennina sem gera úttektina og síðan líka yfirdóminn. Það hefði verið ástæða til að skoða að eitthvert annað stjórnsýslustig kæmi inn.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að mér finnst þetta frv., eins og hv. þm. Þuríður Backman hefur bent á, hefði átt að vinna mun betur og þá í samhengi við þær breytingar sem annars er verið að gera og þarf að vinna á bæði ábúðarlögum og jarðalögum.

[17:41]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú um stundir eru fáar úttektir sem eiga sér stað og sárafáar sem koma til matsnefndar eða matsmanna og ég tel ekki skynsamlegt að svo stöddu að vera að búa til eitthvert bákn úr því. En þau sjónarmið sem hv. þm. rakti og eru ættuð einkum frá hv. þm. Þuríði Backman koma vafalaust til athugunar við endurskoðun laganna. Það er góður gangur á þeirri endurskoðun nú um stundir og ég vænti þess að heildarendurskoðun ljúki í sumar og hægt verði að leggja frv. fyrir næsta starfandi þing.

[17:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. formanns landbn. um að hann muni beita sér fyrir því og hvetja til þess að heildarendurskoðun komi á þeim lögum og ákvæðum sem lúta að ábúð og ábúðarlögum og meðferð jarða og þá ekki hvað síst um stefnu ríkisins í sölu á ríkisjörðum eða réttara sagt að tekið verði fyrir það að ríkisjarðir séu seldar nema til þeirra sem byggja og nytja þær. En ég fagna yfirlýsingu hv. formanns landbn. Hann mun vilja beita sér fyrir því að það gangi hraðar en á hraða snigilsins að koma þessum nauðsynlegu frv. fram og þess vegna hefði líka verið ástæða til að fresta þessu máli þangað til það væri þá lagt fram sem hluti af ákveðinni heild.

[17:43]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan að allar ríkisjarðir verði einfaldlega seldar, enda komi eðlilegt verð fyrir. Þess vegna þarf að hafa dómnefnd starfandi, matsnefnd sem metur sannvirði eignanna.

[17:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski þess vegna sem verið er að setja þessar matsnefndir á sem hér er verið að tala um, þ.e. til að auðvelda sölu á ríkisjörðum, en ég vona að það komi nú ekki til að farið verði að setja í gang stórfellt sjónarspil við sölu á ríkisjörðum. Ríkið er góður jarðareigandi og ætti að gæta vel að eigum sínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafræn eignarskráning á verðbréfum, 2. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 189, nál. 965, brtt. 966.

[17:44]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna tilkomu rafrænnar eignaskráningar á verðbréfum. Frv. þetta fjallar um breytingu á einum þrennum lögum.

Nefndin sendi málið til umsagnar og fékk umsagnir frá nokkrum aðilum sem getið er um í nál. Nefndin gerir tillögur um nokkrar breytingar á frv. og eru þær í fjórum liðum. Mun ég nú gera grein fyrir þeim tillögum sem nefndin gerir til breytinga á frv.

Í 1. lið brtt. er gert ráð fyrir að tvær nýjar greinar bætist við frv. Annars vegar er að hugtakið „efndalok" verði skýrt og er skýringin sett fram á þskj. 966.

Í öðru lagi að inn komi ný grein sem segir: „Stjórn verðbréfamiðstöðvar skal veita hlutafélögum aðgang að upplýsingum í verðbréfamiðstöð um skráða eigendur hlutabréfa í viðkomandi hlutafélagi sem þar er eignarskráð."

Í 2. lið brtt. er endurorðun á 1. gr. Þar er gert ráð fyrir að: „Seðlabanka Íslands er samkvæmt samningi við reikningsstofnun heimil veðtrygging í rafbréfum reikningsstofnunar til tryggingar á efndalokum er lúta að greiðsluuppgjöri í greiðslukerfum, sem viðurkennd eru ..."

Í 3. lið brtt. er gert ráð fyrir að komi ný grein sem hljóði svo: „Verðbréfamiðstöð er heimilt í aðildarsamningi, svo og reglum sem stjórn félagsins setur, að ákveða takmörkun eða lokun aðgangs að eignarskráningu þar vegna brota á aðildarsamningi eða reglum sem gilda um starfsemina. Telji stjórn verðbréfamiðstöðvar þess þörf getur hún í aðildarsamningi jafnframt kveðið á um refsiviðurlög í formi févítis standi reikningsstofnun ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt aðildarsamningi, enda varði brot ekki við 34. gr.", þ.e. þessara laga.

Síðan er smávægileg orðalagsbreyting vegna skilgreiningar á húsbréfum. Er með henni kveðið skýrt á um að í auglýsingu um yfirfærslu eldri flokka húsbréfa í áþreifanlegu formi í rafbréf skuli koma fram hvaða húsbréfaflokka eigi að yfirfæra hverju sinni.

Hæstv. forseti. Nefndin skrifar öll undir þetta nál. og stendur að þessum brtt. og vonar að þær hljóti brautargengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (gjaldskylda, innheimta). — Þskj. 259, nál. 963, brtt. 964.

[17:48]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. vegna frv. til laga um breyting á lögum um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Nefndin hefur sent þetta mál til umsagnar nokkurra aðila og þeirra er getið í nál. Nefndin gerir tillögu til breytinga á frv. sem eru í 4 liðum:

Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði niður gjaldskylda vegna fjórhjóla sem eru undir 400 kg að eigin þyngd, en slík ökutæki munu í öllum tilvikum vera skráð sem torfærutæki.

Í öðru lagi er umorðaður a-liður 4. gr. Þar er fyrst og fremst skilgreint betur hverjir eigi rétt á niðurfellingu á bifreiðagjaldi. Enn fremur er rétturinn rýmkaður út frá því sem lagt er til í frv. þar sem tekið er tillit til foreldra langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru utan heimilis. Lagt er til að hann verði sá sami og réttur foreldra langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru heima.

Í þriðja lagi er lagt til að fjmrh. feli tilteknum skattstjóra eða ríkisskattstjóra að annast álagningu bifreiðagjalds og aðra framkvæmd laganna. Með þessu er opnað fyrir að framkvæmd laganna og álagning bifreiðagjalds geti að einhverju eða öllu leyti flust frá ríkisskattstjóra til einhvers skattstjóra. Nefndin vill að þetta mál verði skoðað þannig og helst yrði niðurstaðan sú að álagning gjaldsins flyttist til einhverrar skattstofu úti á landsbyggðinni til þess að styrkja starfsemina þar.

Loks er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins.

Enginn nefndarmanna skrifar undir þetta nál. með fyrirvara. Nefndin vonast til að þær brtt. sem hér hafa verið settar fram geti hlotið samþykki.

[17:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum brtt. hv. efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um bifreiðagjald.

Eitt atriði vildi ég gjarnan koma inn á, herra forseti, og ég vildi leyfa mér að lesa upp úr brtt:

„A-liður orðist svo: Bifreiðar í eigu þeirra sem fá greiddan örorkustyrks, örorkulífeyri, bensínstyrk eða umönnunargreiðslur vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Jafnframt eiga þeir öryrkjar sem notið hafa niðurfellingar skv. 1. málsl. rétt á niðurfellingu ef þeir hafa öðlast rétt til ellilífeyrisgreiðslna eða dveljast á stofnun. Sama rétt eiga foreldrar langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru utan heimilis ef réttur til umönnunargreiðslna héldist óskertur væri barnið heima" o.s.frv.

Herra forseti. Við erum ekki að ræða lög um almannatryggingar eða lög um aðstoð sveitarfélaga við þá sem eiga bágt. Við erum ekki að ræða um lög sem varða velferðarkerfið, herra forseti. Við erum að ræða lög um skatta. Við erum að ræða um skattheimtu og ég gagnrýni það að lög um skattheimtu hafa inni að geyma ákvæði sem varða velferðarkerfið svo sterkt sem hér er. Bæði er að þeir aðilar sem vilja leita réttar síns vegna þess að þeir telja sig eiga rétt á bótum eða greiðslum úr velferðarkerfinu munu síst af öllu leita í skattalögum að slíkum bótum, greiðslum eða rétti til slíks.

Auk þess er annar vankantur á þessu. Hann er sá að þessar greiðslur fjalla um niðurfellingu á skatti og koma þar af

leiðandi ekki fram sem greiðslur velferðarbóta. Niðurfelling á þessu bifreiðagjaldi kemur ekki fram sem örorkulífeyrir, umönnunargreiðslur eða því um líkt þó að þær séu það í reynd. Á þennan máta eru þessar greiðslur duldar í andstöðu við ný samþykkt lög um fjárreiður ríkisins sem einmitt gengu út á að reyna að halda því aðgreindu hvað væru bætur og hvað væru skattar. Ég hafði efasemdir um þessa grein, um að setja ákvæði um velferðarmál inn í skattalög. Ég hefði mikið frekar viljað að Tryggingastofnun fengi þessa heimild í lögum um almannatryggingar þannig að hún greiddi þennan skatt fyrir þá sem eiga rétt á því að fá þetta niðurfellt. Þannig kæmi í ljós hve stórar upphæðir þetta eru. Þannig kæmi í ljós að þetta væru greiðslur frá velferðarkerfinu og þannig ættu þeir sem teldu sig eiga rétt á því auðveldara með að ná þeim rétti. Að sjálfsögðu leita menn til almannatrygginga þegar menn ætla að fá einhverjar bætur úr velferðarkerfinu. Það liggur beinast við, til almannatrygginga, lífeyrissjóða eða sveitarfélags en síst af öllu til skattstjóra.

Herra forseti. Ég féllst á þessar brtt. hv. efh.- og viðskn. og skrifa undir án fyrirvara þrátt fyrir efasemdir mínar um að dylja velferðarkerfið inni í skattalögum.

[17:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það tókst mjög góð samstaða um afgreiðslu þessa máls í efh.- og viðskn. þannig að ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um frv. nú við 2. umr. málsins. Eins og frsm. nefndi er verið að lögfesta vissar undanþágur frá greiðslu bifreiðagjalds sem nú eru settar með reglugerð og það er vissulega til bóta.

Ég vil nefna að Öryrkjabandalagið og fulltrúar samtaka öryrkja sem komu á þennan fund komu með mjög gagnlegar ábendingar fyrir störf nefndarinnar, m.a. að leggja til að réttur foreldra langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru utan heimilis til undanþágu frá bifreiðagjaldi verði hinn sami og réttur foreldra langveikra og fjölfatlaðra barna sem vistuð eru heima, þ.e. ef langveik og fjölfötluð börn eru vistuð utan heimilis í einhvern tiltekinn tíma þá fái þau undanþágu frá bifreiðagjaldi.

Ég held að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði. Það náðist góð samstaða um að setja þetta inn í frv. sem ég tel mikilvægt. Ég tel mjög mikið fagnaðarefni að miklu meiri skilningur er að skapast á málefnum langveikra barna hér á þinginu en verið hefur. Um það var samþykkt tillaga á síðasta þingi, þ.e. stefnumótun í málefnum langveikra barna sem þm. Samfylkingarinnar fluttu. Ég tel að það sé mikið gleðiefni, hve mikil stefnubreyting hefur orðið varðandi þann málaflokk sem við sjáum m.a. í þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 258. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 326, nál. 961, brtt. 962.

[17:57]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. vegna frv. til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og sent það til umsagnar og í nál. er getið um þá aðila. Nefndin gerir tillögur til breytinga á frv. í tveimur liðum eins og rakið er á þskj. 962. Þær eru ekki efnislegar heldur fyrst og fremst fluttar til að bregðast við því að skilgreiningum hefur verið breytt í öðrum lögum.

Þá vill nefndin taka fram að hún telur að ekki hafi verið mörkuð nægilega skýr heildarstefna hjá hinu opinbera varðandi skil þjónustugjalda og skattheimtu. Nefndin beinir því til fjmrh. að hann setji í gang nefndarstarf sem hafi að markmiði að marka ríkinu skýra stefnu í þessum málum. Þetta hefur oft verið rætt hér á hinu háa Alþingi en hins vegar hefur aldrei verið gerð nægilega skýr stefnumörkun um hvað ríkið vill með þessari gjaldtöku. Ekki er ljóst hvort gjaldtakan er skattheimta og þá á hvaða forsendum eða hvort gjaldtakan er til þess að ná inn tekjum fyrir veitta þjónustu. Nefndin telur að mjög æskilegt væri að farið yrði yfir þessi mál og niðurstaða af slíku starfi væri þá frv. sem byggði á heildarstefnu í þessum málum. Nefndin væri ánægð ef slíkt frv. gæti komið fram á næsta þingi.

Öll nefndin stendur að þessu nál. og vonast til að málið fái brautargengi með þeim brtt. sem nefndin leggur til.

[17:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þegar mál þetta var til 1. umr. spunnust hér nokkrar umræður um það sem frsm. hv. efh.- og viðskn. ræddi nú um, þ.e. skilin milli þjónustugjalda og skattheimtu. Menn töldu þau mjög óljós og í þeirri umræðu var vitnað til þáltill. sem samþykkt var á Alþingi um endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana í samræmi við ályktun Alþingis frá 8. maí 1993. Þá flutti einmitt efh.- og viðskn., að ég held, þá tillögu alveg sérstaklega, þ.e. að slík endurskoðun skyldi fara fram. Þess vegna er eðlilegt og rökrétt framhald að efh.- og viðskn. taki þetta mál upp eins og hér er gert í nál. og frsm. hefur mælt fyrir í tengslum við litla breytingu sem gerðar eru nú á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Ég held að augljóst sé að skoða þurfi þessi skil miklu nánar en gert hefur verið. Ég gat þess við 1. umr. málsins að fram hefði komið mjög athyglisvert svar á þessu þingi við fyrirspurn frá Jóhanni Ársælssyni um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Þar var ýmsum spurningum svarað sem víkja að þessu máli. Þar kom ýmislegt athyglisvert fram sem nefndin hefði, ef tími hefði gefist til, þurft að fara nánar í. Fjmrn. sendi að vísu minnisblað til nefndarinnar um skilsmun skatta og þjónustugjalda og hvernig það liti á þann skilsmun. Í þessu minnisblaði til efh.- og viðskn. frá fjmrn. kemur m.a. orðrétt fram:

„Fjárhæð slíkra gjalda [þ.e. þjónustugjalda] má því ekki vera hærri en nemur þeim kostnaði sem almennt stafar af því að veita þá þjónustu sem í hlut á.“

Þar eru mörg þjónustugjöld á mjög gráu svæði. Ljóst er að í mörgum tilvikum eru þjónustugjöld innheimt langt umfram þann kostnað sem er við viðkomandi þjónustu. Í því sambandi hefur m.a. verið bent á ökuskírteini og vegabréf þar sem um raunverulega skattheimtu er að ræða þó að það sé sett í búning þjónustugjalds.

Ég fagna því hvernig nefndin tók á þessu máli. Hún leggur til að mörkuð verði skýr heildarstefna hjá hinu opinbera varðandi skil milli þjónustugjalda og skattheimtu og leggur áherslu á að endurskoðun verði hraðað þannig að ráðherra

geti í upphafi næsta þings lagt fram frv. sem feli í sér skýra heildarstefnu um aðgreiningu skattheimtu og þjónustugjalda.

Ég treysti því að það sem er í þessu nál. komist með skýrum hætti til skila til hæstv. fjmrh. og að formaður nefndarinnar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, veki rækilega athygli fjmrn. á þeirri stefnu sem efh.- og viðskn. í heild sinni vill sjá í þessu máli. Nefndin hefur beint því til fjmrn. og fjmrh. að ráðast í endurskoðun á þessu svo hún liggi fyrir við upphaf næsta þings. Það mun ekki standa á, herra forseti, að eftir því verður gengið á næsta þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (ársfundur og skipan stjórnar). — Þskj. 435, nál. 960.

[18:04]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Með frv. er lagt til að haldinn verði ársfundur í Nýsköpunarsjóði eins og almennt tíðkast í atvinnulífinu eigi síðar en 31. maí ár hvert. Með hliðsjón af því að slíkir ársfundir eru sjálfsagður liður í upplýsingastreymi frá Nýsköpunarsjóði og möguleikum sjóðsins til að kynna starfsemi sína gagnvart almenningi og öllum þeim sem eiga hagsmuna að gæta, leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 2. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 643, nál. 959, brtt. 976.

[18:05]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum.

Nefndin sendi málið til umsagnar nokkurra aðila og þeirra er getið í nál. Með frv. er lögð til lækkun á vörugjaldi af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Markmiðið með þessu er að hvetja til þróunar og notkunar á slíkum ökutækjum sem ekki hafa jafnskaðleg áhrif á umhverfi og hefðbundnir orkugjafar fyrir slík tæki.

Undir nál. rita nefndarmenn. Þó gera fjórir nefndarmenn fyrirvara um málið og þeir munu væntanlega gera grein fyrir þeim. En nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

[18:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er verið að stýra neyslu með því að veita vissum tegundum bifreiða afslátt af vörugjaldi. Það hefur reyndar verið réttlætt þannig að þessar bifreiðar væru eðli málsins samkvæmt dýrari en venjulegar bifreiðar vegna þess að þær eru í þróun og það má svo sem vel vera. En hins vegar hef ég ekki þá bjargföstu trú eins og sumir aðrir að metangas eða vetniseldsneyti muni yfirtaka orku heimsins vegna þess að hér er ekki um að ræða nýfundna orku heldur felst þetta í því að breyta orku af einni tegund yfir í aðra. Eins og þekkt er úr eðlisfræðinni verður engin ný orka til við það. Ég hef því vissar efasemdir um hvort rétt sé að stýra neyslu í þessa veru og hvort þetta sé þá ekki í rauninni bara styrkur til þeirra aðila sem eru að þróa slíkar bifreiðar og hef vissar efasemdir. Ég stend samt ekki á móti áliti efh.- og viðskn. og hef eingöngu þann fyrirvara að ég hef dálitlar efasemdir um þessa skýringu.

[18:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög þarft mál sem felur í sér heimild til að lækka tímabundið vörugjald af bifreiðum sem nýta að verulegu leyti metangas eða rafmagn sem orkugjafa.

Upplýst hefur verið í nefndinni að áætla má að að þeir bílar séu um 200–300 þús. kr. dýrari en hinir sem ekki nýta metangas eða rafmagn og um tiltölulega fáa bíla sé að ræða en áætlað er að þeir séu, þó ekki sé hægt að festa það alveg niður, eitthvað innan við 100 bílar á því tímabili sem hér er ætlað að þessi heimild sé í gildi.

Ég held að þó að hér sé í rauninni verið að gera þá bíla sem nýta metangas eða rafmagn hlutlausa gagnvart skattheimtu ríkisins á við aðra, þá vanti í þetta frv. allan hvata til að örva að slíkir bílar séu teknir í notkun og það þurfi að vera tímabundinn meiri afsláttur af vörugjaldinu en hér er lagt til og til lengri tíma. Út á það gengur fyrirvari minn og hv. þm. Ögmundar Jónassonar og er það í samræmi við umsagnir sem hafa komið fram m.a. frá Hollustuvernd ríkisins sem ég ætla að fá að vitna í, með leyfi forseta, en þar segir:

„Hollustuvernd ríkisins fagnar framkomnu frumvarpi til breytingar á lögum um vörugjald á bifreiðum. Það er mjög mikilvægt að vörugjald af bifreiðum sem menga minna og draga úr gróðurhúsaáhrifum sé lækkað til að tryggja að innflutningur slíkra bifreiða aukist á kostnað bifreiða sem eingöngu eru búnar hefðbundnum vélum sem nota eingöngu bensín eða dísilolíu sem eldsneyti. Til þess að slíkt markmið náist þurfa bifreiðar sem búnar eru raf- eða gasknúnum vélum til viðbótar við bensín- eða dísilvél að vera ódýrari en hefðbundnar bifreiðar, og þá enn frekar ef vélarnar uppfylla ströngustu kröfur sem búið er að setja inn í lagaramma í Evrópu. Þetta á sérstaklega við um ódýrari bifreiðar. Því leggur Hollustuvernd ríkisins til að afslátturinn verði tvöfaldur miðað við það sem lagt er til í drögunum."

Síðan er lagt er til að þetta ákvæði gildi til 31.12. 2005.

Herra forseti. Þeir leggja jafnframt til að ef bensín- eða dísilvélarnar uppfylli jafnframt þær kröfur sem gerðar verða eftir 2005, þá skuli heimilt að lækka vörugjaldið um 120 þús. kr. til viðbótar. En tvær af þessum þremur tillögum sem hér eru lagðar til tökum við hv. þm. Ögmundur Jónasson upp, þ.e. að tvöfalda þann afslátt, sem frv. gerir ráð fyrir að sé 120 þús., og í staðinn fyrir að það verði til 2003 verði það til 2005 sem slíkt sé er heimilt. Ég held að nauðsynlegt sé að fara þessa leið til að framkalla þann hvata sem nauðsynlegur er til að örva innflutning og notkun á slíkum bifreiðum.

Ég vil nefna að aðrir umsagnaraðilar lögðu til enn hærri fjárhæð og lögðu til að um yrði að ræða 500–600 þús. kr. hækkun á afslætti, eða úr 120 þús. í 500–600 þús. sem afslátturinn yrði af þeim bílum sem nýta metangas eða rafmagn. Við förum hér því millileið í þessu og tökum upp tillögur Hollustuverndar ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta en verði tillaga okkar samþykkt mun það þýða litla eða óverulega aukningu í útgjöldum ríkisins miðað við þann tilgang og hvata sem felst í þessari tillögu og varla yrði um að ræða fjárhæðir sem nokkru nema eða sennilega um 3–5 millj. kr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 265, nál. 973 og 975, brtt. 974.

[18:13]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið, sent það til umsagnar og fengið margt fólk til fundar og er alls þessa getið í nál. meiri hlutans.

Það mál sem hér er á ferðinni er enn ein viðleitni af hálfu löggjafarvaldsins til að haga gjaldtöku eða fjáröflun til vegagerðar á þann hátt að það sé í samræmi við almenna mælikvarða samkeppnislaga. Saga þessara breytinga er orðin nokkuð löng hér í þinginu. Eins og þingmenn sem sátu á síðasta kjörtímabili þekkja hafa verið gerðar nokkrar atrennur að því að reyna að haga þessum málum þannig að þau séu í samræmi við samkeppnislög.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki tillögu um aðrar breytingar á frv. en leiða af breyttri gildistöku eða breyttum gildistökutíma. Nefndin sendi hins vegar bréf til samkeppnisráðs þar sem óskað var eftir áliti á því hvort fast gjald á bifreiðar sem eru allt að 4 tonn að heildarþyngd væri í samræmi við samkeppnislög. En samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að það kynni að raska samkeppni á milli þeirra sem reka bifreiðar sem eru undir 4 tonn og hinna sem reka bifreiðar sem eru 4 tonn og þyngri ef ákvæði A-liðar 4. gr. laga nr. 3/1987, með síðari breytingum, stæði óbreytt.

Það var líka álit samkeppnisráðs að það kynni að hafa áhrif til að takmarka aðgang nýrra keppinauta að markaðnum að hafa annað form þungaskatts í A-lið 4. gr. laganna en í B-lið 4. gr. laganna. Þá er átt við að sumir þurfa að greiða gjald fyrir hvern ekinn kílómetra og eiga ekki kost á því að greiða fast gjald meðan aðrir geta valið um að greiða kílómetragjald eða fast gjald.

Þegar þetta álit lá fyrir átti nefndin um tvo kosti að velja. Annars vegar gat hún valið að leggja mikla vinnu í að breyta frv. með hliðsjón af þessu áliti samkeppnisráðs. Hins vegar gat nefndin lagt til að frv. yrði afgreitt eins og það stæði en mælst til við fjmrh. að fram færi heildarendurskoðun á lögunum. Meiri hluti nefndarinnar valdi þann kost að óska þess að fjmrh. léti fara fram endurskoðun á lögunum og að þá væru m.a. kannaðir að nýju kostir og gallar þess að taka upp olíugjald og enn fremur yrði skoðaður líka afsláttur vegna aksturs almenningsvagna í áætlunarferðum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að vinnu við endurskoðun málsins verði hraðað þannig að fyrir liggi í upphafi næsta löggjafarþings niðurstaða af þeirri endurskoðun svo hið fyrsta verði hægt að ganga í að haga fjáröflun til vegagerðar þannig að það sé í samræmi við eðlileg sjónarmið og eðlilega samkeppnishætti.

Ég tel afar mikilvægt að lög almennt séu í samræmi við almenn ákvæði samkeppnislaga, að ekki sé verið að setja lög út og suður sem standast ekki almenn sjónarmið. Þess vegna tel ég brýnt að fjmrn. gangi sem fyrst í þetta mál og það verði skoðað með hliðsjón af þessari forsögu allri saman.

[18:19]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn. um frv. um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Álit okkar kemur fram á þskj. 975. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er enn verið að gera breytingar og lagfæringar á þungaskattskerfinu, en málið hefur reglulega komið til kasta Alþingis á liðnum árum, bæði vegna mikillar óánægju með fyrirkomulag á þungaskatti og eins vegna úrskurða samkeppnisráðs.

Í áliti samkeppnisráðs frá árinu 1997 kemur fram að það mismuni og raski samkeppnisstöðu atvinnubifreiðastjóra að veita stighækkandi afslátt af þungaskatti sem innheimtur er af eigendum vöruflutningabifreiða eftir því hversu mikið þeim er ekið. Afsláttarkerfið var því afnumið 1998, en þess í stað voru sett ný ákvæði um greiðslu fasts árgjalds þungaskatts af bifreiðum og eftirvögnum og gjald vegna ekinna kílómetra lækkað um 5% af ökutækjum undir 14.000 kg en um 30% af ökutækjum sem greitt var af fast árgjald. Árið 1998 var fasta árgjaldið afnumið og lögfest sérstök gjaldskrá þannig að innheimta skyldi gjald fyrir hvern ekinn kílómetra sem væri breytilegt eftir leyfðri heildarþyngd vagnanna. Einnig var heimilað að velja áður en gjaldár hæfist að greiða gjald sem samsvaraði 95.000 km akstri á gjaldári í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra.“

Eins og þingmenn þekkja úrskurðaði samkeppnisráð á síðasta ári að þær breytingar sem gerðar voru 1998 mismuni samkeppnisaðilum og dragi verulega úr möguleikum nýrra keppinauta á markaði jafnframt því að takmarka aðgang sem sé andstætt markmiði samkeppnislaga. Frumvarp það sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur nú haft til meðferðar er lagt fram til að bregðast við þeim úrskurði.

Landssamband vörubifreiðastjóra sem barist hefur gegn þessari breytingu og kærði til samkeppnisráðs sem úrskurðaði þeim í hag hefur fagnað mjög þessari breytingu. Þeir hafa í reynd í tvígang á tveimur árum kært ákvæði laga um fjáröflun til vegagerðar vegna ákvæðanna sem lúta að afslætti í innheimtu þungaskatts. Aftur á móti hefur Landvari, Félag ísl. vöruflytjenda, mótmælt frv. og telur að það leiði til hækkunar á flutningskostnaði.

Ljóst er að þótt frumvarpið komi til móts við álit samkeppnisráðs og tryggi betur stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga í vöruflutningum standa enn eftir meingölluð lög um þungaskatt. Frumvarpið leysir því ekki vandann eins og hv. frsm. meiri hlutans kom inn á.

Efh.- og viðskn. leitaði til samkeppnisráðs um álit á því hvort almennt fast gjald á bifreiðar undir 4.000 kg leiði til mismunar á samkeppnisstöðu atvinnubifreiða, innbyrðis eða milli þyngdarflokka, og sé andstætt markmiði samkeppnislaga. Niðurstaða samkeppnisráðs var að það kunni að raska samkeppni á milli þeirra sem reka bifreiðar undir 4.000 kg

að heildarþyngd og þeirra sem reka bifreiðar sem eru 4.000 kg og þyngri. Það er því alveg ljóst að ef ekkert verður að gert, mun þetta mál enn eina ferðina reka á fjörur þingsins aftur til þess að bregðast við úrskurði samkeppnisráðs og því er ljóst að málið verður enn í ólestri þrátt fyrir þá lagfæringu sem hér er verið að reyna að gera.

Við bendum á að meiri hlutinn tók ekki til greina eðlileg tilmæli fulltrúa Almenningsvagna og Strætisvagna Reykjavíkur um þær breytingar sem verið er að gera með frv. en þeir hafa bent á með fullum rökum að frv. auki tilkostnað Almenningsvagna og Strætisvagna Reykjavíkur og lagt áherslu á að Almenningsvagnar og strætisvagnarnir verði jafnsettir fyrir sem eftir þá breytingu sem hér er lögð til, en samkvæmt núgildandi lögum skal þungaskattur vera 70% lægri af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum. Þetta hlutfall þyrfti því að verða nokkru hærra miðað við þá breytingu sem við erum að fjalla um, þ.e. 73% í stað 70% að mati fjárlagaskrifstofu. En í umsögn fulltrúa Almenningsvagna kom fram að hlutfallið þyrfti að vera 75%. Það er vissulega ekki um háar fjárhæðir að ræða eða sem samsvarar 3–5 millj. kr. en fulltrúar Almenningsvagna og SVR hafa engu að síður hvorir tveggja bent á að þó að ekki sé um stórar fjárhæðir að ræða muni þessi skerðing bitna á þjónustu við notendur almenningsvagna.

Þeir benda einnig á að almenningssamgöngur í þéttbýli séu ekki eitt af lögboðnum skylduverkefnum sveitarfélaga heldur hafi þau litið á þessa þjónustu sem nauðsynlega og skynsamlega að teknu tilliti til heildarhagsmuna. Þá hafi ríkið talsverðar tekjur af þessari starfsemi í stað þess að leggja með henni fé, ólíkt því sem gerist í velflestum ríkjum Vestur-Evrópu. Einnig eru rök þeirra í málinu að akstur almenningsvagna fari að langmestu leyti um götur sem sveitarfélögin sjálf hafa kostað og vega þau rök þungt að mínu viti.

Við, fulltrúar minni hlutans, hefðum því gjarnan viljað sjá að meiri hlutinn hefði getað fallist á þessa breytingu. Þetta breytir ekki miklu í útgjöldum ríkissjóðs en hefur verulega þýðingu fyrir Almenningsvagna og Strætisvagna Reykjavíkur að því er varðar tilkostnað við þessa þjónustu sem þeir sjá ekki að þeir geti mætt nema með minni þjónustu.

Herra forseti. Það er ljóst að fyrirkomulag þungaskatts og síendurtekin nauðsyn þess að taka málið upp á Alþingi er orðið Alþingi til vansa og flestir umsagnaraðilar eru hlynntir því að farið verði í kerfisbreytingu og tekið upp olíugjald í stað þungaskatts. En eins og þingmenn þekkja þá var frv. um það efni lagt fyrir Alþingi fyrir tveim árum síðan en náði þá ekki fram að ganga. Í stað þess var áfram haldið að plástra upp á þetta gallaða þungaskattskerfi. Ég vil minna á og halda hér til haga, herra forseti, að í desember 1998 þegar frv. um breytingar á þungaskatti var afgreitt frá efh.- og viðskn. skiluðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar séráliti og lögðu til að tekin yrði upp vinna við undirbúning og upptöku olíugjalds sem hefur marga kosti í för með sér og mjög jákvæða með tilliti til umhverfismála. Það hefur ekki verið gert heldur er áfram lagt til að plástra upp á þetta kerfi og ekki er að sjá að tíminn frá 1998 hafi verið nýttur til þess að skoða hvernig best verði að taka upp þá kerfisbreytingu sem minni hlutinn þá lagði til og minni hlutinn nú tekur upp, þ.e. að taka upp olíugjald í staðinn fyrir það þungaskattskerfi sem við búum við. Reyndar er það svo að meiri hluti efh.- og viðskn. leggur einnig áherslu á þessa leið í sínu áliti eins og framsögumaður meiri hlutans kom inn á.

Með sama hætti og minni hlutinn, sem þá var líka skipaður fulltrúum stjórnarandstöðunnar lagði til í desember 1998, þá vísum við allri ábyrgð á málinu á ríkisstjórnina og meiri hluta hennar. Við höfum sömu afstöðu nú og þá og hvetjum til þess að þegar verði hafist handa við að taka upp olíugjaldskerfi en að lagt verði af mælagjald þungaskatts og að málið verði lagt fyrir strax í upphafi næsta þings.

[18:28]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Þær breytingar sem verið er að ræða á frv. til laga um fjáröflun til vegagerðar sem hér hefur verið gerð grein fyrir af meiri hluta efh.- og viðskn. og hins vegar minni hluta er mál sem oft kemur upp og menn eru ekki á eitt sáttir um til hvers það leiðir og þær breytingar sem þar er verið að gera. Þær breytingar sem gerðar hafa verið áður á þessu kerfi hafa tvímælalaust leitt til þess að flutningsgjöld út á landsbyggðina hafa hækkað hvað varðar vöruflutninga á hverju sem er, almennum matvörum eða öðru. Þær eru íþyngjandi fyrir rekstraraðila á landsbyggðinni og íþyngjandi fyrir neytendur, fyrir fólkið á landsbyggðinni sem lendir í því að greiða hærra vöruverð og þá sérstaklega matvöruverð, en þær breytingar koma okkur mest við. Hér er á ferðinni enn ein lagfæring á þessu kerfi. Það er verið að staga í göt, ef svo má að orði komast, og reyna að bæta eitthvað það sem áður var og það sem Samkeppnisstofnun er nú farin að gera athugasemdir við. Eins og ég segi þá staldra ég sérstaklega við þær breytingar sem áður hafa verið gerðar og þau áhrif sem þær hafa haft á landsbyggðina. Nægir í því sambandi að taka undir og hlusta á það sem Landvari, félag íslenskra vöruflytjenda hefur látið koma fram í bréfum til þingmanna, í bréfum til sveitarstjórna og annarra.

Það er alveg ljóst að þær breytingar sem hafa áður verið gerðar á þessu og Landvari varaði við að mundu hafa stórhækkun í för með sér á flutningsgjöldum, sérstaklega út á land, hafa komið fram. En ég vil þó taka skýrt fram að vafalaust hafa komið ýmis önnur ákvæði eins og einhverjar Evrópuskuldbindingar inn í gjaldskrár þeirra og annað slíkt varðandi ökurita, vinnutíma og þess háttar.

Það er alveg ljóst að aðilar sem kaupa þessa þjónustu, flutninga þessara aðila út á land, hafa horft á mjög mikla hækkun. Sú hefur átt sér stað í framhaldi af því að á hinu háa Alþingi hefur þungaskattinum verið breytt fram og aftur. Vafalaust hefur það stundum verið í þeirri meiningu að það væri til góðs fyrir neytendur en sennilega oftar orðið til góðs fyrir ríkissjóð í auknum tekjum. Það er t.d. alveg ljóst að í flutningum út á land til einhvers tiltekins staðar sáu menn það gerast að flutningar á 10 kg pakka eða 1 kúbiks fets pakka hækkaði um ein 62% við þessar breytingar. Gjaldskrár þessara aðila hækkuðu um 62% á þessari tilteknu vöru eða úr 400 kr. í 650 kr. Hækkun á 20 kg vöru eða 2 kúbika feta var 38% og hækkun á 30 kg vöru eða 3 kúbika feta vöru var 18% og svona má lengi telja. Það er alveg ljóst að sú breyting sem þarna var gerð varð til þess að vöruverð á landsbyggðinni hækkaði, aukinn flutningskostnaður fór beint út í vöruverðið. Einmitt þetta kemur fram hjá Landvara og þeir margtaka fram að þetta muni leiða til stórhækkunar á flutningsgjöldum til landsbyggðarinnar. Ég held að rétt sé að lesa úr áliti þessara aðila í bréfi til alþingismanna frá 23. nóvember 1999, með leyfi forseta:

„Það er afar brýnt að stöðva þegar í stað hækkun á þungaskatti á vöruflutninga til landsbyggarinnar og færa til baka af atvinnugreininni yfir á efnisflutninga og annan vörubifreiða-

akstur þær 300 millj. sem millifærðar voru af vöruflutningum með lögum í árslok 1998."

Síðan senda þeir gögn til okkar þar sem koma fram þessi almennu sjónarmið og rökstuðningur fyrir því að skattleggja vöruflutninga til landsbyggðarinnar á annan hátt en á almennan vörubifreiðaakstur í almennum atvinnugreinum eins og við vega- og mannvirkjagerð eins og gert hefur verið fram til 1998. Því vil ég spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson, formann efh.- og viðskn.: Eru þær breytingar sem hér er verið að gera og eru þær athugasemdir sem Samkeppnisstofnun er að setja fram, eingöngu vegna þess að einhver samkeppnismál eru að þeirra mati brotin með mismun milli vörubifreiðaaksturs og svo aftur landflutninga eða fraktflutninga? Er það vegna þess að menn ímyndi sér að þeir sem eru að flytja möl eða grjót eða eitthvað þess háttar á ákveðnum vörubifreiðum vilji komast í að flytja vörur út á land? Ekki trúi ég því. En í bréfi Landvara fullyrða þeir að til skemmri og lengri tíma litið muni þessi aukna skattheimta á landsbyggðaflutningana koma fram í stórhækkuðum flutningsgjöldum sem mun enn skerða framleiðsluskilyrði fyrirtækja og lífsskilyrði fólks sem þar býr.

Er það svo að þær breytingar sem verið er að boða muni hafa enn eina hækkun í för með sér eða er enn einu sinni verið að breyta einhverju kerfi sem við vitum jafnvel ekki hvaða afleiðingar muni hafa gagnvart vöruflutningum til landsbyggðarinnar en þar er málið náttúrlega hvað alvarlegast?

Í könnun sem Stefán Ólafsson lektor gerði og beitti sér fyrir og oft er vitnað í, kemur fram að það sem fólk á landsbyggðinni kvartar hvað mest yfir er hátt vöruverð og þetta er auðvitað stærsti liðurinn í því. Það má fara aftur til þess er Skipaútgerð ríkisins var rekin að þar voru vafalaust niðurgreiddir flutningar út á land sem svo voru lagðir af, allt var flutt með bílum. Hefur þetta ekki verið stærsti þátturinn í því að hækka vöruverð á landsbyggðinni?

Menn segja e.t.v. að ekki megi mismuna, það megi ekki styrkja þetta og þetta vegna þess að það brjóti jafnræðisreglu og stjórnarskrána o.s.frv. Ég spyr hér og nú: Væri ekki hægt að nota það kerfi sem notað er hér og hefur verið í mjög mörg ár að almenningssamgöngur, strætisvagnarekstur skuli eingöngu borga 30% af þungaskatti eða fá 70% lægri þungaskatt en aðrir? Er ekki þarna komin forskrift fyrir því og er ekki inni í þessu kerfi leið til að nota, til þess að endurgreiða hluta af þungaskatti til flutningsfyrirtækja sem flytja þessar vörur út á land? Ég spyr. Hver er munurinn á þessu? Er ekki alveg hægt að nota þessa leið?

Vel getur verið að menn segi að til séu alls konar leiðir til þess að komast fram hjá því að einhverjar verslanir sem selja eitthvað allt annað en matvöru, ef við tökum sem dæmi, færu að færa það allt svoleiðis. Ég held að fyrir okkur sé enginn vandi að finna leiðir gagnvart því ef vilji er fyrir hendi. En það er ansi athyglisvert að 60 millj. kr., jafnvel 70 millj. kr., séu notaðar af þungaskatti til að greiða niður strætisvagnagjöld þar sem strætisvagnar eru reknir. Ég vil taka það skýrt fram að ég hef ekkert á móti því og ég tel það reyndar sjálfsagt mál, ég er ekki að andmæla því. En ég vil segja aðeins og kasta því inn í umræðuna hvort við höfum ekki þarna fordæmi, hvort við höfum ekki leið til að fara inn í það að greiða niður flutninga út á land til að lækka þar vöruverð sem er, eins og ég sagði áðan, hvað mest kvartað yfir þegar menn ræða um mismun milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Dæmið sem ég tók áðan um hækkun á flutningi á þessum tilteknu vörum út á land er dæmi sem við höfum og er klárt og hefur komið fram í gögnum sem okkur hafa verið send. Breytingar á þungaskatti hafa leitt þetta af sér. Nú kann svo að vera að með þessum breytingum sé eitthvað verið að ganga í átt til þess að leiðrétta þetta.

Ég vil svo segja aðeins í lokin, herra forseti, að ég er mjög hlynntur því sem kemur fram í nál. meiri hluta efh.- og viðskn. sem leggur það til að fjmrh. skipi nefnd sem tæki lögin um fjáröflun til Vegagerðar til heildarendurskoðunar. Ég held að full þörf sé á því og ég held að það sé full þörf á því að skoða þær leiðir sem hægt er að fara. Ég nefni rétt í lokin nýlegt dæmi sem hefur komið fram á hv. Alþingi að endurgreiðslur á þungaskatt til sérleyfishafa á Íslandi eru reglur sem eru í raun og veru mjög furðulegar. Þar kemur fram að Kynnisferðir í Reykjavík, sem hafa sérleyfi milli Reykjavíkur og Keflavíkur og eru 80% í eigu Flugleiða, veltu í kringum 450 millj. á síðasta ári og skiluðu 45 millj. í hagnað. Það fyrirtæki fær með hæstu styrkjum sem sérleyfishafar í landinu fá eða tæpar 8 millj., jafnmikið og ýmis fyrirtæki sem halda uppi samgöngum út á land á mjög fáförnum og erfiðum leiðum. Er eitthvað sanngjarnt við þetta kerfi? Ég segi hiklaust nei. Full þörf er á að taka öll þessi samgöngumál til gagngerðrar endurskoðunar, líka í ljósi þeirra staðreynda að samkeppni í flugi er að leggjast af og flug á ýmsa staði úti á landi er að leggjast af. Flugi til ýmissa staða úti á landi verður ekki haldið við nema styrkir frá hinu opinbera komi til líkt og gert er við strætisvagnaaksturinn þar sem hann er, líkt og gert er við sérleyfisbílahafana þar sem þeir eru og önnur þess háttar atriði. Ég vil segja það aðeins í lokin, herra forseti, að mér sýnist það besta sem kemur fram í tillögunum vera það að lagt er til að allt þetta verði endurskoðað. Ég vildi sjá að endurskoðunin tæki þá mið af því sem ég hef gert að umræðuefni, vöruflutningum og þeim breytingum sem hið háa Alþingi hefur gert undanfarin ár sem hefur tvímælalaust leitt til hækkunar á flutningsgjöldum út á land og sérstaklega á lengri leiðirnar og hækkun vöruverðs á landsbyggðinni.

[18:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nokkur atriði. Í fyrsta lagi hafa eigendur vörubíla úti á landi kvartað mjög mikið vegna þess að þeir hafa talið sig búa við mjög rýra samkeppnisstöðu gagnvart þeim sem hafa verið í reglulegum vöruflutningum. Mjög margir af þessum aðilum eiga bíla sem eru búnir til margvíslegra verkefna og menn hafa getað rekið bílana vegna þess að þeir hafa getað farið í margs konar verkefni en þeir hafa ekki talið sig hafa sömu möguleika til að bjóða í einstaka farmflutninga, svo sem fiskflutninga, flutninga með vörur eða einstaka farma vegna þess að þeir væru að greiða hærri þungaskatt en keppinautarnir.

Annað sem fram kom er að engar þær kerfisbreytingar sem hafa verið gerðar á gjaldskrá þungaskatts á undanförnum árum hafa leitt af sér eina einustu þörf til þess að hækka gjaldskrá um 18% eða 38% eða 62%. Það eru einhverjar allt aðrar ástæður fyrir því að menn hafa þurft að hækka gjaldskrá um þær prósentur en þær kerfisbreytingar sem hafa verið gerðar á undanförnum árum.

Landvari, félag landflutningamanna, kom því miður fram með tölur um hækkaðar álögur vegna þungaskattsbreytinga á undanförnum árum upp á 700 millj. kr. sem voru settar

fram í bréfi sem var ritað til efh.- og viðskn. Þær tölur eru algerlega út úr öllum kortum miðað við þær kerfisbreytingar sem hafa verið gerðar. Tekjur ríkissjóðs af þungaskatti á undanförnum árum hafa vaxið mjög verulega. Ýmsar ástæður eru fyrir því. Það hefur verið almenn hækkun á gjaldskrá vegna verðlagsbreytinga. Innheimta hefur verið bætt, það hefur verið fjölgun bíla, það hefur verið meiri akstur vegna aukinna framkvæmda og aukinna umsvifa í atvinnulífinu og síðan hefur kerfisbreytingin komið. Ég fullyrði að kerfisbreytingarnar sem slíkar skýra ekki nema þá hugsanlega eitthvert brot af þeirri aukningu tekna af þungaskatti sem hefur orðið.

[18:45]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur komið fram hjá formanni efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, að hann telji að þær kerfisbreytingar sem gerðar hafa verið á þungaskatti undanfarin ár séu ekki neinar forsendur fyrir þeim stórhækkunum sem orðið hafa á flutningsgjöldum sem ég tók hér sem dæmi. Þetta eru bara staðreyndir. Það er langbest að taka bara tölulegar staðreyndir úr reikningum frá þessum fyrirtækjum til fyrirtækja á landsbyggðinni sem þau hafa verið að greiða. Þær tölur sem ég tók hérna sem dæmi frá 1. janúar 1998, og svo aftur hækkunin eftir að síðustu breytingar voru gerðar, sýna að hækkun á flutningi á 10 kg pakka frá Reykjavík til tiltekins staðar á Norðurlandi er 62%. Þetta er um 62% hækkun á eins kúbikfeta pakka. Það er staðreynd. Er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að segja það hér varðandi Landvara og þessa flutningsaðila sem flytja mest vörur á landsbyggðina, vöruflutningafyrirtæki, að einhver skilyrði hafi verið notuð til þess að fara út í stórkostlegar hækkanir án þess að forsendur væru fyrir? Þessi fyrirtæki hafa öll kvartað yfir þeim breytingum sem gerðar voru á þungaskatti hér á árum áður og nefnt að þær hafi haft þessar afleiðingar, þ.e. stórhækkun á kostnaði þessara fyrirtækja sem hafi farið beint út í vöruverðið. Ég spyr bara: Er verið að gera allar þessar breytingar vegna kvartana vörubílstjóra vegna samkeppni gagnvart vöruflutningafyrirtækjum? Ég spyr bara. Þessu er ekkert saman að jafna. Það er tvennt ólíkt að tala um vöruflutningafyrirtæki — þau eru nú ekkert mörg sem starfa hér á landi — sem flytja vörur til velflestra staða á öllu landinu eða vörubílstjóra sem eru kannski að nota einhvern annan tíma þegar þeir eru ekki í efnisflutningum til að flytja vörur. Það er mikill munur á þessu.

[18:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það og stend við það að engar kerfisbreytingar hafa verið gerðar á þungaskattskerfinu sem réttlæta 62% hækkanir á gjaldskrá, engar. (Gripið fram í.) Ég veit ekki til þess að þær breytingar sem gerðar voru kerfislega á þungaskattinum réttlætti yfirleitt neinar hækkanir. Það er þá eitthvað smávægilegt sem þar er á ferðinni.

Varðandi tölulegar upplýsingar um flutningskostnað þar sem talað er um tilflutning frá vörubifreiðum yfir á vöruflutningabíla eða landflutninga upp á 700 millj. kr., þá eru þær tölur eru algjörlega víðs fjarri sannleikanum. Ef hv. þm. mundi aðeins leggja hausinn í bleyti og spá í hvað hækkun t.d. upp á hverjar 100 millj. á flutningskostnaði vega yfirleitt í heildarveltu eða heildarflutningskostnaði eða slíkum tölum, þá mundi hann sjá að allar þessar fullyrðingar um að breytingar á þungaskattskerfinu hafi haft þessar miklu hækkanir í för með sér, standast ekki þegar grannt er skoðað.

[18:49]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kemur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., aftur og heldur því fram að engar kerfisbreytingar hafi verið forsenda fyrir þeim stórkostlegu hækkunum sem hafa orðið á vöruflutningum út á landsbyggðina. Ég held að ef hv. þm. mundi leggja hausinn í bleyti og hlusta á rök þeirra aðila sem kaupa þessa þjónustu úti á landi og fá að sjá þá reikninga sem ég hef hér verið að vitna til og tala um, þá sæi hann að þessar hækkanir hafa átt sér stað og eru stórkostlegar.

Bara rétt hér í lokin, herra forseti. Í bréfi sem Landvari hefur skrifað okkur þingmönnum segir, með leyfi forseta:

„Til skemmri og lengri tíma litið mun þessi aukna skattheimta á landsbyggðarflutninga koma fram í stórhækkuðum flutningsgjöldum sem mun enn frekar skerða framleiðsluskilyrði fyrirtækja og lífsskilyrði fólks sem þar býr."

Ég held að þetta sé grundvallaratriðið og ég skil reyndar ekki að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, jafngreindur maður og hann nú er, skuli ekki vera búinn að fá að sjá það frá þessum aðilum úti á landi að þessar hækkanir hafa átt sér stað alveg greinilega og um það þarf í raun ekkert að deila vegna þess að reikningar fyrirtækjanna sýna þetta. Og fyrirtækin kenna m.a. þessum breytingum á þungaskatti um.

Mig langar rétt í lokin að spyrja hv. þm. hvort hann væri ekki hlynntur því að nota kerfið sem notað er varðandi endurgreiðslu á þungaskatti fyrir strætisvagnarekstur á Íslandi, þ.e. hvort ekki væri hugsanlega hægt að nota það til þess að endurgreiða hluta af þungaskattinum fyrir vöruflutninga úti á landsbyggðinni og taka þar með þátt í að lækka vöruverð á landsbyggðinni og aðföng til fyrirtækja sem þar starfa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 2. umr.

Stjfrv., 261. mál (undanþágur). — Þskj. 331, nál. 933, brtt. 934.

[18:52]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 933 í 261. máli um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Berglindi Ásgeirsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Rúnu Jónsdóttur frá Stígamótum, Georg Kr. Lárusson og Jóhann Jóhannsson frá Útlendingaeftirlitinu, Helgu Haraldsdóttur frá samgönguráðuneyti og Karl Steinar Valsson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Jafnframt bárust umsagnir um málið frá Útlendingaeftirlitinu, Bandalagi íslenskra listamanna, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi íslenskra leikara, Bandalagi háskólamanna, Félagi nýrra Íslendinga, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jafnréttisráði og Miðstöð nýbúa. Þá barst nefndinni erindi frá félagsmálaráðuneyti í tengslum við umfjöllun málsins um breytingu á 13. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga varðandi réttarstöðu erlendra maka íslenskra ríkisborgara.

Hæstv. forseti. Nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, en samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti hefur orðið gífurleg fjölgun í hópi þeirra sem koma hingað til lands í allt að fjórar vikur árlega og stunda vinnu á nektarstöðum í þann tíma á grundvelli undanþágu frá kröfu um atvinnuleyfi. Frumvarpinu er einkum ætlað að veita félagsmálaráðherra skýra lagaheimild til að setja reglur sem skilgreina hverjir falli undir undanþágu b-liðar 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og geti talist listamenn í skilningi laganna. Með því er unnt að gera erlendra nektardansara sem koma hingað til lands í atvinnuskyni háða reglum um atvinnuleyfi. Slíkir dansarar hafa fram til þessa hlotið undanþágu á grundvelli þess að hér sé um listamenn að ræða, en ljóst er að undanþáguákvæði 14. gr. laganna var aldrei ætlað að halda uppi viðvarandi atvinnustarfsemi útlendinga hér á landi með þeim hætti sem orðið hefur. Reynsla erlendis sýnir að slíku umhverfi fylgir iðulega vændi, eiturlyfjasala og önnur neðanjarðarstarfsemi. Umsagnir um málið voru almennt jákvæðar, en í umsögnum Bandalags íslenskra listamanna og Félags íslenskra leikara komu fram efasemdir um réttmæti þess að félagsmálaráðherra setti reglur sem skilgreindu störf listamanna. Buðust samtökin til þess að aðstoða við skilgreiningu á því hver væri listamaður ef verulegur vafi léki á því hvort viðkomandi stundaði listræn störf. Þess skal þó getið að breytingunni er aðeins ætlað að veita félagsmálaráðherra heimild til að skilgreina hverjir eru listamenn í skilningi laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, og þar með undanþegnir kröfum um atvinnuleyfi, en ekki að ráðstafa réttindum listamanna á annan hátt.

Meðan frumvarpið var til meðferðar hjá nefndinni lagði samgönguráðherra fram frumvarp um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum (406. mál). Þar er m.a. gert ráð fyrir þremur nýjum flokkum veitingastaða í þeim tilgangi að veita sveitarstjórnum úrræði til að hafa áhrif á hvar rekstur „erótískra" veitingastaða fer fram, en þar er skilgreint hvers konar veitingastaður telst vera næturklúbbur. Í tengslum við frumvarp samgönguráðherra komu fram hugmyndir um hvort ekki væri æskilegt að tilgreina skýrt í lögum um atvinnuréttindi útlendinga hverjir féllu ekki undir undanþágu samkvæmt lögunum miðað við skilgreiningu frumvarpsins á næturklúbbum. Tillaga þess efnis að þeir sem kæmu fram á næturklúbbum féllu ekki undir undanþáguna kom fram við meðferð málsins. Nefndin lítur svo á að hér sé um að ræða ákvæði sem taki ótvírætt til nektardansara og er gerð breytingartillaga um það í sérstöku þingskjali.

Nái frumvarpið fram að ganga verður unnt að skylda erlenda nektardansara sem hingað koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins til að sækja um dvalarleyfi hér á landi og leggja fram heilbrigðisvottorð. Nefndin lítur svo á að ákvæði frumvarpsins muni auðvelda yfirvöldum að hafa eftirlit með a.m.k. hluta þeirra kvenna sem hingað koma í stuttan tíma árlega í þeim tilgangi að stunda nektardans og þar með sporna við starfsemi hluta þeirra staða sem teljast til næturklúbba, þ.e. hinna „erótísku" veitingastaða.

Jafnframt leggur nefndin til breytingu á 13. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 133/1994, samkvæmt tillögu félagsmálaráðuneytis, en henni er ætlað að undanþiggja maka íslenskra ríkisborgara með skýrum hætti frá skilyrðum laganna um atvinnuleyfi, enda hafi þeir fengið dvalarleyfi hér á landi eða afhent skráningaryfirvaldi norrænt flutningsvottorð. Breytingartillaga þess efnis er gerð í sérstöku þingskjali.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram ábending um að mikil og brýn þörf væri á heildstæðri löggjöf um útlendinga hér á landi og tekur nefndin heils hugar undir það.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 934.

Undir þetta nál. rita auk þeirrar sem hér stendur, Guðrún Ögmundsdóttir, Kristján Pálsson, Jónína Bjartmarz, Pétur H. Blöndal, Vigdís Hauksdóttir, Kristján L. Möller, Drífa Hjartardóttir og Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.

Hæstv. forseti. Það er einnig mikilvægt að þær ráðstafanir sem gert er ráð fyrir í frv. og brtt. auðveldi þeim dönsurum sem hingað koma að leita réttar síns eins og aðrir launþegar á vinnumarkaði geta gert.

Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar varðandi skilyrði fyrir atvinnuleyfi verður þrennt að liggja fyrir áður en umsóknir um atvinnuleyfi eru teknar til afgreiðslu: Í fyrsta lagi að Útlendingaeftirlitið hafi veitt útlendingi dvalarleyfi. Í öðru lagi að undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, sbr. lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingar lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, liggi fyrir. Ef ástæða þykir er þess krafist að upplýsingar um húsnæðis- og fæðiskostnað komi fram í ráðningarsamningi, enn fremur að atvinnurekandi sjúkratryggi starfsmann þar til hann öðlast rétt til sjúkratrygginga hér á landi eða hlutist til um að hann njóti slíkra trygginga. Í þriðja lagi að umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambands liggi fyrir. Lögð er áhersla á að umsögn stéttarfélags um atvinnuleyfi sé rökstudd, hvort sem um jákvæða eða neikvæða umsögn er að ræða.

Þá getur Vinnumálastofnun ef ástæða þykir til óskað eftir undirritaðri staðfestingu á því frá hlutaðeigandi starfsmanni að hann hafi ekki verið krafinn um greiðslu vegna ráðningar í starf á Íslandi, sbr. 21. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir og upplýsingum um hver hafði milligöngu um ráðningu. Það verður jafnframt að sanna að raunveruleg þörf sé fyrir erlent vinnuafl.

Að síðustu er rétt að geta þess að atvinnurekandi skal leggja fram íslenskt læknisvottorð samkvæmt fyrirmælum landlæknisembættisins þegar eftir komu útlendings til landsins. Atvinnuleyfishafa er óheimilt að láta útlending hefja störf hjá sér fyrr en vottorðið hefur verið lagt fram og einstaklingurinn fengið dvalar- og atvinnuleyfisskírteini í hendur útgefið af Útlendingaeftirlitinu. Brot á þessu geta varðað afturköllun atvinnuleyfisins.

Hæstv. forseti. Það er von félmn. að þetta mál fái afgreiðslu á þinginu og bæti nokkuð úr því ófremdarástandi sem hefur verið svo mjög til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu.

[19:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kom í framsögu formanns hv. félmn. hv. skrifa ég undir þetta nál. með fyrirvara og fyrir því liggja aðallega tvær ástæður. Sú fyrri er að ég hef ekki þá tilfinningu að með þessum málatilbúnaði sé í raun og veru verið að breyta neinu sem máli skiptir gagnvart þeirri klámbylgju sem hefur skollið á landinu. Ég neyðist til að segja það, sem er meining mín, herra forseti, að þetta sé

í besta falli hálfkák, ef ekki hreinn og klár handarþvottur, gagnvart því ástandi sem hefur skapast hér. Ég sé ekki að þetta lagafrv. geti efni málsins samkvæmt haft nein umtalsverð áhrif á möguleika þessara erlendu starfsmanna til að koma og vinna hér á næturklúbbum eða á klámbúllum, hvað sem menn vilja kalla það. Kemur það til í fyrsta lagi að aðeins hluti af þeim sem þarna starfa, fyrst og fremst konur, hefur komið frá löndum sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins og væntanlega ekki hörgull á að fylla þá í þau skörð með starfsmönnum sem hafa á grundvelli samningsins um evrópskt efnahagssvæði rétt til að koma hingað og leita sér að atvinnu og vinna á grundvelli ákvæða samningsins.

Í öðru lagi er sú leið að sjálfsögðu opin að í staðinn fyrir að starfa í mánuð eða tæpan mánuð á grundvelli undanþágunnar að sækja um atvinnuleyfi í einhverjum hollum og mundi þá væntanlega leiða til þess að starfstíminn yrði lengri.

Herra forseti. Hin meginástæðan er sú að mér finnst fremur ankannalegt að ganga þannig frá í löggjöf sem snýr að ákveðnum atvinnurétti útlendinga að fela félmrh. að setja nánari reglur og skilgreina hvaða störf skuli falla undir undanþáguheimildir laganna sem eru sniðnar að undanþágum fyrir listamenn. Ég vissi ekki að það væri sérstaklega í verkahring félmrh. að úrskurða um það hvað sé list og ekki list í landinu.

Mér finnst þetta allt saman harla vandræðalegt, herra forseti, og ákaflega krókótt leið að því markmiði, sé það markmiðið, að menn vilji setja skorður við þessari starfsemi. Þá á að mínu mati að taka til umfjöllunar aðgerðir sem lúta að því beint að ákveða að hve miklu marki eða með hvaða takmörkunum menn leyfi þessa starfsemi en ekki fjallabaksleiðir af þessu tagi.

Sama gildir að mínu mati að mestu leyti um það frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur flutt og snýr að sama máli og felur í sér að setja inn í tiltekin lög, sem falla að vísu undir hæstv. samgrh., að flokka skemmtistaði og búa þar til sérstakan flokk fyrir næturklúbba og að ákveða að undir þá falli samkvæmt lagaskilgreiningu í greinargerð erótískir dansstaðir.

Það er líka krókótt leið að ætla að setja skorður við þessari starfsemi með því að fara þá leið að fara í gegnum skipulagsaðgerðir sveitarfélaga í þeim efnum. Er þetta ekki þannig, herra forseti, að það eru allir að henda heitu kartöflunni á milli sín og enginn vill halda á henni? Er ekki grundvallarspurning málsins sú, ætla menn að setja skorður við þessari starfsemi eða ekki? Ef menn ætla ekki að gera það, á að fara beinar leiðir í því efni; setja ákvæði sem þessir staðir og starfsmenn verða að uppfylla og ákveða hvað sé leyft og hvað ekki í sambandi við klám og næturklúbba og annað slíkt á Íslandi og framfylgja síðan slíkum lagaákvæðum.

Ég minni í því sambandi á frv. sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman hafa flutt, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að taka tiltekin atriði málsins beint inn í tilteknar greinar hegningarlaga. Þar er verið að leggja til beinar aðgerðir sem ættu að geta haft umtalsverð áhrif og eru þegar farnar að gera það í sumum nálægum löndum.

Hitt er svo annað mál, herra forseti, ég sé ekki efni til að fara að leggjast gegn þessum breytingum. Að sjálfsögðu má rökstyðja þær eða stuðning við þær með því að það litla sem er gæti hugsanlega orðið til einhverra bóta. Ég er ekki að útiloka að svo verði, ég vil ekki gerast svo svartsýnn, en ég get ekkert annað en sagt meiningu mína í því, herra forseti, hafandi tekið þátt í að skoða þetta mál í félmn., af góðum vilja og hlustað þar á gesti, að ég hef enga sannfæringu getað fengið fyrir því að með þessum breytingum væri stigið skref sem skipti einhverju máli eða hefði einhver umtalsverð áhrif í þessu sambandi, ég hef bara ekki þá sannfæringu, herra forseti. Mér finnst þetta vera svo máttleysislegt að það hefði ekki verið heiðarlegt af mér að samþykkja þetta með þögninni án þess að láta efasemdir mínar í þessum efnum koma fram.

[19:06]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var heldur ekki meining okkar sem erum í félmn., auk hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að við höfum leyst til eilífðar þann vanda sem er við að fást. Hins vegar finnst mér nokkuð langt seilst hjá þingmanninum að halda því fram að þetta hafi engin áhrif. Það hefur í fyrsta lagi þau áhrif að þeim stúlkum sem þarna koma við sögu eru tryggð ákveðin réttindi. Að mínu áliti er það það merkasta sem hér kemur fram því það er ekki vansalaust sem við heyrðum, m.a. í félmn., að þarna væru hreint og beint brotin mannréttindi á þeim stúlkum sem koma fram á þessum stöðum. Hins vegar skiptir auðvitað máli varðandi frv. samgrh. að borgaryfirvöld og sveitarfélög geti haft einhvern umsagnarrétt um það hvar slíkir staðir þar sem þessi starfsemi fer fram, slík dansstarfsemi eða hvað á að kalla það, erótískir veitingastaðir eins og við segjum í nál., eru staðsettir í skipulaginu. Það skiptir mjög miklu máli ef menn ætla að reyna að sporna eitthvað við þessari starfsemi.

Varðandi skilgreiningu á því að félmrh. hafi heimild til að skilgreina hverjir eru listamenn er það eingöngu í skilningi þessara laga um atvinnuréttindi útlendinga.

[19:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef málið hefði snúist um það að menn vildu tryggja að ekki væri brotinn réttur á þeim ógæfusömu konum sem eru í því mansali sem þarna á sér stað, eins og því miður er ástæða til að ætla að sé, hefði sömuleiðis í því tilviki verið miklu nærtækari leiðir til í því efni en sú sem hér er farin, að fara inn í þetta í gegnum lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Varðandi það að henda svo hinum þætti málsins í sveitarfélögin og ætla sér að hafa áhrif á þessa starfsemi með þeim einum hætti að hugsanlega geti þetta haft áhrif á staðsetningu hennar innan sveitarfélaga, þá er það, herra forseti, svo langsótt leið að allir hljóta að sjá að menn eru að fara algjörar fjallabaksleiðir. Kannski er það þannig að menn bara finni enga leið til þess að fara beint í þessi mál eða treysti sér ekki í það, þá eiga menn líka að segja það en ekki gefa í skyn að með þessum krókaleiðum sé líklegt að menn nái einhverjum umtalsverðum árangri.

En ef menn taka þessa starfsemi, næturklúbbana, sem á með vissum hætti að lögleiða hér, þ.e. í frv. samgrh., á þá að gera það með því að gera þessa leið í gegnum skipulagslögin að þeim mögulega, en ekki að setja ákvæði um hvaða skilyrði þessi starfsemi þarf að uppfylla? Hvaða reglur verða settar þarna? Hvað með eftirlit á þessum stöðum? Hvað með starfsleyfi handa þeim? Þá væri þó frekar von til þess að þeir sem eiga að reyna að halda uppi lögum og reglu, hafa eftirlit, hefðu sterkari stöðu til þess.

Ég held að það sé miklu frekar vandinn í þessu máli en það sem við erum að koma að með atvinnuréttindi útlendinga eða skipulagsþáttinn. Það er spurning um lagaumhverfið sem

lögreglan hefur t.d. til þess að hafa eftirlit með þeirri starfsemi sem þarna fer fram, að svo miklu leyti sem það er niðurstaða manna að ekki verði spornað gegn henni.

[19:11]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi ekki verið meiningin með þessu frv. að banna fólki að koma fram nakið. Það er annarra laga að fást við það. Hér er verið að reyna að hafa einhverja stjórn á því hverjir koma þarna að og að lögreglan geti haft eftirlit með starfseminni. Það er mjög mikilvægur þáttur í þessu og kom einmitt fram í félmn. hjá þeim aðilum, bæði frá Útlendingaeftirlitinu sem komu á fund nefndarinnar og eins frá Karli Steinari Valssyni, frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík, að þeir töldu að það skipti gífurlega miklu máli að hafa heimildir til að hafa eftirlit inni á þessum veitingastöðum.

Það er auðvitað svo að starfsemi veitinga- og gististaða fer eftir þeim lögum sem fjalla um þá og ýmis skilyrði eru fyrir því hvað menn þurfa að uppfylla til að reka veitinga- og gististaði sem kemur fram í þeim lögum. Það sem menn eru að reyna að fást við með því að flokka veitingastaðina niður er að skilgreina næturklúbba. Þegar sú flokkun liggur fyrir er það mikilvægt atriði sem sveitarstjórnirnar geta þá gripið til, að kveða á um það í skipulagstillögum hvar slíkir staðir mega vera.

[19:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Næturklúbbafrv. hæstv. samgrh. á væntanlega eftir að koma til umræðu og við getum þá skipst á skoðunum um það. Ég vil segja um þetta mál í heild sinni að vandinn í hnotskurn er sá að menn hafa flotið sofandi að feigðarósi. Fyrir um tveim, þrem árum var málið tekið upp á Alþingi af hv. þáv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, og hann spurði nokkurra gildra spurninga einmitt um þetta mál. Þar bar m.a. á góma af hans hálfu hvort meiningin væri að starfsmenn á þessum stöðum hefðu atvinnuleyfi og var hlegið mikið að því, þótti voðalega fyndið. Enginn sá ástæðu til þess að hafa af þessu nokkrar áhyggjur. Síðan eru þessir klúbbar líklega farnir að skipta tugum og mönnum blöskrar það sem þarna fer fram. Það hafa verið að koma fram í dagsljósið margar mjög neikvæðar upplýsingar um þessa starfsemi og afleiðingar hennar, óheyrileg fjárútlát og aðra hluti sem þarna hafa átt sér stað. Þá vakna menn upp við vondan draum, eftir að hafa galopnað allar dyr og verið steinsofandi í þessu máli og þá ríkir ráðleysi. Þá ríkir ráðleysi og ekki virðist vera kjarkur til þess að fara beint í málið og jafnvel ákveða hvort menn vilji yfir höfuð hafa þessa starfsemi í landinu, a.m.k. ekki setja henni mjög þröngar skorður og takmarka hana. Ekki bara vegna hennar sjálfrar sem slíkrar og þess sem þarna gerist heldur vegna þeirra hluta sem eru fylgifiskar hennar út um allan heim þar sem klámiðnaðurinn er auðvitað skjól og uppspretta annarra og enn þá verri hluta. Þetta er málið í hnotskurn og það held ég að sýni sig líka í þeim vandræðalegu viðbrögðum sem eru á ferðinni af hálfu stjórnvalda, að menn hafa vaknað upp við vondan draum eftir að hafa sofið á verðinum. Nú ríkir hálfgert ráðleysi gagnvart því hvað sé hægt að gera eða hvað eigi að reyna gera, en menn finna þrýstinginn á að eitthvað sé þá reynt. Það er auðvitað það sem er á ferðinni.

Ég vil svo endurtaka það sem ég sagði áðan að ég útiloka ekki að í þessu geti verið fólgin einhver lítils háttar bót en ég óttast að hún verði lítil.

[19:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þetta hafa verið mjög fróðleg orðaskipti á milli fulltrúa í hv. félmn. Það sem þeim kemur saman um er að hér hefur ríkt ófremdarástand. Það er mjög mikið vandamál að átta sig á hvernig á að komast fyrir þetta ófremdarástand og hvaða úrbætur er hægt að gera. Athyglisvert er að þrátt fyrir að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi verið með fyrirvara í nefndinni skrifar hann þó undir þetta nál. og allir þingmenn í félmn. sameinast um að taka þetta skref, jafnvel þó þeir hafi ekki tilfinningu fyrir því að þetta breyti klámbylgjunni mjög mikið og þetta sé e.t.v. hálfkák eða kattarþvottur, þá er þetta eitt af því sem þarf að gera og e.t.v. til bóta.

Ég ætla að taka undir það að við höfum brugðist seint við vandamálinu. Ég tel að ástæðan sé sú sem hefur hitt okkur fyrir áður að okkur hættir afskaplega oft til að halda að eitthvað óþægilegt eða ósiðlegt og ljótt þrífist ekki eins í samfélagi okkar og hjá öðrum þjóðum og í stærri samfélögum. Þrátt fyrir að staðreyndin sé sú að það hefur alltaf hitt okkur fyrir, að það sem finnst annars staðar, finnst líka hér. Ég held að það sé sú hugsun að við séum betri og fallegri sem blekkir okkur. Þá bregður okkur þegar staðreyndin blasir allt í einu við, hvort sem það er einhver tegund siðleysis eða annar vandi að þetta er að finna hjá okkur og að í þjóðarsál okkar eru sömu langanir til að gægjast inn fyrir þetta framandi og ósiðlega eins og annars staðar. En það sem skiptir máli er umræðan um þessa erótísku staði, klámbylgjuna, og misnotkun á ungum stúlkum sem koma erlendis frá til þess að troða hér upp, sækja sér pening og hafa í einhverjum tilfellum verið til þess lokkaðar, eða jafnvel fluttar til Norðurlanda eða Vestur-Evrópu, til að sinna lágum hvötum þeirra sem vilja fá stúlkur til að horfa á, leika sér að eða gæla við og tengslin við fíkniefnavandann.

Það er alveg ljóst að þetta tvennt tengist oft hvað öðru. Við höfum verið að bregðast við umræðunni að sumu leyti með upphrópunum og að sumu leyti í hálfgerðri uppgjöf af því við vitum ekki nákvæmlega hvernig á að taka á þessum málum. Það er gott að þeim stúlkum sem hingað koma, kannski vegna blekkingar, e.t.v. vegna einhvers konar þrýstings eða misnotkunar, séu tryggð ákveðin réttindi. Það ætti að einhverju leyti að koma í veg fyrir mannréttindabrot. Það hjálpar e.t.v. eitthvað að sveitarfélög fá um það að segja hvar slíkir staðir eru staðsettir innan þeirra en við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar farið er með þessar sýningar út á land eru þær settar niður einhvers staðar í þessum litlu sveitarfélögum og sett á einhvern stað sem er laus og hægt er að vera með slíkar uppákomur og að þau ákvæði sem getið er um í nál., að flokka samkvæmt frv. samgrh., að vera með mismunandi flokka veitingastaða þannig að sveitarfélög eða sveitarstjórnir geti ráðið hvar rekstur slíkra veitingastaða fer fram á e.t.v. fyrst og fremst við um Reykjavík.

Þess vegna er greinilegt að frv. samgrh. er eitthvað til bóta þó það sé ekki fullnægjandi. Það frv. hér, sem er verið að afgreiða, er eitthvað til bóta þó ekki sé búið að leysa vandann. Hvað er þá verið að gera? Það er verið að fara þessar krókóttu leiðir eins og hér kom fram, að reyna að ákveða hvar næturklúbbar eiga að vera því það á að leyfa þeim að þróast hér eins og annars staðar, hvernig skorður á að setja þeim og hvað á að vera leyft og hvað er bannað. Við

erum að tala um klúbba með danssýningum og í einhverjum tilfellum er hægt að hugsa sér klúbba með danssýningum þar sem þeir sem fram koma eru örugglega listamenn og enginn ætlar að setja því skorður. Síðan eru e.t.v. einhverjir klúbbar eins og þeir sem við erum að tala um, þar sem eru danssýningar og við metum svo að þeir sem fram koma eru ekki listamenn. Þetta verður vandi félmrh. og þess vegna er hægt að taka undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þetta verður vandræðalegt en það er líka mjög mikilvægt að reyna taka þetta skref eins og þau önnur sem verið er að taka í þessum efnum.

Ég tek eftir því í lok nál. er þess getið að við umfjöllun málsins í nefndinni hafi komið fram ábending um að mikil og brýn þörf væri á heildstæðri löggjöf um útlendinga hér á landi. Nefndin tekur undir það og ég tek heils hugar undir það líka.

Það er vandræðagangur í öllu sem lýtur að meðferð og þeim römmum sem snúa að útlendingum í löggjöf okkar. Mestur vandi er í því sem snýr að flóttamönnum í löggjöf okkar og það hefur átt að taka á því núna í nokkur ár. Það var sýnt frv. í fyrra, svo seint, að það fékk enga meðhöndlun hér og það er ekki farið að koma inn í þingið enn þá. Að sumu leyti mætti halda að stjórnvöld væru haldin fælni hvað það varðar að reyna að taka heildstætt á málum útlendinga. Það er ekki boðlegt fyrir Alþingi að láta þessi mál rekast áfram eins og þau hafa gert að mörgu leyti á liðnum árum.

Þess vegna, herra forseti, kem ég upp og er í raun og veru á vissan hátt að lýsa yfir stuðningi við þessa afgreiðslu þó ég geti á sama tíma tekið heils hugar undir bæði gagnrýnina á þörfina á heildstæðri löggjöf um útlendinga og þá gagnrýni sem fram kom hjá Steingrími J. Sigfússyni. Við erum ekki að leysa ófremdarástandið og við erum að flytja vandann til með einhverjum hætti og nú erum við búin að setja hluta af honum inn á borð félmrh. og við vitum að það verður mjög erfitt fyrir hann að kveða upp úr um suma af þessum hlutum. Annan vanda erum við að flytja yfir til sveitarfélaganna og þau eiga að finna erótísku veitingastöðunum stað einhvers staðar í skipulagi sínu og við vitum líka að það verður mjög erfitt að halda um það.

Ef ég ætti lausnina á því hvað ætti að gera þá mundi ég koma með hana hér og nú. Þetta dæmi er flóknara en svo. En það er eitt sem okkur ber að gera, það er að skoða þessi mál frá öllum hliðum og eins og ég sagði í upphafi máls míns, ekki síst að reyna að vera með skipulega og heildstæða umræðu um fíkniefnavandann og allt sem hangir utan á honum.

Vegna þess, og það verða lokaorð mín, herra forseti, að þann dag sem ríkisstjórnin ákvað að við værum með fíkniefnalaust Ísland 2002, þá var umræðan í sölum Alþingis vönuð, ef ég má nota það orð, og síðan hefur ekki verið almennileg umræða hér svo nokkru nemi. Full ástæða væri til þess að reyna að taka upp slíka umræðu áður en þing hverfur í sumarhlé að vori.

[19:24]

Útbýting þingskjals:

Útflutningur á lambakjöti, 482. mál, svar landbrh., þskj. 946.

[19:24]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst gæta aðeins misskilnings hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur varðandi það hvað sú brtt. innifelur sem félmn. leggur til. En í brtt. segir í 2. lið:

„Við 14. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo: Þeir sem koma fram á næturklúbbum falla ekki undir þessa undanþágu."

Ekki mun þýða fyrir næturklúbba að óska eftir því að fram komi einhverjir á þeim stöðum undir því yfirskyni að þeir séu listamenn. Þó svo að þeir séu flokkaðir sem listamenn eftir einhverjum reglum þarf samt undanþágu fyrir atvinnuleyfi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Þeir sem koma fram á næturklúbbunum eru því ekki undir neinum kringumstæðum undanþegnir lögunum.

Til frekari áréttingar þá er síðasta málsgreinin:

„Ráðherra getur sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu skv. 1. mgr."

[19:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir þessu og ég mun eins fulltrúar Samfylkingarinnar í félmn. styðja frv. og hjálpa til við að gera það að lögum. Það breytir ekki þeirri afstöðu minni að það þarf að gera miklu meira og að við erum í vanda. Þetta er eitt skref, það hjálpar eitthvað en þetta leysir ekki þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Allt sem ég hef sagt í fyrri ræðu minni stendur en ég mun styðja þetta mál.

[19:26]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur áður komið fram að við reiknum alls ekki með því að þetta leysi allan þennan vanda. Þessi tvö lagafrv. eru hins vegar tilkomin vegna starfa nefndar þar sem ráðuneyti og Reykjavíkurborg, lögreglan og fleiri aðilar áttu fulltrúa. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri það sem hægt væri að gera sem bráðaaðgerð en ég reikna með að yfirvöld hafi þetta áfram til umfjöllunar til að athuga hvað er hægt að gera til þess að sporna frekar við starfseminni teljist hún óæskileg.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 20.–22., 29., 33., 37.–38. og 40.–44. mál.

Fundi slitið kl. 19:31.

---

97. FUNDUR

þriðjudaginn 11. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vörumerki, stjfrv., 370. mál, þskj. 972. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, stjfrv., 289. mál, þskj. 471. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Ábúðarlög, stjfrv., 239. mál, þskj. 904, frhnál. 940, brtt. 901. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Rafræn eignarskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 189, nál. 965, brtt. 966. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Bifreiðagjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 259, nál. 963, brtt. 964. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 223. mál, þskj. 265, nál. 973 og 975, brtt. 974. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 326, nál. 961, brtt. 962. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 286. mál, þskj. 435, nál. 960. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 385. mál, þskj. 643, nál. 959, brtt. 976. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Lífsýnasöfn, stjfrv., 534. mál, þskj. 835. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Sjúklingatrygging, stjfrv., 535. mál, þskj. 836. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Samvinnufélög, stjfrv., 531. mál, þskj. 832. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Samvinnufélög, stjfrv., 532. mál, þskj. 833. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 546. mál, þskj. 848. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231. — 3. umr.
16. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665, nál. 902, 923 og 928, brtt. 929. — Frh. 2. umr.
17. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 261. mál, þskj. 331, nál. 933, brtt. 934. — Frh. 2. umr.
18. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 328. mál, þskj. 578, nál. 921, brtt. 922. — 2. umr.
19. Almenn hegningarlög, stjfrv., 359. mál, þskj. 613, nál. 967, brtt. 968. — 2. umr.
20. Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, þáltill., 233. mál, þskj. 284, nál. 941 og 969. — Síðari umr.
21. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268, nál. 789 og 793. — 2. umr.
22. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 663, nál. 981, brtt. 982 og 983. — 2. umr.
23. Kosningar til Alþingis, frv., 522. mál, þskj. 823. — 1. umr.
24. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 567. mál, þskj. 869. — 1. umr.
25. Siglingalög, stjfrv., 568. mál, þskj. 870. — 1. umr.
26. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 569. mál, þskj. 871. — 1. umr.
27. Bílaleigur, stjfrv., 570. mál, þskj. 872. — 1. umr.
28. Jarðgangaáætlun 2000–2004, stjtill., 571. mál, þskj. 873. — Fyrri umr.
29. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828. — 1. umr.
30. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 551. mál, þskj. 853. — 1. umr.
31. Innflutningur dýra, stjfrv., 552. mál, þskj. 854. — 1. umr.
32. Fjárreiður ríkisins, frv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.
33. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.
34. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
35. Náttúruvernd, frv., 379. mál, þskj. 636. — 1. umr.
36. Tólf ára samfellt grunnnám, þáltill., 380. mál, þskj. 637. — Fyrri umr.
37. Vernd votlendis, þáltill., 389. mál, þskj. 647. — Fyrri umr.
38. Barnalög, frv., 339. mál, þskj. 592. — 1. umr.
39. Barnalög, frv., 396. mál, þskj. 654. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.
[13:32]

Útbýting þingskjals:
Virkjanir og umhverfismat, 268. mál, svar iðnrh., þskj. 980.

Vörumerki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 370. mál. — Þskj. 972.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, JÁ, JóhS, JB, KF, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GAK, GÁS, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KolH, KHG, LMR, LB, MF, SighB, SF, SP, SvanJ, TIO, VH, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 992).

Stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 289. mál (stimpilgjald). — Þskj. 471.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 31:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, JóhS, JónK, KF, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SAÞ, StB, SvH, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (SJóh) greiddi ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GAK, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JBjart, KHG, LMR, LB, MF, SighB, SF, SP, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 993).

Ábúðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 239. mál. — Þskj. 904, frhnál. 940, brtt. 901.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Brtt. í nál. 940 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, JÁ, JónK, KF, KolH, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack.

1 þm. (ÁSJ) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GAK, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JB, JBjart, KHG, LMR, LB, MF, SF, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 901 felld með 35:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JónK, KF, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÖS.

1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DrH, EKG, EOK, GAK, GunnB, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, KHG, LMR, LB, MF, SF, SP, SvanJ, TIO, ÞSveinb) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JónK, KF, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÖS.

5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, GAK, GunnB, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, KHG, LMR, LB, MF, SF, SP, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÞBack*) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Með tilliti til þess að ábúðarlögin ásamt öðrum lögum sem snúa að ábúð og landbúnaði eru í endurskoðun, þeirri endurskoðun verði hraðað og *fullt tillit* verði tekið til umsagna og athugasemda sem hafa komið fram varðandi þessa afgreiðslu, þá mun ég sitja hjá í atkvæðagreiðslu um frv. í heild sinni.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 994).

Rafræn eignarskráning á verðbréfum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 189, nál. 965, brtt. 966.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Brtt. 966,1 (tvær nýjar greinar, verða 1.–2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 966,2 (ný 1. gr., verður 3. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 966,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

3.–4. gr. (verða 6.–7. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 966,4 samþ. með 41 shlj. atkv.

5. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

6. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 219. mál (gjaldskylda, innheimta). — Þskj. 259, nál. 963, brtt. 964.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Brtt. 964,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 964,2 samþ. með 47 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 964,3 samþ. með 44 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

7.–9. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 964,4 samþ. með 48 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 223. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 265, nál. 973 og 975, brtt. 974.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓI, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ljóst er að þó að þetta frv. komi til móts við álit samkeppnisráðs og tryggi betur stöðu sjálfstætt starfandi einstaklinga í völuflutningum standa enn eftir meingölluð lög um þungaskatt. Minni hlutinn vísar allri ábyrgðinni á málinu á hendur ríkisstjórninni og meiri hluta nefndarinnar. Minni hlutinn hvetur til að þegar verði hafist handa við að taka upp olíugjaldskerfi en mælagjald þungaskatts lagt af og

frv. um það verði lagt fram strax í upphafi næsta þings. Þingmenn Samfylkingarinnar munu því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

[13:43]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með frv. þessu er enn verið að gera breytingar og lagfæringar á þungaskattskerfinu en málið hefur reglulega komið til kasta Alþingis á liðnum árum vegna mikillar óánægju með fyrirkomulag í þungaskatti og eins vegna úrskurðar samkeppnisráðs. Í minnihlutaáliti sem við stöndum að, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, leggjum við áherslu á heildarendurskoðun laganna og að hafinn verði undirbúningur að upptöku olíugjalds sem hefur marga kosti í för með sér og er mjög jákvætt með tilliti til umhverfismála.

Við höfum einnig vakið athygli á því að meiri hluti nefndarinnar tók ekki til greina eðlileg tilmæli fulltrúa almenningsvagna og Strætisvagna Reykjavíkur um að breytingar samkvæmt frv. auki ekki álögur á almenningssamgöngur. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. Við getum ekki stutt það.

2.–4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓI, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, GunnB, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 974,1 (5. gr. falli brott) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓI, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GAK, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓI, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÖS.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 974,2 (nýtt ákvæði til brb.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓI, PP, PHB, SAÞ, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓI, PP, PHB, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

15 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SJóh, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 258. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 326, nál. 961, brtt. 962.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Brtt. 962,1 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

7 þm. (EMS, GE, GÁS, JÁ, MF, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EOK, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég mun ekki greiða atkvæði, hvorki við aðaltillögu né brtt. við þetta frv. Mér þykir sem þessi innheimta ríkisins undir lögum um aukatekjur ríkissjóðs hafi gengið úr hófi fram. Í fjölmörgum tilvikum er því þannig háttað að tekjur ríkissjóðs eru langt umfram kostnað við umræddar leyfisveitingar eða annað það sem við á.

Ég er þeirrar skoðunar að löggjöfina þurfi að endurskoða í heild með það að markmiði að gjöld standist á við tekjur. Ég mun því ekki ljá atkvæði mínu því að færa enn út kvíarnar í þessum efnum.

[13:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að í nál. efh.- og viðskn. kemur fram að nefndin telji að ekki hafi verið mörkuð nægilega skýr heildarstefna hjá hinu opinbera varðandi skil milli þjónustugjalda og skattheimtu. Beinir nefndin því til fjmrh. að hann hlutist til um að fram fari endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og ríkisstofnana með hliðsjón af þál. frá maí 1993 um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtökur ríkisstofnana. Leggur nefndin áherslu á að endurskoðun verði hraðað þannig að ráðherra geti í upphafi næsta þings lagt fram frv. sem feli í sér skýra heildarstefnu um skil milli

skattheimtu og þjónustugjalda. Í trausti þess að það verði gert segi ég já.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (GE, GÁS, SighB) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, EMS, HBl, ÍGP, JÁ, JBjart, LMR, LB, MF, SF, SP, SvanJ, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,2 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (GE, GÁS, JÁ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, EMS, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SighB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, ÓI, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GE, GÁS, JÁ, SighB) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, GHall, GÖ, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, LB, MF, PP, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

3.–6. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, ÓI, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GE, GÁS, JÁ, MF, SighB) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SJS, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (ársfundur og skipan stjórnar). — Þskj. 435, nál. 960.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 643, nál. 959, brtt. 976.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Brtt. 976 felld með 28:19 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓI, PP, PHB, SAÞ, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.
2 þm. (GAK, HjÁ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Frv. felur í sér að lækka vörugjald um 120 þús. kr. á bifreiðar sem nýta metangas eða rafmagn. Í umsögnum eins og frá Hollustuvernd ríkisins kemur fram að afslátturinn af vörugjaldinu þurfi að vera mun hærri til að einhver raunverulegur hvati sé til að kaupa þessar bifreiðar sem menga minna en bensín eða dísilbifreiðar. Þessi brtt. kemur til móts við þau sjónarmið og felur í sér að tvöfalda afsláttinn eða í 240 þús. kr. og þessi brtt. kostar ríkissjóð mjög lítið eða um 2–3 millj. kr.

[13:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Samkvæmt tillögu okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er gert ráð fyrir að vörugjald af bifreiðum sem nýta metangas eða rafmagn verði lækkað helmingi meira en gert er ráð fyrir samkvæmt stjfrv. eða um 240 þús. kr. í stað 120 þús. kr. Þeir sem vilja stuðla að vistvænni umferð hljóta að styðja þessa brtt.

Auk þess viljum við að heimild til lækkunar gildi til ársins 2005 í stað ársins 2003.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, MF, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, GÁS, HBl, ÍGP, JB, JBjart, KolH, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, SvH, ÞSveinb) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, KLM, KPál, MF, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GE, HBl, ÍGP, JÁ, JBjart, KolH, LMR, LB, SF, SP, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, HBl, ÍGP, JBjart, LMR, LB, SF, SP, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Lífsýnasöfn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 534. mál. — Þskj. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Sjúklingatrygging, frh. 1. umr.

Stjfrv., 535. mál. — Þskj. 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Samvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 531. mál. — Þskj. 832.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 833.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 546. mál. — Þskj. 848.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[13:55]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrissjóður bænda, 498. mál, svar fjmrh., þskj. 985.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 405. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 984; nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 987; brtt. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 988.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 998. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Landsvirkjun, 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (aðild að fjarskiptafyrirtækjum). — Þskj. 231.

[13:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Við erum komin að 3. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun. Eins og áður hefur komið fram í umræðu um þetta frv., er það ekki stórt að vöxtum, um það bil hálf lína, fimm orð eða svo.

Þetta mál, sem varðar Landsvirkjun, var tekið fyrir í hv. iðnn. á þessum morgni. Það var beiðni fulltrúa Samfylkingarinnar í iðnn. að við fengjum fulltrúa frá iðnrn. og dómsmrn á fund iðnn.

Ég vil rifja það upp, virðulegi forseti, að málið snýst um tvennt, annars vegar stofnun félags, 100% í eigu Landsvirkjunar um ljósleiðarann, eða dreifikerfið sem Landsvirkjun á og liggur um miðhálendið, og heimild Landsvirkjunar til að eiga aðild að fjarskiptafyrirtækjum, lesist jafnframt farsímafyrirtækjum. Frumvarpsgreinin er þannig:

„Við 2. mgr. 2. gr. laganna bætist: svo og aðild að fjarskiptafyrirtækjum."

Herra forseti. Ástæða þess að iðnn. tók þetta mál aftur fyrir í morgun var gagnrýni sem hefur komið fram bæði á málsmeðferð og jafnframt gagnrýni á að lagagreinin í frv. sé ekki afdráttarlaus, að hægt sé að setja spurningarmerki við hvort lagagreinin eigi við félag 100% í eigu Landsvirkjunar.

Hin gagnrýnisröddin hefur verið sú að greinin sé of opin hvað varðar aðild að fjarskiptafyrirtækjum almennt.

Skemmst er frá því að segja að fram kom í máli fulltrúa iðnrn. að víst væri lagagreinin mjög opin heimild, að það væri mat ráðuneytisins að greinin ætti við hvort tveggja, 100% eignarfélag Landsvirkjunar og aðild að fjarskiptafyrirtækjum. Fram kom hjá fulltrúa iðnrn. að Landsvirkjun sé

sameignarfélag sem ákveði sjálft hvernig það vilji hafa hlutina og úr því að þessi lagagrein, svo orðuð, fullnægi áformum þeirra þá sé þessi lagagrein fullnægjandi. Það kom líka fram að ef til kæmi að Landsvirkjun kysi að selja ljósleiðara sinn, dreifikerfið, kæmi ákvörðun um slíkt ekki til eigandans, sem eigandi Landsvirkjunar að hálfu leyti, þ.e. til löggjafarþingsins, né heldur mundi það koma fyrir Alþingi ef félag yrði stofnað 100% í eigu Landsvirkjunar um ljósleiðarann og til kæmi að selja það síðar. Það er því alveg ljóst að ákvarðanir um þessa mikilvægu þætti, hvort þeir verða áfram í eigu þess fyrirtækis sem er að hálfu í eigu þjóðarinnar, eða að það yrði selt á markaði, koma ekki fyrir löggjafarþingið.

Þess vegna er orðalagið í greininni fullnægjandi. Þess vegna þarf Alþingi greinilega ekki að hafa skoðun á því hvernig frv. skuli orðað. Það er umhugsunarvert hver staða Landsvirkjunar er í dag gagnvart löggjafanum. Segja má að staða Landsvirkjunar gagnvart löggjafanum sé hvorki né.

Eins og fyrr segir fékk nefndin fulltrúa dómsmrn. á sinn fund og dómsmrn. kaus að það væri fulltrúi ríkislögreglustjóra sem mætti á fund nefndarinnar. Í máli hans kom fram, og er ástæða til að rifja það upp, að erlendis er einungis eitt kerfi sem fellur undir svokallaða skýringu á Public Safe, eitt Public Safe-kerfi, ekki tvö, ekki fleiri. Í nágrannalöndum okkar er það lögregla, slökkvilið, sjúkralið og her sem er þjónustað af þessu Public Safe-kerfi. Hjá okkur verður það lögreglan, slökkviliðið, sjúkralið, almannavarnir, og e.t.v. flugumferðarstjórn, vegagerð og björgunarsveitir og jafnvel heilbrigðiskerfið seinna. Þeir munu falla undir það sem var boðið út í fyrra af hálfu Ríkiskaupa og heitir neyðar- og öryggisband TETRA-kerfisins.

Í máli fulltrúa ríkislögreglustjóra kom fram að dómsmrn. mun ráða því hvort öðrum aðila verður hleypt inn á neyðar- og öryggisband TETRA sem við ræddum svo ítarlega á föstudaginn var. Fram kom að ekki er hægt að tengja tvö slík öryggisnet saman, þau verða aðskilin, óháð hvort öðru og ef einhver aðili mundi ætla að hafa aðgang að þeim báðum þyrfti hann að hafa tvö tæki á borðinu.

Við vissum það í nefndinni að dómsmrn. ræður því hvort öðrum aðila verður hleypt inn á neyðar- og öryggisband TETRA. En það er líka ljóst að TNet, sem er dótturfyrirtæki Landsvirkjunar, tapaði fyrir Irju, nú Línu.Neti, í útboði Ríkiskaupa á síðasta ári og hefur áformað að fara líka í neyðar- og öryggiskerfi og hefur sótt um það til Póst- og fjarskipastofnunar. Póst- og fjarskiptastofnum hefur óskað umsagnar dómsmrn. hvort æskilegt sé að tveir aðilar starfi á neyðar- og öryggisbandi TETRA og dómsmrn. hefur ekki svarað þeirri umsagnarbeiðni. Þetta var staðfest í morgun.

Þess vegna hefur Póst- og fjarskiptastofnun ekki afgreitt umsókn undirfyrirtækis Landsvirkjunar, TNets. Þess vegna er Alþingi að gefa lagaheimild til Landsvirkjunar til að eiga í slíku félagi, félagi sem alveg frá því í fyrra hefur áformað að eiga hlut að þessum fjarskiptamarkaði og félagi sem hefur þegar keypt TETRA-kerfi hingað til lands. Þetta má sjá á heimasíðu Nokia, ef menn hafa fyrir því að fara þar inn, en þar kemur fram að TETRA-kerfi hafi verið selt til TNets og verið sé að setja það upp á Íslandi.

Allt þetta kom fram við umræðu á föstudaginn um málið og það sem ég hef rakið var staðfest á fundi nefndarinnar í morgun.

Þess vegna mun ég ekki lengja umræðuna, einungis greina frá því hvað fram kom í nefndinni. Ég vil þó að lokum, herra forseti, taka fram að málið er mun flóknara en það birtist okkur í þessu litla lagafrv. Það hefur líka komið fram í umræðunni að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lagði fram spurningar í átta töluliðum á fundi stjórnar Landsvirkjunar 19. mars sl. og var með greinargerð með þeim spurningum og taldi hún að ekki væri komið að því fyrir Landsvirkjun að afgreiða aðild sína að TNeti fyrr en stjórn Landsvirkjunar væri búin að fara ítarlega yfir málið. En síðan hefur ekki verið haldinn fundur þar.

Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa niðurlagsorð greinargerðarinnar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Eins og þarna kemur fram er það stjórnar Landsvirkjunar að taka ákvarðanir um hversu langt fyrirtækið skuli ganga í rekstri fjarskiptafyrirtækja þegar lagaheimildir í því efni liggja fyrir.“ — Þarna er verið að vísa til umræðu á Alþingi. — „Aðkoman að TNeti byggðist á forsendum um samstarf Landsvirkjunar og annarra aðila á sviði öryggismála, Public Safety, að fengnum nauðsynlegum heimildum í lögum. Í útboði Ríkiskaupa á öryggisþjónustu fyrir lögreglu og slökkvilið var tilboði annars aðila um TETRA-fjarskiptaþjónustu tekið. Forsendur eru því mjög breyttar frá því tekin var ákvörðun um þátttöku í TNeti á sínum tíma. Nýjar og breyttar forsendur krefjast vandaðrar og ítarlegrar umfjöllunar í stjórn Landsvirkjunar.“ Svo segir fulltrúi borgarinnar, hins stóra eignaraðila Landsvirkjunar.

Málið allt er fremur vandræðalegt eins og það hefur verið rakið hér. Málið allt eins og það hefur verið rakið í umræðu er allt öðruvísi vaxið en það var kynnt við 1. umr. málsins. Það höfum við, fulltrúar Samfylkingarinnar hér á Alþingi, rakið og farið ítarlega yfir. Þetta mál reynist allt annað en lagt var upp með og allt annað en hvernig mælt var fyrir því við 1. umr. Við höfum varpað ljósi á hvernig málið er vaxið, við höfum kallað eftir upplýsingum í iðnn. sem hafa skýrt stöðu málsins og á þessum morgni hefur verið staðfest að enn er ýmislegt óafgreitt sem varðar aðild Landsvirkjunar að öryggis- og neyðarbandi TETRA-kerfisins.

Um það munum við ekki fremur véla eins og hér hefur komið fram. Hins vegar hefur það komið skýrt fram að lagaheimild, sem hefði átt að vera til staðar áður en allt þetta mál fór af stað, er fyrst sótt núna og fyrst afgreidd núna í apríl og þetta eru ekki góð vinnubrögð. Ég harma að málið hafi verið þannig vaxið að það hafi þurft að toga fram hvert einasta atriði sem að því snýr. Miðað við það sem hér hefur komið fram og málflutning okkar munum við vera með óbreytta afstöðu við afgreiðslu málsins við 3. umr.

[14:08]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu hv. 4. þm. Reykn. hafa málefni Landsvirkjunar verið til umfjöllunar enn á ný, hvort Landsvirkjun eigi að fá heimild til þess að stofna fyrirtæki um ljósleiðara sinn eða flutningakerfi sitt. Ég vil aðeins koma því að enn einu sinni að við erum með gríðarlegt kerfi hér á ferðinni, um Sprengisand, um Þjórsár-/Tungnaársvæði, um Suðurland, vestur í Hvalfjörð, norður um til Blönduvirkjunar, norðaustur um til Akureyrar, Kröflu og Húsavíkur.

Málið snýst einfaldlega um það hvort við viljum gera fyrirtækinu Landsvirkjun mögulegt að hleypa öðrum notendum inn á kerfið. Ég tek það skýrt fram að ég hefði í sjálfu sér þegar upp er staðið núna viljað hafa annað form á þessum málum. Mér er óskiljanlegt að t.d. skuli Pósti- og síma ekki hafa verið falin þessi þjónusta við Landsvirkjun eða símanum fyrir mörgum árum, að það skuli vera komið svo að

við stöndum hér, þetta opinbera fyrirtæki með stórkostlega möguleika til flutninga á boðum um landið.

En við stöndum frammi fyrir þessu núna, stórkostlegum möguleikum á flutningskerfi Landsvirkjunar, möguleikum á því að skila boðum milli landshluta. Málið snýst einfaldlega um það hvort það á að gera fyrirtækinu þetta mögulegt eða ekki.

Við getum sagt nei við Landsvirkjun og þá stendur það ljóst fyrir að Landsvirkjun mun aðeins nota þetta flutningskerfi til þess að reka virkjanir sínar, þjóna fyrirtæki sínu víðs vegar um landið, hvort sem það er varðandi uppbyggingu á mannvirkjum eða varðandi rekstur virkjananna.

Við getum líka sagt já við einhverjum möguleika til að aðrir komi að notkun á kerfinu. Ég hef sagt það áður í ræðu að mér er það mjög mikið í mun og ég hef nú styrkst í þeirri trú að við eigum að skapa fyrirtækinu þennan möguleika. Eins og kom fram í ræðu hv. 4. þm. Reykn., Rannveigar Guðmundsdóttur, eru TNet- kerfið og Irju-kerfið, hvort tveggja opinber kerfi, sem sagt kerfi sem eru búin til og rekin af opinberum aðilum eins og málin standa í dag. Hér er stuðst við veitukerfi Reykjavíkurborgar og er hér um opið kerfi að ræða. Hér er alls ekki um samkeppni frjálsra eða einkafyrirtækja að ræða.

Það sem truflar mig og sannfærir mig um að Landsvirkjun eigi að hafa þennan möguleika er það, að eins og þetta Public Safe-kerfi er í dag svo maður sletti nú enskunni, eða almannahagsmunakerfi, og þá er átt við lögregluna, það er átt við slökkviliðið, það er átt við sjúkraflutninga og það er átt við almannavarnir, eins og þetta kerfi er í dag, og þá er gjarnan talað um TNet-kerfið og Irju-kerfið, þá er bara verið að tala um höfuðborgarsvæðið eins og það er núna. Ef við tökum bara t.d. almannavarnirnar, þá eru almannavarnirnar með sínum fimm starfsmönnum í Reykjavík inni á þessu kerfi eins og það er núna.

Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að átta okkur á því að við erum með 103.000 ferkílómetra land og við eigum að nota allar boðleiðir sem við mögulega höfum til þess að auka öryggi í landinu. Ég hef sannfærst um að það er nauðsynlegt fyrir okkur að gera innkomu Landsvirkjunar á þetta kerfi mögulega út frá þessum sjónarhóli, að þjóna öllu landinu. Það ræður afstöðu minni.

Það er e.t.v. álitamál hvernig á að gera það og hvort á að gera það með miklum takmörkunum að leyfa Landsvirkjun að búa til þetta hliðarfyrirtæki eða dótturfyrirtæki. En eftir heimsóknir í nefndina þá er ég nú sannfærðari um að þeir möguleikar eru ekki í stöðunni. Þetta snýst um það hvort fyrirtækinu er gert kleift að búa til þetta fyrirtæki. Ég geri mér grein fyrir því að miðað við stöðuna í dag getur það síðan farið á markað. En við sem vorum á aðalfundi Landsvirkjunar á föstudaginn áttum okkur náttúrlega á því hver stefna fyrirtækisins er eins og hún er lögð upp þar. Stjórnarformaðurinn dró enga dul á að verið er að vinna að uppbyggingu skipulags og skipurits fyrirtækisins á þá lund að hægt er að selja eða taka inn nýja hluthafa á rekstrareiningar sem eru innan fyrirtækisins í dag. Í því sambandi var nefnd t.d. verkfræðideild og það var nefnd línudeild o.s.frv. Við gerum okkur grein fyrir því hvernig landið liggur. Fyrir mína parta dreg ég ekkert fjöður yfir það að ég aðhyllist opinberan rekstur og hefði kosið óbreytt fyrirkomulag t.d. á rekstri Landsvirkjunar, að það yrði opinbert fyrirtæki í eigu ríkis og borgar og bæjar. Ég hef líka sagt það í ræðustóli að ég aðhyllist það, og berst eindregið fyrir því, að síminn og pósturinn séu opinberar stofnanir sem þjóni landinu öllu.

En að öllu skoðuðu í þessu máli tel ég mjög mikilvægt varðandi uppbyggingu á þessu fjarskiptasviði að ekki verði gengið þannig frá málum að þetta einskorðist við suðvesturhornið. Staðreyndin er sú að þetta nýja TETRA-kerfi um almannaþjónustuna er bara komið í notkun hér. Það kom fram á fundi iðnn. í morgun að t.d. stjórn almannavarna, með sína fimm starfsmenn hér, getur að vísu haft samband innan suðvesturhornsins, en síðan verður hún að nota aðra tækni til þess að hafa samband vestur á firði. Ég held ég hafi skilið það rétt.

Að þessum orðum sögðum hef ég sem sagt skrifað undir nál. meiri hlutans með fyrirvara um það að ég er hlynntur því að þessar stofnanir okkar séu í opinberri eigu. Hins vegar geri mér grein fyrir því að ég og félagar mínir við höfum ekki afl til þess að ráða því nú um stundir. Þakka ykkur fyrir.

[14:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hægt er að taka undir margar af þeim hugleiðingum sem komu fram hjá þingmanninum en fyrst og fremst að kjarninn í því hvernig hann sér málið er einfaldur, þ.e. að Landsvirkjun leigi aðgang að þessu dýrmæta kerfi.

Ég ætla að minna á það að þegar mælt var fyrir þessu máli við 1. umr. var þetta ekki einu sinni nefnt. Þessi þáttur málsins kom fyrst fram við yfirferð á málinu í iðnn. Það var aðeins rætt um möguleika Landsvirkjunar að eiga í fjarskiptafyrirtækjum og við vitum vegna hvers, það er vegna þess að það mál var komið í gang.

Ég vil líka taka undir að þetta er ekki beinlínis fyrirtæki á markaði, þegar stóru orkufyrirtækin eru bakhjarlarnir og bakhjarlar sameignarfyrirtækjanna, sem þarna eru búin til, eða hlutafélaganna, eru svo Nokia og Mobira og önnur slík stórfyrirtæki erlendis.

Út af orðum þingmannsins vil ég endilega benda á að Landsvirkjun tók þátt í undirbúningi málsins í upphafi hvað varðar neyðar- og öryggisvörsluna sem þátttakandi með þeim öryggisaðilum sem undirbjuggu að Ríkiskaup byðu þennan þátt út, drógu sig ekki út úr því fyrr en eftir á og ákváðu að bjóða í líka. Þegar þeir töpuðu því útboði fyrir Irju, nú Línu.Neti, ákváðu þeir að halda áfram og koma sér inn á þetta neyðar- og öryggisband og hafa þess vegna keypt annað kerfi.

Okkur er eiginlega sagt að Alþingi eigi ekki að vera að skipta sér af þessu, við höfum hins vegar dregið fram margar skrýtnar hliðar málsins. Þess vegna er málið ekki einfalt, en kjarninn, þ.e. að leigja aðgang að þessum línum og ljósleiðara á hálendinu, er einfalt mál og það býst ég við að margir styðji.

[14:17]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að við hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir séum ekki ósammála um marga þá þætti sem hún dregur fram hér en fyrir mig er notkunin á þeim möguleikum sem þetta kerfi býður upp á meginmál. Ég endurtek það sem ég sagði í ræðu við 2. umr. um málið að það er ekkert nýtt fyrir okkur að slegist sé um og bitist um hituna þegar verið er að liða í sundur ríkisfyrirtæki og hálfopinber fyrirtæki eða gefa möguleika á því að einkaaðilar komi inn á eða jafnvel félagasamtök komi inn á það. Þessu höfum við staðið frammi fyrir, ekki bara varðandi þessa hluti, eðlilega verða átök um svo stór hagsmunamál, ég geri mér fulla

grein fyrir því. Ég held að það sé mjög mikilvægt, og ég vil árétta það enn og aftur, og ég tel að þingmaðurinn sé ekkert mótfallinn þeirri hugsun, að það er mjög mikilvægt að þetta afkastamikla kerfi geti nýst fólki t.d. norður á Akureyri eða Húsavík. Fyrirtæki eins og Tal, sem eru með viðskiptavini á þessum svæðum, vilja hafa aðgang að þessu og þetta gjörbreytir stöðu þeirra.

Þannig lít ég á málið. Ég vil að þetta sé notað og tel að þarna sé fundin formúla til þess, ekki yfir gagnrýni hafin, það er svo langt því frá, en skásti kosturinn sem ég sé í stöðunni.

[14:19]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Hér er til lokaumræðu lítið mál sem fjallar um almenna heimild til Landsvirkjunar að fara inn á fjarskiptamarkaðinn. Ég er ekki alveg sammála því sem kom fram í umræðunni að málið hafi verið vandræðalegt. Málið hefur fengið umfjöllun og ýmislegt nýtt komið fram eins og er eðlilegt í umfjöllun Alþingis og í starfi nefnda þingsins. Eftir þá umræðu telja flestir, a.m.k. nefndarmanna, að málið sé orðið það upplýst að þeir treysti sér til að taka afstöðu til málsins. Síðan kann menn að greina á um einstaka þætti þess eins og gengur og er ekkert óeðlilegt við það.

Það sem er kannski dregið fram á lokasprettinum eru tvö meginatriði, þ.e. annars vegar hvort verið sé að afgreiða opna heimild til Landsvirkjunar um að ráðstafa eigum sínum eða þá hversu langt það fyrirtæki eigi að ganga inn í fjarskiptaheiminn. Það hefur komið fram, herra forseti, að þetta litla frv. breytir í raun engu um það frá gildandi lögum. Rétt eins og Landsvirkjun án heimildar Alþingis tók stjórn fyrirtækisins þá ákvörðun að byggja upp dreifikerfi sitt með 150 km af ljósleiðurum, 32 örbylgjusendum og fleiru, til að tryggja fjarskipti á milli þeirra mannvirkja sem heyra undir Landsvirkjun.

Samkvæmt gildandi lögum þurfti ekki að bera það undir hv. Alþingi og með sama hætti getur stjórn þessa samvinnufélags má segja, sem er ekki eingöngu í eigu ríkisins heldur einnig sveitarfélaga, tekið ákvörðun um það hvernig eigum þess er ráðstafað, og hefur svo sem verið gert í sögu Landsvirkjunar. Þetta frv. breytir í rauninni engu um það. Hvort sem þetta frv. verður að lögum eða ekki, gæti Landsvirkjun eigi að síður tekið, ef stjórn sýndist svo, þá ákvörðun að selja eigur sínar, hverjar sem þær eru.

Hitt er svo annað mál að ef hv. Alþingi eða einstakir alþingismenn eru ósáttir við slíka ákvörðun er alltaf hægt að taka slíkt mál upp á Alþingi í umræðum og hefur nú annað eins gerst, m.a. að beina þá umræðum til hæstv. iðnrh. ef mönnum sýnist svo.

Hinn þátturinn sem hefur verið dreginn fram er hvort heimila skuli eitt eða tvö tíðnisvið hvað varðar öryggisþáttinn. Nú hefur það komið fram að ekkert útilokar það í rauninni í framtíðinni að tvö ólík kerfi geti talað saman, ef svo má að orði kveða, þar er fyrst og fremst spurningin um að þróa hugbúnað og er því almennt spáð að það muni gerast áður en varir. En meginatriðið í þessu er að það er dómsmrn. sem hefur í rauninni ábyrgð og forsjá á þessum öryggisþáttum. Þess vegna er það eðlilegt að dómsmrn. fylgist með því og úrskurði hvað þennan þátt varðar en ekki hv. Alþingi eða stjórn einstakra fyrirtækja. Það er í vinnslu eins og fram hefur komið hjá dómsmrn. og ákvörðun dómsmrn. mun örugglega byggja á því hver staðan er tæknilega varðandi þessi tvö kerfi og með öryggissjónarmiðin að grundvelli. Að mínu mati er því ekki ástæða til að óttast þann þátt, það er dómsmrn. sem fylgist með því og mun, trúi ég, bregðast við samkvæmt því sem eðlilegt er, þar sem öryggissjónarmiðin eru lögð til grundvallar.

Herra forseti. Hér er eingöngu verið að að fjalla um það almenna prinsipp, hvort Landsvirkjun eigi að geta haslað sér völl á fjarskiptamarkaði, ekki síst með hliðsjón af því hvort eigi að hleypa fyrirtækjum inn á það með dreifibúnað sem Landsvirkjun hefur byggt upp fyrir sig. Stjórn Landsvirkjunar virðist öll vera sammála um að fara þessa leið til þess að hleypa fjarskiptafyrirtækjum inn á dreifikerfið. Það er þá í rauninni stjórn Landsvirkjunar að ákveða hversu langt það fyrirtæki vill seilast inn á þetta.

Það er líka rétt að draga það fram, herra forseti, að Samkeppnisstofnun gegnir því hlutverki að fylgjast m.a. með því að ef Landsvirkjun fer í samstarf við önnur fyrirtæki, sé ekki verið að blanda fjármunum úr þessum almenna orkurekstri yfir í fjarskiptareksturinn. Það er mjög mikilvægt og það kemur reyndar fram í nál. meiri hluta hv. iðnn. þar sem áhersla er lögð á að fjármunum sé ekki blandað saman af ólíkum sviðum. Það er bæði Samkeppnisstofnun sem á að fylgjast með slíku og ekki síður Póst- og fjarskiptastofnun.

Einnig er rétt að draga það fram hér, herra forseti, að fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar segist í rauninni fagna slíkri samkeppni sem um er að ræða, m.a. með því að fyrirtækið geti nýtt sér þennan búnað og keppt á því dreifikerfi sem Landsvirkjun hefur byggt sig upp.

Rétt er að árétta það enn og einu sinni að það er dómsmrn. að fylgjast með því að öryggisþættinum á fjarskiptasviðinu sé ekki stefnt í hættu.

Aðalatriðið í málinu snýr að því að nýta þann vandaða og góða búnað Landsvirkjunar þannig að önnur fyrirtæki komist þar inn, landsmönnum öllum til góða, en ekki einungis að binda það hér við höfuðborgarsvæðið eins og m.a. kom fram í ræðu hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar. Ég tel að með því, eins og flestir ugglaust eru sammála um, að opna aðganginn að þessum búnaði og hleypa öðrum fjarskiptafyrirtækjum inn á hann, muni það þjóna landsmönnum öllum og það sé til hagsbóta fyrir landsmenn en til þess að slíkt sé hægt verður að breyta lögunum og það er kjarninn í þessu frv.

[14:27]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur sennilega fengið meiri umræðu en menn ætluðu að það fengi í byrjun. Ég tel að það sé aðeins af hinu góða því það er ýmislegt í þessu sem kannski mátti betur ræða en menn ætluðu í upphafi.

En það sem mig langaði að spyrja hv. þm. Hjálmar Árnason um, sem er formaður iðnn. og hefur haldið utan um þetta mál, er fyrst og fremst að það fjarskiptakerfi sem á nú að taka undan Landsvirkjun og reka í sjálfstæðu hlutafélagi, hefur vitaskuld verið byggt upp í skjóli einokunar. Við erum að tala um fjarskiptakerfi sem hefur verið byggt upp í skjóli einokunar, sem getur hugsanlega orðið til þess að skapa auknar tekjur fyrir Landsvirkjun, og það er út af fyrir sig ekkert nema af hinu góða. En kjarni málsins er sá hvort með þessu sé verið að koma í veg fyrir að aðrir aðilar geti tekist á við fyrirtæki eins og Landsvirkjun og hugsanlega byggt upp fjarskiptakerfi því það er eitt af því stóra sem við horfum fram á í komandi upplýsingabyltingu, þ.e. að við getum jafnvel komið upp einhvers konar samkeppni milli fjarskiptakerfa. En það geta náttúrlega verið miklar hömlur á því að af því

geti orðið ef við erum að byggja upp fjarskiptakerfi og selja inn á þau kerfi sem hafa byggst upp í skjóli einokunar.

Því beini ég því til hv. þm. Hjálmars Árnasonar hvort hann óttist ekki að með þessari aðferð, þ.e. að nota fjarskiptakerfi sem hefur byggst upp í skjóli einokunar, geti það orðið mjög samkeppnishamlandi þegar fram líða sundir.

[14:29]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kemur fram í máli hv. þm. að sá búnaður sem er til umræðu, dreifingarnet Landsvirkjunar, er byggður upp í skjóli einokunar. Það er ákvörðun stjórnar Landsvirkjunar að koma þessum búnaði upp, og rétt að árétta það, til þess að tryggja fjarskipti innan fyrirtækisins og þar með að tryggja í rauninni öryggi í orkumálum landsmanna. En það er rétt hjá hv. þm. að þetta er byggt upp í skjóli einokunar. En frv. gengur einmitt út á það að aflétta þessari einokun, að opna fyrir samkeppni. Til þess þarf að breyta lögunum því að óbreyttum lögum er Landsvirkjun einfaldlega ekki heimilt að selja eða leigja öðrum aðilum inn á þetta dreifingarkerfi. Með frv. er einmitt verið að leggja grunninn að því að aflétta einokuninni hvað þetta varðar og koma á samkeppni enda hefur það komið fram í umsögnum fjarskiptafyrirtækja sem ýmist heimsóttu iðnn. eða sendu skriflega umsögn, að þau mæla eindregið með því að lögunum verði breytt þannig að þau geti komist inn á þennan búnað, nýtt sér aðstöðuna og þar með hafið samkeppni. Þetta er því e.t.v dæmið um það hvernig einokun er að þróast yfir í samkeppni, að vísu á mjög þröngu sviði í starfsemi Landsvirkjunar, en frv. er forsenda þess að slík samkeppni geti átt sér stað á fjarskiptamarkaðnum.

[14:31]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki nema hv. þm. Hjálmar Árnason hafi misskilið eitthvað af því sem ég sagði. Spurning mín til hans var um það hvort verðmæti sem verða til í skjóli einokunar geri það að verkum að ekki verði mögulegt fyrir aðra sem vilja búa til — við getum kallað fjarskiptakerfið þjóðvegi — þjóðveg og selja inn á hann.

Ég nefndi áðan í ræðu minni að ég óttast að það verði eitt af því sem verði haft á því að við getum nýtt okkur upplýsingabyltinguna sem skyldi að við munum ekki hafa nægilega marga þjóðvegi til þess að sinna upplýsingabyltingunni.

Það er kannski sú spurning sem ég beindi til hv. þm., ekki það hvort önnur fjarskiptafyrirtæki vildu komast inn á þetta, sem er ofur eðlilegt, og spara sér ákveðinn kostnað við uppbyggingu á kerfinu, heldur ef við förum að nota verðmæti sem verða til í skjóli einokunar hvort þau séu ekki til þess fallin að útiloka að aðrir komist inn á það að selja inn á þjóðvegi sína.

[14:32]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, í rauninni misskildi ég ekki spurningu hv. þm. Ég skil hana og skil alveg hvaða hugsun er þar á bak við. Við þurfum þá að hafa í huga að Íslendingar eru afskaplega fámenn þjóð. Það hefur komið fram, m.a. hjá þeim gestum sem ég nefndi áðan, að þeir telja afskaplega óskynsamlegt að fara að búa til fleiri þjóðvegi á fjarskiptamarkaðnum þar sem þessi er til staðar og það er hægt að nýta hann. Í þessu sambandi er líka rétt að árétta að Landsvirkjun verður ekki heimilt að styrkja þessa þjóðbraut með nokkrum hætti úr öðrum rekstri sínum heldur verður þá að reka hana sem sjálfstæða einingu og hleypa öðrum inn. Það er mjög skynsamlegt að nýta mjög dýran búnað sem er til staðar og getur tekið við þeim fyrirtækjum sem eru að keppa á fjarskiptamarkaðnum frekar en að leggja í dýran búnað sem þá hugsanlega nýttist afskaplega illa. Það væri hugsanlega offjárfesting eins og markaðurinn er núna og kæmi niður á neytendum. Ég skil hugsun hv. þm. en ég óttast það ekki og tek í rauninni undir það sem stjórnendur fjarskiptafyrirtækja segja almennt um þetta að þeir sjá að þarna verði opnað fyrir samkeppni sem nýtist vonandi landsmönnum öllum.

[14:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega árétta að um þennan þátt frv. eða það sem felst í þessu frv., að Landsvirkjun geti stofnað félag um dreifikerfi sitt og leigt aðgang að því, hefur ekki verið mikill ágreiningur enda hefur ekki farið fram mikil umræða um þann þátt. Hv. alþm. Pétur Blöndal hefur þó vakið á því athygli að Landsvirkjun sé e.t.v. eini aðilinn sem gæti keypt Landssímann og þá sameinað dreifikerfin tvö á hálendinu og svo afganginn af landinu. Það er eitthvað sem við eigum kannski að staldra við og hugsa um, hvers lags risi það yrði ef hann yrði svo einkavæddur. Þess vegna er umræðan um þann þátt málsins ekki hvort heldur hvernig.

Umræðan um hinn þátt frv. hefur verið um aðild að fjarskiptafyrirtækjum, hvernig ber það að, hver er forsagan og að Landsvirkjun sætti sig ekki við að bíða lægri hlut á markaði í opnu útboði Ríkiskaupa. Svo einfalt er það mál.

Af því menn hafa talað svolítið í kross um þennan þátt að leigja aðgang að breiðbandinu og hinn þáttinn, TETRA-bandið, sem Landsvirkjun eða undirfyrirtæki þess er að sækja inn á, þá er það þannig, virðulegi forseti, að það er almenn rás á TETRA-bandinu og um þá rás sóttu tveir núna í þessari atrennu, það er samkeppnismál að mínu mati. Um hina rásina, bandið þar sem neyðar- og öryggislínan er, er einn aðili fyrir, samkvæmt úthlutun frá Ríkiskaupum eftir útboð í fyrra. Þangað er TNet, undirfyrirtæki Landsvirkjunar, að sækja inn og við höfum verið að benda á að það fellur ekki að því sem við höfum fengið upplýsingar um í iðnn. bæði nú og áður. Þetta eru meginþættir málsins. Þetta er ekki spurning um hvort heldur hvernig og hvernig orðalag væri á lagagreininni. Við vorum að hugsa um að flytja brtt. um það en munum ekki hafa afskipti af eftir það sem hér hefur komið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 665, nál. 902, 923 og 928, brtt. 929.

[14:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. 1. minni hluta sem leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Aðalröksemdin í því máli er einfaldlega sú að um er að ræða tímabundin lög sem eru núna á sínu síðasta ári, árinu 2000, og að það ber að taka málið allt til endurskoðunar og semja nýtt frv. eða ný lög um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir þau

ár sem á eftir koma. Við sem skilum þessu minnihlutaáliti teljum ekki ástæðu að breyta þessum lögum að þessu sinni og leggjum til að lögin verði óbreytt út árið, þetta veiðitímabil úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Ég vil líka vekja athygli á því að í umsögnum, sem komu m.a. frá Farmanna- og fiskimannasambandinu og Sjómannasambandi Íslands, er lagst gegn því að vera að breyta þessum lögum og talið að ákvæði til framsals sé nægjanlega rýmilegt. Og að nýting veiða úr stofninum hafi tekist á undanförnum árum og hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir þegar þetta mál var rætt að í raun og veru hefði ekki þurft að gera annað en að semja tvær nýjar úthlutanir til þess að tryggja að veiðar á síldinni á sl. sumri næðust. Það væri svo sem ekkert ofverk að standa að slíku.

Að þessu samanlögðu og því að eingöngu er verið að auka þann möguleika að menn fari að braska með síldina og finnst nú mörgum nóg um varðandi það sem verið hefur í gangi á þeim vettvangi í íslenska fiskveiðikerfinu þó ekki verði betrumbætt í kvótaversluninni varðandi norsk-íslensku síldina. Þar er heimild fyrir að menn megi framselja sem hlutfall af þeim afla sem fiskiskip hafa veitt og finnst okkur það algjörlega nægilega rýmilegt. Við leggjum til að með tilliti til þess að um er að ræða tímabundin lög sem falla úr gildi í haust verði þau látin standa óbreytt.

[14:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við, ég og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, skrifum undir þetta nál. Í því kemur fram eftirfarandi:

Með frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1998 er ríkisstjórnin að leggja til að skip sem voru við síldveiðar á árunum 1995, 1996 og 1997 fái veiðiheimildir afhentar af hálfu hins opinbera án endurgjalds og þurfi síðan ekki að veiða neitt en megi umsvifalaust selja allar þær veiðiheimildir sem þau fá. Önnur skip sem fá veiðiheimildir en voru ekki við síldveiðar á árunum 1995, 1996 eða 1997 mega hins vegar ekki framselja neitt heldur verða þau að veiða allt sem þeim verður úthlutað. Í desember árið 1998 féll frægur dómur, nr. 145, í Hæstarétti. Meginniðurstaða hans var sú að það samræmdist ekki atvinnufrelsis- og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að þeir einir gætu fengið veiðileyfi sem hefðu haldið skipum sínum til veiða á tilteknum árum. Í janúar sl. *féll í undirrétti* svokallaður Vatneyrardómur þar sem niðurstaðan er sú að sama eigi við um veiðiheimildir og það sem Hæstiréttur komst að niðurstöðu um varðandi veiðileyfi, að það samræmdist ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

En þegar þetta nál. er lagt fram þá hefur Hæstiréttur ekki tekið afstöðu til Vatneyrardómsins.

Fyrir utan það siðleysi sem felst í að afhenda réttinn til veiðanna án endurgjalds keyrir um þverbak að ríkisstjórnin skuli leggja það til að síðan gildi ekki sömu reglur fyrir alla. Reglur ríkisstjórnarinnar fara eftir því hvort skip var við síldveiðar árið 1995, 1996 eða 1997. Það ræður hvernig þau eru meðhöndluð. Þetta eru töfraárin að mati ríkisstjórnarinnar, þau ár sem gefa rétt til úthlutunar ókeypis gæða sem síðar má selja. Ef viðskiptin með veiðiréttinn eru talin svona mikilvæg, af hverju eru veiðiheimildirnar þá ekki boðnar út þannig að allir sitji við sama borð?

Þegar lögin um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum voru sett *vorið 1998, fyrir tæpum tveimur árum*, og leystu af hólmi þá aðferð að nota úthafsveiðilöggjöfina sem grundvöll veiðanna, lögðu jafnaðarmenn til að síldarkvótarnir yrðu boðnir út. Það var og í samræmi við sérstakt þingmál í þá veru sem þá hafði tvisvar verið flutt af jafnaðarmönnum. Það gekk út á að úthafslögunum yrði breytt þannig að heimilt yrði að bjóða síldarkvótana út. Í því áliti sem fulltrúar jafnaðarmanna í sjávarútvegsnefnd lögðu á sínum tíma fram við 2. umr. um frv. ríkisstjórnarinnar sem varð að lögum nr. 38/1998, um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum, kemur m.a. fram að með þeirri skipan mála að veiðarnar yrðu boðnar út væri líklegast að þau markmið fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiréttarins næðust fram.

Því áliti var jafnframt lýst að frv. væri bastarður, niðurstaða málamiðlunar stjórnarflokkanna sem gátu ekki komið sér saman um hvort veiðireynsla úr síldarstofninum ætti að mynda grunn að fastri aflahlutdeild eða ekki eins og meiri hluti nefndarinnar hafði áréttað sérstaklega við setningu úthafsveiðilaganna árinu áður. Nú virðist hins vegar samstaða um málið meðal stjórnarþingmanna. Veiðireynsla á ekki aðeins að mynda grunn að fastri aflahlutdeild og veiðirétti heldur fullkominn framsalsrétt, nánast eignarrétt sem er afhentur þeim ókeypis sem héldu skipum sínum til síldveiða á tilteknum árum. Gildandi lög segja að sjávarútvegsráðherra eigi fyrir 1. nóvember árið 2000 að leggja fram frv. um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum. Því er ljóst að með þeim breytingum er verið að tjalda til einnar nætur. En þar sem ríkisstjórnin kýs, þrátt fyrir það, að ganga til breytinga á lögunum í þá veru sem áður er lýst munu fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni leggja fram brtt. við frv. ríkisstjórnarinnar og fylgja þannig eftir þeirri skoðun að líklegast sé að markmið fiskveiðistjórnar um hagkvæmar veiðar og réttláta úthlutun veiðiheimilda fáist með því að bjóða veiðarnar út.

Undir þetta skrifum við hv. þm., Svanfríður Jónasdóttir og sá sem hér stendur.

Ég mæli fyrir þessari brtt. á þskj. 929. Þar er lagt til að 1. gr. frv. orðist svo:

„B-, c- og d-liður 2. gr. laganna orðast svo:

b. Bjóða skal allar veiðiheimildir er í hlut Íslands koma til leigu á opnum markaði sem öll fiskiskip sem leyfi hafa til síldveiða skv. a-lið þessarar greinar hafa jafnan aðgang að.

Takmarkaðar aflaheimildir sem Íslendingum verður heimilt að veiða innan lögsögu annarra ríkja skulu aðgreindar eftir hafsvæðum og boðnar fram sérstaklega.

Skulu hæstbjóðendur hljóta veiðiheimildirnar í samræmi við tilboð sín, þó skal hvert skip ekki fá úthlutað meira en 7.000 tonnum.

c. Heimilt skal að framselja til annarra skipa sem leyfi hafa til síldveiða skv. a-lið þessarar greinar allt að 50% þess aflamarks sem skip hefur fengið úthlutað.

d. Sjávarútvegsráðherra skal setja með reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Ráðherra skal fela til þess færum aðila að sjá um framkvæmd útboðsins og innheimtu leigugjaldsins en hefur eftirlitsskyldu varðandi framkvæmdina. Þeir fjármunir sem innheimtast vegna leigugjaldsins skulu renna í ríkissjóð."

Þessar tillögur eru í samræmi við það frv. til laga um stjórn fiskveiða sem Samfylkingin hefur lagt fram á hv. Alþingi.

Röksemdirnar á bak við það aflahámark sem þarna er lagt til, að ekkert skip geti veitt meira en 7.000 tonn, eru að þau skip sem mest veiddu á sl. ári fiskuðu um 7.000 tonn. Okkur finnst ástæða til þess, verði veiðarnar boðnar út, að gera það ekki þannig að einn aðili geti hrifsað til sín

allar veiðiheimildir á meðan menn hafa ekki reynslu af því fyrirkomulagi sem þarna er lagt til.

Síðan er lagt til að 50% aflamarks verði framseljanlegt. Það er einfaldlega í samræmi við þær reglur sem gilda almennt um framseljanleika aflamarks í kerfi því sem hér gildir um stjórn fiskveiða.

Með þessu móti fengju allir sem hyggja á síldveiðar jafnan kost á að nálgast veiðiheimildir. Satt að segja hef ég ekki séð neinar hugmyndir sem uppfyllt geta svo eðlileg jafnræðisskilyrði í þessum atvinnuvegi. Ég hef ekki séð neinar aðrar tillögur sem betur geta komið á einhverju réttlæti og jafnræði hvað varðar aðganginn að þessum atvinnuvegi.

Mér finnst það fyrir neðan allar hellur hvernig menn hafa frá upphafi, þegar kom til að við gætum aftur farið að veiða úr þessum stofni, gjörsamlega gengið fram í því að koma lagi á eignarhald útgerðanna á þessum fiskstofni sem menn vita í dag nákvæmlega ekkert um hve stór getur orðið. Þeir sem eignast hlutdeild í þessum stofni geta eignast gífurleg verðmæti upp á framtíðina.

Hver segir að síldveiðar við Ísland geti ekki orðið miklar aftur? Þá hafa þeir sem núna eru að veiðum við Ísland og hafa sinnt því að veiða síld, eignast þann stofn. Þetta er náttúrlega þvílíkt hneyksli. Það nær ekki nokkurri átt hvernig menn fara hér með sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar og reyna purkunarlaust að koma þeim í hendurnar á einkaaðilum. Menn skammast sín ekkert fyrir þetta, finnst þetta bara allt í lagi og tala um þetta eins og það skipti litlu máli.

Enginn getur spáð um það í dag hversu miklar þessar síldveiðar geta orðið. Þó svo væri þá eru þessar aðferðir fyrir neðan allar hellur og fyrir neðan virðingu hv. Alþingis, að koma þvílíkum verðmætum sem þarna geta hugsanlega verið á ferðinni í hendur einkaaðila. En það er svo sem í samræmi við hugsunarháttinn á bak við allt þetta eignarhaldsfyrirkomulag í sjávarútvegi sem búið er að vera að skrökva inn á þjóðina í gegnum tíðina.

Ég tel að Alþingi ætti að skoða það alvarlega að koma þarna á jafnrétti og jafnræði. Það er auðveldast að gera með þessu fyrirkomulagi sem við leggjum hér til.

[14:51]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, gerði grein fyrir nál. 1. minni hluta sjútvn. en ég er samþykkur því nál. sem áheyrnarfulltrúi í sjútvn. fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð.

Við verðum að átta okkur á því að bullandi óánægja er með sjávarútvegsstjórnina í samfélaginu. Við því hefur verið brugðist með ýmsum hætti. Hæstv. ríkisstjórn hefur skipað nefnd til að endurskoða sjávarútvegsstefnuna. Og það er ótækt að á sama tíma og þessi nefnd er að störfum, meðan við upplifum bullandi ágreining í samfélaginu um hvernig fara skuli með stjórn auðlindarinnar og á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn hefur viðurkennt að nauðsynlegt sé að koma á svokallaðri sáttanefnd til að fara í þessi mál, þá skulum við setja fram frv. til að binda veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum sem hafa hingað til verið utan við sviga.

Undir þetta getum við ekki skrifað og segjum því í áliti 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því að samkvæmt gildandi lögum skal sjávarútvegsráðherra fyrir 1. nóvember nk. leggja fyrir Alþingi frumvarp um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum eftir árið 2000 má vænta þess að breytingar verði á lögunum sem hafi áhrif á veiðistjórnunina þegar á næsta ári. Því telur 1. minni hluti ekki þörf á þessari lagabreytingu og leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ég vil bara árétta að við völdum þessa leið í sameiningu að setja frá okkur minnihlutaálit saman, ég sem áheyrnarfulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og fulltrúi Frjálslynda flokksins í sjútvn. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að í endurskoðunarnefndinni eru skiptar skoðanir um hvernig eigi að nálgast þjóðarsátt í sambandi við stjórn fiskveiða. Þess vegna völdum við ekki þá leið að merkja okkur hver með sinni flokksstefnu varðandi þetta mál. Ég tel nauðsynlegt að þeir aðilar sem eiga fulltrúa hér á þingi geti farið inn í þessa endurskoðunarvinnu með eins hreint borð og kostur er á. Þess vegna er forkastanlegt, út frá mínum bæjardyrum séð, að koma með frv. af þessu tagi og binda norsk-íslenska síldarstofninn þegar fyrir liggur að við ætlum að hraða þessari vinnu og koma á borðið sáttatillögu sem þjóðin getur vonandi unað við. Það er mergurinn málsins í allri þessari vinnu.

Við munum leggja okkar áherslur fram í endurskoðunarnefndinni, um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég vona svo sannarlega, eins og ég hef sagt áður í sambandi við umræðu um sjávarútvegsmál hér í þinginu, að þessi nefnd geti hraðað störfum því það er sannarlega þörf á því. Ég vildi bara koma þessum sjónarmiðum mínum á framfæri, virðulegi forseti, en tel ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 261. mál (undanþágur). — Þskj. 331, nál. 933, brtt. 934.

[14:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Umræðan um þetta mál hér í gær var hálfendaslepp þar sem henni var frestað en nú skal tekinn upp þráðurinn þar sem frá var horfið.

Formaður hv. félmn., Arnbjörg Sveinsdóttir, fylgdi úr hlaði nál. félmn. og sömuleiðis hafði hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir stigið hér í stól. Þær fluttu báðar, reyndar ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, ágætar ræður um málið.

Frv. sem hér liggur fyrir varðar breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Það er satt að segja lítið að burðum, einungis ein málsgrein, þar sem ráðherrann hefur lagt til að settar verði reglur sem skilgreini nánar einstök störf sem falla undir undanþágu samkvæmt 1. mgr. 14. gr. Það er alls ekki ljóst, hvorki í grg. né í þessari tillögugrein, við hvað er átt eða hvert markmið lagagreinarinnar er. Það er vægast sagt loðið.

Þó er ljóst, herra forseti, að málið varðar þá er koma inn í landið á undanþáguákvæði í lögunum um atvinnuréttindi útlendinga. Við vitum öll, sem hér erum í þessum sal og höfum tekið þátt í þessum umræðum, við hverja er átt. Þar er átt við nektardansara. Hæstv. ráðherra kýs að nefna þá ekki á nafn í grg. með frv. heldur talar í mörgum orðum um skilgreiningu starfsheitisins listamaður. Hv. félmn. veit hins vegar alveg við hvað hæstv. ráðherra á og kallar hlutina sínum réttu nöfnum. Í nál. hv. félmn. eru nektardansarar nefndir á nafn og málið tekur aðeins að skýrast.

Það má þakka nefndinni fyrir að kalla hlutina sínum réttu nöfnum en þó finnst mér að í áliti nefndarinnar gæti enn einhvers konar hálfkáks. Brtt. nefndarinnar mætti að ósekju vera skýrari og í henni mætti kveða fastar að orði. Ég kem aðeins inn á það aftur síðar í máli mínu, herra forseti. En hvers konar mál er þetta sem hér um ræðir? Hvers vegna þorir hæstv. félmrh. ekki að tala beint út og kalla hlutina sínum réttu nöfnum?

Herra forseti. Fyrr í vetur var utandagskrárumræða hér í þessum sal. Til hennar efndi hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir. Yfirskrift þeirrar utandagskrárumræðu var „verslun með manneskjur". Hér stigu margir þingmenn í pontu og ég held ég muni það rétt að allir þeir sem tóku til máls við þá utandagskrárumræðu lýstu miklum áhyggjum yfir málefnum þeirra skemmtistaða sem kenna sig við erótískan dans. Hv. þm. voru sammála um að hér væri stórmál á ferðinni sem bæri að taka föstum tökum. Nú liggur eitt af þeim frv. sem nánast er afrakstur þeirrar utandagskrárumrræðu fyrir hér. Mér finnst satt að segja allt of mikil hula hvíla yfir því sem hér er verið að fjalla um. Ég tel að hér sé málið tekið allt of miklum vettlingatökum og af allt of mikilli mildi.

Herra forseti. Við erum að tala um nútímaþrælahald. Það er hvorki meira né minna en það. Á ensku er þetta kallað „trafficking in human beings". Það er alvarlegt vandamál sem tekur afskaplega mikið pláss í alþjóðlegri umræðu þessa dagana. Þess má geta að fyrir stuttu var haldin á Filippseyjum þriggja daga ráðstefna 23 þjóðlanda sem var að reyna að taka á þessu máli. Við setningu þeirrar ráðstefnu sagði Madeleine Albright, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að mansal væri það vandamál í skipulagðri glæpastarfsemi sem væri í hvað örustum vexti í heiminum í dag.

Hún fullyrti að sala barna og kvenna til kynlífsþrælkunar væri orðin þriðja stærsta tekjulind skipulagðra glæpahringja í heiminum næst á eftir vopna- og eiturlyfjasmygli. Talið er að á hverju ári sé ein milljón kvenna og barna seld mansali til kynlífsþrælkunar víðs vegar um heiminn. Þessa staðreynd kallar frú Madeleine Albright svívirðilega og skammarlega verslun sem brengli efnahagskerfi okkar og niðurlægi samfélag okkar. Herra forseti, ég er hjartanlega sammála henni og ég spyr: Gerir hæstv. félmrh. sér ekki grein fyrir því að hér er um anga af þessu stóra alheimsvandamáli að ræða?

Sér ekki hæstv. félmrh. að hér er þörf á skýru tungumáli og skýrum aðgerðum? Mér sýnist ekki, herra forseti. Hann kýs að tala enn um nektardansara sem listamenn, í hæsta lagi svolítið öðruvísi listamenn sem þurfi kannski aðeins öðruvísi reglur en aðrir listamenn sem koma til starfa til landsins frá útlöndum. Hæstv. samgrh. gerir sig sekan um sömu glámskyggni og hæstv. félmrh. og sama máttleysið. Í frv. hans sem liggur nú fyrir þinginu til breytinga á lögum um veitinga- og gististaði bætir hæstv. samgrh. inn þremur flokkum í flokkun skemmtistaða án þess að í skilgreiningum sé gerð nánari grein fyrir því hvers vegna þurfi að gera það, nema að það hafi ekki verið flokkað hingað til. Því er lýst að orðið hafi svo mikil breyting á veitingahúsamarkaðnum að við séum farin að eignast krár, kaffihús og nektarstaði. Þess vegna býr hæstv. samgrh. til frv. sem flokkar skemmtistaðina á þennan hátt. Kaffihús, krár og næturklúbbar.

Í greinargerð með frv. er þess getið að undir flokk næturklúbba skuli falla þessir nektardansstaðir. Frv. samgrh. virðist þannig ekki hugsað til að takmarka á nokkurn hátt fjölda nektarstaða og lýsir ekki heldur áhyggjum af ólöglegri starfsemi í tengslum við slíka staði. Hann gerir í raun það sem virðist einnig samþykkt í nál. hv. félmn. en þar kemur fram að sveitarfélögunum verði þar með fengin úrræði sem geri þeim kleift að hafa áhrif á hvar verði leyft að reka nektarstaði. Það er reyndar kallað erótískir veitingastaðir í frv. Rétt væri að óska eftir því að hæstv. ráðherra kalli hlutina sínum réttu nöfnum. Að mínu mati er eðlilegra, herra forseti, að hér sé bara talað um nektardansstaði en ekki erótíska veitingastaði. Hér eru sem sagt lagðar til lausnir á því hvar verði leyft að reka nektardansstaði en ekki hvort það sé vilji löggjafans að slíkir staðir séu heimilaðir yfir höfuð eða á hvern hátt þeir séu heimilaðir.

Hæstv. samgrh. er að mínu mati hlynntur því að slíkir staðir séu starfræktir hér. Það virðist því miður líka eiga við um hæstv. félmrh. og ég lýsi því líka hér, herra forseti, að mér finnst eins og hv. félmn. taki enga afstöðu í því máli hvort hér eigi bara að hleypa hlutum í gegn og löggjafinn sé sáttur við að staðir af þessu tagi séu reknir hér, svo fremi að þeir heiti erótískir skemmtistaðir eða eitthvað á þá lund.

Herra forseti. Ég hefði viljað sjá tekið á þessum málum á annan hátt. Ég hefði viljað heyra frá formanni hv. félmn. hvort ekki hafi verið rætt í nefndinni um möguleika á því að stytta tímann sem undanþága þessara dansara næði til. Nú er það alkunna að erlendir listamenn sem koma til að flytja list sína hér á Íslandi starfa hér kannski bara eina helgi og kannski ekki þörf á fjögurra vikna undanþáguheimild. Ég hefði gaman af að heyra frá nefndinni hvort það hafi ekki komið til umræðu, möguleikinn á styttra undanþáguákvæði.

Einnig er rétt að vekja athygli þingheims á því að í brtt. hv. nefndar er einungis rætt um að einhver hluti nektardansara verði háður dvalarleyfum og þurfi að leggja fram heilbrigðisvottorð. Ég held að það sé rétt skilið hjá mér, herra forseti. Ég get ekki séð annað en að nektardansarar frá löndum innan Evrópska efnahagssvæðisins eigi að vera undanþegnir þeim takmörkunum. Ég vildi gjarnan fá viðbrögð frá þeim nefndarmönnum varðandi þessa athugasemd mína.

Síðan virðist eiga að fela málið alfarið hæstv. ráðherra félagsmála sem greinilega er ekki í betra sambandi við raunveruleikann en svo að hann telur ekki þörf á að nefna nektardansara á nafn í máli sem fjallar fyrst og fremst um þá. Við höfum ótal vísbendingar um að hér séu brotin lög í þessu landi. Við höfum ótal vísbendingar um að stúlkurnar sem hingað koma til að dansa á nektardansstöðum komi oftar en einu sinni á ári. Við höfum frétt að þær komi allt upp í fjórum sinnum á ári, á fölsuðum vegabréfum, mögulega framleiddum og gefnum út af mafíunni. Um þetta höfum við sterkar vísbendingar. Við höfum sterkar vísbendingar um að þessar stúlkur líði hörmungar og á þeim séu framin mannréttindabrot. Við höfum undir höndum afrit af samningi sem nektardansari hefur gert við veitingastað þar sem nánast hver einasta klásúla í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna virðist brotin á þeirri stúlku.

Herra forseti. Ég vil meina að sá samningur hafi verið, ef rétt er að hann hafi verið skilinn eftir í Flugleiðavél, neyðaróp frá dansara sem hefur þurft að þola mannréttindabrot af hálfu Íslendings sem ræður hann í vinnu.

Herra forseti. Ég tel hér um miklu alvarlegri mál að ræða en svo að við getum sætt okkur við þetta frv. frá hæstv. félmrh. Þess vegna auglýsi ég eftir frekari útskýringum frá hv. félmn. Ég hefði viljað sjá miklu fastar kveðið að orði í nál. því sem hér liggur fyrir. Okkur er nauðsynlegt að opna augun upp á gátt og gera allt sem við getum til að stemma stigu við alþjóðlegri glæpastarfsemi hér á Íslandi. Við eigum

að leggja allt í sölurnar til að fólk geti komið hingað með reisn og haldið höfði en hér séu ekki framin mannréttindabrot á skemmtistöðum hinum megin við götuna.

[15:07]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst nokkuð langt gengið þegar hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir lýsti yfir að hæstv. félmrh. og hæstv. samgrh. væru hlynntir þeim rekstri sem hér er verið að bregðast við. Hún gaf jafnvel í skyn að félmn. sem er að afgreiða þetta mál frá sér núna sé hlynnt því reknir séu í miklum mæli nektardansstaðir. Hún vísaði jafnframt til óhugnaðar eins og mansals og kynlífsþrælkunar. Var það rétt skilið hjá mér að hv. þm. væri að gefa það í skyn að við værum hlynnt slíku? Mér gersamlega ofbauð þessi ræða hv. þm.

Hún beindi tveimur spurningum til mín, m.a. hvort við hefðum rætt það í nefndinni hvort stytta ætti þann tíma sem undanþága væri gefin listamönnum og reyndar varðandi fleiri atvinnugreinar sem nefndar eru í lögunum. Það kom til tals en m.a. vegna þess að listamenn og félög listamanna eru ekki hlynnt því að þessi dvalarleyfistími verði styttur þá töldum við ekki ástæðu til þess.

Varðandi þá sem koma af EES-svæðinu, fái þeir dvalarleyfi hér á landi þá hafa þeir samkvæmt EES-samningnum sjálfkrafa atvinnuleyfi. Þeir sem koma utan EES-svæðisins þurfa að sækja um dvalarleyfi og atvinnuleyfi og uppfylla þau skilyrði, sem ég fór yfir í ræðu minni í gær að þyrftu að vera fyrir hendi, til að fá atvinnuleyfi.

[15:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er svo sem ekki hissa á því þó hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur blöskri ræða mín hér áðan. Mér blöskrar líka það sem er að gerast hér í kringum okkur og mér blöskrar þær vísbendingar sem við höfum. Mér sýnist hv. þm. ekki taka nægilega eftir því eða gefa nægilegan gaum. Mér sýnist á þessu nál. að hér sé hv. félmn. að leggja því lið að nektardansarar komi til landsins með sama móti og hingað til því í nál. segir, með leyfi forseta:

„Með því er unnt að gera erlendra nektardansara sem koma hingað til lands í atvinnuskyni háða reglum um atvinnuleyfi."

Hér er einungis rætt um að hér geti fólk komið en það eigi að vera háð reglum um atvinnuleyfi og dvalarleyfi.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að mér finnst ekki tekið þannig á málum að Alþingi sé sómi að.

[15:10]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er um slíka útúrsnúninga að ræða að ég tel ekki ástæðu til að elta ólar við það. Við fjöllum hér um frv. til breytinga á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og nál. fjallar um það. Ef við teljum ástæðu til að þingið fjalli um lög sem taka eigi á þessu máli, þá eru það bara önnur lög. Það eru ekki þessi lög. Við erum að fjalla um atvinnuréttindi útlendinga og er þá ekki best að halda sig við það efni? Það er málið hér.

[15:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að reiðast því að ég telji hv. nefnd taka með ákveðnum vettlingatökum á þessu máli. Obbinn af þessu frv. fjallar um nektardansara og inngangurinn að nál. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú fer fram heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, en samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti hefur orðið gífurleg fjölgun í hópi þeirra sem koma hingað til lands í allt að fjórar vikur árlega og stunda vinnu á nektarstöðum" og svo kemur áframhaldandi kafli í nál. fram á aðra síðu sem fjallar einungis um nektardansara. Síðan segir í nál., herra forseti:

„Nefndin lítur svo á að ákvæði frumvarpsins muni auðvelda yfirvöldum að hafa eftirlit með a.m.k. hluta þeirra kvenna sem hingað koma í stuttan tíma árlega í þeim tilgangi að stunda nektardans."

Herra forseti. Hér er ekki verið að fjalla almennt um atvinnuréttindi útlendinga heldur fyrst og fremst verið að fjalla um vandamál sem við eigum við að stríða, þ.e. nektardansara sem koma hingað til lands án atvinnuleyfa, án dvalarleyfa, án þess að fara í nokkra læknisskoðun og án þess að réttinda þeirra sé gætt. Við höfum vísbendingar um að mannréttindi séu brotin á þessu fólki og Alþingi á að taka fastar á þessum málum en hér er gert.

[15:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á þessar umræður í ljósi þess að álíka mál liggur einnig fyrir samgn. Það segir kannski til um víðfeðmi vandans þegar þetta atriði snertir störf a.m.k. tveggja ráðuneyta ef ekki fleiri.

Út af því sem hv. síðasti ræðumaður, Kolbrún Halldórsdóttir, sagði hér vildi ég aðeins benda á að fyrir samgn. liggur frv. til laga um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, með síðari breytingum. Þar segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta var samið í samgrn. í kjölfar starfs viðræðunefndar sem sett var á fót vorið 1999 sem hafði það hlutverk að sporna gegn starfsemi svonefndra „erótískra" veitingastaða. Nefnd þessi var skipuð fulltrúa Reykjavíkurborgar, dómsmrn., félmrn. og samgrn. Niðurstaða nefndarinnar var meðal annars sú að nauðsynlegt væri að breyta lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, á þann veg að flokkum veitingastaða yrði fjölgað. Telur nefndin að með því móti væri sveitarstjórnum veitt úrræði til að geta haft áhrif á hvar slík starfsemi færi fram. Nefndin telur að í núgildandi lagaumhverfi skorti slík úrræði en með flokkun veitingastaða gætu sveitarfélög á grundvelli b-liðar 3. gr. laga nr. 36/1988, um lögreglusamþykktir, kveðið á um opnunar- og lokunartíma nektardansstaða. Jafnframt telur nefndin að sveitarfélög gætu kveðið á um það í skilmálum aðal- eða deiliskipulags hvar heimilt sé að reka slíka staði ..."

Ég geri mér fulla grein fyrir því að vandinn er kannski ekki þarna þó reynt sé að stemma stigu við honum heldur fremur hjá Útlendingaeftirlitinu. En mér þykja það mjög alvarleg orð sem hér féllu úr þessum ræðustól hjá hv. þm. áðan. Hún sagði að mikill möguleiki væri á því, og nærri fullyrti, að hér væru í gangi fölsuð vegabréf. Hvar er þá Útlendingaeftirlitið á vegi statt? Sami hópur og hér talar gegn þessu segir hins vegar að allt of hart eftirlit sé með útlendingum þegar aðrir en nektardansmeyjar koma til landsins. Nokkuð eru þingmenn orðnir sjálfum sér ósamkvæmir.

[15:15]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðustu orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þá hef ég ekki talað fyrir því að rýmkaðar verði heimildir útlendinga til að koma inn í landið. Ég hef ekki rætt um það. Ég er hins vegar að tala um að í þessu

tilfelli þurfi að fylgjast betur með en gert er. Ég tek undir þau orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar sem vakti athygli á að í frv. hæstv. samgrh. er einungis talað um að flokkun skemmtistaðanna ljái sveitarfélögunum vopn í hendur til að hafa hönd í bagga með hvar nektardansstaðir séu reknir en ekki hvort. Löggjafinn hefur ekki verið spurður, herra forseti, hvort við viljum hafa nektardansstaði í bænum eða ekki en við eigum að fá að taka afstöðu til hvar þeir séu, til laga sem gefa sveitarstjórnum heimildir til að ákveða hvar þeir eru.

Herra forseti. Ég spyr: Ef við viljum að nektarstaðir séu til staðar í Reykjavík, eigum við þá að vera að draga fólk í dilka og ákveða hvar þeir eru heimilaðir? Finnst okkur eðlilegra að þeir séu reknir í úthverfunum, t.d. í Grafarvogi, Breiðholti, suður í Kópavogi eða kannski í Hafnarfirði frekar en í miðbæ Reykjavíkur?

Herra forseti. Mér finnst við ekki ræða um það sem málið snýst um þegar við tölum um hvar skemmtistaðirnir séu. Við ættum að tala um hvort okkur finnist eðlilegt að þeir séu yfir höfuð.

[15:17]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeirri nefnd sem m.a. Reykjavíkurborg tekur þátt í er talað um að nauðsynlegt sé að koma þessu t.d. í skilmála og deiliskipulag. Þetta er mjög sérstætt mál.

Ýmis orð féllu í ágætri utandagskrárumræðu fyrir áramótin um vanda þessa fólks sem kemur hingað til landsins. Þar hafði einn ágætur þingmaður orð á því að nærri daglega kæmu grátandi stúlkur sem væru í þessari miður þokkuðu atvinnugrein og bæðu Flugleiðir um flugfarseðla eða annað því um líkt til að komast heim til sín. Aðrir hafa hins vegar sagt okkur að oftar sé það á hinn veginn að þær komi brosandi út undir eyru með fullar hendur fjár í Landsbankann til að skipta íslenskum krónum yfir í gjaldeyri.

Málið er að þetta er ekkert grín. Ég geri mér alveg grein fyrir því og öfgarnar eru á báða bóga í þessu máli. Ég tel þó, án þess að ég hafi nokkuð á móti útlendingum, að ef það sem kom fram hjá hv. þm. áðan er satt þá sé eftirlit Útlendingaeftirlitsins ekki nægjanlegt. Ég spyr: Er það eitthvað öðruvísi gagnvart kvenfólki en karlmönnum? Það er ekki langt síðan þingmenn Samfylkingar komu í ræðustól og sögðu að Útlendingaeftirlitið færi offari gegn útlendingum. Nú er talað um að útlendingar komist til landsins með fölsuð vegabréf því ekkert sé fylgst með málinu. Hvar er þessi eftirlitsþáttur eiginlega á vegi staddur þegar svo breitt bil er á milli kvartana yfir því hve hart sé tekið á útlendingum og hins vegar þess að hingað komist dansmeyjar til landsins á fölsuðum vegabréfum?

[15:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sannarlega sagt að ég deili áhyggjum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar af eftirlitsþættinum og því hvernig okkur tekst að sinna því eftirliti sem við teljum okkur þó hafa hér þegar útlendingar koma til landsins. Þessar vísbendingar um fölsuðu vegabréfin, herra forseti, eru fleiri en ein og fleiri en tvær. Þær eru harla ágengar.

Það eru líka dæmi, herra forseti, um að konur sem koma hingað til landsins til að stunda nektardans þurfi að leita ásjár í Kvennaathvarfinu og fleiri en ein og fleiri en tvær hafa gert það.

Herra forseti. Ég fullyrti hér að konur sem koma til landsins að dansa nektardans fengju ekki þær móttökur hjá félagsmálayfirvöldum sem segja þeim hver þeirra réttur sé í þessu landi. Þeim er ekki gerð grein fyrir því að hér sé kvennaathvarf til staðar. Þeim er ekki gerð grein fyrir því hvernig velferðarkerfi okkar virkar og á að vera til staðar fyrir þær eins og aðra þegna þessa samfélags. Enginn gætir hagsmuna stúlknanna, herra forseti, og það er skylda okkar, ef við ætlum að setja lög sem ná yfir þær stúlkur sem hingað koma á þessum forsendum, að gæta að þessum þáttum líka því að hér eigum við að gæta mannréttinda.

Við erum aðilar að ótal sáttmálum sem banna mansal, banna þrælasölu og vonda meðferð á fólki. Hér eru of margar vísbendingar, herra forseti, til að hægt sé horfa fram hjá þeim. Ég spyr að lokum, herra forseti: Hvers vegna er þetta atvinnugrein sem einungis erlendar stúlkur eru fengnar til? Hvers vegna er ekki uppi sú staða, þar sem nektardansstöðum hefur fjölgað svona mikið, að íslenskar stúlkur gangi í þessi störf? Svari nú hver hv. þm. með sjálfum sér þeim spurningum, herra forseti.

[15:21]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hafa verið afar fjörugar umræður um nál. varðandi breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Málið er auðvitað að þessi breyting er til komin vegna þeirra erlendu dansara sem hér eru. Áður féllu þeir ekki undir neina skilgreiningu aðra en að vera listamenn, gátu komið hingað til lands, verið í fjórar vikur og farið svo út aftur.

Ég lít á þetta sem hluta af því að fylgjast með þessum dönsurum og veita þeim stuðning. Þær hafa hingað til komið sem listamenn án þess að hafa leyfi og verið þessar fjórar vikur. Núna geta þær komið, þurfa að uppfylla ákveðnar skyldur og fá ákveðin réttindi. Það má þess vegna sjá fyrir sér að þær geti leitað til stéttarfélaga, fengið túlkaþjónustu og annað sem þær gátu ekki áður vegna þess að þær áttu þess hvergi kost. Ég sé ekki betur en þarna sé stuðlað að því að hægt verði að fylgjast með þeim þeim til góðs.

Við skulum ekki gleyma því að við erum að tala um yfir 800 dansara á ári sem koma til landsins. Það hefur stundum verið talað um að þetta skiptist í þrjá hópa þ.e. frá Evrópu, af EES-svæðinu og síðan baltnesku löndin. Þróunin hefur orðið sú að þessi hópur er helst frá baltnesku ríkjunum og Rússlandi. Þess vegna er kannski enn mikilvægara að reyna að tryggja rétt þeirra hér vegna þess að í þessum hópi er líka stéttskipting eins og í mörgum öðrum hópum samfélagsins. Einnig er talað um að það sé orðið minna umleikis af fé, þær fái ekki eins mikið greitt núna og áður.

Orsök alls þessa má rekja til tveggja hluta. Þessir dansstaðir í miðbænum voru opnaðir og sveitarfélagið Reykjavík hafði ekki nein tæki í höndunum til þess að reyna að stýra því. Þá var brugið á það ráð að stofna vinnuhóp til að skoða hvað hægt væri að gera. Ég kom inn í þingið með umræðu utan dagskrár um verslun með manneskjur eða mansal, um hvað gerðist á þessum stöðum. Mér finnst réttarstaða þessara kvenna skipta meginmáli.

Í nefndinni komu fram tillögur. Í fyrsta lagi að veita sveitarfélögum stýritæki til að stjórna því hvernig miðbæir þeirra líta út og hvernig leyfi þessi staðir eigi að hafa. Það frv. hefur verið til umfjöllunar í samgn. og líka í félmn. Í annan stað var sú breyting sem hér er gerð. Það má vel vera að það sé hægt að ganga lengra en mig langar að vita hvernig. Þetta er ein leiðin, að taka þá sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins og krefja þá um atvinnuleyfi og dvalarleyfi. Við getum líka fremur stutt þær þegar við vitum hverjir eru í landinu og

getum fylgst betur með málunum. Það finnst mér skipta máli gagnvart þessum konum. Mér finnst að fólk megi ekki tapa sér í því að við göngum ekki nógu langt og gerum ekki nóg. Þetta eru þau tvö skref sem stíga á núna og ég er þeim afskaplega fylgjandi.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spurði áðan af hverju íslenskar stúlkur dönsuðu ekki á þessum stöðum. Kannski er það vegna þess að þær gætu komist að einhverju sem hægt væri að grauta í. Það getur verið ein ástæðan. Mér finnst hins vegar spurning hvort við eigum að berjast fyrir því að þær fái þarna vinnu. Ég fæ ekki betur séð en símaklámið sé aðaliðngrein íslenskra kvenna. Það verður mjög fróðlegt að sjá þegar úttekt hefur verið gerð á því vændi sem til er. Þá höfum við kannski eitthvað meira til að sjá hvar þurfi að grípa inn í, hvar við getum verið með forvarnir þannig að það er mjög margt í pípunum. Þetta eru tvær tillögur, þ.e. breyting á atvinnuréttindum útlendinga og svo hins vegar þetta með næturklúbbana þannig að sveitarfélögin hvort sem það er Akureyri, Reykjavík, Hafnarfjörður eða Keflavík geti nýtt þetta sem stýritæki. Ég held að það sé mjög erfitt og við sjáum hvort sveitarfélögin finna einhverjar leiðir í því. Ákveðnir staðir eru komnir til að vera og þá er spurning hvernig við ætlum að hafa eftirlit með þeim.

Aðalvandamálið, t.d. í Finnlandi, voru þessir beru barir svokölluðu þar sem þjónar, aðallega konur, voru alltaf berar að ofan. Þeir spruttu upp eins og gorkúlur. Ég held að þeir hafi verið 100 í Helsinki einni. Fólk gat ekki farið og drukkið einn bjór öðruvísi en að vera alltaf með brjóst ofan í glasinu. Þannig má sjá að þetta gengur í eins konar bylgjum. Það má kannski segja sem svo að staðan á Íslandi núna sé eins og staðan var í Danmörku fyrir 30 árum síðan. Þetta er nákvæmlega eins og þegar klámbylgjan reið þar yfir. Ég veit ekki hvort ég hafi gaukað þessari hugmynd að nýjum skemmtanahöldurum í Reykjavík, ég veit það ekki, en þetta var vandamál sem Helsinkiborg tók á sem sveitarfélag. Við eigum auðvitað líka að læra af þeim sem tekist hafa á við þetta.

Ég lýsti mig samþykka þessu nál. Ég sá enga ástæðu til þess að hafa fyrirvara við að ekki kæmi fram í 1. gr. að beinlínis væri talað um dansara nektardansstaðanna. Það getur líka vel verið að eitthvað nýtt komi upp þar sem ekki eru bara einhverjir dansarar. Eins og ég sagði í fyrri umræðunni þegar málið var kynnt veit maður ekki hvort þetta endar sem einhverjir þjóðdansar á þessum stöðum. Við getum ekki heldur tryggt það.

Ég og við fulltrúar Samfylkingarinnar lýstum okkur sammála þessu nál. Þetta er rétt skref og ég vona svo sannarlega að það gefist vel. Ég veit að við eigum eftir að skoða þessi mál mun nánar í tengslum við önnur frv. sem liggja fyrir í þinginu.

[15:28]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur heldur betur færst fjör í leikinn í umræðum um þetta litla frv. Eins og fram kemur í grg. með frv. er það einkum ætlað til að veita félmrh. skýra lagaheimild til að setja reglur sem skilgreini hverjir falli undir undanþágulið b í 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga og geti talist listamenn í skilningi laganna. Í mínum málflutningi varðandi þetta mál gagnrýndi ég einkum það að þessir nektardansarar væru látnir falla undir þetta ákvæði. Mér sýnist að þetta litla frv. taki þó á því. Mér finnst að ef það væri sérstaklega tekið fram, að það fjallaði bara um nektardansara, þá væri það þrenging á þessu ákvæði. Það er alla vega minn skilningur. Ég styð þetta eins og það liggur fyrir hér.

En það var af öðru tilefni sem mig langaði að koma hér upp. Það var vegna þess að hér fylgir brtt. við 13. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga frá 1994. Samkvæmt tillögu félmrn. er þessari brtt. ætlað að undanþiggja maka íslenskra ríkisborgara skilyrðum laganna um atvinnuleyfi, enda hafi þeir fengið dvalarleyfi hér á landi eða afhent skráningaryfirvöldum norrænt flutningsvottorð. Ég fagna sérstaklega þessari tillögu. Hún hefði mátt koma fram fyrr. Ég hef skýrt frá því á undanförnum mánuðum hversu gríðarlegur vandræðagangur hefur verið í þessum málum. Ég kynntist persónulega fólki sem var að því komið að þurfa að flytja úr landi, það var gift Íslendingum en gat ekki fengið vinnu vegna þess að ferillinn fyrir umsókn um atvinnuleyfi var svo flókinn. Þetta virtist í algerri mótsögn við það sem var í öðrum EES-ríkjum. Hér hefur verið tekið á þessu máli í eitt skipti fyrir öll og ég þakka það sérstaklega. Vonandi siglir svo í kjölfarið alger endurskoðun á lögum um útlendinga frá 1965 sem ég tel mjög ríka þörf á og vona að henni verði hraðað sem mest má.

[15:31]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður orðið hafa um þetta ágæta nál. félmn. Eins og fram kom í framsögu minni var farið mjög nákvæmlega í þetta mál. Margir voru kallaðir til að ræða umfang málsins og við erum þeirrar skoðunar að með þessu séu stigin þau skref að hægt verði að hamla að einhverju leyti þeirri starfsemi sem menn hafa haft miklar áhyggjur af, þ.e. starfsemi nektardansstaðanna.

Ég held að rétt sé að það komi fram einu sinni enn um hvað þessar brtt. fjalla. Þar segir skýrum orðum:

„Þeir sem koma fram á næturklúbbum falla ekki undir þessa undanþágu."

Þarna er vísað í undanþáguna sem núna er notuð fyrir nektardansarana til að koma inn í landið. Þetta þýðir að allir þeir sem starfa á stöðum sem flokkast undir næturklúbba þurfa að fá atvinnuleyfi.

Einnig getur síðan ráðherra sett reglur sem skilgreina nánar einstök störf sem falla undir undanþágu 14. gr. Þó að einhverjir ætluðu að reyna að fela slíka starfsemi með því að sækja um á þessari undanþágu þá er það í höndum ráðherra að skilgreina hvaða störf falla þarna undir.

Ég ætla enn og aftur að þakka hv. félmn. fyrir starfið sem gekk mjög vel og var mjög upplýsandi fyrir alla nefndarmenn. Við teljum að hér sé gengið eins langt og hægt er á þessu stigi en okkur er fullljóst að hér er ekki verið að banna eitt eða neitt. Við teljum það reyndar nokkrum erfiðleikum bundið að banna þessa starfsemi. Við þekkjum auðvitað samfélög þar sem t.d. nekt er bönnuð, við getum vísað til Íran. Við treystum okkur ekki til þess að ganga svo langt því að það er ekki hluti af okkar menningu að hafa slík höft á því hvernig fólk kemur fram.

Þetta vildi ég segja hér að lokum, hæstv. forseti. Ég vil að það komi enn og aftur fram að auðvitað er mikill óhugnaður og vandamál sem tengjast mansali og kynlífsþrælkun. Okkur ber að vinna gegn slíku. Þetta frv. er liður í að hægt verði að hafa stjórn á þeim sem koma til landsins og eftirlit með þeim. Hæstv. félmrh. á þakkir skildar fyrir að hafa lagt frv. fram. Félmn. er einhuga um að þau skref sem þarna eru stigin skipti máli.

[15:35]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. sem ekki eigum sæti í nefndinni hljótum að lesa nál. til að reyna að glöggva okkur á því í hverju brtt. felast, á hverju er tekið og hvernig og hvort gengið er nógu langt eða of skammt að okkar mati og bera fram spurningar úr ræðustól. Ég verð að segja að ég get tekið undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að nál. er ekki mjög skýrt.

Í nál. hefði t.d. mátt koma fram hvaðan heilbrigðisvottorðið á að koma, hvort það er frá heimalandi viðkomandi sem sækir um atvinnuleyfi eða dvalarleyfi hér, hvort nóg er fyrir atvinnurekanda að sækja um dvalarleyfið, hvort einstaklingur sem kemur til að dansa á nektardansstað þarf að leggja fram heilbrigðisvottorð frá íslenskum heilbrigðisyfirvöldum þegar á staðinn er komið eða hvort nægjanlegt er að senda það á undan frá heimalandi. Ýmis svona vafaatriði koma upp í huga minn við lestur á nál. og þeim brtt. sem hér eru lagðar fram.

Ég skildi hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur þannig að hún væri að velta fyrir sér hvort þarna væru stigin þau skref sem dygðu með þessari löggjöf, sem fjallar sannarlega um atvinnuréttindi útlendinga almennt en breytingin er þó eingöngu til að taka á starfsemi nektarstaða. Það sést á nál. Ég vildi heyra frá hv. þm., formanni félmn., um þessi tvö atriði, þ.e. dvalarleyfið og heilbrigðisvottorðið. Er nóg fyrir atvinnurekandann að sækja um dvalarleyfið? Kemur til greina heilbrigðisvottorð frá viðkomandi landi sem er t.d. utan EES-svæðisins? Einnig vildi ég spyrja: Hvaða tillit hefur verið tekið til þeirra reglna sem Evrópuráðið, bæði mannréttindadeildin og jafnréttisdeildin, hafa lagt til hvað þetta varðar?

[15:38]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Atvinnurekandi þarf að sækja um atvinnuleyfi. Þegar hann sækir um fyrir tímabundið atvinnu- og dvalarleyfi þá gengur það þannig fyrir sig að hann fær umsóknareyðublað, sækir um og sendir til umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags eða landssambands. Stéttarfélagið eða viðkomandi landssamband veitir jákvæða eða neikvæða umsögn um umsókn atvinnurekenda og það er síðan sent til útlendingaeftirlitsins. (**Gripið fram í:** Hvaða stéttarfélags?) Væntanlega starfsfólks veitingahúsa. Útlendingaeftirlitið veitir útlendingi dvalarleyfi og síðan veitir Vinnumálastofnun atvinnuleyfið ef það er niðurstaða málsins. Útlendingaeftirlitið gefur síðan út skírteini sem þessu fylgir og atvinnurekandinn ber ábyrgð á starfsmanni sínum og vitjar skírteinisins.

Spurt var hvað þyrfti til að fá atvinnuleyfi. Ég fór yfir það í framsöguræðu minni í gær. Útlendingaeftirlitið þarf að veita útlendingi dvalarleyfi, skrifa þarf undir ráðningarsamning til tiltekins tíma eða verkefnis sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, samanber starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, og einnig þarf umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eða viðkomandi landssambandi.

Varðandi læknisvottorð þá þarf atvinnurekandi að leggja fram íslenskt læknisvottorð samkvæmt fyrirmælum landlæknisembættisins þegar eftir komu útlendingsins til landsins. Atvinnuleyfishafa er óheimilt að láta útlending hefja störf fyrr en vottorðið hefur verið lagt fram.

[15:40]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi svör sem gefa mér alla vega ákveðnar útskýringar umfram það sem er í nál. Við þurfum að ganga þannig frá málinu að ljóst sé hvað menn eru að fara og hvaða reglur gilda. Við höfum ekki alltaf viðkomandi lög við höndina. Ég efast ekki um að farið hafi verið yfir þetta í framsöguræðu hv. þm. en hins vegar komu ekki svör við spurningu minni um hvort tekið er tillit til þeirrar vinnu sem hefur átt sér stað í Evrópuráðinu. Þar er reynt að taka á þessu og samræma þær reglur sem gilda hjá Evrópuþjóðunum og öllum aðildarþjóðum Evrópuráðsins. Ég veit að drög að slíkum reglum voru send til ráðherraráðsins. Það hefur ekki verið gengið frá þeim en voru þær notaðar við mótun þessa frv. og í vinnu nefndarinnar? Mér finnst það skipta máli.

Ég held að það sé afar erfitt að vísa til stéttarfélags varðandi þessa sérstöku starfsgrein, nektardans. Ég efast um að þau eigi aðild að því stéttarfélagi sem hv. þm. vísaði til. Það er kannski þörf á því að til verði stéttarfélag og menn setji sér starfslýsingar þannig að ekki eigi sér stað atburðir eins og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir lýsti hér áðan.

[15:42]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Félmn. fór ekki yfir verðandi samþykktir Evrópuráðsins eða þær reglur sem þar eru í undirbúningi. Hins vegar má vel vera að sú nefnd sem undirbjó frv., nefnd sem var skipuð fulltrúa Reykjavíkurborgar, dómsmrn., félmrn. og samgrn. hafi gert það. Ég reikna með að þessi ráðuneyti hafi haft einhverjar upplýsingar um það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi og hafi haft þær til hliðsjónar þegar frv. var undirbúið. Um það hef ég því miður ekki upplýsingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með útlendingum, 2. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 578, nál. 921, brtt. 922.

[15:43]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlit með útlendingum. Þetta frv. er eitt af fleiri frv. sem hafa verið til meðferðar hjá nefndinni vegna fyrirhugaðrar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom berlega í ljós að mikil þörf er á heildstæðri löggjöf um málefni útlendinga hér á landi. Það kom m.a. skýrt fram í máli þeirra gesta sem nefndin fékk á sinn fund. Núgildandi lög eru að stofni til frá 1965 en þá voru þau sett til að laga íslenska löggjöf að nýgerðum samningi Norðurlandanna um afnám vegabréfaskyldu. Bent var á að frv. þetta breytti í raun litlu um það lagalega tómarúm sem hér væri til staðar um öll helstu grunnatriði sem varða lagalega stöðu útlendinga, meðferð á málum þeirra, komu og dvöl í landinu og brotthvarf héðan. Schengen-samstarfið gerir ráð fyrir að í hverju aðildarríki fyrir sig sé fyrir hendi heildstæð löggjöf um réttindi og stöðu útlendinga. Nefndin telur afar brýnt að löggjöf á þessu sviði

verði endurskoðuð í heild nú þegar, bæði vegna stöðu mála innan lands og stöðu Íslands á alþjóðavettvangi.

Því er það sérstakt fagnaðarefni að hæstv. dómsmrh. ætlar að leggja fram frv. á næsta þingi um málefni útlendinga eins og hann hefur þegar boðað hér á hinu háa Alþingi.

Á fundi nefndarinnar kom ábending frá flugmálastjóra varðandi 7. gr. 1. mgr. frv. um að líklegt væri að í framtíðinni komi haldlagning lögreglu á farseðlum ekki til með að stöðva farþega. Byggist þessi ábending á þeim breyttu viðskiptaháttum í flugi sem öðrum þáttum viðskiptalífsins. Líklegt er að rafrænir farseðlar taki við af pappírsútgáfu þeirra í náinni framtíð. Má því telja að haldlagning lögreglu á farseðlum samkvæmt 1. mgr. 7. gr. frv. nái til farseðla eða ígildi þeirra.

Að mati nefndarinnar er gildistökuákvæði frv. ekki nægilega skýrt. Með því að heimila dómsmrh. að ákveða hvenær lögin öðlist gildi er verið að framselja heimild löggjafans til að ákvarða um gildistöku laga. Um meðferð Schengenupplýsingakerfisins var svipað gildistökuákvæði. Því var breytt í yfirferð nefndarinnar og hefur það frv. verið staðfest sem lög frá Alþingi. Hér gilda sömu röksemdir og um það gildistökuákvæði.

Fram kom að hér er um sérstakt vandamál að ræða því ekki liggur fyrir hvenær Ísland muni hefja þátttöku í Schengensamstarfinu. Í grg. með frv. var tekið fram að fyrirhugað sé að Norðurlöndin hefji þátttöku haustið 2000. Nú er verið að ræða um að það verði hugsanlega 25. mars árið 2001. Eftir því hvernig undirbúningi miðar gæti þó verið hugsanlegt að fresta þátttökunni. Af þeirri ástæðu er lagt til að ráðherra ákveði hvenær lögin öðlist gildi. Röksemdirnar með þessu eru því ósköp skýrar.

Herra forseti. Í máli Páls Hreinssonar sem kom á fund nefndarinnar kom skýrt fram að ákvæðið eins og það er í frv. brýtur ekki í bága við stjórnarskrána ef bætt yrði við að lögin yrðu birt í A-deild stjórnartíðinda. Hins vegar kom einnig fram í máli hans að slíkt valdframsal löggjafans eigi að vera alger undantekning. Það var því mat nefndarinnar að þrátt fyrir að gildistökuákvæði frv. stæðist stjórnarskrá væri ákvæðið óheppilegt. Hér er um að ræða algera undantekningu frá því sem almennt tíðkast sem er ekki í samræmi við þá lagahefð sem skapast hefur hér á landi, að Alþingi ákveði hvenær lög sem það hefur samþykkt öðlist gildi. Vegna almenns réttaröryggis verður að vera skýrt hvenær og hvernig lög taka gildi. Ekki síst þarf að birta þau með lögformlegum hætti svo almenningur geti kynnt sér efni þeirra.

Herra forseti. Í ljósi þessa er lagt til að skýrt verði kveðið á um hvenær lögin öðlist gildi. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (vitnavernd, barnaklám o.fl.). — Þskj. 613, nál. 967, brtt. 968.

[15:48]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga. Helstu breytingar eru þær að lagt er til að tekið verði fram í lögunum að við ákvörðun refsingar hafi áhrif hvort sakborningur hefur upplýst um aðild annarra að brotinu. Einnig er lagt til að bætt verði við lögin sérstöku ákvæði um refsinæmi brota sem beinast að vitnum, lagt er til að sektarhámark í hegningarlögum verði afnumið og lagðar eru til breytingar sem veita börnum frekari vernd gegn barnaklámi.

Samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það refsingu, sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum að framleiða, flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá til sýnis. Þá varðar það sömu refsingu að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra sambærilega hluti.

Í 4. mgr. 210. gr. hegningarlaga er síðan lögð refsing við því að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða aðra sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt. Það er hins vegar ekki lögð sérstök refsing við því í hegningarlögum að búa til, flytja inn, selja, útbýta eða dreifa klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum sem sýna börn á kynferðislegan hátt eða klámfenginn hátt. Refsingin er sú sama hvort sem börn eru notuð til framleiðslu efnisins eða fullorðnir. 4. mgr. 210. gr. hegningarlaga fjallar því einvörðungu um vörslu barnakláms, en framleiðsla, dreifing og vörslur á slíku efni varða sömu refsingu hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Í þessu frv. er hins vegar verið að veita barninu enn frekari vernd við því ofbeldi sem framleiðsla og dreifing á barnaklámi er.

Við meðferð málsins hjá nefndinni kom fram tillaga frá ríkissaksóknara um að gera breytingar á 5. mgr. 57. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu skal dómari kynna dómfellda rækilega skilyrði skilorðsdóms og afleiðingar skilorðsrofa. Í þeim tilvikum þegar dómfelldi hefur ekki verið viðstaddur uppsögu skilorðsbundins héraðsdóms hefur lögregla birt dóminn. Dómari hefur ekki heimild til að fela öðrum að kynna dómfellda skilyrði skilorðsdóms og afleiðingar skilorðsrofa.

Að mati nefndarinnar er rétt að leggja fram breytingu sem heimili dómara að fela lögreglu að kynna dómfellda skilorð dóms og afleiðingar skilorðsrofa hafi hann ekki verið viðstaddur dómsuppsögu. Dómari ætti um leið að láta lögreglu í té leiðbeiningar um hvernig kynna beri skilorð og afleiðingar skilorðsrofa.

Nefndin leggur einnig til lagfæringar á 5. gr. Lagt er til að vísun til 225. gr. laganna um nauðung falli brott. Fjallað er um nauðung í fleiri ákvæðum almennra hegningarlaga og telur nefndin ekki rétt að ákvæðið takmarkist við nauðung skv. 225. gr. Þá er í frumvarpinu lagt til að heimilt verði að beita sektum ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi. Brot sem beinast að vitnum geta tæplega talist smávægileg og því er lagt til að sektarheimild verði bundin við málsbætur.

Herra forseti. Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, síðari umr.

Þáltill. KPál o.fl., 233. mál. — Þskj. 284, nál. 941 og 969. [15:52]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta umhvn. um till. til þál. um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands.

Nefndinni bárust umsagnir frá 21 aðila og 17 af þeim mæltu með rökstuðningi og jákvæðri afgreiðslu þessa máls. Einn var á móti, þrír voru hlutlausir þannig að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra umsagnaraðila sem tóku afstöðu voru meðfylgjandi því að þessi tillaga yrði samþykkt.

Eins og segir í nál. er markmiðið með tillögunni að hvetja til þess að viðhalda íslensku veðurhugtökunum sem hafa unnið sér sess í málvitund þjóðarinnar samhliða því að alþjóðlegt einingakerfi sé notað til að lýsa veðurhæð. Þannig sé lögð áhersla á að viðhalda fjölbreytileika íslenskrar tungu samhliða notkun alþjóðlegra skilgreininga. Að mati meiri hluta nefndarinnar væri miður ef íslensk veðurheiti glötuðust úr málinu og telur hann mikilvægt að Veðurstofa Íslands viðhaldi þeim.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, voru 17 aðilar af 21 sem lögðu til að þessi tillaga yrði samþykkt í þinginu með þeim rökstuðningi sem flutningsmenn hennar höfðu áður lagt fram. Ég ætla að leyfa mér að lesa úr umsögnum nokkurra aðila sem sendu inn álit og vil vitna hér til að byrja með í álit frá Ríkisútvarpinu sem var nokkuð ítarlegt og vil ég grípa niður í það, með leyfi forseta. Þar segir:

„Leitað var álits fréttamanna á nýja kerfinu. Eins og vænta mátti sakna þeir mjög gömlu veðurhugtakanna; þeim finnst textinn nú miklu einhæfari og bragðdaufari en áður. Einn fréttamaður tók sem dæmi að fyrir kemur að vindhraði og lofthiti sé sama eða mjög svipuð tala nokkra daga í röð, það sé leiðigjarnt til lengdar í lestri og geti jafnvel valdið misskilningi.

Einnig benda fréttamenn á að „metrar á sekúndu" er lengra í lestri en vindstig eða veðurhugtökin gömlu og beygingin er flóknari. Veðurspá er lesin í lok frétta, oft í tímahraki. Þá er gott að geta stytt textann í snatri, jafnvel um leið og lesið er. Miklu meiri hætta er á villum við þær aðstæður nú en áður. Þá er greinilegt að starfsmenn Veðurstofunnar þurfa flestir lengri tíma til að lesa veðurfréttir nú en í gamla kerfinu. Það getur verið bagalegt, einkum í morgunútvarpi. Nokkur dæmi eru þess að morgunbæn hafi fallið niður af þessum sökum.

Niðurstaðan er því þessi: Rétt er að mælast til þess við forsvarsmenn Veðurstofu Íslands að gamla veðurhugtakakerfið verði notað samhliða nýja kerfinu með metrum á sekúndu. Rétt eins og landsmenn þurfa að venjast m/sek í stað vindstiga áður ættu veðurstofumenn að geta vanist því að nota veðurhugtökin og metra á sekúndu saman og sleppa metrunum stundum til hagræðis.

Í grófum dráttum yrði þetta svona, veðurfræðingar gæti kveðið nánara á um þá tölu sem hæfir hverju hugtaki:" — og svo segir, herra forseti:

„<5 m/sek = logn, andvari, kul og gola

5–10 m/sek = stinningsgola, kaldi

10–20 m/sek = stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri

20–30 m/sek = stormur, rok

>30 m/sek = ofsaveður fárviðri."

Undir þetta ritar Helga Jónsdóttir, málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins.

Í áliti sem sent er frá Menntaskólanum á Akureyri, sem mig langar til að vitna í segir svo, með leyfi forseta:

„Notkun gamalla, íslenskra orða um veðurfar í veðurfréttum Veðurstofu Íslands stuðlar tvímælalaust að því að varðveita sérkenni og blæbrigði íslenskrar tungu. Tel ég þessa þingsályktunartillögu því bæði gagnlega og virðingarverða, ekki síst í ljósi þess að breytingar á íslenskri málnotkun hafa orðið miklar undanfarin ár, en miklar breytingar á málnotkun geta leitt til breytinga á málkerfi tungumáls, eins og dæmin sanna ... Það er því mikils virði að löggjafinn lætur sig þetta mál varða." — Segir í lok þessa álits.

Herra forseti. Háskóli Íslands sendi frá sér umsögn sem Haraldur Ólafsson veðurfræðingur undirritar og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég undirritaður hef kynnt mér þingsályktunartillögu um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands og tek henni fagnandi. Tel ég að tillagan eigi við góð rök að styðjast, sem og öll helstu atriði sem fram koma í greinargerðinni sem henni fylgir.

Enginn vafi er á að hugmyndir þær sem fram koma í tillögunni eiga verulegan hljómgrunn meðal almennings. Vil ég í því sambandi upplýsa að fyrir nokkru fór fram skoðanakönnun á fundi í siglingaklúbbi í Reykjavík þar sem fram kom að yfirgnæfandi meiri hluti fundarmanna óskaði þess að veðurheiti yrðu notuð fyrir vind í veðurspám."

Síðan er hér umsögn, herra forseti, sem barst frá háskólanum einnig og þar segir í lok umsagnarinnar, með leyfi forseta:

„Undirritaður tekur heils hugar undir tillöguna. Þarflaust er að nota erlend hugtök einvörðungu þegar til eru góð og gild íslensk hugtök sem hafa áunnið sér hefð. Í málfarslegum efnum sem flestum öðrum er jafnan skynsamlegast að leita meðalhófsins vandratаða og því skal sérstaklega tekið undir 2. málsl. 3. mgr. í greinargerðinni: Lögð er áhersla á að viðhalda fjölbreytileika íslenskrar tungu jafnframt notkun alþjóðlegra skilgreininga."

Að lokum, herra forseti, vildi ég aðeins vitna í umsögn sem kemur frá Íslenskri málefnd, formanni hennar, Kristjáni Árnasyni. Í henni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það verður að teljast góðra gjalda vert að Alþingi mæli með því að notuð séu hefðbundin íslensk orð um vindhraða, og þá ekki síst í veðurfregnum sem birtast almenningi. Líklegt er að þau veðurorð sem þar eru notuð verði almenningi töm og að breytingar á málnotkun í veðurfregnum geti haft áhrif á almennt málfar."

Í lok álits frá Íslenskri málnefnd segir svo: „Því ber að fagna þessari tillögu, enda verði það látið Veðurstofunni eftir að ákveða hvernig henni verður framfylgt í einstökum atriðum, t.d. um það hversu mörg íslensk heiti verða notuð í veðurlýsingum og veðurspám."

Eins og komið hefur fram barst fjöldi annarra umsagna, mjög jákvæðra og taldi ég nauðsynlegt að hér kæmi einnig fram hvernig þær hljóða. Í nál. minni hlutans er nánast einvörðungu getið um álit Veðurstofu Íslands eða öðrum sem mælt hafa gegn þessari tillögu. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að kalla fram þau viðbrögð sem fram hafa komið hjá þeim sem jákvæðir eru í þessu máli. Það er ástæðan fyrir því að ég les upp úr þeim umsögnum sem komið hafa svo að hv. þingmenn og aðrir sem hlusta á þessa umræðu geti gert

sér grein fyrir því hvernig umræðan úti í þjóðfélaginu hefur verið í þessu máli.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að taka til skoðunar álit sem kom frá Veðurstofunni. Þar er á margan hátt reynt að gera tortryggilega þessa tilraun alþingismanna til að vernda íslensk veðurhugtök. Það er gert með fullyrðingum sem mér finnst ekki eiga við rök að styðjast séu þær umsagnir bornar undir umbjóðendur þeirra. Ég geri ekki ráð fyri að hægt sé að efast neitt um það.

Í nál. minni hluta umhvn. er vitnað í umsögn frá Veðurstofunni og veðurstofustjóra og í d-lið segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti þjóðarinnar þekkir ekki veðurfræðilega merkingu þessara vindstyrksheita. Í nýlegri könnun vissi um 80% aðspurðra ekki eða svaraði rangt spurningu um veðurfræðilega merkingu orðsins stinningskaldi."

Það er náttúrlega merkilegt að það eigi að vera rök fyrir því að hætta notkun á gömlum íslenskum orðum um vindstyrk að 80% þjóðarinnar þekki ekki orðið stinningskaldi. Það hefði alveg eins verið hægt, herra forseti, að spyrja þjóðina að því hvað 10 m/sek. eða 10–15 m/sek. þýddu. Ég er nokkurn veginn viss um að yfir 90% þjóðarinnar hefðu ekki getað svarað þeirri spurningu. Mér finnst því mjög einkennilegt að Veðurstofan skuli gera slíka könnun sérstaklega. Hún er einungis til þess fallin að sá tortryggni í garð þeirra sem reyna með rökum að viðhalda íslensku máli eins og við höfum lagt til.

Í umsögn veðurstofustjóra segir líka, herra forseti:

„Sjómenn vilja nota töluleg heiti yfir vindstyrk fremur en vindheiti og var notkun vindheita hætt í sjóveðurspám fyrir fimm árum."

Ég vil bara benda á, herra forseti, að í umsögnum frá sjómönnum kemur einmitt fram hið gagnstæða. Þeir vilja að gömlu hugtökin verði notuð áfram. Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa upp þá aðila sem sendu sérstaklega inn umsögn og tengjast sjónum. Þar eru LÍÚ, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamtök Íslands. Þessir þrír aðilar sem við getum sagt að tengist beint sjónum senda allir inn umsögn sem styður fremur að halda eigi gömlu orðunum um lýsingu á veðri. Þessi fullyrðing veðurstofustjóra stangast því algerlega á við það sem heildarsamtök sömu aðila biðja um. Ég furða mig því mjög á þessari fullyrðingu. Síðan segir hér, herra forseti, í g-lið þskj. 969 þar sem vitnað er til umsagnar Veðurstofu Íslands:

„Vindheitin ná ekki yfir vindhviður sem geta haft mun meiri vindhraða en meðalvindur á tímaeiningu og nauðsynlegt er að geta notað mælanlega hraðaeiningu í lýsingu á þeim."

Í tillögu okkar, herra forseti, er alls ekki verið að banna eitt eða neitt. Þar er alls ekki mælt gegn því að metrar á sekúndu séu notaðir. Þegar það er nauðsynlegt er náttúrlega bara eðlilegt að nota metra á sekúndu, enda ítreka ég að meining okkar flutningsmanna hefur aldrei verið að hamla gegn þróun eða öryggi að þessu leyti, ef talið er öruggara að nota þetta í einstaka tilvikum. Ég segi því, herra forseti, að þessi athugasemd er á misskilningi byggð eða óþörf.

Svo segir hér, herra forseti, í i-lið nefndarálitsins þar sem vitnað er til Veðurstofu, með leyfi forseta:

„Notkun m/sek. er nákvæmari en veðurhugtökin og samræmist mælikerfi nágrannaþjóðanna."

Þetta er dálítið furðulegt því þegar maður lítur á k-liðinn. Þá er allt í einu orðið óhentugra að nota veðurhugtökin íslensku vegna þess að þau séu orðin svo mörg. Í k-lið segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Óhentugt getur verið að nota veðurhugtök jafnhliða m/sek. þegar spá um vind er á ákveðnu vindbili. Til dæmis ná fjögur veðurhugtök yfir vindstyrk á bilinu 5–10 m/sek., ..."

Þá er allt í einu orðið óhagstæðrara að nota gömlu heitin vegna þess að þau eru farin að lýsa þessu nákvæmar en 5–10 m/sek. Mér finnst þetta því rekast hvert á annars horn og töluvert mikill útúrsnúningur af hálfu veðurstofustjóra að fara út í svona málflutning. Þar fyrir utan er talað um að fjögur veðurhugtök nái yfir þetta á bilinu 5–10 m/sek. en fjórða veðurhugtakið nær frá 9,9–12,4 m/sek. sem mér finnst svona í meira lagi vafasamt rökfræðilega séð. Mér finnst, herra forseti, þessi málflutningur afskaplega mótsagnakenndur og í sjálfu sér er ekki við hæfi af hálfu embættismanns að viðhafa slíkt því að þessi tillaga hefur ekki beinst gegn þessari stofnun á neinn hátt.

Það hefur einnig komið fram, herra forseti, að sumum finnst ekki eðlileg stjórnsýsla að Alþingi skipti sér af því hvernig stofnanir í eigu ríkisins hagi sínum málum. Íslenskt mál er náttúrlega eitt af því sérstaka sem við eigum og gerir okkur að þjóð. Það skiptir því afskaplega miklu máli, herra forseti, hvernig málvenja okkar þróast. Það kemur okkur öllum við, öllum Íslendingum, og þá að sjálfsögðu Alþingi Íslendinga. Þess vegna, og náttúrlega fyrst og fremst þess vegna, komum við með þetta mál hér inn vegna þess að fram að þessu hefur Alþingi Íslendinga verið í fararbroddi, þ.e. alþingismenn, við að fegra og viðhalda íslensku máli með ýmsum hætti eins og menn þekkja.

Mér finnst reyndar merkilegt að sjá það í nefndaráliti minni hlutans að hv. þingmenn sem það undirrita agnúast út í tillögu okkar með þessum rökum, minnugur þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vildi að Alþingi skipti sér af því hvernig Ríkisútvarpið hagaði afsökunarbeiðni til fréttamanns sem fengið hafði ákúrur frá útvarpsstjóra, ef ég man rétt, fyrir nokkrum mánuðum síðan. Þá var slíkt, samkvæmt röksemdafærslu hv. þm., talið mjög eðlilegt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma. Mér sjálfum finnst þetta afskaplega eðlileg málsmeðferð og málefnaleg sem meiri hlutinn hefur lagt til. Ég ætla í lokin að leyfa mér að lesa upp alla þá sem sendu inn jákvæða umsögn um þetta mál. Þeir eru: Landssamband ísl. útvegsmanna; Bændasamtökin; Farmanna- og fiskimannasamband Íslands; Sjómannasamtök Íslands; Siglingastofnun; Skólastjórafélag Íslands; Háskóli Íslands; Landsvirkjun; Íslensk málnefnd; Ríkisútvarpið; Vegagerðin; Páll Bergþórsson, reyndar með þeim breytingum að hann vildi að vindstigin sjálf yrðu tekin inn í staðinn fyrir metra á sekúndu; Veðurklúbbur Dalbæjar, frægur klúbbur sem hefur mikið vit á veðurfræði; Gísli Jónsson, fyrrverandi menntaskólakennari við Menntaskólann á Akureyri; Menntaskólinn á Akureyri; Haraldur Ólafsson, veðurfræðingur Háskóla Íslands, og Landssamband smábátaeigenda. Þetta eru 17 aðilar. Veðurstofa Íslands var á móti og Háskólinn á Akureyri og Orðabók Háskólans voru svona frekar á móti en með.

Íslenskir veðurfræðingar töldu sig ekki geta tekið sameiginlega afstöðu um þetta mál. Þannig skiptist þetta.

Ég þarf ekki að segja meira um þetta mál annað en að meiri hluti nefndarinnar, þ.e. sem sá sem hér stendur ásamt hv. þm. Katrínu Fjeldsted, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Katrínu

Andrésdóttur, Vigdísi Hauksdóttur og Gunnari Birgissyni, leggur til að tillagan verði samþykkt.

[16:12]

Frsm. minni hluta umhvn. (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti umhvn. um till. til þál. um notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands. Að minnihlutaálitinu standa auk mín hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason. Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til umhverfisráðherra að fela Veðurstofu Íslands að nota íslensku hugtökin logn, hægur vindur, andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri eins og við á í veðurlýsingum og veðurspám í ljósvaka- og prentmiðlum samhliða metrum á sekúndu þegar lýst er veðurhæð."

Í sjálfu sér er ekki mikið um þessa þáltill. að segja. Þetta er í rauninni ekki mjög stórt mál og ekki ástæða til þess að hafa mörg orð um það. Hins vegar koma þarna fram ákveðin prinsippatriði sem kannski er vert að skoða. Flutningsmenn þessarar þáltill., sem margir eru félagar mínir í Sjálfstfl., fara fram með hana undir merkjum málverndar sem sannarlega er gott málefni og verðugt baráttumál. Við í minni hluta umhvn. teljum að leggja beri þunga áherslu á mikilvægi málverndar og málræktar. Hins vegar vill minni hlutinn árétta að vandséð sé hvernig flokka megi það sem hlutverk Veðurstofu Íslands að stunda þá málvernd sem þáltill. virðist leggja henni á herðar.

Fjölmargir umsagnaraðilar hafa mælt með samþykkt þessarar þáltill. en þrír umsagnaraðilar skáru sig sérstaklega úr, þ.e. umsagnir Veðurstofu Íslands, Háskólans á Akureyri og Orðabókar Háskólans og er sérstaklega vísað til umsagna þeirra í nefndaráliti minni hlutans.

Mig langar að rökstyðja skoðun minni hlutans í þessu máli. Í fyrsta lagi teljum við það ekki eðlilega stjórnsýsla að Alþingi beini því til umhvrh. að beina til faglegrar undirstofnunar umhvrn. að breyta ákvörðun sem byggir á faglegum rökum. Minni hluti nefndarinnar telur að Veðurstofa Íslands hafi fært fullgild fagleg rök fyrir ákvörðun sinni um að nota mælanlegan skala til að lýsa vindstyrk í stað veðurhugtaka.

Ýmis rök eru á móti því að taka aftur upp íslensk veðurhugtök í lestri veðurfregna. Í fyrsta lagi vildi ég nefna skilning á merkingu hugtakanna. Í umsögn Veðurstofu Íslands segir að þeir hafi gert athugun í þessa veru þar sem fram komi að þekking almennings á tengingu veðurhugtakanna við tölulegan mælikvarða, þ.e. vindstig við metra á sekúndu, er takmarkaður. Í umsögninni segir að um 80% af tæplega 800 manna úrtaki í könnun Gallup nýlega vissi ekki eða svaraði rangt spurningunni um veðurfræðilega merkingu orðsins stinningskaldi. Jafnframt segir að Veðurstofan hafi fyrir fimm árum hætt að nota vindheitin í sjóveðurspám vegna óska frá sjómönnum sjálfum sem vildu fremur tölur en heiti.

Einnig má nefna þau rök að þessi hugtök hafa mismunandi merkingu milli landshluta og jafnvel á milli tíma. Ég vil t.d. segja fyrir sjálfa mig, sem er Vestlendingur og Sunnlendingur, að í mínum huga er stormur meira en rok. En á skala Veðurstofunnar er þessu öfugt farið. Þar er rok meira en stormur. Ég veit ekki hvort þessi skilningur minn er sérstaklega vestlenskur eða sunnlenskur. Hann er alla vega annar en Veðurstofan gefur út á sínum skala.

Einnig eru ýmis önnur veðurhugtök notuð í daglegu máli, jafnvel með mismunandi merkingu, án þess að vera notuð í formlegum veðurheitaskala Veðurstofunnar. Þar má nefna gjólu, strekking og blástur. Það hafa líka verið færð rök fyrir því að tungumálið þróist en það að Veðurstofan taki upp veðurhugtök í veðurlýsingum á ný eða veðurspám breyti engu þar um.

Í öðru lagi hefur verið nefnt óhagræði við notkun veðurheita í veðurlýsingum. Nefna má að þegar Veðurstofan spáir vindi á bilinu 5–10 m/sek., sem er mjög oft, þá ná fjögur veðurhugtök yfir þetta vindbil. Það er gola sem er 3,40–5,2 m/sek.; kaldi, 5,3–7,4 m/sek.; stinningsgola, 7,5–9,8 m/sek. og stinningskaldi, 9,9–12,4 m/sek. sem, þrátt fyrir það sem hv. þm. Kristján Pálsson sagði hér áðan, er þó á bilinu 5–10 m/sek. Þetta er óþjált og óhentugt og það er ruglingslegt að nota m/sek. og hin íslensku veðurhugtök samhliða í veðurlýsingu. Auk þess hefur það litla merkingu fyrir þá sem eru að hlusta.

Það má líka nefna það að notkun m/sek. er nákvæmara en veðurhugtökin. Það samræmist mælikerfi nágrannaþjóðanna þannig að þetta er tungumál sem skilst á milli landa. Önnur rök eru að veðurhugtakaskalinn nær upp í 29 m/sek. og yfir, þ.e. hugtakið fárviðri sem ég var ekki alveg viss um hvort væri fárviðri eða ofsaveður er misvísandi í plöggum Veðurstofunnar. Þetta hugtak, fárviðri, lýsir öllum vindi yfir 29 m/sek. en vindur og ekki síst vindhviður geta farið langt þar yfir. T.d. náði veðurhamur á Austurlandi fyrr í vetur milli 50–60 m/sek. sem er helmingi meira en minnsti vindur sem hugtakið fárviðri nær yfir. Það mundi þannig alls ekki ná því að vara fólk við þegar hugtakið fárviðri eða ofsaveður er notað yfir vind yfir 30 m/sek.

Ég verð að segja að aðeins framan af vetri, eftir að þetta nýja kerfi hjá Veðurstofunni var innleitt, var ég sjálf svolítið rugluð í hvernig túlka ætti veðurspána. En þegar ég náði þessum 50–60 m/sek. á Austurlandi, þegar þökin flugu af, þá náði ég skalanum. Ég hugsa að ég sé ekki ein um að hafa tileinkað mér þennan skala, sem sagt metra á sekúndu í veðurfregnum.

Auk þessa hefur verið talað um að það að tvítaka vindstyrk eða vindhraða lengi veðurfréttirnar og það þykir ekki eftirsóknarvert. Það kemur fram bæði í umsögn Veðurstofunnar og einnig Ríkisútvarpsins. Miðlunartillagan í þessu öllu saman, og ég tel að Veðurstofan hafi staðið fyrir henni, er að Veðurstofan notar yfirleitt ákveðin hugtök til áhersluauka í veðurfregnum, sérstaklega þegar verið er að spá miklum vindi, t.d. þegar hann fer yfir 30 m/sek. Þá eru til áhersluauka notuð orð eins og fárviðri eða ofsaveður.

Ég átta mig á að þessi umræða, herra forseti, er kannski ekki það brýnasta í þinginu en það væri samt ágætt að fá smáþögn.

Í þriðja lagi eru rökin á móti því að taka upp veðurhugtökin á ný þau sem snúa að málverndinni. Það er meginhlutverk Veðurstofunnar að spá fyrir um veður. Það er ekki sérstakt hlutverk hennar að standa fyrir málvernd. Veðurfarshugtökum eins og öðrum hugtökum sem lýsa veðurfari, t.d. hitastigi, er haldið á lofti með annarri notkun. Ég hef m.a. tekið fram í nefndinni að hægt er að nota þessi hugtök t.d. sem nöfn á hesta. Þeim er líka haldið á lofti með mannanöfnum. Þar get ég tekið sérstaklega fram mannanöfnin Svali og Blær og hestanöfnin Gola, Kaldi, Stormur, Gaddur, Nístingur og Þeyr en þetta eru hitaheiti sem upplögð eru sem nöfn á hesta til að viðhalda þessum hugtökum í daglegu tali.

Sams konar breyting hefur átt sér stað þegar breytt var úr gömlu mælieiningunum, t.d. tommu, þumlungi og öðrum hugtökum í metra. Einnig hefur sams konar breyting átt sér stað í gömlu hitastigslýsingunum en þar er skalinn frá 25 gráðu frosti til yfir 25 gráðu hita eftirfarandi: Fimbulkuldi er undir 25 gráðum, gaddur, hörkufrost, nístingur, stinningskaldi, kuldi, svali, milt, hlýtt, mjög hlýtt, þeyr og svækja, sem er lýsing á yfir 25 gráðu hita. Þegar hiti fer yfir 25 gráður ætti Veðurstofan samkvæmt sömu formúlu að tala um að það sé svækja úti. Varla viljum við taka þessi heiti inn sem lýsingu á hitastigi í veðurlýsingum.

Í umsögn Orðabókar Háskólans segir eftirfarandi varðandi málverndina, með leyfi forseta:

„Orðabók Háskólans er annt um hvert orð tungunnar og reynir að gæta þess að ekkert þeirra lendi í glatkistunni. Við verðum þó að horfast í augu við að mörg orð, sem tengjast verkháttum, sem eru á undanhaldi í búskap og sjávarútvegi, munu hverfa úr daglegum orðaforða og aðeins lifa á bókum hvernig sem reynt verður að sporna á móti. Þannig hafa orð öldum saman fallið í gleymsku þegar viðmiðið breytist. Tungan hefur þó ekki orðið orðfærri og ný orð verða sífellt til í stað þeirra sem hverfa. Þau af umræddum veðurorðum, sem raunverulega eru hluti daglegs orðaforða, munu halda velli og lifa áfram í málinu. Hin verða að láta í minni pokann fyrir öðrum sömu merkingar. Þetta sýnir saga orðanna á liðnum öldum."

Jafnframt vil ég vísa í umsögn Háskólans á Akureyri, en þar koma fram svipuð sjónarmið og vil ég vísa í það, með leyfi forseta:

„Það er mitt álit að það sé tímaskekkja að fela Veðurstofunni það verkefni að gæta varðveislu íslenskra orða sem væntanlega eru dauðadæmd hvort eð er. Ef orðin lifa ekki með þjóðinni í lífsbaráttunni á nýjum og breyttum tímum þá verður þeim ekki haldið á lífi með því að skylda stofnanir til að þylja þau í fjölmiðlum í tíma og ótíma. Þá verða þau með tímanum stofnanamál sem enginn skilur hvort eð er. Nær væri fyrir flutningsmenn að hafa áhyggjur af talnalæsi Íslendinga og beita sér fyrir því að fólk fengi meiri og betri þekkingu í meðferð talna þar sem lífsmáti þjóðarinnar í framtíðinni byggist í æ ríkara mæli á því að geta metið upplýsingar á tölulegu formi, t.d. vindhraða í m/sek."

Niðurstaða minni hluta umhvn. er því sú að við mælum með að þáltill. verði felld. Fleiri orð vil ég ekki hafa um þetta. Ég sagði áðan að mér fyndist þetta ekki neitt stórmál sem Alþingi ætti að velta mikið fyrir sér. Þetta er smekksatriði að vissu leyti og ég geri ráð fyrir að hv. þm. taki ákvarðanir í samræmi við eigin smekk.

[16:25]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að hér er ekki um stórmál að ræða en málvernd er einmitt eitt af þeim málum þar sem segja má að margt smátt geri eitt stórt. Ef menn gefa eftir þá geta verri hlutir gerst í kjölfarið.

Það sem vakti athygli mína í málflutningi hv. síðasta ræðumanns var þegar hún fullyrti að það væri ekki hlutverk Veðurstofu að stunda málrækt. Þannig skynja ég ekki málræktarvandamál. Það er þvert á móti hlutverk allra að stunda málrækt, einstaklinga jafnt sem stofnana. Málrækt verður ekki stunduð nema allir finni til ábyrgðar sinnar í þessum efnum. Veðurstofa Íslands er þar síst af öllu undanskilin.

Málrækt er ekki viðfangsefni sérstakrar nefndar eða stofnana sem til þess eru settar. Allir þurfa að stunda málrækt og með því einu er hægt að tryggja að tungumálið þróist eftir þeim leiðum sem við teljum æskilegar.

Hér var sagt að almenningur skildi ekki gömlu heitin en það eru mörg hugtök í þessu samfélagi sem almenningur skilur ekki til fulls. Er almenningur t.d. meðvitaður um hvað ýmiss konar lögfræðihugtök merkja? Eigum við að segja sem svo að hægt sé að fórna þeim vegna þess að almenningur skilji þau ekki? Þetta er skrýtinn röksemdaflutningur og ég verð að segja eins og er, að ég er ekki viss um að almenningur skilji heldur hvað er á bak við metra sem slíkan. En þeir sem málið varðar setja sig inn í það og skilja það. Sjómennirnir skilja þetta, hafa alltaf skilið það og bændurnir skilja gamla veðurmálið líka. Það er ekki góður siður að fórna gömlum og gildum hugtökum þegar ekki er nauðsynlegt að fórna þeim. Þetta tilfelli er gott dæmi um að ekkert knýr á um að hugtökum sé fórnað. Þetta er þess vegna menningarlegt slys í litlum mæli en margt smátt gerir eitt stórt.

[16:27]

Frsm. minni hluta umhvn. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom að ýmsum þáttum í ræðu minni. Ég sagði að það væri ekki sérstakt hlutverk Veðurstofunnar fremur en annarra að stunda málrækt eða málvernd. Ef ég má orða það öðruvísi þá er það hlutverk okkar allra að stunda málvernd en í þessu tilviki er verið að taka upp orð sem lifa með okkur öllum og er haldið á lofti í daglegu máli en þó í mismunandi merkingum eins og ég sagði hér áðan. Merking orðanna er t.d. mismunandi á milli landshluta.

Það er hins vegar hlutverk okkar allra að stunda málvernd en ég sé ekki rök fyrir því að Alþingi þurfi sérstaklega að skipta sér af því að Veðurstofa Íslands breyti ákvörðun sem byggð er á faglegum rökum í þessu máli. Hún mun hér eftir sem hingað til nota þessi orð á viðeigandi máta til áhersluauka og þannig halda þessum hugtökum á lofti fyrir almenning í landinu.

[16:29]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Afskipti Alþingis af þessu litla máli eru táknræn. Þau eru táknræn um vilja til málverndar. Það ber að skilja þessi afskipti víðum skilningi. Það ber að skilja þau þannig að það sem hefur verið að gerast í sambandi við veðurmál og innan Veðurstofunnar í þessu tilliti sé óheppilegt. Það má skilja það þeim víða skilningi að aðrar stofnanir sem um slík mál fjalla eigi þá að taka sér slíka viljayfirlýsingu til fordæmis og gæta þess að slíkt hendi þær ekki heldur að ástæðulausu. Það er undirstaðan í málflutningi mínum og veldur því að ég mun styðja þetta mál. Ég tel að það hafi verið fullkomlega ástæðulaust og engin rök hafi verið fyrir að gera þessa breytingu.

[16:30]

Frsm. minni hluta umhvn. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég held að við séum öll sammála því að málvernd sé af hinu góða og við stundum hana öll með því að flytja gott mál, bæði hér á þingi og annars staðar. En ég tel að það að Veðurstofan taki upp þessi heiti og þennan skala að nýju, skala sem kannski ekki margir hafa tileinkað sér og er jafnvel á skjön við málvitund margra, breyti ekki neinu þar um. Ég mun ekki hafa mörg fleiri orð um þetta mál ef ég kemst hjá því.

[16:31]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög dapurlegt að frsm. minni hluta nefndarinnar skuli ekki geta talað um þetta mál eins og það liggur fyrir. Málið liggur þannig fyrir að Veðurstofan tók ákvörðun um að fara að mæla vindstig í metrum í staðinn fyrir vindstigum. Það er sérstök ákvörðun og hér er ekki við henni amast. Það eina sem við segjum er að við skiljum ekki af hverju nauðsynlegt var að hætta að nota íslensk falleg orð í veðurlýsingum eins og áður, orð sem þjóðin þekkir. Það er auðvitað alveg út í hött þegar verið er að halda því fram að Íslendingar eigi erfiðara með að skilja orð eins og andvari, kul, stormur en fimm metrar á sekúndu eða 25 metrar á sekúndu. Þetta er bara bull, hreint bull. Mér finnst sorglegt að á Alþingi skuli koma upp deila um það hvort við eigum að reyna að halda litbrigðum tungunnar. Þegar embættismenn gefast upp á því að lýsa áfram veðurfari með þjóðlegum hætti, með sama hætti og maður hefur alist upp við, þá skuli vera talsmenn þess á Alþingi, við Orðabókina og víðar sem eru guðslifandi fegnir yfir því að ekki skuli heyrast lengur í útvarpinu logn eða kul, andvari. Og við erum taldir einhverjir þrætubókarmenn út af því að við viljum hafa svona orð áfram. Það er undarleg kennd, verð ég að segja.

Ég get alls ekki skilið af hverju verið er að blanda inn í þetta vindstigunum gömlu. Það var enginn að tala um nein vindstig, ekki nokkur maður. Hér er ekki minnst einu einasta orði á þau. Að vísu þekkja margir betur til vindstiga en metra á sekúndu. Mér er sagt að praktískt sé að deila með tveim í vindstigin eða margfalda með tveim eftir því hvor viðmiðunin er. Það er svo allt annað mál. Ég held að ég biðji minni hlutann að reyna að flytja mál sitt í samræmi við það mál sem hér liggur fyrir.

[16:33]

Frsm. minni hluta umhvn. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig rekur ekki minni til þess að ég hafi nefnt vindstig sérstaklega í þessu samhengi í málflutningi mínum áðan. En það sem skiptir máli í þessu sambandi er að íslenskt mál sé lifandi mál og endurspegli þann veruleika sem við stöndum frammi fyrir á hverjum tíma.

Ég mundi t.d. ekki mæla með því að tekinn væri upp þumlungur aftur en þumlungur var mælieining hins eldri tíma og ég veit hvað þumlungur þýðir. Ég veit og ég held að þjóðin viti hvað gola þýðir og andvari. En margir hafa kosið að nota þessi fallegu hugtök og fallegu orð í öðru samhengi eins og ég sagði áðan. Þeir hlógu að mér félagar mínir í umhvn. þegar ég nefndi að ég átti hest sem hét Gola og Gola átti folald með Kalda og afkvæmið heitir Dropi. Svo eru fleiri hestar í kringum mig sem heita Nökkvi og svo eru fleiri nöfn sem tekin eru úr veðurlýsingum. **(Gripið fram í:** Fimm metrar á sekúndu.) Ég hlakka til að eignast hesta sem heita Strekkingur, Stormur, Þeyr og Gaddur. Þannig erum við að viðhalda íslenskunni öðruvísi en með því að þvinga Veðurstofuna eða öllu heldur með því að Alþingi beini til umhvrh. að beina til Veðurstofunnar sem er fagleg stofnun, að taka upp ákvörðun sem þeir hafa byggt á faglegum rökum. Við höfum mismunandi skoðanir á þessu og það er allt í lagi. Það er ekkert að því og ágætt að skiptast á skoðunum um það.

[16:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki alveg ljóst af hverju minni hlutinn fór að velta þumlungum fyrir sér. Mér finnst satt að segja að minni hlutinn þumlungist áfram í málflutningi sínum í þessu. Það mætti kannski vera svona meiri reisn yfir honum satt að segja.

Málið snýst um þetta, herra forseti, að ég og ýmsir aðrir höldum því fram að á því fari vel að nota þau gömlu orð í veðurfregnum sem áður heyrðust, þ.e. logn, hægur vindur, andvari, kul, gola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri. En hér eru aðrir þingmenn sem eru guðslifandi fegnir yfir því að þetta skuli ekki lengur heyrast, óskaplega fegnir yfir því að ekki sé verið að þvinga Veðurstofuna til þess að bera annað eins fram og þetta sem ég var að lesa. Þeir þingmenn eru óskaplega fegnir yfir því að með því móti verði tungan fátækari og þetta verði svona stofnanalegra satt að segja hjá Veðurstofunni en áður var.

Ég vil segja, ef þessi tillaga verður felld: Til hamingju.

[16:37]

Frsm. minni hluta umhvn. (Ásta Möller) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að eiga um þetta orðastað en ég held að það leiði ekki til neinnar niðurstöðu fyrr en við sjáum atkvæðagreiðsluna á morgun. Þar tekur fólk ákvörðun eftir sínum eigin vilja. Ef þetta gengur hins vegar eftir þá er spurningin hvort flutningsmenn vilji leggja fram þáltill. að taka upp hitastigslýsingarnar í veðurlýsingum líka eins og ég nefndi áðan. Ég mundi ekki mæla með því en kannski hnígur smekkur manna að því.

[16:38]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er um að ræða hið merkasta mál en ekki eitt af þýðingarmestu viðfangsefnum Alþingis. Nú er langt liðið á þriðja síðasta dag fyrir páskaleyfi alþingismanna og mörg stór mál bíða úrlausnar. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta hvort ætlunin sé sú að ljúka umræðu um þetta mál áður en haldið er áfram með önnur dagskrármál eða ekki. Ég er alveg sannfærður um að ef það er ætlunin þá eiga margir eftir að koma á mælendaskrá í þessu máli. Ég legg því til við forseta — það eru tveir forsetar á mælendaskrá — að þeir leggi sig fram um það að greiða fyrir þingstörfum og bíði með frekari umræður um málið þar til síðar.

[16:38]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst í rauninni að ástæða sé til að halda þessari umræðu áfram sem lengst ef von er á því að hv. 2. þm. Vestf. geri grein fyrir smekk sínum og skoðunum á íslensku máli. Ég hlakka satt að segja til.

[16:39]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sá sem kom hér upp og mælti þessi orð er forseti Alþingis, aðalforseti Alþingis. Ég spurði forseta hvort ætlunin væri að halda áfram. Og ber að skilja það svo að það sé ósk forseta að halda þessu máli áfram til loka án tillits til þess hvort fáir eða margir munu taka til máls? Ég beindi fyrirspurn minni til hæstv. forseta hvort hann væri ekki reiðbúinn til að greiða fyrir gangi mála á eðlilegan hátt í þingstörfum með því að taka til við önnur mál og fresta umræðu um þetta og ég vænti þess að fá svar. Ég trúi því ekki að meining forseta sé að halda því til streitu að ljúka umræðu um þessi mál áður en hægt er að taka fyrir önnur mál sem bíða umræðu á dagskránni og eru að mínu viti miklu mikilsverðari en þetta.

[16:40]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristján Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er dálítið hissa á að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skuli eyða tíma í að gera athugasemdir við eðlilega umræðu um mál sem búið er að vera á dagskrá í nokkra daga reyndar og kemst nú loksins til umræðu. Það er einungis til að tefja tímann að vera að teygja lopann um þetta. Mér finnst bara sjálfsagt að þau mál sem eru hér á dagskrá fái þá umræðu sem þau eiga rétt á samkvæmt þingsköpum. Slíkar hártoganir eiga hvorki við, getum við sagt, í þessu máli né öðrum sem hafa teygst mjög lengi. Sumum liggur á en þeir verða þá bara að sitja uppi með það.

Herra forseti. Ég hef ekki séð neitt athugavert við stjórn fundarins sem viðhöfð hefur verið í dag.

[16:41]

Halldór Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins segja að það hefur yfirleitt ekki viðgengist hjá þingmönnum að biðja um orðið um fundarstjórn forseta meðan andsvör standa yfir.

[16:41]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill tilkynna að margir eru á mælendaskrá í þessu máli. Að loknum andsvörum verður þessu dagskrármáli frestað, en einn hv. þm. á eftir að fara í andsvar.

[16:42]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir að sjá í þessu nefndaráliti vitnað til einnar merkustu menntastofnunar hér á landi, Háskólans á Akureyri, þar sem talað er um að það sé ekki Veðurstofunnar eða annarra að gæta varðveislu íslenskra orða sem væntanlega eru dauðadæmd hvort eð er. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Nær væri fyrir flutningsmenn að hafa áhyggjur af talnalæsi Íslendinga og beita sér fyrir því að fólk fengi meiri og betri þekkingu í meðferð talna þar sem lífsmáti þjóðarinnar í framtíðinni byggist í æ ríkari mæli á því að geta metið upplýsingar á tölulegu formi, t.d. vindhraða í m/sek."

Hvaða skilaboð er þessi menntastofnun að senda Alþingi? Er hún að segja okkur að það skorti eitthvað á þeirra eigin kennslu? Kannski að það sé líkt ástatt með þessa skóla og segir hér í greinargerð frá Veðurstofunni, með leyfi forseta:

„... Veðurstofan stefnir að því að gefa út viðvaranir um hættulegar vindhviður sem gjarnan koma af fjöllum ..."

Það er einmitt svo með þennan málflutning. Hann kemur gjörsamlega af fjöllum frá þessum merka Háskóla á Akureyri.

En það er líka annað merkilegt þegar þessi ágæta Veðurstofa talar um að óeðlilegt sé að verið sé að rugla saman tölum. Þar segja menn, með leyfi forseta:

„Vindstigin eða heiti þeirra hafa engin tengsl við slík vindfyrirbæri og vegna hins stutta tíma sem þessar hviður standa er eðlilegra að nota hraðaeininguna metra á sekúndu en kílómetra á klukkustund."

Þeir eru sjálfum sér ósamkvæmir þarna hjá Veðurstofunni því þeir eru með tvær mælieiningar á sömu einingunni.

Umræðu frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268, nál. 789 og 793.

[16:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Frv. þetta var sent til umsagnar allmargra aðila og bárust fjölmargar umsagnir um málið. Málið var rætt á fjölmörgum fundum í nefndinni, margir komu á fund nefndarinnar og málið var þar mikið rætt. Efni frv. er afar einfalt og felst í því að við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein sem skilgreinir það sem verkföll þegar starfsmenn leggi niður venjuleg störf að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.

Frv. þetta er lítið að sniðum. Í umfjöllun nefndarinnar var mikið rætt um hvort eðlilegra væri að ná þessu markmiði á annan hátt, hvort þetta markmið væri yfirleitt eðlilegt, hvort fjalla ætti um þetta mál í heildarendurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og sýndist að sjálfsögðu sitt hverjum í því efni. Ég hygg þó að flestir þeir sem hafi tjáð sig um efni málsins á annað borð hafi verið sammála um að þessi regla sé eðlileg í réttinum, þ.e. að sú regla eigi að vera í gildi að það teljist til verkfalla í skilningi laganna þegar starfsmenn leggi niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði.

Þetta er til samræmis við þær reglur sem gilda á hinum almenna vinnumarkaði og tilefni þess að frv. var flutt var einmitt að bregðast við dómi Félagsdóms þar sem því var hafnað að ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur varðandi fjöldauppsagnir tækju til opinberra starfsmanna. Dómurinn, Félagsdómur, hafnaði sérstaklega þeirri lögskýringu að almenn ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur ættu að taka til opinberra starfsmanna hvað þetta snertir.

Í meðferð málsins varð ekki samstaða um að fresta málinu eða láta það liggja þangað til að heildarendurskoðun færi fram á löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það varð heldur ekki samstaða um að reyna að leita einhverra annarra leiða til að ná þessu sama markmiði sem hefði hugsanlega verið hægt. Það var t.d. inni í umræðunni í nefndinni að reyna að breyta frekar lögunum með því að kveða skýrt á um það að þau væru sérlög með tilliti til laga um stéttarfélög og vinnudeilur. Og enn fremur var því velt fyrir sér hvort eðlilegt væri að ákvæðin ættu frekar að snúa að vinnuveitendaþættinum, þ.e. vinnuveitendum opinberra starfsmanna væri óheimilt að ganga til samninga þegar svona stæði á. En eftir allar þessar vangaveltur og umræður í nefndinni hefur meiri hlutinn komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[16:49]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hlutans í málinu, en hann skipa ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson. Niðurstaða okkar er að leggja til að

þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar með þeim rökum sem fram koma í nál. á þskj. 793.

Eins og frsm. meiri hlutans sagði er verið að bregðast við niðurstöðu Félagsdóms sem sýknaði Félag íslenskra leikskólakennara af kröfum stefnenda, þ.e. launanefndar sveitarfélaga f.h. Árborgar, um að uppsagnir nokkurra leikskólakennara yrðu dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamninga og því ólögmæt vinnustöðvun. Í niðurstöðu sinni vitnar Félagsdómur til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, en þar segir í 4. gr.

„Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu atvinnurekenda eða launamanna sem jafna má til vinnustöðvunar."

En um þetta ákvæði segir í niðurstöðu dómsins, sem er kjarnaatriði:

„Engin sambærileg breyting hefur verið gerð á ákvæðum laga nr. 94/1986,um kjarasamninga opinberra starfsmanna."

Niðurstaða Félagsdóms var því að hafna þeirri lögskýringu að almenn ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur tækju til opinberra starfsmanna. En ríkisvaldið hefur valið að breyta því með lögum, eins og hér er gert, sem tapaðist fyrir dómstólum.

Einnig er gagnrýnisvert að stjórnvöld skuli kjósa, meðan kjarasamningar eru í gildi og friðarskylda ríkir, að breyta einhliða og án eðlilegs samráðs við opinbera starfsmenn, lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

En þetta atriði, herra forseti, er raunverulega lykilatriðið, þ.e. samráðsleysi við opinbera starfsmenn að því er þetta tiltekna mál varðar sem við fjöllum hér um. Og má segja að það gangi í gegnum allar þær umsagnir sem fram koma í málinu, að mjög er gagnrýnt að ekki skuli hafa verið farið í heildarendurskoðun á lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, heldur eitt atriði tekið út.

Í nál. okkar í minni hlutanum er minnt á að í árslok 1986 voru sett ný heildarlög um kjarasamninga opinberra starfsmanna að undangengnu samkomulagi milli aðila. Um þá lagasetningu tókst gott samkomulag milli aðila. Hér er snúið við blaðinu því að með þessu frv. er fjmrh. að leggja til að lögum verði breytt einhliða og án samráðs við opinbera starfsmenn.

Forustumenn opinberra starfsmanna hafa haldið því fram að með þessu sé fjármálaráðherra að rifta því samkomulagi sem gilt hefur í 13 ár um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem vinnuveitanda og stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks. Þetta eru gagnrýnisverð vinnubrögð ekki síst í ljósi þess að samtök opinberra starfsmanna hafa nýverið ítrekað þá afstöðu sína að rétt væri að endurskoða lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna í heild. Þeir hafa út af fyrir sig ekki hafnað því ákvæði sem hér er til umræðu, heldur vilja eðlilega setja fram þá réttmætu ósk að farið verði í heildarendurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Lögðu þeir m.a. fram í efnahags- og viðskiptanefnd samanburð verkfallsheimilda og skyldra atriða um samskipti aðila á vinnumarkaði samkvæmt lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeildur, og samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að teknu tilliti til breytingar samkvæmt frumvarpinu. Þar kemur fram mikill munur á réttarstöðu opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði að því er varðar samskipti á vinnumarkaði, sem sýnir nauðsyn þess að samræma réttindi og skyldur á opinberum og almennum vinnumarkaði.

En þessi atriði og sá samanburður sem ég nefndi fylgir hér með sem fskj. með nál. okkar vegna þess að þetta er mjög athyglisverður samanburður og sýnir að í samskiptum aðila á vinnumarkaði virðist halla mjög á opinbera starfsmenn að því er varðar ýmis atriði sem tengjast réttindum og skyldum með hliðsjón af kjarasamningum og verkföllum.

Minni hlutinn telur að eðlilegra hefði verið af hálfu stjórnvalda að hefja heildarendurskoðun og samræmingu við almenna vinnumarkaðinn eins og samtök opinberra starfsmanna hafa lagt til í stað þess að leggja til einhliða að breyta einum þætti laga um opinbera starfsmenn til samræmis við ákvæði sem gilda um almenna vinnumarkaðinn.

Þau vinnubrögð sem stjórnvöld hafa viðhaft í þessu máli eru mjög gagnrýnisverð. Með þeim eru samskipti samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda sett í uppnám, enda virðist ljóst að stjórnvöld hafi lítið lagt upp úr samráði við opinbera starfsmenn í þessu máli. eins og margítrekað kom fram í efh.- og viðskn. hjá þeim aðilum sem mættu til viðtals hjá nefndinni fyrir hönd samtaka opinberra starfsmanna.

Minni hlutinn telur rétt að fjármálaráðherra verði þegar í stað við beiðni samtaka opinberra starfsmanna um að ráðast í heildarendurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar verði leitast við, í fullu samráði við alla aðila, að samræma sem mest réttarstöðu opinberra starfsmanna annars vegar og launafólks á almennum vinnumarkaði hins vegar.

Með vísan til framangreinds leggur minni hlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ég tel afar brýnt, herra forseti, að slík heildarskoðun fari fram og ég hefði talið mjög eðlilegt að slík heildarendurskoðun lægi fyrir áður en kjarasamningar opinberra starfsmanna verða lausir á haustmánuðum og tel að slík vinnubrögð hefðu verið eðlilegri og réttari í málinu og hefði það fyllilega komið til skoðunar að setja slíkt ákv. til brb. ef farið yrði í slíka heildarendurskoðun af fullum krafti í sumar og henni hefði þá lokið í haust áður en kjarasamningar verða lausir.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa mjög mörg orð um þetta mál, en vil þó nefna að í efh.- og viðskn. liggja fyrir tugir umsagna frá ýmsum aðilum um þetta mál, ekki síst frá ýmsum stéttarfélögum opinberra starfsmanna, þar sem þessu ákvæði í frv. er harðlega mótmælt, einkum á þeirri forsendu að þetta sé slitið úr samhengi við heildarendurskoðun á lögunum.

BSRB hefur mótmælt þessu sem þeir kalla „samningsrof fjármálaráðherra" og sendu þeir frá sér ályktun í því efni.

Hjá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna segir, með leyfi forseta:

„Ef breyta á löggjöf um samningsrétt opinberra starfsmanna í átt að almennu vinnulöggjöfinni er grundvallaratriði að um það takist góð sátt við heildarsamtök opinberra starfsmanna. LSS hefur haft sig í frammi um breytingar á samningsrétti launamanna og hefur talið löngu tímabært að stærri skref verði stigin í þeim efnum.

Eins og fram kemur í umsögn BSRB hefur verið fullur vilji til að ræða þær breytingar sem fram koma í frv. Jafnhliða hefur BSRB lagt fram tillögur um breytingar á lögum sem bandalagið telur brýnt að eigi sér stað samhliða þeirri breytingu sem fjmrh. vill gera með frv."

Herra forseti. Þetta sem ég vitna hér til er mjög lýsandi fyrir afstöðu einstakra stéttarfélaga og heildarsamtaka, en t.d. í umsögn Bandalags háskólamanna kemur fram að stofnanir BHM hafi margsinnis ályktað að rétt sé að ein vinnulöggjöf gildi í landinu, þar sem vinnumarkaðurinn stefni í þá átt að verða æ einsleitari. Telur BHM að sérlöggjöf á borð við kjarasamning opinberra starfsmanna sé tímaskekkja og beri því að afnema eða taka til gagngerrar endurskoðunar hið fyrsta í samstarfi við aðila sem starfa eftir lögunum.

Ég ætla ekki að tefja tíma þingsins með því að fara ítarlega yfir þær fjölmörgu athugasemdir sem fram hafa komið frá flestum ef ekki öllum stéttarfélögum innan heildarsamtakanna sem öll ganga í eina átt og telja að hér sé um brot á samkomulagi að ræða, eins og segir hjá Félagi íslenskra leikskólakennara, en uppsagnir nokkurra leikskólakennara voru einmitt tilefni þessarar dómsniðurstöðu Félagsdóms, en í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Það sé óviðunandi fyrir stéttarfélög og félagsmenn þeirra að fjmrh. ætli að breyta lögunum einhliða án samráðs við samtök launafólks og rifta með því samkomulagi sem gilt hefur í samskiptum þessara aðila til margra ára. Slíkar þvinganir eru til þess eins að ala á ófriði og tortyggni á milli samningsaðila. Auk þess mál túlka riftun á samkomulagi um þær reglur sem gilda brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings."

Ég ætla að láta þetta nægja, herra forseti, varðandi umsagnirnar og mun þá hugsanlega frekar koma inn á þær í ítarlegu máli við 3. umr. þessa máls. En ég vil í lokin minna á og halda til haga að fulltrúar stjórnarflokkanna sumra hafa borið því við þegar við höfum verið að ræða hugsanlega lagasetningu um fjármál stjórnmálaflokkanna, að það sé óeðlileg íhlutun þingsins í störf eða starfshætti stjórnmálaflokkanna að setja lög um fjárreiður þeirra. Einmitt með hliðsjón af þeirri hlið mála var það líka skoðað í efh.- og viðskn. hvort ekki væri óeðlilegt að löggjafinn væri sí og æ, ekki bara í þessu máli heldur ekki síst varðandi t.d. lögin um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem er verið að fjalla m.a. um innri málefni stéttarfélaga, að vera með sífellda íhlutun í löggjöf stéttarfélaganna, bæði varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna og stéttarfélög og vinnudeilur, sérstaklega þegar breytingarnar eru gerðar í fullkominni andstöðu við viðkomandi aðila.

Minnisblað barst nefndinni 29. febrúar undirritað af Gísla Tryggvasyni, framkvæmdastjóra Bandalags háskólamanna, um þetta efni. Þar vitnar hann í stjórnarskrárákvæðin, einmitt þau stjórnarskrárákvæði sem fulltrúar sumra stjórnmálaflokkanna bera fyrir sig þegar þeir eru að reyna að færa rök fyrir því að ekki skuli setja lög um fjármál stjórnmálaflokkanna. Orðrétt segir Gísli Tryggvason um þetta ákvæði, með leyfi forseta:

„Framangreind stjórnarskrárákvæði, ákvæði þjóðréttarlegra réttarheimilda og áratuga löng hefð fyrir lögvernd stéttarfélaga leiðir til þess að stéttarfélög njóti ekki síðri verndar en stjórnmálafélög, sbr. skýrslu nefndar um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka, dags. 18. desember 1998, þar sem segir á bls. 10:"

„Telja verður, að hið nýja félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hafi inni að halda frekari löghelgun og vernd fyrir stofnun og starfsemi stjórnmálaflokka en áður var og fortakslausa vernd innri málefna þeirra, sem ekki verður hróflað við af Alþingi.""

Það er einmitt þetta ákvæði sem Gísli Tryggvason framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna nefnir þegar hann segir og heldur því fram að áratugalöng hefð sé fyrir lögvernd stéttarfélaga sem leiði til þess að stéttarfélögin njóti ekki síðri verndar en stjórnmálafélög.

Mér fannst rétt, herra forseti, þar sem þetta kom til tals í nefndinni og framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna setti sína skoðun í þessu efni á blað, að halda því til haga hér í umræðunni þegar við erum að fjalla um einhliða íhlutun stjórnvalda í kjarasamninga opinberra starfsmanna sem öll heildarsamtök og einstök stéttarfélög og aðildarfélög innan heildarsamtakanna hafa harðlega mótmælt. Því er það niðurstaða okkar að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og fara fram á að sú heildarendurskoðun fari fram sem öll þessi félög kalla eftir.

[17:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér er kunnugt um að við meðferð þessa máls í hv. þingnefnd hefur ítrekað komið til umræðu nauðsyn þess að endurskoða í heild lög þau sem gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti ítreka það sem ég sagði við 1. umr., hef sagt við forustumenn samtaka opinberra starfsmanna og til að mynda á aðalfundi Bandalags háskólamanna, að af minni hálfu er fullur vilji til að fara í viðræður um heildarenduskoðun á þessari löggjöf. Ég tel að það sé tímabært og nauðsynlegt. Ég fagna því að ríkur vilji er af hálfu forustumanna samtaka opinberra starfsmanna til þess sama. Ég mun þess vegna beita mér fyrir því, herra forseti, að slíkar viðræður geti farið af stað jafnskjótt og hægt er og geri mér vonir um að þeim verði hægt að ljúka með einhvers konar samkomulagi um endurskoðaða löggjöf þegar á næsta ári. Það má spyrja sig af hverju ekki er raunhæft að reikna með því að slíkri endurskoðun geti lokið fyrr. En ég tel ekki raunhæft að reikna með því, þó það væri í sjálfu sér ágætt, vegna þess að þeir sem vinna við þessi mál, bæði hjá samtökunum og hjá fjmrn., eru nú í viðræðum um ýmis réttindamál, eins og fram hefur komið, réttindamál sem eru opinberum starfsmönnum mikilvæg. Einnig eru fram undan, eins og líka hefur komið fram, heildarkjarasamningar á hausti komanda. Þess vegna tel ég ekki raunhæft að reikna með því að hægt sé að ljúka einnig þessu máli fyrr en á árinu 2001. Það er einfaldlega vegna þess að þetta eru sömu einstaklingarnir sem að þessu máli koma beggja vegna borðs og ekki varlegt að reikna með því að þeir hreinlega afkasti þessari endurskoðun jafnhliða hinum málunum sem ég hef nefnt hér.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram, herra forseti, vegna þess að þetta er auðvitað mikið atriði í tengslum við frv. Ef tekst að ljúka heildarendurskoðun með viðunandi hætti og gera tilsvarandi breytingar á þessum lögum þá eru þær deilur sem hér hafa átt sér stað um þetta eina ákvæði laganna úreltar og munu heyra sögunni til, því þá verður væntanlega búið að ná samstöðu um þetta eins og vonandi önnur atriði í endurskoðaðri löggjöf. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, herra forseti.

[17:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra þó þetta sé út af fyrir sig ekki nýtt. Hann hefur látið þess áður getið opinberlega að hann telji að fara eigi í slíka heildarendurskoðun. Það er ágætt og út af fyrir sig gott að hér liggi fyrir orð hæstv. ráðherra sögð

hér úr ræðustólnum. Þannig liggur fyrir að allir málsaðilar telja mikilvægt að farið verði í þessa heildarendurskoðun. En mér finnst það sem hæstv. ráðherra segir hér um hve brýnt sé að fara í hana, vera rökstuðningur fyrir málsmeðferðinni sem við í minni hlutanum leggjum til, þ.e. að fresta afgreiðslunni á þessu tiltekna ákvæði sem við nú fjöllum um en vísa því inn í heildarendurskoðunina, raunar eins og við í minnihlutanum leggjum til með því að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Hæstv. ráðherra talar um hvenær þessi heildarendurskoðun hefjist. Það skiptir auðvitað máli. Ráðherrann segir: „Jafnskjótt og hægt er." Ég skil ráðherrann svo að hann stefni að því að ljúka henni þegar á næsta ári, þ.e. ef ég skil málflutning hæstv. ráðherra rétt. Það er mikilvægt að fyrir liggi upphaf og endir þessa máls, hvenær menn hyggist hefja þessa vinnu og hvenær ljúka henni. En ég hefði nú haldið að það væri hægt að ráðast í hana þannig að henni yrði lokið þegar heildarkjarasamningar verða lausir á hausti komanda. Hæstv. ráðherra hefur útskýrt að hann telji að það gangi ekki upp tímans vegna að ljúka henni á þessum tímapunkti. En ég tel, herra forseti, að engin rök séu fyrir því að taka þetta sérstaka ákvæði út, sérstaklega þegar núna liggur fyrir að ráðist verður í þessa heildarendurskoðun. Ég lít svo á að farið verði í hana strax og henni verði lokið þegar á næsta ári. Mér finnst því að rökin fyrir frávísunartillögu okkar hafi verið bætt mjög með þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra.

[17:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála niðurstöðu þingmannsins. En það er nauðsynlegt að það komi fram að niðurstaða í viðræðum um endurskoðun þessara laga byggir á fleiru en bara því hvað fjmrh. eða ráðuneytið ætlar sér að leggja fram. Gert er ráð fyrir því að niðurstaðan verði sameiginleg og þess vegna skiptir líka máli að allir sem komi að því borði nálgist það í þeim anda að sameiginleg niðurstaða fáist. Það er þess vegna ekki einkamál mitt hvernig því máli lyktar. En ég vænti þess að sjálfsögðu að okkur megi auðnast að ná sameiginlegri niðurstöðu í málinu.

[17:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að tveir samningsaðilar koma að þessu borði og þurfa að ná sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli. En ég hygg, eftir að hafa hlustað á samtök opinberra starfsmanna og heildarsamtökin, að ekki standi á þeim að ljúka þessu máli fyrir haustið áður en kjarasamningar verða lausir og að þeir séu vel undirbúnir til þessara viðræðna. Mín skoðun er því sú að það standi ekki á heildarsamtökunum að ljúka þessu máli fyrir haustið eins og ég tel rétt og eðlilegt.

[17:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrst nokkur orð um hvers vegna þetta lagafrv. er komið fram. Það er flutt í framhaldi af niðurstöðu Félagsdóms sem sýknaði Félag íslenskra leikskólakennara af kröfum stefnanda, sem var launanefnd sveitarfélaga fyrir hönd Árborgar, um að uppsagnir nokkurra leikskólakennara yrðu dæmdar brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæt vinnustöðvun. Þetta er ein ástæðan fyrir því að þetta frv. er komið fram. Önnur ástæðan er sú að menn kveðjast vilja samræma þær reglur sem gilda um vinnustöðvanir hjá opinberum starfsmönnum og eru skilgreindar og lögfestar í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, við það sem tíðkast á almennum vinnumarkaði og er lögfest í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Menn segja að nú sé nauðsynlegt að jafna þann mun sem er að finna á milli þessara tveggja kerfa. Staðreyndin er sú að talsverður munur er þarna á milli og hallar þar í flestu á opinbera starfsmenn sem búa við mun þrengri reglur í þessum efnum en tíðkast á almennum vinnumarkaði. Og sú lagabreyting sem hér er lögð til gengur í þrengingarátt gagnvart opinberum starfsmönnum.

Ég hef áður harmað þann ásetning hæstv. fjmrh. að lögfesta þessar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og tel ástæðu til þess að nú hinkri menn ögn við og langar mig til að nefna þrjár ástæður til þess.

Í fyrsta lagi vil ég minna á að lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna urðu til í kjölfar samninga um það efni. Þeir samningar höfðu staðið á árinu 1986 og í nóvembermánuði það ár var undirritað samkomulag á milli samtaka opinberra starfsmanna — BSRB og BHM áttu þar hlut að máli — og handan borðsins var fjmrn. og sveitarfélögin. Þau komust að sameiginlegri niðurstöðu og beindu því síðan til löggjafans að fá hana lögfesta.

Þetta er fyrsta ástæðan fyrir því að ég tel mikilvægt að viðhafa önnur vinnubrögð en hér eru lögð til og byggja á einhliða breytingum á lögunum án þess að leitað hafi verið nægilega eftir samstarfi og samráði um þær breytingar og um það gert samkomulag.

Önnur ástæða fyrir því að ég tel hyggilegt að endurskoða þann ásetning hæstv. fjmrh. að fara fram með þessa lagabreytingu á þessu stigi er sú að fram hefur komið mjög eindreginn vilji af hálfu allra hluteigandi aðila og þá ekki síður frá samtökum launafólks til að ráðast í heildarendurskoðun á lögunum. Þetta hefur komið fram hjá BSRB, BHM og Kennarasambandi Íslands.

Í þriðja lagi tel ég ástæðu fyrir ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh. að endurskoða og íhuga hvort ekki sé ráð að fara aðrar leiðir í þessum efnum þar sem fram hefur komið fjöldi greinargerða frá samtökum launafólks þar sem þessi vilji er ítrekaður, þ.e. að ráðast í slíka endurskoðun á lögunum. Ég held að verði lögfestingu þessa frv. skotið á frest þá muni það auðvelda þetta starf.

Ég ætla þess vegna að leyfa mér að beina því til ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. að þetta verði tekið til skoðunar áður en málið kemur til 3. umr. og helst verði ákvörðuninni skotið á frest. Þetta er viðamikið mál og mörg skjöl sem fylgja því. Vilji minn og rökstuðningur hefur komið fram við fyrri umræðu málsins en á þessu stigi vildi ég leggja áherslu á þessi sjónarmið, þessa beiðni til ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh., að endurskoða afstöðu sína til þessa lagafrv.

[17:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. mál sem rætt var nokkuð ítarlega þegar það var lagt fram, þ.e. frv. til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hv. efh.- og viðskn. hefur fengið til sín marga umsagnaraðila og mjög margar skriflegar umsagnir. Hjá þeim hv. þm. sem hér hafa talað, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Ögmundi Jónassyni hefur það komið skýrt fram að við í minni hluta efh.- og viðskn. leggjum til að máli þessu verði vísað aftur til frekari vinnslu hjá ríkisstjórninni.

Ástæðurnar eru einfaldlega þær, sem er dálítið sérstakt, að hjá öllum þeim sem hafa komið á fund efh.- og viðskn. eða sent til hennar bréf hefur komið fram vilji til heildarendurskoðunar á þeim lögum sem hér um ræðir, þ.e. um kjarasamninga opinberra starfsmanna og almennu vinnulöggjöfina í átt til samræmingar. Þetta hefur komið fram hjá öllum félögum sem heyra undir BSRB, BHM og einnig Kennarasamtökin. Sá vilji hefur einnig komið fram hjá forsvarsmönnum ýmissa sveitarfélaga. Bent hefur verið á að mikil þörf sé á heildarendurskoðun sem hafi í för með sér samræmingu í þá veru sem hér var rætt um við 1. umr. eins og fram kom hjá þeim hv. þm. sem hér hafa talað. Hæstv. ráðherra hefur sjálfur lýst því yfir, og ég met þá viljayfirlýsingu hans mikils, að hann telji þörf á að fara í þessa endurskoðun og það verði gert um leið og tími gefst til.

Í dag og á næstu vikum og mánuðum mun unnið að gerð nýrra kjarasamninga. Ég tel óhjákvæmilegt að þessi þáttur verði hluti af þeim kjarasamningum sem gerðir eru, einfaldlega vegna þess frv. sem hér er og þeirra atburða sem leiddu til þess að það var lagt fram. Við getum auðvitað ekki neitað því að í þó nokkuð mörgum tilvikum hafa starfsmenn sagt upp og fjöldauppsagnir átt sér stað til þess að knýja fram kjarabætur, þó ekki hafi verið um viðurkenndar, samræmdar aðgerðir að ræða. Það eru ekki góð vinnubrögð og engum til góðs, síst af öllu stéttarfélögunum, ef það er vinnutilhögun sem starfsmenn, hvort sem er sveitarfélaga eða hins opinbera almennt, ætla að taka upp.

Forustumenn allra stéttarfélaga innan BSRB, forustumenn BSRB, Kennarasambandsins og BHM, hafa lýst því yfir að þeir telji ástæðu til að taka nákvæmlega þetta atriði sem hér er til umræðu til endurskoðunar. Við teljum að þar sem ekki var haft samráð við þessa aðila og ekki boðað til funda um heildarendurskoðun og hún skipulögð sem hefði verið kostur að gera strax sl. haust, þá sé eðlilegt að vísa frv. aftur til ríkisstjórnarinnar. Við hefðum jafnframt talið eðlilegt að fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem gerðu athugasemdir við lögin eins og þau eru og töldu að þeim þyrfti að breyta hefðu byrjað á því að ræða við samningsaðila sína, þ.e. félög opinberra starfsmanna, um að taka þátt í þeirri heildarendurskoðun sem fram þarf að fara.

Það hefur aðeins verið vitnað í þær umsagnir sem komu frá BSRB, frá BHM og Kennarasamtökunum. Ég vil, virðulegi forseti, einnig vitna til annarra umsagna sem hér hafa komið, til þess að halda þeim til haga. Samtök atvinnulífsins gáfu t.d. umsögn sína um málið en þar segir, með leyfi forseta:

„Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál, fjöldauppsagnir. Þar er lagt er til að lögfest verði efnislega sama skilgreining á því hvaða aðgerðir ber að skoða sem verkfall í skilningi þeirra laga og er í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þannig að friðarskylda kjarasamninga verði byggð á sömu forsendum. Tilgangur kjarasamninga er öðrum þræði að tryggja vinnufrið á samningstímanum. Friðarskyldan er óumdeilanlega ein meginforsenda kjarasamninga en í henni felst að aðilum er óheimilt að knýja á um breytingar með verkföllum eða verkbönnum á gildistíma kjarasamnings. Miðað við núverandi réttarstöðu, sbr. dóm Félagsdóms í máli nr. 7/1999, er verulegur munur á friðarskyldu opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði. Þeir síðarnefndu eru bundnir af kjarasamningum sinna félaga. Hinir geta hvenær sem er gripið til sameiginlegra aðgerða til að knýja fram breytingar á samningsniðurstöðu. Þetta er óásættanlegt. Auk þess sem lítil von er til að sátt geti orðið á vinnumarkaði á meðan þannig háttar til. Samtök atvinnulífsins fagna því þeirri samræmingu reglna sem frumvarpið miðar að og mæla eindregið með samþykkt þess."

Í öðru lagi komu fram sjónarmið sem eru öðruvísi en í umsögnum frá BSRB, BHM og Kennarasambandinu. Það er frá ASÍ sem hefur í skýrslu sinni fyrir árið 1999 tekið mjög harkalega á því hvernig ríkisvaldið hefur einhliða farið í að breyta löggjöf sem lýtur að launþegum eða launafólki almennt. Það eru ekkert ný vinnubrögð, við þekkjum það frá síðasta kjörtímabili og nú var þetta frv. lagt fram án þess samráðs sem eðlilegt hefði verið.

Alþýðusamband Íslands segir í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um kjarasamning opinberra starfsmanna, mál nr. 225. Afstaða sambandsins byggir á því viðhorfi að leggja beri höfuðáherslu á að tryggja réttareiningu á vinnumarkaði. Sambandið telur að það fái ekki staðist til lengdar og sé til þess fallið að skapa úlfúð að hafa margs konar kerfi leikreglna um samskipti vinnumarkaðsaðilanna. Slík skipan mála er ekki til þess fallin að auðvelda framgang skynsamlegrar launastefnu. Sú þróun sem orðið hefur á yfirstandandi samningstímabili er órækur vottur um það í hvers konar ógöngur hið margfalda kerfi hefur leitt þjóðina. Einfaldasta og skynsamlegasta leiðin til að ná því markmiði að skapa réttareiningu á vinnumarkaði er sú að afnema með öllu lögin nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna. Það er sú leið sem ASÍ mælir með að verði farin.

Dómur Félagsdóms frá 21. október sem er tilefni þess að verið er að leggja fram þá breytingartillögu sem hér er til umfjöllunar er að mati ASÍ lögfræðilega rangur. Þannig er ekki vafi á því að lögin nr. 80/1938, vinnulöggjöfin, er almenn lög í landinu. Lögin um kjarasamning opinberra starfsmanna er sérlöggjöf. Samkvæmt viðurkenndum og óumdeildum lögskýringaraðferðum ber að líta svo á að sérlög verði að skýra með hliðsjón af almennum lögum og að þar sem sérlög taka ekki til, gildi almennar reglur. Félagsdómur gerði að mati ASÍ mistök með þessum dómi sínum. Það verður að teljast einkennilegt að löggjafinn þurfi að bregðast við slíkum mistökum dómskerfisins með því að setja lög um sjálfsagða hluti. ASÍ hefur ekki farið fram á að slíkt verði gert og getur ekki mælt með þeirri aðferð. Ef á annað borð er talið rétt að gera breytingar á texta laganna um kjarasamning opinberra starfsmanna af þessu tiltekna tilefni væri þó sýnu nær að setja í lögin texta þar sem sú afstaða laganna gagnvart vinnulöggjöfinni sem lengi hefur verið staðreynd og sem lýst er hér að ofan væri tekin skýrt fram. Ef til vill sýnir dómur Félagsdóms að slík lögfesting einfaldra grunnreglna kunni að vera nauðsynleg."

Undir þetta skrifar fyrir hönd Alþýðusambands Íslands, Grétar Þorsteinsson.

Það kom skýrt fram í viðtölum sem við áttum við fulltrúa ASÍ sem mættu á fundi nefndarinnar að það er eindreginn vilji ASÍ að farið verði í þá samræmingarvinnu sem BSRB, BHM og Kennarasambandið hafa lagt til. Þar sem um 7.000 starfsmenn, starfsfólk hjá hjá hinu opinbera, heyrir til ASÍ er eðlilegt að ASÍ eða fulltrúar þeirra komi að þeirri samræmingarvinnu, enda sé þar verið að tala um samræmdar reglur sem gildi fyrir allan vinnumarkaðinn.

Virðulegi forseti. Ég tel að við getum farið í ítarlegri umræðu við 3. umr. þessa máls en ég tel ekki ástæðu til þess að lengja þetta öllu meira. Ég vil þó enn og aftur segja að allir þeir sem þarna hafa komið að málum og nú síðast hæstv. ráðherra, hafa lýst yfir vilja til að fara í þá heildarendurskoðun sem talin er mikil nauðsyn á, ekki eingöngu varðandi þetta tiltekna atriði heldur ýmis önnur atriði sem lúta að réttindum fólks á vinnumarkaði. Sú yfirlýsing sem kom hér frá hæstv. ráðherra áðan skiptir miklu máli. Við í minni hluta efh.- og viðskn. hljótum að treysta því að strax á næstu dögum verði farið í þessa vinnu. Þetta frv. væri þá óþarft og ríkisstjórnin gæti tekið það aftur til sín til athugunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:29]

Útbýting þingskjala:

Flugmálaáætlun 2000–2003, 299. mál, nál. samgn., þskj. 989.

Vegalög, 322. mál, nál. samgn., þskj. 990; brtt. samgn., þskj. 991.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 663, nál. 981, 984 og 987, brtt. 982, 983 og 988.

[17:30]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna. Nál. er frá meiri hluta utanrmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og kallað á fund sinn allmarga aðila eins og greint er frá í nál. en umsagnir og gögn bárust nefndinni frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Budweiser-umboðinu, Atlantsskipum ehf. og Eimskipafélagi Íslands.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tekið verði með heildstæðum hætti á ýmsum málum sem tengjast varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, einkum viðskiptum íslenskra aðila við varnarliðið. Miðað er að því að festa í sessi þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum í verktöku fyrir varnarliðið og setja lagareglur um það umhverfi. Enn fremur er lagt til, í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútímalegra stjórnarhátta, að treystur verði lagagrunnur fyrir stjórnsýsluna á varnarsvæðunum. Þá er í frumvarpinu að finna skýr og ótvíræð ákvæði um starfsemi kaupskrárnefndar varnarsvæða og ákvæði um heimildir utanríkisráðherra til að takmarka aðgang að varnarsvæðunum sem hingað til hafa einungis verið byggðar á ákvæðum loftferðalaga. Þá er og að finna ákvæði um undanþágu varnarliðsins frá skattskyldu sem ætlað er að skýra óvissu sem verið hefur í framkvæmd og sett er traustari lagastoð fyrir skattfrelsi Ratsjárstofnunar. Með því er ekki verið að víkka út eða breyta á annan hátt núverandi undanþágu stofnunarinnar frá greiðslu skatta og gjalda.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þskj. og eru skýringar í nál.

Undir þetta nál. skrifa Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Jónína Bjartmarz, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Einar K. Guðfinnsson.

[17:32]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta utanrmn. en í þeim minni hluta eru fyrir utan mig hv. þm. Jóhann Ársælsson sem sat fundi nefndarinnar.

Meginefni frumvarpsins, sem hér er verið að ræða um, er að festa í lög reglur um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, m.a. þess sem lýtur að verktöku fyrir varnarliðið, starfssamningum, verksamningum og kaupum á vöru og þjónustu, svo og um umferð um varnarsvæðið, undanþágu varnarliðsins frá sköttum og gjöldum o.s.frv. 1. minni hluti nefndarinnar gerir ekki ágreining um þau atriði enda er verið að lögfesta viðteknar venjur og samstarfssamninga. Þó er vakin athygli á því að í k-lið 1. gr. frumvarpsins eru íslenskum fyrirtækjum sett mun strangari skilyrði fyrir leyfi til þess að teljast slík en almennar reglur segja fyrir um. Vafi er á hvort ástæða sé til þess að setja jafnströng skilyrði og þarna eru sett í almennu rekstrarumhverfi þar sem stöðugt meiri áhersla er lögð á frjálsa samkeppni og verkútboð, jafnt gagnvart varnarliðinu sem varðandi aðrar framkvæmdir.

Ákvæði til bráðabirgða II orkar hins vegar tvímælis svo ekki sé meira sagt. Þar er gert ráð fyrir að forvalsnefnd sé heimilað að stöðva framlengingu þegar gerðra samninga við verktaka þótt báðir samningsaðilar óski eftir framlengingunni og gert sé ráð fyrir henni í verksamningum þeirra á milli að því tilskildu að forval hafi ekki farið fram áður en frá upphaflegum samningum var gengið. Ákveði forvalsnefnd að stöðva framlengingu samnings samkvæmt þessari heimild skal hún auglýsa forval og er þá skilyrði fyrir því að fyrri viðsemjandi komi til greina að hann uppfylli þær ströngu kröfur sem gerðar eru til þess að fyrirtæki geti talist vera íslenskt skv. k-lið 1. gr.

Augljóslega er hér verið að grípa inn í samningsgerð um flutninga fyrir varnarliðið á vegum fyrirtækisins Atlantsskip sem er fyrirtæki skráð á Íslandi og hlaut þann samning sem lægsti íslenski tilboðshafinn. Samningurinn var gerður til tveggja ára en ákvæði eru um að heimilt sé að framlengja hann um eitt ár í senn í þrjú ár til viðbótar þannig að heildartími samningsins um flutninga fyrirtækisins fyrir varnarliðið gæti numið fimm árum frá gildistöku hans. Samningurinn kemur til fyrstu framlengingar 31. október nk. Verði bráðabirgðaákvæði II lögfest og taki það gildi þegar í stað eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er auðsætt að tilgangurinn er sá að stöðva framlengingu samningsins og efna til forvals þar sem fyrirtækið Atlantsskip ætti litla möguleika á að ná að uppfylla hin ströngu skilyrði k-liðar 1. gr. og væri þá fyrir fram úrskurðað úr leik.

Vissulega má deila um hvort fyrirtækið hafi í raun verið íslenskt fyrirtæki, þ.e. fyrirtæki í íslenskri eigu og undir íslenskri stjórn, þegar samningurinn við það var upphaflega gerður og hvort með þeim samningi hafi verið brotið það samkomulag sem gert hafði verið á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um fyrirkomulag flutninga á sjó fyrir varnarliðið. Á það hefur verið látið reyna fyrir bandarískum dómstólum og er úrskurður áfrýjunarréttar þar sá að samningurinn skuli standa. Málaferlum er þó enn ekki lokið því að til stendur að fá málið tekið upp fyrir hæstarétti í Bandaríkjunum.

Á hitt verður þó að líta í sambandi við þetta mál að nærfellt tvö ár eru liðin frá því að samningurinn var gerður

og hefur málið verið í eilífu uppnámi síðan. Þá hafa þær breytingar verið gerðar á eignarhaldi flutningafyrirtækisins að ekki verður annað séð en að það sé nú ótvírætt í íslenskri eigu og íslenskt fyrirtæki. Einnig er á það að líta að hér er ekki um ríka fjárhagslega hagsmuni að ræða þar sem heildarflutningsgjöld þeirra farma sem hér um ræðir eru um 130 millj. kr. á ári en farmarnir eru fyrst og fremst búslóðir varnarliðsmanna, bifreiðar, matföng og vistir. Ekki er hér um að ræða stóran hluta í sjóflutningum til og frá Íslandi eins og marka má af þessari tilvitnun. Einhver samkeppni hefur þó orðið fyrir tilverknað félagsins í flutningum fyrir íslenska aðila milli Íslands og Bandaríkjanna, en þeir flutningar eru enn sem komið er óverulegir og geta vart talist ógna samkeppnisaðstöðu annarra íslenskra sjóflutningsfyrirtækja þó Íslendingum sé hins vegar gefinn kostur á mun lægri fargjöldum ef þeir flytja með þessu skipafélagi en tekið er hjá öðrum.

Þegar til þess er litið hve umfang þessara flutninga er lítið og hve litlir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenskt fyrirtæki og enn fremur að æskilegt er að a.m.k. einhver samkeppni geti orðið á þessari flutningaleið til hagsbóta fyrir íslenska neytendur verður ekki séð hvað kallar á svo harkaleg viðbrögð íslenskra stjórnvalda sem í bráðabirgðaákvæðinu felast. Sé talin svo brýn nauðsyn á að gera miklu strangari kröfur um íslenskt eignarhald, íslenskt stjórnunarforræði og innlent starfslið þeirra fyrirtækja, skráðra á Íslandi, sem vinna að verktöku fyrir varnarliðið en til annarra fyrirtækja íslenskra hlýtur a.m.k. að teljast eðlilegt að gefa fyrirtækjum, sem gert hafa gilda verksamninga við varnarliðið með ákvæðum um heimild til framlengingar, eðlilegan umþóttunartíma til þess að laga rekstur sinn og starfsemi að þeim kröfum. Ákjósanlegast væri að sjálfsögðu að leyfa þeim að ljúka heildarsamningaferlinu með umsömdum framlengingarmöguleikum áður en ákvæði k-liðar 1. gr. yrði beitt. Ef menn fallast ekki á það, sem menn féllust ekki á í utanrmn., þ.e. meiri hlutinn, ætti a.m.k. að gefa þeim tíma til þess að laga sig að nýjum kröfum þannig að ekkert standi í vegi fyrir því að af framlengingu geti orðið með eðlilegum hætti. Þetta er hins vegar ekki gert og ósk sem borin hefur verið fram af 1. minni hluta um að slíkur umþóttunartími verði gefinn hefur verið hafnað. Er málatilbúnaði meiri hlutans þannig bókstaflega stefnt gegn einu ákveðnu fyrirtæki, Atlantsskipum, og er það að áliti okkar í 1. minni hluta gróf mismunun.

Við höfum því lagt fram á sérstöku þingskjali breytingartillögu þess efnis að ákvæði til bráðabirgða II öðlist ekki gildi fyrr en við upphaf ársins 2001. Er hér um sjálfsagða málamiðlunartillögu að ræða sem gefur viðsemjendum, Atlantsskipum og varnarliðinu, kost á að framlengja samning sinn 31. október nk. um eitt ár til viðbótar ef þeir óska þess og gæfist fyrirtækinu þar með ráðrúm til þess að laga sig að þeim kröfum sem frumvarpið gerir til fyrirtækja sem teljast mega kalla sig íslensk áður en samningurinn kæmi til annarrar framlengingar þann 31. okt. 2001. Verði þeirri málamiðlunartillögu hafnað er málið keyrt fram af kappi fremur en forsjá af hálfu stjórnarmeirihlutans og mun 1. minni hluti þá greiða atkvæði gegn bráðabirgðaákvæðinu.

Herra forseti. Á næsta hausti munu auk þess hefjast umræður um framkvæmd bókunar sem fjallar um framkvæmd varnarsamningsins við Bandaríkin milli stjórnvalda Íslands og Bandaríkjanna. Það er ekki skynsamlegt að ganga svo hart fram í þessu máli eins og hér um ræðir því að það geta miklu stærri og meiri hagsmunir verið í húfi.

Herra forseti. Þá er þess að geta að lögð hefur verið fram brtt. á þskj. 983 frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Sú brtt. gerir ráð fyrir því að skip sem sigla á þessari siglingarleið milli Íslands og Bandaríkjanna með flutning fyrir varnarliðið, þ.e. skip íslenskra fyrirtækja, skuli alfarið vera mönnuð íslenskri áhöfn. Þetta er tillaga sem var ekki rædd á fundi utanrmn. Þar kom hún ekki fram fyrr en eftir að nefndarálitum hafði verið útbýtt hér. Ég skil vel efni þeirrar tillögu en vil þó aðeins benda á að yrði hún samþykkt mundu þessir skilmálar eingöngu gilda í áætlunarsiglingum á þessari einu leið og með þessa einu flutninga en á öllum öðrum áætlunarleiðum sem íslensk skipafélög sigla, hvort sem væri yfir Atlantshafið eða ekki, væri heimilt að nota skip með erlendum leiguáhöfnum eða skip sem væru ekki mönnuð Íslendingum. Það er vissulega umhugsunarefni hvort setja eigi ákvæði í lög um það sem taka þá fram að aðeins á þessari einu siglingarleið í þessum einu flutningum og fyrir þessu eina fyrirtæki skuli vera starfandi íslenskar áhafnir.

Ég tel hins vegar sjálfsagt að skoða málið því málið er stórt og mikilsvert. Ég hef óskað eftir því við formann utanrmn. að hann haldi fund í nefndinni milli 2. og 3. umr. til að taka þessa tillögu til umfjöllunar og óska eftir því við hv. flm. tillögunnar, Guðmund Hallvarðsson alþingismann, að hann fallist á að draga tillöguna til baka til 3. umr. þó að hann mæli fyrir henni hér þannig að nefndinni gefist kostur á að fjalla um hana á fundi milli 2. og 3. umr. og hún komi ekki til atkvæða fyrr en að þeirri umfjöllun lokinni.

[17:42]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Eins og ég boðaði við 1. umr. málsins er stefna okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði allt önnur en sú sem boðuð er með þessu frv. og þessari lagasetningu. Fyrir Alþingi liggur till. til þál. um að gengið skuli til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins frá landinu og fyrirkomulag þeirrar breytingar og hvernig Íslendingar sjálfir yfirtaki þann rekstur, þar með talið á Keflavíkurflugvelli, sem þar heyrir undir. Minnt er á það í þeirri tillögu að nú styttist í að úr gildi falli sú bókun sem í gildi er milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um umsvif eða umfang starfseminnar á vegum Bandaríkjahers hér á landi. Reyndar eru uppsagnarákvæði í þeirri bókun virk í þeim mánuði sem nú er hafinn, apríl, og bókunin gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Herra forseti. Við höfum ekki af þessum sökum hugsað okkur að blanda okkur mikið í það hvernig þessum framkvæmdum eða samskiptum við erlendan her í landinu er háttað í einstökum atriðum vegna þess að stefna okkar er í grundvallaratriðum sú að hann skuli hverfa héðan á brott. Á þetta er minnt í nál. okkar og vitnað til þáltill. á þskj. 133 sem er 120. mál þessa þings. Það er að vísu því miður svo með þessa tillögu eins og aðrar sem koma frá stjórnarandstöðunni, að lítið hefur verið hreyft við henni í hv. utanrmn. og ber þar annað við en í fyrra þegar þetta var eitt af forgangsmálum þingsins að koma til afgreiðslu. En við skulum ætla að nefndinni gefist tími til þess fyrir starfslok í vor að fara yfir málin og þar á meðal þetta því að ég tel ástæðu til þess að Alþingi fyrir sitt leyti taki af skarið um það hvernig það telur eðlilegt að íslensk stjórnvöld standi að þessum viðræðum. Það er að sjálfsögðu ekki einkamál utanrrh. hvernig farið er

með slíka hluti og Alþingi getur mælt fyrir um hvernig það telur heppilegast að standa að slíku.

Engu að síður er óhjákvæmilegt, herra forseti, þó að við hyggjumst ekki taka þátt í afgreiðslu þessa máls og sitja hjá við atkvæðagreiðslu um það eftir umræðuna, að vekja á því athygli að margt er nokkuð sérkennilegt í frv. og óvenjulega að verki staðið að ýmsu leyti. Það vekur auðvitað spurningar um hvort einhverjar alveg sérstakar ástæður valdi því að menn velja að fara nokkuð óvenjulega leið jafnt í lagasetningu sem og kannski má segja í samskiptum af því tagi sem hér eiga í hlut.

Í fyrsta lagi vil ég nefna þetta margfræga ákv. til brb. II í frv. sem reyndar reyndist nú svo gallað þegar betur var að gáð, eða ónákvæmt orðað að það varð að semja það upp á nýtt og er það gert í brtt. frá meiri hluta nefndarinnar. En efni þess er þó í aðalatriðum það sama eða eins og það mun hafa verið hugsað, þótt illskiljanlegt væri, og pólitískur tilgangur með því sá sami. Og hann er satt best að segja nokkuð óvenjulegur, herra forseti, vegna þess að það er með nokkuð gildum rökum, tel ég vera, hægt að halda því fram að verði þessi lagasetning samþykkt á þennan hátt verði þar í tilteknum skilningi um afturvirkni þeirra laga að ræða. Ég ætla að rökstyðja aðeins betur hvers vegna ég kemst svo að orði.

Það er vegna þess að ákvæðið — segjum að það verði orðað eins og til er lagt á breytingartillöguskjali, þskj. 982 — felur í sér heimild til handa yfirvöldum, að fengnum tillögum svonefndrar forvalsnefndar, að synja um framlengingu gildandi samninga og bera við þeirri ástæðu að ekki hafi verið fylgt forvalsreglum þegar þeir voru gerðir þó að það væri ekki skilyrði á sínum tíma, þó að það væri ekki hluti af þeim leikreglum sem þá giltu. Þetta er afar óvenjulegt ákvæði, herra forseti.

Við getum hugsað okkur að við værum að setja hér lög og verið væri að leiða í lög tilteknar hæfniskröfur í sambandi við starf. Venjan hefur verið sú að þegar t.d. er með nýjum hætti í lögum mælt fyrir um skilyrði sem menn verða að uppfylla við embættaveitingar, þá hefur það ekki áhrif á þá sem fyrir eru í störfum. Þeir ljúka samningi sínum, ráðningu eða sinni skipan á grundvelli þeirra réttarreglna sem giltu þegar þeir voru skipaðir. Nú er hér um að ræða samning, tiltekinn gjörning á grundvelli sem uppfyllir lögformleg skilyrði sem slíkur geri ég ráð fyrir án þess að ég hafi legið yfir því, og ef um vanefndir eða annað er að ræða koma þar til bætur o.s.frv. Hér á ekki að láta menn njóta þess að hafa gert samninga eða fengið verkefni á grundvelli þeirra reglna sem þá giltu, heldur á í þessum skilningi að gera réttaráhrif breytinganna afturvirk hvað það varðar að það hindrar framlengingarákvæði í gildandi samningum, og þetta, herra forseti, leyfi ég mér að segja að sé óvenjulegt og hæpið.

Og það er þeim mun sérkennilegra, herra forseti, vegna þess að rökstuðningurinn fyrir þessu frv. er ekki fyrst og fremst sá að koma þurfi fram forvalsreglunum, að þær séu aðalatriði málsins, heldur er það hitt að skýra þurfi með reglum og setja í lög ákvæði svo að ljóst sé hvaða skilyrði aðilar þurfa að uppfylla til að geta talist íslenskir. Um það er síðan fjallað í 1. gr. frv. og þar sett upp heilmikil orðskýringatafla og talað er um að íslensk fyrirtæki þurfi að uppfylla þau skilyrði að vera skráð á Íslandi, vera landfræðilega staðsett á Íslandi og lúta íslenskri lögsögu, fyrirsvarsmenn og lykilstarfsmenn fyrirtækjanna búsettir á Íslandi, og enn fremur er heimilt í tilteknum tilvikum að skylda að meiri hluti stjórnarmanna fyrirtækjanna sé búsettur á Íslandi, allt að 50% af veltu fyrirtækjanna sé af starfsemi þeirra á Íslandi og allt að 80% starfsliðs fyrirtækjanna sé búsett á Íslandi.

Gott og vel. Þetta átti að vera, og ég hygg ég fari rétt með framsöguræðu hæstv. ráðherra, eitt aðalatriði málsins, og af fleirum sem um málið hafa talað eða það rökstutt, átti þetta að vera eitt aðalatriðið, að fyrir utan þær reglur sem menn vildu lögfesta, þá hefði það valdið ágreiningi, og það liggur fyrir, og jafnvel málaferlum að skilningur íslenskra og ameríska stjórnvalda væri ekki sá sami á því hvaða skilyrði fyrirtæki þyrfti að uppfylla til þess að teljast íslenskt. En það merkilega er að ákv. til brb. er ekki þannig úr garði gert að setja það þá sem skilyrði fyrir því að samningar geti haldið áfram. Nei, það er ekki þannig að frá og með gildistöku laganna eða að undangengnum einhverjum aðlögunartíma þá skuli fyrirtækin fortakslaust uppfylla þá kröfu að geta talist íslensk í skilningi hinna nýju ákvæða. Nei, það er sagt: Samningarnir skulu hafa verið gerðir að undangengnu forvali. Ef svo er ekki má slá þá af.

Hvers vegna er þetta gert svona? Þetta er í mótsögn við þann rökstuðning sem hér hefur verið færður fram fyrir málinu, að eitt meginatriðið sé að fá í lög þá skýru skilgreiningu á því hvaða ákvæði fyrirtæki þurfi að uppfylla til að geta talist íslensk.

Þetta, herra forseti, tel ég líka mjög torkennilegt og ýmsar spurningar leita á mann um hvers vegna svona er frá málinu *gengið. Í framhjáhlaupi tek ég undir það sem hefur orðið* tilefni til breytingartillöguflutnings, að ekki eru af sömu nærfærni tryggðir hagsmunir íslenskra sjómanna eins og á að tryggja hagsmuni íslenskra fyrirtækja. Þeir hafa einhvern veginn gleymst. Ekki er talað um sjómenn heldur starfsfólk og það má spyrja: Er þar átt við fastráðna starfsmenn fyrirtækjanna sjálfra eða mundi það taka til áhafna skipa? Það óttast ég að væri ekki, t.d. í því tilviki að um leiguskip væri að ræða.

Í öðru lagi, herra forseti, vekur auðvitað athygli að gildistökuákvæði þessa ákv. til brb. er samtímis lögunum og það er frá og með setningu þeirra. Það er engin aðlögun veitt að þessum breytingum. Ég spyr hvort það séu eðlileg vinnubrögð við lagasetningu að veita þarna ekki einhvern aðlögunartíma. Er þarna gætt meðalhófsreglu, sanngirnis- og réttlætissjónarmiða sem eðlilegt gæti talist að gera við slíkar aðstæður? Úr því að menn ætla inn í það á annað borð að hrófla við gildandi samningum væri þá ekki a.m.k. að lágmarki eðlilegt að lagaskilin væru dregin þannig að einhver aðlögunartími væri að breytingunum? Vegna þess að þegar menn hafa gert samninga um verk og í þeim eru framlengingarákvæði, sem mér skilst að sé nánast reglan að hafi verið nýtt, og ég bið þá um upplýsingar um annað, nema aðstæður hafi breyst eða um vanefndir eða óánægju hafi verið að ræða. Mér er tjáð að yfirleitt hafi það verið reglan.

Þá má ljóst vera að menn hafa í góðri trú á fyrri hluta slíks samningstíma keypt sér tæki og tól, vinnuvélar eða skip eða eitthvað því um líkt, lagt í kostnað og fjárfestingar, og treyst á það og verið í góðri trú að þeir mundu njóta þess samnings sem þeir höfðu orðið með höndum og framlengingarákvæða hans. Ég verð nú að segja, herra forseti, að mér finnst höfundar frv. eða þeir sem settu saman grg. skjóta meira en einu hagli í fótinn á sjálfum sér þegar þeir setja það síðan inn í skýringar með ákvæðum frv. sjálfs að samningstíminn í skilningi laganna skuli vera að framlengingarákvæðum

meðtöldum. Í umsögn um 4. gr. frv. á bls. 11 stendur þetta, með leyfi forseta:

„Ef samið hefur verið án undanfarandi tilnefningar" — og þetta er þá tilnefning á íslenska aðilanum eða þess samningsaðila sem í hlut á — „leiðir af framansögðu að slíkir samningar eru ógildir. Sama á við ef forsendur tilnefningar bresta á samningstíma, svo sem ef félag flytur starfsemi og höfuðstöðvar sínar úr landi eða uppfyllir ekki lengur fjárhagsleg skilyrði forvals." — Og svo kemur: „Með samningstíma er átt við upphaflegan samningstíma sem og framlengingartíma samnings."

Með þessu segja höfundar frv. að skilningur þeirra á því hvað sé samningstími sé allur tíminn, upphaflegur fasti tíminn plús framlengingarákvæðið. Og er þá ekki sú röksemdafærsla orðin pínulítið veik eða þunnur ísinn sem sömu menn standa á, að fullyrða að þessi ákvæði séu ekki í þessum skilningi afturvirk, að þarna sé í reynd um að ræða afturvirk áhrif lagareglna? Nú eru þetta mínir þankar um málið og ég hef svo sem ekki leitað til lögfræðinga eða lagst í djúptækar rannsóknir á þessu en ég verð að segja alveg eins og er að efasemdir mínar í þessum efnum hafa nú heldur styrkst en hitt eftir því sem ég hef skoðað þetta betur.

Þetta er, herra forseti, allt saman harla sérkennilegur málatilbúnaður. Ég vil helst ræða þetta, herra forseti, út frá grundvallarviðmiðunum í sambandi við lagasetningu og vinnubrögð en ekki að draga inn í þetta sérstaklega einstök fyrirtæki því að það er náttúrlega heldur óviðurkvæmilegt og leiðinlegt að þurfa þess. Og maður vill í lengstu lög ekki ætla mönnum það að vera beinlínis að klæðskerasauma löggjöfina utan um einhver pólitísk markmið sem beinast að einstökum fyrirtækjum. En óneitanlega leita á mann áleitnar spurningar þegar maður stendur frammi fyrir svona sérkennilegum málatilbúnaði.

Og geta höfundar frv., hæstv. utanrrh. sem hér er til hliðar eða þá formaður utanrmn., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, farið aðeins betur yfir það fyrir okkur hvers vegna þessi óvenjulega aðferð er viðhöfð? Af hverju lagaskilin eru ekki ósköp einfaldlega höfð þannig að þetta gildi um þá samninga sem gerðir verða eftir gildistöku laganna en aðrir deyi út? Ég fullyrði að það væri almenna og venjulega reglan við lagasetningu af þessu tagi. Það er mjög óvenjulegt að fara með gildistökuna þannig að hún grípi inn í þegar gerða gjörninga milli manna.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég taka undir það að ef menn ætla að rökstyðja nauðsyn þessarar lagasetningar, ekki síst með því að nauðsynlegt sé að hafa það á hreinu hvaða ströngu skilyrði í þessu tilviki fyrirtæki og aðilar skuli uppfylla til þess að teljast íslensk, er þá ekki sjálfsagt mál að láta það líka taka til stöðu íslenskra sjómanna? Að við tryggjum a.m.k. með jafnvönduðum hætti að þeir séu, segjum 80% áhafna á þeim skipum sem annast flutninga sem hér falla undir? Það er heimilt að gera það að skilyrði að 80% starfsmanna fyrirtækjanna, sbr. k-lið 1. gr. frv., séu íslenskir, og eigum við þá að ætla íslenskum sjómönnum minni hlut eða hvað?

Nú kemur það að vísu í ljós að þrátt fyrir allt talið um brýna öryggishagsmuni og mikilvægi þess að tryggja að þetta væri nú í íslenskum höndum, þessi athafnasemi utan um herinn, þá voru flutningarnir að stórum hluta til á erlendum leiguskipum og jafnvel undir erlendum fánum þegar þeir voru á hendi hinna svokölluðu íslensku skipafélaga, eins og reyndar stór hluti af öllum millilandasiglingum sem nú er orðið til landsins, vegna þess að Íslendingar hafa algjörlega glutrað því út úr höndum sínum að tryggja hagsmuni íslenskra sjómanna t.d. í því tilviki.

Hér hafa menn daufheyrst við öllum hugmyndum um að taka upp b-skráningu eða alþjóðlega skráningu skipa eins og sá sem hér talar lagði til fyrir mörgum árum til að reyna að sporna eitthvað gegn því að íslenski kaupskipaflotinn héldi áfram að flagga út þangað til svo er komið að þau skip eru sjálfsagt að verða teljandi á fingrum annarrar handar sem eru í raunverulegri íslenskri útgerð. (Gripið fram í.) Já, og undir íslenskum fána og mannaðir íslenskri áhöfn. Svo dapurlegt er það nú orðið. Og þá er mér spurn: Til hvers var þá verið að streðast við, af hverju gripu menn ekki fyrr til ráðstafana sambærilegra við þær sem Danir og Norðmenn og fleiri hafa gert? Þeir hafa reynt að halda þessari útgerð í sínum höndum með því að setja reglur um alþjóðlega skipaskráningu og ná með því talsverðum árangri. En það er önnur saga.

Ég mundi styðja það, ef ég blandaði mér í afgreiðslu þessa máls á annað borð, að það yrði tekið inn að tryggja á sambærilegan hátt hagsmuni og stöðu íslenskra sjómanna. Ég verð að segja að það verður afar snautlegt að sjá stjórnarliða fella það eftir ræðuhöldin um mikilvægi þess að tryggja slíka hluti í innlendum höndum.

Herra forseti. Í þessu sambandi er talað um öryggishagsmuni Íslendinga. Er það í alvöru svo að millilandasamgöngur á Íslandi séu þannig á vegi staddar í dag að það sé sérstakt öryggishagsmunamál sem tengist hinni agnarlitlu sneið af þessari köku, einhverri veltu í verðmætum upp á 120–150 millj. kr. á ári, eða hvað það nú er? Er líklegt að áætlunarsiglingar milli Íslands og Bandaríkjanna standi og falli með því hvaða aðili hefur þá sneið af kökunni? Mér finnst það nú svolítið upphafið tal, verð ég að segja, að vitna til sérstakra öryggishagsmuna þjóðarinnar í sambandi við svona mál eða þess vegna verktöku eða spenasogið almennt í kringum herinn. Ég held að það sé í öllu falli liðin tíð, hafi það einhvern tíma verið sérstaklega mikið öryggismál.

Að lokum, herra forseti, hlýt ég að benda á að þetta frv. hlýtur nánast að teljast hafa fengið falleinkunn þegar það var tekið til skoðunar af hálfu hæstv. utanrmn. Auðvitað er ekkert óalgengt að mál þurfi lagfæringa við og til þess er yfir þau farið í þingnefndum að sjálfsögðu. En mér finnst það í þessu tilviki dálítið klént að menn skuli senda frá sér pappír sem eiginlega nær ekki máli. Það reyndust á köflum svo miklar vitleysur í þessu að það var ekki almennilega skiljanlegt sem þar var verið að reyna að segja, rangar tilvitnanir og fleira í þeim dúr. Maður hefði þó haldið, herra forseti, að menn mundu vanda sig við frumvarpssmíðina, m.a. vegna þess að í hlut á nokkuð óvenjuleg aðgerð, sem sagt sú að grípa inn í framkvæmd samninga milli tveggja aðila, sem nokkrar deilur hafa staðið um og hlotist af málaferli eða tengd málaferli vegna einkahagsmuna að vísu, með lagasetningu.

Það vill svo til að í þessu tilviki er leiðin ákaflega stutt, Íslandsmegin borðsins greinilega, frá framkvæmdaraðila samningsins af Íslands hálfu og löggjafarsamkundunnar. Mér er til efs að það mundi gerast í mörgum öðrum löndum að sú gata væri jafnstutt og greið og auðrötuð eins og greinilega er hér, að utanrrn. lendir þarna í einhverju hnoði og deilum og þá er það bara rétt eins og að drekka úr tebolla að henda frv. inn í Alþingi Íslendinga og rúlla því þar í gegn. En í hlut á þó framkvæmd samnings, meira að segja milliríkjasamnings, og deilur sem einkaaðilar tengjast vegna framkvæmdar á þeim samningi. Það er óvenjulegt held ég verði að segja að tveir slíkir aðilar sem eiga í samskiptum og

það gerist að annar aðilinn, ef honum líkar ekki ástandið og er ósáttur við framgang mála, setji bara lög. Enda liggur það fyrir að þetta hefur vakið nokkra athygli.

Herra forseti. Ég vísa til þess sem áður hefur komið fram að að mínu mati ættu menn að vera hér á Alþingi Íslendinga að gera allt aðra hluti en þá að ganga frá ótímabundinni löggjöf sem á að lögfesta þetta fyrirkomulag sem menn hafa haft í kringum það að græða á veru hersins. Ég hef kallað þetta silkipappír utan um það kerfi sem menn byggðu hér upp fyrr á öldinni. Það er eiginlega sagnfræðilega afar merkilegt að lesa inngang grg. þar sem verið er að fjalla um þá hluti og reynt að setja í rökrænt samhengi við nauðsyn þess að afhenda tilteknum aðilum einkarétt á þeim viðskiptum sem hér voru á sínum tíma, en ég ætla ekki að fara út í það.

Að mínu mati breytir þetta frv. tiltölulega litlu um það að áfram á að búa út slíkt fyrirkomulag þar sem útvaldir aðilar af Íslands hálfu sitja að þessum viðskiptum og hafa væntanlega af þeim góðan ábata. Allt er mér það heldur þvert um geð, herra forseti, og ég hefði viljað sjá aðra hluti hér á dagskrá, sem sagt þá að menn mönnuðu sig upp í að fara í viðræður við hinn erlenda aðila um það með hvaða móti hann gæti horfið úr landinu og sá draumur margra ræst, að hér yrði að lokum á nýjan leik herlaust land.

En það er líka athyglisvert á sinn hátt, úr því að lög hafa ekki áður verið sett um þessi framkvæmdaratriði samskiptanna við herinn, að það skuli vera formaður þess flokks sem a.m.k. í eina tíð og ég held fyrir ekki lengri tíma þrátt fyrir allt en svona 12 til 15 árum, hafði það iðulega í samþykktum sínum að að sjálfsögðu ætti að stefna að því að erlendur her hyrfi úr landinu þegar friðartímar gengju í garð. Það virðist nú seint ætla að gerast samkvæmt skilgreiningum miðað við þá ótímabundnu lagasetningu sem hér er lögð til.

[18:07]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil víkja að nokkrum atriðum sem fram hafa komið í máli þeirra tveggja frsm. nál. frá tveimur minni hlutum nefndarinnar en þeir hafa komið inn á nokkur atriði þessa máls. Í fyrsta lagi vil ég geta þess að ég held að ekki sé rétt að líta svo á að beinlínis rangar tilvitnanir séu í málinu heldur er verið að fella brott, það er rétt hjá síðasta ræðumanni, númer í lögunum en vitnað er í þau eftir nöfnum. Þetta er aðeins lagatæknilegt atriði sem ég held að hafi ekki aðra þýðingu.

Síðan vil ég fjalla um það sérstaklega sem komið hefur fram í sambandi við brtt. sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur lagt fram og beiðni sem hér kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að nefndin fjallaði um þessar brtt. Nú ber að geta þess að efnisleg umfjöllun um þá þætti sem vikið er að í brtt. fór fram í nefndinni, fjallað var um þessa þætti í nefndinni þó að ekki væri fjallað um brtt., enda var hún ekki komin þar fram. Utanrmn. heldur reglulegan fund á morgun og ekkert því til fyrirstöðu að formaður skoði möguleika á því að hafa umfjöllun um brtt. þá.

Hér var rætt um það að fallið hefðu dómar á tveimur dómstigum í Bandaríkjunum um þetta mál. Það er hárrétt að dómar hafa fallið í málinu en þar á hlut íslenskt fyrirtæki sem sótti mál sitt fyrir bandarískum dómstólum. Íslenska ríkið og löggjafinn eru ekki á nokkurn hátt bundin af þessum dómaniðurstöðum og það er eðlilegt að Alþingi Íslendinga setji reglur um hvernig staðið er að þeim málum er varða íslenska þáttinn í samningnum á sama hátt og Bandaríkjastjórn áskilur sér fullan rétt til þess að setja um það sínar reglur með lögum eða reglugerðarákvæðum hvernig þeir standa að sínum hluta samningsins. Það væri í rauninni í hæsta máta óeðlilegt að bandarískir aðilar færu að blanda sér í það hvernig Íslendingar setja reglur og lög um hvernig þeir vilja að staðið sé að þeim hluta samningsins sem að þeim snýr.

Um það hefur verið rætt og kom fram í máli beggja frsm. minnihlutaálitanna að frv. væri að mati þeirra afturvirkt. Um það er ágreiningur milli meiri hluta utanrmn. og minni hlutanna tveggja. Meiri hlutinn lítur svo á að lagafrv. sé ekki afturvirkt. Bráðabirgðaákvæðið sem hér hefur verið rætt um nær ekki til þeirra samninga sem unnið er eftir. Það nær einungis til hugsanlegrar framlengingar þessara samninga fram yfir núverandi tíma, núverandi efndatíma eftir gildistöku laganna. Ákvæðið er skýrt afmarkað við þau tilvik þar sem forval fór ekki fram áður en samningurinn var gerður og miðar því að því að unnt sé í sérstökum tilvikum að tillögu forvalsnefndar að fella slíka samninga undir forvalsferlið áður en til framlengingar kemur.

Í þessu sambandi, af því að hér hefur verið getið um sérstakt fyrirtæki, nær bráðabirgðaákvæðið ekki til samnings Atlantsskipa við varnarliðið en sá samningur rennur út 31. október nk. Verði frv. að lögum breytir það ekki þeim samningi. Það getur hins vegar náð til hugsanlegrar framlengingar samningsins. Samningur Atlantsskipa er til tveggja ára nema Bandaríkjaher nýti sér einhliða framlengingarheimild sína. Þetta þýðir með öðrum orðum að ef Bandaríkjaher aðhefst ekkert er einungis um tveggja ára samning að ræða sem rennur út 31. október nk.

Nokkuð hefur verið rætt um athugasemd með frv. þar sem segir í athugasemd um 4. gr. að með samningstíma sé átt við upphaflegan samningstíma sem og framlengingartíma samningsins. Báðir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Sighvatur Björgvinsson lögðu út af þessu og töldu að í þessu orðalagi væri tekin afstaða til þess hvað teldist almennt vera samningur og samningstími og hvað ekki. Verið væri að taka almenna grundvallarafstöðu til þess hvort framlenging á samningi teldist til samningstímans eða ekki. Og höfundar frv. kæmust að þeirri niðurstöðu, þeirri grundvallarniðurstöðu að með samningstíma almennt væri átt við upphaflega samningstímann svo og framlengingar samninga.

Í umfjöllun um 4. gr. held ég að rétt sé að benda á að orðið samningstími kemur fyrir í allt öðru samhengi, það kemur þar fram í ákveðnu samhengi 4. gr. þar sem segir að ef forsendur tilnefningar íslensks fyrirtækis bresta á samningstíma verði samningur ógildur. Það er í þeirri merkingu sem þessi athugasemd kemur fram.

Eðli málsins samkvæmt verður þetta ákvæði að gilda jafnt um upphaflegan samningstíma og framlengingu samningsins. Mér finnst því að báðir hv. þm. séu að oftúlka athugasemd með 4. gr. ef þeir vilja lesa út úr henni grundvallarafstöðu höfunda frv. til þess hvað eigi almennt að kallast samningstími og hvenær eigi að líta svo á að honum sé lokið. Á það get ég ekki fallist að þarna sé verið að taka grundvallarafstöðu til þess máls.

Ég held að þetta sé í stórum dráttum það sem ég vildi sagt hafa um þær upplýsingar og athugasemdir sem hér hafa komið fram.

[18:14]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. formanni utanrmn. að um er að ræða samning milli tveggja stjórnvalda, Bandaríkj-

anna og Íslands, og ég tel að það geti a.m.k. orkað tvímælis eða því megi halda fram að sá samningur hafi verið brotinn.

En hvers vegna leystu þá ekki íslensk stjórnvöld málið í viðræðum við Bandaríkjamenn í stað þess að stefna þriðja aðila, Eimskipafélagi Íslands, í stórkostlegar málshöfðanir úti í Bandaríkjunum með ærnum tilkostnaði? Það er búið að vera eilíft klúður og búið að kosta þetta íslenska fyrirtæki stórfé, þetta mál sem varðar samninga milli tveggja ríkisstjórna.

Ég verð að segja eins og er að það má ekki treysta mikið slíkum samningum ef íslensk stjórnvöld geta ekki leyst slíka deilu á þeim grunni í staðinn fyrir að láta íslenska aðila, þriðju aðila, borga stórfé í málskostnað til þess að reyna að fá samningnum framfylgt eins og íslensk stjórnvöld telja að hann sé.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þm. á að í umræddum samningi sem er til tveggja ára, samningi milli varnarliðsins og Atlantsskipa, veitir annar viðsemjandinn, þ.e. Atlantsskip, hinum viðsemjandanum einhliða ákvörðunarrétt á að framlengja samninginn í allt að þrjú ár þannig að hann undirritar fyrirframsamþykki við því að ef viðsemjandinn vill framlengja samninginn um eitt ár í senn þá neyðist flutningafyrirtækið til þess að standa við gerðan samning til allt að fimm ára. Það sem verið er að gera núna er að verið er að breyta því í miðjum klíðum. Það er verið að setja nýjar leikreglur í miðjum klíðum, allt aðrar leikreglur, herra forseti, en þær sem voru uppi þegar samningurinn var gerður. Það er ekki einu sinni gefinn eðlilegur aðlögunartími fyrir aðila til að bregðast við því.

[18:17]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði mig hvers vegna íslensk stjórnvöld hefðu ekki leyst þetta deilumál með samningaviðræðum sem hefði kostað fyrirtæki stórfé. Ég held að eðlilegra sé að hv. þm. beini þessari spurningu til utanrrh. þar sem hann fer með slík mál frekar en að sá sem hér stendur sé að svara þessu. Ég tek það aðeins fram að það hvernig þetta fyrirtæki flæktist inn í þessi kostnaðarsömu deilumál fyrir bandarískum dómstólum gerist að sjálfsögðu stig af stigi. Það er erfitt að sjá þetta fyrir og kannski erfitt að blanda því saman.

Ég vil geta þess að lokum að því miður þarf ég að bregða mér burtu úr Reykjavík á eftir. Ég hef því mjög takmarkaðan tíma til að svara fyrirspurnum. En ég skal taka þær niður og reyna að koma þeim svörum á framfæri síðar.

[18:18]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að hv. þm. er tímabundinn og þess vegna brá ég á það ráð að svara máli hans í stuttum andsvörum fremur en með ræðu á eftir. Ég geri engar athugasemdir við það þó að hann þurfi að fara til annarra starfa. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að það er ekki eðlilegt þegar íslensk stjórnvöld gera samning við stjórnvöld annarra ríkja, að þriðji aðili, íslenskt fyrirtæki, þurfi að reka mál fyrir dómstólum í útlöndum og borga stórfé. Sú skylda hvílir að sjálfsögðu á íslenskum stjórnvöldum að þau sjái til þess með þeim aðgerðum sem þau geta gripið til í samskiptum við vinsamleg ríki að samningur sem gerður hefur verið sé virtur. Það finnst mér eðlilegt. Það er klúður að málið skuli vera búið að standa svona óleyst í fleiri ár og síðan skuli vera gripið á því með þeim hætti sem hér er gert.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, herra forseti, að þarna er um það að ræða að í miðju ferli tveggja aðila sem gert hafa með sér samning, og er ekki vitað betur en báðir aðilar séu ásáttir við þann samning, er leikreglum breytt. Búnar eru til nýjar leikreglur, allt aðrar en þær sem voru fyrir hendi þegar samningurinn var gerður og ákveðið að þær taki bara gildi þegar í stað. Hvorugum samningsaðilanum sem eiga hagsmuna að gæta — þó að þetta séu ekki miklir fjármunir þá kunna þeir að vera stórir fjármunir á grundvelli lítils skipafélags — er gefinn neinn kostur á því að bregðast við. Ég spyr hv. formann utanrmn.: Finnst mönnum líklegt að þetta sé aðferðin til að greiða fyrir þeim samningum sem eru væntanlegir og skipta Íslendinga miklu um framhald á sérstakri bókun vegna varnarsamningsins?

[18:20]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess að auðvitað er það ákvörðun einkafyrirtækis hvort það fer í málsókn eða ekki. Einkafyrirtækið ber á því ábyrgð. Á því bera íslensk stjórnvöld ekki ábyrgð.

Síðan er rétt að geta þess að Bandaríkjamenn geta ekki gert neinar athugasemdir við það þó að íslensk stjórnvöld kjósi að festa með lögum reglur um hvernig Íslendingar standa að þessum málum. Bandaríkjamenn geta ekki gert neina athugasemd við það, enda hafa íslenskir aðilar ekki gert neina athugasemd við það hvernig Bandaríkjamenn hafa staðið að þeim hluta samningsins sem að þeim veit, en eins og kunnugt er standa Bandaríkjamenn með mjög sérstökum hætti að því.

[18:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Eins og kom fram hjá tveim ræðumönnum áðan, bæði hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Steingrími J. Sigfússyni, hef ég flutt brtt. við frv. til laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna. Ég ætla aðeins að koma að því síðar.

Ég vil hefja mál mitt á þá leið að það vekur athygli manns þegar frv. er lesið að það kemur mörgum sinnum fyrir, bæði í tilteknum greinum og greinargerð, að fyrst og fremst sé verið að fjalla um öryggishagsmuni íslenska ríkisins. Það vekur sérstaka athygli að verið er að fjalla um öryggishagsmuni íslenska ríkisins.

Deilur hafa komið upp vegna þessa skipafélags sem er að flytja vörur fyrir Bandaríkjaher til og frá Íslandi. Tvö skip eru í þessum flutningum. Það sem sinnir bandaríska hlutanum er bandarískt, undir bandarískum fána. En það sem sinnir íslenska hluta flutninganna er hollenskt, mannað hollenskum yfirmönnum en með pólskum hásetum. Þegar litið er (**Gripið fram í:** ... Eimskip líka.) svo á merkilega greinargerð um forsögu ágreiningsmáls um flutninga fyrir varnarliðið ásamt fylgiskjölum sem Eimskipafélag Íslands hefur sent frá sér, kemur nokkuð merkilegt fram, þ.e. á því sem þeir kalla fskj. I og er milliríkjasamningur Íslands og Bandaríkjanna ásamt samkomulagi honum tengdum frá 24. september 1986. Þar segir varðandi þann hlutann sem snýr að flutningum Bandaríkjamanna að það skip skuli vera bandarískt og undir bandarískum fána, en um það sem snýr að íslenska hluta flutninganna er aðeins tiltekið að þar skuli vera íslensk kaupskipaútgerð.

Annars vegar er talað um bandarískt skip undir bandarískum fána en í hlutanum sem snýr að Íslandi á útgerðin bara að vera íslensk.

Þegar íslenski kaupskipastóllinn er skoðaður kemur í ljós að hann er nokkuð merkileg samsetning. Eimskip er með 11 skip og aðeins eitt undir íslenskum fána. Alls eru sex skip mönnuð íslenskri áhöfn, tvö að hluta en þrjú alfarið með erlendum áhöfnum. Samskip eru mjög fjögur skip, öll undir erlendum fána. Þrjú eru með íslenskri áhöfn en eitt erlendri.

Í frv. sem hér liggur fyrir kemur m.a. fram í greinargerð með málinu, með leyfi forseta, að:

„Allt frá gerð varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna árið 1951 hafa íslenskir ríkisborgarar starfað fyrir varnarliðið og íslensk fyrirtæki tekið að sér verk fyrir varnarliðið á einn eða annan hátt. Við komu varnarliðsins til Íslands var samfélagsgerðin öll einfaldari en nú er og atvinnuhættir fábreyttari. Þá gætti einnig eðlilegs ótta við áhrif erlendrar herverndar á íslenskt athafnalíf og þjóðlíf, enda voru landsmenn mun færri en nú er og herliðið nokkuð fjölmennt. Íslensk stjórnvöld lögðu því áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum herverndarinnar og þar með úr áhrifum af veru varnarliðsins á íslenskt efnahagslíf. Eftir því sem á leið jókst á hinn bóginn áhersla stjórnvalda beggja ríkjanna á að Bandaríkjamenn nýttu sér íslenskt vinnuafl þar sem því yrði við komið, enda var það beggja hagur að Íslendingar tækju beinni þátt í vörnum lands síns en áður og að Bandaríkjamenn gætu fækkað liðsmönnum sínum í landinu."

Hér koma öryggishagsmunir fram. Gott og vel. Íslenski hluti farmflutninga fyrir varnarliðið er fluttur með erlendu skipi og erlendri áhöfn. Síðan kemur hér, með leyfi forseta:

„Framkvæmd varnarsamningsins og afleiddra samninga snertir öryggishagsmuni íslenskra ríkisins, þó í misríkum mæli sé. Hafa ber í huga að þær heimildir sem íslenskum fyrirtækjum eru veittar til viðskipta við varnarliðið eða Atlantshafsbandalagið samkvæmt fyrrgreindum samningum eiga rætur að rekja til öryggissjónarmiða og eru þær því eðlisólíkar heimildum til milliríkjaviðskipta samkvæmt öðrum samningum. Þessar heimildir fela í sér undantekningu frá þeirri meginreglu að bandarísk stjórnvöld semji einungis við bandarísk fyrirtæki, svo sem var áður en samningar milli ríkjanna um sjóflutninga voru gerðir árið 1986, eða hafi fullt sjálfdæmi um við hvern sé samið, svo sem var um verktöku fram til samkomulags ríkjanna um verkframkvæmd íslenskra aðila árið 1954 eða um kaup á búvörum fram að samkomulagi ríkjanna um kaup á íslenskum eggjum og kjöti frá 1987, svo fáein dæmi séu nefnd."

Það er athyglisvert að íslenska ríkið hefur áhyggjur af búvörunum og ég er ekki hissa á því. En það kveður við annan tón þegar litið er á íslenska kaupskipastólinn og atvinnutækifærin sem þar hafa farið forgörðum.

„Það er ósamrýmanlegt íslenskum öryggishagsmunum að íslensk stjórnvöld hafi ekkert um það að segja hvernig aðgangi íslenskra fyrirtækja að samningum við herlið erlends ríkis um sölu vöru og þjónustu eða verkframkvæmd hér á landi sé háttað. ... Að baki öllum fyrrgreindum samningum liggur sú grundvallarregla að íslensk stjórnvöld fari með mat eigin öryggishagsmuna og að þau meti sjálf íslensk fyrirtæki og íslenska ríkisborgara í þessu skyni."

Ég má til með að halda áfram að vitna í þessa greinargerð, með leyfi forseta. Enn er fjallað um öryggi íslenska ríkisins ljóst og leynt, hagsmuni þess og öryggi:

„Aukið frjálsræði við stofnsetningu fyrirtækja hér á landi í kjölfar aðildar Íslands að EES-samningnum og bann þess samnings við mismunun á grundvelli þjóðernis kallar einnig á að lagaramminn verði skýrður. Þess hefur þegar orðið vart að evrópsk fyrirtæki nýti sér frjálsan staðfesturétt til að sækjast eftir samningum við varnarliðið. Þá má minna á að í tengslum við almenna frjálsræðisþróun í atvinnulífinu voru ákvæði hlutafélagalaga endurskoðuð og rýmkaðar mjög heimildir erlendra ríkisborgara til eignarhalds á fyrirtækjum skráðum í íslenska hlutafélagaskrá.

Viðskiptasamningar á sviði öryggis- og varnarmála eru hins vegar um margt sérstaks eðlis, enda liggja tiltekin öryggissjónarmið að baki gerð þeirra. ... Ef ekki verður spornað við fæti má gera því skóna að síaukinn hluti viðskipta við varnarliðið, sem af öryggisástæðum er mikilvægt að sé í íslenskum höndum, falli pappírsfyrirtækjum erlendra aðila í skaut. Því er í frumvarpinu leitast við að tryggja að íslensk fyrirtæki í skilningi laganna hafi raunveruleg tengsl við landið, séu virkir þátttakendur í íslensku efnahagslífi og lúti íslenskri lögsögu."

Það er athyglisvert að Íslendingar á skipum undir erlendum fána lúta ekki íslenskri lögsögu vegna þess að þjóðfáni þess lands sem blaktir við hún á skipi ræður hvernig farið er með öryggismál, hvernig farið er með öll mál sem lúta að sjórétti og annarri lögsögu. Að vísu er þarna undantekning á frá því fyrir um líklega tveim árum, því að íslenskir sjómenn á erlendum skipum íslensku skipafélaganna njóta sama réttar hvað áhrærir Tryggingastofnun ríkisins.

Af því að varaformaður utanrmn. situr hér vildi ég aðeins benda honum á nauðsyn þess vegna orðalags frv. að þar skuli menn koma að sem eiga að njóta og lúta íslenskri lögsögu, að það dugir ekki eitt að vera með skip undir erlendum fána með íslenskri áhöfn. Hún lýtur ekki íslenskri lögsögu. Þess vegna er sú brtt. til komin, virðulegi forseti, sem ég lagði fram, með leyfi forseta:

„Á eftir 3. tölul. fyrri málsgreinar k-liðar 1. gr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Eiga eða leigja skip sem sigla undir íslenskum fána, mönnuð íslenskri áhöfn, ef fyrirtækið hefur sjóflutninga með höndum."

Herra forseti. Ég benti áðan á plagg sem ég er með undir höndum. Það er greinargerð um forsögu ágreiningsmála um flutninga fyrir varnarliðið ásamt fylgiskjölum. Greinargerð Eimskipafélags Íslands hefst á þessum orðum: „Forsaga ágreiningsmáls um flutninga fyrir varnarliðið, milliríkjasamningurinn frá 1986." Ég vildi, með leyfi forseta, vitna aðeins til þessarar greinargerðar Eimskips:

„Allt frá því á sjöunda áratugnum hafa íslensk skipafélög annast sjóflutninga fyrir bandarískra varnarliðið á Íslandi. Breyting varð þar á árið 1984 er bandaríska skipafélaginu Rainbow Navigation var úthlutað þessum flutningum óskiptum í krafti bandarískra laga frá 1904 sem kveða á um að bandarísk skip sem sigla undir bandarískum fána skuli hafa einokun á flutningum á vegum Bandaríkjastjórnar, þar á meðal fyrir Bandaríkjaher. Lög þessi eru jafnan réttlætt með skírskotun til öryggis- og varnarhagsmuna Bandaríkjanna."

Nærri sama orðalag og gengur í gegn í því frv. sem við erum að fjalla um. Síðan ætla ég að biðja virðulegan þingheim að hlusta vel á það sem kemur nú frá Eimskipafélagi Íslands:

„Íslensk stjórnvöld vildu ekki una þessari einokun bandarísks skipafélags á varnarliðsflutningum og kröfðust þess að íslensk skipafélög hefðu jafnan rétt á að keppa um flutn-

ingana. Íslensk stjórnvöld byggðu kröfu sína á efnahags- og öryggishagsmunum íslensku þjóðarinnar. Smæð íslensks markaðar gerði það að verkum að flutningar fyrir varnarliðið væru lykilatriði fyrir öfluga innlenda skipaútgerð sem gæti þjónað efnahags- og öryggishagsmunum þjóðarinnar á hættu- og neyðartímum."

Ég vona að hæstv. utanrrh. hafi heyrt til mín. (Gripið fram í.) frá óskabarni þjóðar okkar.

„Smæð íslensks markaðar gerði það að verkum að flutningar fyrir varnarliðið væru lykilatriði fyrir öfluga innlenda skipaútgerð sem gæti þjónað efnahags- og öryggishagsmunum þjóðarinnar á hættu- og neyðartímum. Við slíkar aðstæður væri Íslendingum lífsnauðsyn að hafa til taks öflugan skipakost, en fá ríki eru jafnháð siglingum og Ísland."

Síðan segja menn: „Nei, þetta ákvæði á ekki að fara inn í samninga." Ég man ekki hvort það var hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem kom inn á að það væri kannski óeðlilegt við tillögu mína um viðbót við þetta frv. að ætla þar í lagakafla að tiltekið skip undir íslenskum fána ætti að sigla með þessa vöru. (**SighB:** Bara á þessari leið.) Bara á þessari leið. Ja, það er bara þannig í hinum bandarísku samningi að þar á að vera bandarískt skip undir bandarískum fána bara á þessari leið. En það á ekkert að gilda fyrir okkur sem erum svo háðir siglingum sem eyland. Það er allt í lagi að það gildi bara fyrir Bandaríkin. Hér eru menn tilbúnir til að leggja málið allt öðruvísi upp, með skip undir erlendum fána, með erlenda áhöfn. Hver eru meginrökin fyrir því að Eimskipafélag Íslands og þessi skipafélög vilja hafa erlendar áhafnir undir erlendum fána í þessum siglingum? Það er samkeppnin. Samkeppnin er svo rosaleg að við verðum að hafa erlenda áhöfn til þess að geta verið í beinni samkeppni við önnur skipafélög. Við hvaða skipafélög? Getur verið að bandarískt skipafélag mannað bandarískum sjómönnum sé miklu ódýrari en skip undir íslenskum fána með íslenskri áhöfn? Alls ekki. Ég þekki það vel og veit allt um kauptaxta þeirra og laun. Það er allt annað launakerfi, miklu betri laun, meira frí á bandarísku kaupskipi en því íslenska. Síðan segja íslensk skipafélög: „Nei, við erum í svo mikilli samkeppni. Við verðum að nota fólk þriðja heimsins og skip undir hentifána til þess að flytja bandarískar vörur í harðri samkeppni." Við hvern? Ekki Samskip. Það er engin samkeppni þar á milli vegna siglinga til Bandaríkjanna.

Virðulegi forseti. Mér finnst að ríðið sé við einteyming í þessu frv. Ég get vel skilið að það pirri menn þegar menn komast bakdyramegin inn í íslenska löggjöf. Það getur vel verið að það pirri utanrrn. og starfsmenn þess. En allt um það. Einnig held ég að ef menn setja upp lagagrunn sem á að byggjast á varnarsamstarfi við Bandaríkin sé eðlilegt að gagnkvæmni sé í þeim samningi, gagnkvæmni í því að þar sem krafa er gerð um bandarískt skip undir bandarískum fána, að þá sé eðlilegt að líka sé krafa um íslenskt skip undir íslenskum fána og með íslenskri áhöfn og því hef ég lagt þessa brtt. fram, virðulegi forseti. Hér hefur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson óskað eftir því að ég dragi tillögu mína til baka til 3. umr. Ég mun verða við því og vona að hv. utanrmn. taki þetta mál til verulegrar íhugunar.

Mér þykir hins vegar leitt að hér skuli ekki vera viðstaddur formaður utanrmn. Hann nefndi það ekki við mig en vissi þó að þetta mál væri fram undan. Hitt er verra, að hann kom til mín og bað mig um að hleypa sér að til að svara þeim tveimur þingmönnum sem voru á undan mér á mælendaskrá. Ég hleypti honum fram fyrir mig og síðan yfirgefur hann húsið. Þetta er náttúrlega með nokkrum ólíkindum, herra forseti.

Að lokum þetta. Íslensk kaupskipaútgerð hefur haldið því fram nú um langan tíma að hún byggi við svo óviðunandi umhverfi að þess vegna gæti hún ekki sett skipin undir íslenskan fána. Meginrökin voru þau að stimpilgjöld á Ísland væru svo há. Þau þurfti að afnema. Þá mundi kaupskipastóllinn undir íslenskum fána vaxa.

Nú eru liðin tvö ár síðan stimpilgjöldin voru afnumin og það er eitt íslenskt kaupskip undir íslenskum fána. Hvað þarf að gera til að efla íslenska kaupskipaútgerð? Ég held að fyrsta skrefið verði stigið í því með því að setja sömu ákvæði um íslensk kaupskip og Bandaríkjamenn gera varðandi bandarísk skip undir bandarískum fána með bandaríska áhöfn.

Svo vona ég, herra forseti, að þetta mál fái góðan meðbyr í utanrmn. og verði þjóð og þingi til heilla í vel afgreiddu máli.

[18:39]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna, eins og frv. heitir þótt vissulega væri ástæða til að hafa langt mál um bandaríska herinn á Íslandi og framtíð hans. Í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom fram að við höfum lagt fram þáltill. á þinginu um að gengið verði til viðræðna við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar þannig að við mundum vilja nálgast málin frá þeirri hliðinni.

Hins vegar hefur umræðan varpað ljósi á vissa þætti sem eru einnig umræðunnar virði og vísa ég þá sérstaklega í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Það sem þetta frv. fjallar um er sem áður segir samskipti Íslendinga og Bandaríkjamanna og þá einkum og sér í lagi varðandi flutninga til landsins. Eins og komið hefur fram hafa þessir aðilar komið sér saman um að skipta flutningunum þannig að hluti þeirra, 65%, skuli hafna hjá öðrum hvorum aðilanum en 35% hjá hinum. Sá sem býður betur skuli fá stærri hlutann, sá sem býður verr skuli fá minni hlutann. Bandarísk skipafélög skuli annast hluta flutninganna, íslensk skipafélög skuli annast hinn hlutann.

Þá vaknar sú spurning: Hvernig ber að skilgreina íslensk og bandarísk skipafélög? Þessir flutningar eru nú á hendi tveggja félaga, annars vegar Atlantic skipafélagsins og hins vegar Transatlantic skipafélagsins. Því hefur verið haldið fram í umræðu um málin að bæði félögin séu bandarísk að uppistöðu til. Því hefur verið haldið fram að bæði þessi félög séu í raun bandarísk. Talsmenn Atlantic skipafélagsins vísa þessu á bug og segja þetta vera rangt.

Ég vil taka undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að hér skipti miklu máli hvaða skilgreiningar eru lagðar til grundvallar þegar leitast er við að svara spurningunni: Hverri þjóð heyrir fyrirtækið? Hann hefur lagt fram brtt. við þetta frv. Í ljósi þess að í skilgreiningum stjórnarfrv. er hvergi vikið að sjómönnum þá hefur hann lagt fram svohljóðandi brtt., með leyfi forseta:

„Eiga eða leigja skip sem sigla undir íslenskum fána, mönnuð íslenskri áhöfn, ef fyrirtækið hefur sjóflutninga með höndum."

Þetta vill hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson að komi inn í skilgreiningu á íslenskum fyrirtækjum í 1. gr. frv. Ég leyfi

mér að spyrja: Er einhver andvígur þessu? Er einhver andvígur því að þessi skilgreining á íslensku fyrirtæki komi inn í frv.? Ég auglýsi eftir rökum fyrir því að leggjast gegn þessari brtt. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar. Það sem mér fannst vera nánast ógnvekjandi í þeim upplýsingum sem fram komu í hans máli var hvernig háttaði siglingum hjá Eimskipafélagi Íslands. Það kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að af 11 skipum sem eru í millilandasiglingum fyrir Eimskipafélag Íslands er aðeins eitt undir íslenskum fána. Það kom líka fram að aðeins sex þessara skipa eru með íslenskri áhöfn. Tvö þeirra skipa eru með íslenska áhöfn að hluta til og þrjú skip eru með erlenda áhöfn. Síðan eru menn að rífast um hvort eigi að fá bitann, Eimskipafélagið eða Atlantsskip. Hvort félagið er íslenskara? Ég leyfi mér að spyrja vegna þess að sami háttur mun verða hafður á hjá Atlantsskipum. Þar eru erlendar áhafnir á skipunum og ekki eru þar íslenskir fánar að húni. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að auglýsa eftir rökum með því að leggjast gegn þeim brtt. sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur lagt til því að hann er að koma fram með brtt. til styrktar íslenskum sjómönnum. Reyndar má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að bæta í þessa brtt., og vísa þar til kjarasamninga, að því aðeins skuli litið á skipin sem íslensk að þau sigli undir íslenskum fána með íslenskri áhöfn og að virtir séu þar íslenskir kjarasamningar. E.t.v. er það atriðið sem skiptir mestu máli í þessu.

Ég ítreka, herra forseti, að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum viljað nálgast þessi mál frá öðrum enda. Við höfum lagt fram tillögu um að hefja viðræður við Bandaríkjamenn um brottför ameríska hersins af landi okkar. En að sjálfsögðu munum við taka þær tillögur sem fram hafa komið frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni til velviljaðrar skoðunar því að ekki viljum við láta okkar eftir liggja að styðja íslenska sjómenn.

[18:47]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir undirtektir hans við mitt mál. En ég vildi aðeins koma inn á og leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hans vegna þess að sú brtt. sem ég hef lagt fram mundi koma í k-lið 1. gr. frv. á eftir svofelldum texta, með leyfi forseta:

„k. Íslensk fyrirtæki: Fyrirtæki, óháð rekstrarfyrirkomulagi, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

1. Eru skráð á Íslandi og starfrækja höfuðstöðvar sínar hér á landi.

2. Eru landfræðilega staðsett á Íslandi og lúta íslenskri lögsögu.

3. Fyrirsvarsmenn og lykilstarfsfólk fyrirtækjanna eru búsett á Íslandi."

Síðan kæmi þá fjórði liðurinn, með leyfi forseta:

„Eiga eða leigja skip sem sigla undir íslenskum fána, mönnuð íslenskri áhöfn, ef fyrirtækið hefur sjóflutninga með höndum."

Það er því alveg ljóst að skip sem sigla undir íslenskum fána lúta líka íslenskum kjarasamningum og því þarf ekki að taka það neitt sérstaklega fram varðandi þetta mál þannig að íslenski fáninn mundi alfarið ráða því undir hvaða kjarasamninga íslensk skip mundi falla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:48]

Útbýting þingskjala:

Endurgjald fyrir útvarpsleyfi, 473. mál, svar menntmrh., þskj. 978.

Útvarpslög, 207. mál, nál. menntmn., þskj. 999; brtt. menntmn., þskj. 1000.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. DO, 522. mál (heildarlög). — Þskj. 823.

[18:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um kosningar til Alþingis sem hæstv. forsætisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi í eigin nafni en ég hef framsögu fyrir í fjarveru hans. Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga um þetta mikilvæga málefni.

Á síðasta þingi voru samþykkt á Alþingi, öðru og síðara sinni, stjórnskipunarlög um breytingar á því ákvæði stjórnarskrárinnar er leggur grundvöllinn að lýðræðislegum kosningum til þess vettvangs sem hér er saman kominn. Þegar forsætisráðherra mælti öðru og síðara sinni fyrir frumvarpi því er varð að þessum lögum minntist hann þess að Alþingi hafði á þinginu þar á undan, 123. löggjafarþingi, haft til meðferðar frumvarp til nýrra kosningalaga sem þá varð ekki útrætt. Frumvarp þetta var samið af nefnd, sem fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra hafði skipað samkvæmt tilnefningum allra þingflokka er þá áttu sæti á Alþingi til að endurskoða kosningalöggjöfina að öðru leyti en því er laut að kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta, en það verkefni var þá í höndum sérstakrar nefndar er forsætisráðherra skipaði í því skyni haustið 1997. Svo sem fram kom í framsöguræðu þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra með þessu frumvarpi hafði nefndinni er hann hafði skipað ekki unnist tími til að ljúka nema hluta endurskoðunar sinnar og skiladi því auk tillagna sinna lista yfir fjölmörg atriði sem nefndin taldi eðlilegt að yrðu áfram til skoðunar eftir atvikum í tengslum við þá endurskoðun sem framkvæma þyrfti vegna þeirra breytinga á stjórnarskrá sem þá voru til umfjöllunar. Í stað þess að leita á síðasta þingi eingöngu eftir þeim breytingum á kosningalögum sem breytingar á stjórnarskrá útheimtu, féllst forsætisráðherra á þessi sjónarmið og bauð þingflokkunum til samstarfs um endurskoðun kosningalaganna í heild sinni þannig að unnt yrði að taka afstöðu til heildstæðrar kosningalöggjafar á því þingi sem nú situr.

Í þessu skyni var síðastliðið haust skipuð nefnd sem mér var falið að leiða og sú nefnd hefur samið frumvarp það er nú liggur fyrir hinu háa Alþingi. Auk mín var í nefndina skipað samkvæmt tilnefningum þingflokka stjórnarflokkanna hv. alþingismenn Sigríður Anna Þórðardóttir og Kristinn H. Gunnarsson og samkvæmt tilnefningum þingflokka utan ríkisstjórnar hv. alþingismenn Guðmundur Árni Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon. Nefnd þessi skilaði forsætisráðherra tillögum sínum í frumvarpsformi í lok síðasta mánaðar og eru þær lagðar efnislega óbreyttar fyrir Alþingi í þessu frv. Hv. alþingismönnum eiga þó ekki að vera tillögur nefndarinnar alveg ókunnar þar eð nefndarmenn hafa hver á sínum vettvangi kynnt samverkamönnum sínum þær hugmyndir sem unnið hefur verið með eftir því sem störfum nefndarinnar miðaði áfram.

Í samræmi við það sem ég hef nú rakið var hlutverk nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi tvíþætt. Annars vegar að fylgja eftir og útfæra í lögum þær breytingar sem gerðar voru á 31. gr. stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum, nr. 77/1999, um breytingar á kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta. Hins vegar að endurskoða kosningalögin að öðru leyti og leggja til breytingar eftir því sem ástæða þætti til.

Við fyrri þátt nefndarstarfsins lagði nefndin til grundvallar að stjórnarskrárbreytingin byggðist á tillögum nefndar er forsætisráðherra skipaði haustið 1997 samkvæmt tilnefningum allra stjórnmálaflokka er þá áttu sæti á Alþingi og forustumenn sömu flokka stóðu sameiginlega að við flutning málsins hér á hinu háa Alþingi. Nefndin hefur því í öllum meginatriðum útfært þær lagabreytingar sem stjórnarskrá gerir nú ráð fyrir, í samræmi við það þverpólitíska samkomulag er lá stjórnarskrárbreytingunni til grundvallar. Þó er í nokkrum tilvikum vikið frá þeim tillögum er forustumenn stjórnmálaflokkanna kynntu í stjórnskipunarlagafrumvarpi því er Alþingi fjallaði um á 123. löggjafarþingi, en þó hvergi svo að raski þeim markmiðum sem þeim voru sett. Að þessum atriðum vík ég nánar við umfjöllun um einstakar greinar frumvarpsins.

Síðari þáttur nefndarstarfsins var einnig tvískiptur. Annars vegar lá fyrir nefndinni lagafrumvarp það er lagt var fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi en varð ekki útrætt, eins og ég hef þegar vikið að. Í því var að finna ýmsar breytingar á kosningalögum er samstaða hafði tekist um í nefnd þeirri er frumvarpið samdi og í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka er starfandi voru við upphaf þess þings, meðal annarra. Hins vegar lá fyrir nefndinni listi atriða sem þessari fyrri nefnd hafði ekki tekist að ljúka umfjöllun um en taldi engu að síður rétt að yrðu áfram til skoðunar. Þar eð umfjöllun um aðrar og brýnni breytingar á kosningalögum í fyrri hluta nefndarstarfsins tók drjúgan tíma og brýnt var orðið að leggja þær fyrir Alþingi í frumvarpsformi, tók nefndin þann kostinn að fella breytingartillögur sem samstaða hafði tekist um í fyrri nefndinni inn í sínar tillögur ásamt nokkrum öðrum, en leggja lista yfir óútkljáð atriði til hliðar að svo stöddu. Á þessum lista eru þó atriði sem ástæða er til að fjallað verði um áfram og eftir atvikum tekin í lög fyrir næstu kosningar. Þau varða bæði umgjörð kosninga, svo sem kynningu þeirra, aðgang að kjörskrám og vinnslu upplýsinga úr þeim, skoðanakannanir í nánd kosninga og kjósendarannsóknir á kjörstað, svo og framkvæmd kosninga svo sem tilhögun atkvæðagreiðslu bæði á kjörfundi og utan kjörfundar og talningu atkvæða á fleiri stöðum í kjördæmi, svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hljóta örar framfarir í tölvu- og hugbúnaðartækni að kalla á stöðuga endurskoðun á því hvernig þær geti best þjónað og auðveldað framkvæmd kosninga á hverjum tíma. Þessi atriði þarfnast hins vegar skoðunar á lengri tíma en þeim sem nefnd sú er þetta frumvarp samdi hafði til umráða. Því lagði hún áherslu á það í skilabréfi sínu til forsætisráðherra að umfjöllun um þau yrði fram haldið á vegum hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra eftir að þingið hefur lokið meðferð þess frumvarps sem hér er til 1. umr.

Markmið þessa frumvarps stjórnast nokkuð af því tvískipta hlutverki sem nefndinni var falið og ég hef nú gert grein fyrir. Meginmarkmið breytinga á kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta er eins og kunnugt er að draga úr því misvægi atkvæða milli landshluta sem búsetuþróun í landinu hefur því miður valdið og farið hefur vaxandi undanfarin ár. Þannig mældist mesta misvægi atkvæða á milli kjördæma 1:4 miðað við kjósendur á kjörskrá fyrir síðustu kosningar, þ.e. milli Reykjaness og Vestfjarða, í samanburði við 1:3,22 fyrir kosningarnar 1995 milli Reykjavíkur og Vestfjarða. Allir stjórnmálaflokkar sem lengst af síðasta kjörtímabils áttu fulltrúa hér á hinu háa Alþingi hafa með einum eða öðrum hætti álykta um að þetta misvægi yrði að jafna og eftir að tillögur um þær stjórnarskrárbreytingar sem nú hafa verið gerðar komu fram, sýndu mælingar á viðhorfi kjósenda að meiri hluti þeirra er sömu skoðunar.

Grundvöllur þeirra breytinga sem hér eru lagðar til í þessu skyni var lagður með stjórnarskrárbreytingu þeirri er fjallað hefur verið um á tveimur síðustu þingum. Ég tel því ekki ástæðu til að flytja það mál aftur hér eða gera ítarlega grein fyrir forsendum þeirra breytinga sem þær leggja grunninn að. Þó tel ég ástæðu til að minna á að áður en þær tillögur voru settar fram sem nú hafa verið teknar í stjórnarskrá, var fjöldi hugmynda um breytingar á kosningakerfinu til að jafna vægi atkvæða kannaður og ýmsar leiðir þrautreyndar í því skyni. Niðurstaða þeirrar könnunar var sú að því markmiði yrði ekki náð þannig að um það ríkti sæmileg sátt og að uppfylltum öðrum skilyrðum án þess að hreyfa með nokkuð afgerandi hætti við skipan landsins í kjördæmi og leita eftir gagngerum endurbótum á því kerfi sem kosið er samkvæmt til þess vettvangs sem hér er saman kominn.

Aðrar forsendur þessara breytinga voru fólgnar í því að heildarfjöldi þingsæta yrði óbreyttur en skipt niður á kjördæmi þannig að þingsætafjöldi í hverju þeirra yrði sem jafnastur. Jafnframt var á því byggt að jöfnuður yrði á milli stjórnmálasamtaka á landsvísu þannig að fjöldi þingsæta hvers flokks yrði í sem fyllstu samræmi við kjörfylgi. Síðast en ekki síst hefur verið leitast við að gera kosningakerfið einfaldara og auðskiljanlegra en verið hefur, enda er fátt fremur til þess fallið að draga máttinn úr frjálsum kosningum og kosningaþátttöku almennings en flókið og illskiljanlegt kosningakerfi.

Markmið annarra breytinga sem lagðar eru til í þessu frumvarpi má segja að eigi það sammerkt að auðvelda kjósendum að neyta kosningarréttar síns og bæta úr ýmsum ágöllum sem komið hafa fram við framkvæmd kosninga á undanförnum árum. Við gerð þeirra var hliðsjón höfð af nýlegum lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, og þá jafnframt byggt á þeirri reynslu sem fékkst af framkvæmd þeirra laga við framkvæmd síðustu sveitarstjórnarkosninga. Almennt miða þessar breytingar að því að skapa kosningum til Alþingis umgjörð sem gert getur framkvæmd þeirra einfaldari og greiðari án þess að draga um leið úr öryggi.

Mun ég nú, herra forseti, víkja að helstu breytingum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, en um nánari greinargerð fyrir einstökum breytingum vísast að öðru leyti til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins. Framsetning og efnisskipan er reyndar nokkuð breytt frá núverandi lögum. Til hægðarauka er yfirlit um kafla- og greinaskipan frumvarpsins því birt í IV. kafla almennu greinargerðarinnar með því.

Í I. kafla frumvarpsins eru tiltekin skilyrði kosningarréttar og kjörgengis. Þau ákvæði eru í öllum meginatriðum óbreytt en þó er því aukið við að umboðsmaður Alþingis skuli, eins og hæstaréttardómarar, ekki teljast kjörgengur til Alþingis. Er það og í samræmi við almenn starfsgengisskilyrði umboðsmanns.

Í II. kafla frumvarpsins er komið að afmörkun landsins í kjördæmi og skiptingu þingsæta milli hvers þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar skulu kjördæmin

vera fæst sex en flest sjö að tölu. Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að kjördæmin verði sex, þrjú landfræðilega stærri kjördæmi á landsbyggðinni og þrjú landfræðilega minni kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu. Með þessu móti verða kjördæmin hins vegar öll svipuð að stærð miðað við fjölda kjósenda í hverju þeirra. Það gerir að verkum að heildarfjöldi þingsæta í hverju kjördæmi getur verið áþekkur án mikils misvægis atkvæða á milli þeirra og hægt er að úthluta fleiri þingsætum í kjördæmi á grundvelli úrslita í kjördæminu sjálfu, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Miðað við kjósendur á kjörskrá í síðustu alþingiskosningum ætti mesta misvægi atkvæða á milli kjördæma samkvæmt þeirri skiptingu sem hér er lögð til að nema 1:1,85.

Um staðbundna skiptingu landsins í kjördæmi vísa ég að öðru leyti til frumvarpsins. Þar er nýmæli að mörk þeirra séu dregin með vísan til þeirra sveitarfélaga sem heyra til hverju þeirra, enda er skipting landsins í sýslur og flokkun í kaupstaði og hreppa, svo sem núverandi afmörkun tekur mið af, löngu afnumin. Í 2. mgr. 6. gr. er þó að finna ákvæði er kemur í veg fyrir að breytingar á mörkum sveitarfélaga hafi áhrif á mörk kjördæma, nema afstaða sé til þess tekin á þann hátt sem 2. mgr. 129. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.

Sú kjördæmaskipan sem hér er lögð til er í öllum meginatriðum í samræmi við þá afmörkun sem boðuð var þegar stjórnarskrárbreytingin var til meðferðar á fyrra þingi. Frá því eru þó tvö frávik. Annars vegar er lagt til að sveitarfélagið Hornafjörður teljist til Suðurkjördæmis í stað Norðausturkjördæmis, en sú tilhögun var tekin til endurskoðunar í kjölfar þess að bæjarstjórnin á Hornafirði kom á framfæri við nefndina er frumvarpið samdi, niðurstöðum skoðanakönnunar er bæjarstjórnin lét gera meðal kosningarbærra manna í sveitarfélaginu og lýsti vilja yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem afstöðu tóku til að heyra til Suðurkjördæminu. Þegar til þess var litið að það var og sú skipan sem upphafleg aðaltillaga svonefndrar kjördæmanefndar gerði ráð fyrir og að breyting í þessa veru raskar ekki meginmarkmiðum frumvarpsins um vægi atkvæða milli einstakra kjördæma og fjölda þingsæta í hverju þeirra, þótti ekki ástæða til að halda í fyrri skipan.

Hins vegar er lagt til að mörk Reykjavíkurkjördæmanna tveggja verði dregin frá vestri til austurs, í suðurkjördæmi og norðurkjördæmi, en fyrri tillaga gerði ráð fyrir að borginni yrði skipt frá norðri til suðurs, í vesturkjördæmi og austurkjördæmi. Skipting Reykjavíkur í tvö kjördæmi er óhjákvæmileg til að fjöldi þingsæta í hverju kjördæmi geti verið sem jafnastur. Til að vægi atkvæða í hvoru Reykjavíkurkjördæmanna um sig verði enn fremur sem jafnast þurfa þau einnig að vera því sem næst jafnstór með tilliti til fjölda kjósenda að baki hverju þingsæti. Mörkin milli kjördæmanna þurfa því að vera hreyfanleg eftir því sem borgin vex og íbúum hennar fjölgar. Á þessum forsendum er landskjörstjórn falið að ákveða mörk suður- og norðurkjördæmis í Reykjavík, sbr. niðurlag 1. mgr. 6. gr., eftir búsetu kjósenda innan borgarinnar samkvæmt þeim viðmiðunum sem fram koma í 7. gr. frumvarpsins. Samkvæmt þeim skulu mörkin dregin fyrir hverjar kosningar þannig að kjósendur að baki hverju þingsæti, að jöfnunarsætum meðtöldum, verði nokkurn veginn jafnmargir í hvoru kjördæmi um sig. Þegar til þess var litið hvernig skipulag borgarinnar í götur og hverfi gæti nýst í því skyni þótti sú skipting sem hér er lögð til í suður- og norðurkjördæmi, til lengri tíma litið, bæði geta gefið betri þverskurð af borginni með tilliti til aldursdreifingar íbúa, framtíðarþróunar borgarinnar og uppbyggingar hennar í austurátt, svo og gera hvort kjördæmi um sig líkara hinu en annars mundi verða. Í 7. gr. er einnig áréttað að hvort kjördæmi um sig ætti eftir því sem kostur er að vera sem samfelldust heild. Í því skyni ættu meginumferðaræðar borgarinnar um Miklubraut og Vesturlandsveg að nýtast vel til að draga mörkin milli kjördæmanna enda þótt útlit sé fyrir að einhver frávik verði á hverjum tíma að gera þar á til að ekki muni of miklu á fjölda kjósenda að baki hverju þingsæti í hvoru kjördæmi um sig. Horfið var frá því að festa í lögin ákveðið hlutfall á því sem skeika má á fjölda kjósenda innan hvors þeirra um sig, en í fyrri útgáfu var það bundið við tvo af hundraði. Engu að síður er litið svo til að frávik á milli þeirra megi vart fara langt yfir það hlutfall, enda þótt ekki megi fylgja því svo strangt eftir að mörkin verði dregin gegnum einstök hús eða stigaganga. Hér skal því áréttað að mörkin ber í lengstu lög að miða við hverfaskiptingu og eftir atvikum götur í Reykjavík, rétt eins og tíðkast hefur við skiptingu borgarinnar í kjördeildir.

Í 8. gr. frumvarpsins er þingsætum skipt á milli kjördæma innan þeirra heimilda sem stjórnarskrá veitir. Samkvæmt henni skulu kjördæmissætin að lágmarki vera sex í hverju kjördæmi og jöfnunarsæti bundin ákveðnum kjördæmum. Hér er lagt til að heildarfjöldi þingsæta í hverju þeirra verði nokkurn veginn sá sami, þ.e. tíu þingsæti í hverju landsbyggðarkjördæmanna, en ellefu sæti í hverju þéttbýliskjördæmanna. Innan hvers kjördæmis skiptast sætin síðan þannig að kjördæmissætin verða níu talsins, en jöfnunarsæti tvö í hverju þéttbýliskjördæmanna og eitt í hverju landsbyggðarkjördæmanna. Með þessu móti verða kjördæmissæti í hverju kjördæmi jafnmörg en það þýðir að stjórnmálasamtök þurfa að fá hlutfallslega jafnmörg atkvæði í hverju þeirra til að fá úthlutað slíku sæti. Þá benda útreikningar ekki til annars en að samtals níu jöfnunarsæti í sex álíka stórum kjördæmum ættu að duga til að tryggja sæmilega vel jöfnuð milli stjórnmálasamtaka miðað við fylgi þeirra á landsvísu.

Loks er í 9. gr. frumvarpsins útfærð sú regla sem tekin var í 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar og ætlað er að koma í veg fyrir að misvægi atkvæða fari yfir 1:2 milli einstakra kjördæma. Ef kjósendur að baki hverju þingsæti, að meðtöldum jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar orðnir helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi, er landskjörstjórn samkvæmt þessu ákvæði falið að breyta fjölda kjördæmissæta í kjördæmum til að draga úr þessum mun. Ég vek athygli á að hér er atkvæðamisvægið bundið við það hámark sem stjórnarskrá leyfir, enda þótt hún heimili að gengið sé lengra í jöfnunarátt. Um það er þó ekki gerð tillaga hér. Hitt er hins vegar sérstaklega áréttað, svo sem fram kom við 2. umr. um stjórnskipunarlagafrumvarpið á síðasta þingi, að heimild landskjörstjórnar til flytja kjördæmissæti undir þessum kringumstæðum er bundin við þau sæti sem eru umfram stjórnarskrárbundið lágmark í hverju kjördæmi.

Herra forseti. Úr III. og IV. kafla um kjördeildir og kjörstjórnir nefni ég það sérstaklega að samræmdar eru reglur um þau mál í öllum sveitarfélögum og sveitarstjórnum falið að skipta sveitarfélagi í kjördeildir og skipa undirkjörstjórnir. Í sveitarfélagi þar sem kjördeildir eru fleiri en ein getur sveitarstjórn jafnframt kosið sérstaka kjörstjórn til að hafa umsjón með starfi undirkjörstjórna. Sama á við þar sem kjördeild er fleiri en ein á sama kjörstað og ef kjörstaðir eru fleiri en einn í sama sveitarfélagi. Þá er tengslum vegna skyldleika og mægðir bætt við vanhæfisástæður kjörstjórnarmanna, en ekki þykir ástæða og jafnvel ekki tækifæri til að láta jafn-

strangar vanhæfisástæður gilda um kjörstjórnarmenn og í stjórnsýslunni að öðru leyti.

Í V. kafla er það eitt nýtt að dóms- og kirkjumálaráðuneyti er gert að auglýsa hvenær reglulegar kosningar til Alþingis fara fram. Að öðrum kosti kemur það í hlut forsætisráðuneytis samhliða birtingu þingrofsúrskurðar.

Ákvæði VI. kafla um kjörskrá eru í meginatriðum óbreytt um aðferðir við gerð kjörskránna enda hefur mikið átak verið gert á síðasta áratug til að færa gerð þeirra nær kjördeginum sjálfum og fækka þannig ágreinings- og kærumálum um hvar kjósendur geti neytt kosningarréttar síns. Ákvæði um úrlausn hinna síðastnefndu eru þó fyllt og gerð skýrari að fenginni reynslu. Með því að æskilegt þykir að afmörkun kjördæmanna í Reykjavík samkvæmt 7. gr. frumvarpsins geti byggst á sömu upplýsingum og kjörskrár í borginni er hins vegar lagt til að íbúaskrá þjóðskrár verði fryst, ef svo mætti segja, í þessu skyni aðeins fyrr en nú er eða fimm vikum fyrir kjördag í stað þriggja samkvæmt breytingu á kosningalögum frá 1995, enda getur kjörskrárgerð í Reykjavík ekki hafist fyrr en mörk kjördæmanna þar hafa verið dregin. Þykir þetta nauðsynleg ráðstöfun, svo sem til varúðar og fyrirhyggju, meðan reynsla er fengin af hinu nýja kerfi enda þótt hægt kunni að vera að færa þetta svigrúm nær kjördegi aftur síðar.

Í 2. mgr. 23. gr. er jafnframt tekin upp regla er mælir fyrir um til hvors Reykjavíkurkjördæmanna beri að telja þá sem eiga þar kosningarrétt, en eru óstaðsettir í hús eða búsettir í útlöndum.

Í VII. kafla frumvarpsins er fjallað um framboð í alþingiskosningum og í VIII. kafla um listabókstafi stjórnmálasamtaka. Nýmæli í þessum köflum eiga það flest sammerkt að stuðla að því enn frekar en nú er að full alvara sé að baki framboðum til Alþingis og að þau eigi sér raunverulegan hljómgrunn meðal kjósenda. Þannig er í 31. gr. gerð krafa til að á framboðslista séu ávallt nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, en hingað til hefur verið látið við það sitja að frambjóðendur séu jafnmargir þingsætunum sem kjósa á til. Þá er ákvæðum um fjölda meðmælenda með framboði í 32. gr. breytt og mörkin hækkuð nokkuð. Lætur nærri að lágmarksfjöldi meðmælenda nemi eftir breytinguna um einum af hundraði af kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Með sama hætti er fjöldi kjósenda er undirrita þurfa tilkynningu um listabókstaf nýrra stjórnmálasamtaka hækkaður í 300, en það er sami fjöldi og minnst þarf til að mæla með framboðslista. Einnig er í þessum köflum að finna ákvæði um að meðmælandi geti ekki mælt með fleiri framboðslistum en einum við sömu kosningar, um afturköllun framboðs og meðmæla með því og um ný stjórnmálasamtök, þar á meðal um að heiti þeirra megi ekki vera þannig að villst verði á því og á heiti samtaka sem fyrir eru.

Að því leyti sem á kann að skorta að framboðslisti fullnægi þeim formkröfum sem lýst er í þessum köflum frumvarpsins er loks ástæða til að vekja athygli á að í 41. gr. frumvarpsins í X. kafla er gert ráð fyrir að umboðsmönnum lista gefist yfirleitt kostur á að bæta þar um betur eftir því sem tími og atvik leyfa áður en slíkir annmarkar geta haft alvarlegri afleiðingar.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að víkja sérstaklega að ákvæðum IX. kafla um umboðsmenn framboðslista og X. kafla um úrskurð um framboð og auglýsingu þeirra. Þau eru um flest með svipuðum hætti og verið hefur.

Í XI. til og með XIV. kafla er að finna ákvæði um framkvæmd kosninga, bæði utankjörfundaratkvæðagreiðslu og atkvæðagreiðslu á kjörfundi. Ýmis nýmæli eru tekin í þessa kafla til að greiða fyrir atkvæðagreiðslu og gera hana einfaldari. Þessi ákvæði eru þó meðal þeirra sem ástæða er til að verði áfram til skoðunar enda er það sameiginlegt hagsmunamál allra stjórnmálasamtaka að kosningar geti gengið sem greiðast fyrir sig.

Meðal nýjunga í þessu frumvarpi má benda á ákvæði um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en hún hefur, a.m.k. hér innan lands, á stundum reynst fram úr hófi tafsöm. Í 58. gr. er nú mælt svo fyrir að framkvæmd og afgreiðslutíma utankjörfundaratkvæðagreiðslu skuli hagað þannig að kosning geti gengið sem greiðast fyrir sig. Í sömu grein er sýslumanni heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla geti farið fram á öðrum stað í umdæmi hans en á embættisskrifstofu eða útibúi, og sams konar heimild er tekin í 59. gr. að því er utanríkisráðuneytið varðar til að ákveða að atkvæðagreiðsla erlendis geti farið fram á öðrum stað en í sendiráði, skrifstofu fastanefndar eða ræðismanns. Þá er farþegum á íslensku skipi sem er á siglingum erlendis eða á fjarlægum miðum, heimilað að kjósa um borð í skipinu, auk áhafnarinnar eins og verið hefur. Í 58. gr. er einnig felld niður krafa um læknisvottorð til stuðnings ósk um atkvæðagreiðslu í heimahúsi og styttur er frestur til að koma slíkri ósk á framfæri úr einni viku í fjóra daga. Er með því móti komið á móts við tillögur er hv. alþingismaður Einar K. Guðfinnsson hefur ásamt öðrum hv. þingmönnum flutt hér a.m.k. í tvígang og miða að því að stytta þennan frest til hádegis á kjördag. Að svo stöddu þótti þó ekki fært að ganga svo nærri þessum fresti og því svigrúmi er ætla verður þeim er annast framkvæmd kosninga.

Í XV. og XVI. kafla er komið að ákvæðum um talningu atkvæða, úrslit kosninga og úthlutun þingsæta. Ákvæði í XV. kafla um kosningaúrslit í kjördæmum eru í nokkrum tilvikum fyllt og skýrð nánar að fenginni reynslu, en eru þó í meginatriðum með sama móti og verið hefur. Verkaskipting milli yfirkjörstjórna í hverju kjördæmi og landskjörstjórnar er einnig óbreytt þannig að yfirkjörstjórnir annast talningu atkvæða en landskjörstjórn úthlutar þingsætum og gefur út kjörbréf.

Í 107. gr. frumvarpsins er lagt til að kjördæmissætum verði úthlutað á grundvelli svonefndrar d'Hondt-reglu, en það er sama reiknireglan og jöfnunarsætum hefur verið úthlutað samkvæmt og lengst hefð er fyrir hér á landi, bæði í alþingis- og sveitarstjórnarkosningum. Var hún reyndar notuð við úthlutun kjördæmissæta einnig allt frá því að hlutfallskosningar voru teknar hér upp og fram til 1987 þegar „regla stærstu leifa", sem svo var kölluð, tók við. Þeirri reglu var ætlað að auka möguleika minni flokka í fámennari kjördæmum til að fá kosinn þingmann og ná þannig á auðveldari hátt jöfnuði milli flokka á landsvísu. Þessi regla hefur hins vegar þótt ýmsum annmörkum háð og með því að nýskipan kjördæma miðar að því að stækka þau og draga úr misvægi atkvæða milli þeirra, þykir ekki vera sama þörf og áður á þessari reglu til að tryggja jöfnuð milli flokka. Við útfærslu breytinga á kosningakerfinu var því lagt til grundvallar að útreikningur á úrslitum kosninga og úthlutun þingsæta, bæði kjördæmissæta skv. 107. gr. og jöfnunarsæta skv. 108. gr., byggðist á d'Hondt-reglunni.

Í 108. gr. er áréttuð sú regla sem fest var í stjórnarskrá og mælir fyrir um að þau stjórnmálasamtök komi ein til álita við úthlutun jöfnunarsæta sem hlotið hafa að minnsta kosti fimm af hundraði af gildum atkvæðum á landinu öllu. Skiptir þá ekki máli hvort framboð hafi náð þingsæti í kjördæmi, eins

og nú er, ef það hefur á annað borð náð þessu lágmarksfylgi á landsvísu. Þessum sætum verður einnig úthlutað á grundvelli d'Hondt-reglu, eins og áður segir, og í 109. gr. er ákvæði um hvernig þeir frambjóðendur verði fundnir sem í þau hljóta kosningu. Þar er lögð til sú breyting að jöfnunarsætum verði úthlutað til þeirra frambjóðenda hvers flokks sem hafa hæst hlutfall gildra atkvæða í sínu kjördæmi, en með því móti næst talsverð einföldun á því kerfi sem jöfnunarsætum er úthlutað eftir samkvæmt núverandi kerfi.

Í 110. gr. er svo lagt til að möguleikar kjósenda til að sýna afstöðu sína til einstakra frambjóðenda á kjörseðli, þ.e. með útstrikun eða umröðun, verði auknir nokkuð frá því sem nú er. Samkvæmt gildandi lögum þarf meira en helmingur kjósenda að breyta röð frambjóðanda á lista eða strika út frambjóðanda til þess að hann falli úr sæti sínu. Hér er lagt til að þessi mörk verði færð talsvert neðar, en verði þó breytileg eftir því hve margir frambjóðendur eru kjörnir af hverjum lista. Í þessu skyni er lagt til að tekin verði upp sú regla sem gilti fram að breytingu á kosningalögunum 1959, og raunar nokkuð breytt fram til 1987, og kennd er við franska stærðfræðinginn Jean Borda sem uppi var á 18. öld. Til að mörkin verði þó ekki óeðlilega lág er lagt til að reglunni verði aðeins beitt um þá frambjóðendur á lista sem ná aðaleða varamannssæti, þó aldrei færri en þrjá, en hafi ekki áhrif á röð annarra frambjóðenda.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um ákvæði XVIII. til XXV. kafla, herra forseti, enda eru þau flest með sama sniði og verið hefur og rækilega gerð grein fyrir öllum breytingum í athugasemdum.

Í XXVI. kafla frumvarpsins er sérstaklega áréttað að breytingar á ákvæðum laga þessara um kjördæmamörk og úthlutun þingsæta verði aðeins gerðar með atkvæðum aukins meiri hluta á Alþingi, svo sem bundið er í stjórnarskrá, enda var það forsenda þess að ákvæði um þessi efni voru flutt úr stjórnarskrá í kosningalög. Einfaldur meiri hluti dugir til annarra breytinga svo sem verið hefur og einfaldur meiri hluti nægir reyndar einnig til að samþykkja þetta frumvarp samkvæmt bráðabirgðaákvæði er bætt var í stjórnarskrána með 2. gr. stjórnskipunarlaga, nr. 77/1999, en það fellur síðan úr gildi við samþykkt þess.

Samkvæmt 130. gr. er lagt til að frumvarpið, ef að lögum verður, öðlist gildi við birtingu, enda brýnt að til séu kosningalög er svari til þeirra breytinga sem þegar hafa verið gerðar á stjórnarskrá landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er þó lagt til að núverandi kosningalög haldi gildi sínu að því er varðar það forsetakjör sem fram á að fara á sumri komanda, að svo miklu leyti sem lög um framboð og kjör forseta geyma ekki sérákvæði um kjörið. Undirbúningsferlið að kjöri forseta er lögum samkvæmt þegar hafið og þykir óvarlegt að breyta reglum um það meðan það stendur yfir. Yfirkjörstjórnir er kosnar voru á síðasta þingi halda þá einnig umboði sínu að því er það varðar, en jafnframt ber þó að kjósa nýjar yfirkjörstjórnir samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps þegar er það er orðið að lögum.

Herra forseti. Ég hef þá lokið greinargerð minni um helstu breytingar er frumvarp þetta felur í sér.

Þegar forsætisráðherra mælti fyrir þeim stjórnarskrárbreytingum er lögðu grunninn að þessu frumvarpi, komst hann svo að orði að í þjóðfélaginu ríki ekki lengur sú sátt sem vera þarf um kosningakerfið til að við það megi una. Aflvaki þessara breytinga er því fyrst og síðast sá að draga úr því misvægi atkvæða milli landshluta sem búsetuþróun í landinu hefur því miður valdið. Jöfnun atkvæðavægis milli landshluta leiðir óhjákvæmilega til þess að þingsæti færast frá landsbyggðinni til þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins. Eins og jafnan þegar slíkar breytingar eru í deiglunni er eðlilegt að umræða skapist um byggðamál og byggðastefnu í víðara samhengi. Í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis skipaði hæstv. forsætisráðherra nefnd undir forustu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar til að fjalla um þá hlið málsins sem og um starfsaðstöðu þingmanna í hinum landfræðilega stærri kjördæmum. Nefnd þessi hefur skilað tillögum þar sem ýmsum aðgerðum til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni og til að bæta starfsaðstöðu þingmanna þar, er forgangsraðað. Nefnd sú er ég var formaður fyrir og vann að gerð þessa frumvarps lagði í skilabréfi sínu til forsætisráðherra ríka áherslu á að tillögum þessum verði fylgt eftir og þeim hrint í framkvæmd á skipulegan hátt. Af hálfu ríkisstjórnarinnar vil ég í þessu sambandi benda á að þegar hefur verið hafist handa um að hrinda einstökum tillögum þessarar nefndar í framkvæmd. Þar á meðal hefur framkvæmdum við vegagerð samkvæmt langtímaáætlun verið flýtt samkvæmt sérstakri áætlun til fjögurra ára og heimildir til þátttöku í ferðakostnaði sjúklinga verið rýmkaðar og endurgreiðslur auknar. Þá eru ábendingar nefndarinnar um eðlileg tölvusamskipti íbúa á landsbyggðinni í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Aðrar tillögur nefndarinnar hljóta að koma til skoðunar við undirbúning fjárlaga hverju sinni. Ekki er því ástæða til að víkja frekar að þeim hér og nú heldur skal það aðeins áréttað sem hæstv. forsætisráðherra hefur áður lýst yfir, að tryggt megi telja að þær hljóti að öðru jöfnu brautargengi innan þeirra tímamarka sem nefndin sjálf setti þeim.

Herra forseti. Enda þótt breytingar á kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta verði sjálfsagt talið eitt meginkennimark þessa frumvarps, vil ég að lokum leggja á það sérstaka áherslu að það miðar einnig að ýmsum umbótum á öðrum þáttum kosningakerfisins, eins og ég vænti reyndar að fram hafi komið í máli mínu. Ég hygg reyndar að þetta sé í fyrsta skipti í langan tíma sem tekið er á svo heildstæðan hátt á því vandasama verki sem undirbúningur breytinga á kosningakerfi er. Því vil ég nota þetta tækifæri til að færa þeim sem að verkinu hafa komið sérstakar þakkir og þá á ég ekki aðeins við samstarfsmenn mína í nefnd þeirri er ég leiddi, heldur einnig þær nefndir sem áður hafa að því unnið, annars vegar undir forustu Friðriks Sophussonar, fyrrverandi alþingismanns og ráðherra, og hins vegar undir forustu Ólafs W. Stefánssonar, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Frumvarp þetta byggist þannig á umfangsmiklu starfi sem unnið hefur verið að á breiðum pólitískum grundvelli. Áfangar í því starfi hafa verið kynntir á ýmsum stigum, bæði í þingflokkum og á almennum kynningarfundum víða um land. Enda þótt frumvarpið byggist í ýmsum atriðum á málamiðlun á milli ólíkra sjónarmiða úr ýmsum áttum, e.t.v. ekki síst stjórnmálaflokkanna sjálfra, er það einlæg skoðun mín að niðurstaðan þjóni vel þeim markmiðum sem lagt var upp með og allir hv. alþingismenn, hvar í flokki sem þeir standa, geti tekið undir. Í því ljósi vænti ég þess að breið samstaða geti tekist um framgang málsins hér á hinu háa Alþingi og að samþykkt þess megi verða landi og lýð til heilla.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[19:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv., Geir H. Haarde, fyrir starf hans að þessu máli. Eins og kunnugt er stóðu allir stjórnmálaflokkar sem áttu setu á Alþingi að því. Segja má að í þeirri nefnd sem hv. fyrrv. þm. Friðrik Sophusson veitti forustu, hafi náðst samkomulag milli stjórnmálaflokkanna í öllum meginatriðum í málinu. Auðvitað er það svo að þessu fylgja kostir og gallar og það er óánægja með þetta mál hjá ýmsum í mínum flokki eins og ég hygg að sé í öllum öðrum stjórnmálaflokkum sem að þessu standa. En aðalatriðið er að náðst hefur samkomulag milli stjórnmálaflokkanna um það og Framsfl. mun að sjálfsögðu standa að því samkomulagi eins og ég hygg að allir aðrir stjórnmálaflokkar ætli sér að gera. Það er nauðsynlegt að ljúka málinu og leiða það til lykta.

Ég vænti þess að við getum eins fljótt og kostur er styrkt starfsaðstöðu þingmanna því ég tel afar mikilvægt, samfara þessum breytingum, að aðstaða þingmanna, sérstaklega á landsbyggðinni, verði verulega styrkt. Kjördæmin koma til með að stækka mjög mikið og erfiðara verður fyrir þingmenn að vera í nánu sambandi við kjósendur sína. Því er nauðsynlegt að þeir fái betri aðstöðu til að sinna því nauðsynlega sambandi við umbjóðendur sína.

Þegar lagt var af stað með þetta mál var aðalatriðið að jafna bæri atkvæðisrétt fólksins í landinu meir en þá var og það kom fljótt í ljós að ekki væri mögulegt að ná samkomulagi milli stjórnmálaflokkanna nema kjördæmin væru stækkuð, ekki síst í þeim tilgangi að allir flokkar ættu bærilega möguleika á því að fá þingmann kosinn í hverju kjördæmi. Auðvitað eru þessi kjördæmi afskaplega stór og mun stærri en áður var. En ég hygg þó að í reynd hafi kjördæmabreytingin 1958 og 1959 leitt til stærri kjördæma en við erum nú að stofna til, ef við berum saman samgöngur, upplýsingatækni og allar aðstæður í landinu.

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara yfir kosti og galla málsins. Ég tek undir með hv. 3. þm. Reykv., Geir H. Haarde, þegar hann mælti fyrir því, en vil aðeins ítreka það hér að Framsfl. stendur að málinu með kostum þess og göllum. Hins vegar hefur komið í ljós að einstakir þingmenn í mínum flokki eru ósáttir við það og munu láta í ljós skoðanir sínar hér eins og vera ber. En þingflokkur Framsfl. hefur ákveðið að standa að því á þann hátt sem upphaflega var stofnað til.

[19:22]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. segir að þetta mál byggi allt á víðtækri sátt sem allir flokkar hafi komið að og vísar þar til starfs á fyrra þingi. Staðreyndin er sú að Vinstri hreyfingin – grænt framboð kom ekki að þeirri sátt eða því samkomulagi.

Þessar breytingar sem verið er að ráðast í byggja á breytingu á stjórnarskrá Íslands. Til þess að slík breyting nái fram að ganga þarf hún að vera samþykkt á tveimur þingum. Hvernig skyldi standa á því að tvö þing þurfi til að koma í gegn stjórnarskrárbreytingum? Það er vegna þess að menn vilja tryggja að ekki verði gert samkomulag á milli þinga, að um slíkar breytingar sé það mikil sátt að tvö óháð þing samþykki breytingarnar óháð slíku samkomulagi sem hæstv. utanrrh. vísar til. Ég verð að segja að um fá mál ríkir eins mikil óánægja í landinu og þær breytingar sem verið er að gera á kjördæmaskipan. Ég vísa því til föðurhúsanna að menn geti réttlætt þetta í ljósi einhverrar víðtækrar sáttar milli stjórnmálaflokkanna.

Í þeirri nefnd sem hefur fjallað um málið nú og skiptingu landsins í kjördæmi er klofningur og það hefur margoft komið fram í umræðu um þessi mál að mikil óánægja er um þau á meðal þingmanna. Ég ítreka, herra forseti, að ég tel að þær breytingar sem verið er að ráðast í byggi ekki á víðtækri sátt, hvorki í landinu né innan Alþingis. Ég hafna því þessari söguskýringu hæstv. utanrrh.

[19:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að þingmenn nokkrir hverjir sem nú eru í flokki sem nefnir sig vinstri grænir voru í Alþb. áður. Og Alþb. stóð að þessu máli eins og aðrir stjórnmálaflokkar. Ég held að í því starfi hafi ekki síst verið tekið mjög mikið tillit til Alþb. og Alþfl. og jafnvel meira en til annarra flokka hér á Alþingi. Auðvitað hefðu Sjálfstfl. og Framsfl. sem meirihlutaflokkar á Alþingi getað staðið að þessu máli einir og okkur hefði trúlega tekist að lenda því á þann hátt að það hefði skapað meiri samstöðu í okkar flokkum. En við kusum ekki að gera það. Við kusum að starfa að þessu máli með Alþb. og Alþfl. Ég get því miður ekkert að því gert, hv. þm. Ögmundur Jónasson, þó að þeir aðilar sem voru í Alþb. á þeim tíma, í þeim flokki sem stóð að þessu og lagði mikið af mörkum í þetta starf, vilji hlaupa núna frá því, kannski vegna þess þeir finna óánægju í landinu. Ég geri mér alveg grein fyrir því að víða er heilmikil óánægja með umrætt mál. Þar með er ekki sagt að það sé nein afsökun fyrir þessa hv. þm. að hlaupa frá því. En það er þeirra mál.

[19:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svona hljómar rödd flokksagans. Að þeim breytingum sem verið er að gera á kosningalögum og kjördæmaskipan í landinu finnst mér mjög mikilvægt að hver og einn þingmaður komi sem sjálfstæður einstaklingur. Og þannig á að taka á breytingum á stjórnarskrá landsins líka. Þar eiga flokkarnir ekki að makka sín í milli. Þar eiga engin hrossakaup að eiga sér stað. Þar á samviska hvers og eins að ráða för. En hér heyrðum við rödd flokksagans.

Ég vil leiðrétta hæstv. utanrrh. á tengingu við Alþb. Það er alveg rétt að margir af þeim sem styðja Vinstri hreyfinguna – grænt framboð eða eru þar innan borðs, koma úr Alþb. (**Utanrrh.:** Meðal annarra þú.) Nei, það er rangt hjá hæstv. utanrrh. Ég hef aldrei verið skráður félagi í Alþb. Ég var þar sem óháður, enda hét þingflokkurinn á sínum tíma Alþb. og óháðir og sá þingflokkur tók aldrei afstöðu (Gripið fram í.) meðan ég var þar innan borðs með þessum breytingum. Það er rangt. Enda hefði ég aldrei lotið flokksaga í þessu máli, aldrei. Stjórnarskrá Íslands gerir ráð fyrir því að hver og einn þingmaður komi að hverju máli og láti samvisku sína ráða för. Þannig á að ráðast í þessar breytingar. Ég vísa því til föðurhúsanna að tala til okkar á þann veg að ætla að reyna að kæfa niður alla gagnrýni hér um þetta mál í ljósi þess að flokkarnir hafi makkað sín í milli. Ég vísa þessu til föðurhúsanna.

[19:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki að tala um neinn flokksaga. Ég er að tala um samkomulag. Ég er að tala um samning. Ef

það var þannig í Alþb. að aldrei hafi neitt verið samþykkt þá hefur afar undarlega verið að þessu staðið af hálfu Alþb. og við hefðum þá betur vitað það. Þetta snýst ekki um neinn flokksaga. (**ÖJ:** Hvað er maðurinn að tala um?) Þetta snýst um það, hv. þm., að gera samkomulag. Það er nú þannig, bæði að því er varðar stjórn landsins og lýðræðið almennt, að stundum þarf að gera samkomulag (**ÖJ:** Hvers vegna töluðuð þið ekki ...) og hópar fólks þurfa að koma sér saman um ýmsa hluti. Menn þurfa að komast að samkomulagi innan flokka og komast að samkomulagi á milli flokka. (**ÖJ:** Koma sér saman um að hlýða?) En ef vinstri grænir, eins og hv. þm. upplýsir hér, er þannig flokkur að enginn veit hvaða afstöðu hver og einn þingmaður mun taka þar, þá er hv. þm. að upplýsa það hér á Alþingi að ekki sé hægt að semja við þann flokk og það eru merkilegar upplýsingar. Það eru mjög merkilegar upplýsingar, hv. þm. Og það er náttúrlega út í hött að tala um lýðræðið eins og hv. þm. gerir.

Hv. þm. segist hafa verið óháður innan Alþb. Það er hið undarlegasta fyrirkomulag sem ég hef nokkurn tímann heyrt um að hægt sé að vera í ákveðnum þingflokki og í ákveðnum flokki og vera óháður innan hans. (**ÖJ:** Kannski með svipaða skoðun.) Ef allir hv. þm. vinstri grænna eru svona óþolinmóðir og hafa þessa afstöðu þá skil ég náttúrlega vel hvernig á því stendur að þessi þingflokkur kemur sér ekki saman um neitt annað en að vera á móti öllum málum hér á Alþingi.

[Fundarhlé. — 19:30]

[20:30]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Við fjöllum um frv. það sem til umræðu er eftir þær stjórnarskrárbreytingar sem gerðar voru og samþykktar voru á tveimur þingum. Hér er að sönnu um stórmál að ræða og ekki á hverjum degi sem Alþingi Íslendinga gengur frá jafnviðamiklum breytingum á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi og hér um ræðir og því ástæða til að fara nokkrum orðum um það í upphafi til hvers leikurinn var gerður, til hvers af stað var farið.

Legið hefur fyrir um alllangt skeið að ósætti og eðlilegt ósætti hefur verið um þá staðreynd að misvægi atkvæða hefur farið vaxandi með búsetubreytingum á umliðnum árum og áratugum. Svo var komið að eitt atkvæði á suðvesturhorninu, í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, jafngilti fjórum í smæstu og mannfæstu kjördæmunum. Þetta var ástand sem ekki var hægt að búa við og stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar höfðu allir sem einn lýst yfir þeim vilja sínum að á þessu vandamáli þyrfti að taka og á síðasta áratug, árunum 1994–1996, var það markmið og yfirlýst stefna Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Alþb. og Kvennalista að á þessum vanda þyrfti að taka. Sannleikurinn er hins vegar sá, herra forseti, að stór orð og stór áform um að taka á þessum vanda hafa nú ekki reynst eins auðveld og einföld í framkvæmd þegar til kastanna kom og menn vildu vera láta.

Það er engin tilviljun að breytingar á kjördæmaskipan hafa verið fáar og smáar á öldinni sem leið. 1959 var að sönnu gerð mjög stór breyting, önnur smærri og veigaminni 1987, en að öðru leyti hefur stjórnmálaflokkunum ekki tekist að ná viðtæku samkomulagi um nauðsynlegar endurbætur og lagfæringar á þessum mikilvæga grunnþætti lýðræðis í landinu.

Það er þess vegna nauðsynlegt að undirstrika það, herra forseti, þegar menn ræða hér við umræðuna, eins og fram kom í orðaskiptum hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. annars vegar og talsmanns vinstri grænna hins vegar, um ákveðna sáttargjörð í þessu stóra máli þá er hún gerð með það í huga að þrátt fyrir góðan vilja allra flokka og allra stjórnmálamanna um að taka á þessum vanda hefur það ekki tekist árum og áratugum saman vegna þess að flokkarnir hafa ekki náð samkomulagi um það.

Nú hefur það hins vegar tekist. Það á ekkert skylt við einhver meint hrossakaup eða önnur ónefni sem hér hafa verið nefnd til sögunnar. Hins vegar gera menn ekki samkomulag um raunverulegar framfarir á jafnviðamiklu máli og hér um ræðir nema orð standi, nema samkomulagið sé virt þegar til kastanna kemur. Það er nefnilega auðveldast allra hluta hjá stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum að gera aukaatriði að aðalatriði á lokaspretti til þess að vinna meinta hylli kjósenda vegna einhverra algerra aukaatriða í stóru máli. Þess vegna verð ég að segja, herra forseti, að það veldur mér nokkrum vonbrigðum þó það ætti ekki að koma mér á óvart, að menn fái hreinlega nýtt líf í öllu tilliti við það eitt að ganga í nýja stjórnmálaflokka. Þess vegna vil ég halda því mjög ákveðið til haga að í þeirri nefnd, sem sat frá árunum 1997 til ársins 1999 og lagði grundvöll að þeim breytingum sem við erum að lögfesta hér væntanlega á næstu vikum og mánuðum og endurspeglast í þegar gerðum samþykktum á stjórnarskrá lýðveldisins, sátu þingflokksformaður Alþb., núv. ræðismaður í Kanada, Svavar Gestsson, og ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli að í þeirri nefnd var það vinnulag viðhaft að allir fulltrúar í henni frá öllum flokkum sem þá sátu á Alþingi höfðu mjög náið samráð við þingflokkana og báru síðan tíðindi frá þeim inn á nefndarfundi þannig að öllum mátti ljóst vera í þinginu á þeim tíma hvað var á ferðinni.

Að þessu sögðu vil ég segja að Samfylkingin stendur auðvitað að því samkomulagi sem gert var, því samkomulagi sem birtist í stjórnarskrárbreytingunni á vordögum 1999 og í sumarbyrjun eftir kosningar 1999 og hleypur ekki undan því samkomulagi sem þá var gert. Það er ábyrg og traust afstaða. Ég undirstrika, herra forseti, að það er líka ákaflega létt í vasa að gera aukaatriði að aðalatriði og segjast hafa getað betur nú á lokaspretti tínt út einhver einstök atriði sem einhverjir telja að kunni að hitta einhverja kjósendur fyrir einhvers staðar og gera það að aðalatriði málsins. Ég spyr hins vegar hina sömu hvort þeir hefðu ... (**Gripið fram í:** Hverjir eru þeir?) Nú vil ég gjarnan að formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leggi sérstaklega við eyru í því samhengi. Herra forseti. Venju samkvæmt beini ég líka orðum til forseta, en ég vænti þess að þingmenn sem viðstaddir eru leggi við eyru. Hefðu þeir hinir sömu þingmenn viljað standa frammi fyrir þjóð og kjósendum með óbreytt kosningakerfi, með það að ekkert hefði gerst, með það að atkvæðamisvægi í Reykjavík væri eins og það var fyrir síðustu kosningar? Með öðrum orðum, eitt atkvæði á suðvesturhorninu jafngilti fjórum á Vestfjörðum. En það er einmitt það, herra forseti, sem hefði gerst og væri veruleiki dagsins í dag ef ekki hefði náðst víðtækt samkomulag milli flokkanna.

Herra forseti. Sú nefnd sem lagði upp með þetta verkefni fyrir rúmum tveimur árum var með nokkur meginmarkmið: Í fyrsta lagi að gera kosningakerfið einfalt og auðskiljanlegt. Það markmið hefur náðst. Í öðru lagi að draga úr misvægi atkvæða, eins og ég gat um áðan, þannig að hlutfall kjósenda að baki hverjum þingmanni þar sem munurinn er mestur milli kjördæma verði aldrei meiri en tveir, einn á móti tveim-

ur. Í þriðja lagi að þingsætafjöldi í hverju kjördæmi verði sem jafnastur. Og, herra forseti, ég staldra aðeins við það atriði. Það er ekki síst til komið, og það er rétt að taka undir með formanni Framsfl. í því sambandi, að gera öllum stjórnmálaflokkum 10% og stærri kleift að eiga möguleika á kjörnum þingmanni í hverju einasta kjördæmi hringinn í kringum landið. Og það er ekkert launungarmál að Alþfl. og Alþb. lögðu ríka áherslu á það og það kemur mér mjög á óvart þrátt fyrir breytta stöðu í Alþingi Íslendinga, þá er það engu að síður svo að einstaka flokkar falla einmitt undir þá skilgreiningu, að þeir hinir sömu ganga hér harðast fram gegn þessum breytingum. Í fjórða lagi að áfram yrði jöfnuður milli stjórnmálasamtaka á landsvísu, sem þýðir í raun að kjósendur fái yfir sig þingmenn þeirra flokka sem þeir kjósa, ekki aðra. Og í fimmta lagi að þingmenn verði áfram 63 eins og nú er. Öll þessi meginmarkmið nást fram í stjórnarskrárbreytingunni og þeim lögum sem við erum að afgreiða í þessari lotu.

Af hverju staldra menn við það að landið verði eingöngu sex eða sjö kjördæmi? Af hverju fóru menn ekki þá leið að hafa þau fleiri og þingmenn í hverju þeirra færri? Ástæðan er ósköp einföld og er í nokkrum liðum.

Í fyrsta lagi verður kosningakerfið einfaldara en ella vegna þess að þá þarf ekki að beita jafnflóknum aðferðum við úthlutun þingsæta og við höfum búið við, þ.e. lottókerfi kosninganóttanna verður miklu fábreytilegra og minna spennandi en verið hefur.

Í öðru lagi að ef fjöldi kjördæmasæta er nokkurn veginn sá sami í hverju kjördæmi þarf ekki nema níu jöfnunarsæti í heild til þess að tryggja nokkurn veginn algjöran jöfnuð milli stjórnmálasamtaka miðað við kjörfylgi þeirra á landinu öllu. Ef kjördæmin yrðu fleiri með færri þingsætum, eða eitt þeirra miklum mun fámennara en önnur, þyrfti að fjölga jöfnunarsætum eða jafnvel taka upp flóknari úthlutunarreglur en d'Hondt-regluna til að tryggja þann jöfnuð milli stjórnmálasamtaka. Þetta þekkja allir frá því fyrirkomulagi sem við höfum búið við um nokkurra ára skeið.

Í þriðja lagi, sé miðað við hlutfall kjósenda verði nokkurn veginn jafnauðvelt eða jafnerfitt fyrir framboðslista að ná kjördæmasæti hvar sem er á landinu.

Í fjórða lagi, sem er ekki veigaminnst, að síðast en ekki síst verða þingmannahópar kjördæmanna tiltölulega jafnir að stærð sem ætti að tryggja jafnræði milli þeirra á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég hef eytt nokkrum tíma í að fara yfir ákveðna grundvallarþætti þessa máls sem hafa kannski að miklu leyti þegar verið afgreiddir við breytingu á stjórnarskrá, en ég held að nauðsynlegt sé að halda til haga þeim meginviðmiðum í málinu og missa sig ekki út í smáatriði, tæknileg útfærsluatriði sem litlu skipta í hinni stóru mynd.

Í raun og sanni er verið að gera sáralitlar breytingar frá því uppleggi sem nefndin sem Friðrik Sophusson, þáv. hæstv. fjmrh. leiddi, og fyrsta valkost þeirrar nefndar. Þeir hafa að sönnu farið í gegnum þær tillögur sem fylgdu með frv. til stjórnarskrárbreytinga og skoðað alla þætti málsins upp á nýtt í þeirri nefnd sem skipuð var á haustdögum og skilaði af sér fyrir viku eða svo. Í raun hafa aðeins tvær breytingar verið gerðar á því uppkasti að kosningalögum sem fylgdu stjórnarskrárbreytingunni á vordögum.

Í annan stað hafa menn lagt til að skipting Reykjavíkur verði ekki í austur/vestur, heldur í norður og suður. Hæstv. fjmrh., formaður nefndarinnar, hefur gert glögga grein fyrir því hvers vegna þetta er. Menn telja að með slíkri skiptingu sé sennilegra að vaxtarbroddar væru í báðum þeim kjördæmum, en að með austur og vestur skiptingunni stækkaði aðeins annar endinn með náttúrulegum hætti og þyrfti því síðan að breyta kjördæmamörkum til að hafa þessi kjördæmi jafnstór.

Ég vil nota ferðina og fara aðeins aftur orðum um það sem ég gerði raunar hér við umræðuna í sumar og vor hvers vegna menn leggja til skiptingu Reykjavíkur. Það á einmitt við í því samhengi sem ég gat um áðan að sumir einstakir stjórnmálamenn hafa farið mikinn í þessu, ekki síst eru það stjórnmálamenn utan af landi sem telja sig vera að slá einhverjar keilur í því sambandi. Það gefur auðvitað augaleið að með því að hafa Reykjavík í einu kjördæmi með 22 þingmenn mundi hinn náttúrulegi þröskuldur til að fá mann kjörinn í Reykjavíkurkjördæmi vera helmingi lægri en víðast hvar annars staðar. Þykir mönnum mikið réttlæti í þeim efnum? Nei, auðvitað ekki.

Til þess að sú rammaskipan mála og sú tölfræði sem lagt var af stað með gangi í gegn þarf að skipta Reykjavík. Síðan má deila um það hvernig það verður best gert. Einnig má deila um það eins og hugmyndir hafa verið uppi um hvort skynsamlegra hefði verið að skipta höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu upp á annan hátt en hér er gert. Það hefði að sönnu verið hægt að láta Seltjarnarnes fylgja vesturhluta Reykjavíkur og Mosfellsbæ jafnvel Vesturlandskjördæmi eða Kópavogi o.s.frv. Það eru ýmis tilbrigði við það. En grundvallaratriðið til að ná því markmiði um jafnfjölmenna kjördæmahópa er að jafnerfitt eða -auðvelt verði að ná mönnum kjörnum í hvaða kjördæmi sem er á landinu, þá er það óhjákvæmilegur hluti í þessu frv. og þessum kosningalögum sem hér eru að skipting Reykjavíkur haldi. Og ég vek athygli á því, herra forseti, að sá maður sem sennilega hefur kveðið hvað fastast að orði í þessum efnum var þáv. þm. Reykv., Svavar Gestsson, þáv. formaður þingflokks Alþb. Hann var mjög áfram um það að sú heildarmynd sem ég hef lýst haldi, að menn séu ekki að brjóta úr henni eftir geðþótta hvers og eins af ástæðum sem ég kann ekki að rekja til hlítar.

Herra forseti. Í annan stað voru gerðar breytingar á suðausturhluta landsins. Það er í raun eini þátturinn þar sem kastaðist í kekki hjá meginhluta nefndarinnar, þ.e. fulltrúa Samfylkingarinnar og Sjálfstfl. Samfylkingin hallaðist að því að varlegra væri að halda óbreyttri kjördæmaskipan í austurkjördæminu. Reglan hefur verið sú að gera sem minnstar breytingar, þ.e. annaðhvort sé kjördæmi skipt í sundur eða tengt öðrum en ekki hvort tveggja, og öðrum breytingum haldið í lágmarki.

Um þetta get ég haft mörg orð. Hornfirðingar sjálfir virðast þverklofnir í málinu, sveitarstjórnarmenn þar sömuleiðis og rökin eru á ýmsa vegu. Ég ætla ekki að nota tímann í að útlista það. Við í Samfylkinguni munum ekki gera þetta atriði, að sumu leyti lítið atriði í hinni stóru mynd, að úrslitaatriði.

Herra forseti. Til viðbótar eru hér gerðar endurbætur og lagfæringar á gildandi kosningalöggjöf sem eru í raun ótengdar þeim breytingum á stjórnarskrá sem gerðar voru á vordögum, afrakstur nefndar sem ég sat í og var skipuð af þáv. dómsmrh. Rétt er að vekja athygli á endurbótum á borð við þær að frestir eru styttir, gerðar eru ákveðnar verklagsbreytingar til bóta og rýmkanir á utankjörstaðaafgreiðslu sem hefur gengið með ýmsu móti. Ég leyni því ekki að í nefndinni sem sendi frá sér álitsgerð á síðasta ári, fyrripart síðasta árs, voru fleiri atriði nefnd til sögunnar. Ég hefði viljað sjá möguleika á póstkosningu, þ.e. að Íslendingum

í útlöndum væri gefinn kostur á að fá atkvæðaseðla senda heim. Þeir gætu síðan kosið á sýsluskrifstofum í viðkomandi landi og fengið framkvæmdina nóteraða. Þessi atriði voru hins vegar skilin eftir ásamt öðrum álitamálum eins og hvort heimila ætti stjórnmálaflokkunum viðveru í kjördeildum. Fleiri atriði voru týnd til og er að finna í álitsgerð nefndarinnar sem ekki reyndist unnt að ljúka. Nefnd sem starfaði undir forustu Geirs H. Haardes vannst ekki heldur tími til að vinna sig fullkomlega í gegnum þau. Ég held þó að óhætt sé að fullyrða að það sem er að finna í þessu frv. miði í rétta átt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Það er augljóst að í öllum stjórnmálaflokkum voru og eru uppi þær raddir og viðhorf sem hefðu viljað sjá aðrar niðurstöður en hér eru. Það er ekkert launungarmál að stefna Samfylkingarinnar er og hefur verið, þann stutta tíma sem hún hefur starfað, að gera landið að einu kjördæmi. Það er í samræmi við stefnu Alþfl., Alþb. og Kvennalistans sem standa að Samflylkinguni. Á sama hátt hafa áhersluatriði sjálfstæðismanna verið þau að minnka kjördæmin, jafnvel setja þau niður í einmenningskjördæmi, þannig að þar er langt bil á milli manna. Það lá því algjörlega ljóst fyrir að ef menn ætluðu að komast hænufet, ef menn ætluðu að vinna í að draga úr misvægi atkvæða, þá hlutu þeir að mætast einhvers staðar á miðri leið. Það hefur tekist þótt einstakir hv. þm. hrökkvi fyrir borð á síðustu stundu. Það verður svo að vera.

Í því samhengi fagna ég því að formaður Framsfl. hafi í ræðu hér áðan tekið af öll tvímæli um að þingmenn Framsfl. ætli að standa við það samkomulag sem gert var, við þær tillögur sem hér liggja frammi og greiða þeim atkvæði. Það hefur ekkert með handjárn á stjórnmálaflokka að gera heldur snýst um það eitt hvort stjórnmálaflokkar séu trúverðugir og hægt sé að treysta þeim. Jafnvel yfir kosningar. Samfylkingin vill vera þannig flokkur, hún er þannig flokkur og mun því auðvitað styðja þetta merka frv. sem tryggir að við munum aldrei aftur, herra forseti, sjá það skekkta lýðræði sem m.a. hefur birst okkur í því að eitt atkvæði hér í Reykjavík sé sem fjórðungur eða jafnvel fimmtungur úr atkvæði gagnvart fámennari kjördæmum. Það er fyrirbyggt í breyttri stjórnarskrá. Hér erum við að ljúka við það farsæla verk sem hafið var, sem víðtækt samkomulag náðist um og allir ábyrgir stjórnmálaflokkar ætla að standa við.

[20:50]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún vakti mikla athygli mína þessi skörulega ræða hv. þm., bráðum í bræðraflokki Tony Blairs, verkamannaflokksformanns í Bretlandi. Hann fjallaði um hinu hörmulegu örlög að hafa þetta mikla misvægi sem við höfum mátt búa við að undanförnu, að nú stæði til að laga það og betri tímar væru í vændum. Ég spyr hv. þm. hvaða skoðun hann hafi þá á kerfinu í Bretlandi, sem breski Verkamannaflokkurinn styður eindregið. Þar er landinu skipt í kjördæmi á þann veg að fjöldi kjósenda í kjördæmum er breytilegur frá hlutfallinu einn og upp í fjóra, fjórum sinnum fleiri kjósendur eru á bak við þingsæti í Lundúnakjördæmi en í Skotlandskjördæmi. Telur hann það mikið mannréttindabrot?

Í öðru lagi: Hvaða álit hefur hann á þessu fína kerfi í Bretlandi Verkamannaflokksins, einmenningskjördæmafyrirkomulaginu sem breski Verkamannaflokkurinn hefur lýst yfir að hann ætli að viðhalda? Þar fær flokkur með rúmlega 40% atkvæða tæplega 60% þingsæta. Þetta er kerfi sem sterkur flokkur í alþjóðahreyfingu jafnaðarmanna styður og telur boðlegt í lýðræðislegu ríki. Ég spyr: Hvers vegna er það kerfi sem við höfum stuðst við, sem er ekki nærri því jafngallað og þetta, svo ómögulegt sem hv. þm. lýsir?

[20:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einmitt ræða á borð við þessa sem ég varaði hér við. Því við hefðum getað haldið áfram þessum skoðanaskiptum hér langt fram á næstu öld. Mér er kunnugt um þær skoðanir hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann hefur ítrekað lýst því úr þessum ræðustól að hann telji það lýðræðislegt og eðlilegt af hagkvæmnisástæðum að hafa misvægi atkvæða. Gott og vel. Það er hans skoðun en um þetta hafa stjórnmálamenn rifist árum og áratugum saman. Ég er hins vegar því ósammála.

Ítrekað spyr hv. þm. mig — hann gerði það líka sl. vor — um Tony Blair og Breta. Ég er algerlega andvígur því kosningakerfi sem íhaldsmenn og Verkamannaflokkurinn í Bretlandi hafa bundist tryggðaböndum, þar sem misvægi í atkvæðum er jafnmikið og hv. þm. lýsti. Á hinn bóginn er hv. þm. illa upplýstur. Tony Blair hefur einmitt áformað að blanda þessum tveimur kerfum saman, þ.e. að bæta hlutfallskerfinu við einmenningskjördæmin. En að öðru leyti er ákaflega innihaldslaus umræða sem við höfum þegar afgreitt.

Hins vegar er athyglisvert að formaður þingflokks Framsfl. skuli sjá sérstaka ástæðu, hér á lokaspretti málsins, til að setja umræðuna niður á þetta stig eins og hann gerði hér áðan. Ég var einmitt að fagna því hér áðan, herra forseti, að Framsfl. sem traustur og ábyrgur flokkur ætlaði að standa við gefnar yfirlýsingar. Það væri hægt að treysta því sem hann segði fyrir kosningar, því hann segði það líka eftir kosningar. Ég fer þó að efast eftir ræðu þingflokksformanns Framsfl.

[20:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að ljúka umræðunni um Bretland þá lýsti Verkamannaflokkurinn því yfir fyrir kosningar að hann stefndi að því að taka upp hlutfallskerfi í þingkosningum. Hann hefur hins vegar bakkað frá þeirri yfirlýsingu þannig að fyrir liggur að hann muni ekki koma því kerfi á fyrir næstu þingkosningar.

En við skulum hafa staðreyndirnar hreinar í þessu máli. Hv. þm. lýsti því yfir að hann væri andvígur því að hafa misvægi atkvæða. Með það var lagt af stað í þessa vegferð, að það væri mannréttindabrot að vera með misvægi atkvæða. Því var lýst yfir héðan úr þessum ræðustól af ekki ómerkari mönnum en þáv. formanni Alþfl., Jóni Baldvini Hannibalssyni. En hver er niðurstaðan? Hún er sú að það eigi að vera misvægi, enda er misvægi atkvæða meginreglan í vestrænum lýðræðisríkjum.

Þau eru örfá og teljandi á fingrum annarrar handar þau vestrænu lýðræðisríki sem ekkert misvægi hafa. Meginreglan er hins vegar að hafa fulltrúalýðræði þar sem fulltrúarnir eru valdir úr kjördæmum. Það fyrirkomulag hefur óhjákvæmilega í för með sér misvægi. Þegar menn ákveða að búa við fulltrúalýðræði felur það í sér misvægi atkvæða, enda er ekkert að því. Það er meginreglan í vestrænum lýðræðisríkjum. Svo geta menn deilt um hve mikið misvægið eigi eða megi vera. Um það eru skiptar skoðanir. Hitt er meginreglan, sem hv. þm. sagðist vera ósammála, og einnig í þessu máli sem

hann þó styður fullkomlega, að það sé misvægi atkvæða.

[20:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er mér ekki alveg ljóst hvort hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi verið í Alþb. árið 1997. Ég held þó að svo hafi verið. Ég held raunar að fleiri hv. þm. hér hafi verið í þessu sama Alþb. á landsfundi sem þá var haldinn. Þar sagði um kjördæmamálið að um leið og stefnt yrði að því að jafna atkvæðisrétt og gera úthlutunarreglu einfaldari þyrfti áfram að tryggja jöfnuð milli flokka. Það er nákvæmlega þetta sem verið er að gera hér. Var hv. þm. ekki á þessum fundi eða fór þetta framhjá honum?

Auðvitað er kjarni málsins sá að við erum hér að taka mjög markvert skref, kannski ekki nógu stórt. Ég lýsti því hér áðan að einlæg skoðun mín væri sú að gera ætti landið að einu kjördæmi. Ég sætti mig hins vegar við einhvern ávinning frekar en engan. Orðaræður á borð við þær sem hv. þm. er hér að reyna að upphefja eru eingöngu til þess gerðar að drepa hér málum á dreif, að halda áfram þæfingi sem menn hafa staðið í árum og áratugum saman með þeirri afleiðingu að ekkert hefur gerst. Ég árétta þess vegna, herra forseti, að ég fagna því einlæglega okkur miði þó í rétta átt. Við sjáum aldrei samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands jafnmikið misvægi atkvæða og við höfum búið við á síðustu árum og raunar áratugum (**ÖJ:** Og er ...) og það finnst mér stórkostlegur ávinningur. Hér grípur frammí hv. þm. Ögmundur Jónasson (Gripið fram í.) sem kemur héðan úr Reykjavík. Hann reynir hér í málflutningi sínum að finna frv. þessu allt til foráttu. Vill hann búa við það áfram að Reykvíkingar, kjósendur hans, hafi eitt atkvæði á sama tíma og Vestfirðingar eða kjósendur á Norðurlandi vestra hafi fjögur? Er það það niðurstaða sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vill sjá?

Ég ætla ekki að elta ólar við hv. þm. um hversu óháður hann var í Alþb. eða hvort hann var á þessum landsfundi sem ég nefndi áðan.

[20:58]

Útbýting þingskjals:

Þjóðlendur, 321. mál, nál. allshn., þskj. 1001.

[20:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði í októbermánuði sl. til að semja drög að heildarfrv. í framhaldi af því starfi sem áður hafði verið unnið í þessu efni og í framhaldi af þeim stjórnarskrárbreytingum sem hér voru afgreiddar á tveimur þingum sl. vor. Í þeirri nefnd skilaði ég séráliti til hæstv. forsrh. Ég ætla hér á eftir að gera lítillega grein fyrir því séráliti. Það mun síðan væntanlega birtast með þskj. þegar málið verður tekið til 2. umr. og frekari afgreiðslu.

Ég er þeirrar skoðunar, svo ég dragi saman heildarniðurstöðu mína í málinu, að þó þær breytingar sem hér er verið að leggja til hafi vissulega kosti og varðveiti að hluta þau markmið sem menn settu sér með þessu starfi, að draga úr misvægi atkvæða, varðveita jöfnuð milli flokka og hafi ýmsar reikningslega kosti ef svo má að orði komast, þá hefur þessi efnislega niðurstaða líka mikla galla. Mín niðurstaða er sú að gallarnir séu fleiri en kostirnir og að hægt væri að ganga mun betur frá þessari niðurstöðu en gert er í þessu frv., jafnvel innan þess stjórnarskrárramma sem staðfestur hefur verið.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki belgingslegar umræður eins og af hálfu síðasta hv. ræðumanns, Guðmundar Árna Stefánssonar. Eða er hv. þm. á móti því að þingmenn reifi sjónarmið sín í málinu og það séu til fleiri skoðanir en hans? Lítur hv. þm. svo á að það sé til tjóns fyrir lýðræðið eða það sé óeðlilegt í máli af þessu tagi að einstakir þingmenn eða jafnvel þingflokkar fylgi sannfæringu sinni og hafi önnur sjónarmið en hv. þm. sjálfur? Ef þau eru málefnalega borin fram og rökstudd, er það þá óábyrgt? Ég held að hv. þm. ætti að gæta orða sinna og ég neyðist til þess að reka ofan í hv. þm. hreinar rangfærslur um t.d. aðkomu flokks míns að málinu, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og mér þykir það miður. Ég tel að það sé í umræðum um stórmál af þessu tagi ekki málefnalegum skoðanaskiptum til framdráttar að vera með málflutning af því tagi sem hv. þm. var með hér áðan. Svo bið ég hv. þm. um eitt, og ekki síst af því hann er einn af forsetum þessa þings, ef hv. þm. á við tiltekna þingmenn eða flokka hér í salnum á hann að gjöra svo vel og nafngreina þá þannig að menn viti við hverja sé átt. Það er heldur heimóttarlegt orðalag að tala alltaf um þessa menn og hina og þessa þingmenn í staðinn fyrir að hafa kjark í sér til að nafngreina þá sem menn vilja vísa til. Ef ég mætti leyfa mér, herra forseti, að koma með þessa ábendingu til hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar.

Óhjákvæmilegt er af þessum ástæðum að taka nokkrar mínútur í að fara yfir aðdraganda málsins svo aðild okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sérstaklega okkar tveggja, mína og hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að þessu máli vegna forsögu þess. Sú nefnd sem vann undir forustu hv. þm. Friðriks Sophussonar, hæstv. fyrrv. ráðherra og núv. forstjóra Landsvirkjunar með meiru, hóf störf árið 1997. Ég hygg að ég fari rétt með að það starf hafi farið frekar rólega af stað. Ég hygg ég fari rétt með að tillögur mjög lausar í reipunum þar sem sýndar voru fjölmargar mögulegar niðurstöður, t.d. hvað varðaði kjördæmamörk, hafi fyrst verið sýndar mönnum þegar komið var fram um áramót eða komið var fram á útmánuði 1998. Ég hygg ég fari rétt með það að í þingflokki Alþb. og óháðra þar sem við sátum þá, ég og hv. þm., Ögmundur Jónasson, hafi síðast á vordögum 1998 verið kynntar lauslega margar mögulegar niðurstöður sem kæmu út úr þessu. Þar skildum við við málið á þeim vettvangi. Þegar nefnd Friðriks Sophussonar lauk störfum síðla haust 1998 vorum við ekki lengur í þeim þingflokki, ég og hv. þm. Ögmundur Jónassonar. Okkur voru aldrei á þeim vettvangi kynntar endanlegar niðurstöður nefndarinnar og þær voru ekki bornar undir okkur. Við áttum þar af leiðandi ekki á þeim vettvangi neina aðild að hinni endanlegu niðurstöðu og það er þar af leiðandi ómaklegt, mönnum fyrirgefst ef þeir vita ekki betur, en hér hef ég þá upplýst hvernig þetta bar að.

Rétt er að það komi líka fram að gefnu tilefni og vegna ómaklegra ummæla hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og hæstv. utanrrh. í okkar garð, sem ekki eru innstæður fyrir, að ég átti fund með hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni snemma hausts 1998. Á þeim fundi bar þá stöðu á góma sem var að koma upp í íslenskum stjórnmálum að aðild manna að þingflokkum var að riðlast og til var að verða nýr þingflokkur. Sá möguleiki var ræddur að við kæmum að þessu starfi á lokasprettinum en það varð sameiginleg niðurstaða okkar að það væri ekki hyggilegt, starfið væri of langt komið til þess. Það yrði þá bara að hafa sinn gang þó þessi nýi þingflokkur ætti ekki aðild að endanlegri niðurstöðu málsins. Þar með

var alveg ljóst að við sem stofnun, sem þingflokkur, yrðum ekki aðilar að hinni efnislegu niðurstöðu né bundnir af henni. Þetta var forsrh. líka vel ljóst. Að þessu var því að mínu mati staðið fullkomlega í samræmi við aðstæður sem þarna voru komnar upp í íslenskum stjórnmálum. Ég bið menn að virða staðreyndir málsins og vera ekki að reyna að hengja menn ómaklega í einhverja niðurstöðu sem þeir áttu ekki aðild að að ganga frá. Það eru hinar sögulegu staðreyndir málsins. Er þá ekki hægt að ræða um það eins og það er? Fyrir utan það að í þessu máli er alveg ljóst að ýmsir þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, hafa persónulegar skoðanir á því máli.

Það kom einfaldlega á daginn að við flest sem skipuðum þingflokk óháðra síðasta vetur sl. kjörtímabils vorum mjög gagnrýnin á niðurstöðurnar og gátum ekki stutt þær. Að vísu voru þingmenn í röðum okkar sem gerðu það, en við vorum þar a.m.k. þrír sem vorum ákaflega gagnrýnir á þetta og það kom fram. Ég lít ekki svo á að það sé neitt vandamál að ræða um þessi mál ósköp einfaldlega í ljósi þeirra pólitísku og sögulegu staðreynda sem við stöndum frammi fyrir, að á lokaspretti þessarar vinnu á síðasta kjörtímabili átti sér stað mikið umrót í íslenskum stjórnmálum, aðild manna að þingflokkum og stjórnmálaflokkum var að stokkast upp. Það hefur viss áhrif á það hvernig aðkoma flokka að þessum hlutum var.

Ég vísa þar af leiðandi algjörlega til föðurhúsanna og tek því fremur þunglega, herra forseti, þegar menn saka okkur, eða ég tók það til mín og flokks míns, um að vera að hlaupast burt frá samkomulagi. Sé átt við mig og hv. þm. Ögmund Jónasson í því sambandi, þá er það rangt. Við áttum ekki aðild að frágangi neins samkomulags um þetta, það hefur allan tímann legið ljóst fyrir. Ég get tekið forsrh. til vitnis um það, honum var ljóst bæði haustið 1998 og eins þegar hann endurskipaði nefnd núna á sl. hausti nákvæmlega hvernig þessir hlutir væru. Hann taldi eftir sem áður rétt að þeir þingflokkar, eins margir og kæmust að, sem ættu nú sæti á Alþingi kæmu að þessu starfi, þó að ljóst væri að aðkoma þeirra væri mismunandi. Ég tel mig hafa unnið af heilindum í nefnd undir forustu hæstv. fjmrh. og þessi aðstaða mín eða aðkoma að málinu var algjörlega ljós frá upphafi í þeim efnum. Ég tel því gífuryrði hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar algjörlega innstæðulaus í þessum efnum og sömuleiðis hæstv. utanrrh. Ég er ekki að hlaupast frá samkomulagi, ég hef ekki lagt það í vana minn frekar en ganga á bak orða minna og ætli það verði ekki fyrr sem hæstv. utanrrh. hlaupist á brott úr kjördæmi sínu en að ég hlaupi yfirleitt frá samkomulagi sem ég hef gert.

Herra forseti. Varðandi það að skrýtið sé að um þetta mál séu skiptar skoðanir verð ég að segja alveg eins og er að það væri sérkennilegt ef menn næðu því að lenda hér breytingu á kosningalögum og kjördæmaskipan án þess að uppi væru um það deildar meiningar enda kemur á daginn að einstakir þingmenn úr öllum flokkum nema þá þessari óskaplega ábyrgu Samfylkingu, sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson upplýsti sennilega svona tuttugu sinnum í ræðu sinni að væri alveg sérstaklega ábyrgur flokkur, vissi ég þó ekki að hún væri orðin til enn þá sem slík, munu fylgja sannfæringu sinni og ekki kjósa eins og kannski meiri hluti félaga þeirra í þingflokkum. Það á við um þingmenn bæði úr Sjálfstfl. og Framsfl. og voru þeir þó kannski höfuðaðilarnir að samkomulagi stjórnarflokkanna.

Það er að sjálfsögðu ekki þannig að þó menn lendi pólitísku máli af þessu tagi séu allir þvingaðir til að fylgja þeirri niðurstöðu og það er ekki þannig að endurtekin umfjöllun um stjórnarskrárbreytingar á síðara þingi sé formsatriði. Það er heldur ekki þannig að þessi útfærsla á grundvelli stjórnarskrárrammans sé sú eina sem komi til greina. Ég hef einmitt reynt að undirstrika að þó að ég sé ósáttur við þann stjórnarskrárramma sem búið er að ganga frá, þá er samt innan hans hægt að ganga frá að mínu mati betri útfærslu á málinu en lögð er til í frv., í þessu gamla svokallaða samkomulagi. Ég hef lagt í það vinnu að útfæra það og hér eru þær tillögur í séráliti mínu. Ég held því að hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni væri nær að virða þá viðleitni sem þar var sýnd til þess að sýna möguleika, aðra möguleika sem þó virða þá niðurstöðu sem fengin er samkvæmt stjórnarskrárbreytingu, halda til haga þeim jöfnuði milli flokka sem þarf að nást þarna og eru vel innan marka þess misvægis atkvæða sem stjórnarskrárramminn setur, reyndar ívið betri þær tillögur sem ég hef flutt, en þær sem á að lögfesta með þessu frv. ef af verður.

Herra forseti. Niðurstaða mín er sem sagt sú að þó að þessi niðurstaða, þessi tillaga hér, hafi að sjálfsögðu ákveðna kosti, og ég endurtek að hún hefur fyrst og fremst stærðfræðilega kosti, reikningslega kosti, þá hefur hún líka stóra galla. Ástæðan fyrir því að ég setti mig strax á móti þeim hugmyndum sem reifaðar voru í tillöguformi á lokaspretti vinnu nefndar Friðriks Sophussonar í síðasta skipti sem mér voru kynntar þær, og ef minni mitt svíkur ekki var það á vordögum 1998, var m.a. ákaflega óheppilega dregin kjördæmamörk á landsbyggðinni. Það hefur allan tímann verið niðurstaða mín að það væri of vond niðurstaða sem þar væri í sjónmáli, byggðapólitískt séð og af ýmsum fleiri ástæðum, til þess að hún væri ásættanleg, menn yrðu bara einfaldlega að vinna þessa vinnu. Það getur ekki verið þannig, herra forseti, að þó að mönnum sé mikið í mun að ná fram breytingum á kjördæmaskipan og draga úr misvægi atkvæða þá séu menn þvingaðir til þess að samþykkja stórgallaða niðurstöðu bara af því að einhverjir hafi komið sér saman um það. Ég spyr bara á hvaða brautum menn eru í röksemdafærslu sinni ef þeir ætla eins og þeir tveir hv. síðustu ræðumenn, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og hæstv. utanrrh., að bregðast í raun og veru ókvæða við að það skuli fyrirfinnast önnur sjónarmið en þau að þetta eigi bara að ganga í gegn umyrðalaust. Mér hugnast ekki mjög sú framsetning mála af þeirra hálfu.

Rembingur hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar og tal um ábyrga annars vegar og ekki ábyrga flokka eða þingmenn hins vegar var í hæsta máta óviðeigandi og það skyldi nú ekki vera að það væru þunnir veggir og tiltölulega gagnsæir í því húsi sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson býr í í þessum efnum.

Herra forseti. Rétt til að rifja örstutt upp megingagnrýni okkar í fyrsta lagi á stjórnarskrárrammann sem hefur nú verið lögfestur. Mér er að sjálfsögðu ljóst að hann er frágengið mál en ég held að sé rétt samt að halda því til haga samhengisins vegna að við gagnrýndum þar sérstaklega tiltekna þætti. Við gagnrýndum þar í fyrsta lagi að menn hefðu gefið sér of stífar forsendur í sambandi við að öll kjördæmi landsins þyrftu að vera jafnstór í skilningnum jafnmargir þingmenn. Þar hefði verið skynsamlegra að leyfa eitthvað meiri sveigjanleika þó það hafi vissulega kosti að mismunurinn sé ekki of mikill og það sé hárrétt að það kallar á meiri jöfnunarþörf eða fjölgun jöfnunarsæta ef þar er leyft meira svigrúm en ég held að nið-

urstaðan af því að skoða landakortið og skoða búsetuþróun eins og hún hefur orðið í landinu, illu heilli, sé sú að það sé ekki hægt að ná fram skynsamlega landfræðilega dregnum og afmörkuðum kjördæmum nema að kaupa það eitthvað á kostnað sveigjanleika í stærð kjördæma. Það er bara þannig. Nema gera landið allt að einu kjördæmi.

Í öðru lagi gagnrýnum við þá furðulegu niðurstöðu að skipta einu sveitarfélagi landsins, Reykjavík, í tvennt. Það er ekki bara einhver meinbægni eða tilraun til að gera út á einhverja pólitíska óánægju af okkar hálfu. Er það virkilega svo að menn telji það engin efnisrök í málinu? Finnst engum það vandræðaleg niðurstaða að taka eitt sveitarfélag landsins og kljúfa það upp og hafa svo kjördæmamörkin í því sveitarfélagi á flakki eftir því hvernig íbúaþróun milli vesturbæjar og austurbæjar eða norðurvangans og suðurvangans í sveitarfélaginu þróast? Nei, auðvitað er þetta vandræðaniðurstaða. Menn geta sagt sem svo: Ekki var um annað að ræða, það varð að hafa þetta svoleiðis. Gott og vel, en menn eiga ekki að vera að gera lítið úr því eða telja það eitthvað ómálefnalegt innlegg að minna á þá vandræðalegu niðurstöðu.

Ég minni að lokum á harða gagnrýni okkar á 5% þröskuldinn sem við teljum of háan og ólýðræðislegan. Hann getur leitt til þeirrar niðurstöðu að framboð sem fær rétt tæp 5% atkvæða í landinu, fær einn þingmann kjörinn, kjördæmakjörinn. Það framboð fær hins vegar ekki þau tvö jöfnunarsæti í viðbót sem það ætti rétt á og það finnst okkur ólýðræðislegt. Eins og úrslit síðustu kosninga ættu að hafa sýnt erum við ekki að þessu sérstaklega af umhyggju fyrir okkur sjálfum, ekki reyndist þörf á því eins og sumir reyndu nú að láta liggja að í umræðum um þetta í marsmánuði fyrir rúmu ári. Staðreyndin er sú að með því að taka þetta dæmi sjá menn í raun hversu ankannaleg niðurstaða þetta væri; að flokkur sem á rétt samkvæmt fylgi í landinu á þremur þingmönnum, nær kjördæmakosnum manni en er sviptur sínum tveimur jöfnunarmönnum út á þennan þröskuld af því hann er hafður svona hár. Hann er mun hærri en víðast hvar annars staðar í kringum okkur, að undanskildu Þýskalandi þar sem þessi þröskuldur er 5% en þar eru þó vissir möguleikar til að koma að mönnum með öðrum hætti.

Varðandi kjördæmamörkin og gagnrýnina á þau, herra forseti, þá er þar kannski þrennt efst í mínum huga. Í fyrsta lagi verður til afar víðlent, landfræðilega og samskiptalega, tiltölulega ósamstætt Vesturkjördæmi. Það kjördæmi verður því miður frá byrjun veikt. Og það kjördæmi miðað við núverandi búsetuþróun mun væntanlega verða fyrsta kjördæmið til að tapa mönnum, jafnvel strax í öðrum kosningum gæti þetta kjördæmi, ef svo heldur sem horfir, tapað tveimur mönnum. Það er ekki góður frágangur á máli af þessu tagi að leggja upp með slíkt, að kjósa meiri fjölda þingmanna í fyrstu kosningunum í ljósi þess að þeir detta síðan niður strax í næstu. Við þekkjum það, m.a. af leiðinlegri reynslu í Norðurl. e. því svo illa tókst nú til við kjördæmabreytinguna 1983 að 7. þingsæti Norðurl. e. fluttist úr því kjördæmi strax í öðrum kosningum frá breytingunum eftir að þær tóku gildi. Þar með hallaði á það kjördæmi landsbyggðarinnar sem hafði langflest atkvæði á bak við hvern sinn þingmann.

Í öðru lagi kemur út úr þessu sú stórmeingallaða niðurstaða, sérstaklega í byggðapólitísku tilliti að kjördæmamörk verða á miðju Norðurlandi, þar sem síst skyldi ef menn vildu búa til sterk kjördæmi á landsbyggðinni með öfluga þungamiðju, þ.e. Akureyri, sem einhverja viðspyrnu og eitthvert mótvægi í byggðapólitísku tilliti. Það er eins óskynsamlegt og nokkuð getur verið að hafa jaðar um miðja landsbyggðina á Tröllaskaga, þar sem átti að vera miðjan í stóru og öflugu landsbyggðakjördæmi, og þess vegna mun stærra en Norðlendingafjórðungur einn ef út í það er farið að stækka kjördæmið hressilega á annað borð, sem er svo allt annað mál og umdeilanlegt.

Í þriðja lagi nefni ég það sem ég hef þegar gert með vandræðaganginn með skiptingu Reykjavíkur. Aðaltillaga mín, herra forseti, er því sú að reyna innan ramma stjórnarskrárbreytinganna sem þegar hafa verið gerðar, að útfæra kjördæmamörkin þannig að út úr því komi skynsamleg niðurstaða. Að til verði Vesturkjördæmi, Norðurkjördæmi, Suðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi, Suðvesturkjördæmi og Reykjavík í einu kjördæmi. Þessi kjördæmi verði með sjö þingmönnum í tilviki Vesturkjördæmisins, níu í Norðausturkjördæminu, sjö í Suðausturkjördæmi og Suðurkjördæminu, ellefu í Suðvesturkjördæminu, þ.e. Reykjavík án Suðurnesja sem mundu fylgja Suðurkjördæminu og 22 í Reykjavík, í einu sameinuðu kjördæmi, 16 kjördæmakjörnir og þá að vísu yrðu að vera þar sex jöfnunarmenn til að ná fullum jöfnuði. Þetta gefur mesta misvægi upp á 1,86 og er vel innan þeirra marka sem þarna eru sett. Í séráliti mínu í kosningalaganefnd hæstv. fjmrh. er þetta nánar útfært og sýnt í töflum og kortum.

Ég hef einnig, herra forseti, útfært tillögur sem sýna vegna vandræðagangsins með skiptingu Reykjavíkur aðra mögulega lausn í því tilviki, sem væru þrjú kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu öllu, dregin þannig að horft sé fram hjá sveitarfélagamörkum og búin séu til þrjú nokkuð jafnstór og vel landfræðilega samstæð kjördæmi úr þessu borgarsvæði sem hér er. Ég tel það skárri niðurstöðu fyrir alla en þessa vandræðaskiptingu Reykjavíkur. Þar með yrði t.d. eyjan Seltjarnarnes hluti af vestanverðri Reykjavík o.s.frv. Mér finnst það miður að menn skuli hafa bitið sig svo fasta í svokallað samkomulag eða telja það slíkt drengskapar- og hetjuskaparmál að berja hið svokallaða gamla samkomulag í gegn óbreytt, eins og heyra mátti á hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, að enginn hljómgrunnur skuli eiginlega hafa fengist fyrir skoðun tillagna af því tagi. Ég vona, herra forseti, að það fáist hins vegar hér í umfjöllun þingsins.

[21:19]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni orða hv. þm. um framgang mála á árunum 1988 þegar þær tillögur og hugmyndir sem hér eru til umræðu fæddust og urðu að veruleika, þá trúi ég því auðvitað að hv. þm. segi satt og rétt frá þegar hann lýsir samskiptum í páv. þingflokki Alþb. og um þau viðskipti sem hann átti þar innan búðar og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Ég lýsti því hins vegar eingöngu sem við mér blasti sem samstarfsmaður formanns þess þingflokks. Ég minnist þess ekki að hann hafi sérstaklega haft fyrirvara frá þessum þingmönnum varðandi einstakar útfærslur og hugmyndir sem voru í vinnslu nefndarinnar á sumri 1998, sem síðan birtust í sameiginlegri skýrslu sem afhent var forsrh. 6. okt. 1998, sex dögum eftir að þing var sett. Ég minnist þess ekki sérstaklega að slíkir fyrirvarar hafi komið frá þeim þingmönnum. Það er auðvitað athyglisvert að þeir þingmenn Alþb. sem síðan gengu í raðir Samfylkingarinnar kannast vel við að gangur mála hafi verið á þann veg sem ég lýsti áðan og fulltrúi Alþb. í þeirri nefnd fór fram með. Þetta kemur mér því dálítið á

óvart, en auðvitað hlýt ég að trúa því og geri það, að hér sé satt og rétt frá greint.

En ég vil segja, herra forseti, að það vekur athygli að vinstri grænir voru á móti stjórnarskrárbreytingum. Vinstri grænir ætla að vera á móti þessari breytingu á kosningalögum. Og það er auðvitað það sem skilur eftir í þessari umræðu, þeir vildu ekki vera með þegar kom að því að lagfæra stórkostlega gallaða kosningalöggjöf, þeir vildu ekki vera með þegar okkur miðaði í rétta átt í því að jafna vægi atkvæða, þeir voru þá á móti eða í besta falli sátu hjá.

[21:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti hyggilegt af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að vera ívið hógværari í andsvari sínu en hann var að meginhluta til í ræðu sinni fyrr í kvöld. Aðeins einar upplýsingar til viðbótar fyrir hv. þm. úr starfi þingflokks Alþb. og óháðra á sumar- og haustdögum 1998. Það er ábyggilega ekkert vandamál að upplýsa það hér og nú að sá þingflokkur fundaði nú ekki mikið eftir júnílok 1998 af held ég augljósum ástæðum. Tíðindi sem urðu á og eftir aukalandsfund Alþb. á þeim dögum gerðu það að verkum að ég held að páv. formanni þingflokksins hafi ekki þótt það skynsamlegt að halda mönnum mikið til funda í þeirri stofnun eins og þá var komið í stjórnmálunum. Þetta eru ósköp einfaldlega aðstæður og staðreyndir sem allir ættu að skilja og geta virt.

Það er ekki svara vert að með því að hafa aðrar tillögur um útfærslu kosningalaga eða gagnrýni á ákveðna þætti í þeirri stjórnarskárbreytingu sem hér var gerð, þá jafngildi það viljaleysi til að draga úr misvægi atkvæða, eða reyna að leita að góðri niðurstöðu í sambandi við kosningalög, það er ekki svara vert. Það kemur skýrt fram í því sérálíti sem ég skilaði forsrh. að við erum ekki að leggjast gegn því að þarna séu gerðar breytingar, það er því miður þannig að sá veruleiki blasir við mönnum að vegna hinnar óhóflegu byggðaröskunar verður væntanlega ekki undan því vikist að fara í einhverjar breytingar. Spurningin er þar af leiðandi ekki hvort. Ég hef engan mann heyrt halda því fram í íslenskum stjórnmálum, sennilega sl. 10 ár, að undan því yrði vikist að fara þarna í breytingar. Spurningin er bara hvernig, enda hefur slíkt starf verið meira og minna við lýði núna í 10 ár. Ég sat í stjórnarskrárnefnd eða kosningalaganefnd svo snemma sem á næstsíðasta kjörtímabili þar sem tekin var bráðabirgðaáfangi í þessum málum, m.a. með flutningi flakkarans hingað suður o.s.frv. Það eru því engar nýjar fréttir.

[21:23]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekkert að víkjast undan því að ræða málið efnislega og fagna því að tækifæri gefist til þess. Á hinn bóginn vænti ég þess að hv. þm. og þingflokkur hans komi fram með brtt. og þá spyr ég einfaldlega og leita eftir því að þeim felldum, hvort þingflokkurinn muni þá ekki velja næstskástu leiðina og velja þó þær betrumbætur sem hér eru til staðar. Eða ætlar hann ekki að vera pólitískt með í málinu? Það er kjarni málsins, það getur enginn bannað neinum þingmönnum eða þingflokkum að koma fram með ýtrustu tillögur sínar, brtt., en að þeim felldum, ætla þeir að vera stikkfrí eða ætla þeir að vera með í þeirri framsókn til aukins lýðræðis sem hér er lagt upp með?

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að hv. þm. talar um að halda Reykjavík í 22 mönnum, minnsta kjördæmið verður upp á sjö, það þýðir að hinn náttúrulegi þröskuldur í mannfæsta kjördæminu verður í kringum 13%, það þarf með öðrum orðum 13% til að fá mann kjörinn í mannfæsta kjördæminu. Í því fjölmennasta liggur prósentutalan sennilega í kringum 4%. Finnst mönnum þetta sérstaklega lýðræðislegt? Og er þetta sérstakt keppikefli smæsta þingflokksins á hinu háa Alþingi? Það er merkilegt.

[21:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú þegar lýst tillögum mínum og hugmyndum um breytingar á þessu og við munum væntanlega tala fyrir þeim hér og reyna að vinna þeim brautargengi og mjög líklega flytja þær sem brtt. Ég get lofað hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að við munum taka afstöðu í málinu, hún mun birtast og vera tiltölulega hrein, öfugt við t.d. afstöðu Samfylkingarinnar til fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar. En mér finnst það útúrsnúningar að vera með orðbragð eins og: ætla menn að vera stikkfrí, sitja hjá og ekki taka þátt í pólitískri afgreiðslu málsins. Það er allt saman afstaða, eins og hv. þm. ætti að vera mætavel kunnugt, að vera með máli, vera móti því eða ákveða að taka ekki þátt í afgreiðslu þess, vegna þess að menn hafi önnur sjónarmið og þau hafi ekki fengið hljómgrunn. Við munum örugglega láta það birtast á sinn hátt og það getur ráðist af því m.a. hvort einhver hljómgrunnur verður fyrir því að gera lagfæringar á frv. hér í þinginu. Ef svo færi gæti það að sjálfsögðu haft áhrif á afstöðu okkar.

Það er alveg hárrétt að vissulega er lakara ef menn þurfa að fara út í að leyfa meiri sveigjanleika í stærð kjördæma, menn kaupa það þá ákveðnu verði, mér er það mætavel ljóst. Spurningin er um það sem vinnst með slíkum sveigjanleika, t.d. í formi skynsamlegra dreginna kjördæma, heppilegri landfræðilegra og samskiptalegra eininga, betri viðspyrnu í byggðapólitísku tilliti, menn verða þá að vega það og meta. (**GÁS:** Hvað hyggst ...) Mitt svar er já. Það er kaupandi því verði að hafa kjördæmin eitthvað mismunandi stór, að ná fram þarna betri einingum.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að Reykjavík fær 22 þingmenn og það er í reynd eins og hálfgerður brandari að segja: þeir eru ekki 22 heldur tvisvar sinnum 11. Hvenær eru menn búnir að ná valdi á þessu í grunnskólanum að þetta er einn og sami hluturinn? Þetta er eftir sem áður 22 þingmenn í Reykjavík, það er bara látið heita svo að þeir séu kjörnir í tveimur kjördæmum. Og það hefur þá helst þann galla sem hv. þm. bendir á að þá sé náttúrulegi þröskuldurinn lægri, (Forseti hringir.) hann er samt ekki lægri en hann er víða, hann er rétt undir þeim mörkum sem á að vera þröskuldurinn fyrir jöfnunarsætum. Það eru því ekki sterk rök.

[21:28]

Vigdís Hauksdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að verið er að gera kosningakerfið einfaldara og skiljanlegra og auk þess er verið að taka á hinu mikla misvægi atkvæða sem einkennt hefur þingkosningar hér sérstaklega hin síðari ár. Mig langar að vekja athygli án nokkrum atriðum sem snerta II. kafla frv. og málefni Reykjavíkur.

Breytingar á kjördæmamörkunum snerta alla og landsbyggðakjördæmin eiga það sameiginlegt að stækka mjög að flatarmáli. Ég er talsmaður þess að Reykjavík eigi að vera eitt kjördæmi. Einu haldbæru rökin sem mæla með því að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi eru þau að þingmannafjöldi verði svipaður í öllum kjördæmum. Þarna er verið að fórna

miklum hagsmunum fyrir litla. Ég lít svo á að mjög óæskilegt og óeðlilegt sé að kljúfa eitt sveitarfélag upp og er það ekki til þess fallið að skapa einingu milli borgarbúa. Enda varaði borgarstjórn Reykjavíkur við því í bréfi til nefndarinnar að kljúfa borgina í tvennt. Önnur rök sem ég hef heyrt eru þau að eitt stórt Reykjavíkurkjördæmi með 22 þingmönnum vegi allt of þungt á móti landsbyggðakjördæmunum með 11 þingmenn. Mér finnst þau rök ekki haldbær, enda koma Reykjavíkurkjördæmin trúlega alltaf til með að standa saman í öllum stærri málum.

Samkvæmt frv. eru mörk kjördæmanna ákveðin í þessum lögum, en landskjörstjórn skal ákveða mörk kjördæma í Reykjavík fimm vikum fyrir kjördag. Þessi tímasetning er alveg ótrúleg og er það sannarlega einkennilegt að þeir sem búa nálægt ætluðum kjördæmamörkum vita ekki fyrr en fimm vikum fyrir kjördag hvaða kjördæmi þeir tilheyra. Einnig kemur þetta til með að skapa vandamál við prófkjör til alþingiskosninga, því samkvæmt þessu gætu sömu aðilar verið að taka þátt í að velja fólk á lista í allt öðru kjördæmi en það síðan hefur kosningarrétt í. Nær væri að landskjörstjórn ákvæði kjördæmamörkin 1. desember fyrir kjördag, eins og segir í 1. gr. frv. um kosningarrétt og kjörgengi aðila sem flutt hafa lögheimili af landinu, ef þetta frv. verður að lögum.

Annað sem ég vil minnast á er að fyrst menn tóku skref í átt til róttækra landfræðilega breytinga þá ættu þeir að stíga það til fulls. Ég sé engin rök fyrir öðru en að sameina Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp Reykjavíkurkjördæmunum báðum. Þannig hefði líka verið létt á hinu svokallaða Suðvesturkjördæmi. Þar er langhraðasta uppbyggingin og mesta fólksfjölgunin um þessar mundir.

Hæstv. forseti. Margt má betur fara í þessu frv. Ég vona að jákvæðar breytingar eigi eftir að koma fram í meðförum þingsins, landsmönnum til hagsbóta.

[21:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að margar athyglisverðar ábendingar hafi komið fram í máli hv. þm. En þessi atriði hafa flest ef ekki öll verið skoðuð í þeirri nefnd sem vann að frv. Með því að mörk í Reykjavík verða ekki dregin fyrr en fimm vikum fyrir kosningar er í og með verið að undirstrika að þessi mörk eru í raun bara kosningatæknileg lína á blaði og skipta ekki máli í hefðbundinni kjördæmavinnu þingmanna fyrir kjördæmin tvö.

En út af því sem þingmaðurinn velti fyrir sér varðandi uppstillingar og prófkjör þá er það auðvitað mál hvers stjórnmálaflokks. Það er auðvitað verkefni flokkanna að finna út úr því á vettvangi hvers fyrir sig hvernig unnið verði úr þessu viðfangsefni. Ég geri fastlega ráð fyrir því að flokkarnir, flestir eða einhverjir alla vega, séu farnir að huga að því máli. Hver og einn verður að finna þá leið sem hentar honum best í því sambandi en hins vegar er það ekki atriði sem eðlilegt væri að taka á í löggjöf eins og þeirri sem við erum hér að fjalla um.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram vegna þess að þetta skiptir máli í þessari umfjöllun.

[21:32]

Vigdís Hauksdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst einmitt mikilvægt að slík ákvörðun verði tekin. Við hljótum að gera þá kröfu í lýðræðisþjóðfélagi að menn geti valið sitt fólk á listana. Þetta er ekki flokkspólitískt mál. Það hefur verið hefð fyrir því að prófkjör séu haldin í flestum stjórnmálaflokkum. Fólk verður að fá að raða upp á listana í þeim kjördæmum sem það kýs. Mér finnst algjört prinsippatriði að þetta verði skoðað nákvæmlega. Annars kemur lýðræðið ekki að því að raða á listana.

[21:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Nú er þetta mál komið til umræðu að nýju. Það var hér til umræðu á síðasta þingi fyrir alþingiskosningar og menn tókust á um það eins og það lá fyrir þá. Síðan hefur málið verið til meðferðar á nýkjörnu Alþingi í ljósi samþykktra stjórnarskrárbreytinga.

Niðurstaðan af umfjölluninni nú er mjög svipaðar tillögur og afgreiddar voru á fyrra þingi. Smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á fyrri tillögum, sem ég lagðist gegn, og breytingarnar eru ekki það miklar að það nægi til að snúa mér til fylgis við tillögurnar sem hér liggja fyrir. Því er nokkuð ofmælt sem hér kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni er hann gaf í skyn að þingmenn hefðu skipt um skoðun eða stæðu ekki við afstöðu sína frá fyrri umfjöllun málsins. Ég vil einfaldlega draga það fram svo það liggi ljóst fyrir að ummæli hans, að svo miklu leyti sem þeim var beint til mín, eiga ekki við rök að styðjast. Ég hef haldið skoðunum mínum í þessu máli skýrt fram og hef í umfjöllun málsins ekki snúið frá þeim. Það hélt ég að væri frekar til marks um að menn héldu sömu stefnu og þeir gáfu upp fyrir kosningar. (**GÁS:** Að skipta um flokk?) Það var líka fyrir kosningar.

Niðurstaðan er að mörgu leyti einföld ef málið er tekið saman. Það sem menn ætluðu að gera var að draga úr misvægi atkvæða sem kallað var. Ég lýsi ekki yfir andstöðu við það markmið. Ég tel að það hafi skekkst að mörgu leyti, misvægið hafi aukist frá því sem menn ákváðu á 6. áratugnum. Það er ekki hægt og ekki eðlilegt að andæfa breytingum á þeirri stöðu sem upp var komin. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að meiri hluti þjóðarinnar kjósi meiri hluta þingmanna. Á höfuðborgarsvæðinu býr meiri hluti þjóðarinnar og ekki eðlilegt að sá meiri hluti kjósi minni hluta þingmanna eins og verið hefur. Ég hef ekki verið í andstöðu við þann megintilgang málsins, að draga úr misvæginu.

Hins vegar hef ég skýrt haldið fram þeirri skoðun minni að það að misvægi sé fyrir hendi sé ekkert mannréttindabrot eða á neinn hátt sérstaklega slæmt mál. Það er auðvitað samkomulagsmál milli hinna pólitísku fylkinga hvert misvægið á að vera á hverjum tíma, hvað menn koma sér saman um í þeim efnum. En kerfi sem við styðjumst við, sem byggir á fulltrúalýðræðinu, eins og flest önnur lýðræðisríki í heiminum fylgir misvægi. Það er mjög mismunandi eftir ríkjum. Í sumum ríkjum er það mikið og öðrum ríkjum minna en ég hef hvergi rekist á að menn haldi því fram að slíkt kerfi sé ólýðræðislegt eða gangi á svig við eðlileg mannréttindaákvæði. Mér finnst því og hef staðið vörð um það sjónarmið að það eigi að vera fulltrúalýðræði.

Breytingin að þessu leyti er hins vegar mjög róttæk. Hún bitnar mjög misjafnlega á íbúum þessa lands. Nú þegar flytja menn sex þingsæti af landsbyggðinni inn á höfuðborgarsvæðið og innan fárra ára bætast tvö til viðbótar. Þannig verða á mjög stuttum tíma átta þingsæti flutt af landsbyggðinni inn á höfuðborgarsvæðið. Sjö af þessum átta þingsætum koma af einu svæði á landinu. Sjö af þessum átta þingsætum koma af veikasta svæði landsins, norðvesturhluta landsins, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Það svæði hefur í dag 15 þingsæti og mun fara niður í átta þingsæti eftir

kosningarnar 2007. Það mun missa um helming af þingstyrk sínum og vegna þess að við búum við fulltrúalýðræði þá skiptir þingstyrkur máli.

Með þessari breytingu eru menn að veikja stöðu veikasta svæðis landsins mjög mikið án þess að gefa því svæði neina viðspyrnu með öðrum aðgerðum. Þess vegna er andstaðan við þetta mál mest á þessu svæði og hún gengur í gegnum flokkana. Andstaðan er ekki bundin við flokka heldur svæðið.

Stuðningurinn er auðvitað mestur hjá þeim sem njóta góðs af breytingunni. Annars staðar á landsbyggðinni hafa menn unað breytingunni af því að þeir sleppa sæmilega með hana. Þannig eru staðreyndir málsins. Það verður að hafa þessa yfirsýn til að skilja afstöðu manna. Ég tel ekki eðlilegt að ég sem þingmaður úr veikasta kjördæmi landsins fagni breytingum sem gera íbúa þessa landsvæðis hálfu máttlausari á löggjafarsamkomunni en þeir eru í dag. Mér er lífsins ómögulegt að sjá ljósið í þeirri breytingu fyrir þá kjósendur sem ég er umbjóðandi fyrir.

Þar fyrir utan hef ég ýmislegt við hinar endanlegu tillögur að athuga. Ég vildi rekja það í fáeinum orðum. Í fyrsta lagi vil ég benda á að tillögurnar eru ekkert fullgerðar. Menn hafa í raun ekki lokið þessu máli. Augljósasta dæmið um það er tillagan um skipan höfuðborgarsvæðisins í kjördæmi. Hún ber það með sér að málinu er ekki lokið. Menn ætla að búa til kjördæmi úr þessu samfellda svæði, þrjú kjördæmi sem eru ákaflega einkennilega saman sett. Eitt kjördæmið er í fjórum pörtum utan um hitt. Það þýðir einfaldlega að menn hafa ekki lokið málinu. Það eru auðvitað ekki meðmæli með tillögunum. Annað sem er slæmt við tillögurnar er að menn búa til þrjú kjördæmi á landsbyggðinni og ekkert þeirra hefur neina þá pólitísku vigt sem þarf til að vera í fremstu röð íslenskra stjórnmála. Það skiptir ekki bara máli hvaða þingsætafjöldi er í hverju kjördæmi, þar skiptir líka máli styrkurinn úr hverju kjördæmi og hann ræðst auðvitað af íbúafjölda.

Miðað við tillögu þá sem fyrir liggur eru þrjú kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu mjög fjölmenn. Þrjú kjördæmi á landsbyggðinni eru miklu fámennari. Það þýðir að pólitíska þyngdin færist inn á höfuðborgarsvæðið í miklu ríkari mæli en verið hefur. Ráðherrastöður og forustumenn flokkanna verða fyrst og fremst af þessu svæði. Þannig mun þróunin verða. Áhrif landsbyggðarinnar munu því minnka, jafnvel þó ekki sé alls staðar um að ræða fækkun á þingsætum. Þess vegna varpa ég fram hugmynd um að breyta tillögunum sem menn voru búnir að koma sér saman um fyrir síðustu alþingiskosningar til að búa til landsbyggðakjördæmi sem væru fjölmenn og hefðu jafnmarga þingmenn og kjördæmi höfuðborgarsvæðisins. Þau væru þannig að pólitískum styrk að úr því kjördæmi kæmu ævinlega forustumenn í flokkunum eða ráðherraefni. Þannig gætum við betur tryggt áhrif landsbyggðarinnar á framgang mála en þær tillögur gera sem hér liggja fyrir.

Ég vil gera fáeinar athugasemdir. Í lýsingum á þessum tillögum segir að þær séu til þess fallnar að einfalda kosningakerfið vegna þess að ekki þurfi að beita jafnflóknum aðferðum og nú tíðkast við úthlutun þingsæta, þá einkum jöfnunarþingsæta. Það sem menn eru þarna að hnýta í er hin sérkennilega úthlutun jöfnunarsæta sem stuðst hefur verið við síðan 1987, sem þýðir að þegar breyting hefur orðið á jöfnunarsæti í einu kjördæmi þá hefur orðið breyting í öðrum kjördæmum, þremur til fjórum öðrum kjördæmum. Menn hafa sagt sem svo: Kjósendur í einu kjördæmi hafa ekki yfirlit yfir það hver verður á endanum þingmaður út á mitt atkvæði. Hann getur verið í allt öðru kjördæmi.

Gott og vel. En tillögurnar sem hér liggja fyrir eru sama annmarka háðar, jöfnunarsætin eru samtengd á milli kjördæma. Það þýðir að ef breyting verður á jöfnunarþingsæti í einu kjördæmi þá kallar það á breytingar í hinum. Menn hafa með öðrum orðum ekki náð að einfalda kerfið eins og þeir stefndu að að þessu leyti.

Í öðru lagi segja menn að það verði að vera sem jafnastur fjöldi þingmanna í hverju kjördæmi til að ná eftirtöldum markmiðum:

Að tryggja jafnræði á milli þingmannahópanna. Að það verði nokkurn veginn jafnauðvelt að ná kjördæmakosningu, óháð kjördæmum. Í þriðja lagi til þess að tryggja jöfnuð á milli stjórnmálaflokka.

Við skulum skoða hvernig niðurstaðan er þegar að er gáð. Verður þingsætafjöldi kjördæmanna sem jafnastur samkvæmt tillögunum? Svarið er nei. Eftir tvennar kosningar þá munu þingmannahóparnir líta þannig út: 8 þingmenn í einu kjördæmi, í öðru 10, þá 10, 11, 11 og svo 13. Fjórar mismunandi tölur birtast okkur í sex kjördæmum. Kjördæmin hafa minnst 8 þingmenn og mest 13 þingmenn. Þetta getur ekki heitið að sem jafnastur fjöldi þingsæta sé í hverju kjördæmi. Markmiðið sem menn setja sér næst ekki.

Þá spyr ég: Leiðir það af sér, eins og sagt er í skýrslu kjördæmanefndarinnar fyrri, að fyrst ekki er jafn fjöldi þingmanna í kjördæmunum verði misvægi á milli flokka? Ég lagði þá spurningu fyrir reiknimeistara nefndarinnar og hvort það mundi þá ekki gerast úr því að þingsæti úr Norðvesturkjördæminu færu strax niður í átta en í Suðvesturkjördæminu upp í þrettán, að það leiddi af sér það sem varað er við í skýrslunni sem ég vitnaði til, að misvægi mundi verða á milli flokka.

En á bls. 23 í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Eftir því sem fækkar í kjördæmunum þeim mun fleiri jöfnunarsæti þarf til að jafna milli flokka."

Og á bls. 25: „Ekki verður fram hjá því horft að sé eitt af landsbyggðarkjördæmunum minnkað með afgerandi hætti er líklegt að fjölga þyrfti jöfnunarsætum til að tryggja jöfnuð á milli stjórnmálaflokka."

Með öðrum orðum ef ekki er jafn fjöldi þingmanna í kjördæmunum leiðir það af sér að fjölga þarf jöfnunarsætunum til þess að missa ekki málið út í misvægi milli flokka.

Svar reiknimeistara okkar við þessu er að jafnvel þó að þetta gerist, að þingsætum fækki svona mikið í einu kjördæminu og fjölgi svo mikið í öðru verði ekki misvægi milli flokka. Eða svo ég vitni orðrétt í svarið:

„Ekki er meiri hætta á að ójöfnuður myndist milli flokka við þessa tilfærslu en þegar er fyrir í kerfinu."

Með öðrum orðum er borin til baka röksemdafærslan í sjálfri skýrslunni sem er undirstaðan að tillögunni. Vegna þess að þingmenn verða mismargir í kjördæmunum verður misjafnlega auðvelt að ná kjördæmakosningu, hinn náttúrulegi þröskuldur verður misjafn. Þar með eru fokin út um gluggann öll þau markmið sem menn setja sér með tillögugerðinni.

Hvers vegna eru menn þá að smíða tillögur út frá þessum forsendum þegar þær svo hrynja allar í höndunum á mönnum á skömmum tíma? Þá eru menn ekki að gera tillögur á réttum forsendum.

Þannig mun verða eftir tvennar kosningar að í Norðvesturkjördæmi landsins, þar sem verður komið niður í átta þingsæti, mun þurfa 11,1% atkvæða til að fá örugglega kosinn kjördæmaþingmann. En í Suðvesturkjördæminu sem verður með 13 þingsæti mun ekki þurfa nema 7,1% atkvæða til að fá örugglega kosinn þingmann. Munurinn þarna á milli eru 4% og það er töluvert mikill munur, sérstaklega þegar menn segja að tillögurnar séu gerðar til þess að ekki eigi að vera munur, að annars vegar þurfi 7,1% atkvæða og hins vegar þurfi 11,1% atkvæða. Menn komast örugglega með kjördæmakosinn mann í Suðvesturkjördæminu á minna fylgi. En til þess að fá það fylgi sem dugir örugglega ekki til að fá kjördæmakosinn mann í Norvesturkjördæminu er 7,7%. Fái framboð 7,7% fylgi og minna fær það örugglega ekki kosinn mann. En fái það 7,1% í Suðvesturkjördæminu fær það örugglega kosinn mann á minna fylgi en menn fá örugglega ekki kosinn mann í Norðvesturkjördæminu. Hver eru þá örlög á þeim forsendum sem menn reisa tillögurnar á?

Þetta segir mér, herra forseti, að menn eiga að hugsa tillögurnar út frá þeim veruleika sem menn eru í raun að draga upp. Það leiðir til annarrar skiptingar en þarna er gert ráð fyrir.

Mér finnst það til að gera málið enn ógeðfelldara eða meira óaðlaðandi að ætla sér að tæta út úr Norðvesturkjördæminu, þessu aumasta kjördæmi landsins þar sem slegið er saman þremur fámennum kjördæmum, þar sem fólki mun fækka að öllu óbreyttu, hvergi neinn staður þar sem veruleg fjölgun er fyrirsjáanleg, þá ætla menn að taka út úr því einn kaupstað, Siglufjörð, og færa hann yfir í Norðausturkjördæmi og veikja það enn meira. Hver eru áhrifin af þeirri breytingu, að flytja Siglufjörð yfir í Norðausturkjördæmið? Áhrifin eru þau að flytja eitt þingsæti af landsbyggðinni til Reykjavíkur, vegna þess að Norðvesturkjördæmið fer strax niður fyrir þau mörk að misvægið verður meira en 1:2 miðað við Suðvesturkjördæmið og Reykjavík. Það tapast því þingsæti af landsbyggðinni inn á höfuðborgarsvæðið við þessa breytingu.

Af hverju eru menn að gera svona tillögu til að veikja veikasta svæðið meira en nauðsynlegt er samkvæmt því sem menn ætla sér að gera? Ég átta mig bara ekki á því. Mér er sagt af spakvitrum mönnum að þetta sé gert til þess að tryggja jarðgöng til Siglufjarðar úr Eyjafirði. Er það rétt? Eru menn að gefa eitt þingsæti af norðvesturhluta landsins til Reykjavíkur til að tryggja jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar? Mér finnst það ákaflega skrýtin tilhugsun en þetta er sú skýring sem ég hef þó helst fengið á tillögunni.

Ef menn vilja færa Siglufjörð austur fyrir þá hefði ég talið eðlilegra að menn flyttu þetta þingsæti strax í Norðausturkjördæmið og hefðu þá 11 þingmenn í því og 9 þingmenn í Norðvesturkjördæminu. Þá héldu menn lengur einu þingsæti meira á landsbyggðinni en samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og m.a. Samfylkingin hrópar húrra yfir eins og upplýst var hér áðan af hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni.

Það er ekki allt skynsamlegt í þessu. Að lokum til að sýna að menn hafa nú húmor, ef menn leggja af stað til þess að draga úr misvægi og hafa það minna en 1:2, þá taka menn upp reglu sem heitir „Borda-reglan" sem er þannig að menn búa til nýtt misvægi sem er 1:4. Sá kjósandi sem vill breyta lista hefur fjórfalt meira vægi en sá kjósandi sem vill kjósa listann óbreyttan. Það er dálítið merkileg niðurstaða.

[21:53]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við erum komin að ákveðnum þáttaskilum í umræðunni um kjördæmamálið með því að við ræðum það kosningalagafrv. sem hér liggur fyrir og er afrakstur af margra mánaða vinnu sem á rætur sínar fyrst og fremst að rekja til þeirra breytinga sem gerðar voru á síðasta kjörtímabili á stjórnarskránni með því að horfið var í meginatriðum frá því fyrirkomulagi sem ríkt hefur á undanförnum 40 árum og hefur verið að festa sig í sessi og á flestan hátt að reynast betur eftir því sem árin hafa liðið. Við gerum okkur grein fyrir því að þegar við erum að gera stórar breytingar á kjördæmaskipaninni hverju sinni hefur það mikla röskun í för með sér. Okkur er það öllum ljóst þegar við lítum til baka til ársins 1959 að þetta var heilmikið átak og kostaði gríðarleg átök, ekki bara innan stjórnmálaflokka heldur innan þeirra eininga sem urðu til þegar þau kjördæmi voru sköpuð eftir að þær kjördæmabreytingar gengu fyrir sig fyrir rúmlega 40 árum.

Við þekkjum það sem höfum búið úti í þessum kjördæmum að þetta gekk alls ekki átakalaust fyrir sig. Það tók mjög langan tíma að reyna að setja niður þá togstreitu sem myndaðist milli kjördæmanna, og ég hygg að ekki séu mjög mörg ár síðan að í flestum kjördæmunum hafi menn verið komnir að því að setja niður þær deilur sem settu oft mark sitt á kjördæmin í öndverðu. Það er það sem ég óttast mjög, virðulegi forseti, að þegar við göngum inn í þetta nýja umhverfi sem er greinilega að fæðast með þessari kjördæmaskipan þá eigum við eftir að upplifa þessa reynslu að nýju, þau miklu átök sem munu skapast á milli einstakra hluta innan þessara stóru kjördæma.

Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að þeirri nefnd sem starfað hefur að gerð kosningalöggjafarinnar núna hafi verið nokkur vorkunn vegna þess að hún fékk það veganesti og henni voru settar þær reglur sem voru í raun og veru ákveðnar með sjálfri stjórnarskrárbreytingunni. Ég hef stundum sagt það þannig að upphafið að ógæfunni var sú heimskulega markmiðssetning að reyna að negla það inn í kjördæmaskipanina að þetta svokallaða misvægi kjósenda yrði aldrei meira en 1:2 eða þar um bil. Þar með var búið að koma í veg fyrir það sem var æskilegasti kosturinn, að viðhalda í meginatriðum þeirri kjördæmaskipan sem hafði verið að festast í sessi á undanförnum áratugum og var að reynast æ betur. Ef við hefðum tekið þá ákvörðun á sínum tíma að segja sem svo: Við skulum fallast á þá pólitísku málamiðlun milli tveggja ólíkra sjónarmiða að misvægið verði ekki 1:1,8 eða 1:2 heldur 1:2,5 þá hefði verið unnt, eins og hér var sýnt fram á mjög rækilega á sínum tíma í umræðunni um kjördæmaskipanina, að varðveita í stórum dráttum þá kjördæmaskipan sem við höfum búið við á undanförnum 40 árum og ég hef verið að lýsa með nokkrum orðum.

En með þeirri ákvörðun sem var illu heilli tekin á Alþingi að breyta þessu þá gerðist það að búið var í rauninni að eyðileggja þessi litlu kjördæmi. Þau voru orðin svo smá og rytjuleg að þau voru ekki lengur á vetur setjandi. Þá stóðu menn einfaldlega frammi fyrir því vali að þurfa að skella saman nokkrum kjördæmum og búa til eitt stærra í staðinn.

Ég hélt því alltaf fram þegar þessi umræða átti sér stað á sínum tíma að í mínum huga væri það ekkert aðalatriði nákvæmlega hvar mörkin væru dregin. Úr því að menn færu í þann ólukkufarveg að breyta vægi atkvæða með þessum hætti, ganga svona langt í þessum efnum, þá væri

það í mínum huga ekkert stóra málið hvort til að mynda kjördæmamörkin væru dregin við Tröllaskaga eða við botn Hrútafjarðar eða annars staðar. Mér fannst þetta aldrei vera stóra málið í þessari umræðu. Búið var að taka þá stóru ákvörðun að stækka kjördæmin, hverfa frá því sem hefur verið aðal þessarar kjördæmaskipunar, að treysta samband kjósenda og þingmanna og þá var í sjálfu sér í mínum huga fyrst og fremst einhvers konar púsluspil að raða saman og búa til einhverjar einingar sem menn teldu skástar við þessar aðstæður. Ég hygg að það hafi verið það sem í raun og veru var hið stóra verkefni þeirrar nefndar sem skilaði af sér þessum tillögum, þ.e. að ljúka púslinu þannig að sæmilega heilleg mynd yrði eftir á landakortinu.

Nú liggur fyrir, eins og menn hafa komið að í umræðunni, að staða þessara kjördæma í byggðalegu tilliti er ákaflega misjöfn. Það fer ekkert á milli mála að hér er að fæðast kjördæmi sem á mjög alvarlega undir högg að sækja að flestu leyti hvað byggðaþróun áhrærir. Þar á ég við það kjördæmi sem virðist nú að muni ganga fljótlega undir nafninu Norðvesturkjördæmi og er í meginatriðum Vesturland, Vestfirðir og Norðurland vestra að undanskildum Siglufirði.

Það liggur alveg fyrir að byggðaþróunin á þessu svæði hefur verið mjög alvarleg. Þar hefur verið að halla á, þar hefur verið mjög mikil búseturöskun, neikvæð búseturöskun. Það er ljóst mál að miðað við þær forsendur og það sem búið er að ákveða í stjórnarskránni mun ekkert líða á löngu þar til þetta kjördæmi verður enn þá fátækara af þingmönnum en þó gerist eftir næstu kosningar.

Núna er það þannig að þessi þrjú kjördæmi hafa á að skipa 15 þingmönnum. Eftir næstu kosningar verða þessi kjördæmi með 10 þingmenn. Ég hygg að það sé eftir þarnæstu kosningar eða þar um bil sem þessum þingmönnum mun síðan fækka um einn ef ekki tvo miðað við þá þróun sem er að verða í byggðalegu tilliti. Rödd þessa kjördæmis, rödd þessa svæðis, verður auðvitað veikari á Alþingi sem þessu nemur.

Auðvitað eru engin rök að segja sem svo, eins og menn segja stundum, að menn verði að hefja sig yfir kjördæmamörkin og tala fyrir hönd alls landsins. Við þekkjum það af reynslu á Alþingi að þó að við þingmenn séum fyrst og síðast talsmenn þjóðar okkar þá erum við líka á vissan hátt að reyna að gæta ákveðins jafnvægis í umræðunni vegna þess sem við erum að upplifa. Við erum að færa ákveðna reynslu inn í umræðuna og ákveðinn sjónarhól sem annars væri ekki til staðar í umræðunni. Fyrir vikið verður umræðan í þinginu ekki jafneinsleit og hún ella væri. Þess vegna skiptir svo miklu máli að raddir heyrist sem víðast að. Þess vegna er það mikið áhyggjuefni þegar við upplifum það og sjáum það fyrir okkur að þetta svæði muni veikjast.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði í sjálfu sér ekki að hafa mjög mörg orð um þetta mál. Ég tel að stóru ákvarðanirnar hafi þegar verið teknar og sú kjördæmaskipan sem við stöndum frammi fyrir í tillöguformi sé í sjálfu sér ekkert ólögískari niðurstaða af þeim forsendum en ýmislegt annað. Við verðum með allt annað samband kjósenda og þingmanna. Að vísu verður reynt að koma til móts við þetta vandamál með því að fjölga eða setja af stað kerfi aðstoðarmanna sem ég held að sé nauðsynlegt og forsenda fyrir því að reyna að rækta eitthvert lágmarkssamband kjósenda og þingmanna sem er mjög mikilvægt. Engu að síður erum við að fara inn í allt annan veruleika.

Hv. 3. þm. Reykv., hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde, nefndi það réttilega að sá sem hér stendur hafi lagt fram á sínum tíma frv. og reyndar endurflutt á þessu þingi varðandi möguleika manna á að kjósa í heimahúsum þegar um veikindi er að ræða. Nú er það þannig að gildandi kosningalög gera ráð fyrir því að menn þurfi að vita um veikindi sín a.m.k. með viku fyrirvara fyrir kjördag. Nú vitum við að veikindi gera ekki alltaf boð á undan sér og fólk lendir í því að veikjast. Eins og staðan er í dag í kosningalöggjöfinni þýðir þetta bara það að menn missa sjálfkrafa kosningarréttinn nema menn geti örugglega séð til þess að veikindi gerist með viku fyrirvara.

Ég met það mikils að nefndin sem hefur verið að störfum leggur til að draga úr þessu og opna þann möguleika að menn veikist nú bara með fjögurra daga fyrirvara og hafi þá dálítinn möguleika á því að kjósa umfram það sem núna er í dag. Ég held hins vegar, virðulegi forseti, að það ætti að skoða það að ganga enn þá lengra í þessum efnum. Það eru helg mannréttindi fólks að fá að kjósa og ég tel þess vegna að kjörstjórn á hverjum stað og kjörstjórar verði einfaldlega að búa sig betur út, fjölga starfsfólki sínu til að tryggja það að menn geti kosið alveg fram á kjördag. Það eru auðvitað þau tilvik sem geta komið upp að eðlilegt sé að gera þessar kröfur.

Að lokum eitt, virðulegi forseti, hér hefur nokkuð verið fjallað um þessi mál í samhengi við byggðamálin. Ég var á sínum tíma formaður nefndar sem hæstv. forsrh. skipaði í tengslum við kjördæmabreytinguna og við lögðum fram mjög ítarlegar tillögur sem algjör pólitísk samstaða varð um. Það sem var einkenni þessara tillagna var tvennt. Annars vegar vorum við að reyna að freista þess að snúa við eða treysta stöðu landsbyggðarinnar áður en til þess kæmi að hér brysti á nýtt kjördæmafyrirkomulag þar sem staða landsbyggðarinnar væri orðinn breytt, og enn fremur hitt sem höfuðáhersla var lögð á og það var að við bentum á það að staða landsbyggðarinnar væri svo alvarleg að tímasetning aðgerðanna væri aðalatriði. Þess vegna væri ekki bara um það að ræða að við legðum til að auka fé til vegamála, lækka orkukostnað, lækka kostnað við skólagöngu barna og ungmenna úr dreifbýlinu og fjölga störfum á landsbyggðinni og breyta á vissan hátt tekjuskiptingu sveitarfélaganna heldur sögðum við að til að þetta hefði einhverja þýðingu yrði þetta að gerast strax. Ef ekki þá yrði þetta of seint.

Virðulegi forseti. Enda þótt ýmislegt hafi verið gert í þessum efnum vantar heilmikið á enn þá. Við höfum séð það, sem betur fer, að fjármagn til vegamála hefur verið aukið um 500 millj. kr. Við höfum séð að í fjárlagagerðinni hefur verið varið verulega auknu fé til niðurgreiðslu á rafhitun á hinum köldu svæðum en því miður er ekki fimmeyringur farinn að skila sér enn þá í buddu neytenda. Enn þá eru þessir peningar til varðveislu í ríkissjóði vegna þess að ekki hefur verið tekin ákvörðun hvernig ætti að sjá til þess að peningarnir færu til lækkunar á húshitunarkostnaði.

Við höfum sem betur fer séð að gríðarlega mikið fé hefur verið veitt til viðbótar til að jafna námskostnað. Við höfum líka séð að tekið hefur verið skref í þeim efnum að jafna ferðakostnað hjá fólki sem þarf að sækja sér læknishjálp suður yfir heiðar. En ekkert hefur verið gert í því að fjölga störfum á landsbyggðinni eins og settar voru fram mjög ákveðnar tillögur um og ákveðið verklag sem var mótað í þessu sambandi. Þess vegna, virðulegi forseti, hlýt ég að ganga eftir því sem formaður nefndarinnar að áður en málið verður afgreitt í vor verði frá því gengið, alveg eins og hæstv. forsrh. ætlaðist til, að málinu verði lokið þannig að

við þurfum ekki að vera að berja á því fram eftir þessu kjörtímabili að efndar verði tillögur sem forsendan var að væru gerðar strax. Það er alveg ljóst að ef sú nefnd, sem þarna er verið að vitna til, hefði ætlast til að tillögurnar yrðu framkvæmdar á til að mynda heilu kjörtímabili hefðum við einfaldlega komið með allt öðruvísi tillögur. Við vorum hins vegar ekki að leggja fram slíkar tillögur. Þær tillögur sáum við í byggðaáætluninni sem Alþingi hefur þegar samþykkt. Við vorum hins vegar að búa til tillögur sem höfðu þann meginútgangspunkt að tafarlaust væri farið í þær til að þær gætu borið árangur. Við vorum þeirrar skoðunar að staðan í byggðamálum hafi verið slík og því miður er það enn þá þannig og hefur síst farið batnandi, að ef menn ætli að grípa til aðgerða sem hafi eitthvert bit þá verði menn, eins og menn sögðu, að setja járnkarlinn í tannhjólið strax og stoppa þróunina.

Virðulegi forseti. Ég vil því hvetja til þess að sú nefnd sem fær málið til meðhöndlunar gangi þannig frá því. Ég geri mér grein fyrir því að það er gríðarlega mikill stuðningur við málið í þinginu almennt talað. Enda þótt menn séu ekkert sérstaklega ánægðir með þessar tillögur þá er búið að skapa um þær þá pólitísku samstöðu að þetta kosningafyrirkomulag verður í meginatriðum svona, hvort sem mér líkar það betur eða verr, en þá verða menn að gefa sér að það sem var hluti af því pólitíska samkomulagi sem náðist um málið þó að það hafi ekkert verið altækt þá var það býsna víðtækt, var að efna fyrirheit sem við gáfum öll, fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sátu þá á Alþingi með tilstyrk hæstv. ríkisstjórnar, og ég veit að það var full meining á bak við að þetta yrði að veruleika.

Virðulegi forseti. Þetta læt ég nægja um kosningalögin. Ég tel að þau spretti af þeirri slæmu ákvörðum sem við tókum með því að ganga svo langt í því að jafna vægi atkvæða. Ég tel að full rök séu með því að ganga miklu skemur í þessum efnum og tel að ofuráhersla á kröfuna um svokallað jafnt vægi atkvæða sé hálfgert tildur eins og menn hafa túlkað þetta og það sé ýmislegt annað sem eigi að hyggja að þegar verið er að móta kosningalöggjöfina eins og ég hef margoft farið yfir úr þessum ræðustóli.

[22:09]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. er gjörbreytt þeirri kjördæmaskipan sem við höfum búið við í rúm 40 ár eða allt frá árinu 1959. Þetta frv. byggir á tillögum svokallaðar kjördæmanefndar sem var skipuð í september 1997 með fulltrúum allra þeirra þingflokka sem voru þá á Alþingi. Sú nefnd skilaði af sér ítarlegri skýrslu og tillögu í október 1998. Mér fundust niðurstöður þeirrar nefndar slæmar og lýsti andstöðu við þær þegar þær komu fram og hef gert það allar götur síðan, og þá sérstaklega hvað varðar stærð fyrirhugaðra kjördæma.

Sú nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði síðan í október 1999 til að semja það frv. til kosningalaga sem liggur hér fyrir hefur illu heilli, vil ég segja, stuðst við tillögur kjördæmanefndarinnar varðandi kjördæmaskipan og til að mynda ekki nýtt sér þá breytingu sem gerð var við meðferð málsins á Alþingi í aðdraganda stjórnarskrárbreytingarinnar, þ.e. að kjördæmi megi vera sjö en ekki sex eins og kjördæmanefndin lagði til.

Það er skoðun mín að kjördæmin sem lögð eru til séu allt of stór. Það verða einfaldlega allt of stór kjördæmi sem verða til við að skipta landsbyggðinni í þrjú kjördæmi og það mun tvímælalaust koma niður á landsbyggðinni. Í fyrsta lagi tel ég að þetta muni koma mjög illa niður á ýmsu því sem er starfrækt á kjördæmavísu, t.d. samstarfi sveitarfélaga í einstökum kjördæmum sem er margþætt og mjög gott í mörgum kjördæmum. Það er samstarf milli sveitarfélaga á fjölmörgum sviðum í atvinnuþróunarstarfi, um skólamál, samstarf um málefni fatlaðra, um sorpmál o.fl. Ég heyri það á sveitarstjórnarmönnum að þeir óttast að þetta samstarf verði mun erfiðara og þyngra í vöfum þegar kjördæmin verða orðin svo gríðarlega stór eins og lagt er til. Ég hef orðið var við mjög miklar áhyggjur sveitarstjórnarmanna víða um land vegna þessa.

Mér sýnist augljóst að þetta muni bitna mjög á sambandi þingmanna við kjördæmi sín. Ég tel mjög nauðsynlegt fyrir þingmenn á landsbyggðinni að vera í góðu sambandi við kjördæmi sitt, þekkja hjartsláttinn í kjördæminu ef svo má að orði komast. Þingmenn þurfa að þekkja til sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna, þekkja atvinnulífið og stöðu atvinnufyrirtækjanna og yfir höfuð að vera sæmilega kunnugt um hag fólksins í kjördæminu. Þingmenn á landsbyggðinni sinna þessu almennt mjög vel. Þeir ferðast mikið um kjördæmin og reyna að fylgjast með því hvernig vindarnir blása. Þetta verður tvímælalaust miklu erfiðara eftir þessa breytingu en áður.

Ég tek sem dæmi kjördæmi mitt, Vesturland. Þar eru sjö þéttbýlisstaðir og margar víðfeðmar sveitir. Við þingmenn Vesturlands reynum að koma sem oftast á þessa staði og fylgjast með því sem þar er að gerast. Eftir að sú kjördæmabreyting sem lögð er til hefur tekið gildi verða þéttbýlisstaðir í nýja kjördæminu 24, 24 í stað sjö, auk gríðarlega mikilla og stórra sveitahéraða. Vegalengdir í kjördæminu verða margfaldar á við það sem er í hverju kjördæmi í dag, sama hvort miðað er við Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi eða Norðurlandskjördæmi vestra. Það verður að mínu áliti nánast ómögulegt fyrir þingmenn nýja kjördæmisins að viðhalda því sambandi, sem ég nefndi áðan að væri nauðsynlegt, eftir þessa breytingu.

Þegar þetta var gagnrýnt á síðasta kjörtímabili komst kjördæmanefndin sáluga að þeirri snilldarniðurstöðu að þetta megi leysa með því að þingmenn fái aðstoðarmenn. Um það sagði í skýrslu kjördæmanefndarinnar sálugu, með leyfi forseta:

„Verði tillögur nefndarinnar að lögum er ljóst að aðstaða þingmanna til að sinna kjósendum í hinum landfræðilega stærri kjördæmum verður önnur en áður. Með hliðsjón af því hvetur nefndin til að aðstoð við þingmenn úr þessum kjördæmum verði aukin, t.d. þannig að þingmenn fái styrk til að njóta liðsinnis starfsmanns eða til annars konar aðstoðar."

Þetta hefur svo sem aldrei verið útfært nákvæmlega en ég hef skilið það þannig að hver landsbyggðarþingmaður eigi að fá aðstoðarmann. Sé það meiningin sýnist mér að það muni leiða til kostnaðar fyrir ríkissjóð — ég vona að hæstv. fjmrh. hlusti — upp á u.þ.b. 200 millj. kr. ári, 200 milljónir í laun, ferðakostnað, síma, tölvur o.fl. fyrir yfir 30 aðstoðarmenn. Ég hefði haldið að ríkissjóður þyrfti á einhverju öðru að halda. Það væri fróðlegt að heyra túlkun hæstv. fjmrh. á þessu og hvernig þetta er hugsað, það hefur aldrei verið útfært nákvæmlega.

Sumir segja að þetta sjónarmið mitt varðandi samband við kjördæmin sé gamaldags og þingmenn eigi að sinna löggjafarstörfum og vera ekki að stússa í því sem sumir kalla kjördæmapot. En ég held því hins vegar fram að slíkt

samband þingmanna við kjördæmi sín sé mjög stór þáttur af starfi þingmannsins, þ.e. aðstoð við lífið og tilveruna í kjördæminu. Ég held að aðstoðarmenn komi ekki í staðinn fyrir þetta samband þingmanna við kjördæmi sín.

Mér finnst þessi mikla stækkun kjördæmanna alveg afleit og finnst höfðatala þingmanna í hverju kjördæmi skipta minna máli. Þess vegna benti ég og reyndar margir fleiri á það í starfi fyrri kjördæmanefndar að halda kjördæmunum óbreyttum en fækka frekar um einn þingmann í hverju kjördæmi. Það hefði leitt til nokkurn veginn sömu niðurstöðu.

Ef við lítum á stöðuna hvað varðar Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Norðurlandskjördæmi eystra og Austurlandskjördæmi þá mundu þau fá 21 þingmann samkvæmt þessari tillögu, en í frv. er gert ráð fyrir að kjördæmin sem koma í staðinn, þ.e. Norðvesturkjördæmi og Norðausturkjördæmi fái 20 þingmenn. Mismunurinn er einn þingmaður. Einn þingmaður er mismunurinn á þessum aðferðum. Og ætlum við að mæta því með 20 aðstoðarmönnum? Spyr sá sem ekki veit.

Ég leggst ekki gegn því að dregið sé úr mismun á vægi atkvæða, svo það komi nú skýrt fram. En ég tel að það hefði betur verið gert með þeim hætti sem ég nefndi áðan.

Ég hef orðið var við mjög mikla andstöðu við þá niðurstöðu sem lögð er til í frv. og ég segi alveg eins og er að ég hef varla hitt nokkurn einasta mann sem líst vel á þetta. Landsbyggðarmönnum líst illa á risakjördæmin og Reykvíkingar bölva skiptingu höfuðstaðarins í tvö kjördæmi. Samt á að lemja þetta í gegn. Fróðlegt væri að vita hve margir þingmenn eru í raun sammála þessum tillögum í hjarta sínu og ég fullyrði að þeir eru afskaplega fáir, en samt láta menn þetta yfir sig ganga.

Andstaðan við þessa breytingu er mjög afgerandi í mínu kjördæmi. Kannski byggist það eitthvað á svartsýni en ég held þó að menn séu þar raunsæir. Við höfum fengið ályktanir víða að þar sem landsbyggðarmenn álykta gegn þessu og líst illa á fyrirhugaðar breytingar. Ég gríp hér niður í ályktun héraðsnefndar Snæfellinga sem ályktaði á aðalfundi sínum í fyrra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga ... mótmælir framkomnum tillögum að breyttri kjördæmaskipan sem settar hafa verið fram af nefnd um endurskoðun kjördæmaskipunar og tilhögun kosninga til Alþingis. Aðalfundurinn telur að landsbyggðarkjördæmin verði of stórar einingar landfræðilega.

Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga telur að mannréttindi felist í fleiri þáttum en jöfnun atkvæðisréttar. Aðalfundurinn lýsir undrun á þeirri einhæfu áherslu sem nú er lögð á jöfnun atkvæðisréttar og telur að ekki megi líta fram hjá öðrum aðstöðumun sem landsmenn búa við.

Aðalfundur telur að tillögur um jöfnun atkvæðisréttar og breytingu á kjördæmaskipan verði að skoða í ljósi annarra ráðstafana til að styðja og styrkja búsetu á landsbyggðinni. Aðalfundurinn skorar á stjórnvöld að jafna aðra þætti samhliða jöfnun atkvæðisréttar, svo sem aðgengi til náms, kostnað við framhaldsskóla- og háskólanám, samgöngur, húshitunarkostnað, aðgengi að opinberri og almennri þjónustu, flutningskostnað og fleira.

Aðalfundur héraðsnefndar Snæfellinga telur jöfnun á aðstöðumun landsmanna í þessum efnum skilyrði fyrir jöfnun atkvæðisréttar."

Samþykktir sem þessar höfum við heyrt úr ýmsum áttum. Landsbyggðarmenn óttast þessa breytingu, telja hana byggða á sandi og vilja ekkert hafa með hana að gera. Og eins og ég sagði áðan, þá hittir maður varla einn einasta mann sem líst vel á þetta. Lengi vel voru Reykvíkingar sæmilega sáttir en nú er það liðin tíð því að nú sjá menn fram á að skiptingin á Reykjavík er ein vitleysan til. (**Gripið fram í:** Hver stendur fyrir þessu?)

Höfundar kjördæmatillögunnar sögðu gjarnan sem svo að menn eigi ekki að setja samasemmerki á milli atkvæðisréttar og búsetuskilyrða. Út af fyrir sig má segja það en fólkið í þessum dreifðu byggðum lítur svo á, eins og fram kemur í þeirri ályktun sem ég las upp frá Snæfellingum og reyndar fleirum sem borist hafa, að réttindi landsmanna snúist ekki bara um kosningarétt. Á þessum fundi héraðsnefndar sem ég vitnaði í kom fram að fólkið í hinum dreifðu byggðum á Snæfellsnesi býr margt við það t.d. að þurfa að senda börn sín til framhaldsnáms 16 ára gömul með ærnum tilkostnaði sem þéttbýlisbúar þurfa ekki. Það býr við gríðarlega háan húshitunarkostnað, einhvern þann hæsta á landinu þó keypt sé af fyrirtækjum í eigu ríkisins, Rarik og með tilstilli Landsvirkjunar. Það býr við mjög háan flutningskostnað sem leiðir til þess að verðlag þar er hærra en á höfuðborgarsvæðinu og dýrara að flytja afurðir frá svæðinu en víðast annars staðar og það byggist m.a. á þungaskatti ríkisins sem að stórum hluta er landsbyggðarskattur. Það er því ekki óeðlilegt að menn setji fram þessi rök þó að auðvitað megi segja sem svo að menn eigi ekki að setja samasemmerki milli atkvæðisréttar og búsetuskilyrða.

Herra forseti. Eitt er það sem hamrað hefur verið á í allri meðferð þessa máls, allt frá því að kosningalaganefndin hóf störf veturinn 1997–1998, en það er að þingmannahópar kjördæmanna skuli vera álíka stórir. Menn hafa lagt gríðarlega mikið upp úr því, bæði í umræðunni þá og núna líka. Ég hef satt að segja aldrei skilið hvers vegna svona mikil áhersla hefur verið lögð á þetta og engar röksemdir fengið fyrir því. Ég hef verið í rúm níu ár í þingmannahópi Vesturlands sem telur fimm þingmenn, en ég hef aldrei, ekki í eitt einasta skipti orðið var við að fjölmennari þingmannahópar hafi borið okkur ofurliði vegna þess hve við erum fáir, aldrei, síður en svo. Þingmenn Reykjavíkur eru 19 og þingmenn Reykjaness eru 12, Suðurlands og Norðurlands eystra sex. Við erum bara fimm. Ég hef aldrei fundið að það skipti nokkru einasta máli og allt samstarf okkar við þessa stóru kjördæmahópa hefur verið með miklum ágætum.

Reyndar fellur forsendan fyrir þessum álíka stóru þingmannahópum um sjálfa sig þegar 9. gr. frv. fer að virka. Það liggur alveg fyrir, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Kristins Gunnarssonar áðan, að strax í kosningunum árið 2007 mun þingmönnum Norðvesturkjördæmisins fækka úr tíu alla vega í níu ef ekki átta, ef ekki verður einhver stórkostleg breyting til batnaðar á búsetu manna frá því sem nú er. Það er alveg ljóst að þeim mun fækka a.m.k. í níu og í átta annaðhvort 2007 eða 2011. Og þá færast þau þingsæti strax frá Norðvesturkjördæminu til einhvers af kjördæmum höfuðborgarsvæðisins. Þá verður stærsti þingmannahópurinn orðinn 12 eða 13 þingmenn en sá minnsti kannski átta. Hvar eru þá þessir álíka stóru þingmanahópar? Sem skipta náttúrlega engu máli og eru hrein gervirök í þessu máli og eiginlega ekki bjóðandi.

Í framsöguræðu hæstv. fjmrh. kom fram að skoðanakönnun sem Hornfirðingar hefðu gert hefði leitt til þess að eina breytingin sem gerð var á kjördæmamörkum frá tillögum kjördæmanefndarinnar sálugu er sú að Hornafjörð-

ur er færður í Suðurkjördæmið í staðinn fyrir að vera í Norðausturkjördæminu.

En nú lá það fyrir víða um land, víðar en á Hornafirði, að mikil óánægja var með þetta. Af hverju voru Hornfirðingar þeir einu sem leyft var að ráða hvar þeir lentu? Af hverju voru Siglfirðingar ekki spurðir hvort þeir vildu vera í Norðvestur- eða Norðausturkjördæminu? Af hverju voru Skagfirðingar ekki spurðir hvort þeir vildu vera í Norðvestur- eða Norðausturkjördæminu? Af hverju voru Húnvetningar ekki spurðir að því sama? Af hverju voru ekki íbúar sveitanna og bæjanna sunnan Snæfellsjökuls spurðir hvort þeir vildu fara suður fyrir fjörð með þeim sem þar eru? Af hverju voru Kjósverjar og Mosfellingar ekki spurðir hvort þeir vildu vera með byggðunum norðan við Hvalfjörð? Af hverju bara Hornfirðingar? Þetta er allt á svo skelfilegum brauðfótum að það er ekki boðlegt í umræðum um jafnþýðingarmikið mál.

En ég ætla ekki að teygja lopann lengur, það hefur ekkert upp á sig. Ég hef látið þessar skoðanir koma fram á öllum stigum málsins. Ég er ósammála þessum niðurstöðum, mér finnst þetta vond niðurstaða og óttast að hún muni veikja landsbyggðina. Vonandi verður það ekki svo því að landsbyggðin þarf á allt öðru að halda.

Ég vil aðeins nefna að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að það væri nú ekki gott að einstaka þingmenn væru að hrökkva fyrir borð á síðustu stundu og afstaða manna við atkvæðagreiðslu um þetta mál mundi sýna það eitt hvort stjórnmálamenn væru trúverðugir eða ekki. Ef það er túlkun manna að menn séu trúverðugir ef þeir greiða atkvæði þvert um hug sinn af því að flokkurinn segir þeim að gera það, þá ætla ég að hafa minn trúverðugleika þannig að halda mig við skoðun mína. Mér finnst þetta vitlaus niðurstaða og get ekki stutt hana. Jafnvel þó að einhver félaga minna á þingi telji mig ótrúverðugan, þá verður bara að hafa það.

Hæstv. fjmrh. sagði eitthvað á þá leið að hann vonaði að um þetta tækist breið samstaða hér á þinginu og að allir hv. alþingismenn geti tekið undir þetta frv. en ég verð að hryggja hann með því að ég fylli ekki þann flokk sem getur tekið undir þetta frv.

[22:25]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hafði gert mér grein fyrir að mikil óánægja væri með þær tillögur sem liggja fyrir um nýja kjördæmaskipan á Íslandi. En sannast sagna hafði ég ekki gert mér grein fyrir að óánægjan væri eins mikil og afgerandi á þetta fyrirkomulag, sem verið er að leggja til, og fram hefur komið í umræðum hér í dag. Ég vissi að óánægja og gagnrýni kraumaði undir, ég vissi það, en að hún væri þetta mikil og afdráttarlaus hafði ég ekki gert mér grein fyrir.

Að vísu þarf maður ekki að fara víða í þjóðfélaginu til að finna þá strauma. Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni að maður hittir varla nokkurn mann sem er fylgjandi þeim breytingum sem hér liggja fyrir Alþingi. Enda held ég að sú taugaveiklun sem einkennir málflutning margra þeirra sem tala fyrir þessum tillögum segi sína sögu.

Það segir sína sögu hve uppstökkur jafnágætur og dagfarsprúður maður og hv. þm., núv. hæstv. forseti þingsins, verður þegar kosningalögin og stjórnarskrá ber á góma, og sama á við um hæstv. utanrrh. landsins, formann Framsfl., sem hafði allt á hornum sér í umræðunni fyrr í kvöld.

Það er engu líkara en þessir ágætu menn, þessir ágætu hv. þm. vilji reyna að kæfa niður alla umræðu um þessi mál, loka hana inni í fámennum nefndum og færa síðan þinginu sem niðursuðu upp úr dós. Þetta eru þau vinnubrögð sem þeir virðast vilja viðhafa í málinu. Það gerðist í umræðu um stjórnarskrárbreytingarnar og það er að endurtaka sig nú í umræðu um kosningalögin.

Ég tók þátt í umræðu um stjórnarskrárbreytingarnar á sínum tíma, á báðum þingunum sem fjölluðu um þær, og afstaða mín var mjög skýr. Ég var einn af þeim sem höfðu ekki þungar áhyggjur af misvægi atkvæða. Ég er ekki feiminn við að segja það þótt ég sé fulltrúi héðan af þéttbýlissvæðinu Reykjavík. Ég hafði meiri áhyggjur af aðstöðumun sem Íslendingar búa við í dag. Og ég var tilbúinn að búa við kerfi þar sem veikleiki fámennra byggðarlaga er veginn upp með hlutfallslega fleiri þingmönnum, ég var tilbúinn að búa við slíkt kerfi.

Ég sá ákveðna kosti í þeirri kjördæmaskipan sem við búum við í dag, með ákveðnu misvægi atkvæða, að tiltekin sveit þingmanna hugsaði sérstaklega um tiltekin kjördæmi, mér fannst ákveðin rök fyrir því. Og það var aðal þingmanna Reykjavíkur að styðja þetta og virða. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum að farið er að innræta það með þingmönnum Reykjavíkur að þeir eigi að hugsa þröngt um hag borgarinnar. Þeir sem búa hér í grennd við stjórnsýsluna hafa á margan hátt sterkari stöðu en hinir sem búa fjarri henni, fjarri miðstöðvum stjórnsýslunnar. Þetta er staðreynd. En menn einblíndu á það að nú skyldi jafna atkvæðin og draga úr misvægi atkvæðanna.

Þá lögðu sum okkar til róttækari breytingar en nú stendur til að gera. Ég var því fylgjandi að stíga skrefið til fulls og gera landið allt að einu kjördæmi jafnframt því sem ráðist yrði í breytingar á stjórnsýslunni til að styrkja einstök byggðarlög. Þetta vildum við mörg hver gera, stíga stærri skref og gera róttækari breytingar.

Það er rangt sem fram kom í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að hér séu stigin einhver framfaraskref, að þetta sé einhver áfangasigur. Svo er ekki. Ég hef trú á því að þetta muni hægja á framförum og njörva okkur niður í fyrirkomulagi sem við komum til með að búa við í nokkuð langan tíma og torveldi okkur að gera þær breytingar sem nauðsynlegar hefðu verið.

Þetta var afstaða mín til stjórnarskrárbreytinganna á sínum tíma. Ég vildi gera meiri breytingar og róttækari, gera landið að einu kjördæmi en ráðasta jafnframt í breytingar á stjórnsýslunni til styrktar einstökum byggðarlögum.

Nú er þetta liðin tíð, þessi umræða er að baki. Það er búið að breyta stjórnarskránni og nú þurfum við að laga okkur að henni. Þá stöndum við frammi fyrir tillögum sem annars vegar meiri hluti nefndar sem vélað hefur um þessi mál hefur sett fram og hins vegar minni hlutinn. Ég hafna því að það fari eins með þessar tillögur og hinar fyrri um stjórnarskrárbreytingarnar, að umræðan verði kæfð hér í þinginu. Ég vara mjög við því.

Reyndar var ég því mjög mótfallinn á sínum tíma er forsvarsmenn stjórnmálaflokkanna vildu múlbinda þingmenn innan sinna vébanda á þeirri forsendu að þeir hefðu gert eitthvert samkomulag um málin. Ástæðan fyrir því að aðeins er hægt að gera breytingar á stjórnarskrá Íslands þannig að tvö þing staðfesti þær er sú að menn vildu tryggja að þær væru svo viturlegar að tveimur þingum sýndist hið sama um þær, að meiri hluti þingmanna á tveimur þingum væri á því máli að þær væru hyggilegar. Þetta er ástæðan fyrir því að tvö þing eiga að koma til sögunnar til að samþykkja breytingar á stjórnskrá Íslands. Síðan vitna menn stöðugt

í einhver hrossakaup sem þeir séu að gera sín í milli og gagnrýna alla þá sem leyfa sér að hafa á þessu skoðun. Hvers konar skilningur er þetta á lýðræðislegum vinnubrögðum?

Ég hef orðið var við það í umræðu manna á meðal, bæði utan þings og innan, að mönnum þykja þær tillögur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur sett fram um kjördæmaskipan á grundvelli stjórnarskrárbreytinganna sem við búum við og breytum ekki, miklu skynsamlegri og hyggilegri en þær sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt áherslu á. Þetta heyri ég innan þings sem utan.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson höfðaði til mín hér áðan sem þingmanns Reykjavíkur. Af því tilefni vil ég upplýsa hann um að allflestir þeir sem hafa komið að máli við mig um þessar breytingar eru mjög andvígir því að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi, mjög andvígir því. Ef á annað borð á að ráðast í slíka skiptingu þá vildu menn fremur gera það á grundvelli þeirrar skiptingar sem fram kemur í minnihlutaáliti hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar en í þeim tillögum sem liggja fyrir af hálfu meiri hluta nefndarinnar. Ég hvet til þess að menn skoði þessi mál fordómalaust og sem frjálsir menn.

Að lokum, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur till. til þál. sem ég lagði fram fyrir nokkru síðan en hef ekki fengið tækifæri til að mæla fyrir, um endurskoðun kosningalaganna. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fram fari á vegum Alþingis endurskoðun á kosningalöggjöf með það fyrir augum að tryggja

a. að sjúklingar, aldraðir og öryrkjar geti ávallt nýtt kosningarrétt sinn,

b. að jafnan fjalli óháður aðili um kærumál sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd kosningalaga."

Hér segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Brögð eru að því að sjúklingar, aldrað fólk og öryrkjar geti ekki neytt kosningarréttar síns. Víða hefur tíðkast að láta fara fram atkvæðagreiðslu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra. Þó er það ekki algilt og hafa í þessu samhengi risið deilumál og dómsmál. Brýnt er að tryggja jafnræði með þegnunum til kosningarréttar og nauðsynlegt að fram fari athugun á framkvæmd kosningalaganna hvað þetta atriði snertir."

Ég vildi aðeins vekja athygli á, herra forseti, að þessi þáltill. liggur fyrir. Það hefði verið heppilegt að hún hefði flotið með þessu frv. til laga um kosningar. Nú er tekið á þessum málum í 58. gr. frv. þar sem fjallað er um réttindi sjúklinga til að greiða atkvæði á heilbrigðisstofnunum. Ég hefði talið heppilegt að frv. og þessi þáltill. hefðu fengið að fylgjast að. Það getur vel verið að kostur gefist á því á næstu dögum eða fyrir vikulok að mæla fyrir þessari þáltill. Það væri mjög gott og heppilegt.

Ég vil að lokum hvetja þingmenn til þess og ítreka hve mikilvægt er að við skoðum þessi mál opnum huga og látum ekki nefndarmenn eða nál. meiri hluta eða minni hluta villa okkur sýn, njörva okkur niður, svipta okkur dómgreindinni eða samviskunni.

[22:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um kosningar til Alþingis. Þau ákvæði þessara laga sem orka hvað mest tvímælis eru ákvæði sem binda á í lög samkvæmt breytingum á stjórnarskránni sem samþykktar voru á síðasta vorþingi, öðru þingi sem tók það mál til meðferðar.

Í þeirri stjórnarskrárbreytingu var tekið á þeim atriðum sem lúta að jöfnun atkvæðisréttar samkvæmt pólitískt markaðri stefnu fyrir þá vinnu. Að vísu er alltaf deila um jöfnun, jöfnuð, jafnrétti og jafnt aðgengi allra þjóðfélagsþegna í landinu til réttar síns, sem þeim á að vera áskilinn samkvæmt stjórnarskránni. Það væri vel ef ekki væri aðeins hugað að jöfnun atkvæðisréttar heldur einnig mörgu öðru sem við eigum að hafa jafnan aðgang að óháð búsetu, óháð stétt, óháð því hvort við erum aldraðir eða öryrkjar, ungir eða gamlir, þeim rétti sem við eigum samkvæmt stjórnarskránni. Það væri betur ef Alþingi væri ætíð upptekið af því að tryggja þann rétt út í ystu æsar, að enginn misbrestur sé á þeirri jöfnun.

En þessi ákvörðun var tekin á þingi sl. vor. Þó að stjórnarskrárbreytingar eigi að hljóta samþykki tveggja þinga þá er fjarri því að í sjálfu sér væri kosið um þessa stjórnarskrárbreytingu í síðustu alþingiskosningum. Þar voru önnur mál dregin mun ákveðnar fram en þær stjórnarskrárbreytingar sem samþykktar voru á vorþinginu. Ef raunverulegur þjóðarvilji hefði átt að koma í ljós hefði átt að kjósa um þetta mál eitt og þing hefði svo komið saman þar á eftir til að taka ákvörðun. Það hefði verið réttara.

Varðandi afgreiðsluna á stjórnarskránni í vor vil ég ítreka þá afstöðu mína og annarra til 5% lágmarksins, að 5% atkvæða þyrfti til að eiga rétt á jöfnunarsætum. Þar var ekki verið að halda í heiðri jöfnunarsjónarmiði. Sú tilhögun byggist á misréttissjónarmiði. Flokkur eða framboð sem fengi rétt tæp 5% atkvæða, sem gætu verið upp undir 10 þúsund manns miðað við núverandi fjölda kosningabærra manna, ætti ekki fulltrúa á þingi. Það felur í sjálfu sér ekki jöfnuð. Enda réð því ekki umhyggjan fyrir einstaklingunum. Þarna voru einstakir flokkar að koma jöfnunarsjónarmiðum sínum á framfæri en ekki endilega jöfnuði á rétti einstaklingsins. En þessi stjórnarskrárbreyting er staðreynd að sinni og verður þá að aðlaga kosningalögin að henni.

Ég vil aðeins víkja hér að því frv. til laga um kosningar til Alþingis sem hér er til umræðu, sérstaklega að þeim ákvæðum sem lúta að kjördæmamörkum. Norðvesturkjördæmið sem á að ná yfir meginhluta núv. Norðurlandskjördæmis vestra, Vestfjarða og Vesturlands, verður gríðarlega stórt og innan þess verða miklar andstæður bæði í búsetu, atvinnu og aðgengi fólks til að njóta þess sem okkur er boðið í stjórnarskránni, til allra þeirra réttinda sem menn eiga að hafa í íslensku samfélagi. Hvergi í neinu kjördæmi er misjafnara aðgengi til þess réttar.

Því er hart að þurfa að horfa á að einmitt þetta kjördæmi verður harðast úti vegna þeirrar jöfnunarhugsjónar sem hér unnið eftir. Það er ímynduð jöfnunarhugsjón, að mörgu leyti skrumskæling á jöfnuði þeirra sem búa í þessum landshlutum.

Ég tel, herra forseti, rangt að Siglufjörður fylgi ekki með í þessu kjördæmi. Siglufjörður hefur tilheyrt Norðurlandskjördæmi vestra um árabil og þar hefur myndast skipulegt samstarf á milli. Ég nefni rekstur á skólum og margvíslegt annað félagslegt samstarf á vegum sveitarfélaganna. Því er engin sérstök ástæða til að taka Siglufjörð sérstaklega úr þessu kjördæmi og færa í Norðausturkjördæmi. Ég tel alveg ástæðulaust að tengja þá umræðu vegasamgöngum, jarðgöngum eða slíku. Það á að vera óháð því í hvaða kjördæmi bæjar- eða sveitarfélag er. Sveitarfélög ættu að hafa sama rétt til samgangna og ætti ekki að blanda því tvennu saman.

Herra forseti. Ég tel að þarna sé ranglega að unnið. Miklu betra hefði verið að treysta enn betur samgöngur Siglufjarðar inn í Skagafjörð, jafnt og að tengja samgöngur Siglufjörð inn í Eyjafjörð en láta það ekki hafa áhrif á kjördæmalega stöðu sveitarfélagsins.

Þegar farið er að ræða stærð og mörkun á sveitarfélögum má líka velta fyrir sér hvers vegna þessi landshluti eða þetta sveitarfélag er spurt álits og annað ekki o.s.frv. Einnig má velta fyrir sér hvort ekki hefði mátt styrkja Norðvesturkjördæmið eins og það er nú fyrirhugað, t.d. með því að bæta Seltjarnarnesi við. Úr því að Seltjarnarnesið er ekki hluti af Reykjavíkurkjördæmi þá gat Seltjarnarnes einmitt verið ágætur styrktaraðili við Norðvesturkjördæmið. Auk þess held ég að allnokkrir þingmenn kjördæmisins búi einmitt á Seltjarnarnesi. Í sjálfu sér er ekkert sem rökstyður það frekar að einhver landshluti skuli tilheyra þessu kjördæmi en hinu þegar öll landfræðileg sjáanleg tengsl og samfélagsleg og félagsleg tengsl hafa verið rofin. Því hefði ég boðið Seltjarnarnes velkomið í stóra Norðvesturkjördæmið og styrkt þar með stöðu kjördæmisins og bætt við heilum þingmanni. Svona má velta vöngum yfir því hvernig má styrkja einingarnar.

Ég get ekki annað en harmað að Norðurland, hið forna Hólastifti, verði klofið upp eins og tillögurnar gera ráð fyrir. Hið forna Hólastifti, Norðurland eystra og Norðurland vestra, hafa þó verið eining, bæði landfræðileg og félagsleg eining um aldaraðir og um 1100 þótti ástæða að skipta landinu upp í biskupsdæmi á landfræðilegan hátt. Síðan þá hefur Norðurland verið sameinað í mörgu tilliti í sameiginlegum verkefnum. Ég get ekki annað en harmað það að með þessum tillögum sé það klofið upp.

Þau kjördæmi sem voru áður og eru nú landfræðilega mörkuð höfðu byggt með sér margs konar innra samstarf á bæði fyrirtækja- og félaga- og sveitarstjórnargrunni sem hafði tekið allmörg ár að byggja upp. Það er ekki til styrktar fyrir veikar byggðir, jafnvel að ráðast að þeim félagslegu einingum sem höfðu verið unnar upp á grundvelli þeirra kjördæma sem höfðu þó verið síðan 1959. Ég finn það strax á Alþingi að áður en búið er að samþykkja þetta kosningafrv. er farið að gera gælur við að líta á hin væntanlegu kjördæmi sem stjórnsýslueiningar, félagslegar einingar, og fela þeim verkefni á þeim grunni. Við getum ímyndað okkur hvernig þetta stóra Norðvesturkjördæmi frá Tröllaskaga, úr Fljótum, vestur um firði á Ísafjörð og suður í Hvalfjörð á að starfa sem einhver félagsleg eining.

Ég held að reyndar að mjög hættulegt sé að líta á þetta sem félagslegar einingar enda var látið að því liggja í umræðum fyrr um málið að þetta væru tæknilegar útfærslur á kosningum til Alþingis en ekki verið að búa til félagslegar einingar.

Herra forseti. Við erum nú þegar farin að heyra það í umræðum og frv. sem hafa verið lögð fram um að eigi að fara að líta á hin væntanlegu kjördæmi sem félagslegar einingar. Þá getum við alveg hugsað okkur hvernig fer fyrir þeim hlutum kjördæmisins sem fjærst eru á einhverri skilgreindri miðju.

Einnig er vert að minna á að í aðdraganda þessarar vinnu við endurskoðun á kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis var líka skipuð nefnd um byggðamál því ljóst var að það yrðu pólitísk átök um þá vinnu sem mundi fara í hönd. Þá var lögð áhersla á að um hana tækist pólitísk sátt.

Ég leyfi mér að vitna í skýrslu og tillögur sem nefnd sem forsrh. skipaði samkvæmt tilnefningu allra þingflokka til að fjalla um byggðamál í tengslum við breytingu á kjördæmaskipan og setja fram tillögur um starfsaðstöður þingmanna í breyttum og stærri kjördæmum. Í þeirri skýrslu voru lagðar fram pólitískar áherslur ofan á þær áherslur sem höfðu verið gefnar áður í þáltill. um stefnu í byggðamálum sem voru samþykktar fyrir um ári. Þar má nefna að lögð var áhersla á samgöngumál, vegamál, örari endurbætur á vegtengingu einstakra byggða, fjarskiptamál, húshitunarkostnað á svonefndum köldum svæðum og námskostnað vegna framhaldsnáms.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna til áherslna sem þessi nefnd skilaði sem átti að vera hluti af þessum pólitíska sáttmála sem átti að standa að baki breytingu á kjördæmaskipan og kosningalögum og tillögur um aðgerðir í byggðamálum. Húshitunarkostnaður verði lækkaður í öllum áföngum á næstu þremur árum þannig að hann verði hvergi meiri en hjá meðaldýrum hitaveitum. Að vísu var við afgreiðslu fjárlaga í vetur stigið nokkurt skref í þessa átt en þó fjarri því að vera fullnægjandi. Framlög til jöfnunar námskostnaðar verður tvöfaldaður, þ.e. aukinn um 230 millj. kr. á næstu þremur árum. Að vísu var nokkur hækkun á í vetur en fjarri því að vera nægileg miðað við þær þarfir sem þarna eru. Námskostnaður hækkar stöðugt og verður stöðugt meiri mismunun í búsetu eftir kostnaði til þess að sækja nám. Árlegur afsláttur verði veittur af afborgunum og vöxtum námslána eftir tveggja ára fasta og samfellda búsetu utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt skilgreiningu Lánasjóðs íslenskra námsmanna og verður það gert með þeim hætti að endurgreiðsluhlutfall af tekjutengdri afbogun verði allt að einu prósentustigi lægra en það er að jafnaði á lánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Þarna er lögð áhersla á að koma þurfi til móts við að jafna búsetuaðstöðu fólks sem gegnir sérhæfðum störfum sem krefjast sérmenntunar. Engar tillögur hafa komið enn þá neitt í þessa veruna til móts við þessa ályktun.

Allmargar fleiri brýnar tillögur eru lagðar fram í þessari samþykkt sem átti að vera hluti eða innlegg í þá pólitísku sátt sem átti að standa að baki kjördæmaskipaninni. Samþykktin átti að koma til þess að árétta að það væri virkilegur vilji Alþingis að stuðla að jöfnuði allra landsmanna til þeirra réttinda sem stjórnarskráin hefur ákveðið þeim. En það vantar mikið á að svo sé.

Herra forseti. Ég tel að sú kjördæmaskipan sem verið er að leggja til sé meingölluð og þarna sé verið að velja nokkra þá verstu kosti sem hægt var að stilla upp og af minnstri virðingu fyrir íbúum hinna dreifðu byggða. Jafnframt er með þessari kjördæmaskipan sýnd ákveðin lítilsvirðing gagnvart t.d. íbúum Reykjavíkur þar sem gert er ráð fyrir að kljúfa Reykjavík upp í tvö kjördæmi. Ég tel að það skíni allt of berlega út úr þessum tillögum að verið er að vinna að einhverri tæknilegri útfærslu fyrir ákveðna flokka eða kannski bara ákveðin persónuleg sjónarmið en hagsmunir einstaklinganna séu ekki hafðir jafnt í fyrirrúmi.

Allt annað andrúmsloft mun skapast og allt annað vinnuumhverfi úti í kjördæmunum, hinum dreifðu byggðum, eftir breytinguna. Mér finnst, herra forseti, að fjarlægð þingmanna sé nú þegar ærin frá viðfangsefnunum sem þeir eiga að vera fulltrúar fyrir og taka á hér út til hinna ystu stranda og innstu dala. Þeir séu býsna fjarri því oft og tíðum þegar verið er að fjalla um málin á Alþingi og ekki mun þessi breyting færa þá nær.

Herra forseti. Verði þessi breyting að lögum eins og hún hér liggur fyrir þá verðum við sjálfsagt að taka því og gera það besta úr. Ég legg áherslu á þann hluta sáttmálans sem fylgdi tillögunum. Það var að tryggja og bæta vinnuaðstöðu og aðstöðu þingmanna til að starfa úti í kjördæmunum og tengsl sín við kjördæmin þar.

Herra forseti. Ég tel að þær tillögur sem eru lagðar til um kjördæmaskipan séu óskynsamlegar, þar voru fleiri valkostir til eins og m.a. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt til.

[22:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa því yfir að ég mun styðja málið. Mikið starf hefur verið unnið til að ná þessari niðurstöðu og það ber að þakka og ekki síst formanni kosningalaganefndarinnar, hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde. Það hefur verðið erfitt verk að ná þessari niðurstöðu. En niðurstaðan náðist miðað við þær forsendur sem lagt var upp með, þ.e. að jafna vægi atkvæða á milli kjördæma.

Hæstv. forseti. Ég mun sætta mig við þessar niðurstöður þó svo að ég hafi aldrei verið fullkomlega sátt við nákvæmlega þessar forsendur sem lagt var upp með en við vitum að öll stjórnmálasamtök í landinu hafa ályktað í þessa veru. Það var því augljóst mál að það þyrfti að vinna að því að finna lausn sem flestir gætu sætt sig við.

En það er, hæstv. forseti, eitt sem ég er afskaplega ósátt í þeim rökum sem koma fram í þessu frv. og ég vil vitna í grg. með 6. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Meðan frumvarp þetta var í smíðum kom bæjarstjórnin á Hornafirði hins vegar á framfæri einkar afgerandi niðurstöðum skoðanakönnunar, er hún lét gera meðal kosningarbærra manna í sveitarfélaginu, á því hvort þeir teldu að sveitarfélagið ætti frekar að tilheyra Suðurkjördæmi en Norðausturkjördæmi. Af þeim sem afstöðu tóku galt yfirgnæfandi meiri hluti jáyrði við þeirri spurningu eða rúmir 62 af hundraði."

Við getum svo sem spurt okkur að því, hæstv. forseti, hvað við getum kallað yfirgnæfandi meiri hluta í þessu sambandi, 62%. En það er rétt að fara yfir hvernig sú niðurstaða var fengin að sveitarfélagið Hornafjörður skyldi tilheyra Suðurkjördæmi.

Það var sem sagt gerð skoðanakönnun. Forsagan að því var sú að ályktun kom frá bæjarstjórn Hornafjarðar þar sem hún áskildi sér rétt til þess að hafa skoðun á kjördæmamörkum þegar niðurstaða kjördæmanefndarinnar svonefndrar lá fyrir, en þá var Austur-Skaftafellssýsla sett með Suðurkjördæmi. Menn voru ekki alveg sáttir við þetta og bæjarstjórnin ákvað að hún hefði eitthvað um þetta að segja, sem er ágætt mál. En síðan kemur fram það frv. sem fylgdi stjórnarskrárfrv. og þar var sú niðurstaða fengin að Hornafjörður skyldi vera með Norðausturkjördæmi.

Bæjarstjórnin ákvað að hún þyrfti samt sem áður að hafa skoðun á þessu og var það í sjálfu sér ágætt mál. En bæjarstjórninni tókst ekki að komast að niðurstöðu og hún ákvað þá að láta gera skoðanakönnun. Sú skoðanakönnun var gerð. Það var Price Waterhouse Cooper sem gerði þá skoðanakönnun, Sveitarfélagið Hornafjörður, spurningavagn, í desember 1999. Niðurstaða var fengin. En, hæstv. forseti, bæjarstjórninni tókst heldur ekki þá að mynda sér skoðun á því hvort sveitarfélagið ætti að tilheyra Norðausturkjördæminu eða Suðurkjördæminu. Það varð til þess að hún ákvað að senda niðurstöðu skoðunakönnunarinnar, senda skoðanakönnunina, þessa bók, til kosningalaganefndarinnar. Þessi niðurstaða úr skoðanakönnuninni lá þá fyrir hjá nefndinni.

Það voru 402 sem tóku afstöðu í þessari skoðanakönnun, 429 svöruðu en 402 tóku afstöðu. Það voru sem sagt 250 manns eða 62% sem komust að þeirri niðurstöðu að það væri sennilega best að tilheyra Suðurkjördæminu. En spurningin var svohljóðandi: „Telur þú að Austur-Skaftafellssýsla hefði frekar átt að tilheyra Suðurkjördæmi er næði frá Hvalnesskriðum í Lóni í austri til Reykjanestáar í vestri?" Þetta var spurningin sem menn tóku afstöðu til og niðurstaðan varð þessi: 250 manns guldu því jáyrði en 123 sögðu nei.

Hæstv. forseti. Við getum svo spurt okkur að því þar sem kosningalaganefndin komst að þessari niðurstöðu, hvort þetta séu nú almennt vinnubrögð sem menn eiga að viðhafa. Eigum við að keyra af stað skoðanakannanir til þess að komast að svona niðurstöðum? Hefðum við ekki átt að spyrja fleiri í þessu máli, hafa svona almenna skoðanakönnun um landið um það í hvaða kjördæmi menn vildu vera?

Ég tel það ekki vera góða niðurstöðu að nota þetta plagg sem rök fyrir þessu, af því að þetta eru einu rökin sem eru hér upp talin fyrir því að sveitarfélagið Hornafjörður skuli tilheyra Suðurkjördæmi. Það er ekki minnst á samgöngumál og það er ekki minnst á nein önnur mál sem geta talist þessu að einhverju leyti til gildis.

Hæstv. forseti. Við getum svo sem rætt um það hvernig menn hafa byggt upp samstarf sveitarfélaga í kjördæmum, hvernig menn hafa byggt upp starf félagasamtaka og hvernig menn hafa byggt upp starf innan kjördæmisráða stjórnmálaflokka. En ég ætla svo sem ekki að tíunda það. Það er þá augljóst að menn þurfa að tengjast nýjum böndum í aðrar áttir en verið hefur. Ég tel þetta óþarfa rask sem engin ástæða er til þess að hlaupa í.

Ef við lítum næst á það, hæstv. forseti, hver tilgangurinn var með þessari kjördæmabreytingu. Jú, tilgangurinn var að jafna vægi atkvæða. Jöfnun á vægi atkvæða var einmitt ástæðan þess að menn fóru í þessar breytingar. En með þessari ráðstöfun mun þingmaður færast mun fyrr úr Norðausturkjördæminu, væntanlega í Suðvesturkjördæmi. Samkvæmt niðurstöðu kosninganna 1999 er augljóst að miðað við þá íbúaþróun sem við þekkjum núna mun Norðvesturkjördæmi missa einn þingmann, a.m.k. árið 2007, og sennilega mun Norðausturkjördæmi líka missa jöfnunarmann sinn árið 2007.

Vorum við ekki að tala um að jafna vægi atkvæða? Er nú ákaflega skynsamlegt að þurfa að fara að raska þessu strax eftir fá ár? Erum við ekki með þessu að reyna að vinna aðeins til framtíðar?

Þess vegna segi ég, hæstv. forseti, að mér finnst þetta ekki skynsamlegt og hefði talið mun heppilegra að sveitarfélagið Hornafjörður yrði í Norðausturkjördæminu. Ég tel nauðsynlegt að það komi hér fram.

Ég tek það fram samt sem áður, enn og aftur, að ég styð málið. Ég geri mér það ljóst að búið er að vinna mikið í því að ná þessari niðurstöðu og styð þess vegna málið með fyrirvara um þessi kjördæmamörk.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum minna á tillögur nefndar Einars Kristins Guðfinnssonar, sem hér voru nefndar fyrr í kvöld, um byggðamálin. Ég tel nauðsynlegt að menn vinni af einurð að því að fylgja þessum tillögum eftir, vinna að byggðamálunum. Ég treysti því að ríkisstjórnin vinni af fullri einurð að því að leysa byggðamálin.

[23:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er sammála í einu og öllu því sem hv. þm. sagði hér um staðsetningu Austur-Skaftafellssýslu í kjördæmi. Ég held að það hafi verið afar fljótræðislegt að rjúka til og leggja til þá breytingu frá upphaflegum hugmyndum eins og þarna var gert, og eins og hv. þm. fór hér yfir, á ekki traustari forsendum þegar upp er staðið en þeim sem þarna voru lagðar til grundvallar, þ.e. vísbendingum úr einni skoðanakönnun. Ef menn hefðu viljað grandskoða vilja íbúanna hefði að mínu mati þurft að gera það á vandaðri hátt en þarna virðist hafa verið gert og það er einnig galli að sveitarstjórn hefur ekki tekið formlega afstöðu í málinu.

Ég held þar af leiðandi að óhjákvæmilegt sé að farið verði betur yfir þetta mál og sérstaklega í ljósi þess að önnur byggðarlög fengu ekki sambærilega meðhöndlun hvað þetta varðar, þar sem vissulega gætu verið álitamál uppi um kjördæmamörk. Spurningin er út á hvaða braut menn gætu lent ef það yrði farið út í þá sálma víðar að kanna hug íbúanna með einhverjum óformlegum hætti og síðan yrði það notað sem röksemdir fyrir jafnafdrifaríkri ákvörðun og út af fyrir sig það er að færa þarna til fjölmenn byggðarlög.

Gallinn er m.a. sá að ef þetta verður niðurstaðan þá verður í raun jafnvægisleysið í íbúafjölda hins væntanlega Norðausturkjördæmis enn tilfinnanlegra en ella. Það hefði í því kjördæmi gefið ákveðið jafnvægi að hafa sterka byggð eins og Hornafjörð í suðurjaðri þess kjördæmis, sem nú verður þá ekki. Menn gætu sagt að hið sama gildi þá á hinn bóginn um Suðurkjördæmið, en ég hygg þó að það sé ekki alveg sambærilegt.

Ég get því ekki annað sagt en að ég tek undir flest það sem hér kom fram í máli hv. þm. hvað þetta varðar og sýnist óhjákvæmilegt að í umfjöllun þingsins um þetta mál verði farið yfir þetta og jafnvel flutt um það brtt. við 2. umr.

[23:11]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er í sjálfu sér ánægð með að heyra að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tekur undir þessi rök. En að því er ég best man átti hann sæti í þessari nefnd og hefur væntanlega skoðað þetta plagg eins og aðrir nefndarmenn og tekið afstöðu út frá því og á þá væntanlega m.a. þann frumvarpstexta sem hér liggur fyrir.

[23:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að ég skilaði séráliti í nefndinni og ég held að það verði að segja þá sögu eins og hún er. Þessi útfærsla málsins kom tiltölulega seint fram í tillöguformi í störfum nefndarinnar og ég þekki ekki alveg ættartölu hennar, þ.e. nákvæmlega hvernig hana bar að inn í nefndina eða hvar frá henni var gengið. Hér eru e.t.v. menn sem kunna þá sögu betur en ég.

Ég hafði skilið það svo að um væri að ræða miklu betur kannaðan og afdráttarlausari vilja íbúa Hornafjarðar eða Austur-Skaftafellssýslu en nú er hér upplýst af hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur. Ég verð bara hreinlega að játa að mér voru bornar þessar fréttir þannig að þarna væri um mjög afgerandi og skýra niðurstöðu að ræða. En mér virtist hér koma fram að þetta sé á ótraustari grunni og þarna sé um að ræða hlutfallslega mun minni hluta kjósenda eða íbúa byggðarlagsins en ég hafði haldið. Ég upplýsi það að mér finnast hér vera nýjar upplýsingar á ferð, a.m.k. fyrir mig, sem gefa tilefni til að endurmeta þetta mál.

Ef um hefði verið að ræða og fyrr hefði legið alveg afdráttarlaus og eindreginn vilji, kannaður á þann hátt að hann væri óyggjandi, þá hefði að sjálfsögðu þurft að svara því hvort menn ættu þá ekki að leita leiða til að virða þann vilja íbúanna þó að það gæti haft í för með sér ókosti í sambandi við það jafnvægi í niðurstöðunni sem menn voru að leita að. En ef það er ekki einu sinni óyggjandi þá finnst mér nú vera uppi sú staða í málinu að menn eigi að endurmeta það.

[23:13]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég treysti því þá, miðað við þessar umræður hér, að staða sveitarfélagsins Hornafjarðar verði skoðuð þegar menn fara yfir málið í nefnd.

[23:14]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Við umfjöllun um frv. til laga um kosningar til Alþingis kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir sem nýjum þingmanni, kjörnum við síðustu kosningar til þings, það sem komið hefur fram í ræðu hv. þm. sem styðja þetta mál að búið hafi verið að ganga frá samkomulagi um málið fyrir þingkosningar og að menn ætli að standa við það. Ég hélt í einfeldni minni, og er sannfærður um að það er andi stjórnarskrárinnar og laganna, að menn væru að setja ákveðinn varnagla með því að tvö þing kæmu að málinu. Þess vegna er ég algjörlega andvígur þeirri framsetningu hv. þm. sem telja að einhverjir séu bundnir af samkomulagi sem hafi verið gert fyrir kosningar um þessi mál sem hér er fjallað um. Það er andstætt anda stjórnarskrárinnar og það á ekki að standa þannig að málum.

Ég vil við umræðuna gagnrýna harðlega aðkomuna að málinu. Sú hugsun sem svífur yfir vötnunum er hugsunin um jöfnun á vægi atkvæða og ekkert annað. Ég tel að hugsunin um jöfnun á vægi atkvæða hafi yfirskyggt allt annað í þessari vinnu. En frá mínum bæjardyrum séð er málið alls ekki svona einfalt. Ég tel að þingið hefði átt að fjalla um formúlu, hugsanir varðandi þessa vinnu og það hefði verið miklu eðlilegra út frá öllum sjónarhólum séð að kosin hefði verið nefnd leikmanna, lærðra manna, til að gera tillögur á grunni hugmynda frá þinginu á sínum tíma, ekki þingflokka. Ég held að þingflokkarnir hafi verið uppteknir af allt öðrum hugsunum en þeirri heildarmynd sem nauðsynleg er og hugsuninni um stöðu sína en ekki því hvernig viðkomandi breytingar nýttust landinu. Þannig heyrðist frá forsvarsmönnum stjórnmálaflokka að þetta væri allt í lagi því þeir ætluðu að styrkja stöðu sína á höfuðborgarsvæðinu. Þannig var framsetning margra.

Ég tel að eins og málið hefur verið lagt upp byggi það á algjöru skilningsleysi á sérstöðu Íslands. Ég vil taka sérstaklega fram þrjú atriði. Sérstaða landsins er afgerandi vegna þess hversu stórt landið er, 103 þús. km . Það er viðurkennt alls staðar í heiminum að landstærð skiptir máli varðandi vægi atkvæða og völd í stjórnsýslu. Það skiptir gríðarlegu máli að hér er fátt fólk í stóru landi. Það þarf að hafa að leiðarljósi líka að það er fátt fólk sem byggir landið en það sem er ekki síst mikilvægt í þessu samhengi er að við erum líklega með miðstýrðasta samfélag þeirra samfélaga sem við berum okkur saman við. Það er staða sem verður að skoða í því ljósi þegar verið er að tala um og setja á oddinn drauminn um jöfnun á vægi atkvæða.

Ég er ansi hræddur um að annað hljóð kæmi í strokkinn hjá þeim sem tala ákafast fyrir nauðsyn þess að jafna vægi atkvæða. Sumir hverjir sem tala þessum tungum eru t.d. mjög ákafir í að fara inn í Evrópusamstarf. Þar er t.d. ekki jafnt vægi atkvæða í pólitískum stofnunum. Mjög lítil og fámenn lönd eins og Lúxemborg hafa mjög mikið vægi og lítil lönd eins og Danmörk hafa tiltölulega mjög mikið vægi. Allur þessi málatilbúnaður er að mínu mati stórhættulegur fyrir innanríkismál Íslands.

Það er ekkert land í Evrópu sem við berum okkur saman við sem hefur þá stöðu sem ríkir hér með langstærstan hluta fólksins á höfuðborgarsvæði og nærliggjandi svæði. Þetta er mjög afgerandi fyrir það hvernig við hugsum málin. Því er það að gera tillögur sem slíta í sundur landfræðilega samskiptamöguleika manna á pólitísku sviði á hæsta plani í hæsta máta óeðlilegt.

Ég tek innilega undir málflutning þeirra hv. þingmanna sem hafa gengið lengst í kvöld eins og 1. þm. Vestf., Einars K. Guðfinnssonar, Guðjóns Guðmundssonar og Kristins H. Gunnarssonar, að staða landsbyggðarinnar sé algjörlega vanhugsuð í þessu sambandi. Það er ekki ásættanlegt til lengri tíma litið að nánast eigi að skera á öll tengsl, tengsl við það fólk og þau samfélög sem búa vítt og breitt um landið.

Ég hef ekki búið lengi í höfuðborginni en ég skynja mjög vel hversu langt menn eru frá Akureyri og hversu lítinn skilning og raunar vit menn hafa á því samfélagi sem ég hef þar lifað og hrærst í, bara sem dæmi. Þetta er stórhættulegt upplegg þess vegna að mínu mati. Út frá því sem ég hef skynjað heima í kjördæminu og út frá því sem ég hef skynjað á hinu háa Alþingi, skil ég ekki ákafa manna í að keyra málið í gegn eins og það er lagt upp núna.

Tillögur um breytingar hafa komið fram miðað við stöðuna eins og hún er í dag og hv. þm. formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, hefur lagt fram minnihlutaálit um málamiðlun sem er að mínu mati miklu skaplegri en það sem lagt er upp með núna. Ég skora á þingheim að taka þessi mál og skoða þau í nýju ljósi vegna þess að það upplegg sem er lagt af stað með er þegar orðið liðónýtt að einum eða tveimur kosningum liðnum eins og margir hv. þm. hafa bent á, sérstaklega stöðu Norðvesturkjördæmisins sem verður kannski strax eftir einar, a.m.k. tvennar kosningar, komið niður í átta þingmenn. Það er mjög vond staða í málinu. Ég ætlast til þess og legg upp með það að þetta verði skoðað í því ljósi.

Ef menn ætla að leggja upp með málið eins og það er sett fram núna vil ég taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að út frá mínum bæjardyrum séð væri skárri lausn að hafa það form að landið væri allt eitt kjördæmi. Það væri skárri lausn en sú ófreskja sem er í burðarliðnum, það er ekkert vafamál.

Úti í kjördæmunum er mjög mikil óánægja með það hvernig hlutum er stillt upp. Heimabær minn, Akureyri, lendir í útjaðri kjördæmis. Sem nýr þingmaður hefur mér fundist ærið verk að dekka Norðurland eystra eins og það er þar sem þarf að keyra lengst 380 km til þess að fara á fundi. Allir vita að við Norðausturkjördæmið bætast 600–700 km til þess að komast yfir kjördæmið. Miðað við það að við stöndum kannski frammi fyrir því eftir einar til tvennar kosningar að þar er líka komin fram fækkun þá tel ég að allur sá málatilbúnaður sem hér hefur verið hafður í frammi sé raunar hruninn og einskis nýtur.

Þess vegna legg ég til, virðulegi forseti, að málið verði tekið upp og þær tillögur verði skoðaðar til breytinga og bóta sem hafa verið lagðar fram. Ég nefni sérstaklega þá tillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðl. e., lagði fram sem umræðugrundvöll.

Ég vil að síðustu, virðulegi forseti, taka undir með þeim sem hafa gagnrýnt harðlega hvernig staðið er að þessum málum. Ég tel að mergurinn málsins og það sem standi upp úr varðandi þau mistök sem verið er að gera sé það að menn hafa verið að horfa á hlutina út frá þröngum flokkshagsmunum. Ég ætla ekki að gerast forsvarsmaður eða talsmaður t.d. Frjálslynda flokksins, en menn verða bara að horfa á það sem blákalda staðreynd að hér eru nýir flokkar inni á þingi, bæði Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn sem hafa ekki átt nokkra aðkomu að málinu. Hér er um stóralvarlega brotalöm að ræða og full ástæða til að taka málið upp í nýju ljósi.

[23:24]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst gæta örlítils misskilnings þegar menn ræða lýðræði og þann veruleika sem birtist sannarlega í því að þegar breyta skal stjórnarskrá þá skuli líða kosningar á milli. Mér finnst eins og menn nálgist það viðfangsefni þannig að þar með sé verið að gefa væntanlega nýjum þingmönnum sem kjörnir eru í þeim kosningum og hafa ekkert aðkomu að stjórnarskrárbreytingunni fyrir þær, frjálsar hendur eftir þær. Það er hins vegar ekkert aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er að þjóðinni gefist kostur í almennum kosningum á því að kjósa um þetta mál ef hún vill svo við hafa, að henni gefist kostur á því að hegna þeim flokkum sem bera uppi tilteknar tillögur um breytingar á stjórnarskrá sem þjóðinni hugnast ekki. Hver var niðurstaða þeirra mála í þessum kosningum? Ég var afskaplega óánægður með niðurstöður kosninganna en engu að síður held ég að það sé á engan hátt hægt að lesa það úr niðurstöðum kosninganna að þjóðin hafi hafnað stjórnlagabreytingunni í apríl 1999, það er algjörlega með ólíkindum. Þvert á móti hlaut ég að álykta sem svo, því að sá flokkur sem ég bauð mig fram fyrir var alveg skýr á því hvaða stefnu hann hafði í þessu máli. Svipað var um flesta aðra flokka, ég kann ekki nákvæmlega að segja frá því hvort flokkur hv. þm. hafi haft þetta efst á kosningastefnuskrá sinni eða neðst, ég bara man það ekki, en það er kjarni málsins, ekki það að einstakir þingmenn hafi frelsi í þessu eða hinu, það er líka skrifað í stjórnarskrá og þarf ekki að deila um það.

[23:26]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson veit talaði Vinstri hreyfingin – grænt framboð mjög skýru máli í kosningabaráttunni enda fengum við glæsilega útkomu. Ég er ekkert feiminn við að segja að ég hef aldrei verið hlynntur þeim breytingum sem hér hafa verið lagðar fram og færði þann málflutning út í samfélagið í kosningabaráttunni. En ég vil vara við þeirri hugsun um að það sé lýðræði númer eitt, tvö og þrjú og það var það sem ég var að segja í málflutningi mínum, að jafna vægi atkvæða. Mjög margt annað kemur til og ég var að reyna að benda á þá stöðu sem við erum í, íslenskt samfélag, sem ég tel að sé stærsta vandamál landsbyggðarinnar í dag. Við búum við miðstýrt samfélag, sem ofan á allt annað ætlar að fara að taka öll völd í formi þess að fá alla kjörna þingmenn inn á svæðið hægt og rólega eftir því sem landsbyggðinni blæðir út vegna svona kerfisbreytinga. Margar aðrar þjóðir, eins og Evrópuþjóðirnar sem hv. þm. er

nú svo hrifinn af og vill helst binda trúss sitt við, viðurkenna að vægi atkvæða skiptir ekki öllu. Það er hluti af lýðræðinu en það skiptir ekki öllu.

[23:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil halda mig við efnið. Við vorum að ræða um hvað var kosið og hvaða ályktanir skuli draga af kosningaúrslitum í ljósi þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni af kjördæmaskipan o.fl. fyrir kosningar og síðan eftir þær. Er hægt að álykta sem svo að í ljósi þess að vinstri grænir sem flokkur barðist einn flokka gegn þeim stjórnskipunarlögum sem samþykkt voru fyrir kosningar að 10% þjóðarinnar séu á móti þessum tillögum en 90% með þeim í ljósi þess að vinstri grænir fengu 10% í kosningunum? Er hægt að álykta sem svo? Það mætti gera það, það er kannski dálítil einföldun, en það mætti gera það.

Á hinn bóginn vil ég kasta því hér fram hvort menn telja að möguleikar flokks með 10% á representasjón hringinn í kringum landið sé betri eða verri í gamla kosningakerfinu en hinu nýja. Ég skal svara því sjálfur, hún er auðvitað miklu betri í hinu nýja. Hin nýja tryggir einmitt að smærri flokkar en þó svona sæmilega settir, 10–12% flokkar, eiga möguleika í öllum kjördæmum á því að fá mann kjörinn. Það skiptir mjög miklu máli, það þekkja þeir auðvitað sem í hafa lent í gegnum tíðina. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Þetta leiðir auðvitað allt að því að menn geta snúið þessari lýðræðislegu spurningu á ýmsa kanta. En ég undirstrika einfaldlega það sem mestu máli skiptir að meginástæða þess að kosningar fara fram milli þess menn afgreiða kjördæmamálið er sú að þjóðin fái tækifæri til þess að kjósa um það mál í kosningum, ekki það að þingmenn séu frjálsari fyrir þær eða eftir.

[23:30]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að of langsótt sé hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að halda því fram eða halda það að stjórnarskrárbreytingin hafi verið eina málið við síðustu kosningar. Ég man ekki til þess að Samfylkingin frekar en aðrir flokkar hafi sett þetta mál sérstaklega á oddinn. En ég vil árétta að við höfum alltaf allir sem einn, öll öfl í flokknum, talað á móti því að þetta yrði gert á þennan hátt. Það eru komnar fram tillögur frá formanni flokksins, eins og menn hafa hlustað á í kvöld, sem eru brtt. við það sem sett er fram hér. Einnig hafa þær tillögur verið settar fram af formanni þingflokksins að ef samþykkja ætti það sem hér er lagt fram væri skömminni skárra að landið yrði gert að einu kjördæmi. Við tölum því alveg skýru máli.

Formaður flokksins hefur sett fram málamiðlun sem við höfum skoðað mjög gaumgæfilega og þingmenn flokksins hafa talað fyrir henni og óskað eftir því að þær tillögur væru sérstaklega skoðaðar. Í því ljósi viljum við fara í þá vinnu vegna þess að það hefur komið fram hjá mörgum hv. þm. hér nauðsyn þess að skoða málið sem greinilega er mistök.

[23:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sagði úr þessum ræðustól fyrr í kvöld að allir stjórnmálaflokkar hefðu komið að þessu máli. Það er náttúrlega rangt. Frjálslyndi flokkurinn hefur ekki komið að þessu máli. (Gripið fram í.) Hvor hlutinn? (**ArnbS:** Jafnvel báðir.) Það er rangt, hv. þm. (**ArnbS:** Hafa ekki báðir komið ... Sjálfstfl.?) Á fyrri tímum hafa menn gert það.

Eins og málum er komið hefur Frjálslyndi flokkurinn ekki komið að umræddu frv. og virkar nánast eins og hrein mey að því leyti til. Við höfum ekki átt þess kost að koma að því. Ég tók hins vegar eftir því í máli hv. fjmrh. að hann lagði til, ef ég tók rétt eftir, að málið færi til allshn.

Þar með mun sennilega koma að því að Frjálslyndi flokkurinn eða fulltrúi hans komi að málinu með einhverjum hætti og fái um það fjallað. Við í Frjálslynda flokknum erum algjörlega með óbundnar hendur varðandi það mál sem hér er til umræðu.

Skoðun mín á því er hins vegar sú að það sem menn hafa verið að leggja upp með, þ.e. að allt skuli lagt upp úr að jafna vægi atkvæða, sé í rauninni aðeins brot af því máli sem við erum að tala um, vegna þess að ég hygg t.d. að Vestfirðingum finnist sér ekkert sérstaklega vel borgið með því atkvæðavægi sem þeir hafa í dag, miðað við ýmis þau kjör og hremmingar sem yfir þá hafa dunið af ýmsum öðrum orsökum á undanförnum missirum og hafa haft þar mikil áhrif í atvinnu- og byggðamálum. Atkvæðavægið er því ekki allt í þessu máli.

Ég get í sjálfu sér tekið undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að, að ef verið er að gera slíkar breytingu á annað borð væri jafnvel eðlilegra að ganga skrefið til fulls og gera landið að einu kjördæmi, heldur en að stíga þau skref sem hér eru boðuð. Ég er sem sagt að lýsa þeirri skoðun að mér hugnast það ekkert mjög vel sem hér er lagt upp með, án þess að við höfum beinlínis tekið beina afstöðu til þess.

Ég tók hins vegar eftir því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kynnti úr þessum ræðustól í kvöld hugmyndir sem mér finnst allrar athygli verðar. Ég vil þess vegna ítreka að Frjálslyndi flokkurinn er alveg óbundinn í þessu máli og mun mynda sér skoðun á því eftir því hvað við teljum skynsamlegast og jafnframt skoða þær hugmyndir sem koma fram. En við höfum hingað til ekki komið að málinu en fáum vonandi tækifæri til þess í allshn.

[23:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil fá að segja nokkur orð í lokin eftir þá ítarlegu umræðu sem hér hefur átt sér stað í allt kvöld. Ég held að ekki fari fram hjá neinum sem hefur tekið þátt í umræðunni að hér er í rauninni um að ræða lokahnykk á máli sem í grundvallaratriðum var ákveðið á síðasta ári með breytingum á stjórnarskránni. Þegar niðurstaðan fékkst var í rauninni búið að loka stærstu þáttunum í málinu. Og að því komu þeir stjórnmálaflokkar sem þá áttu sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili, annaðhvort eins og þeir gengu til leiks í upphafi kjörtímabils eða litu út við lok þess.

Hins vegar er ekki hægt að gera þá kröfu til manna sem voru andvígir málinu á sínum tíma að þeir skipti um skoðun eða lýsi nú skyndilega yfir stuðningi við málið, það dettur engum í hug. Það er alveg ljóst að ágreiningur var um þetta mál innan flokkanna en samkomulag náðist milli flokka um meginatriði málsins sem hafði meirihlutastuðning í þeim flokkum. Og þannig fór þetta mál hér í gegn þó svo að andstaða væri við það t.d. í mínum flokki og í Framsfl.

Ég vil benda á að auðvitað hefði verið hægt að nálgast þetta öðruvísi, eins og hæstv. utanrrh. sagði í kvöld. Flokkarnir sem höfðu meiri hluta á Alþingi á síðasta kjörtímabili hefðu getað ráðið þessu máli til lykta eins og öðrum. En það var ákveðið að fara ekki þá leið heldur að taka tillit til minni

flokkanna og reyna að ná niðurstöðu sem væri sameiginleg með þeim. Það þýddi að gera varð ráð fyrir þeim möguleika í útfærslunni að tiltölulega litlir flokkar ættu kost á því að ná mönnum kjörnum úti á landi.

Ef farin hefði verið sú leið að fækka þingmönnum í öllum kjördæmum, sem vissulega kom til greina, þýddi það líka að minni flokkarnir sem voru á Alþingi á síðasta kjörtímabili hefðu átt miklu minni möguleika á að ná þingmönnum kjörnum í þeim kjördæmum. Og segja má að þetta hafi verið tillitssemi við þá flokka. En það var auðvitað partur í þeirri lýðræðislegu viðleitni að ná breiðri samstöðu um þessi grundvallarlög í landinu, kosningalögin, kjördæmaskipanina og þau stjórnarskrárákvæði sem um það fjalla.

Þetta mál, eins og hér hefur komið fram, hefur margar hliðar. Ein hliðin er náttúrlega sú að landið okkar er óvenjulegt í laginu og það er misjafnlega þéttbýlt eftir svæðum og þess vegna er erfitt að draga skýrar beinar línur og búa til kjördæmi sem líta út eins og kassar. Og svo er landfræðileg, stærðfræðileg og pólitísk hlið á þessu máli og ýmis sjónarmið eins og byggðasjónarmiðin sem hér hafa komið mjög til umræðu. Þess vegna er engin ein lausn til sem er afgerandi best. Allar lausnir, og þær eru margar mögulegar, hafa sína kosti og sína galla. Farið var rækilega yfir þetta í nefndinni sem Friðrik Sophusson stýrði á árunum 1997–1999 og litið á alla mögulega kosti, allt frá því að vera með einmenningskjördæmi, eins og margir í mínum flokki hefðu helst kosið, yfir í það að vera með landið sem eitt kjördæmi sem margir í þáverandi Alþfl. hefðu helst kosið. Sú lausn hefði að mínum dómi hins vegar kallað yfir okkur allsherjarflokksræði í flokkunum, sennilega flestum ef ekki öllum og höggvið á þann naflastreng sem menn hafa hér verið að tala um að verði að vera milli þingmannanna og kjósendanna í kjördæmunum. Þeirri leið var því hafnað af okkur sjálfstæðismönnum.

Eftir stóðu þá mismunandi útgáfur af kjördæmum þar sem útfærslan væri þarna mitt á milli, mörg kjördæmi eða eftir atvikum fá en tiltölulega jafnstór, sem sagt eitthvert afbrigði af því fyrirkomulagi sem skiptir landinu í sex eða átta kjördæmi eða eitthvað slíkt. Farið var rækilega í gegnum þetta allt saman, það þekkja menn frá fyrri umræðu, og þessi niðurstaða fannst. Hún hefur ýmsa galla, það hefur ekkert verið farið neitt í launkofa með það. En hún hefur fleiri kosti en aðrar leiðir sem komu til greina að dómi okkar sem bárum ábyrgð á þessari niðurstöðu og þess vegna varð hún fyrir valinu. Sú leið að fækka um einn mann í hverju kjördæmi hefði auðvitað þjónað hagsmunum Sjálfstfl. betur ef farið hefði verið í þetta mál út frá þeim sjónarhóli og þá hefðum við sjálfstæðismenn ekki staðið hér með svona mismunandi afstöðu til málsins eins og hér hefur komið fram í umræðunum, það er ekki minnsti vafi. Á móti hefði komið upp ágreiningur á milli flokkanna í miklu ríkari mæli en raun ber vitni. Það er því margs að gæta í þessu. En nú er aðalatriðið að klára málið vegna þess að það gengur auðvitað ekki að ekki sé samræmi á milli stjórnarskrár og kosningalaga. Það þarf auðvitað að tryggja að þar sé samræmi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara mikið út í einstök atriði í þessum umræðum. Það ber að sjálfsögðu að virða sjónarmið manna í þessu efni. Málið fer til meðferðar í allshn. vegna þess að kosningalög heyra að öllum jafnaði undir allshn. vegna þess að þau eru á forræði dómsmrh. þótt hæstv. forsrh. leggi fram þetta frv.

Ég vil aðeins segja út af Hornafirði og því sem hér hefur komið fram varðandi það mál, þá var Hornafjörður með Suðurkjördæminu í upphaflegu tillögunni. Það voru líka aðrar breytingar mögulegar, Norðurlandskjördæmi vestra var skipt þannig að Skagafjarðarsýsla var austan megin. Þetta var til í ýmsum útgáfum. Í sjálfu sér raskar það ekki markmiðum frv. um jöfnuð á milli flokka eða meira jafnvægi milli kjósenda að hafa Hornafjörð sunnan megin, það breytir í rauninni engu út frá því sjónarmiði. Það sem gerðist var að bæjarstjórnin á Hornafirði beitti sér fyrir skoðanakönnun. Ég hef ekki skoðun á því hvort það var vísindaleg skoðanakönnun eða ekki, manni sýnist fljótt á litið að hún sé alveg fullboðleg sem slík, en hún sendi síðan þessa skoðanakönnun til nefndarinnar. Og það má vissulega draga þá ályktun að í því felist ákveðin skilaboð frá bæjarstjórninni um að farið verði eftir þeim vísbendingum sem komu fram í könnuninni.

Það má líka spyrja, eins og gert var í umræðunni: Af hverju voru þá ekki fleiri sem gerðu það? Ja, af hverju gerðu ekki fleiri það? Það voru ekki fleiri sem sendu slík erindi til nefndarinnar. Bæjarstjórnin á Siglufirði mun á sínum tíma hafa ályktað um að eðlilegt væri að norðurlandskjördæmin tvö væru saman en að öðrum kosti væri Siglufjörður austan megin og það er sem sagt niðurstaðan. Ég hef ekki heyrt neinn ágreining um það atriði í sjálfu sér. Ég býst við að ef aðrir hefðu sent slík erindi eða óskir hefði verið reynt að skoða það sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig. En úr því að þetta barst með þessu móti frá bæjarstjórninni á Hornafirði og úr því að það hafði ekki áhrif á heildarmarkmiðin og hin stóru markmið í málinu, töldu menn eðlilegt að verða við þeirri ósk. Líka vegna þess að það eru ýmis önnur rök sem upphaflega voru tínd til sem mæla með þessu eins og það óhagræði að vera með eitt kjördæmi sem næði frá Siglufirði í norðri allt suður í Skaftafell í suðri og samgöngulegir þættir og annað þess háttar sem þarna skipta máli.

Herra forseti. Aðalatriðið nú er að ljúka þessu máli í þokkalegri sátt, og þó að mótatkvæði verði við ákvæðum í frv. eða við frv. öllu verður ekki hjá því komist að klára málið núna á þeim forsendum sem allir þekkja og hér hafa verið svo rækilega kynntar.

[23:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vísar í söguna og aðdragandann að þessu máli, nokkuð sem hefur verið til umfjöllunar hér og settar fram vafasamar söguskýringar í þeim efnum. Látum þær liggja milli hluta enda kom fram í máli hæstv. ráðherra að eðlilegt sé að virða sjónarmið einstaklinga í þessu máli. Hann segir að nú sé komið að lokahnykknum. Ég spyr: Er ekki ástæða til að virða þau sjónarmið sem fram hafa komið við þessa umræðu? Þau sjónarmið hafa verið mjög á einn veg með fáeinum undantekningum. Hér hefur komið fram gagnrýni á þær tillögur sem fyrir liggja og stuðningur við tillögur minni hlutans í nefndinni sem fjallaði um kjördæmabreytingarnar. Ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir áliti hans á umræðunni og þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram.

Í annan stað vil ég beina því til þingsins að skipuð verði sérnefnd líkt og gert er með stjórnarskrárbreytingar til að taka á þessu máli. Í allshn. eiga ekki allir þingflokkar fulltrúa, ekki fastafulltrúa. Vinstri hreyfingin – grænt framboð á t.d. ekki fulltrúa í allshn., á þar áheyrnarfulltrúa en ekki fastan fulltrúa. Mér þætti eðlilegt að skipuð yrði sérnefnd sem fjallaði um þetta mál.

[23:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef gert tillögu um að málinu verði vísað til allshn. Ég tel það í samræmi við þingsköp að gera það. Það er aftur á móti í samræmi við þingsköp að senda stjórnarskrármál til sérnefnda, um það er ákvæði í þingsköpunum. Það á hins vegar ekki við um kosningalagamál. Þar er um að ræða hefðbundin frv. sem heyra undir ákvæðin um eðlilega verkaskiptingu þingnefnda og samræmi við verkaskiptingu í Stjórnarráðinu.

Umræðan hér hefur ekki komið mér á óvart. Þeir hafa talað sem eru á móti þessu máli, sem vilja láta sjónarmið sín koma fram. Það er fínt og kemur mér ekki á óvart. Ég geri ráð fyrir því að langflestir þeirra sem ekki hafa tekið hér til máls og eru ekki viðstaddir umræðuna séu samþykkir meginsjónarmiðum þessa frv. Ég er sannfærður um að þetta frv. hefur í þingflokkum, öðrum en þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og kannski Frjálslynda flokksins, yfirgnæfandi stuðning. Málið hefur verið kynnt þannig í undirbúningsstarfinu að þingflokkar hafa fengið að fylgjast með vinnslu málsins í vetur og er vart að vænta neinna óvæntra tíðinda í því efni.

Það var alltaf vitað að einstakir hv. þm. í Sjálfstfl. og Framsfl. væru á móti þessu. Það kemur engum á óvart að vinstri grænir séu á móti frv. Hverjum kemur það á óvart? Í þessari umræðu er fátt nýtt þó auðvitað sé ánægjulegt að hlusta á þessi sjónarmið og þingmenn vinstri grænna taka undir hver með öðrum eins og þeir hafa gert hér í allt kvöld.

[23:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágæt tilfinning að tilheyra samheldnum þingflokki. Ég tók eftir því í umfjöllun hér á þinginu að einn hv. þm. sagði eitthvað á þá leið að hann hefði varla hitt nokkurn mann sem væri ánægður með þessar breytingar. Sá var hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Hann mun vera í Sjálfstfl. Ég hef trú á því að hann umgangist talsvert sjálfstæðismenn og umgangist talsvert þingmenn. Hann hefur varla hitt nokkurn mann sem er ánægður með þessar breytingar. Þetta held ég að sé staðreynd málsins. Menn eru mjög óánægðir með þessar tillögur um breytingar sem fyrir liggja. Ég held að þau sjónarmið sem hafa verið viðruð hér við umræðuna í kvöld séu dæmigerð fyrir afstöðu manna í þinginu og einnig utan þings.

En að lokum, herra forseti. Það er alveg rétt að samkvæmt þingsköpum mun þetta frv. eiga að ganga til allshn. En ég hefði haldið að þinginu væri í sjálfsvald sett að skipa sérstaka nefnd til að fara yfir málið. Tillaga mín er að svo verði gert.

[23:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað geta þeir sem menn hitta á förnum vegi, sem hafa ekki sett sig inn í málið og þekkja það ekki, verið í vafa um þessar breytingar. Þannig er nú með allar breytingar sem gerðar eru. Þess er kannski ekki að vænta að almenningur hafi sett sig inn í smáatriði þessa máls. Ég held hins vegar að þetta muni ekki raska, t.d. í Reykjavík, neinum grundvallaratriðum. Ég er alveg sannfærður um að 22 þingmenn Reykjavíkur muni starfa saman sem einn hópur fyrir þessi tvö Reykjavíkurkjördæmi eins og menn gera í dag, 19 manna hópur. Sama verður úti á landi. Ég held reyndar að það verði öflugri sveitir, tíu manna samhentir hópar, en þeir fimm eða sex manna hópar sem starfa í dag í þingmannahópum í kjördæmunum úti á landi.

Ég er ekki frá því að það geti verið vaskari sveit og einbeittari þegar þarf að beita sér að einhverju ákveðnu máli, að hafa tíu manna sveit í stað fimm manna. Menn mega ekki gera allt of mikið úr þessum breytingum að því leyti. Reykvíkingar munu ekki finna miklar breytingar í þessu. Ég geri ráð fyrir að flokkarnir muni reka kosningabaráttuna eins og um eitt kjördæmi væri að ræða, jafnvel í öllum þremur kjördæmunum, Reykjavíkurkjördæmunum tveimur og Suðvesturkjördæminu. Í kosningabaráttu á þessu svæði er erfitt að sjá hvar fólk býr eða hvar það kýs þegar farið er á vinnustaði eða haldnir fundir o.s.frv. Ég held að þegar upp verður staðið þá muni sú óánægja sem hv. þm. vitna til leysast upp, þegar menn sjá þetta í framkvæmd. Hitt er svo annað mál að ekkert er óumbreytanlegt undir sólinni og eflaust kemur einhvern tímann að því að endurskoða þurfi þessa kjördæmaskipan í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 1. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 869.

og

Siglingalög, 1. umr.

Stjfrv., 568. mál (sjópróf). — Þskj. 870.

[23:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um rannsókn sjóslysa, á þskj. 869 og frv. til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985, á þskj. 870.

Í mars 1998 voru lögð fram á Alþingi frv. til laga um rannsóknir sjóslysa og frv. til laga um breytingar á siglingalögum, nr. 34/1985. Frv. voru ekki útrædd en eru nú lögð fram að nýju með nokkrum breytingum. Í því efni hefur verið tekið tillit til þeirra umsagna sem komu fram við meðferð frv. hér á Alþingi árið 1998.

Segja má að mikil vinna liggi að baki samningu þess frv. sem hér liggur fyrir um rannsókn sjóslysa. Eins og segir í athugasemdum við lagafrv. má rekja það til þess að árið 1963 samþykkti Alþingi þáltill. um að fela ríkisstjórninni að láta fara fram opinbera rannsókn á orsökum hinna fjölmörgu skipstapa sem orðið höfðu tvö til þrjú árin á undan. Samkvæmt tillögunni átti að leggja fram tillögur að nýjum reglum um sjóhæfni íslenskra fiskiskipa, um breytingar á eldri skipum, staðsetningu veiðarfæra og hjálpartækja og búnað skips í sambandi við þau og annað það, er aukið getur öryggi sjófarenda frá því sem nú er.

Til að gera langa sögu stutta var unnið rækilega að undirbúningi löggjafar um þessi efni. Núgildandi lög eru nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986. Í sambandi við framkvæmd þeirra laga hefur nokkurrar tortryggni gætt vegna þess að rannsóknarnefnd sjóslysa hefur smátt og smátt þróast upp í að verða hluti af dómskerfinu eða hinu opinbera rannsóknarkerfi. Sjóslys hafa hingað til verið rannsökuð af lögreglu og

fyrir dómi í sjóprófum. Rannsóknarnefnd sjóslysa hefur haft heimild til að mæta við lögregluyfirheyrslur og í sjóprófum og spyrja spurninga. Þetta hefur óhjákvæmilega leitt til þess að menn hafa farið að líta á rannsóknarnefnd sjóslysa sem aukalögreglu og hafa sjóslysarannsóknir goldið fyrir það. Rétt er að undirstrika að þetta er ekki aðeins vandamál hér á landi heldur hefur það einnig komið upp í öðrum löndum.

Hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni hefur undanfarin ár verið unnið að því að setja alþjóðlegar reglur um rannsóknir sjóslysa og var ályktun um þær samþykkt á 20. fundi nefndarinnar í nóvember 1997. Kjarninn í þeim tillögum er að rannsóknir sjóslysa verði aðskildar frá öðrum rannsóknum og gerðar hliðstæðar rannsóknum flugslysa. Hér er lagt til að tillögur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar verði alfarið lagðar til grundvallar við rannsóknir sjóslysa hér á landi. Meginbreytingin verður sú að sjóslysarannsóknir verða algjörlega sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknum flugslysa eins og fyrr var getið.

Mjög brýnt er að sem bestur lagarammi verði myndaður um rannsóknir sjóslysa hér á landi. Það er ekki síst nauðsynlegt til að tryggja annars vegar réttaröryggi þeirra sem rannsóknin beinist að og hins vegar og ekki síður til að markmiðum rannsóknar verði náð, þ.e. að auka öryggi og fækka sjóslysum. *Í frv. er höfð hliðsjón af lögum um flugslysanefnd* en þau lög hafa reynst vel. Lögin ná til allra slysa og tjóna, stórra og smárra er verða í sambandi við rekstur skips og varða öryggi skipsáhafnar og annarra manna, þar með talið þegar liggur við slysi.

Í 1. gr. er tekið fram að lögin taki einnig til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Enn fremur taka lögin til rannsókna á köfunarslysum, sbr. 7. gr. laga um köfun, nr. 31 frá 2. apríl 1996. Lögsaga nefndarinnar er nánar skýrð í 5. gr. frv. Hún tekur til allra íslenskra skipa svo og allra erlendra skipa í siglingum að og frá landinu þegar slys varðar íslenska hagsmuni.

Rannsóknarnefndinni er heimilt að rannsaka önnur slys eða atvik sem verða á erlendum skipum sem koma til landsins eða eru í íslenskri efnahagslögsögu telji nefndin ástæðu til þess eða sé þess óskað af fánaríki. Nefndin skal m.a. rannsaka:

Sjóslys þar sem skráð skip eiga hlut að máli og sem verða á íslensku yfirráðasvæði.

Sjóslys þar sem skip skráð á Íslandi eiga hlut að máli, hvar sem þau eru stödd í heiminum.

Sjóslys og önnur atvik til sjós og á vötnum sem verða á óskráðum skipum, þar með töldum skipum undir sex metrum að lengd.

Í 4. gr. er tekið fram að nefndin starfi sjálfstætt og óháð stjórnvöldum, lögregluyfirvöldum og dómstólum.

Í 6. gr. eru ákvæði um skyldu skipstjóra til að annast skráningu og tilkynningu allra slysa á mönnum eftir nánari reglum sem samgrn. setur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins.

Því miður verður að segja að mikill misbrestur mun hafa verið á því að þessari tilkynningarskyldu hafi verið nægjanlega vel sinnt undanfarin ár en fullnægjandi tilkynningar um slys eru forsenda þess að hægt sé að rannsaka þau að gagni. Það er til lítils að rannsaka aðdraganda slysa mörgum mánuðum eftir að þau verða.

Í 17. gr. frv. er lagt til að vanræksla á tilkynningu geti varðað sektum.

Í 7.–11. gr. frv. eru ákvæði um skyldur manna til að aðstoða nefndina við rannsókn, hvernig fara eigi með slysavettvang og um rétt nefndarinnar til að krefjast gagna frá útgerðum og öðrum aðilum og taka skýrslur af mönnum.

Í 12. gr. er eitt þýðingarmesta ákvæðið, en þar segir að skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa skuli ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum. Það er sérstaklega tekið fram að ekki skuli afhenda gögn er geyma framburð skýrslugjafa fyrir nefndinni. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að eftir sem áður geta sjóslys orðið tilefni opinberrar rannsóknar en það verður utan verksviðs rannsóknarnefndar sjóslysa.

Mikilvægt nýmæli er í 14. gr. frv. er fjallar um úrbætur í öryggismálum eftir því sem rannsókn á sjóslysum gefur tilefni til. Ef rannsóknir sjóslysa eiga að ná tilgangi sínum er mjög mikilvægt að álit nefndarinnar verði notað til þess að efla forvarnir og auka öryggi skipa og sjómanna. Í 14. gr. er þessi meginregla staðfest. Jafnframt er í 14. gr. ákvæði um að nefndin eigi að semja skýrslu um sjóslys svo fljótt sem verða má. Þá er í þessari grein ákvæði um að árlega skuli gefin út heildarskýrsla um störf nefndarinnar.

Jafnframt þessu frv. er mælt fyrir frv. um breytingar á siglingalögum, þ.e. ákvæði 220. gr. um sjópróf. Um það er þetta að segja:

Með breytingum þeim á rannsóknum sjóslysa sem lagðar eru til í frv. kemur fram að ekki er lagt til að leggja sjópróf af enda geta þau verið nauðsynleg vegna annarra ástæðna en sjóslysarannsókna sem fara eiga fram sjálfstætt. Af þessum sökum þarf að gera nokkrar breytingar á kaflanum um sjópróf í siglingalögum. Hafa ákvæðin um sjópróf þess vegna verið endurskoðuð með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á réttarfari landsins.

Meginbreytingin er þó sú að ekki verður lengur skylt að halda sjópróf. Þar sem sjóslysarannsóknir fjalla einungis um öryggi sjófarenda er undanskilið það hlutverk sjóprófa að leiða í ljós refsi- eða skaðabótaábyrgð.

Sjópróf eru í eðli sínu hliðstæð þinghöldum sem haldin eru skv. 77. gr. einkamálalaga, og má færa rök fyrir því að þau ákvæði ein séu nægjanlegar heimildir til þess að taka sjóferðarskýrslu fyrir dómi. Ríkissaksóknari og hagsmunaaðilar telja hins vegar nauðsynlegt með hliðsjón af sérstöðu siglinga og útgerðar að hægt sé að halda sjópróf eins og verið hefur þótt þau verði ekki skylda. Í frv. er lagt til að sjópróf verði ekki skylda, en hins vegar geti þeir sem getið er í 2. gr. frv. óskað eftir sjóprófum. Gera má ráð fyrir að sjóprófum fækki verulega, enda eru flest tilvikin rannsökuð af öðrum aðilum.

Sú breyting hefur orðið á frv. frá því það var síðast lagt fram er að nú er gert ráð fyrir að kæra til Hæstaréttar þá ákvörðun héraðsdómara að synja um að sjópróf fari fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri. Enginn vafi er á því að hér er hreyft mjög merkilegu og viðkvæmu máli sem nauðsynlegt er fyrir okkur að skipa eins vel og kostur er vegna þess sem í húfi er. Sjóslys eru allt of tíð hér á landi og hin nýja löggjöf um rannsóknir sjóslysa ásamt ýmsum öðrum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið beinast að því að komast að raun um orsakir slysa og reyna að koma í veg fyrir sjóslys í framtíðinni.

Tilgangurinn með lagasetningunni er jafnframt að eyða þeirri tortryggni sem verið hefur innan sjómannastéttarinnar í garð sjóprófa eins og þau hafa verið rekin, sem hefur bitnað á starfsemi rannsóknarnefndar sjóslysa. Ég vil því

vænta þess að með hinni nýju skipan muni sem fyrst, vonandi strax, eyðast sú tortryggni sem uppi er þannig að gott samstarf megi takast með sjómönnum, útgerðarmönnum og rannsóknarnefnd sjóslysa eins og tekist hefur hjá rannsóknarnefnd flugslysa, en lögin eru sambærileg eins og hér hefur komið fram.

Herra forseti. Ég legg til að frumvörpunum verði vísað til 2. umr. og samgn. að lokinni þessari umræðu.

[00:05]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég fagna því að frv. þessa efnis skuli vera komið hér fram, bæði með tilliti til þess að það eru líklega komin nærri tvö ár síðan fyrrv. hæstv. samgrh., núv. forseti þingsins, skipaði nefnd þingmanna til þess að gera tillögur til úrbóta og hvernig mætti stuðla að fækkun slysa.

Þegar nefndin lagði upp með vinnu sína var það ætlan manna að hafa skýrsluna ekki of stóra, ekki of viðamikla, ekki efnislega fjölmargar blaðsíður heldur að reyna að einbeita sér að því sem auðvitað var til ætlast, kjarna málsins, og leggja fram tillögur þar að lútandi sem mættu verða til þess að koma í veg fyrir slys á sjó. Nefndin skilaði til hæstv. samgrh. tillögum í 18 liðum. Þar var m.a. vikið að þessu máli svo og einnig að breytingu á siglingalögum sem hér er sömuleiðis til umræðu.

Stærsta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir varðandi slys á sjómönnum er að þegar sjómaður slasast þá þarf hann að sanna sök til þess að eiga von á að fá slysið bætt. Ég held að það sé hinn stóri vandi sem við stöndum frammi fyrir. Ég sé ekki fyrir mér að allar þær upplýsingar sem við þurfum á að halda og viljum fá með því frv. sem hér er lagt fram, náist fyrr en við höfum komið nokkurs konar kaskótryggingu á sjómenn þannig að ekki þurfi sífellt að vera að leita að því hvort einhvers staðar sé hægt að koma sakarbyrði á útgerð eða handvömm á skipsfélaga til þess að eiga möguleika á bótum. Það mun alltaf leiða til þess að sannleikurinn komi ekki allur í ljós.

Þá ætla ég að víkja aðeins að frv. um rannsókn sjóslysa. Þegar litið er til þeirra greina sem hér eru settar fram er stigið skref í átt til þess sem hæstv. samgrh. kom inn á í sambandi við rannsókn flugslysa. Það er vel. Þó eru nokkur atriði sem ég tel að þurfi enn frekar að skerpa á. Ætla ég þó ekki að hafa mörg orð um það með tilliti til þess hve tíminn hefur liðið fljótt og komið er fram yfir miðnætti. Þar sem ég á sæti í samgn. mun ég auðvitað koma mínum málum enn frekar á framfæri.

En í fyrsta lagi vil ég nefna það sem er hér í 1. gr., með leyfi forseta:

„Rannsóknir sjóslysa samkvæmt lögum þessum miða að því einu að koma í veg fyrir slys um borð í skipum og að öryggi til sjós megi aukast.

Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við sjóslys fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála, og er slík rannsókn óháð rannsókn samkvæmt lögum þessum."

Síðan segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Ráðherra setur nánari reglur um skilgreiningu á hugtakinu sjóslysi með hliðsjón af skilgreiningum í alþjóðareglum."

Þetta er bara hið besta mál.

Síðan er 3. gr. um þá nefnd sem á að fjalla um slys og á að vera hin eiginlega rannsóknarnefnd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra skipar fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn til að rannsaka sjóslys. Nefndarmenn skulu hafa menntun og starfsreynslu á þeim sviðum sem sérstaklega nýtast við sjóslysarannsóknir.

Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, framkvæmdastjóra sem ræður annað starfslið í samráði við nefndina. Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði."

Að því ætla ég að koma sérstaklega hér á eftir, þ.e. þeim kostnaði sem fyrirsjáanlega verður ef allt gengur fram sem hér er skrifað.

Virðulegi forseti. En í þeim lögum sem hér er vitnað til og horft er til er nokkur annar háttur hafður á varðandi skipan nefnda. Varðandi rannsókn flugslysa og þá fimm manna nefnd sem þar er skipuð er gert ráð fyrir því að samgrh. ráði sérstaklega til starfa formann nefndarinnar og varaformann og skipi aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn.

Ég tel að þetta sé allrar athygli vert, þ.e. að nefndin sem slík ráði ekki starfsmenn heldur séu þar aðilar úr nefndinni sjálfri, eins og tíðkast varðandi flugslys, sem beri ábyrgð á hinum daglega rekstri, þ.e. eins og hér segir um að formaður nefndarinnar og varaformaður séu starfsmenn þessarar nefndar og vinni eins og talað er um varðandi rannsókn flugslysa.

Síðan segir í 4. gr., með leyfi forseta:

„Rannsóknarnefnd sjóslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Nefndin ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar sjóslyss umfram það sem henni er skylt samkvæmt lögum þessum."

Í lögum um rannsókn flugslysa segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknarnefnd flugslysa starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákæruvaldi og dómstólum. Hún ákveður sjálf hvenær efni eru til rannsóknar flugslyss.

Nefndin getur krafið Flugmálastjórn" — hér væri eðlilegra að segja siglingamálastjórn — „um aðgang að hvers konar gögnum sem nauðsynleg eru við rannsókn máls."

Hér eru fjölmörg atriði sem ég tel að þurfi að tengja betur við sjóslysanefndina til samræmis við rannsókn flugslysa til þess að við náum settu marki, að fækka slysum á sjó. Það var verið að segja frá því, held ég, í blöðunum í dag eða í gær að banaslysum á sjó hafi fækkað verulega en sjóslysum því miður ekkert. Við erum búin að vera nánast í sama farinu með 450–500 manns á slysaskrá undanfarin ár. Þó höfum við byggt upp slysavarnaskóla. Ég tel að menn hafi lagt sig mjög fram við að reyna að fækka slysum á sjó. En þá kem ég aftur að því sem ég sagði í upphafi. Ég held að á meðan þetta tryggingaástand varir varðandi slys á sjómönnum, á meðan hið tryggingalega umhverfi er eins og raun ber vitni, þá eigum við eftir að vera í erfiðleikum með þetta mál um nokkurn tíma enn.

Síðan segir í 14. gr. frv., með leyfi forseta:

„Rannsóknarnefnd sjóslysa skal gera tillögur um úrbætur í öryggismálum til sjós eftir því sem rannsókn á orsökum sjóslysa gefur tilefni til. Siglingastofnun Íslands ber að sjá til þess að tillögur til úrbóta sem berast frá nefndinni séu teknar til formlegrar afgreiðslu hverju sinni. Siglingastofnun Íslands skal senda nefndinni niðurstöður slíkrar afgreiðslu."

Þetta, sem hér er komið inn á, er vel. En það sem ég vildi hins vegar líka aðeins koma inn á og fá álit hæstv. samgrh. á, er það sem segir í lögum um rannsókn flugslysa, með leyfi forseta:

„Um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna rannsóknarnefndar flugslysa fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.“

Þar eru einmitt tilteknar, með leyfi forseta, vanhæfisástæður:

„Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila.

2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar“ — o.s.frv. eins og tínt er hér til.

Menn hafa líka orðið varir við þetta t.d. í sambandi við sjópróf og rannsókn á slysum. Þegar komið er á hina smærri staði og skipaður dómur í máli eða þá aðilar úr sjóslysanefnd koma á staði sem þeir rekja ættir sínar til þá skipta þau tengsl máli. Þau geta jafnvel orðið ráðandi í ákvörðunartöku eða þegar leitað er skýringa á slysum. Þetta gæti leitt af því að þessi ákvæði, sem eru í rannsókn flugslysa um hæfi eða vanhæfi manna, eru ekki í frv. um rannsóknir sjóslysa. Þau eiga auðvitað eðlilega að vera þarna inni.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð eins og ég sagði áðan en ég tel, eins og hér er lagt upp með, að sjóslysanefndin eigi að vera óháð. Hún á sjálf að taka ákvörðun og hafa frumkvæði að því að rannsaka mál. Þá ætti hún ekki að þurfa fyrst að spyrja hver sé staða mála varðandi fjárframlög á hverju ári fyrir sig, frekar en flugslysanefnd. Það sem vekur athygli mína í þessu máli er umsögn fjmrn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til laga um breytingu á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum. Tilgangurinn með frumvarpinu er að gera sjóslysarannsóknir sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknum flugslysa. Í frumvarpinu er lagður grundvöllur að lagaramma fyrir rannsóknir sjóslysa.“

Og svo kemur það sem ég vil vekja sérstaka athygli á, virðulegi ráðherra:

„Er það annars vegar til þess að tryggja réttaröryggi þeirra sem rannsókn beinist að og hins vegar til þess að markmiðum rannsóknar verði náð, um að auka öryggi og fækka sjóslysum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi áhrif á afkomu ríkissjóðs.“

Hvert er fjmrn. að fara þarna, að það hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs? Ég hefði nú ekki heldur átt von á því. Hins vegar hefði ég talið eðlilegt að fram kæmi hvar menn gætu séð raunverulegan kostnaðarauka við þessar breytingar, við breytingar frá þeim þrönga kosti sem sjóslysanefnd hefur búið við í allt of langan tíma yfir til þess frjálsræðis sem boðað er í þessu frv. Ég held því að hér hafi fjmrn. vanmetið málið sem hér er og megintilgang þess.

Margar hendur hafa unnið hér að með þeim góða ásetningi að stuðla að því að minnka þessa föstu árlegu slysatíðni, 450–500 manna á fiskiskipaflotanum, þ.e. áttundi hver sjómaður slasast árlega. Það er ekki eðlilegt þegar þetta er orðin slík katastrófa að það liggur við að sjómenn séu sjálfir farnir að taka þessu eins og hverjum öðrum hlut, að þetta sé hlutskipti þeirra sem ráða sig til sjós. Hefur þetta eitthvað með það að gera hve mikil fækkun er í Stýrimannaskólanum? Vélstjórar sem útskrifast úr Vélskólanum eiga að ljúka sínum tíma í smiðju á 15 mánuðum, 25 manns á ári, fara ekkert til sjós.

Ég held að með þeim góða ásetningi sem hér er lagt upp með þurfi nokkrar breytingar og lagfæringar. Þá verður vonandi hægt að snúa þessari óheillaþróun í slysatíðni við. Það stefnir í að allt of fáir hafi áhuga á að leggja þessa menntun fyrir sig eða starfið yfir höfuð, það sem lýtur að sjósókn.

Vikjum þá aðeins að *siglingalögunum og breytingunni* þar á sem er af hinu góða. Þar kom nefndin líka inn á að breytinga þyrfti við. Áður hafði komið fyrir að Íslendingur slasaðist í vinnu hjá íslenskri útgerð kaupskips sem var með skip á leigu undir erlendum fána. Áhöfnin var öll erlend að undanskildum þeim sem sá um losun og lestun skipsins. Hann slasaðist í höfn erlendis og óskaði eftir því að sjópróf færu hér fram. Yfirvöld töldu það hins vegar ekki í sínum verkahring vegna þess að skipið var erlent. Hér er komið verulega til móts til lausnar slíkum málum ef upp koma.

Það sem segir hér um sjóprófin og ég kom inn á áðan er mjög vandmeðfarið, þ.e. að segja að gera megi ráð fyrir að sjóprófum fækki heldur enda séu flest tilvik rannsökuð af öðrum aðilum eins og sjóslysanefnd. Þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan, tryggingaþættinum, tryggingalegu umhverfi sjómanna sem gerir það að verkum að mikla rannsókn þarf á hverju slysi. Sjómaður sem verður fyrir slysi verður að ganga svo frá hnútum að þegar fram líða stundir, komi einhver örkuml í ljós, hafi hann á hreinu hverju sé um að kenna til að geta sótt um bætur.

Eins og ég gat um í upphafi sit ég í hv. samgn. þar sem þetta mál mun koma til umfjöllunar. Ég tel fulla ástæðu til að skerpa enn betur á því sem snertir frekara umfang, ákvörðunartöku vegna rannsókna og eins hvernig við förum með ábyrgð þeirra sem vinna eiga eftir þessum lögum.

[00:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér erum við að ræða frv. um rannsókn sjóslysa þar sem lagt er upp með nokkra nýskipan frá því sem verið hefur. Ég tel mikilvægast að rannsóknarnefndin verði sjálfstæð og að henni verði ætlað að vinna svipað og rannsóknarnefnd flugslysa hefur unnið að rannsókn flugslysa á undanförnum árum.

Einnig held ég að það sem lagt er til í 14. gr., að rannsóknarnefnd sjóslysa skuli svo fljótt sem verða má semja skýrslu um niðurstöður sínar, sé til mikilla bóta. Sama má segja um það sem einnig kemur fram í 14. gr. að rannsóknarnefndin skuli gera tillögur um úrbætur í öryggismálum til sjós eftir því sem rannsókn á orsökum sjóslysa gefur tilefni til.

Ég held að í ljósi reynslunnar séu þessi atriði markverðustu nýmælin í frv. Ég tel þau öll til bóta. Sjóslys þarf að rannsaka eins og flugslys eru rannsökuð, til þess að draga af þeim lærdóm, kanna orsakir slysanna og hvernig þau bar að svo draga megi af þeim lærdóm. Þess vegna er nauðsynlegt að koma slíkum upplýsingum á framfæri sem allra fyrst eftir að rannsóknarnefnd hefur lokið störfum. Þeim þarf að koma á framfæri með skipulegum hætti en það dragist ekki jafnvel árum saman að gefa út skýrslur eins og reyndin hefur stundum verið á undanförnum árum. Mikilvægt er að við getum nýtt slíkar upplýsingar, dregið af þeim lærdóm og komið með tillögur um breytingar og úrbætur sem orðið gætu til að fækka slysum og koma í veg fyrir að slys af sama meiði verði síendurtekið.

Hins vegar er það hárrétt sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vék að hér áðan í máli sínu og ber að ítreka það að á sjómönnum er sú kvöð að þeir þurfa í raun að sanna að

einhverju hafi verið áfátt í athöfnum manna, búnaði skips, stjórntækjum eða einhverju öðru í vinnuumhverfinu sem hafi verið orsök fyrir slysinu. Í raun þarf að finna einhvern og hálfpartinn sakfella hann fyrir að hafa ekki staðið sína plikt. Þetta hefur orðið til þess á undanförnum árum að menn hafa, jafnvel í alvarlegum tilfellum, tekið það á sig og gefið skýrslu til að vera vissir um að sjómaður sem hefur lent í alvarlegu slysi ætti rétt á bótum. Það hafa menn gert til þess að tryggja að viðkomandi verði ekki dæmdur réttinda- og bótalaus. Því miður hafa einstök slík tilfelli komið upp. Menn hafa verið dæmdir bótalausir þó að slys hafi verið mjög alvarlegt og gáleysi verið kennt um eða öðru. Það er einfaldlega þannig til sjós að þetta er fljótandi vinnustaður sem veltur og veður er með ýmsum hætti. Það er lengi hægt að finna þær skýringar að menn hafi kannski ekki hagað sér hárrétt á ákveðnu augnabliki. Það er í raun og veru óviðunandi niðurstaða að hafa þessa sönnunarbyrði, að sá sem verður fyrir slysinu skuli alltaf þurfa að sýna fram á sök annarra svo að hann eigi örugglega rétt á bótum.

Þess vegna er nauðsynlegt, og ég beini því til hæstv. samgrh., að skoða hvort ekki beri að breyta þessari gömlu vinnureglu að menn þurfi að sanna sök og slys til sjós verði bara bótaskyld eftir því hvernig þau eru. Það ætti ekki að þurfa að finna einhvern sérstakan sakarþátt til að tryggja að sá sem verður fyrir slysi við vinnu sína eigi rétt á bótum.

Ég held að það gæti orðið til að fá skýrari mynd af slysum og ástæðan kæmi fyrr í ljós. Menn væru ekki að leita sameiginlega að einhverri orsök svo að örugglega megi tryggja viðkomandi sjómanni slysabætur. Ég held að mikil nauðsyn sé að skoða þetta.

Ég mæli hins vegar með því að frv. fái hraða og góða afgreiðslu í þinginu. Ég tel að efni þess sé til mikilla bóta og í þá veru sem sjómannasamtökin hafa óskað eftir á undanförnum árum, að færa rannsókn sjóslysa í sama farveg og rannsókn flugslysa þar sem nefndin væri sjálfstæð og óháð og kæmi skýrslum sínum fljótt fram og hefði tillögur til úrbóta.

[00:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær undirtektir sem frv. hefur fengið hjá hv. þm. og tek undir þær ábendingar og athugasemdir sem fram komu hjá þeim um nauðsyn þess að nýta rannsóknir til að vinna að því eins og kostur er að koma í veg fyrir slys. Enda er það tilgangur þessa frv. og þeirra laga sem vonandi verða að veruleika innan tíðar.

Sá vilji þeirra hv. þm. sem hér töluðu kom skýrt fram, að nýta reynslu af starfi flugslysanefndar og í grg. með frv. er gert ráð fyrir að svo skuli gert.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var með efasemdir um kostnaðarmatið sem fylgir frv. Það er ekki gert ráð fyrir að kostnaðarauki verði af þessum breytingum. Það verður reynslan auðvitað að leiða í ljós. Grundvallarbreytingin sem hér er lögð til er að rannsóknarnefnd sjóslysa vinni fyrst og fremst að því að finna lausnir til að koma í veg fyrir slys en sé ekki rannsóknarréttur yfir þeim sem verða fyrir slysum.

Að öðru leyti tel ég ekki þurfa að orðlengja þetta frekar. Ég þakka fyrir ágætar undirtektir við frv. og vænti þess að það fái skjóta afgreiðslu í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 1. umr.

Stjfrv., 569. mál (undanþágur). — Þskj. 871.

[00:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum.

Með frv. þessu er lagt til að breytt verði ákvæðum laga um tilkynningarskyldu skipa, nr. 40/1977, en tilgangur þess er að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis skipa sem áformað er að taka í fulla notkun á næstunni. Það verður raunar tekið formlega í notkun síðar í þessum mánuði.

Aðdragandi þess að koma á fót sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir íslensk skip er langur en handvirk tilkynningarskylda íslenskra skipa hefur verið við lýði í rúm 20 ár. Samkvæmt gildandi lögum skulu öll skip önnur en varðskip tilkynna brottför úr höfn, komu í höfn og staðsetningu a.m.k. einu sinni á sólarhring en Slysavarnafélagið Landsbjörg fer með yfirumsjón tilkynningarskyldunnar og eftirlitsmiðstöðvarinnar í Reykjavík.

Með frv. sem varð að lögum nr. 39/1999, um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977, með síðari breytingum, voru gerðar breytingar á lögunum vegna sjálfvirks tilkynningarkerfis. Með þeim lögum er kveðið á um hvenær og hve oft skip skuli tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu til eftirlitsmiðstöðvar en það ræðst af stærð skipsins og farsviði. Jafnframt var kveðið á um að skipum eða bátum sem stunda takmarkaða sjósókn eða hafa aðeins sumarhaffæri væri heimilt að tilkynna sig eftir öðrum leiðum eftir því sem nánar væri kveðið á um í reglugerð. Áætlað hefur verið að um 150 bátar falli undir þetta ákvæði laganna.

Með frv. þessu er gerð krafa um að hluti þessara 150 báta tilkynni sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu og skuli búinn búnaði til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu. Verði tíðni tilkynninga fyrir báta með takmarkaða sjósókn eða sumarhaffæri önnur og minni mundi það minnka öryggið sem sjálfvirk tilkynningarskylda á að veita bátum af minnstu gerð. Þó er enn gert ráð fyrir að samgrh. sé heimilt að ákveða að skip sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni og stunda veiðar nálægt landi þurfi ekki að tilkynna sig gegnum sjálfvirkt tilkynningarkerfi skipa. Í því efni er fyrst og fremst átt við báta þar sem aðstæður um borð eru þannig að ekki er unnt að hafa nauðsynlegan búnað til sjálfvirkrar tilkynningarskyldu. Áætlað er að bátar sem undir þetta falla og stunda veiðar innan 1,5 sjómílna frá landi séu um 20–30 og munu þeir væntanlega hverfa úr rekstri innan nokkurra ára.

Ég vil að lokum lýsa þeirri von minni að þetta frv. fái farsæla afgreiðslu hér á Alþingi. Hér er um að ræða mikið öryggismál fyrir áhafnir á íslenskum skipum og bátum. Sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa hefur nú þegar sannað gildi sitt og með því er hægt að staðsetja skip sem er í hættu statt mun fyrr en áður og hefja strax markvissar björgunaraðgerðir.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa fleiri orð um efni frv. og vísa til grg. sem fylgir. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og samgn.

[00:35]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þetta mál á sér langan aðdraganda. Það hefur sannað gildi sitt nú þegar með þeim tilraunum sem staðið hafa yfir um nokkurn tíma. Þannig hittist á að smábátar í Faxaflóa komust í mikinn vanda og m.a. vegna hinnar sjálfvirku tilkynningarskyldu uppgötvaðist það fljótt auk þess sem hægt var að miða þessa báta fljótt og örugglega út.

Ég þakka núv. og fyrrv. samgrh., hæstv. forseta, fyrir framgang þeirra í þessu máli. Það leikur ekki nokkur vafi á gagnsemi sjálfvirkrar tilkynningarskyldu. Þó hér sé talað um ákveðið tímabil sem þessar sjálfvirku sendistöðvar eiga að senda boðmerki um að allt sé í lagi þá fylgist móðurstöðin í landi, sem tekur á móti þessum merkjum, með á nokkurra mínútna millibili. Þarna er því enn stóraukið það öryggi sem Íslendingar fyrstir þjóða lögðu upp með fyrir líklega rúmum þremur áratugum síðan. Framganga Íslendinga í öryggismálum sjómanna þótti mjög athyglisverð þegar tilkynningarskylda íslenskra skipa var samþykkt sem lög frá hinu háa Alþingi. Vissulega ber að fagna þessu og þakka fyrir það sem vel hefur verið gert í þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bílaleigur, 1. umr.

Stjfrv., 570. mál. — Þskj. 872.

[00:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um bílaleigur sem er á þskj. 872, 570. mál. Með frv. þessu er settur lagarammi um starfsemi bílaleigna. Um bílaleigur gilda nú ákvæði 70. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, og á grundvelli þeirra laga hafa verið settar reglur um leigu á skráningarskyldum ökutækjum til mannflutninga án ökumanns, nr. 127/1960. Við samningu þessa frv. var haft samráð við dómsmrn.

Með vaxandi fjölda erlendra ferðamanna hefur útleiga bílaleigubíla orðið verulegur þáttur í þjónustu við ferðamenn. Bílaleigubílum hefur fjölgað umtalsvert á undanförnum árum. Það er veruleg aukning á umsvifum í atvinnugreininni og ör endurnýjun er í bílaflota leiganna. Með frv. þessu er leitast við að setja starfsgreininni fastari skorður með því að herða kröfur til þeirra sem fást við útleigu bifreiða og auka þannig öryggi viðskiptavinarins.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um að til reksturs bílaleigu þurfi starfsleyfi samgrn. Í 4. gr. er kveðið á um hver séu skilyrði slíks starfsleyfis. Í 5. gr. frv. er kveðið á um skyldur bílaleigna gagnvart viðskiptamönnum sínum. Í 6. gr. er kveðið á um að bílaleiga skuli upplýsa erlenda leigutaka um íslenskar umferðarreglur og umferðarmerki. Jafnframt skal bílaleiga vekja sérstaka athygli erlendra leigutaka á banni við akstri utan vegar og hættu sem stafar af búfé á vegsvæðum.

Með lögum um breytingu á lögum nr. 23/1953, um vörugjald á ökutækjum, sem samþykkt voru á Alþingi hinn 5. apríl sl. voru lækkuð vörugjöld af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu hjá bílaleigum en það ákvæði laganna tekur gildi 15. maí næstkomandi. Þau lög miða við að bifreið sé skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgrn. samkvæmt þessu frv. eða á fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Markmiðið með þessari breytingu er að gera bílaleigum betur kleift að bjóða upp á fjölbreyttara úrval af bifreiðum til leigu gegn lægra gjaldi en nú er. Með þessu er komið til móts við ferðaþjónustu á þessu sviði svo hún verði samkeppnishæf í samanburði við sambærilega þjónustu í nágrannalöndum.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa bent á að verulegur ávinningur felist í að geta boðið fjölbreyttara úrval fólksbifreiða til leigu fyrir erlenda ferðamenn á samkeppnisfæru verði. Vonandi munu þær breytingar á vörugjöldum sem hér er vitnað til leiða til að bílaleigur geti boðið lægra verð og til aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu bílaleigna sem þýða mundi meiri einstaklingsumferð. Sú tegund ferðaþjónustunnar er hagstæð að því leyti að hún dreifist mjög um landið og nýtir vel minni gististaði sem oft hafa minni nýtingu. Einnig dreifist hún yfir allt árið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um efni frv. og vísa til grg. sem því fylgir en vek athygli á nauðsyn þess að gildistökuákvæðið sé í samræmi við gildistöku laga um vörugjöld af bifreiðum.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og samgn.

[00:41]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þetta frv. Ég held að það sé í heild mjög gott og sérstaklega þegar litið er til þarfa ferðaþjónustunnar. Mig langar hins vegar að spyrja hæstv. samgrh. að einu litlu atriði: Er ætlunin að heimila eigendum bílaleigu að leigja sjálfum sér bíl og þeim sem eru í stjórn bílaleigunnar? Ef svo er er ég ansi hrædd um að hvert og eitt heimili komi til með að stofna bílaleigu vítt og breitt um landið.

[00:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meiningin er ekki að gera heimilum kleift að stofna bílaleigur, það er alveg af og frá. Það er nauðsynlegt að það sé ljóst frá upphafi og tryggt að þarna er fyrst og fremst verið að skapa lagaramma um atvinnustarfsemi en ekki starfsemi eða tilbúna leigusamninga fyrir sjálfan sig eða nákomna ættingja ef um það er að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðgangaáætlun 2000–2004, fyrri umr.

Stjtill., 571. mál. — Þskj. 873.

[00:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004 sem liggur fyrir Alþingi á þskj. 873.

Vorið 1998 var samþykkt á Alþingi þál. um langtímaáætlun í vegagerð. Þegar tillagan var lögð fram fylgdi henni grg. þar sem vikið er að jarðgangagerð en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í þessari áætlun er ekki fjallað um framkvæmdir við jarðgöng. Ef til slíkra framkvæmda kemur á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að það verði samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnvalda þar sem einnig verði tekin afstaða til fjármögnunar. Ákveðið er að veita nokkurt fé til jarðgangarannsókna

á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum. Er reiknað með 120 millj. kr. alls á áætlunartímabilinu í þessu skyni."

Langtímaáætlunin ákvað samkvæmt þessu nokkurt fé til jarðgangarannsókna. Jafnframt var gengið út frá því að jarðgangaframkvæmdir væru háðar sérstakri ákvörðun stjórnvalda og fjármögnun yrði utan langtímaáætlunar.

Hinn 11. mars 1999 samþykkti Alþingi þál. um að samgrh. léti vinna langtímaáætlun um gerð jarðganga í landinu. Tekið er fram í þál. að áætlunin skuli liggja fyrir áður en lokið verði við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar, en sú endurskoðun stendur nú yfir sem kunnugt er. Vegagerðinni var síðan falið að vinna áætlunina. Niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir í skýrslu Vegagerðarinnar, Jarðgangaáætlun janúar 2000, sem lögð hefur verið fram á Alþingi og var nokkuð til umræðu þegar vegáætlunin var rædd við fyrri umræðu.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir byggir í meginatriðum á áætlun Vegagerðarinnar en nær til tímabilsins 2000–2004. Ég mun því á eftir fara nokkrum orðum um þá áætlun en víkja síðar sérstaklega að tillögunni eins og hún liggur fyrir.

Vegagerðin skipti verkefninu í tvo þætti. Annars vegar gerði hún yfirlitsáætlun þar sem tekin voru til mjög lauslegrar skoðunar öll þau jarðgangaverkefni sem til umræðu hafa verið undanfarið, óskir sem hafa komið fram um að skoða eða Vegagerðin taldi koma til álita. Hins vegar voru valin úr þessum hópi þau verkefni sem brýnust töldust en miðað var við að heildarkostnaður þeirra færi þó ekki fram úr 10–12 milljörðum kr.

Yfirlitsáætlunin tekur til 21 verkefnis í öllum kjördæmum landsins. Við gerð áætlunarinnar var ákveðið að hafa þessi verkefni frekar fleiri en færri þannig að ekki væri auðvelt að benda á hugsanleg verkefni sem ekki væru í áætluninni. Með þetta í huga má ljóst vera að sum verkefnin eru í mjög fjarlægri framtíð, ef þau þá koma til framkvæmda. Í áætluninni eru síðan valin þrjú verkefni sem komi fyrst til framkvæmda: göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar eru þar sett undir einn hatt og verði fyrst, en síðan komi göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Heildarkostnaður við þessi þrjú verkefni er metinn á 10,5 milljarða kr.

Í tillögunni eins og hún liggur hins vegar fyrir og er til umræðu er miðað við að jarðgangaáætlun sé til sama tíma og vegáætlunin sem nú er til endurskoðunar, þ.e. til ársins 2004. Jafnframt segir í tillögunni að jarðgangaáætlun skuli felld að vegáætlun og endurskoðuð jafnhliða henni, þ.e. á tveggja ára fresti. Þessi tilhögun þótti eðlilegri við nánari skoðun fremur en að gera tíu ára áætlun. Með þessu móti féllu áætlanirnar betur hvor að annarri og væru sveigjanlegri. Með hliðsjón af þessu er reiknað með framkvæmdafjárveitingum í verkefnin tvö sem voru í fyrsta sæti í áætlun Vegagerðarinnar, þ.e. Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður. Fjárveitingar miða við að undirbúningi þessara verkefna ljúki á næsta ári og framkvæmdir geti hafist af krafti árið 2002. Ákvörðun um útboð þessara verkefna, röð þeirra eða bæði saman verður tekin þegar rannsóknir eru komnar á góðan rekspöl. Heildarkostnaður við þessi tvö verkefni er metinn á 8,3 milljarða kr. og lýkur framkvæmdum við þau 2007 með sömu fjárveitingum áfram, þ.e. 1.400 millj. kr. á ári eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir að fé sé veitt til rannsókna og undirbúnings jarðganga á Vestfjörðum og Austfjörðum og eru þar þrjú verkefni sérstaklega tilgreind. Þessi verkefni eru göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem tekin voru í áætlun Vegagerðarinnar, ný göng milli Eskifjarðar og Norðfjarðar og göng milli Héraðs og Vopnafjarðar.

Jarðgöng eru kostnaðarsöm mannvirkjagerð og er því um mikla fjármuni að ræða eins og fram kom hér á undan. Ég mun nú víkja nokkuð að almennum rökum fyrir jarðgangagerð en koma síðan nánar að þeim verkefnum sem fyrr eru á dagskrá.

Í umræðu um byggðamál og leiðir til að sporna við stöðugri fólksfækkun á landsbyggðinni hefur áhersla á byggðakjarna utan höfuðborgarsvæðisins farið vaxandi. Athygli hefur verið dregin að mikilvægi þróttmikilla byggðakjarna í hverjum landshluta sem geti borið uppi þjónustu, menningarlíf og verslun fyrir stór landsvæði þegar samgöngur eru fullnægjandi. Það er ljóst að flestar hugmyndir sem uppi eru um jarðgöng á vegakerfinu og kynntar hafa verið eru fram komnar til þess að reyna að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu. Í tillögum að jarðgangaáætlun fyrir árið 1987 var það sama lagt til grundvallar og meginhersla lögð á jarðgöng þar sem hálendi gerir vetrarsamgöngur erfiðar og byggðir einangrast frá aðalvegum um lengri tíma vegna snjóþyngsla. Síðan sú áætlun var gerð hafa vetrarsamgöngur víða verið bættar til muna. Fjallvegir hafa verið endurbyggðir og má þar t.d. nefna Möðrudalsöræfi með Hárekksstaðaleið, Fjarðarheiði og Oddsskarð og á öðrum stöðum, svo sem Bröttubrekku og Vatnaheiði, eru framkvæmdir skammt undan. Þá hefur snjómokstur og önnur vetrarþjónusta stóraukist. Þótt truflanir á vetrarsamgöngum á þessum leiðum séu ekki úr sögunni, þá kemur fram í skýrslu Vegagerðarinnar að þessar aðgerðir hafa breytt ástandinu það mikið að unnt sé að fresta gerð jarðganga á þessum sömu stöðum meðan enn er svo margt ógert við uppbyggingu hins almenna vegakerfis. Þá mælir Vegagerðin óhikað með uppbyggingu fleiri fjallvega á vegakerfinu með tilliti til reynslu síðustu áratuga meðan beðið er eftir fjármagni í jarðgangagerð. Aukin vetrarþjónusta verður síðan að fylgja slíkri uppbyggingu.

Þegar vinna við jarðgangaáætlun hófst var ákveðið að gera úttekt á nokkrum þáttum til að bæta forsendur fyrir tillögum um verkefni. Talið var nauðsynlegt að kanna eins vel og kostur væri á hvaða áhrif jarðgöngin undir Breiðdals- og Botnsheiði hefðu haft á atvinnu- og mannlíf á svæðinu og voru gerðar kannanir meðal íbúa og fyrirtækja. Einnig var skoðað hvaða áhrif nýleg uppbygging veganna um Fjarðarheiði og Oddsskarð og aukin vetrarþjónusta á þeim hefði haft og hvort slíkar úrbætur dygðu til þess að fresta mætti jarðgangagerð þar til lengra hefði miðað í uppbyggingu vegakerfisins. Í þessu skyni var gerð skoðanakönnun meðal fólks á Austurlandi þar sem spurt var um áhrif vegabóta og aukinnar þjónustu á áðurnefndum vegum. Þessar úttektir eru meðal þess sem lagt hefur verið til grundvallar við tillögugerð um röðun verkefna. Ekki fer á milli mála að jarðgöng og bætt þjónusta á fjallvegum hefur mikil áhrif á búsetu að mati íbúa sem nýta sér bættar samgöngur.

Eins og fyrr sagði var áður litið á vetrareinangrun sem veigamesta atriðið við forgangsröðun jarðgangaframkvæmda. Sú viðhorfsbreyting sem hér er kynnt byggir einkum á því að í mörgum tilfellum sé unnt að losa byggðir úr þeirri einangrun með öðrum aðgerðum en jarðgöngum þó enn sé horft til jarðganga sem endanlegrar lausnar samgönguvanda margra staða. Hins vegar sé nú full ástæða til að leggja áherslu á gerð jarðganga sem geta stækkað og styrkt byggðakjarna, ekki síst með styttingu vegalengda. Þær til-

lögur sem lagðar eru fram í jarðgangaáætlun taka mið af því. Það á ekki síst við um þau tvö verkefni sem lagt er til að verði í 1. áfanga, þ.e. göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Á veginum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar var meðalumferð árið 1998 um 200 bílar á dag og sumarumferð 270 bílar. Með tilkomu jarðganga styttist vegalengdin milli þéttbýlisstaðanna um 30 km, og milli suðurfjarðanna og Reyðarfjarðar um 36 km. Með tilkomu jarðganga mundi umferð vafalaust aukast, enda stækkar atvinnu- og þjónustusvæði kjarnans á Miðausturlandi töluvert. Vegalengdin frá Fáskrúðsfirði til Reyðarfjarðar yrði 22 km og til Egilsstaða um 50 km. Þá má reikna með að hluti þeirra sem nú fara um Breiðdalsheiði, hringveginn milli Skriðdals og Breiðdals, mundi velja fjarðaleiðina um jarðgöngin, a.m.k. að vetri til. Leiðin milli Breiðdalsvíkur og Egilsstaða um firðina yrði einungis 13 km lengri en um heiðina eftir jarðgangagerð. Á núverandi vegi um Vattarnes er grjóthruns- og snjóflóðahætta.

Heildarkostnaður við framkvæmdir er áætlaður ríflega 3 milljarðar, þar af undirbúningur um 100 millj. kr. og er þá miðað við tvíbreið göng. Þar er reiknað með 5,3 km löngum jarðgöngum, 150 metra löngum forskálum og 7,5 km af nýjum vegum utan ganga.

Á sínum tíma var gerð lausleg umferðarspá vegna arðsemisreikninga á þessari leið. Þar var reiknað með að samkvæmt lágspá ykist umferðin um 25%, samkvæmt meðalspá um 50% og samkvæmt háspá um 100%. Þegar kostnaður við jarðgangaframkvæmdir var borinn saman við kostnað við að endurbyggja núverandi veg og leggja á hann bundið slitlag reyndist arðsemin verða 4–8% fyrir umferðarspárnar þrjár.

Við ákvörðun um jarðgöng verður unnt að hætta við einhverjar vegaframkvæmdir. Að lágmarki má miða við að fella niður framkvæmdir á Sléttuströnd og í Vattarnesskriðum, sem fá 260 millj. kr. á vegáætlun 2000–2001. Arðsemi jarðganga eykst að sjálfsögðu eftir því sem meira er unnt að spara í öðrum framkvæmdum á móti.

Miðað við að jarðgöngin verði unnin frá báðum endum má reikna með að upp undir eitt og hálft ár taki að sprengja sig í gegn og um eitt ár að vinna að styrkingum, vegagerð og öðrum frágangi. Heildarverktími er því um tvö og hálft ár. Rannsóknir munu geta hafist strax á þessu ári og í framhaldi af hönnun og gerð útboðsgagna sem vinna þarf í samræmi með það að markmiði að bjóða út stóra áfanga.

Jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hafa verið til umræðu allt frá því að göngin um Ólafsfjarðarmúla milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar voru opnuð í árslok 1990. Árið 1994 var skipaður samráðshópur Vegagerðarinnar og sveitarfélaga á norðanverðum Tröllaskaga og samtaka þeirra er kannaði það markmið að mynda vettvang fyrir skoðanaskipti og samráð um lagningu vegar um Lágheiði og málefni sem tengjast því verkefni. Mikið af vinnu hópsins beindist að skoðun á jarðgangamöguleikum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar þar eð ekki var talið raunhæft að endurbyggður vegur um Lágheiði yrði öruggur heilsársvegur né að með því næðust æskileg markmið um aukna samvinnu og jafnvel sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. Samráðshópurinn skilaði í nóvember sl. skýrslu þar sem lagt er til að svonefnd Héðinsfjarðarleið verði valin. Meginröksemd fyrir tillögunni er sú að með þeirri leið tengist Siglufjörður byggðum Eyjafjarðar á þann hátt að Eyjafjarðarsvæðið í heild verður öflugra mótvægi við höfuðborgarsvæðið og byggð á miðju Norðurlandi styrkist verulega. Ávinningur með hringtengingu með ströndinni um Tröllaskaga er einnig talinn verulegur fyrir byggðarlögin beggja megin skagans, einkum í ferðaþjónustu.

Héðinsfjarðarleið liggur frá Siglufirði inn í utanverðan Skútudal um 4 km löng jarðgöng til Héðinsfjarðar innan við Héðinsfjarðarvatn og síðan um 6,2 km löng jarðgöng til Ólafsfjarðar. Vegalengdin milli kaupstaðanna yrði um 15 km löng. Í umferðarspá er reiknað með að umferð um göng geti í upphafi orðið um 350 bílar á dag en töluverð óvissa er tengd spánni. Heildarkostnaður við þessa vegtengingu, þ.e. 10,2 km löng göng, 500 metra langan vegskála og 4 km af nýjum vegum er áætlaður 5,3 milljarðar kr. Þá er miðað við tvíbreið göng borið saman við nýjan veg um Lágheiði. Reiknast arðsemi geta verið tæplega 7%. Með gerð jarðganga sparast 300–400 millj. kr. við uppbyggingu vega á Lágheiði miðað við núverandi langtímaáætlun í vegagerð. Með tveimur vinnuflokkum á að vera unnt að sprengja 4–5 km á ári þannig að það tæki tvö til tvö og hálft ár að grafa göngin. Síðan má áætla að öll frágangsvinna eftir það taki a.m.k. eitt og hálft ár. Frá upphafi framkvæmda til opnunar gæti verkið því tekið þrjú og hálft til fjögur ár. (Forseti hringir.) Gert er ráð fyrir að hefja rannsóknir strax á þessu ári. Í framhaldi af þeim verður síðan unnið að hönnun og útboðsgögnum þannig að verktilhögun verði sem hagkvæmust.

Herra forseti. Ég þyrfti í rauninni að hafa lengri tíma til að gera grein fyrir þessari ítarlegu áætlun (Forseti hringir.) en tíminn leyfir ekki lengri ræðu, en vonandi gefst tími til þess á eftir.

[00:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég gæti væntanlega lánað hæstv. samgrh. eitthvað af mínum tíma því að ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Í fyrsta lagi fagna ég því að nú á að setja fram á nýjan leik langtímaáætlun eða áætlun um jarðgangaframkvæmdir á Íslandi. Nokkurt uppihald hefur orðið í því að slíkum framkvæmdum væri úti haldið og að fyrir lægju samþykktar framkvæmdaáætlanir á þessu sviði. Málið á sér þá forsögu að slíkar áætlanir voru fyrst gerðar á árunum 1989–1990 í framhaldi af því að Alþingi afgreiddi till. til þál. um gerð langtímaáætlunar um jarðgöng á árinu 1987, ef ég man rétt, og í framhaldi af því hófst undirbúningur að því að taka jarðgangaframkvæmdir skipulega inn í áætlanagerð á sviði samgöngumála. Umtalsverðar jarðgangaframkvæmdir komu inn í vegáætlun við endurskoðun hennar árið 1989 og aftur 1991 og sömuleiðis inn í drög að langtímaáætlun sem Alþingi hafði til umfjöllunar. Þá var sett upp á sambærilegan hátt og hér á að gera vísi að ákveðinni framkvæmdaröð jarðganga, gengið frá fjármögnun og gengið var út frá því að framkvæmdir við jarðgöng yrðu samfelldur hluti af vegaframkvæmdum á komandi árum.

Röðin sem var þá sett upp, eins og margir muna sjálfsagt, var sú að ljúka framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla og hefja síðan framkvæmdir við Vestfjarðagöng. Síðan var tekin ákvörðun um að flýta þeim framkvæmdum og hefjast síðan handa á Austfjörðum í framhaldinu.

Eins og áður sagði, herra forseti, hefur, því miður hlýt ég að segja sem sérstakur áhugamaður um langa tíð um framkvæmdir á þessu sviði, orðið nokkurt uppihald í þessum efnum og nokkur dýrmæt ár tapast umfram það sem hefði þurft að vera ef málum hefði verið fylgt fastar eftir, að unnt hefði verið að halda áfram í beinu framhaldi af framkvæmdum á Vestfjörðum þar sem menn vildu þá bera niður ef ekki

halda sig við það sem áður hafði verið ákveðið. Í öllu falli þegar búið var að greiða upp það fé sem tekið var að láni með vissum hætti til að hraða framkvæmdum við Vestfjarðagöng hefði verið æskilegt að hefjast handa ef hægt hefði verið. Það hefur ekki mikið upp á sig að dvelja við orðinn hlut. Staðan er sú sem hún er og það ber að fagna því að nú bregður aftur til betri tíðar í þessum efnum, skulum við vona. Enginn vafi er á því í mínum huga að mjög mikilvægt er að framkvæmdir á sviði jarðgangagerðar verði hluti af átaki í samgöngumálum vegna þess að segja má að samgönguvandamál vissra byggðarlaga og landshluta verða ekki leyst með fullnægjandi hætti við íslenskar aðstæður nema með jarðgangagerð. Það hefur verið skoðun mín í 20 ár og hún hefur ekkert breyst. Ég held að ekki þurfi annað en líta á landakort, ferðast um landið, skoða hæðarlínur, átta sig á veðráttu og öðru slíku að hér munu ákveðnir þröskuldar í samgöngumálum á landi aldrei verða teknir út á fullnægjandi hátt öðruvísi en þannig að fara undir þá.

Ég er þeirrar skoðunar að síðan beri að stefna að því að fella þessa sérstöku áætlun um jarðgangagerð inn í vegáætlun. Ég held að þetta eigi allt að vera hluti af einni samræmdri samgönguáætlun og æskilegast væri að það gerðist við þá endurskoðun. Ef ég hef skilið málið rétt er það í boði eða jafnvel fyrirhugað þó auðvitað megi segja að það hafi sama gildi að hafa svona sjálfstæða áætlun, þá held ég að hitt sé æskilegra. Einhvers staðar þykist ég líka hafa heyrt að hæstv. samgrh. hafi hugmyndir um að láta gamlan draum rætast um samræmd samgöngufjárlög og samræmda heildaráætlun á þessu sviði þar sem flugvallarframkvæmdir og hafnarframkvæmdir væru sömuleiðis teknar með.

Ég er sammála því að þeir þröskuldar sem þarna á að byrja á séu þeir tveir sem eru upp settir, þ.e. framkvæmdir á Austurlandi og tenging Siglufjarðar. Ég held að það sé tiltölulega óumdeilt að þetta séu þau tvö svæði, sem öll rök standi til að hefjast handa á. Ef sæmilegur friður getur orðið um það að þetta verði tekið samtímis, þá skal ég með glöðu geði fallast á það þó að ég hafi jafnan af þrjósku viljað kannast við það sem um var talað og það sem frá var gengið á sínum tíma þegar reynt var að skapa samkomulag milli landshluta um framkvæmdaröð í jarðgangamálum á árunum 1988–1991 og hef ekki skorast undan því að standa við aðild mína að afgreiðslu þeirra mála.

Ég fagna því líka, herra forseti, að um viðbótarfjármagn verði að ræða sem komi úr ríkissjóði til að standa straum af þessum framkvæmdum. Það er líka mikill kostur ef með þessu er verið að efna til aukinna fjárframlaga til samgöngumála. Okkur er mjög mikil nauðsyn að leggja meira til þessa málaflokks því að þrátt fyrir að umtalsverðir fjármunir hafi vissulega runnið í þetta efni á undanförnum árum eru verkefnin einfaldlega svo gífurlega mikil að það er að mínu mati engin spurning um að við eigum að ráðstafa meira fé í þennan málaflokk, fjárfesta í betri framtíð í gegnum það að byggja upp af enn þá meiri krafti en hingað til hefur verið gert gott og nútímalegt samgöngukerfi fyrir landið í heild. Það mun kosta meira fé en í þetta hefur farið að undanförnu á ári hverju ef við erum ekki tilbúin til að bíða eftir því enn einhver 25 ár eða svo að slíku verki ljúki.

Ég gef hins vegar ekkert fyrir bókhaldsæfingar af því tagi að eyrnamerkja það fé sem fer úr ríkissjóði til þessara framkvæmda sérstaklega peningum sem hafi komið inn fyrir sölu ríkiseigna. Ég leyfi mér að halda því fram að hæstv. fjmrh. muni ekki þekkja í sundur þær krónur sem þannig komi í ríkiskassann. Spurningin er einfaldlega um hvort verja eigi þessu sem viðbótarfjármagni úr ríkissjóði hvernig sem þær tekjur urðu til. Ef svarið er já, þá er ég mjög sáttur við það en sé ekki ástæðu til að vera með þessa eyrnamerkingu á fjármagninu.

Ég minni að lokum á, herra forseti, að því miður eru fleiri þröskuldar í samgöngumálum og vegasamgöngum sem eru alveg hliðstæðir við þann vanda sem á að leysa með jarðgangagerðinni sem þarf líka að ráðast í. Mönnum þykir alveg jafnlangt að bíða eftir því að vegir þeirra séu byggðir upp þannig að þeir séu heilsársvegir hvort sem heldur er á norðausturhorni landsins eða t.d. á suðursvæði Vestfjarða. Ég tel að það sem vantar á að þessum hlutum sé nógu vel fylgt eftir sé að gera sambærilegt stórátak í að taka út þá þröskulda sem eftir standa af því tagi. Vissulega hefur þar miðað ákveðið með því viðbótarfjármagni sem samkomulag varð um að leggja í þessi mál með tillögu byggðanefndar þingflokkanna í tengslum við kjördæmabreytingu en það þarf að gera betur. Vonandi getur sérstök áætlun um að rjúfa einangrun byggðarlaga af því tagi einnig litið dagsins ljós.

[01:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt vegna ræðu hv. þm. að vekja athygli á því að ekki fer á milli mála að gert er ráð fyrir mjög miklum fjármunum til vegagerðar á því áætlunartímabili sem vegáætlun nær yfir. Hins vegar vegna orða hv. þm. vil ég vekja sérstaka athygli á því að við gerum ráð fyrir fjármunum í jarðgangaáætlun vegna sölu ríkiseigna. Gert er ráð fyrir því að nýta þá fjármuni og ég held að það gæti ekki verið verra og gæti kannski leitt til þess að aukinn stuðningur yrði við slíka eignasölu úr óvæntum áttum ef menn eru sérstakir áhugamenn um sérstakar tilteknar framkvæmdir eins og framkvæmdir í jarðgöngum. Ég hlýt að vekja athygli á þessu. Það eru áform og vilji ríkisstjórnarinnar að standa þannig að málum að nýta fjármuni vegna eignasölu sérstaklega í þessi mikilvægu framfaramál eins og framkvæmdir við jarðgöng.

[01:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að auknu fjármagni verði varið til samgönguframkvæmda og tek undir að það má til sanns vegar færa að til stendur samkvæmt áætlunum og þessari viðbótaráætlun að verja þarna talsverðu fé og það er vel. En ég segi líka og á móti: Þörfin er sífellt að vaxa vegna þess að þær samgöngur sem þóttu boðlegar fyrir fimm eða tíu árum þykja það ekki í dag og þær eru það ekki í dag.

Ef landsmenn eiga allir að geta verið fullgildir þátttakendur í nútímasamfélagi verða þeir að hafa aðgang að greiðum og góðum samgöngum, allir í víðtækustu merkingu þess orðs. Það tekur til vegasamgangna, það tekur til fjarskipta og það tekur til allra þeirra hluta sem eru nauðsynlegir til að menn geti verið fullgildir þátttakendur í þjóðfélagi sínu án tillits til búsetu eða þá hluta eins og kynferðis, aldurs o.s.frv.

Um fjármögnunina segi ég aftur að það eru bókhaldsæfingar að eyrnamerkja sérstakar tilteknar krónur sem í ríkiskassanum eru því að þær hafi komið þangað fyrir sölu ríkiseigna og skuli fara í eitthvað annað. Hver þekkir nú krónurnar sem koma inn fyrir virðisaukaskatt eða fyrir sölu á Fjárfestingarbankanum o.s.frv.?

Ég held að við eigum að nálgast þetta frá öðrum sjónarhóli og segja: Eru þetta skynsamlegar framkvæmdir? Ef

svarið er já, þá er það gott. Höfum við efni á því að ráðast í þær? Ef svarið er já, þá er það enn þá betra og það eigi að ráða niðurstöðunni. Ég fullyrði að þetta eru skynsamlegar framkvæmdir og Ísland hefur efni á því að ráðast í þær. Það þarf ekki að vera með gulrótarupphengingar af því tagi sem í raun hér er verið að gera. (**ÖJ:** Og er skynsamlegt að selja ríkiseignir?)

Að síðustu ætlaði ég einmitt að segja það. Ég verð ekki keyptur til einhverrar einkavæðingar t.d. mikilvægra almannaþjónustufyrirtækja, sem ég er af grundvallarpólitískum ástæðum andvígur, með æfingum af þessu tagi. Ég er ekki til sölu í þeim efnum og þó að ég sé mikill stuðningsmaður þessara framkvæmda felst í því engin skuldbinding til að styðja fyrirhugaða einkavæðingu hæstv. ríkisstjórnar.

[01:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg nauðsynlegt að undirstrika það og árétta að ekki eru í gangi neinar bókhaldsæfingar heldur einfaldlega áform um að nýta fjármuni sem koma til vegna sölu ríkiseigna til framkvæmda á sviði samgöngumála. Þetta hefur margoft komið fram af hálfu talsmanna ríkisstjórnarinnar. Við gerum ráð fyrir því að geta komið af stað framkvæmdum við jarðgangagerð, m.a. vegna þess að ríkissjóður getur og hefur verið að koma eignum í verð. Ég ítreka það og endurtek að ég trúi ekki öðru en hv. þingmenn geti verið okkur sammála um að það sé skynsamleg ráðstöfun á eignum ríkisins að ganga í framkvæmdir sem eru mjög arðsamar og skipta byggðaþróun í landinu mjög miklu máli.

[01:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka aftur þá afstöðu mína að mér finnst það ljóður á góðu máli að vera með þessa tengingu þarna og ég spyr þá um framkvæmdina í þessum efnum. Á að stofna sérsjóð eða á að láta einhverja tiltekna eignasölu ríkisins renna í Vegasjóð? Það stendur í tillögunni að þetta eigi að vera fjármunir úr ríkissjóði og þá sé ég ekki hvernig á að halda krónunum aðskildum. Á kannski að lita þær krónur bláar eða rauðar sem koma inn fyrir einhverja tiltekna eignasölu þannig að þær þekkist í kassanum hjá hæstv. fjmrh. Geir H. Haarde? Hvers konar æfingar eru þetta?

Ef menn eru að hengja einkavæðingu, t.d. umdeilda einkavæðingu einhverra stofnana ríkisins, ég tala ekki um ef það væri sala á fyrirtækjum sem væru í almannaþjónustu eða velferðarkerfinu, eru menn þá að kaupa sér einhverja syndaaflausn gagnvart því? Ætla menn að styðja út á það einhverja mjög umdeilanlega einkavæðingu sem þeir eru með böggum hildar yfir og finnst mönnum þá góður svipur á því? Er það samkomulagið að Framsfl. geti gengið með höfuðið á réttum stað þegar kemur að einhverri tiltekinni einkavæðingu af því að hann geti farið út um landið og sagt við kjósendur sína: Já, en þetta er nú svo gott af því að peningarnir fara í jarðgöng? Mér finnst þetta heldur rislágur málflutningur og framsetning mála. Þetta eru algerlega aðskilin og óskyld mál hvaða rekstur er á vegum ríkisins, hvaða þjónustu það ber ábyrgð á, hvaða stofnanir og fyrirtæki eru í eigu ríkisins o.s.frv. Þetta er spurning um grundvallarpólitískar ákvarðanir og afstöðu.

Hér erum við að ræða um samgöngumál. Ég fullyrði að við höfum efni á að ráðast í slíkar framkvæmdir og fjármagna þær með almennum aðferðum eftir atvikum með mörkuðum tekjum til samgöngumála eða með fjármunum úr ríkissjóði sem nú er rekinn með myndarlegum afgangi. Mér finnst miður að inn í þetta ágæta mál sé þessum hlutum blandað.

[01:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ekki verður haldið áfram andsvörum enda er þeim tíma lokið. Ég vil nýta mér seinni ræðutíma minn til að ljúka þeim parti ræðunnar sem ég kom ekki að í fyrri umferð og gæti það væntanlega orðið til að auðvelda þeim sem eiga eftir að tala að koma enn frekar inn í málið.

Vegna þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði um fjármögnun liggur það vonandi fyrir að vegna eignasölu, sem hefur nú þegar farið fram, skapar það rýmri stöðu fyrir ríkissjóð að geta ráðist í þær framkvæmdir sem við erum að ræða um, þ.e. jarðgöng. Auðvitað kemur það fjármagn úr ríkissjóði sem þarf til að framkvæma í vegagerð hvort sem um er að ræða vegi eða jarðgöng. Nauðsynlegt er að það komi fram. En eignasalan auðveldar okkur framgang málsins. Það er mergurinn málsins.

Ég hafði í fyrri ræðu minni farið nokkuð yfir áformin hvað varðar göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar en þar er gert ráð fyrir að hefja rannsóknir strax í ár eins og um jarðgöngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Í framhaldi af þeim verður síðan unnið að hönnun og útboðsgögnum þannig að verktilhögun verði sem hagkvæmust en um er að ræða stórt og flókið verkefni þar sem eru göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Töluverð vinna verður t.d. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Gróflega má áætla að undirbúningur framkvæmda kosti um 200 millj. kr. sem er inni í heildarkostnaðaráætlun fyrir verkið. Dýrasti hluti undirbúningsins eru kjarnaboranir sem verða sérstaklega flóknar þar eð engin vegtenging er til Héðinsfjarðar.

Í þáltill. er gert ráð fyrir að rannsóknir og annar undirbúningur fyrir göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar standi yfir í ár og á næsta ári. Ákvörðun um útboð þessara verkefna og í hvort þeirra verður ráðist fyrst eða hvort þau verði unnin samhliða verður tekin þegar rannsóknir eru komnar á góðan rekspöl eins og áður var nefnt. Nokkuð erfitt er að meta nákvæmlega þann sparnað sem hlýst af því að bjóða út saman nokkur göng sem unnin eru samfellt hver á eftir öðrum eða jafnvel samhliða í stað þess að bjóða út hver göng fyrir sig. Sparnaðurinn felst aðallega í betri nýtingu og þar af leiðandi minni kostnaði við mannahald, tækjakost og ýmsan búnað og aðstöðu verktaka. Auk þessa væri öll áætlanagerð, fjárfestingar og þjálfun mannskaps verktaka mun markvissari ef um stórt útboð væri að ræða sem ætti einnig að skila sér í lægri einingarverðum.

Fyrir verkkaupann mundi stór útboðspakki kalla á langtímafjármögnun með meiri festu í áætlanagerð og hugsanlega meiri hagkvæmni. Kostnaður verkkaupa við undirbúningsrannsóknir, hönnun útboða og framkvæmdaeftirlit ætti að vera lægri við stórar einingar vegna betri nýtingar á mannskap og tækjum. Að mati Vegagerðarinnar má áætla lauslega að heildarsparnaður við útboð á stórum framkvæmdaeiningum sé á bilinu 5–10% og þó líklega nær lægri tölunni. Fyrir þau tvö verkefni sem lagt er til að verði fyrst í röðinni gæti sparnaður því numið 400–600 millj. kr. Það er því eftir miklu að sækjast að ná sem hagkvæmustum áföngum.

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að hefja rannsóknir á jarðgöngum á Vestfjörðum og Austurlandi árið 2002 þegar framkvæmdir hefjast við göngin til Siglufjarðar og

Reyðarfjarðar. Áætlun gerir ráð fyrir um 50 millj. á ári til rannsókna á árinu 2002, 2003 og 2004. Um er að ræða rannsóknir á göngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem eru í forgangshópi í tillögum Vegagerðarinnar og síðan ný göng milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar í stað Oddskarðsganga og hugmyndir um göng milli Héraðs og Vopnafjarðar. Þeir sem þekkja til aðstæðna á Vestfjörðum vita að göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar ásamt með endurbótum á vegi fyrir Dynjandisheiði eru forsenda fyrir heilsársvegi milli Ísafjarðar og Vesturbyggðar. Í dag er Vesturbyggð og Tálknafjörður án vegtengingar a.m.k. fimm mánuði á ári þegar vegir eru ófærir vegna snjóa svo sem nú er. Jarðgöng úr Dýrafirði munu því rjúfa vetrareinangrun þeirra byggða og auka til muna hagkvæmni útgerðar og fiskvinnslu í þorpunum og skapa nýja möguleika í ferðaþjónustu á svæðinu eins og á raunar við um alla þessa staði þar sem verið er að bæta samgöngur.

Ný göng til Neskaupstaðar með betri vegi milli byggðanna innan Fjarðabyggðar mun auðvitað breyta miklu fyrir Miðausturland og færa byggðina mikið saman frá því sem nú er. Því er gert ráð fyrir rannsóknum sem gætu leitt til framkvæmda þegar fram líða stundir.

Með nýjum vegi um Hárekksstaðaleið, sem unnið er að, og með nýjum vegi um Hofsárdal verður mikil bót á vegtengingu til Vopnafjarðar. Engu að síður er talið mikilvægt að huga að göngum af Héraði til Vopnafjarðar og gerir áætlunin ráð fyrir að rannsóknir fari fram á gangastæði sem kæmi til skoðunar í framtíðinni.

Meginröksemdir fyrir gerð næstu jarðganga samkvæmt þessari þáltill. eru efling viðkomandi byggða með betri vegtengingum. Þau eiga að leysa varanlega ýmsa flöskuhálsa á vegakerfi landsins. Göngin eiga að stækka atvinnu- og þjónustusvæði mikilvægra byggðakjarna á landsbyggðinni, þ.e. á Miðausturlandi og Eyjafjarðarsvæðinu. Þau munu stytta vegalengdir verulega og í báðum tilfellum þarf að fjárfesta í vegabótum sem nýtist lítið ef jarðgöng koma síðar. Heildarniðurstaðan verður sterkari byggð utan höfuðborgarinnar og viðspyrna við fólksflutningum milli landshluta. Aðgerðir sem stuðla að jafnvægi í þróun byggðar eru öllum landsmönnum til hagsbóta.

[01:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en ég vil þakka ráðherra fyrir hversu vasklega hann hefur gengið fram í því að fylgja eftir þeirri þál. sem samþykkt var 11. mars 1999 um langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi.

Það er lofsvert og mjög mikilvægt að þessi áætlun liggi nú fyrir þegar við fjöllum um vegáætlun í þinginu og í samgn. Ég vil aðeins rifja upp að upphafið að þeirri þál., um langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi, sem vísað er til við þá áætlun sem hér er lögð fram, er tillaga sem við þingmenn Sjálfstfl. á Austurlandi lögðum fram í desember 1998 um jarðgöng á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Þar gerðum við reyndar ráð fyrir að ekki yrði hafist handa við jarðgöng fyrr en á árinu 2003 að loknum undirbúningi og rannsóknum en í þeirri jarðgangaáætlun sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að framkvæmdir muni hefjast ekki síðar en á árinu 2002. Það er afskaplega mikilvægt að fram komi að gengið er fram af miklum krafti og verður, eins og komið hefur fram, vonandi til þess að við eigum eftir að sjá af alvöru gengið til þess verks að vinna að jarðgöngum á Austurlandi og Norðurlandi eins og þessi áætlun gerir ráð fyrir.

Í umræðunni hefur verið nefnt hvernig á að standa að fjármögnun. Eins og fram kemur í áætluninni verður fjár aflað til þessara framkvæmda með sölu ríkiseigna. Þannig er að tekjum Vegasjóðs er nú þegar ráðstafað í vegáætlun eins og hún liggur fyrir. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að halda því til haga að um er að ræða sérstaka fjármögnun á þessum jarðgangaframkvæmdum og ekki gert ráð fyrir því að fé til þeirra framkvæmda komi af fé sem liggur fyrir í Vegasjóði til framkvæmda á vegáætlun.

Ég vil einnig þakka það að ráðherra hefur bætt inn í þá tillögu sem kom upphaflega frá Vegagerðinni nú í vetur að tekin er inn í áætlunina rannsóknarfé til næstu ganga á Austfjörðum auk rannsókna á jarðgöngum á Vestfjörðum og þetta ber að þakka sérstaklega.

Ég vil enn ítreka að nauðsynlegt er að þessi áætlun liggi fyrir þegar við fjöllum um vegáætlun í samgn. því að af sjálfu leiðir að þegar við gröfum jarðgöng á einhverjum stað sparast vegaframkvæmdir eins og raunin er bæði varðandi jarðgöngin á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og eins jarðgöngin á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar þar sem sparast verulegt fé af vegáætlun og er þá hægt að ráðstafa fé til annarra verkefna. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera nema fyrir liggi ákveðinn vilji til að þessar jarðgangaframkvæmdir verði að veruleika.

[01:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bæta aðeins við þær upplýsingar sem fram komu í ræðu hv. þm. um tilurð málsins og aðdraganda að því svo öllu sé þar til skila haldið og engu gleymt eins og vera ber þegar menn fara í miklar þakkarræður til að veita þeim maklega sem vel hafa staðið sig í þessu verki þær þakkir sem þeir eiga skildar.

Sú langtímaáætlun að jarðgangagerð sem er að líta dagsins ljós er afrakstur verks sem unnið var í framhaldi af samþykkt Alþingis. Eins og fram kemur í greinargerð með þáltill. var það samþykkt á tillögu sem lá fyrir Alþingi, sem lögð var fram af nokkrum þingmönnum Framsfl. undir forustu þáv. hv. þm. Magnúsar Stefánssonar, þ.e. till. til þál. um langtímaáætlunargerð í jarðgangagerð. Sú tillaga var sameinuð annarri sem fyrir lá sem hv. þm. Sjálfstfl. á Austurlandi fluttu um ein jarðgöng. Það þótti viturlegra að gera heildaráætlun en að gera eina áætlun og ályktа sérstaklega um það.

Síðan vil ég segja, bara til að hafa það á sínum stað, að sú ályktun sem hæstv. samgrh. flytur er niðurstaða ríkisstjórnarinnar og er flutt af henni.

[01:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætlaði ég að draga úr þessum sögu-skýringum hv. þm. Þó er rétt að benda á að það var afgreiðslan á 356. máli á 123. löggjafarþingi sem varð niðurstaðan. Útkoman er því þessi. Það er alveg hárrétt að hv. þáv. þm. Magnús Stefánsson og fleiri lögðu fram tillögur um langtímaáætlun í jarðgangagerð eða eitthvað í þá veru sem var reyndar aldrei rædd í þinginu. Þegar málið var afgreitt í samgn. var að sjálfsögðu tekið tillit til annarra tillagna sem lágu fyrir og ekki ætla ég að draga úr því. En málið er að þetta var afgreiðsla á þessari tillögu okkar og ég held að það sé alveg augljóst mál ef menn vilja fletta upp í þingtíðindum að þannig er afgreiðslan á málinu. Við vorum flutningsmenn

að tillögunni og vorum afskaplega sátt við niðurstöðuna. Það var gert í fullu samráði við okkur hvernig tillaga okkar var afgreidd og enginn ágreiningur þar um.

[01:30]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það mál sem hér liggur fyrir er í rauninni framhald af 1. umr. um vegáætlun sem fór hér fram fyrir nokkru og sem fylgdi jarðgangaskýrslu Vegagerðarinnar. Við þá umræðu gerði ég m.a. fyrirvara um þær hugmyndir sem þar komu fram og fannst hlutur Austurlands nokkuð rýr í þeim hugmyndum. Ég tel að þær breytingar sem lagðar hafa verið fram í þeirri áætlun sem nú liggur fyrir séu afar mikilvægar og afar mikilvæg skilaboð um að tvenn jarðgöng til viðbótar á Austurlandi hafi verið tekin út fyrir sviga og fái nokkra sérstöðu með því að þarna er veitt fé til rannsókna þeirra.

Þessar framkvæmdir eru mjög mikilvægar. Þau jarðgöng sem ákveðin eru milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar stytta leiðir á miðsvæði Austurlands og eru mikilvæg að því leyti og spara einnig framkvæmdir í vegagerð á því svæði og tvenn jarðgöng sem nefnd eru í jarðgangaáætluninni miða einnig að því að þétta byggð á Austurlandi og stækka atvinnusvæði.

Ég ætla ekki að hafa ýkjamörg orð um þetta mál núna og halda mig eingöngu við jarðgangagerðina. Vegáætlun er í umræðu í samgn. og ég hef tækifæri til að taka þátt í þeirri umræðu þar ásamt því að ég hef tækifæri til að fjalla um þetta mál þegar það berst til samgn.

Ég tel það til bóta að hafa endurskoðunarákvæði í áætluninni og endurskoða þetta mál árið 2004. Ég legg afar mikið upp úr því að rannsóknum sé hraðað og á þessu ári fer verulegt fé í rannsóknir. Ég er reyndar sannfærður um það, þó að ég ætli ekki að fara að spá um hvernig þær rannsóknir koma út á Austurlandi, að aðstæður til jarðgangagerðar milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eru afar góðar og það er í rauninni mjög mikil eftirvænting að fá að fylgjast með því þegar alvörujarðgangagerð hefst í austfirsku bergi vegna þess að þau jarðgöng sem gerð voru á sínum tíma í Oddsskarði voru gerð af vanefnum að vissu leyti því að þau lágu svo ofarlega í fjallinu í erfiðu landi, en það er mikill munur á þegar nútímatækni er notuð og jarðgangagerð hefur fleygt fram hér á landi. Það er mikil eftirvænting í mínum huga að þessar framkvæmdir hefjist sem fyrst á Austurlandi.

Jarðgangaáætlun, af því að hún hefur borist í tal, er auðvitað tæki til að samræma sjónarmiðin í landinu í þessum málum. Það var auðvitað alveg ljóst að samræma þurfti þau sjónarmið og væntingar sem voru m.a. á Norðurlandi í jarðgangagerð og ég held að þetta hafi verið farsæl lending í því efni og ég vona að þessar framkvæmdir gangi vel fyrir sig á næstu árum.

Það er eitt sem ég vil koma inn á í þessu sambandi þó að það sé hliðarspor við jarðgöngin. Ég legg mikla áherslu á það meðan þessar framkvæmdir eru í gangi og á þeim biðtíma þar til þær eru komnar í gagnið, að vetrarþjónustan á þeim fjallvegum sem verða í notkun um langa hríð enn þá verði bætt. Það á t.d. við um veginn yfir Hellisheiði til Vopnafjarðar þar sem er aðeins um klukkutíma keyrsla frá Egilsstöðum til Vopnafjarðar um þann veg, að vetrarþjónustan á honum sé aukin. Það eru miklar samgöngubætur í því fólgnar svo að nefnt sé dæmi. Auk þess eru margir fleiri fjallvegir, fjöldamargir á Austurlandi og annars staðar þar sem bæta má samgöngur mjög mikið með bættri vetrarþjónustu og það er þannig með snjómoksturinn að hann er hlutfallslega ódýrari eftir því sem mokað er oftar. Það hefur reynsla síðustu ára sýnt.

Aðeins að lokum um bókhaldsæfingarnar án þess að ég ætli að fara að gefa nokkrar skuldbindingar um einkavæðingu eða fara að lýsa yfir stuðningi við eitt eða annað í þeim efnum, þá finnst mér náttúrlega alveg grundvallarmunur á því hvort ráðist er í fjárfestingar á vegum ríkisins fyrir fjármagn sem er tilkomið af því að eignir eru seldar eða hvort við ráðumst í framkvæmdir upp á 10 milljarða kr. með því að leggja á nýja skatta eða hækka bensínið. Þó að þetta fé komi úr ríkissjóði verður einhvers staðar að taka það og mér finnst það bara hið besta mál að geta notað fé sem er tilkomið vegna þess að menn hafa losað um eignir. Með því er ég ekkert að segja (**ÖJ:** Selja Skjöldu gömlu?) eða gefa neinar yfirlýsingar um stuðning við einhver ákveðin einkavæðingarverkefni, en hins vegar er það algengt í rekstri að menn losa um eignir og fjárfesta upp á nýtt og það er bara hið ágætasta mál mundi ég segja og ég mótmæli hinni gamaldags hagfræði sem kemur fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e.

[01:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisverð yfirlýsing á sinn hátt frá formanni fjárln. og ræðumanni fyrir hönd Framsfl. í þessari umræðu þótt skilja mætti á næstsíðasta ræðumanni að Framsfl. ætti ekki merkilega aðild að þessu máli, en látum það nú vera.

Ég fagna því að formaður fjárln. gefur þá yfirlýsingu og vonandi fyrir hönd Framsfl. að hér sé ekki á ferðinni samkomulag stjórnarflokkanna um einhverja tiltekna einkavæðingaráfanga sem skulu ganga inn í þetta heldur sé þetta eins konar almenn yfirlýsing, og þá er sem sagt ekki búið að hengja einhverja tiltekna einkavæðingu eða eignasölu beinlínis á þennan klakk (**ArnbS:** Það er eignasala samt.) og málið lítur þá skár út. En eignasala samt já, og gamaldags hagfræði. En bíðum nú aðeins við. Eru eignir ríkisins ekki eignir ríkisins? Eru þær ekki einhvers virði? Ef tekin er eign sem ríkið á og hún seld og fyrir hana fást 5 milljarðar, er þá ekki ríkið 5 milljörðum fátækara? Mynduðu ekki einhverjir þessar eignir? (**Gripið fram í:** Ríkið á jarðgöngin í staðinn.) Mynduðu ekki einhverjir þessar eignir eða hvað? Og er það bókhaldsæfing að líta ekki svo á að þessir peningar hafi komið af himnum ofan? Ég held nefnilega að þetta sé akkúrat ekki gamaldags hagfræði heldur þvert á móti. Mig satt best að segja undrar að jafnglöggur maður og formaður fjárln., sem hefur fengið á sig orð fyrir það að geta gert menn að útlærðum hagfræðingum á korteri, a.m.k. hv. þm. Össur Skarphéðinsson en hann gerir kannski ekki miklar kröfur til þeirra prófgráðna sem hann skartar, en einhvern tíma var þetta nú sagt, skuli fjalla jafnléttúðarfullt, liggur mér við að segja, um þetta eins og hann gerir.

Staðreyndin er auðvitað sú að eignir þjóðarinnar verða ekki seldar frá henni nema einu sinni. Hér mun ekki gilda það sem gilti um hundinn á Ísafirði forðum að hægt sé að selja hann aftur og aftur. Menn eru því að láta verðmæti af höndum sem ríkið á og ætti áfram ef ekki yrði um einkavæðingu að ræða. Þannig eiga menn auðvitað að stilla þessu dæmi upp.

[01:41]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, hagfræðingar á korteri. Það er nú svo með þá sem koma í fjárln. að þeir verða yfirleitt ráðherrar, flokksformenn eða eitthvað þaðan af meira nema formaðurinn. En varðandi eignasölu, auðvitað verða eignir ríkisins ekki seldar nema einu sinni, en hv. þm. segir að ríkið verði þá þeim mun fátækara. Ég tel ekki svo vera ef fjárfest er í góðum verkefnum fyrir þá peninga sem inn koma fyrir sölu ríkiseigna. Það er fjárfest í þessu tilfelli í öðru. Í sumum tilfellum eru skuldir greiddar niður og ég tel það gott mál og ætla ekki að bakka með það.

[01:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það framför í umræðunni að hv. formaður fjárln. viðurkennir að ríkið verði þá þeim eignum sínum fátækara sem það seldi í þessu sambandi. Hér var kallað fram í að það fái jarðgöng á móti. Það er alveg hárrétt, en það mundi fá þau þó að þau væru fjármögnuð á annan hátt en að selja ríkiseignir. Verðmætin eru þarna til staðar eftir sem áður og skipta þarna um hendur og það er það sem ég held að menn eigi að horfast í augu við og viðurkenna.

Ég tel að nálgast eigi þetta mál frá því sjónarhorni að spyrja fyrst hvort þetta séu þarfar og skynsamlegar framkvæmdir, og í öðru lagi hvort þjóðin hafi efni á því að ráðast í þær. Síðan á það að vera algerlega aðskilið mál hvaða grundvallarbreytingar menn eru að framkvæma á verkaskiptingu ríkis og einkaaðila, hvaða eignir ríkisins menn eru að selja o.s.frv. á sama tíma. Þannig vil ég nálgast málin.

Ég vil minna hv. þm. Jón Kristjánsson á eitt ef ég má, herra forseti, og það er að verði þetta upphafið að því að á komandi árum telji menn sig aldrei vera í stöðu til þess að ráðast í neinar brýnar framkvæmdir af hvaða toga sem er nema selja einhverjar ríkiseignir á móti, þá eru menn ekki endilega að lenda út á gæfubraut. Og ætli það gæti ekki orðið svo, ef þetta fordæmi verður gefið, að á komandi árum muni einkavæðingarsinnar segja í hvert skipti sem á að fara að ráðast í einhver stór verkefni einhvers staðar: Já, en skilyrðið er að við seljum eignir ríkisins á móti? Og gæti þá ekki reynst býsna varhugavert að gína við þessu agni á þann hátt sem mér finnst menn vera að gera hér? Sérstaklega er það auðvitað athyglisvert með Framsfl. sem stundum hafði uppi einhverja tilburði til þess að hafa ekki kokgleypt nýfrjálshyggjuna alveg hráa, alveg gersamlega. En það finnst mér í rauninni menn vera að gera með fyrirvaralausri uppáskrift á slíka framsetningu mála þó að ég hafi að vísu heyrt þá veikburða tilburði sem hér voru uppi áðan af hálfu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, að hann væri ekki með þessu búinn að selja sál sína algerlega gagnvart einhverri tiltekinni einkavæðingu.

[01:44]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil endurtaka að þessi framsetning gefur enga vísbendingu um framtíðina í þessum efnum. Það stendur þannig á núna að það er kleift að fjárfesta fyrir sölu ríkiseigna. En ég sé að hv. 3. þm. Norðurl. e. er áhugamaður um að taka þá fjármuni úr ríkissjóði án þessarar tengingar. Það leiðir auðvitað til þess að álykta að hann sé áhugamaður um að hækka bensíngjaldið eða leggja á skatta til þess að framkvæma slík verkefni. Ég held að farsælt verði þegar svona stendur á að fjárfesta fyrir þá peninga sem falla til vegna sölu ríkiseigna, en það gefur enga vísbendingu um að svo verði um alla framtíð. Við verðum ekki alltaf í þessari sölu (Gripið fram í.) og það getur vel verið að búið verði að selja það sem menn ætla sér að selja, hv. þm. Þetta gefur því enga vísbendingu um að svo verði um alla framtíð og að afla þurfi tekna til þessara mála, en það er svona frá þessu gengið nú og ég er samþykkur því.

[01:46]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að fá loks tækifæri til að ræða þessa áætlun á Alþingi en fram til þessa hefur maður varla haft undan að fylgjast með yfirlýsingum og umræðum sem hafa átt sér stað í fjölmiðlum um hugsanleg jarðgöng.

Ljóst er að við erum að ræða áætlun um afskaplega umfangsmiklar samgöngubætur. Þær eiga að kosta þegar upp er staðið á bilinu 9–10 milljarða. Það er því sjálfgefið að nokkuð ítarleg umræða fari fram enda um miklar fjárhæðir að ræða sem koma frá skattborgurum alls staðar að af landinu.

Ef við lítum aðeins á það sem sagt er um þær tvær framkvæmdir sem við erum aðallega að fjalla um núna þá er meginröksemdin með Siglufjarðar–Ólafsfjarðargöngunum sú að verið sé að tengja Siglufjörð betur við byggðirnar við Eyjafjörð þannig að Eyjafjarðarsvæðið í heild verði öflugra mótvægi við höfuðborgarsvæðið og byggð á Norðurlandi styrkist verulega. Leiðin styttist um 45 km, heildarkostnaður er 5,3 milljarðar og arðsemin er rétt um 7%. Sömu röksemdir gilda um Reyðarfjörð–Fáskrúðsfjörð. Það atvinnu- og þjónustusvæði kemur til með að stækka og eflast, stytting milli þéttbýlisstaðanna nemur 30 km, milli Suðurfjarðanna og Reyðarfjarðar 36 km, kostnaður verður rúmlega 3 milljarðar, eflaust þegar upp er staðið nær 4 milljörðum. Arðsemin er áætluð í kringum 5%.

Mér finnst sjálfsagt að draga inn arðbærnina því að hún er hluti af heildardæminu og það virðist oft og tíðum þurfa meiri arðbærni þegar verk eru framkvæmd sunnan lands en annars staðar. Það er því oft erfitt að útskýra það fyrir þeim sem búa á suðvesturhorninu af hverju krafan til arðbærni framkvæmda er stundum meiri hér en annars staðar. Það er ekki sjálfgefið að taka 9 milljarða fyrir utan vegáætlun í verkefni án þess að allar hliðar málsins séu kannaðar en þetta er pólitísk spurning. Hvenær byrja atvinnu-, byggða- og öryggissjónarmið að ná yfirhöndinni? Því er sjálfsagt að við komum hreint fram og segjum: Arðbærnin er ekki eins og best verður á kosið í jarðgangaáætluninni. Hér koma aðrir veigameiri þættir til sögunnar sem við tökum frekar tillit til.

Herra forseti. Ég hef farið vel yfir málið. Ég get ekki verið á móti gerð þeirra jarðganga á Norður- og Austurlandi sem snerta þessa áætlun. Ég tel hins vegar mikilvægt að við viðurkennum að byggja þurfi upp öfluga byggðarkjarna á landsbyggðinni sem ná að vera atvinnu-, þjónustu-, mennta- og menningarlegt mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Öryggissjónarmið koma líka til því að með tilkomu ganganna er t.d. einnig verið að stytta nálægð við flugvelli. Landflutningar hafa einnig aukist og koma til með að aukast enn frekar. Með bættum samgöngum eflast landflutningarnir fyrir utan að betri samgöngur og styttri vegalengdir eru vinsamlegri gagnvart umhverfinu, m.a. vegna minni eldsneytisnotkunar. Þær styðja einnig við ört vaxandi atvinnugrein sem er ferðaþjónustan. Það er því ákveðin framtíðarsýn sem felst í áætluninni.

En eins og það er ákveðin framtíðarsýn í jarðgangaáætluninni verður slík framtíðarsýn að ná til landsins alls og þá ekki síst til þess svæðis þar sem mesta umferðin er og

þunginn oft og tíðum yfirþyrmandi. Ekki þýðir að kippa stórbrotnum samgönguframkvæmdum út fyrir vegáætlun til að leysa byggðavanda ákveðins landshluta án þess að litið sé til byggðavandans sem er á höfuðborgarsvæðinu. Einn helsti byggðavandi sem er á þessu svæði er einmitt umferðaröngþveiti og miklar tafir. Eðli málsins samkvæmt er vandinn mismunandi eftir landsvæðum sem verður þá að taka tillit til. Því er fullkomlega eðlilegt að ræða umferðarvandann á höfuðborgarsvæðinu um leið og jarðgangaáætlunin er rædd. Sú umræða á ekki að vera slitin í sundur. Hér er um 70% af umferðinni en t.d. fara einungis um 15% af vegáætlun til þessa svæðis. Það er auðvitað ekki eðlilegt þrátt fyrir nokkra aukningu á undanförnum árum.

Ég vil því leyfa mér að fagna yfirlýsingu hv. formanns samgn. frá því um helgina að fara eigi í framkvæmdir á suðvesturhorninu samhliða framkvæmdum annars staðar á landinu. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er ljóst að til ársins 2020 eykst umferðin um þetta svæði um 50%. Áætlanir um þróun umferðar og íbúafjölda hafa þó ekki alltaf haldist. Þannig hafa t.d. allar áætlanir um umferð um Vesturlandsveg kolfallið. Umferðin er miklu meiri en gert var ráð fyrir. Helstu ástæðurnar eru Hvalfjarðargöngin og óvenjumikil íbúafjölgun á þessu svæði.

Ég vil í þessu samhengi ítreka tvöföldun Reykjanesbrautar. Tvöfalda þarf Vesturlandsveginn og efla samgöngurnar m.a. í gegnum Garðabæ og Hafnarfjörð suður á Nes. Ef við tökum Vesturlandsveg sem dæmi fara þar nú um 15.000 manns á degi hverjum og við erum ekki að tala um einhverja gígantíska fjárhæð ef sá vegur yrði tvöfaldaður. Ef dýrasta leiðin yrði farin kæmi sú tvöföldun til með að kosta 900 millj., þ.e. dýrasta leiðin, eða um $^{1}/_{10}$ af þeirri fjárhæð sem kostar að gera þau tvenn jarðgöng sem ég hef þegar komið inn á, svo ég tali ekki um arðbærni þeirrar framkvæmdar.

Við þeirri miklu umferð sem er á Vesturlandsveginum þarf að bregðast, ekki sitja hjá þar til í enn meira óefni er komið.

Bent hefur verið á þensluáhrif út af slíkum framkvæmdum á höfuðborgarssvæðinu en það er einfaldlega ekki rétt. Svona vegaframkvæmdir valda ekki þenslu í dag enda engin þensla í jarðvinnugeiranum. Ég vil í því sambandi benda á útboð vegna framkvæmda við Þverárfjall. Þar hljóðaði áætlunin upp á 300 millj. en lægsta tilboðið var í kringum 185 millj. Það segir manni að engin þensla er ríkjandi í þessum geira atvinnulífsins á suðvesturhorninu, síður en svo. Það er því ekkert sem mælir á móti því að við tökum umræðu um þann mikla umferðarvanda sem blasir við á suðvesturhorninu samhliða umræðu um jarðgangaáætlun.

Ég get að mörgu leyti tekið undir þessa áætlun um jarðgöng eins og ég hef þegar greint frá. Þrátt fyrir fremur litla arðsemi vil ég frekar líta til þess að styrkja beri og efla byggðina í landinu á markvissan hátt þannig að áherslur verði lagðar á ákveðna byggðarkjarna, það er mjög jákvætt, og eflingu þeirra sem atvinnu-, þjónustu- og menningarsvæði. Það tel ég að verið sé að gera með þessari jarðgangaáætlun.

Ég get hins vegar með engu móti rætt svo mikilvægar og fjárfrekar samgönguúrbætur nema allt landið sé kannað um leið. Það er óviðunandi að suðvesturhornið sé undanskilið í umræðunni ef hægt er að taka tillit til ákveðinna landsvæða fyrir utan vegáætlun verður að taka það landsvæði með í reikninginn sem er með mesta umferðarþungann, umferðarvandann, umferðaröngþveitið og það er suðvesturhornið. Þar eru vandamál líkt og annars staðar á landinu sem verður að horfast í augu við. Því hefði ég kosið, herra forseti, að sjá víðtækari áætlun um samgönguúrbætur en þá sem við erum að ræða nú á hinu háa Alþingi.

[01:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir mjög málefnalega ræðu og mikilvægt innlegg í umræðuna. Fyrst vil ég nefna að ég tel að þegar við ræðum jarðgangaáætlun þurfum við að skoða sviðið allt. Ég tel að með því að leggja fram jarðgangaáætlun sem síðar verður hluti af vegáætlun séum við að sjálfsögðu að fjalla um samgöngukerfið í heild sinni. Vegna þess sem hv. þm. sagði að hér væri brotið í blað með því að fjalla eingöngu um jarðgangaáætlun sem nær yfir hluta landsins og ekki til höfuðborgarsvæðisins hlýt ég að vekja athygli á því að höfuðborgarsvæðið fékk einmitt þessa meðferð þegar tekin var ákvörðun um að eyrnamerkja höfuðborgarsvæðið sérstaklega inn í vegáætlun þannig að höfuðborgarsvæðið var tekið út fyrir sviga gagnvart landinu að öðru leyti öllu. Höfuðborgarsvæðið fékk því einmitt þá sérstöku meðferð, sérstaka áætlun eins og við erum að fjalla um í jarðgangaáætluninni.

Annað sem ég vildi nefna og vekja athygli á er að þegar við leggjum áherslu á jarðgöng eins og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar erum við einmitt að leggja línur um það sem hv. þm. sagði að styrkja tiltekna byggðakjarna. Ég held að það sé hin rétta leið ef við t.d. lítum á verðmætasköpun í sveitarfélögunum Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík kæmi mér ekki á óvart þótt verðmætasköpun þessara byggðarlaga væri á 10 mánuðum u.þ.b. það sem þessi göng kosta. Við sjáum því hversu mikla þýðingu það hefur að bæta samgöngur á milli þessara byggða til að auka e.t.v. enn frekar á verðmætasköpun á hverja einingu í þessum byggðum.

[01:56]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að vekja athygli á því að jarðgangaáætlun verður væntanlega felld inn í vegáætlun og ef við lítum til framtíðar og þeirrar stóru áætlunar eða skýrslu sem var gefin fyrir þinginu erum við að tala í heildina um 30–40 milljarða. Við erum að tala um stórfelldar fjárhæðir.

Ég ætla ekki að tjá mig sérstaklega um einhverja sérstaka meðferð sem höfuðborgarsvæðið hefur fengið. Ef það er einhver sérstök meðferð sem höfuðborgarsvæðið hefur fengið, þ.e. 15% af heildarfjárhæð til vegamála á vegáætlun, leyfi ég mér að efast um hversu sérstök sú meðferð hefur verið.

[01:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að hlutfallslega er ekki mjög stór hluti sem gengur til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu af heildarvegáætluninni, það er alveg ljóst. Þó held ég að það sé hærra hlutfall en hér var nefnt þegar litið er til framkvæmda til nýbygginga. Ég vil hins vegar taka undir það með hv. þm. að á höfuðborgarsvæðinu, af því að það er nefnt sérstaklega, eru ljóslega mjög mörg og brýn framkvæmdaverkefni. Ég dreg ekkert úr því og ég tel að við þurfum auðvitað að leita leiða til þess að ná fjármunum til þess að hraða þeim framkvæmdum.

Ég held hins vegar að það sé ekki slíkt neyðarástand sem ýmsir tala um í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Hv. þm. hefur ekki gert það eða orðað það þannig en vakið athygli á

því að umferðin eykst mjög mikið og margir bílar fara um tilteknar aðalleiðir á svæðinu en ég held að þær framkvæmdir sem eru í augsýn og eru og verða á áætlun á þessu og næstu árum muni leysa mjög úr þeim vanda sem er sagður vera í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Þar vil ég vekja sérstaka athygli á framkvæmdum við Reykjanesbrautina og á framkvæmdum við Vesturlandsveg þar sem um er að ræða mislæg gatnamót sem tengjast inn á Grafarvogssvæðið. Því er fram undan miklu betri tíð en áður á höfuðborgarsvæðinu.

[01:59]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna orðum hæstv. samgrh. að það sé betri tíð í vændum fyrir þá sem búa á suðvesturhorninu því að vandinn er óneitanlega til staðar. Við erum að tala um 15 þúsund bíla, t.d. á Vesturlandsveginum eins og ég nefndi áðan. Við erum að tala um í Hafnarfirði, á gatnamótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu, 21 þúsund bíla á dag. Þetta er enginn smáræðis fjöldi af bílum. Vandinn er því til staðar og við verðum bara að horfast í augu við hann. Því segi ég að það er fagnaðarefni ef á að flýta þeim framkvæmdum sem koma svæðinu á suðvesturhorninu til góða og verða þeim til bóta.

[02:00]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var yfirgripsmikil og góð ræða sem hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir flutti áðan. Það að efla ákveðinn þéttbýliskjarna er auðvitað af hinu góða og áætlun eins og hér hefur verið lögð fram um jarðgangagerð utan þess sem talað er um í fjárhagsáætlun vegna vegagerðar er nokkuð sem Reykvíkingar, sem búa hér í hinni þéttu byggð, fylgjast með. Ég held að sumir hverjir hafi jafnvel tekið þann pól í hæðina að hér sé um of mikinn forgang að ræða varðandi hina dreifðu byggð.

Ég tek hins vegar heils hugar undir það sem hv. þm. sagði um þennan byggðarkjarna. Einu hjó ég þó eftir sem ég er ekki sammála henni um. Þegar litið er til þeirra vegaframkvæmda sem hafa verið í umræðunni hafa bæði hæstv. núv. og fyrrv. samgrh. talað um að tengja þurfi saman flugvelli, vegi og hafnir. Ég skildi það þá og skil svo enn — leiðréttið mig þá ef ég fer rangt með — að þetta væri gert til að byggja upp ákveðnar hafnir þannig að fækka mundi um einhverjar hafnir. Þetta hefur þegar komið í ljós í sambandi við flugvellina en mér finnst samt vanta verulega á ákveðna og virka áætlunargerð varðandi samtengingu þessara þriggja meginþátta. Í þetta hefur verið veitt fjármagn — jafnvel minna á höfuðborgarsvæðið — á grundvelli þessara þriggja meginþátta. Með tilliti til þess að búið er að leggja niður meginhluta strandflutninga og farið að flytja allt á bílum þarf að horfa á þetta þrennt enn frekar en gert hefur verið. Maður spyr þess vegna sjálfan sig: Hvar eru hafnirnar sem átti jafnvel að loka? Við sjáum flugvellina, hvernig á að tengja þessa þjónustuþætti saman?

[02:03]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004. Þegar vegáætlun var rædd í þinginu fyrir nokkru var ég því miður fjarverandi og tók ekki þátt í umræðunni þar sem þáltill. var kynnt eða var sem fylgigagn með vegáætlun. Ég vil því taka þátt í umræðunni núna.

Það eru breyttar forsendur varðandi jarðgangagerð frá því sem áður var. Áður var verið að rjúfa vetrareinangrun en nú er forsendan sú að stækka atvinnusvæði, tengja þéttbýli og stytta vegalengdir á milli þéttbýlisstaða. Þetta er mikil breyting og kemur fram í þeim tillögum sem hér er lagt til sem forsenda varðandi næstu jarðgöng. Ég vil líka byrja á því að þakka fyrir að þessi þáltill. skuli vera til afgreiðslu því að nauðsynlegt er að samtengja jarðgangaáætlun og vegáætlun og að ætíð sé jarðgangaáætlun fyrir hendi. Eins og kemur fram í tillögunni eru jarðgangaverkefni til síðari skoðunar æðimörg og veitir ekki af að halda sig við efnið ef við ætlum að vinna að vegabótum hjá okkur með vegagerð og jarðgangagerð samkvæmt tillögum Vegagerðarinnar til síðari framkvæmda.

Ég verð að segja að fyrir mig sem Austfirðing urðu það vonbrigði að sjá fyrstu drögin að jarðgangaáætluninni. Þar voru sem fyrstu verkefni tilnefnd þrenn jarðgöng að heildarkostnaði svipað því og var áætlað í þau jarðgöng sem fyrr lágu fyrir á Austurlandi. Það var mikill stórhugur í þeirri áætlun sem hefur verið í gangi og við Austfirðingar töldum að farið yrði í einhverjar svipaðar aðgerðir eftir að Vestfjarðagöngunum lyki. Ég er ekki að gera neinar athugasemdir við þær tillögur sem liggja frammi, þ.e. Reyðarfjörð–Fáskrúðsfjörð, Siglufjörð–Ólafsfjörð og svo milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Ég vil hins vegar lýsa vonbrigðum með að ekki skuli hafa verið meiri metnaður fyrir jarðgöngum á Austurlandi og því fagna ég að sjá þá breytingu að það skuli vera settar inn rannsóknir til undirbúnings jarðganga á Vestfjörðum og Austfjörðum, þ.e. að undirbúa næstu áætlun.

Ég hefði verið ánægðari með að sjá þarna ein göng til viðbótar í þessari fyrstu verkefnaröð og að lengri tími hefði verið áætlaður fyrir þær framkvæmdir þannig að maður hefði séð alveg niðurneglt hvaða göng þetta ættu að vera.

Annað sem ég vil nefna er að sú nýja tilhögun um að rannsaka fyrstu tvenn göngin samhliða og síðan að sjá til þegar liðið er á vinnuna í hvor göngin verði fyrr farið og síðan hugsanlega boðið út í einum pakka. Ég var að vona að miðað við þær breytingar í byggingu álvers á Reyðarfirði og virkjanaframkvæmdum, sem verður líklega frestað um einhvern tíma, hefði verið tekin sú ákvörðun að fyrstu göngin yrðu núna á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar til að koma til móts við Austfirðinga og til þess að vega upp á móti þeim miklu vonbrigðum sem hafa orðið hjá mörgum varðandi þessa frestun. Einnig er þörf á því að gefa Austfirðingum einhverja von um að þar verði framkvæmdir á næstunni sem einhverju munar og jarðgöng væru mjög jákvæð framkvæmd til að styrkja byggðina. Það hefði verið mjög jákvætt að mínu mati að taka þá ákvörðun strax að fyrstu göng yrðu á Austurlandi og sérstaklega með tilliti til þess að eftir því sem mér hefur skilist þá séu rannsóknir nokkuð á veg komnar þar og ekki eins flóknar og á Vestfjörðum og því ætti það ekki að verða erfið ákvörðun að festa þau sem fyrstu göngin.

Þetta er það helsta sem ég vildi koma að en annars þakka ég fyrir að þessi þáltill. skuli liggja frammi. Ég vona að aðrar vegabætur, vegagerð, breikkun brúa og vetrarþjónusta við þjóðvegi landsins verði jafnframt efld enn frekar því að það er ein af meginundirstöðum varðandi búsetu í landinu líka.

[02:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um jarðganga-

áætlun fyrir árin 2000–2004. Ég fagna því að þessi þáltill. er komin fram og jafnframt því að þar hafa verið sett ákveðin mörk og ákveðin verkefni að vinna að og ákveðnir tímasettir áfangar að ná. Ég tel það vera mjög gott að það skuli þá loksins vera komið svo langt.

Ég vil jafnframt láta í ljós þá skoðun mína að það hefði átt að vinna enn hraðar að undirbúningi og gerð jarðgangaáætlunar. Bæði undirbúningur og vinna við jarðgöng hefði átt að vera komin lengra því þörfin er brýn og jafnframt hefur ekki verið staðið í jarðgangaframkvæmdum af hálfu ríkisins núna í nokkur ár. Það er þó gott að þetta er komið á þennan rekspöl og ber að fagna því.

Við bentum á það, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, við afgreiðslu fjárlaga fyrir jól að engu fé væri varið til undirbúnings jarðgangagerðar og töldum það ekki vera í takt við þær áherslur sem bæði við og aðrir virtust hafa í samgöngumálum og ekki síst hvað snerti jarðgangagerð. Sem betur fór er þó að rætast úr nú þannig að nú liggja fyrir með þessari þáltill. tillögur um fjármagn til undirbúnings jarðgangagerðar. Það ber að hvetja eindregið til þess að unnið sé eins hratt og nokkur kostur sé, bæði að undirbúningi framkvæmda sé flýtt og líka reynt að flýta þeim framkvæmdum sem er ákveðið að ráðast í.

Varðandi þær framkvæmdir sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir að séu teknar samhliða, á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, legg ég áherslu á það að skoðun mín er að það eigi að ráðast í framkvæmdir á hvorum jarðgöngunum um sig eins fljótt og hægt er þó svo rannsóknir og undirbúningur geti verið mislangt á veg komin við einstök jarðgöng.

Ég legg líka áherslu á að unnið sé við aðrar samgönguleiðir áfram því það mun taka nokkur ár að koma þessum jarðgöngum á. Ég vil benda á að þó að allt gangi vel eins og við jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar er þó ekki gert ráð fyrir því að þau verði komin í gagnið fyrr en kannski árið 2007. Þar eru þá heil sjö ár. Ég legg því áherslu á að vandlega sé hugað að framkvæmdum við Lágheiðina, við vegarlagningu þar þannig að sá vegur geti þjónað þeim þörfum sem þar þarf að sinna varðandi samgöngur á milli Fljóta og þá reyndar líka Siglufjarðar og Ólafsfjarðar þangað til þessi göng eru komin. Auk þess er vegurinn um Lágheiði mikilvægur að hluta til fyrir aðliggjandi byggðir og einnig fyrir samgöngur á sveðinu. Ég vil því benda á að að öllum þessum samgöngum sé hugað.

Þessi jarðgangaáætlun fer fyrir samgn. og þá verður fjallað ítarlega um hana og fengnar umsagnir og álitsgerðir sem gætu þurft að koma þarna til meðhöndlunar og eðlilegt að jarðgangaáætlun, þó að hún sé sjálfstæð áætlun, sé hluti af heildarsamgöngukerfi landsins og unnin og afgreidd sem slík.

Varðandi samgöngur og samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu getum við tekið undir þau sjónarmið að þar þurfi að bæta samgöngur, það þurfi að tryggja öryggi samgangna eins og kostur er og beri að huga að undirbúningi þeirra. Það eru í sjálfu sér framkvæmdir og verkefni sem eru líka sjálfstæð og á ekki að vera að togast endilega á um við önnur verkefni í samgöngum og vegagerð sem brýn eru heldur að skoða það sem sem hluta af heildarsamgöngubótum.

Ég vil líka minna á nauðsynlega vegagerð aðra en jarðgöng. Víða um sveitir landsins uppfylla vegir engan veginn þær kröfur sem gera þarf til þess að þar sé hægt að halda uppi eðlilegum samgöngum, eðlilegu mannlífi, flutningi á börnum til skóla o.s.frv. og er þá hluti af þeim byggðamálum og styrkingu byggðar sem er einmitt tilgangurinn með vegagerðinni. Ég bendi á vegina á Vestfjörðum og vegina á Norðausturlandi sem enn er mikið óunnið við. Því er nauðsynlegt að líta heildstætt á málin þó svo að ákveðnir áfangar eins og varðandi jarðgöng séu teknir sérstaklega út úr.

Varðandi fjármögnunina verð ég að blanda mér í þá umræðu. Verði fjár aflað sérstaklega í þessu skyni með sölu ríkiseigna er það algerlega rangt að sérstök verkefni eigi að vera eyrnamerkt ákveðinni fjáröflun. Ætlum við að fjármagna öll þessi 21 jarðgöng með sölu ríkiseigna? Það væri fáránlegt að binda þetta þannig. Það er því mikilvægt að menn líti á fjáröflun til verkefnanna heildstætt fyrir hönd ríkissjóðs, herra forseti.

[02:18]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Í upphafi er rétt að fagna því eins og ýmsir hv. þm. hafa gert að enn á ný eru jarðgöng komin á dagskrá í samgöngumálum okkar. Það er full þörf á og þó að fyrr hefði verið.

Ekki er hægt að líta fram hjá því að við höfum því miður tapað of löngum tíma, þeim tíma sem liðið hefur á milli frá því að jarðgangagerð lauk á Vestfjörðum og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir að jarðgangagerð hæfist á Austfjörðum.

Þó er rétt að fagna einnig þeim breytingum sem á hafa orðið frá þeim tillögum sem fyrir voru lagðar þegar umræður áttu sér stað um vegáætlun, þ.e. þeim tillögum sem frá Vegagerðinni komu. Rétt er að fagna því sérstaklega að hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn hefur gert þar verulega bragarbót á. Ég minni á þær athugasemdir sem við þingmenn Austurl. gerðum við þá umræðu varðandi þær tillögur sem komu frá Vegagerðinni. Þess vegna er rétt að fagna því að nú hafa verið tekin tvenn ný göng inn á Austfjörðum sem varið skal fé til rannsókna á á því tímabili sem gert er ráð fyrir að sú jarðgangaáætlun, sem felst í þeirri þáltill. sem við ræðum hér nær yfir, þ.e. á árunum 2000–2004. Ég held einnig að sú leið sem valin var hafi verið á margan hátt skynsamleg, þ.e. að stilla saman þessa jarðgangaáætlun og vegáætlun í stað þess t.d. að lengja tímabil jarðgangaáætlunar. Það er eðlilegt að jarðgangaáætlun verði hluti af vegáætlun og jarðgangaáætlun verði endurskoðuð samhliða vegáætlun.

Einnig er rétt að vekja athygli á því sem hér hefur reyndar komið fram örlítið í umræðunum að vissulega hafa orðið breytingar á varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir á Austurlandi sem auðvelda að sjálfsögðu á margan hátt að fara í jarðgangaframkvæmdir á því svæði vegna þess að hér áður þegar vegáætlun var rædd var bent á að það gæti verið þensluvaldandi á Miðausturlandi að flýta jarðgangagerð á því svæði. Nú bendir ýmislegt til þess að það sé breytt og því hljóta menn að horfa til þess hvort hugsanlegt er að flýta framkvæmdum eystra þannig að draga megi úr þeim vonbrigðum sem hafa vissulega komið upp á því svæði.

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst koma þessu á framfæri en einnig vekja athygli á þeim skondnu orðaskiptum sem hér áttu sér stað á milli stjórnarliða þegar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson kepptust við að fagna og þakka flokksbræðrum fyrir glæsilega framgöngu við jarðgangaáætlun að vekja enn athygli á því að á síðasta kjörtímabili tapaðist verulegur tími. Ég hefði haldið að hv. þm. ættu frekar að hafa hljótt um það hvernig það kjörtímabil allt saman leið án þess að nokkur áætlun væri gerð um

jarðgangagerð þó svo að nokkrir hv. þm. hafi vaknað upp við það að brátt væri kjörtímabilið liðið.

Að sjálfsögðu verður að vekja athygli á því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur af eðlilegum ástæðum fjarvistarsönnun í málinu vegna þess að hann gerðist ekki stjórnarliði fyrr en mjög var liðið á það kjörtímabil.

[02:23]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem liggur fyrir og er verið að ræða, um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004, er mjög metnaðarfull áætlun og að mínu mati eitt af betri þingmálum sem hafa verið lögð fram á hv. Alþingi. Það er vegna þess að ég lít svo á að þessi þáltill. sé um leið byggðatillaga, byggðaáætlun. Hér er lögð til nútímaleg vegagerð, að grafa göng á svæðum sem eru mjög snjóþung og þar sem veður eru vond í stað þess að klöngrast yfir fjöll. Þeir sem ekki eru mjög hrifnir af þessari framkvæmd ættu rétt ímynda sér hvernig aðstæður geta orðið og hvernig það er að lenda í því að sitja fastir uppi á fjöllum í vitlausu veðri.

Því miður hefur töluvert mikil umræða upp á síðkastið snúist annars vegar höfuðborgarbúa og hins vegar landsbyggðarbúa og umræður um þessa jarðgangaáætlun, hafa snúist mjög um það. Það harma ég mjög og það á ekki að stilla málum svo upp að það sé annaðhvort eða með því stilla landsvæðunum upp sem einhverjum andstæðingum. Við þurfum á öflugri og góðri höfuðborg að halda og höfuðborgin þarf á öflugri og góðri landsbyggð að halda. Þess vegna vil ég líka sérstaklega fagna þeirri ræðu sem hv. þm. Þorgerður K. Gunnarsdóttir flutti áðan sem var mjög málefnaleg og hækkaði mjög standardinn hjá þingmönnum Reykn. úr ákveðnum flokki upp á síðkastið. Ég vona að þetta séu síðustu orð úr þeirri átt um málið vegna þess að það er góður endir á umræðunni.

Ég sagði áðan að jarðgangaáætlunin væri viðspyrna gegn byggðaþróun. Við höfum áður rætt þá miklu byggðaröskun og þann þjóðarvanda að 10 þúsund manns hafa flutt af landsbyggð til höfuðborgarsvæðis undanfarin tvö kjörtímabil. Við höfum líka rætt áhyggjur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þá miklu þjóðflutninga þar sem þeir tala um að það sé mjög mikill kostnaður því samfara fyrir sveitarfélögin sjálf að 2.000 manns flytji frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis á ári og nefndar hafa verið tölur, 6–12 milljarðar kr. sem hæstv. forsrh. hefur meira að segja notað. Þau jarðgöng sem við erum að tala um eru í þessum kostnaðarramma, bæði jarðgöngin fyrir vestan, austan og á Miðnorðurlandi.

Hér hefur líka komið fram umræða um að þetta sé tilraun og þetta sé aðgerð réttara sagt til þess að styrkja byggðasvæði. Við sjáum þar fyrir okkur að hægt verður að tengja Eyjafjarðarsvæðið saman og þarna mun myndast 25 þúsund manna sveitarfélag, vil ég vænta að verði, og þetta styrkir allt Eyjafjarðarsvæðið og Skagafjörð. Þetta styrkir alla byggð á Miðnorðurlandi mjög mikið.

Í þeirri áætlun sem hér er lögð fram eru lagðir fram fjármunir strax til þess að hefja rannsóknir á þessu ári og ber að fagna því því það er rétt sem hefur komið fram að nokkuð langur tími hefur liðið milli þess að við höfum verið í jarðgangaframkvæmdum ef frá eru skilin Hvalfjarðargöng, en við þurfum að vinna hratt og vel því að nokkrar rannsóknir eru eftir. Ég vil hins vegar fagna því sem kemur fram eins og ég segi í þessari metnaðarfullu áætlun að hér væri hægt að vinna hratt að rannsóknum og kannski sérstaklega kjarnaborun sem er eftir þannig að bjóða megi verkin út haustið 2001 og hefjast handa af fullum krafti vorið 2002.

Ég hika ekki við að halda því fram að það sé hægt og okkar mikilhæfu og góðu tæknimenn sem vinna að undirbúningi svona verka geti unnið þetta þannig að niðurstöður liggi frammi svona snemma þannig að hefja megi þessar framkvæmdir. Vissulega liggur okkur mjög á og ég vona svo sannarlega, þó að áætlunin geri ráð fyrir að þessum framkvæmdum ljúki árið 2007, að góður verktaki muni bjóða í þennan stóra pakka sem boðinn verður út þarna saman, verktaki sem mun sjá sér hag í því að vinna verkið hraðar og jafnvel gera það þannig þó að fjármögnun verði eins og hér er lagt upp með.

Ég vil svo aðeins í lokin án þess að vera að tefja umræðuna miklu meira segja að sú jarðgagaáætlun sem er loksins komin fram er mjög mikilvæg, eins og ég sagði áðan metnaðarfull áætlun og vil ég líka í lokin þakka þeim sem unnið hafa að jarðgangaáætlun, fulltrúum Vegagerðarinnar fyrir þeirra mikilvæga plagg sem þar er lagt fram, núv. hæstv. samgrh., og fyrrv. samgrh. og núv. forseta Alþingis. Ég átti þess kost sem forseti bæjarstjórnar á Siglufirði að hafa það hlutverk ásamt öðrum bæjarfulltrúum og forsvarsmönnum bæjarfélagsins að tala fyrir þessu máli og fylgja því eftir og alls staðar höfum við í raun og veru mætt miklum velvilja og skilningi sem hér er að koma fram. Þetta er eins og ég segi ákvörðun ríkisstjórnar og ég vænti þess að alþingismenn sem flestir greiði þessari metnaðarfullu tillögu atkvæði sitt og ég ítreka það og segi: Við eigum ekki að stilla þessu upp sem einhverju annaðhvort eða, jarðgöng úti á landsbyggð eða framkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu. Við megum alls ekki gera það. Framkvæmdir í samgöngumálum í harðbýlu landi okkar þurfa alltaf að vera margfalt meiri en gert er.

Herra forseti. Ég á mér þann draum að sjá að 20. maí, sem er dagsetning sem Siglfirðingar hafa ávallt haldið mikið upp á og er sá dagur þegar Siglufjörður fékk kaupstaðarréttindi og verslunarréttindi, gæti orðið dagur sem við mundum fagna þegar göngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verða opnuð. Það kann þó að vera að vorið eða veturinn verði kannski ekki mjög hagstæður til malbikunarframkvæmda inni í göngunum, sem eru yfirleitt síðustu verk, þannig að opnunin og vígsla jarðganga muni dragast, en ekki lengur en til 26. júní árið 2005 að göngin verði vígð. Ég veit ekki hvaða dagsetningu við eigum að nota á göngin fyrir austan en einhverjar góðar dagsetningar eru þar líka. Ég gleymdi reyndar að segja að ósk mín er sú að göngin verði opnuð 26. júní 2005, herra forseti, klukkan fjögur.

[02:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við þá tillögu sem hér liggur fyrir og gildir það raunar um alla ræðumenn sem tekið hafa þátt í umræðunni í kvöld. Það hlýtur að vera mér nokkur léttir sem samgrh. að það skuli vera býsna mikill einhugur um jarðgangaáætlun og þrátt fyrir undarlegar umræður úr ýmsum áttum að undanförnu hefur neikvæð umræða um jarðgangaáætlun ekki komist inn fyrir veggi Alþingis. Fyrir það er ég afskaplega þakklátur og dreg ég nú þá ályktun að það sé ekki eingöngu vegna þess tíma sólarhringsins sem við erum að ræða um þetta nú.

Ég vil endurtaka það að ég er ánægður með undirtektir og viðbrögð. Ég tel að umræður hafi endurspeglað þann vilja þingsins til átaka á sviði vegamála og á sviði jarðganga-

framkvæmda. Ég vænti þess að tillagan hljóti hraða og góða umfjöllun í samgn. og njóti m.a. stuðnings hv. þm. Kristjáns L. Möllers þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, frh. síðari umr.

Þáltill. KPál o.fl., 233. mál. — Þskj. 284, nál. 941 og 969. [02:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi þáltill. sem er til umfjöllunar um notkun íslenskra veðurhugtaka er flutt af sjö þingmönnum Sjálfstfl. með hv. þm. Kristján Pálsson í fararbroddi. Engu að síður er tillagan eins laus við flokkspólitík og veðrið enda fjallar hún um veður og veðurlýsingar eins og áður getur. Markmiðið með tillögunni er að hvetja til þess að íslensk veðurhugtök verði notuð samhliða alþjóðlegu einingakerfi til að lýsa veðurhæð. Því er beint til umhvrh. að fela Veðurstofu Íslands að nota íslensku hugtökin logn, hægur vindur, andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi, stinningskaldi, allhvass vindur, hvassviðri, stormur, rok, ofsaveður og fárviðri eins og við á í veðurlýsingum og veðurspám í ljósvaka- og prentmiðlum samhliða metrum á sekúndu þegar lýst er veðurhæð. Þetta finnst mér hið besta mál og til þess fallið að viðhalda fjölbreytileika íslenskrar tungu jafnframt notkun alþjóðlegra skilgreininga. Ég styð þessa þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tólf ára samfellt grunnnám, fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 380. mál. — Þskj. 637. [02:36]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um 12 ára samfellt grunnnám. Flutningsmenn ásamt mér eru þingmennirnir Helga A. Erlingsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja nú þegar undirbúning þess að tryggja um allt land framboð á samfelldu námi til átján ára aldurs. Námið verði skipulagt þannig að ungt fólk innan sjálfræðisaldurs alls staðar á landinu geti stundað nám daglega frá heimili sínu. Hluti þess verði starfstengdur og þá jafnframt höfð hliðsjón af umhverfi og atvinnu- og menningarlífi viðkomandi byggðarlags. Náminu ljúki formlega með námsgráðu, en endurskoðað verði skipulag annars framhaldsnáms, tæknináms og sérnáms auk háskólanáms með tilliti til þessara breytinga grunnnámsins þannig að tryggð verði eðlileg samfella og tenging við framhaldsnámið í heild."

Með tillögunni fylgir svohljóðandi greinargerð:

Megintilgangur þessarar tillögu er að laga skólakerfið að nútímakröfum um rétt til fjölskyldulífs og fjölskylduábyrgðar. Fólk lítur í auknum mæli og með réttu á samverumöguleika fjölskyldna sem hluta af lífskjörum sínum og þar af leiðandi væri breytt fyrirkomulag þessara mála beint innlegg í jöfnun lífskjara. Viðurkennt er að á aldrinum 15–18 ára taka unglingar út mikinn þroska. Ytra álag er töluvert á þessu aldursskeiði og þá ræðst mjög framtíðargengi unglinga í námi og starfi. Því er mikilvægt að fjölskyldan geti verið sem mest samvistum þennan tíma og unglingarnir þannig fengið nauðsynlegan stuðning. Þessar staðreyndir eru í raun áréttaðar með nýjum sjálfræðislögum, en með þeim hefur heimili og fjölskylda axlað ábyrgð á unglingum að átján ára aldri og því er eðlilegt að skipulag menntunar í landinu taki mið af því.

Jafnframt er ljóst að mikill námskostnaður þeirra sem þurfa að sækja framhaldsnám út fyrir heimabyggð sína er vaxandi vandamál á landsbyggðinni. Þegar einn vetur í framhaldsskóla kostar á bilinu 300–500 þús. kr. fyrir einstakling sem verður að kaupa fæði og húsnæði fullu verði hlýtur það að leiða til þess að unglingar sem koma frá tekjulágum heimilum lendi í verulegum vandræðum með að kosta nám sitt. Slíkt ástand skerðir augljóslega jafnrétti til náms.

Í nokkrum byggðarlögum hafa verið gerðar tilraunir til að koma á framhaldsdeildum, sem hafa verið útibú frá næsta framhaldsskóla, þar sem nemendum hefur gefist kostur á að taka eitt til tvö ár af námi til stúdentsprófs í heimabyggð. Því miður hafa slíkar framhaldsdeildir átt erfitt uppdráttar og flestar þeirra ef ekki allar verið lagðar niður.

Í framhaldi af þessu endurskipulagða samfellda grunnámi kæmi skemmra eða lengra starfsnám, tæknináms og annað sérnám, auk frekari undirbúnings fyrir almennt háskólanám sem gæti hafist fyrr en nú er. Mikilvægt er að koma á slíku framhaldsnámi sem víðast á landinu og að atvinnulífið á hverjum stað taki virkan þátt í menntuninni.

Undirbúningsvinnan mun taka nokkurn tíma, svo og að koma nýju skipulagi til framkvæmda. Því er lögð áhersla á að nú þegar verði leitað allra leiða til að koma á víðtækara framhaldskólanámi heima í byggðunum svo víða sem þess er nokkur kostur.

Annar megintilgangur þess fyrirkomulags náms sem hér er lagt til er að efla og styrkja almenna menntun í landinu öllu og hækka þar með grunnmenntunarstig þjóðarinnar og aðlaga allt skipulag grunnnámsins breyttum þjóðfélagsaðstæðum og auknum framtíðarkröfum sem gerðar eru til starfsmenntunar og tækni- og háskólanáms. Jafnframt er áréttað að gott aðgengi ungs fólks að menntun sem það getur sótt frá heimili sínu er grundvallaratriði við mat á lífsgæðum og lífskjörum. Þá verður að telja líklegt að með þeirri skipan náms sem hér er lögð til hækki hlutfall þeirra sem á þessum aldri ljúka skilgreindu námi. Það unga fólk mun fá sterkari sjálfsmynd og aukið sjálfstraust og vera þá betur í stakk búið til frekara náms og starfa í síbreytilegu þjóðfélagi.

Herra forseti. Ég vona að þessi þáltill. fái góða umfjöllun og verði að lokinni umræðunni vísað til hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 29.–35. og 37.–39. mál.

Fundi slitið kl. 02:42.

98. FUNDUR

miðvikudaginn 12. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun, stjfrv., 198. mál, þskj. 231. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665, nál. 902, 923 og 928, brtt. 929. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 261. mál, þskj. 331, nál. 933, brtt. 934. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 328. mál, þskj. 578, nál. 921, brtt. 922. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 359. mál, þskj. 613, nál. 967, brtt. 968. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268, nál. 789 og 793. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 663, nál. 981, 984 og 987, brtt. 982 og 988. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, þáltill., 233. mál, þskj. 284, nál. 941 og 969. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Kosningar til Alþingis, frv., 522. mál, þskj. 823. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 567. mál, þskj. 869. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Siglingalög, stjfrv., 568. mál, þskj. 870. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 569. mál, þskj. 871. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Bílaleigur, stjfrv., 570. mál, þskj. 872. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Jarðgangaáætlun 2000–2004, stjtill., 571. mál, þskj. 873. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
15. Tólf ára samfellt grunnnám, þáltill., 380. mál, þskj. 637. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá slysavarnadeild kvenna á Akureyri.

Tilkynning um útgáfu Kristni á Íslandi.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Eins og hv. alþingismönnum er kunnugt verður athöfn á vegum Alþingis hér í húsinu kl. 4 síðdegis í tilefni þess að út kemur á vegum Alþingis ritverkið Kristni á Íslandi og til hennar er boðið öllum alþingismönnum. Af þessum sökum mun þingfundi ljúka eigi síðar en stundarfjórðungi fyrir kl. 4 og þingflokksfundir ættu að geta hafist klukkustundu síðar.

Landsvirkjun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (aðild að fjarskiptafyrirtækjum). — Þskj. 231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KPál, PHB*, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack.

nei: SvH.

12 þm. (EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, HÁs, ÍGP, JóhS, KHG, LMR, LB, ÓI, PP, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1009).

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 665, nál. 902, 923 og 928, brtt. 929.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Till. í nál. 923 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 29:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

10 þm. (EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, MF, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, GuðjG, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu er í raun verið að styðja það að fyrirkomulagið sem gildir við veiðar úr norsk/íslenska síldarstofninum haldi áfram. Við í Samfylkingunni erum alfarið á móti þessu fyrirkomulagi og höfum mótmælt harðlega þeim aðferðum sem hafa verið notaðar til þess að koma eignarhaldi á íslensku síldina sem er auðvitað í samræmi við það sem þeir sem vilja viðhalda þessu eignarhaldi á fiskstofnunum hafa verið að reyna að koma á hvað varðar veiðar á

öllum fiski við Ísland. Þess vegna ætlum við að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu um tillögu.

Brtt. 929 *felld* með 35:13 atkv. og sögðu

já: EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, GuðjG, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur nú tillaga þingflokks Samfylkingarinnar um að undið verði ofan af svokölluðu gjafakvótakerfi og að veiðiheimildir verði boðnar út þannig að allir hafi jafnan rétt þegar kemur að aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Sú brtt. sem við nú greiðum atkvæði um og lýtur að úthlutun veiðiréttar í norsk/íslenska síldarstofninum er í samræmi við meginhugmyndir Samfylkingarinnar um jafnræði við aðgang að auðlindinni og að menn eigi ekki að hafa rétt til að selja eða leigja það sem þeir hafa ekki greitt fyrir. Ég er því samþykk þessari tillögu.

1. gr. samþ. með 30:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

nei: ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Tillaga ríkisstjórnarinnar sem nú er til atkvæðagreiðslu gengur út á það að úthluta 90% veiðiréttarins í norsk/íslenska síldarstofninum ókeypis miðað við reynslu þriggja tiltekinna ára og að eftir slíka úthlutun megi viðtakendur síðan selja frá sér allan veiðiréttinn. Þessi tillaga, herra forseti, gengur í þveröfuga átt við það sem Samfylkingin leggur til varðandi aðgang að sameiginlegri auðlind og ráðstöfun veiðiheimilda. Við greiðum því atkvæði gegn þessari tillögu.

2. gr. samþ. með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

nei: ÁSJ, GAK, SvH, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, MF, RG, SighB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, HÁs, ÍGP, JóhS, JB, KolH, LMR, LB, ÓI, PP, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 261. mál (undanþágur). — Þskj. 331, nál. 933, brtt. 934.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Brtt. 934,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 934,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Eftirlit með útlendingum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 578, nál. 921, brtt. 922.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 922,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 922,2 samþ. með 48 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 922,3 (ný 10. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 359. mál (vitnavernd, barnaklám o.fl.). — Þskj. 613, nál. 967, brtt. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 968,1 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

3.–4. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 968,2 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

6.–8. gr. (verða 7.–9. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268, nál. 789 og 793.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er á ferðinni umdeilt lagafrv. og stöndum við sameiginlega að þeirri tillögu að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar, ég og hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Margrét Frímannsdóttir. Við treystum því að reynt verði að ná sátt við samtök launafólks um efni frv. En verði ekki samþykkt á þessu stigi að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar þá munum við að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Till. í nál. 793 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 30:19 atkv.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG, ÞBack.

4 þm. (GE, GÁS, KLM, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GÖ, HÁs, ÍGP, JóhS, JB, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 663, nál. 981, 984 og 987, brtt. 982 og 988.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]

Brtt. 982,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GHall, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er því fylgjandi að bandarískur her hverfi af landinu og höfum við lagt fram tillögur í þinginu um hvernig staðið skuli að þeim brottflutningi og viljum við hefja viðræður um brottflutning hersins. Við munum ekki greiða atkvæði um þennan samning að öðru leyti en því sem snýr að hagsmunum íslenskra sjómanna. Brtt. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar snúa að því og einnig tillaga frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og munum við sitja hjá við frv. í heild sinni en greiða atkvæði með brtt. 982, 983 og 988.

[13:55]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Meginefni þessa frv., að frátöldu ákvæði til brb. II, er að leiða í lög reglur og samninga, framkvæmd, sem þegar hefur skapast venja fyrir og hefur verið samið um. Við í Samfylkingunni höfum ekki gert neinn ágreining við hæstv. ríkisstjórn um efni málsins að öðru leyti en bráðabirgðaákvæði II, en teljum ekki ástæðu til þess að setja nein sérstök lög um hluti sem eru helgaðir af venju eða samningum og munum því ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni að öðru leyti en kemur fram í atkvæðagreiðslu á eftir um tvo tiltekna efnisþætti í þessu frv.

1. gr., a–j-liðir, svo breytt, samþ. með 27:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

nei: GHall.

19 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GuðjG, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 983 kölluð aftur.

1. gr., k-liður, samþ. með 28:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

nei: EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, PHB, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GHall, HÁs, IP, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:57]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi stafliður fjallar um það að gera miklu strangari kröfur til þeirra fyrirtækja íslenskra sem eiga að taka þátt í forvali vegna varnarliðsframkvæmda en til nokkurra annarra íslenskra fyrirtækja. Það er ekki nóg að þau séu skráð á Íslandi, ekki nóg að þau greiði skatta og skyldur á Íslandi, ekki nóg að þau lúti almennum íslenskum lögum heldur eru gerðar sérstakar og miklu strangari kröfur til slíkra fyrirtækja. Mér þykir þetta óeðlilegt í því frjálsa samkeppnisumhverfi sem við þykjumst lifa í og greiði því atkvæði gegn þessum staflið.

1. gr., l–o-liðir, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

15 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GÁS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GAK, GHall, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GHall, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 982,2 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GHall, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GÖ, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 982,3 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

17 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 982,4 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, KPál, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, KolH, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 988 felld með 27:18 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

2 þm. (GHall, PHB) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:02]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ákvæði til brb. II í þessu frv. fjallar efnislega um að grípa inn í samningaferli í miðjum klíðum og setja forsendur fyrir forvali verktaka sem ekki voru fyrir hendi þegar til samninga var gengið og koma þannig í veg fyrir að hægt sé að framlengja gerða samninga þó svo ákvæði séu í samningum undirrituð af báðum aðilum fyrir því að framlagningarheimild sé fyrir hendi. Þetta nær ekki nokkurri átt.

Breytingartillaga sú sem hér er verið að greiða atkvæði um er eingöngu á þá leið að mönnum skuli gefast einhver frestur til þess að aðlaga sig að hinum nýju kröfum áður en gengið verður á rétt þeirra. Verði sú tillaga felld munum við greiða atkvæði gegn bráðabirgðaákvæðinu í heild sinni.

Brtt. 982,5 (nýtt ákvæði til brb. II) samþ. með 26:13 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

nei: EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ.

7 þm. (ÁSJ, GHall, JB, KolH, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. DO, 522. mál (heildarlög). — Þskj. 823.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. með 41:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VH, VE, VÞV, ÞKG.

nei: ÁSJ, GuðjG, JÁ, JB, KolH, SJóh, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Rannsókn sjóslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 869.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Siglingalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 568. mál (sjóþróf). — Þskj. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 569. mál (undanþágur). — Þskj. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Bílaleigur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 570. mál. — Þskj. 872.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Jarðgangaáætlun 2000–2004, frh. fyrri umr.

Stjtill., 571. mál. — Þskj. 873.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Tólf ára samfellt grunnnám, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB o.fl., 380. mál. — Þskj. 637.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Notkun íslenskra veðurhugtaka hjá Veðurstofu Íslands, frh. síðari umr.

Þáltill. KPál o.fl., 233. mál. — Þskj. 284, nál. 941 og 969.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Tillgr. samþ. með 22:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, JB, KF, KPál, MF, SvH, TIO, VH, VÞV, ÖJ.

nei: ÁMöl, GÖ, HjálmJ, IP, JÁ, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÞBack.

6 þm. (GÁS, HjÁ, PHB, SAÞ, SP, ÞKG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EMS, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja þessa atkvæðaskýringu á því að gera athugasemd við afgreiðslu þessa máls því að eins og kunnugt er var þetta mál á dagskrá um miðjan dag í gær. Umræðan var ekki kláruð og þegar það var tekið út af dagskrá voru a.m.k. fjórir á mælendaskrá. Síðan var málinu kippt á dagskrá, ég vil meina án fyrirvara í nótt eða þegar klukkan var um það bil 3 og ég var ein af þeim sem var á mælendaskrá. Málinu var kippt á dagskrá og það afgreitt um miðja nótt að þeim fjarverandi sem þó voru á mælendaskránni fyrr um daginn.

Ég vil sömuleiðis gera athugasemd við það að þingmannamál af þessu tagi skuli afgreitt úr nefnd með miklum hraða og mikilli harðfylgni hv. varaformanns umhvn. og eftir stendur að Alþingi er að greiða atkvæði um það hvernig Veðurstofu Íslands sé uppálagt að segja veðurfréttir í fjölmiðlum. Ég tel þessa tillögu stangast á við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar þess efnis að auka beri faglegt sjálfstæði stofnana og ég tel hana stangast á við yfirlýsingar hv. flm. í annan tíma um að vinna gegn forræðishyggju. Ég segi, tungunni er borgið þó að þessi tillaga sé felld og segi nei.

[14:11]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hvort vindur er mældur í metrum á sekúndu, með hári á höfði, fingri á lofti eða huglægri orðanotkun einstaklinga, þá breytir það ekki þeirri einföldu staðreynd að vindur mun áfram blása og fólk mun áfram ræða um vind eftir aðstæðum og hugarástandi. Stjórnsýsluaðgerð breytir engu þar um. Ég tel þess vegna að þáltill. sé í raun óþörf. Hitt er svo annað mál hvort ágætt starfsfólk Veðurstofunnar geti tekið þetta brýna vandamál til úrlausnar. Það er mér að meinalausu. Það kann að hafa skemmtanagildi og skerpa tunguna en ég mun ekki greiða tillögunni atkvæði.

[14:12]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Hvar mundi það enda ef Alþingi færi að ályktа um málfar og hugtakanotkun hjá ríkisstofnunum og yfirleitt í þjóðfélaginu í hverju einstaka tilviki ef breytingar verða? Málið hlýtur að hafa frelsi til að þróast og það mun gera það hvað sem Alþingi kemur til með að ályktа. En í trausti þess að Veðurstofa Íslands átti sig á því að þjóðinni er ekki sama um þetta, þá segi ég samt sem áður nei við þessari tillögu.

[14:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi þáltill. er eins laus við flokkspólitík og veðrið, enda fjallar hún um veður og veðurlýsingar. Hún er vel til þess fallin að stuðla að því að viðhalda fjölbreytileika íslenskrar tungu jafnframt notkun alþjóðlegra skilgreininga. Ég styð því þetta mál.

[14:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er ekki verið að skipa einum né neinum fyrir heldur er hér um tilmæli að ræða frá hv. Alþingi um að viðhaldið sé fjölbreytileika íslenskrar tungu. Fram að þessu hefur það verið talið eitt af hlutverkum Alþingis að gæta íslenskrar tungu og varðveislu hennar. Að þessu leyti til erum við ekki að gera neitt meira en fram að þessu hefur verið gert og ég vil ítreka að ekki er verið að skipa neinum fyrir heldur eru þetta tilmæli.

Ég vil einnig benda á að 21 aðili gaf álit á þessu máli, 17 þeirra mæltu með því að tillagan yrði samþykkt. Meiri hluti umhvn. hefur einnig lagt til að tillagan verði samþykkt.

[14:14]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég fæ með engu móti séð að þetta eigi eitthvað skylt við frjálsa þróun um málfar. Þetta er álíka eins og einhver stofnanaþrællinn tæki upp á því að segja 100 sm í staðinn fyrir metra eða 1.000 mm.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. felld með 21:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, JB, KF, KPál, MF, SvH, TIO, VH, VÞV, ÖJ.

nei: ÁJ, ÁMöl, GÖ, HjálmJ, IP, JÁ, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÞBack.

6 þm. (GÁS, HjÁ, PHB, SAÞ, SP, ÞKG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, HÁs, ÍGP, JóhS, LMR, ÓI, PP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er mjög eftirtektarvert að meiri hluti Alþingis hefur lýst vilja sínum til að Veðurstofan hafi í heiðri hin gömlu nöfn um veðurlýsingar eins og hún hefur gert frá dögum Jóns Eyþórssonar. Er það sérstaklega ánægjulegt í ljósi þess að þeir veðurstofumenn bera nafn hans og minningu mjög fyrir brjósti og er tíðrætt um hversu mikill íslenskumaður Jón Eyþórsson var.

Ég hygg að það sé mikill misskilningur sem sumir hv. alþm. halda að það sé ekki hlutverk Ríkisútvarpsins að stunda málrækt. Auðvitað er það hlutverk ríkisins og svo mjög að það er í lögum frá Alþingi að virðing fyrir íslensku máli skuli vera einn af hornsteinunum í þeirri byggingu sem Ríkisútvarpið er. Af þeim sökum segi ég já.

Fundi slitið kl. 14:18.

---

99. FUNDUR

miðvikudaginn 12. apríl,
að loknum 98. fundi.

Dagskrá:

Til iðnaðarráðherra:

1. Vinnuvélanámskeið, fsp. MF, 431. mál, þskj. 701.
2. Húshitunarkostnaður, fsp. EKG, 513. mál, þskj. 812.
3. Starfsgrundvöllur lítilla iðnfyrirtækja á landsbyggðinni, fsp. SJóh, 517. mál, þskj. 816.

Til umhverfisráðherra:

4. Umbúðaúrgangur, fsp. ÖS, 374. mál, þskj. 630.
5. Geysissvæðið í Biskupstungum, fsp. ÍGP, 478. mál, þskj. 758.
6. Flokkun eiturefna, fsp. ÞBack, 496. mál, þskj. 780.
7. Hefting sandfoks, fsp. ÍGP, 602. mál, þskj. 916.
8. Hagavatn á Biskupstungnaafrétti, fsp. ÍGP, 603. mál, þskj. 917.

Til dómsmálaráðherra:

9. Gæsluvarðhaldsvistun barna, fsp. MF, 435. mál, þskj. 705.

Til félagsmálaráðherra:

10. Málefni ungra afbrotamanna, fsp. MF, 436. mál, þskj. 706.

Til samgönguráðherra:

11. Eldsneytisafgreiðsla á Egilsstaðaflugvelli, fsp. ÞBack, 456. mál, þskj. 732.
12. Flutningur eldfimra efna um Hvalfjarðargöng, fsp. GuðjG, 507. mál, þskj. 805.
13. ILO-samþykkt um aðbúnað skipverja, fsp. GHall, 512. mál, þskj. 811.

Vinnuvélanámskeið.

Fsp. MF, 431. mál. — Þskj. 701.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Um árabil voru haldin vinnuvélanámskeið á vegum iðnrn., síðan hjá Fræðslumiðstöð iðnaðarins sem heyrði til ráðuneytisins og hjá Iðntæknistofnun eftir að Fræðslumiðstöðin var sameinuð Iðntæknistofnun sem hefur síðan þá staðið fyrir vinnuvélanámskeiðum sem skiptast í tvo flokka, frumnámskeið sem felur í sér 12 kennslustundir og grunnnámskeið sem eru 80 kennslustundir. Frumnámskeiðin eru haldin af Vinnueftirliti ríkisins, aðrir hafa ekki leyfi til að halda þau. En mér skilst að Vinnueftirlitið sjái sjálft um leyfisveitingar.

Iðntæknistofnun Íslands hefur síðan 1983 staðið fyrir vinnuvélanámskeiðum, svokölluðum grunnnámskeiðum B. Vafalaust hefur það haft eitthvert gildi á sínum tíma að ríkisstofnun sæi um námskeið af þessu tagi og hafi þar með ákveðið frumkvæði í þessum efnum. Nú hafa aðrir aðilar fengið leyfi og haldið þessi vinnuvélanámskeið um allt land og get ég þar nefnt aðra ríkisstofnun, Bændaskólann á Hvanneyri, en einnig einkaaðila eins og Nýja ökuskólann sem fékk leyfi 1995, Ökuskólann á Akureyri 1999 og Ökuskóla Suðurlands í febrúar sl.

Kostnaður við frumnámskeiðin, sem eru 12 kennslustundir, er 9 þúsund kr. eða um 750 kr. á kennslustund, en eins og áður sagði er aðeins einn leyfishafi, ríkisstofnunin Vinnueftirlit ríkisins.

Kostnaður við grunnnámskeið B, sem er 80 kennslustundir, var á árunum 1994–1995 kr. 38 þús. eða 475 kr. á kennslustund. Eftir að Nýi ökuskólinn hóf kennslu 1995 lækkaði verðið niður 34.900 kr. eða 437 kr. á kennslustund.

Nýverið var auglýst námskeið á vegum Ökuskóla Suðurlands á Hvolsvelli fyrir enn lægra verð. Þá bregður svo við að Iðntæknistofnun Íslands auglýsir sams konar námskeið á enn lægra verði en einkaaðilinn. Eins og áður sagði má vera að einhvern tíma hafi verið uppi þær aðstæður að nauðsynlegt væri fyrir ríkið að standa fyrir námskeiðahaldi af þessu tagi en slíkar ástæður eru ekki fyrir hendi í dag. Fráleitt er að stofnun á vegum ríkisins standi í samkeppni við námskeiðahald á vegum einkaaðila en lítil fyrirtæki sem bjóða ekki lakari þjónustu á landsbyggðinni. Þessi samkeppni getur orðið til þess að ganga af þessum fyrirtækjum dauðum. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvaða aðilar hafa leyfi til þess að halda vinnuvélanámskeið:
   a. frumnámskeið,
   b. grunnnámskeið B?
2. Hvaða rök eru fyrir því að slík námskeið séu skipulögð og haldin af stofnunum ríkisins, svo sem Iðntæknistofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Bændaskólanum á Hvanneyri?
3. Telur ráðherra að slíkt námskeiðahald eigi að vera á vegum ríkisins? Ef ekki, mun ráð herra beita sér fyrir breytingum á því?

[14:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Spurt er: Hvaða aðilar hafa leyfi til þess að halda vinnuvélanámskeið, a) frumnámskeið, b) grunnnámskeið B?

Vinnueftirlit ríkisins veitir leyfi til að halda vinnuvélanámskeið. Sú heimild byggir á 49. gr. laga um aðbúnað, hollustuætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, en þau lög heyra undir félmrh. Þar sem þekking og færni í beitingu þessara tækja er hagsmunamál iðnaðarins er e.t.v. ekki óeðlilegt að iðnrh. láti í ljós skoðun sína á málinu.

Í framangreindum lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir í 49. gr., með leyfi forseta:

„Stjórn Vinnueftirlitsins setur reglur um kennslu, þjálfun og próf, er gefi til kynna næga hæfni og þekkingu þeirra aðila, sem óska eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tilteknar vélar, enda sé ekki kveðið á um slík leyfi í öðrum lögum."

Á grundvelli þessa byggja reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, nr. 198/1983, með síðari breytingum nr. 24/1999. Þar kemur fram að náms- og þjálfunarkröfur miðast við stærð og gerðir viðkomandi vinnuvéla og er skilið á milli þriggja flokka sem nefnast frumnámskeið, grunnnámskeið og framhaldsnámskeið. Grunnnámskeið voru upphaflega tekin upp í samvinnu iðnrn. og aðila vinnumarkaðarins, en flutt síðan til Iðntæknistofnunar. Frá 1983 hefur öðrum aðilum einnig verið heimilt að halda slík námskeið, að uppfylltum settum hæfniskröfum.

Frumnámskeið er námskeið í öryggismálum og slysavörnum sem Vinnueftirlitið heldur. Því lýkur með prófi er gefur rétt til verklegrar þjálfunar undir umsjón kennara sem lýkur með verklegu prófi. Frumnámskeið er aðeins haldið af Vinnueftirliti ríkisins og hafa ekki aðrir rétt til þess. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur sóst eftir leyfi til þess að fá að halda frumnámskeið.

Grunnámskeið eru ekki haldin af Vinnueftirlitinu, námskeiðin þurfa aftur á móti að vera viðurkennd af þeim samkvæmt fyrirliggjandi námskrá. Um námsefni og framkvæmd fer eftir ákvörðun verkefnisráðs sem skipað er fulltrúum frá Vinnueftirliti ríkisins, Verkamannasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, þ.e. samtökum atvinnulífsins. Að lokinni þjálfun og prófi öðlast þátttakendur réttindi til að stjórna öllum algengustu vinnuvélum sem eru í almennri notkun.

Réttindi frá Vinnueftirliti ríkisins til að halda grunnnámskeið hafa fimm aðilar, þ.e. Iðntæknistofnun, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, en þau námskeið eru valgrein fyrir nemendur skólans, Nýi ökuskólinn, Klettagörðum Reykjavík, Ökuskólinn á Akureyri og Ökuskóli Suðurlands, Selfossi. Framhaldsnámskeið eru fyrir þá sem æskja réttinda til að stjórna stærstu vinnuvélunum. Slík námskeið hafa ekki verið haldin.

Spurt er: Hvaða rök eru fyrir því að slík námskeið séu skipulögð og haldin af stofnun ríkisins, svo sem Iðntæknistofnun, Vinnueftirliti ríkisins og Bændaskólanum á Hvanneyri?

Meginástæða þess að vinnuvélanámskeið eins og mörg önnur sérhæfð námskeið eru haldin af stofnun ríkisins liggur í þeirri sögulegu staðreynd að á þeim tíma sem þau voru sett á fót var enginn annar sem gat tekið slík verkefni að sér. Auk þess er eðlilegt að Vinnueftirlitið annist frumnámskeiðin um öryggismál og slysavarnir. Þau byggja nær alfarið á þeirri reynslu sem fengist hefur af eftirliti með vinnuvélum og rannsókn vinnuslysa á þeirra vegum. Frumnámskeiðin eru haldin um allt land af starfsmönnum umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins sem eru á níu stöðum á landinu.

Hvað varðar Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri þá er almennt viðurkennt að nauðsynlegt er fyrir verðandi bændur að hafa haldgóða þekkingu á þeim vinnuvélum sem er óaðskiljanlegur þáttur í daglegum búrekstri þeirra. Réttindanámskeið er hluti af viðameira námi á búnaðarnámsbraut.

Fræðslustarf Iðntæknistofnunar stendur á gömlum merg og hefur námsefni fyrir vinnuvélanámskeið verið þar í stöðugri þróun og hafa aðrir sem síðar hafa haslað sér völl á þessu sviði notið mikils gagns af frumherjastarfi Iðntæknistofnunar. Þessi starfsemi Iðntæknistofnunar á enn fullan rétt á sér eins og vikið verður að hér á eftir.

Spurt er: Telur ráðherra að slíkt námskeiðshald eigi að vera á vegum ríkisins? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á því?

Almennt talið verður að telja eðlilegt að stofnanir ríkisins séu ekki í atvinnustarfsemi sem aðilar á hinum almenna vinnumarkaði geta sinnt betur og fyrir minna fé. Því verður að gera þær kröfur til ríkisstofnana að þegar um er að ræða samkeppnisrekstur eða starfsemi sem gæti verið í samkeppni á frjálsum markaði sé slík starfsemi rekin að öllu leyti á jafnréttisgrundvelli og án allrar opinberrar meðgjafar. Iðntæknistofnun sem hefur um árabil haldið grunnnámskeið hefur rækilega gætt þess hin síðari ár að ekkert opinbert fé fari til að greiða niður þessi námskeið.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem hún gaf mér. Ég verð þó að lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum með þau vegna þess að það er staðreynd og það er auðvitað rétt sem hæstv. ráðherra sagði að það eru söguleg tengsl þess að Iðntæknistofnun Íslands standi fyrir vinnuvélanámskeiðum, grunnnámskeiðum B. Í dag eru engar aðrar forsendur til þess og einkaaðilar hafa boðið upp á þessi námskeið, það er ökuskóli fyrir norðan, það er ökuskóli á Suðurlandi og fleiri aðilar en Iðntæknistofnun hefur hreinlega undirboðið þessa einkaaðila. Það eru röng vinnubrögð. Ökuskóli Suðurlands, sem fékk starfsleyfi í febrúar, auglýsti fyrstu námskeið sín á Hvolsvelli og Selfossi og hann var ekki fyrr búinn að auglýsa en Iðntæknistofnun Íslands auglýsti á sama stað námskeið fyrir heldur lægra verð en Ökuskólinn hafði boðið og hafði hann þó lækkað sig frá því sem Iðntæknistofnun áður var. Ég tel þetta óeðlilegt. Það er hefð fyrir því að þessar ríkisstofnanir séu með slíkt námskeiðahald en engin rök eru lengur fyrir því.

Sama gildir í raun og veru að mínu mati um frumnámskeiðið. Það er eðlilegt að Vinnueftirlitið setji reglurnar og ákveði hvaða kröfur eru gerðar til nemenda bæði fyrir og eftir próf en mér finnst fullkomlega óeðlilegt að sama stofnun setji vinnureglurnar, haldi námskeiðin og ákveði prófin, útskrifi nemendurnar og hafi síðan eftirlit með öllu saman á eftir hvernig framgangurinn er og hvernig menn nýta þann árangur sem næst á viðkomandi námskeiðum. Þetta er eitt af því sem hægt er að gera til að ýta styrkum stoðum undir atvinnu á landsbyggðinni þó að í litlum mæli sé, þ.e. að ýta undir að þær stofnanir eða fyrirtæki sem hafa farið af stað falli undir þetta námskeiðahald.

[14:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég lét koma fram áður í máli mínu að sá rekstur sem snýr að þessu námskeiðahaldi er fjárhagslega og stjórnunarlega aðskilinn frá þeim hluta Iðntæknistofnunar sem kalla mætti ríkishluta. Ég tel því að Iðntæknistofnun sé ekki að gera neitt óeðlilegt eða neitt sem getur ekki samrýmst samkeppnislögum og samkeppnisvenjum. Ég tel ekki að það sé landsbyggðarmönnum í hag að Iðntæknistofnun hætti þessari þjónustu meðan hún getur boðið hana á lægra verði en aðrir aðilar. Ég treysti því að þarna sé um aðskilnað að ræða og þess vegna sé Iðntæknistofnun aðeins að sinna skyldum sínum og því hlutverki sem til stofnanirnar hafa verið gerð.

Þetta er meginniðurstaða mín eftir að hafa farið yfir þetta mál en ég er hins vegar alltaf tilbúin að endurskoða hug minn ef nýjar upplýsingar koma fram.

Húshitunarkostnaður.

Fsp. EKG, 513. mál. — Þskj. 812.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Í byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti er kveðið mjög skýrt á um það að jafna skuli húshitunarkostnað í landinu með tilteknum hætti. Í byggðanefnd forsrh., sem svo hefur verið kölluð, í tengslum við breytingar á kjördæmaskipan var enn fremur komist að niðurstöðu varðandi það mál og ályktað um það að húshitunarkostnaður verði lækkaður í jöfnum áföngum á næstu þremur árum þannig að hann verði hvergi meiri en hjá svokölluðum meðaldýrum hitaveitum.

Klárlega var gert ráð fyrir því að þessi lækkun færi fram í jöfnum áföngum á þremur árum og hefði fyrsti áfangi átt að koma til framkvæmda nú í ársbyrjun. Nauðsynlegt er að draga mjög skýrt fram að þessi nefnd lagði á það ofuráherslu í starfi sínu að þær tillögur sem hún væri að móta væru tillögur um tafarlausar aðgerðir. Hér var ekki um að ræða tillögur sem ætlað var að færa til framkvæmda á löngum tíma einfaldlega vegna þess að það var einróma niðurstaða nefndarinnar að ástandið væri svo alvarlegt í byggðum landsins að til þess að hægt væri að finna viðspyrnu til að fara í langtímaaðgerðir sem eru auðvitað nauðsynlegar þá þyrftum við að bregðast mjög hratt við með ákveðnum aðgerðum til að bæta lífskjörin á landsbyggðinni og gera fólki það eftirsóknarvert að búa úti á landi. Þegar maður fer yfir þetta svið er auðvitað ljóst að ýmislegt hefur verið gert í þeim efnum og síst ber að vanþakka það.

Nú liggur fyrir að Alþingi samþykkti við afgreiðslu fjárlaga fjárveitingar sem fólu í sér skuldbindingar í samræmi við það sem ályktað var um í þessari tillögu byggðanefndar hæstv. forsrh. í tengslum við breytingar á kjördæmaskipan sem ríkisstjórnin gerði raunar að sínum og allir þingflokkar sem þá áttu fulltrúa á Alþingi stóðu að. Við fjárlagagerðina var aukið við fjárveitingar úr 600 millj. kr. til niðurgreiðslu á rafhitun í 760 millj. kr. í meðferð fjárlaganefndar Alþingis til að koma til móts við þennan vilja sem hafði komið skýrt fram hjá fulltrúum allra stjórnmálaflokka á Alþingi. Nú er hins vegar þriðjungur ársins liðinn án þess að þetta hafi skilað sér til lækkunar á orkukostnaði úti á landi eins og reiknað var með. Mér er hins vegar kunnugt um að á vegum hæstv. iðnrh. hefur verið skipuð nefnd sem hefur því miður ekki enn komið saman þó að liðið sé á apríl og hlutverk hennar er að móta tiltekna stefnu um framkvæmd í þessum efnum. Ég tel sjálfur að það sé engin spurning um að í fyrsta lagi eigi tafarlaust að afnema það þak sem er núna varðandi niðurgreiðslurnar sem gerir það að verkum að lækkun húshitunarkostnaðar nýtist ekki eins sem eðlilegt væri. Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að leggja fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um húshitunarkostnað:

„1. Hvernig er ætlunin að verja því aukna fé sem veitt er á fjárlögum til niðurgreiðslu á rafhitun?

2. Hvað má ætla að húshitunarkostnaður lækki mikið á þessu ári?

3. Verða mótaðar tillögur um aðgerðir svo að dýrari hitaveitur geti lækkað húshitunarkostnað?“

[14:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í ályktun Alþingis í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 segir m.a. í 12. tölul., með leyfi forseta:

„Áfram verði unnið að því að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis. Verð á orku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði á næstu þremur árum fært til samræmis við meðaldýrar hitaveitur með aukinni þátttöku Landsvirkjunar og ríkissjóðs.“

Við umfjöllun Alþingis um fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var ákveðið að hækka fjárveitingu til niðurgreiðslu á rafmagni til hitunar á íbúðarhúsnæði úr 600 millj. kr. í 760 millj. kr. en ekki voru gerðar ráðstafanir vegna hitaveitna. Reglur um niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar sem eru að stofni til frá 1986 þarf að endurskoða. Frá 1986 hefur hlutur niðurgreiðslna aukist verulega jafnframt því sem orkufyrirtækin veita nú afslátt á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis. Orkufyrirtækin telja að reglurnar séu ekki nægilega skýrar og þær takmarki möguleika sína til að draga úr kostnaði við rekstur og laga gjaldskrár að breyttum aðstæðum. Loks þarf að setja reglur um eftirlit með niðurgreiðslunum.

Það er skoðun ríkisstjórnarinnar að tímabært sé að endurskoða reglurnar. Það stafar af tvennu. Í fyrsta lagi voru reglurnar settar þegar mun minna fjármagni var varið til niðurgreiðslu á rafhitun en nú er gert. Í öðru lagi var með nýrri byggðaáætlun sett fram nýtt stefnumið sem skýra þarf nánar. Til að vanda sem best allan undirbúning málsins hef ég skipað nefnd sem er nú að störfum og er henni ætlað að skila tillögum sínum fyrir 15. júní nk. Helstu verkefni nefndarinnar eru að skilgreina hvað átt er við með meðaldýrri hitaveitu, að meta hvort aðrar leiðir en beinar niðurgreiðslur eru heppilegri til að ná stefnumiði Alþingis einkum vegna þeirra sem búa við erfiðustu aðstæðurnar, að sú leið sem valin verður stuðli að því að orkan verði nýtt með þjóðhagslega hagkvæmum hætti, að fjalla um hvort breyta eigi þaki á niðurgreiðslunum en óvíst er að hækkun þaks eða afnám þess sé heppilegasta aðferðin til að mæta þörfum þeirra sem lakast eru settir og að kanna hvort taka eigi tillit til þess að gjaldskrár veitnanna eru mismunandi.

Nefndinni hefur einnig verið falið að ræða við Landsvirkjun og orkufyrirtækin um frekari þátttöku þeirra í lækkun húshitunarkostnaðar í samræmi við þáltill.

Spurt er: Hvað má ætla að húshitunarkostnaður lækki mikið á þessu ári?

Á þessari stundu er ekki hægt að segja til um það hve mikið húshitunarkostnaður lækkar á þessu ári. Það ræðst

af nokkrum þáttum. Alþingi hefur þegar ákveðið að hækka niðurgreiðslurnar til rafhitunar um 160 millj. kr. eða um tæp 27%. Nefndinni sem ég gat um áðan hefur verið falið að ræða við Landsvirkjun og rafveitur um þátttöku þeirra í lækkun húshitunarkostnaðar. Áhrif af aðgerðum vegna stofnunar nýrra hitaveitna á köldum svæðum hafa ekki verið metin en alls hefur verið ráðstafað rúmlega 100 millj. kr. í þessu skyni til stofnunar þriggja hitaveitna frá því í desember sl.

Loks má nefna að ekki liggur fyrir hvort og þá hvernig tekið verður á vanda dýrari hitaveitna.

Spurt er: Verða mótaðar tillögur um aðgerðir svo að dýrari hitaveitur geti lækkað húshitunarkostnað?

Þegar nefndin sem er að fjalla um niðurgreiðslur á rafhitun íbúðarhúsnæðis hefur lokið störfum mun ráðuneytið kanna hvernig hægt sé að tryggja samkeppnisstöðu hitaveitna þar sem orkuverð yrði að óbreyttu ofan við niðurgreitt rafmagn.

[14:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sérhver niðurgreiðsla eða jöfnun á flutningskostnaði er þjóðhagslega óhagkvæm. Hún skekkir neyslu og hvetur fólk til að kaupa of mikið af dýrum vörum. Þess vegna spyr ég hæstv. iðnrh. hvort hann eða nefnd hans hafi hugleitt að taka upp beingreiðslur til neytenda á köldum svæðum þannig að fólk geti þá einangrað betur eða lækkað hita í híbýlum sínum sem er reyndar heilbrigðismál og jafnvel notað annað eldsneyti eins og rekavið og jafnvel virkjað bæjarlækinn sem gæti orðið samkeppnisfær.

Ég vil enn fremur spyrja hvernig hann hyggist leysa þau félagslegu hlutverk sem Rarik hefur verið falið þegar kemur að því að einkavæða og auka samkeppni í orkugeiranum.

[14:40]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við skulum vona að aðgerðir Alþingis til jöfnunar húshitunarkostnaði á Íslandi snúist ekki um það að við förum að hita híbýli okkar úti á landi með rekavið eins og hv. þm. Pétur Blöndal var að ræða um sem einn möguleika.

Ég þakka hv. þm. Einar K. Guðfinnssyni fyrir að færa þetta inn í þingsali enn einu sinni og minna á loforð fyrrv. hæstv. iðnrh. Finns Ingólfssonar við fjárlagagerð þar sem greinilega kom fram að það ætti að svíkjast undan merkjum. Dýrar hitaveitur áttu ekki að fylgja með eins og tillögur byggðanefndar forsrh. fjölluðu um. Í umræðum um fjárlög lofaði fyrrv. iðnrh. því að þessar tillögur yrðu klárar fyrir lok mars til að taka á vanda dýrra hitaveitna þannig að íbúar Akureyrar, svo dæmi sé tekið, sem búa við dýra húshitun með hitaveitu fái að njóta þessarar niðurgreiðslu sem er og hefur verið en hefur hingað til verið eingöngu til þeirra sem nota rafhitun sem er náttúrlega ekki sanngjarnt.

[14:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa lagt fram þessa fsp. og ráðherra fyrir svörin. Þannig vill til að nefnd sú sem ráðherra hefur skipað á að taka til starfa á morgun. Ég hef verið skipuð í nefndina og það er von mín að nefndin geti starfað fljótt og vel að því að koma með þær tillögur sem þurfa að liggja fyrir til að það fjármagn sem lagt var í niðurgreiðslurnar nýtist. En í III. kafla þál. um stefnu í byggðamálum var þetta lagt til að það yrði aukið við niðurgreiðslur til húshitunar með það að markmiði að hvergi á landinu yrði dýrari húshitunarkostnaður en nú þekkist hjá meðaldýrum hitaveitum.

Í umræðum í fjárln. var jafnframt talað um að leggja niður þetta þak sem við þekkjum núna að er í 30 þús. kwst. Það hlýtur að vera spurning hvort við þurfum endilega að reikna með því að það fólk sem býr úti á landi nýti meiri orku ef verðið lækkar en það sem býr á ódýrari hitaveitusvæðum.

[14:43]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Út af fyrir sig hef ég skilning á því að mótaðar séu nýjar reglur í ljósi þess að við erum að veita mikið meira fjármagn til þessa málaflokks en við höfum gert áður en mér finnst það vera mjög gagnrýnisvert hversu hægt þetta mál hefur gengið.

Það er einfaldlega þannig að það lá fyrir að Alþingi mundi með einhverjum hætti verja meira fjármagni til þessa málaflokks vegna þess að búið var að ákveða það í byggðaáætluninni og það hafði líka verið ákveðið með þeirri byggðatillögu sem hæstv. forsrh. bar upp í ríkisstjórn og ríkisstjórnin samþykkti og allir stjórnmálaflokkar á Alþingi stóðu að. Þess vegna finnst mér að það sé mjög ámælisvert hversu hægt þetta verkefni hefur gengið. Nú liggur fyrir að þessi nýja nefnd á ekki að skila áliti fyrr en um miðjan júní. Hún hefur sárafáa mánuði til að vinna í þessu mikla verki. Hún á að skila áliti um miðjan júní og þá liggur fyrir að ákvarðana getur ekki verið að vænta fyrr en um mitt þetta ár. Það er því alveg ljóst mál að ákvarðanir sem leiða til lækkunar á orkukostnaði munu þá ekki koma til framkvæmda nema bara á hálfu þessu ári sem mér finnst ganga allt of hægt.

Fram kom að hluti af þessu verkefni á að vera að skilgreina þetta hugtak, meðaldýrar hitaveitur. Ég vek athygli á því að fyrirtækið Fjárhitun hf. fór yfir þetta mál í skýrslu í október 1997 og skilgreindi þetta hugtak. Það var þetta hugtak sem Fjarhitun vann sem við gengum út frá í okkar nefndarstörfum, bæði innan Byggðastofnunar og eins við mótun nefndar allra stjórnmálaflokka. Menn voru auðvitað ekkert að ganga að því gruflandi hvað þetta hugtak þýddi. Ég held því að við eigum að geta gengið mjög hratt til verka í þessum efnum.

Ég er alveg sammála því sem hæstv. iðnrh. stingur upp á í erindisbréfi sínu til nefndarinnar að auðvitað á Landsvirkjun í þessum efnum að koma að þessu verki. Það liggur fyrir og kemur fram í nýrri skýrslu sem var dreift til þingmanna núna fyrir nokkrum dögum að meðalverð frá Landsvirkjun til almenningsveitna á öllum þessum áratug hefur ekki lækkað um fimmeyring svo einkennilegt sem það er. Það er hið sama og það var árið 1990 eða þar um bil á sama tíma og verið er að gera miklar arðsemis- og hagræðingarkröfur til fyrirtækja almennt í landinu, þá vekur þetta mikla furðu. Auðvitað er sjálfsagt mál að Landsvirkjun komi af fullum krafti í það að lækka orkukostnaðinn í landinu og bæta þannig lífskjörin.

[14:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Alltaf má deila um hvort brugðist er nægilega fljótt við. Sá ráðherra sem hér stendur hefur haft í ýmsu að snúast. Reyndar féllu þau orð í ríkisstjórn þegar ég kom með málið þar inn að það væri sérstaklega til fyrirmyndar hversu fljótt væri brugðist við þannig að ég tel að þetta sé alveg innan marka þó að auðvitað hefði mátt koma fyrr fram tillaga um nefndarskipan.

Ég vil bara taka undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. þingmönnum, að þetta mál er stórt mál á landsbyggðinni. Hins vegar tel ég alveg nauðsynlegt að fara í ákveðna vinnu til þess að þessu verði betur fyrir komið til framtíðar en hefur verið, ekki síst hvað varðar þetta ákvæði í byggðaáætlun Alþingis um meðaldýrar hitaveitur. Það er ekki skilgreint í dag og þess vegna verður að taka á því. Þar þurfum við að fá viðbótarfjármagn í þennan geira og það vil ég leggja mikla áherslu á vegna þess að í fjárveitingum í ár er einungis gert ráð fyrir niðurgreiðslum vegna rafhitunar þannig að viðbótarfjármagn þarf að fást til þess að taka á vanda dýrra hitaveitna. Þetta hef ég látið koma fram í ríkisstjórn.

Um orð hv. þm. Péturs Blöndals vil ég segja að nefnd hefur verið að störfum sem hefur verið að fara ofan í hugmyndir um að virkja bæjarlækinn. Það er svo sem ekki nýtt mál á Íslandi. Það hefur verið gert í áratugi. En það hefur verið nefnd að störfum sem hefur farið ofan í þá þætti og framtíðarhugmyndir sem mætti hafa í þeim efnum.

Um rekavið er það að segja að hann er nýttur til hitunar húsnæðis á landsbyggðinni. Auðvitað getur hann aldrei verið neitt aðalatriði í þeim efnum en hann getur virkilega verið til þess að skerpa á og spara. Ég veit að margir nota sér það.

Fjárhagsvandi Rariks er mál út af fyrir sig sem ekki verður leyst í þessari umræðu en er að sjálfsögðu mál sem krefst úrlausnar.

Starfsgrundvöllur lítilla iðnfyrirtækja á landsbyggðinni.

Fsp. SJóh, 517. mál. — Þskj. 816.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa verið haldnar miklar ræður um atvinnusköpun á landsbyggðinni og mikil og hástemmd fyrirheit verið gefin. En einhvern veginn er eins og af hálfu hæstv. ríkisstjórnar fylgi lítill hugur máli og a.m.k. lítur það þannig út að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir.

Mig langar að taka dæmi sem sýnir í hnotskurn vinnubrögð sem eru ólíðandi af hálfu ríkisvalds sem í orði kveðnu hefur þá stefnu að stöðva landsbyggðarflóttann og bæta lífskjör þeirra sem búa úti í hinum dreifðu byggðum.

Saumastofan Prýði á Húsavík er eitt af lífseigustu smáiðnfyrirtækjum á Íslandi og hefur verið starfrækt frá árinu 1971. Árið 1997 fékk fyrirtækið styrk vegna átaks til atvinnusköpunar að upphæð 500 þús. kr. til að hanna og markaðssetja vörur úr límí fyrir heilbrigðisstofnanir og í framhaldi af því verkefni frá Þvottahúsi Ríkisspítalanna sem gjörbreytti rekstri saumastofunnar. Hefur fyrirtækið bundið vonir sínar við að framhald yrði á slíkum verkefnum og nýtt útboð yrði á þessu ári.

Nýlega var haft samband við fyrirtækið og það beðið að faxa í snatri tilboð í 3.000 sett af starfsmannafatnaði því þarna væri um könnun að ræða. Niðurstaðan af þessu óformlega útboði var sú að lægsta tilboðið barst frá aðila sem hyggst láta sauma fatnaðinn í Litháen og ríkið hyggst spara sér þarna 2 millj. kr. En hvers vegna ekki að taka það með í reikninginn í staðinn að starfsfólk þessa fyrirtækis bætist í stóran hóp atvinnulausra kvenna á Húsavík sem annars hefði e.t.v. verið hægt að fækka í ef þetta verkefni hefði fengist? Það sígur áreiðanlega fljótt á ógæfuhliðina þegar reiknað er með atvinnuleysisbótum, töpuðum opinberum gjöldum og fleiri íþyngjandi þáttum fyrir hið opinbera. Finnst hæstv. iðnrh. ekki skjóta skökku við þegar verk sem ríkisfyrirtæki er að láta vinna fyrir sig, öll verkkunnátta er hér til staðar, aðstaða er til að vinna það hér heima og það hefur jafnvel verið hannað með íslenskum ríkisstyrk, er síðan sett í hendur lægstbjóðanda sem ætlar að láta vinna það fyrir sig á erlendu láglaunasvæði? Er ekki eitthvað að þegar tugir millj. kr. eru sem styrkir frá ríkinu settar í að bjarga jafnvel algjörlega vonlausum fyrirtækjum en tíu millj. kr. verkefni sem hefði bjargað atvinnumálum tíu kvenna á landsbyggðinni er sent úr landi í nafni sparnaðar? Því spyr ég hæstv. iðnrh.:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að reynt verði að láta lítil iðnfyrirtæki á landsbyggðinni njóta ákveðins forgangs þegar útdeilt er verkefnum sem þarf að vinna fyrir opinbera aðila?“

[14:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér var ekki kunnugt um að hv. þm. ætlaði að fjalla aðeins um eitt fyrirtæki þannig að ég mun svara þessari fyrirspurn á breiðum grundvelli í aðalatriðum. Svarið er sem hér segir:

Um þessar mundir er unnið að því að styrkja starfsemi Háskólans á Akureyri með því að flytja hluta af verkum allmargra vísinda- og rannsóknastofnana til Akureyrar. Hér er um að ræða samstarfsverkefni nokkurra ráðuneyta sem geta lagt til umtalsverða þekkingu frá undirstofnunum sínum til að skapa samstæða rannsóknarheild í nýju umhverfi við Háskólann á Akureyri.

Að baki þessari hugmynd liggur sú skoðun að með samstarfi Rannsóknastofnunar ríkisins annars vegar og kennslu- og rannsóknum háskólans hins vegar megi ná fram mikilvægri gagnvirkni sem nýtist bæði háskólanum, nemendum hans og stofnunum einnig.

Annar mikilvægur ávinningur felst í því að samstarf vísindamanna með mismunandi faglegan bakgrunn skapar möguleika á rannsóknarverkefnum á nýjum sviðum sem annars væri ólíklegt að stofnað yrði til. Þetta samstarfsverkefni er til þess fallið að leiða af sér ný störf og ný fyrirtæki, einkum í þekkingariðnaði. Ef vel tekst til er ekki ólíklegt að ný sprotafyrirtæki hefðu hag af sambýli í þessu umhverfi einnig.

Ástæðan fyrir því að ég geri þetta að sérstöku umfjöllunarefni í upphafi svars við fyrirspurninni er að atvinnuuppbygging á landsbyggðini þarf að verulegu leyti að byggjast á þekkingu til að takast á við ný verkefni sem í framtíðinni verða stöðugt meira á nýjum fagsviðum. Þekkingaruppbygging á landsbyggðinni mun leiða til þess að þegar boðin eru út verkefni sem vinna þarf fyrir opinbera aðila, verður samkeppnisstaða landsbyggðarinnar betri en ella væri. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess þar sem bein mismunun með því að útdeila opinberum verkefnum með handafli á einn stað frekar en annan er ekki fær. Þetta grundvallast á hinni almennu reglu um innkaup ríkisins sem við þekkjum öll, þ.e. að útboð skal viðhaft hvort heldur um er að ræða kaup á vörum, þjónustu eða verklegum framkvæmdum. Þetta gildir fyrir öll ráðuneyti, ríkisstofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins og skulu öll vörukaup og aðkeypt þjónusta sem er yfir 3 millj. kr. og framkvæmdir sem eru yfir 5 millj. kr. boðin út.

Fyrir smærri verkefni sem eru innan þessara útboðsmarka hafa ríkisstofnanir í auknum mæli sótt þjónustu út á land í

samræmi við það þekkingarstig sem þar er að finna. Sem dæmi um þetta má nefna að mikið af þýðingum á erlend tungumál eru fengin utan af landi og ýmiss konar fjarvinnsla fer vaxandi. Þannig held ég að meginþorri þýðinga í mínu ráðuneyti yfir á dönsku sé á Akranesi og til stendur að prenta fréttabréf ráðuneytisins úti á landi. Þó þetta séu ekki stór verkefni eru þau dæmi um hvernig unnt er að nýta möguleika upplýsingatækninnar til fjarvinnslu atvinnuþróun á landsbyggðinni til hagsbóta. En meira er að vænta því að um þessar mundir eru að berast tillögur stofnana ráðuneytisins um flutning verkefna út á land. Ég hef kallað eftir þessum tillögum í samræmi við 6. tölul. þál. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Enn er of fljótt að fullyrða nokkuð um hvað kemur af nýtanlegum verkefnatillögum frá ráðuneytunum. Ég hef þó fullan hug á að hugmyndir þeirra verði skoðaðar rækilega og á það látið reyna að þau fari út á land. Ekki er um annað að ræða en flutningur verkefna úti á land verði í samræmi við lög og því eru athafnir þessa byggðamálaráðherra sem hér stendur takmarkaðar. Ég hyggst engu að síður beita mér fyrir því að lítil fyrirtæki á landsbyggðinni, hvort sem þau eru iðnfyrirtæki eða ekki, njóti eins mikils jafnræðis og unnt er að veita í þeim atvinnuvegi.

Ég vil segja að lokum í tilefni orða hv. þm. um fyrirtæki á Húsavík sem heitir Prýði, að ég hef verið í sambandi við aðila sem tengjast því fyrirtæki og er að leita leiða til þess að úr rætist því að það er vissulega hárrétt sem kom fram í máli þingmannsins að það yrði mikið áfall fyrir þann stað ef svo fer sem horfir að vegna verkefnaskorts þurfi þar að fækka verulega störfum. Eins tel ég ekki algjörlega útséð um að ekki verði hægt að veita þeim verkefni frá ríkisstofnun þrátt fyrir það sem ég áður hef látið koma fram um útboð þar sem það væri innan þeirra marka sem kveðið er á um í starfsreglum.

[14:57]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skora á hæstv. iðnrh. að láta einhvern óvilhallan og ekkert sérstaklega menntaðan mann stofna fyrirtæki úti á landi og prófa hvað gerist. Fyrst þarf hann að fá kennitölu hjá Hagstofunni í Reykjavík. Síðan þarf hann að skrá fyrirtækið hjá hlutafélagaskrá í Reykjavík sem kostar 75 þús. kr. ef það er einkahlutafélag. Síðan þarf hann að leggja til hlutafé. Hann þarf reyndar að gera það áður. Svo kemur skriða eftirlitsiðnaðarins, þ.e. heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit, eldvarnaeftirlit. Svo þarf að fá virðisaukaskattsnúmer í Reykjavík og síðan þarf hann að borga í lífeyrissjóð, sjúkrasjóði og einnig þarf hann að kynna sér kjarasamninga.

Þegar hæstv. iðnrh. er búinn að gera þetta allt saman, getur hún dregið af þessu lærdóm, hugsanlega einfaldað þetta eitthvað og lækkað þennan skatt á nýsköpun sem stofngjald í hlutafélagaskrá er.

[14:58]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. fyrirspyrjanda, Sigríði Jóhannesdóttur, fyrir að flytja þetta mál hingað inn og sérstaklega fyrir gera það eins skýrt og hér hefur komið fram varðandi þessa tilteknu saumastofu á Húsavík.

Þingflokkur Samfylkingarinnar var í heimsókn á Húsavík ekki alls fyrir löngu og fór þar m.a. í heimsókn á þennan ágæta vinnustað. Og það verður að segja alveg eins og er að manni krossbrá þegar forsvarsmenn fyrirtækisins lýstu því hvernig staðið var að svokölluðu „útboði" hjá þessari opinberu stofnun í Reykjavík og hvernig að málum var staðið. Þau voru beðin um að faxa upp eftir tíu mínútur eða svo tilboð í 3.000 sett af starfsmannafötum. Það er út af fyrir sig efni til mikillar umræðu hvernig að þessu var staðið og örugglega voru öll lög og hefðbundnar aðferðir brotnar hvað þetta varðar.

Hitt atriðið er svo það að ríkisvaldið skuli veita styrki til þess að þróa svona, sem er mjög gott, en nokkrum missirum síðar beitir opinber stofnun sér fyrir því að verkið er tekið í burtu og fært til útlanda þar sem það er niðurgreitt eða unnið á láglaunasvæði. Hæstv. forseti. Þetta er byggðastefna þar sem hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri er að gjöra.

[14:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta mál upp hér og hvetja þarna enn meir til dáða og skipulagðrar vinnu. Þarna þarf margt að gera og ekki hvað síst samræmdar meintar aðgerðir byggðar á fullum vilja og það að vilja láta hlutina gerast.

Ég vil líka vekja athygli á till. til þál. sem hv. varaþingmaður Helga Erlingsdóttir flutti hér fyrr í vetur um að efla og samræma aðgerðir til að auka fjölbreytni atvinnulífs í dreifbýli. Hún er til umfjöllunar en hefur ekki fengið afgreiðslu.

Ég vil líka enn á ný minna á nauðsyn þess að koma þriggja fasa rafmagni sem víðast til iðnfyrirtækja og fyrirtækja á landsbyggðinni sem búa við mjög skerta samkeppnisaðstöðu af þessum sökum.

Herra forseti. Ég tek líka undir orð Péturs H. Blöndals um leyfisgjöldin og eftirlitsiðnaðinn.

[15:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hygg að við getum öll tekið undir þau orð hæstv. iðnrh. að mikilvægt sé að skapa þekkingarumhverfi á landsbyggðinni þannig að fyrirtæki og störf í upplýsingatækni geti orðið til þar eins og á höfuðborgarsvæðinu. En það breytir ekki hinu, herra forseti, að afskaplega mikilvægt er að menn varðveiti þau störf sem þegar eru fyrir hendi og ef það sýnir sig að þau eru arðbær, þá er það þeim mun mikilvægara að litið sé til þess að þau fyrirtæki, eins og það var orðað hér áðan, sem eru úti á landi njóti jafnræðis og helst vel það vegna þess að það þarf líka að vega upp ákveðið óhagræði.

Lesið hefur verið hér upp úr byggðastefnu ríkisstjórnarinnar og það er alveg ljóst að miðað við það sem þarna gerðist, sem vísað hefur verið til á Húsavík, voru menn að vinna þvert á það sem þar stendur. Ég held að það sé þess vegna mikilvægt að hæstv. iðnrh. skoði þetta 5 millj. kr. mark sem er afskaplega lágt og ef það er á okkar valdi að hafa þar áhrif verði það athugað og sömuleiðis hitt að hún

leiti leiða til að úr rætist af helmingi meira kappi og getum við samfylkingarfólk stutt hana í þeirri leit.

[15:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þessi fyrirspurn kallar á viðbrögð, enda er hér hreyft grundvallarspurningu. Ég er sannfærð um að það á eftir að verða árangursríkt að flytja rannsóknir til Háskólans á Akureyri og samstarf vísindamanna þar mun skila nýjum störfum inn í það samfélag. En er gagn að því ef þau eru síðan kölluð hingað suður með annaðhvort útboði sem skekkir stöðu fyrirtækjanna eða með öðrum hætti?

Sífellt er verið að senda tvöföld skilaboð, skilaboð stjórnvalda til landsbyggðar að styðja smáfyrirtæki, fórna þeim síðan á altari kaldrar markaðshyggju, tvöföld skilaboð til kvennafyrirtækis, eins og hér hefur verið lýst, að veita styrk til að fara í nýtt verkefni og hrifsa það svo til baka vegna þess að í útlöndum er hægt að spara 2 milljónir. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur og ég held að fjalla þurfi um þessi mál mjög ítarlega vegna þess að svara verður þeirri grundvallarspurningu sem hér er velt upp.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Á 123. löggjafarþingi á síðasta ári var lögð fram till. til þál. sem hér var rædd og tekið var undir hana af nánast öllum þingmönnum af miklum fögnuði. Tillagan var lögð fram af ríkisstjórninni og auðvitað fyrir kosningar svo ekki færi á milli mála hjá hv. kjósendum hver væri vilji ríkisstjórnarinnar.

Í tillögunni stendur m.a. að hún hafi það markmið að treysta búsetu á landsbyggðinni. Einnig stendur þar að: „Unnið verði markvisst að aukinni fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni. Þróunarstofur verði efldar og þannig treystur grundvöllur til nýsköpunar og aukinnar fjölbreytni. Hlutverk þeirra verði meðal annars að auka samkeppnishæfni atvinnulífs á landsbyggðinni og aðstoða fyrirtæki við öflun verkefna og styrkja innan lands sem utan. Tryggt verði að aðstoðin skili sér til starfandi fyrirtækja jafnt sem nýrrar atvinnustarfsemi. Til að treysta þessi markmið verði leitað samstarfs við háskóla og rannsóknastofnanir."

Áður hefur verið lesið upp úr þessari þáltill. í umræðunni og það kom fram fyrr á fundinum að m.a. var samþykkt lækkun húshitunarkostnaðar sem afskaplega hægt hefur gengið að koma í framkvæmd. Nú kemur í ljós hjá hæstv. iðnrh. að skilyrði er að halda útboð fyrir allar framkvæmdir sem eru meira virði en 5 millj. kr. Ég held að þetta 5 millj. kr. mark hljóti að hafa verið fryst í nokkur ár vegna þess að það tekur ekki nokkru tali að verið sé að senda slík smáverkefni sem hér um ræðir til Litháen þegar á sama tíma þarf að leggja niður lítil iðnfyrirtæki á landsbyggðinni og þarna er það ríkið sem stendur að málum. Ég vonast til að þetta verði tekið til endurskoðunar eins og hæstv. iðnrh. gaf reyndar fyrirheit um í máli sínu.

[15:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vona að engum detti í hug að mér þyki það góðar fréttir að svona skyldi hafa farið varðandi verkefni sem þetta fyrirtæki hafði og var frá Ríkisspítölunum. Ég er búin að segja nú þegar að ég tel að ekki sé öll nótt úti enn og geri mér vonir um að úr geti ræst. En það er þó þannig að ákveðnar reglur eru í okkar samfélagi sem ekki síst ríkið þarf að fara eftir. Ráðherrar þurfa að hafa svör við ýmsum spurningum hér, og það er gjarnan gagnrýnt af hv. þingmönnum ef ráðherrar eru ekki taldir fara að reglum. Ég bið því hv. þingmenn að hafa það a.m.k. með í umræðunni að við skulum reyna að fara að reglum. En við skulum hins vegar reyna að koma málum þannig fyrir að hlutir eins og þarna áttu sér stað gerist ekki og fyrir þessa tilteknu saumastofu skipta slík verkefni gríðarlegu miklu máli. Eins og mál horfa við á þessari stundu og það sem vitnað var til hér, þá var þar um bráðabirgðaútboð að ræða þar eð hið raunverulega útboð hefur ekki farið fram, þ.e. ef það fer fram.

Þetta er allt í athugun og ég treysti mér ekki til að hafa sterkari orð um þetta en þau að ég vonast til þess að úr rætist en tíminn einn getur leitt það í ljós.

Flokkun eiturefna.

Fsp. ÞBack, 496. mál. — Þskj. 780.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Tæp 40 ár eru síðan rannsóknir sýndu óyggjandi að reykingar geta valdið lungnakrabbameini. Á þeim 40 árum hafa rannsóknir leitt í ljós tengingu reykinga eða tóbaksnotkunar ásamt óbeinum reykingum við fjölmarga sjúkdóma og stöðugt bætast við nýjar upplýsingar eins og nýbirtar langtímarannsóknir Hjartaverndar sýna. Þess má geta að nikótín fellur undir skilgreiningu fíkniefna en segja má að hagsmunaaðilar hafi hindrað að nikótín sé rétt flokkað fram til þessa.

Herra forseti. Nikótín er fíkniefni en auk þess er það mjög sterkt eiturefni sem notað hefur verið m.a. sem skordýra- og illgresiseitur. Tóbaksreykur inniheldur efni sem myndast ýmist við háan eða ófullkominn bruna. Efnin eru í gas- og úðaformi eða föstum efnum og innihalda m.a. geislavirk efni. Sum þessara efna eru á skrá um heilsuspillandi efni í atvinnuumhverfi, svo sem akrolein, ammoníak, anilín, arsenik, bensópýren, blý, kadmíum og blásýra. Krabbameinsvaldandi efni eru m.a. pýren, kadmíum, bensópýren, vinýlklóríð og úretan.

Tóbak er eina löglega söluvaran sem er banvæn þegar hún er notuð nákvæmlega á þann hátt sem til er ætlast. Sönnunargögnin eru yfirþyrmandi. Reykingar valda 50% allra þeirra dauðsfalla sem segja má að séu óþörf, þ.e. að unnt hefði verið að koma í veg fyrir þau og helmingur þeirra dauðsfalla eru af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.

Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur reykingar eitt stærsta heilbrigðisvandamál heimsins í dag og það verði enn alvarlegra í Asíu og ýmsum þróunarlöndum á næstu áratugum. Á meðan tóbaksvarnir hafa aukist til muna í hinum vestræna heimi flytja tóbaksframleiðendur vöruna og framleiðsluna til þeirra ríkja sem standa varnarlausar gegn markaðssetningunni.

Herra forseti. Til að snúa vörn í sókn verður enn frekar að efla tóbaksvarnir og það verður helst gert með því að flokka tóbak og tóbaksreyk samkvæmt efnisinnihaldi. Því beini ég eftirfarandi spurningu til hæstv. umhvrh.:

Mun ráðherra beita sér fyrir því að flokka sígarettur og aðra vindlinga sem eiturefni með tilliti til þess að í tóbaksreyk eru a.m.k. 11 eiturefni og 40 krabbameinsvaldandi efni? Í fyrsta lagi innan lands með breytingu á löggjöf og í öðru lagi erlendum vettvangi með því að beita áhrifum þar sem Ísland á aðild eða getur haft áhrif á samþykktir og afgreiðslu.

Hvaða lög og samningar eða samþykktir gætu hindrað það að íslensk löggjöf flokki tóbak sem eiturefni?

Herra forseti. Við þessa spurningu hefði mátt bæta við öllu öðru tóbaki, ekki eingöngu vindlum og sígarettum, en til að einfalda ráðherra svörin var það ekki gert.

[15:10]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. *Lög um eiturefni og hættuleg efni*, nr. 52/1988, taka til efna og efnavöru sem flokkast sem hættuleg samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, um flokkun og merkingu eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

Til þess að vara falli undir ofangreind lög og reglugerð þarf magn efnis sem flokkast sem eitur eða sterkt eitur að vera yfir 0,1%. Til að vara flokkist sem eitur þarf samanlagt magn eiturefna að vera mun hærra. Magn sérhvers krabbameinsvaldandi efnis þarf að vera yfir 0,1% til að tekið sé tillit til þess við flokkun vöru.

Þrátt fyrir að finna megi ýmis eiturefni, þar með talin krabbameinsvaldandi efni í tóbaksreyk, er magn þeirra það lítið að það nægir ekki til þess að flokka tóbakið eða reykinn sem eitur. Það er því ekki unnt að flokka sígarettur og vindlinga sem eiturefni samkvæmt ofangreindum lögum og reglugerðum sem eru settar m.a. með vísun til tilskipunar Evrópusambandsins. Sígarettur og aðrir vindlingar eru neysluvara. Neytendur anda vísvitandi að sér tóbaksreyknum og er því heilsufarsáhætta af öðrum toga en á við almenna efnavöru. Um sölu og merkingar tóbaks gilda lög nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996, um tóbaksvarnir, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. fer með. Markmið þeirra laga er að draga úr tóbaksneyslu og því heilsutjóni sem hún veldur og einnig að vernda fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks vegna tóbaksmengunar andrúmslofts.

Með reglugerð um viðvörunarmerkingar á tóbaki sem sett er með stoð í tóbaksvarnalögum er gerð krafa um að umbúðir tóbaks séu merktar á áberandi hátt og þar sérstaklega varað við að tóbak hefur skaðleg áhrif á heilsu auk mismunandi viðvarana um sértæka hættu. Auk þessa er skylt að geta um magn tjöru og nikótíns. Þessar merkingar eru í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins um merkingar á tóbaksvörum.

Gildandi reglur um merkingu sígarettna og annarra vindlinga ganga lengra en reglur um merkingu eiturefna og hættulegra efna, enda er um annars konar vöru að ræða. Því segi ég að ef þörf er á að bæta merkingar á tóbaksvörum, þá er árangursríkast að vinna að því innan ramma laga um tóbaksvarnir.

Ég vil sérstaklega taka fram að sú sem hér stendur er mikill stuðningsmaður tóbaksvarna, en ég sé ekki að mér sé unnt að beita mér fyrir því að tóbakið sé flokkað sem eiturvara vegna laga og reglugerða, sem m.a. byggjast á tilskipun Evrópusambandsins, og tel því eðlilegra að menn beiti sér á þeim vettvangi sem er árangursríkari, þ.e. innan ramma laga um tóbaksvarnir.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en vil benda á að í Bandaríkjunum hefur staðið um það deila um nokkurn tíma hvort ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi haft heimild til að láta matvæla- og lyfjaeftirlitsstofnunina hlutast til um sölu tóbaks sem fíkniefnis en fyrir rúmum hálfum mánuði féll dómur í málinu tóbaksframleiðendum í hag. Í reglugerð matvæla- og lyfjaeftirlitsins var nikótín flokkað sem fíkniefni og miklar hömlur settar við sölu tóbaks. Baráttan við *hagsmunaaðila tóbaksiðnaðarins heldur áfram á bandaríska* þinginu og svo mun verða áfram um allan heim, því hvaða rök mæla með því að leyfa sölu á banvænni vöru en til að draga úr fjölda dauðsfalla og sjúkdóma af völdum vörunnar sé umtalsverðu fjármagni eytt í forvarnir og heilbrigðisþjónustu við tóbaksneytendur? Talið er að nú deyi árlega um 3 millj. manna ótímabærum dauða af völdum tóbaks og spáð er að þessi tala verði 10 millj. árið 2020. Er ekki tímabært að taka af skarið og flokka tóbak undir réttum skilgreiningum sem fíkniefni og eiturefni?

Lög um eiturefni gætu að mínu mati alveg tekið yfir tóbak sem söluvöru, þ.e. ef tóbakið væri flokkað sem eiturefni samkvæmt reglugerðinni. Þegar verið er að miða við magn eiturs átta ég mig ekki alveg á því við hvað þessi prósenta, 0,1%, miðar. Er þar miðað við eina sígarettu, einn pakka eða hvar eru mörkin? Þetta er mér ekki alveg ljóst, herra forseti, hvar mörkin eru en ég dreg ekki í efa að flokkunin sé rétt samkvæmt ákveðinni skilgreiningu.

Varðandi merkingar á tóbaksvörum og tilskipanir EES, þá eru það lágmarkstilskipanir. Það eru þjóðir sem hafa gengið lengra, tekið upp merkingar samsvarandi eða líkar því sem við vorum með á pökkunum áður fyrr þegar það sást að aðvaranir voru á pökkunum, nú sést þetta ekki lengur og ég hvet hæstv. ráðherra vegna áhuga hennar á heilbrigðu líferni og þar með í tóbaksvörnum að taka upp gömlu merkingarnar aftur.

[15:16]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er einlægur stuðningsmaður tóbaksvarna en tóbaksmerkingarnar falla ekki undir minn málaflokk. Hv. þm. spyr hvort ekki væri hægt að flokka þessa vöru sem eiturefni og ég hef svarað því til að ég sé ekki að það sé fært vegna lagaumhverfisins sem við búum við sem er m.a. byggt á tilskipun Evrópusambandsins.

Hins vegar er ágætt að koma því á framfæri að væri þessi vara flokkuð sem eiturefni, þ.e. ef svo væri, þá giltu um innflutning og sölu hennar mjög strangar reglur. Það þyrfti leyfi umhvrh. til innflutnings og sölu og einstaklingar þyrftu að framvísa sérstökum eiturleyfum hygðust þeir nota vöruna.

Það er alveg ljóst að almenningur í dag veit mjög mikið um skaðsemi reykinga og talsverður áróður er í gangi sem betur fer. Ef svo færi að alþjóðasamfélagið mundi breyta reglunum og þetta yrði flokkað sem eiturefni þá er mér svolítið til efs að það mundi hafa víðtæk áhrif. Fólk veit um skaðsemi reykinga en reykir samt. Auðvitað eru margir að hætta sem er mjög ánægjulegt þannig að ég er ekki viss um að það sé endilega málinu til framdráttar að breyta lögunum um eiturefni. Ég sé ekki alveg hvernig við getum gert það.

Ég vil ítreka að ég er mikill stuðningsmaður tóbaksvarna eins og ég veit að hv. þm. Þuríður Backman er. Við höfum t.d. tekið saman þátt í áróðri, í myndatökum. Það er auðvitað mjög brýnt að sem flestir taki þátt í tóbaksvörnum og ég tel að t.d. núv. hæstv. heilbrrh. hafi unnið talsvert þrekvirki á þeim vettvangi og tekið mun fastar á þeim málum en forverar hennar undanfarin ár.

[15:18]

Útbýting þingskjala:

Notkun íslenskra veðurhugtaka, 615. mál, fsp. HBl, þskj. 1003.

Skattar, tollar og gjöld af barnavörum, 410. mál, svar fjmrh., þskj. 986.

Umferð um Hvalfjarðargöng, 506. mál, svar samgrh., þskj. 958.

Gæsluvarðhaldsvistun barna.

Fsp. MF, 435. mál. — Þskj. 705.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í skýrslu sinni og tilmælum um breytingar vekur umboðsmaður barna athygli á stöðu ungra refsivistarfanga sem vistaðir eru með eldri afbrotamönnum í fangelsum landsins. Sérstaklega er þó bent á stöðu ungra gæsluvarðhaldsfanga þar sem hér á landi eru ekki sérstök gæsluvarðhaldsfangelsi heldur afplánunarfangelsi notuð jöfnum höndum fyrir afplánunarfanga og fanga í gæsluvarðhaldsvist. Þetta ætti þó að heyra til undantekninga en ekki vera meginreglan eins og hér er. Um þetta segir í skýrslu umboðsmanns barna, með leyfi forseta:

„Þeirri hættu sem því fylgir að vista unga gæsluvarðhaldsfanga með eldri föngum er lýst hér að framan. Líklegt er að kynni af hörðnuðum afbrotamönnum við þessar aðstæður festi ungmenni fremur en ella í neti afbrota og fíkniefnaneyslu. Að auki getur þeim yngri beinlínis stafað hætta af þeim eldri, svo sem að þeim sé misþyrmt eða ógnað með öðrum hætti. Alþekkt er að ýmiss konar sálrænir kvillar svo sem þunglyndi aukist, en það getur jafnvel leitt til sjálfsvíga eða tilrauna til þeirra eins og nýleg dæmi sanna.

Með vísun til þessa fer ég fram á að tilhögun á vistun gæsluvarðhaldsfanga verði breytt hið allra fyrsta til þess að fullnægt verði þeirri alþjóðlegu skuldbindingu sem íslensk stjórnvöld hafa tekist á hendur, að menn sem bornir eru sökum og ekki hafa verið dæmdir fyrir brot séu ekki vistaðir með þeim sem afplána refsivist. Sérstaklega tel ég ámælisvert að ungir gæsluvarðhaldsfangar sem ekki sæta einangrun séu vistaðir á almennum deildum afplánunarfangelsa innan um fanga sem sumir hverjir eiga að baki langan brotaferil. Geri ég þá sjálfsögðu kröfu að á þessu verði ráðin bót þegar í stað."

Í skýrslu dóms- og kirkjumrn., eða nefnd sem vann á vegum hæstv. dómsmrh., og skilað var í maí 1999 segir um sama efni, með leyfi forseta:

„Þá vekur nefndin athygli á því að börn, sem gert er að sæta gæsluvarðhaldi, eru vistuð í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg eða á Litla-Hrauni. Ekki síður en þegar ungir fangar eiga í hlut telur nefndin mikilvægt að börn sem ekki hafa verið fundin sek og telja ber saklaus uns sekt þeirra er sönnuð fyrir dómi, verði ekki vistuð í fangelsum. Það á sérstaklega við þegar barn í gæsluvarðhaldi sætir ekki einangrun og getur því umgengist aðra. Við þær aðstæður er mjög óæskilegt að barn hafi samneyti við dæmda afbrotamenn. Til að koma í veg fyrir þetta telur nefndin koma til álita að Barnaverndarstofu, í samráði við Fangelsismálastofnun, verði falið að vista börn í gæsluvarðaldi og mælist nefndin til þess að þetta verði athugað nánar."

Ég beini því eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.:

Hefur verið gerður samningur milli Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu um vistun barna 18 ára og yngri sem úrskurðuð hafa verið í gæsluvarðhald eins og bent er á í skýrslu nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði um málefni ungra afbrotamanna?

[15:24]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Eldra samkomulag milli Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar var endurnýjað sl. haust og þar hefur verið bætt við þeim möguleika að vista ungmenni sem úrskurðuð hafa verið í gæsluvarðhald á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu, að höfðu samráði við rannsóknaraðila máls. Sama málsmeðferð skal viðhöfð eins og þegar um dómþola er að ræða, þ.e. Fangelsismálastofnun tilkynnir Barnaverndarstofu um úrskurðinn. Barnaverndarstofa kannar hvort hún telji mögulegt að sakborningur sitji í gæsluvarðhaldi í meðferðarheimili, enda liggi að jafnaði einnig fyrir vilji sakbornings til þess.

Ég hyggst beita mér fyrir byggingu nýs fangelsis á höfuðborgarsvæðinu, en stefnt hefur verið að því um allnokkurt skeið. Ekki er almennt ráðgert að ungmenni yrðu vistuð þar í gæsluvarðhaldi. Þó þarf að hafa í huga greiningu á mismunandi þörfum fanga og til þess gæti komið að þar yrðu vistuð ungmenni. Búa þarf húsnæðið og aðstöðuna þannig úr garði að unnt sé að taka eðlilegt tillit til sérstöðu ungmenna þannig að vistunin valdi sem minnstri röskun og skaða á högum ungmenna.

Ég tel að leggja beri meðferðarstefnu til grundvallar til fullnustu refsinga þar sem ungir afbrotamenn eiga í hlut. Mikilvægt er að missa ekki sjónar á því hver eru markmiðin með refsingu ungs afbrotamanns og að meðferð sé líklegri til að endurhæfa hann heldur en ef beitt væri fullri refsiábyrgð.

Þá ákváðu norrænir dómsmálaráðherrar á árlegum sumarfundi sínum sem haldinn var hér á landi í júní sl. að setja á fót vinnuhóp embættismanna til þess að fjalla um málefni ungra afbrotamanna. Hópnum er meðal annars ætlað að miðla upplýsingum milli landanna um úrræði og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn brotum barna og ungmenna. Þá mun hópurinn fjalla um sérstöðu barna með tilliti til refsinga og huga að því hvort önnur viðurlög geti átt betur við og komið í stað refsinga.

Þá var einnig gert ráð fyrir því að hópurinn kanni hvernig styrkja megi forvarnir gegn afbrotum barna, en í þeim efnum er einnig mikilvægt að huga að vanda tengdum fíkniefnaneyslu.

Brotamenn á aldrinum 15–18 ára eru sakhæfir en engu að síður ósjálfráða. Þeir eru í senn skjólstæðingar refsivörsluyfirvalda, dómstóla, barnaverndaryfirvalda og foreldra sinna. Ef rétt er á málum haldið er það von mín og trú að með samstilltri og góðri samvinnu milli þessara aðila megi ná þeim uppbyggingar- og meðferðarmarkmiðum sem að er stefnt og að jafnframt verði staðinn vörður um réttindi þeirra barna og ungmenna sem eiga í hlut.

Að lokum vil ég ítreka að margt hefur áunnist í málum ungra afbrotamanna á síðustu missirum og stöðugt er hugað að enn frekari umbótum á þessu sviði.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Þegar umboðsmaður barna fór hér um, skoðaði fangelsi og aðstæður ungra afbrotamanna í fangelsum landsins og skilaði síðan sinni skýrslu eða yfirliti í júlí 1998 til dómsmrh. sem þá í framhaldinu skipaði nefnd sem skilaði skýrslu 1999, kom í ljós að víða var pottur brotinn hvað varðar úrræði og meðferðarmöguleika sem ungir fangar hafa hér á landi, sérstaklega þegar um er að ræða unga

fíkniefnaneytendur sem hafa brotið af sér. Ýmist er um að ræða unga síbrotamenn eða þá sem hafa framið alvarlegri glæpi og þá oftar en ekki undir áhrifum eða í vímu vegna of mikillar neyslu harðra efna og þegar neysla hefur staðið yfir í langan tíma.

Gerðar eru mjög margar athugasemdir í báðum þessum skýrslum. Ég hef nú, virðulegi forseti, komið með fyrirspurnir byggðar á báðum þessum skýrslum. Oftar en ekki finnum við að störfum ráðherra og vekjum athygli á því úr ræðustól ef þar er pottur brotinn. En mig langar til þess að þakka sérstaklega fyrir þau svör sem ég hef fengið við öllum þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hæstv. dómsmrh. og ég vænti mjög mikils af hennar störfum miðað við þau fyrirheit sem hér hafa komið fram í þeim svörum sem hún hefur gefið við þessum fyrirspurnum. Það er mikil nauðsyn á að byggja nýtt fangelsi, gæsluvarðhaldsfangelsi þar sem sérstaklega er tekið tillit til ungra fanga. Það er mikil nauðsyn á því að ungir fangar sem eru í harðri neyslu hafi möguleika á að fara í afvötnun eða í meðferð strax í upphafi refsivistar en ekki í lok hennar eins og hefur verið tíðkað hingað til.

Ég hef hlýtt á svör ráðherra af athygli og einnig málflutning hennar annars staðar að undanförnu hvað varðar málefni ungra fanga og ungra fíkniefnaneytenda sem hafa gerst brotlegir við lög og ég vænti mikils af hennar störfum.

Eldsneytisafgreiðsla á Egilsstaðaflugvelli.

Fsp. ÞBack, 456. mál. — Þskj. 732.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Frá því að Egilsstaðaflugvöllur var gerður að alþjóðaflugvelli hefur verið áhugi hjá heimamönnum á að koma á reglulegu millilandaflugi frá flugvellinum. Fyrir nokkrum árum reyndi lítil ferðaskrifstofa að koma á áætlunarflugi til Evrópu og nýlega hefur verið stofnað flugfélag, flugfélagið Jökull, sem hyggst markaðssetja alþjóðaflugvöllinn á Egilsstöðum. Fyrir utan kostnað við markaðssetningu á nýjum ferðakostum og hugsanlegum útflutningi matvæla hefur það aukið erfiðleika heimamanna að dælur við þotur eldsneytistanka eru kraftlitlar og lengri tíma hefur tekið að dæla á flugvélar á Egilsstaðaflugvelli en í Keflavík. Lítil afköst dælukerfisins hefur verið eitt helsta vandamál í að afgreiða þotur á Egilsstaðaflugvelli á undanförnum árum.

Það getur tekið um 40 mínútur að dæla því eldsneytismagni sem þarf til áframhaldandi flugs. Það er ekki eini mismunurinn því að töluverður verðmunur er á þotueldsneyti eftir því hvar það er afgreitt því að flutningskostnaði er bætt við verð hvers lítra. Sem dæmi má nefna að í Keflavík kostar lítrinn af þotueldsneyti 32,78 kr. en á Egilsstöðum 44,35 kr. Olíufélögin hafa skipt með sér þjónustu við flugvelli landsins og hefur Olíufélagið Skeljungur um langt árabil annast eldsneytissölu á Egilsstaðaflugvelli og á þar alla aðstöðu til að geyma og afgreiða flugvélaeldsneyti. Til hafði staðið að endurnýja alla aðstöðu þegar nýr flugvöllur var tekinn í notkun. Hætt var við þær áætlanir þar sem þjónustan fór minnkandi. Framkvæmdir hafa eingöngu verið þær nauðsynlegustu aðgerðir sem snúa að mengunarvörnum. Þarna er kominn hnútur sem þarf að leysa. Því verri sem þjónustan er við afgreiðslu eldsneytis, því erfiðara er að koma á og auka millilandaflug og því minni er salan o.s.frv.

Ljóst er að eldsneytisaðstaðan á Egilsstaðaflugvelli er ekki með þeim hætti sem æskilegast væri. Staðsetning geymanna er óheppileg miðað við núverandi flugvélastæði og hún uppfyllir ekki ýtrustu flugöryggiskröfur varðandi fjarlægð frá flugbraut og jafnframt er æskilegt að hægt sé að geyma meira magn eldsneytis á staðnum því að óviðunandi er að varaflugvöllur fyrir Keflavík sé vanbúinn eldsneyti.

Herra forseti. Ég beini því svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. samgrh. um eldsneytisafgreiðslu á Egilsstaðaflugvelli:

„Hver eru viðbrögð ráðherra við óskum flugfélagsins Jökuls um að birgðastöð fyrir eldsneyti verði skilgreind sem búnaður á varaflugvellinum og að í framhaldi af því verði ráðist í hönnun og byggingu á aðstöðu til geymslu á a.m.k. 100.000 lítrum af JET A-1 þotueldsneyti og 20.000 lítrum af bensíni (LL100)?“

[15:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er borin upp fyrirspurn sem hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir en áður en fyrirspurninni er svarað beint er rétt að gera í nokkru máli grein fyrir aðstæðum á Egilsstaðaflugvelli varðandi eldsneytisafgreiðslu þó að hv. fyrirspyrjandi hafi farið að nokkru yfir það.

Olíufélagið Skeljungur hf. hefur um langt árabil annast eldsneytissölu á Egilsstaðaflugvelli og á þar alla aðstöðu til að geyma og afgreiða flugvélaeldsneyti. Fyrirtækið hafði gert áætlun um að koma upp nýrri aðstöðu á flugvellinum þegar ný flugbraut var byggð í upphafi 10. áratugarins. Hins vegar hætti félagið við þessi áform vegna dvínandi sölu á flugvélaeldsneyti sem ekki var talin réttlæta fjárfestingu í nýrri aðstöðu.

Á síðasta ári voru gerðar nokkrar endurbætur á eldsneytisaðstöðunni á flugvellinum til að koma til móts við athugasemdir yfirvalda vegna mengunarhættu. Eins og málum er nú háttað er rými fyrir 56 þúsund lítra af þotueldsneyti í geymum Skeljungs hf. á Egilsstaðaflugvelli. Eldsneytið er nú flutt landleiðina frá Akureyri til Egilsstaða. Að meðaltali hafa tæplega 100 þúsund lítrar af þessu eldsneyti verið seldir af flugvellinum á ári miðað við sl. fimm ár.

Mest hefur salan orðið um 164 þúsund lítrar á ári á þessu tímabili. Algeng þörf þotu fyrir eldsneyti á Egilsstaðaflugvelli er talin vera á bilinu 10–20 þúsund lítrar. Lítil afköst dælukerfis hefur verið eitt helsta vandamálið við að afgreiða þotur á Egilsstaðaflugvelli. Það getur tekið um 40 mínútur að dæla því eldsneytismagni sem algengt er að þota þurfi til áframhaldandi flugs.

Samkvæmt upplýsingum frá Skeljungi hf. liggur fyrir að þessi afköst verða tvöfölduð í þessum mánuði en búnaður til þessara endurbóta mun vera kominn til landsins. Hér er um að ræða verulegar endurbætur á þjónustunni.

Hvað varðar þá spurningu hvort ráðuneytið muni beita sér fyrir frekari eða öðrum úrbótum á flugvellinum, þá er því til að svara að ekki er gert ráð fyrir því í flugmálaáætlun. Ef um væri að ræða framkvæmdir sem þyrfti að leggja í er um að ræða kostnað upp á tugi millj. kr. og er því ljóst að ekki eru fjármunir í áætlunum til þessara eða þvílíkra framkvæmda og því ekki fyrirliggjandi að af því geti orðið á næstunni, í það minnsta ekki á þessu ári og ekki nema breytingar verði gerðar á flugmálaáætlun í þá átt að uppfylla þær óskir sem þarna er um að ræða.

Hins vegar er á það að líta, vegna þess að í þessu sambandi er rætt um að hefja millilandaflug frá Egilsstaðaflugvelli, að auðvitað er mikilvægt að líta á fleiri hliðar þess máls en eingöngu eldsneytisafgreiðslu og ég geri ekki ráð fyrir að það mundi koma í veg fyrir áform ef af þeim yrði og þyrfti að sjálfsögðu að bregðast við því ef áætlanir liggja fyrir um slíka starfsemi.

[15:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um afar mikilvægt mál að ræða fyrir Egilsstaðaflugvöll að hægt sé að afgreiða þar bensín með eðlilegum hætti. Það er metnaðarmál að Egilsstaðaflugvöllur geti orðið millilandaflugvöllur og þá má þetta mál ekki verða til þess að fæla frá þann áhuga og metnað.

Mér sýnist vera þörf á, herra forseti, að taka þessa samninga upp við olíufélögin og athuga hvort ekki megi ná eðlilegum samningum með þeim hætti að þarna sé afgreitt bensín, ekki aðeins í neyðartilvikum heldur með reglubundnum hætti fyrir þotuflug. Og ég vil benda á verðið sem hv. þm. Þuríður Backman minntist á, hinn mikla verðmun. Þetta er ekki aðeins gífurlegur verðmunur á Egilsstöðum. Þetta er líka á Akureyri og Hornafirði. Þetta er hrein misbeiting á þeim rétti sem þessi olíufélög hafa í sölu á bensíni til flugvéla á öllu landinu.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Það var ánægjulegt að heyra að dælurnar eru komnar til landsins og að þær muni anna helmingi meira en þær gera í dag. En ég gat ekki heyrt í máli hans hvort hann hefði áhuga á að koma að endurbyggingu tankanna með því að setja þá framkvæmd inn á flugmálaáætlun eins fljótt og mögulegt væri.

Ég vil nefna aftur þann mismun sem er á bensínverðinu. Það er nógu erfitt fyrir heimamenn að standa að og koma á áætlunarflugi, millilandaflugi, ferjuflugi eða hverju sem er til að auka umsvifin á heimavelli okkar, hvort sem þeir staðir heita Egilsstaðir, Akureyri eða annað, þó ekki komi til viðbótar mismunur á þotueldsneytinu sem er náttúrlega óþolandi fyrir alla aðila sem vilja standa í slíkum rekstri. Ég hvet því ráðherra til þess að taka aftur upp samninga við olíufélögin og fá með einhverjum hætti jöfnunarverð á bensínið. Það er alveg rétt að því meiri notkun sem er á vellinum, því auðveldara eða því viljugra er olíufélagið til að auka þjónustuna og lækka verðið.

En það má líka horfa á uppskipunina á þotueldsneytinu. Verið er að keyra eldsneytið yfir hálft landið og flutningskostnaður og virðisaukaskattur bætist við eldsneytisverðið á flugvöllum utan höfuðborgarsvæðis og Keflavíkur.

Ég vil líka benda á að með Schengen-samningnum verður flugvöllum úti á landi gert mun erfiðara að standa í millilandaflugi en hingað til.

[15:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. og fyrirspyrjanda, Þuríðar Backman, vil ég taka fram að ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við olíuafgreiðslubúnað í flugmálaáætlun og ég verð að viðurkenna að mér finnst ekki alveg sjálfgefið að ríkissjóður eigi að greiða þann kostnað. Þarna er um að ræða búnað til að selja mikilvægar rekstrarvörur til flugfélaga og ég teldi langeðlilegast að olíufélögin sæju um kostnaðinn við sölu á flugvélabensíni eins og á öðru bensíni og olíum. Mér finnst því ekki augljóst að sá kostnaður eigi að koma úr ríkissjóði. Ég held að það hljóti að vera nokkur hvati fyrir olíufélögin að sinna viðskiptum og koma upp aðstöðu til að selja olíu og bensín svo ekki þurfi að setja einhverjar sérstakar kröfur um þann búnað sem þarf að nota og það hljóti að vera flugfélögin sem nái samningum og viðskiptum við slík félög.

Hvað varðar mun á eldsneytisverði þá þekki ég það ekki og þori ekki að fullyrða um í hverju sá munur liggur en treysti því að olíufélögin leiti hagkvæmustu leiða til dreifingar á bensíni og olíu. Um það er hins vegar deilt, við þekkjum það. En á það ber að líta að það hljóta að vera olíufélögin sem eiga að reka á eftir því og sjá til þess að ná sem bestum samningum um eins lágt bensínverð og kostur er í hverju tilviki. Ég held því að það verði mjög erfitt fyrir samgrh., hver sem hann er á hverjum tíma, að hafa sérstaka milligöngu um verðlagningu á slíkum rekstrarvörum.

[15:43]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 484. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1004.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5., 7.–8., 9. og 12.–13. mál.

Fundi slitið kl. 15:44.

---

100. FUNDUR

fimmtudaginn 13. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Yfirlitsskýrsla um alþjóðamál, skýrsla, 612. mál, þskj. 956. — Ein umr.
2. Alþjóðaþingmannasambandið 1999, skýrsla, 367. mál, þskj. 622. — Ein umr.
3. VES-þingið 1999, skýrsla, 387. mál, þskj. 645. — Ein umr.
4. ÖSE-þingið 1999, skýrsla, 413. mál, þskj. 674. — Ein umr.
5. Fríverslunarsamtök Evrópu 1999, skýrsla, 414. mál, þskj. 675. — Ein umr.
6. Evrópuráðsþingið 1999, skýrsla, 415. mál, þskj. 676. — Ein umr.
7. NATO-þingið 1999, skýrsla, 416. mál, þskj. 677. — Ein umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 484. mál, þskj. 764, nál. 1004. — 2. umr.
9. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828. — 1. umr.
10. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 551. mál, þskj. 853. — 1. umr.
11. Innflutningur dýra, stjfrv., 552. mál, þskj. 854. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,

Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson samgrh.

[10:31]

Útbýting þingskjala:

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, 241. mál, nál. félmn., þskj. 1002.

Fjáröflun til vegagerðar, 223. mál, brtt. KHG, þskj. 1005.

Yfirlitsskýrsla um alþjóðamál, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 612. mál. — Þskj. 956.

[10:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Nú eru liðin 60 ár frá stofnun utanríkisþjónustu Íslands. Fyrstu árin voru starfsmenn innan við 20 talsins en með dugnaði tókst þessum frumkvöðlum íslenskra utanríkismála að skapa lýðveldinu verðuga stöðu meðal annarra þjóða. Segja má að á þessum árum hafi hver starfsmaður unnið á við marga menn eins og títt er um Íslendinga.

Á þessum 60 árum hefur framlag og umfang utanríkismála vaxið gríðarlega hvort sem litið er til öryggis- og umhverfismála, efnahags- eða menningarmála. Sem aldrei fyrr er það lífsnauðsynlegt lítilli þjóð að halda vel á málum sínum til að sækja fram með hagsmuni sína og hugsjónir. Aðrar þjóðir undrast hvernig fámennt land eins og Ísland getur tekið þátt í og mótað starf alþjóðastofnana og starfað á jafnréttisgrundvelli með stórþjóðum.

Síðustu ár hefur verið unnið að því að færa utanríkisþjónustuna að nútímanum. Verið er að setja upp tölvuvætt málaskrárkerfi í öllum sendiráðum og fastanefndum. Markmiðið er að taka upp pappírslaus samskipti í utanríkisþjónustunni og nýta tölvutæknina til hins ýtrasta. Sífellt er unnið að því að hagræða í rekstri utanríkisþjónustunnar. Einn þáttur í því hefur verið samstarf við önnur Norðurlönd í rekstri sendiskrifstofa. Síðast en ekki síst leitast utanrrn. við að auka sérhæfingu starfsmanna, t.d. í viðskiptaþjónustu, og beita stjórnunaraðferðum sem nýst hafa vel í viðskiptalífinu til að gera starf okkar að utanríkismálum skilvirkara. Með nýjum stjórnunarháttum er reynt að tryggja að utanríkisþjónustan styrkist um leið og hún stækkar.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að opna tvö ný sendiráð á næsta ári í Tókíó og Ottawa. Markmiðið með þessari opnun er að treysta enn betur stjórnmálatengsl við þessar mikilvægu þjóðir, að greiða fyrir og efla viðskiptasambönd íslenskra fyrirtækja í þessum ríkjum og auka menningartengsl við þau, ekki síst við Vestur-Íslendinga í Kanada í kjölfar landafundaverkefnisins. Reynslan sýnir að opnun sendiráða hefur reynst happadrjúg leið til að örva utanríkisviðskipti um leið og stjórnmálasamband og menningartengsl eru treyst.

Þá er stefnt að því að opnuð verði á næsta ári íslensk sendiskrifstofa í húsnæði sendiráða Danmerkur og Noregs, í Maputo í Mósambík m.a. í því skyni að sinna þróunarmálum og efla pólitísk samskipti við samstarfsríki í Afríku. Með því stækkar enn samskiptanet Íslands við umheiminn sem nær þá yfir 15 lönd í fjórum heimsálfum, Evrópu, Norður-Ameríku, Asíu og Afríku.

Fátt eykur skilning milli þjóða jafnmikið og gagnkvæm kynni af menningu og háttum. Í skýrslu minni sem hér liggur er greint frá því hvernig sendiráð okkar sinna þessum málum í samræmi við lög um hlutverk utanríkisþjónustunnar. Verulegur árangur hefur náðst og hefur utanríkisþjónustan ýmist haft forgöngu eða lagt hönd á plóginn í nánu samstarfi við menntmrn., opinberar stofnanir eða hagsmunaaðila í viðskiptum og ferðaþjónustu. Þrátt fyrir fjárhagslega annmarka sýna margar sendiskrifstofur lofsvert frumkvæði á þessu sviði og standa reglulega að fjölbreyttri menningardagskrá í gisti- og umdæmisríkjum sínum í samstarfi við hagsmunaaðila og velunnara Íslands.

Ég hef að þessu sinni lagt fram tvær skýrslur fyrir Alþingi, annars vegar yfirlitsskýrslu um alþjóðamál og hins vegar skýrslu um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Samkomulag er um að ræða sérstaklega skýrslur um alþjóðamál í dag en að sérstök umræða um Evrópuskýrsluna eigi sér stað síðar enda um mikilvægan málaflokk að ræða, málaflokk sem nauðsynlegt er að gefa sérstakan gaum á Alþingi í ljósi hinna miklu breytinga sem eru að eiga sér stað í álfunni og áhrif þeirra á samstarf okkar innan EES-samningsins og við ESB. Það er von mín að skýrslan verði traustur grunnur að umræðu um samstarf okkar við Evrópusambandið og aðildarríki þess. Þó svo að flestir séu sammála um að EES-samstarfið hafi gengið ágætlega þurfa stjórnvöld að vera undir það búin að forsendur samstarfsins breytist. Vandasamar ákvarðanir geta því verið fram undan. Því er afar mikilvægt að fyrir liggi raunhæft mat á valkostum okkar í evrópsku samstarfi.

Aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin hafa sl. 50 ár verið hornsteinn íslenskrar öryggis- og varnarmálastefnu. Ég tel mikilvægt að tryggja að svo verði áfram, m.a. með virkri þátttöku utanríkisþjónustunnar í þeirri öru þróun í öryggis- og varnarmálum sem nú á sér stað. Ljóst er að í kjölfar umræðna um öryggismál á vettvangi Evrópusambandsins ríkir nú einhugur meðal Evrópuríkja um að taka á sig aukna ábyrgð í öryggis- og varnarmálum álfunnar. Undanfarin missiri hafa íslensk stjórnvöld fylgst grannt með þróun Evrópusamstarfs á þessu sviði og tekið virkan þátt í umræðum og ákvarðanatöku um málið, bæði á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Vestur-Evrópusambandsins.

Sú skoðun virðist hafa orðið ríkjandi meðal aðildarríkja Evrópusambandsins undanfarna mánuði að skilgreina beri þróun Evrópusamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála fyrst og fremst á grundvelli aðildar að Evrópusambandinu. Þann 1. mars sl. voru settar á stofn bráðabirgðastofnanir á sviði utanríkis- og varnarmála innan sambandsins sem vinna eiga að undirbúningi hættuástandsaðgerða af þess hálfu. Aðildarríkin vinna nú að því að koma upp samræmdum liðsafla með það að markmiði að geta stillt til friðar í álfunni með stuttum fyrirvara. Íslensk stjórnvöld hafa staðið heils hugar að baki Evrópusamstarfi í öryggis- og varnarmálum með þeim fyrirvara þó að þróunin verði ekki skilgreind á þröngum grunni ESB-aðildar, að tryggt verði að þessi þróun veiki ekki með nokkrum hætti Atlantshafsbandalagið og tengslin yfir Atlantshafið og síðast en ekki síst að þeim sex evrópsku aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins sem standa utan ESB og tóku þátt í að móta hugmyndir um aukna Evrópusamvinnu á sviði öryggis- og varnarmála á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins fyrir tæpu ári sé gert kleift að taka fullan þátt í mótun ákvarðana og verði reglulegir þátttakendur innan stofnana ESB á sviði öryggis- og varnarmála.

Ríkisstjórnin hefur markvisst beitt sér fyrir þessu máli gagnvart aðildarríkjum ESB innan Atlantshafsbandalagsins.

Nú síðast tók ég málið upp í tvíhliða viðræðum mínum við Robin Cook utanríkisráðherra Bretlands í febrúar sl., og forsrh. Davíð Oddsson tók það upp í dag við kanslara Þýskalands, Gerhard Schröder. Íslensk stjórnvöld líta svo á að Atlantshafsbandalagið eigi áfram að verða burðarás öryggis og varna á hinu svokallaða Evró-Atlantshafssvæði. Ljóst er að fyrst um sinn mun það reynast ESB erfitt að ráðast í hættuástandsaðgerðir nema með tilstyrk Atlantshafsbandalagsins. Því er mikilvægt að komið verði á formlegum samskiptum milli ESB og Atlantshafsbandalagsins eins fljótt og auðið er. Við höfum lagt á það áherslu í málflutningi okkar, bæði innan vébanda þess og Vestur-Evrópusambandsins, svo og í samtölum við forustumenn ESB-ríkjanna, að ekki verði hægt að taka ákvörðun um lán á búnaði og hertækni bandalagsins til ESB nema lausn hafi fundist á þátttöku evrópsku NATO-ríkjanna sex sem standa utan ESB í öryggis- og varnarmálastofnunum ESB. Brýnt að niðurstaða náist í þessum málum hið fyrsta og er það von mín að fundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í lok maí nk. og leiðtogafundur ESB í Feira ryðji brautina í þessum efnum.

Ísland gegndi formennsku í ráðherranefnd Evrópuráðsins frá maí til nóvember 1999 og kom það í hlut okkar að vera í pólitísku fyrirsvari fyrir hönd ráðsins varðandi aðildarumsóknir nýrra ríkja og gagnvart öðrum alþjóðastofnunum. Á meðal áhersluatriða í formennskutíð okkar var aukin samvinna og samráð Evrópuráðsins við Evrópusambandið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Sérstök áhersla var lögð á að efla og samhæfa starf stofnananna, auka skilvirkni og koma í veg fyrir tvíverknað. Annað áhersluatriði voru auknar fjárveitingar til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Í formennskutíð Íslands náðist samkomulag um hlutverk Evrópuráðsins í uppbyggingarstarfinu í Kosovo. Framlag þess mun að miklu leyti felast í aðstoð við að semja lög og þjálfa embættismenn og dómara. Evrópuráðið hefur opnað skrifstofu í Pristína í Kosovo, sem utanrrn. hefur lagt til 1,1 milljón á þessu ári.

Störf þingmannasamkomu Evrópuráðsins verða sífellt meira áberandi í starfsemi þess. Hún hefur á undanförnum árum gegnt lykilhlutverki í stækkun Evrópuráðsins og hefur sett nýjum ríkjum ströng skilyrði um lýðræði, mannréttindi og reglur réttarríkisins og haft eftirlit með að þeim sé framfylgt. Íslandsdeild þingmannasamkomu Evrópuráðsins hefur verið virk í starfi sínu og er þátttaka alþingismanna í starfinu afar þýðingarmikil eins og öðru alþjóðastarfi.

Stærsta mál nýafstaðins fundar þingmannsamkomunnar voru tilmæli hennar til ráðherranefndarinnar um brottvikningu Rússa úr Evrópuráðinu ef þeir kæmu ekki þegar á vopnahléi og hæfu samningaviðræður við skæruliða í Tsjetsjeníu.

Atkvæðisréttur Rússlandsdeildarinnar á þingmannasamkomunni var afnuminn. Í þessu felast skilaboð um að virða reglur ráðsins um mannréttindi og lýðræði. Tilmæli um brottvikningu Úkraínu úr Evrópuráðinu voru einnig samþykkt í ljósi tilskipunar Leoníd Kútsjma, forseta Úkraínu, um þjóðaratkvæðagreiðslu í landinu um breytingar á stjórnskipun Úkraínu sem hefðu í för með sér aukin völd forsetans.

Tilmæli þingmannasamkomunnar um brottvikningu Rússa komu ekki á óvart. Rússar höfðu áður fengið aðvaranir. Innan Evrópuráðsins og á fundi mínum með varautanríkisráðherra Rússlands fyrir skömmu lagði ég áherslu á að fundin yrði friðsamleg lausn á átökunum í Tsjetsjníu.

Tilmæli þingmannanefndarinnar um brottvikningu Rússa koma til kasta ráðherranefndar Evrópuráðsins á næstu mánuðum og utanríkisráðherrafundar Evrópuráðsins í byrjun maí. Á þeim tíma er nauðsynlegt að reyna að efla enn frekar samvinnu og samráð við Rússa um pólitíska lausn á átökunum í Tsjetsjníu. Samráðsfundur utanríkisráðherra Rússlands og núverandi formanns ráðherranefndar Evrópuráðsins, utanríkisráðherra Írlands, var haldinn sl. mánudag vegna Tsjetsjníu. Á fundinum áréttaði rússneski utanríkisráðherrann að Rússar hygðust vinna með Evrópuráðinu að lausn málsins og gripið yrði til aðgerða til að finna pólitíska lausn. Mikilvægt er að Rússland haldi áfram að starfa á vettvangi ráðsins.

Þrátt fyrir mikið og gott uppbyggingarstarf á Vestur-Balkanskaga, sérstaklega í Kosovo, er enn langt í land með að ástandið geti talist eðlilegt og íbúar héraðsins öruggir. Talið er að um 1,3 millj. flóttamanna hafi nú snúið aftur til Kosovo og samkvæmt óopinberum tölum frá Sameinuðu þjóðunum er enn um 13 þús. manns saknað frá héraðinu. Til Íslands komu 77 flóttamenn en 37 hafa snúið aftur.

Ekki hefur tekist að draga nægilega úr glæpastarfsemi af ýmsu tagi. Skærur milli þjóðarbrotanna halda áfram og óstöðugleiki hefur verið viðvarandi á afmörkuðum svæðum. Fullyrða má að alþjóða- og svæðisbundnar stofnanir hafi lyft grettistaki og ber að þakka það mikla og fórnfúsa starf sem allt það fólk hefur unnið undanfarna mánuði. Atlantshafsbandalagið, sem er með yfir 40 þús. manna friðargæslulið í héraðinu, hefur ásamt Sameinuðu þjóðunum verið þar í fararbroddi í samvinnu við ýmsar aðrar alþjóðastofnanir og óopinber samtök. Árangurinn talar fyrir sig sjálfur. Morðum, sem hafa verið mjög tíð, hefur fækkað úr 50 í fimm á viku, vel á fjórða þúsund smávopna hafa verið gerð upptæk, frelsisher Kosovo-Albana hefur afvopnast og í stað hans hafa verið stofnaðar sérstakar verndarsveitir. Uppbyggingarstarfinu í héraðinu miðar vel áfram og borgaralegar stofnanir og fyrirtæki eru smám saman að taka til starfa á ný. En betur má ef duga skal. Forsenda þess að raunverulegur pólitískur árangur náist er að þjóðarbrotin í héraðinu taki höndum saman og vinni í sátt að uppbyggingu pólitískra stofnana og samfélagsins í heild í samvinnu við það alþjóðastarfslið sem þar starfar.

Undanfarnar vikur hafa samskipti Atlantshafsbandalagsins og Rússlands farið batnandi á ný en í kjölfar aðgerða bandalagsins í Kosovo kusu rússnesk stjórnvöld að draga verulega úr samskiptum við bandalagið. Fundir í samstarfsráði Rússlands og NATO eru nú haldnir á ný í höfuðstöðvum bandalagsins og ekki er útilokað að utanríkisráðherra Rússlands þiggi boð um að koma á fund í samstarfsráðinu í tengslum við utanríkisráðherrafund bandalagsins í lok maí. Ísland hefur lagt á það áherslu að bandalagið bæti tengslin við stjórnvöld í Rússlandi. Ljóst er að það verður eitt af meginmarkmiðum bandalagsins á komandi ári að vinna enn frekar að því að svo megi verða. Til að leggja sitt af mörkum hefur utanrrn. boðið háttsettum rússneskum aðilum til þátttöku í SACLANT-málþingi um alþjóðleg öryggis- og varnarmál sem haldið verður í Reykjavík í byrjun september næstkomandi. Einnig hafa Rússar ákveðið að taka þátt í Samvarðaræfingunni hér á landi í júní næstkomandi.

Þrátt fyrir mikil umskipti í öryggisumhverfi okkar heimshluta undanfarinn áratug hefur hvorki þýðing Íslands í samstarfinu breyst né heldur mikilvægi Atlantshafstengslanna fyrir sameiginlega öryggishagsmuni Evrópu og Norður-Ameríku. Verulegur niðurskurður hefur átt sér stað á varn-

arviðbúnaði landsins á þessum áratug í samræmi við hið breytta öryggisumhverfi. Engar breytingar eru gerðar á varnarviðbúnaðinum án samráðs við ríkisstjórn Íslands.

Samkvæmt bókuninni frá 1996 geta samningsaðilar óskað eftir því að hún verði endurskoðuð að fjórum árum liðnum frá undirritun og skal þá kappkostað að hefja viðræður innan fjögurra mánaða frá því að slík beiðni er lögð fram.

Það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda undanfarin ár að auka hlut okkar á sviði tvíhliða varnarsamstarfs við Bandaríkin og á sviði fjölþjóðlegs varnarsamstarfs við þau ríki sem eiga aðild að Samstarfi í þágu friðar. Eins og áður hefur komið fram tóku utanrrn., Landhelgisgæslan og sérsveit ríkislögreglustjóra virkan þátt í Norðurvíkingi 99. Jafnframt er í undirbúningi smíði 3.000 tonna varðskips sem verður búið þeim tækjakosti að það geti tekið þátt í sameiginlegum æfingum með varnarliðinu á sviði björgunar og sjóferðaeftirlits. Rétt er að geta þess að í starfsemi Ratsjárstofnunar felst einnig veigamikið framlag Íslands til eigin varna.

Almannavarnaæfingin Samvörður sem fyrst var haldin hér á landi 1997 fer fram undir merkjum Samstarfs í þágu friðar. Markmið friðarsamstarfsæfinga er að efla samvinnu og samhæfa aðgerðir ríkja Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess svo sem á sviði friðargæslu og viðbragða við náttúruhamförum. Samvörður 2000 fer fram dagana 7.–12. júní. Atburðarásin snýst að þessu sinni um björgun í hafsnauð.

Þess ber einnig að geta að dagana 6.–7. sept. nk. verður haldið málþing í Reykjavík á vegum Atlantshafsherstjórnar Atlantshafsbandalagsins og utanrrn. Málþinginu er ætlað að mynda vettvang fyrir skoðanaskipti fræðimanna, herforingja, fulltrúa stjórnvalda og alþjóðasamtaka frá Bandaríkjunum, Evrópu og Rússlandi um Atlantshafstengslin, öryggi norðurvængs Atlantshafsbandalagsins og önnur mál er snerta öryggi í Evrópu.

Herra forseti. Nýbúið er að tilkynna um framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2009 til 2010. Kosningar fara fram árið 2008. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland sækist eftir setu í ráðinu og endurspeglar framboðið stefnu stjórnvalda að láta meira að sér kveða á alþjóðavettvangi. Samningaviðræður um endurskipulagningu ráðsins hafa staðið yfir í nokkur ár án árangurs, en m.a. hefur verið deilt um hversu mörg ríki eigi að sitja í ráðinu.

Ákveðin tímamót áttu sér stað nýlega þegar Bandaríkin létu af andstöðu sinni við að fjölga sætum fram yfir 20–21. Verði þetta til þess að samkomulag náist um fjölda sæta gæti það flýtt fyrir framboði Íslands. Utanrrn. er að hefja undirbúning að framboðinu og er m.a. gert ráð fyrir að fjölga í starfsliði okkar í New York á næsta ári.

Eitt aðalhlutverk Sameinuðu þjóðanna er að stuðla að heimsfriði og öryggi. Friðargæslan er eitt af þeim úrræðum sem öryggisráðið hefur yfir að ráða til að framfylgja þessu hlutverki. Þegar utanríkisþjónustan hélt upp á 60 ára afmæli sitt fyrr í þessari viku var vakin athygli á því að liðin eru 50 ár frá því að fyrstu íslensku friðargæsluliðarnir fóru til starfa fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Palestínu. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og á undanförnum árum hefur verið markvisst unnið að því að auka hlut Íslands í friðargæslu og því enduruppbyggingarstarfi sem fram fer henni samhliða. Nú starfa ellefu Íslendingar við slík störf á Balkanskaga. Búast má við fjölgun á næstunni á grundvelli nýgerðs samnings við Breta um samstarf ríkjanna í friðargæslu, ekki eingöngu í Bosníu heldur einnig í Kosovo. Í framtíðinni þarf að huga að enn frekari þátttöku í friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna, ekki síst utan Evrópu. Slíkt starf er til þess fallið að auka virðingu og áhrif Íslands á alþjóðavettvangi. Aðalatriðið er þó að mikil þörf er á sérþjálfuðu liði og hafa íslenskir löggæslumenn og fólk úr heilbrigðisstéttunum reynst afar vel í þessu starfi.

Efling mannréttinda og barátta gegn mannréttindabrotum eru órjúfanlegur hluti af starfi Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar og öryggis. Við höfum lagt áherslu á réttindi kvenna og barna og hefur þeirri áherslu meðal annars verið komið á framfæri með málflutningi á vettvangi allsherjarþingsins og mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Einnig hefur þátttaka í enduruppbyggingu á Balkanskaga tekið mið af mikilvægi mannréttinda kvenna og hafa íslensk stjórnvöld styrkt byggingu kvennahúss í Sarajevo og kostað íslenskan starfsmann til Unifem í Kosovo. Við höfum tekið virkan þátt í undirbúningi að aukaallsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem haldið verður í New York í júní um eftirfylgni kvennaráðstefnunnar sem haldin var í Beijing 1995. Utanríkisráðuneytið hyggst standa fyrir fundahöldum hér á landi af þessu tilefni til að stuðla að frekari umræðu um málefni kvenna hér á landi.

Átak Alþjóðabankans um eftirgjöf skulda fátækustu ríkja heims, svokallað HIPC-átak, er ekki eins langt komið og áætlað var á aðalfundi bankans í haust. Er þar einkum um að kenna seinagangi nokkurra iðnríkja, m.a. Bandaríkjamanna, sem ekki hafa fengið fulltrúaheild þingsins til að samþykkja fjárveitingar vegna átaksins. Hlutur Íslands í þessu átaki verður um 200 milljónir króna á næstu þremur árum. Þrátt fyrir tafir eru miklar vonir bundnar við átakið og að framlög skili sér frá þeim iðnríkjum sem fyrirheit hafa gefið. Eftirgjöf erlendra skulda á að virka sem vítamínsprauta á efnahagslíf stórskuldugra ríkja. Eftirgjöfin ein dugir þó skammt. Stjórnvöld viðkomandi landa verða að gera ráðstafanir til að svigrúmið sem minnkandi útgjöld ríkisins skapar, nýtist þeim sem mest þurfa á því að halda. Öðruvísi verður varanlegur vítahringur nýrrar lántöku, lakari lánskjara og síhækkandi afborgana ekki rofinn. Þess vegna eru settar fram ákveðnar kröfur um að þau ríki sem þiggja aðstoð úr sjóðum HIPC-átaksins uppfylli skilyrði um stjórnarfar og félagslegar umbætur.

Mósambík, eitt samstarfslanda Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, varð illa fyrir barðinu á flóðunum sem gengu yfir sunnanverða Afríku nýlega. ÞSSÍ og Rauði kross Íslands, sem bæði eru með verkefni í landinu, urðu fyrst allra hjálparstofnana til að skipuleggja aðgerðir til hjálpar fórnarlömbum flóðanna. Fengur, skip ÞSSÍ, sem var við hafrannsóknir við strendur Mósambík hefur verið notaður til að flytja hjálpargögn til einangraðra strandsvæða í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og stjórnvöld í landinu.

Þróunarsamvinnustofnun hefur nýlega ákveðið að hefja samstarf við Úganda. Það er mögulegt bæði vegna aukinna fjárframlaga til stofnunarinnar og starfsloka á Grænhöfðaeyjum. Úganda er eitt fátækasta land í heimi og er stjórnarfar nokkuð stöðugt. Stjórnvöld Úganda hafa leitað eftir aðstoð Íslendinga við gæðaeftirlit á fiskafurðum, en auk verkefna í fiskimálum er fyrirhugað að stofnunin taki að sér störf í heilsugæslu og menntunarmálum.

Á allsherjarþinginu síðastliðið haust var samþykkt ályktun um nýjan samráðsvettvang um málefni hafsins, en ætlunin er að efna til vikufundar árlega. Markmiðið er að fjalla

um skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um málefni hafsins í þeim tilgangi að benda á einstök atriði sem gefa þarf sérstakan gaum í ályktunum allsherjarþingsins og sem stuðlað geta að betri samræmingu milli ríkja og stofnana Sameinuðu þjóðanna. Fyrsti fundur þessa nýja vettvangs verður í maí næstkomandi. Rík áhersla verður lögð á virka og öfluga þátttöku af hálfu Íslands í starfi þessu frá upphafi til að hafa mótandi áhrif í þágu íslenskra hagsmuna. Þegar Nitin Desai, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna á sviði efnahags- og félagsmála var hér í heimsókn nýlega, ræddum við þessi mál ítarlega. Væntum við mikils og góðs samstarfs við skrifstofu hans á þessum vettvangi.

Mikilvægasta og metnaðarfyllsta verkefni FAO á næstu árum á rætur að rekja til leiðtogafundarins árið 1996, en þar settu aðildarríkin sér það markmið að fækka hungruðum í heiminum um helming fyrir 2015. Af verkefnum sem tengjast Íslandi beint ber hæst undirbúning fiskveiðiráðstefnu á Íslandi haustið 2001 undir heitinu „Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfinu". Umsjón með ráðstefnunni hefur FAO-nefndin. Stefnt er að því að ráðstefnan verði þýðingarmikill liður í að ná alþjóðlegri samstöðu um nýtingu þessa stærsta fæðubúrs heims.

Samstarf og samráð í utanríkismálum við önnur Norðurlönd hefur frá upphafi verið einn hornsteina íslenskrar utanríkisstefnu. Árið 1999 fór Ísland með formennsku í Norðurlandasamvinnunni. Utanríkisráðherrafundir Norðurlanda eru tveir á ári og voru þeir báðir haldnir hér á landi á síðasta ári. Samnorræn sendiráðsbygging í Berlín var opnuð 20. október 1999. Náið samstarf Norðurlanda er innan alþjóðastofnana t.d. ÖSE, Evrópuráðsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Alþjóðabankans og OECD. Í öllum borgum þar sem íslensk sendiráð og fastanefndir eru til staðar taka íslenskir sendierindrekar þátt í norrænum samráðsfundum og eru þeir utanríkisþjónustunni ómetanlegir.

Í framhaldi af stofnun fastanefndar Íslands hjá ÖSE í fyrra hefur þátttaka í starfsemi stofnunarinnar verið styrkt verulega. Á leiðtogafundi ÖSE í Istanbúl í vetur var grunnurinn að samstarfinu innan ÖSE treystur enn frekar með samþykkt öryggissáttmála Evrópu og með öðrum ákvörðunum sem sérstaklega var ætlað að efla stofnunina í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir vopnuð átök. Á vegum ÖSE starfa 19 sendinefndir og skrifstofur í aðildarríkjum sem vinna að þessum málum.

Hernaðaraðgerðir Rússa í Tsjetsjeníu hafa einnig vakið viðbrögð aðildarríkja ÖSE þar sem gagnrýnin hefur aðallega beinst að brotum Rússa á skuldbindingum sínum samkvæmt samningnum um hefðbundinn vígbúnað í Evrópu.

Með aðildinni að EFTA árið 1970 urðu þáttaskil í samskiptum við Evrópu. Með aðildinni varð Ísland fullgildur þátttakandi í fríverslunarsamtökum og tókumst við á hendur í fyrsta sinn skuldbindingar um fríverslun með iðnaðarvörur. Á þessu ári fagnar EFTA 40 ára afmæli og við 30 ára aðild að samtökunum. Þrátt fyrir að margt hafi breyst í alþjóðlegu umhverfi á þessum 30 árum, m.a. með tilkomu EES-samningsins, gegnir EFTA enn mikilvægu hlutverki fyrir okkar hönd. EFTA-skrifstofan á stóran þátt í rekstri EES-samningsins og hafa EFTA-ríkin sameinast um gerð fríverslunarsamninga við 14 ríki og eru fleiri samningar í farvatninu. Mikilvægastur þeirra er væntanlegur samningur við Kanada. EFTA-ríkin viðurkenna að fríverslun skuli gilda um sjávarafurðir og hafa haldið þeirri kröfu á lofti í öllum viðræðum um gerð fríverslunarsamninga. Það hefur verið ómetanlegur stuðningur fyrir málstað Íslands og stuðlað að þeim greiða aðgangi sem sjávarafurðir hafa að erlendum mörkuðum í dag.

Hvaðanæva berast okkur þau boð utan úr heimi að mikill áhugi sé á íslenskri menningu, hönnun og hugviti. Í nýlegri skýrslu sendiherra Íslands í London er m.a. haft eftir norrænum menningarfulltrúa þar í borg að Ísland hafi á undanförum árum hlotið meiri umfjöllun fjölmiðla en öll hin Norðurlöndin samanlagt. Athygli sem þessi er vandmeðfarin. Fyrirtæki leggja jafnan mikið upp úr ímynd sinni og telja hana til sinna mestu verðmæta, ekki síst á alþjóðamarkaði. Við þurfum að leggja rækt við ímynd Íslands. Athyglin skapar okkur sóknarfæri í viðskiptum sem okkur ber að fylgja eftir.

Viðskiptafulltrúar okkar merkja nú, sem aldrei fyrr, áhuga á fjölbreyttari vörum og þjónustu frá Íslandi. Í ljósi góðrar reynslu af samstarfsverkefni utanríkisþjónustunnar, samgönguráðuneytisins og íslenskra fyrirtækja í Bandaríkjunum undir merkjum Iceland Naturally hefur verið stigið fyrsta skref í átt að samræmdri ímynd landsins og kemur til álita að taka upp svipuð vinnubrögð t.d. í Frakklandi, Bretlandi og Þýskalandi.

Í könnun sem gerð var meðal neytenda í Bandaríkjunum fyrir nokkru kom m.a. fram að það sem ferðamenn sæktust fyrst og fremst eftir þegar þeir velja sér áfangastað væri menning. Af því sést að í menningu eru viðskiptaleg verðmæti. Innan þessa hugtaks rúmast nánast allt það sem einkennt getur eina þjóð, útlit, arfleifð, sköpunarkraftur, hugmyndaauðgi, áræði, framsækni og dugnaður. Úr flestu sem tengist menningu má gera arðvænlega útflutningsvöru og með sterkri ímynd greiðum við fyrirtækjum okkar leið inn á nýja markaði. Ég mun halda áfram að beita mér fyrir því að styðja þessa viðleitni með liðsstyrk viðskiptaþjónustunnar og sendiráða okkar víða um heim.

Stofnun viðskiptaþjónustunnar var svar okkar við alþjóðavæðingu atvinnulífsins og þeirri þróun sem var fyrirsjáanleg fyrir þremur árum. Ég tel að framtíðarsýnin hafi verið rétt og mun leggja áherslu á að efla þá þjónustu. Hún á að vera öldubrjótur fyrirtækja í alþjóðlegum viðskiptum og mótandi afl í ímyndaruppbyggingu landsins til aukins ábata fyrir Ísland framtíðarinnar.

Á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í Seattle átti að ýta nýrri lotu viðræðna um heimsviðskipti úr vör. Það mistókst af ýmsum ástæðum. Hlé var gert á fundum og var framkvæmdastjórn stofnunarinnar falið að leita leiða til að koma viðræðunum af stað á nýjan leik. Meginverkefni stofnunarinnar á næstunni verður því að freista þess að ná samstöðu um að víðtækari lotu verði ýtt úr vör sem fyrst.

Ákvarðanir á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eru teknar samhljóða. Ísland getur því haft umtalsverð áhrif á ákvarðanir óháð stærð þjóðarinnar. Við höfum lagt fram tillögu um að settar verði reglur sem banni beitingu ríkisstyrkja í sjávarútvegi sem skaða umhverfið og hefta viðskipti. Tillagan nýtur víðtæks stuðnings og er vonast til að málflutningur okkar leiði til þess að á komandi árum verði settar alþjóðlegar reglur sem takmarki beitingu slíkra styrkja.

Kínverjar stefna á aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Þeir hafa lokið viðræðum við 21 aðildarríki, þar með talið Ísland og Bandaríkin. Viðræður við ESB og fleiri aðildarríki standa nú yfir. Samkomulagið sem Ísland hefur gert við Kína felur í sér að Kínverjar lækka tolla á sjávarafurðum og iðnaðarvörum sem við seljum til Kína úr 25–30% í 10–15%.

Tollalækkanirnar koma að fullu til framkvæmda á árunum 2001–2005.

Herra forseti. Allt bendir til þess að flest þau skref sem við Íslendingar höfum stigið í utanríkismálum á undanförnum áratugum hafi orðið þjóðinni til heilla. Um marga áfanga hefur verið deilt. Umræðan hefur verið málefnaleg en oft á tíðum tilfinningaþrungin þegar mikilvægustu ákvarðanir í utanríkismálum þjóðarinnar hafa verið teknar. Ég sat t.d. í ríkisstjórn sem tók ákvörðun um að freista þess að ná samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Í stjórnarandstöðu gagnrýndi ég ýmis efnisatriði samningsins og taldi niðurstöðuna um margt gallaða. Ég gerði mér fulla grein fyrir mikilvægi samningsins en vildi sjá betri niðurstöðu eins og margir aðrir fyrir okkar hönd. *Ég benti á takmarkanir á* fríverslun með sjávarafurðir, takmörkuð áhrif og fleiri mætti tína til. Samningurinn var staðfestur með þeim kostum og göllum sem fylgja allri samningsgerð og hún er mikilvæg undirstaða í dag.

Það þýðir ekki að líta um of til baka í þessu máli frekar en öðrum. Við verðum að taka mið af líklegri framtíðarþróun og stöðu okkar í dag. Eitt er víst að mikil þróun á sér stað og breytingarnar hafa mikil áhrif á hag landsmanna. Við þessar aðstæður verðum við að halda áfram að efla íslenska utanríkisþjónustu. Erlend samskipti og alþjóðamál eru sívaxandi þáttur í starfsemi ráðuneyta, Alþingis, ýmissa stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja og flestir Íslendingar finna fyrir meiri samkennd og nálægð með öðrum þjóðum en nokkru sinni fyrr.

Á breyttum tímum í alþjóðamálum þarf nýja hugsun. Við þurfum að skilgreina stöðu okkar af vandvirkni og framsýni. Fyrir litla þjóð er mikilvægt að leggja rækt við þá vináttu og þann velvilja sem við njótum í samfélagi þjóðanna. Þar standa Norðurlöndin og hinar engilsaxnesku þjóðir okkur næst. Samstarf við þessar þjóðir hefur átt ríkan þátt í að skipa Íslandi veglegan sess sem sjálfstæðri og fullvalda þjóð.

Áframhaldandi farsæld í landinu byggist ekki síst á því að við finnum okkur það samstarfsform við þjóðir Evrópu sem tryggir dugnaði, þekkingu og menningu Íslendinga þann farveg að framtíðarkynslóðir fái notið sín í því alþjóðasamfélagi sem hvarvetna blasir við.

[11:05]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski nokkuð sérstakt að ég skuli nota þann möguleika sem ég hef hér til að koma upp í andsvari til að koma á framfæri ábendingu sem er þó mikilvæg fyrir umræðuna um þetta mál. Þannig vill til að fyrir þinginu liggja tvær viðamiklar skýrslur sem utanrrn. hefur látið gefa út, annars vegar um alþjóðamál yfirleitt en hins vegar um Evrópumálin.

Samkomulag varð um það í utanrmn. að óska eftir því við hæstv. utanrrh. og við stjórn þingsins að sérstök umræða færi fram um skýrsluna um Evrópumálin og henni yrði ekki blandað saman við það mál sem er á dagskrá í dag. Þessi beiðni markast af því að utanrmn. lítur svo á að ástæða sé til þess að fá mjög vandaða umfjöllun um Evrópumálin og óskar eftir því að meira tímarúm gefist til þeirrar umfjöllunar og þessar tvær skýrslur séu vísbending um hversu mikilvægt það er að bæta umræðugrundvöllinn um utanríkismálin. Því höfum við farið fram á að fá sérstaka umræðu um Evrópumálaskýrsluna.

Bæði hæstv. utanrrh. og stjórn þingsins hafa orðið vel við þeirri beiðni og því hefur umræðan farið í þennan farveg sem hér verður í dag. Ég vildi aðeins gera þingheimi grein fyrir þessari afstöðu utanrmn.

[11:07]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og komið hefur fram hjá hv. formanni utanrmn. er samkomulag milli hæstv. utanrrh., utanrmn. og stjórnar þingsins að sú umræða sem hér á sér stað fjalli fyrst og fremst um yfirlitsskýrslu hæstv. utanrrh. um alþjóðamál en að umræðan um hina skýrsluna, um Evrópumálin, bíði síðari umræðu eftir páska. Ég mun því í þessari ræðu minni eingöngu fjalla um þau atriði í yfirlitsskýrslunni sem ekki varða Evrópumálin eða samstarf Íslands við önnur Evrópuríki nema að því er varðar norrænt samstarf og fjölþjóðasamstarf.

Hjá hæstv. utanrrh. kom fram að hann leggur áherslu á að Alþingi og þjóðin fái sem bestar upplýsingar um starf stjórnvalda að utanríkismálum. Ég tel þess vegna sérstaka ástæðu til að þakka honum fyrir að hafa á ný tekið upp þann hátt að dreifa á Alþingi ítarlegri yfirlitsskýrslu sem getur veitt miklu betri og skýrari upplýsingar um starfsemi utanríkisþjónustunnar en stutt ræða hæstv. ráðherra, en á undanförnum árum hefur verið látið við það sitja að ráðherrar flytji slíka skýrslu munnlega án þess að dreifa prentaðri yfirlitsskýrslu eins og hér er gert. Ég vil fagna því að hæstv. ráðherra hefur tekið upp þann sið á ný að láta dreifa slíkri skýrslu því að hér er um að ræða merkilegt plagg sem gefur miklu betri yfirsýn og miklu betri upplýsingar um einstök atriði en hægt er að gefa í tiltölulega stuttri framsögu.

Það veldur hins vegar því, virðulegi forseti, að menn verða á þeim stutta tíma sem hér gefst að hlaupa á hundavaði yfir einstök atriði í skýrslunni og geta ekki staðnæmst við nema tiltölulega fá atriði sem þar eru nefnd. Því mun ég í ræðu minni aðeins víkja að nokkrum atriðum en aðrir þingmenn Samfylkingarinnar munu koma hér á eftir í ræðustól og tala nánar um einstök atriði í skýrslunni. Ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra að kynna þingi og þjóð starfsemi utanrrn. á þann hátt sem hann hefur hér gert. Það er ekki aðeins fróðlegt sem stendur í skýrslunni sjálfri heldur ekki síður það sem stendur í tveimur viðaukum með skýrslunni, þó svo að segja megi að sakna megi þess að öll sendiráð Íslands í útlöndum hafi ekki gert starfsemi sinni sömu skil og sum þeirra hafa gert í þessum viðbæti. Og hvet ég hæstv. utanrrh. til þess, ef framhald verður á útgáfu slíkrar yfirlitsskýrslu, sem ég vona að verði, að þar megi finna svona stutt yfirlit um starfsemi allra sendiráða Íslands sem við eigum í útlöndum.

Fyrst langar mig til að staðnæmast við einn þátt í starfsemi utanríkisþjónustunnar eins og hún er fyrirhuguð á næsta ári. Í skýrslunni er rætt um að á næsta ári sé stefnt að því að tvö ný sendiráð verði opnuð í Kanada og Japan og kemur það okkur ekkert á óvart. Hins vegar kemur mér það nokkuð á óvart, ég verð að segja það eins og er, að gert er ráð fyrir því að breyta skrifstofu fastanefndar Íslands í Vín, sem sinnt hefur Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, í sendiráð í Austurríki. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra um hvað veldur því.

Nú hefur hæstv. ráðherra nýlega setið fund utanríkisráðherra Norðurlanda þar sem mótmælt var harðlega tilkomu þjóðernissinna í ríkisstjórn Austurríkis. Ef ég man rétt var niðurstaða utanríkisráðherra Norðurlandanna algjörlega

samhljóma í því efni, að menn ættu heldur að halda sér frá því að lyfta undir aukin samskipti milli Norðurlandanna og stjórnvalda í Austurríki og draga frekar úr þeim heldur en hitt. En það fer auðvitað ekki hjá því að nokkra athygli vekur í þessu sambandi að Ísland skuli við þessar aðstæður ætla að stíga það skref að opna formlegt sendiráð í Austurríki, í Vín. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra og biðja hann að gefa skýringu á því hvort honum finnist þetta ekki stangast svolítið á við þá niðurstöðu sem var um þessi mál, samskiptin við Austurríki, á hinum sameiginlega fundi utanríkisráðherra Norðurlanda fyrir ekki svo löngu. Því ég er alveg sannfærður um að sú ákvörðun íslenskra stjórnvalda að opna sendiráð í Austurríki við þessar aðstæður og auka þar með a.m.k. hvað formið varðar samskipti sín við stjórnvöld í Austurríki með þjóðernissinnaflokkinn þar innan borðs muni vekja athygli og kannski ekkert mjög þægilega athygli á okkur Íslendingum.

Í þriðja lagi langar mig til að víkja nokkrum orðum að því norræna samstarfi sem rætt er um í skýrslu hæstv. utanrrh. og láta í ljós þá skoðun mína að á síðari árum hafi talsvert dregið úr því formlega samstarfi sem verið hefur eða var á milli Norðurlandanna áður en þrjú þeirra gerðust aðilar að Evrópusambandinu. Þetta kemur m.a. mjög fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og margra stofnana þeirra þar sem er mun sjaldgæfara en áður var að Norðurlöndin flytji sameiginlegar tillögur eða fylgi sameiginlega málum úr hlaði.

Ég man vel eftir því að þegar skipulag Norðurlandaráðs eða réttara sagt þegar breytingar voru gerðar á skipulagi og starfsháttum Norðurlandaráðs fyrir nokkrum árum var m.a. einn tilgangurinn í þeirri breytingu sá að opna eins konar bakdyr fyrir Íslendinga og Norðmenn til áhrifa á stefnumótun Evrópusambandsins fyrir milligöngu hinna landanna þriggja.

Nú má spyrja hvort það norræna samstarf hafi borið tilætlaðan árangur. Ég vil leyfa mér að efast um það. Hins vegar er nú verið að vinna á vegum samstarfsráðherranna að endurskoðun á norrænu samstarfi, hvernig það skuli skipulagt, og ég vildi gjarnan ef hæstv. utanrrh. hefur einhverja stund aflögu, að hann ræði það mál og hvernig hann sér það í framtíðinni.

Ég vil t.d. benda á, eins og kemur fram í kaflanum um svæðisbundna samvinnu, að mjög margvíslegt og marghliða samstarf er í gang á þessu heimssvæði. Þetta er mikil flóra, menn nefna Eystrasaltsráðið, Norðurskautsráðið, Barentsráðið o.s.frv. ásamt ýmsu samstarfi um nýtingu auðlinda og umhverfismál sem á sér stað utan þessara formlegu samtaka.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Gæti hann séð þá þróun fyrir sér að öll þessi flóra, allur þessi samstarfsvettvangur yrði sameinaður undir eina samræmda stjórn eða sama hatt, t.d. á vegum norrænnar samvinnu þar sem samstarfið yrði um umhverfis- og auðlindanýtingu á þessu svæði öllu, um heilbrigðismál, um félagsmál og um aðra þá þætti sem varða hagsmuni þessa hluta heims? Mjög erfitt er að fá yfirsýn yfir allt það samstarf sem á sér stað í þessari margbreyttu flóru formlegs og óformlegs samstarfs en að mínu viti er nauðsynlegt að fá heildaryfirsýn yfir það og fella samstarfið í einn farveg.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Getur hann hugsað sér það að í þeirri endurskoðun á starfsemi Norðurlandaráðs og norræna samstarfsins sem á sér núna stað sé tekið tillit til þess sjónarmiðs að reyna að fella allt þetta fjölbreytta samstarf undir einn samræmdan hatt eða eina samræmda stjórn?

Þá langar mig, virðulegi forseti, til að víkja nokkrum orðum að því sem segir í skýrslunni um gildi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fyrir Ísland. Það segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ísland hefur sýnt frumkvæði og beitt sér fyrir því að viðræður um afnám ríkisstyrkja í sjávarútvegi, er stuðla að ofveiði, verði eitt af verkefnum næstu samningalotu WTO."

Þetta er ágætt markmið og athyglisvert í sjálfu sér. En við skulum gæta þess líka að kasta ekki steinum úr glerhúsi. Spurningin sem ég legg fyrir hæstv. utanrrh. er þessi: Telur hæstv. utanrrh. að íslenskum sjávarútvegi á Íslandi séu ekki veittir neinir styrkir? Hvað telur hann t.d. vera þau ákvæði skattalaga að veita sérstakan sjómannaafslátt? Er það ekki óbein aðstoð við íslenska útgerð til að greiða niður eða a.m.k. auðvelda henni að bera þann launakostnað sem hún ella þyrfti að gera? Hvað telur hæstv. ráðherra að megi segja um það að íslenska útgerðin borgi ekki fullu verði þá þjónustu sem íslenskar útgerðir fá frá hinu opinbera, bæði stjórnvöldum og sveitarstjórnum, t.d. í formi hafnargjalda, formi ráðgjafar, formi vísindalegrar aðstoðar o.s.frv.?

Ég er ansi hræddur um að hægt væri að halda því fram að jafnvel Ísland, þar sem sjávarútvegurinn er ein af helstu undirstöðuatvinnugreinunum, væri ekki land sem veitti sjávarútvegi enga styrki. Svo ég vil spyrja hæstv. utanrrh. að því: Hefur hann gert gangskör að því í undirbúningi að þessari starfsemi sem hann hefur verið tillögumaður að innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að þá yrði gerð úttekt á því svo að menn gætu þá svarað fyrir það: Er um að ræða beina eða óbeina styrki opinberra aðila til sjávarútvegs á Íslandi og ef svo er, hversu miklir eru þeir?

Í fimmta lagi langar mig til þess að víkja stuttlega að fyrirætlunum hæstv. ráðherra varðandi nýja bókun varnarsamningsins „Agreed Minutes" um framkvæmd þess samnings. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt bókuninni frá 1996 geta samningsaðilar óskað eftir því að hún verði endurskoðuð að fjórum árum liðnum frá undirritun (nánar tiltekið frá og með 9. apríl árið 2000). Skal þá kappkostað að hefja viðræður innan fjögurra mánaða frá því að slík beiðni er lögð fram."

Nú er þessi dagur, 9. apríl árið 2000, runninn upp. Þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hefur þeirri ósk verið komið á framfæri að umræddar viðræður hefjist og má þá eiga von á því að þær hefjist í haust? Þá er spurning mín til hans númer tvö: Hvert er upplegg stjórnvalda í þeim viðræðum? Hver eru samningsmarkmið íslenskra stjórnvalda í þeim viðræðum um framkvæmd varnarsamningsins eða nýja bókun við varnarsamninginn, eins og það heitir nú á réttu máli? Hver eru samningsmarkmiðin sem Ísland leggur upp með í þeim viðræðum? Getur hæstv. ráðherra greint frá því? Auðvitað hlýtur hæstv. utanrrh. og hæstv. ríkisstjórn að hafa komið sér niður á einhver samningsmarkmið áður en þær viðræður hefjast og það væri vissulega forvitnilegt að fá upplýsingar um það hver þau samningsmarkmið eru.

Þá vil ég einnig fagna því að í kaflanum um samning um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn tekur hæstv. utanrrh. af öll tvímæli um það sem hann gerði ekki í ræðu sinni á Alþingi fyrir ári, að hann gagnrýnir afstöðu öldungadeildar Bandaríkjaþings fyrir að hafa látið hjá líða að staðfesta samninginn um að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna og frekari þróun þeirra. Hæstv. utanrrh. tekur

fram í skýrslunni að Bandaríkjamenn hafi barist einna harðast allra fyrir því að koma þessum samningi á. Hann tekur líka fram að samningurinn hafi ekki enn tekið gildi því það vanti upp á að þau 44 ríki sem tilgreind eru í samningnum hafi fullgilt hann. Aðeins 41 af þessum 44 hafa undirritað samninginn.

Alvarlegasta áfallið er að sjálfsögðu það að öldungadeild Bandaríkjaþings skuli hafa neitað að staðfesta samninginn, að stærsta kjarnorkuveldi heims, sem menn stóðu í þeirri trú að væri að berjast fyrir samningi um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn, skyldi þegar átti að fullgilda slíkan samning snúa við blaðinu. Þetta eru að sjálfsögðu mjög alvarleg tíðindi og áfall fyrir álit Bandaríkjamanna og Bandaríkjastjórnar, a.m.k. á Vesturlöndum, og sennilega um heim allan, því að þessi ákvörðun Bandaríkjaþings getur dregið mjög alvarlegan dilk á eftir sér í samskiptum við önnur kjarnorkuveldi.

Því fagna ég því, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. tekur undir gagnrýni á þessa afstöðu og fullyrðir að afstaða öldungadeildarinnar hafi orðið verulegt bakslag í þessari viðleitni.

[11:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi koma inn á þær spurningar sem hv. þm. kom inn á, þó ég geti ekki svarað nema kannski einni eða tveimur, og mun koma að öðrum síðar.

Fyrsta spurning hans laut að sendiráði í Vínarborg. Það hafði verið áætlað og í reynd ákveðið þegar við kæmum upp fastanefnd hjá ÖSE í Vínarborg að í framhaldinu breyttum við þeirri sendiskrifstofu í sendiráð af þeirri einföldu ástæðu að með því gætum við nýtt þessa aðstöðu mun betur. Við þurfum að sinna í vaxandi mæli ýmsum ríkjum Mið-Evrópu og Austur-Evrópu sem við höfum ekki getað sinnt með fullnægjandi hætti fram að þessu. Vínarborg liggur afar vel við og þess vegna er það á allan hátt hagkvæmt að nýta aðstöðuna í Vínarborg betur.

Þá vaknar sú spurning: Er ástæða til að breyta þessum áætlunum vegna þeirra atburða sem hafa átt sér stað í Austurríki? Við teljum svo ekki vera. Ég veit ekki til þess að neitt af þeim ríkjum, sem hafa gagnrýnt Austurríki sem mest, hafi uppi fyrirætlanir um það að leggja niður sendiráð eða draga úr sinni starfsemi þar. Mér sýnist hins vegar að sum þessara ríkja séu í nokkrum vandræðum með að standa við fyrri yfirlýsingar sínar um það hvernig eigi að koma fram gagnvart Austurríki.

Ég hef fordæmt flokk Haiders og allt það sem hann hefur sagt en ég vil hins vegar dæma Austurríkismenn á grundvelli þess hvað þeir gera, hvað þeir ætlast fyrir og gefa þeim tækifæri til að skýra það út. Við Íslendingar höfum ekki tekið jafnsterkt til orða og ýmsar aðrar þjóðir og það er rangt hjá hv. þm. að einhver sameiginleg yfirlýsing hafi verið gefin út um þessi mál á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna þegar hann var haldinn síðast.

[11:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að þau ríki sem gagnrýnt hafa nýju ríkisstjórn í Austurríki vegna aðildar flokks Haiders hafa ekki lokað sendiráðum sínum þar sem þau hafa fyrir löngu opnað. Hins vegar held ég að það hljóti ekki að fara hjá því að menn reki upp stór augu þegar Íslendingar taka þá ákvörðun að breyta þeirri sendiskrifstofu sem þar er í formlegt sendiráð og taki upp slík samskipti við þessa nýju ríkisstjórn. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið ástæða til þess að doka eitthvað við með það.

Einhvern veginn situr það í mér, ég man ekki betur en að ég hafi lesið í blöðunum fréttir eftir þennan fund utanríkisráðherra Norðurlanda að þeir hefðu verið sammála í því að taka harða afstöðu gegn þróuninni í stjórnmálum í Austurríki og látið í ljós þá skoðun sína að þeim væri þetta ekki þóknanlegt og bæri að líta á þetta alvarlegum augum. Hvort um yfirlýsingu var að ræða eða ekki man ég satt að segja ekki. Ég hafði ekki fyrir því að fletta þessu upp en ég man ekki betur, hæstv. utanrrh., en að þetta mál hafi verið á dagskrá utanríkisráðherrafundar og þar hafi menn komist að sameiginlegri niðurstöðu, hvort sem það var í formi formlegrar yfirlýsingar eða ekki.

[11:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Flestar þær þjóðir sem hafa tekið sterkast til orða í sambandi við þetta mál hafa miklu meiri samskipti við Austurríki en Íslendingar. Austurríki er í Evrópusambandinu og ég þekki ekki til þess að Austurríki hafi á nokkurn hátt verið útilokað frá fundum þar innan dyra og smátt og smátt sé þetta andrúmsloft að breytast.

Það er svo allt annað mál hvað mönnum finnst um Haider og flokk hans. Það er nú svo að það eru starfandi ýmsir flokkar í Evrópu sem ekki eru mjög þóknanlegir flestum lýðræðisflokkum í Evrópu. Ég hef verið þeirrar skoðunar að menn hafi verið með heldur sterkar yfirlýsingar í þessu máli miðað við það sem þeir hafa síðan gert. Ekki er nóg að hrópa hátt á alþjóðavettvangi og síðan hafi menn enga möguleika til þess að koma því í framkvæmd sem þeir eru að segja.

Ríkisstjórn Austurríkis er staðreynd. Hún er mynduð lýðræðislega. Mér er ekki kunnugt um að nein mannréttindabrot hafi átt sér stað í Austurríki síðan þessi ríkisstjórn var mynduð. Mér er ekki kunnugt um að Austurríki ætli sér á nokkurn hátt að beita sér í þeim anda sem Haider hefur boðað á fyrri árum. Þvert á móti hefur hún tekið af öll tvímæli um það að það standi ekki til og Austurríki ætli að starfa í anda lýðræðis og mannréttinda á alþjóðlegum vettvangi.

Þá spyr ég: Hvaða tilgangi þjónar það að við Íslendingar hættum við fyrri áætlanir um að bæta við svona eins og einum eða tveimur starfsmönnum í Vín? Telur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að það sé mjög mikilvægt innlegg í þá umræðu sem þarna á sér stað?

[11:28]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að ríki Evrópusambandsins hafa ekki vísað Austurríki úr samtökum sínum eða af sameiginlegum fundum. En honum hlýtur að vera alveg jafnljóst og mér að opinberir fulltrúar Austurríkis á slíkum fundum, a.m.k. ráðherrar sem þar hafa mætt, hafa verið sniðgengnir og þeir látið lítið fyrir sér fara og lítið tillit verið tekið til þeirra, m.a. í almennum samskiptum milli manna.

Það er allt annar hlutur hvort menn taka ákvörðun við þessar aðstæður um að draga úr samskiptum sínum við Austurríki eða hvort menn taka ákvörðun við þessar aðstæður að stórauka þau, eins og það er að stofna sendiráð í ríki þar sem sendiráð hefur ekki verið fyrir. Það er viss viðurkenning þeirra stjórnvalda eða þeirra ríkja sem það gera á þeirri ríkisstjórn sem þeir eru að opna samskipti við. A.m.k. er litið svo á að fólgin sé ákveðin viðurkenning og ákveðin traustsyfirlýsing í slíkum tilvikum og mér finnst full ástæða til að

spyrja sig að því hvort rétt sé að gera það. Ég vissi um það, það hefur komið áður fram hjá hæstv. utanrrh. hvaða afstöðu hann hafði til þróunar mála í Austurríki. Þess vegna kom það mér á óvart þegar ég hnaut um það í lestri blaða að norrænu utanríkisráðherrarnir hefðu á fundum sínum orðið sammála um hvernig skyldi taka á málum, hvort sem það væri í formi opinberrar yfirlýsingar eða ekki. En það kemur í ljós, hæstv. forseti, að utanrrh. Íslands virðist vera nokkuð jákvæðari í afstöðu sinni til stjórnvalda í Austurríki en utanríkisráðherrar annarra Norðurlanda.

[11:31]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, 219. mál, þskj. 996.

Fjáröflun til vegagerðar, 223. mál, þskj. 997.

Rafræn eignarskráning á verðbréfum, 163. mál, þskj. 995.

[11:31]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir um alþjóðamál er ítarleg og markar ásamt annarri úgáfu á vegum ráðuneytisins nú um þessar stundir mikilvægi utanríkismála og það hvernig vægi þessa málaflokks hefur vaxið, ekki síst á undanförnum áratug. Íslendingar eru að sjálfsögðu mjög háðir utanríkisviðskiptum. Af Evrópuþjóðum er þjóðin ein þeirra sem eiga mest undir utanríkisviðskiptum, það á reyndar við um flestar smáþjóðir Evrópu. Það sem hefur breyst síðasta áratug er að vægi og samsetning öryggismála hefur vaxið, þau hafa orðið flóknari og samspil þeirra við utanríkismál orðið sterkara. Sama má segja um umhverfismálin, þau hafa líka tekið á sig nýja vídd og tengjast nú mjög mikið öryggismálum og viðskiptamálum eins og ég mun koma að síðar. Í samræmi við þetta hefur verið unnið markvisst að því að styrkja utanríkisþjónustuna og er það vel og tímabært og hefur haft áhrif á stöðu okkar Íslendinga til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

Ég vil geta þess sérstaklega að ég tel tímabært að opna sendiráð í Japan. Japan er mjög stórt í efnahags- og viðskiptalífi heimsins, einn af stærstu aðilunum á því sviði. Íslendingar eiga mikil viðskipti við Japana og má búast við því að þau fari vaxandi. Líka má vekja athygli á því að viðskiptaumhverfi í Austurlöndum fjær þar sem við skoðum stöðu Japan, Kína, Tævan og annarra þeirra efnahagssvæða sem þar hafa verið að rísa á undanförnum árum er ljóst að þar verður mjög virkt viðskiptasvæði í framtíðinni. Hugsanlegt er að mesti hagvöxturinn í heiminum verði á komandi árum einmitt á þessu svæði. Þar eru fyrir mjög sterkir aðilar, Japana hefur nú verið getið, Suður-Kórea er þrátt fyrir áföll, sem þá hafa hent, enn þá mjög sterkur aðili og verður það væntanlega í framtíðinni. Mjög miklu skiptir hvernig þróun mála verður á meginlandi Kína. Tævanar eru með sterkustu efnahagssvæðum í heimi og eru sérstaklega sterkir á sviði tæknibúnaðar. Þeir framleiða sennilega um þessar stundir um 60% af tölvuborðum sem seld eru í heiminum og hafa afar sterka stöðu á því sviði. Þeir hafa áætlanir um að styrkja stöðu sína enn frekar á sviði viðskipta og samgangna. Þeir eru stærsti fjárfestingaraðili á meginlandi Kína og er þar bæði um að ræða beina fjárfestingu Tævana á meginlandinu, einkum og sér í lagi óshólmasvæði Yangtzekiang en ekki síður óbeina fjárfestingu í gegnum fyrirtæki sem Tævanar eiga í Singapúr og Malasíu. Þarna er því um að ræða verulega breytingu og svæði sem mikilvægt er fyrir Íslendinga að tengjast nánari böndum og sterkari í framtíðinni.

Opnun sendiráðs í Kanada markar líka mikilvæg skref fyrir okkur Íslendinga. Við eigum mjög margt sameiginlegt með Kanadamönnum og viðskiptatengsl okkar þyrftu að styrkjast þar og geta styrkst mjög verulega. Það á ekki síst við um hagsmuni okkar sem eru menningarlegs eðlis og eru samofin íslenskri ferðaþjónustu og kynning á íslenskri menningu.

Hér hefur verið rætt svolítið um opnun sendiráðs í Austurríki og mér kemur á óvart ef menn setja sig upp á móti því að opna sendiráð í Austurríki. Austurríki er lýðræðissamfélag og hefur verið lengi og mun koma til með að vera vel staðsett í þeirri þróun sem á sér nú stað í Evrópu. Mið-Evrópa tengist nú æ nánari böndum Vestur-Evrópu, ekki síst í gegnum væntanlega stækkun Evrópusambandsins. Því er mjög mikilvægt fyrir okkur að styrkja stöðu okkar á þessum svæðum í gegnum Þýskaland og Austurríki. Vandamálin sem uppi hafa verið í Austurríki vegna þátttöku öfgaflokks Haides í ríkisstjórn Austurríkis eiga að sjálfsögðu ekki að verða til þess að við drögum úr samskiptum okkar við Austurríki. Ástæða er til að styrkja tengsl okkar við Austurríki á sama hátt eins og það er á vissan hátt líka í vandræðum þeim sem Rússar hafa ratað í ástæða fyrir okkur Íslendinga sérstaklega í tvíhliða samskiptum okkar við Rússa að auka samskipti okkar við þá þó svo að dregið hafi úr tengslum Rússa við þær stofnanir sem við Íslendingar erum aðilar að.

Ég held líka að megi segja sem svo að það skref sem 14 aðildarþjóðir Evrópusambandsins stigu strax í nokkru írafári gagnvart Austurríki hafi orðið til þess að menn hafi nokkurn höfuðverk út af þessum málum. Evrópusambandið sjálft hefur eiginlega afneitað þessu og sagt að þetta væri ekki samkvæmt stjórnarskrá Evrópusambandsins. Í stjórnarskrá Evrópusambandsins eru ákvæði um það hvað hægt sé að gera á vegum sambandsins ef þjóðir taka ákvarðanir sem brjóta gegn grundvallarviðmiðum Evrópusambandsins og þeim hugsjónum sem Evrópusambandið stendur fyrir. Þær eru að sjálfsögðu nátengdar hugsjónum Evrópuráðsins sem allar aðildarþjóðirnar Evrópusambandsins eru aðilar að.

Ljóst er að ekki er einu sinni samstaða um þetta innan sósíaldemókratíska flokka í Evrópu þannig að þetta mál á sér ýmsar hliðar. Ég held að við Íslendingar eigum ekki að láta þessi mál trufla afstöðu okkar til Austurríkis á nokkurn hátt.

Um leið og utanríkisþjónustan hefur aukið starf sitt á erlendum vettvangi hefur Alþingi einnig aukið sitt starf og sendinefndir Íslands á ýmsum vettvangi hafa verið mjög virkar í þessu aukna alþjóðlega samskiptastarfi. Ég tek það sem vísbendingu um aukinn áhuga Íslendinga á alþjóðlegu starfi að fram hafi komið áhugi á því að Ísland taki sæti í öryggisráðinu fyrir lok þessa áratugar og styð það heils hugar.

Að því er varðar alþjóðleg viðskipti er ljóst að þau eru að styrkjast og Íslendingar eiga mjög mikið undir því að þau geri það. Áhersluatriði þau sem Íslendingar hafa lagt fram innan WTO eru þess eðlis að þau fara mjög heim og saman við mikilvæga þætti í efnahagslífi Íslendinga. Ég vil nefna sérstaklega tvo þætti sem Íslendingar ættu að vinna að og eru að vinna að á sviði WTO. Fyrir það fyrsta hefur þróun heimsviðskipta nú mjög mikil áhrif á umhverfismál og menn eru að gera sér betur og betur grein fyrir því hversu mikil áhrif heimsviðskipti geta haft á umhverfismál. Alþjóðavæðingin og aukinn styrkleiki alþjóðlegra viðskiptahringa og hraði í þróun viðskipta hefur bæði kosti og galla. Það er alveg ljóst

að stækkun markaða og hraðari alþjóðleg viðskipti geta haft í för með sér ákveðnar hættur sem okkur ber að líta til.

Ljóst er að styrkjastefna í sjávarútvegi hefur mjög neikvæð áhrif á stöðu Íslendinga í alþjóðlegum viðskiptum og raunar stöðu mjög margra þjóða þriðja heimsins. Það er vitað mál að styrkir til sjávarútvegs hafa gert erfiðara að standa að fiskveiðum með þeim hætti að þær séu sjálfbærar. Það er viðurkennd staðreynd hjá OECD að styrkir til sjávarútvegs leiða til meiri sóknar og minni áhuga á sjálfbærum fiskveiðum en verið hefur hjá Íslendingum. Íslendingar hafa komið sér upp kerfi þar sem viðurkennt er að þeir hafa náð meiri árangri í sjálfbærri nýtingu fiskstofnanna en aðrir og það á m.a. rætur að rekja til þess að við höfum ekki styrki í sjávarútvegi og höfum ekki efni á því að hafa styrki í sjávarútvegi.

Ég vil geta þess sérstaklega vegna þeirrar umræðu sem var hér áðan út af styrkjum í sjávarútvegi að það er ekki einsdæmi að sjómenn njóti skattafsláttar. Þess eru mörg dæmi, ekki síst í efnahagslífi þjóða sem nýta norðlægar slóðir. Þá á ég við t.d. Bandaríkjamenn í Alaska og Kanadamenn og Dani og skattastefnu þeirra gagnvart Grænlandi og Norðmenn og skattastefnu þeirra gagnvart Norður-Noregi. Þá er tekið tillit til þeirra sem vinna auðlindir á norðlægum slóðum vegna þess að þeir lifa við erfið skilyrði. Þetta gildir að sjálfsögðu líka um Íslendinga og skattafsláttur til þeirra er á þessu byggður.

Rétt er að geta þess að ekkert Evrópuríki hefur ætlast til þess að sjávarútvegur þeirra tæki þátt í að kosta rannsóknarstarfsemi. Framlög sjávarútvegsins sjálfs til rannsóknarstarfsemi í Evrópu eru nánast engin, og framlög til hafrannsókna hafa farið minnkandi í Evrópuríkjunum, nema á Íslandi. Á Íslandi hefur hins vegar tekist að fá sjávarútveginn til þess að leggja fé óbeint til hafrannsókna og er hafrannsóknaskipið sem nú er verið að smíða dæmi um það.

Þetta endurspeglar þá staðreynd að Íslendingar hafa mikið út úr sjávarútvegi sínum, hann er mjög mikilvægur íslensku efnahagslífi og þar af leiðandi hefur tekist að fá áhuga hjá sjávarútveginum til að styrkja bæði rannsóknir í sjávarútvegi og fá stuðning sjávarútvegsins við það fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum á Íslandi.

Annað atriði sem mig langar til að benda sérstaklega á í þessu stutta máli mínu og varðar alþjóðleg viðskipti og hefur langtímamerkingu og þýðingu fyrir Íslendinga eru alþjóðleg orkuviðskipti. Núna hefur verið unnið mikið starf, ekki síst á vegum Evrópuríkjanna, við að búa til sameiginlegan orkumarkað í Evrópu. Þetta hefur að mestu leyti tekist. Það hefur orðið til þess að orkuverð hefur verið mjög lágt í Evrópu í sögulegu samhengi. Þessi þróun sem er vissulega jákvæð frá viðskiptalegu sjónarmiði og hefur hugsanlega í framtíðinni einhverja þýðingu fyrir Íslendinga frá viðskiptasjónarmiði, þó það sé nú ekki enn þá, hefur hins vegar haft mjög alvarlegar afleiðingar að því er varðar öryggi í orkumálum og í umhverfismálum. Þróunin hefur leitt til þess að Evrópa í heild, og þá ekki síst Vestur-Evrópa, hefur orðið miklu háðari jarðefnavinnslu, þ.e. kolum, olíu og gasi, en áður. Um leið og þetta hefur gert Evrópu háðari mjög óöruggum svæðum eins og Austurlöndum nær, eins og Kaspíahafssvæðinu og Rússlandi, hefur það einnig haft það í för með sér að umhverfismál eru sett í uppnám. Þetta aukna vægi olíu og gass og kola í orkuframleiðslu Evróuríkjanna felur það í sér að nánast er óhugsandi fyrir Evrópuríkin að standa við Kyotobókunina og Kyoto-skuldbindingar sínar. Ekki er mikið um þetta rætt í Evrópu núna en það er alveg ljóst að ef orkuþörf Evrópuríkjanna og þörfin á olíu, kolum og gasi eykst jafnhratt í framtíðinni og undanfarið hefur farið, og það er allt sem bendir til þess að svo verði, þá muni Evrópuríkin lenda í miklum erfiðleikum með að glíma við umhverfismarkmið sín. Þetta hefur verið viðurkennt í Evrópusambandinu en Evrópusambandinu hefur ekki tekist að koma sér saman um sameiginlega stefnu sem samræmir orku- og umhverfismál. Þá er rétt að geta þess að við útblástur gróðurhúsalofttegunda er orkan ábyrg fyrir 85% af þeim útblæstri. Menn geta því lesið saman þessa framtíðarsýn og séð hversu alvarlegt það er.

Ég á eftir að koma í ræðu minni inn á nokkur fleiri atriði. Það snertir sérstaklega Atlantshafsbandalagið og afstöðu Rússa til ÖSE og Evrópuráðsins en tími minn er á þrotum nú. Ég mun því nota seinni ræðutíma minn til þess að taka á því máli.

[11:46]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei dregið í efa að sjávarútvegur flestra ríkja, ef ekki allra, sé styrktur. Né heldur hef ég haldið því fram að sjávarútvegur Íslendinga væri styrktur meira, hvað þá heldur jafnmikið og sjávarútvegur annarra ríkja. Sennilega eru sjávarútvegsstyrkir á Íslandi þeir lægstu sem hægt er að finna í nokkru vestrænu ríki.

Hins vegar er alveg ljóst að t.d. skattafsláttur, sjómannaafslátturinn, er að mati allflestra hagfræðinga, innlendra sem erlendra, ríkisstyrkur. Um það eru þeir flestir ef ekki allir sammála.

Ég spurði hæstv. utanrrh. einfaldlega og setti það fram: Er nú ekki ráð þegar þessi umræða fer í gang að menn skoði hvaða rök verða líklega færð fram gegn okkur sem málflytjendum í þessu máli þannig að við stöndum ekki klumsa þegar einhverjir taka sig til og spyrja hvort Íslendingar séu ekki að kasta grjóti úr glerhúsi? Mér finnst full ástæða til þess að menn skoði áður en þessi umræða hefst hvort íslenskur sjávarútvegur sé alfarið laus við opinbera styrki. Þá er ég ekki bara að tala um styrki úr ríkissjóði heldur styrki úr sveitarsjóðum líka. A.m.k. yrði forvitnilegt að fá að vita hver niðurstaðan yrði af því í hve miklum mæli slíkir opinberir styrkir séu veittir. Þeir eru klárlega veittir, t.d. með ókeypis aðgangi að takmörkuðum auðlindum sjávar.

En auðvitað eru fleiri sem gera það. Það eru fleiri þjóðir sem beita þeirri aðferð. En þetta er náttúrlega styrkur sem aðrar atvinnugreinar hafa ekki. Ég veit ekki um neina atvinnugrein á Íslandi sem hefur ókeypis aðgang að t.d. orku. Um þetta má því að sjálfsögðu fjalla.

[11:48]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ástæðulaust að skilja orð mín svo að ekki mætti skoða þetta, enda var það ekki meiningin með athugasemd minni. Hins vegar langar mig til að benda á að nýting náttúruauðlinda á norðlægum svæðum nýtur mjög víða, eins og ég nefndi í ræðu minni, skattalegrar aðstoðar. Það á í raun við um iðnaðarstarfsemi sem er alþjóðlegs eðlis, eins og olíuvinnslu, vinnslu á málmgrýti og ýmiss konar aðra starfsemi. Hingað til hefur það ekki verið talið mjög erfið hindrun í því samstarfi sem á sér stað innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að slíkar skattaívilnanir hafa verið til.

[11:49]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg rétt. Þetta tíðkast. Það er alveg nákvæmlega rétt. En það er litið á þetta sem opinberan stuðning við atvinnugreinina. Það er líka jafnljóst. Og þá er nú gott að fá að vita þannig að menn viti það áður en þeir leggja í þessa vegferð að hve miklu leyti við Íslendingar séum þá í sömu sporum.

Án þess að hafa hugmynd um niðurstöðuna er ég hins vegar alveg klár á því að sjávarútvegur er miklu minna styrktur á Íslandi en í nokkru öðru ríki, a.m.k. í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu, miklu minna styrktur. Engu að síður er ljóst að hið opinbera styrkir þessa atvinnugrein að einhverju leyti, m.a. umfram aðrar atvinnugreinar, því að starfsfólk í öðrum atvinnugreinum nýtur ekki skattafsláttar bara vegna þess að það starfar þar og aðrar atvinnugreinar njóta ekki ókeypis aðgangs að aðföngum eða að takmörkuðum auðlindum. Ég veit ekki um neitt iðnfyrirtæki sem fær ókeypis raforku t.d.

Auðvitað er þetta stuðningur við atvinnugreinina. Og það er eins gott, áður en menn leggja í þessa vegferð, að vita hvernig sá stuðningur kynni að vera metinn.

[11:51]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð almennt sjónarmið að þar sem opinber stuðningur kemur fram við nýtingu auðlinda á norðlægum slóðum við erfiðar aðstæður þá sé ekki þar um að ræða annað en að verið sé að jafna kjör fólksins sem þar vinnur. Það fólk sem nýtir þessar auðlindir starfar og lifir við allt önnur skilyrði en algengt er að menn geri á suðlægari slóðum.

Það á að sjálfsögðu einnig við um íslenska sjómenn að þeir nýta ein hættulegustu svæði heimsins, sem jafnframt eru ein gjöfulustu svæði heimsins á fisk. Ég held því að hægt sé að jafna þessu saman að miklu leyti.

Fyrst hv. þm. minntist á að aðgangurinn að auðlindunum væri ókeypis hér á Íslandi þá er það atriði sem ég sé ekki ástæðu til að ræða hér. Aðgangur að auðlindum Íslands hefur aldrei verið ókeypis. Menn hafa þurft að fjárfesta til þess að komast í þessar auðlindir og mér er ekki kunnugt um að nokkurs staðar í heiminum sé aðgangur seldur að slíkum auðlindum.

[11:52]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins út af þessari umræðu. Ég vildi biðja hv. þm. Sighvat Björgvinsson að hlusta á það vegna þess að ég gat ekki svarað honum um þetta efni, en báðir hv. þm. hafa komið inn á sama hlut. Það sem við Íslendingar erum fyrst og fremst að tala um í þessu sambandi eru styrkir sem valda ofveiði, rányrkju og óskynsamlegri nýtingu fiskstofna. Við erum þeirrar skoðunar að það sé ekkert í okkar kerfi og okkar uppbyggingu sem geri það.

Hins vegar gerum við ráð fyrir að það verði hlutverk nefndar að fara yfir þessi mál og skilgreina hvað séu ríkisstyrkir í þessu sambandi og hvernig beri að líta á þá. Og við munum að sjálfsögðu, eins og við væntum að allar þjóðir geri jafnframt, upplýsa um það hvernig stöndum að málum. Ef það verður niðurstaða þessarar nefndar að eitthvað í okkar kerfi sé hægt að skilgreina sem ríkisstyrki og beri þá að banna samkvæmt þeirri niðurstöðu sem menn komast að, þá verðum við að sjálfsögðu að sæta því. Við gerum okkur alveg grein fyrir því í upphafi. En við erum ekki þeirrar skoðunar þegar við göngum til verksins að neitt í okkar kerfi leiði beinlínis til þess að óskynsamleg nýting náttúruauðlinda eigi sér hér stað. Það er eins og í öllu öðru starfi að við tökum að sjálfsögðu þá áhættu að leggja öll okkar spil á borðið. Við teljum þetta vera mál sem skiptir ekki aðeins okkur máli heldur allar þjóðir heims því að náttúruauðlindir hafsins eru mjög víða nýttar óskynsamlega og væri hægt að gera miklu meiri verðmæti úr þeim fyrir margar þjóðir ef betur væri staðið að málum.

[11:54]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi útlendinga, 261. mál, þskj. 1006.

Aukatekjur ríkissjóðs, 258. mál, þskj. 998.

[11:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það háttar svo til um það leyti sem við ræðum þessa skýrslu og tökum hér almenna umræðu um utanríkismál að íslenska utanríkisþjónustan á 60 ára afmæli, dagsett frá þeim tíma sem Danmörk var hernumin og við tókum af þeim ástæðum yfir forsvar okkar utanríkismála.

Það er athyglisvert og rétt að benda á í því sambandi að þetta 60 ára tímabil, eða 50–60 ár sem við höfum með sjálfstæðum hætti farið með okkar utanríkismál, er jafnframt mesta framfaraskeið þjóðarinnar og það verður tæplega dregin önnur ályktun af því en sú að okkur Íslendingum hefur vegnað afar vel sem sjálfstæðri og fullvalda þjóð frá því að við tókum endanlega yfir ábyrgð á okkar málum.

Vegna þess að um Evrópumálin verður hér sérstök umræða og þá miklu skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur skilað í þeim efnum, ætla ég ekki að eyða miklum tíma í þau. En ég fagna þeirri skýrslu. Ég tel að hún sé í öllum aðalatriðum vel og hlutlægt unnin og gott gagn, gott innlegg í umræður um þetta mál, sem reyndar hafa að mínu mati staðið linnulaust síðust tíu, fimmtán ár a.m.k. og er eðlilegt. Skýrslan er fyrst og fremst gagnlegt samsafn upplýsinga og staðreynda eftir því sem þær liggja fyrir um þessi mál án þess að reynt sé að draga af henni miklar pólitískar ályktanir eða niðurstöður og það tel ég skynsamlegt. Það er síðan hlutverk okkar stjórnmálamanna að gera í framhaldinu og öllum stundum.

Ég vil aðeins segja það eitt fyrir mitt leyti í því sambandi að ég tel að skýrslan sé afar mikilvægt svar við einum þætti þessa máls sem oft er hafður uppi og hann er sá að við Íslendingar vitum ekkert hvað það þýðir að ganga í Evrópusambandið nema sækja um og láta, eins og sagt er, á það reyna hvað bjóðist. Ég tel að þessi skýrsla hreki þann málflutning með öllu. Ella hefðu höfundar hennar ekki treyst sér til að fjalla í fjölmörgum köflum um hvað það þýði að gerast aðili að Evrópusambandinu. En það gera þeir og fá niðurstöður sem ég tel að séu á nokkuð traustum grunni byggðar hvað það varðar hvaða áhrif það hefði t.d. á íslenska atvinnuvegi, hvaða kostnaður því yrði samfara o.s.frv.

Ég tel því að um sjálfan sig sé fallinn, og ekki síst með skýrslu þessari, sá málflutningur að við vitum ekki hvað því væri samfara að ganga í Evrópusambandið nema sækja um, enda hefur að mínu mati ævinlega legið fiskur undir steini í þeirri umræðu, sem sagt sá að reyna að lokka menn áleiðis inn í Evrópusambandið út á málflutning af því tagi að fyrr sé ekki hægt að leggja dóm á málið. Ég tel að það sé hægt. Ég tel að stjórnmálaflokkum sé ekkert að vanbúnaði að gera upp hug sinn í því efni hvort aðild að Evrópusambandinu yfir höfuð sé fýsilegur eða æskilegur kostur eða ekki eins og málin liggja nú fyrir og það er vel.

Herra forseti. Um umsvif utanríkisþjónustunnar sem fjallað er um hér í skýrslu hæstv. ráðherra vil ég segja að það er alveg ljóst að hún hefur aukið verulega við sig á síðustu árum og talsvert aukinn kostnaður er því samfara að gæta hagsmuna Íslendinga á erlendri grund á tímum mjög vaxandi alþjóðlegs samstarfs. Ég hef stutt, ég held í öllum tilvikum, þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í þessu sambandi, opnun nýrra sendiráða og aukna mönnun Íslendinga á alþjóðavettvangi, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar og ég tel að það sé mjög mikilvægt.

Ég er eindreginn stuðningsmaður þess að opna sendiráð í Kanada og ég tel rétt að gera fastanefnd Íslands í Vín að sendiráði í Austurríki og jafnvel í þeim heimshluta. Það má til sanns vegar færa að það standi óheppilega á að jafnleiðinlegir atburðir hafi gerst í austurrískum stjórnmálum og raun ber vitni, þar sem hægri öfgaflokkur Jörgs Haiders er kominn í ríkisstjórn. En ég deili sjónarmiðum með hæstv. utanrrh. og formanni utanrmn. Ég tel ekki að við eigum að láta það blandast um of inn í það hvernig við með langtímahagsmuni að leiðarljósi gætum okkar hagsmuna í þessum efnum.

Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að við tökum kraftmikinn þátt í ÖSE, stofnuninni um öryggi og samvinnu í Evrópu og ég vil láta það sjónarmið mitt koma hér fram að við eigum að sækjast eftir því svo fljótt sem það getur orðið að taka að okkur forustu í þeirri stofnun. Ég held að formennska Knuts Vollebæks, utanríkisráðherra Noregs, hafi verið með miklum ágætum í formennskutíð Noregs og það væri spennandi framtíðarverkefni fyrir okkur að stefna að því að veita þessari stofnun forustu ekkert síður en að fá sæti í öryggisráðinu.

Ég hef líka verið stuðningsmaður þess að við ættum að hafa sendiráð í Japan. Ég verð þó að segja, miðað við fréttir sem ég hef fengið af þeim gífurlega kostnaði sem mun verða því samfara að stofnsetja sendiráðið í Japan, að það hafa leitað á mig efasemdir. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh.: Hafa menn farið yfir það á nýjan leik hvort það sé kannski hyggilegt jafnvel að doka við með það mál, sérstaklega ef ekki verður um gagnkvæmni að ræða, þ.e. ef Japanir opna þá ekki samtímis sendiráð hér?

Mér er tjáð að það geti orðið allt að þrefaldur kostnaður á við venjuleg sendiráð sem því verði samfara vegna gífurlegs húsnæðiskostnaðar og kostnaðar almennt af því að halda sér uppi í Tókíó. Þá fer maður að velta því fyrir sér hvort það sé kannski fulldýru verði keypt. Þrátt fyrir óumdeilt mikilvægi Japans og Japansmarkaðar hafa slíkar efasemdir leitað á mig og ég vildi gjarnan heyra hæstv. utanrrh. fjalla um það.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort mögulegt sé að fara í ríkari mæli það sem við getum kannski kallað Mósambík-leiðina, þ.e. að setja íslenska fulltrúa inn í sendiráð annarra Norðurlandaþjóða þar sem þau eru til staðar eða reyna að semja um slíka hagsmunagæslu fyrir okkar hönd. Auðvitað er augljóst mál að það má spara verulegar fjárhæðir með því að gera slíkt í samstarfi við Norðurlöndin og mér fyndist það mjög æskileg þróun ef Norðurlöndin samstilltu strengi sína í ríkari mæli gagnvart hagsmunagæslu sinni á erlendri grund, samanber hina velheppnuðu opnun sameiginlegs norræns sendiráðakomplex í Berlín.

Ég vil líka segja af þessu tilefni að ég tel að það sé óumflýjanlegt, herra forseti, að Alþingi fari yfir stöðu sína í þessum efnum. Ég tel t.d. tímabært að utanrmn. Alþingis fái fastan starfsmann í fullu starfi til þess að sú nefnd geti betur fylgst með m.a. öllum Evrópugerðum sem hingað eru að berast. Það mætti jafnvel færa fyrir því rök að Alþingi þyrfti að geta fylgst með á vettvangi, t.d. með einum fulltrúa við sendiráð Íslands í Brussel. Alþingi verður því einnig að fara yfir þessi mál hjá sér. Sú mikla alþjóðaþátttaka sem við þingmenn verðum að manna leggur stórauknar byrðar á herðar Alþingis og verulegar frátafir frá þingstörfum sem væru í sjálfu sér ágæt rök fyrir því að fjölga eitthvað þingmönnum en ég skal ekki fara lengra út í þá sálma.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur mikla áherslu á utanríkismál. Við teljum mjög mikilvægt að Ísland standi skipulega og markvisst að þátttöku sinni í alþjóðasamstarfi. Við leggjum þar fyrst og fremst áherslu á öfluga þátttöku í heildarstofnunum og lýðræðislega uppbyggðum stofnunum eins og stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu, Evrópuráðinu, Norðurlandaráði og Sameinuðu þjóðunum og þannig mætti áfram telja.

Ég vil nefna þessu til sannindamerkis að fyrir Alþingi liggja eða í utanrmn. ekki færri en sex tillögur og frv. sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þingflokkur þess eða einstakir þingmenn hafa flutt um utanríkismál. Það er tillaga um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum, það er tillaga um aðgerðir vegna stríðsátakanna í Kosovo, það er tillaga um viðræður við bandarísk stjórnvöld um brottför hersins og yfirtöku Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar. Það er tillaga um rannsóknir á umhverfisáhrifum af völdum erlendrar hersetu, það er frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Til viðbótar þessu höfum við hreyft fjölmörgum málum í formi fyrirspurna og utandagskrárumræðna. Með þessu höfum við sýnt í verki að við leggjum áherslu á utanríkismál og teljum það mjög mikilvægan og vaxandi málaflokk.

Ég vil svo nota það sem eftir er tíma míns til að ræða nokkuð einstaka efnisþætti eða atburði á sviði utanríkismála. Ég nefni þar fyrst ástandið á Balkanskaga eða í Kosovo. Ég vísa þar til tillögu okkar um að fram þurfi að fara rannsókn á þeim atburðum sem þar urðu sem og stefnumótun því samfara hvernig unnið verði að uppbyggingarstarfi á því svæði og að Alþingi eigi aðild að því máli. Víða um lönd fer fram mikil umræða um þjóðréttarleg og lagaleg álitamál sem tengjast þeim atburðum sem urðu á Balkanskaga og einkum ákvörðunum um loftárásir Atlantshafsbandalagsins þar. Líklega er að leggja af stað fyrir alþjóðlega dómstóla fleiri en eitt og fleiri en tvö dómsmál þar sem látið verður reyna á réttmæti þeirra ákvarðana sem þarna voru teknar.

Enginn vafi er á því að þetta verður á komandi árum viðfangsefni stríðsglæpadómstólsins og þá verða fleiri dregnir fyrir dóm en Serbar einir. Sagan er að leiða í ljós og atburðirnir eftir að átökunum lauk að þarna valda fleiri en einn eins og gjarnan þegar tveir deila.

Ég vil í öðru lagi nefna Tsjetsjeníu og ég vísa þar til þess að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var fyrstur flokka hér á landi til að taka það mál upp og hvetja til þess að tekin yrði upp hörð afstaða og andstaða við framferði Rússa í Tsjetsjeníu. Ég tel að viðbrögð Vesturlanda hafi lengi framan af verið allt of lin og skýrist e.t.v. af því, því miður, að Rússar duttu niður á það að nota hefðbundnar réttlætingar Vesturlanda eins og baráttu gegn hryðjuverkum, og þeir beittu í grófum dráttum sömu aðferðum, þ.e. gríðarlegum lofthernaði, og Atlantshafsbandalagið gerði í Kosovo.

Þann 9. nóvember samþykkti þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svohljóðandi ályktun um stöðu mála í Tsjetsjeníu, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmælir hernaði Rússa í Tsjetsjeníu þó hann sé rekinn í nafni baráttu gegn hryðjuverkum. Þingflokkurinn lýsir þungum áhyggjum af þeim mikla flóttamannavanda sem upp er kominn vegna átakanna og einnig af stjórnmálaástandinu í öllum norðurhluta Kákasussvæðisins. Átökin í Tsjetsjeníu eru enn eitt dæmið um yfirgang stórveldis sem leitast við að tryggja eigin hagsmuni í krafti hernaðarlegra yfirburða án tillits til réttinda óbreyttra borgara af öðru þjóðerni. Í höfuðborginni Grosní hefur flugher Rússa varpað sprengjum á skotmörk sem hafa enga hernaðarlega þýðingu og minnir þetta á nokkuð annað. Þannig hafa íbúðahverfi og almenningsfarartæki orðið fyrir sprengjuregni flughersins.

Þingflokkurinn beinir því til íslenskra stjórnvalda að þau beiti sér fyrir því á alþjóðavettvangi að komið verði á vopnahléi í Tsjetsjeníu og stríðandi aðilum gert að leysa deilun með friðsamlegum hætti."

Við höfum síðan ítrekað fylgt þessu eftir, m.a. með fyrirspurnum og umræðum á Alþingi.

Ég vil inna hæstv. utanrrh. eftir því hvað líði upphafi viðræðna við Bandaríkjamenn um umsvif hersins á komandi árum í kjölfar þess að yfirstandandi bókun fellur úr gildi. Ég fer fram á það og vísa til laga í þeim efnum að utanrmn. Alþingis verði höfð þar í nánu samráði við stjórnvöld. Ég vísa til tillögu okkar um viðræður í því sambandi. Fáist hún ekki afgreidd munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs nýta okkur lögvarinn rétt okkar til þess að eiga aðgang að upplýsingum um þau mál í gegnum utanrmn.

Af hálfu afvopnunarmála sem komið er inn á í skýrslu utanrrh. vil ég leggja sérstaka áherslu á mikilvægi þess að af stað komist viðræður um alþjóðasamning um vopnaviðskipti. Það er að margra dómi það sem helst á skortir til að hægt sé að stemma stigu við uppbyggingu spennu í einstökum heimshlutum að hægt sé að koma böndum á vopnaviðskipti, ekki síst ólögleg vopnaviðskipti inn á átakasvæði og til þess vantar alþjóðlegan samning.

Herra forseti. Ég saknaði þess sárlega í skýrslu hæstv. utanrrh. sem og í ræðu hans að ég fann hvergi orðið „Írak". Ég fann hvergi minnst á, ekki í umfjöllun um Miðausturlönd eða annars staðar, það skelfilega ástand sem þar ríkir. Ég minni á þá tillögu sem hér hefur verið endurflutt líklega sex sinnum um að Alþingi Íslendinga og Íslendingar beiti sér í því máli að fram fari endurskoðun á því ástandi sem þar ríkir og því viðskiptabanni sem er að valda því að heilli þjóð, 30 milljóna manna þjóð er þarna að blæða út. Að mati Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossins og fleiri samtaka um deyja 5 þúsund börn á mánuði í Írak. Allir helstu yfirmenn hjálparstarfs á vegum Sameinuðu þjóðanna í Írak hafa sagt af sér embætti frá og með sir Dennis Halliday að telja, sem og Hans von Sponeck, Jutta Burghard og fleiri mætti þar til nefna.

Segir það mönnum enga sögu að allir þeir menn sem hafa átt að bera ábyrgð af hálfu Sameinuðu þjóðanna á ástandinu innan Íraks, hafa sagt af sér embætti í mótmælaskyni við það ástand sem þarna er? Það er ekki hægt, herra forseti, að búa við það að á Alþingi Íslendinga flytji maður tillögur ár eftir ár og vilji fá afstöðu þingsins fram í máli af þessu tagi og það fáist aldrei til atkvæða. Ég mun leggja harða og þunga áherslu á það að þessi tillaga fái loksins afgreiðslu.

Af sviði hafréttarmála ætlaði ég aðeins að nefna Hatton-Rockall svæðið. Ég spyr hæstv. utanrrh. hvað líði mótun kröfugerðar af hálfu Íslands samkvæmt ákvæðum alþjóðahafréttarsáttmálans þegar landgrunnssvæðinu á Hatton-Rockall verður skipt upp eða það tekið til umfjöllunar í samræmi við ákvæði alþjóðahafréttarsáttmálans. Ég vil einnig spyrja hæstv. utanrrh. í því sambandi: Hefur verið reynt að ná samstöðu með Færeyingum um sameiginlega íslenska kröfugerð hvað varðar Hatton-Rockall svæðið? Ég mæli eindregið með því að sá kostur verði athugaður. Færeyingar hafa yfirtekið forsvar í málefnum eigin landgrunns frá Dönum og geta þar af leiðandi væntanlega sjálfir rætt t.d. við Íslendinga um samflot í þessum efnum. Þar er fram undan mikilvægt verkefni sem við þurfum að sinna vel.

Herra forseti. Nokkur önnur atriði ætlaði ég taka fyrir í mínu máli sem tími gefst ekki til. Ég mun því gera það í síðari ræðu og óska eftir að ég verði settur á mælendaskrá.

[12:10]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins víkja nokkru að því sem hv. þm. spurði um og þá fyrst út af sendiráði í Japan.

Við gerum okkur afar vel grein fyrir því og það hefur alltaf legið fyrir að sendiráð í Japan og rekstur þess er kostnaðarsamari en flest sendiráð okkar. Kostnaður getur verið allt að tvöfaldur, eins og hv. þm. tók hér fram, en ekki er talið að það sé skynsamlegt að draga það að opna sendiráð þar af þeim sökum. Ég bendi á að Japanar hafa fallist á það og ákveðið að opna sendiráð hér á landi. Þeir hafa þegar opnað upplýsingaskrifstofu og hafa tilkynnt að sendiráð verði opnað 1. janúar nk. og hafa þegar hafið leit að húsnæði í því skyni.

Við ætlum okkur að opna sendiráð í Japan nokkuð síðar eða seinni hluta vetrar eða á vormánuðum næsta ár. Almennt er talið að húsnæðiskostnaður í Japan sé nú í lágmarki en sé líklegt að hann fari hækkandi á nýjan leik. Ef við kaupum þar húsnæði þá eru vextir afar lágir þannig að að því leytinu til er hagstætt að opna sendiráð núna.

Að því er varðar Mósambík-leiðina, eins og hv. þm. komst að orði, þá er þar um það að ræða að við fáum húsnæði í þeirri sameiginlegu sendiráðsbyggingu sem Danir og Norðmenn eru að byggja og áður höfðu Svíar og Finnar byggt sameiginlega sendiráð við hliðina. Við fáum þarna húsnæði fyrir íslenskan starfsmann sem verður starfsmaður utanríkisþjónustunnar. Hann verður ekki starfsmaður þessara sendiráða og á allan hátt á ábyrgð okkar. En okkur fannst þetta tilvalið fyrst það var verið að byggja þarna fyrir sendiráð allra hinna Norðurlandanna að þetta yrði okkar fyrsta skref inn í Afríku og ég tel að það hafi verið mjög gott að við náðum samkomulagi um það.

[12:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Ég vil þá fyrir mitt leyti úr því að svo er að Japanar hafa ákveðið að opna hér sendiráð og strax frá og með 1. janúar nk. fagna ég því og geri ekki athugasemdir við að áform okkar um að opna sendiráð í Japan gangi áfram úr því að svo er. Verði það svo að kostnaður verði þó ekki nema tvöfaldur, þó nokkuð sé, þá verður víst að hafa það. Það mun rétt vera að miðað við það verðlag sem menn eiga gjarnan að venjast í höfuðborg Japans þá sé frekar hagstætt að koma sér þar fyrir um þessar mundir.

Varðandi fulltrúa fyrir utanríkisþjónustu okkar annars staðar, eins og t.d. er að semjast um í Mósambík, þá held ég að það sé alveg tilvalið að sæta lagi ef svo ber undir að við getum með hagkvæmum hætti haft fulltrúa okkar, sem er að sjálfsögðu okkar og ekki undir neina aðra seldur þó að hann sé til húsa í tengslum við sendiráð annarra ríkja, t.d. í löndum eins og Afríku eða þess vegna Suður-Ameríku, þar sem ég held að við þurfum að fara að undirbúa að koma okkur betur fyrir. Í Afríku er það kannski einkum og sér í lagi vegna þess að það er augljóst mál að sú álfa verður á komandi áratugum *meginvettvangur þróunarsamvinnu og uppbyggingarstarfs* ef ekki á að fara skelfilega. Í Suður-Ameríku vegnar mönnum betur og þar gætu verið vaxandi markaðir upp á framtíð litið fyrir ýmsar okkar útflutningsvörur og fleiri hagsmuni sem gera það að verkum að ég held að við eigum að fara að undirbúa stöðu okkar þar, og það sama mætti reyndar segja um Eyjaálfu, þannig að hnötturinn sé sæmilega dekkaður.

[12:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir með hv. þm. að við þurfum að fara að huga að því að opna sendiráð í Suður-Ameríku. Við höfum þar mikilvægra hagsmuna að gæta, t.d. í landi eins og Chile, Argentínu, Brasilíu og fleiri lönd mætti nefna. Það er mjög óheppilegt að við skulum ekki hafa neitt sendiráð í þessari heimsálfu þannig að við erum fyllilega meðvitandi um það. Sama má segja um mörg önnur ríki í Asíu og reyndar í norðanverðri Afríku og það má líka nefna Mið-Evrópu og Austur-Evrópu í þessu sambandi. Það verður því ekki hjá því komist að huga að því í framtíðinni.

Ég vildi taka undir með hv. þm. að það er mjög mikilvægt að Alþingi hafi á að skipa starfsliði sem getur fylgst vel með málum og þá kannski sérstaklega í Brussel. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að það væri á margan hátt heppilegt að Alþingi hefði starfsmann við sendiráðið í Brussel til að fylgjast þar með ýmsum gerðum og þeirri vinnu sem þar á sér stað. Nú höfum við lagt til að koma á breyttri skipan þessara *mála þannig að mál komi miklu fyrr fyrir Alþingi og þingið* fái meiri yfirsýn yfir það sem er að gerast og komi fyrr að málum og ég tel að að það þurfi að ræða það ítarlega. En af hálfu utanrrn. er ekkert því til fyrirstöðu að greiða fyrir því að starfsmaður Alþingis geti tekið þátt í því starfi sem þar er fyrir hönd þingsins. Það hefur legið fyrir af okkar hálfu. En það eins og annað er náttúrlega háð fjárveitingum og *kostnaði. Það er kostnaðarsamt að hafa starfsmenn erlendis.* Það eru ekki aðeins launin heldur líka ýmislegt annað sem fylgir því.

[12:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér að vekja athygli á því að nú bregður svo við að við hæstv. utanrrh. erum meira og minna sammála um það sem við erum að ræða og ég styð eindregið margt af því sem hæstv. ráðherra hefur verið að beita sér fyrir, þ.e. hvað varðar eflingu utanríkisþjónustunnar og það að *við gætum okkar hagsmuna af myndugleik*, að sjálfsögðu innan ramma þess sem hófsamlegt og skynsamlegt er miðað við okkar stærð og efnahag. En það leikur enginn efi á því í mínum huga að óumflýjanlegt var að efla utanríkisþjónustuna verulega og fjölga sendiráðum og fjölga okkar fulltrúum á erlendri grund. Það hefur verið gert í tíð hæstv. utanrrh. og ég hef verið stuðningsmaður þess. Þó ég sé nú stundum sakaður um ýmislegt annað og að vera yfirleitt á móti hlutunum, þá er nú gaman að geta getið þessa.

Herra forseti. Það ber einnig vel í veiði að virðulegur forseti Alþingis hlýðir á mál okkar úr forsetastóli því hér vorum við síðast, herra forseti, ég og hæstv. utanrrh., að ræða um stöðu Alþingis í þessu sambandi. Ég lýsti þar þeirri skoðun minni að það væri orðið tímabært og jafnvel meira en það, að t.d. utanrmn. Alþingis fengi fastan starfsmann í fullu starfi vegna þeirra mikilvægu verkefna sem á þeirri nefnd hvíla, og þó ekkert kæmi nú annað til en að sú leið var *valin hér að fara gegnum utanrmn.* með vinnu að fullgildingu gerða og tilskipana á grundvelli EES-samningsins, þá er það nú ærið. En fyrir utan það hefur þessi nefnd að sjálfsögðu mjög mikilvægum skyldum að gegna og nokkra sérstöðu meðal þingnefnda. Ég tel því að mörgu leyti einboðið að hún hefði sinn sérstaka starfsmann. Sama á við um mögulegan fulltrúa Alþingis á vettvangi í Brussel vegna þeirrar forvinnu og *undirbúningsvinnu sem þar á sér stað að ákvörðunum* sem síðar berast hingað til Alþingis. Það gæti að mörgu leyti verið heppilegt að einnig í því tilviki væri til staðar starfsmaður, annaðhvort utanrmn. eða alþjóðasviðs Alþingis. Og það gleður mig að forseti hefur hlýtt á mál mitt.

[12:19]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að full ástæða væri til þess að styrkja starfsemi utanrmn. vegna aukinna verkefna, vil ég geta þess að sett hefur verið í gang vinna við að undirbúa tillögur um það hvernig nefndin geti styrkt starfsemi sína. Liður í því að skerpa hugmyndir okkar um það hvernig það mætti verða var semínar sem haldið var sérstaklega um það hvernig tekið skyldi á gerðum Evrópusambandsins, þá ekki síst hvernig utanrmn. gæti komið að því máli á mótunarstigi.

Auk þess vil ég geta þess hér að fljótlega eftir að ég varð formaður utanrmn. hóf ég óformlegar viðræður við forseta Alþingis um það hvernig væri hægt að styrkja starfsemi utanrmn. og ég á von á því að þær hugmyndir muni mótast nú á næstu missirum.

[12:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mér ánægjuefni að þessi mál eru komin á rekspöl og ég held að ekki sé ástæða til að hafa fleiri orð um það.

[12:20]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur haldið ítarlega ræðu um skýrslu um alþjóðamál sem hér liggur fyrir. Það hefur komið fram við þessa umræðu að skýrsla um Evrópusambandið og stöðu okkar gagnvart því verður rædd síðar. Ég ætla því ekki að orðlengja um hana. En ég vil nota tækifærið og þakka fyrir þessi miklu plögg sem hér hafa verið lögð fram um alþjóðamál. Þau eru góður grundvöllur fyrir okkur á Alþingi að ræða þessi mál.

Það hefur verið minnst á það að það eru 60 ár síðan utanríkisþjónustan var formlega tekin yfir. Það gerðist með *næturfundi hér á Alþingi vegna þess að þeir atburðir höfðu* gerst sem okkur þykja ótrúlegir í dag, þ.e. að Þjóðverjar höfðu ráðist á Danmörku og sambandið við Danmörku slitnaði. Það er fróðlegt að lesa um þann dramatíska fund sem hér var og varð til þess að við Íslendingar tókum utanríkisþjónustuna formlega í okkar hendur. Þróunin næstu árin var vissulega til að reyna að koma í veg fyrir að slíkur ófriður

sem seinni heimsstyrjöldin var endurtæki sig. Sem betur fer hefur mikið áunnist í því efni, a.m.k. þykja styrjaldir milli þeirra granna sem þá tókust á, ólíklegar í dag.

Þetta starf er unnið í gegnum ýmsar alþjóðastofnanir sem við erum aðilar að. Hér hefur t.d. verið rætt um aðild þingsins að þeim stofnunum sem eru margar og það verður að segja eins og er og ég fagna því að þingið hefur með árunum, þar sem ég þekki til, tekið þátt í starfi þessara stofnana markvissar með ári hverju. Það er nauðsynlegt að sú þróun haldi áfram og Alþingi geri sig gildandi í þessum efnum í þingmannasamstarfi þessara stofnana. Hér er um að ræða stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðinar, NATO, ÖSE, Evrópusambandið í gegnum EES-samninginn og EFTA, Evrópuráðið og Norðurlandaráð. Það eru vissulega enn þá deilur, þó þær hafi breyst mjög í áranna rás, um aðildina að NATO. En það er afar mikilvægt að taka fullan þátt í öllum þessum samskiptum. Það kostar auðvitað vinnu og vissulega eru vandkvæði fyrir hið fámenna þinglið hér að sinna öllum þessum samskiptum. En þetta verður að gera. Það er vissulega svo að oft verður maður þess var í viðræðum við þingmenn annarra þjóða að alþjóðasamstarfið er kannski ekki efst á baugi þegar komið út í kjördæmin og þingmenn telja upp afrek sín í kjördæmunum. En það er nú önnur saga. Það er sjálfsagt og nauðsynlegt, ekki síst fyrir Íslendinga sem eru fámenn þjóð og svo háð utanríkisviðskiptum að öllu leyti og samböndum, að sinna þessu verkefni.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram um starfsaðstöðu utanrmn. að það er nauðsynlegt að vinna skynsamlegar tillögur um hvernig starfi hennar verður best fyrir komið. Ég hef kynnst því með setu í henni þennan vetur — ég hef ekki setið þar áður sem aðalmaður, en sem varamaður áður — að verkefnin hlaðast þar inn og eru eðli máls samkvæmt flókin.

Ég sagði áðan að alþjóðasamtökin hefðu verið stofnuð til að varðveita frið og öryggi og margir kynnu að halda að þetta verk væri komið vel á veg með því að kalda stríðinu lauk fyrir tíu árum. En það er vissulega ekki svo. Því miður hefur það verið þannig að staðbundin átök hafa farið vaxandi í veröldinni. Ég átti þess nýlega kost að heimsækja bandaríska þingið og rannsóknarstofnun þess sem er mjög merkileg stofnun og sá þar úttekt á íhlutun Bandaríkjamanna í átök erlendis síðustu fjörutíu árin. Það kom í ljós að íhlutun þeirra hafði vaxið um allan helming á síðustu tíu árum. Staðbundin átök í veröldinni — ég er ekkert að leggja dóm á íhlutun Bandaríkjamanna, sums staðar er það friðargæsla, annars staðar íhlutun í þessi átök — hafa verið mjög tíð á síðasta áratug. Það er víðs fjarri að öryggi ríki í veröldinni. Þessi átök eru af ýmsum ástæðum. Þetta eru átök þjóðarbrota, þjóðernisminnihluta, átök um auðlindir, átök milli ætta, ættarvelda eða ættbálka, svo eitthvað sé nefnt. Sumir hafa þá kenningu að átök um vatn verði átök 21. aldarinnar. Ekki legg ég dóm á það. Hins vegar er það víðs fjarri að friður sé kominn á.

Ekki þarf að lýsa með mörgum orðum átökunum á Balkanskaga sem eru í nágrenni við okkur. Þar höfum við lagt lóð á vogarskálarnar í þeirri friðargæslu sem þar fer fram og mér finnst nauðsyn að styrkja þá starfsemi og halda henni áfram. Við höfum sent þangað hjúkrunarlið og löggæslumenn sem mikil þörf er fyrir. Það er mikilvægt fyrir okkur að sýna lit að þessu leyti. Þó framlag okkar verði aldrei stórt á mælikvarða stórþjóðanna þá hefur það mikið að segja fyrir andlit okkar út á við að taka þátt í þessu. Hið sama er að segja um þróunaraðstoðina sem er annar þáttur utanríkismála okkar. Þar verðum við vissulega að efla þátttöku okkar. Það hafa verið stigin skref í því en þar vantar enn þá nokkuð upp á.

Við höfum einnig tekið á móti flóttamönnum í vaxandi mæli á síðustu árum og það skiptir miklu máli fyrir þátttöku okkar í alþjóðasamskiptum að við séum þar veitendur en ekki eingöngu þiggjendur.

Síðustu tíu árin hafa orðið miklar breytingar í Evrópu. Evrópusambandið mun stækka á næstu árum. NATO hefur stækkað. Þrjár þjóðir hafa gengið þar inn með fulla aðild og nú eru miklar umræður um að efla hina evrópsku stoð varnarmálanna innan NATO. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það en það er vissulega nauðsyn fyrir okkur að marka okkur aðild þar að. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að sá vegur verði nokkuð langur og vandrataður þar til Evrópuþjóðirnar eru búnar að mynda varnarsamtök með fullum þunga. Það er mikið tæknilegt bil á milli Evrópuþjóðanna og Bandaríkjamanna og Evrópuþjóðirnar leggja stórum minna til varnarmála en Bandaríkjamenn. Ég tel því að öryggismálum í Evrópu verði ekki haldið uppi með fullum þunga nema Bandaríkjamenn eigi þar aðild að áfram, enda er ekki ætlunin að skilja þar á milli. En það eru miklar umræður um að efla Evrópustoðina.

Ég vil undirstrika hér að það skiptir miklu máli að halda samskiptum við Rússa þó upp hafi komið hnökrar varðandi Tsjetjseníu. Ég tek undir það sem hefur verið sagt um þau mál. En það skiptir miklu máli að slíta ekki tengslin við Rússa og aðild þeirra t.d. að friðargæslunni á Balkanskaga er afar mikilvæg. Það verður auðvitað að mótmæla styrjaldarrekstri þeirra með fullum þunga. Hins vegar legg ég mikla áherslu á að rækta við þá samskipti. Ég tel að það sé grundvallaratriði fyrir frið og öryggi í Evrópu.

Ég get ekki skilið við þessar hugleiðingar án þess að minnast á mannréttindamálin sem eru æ stærri þáttur í alþjóðasamskiptum, þ.e. að varðveita grundvallaratriði mannréttindamála eins og réttinn til lífs og réttinn til tjáningar, réttinn til mannlegrar reisnar og trúfrelsi svo nokkur lykilatriði séu nefnd, jafnrétti og önnur slík atriði. Ég tel að við eigum að leggja þar lóð á vogarskálarnar þar sem því verður við komið. Evrópuráðið er okkar vettvangur í þessu efni og ég veit að fulltrúarnir þar leggja þessum málum lið og það tel ég afar mikilvægt.

Ég vildi undirstrika nokkur atriði að lokum þar sem ræðutíma mínum er nú að ljúka. Ég tel að það sé mikilvægt fyrir okkur að taka þátt í alþjóðasamtökunum, ekki síst Alþingi, efla þróunaraðstoð, taka þrátt í friðargæsluverkefnunum áfram, styðja mannréttindabaráttu hvar sem því verður við komið og taka þátt í skynsamlegu samkomulagi um verndun umhverfis og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Ég tel að þetta séu verkefnin sem fram undan eru, auk þess að byggja upp utanríkisþjónustuna í öllum heimsálfum. Þó geri ég mér alveg grein fyrir því að það er mjög dýrt verkefni og það verður ekki allt gert í einu í þeim efnum. En það hafa verið stigin afar mikilvæg skref í þessum efnum á undanförnum árum.

[12:35]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Mig langar til þess að byrja á að þakka fyrir þá ágætu yfirlitsskýrslu sem hér er til umræðu, yfirlitsskýrslu hæstv. utanrrh. um alþjóðamál. Hún er góð sem slík, en mér þykir þó nokkur ljóður á skýrslunni, þó hún sé ágætisyfirlit og greinargóð frásögn af stöðu okkar og því

sem gert hefur verið á sviði utanrrn. og í samskiptum okkar við önnur lönd á liðnum missirum, að í hana vantar, finnst mér, nokkuð skýrari stefnumótun um framtíðina. Vissulega er tekið á ýmsum málum í því efni. En mér hefði þótt fengur í að fá ögn markvissari frásögn af því hver forgangsröðunin er í þeim málum.

Það er alveg ljóst nú á árinu 2000 að viðfangsefni nýrrar aldar verða um margt önnur en þau sem lýðveldið Ísland hefur fengist við síðustu 50 ár rúmlega. Eitt af því sem ekki er plássfrekt í skýrslu hæstv. utanrrh. er umfjöllun um umhverfismálin. Hún er vissulega til staðar, en hefur ekki það vægi í skýrslunni sem ég hefði talið að hún þyrfti að hafa. Nokkuð er rætt um aðstoð við fátækustu ríki veraldar og það skiptir auðvitað mjög miklu máli í framtíðinni, enda er það málefni okkar allra að jarðarbörn komist af hvar sem þau búa, m.a. með því að aðstoðað sé með niðurfellingu skulda og með öðrum slíkum aðgerðum. Einnig er mjög mikilvægt, og því ber að fagna, að utanrrn. hefur markað skýrari stefnu á undanförnum árum og lagt meiri áherslu á þróunarsamvinnu sem hefur skilað okkur að mínu viti mjög fram á veginn. Seint verður lögð nógu mikil áhersla á mikilvægi þess að markmið þróunarsamvinnunnar sé að bæta stöðu kvenna og barna í fátækari ríkjum þessa heims og það má færa gild rök fyrir því að öll þróunarsamvinna eigi að hafa það eitt að markmiði. Ég er eindregið þeirrar skoðunar. Án þess að fara hér út í langa röksemdafærslu í því efni, tel ég að aðstoð okkar við uppbyggingu heilsugæslu, aðstoð sem lýtur að lestrarkennslu fyrir konur, aðstoð sem lýtur að því að efla bólusetningu barna undir fimm ára aldri, að slík grunnaðstoð við fátækustu ríki heims skipti meginmáli í samskiptum okkar á alþjóðavettvangi á næstu áratugum.

Mig langar í upphafi máls míns að taka undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um viðskiptabannið á Írak og nauðsyn þess að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir niðurfellingu þess. Það er alveg ljóst að það hefur ekki þjónað tilgangi sínum og það er löngu tímabært að taka það til gagngerrar endurskoðunar. Ég ætla einvörðungu að gera hér nokkur atriði að umfjöllunarefni. Fyrst eru það áætlanir um ný sendiráð og sendiskrifstofu í Maputo í Mósambík. Ég tel mjög mikilvægt að Íslendingar hafi sendiráð í öllum álfum heimsins. Þess vegna tel ég einboðið að við opnum sendiráð í Tókíó. Það er vissulega mjög dýr framkvæmd. En þar eigum við mikilla hagsmuna að gæta, viðskiptahagsmuna og annarra, og ég held að að málið sé einfaldlega þannig vaxið að hjá því verði ekki komist að opna sendiráð þar.

Ég vil líka taka undir með þeim sem hér hafa nefnt sendiskrifstofu eða einhvers konar sendiráð í Suður-Ameríku og jafnvel í Eyjaálfu. Vissulega kostar þetta allt þó nokkrar upphæðir. En við vitum vel að alþjóðleg samskipti eru ekki ókeypis. Þau eiga heldur ekki að vera það. Við tryggjum ekki hagsmuni okkar og góð samskipti betur en með því að reka góð og öflug sendiráð sem víðast.

Vegna hugmyndarinnar um sendiskrifstofu í Maputo í Mósambík vil ég líka taka hér fram að ég tel að slík leið sé mjög greiðfær og einmitt sérstaklega í löndum eins og Mósambík þar sem við vitum að það er kannski ekki alveg einfalt mál að setja á stofn sendiráð, m.a. vegna aðstæðna í landinu. Þess vegna hygg ég að það sé góð leið til þess að opna dyrnar að sunnanverðri Afríku að hefja starfsemi í Mósambík og sjá svo til í framhaldinu hvernig það gengur.

Hér eru Evrópumálin sem slík ekki til umræðu og ég mun þess vegna geyma það þangað til skýrsla hæstv. utanrrh. um stöðuna í Evrópu verður tekin til umræðu á hinu háa Alþingi að ræða varnarstoðina sérstaklega og hygg að við munum getað átt hér orðastað um það síðar.

Það ber að þakka sem vel er gert. Forusta Íslands í Evrópuráðinu var farsæl. Það er ekki alltaf einfalt að veita slíkum samtökum forustu. Við höfum séð það á undanförnum vikum að framferði Rússa í Tsjetsjeníu og einnig nýjustu atburðir í Úkraínu hafa náttúrlega sett Evrópuráðið í ákveðinn vanda. Ég hygg hins vegar að Evrópuráðið hafi tekið mjög vel á þeim vanda. Það ber að gera rússneskum yfirvöldum mjög skýra grein fyrir því að stríðsreksturinn í Tsjetsjeníu er, að mínu viti, glæpsamlegur. Hann gengur gegn öllum ákvæðum Genfarsáttmálanna og hann er í engu samræmi við þær yfirlýsingar Rússa um að verið sé að kveða niður hryðjuverkamenn. Þar er einfaldlega búið að flæma fólk á flótta og leggja heilt hérað í rúst. Þessu þarf að mótmæla kröftuglega þar til Rússar láta af þessum stríðsrekstri. Ég hygg að Íslendingar eigi þar að fara framarlega í flokki, bæði innan Evrópuráðsins og á öðrum vettvangi.

Það er tvennt sem ég vil koma hér sérstaklega að og er þá fyrst að nefna Kyoto-ferlið. Í yfirlitsskýrslu hæstv. utanrrh. á bls. 50 segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Samþykkt tillögu Íslands," — sem lögð hefur verið fram í þessu ferli — „eða annars fyrirkomulags sem gerir Íslandi mögulegt að halda áfram nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, mundi gera Íslandi kleift að gerast aðili að bókuninni."

Hér tel ég mjög mikilvæga opnun vera á ferðinni og nokkuð nýtt hljóð komið í strokk stjórnvalda því að hingað til hefur það ekki heyrst frá ríkisstjórn Íslands að í bígerð hafi verið að milda málflutning okkar í Kyoto-ferlinu. En hér hefur greinilega verið opnað á nýja leið og því ber að fagna. Ég tel það benda til þess að stjórnvöld séu búin að gera sér grein fyrir því að sú leið sem valin var í upphafi sé kannski ekki greiðfær og nú sé verið að leita nýrra leiða í Kyoto-ferlinu.

Annað sem ég vildi ræða er Alþjóðaviðskiptastofnunin sem fær svolitla umfjöllun í skýrslu hæstv. utanrrh. Vert er að velta því sér hvaða lærdóma megi draga af uppákomunni í Seattle á fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í haust. Það var ekki að ástæðulausu að fulltrúar frjálsra félagasamtaka ýmiss konar og umhverfisverndar- og náttúruverndarsamtaka fjölmenntu til Seattle til að láta í ljósi skoðanir sínar eða hafa áhrif á það sem þar fór fram. Ég hygg að það væri ráð að draga rétta lærdóma af þeim uppákomum og tryggja það í framtíðinni að á fundum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sé einhvers konar aðkoma tryggð fyrir frjáls félagasamtök. Ég sé satt að segja ekki, herra forseti, hvernig eigi annars að ná sátt um að tryggja frjáls viðskipti. Alþjóðaviðskiptastofnunin hrærist í veröldinni með öðrum, hún lifir í engri einangrun. Frjáls viðskipti verða ekki tryggð nema í sátt og það þarf að tryggja sátt milli ríkra og fátækra ríkja. Það þarf að ganga þannig í það verk að menn geri sér grein fyrir því að það kostar ríkari þjóðir veraldar að tryggja frjáls viðskipti þannig að aðgangur vöru frá fátækari ríkjum sé tryggður. Það er mjög mikilvægt að við séum samkvæm sjálfum okkur í umræðunni og að við gerum okkur grein fyrir því að ferli til frjálsra viðskipta er ekki endilega sársaukalaust, sérstaklega ekki fyrir fátækustu ríki heims og að við treystum okkur til að ganga í þá vinnu þannig að sem minnstri röskun valdi á högum fátækasta fólks þessa heims. Ég held hins vegar að við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að við sem erum ein af tíu ríkustu þjóðum heims þurfum auðvitað að láta

eitthvað á móti okkur í þessu ferli. Það er einfaldlega kominn tími til þess að Íslendingar láti af þeirri grundvallarafstöðu sinni í samskiptum við aðrar þjóðir að fá allt fyrir ekkert. Þessu er svo sem ekkert sérstaklega beint til hæstv. utanrrh., heldur bara er almenn skoðun á því hvernig við höfum haldið fram utanríkismálum okkar á síðustu áratugum því þau vandamál sem við er að glíma í dag verða ekki leyst nema fundin sé raunhæf leið til þess að hífa fátækustu ríki heims upp úr þeirri gríðarlegu fátækt sem þau eiga við að búa. Það er málefni allra að sjá til þess að það takist.

Ég vil einnig benda hv. þm. á að í Morgunblaðinu í dag er ágætisgrein eftir hagfræðinginn Jeffrey Sachs þar sem fjallað er aðallega um starfsemi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta er býsna fróðleg lesning. Ég vona að hv. þm. gefi sér tíma til þess að glugga í greinina og að menn taki til greina þær ábendingar sem hér koma fram. Hér er verið að greina frá því að bandarísk þingnefnd sérfræðinga hefur skilað tillögum um róttækar breytingar á starfsemi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég hygg að reynslan kenni okkur að margt megi betur fara í starfsemi þessara alþjóðastofnana og þar megi setja markmið og viðmið með öðrum hætti en gert hefur verið á undanförnum árum og áratugum. Ég tel það vera verðugt viðfangsefni íslenskrar utanríkisstefnu að taka þátt í því að endurbæta þessar stofnanir.

[12:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði í ræðu sinni að henni þætti skorta á framtíðarsýn og skýrari stefnumótun um framtíðina í þessari skýrslu og þessari umfjöllun. Ekki skal ég neitt draga úr því, aldrei er nægilega mikið talað um framtíðina og alltaf má sjá hana í mismunandi ljósi. Ég get hins vegar ekki tekið undir það að ekki sé leitast við að forgangsraða málum í skýrslunni. Hv. þm. sagði að lítið væri fjallað af okkar hálfu um umhverfismál. Nú er það svo að umhvrn. tekur þátt í veigamiklu alþjóðastarfi á þessu sviði fyrir utan utanrrn. Við höfum hins vegar stofnað sérstaka auðlindadeild í utanrrn. sem hefur tekið þátt í umræðu um þessi mál í miklum mæli, hvort sem við erum að tala um loftslagsmálin þar sem við erum að fjalla um nýtingu endurnýjanlegra orkulinda, mengun hafsins, nýtingu auðlindanna, sérstaklega auðlinda hafsins. Allt eru þetta mikilvæg umhverfismál sem við tökum ríkan þátt í. Við höfum sett upp sérstaka viðskiptaþjónustu, við höfum stóraukið starf okkar að þróunarmálum og þróunarsamvinnu, við höfum sett Evrópumál á oddinn í starfi okkar, auk þess sem við erum að færa út kvíarnar með opnun nýrra sendiráða. Allt tel ég þetta bera vott um framtíðarsýn. Nú má vel vera að við höfum ekki þar réttar áherslur en áherslurnar eru til staðar. Ég vil að lokum geta þess að við erum að auka starf okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að ýmsum málum og hyggjumst auka það m.a. með því að gefa kost á okkur til setu í öryggisráðinu en það þýðir að við munum auka þátt okkar í margvíslegum störfum á þeim vettvangi.

[12:52]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. andsvarið. Ég er samt þeirrar skoðunar að betur megi skýra þá framtíðarsýn sem kemur fram í þessari yfirlitsskýrslu. Vissulega er þar farið yfir alla helstu málaflokka en eins og ég tók fram í ræðu minni þyrfti að forgangsraða umhverfismálunum framar, leggja meiri áherslu á þróunarsamvinnu og þá sérstaklega aðstoð við konur og börn í fátækustu ríkjum heims og einnig á sérstaka aðstoð við fátækustu ríki heims. Ég tel þetta vera forgangsmál í utanríkisstefnu Íslands. Vissulega er margt mjög vel gert nú um stundir en það er aldrei svo að ekki megi gera betur. Ég held að við ættum að sýna ögn meiri metnað í þessum málum og sérstaklega huga að umhverfismálunum.

[12:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt er þetta spurningin um ákveðna fjármuni jafnframt. Það er alveg ljóst og það kemur fram í skýrslunni að við höfum aukið mjög starf okkar í þróunarmálum. Við höfum sett upp áætlun þar sem gert er ráð fyrir stighækkandi framlögum á næstu árum og við erum að skipuleggja verkefni okkar alllangt inn í framtíðina, við höfum tekið meiri þátt í störfum Alþjóðabankans en nokkru sinni fyrr, við tókum að okkur um tveggja ára skeið forustu fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í þróunarnefnd Alþjóðabankans. Við höfum því sett þessi mál í forgang. Auðvitað getum við gert meira en við komumst ekki hjá því að sinna mikilvægum hagsmunamálum Íslands. Það eru gerðar þær kröfur til utanríkisþjónustunnar að hún sinni þeim og við höfum jafnframt verið virkir þátttakendur á ýmsum sviðum umhverfismála. Ég skil ekki hv. þm. þannig að við eigum að sinna þessum málum fyrst og fremst, við verðum að sýna mikla breidd vegna þess að við erum með mjög litla utanríkisþjónustu þegar við miðum við mörg önnur lönd. Utanríkisþjónusta okkar er í heild sinni jafnvel minni en sendiráð helstu nágranna okkar í Tókíó svo ég nefni dæmi. Ég hygg að utanríkisþjónusta okkar sé töluvert minni en sendiráð Breta í Tókíó þannig að okkur eru vissar takmarkanir settar í þessum efnum. Þó ég taki að sjálfsögðu við ábendingum í þessu sambandi tel ég að við höfum einmitt verið að gera okkar ýtrasta til þess að forgangsraða málum okkar og ekkert síður lagt áherslu á þau mál sem hv. þm. nefndi en ýmis önnur.

[12:56]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 484. mál, brtt. fjmrh., þskj. 1013.

Umræðu frestað.

Tilhögun þingfundar.

[12:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú verður gert hlé á umræðunni og fundi fram haldið kl. hálftvö. Þá er ráðgert að taka 8. dagskrármálið, tekjuskatt og eignarskatt, á dagskrá, ljúka 2. umr. og 3. umr. síðan á nýjum fundi. Verður svo haldið áfram umræðu um yfirlitsskýrslu utanrrh. Fundinum er frestað til kl. hálftvö.

[Fundarhlé. — 12:57]

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 484. mál (skattleysismörk). — Þskj. 764, nál. 1004, brtt. 1013.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1013. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

[13:33]

Frsm. efh.- og viðskn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að hækkun persónuafsláttar fylgi umsömdum almennum launahækkunum á vinnumarkaði á tímabilinu 2000–2003 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þess efnis, dags. 10. mars 2000. Er gert ráð fyrir að hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka sem lögð er til komi fram í áföngum frá og með 1. apríl á þessu ári til ársins 2003.

Þar sem einungis hluti vinnumarkaðarins hefur nú gert kjarasamninga til lengri tíma og endurskoða á þá 1. febrúar ár hvert með hliðsjón af launaþróun og þeim kjarasamningum sem á eftir koma er ljóst að almennar umsamdar launahækkanir geta orðið aðrar en liggja til grundvallar því sem kveðið er á um í frumvarpinu. Verði þróun almennra launahækkana frábrugðin þessum forsendum er ljóst að þróun persónuafsláttar hlýtur að koma til umfjöllunar Alþingis á ný.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram það sjónarmið fulltrúa Öryrkjabandalags Íslands að persónuafsláttur ætti að fylgja launavísitölu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Efh.- og viðskn. stendur einróma að álitinu en Kristinn H. Gunnarsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Frá því að efh.- og viðskn. afgreiddi frv. hafa náðst samningar milli Samtaka atvinnulífsins og Verkamannasambands Íslands. Fjmrh. hefur lagt fram brtt. sem verður til umræðu á eftir og ég vænti þess að sú tillaga fái góðar undirtektir.

[13:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í kjölfar þeirra kjarasamninga sem náðust í morgun á vettvangi Verkamannasambandsins og Samtaka atvinnulífsins hefur ríkisstjórnin afráðið að lögð verði fram brtt. við þetta frv. til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem endurspegli þá launabreytingu sem samningarnir frá í morgun gera ráð fyrir á árinu 2003 umfram það sem áður var fyrir séð í samningum Flóabandalagsins. Til að endurspegla þessa breytingu er lagt til að persónuafsláttur hækki á árinu 2003 um 2,75% í stað þess að hækka um 2,25%. Ég hygg að þessi brtt. skýri sig að öðru leyti sjálf, en vil taka fram að um þetta mál hefur verið haft samráð við forseta Alþýðusambands Íslands.

[13:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það frv. sem komið er til 2. umr. er eins og hv. þingmenn þekkja mál sem afgreitt var í tengslum við kjarasamninga við Flóabandalagið og fela í sér breytingar á skattleysismörkum og persónuafslætti. Nefndin fjallaði um frv. á einum fundi og fékk til fundar við sig bæði fulltrúa frá ASÍ og frá Öryrkjabandalaginu. Eins og fram kemur í nál. skrifa allir nefndarmenn undir álitið án fyrirvara. Ég vil þó halda til haga í umræðunni að fulltrúar Öryrkjabandalagsins lýstu sig ósammála þeirri viðmiðun sem hér er lögð til grundvallar að því er varðar hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka næstu þrjú árin, eða frá 2000–2003, en í frv. er miðað við að láta skattleysismörk fylgja almennum umsömdum launahækkunum. Fulltrúar Öryrkjabandalagsins töldu eðlilegra og það þjónaði betur hag lífeyrisþega að persónuafslátturinn mundi fylgja launavísitölu. En hér er um að ræða samkomulag sem gert var í tengslum við kjarasamninga og ekki vannst tími til í nefndinni með tilliti til þess að breytingin tekur gildi núna um næstu mánaðamót að skoða nákvæmlega þær viðmiðanir og áhrif þeirra, bæði á kjör launþega og láglaunafólks. Því er niðurstaðan sú að við skrifum undir nál. án fyrirvara.

Fulltrúar Öryrkjabandalagsins lögðu til í nefndinni mjög athyglisvert plagg sem sýnir þróunina á lífeyrisgreiðslum frá 1993–1999. Þar kemur skýrt í ljós, eins og hv. þm. þekkja, hve kjör lífeyrisþega hafa verulega dregist aftur úr lágmarkslaunum og kjörum á almennum vinnumarkaði, en frá árinu 1993 hafa lágmarkslaun hækkað um 52,3%, launavísitalan um 38,6% en tekjutrygging lífeyrisþega einungis um 20,5%. Þeir benda einnig á hve skattleysismörk hafa hækkað lítið á þessu tímabili, eða einungis um 5,9%. Það segir sig sjálft að það hefur auðvitað veruleg áhrif á kjör láglaunafólks og lífeyrisþega hvernig þróun skattleysismarka hefur hækkað á þessu tímabili. Þeir benda á, sem er rétt að fram komi í umræðunni, að lífeyrisþegar sem eru einungis á strípuðum almannatryggingabótum eins og þeir kalla það greiða af þeim bótum sem eru innan við 70 þús. kr. á mánuði um 40 þús. kr. í skatta á ári. Það segir sig sjálft að það er mjög mikill peningur fyrir þá sem einungis hafa um tæpar 70 þús. kr. sér til framfærslu á mánuði.

Þessu vildi ég halda til haga í umræðunni ásamt því að benda á að það er mjög mikilvægt sem fram kemur í nál. efh.- og viðskn., sem var frágengið áður en samningarnir sem tókust hjá Verkamannasambandinu í nótt urðu til, en þar kemur fram sú skoðun nefndarinnar að þar sem einungis hluti vinnumarkaðarins hefur nú gert kjarasamninga til lengri tíma og endurskoða á þá 1. febrúar ár hvert með hliðsjón af launaþróun og þeim kjarasamningum sem á eftir koma er ljóst að almennar umsamdar launahækkanir geta orðið aðrar en liggja til grundvallar því sem kveðið er á um í frv. Verði þróun almennra launahækkana frábrugðin þessum forsendum er ljóst að þróun persónuafsláttar hlýtur að koma til umfjöllunar Alþingis á ný. Þetta er mjög mikilvægt, enda sýnir það sig strax núna að við erum hér að fjalla líka um brtt. sem hæstv. fjmrh. leggur fram, sem er bein niðurstaða eða afleiðing vegna þess að samið var um heldur betri kjör í þeim samningum sem tókust í nótt en gerðist hjá Flóabandalaginu sem hefur áhrif á það að skattleysismörkin breytast heldur meira en kveðið er á um í frv. og er þá raunverulega viðurkenning á því af hendi stjórnvalda að þessu þurfi að breyta í takt við umsamda launaþróun á þessu tímabili sem er alveg fram til 2003. Ég fagna því þeirri brtt. sem hæstv. fjmrh. leggur hér fram og undirstrika að ég tel að hér sé lögð ákveðin stefna með þeirri brtt. sem fjmrh. hefur mælt fyrir varðandi þróunina á þessum tíma fram til 2003.

[13:41]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þetta lagafrv. fjallar um skattleysismörk, þ.e. hvernig skattleysismörkin eigi að þróast á komandi árum. Við 1. umr. frv. gerði ég tvennt: Í fyrsta lagi fagnaði ég því að skattleysismörk ættu að taka mið af launaþróun. Menn hafa deilt nokkuð um hvað eigi að leggja til viðmiðunar í launaþróun. Annars vegar hefur því verið haldið fram að skattleysismörkin eigi að fylgja lágmarks umsömdum launatöxtum og hins vegar eru aðrir sem vilja að skattleysismörkin fylgi launavísitölunni. ASÍ og BSRB eru sammála um og hafa lagt á það ríka áherslu að skattleysismörkin eigi að lágmarki að fylgja lágmarks umsömdum launatöxtum. Það er viðurkennt með þessu frv. og það er vel.

Í öðru lagi gagnrýndi ég við 1. umr. málsins að endurskoðunarákvæði vantaði í frv. Vegna þess að í frv. var tekið mið af þeim samningum sem þá höfðu verið gerðir og eru kenndir við Flóabandalagið. Það er einvörðungu um 10% af launamarkaðnum á Íslandi og væri óeðlilegt að binda þá þróun við það sem gerðist hjá svo litlum hluta launamarkaðarins. Og þess vegna lagði ég áherslu á að tekið yrði mið af öðrum samningum sem kynnu að vera gerðir. Þetta var síðan rætt í nefndinni og nú hefur það gerst að Verkamannasamband Íslands hefur gengið frá sínum hluta samninganna og í samræmi við þá samninga hefur ríkisstjórnin síðan brugðist við og fært skattleysismörkin upp síðasta samningsárið. Það er einnig vel og ég styð það og lít svo á að þar með styðji menn það prinsipp að skattleysismörk eigi að lágmarki að fylgja lágmarks umsaminni launaþróun í landinu.

En áður en ég lýk máli mínu vil ég leggja áherslu á eitt, herra forseti, og það eru aldraðir og öryrkjar. Fram hefur komið við umræðuna að á síðustu árum, ef litið er aftur til ársins 1993 og fram undir síðustu áramót, hafa lægstu laun í landinu hækkað um 52% en kjör öryrkja og aldraðra einvörðungu um 30% þegar litið er til grunnlífeyris, tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar. Þarna er stórt bil á milli. Þetta bil kemur enn til með að aukast ef farið verður að þeim hugmyndum sem ríkisstjórnin hefur kynnt Alþingi og þjóðinni varðandi kjaraþróun hjá öryrkjum á næstu árum. Í þeim samningum sem nú hafa verið gerðir kemur fram að lágmarks umsamin launaþróun á þessu ári verður 3,9% en fyrir lægstu hópana 8,9%. Ríkisstjórnin ætlar að miða kjör öryrkjanna og aldraðra við lægri töluna. Bilið mun því enn aukast á milli öryrkja og aldraðra og launafólks. Mér finnst þetta með öllu óaðgengilegt og ég vil beina því til ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. að þessi mál verði tekin til gagngerrar endurskoðunar, en að öðru leyti lýsi ég yfir stuðningi við þessar lagabreytingar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Brtt. 1013 samþ. með 39 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. og 9.–11. mál.

Fundi slitið kl. 13:48.

101. FUNDUR

fimmtudaginn 13. apríl,
að loknum 100. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 484. mál, þskj. 764 (með áorðn. breyt. á þskj. 1013). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Yfirlitsskýrsla um alþjóðamál, skýrsla, 612. mál, þskj. 956. — Frh. einnar umr.

3. Alþjóðaþingmannasambandið 1999, skýrsla, 367. mál, þskj. 622. — Ein umr.

4. VES-þingið 1999, skýrsla, 387. mál, þskj. 645. — Ein umr.

5. ÖSE-þingið 1999, skýrsla, 413. mál, þskj. 674. — Ein umr.

6. Fríverslunarsamtök Evrópu 1999, skýrsla, 414. mál, þskj. 675. — Ein umr.

7. Evrópuráðsþingið 1999, skýrsla, 415. mál, þskj. 676. — Ein umr.

8. NATO-þingið 1999, skýrsla, 416. mál, þskj. 677. — Ein umr.

9. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828. — 1. umr.

10. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 551. mál, þskj. 853. — 1. umr.

11. Innflutningur dýra, stjfrv., 552. mál, þskj. 854. — 1. umr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Utandagskrárumræða og fjarvera sjávarútvegsráðherra.

[13:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Í dag áttum við í Frjálslynda flokknum von á að fá að ræða í utandagskrárumræðu við sjútvrh. Við því hefur ekki verið orðið og sú umræða hefur verið tekin út af störfum þingsins. Ég vil lýsa óánægju minni með að við skyldum ekki fá að fara í þessa málefnalegu umræðu um sjávarútvegsmál og rökræða við sjútvrh., m.a. um afleiðingar nýfallins dóms í Vatneyrarmálinu.

Ég tel að afar nauðsynlegt hefði verið að við fengjum að ræða þessi mál fyrir páskahlé og vil ítreka óánægju mína.

[13:50]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að hæstv. sjútvrh. var viðbúinn að ræða þessi mál við þingmann Frjálslynda flokksins sl. föstudag en á þeirri stundu hafnaði Frjálslyndi flokkurinn þeirri umræðu.

[13:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. formanni þingflokks Frjálslynda flokksins og lýsa yfir að mér finnst mjög óeðlilegt að falla frá því að taka sjávarútvegsmál til umræðu utan dagskrár í kjölfar nýfallins hæstaréttardóms. Mér finnst það í hæsta máta óeðlilegt. Þetta hefur verið vitað alla vikuna. Beiðnin kom fram fyrir síðustu helgi og mér finnast þetta í hæsta máta undarleg vinnubrögð.

Ég spyr sjálfan mig: Er veikleikinn í stjórnarliðinu í þessu máli það mikill að menn þori ekki að taka sjávarútvegsmálin til umfjöllunar á þinginu? Hvað veldur? Hver er hin raunverulega skýring, þegar menn hafa ekki lengur neina afsökun, geta ekki lengur skotið sér á bak við það að Hæstiréttur eigi eftir að kveða upp dóm í þessu máli? Nú er sú afsökun ekki fyrir hendi en þá þora menn ekki að verða við beiðni um að taka málið til umræðu utan dagskrár. Þetta er mjög óeðlilegt, herra forseti, og vekur upp ýmsar *spurningar*.

[13:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti sér ástæðu til að ítreka það sem hann sagði áður. Það stóð til boða að hæstv. sjútvrh. svaraði til um þessi mál sl. föstudag. Hann hefur verið erlendis og af þeim sökum eru ekki tök á því að umræðan fari fram. Ég hélt satt að segja að hv. þm. hefðu þingreynslu til að skilja þetta.

[13:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tel að þingmenn hafi þingreynslu til að skilja hið talaða orð en það kom mér á óvart eins og öðrum hér að ekki ætti að fara fram umræða utan dagskrár um kvótadóminn. Eftir þeim upplýsingum sem ég hafði fengið frá þeim sem um þessa umræðu báðu átti hæstv. sjútvrh. að koma heim á miðvikudagskvöld og því vera reiðubúinn að taka þessa umræðu nú á síðasta degi þingsins fyrir páskahlé.

Mér finnst miður ef sú staða er að koma upp að ef þingmenn eru ekki tilbúnir að taka utandagskrárumræðu á fyrsta degi eftir stóratburði, eins og þegar kvótadómurinn var felldur, megi ekki ræða málið á þeim degi sem hentar, þegar ráðherra er kominn heim. Ég ætla að benda á að þessi umræða um kvótadóminn verður mjög hjárænuleg þegar liðnar verða þrjár vikur frá því að dómurinn féll. Eftir umræðu í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu, þá loksins ætlar Alþingi að taka umræðuna.

Hér voru allir flokkar tilbúnir til að ræða þetta mál þegar upplýst var að hæstv. sjútvrh. ætlaði ekki að vera hér í dag við þessa umræðu. Mér finnst að viðhlítandi skýring hafi ekki komið á því hvers vegna hann gat ekki orðið við þessari ósk. Það má vel vera að sú skýring komi fram nú í umræðunni en mér finnst það miður. Ég tek undir það með málshefjanda. Við héldum öll að orðið hefði verið við beiðni hans.

[13:54]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom áðan var hæstv. sjútvrh. tilbúinn að ræða þessi mál á föstudaginn var. Hann hefur síðan verið bundinn við skyldustörf erlendis og kom til landsins seint í gærkvöldi.

Það er augljóst að þeim sem bað um umræðuna hefur láðst að tryggja það að sjútvrh. gæti verið viðstaddur hana í dag. Hæstv. sjútvrh. var búinn að ráðstafa tíma sínum í annað. Þetta snýst að engu leyti um að þora eða þora ekki að fara í umræðu um sjávarútvegsmál. Það er alveg ljóst að hæstv. sjútvrh. var tilbúinn til þess strax sl. föstudag.

[13:55]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Eins og við vitum eru utandagskrárumræður hugsaðar þannig m.a. að með þeim sé hægt að bregðast við því sem gerist í þjóðfélaginu. Umræddur hæstaréttardómur féll sl. fimmtudag. Hæstv. sjútvrh. lýsti sig tilbúinn að ræða málin strax á föstudag. Það var auðvitað hið eðlilega í málinu. Það gat ekki orðið. Það lá fyrir að hæstv. sjútvrh. yrði fjarverandi, m.a. erlendis mestalla þessa viku. Hann hafði þær skuldbindingar að hann gat ekki komið því við að taka þátt í þessum utandagskrárumræðum í þessari viku. Það lá alveg fyrir. Þess vegna er fráleitt að halda því fram að hæstv. sjútvrh. sé að reyna að víkja sér undan þessari umræðu þegar hann lýsti því yfir að hann væri tilbúinn að taka þátt í þessari umræðu daginn eftir að hæstaréttardómurinn var kveðinn upp. Það hefði náttúrlega verið eðlilegt að ræða málin strax að upp kveðnum hæstaréttardómnum.

Hæstiréttur hefur kveðið upp sinn dóm og Alþingi og alþingismenn vilja auðvitað tjá sig um málið. Alþingismenn hafa verið að tjá sig um málið eins og eðlilegt er í fjölmiðlum strax að loknum þessum dómi. Þess vegna var langsamlega eðlilegast að við ræddum um dóminn daginn eftir eins og hæstv. sjútvrh. lagði raunar til og vildi að við gerðum. Það gat hins vegar ekki orðið. Fyrir því kunna að vera ástæður sem ég ekki þekki en það lá fyrir að hæstv. sjútvrh. var vegna skuldbindinga sinna og starfa upptekinn annars staðar. Hann gat ekki komið því við að eiga þessar umræður í þessari viku. Á því eru eðlilegar skýringar og fráleitt, eins og hér var reynt að halda fram, að hæstv. sjútvrh. væri að reyna að koma sér undan því að eiga þessar umræður eða stjórnarliðið þyrði ekki að taka þátt í sjávarútvegsumræðunni. Öðru nær. Stjórnarliðið er að sjálfsögðu alltaf tilbúið til að taka þátt í sjávarútvegsumræðunum. Þær fóru m.a. fram að hluta til í þessari viku, þegar við ræddum um sjávarútvegsmál. Þær *verða væntanlega líka ræddar í næstu viku af efnislegum* ástæðum.

[13:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki tekið undir það að stjórnarliðið sé ævinlega tilbúið í þessar umræður. Mér þótti það koma þannig út þegar þessi dómur hafði verið kveðinn upp að menn hefðu ekki áhuga á að taka þátt í umræðum um sjávarútvegsmál. Hæstv. sjútvrh. neitaði t.d. að taka þátt í umræðuþætti á Stöð 2 þá um kvöldið. Mér finnst líka að það sé fullkomin afsökun fyrir því að fá að hafa þessa umræðu á öðrum tíma að hæstv. forsrh. var ekki til staðar þegar hún stóð til boða. Hann hafði haft þvílík orð um það ef dómurinn félli öðruvísi en hann gerði. Það hefði því verið ástæða til þess að hann kæmi að þessari umræðu.

Mér finnst satt að segja að þetta beri keim af því, hvernig svörin hafa verið og hvernig menn hafa staðið að í umræðum eftir að þessi dómur lá fyrir, að stjórnarliðið hafi ekki haft nokkurn skapaðan áhuga á að taka þátt í þeirri umræðu. Menn hafa ekki verið til staðar alla þessa viku, hvorki hæstv. forsrh. eða hæstv. sjútvrh. Samt er þetta einhver stærsti atburður sem hefur gengið yfir, a.m.k. miðað við þau orð sem hæstv. forsrh. lét falla í vetur. Ég held að verið sé að koma sökinni á aðra með því að halda því fram að aðeins hafi verið einn möguleiki, bara föstudagurinn var, til að fara í þessa umræðu. Sé einungis einn dagur til þess ætlaður þá verður þröngt um svona umræður. Ég skora á menn að reyna að finna leiðir til að þessi umræða fái framgang. Það er auðséð að hún verður ekki fyrr en eftir páska en ég er á þeirri skoðun að hún eigi fullt erindi þá líka.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er afar sérkennileg uppákoma að ekki skuli takst að fá umræður um þetta stórmál í þessari viku

áður en þingið fer í páskaleyfi. Það sem er þó öllu verra er sú röksemdafærsla sem uppi er höfð, þ.e. að þetta sé allt á valdi hæstv. sjútvrh. Síðan hvenær er það svo, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. ráði hér störfum Alþingis og hann tilkynni um hvenær utandagskrárumræður geti orðið og hvenær ekki? Er það þannig að ef ráðherra segir: Ég er tilbúinn til að ræða þetta hálftólf á föstudaginn kemur en ef það verði ekki gert þá verði engin umræða — segir þá Alþingi já og amen? Er það þannig? Síðan hvenær tók hæstv. sjútvrh. við forsæti hér á Alþingi?

Ég mótmæli því að málin séu sett upp með þeim hætti sem hér er gert af forseta, að fyrir hendi sé neitunarvald ráðherra hvað varðar utandagskrárumræður. Réttur þingmanna er í sjálfu sér einhliða til að taka hér upp mál, hvort heldur er í formi yfirlýsingar, umfjöllunar af sinni hálfu eða spurningar til ráðherra. Í því sambandi vísa ég t.d. til upphafsmálsgreinar 5. gr. þingskapa. Þannig er að málshefjandi getur að sjálfsögðu óskað eftir því að umræðan fari fram engu að síður þó að ráðherra sé ekki við.

Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Hvað er mikilvægara á málefnaskrá hæstv. sjútvrh. í dag en að ræða við Alþingi um þetta mál? Hvaða skyldur hæstv. sjútvrh. íslensku þjóðarinnar eru svo ríkar að hafandi haft fjögurra daga fyrirvara til þess að gera breytingar á sinni dagskrá komi hann því ekki við að vera einhvern tíma dagsins hér í Alþingi? Er hæstv. ráðherra ekki bundinn þingskyldum eins og aðrir? Er hæstv. sjútvrh. á suðvesturhorni landsins?

Ég fer fram á það að áður en við tökum það gilt að svona hljóti þetta að vera þá verði upplýst um hvaða skyldur hæstv. sjútvrh. hefur svo brýnar að hann kemur því ekki við að eiga orðastað við þingmenn um þetta stóra mál í dag.

[14:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill taka fram að gefnu tilefni að það hefur enginn, svo mér sé kunnugt, beðið um að fá að taka til máls hér á Alþingi samkvæmt 1. mgr. 50. gr. Mér er þannig ekki alveg ljóst hvað fyrir hv. þm. vakti með hans athugasemd. Á hinn bóginn var farið fram á það af hv. 18. þm. Reykv. að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. um hæstaréttardóm og hafði verið um það beðið áður en dómurinn féll.

Það er alveg laukrétt hjá hv. þm. að alþingismenn og forseti Alþingis eru við því búnir, ef einhvern þann atburð ber að höndum í þjóðfélaginu sem vekur tilefni til umræðu, að til slíkrar umræðu sé efnt hér á Alþingi svo fljótt sem verða má. Eins og fram hefur komið hafði umræðubeiðandi, hv. 18. þm. Reykv., ekki tök á því að ræða málið sl. föstudag. Enginn annar alþingismaður tók þá beiðnina upp og óskaði eftir því að eiga þessar viðræður við hæstv. sjútvrh. þann dag.

Ég vil líka taka það fram sem hv. þm. er kunnugt að fyrir því er venja, ef menn biðja um utandagskrárumræðu við ráðherra, að forseti hafi ekki milligöngu um það mál heldur tali þingmenn beint við viðkomandi ráðherra og skýri forseta frá samtali þeirra.

[14:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. forseta hverjar skyldur hæstv. sjútvrh. væru svo ríkar í dag, hafandi haft þann fyrirvara sem hér hefur verið á, að hann megi ekki vera við umræðuna. Ég hygg að um það hafi verið samið á fundi strax á mánudaginn var að umræðan yrði hér um fjögur eða fimmleytið í dag. Mér finnst með ólíkindum að hæstv. sjútvrh. skuli vera svo önnum kafinn, af mikilvægari verkefnum en þeim að ræða um þetta stóra mál við Alþingi allan daginn í dag, að hann fái því ekki við komið að vera hér eins og í eina og hálfa klukkustund. Og ég tek það ekki gilt nema fá einhverjar upplýsingar um að svo sé.

Varðandi það að með því að ráðherra hafi verið tilbúinn til að ræða málið innan við sólarhring eftir að dómur féll, t.d. hér fyrripart dags á föstudag, þá eru það engin rök, herra forseti, í þessu sambandi. Þarna var um að ræða viðamikinn dóm með ítarlegri reifun í stóru máli þannig að af þeim ástæðum var eðlilegt að þingmenn vildu fá einhvern tíma til að skoða niðurstöðuna og fara yfir röksemdafærsluna. Ég veit ekki hvort það var ástæða þess að 18. þm. Reykv. kom ekki við umræðunni eða vildi ekki hafa umræðuna á föstudaginn. En aðalatriði málsins, herra forseti, er að hæstv. sjútvrh. eða aðrir hæstv. ráðherrar hafa hér ekkert neitunarvald. Það er ekki þeirra að ákveða það hvort og hvenær umræður af þessu tagi fara fram á Alþingi.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 484. mál (skattleysismörk). — Þskj. 1017.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GAK, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, ÓI, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, VH, VÞV, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GunnB, HjálmJ, IP, ÍGP, KHG, LB, StB, SvH, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1018).

Yfirlitsskýrsla um alþjóðamál, frh. einnar umr.

Skýrsla utanrrh., 612. mál. — Þskj. 956.

[14:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun drepa á fáein afmörkuð málefni í þessari yfirlitsskýrslu hæstv. utanrrh. um alþjóðamál en vísa að öðru leyti til þess sem komið hefur fram í máli þingmanna Samfylkingarinnar. Sighvatur Björgvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir hafa þegar talað í þessari umræðu

af hálfu Samfylkingarinnar og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar munu koma inn í þessa umræðu, m.a. talsmaður okkar, Margrét Frímannsdóttir.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, í upphafi máls míns bregðast við orðum sem hér hafa fallið varðandi ástandi í Írak. Það hefur komið fram hjá öðrum sem hér hafa talað hversu átakanlegt það er að þúsundir barna deyja þar daglega. Varðandi það, herra forseti, vil ég segja þetta:

Ég þekki vel umræðuna um að vera hluti af alþjóðabandalagi og geta ekki gengið gegn ákvörðun sem tekin er á vettvangi þess bandalags. Ég þekki vel þau viðhorf að Saddam Hussein sjálfur beri sjálfur ábyrgð á ástandinu heima fyrir og það eigi að beina gagnrýni sinni að þeim herramanni. En, herra forseti, það er ekki hægt að horfa upp á þær þjáningar sem hafa gengið yfir þúsundir og aftur þúsundir barna í Írak, ekki heldur fyrir okkur sem erum aðilar að einhverju bandalagi þar sem þessi ákvörðun er tekin.

Ég hef í öllum ræðum sem ég hef flutt um utanríkismál á Alþingi hvatt til að utanrrh. Íslands væri rödd mannréttinda á alþjóðavettvangi, að utanrrh. Íslands komi fram fyrir okkar hönd og hvetji til að tekið sé á þeim málaflokki. Ég hef hvað eftir annað séð ástæðu til að þakka utanrrh. framlög hans á þessum vettvangi og að fara orðum um hve vel hann hafi brugðist við og einmitt stigið slík spor á alþjóðavettvangi. Þess vegna hvet ég hæstv. utanrrh. til að fara í umræðuna um málefni Íraks frá þessum sjónarhóli, sem rödd mannréttinda, og þess að þjóðir heims geti ekki lengur horft upp á það sem þarna er að gerast.

Þetta vildi ég segja í tilefni þeirra orða sem hér hafa fallið um málefni Íraks. Við Íslendingar getum ekki annað en brugðist við því sem þar gerist og haft skoðun á því óháð því hvort við erum bundin af ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða annars staðar.

Herra forseti. Ég ætla að víkja að nokkrum afmörkuðum þáttum í þessari skýrslu sem er um margt fróðleg, hefðbundin að vísu, og verður væntanlega rædd allt öðruvísi en sú skýrsla sem boðað er að við munum taka til umræðu eftir páska um Evrópumál. Ég vil aðeins segja eitt um þann þátt sem snýr að Norðurlöndunum. Hér var fyrir tveimur vikum ágæt umræða um Norðurlandasamstarf og hæstv. utanrrh. tók þátt í þeirri umræðu. Ég tek auðvitað eftir því hversu mikla áherslu utanrrh. leggur á stöðu Norðurlanda í Evrópu og að auk þess sem hið hefðbundna samstarf hafi haldið áfram eins og áður þá hafi samráð aukist hvað varðar Evrópumál og grannsvæði Norðurlanda. Fyrir Ísland er það ómetanlegt, að hafa aðgang að upplýsingum um stefnu og ákvarðanir Evrópusambandsins í tengslum við samstarf Norðurlanda.

Þetta er kjarninn í því sem við höfum rætt á vettvangi Norðurlandaráðs og um Norðurlandaráð, að ekki síst fyrir okkur, löndin tvö í Norðurlandaráði sem erum utan Evrópusambandsins, þá hafi þetta skipt máli. Það skipti miklu máli að Norðurlandasamstarfið veiktist ekki eftir að fleiri lönd fóru inn í Evrópusambandið. Það hefur áfram verið sterkur vettvangur þrátt fyrir skipulagsbreytingar sem þar voru gerðar.

Annað mál sem tengist Norðurlandasamstarfinu og varð kannski til í gegnum það er Norðurskautsráðið. Hæstv. utanrrh. átti frumkvæði að stofnun þess ef ég man rétt. Það kemur fram í skýrslunni að Norðurskautsráðið sé samráðsvettvangur enda hafi ekki náðst samstaða um að gera það að eiginlegri alþjóðastofnun með tilheyrandi höfuðstöðvum og föstum fjárframlögum aðildarríkja.

Mér fannst þetta feikilega áhugavert verkefni þegar það fór af stað. Ég hef átt þess kost að sitja tvö þingmannaþing þessa samstarfs, fyrst hér heima á Íslandi — ef ég man rétt var það fyrsta þingið — og svo þing sem haldið var í Kanada eða samráðsfund. Ég hef haft áhuga á að fylgjast með þessum málum en mér finnst það ljóður á þessu samstarfi hversu lítið okkar land, í fararbroddi hér á norðurslóð, fáum af upplýsingum um starfið í Norðurskautsráðinu. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh. hvort hann hefði kosið að þetta samstarf hefði náð að verða alþjóðastofnun, þar sem þess er getið hér, og hvernig hægt sé að taka á þessum málum. Er hann ánægður með hvernig þetta samstarf hefur þróast og er það í samræmi við það sem hann lagði upp með þegar hann flutti um það ræður og hvatti í raun til þess að af samstarfinu yrði? Ég vil gjarnan heyra viðhorf hans til þess.

Annað sem mig langar að koma inn á varðar varnarsamstarf okkar og varnarsamvinnuna. Við umræðu í fyrravor spunnust hér góðar umræður um varnarsamstarfið, endurskoðun þess, þá þróun sem orðið hefur og þá þróun sem mun verða. Ég gat ekki skilið hæstv. utanrrh. öðruvísi en svo að hann kysi að skoða hvort möguleiki væri fyrir Íslendinga á að fá frekari aðkomu að þeim verkefnum sem eru eingöngu hjá varnarliðinu í dag.

Í rauninni er mjög lítið fjallað um þessi mál í skýrslunni en sagt að samkvæmt bókuninni frá 1996 geti samningsaðilar óskað eftir að hún verði endurskoðuð og hvenær eigi þá að kappkosta að hefja viðræður. Mér fyndist mjög áhugavert ef hæstv. utanrrh. mundi fara aðeins í þá umræðu sem við tókum hér fyrir rúmu ári í tilefni af því að til umræðu var skýrsla um brottför hersins.

Enn annar þáttur sem við höfum áður rætt í umræðu um utanríkismál er aðild Íslands að efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna, ECOSOC, og hvað það skipti miklu máli að við fengum loksins seturétt þar og Ísland hefur verið þar í þrjú ár. Ég tek eftir því að í vinnu ECOSOC er lögð mikil áhersla á lagfæringu lífskjara og atvinnu og félagslega þróun og allt það sem við setjum á oddinn sem lýðræðisríki. Ég sé líka að lönd eru hvött til þess að setja lög til að tryggja útrýmingu alls ofbeldis gegn konum og einnig er fjallað um fátækt og reyndar á mörgum stöðum er fjallað um þátt kvenna varðandi þróun í fátæku ríkjunum. Út af fyrir sig væri hægt að taka heilmikla umræðu um það en hvað það varðar ætla ég að vísa til orða hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem gerði þeim þætti vel skil í umræðunni fyrr í morgun.

Annar þáttur er málefni barna og ég hef getið þess hér, m.a. í umræðu um Norðurlandaskýrsluna, að Samfylkingin hefur flutt mjög mörg mál á þessu þingi varðandi málefni barna en norræna ráðherranefndin hefur verið að vinna með þau mál og norðurnefndin í Norðurlandaráði og mjög mörg spennandi verkefni hafa verið tekin þar fyrir. Norræna ráðherranefndin hvatti til framkvæmdar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hér er kafli um málefni barna og barnasáttmálann og hversu mikilvægur hann er og að starfshópur á vegum mannréttindaráðsins hefur ákveðið að gera viðbótarsamning, reyndar er búið að gera þann samning, málamiðlun náðist um hann núna í janúar, sem kveður á um að börnum 18 ára og yngri verði óheimil þátttaka í vopnuðum átökum. Alls staðar er hvatt til framkvæmdar barnasáttmálans og fyrir þessu þingi liggur tillaga Samfylkingarinnar um að bera saman íslensk lög og barnasáttmálann og gera úrbætur þar sem á skortir. Nú höfum við fengið tvær skýrslur sem ráðherrarnir bera fram, annars vegar norrænu ráðherranefndarinnar og svo þessa

skýrslu þar sem þessi staða er dregin fram. Mér finnst mjög mikilvægt og hvet til þess að sú tillaga sem ég er að vísa til verði afgreidd í samræmi við það sem lögð er áhersla á hér.

Ég hef nokkrum sinnum hvatt til þess að við létum til okkar taka varðandi alþjóðasakadómstólinn og vil árétta og minna á að tillaga um fullgildingu hans kom fyrir þingið, ég held í síðustu viku, og verður væntanlega fljótlega afgreidd héðan.

En það mál sem ég ætla að drepa á í lokin, herra forseti, eru málefni flóttamanna. Við höfum verið að taka fyrir í þinginu frv. um Schengen, eftirlit með útlendingum og fleiri lög sem snúa að komu útlendinga hingað til lands, en í mars í fyrra var lagt fyrir þingið frv. um breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum. Það frv. hefur ekki komið aftur fyrir þingið. Í því frv. var kveðið á um hvernig ákvörðun væri tekin í málum sem varða hæli eða vernd gegn ofsóknum. Kveðið var á um framkvæmd ákvörðunar þegar um flóttamenn er að ræða, um réttaraðstoð og kröfuna um að útlendingi sé skipaður réttargæslumaður þegar hann leitar hér hælis og fjallað var um vernd gegn ofsóknum og fleira sem varðar flóttamenn.

Sérstök ástæða er til að minna á þetta, bæði vegna þess að hér er kafli um flóttamenn og við höfum aðallega staldrað við það að við bjóðum nokkrum tugum flóttamanna til búsetu á Íslandi á ári hverju. En ég fékk þær upplýsingar í gær, og tilviljun að ég fékk þær upplýsingar í tölvupósti á sama tíma og við ræðum utanríkismál á Alþingi, að til sé verða eiginlega ný stefna í málefnum flóttamanna í Evrópu eða réttara sagt að Evrópa sé að verða með meiri afturhaldsstefnu í málefnum flóttamanna og nú sé talað bæði um Schengen- og Dublin-samninginn með hálfgerðri leynd og að menn tengi flóttamenn við eiturlyfjasmygl og glæpamennsku. Að mannréttindi hvað þetta varðar séu dálítið víkjandi fyrir harðri umræðu sem tengi flóttamenn og þessa þætti, eiturlyfjasmygl og glæpamennsku, sem við óttumst öll, og að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi gert athugasemd við þetta.

Því miður er ég ekki með neinar frekari upplýsingar um þennan þátt. Ég spyr um hvort þetta sé rétt, að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi þurft að gera athugasemdir við einhverja samninga sem hafi verið gerðir í Evrópu og verið sé að tengja það við almenna útlendingaandúð í Evrópu.

Nú tek ég það sérstaklega fram að ég er ekki að tengja það að frv. sem varðar réttindi flóttamanna skuli ekki koma inn við það sem ég er hér að segja. En það vill svo til að ég hef árum saman kallað eftir því hvenær endurskoðuð lög um réttindi flóttamanna komi inn í þingið. Þau komu loksins í mars fyrir ári og síðan hafa þau ekki sést. Sumt af því sem er í þessu frv. er komið inn í frv. um eftirlit með útlendingum og kemur inn í lögin sem voru sett eða frv. sem sneru að Schengen. En það er alveg ljóst að það sem snýr að flóttamönnunum sem slíkum hefur ekki komið hingað inn í frumvarpsformi, ég veit að þetta er á vettvangi dómsmrh., en flóttamennirnir og hugmyndir um hag þeirra koma fyrir í þessari skýrslu og þess vegna nota ég þetta tækifæri eins og svo oft áður að minnast á flóttamennina og hvernig við eigum að standa vörð um málefni þeirra og réttargæslu.

[14:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að minnast á eitt atriði sem hv. þm. kom inn á, það er Norðurskautsráðið. Kanadamenn voru fyrstir til að leggja það til að þetta ráð yrði stofnað og það er rétt að við tókum það upp á vettvangi Norðurlandaráðs á sínum tíma til að vinna þessu máli fylgi meðal Norðurlandanna og það hefur tekist vel. Stofnuð var fastanefnd í þessum málum innan Norðurlandaráðs sem starfaði ágætlega og við lögðum á það áherslu að fá Bandaríkjamenn þar með og jafnframt Evrópusambandið.

Ég tel að veruleg þróun hafi orðið í þessum málum því að Bandaríkjamenn eru komnir með í þetta samstarf og Finnar hafa nú beitt sér fyrir því að hin norðlæga vídd væri tekin upp á vettvangi Evrópusambandsins og þar með hefur Evrópusambandið mun meiri áhuga fyrir þessu máli en áður var. Ég minnist þess, að þegar ég heimsótti Evrópuþingið á sínum tíma til að tala fyrir þessu máli var fremur takmarkaður áhugi á því, en ég tel að þarna hafi náðst verulegur árangur. Hins vegar hefur þeim áfanga ekki verið náð að þetta ágæta ráð setji upp fasta skrifstofu með starfsfólki sem starfi allt árið um kring að þessum málum.

Við Íslendingar höfum boðið það fram að skrifstofa Norðurskautsráðsins verði á Íslandi. Því miður starfar hér engin alþjóðastofnun og þess vegna væri mjög eðlilegt að slík stofnun ætti sér fast aðsetur á Íslandi. Við erum miðsvæðis milli þessara landa og þegar búið verður að taka upp fastar áætlunarferðir til Rússlands, sem verður áreiðanlega gert í framtíðinni, og fastar ferðir til Finnlands teknar upp aftur, þá verður Ísland í mjög góðum samgöngum við öll þessi lönd. Og þegar komið verður upp sendiráð Kanada hér á landi og Íslands í Kanada hafa öll þessi lönd sendiráð í þessum löndum öllum þannig að árangurinn er mikill.

[14:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki þá stöðu varðandi fastanefndina sem var á vegum Norðurlandaráðs og sat í forsn. á þeim tíma sem verið var að breyta því að það voru þjóðþingin sem tilnefndu í þingmannasamráðið. En í forsn. söknuðu menn þess líka að ekki kæmi meira upplýsingaflæði frá fastanefndinni til Norðurlandaráðs sem tilnefndi í hana. Við vitum auðvitað að þarna hefur farið fram gott starf en við höfum ekki beinlínis haft tækifæri til þess að taka umfjöllun og umræðu um það hér í þinginu eins og við gerum þegar um formlegt alþjóðastarf er að ræða.

Það er gott að málin hafi þróast á þann veg að Bandaríkin hafa komið að þessu máli. Bandaríkin afboðuðu sig á síðustu stundu þegar þingmannafundurinn var í Kanada. Ég tek undir það að mjög áhugavert væri ef slík alþjóðastofnun sem hér um ræðir hefði aðsetur á Íslandi og vil gjarnan fylgjast með því hvort eitthvað er hægt að vinna að þessu.

Ég ætla ekki frekar að fara inn á norðlægu víddina, við ræddum það undir umræðunni um Norðurlandamálin, það er auðvitað á vettvangi Evrópusambandsins og vekur áhuga þar, en stóra spurningin hvað það varðar er hvernig við, löndin í EES, komum að því. Ég vona að öðru leyti að hæstv. ráðherra svari öðrum spurningum mínum annaðhvort í seinna andsvari eða síðari ræðu sinni.

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla sem hv. þm. hafði um viðskiptabannið á Írak og þá staðreynd að það er sett á grundvelli ákvarðana Sameinuðu þjóðanna, þá er rétt og mikilvægt að það komi fram að sú tillaga sem hér liggur fyrir á Alþingi beinist ekki eða snýr ekki að því að við hættum einhliða að framfylgja viðskiptabanninu af okkar hálfu, þó

að vissulega væru það ærin rök fyrir að leggja það til. En ég hef flutt þessa tillögu og hún hefur allan tímann verið á þá leið að í henni fælist, að henni samþykktri, að Íslendingar mundu beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að viðskiptabannið yrði tekið til endurskoðunar, að framkvæmdin yrði tekin til endurskoðunar.

Lengra er nú ekki gengið í tillögunni og það er þeim mun merkilegra að jafntorvelt skuli hafa reynst að koma henni áleiðis, af því að ekki er lengra gengið. Mér er alveg ljóst að ef það væri lagt til, eins og hv. þm. nefndi, að við einhliða féllum frá þátttöku, þá hefði það ýmis þjóðréttarleg áhrif í för með sér. En svo er ekki.

Varðandi Norðurskautsráðið sem hér bar einnig á góma ætla ég að sjálfsögðu ekki að fara að svara fyrir utanrrh. og hann gerði grein fyrir því að það hefur ekki komist á enn þá að setja á formlega stofnun. Ég held að það geti varla verið neitt viðkvæmt að láta það koma fram að það er fyrst og fremst vegna andstöðu Bandaríkjamanna við að formbinda og stofnanagera þetta samstarf þannig sem það hefur ekki komist áleiðis.

Hv. þm. kvartaði um skort á upplýsingum til þjóðþinganna eða hingað til Alþingis um það samstarf. En þá er rétt að minna á að sú breyting hefur orðið á að í staðinn fyrir að Norðurlandaráð tilnefni þingmenn af hálfu Norðurlandanna í samstarfið þá gera þjóðþingin það nú sjálf. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er fulltrúi Alþingis í þingmannasamstarfinu og það vill reyndar svo til að Norðurlandaráð hefur einnig tilnefnt tengilið fyrir sitt leyti og það er sá sem hér talar. Hagur Alþingis á því að vera sæmilegur hvað það snertir að geta átt aðgang að upplýsingum úr þessu samstarfi.

[14:29]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að sú tillaga sem hv. þm. var að vísa til er ekki um það að taka sjálfstæða ákvörðun. Hins vegar var ég að vísa til þess að það fólk sem hefur viljað sleppa við að beita sér af því að samtök eins og Sameinuðu þjóðirnar hafi ákveðið eitthvað og talið það sitt eina vopn í erfiðri stöðu, þá eru það orðin sem maður fær oft að heyra að það sé nú erfitt að þykjast vera miklu betri af því að hinir hafi ákveðið það o.s.frv. Ég var kannski að vísa til slíkrar umræðu.

Ég veit ekki hvort það er verra eða betra fyrir hæstv. utanrrh. að hafa formlega afgreidda tillögu héðan frá þinginu að veganesti. Hitt er annað mál að ég held að þeir séu fleiri og fleiri, bæði á Alþingi og utan þings, sem mundu vilja sjá utanrrh. sinn verða sú rödd mannréttinda, eins og ég hef oft talað um, og bregða fyrir sig þeirri rödd í þessu sérstaka máli. Ég hvet því enn á ný til þess, hvort sem tillagan kemur hingað inn til afgreiðslu eða ekki, að hæstv. ráðherra taki þetta upp þar sem hann á þess kost og tali fyrir þessu mannréttindamáli þar sem hann getur.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að einnig sé nauðsynlegt að það komi fram að það er vitað og liggur fyrir að ástæðan fyrir því að ekki er fyrir löngu búið að breyta ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að viðhalda viðskiptabanninu á óbreyttum skilmálum er fyrst og fremst andstaða tveggja þjóða, aðallega þó einnar, þ.e. Bandaríkjamanna sem Bretar hafa hins vegar því miður fylgt að málum. Meiri hluti er fyrir því að breyta þessu innan öryggisráðsins en það nær ekki fram að ganga vegna þess að Bandaríkjamenn hindra það.

Það er vaxandi og mikil gagnrýni nánast alls staðar, þar með talið líka innan Bandaríkjanna á þetta ástand. Ég held að það geti ekki verið nema tímaspursmál hvenær það fellur. Mér finnst að Ísland hefði átt að ákveða fyrir löngu að bætast í hóp þeirra þjóða sem leggja til að þetta ástand verði endurskoðað vegna þess að á meðan við gerum það ekki er siðferðileg ábyrgð okkar á þessu ástandi meiri en ella. Við gætum að sjálfsögðu vísað til þess að við hefðum viljað breyta þessu en meðan það næst ekki fram gegnum þann ákvarðanatökufarveg sem þarna þarf að fara á vettvangi Sameinuðu þjóðanna yrðum við auðvitað að sæta því nema við vildum ganga lengra og einhliða bregðast við að þessu leyti. En mér finnst í öllu falli mikilvægt að það komist loksins á hreint hvort Ísland vill fyrir sitt leyti bera lengur ábyrgð á þessu ástandi í þeim skilningi að við séum ekki einu sinni í hópi þeirra sem afdráttarlaust leggja til að nú verði málin endurskoðuð eða ekki. Þá held ég að það hljóti að vera þannig að það sé styrkur fyrir hæstv. utanrrh. að hafa það í veganesti að Alþingi Íslendinga hafi lagt það til og samþykkt það.

[14:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að í öllum löndum Evrópu og á Norðurlöndunum eru æ háværari raddir út af þessu viðskiptabanni og umræðan hefur orðið miklu meiri í þá veru að þessu eigi að aflétta. Þá vaknar sú spurning að ef það eru Bandaríkin eða Bretland fyrst og fremst sem beita sér svo harkalega fyrir áframhaldandi viðskiptabanni hvort hugsanlegt er að utanrrh. okkar byrji á því að reyna að taka þetta upp á norrænum vettvangi og Norðurlöndin hafi einhverja sameinaða afstöðu. Auðvitað veit ég að það er nokkuð afgerandi fyrir samstöðu hvað varðar Sameinuðu þjóðirnar að sum landanna eru þar í samstarfi innan Evrópusambandsins og ein af röddunum þar en e.t.v. getum við tekið þessi mál upp á Norðurlandavettvangi til að vita hvernig hægt er að halda á þessum málum.

Það er líka alveg ljóst að við erum aftur og aftur að reka okkur á það varðandi Bandaríkin, sem eru auðvitað öflug og mjög áhugavert að kynnast mjög mörgu í því merka ríki, að þau hafa dregið lappirnar á mörgum sviðum í samstarfinu. Ef ég man rétt voru Bandaríkin eitt tveggja landa sem höfðu ekki staðfest t.d. barnasáttmálann og hafa verið með fyrirvara í alþjóðlegum málum sem við höfum verið að taka inn af því að þau vilja fara varlega og undirgangast ekki t.d. varðandi sakadómstólinn, vildu að leyfi yrði að koma heiman að til að hægt væri að lögsækja þá sem væru uppvísir að glæpum. Það er eitthvað sem við eigum sjálf að hafa skoðun á og beita okkur í hvort við eigum að vera með öðrum þjóðarhópum varðandi sterk mannréttindamál.

[14:35]

Útbýting þingskjala:

Starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, nál. iðnn., þskj. 1011; brtt. iðnn., þskj. 1012.

[14:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig er dálítið fróðlegt á þessum tímamótum þegar utanríkisþjónustan á 60 ára afmæli að skoða þróun þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað á Alþingi um utanríkismál frá upphafi og frá þeim tíma að utanrrh. fór að skila sérstökum skýrslum og nú sérstaklega í seinni tíð síðustu árin og áratugina. Ef við berum saman þær skýrslur um utanríkismál sem hafa verið fluttar og þær umræður sem

hafa átt sér stað sést mjög vel hversu miklar breytingar hafa átt sér stað innan þessa málaflokks og hve mikilvægi öflugrar utanríkisþjónustu hefur vaxið ört. Kröfur okkar til stöðugrar þróunar á endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar hafa auðvitað verið í takt við þær öru breytingar sem við höfum horft á.

Við gerum mjög miklar kröfur til utanríkisþjónustu okkar og við gerum kröfur um víðtæka sérþekkingu og sérhæfingu starfsmanna utanríkisþjónustunnar og við gerum kröfu til þess að þessi sérþekking og sérhæfing sé með svolítið öðrum hætti en hún hefur verið á undanförnum árum. Alþjóðlegar ráðstefnur og fundir þar sem fjallað er um hagsmuni sem snerta okkur Íslendinga, bæði beint og óbeint, eru daglegir viðburðir þar sem þátttaka okkar í ákvarðanatöku er mjög nauðsynleg og alþjóðlegt samstarf nær inn á öll svið samfélagsins og kemur inn á öll starfssvið ráðuneyta okkar. En heildarsamræmingin hlýtur engu að síður að vera í höndum utanrrn. og við gerum þess vegna kannski meiri kröfur um að fá þaðan þær upplýsingar sem við þurfum um alla málaflokka frekar en að beina þeim til fagráðuneytanna.

Ég var einmitt að velta því fyrir mér, virðulegi forseti, að við tejum gjrnan að allir ráðherrar eigi að vera viðstaddir umræðu um fjárlög íslenska ríkisins. Þá er að sama skapi orðið tímabært að ráðherrar, ýmsir hæstv. ráðherrar ýmissa fagráðuneyta væru viðstaddir umræðu um utanríkismál og færu þar yfir eða gæfu okkur skýrslu um það hvernig erlend samskipti eru rekin innan ýmissa fagráðuneyta. Töluvert vantar á að hv. alþm. hafi vitneskju um það mikla starf sem fram fer innan fagráðuneytanna af hálfu okkar embættismanna erlendis og jafnvel þar sem hv. alþm. eru sjálfir þátttakendur í erlendu samstarfi. Ég tek sem dæmi Evrópuráðið þar sem við verðum iðulega vör við að fagráðuneytin eiga ýmist fulltrúa sína sem eru að taka þátt í því starfi sem þar á sér stað án þess að við þingmenn vitum í hverju það starf felst eða á hvaða sviðum menn eru að vinna. Ég teldi nauðsynlegt að ráðuneytin skiluðu a.m.k. skriflegum skýrslum inn til þingsins, a.m.k. utanrmn. þar sem farið væri ítarlega yfir það starf sem innt er af hendi í fagráðuneytum og er mjög mikilvægt á alþjóðavettvangi og snertir daglegt líf eða hag flestra ef ekki allra landsmanna.

Ég tek þetta fyrir í upphafi ræðu minnar þar sem utanrrn. heldur utan um þetta starf og þó að við höfum ákveðinna sérhagsmuna að gæta í alþjóðlegu samstarfi þá eru sameiginlegir hagsmunir þjóða sífellt fyrirferðarmeiri í umræðu og störfum í utanríkisþjónustunni og við berum ábyrgð í samfélagi þjóðanna, undan því verður ekki vikist. Samfylkingin leggur áherslu á að við tökum þátt í þessu alþjóðlega samstarfi hvar sem því verður við komið. Þetta kostar peninga eins og svo oft hefur komið fram og ef menn bera saman fjárlög núna á undanförnum árum og framlög til utanríkisþjónustunnar þá hafa þau vissulega vaxið en að mínu mati ekki nærri því í takt við það hve mikilvægi málaflokksins hefur vaxið á þessum tíma. Þetta er alltaf spurning um forgangsröðun og við verðum ósköp einfaldlega að horfast í augu við það að þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi kemur alltaf til með að kosta peninga. Við þurfum þess vegna að endurskipuleggja ríkisrekstur inn út frá þessum mikilvæga málaflokki, þ.e. taka meira tillit til hans en við höfum gert hingað til.

Það er ekki nóg af okkar hálfu að gera kröfur. Við verðum líka sem þingmenn að vera tilbúin til þess að axla þá ábyrgð sem við berum á því hvernig þessar kröfur eru uppfylltar og það er m.a. í gegnum þær fjárveitingar sem Alþingi ákveður til hvers málaflokks. Mér sýnist að veruleg þörf sé á því að auka fjárveitingar eða vægi fjárveitinga íslenska ríkisins á hverju ári til utanríkismála.

Ekki fyrir löngu kom fram, og í annarri skýrslu sem við munum taka fyrir, að kostnaðurinn við hugsanlega þátttöku okkar í Evrópusamstarfinu í Evrópubandalaginu mundi kosta okkur a.m.k. 7–8 milljarða kr. Þegar ég las skýrsluna og skoðaði það sem liggur að baki þessum kostnaði er því ekki að neita að ég velti fyrir mér kostnaði ef við sinntum alþjóðlegu samstarfi eins og við raunverulega þyrftum á öllum sviðum, hvort okkur er ekki í raun og veru óhætt að reikna með því að annar kostnaður sem við þurfum að bera á næstu árum verði eitthvað álíka ef við sinnum öllum þáttum í alþjóðlegu samstarfi eins og við þyrftum að gera. Það á ekkert síður við alþjóðlegt samstarf þar sem Alþingi er þátttakandi þar sem er langt í frá að við sem höfum tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum Alþingis höfum úr því fjármagni að spila sem við þyrftum til að geta sinnt því af einhverju viti. Það er ósköp einfaldlega þannig að ef ég tek t.d. Evrópuráðið sem hefur nokkuð verið rætt á þessum þingfundi nú þegar — og skýrsla Evrópuráðsstarfsins verður flutt á eftir af hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur, formanni okkar í íslensku sendinefndinni — ef við ætluðum að taka þátt í því starfi eins og þyrfti og sinna nefndarstarfi þá þyrftu fjárveitingarnar a.m.k. að tvöfaldast á við það sem við höfum í dag. Það kemur fram í skýrslu hæstv. ráðherra að starf íslenskra þingmanna í Evrópuráðinu hefur verið öflugt og það er alveg rétt og aðdáunarvert þó að við segjum sjálf frá, þá er aðdáunarvert hvernig okkur hefur á undanförnum árum tekist að nýta þær takmörkuðu fjárveitingar sem við höfum úr að spila vegna þess að þarna eru þingmenn sem hafa sýnt einstakan dugnað og tekið að sér verkefni, ekki bara nefndarverkefni í þeim nefndum sem við viljum gjarnan taka þátt í heldur einnig ýmis eftirlitshlutverk á vegum Evrópuráðsins. Formaður okkar, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, fór t.d. í eftirlitsferð til Tsjetsjeníu sem skilaði síðan skýrslu sem réði úrslitum um það hvernig atkvæði féllu á Evrópuráðsþinginu varðandi Rússana og rétt þeirra til að greiða atkvæði í Evrópuráðinu. Þeir voru sviptir atkvæðisrétti sínum. Það var rétt ákvörðun þó hún væri tekin af naumum meiri hluta þingsins þar sem um var að ræða 78 atkvæði sem féllu með því að þeir yrðu sviptir atkvæði en 69 voru á móti en æðimargir þingmenn Evrópuráðsins tóku þá ákvörðun að greiða ekki atkvæði. Það er einkennileg ákvörðun í ljósi þess að þarna er verið að brjóta mannréttindi mjög gróflega. Það kom fram í skýrslunni sem lá til grundvallar umræðunni sem átti sér stað á þinginu. Ef Evrópuráðið ætlar að standa undir nafni verður það að sjá til þess að þær þjóðir sem þar eru fylgi þeim skilyrðum sem sett eru vegna aðildar þeirra.

Við eigum þarna núna þrjá fastafulltrúa, þ.e. auk mín hv. þingmenn Láru Margréti Ragnarsdóttur og Ólaf Örn Haraldsson. En við höfum átt mjög dugmikla þingmenn sem starfa með Evrópuráðinu eins og núv. formann utanrmn., hv. þm. Tómas Inga Olrich. Allir þessir þingmenn ásamt mörgum öðrum sem þarna hafa starfað hafa tekið mjög virkan þátt í starfsemi Evrópuráðsins. Hæstv. ráðherra utanríkismála var formaður ráðherraráðs Evrópuráðsins á síðasta ári og ég vil, virðulegi forseti, koma á framfæri þakklæti okkar fyrir hans störf þar. Við vorum stolt af störfum ráðherra í Evrópuráðinu og jafnframt starfsfólki sendiráðsins og sendiherra okkar í Strassborg, bæði fastráðnu og einnig því sem kom frá utanrrn. til starfa í Strassborg. Allt þetta fólk lagði

af mörkum mjög mikla vinnu og hafði þó úr miklu minni fjármunum að spila en ýmsir þeir sem áður hafa farið þarna með formennsku og starfsliðið var fámennara en við höfum oft séð í kringum formenn þegar aðrar þjóðir hafa farið með formennsku. Við vorum þess vegna, og kannski ekki síst þess vegna, mjög þakklát fyrir það mikla og góða starf sem okkar ráðherra og sendiherra og hans starfsfólk innti af hendi meðan á þessu stóð og gerir reyndar áfram innan Evrópuráðsins þó að formennskunni sé lokið.

Virðulegi forseti. Ég minnist þess að fyrir ári síðan birtist á þinginu sem fylgiskjal með ræðu hæstv. ráðherra plagg sem hét Öryggi og varnarmál Íslands við aldamót. Þar var á ferð álit sem er greinargerð starfshóps sem var skipaður 14. september 1998 af hæstv. ráðherra til að leggja mat á íslensk öryggis- og varnarmál á tímum breytinga í alþjóðamálum. Greinargerðin sem þessi starfshópur skilaði var nokkuð ítarleg en hann tók þó fram í inngangi sínum að starfshópurinn sem hafði ráðfært sig við ýmsa aðila og þegið frá þeim góðar ábendingar bæri einn ábyrgð á þeim sjónarmiðum sem sett voru fram í greinargerðinni. Þessi greinargerð var heilmikið rædd þegar skýrsla hæstv. utanrrh. var til umræðu fyrir ári síðan sem og niðurstöður þessa hóps þar sem komu fram ýmsar tillögur. Ég vil, virðulegi forseti, beina þeim spurningum til hæstv. ráðherra hvað hafi verið gert í framhaldi af þessu starfi vegna þess að það kom m.a. upp í þeirri umræðu að áframhaldandi starf væri nauðsynlegt, þetta væri aðeins grunnur til að byggja á áframhaldandi starf og að til greina kæmi að inn í nefndarstarf kæmu fulltrúar frá Alþingi, frá utanrmn., frá meiri hluta og minni hluta. En það hefur ekki gerst og því spyr ég hæstv. ráðherra hvort þessu starfi hafi verið haldið áfram og hvort þær tillögur sem þarna voru lagðar fram hafi verið teknar til athugunar. Ég ætla að nefna nokkrar með leyfi forseta. Það var m.a rætt um að kannaðar yrðu leiðir til að Íslendingar gætu axlað stærra hlutverk einir eða í samstarfi við önnur ríki í vörnum landsins og það var rætt um öryggis- og varnarmálaþáttinn og hvernig við komum inn í ESB og síðan Europol og upplýsingaskipti milli lögregluyfirvalda í aðildarríkjum ESB og miðlæga samskiptamiðstöð á sviði fíkniefnamála sem væri möguleiki á að við gætum tekið þátt í.

Fleiri þættir voru þarna nefndir varðandi öryggis- og varnarmálastarfið og þar sem liggur nú fyrir að hægt er að endurskoða bókunina 9. apríl 2000 — þá rann hún út — þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort þær tillögur sem þarna voru lagðar fram hafi nokkuð verið teknar til athugunar í ljósi þeirrar endurskoðunar sem heimil er.

[14:50]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þeirri spurningu sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom með í lok máls síns, þá er það rétt að við sögðum að við vildum halda þessu starfi áfram. Það má segja að við höfum haldið því áfram með því að við höfum haft þessar tillögur til hliðsjónar í öllu okkar starfi. Utanrrn. hefur hins vegar verið mjög upptekið við mál sem snerta Evrópusambandið að undanförnu. Við höfum líka verið mjög uppteknir við verkefni sem tengjast hinni sameiginlegu stefnu Evrópusambandsins í öryggis- og varnarmálum. Þess vegna skal það alveg játað að við höfum ekki getað sinnt þessu starfi eins og við höfum ætlað okkur. En ég er enn þeirrar skoðunar að við eigum að halda þessu starfi áfram og skipa í það sérstaka nefnd. Af minni hálfu er ég enn sem fyrr reiðubúinn til þess að eiga um það samstarf við utanrmn. Alþingis og skipa fulltrúa þaðan í slíka nefnd til þess að halda áfram þessu starfi. Ég tel rétt að við hefjum slíkt starf á næstu mánuðum, t.d. næsta haust þegar skýrari línur liggja bæði að því er varðar samninga við Bandaríkjamenn sem væntanlega verða hafnir þá að því er varðar framhald þess máls og jafnframt liggja vonandi fyrir skýrar niðurstöður í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu Evrópu á þeim tíma. En það hefur tekið miklu meiri tíma af okkar hálfu og lengri tíma en við gátum séð fyrir.

[14:52]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi svör hæstv. ráðherra. Það er fullkomlega eðlilegt að Evrópusambandið og það sem er að gerast þar, ekki síst á sviði öryggis- og varnarmála, taki aukinn tíma taki mikinn tíma hjá utanríkisþjónustunni. Það er fullkomlega eðlilegt og það hlýtur Evrópusamstarfið að gera bara nú heldur í komandi framtíð. Það er alveg ljóst. Og ekki hvað síst þess vegna hljótum við að fagna þeirri skýrslu sem hæstv. ráðherra hefur dreift á Alþingi og tekin verður til sérstakrar umræðu vegna þess að það er gjörsamlega óþolandi að við hér á Alþingi tökum ekki virkan þátt í þessari umræðu sem er að eiga sér stað alls staðar í Evrópu. Við hér höfum ekki tekið ákvörðun. Við höfum hvorki sagt af eða á hvort við ætlum að vera með í þessu samstarfi og þá hvernig. Hvernig við ætlum að undirbúa okkur? Ef til þess kæmi að við tækjum þátt í slíku samstarfi hverjar verða þá kröfurnar sem við setjum fram í einstökum málaflokkum? Ég tel að skýrsla ráðherra sé ágætis grunnplagg til þess að fara út í þá umræðu.

En fleiri atriði voru nefnd í þessari skýrslu, t.d. innra öryggi og það kemur m.a. fram að meta þurfi raunverulegar hættur sem Íslandi, þar með töldu stjórnkerfi og mannvirkjum, kynni að stafa af hermdar- og hryðjuverkastarfsemi, skipulagðri glæpastarfsemi og útbreiðslu gereyðingarvopna. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi sem mesta burði til að fylgjast með og bregðast við starfsemi öfgahópa í samstarfi við önnur ríki og haldi áfram uppbyggingu sérsveita lögreglunnar. Með aukinni ábyrgð Íslands á alþjóðavettvangi, t.d. með hugsanlegri aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, eins og kom fram í skýrslu hæstv. ráðherra, kynni athygli að beinast að Íslandi á annan hátt en Íslendingar hafa vanist. Huga þarf sérstaklega að innra öryggi í landinu í fyrirsjáanlegri framtíð. Er þetta það sem við höfum verið að gera?

[14:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið skýrt fram í málflutningi okkar í utanrrn. að við teljum afar mikilvægt að auka starf okkar að friðargæslu í heiminum og það kom fram í ræðu minni og þeirri skýrslu sem ég hef lagt hér fram.

Við teljum líka mikilvægt að sú sérþekking sem þar fæst með starfi lögreglumanna okkar, reyndar hjúkrunarfólks líka og ýmissa annarra, nýtist áfram hér á landi. Þetta er mikil reynsla og t.d. hafa þeir lögreglumenn sem þarna hafa komið að starfi fengið mikið hrós fyrir sitt starf. Beðið hefur verið um það í allríkum mæli að fleiri konur komi til þessara starfa. Það er mikil þörf fyrir þeirra störf bæði í Bosníu og Kosovo m.a. vegna þeirra ofbeldisverka sem eru framin á konum á þessu svæði. Það er mikil þörf fyrir konur til þess að taka á þeim málum sem ég veit að hv. þm. skilur og við öll og við viljum gjarnan koma til móts við þetta.

Að því er varðar innra öryggi er sem betur fer farið að ræða þau mál miklu meir, t.d. á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, og ég býst við því að Atlantshafsbandalagið sem slíkt beini athyglinni í meira mæli að þáttum eins og hryðjuverkastarfsemi, glæpastarfsemi og annarri vá sem steðjar að okkur sem þjóð og öðrum þjóðum Atlantshafsbandalagsins. Allt þetta er því til staðar og við munum áfram vinna á þessari braut. En það er mjög mikilvægt að fleiri komi að þessu starfi því að ég finn að það nýtur mikils skilnings, m.a. á hv. Alþingi.

[14:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það lá fyrir af okkar hálfu sem skipum þingflokk Samfylkingarinnar að við vildum gjarnan fá að taka þátt í þessu starfi. Í það minnsta var það okkar sjónarmið að ef svo færi að utanrmn. ætti aðeins einn fulltrúa, þá væri auðvitað eðlilegt að formaður nefndarinnar kæmi inn í slíkt starf. En það er mjög mikil nauðsyn á breiðri samstöðu um þær ákvarðanir sem teknar eru á sviði utanríkismála á Alþingi Íslendinga.

Við þingmenn eigum að taka þátt í öllu því starfi sem okkur er mögulegt. Það hefur verið rætt töluvert um öryggis- og varnarmál og er litlu við það að bæta af minni hálfu. En ég tel mjög nauðsynlegt að alþingismenn, hvar í flokki sem þeir standa og hvaða sjónarmið sem þeir standa fyrir, taki þátt í samstarfinu til þess að menn hafi þá a.m.k. dýpri skilning á þeim ákvörðunum sem teknar eru hverju sinni og varða utanríkismál okkar Íslendinga. Ég tel að sú leið sem farin hefur verið af hæstv. ráðherra með því að skila inn tveimur skýrslum, þessari yfirlitsskýrslu og síðan skýrslunni um stöðu okkar innan Evrópu ásamt því plaggi sem var skilað fyrir ári síðan, sé til fyrirmyndar og mjög góður grunnur að því starfi sem þingmenn þurfa að fara í. Hér getur enginn verið stikkfrí eða afgreitt einhverja hluti fyrir fram án umræðu. Það er ekki hægt. Það er óábyrg afstaða.

[14:59]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. utanrrh. fyrir ítarlega og yfirgripsmikla skýrslu um utanríkismál.

Starfsemi utanrrn. hefur eins og flestir vita sem með þessum málum fylgjast þróast mjög hratt á undanförnum árum og það starf sem þar er unnið er að verða viðameira með hverju árinu. Það sjáum við með opnun sendiráða vítt og breitt um heiminn og nú síðast var tilkynnt um opnun nýs sendiráðs í Kanada.

Í þeim mikla samruna sem nú á sér stað og með vaxandi viðskiptum okkar um allan heim er okkur brýn nauðsyn á að hafa öfluga utanríkisþjónustu þar sem sendimenn okkar hafa aðgang að embættismönnum í æðstu stöðum um málefni okkar og þar sem þau eru kynnt í innsta hring. Í störfum mínum og kynnum af utanríkisþjónustunni á erlendri grundu fyrir Alþingi hef ég orðið mjög áþreifanlega var við hversu skilvirkt og fljótvirkt þetta kerfi okkar er orðið og aðgangur okkar mikill að embættum í heiminum og sé tekið mið af því að við erum örþjóð á þeim mælikvarða, á hjara veraldar, þá held ég að við getum sagt að utanríkisþjónustan hafi unnið kraftaverk á þessum sviðum. Ég vil því nota tækifærið og þakka utanríkisþjónustunni fyrir störf hennar og hæstv. utanrrh. fyrir að hafa lagt sig fram um að gera utanríkisþjónustuna að þeirri öflugu stofnun sem hún er orðin.

Herra forseti. Í kaflanum um Evrópusambandið í öryggis- og varnarmálum kemur hæstv. utanrrh. inn á þá nýju stöðu að Evrópusambandið vill taka á sig auknar byrðar og aukna ábyrgð í öryggis- og varnarmálum Evrópu. Þessi tilhneiging hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir af hálfu okkar Íslendinga og ég hef fylgst með því að hæstv. utanrrh. hefur tekið á þessu máli og beitt sér mjög fyrir því að auka samskipti Evrópuríkjanna utan Evrópusambandsins til þess að ná aðgangi í þeirri öryggis- og varnarmálaumræðu sem ESB er að þróa um þessar mundir.

Það er nokkuð ljóst, herra forseti, að þó svo að NATO-samþykktir liggi fyrir um að þessi nýja þróun í öryggis- og varnarmálum Evrópu eigi að vera með þeim hætti að NATO-ríki, burt séð frá því hvort þau eru innan Evrópusambandsins eða ekki, fái að fylgjast vel með þeirri þróun og verða aðilar að henni, þá hefur það ekki orðið raunin og þær samþykktir sem forustumenn NATO gerðu í Washington í fyrra hafa ekki gengið eftir að öllu leyti. Þær samþykktir sem Evrópusambandið gerði í Köln á síðasta ári hafa verið þær samþykktir sem unnið hefur verið eftir, þ.e. að Evrópuríkin taki þær ákvarðanir sem þeim er fyrir bestu og síðan verði þau ríki NATO sem eru utan Evrópusambandsins látin fá að koma inn í þá umræðu þegar allar ákvarðanir hafa verið teknar.

Það ferli hefur haldið síðan og unnið hefur verið mjög hratt og þegar er byrjað að lima í sundur Vestur-Evrópusambandið, samband NATO-ríkja í Evrópu, og verkefni þaðan byrjuðu að fara til Evrópusambandsins 1. mars sl. eins og Petersberg-verkefnin og fleiri verkefni munu fara síðar. Árið 2003 er síðan gert ráð fyrir að Vestur-Evrópusambandið verði lagt niður í núverandi mynd.

Eftir það mun einungis standa eftir þing Vestur-Evrópusambandsins sem haldið er tvisvar á ári í París og þær gagnkvæmu varnarskuldbindingar sem þau tíu ríki sem þar undirrituðu Brussel-samninginn á sínum tíma undirgengust í 5. gr. en þær varnarskuldbindingar eru verulegar og taldar meiri en t.d. skuldbindingar NATO-ríkjanna hvert gagnvart öðru.

Samkvæmt endurskoðaða Brussel-samningnum ber ráðherrum tíu Evrópuríkja sem undirrituðu þennan samning á sínum tíma að gefa þingi Vestur-Evrópusambandsins skýrslu um varnar- og öryggismál. Vestur-Evrópusambandið hefur þróast mjög mikið á þessum 50 árum og í dag eiga 28 ríki aðild að bandalaginu, m.a. Rúmenía, Búlgaría, Rússland, Úkraína og fleiri ríki utan NATO og Evrópusambandsins. Þarna hefur því með árunum þróast upp umræða þingkjörinna fulltrúa þjóðþinga Evrópuríkjanna um varnar- og öryggismál í Evrópu.

Margir vilja halda því fram að sú umræða sé einn af hornsteinum fyrir þeim friði sem nú hefur ríkt í Evrópu ásamt að sjálfsögðu tilurð NATO. Þar sem það er eindreginn ásetningur Evrópusambandsins að yfirtaka Vestur-Evrópusambandið hafa risið upp raddir í Evrópu sem óttast að þá hverfi þessi mikilvægi vettvangur umræðu varnar- og öryggismála í Evrópu í viðustum skilningi og Evrópa verði óöruggari eftir en áður. Óöruggari vegna þess að það er tilhneiging innan Evrópusambandsins að klippa á þátttöku annarra ríkja á þessum vettvangi en þeirra ríkja sem eru í ESB með því að færa varnar- og öryggismálaumræðuna til Evrópuþingsins. Af mörgum NATO-ríkjum í Evrópu er þetta talin óviðunandi þróun enda er Evrópuþingið ekki með þá reynslu í umræðum um varnar- og öryggismál þjóðanna sem þarf og einnig

það að þar eru óháð ríki sem ekki hafa undirgengist neinar varnarskuldbindingar.

Á aukafundi í VES í Lissabon 23. mars voru þessi mál til umræðu. Þar var m.a. samþykkt ályktun án mótatkvæða að stofnað yrði sérstakt þing sem kallaðist varnar- og öryggismálaþing Evrópu og kæmi í stað þings Vestur-Evrópusambandsins. Öll ríki sem nú eiga seturétt á þingi VES ættu þar seturétt áfram með þeim réttindum sem þau hafa í dag. Markmiðið yrði að öll ríki Evrópu ættu þar seturétt sem fullgildir aðilar að nokkrum árum liðnum. Ljóst er að slíkt þing verður að hafa þá stöðu að geta kallað til sín valdamenn innan Evrópusambandsins og annarra ríkja Evrópu innan og utan NATO á þingfundi til að gera grein fyrir varnar- og öryggismálum sinna ríkja. Breyta þarf samþykktum Evrópusambandsins til að þetta sé mögulegt og er unnið að því af Vestur-Evrópusambandinu að þetta takist.

Ég vil, herra forseti, beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. ef hann er einhvers staðar nálægur svo ég þurfi ekki að endurtaka spurninguna aftur. — Það er allt í lagi að láta tímann ganga, ég á ekki það mikið eftir, herra forseti, að ég sé í neinni tímaþröng.

Herra forseti. Ég ætlaði að beina fyrirspurn til hæstv. utanrrh. út af þeirri samþykkt sem Vestur-Evrópusambandið gerði á aukafundi sínum í Lissabon 23. mars sl., um varnar- og öryggismálaþing Evrópu. Mig langaði að vita hvort hæstv. ráðherra hefði tekið afstöðu til þess máls og hvort hann sæi þarna vettvang fyrir okkur Íslendinga til lýðræðislegra skoðanaskipta um varnar- og öryggismál í Evrópu. Slíkt þing yrði á sama grundvelli og VES sem starfað hefur í yfir 50 ár, eins og ég sagði áðan, og það mundu skipa þingkjörnir fulltrúar hvers ríkis. Mikil áhersla hefur verið lögð á það að þjóðþingin í Evrópu fari í dag með varnarmál og hermál og það eru þjóðþingin sem veita fjármagn til þeirra mála. Það hefur ekki verið í höndum Evrópusambandsins og þess vegna er mjög mikilvægt að þjóðþingin verði aðilar að þessu varnar- og öryggismálaþingi Evrópu því að þaðan kemur valdið og þaðan koma peningarnir.

Ég vil taka fram að á þinginu í Lissabon var mikil samstaða um að öll ríki utan Evrópusambandsins, öll þau ríki sem nú eru í VES og önnur Evrópuríki yrðu aðilar að hinu nýja þingi og með fullri aðild, því að menn hafa ekki getað séð það hvernig þróun varnar- og öryggismálaumræðunnar í Evrópu geti verið án þess að allar Evrópuþjóðirnar megi koma að því. Þess vegna, herra forseti, spyr ég hæstv. utanrrh. hvort einhver afstaða hafi verið tekin til þessa máls. Einnig mundi ég vilja fara fram á það að þetta brýna mál verði tekið til sérstakrar skoðunar af ríkisstjórn Íslands og Alþingi geri ég ráð fyrir á næstu mánuðum.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að í þeirri umræðu sem ég hef átt um þessar breytingar undanfarið innan Vestur-Evrópusambandsins hefur þróunin verið sú að smám saman hafa þau ríki, sem hafa verið sterkust í þeirri umræðu að einangra önnur ríki frá þessu þingi, skipt um skoðun. Frakkar til að mynda sem hafa verið miklir Evrópusambandssinnar hafa samþykkt að önnur ríki Evrópu verði aðilar að slíku þingi, ekki einungis Þjóðverjar og Danir og fleiri ríki eins og Bretar sem eru hlynntir þessu, heldur þessi þjóð. Ég hef samt sem áður velt fyrir mér, herra forseti, og langar til að heyra það frá hæstv. utanrrh. hvernig samkomulagið hafi verið við aðrar þjóðir Norðurlanda í þessu efni. Á þinginu í Lissabon mælti einungis ein þjóð gegn því að aukaaðildarríki mundu geta verið aðilar að slíku Evrópuþingi um öryggis- og varnarmál og það voru Svíar. Og ég velti því fyrir mér hvort samstarf Norðurlandaþjóðanna sé ekki sem skyldi á þessu sviði.

Ég vil að lokum, herra forseti, ítreka þá skoðun mína, sem hefur oft komið fram hér, að ég lít að sjálfsögðu á NATO sem hornstein að varnar- og öryggismálakerfi Íslendinga og tvíhliða samning okkar við Bandaríkin um varnir landsins. Að því leyti til verður það eftir sem áður það sem mun skipta okkur mestu, en ég hygg að við megum samt ekki sofa á verðinum gagnvart þeirri umræðu sem nú fer fram. Ég ítreka að hæstv. utanrrh. hefur lagt sig í líma við að koma málefnum Íslands á framfæri í þeim efnum en ég held að þar sé mikið verk að vinna og þar þurfi þing okkar, Alþingi, að koma nærri og alþingismenn yfirleitt að setja sig inn í þá mikilvægu umræðu sem fram undan er á þessu sviði.

[15:13]

Útbýting þingskjala:

Skattaleg staða einstaklingsreksturs, 617. mál, fsp. EKG, þskj. 1015.

Tekjuskattur og eignarskattur, 484. mál, þskj. 1017.

Umönnunargreiðslur og greiðslur til stuðningsfjölskyldna, 616. mál, fsp. RG, þskj. 1014.

[15:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þann 1. mars sl. setti Evrópusambandið á stofn stofnanir í öryggis- og varnarmálum sem áttu að undirbúa aðgerðir til að mæta því hættuástandi sem gæti komið upp í Evrópu og þær stofnanir voru settar upp til bráðabirgða. Við Íslendingar höfum óskað mjög ákveðið eftir því, ásamt öðrum þjóðum sem standa utan Evrópusambandsins og eru í Atlantshafsbandalaginu, að verða aðilar að þessum stofnunum. Við því hefur enn þá ekki orðið.

Á sama hátt hljótum við að krefjast þess og vilja taka þátt í því þingmannasamstarfi sem á sér stað á þessum vettvangi. Mér finnst það sjálfgefið og eðlilegt að við styðjum það af öllum mætti og þurfi í sjálfu sér ekki að taka sérstaka afstöðu til þess að öðru leyti en því að Alþingi Íslendinga þarf að sjálfsögðu að taka til þess afstöðu.

Að því er varðar samstarf Norðurlandanna, þá liggur fyrir að bæði Svíþjóð og Finnland eru hlutlausar þjóðir. Hlutleysi er nú allmikið á undanhaldi, ef það hefur þá einhvern tíma verið til, og þess vegna hefur margt verið að breytast hjá þessum þjóðum. En það er rétt að þarna hefur verið nokkur sérstaða en þó hef ég aldrei orðið var við neina beina andstöðu af hálfu þessara þjóða eða að ekki væri sýndur skilningur á sérstöðu Íslands og Noregs í þessu efni. Ég vænti því þess að svo geti orðið áfram en það er vissulega rétt að bæði Svíþjóð og Finnland hafa haft nokkra sérstöðu í þessum efnum.

[15:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Ég fagna því að hann telji að þingmannasamkunda eins VES sé mikilvæg. Ég hef reyndar fundið fyrir því en þetta er opinber yfirlýsing sem ég tel mikilvæga í málinu.

Það urðu mikil tímamót í Lissabon þegar þessi samþykkt var gerð af öllum þessum ríkjum sem eru þá öll Evrópuríkin, sem sagt Evrópusambandsríkin ásamt hinum 13 ríkjunum. Þessi 28 ríki, öll fyrir utan Svíþjóð, samþykktu þetta einróma. Reyndar geta ekki nema þau ríki sem eru aðilar að

Brussel-samningnum greitt atkvæði. Svíar létu skoðun sína í ljós sem áheyrnarfulltrúar en sögðu að ef þeir hefðu atkvæðisrétt þá mundu þeir greiða atkvæði gegn þessu. Það kom öllum á óvart þarna á þinginu að þetta skyldi koma frá þeim því að bæði ég sem fulltrúi Íslands og aðrir sem eru utan Evrópusambandsins en í NATO höfðum lýst miklum áhuga okkar fyrir því að þetta gæti gengið eftir og höfum alla tíð lýst því yfir að af hálfu íslenskra aðila, og þar höfum við að sjálfsögðu túlkað sjónarmið utanrrn., væri mikill skilningur og velvilji fyrir þeirri þróun sem er að eiga sér stað um varnar- og öryggigsmál í Evrópu og þetta þing væri einmitt sá lykill sem okkur vantaði að umræðunni, þá í framhaldinu innan Evrópusambandsins og Evrópu.

[15:17]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með yfirgripsmikla yfirlitsskýrslu um alþjóðamál og ágæta og greinargóða ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti í upphafi umfjöllunar um þessa skýrslu.

Ekki er að undra þó margir þingmenn taki þátt í þeirri umræðu sem hér fer fram vegna þess að utanríkisþjónusta okkar er ekki lengur neitt smáfyrirtæki eins og sjá má. Í skýrslu þeirri sem hér er lögð fram segir, með leyfi forseta, að starfsmenn utanríkisþjónustunnar séu samtals um 410 manns. Þar af eru launaðir starfsmenn, samkvæmt þessu yfirliti sem ég hef hér, u.þ.b. 180, u.þ.b. 80 eru í utanrrn. í Reykjavík og 105 á sendiskrifstofum erlendis. Það er því mikil ástæða til að fjalla um þá yfirgripsmiklu starfsemi sem fer fram á vegum utanrrn. fyrir hönd Íslands.

Nú eru mikil tímamót. Það eru 60 ár síðan þessi starfsemi okkar hófst og ástæða er fyrir þingmenn að kynna sér þá sýningu sem opnuð var af því tilefni nú fyrir skömmu. Það hefur átt sér þróun, útvíkkun má segja, til allra átta, ekki síst hvað varðar örvun viðskipta og uppsetningu sendiskrifstofa sem stuðla að alls konar viðskiptum.

Ég tel þó að Íslendingar þurfi að breyta sínum háttum verulega varðandi það málefni. Kemur mér þá í hug þessi kunna saga um ferðamennina, Danina og Íslendingana sem eru á ferð víða um veröld með handtöskur, Íslendingarnir til þess að kaupa og Danirnir til að selja. Það vill nú svo til að það er sennilega rétt að miklu fleiri Íslendingar eru á ferð erlendis til að kaupa en til að selja.

Ég vildi gjarnan að hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir því að sett yrði upp sérstök markaðsdeild í Háskóla Íslands þar sem kennslan beindist sérstaklega að því að auka sölu framleiðsluvara okkar og einnig að við gerðumst umboðsmenn, eins og Danir, fyrir aðrar þjóðir til að selja. Það veit ég að væri mjög jákvætt fyrir viðskiptamálin á Íslandi og ég tala nú ekki um vegna þess viðskiptahalla sem við búum við. Ég beini því til hæstv. utanrrh. að hann beiti sér í þessu máli sem er mér mjög hugstætt.

Mig langar að nefna aðeins samstarfið í öryggis- og varnarmálum. Ég tel að Íslendingar þurfi að athuga sinn gang mjög vel því að mönnum má vera ljóst að samstarfið fer í vaxandi mæli fram á aðildargrunni Evrópusambandsins. Íslensk yfirvöld verða að skoða fyrir hönd þjóðarinnar hvernig eigi að nálgast þessi mál í ljósi staðreynda eða í ljósi þess sem þróunin er að skapa. Ég segi að ef Atlantshafsbandalagið á að vera lykilpunktur varna- og öryggismála, þarf að efla stöðu NATO innan Evrópusambandsins. Það sýnist mér liggja ljóst fyrir miðað við það sem ég hef kynnt mér um þessi mál.

Ég ákvað, meðan ég var að hlusta á þessa umræðu, að reyna að grípa niður á punkta og reyna að sneiða fram hjá því sem aðrir hafa verið að ræða um. Mig langar þó að nefna hér stöðu og hlutverk Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og vil lýsa yfir ánægju með það skref af hálfu Íslands að sækja um setu í öryggisráðinu. Ísland á að mínu mati að sækjast eftir eins miklum áhrifum og völdum á sviði alþjóðasamstarfs og unnt er. Þannig komum við okkar ár vel fyrir borð.

Herra forseti. Mig langar að nefna eitt af því sem ég tel að Ísland eigi að taka þátt í í auknum mæli og það er friðargæsla og alþjóðlegt hjálparstarf. Ég tel að við höfum alla burði til að leggja okkar af mörkum á því sviði. Í því sambandi vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. utanrrh. að hann beiti sér fyrir því að tekin verði upp þjálfun slíks liðs, einstaklinga eða hópa, t.d. í björgunarskólanum að Gufuskálum. Ég tel að þar sé kjörinn vettvangur til þess að þjálfa einstaklinga hér heima áður en þeir koma að slíkum verkefnum á erlendri grund. Þetta er eitt atriði sem mig langar til þess að hæstv. utanrrh. skoði. Hann þarf ekki að svara mér í neinum andsvörum. Mér nægir að fá viðbrögð við þessum athugasemdum mínum í lokaræðu.

Mig langar að nefna að ég hef kynnst því að Ísland hefur lagt af mörkum nokkuð í tengslum við þróunarmál. Það eru kannski ekki miklir fjármunir á alþjóðamælikvarða. En ég tel að það skipti mestu máli hvernig þeir fjármunir sem varið er eru notaðir þó að upphæðin sé ekki gífurlega há. Ég hef séð, herra forseti, t.d. hverju hefur verið komið til leiðar. Ég nefni Namibíu, en þar hef ég komið. Ég veit að þar hafa fjármunir nýst mjög vel til að efla heimamenn til sjálfsbjargar auk þess sem íslenskir einstaklingar og fyrirtæki hafa komið á laggirnar starfsemi sem veitt hefur atvinnutækifæri í landinu auk verkþekkingar sem kemur heimamönnum til góða.

Ég nefni lítillega Norðurlandasamstarf. Það hefur um langan tíma verið talið mjög mikilvægt í utanríkisstefnu Íslendinga og segja má að það sé rétt. En við þurfum, eins og ég sagði í upphafi, að líta til allra átta. Það eru svo margar þjóðir sem eru að tengjast okkur samstarfsböndum og viðskiptaböndum og vil ég í því sambandi nefna ræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrichs þar sem hann nefndi samskipti okkar við þjóðir eins og Kína, Japan, Malasíu, Tævan og fleiri.

Það er nefnilega þannig með vini okkar og frændur á Norðurlöndum að þeir eru ekkert í samstarfi við okkur endilega af góðsemi, ekki af góðsemi einni saman a.m.k. Ég tel að þau telji sig sterkari með okkur innan borðs. Það er fyrst og fremst ástæðan, að ég tel, fyrir því að þeir vilja eiga við okkur svo mikil samskipti sem þeir gera auk þess að auðvitað finna þeir eins og við til skyldleika. En það nær nú stutt ef ríkir hagsmunir eru í húfi.

Herra forseti. Mig langar aðeins að nefna EFTA því að ég átti þess kost að starfa í þingmannanefnd Alþingis að þeim málum. Ég tel að nú sé ástæða til að velta fyrir okkur stöðu okkar á þessum vettvangi. Við höfum fengið mjög mikið út úr EFTA-samstarfinu og það er ekki síst vegna þess að embættismenn, fulltrúar okkar Íslendinga, hafa unnið mjög gott starf fyrir Íslands hönd og verið vakandi fyrir hagsmunum Íslands í sínu starfi. Þá er rétt að geta þess að þingmennirnir í EFTA-nefndinni, eins og ég hef þekkt það þessi ár sem ég hef verið á Alþingi, hafa unnið mjög heildstætt starf, þverpólitískt, fyrir hönd Íslands í nær öllum, ég segi í nær öllum málum fyrir Íslands hönd á vegum EFTA-samstarfsins. Það

að þessir hópar frá ólíkum stjórnmálaflokkum skuli hafa komið fram þverpólitískt hefur orðið til þess að vekja athygli meðal samstarfsþjóða okkar og hefur skilað virkilegum árangri fyrir Íslands hönd svo sem raun ber vitni.

Herra forseti. Um leið og ég endurtek þakkir fyrir greinargott yfirlit og skýrslur um utanríkismál frá hæstv. utanrrh., vil ég segja eftirfandi: Við Íslendingar höfum náð verulegum árangri í erlendum samskiptum á liðnum áratugum. Við þurfum samt ávallt að huga mjög að hverju skrefi sem við stígum í samskiptum við erlendar þjóðir. Að mínu mati tryggjum við best sjálfstæði íslenskrar þjóðar með öflugu samstarfi og kynningu á okkar sjónarmiðum. Og ég vil ítreka það að á viðskiptasviði eigum við að taka upp hætti frænda okkar Dana, þ.e. að viðskiptamenn íslenskir séu í ríkara mæli að selja en ekki að kaupa. Útflutningur er mjög mikilvægur og lífsnauðsyn þrátt fyrir marghátttaðar þarfir varðandi innflutning.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið og minni á þessa tvo sérstöku punkta sem ég nefndi í máli mínu.

[15:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrra atriðisins sem hv. þm. nefndi er rétt að geta þess að viðskiptaþjónusta utanrrn. hefur starfað um nokkurra ára skeið. Við höfum reynt að gera okkur far um að taka upp samstarf við sem flesta á þessu sviði og m.a. undirrituðum við formlega fyrir einum tveimur, þremur árum samning við Tækniskóla Íslands um samstarf á sviði útflutningsfræða. Nemendur þar hafa unnið að ákveðnum verkefnum til undirbúnings viðskiptaheimsókna svo að dæmi sé tekið og við höfum tekið tvo nemendur á ári til starfa í sendiráðum erlendis um nokkurra mánaða skeið til þjálfunar. Ég tek því undir það sem hv. þm. sagði í þeim efnum.

Varðandi aðild Íslands að björgunarmálum nefni ég að í sumar verður hér sérstök æfing á vegum Samstarfs í þágu friðar þar sem viðfangsefnið er einmitt björgun í hafsnauð og fyrir þremur árum síðan var önnur björgunaræfing hér á landi að því er varðaði jarðskjálfta og náttúruhamfarir á Íslandi með þátttöku mjög margra þjóða. Við höfum nýlega ásamt dómsmrn. gert formlegan samning við Slysavarnafélagið Landsbjörg um samstarf á þessu sviði þannig að stofnuð hefur verið alþjóðleg björgunarsveit til að senda til annarra landa ef eitthvað kemur upp á. Það má segja að þetta samstarf hafi hafist eftir að við í utanrrn. fórum þess á leit að íslenskir björgunarmenn færu til Tyrklands vegna jarðskjálftanna þar á síðasta ári. Það var mikilvæg reynsla fyrir þetta björgunarfólk og það er mjög mikill áhugi hjá því að halda áfram þessu starfi og við í utanrrn. teljum það afar þýðingarmikið.

[15:32]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir undirtektirnar við máli mínu. Ég játa að mér var ekki kunnugt um að þessi starfsemi varðandi markaðsmál væri og hefði verið í gangi hjá Tækniskólanum. Því síður vissi ég að utanrrn. hefði tekið tvo nema til starfa árlega. Ég tel að það sé mjög vel og nauðsynlegt. Ég sé að menn hafa gert sér grein fyrir því að allt of margir hafa verið í því að kaupa en ekki nógu margir í að selja. Ég tel að þetta sé liður í að breyta því og fagna því mjög.

Mér var heldur ekki ljóst að til stæði þessi kynning eða ráðstefna um björgun í hafsnauð. Engu að síður tel ég að við búum yfir sérstökum aðstæðum í björgunarskólanum á Gufuskálum þar sem við getum þjálfað fólk í leit við mjög erfiðar aðstæður. Við getum þjálfað fólk við að bjarga af sjó eða við sjó. Þar höfum við kjöraðstæður til þess þjálfa ekki bara íslenskar sveitir heldur og erlendar sveitir. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. undirtektir hans við máli mínu og fyrir upplýsingarnar.

[15:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum verið í ágætu sambandi og samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Á sínum tíma afhenti utanrrn. eignirnar á Gufuskálum þeim til afnota en utanrrn. fékk þær afhentar frá Bandaríkjaher vegna þess að starfsemin þar var lögð niður. Við héldum þessum eignum við um alllangt skeið með tilheyrandi kostnaði og það var mikið ánægjuefni að hægt var að koma þeim í not á nýjan leik.

Með þessu samstarfi björgunarsveitanna við dómsmrn. og utanrrn. hefst nýr kafli í þessari sögu. Við eigum afskaplega sterkar björgunarsveitir miðað við að hér er fyrst og fremst um sjálfboðaliða að ræða. Í öðrum löndum er það venjulega herinn sem kemur inn við slíkar aðstæður en við höfum ekki neinar slíkar aðstæður hér á landi.

Varðandi þær æfingar sem hafa verið hér á vegum Samstarfs í þágu friðar, þ.e. síðustu æfingu, þá tóku íslenskir björgunarmenn og sjálfboðaliðasveitir þátt í þeirri æfingu og ég vænti þess að svo verði áfram.

Auðvitað eru aðrar aðstæður varðandi björgun á hafi. Þar verður Landhelgisgæslan ávallt í fararbroddi en Slysavarnafélagið Landsbjörg kemur þar einnig að. Þar nægir að minna á forsögu Slysavarnafélags Íslands en þessi björgunarfélög voru sameinuð. Ég veit ekki betur en björgunarmenn muni jafnframt koma að æfingunni sem verður á komandi sumri á vegum Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þeirra.

[15:36]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Ég vil einkum víkja að tveimur þáttum í skýrslu hæstv. utanrrh. um alþjóðamál sem ég hafði ekki ráðrúm til að fjalla um í fyrri ræðu minni. Það á sér í lagi við um samstarf okkar innan Atlantshafsbandalagsins og þá ekki síst á þingi NATO. Það markast ekki síst af því að sá sem hér stendur er formaður sendinefndar íslenska þingsins hjá þingi Atlantshafsbandalagsins.

Eins og fram hefur komið er það samdóma álit NATO-þjóðanna allra að nauðsynlegt sé að styrkja svokallaða Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins og gera Evrópuþjóðum kleift að taka meiri og virkari þátt í aðgerðum bandalagsins, ekki síst á sviði friðareftirlits og aðgerða til að koma í veg fyrir að neyðarástand skapist og grípa þurfi til vopna síðar meir.

Í þessu sambandi er ljóst að frá upphafi hefur aldrei verið reiknað með því að Evrópustoðin yrði sjálfstæð stoð í varnarmálum. Það hefur alltaf verið reiknað með því að NATO, Atlantshafsbandalagið, stæði vörð um sameiginleg öryggismál Atlantshafsbandalagsþjóðanna. Því er ljóst að takist að þróa þessa Evrópustoð og marka henni sérstök verkefni, sérstaklega til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á að vandræðaástand skapist, þá verður það verkefni aldrei slitið frá Atlantshafsbandalaginu. Á það verður að líta í ljósi þess hverjar skuldbindingar Atlantshafsbandalagið hefur varðandi öryggi meðlimaþjóða NATO.

Þegar þessi hugmynd kom fram var upphaflega gert ráð fyrir að hin sérstaka öryggis- og varnarstefna Evrópusambandsins yrði þróuð innan NATO. Þannig var þetta orðað á fundinum í Washington í apríl 1999. Þá átti að þróa þessa sérstöku stefnu innan NATO og í framhaldi af því var talað um það sem eðlilegan hlut að Evrópusambandið fengi aðgang að búnaði og liðsafla Atlantshafsbandalagsins.

Þegar málið var tekið fyrir í Helsinki af hálfu Evrópusambandsins í desember 1999 þá breyttist málið. Það breyttist að því leyti að þá var rætt um að þessi Evrópustoð og Evrópusamstarfið í varnar- og öryggismálum yrði ekki innan NATO heldur utan þess, þá á vegum Evrópusambandsins. Þetta flækti málin allmikið en var staðfest í Portúgal og er enn í þeim farvegi. Þessi niðurstaða hefur vakið upp spurningar um hver yrði staða þeirra ríkja í Atlantshafsbandalaginu sem ekki eru í Evrópusambandinu. Því miður hefur ekki verið hægt að festa hendur á raunhæfum hugmyndum um hvernig Evrópusambandið ætlar sér að halda á þeim málum. Íslendingar hafa gert sér far um að vekja athygli á þessu vandamáli og hafa bent á að nauðsynlegt sé að leysa þau pólitísku vandamál sem þessi þáttur málsins veldur, ekki síður en hin tæknilegu vandamál. Hingað til hefur gætt tilhneigingar hjá Evrópusambandinu til að ræða fyrst og fremst um tæknilega hluti í þessu sambandi en leiða hjá sér hin pólitísku mál samstarfsins.

Ég er þeirrar skoðunar að málflutningur þeirra sex þjóða, sem standa utan Evrópusambandsins en eru meðlimir í NATO, hafi borið árangur og þar aukist skilningur á að á þessum málum þurfi að taka á jákvæðan hátt. Ég hef hins vegar þá tilfinningu að það muni taka alllangan tíma fyrir Evrópusambandsþjóðirnar að vinna úr Evrópustöðunni. Ástæðan fyrir því er einföld. Til þess að styrkja Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins innan Evrópusambandsins þurfa menn að koma sér saman um að nýta fjármagnið betur og hugsanlega eyða meiri fjármunum til varnarmála en nú er gert. Það hefur komið skýrt fram í viðræðum mínum við þingmenn í Evrópusambandslöndum að viljinn til að taka á þessum þætti varnarsamstarfsins er takmarkaður og möguleikarnir takmarkaðir. Á meðan svo er tekur umræðan um Evrópustoðina væntanlega talsvert langan tíma. Það má búast við því að niðurstaða náist ekki í því máli alveg strax.

NATO-þingið hefur tekið þessi mál og almennt samstarf við Evrópuþingið sérstaklega fyrir. Þar er mikill vilji fyrir því að tryggja stöðu ríkjanna sex sem eru utan Evrópusambandsins í NATO. Ég vil einnig geta þess að mikill vilji er fyrir því á NATO-þinginu að efla samstarfið við Evrópuþingið. Sameiginlegir fundir Evrópuþingsins og NATO-þingsins hafa verið haldnir og nú hefur verið ákveðið að fjölga áheyrnarfulltrúum eða gestum Evrópuþingsins á fundum Atlantshafsbandalagsþingsins. Af hálfu forseta NATO-þingsins var lögð fram tillaga um að þessir fulltrúar Evrópuráðsþingsins fengju sömu réttindi og aukaaðilar, þ.e. fengju réttinn til að leggja fram breytingartillögur á fundum NATO-þingsins. Íslenska sendinefndin lagðist gegn þessu og var fallist á málflutning hennar. Aukin sendinefnd Evrópuþingsins á NATO-þinginu mun því ekki hafa þau réttindi, sem hefðu að vissu leyti skekkt valdahlutföllin á þinginu.

Ljóst er að samskipti Rússa við NATO hafa verið í lágmarki síðan loftárásir Atlantshafsbandalagsins á Serbíu hófust. Það hefur verið gerð tilraun til þess af hálfu NATO-þingsins að vekja upp samstarfið sem hefur eiginlega verið í lágmarki. Því sendi forseti NATO-þingsins bréf til forseta dúmunnar og lagði til að fundnar yrðu leiðir til þess að hefja samstarfið aftur. Nú liggur fyrir bréf frá forseta dúmunnar þar sem þessari hugmynd er hafnað og hefur NATO-þingið ákveðið, miðað við tóninn í því bréfi, að ekki verði stigin nein skref af hálfu NATO-þingsins til að nálgast Rússana á meðan þessi viðhorf eru uppi í rússneska þinginu.

Svipað er að sjálfsögðu að segja um sendinefnd Rússa á Evrópuráðsþinginu. Hún sýndi það, þegar Rússar voru þar sviptir atkvæðarétti, að hún vill ekki halda uppi samstarfi við Evrópuráðsþingið við þær aðstæður, sendinefndin gekk öll út. Það andar þess vegna nokkuð köldu frá hinu nýkjörna rússneska þingi í garð NATO-þingsins og í garð Evrópuráðsþingsins. Ég legg hins vegar áherslu á að við ríkjandi aðstæður í samskiptum Rússa við þessi þing þá sé ekki síður mikilvægt að við Íslendingar ræktum sambönd okkar við rússneska þingmenn, reynum að miðla málum og koma þeim sjónarmiðum á framfæri að Rússar hefðu ávinning af því að vinna með okkur á þingi Evrópuráðsins og á þingi NATO. Utanrmn. hefur lagt drög að því að sækja dúmuna heim og mun það tækifæri nýtt til að efla tengsl okkar við hið nýkjörna þing, dúmuna, og reyna að liðka til um þau mál sem þarna eru komin í hnút, bæði að því er varðar Evrópuráðsþingið og þing NATO.

Að sjálfsögðu skapast þessi staða af því að rússnesk stjórnvöld hafa þverbrotið grundvallarreglur Evrópuráðsins, raunar grundvallarreglur ÖSE líka og þau ákvæði í samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu sem þeir höfðu undirgengist.

Hins vegar er ljóst að CFE-samningurinn var gerður í raun og veru áður en sú staða kom upp sem nú er, þ.e. hluti af Varsjárbandalagsríkjunum er nú kominn í NATO. Rússar hafa því gert athugasemdir við það að þessi samningur væri ekki lengur í takt við tímann og hafa viljað endurskoða hann. Ég hefði viljað spyrja hæstv. utanrrh. hvort nokkrum sérstökum árangri hafi verið náð gagnvart Rússum í Istanbúl að því er varðar þennan samning um hefðbundinn herafla, en þar var eitthvað um þessi mál fjallað. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst hvort út úr því komu nokkrir nýir fletir á þessu máli sem Rússar sætta sig betur við.

Ég vil að lokum koma inn á tvö atriði í skýrslunni sem ég tel að beri að vekja athygli á. Það fyrsta er á bls. 55. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af samþykkt Alþingis frá 10. mars 1999 þar sem segir „að hefja skuli hið fyrsta hvalveiðar hér við land" kemur vel til greina að Ísland gangi í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju. Næsti fundur ráðsins verður í Ástralíu í byrjun júlí 2000."

Hér tel ég að um mikilvægt sjónarmið sé að ræða. Ég tel það nauðsynlega forsendu þess að Íslendingar geti hafið hvalveiðar á ný að við göngum í Alþjóðahvalveiðiráðið og það sjónarmið sem kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. er með þeim hætti að ég styð það eindregið.

Ég vil einnig geta þess að á einum stað í skýrslunni er vikið að Tævan og tekið fram að það sé réttur Íslendinga að hafa sömu afstöðu til Tævans og nágrannar okkar og miða viðskipti sín við Tævan við það. Ég er þessu sammála. Ég vil hins vegar taka fram að samskipti Íslendinga við Tævan hafa verið heldur minni en nágrannaþjóðir okkar hafa haft við það ríki. Segja má að eiginlega allar Evrópuþjóðir hafi viðskiptaskrifstofu í Tævan sem sér þá um viðskiptalega hagsmuni þessara þjóða í Tævan, sem eru yfirleitt mjög miklir. Það er misjafnt hvernig þessar viðskiptaskrifstofur eru byggð-

ar upp. Sumar þeirra eru á vegum atvinnulífsins í þessum löndum. Í öðrum tilfellum eru tengsl við stjórnarráðið og þá ýmist við viðskiptaráðuneyti eða jafnvel við utanríkisráðuneyti, en þessi sambönd eru allmikilvæg fyrir viðskipti við Tævan. Ég tel að við eigum að skoða möguleikana á því að Íslendingar opni viðskiptaskrifstofu á vegum atvinnulífsins í Tævan, miðað við það hversu mikilvægt Tævan er í heimsviðskiptum og hversu mikilvægt er að viðskipti við Tævan fái að þróast áfram og geti verið eðlileg í framtíðinni.

Ég vil nefna það sérstaklega í þessu sambandi hversu alvarlegt það hefur verið þegar Kínverjar hafa farið fram með hótunum við Tævana, sérstaklega þegar þeir gripu til þess að vera með flugskeytaæfingar í sambandi við forsetakosningar í Tævan fyrir nokkrum árum. Þá hafði það strax áhrif á hlutabréfamarkaðinn. Það hafði áhrif á heimsviðskipti og að sjálfsögðu til hins verra.

Sú þróun sem hefur átt sér stað í Tævan, þar sem lýðræði hefur verið að styrkjast, er jákvæð og það er að sjálfsögðu góðs viti að þar er lýðræðisþróun í góðu gengi. Það er mjög athyglisvert og í raun neikvætt að stjórnvöld í Kína skuli hafa tekið svo neikvæða afstöðu til þessarar þróunar. En það er von mín að samskipti Tævan og meginlandsins muni batna og það ekki síst í gegnum viðskipti og það er ákaflega mikilvægt að við sýnum því áhuga að viðskipti bæði við meginland Kína og við Tævan geti þrifist sem best.

[15:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af ráðstefnunni í Istanbúl. Þó að ég hafi ekki verið þar viðstaddur er mér kunnugt um að þessi samningur um hefðbundinn herafla í Evrópu var endurnýjaður þar án þess að neinar teljandi breytingar hafi orðið þar á. Hins vegar fóru Rússar fram á það og það var mikið rætt í aðdraganda þessarar ráðstefnu að sýndur yrði skilningur á þeirri aðstöðu sem þeir væru í vegna baráttu við uppreisnarmenn í Tsjetsjeníu.

Ekki var orðið við því og engar breytingar gerðar fyrir Rússa vegna þess. Hins vegar hafa Rússar, eins og kom fram í minni ræðu, orðið fyrir mikilli gagnrýni fyrir að hafa brotið þennan samning vegna átakanna í Tsjetsjeníu. En Rússar héldu því fram að ekki væri hægt að berjast gegn hryðjuverkahópum, eins og þeir orðuðu það, án þess að einhverjar breytingar yrðu þarna á. Af þessum sökum hafa þeir orðið fyrir verulegri gagnrýni vegna þess að því er haldið fram af ÖSE og ÖSE-þjóðunum mörgum hverjum að Rússar hafi ekki virt þennan samning sem var endurnýjaður í Istanbúl.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það voru nokkur atriði sem mér gafst lítt eða ekki tími til að ræða í minni fyrri ræðu. Það getur hent bestu menn að ætla sér um of og taka meira fyrir en tíminn leyfir. Ég ætlaði því að nota að einhverju leyti þann tíma sem ég hef í seinni ræðu til að drepa á nokkur atriði.

Ég nefndi aðeins stöðu bandaríska hersins og minnti á tillögu okkar um að ganga til viðræðna um brotthvarf hans úr landinu og hvernig við Íslendingar yfirtökum þá starfsemi sem semja þarf um í því sambandi, samhliða auðvitað aðgerðum til þess að treysta atvinnulíf á þeim svæðum sem verða fyrir áhrifum af brottför hersins. Ég trúi því staðfastlega að sá tími muni upp renna að Ísland verði á nýjan leik herlaust land og bind auðvitað fyrst og fremst vonir við að menn fallist á, eftir því sem friðvænlegar horfir í heiminum, að það eigi að vera okkar framtíðarmarkmið eins og flestra annarra þjóða að vilja helst ekki þurfa að halda erlendan her innan sinna landamæra.

Ég vil nefna í því sambandi til viðbótar þær tillögur tvær sem hér liggja fyrir þingi og báðar tengjast umhverfisáhrifum af völdum umsvifa erlendra herja á Íslandi. Það er málasvið sem ég tel að þurfi að taka fyrir. Það er komin hreyfing á þessi mál mjög víða í nágrannalöndunum og þar sem herir hafa verið umsvifamiklir, haft búðir, hefur komið í ljós að þessari starfsemi, og ekki kannski síst þessari starfsemi, hafa fylgt ýmis váleg áhrif á umhverfið. Víða um heim er því nú verið að reyna að taka til í þeim efnum. Sem dæmi má nefna Kanada þar sem miklum fjármunum er eytt árlega í að hreinsa upp eftir gömlu djúpstöðvarnar, „Distant Early Warning"-stöðvarnar, eins og það var víst kallað og var keðja þeirra gegnum norðanvert Kanada. En þar er nú með peningum bæði frá kanadísku alríkisstjórninni og frá Bandaríkjamönnum verið að leggja mikla vinnu í að hreinsa upp. Svipað er að gerast víðar þó á ýmsu gangi með að ná samkomulagi um þá hluti. Má þar sem dæmi nefna Þýskaland, Filippseyjar, Japan og fleiri lönd.

Ég vonast til að þessar tillögur fái umfjöllun og þessi mál verði þar af leiðandi hér áfram á dagskrá.

Í öðru lagi vil ég bæta nokkrum orðum við þá umræðu sem hér hefur orðið um ástand mála í Írak. Ég þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið það mál upp. Fyrir þinginu liggur sömuleiðis tillaga okkar þingmanna þriggja þingflokka um að Ísland taki upp þá stefnu að beita sér fyrir því að endurkoðun fari í gang á framkvæmd þessa viðskiptabanns og í raun á leikreglum í þessu sambandi, þar sem reynt verði að draga þannig mörk að viðskiptatakmörkunum, bönnum eða þvingunum sem tæki í alþjóðastjórnmálum verði reynt að beita þannig að af því hljótist þó aldrei jafnmikil nauð, þjáningar og dauðsföll og nú í Írak. Einhvers staðar verður alþjóðasamfélagið að draga sér mörk í þessum efnum. Ég tek fram að ég er ekki að mæla gegn því að reynt sé að nota viðskiptalegar aðgerðir sem tæki því oft og tíðum er það nærtækara en valdbeiting að sjálfsögðu. En það verður þá að reyna að draga einhvers konar mörk þannig að brýnustu lífsnauðsynjar, matvæli og lyf verði aldrei af svo skornum skammti í þeim löndum sem fyrir því verða að af því hljótist hungursneyð og mannfellir af þeirri stærðargráðu sem þarna hefur orðið og auðvitað helst enginn.

Ég þarf ekki að fara aftur yfir það hvernig ástand mála er þarna. Það er satt best að segja skelfilegt og fer að sjálfsögðu versnandi vegna þess að landinu eru allar bjargir bannaðar. Það fást ekki varahlutir til að gera við veitukerfi. Orkudreifing, vatnsveitur, frárennsli og annað er í rúst að ógleymdu því að áfram eru í gangi loftárásir á landið þannig að í raun og veru ríkir styrjöld sem er á góðri leið með að verða gleymd styrjöld í landinu. Stærstu borgir, í suðurhlutanum einkum, eins og Basra og aðrar slíkar, verða fyrir loftárásum og þannig mætti áfram telja.

Af því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist hér á þann möguleika að menn tækju þetta mál einnig upp á norrænum vettvangi, þá hefur það verið gert. Ég flutti tillögu um það á vettvangi Norðurlandaráðs fyrir einum þremur árum síðan að Norðurlöndin samræmdu afstöðu sína í þessum efnum og beittu sér á þennan hátt á alþjóðavettvangi. Sú tillaga hlaut yfirleitt mjög jákvæðar umsagnir á öllum Norðurlöndunum. Allar helstu hjálparstofnanir, þróunarsamvinnustofn-

anir Norðurlandanna og fleiri slíkir aðilar mæltu eindregið með því að Norðurlöndin beittu sér með þessum hætti. En tillagan náði því miður ekki fram að ganga og var það einkum andstaða hægri manna frá Íslandi sem kom í veg fyrir að hún hlyti afgreiðslu eftir að hafa fengið jákvæða umsögn. Hún var reyndar lögð fyrir með tillögu af hálfu forsætisnefndar Norðurlandaráðs um jákvæða afgreiðslu, en stoppaði sökum andstöðu sem upp kom í umræðum á þinginu.

Það er vel til fallið að taka þessa ábendingu til athugunar og hugsanlega endurflytja tillöguna því að ég held að nú séu að verða talsverð veðrabrigði í þessum efnum og að fleiri og fleiri séu nú að gera sér grein fyrir því að ástandið eins og það er er auðvitað ekki verjandi og að við getum ekki endalaust horft fram hjá því sem þarna er að gerast hvað sem öðru líður og hvað sögunni í þessum efnum líður.

Varðandi hafréttarmál þá er á það minnst í skýrslu ráðherra að í kjölfar þess að alþjóðahafréttarsáttmálinn hefur öðlast þjóðréttarlegt gildi, þ.e. að tilskilinn fjöldi ríkja hefur staðfest samninginn, hafa þar orðið breytingar á. Nú markar hann þær vinnureglur sem fara á eftir til að leysa deilumál þjóða, þar á meðal afmörkun landgrunnssvæða utan 200 mílna sérefnahagslögsögu ríkja. Það svæði sem fyrst og fremst á í hlut hvað Ísland snertir og er ófrágengið er Hatton-Rockall svæðið. Það kemur fram að frestur til að skila inn kröfum eða tillögum er til 2004. En það er mikilvægt vegna þess hversu viðamikil og flókin slík mál eru að kröfugerð okkar og tillögur verði undirbúnar.

Ég ítreka það sem ég nefndi áðan sem möguleika að Íslendingar leiti eftir samstöðu með grönnum sínum, Færeyingum. Mér finnst margt mæla með því, ef hægt er að komast að innbyrðis samstöðu okkar í millum, þá væri það sterkt að tefla fram sameiginlegri kröfugerð. Nú er það að sjálfsögðu ekki sjálfgefið að saman gangi og hugsanlega gætu Íslendingar og Færeyingar eða Danir fyrir þeirra hönd eftir atvikum — mér er ekki alveg ljóst hvort það er svo enn að í þessu tilviki mundu Danir fara með forsvar fyrir Færeyjum, ég er þó ekki viss um að svo sé vegna þess samkomulags sem dönsk og færeysk stjórnvöld gerðu með sér fyrir um 2–3 árum að Færeyingar yfirtóku forsvar fyrir auðlindamálum sínum og hafa farið með það síðan. Einu gildir að augljóslega væri að mörgu leyti mikill styrkur að því ef þarna gæti fyrst náðst saman milli Íslendinga og Færeyinga og þeir síðan skilað inn samræmdri kröfugerð og það væri miður í ljósi góðra samskipta þessara grannþjóða og frændþjóða í gegnum tíðina á sviði sjávarútvegsmála og hafréttarmála ef við næðum ekki að stilla þarna saman strengi. Enn mun að vísu standa út af í samskiptum okkar ágreiningur um afmörkun landhelginnar á milli Íslands og Færeyja vegna deilna um hvort Hvalbakur skuli teljast grunnlínupunktur. En þarna er greinilega fram undan viðfangsefni sem þarf að sinna af alúð.

Ég fagna því að íslenska ríkisstjórnin tók ákvörðun um að taka þátt í átaki til að fella niður skuldir þróunarríkja eða skuldugustu ríkja og styð heils hugar að það sé gert. Það er að vísu miður að nokkur af auðugustu ríkjum heims hafa enn ekki endanlega gefið sig upp í þeim efnum hvað varðar þátttöku í svonefndum HIPC-sjóði á vegum Alþjóðabankans en Íslendingar hafa ákveðið að leggja þar sitt af mörkum og er það vel.

Varðandi þróunaraðstoð að öðru leyti má sama segja að það er vissulega ánægjulegt þó í litlu sé, að framlög Íslands hafa þar á síðustu árum verið að aukast, en betur má ef duga skal. Við erum enn langt frá því að leggja af mörkum eins og markmið Sameinuðu þjóðanna er, 1% af þjóðarframleiðslu eða 0,7% af þjóðarframleiðslu hvað varðar opinber framlög.

Vegna þess að hér urðu fyrr á fundinum nokkrar umræður um væntanlegt sendiráð Íslands í Vín eða að skrifstofa fastanefndar í Vín verði hækkuð í tign og gerð að sendiráði gagnvart Austurríki, þá endurtek ég það sem ég áður sagði að ég er stuðningsmaður þeirra aðgerða og ég tel að þrátt fyrir leiða atburði í austurrískum stjórnmálum þar sem þjóðernishægriöfgaflokkur komst til valda og áhrifa sem allir hafa að sjálfsögðu skömm á, þá eigum við ekki að blanda því saman í þessu tilviki, enda er um að ræða spurninguna um þátttöku okkar í mikilvægri alþjóðastofnun þar sem er stofnun um öryggi og samvinnu í Evrópu og líka spurning um langtímauppbyggingu utanríkisþjónustu okkar. Ég er líka þeirrar skoðunar þó að það sé kannski af nokkrum öðrum ástæðum en sumir aðrir hafa teflt fram, að e.t.v. sé ekki allt sem sýnist í hörðum viðbrögðum Evrópusambandsríkja gagnvart hinni nýju ríkisstjórn Austurríkis og sérstaklega þá ekki í viðbrögðum sumra jafnaðarmannaflokka á meginlandi Evrópu. Því miður óttast ég að það sé ekki eingöngu hræðslan við þjóðernisofstækishugmyndir og manngæska af þeim toga sem gangi mönnum til, heldur hitt í bland að það er þekkt að flokkur Jörgs Haiders er sá sem langhatramlegast berst í austurískum stjórnmálum gegn stækkun Evrópusambandsins og auknum Evrópusamruna og það er auðvitað eitur í beinum þeirra krataflokka sem voru í forustu fyrir því að áherslur og viðbrögð Evrópusambandsins urðu jafnhörð og raun ber vitni og margir þykjast sjá þar fyrst og fremst fyrirbyggjandi aðgerðir gagnvart því að hin nýja ríkisstjórn Austurríkis verði þröskuldur í vegi stækkunar Evrópusambandsins og frekari Evrópusamruna ekki síður en hitt, sem ég að sjálfsögðu dreg ekki úr að er líka til staðar, að menn hafi áhyggjur af uppgangi stjórnmálahreyfinga með sjónarmið af þessu tagi í farteskinu þó svo menn hafi þar á bæ eitthvað reynt að sverja þau af sér upp á síðkastið. En hvað sem því líður þá held ég að út frá því sem áður hefur verið ákveðið sé rétt að stíga skrefið til fulls og gera fastanefndina í Vín að formlegu sendiráði.

Um afvopnunarmálin verð ég að segja að því miður held ég að mönnum sé að yfirsjást svolítið í sambandi við þróun á því sviði þar sem ekkert síður er um mjög ískyggilega hluti að ræða en jákvæða. Enn er að vísu verið að vinna að ýmsum samningum frá fyrri tíð um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun, en líka eru hlutir að gerast sem eru mjög alvarlegs eðlis. Ég bendi þar á áform Bandaríkjamanna um að koma sér upp gagnflaugakerfi eða takmörkuðum eldflaugavörnum. Það er auðvitað mjög ískyggilegt ef þau harðlínuviðhorf verða ofan á í Bandaríkjunum að fara af stað með nýtt vígbúnaðarkerfi mjög í andstöðu við velflesta hygg ég, sem sjá ekki tilefni til þess að í stað stjörnustríðsáætlunarinnar frægu sem einu sinni átti að setja upp komi sérstök gagnflauga- eða eldflaugavarnaáætlun undir því yfirskini að nauðsynlegt sé að bregðast við mögulegum skúrkaríkjaárásum eða hryðjuverkaárásum einhverra manna. Ég vek athygli á því að ríkin sem nefnd eru sem mögulegir sökudólgar í þessum efnum eru ekki beinlínis í því ástandi flest hver að það sé líklegt að menn hafi mikið bolmagn til þess að ógna heimsveldinu sjálfu, Bandaríkjunum. Eða trúir því nokkur maður að hin sorglega leikna og sveltandi Norður-Kórea sé ógnun við öryggi Bandaríkjanna eða þess þá heldur Írak, ríki sem er í rjúkandi rúst, sem búið er að sprengja aftur á nánast á steinaldarstig og þar sem stór hluti almennings sveltur heilu

hungri. Ég held að menn verði að horfast í augu við það að hér býr annað á bak við og menn eiga ekki að gera öðru skóna.

Það er einnig mjög ískyggilegt ef litið er á sambærilega hluti að Rússland í sínu hörmulega ástandi skuli verja stórauknum fjármunum á nýjan leik til vígbúnaðar, en það er staðreynd að jafnhörmulega og gengur þar t.d. í efnahagsmálum, þá er engu að síður verið að stórauka fjárveitingar til endurnýjunar vígbúnaðar Rauða hersins. Mjög alvarlegir hlutir eru því líka að gerast í bland sem kalla á það að mínu mati að afvopnunarmál verði aftur tekin fastari tökum á alþjóðavettvangi. Enginn vafi er á því að langbrýnasta verkefnið í kjölfar þeirra samninga sem þegar hafa tekist á undanförnum árum, eins og um bann við tilraunum með kjarnavopn, jarðsprengjusamningurinn og fleiri slíkir, að skriður komist á viðræður um alþjóðasamning um vopnaviðskipti. Það er mat flestra sem þessa hluti grandskoða, t.d. fræðimanna, að þar séu endarnir lausir og þar verði að reyna að koma einhverjum skikk á hlutina. Ég hvet því hæstv. utanrrh. til að beita sér sérstaklega í þeim efnum, þ.e. að farið verði af stað, væntanlega þá undir formerkjum samstarfsins í Genf, um gerð alþjóðasamninga á sviði afvopnunarmála með samningalotu sem miði að því að koma á samningi og leikreglum um vopnaviðskipti.

[16:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nokkur orð út af Írak. Ég vil fagna því að á hv. Alþingi er rætt um þessi mál á allt annan hátt en fyrir nokkrum árum, en ég tel að sú umræða hafi oft og tíðum verið afskaplega ómálefnaleg, sem ég ætla ekki að fara að rifja upp og mátti ég búa við ýmislegt í því sambandi, bæði hér á Alþingi og í framhaldi af því úti í þjóðfélaginu. Nú er rætt um þetta á annan hátt og ég fagna því.

Að sjálfsögðu er þetta viðskiptabann til endurskoðunar og það er aðeins á færi öryggisráðsins að aflétta því. Það ber að viðurkenna að viðskiptabannið á Írak hefur alls ekki skilað þeim árangri sem menn vonuðust til. Við verðum jafnframt að hafa í huga að það eru aðeins tvenns konar aðgerðir sem Sameinuðu þjóðirnar geta gripið til, annars vegar viðskiptabann eða þá bein íhlutun. Þessi mál hafa verið rædd oft á vettvangi Norðurlandanna og allar ríkisstjórnir Norðurlandanna gera sér grein fyrir að þarna er þörf á breytingum og ég hygg að svo verði í framtíðinni. Hins vegar er mjög alvarlegt ástand í Írak af ýmsum öðrum ástæðum og sú neyðarhjálp sem menn hafa viljað koma þar á framfæri hefur ekki skilað sér á þann hátt sem menn vonuðust til. Nú er starfandi nefnd undir forustu Svía til að fara aftur yfir þessi mál og ég vænti þess að það leiði til niðurstöðu en þar með eru hörmungarnar í Írak náttúrlega ekki afstaðnar. En það gæti létt á því slæma ástandi sem þar er og ég vil fjalla um þetta málefnalega áfram og fagna því að það skuli gert á hv. Alþingi.

[16:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætli ég geri þá ekki slíkt hið sama og fagni því alveg sérstaklega að hæstv. utanrrh. fjallar nú um þetta mál á allt annan hátt en hann gerði fyrir nokkrum árum. Hæstv. utanrrh. viðurkennir nú að þetta viðskiptabann sé ekki að skila þeim árangri sem menn ætluðu. Hæstv. utanrrh. viðurkennir að þetta ástand er auðvitað óþolandi. Það er ekki hægt að búa við þetta áfram og ég fagna því.

Ég tel mig hafa fjallað um þetta mál á mjög svipaðan hátt allt frá því að ég, sennilega einna fyrstur stjórnmálamanna á Norðurlöndum, tók þetta mál upp bæði á Alþingi Íslendinga og síðan í framhaldinu á norrænum vettvangi. Þá voru sjónarmið vissulega önnur og menn vörðu það af mikilli hörku að þetta væri hið eina rétta og þetta væri allt þessum mannhundi Saddam Hussein að kenna og þeim væri þetta rétt mátulegt. Nú hafa komið í ljós upplýsingar jafnt og þétt, sem þá þegar máttu mönnum að vísu vera ljósar, sem sýna að þarna er ósköp einfaldlega ástand sem alþjóðasamfélagið getur ekki borið ábyrgð á. Það er ekki hægt eftir heilan áratug að réttlæta það að vegna þessa viðskiptabanns skuli 5 þúsund börn deyja í hverjum einasta mánuði. Mannfallið er komið talsvert á aðra milljón, þar af líklega um 600 þúsund börn og það heldur áfram. Í raun og veru er hver einasti mánuður mikill ábyrgðarhlutur og hver einasti dagur sem líður ef ekki tekst að knýja þarna fram einhverja skynsamlegri lausn mála. Ég vitnaði til þess fyrr í umræðunum að allir helstu yfirmenn mannúðarmála á vegum Sameinuðu þjóðanna sem hafa farið með málefni Íraks hafa sagt af sér vegna þess að þeir hafa ekki treyst sér til að bera ábyrgð á ástandi mála.

Ég vonast þar af leiðandi til þess að núna komist hreyfing á að málið verði tekið á dagskrá af alvöru og ég trúi ekki öðru núna, herra forseti, en að sú tillaga sem hér hefur legið fyrir þinginu ár eftir ár fái nú loksins afgreiðslu og vilji Alþingis Íslendinga í þessu sambandi fái að koma í ljós.

[16:13]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það nægir að lesa þingtíðindin í þessu sambandi og hv. þm. og flokksmenn hans hafa iðulega gefið það í skyn á hv. Alþingi að Ísland gæti einhliða rofið þetta viðskiptabann á einhvern hátt sem er náttúrlega algerlega rangt og væri þá það sama og að við segðum okkur úr Sameinuðu þjóðunum. Það hefur ávallt legið fyrir.

Ég fagna því á nýjan leik að nú skuli rætt um þetta á þessum nótum og ég skal ekkert vera að rifja það allt saman upp, hv. þm., en ég býst við að hv. þm. finni það út þegar hann les ræður sínar fyrr á árum um þetta mál og líka ræður hv. þm. Ögmundar Jónassonar og jafnvel frammíköll þeirra skömmu fyrir jól, þá mundu þeir verða annars áskynja.

En það er gott þegar hv. þingmenn ræða þetta mál á þann hátt sem nú er gert og ég fagna því. Það liggur alveg ljóst fyrir eins og hv. þm. hefur núna viðurkennt, að hér er um alþjóðaaðgerð að ræða og við sem aðilar að Sameinuðu þjóðunum höfum okkar skuldbindingar í þeim efnum og verðum að virða þær. Það var allsherjarþingið sem kom þessu banni á en það er aðeins öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sem getur aflétt því.

[16:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að menn hafi gefið í skyn að Ísland gæti ekki einhliða aflétt þátttöku í þessu viðskiptabanni, þá getur Ísland það að sjálfsögðu. Það yrði þá að sjálfsögðu að axla þær afleiðingar sem því eru samfara. (**Utanrrh.:** Og segja sig úr Sameinuðu þjóðunum?) Nei, það er nefnilega misskilningur hjá hæstv. utanrrh. (**Utanrrh.:** Nei.) Og víða annars staðar hafa menn reyndar rætt þann möguleika og bent á að þau ríki sem tækju þá ákvörðun gætu vísað til ýmissa annarra ákvæða Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal mannréttindasáttmálans og varið sig með honum og spurningin er þá auðvitað, hvort er réttlætanlegra, sú þvingaða ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um að viðhalda þessu banni vegna neitunarvalds Bandaríkjanna og ofríkis Bandaríkjanna eða

aðrir sáttmálar Sameinuðu þjóðanna sem leggja þær skyldur á herðar aðildarríkjunum að uppfylla mannréttindi.

Tillagan hins vegar, herra forseti, hefur frá upphafi verið um að Alþingi fæli utanrrh. að beita sér fyrir endurskoðun. Tillagan hefur aldrei verið um einhliða aðgerðir af Íslands hálfu, það talar sínu máli skýrast og svarar hæstv. utanrrh. um að einhver grundvallarsinnaskipti hafi orðið hjá þeim sem hér talar. Tillagan hefur verið frá upphafi eins og hún er enn þann dag í dag og sömuleiðis var sú tillaga sem ég flutti á vettvangi Norðurlandaráðs þannig að ekki er hægt að bera fyrir sig nein þjóðréttarleg vandkvæði í þeim efnum. Alþingi getur að sjálfsögðu samþykkt að fela utanrrh. að fara með þá afstöðu Íslands í farteskinu á vettvang alþjóðastofnana að Íslendingar vilji að framkvæmd þessa viðskiptabanns verði endurskoðuð. Annað og meira er ekki sett á blað í þessari tillögugrein og reyndar hafa ýmsir gagnrýnt það að of vægt væri í hlutina farið í ljósi þessa ástands sem þarna ríkir. Ég yrði ekki hissa á því þó að sú sorglega saga sem þarna hefur verið að skrifast í landinu forna milli fljótanna eigi eftir að þykja þegar frá líður einhver allra ljótasti blettur á sofandahætti hins alþjóðlega samfélags og ofríkis Bandaríkjamanna á þessum áratug eftir að það eitt landa varð yfirgnæfandi heimsveldi.

[16:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti alveg sérstaklega athygli mína í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, formanns vinstri grænna, að hann skyldi sérstaklega leggja lykkju á leið sína hér í umfjöllun um stjórnmál í Austurríki í ljósi þeirrar staðreyndar að þar er hægri öfgaflokkur kominn til valda með nasískar tilhneigingar, og að hann gerði jafnaðarmönnum í Evrópu upp skoðanir í þessum efnum. Hann lét í veðri vaka og raunar fullyrti að skýringa á andstöðu og kröftugum mótmælum stjórna jafnaðarmanna í fjölmörgum Evrópuríkjum og atbeina þeirra innan Evrópusambandsins væri ekki að leita í lýðræðisást og að jafnaðarmenn hefðu ekki einlægan áhuga á að bregðast við því að þessar öfgafullu tilhneigingar næðu að festa rætur í Mið-Evrópu og jafnvel færast til Austur-Evrópu, heldur væri hitt raunin að einhverjar sérskoðanir þeirra á því að Haider og hans öfgasinnaði flokkur stæði gegn stækkun Evrópusambandsins réðu þar ríkjum. Þetta er ákaflega sérkennileg söguskýring hjá hv. þm. og ég bið hann að skjóta stoðum undir þessar fullyrðingar sínar.

Ég minni á að ég og hv. þm. vorum í ágætri ferð í Þýskalandi í síðustu viku og áttum þar orðræður við fjölmarga þingmenn á þýska sambandsþinginu. Einn þeirra var m.a. varaformaður þingflokks jafnaðarmanna. Hann fékk þessa spurningu einmitt, ekki frá hv. þm. heldur fulltrúa Sjálfstfl. sem hóf þennan söng. Hann svaraði því mjög skýrt að svona kvittur ætti ekki rétt á sér. Þvert á móti varaði hann við því að svona öfgatilhneigingar þyrfti að stöðva í fæðingu og koma þannig í veg fyrir að þeim ykist máttur hugsanlega í nýfrjálsum ríkjum Austur-Evrópu. Það er önnur saga.

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. hljóti að hafa verið á einhverjum öðrum fundi en ég var á því að það kom einmitt þvert á móti fram hjá þessum ágæta varaformanni þingflokks jafnaðarmanna í Bundestag að auðvitað yrðu menn að horfa til þess að hvert einasta ríki innan Evrópusambandsins hefði neitunarvald um stækkunarferlið og um samrunaferlið. Hann hikaði ekkert við — þetta var að vísu lokaður fundur — að draga það inn í umfjöllun einmitt um viðbrögðin við öfgastefnu Jörgs Haiders. Það sem hann bar hins vegar harðlega á móti var að þessi viðbrögð hefðu verið pöntuð af jafnaðarmönnum í Austurríki. Ég hygg að hv. þm. hafi ekki fylgst nógu vel með úr því að hann leggur hlutina svona upp.

En það þarf ekkert að vitna til þessa heimildarmanns. Við getum fylgst með umræðunni eins og hún var í Danmörku. Þar hefur orðið hörð umræða um þetta mál. Danir hafa brugðist heldur illa, yfirleitt án tillits til þess hvar í flokki þeir standa, við þessari framgöngu Evrópusambandsins. Og þar hefur þetta að sjálfsögðu aftur og aftur komið upp í umræðunni, eins og ég reyndar sagði nú, að þarna ræður mestu ótti manna við þessar öfgahugmyndir. Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni að ég gerði ekki lítið úr því. Það er því rangtúlkun hjá hv. þm. að segja að ég hafi sagt annað. En ég fullyrti vissulega að margt benti til þess að fleira hængi á spýtunni og ég skal standa við þau orð. Ég rökstyð þau með þeim upplýsingum sem ég tel mig hafa, m.a. úr okkar Þýskalandsheimsókn, frá því að hafa fylgst með umræðunni um þessi mál í Danmörku og reyndar víðar að því að ég hygg að þetta hafi einnig komið fram í umfjöllun um þessi mál í Frakklandi, þ.e. að auðvitað spilar þarna líka inn í hræðsla manna við afstöðu nýju austurrísku ríkisstjórnarinnar hvað varðar þátttöku í Evrópusamstarfinu því að það er alveg ljóst að þar hafa orðið verulegar breytingar á frá þeirri jákvæðu afstöðu sem fyrri ríkisstjórn hafði. Og vegna neitunarvalds hvers einstaks ríkis þá blandast þessir hlutir saman.

[16:21]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er satt að segja ekkert undrandi á því að hv. þm. sé á fljúgandi flótta í þessu máli og sé raunar á floti í málflutningi sínum í þessum efnum. Ég spyr hann beint: Er hann ekki sammála okkur jafnaðarmönnum í Evrópu í okkar hreinu og beinu og kláru afstöðu gegn Haider-stjórninni og klárum yfirlýsingum okkar í þá veru að tilhneigingar af þessum toga verði að stöðva í fæðingu?

Hægri menn ýmsir hafa velt því fyrir sér hvort Evrópusambandið hafi gengið of langt og að þær aðgerðir og yfirlýsingar sem Evrópusambandið hefur beitt sér fyrir séu íhlutun í innanríkismál Austurríkis. Ég er því ósammála. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að við lýðræðissinnar þurfum kröftuglega að taka á því að svona tilhneigingar nái ekki að festa rætur í Evrópu. Og ég undirstrika að það var meginefni þessa fundar sem ég vitnaði til og hv. þm. gat um af hálfu flokksbróður míns í þýska sambandsþinginu að ótti hans við smitun, sérstaklega til nýfrjálsra ríkja í Austur-Evrópu, var stærsta hættan. Og þess vegna ekki síst — og þeir ættu nú að vita það best Þjóðverjarnir — væri mikilvægt að taka á þessu strax í fæðingu og gera Austurríkismönnum og öðrum ljóst að slíkir öfgahópar fengju ekki frið til að vaxa og dafna með þeim hætti sem menn þekkja allt of vel í sögunni.

Kjarni málsins er þessi: Eru vinstri grænir og talsmaður þeirra hér eitthvað tvístígandi í afstöðu sinni? Það er kjarni málsins. Við erum það ekki, jafnaðarmenn.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sé ekki að væna mig eða minn flokk um einhverja samúð með rasisma, var það nokkuð? (**Gripið fram í:** Nei.) Þá þarf ekkert að ræða þetta mál frekar.

[16:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér erum við með til umfjöllunar nokkuð sem mér finnst oft vera einn sorglegasti málaflokkurinn sem kemur til kasta þingsins. Í þeirri skýrslu sem liggur fyrir þinginu er fjallað um atriði sem gera mann svo ótrúlega máttlausan gagnvart þeirri vá sem steðjar að þjóðum heims. Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þessi yfirlitsskýrsla sem hér liggur fyrir á þskj. 956 afskaplega merkilegt plagg, merkileg lesning. Þetta er fróðleg lesning um mjög margt og ég hef í yfirferð minni um hana kannski ekki farið svo djúpt ofan í þau mál sem hæstv. utanrrh. og utanríkisþjónustan hafa verið hvað uppteknust af, en það eru Evrópumálin, kannski öryggis- og varnarmálin. Hafréttarmál hafa vissulega líka fengið mikið pláss.

Þeir kaflar sem hafa vakið mesta athygli hjá mér og snerta mig kannski dýpst eru málefni þróunarríkjanna, málefni Miðausturlanda, Asíu og Afríku. Kaflarnir um þau eru virkilega fróðleg lesning en um leið átakanleg. Kaflinn um hnattræn málefni er afskaplega fróðlegur líka og þar er komið inn á mörg mikilvæg mál sem að ósekju hefðu kannski mátt eða ættu eðli máls samkvæmt að fá meiri tíma, ekki bara hæstv. utanrrh. og þeirra er starfa að utanríkismálum heldur líka þingsins alls.

Hér er líka mjög athyglisverður kafli um auðlinda- og umhverfismál. Þann kafla las ég af mikilli athygli. Þar er mikinn fróðleik að finna. Að lokum nefni ég kaflann um menningar- og upplýsingamál.

Úr því að ég er með síðu opna úr þeim kafla, herra forseti, fyrir framan mig þá ber að fagna þeirri miklu áherslu sem utanrrn. hefur lagt á öll upplýsingamál að undanförnu, en í skýrslunni kemur fram að utanrrn. vinni að þróun samræmdrar heimasíðu fyrir allar sendiskrifstofur Íslands erlendis. Lýsingin á þessu verkefni er alveg til fyrirmyndar, sömuleiðis það sem kemur fram hér um viðskiptaþjónustu utanrrn. sem opnaði í upphafi árs eigin heimasíðu. Það er afskaplega gagnlegt og kemur kannski í veg fyrir að Íslendingar með töskur í útlöndum séu með þær í þeim tilgangi að kaupa, eins og hv. þm. Gísli S. Einarsson orðaði það hér áðan. Það kemur að því að Íslendingar fari út með töskur af því að þeir eru að selja.

Svo vil ég nefna hér sérstaklega í kaflanum um upplýsingamálin, herra forseti, það starf sem utanrrn. tekur nú þátt í á vegum verkefnisstjórnar um upplýsingasamfélagið vegna uppsetningar á nýjum upplýsingavef um Ísland á ensku. Það er að sjálfsögðu ákaflega þýðingarmikið að verkefni af þessu tagi séu framkvæmd af stórhug og þeirri eljusemi sem greinilega er hér til staðar og ber að fagna því.

Þá verða fyrir mér menningarmálin sem mig langar til að eyða á örfáum orðum. Það er rétt sem kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. að mikil gróska er um þessar mundir í menningarmálunum og því hvernig menningarmálin geta verið okkur nánast eins og auglýsing á alþjóðavettvangi og hvernig þau bera hróður þjóðarinnar vítt um álfur. Það er til fyrirmyndar að lesa um það hér að hæstv. utanrrh. og starfsmenn utanrrn. skuli nú vilja auka vægi menningarmálanna ef mögulegt er, en frá því er sagt í skýrslunni, herra forseti, að í fjárhagsáætlunum fyrir sendiskrifstofur Íslands hafi ekki verið gert ráð fyrir neinum kostnaði vegna menningarstarfsemi. Það kemur jafnframt fram að sú staðreynd dragi eðli málsins samkvæmt verulega úr möguleikum sendiskrifstofanna á því að halda uppi blómlegri starfsemi á sviði menningarmála.

Herra forseti. Það er auðvitað alvarleg staðreynd að í þessum málaflokki, sem við viðurkennum að sé svo þýðingarmikill fyrir okkur í starfi utanrrn. og utanríkisþjónustunnar, skuli einatt gleymast að marka honum ákveðna fjármuni. Ég vil geta þess í framhjáhlaupi að starf menningarfulltrúa í utanríkisþjónustunni hefur oft skilað miklu. Vil ég sérstaklega nefna starf menningarfulltrúa sem starfaði við sendiráðið í London til skamms tíma. Maður þekkir það þegar maður kemur á vegum Íslendinga til útlanda að flytja menningu um erlenda grundu að það er afskaplega þýðingarmikið að hafa einhvern í sendiráðunum sem getur sinnt þeim málaflokki. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að þó sendiherrarnir séu alls góðs maklegir og vinni afskaplega fórnfúst og mikið starf, þá er vel hugsanlegt að starf menningarfulltrúa gæti enn aukið hróður menningarstarfs Íslendinga á erlendri grund. Kannski þarf ekki menningarfulltrúa við hvert sendiráð heldur aðeins skipulagða starfsemi hér heima sem sendir fulltrúa sína á vissa staði með ákveðnu millibili þannig að þessi starfsemi fái fast skipulag og form og geti geti nýst utanríkisþjónustunni sem best.

Eitt af þeim atriðum, herra forseti, sem vekur sérstaka athygli mína þegar farið er yfir skýrsluna er Kyoto-ferlið sem ég ætla að fara um nokkrum orðum. Það veldur svolítilli depurð innra með mér að í Kyoto-ferlinu skuli Íslendingar stöðugt setja allt sitt traust á og alla sína orku í að afla undanþágna, kanna möguleikana á undanþágu. Íslenska tillagan sem fjallað er um í skýrslunni, er okkur ekki til sóma, herra forseti. Það er okkur ekki til sóma að óska eftir því að Íslendingar fái undanþáguheimild upp á hátt í 75%, þ.e. undanþágu vegna losunar allrar stóriðju sem bæst hefur við á Íslandi frá árinu 1990. Ef aukning losunar gróðarhúsalofttegunda frá þeirri stóriðju sem er í farvatninu — þá erum við auðvitað að tala um allt þetta bókhaldstímabil og öll þau plön sem eru á borðinu núna — verður að veruleika þá er undanþágan upp á tæp 75%. Mér finnst, herra forseti, allt of mikil orka fara í það hjá íslenskum stjórnvöldum að fá þessa undanþágu fram. Það sýnir framganga íslensku sendinefndarinnar á 5. aðildarríkjaþinginu sem haldið var í nóvember sl. í Bonn, ef ég man rétt. Mér sýnist að sömuleiðis eigi að eyða orku í þetta undanþáguákvæði, þessa íslensku tillögu á næsta aðildarríkjaþingi sem verður haldið í Haag í haust, í nóvember ef ég man rétt.

Auðvitað væri miklu farsælla – og ég mundi vilja óska eftir að íslensk stjórnvöld gerðu það – að finna leið til að skoða Kyoto-bókunina sem tækifæri. Ég minnist þess að Danir sögðu, þegar Kyoto-bókunin var sem mest til umræðu hjá þeim: Við skulum líta á Kyoto-bókunina sem eitthvað sem við óhjákvæmilega þurfum að samþykkja. Það kemur að því að við Íslendingar þurfum að fullgilda þessa bókun og þá skulum við skoða hvaða tækifæri til atvinnusköpunar þessi bókun býður upp á. Í því sambandi hafa Danir styrkt sérstaklega atvinnusköpunarverkefni sem miða að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Íslendingar gætu auðvitað tekið forustu í verkefnum af þessu tagi fremur en vera svona iðnir að knýja fram þessar títtnefndu undanþágur.

Ég óska þess, herra forseti, að sjá öflugra starf íslenskra stjórnvalda við að skoða Kyoto-bókunina sem tækifæri til atvinnusköpunar, tækifæri til þess að standa við afskaplega mikilsverðan og góðan málstað. Herra forseti. Það er nú einu sinni jarðkúlan og lífsmöguleikar okkar á jörðinni sem um er að tefla.

Svo ég hverfi frá Kyoto-bókuninni að sinni, þá langar mig til að ræða örlítið nánar um manneldis- og heilbrigðismál. Það kemur fram í skýrslu þeirri sem hér er til umfjöllunar að þar er heldur betur pottur brotinn í heiminum öllum. Heilbrigði matvæla er einn þáttur í manneldismálum. Ég held, herra forseti, að tími sé til þess kominn að Íslendingar opni betur augu sín fyrir umræðu um manneldismál, taki virkari þátt í umræðunni um möguleika á að koma í veg fyrir þá erfiðleika í landbúnaðarframleiðslunni sem steðjað hafa að heimsbyggðinni og mögulega má rekja til þeirrar ofuráherslu sem lögð hefur verið á verksmiðjubúskap hvers konar. Fram hafa komið rökstuddar vísbendingar um að ýmiss konar fár og óáran sem herjar á landbúnaðarframleiðslu, kampýlóbakter og Creutzfeldt-Jakobs sjúkdómur og hvað það er fleira sem herjað hefur á mannkynið í gegnum matvælaframleiðslu megi e.t.v. rekja til óheppilegrar áherslu á verksmiðjuframleiðslu. Íslendingar geta með sinni hreinu landbúnaðarframleiðslu eflt umræðuna um heilbrigði og það hvernig búskapur er heillavænlegur til að heilbrigði og allur hreinleiki landbúnaðarafurða okkar geti notið sín og hægt sé að rækta slíkt í stað hins sem býður heim skelfilegum afleiðingum.

Í því sambandi langar mig, herra forseti, að nefna sérstaklega umræðuna um erfðabreyttu matvælin. Það er umræða sem er mjög hávær á erlendri grund um þessar mundir. Ég verð að segja að Íslendingar hafa þar svo sannarlega tækifæri til að taka frumkvæði og efla þá umræðu. Ég treysti því að íslensk stjórnvöld komi til með að standa þar í fæturna og málflutningur okkar verði sá að sporna gegn útbreiðslu erfðabreyttra matvæla á þeim nótum sem mér virðist Evrópusambandið gera. Eins og okkur er kunnugt er verið að fjalla um mögulegar skelfilegar afleiðingar af erfðabreyttri framleiðslu og þar stendur baráttan hvað mest á milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Mjög öflugur áróður er rekinn í Bandaríkjunum fyrir því að erfðabreytt matvæli fáist í auknum mæli flutt inn til Evrópu. Ég held því að þarna séu sóknarfæri fyrir Íslendinga á erlendri grund, að standa vel í fæturna og sjá til þess að heilbrigði verði eflt og öll hollusta í matvælaframleiðslu aukin.

Herra forseti. Af því að við erum að fjalla um heilbrigðismál þá er skelfilegt til þess að vita hvernig alnæmi hefur breiðst út í heiminum. Það er ein plágan sem að okkur sækir. Ég held að kaflinn í skýrslunni um Afríku sem segir frá skelfilegum áhrifum þessa vágests á þjóðir Afríku sé kannski sorglegasta lesningin sem hér er að finna. Allt það sem Íslendingar geta gert til að efla hjálparstarf og forvarnastarf í löndum Afríku hvað þetta varðar er af hinu góða. Það er eftirsóknarvert að hjálparstarf okkar í þróunarríkjunum verði aukið og eflt. Við höfum ekki staðið okkur illa en við gætum staðið okkur miklu betur. Það er auðvitað sjálfsagt mál að þjóð, sem kannski er ein af fimm ríkustu þjóðum heimsins, taki frumkvæði og geri sig virkilega gildandi í því hjálparstarfi sem svo nauðsynlegt er í þessum ríkjum.

Ég læt þetta vera lokaorð mín um þessa yfirlitsskýrslu sem er mikil að vöxtum og afskaplega fróðleg lesning. Ég vil bara segja hæstv. utanrrh. að auðvitað styður Vinstri hreyfingin – grænt framboð starf utanrrn. til allra góðra verka. Ákveðin atriði má hins vegar gagnrýna. Ég hef fjallað sérstaklega um Kyoto-bókunina, ætlaði kannski að fjalla örlítið um viðskiptabannið á Írak en tel nóg sagt hjá fyrri ræðumönnum um það að sinni.

[16:38]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan sýna fullan skilning á áhuga hv. síðasta ræðumanns á umhverfismálum. Ég hef lagt mig eftir því að átta mig á afstöðu hennar til Kyoto-bókunarinnar. Kyoto-bókunin og það hvernig Evrópuríkin ætla sér að reyna að standa við skuldbindingar sínar í sambandi við útblástur gróðurhúsalofttegunda er mjög flókið mál. Ég mundi alla vega ekki vitna í Dani sem sérstakt fordæmi í þeim málum.

Það vill svo til að Danir eru í nokkuð erfiðri stöðu í orkumálum. Þeir geta ekki framleitt rafmagn nema með orkugjöfum sem valda gróðurhúsamengun. Þeir framleiða rafmagn í stórum stíl með olíu, eitthvað með gasi. Ég gæti vel trúað að til séu kolavélar í Danmörku enn þá. Þeir hafa reynt að brjótast út úr þessu með því að auka framleiðslu á vindorku. Þeim hefur tekist það nokkuð, hafa aukið vindorku sína nokkuð en vindorkuver þeirra eru þó umdeild vegna þess að þau eru talin spilla umhverfinu. Öll þessi möstur sem standa þarna eins og skógar víða eru talin spilla umhverfinu og það er farið að ræða um umhverfisvanda af völdum vindorkuvera.

Danirnir eru í þeirri stöðu að þeir þurfa kannski ekki að hafa eins miklar áhyggjur af Kyoto. Þeir menguðu svo mikið fyrir árið 1990 að þeir þurfa ekki að hafa sömu áhyggjur af bókuninni eins og við sem eigum enn mikið af ónýttri orku. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu af því að hv. þm. vitnaði sérstaklega í Danina í þessu sambandi.

[16:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ævinlega þakklát hv. þm. Tómasi Inga Olrich þegar hann sér ástæðu til að koma í ræðustól og fræða mig um mál sem hann þekkir betur en ég vegna þess að hann hefur starfað í þeim lengur. Það kann ég að meta.

Ég veit alveg að Danir standa ekkert vel að vígi hvað varðar bókunina. Ég veit hins vegar líka, herra forseti, að Danir eru hugmyndarík þjóð sem hefur ýmsar skyldur á sínum herðum en reynir ævinlega, og það er eftirtektarvert að snúa skyldunum upp í tækifæri jafnframt og það tekst þeim í viðleitni sinni við að fara eftir Kyoto-bókuninni. Þeir hafa sett fram markmið varðandi vindorkuna. Þeir verða stoltir af því ef þeir geta aukið vindorkuna samkvæmt þeim áætlunum sem þeir hafa sett sér. En varðandi sjónmengunina af möstrunum þá get ég líka viðurkennt að hún er talsverð. Við verðum hins vegar líka að gera málamiðlun í þessum málum sem öðrum. Sjómengunin er þó að mínu mati skárri en aukin mengun gróðurhúsalofttegunda.

Ég vil minna á það hér að niðurstaðan á nýafstöðnum fundi stjórnmálamanna og stjórnenda helstu fyrirtækja heimsins sem haldinn var í Sviss ekki alls fyrir löngu var að loftslagsbreytingarnar séu og verði eitt helsta vandamál mannkynsins á nýrri öld. Þessi niðurstaða þessara stjórnmálamanna og stjórnenda helstu fyrirtækja heimsins vakti mikla athygli. Kannski ekki hér á Íslandi en þetta er afskaplega merkileg niðurstaða. Fólk er að verða sammála um að þetta sé hin stærsta vá sem að okkur steðjar. Þess vegna skiptir máli að við stöndum í fæturna og að sú umræða sem hér fer fram sé ekki einungis um skyldurnar sem hvíla á herðum okkar heldur líka um tækifærin sem það gefur okkur að uppfylla skilyrði af þessu tagi.

[16:42]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandamálið er fólgið í því að við leysum ekki gróðurhúsalofttegundavandann með því að flytja mengunina frá einum stað til annars. Þannig er þetta vandamál í hnotskurn. Ég gat þess í ræðu minni áðan að fyrirsjáanlegt væri að notkun á gasi, olíu og kolum til rafmagnsframleiðslu mundi stóraukast á næstu árum. Danir eru þátttakendur í þessu og Evrópusambandið er þátttakandi í þessu þó að það hafi skuldbundið sig svona mikið.

Það má heldur ekki gleyma því að Danirnir njóta ákveðinna forréttinda vegna dagsetninganna. Við erum í vandræðum vegna dagsetninganna og það er kannski fyrst og fremst þess vegna sem Íslendingar hafa reynt að fá þessu hnikað, vegna dagsetninganna. Við komum þannig að málum að við vorum farnir nota jarðhita til að hita hús okkar að mestu leyti, áður en þessar dagsetningar komu til. Við getum þannig ekki breytt stöðunni okkur í hag með jarðhitanum.

Að lokum langar mig að segja að Danir eru mjög útsjónarsöm þjóð. Þeim tekst eiginlega að selja mönnum hvað sem er. M.a. hefur þeim tekist ágætlega að selja sig sem umhverfisvæna þjóð þó þeir séu dálítið duglegir að menga andrúmsloftið. Hæfileikar þeirra á þessum sviðum hafa ekki síst komið í ljós í þessu.

[16:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki ástæða til þess að orðlengja þetta en varðandi það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði um gasið, þá er það auðvitað skömminni skárra. Við verðum alltaf að skoða hlutina í því samhengi.

En varðandi Danina þá hafa þeir t.d. sett á laggirnar afskaplega viðamikla orkusparnaðaráætlun og mér þætti vænt um að sjá íslensk stjórnvöld gera slíkt hið sama. Stundum getum við tekið Danina okkur til fyrirmyndar.

[16:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Við Íslendingar erum örþjóð. Við víkjumst heldur undan því að segja hve mörg við erum þegar við erum spurð um það á erlendri grundu. Mjög háttsettur maður innan íslenska ríkiskerfisins sagði mér fyrir nokkru að þegar hann væri spurður á erlendri grundu: Hve margir eruð þið eiginlega þarna á Íslandi? þá svaraði hann ævinlega: „Just under a million."

Það verður ekki ofsögum sagt af því að við þá stöðu sem við erum úti á mörkum hins byggilega heims, má eiginlega segja, langt frá öðrum löndum, þá eru samskipti við erlendar þjóðir okkur afar mikilvæg. Við kostum miklu til að geta haldið þeim sem bestum. Þetta er ekkert nýtt því að á landnámsöld og þjóðveldisöld og söguöld lögðu Íslendingar á sig ómældar hörmungar við að komast yfir til annarra landa á fleytum sem voru varla til langferða til að geta haft samskipti við aðrar þjóðir. Það gekk náttúrlega afskaplega vel þangað til þeir urðu svo ánægðir yfir samskiptunum að höfðingjarnir voru mikið til sestir að erlendis og ákváðu að lokum að sameinast öðrum ríkjum til hagræðis. Ég vona að það gerist nú ekki þó að ég sé afskaplega hlynnt því að við höldum uppi sem allra mestum og víðtækustum erlendum samskiptum á sem allra flestum sviðum.

Mig langar að koma sérstaklega inn á norræna samstarfið vegna þess að mér hefur verið falið af hálfu hv. Alþingis að gegna þar ákveðnu hlutverki á þessu kjörtímabili og reyndar á því síðasta líka að hluta. Mér finnst að ekki sé ofsögum sagt af því að norræna samstarfið sé okkur Íslendingum jafnvel mikilvægast af öllu því samstarfi sem við tökum þátt í, einkum og sér í lagi vegna þess að norræna samstarfið er ekki bara samstarf við Norðurlöndin heldur er það samstarf nánast út um allan heim í gegnum þau lönd sem við höfum formleg samskipti við í Norðurlandaráði.

Það stendur í skýrslunni að norræna samstarfið hafi frá upphafi verið einn hornsteina íslenskrar utanríkisstefnu og ég vil taka heils hugar undir þau orð. Lengi vel, eða frá því að til Norðurlandaráðs var formlega stofnað með Helsinkisáttmálanum 1952, náði norræna samstarfið ekki til formlegs samstarfs um utanríkismál en þetta átti eftir að breytast og Norðurlandaráð hóf umfjöllun um utanríkismál 1988 og við breytingar á Helsinki-sáttmálanum 1995 var gerð sú breyting að síðan er lögð sérstök áhersla á samstarf um utanríkismál.

Þegar Norðurlandaþjóðirnar hófu ein af annarri að ganga til Evrópusamstarfs í ESB voru margir uggandi sem báru norræna samstarfið fyrir brjósti og héldu að nú mundi það stórlega veikjast í kjölfar þessa. Sérstaklega urðu menn felmtri slegnir þegar Svíar og Danir gerðust aðilar að Evrópusamstarfinu en hvað það varðar var ekki ástæða til að hafa áhyggjur. Ég held að það sé svo að í hugum allra sem koma að hinu norræna samstarfi sé það jafnvel enn þá mikilvægara eftir að þessar umræddu þjóðir gerðust aðilar að Evrópusambandinu.

Norðurlandasamstarfið hefur breyst nokkuð á undanförnum árum. Það má segja að þrjár meginstoðir séu í hinu eiginlega samstarfi í Norðurlandaráði. Það er norræna deildin sem ég er í, það er Evrópudeildin, ég horfi hér á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, en segja má að hann sé ein meginstoðin innan þeirrar deildar, og svo er það grannsvæðadeildin og þar eigum við Íslendingar líka fulltrúa héðan af þinginu. Í gegnum þetta samstarf innan Norðurlandaráðs, ekki síst vegna þessarar deildaskiptingar, höfum við getað haft mikil áhrif m.a. á samstarf innan grannsvæðanna, og Evrópusamstarf gegnum norræna samstarfið. Ég tala ekki um hvað það hefur skipt okkur miklu máli að hafa með þessum hætti aðgang að upplýsingum um stefnu og ákvarðanir Evrópusambandsins sem við hefðum annars ekki aðgang að.

Fyrir utan Norðurlandaráð starfa Norðurlöndin saman í annars konar svæðisbundinni samvinnu sem hefur mikil áhrif eins og t.d. innan Eystrasaltsráðsins, innan Norðurskautsráðsins og Barentsráðsins. Allt þetta samstarf skiptir okkur Íslendinga alveg sérstaklega miklu máli vegna þeirra áhrifa sem t.d. ýmislegt sem getur gerst varðandi hafið hefur mikil áhrif á lífskjör okkar.

Það er sérstaklega skemmtilegt í samstarfi Norðurlandanna að til hliðar við hið formlega samstarf þjóðþinganna starfa félög á alþýðlegum grundvelli sem stefna líka að sömu markmiðum og styðja við hið pólitíska starf. Ég held að það skipti líka miklu máli í því sambandi hvað hið norræna samstarf er árangursríkt og hvað það nýtur mikils velvilja meðal viðkomandi þjóða. Ég held að það hafi verið mikið gæfuspor þegar Norðurlandaráð var stofnað og við höfum notið ómælds magns af góðum áhrifum af veru okkar innan þess. Þó ekki væri litið á nema það peningalega höfum við hreinlega ágóða af hinu norræna samstarfi því að við fáum miklu meira til baka en við leggjum til þegar litið er til beinna fjárhagslegra hagsmuna.

Slíkt samstarf þarf alltaf að vera í stöðugri endurskoðun til að gegna sem best hlutverki sínu og núna er sérstök „vitringanefnd" að störfum til að endurskoða áherslur hins

norræna samstarfs og fer hún mikinn. Síðar á þessu ári munu verða haldnir sérstakir fundir til að ræða þær tillögur sem sú nefnd kemur með til breytinga á hinu norræna samstarfi.

Árið 1999 fór Ísland með formennsku í Norðurlandasamvinnunni. Það er sérstaklega ánægjulegt að vitna til þess að formennska okkar var mjög farsæl á þessu ári og hafa margir sem vel þekkja til hins norræna samstarfs haft samband við mig og fleiri sem starfa innan Íslandsdeildarinnar og talað um hve margt sérstaklega gott hafi komið út úr því ári sem Ísland fór með formennskuna í Norðurlandaráði.

Það væri svo sem hægt að vitna til ýmissa hluta en ég ætla ekki að gera það því að tíminn er ekki mikill en mig langar að minnast á það að meðal þess sem tekið hefur verið upp núna upp á síðkastið varðandi norræna samvinnu er samvinna innan sendiráða og ég tel það mjög gott og styð það sérstaklega. Það var ánægjulegur atburður á síðasta ári þegar samnorræn sendiráðsbygging var opnuð í Berlín. Ég tel að það muni geta leitt ýmislegt gott af sér vegna þess að við erum með miklu sterkari aðstöðu þar sem við erum svona margar þjóðir saman og getum verið þarna með sérstaka sýningarssali og fleira. Þar njótum við Íslendingar auðvitað umtalsverðs góðs af.

Ég vil líka koma aðeins inn á Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu sem ég tel vera stofnun sem við getum verið stolt af að tengjast en hún er afsprengi Helsinki-sáttmálans. Í markmiðum ÖSE er viðurkennt að athafnir ríkja innan þeirra eigin landamæra er ekki lengur þeirra einkamál ef mannréttindum og lýðræði er ógnað. Með þessi orð að leiðarljósi hefur ÖSE lagt gjörva hönd á að verða til góðs og koma á réttan hátt inn í það sem hefur verið að gerast innan okkar svæðis. Á leiðtogafundi ÖSE í Istanbúl í vetur var grunnurinn að þessu starfi styrktur enn frekar með samþykkt öryggissáttmála Evrópu og með öðrum ákvörðunum sem var sérstaklega ætlað að styrkja stofnunina í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir vopnuð átök. Ég tel að þetta hafi verið mikið gæfuspor og vonandi tekst að framfylgja þessu.

ÖSE ber m.a. ábyrgð á framkvæmd ákvæða friðarsamkomulagsins í Bosníu á sviði afvopnunar og aðgerða til að skapa traust milli deiluaðila. Í Kosovo vinna á vegum ÖSE um 1.500 manns. Þeir höfðu að vísu það fróma hlutverk að endurreisa fjölþjóðlegt samfélag í Kosovo en sem vænta mátti að þá hafa vonir manna um það dvínað. Þó er mjög mikilvægt að standa áfram að þessu uppbyggingarstarfi í Kosovo og annars staðar á Balkanskaga hefur ágætlega tekist til.

Varðandi Tsjetsjeníu fannst mér ÖSE fara fyrir minn smekk fullmjúklega inn í það mál, a.m.k. í upphafi, og taka fullmikið mark á útskýringum Rússa á því hvers vegna þeir fóru á hendur Tsjetsjenum á þessum tíma með slíkri hörku eins og þeir gerðu. Ég held að þær útskýringar hafi ekki allar verið réttmætar eða réttlætanlegar. Ég tel a.m.k. mjög mikils virði að tekið sé á Rússum vegna stríðsins í Tsjetsjeníu eins og framast er unnt. Þó tel ég ekki að það eigi að gerast með þeim hætti að við slítum einhver vináttubönd eða vísum þeim úr einhverjum alþjóðasamtökum eða alþjóðastofnunum sem þeir eru þátttakendur í. Ég held að við eigum fyrst og fremst að tala við þá á þeim grundvelli þar sem við hittum þá með tveim hrútshornum.

Ég sé að mjög er gengið á tíma minn en ég vildi aðeins minna á að það virðist einhver tölvuvírus hafa herjað á utanrrn. við gerð þessarar að mörgu leyti ágætu skýrslu. Ýmislegt vantar inn í hana. Að vísu minnst á Kosovo en ekki er minnst á loftárásirnar á Júgóslavíu sem ég tel þó einn alvarlegasta atburð sem gerðist á alþjóðavettvangi á sl. ári.

[17:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég ætla að leggja hér nokkur orð í belg vegna yfirlitsskýrslu hæstv. utanrrh. um alþjóðamálin.

Eðli máls samkvæmt hefur þessi árlega umræða tekið nokkrum breytingum í tímans rás og er núna á síðari árum kannski um margt flóknari og víðfeðmari en áður var og eru skýringar á því mjög nærtækar. Sú svart/hvíta heimsmynd sem við bjuggum við á tímum kalda stríðsins hefur tekið örum breytingum á þeim áratug sem nýliðinn er þannig að einföld afstaða til fjölmargra álitamála sem upp hafa komið er ekki eins svart/hvít og skilin ekki jafnskörp og gjarnan hefur nú verið og gjarnan var hér á árum áður.

Þess vegna er kannski hálfundarlegt og mótsögn í sjálfu sér þegar, þrátt fyrir allt á heildina litið, friðvænlegar horfir í heiminum að þörfin fyrir stærri og viðameiri starfsemi á vettvangi utanríkismála hér á landi er meiri en þegar ófriðvænlegt var í heiminum öllum og ekki síst í okkar álfu. Svona er þetta nú samt og skýringarnar eru nærtækar eins og ég sagði. Þróun mála hefur í auknum mæli verið í þá veru að þjóðir heims og þjóðir okkar álfu hafa verið að bindast bandalögum, samstarfi og samvinnu, laustengdri og fastmótaðri, um hin ýmsu mál. Hinar fjölmörgu alþjóðlegu stofnanir sem ber á góma í skýrslu ráðherra, ESB, NATO, VES, Sameinuðu þjóðirnar og fleiri og fleiri, byggja á gömlum grunni og undirstrika það að ef Ísland ætlar ekki að standa utan gátta og vera eitt síns liðs í þeirri umræðu og öru þróun sem á sér stað víða í álfunni og heiminum öllum, þá erum við ekki með. Það er bara svona.

Ég heyri á máli manna hér að skilningur hefur stóraukist í þessum efnum og ber að fagna því því að hann er ekkert mjög sjálfsagður og það er ekki endilega þannig að menn geti gengið að því sem vísu að hér á Alþingi Íslendinga frá einum tíma til annars taki menn undir það og undirstriki mikilvægi þess að Ísland sé virkur þátttakandi í samfélagi þjóðanna.

Ég man þá tíð — það var raunar fyrir minn tíma á Alþingi Íslendinga — að menn voru óttalega heimóttarlegir og vildu lítið vita af hlutum sem þóttu óþægilegir úti í heimi og jafnvel í okkar eigin álfu og vildu vera einir síns liðs, vildu láta aðra um að eiga við þau vandamál og viðfangsefni sem á dundu frá einum tíma til annars. Það ber eilítið á þessu enn þá í okkar ágætu samkundu á hinu virðulega, háa Alþingi. En mjög eru það orðnar hjáróma raddir og lágværar og það er út af fyrir sig fagnaðarefni.

Skýrsla sú sem hæstv. ráðherra hefur dreift hér er vandað plagg og víðtækt og margar upplýsingar er þar að finna. En það er líka því marki brennt sem ég gat um áðan að það er kannski erfiðara en fyrr að finna nákvæma stefnu ráðherrans og ríkisstjórnarinnar í einstökum málum. Ég undirstrika að það er af skiljanlegum orsökum á tímum mjög mikilla breytinga og hreyfanleika og ekki síst þegar við erum aðilar að fjölmörgum samkundum og samstarfsverkefnum þar sem leita þarf samkomulags um hin ýmsu mál. Ríkisstjórnin, þing eða stjórnmálaflokkar geta því ekki eins og fyrr tekið jafnsnögga og afdráttarlausa afstöðu til einstakra mála.

Í þessu sambandi er til að mynda einkar lærdómsríkt að minni hyggju það sem ég gerði að umtalsefni í stuttu andsvari áðan. Ég átti þá orðaskipti við formann Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um framgang jafnaðarmannastjórna

í Evrópu og jafnaðarmannaflokka í Evrópu og hörð viðbrögð þeirra við þeim tíðindum sem gerðust í Austurríki með tilkomu hægri öfgaflokks þar í landi með nasískar tilhneigingar, flokks sem berst gegn minnihlutahópum og vill þá veg allrar veraldar, í stuttu máli sagt flokk andlýðræðis, flokk sem margir hafa líkt við þjóðernisflokk Hitlers forðum daga. Jafnaðarmannaflokkarnir hafa mjög myndarlega kveðið upp úr um það að þróun af þessum toga verði ekki liðin ef nokkur möguleiki er að koma í veg fyrir hana og vísa til þess að í nýfrjálsum ríkjum Austur-Evrópu, svo ég tali nú ekki um á Balkanskaga, verður stundum mjög stutt í þessar tilhneigingar. Ekki vegna þess að lýðræðishugsjónir séu þar ekki ráðandi nú um stundir heldur auðvitað vegna þess að þar er fátækt og þar eru erfiðleikar og almenningur grípur gjarnan til þeirra stjórnmálamanna sem lofa mestu og hrópa hæst. Það þekkja menn frá öllum tímum í fjölmörgum álfum í gegnum tíðina. Því er nú verr og miður.

Þannig sér maður að fjölþjóðlegt samstarf stjórnmálahreyfinga getur haft áhrif og mun hafa áhrif. Þetta er dregið hér ekki síst fram vegna þess að við jafnaðarmenn á Íslandi höfum ævinlega verið stoltir af því og aldrei farið í launkofa með að við höfum verið í nánu samstarfi og samvinnu við flokkssystur okkar og bræður um heim allan, á sama tíma og Sjálfstfl. fyrir nokkrum árum til að mynda taldi það sér sérstaklega til tekna að vera ekki í formlegu samstarfi við hægri flokka neins staðar og taldi sig vera einn flokka sem ætti sér enga hliðstæðu neins staðar í heiminum og var afskaplega feiminn þegar því var haldið fram að þeir ættu skoðanasystkini í hægri flokkum víða í Evrópu. Þetta hefur breyst sem betur fer. Þeir kannast nú við uppruna sinn, sjálfstæðisflokksmenn hér á Íslandi, og vilja með opinskáum hætti taka þátt í því alþjóðlega samstarfi sem m.a. fer fram á vettvangi hægri flokka í hinum fjölmörgu alþjóðlegu ráðum og nefndum sem við tökum þátt í og einnig utan þeirra. Það er fagnaðarefni og ég lýsi yfir ánægju minni með það.

Hið sama gildir um Framsfl. sem vildi til langs tíma ekki kenna sig við neina aðra hliðstæða flokka, taldi sig vera alíslenskan og ekki eiga neinn snertiflöt við miðjuflokka í Evrópu. Þetta hefur einnig breyst. Ég vænti þess að vinstri grænir sem eru nýr flokkur í íslenskri pólitík, tengist á sama hátt út í Evrópu og leiti eftir samstarfi við systurflokka og bræðraflokka á Norðurlöndum til að mynda og í Mið-Evrópu. Þar er að vísu vandamál á ferð þar sem grænir flokkar í Evrópu eru ýmist til vinstri eða hægri þannig að kannski verður leitin eilítið flóknari þar á bæ. En ég verð var við það og veit ekki betur en að sú leit sé yfirstandandi og þegar hafin og að einhverjir snertifetir hafi þegar fundist.

Þetta geri ég nú almennt að umtalsefni, herra forseti, því að ég held að mikilvægt sé að við glöggvum okkur á þessari mynd í ljósi sögunnar og þróunar mála.

Ég sagði að heimsmyndin væri eilítið flókin og ég vil taka dæmi þar um. Réttilega hefur verið á það minnst að hörmuleg átök áttu sér stað á Balkanskaga á síðasta ári þar sem Atlantshafsbandalagið réðst að Kosovo og fór þar í lofthernað með þeim afleiðingum og þeirri niðurstöðu sem öllum er kunn. Í kjölfar þeirra átaka átti ég þess kost að fara með félagsmálanefnd NATO-þingsins, með kollegum mínum úr öllum flokkum í þeirri nefnd, í heimsókn á síðasta hausti. Þá áttaði maður sig á því auðvitað í nálægð í fyrsta lagi við hvaða vanda var að etja í Kosovo sjálfu og þeirri eymd sem þar ríkti, í fyrsta lagi vegna þjóðernishreinsana Serba og þeirra gífurlegu eyðileggingar sem átt hafði sér stað vegna þeirra — það hafi nú kannski mest áhrif á líf og starf þeirra einstaklinga sem áttu í hlut — og einnig vegna loftárásanna, fram hjá þeim var ekki hægt að líta, en ekki síður vegna þess flókna samspils sem alþjóðasamfélagið þarf að viðhafa á svæðum eins og Kosovo þar sem hinir fjölmörgu aðilar komu að stjórn mála. Þar voru NATO-herirnir, KFOR. Þar voru Sameinuðu þjóðirnar, UNMIC, löggæslan þar á bæ. Þar var Rauði krossinn. Það var verið að reyna að laða að innlenda löggæslumenn hægt og bítandi, enda stefna hinna alþjóðlegu hjálpar- og friðargæslusveita að vera sem styst en þó nógu lengi til þess að hægt væri að koma á traustum innlendum yfirvöldum, löggæslu og dómurum o.s.frv.

Þetta samspil var býsna flókið og erfitt og það viðurkenndu allir sem við áttum viðræður við. Það var ekkert sjálfgefið og allar boðlínur og öll samskipti gengu hægt og stundum illa fyrir sig. Endinn á þessum línum var auðvitað hjálpin sjálf og að því leytinu til gekk hún treglegar en menn vonuðu.

Þess vegna var einkar lærdómsríkt að sjá í raun hvernig þessir hlutir gerst. Við lesum um þetta í blöðunum. Við ræðum það hér á fundum að eitthvað þurfi að gera. En þegar til kastanna kemur eru málin miklum mun flóknari en við viljum vera láta.

Ég átti þess kost til að mynda að heimsækja Mitrovica þar sem menn höfðu skömmu áður upplifað mjög hörð átök á milli tveggja hópa, Kosovo-Albana og Serba sem búa handan árinnar sem þar rennur. Og maður fann, gat andað að sér, spennunni sem í loftinu lá. Friðargæslusveitirnar, hvort sem þær voru frá NATO-ríkjunum, hjálparsveitir ÖSE eða frá Sameinuðu þjóðunum, það unga fólk sem þarna var að reyna að leggja hönd á plóg og aðstoða, átti mjög erfiða daga.

Þessa mynd vil ég draga hér upp, herra forseti, til þess að við glöggvum okkur enn betur á því en við höfum kannski gert, að vandi þessara mála er mikill og tilskipanir að ofan duga ekki einar sér. Framkvæmd verkanna og fyrirkomulag þeirra skiptir mestu.

Herra forseti. Ég hef kannski gerst orðlangur um minni háttar mál sem eru þó í raun meginmál þegar til kastanna kemur. Ég hafði ætlað að ræða ýmis mál önnur eins og Norðurlandaráð sem er að ganga í gegnum miklar breytingar og mikla þróun sem ekki hefur enn þá verið séð fyrir endann á. Við vonum þó að þar verði þróunin í farsæla átt.

Ég vildi líka ræða menningarmál af því ég staldraði við mjög ítarlegan kafla um aðild utanríkisþjónustunnar að menningarviðburðum víða um heim. Þó vil ég nefna sérstaklega, þó að það kunni ekki að vera stór þáttur í þessari umræðu, að íþróttastarfsemi á þeim vettvangi hefur því miður verið hverfandi þáttur í okkar samskiptum við aðrar þjóðir sökum þess að íþróttahreyfingin, til að mynda handboltahreyfingin, hefur ekki peninga til þess að senda lið í erlendar stórkeppnir. Handboltamenn í Evrópukeppnum eru til að mynda liðin tíð og svo hefur verið tíu ár. Þetta voru mjög góðir fulltrúar okkar á erlendri grundu. Án þess að ég sé að gera lítið úr okkar leikurum eða listamönnum þá þori ég nánast að fullyrða að góður árangur handboltaliðs á erlendri grundu vekur ekki minni og jafnvel meiri athygli en stórar listsýningar í sama landi. Þetta vil ég nefna sem dæmi.

Hins vegar vil ég að lyktum spyrja hæstv. utanrrh. um eitt og það lýtur að varnarliðinu hér á landi. Hann getur þess réttilega að bókun sú sem framkvæmd varnarsamningsins byggir á rennur út núna í aprílmánuði og ákvæði þeirrar bókunar getur um að segi annar hvor aðilinn upp samningn-

um þá beri að taka hann til endurskoðunar og ræða frekari framkvæmd hans og framlengingu.

Hafi þetta farið fram hjá mér þá biðst ég afsökunar á því, en er það svo að annar hvor aðilinn hafi nú þegar tilkynnt um að hann muni óska endurskoðunar á samningnum? Er það stefna íslensku ríkisstjórnarinnar og ráðherrans að óska eftir því að samningurinn verði framlengdur óbreyttur að einu og öllu leyti? Hvað er í pípunum í þessum efnum? Ég gef mér, og það hlýtur að vera svo, að einhverjar línur séu farnar að myndast í þessum efnum núna örfáum vikum — raunar er nú tíminn þegar liðinn ekki satt, 9. apríl — þannig að menn átti sig á því hvað fram undan er í þessu sambandi. Fyrir liggur að þarna hefur verið stórlega dregið úr allri starfsemi eins og fram kemur í skýrslunni og það er mikilvægt fyrir allra hluta sakir að menn fái einhverja mynd af því núna við þessa umræðu.

[17:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar gengið var frá þeirri bókun sem í gildi er milli Íslands og Bandaríkjanna um varnar- og öryggismál árið 1996 var ánægja með þá niðurstöðu bæði af hálfu Bandaríkjanna og Íslands. Við erum lítilega farnir að undirbúa þessi mál og við gerum ráð fyrir því að við þurfum að endurnýja bókunina með einum eða öðrum hætti á næsta ári og að formlegar viðræður að því er það varðar hefjist á næsta hausti.

Ég geri ekki ráð fyrir á þessu stigi að einhverjar stórkostlegar breytingar verði í þessum málum. Engin efni standa til þess en ég get í sjálfu sér ekki upplýst meira um það mál nú. Við þurfum að átta okkur betur á því hvað Bandaríkjamenn vilja í þessum efnum. Við höfum markvisst verið að reyna að draga úr kostnaði við rekstur stöðvarinnar og nokkur árangur hefur orðið í þeim efnum og sú viðleitni mun halda áfram. Eins og kunnugt er er víða verið að reyna að spara og ekki síst á þessu sviði útgjalda ríkja. Ég tel ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum því að línur eru alls ekki farnar að skýrast í þessum efnum.

[17:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. ráðherra. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að samningsmarkmið ríkisstjórnar Íslands, séu þau til staðar, séu kyrr kjör. Hafi ég skilið hæstv. ráðherra rangt leiðréttir hann mig væntanlega. Með öðrum orðum að ríkisstjórn Íslands muni leggja í þessar viðræður með það að markmiði að engar breytingar verði gerðar.

Okkur í Samfylkingunni var legið á hálsi í síðustu kosningabaráttu fyrir að minna á að þessi bókun rynni út núna. Við sögðum þá að það væri eðlilegt og sjálfsagt að menn ræddu það á hinum pólitíska vígvelli hver væru samningsmarkmið Íslendinga og hvernig menn vildu leggja í þessar viðræður við Bandaríkjamenn um áframhaldandi veru, umfang og starfsemi bandaríska varnarliðsins. Þá hrópuðu stjórnarflokkarnir: Úlfur, úlfur, þetta eru gömlu kommúnistarnir. Það var auðvitað fjarri lagi. Við vorum einfaldlega að vekja athygli á því sem ég er að gera núna, mikilvægi þess að menn horfi fram fyrir sig og glöggvi sig á því hvernig menn sjá þessa starfsemi í næstu og raunar lengri framtíð. Það er hárrétt sem hæstv. ráðherra sagði og margsinnis hefur verið bent á þó að einstaka ráðherra ríkisstjórnarinnar, m.a. menntmrh., hafi neitað því að það hefur verið markviss stefna Bandaríkjastjórnar, ekki eingöngu hér á Íslandi heldur um Evrópu alla að draga úr kostnaði og umfangi herja sinna á meginlandinu eða í álfunni. Það er bara veruleiki sem blasir við.

Mér finnst það satt að segja, herra forseti, dálítið losaraleg aðkoma að málinu að bíða þess einfaldlega að heyra hvað Bandaríkjastjórn ætli sér, hvað það verði nákvæmlega sem Bandaríkjamenn ætli að segja þegar við hittum þá á haustdögum. Ég neita að trúa því að það liggi ekki einhverjar línur fyrir og menn hafi ekki eitthvað kankast á í þessum efnum nú þegar, ég held að það sé deginum ljósara.

[17:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki venjan í mikilvægum alþjóðlegum samningum, síst af öllu í öryggis- og varnarmálum, að segja nákvæmlega fyrir um það hvað við ætlum að segja. Okkur finnst eðlilegt að það bíði þess að formlegar viðræður hefjist og ég vænti þess að hv. þm. hafi fullan skilning á því. Það er enginn losararagangur í því. Því getur hv. þm. treyst.

Aðalmarkmið okkar er að sjálfsögðu að aðalöryggismálum okkar sé sinnt með fullnægjandi hætti, bæði að því er varðar Ísland og að öryggishagsmuna Íslands sé gætt og öryggishagsmuna Atlantshafsbandalagsins, öryggishagsmunatengslanna yfir Atlantshafið. Þetta er ekki aðeins spurningin um Ísland, þetta er spurningin um Atlantshafsbandalagið í heild sinni og það eru aðalmarkmið okkar.

Það liggur alveg ljóst fyrir að það var skoðun okkar í síðustu samningum að til að þessara öryggishagsmuna sé gætt með fullnægjandi hætti þarf viðveru þeirra flugvéla sem eru á Keflavíkurflugvelli, bæði að því er varðar orustuþoturnar, að því er varðar björgunarsveitina og að því er varðar kafbátaleitarvélarnar. Þetta er sú aðalstarfsemi sem á sér þarna stað fyrir utan þá einföldu staðreynd að það eru nýjar hættur víða í heiminum eins og hryðjuverkastarfsemi, glæpastarfsemi og margvísleg önnur vá sem þarf að taka tillit til innan allra þjóða Atlantshafsbandalagsins.

[17:21]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að það verður ákaflega fróðlegt út af fyrir sig að heyra nálgun Bandaríkjanna í þessum efnum þegar til viðræðna kemur síðar á þessu ári vegna þess umhverfis sem við búum í og ekki síst vegna þeirra breytinga sem eiga sér stað í öryggis- og varnarmálum í Evrópu. Menn hafa með réttu rætt eilítið þær breytingar og þá skörun sem verður sannarlega þegar Evrópusambandið tekur ábyrgð á eigin varnarmálum og hlutverki Atlantshafsbandalagsins og samspilið við þann veruleika og stöðu þeirra ríkja sem standa utan Evrópusambandsins. Þó að afstaða Bandaríkjanna sem hefur sumpart verið skýr og ákveðin um það að Bandaríkin ætli að standa plikt sína og skuldbindingar sínar í Atlantshafsbandalaginu, hygg ég að á verði á hinn bóginn ekki fram hjá því horft að í Bandaríkjunum hafa einatt komið upp raddir þess efnis að enn frekar skuli draga úr kostnaði við heri í Evrópu og við þátttökuna í vörnum Evrópu. Sumir stjórnmálamenn þar á bæ hafa gengið svo langt að vilja draga sig algerlega út, vilja spara þar stóra peninga, einangrunarhyggjan hefur verið alger, en þeir eru að vísu örfáir og hjáróma. Þess vegna er það dálítið mikilvægt og ég held að það skipti máli hvernig nálgun Bandaríkjamanna verður í þessu samhengi, hvort þeir vilja áfram nota Ísland sem tengilið við Evrópu í þessu samhengi eða hvernig þeir nálgast málið. Ekki það að ég sé

sérstaklega að óska eftir því. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við ætlum að búa okkur undir þann veruleika sem blasir við okkur og birtist á þessum síðum að dregið hefur úr þessari starfsemi. Efnahagslegu áhrifin hafa snarminnkað og allt bendir til þess að sú þróun muni halda áfram og við eigum að ræða það og bregðast við henni og taka henni eins og menn.

[17:23]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 619. mál, frv. samgn., þskj. 1024.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, 618. mál, frv. samgn., þskj. 1023.

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, 189. mál, nál. samgn., þskj. 1021; brtt. samgn., þskj. 1022.

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, 544. mál, nál. sjútvn., þskj. 1030.

Starfsstöð bandarísku innflytjendastofnunarinnar, 620. mál, fsp. LMR og ÁRÁ, þskj. 1025.

Veiðieftirlitsgjald, 543. mál, nál. sjútvn., þskj. 1029.

[17:24]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í yfirlitsskýrslu hæstv. utanrrh. um alþjóðamál er komið víða við og margt ágætlega sagt og áherslur um sumt ágætar. Um þetta hefur farið fram yfirgripsmikil umræða í dag og hefur verið komið víða við. Vísa ég þar sérstaklega í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, Kolbrúnar Halldórsdóttur og Sigríðar Jóhannesdóttur en í málflutningi þeirra er að finna margt sem ég er mjög sammála og ætla ekki að endurtaka hér.

Ég ætla að minnast nokkrum orðum á nokkuð sem er ekki að finna í þessari skýrslu en á þar heima og vísa ég þar til málefna Íraks. Hæstv. ráðherra vék reyndar fáeinum orðum að Írak í andsvari og sagði ef ég skildi hann rétt að umræðan væri komin á hærra plan en hún hefði verið á árum áður. Hins vegar fannst mér á frammíköllum hæstv. ráðherra að hann vildi gera sitt til að koma henni inn í gamalkunnan farveg. Hann kallaði fram í hjá ræðumönnum og sagði að fráhvarf frá viðskiptabanni Sameinuðu þjóðanna jafngilti úrsögn úr þeim samtökum. Ekki tel ég það vera en grundvallaratriði og fyrsta skref sem okkur ber að stíga er að sýna viðleitni í þá átt að fá viðskiptabanninu á Írak hnekkt ef við teljum það á annað borð vera rangt og brjóta gegn mannréttindum, sem ég tel það vera. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert. Sex sinnum hefur verið flutt á Alþingi þáltill. þar sem hvatt er til þess að viðskiptabannið á Írak verði tekið til endurskoðunar. Í öll skiptin hefur farið fram fyrri umræða um þessa þáltill. og síðan hefur það verið svæft í utanrmn. Það hefur aldrei fengist afgreitt út úr nefndinni þannig að þingið gæti tekið afstöðu til tillögunnar. Þegar tækifæri hafa gefist á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til að taka afstöðu til þessara mála hafa Íslendingar lagst gegn hugmyndum um að afnema viðskiptabannið og ég vísa þar t.d. í ályktunartillögu sem borin var upp í New York hjá Sameinuðu þjóðunum í nóvembermánuði 1988. Þar var borin fram ályktunartillaga þar sem ríki voru hvött til þess að hlíta grundvallaratriðum mannréttinda í tillögu sem bar heitið „Human rights and unilateral coercive measures" eða mannréttindi og einhliða þvingunaraðgerðir. Þar segir í 1. lið, með leyfi forseta, og ég ætla að lesa það á ensku, þar er hvatt til þess að:

„Urges all States to refrain from adopting or implementing any unilateral measures not in accordance with international law and the Charter of the United Nations, in particular those of a coercive nature with all all their extraterritorial effects, which create obstacles to trade relations among States, thus impeding the full realization of the rights set forth in the Universal Declaration of Human Rights Resolution and other international human rights instruments, in particular the right of individuals and peoples to development."

Í þriðja liðnum eru ríki hvött til hins sama:

„... to commit themselves to their obligations and responsibilities arising from the international human rights instruments to which they are party by revoking such measures at the earliest time possible."

Hér vitnaði ég í ályktunartillögu sem var borin upp hjá Sameinuðu þjóðunum í nóvember 1998. Þar er hvatt til þess að ríki beiti ekki einhliða þvingunaraðgerðum ef þær stríða gegn grundvallarmannréttindum og grundvallarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar greiddu atkvæði gegn tillögunni. Hún var engu að síður samþykkt. Þetta var ályktunartillaga sem var ekki bindandi, viljayfirlýsing. 104 ríki greiddu atkvæði með tillögunni, 44 voru gegn og 10 sátu hjá. Á meðal þeirra ríkja sem greiddu atkvæði gegn þessari tillögu var Ísland. Þess vegna er það rangt af hálfu hæstv. utanrrh. þegar hann gefur í skyn að Íslendingar geti sig hvergi hreyft gagnvart öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Við gátum tekið þátt í að ályktá í þessa veru og stutt þessa viðleitni. Það gerðu Íslendingar ekki. Þeir greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Síðan eru áhöld um það og hefur mikið verið um það rætt hvort ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sem hæstv. utanrrh. vísar jafnan til, sé í samræmi við grundvallarsáttmála Sameinuðu þjóðanna vegna þess að því aðeins má grípa til aðgerða af þessu tagi að heimsfriðnum sé ógnað. En þetta eru lögfræðileg efni. Hitt er ekki lögfræðileg álitamál á hvern hátt alþjóðlegur mannúðarréttur er festur í lög og alþjóðlega samninga. Það er ekkert álitamál. Það er ekkert álitamál hvað stendur í Genfarsáttmálanum frá 1949 sem samþykktur var í ágústmánuði árið 1949. Það er ekkert álitamál hvað stendur í viðaukum við þann samning sem samþykktir voru árið 1977. Það er ekkert álitamál. Þar segir að ekki megi nota hungur eða svelti sem hernað. Það má ekki gera. Í viðaukanum, sem Íslendingar eiga aðild að og hafa samþykkt, er líka talað um að það beri að gera grundvallarmun á milli hermanna annars vegar og borgara hins vegar. Þetta er nokkuð sem menn hafa reyndar ekki deilt um. Það er þess vegna sem „Oil for goods" kom til sögunnar, að Írakar mættu selja tiltekið magn af olíu til að forða hungri í landinu.

Síðan hafa menn deilt um hvort þarna sé að finna nægilegar tilslakanir til að komast fram hjá þessum ákvæðum Genfarsáttmálans og viðauka hans. Þeir aðilar sem hafa komið að þessu máli fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna og sinnt þar mannúðarstarfi hafa hver á fætur öðrum sagt af sér, Denis Halliday, Hans von Sponeck, Jutta Burghart, allir þessir aðilar sem höfðu yfirumsjón eða voru í æðstu stjórn mannúðarstarfsins í Írak fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna hafa sagt af sér og sagt að það sem sé að gerast í landinu brjóti gegn mannúðarrétti og alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar meðal annarra eiga aðild að. Það er því rangt að menn geti skotið sér á bak við öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og talið sig stikkfrí, lausa allra mála. Þegar það

kemur síðan á daginn að þegar tækifæri gáfust á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að sýna vilja sinn í þessum efnum leggjast fulltrúar okkar Íslendinga gegn því að svo verði gert, leggjast gegn því að ályktað sé í þá veru að grundvallarmannréttindi séu virt. Mér finnst að Íslendingar og Alþingi eigi skilið annað og meira og betri útskýringar af hálfu hæstv. utanrrh. um þessi efni en það sem við höfum fengið. Í því sambandi ítreka ég enn og aftur mikilvægi þess að þingið fái að segja vilja sinn um þessi efni. Sex sinnum hefur komið fram þáltill. um endurskoðun á viðskipabanninu á Írak, um að hvetja íslensk stjórnvöld, að þingið álykti í þá veru að fulltrúar okkar hjá Sameinuðu þjóðunum beiti sér í þessa veru. Sex sinnum hefur þetta komið fram og þetta fæst ekki afgreitt. Þingið fær ekki að greiða um þetta atkvæði. Finnst mönnum þetta eðlileg lýðræðisleg vinnubrögð? Mér finnst það ekki. Mér finnst þetta andlýðræðisleg vinnubrögð.

Að lokum langar mig til að beina spurningu til hæstv. utanrrh. um efni sem lítið hefur verið fjallað um og það er skuldaniðurfelling Alþjóðabankans til fátækustu ríkja. Mig langar til að fá að vita hvort og þá hvaða skilyrði hafa verið sett fyrir slíkri skuldaniðurfellingu vegna þess að þau skilyrði eru fyrir hendi. Þó að fram komi að Íslendingar hafi beitt sér fyrir niðurfellingu skulda fátækustu ríkja heims meðan þeir voru í forsvari innan Alþjóðabankans fyrir Norðurlöndin á árinu 1997–1998 þá hefur komið fram í máli hæstv. utanrrh. og kom fram í þeim ræðum sem hann flutti á þessum vettvangi að hann teldi eðlilegt að stuðla að kerfisbreytingum hjá viðskiptaaðilum bankans í átt til einkavæðingar. Þetta hefur verið gagnrýnt hvað harðast, ekki síst af hálfu fátækra ríkja þegar Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa verið að setja þeim stólinn fyrir dyrnar hvað þetta snertir. Þess vegna beini ég spurningu til hæstv. utanrrh.: Eru sett einhver skilyrði fyrir niðurfellingu skulda og ef skilyrði eru sett, hver eru þau? Þetta er ekki allt eins stórkostlegt í þessum efnum og menn skyldu ætla. Lánveitingarnar og niðurfellingarnar á skuldum hafa iðulega verið háð mjög þröngum pólitískum skilyrðum, það er staðreynd.

Annað er þegar verið er að láta í sjóði til þess að aðstoða fátæk ríki við að greiða skuldir sínar, þá skulum við ekki gleyma því hvaðan slíkar kröfur koma. Þær koma úr tveimur áttum. Þær koma frá aðilum, verkalýðshreyfingu, almannasamtökum og þessum fátæku ríkjum sjálfum um að skuldir verði felldar niður eða vextir og svo hafa einnig komið kröfur frá Alþjóðabankakerfinu þegar þessi ríki hafa komist í þrot um að alþjóðlegar stofnanir og ríki hlaupi undir bagga svo að þessi ríki geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart bönkunum. Þetta er stundum samhengi hluta.

Ég óska eftir því að hæstv. utanrrh. skýri þetta með niðurfellingu skulda. Ég vona að hann hafi heyrt spurningu mína. (Gripið fram í.) Ekki nægilega vel? Ég skal endurtaka hana. Ég var að fjalla um niðurfellingu skulda á vegum Alþjóðabankans og vísaði í það að stundum hefði það verið svo og oftar en ekki hefði það verið svo þegar bæði lán eru veitt eða einhver fyrirgreiðsla af þessu tagi er veitt, niðurfelling skulda, eru sett skilyrði um kerfisbreytingar iðulega í átt til markaðsvæðingar, nokkuð sem hefur verið gagnrýnt mjög harðlega víða í þriðja heiminum og annars staðar. Ég spyr með skírskotun til þeirrar skuldaniðurfellingar sem rætt er um: Voru einhver slík skilyrði sett og ef svo er, hver voru þau?

Að lokum, herra forseti, vona ég að þó hæstv. ráðherra hafi ekki heyrt nægilega vel spurningu mína um Alþjóðabankann að hann hafi heyrt hvað ég sagði um Írak og varðstöðu Íslendinga þar og óskir mínar um að þingið fái nánari skýrslur frá hæstv. ráðherra um það málefni.

[17:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sat um tveggja ára skeið í þróunarnefnd Alþjóðabankans fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna og má segja að Norðurlöndin hafi verið í forustu fyrir því að skuldir fátækustu ríkja heims yrðu minnkaðar eða felldar niður.

Þau skilyrði sem fyrst og fremst eru sett og er erfitt að setja oft og tíðum, þ.e. að um sé að ræða lýðræðislega stjórnarhætti og tryggt sé að sú hjálp sem berst þessum löndum komist í hendur réttra aðila eða verði í reynd þessum löndum til hjálpar. Því miður hefur oft komið fyrir að þessir peningar hafa með einum eða öðrum hætti lent í hendur stjórnvalda og orðið þess valdandi að margvísleg spilling hefur þrifist í þessum löndum. Það er það sem menn vilja koma í veg fyrir.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að stundum hafa skilyrði sem hafa verið sett, kannski sérstaklega af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem er dálítið annað þó að þetta séu skyldar stofnanir, orðið til þess að viðkomandi ríki hafi engan veginn ráðið við hið félagslega ástand í landinu og orðið til þess að valda upplausn. Þessi vegur er vandrataður. Hins vegar er nauðsynlegt að setja einhver þau skilyrði sem tryggja að þessi hjálp komist raunverulega í framkvæmd til þjóðarinnar sem á í hlut og til fólksins í því landi sem á í hlut en ekki til valdhafa.

[17:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. að mikilvægt er að þau skilyrði sem hann nefndi séu sett og þeim sé fylgt. Lýðræðislegir stjórnarhættir og að aðstoðin komist í hendur réttra aðila, til þjóðarinnar sem á að njóta. Ég er alveg sammála þessu og þetta hefur því miður farið oft á annan veg.

En það sem ég er að höggva eftir eru hin pólitísku skilyrði. Mér heyrðist hæstv. utanrrh. vera mér sammála um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, og ég vil meina Alþjóðabankinn líka því að þessar stofnanir hafa fylgt áþekkri stefnu í grundvallaratriðum, hafi gengið of langt í því að setja pólitísk skilyrði t.d. um einkavæðingu almannaþjónustunnar. Ég skildi það á hæstv. utanrrh. að honum fyndist hafa verið gengið of langt í þeim efnum og ef svo er, þá erum við sammála um þetta efni.

[17:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að bæði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn hafa gert ákveðin mistök í gegnum tíðina og vanmetið efnahagsástandið í viðkomandi löndum. Ég hygg að þessar stofnanir hafi lært mikið af þeim mistökum í gegnum tíðina.

Hins vegar er það svo, og við getum tekið lönd eins og Indónesíu sem dæmi þar sem voru ekki lýðræðislegir stjórnarhættir, þar var verið að setja skilyrði m.a. til að knýja á um það að lýðræðislegum stjórnarháttum yrði komið á og til að tryggja að aðstoðin rynni til indónesísku þjóðarinnar.

Það er líka ljóst að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn vanmátu stöðuna í Suðaustur-Asíu á sínum tíma þegar efnahagskerfi nokkurra landa eins og Tælands og fleiri riðuðu til falls. Það kom í ljós að þessi lönd voru afar

skuldsett. Það var mikill hagvöxtur en skuldirnar voru það miklar í löndunum að það réðist ekki neitt við neitt þegar fallið kom. Þetta liggur fyrir í dag að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og reyndar Alþjóðabankinn að einhverju leyti vanmátu stöðuna.

Hins vegar er munurinn sá að því er varðar Alþjóðabankann að hann er fyrst og fremst orðinn þróunarstofnun og stofnun sem hjálpar fátækustu ríkjum í heimi og er afar mikilvæg í því sambandi. Eitt af því sem Alþjóðabankinn hefur lagt áherslu á er að fá einkaaðila inn í þessi lönd til þess að fjárfesta og til að taka þátt í atvinnulífi sem er líka mjög mikilvægt fyrir þessar þjóðir.

[17:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur fundist tónarnir vera að breytast frá Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í seinni tíð en þegar betur er að gáð og stefnan skoðuð og þau skilyrði sem sett eru þá hefur mér fundist orð og athafnir ekki alltaf fara saman. Staðreyndin er sú þegar vikið er að t.d. Indónesíu voru þar sett pólitísk skilyrði að þessu leyti.

Staðreyndin er sú að þessi ríki hafa verið að taka á sig mikil lán. Og það eru oft bankar og fjölþjóðleg fjármögnunarfyrirtæki sem veita slík lán. Þegar ríkin síðan komast í þrot hafa þau gert tvennt. Þau hafa óskað eftir því að alþjóðasamfélagið hlaupi undir bagga með þeim og veiti fjármagn þeim til aðstoðar eða að alþjóðastofnanirnar knýi ríkin til að einkavæða starfsemi sína og síðan hafa þær, þ.e. alþjóðlegu bankakeðjurnar, tekið þessar eignir til sín, og þannig hafa ríkin greitt þessar skuldir. Slíkar kröfur um kerfisbreytingar og markaðsvæðingu eru því iðulega komnar frá þeim einkaaðilum sem hæstv. ráðherra segir að séu að koma til þessara landa. Því miður er þetta staðreyndin.

[17:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér skýrslu hæstv. utanrrh. og vil ég þakka fyrir hana. Mikið hefur verið rætt um viðskipti og varnarsamstarf, öryggi o.s.frv., völd og gloríu, en ég ætla að ræða mál sem snúa að flóttamönnum og kannski meira að mannúðarmálum.

Þannig er, herra forseti, að við Íslendingar höfum tekið við flóttamönnum, það er ekki spurning, og við erum ósköp góð að því leyti. Það vill svo til að þeir eru allir hvítir, þeir eru flestir menntaðir og þeir koma frá Evrópu þrátt fyrir að hæstv. utanrrh. hafi getið um það í skýrslu sinni að einungis lítill hluti flóttamanna er í Evrópu. Flestir flóttamenn eru svartir, ómenntaðir og eru í Afríku og Asíu. Þeir koma ekki til Íslands, herra forseti.

Við látum hvern flóttamann kosta okkur einar 1,5 millj. fyrsta árið. Á sama tíma kostar það 130 þús. kr. að grafa brunn í Afríku. Það má grafa tíu brunna fyrir hvern flóttamann. Á sama tíma kostar það 5 þús. kr. að kaupa barni frelsi í Indlandi. Ég mundi nú flokka þetta undir flottræfilshátt og hræsni.

Herra forseti. Undanfarið höfum við rætt nokkuð mikið um réttindi útlendinga. Við höfum höfðað til mannúðar, fjölskyldu o.s.frv. og menn hafa gagnrýnt þær reglur sem settar eru fyrir því að fjölskyldumeðlimir megi heimsækja ættingja sína, útlendinga hér á Íslandi, og það er alveg hárrétt. En svo virðist vera að mannúðin hafi landamæri vegna þess að á sama tíma og við erum hér að halda uppi mjög miklum kröfum um lífsgæði deyja 17 manns úr hungri á mínútu úti í heimi og það fólk er ekki í þeim hópi sem á að njóta sambærilegra lífsgæða, ekki að okkar mati virðist vera.

Fjórðungur mannkyns verður að lifa af minna en einum dollara á dag. Og við pössum okkur á því að rússneskir iðnaðarmenn sem koma hingað til að vinna við virkjanir skuli halda taxta, íslenska verkalýðshreyfingin passar það, og rekur þá úr landi svo þeir geti haldið áfram að vera atvinnulausir í Rússlandi. Sama á kannski við um nektardansmeyjarnar sem hingað koma, þó ég vilji kannski ekki endilega gera það að dæmi um það sem við erum að tala um.

Síðan göngum við í fatnaði sem er unninn og ofinn af fólki sem er með mjög lág laun, þess vegna er fatnaðurinn svona ódýr. Á sama tíma heimtum við há laun fyrir erlenda sjómenn á farskipum sem koma til Íslands. Það er dálítill tvískinnungur í þessu öllu saman.

Vandamálið sem við glímum við varðandi útlendingana á Íslandi og mannúðina sem við viljum láta gilda fyrir þá er það að sennilega bíða milljónir eftir því að koma til Íslands *ef þeir mættu, milljónir manna. Ég er hræddur um að dálítið* illa færi um íslenskt hagkerfi ef þeir kæmu allir til Íslands og færu að undirbjóða Íslendinga í vinnu.

Þetta er sá vandi og sá raunveruleiki sem við erum að glíma við og menn geta ekki horft fram hjá þessum raunveruleika. Hann er þarna.

Herra forseti. Í skýrslu hæstv. utanrrh. er rætt um málefni barna og það að börn skuli ekki gegna herþjónustu og það er mjög brýnt mál. Á sama tíma eru götubörn í stórborgum Suður-Ameríku og Asíu gjörsamlega réttindalaus. Það er ekki spurning um hvort þau megi gegna herþjónustu eða ekki, það er spurning hvort þau fái að borða og hvort þau séu ekki beitt ofbeldi.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur sett sér mjög göfugt markmið. Það er að fækka hungruðum um helming fyrir árið 2015, herra forseti. Þetta er raunveruleiki. Ég vona að það takist. Það hefur tekist á undanförnum árum að fækka þeim sem deyja úr hungri og það er mjög af hinu góða.

Herra forseti. Á sama tíma og stofnanir Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra stofnana eru að vinna að því að bjarga börnum frá hungri búa starfsmenn þeirra við skattfríðindi og oft á tíðum mjög há laun. Það er veikleikakerfi alls þessa alþjóðlega hjálparstarfs. Forréttindi eru innan utanríkisþjónustunnar og þetta er orðið eins og önnur stétt í heiminum. Ég held að menn þurfi að ræða það hvort eðlilegt sé að starfsmenn hjálparstofnana og starfsmenn alþjóðastofnana njóti skattfríðinda. Ef þeir nytu ekki skattfríðinda yrðu menn væntanlega fljótari að koma á tvísköttun milli landa, sem hittir aðra borgara landa þeirra.

Við ræðum hér um mjög vandmeðfarin mál. Menn eru farnir að rannsaka áhrif þróunarhjálpar, það er ekkert svo voðalega einfalt. Peningagjafir t.d. til þróunarhjálpar valda spillingu, bæði hjá þeim sem gefur og hjá þeim sem þiggur. Það eru ekki ófá spillingardæmi sem hafa gerst. Niðurfelling lána, sem hér voru rædd rétt áðan, gerir það að verkum að haldið er við völd stjórnvöldum sem eru gjörspillt. Matargjafir geta hins vegar valdið spillingu, bæði þeim sem gefur — stundum er verið að losa sig við vöru sem menn losna ekki við ella, ég held að Íslendingar hafi gefið saltsíld til Jórdaníu einhvern tíma, saltsíld til Jórdaníu til að milda hungur — og það veldur einnig spillingu á hinum endanum sem tekur við gjöfunum. Þetta er afskaplega vandmeðfarið og matargjafir geta líka valdið mikilli röskun í móttökulandinu vegna þess

að bændur þess lands fá allt í einu samkeppni, þeir þurfa að keppa við gefna vöru, og þeir flosna upp. Þetta getur valdið miklum félagslegum vandamálum í löndunum sem taka við og menn eru farnir að átta sig á þessu sem betur fer. Það er ekki út í bláinn að menn eru farnir að verða mjög varkárir í þróunarhjálp. Ég skora á hæstv. utanrrh. að stuðla að því að menn rannsaki áhrif þróunarhjálpar á landið sem hjálpað er og einnig á landið sem gefur. Þetta er alls ekki svo einfalt mál.

En það er von mín að áfram takist að ná þeim árangri sem náðst hefur, þ.e. að fækka þeim sem deyja úr hungri — mér skilst að þeim hafi fækkað um helming — og að það markmið náist fyrir 2015 að fækka þeim sem hungraðir eru um helming. Ég skora á hæstv. utanrrh. að beita sér fyrir markvissum aðgerðum til þess að vinna gegn fátækt í heiminum sem er því miður allt of mikil og er raunveruleiki.

[17:56]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að þróunarhjálp og hjálp til hinna fátæku þjóða í heiminum kemur ekki alltaf að því gagni sem til er ætlast. Það er alveg ljóst að mikið af þeirri þróunarhjálp sem átt hefur sér stað víðs vegar um heim hefur vissulega linað þjáningar margra og hjálpað um stundarsakir en ekki orðið til þess að byggja verulega upp fyrir framtíðina. Það er ljóst er að enginn er vandi að eyða hundruðum milljóna og milljörðum í þróunarhjálp. Þótt því hafi verið haldið fram réttilega að Íslendingar séu eftirbátar margra annarra í þessum efnum þá höfum við þó ákveðið að fara fremur hægt í sakirnar í sambandi við aukningu og vanda mjög til þeirra verkefna sem ráðist er í.

Það þýðir hins vegar að þetta tekur tíma og krefst mikils undirbúnings. Það eru einmitt þau vinnubrögð sem við ástundum núna í þróunarhjálpinni og smátt og smátt ætlum við okkur að auka þá aðstoð og leggja áherslu á þau viðfangsefni þar sem við höfum sérstaka þekkingu á og teljum líklegt að geti skilið eitthvað eftir í viðkomandi landi.

Ég vil taka eitt gott dæmi sem er Namibía. Þar hafa Íslendingar fyrst og fremst lagt sig eftir því að aðstoða viðkomandi þjóð að því er varðar nýtingu auðlinda. Þessi ágæta þjóð í sunnanverðri Afríku er auðug þjóð, þeir eiga t.d. mikið af gimsteinanámum og þeir eru búnir að nýta mikið af þeim námum í gegnum tíðina og ekki hefur alltaf orðið mikið úr þeim auði fyrir viðkomandi þjóðfélag því að erlendir aðilar hafa komið þarna að. Einnig hefur átt sér stað afskaplega mikil eyðilegging á landinu því að segja má að öllum jarðvegi sé flett ofan af landinu á stórum svæðum. Þegar við erum að tala um umhverfismál í okkar fagra landi þá er það sem blasir þarna við í nýtingu svokallaðra auðlinda — auðlinda skulum við segja, í þessu tilviki gimsteina — þá kostar það alveg gífurleg umhverfisspjöll, og þetta eru sár sem trúlega munu aldrei gróa.

Í Namibíu hefur náðst sá árangur að þar eru fyrirtæki í sjávarútvegi að vaxa úr grasi og gengur vel, m.a. í samstarfi við Íslendinga. Þar með er ljóst að við skiljum nokkuð eftir okkur í þessu landi. Við höfum líka komið upp ágætum sjómannaskóla sem menntar Namibíumenn til þessara starfa. Það hefur skilað verulegum árangri. Það er skemmtilegt sjá að mikið af þeim tækjum og tólum sem þeir hafa til kennslu í þessu landi eru margvísleg tæki sem við erum hættir að nota hér á landi, sem eru úrelt og menn hafa hent en gagnast þessu ágæta fólki mjög vel og hafa orðið til mikils gagns.

Það er rétt að auðvitað er tilhneiging til þess að koma sínum eigin vörum á framfæri, nota matvæli sem eru til í birgðageymslum viðkomandi þjóða þótt ljóst sé að hægt sé að fá ódýrari matvæli annars staðar sem nýtist viðkomandi þjóð miklu betur. Þannig er full ástæða til þess að fara yfir þessa reynslu. Það hefur Alþjóðabankinn t.d. reynt að gera og allir hvetja okkur Íslendinga til að halda áfram á þessari sömu braut, að vinna að málum þannig að við skiljum eitthvað eftir. Hins vegar höfum við orðið þess áskynja að það er ekki nóg að koma inn í þessi samfélög og hjálpa til, t.d. í sjávarútvegi. Þessi samfélög þurfa heilsugæslu, þurfa menntun og skóla og það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Samhliða því að aðstoða í sjávarútvegi verðum við jafnframt að aðstoða í félagslegum þáttum eins og heilbrigðismálum og menntamálum. Við getum horft í eigin barm og litið á, hvort sem það eru sjávarþorp í okkar eigin landi eða annars staðar, að það er ekki nóg að vera með útgerð og fiskvinnslu heldur þarf líka samfélagslega þjónustu og aðstöðu fyrir fólkið, hvort sem það eru börn, eldra fólk eða aðrir sem lifa í þessum samfélögum.

Herra forseti. Hér hefur átt sér stað ágæt umræða. Hér eru ekki margir þingmenn í húsinu. Ég hef verið spurður ýmissa spurninga og ég hef reynt að svara þeim jafnóðum. Það eru hins vegar nokkur atriði sem ég hafði hugsað mér að svara en þjónar ekki miklum tilgangi að fjalla um þegar viðkomandi þingmenn eru ekki hér til að hlýða á mig. Þar má alltaf bæta úr og við eigum eftir að ræða þessi mál síðar. Ég hef fullan skilning á því enda þurfa þingmenn að sinna ýmsum öðrum málum sem ekki er alltaf skilningur fyrir í þjóðfélaginu þegar litið er yfir sali Alþingis. En þannig er það nú og er að mínu mati fullkomlega eðlilegt. Menn mega ekki skilja orð mín þannig að ég sé að kvarta yfir því.

Vænst af öllu í þessari umræðu þykir mér að hér hafa nánast allir þingmenn, reyndar allir sem tekið hafa til máls, talað afskaplega hlýlega um utanríkisþjónustuna og það fólk sem þar starfar. Það er afskaplega mikilvægt fyrir utanríkisþjónustuna að finna að hér á Alþingi ríki góður andi gagnvart henni og, ég vil segja, hlýhugur á margan hátt. Það var nú oft til siðs hér áður fyrr að tala fyrst og fremst um utanríkisþjónustuna sem stofnun þar sem menn væru í endalausum veislum, aðallega í kokteilboðum en gerðu lítið þess á milli. Auðvitað er það hluti af starfi diplómata og erindreka okkar að umgangast fólk og komast í sambönd. Vanræki menn það þá eru þeir að vanrækja starf sitt. Það er alveg eins og með okkur í stjórnmálunum. Ef við tölum aldrei við nokkurn mann og komum aldrei þar sem fleira fólk kemur saman þá náum við nú heldur litlum árangri. Sama er að segja um utanríkisþjónustuna.

Hér hefur komið fram mikill skilningur á að við þurfum að efla utanríkisþjónustu okkar. Það er gott til þess að vita að sá skilningur ríki hér á Alþingi. Það hefur komið fram mikill stuðningur við að efla utanríkisþjónustuna og fjölga sendiráðum. Það er afskaplega þýðingarmikið að vita um þessa samstöðu hér á Alþingi, að þetta sé nauðsynlegt þó að um það ríki vissulega einhver ágreiningur hvar áherslurnar eigi að liggja. Utanríkisþjónustan er tæki stjórnvalda á hverjum tíma til þess að beita í pólitískum tilgangi. Utanríkisþjónustan er tæki núv. ríkisstjórnar í dag. En utanríkisþjónustan er líka að vinna fyrir Alþingi, fyrir hagsmunasamtök, fyrirtæki og Íslendinga almennt. Ef ríkisstjórnir framtíðarinnar vilja breyta þessum áherslum sem að sjálfsögðu mun gerast, þá er þetta tæki til staðar. Það verður að vera til staðar og þar

verðum við þar að taka mið af þeim breytingum sem nú eiga sér stað í alþjóðlegu umhverfi.

Fyrir þennan skilning ber að þakka. Ég veit að starfsfólkinu í utanríkisþjónustunni þykir vænt um þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Segja má að í henni hafi komið fram mikill skilningur á því að þarna þurfi að efla starfið. Það er líka mikil hvatning fyrir þetta fólk sem leggur mikið á sig og vinnur langan vinnudag, það get ég vitnað um. Ég er alveg viss um að sú umræða og vinsemd sem ríkt hefur í þessari umræðu verður til þess, ein út af fyrir sig, að efla utanríkisþjónustuna og auka áhuga fólksins sem þar vinnur.

Herra forseti. Við munum síðar koma að umræðu um Evrópumál. Ég vildi líka þakka fyrir þær góðu móttökur sem sú skýrsla hefur fengið. Við sögðum strax í upphafi að okkar ætlan væri að leggja fram hlutlæga skýrslu sem tæki ekki afstöðu til mála heldur reyndi að upplýsa eins hlutlægt kostur væri um málið, stöðu Íslands í þessu samhengi og framtíðarhorfur. Mér virðist að þarna hafi tekist nokkuð vel til ef dæma má af ummælum. Það var ætlunin og þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur að þetta hefur tekist eins og við upphaflega stofnuðum til. Hitt er svo annað mál að í framhaldi af þessu verða menn að taka afstöðu til þess hvernig haga beri málum fyrir Íslands hönd í framtíðinni. Það verður vandasamt verk og þar er ábyrgð Alþingis og stjórnmálamanna mest af öllum. Okkar hlutverk er að leiða þá umræðu og þjóðina til farsællar lausnar í þeim málum. Þess vegna er ánægjulegt að hægt verði að taka vonandi heilan dag í þá umræðu í byrjun maí þegar Alþingi kemur saman á nýjan leik.

[18:08]

Útbýting þingskjala:

Útflutningur á fullunnu dilkakjöti, 622. mál, fsp. DrH, þskj. 1027.

Vottaðar landbúnaðarafurðir, 621. mál, fsp. DrH, þskj. 1026.

VES-þingið 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins, 387. mál. — Þskj. 645.

[18:14]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um skýrslu þá sem dreift hefur verið um Íslandsdeild VES fyrir árið 1999 en VES-þingið kemur saman tvisvar á ári í París og fjallar um varnar- og öryggismál í Evrópu. Vestur-Evrópusambandið er varnarbandalag tíu Vestur-Evrópuríkja og var stofnað með Brussel-sáttmálanum 1948. Eftir stofnun Atlantshafsbandalagsins 1949 lá VES reyndar í nokkrum dvala en eftir 1991 hafa störf innan VES þróast mjög hratt en þá tók Ísland þátt í því starfi í fyrsta sinn.

Skipan Íslandsdeildarinnar á sl. ári var þannig að við alþingiskosningar var skipt um fulltrúa í deildinni. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Siv Friðleifsdóttir sem voru fulltrúar Alþingis í þessari deild fram til júní eða fram yfir kosningar á síðasta ári létu þá af störfum innan deildarinnar. Við tóku sá sem hér stendur, hv. þm. Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson.

Starfsemi þingsins var hefðbundin eins og undanfarin ár. Fyrra þingið stóð frá 14.–17. júní í fyrra og sóttu þau Lára Margrét Ragnarsdóttir þann fund sem formaður deildarinnar og Lúðvík Bergvinsson sem þá var fulltrúi minni hlutans en var kandídat fyrir Samfylkinguna sem fulltrúi í Íslandsdeildinni.

Á fundinum voru ræddar margar skýrslur sem snerta starfsemi VES og Evrópu, m.a. um breyttar starfsreglur eftir að Pólland, Tékkland og Ungverjaland hlutu aukaaðild að VES í kjölfar inngöngu sinnar í NATO. VES að loknum leiðtogafundi NATO og ESB var einnig til umræðu, friðargæslu- og öryggismál í Afríku, evrópskir gervihnettir, VES sem framkvæmdaraðili að aðgerðum til þess að hafa stjórn á hættuástandi, hreyfanleiki evrópsks herafla, fjárlög VES, friðargæsla á Balkanskaga, stöðugleiki í Kosovo og álit almennings á framlagi VES til stöðugleika í Albaníu.

Mjög margir ávörpuðu þingið eins og venjulega, en þar voru þeir helstir Viktor Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, José Cutileiro, framkvæmdastjóri VES, Walther Stützle, aðstoðarvarnarmálaráðherra Þýskalands, Philip Gordon, deildarstjóri Evrópudeildar þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna, Günter Verheugen, aðstoðarutanríkisráðherra Þýskalands, Jacques Poos, utanríkisráðherra Lúxemborgar, og Tom Spencer, fráfarandi formaður utanríkismálanefndar Evrópuþingsins.

Seinna þingið var haldið 29. nóvember til 2. desember og það þing sóttu auk mín sem formanns Katrín Fjeldsted, varaformaður og Lúðvík Bergvinsson, auk Gústafs Adolfs Skúlasonar ritara. Þar var framtíðarskipan í öryggis- og varnarmálum Evrópusamstarfsins í brennidepli en hún var einnig á fundi til umfjöllunar hjá leiðtogum í Helsinki síðar þann mánuð. Meðal þess sem helst var rætt í þessu sambandi var staða evrópsku NATO-ríkjanna sem standa utan ESB (aukaaðildarríkja VES) annars vegar og skipan evrópsks þingmannasamstarfs á sviði öryggis- og varnarmála hins vegar. Þá var Klaus Bühler, þingmaður kristilegra demókrata í Þýskalandi, kjörinn nýr forseti VES-þingsins og tók hann við af spænska jafnaðarmanninum Lluis María de Puig um áramót.

Á þinginu voru ræddar mjög margar skýrslur að venju og þá helst þróun í átt til atvinnuhermennsku í Evrópu, evrópsks herafla, almenningsálitið, evrópsk öryggis- og varnarmál, evrópskt samstarf í vopnaframleiðslu, framtíð gervitunglamiðstöðvar VES, Kína á tímamótum, nýjustu þróun í Suðaustur-Evrópu, stöðu mála í Kosovo, o.s.frv.

Þetta þing ávörpuðu Jan-Erik Enestam, varnarmálaráðherra Finnlands, formennskuríkis ESB síðari hluta ársins 1999, José Matos da Gama, utanríkisráðherra Portúgals, formennskuríkis ESB og VES fyrri helming ársins 2000, Javier Solana, framkvæmdastjóri VES og æðsti talsmaður ESB í utanríkis- og öryggismálum, og Charles Goerens, varnarmálaráðherra Lúxemborgar, formennskuríkis VES síðari helming ársins 1999.

Ég tók þar til máls sérstaklega um framtíð evrópskra varnarmála og lýðræðislegs eftirlits. Þau mál sem hafa síðan borið helst á góma varðandi VES og ég hef aðeins rætt í þinginu eru þau mál sem snúa að framtíð VES og þeirri þróun sem á sér nú stað um framtíð þess innan stofnana Evrópu. Þar eru mjög miklar breytingar í farvatninu eins og hér hefur komið fram þó svo þau málefni hafi ekki farið mjög hátt í sölum Alþingis. Þar kemur eflaust margt til, m.a. að við erum með tvíhliða varnarsamning við Bandaríkin sem tryggir hagsmuni okkar, málefni NATO eru í eðlilegum og

góðum farvegi og standa traustum fótum, þannig að öryggismál okkar eru út af fyrir sig í góðum höndum. Það er samt þó þannig að VES, eins og hefur komið fram, hefur gegnt veigamiklu hlutverki undanfarin ár í að samræma aðgerðir milli NATO Evópuríkjanna og NATO yfirstjórnarinnar um hin ýmsu mál sem snúa að vörnum og öryggi í Evrópu, einnig varðandi friðargæslu og aðgerðir sem snúa að þeim málum sem koma upp hverju sinni. VES hefur því gegnt vaxandi hlutverki sem stofnun sem hefur samræmt aðgerðir fyrir Evrópuríkin og var hugmyndin að tæki við stærra hlutverki í framtíðinni. Með Kölnarsamþykktinni í fyrra verður það svo niðurstaðan að ESB, eða Evrópusambandið, ákveður að yfirtaka þau verkefni sem Vestur-Evrópusambandið hefur hlotið eða tekið til sín og að þeir samningar verði gerðir að öll starfsemi VES verði komin yfir til Evrópusambandsins fyrir árið 2003.

Það er ekki á hverjum degi sem svo miklar breytingar verða og hvað varðar okkar Íslendinga, ef af verður að Vestur-Evrópusambandið verður endanlega lagt niður og ekkert þingmannasamband verður heldur, þá er aðkoma okkar að öryggis- og varnarmálum í Evróup engin ef við höfum einungis þá möguleika að geta haft afskipti af þessum málaflokki í gegnum NATO. Það er ekki bara Ísland sem mundi verða þar út undan, heldur öll þau Evrópuríki sem eru í NATO en ekki í Evrópusambandinu ásamt öllum öðrum aukaaðildarríkjum sem eru í Austur-Evrópu og eru ekki á leið inn í Evrópusambandið og munu ekki fara þá leið eins og Rússland, Rúmenía, Búlgaría, Úkraína, Hvíta-Rússland og mörg önnur ríki sem sótt hafa þing Vestur-Evrópusambandsins á undanförnum árum og talið það þjóna hagsmunum sínum að taka þátt í varnar- og öryggismálaumræðu á samevrópskum vettvangi.

Það hefur svo komið betur og betur fram að þjóðir Evrópu hafa virkilega miklar áhyggjur af því ef Vestur-Evrópusambandsþingið yrði lagt niður þannig að þær þjóðir sem standa utan Evrópusambandsins yrðu algjörlega einangraðar frá umræðunni. Margir innan Evrópusambandsins sjálfs eru hræddir um að það muni veikja öryggi Evrópu frekar en að styrkja það með því að einangra Evrópusambandið í eina heild um öryggismálastefnu sína en að tvístra öðrum ríkjum með því að ýta þeim frá þessum sameiginlega málaflokki og sameiginlegum hagsmunum Evrópuríkjanna.

Þessar áhyggjur hafa m.a. komið fram í því að á þingum VES hefur það verið í raun mjög sterkt í umræðunni að ekki eigi að hleypa ríkjum inn í stofnanir í VES eða inn í þing VES heldur eigi að halda þarna „status quo" og ekki eigi fleiri að hafa atkvæðisrétt en þeir sem séu fullgildir aðilar, þ.e. bæði í NATO og í Evrópusambandinu.

Nú heyrast sífellt fleiri raddir innan Evrópusambandsríkjanna sem eru í VES um að nauðsynlegt sé að viðhalda þessu þingmannasambandi, þessum þingmannavinkli um Evrópumál í öryggis- og varnarlegu tilliti, með svipuðu móti og gert hefur verið í VES, en þó sjá flestir fyrir sér að slíkt fyrirkomulag yrði opið öllum Evrópuríkjum á jafnréttisgrundvelli, þ.e. bæði Evrópusambandsríkjunum og öðrum Evrópuríkjum. Þar sjá menn öryggishagsmunum Evrópu best borgið hvað varðar umræðuna og líta á það sem einn af þeim hornsteinum fyrir friði í Evrópu að Evrópuríkin hafi vettvang til að koma saman og ræða þessi mál augliti til auglitis og geta kallað til sín þá ráðamenn sem stjórna öryggis- og varnarmálum í hverju ríki fyrir sig. Í framhaldi af þeim bollaleggingum sem staðið hafa yfir núna í eitt og hálft ár hjá Vestur-Evrópusambandinu var samþykkt einróma tillaga á þingi Vestur-Evrópusambandsins sem var aukaþing og haldið í Lissabon í síðasta mánuði að mælast til þess að samþykkt yrði í öllum þjóðþingum sem eiga aðild að VES, bæði fullgildir sem aukaaðilar, að stofnað yrði öryggis- og varnarmálaþing Evrópu sem kæmi þá í staðinn fyrir þing Vestur-Evrópusambandsins. Þessi svokallaði þingmannavinkill þar sem þjóðkjörnir þingmenn koma saman sem fulltrúar þjóða sinna og ræða varnar- og öryggismál við leiðtoga hvers lands eftir því sem óskað er verði sá grunnur sem menn vilji byrja með og með því móti auka öryggi Evrópu enn meira og samráð enn meira en gert hefur verið og kannski sem aldrei fyrr. Í mínum huga er þetta þá frekar sókn til frekari öryggis innan Evrópu en að menn séu að fara hver frá öðrum eins og má kannski segja að menn hafi á tilfinningunni þegar samskiptin við Evrópusambandið hafa verið skoðuð á undanförnum mánuðum.

Reyndar er ekki hægt að segja það um öll ríki Evrópusambandsins að þau hafi verið neikvæð t.d. í garð þeirra aukaaðildarríkja sem eru í NATO en ekki í Evrópusambandinu því þau eru fjöldamörg ríkin í Evrópusambandinu sem hafa stutt t.d. mjög dyggilega við bakið á Íslendingum. Þar má nefna m.a. Breta, Þjóðverja og Dani.

Það er rétt að geta þess að til að halda þeirri umræðu uppi var það ákvörðun norska Stórþingsins að boða til sérstaks fundar um þessa þróun í Evrópu. Sá fundur var haldinn í febrúar og þar sendu þau ríki sem eru í VES og NATO en utan Evrópusambandsins frá sér sérstaka yfirlýsingu þar sem áhyggjum þeirra er lýst og áhuga fyrir því að þetta samstarf geti haldið áfram. Öll aðildarríkin sex þar undirrituðu, en fjögur af þessum sex ríkjum hafa þegar sótt um aðild að Evrópusambandinu og var það erfitt fyrir sum þeirra að taka þátt í slíkri yfirlýsingu en þau gerðu það samt vegna þess að mönnum er ekki sama hvernig þessi mál þróast.

Þess vegna er þetta komið svo langt sem raun ber vitni. Ég geri ráð fyrir að allir fulltrúar þjóðþinga séu um þessar mundir að kynna þessar hugmyndir fyrir þjóðþingum sínum og fá staðfestingu fyrir því að bæði þjóðþingin og ráðherrar ríkjanna lýsi yfir stuðningi við þessa breytingu. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. lýsti því yfir áðan í umræðunni að hann styddi það að stofnað yrði sérstakt varnar- og öryggismálaþing Evrópu og að hann og utanrrn. mundi í störfum sínum koma því á framfæri þar sem kostur væri. Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur að utanrrn. með því ágæta starfsliði sem þar er og sendiherrum um allan hinn evrópska heim komi þeim skilaboðum á framfæri við ráðamenn að þeir styðji varnar- og öryggismálaþing Evrópu og muni taka þátt í því með fullum þunga þegar þar að kemur.

Af hálfu Íslendinga er því ekkert að vanbúnaði að huga að næstu skrefum í að þessi stofnun geti orðið að veruleika. Slíkt þing mundi verða staðsett í París eins og nú er og það mundi þá fyrst og fremst starfa tvisvar á ári sem umræðugrundvöllur. Flest þau ríki sem eiga aðild að VES í dag verða að breyta samþykktum sem þau hafa undirritað gagnvart VES og samþykkja að þær skuldbindingar gangi sjálfkrafa yfir til nýs þings Evrópu um varnar- og öryggismál. Meðal annars þarf Evrópusambandið að samþykkja að þeir menn sem fara með þennan málaflokk í Evrópusambandinu gefi skýrslur til þings Evrópu um varnar- og öryggismál og að því leyti til getur komið til kasta Alþingis að breyta ákvæðum sem snúa að aðild okkar að VES eins og það er í dag og yfirfæra það yfir á nýja þingið um varnar- og öryggismál Evrópu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta. Mér finnst að hér hafi komið fram mjög jákvæð svör sem gefa tilefni til þess að ætla að við munum halda áfram starfi sem er merkilegt. Samskipti okkar við Evrópu á þessu sviði eru mjög nauðsynleg. Við erum sífellt að reyna að hanga í því að detta ekki frá Evrópusambandinu með því að vera inni í EES-samningnum og með Schengen-sáttmálanum höfum við reynt það eftir fremsta megni. Síðan höfum við tekið þátt í VES-samstarfinu og þá höfum við í rauninni átt kost á því að taka þátt í nánast flestu því sem varðar sameiginleg umræðumál Evrópuríkja og höfum getað fylgst mjög náið með því. Það ber því sérstaklega að geta þess hversu mikilvægt það er að þessi liður gleymist ekki og að Alþingi Íslendinga gleymi því ekki að þarna erum við að tala um mjög merkilegt mál.

Ég vil að lokum, herra forseti, leyfa mér að þakka félögum mínum, hv. þm. Katrínu Fjeldsted og hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, fyrir ötult starf og samvinnu við það sem hingað til hefur farið fram innan VES og í þeirri vinnu sem fram undan er. Ég vil einnig leyfa mér að þakka Gústaf Adolfi Skúlasyni, ritara nefndarinnar, fyrir mjög góða vinnu og lipra framkomu en hann hefur sérhæft sig sérstaklega í samskiptum um varnarmál og er ég afskaplega ánægður með störf hans. Belinda Theriault og starfsmenn alþjóðasviðs Alþingis er afskaplega hjálpsamt og duglegt fólk sem hafa reynst okkur í Íslandsdeildinni mjög vel og leyst úr hvers manns vanda og vil ég færa þeim hinar bestu þakkir fyrir störf þeirra í þágu okkar.

Alþjóðaþingmannasambandið 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 367. mál. — Þskj. 622.

[18:36]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég fylgi úr hlaði með örfáum orðum skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1999. Ég vil áður en að því kemur þakka hæstv. utanrrh. fyrir afar greinargóða, áhugaverða og fræðandi skýrslu um utanríkismál.

Það sem einkennir starf Alþjóðaþingmannasambandsins og sker sig kannski dálítið úr starfi annarra þeirra alþjóðlegu samtaka sem alþingismenn eiga aðild að eða taka þátt í er hið alþjóðlega yfirbragð samtakanna. Hér er um að ræða samtök sem starfa á hnattrænum grundvelli eða hnattrænum vettvangi ef svo mætti að orði komast. Aðild að Alþjóðaþingmannasambandinu eiga 139 þjóðþing, auk aukaaðila sem eru fimm svæðisbundin þingmannasamtök. Þetta setur heilmikinn svip á samtökin og starf þeirra. Þetta gerir það að verkum að þing samtakanna eru haldin víða um heim og að umræðuefni sem Alþjóðaþingmannasambandið tekur fyrir hverju sinni eru mjög alþjóðlegs eðlis. Þau eru oft á tíðum kannski framandi fyrir okkur sem komum úr þessum heimshluta en eru hins vegar mjög áríðandi fyrir þá alþjóðlegu umræðu sem sífellt færist í vöxt með því að heimurinn er stöðugt að dragast saman vegna þess að samskiptin verða auðveldari.

Að þessu sinni voru bæði þingin á árinu 1999 haldin í Evrópu. Alþjóðaþingmannasambandið heldur tvö ársþing, þ.e. haust og vor, og að þessu sinni var vorþingið haldið í Brussel en haustþingið í Berlín. Það sem setti nokkurn svip á vorþingið hvað áhrærði okkur var nálægð alþingiskosninganna, sem gerði það að verkum að mjög fáir þingmenn höfðu tækifæri til þess að sækja þingið heim. Okkur var það hins vegar mikill heiður að þáv. forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, sótti þingið auk forstöðumanns almennrar skrifstofu, Þorsteins Magnússonar, sem var þá starfandi ritari Íslandsdeildarinnar.

Alþjóðaþingmannasambandinu er núna sem stendur allmikill vandi á höndum vegna þess að Bandaríkjamenn hafa tekið um það ákvörðun að taka ekki fullan þátt í starfi þess og hafa skirrst við að inna af hendi eðlilegar greiðslur til sambandsins. Það gefur augaleið að fyrir samband þingmanna sem byggir fjárhagslegan grundvöll sinn fyrst og fremst á hlutfalli af þjóðarframleiðslu, er það mjög mikið áfall að ríkasta þjóð heims skuli kjósa að starfa innan samtakanna með hálfum huga og ekki einu sinni það. Það er ljóst mál að samkvæmt reglum sambandsins mun koma að því fyrr en síðar, og væntanlega þegar á næsta þingi, að Bandaríkjamönnum verði samkvæmt reglunum vísað úr samtökunum. Þetta er auðvitað heilmikið áfall fyrir það alþjóðlega samstarf sem þarf að vera meðal þingmanna í heiminum en er á vissan hátt lýsandi fyrir einangrunarstefnu og kannski að hluta til þjóðerniskennd sem öðru hvoru og allt of víða skýtur upp kollinum meðal bandarískra þingmanna og gerir það að verkum að þeir kjósa ekki að taka þátt í starfi af þessu tagi þar sem hlutur þeirra er ekki sterkari en raun ber vitni.

Hlutverk Alþjóðaþingmannasambandsins er m.a. að fylgjast með þróun mála á alþjóðavísu og þess vegna eru umræðuefnin mjög því marki brennd sem eðlilegt er. Á fundinum í Brussel var fjallað um aðgerðir til að hvetja þjóðir heims til að undirrita samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn, vandamál stórborga og aðgerðir til að afskrifa skuldir fátækustu þjóða heims.

Á fundinum í Berlín var hins vegar rætt um tvö höfuðmálefni, annars vegar framlag þjóðþinga til að tryggja virðingu fyrir mannúðarlögum í tilefni af því að 50 ár voru þá liðin frá samþykkt Genfar-sáttmálanna og hins vegar um breytingar á alþjóðahagkerfinu.

Til viðbótar þessu og við þá starfsemi sem er í kringum þingið starfar Alþjóðaþingmannasambandið að mörgum öðrum málum. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á því að sambandið hefur nýlega gefið út bækling um mannúðarlög fyrir þingmenn og Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, IPU, hefur óskað eftir því að fá eintök til að dreifa til allra þingmanna.

Til viðbótar þessu hafa samtökin beitt sé fyrir gerð leiðbeininga varðandi kosningar og framkvæmd þeirra. Við sjáum að nýfrjáls ríki eru oft á tíðum mjög vanmegnug til þess að halda utan um sínar eigin kosningar af eðlilegum ástæðum þar sem lýðræðishefðin er mjög veik og Alþjóðaþingmannasambandið hefur einkanlega beitt sér í þeim efnum, auk þess sem samtökin hafa fylgst mjög með afdrifum þingmanna á þjóðþingunum sem víða eiga undir högg að sækja þar sem um harðstjórn er að ræða og árlega eða á hverju þingi er flutt skýrsla um stöðu þingmanna í þessu samhengi.

Mikill áhugi hefur verið hjá Alþjóðaþingmannasambandinu að auka samstarfið við Sameinuðu þjóðirnar. Ég átti þess kost þegar Desai, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, kom hingað til lands að ræða við hann fyrir hönd utanrmn. Alþingis og þá bar þessi mál á góma og kom

fram að gagnkvæmur áhugi væri af hálfu Sameinuðu þjóðanna. Ég legg mikla áherslu á að alþjóðleg þingmannatengsl af þessu tagi séu efld og samstarf þingmanna sé eflt og styrkt ekki síst í samhengi við starfsemi Sameinuðu þjóðanna sem vinnur á sambærilegum grundvelli að því leyti að hér er um að ræða alþjóðleg samtök. Ég tel því mjög mikilvægt að þingmenn Alþingis hafi tækifæri til þess að taka þátt í einstökum fundum sem efnt er til með þátttöku Alþjóðaþingmannasambandsins og með tilstyrk Sameinuðu þjóðanna og stjórnvalda í aðildarríkjunum.

Virðulegi forseti. Með þessum orðum vildi ég fylgja úr hlaði umræddri skýrslu sem fer yfir þau helstu verkefni sem tekin voru fyrir á þeim fundum sem haldnir voru á sl. ári. Ég vil þakka samnefndarmönnum mínum í Alþjóðaþingmannasambandinu, hv. þm. Ástu Möller og Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir mjög gott samstarf og einnig þeim þingmönnum sem störfuðu með okkur á síðasta kjörtímabili, enn fremur starfsmönnum Íslandsdeildarinnar, þeim Þorsteini Magnússyni, síðar Elínu Flygenring og loks núverandi starfsmanni Belindu Theriault fyrir einkar gott, farsælt og ánægjulegt samstarf.

[18:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Utanrrn. hefur ekki mjög mikil samskipti við Alþjóðaþingmannsambandið af eðlilegum ástæðum en ég vil þakka fyrir það starf sem þar hefur verið unnið. Segja má að við stöndum að mörgu leyti nær ýmsum öðrum samtökum sem tengjast þeim alþjóðastofnunum sem við vinnum innan, eins og Atlantshafsbandalaginu, Evrópuráðinu og Vestur-Evrópusambandinu, ÖSE, þingmannsamtökum EFTA o.s.frv. en Alþjóðaþingmannasambandið er allt öðruvísi samtök, sem ég tel vera afar mikilvæg, og þess vegna er leitt til þess að vita ef þau eru að veikjast.

Ég tel að þetta starf hafi hjálpað lýðræðisþróuninni í heiminum og orðið til þess að þingmenn frá ríkjum sem ekki búa við lýðræði hafi orðið fyrir áhrifum. Ég minnist þess í það eina skipti sem ég hef sótt þingfundi Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir 24 árum í Madrid, að þar hlustaði maður á ræður um það hve miklu betra lýðræði það væri ef aðeins einn flokkur væri í framboði. Þá væri lýðræðið innan flokksins en ekki nein vandræði af því að vera með marga flokka.

Þetta hefur breyst. Ég held að það sé ekki síst vegna þess að menn hafa haldið slíku starfi úti. Ég er alveg viss um að á þessum tíma, þ.e. 1976 þegar þetta þing var haldið í Madrid þá er lýðræðið var að brjótast fram á Spáni, hjálpaði þessi starfsemi því ferli í verulegum mæli og varð til að þrýsta á þá lýðræðisþróun sem þar var í fæðingu.

Mér finnst mikil skammsýni, hvort sem það er hjá Bandaríkjamönnum eða öðrum, að vanrækja þetta starf, ekki síst fyrir þjóð sem starfar jafnmikið á alþjóðavettvangi og lætur sig jafnmikið varða lýðræðisþróun í heiminum öllum. Mér finnst þannig afar mikilvægt að leggja á það áherslu við þá stóru og miklu þjóð, Bandaríkin, að halda áfram á þessari braut. Ég er viss um það getur haft veruleg áhrif á framvindu mála og þá miklu sókn sem lýðræðið er í um allan heim.

[18:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins þakka fyrir góðar undirtektir hæstv. utanrrh. við því starfi sem fram fer á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins. Það starf tekur eðli málsins samkvæmt oft ákaflega langan tíma. Það er mjög sérkennilegt að reyna að koma saman stefnumótun eða ákvörðunum í samtökum 139 ríkja, ákaflega ólíkra ríkja þar sem hagsmunirnir eru margir og lýðræðishefðin mjög víða ákaflega veikburða. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að alþjóðlegt starf af þessu tagi sé til þess fallið að styrkja stoðir lýðræðisins víða um heiminn og veitir svo sannarlega ekki af. Sjálfur hef ég, eins og hæstv. utanrrh., tekið þátt í fundi Alþjóðaþingmannasambandsins í nýfrjálsu ríki, Namibíu. Maður varð auðvitað mjög var við það af hálfu stjórnvalda þar að þau töldu þingið mjög mikilvægt til þess að festa lýðræðislegar hefðir í sessi, þ.e. að slík samtök héldu ársfund sinn þar á bæ.

Ég vil ítreka það sem enn fremur kom fram í máli hæstv. utanrrh. Ég tel ákaflega mikilvægt fyrir alþjóðleg þingmannasamtök af þessu tagi, sem sækja styrk sinn fyrst og fremst til þjóðþinganna, að eiga þess kost að hafa samstarf við önnur alþjóðleg samtök, sérstaklega Sameinuðu þjóðirnar. Ég held að það gæti styrkt hvor tveggja að efla þetta samstarf.

ÖSE-þingið 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, 413. mál. — Þskj. 674.

[18:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1999. ÖSE-þingið er samstarfsvettvangur 317 þingmanna frá 55 ríkjum sem ná vestan frá Bandaríkjunum og Kanada í vestri og allt að Rússlandi, Kirgisistan og Tadsjikistan í austri. Markmið ÖSE er að stuðla að friði, öryggi og samvinnu ríkja í Evrópu og standa vörð um virðingu fyrir mannréttindum íbúa álfunnar. Mjög snemma var ákveðið að kalla til þing þingmanna frá ríkjum ÖSE, sem áður hét RÖSE, og við Íslendingar tökum þátt í því.

Á þingi þar sem þingmenn frá þessum mörgu mismunandi ríkjum hittast er mjög mikilvægt að það takist að breiða út lýðræðishugsun, þingræðishefð og sérstaklega virðingu fyrir mannréttindum til þeirra ríkja sem risið hafa á rústum Sovétríkjanna gömlu þar sem þessi hugtök eru nánast óþekkt: lýðræði, mannréttindi og þingræði. Til þess er ÖSE-þingið mjög góður vettvangur.

Þegar ég fór fyrst á þessi þing 1995 þá þótti mér þetta dálítið innihalds- og tilgangslaus samkunda en segja má að þegar ÖSE tók að sér framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu-Hersegóvínu, og eins þegar það hefur tekið virkan þátt í framkvæmd stöðugleikasáttmála fyrir Suðaustur-Evrópu sem tók gildi í júní sl., þá hafi ÖSE öðlast hærri sess og tilgang. Það er orðið virkara sem slíkt.

Af öðrum verkefnum sem ÖSE sinnir ber kosningaeftirlitið mjög hátt. Eins er mikið rætt um sameiginlegt öryggi og lýðræði á 21. öld en það var þema síðasta ársfundar sem haldinn var í St. Pétursborg.

Helsta málefni fundar stjórnarnefndarinnar sem hittist tvisvar á ári var umfangsmikið eftirlit sem ÖSE hafði þá með stríðandi fylkingum í Kosovohéraði, en sem kunnugt er var vopnahlé þar ekki virt. Enn fremur var rætt um ástand mála í Bosníu-Hersegóvínu, í Hvíta-Rússlandi, Tsjetsjeníu

og Nagorno-Karabakh. Svo var rætt um stöðu minnihlutahópa víðs vegar um álfuna, en allt eru þetta gamalkunnug vandamál. Síðan koma alltaf upp öðru hvoru vandamál með Kýpur-deiluna og vandamál sem uppi eru í Tyrklandi.

Herra forseti. Á fundi stjórnarnefndar í janúar fyrir ári síðan kom finnski þingmaðurinn Kimmo Kiljunen upp með skemmtilega hugmynd, þ.e. að snúa við því starfi sem sinnt hefur verið í kosningaeftirliti og bjóða fulltrúum þessara nýju lýðræðisþjóða í Mið- og Austur-Evrópu til að fylgjast með framkvæmd þingkosninga og bæjarstjórnarkosninga í Vestur-Evrópu. Þeir mundu læra af því og hugsanlega mætti koma á framfæri athugasemdum um framkvæmd þeirra kosninga. Það vill svo til að í mars 1999 var skipulögð för slíkrar sendinefndar frá Kákasus-ríkjum til að fylgjast með framkvæmd þingkosninga í Finnlandi.

Áttundi ársfundur ÖSE-þignsins var haldinn í St. Pétursborg, eins og áður er getið, í júlí sl. Frá Íslandi fóru hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, sem er varaformaður Íslandsdeildarinnar, og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir auk mín. Þema þingsins var sameiginlegt öryggi og lýðræði á 21. öld. Það þema var rætt í þremur nefndum þingsins, nefnd um stjórnmál og öryggismál, sem ég tók þátt í, nefnd um efnahags-, vísindi, tækni og umhverfismál, sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir tók þátt í og nefnd um lýðræði og mannréttindamál sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir tók þátt í.

Þegar þetta þema hafði verið rætt í nefndum voru sett saman ályktunardrög sem steypt var saman í eina yfirlýsingu, St. Pétursborgar-yfirlýsinguna sem samþykkt var af þingfundinum. Auk þess voru sérstakar ályktanir um eftirfarandi málefni: Stöðu mála í Kosovo; aukið lýðræði innan ÖSE, hvernig þingmenn hefðu meiri áhrif á starf ÖSE; hlutverk ÖSE við að koma í veg fyrir að átök brjótist út, þ.e. að vera fyrirbyggjandi og hafa stjórn á hættuástandi. Þá var ályktað um verslun með börn og konur sem neydd eru til að stunda vændi. Einnig var ályktað um morðið á rússnesku þingkonunni Galinu Starovoitovu, sem var dálítið merkilegt því að þar voru gagnrýnd mannréttindi í gestalandinu, þar sem þingið var haldið. Ályktað var um þróun réttarríkis og mannréttinda í Rússlandi og þá var ályktun um stjórnmálaástandið í Hvíta-Rússlandi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra, skýrslan liggur fyrir á þskj. 674. En ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum fyrir gott starf og einnig ritara nefndarinnar, Gústaf Adolfi Skúlasyni, fyrir ágætt starf og mikla hjálp.

[18:55]

Útbýting þingskjala:

Íslensk málnefnd, 501. mál, nál. menntmn., þskj. 1031.

Staðfest samvist, 558. mál, nál. allshn., þskj. 1032.

Þinglýsingalög, 281. mál, nál. allshn., þskj. 1019; brtt. allshn., þskj. 1020.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 414. mál. — Þskj. 675.

[18:56]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum mæla fyrir þeirri skýrslu sem liggur hér fyrir á þskj. 675 og greinir frá starfi Íslandsdeildar þingmannadeildarnefndar EFTA á síðasta ári.

Ég vil fyrst gera örlitla grein fyrir þingmannanefndinni. Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Umsvif og starfsemi nefndarinnar urðu meiri þegar samningar hófust um Evrópska efnahagssvæðið árið 1989 og mikilvægi hennar jókst enn þegar EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994, en fulltrúar úr henni skipa EFTA-hluta sameiginlegu þingmannanefndar EES. Aðild að EFTA eiga nú Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss og sitja þjóðkjörnir fulltrúar þessara ríkja í þingmannanefndinni. Þar sem Svisslendingar eru ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu varð þingmannanefndin með gildistöku EES-samningsins að formi til tvískipt, þ.e. annars vegar upphaflega nefndin, nú með fjórum fyrrgreindum aðildarríkjum, og hins vegar nefnd ríkjanna þriggja sem mynda EFTA-hluta EES.

Þingmannanefnd EFTA heldur fundi fjórum til fimm sinnum á ári, en fundar jafnframt tvisvar á ári með ráðherraráði EFTA. Nefndin fjallar um starfsemi EFTA, gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga, málefni EES og Evrópusambandsins og efnahags- og viðskiptamál almennt. Alþingi á fimm fulltrúa í þingmannanefnd EFTA eins og önnur aðildarríki. Þingmannanefnd EFTA á einnig samstarf við ríki sem EFTA hefur gert fríverslunar- eða samstarfssamninga við, t.d. ríki á Miðjarðarhafssvæðinu og í Mið- og Austur-Evrópu. Þessi þáttur í starfi EFTA eykst stöðugt og eru fríverslunarsamningar við fleiri lönd og svæði í bígerð. Má þar helst nefna samning sem væntanlegur er við Kanada á næstu vikum en að þeirri samningsgerð hefur verið unnið um nokkurt skeið.

Íslandsdeildin er skipuð fimm þingmönnum eins og fyrr greinir en þar sem alþingiskosningar fóru fram á síðasta ári urðu mannaskipti eftir kosningar. Á fyrri hluta ársins sátu í nefndinni Vilhjálmur Egilsson, formaður, Gunnlaugur M. Sigmundsson, varaformaður, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson. Auk þess átti Svavar Gestsson sæti sem áheyrnarfulltrúi til 6. mars á síðasta ári er hann lét af þingmennsku. Eftir kosningar var kjörin ný Íslandsdeild eins og fyrr greinir og skipa hana: Vilhjálmur Egilsson formaður, þingflokki sjálfstæðismanna, Kristinn H. Gunnarsson varaformaður, þingflokki framsóknarmanna, Össur Skarphéðinsson, þingflokki jafnaðarmanna, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingarinnar, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, þingflokki sjálfstæðismanna, og Ögmundur Jónasson, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Varamenn eru Gunnar Birgisson, þingflokki sjálfstæðismanna, Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Alþýðubandalagsins, frá 19. febrúar þingflokki Samfylkingar, Katrín Fjeldsted, þingflokki sjálfstæðismanna, Jón Kristjánsson, þingflokki framsóknarmanna, og Kolbrún Halldórsdóttir, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Megináherslan í starfi nefndanna, þ.e. þingmannanefnda EFTA og EES, undanfarin ár hefur að jafnaði verið að fylgj-

ast sem best með framkvæmd EES-samningsins. Nefndirnar leita upplýsinga frá ráðherraráði EFTA og EES og embættismönnum stofnana EFTA og Evrópusambandsins og koma skoðunum og áherslun þingmanna á framfæri við þessa aðila. Á síðasta ári fylgdist þingmannanefnd EFTA grannt með framgangi nýgerðra tvíhliða samninga Sviss og Evrópusambandsins og ræddi sérstaklega áhrif þeirra á EFTA-samstarfið og þær breytingar sem gera þyrfti á Stokkhólmssáttmálanum til þess að EFTA/EES-ríkin væru ekkert í lakari stöðu gagnvart Sviss en aðildarríki ESB.

Nefndin ræddi einnig um ákvarðanir er varða fríverslunarsamning EFTA við ýmis ríki. Þingmannanefndirnar fylgdust einnig grannt með samningaviðræðum um áframhald þróunarsjóðs EFTA og þeim áhrifum sem málið hafði á EES-samstarfið. Sex skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES á árinu og samþykktar voru ályktanir á grundvelli þeirra. Skýrslurnar sem voru ræddar fjölluðu um ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar fyrir 1998, einsleitni innan EES, neytendamál innan EES, stækkun Evrópusambandsins og áhrif hennar á Evrópska efnahagssvæðið, öryggi matvæla innan Evrópska efnahagssvæðisins og starf þingmannanefndar EES síðustu fimm ár.

Loks ber að geta funda sem Íslandsdeildin átti á árinu með fulltrúum þjóðþinga þeirra ríkja sem næst tóku við forsæti í ráðherraráði Evrópusambandsins. Nefndin fundaði með fulltrúum Evrópunefndar finnska þingsins í Helsinki 3. júní en Finnland sat í forsæti ESB á síðari hluta síðasta árs. Auk þess hélt nefndin fund með fulltrúum Evrópunefndar portúgalska þingsins í Lissabon 3. desember sl. en Portúgal tók við forsæti í ráðherraráðinu nú í ársbyrjun.

Þá er í þeirri skýrslu sem ég mæli fyrir í ítarlegu máli gerð grein fyrir þeim fundum sem þingmannanefndin sótti á árinu og geta þeir sem áhuga hafa kynnt sér það í þeirri skýrslu sem hér er til umræðu.

Ég vil, herra forseti, láta þetta duga sem almenna innleiðingu af minni hálfu og greinargerð um skýrsluna. Ég vænti þess að menn séu nokkru fróðari um starf nefndarinnar eftir en áður.

Evrópuráðsþingið 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 415. mál. — Þskj. 676.

[19:04]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar Evrópuráðsins fyrir árið 1999.

Árið 1999 fagnaði Evrópuráðið fimmtíu ára afmæli sínu. Halldór Ásgrímsson utanrrh. gegndi formennsku í ráðherranefnd ráðsins frá 7. maí–4. nóvember. Í tilefni afmælisársins var efnt til sérstaks Alþingis ungmenna dagana 29.–31. mars sem var einstaklega líflegt og þótti takast mjög vel. Þá fundaði stjórnmálanefnd Evrópuráðsþingsins á Íslandi í september og var fundurinn haldinn í tengslum við formennsku Íslands í ráðherranefndinni. Því má segja að árið 1999 hafi verið bæði sögulegt fyrir Evrópuráðið sjálft og fyrir þátttöku Íslands í starfi þess.

Hlutverk Evrópuráðsins er að standa vörð um mannréttindi og lýðræði og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum í öllum aðildarríkjum. Til þess beitir ráðið sér fyrir samningu og samþykkt bindandi fjölþjóðasáttmála. Ályktanir Evrópuráðsins og fjölþjóðasáttmálar sem þar eru samþykktir hafa víðtæk áhrif í álfunni allri. Fjölmargir sáttmálar ráðsins sem snerta ýmis svið þjóðlífsins eru mikilvægar mælistikur fyrir þjóðir sem eru að koma á fót lýðræði og réttarríki í löndum sínum. Þar ber að sjálfsögðu hæst mannréttindasáttmála Evrópu, en slíkar mælistikur Evrópuráðsins gilda einnig fyrir aðrar fjölþjóðastofnanir og samtök. Sem dæmi um það má nefna að í Amsterdamsáttmála Evrópusambandsins er að finna málsgrein þar sem undirritun mannréttindasáttmála Evrópu er gerð að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir inngöngu í sambandið. Um þessar mundir gegnir Evrópuráðið m.a. því veigamikla hlutverki að styðja lýðræðis- og efnahagsuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnahagsaðstoð, lagaaðstoð, tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört. Árið 1989 voru þau 22 en eru nú 41 talsins, auk þess sem fjöldi ríkja hefur sótt um aðild. Pólitískt vægi ráðsins hefur því aukist verulega undanfarin ár, en íbúar aðildarríkjanna eru um 750 milljónir.

Þann 17. maí 1999 tóku gildi nýjar reglur um alþjóðanefndir Alþingis. Með breytingunni er m.a. lögð meiri áhersla á að aðalmenn sinni starfi Íslandsdeildanna en varamenn í forföllum þeirra. Ný Íslandsdeild var kjörin 16. júní að afstöðnum alþingiskosningum 8. maí.

Frá og með 16. júní voru aðalmenn deildarinnar Lára Margrét Ragnarsdóttir formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ólafur Örn Haraldsson varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, þingflokki Framsóknarflokks og Bryndís Hlöðversdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar.

Ritari Íslandsdeildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Evrópuráðsþingið gegnir veigamiklu hlutverki í starfsemi Evrópuráðsins og er í raun hugmyndabanki stofnunarinnar. Á þinginu sitja 527 fulltrúar sem skiptast til helminga í aðal- og varamenn og fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þingið starfar í fjórtán málefnanefndum. Þá sitja formenn landsdeilda í stjórnarnefnd og í sameiginlegri nefnd með ráðherranefndinni, auk þess sem tuttugu þingmenn sitja í forsætisnefnd þingsins. Loks starfa á þinginu fimm flokkahópar, óháð þjóðerni. Þingið fundar fjórum sinnum á ári, í lok janúar, apríl, júní og september.

Mikilvægi þingsins felst einkum í því að:

eiga frumkvæði að aðgerðum og gera beinar tillögur til ráðherranefndarinnar,

hafa eftirlit með efndum fjölþjóðlegra skuldbindinga og þrýsta á um skjótar aðgerðir og

vera samráðsvettvangur þingmanna aðildarríkjanna og efla þannig tengsl þjóðþinga.

Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir í samræmi við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningu í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál. Ég vil sérstaklega

vekja athygli á því að Evrópuráðsþingið er eina alevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Þingfundir þar sem menn starfa saman, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum eru mjög mikilvægir, ekki síst fyrir nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu.

Reynslan hefur sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og ætlað pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins hefur fært sig vel inn í þá möguleika sem þetta felur í sér, en deildin er mjög virk innan nefndanna.

Undirrituð hefur gengt varaformennsku í heilbrigðis- og félagsmálanefnd, auk varaforsetastarfa og lagt áherslu á stjórnmálanefnd. Ólafur Örn Haraldsson hefur setið í umhverfisnefnd og í eftirlitsnefnd þingsins. Margrét Frímannsdóttir hefur lagt megináherslu á jafnréttisnefnd og laga- og mannréttindanefnd.

Eins og hæstv. utanrrh. sagði í framsöguræðu sinni í morgun er starf þingsins sífellt mikilvægara og má sérstaklega vekja athygli á kosningaeftirliti og öðru eftirliti með framkvæmd mannréttinda og lýðræðis. Íslandsdeildin hefur nokkrum sinnum tekið þátt í slíkum eftirlitsferðum eins og kunnugt er.

Á janúarfundinum 1999 var Russel-Johnston lávarður kjörinn forseti Evrópuráðsþingsins, en varaforsetarnir voru kjörnir í fyrsta sinn í leynilegri atkvæðagreiðslu á þeim fundi. Undirrituð var kjörin 2. varaforseti þingsins næst á eftir breska þingmanninum Terry Davis.

Á fundinum var samþykkt að mæla með því við ráðherranefndina að Georgíu yrði veitt aðild að Evrópuráðinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Á þessum janúarfundi voru einnig ræddar fjölmargar skýrslur og ályktað um mál, en helstu mál eru skýrsla svokallaðrar vitringanefndar ráðherraráðsins um þróun sameinaðrar Evrópu, framtíðarskipan milliríkjasamstarfs í Evrópu, pólitískan ramma fyrir samstarf Evrópuríkja á nýrri öld, umsókn Georgíu um aðild að Evrópuráðinu, eins og áður segir, skuldbindingar Úkraínu sem aðildarríkis Evrópuráðsins, ástand mála í sambandslýðveldinu Júgóslavíu og í Kosovo-héraði og stöðu efnahagsmála í Rússlandi og Úkraínu.

Á þessu þingi tók hv. þm. Hjálmar Jónsson þátt í umræðu um skýrslu um pólitískan ramma fyrir samstarf Evrópuríkja á nýrri öld. Undirrituð spurði Knut Vollebæk, þáv. formann ráðherraráðs ÖSE, hvort hann teldi líklegt til árangurs, jafnvel réttlætanlegt, að senda 1.200 óvopnaða eftirlitsmenn til Kosovo til að hafa eftirlit með vægast sagt óstöðugu vopnahléi, og hvort ekki væri í raun verið að setja þá í óþarfa hættu og jafnvel vekja falska öryggiskennd á meðal íbúa héraðsins. Vollebæk svaraði og viðurkenndi að öryggi sveitanna sjálfra væri áhyggjuefni og sagðist ítrekað hafa gert báðum aðilum deilunnar það ljóst að þeir yrðu sjálfir að sýna samnings- og sáttarvilja.

Á fundi þingsins í september 1998 hafði undirrituð borið fram spurningu til þáv. formanns ráðherranefndar Evrópuráðsins um stöðu mannréttindamála sem verið höfðu á borði ráðherranefndarinnar árum saman og hvers vegna fullnusta þeirra tæki jafnlangan tíma og raun bæri vitni. Fyrir fund þingsins í janúar hafði borist skriflegt svar frá ráðherranefndinni þar sem kom m.a. fram að langan biðtíma eftir fullnustu mála megi skýra með vísan í réttarúrbætur í viðkomandi ríkjum eða með því að beðið sé eftir niðurstöðu úr öðrum sambærilegum málum sem hafa beri til hliðsjónar. Undirrituð lagði aftur fram spurningu á þessu þingi og spurði sérstaklega um framkvæmd tveggja mála, tyrknesks og fransks, og sömuleiðis voru þessar spurningar ítrekaðar á næstu fundum ársins.

Á aprílfundum voru málefni Kosovo efst á dagskrá auk málefna Bosníu-Hersegóvínu. Georgía hlaut formlega aðild að Evrópuráðinu og varð 41. aðildarríki þess. Loks hófust formleg hátíðahöld í tilefni þess að Evrópuráðið fagnaði fimmtíu ára afmæli sínu 7. maí 1999 og voru þau hátíðarhöld haldin í Strassborg, London og Búdapest. Á aprílfundinum voru sömuleiðis ræddar skýrslur og ályktað og vil ég þá einkum tiltaka átök í Kosovo og stöðu mála í sambandslýðveldinu Júgóslavíu, ástand flóttamanna frá Kosovo, þörfina á aukinni efnahagssamvinnu ríkja Suðaustur-Evrópu, skuldbindingar Króatíu sem eins aðildarríkis Evrópuráðsins o.fl.

Í lok apríl var haldið Evrópuráðsþing ungmenna í Strassborg og sóttu þingið þau Sigrún Sigurðardóttir og og Sigurður Jóhannsson fyrir Íslands hönd en þau voru tilnefnd af stjórn Æskulýðssambands Íslands. Á ungmennaþinginu voru ræddar skýrslur og ályktað um menningarmál, þátttöku borgara í lýðræðisskipulaginu svo og um Kosovo.

Á júnífundi þings Evrópuráðsins bar hæst sérstakar umræður um stöðu mála í Kosovo og Júgóslavíu og síðan um díoxínmengunarhneykslið í Belgíu og var ályktað um þessi mál. Á þessu þingi var einnig kjörinn nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins og tók hann við af Svíanum Daniel Tarschys. Walter Schwimmer, hinn nýi framkvæmdastjóri, er austurrískur og bar hann naumlega sigurorð af mótframbjóðanda sínum, breska þingmanninum Terry Davis.

Meðal skýrslna sem ræddar voru og ályktað var um voru um samskipti Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna, ólöglegar athafnir sértrúarhópa, Þróunarbanka Evrópu, jöfnun á stöðu kynjanna í stjórnmálum, viðauka við mannréttindasáttmála Evrópu um félagsleg grundvallarréttindi, og eins og áður var sagt, díoxín og öryggi matvæla. Auk þess var rætt um Kosovo og stöðu mála í sambandslýðveldinu Júgóslavíu.

Hæstv. utanrrh. og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, Halldór Ásgrímsson, ávarpaði þingið fyrir hönd ráðherranefndarinnar og svaraði jafnframt spurningum þingmanna. Í ávarpi sínu gerði ráðherra m.a. grein fyrir hlutverki Evrópuráðsins í uppbyggingarstarfi að loknum átökunum í Kosovo og heimsókn sinni til Bosníu-Hersegóvínu skömmu fyrir fundinn. Þá fjallaði hann um samskipti Evrópuráðsins við ÖSE og ESB, fjármál stofnunarinnar og innra skipulag hennar.

Undirrituð spurði hann um verkaskiptingu ÖSE og Evrópuráðsins við uppbyggingu lýðræðislegra stofnana í Kosovo og hvort hann teldi ekki eðlilegra að Evrópuráðið, sem hefði mesta reynslu á þessu sviði, gegndi þar stærra hlutverki en raunin væri. Ráðherrann svaraði því til að vissulega væri ávallt reynt að nýta þá stofnun sem besta þekkingu hefði á viðkomandi málaflokkum og sagði miður ef það væri ekki gert.

Fjórði og síðasti þingfundurinn á árinu 1999 var haldinn í lok septembermánaðar og voru málefni Kosovo voru efst á baugi sem endranær og jafnframt var mikið rætt um stöðu á Austur-Tímor, auk árlegrar umræðu um OECD og stöðu efnahagsmála í heiminum. Enn fremur voru rædd mál eins

og skýrslur um líftækni og hugverkarétt, hvernig lýðræðisríki í Evrópu bregðast við hryðjuverkum, skuldbindingar Slóvakíu á vettvangi Evrópuráðsins, Kosovo og stöðuna í Suðaustur-Evrópu og sjálfbæra þróun við Miðjarðarhaf og Svartahaf.

Á þinginu spurði undirrituð formann ráðherranefndarinnar, Halldór Ásgrímsson, hvort hann teldi hlutverkið sem Evrópuráðinu væri fengið í yfirlýsingu Sarajevo-fundarins um stöðugleikasáttmála í Evrópu fullnægjandi. Fram kom í svari formannsins að mikilvægt væri að halda á lofti merki Evrópuráðsins við framkvæmd stöðugleikasáttmálans. Aðkoma ráðsins að þeim málaflokkum sem það hefði sérþekkingu á væri tryggð. En ráðherrann sagði hins vegar mikilvægt að aðildarríkin gerðu ráðinu kleift að sinna þessu starfi með nægum fjárframlögum.

Íslenska sendinefndin tók að venju virkan þátt í nefndarstörfum og stýrði undirrituð þingfundum og fundi heilbrigðisnefndar þingsins í fjarveru formanns og tók þátt í umræðum um framtíðarstöðu eldri borgara fyrir hönd nefndarinnar. Þá var undirrituð kjörin til setu í stjórn alþjóðlegrar stofnunar um framkvæmd lýðræðis eða International Institute for Democracy og eiga aðild þar að m.a. Evrópuráðið og Evrópusambandið.

Fyrir utan fastaþingin koma stærstu nefndir þingsins saman á svonefndu aukaþingi tvisvar á ári eða Mini Sessions. Það eru nefndir eins og stjórnmálanefnd, framkvæmdanefnd og félags- og heilbrigðismálanefnd þingsins. Á þessum fundum, á fundi stjórnarnefndarinnar í nóvember, lagði undirrituð fram skýrslu um óhefðbundnar lækningar og var sú skýrsla samþykkt.

Hinar 14 fastanefndir þingsins koma annars saman á öllum þingum ráðsins í Strassborg en auk þess heldur hver nefnd þingsins fimm til sex fundi utan Strassborgar svo að um æðivíðfeðmt og mikið starf er að ræða fyrir þá þrjá aðalmenn sem þessu sinna.

Herra forseti. Þó að það sé utan ramma eða tímaramma árskýrslunnar tel ég rétt að geta umræðunnar á þingi ráðsins sem lauk í síðustu viku. Stjórnmálanefnd og framkvæmdanefnd höfðu frá því í haust fjallað um ástandið í Tsjetsjeníu og ályktað í þeim efnum til ráðherraráðsins. Á þingfundi í janúar ályktaði svo þingið um þessa stöðu og fór m.a. fram á að ráðherraráðið hlutaðist til um að stríðsátökum yrði hætt og flóttamönnum gefin grið. Þingið ályktaði um málið í tíu liðum og mælti með því að ef mælanlegar úrbætur hefðu ekki verið gerðar fyrir aprílþingið skyldi Evrópuráðsþingið endurskoða veru Rússlands innan ráðsins. Samhliða þessu skyldi þingið senda eftirlitsnefnd til Kákasus til að kynna sér stöðuna í Tsjetsjeníu og nágrannalöndum.

Niðurstaða nefndarinnar sem fór til Kákasus, eins og flestum er kunnugt, er að mannréttindabrot og stríðsrekstur sem viðgengst nú á svæðinu og viðgekkst í vetur samræmdist engum markmiðum Evrópuráðsins eða þeim sáttmálum sem Rússland undirritaði við inngöngu í Evrópuráðið fyrir fjórum árum eða árið 1996. Niðurstaða skýrslunnar varð því sú að krefjast fortakslausra úrbóta af hálfu Rússa en mælast til þess við ráðherranefndina að undirbúningur að brottvikningu Rússa úr ráðinu hæfist þegar.

Ný sendinefnd Rússa á Evrópuráðsþinginu lagði fram kjörbréf sín á þessu þingi. Voru þau samþykkt en þó með þeim skilyrðum að þar til verulegar úrbætur yrðu gerðar á stöðu Rússa gagnvart Evrópuráðinu hefðu Rússar ekki atkvæðisrétt á þinginu en málfrelsi og tilögurétt bæði í þingi og þingnefndum ráðsins.

Þessi vinnubrögð Evrópuráðsins eru óvenjuleg því ekki hefur oft þurft að grípa til slíkra aðgerða. Í raun hefur aðeins verið gripið eða nær því gripið til slíkra aðgerða 1968 er Evrópuráðið hafði samþykkt að segja Grikkland úr ráðinu en Grikkir höfðu frumkvæðið að því og sögðu sig sjálfir úr ráðinu nokkrum dögum áður.

Einnig var óvanaleg sú samþykkt þingsins á þessu þingi nú fyrir viku síðan að leggja til gagnvart Úkraínu að ef ekki yrði farið að stjórnskipunarlögum við atkvæðagreiðslu um stjórnarskrána sem á að verða 26. apríl nk. þá mundi Úkraína missa aðild sína að Evrópuráðinu að tilmælum þingsins.

Herra forseti. Evrópuráðsþingið hefur stækkað um helming á liðnum tíu árum. Eins og ég sagði áðan hefur það orðið æ virkara og pólitískara í þróun undanfarinna ára og mun sú þróun eflaust halda áfram á næstu árum. Það verður að telja eðlilegt þar sem þetta er ein stærsta eða stærsta evrópska fjölþjóðastofnunin með 41 aðildarríki sem eru mörg hver nýfrjáls og í örri lýðræðisþróun.

Ég vil að lokum þakka hv. alþingismönnum, samverkamönnum mínum á Evrópuráðsþinginu, Margréti Frímannsdóttur og Ólafi Erni Haraldssyni, fyrir samstarfið og Gústaf Adolfi Skúlasyni fyrir góða aðstoð hans.

NATO-þingið 1999, ein umr.

Skýrsla Íslandsdeildar NATO-þingsins, 416. mál. — Þskj. 677.

[19:24]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Á þskj. 677 liggur fyrir skýrsla frá Íslandsdeild NATO-þingsins fyrir árið 1999. Ég vil fylgja skýrslunni úr hlaði með örfáum orðum.

Þann 16. júní sl. var kosin ný Íslandsdeild. Hana skipa Tómas Ingi Olrich, þingflokki Sjálfstæðisflokks, formaður, Guðmundur Árni Stefánsson, þingflokki Samfylkingarinnar, varaformaður, og Jón Kristjánsson, þingflokki Framsóknarflokks. Varamenn deildarinnar voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Ásta R. Jóhannesdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar, og Valgerður Sverrisdóttir, þingflokki Framsóknarflokksins, þar til hún tók við embætti iðn- og viðskrh. Þá hætti hún setu í Íslandsdeildinni.

Helstu verkefni NATO-þingsins á síðasta ári voru að ræða ástandið á Balkanskaga, ræða endurskoðun öryggisstefnu bandalagsins, m.a. hlutverk þess í íhlutun af mannúðarástæðum, stækkun bandalagsins til austurs og samskipti við Rússland og Úkraínu. Þetta voru helstu verkefnin sem voru til meðferðar. Því er ekki að leyna að samstarf Evrópuríkja í öryggismálum tók mikinn tíma þingsins en það hefur verið þar til umræðu hjá þjóðum Evrópubandalagsins að efla Evrópustoð sína í varnarmálum.

Þetta er flókið verkefni og ekki er sýnt hvernig uppbyggingu þessa varnarsamstarfs lyktar. Við Íslendingar sem höfum verið meðlimir í NATO frá upphafi og virkir þátttakendur í samstarfi um öryggismál í Vestur-Evrópu, höfum lagt á það áherslu að hafa aðild líka, eins og við höfum að Vestur-Evrópubandalaginu núna, að umræðum um varnarmál á fyrstu stigum. Við höfum lagt á það mikla áherslu í umræðum á NATO-þinginu.

Eins og ég sagði er um flókið verkefni að ræða. Það eru 19 þjóðir í NATO. Sex þjóðir af þessum 19 eru ekki í Evrópubandalaginu. Þrjár þjóðir eru í Evrópubandalaginu en ekki í NATO. Þetta kostar nokkuð flókna uppbyggingu sem er ekki til lykta leidd enn þá eða með hverjum hætti stofnanir þessa Evrópusamstarfs verða. Þetta starf hefur tekið mikinn tíma þingsins.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um skýrsluna. Hún liggur fyrir ásamt því að upplýsingar um einstaka fundi og þing hafa verið lagðar fyrir jafnóðum eins og títt er.

Ég vil nefna að lokum að ég átti þess kosta á síðasta áratug, á fyrstu árum mínum í Alþingi, að sitja í NATO-þinginu í tvö ár. Það var áður en kalda stríðinu lauk formlega. Þá var þegar farið að reyna að mynda sambönd við Austur-Evrópu og senda þingmannanefndir til Austur-Evrópulanda. Þegar ég átti þess svo kost aftur núna á þessum áratug að sitja þarna höfðu orðið miklar og afgerandi breytingar á þessum samtökum þar sem allar þjóðir Evrópu eru komnar þarna inn á einn eða annan hátt, með aukaaðild, áheyrnaraðild eða aðild með áheyrn og tillögurétti. Þetta hefur orðið til að þessi samtök eru orðin mikilvægur samráðsvettvangur þjóða í Evrópu, hvort sem þær þjóðir eru í NATO eða ekki.

Auðvitað hefur stækkun NATO verið fyrirferðarmikil í umræðunni síðustu árin en nú eru formlega gengnar inn þrjár þjóðir sem tilheyrðu fyrrum Varsjárbandalaginu meðan það var við lýði og áfram er haldið í þá veru þó að ekki sé fyrirhugað að bæta þar inn nýjum þjóðum á þessu ári.

Ég þakka samstarfsmönnum mínum í Íslandsdeild NATO-þingsins fyrir ágætt samstarf á síðasta ári og þakka alþjóðadeild þingsins fyrir þjónustu hennar og ritara nefndarinnar, Gústaf Adolfi Skúlasyni, sem hefur verið okkur til halds og trausts.

Yrkisréttur, 1. umr.

Stjfrv., 527. mál. — Þskj. 828.

[19:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um yrkisrétt fyrir hönd landbrh., Guðna Ágústssonar, sem er eins og kunnugt er sjúkur um þessar mundir, þótt hann sé nú á góðum batavegi sem betur fer.

Með aðild að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunar skuldbinda Íslendingar sig til að lögfesta reglur um vernd hugverka á sviði plöntukynbóta. Þetta frv. er til komið vegna þessara skuldbindinga.

Með frv. þessu er lagt til að hér á landi verði lögfestur möguleiki á vernd á hugverkarétti í plöntukynbótum sem nefndur hefur verið yrkisréttur. Frv. er samið með tilliti til þess að það samræmist alþjóðlegum samningi um vernd nýrra yrkja, svokölluðum UPOV-samningnum, og höfð er hliðsjón af framkvæmd hans í nágrannalöndunum.

Herra forseti. Þetta mál skýrist sig að mestu leyti sjálft og ég vænti þess að nánari upplýsingar geti komið fram um það við meðferð þess í nefnd og sé því ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir því við 1. umr. (**Gripið fram í:** Það er samt fróðlegt.) Það er afar fróðlegt, það er rétt, og ég tel það ekkert eftir mér, en ég veit ekki hvort það er jafnskemmtilegt en það er nú svo með ýmis mál á hv. Alþingi að við verðum margt að þola í þeim efnum. En ég ætla ekki að leggja það á hv. þm. og legg til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn. sem ég veit að muni fjalla vel og ítarlega um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 551. mál (gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 853.

[19:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það frv. sem mælt er fyrir er flutt til að lagfæra annmarka sem verið hafa á lögunum og samræma ákvæði þeirra, einkum er varðar fiskræktar- og fiskeldismál. Hins vegar er um að ræða breytingar sem eru gerðar til að ákvæðin samrýmist betur lögmætisreglunni um heimild til töku skatta og þjónustugjalda. Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir að það sé hægt til að fjármagna þá starfsemi sem á að fara fram. Gerð er ítarleg grein fyrr þessu máli, hæstv. forseti, í frv. og í grg. með því. Ég vísa til þess og vænti þess að það verði nánar farið ofan í saumana á því í hv. landbn. og legg til að því verði að lokinni umræðuni vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[19:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði. Mér var það á, herra forseti, að líta pínulítið á þetta frv. Þá sá ég allt í einu að í því leyndust skattalög vegna þess að í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingum á 92. gr. laganna um lax- og silungsveiði. Þar er fjallað um það m.a. að 3‰ af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu skuli renna til fiskræktarsjóðs. Þetta er mjög skemmtilegt orð „óskírum" tekjum. Nú er því breytt yfir í „heildartekjum", „3‰ af árlegum heildartekjum vatnsaflsstöðva sem selja orku til almennings". Í f-lið stendur svo „3‰ af árlegum heildartekjum vatnsaflsstöðva vegna sölu á raforku samkvæmt sérsamningum til nýrra stórnotenda". Þetta eru greinilega skattalög. Lagður er skattur á vatnsaflsstöðvar og auk þess er lagður skattur á útborgaðan arð veiðifélaga sem er svona aukatekjuskattur á þau félög, en það er þessi skattur á vatnsaflsstöðvar sem ég ætla að gera að umtalsefni.

Hér er greinilega um skatt að ræða því að greiðendur komast ekki undan honum. Hann er lagður á með lögum og hann rennur til sjóðs sem heitir fiskræktarsjóður. Ég fór að kíkja dálítið á þann sjóð. Með stjórn fiskræktarsjóðs fer veiðimálanefnd, herra forseti, veiðimálanefnd, allt hugtök sem ég hafði ekki þekkt hingað til en maður lærir svo lengi sem maður lifir. Í 89. gr. laganna stendur: „Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn ..." Hér er sem sagt um að ræða skatt á vatnsaflsstöðvar, þ.e. raforkuframleiðslu, sem á að renna í veiðimálanefnd sem á svo aftur að veita lán og styrki til mannvirkjagerðar er lýtur að fiskrækt og fiskeldi. Nú er svo merkilegt að ein vatnsaflsstöð, þ.e. Blanda, bætti Blöndu sem veiðiá, þannig að Blanda sem var óveiðanleg þangað til var allt í einu orðin að tærri bergvatnsá og var veiðanleg. Þess vegna er dálítið undarlegt að til þess að gera Blöndu að veiðiá þurfi Blönduvirkjun að borga auk þess skatt, 3‰ í fiskrækt. Ég sé nú reyndar ekkert af hverju vatnsaflsstöðvar

eiga að borga í fiskrækt, ég skil það ekki. Ég vildi bara vekja athygli á því að í þessum lögum eru dulin skattalög og það er mikil spurning, herra forseti, hvort eigi ekki að vísa frv. til efh.- og viðskn. eða a.m.k. að fá umsögn þeirrar nefndar til hv. landbn. þar sem það er efh.- og viðskn. sem fjallar um skattalög en ekki landbn. En þetta eru greinilega skattalög þó skatturinn renni í þessu tilfelli til fiskræktarsjóðs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innflutningur dýra, 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva o.fl.). — Þskj. 854.

[19:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra en tilgangur þess frv. sem hér flutt er að aðlaga ákvæði laganna um innflutning dýra, nr. 54/1990, að þeirri reynslu og framkvæmd sem mótast hefur á gildistíma þeirra og þeirri þróun löggjafar á sviði landbúnaðar sem orðið hefur frá því lögin voru sett.

Eins og kunnugt er var sett á stofn sóttvarnastöð fyrir nautgripi í Hrísey árið 1973. Í fyrstu sá embætti yfirdýralæknis um þann rekstur, síðan var þessi sóttvarnastöð leigð Landssambandi kúabænda 1. jan. 1994, en árið 1993 var Svínaræktarfélagi Íslands heimilað að reisa sóttvarnastöð fyrir svín þar í eyjunni og síðan var stofnsett árið 1990 einangrunarstöð fyrir gæludýr á sama stað.

Innflutningur lifandi dýra sem hefur verið heimilaður á undanförnum árum hefur gengið í öllum meginatriðum áfallalaust og það er alveg ljóst að áframhald mun verða á slíkum innflutningi, m.a. vegna kynbóta, og jafnframt vegna gæludýra. Allt mótast þetta af því að við Íslendingar búum sem betur fer ekki við marga sjúkdóma sem herja á búfénað og önnur dýr í öðrum löndum og það er mikils um vert að koma í veg fyrir að þeir berist hingað til lands.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, gerð er ítarleg grein fyrir því í grg. og málið er þess eðlis að nauðsynlegt er að hv. landbn. fari ítarlega yfir það eftir því sem þurfa þykir. Fyrst og fremst felur frv. í sér aðlögun laganna um innflutning dýra, þróun annarrar löggjafar á þessu sviði sem orðið hefur frá því þessi lög voru sett 1990. Ég vil leggja til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:42.

102. FUNDUR

miðvikudaginn 26. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 551. mál, þskj. 853. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Innflutningur dýra, stjfrv., 552. mál, þskj. 854. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rafræn eignarskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 995. — 3. umr.
5. Bifreiðagjald, stjfrv., 219. mál, þskj. 996. — 3. umr.
6. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 286. mál, þskj. 435. — 3. umr.
7. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 223. mál, þskj. 997, brtt. 1005. — 3. umr.
8. Vörugjald af ökutækjum, stjfrv., 385. mál, þskj. 643. — 3. umr.
9. Atvinnuréttindi útlendinga, stjfrv., 261. mál, þskj. 1006. — 3. umr.
10. Eftirlit með útlendingum, stjfrv., 328. mál, þskj. 1007. — 3. umr.
11. Almenn hegningarlög, stjfrv., 359. mál, þskj. 1010. — 3. umr.
12. Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, stjfrv., 407. mál, þskj. 665. — 3. umr.
13. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 176. mál, þskj. 203, nál. 954, brtt. 955. — 2. umr.
14. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 293, nál. 1002. — 2. umr.
15. Þinglýsingalög, stjfrv., 281. mál, þskj. 421, nál. 1019, brtt. 1020. — 2. umr.
16. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 571, nál. 1001. — 2. umr.
17. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 543. mál, þskj. 845, nál. 1029. — 2. umr.
18. Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, stjfrv., 544. mál, þskj. 846, nál. 1030. — 2. umr.
19. Útvarpslög, stjfrv., 207. mál, þskj. 241, nál. 999, brtt. 1000. — 2. umr.
20. Íslensk málnefnd, stjfrv., 501. mál, þskj. 796, nál. 1031. — 2. umr.
21. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 246, nál. 1011, brtt. 1012. — 2. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðni Ágústsson landbrh.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðurl. v.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.

Sumarkveðjur.

[10:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill við upphaf þessa fyrsta fundar Alþingis eftir páskahlé óska alþingismönnum og starfsfólki Alþingis gleðilegs sumars og þakka fyrir samstarfið liðinn vetur.

Athugasemd um 54. gr. þingskapa.

[10:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Í 54. gr. þingskapa segir að þingmaður sem hefur óskað að taka til máls skuli mæla úr ræðustól en frá þessu megi víkja ef nauðsyn krefur. Þannig er ástatt fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e., Seingrími J. Sigfússyni, að hann mun fram að þinglokum ekki geta staðið í ræðustól þegar hann tekur til máls. Hann hefur til bráðabirgða fengið nýtt sæti í salnum og hefur verið settur hljóðnemi við sætið þannig að hann geti talað úr sæti sínu þegar og ef hann kveður sér hljóðs og fær hann þá orðið.

Tilkynning um dagskrá.

[10:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess varðandi fundahald í dag að reiknað er með að atvæðagreiðslur fari fram klukkan hálftvö. Forseti mun engu að síður freista þess að atkvæðagreiðslur um fyrstu þrjú dagskrármálin fari fram nú þegar. Að þeim afloknum fer fram utandagskrárumræða sem áður hefur verið tilkynnt um og er hún að beiðni hv. þm. Sverris Hermannssonar, um stjórn fiskveiða. Sjútvrh. Árni Mathiesen verður til andsvara. Um nánara fyrirkomulag umræðunnar verður tilkynnt eilítið síðar en við það er miðað að hún geti staðið rétt rúmar tvær klukkustundir og ljúki þar með fyrir klukkan fjögur, áður en hefðbundnir þingflokksfundir hefjast.

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 359. mál, þskj. 1010.

Barnabætur, 459. mál, svar fjmrh., þskj. 1016.

Eftirlit með útlendingum, 328. mál, þskj. 1007.

Greiðslur til öldrunarstofnana, 439. mál, svar heilbrrh., þskj. 1028.

Lagaleg staða byggðasamlaga, 597. mál, svar félmrh., þskj. 1033.

Launaþróun í heilbrigðisþjónustu, 475. mál, svar fjmrh., þskj. 924.

Tóbaksvarnir á heilbrigðisstofnunum, 494. mál, svar heilbrrh., þskj. 1034.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 405. mál, þskj. 1008.

Yrkisréttur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 527. mál. — Þskj. 828.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 551. mál (gjaldtaka o.fl.). — Þskj. 853.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Innflutningur dýra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 552. mál (rekstur sóttvarna- og einangrunarstöðva o.fl.). — Þskj. 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (gjaldskylda, innheimta). — Þskj. 996.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 3. umr.

Stjfrv., 286. mál (ársfundur og skipan stjórnar). — Þskj. 435.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 3. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 643.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 3. umr.

Stjfrv., 261. mál (undanþágur). — Þskj. 1006.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með útlendingum, 3. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 1007.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (vitnavernd, barnaklám o.fl.). — Þskj. 1010.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, 3. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 665.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (umsýsluþóknun). — Þskj. 203, nál. 954, brtt. 955. [10:42]

Frsm. umhvn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir um nál. umhvn. um frv. til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52 29. maí 1989, sbr. lög nr. 47 16. maí 1990.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórð H. Ólafsson og Sigríði Arnardóttur frá umhvrn., Andra Ottesen frá fjmrn. og fleiri.

Í frv. er lögð til endurskoðun á ákvæðum laga um umsýsluþóknun sem lögð er á einnota umbúðir undir drykkjarvörur. Jafnframt eru lagðar til breytingar sem fela það í sér að hver umbúðategund beri þann umsýslukostnað sem af henni hlýst og hærri umsýsluþóknun verði lögð á óhagkvæmar umbúðir. Að mati nefndarinnar var orðið tímabært

að endurskoða fjárhæðir umsýsluþóknunar hjá Endurvinnslunni og telur hún mikilvægt að rekstrargrundvöllur hennar sé tryggður enda um mikið þjóðþrifafyrirtæki að ræða.

Nefndin leggur til að gerðar verði breytingar á frv. Í 1. gr. frv., sem breytir 1. mgr. 1. gr. laganna, er umhvrh. heimilað að hækka hámarksfjárhæð umbúðaeiningar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins. Með ákvæðinu er ráðherra framseld heimild til að hækka gjaldið en samkvæmt stjórnarskránni verður að kveða skýrt á um skilyrði skattlagninga í lögum. Leggur nefndin til að ráðherra verði gert skylt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs þannig að skylda komi í stað heimildar.

Nefndin skoðaði málið með fulltrúum Endurvinnslunnar og fulltrúum fjmrn. og umhvrn. og leggur til að gerðar verði breytingar á fjárhæð í frv. eins og fram kemur í nál.

Við meðferð málsins ákvað nefndin að kanna leiðir til að taka upp skilagjald á drykkjarfernur og kallaði til viðræðna um það mál aðila frá Hagstofu Íslands og Sorpu. Að sögn forustumanna Sorpu er ekkert því til fyrirstöðu að bæta þessum umbúðategundum við þær sem þegar eru háðar skilagjaldi. Hvað varðar móttöku og endurvinnslu á drykkjarfernum gegn skilagjaldi er því tæknilega fært að taka við pappafernum og sjá um greiðslu skilagjalds. Telur nefndin að það mundi auka skil stórlega að taka upp skilagjald á drykkjarfernur. Mat fulltrúa Hagstofunnar var hins vegar að álagning skilagjalds á þessar vörur nú yrði til þess að hækka verð þeirra og að öllum líkindum hafa áhrif til hækkunar á vísitölu.

Nefndin telur sér því ekki fært að leggja fram tillögur í þessa veru að sinni en beinir því til umhverfisráðuneytis að fundnar verði leiðir til að taka upp skilagjald á drykkjarfernur án þess að það valdi hækkun á vísitölu, líkt og er með skilagjald af gosumbúðum. Þá er hvatt til þess að samhengi vísitölu og skilagjalds verði kannað með tilliti til þess að skilagjald verði tekið upp á fleiri tegundir af endurnýtanlegu efni, t.d. pappa og bíldekk.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Undir þetta rita frsm. sem hér stendur og hv. þm. Katrín Fjeldsted, Ásta Möller, Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Halldórsdóttur og Össur Skarphéðinsson með fyrirvara. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 293, nál. 1002.

[10:47]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1002 í 241. máli. Þetta er frv. til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

Nefndin fékk á fund sinn Berglindi Ásgeirsdóttur og Elínu Blöndal frá félmrn. Þá hafa umsagnir borist um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Jafnréttisráði, fjölskylduráði, karlanefnd Jafnréttisráðs, Félagi einstæðra foreldra og Bandalagi háskólamanna.

Frv. er lagt fram í þeim tilgangi að laga íslenska löggjöf að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa konum og körlum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Nauðsynlegt er að fá ákvæði um bann við uppsögnum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar inn í íslenskan rétt svo að unnt verði að fullgilda samþykktina, sem er frá árinu 1981, og fullnægja skyldum Íslands samkvæmt henni. Í íslenskum lögum er að finna örfáar undantekningar frá þeirri meginreglu vinnuréttar að atvinnurekandi þurfi ekki að tilgreina ástæður uppsagnar en þær eru í 11. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, í 7. gr. laga nr. 57/1987, um fæðingarorlof, og í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Verði ákvæði frumvarpsins að lögum er þar með komin ein undantekning til viðbótar frá meginreglunni sem fyrr var getið.

Við umfjöllun málsins komu nefndarmenn með fjölmargar athugasemdir um ýmis hugtök og skilgreiningar í frv. á borð við uppsögn, náin skyldmenni og búsetu á heimili. Nefndin leggur áherslu á að með frv. breytist ekki á nokkurn hátt hvað felst í hugtakinu uppsögn. Frv. tryggir ekki að launþegi fái greidd laun í fjarveru frá starfi vegna fjölskylduábyrgðar. Um kaup og kjör gilda samningar á almennum vinnumarkaði og um laun í fjarveru frá starfi fer eftir kjarasamningum viðkomandi starfsmanns, en nauðsynlegt er að skilja að rétt til launa annars vegar og rétt til að halda starfi hins vegar.

Töluverðar umræður urðu einnig í nefndinni um hverjir teldust náin skyldmenni og hvort sanngjarnt væri að takmarka fjölskylduábyrgð starfsmanns við ósjálfráða börn hans. Nefndin lítur svo á að eftir 18 ára aldur verði afkomendur starfsmanns hvort eð er skilgreindir sem náin skyldmenni hans en ekki börn í skilningi frv. Því mundi starfsmaður sem væri frá vinnu vegna skyldna sem hann bæri gagnvart fötluðu uppkomnu barni sínu til dæmis falla undir ákvæði frv. Þó telur nefndin rétt að taka af öll tvímæli um þetta með því að fella brott orðið „ósjálfráða“ í 2. mgr. 1. gr. og er brtt. gerð um það. Jafnframt telur nefndin að með maka sé átt við sambúðarmaka jafnt sem eiginmann eða eiginkonu. Fram kom við meðferð málsins að hugtakið náið skyldmenni er í raun skilgreint út frá búsetu. Þarna gæti til dæmis verið átt við fjarskylda aldraða frænku sem byggi á heimili starfsmanns. Það verður að teljast nánast ógerlegt að skilgreina í lögum hverjir teljist vera náin skyldmenni þar sem fjölskyldubönd manna eru misjöfn. Hvað varðar skilyrðið um að barn, maki eða náið skyldmenni verði að búa á heimili starfsmanns telur nefndin að ekki sé hægt að skýra það of þröngt og lítur svo á að hér hljóti að vera átt við þá sem búa eða hafa að jafnaði haft búsetu á heimili starfsmanns. Þannig sé til dæmis ekki hægt að segja manni upp störfum vegna þess að hann sé frá vinnu vegna skyldna gagnvart nánum ættingja sem liggur á sjúkrahúsi eða fötluðu barni sem vistað er á sérstöku heimili. Nefndin velti því einnig fyrir sér hvaða önnur tilvik en veikindi og fötlun gætu komið til greina við beitingu ákvæðisins og lítur svo á að það verði að skýra þröngt þannig að um sé að ræða tilvik sem jafnað verði til veikinda eða fötlunar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu að orðið „ósjálfráða“ í 2. mgr. falli brott.

Undir þetta nál. skrifa auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Jónína Bjartmarz, Guð-

rún Ögmundsdóttir, Kristján L. Möller, Vigdís Hauksdóttir og Steingrímur J. Sigfússon.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Að sjálfsögðu ber að fagna því að loksins hillir undir að Ísland samþykki samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 með þessu lagafrv. og þáltill. sem einnig er til umfjöllunar hér á þingi. Það er mat þeirra sem um þetta hafa vélað að þetta sé eina beina lagabreytingin sem þurfi að gera og felst í þessu einfalda lagaákvæði um að banna uppsögn starfsmanna vegna fjölskylduábyrgðar þeirra, eins og þarna er nánar skilgreint. Með þessu gefum við samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar stjórnskipulegt gildi hér og gerum nauðsynlegar ráðstafanir í landslögum.

Ég verð þó að segja, herra forseti, að það eru mér nokkur vonbrigði að þetta frv. skilgreinir þá þætti samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hér koma við sögu á eins þröngan hátt gagnvart starfsmanninum og mögulegt virðist. Einkum tel ég að tvennt orki mjög tvímælis að hafa jafntakmarkandi eða þröngt eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er í fyrra lagi orðið „eingöngu" í 1. málslið 1. gr. frv. en þar segir með leyfi forseta:

„Óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem hann ber."

Ég óttast að þetta kunni að bjóða upp á þá túlkun við framkvæmd laganna að svo lengi sem menn geti tínt til eitthvað annað þá komist menn upp með að segja mönnum upp jafnvel þó hin raunverulega ástæða sé sú að viðkomandi starfsmaður sé frá vinnu vegna þess að hann er að annast veikt skyldmenni eða heimilismann. Ég hygg að til að mynda sé öðruvísi frá þessu gengið en í lögum sem eiga að vernda þungaðar konur frá því að þeim sé sagt upp á meðan á meðgöngu stendur vegna þungunar sinnar. Þar er orðalagið afdráttarlaust. Það er með beinum, pósitífum hætti óheimilt að rjúfa ráðningarsamband við starfsmann þegar þannig stendur á að viðkomandi er þungaður.

Hér er hins vegar boðið upp á þá útfærslu að svo fremi sem hægt sé að tína til einhverjar aðrar ástæður þá sé í lögunum ekki fólgin einhlít vörn fyrir starfsmanninn gegn því að honum verði sagt upp. Ég hygg að þetta skýri sig sjálft þegar menn fara að skoða málið og ekki þurfi að hafa um þetta frekari orð. Þegar af þessum ástæðum óttast ég að í þessu sé ekki sú lagalega vörn sem ég tel að ætlunin sé að veita með samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þá loksins að undir það hillir að hún gangi hér í gildi.

Sönnunarbyrðin gæti af þessum ástæðum lent á starfsmanninum, að sanna að hin raunverulega ástæða uppsagnarinnar sé fjarvera starfsmannsins frá vinnu vegna umönnunar við skyldmenni en ekki einhver önnur ástæða.

Seinna atriðið, herra forseti, er að binda þetta alfarið við að viðkomandi aðili sem umönnunar þarfnast sé búsettur á heimili starfsmannsins. Það takmarkar að sjálfsögðu þetta ákvæði mjög. Sem dæmi má taka að væri um að ræða aldraða foreldri starfsmannsins sem byggi í sinni eigin íbúð eða annars staðar, á stofnun t.d., en þyrfti á stöðugri umönnun að halda, þá mundu lögin ekki veita starfsmanninum vernd fyrir uppsögn við slíkar aðstæður. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á að hér er valin sú leið að skilgreina þetta eða túlka með mun þrengri hætti en víða annars staðar er gert. Ég held, herra forseti, að það hljóti að vera okkur nokkurt umhugsunarefni að þegar það er borið saman þá virðist niðurstaða nefndar aðila vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambands, Alþýðusambands og félmrn., sem lögðu til þessa tillögugrein, að túlka þetta eða setja fram nánast eins þröngt og kostur er. Þannig þarf að uppfylla öll þessi skilyrði:

Í fyrsta lagi verður að vera um að ræða skyldur gagnvart ósjálfráða börnum, — eins og frv. segir en því leggur nefndin reyndar til að verði breytt — maka eða nánum skyldmennum starfsmannsins sjálfs.

Í öðru lagi þarf viðkomandi að búa á heimili starfsmannsins.

Þriðja skilyrðið er að viðkomandi þarfnist umönnunar starfsmannsins sjálfs eða forsjár, svo sem vegna veikinda, fötlunar eða sambærilegra aðstæðna.

Það er nauðsynlegt að menn hafi í huga að öll þessi skilyrði verða að vera uppfyllt til að lögin veiti starfsmanninum þá vernd sem þeim er ætlað að gera. Þarna velur Ísland þá leið við fullgildingu þessarar samþykktar, áratugum á eftir mjög mörgum öðrum ríkjum og flestum nágrannaríkjunum, að takmarka verndina nánast með eins þröngri skilgreiningu og kostur er.

Þetta eru mér vonbrigði, herra forseti, og ég læt þessa fyrirvara mína koma hér fram. Engu að síður, eins og ég sagði í upphafi, er ánægjuefni að það hilli nú loksins undir að þessi samþykkt verði fullgilt. Það hefur verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar um langt árabil en endurspeglar kannski veika stöðu hennar hér og lítinn skilning á þessum málum í íslenskum stjórnmálum hversu seint það hefur gengið. En það er þó að sjálfsögðu jákvætt skref og því ber að fagna að þetta verði gert. Breytingin er tvímælalaust til bóta svo langt sem hún nær. Af þeim ástæðum munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs greiða þessu frv. atkvæði okkar og ég hef skrifað undir nál. félmn. án fyrirvara.

[11:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð að því beri að fagna að nú hillir undir að samþykkt nr. 156 frá Alþjóðavinnumálastofnuninni verði nú fullgilt hér á hv. Alþingi. Ég minni hv. þm. á að þegar hefur komið hingað inn fullgildingartillaga utanrrh. sem er til umfjöllunar í utanrmn. þannig að gagnvart Alþjóðavinnumálastofnuninni mun það einnig koma skýrt fram að við höfum tekið þetta ákvæði inn í lög okkar.

Þegar mælt var fyrir þessari tillögu við 1. umr. velti ég því fyrir mér hvers vegna orðið „eingöngu" væri í tillögugreininni, hvort þar hefði þurft að ná málamiðlun við Samtök atvinnulífsins. Reynt hefur verið að ná þessari tillögu annaðhvort í kjarasamninga eða með lögum til að skapa þá vernd sem hér er stefnt að en ekki tekist hingað til. Var það krafa Samtaka atvinnulífsins að þrengja svo mjög að tillögunni og setja inn orðið „eingöngu"? Ef ég man rétt þá er það ekki að finna í þessari 8. gr. sem fyrst og fremst hefur verið til umfjöllunar varðandi ILO-samþykkt nr. 156.

Þess vegna langar mig að spyrja hvort það hafi verið skoðað í nefndinni hvort ástæða hafi verið til að breyta textanum sem slíkum eins og nefnt var við 1. umr. um málið. Var svo mikilvægt að ná samstöðu um texta sem hægt væri að setja hér fyrir þingið að ekki var talið æskilegt að hrófla mikið við honum?

Ég er hins vegar afskaplega ánægð að sjá að þarna er búið að taka út orðið „ósjálfráða", mér finnst það til bóta og vek athygli á því sem hér hefur komið fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það er afskaplega mikilvægt

að hér sé búin til vörn fyrir fólk á vinnumarkaði sem ber fjölskylduábyrgð. Ég hef áður sagt í umræðu um þetta mál að mörg ár séu síðan starfsmannastjóri í einu af stærstu fyrirtækjum þessa lands spurði mig: Hvernig stendur á því að við erum eina landið, af löndunum sem við berum okkur saman við, þar sem ég get kallað í starfsmann og sagt við hann: „Þér er hér með sagt upp störfum"? Spyrji starfsmaðurinn hvers vegna þá er nóg fyrir mig að segja: „Af því bara." Það er engin vörn fyrir starfsmanninn.

Ég svaraði því til þá að ég hefði reynt að beita mér fyrir því frá því í ársbyrjun 1995 að Alþingi og reyndar ríkisstjórnin hefði frumkvæði að því — þetta var borið fyrst inn á ríkisstjórnarborð í ársbyrjun 1995 — að fella í lög að a.m.k. væri ekki hægt að segja starfsmanni upp vegna fjölskylduábyrgðar. Hér hefur jafnframt verið til umfjöllunar á þinginu af og til, sem þingmannatillaga, ILO-samþykkt nr. 158 um ákveðna vörn við uppsögnum og að ástæður þeirra verði að skýra. Ég vek athygli á því að það mál hefur ekki komist í gegnum ríkisstjórn. Þess vegna er það enn í höndum okkar þingmanna að ýta við og minna á eins og gert hefur verið með þetta mál nú um fimm ára skeið.

Það er afskaplega mikilvægt að 8. gr. ILO-samþykktarinnar verði virk. Ég bendi á það að samþykkt nr. 156 er talsvert víðtæk eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni sjálfri. Þar er farið yfir fjölmarga þætti sem skapa heilbrigðan ramma um tilveru foreldra á vinnumarkaði. Talið að Ísland hafi þegar uppfyllt öll atriði samþykktarinnar fram að þessu nema 8. gr., sem kveður á um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar.

Með því að koma þessu atriði í lög og fullgilda tillöguna eins og við munum væntanlega gera fyrir þinglok, þar sem tillagan er nú komin til utanrmn., erum við að stíga stórt skref til verndunar fjölskyldumhverfi. Þessi tillaga er hluti af þeirri fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur falið ríkisstjórninni að útfæra. Ég vek hins vegar athygli á því að mörg önnur atriði eru enn þá óútfærð í þeirri tillögu að opinberri fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur sent frá sér. Ég vænti þess að við sjáum fleiri slík mál á næsta þingi því að varla koma þau fyrir þingið héðan af.

Ég fagna því að þetta mál er hér til afgreiðslu og tel mikilvægt að því verði fylgt eftir sem ábótavant er, þeim álitamálum sem hér hefur verið bent á eftir umfjöllun í nefndinni. Ég bendi á að í nál. kemur fram að frv. tryggir ekki að launþegi fái greidd laun í fjarveru frá starfi vegna fjölskylduábyrgðar. Um kaup og kjör gildi samningar á almennum vinnumarkaði og laun í fjarveru frá starfi fara eftir kjarasamningum, það vitum við.

En það kom líka fram, alveg frá upphafi umfjöllunarinnar um að fullgilda ILO-samþykkt nr. 156, að til eru tvær leiðir og að löndin í kringum okkur hafa farið ólíkar leiðir, annars vegar að taka þetta í gegnum kjarasamninga og hins vegar með lagasetningu, eins og við erum að gera núna. Þess vegna lít ég svo á að málið sé nú í höndum launþegahreyfinganna og það hljóti að vera þeirra verkefni að fylgja því eftir að fjölskyldan sé tryggð þegar um þessi mál er að ræða. Mér finnst mikilvægt að þetta komi fram, herra forseti.

[11:07]

Útbýting þingskjals:

Rafræn eignarskráning á verðbréfum, 163. mál, brtt. VE, þskj. 1035.

[11:07]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og nál. ber með sér vann félmn. þetta afskaplega vel og fór í gegnum þetta á mörgum fundum. Um þetta sköpuðust heilmiklar umræður þannig að ég tel að við höfum farið býsna vel í gegnum þetta.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir beindi til mín spurningu varðandi orðið „eingöngu", sem er í frumvarpstextanum. Það er alveg ljóst að þessi frumvarpstexti, eins og kemur fram í grg. með frv., byggist á tillögu þríhliða samstarfsnefndar félmrn. og helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þessi texti sem slíkur er því niðurstaða af slíku samstarfi. Eins og hér er vitnað til þá byggist þetta á 8. gr. ILO-samþykktarinnar og hún er svohljóðandi:

„Fjölskylduábyrgð sem slík skal ekki vera gild ástæða til uppsagnar starfs."

Eins og fram hefur komið er þetta býsna opið en niðurstaðan varð sú að halda orðinu „eingöngu" inni þar sem hér er efnislega verið að fjalla um uppsögn vegna fjölskylduábyrgðar en ekki vegna annarra efnisatriða. Þess vegna ákvað nefndin að halda sig við þennan texta sem varð til í samstarfi aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytisins.

[11:10]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör og geri mér grein fyrir því að það er erfitt að hnika til textanum sem varð til í þessari þríhliða nefnd. Sama þríhliða nefnd hefur reyndar haft þetta mál uppi á borðum sínum frá því að hún varð til, held ég, og við erum að fagna því hér í dag að endanlega hafi náðst samkomulag um að koma þessari frumvarpsgrein inn í þingið. Við skulum hins vegar gera okkur grein fyrir því að hægt er að hengja sig í orðið „eingöngu" ef menn kjósa svo. Það er talsverður munur á því að segja „fjölskylduábyrgð sem slík" og „óheimilt er að segja manni upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar".

Við 1. umr. málsins benti ég á að þetta skapar ákveðna hættu á því að menn segi: Ja, það var nú fleira, ekki eingöngu fjölskylduábyrgð. Hafi barn verið mikið veikt og foreldri frá vegna þess væri hugsanlega hægt að koma sér fram hjá því, að það væri ekki eingöngu verið að losa sig við starfsmanninn af því að barnið væri búið að vera lengi veikt og starfsmaður mikið frá.

Þess vegna hefði ég kosið að þetta orð „eingöngu" hefði ekki verið í frumvarpsgreininni. Þetta er svipað svar og kom fram hjá félmrh. við 1. umr. Ég vildi bara athuga hvort nefndin hefði skoðað þetta og ég þakka fyrir svörin.

[11:11]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna. Þetta er að sjálfsögðu eitt af þessum góðu málum sem allir vildu koma í gegn þar til kemur að því að ákveða hver eigi að borga. Hér er verið að setja álögur á fyrirtækin og þær álögur geta orðið það miklar að þær leiði til atvinnuleysis og minni getu fyrirtækja til að greiða laun. Þetta sjáum við t.d. á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem 10% atvinnuleysi hefur verið viðvarandi í áratugi, nokkuð sem ég mundi telja algjörlega óviðunandi stöðu. En það er gert með því að hlaða svo miklum pinklum á atvinnulífið og gera vinnuna svo dýra að fyrirtækin hafi ekki efni á að ráða það fólk sem er atvinnulaust.

Þeim sem kvarta undan því að laun séu lág — menn hafa flutt hér frv. um lágmarkslaun — og kvarta undan því að félagsleg réttindi séu bágborin er náttúrlega í lófa lagið að stofna fyrirtæki, borga há laun og veita góð félagsleg réttindi ef það er svona voðalega auðvelt. En það er bara ekki svo voðalega auðvelt.

Það er ekki auðvelt að reka kannski þriggja eða fjögurra manna fyrirtæki sem berst í bökkum. Svo verður einn starfsmaðurinn frá í lengri tíma vegna fjölskylduábyrgðar eða annars. Þetta kemur að sjálfsögðu illa niður á þessum litlu fyrirtækjum sem eru meginuppistaðan í íslensku atvinnulífi. Það kemur jafnframt niður á launþegum hjá þessum fyrirtækjum. Ef þessi fyrirtæki geta ekki staðið sig og leggja upp laupana þá verður atvinnuleysi. Þetta er sá fíni línudans sem við þurfum að stíga í þessu máli sem öðrum: Hvað á að leggja mikið á fyrirtækin?

Ráðning starfsmanns er gagnkvæmur samningur og enginn hefur talað um að starfsmaðurinn getur sagt upp fyrirvaralaust, hversu óhagkvæmt það er fyrir fyrirtækið. Það tíðkast meira að segja að menn hreinlega labbi út og valdi fyrirtækjunum óskaplegum vandræðum. Þetta hefur ekki verið rætt, sérstaklega í stöðu eins og núna þar sem mikið framboð er á vinnu og lítið sem ekkert atvinnuleysi. Þá hefur þetta snúist við. Nú er launþeginn sterki aðilinn en ekki fyrirtækið. Fyrirtækin verða sum hver mjög illa fyrir barðinu á því að gera samning um ákveðin verk þegar starfsmennirnir segja síðan upp hver á fætur öðrum af því að þeim eru boðin hærri laun annars staðar.

Þetta er því ekki bara barátta Davíðs við Golíat heldur getur það snúist við þannig að Golíat eigi í vök að verjast. En yfirleitt eru fyrirtækin í sterkari stöðu og þess vegna setja menn upp svona félagslegt net fyrir launþegana. Það á sérstaklega við þegar atvinnuleysi er mikið og við vonum að ekki komi til þess og að ríkisstjórnin beri gæfu til að halda áfram á þeirri braut að halda niðri atvinnuleysinu sem er mjög mikilvægt.

Eins og oft vill verða um góð mál sem á að fá í gegn er þetta frv. mjög loðið. Það er svo loðið að það má nánast lesa út úr því hvað sem er. Óheimilt er að segja manni upp störfum. Hvað þýðir það? Ráðningarsamningur byggir á því að annar aðilinn lofar að vinna og sinna einhverju starfi og hinn aðilinn lofar að greiða honum laun í staðinn. Hvað gerist ef löggjafinn kemur inn í þetta og segir að þessi ráðningarsamningur eigi að vera í gildi en annar aðilinn þurfi ekki að vinna? Ber þá að greiða honum laun? Þá er bara spurningin hvernig ráðningarsamningurinn er orðaður og hvernig skilning menn leggja í þetta.

Reyndar er tekið fram í nál. hv. félmn. að það leiði ekki af sjálfu sér að það eigi að greiða laun þann tíma sem maðurinn er frá vinnu. En það er ekkert einfalt. Ef fyrirtækin ættu að fara að borga laun þann tíma sem fólk er frá vegna fjölskylduábyrgðar erum við að tala um verulega mikil útgjöld fyrir fyrirtækið sem kemur þá væntanlega niður á getu þess til að borga öðrum starfsmönnum góð laun.

Síðan stendur þarna „náin skyldmenni“ án þess að segja nokkuð meira um hvað það er. Er það í fimmta lið eða er það í þriðja lið eða eru það bara afkomendur? Ekkert orð um það. Þarna stendur „sem búa á heimili hans“. Hversu lengi hafa þau búið á heimili hans? Er nóg að hann taki einhverja gamla, veika, fjarskylda frænku heim til sín og þá sé hún orðin náið skyldmenni sem búi á heimili hans og þessi starfsmaður geti verið frá?

Einnig hefur verið bent á það að þetta er kannski of þröngt þegar t.d. foreldrar flytja á elliheimili og búa ekki lengur á heimili manns. Þá þyrfti hugsanlega að víkka þetta út með sömu rökum. Þetta er því bæði of þröngt og of vítt.

Svo er spurningin „sem greinilega þarfnast umönnunar hans“. Hvað með aðra ættingja? Nú er það þannig að umönnun lendir yfirleitt alltaf á konum. Hvað er með karlmenn? T.d. ef tvö systkini, bróðir og systir sem eru að annast gamla móður, hvort þeirra á að sinna því? Ég er nærri viss um að í um 90% tilfella, kannski meira, er það konan sem sér um það og þetta kemur niður á konum. Þetta gæti því haft sömu áhrif og fæðingarorlofið hefur haft á laun kvenna, að það lækkar laun kvenna. Nánast allir eru sammála um það að ef fyrirtæki veit að konur geta verið frá vegna fjölskylduábyrgðar og þær muni gera það frekar en karlar ráða þau frekar karlmenn eða jafnvel borga þeim hærri laun.

Svona getur oft gerst þegar menn ætla að grípa inn í atvinnulífið með einhverjum slíkum beinum hætti þannig að þetta getur slegið til baka í jafnrétti karla og kvenna.

Herra forseti. Fyrirtæki eru farin að líta á starfsmennina sem megineign sína nú til dags, starfsmennirnir eru meginuppistaða fyrirtækisins. Það er mjög mikilvægt í starfsmannastefnu hvernig til tekst að byggja upp ákveðna samkennd meðal starfsmanna. Eitt af því er m.a. að líta til fjölskyldu starfsmannanna. Þetta eru fyrirtæki í auknum mæli að gera og sum hver hafa alltaf gert þetta. Ef einhver stríðir við einhver bágindi heima við hafa atvinnurekendur margir hverjir séð til hliðar við það þó að menn bregði sér öðru hverju heim eða séu jafnvel heima langdvölum og borga jafnvel laun á meðan. Þetta hafa menn gert vegna þess að þeir eru að gefa öðrum starfsmönnum merki um að svona muni þeir bregðast við gagnvart þeim ef þeir lenda í slíkum vandræðum.

Fyrir mörg fyrirtæki er þessi lagasetning því engin breyting en hún er kannski að þvinga önnur fyrirtæki til að taka upp slíka stefnu sem þau ættu að gera af sjálfu sér.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en tel að hér sé á margan hátt nauðsynlegt frv. í gangi en menn þurfa að átta sig á því hvaða álögur það leggur á atvinnulífið. Einnig þyrfti að skilgreina nánar hvað er átt við með náin skyldmenni, hvað er átt við með því að búa á heimili og hvað er átt við að þarfnast umönnunar. Einnig þyrfti að athuga hvort ekki sé hægt að gera kröfu til að önnur ættmenni sem standa hinum sjúka jafnnærri komi líka inn í dæmið en ekki bara einhver af einhverri tilviljun eða jafnvel vegna fordóma um að konur eigi að sinna ættingjum sínum því að þá lendi það á konum að annast hinn sjúka.

Ég lagði því til að það hefði staðið þarna, en það var ekki fallist á það í hv. félmn., „sem greinilega þarfnast umönnunar hans og stendur honum næst“ þannig að það væri hægt að skikka bróður eða son til þess að annast hinn sjúka ekki síður en dóttur eða systur.

[11:22]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla um það frv. sem hér er til umræðu. Það eru margir góðir hlutir sem þar eru og eiga sér stað en það er aðeins út af orðum hv. þm. Péturs Blöndals um greiðslu lágmarkslauna en sá sem hér stendur hefur flutt frv. um að lágmarkslaun skuli vera 112 þúsund. Ég get fyllilega staðið við það og þau orð en ekki að sá sem slíkt frv. flytji eða þeir sem tali svona ættu sjálfir að stofna fyrirtæki. Það hafa þó margir gert og m.a. sá sem hér talar og

hann greiddi langt umfram lágmarkslaun þegar hann sinnti þeim störfum.

Herra forseti. Sá sem getur ekki greitt mannsæmandi laun, laun á bilinu 95–115 þús. kr. á mánuði, á ekki tilverurétt í fyrirtækjarekstri. Það er svo einfalt. Þeir aðilar munu hrökklast út af vinnumarkaði sem geta ekki tekið þátt í því að greiða laun sem gætu talist mannsæmandi.

Skoðanir mínar og skoðanir hv. sjálfstæðisþingmanns Péturs Blöndals, stangast mjög alvarlega á. Ég vil taka það sérstaklega fram að ég tel að einstaklingur sem hefur undir 100 þús. kr. í bruttólaun til framfærslu eigi í miklum örðugleikum og það er um þetta sem ég hef rætt í öllum þeim ræðum sem ég hef flutt um lágmarkslaun og stöðu öryrkja og aldraðra. Í dag tel ég að það eigi að miða við á bilinu milli 90 og 100 þús. kr. sem algjört lágmark til framfærslu einstaklings.

[11:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sumt fólk er atvinnurekendur, annað fólk er launþegar. Þeir sem eru atvinnurekendur hafa kosið að stofna fyrirtæki og reka það. Það getur hver og einn gert. Þeir sem eru launþegar hafa kosið að stofna ekki fyrirtæki og vera þá launþegar frekar. Það getur hver og einn gert. Þetta er spurningin um það hvort þeir sem eru með lág laun stofni bara ekki fyrirtæki sjálfir eins og hinir og borgi þá há laun.

Ég er sammála hv. þm. þegar hann talar um að greiða mannsæmandi laun og það sé skömm að því að greiða ekki mannsæmandi laun. Ég var mjög mikið á móti því þegar lægstu laun voru 45 þús. kr. fyrir u.þ.b. sex árum. Það hefur tekist að ná þeim upp í núna, það er stefnt að 90 þús. kr. Það er tvöföldun á sex, sjö árum, sem er afskaplega góður árangur bæði aðila vinnumarkaðarins og eins ríkisvaldsins sem hefur komið inn í það með skattalagabreytingum. (**Gripið fram í:** Það er nú einhver verðbólga.) Jú, vissulega er einhver verðbólga, herra forseti, en hún er ekki nándar nærri tvöföld á þessum tíma, langt í frá. Þessi laun hafa enda hækkað meira en öll önnur laun.

Varðandi það að menn eigi ekki að greiða svona lág laun þá vildi ég snúa dæminu við: Menn eiga ekki að vinna hjá svona fyrirtækjum. Menn eiga bara að fara til annarra fyrirtækja. Þá kemur inn í dæmið hvort það er atvinnuleysi eða ekki. Þegar atvinnuleysi er neyðast menn til að vinna fyrir þessum lágu launum en þegar ekki er atvinnuleysi þá geta þeir farið annað, og það gera þeir í dag sem betur fer. Þess vegna er atvinnuleysið mesti bölvaldurinn fyrir láglaunafólk og nánast hefur tekist að útrýma atvinnuleysinu.

[11:25]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur berlega fram í máli okkar hv. ræðumanns Péturs Blöndals að skoðanir okkar stangast alvarlega á varðandi það hverjir eigi að koma að fyrirtækjarekstri og hvernig eigi að standa að því.

Það hefur sýnt sig að á suðvesturhorninu hefur það verið þannig undanfarin ár að lágmarkslaun sem um er samið hafa ekkert verið í gildi að því leyti til að launþegar hafa fengið miklu hærri laun. Þetta, þ.e. lágmarkslaunasamningur, snýr að landsbyggðinni, því miður. Síðan er það staða öryrkja og aldraðra, það er það sem okkur ber að skoða, að það eru þeir sem fá alltaf viðmiðun við lægstu laun. Þess vegna hef ég verið með þann málflutning að setja eigi lög um lágmarkslaun vegna þeirra aðila sem koma ekki að samningum eins og aldraðir og öryrkjar. Ég tala um það fólk sem á bágt með að fá vinnu nema hjá fyrirtækjum sem greiða eftir lægstu launaflokkunum.

[11:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði skilið ræðu hv. þm. fyrir um sex árum þegar lágmarkslaunin voru 45 þús. kr. og aðilar vinnumarkaðarins höfðu samið um þau laun. En síðan þá hefur mikið breyst og nú eru menn að semja um hækkun frá 70 þús. kr. upp í 90 þús. kr. Ég skil ekki vantrú hv. þm. á verkalýðshreyfingunni. Mér finnst verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda hafa staðið sig ljómandi vel í því undanfarin ár að hækka lægstu laun þannig að þau stefna í það að verða 90 þús. kr. Ég sé ekki annað en að hv. þm. eigi að fara að treysta verkalýðshreyfingunni betur.

[11:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar kreppir að í atvinnumálum læðist óhugnanleg hugmyndafræði og hugsun inn í fyrirtæki landsins. Það má draga það saman í eina setningu: Þegiðu, vertu góður og hafðu vinnu. Það er þá sem maður heyrir starfsmenn hafa ótta af því að vera með gagnrýni uppi á vinnustað, það er þá sem maður heyrir starfsmenn vera með óttablandna virðingu fyrir vinnustaðnum og þora ekki að vera með neitt sem hægt væri að flokka undir andóf.

En út af orðum þingmannsins þá ætla ég að spyrja: Hvað er fyrirtæki? Er til eitthvert fyrirtæki sem er ekki með starfsmenn í vinnu? Við getum talað um einyrkja eða lítil fjölskyldufyrirtæki en um leið og menn eru farnir að reka fyrirtæki sem er með starfsmannahald skiptir það máli hvernig menn byggja þetta fyrirtæki upp. Þá þurfum við að svara spurningunni: Eru félagsleg réttindi starfsmanna þýðingarmikil og réttlætanleg? Gott fyrirtæki byggir nefnilega á traustu og ánægðu starfsfólki. Ánægt starfsfólk er fólk sem nýtur virðingar í starfi og atvinnuöryggis. Það er svo einfalt. Að njóta virðingar í starfi og atvinnuöryggis. Það er þá sem einstaklingurinn leggur af mörkum langt út yfir það sem einhver laun krefjast af viðkomandi.

Fyrirtæki sem ætlar að ná árangri verður að gera sér grein fyrir því að það kostar að hafa fólk í vinnu, borga sómasamleg laun og vera með fólk sem býr við félagsleg réttindi bæði vegna veikinda eða erfiðleika sína og sinna. Ég skil ekki hvers slags fyrirtæki það væri sem mundi vilja skerða réttindi eða búa við að sýna ölmusu og góðmennsku eins og eitthvað örlæti.

En ræða þingmannsins segir okkur svolítið um það að hér þýðir ekkert nema skýr lög. Við viljum ekki hverfa aftur að upphafi síðustu aldar þar sem fólk var upp á góðmennsku atvinnurekandans komið.

[11:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það einmitt fram í ræðu minni að atvinnuleysið væri kannski mesti bölvaldur fyrir launþega. Og að ríkisstjórninni hafi tekist að ná niður atvinnuleysinu með markvissum aðgerðum í fyrirtækjaumhverfi er eitt af því jákvæðasta sem hefur náðst fram á síðustu árum og það gerir það að verkum að menn lenda ekki undir hæl vondra atvinnurekenda, því þeir eru til, því miður. Og þeir blómstra þegar atvinnuleysið vex.

Sama gerist líka þegar atvinnuleysið minnkar eða hverfur. Þá koma nefnilega upp vondir launþegar sem hóta að segja upp stöðugt og endalaust í krafti þess að fólk vantar. Slíkir

öfgar koma upp bæði þegar um er að ræða mikið atvinnuleysi og eins þegar mikill skortur er á fólki.

Ég tók einnig fram að fyrirtæki eru nú farin í auknum mæli að líta á starfsfólkið sem verðmæta eign sína og að mjög mikilvægt sé að senda starfsfólkinu góð merki um það hvernig fyrirtækið bregst við. T.d. með uppsögnum, t.d. með því þegar einhver er veikur heima. Og fyrirtækin gera þetta. En að bjóða þetta með lögum ofan frá er ekki rétt, því þá fær starfsfólkið það ekki á tilfinninguna að fyrirtækið sé að senda því merki heldur er þetta lögboð sem fyrirtækið verður að hlíta hvort sem það vill eða ekki og þá getur maður ekki séð hvaða fyrirtæki hugsa í rauninni vel um starfsmenn sína og er annt um þá og hvaða fyrirtæki hugsa ekki um starfsmenn sína, þ.e. þegar búið er að lögbjóða þetta ofan frá.

[11:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum sammála um að gott starfsfólk er mesta verðmæti fyrirtækis. Þess vegna ættum við líka að standa saman að því að stuðla að atvinnulýðræði, að starfsfólk sé í stjórn fyrirtækjanna og uppskeri þá líka þegar fyrirtækinu gengur vel og taki ákveðna ábyrgð ef harðnar á dalnum. En við skulum muna að starfsfólkið skapar verðmætin, en það er auðvitað fyrirtækiseigandinn sem að mestum hluta nýtur verðmætanna.

Aðeins í lok þessarar einu mínútu: Ég get ekki varist þeirri hugsun að það hafi verið Davíð Oddsson forsrh. sem bjó til aflabrestinn fyrir átta eða níu árum og síðan hafi það verið hann sem líka fjölgaði fiski í sjónum. Hins vegar getum við verið sammála um að hann átti sinn þátt í að koma á EES-samningnum sem er sennilega samkvæmt skýrslu að skapa einhverja bestu uppsveiflu í atvinnulífinu. En þetta er ekki jafneinfalt og stjórnarliðarnir hamast við að halda fram í umræðum um atvinnumál.

[11:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal minnir stundum á ónefndan fjármálaráðherra í nágrannaríki sem að sögn starfsbræðra spurði alltaf sömu spurningarinnar þegar rætt var um breytingar: „Hver á að borga?“ Það er auðvitað ágætt að hafa einhverja sem spyrja: „Hver á að borga?“ Það er gott að hafa menn sem sýna fyrirtækjunum umhyggju. En ég leyfi mér að halda því fram að það sé mikil oftúlkun að láta sér detta í hug að þessi tiltölulega mjög litla vörn sem verið er að setja með þessu lagaákvæði fyrir því að fólki sé sagt upp störfum eingöngu vegna fjölskylduábyrgðar sem það ber, að í henni sé fólginn þvílíkur útgjaldaauki fyrir atvinnulífið að það geti jafnvel leitt af sér fjöldaatvinnuleysi eins og hv. þm. sagði.

Ég held líka að sú kenning að beittasta vopnið við að útrýma atvinnuleysi sé að innleiða frumskógarlögmál á vinnumarkaðnum sé sem betur fer víða að afsannast um þessar mundir. Vissulega gengur vel í amerísku atvinnulífi. En það hefur líka tekist að vinna bug á atvinnuleysi eða stórminnka það, t.d. annars staðar á Norðurlöndunum. Ég nefni sem dæmi Danmörku og Noreg, og hefur þó í engu verið dregið úr réttindum starfsmanna í því sambandi.

Í Evrópu eru aðrar heiðir í þessum efnum svo ekki sé minnst t.d. á Japan þar sem fyrirtækin annast mjög vel um starfsmenn sína eftir að þau hafa einu sinni ráðið þá og sjá gjarnan um hag þeirra alveg til lífstíðar.

Á Íslandi er staðan hins vegar sú eða hefur verið að réttindi starfsmanna eru mjög takmörkuð. Þeim hefur verið hægt að segja upp og er hægt að segja upp án þess að gefa nokkrar skýringar. Hér er eingöngu verið að taka mjög lítið skref að mínu mati. Þetta er lítils háttar réttarbót eða vörn starfsmanna fyrir því að þeir séu meðhöndlaðir alfarið að geðþótta vinnuveitenda.

[11:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. mun eflaust ekki rústa fjárhag íslenskra fyrirtækja, það held ég að sé alveg á hreinu, ef það stæði bara eitt sér. En það eru svo margir pinklarnir sem búið er að hlaða á blessaðan klárinn að hann er farinn að sligast eða gæti sligast. Hann er reyndar mjög sprettharður sem stendur.

Það þurfa menn að standa vörð um, að vera ekki alltaf stöðugt að hlaða pinklum á án þess að átta sig á því hvað búið er að lesta klárinn mikið sem dregur þó vagninn sem við öll sitjum á.

Ef ekki er um að ræða launagreiðslur þá kostar þetta frv. fyrirtækið í sjálfu sér ekkert nema skiptikostnaðinn sem felst í því að ráða nýjan starfsmann í staðinn fyrir þann sem er frá eða greiða öðru starfsfólki aukavinnu fyrir þann tíma. Kostnaðurinn er því ekkert svo yfirgripsmikill. Reyndar kostar það töluvert að skipta um starfsmann. Það kostar sennilega um fimm- til sexföld mánaðarlaun að skipta um einn starfsmann. Sérstaklega í þessu tilfelli er það mjög slæmt þar sem fyrirtækið veit ekki hvenær maðurinn sem er frá kemur aftur. Það getur orðið mjög skaðlegt. Og þegar þetta er skipað ofan frá er viðbúið að menn séu dálítið óbilgjarnir í þeim viðskiptum.

En hins vegar ef það er svo, eins og það er yfirleitt hjá fyrirtækjum, að þau líta til þess ef vandræði eru heima hjá starfsmönnunum og veita þá frí. Þá er ekki um að ræða neina óbilgirni á hvorn veginn sem er. Það er því hægt að lágmarka kostnað fyrirtækja með því.

Um Japan vil ég segja að í Japan veit ég ekki til að nein lög séu um hollustu fyrirtækja við starfsmenn sína eða öfugt. En þar er miklu minna flæði á fólki en hér á landi.

[11:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru staðreyndir að á Íslandi er launatengdur kostnaður fyrirtækja með því lægsta sem þekkist. Í öðru lagi er skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi með því hagstæðasta sem þekkist innan OECD. Í þriðja lagi er á íslenskum vinnumarkaði mjög lítið tillit tekið til fjölskylduaðstæðna starfsmanna. Það má með fullum rökum halda því fram að íslenskur vinnumarkaður sé mjög fjölskyldufjandsamlegur samanber langan vinnutíma og fleira í þeim dúr.

Þessar ræður hv. þm. Péturs Blöndals eiga því bara alls ekki við hinn íslenska veruleika. Þvert á móti þarf einmitt að ná fram lagfæringum og tryggja betur stöðu starfsmanna og aðlaga atvinnulífið og vinnumarkaðinn að þörfum fjölskyldnanna. Það er verkefnið, en ekki ræðuflutningur af því tagi sem hv. þm. Pétur Blöndal sprettur yfirleitt upp með, þ.e. að verið sé að drepa atvinnulífið með óhóflegum álögum. Það á ekki við um íslenskan veruleika.

[11:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leyfi mér eingöngu að benda á þær klyfjar og þá pinkla sem verið er að leggja á atvinnulífið. Ég er ekkert að segja að ég sé á móti þessu frv. Það hef ég ekki sagt. Ég tel meira að segja mjög nauðsynlegt að koma þessu á.

Það sem hv. þm. sagði um lítinn launatengdan kostnað íslenskra fyrirtækja og gott skattalegt umhverfi er einmitt það sem er aðall íslensks atvinnulífs. Það er aðall íslensks atvinnulífs. Þess vegna er atvinnuleysi hér á landi það allægsta sem þekkist. Það er mjög jákvætt og að því hefur núv. ríkisstjórn verið að vinna hörðum höndum, þ.e. laga umhverfi fyrirtækja, minnka álögur á þau og reyna að gera kerfið skilvirkt. Kannski brennur mest á, og að því ættu allir að vinna, að gera kerfið sem við erum að byggja upp, félagslega kerfið tengt atvinnulífinu, skilvirkt þannig að það nýtist þeim sem þurfa en ekki sé verið að veita kannski óþarfa hlunnindi.

[11:39]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. En vegna efnis þeirra held ég að rétt sé að taka fram að frv. fjallar um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar. Þetta ákvæði var nauðsynlegt að taka inn í lög vegna þess að til stendur að fullgilda samþykkt nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu, þ.e. starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Þetta eru efnisatriði málsins og rétt að minna á það vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið. Einnig vil ég minna á að í nál. er sérstaklega tekið fram að um kaup og kjör gilda samningar á almennum vinnumarkaði og um laun í fjarveru frá starfi fer eftir kjarasamningum viðkomandi starfsmanns, en nauðsynlegt er að skilja að rétt til launa annars vegar og rétt til að halda starfi hins vegar.

Þetta eru grundvallaratriðin í málinu og vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið er rétt að minna á það, og einnig að þessi lagatexti varð til í samstarfi aðila vinnumarkaðarins og félmrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þinglýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 281. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 421, nál. 1019, brtt. 1020.

[11:40]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

Frumvarp þetta er einn þáttur í því að koma á Landskrá fasteigna, samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast.

Í frumvarpinu er m.a. kveðið á um hvernig fasteign verður stofnuð í Landskrá fasteigna auk breytinga sem eru nauðsynlegar vegna Landskrárinnar.

Við meðferð málsins vöknuðu umræður um vernd persónuupplýsinga og aðgang að upplýsingum þeim sem Landskrá fasteigna mun hafa að geyma og voru nefndarmenn ekki allir á einu máli um hversu opinn aðgangur að þessum upplýsingum eigi að vera.

Rétt er að geta þess að tölvunefnd gerði ekki athugasemdir við þetta þinglýsingafrumvarp.

Núverandi framkvæmd gerir ráð fyrir að unnt sé að kaupa þinglýsingarvottorð fyrir sérhverja fasteign hjá þinglýsingarstjóra í umdæmi hans. Á þinglýsingarvottorði eru tilgreindir eigendur, veðhafar og fjárhæðir veðskulda. Hver sem er getur þannig keypt afrit kaupsamnings fasteignar en þar koma m.a. fram upplýsingar um kaupverð, greiðsluskilmála og fjármögnun kaupanda. Engin sérstök leynd eða trúnaður hvílir á framangreindum upplýsingum úr þinglýsingabók samkvæmt gildandi lögum. Upplýst var á fundum nefndarinnar með fulltrúum dómsmálaráðuneytis að ráðuneytið hefur með samningi heimilað tilteknum aðilum að selja beinlínuaðgang að tölvufærðum þinglýsingabókum sýslumannsembættanna í Hafnarfirði, á Ísafirði og í Reykjavík. Jafnframt var greint frá því að fyrst um sinn væri gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á sölu beinlínuaðgangs að þinglýsingabókum og fasteignamatsskrá verði fyrrgreind frumvörp að lögum. Þá kom fram að á grundvelli 53. gr. þinglýsingalaga og að höfðu samráði við tölvunefnd hefur dómsmálaráðherra gefið út reglugerð um þinglýsingar. Í 2. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar er lagt bann við eignaleit í tölvukerfi þinglýsinga eftir heiti eða kennitölu eiganda. Jafnframt kveður reglugerðin á um að dómsmálaráðherra veiti aðeins leyfi til beinlínuaðgangs að efni tölvufærðra þinglýsingabóka að fenginni jákvæðri umsögn tölvunefndar. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar frá ráðuneytinu að þeir aðilar sem heimilaður hefur verið slíkur aðgangur séu aðilar í atvinnulífinu, einkum fasteignasölur, lögmannsstofur, fjármálastofnanir og tryggingafélög enda aðgengi að þessum upplýsingum mikilvægt fyrir hagsmuni atvinnulífsins.

Telur nefndin að hagræði verði af heildstæðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir. Skráning upplýsinga verður samræmdari og samhæfðari og áreiðanleiki upplýsinganna meiri.

Herra forseti. Allshn. mælir með því að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðlendur, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 571, nál. 1001.

[11:44]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur, svokölluð þjóðlendulög, og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Með þjóðlendulögunum svokölluðu eða fyrrgreindum lögum nr. 58/1998 var tekin ákvörðun um að öll landsvæði utan eignarlanda yrðu þjóðlendur þó svo að einstaklingar eða lögaðilar kynnu að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, þ.e. eignarhald á hvers konar landréttindum og hlunnindum á svæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru falin ríkinu. Meginástæðan fyrir setningu þjóðlendulaga var að eyða óvissu um mörk eignarlanda gagnvart svæðum sem

ekki voru háð eignarrétti. Markmiðið var að eyða þessari óvissu sem hefur ríkt lengi í íslenskum rétti og um leið auka á öryggi í viðskiptum. Því má segja að þjóðlendulögin séu nokkurs konar verklagsreglur á þessu sviði.

Óbyggðanefnd var falið að fara skipulega yfir hvaða svæði þau næðu og skera úr um mörk þeirra og önnur réttindi innan þjóðlendna. Óbyggðanefnd á sem sagt að skera úr um álitaefni sem hafa mikla almenna þýðingu og varða mikilvæga hagsmuni einstaklinga og lögaðila.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur með starfi óbyggðanefndar á grundvelli þjóðlendulaganna þykir rétt að gera nokkrar breytingar á lögunum. Er það einkum gert til að auðvelda landeigendum og öðrum mögulegum rétthöfum á svæðum sem nefndin hefur til meðferðar að reka mál sín fyrir nefndinni.

Herra forseti. Með frv. eru lagðar til breytingar á gildandi lögum sem fela í meginatriðum í sér að nauðsynlegur kostnaður annarra en ríkisins af hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd verði lagður á ríkissjóð og að gerðar verði breytingar á málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd. Í þessum tillögum felst m.a. að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins verði gert að lýsa kröfum á undan hagsmunaaðilum á viðkomandi svæði.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þeir sem komu á fund nefndarinnar fagna allir þeim breytingum sem felast í þessu frv. sem við erum hér að ræða.

Ég ætla þá að fara aðeins yfir tímaröðina í þessu ferli, þ.e. ef frv. verður samþykkt. Fyrst ákveður óbyggðanefndin hvaða svæði hún ætlar að taka til umfjöllunar. Nefndin gerir síðan fjmrn. grein fyrir því svæði sem tekið verður til meðferðar. Ráðuneytinu verður þá gefinn þriggja til sex mánaða frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu. Samtímis hefur nefndin samband við Þjóðskjalasafnið og óskar eftir því að safnið leiti uppi gögn er varða eignarréttarsvæðin og skili skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar til óbyggðanefndar svo skjótt sem auðið er. Nefndin gerir og þeim samtökum sem hugsanlega koma að því að skipuleggja hagsmunagæslu af hálfu landeigenda, bændasamtökum, sveitarstjórnum o.fl. viðvart um það ferli sem farið er í gang.

Ég vil rétt aðeins koma inn á 3.–4. mgr. 10. gr. þjóðlendulaganna. Þar kemur fram að þrátt fyrir að aðilar hafi aflað og lagt fram gögn kröfum sínum til stuðnings beri óbyggðanefnd einnig að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem er til meðferðar og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem hafa þýðingu fyrir niðurstöðu í einstökum málum. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er m.a. að tryggja eins vel og kostur er að mál séu nægjanlega rannsökuð að þessu leyti. Hagræði og sparnaður er augljós og þörf aðila fyrir sjálfstæða gagnaöflun ætti jafnframt að minnka að sama skapi. Með þessu móti væri komið í veg fyrir ómarkvissa leit þeirra sem ekki búa fyir nauðsynlegri sérþekkingu og tvíverknað við gagnaöflun hvers málsaðila fyrir sig og óbyggðanefndar að auki. Sjálfstæð gagnaöflun á vegum aðila ætti því að geta beinst að öðrum þáttum en kannaðir eru að frumkvæði nefndarinnar.

Fyrirsvarsmenn aðila hafa engu síður óskoraðan rétt til að fylgjast með framvindu þessarar gagnaöflunar og eiga um það samstarf við Þjóðskjalasafn og óbyggðanefnd. Í þessu felst að þeir geta fengið upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar, óskað eftir afritun gagna, bent á gögn sem ástæða væri til að kanna o.s.frv., allt innan eðlilegra og sanngjarnra marka. Óbyggðanefnd mun greiða þann kostnað sem af þessari gagnaöflun hlýst.

Ég held áfram með þessa tímaröð þannig að menn átti sig á hvernig þetta ferli verður. Þegar nefndin hefur gert samtökum sem koma að því að skipuleggja hagsmunagæslu af hálfu landeigenda viðvart um að þetta ferli sé farið í gang, þar með talin gagnaöflunin, þá birtir óbyggðanefnd, þegar krafa ríkisins um þjóðlendu á svæðinu liggur fyrir, auglýsingu í Lögbirtingablaði, þ.e. eftir þessa þrjá til sex mánuði. Þar yrði skorað á þá sem telja til eignarréttinda eða annarra réttinda á því svæði sem ríkið gerir kröfu til að teljist til þjóðlendna og þeim gefinn þriggja til sex mánaða frestur til að lýsa kröfum sínum fyrir nefndinni.

Að liðnum kröfulýsingafresti lætur óbyggðanefndin gera yfirlit yfir kröfurnar og færa inn á uppdrátt, þ.e. kröfulínukort. Yfirlitið ásamt kröfulínukortið skal síðan vera til kynningar hjá viðkomandi sýslumanni í a.m.k. einn mánuð. Athugasemdir við kröfulínukrotið skulu hafa borist óbyggðanefnd innan sjö daga frá því að kynningu lauk. Óbyggðanefnd ákveður síðan í samráði við málsaðila hvernig viðkomandi svæði verði skipt niður í hverju tilviki, tekur málið fyrir og gerir aðilum grein fyrir þeim gögnum sem fyrir. Í framhaldi af þessu fer síðan fram vettvangsrannsókn og skýrslutökur og síðan málflutningur áður en málið er tekið til úrskurðar.

Herra forseti. Við meðferð málsins hjá nefndinni kom fram ósk um það frá hagsmunaaðilum að gerðar yrðu breytingar á lögunum og sönnunarreglur settar um í hvaða tilvikum land teldist eignarland. Nefndin ræddi þetta nokkuð, einkum með hliðsjón af hlutverki óbyggðanefndar en samkvæmt lögunum er hún sjálfstæð stjórnsýslunefnd og starfssvið hennar afmarkað í 7. gr. laganna. Það hefur borið svolítið á því að ruglað hafi verið saman hlutverki óbyggðanefndar og hlutverki kröfunefndar ríkisins í þjóðlendumálinu. Þetta er tvennt ólíkt og á að aðskilja algjörlega. Óbyggðanefnd er sem sagt sjálfstæður úrskurðaraðili í þessum málum.

Virðulegi forseti. Það er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að með þjóðlendulögunum er ekki verið að taka land af neinum. Það er ekki tilgangurinn með lögunum. Tilgangurinn er að koma upp málsmeðferðarreglum sem geri óbyggðanefnd kleift að rækja hlutverk sitt sem er í fyrsta lagi að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra eignarlanda, í öðru lagi að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og í þriðja lagi að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Óbyggðanefnd og eftir atvikum dómstólum ber að skera úr um þau ágreiningsefni sem upp koma eingöngu á grundvelli gildandi réttarheimilda.

Ef við athugum hvaða eignarheimildir eru helstar að landsvæðum í íslenskum rétti þá eru þær vegna náms, afsalsgerninga, hefða og erfða. Þessar eignarheimildir geta bæði verið grundvöllur að beinum og óbeinum eignarrétti. En eignarréttargrundvöllurinn er ekki bara óljós og umdeilanlegur. Það getur líka verið ágreiningur um efni hans, stærð og mörk. Menn hafa helst gagnrýnt að þinglýstar eignarheimildir skuli ekki vera óyggjandi sönnunargagn um einkaeignarrétt. Það er alveg ljóst í mínum huga að þinglýst eignarheimild vegur langþyngst af öllum þeim sönnunargögnum sem liggja fyrir í hverju máli fyrir sig. Slíkur þinglýstur afsalsgerningur vegur langþyngst í slíkum málaferlum.

Hins vegar verður líka að kanna hvað býr að baki hverjum afsalsgerningi. Við þurfum að kanna gæði hvers gagns og ljóst er að gerningur sem samkomulag hefur verið um vegur

þyngra en t.d. einhliða landamerkjalýsing. Það er ljóst að enginn getur afsalað sér víðtækari rétti en hann á og slíkar einhliða landamerkjalýsingar, t.d. inn til óbyggða, eru engan veginn einhlít eignarréttarheimild.

Með þjóðlendulögunum er ekki tekin afstaða til sönnunarreglna. Það var, eins og ég gat um áðan, mikið talað um, af hálfu Bændasamtakanna og annarra aðila sem komu á fund nefndarinnar, að fara fram á að reglum um sönnunarbyrði yrði bætt inn í lögin og skýrt kveðið á um hver bæri sönnunarbyrðina. Þeir hagsmunaaðilar töldu að ríkið ætti að bera sönnunarbyrðina þegar um þinglýstar eignarheimildir er að ræða. En ljóst er að í þjóðlendulögunum er ekki tekin nein afstaða til sönnunarreglna eða lagaskilyrða fyrir því að land geti talist eignarland í merkingu laganna, heldur var óbyggðanefnd falið að skera úr um mörk þjóðlendna gagnvart einstaklingsbundnum réttindum á grundvelli almennra sönnunarreglna og annarra réttarheimilda.

Eins og við vitum þá hefur óbyggðanefnd endanlegt úrskurðarvald á stjórnsýslustigi en ákvörðun hennar er hægt að skjóta til dómstóla. Ég geri ráð fyrir því, a.m.k. í þeim málum sem núna liggja fyrir á Suðurlandi, að þar komi til með að reyna á dómastólaleiðina. Þetta eru náttúrlega mjög fordæmisgefandi tilvik og mál sem eru nú til umfjöllunar fyrir síðari tíma kröfu til þjóðlendna.

Herra forseti. Því var ákveðið hjá nefndinni að fylgja því sem kom skýrt fram þegar lögin voru upphaflega sett, að breyta ekki neinu og setja ekki sérstakar sönnunarreglur eða lagaskilyrði inn í lögin fyrir því að land teljist eignarland í merkingu laganna. Þetta mun því ráðast af almennum sönnunarreglum og réttarheimildum sem færðar eru fram í hverju einstöku tilviki. Það á ekki að vera hlutverk okkar hér á hinu háa Alþingi að binda hendur dómstóla með sönnunarbyrðina. Hér gildir meginregla í íslensku réttarkerfi um frjálst sönnunarmat dómstóla. Það er dómstólanna að meta, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja, hverjar málalyktir eiga að vera. Þess vegna er mjög mikilvægt að vandað verði til verka með gagnaöflun og fleira í þessu mikilvæga máli. Að mati nefndarinnar var því eðlilegt að byggt yrði áfram á meginreglunni um frjálst sönnunarmat dómstóla.

Að lokum leggur allshn. til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, með leyfi forseta:

„Við 11. gr. Í stað orðanna „6. gr." komi: 7. gr."

Þar virðist hafa verið prentvilla.

[11:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði til að beina spurningu til hv. frsm. um skattalegan hluta þessa frv. í 1. gr. þess. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þjóðlendur skulu undanþegnar öllum sköttum og gjöldum."

Mig langar til að spyrja hv. þm. hvort ekki hafi verið sett út á þetta í umsögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hvort fulltrúar sem mættu á fund nefndarinnar hafi kvartað undan því að vera falið að skipuleggja allar þjóðlendur en geta ekki lagt skipulagsgjöld á viðkomandi svæði eins og á önnur svæði. Hafa þessir fulltrúar frá samtökum sveitarfélaganna hafi ekki kvartað undan því?

Enn fremur vil ég spyrja hv. þm. hvort nefndin hafi rætt almennt um það hvað þýðir að veita slíka almenna undanþágu frá öllum sköttum og gjöldum. Hvernig t.d. samkeppnisstaða landsins breytist þar sem öðrum megin í dalnum er þúfa sem þarf að borga af skatta og gjöld, eignarskatta og fasteignagjöld, skipulagsgjald o.s.frv., og hinum megin í dalnum er þúfa sem ekki þarf að greiða neitt af. Segjum að einhver kaupi eða byggi sumarbústað eða eitthvað slíkt á þessum þúfum, hver er samkeppnisstaða milli þeirra aðila þar sem annar er algjörlega undanþeginn gjöldum af landi því sem hann byggir á? Hefur nefndin rætt um þann þátt í þessu ákvæði?

[12:01]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem kemur fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals að í 1. gr. kemur skýrt fram að þjóðlendurnar skuli undanþegnar öllum gjöldum og sköttum. Þetta þótti eðlileg ráðstöfun þegar litið var til þess að hið opinbera hefur engar slíkar tekjur haft af þeim svæðum hingað til, hvorki ríki né sveitarfélög, það kemur alveg skýrt fram.

Einnig kemur skýrt fram í grg. með frv. að slík undanþága nær eingöngu til landsvæðanna, eingöngu til landsins sem slíks en ekki til þeirra mannvirkja eða mannvirkjagerðar sem þeim kunna að fylgja, þannig að þau gjöld verða eftir sem áður.

[12:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tengslum við þetta frv. á sínum tíma var skylda sveitarfélaga víkkuð út til þess að skipuleggja allt hálendið og olli það miklum deilum. Það er ný kvöð á sveitarfélögin og ég hélt að þeim yrði séð fyrir tekjum til að standa straum af því með því að leggja skipulagsgjald á það landsvæði sem þeir ætluðu að skipuleggja. Eða hvaðan eiga tekjurnar að koma til þess?

Enn fremur finnst mér óeðlilegt að veita svona almenna undanþágu frá öllum sköttum og gjöldum vegna þess að ég er á þeirri skoðun að ríkið eigi að borga skatta nákvæmlega eins og allir aðrir þó að þeir skattar renni í hring, inn til ríkisins og út aftur, til þess að sýna hver kostnaður ríkisins er af viðkomandi svæði umfram önnur svæði og til þess að sýna hvernig þau svæði eða það sem veitt er skattfrelsi af stendur sig í samkeppni við einkaaðila og einkaland sem er skattað að fullu. Þess vegna hélt ég að hv. nefnd hefði rætt þetta almennt séð hvað þýðir að veita slíkt skattfrelsi.

Og ég ítreka spurninguna: Hvaðan eiga sveitarfélögin að fá tekjurnar til að standa undir skipulagningu hálendisins og þjóðlendnanna þar með ef ekki koma til tekjur?

[12:04]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að rétt hafi verið hjá hv. þm. Pétri Blöndal að þegar þetta var upphaflega samþykkt var gert ráð fyrir tekjum til sveitarfélaganna, tekjustofnum til sveitarfélaganna af skipulagsmálum. En í þessu máli komu ekki athugasemdir fram við þá umræddu grein sem hv. þm. gerir að umræðuefni.

Aftur á móti skil ég sjónarmið hv. þm. Péturs Blöndals um gegnsæi í fjármálum ríkisins og það er í rauninni ekkert óeðlilegt að taka umræðu um hvort ríkið eigi ekki að borga skatta af landsvæði eða eignum sínum alveg eins og allir aðrir.

[12:05]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli mína í umræðu um breytingu á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjólendna og afrétta, að í athugasemdum við frv. er þess getið að „til undirbúnings breytingum

á verklagi óbyggðanefndar hafa fulltrúar hennar kynnt sér meðferð og úrlausn sambærilegra verkefna í Norður-Noregi, nánar tiltekið í fylkjunum Nordland og Troms" — þar sem starfræktur er sérdómstóll. Síðan er vikið að því líka að það sé „Høyfjellskommisjonen" þ.e. háfjallanefnd fyrir Suður-Noreg.

Það vekur óneitanlega athygli að við Íslendingar, eins og svo oft áður, veljum miðstýringarleiðina og veljum starfsmann sem á að fara með og vera formaður óbyggðanefndar. Það er alveg ljóst í mínum huga að Norðmenn hafa farið allt aðra leið og farið inn á þá braut að setja upp nefndir sem hafa sérafmörkuð svæði. Þar af leiðandi má velta því fyrir sér hvort nefndin hafi ekki skoðað þann möguleika hvort heppilegra hefði verið fyrir margra hluta sakir að hafa slíkar nefndir, þjóðlendunefndir eða háfjallanefndir fyrir afmörkuð landsvæði, eins og svæðin norðan Vatnajökuls eða Norðurland, Suðurland o.s.frv., sem síðan ynnu saman.

Miðstýringarárättan er mjög grasserandi hér á hinu háa Alþingi, virðulegi forseti, og þess vegna finnst mér nauðsynlegt að fá svör við því hvort nefndin hafi ekki skoðað þessa möguleika. Ég er viss um að Norðmenn hafi einmitt haft þessi mál að leiðarljósi við lausn sinna mála, þ.e. fleiri nefndir á afmörkuðum svæðum nær vettvangi, sem gefur ótvíræða kosti að mínu mati.

[12:07]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nefndin ræddi þetta atriði sem og mörg önnur í tengslum við þetta stóra mál. En það er ljóst að að meginhluta til er norska fyrirkomulagið einmitt fyrirmynd þess sem við erum að byggja á núna.

Stærsti munurinn á fyrirkomulaginu hér og í Noregi er kannski sá að þar er t.d. „Utmarkskommisjonen" dómstóll en ekki stjórnsýsluaðili. Hér var ákveðið að fara þá leið að óbyggðanefnd verði stjórnsýsluaðili. Í Noregi verður úrlausnum „Utmarkskommisjonen" skotið beint til hæstaréttar Noregs, ekki eins og er hér að leita fyrst til héraðsdómstóla og síðan Hæstaréttar.

Við ræddum þetta töluvert og mér skilst að í upphaflegu drögunum hafi verið lagt til að óbyggðanefnd yrði sérdómstóll. Skiptar skoðanir voru um það innan nefndarinnar og mörgum fannst í rauninni betra að þetta yrði sérdómstóll. En að fengnum tillögum réttarfarsnefndar var ákveðið að fara þessa leið því að það er tilhneiging í íslensku réttarkerfi að fækka sérdómstólum, fækka sérdómstólastigum. Má í rauninni segja að fyrir vikið verði miðstýringin því miður þeim mun meiri, ég geti tekið undir það með hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni.

[12:09]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það sem skoðun mína að ég tel að rangt sé að málum staðið að fara í miðstýringaraðgerðir af þessu tagi. Ég held að einmitt sú leið sem Norðmenn fara með því að skipta þessu á landsvæði hefði verið skaplegri fyrir okkur og ég tek eftir því að hv. frsm. allshn. getur í sjálfu sér tekið undir það sjónarmið. Ég held að það sé mjög mikilvægt og hefði átt að skoða málin í því ljósi. Ég held að aðilar, t.d. í heimabyggð minni, hefðu verið fyllilega í stakk búnir til þess að vinna þau verkefni í stað þess að þetta sé gert frá miðstýrðri skrifstofu í Reykjavík og verið sé að skapa hér störf í kringum stjórn þessara mála. Ég hefði viljað sjá öðruvísi aðkomu sem byggir kannski að miklu leyti meira á þeirri aðferð sem ég tel að Norðmenn noti, þ.e. svæðisbundnar nefndir sem vinna að úrlausn þeirra mála sem upp koma á landsvæðum innan Noregs á þann hátt sem lýst hefur verið í nál. sem skýring.

[12:10]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson hafi misskilið mig að einhverju leyti. Það sem ég sagði í upphafi máls míns áðan er skýrt að við byggjum að mörgu leyti á þeirri fyrirmynd sem er í Noregi. Helsti munurinn er sá að þar er um dómstólastig að ræða og ákvörðun þeirra verður skotið til hæstaréttar en hér er um stjórnsýslustig að ræða.

Noregur er náttúrlega allt öðruvísi formað land en Ísland eins og við vitum. Ég er ekki á því að þeim málum hefði verið betur fyrir komið heima fyrir hér á landi en að setja þau í hendur svokallaðrar óbyggðanefndar. Ég held að það séu mjög hæfir og vaskir menn innan þeirrar nefndar sem sinni starfi sínu af alúð, og ég efast ekki um að úrskurðir þeirrar nefndar verða mjög faglegir því að okkar allra færasta fólk er þeirri nefnd. Það kemur til með að byggja mjög mikið á ítarlegri og umfangsmikilli gagnaöflun í þessum málum til þess að svo viðkvæm mál verði sem best til lykta leidd á sem farsælastan hátt. Að því leyti til treysti ég þeim sem eru innan óbyggðanefndar mjög vel til þeirra verka.

Umræðu frestað.

Veiðieftirlitsgjald, 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (heildarlög). — Þskj. 845, nál. 1029.

[12:12]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1029 um frv. til laga um veiðieftirlitsgjald frá sjútvn.

Í frumvarpinu er lagt til að öll ákvæði um gjald fyrir veiðieftirlit verði sameinuð í ein heildarlög til að samræma gjaldtökuna og gera hana skýrari.

Tillaga er gerð um nokkrar breytingar á gildandi gjaldtökuákvæðum. Lagt er til að grundvöllur veiðieftirlitsgjalds vegna úthlutaðra aflaheimilda verði lögfestur skýrar en nú er. Einnig að grunnfjárhæð gjaldsins, sem ákvörðuð hefur verið með reglugerð, verði lögfest, sem og útreikningsaðferð verðmætahlutfalla einstakra tegunda sem gjaldið miðast við. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar sem er ætlað að tryggja samræmda álagningu gjalds og loks að heimild til töku gjalds vegna fjareftirlits nái til slíks eftirlits jafnt innan lögsögu sem utan.

Auk framangreindra breytinga er, í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka breytingu gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu, lagt til að vísitölubinding gjaldsins verði afnumin.

Ekki eru lagðar til breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að eðlilegt þykir að gjöld sem hafa verið uppfærð með reglugerð miðað við byggingarvísitölu uppfærist nú miðað við byggingarvísitölu í janúar 2000.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu sem eingöngu er tæknilegs eðlis:

„Í stað orðanna „íslenskum deilistofnum" í fyrri málslið 2. mgr. 2. gr. komi: vegna íslenskra deilistofna."

Undir nál. rita auk þess sem hér stendur hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Ragnar Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 846, nál. 1030.

[12:14]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1030 um frv. til laga um breytingu á gjaldtökuákvæðum nokkurra laga á sviði sjávarútvegs frá sjútvn.

Með frumvarpinu er lagt til að skýrar verði kveðið á um grundvöll og fjárhæðir gjalda en gert er í núgildandi lögum. Er einnig til samræmingar lagt til að þróunarsjóðsgjald miðist við hvers konar aflaheimildir innan árs en eins og ákvæðið er orðað í núgildandi lögum miðast það ekki við aflahámark og krókaaflamark. Loks felur frumvarpið í sér minni háttar lagfæringar á orðalagi og tilvísunum. Ekki eru lagðar til breytingar á fjárhæð gjalda að öðru leyti en því að þau verði uppfærð miðað við breytingar á byggingarvísitölu í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið með reglugerð, samkvæmt heimild í gildandi lögum.

Auk framangreindra breytinga er, í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að afnema sjálfvirka breytingu gjalda til að sporna við þenslu í hagkerfinu, lagt til að vísitölubinding gjaldsins verði afnumin.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Auk formanns og framsögumanns rita undir nál. hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Ragnar Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Guðjón A. Kristjánsson, Svanfríður Jónasdóttir og Jóhann Ársælsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðlendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 571, nál. 1001.

[12:15]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Þetta frv. er til breytinga á í rauninni nýsettum lög, lögum sem voru sett árið 1998 og áttu fyrst að koma til framkvæmda nú á þessu ári. Það kom strax í ljós að lögin voru engan veginn einhlít í framkvæmd og þótti því ráð að flytja strax í upphafi tillögur til breytinga á ákveðnum þáttum þeirra.

Herra forseti. Í 1. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, segir, með leyfi forseta:

„Eignarland: Landsvæði sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma."

En þjóðlendur, sem þessi lög eiga hins vegar að taka til eru landsvæði utan eignarlanda. Og ég legg áherslu á þetta, herra forseti:

„Þjóðlenda: Landsvæði utan eignarlanda" — stendur skýrt í lögunum — „þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi."

Herra forseti. Um þessa skilgreiningu laganna er deilt, þ.e. hvernig farið er af stað með hana í framkvæmd.

Fjmrh. er ætlað samkvæmt lögunum að setja fram kröfur fyrir hönd ríkisins eða skilgreina þær kröfur sem ríkið vill gera til þess að land megi kallast þjóðlenda. Fjmrh. fékk sér til aðstoðar nefnd sem hefur gengið undir nafninu kröfunefnd. Hún hefur skilgreint eða sett fram kröfur ríkisins. Strax og kröfunefndin lagði fram kröfur ríkisins í Árnessýslu kom í ljós að þær voru algjörlega úr takti við það sem bæði landeigendur töldu sig eiga von á samkvæmt lögunum og líka við það sem alþingismenn töldu sig vera að samþykkja í lögunum árið 1998. Þó að þá hafi verið lagt fram í skyndingu frv. það sem hér er til umræðu til þess að bæta úr meintum ágöllum laganna, var samt alveg ljóst að þær kröfur og þau vinnubrögð sem þarna var farið af stað með voru í engu samræmi við það sem löggjafinn bjóst við, þ.e. þingmenn og ráðherrar sem hafa tjáð sig um málið, og svo landeigendur.

Það er í sjálfu sér mjög alvarlegt mál að framkvæmd laga skuli ekki vera í takt við meintan tilgang þeirra. Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa einmitt til ályktana um það. Ég vil leyfa mér að vísa til ályktunar búnaðarþings sem fékk málið til umfjöllunar á liðnum vetri. Þar eru gerðar mjög alvarlegar athugasemdir við lögin eins og þau birtast. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég vitna til hennar:

„Búnaðarþing 2000 beinir því til Alþingis og ríkisstjórnar að:

a) Lögfest verði að ríkið hafi sönnunarbyrði fyrir eignarétti á landi, landsréttindum og hlunnindum.

b) Alþingi setji inn ákvæði í lög um þjóðlendur, sem kveði á um að þar sem fyrir liggja staðfest landamerki samkvæmt lögum þar um og þinglýsingar á tilteknum svæðum þá standi það. Þau lönd geti aldrei orðið þjóðlendur."

Þetta er í samræmi við skilgreiningu hugtaksins þjóðlendu í 1. gr. laganna

„c)Kröfur ríkisins í lönd í Árnessýslu verði dregnar til baka og endurskoðaðar, og verði aldrei gerð krafa um að eignarlönd, þar sem fyrir liggja staðfest landamerki, verði þjóðlendur.

d) Unnið verði að því að fjármálaráðherra leggi fram rökstuddar kröfur ríkisins til þjóðlenda fyrir landið allt, áður en óbyggðanefnd tekur einstök svæði til úrskurðar. Óbyggðanefnd leggi síðan fram áætlun um í hvaða röð verður fjallað um einstök landsvæði og á hvaða tíma."

Í þessari ályktun sem var send hv. Alþingi og allshn. er einmitt kjarni þess máls sem tekist er á um í framkvæmdinni. Það var sátt um að þjóðlendur tækju til landa sem væru ekki innan skilgreindra eignarmarka. En það var aldrei meiningin að fara að takast á um land og lönd sem voru innan þinglýstra eignarmarka.

Eins og kröfugerðin hefur birst nú mega einstaka jarðir í Árnessýslu þola að ríkið geri kröfu til allt að 98% af landinu,

þ.e. að ríkið eigi það land og aðeins sé um afnotarétt að ræða. Þetta sýnir á hvaða spori þessi kröfugerð er.

Á mjög fjölmennum fundi á Aratungu 25. janúar sl. var farið yfir þessi mál, bæði kröfugerð ríkisins og síðan hvernig landeigendur þar mátu sína stöðu. Líka var reifuð málsmeðferð eða farið ítarlega yfir málsmeðferðina. Þá kom einmitt fram að þarna er verið að gera kröfur í eignarlönd með aldagömlum þinglýstum eignarheimildum fyrir, þinglýstum landamerkjum. Þarna var vitnað til þess að seint á síðustu öld eða rétt um 1880–1882 að mig minnir voru einmitt sett lög hér á Alþingi sem skyldu taka af allan vafa og öll tvímæli um réttarstöðu eignarheimilda, bæði landamerkja og þinglýstra eignarheimilda, einmitt til þess að eyða þeim sama vafa og hér var verið að takast á um. En í þeirri kröfugerð sem nú hefur verið fram sett eru þessar þinglýstu heimildir, þessi lagalegi gjörningur Alþingis þá, dreginn í efa.

Þó svo að á þessum fundi og víðar í umfjöllun um þetta mál hafi komið fram að þetta sé aðeins kröfugerð og ríkinu beri að setja fram ýtrustu kröfur, en síðan eigi eftir að kanna hvaða meðferð málið fær hjá óbyggðanefnd og e.t.v. Hæstarétti, þá er svona löguð röksemd ekki samboðin stjórnvaldi, ríkisstjórnarvaldi, ríkisstjórn, Alþingi og framkvæmdarvaldi, þ.e. að hægt sé setja fram bara eitthvað og eitthvað og síðan meira eða minna gengið út frá því eða þess vænst að sé ekki fótur fyrir því. Herra forseti. Mér er sem ég sjái upplitið á framkvæmdarvaldinu og hæstv. fjmrh. sem fer með þetta mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, á ábyrgð hennar og í umboði, ef þessi kröfugerð sem hæstv. fjmrh. er ábyrgur fyrir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, er að meira eða minna leyti dæmd ómerk. Hvernig vinnubrögð eru það?

Slíkur málflutningur, að þetta séu bara kröfur, ýtrustu kröfur og svo fái þetta faglega umfjöllun og þar sé vænst að þetta allt saman sé brotið niður meira eða minna, er ekki samboðinn framkvæmdarvaldi Íslands. Ég er viss um að upplitið á hæstv. ríkisstjórninni yrði ekki beisið ef þessum körfum yrði að meiri hluta vísað til baka. Kröfurnar eins og þær núna liggja fyrir hljóta að vera að meira eða minna leyti stefna ríkisstjórnarinnar í þessum landamálum. Það er óeðlilegt að skoða og hlusta á þessar kröfur í öðru ljósi. Það er ekkert málþing í einhverjum skóla sem er að setja fram kröfur sínar.

Herra forseti. Ég leyfi mér líka að nefna það hér, af því að hæstv. landbrh. er viðstaddur umræðuna, að hann hefur tekið djúpt í árinni einmitt í þessu máli, a.m.k. þegar hann hefur fengið að tala frjálst, eins og á fundum á Suðurlandi þar sem enginn var að setja á hann neinar munnherpur. Þar talaði hann frjálst og talaði um þennan mótmælafund, þennan geysilega fjölmenna og sterka fund í Aratungu sem sigur bænda í málinu. Síðan reið hann til Alþingis aftur.

Herra forseti. Ég vil nú gefa hæstv. landbrh. tækifæri til þess hér að fara með sinn sterka og öfluga málflutning fyrir íslenska landeigendur, íslenska bændur, hingað inn á Alþingi. Ég minni á hinn mikla sigur sunnlenskra bænda. Hann var þar og þeir kepptust við, hann og 1. þm. Suðurl. — er það ekki rétt hjá mér, herra forseti, að það sé Árni Johnsen — hann kepptist líka við og gaf hástemmdar yfirlýsingar, en þingmenn norðan heiða sem mættu þarna héldu sig svona meira á jörðinni og biðu eftir afrekum þeirra frekar en orðum. En mér fannst þetta mjög góður fundur.

Herra forseti. Hæstv. landbrh. gefst líka tækifæri til þess hér að láta í ljós eða endurtaka það sem haft er eftir honum í fjölmiðlum. Ég minni á viðtal í Ríkisútvarpinu frá 13. mars sl. Þar sagði hæstv. landbrh. Guðni Ágústsson, og það er bein tilvitnun, með leyfi forseta:

„Mér finnst að kröfugerðarnefnd sú sem fjármálaráðherra skipaði í málinu hafi gengið í allt aðra átt heldur en ætlunin var með lögunum eins og hún hefur teiknað upp verkin."

Svo er önnur bein tilvitnun í hæstv. landbrh. sem hefur oft verið gunnreifur í málinu utan þings, með leyfi forseta:

„Ja, það er nú komið frumvarp sem breytir ýmsu hvað þetta varðar. En þarna hafa menn ekki bakkað og ég veit ekki hvernig það fer."

Hins vegar á hæstv. ráðherra trú:

„Ég trúi því reyndar enn að þegar að óbyggðanefndin úrskurðar að þá muni hún vinna í anda laganna."

En af hverju er ekki þegar í stað unnið í anda laganna? Og af hverju þurfum við að bíða í einhverri trú og von og leggjast á bæn um að einhverjir í stjórnsýslunni vinni frekar í anda laganna en eitthvert annað stjórnvald? Það er þá vonin og trúin. Ég skal ekki gera lítið úr trú manna því að trúin getur flutt fjöll. En til þess verður maður að hafa vilja til að fylgja henni eftir, herra forseti. (**SJS:** Spurning hvort hún geti flutt landamæri.) Já, það var einmitt það sem ég ætlaði að koma inn á.

Herra forseti. Ég vil ítrekað gefa hæstv. landbrh. tækifæri til að árétta það sem enn er haft eftir honum, með leyfi forseta:

„Þetta hefur verið rætt í ríkisstjórninni og ég held að menn séu nokkuð sammála þar um hver andi laganna var. Það er ekki ásetningur eða ætlan ríkisstjórnar að fara að taka sannanlegt eignarland af mönnum." — Sannanlegt? Ja, hvað er nú orðið sannanlegt þegar löglegir gjörningar, aldagamlir og nýir, standa ekki?

Herra forseti. Ég vil gefa hæstv. landbrh. tækifæri til að árétta það hvað honum hefur orðið ágengt í að bera þessi mál og sjónarmið sín inn í ríkisstjórnina, m.a. í framhaldi af hinum hástemmdu yfirlýsingum á þessum ágæta fundi í Aratungu þar sem sigurinn var básúnaður. Í útvarpi 17. mars var haft orðrétt eftir hæstv. landbrh., með leyfi forseta:

„Mér finnst það óásættanlegt að fjármálaráðherra skipi alla nefndina" — hann er að tala um kröfugerðarnefndina — „og í nefndinni séu skipaðir menn sem hafa staðið í illdeilum við bændur árum saman til að reyna að hafa af þeim land." Og bætti við að nú hefði hann sagt meira en hann vildi segja. — Og nú hef ég kannski líka sagt meira en ég vildi segja.

Herra forseti. Ég er að hvetja hæstv. landbrh. til að fylgja þessum málum eftir af þeim dug og krafti sem hann hefur boðað og við viljum fá að sjá í verki, ekki bara að bíða í von og trú.

Ég vil líka, herra forseti, benda á að þetta er ekki bara bundið við einstaka hæstv. ráðherra og hv. þm. Ég vitnaði áðan til athugasemda sem búnaðarþing kom á framfæri. Ég vil fá að vitna í yfirlýsingu aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi, sem var haldinn á Kirkjubæjarklaustri 17.–18. mars 2000, með leyfi herra forseta:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi telur að kröfunefnd ríkisins hafi farið offari í kröfum sínum á hendur landeigendum í Árnessýslu. Markmið þjóðlendulaganna, þ.e. laga nr. 58/1998, er að skera úr um eignarhald á landi sem enginn geti sannað eignarrétt sinn á en með kröfugerð sinni gengur ríkisvaldið þvert á þinglýstar eignarheimildir og starfar þannig alls ekki í anda laganna. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi skorar því á fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins að draga kröfulínu ríkisins út fyrir þinglýstar

eignarheimildir þannig að óbyggðanefnd geti tekið til við að úrskurða um þau svæði sem henni er ætlað að fjalla um. Jafnframt leggur fundurinn til að þjóðlendunefndin verði endurskipuð og fleiri ráðuneyti komi að skipan nefndarinnar."

Herra forseti. Er þetta ekki alveg í takt við yfirlýsingar hæstv. landbrh.?

Ég vil líka, herra forseti, minna á afar fjölmennan fund sem haldinn var í Víðihlíð í Vestur-Húnavatnssýslu 27. mars þar sem þessi mál voru líka til umræðu, með leyfi forseta:

„Sameiginlegur fundur sveitarstjórna, landbúnaðarnefnda og stjórnar búnaðarsambanda á Norðurlandi vestra, haldinn í Víðihlíð í Vestur-Húnavatnssýslu 27. mars 2000, mótmælir harðlega þeim kröfum til eignarréttar á landi sem fram eru komnar af hálfu fulltrúa ríkisins á grundvelli laga um þjóðlendur. Fundurinn lýsir furðu sinni á því að fram skuli vera komnar kröfur um að þinglýst eignarlönd bænda, sveitar- og upprekstrarfélaga verði að hluta til eða að öllu leyti gerðar að þjóðlöndum og þar með eign ríkisins. Fundurinn krefst þess að þessar kröfur verði þegar í stað dregnar til baka og virtur verði eignarréttur aðila á því landi sem þinglýsingar og skráð landamerki taka til. Þá gerir fundurinn þá skýlausu kröfu til ríkisstjórnar og Alþingis að frekari aðgerðum um kröfur til þjóðlendna í Árnessýslu verði þegar í stað frestað þar til fyrir liggi heildarkröfur ríkisins til þjóðlendna yfir landið í heild þannig að heildarsýn fáist um þessa kröfugerð þess opinbera á hendur bændum og öðrum landeigendum."

Þetta er meginþunginn í ályktun þessa fjölmenna fundar, þeirra sem eru í forsvari bæði fyrir sveitarstjórnir og landbúnaðarnefndir og búnaðarsambönd á þessu svæði. Enn og aftur er hvatt til að einmitt hæstv. ráðherrar og alþingismenn, sem hafa látið málið til sín taka utan þings í orðum, fylgi því eftir með gjörðum inni á Alþingi.

Herra forseti. Það er því alveg ljóst að framkvæmd þessara laga er alls ekki í neinni sátt. Hún er hvorki í sátt að því er virðist við einstaka ráðherra í hæstv. ríkisstjórn né í sátt við skilning allmargra þingmanna sem hafa tjáð sig um málið. Hún virðist í engri sátt við þá landeigendur sem hafa einmitt tjáð sig um málið eða eru þegar komnir inn í þær málaflækjur sem eru farnar af stað. Það var yfirlýst við setningu þessara laga að ekki væri verið að efna til stríðs eða illdeilna en mér sýnist, herra forseti, að það sé að takast að efna til allsherjardeilna og átaka á milli landeigenda og landumráðenda og ríkisins í þessu máli og kannski mest fyrir óvandaða vinnu og óvönduð vinnubrögð. Hafi lögin um þjóðlendur einhvern veginn skort skýrari ákvæði um verksvið framkvæmdarvaldsins, um verksvið fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, um verksvið óbyggðanefndar, þá ber að endurskoða það, því tekist er á um verksviðið. Það er gott og blessað að setja inn í lögin ákvæði um kostnað, það er mjög fallega hugsað og fallega gert að ríkið skuli bera kostnað af málarekstri eða sönnunarvinnunni í upphafi en málið snýst bara ekki um það, málið snýst um stöðu eignarheimilda.

Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, herra forseti, að sé ástæða, sé lagaleg forsenda og séu lagaleg rök fyrir því að vefengja eignarheimildir jarða og landa, þó svo þau eigi lönd að einhverju hálendi eða ám, séu rök og séu forsendur fyrir því að 95 eða 98% af jörðinni Úthlíð eigi að teljast þjóðlenda og það liggi við að mörkin fari í gegnum íbúðarhúsið, hvar eru þá eignarlönd? Engin rök eru fyrir því að segja að eignarhaldssamningar og landamerki fyrir jörð sem á land að fjalli eða slíkt séu nokkuð veikari eða sterkari en eignarhaldsheimildir fyrir landi hvar sem er á landinu, því deilt er um hina réttarfarslegu og löglegu stöðu þeirra málsskjala sem fyrir hendi eru. Ekki er verið að deila um landið sjálft, ég bið, herra forseti, þingheim að átta sig á því, ekki er verið að takast á um landið sem var skilningur margra varðandi setningu þjóðlendulaganna, að væri landið utan eignarlanda. Nei, málið snýst núna um það að verið er að takast á um réttarfarslega stöðu eignarheimilda og landamerkja og þeir samningar, þeir lagalegu gjörningar eru ekkert formlegri eða betri hvort þeir eru á Álftanesi eða í Bessastaðahreppi, á Reykjanesi eða Kjalarnesi, í nágrenni Reykjavíkur eða hvar sem er á landinu. Ekki er hægt að láta bjóða sér það að landamerki og eignarhaldssamningar njóti ekki sama réttar og sama vafa hvar sem er á landinu. Deilt er um réttarfarsstöðu þeirra en ekki landið sjálft.

Herra forseti. Það er þetta sem mér finnst vera hinn alvarlegi hlutur í þessu máli öllu. Úr því að svo bratt er af stað farið í þessu máli, eins og kröfugerð fjmrh. sýnir fyrir hönd ríkisins hefði verið hreinlegra og eðlilegra og skiljanlegra frá sjónarmiði held ég allra að ríkið gerði bara kröfu um allt Ísland og væri ekkert að skipta því niður í búta og velja einstaka aðila út úr til að verja eignarrétt sinn. Það ætti bara að taka allt Ísland fyrir og fara í gegnum það með sama hætti og verið er að fara í gegnum eignarlönd þeirra sem eiga lönd í Árnessýslu. Þá kæmist á hreint hvort eignarhaldssamningar, hvort sem þeir eru á Seltjarnarnesi eða í Biskupstungum eða í Skagafirði, standist þær kröfur sem þarna er verið að gera um lagalega stöðu þessara lögformlegu gjörninga. Það hefði verið hreinlegt.

Ég er ekki í sjálfu sér fylgjandi því að skrá eigi allt land sem þjóðareign en ekki má mismuna þegnum þjóðfélagsins varðandi lagalega stöðu þeirra eða eignarheimildir sem þeir hafa á sinni hendi. Það er ósanngjarnt. Það, herra forseti, er verið að gera í framkvæmd þessara laga. Verið er að mismuna mönnum eftir því hvar þeir búa, hvar land þeirra er staðsett, a.m.k. eins og það birtist, það er verið að mismuna þeim í kröfugerð ríkisins á hendur landi. Látum þá það sama ganga yfir alla þegna þjóðfélagsins, yfir alla landeigendur hvar sem þeir eru, hvort sem þeir eru til sjávar eða sveita, inn til dala eða út til stranda. Þá væri einhver rökvísi í þessu.

Herra forseti. Sé það ekki gert væri ástæða til að Alþingi kanni að setja inn í lögin um þjóðlendur skýrt ákvæði um að þinglýst landamerki og þinglýstar eignir standi og það eigi ekki að vera að elta upp hinn vefengda rétt því eignarnámsheimildir eru hvort sem er fyrir hendi. Ríkið getur meira að segja heimilað sveitarfélögum og opinberum aðilum að taka land eignarnámi þegar almenningsheill krefst þess og sú heimild er gild og er þá hægt að beita henni þegar almenningsheill varðar, bæði í takmörkuðu og ótakmörkuðu tilliti. Réttur almennings og okkar allra og ríkisins er því fyrir hendi og hægt er að beita honum.

Herra forseti. Öll rök eru fyrir því að frekari framkvæmd, aðgerðum og kröfugerð af hálfu ríkisins, verði slegið á frest á meðan verið er að vinna upp nýja aðferðafræði, nýjar verklagsreglur sem njóta trausts og trúnaðar þeirra sem að málinu eiga að koma. Það er óhugsandi að ætla sér að þetta mál gangi þannig áfram að tekinn verði landshluti eftir landshluta og efnt þar til ... (**HjálmJ:** Óvinafagnaðar.) Óvinafagnaðar, já. Ég tek undir það með hv. þm. Hjálmari Jónssyni. Það var ekki tilgangur laganna. Því erum við þá að hleypa framkvæmdarvaldinu út í óvinafagnað sem ekki var ætlun löggjafans að efnt yrði til?

Það er ástæða til að skoða vandlega hvert á að vera verksvið þessar kröfugerðarnefndar. Hvert á að vera verksvið þessarar óbyggðanefndar? Ég minnist þess, herra forseti, að fulltrúar óbyggðanefndar komu á fund allshn. sem ég sat. Aðspurðum fannst þeim ekkert óeðlilegt að taka að sér að vera umboðsmenn alls landsins, ekki bara óbyggða. Enda, hvað eru óbyggðir? Mér finnst þetta nafn á óbyggðanefnd, sem farin er að takast á um land í byggð, vera rangnefni. Hreint rangnefni. (**Landbrh.:** Óbyggðanefnd er ekki að takast á um neitt.) Nei, en henni er falið að úrskurða um málefni. Hvað á hún að gera ef hún fær það verkefni að úrskurða um land í byggð? Hún á bara að vera úti í óbyggðum og halda sig þar, samkvæmt orðanna hljóðan og nafni hennar. Hún á ekki að úrskurða um land í byggð því hún er óbyggðanefnd. Hún ætti því aðeins að fjalla um lönd í óbyggðum en ekki lönd í byggð, það væri rökrétt.

Herra forseti. Þessi lög eru greinilega ekki vel samin. Þau bjóða upp á rangtúlkanir. Þau bjóða upp á að framkvæmdarvaldinu finnist það geta farið þannig fram að nánast enginn þeirra sem þar kemur að ber traust og trúnað til þeirra vinnubragða. Því skora ég á hæstv. landbrh., sem verður að segja til hróss að er þó sá ráðherra sem hefur tekið hvað dýpst í árinni varðandi þetta mál, að fylgja þessu eftir og láta jafnt yfir alla landeigendur ganga óháð því hvort þeir búa í Árnessýslu, í Skagafjarðarsýslu, í Bessastaðahreppi, á Reykjanesi eða hvar sem er. Ég skora á hann að stöðva þetta mál og ríkið skilgreini síðan kröfur sínar í heilu lagi fyrir allt landið og fari þá undir friðarmerki til þess verks.

[12:49]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er deilt um ákveðin landsvæði hér á Íslandi og inn á það hafa margir hæstaréttardómar komið, til að mynda Landmannaafréttadómarnir, sá fyrri og hinn síðari.

Út á hvað gekk þessi lagasetning með þjóðlendulögunum? Hún gekk út á að skera úr um réttaróvissu um ákveðin landsvæði. Hún gekk ekki út á að taka land af öðrum. Það er alveg hárrétt. En til eru umdeilanleg landsvæði og deilt um hver eigi þau. Því er afskaplega mikilvægt að ríkið bregðist ekki skyldum sínum heldur í þessum efnum. Ríkið bregst skyldum sínum ef það ásælist augljósan eignarrétt manna. Þá væri það að bregðast skyldum sínum. En það er líka að bregðast skyldum sínum ef það sækir ekki rétt til þess lands sem það á eða þess sem vafi leikur á um eignarheimildir. Það er líka að bregðast skyldum sínum ef það sækir ekki réttinn.

Hv. þm. Jón Bjarnason hefur komið inn á hvernig kröfugerð ríkisins er háttað. Ég get alveg tekið undir það að mér finnst körfugerð ríkisins á Suðurlandi mjög umdeilanleg. En það er mín persónulega skoðun. Það er óbyggðanefndar að skera úr um þær kröfur sem koma þar fram og síðan væntanlega dómstólanna þegar þar að kemur.

Kröfugerð ríkisins virðist byggjast á og ég tel að hún eigi að byggja á því að kröfurnar séu samrýmdar dómafordæmum og fræðikenningum sem þekktar eru varðandi eignarhald sem um er að ræða. Kröfugerðin verður að byggjast á dómafordæmum og fræðikenningum um þessi mál.

Herra forseti. Það er líka ljóst að enginn getur afsalað sér meiri rétti en hann hefur. Á mörgum stöðum eru því miður mjög einhlítar landamerkjalýsingar. Þinglýsing er mjög mikilvægt gagn en ef landamerkjalýsingar eru einhlítar þá verður að kanna grundvöllinn að baki mun betur.

[12:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég ítreka að Alþingi setur lög. Dómar gera það ekki. Falli dómar þannig að það er ekki í samræmi við sýn eða vilja meginþorra þjóðarinnar þá þarf Alþingi að setja lög, en ekki að bíða bara eftir fleiri dómum.

Hver trúir því að 95% eða 98% af landi jarðar Úthlíðar í Biskupstungum sé þjóðlenda? Hver trúir því? Því trúir heldur enginn að sú krafa sé sett fram af einhverju kæruleysi. Því mun enginn trúa að fjmrh. eða kröfunefnd í ábyrgð fjmrh. setji fram þá körfu bara að gamni sínu. Enginn getur reynt að fá landslýð til að trúa því. Þetta er stefna framkvæmdarvaldsins eins og hún birtist.

Ég er sammála hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur um að eignarhaldsheimildir geti sjálfsagt verið vefengjanlegar. En þær eru jafnvefengjanlegar hvar sem er á landinu. Á það er vil ég leggja áherslu. Það hlýtur að verða að gera sömu kröfur til eignarhaldsheimilda hvar sem er á landinu og ríkinu ber þá jafnmikil skylda til að kanna réttarstöðu þeirra eignarheimilda og eignarheimilda einstakra landeigenda í Árnessýslu. Á það er vil ég einmitt leggja áherslu. Eignarhaldið og krafa til rétts eignarhalds verður að vera sú sama hvar sem er á landinu.

[12:53]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að hv. þm. Jón Bjarnason gerir sér grein fyrir hlutverki Alþingis, en það er einmitt löggjafarvaldið.

Honum hefur verið tíðrætt um að ríkið ætti að gera kröfu til alls landsins í heild. Við ræddum þetta mál líka í allshn. og komumst að þeirri niðurstöðu að það væri bæði viðkvæmt og of umfangsmikið að gera körfu til alls landsins í heild, alls á einu bretti. Því er um leið ákveðið hagræði í því að taka einn landshluta fyrir í einu. Það getur orðið fordæmisgefandi og um leið samræmt kröfur ríkisins til síðari landsvæða. Ríkið kemur því væntanlega til með að byggja kröfur sínar á því sem kemur út úr þeim kröfum sem viðhafðar eru á Suðurlandi.

Ég vil ítreka þá skoðun mína sem ég gat um áðan að kröfugerðin varðandi Suðurland er mjög víðfeðm. Það kom líka fram á fundum nefndarinnar að nokkuð ljóst sé að kröfugerð ríkisins á ákveðnum landsvæðum verði hnekkt. Henni verður breytt. En það er ekki okkar að segja til um það.

Vissulega setjum við lögin. En lögin eru grundvöllur þess að óbyggðanefndin í þessu tilviki og síðan dómstólar geti dæmt á grundvelli þeirra, að þar verði tekið tillit til þeirra laga sem við setjum hér.

Einnig mætti segja að með setningu þjóðlendulaga á sínum tíma, fyrir rúmum tveimur árum hafi verið brugðist við þeirri réttaróvissu sem ríkti m.a. í ljósi síðara Landmannaafréttardómsins þar sem sagt var að ríkið ætti ekki beinan eignarrétt en gæti gert tilkall til hans. Það þurfti að koma til lagasetning til að bregðast við þeim dómi. Þess vegna erum við að ræða þessi mál hér í dag.

[12:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki rétt að blanda viðkvæmni inn í þessa umræðu og þess vegna sé betra að taka landið fyrir í bútum, höggva það niður í búta. Þetta er réttarfarslegt mál og ef það er svo illa unnið í byrjun að menn þurfi að þreifa fyrir sér í kjölfarið þá er bara eitthvað að lögunum. Á löggjafinn að þurfa að bíða eftir einhverjum

dómum í svona stóru máli? Löggjafinn á að setja reglur um hvernig svona lagað skuli unnið. Hann gat sett sér það mark að land, t.d. í 400 til 600 metra hæð yfir sjávarmáli yrði þjóðlenda eða einhver önnur skýr mörk. Þannig að fram kæmi vilji löggjafans á því hvað gerði land að þjóðlendu. Hann væri ekki að velta fyrir sér eignarheimildum þó að það sé mál út af fyrir sig. Eignarheimildirnar eru þær sömu, réttarstaða þeirra er sú sama hvar sem er á landinu og engin ástæða til að taka ákveðinn hóp manna út og þreyta með því að takast á um eignarheimildir þeirra á landinu.

Málið snýst ekki um það. Málið snýst um þjóðlendur, það sem Alþingi taldi sig sammála um að ættu að vera þjóðlendur, en ekki stríð um eignarheimildir. Það vil ég hér ítreka. Framkvæmd ríkisstjórnarinnar á þessu máli stríðir gegn þeirri sýn sem allmargir þingmenn og aðrir landsmenn hafa haft á þessu máli og báru væntingar til.

[12:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil staðfesta það hér að allt sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði um málflutning minn er satt og rétt. Hann hallaði hvergi réttu máli fremur en Brennu-Flosi í höll jarlsins þegar hann sagði frá brennumálunum. Málflutningur hans hér hefur því verið réttur. Ég stend við hvert orð sem ég hef sagt í þeim efnum.

Ég tel að nefnd hæstv. fjmrh. hafi því miður sett málið í nokkurt uppnám á fyrsta reit og tel að hyggilegra hefði verið að skoða hvort þessi nefnd ætti ekki að vera öðruvísi skipuð. Hún kæmi þá frá þremur ráðuneytum, t.d. einn til viðbótar frá landbrn. og annar frá félmrn., til að fá víðari sýn.

Hitt er annað mál að hv. þm. Jón Bjarnason gerir hér mikið úr málinu, telur að það sé komið á lokareit og að hér hafi land verið tekið af bændum. Það er alrangt. Hann vitnaði í þau orð mín að óbyggðanefndin hefði miklar skyldur. Hún hefur ekki bara skyldur til að úrskurða. Hún hefur líka skyldur til að setjast niður og leita sátta milli aðila. Hún hefur líka skyldur til að skoða öll þau gögn sem fyrir liggja í málinu, t.d. uppgjöri sem fór fram einhvern tíma á milli 1880 og 1890. Hún hlýtur að skoða þinglýst eignarmörk. Á þeirri nefnd hvílir því mikil skylda. Hún hlýtur í meginatriðum að hrekja margt af því sem kröfugerðarnefnd fjmrh. hefur sett fram.

Nú þýðir ekki fyrir hv. þm. Jón Bjarnason að tala um kröfugerðarnefnd hæstv. fjmrh. sem nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Hv. þm. veit það jafn vel og foringi hans sem nú situr hér einfættur, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að ríkisstjórn er ekki fjölskipað stjórnvald. Hver ráðherra fer með sinn málaflokk. Þetta var niðurstaða hæstv. fjmrh. Ég hef gagnrýnt hana en ég trúi því enn að óbyggðanefndin, sem mun nú fjalla um þessi mál, muni komast að skynsamlegri niðurstöðu í þessu máli og að friður verði um það í framtíðinni. (Gripið fram í.) En hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem setið hefur í ríkisstjórn veit að hann bar ekki ábyrgð á gjörð annarra ráðherra. Hann bar ábyrgð á sínum gjörðum.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að vinstri grænir sem ég hélt að væru ríkiskapítalistar vilja líka verja eignarrétt manna. Ég hélt að þeir væru flokkur sem vildi að ríkið ætti allt landið. (**SJS:** Það er nú Sjálfstfl. sem vill það.)

[13:00]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir innkomu hans í málið. Í fyrsta lagi vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð að jafnt gangi yfir alla og að ríkið sé sjálfu sér samkvæmt og samþykki ekki lög um eitt og geri síðan annað. Við viljum einmitt hvetja hæstv. landbrh. til þess að standa með okkur í því þannig að hæstv. landbrh. þurfi ekki bara að ganga inn í og út úr ríkisstjórn með trú á að málið fá farsælan endi heldur líka málefnalega vinnu að baki einhverri skynsamlegri niðurstöðu.

Það er alveg hárrétt að þetta er ekki komið á lokastig. En kröfugerðin liggur fyrir og skoðun hæstv. landbrh. á því hvernig af stað er farið liggur líka fyrir. Það sem vantar, herra forseti, er að hæstv. landbrh. fari ekki með skoðanir sínar inn í ríkisstjórn á öðrum fæti og á hinum út aftur. Það er einmitt það sem vantar í þessari málafylgju hæstv. landbrh. Hver mundi vilja sjá upplitið á ríkisstjórninni og hæstv. fjmrh. sem fer með kröfugerðina, ef Úthlíð yrði dæmd með 100% rétt, en þeir búnir að gera kröfu til þess að 95% eða 98% af jörðinni yrði tekið til baka? Fyrir hvaða vinnu er þá verið að borga þessum kröfugerðarmönnum ef ekki er meiri trú á þeirra störfum?

[13:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. þm. vil ég segja um það er hann talar um að jafnt skuli yfir alla ganga að ég er ekki frá því að það sé mjög skynsamlegt að vinna málið eins og gert er, þ.e. að taka fyrir ákveðin svæði skref fyrir skref. Bæði vinnst þá tími til þess að skoða málið því menn vilja fara varlega í það eins og löggjafinn markaði á sínum tíma. Hér var algjör samstaða um þjóðlendumálið. Meira að segja hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur örugglega greitt því atkvæði sitt. Hv. þm. Jón Bjarnason var ekki fæddur inn í þetta þing á þeim tíma. Það gerðist nú síðar. En trú mín byggist auðvitað á því að ég trúi því að óbyggðanefndin taki allar þær lagaskyldur sem Alþingi hefur á hana lagt rannsaki öll gögn í málinu og vinni samkvæmt því. Það er skylda hennar. Ég vona því að mjög faglega verði unnið. Eins og ég gat um er þeirra ekki bara að úrskurða. Þeirra er að leita sátta. Þeirra er að afla allra þeirra gagna sem til eru um málið.

Ég vil svo að lokum lýsa því yfir að verið getur að það verði seinni tíma mál að breyta lögunum eins og ég talaði um, þ.e. að það væri eðlilegra að nefndarmenn kæmu úr fleiri áttum. Ég hygg að það náist ekki fram á þessu þingi og verði ekki niðurstaða þannig að ég bíð auðvitað þeirrar niðurstöðu sem verður í Árnessýslu, þ.e. hvað þar gerist. Ég leyfi mér að trúa, hv. þm., og eiga mér trú. Ég leyfi mér að trúa á skynsemi manna. Ég leyfi mér að trúa á að þeir taki skyldur sínar til greina sem til þess eru valdir. Þess vegna er trú mín sú að óbyggðanefnd muni fjalla um þetta mál af miklu meira raunsæi. Stríðsmenn hæstv. fjmrh. hafa álitið sig stríðsmenn einhvers. Ég veit ekki hvort það er hans. En þeir hafa álitið sig stríðsmenn í baráttu fyrir að ríkið ætti sem mest. Það er þeirra misskilningur (Forseti hringir.) og við það erum við ósáttir, hæstv. forseti. (**SJS:** Trúin er ein eftir.)

[13:05]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því og er ánægður með að hæstv. landbrh. skuli hafa sterka trú. Ég vona að hann láti sína ágætu trú, hvort sem það er barnatrú eða önnur góð trú, styrkja sig í því að bera málin áfram en ekki bara sitja og bíða eftir að hlutirnir gerist. Það finnst mér einmitt vera málið.

Herra forseti. Ég vil benda á það mikla vantraust sem kemur fram í máli hæstv. landbrh. á vinnu sem hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á og einu viðbrögð hans við því eru að trúa því

að ekkert verði eftir henni farið, eða takmarkað. Það er það eina sem hann hefur fram að færa. (**Landbrh.:** Trú á lögin.) En hæstv. landbrh. er líka hluti af þeirri verkstjórn sem fram fer. (**Landbrh.:** Trú á lögin og guð.) Já, þau eru góð saman. En þá verðum við líklega að losna við fjmrh.

Umræðu frestað.

Bifreiðagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 219. mál (gjaldskylda, innheimta). — Þskj. 996.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KHG, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, DO, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SF, StB, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1036).

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 286. mál (ársfundur og skipan stjórnar). — Þskj. 435.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KHG, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞBack, ÖJ.
23 þm. (ÁJ, DO, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1037).

Vörugjald af ökutækjum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 385. mál. — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ.
6 þm. (GE, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, DO, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SF, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1038).

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 261. mál (undanþágur). — Þskj. 1006.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
21 þm. (ÁJ, ÁSJ, DO, GE, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JÁ, JB, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1039).

Eftirlit með útlendingum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 328. mál. — Þskj. 1007.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, KF, KHG, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1040).

Stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 665.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. samþ. með 28:14 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.
nei: BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb.

6 þm. (ÁSJ*, ÁRJ, JB, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, DO, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. með þessu frv. er verið að staðfesta eignarhald útgerðarinnar á öllum norsk-íslenska síldarstofninum. Við samfylkingarmenn erum andvígir þessum fyrirætlunum og alfarið á móti eignarhaldi útgerðarmanna á veiðiheimildum. Þess vegna greiðum við atkvæði gegn þessu frv.

[13:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er enn á ný verið að auka við kvótaverslunina sem er nú þegar nógu umdeild í þjóðfélaginu. Þessi lög hefðu hvort sem er fallið úr gildi næsta haust og var ástæðulaust að breyta þeim. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1041).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 176. mál (umsýsluþóknun). — Þskj. 203, nál. 954, brtt. 955.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Brtt. 955,1 (ný 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 955,2 (ný 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 293, nál. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Brtt. í nál. 1002 samþ. með 48 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 281. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 421, nál. 1019, brtt. 1020.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Brtt. 1020,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1020,2 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KHG, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, GÁS, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, KF, KHG, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GAK, GÁS, GÖ, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KolH, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, SF, ÖS) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, KF, KHG, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (BH, MF) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁRJ, DO, GÁS, HÁs, HBl, JóhS, JBjart, KolH, KLM, LMR, LB, ÓÖH, SF, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1020,3 samþ. með 47 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1020,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
9.–11. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1020,5 samþ. með 49 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1020,6 samþ. með 48 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Veiðieftirlitsgjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 543. mál (heildarlög). — Þskj. 845, nál. 1029.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1029 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
3.–7. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 846, nál. 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Stjórn fiskveiða.

[13:46]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Nú hefst áður tilkynnt umræða utan dagskrár um stjórn fiskveiða. Málshefjandi er hv. þm. Sverrir Hermannsson. Hæstv. sjútvrh. Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa. Samið hefur verið um ræðutíma, sbr. 72. gr. þingskapa. Reiknað er með að umræðan standi í röskar tvær klukkustundir.

[13:47]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Það er grundvallarmisskilningur ef einhverjir halda að dómur Hæstaréttar í Vatneyrarmálinu sé heilbrigðisvottorð fyrir gildandi fiskveiðistjórn á Íslandi. Því er raunar alveg öfugt farið, eins og glöggt má sjá ef forsendur meiri hluta dómsins og sératkvæða þriggja dómenda eru krufnar til mergjar.

Í forsendum meiri hluta Hæstaréttar segir svo á bls. 12 í dómskjalinu, með leyfi forseta:

„Í 1. gr. laga nr. 38/1990 segir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Sé það markmið laganna að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim.

Réttindi þau sem felast í úthlutuninni ráðast þannig af lögunum eins og þau eru á hverjum tíma."

Á bls. 12 í sama skjali segir svo, með leyfi forseta:

„Til þess verður og að líta að samkvæmt 3. málslið 1. gr. laganna myndar úthlutun veiðiheimilda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra manna yfir þeim eins og áður segir. Aflaheimildir eru þannig aðeins varanlegar í þeim skilningi að þær verða hvorki felldar niður né þeim breytt nema með lögum. Í skjóli valdheimilda sinna getur Alþingi því kveðið nánar á um réttinn til fiskveiða, bundið hann skilyrðum, eða innheimt fyrir hann frekara fégjald en nú er gert vegna breyttra sjónarmiða um ráðstöfun þeirrar sameignar íslensku þjóðarinnar, sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru."

Ég mun víkja að því síðar sérstaklega hvernig framkvæmdarvaldinu hefur farið úr hendi úthlutun veiðiheimilda og hvernig handhafar heimildanna hafa meðhöndlað þær í einu og öllu sem eigin eign og þverbrotið þannig gildandi lög með vitund og vilja valdhafa.

Niðurstaða tveggja dómenda, Guðrúnar Erlendsdóttur og Haraldar Henrýssonar, er afdráttarlaus. Í III. kafla forsendna þeirra segir svo á bls. 16:

„Þannig útiloka reglur um úthlutun aflaheimilda til frambúðar aðra mikilvæga hagsmuni, sem telja verður að hafi sambærilega stöðu, og taka verður tillit til í heildarmati. Í þessu felst skýlaus mismunun, sem telja verður ómálefnalega og ósamrýmanlega þeirri skírskotun til heildarhagsmuna, sem fram kemur í 1. gr. laga nr. 38/1990. Er og óhjákvæmilegt að líta svo á, að til frambúðar leiði þessi skipan til myndunar sérréttinda, þrátt fyrir það yfirlýsta markmið laganna, að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt og óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim, sbr. 3. málslið sömu lagagreinar."

Í forsendum fyrir sératkvæði Hjartar Torfasonar segir svo í kafla VII á bls. 24:

„Að virtu öllu þessu og öðru því, sem telja má á færi dómara, verður að líta svo á, að hin umdeilda skipan fái ekki staðist til frambúðar sem lögmæt skipan á stjórn fiskveiða, þrátt fyrir málefnalegan uppruna, nema því aðeins að til komi eitthvert mikils háttar mótvægi við sérréttindum þeim og einhæfni, er fylgja megineinkennum hennar. Um fyrrgreind sérréttindi eigi það einnig við, að þau standist ekki kröfur áðurgreindra ákvæða stjórnarskrárinnar sem ótímabundinn þáttur fiskveiðistjórnarinnar."

Svo mörg eru þau orð í forsendum Hæstaréttar og verða ekki misskilin. Þess vegna ber hinu háa Alþingi siðferðisskylda til að taka þegar í stað til meðferðar og gerbreytingar sjálfan grundvöll fiskveiðistjórnarinnar, úthlutun kvótans. Lausn þess þjóðhættulega vandamáls verður ekki fundin fyrir dómstólum heldur á löggjafarsamkundunni. Slík er ályktun hins hæsta réttar og eftir henni ber að sjálfsögðu að fara.

Það er álit Hæstaréttar að skipan fiskveiðistjórnar hafi á sínum tíma verið reist á málefnalegum forsendum og verði því mati löggjafans ekki haggað fyrir dómstólum. Fyrir því skulum við nú rifja upp tilurð kerfisins og hinnar alræmdu kvótaúthlutunar.

Í ævisögu Steingríms Hermannssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, segir svo á bls. 289:

„Aðdragandi þess að sett var á kvótakerfi í sjávarútvegi á Íslandi er saga sem ekki hefur verið skráð þótt undarlegt megi virðast. Þegar hagsmunaaðilar í útgerð höfðu komið sér saman um nýtt fiskveiðistjórnarkerfi treystu stjórnmálamenn sér ekki til að ganga gegn þeirri niðurstöðu. Halldór Ásgrímsson studdi stefnu LÍÚ og féllst á rök útgerðarmanna fyrir kvóta á skip."

Í ævisögu Steingríms Hermannssonar, fyrrv. forsrh., sem sat í þeirri stöðu þegar kerfinu var komið á, segir svo, með leyfi forseta:

„Kvótakerfinu var komið á með hraði um áramótin 1983/1984. Það var sett á fót án þess að umtalsverð umræða færi fram á vettvangi stjórnmálanna eða í sjálfu sjútvrn. Þegar ég yfirgaf ráðuneytið grunaði mig ekki hversu skammt væri í að Kristján Ragnarsson hefði sitt fram."

Hæstiréttur verður ekki gagnrýndur fyrir að vitna til forsendna löggjafans og að mat hans hafi verið málefnalegt. Rétturinn á engin ráð önnur en þau sem lesin verða í lagagreinunum sjálfum. En hin ískalda staðreynd er hins vegar sú að kvótalögin voru sett eftir hagsmunum LÍÚ-klíkunnar og framkvæmd þeirra hefur verið í höndum sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar og Þorsteins Pálssonar sem voru alla ráðherratíð sína eins og þrælar í járnum á galeiðum sægreifanna. Þetta eru í raun hinar málefnalegu forsendur kvótaúthlutunarinnar, svívirðilegustu eignatilfærslu Íslandssögunnar, gripdeildarlaganna, þar sem örfáir útvaldir maka krókinn á kostnað

heildarinnar og byggðir landsins brotna saman undan, með hrottafengnari hætti en nokkurn gat órað fyrir.

Þetta fársjúka fiskveiðistjórnarkerfi er ekki aðeins gott frá sjónarhóli LÍÚ-klíkunnar og taglhnýtinga hennar heldur af þeim talið það besta í heiminum. Gríðarlegum fjármunum er varið til að flytja landsmönnum og allri heimsbyggðinni þennan blekkingarboðskap. Þetta hefur þeim haldist uppi þótt árangurinn af kerfinu sem fiskverndarkerfi sé neikvæður eftir öllum nothæfum mælikvörðum. Kerfið er ekki fiskverndarkerfi heldur kerfi til verndar stórútgerðarmönnum örfáum.

Lítum andartak á þróun þorskveiða síðustu hálfa öld. Á árunum 1952–1972 gaf þorskslóðin af sér 438 þúsund tonna meðalafla á ári í 20 ár. Fram til 1961 var fiskislóðin aðeins 43 þús. km en 75 þús. km upp úr því, eftir 12 mílna útfærsluna. Nú er landhelgin hins vegar 758 þús. km . Af þessari 20 ára reynslu, frá 1952 til 1972, hefði að öðru jöfnu mátt ætla að slíkt veiðiálag væri hæfilegt á Íslandsmiðum. En það er í lok þessa tímabils sem hafrannsóknarmenn setja fram fullyrðingu um að þorksstofninum við Ísland verði útrýmt ef ekki verði hafnar friðunaraðgerðir. Óþarft er að rekja þá sögu í smáatriðum, en minna má á, að leyfileg veiði þorsks fór eitt árið niður í 160 þúsund tonn. Eftir að hinum margrómuðu friðunaraðgerðum hafði verið beitt árum saman.

Hvernig skyldi ástandið vera nú eftir allar friðunaraðgerðirnar og verndunarmátt kvótakerfisins? Lítum á síðasta áratug, eftir að kvótaframsalið var innleitt, og berum saman afla ársins 1991 og ráðgerðar veiðar í ár, árið 2000. Þær tölur gefa harkalega vísbendingu um hver árangur er af fiskveiðiráðgjöf og þar með kvótasetningu síðasta áratug eða hitt þó heldur.

Þorskaflinn árið 1991 var rétt rúm 300 þús. tonn. Nú, eftir mikinn viðgang stofnsins að talið er vegna hagstæðra skilyrða í hafinu sl. tvö ár, er leyft að veiða tæp 270 þús. tonn. af þorski. Ýsuaflinn 1991 var 54 þús. tonn en nú má veiða 38 þús. tonn. Ufsaafli 1991 var 99 þús. tonn en nú telst hæfilegt að veiða 30 þús. tonn. 1991 veiddust 97 þús. tonn af karfa, en nú má veiða 65 þús. tonn. Af skarkola veiddust 11 þús. tonn 1991 en nú er talið hæfilegt að veiða 4 þús. tonn.

Þess ber að geta sérstaklega að ástand hafsvæðanna kringum Ísland þykir sérlega gott og hafi verið hin síðustu árin. Nýjustu fréttir herma þó að netarall og togararall bendi til þess að t.d. þorskstofninn skreppi enn saman. Samt sem áður skreppur veiðin saman sem raun ber vitni. Sem fiskverndarkerfi virðist fiskveiðistjórnin hafa alveg þveröfug áhrif og sú forsenda, málefnalega forsenda fyrir setningu fiskveiðistjórnarlaganna þess vegna að engu hafandi og hreinræktuð blekking eins og sannarlega má sýna fram á og ég hef gert í þessum örfáu tölum.

Í áróðri kvótamanna er sú fullyrðing fyrirferðarmikil að aldrei hafi verið hægt að gera út á Íslandi með neinu lagi fyrr en undir núverandi gripdeildarkerfi.

Hvað segja staðreyndirnar okkur? Hvaðan ætli séu runnin meginefnin í íslensku þjóðlífsbyltinguna? Framfarabyltingin íslenska á sér enga hliðstæðu. Á örfáum fyrstu áratugum lýðveldistímans spratt þjóðin upp úr öskustó örbirgðar til að verða eitt mesta velferðarríki veraldar. Öll voru þau efni úr sjó dregin að heita mátti. Svo koma áróðursmeistarar gripdeildarkerfisins og fullyrða að íslenska útgerðin hafi ævinlega verið á vonarvöl þar til örfáum lénsherrum voru afhent umráð sjávarauðlindarinnar.

Sá sem hér talar getur úr flokki talað þegar hann segir að það hafi alltaf verið gróðavegur að stunda útgerð á Íslandi með góðum mönnum, að vísu mikil áhætta með skussunum sem nóg var af og kunningjaþjóðfélagið hélt úti ásamt pólitískum bankastjórum aðallega. Að auki er það talið kvótakerfinu til ágætis að lungann úr liðnum áratug hefur ríkt góðæri til sjávarins og löngum mjög hátt verðlag á mörkuðum sjávarafurða. Enn fremur er á því klifað að útvegurinn hafi áður fyrr þurft á opinberri aðstoð að halda. Sú aðstoð sést vart með berum augum, borið saman við þá gegndarlausu ríkisframfærslu sem gjafakvótinn veitir.

Það er ærandi holhljómur í tali íslenskra ráðamanna á erlendri grund þar sem þeir eru að mæla gegn styrkjum annarra þjóða til sjávarútvegs í öðrum löndum.

Víkjum þá að hagkvæmninni og hagræðingunni sem kvótakerfið á að hafa haft í för með sér. Ég geri ekki ráð fyrir því að það séu nýjar fréttir fyrir neinn í þessum sal þótt rifjaðar séu upp ástæðurnar fyrir því að Færeyingar vörpuðu fyrir ofurborð því fiskveiðistjórnarkerfi sem við Íslendingar búum við. Það var fyrst og fremst vegna hins gegndarlausa brottkasts afla sem kerfið hratt mönnum út í. Þegar þessi staðreynd er höfð á orði á Íslandi gera hræsnisdruslur kerfisins sig heilaga í framan og stynja af sársauka vegna þeirrar ósanngirni sem íslenskum sjómönnum sé með því sýnd að hafa uppi þessar staðreyndir.

Það er óþarft að fara mörgum orðum um þessa alkunnu staðreynd. Einn þekktasti fiskiskipstjóri flotans, Hrólfur Gunnarsson, fullyrðir að brottkastið nemi 200 þús. tonnum árlega. Við skulum fara varlegar í sakirnar en ekki er ofáætlað að 100 þús. tonnum af þorski sé kastað á glæ, að verðmæti u.þ.b. 20 milljarðar kr., 20.000 millj. kr. Enginn sem leigir sér veiðiheimildir fyrir það okurverð sem tíðkast getur komið að landi nema með verðmesta fiskinn.

Þess vegna er öllum smærri fiski hent og öllum dauðum fiski í netum, enda þótt það sé staðreynd að 40% af þorski sem gengur í net drepist á fyrstu nóttu. Og þeir draga net þriggja nátta úr sjó og enginn dauður fiskur í þeim, a.m.k. kemur hann ekki að landi.

Hið sama gildir raunar um gjafakvótamenn. Þeir hljóta að kappkosta að upp í veiðiheimildirnar aflist sem verðmestur fiskur þótt þeim sé ekki nauðugur einn kostur að fleygja öllum verðminni fiski, eins og leigjendum heimildanna. Á togurum er smáfiski skolað fyrir borð og sennilega drepa þeir fleiri einstaklinga fisks en þeir hirða. Þó ekki væri nema til þess að fá allan veiddan afla að landi ber brýna nauðsyn til að leggja af núverandi sóunarkerfi sem herrarnir kalla hagkvæmt.

Hvernig skyldi svo hagur greinarinnar vera í heild eftir góðærið til sjávarins og hæsta verðlag á afurðum? Er hægt að fá skorinorða skýringu á því hvers vegna skuldir sjávarútvegsins hafa hækkað um 50 milljarða á síðustu tæpum fimm árum, 50 þús. millj. kr., og eignaaukningin sáralítil? Hvað er orðið um mismuninn plús gróðann sem gumað er af? Er mismunarins kannski að leita inni á Laugavegi eða uppi í Kringlu eða úti í Lúxemborg? Við vitum um enska knattspyrnuliðið. En fróðlegt væri að fá upplýsingar um einkaráðstöfun sægreifanna á andvirði sjávarauðlindarinnar, sameign íslensku þjóðarinnar.

En hverjir skyldu það hafa verið sem drýgstan þátt áttu í því upp úr miðri öld að lyfta íslenskri þjóð úr örbirgð til bjargálna? Það voru ungir framtaks- og aflamenn. Langflestir höfðu þeir hafist af sjálfu sér enda ekkert auðvald að

þeirra baki. Þeir námu skipstjórnarfræði, komust yfir skip og neyttu frumburðarréttar hvers einasta Íslendings að sækja sjó og færa björg í bú. Þetta eru afreksmennirnir sem við eigum fyrst og fremst að þakka velsæld okkar.

Nú er nám í Stýrimannaskólanum ekki lengur eftirsóknarvert fyrir unga menn og skólinn verður sjálfsagt brátt minnismerki um liðna tíð. Ungir menn finna hjá sér enga hvöt að afla sér menntunar til þess eins að þjóna lénsherrum framtíðarinnar og eiga þess enga von að verða sjálfs síns herrar. Hitt er svo annað mál, en þessu náskylt, að atvinnugrein þar sem nýliðun er útilokuð verður brátt illa sett og örbjarga.

Í 1. gr. laga nr. 38/1990 er tekið fram að það sé markmið laganna að tryggja byggð í landinu. Eitt er markmið og annað framkvæmd enda fer framkvæmd fiskveiðistjórnarlaganna þannig úr hendi ríkisvaldsins að innan skamms munu flestar sjávarbyggðir í landinu leggjast í auðn. Tala kvótamenn raunar tæpitungulaust um að slíkt sé eðlileg afleiðing hagræðingarinnar svonefndu í sjávarútvegi.

Það vekur venjulegu fólki hroll að hlýða á slíkt tal og enn meira að hafa kaldar staðreyndir þessarar þróunar fyrir augum. Á hverjum degi sl. árs flutti fjögurra manna fjölskylda af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og þessu mun fram vinda með vaxandi þunga eftir því sem kvótaeignin færist á færri hendur og ný met hafa verið slegin á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Tíma mínum er lokið nú, herra forseti, en að mörgu öðru mætti víkja og líka því að það hlýtur að renna gömlum sjálfstæðisflokksmanni til rifja, sem var alinn upp við kjörorðið stétt með stétt þar sem frjálst framtak og frelsi einstaklinganna til orðs og æðis sat í fyrirrúmi, að horfa upp á gamla flokkinn sinn veita forustu slíkri óstjórn eins og hér gefur á að líta.

[14:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Dómur Hæstaréttar frá 6. apríl sl. í Vatneyrarmálinu svokallaða er mjög afgerandi og skýr. Að honum gengnum leikur ekki nokkur vafi á því hvort fiskveiðistjórnarlöggjöfin standist stjórnarskrána. Í niðurstöðum dómsins felst að val á leiðum við stjórn fiskveiða hljóti að vera hjá löggjafanum og að endurskoðunarvald dómstóla nái ekki til annars en að meta hvort gætt hafi verið málefnalegra sjónarmiða við val leiða. Sé sú leið valin, ekki ómálefnaleg, með þeim hætti að hún brjóti í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrár þá ljúki endurskoðunarvaldi dómstóla þar.

Niðurstaða dómsins er síðan skýr um að það mat löggjafans að byggja á veiðireynslu við úthlutun veiðiheimilda þegar kvótakerfinu var komið á, hafi verið málefnalegt á þennan hátt. Þannig segir orðrétt í dómi Hæstaréttar, með leyfi forseta:

„Að öllu þessu virtu er mat löggjafans reist á málefnalegum forsendum. Eru ekki efni til þess, að því mati verði haggað af dómstólum. Verður þannig að leggja til grundvallar að úthlutun aflaheimilda eftir 7. gr. laga nr. 38/1990 fullnægi jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þeim sjónarmiðum um jafnræði, sem gæta þarf við takmörkun atvinnufrelsis samkvæmt 1. mgr. 75. gr. hennar. Ákvæðið er því stjórnskipulega gilt."

Þennan dóm kváðu upp fjórir dómarar og voru sammála. Fimmti dómarinn kvað upp aðra niðurstöðu en var hins vegar sammála þeim um að fiskveiðistjórnin stæðist stjórnarskrána. Tveir dómarar voru ósammála því.

Ég ætla ekki að svara þeim orðum sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur uppi þegar hann vitnar til minnihlutaálits Hæstaréttar, enda hefur það ekki stjórnsýslulega eða stjórnarskrárlega þýðingu í þessu sambandi þar sem meiri hluti réttarins ræður þegar dómur er kveðinn upp.

Það er grundvallarregla í lögfræði að dómstólar fara varlega í að endurskoða mat löggjafans um efnahagslega þætti. Löggjafinn mat það svo við setningu núverandi fiskveiðistjórnarlöggjafar að í kerfinu fælist hagkvæmasta leiðin til að stjórna nýtingu þeirrar auðlindar sem fiskimiðin við Ísland eru. Í dóminum kemur fram að Hæstiréttur taldi sig ekki geta haggað því mati enda sé það byggt á málefnalegum sjónarmiðum í samræmi við markmiðsyfirlýsingu í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og grundvallarreglur stjórnarskrárinnar.

Dómurinn eyðir þeirri réttaróvissu sem skapaðist við dóm réttarins frá því í desember 1998 og er skýr um það að með þeim dómi hafi aðeins verið tekin afstaða til 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Það liggur því ljóst fyrir að viðbrögð Alþingis við þeim dómi með setningu laga nr. 1/1999, sem breyttu þágildandi 5. gr. laganna, voru rétt og nægjanleg.

Með dóminum hefur Hæstiréttur tekið af skarið með það að löggjafinn hafi rúmt vald til að breyta núgildandi fyrirkomulagi um stjórn fiskveiða enda sé það gert með lögum og að gættum stjórnarskrárvörðum réttindum. Eru þær leiðbeiningar af hinu góða fyrir vinnu löggjafans vegna yfirstandandi endurskoðunar fiskveiðistjórnarkerfisins.

Nú er það orðið ljóst að umræðan um framtíðarskipan fiskveiðistjórnar á heima á hinu pólitíska sviði. Um það erum við hv. frummælandi sammála. En fullyrðingar um að kerfið hafi ekki byggt á málefnalegum sjónarmiðum eru komnar út af borðinu.

Nú eru að störfum tvær nefndir á vegum Alþingis og ríkisstjórnar sem vinna að málum er snerta fiskveiðistjórn. Annars vegar er það auðlindanefnd sem hefur það hlutverk að fjalla um auðlindir sem eru eða kunna að verða þjóðareign og meðal annars hvernig með þær skuli farið og hvernig skuli staðið að gjaldtöku fyrir nýtingu þeirra. Hins vegar starfar nefnd um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Markmið hennar er að vinna að sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnarkerfið, þó þannig að markmiðum um skynsamlega nýtingu og bætta umgengni um auðlindir sjávar sé ekki raskað né heldur hagkvæmni eða stöðugleika í greininni.

Það er ljóst af þeim málaferlum sem nú er lokið með dómi Hæstaréttar að þau hafa tafið vinnu þessarar nefnda. Þannig gat auðlindanefndin ekki skilað af sér í lok janúar eins og til stóð vegna þessa dómsmáls. Endurskoðunarnefndin getur síðan ekki byrjað á sinni aðalvinnu fyrr en auðlindanefndin hefur skilað sinni vinnu. Þetta þýðir að sú endurskoðun á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sem stendur yfir kemur til með að tefjast sem þessu svarar.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði að umtalsefni hvernig þorskveiðum okkar hefði verið háttað það sem af er öldinni og að við hefðum fyrr á öldinni veitt umtalsvert meiri þorsk árlega en við höfum gert hin síðari ár og gerum nú. Þetta er vissulega rétt. En þegar málið er skoðað grannt þá er öldungis augljóst að fiskstofnarnir stóðu aldrei undir þessum veiðiskap. Veiðar yfir 350 þús. tonn og allt upp í 550 þús. tonn voru ekki sjálfbærar veiðar og hefðu ekki getað gengið til lengdar. (**Gripið fram í:** Og gera það ekki enn.) Og gera ekki enn. Það er hárrétt hjá hv. þm.

Í þessu sambandi verður líka að hafa í huga að nú eru mjög breyttar umhverfisaðstæður frá því sem var um miðja

öldina eða frá árunum upp úr 1920–1965 þegar allt aðrar aðstæður voru í lífríki sjávar, sérstaklega hvað varðar hitastig og dreifingu á hlýsjó eða söltum sjó norður fyrir landið.

Einnig verður að hafa í huga að við erum nú að veiða úr miklu fleiri stofnum en við gerðum á fyrri hluta aldarinnar. Staðreyndin er því sú að við höfum aldrei áður dregið eins mikinn afla úr sjó og við höfum gert nú hin síðari ár. Við verðum að hafa í huga heildarlífkerfið þegar við skoðum aflann, þetta kemur allt úr sama pottinum þar sem gríðarlega mikil tengsl eru á milli afkomu og viðkomu einstakra tegunda.

Við verðum líka að skoða það að á fyrri hluta þess tímabils sem kvótakerfið hefur verið við lýði var kerfið mun ófullkomnara en það er orðið í dag. Þá var verið að stýra fiskveiðunum í bland með sóknarstýringu og því náðist ekki sú nákvæmni sem náðst hefur á síðustu árum um að ákvarða fyrir fram hversu mikið aflamark yrði dregið úr sjó af hverri tegund á hverju ári og því fóru menn umtalsvert fram úr því sem ætlað var um árabil á síðasta áratug. Ástandið var síðan orðið mjög slæmt í upphafi þessa áratugar. Ekki er örgrannt um að það læðist að manni sá grunur að þá hafi álagið á aðrar tegundir orðið heldur meira en menn hefðu kannski viljað og það hafi síðan valdið því að á síðustu árum hafa aðrar bolfisktegundir verið í heldur meiri lægð en æskilegt væri vegna þess að þorskinum var hlíft á fyrri hluta þessa áratugar.

Ef menn skoða þetta og bera saman hvernig stofnstærðin hefur verið að þróast miðað við aflann sem hefur verið dreginn úr sjó, sérstaklega á fyrri hluta aldarinnar þegar mest var veitt, þá er beint samhengi á milli þess hversu mikill aflinn var og þess að heildarstofninn minnkaði. Það er einungis að segja má á tveimur tímabilum þar sem dregur úr aflanum og stærð þorskstofnsins og þá sérstaklega hrygningarstofnsins eykst og það er á tímabili seinni heimsstyrjaldarinnar og áranna þar á eftir þegar veiðiálagið minnkaði gríðarlega mikið af eðlilegum ástæðum og svo um miðbik þessa áratugar þegar hin svokallaða aflaregla var tekin upp, 25% aflaregla, að heildarstofninn, veiðistofninn og hrygningarstofninn fer stækkandi aftur. Það er lagt í þetta m.a. vegna þeirra kenninga vísindamanna að stofninn þurfi að vera af ákveðinni stærð til þess að tryggja að hrygningin takist. Við erum vonandi að uppskera eins og til var sáð með því að þrjár síðustu hrygningar hafa tekist afskaplega vel samkvæmt þeim mælingum sem við getum beitt á þetta en því miður eru árgangarnir þar á undan flestir mjög rýrir og við erum svo sem ekki búnir að bíta úr nálinni með þau áhrif sem þau munu hafa á veiðarnar á næstu árum því eins og menn vita er þorskurinn frekar langlífur fiskur.

Ef við skoðum síðan framleiðni sjávarútvegsins, framleiðni fiskveiðanna á síðustu árum er áberandi að gríðarlega mikil aukning verður í framleiðni á þremur tímabilum, þ.e. að sjálfsögðu þegar við færðum út landhelgina um miðjan áttunda áratuginn og þegar kvótakerfinu var komið á í upphafi rétt fyrir miðjan níunda áratuginn og síðan í upphafi þessa áratugar þegar fiskveiðistjórnarlöggjöfin var endurskoðuð. Þar er um miklu meiri framleiðniaukningu að ræða en í nokkurri annarri sambærilegri atvinnugrein, eða í fiskveiðum í öðrum löndum. Þetta segir miklu meira en flest annað um það hver staða greinarinnar er og hvernig það byggir á fiskveiðistjórnarkerfinu þannig að bæði hagfræðilegi þátturinn og líffræðilegi þátturinn eru tengdir mjög sterkt saman.

Mér þótti hins vegar leiðinlegt að heyra hv. þm. Sverri Hermannsson fara þeim orðum um forvera mína í starfi sjútvrh. að þeir hefðu verið eins og þrælar í járnum. Ef mér skjátlast ekki er hv. þm. sá eini sem nú situr á Alþingi sem átti sæti í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem upphaflega kom kvótakerfinu á, fyrir utan fyrrv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson. Það má því segja að þeir deili ábyrgðinni að einhverju ef ekki miklu leyti. Ég hefði frekar haldið að hv. þm. Sverrir Hermannsson ætti að halda á lofti rykti sínu sem stjórnmálamanns með því að vitna til þess að hafa tekið þátt í því að koma á þessu kerfi sem hefur svo sannarlega haft góð áhrif á sjávarútveginn, bæði frá efnahagslega sjónarmiðinu og líffræðilega sjónarmiðinu og hefur lagt grunninn að því að sjávarútvegurinn mun áfram verða undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar.

[14:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað meira en nóg ástæða fyrir umræðunni og ég þakka hv. þm. Sverri Hermannssyni fyrir að hafa fengið hana hér fram. Hún hefði vissulega þurft að fara fram fyrr á meðan menn voru ferskari eftir niðurstöðu Hæstaréttar en ég býst við að minni manna sé nú nægilega gott til þess að þetta mál sé enn í hugum fólks í landinu þannig að umræðan skili sér.

Vert er að velta því fyrir sér hvort niðurstaða Hæstaréttar hafi breytt einhverju um stöðu þessa máls. Mér er nær að halda að hún hafi ekki breytt nokkrum sköpuðum hlut. Það hefur einfaldlega ekki verið aðalátakamálið í þessu efni hvort þetta hafi verið brot á stjórnarskránni eða ekki á undanförnum árum. Það er einungis á síðustu missirum sem það mál hefur komið upp á þann hátt sem menn hafa fylgst með í þeim dómsmálum sem hafa gengið yfir. Nú er niðurstaðan fyrir hendi og hún er sú að þetta sé löglegt, þetta sé ekki brot á stjórnarskránni. Skoðun mín er sú að þetta framferði sé a.m.k. siðlaust.

Ég tel að það liggi í augum uppi að það sé brot á jafnræðisreglum, þótt niðurstaða Hæstaréttar hafi orðið sú að það væri það ekki, að mismuna mönnum á þann hátt sem þarna er gert. Það er undarlegt að fylgjast með því að í Hæstarétti skuli menn fjalla um mál á þann veg sem hér liggur fyrir að sömu mennirnir og kváðu upp dóm sinn í Valdimarsmálinu svokallaða skuli mæta til leiks í því máli sem ný er gengið yfir og vera ekki sammála um hvað þeir meintu þegar þeir kváðu upp dóm sinn í Valdimarsmálinu. Þannig liggur það einfaldlega fyrir, sumir dómararnir sem tóku þátt í þeirri dómsniðurstöðu voru ekki sammála hinum sem voru líka með þeim í þeim dómi. Hvers vegna? Mér finnst vera full ástæða til að velta því fyrir sér. Hæstiréttur getur ekki verið friðhelgur fyrir hugrenningum manna. Hvað hefur gerst síðan að dómurinn í Valdimarsmálinu var kveðinn upp? Jú, það kom dómur Héraðsdóms Vestfjarða í Vatneyrarmálinu og þegar sá dómur lá fyrir urðu menn vitni að æðiskasti hæstv. forsrh. í fjölmiðlum. Við hvern var hann að tala? Hver átti næsta leik í þessu máli? Það var ekki þjóðin, það var Hæstiréttur. Skoðun mín er að hæstv. forsrh. hafi verið að tala við Hæstarétt en ekki þjóðina þegar hann vísaði til þess að allt færi á vonarvöl ef sú mismunun sem viðgengist hefur gæti ekki haldið áfram. Hver er síðan niðurstaðan? Hvernig komast menn að henni? Það eru fjórir af dómurum Hæstaréttar sem verða sammála um niðurstöðu. Það er einfaldlega rangt sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan að sá fimmti hefði líka verið með. Niðurstaða hans er ekki þannig, það stendur skýrt og skorinort í rökstuðningi hans að

7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna standist ekki til lengdar. Það er niðurstaða hans. Þess vegna er auðvitað bara um að ræða fjóra af dómurum Hæstaréttar sem hafa komist að þessari niðurstöðu og sumir hverjir af þeim höfðu komist að allt annarri niðurstöðu varðandi 5. gr. og greindi á við félaga sína úr þeim dómi þegar þarna var komið sögu.

Mér finnst þetta vera mjög mikið umhugsunarefni og maður veltir því fyrir sér hvort hugsanlegt sé að ráðamenn á Íslandi geti haft einhver áhrif á dómstóla. Það væri skelfilegt ef svo væri. Það hefur a.m.k. ekki þótt björgulegt að heyra það frá öðrum löndum þegar slíkar fréttir hafa borist til Íslands.

Hæstv. forseti. Það sem menn þurfa að velta fyrir sér núna er hvernig staðið verður að framhaldi þessa máls. Skoðun mín er sú að eftir alla þá umræðu sem hefur farið fram og hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að mínu mati að almenningur í landinu er, þrátt fyrir allan áróður stjórnvalda í gegnum tíðina, og þrátt fyrir öflugan bakstuðning útgerðarinnar í landinu og allt það afl sem hún hefur til að koma áróðri á framfæri hér, þrátt fyrir allt þetta hefur almenningur í landinu aldrei skrifað upp á eignarhald útgerðarmanna á veiðiréttinum við Ísland. Hins vegar hefur það orðið niðurstaðan að almenningur í landinu telur að fiskveiðistjórnarkerfið, þó að ég geti svo sannarlega tekið undir margt af því sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan um gallann á því kerfi, sé gott fiskveiðistjórnarkerfi. Að því leyti til hefur áróður þeirra sem vilja viðhalda því haft árangur. Hvað gera menn þá? Menn leita auðvitað leiða á grundvelli þeirra staðreynda sem eru fyrir hendi. Hverjar eru þær? Að fólkið í landinu er á móti því að útgerðarmenn eigi veiðiréttinn en það vill viðhalda því fiskveiðistjórnarkerfi sem er fyrir hendi. Er þá hægt að samræma það tvennt sem þetta leiðir fram? Já, það er hægt.

Fyrir liggur frv. í Alþingi sem Samfylkingin hefur lagt fram þar sem þessum atriðum er fullnægt. Sannleikurinn er auðvitað sá að allan tímann síðan þetta kerfi kom til framkvæmda var hægt að framfylgja því á þann hátt að ekki væri verið að mismuna mönnum. Alltaf var hægt að úthluta veiðiréttindunum með almennum hætti. Ég get skrifað upp á það að meiri rök voru fyrir því að gera það í upphafi þess tíma þegar kerfið var sett á, að láta útgerðarmenn fá veiðiheimildir í einhverju samræmi við það sem þeir höfðu veitt áður. En sá réttur gat ekki og getur ekki staðið til frambúðar og átti aldrei að gera það. Eina leiðin sem hefur verið bent á til að koma á jafnræði og réttlæti í sjávarútvegi á Íslandi undir því aflamarksfyrirkomulagi sem er til staðar er leiga veiðiheimilda. Það er einfalt mál að koma slíkri leigu á og við höfum að mínu viti sannað það alveg með frv., sem við samfylkingarmenn höfum lagt fram, sem tekur á öllum þeim þáttum sem þarf að taka á í þessu sambandi. Við höfum sannað að hægt er að breyta þessu kerfi án þess að það kollvarpi nokkru.

Það liggur fyrir og er athyglisvert í dómi Hæstaréttar að dómurinn tekur það alveg sérstaklega fram að breyting á þessu kerfi muni ekki veita þeim sem nú hafa þessi veiðiréttindi neins konar rétt til bóta af nokkru tagi. Þeirri niðurstöðu dómsins ber að fagna.

Ég tel að framhaldið í þessu máli hljóti að vera sú leið sem við höfum lagt til að verði farin. Þrátt fyrir að ég geti tekið undir margt af því sem sagt er um þetta fiskveiðistjórnarkerfi þá horfist ég og Samfylkingin í augu við þann pólitíska veruleika að samstöðu er ekki að vænta í þjóðfélaginu um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu ef gert er ráð fyrir tveimur byltingum í einu. Það eru tvær byltingar í einu ef menn ætla bæði að að kollvarpa aflamarkskerfinu og taka á eignarhaldinu.

Við skulum finna leið til sameiginlegra sátta í þessu máli með því að fara fyrri leiðina. Ég hvet til þess að menn horfist í augu við að niðurstaða Hæstaréttar hefur engu breytt. Hún hefur engu breytt um það óréttlæti sem verið hefur í gildi. Það verður aldrei sátt um stjórn fiskveiða með því óréttlæti sem þarna er til staðar. Fyrirkomulagið mun sífellt kalla á gagnrýni og stöðugt verða borið saman við aðra atvinnustarfsemi í landinu, þ.e. aðgang annarrar atvinnustarfsemi að réttindum, að auðlindum.

Við vorum að fjalla hér um nýtingu á hafsbotninum fyrir nokkrum dögum. Í frv. sem þar kom til umræðu gerðu stjórnvöld ráð fyrir að borga þyrfti fyrir það að fá að nýta þessi réttindi. Þá töluðu menn um að jafnræði þyrfti að ríkja í þessum málum. Menn virðast skilja hlutina misjafnlega eftir því hvaða málefni er til umræðu hér á hv. Alþingi. Þegar sjávarútvegurinn er til umræðu þá umhverfast menn.

Hér á hv. Alþingi, og því ættu hv. þm. að velta fyrir sér, er sennilega hæsta hlutfall, af 63 manna hópi, þeirra sem vilja viðhalda þessu kerfi. Ætli maður þurfi ekki að fara inn á þing LÍÚ eða eitthvað álíka til að finna aðra eins samstöðu um þetta kerfi sem almenningur í landinu er á móti, þ.e. varðandi eignarhaldið í þessu kerfi. Alþingismenn þyrftu nú að fara að horfa í eigin barm og velta því fyrir sér hvort fulltrúalýðræðið færi þeim slíkan rétt sem þeir hafa tekið sér í þessu máli í gegnum tíðina og allan tímann skellt skollaeyrum við látlausri gagnrýni sem mun halda áfram. Þrátt fyrir þennan dóm mun ekkert breytast hvað það varðar. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni hefur málið ekki staðið um það í gegnum tíðina. Auðvitað hafa margir haldið því fram að þetta væri brot á stjórnarskránni en það hefur ekki verið aðaluppistaðan í málflutningnum. Aðaluppistaðan í málflutningnum hefur verið gagnrýni á það óréttlæti sem þarna ríkir.

Þó að hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. sem styðja stjórnarflokkana hafi viljað bíða niðurstöðu Hæstaréttar — sennilega er bara ein skýring á því, þ.e. sú að þeir vildu vita hvort hægt væri að komast upp með að halda þessu áfram, hvort þetta væri löglegt — þá ætla ég að vona að það verði ekki niðurstaðan, að menn viðhaldi þessu óréttlæti. Það má segja um þetta að gagnvart Hæstarétti hafi menn nánast sloppið fyrir horn með það sem þeir voru að gera. Um niðurstöðu Hæstaréttar finnst mér jaðra við það að taka megi sér í munn part úr gömlum húsgangi: Ekki gekk hann glæpaveg en götuna meðfram honum.

[14:35]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Eftir dóm Hæstaréttar sem er kveikjan að þessari umræðu liggur ljóst fyrir að Alþingi hefur full tök á málinu. Enginn getur verið í vafa um það lengur að þinginu er frjálst að breyta þeim lögum sem í gildi eru á hvern þann veg sem þingið kýs, án þess að vera bundið af eignarréttindum útgerðarmanna. Það er mjög mikilvægt að þessi niðurstaða komi fram því hér í þingsölum voru farnar að heyrast þær raddir að svo væri ekki lengur. Vinna okkar, sem stöndum í því að endurskoða gildandi löggjöf, getur samkvæmt því haldið áfram af fullum krafti og við höfum fullt svigrúm til að móta löggjöfina í þær áttir sem samstaða næst um.

Ég held að menn verði að horfast í augu við að kerfi þarf að vera í fiskveiðum, stjórnlausar veiðar ganga ekki þó að

ýmsir horfi með eftirsjá til liðins tíma í þeim efnum. Menn verða að viðurkenna að það fyrirkomulag sem menn hafa stuðst við hálfan annan áratug hefur gert gagn að mörgu leyti. Aðstæður í sjávarútvegi eru á ýmsan hátt mun betri en þær voru áður fyrr. Þegar við horfum til sjávarútvegsfyrirtækja í dag þá velta menn fyrir sér þeim verðmætum sem liggja í fyrirtækjunum, eignum þeirra og þeim peningum sem eigendur geta fengið ef þeir selja sínar eignir.

Fyrir rúmum áratug var öðruvísi ástatt í íslenskum sjávarútvegi. Þá þurfti nýstofnuð ríkisstjórn að grípa til þess, sem var hennar fyrsta verk, að hrinda í framkvæmd neyðarráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir algjört hrun í íslenskum sjávarútvegi. Það voru engin verðmæti í sjávarútvegsfyrirtækjum sem voru burðarásar í mörgum byggðarlögum. Þau höfðu enga möguleika á að bjarga sér sjálf þannig að umfangsmikla aðgerð þurfti af hálfu ríkisvaldsins til að viðhalda þessum fyrirtækjum og koma í veg fyrir stórfelldan bjargarskort sem af því hefði leitt. Það er ekki lengra síðan en 10–12 ár að þessar aðstæður voru uppi.

Í dag lítur enginn á íslenskan sjávarútveg þeim augum sem menn gerðu þá. Það verður að viðurkennast og menn verða að meta það að ástandið hefur breyst til batnaðar að þessu leyti. Ég held að við ættum ekki að ræða þessi mál á þeim grundvelli að allt hafi aflaga farið og mistekist sem menn hafa gert í skjóli þeirra laga sem gilt hafa hverju sinni síðasta hálfan annan áratug.

Það er heldur ekki þannig að við höfum fundið upp hina fullkomnu löggjöf né heldur búum við við fullkomnasta kerfi í heimi, því fer fjarri. Ýmislegt er öðruvísi en við viljum hafa það. Það er ýmislegt sem mörgum hverjum finnst hafa farið aflaga sem ástæða væri til að reyna að breyta og bæta til að ná utan um þá ágalla og eyða þeim. Við sjáum að mikil skuldsetning fylgir kerfinu eins og það hefur þróast á síðustu árum. Við sjáum líka að afkoman er slök í greininni. Þrátt fyrir sterkt eigið fé fyrirtækjanna er reksturinn ekki að skila mikilli ávöxtun og stenst ekki mikla samkeppni við aðra ávöxtunarmöguleika á fjármagni.

Við sjáum líka að nýliðun er mjög erfið undir þessu skipulagi. Við sjáum að samþjöppun er veruleg í atvinnugreininni. Samþjöppunin hefur ásamt öðru ýmsar alvarlegar afleiðingar fyrir mörg sjávarútvegsbyggðarlög á landinu. Þeim byggðarlögum hefur farið fjölgandi sem lent hafa í vandræðum eftir því sem árin hafa liðið og jafnvel stærri byggðarlög. Menn héldu lengi vel að þessir annmarkar kerfisins bitnuðu fyrst og fremst á smáum þorpum þar sem fáir íbúar væru og aflið til að standa undir öflugu fyrirtæki væri ekki mikið. En á seinni árum hefur komið í ljós að stærri útgerðarstaðir geta lent í verulegum erfiðleikum, t.d. 3.000 manna staður eins og Ísafjörður sem er þessa mánuði að missa hvert fyrirtækið út úr höndum sér á eftir öðru. Þetta eru auðvitað hlutir sem menn hljóta að viðurkenna að eru ekki eins og við viljum hafa þá, eða hvað? Þess vegna hljótum við að leitast við, við endurskoðun laganna, að átta okkur á hvað okkur finnst hafa farið aflaga og hverju við viljum breyta og finna á betri lausnir.

Ég vil víkja aðeins að áliti þeirra dómara í Hæstarétti sem skila séráliti og gera grein fyrir ákveðnum hluta álits þeirra af því að mér finnst að það eigi fullt erindi inn í umræðuna um endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Ég er að mörgu leyti sammála því sem þar kemur fram.

Ég vil fyrst nefna sératkvæði Guðrúnar Erlendsdóttur og Haraldar Henryssonar, sem segja eftirfarandi í sératkvæði sínu, með leyfi forseta:

„Í 1. gr. laga nr. 38/1990 segir meðal annars að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Í þessari stefnumörkun felst eindregin skírskotun til þess, að heildarhagsmunir þjóðarinnar skuli vera undirstaða allra reglna um stjórn fiskveiða. Af eðli máls leiðir að taka ber einnig sérstakt tillit til hagsmuna og atvinnuréttinda allra þeirra, sem eru í þeirri stöðu að tengjast fiskveiðum með beinum hætti, útgerðarmanna, sjómanna, fiskverkafólks, fiskvinnslustöðva og byggðarlaga, sem mjög eru háð fiskveiðum."

Þarna koma þessir dómarar einmitt með sjónarmið sem ég held að menn hafi of lítið litið til á síðustu árum. Ég held að menn hafi of mikið horft á hagræðingarþáttinn í löggjöfinni, einblínt á það en gleymt að líta á hagsmuni allra hinna sem ekki eru útgerðarmenn. Ég skil það sem fram kemur í þessu séráliti sem ábendingu þessara dómara um að betur megi gera í þessum efnum.

Þetta er líka sérstaklega áberandi í sératkvæði Hjartar Torfasonar en í því segir hann eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Reglur þær um stjórn fiskveiða sem á reynir í máli þessu varða ekki aðeins heildarhagsmuni þjóðarinnar heldur einnig hagsmuni og atvinnuréttindi allra þeirra sem voru og eru í þeirri stöðu að vera tengdir eða háðir fiskveiðum á grundvelli almannaréttar og þeirri aðstöðu sem við þarf til að stunda þær. Koma þar einkum til útgerðarmenn, sjómenn og fiskverkafólk og aðilar að rekstri verstöðva og fiskvinnslustöðva, en einnig hagsmunir byggðarlaga þar sem búseta er tengd fiskveiðum og fiskvinnslu eða háð þessum atvinnuvegi öðru fremur þegar litið er til landkosta. Það leiðir af því sem fyrr var rakið að gildi þessara reglna verður meðal annars að meta eftir því hvort ætla megi að tillit hafi verið tekið til allra þessara hagsmuna, áður en gengið var til ákvörðunar um efni þeirra, og hvort reglurnar sjálfar gefi þetta nægilega til kynna."

Þarna kemur mjög sterkt það sjónarmið Hjartar Torfasonar að menn eigi að líta til allra þessara hagsmuna við lagasetninguna.

Síðar í áliti Hjartar segir, með leyfi forseta, um þá aðferð sem menn völdu á árinu 1984, þar á meðal hv. þm. Sverrir Hermannsson sem sat í þeirri ríkisstjórn sem stóð að því að setja þau lög, eins og aðrir ráðherrar hennar, og ekki bara einu sinni og ekki tvisvar heldur þrisvar sinnum:

„Samkvæmt henni var aflaheimildum þeim er fært þótti að veita úthlutað til þeirra aðila sem næstir stóðu yfirstandandi veiðum á fisktegundunum er vernda átti ... Heimildirnar voru að vísu veittar eigendum skipanna sem nutu hinnar tilskildu veiðireynslu, en ætla mátti eigi að síður að þær kæmu öðrum til góða sem veiðunum væru tengdir meðan þær væru bundnar við þessi skip. Átti það meðal annars við um sjómenn á skipunum og fyrirtæki og fólk í þeim byggðarlögum, þar sem útgerð skipanna og aflaráðstöfun fór fram. Verður á það að fallast að þær lagareglur sem fylgt var í þessu efni á árunum 1984–1990 hafi ekki verið andstæðar ákvæðum stjórnarskrárinnar eða þeim lagasjónarmiðum og viðhorfum, sem um ræðir í fyrri köflum ..."

Þarna leggur dómarinn áherslu á að kerfið hafi að hans mati fyrir daga hins frjálsa framsals tekið tillit til allra þeirra hagsmuna sem það á að gera. Síðan rekur hann það að eftir

að framsalið var tekið upp hafi orðið breyting á í þessum efnum. Hann segir svo, með leyfi forseta:

„Sú breyting, sem gerð var að svo stöddu til að treysta sveigjanleika kerfisins, var aðallega sú, að slíta hin beinu tengsl á milli aflaheimilda skipa og veiðileyfis þeirra og gera aflahlutdeildina framseljanlega. Þessi ráðstöfun var þó varhugaverð að því leyti, að henni hlaut að fylgja samsvarandi rof á tengslum við þá aðra en útgerðarmenn skipanna, sem hagsmuna áttu að gæta vegna aflaheimildanna, og þar með aukning á einhæfni þess, að hafa aflaheimildirnar í höndum útgerðaraðilanna einna."

Þarna bendir hann einmitt á annmarka sem er að hans mati á því að hafa framsal sem útgerðarmennirnir einir hafa í sínum höndum. Eins og hann kemst að orði fylgir að valdið til að mæta þessum kröfum um hagræðingu er fært úr höndum stjórnvalda yfir til þeirra sem hafa heimildirnar til ráðstöfunar og skerðir þar af leiðandi stöðu og rétt hinna sem hagsmuna eiga að gæta en eru ekki útvegsmenn. Þarna held ég að sé einmitt að finna einn helsta galla núverandi kerfis, það er tengt þessu framsali og því að það er algjörlega í höndum útgerðarmanna einna.

Að mati Hjartar Torfasonar stenst kerfið ekki ef það á að vera ótímabundið með þessu fyrirkomulagi, með svona framsali. Þá stenst ekki ákvæði stjórnarskrárinnar nema til komi meiri háttar efnisleg skilyrði sem eru mótvægi við þeim sérréttindum sem felast í að hafa aflaheimildirnar undir höndum. Í þessu séráliti er því að finna sjónarmið eða leiðarvísi um hvaða breytingar löggjafinn þurfi að leggja áherslu á til þess að kerfið geti staðist og það er að gera breytingar sem lúta að ráðstöfun aflaheimildanna.

Herra forseti. Ég held að menn eigi að hugsa mjög alvarlega um þær ábendingar sem koma fram í sérálitunum tveimur þar sem í báðum álitunum er horft til stöðu fólks í sjávarplássunum hringinn í kringum landið og minnt á það að við eigum að setja löggjöf sem styrkir stöðu þeirra ekki síður en útgerðarmannanna einna eins og nú er.

[14:48]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Sannarlega er tími til þess kominn að Alþingi noti eitthvað af tíma sínum til þess að ræða grundvallaratvinnustarfsemi þjóðarinnar. Betra hefði verið að ekki hefði þurft til Vatneyrardóm frá 6. apríl. Vatneyrardómur er afleiðing af gríðarlegri óánægju í samfélaginu sem við verðum öll að átta okkur á. Vel getur verið að hægt sé að velta fyrir sér lagaklókindum af ýmsu tagi en þau lög gilda í öllum löndum að ef menn eru orðnir óánægðir, ósammála, út um allt þjóðfélagið, er það hlutverk hinna lýðræðiskjörnu fulltrúa að bregðast við og gera breytingar sem eru nauðsynlegar í anda tímans. Það er grundvallaratriði. Óánægjan byggist fyrst og fremst á því að mínu mati að aðilum hefur verið gert mögulegt að fara út úr greininni og skuldsetja sjávarútveginn fyrir tugi milljarða. Fólk sættir sig ekki við að horfa upp á slík vinnubrögð. Talið er að hér séu yfir 30 milljarðar bara á allra síðustu missirum sem greinin hefur verið skuldsett fyrir. Reiði þjóðarinnar beinist að þessum aðferðum til að ná sér í skyndingu í auðæfi sem enginn hefur verið skrifaður fyrir og enginn á rétt á nema þjóðin sjálf. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði og menn verða að líta á.

Vegna þessarar stöðu lagði Vinstri hreyfingin – grænt framboð fram þáltill. síðasta vor rétt eftir kosningar um breytingar á lögum til að eiga möguleika á að gera kvótagróðann upptækan, þ.e. þá peninga sem væru að fara út úr greininni. En það er náttúrlega eins og með aðrar tillögur sem hafa komið fram frá stjórnarandstöðu, á þær er ekki hlustað.

Nauðsyn á breytingu á fiskveiðistjórnarkerfinu er einnig mjög mikið byggðamál. Þjóðin stendur frammi fyrir því að hér eiga sér stað þjóðflutningar sem eru ekki í líkingu við neitt sem við getum borið okkur saman við annars staðar á neinum tíma nema á stríðstímum. Hliðarverkanirnar við þetta fiskveiðistjórnarkerfi og þjóðflutningana eru gríðarlegar — milljarðakostnaður vegna flutninga fólks. Eignir verða verðlausar o.s.frv.

Varðandi umræður um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfi söknum við þess hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að umræða dagsins í öllum löndum í kringum okkur nær ekki hingað inn, það er umræðan um umhverfismál og umræðan um vistvænar veiðar. Breyta um kúrs, skoða orkumálin, skoða veiðarfærin. Af hverju í ósköpunum er þessi umræða ekki inni í dæminu einnig þegar við erum að tala um þessi mál? Við erum nefnilega svo oft í þeirri stöðu að vera í framkvæmdum eða í hlaupum undan vandamálum og notum okkur aðferðina sem Kanarnir kalla „squeeking wheel", þ.e. hjólið er smurt þegar farið er að ískra í því. Það er ekki góð stjórnsýsla. Ég vil árétta að í þessi mál verður að fara í þessum dúr.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð, ásamt þingfulltrúum Frjálslynda flokksins lagði fram tillögu um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar 14. febr. 2000. Þar náðum við saman Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn um grunninn að þeirri vinnu sem þarf að fara fram til þess að finna sátt um nýtt fiskveiðistjórnarkerfi. Merkilegt er að þessir tveir flokkar skuli hafa náð svo góðri samvinnu en þegar upp var staðið sendum við frá okkur sameiginlega þáltill. með viðhengi um sjávarútvegsstefnu beggja flokka. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt miðað við stöðuna í dag vegna þess að nauðsynlegt er vegna vinnunnar við endurskoðun á stjórn fiskveiða að klárt sé hvert flokkarnir vilja stefna og að sá tillögugrundvöllur sem semja þarf um sé til á prenti. Það er grundvallaratriði að mínu mati og er til fyrirmyndar varðandi hvernig vinna skal að þessum málum.

Í mínum huga á þessum grunni till. til þál. um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar held ég að það sé mjög mikilvægt að vinnu endurskoðunarnefndar um stjórn fiskveiða verði hraðað og leitað verði sátta eftir fremsta megni milli þeirra stjórnmálaafla sem eiga sæti á þinginu. Auðvitað er það svo leiðis að menn hafa ekki afl til að ráða einir, hvorki Sjálfstfl. né Framsókn né Samfylking né Frjálslyndir né Vinstri hreyfingin – grænt framboð og það er því augljóst að hér verður að nást málamiðlun.

Við gerðum okkur grein fyrir því í aðdraganda málsins um Vatneyrardóm að það þyrfti að grípa til bráðabirgðaaðgerða varðandi stjórn fiskveiða, hvernig svo sem Vatneyrardómurinn færi sem féll 6. apríl. Þess vegna lagði Vinstri hreyfingin – grænt framboð, ekki þingflokkurinn, heldur ég, Árni Steinar Jóhannsson, sem fulltrúi í sjútvn. ásamt aðalflutningsmanni, Guðjóni A. Kristjánssyni, Frjálslynda flokknum, fram frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Þetta frv. til laga um breytingar á lögum var lagt fram 8. mars á þessu herrans ári 2000.

Svo skemmtilega vill til að í þessu tilfelli sá ríkisstjórnin sér þann leik vænstan nánast að prenta upp þessa tillögu til frv. til laga og þó ekki að öllu leyti eins og við vildum hafa

það en frv. til laga frá ríkisstjórn Íslands kom fram mjög í sama dúr tveim vikum seinna eftir að við lögðum fram okkar frv. Með því að lýsa þessu á þennan hátt er ég að gera þingheimi grein fyrir því að við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og ég tel að það séu full heilindi hjá Frjálslynda flokknum, við erum tilbúin til þess að ganga til verka til þess að leysa þau mál, finna grunn að nýju fiskveiðistjórnarkerfi sem sátt verður um í samfélaginu. Það er grundvallaratriði og verður að nást. Við viljum ganga fram til þessara verka á ábyrgan hátt og lýsum okkur tilbúna til þess á grunni þeirra till. sem höfum lagt hér fram.

Hjá stjórnarandstöðuflokknum Samfylkingunni hafa komið fram tillögur um auðlindagjald. Ég vil leggja áherslu á að þessi grundvallarstarfsemi þjóðarinnar, grundvallaratvinnustarfsemi þjóðarinnar, við megum ekki standa þannig að málum að um einhvers konar kúvendingar verði að ræða og lendingin sé ekki klár. Það er grundvallaratriði í mínum huga og mér er mjög illa við að taka upp aðferðir að hætti krata. Við höfum reynslu af því síðustu 15–20 árin, hvort sem það er varðandi húsnæðiskerfi eða vísitölubindingar eða afnám vísitölubindingar sem hafa haft gríðarlegar afleiðingar út um allt samfélagið og sett þúsundir manna á vonarvöl vegna þess að þar var breytt um kerfi á svo skömmum tíma með svo lítilli aðlögun að það má segja að í raun og veru hafi allt farið í rúst.

Eins og fram hefur komið hjá Samfylkingu er mjög mikilvægt að auðlindagjald sé sett fram í því samhengi að það verður að vera grundvallaratriði í þessu samfélagi, vegna þess að það er ekki bara fiskur sem er auðlind, vatn er auðlind, alls konar efni eru auðlind eins og fram hefur komið. Ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar fyrr í dag að hann talaði um að það væri góðra gjalda vert að ríkisstjórnin hefði komið fram með frv. til laga um eignarhald ríkisins á hafsbotninum. Ég fagnaði því frv. t.d. en um það gilda bara allt önnur lögmál, þar var frítt spil. Þar var ekki áratugahefð fyrir landnýtingu eða auðlindanýtingu. Við stöndum frammi fyrir því að það er árhundraðahefð fyrir landnýtingu og auðlindanýtingu eftir búsetu í landinu og það er grundvallaratriði. Því er mjög mikilvægt að menn taki ekki út úr eina grein og ætli að fara að taka af henni auðlindagjald nema því aðeins að það verði gert á samræmdan hátt út um samfélagið allt. Þá verði það gert gagnvart öllum þeim auðlindum sem við erum að tala um með einhvers konar prinsipplausn í því sambandi.

Virðulegi forseti. Tími minn er senn á enda en ég vil árétta að inn í þá umræðu sem hér þarf að fara fram og inn í þá tillögugerð sem þarf að fara fram um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu verður að koma ný hugsun hvað varðar umhverfismál. Það þarf að efla smábáta- og bátaútgerð á nýjan leik, láta slíka útgerð njóta aukins forgangs á grunnmiðum næst landinu og hvetja um leið til notkunar vistvænna veiðarfæra og orkusparnaðar og umhverfisvænnar þróunar í greininni. Kostir útgerðarinnar eru einnig þeir að oft er um að ræða einyrkja og fjölskyldufyrirtæki. Þannig viðhelst fjölbreytni í greininni og nýliðun á sér frekar stað. Gera á tilraun með fyrirkomulag þar sem mönnum gefst kostur á að sanna getu sína sem dugandi veiðimenn á smábátum yfir sumartímann og öðlast þannig smátt og smátt tiltekna reynslu innan fiskveiðistjórnarkerfisins.

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun með öllu afli sínu beita sér fyrir því að nýtt fiskveiðistjórnarkerfi verði sveigt til betri vegar á grunni vistvænnar veiðimennsku og til hagsbóta fyrir byggðir landsins og þar með þjóðina alla.

[15:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er gamall siður en ekki mjög góður að endurrita söguna. Ekki er alveg laust við að maður verði var við það í þessum umræðum að þegar kemur að því að fjalla um þennan svokallaða Vatneyrardóm í Hæstarétti, þá sé reynt að gera sem minnst úr áhrifum af niðurstöðu Hæstaréttar. Þó var Hæstiréttur að fjalla um stjórnskipulegar grundvallarspurningar sem hann svaraði mjög afdráttarlaust og skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli fyrir alla umræðu frekar að niðurstaða er fengin um þetta efni. Ekki síst í ljósi þeirrar pólitísku umræðu sem fram fór áður en hæstaréttardómurinn féll en héraðsdómur hafði hins vegar verið kveðinn upp, og menn spyrtu alveg tæpitungulaust saman í þeirri umræðu stjórnskipulegar og pólitískar spurningar sem snertu sjálft fiskveiðistjórnarkerfið.

Þetta er vissulega heilmikil niðurstaða og heilmikil tíðindi sem fengust með ákvörðun og niðurstöðu Hæstaréttar sem skiptir máli og auðveldar okkur vinnuna að öllu leyti. En spurningarnar sem við erum að fást við varðandi fiskveiðistjórnarmálin eru í grundvallaratriðum og eðli sínu pólitískar spurningar og þess vegna hlutum við að gera ráð fyrir því að málið kæmi, hvernig sem það færi í Hæstarétti, fyrst og fremst til kasta okkar hér á Alþingi að gera út um ágreiningsefni sem uppi eru í fiskveiðistjórnarmálum.

Það er líka mjög mikilvægt að niðurstaða er komin í það sem var mikið deiluefni um áramótin 1998 og 1999 um hvernig bæri að túlka þann dóm sem féll á sínum tíma í árslok 1998, og ýmsir töldu að ætti bæði við 5. gr. og 7. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, tæki með öðrum orðum bæði til veiðileyfisins og veiðiheimildanna. Fyrir liggur í niðurstöðu hæstaréttardómsins núna að þar eru tekin af öll tvímæli um að hæstaréttardómurinn frá því í desember 1998 tók eingöngu til veiðileyfanna alveg eins og meiri hluti Alþingis hafði komist að niðurstöðu um og hafði unnið út frá þeim sjónarhóli.

Menn hafa líka verið að reka upp stór augu og segja sem svo að það séu mikil tíðindi í þessum hæstaréttardómi að Alþingi hafi fullt leyfi til þess að breyta lögum um stjórn fiskveiða. Það er furðulegt að það hafi ekki öllum verið ljóst vegna þess að við erum að fást við það alla daga á Alþingi að breyta lögum, ekki síst lögum um fiskveiðistjórn sem hafa tekið mörgum breytingum í áranna rás og nú er að störfum eins og margoft hefur komið fram sérstök nefnd, endurskoðunarnefnd, sem er að fara yfir þessi mál og reyna að komast að niðurstöðu sem síðan verður færð inn í sali Alþingis til þess að við getum tekist á um þau atriði, rætt þau og komist að niðurstöðu.

Sama á við um það þegar menn hafa talað um innheimtu og álagningu veiðileyfagjalds eða auðlindaskatts, þar hafa menn líka verið að reyna að gera mikið mál úr þeim orðum hæstaréttardómsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í skjóli valdheimilda sinna getur Alþingi því kveðið nánar á um réttinn til fiskveiða, bundið hann skilyrðum eða innheimt fyrir hann frekara fégjald ...“

Þetta er fullkomlega í samræmi við það sem gat að líta í greinargerð þeirra prófessoranna Þorgeirs Örlygssonar og Sigurðar Líndals í ritgerð sem þeir lögðu fyrir svokallaða auðlindanefnd sem nú er að störfum og er einmitt að fjalla um þessar grundvallarspurningar. Niðurstaða þeirra er mjög

ótvíræð. Þeir segja að þeir telji ótvírætt að leggja megi sérstakt veiðigjald á aflaheimildir án þess að til bótaskyldu stofnist. Ég held því að það hefði fáum átt að koma á óvart að þetta yrði niðurstaða Hæstaréttar, ekki síst í ljósi þess að Alþingi sjálft hafði kosið nefnd til að fjalla um spurningarnar um auðlindagjaldið í breiðum skilningi þess hugtaks sem tæki til allra auðlinda í landinu, bæði fiskveiðanna og annarra auðlinda sem við erum að nýta. Það hefði því varla átt að koma mönnum á óvart að þetta yrði niðurstaða Hæstaréttar.

Stóra spurningin er hins vegar pólitísks eðlis og hún er þessi: Teljum við það skynsamlegt til að ná þeim markmiðum sem við viljum reyna að ná með fiskveiðistjórnarlöggjöfinni að setja á auðlindagjald? Er það líklegt til að styrkja byggð? Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að það hljóti að vera eitt af grundvallaratriðunum í fiskveiðilöggjöfinni. Það er að mínu mati eitt stærsta aðfinnsluefnið við núverandi fiskveiðilöggjöf hvernig hún leikur byggðirnar í landinu. Augljóst er að með því að leggja á auðlindagjald til að knýja fram það sem talsmenn auðlindagjaldsins hafa viljað knýja fram þ.e. frekari svokallaða hagræðingu, frekari sameiningar, frekara framsal á varanlegum aflaheimildum, þá mun það leiða til þess að byggðirnar úti um landið veikjast og leiða til þess að um verður að ræða frekari söfnun aflaheimilda á fáar hendur, á færri fyrirtæki. Ég held því að hin pólitísku svör við slíkum pólitískum spurningum um hvort leggja eigi á auðlindagjald hljóti að vera neikvæð vegna þess að þó að menn nái því fram sem margir vilja stefna að, að pína peninga út úr sjávarútveginum, þá mun það leiða til þess að byggðirnar veikjast enn frekar og söfnun aflaheimilda á færri hendur mun ganga hraðar fyrir sig.

[15:05]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eftir dóm Hæstaréttar er kallað eftir pólitískum svörum. Hver eru viðbrögð stjórnmálaflokkanna? Hvaða svör eiga þeir við hinum áleitnu spurningum um réttlátara kerfi, kerfi sem ekki mismunar?

Eini þingflokkurinn sem hefur lagt fram heildstæða tillögu um nýjar úthlutunarreglur sem byggja á jafnræði þegnanna er þingflokkur Samfylkingarinnar, og gerði hv. þm. Jóhann Ársælsson grein fyrir tillögum okkar hér fyrr í umræðunni.

Þáltill. vinstri grænna og frjálslyndra um nýja nefnd á forræði ríkisstjórnarinnar eða könnun á hinu og þessu er létt innlegg í þá umræðu.

En ríkisstjórninni, herra forseti, hefur lengi tekist að ýta því á undan sér að takast á við helsta ágreiningsefnið sem leitt hefur af lögunum um stjórn fiskveiða. Til að komast hjá umræðu, til að komast hjá því að kjarni málsins kæmist í brennipunkt umræðunnar, var sáttum lofað. En sáttum um hvað? Það hefur ekki enn komið fram en með því að skilgreina ekki og drepa málum á dreif virðist um flókið mál að ræða. En er það svo? Er þessi deila svo flókin að ríkisstjórn með stóran þingmeirihluta treysti sér hvorki til að lifa við hana né takast á við hana? Eða er bara um venjulega hagsmunagæslu að ræða? Og öll meðul notuð til að komast hjá því að raska högum hinna verðugu aumingja ríkisstjórnarinnar, þeirra sem gjafakvótakerfið verndar svo lengi sem ríkisstjórnin verndar gjafakvótakerfið. Breyting á stjórnarskrá hefur jafnvel verið nefnd ef það mætti verja óbreytt ástand. Nei, ágreiningsefnið er ekkert flókið. Deilan snýst ekki um hvort takmarka þurfi veiðar eða um aflamarkskerfið sem slíkt og þótt menn tali um kvótakerfið, snýst þessi deila í einfaldleik sínum aðeins um það hvernig þeir eru valdir sem sækja mega sjóinn og hvernig arðinum af auðlindinni er skipt.

Í kerfi ríkisstjórnarinnar eru það í grófum dráttum þeir sem leiða réttinn til útgerðar skipa á árunum 1981–1983 sem fá veiðiréttinum úthlutað árlega af hálfu hins opinbera, ókeypis, og kerfið því kallað gjafakvótakerfi því þeir mega síðan ráða hvort þeir veiða, leigja, eða selja þá kvóta sem í hlut þeirra koma. Lögunum hefur verið breytt lítillega í gegnum tíðina til að plástra eða undir þeim formerkjum að verið væri að mæta gagnrýni almennings. Ekkert hefur þó dugað því aldrei hefur verið hróflað við meginágreiningsefninu, þ.e. að örfáir sérvaldir aðilar fái ókeypis úthlutun meðan aðrir þurfi að borga.

Með því að loka miðunum og skammta aðganginn með fyrrgreindum hætti skóp ríkisvaldið ákveðnum aðilum aðstöðu til að auðgast langt umfram aðra. Ekki með því að þeir veiddu eða nýttu miðin á hefðbundinn hátt, heldur með því að afhenda þeim einokunarrétt á að selja eða leigja aðgang að miðunum. Vegna þess réttar hafa þeir verið kallaðir sægreifar.

Herra forseti. Jafnaðarmenn eru málsvarar almannahagsmuna gegn sérhagsmunum. Það á við um allar auðlindir eins og hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson vissi ef hv. þm. fylgdist með umræðunni í stað sleggjudóma. Jafnaðarmenn hafa barist fyrir jöfnum tækifærum allra. Þess vegna leggjum við til að kvótinn verði losaður frá núverandi handhöfum á tilteknu árabili og boðinn út á markaði þar sem allir eiga jafnan rétt. Hvaða önnur leið er fær þegar um er að ræða að deila út takmörkuðum gæðum eins og þeim að fá að nýta nytjastofnana á Íslandsmiðum, sameign þjóðarinnar samkvæmt lögum? Því þurfa þeir að svara sem nú biðja um fleiri nefndir eða styðja að sumir greiði fyrir aðganginn en aðrir ekki. Um slíkt kerfi verður hins vegar aldrei friður, aldrei sú sátt sem þarf til að sjávarútvegurinn fái búið við öryggi og jafnvægi í framtíðinni og geti nýtt þau tækifæri sem bjóðast til frekari vaxtar og þróunar.

Herra forseti. Vinnufriður þarf að fást í þessari mikilvægu atvinnugrein, vinnufriður til þess að greinin geti nýtt sér þá möguleika sem hún á til að breytast úr grein sem fyrst og fremst vinnur að auðlindanýtingu í þekkingargrein og útflutningsgrein á fleiri sviðum en þeim sem við þekkjum í dag. Í því er framtíð hennar, framtíð landsbyggðarinnar og framtíð okkar allra falin.

[15:10]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Frá því að lög um svokallað kvótakerfi voru sett árið 1983 hefur þeim verið breytt hér á hv. Alþingi 17 sinnum, eða að meðaltali einu sinni á ári frá því að upphaflegu lögin voru sett, með pátttöku í rauninni fulltrúa allra þeirra flokka sem sitja á Alþingi og sitja sumir þeirra enn á þingi þó að þeir hafi tekið sér hlé. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Af þessu má draga margvíslegar ályktanir. Meðal annars þýðir þetta að menn hafa ekki treyst sér til að koma fram með aðra heildstæða lausn en þau grundvallarsjónarmið sem núv. lög um stjórn fiskveiða byggja á og hins vegar hafa menn verið að bæta þau mannanna verk sem lagasetning er.

Um flestar breytingarnar hafa verið deilur og hefur mönnum sýnst sitt hvað um þær, en ég hygg að þær deilur séu í sjálfu sér ekki bundnar við kvótakerfið svokallaða og eins og menn þekkja væntanlega af Íslandssögunni, þá hafa deilur um sjávarútveg ávallt fylgt íslensku þjóðinni frá því menn hófu hér útræði og nægir að vísa þar til ágætrar lýsingar

hjá nóbelsskáldinu, í því ágæta verki sem fjallar um Sölku Völku. Þar hét útgerðarmaðurinn Bogensen og heitir.

En það hefur engin heildarlausn verið kynnt. Þær breytingar sem gerðar hafa verið alls 17 sinnum frá 1983 hafa auðvitað sína kosti og galla. Kostirnir eru þeir að menn eru með því að þróa kerfi, menn eru að laga og sníða af vankanta sem augljóslega blasa við og er liður í þróunarstarfi. Hins vegar eru gallarnir þeir að með sífelldum breytingum er verið að skapa óöryggi fyrir þá sem standa í þeim rekstri sem tengist sjávarútvegi og er óhætt að segja að þeim aðilum sem standa í sjávarútvegi er alls ekki búið mjög öruggt rekstrarumhverfi þegar aldrei er vitað hvenær næsta holskefla ríður yfir, en 17 sinnum frá 1983 segir heilmikið.

Herra forseti. Nú er dómur fallinn. Og hvað svo? Af ræðum manna virðist mega halda að nú vilji menn rjúka til, og gera hvað? Það hefur ekki komið fram hér í umræðunni hvaða heildstæðu lausnir menn hafa í þessu og meðan menn hafa ekki slíkar lausnir tel ég það fullkomið ábyrgðarleysi að ætla að rjúka til og gera eitthvað. Enda hjó ég eftir því að hv. málshefjandi fjallaði mun meira um forsendur minni hluta dómenda Hæstaréttar en meiri hlutans. Ég hjó líka eftir því að hv. málshefjandi vék sér alveg hjá því að fjalla um hlut fiskifræðinga, vísindamanna í fiskveiðiráðgjöf eða um hvernig afkastageta og tæknivæðing hefur aukist í sjávarútvegi, sem auðvitað skiptir mjög miklu máli þegar verið er að fjalla í sögulegu samhengi um þróun sjávarútvegs. Ég tek líka eftir því að engar heildarlausnir hafa komið hér til umræðu, en gallarnir þeim mun fleiri sem dregnir hafa verið fram. Jafnvel hafa komið fram vonbrigði yfir því að meiri hluti Hæstiréttar hafi komist að niðurstöðu.

Það sem skiptir mestu máli, herra forseti, er að tvær þverpólitískar nefndir eru að störfum. Og til upprifjunar, sem ekki virðist veita af, er önnur þeirra að frumkvæði hv. talsmanns Samfylkingarinnar. Þá hlýtur maður að spyrja, hvers vegna er verið að leggja til á hv. Alþingi að skipa þverpólitískar nefndir til að fjalla faglega og yfirvegað um mikilvæg mál ef þær eiga síðan ekki að fá starfsfrið? Og þá má spyrja: Meina menn ekkert með því sem hér er sagt? Það sem skiptir mestu máli er að gefa þessum nefndum starfsfrið. Við munum í fyllingu tímans fá tillögur til umfjöllunar á hv. Alþingi um þetta mikilvæga mál. Það er mikilvægt að nefndirnar fái starfsfrið til þess að skoða málið yfirvegað en ekki með upphlaupum eða taugaveiklun og æðibunugangi eða jafnvel beiskju ýmissa stjórnmálamanna. Þetta eru viðkvæm mál, þetta eru mikil hagsmunamál, þau þarf að vinna faglega og hv. Alþingi mun fá hinar þverpólitísku tillögur til umfjöllunar.

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Niðurstaða meiri hluta Hæstaréttar í svonefndu Vatneyrarmáli felur í raun í sér það eitt að varanleg eða ótímabundin úthlutun veiðiréttinda á grundvelli veiðireynslu viðmiðunaráranna standist viðeigandi ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og jafnræði. Þetta er niðurstaða meiri hluta Hæstaréttar öfugt við álit Héraðsdóms Vestfjarða og öfugt við álit sama Hæstaréttar hvað varðaði svonefndar úreldingarreglur eða veiðileyfi bundin rúmmáli innan íslensku efnahagslögsögunnar. Í því tilviki var talið að ótímabundin eða varanleg úthlutun veiðileyfa á grundvelli rúmlesta í sama fiskiskipaflota á svipuðu viðmiðunaratímabili stæðist ekki.

Þessar gagnstæðu niðurstöður, annars vegar Hæstaréttar sjálfs í tilvikinu veiðileyfi á móti veiðiheimildum og hins vegar Héraðsdóms Vestfjarða — reyndar einnig minni hluta Hæstaréttar á móti meiri hluta Hæstaréttar hvað varðar veiðiheimildirnar sjálfar — eru mjög athyglisverðar. Hæstiréttur leggur reyndar lykkju á leið sína í reifun sinni um málin og lætur þess getið að Alþingi geti breytt kerfinu, að Alþingi geti sett lög, þökk sé m.a. 1. gr. laganna um sameign þjóðarinnar á auðlindinni og að ekki myndist óafturkallanlegt forræði þrátt fyrir úthlutun til einstakra aðila.

Ég leyfi mér nú að segja: Nema hvað? Ég leyfi mér að segja að þetta hefði Þórbergur Þórðarson rithöfundur kallað „selvfølgelighed". Að sjálfsögðu getur Alþingi sett lög og leikreglur um nýtingu þessarar auðlindar og svo fremi sem þau standast ákvæði stjórnarskrárinnar er alfarið í höndum Alþingis að gera það.

En niðurstaða Hæstaréttar, þó svona sé fram komin, er niðurstaðan og við hana búum við um sinn. Hún breytir hins vegar engu um hina pólitísku stöðu málsins. Hún breytir engu um þá stórfelldu ágalla sem eru á núgildandi löggjöf og framkvæmd hennar. Þessi niðurstaða Hæstaréttar breytir engu um það ósætti sem er með þjóðinni um núverandi fyrirkomulag. Ef eitthvað er hellir hún frekar olíu á þann eld en hitt.

Það öryggisleysi sjávarútvegsbyggðanna og íbúa þeirra sem kerfið býður upp á, fyrir stöðu sjómanna, stöðu fiskvinnslunnar og fleiri aðila í þessu kerfi, breytist ekki við dóminn. Hinni miklu gróðasöfnun einstaklinga sem hætta í sjávarútvegi og taka með sér út úr greininni ómældar *fjárhæðir, þessi niðurstaða breytir því heldur ekki.*

Það sem ég tel standa upp úr, herra forseti, og tel brýnast að gera er að taka á stöðu sjávarbyggðanna og íbúa þeirra og skapa þeim viðunandi öryggi á nýjan leik. Þegar kerfið lifir orðið sjálfu sér þannig að t.d. sjávarjörðum í sveitum eða einangruðum byggðarlögum, sem mörg liggja hvað best við gjöfulum fiskimiðum af öllum stöðum landsins, eru allar bjargir bannaðar þá er eitthvað mikið að. Þá lifir kerfið sjálfu sér en ekki þeim sem það á að þjóna.

Í öðru lagi þarf að stöðva þá miklu röskun sem orðið hefur á undanförnum árum á útgerðarmynstri í landinu þar sem sífellt gengur á hlut strandveiðanna, nema minnstu bátanna. Strandveiðarnar þarf að efla á nýjan leik og styrkja þannig um leið hinar dreifðu byggðir sem lifa á þeim veiðum. Í leiðinni er hægt að stuðla að umhverfisvænni þróun innan greinarinnar, auka aðgang fiskvinnslunnar að fersku hráefni og leysa mörg fleiri vandamál.

Hvað varðar álitamál um gjaldtöku, sem gjarnan er blandað inn í umræður um þessa hluti, eru það í mínum huga aðskilin mál. Þau eru til umfjöllunar í sérstakri nefnd, auðlindanefnd, og við skulum binda vonir við — þangað til annað kemur á daginn — að þar takist að finna skynsamlega niðurstöðu sem sæmileg samstaða geti orðið um. Að mínu mati er mikilvægt að árétta að gjaldtaka ein og sér, þó hún kæmi til, án grundvallarbreytinga á kerfinu að öðru leyti, breytir engu um þá ágalla kerfisins sem ég hef hér sérstaklega gert að umtalsefni og lúta að stöðu byggðanna, stöðu strandveiða, samskiptum sjómanna og útvegsmanna, stöðu fiskvinnslunnar og fleiri þáttum.

Niðurstaða málsins er sú, herra forseti, að verkið er óunnið. Fram undan er það verk sem menn lofuðu að vinna fyrir síðustu kosningar og nú þarf að drífa sig í þá hluti.

[15:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Sjálfstfl. boðaði fyrir ári síðan að nauðsynlegt væri að breyta stjórnkerfi fiskveiða, kvótabraskskerfinu sem 75% þjóðarinnar hafna í skoðanakönnunum. Breytingin átti að vera til að ná sáttum um þetta mikla deilumál sem valdið hefur illdeilum í nærri tvo áratugi. Sumir talsmenn Framsfl., m.a. varafomaður sjútvn., hafa hins vegar opnað á að Alþingi beri að lagfæra þá ágalla sem séu verulegir á kvótabraskkerfinu og hafa valdið byggðaröskun í mörgum sjávarbyggðum. Ég heyrði hann endurtaka þær áherslur sínar hér áðan og er það ánægjulegt. Í ljósi þessa ágreinings stjórnarflokkanna og kosningaloforða þeirra sl. vor er merkilegt að skoða tvær yfirlýsingar, frá hæstv. forsrh. annars vegar og hæstv. sjútvrh. hins vegar, í kjölfar hæstaréttardóms í Vatneyrarmálinu. Hæstv. forsrh. sagði í Morgunblaðinu 7. apríl sl., með leyfi forseta:

„Ef Vatneyrardómur hefði verið staðfestur hefði öllu verið kollvarpað. Þá hefði löggjafinn ekkert vitað hvernig hann stóð. Menn hefðu þá verið í óvissu í einhverja mánuði og sjálfsagt endað með því að gera breytingar á stjórnarskránni, sem hefði kostað tvennar kosningar og stórkostlega óvissu í eitt til tvö ár með tilheyrandi hruni."

Valdamesti stjórnmálamaður landsins, sjálfur forsrh. segir enn á ný að öllu hefði verið kollvarpað og hefði sjálfsagt endað með því að gera breytingar á stjórnarskránni, sem hefði einfaldlega þýtt afnám jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar sem er undirstaða lýðræðis í landinu.

Það vantar greinilega ekki vilja á þeim bænum, stjórnarheimilinu, þegar bæði utanrrh., í kjölfar dóms í Valdimarsmáli í des. 1998, og nú forsrh. hafa látið þess orð sér um munn fara. Tvennar alþingiskosningar hefði þurft til að þóknast fámennisvaldi stórsægreifanna og fjármálaaflanna ef einkakvótaúthlutunarkerfið hefði fallið. Ef dómsniðurstaða í Vatneyrarmáli hefði farið á annan veg skyldi öllu til kostað með því að breyta stjórnarskránni og efna til kosninga. Hvar er nú sáttatalið sem blekkti þjóðina í alþingiskosningum fyrir ári?

Síðan langar mig að minnast á yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. í DV mánudaginn 10. apríl sl. Þar kemur fram að ráðherra er, fjórum dögum eftir Vatneyrardóm í Hæstarétti, búinn að bæta við einu ári með óbreyttu kerfi og telur nú að ný lög geti ekki tekið gildi fyrr en 1. sept. árið 2002, þ.e. nýendurskoðuð lög.

Þar með liggur fyrir að lögin verða að mestu óbreytt og enginn veit í raun, sérstaklega með tilliti til orða hæstv. forsrh., hvort nokkur sátt verður gerð í málinu. Er það svo að allur málatilbúnaður ríkisstjórnarinnar sé hreinn látbragðsleikur í þessu stóra deilumáli um kvótabraskskerfið? Halda stjórnarliðar að það verði sátt um óbreytt kvótabrask og auðsöfnun fárra? Nei, það verður aldrei.

Nú verður fólkið í landinu að tala sjálfstætt og opið fyrir vilja sínum og sýna í verki að 75% landsmanna vilja út úr kvótabraskskerfinu. Skoðanakannanir sýna þessa afstöðu landsmanna. Það dugar ekki lengur eitt og sér að hafa skoðun sem fólk þorir bara að tjá í leynilegri skoðanakönnun. Nú þurfa verkin að tala. Fólk verður að þora að segja sig úr ríkisstjórnarflokkunum og styðja þá sem segja afdráttarlaust að framtíðin fyrir Ísland sé ekki land stórsægreifanna og lánleysi leiguliðanna sem kerfið gerði eignalausa.

Nú slær leiguverð þorskheimilda öll fyrri met og 127 krónur eru greiddar fyrir óveiddan fisk í sjó. Sægreifarnir hagnast á leigubraskinu sem aldrei fyrr. Vistarbandið sáluga er dregið að húni í stefnu ríkisstjórnar í kvótabraski og stórútgerðarmennirnir einoka nú leiguliðana sem aldrei fyrr. Þeir kvótalitlu geta ekki lifað af við þessi skilyrði og hvað þá heldur ef endurskoðun laganna á að taka tvö ár.

Ég verð að segja hreint út að ég skil ekki það lánleysi útgerðarmanna að þekkja ekki sinn vitjunartíma og bjóða fram sátt við þjóðina með því að afsala sér með öllu sölu og leigurétti á fiskinum óveiddum í sjónum og leggja sjálfir til að sá réttur sé þjóðarinnar. Í staðinn héldi útgerðin veiði- og nýtingarrétti og tekjur útgerðarinnar yrðu aðeins af veiðum en ekki leigu- og sölutekjur af óveiddum fiski í sjónum. Lánleysi stórsægreifanna virðist meira en orð fá lýst. Þeir skynja ekki sinn vitjunartíma, að nú skuli þeir leita sátta. Þess í stað vilja þeir halda áfram kvótabraskinu í græðgi sinni og gera aðra að leiguliðum sínum. Þvergirðingsháttur þeirra er með ólíkindum.

Sjútvrh. sagði hér fyrr í umræðum að allir líffræðilegir þættir fiskstofna væru vel varðir. Ég verð nú að leyfa mér að draga þetta í efa. Síðustu aðgerðir ráðherrans voru að takmarka karfaveiðar, réttara sagt að takmarka ekki úthafskarfaveiðar. Skipstjórnarmenn eru mjög uggandi út af karfaveiðunum og ráðherrann hlýtur að vita það ella er hann ekki í sambandi við neitt af því fólki sem sjóinn stundar.

[15:26]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Dóms Hæstaréttar í Vatneyrarmálinu var beðið með nokkurri eftirvæntingu. Það var ekki síst af hálfu talsmanna Samfylkingarinnar sem eftirvæntingin var djúpstæð enda höfðu þeir gefið sér niðurstöðuna fyrir fram. Það vekur nokkra athygli þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson spyr sig að því í máli sínu hvort niðurstaða Hæstaréttar hafi yfirleitt breytt nokkrum sköpuðum hlut. Hann kemst að þeirri frómu niðurstöðu að hún hafi ekki breytt nokkrum sköpuðum hlut. Vegna þess að hann er ósáttur við niðurstöðuna telur hann að dómurinn hafi ekki breytt nokkrum sköpuðum hlut.

Dómur Hæstaréttar í Vatneyrarmálinu snerist um það hvort ákvæði stjórnarskrár Íslands um jafnræði og atvinnufrelsi hefðu verið brotin með gildandi ákvæðum laga um úthlutun veiðiheimilda, eins og hér kom reyndar réttilega fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Niðurstaðan í þessu máli, sem Samfylkingin batt miklar vonir við, er mjög skýr. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að úthlutun aflaheimilda eftir 7. gr. laga nr. 38/1990 fullnægi jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og þeim sjónarmiðum um jafnræði sem gæta þarf við takmörkun atvinnufrelsis skv. 1. mgr. 75 gr. þessarar sömu stjórnarskrár.

Það er að sjálfsögðu hlutverk stjórnarskrár lýðveldisins að verja ákveðin grundvallarréttindi. Hluti af þessum réttindum er jafnræðisreglan að sjálfsögðu en til koma margvísleg önnur réttindi eins og eignarréttindi og atvinnuréttindi. Niðurstaðan er hins vegar afar skýr og felur það í sér að kvótakerfið brýtur ekki þessi grundvallarréttindi sem stjórnarskránni er gert að standa vörð um. Svo vilja menn halda því fram að þetta boði engin tíðindi, eftir að hafa gefið sér þá niðurstöðu að kvótakerfið mundi hrynja vegna þess að það stæðist ekki stjórnarskrána. Ég verð að segja að þessi umskipti eru nokkuð spaugileg svo ekki sé meira sagt.

Dómurinn er staðfesting á því að Alþingi hafi stjórnarskrárlegar heimildir til að standa vörð um atvinnubundin

réttindi. Slík réttindi eru alls staðar viðurkennd í nágrannalöndum okkar og það ber að sjálfsögðu að taka það sérstaklega fram að Íslendingar styðjast við sambærileg stjórnarskrárákvæði og nágrannaþjóðir okkar, sem líka standa vörð um atvinnutengd réttindi, þar á meðal atvinnutengd réttindi útgerðar. (Gripið fram í.) Þau réttindi eru hér á landi, svipað og í nágrannalöndum okkar, reyndar varin af stjórnarskránni, hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem grípur hér fram í fyrir mér, þau eru varin af stjórnarskránni.

Mikilvægi dómsins er ekki síst fólgið í því að hann telur að löggjafinn hafi haft málefnaleg rök fyrir því að taka tillit til hagsmuna þeirra sem lagt höfðu í fjárfestingar í sjávarútvegi þegar takmörkuðum heildarafla var skipt milli skipa í samræmi við veiðireynslu. Niðurstaðan er skýr og afdráttarlaus, ekki síst fyrir þá sem hafa klifað á því að réttindum hafi verið úthlutað fyrir ekki neitt. Slagorðið „gjafakvóti" er gengisfellt með þessum dómi. Þeir hlutu réttindi sem tekið höfðu fjárhagslega áhættu og það í góðri trú. Með þeirri útdeilingu var ekki gengið gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Af því að það kom fram í máli hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að hún vildi að allir hefðu jöfn tækifæri spyr ég sérstaklega hvort það hafi verið jöfn tækifæri ef þeir sem höfðu hætt fjármunum sínum í útgerð áttu ekki að njóta þeirrar áhættu á nokkurn hátt þegar þessum réttindum var útdeilt. Nei, auðvitað, þeim hefði verið mismunað ef hugmyndir Samfylkingarinnar hefðu náð fram að ganga.

Þannig er nú þetta. Þessi dómur hefur mjög víðtækar afleiðingar og hann skýrir með mjög afgerandi hætti hvers konar réttindi stjórnarskráin ver. Eftir að dómur féll í Hæstarétti í svonefndu Valdimarsmáli hefur verið fullyrt að niðurstaða hans um 5. gr. laga nr. 38/1990 ætti einnig við um 7. gr. sömu laga. Þetta hefur verið meginatriði málflutnings þeirra sem telja að kvótakerfið standist ekki stjórnarskrá lýðveldisins. Þessi málflutningur hefur með dómi Hæstaréttar verið dæmdur marklaus. Það er meginniðurstaða dómsins og að sjálfsögðu það sem taka ber tillit til í umræðunni héðan í frá. Það er eðlilegt að umræðan hjakki ekki í sama farinu heldur taki tillit til niðurstöðu Hæstaréttar.

[15:32]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Skoðun okkar jafnaðarmanna á stjórnkerfi fiskveiða hefur verið þekkt í mörg ár. Sú skoðun hefur aldrei byggst á því hvort stjórnkerfi fiskveiða samrýmdist stjórnarskrá eða ekki. Málflutningur okkar hefur aldrei verið sá að það væri Hæstaréttar að skera úr um það.

Ég minni hins vegar hv. þingheim á að einn alþingismaður og ráðherra hafði þau orð að ef Hæstiréttur dæmdi ekki eins og hann svo gerði þá væri Íslendingum eins hollt að fara að búa sig undir að flytja sig til Kanaríeyja því að þá væri íslenska þjóðfélagið hrunið. Þetta var formaður Sjálfstfl. og forsrh. sem sagði þetta. Hafi þannig einhver flokkur og einhver stjórnmálamaður sagt að dómur Hæstaréttar í þessum efnum skipti sköpum var það formaður þess flokks sem síðasti ræðumaður tilheyrir. Hann getur sótt á eigin heimavígstöðvar til að fá skýringu á því.

Það er líka undarlegur málflutningur að sömu einstaklingar og segja að úthluta eigi lifandi auðlindum sjávar ókeypis til þeirra sem byggja rétt sinn til veiða á hefðarréttindum vegna sóknar skuli á sama tíma flytja þingmál á þessu þingi þar sem þeir segja að fyrir afurðir úr dauðum fiski, sem unnar eru á hafsbotni, skuli koma fullt gjald. Þeir sem hafa nýtt þær undanfarin ár eða jafnvel áratugi, t.d. þeir sem nýta sér skeljasandsnámur, eiga ekki að njóta neinna hefðbundinna réttinda til þess að fá að nýta þá auðlind ókeypis. Það eiga með öðrum orðum að gilda önnur lögmál um að nýta afurðir úr dauðum fiski en þau sem gilda um að nýta afurðir úr lifandi fiski.

Svona flókinn hugsanagang skil ég ekki, herra forseti. Það þarf mjög flókinn hugsanagang til að geta leitt svona rök fram.

Kjarni þessa máls hefur aldrei snúist um hvort afgreiðsla Alþingis hafi verið lögleysa, stangist á við stjórnarskrá eða eitthvað. Hæstiréttur hefur nú hreinsað þetta borð. Hann hefur ýtt því deiluefni út af borðinu svo eftir stendur aðeins eitt. Það er hið pólitíska viðfangsefni okkar alþingismanna. Við getum ekki lengur skotið okkur á bak við úrskurð Hæstaréttar, kominn eða ókominn, í því efni. Hið pólitíska deilumál sem stendur eitt eftir á borðinu er þetta: Er það í samræmi við réttarfarskennd Íslendinga, réttlætishugsjónir okkar og jafnrétti, að úthluta ókeypis aðgangi að takmarkaðri náttúruauðlind til fámenns hóps manna, ekki bara aðganginum að auðlindinni heldur ráðstöfunarrétti til að versla með hann að eigin geðþótta? Er þetta réttlátt kerfi og sanngjarnt eða ekki, frá sjónarmiði okkar sem hér erum sem aðilar að löggjafarsamkundu Íslendinga? Menn geta ekki skotið sér á bak við Hæstarétt eftir að hann hefur hreinsað borðið.

Þó fagna ég því að hann tekur af öll tvímæli um tilgang 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Hann tekur af öll tvímæli um að ákvæði 1. gr. um að þjóðin eigi þessar auðlindir sameiginlega standist. Hann tekur af öll tvímæli um að það standist líka sem sett var í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, að úthlutunin skapi ekki óafturkræft forræði eða aðstöðu til þess að menn geti krafist bóta vegna breytts kerfis.

Það er satt sem hér hefur verið sagt að það eru fáir þingmenn eftir á Alþingi Íslendinga sem komu að þessari lagasetningu. Hér stendur sá sem réð mestu um þessi tvö ákvæði í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Mér er vissulega ánægjuefni að Hæstiréttur skuli komast að þeirri niðurstöðu að bæði þessi ákvæði haldi fullu gildi þannig að Alþingi sé frjálst, án þess að eiga skaðabótakröfu yfir höfði sér, að breyta stjórnkerfi fiskveiða til jafnréttisáttar eins og þjóðin vill.

Herra forseti. Nú geta menn ekki skotið sér á bak við neinn hæstarétt. Nú verða menn að takast á við þetta pólitíska úrlausnarefni og Samfylkingin er eini þingflokkurinn sem lagt hefur til breytingar á þessu kerfi í formi frv. í þá átt sem 70% þjóðarinnar hafa viljað sjá.

[15:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég fagna út af fyrir sig tvímælalausri niðurstöðu Hæstaréttar en ég sé reyndar ekki fyrir mér hvernig hún hefði getað orðið öðruvísi. Fiskveiðistjórnarkerfið er í samræmi við stjórnarskrána og það eru engar nýjar fréttir að útgerðirnar hafi ekki öðlast varanlegan eignarrétt á veiðiheimildunum. Þær fá árlega úthlutað heimild til að draga ákveðið magn úr sjó.

Fiskstofnarnir eru eign íslensku þjóðarinnar, ekki eign útlendinga. Það er mjög ítarlega skýrt í athugasemdum um 1. gr. frv. til fiskveiðistjórnarlaga, nr. 38/1990, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar og forsenda fyrir þeirri þróun íslensks efnahagslífs og íslensks samfélags er orðið hefur á þessari öld. Það hefur kostað Íslendinga mikla baráttu að

ná forræði yfir þessari auðlind. Með fyrsta málslið greinarinnar er minnt á mikilvægi þess að varðveita fullt forræði Íslendinga yfir henni. Jafnframt felst í þessu sú sjálfsagða stefnumörkun að markmiðið með stjórn fiskveiða er að nýta fiskstofnana til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Enda þótt frumvarpið byggi á því að fiskstofnarnir verði skynsamlegast nýttir með því að fela þeim sem daglega starfa að fiskveiðum víðtækt ákvörðunarvald í þessum efnum má það ekki verða til þess að með því verði talin myndast óafturkallanlegt og stjórnarskrárvarið forræði einstakra aðila yfir auðlindinni. Það verður að vera ákvörðunarefni löggjafans á hverjum tíma hvaða skipulag teljist best henta til að nýta þessa sameign þjóðarinnar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi."

Þannig hljóðuðu athugasemdirnar og menn þurfa ekki að velkjast í vafa hvað Alþingi var að fara. Það var verið að lýsa eign Íslendinga á fiskstofnunum og taka það fram að það væru ekki útlendingar sem ættu þá. Fiskveiðieignarhaldið er þjóðarinnar og á að verða þjóðinni, íslensku þjóðinni til sem mestra hagsbóta. Fiskveiðistjórnarkerfið hefur sannarlega orðið þjóðinni til hagsbóta. Flestir fiskstofnar hafa vaxið síðan þetta kerfi var tekið upp.

En það er ekki sátt um þetta fiskveiðistjórnarkerfi, það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því. Kannski verður aldrei sátt um það. En við höfum verið að prófa okkur áfram að breyta og þróa fiskveiðistjórnarkerfið. Þróun skattalegrar meðferðar hefur að sumu leyti orðið önnur en við gerðum ráð fyrir við setningu þessara laga. Byggðaþróun á Íslandi hefur verið mjög óheppileg og sumir vilja kenna tilflutningi fiskveiðiheimilda milli byggðarlaga um einhvern hluta vandans. Ég tel nú of mikið gert úr því en þó kann það að vera að einhverjum hluta.

Ég tel að við eigum að íhuga gaumgæfilega hvort ekki sé skynsamlegt að binda einhvern hluta veiðiheimildanna við sjávarbyggðirnar. Ég vil fylgja fordæmi Skota, þeir úthluta hluta veiðiheimilda til sveitarfélaganna. Ég tel að ef t.d. aukningu fiskveiðiheimilda væri deilt niður á sveitarfélög sjávarbyggðanna og það væri skilyrt að aflinn yrði unninn í viðkomandi byggðarlagi mundi það verða þeim sveitarfélögum sjávarbyggðanna til verulegrar styrkingar. Sveitarfélögin gætu skipst á heimildum en mættu ekki selja úr byggðinni.

Ég er hins vegar algjörlega andvígur hugmyndinni um auðlindaskatt á fiskveiðar og þá þegar af þeirri ástæðu að það er fyrst og fremst landsbyggðarskattur.

[15:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Sverri Hermannssyni málshefjanda fyrir að hefja umræðu um þetta mál utan dagskrár á Alþingi.

Ég tel hins vegar að mörgu leyti mjög gott að það dómsmál sem varð kveikjan að málinu skuli vera að baki og þá fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin getur ekki lengur skellt skollaeyrum við kröfum um að tekið verði á fiskveiðistjórnarkerfinu af alvöru, kerfi sem djúp óánægja ríkir um á meðal landsmanna enda er kerfið gallað á marga lund og mjög ranglátt.

Nefnd sem hefur verið skipuð í þessu skyni hefur verið að störfum í vetur en að vissu leyti hefur hún fríhjólað og viðkvæðið jafnan verið að menn bíði dómsniðurstaðna. Nú eru þær fyrir hendi og þessar niðurstöður eru ekki neikvæðar um allt, síður en svo. Þær staðfesta sameign þjóðarinnar á auðæfum hafsins og að yfirvöld séu ekki bótaskyld þótt kvótinn sé tekinn úr hendi þeirra sem fengið hafa hann til sín. Þetta er grundvallaratriði og mjög þýðingarmikið.

Á þessum forsendum þarf Alþingi að taka á fiskveiðistjórnarmálunum. Þá er eðlilegt að spurt sé: Hvað vilja menn gera? Hvað viljum við gera, hvað vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð gera?

Í fyrsta lagi teljum við kerfið, eins og það er rekið núna, vera svo gallað að það beri að leggja til hliðar. Þess vegna höfum við verið talsmenn þess að inn í fiskveiðistjórnarlögin sé sett eins konar sólarlagsákvæði sem hafi það í för með sér að innan tiltekins tíma renni þetta kerfi skeið sitt á enda. En við viljum aðgerðir engu að síður strax. Hverjar eru þær? Við viljum að þegar í stað verði sett í lög bann við leigu á kvóta.

Fyrr við umræðuna var rætt um svonefnt veiðileyfagjald. Ég hef verið í hópi þeirra sem hafa verið tilbúnir að skoða slíkar hugmyndir, ekki sem tekjuöflun heldur sem tæki til fiskveiðistjórnar. Ég hef jafnframt hlustað á röksemdir þeirra sem hafa varað við því að slík gjaldtaka muni koma í koll þeim útgerðum sem síst skyldi og þeim byggðarlögum sem síst skyldi og hraða þeirri þróun sem við höfum orðið vitni á undanförnum mánuðum og missirum, að færa heimildirnar til hinna sterku aðila. Ég hef hlustað á þessi sjónarmið.

Vandinn er eftir sem áður sá að við búum við veiðileyfagjald. Við búum við veiðileyfagjald núna. Það eru hins vegar einkaaðilar, einstakar útgerðir og aðilar sem hafa komist yfir kvóta sem innheimta þetta gjald í eigin vasa án þess að samfélagið njóti góðs af því. Þess vegna leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð áherslu á að þessu ljúki og að sett verði í lög ákvæði sem banna leigu á kvóta.

Og við viljum ganga lengra. Við erum andvíg hvers kyns braski með kvótann. Við höfum litið á kvótakerfið sem fiskveiðistjórnarkerfi, ekki braskkerfi, ekki verslunarkerfi, ekki kerfi til að hagnast á sem slíku. Á því viljum við taka og þess vegna leggjum við áherslu á að kerfið verði látið renna sitt skeið á enda.

Við höfum lagt áherslu í reynd á tvo meginþætti í okkar stefnu. Í fyrsta lagi byggðastefnu, byggðamálin, og í öðru lagi hinn vistvæna þátt. Á hann leggjum við ríka áherslu. Það gerðum við í okkar stefnuskrá á sínum tíma og henni höfum við fylgt eftir í þingsályktunartillögum og frv. sem við höfum flutt hér á Alþingi. Og það er rangt sem fram kom hér áðan að enginn annar flokkur en Samfylkingin hefði flutt slíkar tillögur. Það er rangt. Það hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð gert. Hér hafa verið tíundaðar tillögur sem við höfum lagt fram ásamt Frjálslynda flokknum um aðgerðir sem beri að grípa til þegar í stað og hvernig við viljum haga undirbúningi að þeirri vinnu sem nú stendur fyrir dyrum til uppstokkunar á þessu kerfi.

Við viljum efla smábátaflotann og við viljum byggðatengja kvótann. Lengri er tími minn ekki og læt ég máli mínu lokið.

[15:47]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Hverjar voru þær málefnalegu forsendur sem lágu til grundvallar þegar kerfið var sett á árið 1983? Það var aðeins ein forsenda: Fiskvernd. Allt annað sem tínt hefur verið til kom síðar til skjalanna eins og hin umtalaða hagkvæmni, byggðasjónarmið o.s.frv. Það var fiskverndin. Það var þá um nokkurra ára bil að fiskifræðingar höfðu haldið því fram að þorskstofninn á Íslandsmiðum væri í bráðri útrýmingarhættu.

Ég þóttist sjá og við margir saman að þetta væri nokkur smitun frá áfallinu mikla á Rauða torginu þar sem síldarstofninn hvarf nokkrum árum áður. En við stjórnmálamenn vorum auðvitað ekki í neinni stöðu til þess að segja fiskifræðingana fara með staðlausa stafi. Ég vil aðeins leggja áherslu á að ég þekki ekki þá sem hafa andmælt því að við þyrftum að hafa veiðieftirlit og við þyrftum að takmarka sókn í hina ýmsu nytjastofna okkar. Ég þekki engan sem hefur haldið því fram. Kvótasetningin er allt annar hlutur eða kvótaúthlutunin.

Á sínum tíma þegar kvótaúthlutunin var ákveðin með þeim hætti sem þá var gert, miðað við veiðireynslu þriggja ára, var því marglýst yfir í ríkisstjórn sem annars staðar, í þingflokkum og á Alþingi, að þetta væri algjör bráðabirgðaráðstöfun. Menn fundu ekki annað ráð. Að vísu vissi ég ekki þá að þessi ráð öll voru ættuð frá LÍÚ því að allur var málatilbúnaðurinn þaðan runninn.

En þessi lög voru framlengd. Þau voru send inn í þingið á síðustu stundu. Ég minnist þeirrar miklu óánægju sem um þetta ríkti og langvarandi deilna í þingflokkum. En menn réðu ekki gátuna.

En hvenær er það sem kastar tólfunum í þessu máli? Menn virðast alveg horfa fram hjá því. Það er með hinu frjálsa framsali sem á er komið í lögunum frá 1990. Þá kastar tólfunum. Þá fara afleiðingarnar að sýna sig sem við nú stöndum frammi fyrir.

Málefnalegu forsendurnar voru alveg skýrar og sá sem hér stendur sá engin önnur ráð en að fylgja þeim málatilbúnaði. Var hann þó undir mjög þungri sókn af hálfu ýmissa þeirra sem mjög nærri honum stóðu því að hann átti þá sjálfur aðild að útgerð. En hann taldi sér engan veginn fært annað en að fylgja þeirri meginstefnu sem þá var uppi hjá stjórnarflokkunum og skammast sín ekkert fyrir það og telur að það lýsi hvorki óábyrgri afstöðu né skammsýni, eins og þeim málum var háttað þá.

En sá ófarnaður sem við nú stöndum frammi fyrir og braust út, ef ég má orða það svo, með lögunum frá 1990 og hinu frjálsa framsali, er sá höfuðvandi sem við stöndum frammi fyrir.

Varðandi áframhaldandi og viðbótarmálefnaforsendur þá kunna þær að hafa verið til staðar á sínum tíma. En ég sýndi fram á það í framsögu minni áðan að þær hafa allar runnið út í sandinn. Við vitum hvernig byggðasjónarmiðin hafa farið. Við sjáum brottkastið. Við sjáum óhagræðið í öllum áttum. Öllu öðru sem haldið er fram er kostað af þeim sem eru að mylja undir sig þessi auðæfi.

Niðurstöðu Hæstaréttar ber að sjálfsögðu að virða. En í forsendum allra dómenda má lesa að þeir dæma þetta fiskveiðistjórnarkerfi óhafandi til langframa. Meiri hluti staðfestir óumdeilanlega að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra manna yfir þeim. Minni hlutinn dæmir þær af eða að þær fáist ekki staðist til frambúðar. Í samræmi við það hlýtur Alþingi að taka sjálfan grundvöll fiskveiðistjórnarinnar, úthlutun kvótans, til endurskoðunar.

Þjóðin hefur að sínu leyti kveðið upp eigin dóm. 75% aðspurðra í skoðanakönnunum sætta sig ekki við þetta kerfi, 3,8% þjóðarinnar eru því mjög fylgjandi.

Vel kann að vera að umboðsmenn sægreifanna í stjórnarflokkunum, herra forseti — og nú lýk ég máli mínu — virði þetta álit þjóðarinnar að vettugi (Forseti hringir) og skelli skollaeyrum við réttlæti og sanngirni. En koma tímar og koma ráð.

[15:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Hv. þm. Sverrir Hermannsson spyr um þær málefnalegu forsendur sem lágu til grundvallar úthlutuninni 1984. Þær málefnalegu forsendur voru veiðireynsla þriggja ára þar á undan. Það er út frá þeim forsendum sem Hæstiréttur dæmir að fiskveiðistjórnin standist stjórnarskrána því þar væri um að ræða málefnalegar forsendur.

Hann segist ekki hafa getað séð fyrir þá hvernig mál mundu þróast og hvernig þau mundu skipast varðandi þau réttindi sem verið var að veita og byggðu á veiðireynslunni. Hann segir líka að það hafi ekki verið skammsýni að taka þær ákvarðanir sem teknar voru á þeim tíma og hann átti þátt í að taka.

Það held ég að sé alveg rétt hjá honum. Það var ekki skammsýni. Það var framsýni. En þeir sem ekki sáu að þarna var verið að úthluta réttindum sem gátu orðið verðmæt, þeir voru glámskyggnir á það hvernig mál gætu þróast.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur vitnað talsvert í minni hluta Hæstaréttar og reyndar hafa aðrir hv. þm. gert það líka. Sumir hafa reyndar reynt að draga þá ályktun að allur rétturinn telji að fiskveiðistjórnarkerfið sé óalandi og óferjandi.

Ég veit út af fyrir sig ekkert um það hver skoðun dómaranna í Hæstarétti er á fiskveiðistjórnarkerfinu. Það er ekki það sem skiptir máli hér því þeir voru ekki valdir, hvað þá kjörnir, til þess að hafa sérstaka skoðun á því. Þeir eiga hins vegar að hafa skoðun á því hvort lög frá Alþingi standist stjórnarskrána. Og um það hafa þeir dæmt og þeir hafa dæmt á þann hátt, fimm dómarar, að lögin standist stjórnarskrána. (**Gripið fram í:** Fjórir.) Um það þarf ekki að deila, hv. þm., það voru fimm sem töldu lögin standast stjórnarskrána.

Auðvitað skipti þessi dómur sköpum. Úr hefðu orðið stór vandamál hjá útgerðinni og í þjóðfélaginu öllu ef dómurinn hefði fallið á annan veg. Þess vegna er það ekkert skrýtið, miðað við niðurstöðu dómsins, að hv. þingmenn sem hafa byggt málflutning sinn á því að lögin stæðust ekki stjórnarskrána eru nú á hlaupum frá þeim skoðunum sínum. Besta dæmið um það var hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, en í umræðu um þetta sama mál fyrr í vetur hélt hann nákvæmlega þveröfugri skoðun fram. Skoðun hans byggðist þá á því að ekki væri hægt að láta lögin standast jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar nema þau væru á þann veg sem hann hélt fram. Hann hefur því hlaupið frá þeirri sannfæringu sem hann boðaði þá og nú segir hann að það, hvort lögin standist stjórnarskrána, skipti engu máli og hafi aldrei skipt máli. En hann getur bara flett upp í sínum eigin ræðum í þingtíðindum til þess að sjá hver skoðun hans á því var áður.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson gagnrýnir dómarana og telur sér það heimilt, jafnvel skylt. Ekki ætla ég að hafa á móti því að hann gagnrýni dómarana. En hvað segir hann þegar hæstv. forsrh. gagnrýnir dómara? Þá er hæstv. forsrh. að beita þrýstingi. Hann má það ekki. En hv. þm. Jóhann Ársælsson má gagnrýna og hann má hafa skoðun hvar sem er og hvenær sem er, en hæstv. forsrh. má það ekki. (**JÁ:** Hann talaði um ...) Röksemdarfærslan er mjög sterk.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson segir að kerfið sé ekki fullkomið. Það er alveg hárrétt hjá honum. Það eru engin mannanna verk. Hv. þm. hefur áhyggjur af skuldaaukningu greinarinnar. Sú skuldaaukning byggist að miklu leyti á innri

hagræðingu sem erlendis er fjármögnuð úr ríkissjóði, en greinin hér á landi fjármagnar sjálf, og hún byggist á fjárfestingum greinarinnar. En á sama tíma og þetta hefur verið að gerist hefur eiginfjárstaða greinarinnar batnað mjög.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur líka áhyggjur af arðsemi greinarinnar, að arðsemin sé ekki nægjanlega góð. Ég hef það að vissu leyti líka, sérstaklega þegar menn hafa uppi miklar hugmyndir um gjaldtöku af greininni.

Hann hefur áhyggjur af nýliðuninni og það get ég út af fyrir sig tekið undir að miklu leyti. En ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að í grein þar sem aðgangurinn er takmarkaður hlýtur nýliðunin alltaf að vera erfið.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir talar um að verið sé að ýta því á undan sér að taka ákvarðanir og taka á vandanum, taka á deiluefninu. En hún er búin að sitja tvö ár í auðlindanefnd sem talsmaður hennar pólitísku fylkingar var upphafsmaður að með flutningi tillögu. Þessi nefnd hefur ekki skilað af sér enn þá, m.a. vegna þess að þrír dómar hafa fallið í þessu máli sem hafa tafið störf nefndarinnar.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur áhyggjur af því að hæstv. sjútvrh. hafi bætt við ári þar til hugsanlega endurskoðuð löggjöf gæti tekið gildi. En það vill bara þannig til að þessir dómar hafa tafið störf tveggja nefnda og þannig veltur þetta á því hvenær þingstörfum lýkur á vorin og hvenær fiskveiðiárið tekur gildi. Það gæti því gerst að endurskoðuð fiskveiðistjórnarlög tækju gildi ári seinna en sjútvrh. hafði ætlað. Það kemur þá til vegna þeirra tafa sem hafa orðið vegna dómsins. Það er ekki með vilja gert því eins og kynnt var upphaflega var markmiðið að það næðist að ný lög tækju gildi haustið, 1. september, 2001.

Það er hins vegar líka að miklu leyti undir hv. Alþingi komið hvernig það verk vinnst. En ég stefni að því að leggja fram frv. til laga um stjórn fiskveiða á næsta þingi. Hvort tekst að afgreiða það þá, er Alþingis en ekki ráðherrans að ákveða.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi nokkur af hinum pólitísku álitaefnum sem uppi eru í sambandi við fiskveiðistjórnina. Hann fór yfir það að ekki væri á þeim tekið í dómnum og dómurinn leysti ekki úr þeim.

Það er alveg hárrétt hjá honum. Enda stóð það heldur ekki til. Það sem stóð til var að skera úr um hvort lög um stjórn fiskveiða stæðust stjórnarskrána eða ekki. Þau gera það og því getum við stjórnmálamennirnir haldið áfram okkar vinnu við að reyna að gera fiskveiðistjórnarkerfið fullkomnara.

Ég held að það sé hollt fyrir okkur að hafa sérstaklega tvennt í huga, tvennt sem skiptir mestu máli þó að önnur atriði skipti að sjálfsögðu líka máli. Það er að úthlutun aflaheimildanna sé á varanlegum grunni þannig að hagsmunir þeirra sem gera út séu varanlegir til þess að við getum búið við sjálfbært fiskveiðistjórnarkerfi, að sjálfbærnin verði innifalin í hagsmunum þeirra sem gera út og að framsalið verði frjálst til þess að við frystum ekki atvinnugreinina á einum punkti í tíma og hún geti síðan ekkert breyst, ekki með breyttum utanaðkomandi aðstæðum, ekki með breyttum hugmyndum þeirra sem eru í greininni. Greinin þarf stöðugleika og hún þarf sveigjanleika til þess að geta blómstrað og staðið undir betri þjóðarhag í framtíðinni.

[Fundarhlé. — 16:02]

[16:20]

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 285. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1055; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1056.

Fæðingar- og foreldraorlof, 623. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1065.

Húsgöngu- og fjarsölusamningar, 421. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1060; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1061.

Lagaskil á sviði samningaréttar, 70. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1063; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1064.

Lausafjárkaup, 110. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1048; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1049; brtt. JóhS og MF, þskj. 1050.

Skráning og mat fasteigna, 290. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1058; brtt. JóhS og MF, þskj. 1059.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1053; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1054.

Stjórn fiskveiða, 460. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1046; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1047.

Viðbótarlán Íbúðalánasjóðs, 624. mál, fsp. RG, þskj. 1066.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 489. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1062.

Þjónustukaup, 111. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1051; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1052.

Út af dagskrá voru tekin 4., 7. og 19.–21. mál.

Fundi slitið kl. 16:24.

---

103. FUNDUR

fimmtudaginn 27. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 359. mál, þskj. 1010. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Rafræn eignarskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 995, brtt. 1035. — 3. umr.
3. Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, stjfrv., 176. mál, þskj. 1042. — 3. umr.
4. Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, stjfrv., 241. mál, þskj. 1043. — 3. umr.
5. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 998. — 3. umr.
6. Veiðieftirlitsgjald, stjfrv., 543. mál, þskj. 1045. — 3. umr.
7. Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, stjfrv., 544. mál, þskj. 846. — 3. umr.
8. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 223. mál, þskj. 997, brtt. 1005. — 3. umr.
9. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 460. mál, þskj. 738, nál. 1046 og 1070, brtt. 1047, 1067, 1068 og 1069. — 2. umr.
10. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 120, nál. 1051, brtt. 1052. — 2. umr.

11. Húsgöngu- og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 684, nál. 1060, brtt. 1061. — 2. umr.
12. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 119, nál. 1048, brtt. 1049 og 1050. — 2. umr.
13. Lagaskil á sviði samningaréttar, stjfrv., 70. mál, þskj. 70, nál. 1063, brtt. 1064. — 2. umr.
14. Íslensk málnefnd, stjfrv., 501. mál, þskj. 796, nál. 1031. — 2. umr.
15. Fjárreiður ríkisins, frv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.
16. Málefni innflytjenda, þáltill., 271. mál, þskj. 369. — Fyrri umr.
17. Gerð neyslustaðals, þáltill., 311. mál, þskj. 561. — Fyrri umr.
18. Barnalög, frv., 339. mál, þskj. 592. — 1. umr.
19. Náttúruvernd, frv., 379. mál, þskj. 636. — 1. umr.
20. Vernd votlendis, þáltill., 389. mál, þskj. 647. — Fyrri umr.
21. Barnalög, frv., 396. mál, þskj. 654. — 1. umr.
22. Úttekt á aðstöðu til hestamennsku, þáltill., 402. mál, þskj. 660. — Fyrri umr.
23. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 417. mál, þskj. 678. — Fyrri umr.
24. Vátryggingarsamningar, frv., 427. mál, þskj. 692. — 1. umr.
25. Rannsóknir á þorskeldi, þáltill., 440. mál, þskj. 710. — Fyrri umr.
26. Öryggi á miðhálendi Íslands, þáltill., 443. mál, þskj. 713. — Fyrri umr.
27. Þingsköp Alþingis, frv., 450. mál, þskj. 724. — 1. umr.
28. Hlutafélög, frv., 451. mál, þskj. 725. — 1. umr.
29. Atvinnuuppbygging og þróun vistvæns samfélags í Hrísey, þáltill., 471. mál, þskj. 750. — Fyrri umr.
30. Úthlutun fjár til hitaveitna á köldum svæðum, þáltill., 479. mál, þskj. 759. — Fyrri umr.
31. Vegalög, frv., 480. mál, þskj. 760. — 1. umr.
32. Endurskoðun kosningalaga, þáltill., 481. mál, þskj. 761. — Fyrri umr.
33. Eðli og umfang vændis, þáltill., 483. mál, þskj. 763. — Fyrri umr.
34. Tímareikningar á Íslandi, frv., 493. mál, þskj. 777. — 1. umr.
35. Gjaldþrotaskipti, frv., 509. mál, þskj. 808. — 1. umr.
36. Vegamál, þáltill., 510. mál, þskj. 809. — Fyrri umr.
37. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 514. mál, þskj. 813. — Fyrri umr.
38. Landsvegir á hálendi Íslands, þáltill., 518. mál, þskj. 818. — Fyrri umr.
39. Hönnun og merking hjólreiðabrauta, þáltill., 528. mál, þskj. 829. — Fyrri umr.
40. Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, frv., 533. mál, þskj. 834. — 1. umr.
41. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 538. mál, þskj. 839. — Fyrri umr.
42. Brunatryggingar, stjfrv., 285. mál, þskj. 429, nál. 1055 og 1057, brtt. 1056. — 2. umr.
43. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 290. mál, þskj. 472, nál. 1058, brtt. 1059. — 2. umr.
44. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 489. mál, þskj. 771, nál. 1062. — 2. umr.
45. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330, nál. 1053, brtt. 1054. — 2. umr.
46. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 246, nál. 1011, brtt. 1012. — 2. umr.
47. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 571, nál. 1001. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde fjmrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

Tilkynning um dagskrá.

[13:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 3.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um endurmat á verðmæti Landssímans og ríkisstuðning. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. samgrh. Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

Að öðru leyti vill forseti taka fram um þinghaldið í dag að að lokinni utandagskrárumræðu verða atkvæðagreiðslur um þau mál sem þá verður lokið umræðu um, þ.e. upp úr kl. 4. Það er reiknað með kvöldfundi en gert verður hlé á fundinum milli kl. 19.30 og 20.30. Að öðru leyti verður reynt að fylgja hinni prentuðu dagskrá. Þó má gera ráð fyrir að einhverjum málum verði frestað eða þau færist aftar á dagskrána eftir því sem á stendur fyrir flutningsmönnum eða framsögumönnum. Forseti vill biðja þingmenn að gaumgæfa það.

Tilkynning um gjöf frá Gideonfélaginu.

[13:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Þá vill forseti geta þess að í gær kom í Alþingishúsið stjórn Gideonfélagsins og færði Alþingi að gjöf eintök af Nýja testamentinu í tilefni kristnihátíðarárs. Forsn. tók við gjöfinni fyrir hönd Alþingis við athöfn í efrideildarsal. Forseti hefur óskað eftir því að eintak af Nýja testamentinu verði lagt inn á skrifstofur alþingismanna í dag eða næstu daga.

[13:35]

Útbýting þingskjala:

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, 241. mál, þskj. 1043.

Brunatryggingar, 285. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1057.

Stjórn fiskveiða, 460. mál, brtt. GAK og ÁSJ, þskj. 1067, 1068, 1069; nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1070.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 176. mál, þskj. 1042.

Veiðieftirlitsgjald, 543. mál, þskj. 1045.

Þinglýsingalög, 281. mál, þskj. 1044.

Athugasemdir um störf þingsins.
Þingflokkar á Alþingi.

[13:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins af því tilefni að það virðist ekki vera alveg ljóst hjá Ríkisútvarpinu að þingflokkar á Alþingi eru fimm. Vil ég mælast til þess við hæstv. forseta að hann sendi sérstakt bréf til Ríkisútvarpsins um að þannig sé því háttað á hv. Alþingi að þingflokkar eru fimm og að í samræmi við 15. gr. laga um Ríkisútvarpið gæti það fyllstu óhlutdrægni í frjálsri túlkun og dagskrárgerð.

[13:37]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hafi það eitthvað farið á milli mála að þingflokkar á hinu háa Alþingi eru fimm talsins hjá Ríkisútvarpi og sjónvarpi, þá mun forseti gera það sem í hans valdi stendur til að koma þeim skilaboðum áleiðis milliliðalaust.

Athugasemdir um störf þingsins.
Svör við fyrirspurnum og viðvera ráðherra.

[13:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Fyrir nokkru beindi ég fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um launaþróun innan heilbrigðiskerfisins og í gær var svari hæstv. ráðherra dreift. Það er svo hroðvirknislega unnið og svo illa að því staðið að ég lít svo á að þingið geti ekki látið bjóða sér þau vinnubrögð sem fram koma í því svari. Það sem verra er, svörin eru ekki aðeins hroðvirknislega unnin, heldur er svarað út í hött, sum svörin eru beinlínis fölsk og misvísandi, en öðru er ekki svarað. Ég spyr, hvað vakir fyrir fjmrn. með vinnubrögðum af þessu tagi? Að sjálfsögðu er það á ábyrgð hæstv. fjmrh. hvernig svarað er en í ráðuneytinu eru þessi svör unnin.

Spurt er um grunnlaun stétta innan heilbrigðisþjónustunnar en svarað er með heildarlaunum án tillits til vinnuframlags. Ráðherrann segir í svari sínu að ekki sé ljóst hvað átt sé við með grunnlaunum eða föstum launum. Ég spyr þá á móti: Hvernig fer B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að taka iðgjöld af föstum launum eins og hún gerir og hvernig fara menn að því að reikna yfirvinnu ef menn vita ekki hver eru föst laun og hver eru grunnlaun?

Á sínum tíma var talað í þessum ræðustól fyrir svokölluðu nýju launakerfi sem átti að vera gagnsætt. Það var höfuðmarkmiðið með hinu nýja launakerfi. Þessi svör bera þess ekki vott að við höfum gagnsætt launakerfi. Sams konar spurningu var beint til fjmrn. árið 1994. Þá komu svörin, skilmerkilega fram sett. Nú er svarað út í hött og ég vil beina því til hæstv. forseta Alþingis hvort hann muni beita sér fyrir því að við fáum viðunandi svör við þeim spurningum sem hér eru settar fram. Ég mun ekki sætta mig við þessi vinnubrögð. Ég tel að sómi þingsins sé í húfi. Þetta er hroðvirknislegt rugl.

[13:40]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. en eins og hann gat um sjálfur eru svör við fyrirspurnum þingmanna til ráðherra á ábyrgð hinna síðarnefndu. Þannig háttar til að hæstv. fjmrh. hefur fjarvistarleyfi í dag og getur því ekki tekið til svara en forseti mun eins og venja er til koma þeim ábendingum sem hér hafa verið færðar fram rétta boðleið.

[13:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Það eru mjög alvarlegar upplýsingar sem koma fram hjá hv. 13. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni. Af því tilefni að hann kemur hér og lýsir því að hann fái illa unnið svar, hroðvirknislegt og eins og hann orðaði það sjálfur út í hött, þá vil ég vekja athygli á því að skrifleg svör sem þingmenn hafa beðið um koma seint og illa og skýrslur sem þingmenn biðja um taka óheyrilegan tíma. Þingmenn Samfylkingarinnar fóru yfir það á þingflokksfundi í gær að nokkuð er um að skrifleg svör við fyrirspurnum sem eru orðnar mjög gamlar hafa ekki borist og nokkrar skýrslur hafa verið mjög lengi í vinnslu og við erum komin á lokadaga þingsins. Skýrslur, fyrirspurnir og svör við því sem kallað er eftir eru mjög þýðingarmiklir þættir í störfum Alþingis. Þarna verða upplýsingar oft grundvöllur umræðu og grundvöllur þingmála. Upplýsingar leiða fram ágalla í stjórnsýslu sem mikilvægt er að leiðrétta og þingmenn fá samanburð af ýmsu tagi sem oftar en ekki hefur orðið til þess að umræða sem hefur verið vakin á grundvelli slíkra fyrirspurna eða skýrslna hefur orðið til þess að ráðherrar hafa sjálfir komið með leiðréttingar inn í þingið.

En það er alls ekki nógu gott ef svörin koma seint, skýrslurnar unnar hægt og illa, og þegar svörin koma eru þau illa ígrunduð, hroðvirknisleg og út í hött eins og hér var orðað. Þessu verður að breyta, herra forseti.

[13:43]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Við erum á síðustu dögum þingsins og það eru fjölmörg mál sem fyrir þinginu liggja, mörg af þeim stór og mikil. Athygli vekur að ráðherrarnir eru eiginlega allir fjarverandi. Það er aðeins einn hæstv. ráðherra viðstaddur þingfund í upphafi þessa fundar. Ég vek athygli á þessu vegna þeirrar athugasemdar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði. Það er enginn ráðherra viðstaddur til að geta svarað og tekið við slíkri gagnrýni.

Ég vek athygli á því að í gær var til umræðu mjög umdeilt frv. um þjóðlendur. Þar kom fram mjög hörð gagnrýni á nefnd sem fjmrh. hefur skipað til að undirbúa kröfur ríkisins á hendur bændum. Það kom m.a. mjög hörð gagnrýni frá landbrh. á störf þeirrar nefndar sem er á ábyrgð fjmrh. og fjmrh. var víðs fjarri og engum spurningum var hægt að beina til hans.

Það eru eindregin tilmæli mín til hæstv. forseta að hann hvetji ráðherra til þess á síðustu dögum þingsins að mæta til þingfunda, a.m.k. vera viðstaddir í upphafi fundar ef eitthvað sérstakt mál kemur upp á eins og gerðist hér áðan sem krefst þess að ráðherrar séu viðstaddir.

[13:44]

Ásta Möller:

Herra forseti. Mig langaði aðeins að fjalla um svar fjmrh. við fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar um launaþróun í heilbrigðisþjónustunni sem var upphaf þessarar umræðu. Ég hef skoðað þau svör sem koma hér fram og ég verð að segja að þegar hv. þm. spyr beint um meðallaun, þá fær hann svör. Hins vegar þegar hann spyr beint um byrjunarlaun eða mánaðarlaun, þá koma ekki svör fram varðandi janúar 2000 og það er skiljanlegt vegna þess að það er ekki til neitt sem heitir byrjunarlaun eða byrjunarlaunaflokkur hjúkrunarfræðinga eða þeirra stétta sem eru í nýja launakerfinu. Hv. þm.

hefði því þurft að spyrja nákvæmar til að fá betri svör því að byrjunarlaun þeirra sem eru í nýja launakerfinu eru ekki þau sömu. Jafnvel nýútskrifað fólk er ekki á sömu launum þegar það útskrifast. Það fer eftir því á hvaða deild eða stofnun það ræðst o.s.frv. Ég mundi því ráðleggja hv. þm. Ögmundi Jónassyni að spyrja nákvæmar ef hann vill fá svör við þessum spurningum.

[13:46]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Mig langar til að nota tækifærið til þess að vekja athygli á því að sjö skýrslubeiðnir er að finna í skjölum Alþingis nú á 125. þingi. Þar af eiga hv. þm. Samfylkingarinnar fimm og þar af á ég tvær.

Þann 2. nóvember sl. voru samþykktar tvær beiðnir mínar um skýrslur, um eina frá heilbrrh. um ófjósemisaðgerðir sem gerðar voru samkvæmt lögum sem giltu á árunum 1938–1975, og hin er til umhvrh. um framkvæmd alþjóðasamninga um umhverfismál hér á landi.

Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort þessar skýrslur muni líta dagsins ljós á 125. þingi hins háa Alþingis. Ég vil líka taka fram í umræðunni að nú líður að lokum fyrsta þings míns sem þingmanns og ég er mjög hugsandi yfir vinnubrögðum sem þessum og ég er ekki viss um að þetta mundi líðast í venjulegum fyrirtækjum á Íslandi.

[13:47]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Mér finnst læknar vel komnir að launum sínum og mér finnst hjúkrunarfræðingar vel komnir að launum sínum en ég vil vita hver þau eru. Ég sætti mig ekki við það þegar fjmrn. eða pólitískir stuðningsmenn ráðherrans reyna að koma í veg fyrir að upplýsingar af þessu tagi séu birtar.

Ég vil vita hvaða launakjör eru hjá öðrum stéttum innan sjúkrahúsanna, sjúkraliða og ófaglærðs starfsfólks. Það sem við vitum er að það er að gliðna þar í sundur á milli þeirra annars vegar sem hafa hærri tekjurnar og hinna sem hafa lægri tekjurnar. Ég spyr: Er það þetta sem fjmrn. vill fela og stuðningsmenn þess hér í þingsal?

Ég bendi hæstv. forseta á að það er rétt að þau svör sem hér berast eru á ábyrgð viðkomandi ráðherra. En ég beindi spurningu minni til þingsins og yfirstjórnar þingsins um hvað þingið hygðist gera þegar ráðherra svarar út í hött eða eins hroðvirknislega og hér hefur gerst.

Ég mun ekki sætta mig við að þetta mál verði látið kyrrt liggja.

[13:49]

Ásta Möller:

Herra forseti. Eitt af markmiðum hins nýja launakerfis er að launamyndunin sé gagnsæ. Mér er jafnmikið kappsmál og hv. þm. Ögmundi Jónassyni að launin séu gagnsæ og öllum ljós.

Það sem ég benti á í ræðu minni hér á undan var að til þess að fá betri svör frá fjmrn. þarf hv. þm. að koma með nákvæmari spurningar. (**ÖJ:** Ég þarf engar vísbendingar.) Ég mundi ekki sem fyrrverandi formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga geta svarað þessum spurningum hvað almennir hjúkrunarfræðingar eru með í laun, hvað hjúkrunarfræðingar með viðbótarnám eru með í laun, öðruvísi en á ákveðnu launabili. En það var ekki það sem hv. þm. bað um.

Ég mundi því hvetja hann til þess að varpa fram þessari spurningu aftur en á nákvæmari máta.

[13:50]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú er þessi umræða um störf þingsins að verða af margþættum toga. Forseti vill árétta það sem hann sagði áðan vegna orða málshefjanda, 13. þm. Reykv., að svör ráðherra eru fyrst og síðast á þeirra ábyrgð. En forseti mun koma gagnrýni hv. þm. á framfæri við viðkomandi ráðherra.

Hér hefur einnig borið á góma skil hæstv. ráðherra vegna fyrirspurna, skýrslubeiðna og fleiri þátta. Yfirstjórn þingsins mun nú þegar, eins og hún reynir ævinlega, fylgjast með því að frestir, sem þingsköp kveða á um, verði virtir að fullu. Vegna þeirra tilvika sem hv. 12. þm. Reykn. tilgreindi sérstaklega verður það skoðað sérstaklega og ýtt við viðkomandi ráðherrum.

Viðvera ráðherra er nýtt mál og gamalt. Sömu reglur gilda um viðveru ráðherra og þingmanna almennt og ekki meira um það að segja.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1067–1069. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (umsýsluþóknun). — Þskj. 1042.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 1043.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðieftirlitsgjald, 3. umr.

Stjfrv., 543. mál (heildarlög). — Þskj. 1045.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, 3. umr.

Stjfrv., 544. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 846.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 223. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 997, brtt. 1005.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 738, nál. 1046 og 1070, brtt. 1047, 1067, 1068 og 1069.

[13:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, á þskj. 1046 frá meiri hluta sjútvn.

Megintilgangur frv. er að fresta um eins árs skeið gildistöku nokkurra ákvæða varðandi veiðar smábáta sem taka áttu gildi 1. september nk. Helsta ástæða þess er sú, eins og raunar kemur fram í athugasemdum við frv., að nú stendur yfir heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða og því þykir ekki heppilegt að taka upp nýja skipan við stjórn veiða smábáta meðan endurskoðunin stendur yfir.

Ljóst er að á þeim tíma sem liðinn er frá því að að fyrrgreind atriði, sem við erum að fresta með frv., gengu í gildi 15. janúar árið 1999, hafa ýmsir aðilar, útgerðarmenn og þeir sem hafa hugsað sér að hasla sér völl í sjávarútvegi tekið ákvarðanir byggðar á lögunum og því að þau kæmu til framkvæmda 1. september nk. eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Þannig hafa allnokkrir aðilar ákveðið nýsmíði á bátum og stofnað til fjárhagslegra skuldbindinga með það í huga að hefja veiðar á þeim innan hins nýja krókaaflamarks frá 1. september nk. Meiri hluti sjútvn. leggur þess vegna til að gerðar verði breytingar á frv. sem gera þetta mögulegt. Við erum með öðrum orðum að bregðast við upplýsingum sem nefndin fékk í meðförum málsins til að koma í veg fyrir að þeir sem unnu í góðri trú eftir gildandi lögum af eðlilegum ástæðum, lendi í vandræðum, að þeir kröist ekki af og hafi möguleika að vinna áfram samkvæmt ...

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hv. þm. að gefa ræðumanni hljóð.)

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þetta mál hefur ekki mjög víðtæka skírskotun, heyri ég, en hins vegar er ljóst að það frv. sem hér um ræðir hefur mikla þýðingu fyrir fjölmarga aðila sem hafa verið að vinna samkvæmt þessu kerfi. Enginn vafi er á því að fyrir ýmsar byggðir landsins skiptir það gríðarlega miklu máli hvernig lagasetningu á þessu sviði sjávarútvegsins er háttað. Eftir því var auðvitað tekið þegar hæstv. sjútvrh. lagði fram þetta frv. sem fól í sér frestun á framkvæmd laga sem samþykkt voru í ársbyrjun 1999 og hefðu falið í sér kvótasetningu á allmörgum tegundum sem allir vita að hefðu haft gríðarlega mikil áhrif. En við vitum að ýmsir hafa brugðist við af eðlilegum ástæðum, axlað skuldbindingar sínar og meiri hluti sjútvn. taldi þess vegna nauðsynlegt að bregðast við með einhverjum hætti og gerir það í þeim brtt. sem hér er kveðið á um og fela í sér að horfið verði frá því að binda veiðileyfi með krókaflamarki við 6 brúttótona stærðarmörk. Þess í stað er veiðileyfi þeirra eingöngu bundið við tegundir sem þeir hafa krókaaflamark í og tegundir sem sæta ekki takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Er þessi ákvörðun tekin í ljósi þess megintilgangs frv. að fresta gildistöku lagaákvæða er snerta fiskveiðistjórn báta innan við 6 brúttótonn en að öðru leyti er ekki um efnislega breytingu á stjórn fiskveiða að ræða.

Við skulum ekki gleyma því að grundvallarhugsunin í þessu frv. er sú að breyta gildistöku laganna. Gert er ráð fyrir því í gildandi lögum að þetta ákvæði um stærðarmörkin sé ekki til staðar. Við vitum að á sínum tíma þegar þáv. sjútvn. lagði fram brtt. í þessa veru í ársbyrjun 1999 var það gert í ákveðnum tilgangi, m.a. til þess að gera mönnum kleift að þróa áfram þessar veiðar og tryggja öryggi sjómanna. Þess vegna þykir ekki eðlilegt að gera breytingar í ljósi þess að við erum fyrst og fremst að fresta málinu um eins árs skeið.

Ástæða er til þess að árétta að við erum eingöngu að fresta gildistöku tiltekinna lagaákvæða. Hins vegar er brýnt að um þennan hluta fiskveiðistjórnarinnar verði mótaðar heildstæðar reglur til lengri tíma, líkt og um aðra útgerð í landinu, eins og gefur augaleið. Má ljóst vera að slíkt er ekki einasta þýðingarmikið vegna þeirra sem hafa beina hagsmuni af útgerð þessara báta heldur ekki síður til þess að tryggja stjórnskipulega stöðu þessa útgerðarflokks til framtíðar.

Þetta er nefnt ekki síst vegna þess að við vitum að á sínum tíma í ársbyrjun 1999 var brugðist við með þeirri lagasetningu, sem verið er að fresta, í þeim tilgangi að koma til móts við og bregðast við dómi Hæstaréttar í svokölluðu Valdimarsmáli í byrjun desember 1998.

Það er augljóst mál að samkvæmt þeim dómi hefur Alþingi ekki heimild til þess eða getur ekki endalaust frestað gildistökuákvæði þessara laga. Við teljum því að ekki verði gengið lengra í þeim efnum en hér er verið að leggja til, að fresta þessu um eitt ár til viðbótar og framtíðaráform í þeim efnum verður þess vegna að binda niður til lengri tíma með lögformlegum og stjórnskipulegum hætti.

Meiri hluti sjútvn. leggur til eftirfarandi breytingar á frv.:

1. Lagt er til að kveðið verði á um að hafi krókaaflahlutdeild í þorski á fiskveiðiárinu 1999/2000 verið flutt af báti sem veiðileyfi hefur með föstu hámarki í þorski til báts sem veiðileyfi hefur með þorskaflahámarki skuli úthluta þeim báti sem þorskaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki nema valið sé fyrir þann bát veiðileyfi með krókaaflamarki. Ef ekki væri kveðið á um þetta leiddi flutningur á þorskaflahlutdeildinni á fiskveiðiárinu 1999/2000 til þess að aflaheimildir í þorski mundu aukast á fiskveiðiárinu 2000/2001 á þeim báti sem aflahlutdeildina hefði fengið, án þess að þorskveiðiheimildir þess báts sem aflahlutdeildina lét mundu minnka þar sem hann hefur fast hámark á þorski á því fiskveiðiári. Fái hins vegar sá bátur sem krókaaflahlutdeildin var flutt af veiðileyfi með þorskaflahámarki eða krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 skerðast veiðiheimildir hans í þorski í samræmi við það magn sem af honum var flutt.

2. Lagt er til að horfið verði frá því að binda veiðileyfi með krókaaflamarki því skilyrði að viðkomandi bátur sé ekki sex brúttótonn eða stærri. Í staðinn er lagt til að bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki verði einungis heimilt að stunda veiðar á þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Með þessu móti er komið í veg fyrir að krókabátar sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki fái

ríkari heimildir en aðrir bátar til að stunda veiðar á tilteknum tegundum. Þá er lagt til að allir bátar eigi kost á veiðileyfi með krókaaflamarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001. Er þetta gert til að koma til móts við þá sem gert höfðu ráðstafanir á grundvelli laga sem samþykkt voru um stjórn veiða smábáta í janúar og mars 1999. Í 2. málslið greinarinnar er kveðið á um að þeir sem stundað hafa veiðar samkvæmt leyfum með föstu hámarki á þorskafla eða þorskaflahámarki skuli sækja um veiðileyfi með krókaaflamarki fyrir 15. maí 2000, en úthlutað krókaaflamark þeirra geti þó aldrei orðið hærra en sem leiðir af þeirri krókaaflahlutdeild sem bundin var viðkomandi skipi 1. apríl 2000. Þessi takmörkun er sett til að koma í veg fyrir að flutningur á krókaaflahlutdeildum milli skipa — og þetta er ákaflega mikilvægt — á fiskveiðiárinu 1999/2000 geti leitt til þess að óeðlilegar umframveiðiheimildir skapist hjá skipi sem veiðileyfi fær með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001, án þess að veiðimöguleikar þeirra sem krókaaflahlutdeildin var flutt af skerðist. Loks er lagt til að heimilað verði, með ákveðnum skilyrðum, að flutt verði krókaaflahlutdeild af báti sem ekki hefur veiðileyfi með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 til báts sem slíkt leyfi hefur. Er þetta sérstaklega gert til þess að leysa mál þeirra aðila sem hafa til ráðstöfunar veiðiheimildir sem ekki eru tímabundið bundnar við báta í eigu þeirra.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir þetta álit rita auk formanns og frsm. sem hér stendur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Guðmundur Hallvarðsson og Árni R. Árnason sem ritar undir málið með fyrirvara. Ég hafði skilið það sem svo að hann mundi síðar gera grein fyrir fyrirvara sínum, þ.e. við upphaf atkvæðagreiðslu. En hann þarf að hverfa héðan vegna annarra skuldbindinga sinna.

[14:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það frv. sem lagt er fyrir þingið er um frestun á lögum sem áttu að taka gildi 1. september um krókabáta. Ég hef stutt það mál og geri. En mig langaði til að fá frekari útskýringu á því frá formanni sjútvn. Ég greip ekki nákvæmlega hverju verið er að velta upp gagnvart þeim bátum eða þeim einstaklingum sem hafa fjárfest í skipum með tilliti til þess að breytingin hefði náð fram að ganga eins og lögin gerðu ráð fyrir. Menn hafa farið út í verulegar fjárfestingar en sitja uppi núna sumir hverjir með það að þurfa jafnvel að fjárfesta í mjög dýrum úreldingarbátum sem hafa hækkað í verði vegna þess að verið er að fresta lagasetningunni um eitt ár. Þetta hefur valdið mörgum erfiðleikum. Ef formaðurinn hefur tíma til að hlusta á þetta vildi ég gjarnan fá að vita hvort þetta mál hafi ekki komið til sérstakrar umræðu í nefndinni og hvernig nefndin hafi afgreitt það vandamál sem kom augljóslega upp og kemur upp með tilkomu þessarar frestunar.

[14:05]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mál sem hv. 8. þm. Reykn. spyr um var eitt það mál sem við ræddum ótvírætt mest í nefnd okkar varðandi þessa breytingu. Hv. þm. vakti athygli á stöðu þeirra sem hafa gripið til fjárhagslegra skuldbindinga á grundvelli gildandi laga í ljósi þess að svokallað krókaaflamark ætti að taka gildi 1. september nk. og að þau lög gerðu ráð fyrir því að menn þyrftu ekki að kaupa sér úreldingu til að komast inn í þann veiðiflokk. Það er ljóst mál að ýmsir í þeirri stöðu hefðu komist í mikil vandræði ef frv. hefði verið samþykkt óbreytt.

Við skoðuðum þetta mál mjög rækilega. Mjög víða var leitað eftir viðbrögðum og áliti á því hvernig hægt væri að bregðast við þessu þannig að sanngjarnt væri fyrir alla aðila. Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar varð sú að eðlilegast væri að opna leiðina fyrir þessa aðila til að fara inn í hið svokallaða krókaaflamark sem hefur það í för með sér að menn hafa ekki aðeins aflahámark í þorski heldur líka í öðrum tegundum. Gert er ráð fyrir því að krókaaflamarkið heimili mönnum veiðar að tilteknu marki í þorski, ýsu, ufsa og steinbít og jafnframt að menn geti þá farið inn í þetta krókaaflamark án þess að kaupa sér úreldingu. Þeir eru því í raun í þeirri stöðu sem þeir voru í þegar þeir tóku fjárhagslegar skuldbindingar sínar þannig að ég hygg að fyrir þeim vanda sé séð sem hv. þm. vekur réttilega athygli á að menn hefðu lent í. Það hefði auðvitað verið röskun og það væri inngrip í ákvarðanir sem menn tóku í góðri trú í ljósi lagasetningar Alþingis. Þess vegna er það eina sem hægt er að gera að búa til umhverfi sem færir þessa aðila á sama stað og þeir voru á þegar þeir tóku ákvarðanir sínar um fjárhagslegar skuldbindingar.

[14:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svör hans sem mér finnst vera góð og skýra nokkuð og leysa það vandamál sem var augljóslega uppi ef ekkert hefði verið að gert.

Mig langar aðeins að forvitnast frekar um hvort þessi breyting hafi verið borin undir t.d. Landssamtök smábátaeigenda sem hagsmunasamtök þessara aðila og hvort eitthvert samband hafi verið haft við þessa aðila sem ég veit að ræddu sérstaklega um þetta við nefndarmenn í sjútvn. og eru víðs vegar um landið. Ég vildi gjarnan að það kæmi fram hvort þetta mál hafi orðið í samkomulagi við þessa aðila.

[14:08]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nefndin hafði samráð við forustumenn Landssambands smábátaeigenda og formaður nefndarinnar hafði allnokkrum sinnum samband við forustumenn Landssambands smábátaeigenda þannig að þeim er mjög vel kunnugt um niðurstöðuna. Það er svolítið erfitt út af fyrir sig að segja að þeir blessi þetta algjörlega en ég held að þeir geri engar athugasemdir við þessa niðurstöðu nefndarinnar og telja að þetta mundi leysa þann vanda sem annars hefði komið upp hjá einstökum útgerðarmönnum.

Ég á ekki von á því að það séu mörg tilvik þar sem menn eru í þeirri stöðu að vilja fara inn í þetta krókaaflamark því að auðvitað er það augljóst mál að það fyrirkomulag sem við höfum kallað þorskaflahámark er miklu vænlegra fyrir langflestar útgerðir smábáta í landinu. Það eru út af fyrir sig vissar skorður sem menn hafa varðandi þorskinn. Menn hafa hins vegar frjálsar hendur varðandi aðrar tegundir. Þess vegna munu væntanlega langflestir útgerðarmenn kjósa að vera áfram í þorskaflahámarkinu. Það eru auðvitað tilvik útgerðarmanna þar sem þeir sjá hagsmunum sínum betur borgið með því að fara inn í þetta krókaaflamark og auðvitað

mun reynslan leiða í ljós hvora leiðina menn fara. Ég vek athygli á því að menn fara ekki inn í þetta krókaaflamark með meiri heimildir en þeir höfðu með bátunum sínum 1. apríl sl. Út af fyrir sig er því sett undir þann leka sem alltaf er við svona breytingar, að menn vilja fara að reyna að spila á kerfið. Ég vonast til þess að við höfum sett undir þann leka og komið í veg fyrir að menn væru með einhverja spilamennsku í kringum þetta. Ég held að með þessum efnum sé verið að ná því markmiði í meginatriðum, í fyrsta lagi að verja þorskaflahámarkið sem frá mínum bæjardyrum séð er stóra markmiðið með þessu máli öllu saman, verja það a.m.k. um eins árs skeið, skapa okkur þá a.m.k. nýtt svigrúm í málinu og í öðru lagi að koma í veg fyrir að þeir sem hafa gripið til fjárhagslegra skuldbindinga á grundvelli gildandi laga fari illa vegna lagasetningar Alþingis.

[14:10]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Mér þykir nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef sett við nefndarálitið og við afstöðu mína til þeirra brtt. sem meiri hluti nefndarinnar hefur gert við frv.

Málið liggur þannig, herra forseti, að með lögum nr. 1/1999 voru gerðar þær breytingar almennt á stjórnkerfi fiskveiða að horfið var frá því að skylda útgerðir til að fjárfesta í úreldingu sérstaklega þegar þær hygðust hagræða með því að sameina veiðiheimildir eða stækka skip, hvort heldur væri. Niðurstaðan varð þó sú að um skamman tíma yrði þetta fyrirkomulag, þ.e. þessi fjárfestingarskylda, viðvarandi um krókaveiðar smábáta. Það er einmitt þeim atriðum sem er nú verið að fresta enn um sinn. Þá kemur í ljós við a.m.k. síðustu athugun mína, að með þessum brtt. á frestunarfrv. komast þeir undan slíkri skyldu sem ætla enn að stunda veiðar samkvæmt ákvæðunum um krókaveiðar smábáta nema þeir stundi veiðar eftir ákvæðum um daga. Þeir sem ætla enn að stunda veiðar í sóknardagakerfi eru, eins og hinir þeir sem nefndir voru áðan af frsm. meiri hluta nefndarinnar, þegar búnir að gera ráðstafanir, búnir að setja sig í fjárhagslegar skuldbindingar til að hagræða í starfsemi sinni. Þeir verða enn samkvæmt þessu að kaupa sér úreldingu. Ég tel það ekki viðunandi og ekki við hæfi að við ljúkum málinu þannig.

Fyrirvari minn er þessa efnis og ég vænti þess, herra forseti, að við náum á milli 2. og 3. umr. utan um þetta atriði þannig að þeir sem stunda veiðar á smábátum standi eftir sem áður jafnir. Ég tel hitt annars eðlis ef þeir hefðu allir orðið að una við það enn um sinn, um tiltekinn tíma, að verða að kaupa úreldingu. Það er tiltekið tímabil sem gildir um þá alla. En ef niðurstaða verður sú sem hér virðist verða tel ég það ekki geta átt við um alla.

[14:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér var á sínum tíma kynnt af hálfu sjútvrh. og var að efni til, að því er varðar frestunarákvæði, nánast sams konar og frv. sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lögðum fram í byrjun mars sl. Það var um frestunarákvæði ásamt nokkrum öðrum lagfæringum sem við töldum eðlilegt að gera á lögum um stjórn fiskveiða, sérstaklega með tilliti til þess að ákveðin endurskoðun laganna væri að eiga sér stað og með tilliti til þess að þingflokkar frjálslyndra og vinstri grænna hafði lagt fram sérstaka þáltill. um stefnumótun eða grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar sem mundi óhjákvæmilega taka einhvern tíma. Þess vegna lögðum við fram þetta frv. í marsbyrjun, mig minnir að það hafi verið 8. mars, um að fresta kvótasetningu á smábátaflotann og síðan önnur ákvæði eins og róðrarlag þeirra sem stunda veiðar með dagatakmörkunum og þurfa að uppfylla 24 klukkustunda sóknarákvæði ásamt því að taka á vanda þeirra sem hafa á undanförnum árum orðið að una því að vera leiguliðar þeirra stóru og öflugu í sjávarútvegi og verða að greiða þeim stórfé fyrir að fá að veiða fisk í sjó og einnig ákvæði um að víkja að vandamálum skipa og útgerðarmanna, sjómanna sem eru á skipum undir 20 rúmlestum og eru með minna aflamark en 15 þorskígildistonn. Allt þetta var í því frv. sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson lagði fram ásamt mér í byrjun mars. Frv. sjútvrh. sem við ræðum nú og nál. meiri hluta sjútvn. ásamt brtt. er að hluta til eins og fyrri hluti frv. okkar sem við lögðum fram í marsbyrjun eins og áður sagði.

Ég vil að gefnu tilefni varðandi þessa umræðu sem nú fer fram vekja athygli á því að í gærkvöldi horfði ég á þátt í ríkissjónvarpinu þar sem formenn fjögurra þingflokka mættu til viðtals og rökræðu um hin ýmsu mál í þinginu. Þá sagði formaður þingflokks Samfylkingarinnar eitthvað á þá leið að þingflokkur Frjálslynda flokksins, sem hefði beinlínis verið kosinn á þing út á stefnumál sín í sjávarútvegsmálunum, hefði ekki lagt neitt málefnalegt til þessara mála og eingöngu komið fram með hugmyndir um enn eina nefndina. Ég vek sérstaka athygli á þessum ummælum sem mér finnast reyndar ómakleg og ekki í samræmi við raunveruleikann vegna þess að við frá Frjálslynda flokknum vorum ekki boðaðir í þennan umræðuþátt og vorum þar ekki til andsvara.

Ég vil hins vegar draga það fram að í þessum málaflokki, um stjórn fiskveiða, hefur Frjálslyndi flokkurinn lagt fram þó nokkrar tillögur. Við lögðum fram fyrstu tillögur okkar sl. haust, ef ég man rétt var það í október, og síðan lögðum við aftur fram í nóvember tvö frv. um að minnka þau vandamál sem eru í núverandi lögum um stjórn fiskveiða. Annað frv. gekk út á að takmarka að á frystitogaraflotann væru færðar frekari aflaheimildir en orðið hefur á undanförnum árum og koma í veg fyrir þá samþjöppun veiðiheimilda sem safnast hefur til frystitogaraflotans. Það hefði auðvitað þýtt að ef frystitogaraflotinn, að samþykktu slíku frv. hefði viljað bæta við sig aflaheimildum, þá hefði hann orðið að gera það innan útgerðarflokks síns. Við vorum sem sagt ekki að leggja til að frystitogaraflotinn mætti ekki bæta við sig heldur að hann yrði þá að kaupa innan útgerðarflokks síns en mætti ekki halda áfram að kaupa aflaheimildir úr öðrum útgerðarflokkum sem eru enn þá óskilgreindir þrátt fyrir þessa tillögu okkar. Síðan hefur komið fram í þáltill. okkar og vinstri grænna hvernig menn hygðust skipta upp slíkum útgerðarflota sem íslenski flotinn er. Ég sé það í nýlegu frv. Samfylkingarinnar að þeir hafa einmitt hallast að þeim sjónarmiðum að skynsamlegt sé að hafa einhverja skiptingu í útgerðarflokka. Þær tillögur sem við og vinstri grænir lögðum fram á sínum tíma eru ekki vitlausari en það að Samfylkingin hefur séð ástæðu til að taka hluta af þeim upp í málflutning sinn og er það auðvitað vel.

Ég vil líka taka fram að í byrjun janúar leitaði ég eftir því hvort hugsanlegt væri að stjórnarandstaðan í heild sinni gæti náð saman um það að leggja fram stefnumótun um hvernig við hygðumst sjá breytingar á lögum um stjórn fiskveiða til framtíðar og hvernig að því mætti standa. Niðurstaðan varð sú að við og vinstri grænir náðum saman um að leggja fram leiðarlýsingu um stefnumótun í sjávarútvegsmálum og hvernig sú vegferð liti út frá sjónarhóli okkar. Ég tel, og tala

þá fyrir Frjálslynda flokkinn, að sú greinargerð sem fylgir með þeirri þáltill. um nýjan grundvöll fiskveiðistjórnar, sú greinargerð Frjálslynda flokksins sem fylgir þar með sé þannig uppsett og í það mörgum liðum og vel skilgreind að upp úr henni væri ekki mjög erfitt mál að semja lagatexta og við í Frjálslynda flokknum treystum okkur algerlega til þess. Við töldum hins vegar eins og málin höfðu þróast að rétt væri að reyna að leita sátta um það hvort hægt væri að fá víðtækara samráð um hvernig við gætum skipað þessum málum til framtíðar.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega tillögu Samfylkingarinnar sem hefur birst í frumvarpsformi um stefnumótun. Til þess gefst tækifæri síðar. Ég vil aðeins leggja áherslu á að sú þáltill. sem við lögðum til var góður vegvísir um það til hvaða atriða menn þurftu einmitt að taka tillit við mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu. Ég fagna því auðvitað að Samfylkingin hefur tekið upp hluta af þeim málflutningi sem við höfum sett fram. Þess vegna er mér algerlega óskiljanlegt að formaður þingflokks þeirra skuli halda því fram í beinni sjónvarpsútsendingu að Frjálslyndi flokkurinn hafi ekkert lagt til þessara mála, hafi ekki komið fram með neinar málefnalegar tillögur eða frv. um það hvernig mætti ná tökum á því mikla vandamáli sem ég held að allir þingmenn sem á annað borð hafa ekki ofurtrú á núverandi kvótakerfi sjái að er innbyggt í fiskveiðistjórnarkerfi okkar.

Því var síðast haldið fram úr þessum ræðustól í gær að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi tryggði líffræðilega viðkomu fiskstofna. Á sama tíma var verið að birta niðurstöður úr togara- og netaralli sem sýndu 20% samdrátt á milli ára.

Á sl. tveimur árum hefur lítið verið lagt eyrun við málflutningi skipstjórnarmanna um það að veiðar úr þorskstofninum væru frekar að dragast saman. Sérstaklega hefur þetta komið fram varðandi veiðar hjá togurum sem hafa þurft að hafa meira fyrir því að veiða aflann en var árin þar á undan þó að vissulega hafi aflabrögð verið þokkaleg hjá stærstu og öflugustu skipunum. Skipstjórnarmenn á íslenska flotanum þóttust sjá þessi merki fyrir tveimur árum að þorskveiðin væri að dragast saman og sögðu það í útvarpsfréttum. Meira að segja skipstjórinn á á Arnari HU, sem hefur, ef ég man rétt, sett flest aflametin á undanförnum árum, lýsti því að fiskurinn væri greinilega minnkandi og þyrfti að hafa meira fyrir því að veiða sérstaklega þorskinn en hafði verið árin þar á undan. Við þessum varnaðarorðum var lítið brugðist við á Hafrannsóknastofnun eins og jafnan áður. Hefur það verið sérstakt einkenni Hafrannsóknastofnunar að þurfa ævinlega að vera nánast tveimur árum á eftir tímanum varðandi það hvernig þorkstofninn þróast, bæði í uppsveiflu og niðursveiflu, og því miður virðist svo vera enn.

En því verður varla haldið fram og hv. þm. Sverrir Hermannsson leiddi það mjög skýrt fram í rökræðunni í gær að kvótakerfi okkar væri að byggja sérstaklega upp fiskstofnana. Það er ekki svo. Ef menn halda því fram ættu þeir bara að fara heim og lesa skýrslur Hafró og sjá hvaða tillögur eru þar fyrir næstu ár og ekki eru vísbendingarnar frá togara- og netarallinu sem sagt var frá í gær merki um sérstaklega stækkandi fiskstofna eða aukna fiskgengd á miðunum. Þó er þetta breytilegt eftir veiðarfærum og veiðar línubáta hafa verið mjög góðar.

Víkjum aftur að þeirri tillögu sem er til umræðu. Í málflutningi okkar í Frjálslynda flokknum höfum við bent á marga galla á þeirri fiskveiðistjórnun sem viðhöfð hefur verið á undanförnum árum. Við lögðum m.a. fram í nóvember sl. frv. um svokallaða tegundatilfærslu þar sem menn notuðu strandveiðifisktegundir kvótakerfisins eins og steinbít, grálúðu og sandkola til að framleiða karfa og grálúðu. Þetta hefur viðgengist í mörg ár og verið á þetta bent af skipstjórnarmönnum og því haldið fram að veiðar á þessum stofnum, karfa og skrápflúru, væru of miklar og væru hættulegar eins og þær hafa verið stundaðar miðað við viðkomu og viðgang þessara stofna. Þrátt fyrir það að við höfum lagt þessa tillögu okkar fram í nóvember, sem hefði gert það að verkum að a.m.k. ákveðinn ágalli í núverandi fiskveiðistjórnarlöggjöf hefði verið lagfærður, virðist formaður þingflokks Samfylkingarinnar ekki hafa veitt því athygli að slíkt frv. hafi verið lagt fram eða rætt. Ég verð að segja alveg eins og er að þau ummæli sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir viðhafði í beinni útsendingu sjónvarps í gærkvöldi komu mér á óvart og tel að þar hafi verið ómaklega vegið að þingmönnum Frjálslynda flokksins. Við höfum staðið vakt okkar nokkuð vel í því að koma fram með hugmyndir og lagfæringar á lögum um stjórn fiskveiða.

Við í stjórnarandstöðunni búum hins vegar öll við það að hér er mikill þingmeirihluti stjórnarþingmanna og það hefur ekkert komið fram hjá stjórnarliðum um að þeir séu mjög til viðtals um að gera einhverjar verulegar lagfæringar á núverandi kerfi um stjórn fiskveiða. Þess vegna var það sem við í þingflokki frjálslyndra ákváðum sl. haust að byrja á því að leggja fram svona stutt frumvörp sem komu beinlínis inn á verstu galla kerfisins eins og uppkaup frystitogaraflotans, á aflaheimildum bátaflotans, eyðingu bátaflotans, sem hefur verið kallaður hinn gleymdi floti, og nokkrir þingmenn í þessum sal hafa stundum talað um fjálglega og talað um að margt þyrfti fyrir þann flota að gera. Síðan lögðum við til breytingar á tegundatilfærslunni sem kæmi í veg fyrir að stórútgerðirnar héldu áfram að nota kvótakerfið til að kaupa upp kvóta strandveiðiflotans og nota þær fisktegundir til breytinga í karfa- og grálúðukvóta. Þess vegna er það líka sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson höfum lagt fram frv. um það að fisktegundir eins og steinbítur og ufsi verði teknar út úr kvótakerfinu meðan á endurskoðuninni stendur og hinn gleymdi floti, strandveiðiflotinn og annar floti, væri þá jafnsettur krókaveiðibátunum að veiða þessar tegundir meðan á endurskoðunartímabilinu stæði og mönnum væri sem sagt aðeins hjálpað til að lifa af það endurskoðunartímabil sem fer í hönd.

Við höfum hins vegar ummæli hæstv. sjútvrh. úr þessum stól síðan í gær um það að þetta endurskoðunarár sé ekki bara eitt heldur verði þau sennilega tvö. Út frá því þurfum við kannski sérstaklega að ræða það frv. sem hér er til umræðu og velta því fyrir okkur hvort það dugir að vera með þær breytingar sem hér eru lagðar til til eins árs miðað við að við höfum heyrt það á sjútvrh. að hann gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum frá stjórnarflokkunum á lögunum um stjórn fiskveiða í grundvallaratriðum. Stjórnarandstaðan öll hefur hins vegar lagt fram hugmyndir um það að gera verulega breytingu. Bæði við og vinstri grænir höfum í þingsályktunum okkar um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar lagt fram hugmyndir í þá veru og að menn nálguðust aflaheimildirnar með því að nálgast þær með uppboðum á aflaheimildunum en það er í greinargerð okkar, Frjálslynda flokksins, og að flotanum væri skipt upp í sérstaka útgerðarflokka og að uppboðinu væri stýrt þannig að það væri ekki eingöngu sá floti sem öflugastur er og fjárhagslega sterkastur á hverjum tíma sem gæti náð til sín aflaheimildum í gegnum slíkt upp-

boð heldur yrði það að vera stýrt og eftir útgerðarflokkum, landsvæðum og tekið tillit til byggðasjónarmiða. Ég sé þegar ég skoða tillögur Samfylkingarinnar að þeir víkja m.a. að sumum þeirra atriða sem við settum fram í þingsályktun okkar.

Frv. sem við ræðum hér og brtt. við það tekur eingöngu til þess að fresta kvótasetningu á þorsk, ýsu og steinbít í smábátakerfinu, en brtt. hins vegar til þess að opna nýtt hugtak og gera það virkt í þessu kerfi smábátanna og kallast það hér krókaaflahlutdeild. Þeim sem gert er mögulegt að fara inn í það kerfi, fara þangað með þær aflaheimildir sem þeir hafa og fá þá kvóta jafnt í ufsa, ýsu og steinbít sem þorski og þurfa þá að leigja til sín aflaheimildir af öðrum tegundum ef þeir eru komnir yfir í þetta krókaaflahlutdeildarkerfi.

Ef menn fara þessa leið þá geta menn eftir það stækkað þessa báta sem við höfum kallað smábáta, krókaaflafiskibáta, sem hingað til hafa verið með takmörkunum miðað við 6 tonn, en samkvæmt brtt. sem meiri hlutinn flytur verður að henni samþykktri hægt að stækka bátana sem fara yfir í krókaaflahlutdeildina. Og ég get ekki séð að þar sé um neina takmörkun að ræða á stærð. Menn gætu þess vegna breytt þessum bátum í 60 tonna bát eða gert eitthvað annað.

Þarna finnst mér menn vera að stíga skref án þess að hafa vegferðina klára fyrir framan sig. Það er verið að taka ákveðna áhættu varðandi það hvernig þessi mál geta þróast. Við höfum vissulega bent á að eðlilegt væri að skilgreina strandveiðiflotann upp á nýtt en það er umræða sem ég held að menn eigi að taka og reyna að finna flöt á því hvað við viljum kalla strandveiðiflotann og hvernig við viljum útfæra veiðimynstur hans og aðgengi hans að aflaheimildum.

Ég hef stundum sagt að strandveiðiflotinn ætti að fá sem mest frjálsræði og mestan forgang enda gengist hann þá undir þá kvöð að hann hefði ekki heimild til þess að fara með heimildirnar úr byggðarlögunum og það yrði að tryggja þann rétt með einhvers konar ákvæðum um að þá væri ekki sjálfgefið að sá floti sem slíkar heimildir fengi og slíkt stýrikerfi fengi gæti farið og selt aflann burt frá byggðarlögunum eins og átt hefur sér stað í fiskveiðikerfinu almennt og í raun rifið grundvöllinn undan byggð sums staðar í landinu svo mjög að mörg byggðarlög standa nú mjög höllum fæti í atvinnulegu og tekjulegu tilliti. Það hefur orðið mikill tekjusamdráttur í mörgum sveitarfélögum sem áður voru mjög öflug í útgerð fiskiskipa. Þetta á m.a. við Ísafjarðarkaupstað og eru sennilega tveir þriðju af tæplega 30 þúsund þorskígildum Ísafjarðarkaupstaðar horfin, eða Ísafjarðarbæjar eins og hann heitir nú. Eftir standa af aflaheimildum sem voru á stærri fiskiskipum aðeins rétt rúmlega 10 þúsund þorskígildi í stóra aflamarkskerfinu í Ísafjarðarbæ sem nú tekur yfir Þingeyri, Flateyri, Ísafjörð og Suðureyri. Þetta er auðvitað geysileg breyting í einu sveitarfélagi og í byggðinni fyrir vestan.

Sama hefur auðvitað komið upp í öðrum byggðarlögum eins og Hrísey og stöðum á Austurlandi. Í Ólafsfirði eru gerð út skip sem eru undir merkjum útgerðar Þormóðs ramma – Sæbergs, en þar eru aflaheimildir bundnar því fyrirtæki. Atvinnuástand hefur víða því breyst með söluheimild útgerðarmanna á óveiddum fiski í sjó. Ég held að það væri mikið gæfuspor ef menn kæmu í veg fyrir það framsal sem þar á sér stað, enda er engin þörf á því ef þær hugmyndir sem stjórnarandstaðan hefur verið að leggja fram hljóta hljómgrunn, a.m.k. vil ég skilja tillögu Samfylkingarinnar í þá veru að það megi taka á þessu vandamáli, en það er ekki að finna í þeirra tillögu. Þar sýnist mér að áfram megi braska eftir að menn hafa fengið þessar heimildir til sín fimm ár inn í framtíðina.

Það sem menn opna hér með stækkun fiskiskipanna í smábátakerfinu er vegvísir án neinnar markaðrar stefnu um hvað þessir bátar megi stækka mikið og hvort strandveiðikerfið eigi þá að vera fyrir báta frá 6 tonnum til 60 tonna eða eitthvað annað. Ég tel að þarna séu menn að stíga ákveðið skref sem sé ótímabært og að brtt. meiri hlutans við 3. gr. frv. sé hættuleg að þessu leyti. Ég mun ekki styðja þá breytingu.

Að öðru leyti held ég að við getum stutt þetta frv. eins og það er flutt því það er í mjög svipaða veru og frv. okkar hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar. Við höfum hins vegar ákveðið að leggja fram brtt. við frv. sem hér er til umræðu, taka inn þau ákvæði sem voru í okkar frv. og leggja þau til sem brtt. við það frv. sem hv. formaður sjútvn., Einar K. Guðfinnsson, mælti hér fyrir.

Þessar brtt. eru þrjár og ganga út á það í fyrsta lagi að heimilt verði að taka 24 tíma sóknarákvæðið í tólf tíma tímabilum þannig að ekki sé sjálfgefið að menn þurfi að stunda veiðar í 24 tíma. Við teljum að þarna sé um eðlilega lagfæringu að ræða og að það sama eigi að eiga við varðandi aðrar greinar í bráðabirgðaákvæðunum þar sem getið er um fjölda sóknardaga, sem eru ýmist 32 eða 40, að menn eigi rétt á að taka þá daga út með tólf tíma veiðiferðum ef þeir kjósa svo.

Sumir hafa haldið því fram að með þessari tillögu værum við að efla mjög sóknina í þessu kerfi. Ég held að svo sé ekki. Ef menn ætla að taka veiðiferðirnar í tólf tíma tímabilum þá þýðir það einfaldlega að menn sigla á einum sólarhring tvisvar sinnum oftar að og frá landinu og þar af leiðandi verður virkur veiðitími á miðunum minni. Ég held líka að þetta sé mjög eðlilegt ákvæði með tilliti til vinnutíma manna og þess að menn séu ekki að pína sig til þess að vera við fiskveiðar jafnvel í hátt í 20 klukkustundir samfellt, fyrir utan það að ákvæðið sem við erum að mæla með í brtt. okkar hlýtur að valda því að meiri líkur séu á því að aflinn sem að landi berst verði betri að gæðum. Nýlega var að koma skýrsla frá starfshópi á vegum sjútvrn., nefnd um meðferð sjávarafla, tillögur, greinargerð o.s.frv. um afla dagróðrabáta, sem víkur einmitt að því að gera þurfi átak til þess að bæta meðferð á afla dagróðrabátanna. Ég held að brtt. sem við leggjum hér til sé einmitt í þá veru að stuðla að því að gæði fisksins sem veiddur yrði á krókabátunum og stunda veiðar eftir dagakerfi, mundi aukast. Fyrir utan það nú að hin eðlilega sjósókn væri þá þannig að menn hefðu meira val, gætu valið róðralag og fiskilag og valið að nýta þessa daga sína öðruvísi.

Í annarri brtt. okkar við frv. leggjum við til að steinbítur og ufsi verði tekinn út úr kvótakerfinu. Ef menn lesa skýrslu Hafrannsóknastofnunar fyrir fiskveiðiárið 1999/2000 finna menn ekki mörg rök þar fyrir því að kvótasetja skuli steinbítinn. Þar er ekkert sem segir að steinbíturinn sé í neinum hættumörkum. Ekkert kemur fram um það. Enda hefur það verið svo að þessi göfuga fisktegund, sem Vestfirðingar hafa oft kallað bjargræðið, hefur á undanförnum árum verið notuð til þess að framleiða aðrar fisktegundir, t.d. karfa og grálúðu, eins og ég gat um áður. Það hafa einkum verið stórútgerðir sem hafa nýtt sér þá breytingarmöguleika.

Um ufsann er það að segja að hann er viðurkenndur flökkufiskur í íslenskri lögsögu. Hann kemur stundum án þess að nokkur viti hvaðan og fer að veiðast þar sem menn eiga síst von. Og hann hverfur stundum þegar menn eiga alls

ekki á von á því að hann hverfi. Enda er ufsinn sennilega sú fisktegund sem jafnaðarlega heldur sig við Ísland, sem hvað mestan hreyfanleika hefur og er talið að ufsinn geti synt með allt að tíu mílna hraða á klukkustund langtímum saman. Ég sjálfur hef a.m.k. fylgt fiskitorfum vestan frá Hala og suður á Látragrunn á rétt rúmum einum og hálfum sólarhring og er það nú allnokkur vegalengd.

Við teljum sem sagt að rökin fyrir því að hafa þessar tegundir í kvótakerfinu séu mjög léttvæg og að þess vegna væri eðlilegt að taka þær út og gefa öðrum hluta flotans frjálsræði við veiðar á þessum fisktegundum, t.d. þeim hluta flotans sem krókabátarnir eru og fá samkvæmt brtt. frjálsa veiði í ýsu, ufsa og steinbít. Þar væri þá a.m.k. komið eitthvað til móts við þann flota sem hefur litlar aflaheimildir og mönnum væri gert svolítið jafnara undir höfði við að lifa af þann endurskoðunartíma sem í hönd fer enda eru, eins og sjútvrh. sagði hér í gær, líkur fyrir að hann verði ekki eitt ár heldur jafnvel tvö. Þá kemur auðvitað upp spurningin hvort á næsta þingi þurfi einnig að flytja frestunarákvæði í þessu máli og fresta kvótasetningunni á smábátana enn um eitt ár. Þar komum við hins vegar að spurningu sem snýr að heimild Alþingis. Miðað við það hvernig hin svokallaða lögfræðingaráðgjafanefnd túlkaði málið fyrir sjútvrn., Alþingi og ríkisstjórn á sínum tíma í kjölfar Valdimarsdómsins svokallaða í desember 1998, þá taldi hún að ákvæði um frestun og úreldingu fengist ekki staðist. En hér er auðvitað verið að festa í sessi úreldinguna að ákveðnu marki.

Þriðja tillagan sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson flytjum í þessu máli, viðbótartillagan, er um það að sá bátafloti sem orðið hefur fyrir miklum niðurskurði aflaheimilda á undanförnum árum, hinn hefðbundni vertíðarfloti, fái sérstaka ívilnun á næsta fiskveiðiári og til þess verði tekin allt að 1,5% af ýsu- og þorskveiðiheimildum þannig að úthlutað verði dálítilli uppbót til þessara báta.

Það er að vísu gegn mörgum ströngum skilyrðum að þessi floti fengi úthlutun samkvæmt tillögu okkar. Í fyrsta lagi er hún miðuð við stærðartakmörkun skipa. Ekkert skip yfir 200 brúttórúmlestum fengi úthlutun samkvæmt þessari tillögu okkar. Í öðru lagi kveður tillagan á um að hafi skip meira en 80 þorskígildistonn í varanlegum kvóta þá fái menn heldur ekki úthlutun samkvæmt tillögu okkar. Í þriðja lagi er það skilyrði að viðkomandi skip hafi leigt til sín meira en 40 þorskígildistonn, hafi sem sagt raunverulega verið í útgerð með litlar aflahemildir og verið leiguliðar stórgreifanna að þessu leyti. Þeir verða að hafa leigt 40 þorskígildistonn og vera raunverulega í útgerð til að geta fengið tímabundna úthlutun með þessu undanþáguákvæði til næsta fiskveiðiárs á meðan á endurskoðun stendur.

Þetta teljum við réttlætismál gagnvart þeim hópi manna og þeim sjómönnum sem á þessum skipum starfa. Margir eru þetta sjómenn sem á undanförnum árum hafa misst pláss sín á stærri skipum eða að aflaheimildir skipa sem þeir voru áður á hafa verið sameinaðar á stærri hluta fiskiskipaflotans. Þar með hafa þeir misst lifibrauð sitt. Margir þeirra hafa starfað til sjós í 20–30 ár og jafnvel lengur, hafa í raun aldrei gert neitt annað en að stunda fiskveiðar og kunna ekki sérstaklega annað verk sem fellur þeim betur úr hendi. Þeir vilja fá að stunda fiskveiðar en standa frammi fyrir hinu lokaða kvótakerfi stórgreifanna þar sem aflaheimildir eru hvorki lágt verðlagðar né leigðar á neinum spottprís.

Nú síðast hafa aflaheimildir á þorski gegnum kvótaþing farið í 127 kr. á kílóið. Þá er svo komið auðvitað að útgerð kvótalítilla skipa er orðin nánast algerlega vonlaus. Jafnvel þó að menn séu með veiðarfæri sem taka til stærsta fisksins og jafnvel þó að menn velji úr aflanum, sem er í dag hin viðtekna venja á mörgum fiskiskipum sem hafa litlar aflaheimildir, þá ná menn samt sem áður ekki endum saman í því útgerðarmynstri að þurfa að leigja aflaheimildirnar á ofurverði og reyna síðan að stunda fiskveiðar sér og sínum til framfæris eða til að tryggja afkomu útgerðarinnar sem þeir eru í forsvari fyrir eða eiga.

Þess vegna leggjum við þessa tillögu fram og teljum að hér sé um ákveðið réttlætismál að ræða og eðlilegt að verða við því að útiloka ekki ákveðinn hluta manna í trausti þess að í endurskoðun laga um stjórn fiskveiða leynist sá vonarneisti að þetta kerfi verði mönnum aðgengilegt á ný, ekki bara þeim sem eru þar fyrir heldur einnig nýliðum þannig að kerfið opnist til framtíðar og þar muni ríkja jafnræði og eðlileg samkeppnisskilyrði milli manna.

Þetta er sú stefnumótun sem menn hafa viljað sjá. Ég tel að þrátt fyrir misjafna framsetningu stjórnarandstöðuflokkanna þá hafi þeir í raun allir lagt fram þessi meginsjónarmið, að í framtíðinni skuli kerfið opnast þannig að það verði kerfi þar sem menn geti komið inn í þessa atvinnugrein. Menn hafa kannski lagt til mismunandi aðferðir í því en sú umræða bíður betri tíma. Þetta held ég að séu samt hin gildu sjónarmið stjórnarandstöðunnar, að það verði að hugsa til þess að atvinnugrein eins og sjávarútvegurinn geti tekið við nýju fólki. Hvaða atvinnugrein lifir af í þessu landi sem ekki býður velkomna þá sem hafa áhuga? Hvaða atvinnugrein lifir það af til framtíðar að vera svo lokuð að þar séu þeir einir fyrir sem þar voru á sínum tíma og byggðu þann rétt sinn á fiskveiðum áranna 1980–1983, sem eru svokölluð viðmiðunarár?

LÍÚ hefur nýlega haldið því fram að mikill hluti veiðiheimildanna hafi skipt um hendur á undanförnum árum og aðeins um 20% þeirra, ef ég man rétt, hvíli á grunni hinnar raunverulegu skiptingar gjafakvótans á árunum 1981–1983. Ég held því fram að þessi framsetning LÍÚ sé fölsun á sögunni. Hún byggist á því að þetta er hengt á svokallaða kennitölubreytingu og að þegar fyrirtæki hafi sameinast þá hafi aflaheimildirnar skipt um hendur. Það er einfaldlega þannig að fyrirtæki hafa verið að renna saman á undanförnum árum. Samt sem áður eru eigendurnir að stærstum hluta þeir sömu að mörgum sjávarútvegsfyrirtækjunum og hafa verið sl. 15 ár þó svo að skipt hafi jafnvel verið tvisvar til þrisvar um kennitölur á liðnum 15 árum. Það er því umdeilanlegt hvenær heimildirnar hafa raunverulega skipt varanlega um hendur. Ég held þess vegna að þessi framsetning LÍÚ um að 80% fiskveiðiheimilda hafi skipt um hendur sé röng eins og hún er matreidd og til þess eins gerð að slá ryki í augu manna varðandi það að gjafakvóti sem miðaður var við einhver viðmiðunarár eigi ekki lengur við rök að styðjast.

Menn geta auðvitað velt upp þeirri spurningu og rætt um hvort það hafi verið eðlilegt á sínum tíma að skipta kvóta eftir veiðireynslu. Ég held að þegar menn töldu í svartsýniskasti haustið 1983 að þorskstofninn væri kominn „að fótum fram" og ætti lítið annað eftir en eyðast, þá hafi í raun ekki verið tiltæk önnur viðmiðun en veiðireynsla.

En hvað var veiðireynsla skipa? Var það ekki það sem áhöfnin á viðkomandi fiskiskipi afkastaði? Jú, það var svo. Það var meira að segja viðurkennt við framkvæmd laganna á fyrstu fiskveiðiárunum í þessu kvótakerfi því að áhafnir sumra skipa, sem fóru á milli skipa, fengu veiðireynsluna

með sér. Þar af leiðandi var veiðireynslan auðvitað byggð á afköstum áhafnarinnar og þátttöku hennar í að veiða aflann. Þess vegna litu menn til þess að þegar meiri hluti áhafnar færi á milli skipa væri unnt að færa viðkomandi veiðireynslu yfir á það skip. Þar af leiðandi var veiðireynslan byggð á afköstum áhafnar og skipstjórnarmanna. Þessi regla var síðan fljótlega afnumin og aðeins fáir útgerðarmenn, skipstjórnarmenn og áhafnir nutu þessa. En hvort heldur er þá liggur samt fyrir að veiðireynslan og afköst manna á þessum tíma lögðu grunninn undir kvótakerfið. Að mínu viti þýðir það hins vegar ekki að á því verði byggt um alla framtíð. Í raun held ég að allar tillögur sem ég hef séð frá stjórnarandstöðunni um nýja og breytta skipan feli í sér að menn telji að slíkt geti ekki varað um alla tíð, enda held ég að alveg óumflýjanlegt sé að gera slíka breytingu.

Það væri hið mesta gæfuspor fyrir íslenska útgerð og íslenska þjóð ef nýliðun yrði opnuð inn í þessa grein og menn gætu enn á ný tekist á við að berjast til áhrifa í útgerð og auka tekjur fyrir íslenskt samfélag. Allar þær atvinnugreinar sem loka sig af í klúbbi þeirra sem þar eiga réttindi bera feigðina í sér. Ég held að það sé mikið ógæfuspor íslenskra útgerðarmanna að ætla að halda sig við það kerfi sem nú er við lýði. Ég held að það sé mikið ógæfuspor sem mun þar fyrir utan sennilega aldrei halda velli til frambúðar.

Í fjórða lagi er í síðustu brtt. einnig ákvæði um að taka til við að leysa úr vanda manna á fiskiskipum undir 20 brúttórúmlestum sem hafa minna en 15 þorskígildistonn. Þarna er ekki um mjög mörg skip að ræða en samt sem áður er vandi þeirra stór. Þarna eru t.d. þeir sem stundað hafa grásleppuveiðar á undanförnum árum og hafa minni kvóta í botnfisktegundum en 15 þorskígildistonn. Þeir tóku þegar í fyrra á sig mikinn tekjusamdrátt og ekki er útlitið björgulegt varðandi verðlagningu á grásleppuhrognum á þessu ári. Þess vegna lögðum við til að þessi skip, undir 20 brúttólestum með minni en 15 tonna þorskígildiskvóta, fengju úthlutun eins og þau hefðu á sér og hefðu veitt af sínum þorskígildum á síðasta fiskveiðiári og þyrftu ekki að hafa leigt til sín heimildir til að fá þessa sérstöku úthlutun, enda er þarna um að ræða skip og sjómenn og útgerðarmenn sem reynt hafa að lifa af þeim litlu heimildum sem þeir hafa haft á undanförnum árum samhliða því m.a. að stunda grásleppuveiðar eða stunda eingöngu veiðar yfir sumartímann í smábátakerfinu og í aflamarkskerfinu. Sumir eldri sjómenn völdu sér á sínum tíma að fara í stóra aflamarkskerfið þó að þeir væru á bátum undir sex eða tíu tonnum. Þeir hafa vissulega ekki riðið feitum hesti frá þessu kvótakerfi síðan né heldur hinn gleymdi vertíðarfloti sem svo er kallaður.

Fá skip geta sótt fisk í sjó með jafnlitlum kostnaði og hinn hefðbundni vertíðarbátur sem gerir út frá ströndinni á tiltölulega nærliggjandi fiskimið með litlum útgerðarkostnaði. Það á jafnt við um krókabátana og vertíðarbáta sem hafa svipað róðrarlag og krókabátarnir og stunda veiðar með svokölluðum kyrrstæðum veiðarfærum sem ekki þarf að eyða mikilli orku við að færa um sjóinn til að ná í fiskinn. Þetta er auðvitað sá floti sem hefur að stærstum hluta verið að leigja til sín aflaheimildir á undanförnum árum á því okurverði sem verið hefur vegna þess að nánast enginn annar floti en þessi hefur fjárhagslegan hag af því að leigja til sín aflaheimildir, því hann gerir út með tiltölulega litlum kostnaði.

Auðvitað hafa sumar stórútgerðir leigt til sín nokkra tugi tonna til viðbótar við aflaheimildir sínar, en það eru bara jaðarviðskipti sem skipta ekki sköpum í tekjuöflun þeirra yfir árið. Það breytir ekki því að réttur þeirra sem þurfa að búa við núverandi aflamarkskerfi hlýtur líka að vera einhver þegar kemur að því að endurskoða lögin og velta eftirfarandi spurningu upp: Á að gera mönnum kleift að lifa af endurskoðunartímabilið? Sú spurning vaknar eftir ummæli sjútvrh. í gær og ummæli hans í Dagblaðinu eftir Vatneyrardóm — mig minnir að það hafi verið 10. apríl — um að endurskoðunartímabilið yrði ekki eitt ár heldur tvö ár, að það kalli á að menn þurfi að hugleiða að endurnýja svona ákvæði eða breyta þeim ef til kæmi. Ég tel eðlilegt að þeim sem starfa í þessari atvinnugrein, hvort sem þeir hafa mikið eða lítið aflamark, hvort sem þeir starfa í krókakerfi með aflahámarki, krókakerfi með aflahámarki og dögum eða öðrum afbrigðum — þau eru, held ég, fjögur afbrigðin sem hægt er að stunda veiðar eftir í smábátakerfinu — eða almenna aflamarkskerfinu, sé gert nokkuð jafnt undir höfði með að eiga einhverja möguleika á að lifa af endurskoðunartímann sem í hönd fer.

Það er auðvitað alveg ljóst að 38 manna þingmeirihluti í þinginu ræður för ef svo vill vera. Ef menn vilja viðhalda mismunun inn í framtíðina og viðhalda mismunun á endurskoðunartímanum tekst þeim það auðvitað með því að hafna tillögum eins og við Árni Steinar Jóhannsson höfum lagt til um breytingar. Ég held hins vegar að það væri skynsamlegt að menn tækju málið aftur upp á milli 2. og 3. umr. í sjútvn. — sérstaklega þar sem í hönd fara nefndardagar — og ræddu þessi mál betur og hvort að baki einhverra þeirra hugmynda sem við höfum hér verið að setja fram liggi ekki nokkur sanngirnisrök og hvað menn treysta sér þá til að ganga langt til móts við þá sanngirni í þessum málum um leið og þeir fylgja eftir því frv. sem meiri hlutinn hefur lagt fram um að fresta ákvæðum varðandi smábátakerfið.

Þetta tel ég eðlilega málsmeðferð og mun síðar í umræðunni víkja nánar að þessum málum og því sé þá eðlilegt að ræða í því sambandi. Einnig þyrfti þá að taka til umræðu það sem við settum nú ekki inn í þessa brtt. okkar, þ.e. sólarlagsákvæðið um að núverandi lög um stjórn fiskveiða féllu úr gildi. Við vorum með slíkt ákvæði og miðuðum það við september 2001. Nú liggja hins vegar fyrir, eins og ég áður sagði, ummæli hæstv. sjútvrh. um að þessi dagsetning gæti alveg eins orðið árið 2002. Það er auðvitað alveg ljóst að slíkar dagsetningar fá ekki náð fyrir augum stjórnarmeirihlutans miðað við þá yfirlýsingu sem sjútvrh. gaf hér í gær um að allt eins líklegt sé að við séum að tala um tvö ár en ekki eitt.

Ég vil svo enda mál mitt á því að vekja enn á ný athygli á því að Frjálslyndi flokkurinn hefur staðið sig, að viti okkar sjálfra, nokkuð vel í því að reyna að halda málum um sjávarútvegsmál til umræðu í hv. Alþingi. Við höfum að leggja fram tillögur í þá veru þegar á haustþinginu. Þess vegna finnast mér dálítið ómakleg þau ummæli að við höfum ekki reynt að leggja okkar af mörkum eða ekki staðið við það sem við sögðum í kosningabaráttu okkar að það skyldi verða aðalmál okkar að leggja fram málefnagrunn sem hægt væri að vinna út frá til þess að takast á við breytingar laga um stjórn fiskveiða.

Okkur er ekkert sérstakt að vanbúnaði að breyta greinargerð okkar Frjálslynda flokksins í lagafrv. Við töldum hins vegar í ljósi stöðunnar í þinginu og stöðunnar í þessum málum eins og þau voru, þ.e. í alls konar óvissu, að rétt væri að reyna að leita eftir víðtæku samstarfi um það hvort m.a. íslenskir útgerðarmenn væru ekki að öðlast skynsemi

til þess og að gæfa þeirra lægi í því að bjóða fram þá sátt og að þeir afsöluðu sér sölu- og leiguréttinum gegn því að þeir héldu veiði- og nýtingarrétti. Þess vegna lögðum til í tillögu okkar um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar að m.a. Landssamband íslenskra útgerðarmanna, Samtök kvótalítilla útgerða, Samtök fiskvinnslustöðva án útgerða og Samtök fiskvinnslustöðva almennt, sveitarstjórnir, Samband ísl. sveitarfélaga og fiskvinnslufólk, kæmu að þessu máli og færu yfir umræðuna í þessum hópi sem mestra hagsmuna á að gæta í því að sátt náist og viðhlítandi framtíðarsýn í stjórn veiða á Íslandsmiðum og að kerfið horfi til þeirra átta að vera fiskverndunarkerfi og nýtingarkerfi en ekki eingöngu sölu- og braskskerfi með aflaheimildir eins og reyndin hefur orðið í þróun þess að stórum hluta á undanförnum árum.

Hér hefur verið flutt tillaga í nokkur ár, ég held tvisvar ef ekki þrisvar, af hv. þingmönnum Guðmundi Hallvarðssyni og Guðjóni Guðjónssyni um að afnema kvótabraskið. Sú tillaga hefur ekki fengið hljómgrunn. Ég held meira að segja að það hafi þurft að endurflytja hana í hvert sinn vegna þess að hún hafi ekki fengið afgreiðslu úr sjútvn. Ég held að að öllu samanlögðu sé orðið tímabært að takast á við það sem þjóðin segist hafna. 75% af þjóðinni segir að hún hafni kvótabraskskerfinu eins og það er upp sett.

Vafalaust hefur fólk auðvitað margar ástæður fyrir því að setja fram þessa skoðun. Hún virðist aðallega birtast í skoðanakönnunum, ekkert endilega í alþingiskosningum. Við sem höfum sett það fram sem aðalmál, eins og Frjálslyndi flokkurinn, að ná fram breytingum og lagfæringum á þessu kerfi og í raun lagt til afnám þess, gerum okkur auðvitað vonir um að sá hópur þjóðarinnar sem myndar þessi 70%–75% í hverri skoðanakönnuninni eftir aðra, taki virka afstöðu og hverfi frá stuðningi við þá flokka sem vilja viðhalda kerfinu óbreyttu.

Ég lít svo á að það sé einhver mesta meinsemd sem við gætum búið við til framtíðar litið ef kerfið festist í sessi eins og það er. Ég hef stundum orðað það á þann veg að við ættum tvær leiðir við stjórn fiskveiða. Við ættum þá leið að halda áfram með kerfið nánast eins og það er og að sú leið mundi leiða til þess innan 10–20 ára að við færum algjörlega öfugir og skakkir, skuldsettir og vitlausir, út úr kerfinu vegna þess að þá væri það búið að ganga sér til húðar og þjóðin orðin skuldsett. Þetta getur gerst hvenær sem er. Smáútgáfa þessa gerðist í raun og veru þegar rækjuveiðin hrundi úr 70 þús. tonnum í 20 þús. tonn og menn sáu þar ekki neinn rekstrargrundvöll lengur.

Hvar var veðsetningin sem menn tryggðu á bak við skip sín í óveiddri rækju eftir að slíkt hafði gerst? Hvað getur ekki gerst í íslensku lífríki varðandi stækkun eða veiðimöguleika fiskstofna? Hvað getur ekki gerst í markaðskerfinu sem getur orðið þess valdandi að íslenski sjávarútvegurinn verði ekki í neinni stöðu til að standa til framtíðar litið undir þeim merkjum sem hann er í dag?

Hafa menn hugleitt það að Norðmenn eru núna að ala lax fyrir 12 norskar krónur kílóið? Það kostar 12 kr. að framleiða norskt laxeldiskíló. Fyrir tveimur áratugum var laxveiðiframboð úr Norður-Atlantshafi aðeins um 17–18 þús. tonn. Hvað eru Norðmenn að gera í dag? Þeir eru að bjóða fram 400 þús. tonn af laxi og selja það allt. Ef framleiðslukostnaður þeirra á laxkílóinu er kominn niður í 12 kr. hvað mundi þá gerast ef Norðmenn settu kraft í þorskeldi og kæmu þorskeldisframleiðslunni þannig fram að hægt væri að framleiða þorskkílóið fyrir 10–12 kr.? Við hvað ætlar íslenskur sjávarútvegur þá að keppa í framtíðinni?

Eru menn nokkuð vissir um að þeir peningar og veðsetningar sem menn hafa lagt í íslenskan sjávarútveg standist framtíðarsamkeppni í heiminum? Ég er ansi hræddur um að menn þurfi virkilega að velta því fyrir sér hvort sú skuldsetning sem lent hefur á íslenskum sjávarútvegi í kvótabraskskerfinu hafi við nokkur skynsamleg rök að styðjast. Ég held að hún hafi það ekki og við séum algjörlega á kolvitlausri leið með þróun mála eins og hún hefur verið.

Það skyldi þó ekki vera eftir kannski fjögur til fimm ár að við stæðum frammi fyrir talsverðu framboði af eldisþorski sem væri kannski seldur í Bretlandi á 180–200 kr. kílóið. Ef það kostar okkur að meðaltali 60 kr. að veiða kílóið, bara að veiða það fyrir utan að vinna úr því, þá held ég að menn sjái hvar þeir geta lent. Sennilega kæmi þá upp sú staða að eingöngu hinn hagkvæmasti floti, strandveiðiflotinn með kyrrstæðu veiðarfærin og minnsta útgerðarkostnaðinn, stæðist slíka samkeppni.

Þetta held ég að menn ættu allt svolítið að hugleiða og líta til þess að eðlilegt sé að þróa íslenskan sjávarútveg út úr því vitlausa kerfi sem hann hefur verið að festa sig í undanfarinn einn og hálfan áratug.

[15:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem reyndar í andsvar við hv. þm. út af því að hann hefur orðið fyrir einhverjum ama af orðum formanns þingflokks Samfylkingarinnar í Kastljósþætti í gær þar sem við sem þar vorum vorum innt eftir viðbrögðum við utandagskrárumræðu sem Frjálslyndi flokkurinn stóð fyrir á Alþingi í gær. Þau voru eitthvað á þá lund að margir furði sig á því að Frjálslyndi flokkurinn hafi ekki flutt tillögur um grundvallarbreytingar á lögum um stjórn fiskveiða með tilliti til tilurðar flokksins.

Nú hefur þingmaðurinn talið upp hver þingmál þeirra eru og mér finnst sú upptalning staðfesta orð mín. Hins vegar snýst þetta ekkert um mat mitt á því sem stendur andspænis því sem þingmanninum sjálfum finnst um tillögu þeirra heldur meginatriðið sem er að við vorum spurð um viðbrögð vegna utandagskrárumræðu sem Frjálslyndi flokkurinn stóð fyrir án þess að þeir ættu fulltrúa á staðnum. Á þessa staðreynd benti ég í þættinum og við því var hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson að bregðast í upphafi með athugasemd um störf þingsins.

Hins vegar vil ég benda á að Vatneyrardómurinn beindist að úthlutun veiðiheimilda og ranglætinu sem hefur þróast í kjölfar þess. Það hefur því ekki verið óeðlilegt að reikna með því að Frjálslyndi flokkurinn kynnti tillögur um grundvallarbreytingar hvað það áhrærir. Það er stóra málið.

Þetta er skoðun mín og viðbrögð mín sem ég sýndi í gær mjög kurteislega um leið og ég benti á að þarna vantaði fulltrúa eins þingflokks.

[15:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er skoðun þingmannsins eftir ræðu mína og upptalningu að Frjálslyndi flokkurinn hafi ekki lagt fram málefnaleg rök fyrir því hvernig breyta mætti stjórnkerfi fiskveiða, get ég ekkert að því gert. Þá er þingmaðurinn bara á þeirri skoðun. Ég er hins vegar eindregið á þeirri skoðun, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, að Frjálslyndi flokkurinn hafi lagt fram mjög skýra stefnumótun um það hvernig sé hægt að fara út úr þessu kerfi. Sú framsetning

byggði alfarið á því að við værum að vinna okkur út frá lögunum eins og þau eru í dag því að í greinargerð okkar sagði m.a. að gengi Vatneyrardómur í þá veru að núverandi lög og 7. gr. laganna stæðust ekki þá væri ekkert um það að ræða að fara nákvæmlega þá leið sem Frjálslyndi flokkurinn hafði lagt til vegna þess að til þess hefðum við ekki tíma og þá bæri sjútvrh. að bregðast öðruvísi við stjórn fiskveiða eins og hann hefur heimildir til í lögum um veiðar í íslenskri landhelgi og m.a. lögum um umgengni við íslenska nytjastofna. Auk þess hefur ráðherrann fleiri heimildir til þess að stýra fiskveiðum. Allt þetta kom fram í greinargerð okkar. Ég get ekkert gert að því þótt þingmaðurinn sé enn þeirrar skoðunar, þrátt fyrir upptalningu mína hér og rökræðu um þetta mál og greinargerð sem við höfum lagt fram ásamt frumvörpum, að málatilbúnaður okkar sé slakur. Það verður þá bara að vera hennar skoðun.

[15:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér hugnast ekki að þingmaðurinn sé að gera mér upp orð eða meiningar. Ég er þegar búin að segja hvað ég sagði, þ.e. að margir hafi furðað sig á því að flokkurinn hafi ekki lagt fram tillögur um grundvallarbreytingar og við það stend ég. Þingmaðurinn hefur vakið athygli á ýmsu, svo sem tegundatilfærslunni, frestunarmálinu og takmörkun tilflutnings aflaheimilda á frystitogaraflotann. Fjölmargar slíkar tillögur hafa komið fram á þingi á hverjum einasta vetri af hálfu flokkanna sem hér hafa starfað.

Síðan er það þáltill. sem er eins konar leiðarlýsing um það hvernig sé hægt að móta stefnu. Ég held því enn þá fram að Frjálslyndi flokkurinn hafi ekki flutt beinar tillögur um grundvallarbreytingar á því sem máli skiptir. Það sagði ég í gær. Ég hef ekkert sagt um málflutning eða hvað þeir hafa verið að tala um eða aðrar tillögur þeirra. Við skulum ekki snúa út úr orðum annarra. Ég stend við það sem ég hef sagt. Þetta var skoðun mín. Meira hef ég ekki að segja um það, herra forseti.

[15:17]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði í ræðu sinni frá því að hann hefði haft samband við okkur í vetur um stefnumótun í sjávarútvegsmálum og við hefðum ekki náð þar saman um málið. Það er alveg rétt. Það er vegna þess að Samfylkingin vildi móta stefnu út frá jafnræðisgrundvelli í heildina. Ég vil bara segja að margt af því sem Frjálslyndi flokkurinn hefur staðið fyrir í umræðu hefur verið til hins mesta gagns og ágætistillögur. En þær heildarhugmyndir sem þarna eru á ferðinni hjá þeim flokki hugnast mér ekki fyllilega. Það varð til þess að við náðum ekki saman um þann grundvöll sem við teljum að þurfi að vera, þ.e. að það þurfi að vera jafnræði til nýtingar á auðlindinni og í þessum atvinnuvegi almennt.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að þáltill. vinstri grænna og frjálslyndra segir ekkert um hvort þeir eru sammála um hvað eigi að gera í þessu málum. Þarna fylgir bara stefnuskrá vinstri grænna með eins og hún var lögð fram fyrir kosningar. Út úr henni er ekki hægt að lesa hvað vinstri grænir vilja gera af því sem frjálslyndir segjast vilja gera í yfirlýsingu sinni. Það er svo langt frá því og þau orð sem vinstri grænir hafa látið falla í vetur um útleigu veiðiheimilda og annað slíkt benda til þess að þeir séu fullkomlega andstæðir frjálslyndum í því hvað varðar þann hluta tillagna frjálslyndra sem liggja fyrir í greinargerð þeirra. Í því plaggi sem liggur fyrir er ekki nokkur leið að átta sig á því að þarna fari saman tveir þingflokkar sem vilji stefna samhliða að sama markinu. Lái mér hver sem vill þó ég lesi þetta út úr því.

[15:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þau ummæli sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði um það að þessi stefnumótun væri ekki mjög skýr finnst mér a.m.k. að við höfum lagt fram ákveðinn grunn og að í greinargerð Frjálslynda flokksins sé mjög skilmerkilega settur fram vegvísir að því hvernig menn gætu unnið sig út úr núverandi kvótakerfi. Þar lýsum við því að á fimm árum skuli aflaheimildirnar koma til baka og ganga til þeirra sem nálgast þær með uppboði. Um það erum við þá sammála vinstri grænir og Frjálslyndi flokkurinn, að skipta flotanum upp í útgerðarflokka og þar tel ég að Samfylkingin sé okkur í raun nokkuð sammála. Menn getur auðvitað greint á um hvort miða eigi við tiltekið ákvæði í lögum nr. 97/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og að flota þeim sem þar er undir eða yfir 29 metrum eða 42 metrum ætlum við að stýra eftir ákveðnum reglum. En ég held að grunnurinn í þessari stefnumótun sé þokkalega skýr að þessu leyti.

Og að tryggja það að svæðaskipting veiðiréttinda og hlutverk smábáta og strandveiðiflotans sé tryggð. Ég held meira að segja að ég hafi séð þetta í frv. Samfylkingarinnar þannig að ég held að menn sé sammála um margt og fleira en þeir eru ósammála um.

[15:21]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sem betur fer sammála því að við erum sammála um mjög margt í því sem betur mætti fara við stjórn fiskveiða. Hins vegar finnst mér að kannski þurfi lengri umræðu til að menn átti sig á því hvað menn eru ekki sammála um. Mér finnst að þegar þingflokkar leggja saman stefnumótun á Alþingi þurfi það að vera svolítið skýrara hvað þeir eru sammála um en kemur fram í þáltill. vinstri grænna og frjálslyndra sem lögð var fram í vetur.

Ég segi það bara þrátt fyrir yfirlýsingu hv. þm. að miðað við það hvernig vinstri grænir hafa talað í vetur um uppboð veiðiheimilda langar mig til að fá yfirlýsingu frá þeim um að þeir séu sammála Frjálslynda flokknum um uppboð veiðiheimildanna því að þá þurfi að nálgast býsna mikið og miklu meira en mér hefur fundist að væri látið í veðri vaka frá hendi (Gripið fram í.) vinstri grænna hér í vetur. Það gefst nægur tími til andsvara frá hendi vinstri grænna (Forseti hringir.) seinna í dag.

[15:23]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili áhyggjum mínum með hv. 4. þm. Vestf. af hinni dreifðu byggð í landinu eftir að hafa hlustað á alla þingmenn sem hafa setið á þingi um langt tímabil tala svo að þeir vilji treysta byggðina. Því var dálítið merkilegt að á 122. löggjafarþingi samþykktu þingmenn með jáyrði sínu eða hjásetu framsalsheimildir smábátanna. Ég stóð á móti þessari breytingu vegna þess að mér fannst rök þau sem þingmenn alls staðar af landinu höfðu talað um að væri eðlilegt að smábátar væru undir öðru kerfi en hinu eiginlega kvótakerfi vera rök vegna hinna dreifðu byggða. Síðan samþykkja menn að það sé í lagi að framsal sé ástundað af hálfu þessara smábáta.

Það var ekki svo að þingmenn einir stæðu að því vegna þess að smábátaeigendur, sem höfðu líka haldið þeim rökum fram að þeir ættu að vera utan hins eiginlega kvótakerfis vegna þess að þeir þyrftu að standa fyrir uppbyggingu og jafnvel atvinnu í mörgum dreifðum byggðum, létu aldeilis í sér heyra um að þingmaðurinn sem hér stendur skyldi hafa haft aðra skoðun á því og greitt atkvæði gegn framsalsheimildunum. Þegar kvótakerfið er grannt skoðað, hvernig menn hafa staðið að því og hvað menn hafa sagt og talað þá er náttúrlega jafnmikið rugl þeim megin eins og það kannski er í lögunum sjálfum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:25]

Umræður utan dagskrár.

Endurmat á verðmæti Landssímans og ríkisstuðningur.

[15:30]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er að starfshópur samgrh. komst nýlega að þeirri niðurstöðu að Landssíminn hafi verið vanmetinn um 3,8 milljarða þegar fyrirtækinu var breytt úr stofnun í hlutafélag. Starfshópur þessi var skipaður eftir að annar starfshópur ráðherrans hafði komist að því að rangri aðferðafræði hafi verið beitt þegar Landssíminn var metinn á sínum tíma. Því hefur samgrh. farið fram á að Landssíminn endurgreiði ríkissjóði rúmlega 5 milljarða kr.

Allt þetta nefndarstarf og umstang samgrh. er til komið vegna álits samkeppnisráðs frá síðasta sumri. Að mínu mati hefur endanlega verið staðfest að Landssíminn hafi notið ólögmætrar ríkisaðstoðar sem hamli samkeppni. Þó að endurmatsnefndin og samkeppnisráð greini á um hversu há sú fjárhæð hafi verið er niðurstaða þeirra beggja sú sama, þ.e. að fyrirtækið hafi notið ólögmæts ríkisstuðnings.

Máli þessu er hins vegar ekki lokið þar sem ríkisstuðningurinn er til skoðunar hjá Eftirlitsstofnun EFTA enda er um að ræða hugsanlegt brot á EES-samningnum. Ríkisstuðningurinn er að sjálfsögðu til þess fallinn að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja enda greinir sagan frá hörðum og einbeittum vilja forsvarsmanna Landssímans að nýta sér yfirburðastöðu sína, og hafa fá ef nokkur fyrirtæki skipað veigameiri og vafasamari sess í stuttri sögu samkeppniseftirlits á Íslandi.

Að mínu mati er þýðingarmikið að stjórnvöld horfi á þessum tímapunkti til framtíðar og setji sér langtímamarkmið um það hvernig þau vilja sjá upplýsingasamfélagið þróast. Öllum má vera ljóst að ein meginforsenda þess að íslenskt atvinnulíf sé samkeppnishæft og almenningur njóti sambærilegra lífskjara og tíðkast í nágrannalöndum, er að okkur takist að skapa það umhverfi að frumkvæði, sköpunarkraftur og samkeppni fái þar notið sín. Í þessu sambandi skiptir staða Landssímans og aðferðafræðin við sölu þess fyrirtækis öllu máli.

Skynsamlegt er að horfa til Bandaríkjanna sem lengst eru komin á þessu sviði og reyna að sjá hvaða hugmyndir hafa verið hafðar þar að leiðarljósi. Al Gore sem af mörgum hefur verið talinn einn helsti hugmyndasmiður þarlendra stjórnmálamanna í fjarskiptum og upplýsingamálum, hefur haldið því fram að stjórnvöld eigi fyrst og fremst að einbeita sér að því að efla samkeppni á öllum sviðum fjarskipta en ekki að vera þátttakendur í rekstri fyrirtækja á þeim sviðum.

Þessi stefna hefur skilað árangri. Árið 1998 voru um það bil 55% starfa í Bandaríkjunum störf sem voru ekki til árið 1980 og flest þeirra tengjast á einn eða annan hátt upplýsingaiðnaðinum. Það er því augljóst hversu mikilvægt það er fyrir okkur að vel takist til hjá stjórnvöldum varðandi umhverfi og ytri skilyrði þessarar atvinnugreinar.

Í ljósi niðurstaðna samkeppnisráðs og endurmatsnefndar þurfum við að reyna að átta okkur á því hvaða afleiðingar þessi ríkisstuðningur hefur haft. Það fyrsta sem kemur upp í hugann er sú staðreynd að fyrirtækið hefur um nokkurt skeið verið að kaupa í heild áhrifamikla eða ráðandi hluti í mörgum fyrirtækjum á fjarskipta- og tölvumarkaði. Samkvæmt mínum heimildum hefur fyrirtækið keypt upp ráðandi eða áhrifamikla hluti í 15–20 fyrirtækjum auk þess sem það hefur hafið samstarf við önnur um rekstur og samkvæmt mínum heimildum er um að ræða fjárfestingar upp á a.m.k. einn til tvo milljarða kr. Fróðlegt væri ef hæstv. samgrh. upplýsti um hver sé nákvæmur fjöldi þessara fyrirtækja auk heildarfjárhæða, jafnframt því að upplýst verði um hvernig fyrirtækið velji sér samstarfsaðila og/eða ákveði hvaða hlutabréf eigi að kaupa. Að mínu viti er mjög mikilvægt að það liggi fyrir hvort þessi ríkisvæðing upplýsinga- og fjarskiptageirans sé framkvæmd með vitund og vilja og í samráði við handhafa hlutabréfsins í Landssímanum, þ.e. hæstv. samgrh.

Við hljótum því að spyrja hvað veldur því að íslensk yfirvöld vilji auka áhrif íslenska ríkisins í þessari atvinnugrein. Það verður enn undarlegra þegar þetta er skoðað í því ljósi að Landssíminn hefur um það bil 95–98% markaðshlutdeild í fjarskiptum hér á landi. Er því nema von að menn staldri við og spyrji hvað í veröldinni gangi mönnum til. Þetta er ekki síður undarlegt í því ljósi að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar stendur eitthvað á þá leið að stefnt skuli að því að selja Landssímann á kjörtímabilinu. Í almennri umræðu um þá sölu hefur komið fram áherslumunur milli stjórnarflokkanna hvernig staðið skuli að henni. Á meðan Framsfl. er meira á línu Samfylkingarinnar og fleiri, sem telja að ef takast eigi að byggja upp öfluga atvinnugrein á þessu sviði upplýsinga og fjarskipta verði að skipta fyrirtækinu upp áður en það verður selt því að það sé allt of stórt til þess að önnur fyrirtæki fái þroskast og dafnað í skugga þess, hafa talsmenn Sjálfstfl., þar á meðal hæstv. samgrh., haldið því fram að símann verði að selja í einu lagi þannig að sem hæst verð fáist fyrir hann.

Tökum þessa hugsun íhaldsins aðeins lengra og skoðum hana í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað á undanförnum tveimur árum með kaupum fyrirtækisins í öðrum fyrirtækjum. Verði fyrirtækið selt í einu lagi er ljóst að ekki er aðeins verið að selja fyrirtæki sem hefur yfirburðastöðu á markaði heldur einnig fyrirtæki sem hefur í skjóli ríkisstuðnings keypt sig til áhrifa í öðrum fyrirtækjum á þessum sama markaði. Það er með öðrum orðum verið að selja yfirráð yfir heilli atvinnugrein.

Virðulegi forseti. Það er drungaleg framtíðarsýn og grafalvarlegt mál fyrir almenning og fyrirtæki ef dauð hönd einkaeinokunar muni öllu ráða í íslenskum upplýsingaiðnaði á komandi árum. Því spyr ég að lokum hvort hæstv. samgrh. sé enn þeirrar skoðunar að réttast sé að selja fyrirtækið í einu lagi í stað þess að skipta því upp með einhverjum hætti.

[15:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er mjög fróðlegt að hlusta á ræðu hv. málshefjanda, ekki síst með tilliti til þess hver yfirskrift þessarar utandagskrárumræðu er annars vegar og svo hins vegar þeirra spurninga sem lagt er upp með, en útgangspunktur umræðunnar var ríkisstuðningur og endurmat fyrirtækisins. Fyrir nú utan það að það er einnig mjög skemmtilegt að fylgjast með því þegar hv. þm. gerir tilraun til þess að veðra sig upp við annan stjórnarflokkinn sérstaklega og eigna sér stefnu hans í einhverjum atriðum.

Burt séð frá því er rétt að koma inn á þessi mál sem hér eru til umræðu. Til upprifjunar er nauðsynlegt að minna á að í ársbyrjun 1997 tók Póstur og sími hf. til starfa sem hlutfélag. Síðan var þessu mikilvæga íslenska fyrirtæki skipt upp í Landssíma Íslands hf. og Íslandspóst og það gerðist 1. janúar 1998.

Í samræmi við lögin um Póst- og símamálastofnun hf. var gert ráð fyrir því að meta stofnefnahag fyrirtækisins og til þess var kallaður á grundvelli laganna hópur manna, margnefnd matsnefnd, og hún komst að ákveðinni niðurstöðu um mat á eignum fyrirtækisins. Það kom skýrt fram og það er nauðsynlegt að því sé haldið til haga að matsnefndin sem hafði mjög skamman tíma haustið 1996 til þess að vinna verk sitt, tók það sérstaklega fram að matsaðferðin, eignamatsaðferðin, væri notuð. En vakin var athygli á þeirri aðferð, núvirðisaðferðinni, sem síðan hefur orðið ofan á og er notuð við endurmat á Landssímanum hf. Upphaflega matsnefndin dró því ekki fjöður yfir það að þarna var um tvær leiðir að ræða.

Ég vil líka minna á að endurmatið gerir ráð fyrir 3,8 milljörðum sem er hækkun á mati, en upphafið, sem Samkeppnisstofnun nefndi, var að það þyrfti að hækka matið um 10 milljarða. Það er nauðsynlegt að halda því til haga.

Eins og fram kom hjá málshefjanda setti ég á laggirnar starfshóp til þess að skoða athugasemdir Samkeppnisstofnunar. Niðurstaða þess starfshóps var sú að eðlilegt væri að endurmeta efnahag fyrirtækisins. En ekki var tekið undir það að um ríkisstuðning væri að ræða vegna meðferðar á lífeyrisskuldbindingum fyrirtækisins, lífeyrisskuldbindingum sem tilheyrðu og voru vegna gamla fyrirtækisins Pósts og síma. Það er alveg nauðsynlegt að minna á það.

Til að ljúka þessu verki var síðan skipaður hópur sem hefur nú verið gerður að sérstöku fréttaefni af hálfu málshefjanda. En hv. þm. nefndi það ekki í þessari umræðu. Hann hefur talið skynsamlegt að draga í land. Sá hópur vann sitt verk hratt og vel og komst sem sagt að þeirri niðurstöðu að það væri eðlilegt að hækka mat símans um 3,8 milljarða.

Það er alveg hárrétt hjá hv. málshefjanda að eftir sem áður kann vel að vera að ESA geri athugasemdir. Það er auðvitað ekkert við því að segja og það verður að bíða síns tíma. Ég á ekki von á því að það valdi neinum sérstökum vandræðum fyrir Landssímann.

Vegna fyrirspurnar sem hv. þm. bar fram vil ég í fyrsta lagi segja að ég tel fullkomlega eðlilegt og í rauninni skyldu símans, þessa stóra og öfluga fyrirtækis, að vera þátttakandi í markaði, ganga til samstarfs við lítil fyrirtæki sem eru að hasla sér völl á hugbúnaðarsviðinu. Ég tel að fremur væri ástæða til þess að gera athugasemdir við það ef síminn ætti ekki samstarf við önnur fyrirtæki. Að gera það tortryggilegt er því ekki skynsamlegt að mínu mati hjá þeim sem á annað borð vilja veg og hag símans sem mestan.

[15:40]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Svo vill til um þessar mundir að í vöggu frjálsrar samkeppni, Bandaríkjum Norður-Ameríku, kvað hæstiréttur nýlega upp þann dóm að stærsta tölvufyrirtæki heims, einkafyrirtækið Microsoft, væri orðið of stórt og skyldi því skipt upp í a.m.k. tvo hluta.

Fyrir þessu eru auðvitað rök. Of stórt og ráðandi fyrirtæki er einfaldlega talið hafa skaðleg áhrif á þróun markaðar og beinlínis geta unnið gegn hagsmunum neytenda til lengri tíma litið. Fákeppni er einfaldlega talin geta drepið í dróma alla eðlilega þróun og skapað hinu drottnandi fyrirtæki hættulega einokunaraðstöðu er bitni endanlega á veskjum neytenda. Meðal annars þess vegna hafa ýmir talið ríkiseinokun skömminni skárri en einkaeinokun.

Herra forseti. Landssíminn er ráðandi á íslenskum fjarskiptamarkaði og drottnar yfir nýjum fyrirtækjum sem reyna að hasla sér völl á þessu sviði. Verði hann seldur í einu lagi er einfaldlega verið að koma á Microsoft-ástandi á Íslandi. Ég vara við því.

Tækni á fjarskiptamarkaði fleygir mjög hratt fram. Þess vegna spretta upp ný fyrirtæki. Því má segja að að sumu leyti sé rökrétt að ríkið dragi sig út úr almennum rekstri fjarskipta. Hins vegar fer sá rekstur fram að mestu um grunnnet Landssímans, þ.e. dreifikerfið. Ég hef enn ekki séð rök fyrir öðru en því að ríkið eigi áfram netið og leyfi fyrirtækjum að keppa þar og veita landsmönnum öllum sem besta þjónustu rétt eins og á þjóðvegum landsmanna. Þannig tryggjum við jafnan aðgang allra landsmanna að fjarskiptum. Þannig tryggjum við áframhaldandi eðlilega þróun á sviði fjarskipta og þannig komum við í veg fyrir að hér á landi skapist Microsoft-ástand í fjarskiptum.

[15:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hvað eru 3,8 milljarðar milli vina? Jú, vissulega upphæð sem má nota. Ríkissjóður gæti t.d. byggt einn barnaspítala upp á milljarð og lokið í hvelli við tvöföldun Reykjanesbrautar upp á 2,2 og samt átt afgang eftir til annarra góðra hluta.

En eru einhvers staðar 3,8 milljarðar á lausu, einhvers staðar í vindinum? Ó jú, það er einmitt sú tala sem starfshópur samgrh. taldi að Landssíminn væri vanmetinn um. Það vantaði upp á litla fjóra milljarða eða svo.

Herra forseti. Þessi tala gæti verið hærri. Samkeppnisstofnun vakti athygli á þessu vanmati sl. sumar og var með öllu hærri tölur, meira en tíu milljarða. Þá átti ég orðræðu við núv. samgrh. um þau mál. Hann gerði lítið úr því þá, taldi þetta fræðilegt úrlausnarefni. Hann dreif þó hins vegar í því að fá menn til verka til að meta fyrirtækið og hægt og bítandi hækkaði matið, nú síðast um 3,8 milljarða. Hvað hækkar það mikið næst?

Augljóslega eru lausatök á þessum málum af hálfu ríkisstjórnar og hæstv. samgrh. eins og greinilega kom fram í vanmáttugri ræðu hans áðan. Honum hefur ekki tekist að fá virka samkeppni til að njóta sín. Hann hefur þess í stað farið í föt fyrirrennara síns og gert Samkeppnisstofnun að sérstökum óvini lífs síns, og neitað staðreyndum.

Ef selja á Landssímann, eins og ríkisstjórnin ætlar, verða eftirfarandi atriði að vera í lagi:

Í fyrsta lagi að samkeppni verði tryggð og því forðað að einkaeinokun ríki í markaði í kjölfar sölunnar, sem er sýnu verri ern ríkiseinokun.

Dreifikerfið verði áfram í almannaeigu til að tryggja virka samkeppni og lægra verð.

Í þriðja lagi að rétt verð, raunverð, fáist fyrir Landssímann, en hann ekki settur á brunaútsölu til vildarvina í flokki samgrh. eins og ítrekað vanmat á verðmæti fyrirtækisins gefur til kynna. 3,8 milljarðar, hvað þá hærri upphæð, skipta nefnilega máli og þeim á ekki að skáka á milli vina.

[15:45]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar litið er til þess að meta jafnstórt og öflugt fyrirtæki og Póstur og sími var og er, er ekki óeðlilegt að upp komi mismunandi skoðanir á því hvaða aðferðum skuli beitt við að fá niðurstöður. Upphaflega matið miðaðist við þekktar aðferðir eignamatsaðferðar, en vegna ábendingar Samkeppnisstofnunar sem taldi eigið fé vantalið hefur nú verið beitt nýrri aðferð og eigið fé núvirt. Reyndar er ágreiningsefni hvaða áhrif hvor aðferð um sig hefur á samkeppnismarkaðinn í bráð og lengd. En það er mikilvægt að ná sem nákvæmastri niðurstöðu í matið, ekki síst vegna hagsmuna ríkissjóðs og almennings í landinu. Meginmálið er að nú er beitt þeirri aðferð sem menn þekkja best og mun gilda nú um stundir.

Það er gífurlega mikilvægt að sem mest verð fáist þegar fyrirtækið verður selt. Við munum nota það fé sem fæst fyrir sölu Landssímans til mikilvægra verkefna fyrir þjóðarhag við að styrkja innviði þjóðfélagsins á samgöngusviði. Það er mikilvægt að koma þeim verðmætum sem við eigum í Landssímanum í önnur verkefni sem nýtast landsmönnum öllum. Það er mikilvægt að koma Landssímanum á almennan markað og breyta þeim stofnanabrag sem því miður þekkist þar enn og er enn að finna í fyrirtækinu. Fyrirtækið þarf að leita í samkeppnisstöðu á almennum markaði.

[15:47]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Þessi utandagskrárumræða er tímanna tákn og lýsir stöðunni í þinginu. Draumsýn Samfylkingarinnar um einkavæðingu ríður ekki við einteyming. Ég held að nauðsynlegt sé að menn átti sig á því að Landssími Íslands þjónar okkur af miklum myndarbrag. Það hefur margsinnis komið fram að verðið hjá Landssíma Íslands er með því lægsta í heiminum. Sjálfsagt er fyrir Landssíma Íslands að treysta stöðu sína til þess að þjóna landinu öllu. Ég vara við því í þessari umræðu að tala um samkeppni, samkeppni sem byggist á því að þjónað sé aðeins arðvænlegustu stöðum landsins. Þetta er miklu stærra dæmi en það.

Ég vil bara leggja það inn í þessa utandagskrárumræðu um stöðu Landssímans, að það er stefna okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að það beri að styrkja opinbera þjónustu af því tagi sem Landssími Íslands stendur fyrir. Við erum andvíg því að fyrirtækið sé selt eins og hefur margoft komið fram. Ég frábið mér því fyrir hönd þjóðarinnar allrar, alls landsins, að þetta fyrirtæki sé tætt niður sem óværa vegna þess að það er öðru nær eins og dæmin sanna, eins og verðin sanna og eins og dínamík fyrirtækisins nú um stundir sýnir vegna þess að það er verið að þjóna okkur út um allt landið með miklum myndarbrag. Landssími Íslands hefur alla burði, út frá vilja þingsins og vilja ríkisstjórnar, til að hleypa samkeppnisaðilum inn á netið. Það er praktískt framkvæmdamál og á ekki að skaða samkeppni af neinu tagi.

[15:48]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Sagan á bak við matið á Landssímanum, þessu óskabarni þjóðarinnar, fer að verða nokkuð flókin. Það þarf engan að undra þegar hún er skoðuð að nokkurrar tortryggni gæti í garð hæstv. ríkisstjórnar vegna þessa. Það er gríðarlega mikilvægt að mat þetta sé framkvæmt af nákvæmni og sanngirni. Um það geta allir verið sammála, hver svo sem afstaða manna kann að vera gagnvart sölu á þessu ágæta fyrirtæki.

Ég vil leyfa mér að rifja þessa sögu lítillega upp, herra forseti. Fyrst er þar að telja nefnd númer eitt, matsnefnd sem falið var að meta verðmæti Pósts og síma á sínum tíma, en í henni sátu Guðjón Eyjólfsson, Hreinn Loftsson og Skarphéðinn Steinarsson. Í áliti samkeppnisráðs nr. 6 frá 1999 er m.a. talið að Landssíminn hafi notið allt að 10 milljarða kr. ríkisaðstoðar og farið fram á að fastafjármunir og skuldbindingar fyrirtækisins yrðu endurmetnar ásamt viðskiptavild þess. Ráðherrann skipar síðan 23. júlí 1999 sérstaka nefnd, nefnd tvö, til að fjalla um álit samkeppnisráðs sem er rétt að ítreka að hefur lögformlegt vald til að meta hvort samkeppnisreglur séu virtar í viðskiptalífinu. Nefnd tvö átti að skila tillögu um það hvernig bregðast ætti við tilmælum samkeppnisráðs og þá nefnd skipuðu Baldur Guðlaugsson, Árni Kolbeinsson og Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Nefnd tvö lagði til að nýtt mat færi fram á eignum Póst- og símamálastofnunar sem Póstur og sími hf. yfirtók 1. janúar 1997. Þá skipar ráðherrann nefnd þrjú í nóvember 1999 og í henni eiga sæti Heimir Haraldsson, Hjörleifur Pálsson og Skarphéðinn Steinarsson.

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það meira en lítið skrýtið að hæstv. samgrh. skuli velja til setu í endurmatsnefndinni einstakling sem sat í fyrstu matsnefndinni sem bæði samkeppnisráð og nefnd tvö telja hafa framkvæmt rangt mat. Hann átti sem sagt að leggja hlutlaust mat á það hvort fyrsta mat hans og félaga hans í nefnd eitt hafi verið rétt eða ekki.

Í öðru lagi er seta ríkisendurskoðanda í slíkri ráðherraskipaðri nefnd gagnrýniverð. Hún útilokar að ríkisendurskoðandi geti framkvæmt hlutlausa úttekt á málefnum Landssímans verði eftir því óskað af hálfu Alþingis eða einstakra þingmanna. Seta í slíkum ráðherraskipuðum starfshópi samræmist vart eðli starfa hans sem ríkisendurskoðanda, enda er hann starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því.

Herra forseti. Þessi vinnubrögð eru ekki nógu góð og þau eiga ekki að viðgangast þegar þvílík verðmæti eru í húfi sem eignir og viðskiptavild Landssímans.

[15:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hækkun stofnefnahagsreiknings Pósts og síma yrði öll færð sem viðskiptavild. Sem slík er hún afskrifuð á fimm árum eða 20% á ári. Við það lækkar hagnaður fyrirtækisins og þar með tekjuskatturinn sem er 30% og rennur til ríkisins. Skattgreiðslur fyrirtækisins lækka því um um það bil 6% af hækkuninni og bætir það greiðslustöðu fyrirtækisins til þess að berja á samkeppninni. (**GÁS:** Gefa það bara. Gefa það.)

Samkvæmt lögum nr. 103/1996 átti að gefa út hlutabréf til ríkissjóðs fyrir 75% af stofnefnahagsreikningi. Af því þarf félagið að greiða væntanlegan arð. Ef arðurinn er 10% þá aukast arðgreiðslur um 7,5%. Niðurstaðan er nokkurn veginn núll og breytir engu um samkeppnisstöðu fyrirtækisins eða hæfileika þess til þess að kaupa upp önnur fyrirtæki. Þetta

breytir akkúrat engu. Lægri hagnaður fyrirtækisins næstu fimm árin hefur hins vegar bein áhrif á verðmæti fyrirtækisins þegar kemur að sölu þess sem vonandi verður sem allra fyrst.

Vegna miklu lægri ávöxtunarkröfu á hlutabréfamarkaði getur verið að verð félagsins lækki miklu meira en sem nemur þeim 5 milljörðum sem ríkissjóður á að fá.

Varðandi umræðu um einokun og að fyrirtækið sé mjög stórt, vil ég benda á að Ísland er þegar orðið markaðsvöllur heimsfyrirtækja sem gætu tekið Landssímann hf. í nefið.

[15:52]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. samgrh. áðan að frummatsnefndin hafi upplýst hann um að tvær aðferðir væru til þess að meta þetta fyrirtæki. Hún valdi þá aðferð sem gaf lægra mat en gat ekki um matið ef hún hefði valið hina. Í sporum hæstv. samgrh. hefði ég ekki verið ánægður með þetta. Ég hefði krafist þess af nefndinni að hún léti mig hafa í hendurnar niðurstöðu af báðum aðferðunum svo að ég gæti ... (**Gripið fram í:** Það var annar samgrh.) Það var annar samgrh., segir hæstv. ráðherra. Þarna er nefnilega lykillinn að málinu. Þá sat annar samgrh. og hann gerði enga athugasemd við það þó að frummatsnefndin sem hann skipaði, hefði valið þá matsaðferð sem gaf ríkinu minna í aðra hönd. Það er akkúrat það sem við samfylkingarmenn höfum verið að gagnrýna, að þarna er verið að undirbúa gjafasölu á verðmætu fyrirtæki. En ég tek undir það með hæstv. ráðherra að það var annar ráðherra Sjálfstfl. sem tók þessa ákvörðun.

En það er annað sem ég hef áhuga á því að fá að vita hjá hæstv. ráðherra. Nú kemur í ljós að stefna Framsfl., annars stjórnarflokksins, er nokkuð önnur en stefna Sjálfstfl. í málinu. Samt sem áður hefur hæstv. samgrh. falið nefnd, einkavæðingarnefnd, að undirbúa sölu Landssímans. Ég spyr: Sölu á hverju? Sölu á fyrirtækinu eins og það er eða sölu á þeim hluta fyrirtækisins sem Framsfl. virðist vera reiðubúinn til að selja? Það er auðvitað algjör forsenda þess að undirbúningur að sölu geti farið fram að nefnd sem er falið það verkefni fái að vita hvað eigi að selja. Ég spyr hæstv. samgrh.: Hver voru fyrirmæli hans til einkavæðingarnefndar sem hann fól að undirbúa sölu símans? Hvað var einkavæðingarnefnd falið að selja?

[15:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. skýrði þó a.m.k. einn hlut í umræðunni. Hann telur ofureðlilegt að ríkisfyrirtækið Landssími Íslands haldi áfram að kaupa upp fyrirtæki á þessum markaði, þ.e. framtíðarsýn hans á þessum markaði er sú að þegar fyrirtækið verður selt í heilu lagi þá sé í raun verið að selja atvinnugreinina í heild. Það er vert að hugleiða það á þessari stundu af því að fyrir liggur að ætlunin er að selja símann: Hverjir skyldu fá? Hverjir skyldu fá þegar þar að kemur að síminn verður seldur í heilu lagi og heil atvinnugrein verður seld? Og núna er verið að nota fjármagn sem hefur verið skilgreint sem ríkisstuðningur í því skyni að kaupa upp önnur fyrirtæki sem eru að reyna að sprikla á þessum markaði, eru í raun að sprikla í skugga Landssímans.

Landssíminn hefur um margt staðið sig vel sem fyrirtæki. En á hinn bóginn er alveg ljóst að framtíðaratvinnugrein sú sem við Íslendingar verðum að treysta á er í fjarskipta- og tölvumálum. Það liggur fyrir og við þurfum því að hugleiða mjög vandlega hvernig umhverfi í þeirri grein við viljum skapa. Það liggur fyrir að hæstv. samgrh. hefur a.m.k. svarað hvað sig varðar: „Óbreytt ástand. Afhendum greinina í heilu lagi þegar við seljum símann." Mér finnst hæstv. samgrh. satt best að segja draga upp hryggileg mynd. Það kemur mér kannski ekkert á óvart að í þessu máli þramma í takt vinstri grænir og Sjálfstfl. Það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart því það er alltaf að skýrast betur og betur að þegar í harðbakkann slær og menn fara að tala af einhverri alvöru um uppbyggingu og samkeppni og jöfn tækifæri, þá hefur Sjálfstfl. ekkert til þeirra mála að leggja.

[15:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er auðvitað fjarri öllu lagi að síminn sé að kaupa upp samkeppnisaðila. Ef sanngirni er gætt þá þekkja menn og vita að samkeppnin er á milli símafyrirtækjanna. Síminn hefur verið að kaupa hlut í litlum fyrirtækjum á hugbúnaðarsviðinu. Það er nauðsynlegt að átta sig á því.

Það er bullandi samkeppni á milli símafyrirtækjanna þriggja. Það er fróðlegt að heyra t.d. hvað Tali hefur gengið vel á markaðnum. Það er komið með mjög hátt hlutfall GSM-síma á markaði. Markaðshlutdeild þeirra fer vaxandi. Íslandssími er nýbúinn að halda ársfund sinn. Það bárust fréttir um að það fyrirtæki væri 10 milljarða virði. Það er því mjög mikið að gerast á þessum markaði og það er fjarri öllu lagi að halda úti málflutningi á borð við málflutning hv. þm. Lúðvík Bergvinssonar hér.

Hvað varðar spurningu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, vil ég bara vekja athygli á því að matsnefndinni upphaflegu var ekki falið að bera saman kosti heldur lagði hún fyrir mat sem var rætt á Alþingi. Alþingi afgreiddi þessar breytingar m.a. í ljósi þess mats sem þar var framkvæmt.

Hvað varðar spurninguna um hvað eigi að selja, þá eru hv. þingmenn upplýstir um það bréf sem ég hef sent einkavæðingarnefnd. Það bréf fjallaði um að undirbúa sölu á símanum og m.a. skoða hvort selja bæri símann í einu lagi eða hvort það eigi að skipta honum upp. Ég hef því ekki fyrir fram hafnað neinum kostum í þessu. Ég hef engu að síður talið að ef við ætlum að fá sem mest út úr sölu þessa fyrirtækis þá væri best að selja það ósundurslitið. Hins vegar er á það að líta og (Forseti hringir.) það er nauðsynlegt að vekja athygli á því að hvað varðar ljósleiðarann þá er í gildi samningur við NATO vegna þess að NATO fékk aðgang að ljósleiðaranum og greiddi fyrir það eina ákveðna upphæð. (Forseti hringir.) Það þarf því auðvitað að skoða það inni í þessu dæmi öllu. (Forseti hringir.) En Landssíminn, þá Póstur og sími, lagði tæpa 3 milljarða kr. í uppsetningu ljósleiðara (Forseti hringir.) og það þurfa menn að vita um að er inni í hinum margnefnda stofnefnahagsreikningi.

[16:00]

Útbýting þingskjala:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1071.

Starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, brtt. iðnn., þskj. 1073.

Þjóðlendur, 321. mál, brtt. ÞKG, þskj. 1072.

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 359. mál (vitnavernd, barnaklám o.fl.). — Þskj. 1010.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHall, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, LB, PP, PHB, RG, SighB, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, MF, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, VS, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:01]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til eru um margt ágætar en ég treysti mér ekki til að greiða þessu frv. atkvæði og vil að komi fram mjög ákveðnar efasemdir sem ég hef um orðalag 6. gr. frv. en þar er fjallað um ofbeldi gagnvart vitnum. Þar segir að viðkomandi skuli sæta fangelsisvist eða sektum ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi. Í mínum huga er mjög vandséð að fyrir því geti verið sérstakar málsbætur að beita vitni ofbeldi, vitni sem gefur lögreglunni upplýsingar. Ég tel mjög vandséð að fyrir því geti verið nokkrar málsbætur að beita slíkt vitni ofbeldi.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1084).

Umhverfismengun af völdum einnota umbúða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 176. mál (umsýsluþóknun). — Þskj. 1042.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GAK, GHall, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, SvH, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1085).

Bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 241. mál. — Þskj. 1043.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1086).

Veiðieftirlitsgjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 543. mál (heildarlög). — Þskj. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1087).

Gjaldtökuákvæði nokkurra laga á sviði sjávarútvegs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 544. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 846.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HjÁ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1088).

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 223. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 997, brtt. 1005.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Brtt. 1005 samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, VS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMöl, DrH, EKG, GuðjG, GHall, HjÁ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, PP, PHB, SP, StB, TIO, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GE, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JB, KolH, KLM, LMR, ÓÖH, SAÞ, SF, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1089).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1072 og 1073. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 738, nál. 1046 og 1070, brtt. 1047, 1067, 1068 og 1069.

[16:07]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, sem er 460. mál þingsins.

Hæstv. forseti. Alþingi samþykkti þann hluta laganna um stjórn fiskveiða sem hér um ræðir í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 145/1998, í svokölluðu Valdimarsmáli. Stjórnvöld túlkuðu niðurstöðu dómsins á þann veg að úreldingarreglur á fiskiskipum væru í andstöðu við stjórnarskrá og afléttu þeim strax nema af þeim hluta flotans sem hér um ræðir. Smábátarnir skyldu búa áfram við úreldingarreglur af sama tagi og verið höfðu og skyldi svo vera til 1. september 2000. Var að sumu leyti hert á þessum reglum, m.a. með reglu um að ef útgerðarmenn stækkuðu báta sína skyldu þeir úrelda þrefalda mælieiningu á móti stækkun. Með þessari lagasetningu var í raun gengið gegn túlkun stjórnvalda á fyrrnefndum dómi. Þeir lögmenn sem stjórnarmeirihlutinn hafði sér til ráðgjafar í þessu máli töldu Alþingi hafa það svigrúm til að koma til móts við dóm Hæstaréttar að brjóta mætti stjórnarskrána tímabundið meðan annarri skipan væri komið á. Af áliti þeirra mátti draga þá ályktun að hér væri hæfilegur tími valinn og verjanlegur í ljósi þeirrar aðstöðu sem stjórnvöld væru í. Nú er með þessu frumvarpi ætlunin að fresta gildistöku þeirra lagaákvæða sem varða umrædd brot á stjórnarskránni í ár til viðbótar með þeim rökum að yfir standi endurskoðun á stjórn fiskveiða. Fram hefur komið opinberlega sú skoðun sjávarútvegsráðherra að líklega verði ekki nægur tími til að ljúka umfjöllun um það mál á næsta þingi. Verður þá að telja líklegt miðað við þau rök sem færð hafa verið fram fyrir frestun gildistöku þessara laga að henni verði aftur frestað um ár og muni því þau ákvæði sem varða brot á stjórnarskránni ekki falla úr gildi fyrr en haustið 2002. Fari svo hafa lög sem eru samkvæmt dómi Hæstaréttar brot á stjórnarskránni verið í gildi í hátt á fjórða ár. Nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd fóru ítrekað fram á að fá fund með þeim lögfræðilegu ráðgjöfum sem kallaðir voru til við setningu þessara lagaákvæða til að fræðast um álit þeirra á því hve lengi teldist hæfilegt að brjóta stjórnarskrána eftir dóma Hæstaréttar en af einhverjum ástæðum vildu umræddir lögmenn ekki mæta til fundar við nefndina. Það er skoðun minni hlutans að þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð séu óvirðing við stjórnarskrá landsins og Hæstarétt og ekki sæmandi Alþingi.

Í 3. gr. frv. var lagt til að óheimilt yrði að stækka báta sem verða á krókaaflamarki upp fyrir sex brúttótonn. Meiri hlutinn leggur nú til á þskj. 1047 að báta sem stunda veiðar með krókaaflamarki megi stækka ótakmarkað. Meðan ekki liggur fyrir stefnumörkun um stjórn fiskveiða er mjög óskynsamlegt að eyðileggja þann möguleika að láta annars konar reglur gilda um smábáta en um stærri skip, en það gerist verði þessi breytingartillaga meiri hlutans samþykkt. Minni hlutinn telur að vel komi til greina að hækka stærðarmörk smábáta upp fyrir sex tonn en skynsamlegt sé þó að hafa ákveðin mörk til staðar þannig að smábátaflotinn sé skilgreindur og mögulegt að hafa aðrar reglur um veiðar hans en um aðra hluta flotans og mun því greiða atkvæði gegn breytingartillögu meiri hlutans við 3. gr. frv.

Þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 38 15 maí 1990 sem ef að lögum verður gerir þetta frestunarfrumvarp óþarft og getur ekki tekið þátt í því að óvirða stjórnarskrána með þeim hætti sem meiningin er að gera. Þingflokkurinn mun því sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Hæstv. forseti. Í umræðunni hér á undan hafa ýmis mál borið á góma og það er kannski að vonum vegna þess að umræður um sjávarútvegsmál hafa ekki verið nægilega miklar á hv. Alþingi í vetur. Það hefði þurft að fara miklu betur yfir þau mál og hv. Alþingi hefði þurft að gefa sér tíma til að átta sig á því hver samstaðan er í þessum málum og hvað er fram undan í þeirri endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða sem stendur í raun og veru yfir. A.m.k. stendur umræðan yfir og maður verður að leyfa sér að vona að hún beri það í skauti sínu að marktækar lagfæringar verði gerðar á því kerfi sem við búum við og tekið verði á því höfuðágreiningsmáli sem við höfum glímt við allan tímann sem er eignarhaldið á veiðiheimildunum.

Ég tel að full ástæða sé til þess að gera sér vonir um að hægt verði að ná samstöðu um þá leið sem Samfylkingin leggur til í þessu máli. Hún er einfaldlega skynsamleg niðurstaða sem er a.m.k. áfangi í því að sætta menn vegna þess að hún tekur á aðalágreiningsefninu, eignarhaldinu, og þeir sem eru að berjast fyrir breytingum á hinni raunverulegu fiskveiðistjórn þurfa að horfast í augu við það að á meðan við getum ekki náð niðurstöðu í aðalágreiningsefninu verður

lítill árangur í baráttunni fyrir því að breyta hinni raunverulegu fiskveiðistjórn. Um það hefur aðalágreiningurinn ekki staðið undanfarin ár, heldur hefur hann staðið um eignarhaldið á veiðiheimildunum og mun standa um það þar til á því verður ráðin bót. Auðvitað mun aldrei verða friður um það að einkaaðilar á Íslandi geti eignast auðlindina með því móti sem stefna valdhafanna í landinu bendir til að eigi að verða til framtíðar.

Það hefur ýmislegt borið á góma hér í dag og mig langar til að ræða það dálítið sem var til umræðu fyrr á fundinum. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kvartaði undan því að formaður þingflokks Samfylkingarinnar hefði verið ósanngjarn með því að tala um þáltill. frjálslyndra og vinstri grænna á þann hátt að þar væri ekki um heildstæðar tillögur að ræða í þessum málum. Ég heyrði nú ekki þessar orðræður en ég tel að ég hafi fengið þær upplýsingar að ég viti nokkurn veginn hvernig tekið var til orða. Ég tel að sú þáltill. sem þarna var nefnd sé þannig til komin og þannig fram sett að hún muni ekki leysa þessi vandamál. Hún er í rauninni álíka leið og er hvort sem er í gangi. Tvær nefndir eru starfandi núna, auðlindanefndin og nefnd um endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Og að bæta við einum starfshópi og annarri 15 manna nefnd í þetta starf mun að mínu viti ekki leysa þau mál sem þarna eru á ferðinni neitt hraðar.

Ég tel hins vegar að það sé margt skynsamlegt sem bent er á í greinargerð sem fylgir með og það má auðvitað segja um báðar greinargerðirnar, bæði greinargerð Frjálslynda flokksins og stefnuskrá vinstri grænna, að ýmislegt er í þeim sem maður getur tekið undir. En ég átta mig ekki nógu vel á hvernig sjá á samsvörun í þeim stefnum sem koma fram í þessum tveimur plöggum. Mér varð á að spyrja hér fyrr í dag: Eru menn orðnir sammála í þessum tveimur flokkum um þessi mál? Það er ekki hægt að átta sig á því með því að lesa þessa þáltill. og aðalatriðin sem þyrftu að koma skýrt fram eru þá fólgin í því að fá svör við því hvort vinstri grænir skrifa t.d. upp á þær hugmyndir Frjálslynda flokksins sem koma fram í greinargerð þeirra um t.d. leigu veiðiheimilda á markaði, uppboð veiðiheimilda á markaði fyrir stærri skipin. Ég tel að lykillinn til að ná sáttum í þessu máli sé fólginn í því að menn horfist í augu við að það er engin önnur leið sem bent hefur verið á fram að þessu sem leysir það stóra vandamál að velja úr með jafnræði í huga þá sem fá að veiða fisk á Íslandsmiðum. Og handval eða einhvers konar útdeiling stjórnvalda á þeim gæðum og réttindum sem fylgja því að nýta þessa auðlind getur aldrei orðið niðurstaða sem sátt verður um, og við erum auðvitað að leita að leið sem getur sætt menn í þessu máli. Það er mjög mikilvægt að það komi fram, og væri full ástæða til að svör kæmu þá við því í umræðunni úr því þetta bar á góma. Og úr því að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kaus að setja þetta mál hér á dagskrá á þann hátt sem hann gerði, þá komi það skýrar fram hvernig þessi stefna er. Ég viðurkenni að mér finnst mönnum, sem fluttu þessa þáltill., vera svolítil vorkunn að vera ekki alveg vissir um hvað þeir eru sammála um.

Frjálslyndi flokkurinn hefur flutt ýmsar brtt. við stjórn fiskveiða í vetur og haldið uppi umræðu um stjórn fiskveiða og hægt er að hæla þeim fyrir það. Þeir hafa kosið að flytja brtt. við þetta þingmál og í rauninni hafa þeir verið að kljúfa upp tillögur sínar og flutt þær sem brtt. við þetta þingmál sem hér er. Ég vil geta þess að í sjálfu sér getum við samfylkingarmenn tekið undir sumt af því sem lagt hefur verið til frá hendi frjálslyndra og vinstri grænna í þessum málum, en við erum í þeirri stöðu að við höfum flutt frv., heildstætt frv. um það hvernig leysa eigi þessi mál. Og þær tillögur sem hér er verið að ræða um, bæði tillaga ríkisstjórnarinnar sem hér er til umræðu og brtt. frjálslyndra og vinstri grænna, eru þess eðlis að við höfum eiginlega varla önnur úrræði en sitja hjá við afgreiðslu flestra þeirra, einfaldlega vegna þess að tillaga okkar leysir þau vandamál sem þarna er verið að taka á. Og ég varð fyrir dálitlum vonbrigðum þegar niðurstaðan varð sú að við fundum ekki flöt á að vinna saman að tillögum sem byggðust á jafnræði til nýtingar á auðlindinni eins og tillögur Samfylkingarinnar voru alfarið byggðar á. Við fórum í þá vinnu með þau markmið að leiðarljósi að niðurstaðan yrði að vera þannig að að öllu leyti yrði farið eftir þeim leikreglum að jafnræði væri í þessari atvinnugrein.

Hugmyndir frjálslyndra í þessu efni að skipta flotanum í útgerðarflokka og velja útgerðarflokkana á einhvern hátt, sem ég er ekki alveg búinn að átta mig nákvæmlega á, sýnist mér kalla á einhvers konar uppboð á veiðiréttindum, uppboð á veiðileyfum. Ég sé t.d. ekki hvernig á að velja eða takmarka fjölda veiðileyfa á grunnslóðarflotanum öðruvísi en með uppboði á veiðileyfunum. Ef jafnræði á að vera til aðgangs að þeim réttindum þurfa menn að láta fara fram slík uppboð. Það er afar gölluð aðferð og miklu verri en uppboð á veiðiréttindunum sjálfum. Menn geta t.d. velt því fyrir sér hverju menn stæðu frammi fyrir ef bjóða ætti upp veiðiréttindi á smábátaflotanum. Ættu þeir þá sem eru að veiða með handfæri á smátrillum og veiða kannski 20, 30 tonn á ári að bjóða í kapp við þá sem eru með báta sem geta veitt kannski 300–400 tonn á ári í þessi veiðiréttindi? Það sjá allir að aðstaðan til þess er ekki í lagi og það yrði þá að kljúfa þennan smábátahóp upp í einhvern ótölulegan fjölda báta sem hefðu sambærilega möguleika. Þetta er eitt af vandamálunum við að ætla að skipta þeim flota upp í grunnslóðarflota, sem hefur annars konar veiðimunstur og ekki aflamark, og vera svo með annan hluta flotans á aflamarki.

Einnig verður að segjast að dómur Hæstaréttar frá því 1998 um að 5. gr. laganna um stjórn fiskveiða standist ekki stjórnarskrá hefur sett strik í reikninginn. Hann þýðir einfaldlega að ekki er hægt að hafa neinar hömlur á fjölda skipa í neinum útgerðarflokki nema með almennum reglum og þær almennu reglur hljóta þá að vera einhvers konar uppboð. Það geta ekki verið handval nema menn vilji mismuna á þann hátt að stjórnvöld velji úr einhverja sem eru verðugir og hinir verði þá að vera fyrir utan. Við erum a.m.k. alfarið á móti slíkri aðferð og teljum að hún muni leiða til áframhaldandi ófarnaðar eins og sú mismunun sem við búum við núna hefur gert fram að þessu.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í þetta núna. Vonandi gefst tækifæri til þess að ræða tillögur okkar og þá vil ég frekar nota þann tíma til að útskýra muninn á tillögum okkar og þeim tillögum sem mér sýndist helst að möguleiki væri á að ná samstöðu um með stjórnarandstöðunni í vetur, sem ekki varð niðurstaðan. Við erum með tillögur okkar heildstæðar út frá þeim grundvelli sem ég lýsti áðan. Við höfum síðan fengið að sjá hugmyndir annarra flokka á Alþingi í þeim greinargerðum og þáltill. sem hér er um að ræða, ásamt brtt. við lögin um stjórn fiskveiða sem hér hafa verið til umræðu í vetur. Og ég er á þeirri skoðun að í rauninni sé ekki komin fram nein heildstæð tillaga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nema sú sem við höfum lagt fram. Í þeim tillögum höfum við í aðalatriðum horfst í augu við örugglega allt sem þarf að horfast í augu við og í smáatriðum eins og við höfum

mögulega getað séð ... (**Gripið fram í:** Nema afleiðingarnar.) Við höfum líka horfst í augu við afleiðingarnar, hv. þm., og ég er alveg sannfærður um að verði okkar leið farin mun ástandið í sjávarútveginum við Ísland batna mikið.

Mér finnst að menn þurfi að horfast í augu við að það ástand sem er núna þar sem einkaaðilarnir í útgerð á Íslandi hafa fengið skattlagningarvaldið í hendur, geta boðið upp allar veiðiheimildir á Íslandi — þær eru á uppboði alla daga á hæsta verði — og hirt af því allan hagnaðinn, að ekki eigi við að menn fari að tala um að það ástand sem yrði ef sjálfur eigandinn mundi taka að sér hlutverkið og bjóða fram veiðiheimildir til leigu á markaði sem væri hugsaður sem þjónustumarkaður við útgerðina á Íslandi, yrði verra en það sem er núna. Það er fráleitt. Ég er alveg sannfærður um að leiga veiðiheimilda yrði mjög fljót að verða eðlilegur hluti af starfsemi útgerða á Íslandi. Það tók ekki langan tíma fyrir atvinnurekendur á Íslandi að læra á að gera tilboð í verkefni þegar það kom loksins. Áður höfðu stjórnvöld handunnið það líka. Það var bara valið úr hverjir væru bestir í það að vinna verkefnin og samið við þá um verð. Nú þykir mönnum yfirleitt ekki ástæða til að deila um það að fara eigi fram útboð á verkefnum á vegum ríkisins og finnst það bara sjálfsagður hlutur. Ég tel aftur á móti að það sé margt sem menn þurfi að velta fyrir sér í þeirri umræðu sem hefur komið upp og menn þurfa að svara því hvað þeir eiga við með því sem þeir hafa haft á stefnuskrá sinni. Mér fyndist t.d. mjög gott að fá að heyra, vegna þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er nú mættur hér í salinn í fullu fjöri þótt hann sé kannski ekki mjög góður til gangs eins og er, og hann svari því ... (Gripið fram í.) Já, menn nota fætur auðvitað í pólitík líka, til að flytja sig á milli staða alla vega — og flokka, en ég hefði mjög gjarnan viljað heyra það frá hv. þm., formanni vinstri grænna, hvort hann er enn þá þeirrar skoðunar að skilgreina eigi veiðiréttindin á einhvern sérstakan hátt, sem hann hefur oft talað um í máli sínu, og hvort hann sé búinn að finna út hvernig eigi að gera það og að þau réttindi eigi menn að halda áfram að geta keypt og selt.

Ég man ekki betur en að hann hafi orðað þetta svipað síðast í haust á fundi sem ég var staddur á og ef ég skil það rétt sem stendur í stefnuskrá vinstri grænna, þá er talað um að skattleggja veiðiheimildir eða gera kvótagróðann upptækan. Reyndar kom það mjög skýrt fram að við áttum von á tillögum um það efni frá vinstri grænum. Ég hef reyndar ekki séð þær enn þá en ég býst við að þær séu væntanlegar. En þær tillögur hef ég dregið í efa að mundu ganga og menn munu tæplega koma höndunum yfir þann raunverulega gróða sem menn hafa haft af því að selja veiðiheimildir með þeim hætti því að skattalög virka yfirleitt ekki aftur fyrir sig. Þeir sem hafa nú þegar eignast þessi veiðiréttindi munu tæplega lenda í því að fara að greiða skatt vegna sölu þeirra sem lagður yrði á eftir að þeir hefðu keypt.

Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra hvernig þessi skilgreining veiðiréttindanna á að vera og hvort hugmyndirnar um þennan blinda markað þar sem útgerðarmenn eiga að geta selt veiðiréttindin á milli sín eru enn þá við lýði eða hvort vinstri grænir hafa fundið aðra leið. Ég get ekki séð mun á þessum tillögum og hinum sem við tókumst á um forðum í Alþb., ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Í tillögum vinstri grænna stendur t.d. í b-lið 2. gr.: „Á meðan að framseljanleg veiðiréttindi eru hluti af fyrirkomulagi fiskveiðistjórnarinnar verði söluhagnaður veiðiheimilda gerður upptækur gegnum skattkerfið.“ Þetta stendur þarna og tillögur hvernig eigi að gera þetta hafa ekki komið fram. Ég er á þeirri skoðun að það verði langt í það að þær komi fram einfaldlega vegna þess að menn muni ekki höndla leiðina til þess að koma höndum yfir hagnað af þessu. Sú leið sem yrði opin til þess mundi einfaldlega leiða til þess að þeir sem keyptu veiðiheimildir eftir að þau lög yrðu til, yrðu skattlagðir en ekki hinir. Það er skoðun mín.

Hér stendur að veiðirétturinn verði hreinn afnotaréttur og í þessum tillögum er talað um að framsalið verði bannað. Samt er talað um að veiðiréttindin verði til staðar og klárlega er gert ráð fyrir því að honum sé komið á milli eigenda.

Þetta er það atriði sem leiðir að mínu viti til þess að ekki er mögulegt að koma á eðlilegu umhverfi í þessari atvinnugrein. Menn verða að horfast í augu við það að almennar reglur, sem leysa það vandamál að allir sem vilja taka þátt í þessari atvinnugrein verði jafnir, verða að vera til staðar. Þær verða ekki til staðar ef einhver réttindi, sem eiga rökstuðning langt aftur í tímann, eiga að vera í gildi. Það eru ekki atvinnuréttindi. Ekki er hægt að kalla það atvinnuréttindi sem einhver hefur keypt af öðrum. Það er hægt að kalla það atvinnuréttindi sem menn eignast vegna þess að þeir hafa lagt á sig eitthvert nám eða unnið í einhverri atvinnugrein en það er ekki hægt að kalla það atvinnuréttindi sem menn kaupa af öðrum. Það eru a.m.k. ekki atvinnuréttindi af sama tagi og við höfum skilgreint fram að þessu sem slík. Ef menn ætla að burðast áfram með það aftan úr fortíðinni að vilja halda í slík réttindi og halda slíkum réttindum hjá þeim sem eru í útgerð á Íslandi munu menn aldrei leysa þá deilu sem við stöndum í.

Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan fá að heyra svör við spurningum mínum til þess að geta betur áttað mig á því hvaða samstaða það er sem er möguleg með mönnum í þessu stóra máli. Það er full ástæða til því við erum vonandi að sigla inn í einhver tímabil þar sem menn opna fyrir möguleika á því að taka á þessum málum. Stjórnarflokkarnir hafa a.m.k. talað þannig að við ættum að geta gert okkur vonir um að fram fari alvöru umræða. Vonandi er stutt í að sú nefnd sem hefur starfað núna nokkuð lengi, auðlindanefndin, skili af sér og önnur nefnd er í gangi sem stjórnvöld skipuðu. Ég ætla satt að segja að vona að hin pólitíska umræða fái líka að halda áfram og menn ætlist ekki til þess að fullsköpuð niðurstaða spretti bara út úr þessari nefnd óðruvísi en að hin pólitíska umræða fari þá fram þar sem menn eiga að taka ábyrgð á framhaldinu.

Ég ætla svo að segja um það mál sem hér á í raun og veru að vera til umræðu að það er gjörsamlega ótækt að ætla að bjóða upp á það að þegar Hæstiréttur Íslands hefur komist að þeirri niðurstöðu að stjórnarskráin hafi verið brotin, haldi menn uppteknum hætti í a.m.k. hátt á þriðja ár og jafnvel í hátt á fjórða ár áður en þessum brotum linnir. Skyldi ekki fara þannig að einhverjir af þeim sem verða fyrir einhverjum útlátum vegna þess að þessi lög eru áfram í gildi fari í mál við ríkið og heimti rétt sinn, að stjórnarskráin verði látin halda gildi sínu gagnvart þeim og krefjist skaðabóta vegna fjárútláta sem þeir verða fyrir? Þá held ég að ríkið hljóti að vera í þeim vondu málum að verða að borga brúsann. Æðimargir standa frammi fyrir því að hafa þurft að borga stórar fúlgur vegna úreldingar á skipum á þeim tíma sem nú er liðinn og munu halda áfram að gera það. Þetta er náttúrlega ekki upp á bjóðandi, þannig að það mál sem er til afgreiðslu er að mínu viti vont mál, menn hefðu þurft að finna aðra leið út úr þessu. Við höfum bent á okkar leið, hún mundi

leysa þessi vandamál ef hún yrði farin. Ef menn ætluðu hins vegar að fresta málinu með öðrum hætti yrðu menn að taka málið upp að öllu leyti aftur og sennilega leyfa flotanum að einhverju leyti frjálsar veiðar til að losna út úr þeirri klemmu sem menn hafa sett sig þarna í.

En ég segi bara enn og aftur: Er það upp á þjóðandi að Alþingi Íslendinga láti dragast í tvö til fjögur ár að koma til móts við þá niðurstöðu Hæstaréttar að fram hafi farið brot á stjórnarskránni með þeim lögum sem voru hér í gildi?

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér kemur málflutningur þingmanna Samfylkingarinnar í þessum umræðum mjög á óvart. Ég varð vægast sagt undrandi á orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í sjónvarpsfréttum í gær og hefði frekast búist við því að í upphafi umræðna í dag mundi hv. þm. nota tækifærið og biðja okkur félaga sína í stjórnarandstöðunni afsökunar á ómaklegum og óréttmætum ásökunum um tillöguflutning okkar hér í staðinn fyrir að bæta frekar í og fá til þess liðsinni m.a. hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég tel að Samfylkingin hafi ekki efni á því að tala eins og hún ein sé handhafi alls sannleika í þessum málum og gera lítið úr tillöguflutningi allra annarra. Þar tel ég að sé kastað steinum úr glerhúsi. Ætli það reynist ekki svo að það séu ærið mörg göt í tillöguflutningi Samfylkingarinnar sjálfrar eða því frv. sem þar er nú mikið gumað af. Ég sé ekki betur fyrir mitt leyti en þar sé skrifað upp á í aðalatriðum óbreytt kvótakerfi með þeirri einu breytingu að taka auðlindagjald og ég sé ekki annað en gert sé ráð fyrir áframhaldandi leigubraski innan ársins með veiðiheimildir. Það er sérkennilegt ef það á að vera eitt helsta framlag þessa væntanlega jafnaðarmannaflokks að standa fyrir allsherjarmarkaðsvæðingu á íslenskum sjávarútvegi, gera hann að einu 100% markaðstorgi. Fróðlegt verður að heyra það útskýrt hvernig það á að gagnast þeim sem veikast standa að vígi í þessari grein.

Ég tel að nálgun þingflokka Frjálslynda flokksins og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sé bæði mjög málefnaleg og vænleg til árangurs, að ná saman um aðferðir hvað varðar vinnu að þessu máli og að verulegu leyti um málefni. Ég leyfi mér að varpa fram spurningu á móti til talsmanna Samfylkingarinnar: Fer það e.t.v. í taugarnar á Samfylkingunni að þessir tveir þingflokkar hafa náð jafn vel saman um vinnubrögð og raun ber vitni? Það virðist vera svo.

[16:41]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að menn megi ekki vera svo viðkvæmir í pólitík að þeir þurfi að fá afsökunarbeiðni þótt sínum augum líti hver silfrið. Ég verð að segja alveg eins og er að sú þáltill. sem ég hef verið að ræða og var til umræðu gærkvöldi snýst um það að skipa starfshópa og skipa ráðgjafarnefnd og það eru nefndir og hópar í gangi. Ég get ekki séð að það leysi þessi mál og það leysir ekki einu sinni þau mál að hægt sé að sjá sæmilega skýrt hvað menn vilja fara. Við erum ekki handhafar alls sannleika í þessu máli. Við höfum bent á leið til að taka á aðalágreiningsefninu og teljum að ef okkur tækist að gera það muni leiðin opnast til að vinna skynsamlega að framhaldi þessara mála. Auðvitað er það rétt að við erum að tala þarna um óbreytt kerfi. Það er nákvæmlega það sem við höfum sagt, aflamarkskerfið er það sem er í gildi núna. Menn virðast almennt vera sammála um það, a.m.k. meiri hluti landsmanna, að það sé gott fyrir fiskveiðistjórnarkerfi og við verðum bara að horfast í augu við það og leysa aðalvandamálið.

Hv. þm. talaði um brask innan ársins. Við gerum ráð fyrir því að sömu reglur verði um framsal veiðiheimilda innan ársins eins og eru núna í gildi á aðlögunartímanum. Það er tillaga okkar til þess að þar hallist ekki á. Þetta er auðvitað markaðskerfi en við lifum líka í markaðsþjóðfélagi. Við kunnum ekki aðra leið til að koma verðmætum milli manna í þessu markaðsþjóðfélagi en að verðmætin, ef þau eru búin til, taki gjald, þau taki á sig verð og menn verði sammála um það, kaupandi og seljandi, hvað það er sem þeir eru að kaupa og hvers virði það er. Þeir sem geta ekki skilið þetta hljóta að vera í vandræðum að fóta sig í því þjóðfélagi sem við búum við.

[16:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er spurning hvort menn þurfi að gefast upp fyrir hlutum sem þeir eru ekki sáttir við og leggjast flatir fyrir þeim eins og markaðsöflunum eins og mér heyrist á ummælum hv. þm. að hann vilji.

Aðeins þetta: Í fyrsta lagi voru ummæli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, formanns þingflokks Samfylkingarinnar, í sjónvarpinu í gær röng. Þau voru bæði röng og ómakleg. Það liggur fyrir.

Í öðru lagi er það óvenjulegt, og það fullyrðir sá sá sem hér talar og býr að þó nokkurri þingreynslu, að stjórnarandstöðuflokkur geri það sérstaklega að útgangspunkti í málflutningi sínum að gera málflutning félaga sinna í stjórnarandstöðu í einu tilteknu máli ótrúverðugan. Út á það hefur málflutningur þingmanna Samfylkingarinnar gengið í dag og í gærkvöldi í sjónvarpinu. Það er óvenjulegt en um leið mjög athyglisvert. Auðvitað má leiða getum að því hvers vegna þessi leið er valin en einhvern tímann hefði manni dottið í hug orð eða hugtök eins og vanlíðan og vanmetakennd til að reyna að skýra slíka framgöngu í pólitískum umræðum á Alþingi.

Herra forseti. Ég bíð spenntur eftir því að komast á mælendaskrá í þessu máli, sem ég bið forseta að sjá til að verði, og einnig að ræða, ef til kemur, að hið margrómaða þingmál Samfylkingarinnar komist til umræðu en sú kann að vera skýring á því að það gerist ekki að það er svo seint fram komið að það er með einhverju hæsta þingskjalsnúmeri sem fyrir finnst í þinginu. Fyrr gekk nú guðdómurinn ekki út af Samfylkingunni en svo að þá voru öll önnur þingmál um sjávarútvegsmál löngu fram komin þegar þetta frv. leit dagsins ljós.

[16:45]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að þetta þingmál okkar, þótt seint sé fram komið, hafi komið fram fyrr en ætla mætti. Þetta er fyrsti vetur Samfylkingarinnar á þingi og hún hefur þó unnið það afrek að koma frá sér stefnu í sjávarútvegsmálum, ekki þáltill. heldur stefnu þar sem tekið er á öllum þáttum málsins. Ég held að ýmsir gætu nú bara verið sæmilega kátir yfir því. Og ég segi líka að ég er ekkert hissa á því þó menn fyrtist svolítið yfir því þegar bent er á að stefna þeirra sem fram kemur á Alþingi í þessum málum er byggð á því að setja málin í nefnd og skoða betur, eins og gert hefur verið hér undanfarin ár.

Ég get ekki séð að menn þurfi að kvarta neitt yfir því þó að í svona stóru máli ræði menn um stefnu hvers annars. Til hvers erum við hér? Eigum við ekki líka að ræða um stefnu hvers annars sem eru í stjórnarandstöðu? Það er ekki nóg að ræða bara við stjórnina. Ef menn eiga að finna leiðir og ef menn eiga að getað samræmt sjónarmið og fundið leiðir út úr erfiðum málum, þá verða menn auðvitað að ræða þau mál og komast að einhverri niðurstöðu. Ég tel að stjórnarandstaðan eigi möguleika á því að ná saman að ýmsu leyti. Ég hef ekki... (Gripið fram í.) Ég tel að við séum að því já, við höfum lagt fram okkar mál mjög skýrt (**SJS:** Með athyglisverðum hætti.) og aðalatriðið er til að menn finni niðurstöðu í málum að stefna þeirra liggi fyrir, ekki að lagðar séu fram óljósar og þokukenndar yfirlýsingar sem ekki er hægt að átta sig á hvað þýða og þar sem menn forðast að koma að kjarna málsins, sem er eignarhaldið á veiðiheimildunum. Hvenær ætla menn að segja hvernig þeir viljið hafa það?

[16:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða hefur nú snúist upp í það að stjórnarandstaðan deilir um framgang og framsetningu mála. Ég tek undir þau orð hv. þm. Steingríms Sigfússonar að vissulega væri betra ef stjórnarandstaðan væri frekar í því að leita að þeim punktum sem saman mega stefna og til framtíðar horfa, því nógu öflug held ég að andstaða stjórnarflokkanna verði í þessu máli. Þar held ég að sá veggur sé sem þarf að komast í gegnum, þ.e. að fá stjórnarflokkana til að viðurkenna að áframhaldandi óbreytt stefna í kvótamálunum, eins og hún hefur verið í framkvæmd á undanförnum árum, geti ekki verið sá farvegur sem við verðum sátt við. Þess vegna er ekki nema eðlilegt að þingflokkur Frjálslynda flokksins, sem hefur haft það að stefnumáli sínu að fara sem fyrst út úr þessu kerfi eftir mögulegum leiðum og hefur lýst þeirri vegferð í sérstakri greinargerð með þáltill. um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar, sé ekki alveg sáttur við að í framsetningu Samfylkingarinnar skuli vera á þann veg að í fyrsta lagi skuli ekki komið að grundvelli fiskveiðistjórnar heldur eingöngu að framleigunni og þar að auki skuli leigan eiga sér stað áfram innan ársins. Við sjáum ekki, a.m.k. get ég ekki séð það í tillögum Samfylkingarinnar, að á næstu tíu árum verði nein breyting á þessu braski. Menn geti sem sagt braskað með þetta alveg inn og út eins og þeir hafa verið að gera og að þar festum við ekki hönd á neinu hjá Samfylkingunni.

[16:49]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Braska í tíu ár, sagði hv. þm. Það er ekki þannig. Tillaga okkar gengur út á að veiðiréttindin verði innkölluð jafnt á tíu árum og að þau fari á leigumarkað. Menn hafi síðan möguleika á að leigja frá sér helminginn af aflamarkinu innan ársins. Ekki er þá lengur fyrir hendi að famselja nein önnur veiðiréttindi en þau. Framsalið mun því jafnt og þétt minnka. Þegar þessum tíu árum er að ljúka verði einungis um að ræða þessi 50% sem megi framselja innan ársins. Þannig er það nú. Menn hljóta síðan að horfa á þetta og skoða eftir því sem líður á þetta tímabil og þegar aðlögunartímabilinu er lokið hljóta menn að taka afstöðu til þess hvernig þetta eigi svo að vera til frambúðar. (Gripið fram í.) Mér finnst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon óþolinmóður, hann vill gefa sér að við höfum fundið þann stóra sannleika sem hann spurði eftir áðan (**SJS:** Þú talar þannig.) en við höfum ekki talið að við höfum fundið hinn endanlega stóra sannleika. En við teljum okkur hafa fundið ágæta leið til að fara út úr eignarhaldinu á veiðiheimildunum. Við höfum bent á hana með frv. okkar og við teljum að við höfum lagt í það það mikla vinnu að við vitum nokkuð vel hvað við erum að leggja þarna til.

Mér finnst nú nokkurrar afbrýðissemi gæta hjá hv. þm., félögum okkar í stjórnarandstöðunni, gagnvart okkur hvað þetta mál varðar. Ég er a.m.k. á þeirri skoðun að við séum með ágæta tillögu og mér finnst að við þurfum að ræða tillögur okkar í fullri einurð og menn eigi ekki að vera neitt fyrtnir yfir því þó verið sé að kalla eftir skýringum á hvaða stefnu menn vilji hafa í þessu. Mér finnst það vera röng skilaboð þegar menn tala og hafa gert hér í allan vetur eins og að frjálslyndir og vinstri grænir séu með sömu stefnu í sjávarútvegsmálum.

[16:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem felur það m.a. í sér að frestað verði um sinn að hluti bátaflotans gangi inn í eins konar kvótakerfi. Út úr því kerfi viljum við fara, enda er þessi tillaga að hluta til byggð á tillögu sem komin var fram áður frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

Í álitsgerð með frv. segir:

„Megintilgangur frumvarpsins er að fresta um eins árs skeið gildistöku nokkurra ákvæða varðandi veiðar smábáta sem taka áttu gildi 1. september nk. Helsta ástæða þess er að nú stendur yfir heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða."

Það er þessi heildarendurskoðun sem menn hafa gert að umtalsefni í umræðunni í dag og framlag einstakra þingflokka til þeirrar umræðu. Það varð reyndar að umræðuefni í sjónvarpsþætti í gær sem einnig hefur verið fjallað um hér. Ég verð að segja, herra forseti, að ummæli talsmanna Samfylkingarinnar um það efni vekja mér mikla furðu. Menn segja að til umfjöllunar hafi verið í sjónvarpinu í gær — það kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, sem ég bíð eftir að hlusti á mál mitt, að við hefðum verið að fjalla um tiltekna þáltill. í sjónvarpsumræðuþættinum í gær. Það er rangt. Verið var að ræða um það hvort Frjálslyndi flokkurinn annars vegar og þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hins vegar hefðu lagt fram tillögur, frumvörp eða tillögur um lagabreytingar á þessum lagabálki. Það var til umræðu. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar fullyrti ranglega að hvorugur flokkurinn hefði gert það. Og ég andæfði því.

Nú vill svo til að ég hef hér í höndunum frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þar sem segir m.a. í 2. gr.:

„Lög þessi falla úr gildi 1. september 2001."

Hvað felur þetta í sér? Þetta felur í sér að þessi lagabálkur, fiskveiðistjórnarkerfið og lögin sem um það gilda skuli verða sett til hliðar. Sett er inn sólarlagsákvæði í lögin að þau verði numin brott. Lengra er nú varla hægt að ganga. Þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kemur hér í ræðustól og segir eftir að búið er að vekja athygli á þessu að sér finnist nú eiginlega sinn málstaður hafa heldur styrkst hér í dag, þá er þetta er ekki spurning um hvað fólki finnst. Við erum ekki að fjalla um huglægt mat heldur hlutlægt. Annaðhvort fór hv. þm. með rétt mál eða rangt. Hv. þm. fullyrti að þessir þingflokkar hefðu ekki komið fram með neinar lagabreytingar,

tillögur. Það var fullyrðingin og hún er röng. Hún er ósönn. Og hv. þm. ber að koma hingað og biðjast afsökunar á því. (Gripið fram í.) Ég gerði það, ég sagði að það hefði verið rangt, en hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, kom hingað í ræðustól áðan og sagði að sinn málstaður hefði heldur styrkst, fyndist henni. Hún fór með rangt mál, ósannindi, og það ber að leiðrétta ósannindi. (**Gripið fram í:** Hvaða tillögur eru þetta þá?) Það eru þær tillögur sem ég var að lesa upp áðan. (Gripið fram í.) Síðan er þessi furðulegi málflutningur. Vegna þess að hv. þm. eru ósammála tillögunum eða finnst þær ekki nógu góðar eða standa hefði átt öðruvísi að þeim þá finnst þeim þeir hafa leyfi til að fara með ósannindi af þessu tagi. Þetta eru ósannindi og rangfærslur. (**SvanJ:** Farðu nú ekki lengra út á ísinn, Ögmundur minn.) Farðu ekki lengra út á ísinn, Ögmundur minn, segir hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir. Ég veit nú eiginlega ekki hvaða ís hv. þm. er að tala um. Ég er að tala hér um frv. til laga um breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum sem fulltrúar tveggja flokka, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs annars vegar og Frjálslynda flokksins hins vegar, lögðu fram á Alþingi, um breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum. Og hvaða ís er það sem verið er að tala um hér? (**Gripið fram í:** Það er háll ís.) Það er háll ís. Ég leyfi mér að spyrja: Hvers konar trúverðugleiki er þetta í stjórnmálum að leyfa sér málflutning af þessu tagi? (**Gripið fram í:** Segðu okkur bara hvaða tillögur þetta eru.) Segðu okkur bara hvaða tillögur þetta eru. Ég er farinn að skilja núna, herra forseti, hvers vegna Samfylkingin hefur haft eins lítinn árangur af málatilbúnaði sínum og málafylgju og raun ber vitni. Ef þetta er allt á þessa bókina lært, rangfærslur og útúrsnúningar, þá er ekki við góðu að búast. Ég skal nefna fleiri tillögur sem koma fram í frv., sem eru tillögur um lagabreytingar, en um það var rætt í sjónvarpsþættinum í gær, hvort einhverjar lagabreytingartillögur hefðu komið fram. Þar er gert ráð fyrir t.d. að skip sem ekki hafa fengið úthlutað kvóta eða hafa þurft að leigja til sín kvóta fái úthlutað sérstökum heimildum.

Hvað er það sem við síðan vildum gera? Og hvað er það sem við höfum síðan lagt til? Hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði um Samfylkinguna að hún væri ungur flokkur og ekki væri við því að búast að hún kæmi fram með fullmótaðar tillögur, og var þá væntanlega að réttlæta það að hingað var sett inn frv. rétt áður en frestur til slíkra hluta rann út. Ég hef fulla virðingu fyrir slíku. En það er til önnur ung hreyfing sem heitir Vinstri hreyfingin – grænt framboð og *hún hefur rætt þessi mál mjög rækilega og ítarlega* og gerði það þegar á mótunarstigi sínu. Þar voru sett niður ákveðin meginmarkmið.

Ég tók eftir því að hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að menn hefðu efasemdir um hverjir ættu að eiga veiðiréttinn. Við höfum engar efasemdir um það. Það er þjóðin sem á hann, það er þjóðin sem á þennan rétt, enda segjum við það í fyrsta áherslupunkti okkar:

„*Auðlindir sjávar verði raunveruleg sameign þjóðarinnar* og einstökum byggðarlögum tryggður réttlátur skerfur veiðiheimilda og viðunandi öryggi.“ — Þarna er meginmarkmið sett niður um eignarhaldið á sjávarfanginu.

„Sjávarútvegurinn aðlagi sig markmiðum sjálfbærrar þróunar og vinni markvisst að því að bæta umgengni um náttúruna og lífríkið, þ.e. einstaka nytjastofna, vistkerfi hafsbotnsins og hafsbotninn sjálfan.“ — Þetta er annað markmið sem *við viljum stefna að.*

„Sjávarútvegsstefnan treysti byggð og efli atvinnu í landinu öllu ásamt því að stuðla að aukinni fullvinnslu framleiðslunnar og þar með aukinni verðmætasköpun og hámarksafrakstri auðlindanna innan lands.“ — Þetta er enn annað markmið sem við setjum niður.

„Sjávarútvegsstefnan stuðli að réttlátri og jafnri skiptingu gæðanna ásamt jöfnum og góðum lífskjörum þeirra sem við greinina starfa og veita henni þjónustu. Markmiðið er að afraksturinn af nýtingu sameiginlegra auðlinda dreifist með réttlátum hætti til landsmanna allra.

Sjávarútvegurinn, ekki síst fiskvinnslan, þróist og verði fær um að bjóða vel launuð og eftirsóknarverð störf og standa sig í samkeppni við aðrar atvinnugreinar hvað launakjör, starfsaðstæður, vinnuumhverfi og aðra slíka þætti snertir.“

Þetta var fyrsta stigið í vinnu okkar, að fara yfir sviðið og setja fram þau markmið sem við vildum ná. Hvað er næsta skref sem við stígum? Jú, auk þess að setja fram tillögur um breytingar, lýsa yfir stuðningi við þær aðgerðir sem beri að grípa til þegar í stað, bann við leigu á kvóta, setjum við fram till. til þál., það gerum við í samvinnu við þingflokk Frjálslynda flokksins, þar sem við viljum hefjast handa um að koma þessari stefnu fram, að ná fram þeim markmiðum sem hreyfingin setti sér fyrir síðustu kosningar og kynnti kjósendum. Og hvað viljum við gera til að ná þessum markmiðum sem við settum fram um að stuðla að vistvænum veiðum, efla smábátaútgerð, standa vörð um byggðirnar, einstakar byggðir?

Við viljum byrja á því að:

„Afla gagna og undirbúa tillögur um skiptingu fiskiskipaflotans í útgerðarflokka. Dagróðra- og strandveiðiflotinn verði sérstakur útgerðarflokkur með tiltekna hlutdeild í veiðum helstu nytjastofna.

Afla gagna og undirbúa tillögur um mögulega byggðaeða svæðatengingu veiðiréttinda með sérstakri hliðsjón af hlutdeild smábáta og strandveiðiflotans.

Afla gagna og móta reglur um skilyrði sem leggja eigi til grundvallar því að einstakar tegundir séu kvótasettar. Einnig reglur um hvernig tegundir skulu teknar út úr kvóta þegar forsendur kvótasetningar eru brostnar.

Skipa starfshóp um umhverfismál og sjávarútveg sem móti stefnu um hvernig stuðla megi að þróun íslensks sjávarútvegs í átt til vistvænna veiða og sjálfbærrar þróunar, m.a. með sérstakri hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt Ríó-sáttmálanum.“

Þarna eru vissulega nefndir að störfum. Við leggjum til að *einhverjir* aðilar vinni þessa vinnu. Við erum meira að segja með tillögu um eina stóra nefnd, þverpólitíska og þverfaglega, gagnstætt því sem ríkisstjórnin hefur lagt til. Við viljum að allir stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á Alþingi eigi hlut að þeirri nefnd, fulltrúar allra þingflokka. Það hefur ríkisstjórnin ekki treyst sér til að gera. Í þeim nefndum sem eru að störfum hafa tilteknir aðilar verið útilokaðir, Frjálslyndi flokkurinn, svo dæmi sé tekið.

Við viljum að allir þingflokkar komi að þeirri nefnd sem við erum að leggja til og einnig fulltrúar heildarsamtaka sjómanna, Sjómannasambands Íslands, við viljum að Farmanna- og fiskimannasambandið komi að máli og Vélstjórafélagið, við viljum að fulltrúar frá Verkamannasambandi Íslands fyrir hönd fiskverkafólks komi að málinu og fulltrúar frá Landssambandi íslenskra útgerðarmanna, fulltrúi frá Landssambandi smábátaeigenda, frá Samtökum fiskvinnslustöðva og *við viljum að tveir fulltrúar frá Sambandi* íslenskra sveitarfélaga eigi aðild að nefndinni en eðlilegt

sé að sjútvrh. skipi formann nefndarinnar. Hlutverk þessarar nefndar verði að vera samráðsvettvangur allra helstu hagsmunaaðila og vera Alþingi og ríkisstjórn til aðstoðar og ráðgjafar um vinnu- og stefnumótun á þessu sviði.

Hvað er það sem við erum að reyna að gera með þessu? Við erum að reyna í fyrsta lagi að skapa breiða samstöðu um markmið, þau markmið sem beri að stefna að. Við leggjum síðan til hvernig menn skuli bera sig að í þeirri vinnu til að ná þeim tilteknu markmiðum fram. Ef það er rangt skilið hjá mér, sem það eflaust er, að Samfylkingin geti stutt þessi markmið, ég veit það ekki, um byggðatengingu veiðiheimilda t.d., þá þarf náttúrlega að ræða það og það þarf að koma fram. Þar innan borðs eru margir sem fyrr á tíð a.m.k. voru hliðhollir þessum markmiðum. Ég hélt að almennur áhugi væri fyrir því í þjóðfélaginu og áhyggjur yfir því hvernig kvóti og veiðiheimildir hafa verið fluttar frá einum landshluta til annars, úr einu byggðarlagi til annars, frá einum bæ og þorpi til annarra. Við þurfum að finna leiðir til að koma í veg fyrir þetta, leiðir sem t.d. einn stór uppboðsmarkaður mundi ekki leysa.

Þess vegna segjum við: Reynum fyrst að koma okkur saman um markmið, hvað það er sem við sameiginlega gætum reynt að vinna að. Og setjumst síðan niður og reynum að ná fram samstöðu um tæknilegar leiðir að þeim markmiðum.

Ég er búinn að lýsa því yfir og við erum búin að gera það margoft, að okkur þykir fiskveiðistjórnarkerfið eins og það er rekið ekki ganga upp. Við teljum það rangt og ósæmilegt að kvóti sé leigður og við viljum banna það með lögum þegar í stað. Við erum andvíg því að verslað og braskað sé með kvótann. En við höfum sett fram þessi meginmarkmið og það sem meira er, við höfum lagt til ákveðið vinnuferli um hvernig menn skuli bera sig að til að sjá til þess að þessi markmið nái fram að ganga.

[17:09]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem í andsvar vegna þeirra orða sem ég heyrði hv. þm. láta frá sér fara þar sem ég var við vinnu annars staðar í húsinu og ég ætla bara að skila þeim ummælum til baka til föðurhúsanna. Mér fannst þingmaðurinn vera með stóryrði um málflutning minn. Það er engin forsenda fyrir því, það veit hv. þm. því við sátum saman í gær og vorum saman í þessum sal fyrr í dag. Ég hef talað um tillögur um grundvallarbreytingar, ekki eitthvað sem sé að finna í greinargerð í tillögum sem hafa verið fluttar hér eða málflutningi manna þegar þeir eru að ræða hin ýmsu sjávarútvegsmál. Ég ætla að láta þess getið úr þessum ræðustól að það sem ég var að segja í þætti í gær, sem greinilega hefur vakið mikla athygli í þinginu miðað við að verða aftur og aftur tilefni umræðu hér, var ekki bara mitt viðhorf. Þegar ég lendi í umræðum um m.a. sjávarútvegsmál og það sem er að gerast í þinginu, þá hafa fjölmargir rætt það í mín eyru að þeir hefðu átt von á því að Frjálslyndi flokkurinn flytti grjótharðar tillögur um breytingar á ranglætinu við úthlutun veiðiheimilda og það eru margir sem hafa haft væntingar til þess og átt von á öðru en þegar hefur komið fram. Ég hef fulla ástæða til að hafa skoðun á því og láta hana í ljósi, enda er það þá skoðun mín og eitthvað sem ég er að setja fram. Ég hef ekkert að segja um málflutning vinstri grænna eða tillöguflutning, enda hef ég ekki gert hann að umtalsefni, en vísa því alveg til föðurhúsanna að ég hafi verið með ómakleg ummæli, hvorki í gær í viðkomandi pólitískum sjónvarpsþætti né í umræðum hér fyrr í dag.

[17:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurningin um ómakleg ummæli eða ekki, röng ummæli, ósannindi. Hv. þm. fullyrti það í sjónvarpsþætti í gær að hvorki Vinstri hreyfingin – grænt framboð né Frjálslyndi flokkurinn hefðu komið fram með frumvörp, tillögur um lagabreytingar á fiskveiðistjórnarlögum, það voru fullyrðingar hv. þm., og þær eru rangar.

[17:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þýðir auðvitað ekkert að vera að elta ólar við umræðu af þessu tagi. Við vorum spurð um utandagskrárumræðu sem hér var hafin í gær af hálfu Frjálslynda flokksins. Frjálslyndi flokkurinn átti ekki fulltrúa í þættinum og ég benti á hversu erfitt væri að ræða slík mál sem lúta að fiskveiðistjórnarkerfinu og dómnum og dómurinn er um óréttláta úthlutun, þegar fulltrúi Frjálslynda flokksins væri ekki á staðnum. Ég benti nákvæmlega á það sem ég er margbúin að endurtaka að það kæmi á óvart að Frjálslyndi flokkurinn hefði ekki flutt beinar tillögur um breytingar á þeim þætti stjórnar fiskveiða. Ég sagði ekki orð um vinstri græna. Ég sagði að flokkurinn hefði hins vegar flutt tillögur sem fyrst og fremst miða að því að skipa nefnd sem skoði hluti ásamt vinstri grænum. Það er það eina sem ég nefndi vinstri græna. Mér finnst þetta satt best að segja heldur lítilmannleg umræða og að segja að ég hafi verið með röng orð eða ósannindi, það er nú svo langur vegur frá málefnalegri umræðu sem hugsast getur. (Gripið fram í.)

[17:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skulum ekki elta ólar við þetta mál, segir hv. þm. Ég held að við eigum að gera það. Mér finnst trúverðugleiki í stjórnmálum skipta máli. Og þegar alþingismenn fara með rangt mál og ósannindi, þá á það að koma fram. Sem betur fer eru þættir af þessu tagi teknir upp á segulband og við skulum bara fá útskrift á honum sem mun leiða í ljós hvað er satt og hvað er ósatt í þessu máli.

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Hv. 4. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[17:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í gær var utandagskrárumræða í tvo og hálfan tíma. Í dag er umræða búin að standa hér í einhverja tíma þar sem flokkar geta nákvæmlega útskýrt hvað fyrir þeim vakir, hvað þeir vilja ræða í sambandi við sjávarútvegsmál, hvort þeir hafi flutt tillögur um tilflutning á afla frá eða til úthafsveiðiflotans o.s.frv. Þar kemur ekkert fram af þeirri umræðu og af þeim orðum sem ég lét falla í gær. Menn geta hér komið sjónarmiðum sínum á framfæri, hér geta menn flutt tillögur sínar, þeir geta komið öllu á framfæri sem þeim býr í brjósti. Það breytir því ekki að það getur verið skoðun mín og fleiri að hafa átt von á beittari beinum tillögum frá Frjálslynda flokknum. Og að ég hafi verið með röng ummæli eða ósannindi er bara eitthvað sem ég sætti mig ekki við, herra forseti, og ber af mér hér og nú.

[17:15]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið erfitt að koma inn í þessa umræðu því að hana hefur borið nokkuð af leið miðað við frv. sem við erum hér að ræða. Mig langaði samt sem áður

vegna orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar að spyrja hann út úr vegna þess að hann fór hér yfir markmið. Hann fór hér yfir markmið sem hljómuðu fallega, þau hljómuðu kunnuglega, markmið sem við höfum séð ganga aftur og aftur í textum stjórnmálaflokka. Ég hef tekið þátt í að búa til markmið af þessu tagi. Þau hafa hljómað mjög svipað.

Herra forseti. En pólitík snýst ekki bara um markmið og hugsjónir. Hún snýst líka um að tengja hugsjónirnar við veruleikann. Þá vaknar spurningin: Hvernig? Það er nákvæmlega eftir því sem kallað er þegar menn eru komnir í pólitík: Hvernig?

Þess vegna höfum við lagt áherslu á það, bæði hér í dag og áður, hvaða tillögur menn eru með. Hvaða tillögur eru menn með til breytinga? Hvaða tillögur eru menn með gagnvart stærstu ágreiningsmálum? Hvaða tillögur eru menn með gagnvart stóra ágreiningsmálinu, því sem hæst hefur risið, þ.e. hvernig á að úthluta takmörkuðum gæðum?

Svo vildi ég gjarnan, herra forseti, að þingmaðurinn svaraði, *af því að hann tók tvisvar fram að þeir vildu banna leigu:* Hvað með sölu? Nú er ljóst að formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur sagt og ég held að það komi fram í bók sem hann hefur skrifað, að honum finnist í lagi að menn selji, en leigi ekki. Er það stefna flokksins eða hver er stefnan í þeim málum? Má selja en ekki leigja eða er hvort tveggja bannað?

[17:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeim tillögum til þingsályktunar sem við höfum lagt fram eru hugmyndir um hvernig menn skuli bera sig að í þessari vinnu. Við setjum þar fram hugmyndir og markmið um byggðatengingu kvótans, um skiptingu flotans í útgerðarflokka og þar fram eftir götunum.

Það er alveg rétt að það er álitamál hvernig eigi að standa að því að úthluta takmörkuðum gæðum. Við stöndum vissulega frammi fyrir því innan byggðanna eins og við gerðum gagnvart landinu öllu og miðunum öllum. Það er alveg rétt. Við höfum ekki útilokað eitt eða neitt í þeim efnum.

En við viljum byrja á að safna liði um þessi meginsjónarmið, þ.e. að standa vörð um einstakar byggðir og tengja hluta fiskveiðanna a.m.k. einstökum byggðarlögum. Við höfum ekki lokað neinum dyrum varðandi það hvernig staðið yrði að úthlutun veiðiheimilda.

Við erum andvíg braski með kvóta. Við viljum banna leigu á kvóta. Sjálfum finnst mér hið eðlilega og eina eðlilega að nýti sá sem fær úthlutað eða hefur á hendi veiðiheimild hana ekki þá skili hann henni að sjálfsögðu til eigandans sem er þjóðin. Það er hið eina eðlilega.

Brask með kvóta, hagnaður af kvótasölu, gengur að mínum dómi ekki upp, gengur aldrei upp, hvorki nú né síðar.

[17:19]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Ég vænti þess að það hafi þá, herra forseti, glatt hv. þingmanninn er hann las tillögur okkar samfylkingarfólks, að sjá að við teljum að þetta eigi að gerast einmitt þannig. Menn mega ekki selja. Menn verða að skila til baka. Þar eru menn a.m.k. komnir með einhverja sameiginlega niðurstöðu um leið, ekki bara markmið heldur leið.

Vandinn er nefnilega að finna leiðir sem ganga upp, finna leiðir sem standast og finna leiðir sem menn geta lifað við, sem greinin getur lifað við og sem geta hjálpað greininni við að þróast áfram í þá átt sem ég held að við viljum flest sjá, þ.e. að sjávarútvegur verði hér áfram sú undirstöðuatvinnugrein sem hann hefur verið þó hann verði auðvitað að vera það undir nýjum formerkjum vegna þess að tímarnir hafa breyst. Þetta er orðin hátæknigrein að stórum hluta. Við erum ekki lengur að tala um einyrkja eingöngu eða þá sem við sjáum við sjónarrönd á rómantískan hátt róa með færi. Þetta er orðið allt annað. Við verðum að hafa rými fyrir þann fjölbreytileika sem kallað er eftir til að þessi grein geti þróast. Þannig viljum við sjá þetta. Þess vegna höfum við líka horft á útgerðarflokka og erum líka með tillögur um þá. Það er líka í okkar tillögu.

Eins og hér hefur komið fram í umræðunni þá höfum við reynt að svara ýmsum álitamálum og við höfum svarað stóru spurningunni um úthlutina vegna þess að hún er svo knýjandi. Það er svo knýjandi að það sé undirstrikað beint hver sé eigandi auðlindarinnar, hver hafi vald á því hvernig úthlutunin fer fram, þ.e. að eigandinn leigi öðrum aðgang en ekki útgerðarmennirnir eins tíðkast nú, að það séu ekki þeir *sem hafi í raun skattlagningarvaldið.*

[17:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. E.t.v. er það á þessum nótum sem við eigum að ræða þessi mál í stað þess að vera með útúrsnúninga og rangfærslur, hvert í annars garð.

Staðreyndin er sú að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn einnig, því að við höfum í sameiningu sett fram þessar hugmyndir, hafa sett fram tillögur um leiðir, um hvernig við eigum að bera okkur að til að ná niðurstöðu í þessum efnum. Ég er sammála hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um að það er grundvallarskilyrði að það sé staðfest hver sé eigandi þessarar auðlindar, þ.e. þjóðin.

Við viljum að sjálfsögðu einnig tryggja jafnræði með aðilum um aðgang að þessari auðlind. En vandinn sem við viljum alls ekki horfa fram hjá er sá að ýmislegt ræður því hvað skapar jafnræði með aðilum. Þar á meðal er fjárhagsleg staða fyrirtækja. Þar standa smá veikburða fyrirtæki ekki hinum stóru á sporði. Það er staðreynd. Þetta eru flókin mál og erfið sem við viljum setjast yfir. Við auglýsum eftir samstarfi um þessi mál en ekki sundrungu. Til þess eru okkar tillögur fram settar.

[17:23]

Útbýting þingskjals:

Starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 1074.

[17:23]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég kem mér beint að efninu sem hér er til umfjöllunar get ég ekki látið hjá líða að víkja að þeim umræðum sem hér hafa farið fram í dag. Þær voru að mínu mati með dálitlum ólíkindum. Hv. talsmaður Samfylkingar í sjútvn. hefur valið að setja þessa umræðu út um víðan völl og krafið Frjálslynda flokkinn og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð um nákvæma útfærslu á sjávarútvegsstefnu sinni, sem alls ekki er hér til umræðu.

Það hvarflar að mér að mikil lifandis skelfing mundi mér líða vel í stjórn ef mér tækist að koma því þannig fyrir að stjórnarandstaðan sæi málum sínum best borgið með því að þar höggvi hver í annan varðandi tillöguflutning eins og hér hefur átt sér stað í mjög ríkum mæli í dag. (Gripið fram í.) Þetta er ámælisvert fyrir allra hluta sakir og sérstaklega ámælisvert af hálfu Samfylkingar að stilla málum upp á þennan hátt þegar það hefur komið fram og verið staðfest

hér af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn buðu Samfylkingunni til samstarfs um mótun á tillögum og tillöguflutningi um breytingar á sjávarútvegsstefnunni. En því var hafnað af hálfu Samfylkingar. Það er nauðsynlegt að þessir hlutir komi fram vegna þess hvernig talað hefur verið hér áður. Ég tel mjög slæmt að ekki skuli hafa verið flötur á því að fá sameiginlega niðurstöðu.

Tillögur Samfylkingar fæddust nú rétt fyrir lok tímamarka um að skila inn frumvörpum á þessu vori. Það var erfið fæðing að manni skilst en fullkomin. Síðan kemur fram hér þegar forsvarsmaður Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum er spurður örfárra spurninga um útfærslu á tillögunum, að það eigi að bíða síðari tíma. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon innti hv. þm. Jóhann Ársælsson eftir svörum og þá kom skýrt fram að þetta væri ekki útfært út í hörgul sem hann hafði þó tilburði til þess að krefjast af bæði Frjálslynda flokknum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að væri gert.

En sjávarútvegsstefna flokkanna er ekki hér til umræðu. Eins og margoft hefur komið fram hérna í umræðunni þá hafa bæði Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð valið að setja fram tillögur sem annaðhvort stöðva þróun í þá átt sem við viljum ekki hafa eða þá seinka málum sem gefa okkur tíma til að vinna að þeim stefnubreytingum sem hugur okkar stendur til.

Í því sambandi vil ég minna eða benda á grunninn, þ.e. till. til þál. sem hefur verið gerð allgóð skil hér. Ég vil benda á frv. til laga frá 8. mars — það er þskj. 697, 429. mál — um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Talsmaður Frjálslynda flokksins í sjávarútvegsmálum, Guðjón A. Kristjánsson og áheyrnarfulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í sjávarútvegsmálum, Árni Steinar Jóhannsson, lögðu það frv. fram.

Miðað við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar hljótum við flutningsmenn að þessu frv. til laga um breyting á lögum að vera ánægðir með þann árangur að hálfum mánuði eftir að við setjum fram tillögu okkar komi fram tillaga frá ríkisstjórninni um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Í öllum aðalatriðum, þó með undantekningum, er þessi tillaga ríkisstjórnarinnar samhliða tillögu frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum frá 8. mars árið 2000.

Nefndarálitið sem hér er til umfjöllunar um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, er frá meiri hluta sjútvn. Við, fulltrúi Frjálslynda flokksins og áheyrnarfulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, gátum ekki samþykkt nefndarálitið þó að margir kaflar í því væru okkur að skapi og við gætum skrifað undir þá. Það er staðreynd málsins. Við fögnum því að í þetta nefndarálit er komið ákvæði sem tekur á málum þeirra sem hafa gert ráðstafanir miðað við að breytingarnar yrðu nú í haust. Það er neglt fyrir þann leka. En mér skilst að 10–15 aðilar hafi gert ráðstafanir, efnahagsskuldbindingar o.s.frv., og þeirra staða samkvæmt þessu nefndaráliti er tryggð.

En við, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og ég, veljum þá leið að gera brtt. við frv. og vonumst auðvitað til að þessar brtt. verði samþykktar. Í brtt. okkar hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar eru lagðar til breytingar á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða sem teljast mjög brýnar. Markmið þeirra er m.a. að auðvelda útgerðinni, einkum kvótalitlum einyrkjum og útgerðarmönnum smærri skipa, að brúa bilið þar til heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða er lokið. Þær snúa m.a. að því að fresta kvótasetningu ýsu, ufsa og steinbíts í smábátaveiðikerfinu og lagfæra ákvæði söknardagatalningar þannig að veiðitími úr höfn í höfn megi teljast í 12 klukkustunda tímabilum. Með því er verið að gera vinnutíma við þessar veiðar þannig að verjandi sé og samboðið þeim almennu reglum að hvíldartími verði eigi minni en átta klukkustundir á sólarhring. Kjósi sjómenn að veiðiferð þeirra sé lengri en 12 klukkustundir samfellt verður það þeirra eigin ákvörðun sem ekki er knúin fram með lögum og reglum stjórnvalda.

Þetta er talið mjög mikið hagsmunamál sjómanna og þess vegna leggjum við til að það sé tryggt og teljum að í nál. meiri hlutans sé alls ekki gengið nógu langt í þessum efnum.

Í brtt. er lagt til að við lögin bætist ný ákvæði til bráðabirgða. Í hinu fyrra er lagt til að steinbítur og ufsi verði á næsta ári tekinn út úr kvótasetningu á hvert fiskiskip. Til þess hníga fjölmörg rök. Í hinu síðara er lagt til að á meðan heildarendurskoðun laganna um stjórn fiskveiða stendur yfir verði 1,5% af heildaraflamarki þorsks og ýsu úthlutað sérstaklega til þeirra báta sem hafa litlar heimildir. Hér er um að ræða fiskiskip sem eru raunverulega í útgerð og hafa orðið að leigja til sín að stærstum hluta veiðiheimildir sínar af Kvótaþingi. Heimildin nær aðeins til fiskiskipa minni en 200 brúttórúmlesta sem stunda dagróðra og uppfyllt hafa skyldu sína samkvæmt núgildandi lögum.

Að lokum er lagt til að bátar undir 12 brúttólestum að stærð, sem eru með minna aflamark en 15 þorskígildistonn, geti fengið eitt tonn á móti hverju tonni þorskígildis sem skipið veiðir af þorskígildum sínum. Hámarksúthlutun er 15 þorskígildistonn. Hér er um að ræða fá skip og mjög lítið aflamark. Heildarúthlutun til þeirra skipa verður innan við 500 þorskígildistonn. Framangreindar ráðstafanir eru að mati flm. nauðsynlegar til að sporna við því að enn frekar verði gengið á hlut strandveiðiflotans en orðið er meðan á endurskoðun laganna stendur.

Við höfum sett fram athugasemdir við einstakar greinar, brtt. sem við teljum mjög mikilvægar og vonumst til að teknar verði til athugunar á milli umræðna. Um fyrstu greinina er það að segja að þar er lagt til að lagfært verði það stífa söknarákvæði að hver af fáum veiðidögum krókabáta í dagakerfi skuli aðeins tekinn og talinn með samfelldri 24 klst. veiðiferð. Þarna er í raun verið að pína sjómenn, unga sem aldna, til þess að vinna óhóflega langan vinnudag sem fær ekki staðist lög og reglur um almenn hvíldarákvæði. Hér er því um þarfa leiðréttingu að ræða. Auk þess geta ákvæði eins og þessi stangast á við öryggissjónarmið. Sjómenn freistast til þess að fullnýta söknardagana ef róður er hafinn á annað borð þegar þeir eru jafnfáir og raun ber vitni, jafnvel þótt veður versni, og getur slíkt skapað slysahættu. Þetta ákvæði getur einnig valdið lakari gæðum fiskaflans hjá krókabátum í dagkerfinu þar sem það knýr fram lengri sjóferðir en oft væri æskilegt.

Í seinni lið tillögunnar er lögð til sams konar breyting á heimild til 12 klst. veiðiferða söknardagabáta sem veiðar stunda eftir ákv. til brb. sem lögð er til í 1. lið brtt. Einnig er lagt til að söknardögum þeirra báta sem starfa eftir 6. og 14. mgr. ákvæðisins, sem er 8. mgr., verði fjölgað í hlutfalli við meiri heildarafla þorsks á næsta veiðiári, ef heildarþorskaflinn verði aukinn frá því sem nú er.

Síðan gerum við athugasemdir við 2. gr. Í annarri brtt. er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða um að kvótasetning á sérhvert fiskiskip verði afnumin í tveimur fisktegundum, steinbít og ufsa. Fjölmörg rök eru fyrir því að standa þannig að málum. Benda má á þá staðreynd að áðurnefndar fisktegundir hafa ekki veiðst á undanförnum árum að því marki sem leyft hefur verið án þess að um nokkurn viðkomubrest sé að ræða. Nýliðun í steinbít virðist góð og viðurkennt er að ufsi er flökkufiskur sem ferðast eftir árferði um lögsögur ríkja í Norður-Atlantshafi. Fá rök hníga því til þess að kvótasetja tegundina sérstaklega í íslenskri fiskveiðilögsögu. Einnig skal vakin athygli á því að í fskj. frá Fiskistofu með frv. til laga um breytingu á svokallaðri tegundatilfærslu, 229. mál, þskj. 275, kemur skýrt fram að áðurnefndar fisktegundir voru mjög notaðar í þeim óeðlilega tilgangi að búa til millifærslu og auka þannig veiðar á karfa og grálúðustofnum sem taldir voru fullnýttir. Því ber ekki nauðsyn til kvótasetningar þessara botnfisktegunda og að taka þær út úr kvóta getur beinlínis komið öðrum tegundum til góða.

Við gerum líka athugasemd við 3. gr. frv. og erum með tillögur til breytinga eins og fram hefur komið og dreift hefur verið í þremur brtt. Og það er um 3. gr.

Sá mikli niðurskurður sem ár eftir ár varð á þorskveiðiheimildum bitnaði harkalega á þeim bátum sem stundað hafa þorskveiðar á grunnslóð og flokkast flestallir samkvæmt stærð sem hefðbundnir vertíðarbátar. Bátar þessir eru yfirleitt í góðu ásigkomulagi og engin skynsamleg rök til þess að þeir hverfi úr rekstri nú, allra síst þar sem vel horfir með þorskstofninn og allar líkur eru til þess að hann muni stækka ört á næstu árum.

Í þeirri grimmu samkeppni sem ríkti, aðallega á fyrstu árunum eftir 1990, um kaup á „varanlegum veiðiheimildum" átti þessi útgerðarflokkur mjög litla möguleika á móti stórum útgerðarfélögum sem öfluðu sér að stærstum hluta fjármagns til slíkra fjárfestinga með útgáfu nýrra hlutabréfa sem oft seldust á margföldu nafnverði.

Þvert á móti hafa margar útgerðir þessara báta, vegna vanskila sem þær hafa lent í, séð sig tilneyddar til að selja frá sér hluta af því litla sem til umráða er í veiðiheimildum. Niðurstaðan samkvæmt því sem að framan er rakið er sú að um langt árabil hefur ríkt algjör einstefna í tilflutningi varanlegra þorskveiðiheimilda. Veiðiheimildir sem upphaflega urðu til vegna veiðireynslu í strandveiðum eru nú í verulegum mæli nýttar af frystitogurum í úthafsveiðum. Slíkur stórfelldur tilflutningur hlýtur að teljast óæskilegur út frá sjónarmiðum um skynsamlega nýtingu auðlindarinnar.

Afleiðingar þessarar þróunar eru margþættar. Þær koma fram í vaxandi skorti á hráefni til fiskvinnslufyrirtækja víða um land. Þetta leiðir einnig til þess að ekki er hægt að anna eftirspurn á verðmætum afurðamörkuðum, svo sem í stórum saltfiski á Spánarmörkuðum, þannig að skaði hlýst af.

Þá er einnig ástæða til þess að benda á að bátar í þessari aðstöðu hafa ár eftir ár orðið að leigja til sín veiðiheimildir á okurverði sem myndast aðallega með samráði nokkurra ráðandi stórfyrirtækja á þessum markaði. Slík verðmyndun er með öllu óforsvaranleg og óviðunandi að kvótinn sé misnotaður á þennan hátt. Að öllu samanlögðu ber því brýna nauðsyn til að löggjafinn bregðist við á þann hátt sem lagt er til í tillögum okkar.

Loks er lagt til að bátur undir 20 brúttólestum að stærð með minna aflamark en 15 þorskígildistonn geti fengið í úthlutun eitt tonn á móti hverju veiddu tonni að hámarki 15 þorskígildistonn. Ekki er gert að skilyrði að þessi skip hafi leigt sér kvóta af Kvótaþingi. Þessi úthlutun er á milli 400 og 500 þorskígildistonn. Rétt er að þeir sem lítið hafa og reyna að lifa við það fái einnig nokkra leiðréttingu meðan á endurskoðun laganna stendur.

Þetta er úr grg. með frv. okkar til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. En gagnvart framkomnu frv. frá meiri hluta sjútvn. höfum við valið þá leið í samvinnu, Frjálslyndi flokkurinn og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þ.e. fulltrúar flokkanna, að leggja fram brtt. við framkomna tillögu meiri hlutans.

Ég veit ekki hvort ég sé ástæðu til að fara í gegnum þessar brtt. vegna þess að Guðjón A. Kristjánsson hefur gert það svo myndarlega í framsögu sinni. Ég vil frekar nota tíma minn til að fara almennt yfir þær þáltill. sem við höfum lagt fram varðandi stjórn fiskveiða en byrja á því að segja að ég get tekið svo innilega undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni þar sem hann lýsti því yfir fyrr í umræðunni að auðvitað væri algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur að gera brtt. og standa að málum þannig að við spilum með eins og málum er háttað í dag og reynum að koma hlutum þannig fyrir að okkur gefist tóm til þess að vinna að þeim breytingum sem hugur okkar stendur til. Það verður ekki gert með því að leggjast alfarið á móti mjög sterkum stjórnarmeirihluta — þannig er staðan — áður en menn hafa komið sér saman um niðurstöður.

Þess vegna tel ég mjög farsælt fyrir allra hluta sakir að leggjast ekki gegn tillögum sem nálgast kannski að langmestu leyti það sem hugur okkar stendur til meðan við erum að vinna tíma til að vinna breytingar sem fái meirihlutafylgi. Ég tel að sú frestun, sem er verið að tala um, sé algjörlega nauðsynleg í stöðu málsins. Ekki er forsvaranlegt að standa að öðru en að þessi frestun eigi sér stað og það eigi sér ekki stað þessi binding á kvóta í smábátakerfinu. Við þurfum a.m.k. ársfrest og eins og fram hefur komið í máli manna hér í dag þá eru allar líkur á því að það verði um tveggja ára frest að ræða vegna þess að það þurfi meiri tíma til þess að skoða málin. Sjútvrh. hefur sjálfur látið hafa það eftir sér að e.t.v. þurfi tvö ár til þess að ljúka dæminu.

Við höfum líka valið þá leið, í raun svipaða leið og varðandi þetta mál, varðandi norsk-íslenska síldarstofninn. Við vildum þar velja þá leið og lögðum til í brtt. að óbreytt ástand yrði í eitt ár eða þangað til við gætum sameinast um heildarstefnu, mótaða stefnu um fiskveiðistjórnarkerfið. Varðandi síldarstofninn hefði það verið langæskilegasta lausnin að mínu mati að geta sameinast um það. En eins og málin standa í þinginu í dag beitir stjórnarmeirihlutinn auðvitað meirihlutaafli til að knýja fram að nú er norsk-íslenski síldarsstofninn kominn í þetta kvótakerfi sem þeir verja með kjafti og klóm.

Ég tel að stjórnarmerihlutinn eigi miklu hægar um vik með því að knýja fram lausnir sínar á málum vegna þess hvernig stjórnarandstaðan hefur valið að standa að sínum málflutningi. Ég tel þá leið sem við höfum valið til fyrirmyndar þó hún hafi verið gagnrýnd mjög í dag og sérstaklega af hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, þ.e. sameiginlega till. til þál. um grundvöll nýrrar fiskveiðistjórnar. Við verðum öll að gera okkur grein fyrir því að það er ekki vænlegt til árangurs fyrir fimm stjórnmálaflokka, eins og menn hafa talað í dag, að ætla hver um sig að koma inn með fullmótað fiskveiði-

stjórnarkerfi og ætla að fá það samþykkt, bingó. Það er svo fjarri raunveruleikanum að það hálfa væri nóg.

Miklu fýsilegra er að leggja fram plan um aðferðina við að nálgast þau markmið sem flokkarnir setja sér, vera sammála um vinnuaðferðir og markmiðssetningu og ná síðan saman á þeim grundvelli.

Það liggur alveg ljóst fyrir að allir þeir flokkar og einstaklingar sem hér eru á þinginu hafa mismunandi sýn á þessi mál. Þetta mál, endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu, verður þannig aldrei unnið nema sem málamiðlun. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram og er m.a. drepið á í okkar þingflokksályktunartillögu að það er náttúrlega ekki vænlegt til árangurs og ekki sannfærandi, ef við tökum sem dæmi endurskoðunarnefndina sem sett hefur verið á laggirnar um endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða, að hafa eitt aflið í þinginu útundan. Það verður að segjast alveg eins og er. Það er ekki heppileg leið. Við verðum að horfast í augu við að einn stjórnmálaflokkur hér inni hefur ekki setu í þeirri nefnd. Það er vont mál.

Ég hef marglýst því yfir úr ræðustóli að öll framsetning málaflokkanna varðandi sjávarútvegsmál hlýtur að verða veganesti fyrir endurskoðunarnefnd á lögum um stjórn fiskveiða til að ná fram þeirri málamiðlun sem mönnum stendur hugur til. Það verður að takast á um þessa hluti. Þeir sem vilja breyta eiga að standa saman. Þeir eiga að setja sér meginramma. Ef þeir sem vilja breytingar ætla að vera sundraðir og velja þá vinnuaðferð sem Samfylkingin telur samkvæmt málflutningi hennar svo góða, þ.e. að koma með heilsteypta bestu og fínustu tillögu sem til er í heiminum og fá alla til þess að skrifa upp á hana, þá er það óraunsæi í stjórnmálum. Það er algert óraunsæi. Þetta gengur ekki fyrir sig á þann hátt. Forsvarsmenn Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum hafa ákveðið að gera lítið úr þeirri samvinnu sem við höfum valið okkur að viðhafa sem hefur leitt af sér till. til þál. sem er lögð fram snemma á árinu, 14. febrúar, ásamt mörgum öðrum tillögum bæði sem við höfum verið með sameiginlega og Frjálslyndi flokkurinn sér í öllu þessu ferli meðan þingið hefur verið starfandi í raun og veru. Þeir gera lítið úr þeim málatilbúnaði að setja sér niður verklagslínur, setja fram skýrt og skorinort stefnu flokkanna sem í mörgu fara saman sem er mjög fýsileg leið. Ég held þegar upp er staðið, vilji menn vera raunsæir, þá verði það einmitt leiðin sem farin verður ef hægt verður að knýja fram breytingar af stjórnarmeirihlutans hálfu í endurskoðunarnefndinni um stjórn fiskveiða. Auðvitað verður þetta verklag viðhaft, þ.e. að setja sér niður formúlu hvernig eigi að vinna verkið og síðan hafa að leiðarljósi áhersluatriði þeirra flokka sem eiga fulltrúa í þinginu. Þetta er brilljant leið sem við höfum farið og ég kann því illa að menn skulu velja það sem aðalskotspón hér í umræðunni að gera lítið úr þessari vinnu og hjálpa stjórnarmeirihlutanum í raun við að geta bara tekið því rólega í þessari umræðu og notið þess að sjá tvær fylkingar stjórnarandstöðunnar takast á og bítast um smáatriðaútfærslu varðandi fiskveiðistjórnarkerfi landsins í heild sinni þegar við erum að tala um í raun og veru bara eitt lítið mál, einn lítinn anga sem miðar að því að við sökkvum ekki enn þá dýpra í það fen sem við erum öll sammála um að við erum í. Þetta er mergurinn málsins, virðulegi forseti. Ég tel að framkomin meirihlutatillaga frá sjútvn. hafi marga augljósa kosti. Við erum stoltir af því báðir tveir, hv. flm. Guðjón A. Kristjánsson og ég, Árni Steinar Jóhannsson, að ríkisstjórnin ákvað í raun að taka mið af okkar tillögum frá 8. mars árið 2000 og gera þær í veigamiklum atriðum að sínum þó svo þeir hafi ekki treyst sér til þess að fara alla leið eða þá leið sem við völdum. Þess vegna eru hér framkomnar þrjár brtt. sem við höfum lagt fram sameiginlega og verða til umfjöllunar í sjútvn. milli umræðna. Ég er svo bjartsýnn að ég tel að ekki sé kannski öll von úti enn um að eitthvert tillit verði tekið til brtt. Annars verða þær að sjálfsögðu bornar upp í þinginu á eðlilegan hátt.

[17:51]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að bera fram þessa þáltill. er brilljant leið, sagði hv. þm. áðan. Síðan talaði hann um að þeir sem vildu breyta ættu að standa saman. Til þess að menn geti staðið saman þurfa menn að finna sameiginleg markmið og sameiginlegar leiðir að markmiðunum og við gerðum tilraun til þess í vetur. Hv. þm. sagði að þeirri leið sem hafði staðið þar opin hafi verið hafnað af hálfu Samfylkingarinnar. Það sem við lögðum til grundvallar þeirrar samvinnu var að tillögurnar sem lagðar yrðu fram yrðu byggðar á jafnræði allra sem ætluðu að stunda sjó við Ísland til þess að nýta þessa auðlind. En þær tillögur sem við fengum að sjá byggðust ekki á því. Gert var ráð fyrir því að handstýra hlutunum áfram og gera upp á milli manna með slíkum aðferðum. Ég held því fram að við getum þá alveg eins sagt að okkar tillögum í málinu hafi verið hafnað, þ.e. þeirri leið sem við vildum fara.

Mér kemur það svolítið á óvart frá hendi þeirra sem hér eru á þingi fyrir vinstri græna ef þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að það eigi ekki að bera fram tillögur í þinginu. Mér hefur sýnst að þeir væru bara duglegir við að bera fram mótaðar tillögur. Ég held einmitt að þannig eigi að vinna, það eigi að koma sem allra skýrast fram hvað menn vilja. Það höfum við kappkostað að gera í þessu máli og lagt það fram. Ég tel fráleitt að það geti orðið til að spilla málum að setja þau skýrt fram og reyna þau sem allra best. Það segir ekkert um að ekki sé hægt að finna sáttaleiðir í framhaldinu.

[17:53]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í málflutningi mínum að það væri brilljant að vinna að hlutum eins og við gerðum vegna þess að þar er settur fram samstarfsrammi. Það þýðir ekki að flokkarnir séu sammála í einu og öllu um útfærslu, en það hlyti að verða samningsatriði. Auðvitað gátu fleiri, og Samfylkingin líka, komið í raun að þeirri vinnu — það var ekkert útilokað — á sama hátt og gert var við framsetningu málsins. Þar kemur skýrt fram hverjar áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru og hverjar áherslur Frjálslynda flokksins eru. Ekkert hefði verið því til fyrirstöðu að í slíku vinnuferli hefðu á sama hátt verið settar fram áherslur Samfylkingar varðandi hlutina. Það reyndi bara aldrei á það.

[17:54]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mjög gott að fá þetta fram. Þetta lýsir einmitt því sem ég þóttist lesa út úr öllu saman. Þetta var aldrei alvörutilraun til þess að ná saman um leiðir. Þetta var tilraun til þess að ná saman um einhvers konar tillögu í þinginu, þáltill. um það að setja málið í nefnd, en ekki alvörutilraun til að ræða sig til niðurstöðu um leiðir.

Við teljum einfaldlega að þessi umræða um stjórn fiskveiða hafi staðið svo lengi að tími sé kominn til að menn taki afstöðu til þess hvaða leiðir eigi að fara. Við kölluðum eftir því af sjálfum okkur að ganga það til enda hvaða leiðir við teldum heppilegastar og skila því af okkur. Það höfum við gert hér á þingi. Ég er út af fyrir sig ekkert að skammast yfir því þó að aðrir hafi ekki gert þetta nákvæmlega eins. En mér finnst að menn þurfi ekkert að vera að kvarta undan því þó að bent sé á að þeim hafi ekki tekist að komast það langt.

[17:55]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér mjög á óvart, virðulegi forseti, sem nýliða á þinginu ef hv. þm. Jóhann Ársælsson heldur að hlutirnir gangi þannig fyrir sig á hinu háa Alþingi að eitt stjórnmálaafl geti komið með fullmótaða tillögu að máli og fengið það samþykkt. Það held ég að sé alveg af og frá og barnaskapur að halda að slíkt gangi þannig fyrir sig. Þess vegna er það upplegg sem við höfum komið fram með, eins og ég sagði áðan í ræðu minni, miklu fýsilegra til að *ná þeim markmiðum sem við erum þó sammála um að við* viljum ná. Um það snýst málið.

Það væri fáheyrt ef einn flokkur í viðkvæmu ágreiningsmáli — en Samfylkingin leggur svo ríka áherslu á, virðulegi forseti, að allt sé mótað hjá þeim — telur að hann geti skautað í gegnum þingið og fengið samþykktar, eins og áherslan er mjög lögð á, fullmótaðar tillögur í sjávarútvegsmálum.

[17:56]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti jafnvel skilja hv. þm. þannig að óþarfi væri fyrir flokka að fylgja stefnu sinni eftir með tillöguflutningi á Alþingi, spurningin væri fyrst og fremst að búa til upplegg að vinnuferli svo menn gætu náð saman. A.m.k. virðist það eiga við í þessu máli. Þess vegna er áhugavert, herra forseti, að fá að vita hjá hv. þm. hvort þetta er línan sem áfram verður fylgt hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, þ.e. að menn leggi hér fyrst og fremst áherslu á að koma í gang vinnuferli, ekkert síður gagnvart ríkisstjórnarflokkunum heldur en öðrum stjórnarandstöðuflokkum, ef marka mátti orð hv. þm., vegna þess að það að flytja hér beinharðar tillögur hafi bara ekkert upp á sig, menn eigi ekkert að láta sig dreyma um að vera með slík vinnubrögð af því að þau skili kannski engu. Mér finnst þetta mjög merkilegt. Ég verð að segja það. Mér finnst mjög merkilegt að leggja mál upp með þessum hætti og sýna í hvers konar vörn menn eru komnir fyrir þá tillögu sem hér hefur verið gerð að umræðuefni í dag og reyndar áður.

[17:58]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt mál þannig upp að menn eigi ekki að koma með tillögur sínar inn í þingið, alls ekki. Við umfjöllun um það mál sem hér er rætt hafa hins vegar fulltrúar Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum, sérstaklega hv. þm. Jóhann Ársælsson, farið út í yfirheyrslu um sjávarútvegsstefnu okkar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Umræðan hefur farið út um víðan völl. Hv. þm. Jóhann Ársælsson, forsvarsmaður Samfylkingarinnar, talaði mikið um fullmótaðar tillögur. Það hefur klingt núna um tveggja vikna skeið, þ.e. þessar fullmótuðu tillögur. Menn eiga eftir að gagnrýna þær og sjá hvort þær eru svo fullmótaðar. Það er ekki þetta sem ég er að tala um.

Ég var að tala um að í þessu máli hefði frá mínum bæjardyrum séð verið heppilegra að geta náð fram meginlínu stjórnarandstöðunnar til að knýja á breytingar. Það er mat mitt á stöðunni. Það hefur ekkert með önnur mál að gera í þinginu. Það er bara mat mitt á stöðunni varðandi þau mál sem við stöndum frammi fyrir núna og það mál sem við erum að afgreiða núna. Ég held að það sé nálgun við það sem þarf að gera þó að við viljum leggja fram breytingartillögur á því eins og fram hefur komið.

[17:59]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta skýrir málin ekki mikið einfaldlega vegna þess að ef hv. þm. vill ná samstöðu stjórnarandstöðunnar um meginlínur þá verður hann auðvitað að svara því hverjar tillögur þeirra eru. Við getum ekki náð saman um meginlínur ef okkur er ekki ljóst hvað við meinum. Það er eðlilegt að kallað sé eftir tillögum til þess að menn átti sig á hvort um samstöðu geti verið að ræða. Menn geta náð samstöðu um háleit markmið og í sumum efnum er allur þingheimur sammála um háleit markmið. En síðan kemur að leiðunum. Þess vegna er kallað eftir svörum. Við þurfum að vita hver svörin eru til að geta áttað okkur á því hvort um samleið geti verið að ræða. Fyrr er ekki hægt að svara slíkum spurningum.

[18:00]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að samkvæmt málflutningi forsvarsmanna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum sé þeim ekki ókunnugt um áherslur okkar og stefnu því í umræðunni í dag er margbúið að vitna í hana og krefjast ítarlegra svara um einstök mál í stefnunni. Hún virðist lúslesin af forsvarsmönnum Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Ég held því að málin hljóti að standa þannig að samfylkingarfólki sé fullkunnugt um áherslur okkar hvað varðar sjávarútvegsmál. Standi hugur til samvinnu á þeim grunni þá held ég að það sé auðvelt.

[18:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að frv. það sem hér er flutt af hæstv. sjútvrh. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem varða t.d. fyrst og fremst tiltekinn hluta smábátaflotans séu skynsamleg viðbrögð við þeim aðstæðum sem eru uppi í öllum aðalatriðum, þ.e. að fresta um sinn kvótasetningu þess hluta smábátaflotans sem þarna á í hlut og ýmsum tengdum málum.

Ég tel sömuleiðis að sú brtt. sem meiri hlutinn leggur til og snýr að því að koma til móts við þá aðila sem hafa í góðri trú skipt um báta á þessu tímabili sé nauðsynleg og óumflýjanleg til að menn verði ekki harkalega fyrir barðinu á tilvonandi lagabreytingum sem taka áttu gildi eða koma til framkvæmda 1. september nk. Þá þætti málsins styð ég og tel að þeir séu í aðalatriðum, eins og ég segi, skynsamleg viðbrögð við aðstæðum sem eru uppi í þessum efnum. Reyndar voru þau efnisatriði reyndar nánast öll fram komin í frv. hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og Árna Steinars Jóhannssonar. Í frv. þeirra var hins vegar að finna fjölmargar aðrar tillögur, bæði sem taka á ýmsum þáttum sjávarútvegsstefnunnar eða fiskveiðistjórnarinnar almennt en koma einnig til móts við stöðu annarra hluta bátaflotans sérstaklega. Það tel ég sömuleiðis skynsamlegt og rétt að gera og ég hvet hv.

þm. til að skoða brtt. þingmannanna af velvild því að ég er sannfærður um að skynsamlegt væri að koma þannig til móts við þennan hluta flotans eins og málum er nú háttað.

Í sjálfu sér, herra forseti, hefði ég ekki þurft að segja öllu meira um það dagskrármál sem hér er á ferðinni hefðu ekki komið til nokkrar umræður sem hér hefur verið stofnað til í dag að frumkvæði formanns þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, í sjónvarpsþætti í gærkvöldi. Ég sé mig tilknúinn að gera að umtalsefni þessa óvenjulegu framgöngu félaga okkar í stjórnarandstöðunni, þingmanna Samfylkingarinnar, fyrst hv. þm. og formanns þingflokksins Rannveigar Guðmundsdóttur og síðan í kjölfarið einnig hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og nú upp á síðkastið einnig í umræðunni hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur. Þannig tók formaður þingflokks Samfylkingarinnar, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, til orða í sjónvarpsþætti í gærkvöldi samkvæmt útskrift sem ég hef frá stjórnanda þáttarins eftir að hafa verið spurð út í utandagskrárumræður um sjávarútvegsmál sem hér höfðu þá farið fram í þinginu sama dag að athygli vekti að Frjálslyndi flokkurinn, eins og þar segir, með leyfi forseta, „hefur ekki flutt beinar tillögur um úrbætur í þessu stóra máli sem þeir voru kosnir inn á þing út af. Vissulega hafa þeir ásamt vinstri grænum flutt tillögu um enn eina nefnd." Hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem var í þættinum, greip þá fram í og sagði: „Nei, þetta er rangt hjá þér, Rannveig." Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hélt áfram: „Þið hafið flutt tillögu um að nefnd yrði sett á laggirnar." Hv. þm. Ögmundur Jónasson aftur: „Þú ferð ekki með rétt mál."

Síðan hóf hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir að ræða tillöguflutning Samfylkingarinnar. Nokkru síðar í þættinum reyndi hv. þm. Ögmundur Jónasson að koma á framfæri leiðréttingum með svofelldum hætti: „Má ég aðeins leiðrétta eitt vegna þess að það er ekki rétt að það hafi ekki komið fram frumvörp og tillögur um lagabreytingar frá þessum þingflokkum, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eða Frjálslynda flokknum. Báðir þessir aðilar hafa sett fram slíkar tillögur." Þá grípur hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fram í og segir: „um að nefnd skoði" og hv. þm. Ögmundur Jónasson segir áfram: „Það er rangt. Það eru tillögur og frumvarpsbreytingar sem fram hafa komið." Eftir þetta fór umræðan út í aðra sálma.

Ég held, herra forseti, að þetta sé eins skýrt og nokkuð getur verið. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hélt því blákalt fram að Frjálslyndi flokkurinn og þess vegna einnig þingflokkur Vinstri hreyfingar – græns framboðs hefðu ekki flutt önnur mál á sviði sjávarútvegsmála en tillögu um enn eina nefnd. Ítrekað var þessu haldið fram þrátt fyrir tilraunir þingflokksformanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem var í þættinum til að leiðrétta þetta.

Öllum getur að sjálfsögðu orðið á, herra forseti, og ég hygg að þetta hefði ekki dregið stóran dilk á eftir sér — vissulega má deila um orðalagið sem þarna er á ferðinni og hvað fyrir hv. þm. vakti en svona var þetta orðað — ef hv. þm. hefði valið þann kost í umræðunni í dag, til þess að fyrirbyggja misskilning, að taka það fram að ekki hefði verið ætlun hennar að gera lítið úr tillöguflutningi og frumvarpsflutningi sem hér hefur fram komið. En því er ekki að heilsa heldur hefur hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og flokkssystkin hennar forherst í þeirri afstöðu sinni í dag í umræðunum að gera nákvæmlega þetta. Þau neita e.t.v. ekki lengur tilvist frumvarpa og tillagna sem fela í sér efnislega hluti á sviði sjávarútvegsmála en gera þá í öllu falli lítið úr þeim. Þetta kalla ég að hafa ekki stærð í sér til að biðjast afsökunar ef mönnum verður á. Hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur varð á í þessum sjónvarpsþætti. Hún hélt því ranglega og ómaklega fram að t.d. Frjálslyndi flokkurinn hefði ekki lagt fram til umræðna um sjávarútvegsmál á þessu þingi frumvörp og tillögur um efnislega hluti á sviði sjávarútvegsmála. Því verður ekki á móti mælt. Það er rangt. Það liggur svo rækilega skjalfest fyrir í formi ekki bara eins heldur líklega þriggja eða fjögurra þingmála, þriggja frv. og einnar þáltill. a.m.k., að augljóslega væri það, herra forseti, vænlegasti kosturinn fyrir hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að koma og biðjast velvirðingar á því að hafa orðað hlutina svona óheppilega. Ég mundi þá ekki erfa þetta frekar eða gera þetta frekar að umtalsefni.

Um málin efnislega að öðru leyti er óhjákvæmilegt að fara aðeins betur fyrir þau. Nú er það að sjálfsögðu þannig að Samfylkingin má hafa þá skoðun sem þingflokkur og einstakir þingmenn þar að málflutningur þeirra á sviði sjávarútvegsmála sé merkilegri en annarra, að málafylgja þeirra í þinginu, tillöguflutningur eða frumvarpsflutningur standi öllum öðrum framar. Hins vegar á að vera óþarfi eftir sem áður, þó að menn hafi slíka skoðun, að gera beinlínis í því að gera tillöguflutning og málflutning annarra ótrúverðugan eða tortryggilegan. Það harma ég að þingmenn Samfylkingarinnar hafa hver á fætur öðrum reynt að gera talandi svo í hinu orðinu um vilja til þess að reyna að ná samstöðu um þessi mál.

Mér finnst þetta, herra forseti, svo ég orði það bara eins og það kemur mér fyrir sjónir sem þingmanni og persónu, sérstaklega ómaklegt í garð Frjálslynda flokksins. Eða er það ekki þannig að menn gætu viðurkennt að þar eiga í hlut tveir þingmenn, tveggja manna þingflokkur. Þó að hann hafi vissulega verið kosinn og ekki síst út á málflutning sinn á þessu sviði, þá geri ég ráð fyrir að þeir einstaklingar sem þar eiga í hlut hafi að sjálfsögðu einnig átt ýmis önnur mál á stefnuskrá sinni. Eftir sem áður er feiknarlega ósanngjarnt að reyna að gera lítið úr því framlagi sem sá flokkur, skipaður tveimur þingmönnum, hefur þrátt fyrir allt náð að leggja af mörkum á þessum þingvelli í formi eins og áður segir nokkurra frumvarpa og tillagna gagngert um sjávarútvegsmál.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson var svo óheppinn þegar hann var að afsaka eða útskýra að málatilbúnaður Samfylkingarinnar var heldur seint fram kominn, rétt náði inn áður en fresti til að leggja fram þingmál á þessum vetri lauk, að gefa þá skýringu á að Samfylkingin væri nýr flokkur. Gott og vel. En þau muna stundum eftir því, herra forseti, hv. þm. Samfylkingarinnar að þau séu hvorku meira né minna en 17. Þarna á hins vegar í hlut tveggja manna þingflokkur og ætli það sé ekki þannig að vinnan að þessu leyti hafi mest mætt á hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni einum. Mér finnst þetta lítið, herra forseti, ef ég má leyfa mér að sletta þannig, „solidaritet" í stjórnarandstöðunni að fjalla um hlutina með þessum hætti. Ég verð að segja það alveg eins og er. Öðruvísi mér áður brá hjá þessum köppum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að rekja í sjálfu sér efnisatriði þeirra frumvarpa sem liggja fyrir í þinginu og eru sönnun þess að bæði þingflokkur Frjálslynda flokksins og einnig þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur með fullgildum hætti og ítrekað lagt efnislega hluti inn til umfjöllunar um sjávarútvegsmál. Ég vísa til þess aftur að

auðvitað geti menn þar haft sínar skoðanir á því hvert framlag hvers eins sé og hversu mikilvægt og merkilegt það sé. Menn geta að sjálfsögðu lengi gefið sjálfum sér þá einkunn, eins og mér sýnist Samfylkingin vera að gera, að hún sé best. En það hefur þótt frekar sandkassalegur málflutningur að byggja á einkunnum um eigið ágæti í svona hlutum. Er það ekki pínulítið holt undir að standa í því að gefa sér fyrstu ágætiseinkunn fyrir tillöguflutning sinn? Á hann ekki að tala þannig máli sínu að ekki þurfi höfundana til þess að hæla honum og um leið gera lítið úr málflutningi annarra eins og við höfum orðið vitni að í dag? Það mundi ég ætla.

Í ljós kemur að hin mikla smíð, frv. Samfylkingarinnar, er í sjálfu sér ekki frumlegri hugmynd en að stofni til meira en áratuga gamlar hugmyndir um leiguuppboð á kvóta. Það er það sem þar er á ferðinni. Langt frá því neinar nýjar hugmyndir eða sérstaklega ferskar hafa verið viðraðar í ræðu og riti og jafnvel í þingmálum aftur og aftur í ýmsum útgáfum. Ég minni t.d. á tillögu hv. þáv. þm. Ágústs Einarssonar þar sem gefnir voru ekki færri en sex valmöguleikar á því hvernig mætti hugsa sér að reyna að taka auðlindagjald í sjávarútvegsmálum.

Ég neyðist til þess, herra forseti, — mér þykir eiginlega miður að þurfa að standa í því hér en ég held að ég verði að gera það til þess að jafnt sé á klyfjunum — að fara aðeins í aðalatriðum yfir tillögur Samfylkingarinnar, sérstaklega vegna þess hvernig hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur hamast á þingmálum og stefnumótun annarra flokka í dag. Hann hefur gert það að aðalerindi sínu í ræðustólinn ítrekað að reyna að sjá veikleika í framsetningu eða nálgun annarra manna. Mér sýnist, burt séð frá pólitískum ágreiningi um einstaka þætti eða afstöðu, frv. Samfylkingarinnar harla götótt. Mér sýnast vera í því hlutir sem séu harla lítil framför frá núverandi ástandi.

Því er t.d. haldið fram í 1. tölul. í grg. með frv., þar sem að sögn höfunda er farið yfir meginatriði frv. eins og þar stendur, að úthlutun aflahlutdeildar án endurgjalds verði afnumin í 10 áföngum á 10 árum en útgerðum fiskiskipa þess í stað gefinn kostur á öflun aflahlutdeilda til fimm ára í senn á markaði þar sem öllum útgerðum sambærilegra fiskiskipa er fenginn jafn réttur og nýliðun þar með auðvelduð. Eru innstæður fyrir þessari fullyrðingu? Hvar er hún rökstudd? Er sjálfgefið að uppboð veiðiheimilda þar sem hæstbjóðandi fær auðveldi nýliðun? Eru það nýliðarnir sem eru í sterkastri stöðu til að kaupa sér veiðiheimildir á markaði? Er líklegt að þeir hafi betur í keppni um veiðiheimildir en rótgrónar útgerðir sem eiga öll tækin sem til þarf til að sækja aflann? Liggur það þannig? Hefur kvótakerfið í landbúnaði auðveldað nýliðun? Hefur það að þurfa að kaupa kynslóðirnar út eða borga endurgjald fyrir framleiðslurétt þar reynst sérstaklega hvetjandi til nýliðunar? Ó ekki. Það er akkúrat þvert á móti. Slíkir þröskuldar sem myndast fyrir innkomu í greinina eru auðvitað hamlandi. Réttilega geta menn bent á að ástandið í dag sé líka slæmt. Það er alveg hárrétt. Þar er auðvitað ekki nýliðun. En það er ekki víst að menn væru að fara í betra ástand með þessu. Það er ósannað mál og mér sýnist það að mestu leyti órökstutt í þessari tillögu.

Ég tel sömuleiðis, herra forseti, að það sé mikill veikleiki í þessu frv. Samfylkingarinnar að áfram er gert ráð fyrir að leigja megi veiðiheimildir innan ársins. Það er í áherslum okkar flokks að reyna að losna við það, sem ég hef lengi talið vera mesta siðleysið í núverandi ástandi, þ.e. að menn geti fénýtt þennan afnotarétt af miðunum ár eftir ár án þess að nota hann sjálfir. Sá er munur á slíkri fénýtingu á grundvelli leiguveiðiréttinda innan ársins að það getur þess vegna orðið að eilífðarvél í höndum manna og skapað þeim gróða um ókomin ár ef slíkt er áfram leyft. En varanlega selja menn sig þó ekki út úr greininni eða öðrum rétt sinn nema einu sinni, þá eru þeir líka farnir og hafa misst þá aðstöðu sem þeir voru í. Ég hefði talið, út frá réttlætis- og siðferðissjónarmiðum ef menn vilja sérstaklega leggja þau til grundvallar í nálgun sinni, að það væri einna erfiðast að horfa upp á í þessum efnum.

Sömuleiðis verð ég að segja að frv. Samfylkingarinnar er í reynd í aðalatriðum skrifað upp á óbreytt kvótakerfi að öðru leyti, með þeim frávikum þó sem sótt eru í smiðju til annarra, að flotanum eigi að skipta upp í flokka — atriði sem lá fyrir í tillögum fluttum af þingflokkum Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og Frjálslynda flokksins mörgum vikum áður en frv. Samfylkingarinnar kom fram og ég tel, herra forseti, það að sjálfsögðu góðra gjalda vert — og að reynt verði að útfæra einhvers konar meðaflareglu í aflamarkskerfinu. En í aðalatriðum er skrifað upp á óbreytt kerfi, þ.e. sem slíkt, sem fiskveiðistjórnarkerfi.

Það er reyndar gaman að því, herra forseti, að meðaflareglan, þ.e. sú hugmynd að menn geti landað afla utan kvóta og fengið fyrir hann eitthvert mjög hóflegt endurgjald en hann sé að öðru leyti fénýttur í þarflega hluti, er heldur ekki ný undir sólinni. Ætli sá sem hér talar hafi ekki endurtekið flutt tillögur um nákvæmlega þetta á þingi, gott ef ekki ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson einhvern tíma sameiginlega. Þannig að Samfylkingin hefur ekki heldur í þessu tilfelli fundið upp hjólið. Það var búið að því áður. Þess vegna verð ég að segja það, herra forseti, að þó að ég virði rétt Samfylkingarinnar til að vera ánægð með eigin tillöguflutning — það er allt í góðu lagi af minni hálfu að Samfylkingin hrósi eigin frv., geri hún það bara sem oftast og þeim mun meiri þörf á því sem aðrir gera minna af því — þá ættu menn samt að hafa í hyggju að það er ekki endilega víst að þeir hafi höndlað hinn endanlega sannleika í þessum efnum og þeir hafi einir fundið upp hjólið.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór fram á það við mig að ég skilgreindi viðhorf mín og Vinstri hreyfingar – grænsframboðs til veiðiréttindanna og hvernig við litum á þau mál. Það er sjálfsagt að verða við því. Reyndar gerði hv. þm. Ögmundur Jónasson það ágætlega og ég get í aðalatriðum vísað til þess sem hann sagði. Það er alveg hárrétt að við teljum mjög mikilvægt að skýrt verði að lögum hvers eðlis réttindin eru sem mönnum er úthlutað eða menn fá í hendur. Þá gildir í raun einu hvort þeir hafa leigt þau til sín, keypt þau eða fengið þeim úthlutað án endurgjalds. Eftir sem áður þarf að vera lagalega skýrt hvers eðlis fyrirbærið er. Það held ég að allir hljóti að geta verið sammála um og í þeim efnum nægir að vísa til deilna um nákvæmlega þetta atriði, hvers eðlis kvótinn væri samanber t.d. deilur um veðsetningu eða ekki veðsetningu veiðiheimilda, skattalega meðferð veiðiheimilda, eignfærslu eða ekki eignfærslu í bókhaldi, fyrningu eða ekki fyrningu o.s.frv. Vonandi er öllum hugsandi mönnum ljóst að frá upphafi hefur þetta verið mikill veikleiki í frágangi málsins, að þarna var ekki kveðið skýrt á í lögum um hvers eðlis fyrirbærið væri og hvað fyrir löggjafanum vekti með þessari tilhögun. Þess vegna hafa sprottið deilur, af því hafa orðið dómsmál o.s.frv. Það hefur reyndar aðallega orðið hlutskipti dómstóla að þróa réttinn eða túlka í þessum efnum.

Grundvallarviðhorf okkar er augljóslega og kemur skýrt

fram í tillögum okkar og stefnumótun að hér eigi að vera um afnotarétt að ræða. Við teljum fiskstofnana sameign þjóðarinnar en það sem handhafar nytjaréttar hafi í höndum sé afnotaréttur. Í samræmi við það er afstaða okkar sú að menn eigi ekki að geta leigt öðrum réttinn, þeir eigi að nota hann sjálfir. Í kerfinu á ekki að vera sá möguleiki að menn fái fyrst réttinn í hendur en láti síðan aðra um að nota hann og fénýti með þeim hætti. Það rímar við nafnið og orðið, afnotaréttur. Ég hef þar af leiðandi verið þeirrar skoðunar að á þessu mætti taka og þessa lagalegu eða réttarfarslegu stöðu veiðiheimildanna mætti einnig undirstrika, t.d. með því að fyrna frá handhafanum að tilteknum hundraðshluta ónýttar veiðiheimildir á hverju ári. Það er býsna skyld nálgun þeirri sem Samfylkingin er núna að ramba á, að trappa kerfið út í áföngum. Menn hefðu í gegnum tíðina getað náð sambærilegum árangri t.d. með slíkri fyrningarreglu. Samtök sjómanna hafa lagt hliðstæða hluti til um árabil, að það mætti taka ónýttan rétt eða lesa raunverulega veiðireynslu undanfarinna ára sem tæki þá tillit til þeirra veiðiheimilda sem menn hafa fengið frá öðrum og endurúthluta á grundvelli hennar. Allt eru þetta leiðir að því marki að innbyggja með tilteknum hætti raunveruleikann eða þróun inn í sjálfa nýtingu veiðréttindanna í staðinn fyrir að hin upphaflega úthlutun ein ráði endurúthlutun ár eftir ár. Þar af leiðandi tel ég að þetta mundi styðji hvað annað þegar svona er frá þessu gengið.

Varðandi það sem að öðru leyti stendur um úthlutunina í samþykktum okkar geri ég ráð fyrir því að hv. þm. Jóhann Ársælsson geti lesið það eins og aðrir. Þar er tekið nákvæmlega þannig til orða. Ég held að ég muni það orðrétt að á meðan við lýði sé úthlutun varanlegra veiðiheimilda eins og er til staðar í dag þá sé beitt m.a. skattalegum aðferðum til þess að gera gróða, sérstaklega af fiskveiðistjórnarkerfinu sem slíku, upptækan í gegnum skattkerfið.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson saknar þess mjög að sá sem hér talar eða aðrir á hans vegum skuli ekki hafa flutt um þetta frv. á þessum vetri. Það hef ég ekki gert, það er hárrétt. Það getur hv. þm. talið til dugnaðarleysis af minni hálfu ef honum sýnist svo. Slíkar tillögur liggja að vísu fyrir í eldra frv., líklega tveggja ára gömlu, og til viðbótar liggur fyrir mikil vinna sem m.a. ég hef staðið fyrir að væri unnin og embætti ríkisskattstjóra lagði í fyrir um einu og hálfu ári síðan. Til er frá ríkisskattstjóraembættinu sjö blaðsíðna greinargerð þar sem farið er yfir álitamál sem þessu tengjast. Þetta mál er þó ekki meira einkamál mitt en svo að nærri lætur að sjálfur Framsfl. hafi gert þetta að kosningastefnuskrá sinni fyrir síðustu alþingiskosningar, að m.a. þetta ætti að skoða.

Ég spyr hv. þm. Jóhann Ársælsson á móti: Af hverju ekki? Sakar að fara yfir það hvort hægt væri að beita þessum aðferðum á meðan þetta ástand varir? Eða finnst mönnum hitt betra að koma með upphlaup ár eftir ár í hvert skipti sem einhver selur sig út úr greininni, hneykslast á gróðanum, hvort sem það eru Guðbjargarmenn í dag eða Samherjafrændi í gær og gera svo ekki neitt? Þannig hefur ástandið verið. Má ég biðja um skilning á því að þó sé virðingarvert að reyna eitthvað í þessum efnum eða er ekki svo? Er betra að láta sitja við upphlaupin ein? Ég hef þó lagt vinnu í, sem er meira held ég en aðrir geta sagt, að skoða hvort þarna væru færar leiðir. Ég hef aldrei haldið því fram að þetta væri einfalt. Það gerir enginn maður. Það hefur heldur enginn, nema þá hv. þm. Jóhann Ársælsson, sérfræðingur í skattarétti, haldið því fram að þetta væri ómögulegt. Ríkisskattstjóraembættið og sérfræðingar þess halda því ekki fram. Þeir benda á ákveðin vandamál. Þeir benda á að tilteknir hlutir séu flóknir en í greinargerð þeirra er hvergi sagt að það sé óyfirstíganlegt vandamál.

Hvað þýðir svo þetta orðalag af okkar hálfu til að útskýra það nú „á meðan þetta ástand varir"? Það þýðir augljóslega, og er á tærri íslensku, að með þessu sé ekki skrifað upp á þetta fyrirkomulag til frambúðar. Það gerum við ekki, þannig að hv. þm. Jóhann Ársælsson og aðrir tilheyrendur hafi það á hreinu. Það gerum við ekki. Við höfum þvert á móti víða reifað hugmyndir um að reyna að komast frá þessu með ýmsum hætti. Þar eru ýmsar leiðir mögulegar. Við höfðum ekki lokað neinum dyrum í því efni þó að það sé ekki sérstakt sáluhjálparatriði okkar nema síður sé að þetta gerist í gegnum leiguúthlutun eða einhverjar slíkar aðferðir. Við höfum ekki hafnað því.

Við höfum ekki hafnað því að skoða neinar mögulegar leiðir til að ná betri árangri í þessum efnum. Það virðist mér hins vegar ýmsir þingmenn Samfylkingarinnar gera, a.m.k. núna í umræðunni. Þeir tala af hroka um þessi mál eins og þeir séu einir orðnir handhafar hinnar fullkomnu leiðar í þessum efnum. Ég held að það sé misskilningur. Mér liggur við að segja því miður, því ef svo væri þá væru Íslendingar aldeilis á grænni grein, ef Samfylkingin hefði bara fundið stórasannleik. Menn töldu sig austar á jarðkúlunni stundum hafa fundið stórasannleik fyrir nokkrum áratugum. Ég hélt að sá tími væri liðinn nema hann sé upprunninn á nýjan leik í herbúðum Samfylkingarinnar, að þar gangi nú stórisannleikur í sjávarútvegsmálum ljósum logum. Það væru mikil tíðindi.

Ég verð að lokum að segja fyrir mitt leyti, herra forseti, að ég hef aldrei getað skrifað upp á þá uppgjafarleið sem mér finnst fólgin í þeirri trú að markaðurinn leysi þetta mál í eitt skipti fyrir öll, sem í raun er útgangspunktur málflutnings Samfylkingarinnar ef ég má leyfa mér að túlka það. Það er vissulega mín túlkun á því samlagi og skal tekið fram. Mér finnst satt að segja sögulega séð dálítið athyglisvert að nú skulum við eiga orðaskipti, ég og félagi minn fyrrum, hv. þm. Jóhann Ársælsson, undir þessum formerkjum. Vissulega heyrði ég fyrirvarana sem hv. þm. hafði eða mér liggur við að orða það á minn hátt, þær afsakanir sem hv. þm. hafði uppi gagnvart því að gefast upp fyrir því að markaðsöflin ein gætu þarna komið til bjargar.

Ég hef t.d. ekki séð það sem sérstaklega geðfellt fyrirkomulag ef við hugsum okkur nú að smábáta- og bátaflotinn yrði sérstakur hópur innan fiskveiðistjórnarkerfisins, síðan yrði þeim aðilum, einyrkjum og fjölskylduútgerðum sigað saman í uppboði á veiðiheimildum. Ég get hugsað mér margar geðfelldari aðferðir til að reyna að jafna þeim réttindum á slíkan hóp og tryggja atvinnuréttindi manna, stöðugleika og góða afkomu en að siga markaðinum á þá. Ég hygg að til þess geti ýmsar leiðir verið færar. Hvers vegna skyldi Ísland ekki geta skoðað leiðir sem farnar eru víða annars staðar? Það sé litið til þess að tryggja ákveðið jafnræði, ekki í skilningi þess að þær geti keppt á markaði því að það sigra ekki allir á markaðnum. Það vinna ekki allir í því lottói. Það verða líka einhverjir undir. Hvar er jafnaðarstefnan gagnvart þeim? Það er líka hægt að hugsa sér að einhver jöfnuður sé ástundaður í því að úthluta tilteknum réttindum þannig að sæmileg afkoma fyrir viðkomandi útgerð, einyrkja eða fjölskylduútgerð sé tryggð, t.d. í því að hverjum aðila sé tryggt eitthvað af ákveðnu lágmarki.

Einhvern tíma hefði mönnum dottið það í hug í pólitískum umræðum, sérstaklega þeim sem kenna sig við jafnaðarstefnu eða vinstrimennsku, að kannski mætti hugsa sér að reyna að útdeila takmörkuðum gæðum þannig að allir fengju eitthvað en ekki sumir allt og aðrir ekkert. En það er einu sinni eðli uppboða og markaðarins að sú verður iðulega niðurstaðan. Ég held að þessi aðferð sé miklu sanngjarnari þegar í hlut eiga orðið stærri fyrirtæki og öflugri sem standa þó jafnar að vígi og hafa yfir meira fjármagni að ráða til að keppa um gæðin en t.d. þessir minni aðilar. Er endilega víst að ástandið í sjávarplássunum batni jafnvel þó að sveitarfélögin eða byggðarlögin fengju með einhverjum hætti hlutdeild í þessum réttindum til úthlutunar ef þeim verður svo sigað saman sem búa innan byggðarlagsins á uppboði til að keppa þannig að sumir fá en aðrir ekki o.s.frv.?

Og hverjir bjóða í í næstu umferð? Halda menn að þegar réttindunum er úthlutað til fimm ára, ef menn fá þetta stóran hlut til langs tíma á hverju ári, að þeir sem engum réttindum náðu í tvö, þrjú ár og sátu uppi veiðiheimildalausir, bjóði í eftir tvö ár, þrjú, fimm ár eða tíu ár? Nei, þeir verða ekki til þess að þeir verða augljóslega að hætta rekstri ef þeir fá engar veiðiheimildir. Og hverjir eru líklegastir til að fá ekki í fyrstu umferð? Það eru þeir sem eru fjárhagslega veikastir. Því að jafnvel möguleikar manna til þess að sækja síðan á grundvelli hagkvæmni ráða ekki einir ferðinni í útboði í upphafi. Þá getur sú aðstaða sem menn eru í í augnablikinu ráðið mestu um hverjir fá og hverjir ekki.

Ætli það sé tilviljun að t.d. það fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi sem fyrst tók undir hugmyndir um uppboð á veiðiheimildum og auðlindaskatt er ríkasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins eða var a.m.k. þá, Grandi hf. í Reykjavík? Gæti verið að Grandi hafi hugsað sem svo: Jú, við verðum alltaf ofan á. Það er allt í lagi með okkur þó tekinn verði einhver auðlindaskattur og gildir einu hvernig það verður því að við höfum fjármagnið á bak við okkur. Það verða aðrir sem tapa. (Gripið fram í.) Það kann að vera að það hafi ekki verið uppboð en hitt er rétt, það man ég, að þetta fyrirtæki eða forráðamenn þess urðu fyrstir manna held ég í íslenskum sjávarútvegi — og tiltölulega einir hingað til — til þess að taka undir það að þetta kynni nú að vera athugandi kostur og ýmsum fannst það ekki tilviljun. Það voru ekki einyrkjar eða kvótalitlar fjölskylduútgerðir sem sjá ljósið í því að láta markaðsöflin ein ráða útdeilingu þessara réttinda.

Hitt er auðvitað rétt að við lifum í markaðsvæddu þjóðfélagi og alltaf sækir meira og meira í þá áttina. Þess vegna er ósköp eðlilegt að menn spyrji: Verður undan því komist að einnig á þessu sviði verði þau lögmál að einhverju leyti ríkjandi? Og auðvitað eru þau það í dag, bara á annan hátt en þann að veiðiréttindin sjálf sem slík séu keypt á uppboði. Ætli markaðslögmálin hafi nú ekki sitt að segja í þeim sviptingum í atvinnulífinu og í sjávarútveginum sem ræður lífi og dauða fyrirtækja í dag, flytja til veiðiheimildir, sameina og sundra fyrirtækjum o.s.frv.? Það er mér nær að halda.

Að lokum, herra forseti, þá finnst mér það þurfi kannski að koma aðeins inn í umræðuna, og það á erindi við frv. hæstv. sjútvrh., hvernig staðan nákvæmlega er hvað varðar vinnu að sjávarútvegsmálum og þá viðleitni sem við skulum vona að sé uppi og vilji sé til af allra hálfu að ná einhverjum árangri í því efni, að sætta þjóðina betur við þá sjávarútvegsstefnu sem hér er framfylgt. Jú, það er þannig að nú ættu að vera að baki þau málaferli sem að ýmissa sögn hafa truflað vinnuferlið fram á síðustu daga og menn geta þá snúið sér að því verkefni sem til hefur staðið að vinna, annars vegar í sérstakri nefnd, að fara yfir alla þessa auðlindagjaldsþætti málsins í svonefndri auðlindanefnd. Sú nefnd var sett á laggirnar á grundvelli tillögu sem talsmaður Samfylkingarinnar svonefndur flutti. Og ég veit ekki betur en þeir flokkar sem að Samfylkingunni standa eigi þar frekar þrjá en tvo fulltrúa. Sjónarmið þeirra ættu því að vera sæmilega dekkuð þar á bæ. Mér er ekki kunnugt um annað en að Samfylkingin taki áfram þátt í því nefndarstarfi. Ég hlýt því að líta svo á að í því felist stuðningur við það að það sé verið að vinna á þeim vettvangi af hálfu Samfylkingarinnar.

Í öðru lagi er að störfum sérstök nefnd skipuð af sjútvrh. með fulltrúum fjögurra af fimm þingflokkum, þar með talið fulltrúum Samfylkingarinnar, að vinna að endurskoðun á heildarlögum um stjórn fiskveiða. Gildir þá ekki sama um það að einnig að því leyti til er Samfylkingin þátttakandi, samþykkur þátttakandi í vinnuferli sem er í gangi? Þetta eru staðreyndir á málinu, herra forseti, en ekki uppdiktun af minni hálfu.

Auðvitað ber að skoða málflutning og tillöguflutning þingmanna og þingflokka í ljósi m.a. þessara upplýsinga sem liggja fyrir. Og í samræmi við það er að sjálfsögðu að nokkru leyti tillöguflutningur okkar, bæði þingflokkanna eða þingmanna sitt í hvoru lagi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og Frjálslynda flokknum, og eins það sem þessir þingflokkar hafa sameinast um. Hann tekur að sjálfsögðu mið af staðreyndum málsins og þeim veruleika sem uppi er og því vinnuferli sem í gangi er. Nema hvað? Við erum þátttakendur í því að hluta til, höfum fallist á að skipa fulltrúa okkar í endurskoðunarnefnd laga um stjórn fiskveiða þar sem er hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson. Ég hélt satt best að segja að sama ætti við um þingflokk Samfylkingarinnar.

Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga eftir sem áður og fagnaðarefni að Samfylkingin sýni sig og geri í frumvarpsformi útfærðar tillögur sínar um ákveðna þætti málsins. Það er bara hið besta mál. Það hefur ekki staðið til og mun ekki standa til af minni hálfu að amast við því sem slíku. En ég get að sjálfsögðu farið út í að segja á þeim kost og löst ef eftir því er sérstaklega óskað, eins og hér var reyndar gert. Ég tel það frv. götótt og langt frá því að ná utan um málið í heild sinni og langt frá því að vera nokkra patentlausn. Ég sé í því ákveðna þætti sem ég er ekki sammála og sé ekki sem mikla framför frá núgildandi ástandi satt best að segja, herra forseti. Sérstaklega er það í raun, svo ég ítreki það og undirstriki, sú útfærsla sem mér kom mjög á óvart, að Samfylkingin gerir ráð fyrir áframhaldandi leigufyrirkomulagi og að því ég fæ best séð fullkomlega frjálsum eftirmarkaði með leiguheimildir í kjölfar uppboðanna innan hvers árs. Það hélt ég að væri hlutur sem menn vildu koma út úr heiminum og öllu því sem leigunni hefur fylgt, því braski, þeim deilum sjómanna og útvegsmanna o.s.frv. sem eins og kunnugt er hafa einkum og sérstaklega tilheyrt því fyrirkomulagi og ég held að mestur ófriður hafi staðið um í raun og veru innan kerfisins allt frá því að þau mistök voru gerð að setja þann möguleika inn í lögin.

Herra forseti. Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð. Mér hefur komið málflutningur þingmanna Samfylkingarinnar á óvart, já, það er rétt, undir forustu hv. þingflokksformanns Rannveigar Guðmundsdóttur. Það er frekar óvenjulegt og óheppbundið að stjórnarandstöðuflokkar geri sérstaklega út á það og geri sér far um að gera lítið úr tillöguflutningi og málflutningi annarra þingmanna eða

þingflokka í stjórnarandstöðunni. Auðvitað hafa menn fullan rétt til að gagnrýna það sem þeim finnst vera gagnrýnivert en það hefur vakið athygli mína, og ég tel að ég geti talað þar af nokkurri reynslu, að það er nokkuð óvenjulegt hvernig þingmenn Samfylkingarinnar hafa talað hér í dag og hv. formaður þingflokksins í sjónvarpinu í gær. Oftar en hitt hefur verið venjan að þingmenn stjórnarandstöðu snúi frekar bökum saman og beini kröftunum að því að gagnrýna framgöngu stjórnvalda eftir því sem hún er gagnrýniverð og láti frekar kyrrt liggja í málflutningi eða tillöguflutningi félaga sinna í stjórnarandstöðunni þar sem þeir eru þá kannski ekki fullkomlega sáttir við.

Ég minni t.d. á að með afar fáum undantekningum sitja menn hjá í atkvæðagreiðslum við brtt. eða málflutning annarra stjórnarandstöðuþingmanna eða flokka nema sérstök tilefni eða ástæður gefist til þess að beita sér sérstaklega gegn þeim.

Allt er þetta auðvitað breytingum undirorpið og kannski erum við að einhverju leyti að upplifa í þessum efnum nýja tíma og þá það. Þá mæta menn því eins og öðru sem á vegi manna verður. En ég verð að segja, herra forseti, að ég átti ekki von á þessu og hefði talið að hitt væri skynsamlegra og þarfara að menn leituðu meira að hinu sem menn gætu sameinast um. Það er þrátt fyrir allt ýmislegt eins og hér hefur verið bent á og væri ágætt veganesti, held ég, í talsverða málefnalega samstöðu þó að vissulega greini menn á um ýmislegt. Einhvern veginn hefur þjóðinni og okkur stjórnmálamönnunum ekki tekist svo vel á þessum hátt í 17 árum sem liðin eru frá því að svokallað kvótakerfi var hér innleitt að ná samstöðu um það og betrumbæta eða finna annað í staðinn sem menn væru ánægðari með, að auðvelt sé að rökstyðja með vísan til sögunnar að skortur sé á því að menn lesi í sundur ágreininginn um hlutina, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði sér sérstaklega far um að gera í máli sínu hér fyrr í dag.

[18:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vitanlega talar hver flokkur fyrir tillögum sínum, reynir að afla þeim fylgis og fær við þær undirtektir eða ekki. Um það erum við hv. þm. væntanlega sammála.

Sumt annað í málflutningi þingmannsins erum við svo sannarlega ekki sammála um. Satt best að segja, virðulegi forseti, hlýtur vinstri grænum að líða eitthvað illa vegna þess að með ólíkindum er hvernig málflutningur þeirra hefur verið hér í dag. Mér finnst það ágætt að hv. þm. hefur haft fyrir því að fá útskrift á þættinum í gær og ég legg til og vona að hann fái útskrift af öllum þættinum.

Hér hafa þingmenn viljandi valið að mistúlka ummæli mín og láta eins og þau eigi við allar umræður flokkanna um sjávarútvegsmál. Í útskriftinni kemur fram, og hv. þm. var að lesa það, að ég fékk spurningu um utandagskrárumræðu um dóminn, um dóm sem lýtur að úthlutun veiðiheimilda og ranglætinu sem er að kljúfa þjóðina niður í rót. Þingmenn eru búnir að margfara yfir tillögur sínar hér, þær tillögur sem ég var að vísa til og hvaða hugmyndir sé að finna í grg. með þáltill. sem er um nefndarskipun. Og það var sú tillaga sem ég var að vísa til.

Þeir hv. þm. hafa sagt um orð mín að þau séu ósanngjörn, röng, ósannindi, og mér finnst þetta alveg fráleit viðbrögð. Ég hef ekkert, herra forseti, út á umfjöllun Guðjóns A. Kristjánssonar að setja. Ég benti á að þeir ættu ekki fulltrúa í þessum umræðuþætti og mér finnst viðbrögð hans bara eðlileg.

En stjórnarandstaðan er ekki flokkur. (Forseti hringir.) Við höfum sýnt góða samstöðu, viljað samstarf á flestum sviðum og ég tek því mjög illa hvað (Forseti hringir.) hv. þm. er að gefa í skyn þegar hann talar hérna um „solidaritet" á þann hátt sem hann gerir.

[18:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún snýst nú samt.

[18:44]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki stundað það að gera lítið úr tillögum annarra í sjávarútvegsmálum. Ég ætla að láta það duga sem fullyrðingu.

Hv. þm. sagði að ég hefði verið óheppinn að tala um að Samfylkingin væri ungur flokkur og var í rauninni að snúa út úr því sem ég sagði. Ég sagði að Samfylkingin væri hér á fyrsta vetri en 17 manna þingflokkur hefði samt náð saman um þær tillögur sem liggja hér fyrir. Ég býst ekki við að það séu margir þingflokkar sem hafa náð þeim árangri. Sú tillaga er í heilu lagi og heildarniðurstaða sem þingflokkurinn komst að. Það getur vel verið að einhver göt séu á henni og það kemur bara í ljós hvort þeir sem eru ekki hrifnir af henni finna þau.

Hv. þm. fór síðan að ræða um einstök atriði og er auðvitað ekki langur tími til að svara fyrir þau hér núna. Leiga innan ársins fannst honum vera af hinu vonda. Vissulega er hægt að fara aðrar leiðir þar en það varð niðurstaðan að hafa hana eins og hún er í hinu kerfinu á meðan þessi aðlögunartími gengur yfir og ég benti á það fyrr í dag en hv. þm. minnti samt á tillögur sínar um að sala á varanlegum veiðiheimildum komi til greina. En það mál sem við erum að taka á í tillögu okkar er einmitt aðalátakamálið í þessu, þ.e. að uppræta eignarhaldið á veiðiheimildunum.

Hv. þm. talar um að skilgreina þennan afnotarétt og banna slíka leigu, það megi sem sagt ekki fénýta þetta með leigu, en hann vill að hægt sé að selja þetta.

Síðan kom að öðru sem ég vil taka undir, þar er örugglega flötur til að ná saman um, það er úreldingarflöturinn á veiðiréttindum. Ég tel að það hafi alltaf verið góð hugmynd að úrelda veiðiréttinn og færa veiðiréttinn þannig til. Ég tek undir með hv. þm. hvað þetta varðar, að þar er einmitt flötur til sátta í málinu og það er einmitt sú aðferð sem við bendum á.

[18:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér lítið frv. um að fresta ákvæðum laga um eitt ár. Þessi umræða hefur snúist upp í eins konar eldhúsdagsumræður um fiskveiðistjórnarkerfið og alveg sérstaklega eignarhald á kvóta. Deilan hefur snúist milli stjórnarandstöðuflokkanna um hver eigi mál með lægsta málsnúmeri og hver hafi fyrstur komið fram með tillögur til lausnar á þeim vanda.

Ég vil benda á að ég hef sjálfur flutt tillögu í tvígang og ég hygg að tillaga mín sem er nokkuð vel útfærð sé með lægsta númeri sem nú fyrirfinnst. (**SJS:** Þá vinnur þú.) Þá vinn ég sem sagt.

En ég er með spurningu til hv. þm. Hann sagði að uppboð á veiðiheimildum, þ.e. markaðsvæðing á árlegum veiðiheimildum, mundi ekki auka nýliðun. Þetta er einmitt það sem

ég lagði til, að dreifa ætti kvóta á alla þjóðina og síðan yrðu allar árlegar veiðiheimildir markaðsvæddar. Nú er það svo að hagnaður best reknu fyrirtækjanna í greininni er um 10–30 kr. á kg þorskígildis sem þau mega veiða. Markaðsverðið aftur á móti á þessum sömu þorskígildiskílóum er í dag yfir 100 kr. á kg. Telur hv. þm. að Grandi t.d. gæti nokkurn tíma boðið meira en 20 kr. á kg nema hann færi að skila tapi og hvernig telur hv. þm. að hluthafar Granda mundu líta til þess?

Þá er önnur spurning. Hv. þm. talaði um að hætta ætti eiginlega framsali, ég skildi það þannig að hætta ætti að leyfa framsal. Er hann með því að þvinga menn til að gera út sama dallinn, alveg sama hvað hann er orðinn gamall og óhagkvæmur um aldur og ævi eða er hv. þm. að hvetja menn til að sameina enn frekar eða ætlar hann að banna framsal milli skipa hjá sama útgerðaraðila?

[18:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru nokkuð margar spurningar og ég efast um að ég ráði við að svara þeim öllum. Ég tel það síður en svo sjálfgefið að uppboð veiðiheimilda auðveldi nýliðun í greininni eða nýjum aðilum aðgang. Það fer að vísu augljóslega mjög mikið eftir því hvernig að öllu er staðið. Það fer t.d. eftir því í hversu stórum einingum boðið er upp og hvort það er skilyrt á einhvern hátt. En uppboð sem væri þannig að hæstbjóðandi fengi eins mikið í einingum og hann vildi kaupa er augljóslega ekki hagstætt nýjum og litlum aðilum. Það held ég að hv. þm. hljóti að viðurkenna. Sérstaklega ekki ef frjáls eftirmarkaður á síðan að gilda þannig að þeir sem keyptu í stórum slöttum til sín í frumkaupi gætu síðan endurleigt eftir atvikum það sem þeir þyrftu ekki á að halda sjálfir eða notuðu sjálfir og haft jafnvel hagnað af. Það eru því ótal álitamál af því tagi sem fyrst þarf að svara áður en ég tel að innstæður séu fyrir fullyrðingum um að þetta auðveldi nýliðun. Almennt talað gera þröskuldar af þessu tagi það ekki, sem menn þurfa að klifra yfir til að komast inn í grein, hvort sem það er sjávarútvegur eða landbúnaður eða einhverjar aðrar greinar. Það er held ég nokkuð augljóst mál.

Hverjir stæðu síðan best undir hæsta verðinu þegar kemur að arðsemi veiðanna í raun og veru? Auðvitað er hægt að skoða það og deila um á ýmsan hátt. Vandinn er bara sá, hv. þm., að ekki er endilega víst, herra forseti, að það ráði mestu eða eingöngu í frumkaupunum vegna þess að það er augljóst mál að fyrirtækin munu líta á þetta sem framtíðarfjárfestingu, að verða á meðal þeirra sem ná til sín réttindum í fyrstu uppboðunum vegna þess að ef þau gera það ekki eru þau úr leik. Menn munu því verða tilbúnir til að færa mikinn fórnarkostnað í byrjun til þess að verða innan kerfisins þegar frá líður á grundvelli þessara uppboða og þar standa fjársterkustu aðilarnir best að vígi.

[18:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. að það skiptir verulegu máli hvernig staðið er að uppboðunum. Þess vegna hef ég dálítinn ímugust á því að ríkið fari að bjóða upp í stórum slumpum. Hins vegar ef uppboðið yrði jafnt og samfellt allt árið, t.d. ef einstaklingar færu að selja hlut sinn í veiðiheimildum þjóðarinnar, þá mundi alltaf vera til kvóti alla daga og verðið mundi fara niður í 20–30 kr. því meira gæti Grandi eða best reknu fyrirtækin ekki greitt nema kannski í 1–2 ár. Það mundi leiða til þess að trillukarlinn á Vestfjörðum mundi geta keypt kvóta því að hann getur auðveldlega veitt fisk og borgað fyrir 20 kr. á kg. Það er þar sem nýliðunin kæmi fram, bæði á Vestfjörðum og annars staðar þar sem nýir menn gætu komið inn og þyrftu ekki að borga 100 kr. á hvert veitt kg eins og það er í dag.

Þetta er einmitt kosturinn við það ef markaðsvæðingin yrði fljótt mjög umtalsverð. Báðar þær tillögur sem hér hafa verið ræddar, þ.e. tillaga Samfylkingarinnar og sú tillaga sem ég lagði til, ganga út á að markaðsvæðingin verði orðin nokkuð mikil innan ekki langs tíma, 20–30% af öllum árlegum veiðiheimildum verði komnar á markað innan ekki langs tíma sem gerir það að verkum að verðið mun lækka niður í 20–30 kr. nokkuð hratt. Þá geta ungir menn í Vestmannaeyjum, Vestfjörðum, Austfjörðum eða í Hrísey eða hvar sem er, hafið útgerð.

[18:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram allítarleg umræða um ýmislegt sem snýr að stjórn fiskveiða og tengst hefur þessu frv. og þeirri umræðu sem hér hefur farið fram í dag almennt um fiskveiðistjórnarmálin. Það eru nokkur atriði sem væri kannski rétt að koma enn nánar að varðandi þá tillögu sem kemur frá meiri hlutanum. Í nál. meiri hlutans segir m.a., með leyfi forseta:

„Loks er lagt til að heimilað verði, með ákveðnum skilyrðum, að flutt verði krókaaflahlutdeild af báti sem ekki hefur veiðileyfi með krókaaflamarki á fiskveiðiárinu 2000/2001 til báts sem slíkt leyfi hefur.“ — Með ákveðnum skilyrðum.

Ég hef ekki getað séð nákvæmlega skilgreininguna á þessum ákveðnu skilyrðum. Ég hef áður bent á varðandi þetta frv. að opna stækkunarmöguleika bátanna án þess að hafa fyrir því neinn vegvísi hversu mikið megi stækka bátana sem fara í krókaaflahlutdeildarkerfið. Mér finnst heldur ekki skýrt þarna að það sé lokuð leið að færa til aflamörk eins og má lesa út úr tillögunni. A.m.k. segir í nál. meiri hlutans: „Loks er lagt til að heimilað verði, með ákveðnum skilyrðum, að flutt verði ...“ o.s.frv. Ég hef ekki séð það nákvæmlega hver þessi ákveðnu skilyrði væru til að menn gætu farið að sameina heimildir því að áður í tillögunni sagði eingöngu, að menn gætu tekið með sér þann rétt sem þeir hefðu og hefðu haft fyrir 1. apríl árið 2000. Ég hefði viljað spyrja formann eða varaformann nefndarinnar eða einhvern annan úr meiri hluta sjútvn. hvaða skýring væri á þeim texta sem kemur fram í nál., hvað það merkti og hvaða skilyrði væri þá á bak við „með ákveðnum skilyrðum“.

Ég vil mælast til þess við félaga mína í sjútvn. að þeir skoði þau mál sem við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson höfum lagt fram sem brtt. í meðferð þessa máls. Hitt liggur eftir sem áður fyrir að í frv. sem við tökum þessar brtt. úr skildum við eftir viljandi eina grein. Hver var hún? Hún var um að sett yrðu sólarlagsákvæði í lögin og lögin féllu úr gildi.

Við höfum ekki flutt það sem brtt. við málið og hyggjumst láta á það reyna í sjútvn. að menn fallist á að setja sólarlagsákvæði í lögin. Það kemur þá til þess hvort það fæst eða ekki og það er auðvitað spurning, miðað við yfirlýsingu sjútvrh. í gær að bæta við einu ári í endurskoðunartímann, hvort stjórnarflokkarnir væru þá tilleiðanlegir að setja sólarlagsákvæði við árið 2002. Það lægi þá bara alveg skýrt fyrir að núverandi löggjöf eins og hún er úr garði gerð félli úr gildi og önnur tæki við. Það hefur ekkert komið fram um það í máli manna í dag að slíkt væri inni í myndinni. Þess vegna vil ég við lok umræðunnar vekja athygli á því að við

komum ekki með sólarlagsákvæði sem brtt. við málið vegna þess að við munum að sjálfsögðu óska eftir því að tekin verði afstaða til þess í sjútvn. ekki síst í ljósi ummæla hæstv. sjútvrh., hvort sólarlagsákvæðið eigi að ná að ganga fram og hvort ráðherrann vilji þá standa við það að taka það inn í lög þó það verði árið 2002.

Að gefnu tilefni dreg ég það einnig fram að þetta ákvæði var í frv. okkar um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða því að varla verður skýrar sagt að menn ætli að breyta lögum um stjórn fiskveiða en að leggja til að núverandi löggjöf falli úr gildi. Í því sambandi vil ég vitna til ummæla sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir viðhafði um að við hefðum ekki lagt til beinar tillögur um breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum. Við lögðum beinlínis til að þau féllu úr gildi. (Gripið fram í.) Í vegvísi okkar höfum við lýst hvernig við vildum vinna að því að búa til nýja löggjöf sem tæki við. Það getur varla hafa farið fram hjá jafnskýrum manni og hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að slíkur vegvísir hafði verið settur á blað og honum sendur til yfirlestrar í janúar.

Ef ég reyni að draga þá umræðu saman sem hér hefur farið fram í dag, þá finnst mér í raun og veru að við í stjórnarandstöðuflokkunum eigum miklu fleira sameiginlegt í að finna farveg út úr þessu máli en umræðan hér í dag hefur kannski gefið til kynna og þær deilur sem menn hafa verið að fjalla um. Ég held að þetta sé spurning um að stjórnarandstaðan ræði saman og reyni að nálgast sjónarmið hvers annars í þessu máli. Ég á mér þann draum að hægt verði að komast út úr því braskkerfi sem við erum í. Það er eitt höfuðmálið fyrir íslenska þjóð til framtíðar. Ég orðaði það svo í dag og ætla að endurtaka það að í mínum huga eigum við bara tvær leiðir. Við eigum það sem ég kalla skynsemisleið sem er að vinna sig í áföngum út úr þessu kerfi og einhvers konar tillögugerð hefur verið sett fram af öllum stjórnarandstöðuflokkunum, hvort sem það hefur birst í þáltill. eða frv. Samfylkingarinnar, að komast út úr þessu kerfi. Ég held að það sé skynsamlegt. En þá þarf því braski að linna, helst sem allra fyrst, sem verið hefur í gangi og skipt hefur þjóðinni í þær miklu fylkingar og illdeilur sem átt hafa sér stað um mörg undanfarin ár. Það verður engin sátt um að braskið haldi áfram með þeim hætti sem verið hefur á undanförnum árum. Og að hvert verkfallið reki annað og vinnudeilur verði uppi aðallega við samtök sjómanna um hvernig veiðiréttirinn hefur gengið kaupum og sölum og hvernig leiguréttirinn hefur sett menn í ákveðna stöðu um að samningsbundin og lögbundin kjör þeirra hafi verið notuð.

Þetta held ég að sé hið raunverulega stóra verkefni stjórnarandstöðunnar. Eftir því sem stjórnarandstaðan getur nálgast meira innbyrðis í þessu máli, því meiri líkur eru til þess að sameiginleg vigt hennar hafi áhrif á ríkisstjórnarflokkana í málinu, vonandi með stuðningi þjóðarinnar, því að a.m.k. í skoðanakönnunum hefur slíkur stuðningur komið fram á þann veg að breyta þurfi og hverfa frá þessum lögum eins og þau eru útfærð. Ég held að draga megi umræðuna þannig saman að stjórnarandstaðan hafi öll sagt að það væri óviðunandi að hafa til framtíðar litið óbreytt lög um stjórn fiskveiða.

Mér finnst hins vegar að í tillögum Samfylkingarinnar sé boðið upp í þann dans að braska í 10 ár í viðbót og það finnst mér óásættanlegt.

Að svo mæltu vil ég segja að ég geri mér nokkrar vonir eftir að hafa hlustað á orð hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að líta þurfi til réttinda byggðanna og að engin sátt verði um að hér verði bjargarlausar byggðir, kvótalausar eða kvótalitlar, þar sem atvinnan og afkomuréttur fólksins eigi algerlega undir högg að sækja. Ég geri mér nokkrar vonir um að bæði í Framsfl. og í Sjálfstfl. séu menn sem gætu fallist á þá hugmynd að afnema kvótabraskið. Það hefur komið fram í tillögum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar. Ég geri mér því nokkrar vonir um að ef menn næðu saman um skynsamlega stefnumótun, þá færi að vegast á hvorum megin slíkur málflutningur yrði afgreiddur í þinginu. A.m.k. ef marka má það sem menn hafa verið að segja í umræðu um stjórn fiskveiða á undanförnum dögum, vikum og missirum.

Ég vil svo í lokin gefa stjórnarmeirihlutanum kost á því að ræða tillögur okkar með því að draga þær til baka til 3. umr. Ég vonast til þess að á komandi nefndardögum gefi menn sér tíma til að ræða þessi mál meira og betur en gert hefur verið og það komi þá í ljós hvort stjórnarmeirihlutinn vill nálgast eitthvað þá framsetningu sem m.a. felst í brtt. þeim sem við höfum kynnt. Ég mun þess vegna leggja til, hæstv. forseti, að brtt. verði dregnar aftur til 3. umr. og vonast til þess að þær fái frekari umfjöllun í sjútvn.

[19:03]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér það að taka þátt í þessari umræðu umfram það sem ég hafði gert með andsvörum. En vegna þess hvernig hún hefur þróast og vegna orða sem hér hafa fallið held ég að óeðlilegt væri að sitja algerlega hjá. Ég bað þess vegna um orðið í ræðu.

Ég vil í fyrsta lagi, herra forseti, fara yfir það nefndarstarf sem hér hefur verið til umræðu, vegna orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það er alveg rétt að sú sem hér stendur á sæti í svokallaðri auðlindanefnd. Ég var kosin í hana af hálfu Alþingis, ekki sem fulltrúi Samfylkingarinnar heldur sem fulltrúi Alþingis, einn af níu. Í þessari nefnd situr fólk víða að úr samfélaginu, allt kosið af Alþingi, ekki fyrir sérstaka þingflokka. Ég held að sé rétt að þetta sé alveg skýrt. Þingflokkurinn kýs ekki í svona nefnd heldur er það Alþingi sem kýs, a.m.k. í þessu tilfelli. Ég sit í þessari nefnd kosin af Alþingi en ekki kosin sem fulltrúi Samfylkingarinnar.

Mér finnst líka mikilvægt, vegna þess hvernig menn hafa talað hér um stefnur og málamiðlanir í dag, að fram komi að fyrir þá sem sitja í nefndum og eru í pólitískri vinnu er mikilvægt að það liggi algerlega ljóst fyrir hvaða stefnu þeirra flokkur hefur í málum. Menn geta ekki gert málamiðlun ef þeir hafa ekki stefnu. Stefna getur aldrei falist í málamiðlun. Hafi menn ekki stefnu sé ég ekki hvernig hægt er að gera málamiðlun, út frá hverju ætti hún þá að gerast?

Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var ekki sammála frv. okkar. Ég hef það lengi fylgst með málflutningi hans í þessum efnum og væntanlega hann það lengi með mínum og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að við máttum vel vita að þarna hlaut einhvers staðar að steyta á og auðvitað gerðist það. Það var svo augljóst þegar hann fór yfir frv. okkar, út frá þeim atriðum sem hann valdi til að gagnrýna, að þar hefur lítið breyst. Það kom þannig ekki á óvart. En það kemur mér hins vegar á óvart, þó að það sé heldur ekki nýtt í málflutningi hans, að honum finnist betra siðferði í að selja afnotaréttinn en að leigja hann út að hluta og það tímabundið.

Mér hefur alltaf fundist hið öndverða. Mér hefur alltaf fundist fullkomlega óeðlilegt að menn seldu það sem þeir

ekki eiga. Ég hefði hins vegar getað fallist á að ef menn hafi borgað fyrir réttindi þá megi þeir ráðstafa þeim með tilteknum hætti tímabundið. Það hefur verið mín pólitík í þessum efnum og það er sú pólitík sem ég tel að komi fram í frv. okkar í Samfylkingunni. Mér finnst það vera rökrétt. Mér finnst það vera ákveðið siðferði. Menn mega ráðstafa því sem þeir hafa greitt fyrir en ekki selja það sem þeir eiga ekki. Afnotaréttur væri það vissulega og það eru dæmi um að menn geti framleigt afnotarétt um tiltekinn tíma. Svo að ég endurtaki það: Ef menn hafa greitt fyrir hlutinn gildir um það annað en fái þeir hann gefins, þess vegna gjafakvótakerfi, herra forseti, en megi síðan selja hann.

Það er alveg rétt að þær hugmyndir sem koma fram í frv. Samfylkingarinnar eru hvorki nýjar né ferskar. Það sem er hins vegar nýtt og þá líklega ferskt er að 17 manna þingflokkur skyldi ná saman um þetta stóra álitamál sem enginn þingflokkur hefur enn þá náð saman um, enginn flokkur. Þetta er hið stóra deilumál, eignarhaldið á kvótanum. Hvernig er úthlutunin? Þetta er það sem hefur verið ásteytingarsteinninn og stóra deilumálið sem við teljum að verði að leysa. Ef ég má vitna beint í grg. með frv. okkar, þá segir, með leyfi forseta:

„Eftir að náðst hefur niðurstaða í meginágreiningsmálinu, sem er eignarhaldið á auðlindinni og hvernig menn fá aðgang að henni, skapast möguleikar á eðlilegri umræðu um sjálft fiskveiðistjórnarkerfið en slík umræða hefur í raun ekki fengið eðlilegan framgang vegna átaka undanfarinna ára um eignarhaldið á auðlindinni."

Herra forseti. Það er alveg sama hvernig við breytum stjórnkerfinu. Ef við leysum ekki þessa stóru deilu þá muni halda áfram það ósætti sem verið hefur. Á undanförnum árum hafa menn vissulega borið fram ýmsar tillögur, bæði ríkisstjórnin og stjórnarandstöðuflokkar til breytinga á kerfinu, tillögur í svipuðum dúr, en þó kannski ekki um nákvæmlega sama efni, og hér hafa verið ræddar í dag. Lagðar hafa verið fram tillögur um að sníða af agnúa, tillögur til að mæta háværustu gagnrýninni. Sumar slíkar tillögur hafa verið samþykktar og lögunum verið breytt lítillega. Það hefur ekki nægt til þess að þagga niður þann ágreining sem verið hefur, einfaldlega vegna þess að ágreiningurinn stendur um grundvallaratriði. Hann stendur ekki um tæknilegar útfærslur. Hann stendur um það grundvallaratriði hvernig veiðiheimildunum er úthlutað. Hvernig úthlutum við takmörkuðum gæðum og það sem meira er, takmörkuðum gæðum sem samkvæmt lögum eru sameign þjóðarinnar? Það mál þarf að leysa. Það mál tókst okkur að setja fram frv. um og það mál þarf að komast á hreint. Síðan getum við farið að ræða um stjórnkerfi fiskveiða. Hvernig við viljum haga málum að öðru leyti.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að hugsanlega hefur einhver hiksti verið í þessum tveimur nefndum sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um að setja á laggirnar, annars vegar auðlindanefndinni og hins vegar endurskoðunarnefndinni, af því að menn vildu bíða eftir niðurstöðum dóma. Menn vildu, vil ég fullyrða, bíða eftir því að vita hvort þeir mættu áfram mismuna. Af hverju þurftu menn að bíða eftir niðurstöðu Hæstaréttar varðandi Vatneyrardóminn? Gátu menn ekki haldið áfram að vinna málin? Ég sé ekki af hverju menn þurftu að hiksta. Niðurstaða mín er sú að það hljóti að hafa verið vegna þess að menn vildu vita áður en þeir héldu áfram hvort það mætti halda áfram að mismuna eða hvort það bryti í bága við stjórnarskrána. Núna eftir að ljóst er að menn mega mismuna þá ætla þeir að halda því áfram en ég endurtek: Það verður ekki sátt um það kerfi sem heldur áfram að mismuna ef menn hafa ímyndað sér að það gæti orðið. Það verður hvorki sátt um það hér inni á Alþingi né úti í þjóðfélaginu.

Svo vil ég, herra forseti, koma aðeins inn á þær umræður sem hér voru um skattalegar aðferðir til að gera kvótagróða upptækan. Ef menn eru tilbúnir að kosta nógu miklu til og hafa kerfin nógu flókin, þá er allt hægt og þess vegna áreiðanlega hægt að elta uppi hver einustu hlutabréfaviðskipti sem fara fram þar sem sjávarútvegsfyrirtæki eiga í hlut, ég tala ekki um þá trillukarla sem eru að selja hver öðrum veiðikvóta. Allt er hægt. Hins vegar er alveg ljóst að settir yrðu við það miklir fyrirvarar ef skattleggja ætti söluhagnað hlutabréfa eða söluhagnað í einni atvinnugrein umfram aðra. Það er þess vegna okkar tillaga og hún er kynnt í þessu frv. Menn geta lesið hana ef þeir gefa sér tíma til að fara vandlegar yfir frv. Þar er gert ráð fyrir að ráðast mætti til atlögu við þetta mál með því að breyta 17. gr. laganna um tekju- og eignarskatt þannig að óheimilt yrði að fresta greiðslu skatta af hagnaði af sölu hlutabréfa eða komast hjá skattgreiðslu af slíkum hagnaði með kaupum á nýjum hlutabréfum. Þetta er vissulega almenn regla, herra forseti, sem mundi eiga við um allar atvinnugreinar. En það er líka eðlilegt vegna þess að það er ekki eðlilegt að menn fari út með óskattaðan söluhagnað vegna bréfa í verslunarhúsnæði fremur en í sjávarútvegi, jafnvel þó um sameign þjóðarinnar sé að ræða. Það er ekkert eðlilegra vegna þess að við erum að tala um skatt af hlutabréfum, skatt af söluhagnaði.

Ef við ætlum að taka sérstaklega gjald vegna nýtingar sameiginlegrar auðlindar þá eigum við að taka gjaldið þar. Við eigum að taka gjaldið nákvæmlega þar en ekki gegnum skattakerfið, einfaldlega vegna þess að við teljum að atvinnugreinar eigi að njóta jafnræðis. Þessi leið er vel fær. Hún er tiltölulega einföld og sjálfsögð. Við erum með þetta frv. á okkar borðum. Við munum leggja það fram í haust. Að okkar mati er nauðsynlegt að breyta þessum reglum. Það var e.t.v. nauðsynlegt meðan menn voru að koma á hlutabréfamarkaði og gera hann girnilegan að hafa reglur þannig að menn mættu fresta greiðslu skatta af hagnaði af sölu hlutabréfa og jafnvel hitt að menn gætu komist hjá skattgreiðslu af slíkum hagnaði með kaupum á nýjum hlutabréfum. En í dag þegar fjárfestingar eru orðnar alþjóðlegar þá getum við velt því fyrir okkur af hverju íslenskir skattgreiðendur eiga að taka þátt í því. Væntanlega þýðir þetta þá að aðrir borga þann hlut í samneyslunni sem ekki næst með þessum peningum. Af hverju á að gefa sérstakan afslátt af því að menn fari með fjármagn til kaupa á hlutabréfum í enskum fótboltafélögum eða annars staðar þar sem þeim hugnast að geyma fé sitt?

Nei, herra forseti. Þessi breyting er eðlileg. Hún tekur á kvótagróða að svo miklu leyti sem það er einfalt og eðlilegt og hún tekur líka á öðrum atvinnugreinum.

Ég vil svo, herra forseti, vegna þess að menn eru gjarnan uppteknastir af sjálfum sér í þinginu og það kom til umræðu áðan að Samfylkingin væri að pompa hér upp með meðaflahugmynd — sem einhverjir þóttust kannast við úr öðrum ranni — endilega minna á mína sögu í þeim efnum. Þegar menn eru að tala um lægstu númer þá er líka hægt að tala um lægstu númer á þingum. Ég held að það hafi verið á 113. frekar en 112. löggjafarþingi að ég bar fram tillögu þess efnis að heimilt væri að koma með meðafla að landi, áhöfnin fengi að njóta og aflinn yrði seldur á markaði. Á þessum

tíma voru þetta viðbrögð við brottkastsumræðu sem þá var í gangi. Ég kom inn sem varaþm. og flutti þessa tillögu. Hún fékk góðar undirtektir en hún var ekki samþykkt. (**Gripið fram í:** Var þetta 1989?) Þetta var árið 1989, já.

Menn geta svo sem talað um að verið sé að apa upp og herma eftir en eitthvað þykist ég nú eiga í hugmyndinni. Ég hef auk þess verið í tvígang flutningsaðili tillagna í þá veru að menn reyndu að taka á þessu meðaflamáli með þeim hætti að laða þá hegðun fram að aflinn kæmi að landi til að við fengjum allan þann afla í land sem nýtanlegur er vegna þess að í honum felast verðmæti sem við megum ekki vera án.

Mér finnst umræða um solitarited í stjórnarandstöðu vera svolítið sérkennileg. Við sýnum hvert öðru „solidaritet" sem manneskjur undir flestum kringumstæðum en við erum í sitt hvorum pólitískum fylkingum. Mér hefur ekki fundist að á Alþingi væri sérstakt solidaritet í gangi almennt þegar um pólitískar fylkingar er að ræða. Mér kemur þess vegna á óvart krafan til Samfylkingarinnar um meira solidaritet en aðrir virðast eiga að sýna.

Nú er ég ekki að víkja mér eða okkur undan því að til okkar séu gerðar meiri kröfur en annarra. Ég er stolt af því ef það er gert en vildi samt sem áður vekja athygli á þessu. Ég ætla ekki að fara yfir það hvernig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon setti mál sitt fram hér áðan, hvernig hann fór yfir hugmyndir annarra, hver umfjöllun hans um þær var. Vel má vera að honum finnist sjálfum að þar hafi verið mikið solidaritet á ferðinni. Það er mat hans ef svo er en ég endurtek að mér hefur fundist umræðan svolítið sérkennileg.

Mér hefur líka fundist sérkennilegt hvernig þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa séð ástæðu til þess aftur og aftur að væna þingflokksformann Samfylkingarinnar, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, um óheilindi. Ég hef ekki heyrt það gert fyrr og ég velti því fyrir mér hvað liggi að baki þegar slíkt er gert aftur og aftur. Æskilegt væri að fá að vita nákvæmlega hvað það er vegna þess að þegar þessir hlutir gerast með þeim hætti sem hefur verið í dag, þá er augljóst að það liggur eitthvað annað að baki en það sem í orðunum liggur. Ef einungis það hefði verið hefði nægt að segja hlutinn einu sinni. Það fannst líka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni nægja en merkilegt nokk að hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur ekki fundist það nægja og mér þætti það sérkennilegt solidaritet ef þeim fyndist nóg komið miðað við hvernig hamast hefur verið í dag.

Mér finnst í mörgum málum að Vinstri hreyfingin – grænt framboð og a.m.k. einstakir talsmenn hennar hafi ekki átt minni samleið með Sjálfstfl. en með öðrum stjórnarandstöðuflokkum, bara svo að við förum út í þetta solidaritet sem á að ríkja í stjórnarandstöðunni. Menn skilgreina sig auðvitað pólitískt og leggja fram tillögur sínar, berjast fyrir þeim, undirstrika sérstöðu sína með þeim hætti af því að menn eru kjörnir til að bera fram tiltekin mál, tiltekna stefnu. Það er beinlínis kallað eftir því að stjórnmálaflokkar geri það og nú eftir hæstaréttardóminn í Vatneyrarmálinu þegar menn hættu að bíða eftir dómum, þá hef ég orðið þess mjög vör að fólkið í landinu bíður eftir pólitískri leiðsögn. Það kallar eftir henni, það spyr eðlilega um svör flokkanna. Málið er komið inn á Alþingi og það er hér sem menn eiga að setja fram skoðanir sínar, það er hér sem menn eiga að setja fram tillögur og takast á um þær.

Eins og ég gat um, herra forseti, í upphafi máls míns hafði ég ekki ætlað mér að taka til máls að svo miklu leyti sem það varð ekki í þeim andsvörum sem ég fór hér í en af því að umræðunni vatt fram með þeim hætti sem gerðist þá fann ég mig knúna til að taka til máls. Umræðuna hefur borið nokkuð af leið. Hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði grein fyrir minnihlutaáliti okkar fulltrúa Samfylkingarinnar í sjútvn. hvað varðar það mál sem er til umræðu þannig að skoðanir mínar á því liggja þar fyrir. Ég vænti þess, herra forseti, að mál Samfylkingarinnar geti komið fljótlega fyrir þingið og hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur fljótlega þannig að hægt verði að taka það mál á dagskrá og ræða það efnislega og væntanlega málefnalega þannig að menn geti þá farið nákvæmar yfir þær hugmyndir sem liggja að baki og sett fram hugmyndir sínar þannig að sú umræða sem fer fram um sjávarútveg á Alþingi geti þroskast áfram. Ég sagði áðan að málamiðlanir hljóta að verða út frá markaðri stefnu. Þess vegna er mikilvægt að hún liggi fyrir svo að ljóst sé hvaða málamiðlanir menn eru að gera. Slíkt hljóta menn að skulda stuðningsmönnum sínum og kjósendum.

[19:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfsagt þykir einhverjum nóg kveðið. Ég vil taka fram að mér er ljúft að staðfesta að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir getur mjög vel verið og sennilega er upphafsmaður að því að flytja inn á þing hugmyndir um einhvers konar meðaflareglur. A.m.k. get ég staðfest að ég hygg að ég hafi fyrst tekið þátt í rökræðum um einmitt slíka möguleika á heimili hv. þm. að Sognstúni 4 á Dalvík forðum daga.

Varðandi það sem hefur stofnað til þeirrar miklu umræðu sem hér hefur orðið, þ.e. ummæli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í sjónvarpsþætti í gærkvöldi, þá liggur það fyrir sem staðreynd sem verður ekki hrakin að hv. þm. fór þar ekki rétt með og tók ekki ábendingum eða leiðréttingum um að það væri ekki rétt að þingmenn Frjálslynda flokksins eða þess vegna Vinstri hreyfingar – græns framboðs hefðu eingöngu flutt tillögur um enn eina nefnd í sjávarútvegsmálum. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir átti þess síðan kost í dag að leiðrétta sig en kaus að gera það ekki og þvert á móti. Ég tel að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefði með einfaldri og þess vegna óbeinni afsökunarbeiðni getað eytt þessu máli og sennilega stytt þingfundinn um eina fjóra klukkutíma. Það gerði hv. þm. ekki og því fór sem fór.

Að lokum vil ég leiðrétta þann misskilning að ég geri meiri siðferðiskröfur til Samfylkingarinnar en annarra flokka, það geri ég ekki.

[19:24]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór sem mig grunaði að málflutningur hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur kæmi enn til umfjöllunar. Ég lít hins vegar svo á að hún sé búin að svara með fullnægjandi hætti, að hún hafi með fullnægjandi hætti í dag gert grein fyrir því hver afstaða hennar er í málinu, hvernig hún lagði málið upp. Ég lít líka þannig á að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafi sýnt því skilning. Hann hefur ekki gengið fram í málinu með sama hætti og hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það var það sem mér fannst merkilegt, nákvæmlega það hver það er sem þykist hafa réttlætisvöndinn í hendi. Það er ekki sá sem meint er að hafi verið brotið á. Nei, það eru aðrir.

Það er alltaf gott ef menn taka upp hanskann fyrir lítilmagnann en hanskinn þarf þá fyrst að hafa fallið. Því segi ég, herra forseti, mér kom ekki á óvart að hv. þm. tók málið

upp enn. Ég hafði reyndar spáð því en ég er löngu hætt að skilja hvað liggur að baki.

[19:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að sjálfsögðu að eiga við sjálfa sig aðdróttanir hér eða hálfkveðna vísu um að eitthvað annað liggi að baki en það sem sagt er eða tekið upp sem til efni umræðna. Ég elti ekki ólar við slíkt.

Staðreyndin er sú að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson tók þetta mál sjálfur upp í umræðum fyrst í dag og honum var greinilega stórlega misboðið og það var okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs einnig. Mér var kunnugt um það áður en þingfundur hófst að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson tók þeim kveðjum mjög illa sem hann fékk í sjónvarpsþættinum í gærkvöldi, í raun og veru tvöföldum kveðjum, annars vegar þeim frá Ríkissjónvarpinu að hafa hann þar ekki með og láta sem sá þingflokkur væri ekki til og hins vegar og þeim mun ósmekklegar því hvernig reynt var að gera lítið úr málafylgju þess flokks í sjávarútvegsmálum af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Lái hv. þm. hver sem vill. Þess vegna mættum við þingmenn beggja þessara flokka til fundar mjög óhressir með það hvernig þar hafði verið að verki staðið.

Þegar ekki var sýnd nein viðleitni af hálfu talsmanna þingmanna Samfylkingarinnar til að gera gott úr þessum hlutum þá geta menn varla verið mjög undrandi á því að nokkuð þykknaði í mönnum og það harðnaði í umræðunni. Annað hefði verið mikið geðleysi að mínu mati og það verða þingmenn Samfylkingarinnar og einnig hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir að átta sig á, hafi hún ekki áttað sig á því enn þá eftir samskipti okkar í pólitík, að það er ekki mikill skortur á geðríki af minni hálfu.

[19:27]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áttað mig á ýmsu af samskiptum okkar hv. þm. gegnum tíðina í pólitík og ætla ekki að tíunda það allt hér. En ég ætla einungis að segja það að ég tel að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi með fullnægjandi hætti gert grein fyrir því hvernig hún kom inn í umræðuna, hún hafi hér sem endranær verið mjög skýr í því hvernig hún lítur á þessi mál og það sem hún sagði hafi ekki verið meiðandi með þeim hætti sem hv. þm. er að reyna að leiða fram. Það kann að vera að eitthvað annað liggi að baki en orðin sjálf hafi ekki verið meiðandi með þeim hætti sem hér er haldið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:28]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, 581. mál, nál. utanrmn., þskj. 1081.

Fullgilding samþykktar Alþjóðasamvinnustofnunarinnar um jafnrétti, 584. mál, brtt. utanrmn., þskj. 1078.

Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, 583. mál, brtt. utanrmn., þskj. 1079.

Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, 582. mál, nál. utanrmn., þskj. 1080.

Lausafjárkaup, 2. umr.

Stjfrv., 110. mál (heildarlög). — Þskj. 119, nál. 1048, brtt. 1049 og 1050.

[19:29]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um lausafjárkaup. Frv. þetta er mikið að vöxtum og er hátt í 100 greinar enda er þessi lagabálkur einn af grundvallarlögum viðskipta. Núgildandi lög eru frá árinu 1922.

Frv. þetta sem er til umfjöllunar er byggt á norrænni vinnu í meginatriðum og fyrirmyndin er einkum fengin frá Noregi. Einnig hefur frv. verið aðlagað að svokölluðum CISG-samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1980 um sölu á vörum milli ríkja og þá var höfð til hliðsjónar við samningu frv. tilskipun Evrópusambandsins nr. 99/44/EB.

Nefndin fjallaði um þetta mál á allmörgum fundum og sendi málið til umsagnar. Hún fékk umsagnir frá ýmsum aðilum, kallaði þá til fundar og þess er getið í nefndaráliti hverjir það voru.

Nefndin leggur til ýmsar breytingar á frv. Breytingarnar eru á þskj. 1049. Þær eru í einum 29 liðum. Flestar þessar breytingar eru reyndar orðalagsbreytingar. Efnisbreytingarnar eru einkum sjö. Það er fyrst við 8. gr. frv. þar sem þess er getið að ef söluhlutur sé ekki tryggður í flutningi þá skuli seljandi tilkynna kaupanda um það. Ástæðan fyrir þessu er að það þarf að taka þarna af öll tvímæli um hver beri ábyrgð á því að það sé upplýst eða komi fram hvernig flutningar eru tryggðir.

Síðan eru á ýmsum stöðum tekin af tvímæli, þ.e. að þar sem kemur fyrir að heimilað er að semja um að víkja frá efni laganna um neytendakaup, þá þurfi það að vera skilyrði að slíkir samningar séu kaupanda í hag.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á 25. gr. sem felur í sér ákveðna viðbót þannig að kaupandi geti rift kaupum meðan viðbótarfrestur er að líða og ljóst er að seljandi muni ekki efna sinn hluta samnings.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 3. mgr. 32. gr. þar sem fjallað er um byggingarefni. Lagt er til að málsgreinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Við sölu á byggingarefni, sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að efninu var veitt viðtaka.“

Um þetta atriði var nokkuð mikið rætt í nefndinni. Það þykir ástæða til þess að hlutir, byggingarefni, sem ætlað er að endast áratugum ef ekki öldum saman þurfi að sæta því að lengri frestur sé varðandi þá til að tilkynna galla en almennt tíðkast um söluhluti sem hafa miklu skemmri endingartíma. Niðurstaðan varð sú í nefndinni að skilgreina það hugtak að byggingarefni þyrfti að hafa verulega lengri endingartíma til þess að þessi fimm ára regla ætti við. Nú mun eflaust þurfa að þróast einhvers konar dómsvenja um það hvað teljist vera verulega lengri endingartími og það mun væntanlega skilgreinast í tímans rás og einnig geta tekið breytingum eftir því hvernig efni sem notuð eru til bygginga breytast.

Í fimmta lagi er lagt til varðandi 2. mgr. 48. gr. að auk greiðslu í reiðufé sé kaupanda heimilt að inna greiðslu af hendi með öðrum viðurkenndum greiðslumiðlum. Þetta er

gert með tilliti til þess að greiðslumiðlarnir geti breyst eins og við höfum öll orðið vör við, virðulegi forseti.

Í sjötta lagi er lagt til að kveðið verði skýrar á um greiðsluskyldu skuldara. Þar er verið að bæta við greinina upptalningu eins og t.d. á vaxtafæti, upphafstíma vaxta og útreikningi vaxta.

Síðasta efnislega breytingin sem nefndin leggur til er bráðabirgðaákvæði sem er ætlað að gilda út árið 2005. Í því felst að viðskrh. skipi kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Miðað er við að nefndarmenn séu þrír og að ráðherra skipi einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna, annan eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipi ráðherra án tilnefningar og skuli hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Sá skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Kostnaður af störfum þessarar nefndar greiðist úr ríkissjóði. Hlutverk hennar er að greini aðila að lausafjárkaupum á um réttindi sín og skyldur samkvæmt lögum þessum geti þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta að sjálfsögðu lagt ágreining sinn fyrir dómstól með venjulegum hætti. Viðskrh. skal síðan með reglugerð setja nánari ákvæði um valdsvið og verkefni kærunefndar, málsmeðferðarreglur fyrir nefndina og störf hennar að öðru leyti.

Virðulegi forseti. Undir þetta nefndarálit rita allir nefndarmenn, en þrír nefndarmenn, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson, hafa fyrirvara sem væntanlega verður gerð grein fyrir.

[19:36]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nefndarálit með fyrirvara og reyndar einnig hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Ég tel að þær brtt. sem hv. formaður nefndarinnar hefur mælt hér fyrir séu allar til bóta og að þetta frv. sé í það heila tekið gott og styrki neytendavernd í landinu. En ég taldi ástæðu til þess að taka upp tvær brtt. sem Neytendasamtökin hafa lagt verulega áherslu á. Það náðist ekki samstaða um þær í nefndinni, en ég tel að þær séu vel rökstuddar og bæti frv. enn frekar. Þær eru um hvernig fara skuli með óbeint tjón þegar það kemur upp og hin tillagan varðar skaðabætur. Ég geri tillögu um breytingu, með leyfi forseta:

„Við 2. mgr. 11. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé ekki samið um hver skuli greiða sendingarkostnaðinn ber seljanda að greiða hann."

Um þetta hafa Neytendasamtökin sagt að óbeint tjón geti verið mikið í neytendakaupum og jafnvel meira en kostnaðurinn við að lagfæra hlutinn. Þetta getur t.d. átt við flutningskostnað, en Neytendasamtökin fóru í prófmál fyrir þó nokkrum árum síðan þar sem þau létu reyna á það hvort fyrirtæki gæti með ábyrgðarskírteini kveðið á um að seljandi væri undanþeginn bótaskyldu vegna flutningskostnaðar. Slíkt taldi Hæstiréttur ekki geta staðist, enda var talið að slíkt væri ekki samrýmanlegt þágildandi lögum um verðlag og samkeppnishömlur þar sem ábyrgðarskírteini veitti neytanda lakari rétt en samkvæmt lögum um lausafjárkaup. Neytendasamtökin höfðu sigur í því máli fyrir neytandann og því telja samtökin fráleitt að hægt sé að semja sig undan þessu. En með því að lögfesta þær heimildir er opnað fyrir leið hjá seljendum að semja sig undan slíku.

Ég tek undir þessi sjónarmið og rök sem hér hafa verið færð fram og flyt brtt. til þess að færa þetta í þann búning sem Neytendasamtökin telja eðlilegri og réttlátari.

Hin brtt. lýtur að því að Neytendasamtökin telja fráleitt að heimilt sé að semja um það í neytendakaupum að ekki skuli greiða skaðabætur vegna óbeins tjóns og leggja því til þá breytingu á 4. mgr. 67. gr. frv. að hún verði felld út og það kemur einnig fram í þeirri brtt. sem ég flyt á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 429, nál. 1055 og 1057, brtt. 1056.

[19:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nefndaráliti við frv. til laga um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

Efh.- og viðskn. fjallaði um þetta mál. Það er flutt í tengslum við svokallaða Landskrá fasteigna sem verið er að koma á fót. Meginefni frv. er að hækka svokallað umsýslugjald sem á að nota til þess að fjármagna uppbyggingu á þessari svokölluðu Landskrá fasteigna.

Nefndin sendi málið til umsagnar til ýmissa aðila og fékk þá á fund við sig og þeirra er getið í nefndaráliti á þskj. 1055.

Nefndin gerði ákveðnar breytingar á frv. sem fólust aðallega í því að breyta eðli gjaldtökunnar þannig að umsýslugjaldið, sem yrði tímabundið gjald, yrði lagt á á árunum 2001–2004, sem þýddi að árið 2000 yrði gjaldið óbreytt, þ.e. 0,025‰, en á árunum 2001–2004, þessum fjórum árum, skyldi gjaldið vera 0,1‰ af brunabótamati. Vátryggingafélög innheimta þetta gjald samhliða innheimtu brunatryggingagjalda og þetta umsýslugjald á að duga til þess að byggja upp hina svokölluðu Landskrá fasteigna sem allir eru sammála um að sé þjóðþrifamál.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd meiri hlutans í þessu máli, en hann skipa auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Sigríður Anna Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson og Ögmundur Jónasson, sem reyndar er með fyrirvara í málinu.

[19:42]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Þetta frv. hæstv. fjmrh. felur í sér að fasteignaeigendur verði látnir bera kostnaðinn við að koma á einu samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Við í minni hlutanum, sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir skipar ásamt mér, teljum algjörlega fráleitt að bæta enn einum pinklinum á fasteignaeigendur með þeim hætti sem hér er gert og mótmælum því og munum greiða atkvæði gegn þessu frv.

Það kom vissulega fram í starfi nefndarinnar og umsögnum ýmissa aðila að þeir taka undir þetta sjónarmið okkar hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. T.d. kemur fram í umsögn að færa megi rök fyrir því að skráin hafi svo almennt gildi í þjóðfélaginu að eðlilegt sé að fjármagna hana af skatttekjum

ríkissjóðs fremur en að hækka umsýslugjaldið, enda flytjum við með nefndarálitinu fylgiskjal sem sýnir allan þann fjölda aðila sem mun hafa not af þessari Landskrá fasteigna, þ.e. opinberir aðilar, stjórnsýslan, sveitarstjórnir, tryggingafélög, fasteignasalar, sýslumenn, tollstjórinn, ríkisskattstjóri, yfirskattanefnd og fleiri. Byggingaraðilar ýmsir munu t.d. hafa gagn af þessari skrá og því er auðvitað rétt að hún hefur almennt notagildi. Þarna er ríkið að fara út í ákveðna fjárfestingu sem síðan er hægt að taka af notendagjöld. Því ætti ríkið að líta á þetta sem ákveðna fjárfestingu og því er rétt og eðlilegt að ríkið standi undir þessu eða taki af þessu notendagjöld. Við erum hér að ræða um töluverðar fjárhæðir eða rúmar 600 millj. sem það kostar að koma á fót þessari skrá. Gert er ráð fyrir að þessi kostnaður skiptist á fjögur ár, um 150 millj. kr. á ári og síðan verði rekstrarkostnaður af Landskránni um 100 millj. kr. á ári.

Í nefndarálitinu er farið ítarlega yfir, herra forseti, hve mikil gjaldtakan er núna af fasteignaeigendum, t.d. í formi þessa umsýslugjalds sem mikið hefur verið notað, þ.e. þessi stofn sem hér á enn að fara að bæta á. Það kemur reyndar fram í frv. að þessi stofn er notaður bæði sem viðlagatryggingagjald og sem ofanflóðagjald, þar er þessi stofn notaður, og eins sem brunavarnagjald og síðan umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins. Og enn á að bæta á þann pinkilinn fyrir utan ýmislegt annað sem fasteignaeigendur verða að standa undir sem hér er talið upp, herra forseti, í þessu nefndaráliti. Niðurstaða okkar eftir lauslegt mat og skoðun er að áætla má að ríkissjóður hafi ekki undir 8 milljörðum kr., herra forseti, í tekjur á ári af fasteignaeigendum. Því er aldeilis fráleitt að vera enn eina ferðina að leggja þessa gjaldtöku á fasteignaeigendur.

Ég ætla ekki að fara nánar ofan í okkar rök eða forsendur í þessu máli. Þau koma mjög skýrt fram í ítarlegu nefndaráliti með þessu máli. Fleiri aðilar hafa tekið undir þetta eins og Samtök íslenskra tryggingafélaga sem m.a. benda á að með þessari leið sem hér er valin séu húseigendur einir látnir standa undir kostnaðinum, en eigendur lóða, jarða, hlunninda og ítaka hvers konar sem virt eru til fasteignamats verða hins vegar undanþegnir þessari gjaldtöku.

Sama má segja um ASÍ sem sendi umsögn sem gerir athugasemdir við það — það var líka mikið gert í starfi nefndarinnar — að ekki var lagt neitt mat á þann sparnað sem er af þessum breytingum og sem óhjákvæmilega munu verða og hefði ríkissjóður auðvitað getað bætt sér upp þann kostnað ef ríkissjóður hefði staðið undir þessu með því þá að spara á þeim stöðum í ríkiskerfinu þar sem sparnaður sannanlega verður af þessari breytingu. Þess vegna munum við, herra forseti, í minni hlutanum, greiða atkvæði gegn þessu frv.

[19:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hér er verið að leggja álögur á fasteignaeigendur þó fjöldamargir aðrir í þjóðfélaginu njóti góðs af, bæði opinberir aðilar og aðrir. Hins vegar njóta fasteignaeigendur góðs af þessu líka. Ég vil minna á að umsögn Húseigendafélagsins var mjög jákvæð. Þá var gert ráð fyrir að hækka gjaldið í örfá ár.

Hér er lagt til að gjaldið verði þrefalt meira en orðið hefði í fjögur ár. Þarna eru greidd aukaárgjöld en í staðinn fellur gjaldið niður um aldur og ævi frá þeim tíma. Lagt er til að þessi skattur á húseigendur falli niður frá og með árinu 2005 finnst mér vera mjög jákvætt í þessu máli.

Hér er um að ræða gjald sem af 13 millj. kr. íbúð var 325 kr. en fer upp í 1.300 kr. eftir breytinguna, þ.e. 975 kr. hækkun á hverja sæmilega góða íbúð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 290. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 472, nál. 1058, brtt. 1059.

[19:49]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976. Þetta frv. fjallar um uppbyggingu á Landskrá fasteigna.

Nefndin sendi þetta mál víðs vegar til umsagnar og fékk nokkra aðila á sinn fund. Þeirra er getið í nál. á þskj. 1058.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um kostnaðinn, hver skyldi bera kostnað t.d. við úttekt tölvunefndar á Landskrá fasteigna. Nefndin leggur áherslu á að allur kostnaður við hana verði greiddur af Fasteignamati ríkisins. Forstjóri Fasteignamats ríkisins lýsti því yfir þegar hann kom á fund nefndarinnar vegna málsins að hann teldi ljóst að umræddur kostnaður yrði greiddur af Fasteignamati ríkisins.

Nefndin telur að Landskrá fasteigna sé þjóðþrifamál og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Þó rita þrír hv. þm., Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson, undir málið með fyrirvara og verður væntanlega gerð grein fyrir honum.

[19:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég get vissulega tekið undir það með hv. formanni nefndarinnar að hér er á ferðinni mjög þarft mál og gagnlegt, þ.e. að koma á fót einu samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir. Um það var lítill ágreiningur í nefndinni. Helst greindi menn á um síðasta málið sem við ræddum, þ.e. kostnaðinn af því að koma Landskrá á fót og reka hana.

Eitt var töluvert rætt í nefndinni og einnig við 1. umr. þessa máls. Það var um persónuverndina, hvort hún væri nægilega tryggð að því er þetta frv. varðar. Tölvunefnd sendi umsögn til nefndarinnar og ég vil fá að vitna í þá umsögn, herra forseti, en þar kemur fram eftirfarandi:

„Tölvunefnd telur nauðsynlegt að gerðar verði ráðstafanir til að tryggja meðferð persónuupplýsinga í Landskrá fasteigna. Að mati tölvunefndar þarf að setja skýrar reglur um hvernig upplýsinga megi afla, varðveitta og haga aðgangi að þeim. Því leggur nefndin til að í frumvarpið verði bætt eftirfarandi ákvæðum:“ — sem ég ætla að lesa, herra forseti, en það eru ákvæði sem ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir tökum orðrétt upp í brtt. sem eru svohljóðandi:

„Fasteignamat ríkisins skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að tryggja vernd persónuupplýsinga í Landskrá fasteigna. Lýsing á þeim öryggisráðstöfunum og öryggisreglum sem fyrirhugað er að innleiða skal lögð fyrir tölvunefnd. Að lokinni umfjöllun tölvunefndar skal laga öryggisráðstafanir og öryggiskröfur að þeim kröfum sem tölvunefnd setur um vernd persónuupplýsinga.

Fasteignamat ríkisins ber ábyrgð á því að öryggisráðstafanir séu ávallt í samræmi við kröfur tölvunefndar.

Tölvunefnd getur hvenær sem er endurmetið kröfur sínar í ljósi nýrrar tækni, reynslu eða breyttra viðhorfa til öryggismála.

Kostnaður af úttekt tölvunefndar á öryggi kerfisins skal greiddur af Fasteignamati ríkisins."

Þannig hljóðar þessi brtt. sem við flytjum. Ég tel afar brýnt að þetta ákvæði komist inn þannig að hægt sé að útbúa nauðsynlegar aðgangshindranir sem hugsanlega þurfa að vera. Það þarf að greina hverjar þær öryggisráðstafanir séu sem þarna þarf að gera. Þarna er mjög mikilvægt verkefni á ferðinni sem tengist Landskránni. Hv. formaður nefndarinnar nefndi að Fasteignamat ríkisins mundi standa straum af því að gera þær öryggisráðstafanir sem gera þarf í samráði við tölvunefnd.

Þetta var vissulega rætt í nefndinni og einmitt að viðstöddum formanni tölvunefndar, Páli Hreinssyni. Hann minnti á, sem ég vil halda til haga í þessari umræðu, að í tengslum við frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði hafi verið getið um það í nál., eins og verið er að gera nú að „tölvunefnd ber að tryggja að verklag og vinnuferli, m.a. tæknilegar aðgangstakmarkanir, séu þannig að persónuverndar sé gætt þegar gagnagrunnarnir eru tengdir saman tímabundið."

Formaður tölvunefndar upplýsti hins vegar að þrátt fyrir að þetta hafi staðið hér hafi ekki verið farið í þetta verkefni vegna þess að samkomulag liggur ekki fyrir um hver eigi að greiða kostnaðinn sem af þessu hlýst. Þess vegna er það mjög mikilvægt öryggisatriði þegar við göngum frá þessu máli í þinginu að þetta ákvæði sé partur af lagasetningunni þannig að tryggilega verði frá þessu gengið og örugglega verði farið í þetta verkefni sem ég tel afar brýnt, að tryggja persónuverndina í þessu máli. Þess vegna flytjum við þessa brtt. sem ég hef hér lýst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). — Þskj. 330, nál. 1053 og 1071, brtt. 1054.

[19:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. og brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Frv. þetta fjallar einkum um tvö atriði. Í fyrsta lagi er verið að rýmka heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga og í annan stað varða ýmis atriði eftirlit og tæknilega þætti í stjórnun og rekstri sjóðanna.

Efh.- og viðskn. sendi þetta frv. til umsagnar allmargra aðila. Ýmsir aðilar komu til fundar við nefndina og þeirra er getið í nál.

Meiri hlutinn leggur til ýmsar breytingar á frv. Þær eru í sjö liðum.

Í 1. lið brtt. er gerð tillaga um að tvær nýjar greinar bætist við frv. Í þeirri fyrri kemur fram að lífeyrissjóðir skuli senda sjóðfélögum sínum yfirlit um iðgjaldagreiðslur eigi sjaldnar en á hálfs árs fresti og skuli fylgja því áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum. Síðan er orðalagsbreyting þar til viðbótar.

Í 2. lið er gerð brtt. við 3. gr. frv. er verði 5. gr. þess sem er eingöngu orðalagsbreyting.

Í 3. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 4. gr. frv. þannig að hún orðist eins og þar segir. Annars vegar er eingöngu tilvísanabreyting en síðan er lagt til að þarna komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist eins og þar segir. Þetta er reyndar svipaður texti og í 4. gr. frv. eins og hann lá fyrir. Það sem hér er einnig á ferðinni er að 33. gr. laganna, eins og hún stendur í dag, mun halda áfram að verða til en í 33. gr. laganna er fjallað um gerðardóma. Tillaga nefndarinnar er að ákvæði laganna um gerðardóma standi áfram.

Í 4. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 6. gr. frv. sem fjallar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Reiknað með því að lífeyrissjóðir skuli senda upplýsingar um fjárfestingarstefnu sína eigi síðar en 1. desember ár hvert til Fjármálaeftirlitsins. Síðan skuli Fjármálaeftirlitið setja reglur um form eða efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og hvernig skila skuli henni til eftirlitsins. Það er efnisleg breyting frá því sem var í frv. þar sem gert er ráð fyrir að þetta verði í höndum fjmrh.

Í 5. lið brtt. er gerð tillaga við 8. gr. Þar er enn fremur verið að flytja hlutverk til Fjármálaeftirlitsins frá fjmrh. Þessi tillaga fjallar um að með ársreikningum lífeyrissjóða skuli fylgja úttekt á ávöxtun eignasafna og sú fjárfestingarstefna sem starfað er eftir.

Í 6. lið brtt. er einungis verið að flytja til greinar í frv.

Í 7. lið brtt. er gert ráð fyrir nýrri grein er verði 12. gr., svohljóðandi:

„Í stað síðari málsliðar 53. gr. laganna koma fimm nýir málsliðir, svohljóðandi: Um réttindi sjóðfélaga til greiðslu lífeyris úr sjóðum sem starfa samkvæmt greininni fer eftir reglugerðum hlutaðeigandi sjóða sem í gildi voru við gildistöku laga þessara. Þó skal heimilt að breyta ákvæðum um réttindi sjóðfélaga til samræmis við samkomulag sem samtök launþega og vinnuveitenda gera með sér, enda fari slík breyting hvorki í bága við III. kafla laganna né teljist ganga á ólögmætan hátt á áunninn rétt einstakra sjóðfélaga innbyrðis eða annarra sem réttinda njóta, eða hafa teljandi fjárhagsleg áhrif þegar litið er til eigna sjóðsins og lífeyrisskuldbindinga. Við það mat skal m.a. litið til umsagnar tryggingafræðings viðkomandi sjóðs sem fylgja skal ósk um breytingar. Breytingar á réttindaákvæðum skulu koma fram í staðfestum samþykktum fyrir viðkomandi sjóði. Að öðru leyti skulu lög þessi gilda um hlutaðeigandi sjóði eftir því sem við getur átt."

Virðulegi forseti. Þetta á fyrst og fremst við um sjóði sem búið er að loka en ástæða getur verið til að breyta réttindum með hliðsjón af því sem almennt er látið gilda. Þetta er gert samkvæmt ósk Landssamtaka lífeyrissjóða og taldi nefndin rétt að gera þessa tillögu að sinni.

Virðulegi forseti. Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Sigríður Anna Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal, sem hefur fyrirvara, Gunnar Birgisson og Ögmundur Jónasson.

[20:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti efh.- og viðskn. sem ég stend að ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Meginniðurstaða okkar er að geta ekki tekið undir þá rýmkun á fjárfestingarheimildum sem þetta frv. ríkisstjórnarinnar kveður á um. Í frv. er leitað eftir heimild til að rýmka fjárfestingarheimildir sjóðanna á innlendum verðbréfum og hlutabréfum, erlendum verðbréfum og hlutabréfum sem og að rýmka heimildir þeirra til að fjárfesta í óskráðum bréfum.

Samkvæmt því sem tíundað er og fram kemur í nokkuð ítarlegu áliti minni hlutans er ljóst að þó örfáir lífeyrissjóðir hafi nýtt sér svigrúm til fjárfestinga sem nú er í gildandi lögum virðist enn verulegt svigrúm til skuldabréfa- og verðbréfakaupa samkvæmt ákvæðum laganna. Það verður því að teljast vafasamt, eins og reyndar Fjármálaeftirlitið bendir á, að nauðsynlegt sé að rýmka heimildir sjóðanna til fjárfestinga eins og gert er með þessu frv. Ljóst er að auknar heimildir til fjárfestinga í innlendum og erlendum verðbréfum og hlutabréfum, eins og frv. gerir ráð fyrir, hafa í för með sér verulega gengisáhættu fyrir lífeyrissjóðina og geta þrýst upp vöxtum til skemmri tíma litið.

Með frv. fá lífeyrissjóðirnir heimild til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum allt að 50% af hreinni eign sjóðanna sem er yfir 500 milljarðar kr., en eignir sjóðanna hafa vaxið á þremur árum frá árslokum 1996 til ársloka 1999 um nálægt 200 milljörðum kr. eða um 65%. Við erum ekki að tala um neitt smáræði, herra forseti. Við erum að tala um að það megi fjárfesta t.d. allt að 50% af hreinni eign sjóðanna, um 250 milljarða, erlendis. Við getum borið upphæðirnar saman við fjárlög íslenska ríkisins og þá sjáum við um hvaða stærðir við erum að tala. Það er ljóst að fjárfestingarstefna sjóðanna getur haft gífurlega mikil áhrif á allt efnahagsumhverfið, svo sem vaxtastig og gengi. Því er nauðsynlegt að eðlilegt eftirlit og leikreglur gildi um fjárfestingu sjóðanna, enda er einnig um skyldubundinn lífeyrissparnað að ræða. Það er eðlilegt, áður en rýmkuð verður heimild sjóðanna til fjárfestinga í innlendum og erlendum verðbréfum, að Fjármálaeftirlitið leggi mat á áhættustýringu sjóðanna í heild. Sjóðirnir virðast nú í auknum mæli beina fjármagni sínu á erlendan hlutabréfamarkað í stað innlenda markaðarins enda eiga sjóðirnir nú mun meira í erlendum hlutabréfum en innlendum. Seðlabankinn hefur reyndar lagt til, í tillögu sem þeir komu fram með í nefndinni, að samhliða því að takmarka eigi áhættu á erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign lífeyrissjóðanna verði kveðið á um áhættu á einstökum myntum, að hún megi ekki fara upp fyrir ákveðið mark. Nefnd voru 20–30% í því sambandi en meiri hluti efh.- og viðskn. féllst ekki á þá tillögu. Reyndar kom fram í svörum við fyrirspurnum, sem sérstaklega voru lagðar fyrir bæði Seðlabanka, Fjármálaeftirlitið og Verðbréfaþing, að Seðlabankinn teldi ekkert knýja sérstaklega á um að rýmka heimildir lífeyrissjóðanna.

Ég vil líka nefna að Fjármálaeftirlitið telur vafasamt að tímabært sé að rýmka heimildir til fjárfestinga eins og frv. gerir ráð fyrir. Það bendir á að rýmkunin taki til alls kyns verðbréfa sem ekki uppfylla skilyrði sem aðrar fjárfestingar lífeyrissjóðanna lúta. Fjármálaeftirlitið segir einnig í umsögn sinni að fjárfestingar lífeyrissjóða í Evrópu 1997 í hlutabréfum og öðrum verðbréfum hafi verið undir 35% í öllum tilvikum nema hjá breskum, írskum og hollenskum lífeyrissjóðum en 35% hlutfallið er það sama og er í núgildandi lögum og flestir lífeyrissjóðir í Evrópu eru með heimildir innan þeirra marka. Frv. kveður hins vegar á um að fara með þessa heimild alveg upp í 50%.

Einnig var ekki talin ástæða af meiri hluta nefndarinnar til að fara að því sem Fjármálaeftirlitið benti á en það gerði athugasemd við 10. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis, sveitarfélaga og banka verði undanþegnir 2. gr. laganna sem mælir fyrir um lágmarksstærð sjóðs, þ.e. að a.m.k. 800 sjóðfélagar skuli að jafnaði greiða iðgjald til lífeyrissjóðs ella skuli hann tryggja sig með öðrum hætti. Tilgangurinn með tilvitnuðu lagaákvæði er að tryggja lágmarksáhættudreifingu í rekstri lífeyrissjóðs. Bendir Fjármálaeftirlitið á að flestir lífeyrissjóðir sem hér um ræðir séu nú þegar með verulegan halla á skuldbindingum, þ.e. að verulega vanti upp á að eignir standi undir lofuðum skuldbindingum.

Ég vildi halda til haga því sem Fjármálaeftirlitið benti á. Þeir lögðu áherslu á þá auknu áhættu sem felist í breytingu skv. 10. gr. sem bætist ofan á þann halla sem fyrir er hjá umræddum sjóðum. Meginástæða þess að við skilum séráliti og vísum allri ábyrgðinni á stjórnvöld, sem að þessu frv. standa, er að við teljum að ekkert knýi sérstaklega á um að rýmka þessar heimildir núna. Við færum rök fyrir því í nál. okkar. Við styðjumst líka við sjónarmið Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Miðað við stöðuna í þjóðfélaginu, hvernig þetta hefur þrýst upp vöxtum til skemmri tíma litið og með tilliti til þeirrar gengisáhættu sem hér er fyrir hendi teljum við ekkert mæla með því að fara núna út í þessar breytingar enda svigrúmið nægjanlegt hjá sjóðunum þó að í einstaka tilvikum séu þeir komnir í hámarkið hvað varðar einstaka þætti skuldabréfa eða hlutabréfa. Þetta er meginástæðan fyrir því að við teljum þetta ekki rétt með tilliti til efnahagslegra sjónarmiða. Við vísum ábyrgðinni á þessu frv. til ríkisstjórnarinnar.

[20:08]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara sem ég mun ræða hér á eftir. Fyrst vildi ég þó tala um þær takmarkanir sem settar eru á fjárfestingarmöguleika lífeyrissjóðanna sem eru í raun einhvers konar fjárfestingarstefna fyrir viðkomandi lífeyrissjóði, fyrir alla lífeyrissjóði í landinu.

Auðvitað er í sjálfu sér óþarfi fyrir löggjafann að setja kvaðir á það hvernig lífeyrissjóðir megi fjárfesta. Þetta eiga stjórnir sjóðanna, með fulltingi eigenda sjóðanna, sjóðfélaganna, að sjálfsögðu að gera. Þeir eiga að tilkynna um fjárfestingarstefnu sína, hvernig þeir hyggist verja fjármagninu, hversu miklu í erlendri mynt, hversu miklu í innlendri mynt o.s.frv.

Það sem þarna togast á er að mjög stutt er síðan þessir möguleikar gáfust yfirleitt. Allan þann tíma sem sjóðirnir hafa haft möguleika á því að fjárfesta erlendis eða innan lands í hlutabréfum, hafa bæði vísitölur erlendis og innan lands, verðbréfavísitölur, hækkað mjög umtalsvert. Það er eiginlega enginn vandi að skila góðri niðurstöðu í slíku árferði. Það kann þó að breytast og hefur breyst á síðustu tveimur vikum. Við komum úr umhverfi þar sem mjög miklar kvaðir voru á ráðstöfun fjár, þar voru eiginlega bara ríkisskuldabréf, bankabréf sem þá voru öll í ríkisbönkum og svo lán til sjóðfélaga með mjög miklum kvöðum. Þegar menn allt í einu víkka möguleikana og frelsið þá þurfa menn að ganga

hægt um gleðinnar dyr og sjá hvernig af reiðir þegar þessar vísitölur verðbréfa erlendis og innan lands lækka, hvernig þá tekst til með ávöxtun sjóðanna.

Ég hef áður flutt brtt. við þessi lög. Ég hef flutt brtt. um að kveðið sé á um að lífeyrissjóðirnir séu eign sjóðfélaga sinna. Þetta hef ég gert tvisvar að ég hygg en hef ekki fengið hljómgrunn hjá hv. þm. Eins hef ég flutt tillögu um að sjóðfélagar kjósi stjórn sem er angi af sama máli. Eigi einhver sjóðina þá eru það sjóðfélagarnir og þeir eiga að sjálfsögðu að kjósa sér stjórn þannig að kröfur eigandans til ávöxtunar á fénu komi skýrt fram.

Þessu er ekki þannig háttað í dag. Það er langur vegur frá því að sjóðfélagar geti haft áhrif á stjórnarkjör í lífeyrissjóðum sínum, sem þeir eru þó skyldaðir með lögum til að greiða til. Þeir hafa engin áhrif á það hvernig stjórnin ráðstafar því fé sem þeim er falið af hendi sjóðfélaganna og á að standa undir hvorki meira né minna en ellilífeyri sjóðfélaga og er þar af leiðandi mjög mikið mál.

Ég hef líka lagt fram tillögur um það áður að sjóðfélögum verði veittar upplýsingar um verðmæti réttinda sinna. Ég hyggst koma með þá brtt. eða nefndin öll ætlar að ræða þá tillögu milli 2. og 3. umr. Hv. efh.- og viðskn. ætlar að fjalla um hvort veita eigi sjóðfélögum upplýsingar um verðmæti áunninna réttinda þeirra hjá sjóðunum hverjum og einum ásamt því sem kveðið er á um í dag, að þeir eigi að fá upplýsingar um upphæð ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris árlega. Það á sem sagt að veita þær upplýsingar í dag en til viðbótar hef ég lagt til að þeim verði veittar upplýsingar um verðmæti áunninna réttinda sem þeir eiga í sjóðunum.

Þá gerist það að heildareignir sjóðanna standa einmitt á móti þessum réttindum. Verðmæti allra réttinda allra sjóðfélaga eru nokkurn veginn hin sömu og heildareign sjóðanna. Með því að upplýsa fólk um þetta, þetta er bara upplýsing um verðmæti réttinda sjóðfélaga hjá sjóðum sínum, átta menn sig betur á því hvað þeir eiga á hjá lífeyrissjóðunum. Eignir lífeyrissjóðanna eru komnar töluvert yfir 500 milljarða kr. og Íslendingar á vinnumarkaði eru eitthvað rúmlega 150 þúsund. Við erum þannig að tala um eign sem er að meðaltali 3 millj. á hvern vinnandi Íslending. Það er skuldlaus eign sem menn eiga hjá lífeyrissjóðunum sínum og það vill svo til að þetta er nokkurn veginn það sama og allar skuldir heimilanna í landinu. Þannig á Íslendingurinn fyrir skuldum sínum að meðaltali með eign sinni í lífeyrissjóðunum. Það er mjög brýnt að menn geri sér grein fyrir þessu. Það mun auka tengsl sjóðfélaganna við sjóðina ef þeim er gerð grein fyrir því hvað þeir eiga. Ef meðaltalið er 3 millj., sem hver sjóðfélagi á hjá lífeyrissjóði sínum, þá eiga að sjálfsögðu sumir meira og margir munu verða hissa á að verðmæti réttinda þeirra hjá lífeyrissjóðnum séu jafnvel 6–7 millj., hrein eign.

Annað mál sem styður að þetta verði gefið upp er að verðmæti skuldbindinga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins árið 1998 jókst um 42 milljarða á einu ári. Opinberir starfsmenn eru um það bil 20 þúsund. Ef við deilum þessari verðmætaaukningu, þ.e. sem ríkissjóður skuldaði meira í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, á opinbera starfsmenn, þá eru það um það bil 2 millj. á mann. Á einu ári jukust kröfur opinberra starfsmanna á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um 2 millj. Eign þeirra, verðmæti réttindi þeirra hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, jukust um 2 millj. á mann. Að sjálfsögðu er þarna líka fólk sem ekki er lengur opinberir starfsmenn, þ.e. lífeyrisþegar og þeir sem eru hættir hjá ríkinu. En þó maður tæki þá með er þetta um 1 millj. á hvern opinberan starfsmann sem skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins jókst á einu ári, 1 millj. kr. skattfrjálst.

Ég hef ekki orðið var við að opinberir starfsmenn hafi vitað af þessu eða kunnað að meta þessa miklu hækkun sem stafar af því að það er verið að breyta grundvelli lífeyrisréttindanna með því að taka inn öll greidd laun sem grunnlaun. Þess vegna tel ég mjög brýnt að upplýsa sjóðfélaga Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna sem annarra lífeyrissjóða um verðmæti réttinda þeirra hjá sjóðunum. Þess vegna hef ég lagt til að nefndin fjalli um þessa tillögu og þess vegna skrifa ég undir frv. með fyrirvara því að ég hyggst þá leggja fram þessa brtt. sjálfur ef nefndin fellst ekki á að flytja hana.

[20:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Ég styð þetta frv. Það felur í sér ýmsar þarfar breytingar, sumar nokkuð umdeildar. Veigamesta breytingin sem ráðist er í er sú að með þessu frv. eru rýmkaðar heimildir sem lífeyrissjóðirnir hafa til fjárfestinga. Með frv. fá lífeyrissjóðirnir heimild til að fjárfesta í erlendum gjaldmiðlum allt að 50% af hreinni eign sjóðanna. Hún er ekki lítil þessi eign, um 500 milljarðar kr.

Hér er verið að hækka þau viðmiðunarmörk sem sjóðunum voru sett í lögunum og hafa gilt fram til þessa. Þess ber að geta að lífeyrissjóðirnir vildu ganga enn lengra en hér er gert ráð fyrir í frv. Þeir vildu að þessar heimildir yrðu rýmri en frv. gerir ráð fyrir. Í efh.- og viðskn. vildum við hins vegar fara varlegar í sakirnar. Í stað þess að hækka þetta þak verulega, eins og margir lífeyrissjóðir óskuðu eftir, þá vildum við fara varlega. Við vildum ekki gefa heimild til að flytja fjármagn út úr landinu í meiri mæli en þessu nemur.

Sú var tíðin að ég var í hópi þeirra sem höfðu efasemdir um að flytja fjármagn úr landi og ég hef það að sönnu enn. Ég vil helst nýta fjármagnið til uppbyggilegra þátta hér innan lands og sakna þess tíma þegar fjármagn lífeyrissjóðanna var veitt til uppbyggingar velferðarþjónustunnar, í húsnæðiskerfið og til annarra þarfra verka.

Þessi tími er liðinn. Við búum við stjórnvöld sem hugsa á annan veg, hafa markaðsvætt alla hluti og þar með þá þætti sem áður voru fjármagnaðir af lífeyrissjóðunum. Eftirspurn eftir fjármagni lífeyrissjóðanna frá opinberum aðilum er þannig ekki lengur fyrir hendi og þá þurfa þeir að koma þessum fjárfestingum sínum á fast. Því er mjög mikilvægt að skynsamlega sé haldið á málum og áhættudreifing sé sem ákjósanlegust og af sem mestu viti og fyrirhyggju. Lífeyrissjóðirnir hafa valið þann kost að fara með þetta fjármagn til útlanda. Það má segja að öruggir fjárfestingarkostir — við erum að tala um fjárfestingar fyrir lífeyrisskuldbindingar langt inn í framtíðina — séu hreinlega ekki fyrir hendi hér á landi þegar gerðar eru þessar kröfur. Þess vegna hafa sjóðirnir valið þann kost að fara út fyrir landsteinana með hluta af þessu fjármagni og dreifa áhættunni þar sem víðast. Ég er þessu ekki andvígur en hef ekki viljað stíga þau stóru skref sem margir innan lífeyrissjóðakerfisins hafa viljað stíga.

Eitt atriði vil ég þó nefna sem ekki er í þessu frv. Ég tel mjög mikilvægt að lífeyrissjóðirnir búi að öllu leyti við svipuð skilyrði og bankar og verðbréfafyrirtæki eða fjármálafyrirtæki sem ávaxta svokallaðan viðbótarsparnað. Þegar um er að ræða þau mörk sem lífeyrissjóðunum eru sett þá búa

þeir við önnur skilyrði hvað þetta snertir en fjármálafyrirtæki. Mismunurinn er lífeyrissjóðunum í óhag að þessu leyti og ég tel að við þurfum að taka þessi mál til endurskoðunar í haust með það fyrir augum að jafna aðstöðuna hvað þetta snertir.

Eins og ég segi þá er hér að öðru leyti fyrst og fremst um ýmsar lagfæringar á lífeyriskerfinu að ræða. Gert er ráð fyrir að bæta upplýsingagjöf til þeirra sem sjóðinn eiga. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði að starfsmenn ríkisins gerðu sér almennt ekki grein fyrir þeim mikla ávinningi sem hlotist hefði af breytingum sem gerðar hafa verið á lífeyriskerfi hins opinbera á liðnum árum. Ég held að almennt séu menn mjög meðvitaðir um hvað þarna hafi áunnist og að það vannst fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar, samtaka þess fólks sem á aðilild að þessum sjóðum.

[20:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði lífeyrissjóðunum mismunað gagnvart bönkum, verðbréfafyrirtækjum og öðrum aðilum sem veitt geta viðbótarlífeyrissparnaði viðtöku. Þetta er rétt. En hann vill þá kannski líka taka upp að menn geti valið sér lífeyrissjóð? Því ég get nefnilega valið mér tryggingafélag, banka eða verðbréfafyrirtæki til að leggja viðbótarsparnaðinn til hliðar. Þegar ég get valið hef ég strax agavald á þeim sem ráðstafa peningunum. Ef mér finnst sá aðili ráðstafa peningunum mínum illa þá fer ég bara eitthvað annað. Það get ég hins vegar ekki gert hjá hinum venjulega lífeyrissjóði, því miður.

Hv. þm. situr reyndar í stjórn míns lífeyrissjóðs, hann er fulltrúi minn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þó að ég hafi aldrei kosið hann og ég sé þvingaður til að vera í þeim sjóði og vilji ekki vera þar. (Gripið fram í.) Já, en ég vil ekki vera í þessum sjóði og ég hef aldrei kosið hv. þm. Þó að stjórnin stæði sig ekki með þeim hætti sem ég kærði mig um þá get ég ekkert annað en greitt inn í þennan sjóð. Ég get bara ekki nokkurn skapaðan hlut annan frekar en allir Íslendingar. Þeim er gert skylt að borga inn í ákveðinn lífeyrissjóð samkvæmt lögum en þeir hafa engin áhrif á stjórn síns lífeyrissjóðs. Þetta er vandinn sem við stöndum frammi fyrir. Og þess vegna vildi ég gjarnan taka um það umræðu að hætta að mismuna milli lífeyrissjóða og þeirra sem taka við viðbótarsparnaðinum og leyfa fólki að velja hvort tveggja.

[20:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er gamalkunn ræða frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann sér samfélagið og einstaklingana þannig að menn séu vaknir og sofnir yfir verðbréfavísitölunum, hugsi það fyrst á morgnana hvar þeir geti grætt mest þann daginn, hvernig þeir geti ávaxtað sitt pund, í hvaða sjóði fjármununum sé best borgið. Þannig held ég að þetta sé nú yfirleitt ekki.

Ég held að flest fólk vilji vita til þess að það búi við traustan lífeyrissjóð. Þessir lífeyrissjóðir hafa verið byggðir upp af verkalýðshreyfingunni, fyrir tilstilli hennar og kröfur hennar og í gegnum verkalýðshreyfinguna á fólk aðild að þessum sjóðum. Ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal er talsmaður miklu þrengra lýðræðis. Hann vill að litlir ársfundir áhugamanna um vísitölur ráði þar öllu og hafnar hinu breiða lýðræði verkalýðshreyfingarinnar. Ég er honum einfaldlega ekki sammála um þetta.

En mér finnst gott að heyra að hann vilji ekki að lífeyrissjóðunum sé mismunað í óhag gagnvart fjármálastofnunum í öðru. Þar erum við alla vega á einu máli.

[20:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var yndisleg ræða um álit stjórnarmanns í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á sínum eigin sjóðfélögum. Hann heldur að hann sé best til þess fallinn að ráðstafa fé þeirra. Hann segir að fólk sé almennt ekki vakið og sofið yfir verðbréfavísitölum af því að örfáir mæti á ársfund. Af hverju mæta örfáir á ársfund? Af því að menn hafa ekkert að segja þar og engu að ráða. Menn geta ekki kosið stjórn. Menn hafa ekkert um stjórn sjóðsins og ráðstöfun peninga sinna að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er von að ég segi þetta aftur og aftur og að þetta sé gamalkunn ræða. Ég mun halda hana aftur og aftur vegna þess að ég skil það ekki að fólki sé gert skylt með lögum að greiða inn í ákveðinn lífeyrissjóð og hafi engin áhrif stjórnina sem ráðstafar þeim peningum sem eiga að standa undir ellilífeyri þeirra í framtíðinni.

Ég mun þannig halda þessa ræðu aftur og aftur og aftur, þangað til hinn almenni sjóðfélagi fær einhverju að ráða um hver stjórnar sjóðnum og hver ávaxtar og vakir yfir verðbréfavísitölunum.

[20:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannast sagna hélt ég að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði betri og traustari þekkingu á þessum málum en hér kemur fram. Þekking hans er af afskaplega skornum skammti.

Stjórnir lífeyrissjóða móta almenna stefnu. Þessi stefna á að hluta stoð í lögum sem við erum að setja, t.d. þeim lögum sem hér er verið að afgreiða. Síðan er leitað til sérfræðinga, margra sérfræðinga og til fyrirtækja á fjármálamarkaði. Eitt slíkt fyrirtæki kemur mér í hug, það heitir Kaupþing. Þar mun hv. þm. Pétur H. Blöndal einhvern tíma hafa komið við sögu. Þessi fyrirtæki aðstoða við að ákveða hvernig eigi að fjárfesta peningana. Þannig ganga hlutirnir fyrir sig. Sjóðstjórnin fylgist með því að farið sé að settum reglum, að lögum sé fylgt, að vandað sé til mótunar fjárfestingarstefnunnar og kallaðir séu til bestu sérfróðir aðilar á þessu sviði til þess að tryggja hag sjóðfélaga.

Pétur H. Blöndal er hins vegar áhugamaður um ársfundi og hefur mætt á nokkuð mörgum slíkum. Ég held að þeir hafi verið þrír, voru þið ekki þrír sem mættuð á ársfund Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda á sínum tíma? Hann vill að þessir þröngu, litlu fundir ráði öllu. (**Gripið fram í:** Þessir þrír.) Þessir þrír. Þar geti fáeinir aðilar, sem sumir hverjir eru með einhverjar svona litlar skrúfur á sálinni, ráðið för í einu og öllu. Ég mæli fyrir því að við virkjum breitt lýðræði, að stór samtök komi að þessum málum og fulltrúar úr verkalýðshreyfingunni sem byggði upp þetta kerfi ráði þar för.

[20:28]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Umræða þeirra félaga minna í hv. efh.- og viðskn. hér í andsvörum er kannski komin nokkuð víðs fjarri frv. sjálfu. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en leggja hér nokkur orð í belg.

Ég hygg að öll meginatriðin séu komin fram en rétt að minna á það að sú var tíðin að lífeyrissjóðir höfðu afskaplega lítið svigrúm til að fjárfesta og ávaxta sitt pund, ef svo

má segja, meðan skorður hér á peningamarkaði voru mjög þröngar. Þróunin á síðustu árum hefur verið sú að peningamarkaður hefur verið að opnast. Sú hugsun hefur verið að færast inn í lífeyrissjóðina og þeir í vaxandi mæli verið að fjárfesta til að verja sig til framtíðar, má segja, einkum hér innan lands. Ég hygg að lífeyrissjóðirnir eigi drjúgan þátt í því mikla uppbyggingarstarfi sem fram hefur farið í íslensku þjóðlífi á undanförnum árum og jafnvel áratugum.

Hins vegar er íslenskur fjármagnsmarkaður afskaplega lítill í raun og veru og lífeyrissjóðirnir saman lagðir mjög digrir, eins og hér hefur komið fram. Þetta frv. gengur í raun ekki út á annað en að opna möguleika eða auka möguleika lífeyrissjóðanna á því að hafa heiminn undir, ef svo má segja, að geta fjárfest í enn meiri mæli erlendis og þar með dreift áhættu. Það er að sjálfsögðu aðalatriði og lykilatriði í þessu að hér er um það að ræða að dreifa áhættu fyrir lífeyrissjóði þannig að þeir styrki sig betur til framtíðar.

En það er rétt, herra forseti, sem hefur verið bent á að þessi skref þarf að stíga varlega. Ég hygg að sú reynsla sem fengist hefur af lífeyrissjóðunum og stjórnun þeirra á síðustu árum sýni að þeim sé fyllilega treystandi til þess og með því að hafa í rauninni heiminn undir eru þeir að auka öryggi sitt til framtíðar litið. Einnig er rétt að vekja athygli á því að hér er lagt til að upplýsingagjöf til sjóðfélaga sé efld og tilfinning þeirra fyrir lífeyrissjóðum sínum þar með aukin.

Hvað varðar þær deilur sem fóru fram í andsvörum á milli ágætra hv. félaga minni í efh.- og viðskn. skiptir miklu máli hvort menn beri traust til stjórna lífeyrissjóðanna og starfsmanna þeirra og hvernig þeir véla með þá dýrmætu sjóði sem þeim er trúað fyrir. Ég hef enga ástæðu til að vantreysta þeim og ítreka að aðalatriðið í þessu er að styrkja lífeyrissjóði íslenskra launþega til framtíðar. Þess vegna er ég hlynntur frv.

[20:31]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hlusta á félaga minn Pétur Blöndal fara yfir víðan völl í sambandi við lífeyrissjóðsmálin. Stundum má skilja hv. þm. Pétur H. Blöndal þannig að þeir sem stjórna sjóðunum séu algjörir skussar og það þurfi hinn almenna félagsmann, líklega þá þrjá á fundi, til að koma viti fyrir menn hvernig þeir eigi að fjárfesta.

Það sem ég vildi segja í þessu sambandi er það að stjórnir lífeyrissjóðanna hafa um langan tíma setið við það, eða allt fram til ársins 1980, að búa við mikla verðbólgu og hafa þurft að vera í harðri samkeppni við Húsnæðisstofnun ríkisins, sem þá hét, vegna íbúðalána og annars slíks. Þá gekk ávöxtunin mest út á að lána sjóðfélögunum til húsbygginga.

Árið 1980 verður svo veruleg breyting á. Þá fara menn að sjá að peningarnir brenna ekki upp í óðaverðbólgu. Þeir sjá það líka að mikil nauðsyn er á að þeir standi sig í ávöxtuninni til að lífeyrissjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar. Sjóðfélagar í lífeyrissjóðum eru engir aukvisar. Þeir vita og skilja hvað er um að vera og þeir fylgjast með ávöxtuninni. Það er gefið út reglulega hvernig ávöxtun lífeyrissjóðanna hafi verið, hvert er meðaltal o.s.frv.

Eins og kerfið er nú ríkjandi er það miklu betra að aðilar eins og verkalýðshreyfingin, einstök verkalýðsfélög, stjórnendur þeirra, hafi um það að segja hvaða fulltrúa þeir kjósi í lífeyrissjóðina, hvernig á verði haldið.

Svo ætla ég að koma að einum þætti sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur aldrei inn á og er auðvitað mál út af fyrir sig sem hlýtur að fara að koma alvarlega til skoðunar. Það er örorkuþáttur lífeyrissjóðanna. Ég er alveg sannfærður um að það var aldrei ætlan þeirra sem byggðu upp þetta ágæta lífeyrissjóðakerfi, sem margir úti í hinum stóra heimi öfunda Íslendinga af, að örorkubætur út úr lífeyrissjóði yrðu jafnmiklar og raun ber vitni. Við getum nefnt t.d. Lífeyrissjóð sjómanna þar sem útgreiðsla vegna örorku er hærri en lífeyrisbætur eða ellilífeyri. Ég sé það líka í fleiri lífeyrissjóðum, t.d. verkafólks, þar sem örorkubætur er mjög stór hluti af útgreiðslunni. Þá kem ég að því að menn eru farnir að tala um það í fúlustu alvöru að ekki líði á löngu þangað til lífeyrissjóðirnir taki alfarið við lífeyrisgreiðslunum og nánast verði hægt að leggja Tryggingastofnun ríkisins niður.

En hafa menn skoðað hvaða tóm og tíma lífeyrissjóðirnir hafa fengið til þess að vaxa úr grasi til þess að efla fjárhag sinn? Ja, það er svona upp úr 1980–1985. Þeir eru enn þá að ná sér eftir áföll óðaverðbólgunnar, þeir sem voru til löngu fyrir 1980. Þeir eru allir í því að ávaxta fjármagnið þannig að þeir muni og þeir ætla sér að standa við þær lífeyrisskuldbindingar sem þeir taka að sér.

Auðvitað eiga örorkutryggingarnar heima einhvers staðar annars staðar en í lífeyrissjóðunum sjálfum. Við erum með dæmi um t.d. fólk sem lendir í umferðarslysum að það virðist vera þannig að það eru annaðhvort lífeyrissjóðirnir eða Tryggingastofnun ríkisins sem taka við örorkubótunum vegna slyssins. Til hvers eru þá tryggingafélögin? Hvar koma þau að þessum málum?

Ekki er langt síðan maður hér á götu stoppaði mig af og sýndi mér það. Hann hafði lent í bílslysi, mikilli örorku, og fékk eitt þúsund kr. frá tryggingafélaginu en 20 þús. kr. frá Tryggingastofnun. Hver var þá þáttur tryggingafélagsins í þessu og hver er hann?

Það kemur alltaf upp í huga mér þegar rætt er um lífeyrissjóðina að þá gleymast þessir þættir, þ.e. ekknabæturnar, barnalífeyririnn og örorkan. Ég spyr: Á þetta að vera þarna? Erum við að tala um lífeyrissjóð sem á að borga lífeyri eftir hæfilega langan vinnudag eða erum við að tala um samtrygginguna? Samtryggingin skiptir verulegu máli fyrir lífeyrissjóðina og margan ungan manninn hef ég hitt sem hefur einmitt komið inn á það að hann hafi ekki gert sér neina grein fyrir því hvað samtrygging lífeyrissjóðanna væri mikill og öruggur þáttur í starfsemi lífeyrissjóðanna.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal horfir á tvennt. Það er meginmál hans í umræðunni þegar lífeyrissjóðirnir koma til. Það má skilja hv. þm. svo að stjórnarmenn í lífeyrissjóðunum séu einhverjir aukvisar af því að það er ekki hinn almenni félagsmaður sem kýs þá og að þeir, stjórnarmenn í lífeyrissjóðunum, leggi sig ekkert fram um að ávaxta fjármagn lífeyrissjóðanna til að þeir geti staðið við skuldbindingar sínar. Í þriðja lagi er það kannski álit þingmannsins að þeir sem eru í stjórnum lífeyrissjóðanna hafi ekki hundsvit á hlutabréfum. Það séu bara fáir einir útvaldir og hann sé meðal þeirra.

[20:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ótrúleg ræða. Ég hef verið formaður Landssambands lífeyrissjóða í 12 ár, starfað hjá lífeyrissjóði í sjö ár og er tryggingafræðingur. Ég veit að í 2. gr. laganna stendur að lífeyrissjóðirnir eiga að veita ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri og barnalífeyri. Þetta veit hver einasti maður. Þetta er samtryggingarþátturinn, þ.e. örorkulífeyririnn, makalífeyririnn og barnalífeyririnn sem er áhættulífeyrir.

Svona tal, að ég hafi ekki vit á þessu, og það að ég vantreysti, þýði að stjórnarmenn lífeyrissjóðanna séu aukvisar, það er ekki rétt. Ég bendi aðeins á þá hættu að ef enginn er með agavald á bak við stjórnina, ef enginn eigandi er að fénu þá er hætta á ferðum. Ég er alls ekki að segja að menn séu vanhæfir. Ég hef aldrei sagt það. En ég bendi á það að á meðan sjóðfélaginn er skyldaður til að greiða inn í ákveðinn lífeyrissjóð verður að gefa honum möguleika á því að hafa einhver áhrif á það hvernig farið er með það fé sem hann er skyldaður til að greiða inn í sjóðinn. Það er ekki tryggt í dag. Þó að ákveðið lýðræði sé kannski hjá Lífeyrissjóði sjómanna, hjá Sjómannafélaginu, það þekki ég, þá er það alls ekki alls staðar og langt í frá. Yfirleitt hafa sjóðfélagar engin áhrif á stjórn sjóðs síns, þeir eiga enga möguleika á því. Þeir hafa ekki einu sinni atkvæðisrétt hjá viðkomandi stéttarfélagi. Ég nefni Lífeyrissjóð verslunarmanna sem dæmi þar sem helmingur sjóðfélaganna hefur ekki atkvæðisrétt hjá VR sem tilnefnir helming af stjórninni. Þessar ásakanir eru því alveg út í hött.

Það að þrír mæti á ársfundi er vegna þess að þeir hafa ekkert að segja og þeir hafa ekkert að gera. Ef menn hefðu virkilega eitthvað að segja um stjórnina, eitthvað að segja um fé sitt og ráðstöfun þess þá mundu þeir mæta á ársfundi. Ég treysti sjóðfélögunum betur en hv. þm. að því leyti.

[20:40]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á venjulegum aðalfundum eru bornir upp ársreikningar og þeir sem mæta á aðalfundi hafa auðvitað áhrif á það hvort ársreikningar eru samþykktir eða athugasemdir gerðar við þá.

Ég vona að ég hafi ekki talað svo að það hafi mátt misskilja mig að tryggingafræðingurinn, hv. þm. Pétur H. Blöndal, þekkti ekki og skildi ekki eðli lífeyrissjóðanna. Ég dreg þau orð til baka ef mér hefur orðið fótaskortur á tungunni. Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði hér áðan, að mér finnst bera allt of mikið á því í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að það sé ávöxtunin og það séu hin litlu áhrif sjóðfélaganna sem skipti öllu máli um framgang þeirra.

Ég nefndi örorkuþáttinn í lífeyrissjóðunum sem ég tel að eigi ekki að vera þar í svo ríkum mæli sem raun ber vitni í lífeyrissjóðunum. Ef hann væri ekki og honum væri fundinn staður annars staðar innan tryggingakerfisins, hvort sem það er á vegum ríkis eða tryggingafélaga, þá væru margir lífeyrissjóðir miklu betur staddir.

Og að það skipti öllu máli hve margir mæti á aðalfund til að hafa áhrif, ég sé það ekki í hendi mér í öðru formi en því sem ég gat hér um áðan, að það sé eðlilegt að menn mæti á aðalfundi til þess að hafa áhrif þar á. Hins vegar hafa svo sjóðfélagar í verkalýðsfélögunum auðvitað áhrif á kjör manna í stjórn lífeyrissjóðanna með því að hafa áhrif á hverjir eru kosnir í stjórn viðkomandi stéttarfélags.

Núna er þessi feiknarlegi áhugi stjórnvalda á lífeyrissjóðunum sem hafa nánast verið afskiptir í tvo áratugi eða á þriðja áratug þar sem menn hafa verið að berjast við verðbólgu og reyna að vinna af mætti að eiga fyrir skuldbindingum sínum. Núna allt í einu er þessi feiknaáhugi og að þeir standi bara sig ekki nógu vel að áliti margra. En það er rangt.

[20:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hastarlegt að heyra það að ég sem stóð fyrir því 1980 að Lífeyrissjóður verslunarmanna tæki upp verðtryggingu fyrstur lífeyrissjóða vegna þess að iðgjöld sjóðsins brunnu á báli verðbólgunnar 1979 — það hefði mátt sleppa öllum iðgjöldum til sjóðsins á því ári — þurfi að heyra það að sjóðstjórnirnar hafi gert eitthvað sérstakt. Þær voru gjörsamlega steinsofandi. Ég sem tryggingafræðingur vissi um stöðu sjóðanna og benti á það aftur og aftur og var talinn vera úrtölumaður og svartsýnismaður. Nú er staða sjóðanna mjög góð eftir að verðtryggingin var tekin upp.

En það eru aðrir gallar í núverandi kerfi sem ég hef bent á en hv. þm. hefur sennilega ekki hlustað á. Það er að það að sjóðirnir veita ekki kynja- og aldursbundin réttindi mun leiða til þess að sjóðir sem eru með mikið af gömlu fólki munu standa illa og þurfa að skerða réttindi sín á meðan sjóðir sem eru með ungu fólki geta stöðugt bætt réttindi sín. Þetta kemur í ljós eftir nokkur ár og ég bendi á það. Þetta er ég búinn að benda á aftur og aftur þannig að ég skil ekki ummæli hv. þm. að ég sé að tala eins og ég hafi enga hugmynd um þetta.

Svo vil ég að lokum spyrja einnar spurningar: Hver á Lífeyrissjóð sjómanna? Eru það sjómenn eða einhverjir aðrir?

[20:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gat þess að hann þyrfti að hlusta á það sem ég segði, að hann þyrfti að heyra það sem ég segði. Já, sem betur fer þarf hann að heyra það en hins vegar þarf hann þess ekkert frekar en hann vill. Við erum einu sinni í lýðræðisríki og á Alþingi Íslendinga og er málfrelsi.

Lífeyrissjóð sjómanna eiga sjóðfélagarnir, það fer ekkert á milli mála, það eru alveg hreinar línur.

[20:45]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs öðru sinni til að leggja áherslu á það sjónarmið að ég tel mikilvægt að lífeyrissjóðunum sé veitt aðhald, gagnstætt því sem hugsanlega mátti skilja á orðum mínum áðan. Þetta aðhald kemur fyrst og fremst í gegnum verkalýðsfélögin og verkalýðshreyfinguna. Við skulum minnast þess að fyrir fáeinum árum, og reyndar er það engin nýlunda, það hefur gerst í gegnum tíðina, komu hingað inn á Alþingi frv. sem höfðu í för með sér eða hefðu haft í för með sér, ef þau hefðu náð fram að ganga, umtalsverða skerðingu á lífeyrisréttindum. Þetta fékkst lagað þegar frv. voru dregin til baka og þau urðu viðfangsefni samningaviðræðna milli verkalýðshreyfingar, atvinnurekenda og ríkisvalds. Þar var það verkalýðshreyfingin, þar voru það samtök launafólks sem stóðu vaktina fyrir sjóðfélaga, sem tryggðu að réttindi þeirra yrðu ekki skert. Þetta er staðreynd. Lífeyrismál eru iðulega til umfjöllunar hjá verkalýðsfélögum á fundum þeirra, í málgögnum þeirra, þar sem einstaklingum og hópum gefst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og þar sem kallað er eftir slíkum sjónarmiðum, þar sem efnt er sérstaklega til funda um þessi mál.

Hvað ársfundina snertir gerði ég allt of lítið úr þeim í máli mínu og viðhafði galgopalegt orðalag sem ég hefði betur ekki gert og vildi helst draga til baka því að sönnu þá skipta þeir máli. Ársfundir geta skipt máli og eiga að vera mikilvægir upplýsingafundir. Það sem okkur hins vegar greinir á, mig og hv. þm. Pétur H. Blöndal, er hvert eigi

að vera hlutverk þessara funda. Ég tel að þeir eigi fyrst og fremst að vera upplýsingafundir, opnir öllum sjóðfélögum og þeim sem greiða í sjóðina einnig. Hv. þm. Pétur H. Blöndal telur að þeir eigi að vera hinn ákvarðandi aðili. Ég tel að sá vettvangur eigi að vera verkalýðshreyfingin, sá aðili sem smíðaði þessa sjóði, barðist fyrir þessum sjóðum og hefur varið þá þegar á hefur reynt.

En ég vil leggja áherslu á að ég tel mikilvægt að lífeyrissjóðunum sé veitt aðhald. Ég vil ekki gera lítið úr ársfundunum eins og skilja mátti á orðalagi mínu áðan og hefði betur hagað orðum mínum á annan hátt. En meiningin er sú að ég tel mikilvægt að lífeyrissjóðunum sé veitt sem allra best og traustast aðhald.

[20:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að verkalýðshreyfingin hefði varið lífeyrissjóðina. Ég spyr: Hvar og hvernig og gegn hverjum?

Annað. Hv. þm. segir að verkalýðsfélögin séu sá aðili sem beri ábyrgð á sjóðunum. Þá vil ég setja upp eftirfarandi stöðu:

Í stjórn verkalýðsfélags eru einhverjir, segjum, fimm, sex eða sjö menn, ég veit ekki hversu margir. Þeir tilnefna í stjórn lífeyrissjóðs þrjá af félögum sínum. Nú klikkar stjórnun lífeyrissjóðsins af einhverjum ástæðum, þessir þrír félagar bara stóðu sig ekki. Hvernig mun hópurinn taka á því vandamáli næst þegar á að tilnefna í stjórn sjóðsins? Hverjum kemur það í koll að þessir aðilar brugðust? Ég er ekki að segja að þetta gerist, en ef það skyldi gerast, hverjum kemur það í koll? Sjóðfélögunum. En þeir komu bara ekkert að þessu máli.

Þess vegna spyr ég hv. þm. hvernig verkalýðshreyfingin, þessi stjórn verkalýðsfélagsins, veitir agavald á þá þrjá fulltrúa í sínum hópi sem hún sjálf tilnefndi.

[20:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gegn hverjum hefur verkalýðshreyfingin varið lífeyrissjóðina? Það hefur hreyfingin þurft að gera gagnvart ríkisvaldi, t.d. þegar kom fram frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. (Gripið fram í.) Fjölmörg dæmi má nefna um þá staðreynd að verkalýðshreyfingin hafi þurft að standa í fæturna fyrir hönd lífeyrissjóðanna gagnvart ríkisvaldinu og lagasetningu sem hér hefur átt að knýja í gegn. Þetta er staðreynd.

Ég skal nefna annan aðila. Það er úr heimi sem hv. þm. þekkir ágætlega, það er úr fjármálaheiminum. Fjármálafyrirtækin hafa ásælst lífeyrissparnaðinn og því miður verið mjög óábyrg í því efni; lagt minna upp úr samtryggingu margvíslegri en verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á hana. Ef verðbréfafyrirtækin og fjármálafyrirtækin hefðu haft sitt fram, værum við ekki með eins traust samtryggingarkerfi í lífeyrismálum og við þó búum við. Það er skoðun mín að svo sé.

Hvernig yrði farið með einstaklinga sem brjóta af sér í starfi eða standa ekki sína plikt í stjórnum lífeyrissjóðanna? Ég geri ráð fyrir að það eigi við í því eins og öðrum trúnaðarstöðum sem verkalýðshreyfingin velur fulltrúa sína til, ef menn ekki rísa undir þeirri ábyrgð sem þeim er ætlað að axla, þá eru að sjálfsögðu valdir aðrir fulltrúar sem eru líklegir til að gera slíkt.

[20:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að fjármálafyrirtækin hefðu sýnt óábyrga hegðun. Ég vildi gjarnan að hann nefndi mér dæmi um það. Í öðru lagi segir hann að ef einhver fulltrúi sjóðanna í stjórn brjóti af sér. Ég sagði aldrei að fulltrúinn bryti af sér, alls ekki. Hann gerir eins og hann getur. En fjárfestingin, sem stjórnin lagði út í, hún reyndist röng. Hver er þá ábyrgð þessara stjórnarmanna gagnvart hverjum? Það að það sé bara kosinn nýr maður, er það bara þá allt í lagi? Er þá allt í lagi að ávöxtunin brást? Ég spyr: Hver er ábyrgð þeirra og hvernig tekur stjórn verkalýðshreyfingarinnar á manni sem hefur ekki brotið neitt af sér, gerði bara mistök?

[20:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki sé til nein patentlýsing á því hvernig er tekið á mistökum innan verkalýðshreyfingar fremur en að slík lýsing sé til á viðbrögðum ársfunda eða hluthafa eða eigenda fyrirtækja. Ég held að allur gangur sé á því og líka hinu hvernig menn fara að því að skilgreina mistök.

En hv. þm. innir mig eftir því sem ég sagði að fjármálafyrirtæki hefðu að mínum dómi sýnt óábyrga afstöðu. Hv. þm. minnist þess eflaust að tekist var á um það fyrir fáeinum árum hvernig bæri að skilgreina lífeyrissjóði og lífeyrisréttindi og hvar mörkin ættu að liggja, hve mikið ætti að renna til samtryggingar sjóða. Þar tókust á annars vegar hinir hefðbundnu lífeyrissjóðir og hins vegar fjármálafyrirtæki sem vildu komast yfir þennan sparnað og voru jafnvel farin að vísa til lífeyrissjóða, kalla lífeyrissjóði sparnaðarform, sem í reynd var ekkert annað en bankabækur eða einstaklingsreikningar. Menn tókust á um það hér í þessum sal og mér fannst það óábyrg afstaða að reyna að draga úr samtryggingarkerfinu sem lífeyrissjóðirnir hafa byggt upp og vilja standa vörð um og treysta til framtíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:55]

Útbýting þingskjala:

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, 452. mál, nál. utanrmn., þskj. 1082; brtt. utanrmn., þskj. 1083.

Rafræn eignarskráning á verðbréfum, 3. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 995, brtt. 1035.

[20:55]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir eigin tillögu sem ég flyt fyrir 3. umr., þetta er einungis tæknilegs eðlis. Tillagan er sú að breyting verði á 2. gr. laganna sem fjallar um skýringar á hugtökum.

Í fyrsta lagi verði það þannig að í stað orðsins „eignarréttinda" í skýringu hugtaksins „eignarskráningar", þá verði fjallað um „réttindi" í staðinn fyrir „eignarréttindi".

Í öðru lagi er ég að gera tillögu um betrumbót á skýringarhugtakinu „efndalok" sem verði þá þannig að efndalok þýði „fullnaðaruppgjör viðskipta reikningsstofnana með rafbréf

og fullar efndir á þeim, svo sem með greiðslujöfnun eða peningagreiðslu, sem lagðar eru til grundvallar við lokafærslu á reikning í verðbréfamiðstöð".

Þetta eru, virðulegi forseti, atriði sem komu upp eftir 2. umr. og eru flutt í samráði við viðskrn.

[20:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kemur æðioft fyrir þegar við tökum frv. til umræðu að málfar þeirra er þannig að það er ekki fyrir almenning að skilja. Ég vil bara lýsa yfir stuðningi okkar fulltrúa Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn við þá tillögu sem hér er flutt af hv. þm., formanni efh.- og viðskn., Vilhjálmi Egilssyni. Þetta orðalag er heldur til bóta, það orðalag sem þarna er lagt til, frá því sem gert er ráð fyrir í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjónustukaup, 2. umr.

Stjfrv., 111. mál. — Þskj. 120, nál. 1051, brtt. 1052.

[20:58]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um þjónustukaup. Þetta er ný löggjöf og kveður á um réttindi og skyldur aðila að þjónustukaupum. Nefndin sendi þetta mál til umsagnar og fékk á fund sinn allmarga aðila sem getið er um í nál. Nefndin hefur fjallað um þetta á fyrri þingum þar sem málið var til umfjöllunar bæði á 122. og 123. löggjafarþingi. Málið er þess vegna nokkuð vel þekkt í þinginu en engu að síður gerir efh.- og viðskn. tillögu til breytinga á málinu í einum 11 liðum. Fyrst og fremst eru þessar brtt. vegna orðalags eða tæknilegra atriða. Ég vil þó geta um nokkrar þessara brtt.

Í fyrsta lagi er tekið fram að ef til riftunar samnings kemur geti seljandi aðeins krafist greiðslu fyrir ógallaða vinnu og þannig er tekinn allur vafi af um að neytanda sé ekki skylt að greiða fyrir gallaða vinnu. Þetta er í 5. lið brtt.

Síðan er lagt til að tekið verði upp sérstakt bráðabirgðaákvæði um kærunefnd sem er sambærilegt eða sams konar og það bráðabirgðaákvæði sem fjallað er um í brtt. í lögum um lausafjárkaup. Þetta er sama nefndin sem á að fjalla um bæði lausafjárlögin og þjónustukaupalögin. Gert er ráð fyrir því að þessi nefnd starfi frá gildistöku laganna út árið 2005. Það eru þrír nefndarmenn og niðurstöðum þessarar kærunefndar verði ekki skotið til annarra stjórnvalda, en aðilar geti að sjálfsögðu lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti. Gert er ráð fyrir því að viðskrh. setji með reglugerð nánari ákvörðun um valdsvið og verkefni kærunefndar og málsmeðferðarreglur og störf að öðru leyti. Síðan er gert ráð fyrir því í tillögu efh.- og viðskn. að lögin taki gildi 1. júní 2001 og það verði þá bæði lausafjárkaupalögin og þessi lög sem taki gildi á sama tíma. Virðulegi forseti. Undir þetta rita allir nefndarmenn efh.- og viðskn.

[21:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það má í raun segja að í kvöld sé á ferðinni 2. umræða um þrjú mál sem varða kaup og sölu á vöru og þjónustu, þ.e. frv. til laga um þjónustukaup, húsgöngu og fjarsölu og lausafjárkaup sem þegar hefur verið rætt.

Frv. um þjónustukaupin var lagt fram, eins og hér kom fram, á 122. og 123. löggjafarþingi en ekki náðist að ljúka málinu og var það lagt fram aftur óbreytt, en segja má að það hafi hlotið heilmikla umfjöllun, bæði í þinginu og í efh.- og viðskn. En eins og fram kemur í athugasemdum við frv. eins og það er lagt fram er orðin mikil þörf á lagasetningu sem tekur til seldrar þjónustu. Slík löggjöf hefur þegar verið sett annars staðar á Norðurlöndum, þó ekki í Danmörku að mig minnir. Ýmsar þjónustugreinar hafa vaxið gríðarlega á síðustu árum sem sést m.a. á því að velta þeirra hefur aukist um allt að 20% á síðustu 8–10 árum. Og líklega skiptir veltan í tölvuþjónustunni þar hlutfallslega mestu um, en aðrar greinar þjónustunnar hafa einnig vaxið gífurlega og sífellt bætast við nýjar þjónustugreinar. Þetta þýðir að hluti þjónustu í einkaneyslu almennings hefur einnig aukist verulega á síðustu árum og er löngu tímabært að setja löggjöf hvað varðar vernd þess sem kaupir þjónustuna, en varðar þó einnig öryggi þess sem selur.

Efh.- og viðskn. hefur farið ítarlega yfir málið og fengið fjölda umsagna eins og fram kemur í áliti nefndarinnar sem formaður hennar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, fór yfir áðan. Í niðurstöðu okkar tökum við tillit til ýmissa ábendinga sem fram hafa komið og eru brtt. í fullu samræmi við þær.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í áliti nefndarinnar stöndum við öll að þessari niðurstöðu og teljum við frv. með þeim breytingum sem við leggjum til vera orðið nokkuð gott og mikið framfaramál og tímabært að Alþingi ljúki loks afgreiðslu málsins sem komið hefur til umræðu á þremur þingum. Þó að allar brtt. sem hér liggja fyrir séu bornar fram af nefndinni allri, og þær eru allar til bóta, vil ég lýsa sérstakri ánægju með ákv. til brb. þar sem gert er ráð fyrir að hæstv. viðskrh. skipi kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem ætlað er að starfa frá því lögin taka gildi til ársins 2005. Hér er ekki um að ræða nema að litlu leyti breytingar á eldri lögum. Þetta er nýmæli og frekar yfirgripsmikil löggjöf og er eðlilegt að í það minnsta fyrstu árin geti þeir sem lögin varða leitað til óháðra og sérfróðra aðila hvað varðar túlkun á lögunum.

Miklu máli skiptir, eins og kom fram áðan í þeirri brtt. sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson flutti við annað frv., að lög sem sett eru séu á skýru og vel skipulögðu máli. Því miður er því ekki að heilsa hvað varðar mörg þau frv. sem héðan eru afgreidd. Sum frv. í afgreiðslu efh.- og viðskn. eru engin undantekning hvað þetta varðar, en það vill stundum verða þegar nefndarmenn hafa legið klukkutímum saman yfir efni og orðalagi frv. þá hætta þeir að taka eftir því hvernig málfarið er og hverjir helstu málfarsgallar frv. eru. Jafnvel orðnir sátt við orð eða setningar sem þeir í upphafi skildu alls ekki. Það vill gleymast að þeir sem eiga að vinna eftir lögum eða lögin ná til, í þessu tilviki hver einasti einstaklingur í landinu hefur ekki við höndina sérfræðinga eða höfunda frv. sem skýra orðalag og merkingu hverrar greinar. Lög verða að vera sett fram á skýran og skilmerkilegan hátt á fallegu, auðskiljanlegu máli. Ég tel að okkur hafi ekki tekist nógu vel hvað þetta varðar í frv. því sem hér er til afgreiðslu eða í þeim brtt. sem lagðar eru fram af okkar hálfu í nefndinni.

Í 6. lið brtt. er lagt til að fyrirsögn V. kafla frv. orðist svo: Afhendingardráttur seljanda þjónustu. Þó að þetta sé niðurstaða nefndarinnar get ég ekki sagt að mér finnist þetta vera í lagi og hef þegar gert athugasemdir við þetta orðalag í nefndinni, en að öðru leyti stend ég að öllum þeim brtt. sem í þskj. eru. Mál þetta á eftir að koma til 3. umr. og ef

hv. þingmönnum dettur í hug á milli umræðna betri lausn á fyrirsögn V. kafla væri vel til fallið að flytja brtt. við 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsgöngu- og fjarsölusamningar, 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (heildarlög). — Þskj. 684, nál. 1060, brtt. 1061.

[21:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Frv. þetta mun leysa af hólmi lög nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu. Frv. er flutt með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/1994, um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins frá 20. desember 1985. Síðan er verið að taka upp í rétt okkar aðrar EES-gerðir nr. 15/1998.

Frv. fjallar um atriði sem eru vel þekkt í slíkum viðskiptum og í sjálfu sér er ekki mikið um þau að segja og ekki mörg nýmæli í frv. sem slíku, en nauðsynlegt er að hafa ákvæði af þessu tagi á lögbókinni til þess að kveða á um réttindi og skyldur þeirra sem taka þátt í eða eru aðilar að slíkum viðskiptum.

Að sjálfsögðu eru miklar breytingar á ferðinni á þessum sviðum, bæði varðandi miðla sem notaðir eru fyrir seljendur til að ná til kaupenda og eins greiðslumiðla og annað. Um þetta er fjallað í frv.

Nefndin gerir tillögur til breytinga á frv. í fjórum liðum. Það er einungis ein efnisleg breyting sem þar er gerð tillaga um, þ.e. að 4. tölul. 10. gr. falli brott og með því nái réttur neytanda til að falla frá húsgöngu- eða fjarsölusamningi til fjarsölusamninga um áskrift að dagblöðum og tímaritum. Ef frv. verður samþykkt nái lögin þá einnig til slíkra áskriftasamninga. Að öðru leyti er rætt um orðalagsbreytingar í brtt.

Virðulegi forseti. Allir hv. nefndarmenn skrifa undir án fyrirvara.

[21:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. nál. efh.- og viðskn. og formanni efh.- og viðskn. stöndum við í minni hluta í efh.- og viðskn. að því nál. og þeim breytingum sem nefndin leggur til á sérstöku þskj.

Ég vil þó, virðulegi forseti, nefna að frv. er samið í viðskrn. í þeim tilgangi að lögleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997. Sameiginlega EES-nefndin tók þá ákvörðun 6. mars 1998 að fella inn í EES-samninginn tilskipun þessa frá 20. maí 1997, um neytendavernd, að því er varðar fjarsölusamninga. Tilgangurinn með tilskipuninni er að samræma löggjöf aðildarríkjanna að því er varðar vernd neytenda við gerð samninga milli þeirra og seljenda vöru og þjónustu í fjarsölu. Með fjarsölu er átt við að seljandi vöru eða þjónustu noti fjarskiptatækni, t.d. síma, sjónvarp, bréfasíma og tölvu, við sölu og gerð samnings um kaup á vöru eða þjónustu.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru þjóðréttarsamningar. Þær verða skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegrar skilgreiningar heima fyrir. Aðildarríkin hafa sex mánaða frest frá ákvarðanatöku sameiginlegu nefndarinnar til að aflétta fyrirvaranum. Fyrirvörum samkvæmt 103. gr. EES-samningsins hefur aðeins verið beitt hér á landi þegar ljóst þykir að ákvörðun EES-nefndarinnar kalli á lagabreytingar, eða alls 38 sinnum frá því EES-samningurinn tók gildi.

Virðulegi forseti. Í utanrmn. höfum við verið að fjalla um þáltill. þar sem einmitt þessa máls, frv. til laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga, er getið. En samkvæmt grg. með þáltill. sem er til umfjöllunar í utanrmn. hefur safnast fyrir nokkur fjöldi ákvarðana sameiginlegu EES-nefndanna sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara við og er hluti þeirra ákvarðana orðinn eldri en sex mánaða. Í athugasemd með þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Það hefur annars vegar í för með sér að viðeigandi ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar ganga hvorki í gildi að því er Ísland né hin aðildarríkin varðar og hins vegar að Ísland gæti staðið frammi fyrir því að önnur aðildarríki færu fram á að frestað yrði framkvæmd einstakra viðauka samningsins eða hluta þeirra gagnvart Íslandi, sbr. 102. gr. samningsins. Þótt aðdragandi að slíkri frestun sé allnokkur og þar með takmarkaðar líkur á því að mál gangi svo langt verður ekki fram hjá því litið að áhrif frestunar gætu orðið mjög alvarleg."

Vegna þess að þó nokkur mál hafa safnast upp er gripið til þess ráðs að fara í það form að taka öll þessi mál og safna þeim saman í eina þáltill. Þarna er um tiltölulega stór mál að ræða og mörg hver merkileg og mikilvæg. Þetta mál er hins vegar eitt af þeim sem þarf að lögleiða þar sem við höfum ekki staðið okkur sem skyldi við að ganga frá því á tilskildum tíma. Þó að það sé innifalið í þessari þáltill. sem utanrmn. er að fjalla um hljótum við að fagna því að frv. verði afgreitt á undan þáltill. Það er þá einu málinu færra í því syndaregistri sem kom til okkar frá utanrrn. Í athugasemd með þáltill. segir:

„Tilgangurinn með tilskipuninni er að samræma löggjöf aðildarríkjanna að því er varðar vernd neytenda við gerð samninga milli þeirra og seljenda vöru og þjónustu í fjarsölu. Með fjarsölu er átt við að seljandi vöru eða þjónustu noti fjarskiptatækni, t.d. síma, sjónvarp, bréfasíma og tölvu, við sölu og gerð samnings um kaup á vöru eða þjónustu.

Tilskipunin kallar á breytingu á lögum nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu, og hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp þar að lútandi."

Og merkilegt nokk, virðulegi forseti, Alþingi er u.þ.b. að afgreiða málið og í samkomulagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaskil á sviði samningaréttar, 2. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 70, nál. 1063, brtt. 1064.

[21:16]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. efh.- og viðskn. við frv. til laga um lagaskil á sviði samningaréttar.

Þetta er heilmikill bálkur sem fjallar um lög hvaða lands gilda þegar það er ekki ljóst í viðskiptum sem gerð eru milli landa. Frv. hefur afmarkað gildissvið og þar eru kaflar um meginreglur, um sönnunarbyrði o.fl.

Nefndin sendi málið til umsagnar og fékk á sinn funda fulltrúa ýmissa aðila eins og fram kemur í nefndaráliti

Hugmyndin með frv., að búa til nýjan lágabálk á þessu sviði, er að bæta úr brýnni nauðsyn á því að í lögum sé að finna skýrar reglur um það hvaða lög eigi að leggja til grundvallar í viðskiptum tveggja aðila sem ekki eru búsettir í sama ríki. Þetta er byggt á samningi um lagaskil sem aðildarríki Evrópusambandsins undirrituðu 1980, á sjálfan kvennadaginn. Sá samningur er kallaður Rómarsamningurinn, en er hins vegar ekki stofnsamningur Evrópusambandsins.

Nefndin ræddi sérstaklega 6. gr. frv. um vinnusamninga og dvaldist dálítið lengi við það mál. Málið var í rauninni afgreitt út úr nefndinni fyrir alllöngu síðan en af ýmsum ástæðum hefur það ekki komið inn í þingið fyrr en nú þar sem verið var að fjalla um þetta eina atriði, þ.e. spurninguna um hvort eðlilegt væri að setja einhver tímamörk á hugtakið tímabundið í a-lið 2. mgr. 6. gr. sem fjallar um vinnusamninga. Nefndin ákvað eftir ítarlega skoðun að leggja það ekki til þar sem rétt er að dómstólar taki ákvörðun um það á grundvelli málsatvika hverju sinni. Þá er þetta hugtak ekki tímabundið í neinu af ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, þ.e. það er ekki niðurneglt hvað tímabundið nákvæmlega þýðir langan tíma heldur fer það eftir ýmsum ástæðum sem geta verið mjög misjafnar í hverju tilviki. Nefndin leggur þó áherslu á það í sínu nefndaráliti að að jafnaði eða almennt verði hugtakið tímabundið í þessu sambandi ekki látið ná til lengri tíma en tveggja mánaða.

Nefndin gerir ýmsar tillögur um breytingar á frv. og eru þær í ellefu liðum.

Í 1. lið brtt. er orðalagsbreyting.

Í 2. lið brtt. er gerð tillaga um breytingu á 3. mgr. 3. gr., þ.e. að endurorða greinina þannig að hún verði til samræmis við þann texta sem í hinum alþjóðlega samningi gildir.

Í 3. lið brtt. eru gerðar orðalagsbreytingar við 4. gr. frv.

Í a-lið 4. liðar brtt. er orðalagsbreyting við b-lið 4. mgr. 5. gr. frv. en í b-lið 4. liðar brtt. er verið að bæta við 5. gr. frv. nýrri málsgrein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. eiga ákvæði þessarar greinar við um samning um kaup á ferð þegar gisting er innifalin í kaupverði."

Ákvæði þessa efnis eru í samningi þeim sem frv. byggir á og rétt að það sé líka í lagatextanum ef frv. verður samþykkt.

Í 5. lið brtt. er gerð tillaga til breytinga á 6. gr. frv. Ég fjallaði reyndar aðeins um 6. gr. hér fyrr. Í a-lið 5. liðar er gert ráð fyrir því að hugtakið vernd verði notað í stað réttarstöðu. Í b-lið er verið að bæta inn, í stað 2. mgr., tveimur málsgreinum, með leyfi forseta, svohljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skulu eftirfarandi lög gilda um vinnusamninga sem ekki hafa ákvæði að geyma um lagaval:

a. lög þess lands þar sem launþegi starfar að jafnaði, enda þótt honum hafi tímabundið verið falin störf í öðru landi, eða

b. ef launþegi starfar að jafnaði ekki í neinu tilteknu landi gilda lög þess lands þar sem sú starfsstöð er sem réð hann til starfa.

Ákvæði 2. mgr. eiga ekki við ef annað leiðir af aðstæðum í heild eða samningurinn hefur meiri tengsl við annað land en það sem a- og b-liðir vísa til. Í því tilviki gilda lög þess lands."

Þetta eru breytingar á uppsetningu og orðalagi.

Í 6. lið brtt. er gerð tillaga til breytingar á 9. gr. frv. þar sem eru orðalagsbreytingar.

Í 7. lið er enn fremur lögð til orðalagsbreyting á 10. gr. frv. Ástæða þessarar breytingar er að bætur vegna vanefnda, sem þar er fjallað um, eru ekki alltaf byggðar á settum lögum heldur eru þær alloft byggðar á öðrum réttarheimildum, svo sem dómafordæmum og óskráðum meginreglum laga. Það er líka verið að taka tillit til þess í þessu orðalagi, þ.e. að vísað sé í lagareglur en ekki beint í lög.

Í 8. lið brtt. er lagt til að orðalag 12. gr. frv. verði lagfært til samræmis við Rómarsamninginn.

Í 9. lið brtt. er lögð til orðalagsbreyting á 14. gr. frv.

Í 10. lið brtt. er lagfæring á orðalagi í 17. gr. frv.

Síðan er í 11. lið brtt. lögð til breyting 18. gr. frv., þ.e. endurorðun á greininni til þess að gera hana skýrari og markvissari.

Þá telur nefndin að frágangur málsgreina í frumvarpinu sé ekki í samræmi við þá meginreglu í frágangi frumvarpa að hafa málsgreinar ónúmeraðar. Ekki er rökstutt sérstaklega af hvaða ástæðu málsgreinar eru númeraðar og því verða númer málsgreina felld niður og stafliðum breytt í töluliði í lokafrágangi verði frv. samþykkt.

En nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum og undir þetta nefndarálit rita allir hv. nefndarmenn.

[21:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er enn eitt frv. sem við fáum þar sem fjallað er um verslun og viðskipti. Hér er þó fyrst og fremst verið að tala um verslun og viðskipti milli landa. Aukið viðskiptafrelsi milli landa hefur kallað á lagasetningu eins og þessa sem er frekar flókin. En eftir alla þá vinnu sem efh.- og viðskn. lagði í frv. erum við að skila sameiginlegri niðurstöðu.

Ég bendi á það enn og aftur — þetta er þriðja eða fjórða frv. frá efh.- og viðskn. sem ég kem hér til þess að ræða — að stærstur hluti brtt. felst í orðalagsbreytingum. Brtt. sem getið er um í nefndarálitinu eru í 11 liðum. Af þessum 11 liðum eru líklega einir sjö eða átta þar sem um er að ræða orðalagsbreytingar, þ.e. eins og segir lagfæringu á orðalagi, breytingar á uppsetningu og orðalagi og smávægilegar orðalagsbreytingingar, lagfæringar á orðalagi, lagfært orðalag, lagfæring á orðalagi, þá er lögð til lagfæring á orðalagi og lagðar til breytingar til að gera greinina skýrari og markvissari.

Svo virðist vera æðioft að við erum að fá til okkar frv. þar sem ekki er eingöngu um að ræða beinar efnislegar breytingar heldur er fyrst og fremst verið að laga orðalag til þess að gera frv. sem verða að lögum skiljanlegri fyrir þá sem þau snerta.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna hvað þetta varðar. Ég vil aðeins ítreka að þarna hefur náðst mjög gott samstarf og ég vil, virðulegi forseti, þakka hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni formanni efh.- og viðskn. — við erum hér með þó nokkuð mörg mál á dagskránni í dag — og fyrir þá góðu samvinnu sem er í þessari ágætu nefnd og hefur verið um þau mál sem við erum hér að klára frá okkur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (póstþjónusta). — Þskj. 771, nál. 1062.

[21:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Frv. þetta er einungis tvær greinar, þ.e. ein efnismálsgrein og svo önnur gildistökugrein.

Með frumvarpinu er lagt til að viðskiptabönkum og sparisjóðum verði heimilað að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hafa til að veita slíka þjónustu. Er það mikilvægt þar sem samvinna um slíka þjónustu leiðir til þess að unnt verður að veita hana víðar en ella.

Við meðferð málsins urðu nokkrar umræður um fækkun starfsmanna póstsins vegna þessara breytinga. Leggur nefndin áherslu á að þar sem fjölga þarf starfsfólki í bönkunum til að sinna póstþjónustunni verði starfsmenn póstsins látnir hafa forgang til starfanna eftir því sem kostur er.

Efh.- og viðskn. skrifar öll undir þetta án fyrirvara að öðru leyti en því að hv. þm. Ögmundur Jónasson er með fyrirvara við þetta mál.

[21:29]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við í stjórnarandstöðu eða minni hluta höfum undirritað þetta nál., þó einn fulltrúi, hv. þm. Ögmundur Jónasson, með fyrirvara. Þarna er um það að ræða að viðskiptabönkum og sparisjóðum sé heimilt samkvæmt sérstökum samningi að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins og það þurfti lagabreytingu til þess að þessi breyting væri heimilt.

Það hefur gerst í þó nokkrum tilvikum að bankar hafa tekið að sér að sjá um póstþjónustuna fyrir Íslandspóst og það færist í vöxt á landsbyggðinni þar sem um smærri póststöðvar er að ræða að verið sé að loka þeim, leggja niður starfsemi þeirra og færa þjónustuna yfir í viðskiptabanka sem staðsettur er á viðkomandi svæði.

Fyrir stuttu síðan var tekin ákvörðun um að loka fjórum póststöðvum á Suðurlandi: í Vík, á Klaustri, Flúðum og Laugarvatni. Í gangi voru samningaviðræður um að færa þessa þjónustu yfir í verslanir á staðnum, sjoppur eða bankana. Ég tel að ef niðurstaðan verður að leggja af sérstakar póstþjónustustöðvar þá sé skömminni skárra að færa þjónustuna yfir í bankana en í næstu verslun eða sjoppu. Þarna er um að ræða þjónustu þar sem m.a. er trúnaðarskylda á starfsmönnum, sem hlýtur að reynast erfitt að framfylgja þegar búið er að setja póstþjónustuna í næstu sjoppulúgu eða í næstu verslun.

Við hljótum að vekja athygli á því að þarna eru lögð niður kvennastörf. Bara í þessum fjórum póststöðvum sem þarna um ræðir, er líklega verið að leggja niður sjö eða átta stöðugildi sem allt eru kvennastörf. Konur hafa unnið þarna árum saman og þær munu eiga erfitt með að fá aðra vinnu. Þetta er allt saman gert í hagræðingarskyni hjá Íslandspósti sem um leið auglýsir ókeypis pakkadreifingu hér í Reykjavík, pakkaþjónustu og heimkeyrslu. Á meðan er á vissan hátt dregið úr þjónustunni úti á landi.

Fyrir stuttu var rætt um það í sölum Alþingis að fá fimm daga póstdreifingu í dreifbýlið, að það væri mikið sanngirnismál fyrir dreifbýlið. En ég efast um, virðulegi forseti, væri það sett í atkvæðagreiðslu í dreifbýlinu að velja milli þess að loka póststöðvunum og þeirri þjónustu sem veitt er á póststöðvum og þess að fara í fimm daga dreifingu á pósti, að menn veldu fimm daga dreifinguna. Það kostar sitt en væri gert á kostnað þess að vera með sérstakar póstþjónustustöðvar. Þó væri alla vega skárri kostur að færa póstþjónustuna yfir í viðkomandi viðskiptabanka en í næstu sjoppulúgu.

[21:32]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Til umræðu er frv. til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Þetta er frv. sem ekki er mikið að vöxtum, tvær greinar. Önnur er um hvenær lögin skuli öðlast gildi og hin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að taka að sér að veita póstþjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins."

Undir nál. sem fylgir þessu frv. skrifa ég nafn mitt en með fyrirvara þó og ætla ég að gera grein fyrir þeim fyrirvara mínum.

Frv. er sett fram til að auðvelda Póstinum að gera samninga við sparisjóði og bankaútibú á landsbyggðinni um að taka að sér rekstur í tengslum við póstþjónustuna. Þetta er til komið af þeim sökum að Pósturinn hefur verið að hagræða, eins og kallað er. Sú hagræðing felst ekki síst í því að fækka útibúum á landsbyggðinni. Þetta hefur komið landsbyggðinni mjög í koll enda skiptir það fámenn byggðarlög miklu máli að þar sé fyrir hendi sem fjölþættust þjónusta. Fjölþætt þjónusta þýðir fjölbreyttari atvinnutækifæri fyrir þá sem þar búa.

Nú er verið að fækka þessum tækifærum, m.a. með fækkun póstútibúa. Þetta er fylgifiskur svokallaðrar einkavæðingar sem þýðir í reynd að arðsemissjónarmið og köld peningahyggja er látin ráða för. Einungis er spurt um hvað borgar sig á hverjum stað. Það er ekki hirt um byggðarlögin eða hvaða áhrif þetta hefur á þau. Ég er þessari stefnu mjög andvígur. Ég tel heppilegast og æskilegt að Pósturinn viðhaldi póstþjónustunni um landið allt með útibúum og þar sé ekki þröngsýn peningahyggjan látin ráða för. Ég er þeirrar skoðunar. Ég held það skipti mjög miklu máli fyrir fámenn byggðarlög.

En hvers vegna styð ég þá þetta frv., þótt með fyrirvara sé? Hvers vegna er ég reiðubúinn að setja nafn mitt á nál. með fyrirvara, svo ég endurtaki það? Það er vegna þess að Póstinum er þegar heimilt að gera samninga af þessu tagi við önnur fyrirtæki, við verslanir t.d. og önnur fyrirtæki. Það sem vantar hins vegar upp á að hann geti gengið frá slíkum samningum við sparisjóði eða banka er þessi breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Ég verð að segja að ef og þegar ákvörðun hefur verið tekin um að leggja útibú niður og valið stendur á milli verslunar eða annars reksturs og síðan banka eða sparisjóða þá finnst mér rangt að lagalegar sperrur komi í veg fyrir að bankaútibúið eða sparisjóðurinn sé valinn fremur en önnur fyrirtæki ef póstþjónustan telur það heppilegra. Mér finnst óeðlilegt að mismuna þessum stofnunum að þessu leyti. Inn í þetta kemur náttúrlega að innan bankanna og póstþjónustunnar fer fram skyld starfsemi. Það er ánægjuefni að samtök póstmanna og

bankamanna, Samband ísl. bankamanna, hafa rætt þessi mál og komist að ágætu samkomulagi um samstarf ef til þess kemur.

En grundvallarafstaða mín er engu að síður þessi: Ég er því mjög andvígur að leggja niður útibú póstþjónustunnar á landsbyggðinni. Ég tel að það komi landsbyggðinni í koll, veiki byggðarlögin og fámenn sveitarfélög en þjóni hugsanlega einhverjum þröngum peningasjónarmiðum hér syðra.

Hins vegar orkar margt tvímælis þegar menn tala um hagræðingu. Þannig er það að gerast innan Póstsins og ýmissa annarra stofnana sem kveðast vera að hagræða að þar blómstra og dafna og blása út hagræðingardeildirnar með öllum sérfræðingunum sem þar koma við sögu en á sama tíma er skorið niður við gólflistann, þar er fækkað. Þeir sem síst skyldi verða fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum. Það eru hin fámennu byggðarlög. Það er svolítið grátlegt að hugsa til þess að sama ríkisstjórn og sömu aðilar og tala hér fjálglega um byggðastefnu og nauðsyn þess að efla byggðirnar, treysta þær, eru jafnframt með hinni hendinni að grafa undan þessum sömu byggðum og veikja þær, t.d. með því að veikja póstþjónustuna.

Ég er andvígur þeirri stefnu sem hér er fylgt en ég hef gert grein fyrir því hvers vegna ég styð þetta frv. og hvers vegna ég hef á því strangan fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslensk málnefnd, 2. umr.

Stjfrv., 501. mál. — Þskj. 796, nál. 1031.

[21:39]

Frsm. menntmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 2/1990, um Íslenska málnefnd, með síðari breytingum.

Með frv. er lagt til að gerðar verði breytingar á lögum um Íslenska málnefnd er varða ráðningu forstöðumanns og rekstrargrundvöll stofnunarinnar. Þannig er lagt til að menntmrh. skipi forstöðumann til fimm ára í senn í samræmi við meginreglu laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og jafnframt er gert ráð fyrir að Íslensk málstöð verði sjálfstæð stofnun og ekki rekin í lögbundinni samvinnu við Háskóla Íslands.

Fram kom í máli forsvarsmanna Íslenskrar málnefndar og Háskóla Íslands að sátt ríkir um frumvarpið, enda er hér einungis um tæknilegar breytingar að ræða en ekki efnislegar, og jafnframt var lögð áherslu á áframhaldandi tengsl stofnananna.

Nefndin tekur undir framangreindan skilning gesta. Nefndin er sammála um að breyta þurfi orðalagi 2. gr. og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem kynnt er í nál. Breytingin varðar 2. gr. frv. og er þar lagt til að 4. gr. laganna orðist svo:

„Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Íslenskrar málstöðvar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns áður en skipað er í stöðuna.

Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Hann stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar."

Hér er ekki um að ræða ýkja efnismiklar breytingar. Ég verð þó að segja eins og er, af því að sá sem hér stendur er einn af nefndarmönnum sem skrifar undir þetta nál., að sennilega hefði nefndin mátt sitja lengur yfir þessu litla frv. Hér spunnust áðan nokkrar umræður um málfar á lagatextum og játaði hv. þm. Margrét Frímannsdóttir að stundum væri svo komið fyrir þingmönnum, þegar þeir væru búnir að sitja klukkustundunum saman yfir texta, að þeir yrðu sáttir við texta sem þeir upphaflega hefðu alls ekki skilið.

Þegar ég les nú þetta frv. þá tek ég eftir setningu í 1. gr. laganna sem er svo: „Íslensk málnefnd er málræktar- og málverndarstofnun ..." Það væri nú nokkuð hastarlegt ef það kæmi svo í ljós í 2. gr. frv. að þar væri einhver málfarslegur hortittur. En þegar ég les 2. gr. þá sé ég að þar stendur: „Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns áður en hann er skipaður í stöðuna."

Það er mjög mikilvægt að það sé ekki gert eftir að hann er skipaður í stöðuna. Reyndar er það nú svo að eftir að búið er að skipa forstöðumann þá er hann ekki lengur umsækjandi heldur er hann orðinn forstöðumaður og það ekki bara venjulegrar stofnunar heldur forstöðumaður Íslenskrar málnefndar, sem er skv. 1. gr. málræktar- og málverndarstofnun.

Nú hefur þessu reyndar verið breytt en ekki mikið til batnaðar þó. Því að í brtt. stendur: „Leita skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns áður en skipað er í stöðuna."

Þetta hefði góður lærifaðir minn, Gísli Jónsson magister, sagt mér að héti á fræðimáli „pleonasmi" en það er einhvers konar ofhlæði eða þegar menn stunda þá íþrótt að bera í bakkafullan lækinn. Væntanlega er nóg að segja: „Leitað skal álits Íslenskrar málnefndar um umsækjendur um stöðu forstöðumanns." Punktur. Ef menn vilja stunda mikla nákvæmnisvinnu í lagatextum þá hefði kannski líka þurft að taka fram að það ætti að leita álits áður en forstöðumaður er skipaður en eftir að umsóknarfrestur væri runninn út.

Ég held að rétt væri að hv. menntmn. gæfi sér tíma til þess að fara yfir málfarið á þessu frv. til breytingar á lögum um Íslenska málnefnd milli 2. og 3. umr. og mun ég jafnvel taka að mér að hafa forgöngu um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 339. mál (ráðgjöf um forsjá og umgengni). — Þskj. 592.

[21:45]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 592, það er 339. mál, um breytingu á barnalögum nr. 20/1992, með síðari breytingum. Flm. ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Einar Már Sigurðarson, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Össur Skarphéðinsson, þ.e. ásamt mér flytja þetta þingmál allir þingmenn Samfylkingarinnar.

1. gr. frv. er í þá veru að við 32. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar sem hljóða svo:

„Áður en forsjá barns er skipað skv. 2. mgr., samningur um forsjá skv. 33. gr. hlýtur staðfestingu sýslumanns og áður en forsjármál er tekið til úrlausnar skv. 34. gr. skulu foreldrar sækja ráðgjöf á vegum dómsmálaráðuneytisins sér að kostnaðarlausu. Tilgangur ráðgjafar er fyrst og fremst að ná sáttum milli foreldra um forsjá, umgengnisrétt og fasta búsetubarns en jafnframt að upplýsa foreldra um sameiginleg réttindi þeirra og skyldur gagnvart börnunum eftir skilnað. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skipulag og efni ráðgjafartíma og um viðurkenningu aðila sem annast skulu ráðgjöfina. Þeir sem annast ráðgjöf samkvæmt þessari málsgrein eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, venju eða eðli máls.

Ákvæði 5. mgr. gilda þó ekki ef ógilda skal hjúskap á grundvelli 27. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, eða ef skilnaðar er krafist á grundvelli 40. gr. sömu laga."

Herra forseti. Þetta frv. er flutt í þeim tilgangi að setja í lög ákveðin atriði, þ.e. leiðir til þess að tryggja umgengni barna við báða foreldra sína. Í tvígang á síðasta kjörtímabili flutti ég ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni till. til þál. um bætta réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína þar sem var farið fram á að Alþingi ályktaði að fela dómsmrh. að skipa nefnd til að gera úttekt á íslenskum lögum og réttarframkvæmd sem varðar réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína og nefndin geri tillögu sem miði að því að tryggja að börnin fái notið umgengni og samvista við báða foreldra sína betur en nú er.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa einnig flutt þingmál til að tryggja réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er þetta mál einnig til þess að festa slík réttindi í lög.

Í þingmálinu þar sem lagt var til að Alþingi færi í þá vinnu að tryggja rétt barna til umgengni við báða foreldra sína voru lagðar til ýmsar leiðir til að ná þessum réttindum og meðal þeirra leiða sem bent var á var skilnaðarráðgjöfin sem hér er verið að setja fram í frv. Í umsögnum um þetta þingmál kemur einnig fram að mjög mikil þörf sé á slíkri ráðgjöf og einnig er eitt af stefnumálum Samfylkingarinnar að koma á slíkri ráðgjöf í þágu barna. Einnig má geta þess að nú er á vegum dómsmrn. verið að gera tilraun í þessa veru.

Í 42. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, er að finna ákvæði um sáttaumleitan meðal hjóna sem hafa ákveðið að leita skilnaðar. Þar kemur m.a. fram að skylt sé að leita sátta milli hjóna sem fara með forsjá ósjálfráða barns. Sáttaumleitan felst í því að kanna áframhaldandi grundvöll hjúskapar. Hins vegar er ekkert ákvæði í lögum sem skyldar fólk til að sækja sérstaka skilnaðarráðgjöf áður en gengið er frá hjónaskilnaði þar sem rætt sé um skyldur foreldra gagnvart börnum eftir að skilnaður er um garð genginn, þ.e. um umgengnisrétt og réttindi og skyldur forsjárlauss foreldris. Þá er ekki að finna slík ákvæði um fólk í óvígðri sambúð sem er að slíta samvistum.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði verði bætt við 32. gr. barnalaga, nr. 20/1992, um skyldu hjóna og sambýlisfólks til að sækja skilnaðarráðgjöf sem dómsmálaráðuneytið annist og fjármagni að öllu leyti.

Það er sem sagt verið að leggja til vandaða skilnaðarráðgjöf sem á að vera þeim að kostnaðarlausu sem eru að slíta samvistum og eru með börn á framfæri.

Ef þetta ákvæði verður sett í lög er það skilyrði fyrir staðfestingu sýslumanns á samningi um forsjá barna að fólk hafi sótt ráðgjafartíma. Þá er það einnig skilyrði fyrir úrlausn dómstóls eða dómsmálaráðuneytis. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um skipulag skilnaðarráðgjafar í reglugerð. Slík ráðgjöf gæti t.d. falið í sér viðtöl með fagfólki, svo sem félagsráðgjöfum, sálfræðingum og lögfræðingum, þar sem fólk fengi aðstoð við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum þannig að sátt ríkti um þá skipan og reynt væri að leysa vandamálin áður en þau koma upp. Lögð er áhersla á að ráðgjöf af þessu tagi verður að vera endurgjaldslaus og aðgengileg fyrir foreldra hvar sem er á landinu. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra viðurkenni ákveðna aðila sem fullnægi skilyrðum dómsmálaráðuneytis til að taka að sér skilnaðarráðgjöf en þar getur verið um að ræða einstaklinga, félög eða stofnanir. Ákvæðið er hugsað sem hrein viðbót við þá vinnu sem sýslumenn og dómarar sinna skv. 43. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en telja verður vænlegra til árangurs að fólk geti sótt tíma hjá sérfræðingum til að fara yfir þessi viðkvæmu mál í ró og næði, einkum hvað varðar forsjá og umgengnisrétt, áður en komið er að því að ganga frá samningum hjá sýslumanni eða dómara. Þrátt fyrir breytingu á barnalögum hvílir áfram sú skylda á sýslumanni eða héraðsdómara að reyna að koma á samningum um skilnaðarkjör samkvæmt hjúskaparlögum.

Í síðari efnismálsgrein 1. gr. er að finna tvær undantekningar frá skyldu til að sækja skilnaðarráðgjöf. Í fyrsta lagi ef hjúskap skal ógilda skv. 27. gr. hjúskaparlaga, nr. 31/1993, en þar er kveðið á um skyldu til að ógilda hjúskap ef brotið er gegn skyldleikaskilyrði 9. gr. eða tvíkvænisskilyrði 11. gr. laganna. Í öðru lagi er ekki skylt að sækja skilnaðarráðgjöf ef krafist er skilnaðar á grundvelli 40. gr. hjúskaparlaga þar sem telja verður grundvöll fyrir ráðgjöf brostinn með öllu í slíkum tilfellum. Í 40. gr. segir að ef annað hjóna hefur orðið uppvíst að líkamsárás eða kynferðisbroti er bitnar á hinu eða barni sem býr hjá þeim getur hitt krafist lögskilnaðar, enda sé verknaður framinn af ásettu ráði og valdi tjóni á líkama eða heilbrigði þess er fyrir verður. Sama máli gegnir ef maki hefur sýnt af sér atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um framangreindan verknað. Nauðsynlegt er að tryggja rétt barna til umgengni við báða foreldra sína og velferð þeirra við skilnað foreldra. Þessi lagabreyting er ein af þeim leiðum sem stuðlað gæti að því.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að koma upp hér á landi vandaðri skilnaðarráðgjöf í tengslum við hjónaskilnaði og sambúðarslit. Hægt væri að setja sem skilyrði fyrir útgáfu skilnaðarleyfis eða staðfestingu forsjárákvörðunar að foreldrar hafi sótt t.d. einn til fimm ráðgjafartíma þar sem lögfræðingar, félagsráðgjafar eða sálfræðingar aðstoða foreldra við að ganga frá forsjár- og umgengnismálum. Um fjölda ráðgjafartíma væri hægt að kveða nánar á í reglugerð.

Skilnaðarráðgjöf er fyrirbyggjandi úrræði sem hefur reynst vel annars staðar, m.a. í Noregi, — samkvæmt nýjustu upplýsingum um árangurinn af þessari leið á Norðurlöndunum hefur það sýnt sig að deilumálum hefur fækkað verulega og einnig dómsmálum í þessum málaflokki — og er talið að slíkt fyrirkomulag spari einstaklingum og samfélaginu bæði orku, tíma og fjármuni. Í niðurstöðum skýrslu félagsmálaráðuneytis um rannsókn á högum barnafjölskyldna kom fram að brýn þörf væri á endurgjaldslausri ráðgjöf fyrir fólk í skilnaðarhugleiðingum. Í umsögn Félags einstæðra foreldra um þingsályktun þá sem ég nefndi fyrr í máli mínu um bætta

réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sína, kemur fram að eitt viðtal við báða foreldra geti verið árangursríkt í því skyni að eyða spennu milli þeirra. Þar kemur einnig fram að deilur foreldra snúast oftar um óuppgerðar tilfinningar en velferð barnanna. Í þessum málum er brýnt að réttur barnsins verði ávallt í fyrirrúmi.

Herra forseti. Í þál. þeirri sem ég hef hér vitnað til og var undanfari þessa frv. eru rakin ýmis rök fyrir því hvers vegna tryggja beri börnum umgengni við báða foreldra sína og einnig farið yfir það hvernig staða mála er hér á landi í málefnum barna þeirra foreldra sem skilja. Þar segir í grg. með leyfi forseta:

„Margar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum föðurleysis á börn og ber flestum saman um að það hafi miður góð áhrif á tilfinningaþroska þeirra, félagsmótun og frammistöðu í námi. Nú er svo komið að hjónaskilnaðir eru um 40% á móti fjölda árlegra hjónavígslna. Þannig leysast rúmlega 500 heimili upp á ári hverju vegna hjónaskilnaða, en þá er óvígð sambúð ekki talin með. Við bætast börn fædd utan hjónabands eða sambúðar."

Nú er það svo, herra forseti, að greidd eru meðlög með á milli 14 og 15 þúsund börnum í landinu í gegnum Tryggingastofnun ríkisins og þá eru ekki taldar meðlagsgreiðslur sem fara ekki þar í gegn.

„Mikilvægt er að skilnaður foreldra hafi ekki þær afleiðingar að börn missi af öðru foreldri sínu. Rétturinn til samveru með báðum foreldrum telst til grundvallarmannréttinda. Það er ljóst að viðhorf manna og virðing fyrir rétti barna hefur breyst mikið síðari ár. Þá er afstaða til aukinnar þátttöku feðra í uppeldi barna öll önnur en var. Menn líta til aukinnar ábyrgðar feðra á uppeldi barna sinna, svo og réttar þeirra til þátttöku í forsjárskyldum og réttar til rúmrar umgengni við börn sem búa ekki hjá þeim."

Rannsókn sú sem ég vitnaði til áðan í máli mínu sem gerð var á vegum félmrn. á „Ári fjölskyldunnar", þ.e. árið 1995, leiddi í ljós að feður án forsjár vildu almennt hafa meiri tengsl við börn sín og bera meiri ábyrgð á þeim. Í umsögn og samantekt frá Félagi einstæðra foreldra á erindum sem berast félaginu kemur í ljós að það hefur færst mikið í vöxt að feður leiti aðstoðar í forsjár- og umgengnismálum. Ef umgengnisréttur yrði betur tryggður leiddi það til þess að sameiginleg forsjá barna yrði ákjósanlegri kostur og ráðgjöf eins og sú sem við leggjum til hér í þessu frv. til breytinga á barnalögunum mun að öllum líkindum leiða til þess að sú leið yrði oftar farin.

Reynslan hefur sýnt að hugmyndin um sameiginlega forsjá hefur átt frekar erfitt uppdráttar hér á landi. Þær leiðir eða úrræði, sem eru fyrir í lögum, til að koma á aukinni umgengni barna við foreldra sína eru máttlaus. Þess vegna höfum við lagt til skilnaðarráðgjöf í frv., þ.e. ókeypis skilnaðaðarráðgjöf fyrir foreldra sem slíta hjúskap eða samvist. Við erum einnig með tillögu um að barni verði skipaður talsmaður. Það er í öðru frv. sem er síðar á dagskránni og mun ég gera grein fyrir þeirri lagabreytingu aðeins síðar á fundinum.

Herra forseti. Mikið hagsmunamál er hér á ferðinni fyrir mjög stóran hóp barna eins og komið hefur fram. Óvenjulega stór hópur barna elst upp aðeins með öðru foreldri sínu. Það hefur komið í ljós að ástæðan fyrir því að oft kemur upp ósætti er að fólk hefur ekki leyst viðkvæm mál, þ.e. foreldrar barnanna hafa ekki gert upp mál sín. Því er skilnaðarráðgjöf mjög góður kostur og eins og ég sagði áður hefur komið í ljós að á Norðurlöndunum hefur þetta reynst ákaflega vel.

Herra forseti. Að lokinni umræðu um þetta frv. legg ég til að málið fari til hv. allshn.

[22:02]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem komið er fram um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum. Fyrsti flm. þess er Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Reykvíkinga, ásamt öllum þingflokki Samfylkingarinnar.

Það er mjög brýnt hagsmunamál fyrir börn að málum verði komið fyrir með þessum hætti. Við vitum að oft þegar verið er að tala um umgengni barna við foreldra sína er litið á það sem rétt foreldra til samvista við barn sitt. Svo er auðvitað alls ekki því þetta er fyrst og fremst réttur barnsins til beggja foreldra. Það er mjög mikilvægt að við höfum þá hugsun alveg grunnfasta.

Við þekkjum líka að börn verða bitbein foreldra í óuppgerðum tilfinningasamböndum og því miður er það allt of oft að börn hljóta mikinn skaða af eftir slíkt. Þess vegna er lykilatriði að þetta verði almenn og aðgengileg ráðgjöf sem sé kostuð af hinu opinbera.

Ég kem úr fagstéttarfélagi þar sem þetta hefur verið baráttumál sl. 15–20 ár þar sem faghópur minn hefur setið uppi með mikið af þessum vandamálum og hefur kannski ekki haft eins mikið aðgengi inn í stjórnsýsluna og eðlilegt væri.

Við þekkjum líka að eftir að ákveðið var með sameiginlega forsjá vildi oft brenna við, t.d. hjá sýslumönnum, að ákveðin var sameiginleg forsjá þegar síst skyldi þar sem það var einfaldasta leiðin þegar setið var á móts við lögfræðingana. Núna er farið að vinna öðruvísi í þeim málum og eins og sagt var líka þegar þau lög komu, að þar sem mál eru í lagi þarf kannski ekki að setja nein lög, þar er sameiginleg forsjá eðlilegur þáttur í umhverfi barnsins þar sem barnið er í fyrirrúmi. Eitt af því sem hefur oft verið talað um er að tengja ráðgjöfina þessu þó erfitt sé að sjá fyrir þróun slíkra mála.

Ég vil líka benda á að gerðar hafa verið tilraunir með fjölskylduráðgjöf og ég vil minna á fjölskylduráðgjöf Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar. Það sýndi sig strax þar að mjög stór hópur fólks leitaði ráðgjafar í þessum málum. En það sem ég segi líka er að ráðgjöfin þarf að vera almenn og aðgengileg, vel auglýst og má ekki kosta meira en í hæsta lagi göngudeildargjald eins og er á heilsugæslustöðvum þannig að það sé eðlilegur hlutur að leita í ráðgjöf og má hún jafnvel vera ókeypis undir ákveðnum kringumstæðum.

Ég vil líka minna á fjölskylduráðgjöf kirkjunnar sem hefur haft talsvert af þessum málum. Félagsþjónustan hefur auðvitað tekið eitthvað af þessum málum en hún fær þau oft þegar hlutirnir eru komnir í óefni og málin koma allt of seint inn. Ég tel því gríðarlega mikilvægt að tekið sé á málunum og ég held að það væri góð búbót við góð mál fyrir þessa ríkisstjórn að státa sig af því að samþykkja tillögu sem þessa.

Ég átta mig ekki alveg á því, herra forseti, hvort málinu verður vísað í félmn. eða allshn. en ég efast ekki um að það fái góða umfjöllun enda um afskaplega gott mál að ræða fyrir hönd barna í landinu.

[22:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Frv. þetta sem flutt er af þingflokki Samfylkingarinnar er flutt í þeim tilgangi að skylda fólk til að

sækja ráðgjöf við skilnað, eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, 1. flm., rakti í framsöguræðu sinni. En því miður sanna dæmin að allt of oft verður ágreiningur á milli foreldra við skilnað og sambúðarslit hvað varðar forsjá, umgengnisrétt og búsetu barns.

Slík ráðgjöf sem hér er lögð til hefði þann tilgang að reyna að ná sáttum milli foreldra um þessi atriði en ljóst er að þolendur í slíkum deilum eru fyrst og síðast börnin. Frv. byggir þannig um leið á því að styrkja þá meginreglu sem barnalögin byggja á og felst í því að ávallt skuli hagsmunir barnsins hafðir í fyrirrúmi þegar ákvarðanir eru teknar sem snerta framtíð þess. Mjög mikilvægt er að sú regla sem barnalögin eru grundvölluð á sé styrkt í sessi eftir því sem unnt er og þetta frv. er svo sannarlega byggt á þeim grundvelli.

Frv. er líka ætlað að styrkja þá meginreglu barnaréttar að barn eigi rétt á að umgangast báða foreldra sína en því miður koma deilur á milli foreldra oft í veg fyrir að sá réttur sé virtur. Við vitum öll að skilnaður getur reynt verulega á tilfinningalíf fólks og það hefur oft þær afleiðingar í för með sér að ákvarðanir sem eru teknar í tengslum við sambúðarslit og skilnað eru kannski ekki alltaf byggðar á skynsemi heldur meira í skugga þeirra erfiðu tilfinninga sem tilheyra slíkum sambúðarslitum.

Samþykkt þessa frv. hefði það vafalaust í för með sér að við skilnað og sambúðarslit er a.m.k. líklegra en ella að fagleg sjónarmið yrðu í fyrirrúmi og hagsmunir barnsins yrðu virtir. Vissulega er ekki hægt að tryggja það með slíkri skyldu til ráðgjafar en það er a.m.k. líklegra en ella að þessi sjónarmið yrðu höfð í fyrirrúmi ef fólk er beinlínis skyldað til þess að sækja sér ráðgjöf. Það skortir kannski oft og tíðum vilja þeirra tveggja einstaklinga sem eru að slíta sambúð eða að skilja til þess að fara í slíka ráðgjöf og afleiðingarnar bitna því miður oft á börnunum og hagsmunum þeirra.

Það var líka rakið í framsögu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að frv. gerir ráð fyrir undantekningum frá skyldu til að sækja skilnaðarráðgjöf, annars vegar þegar um er að ræða ógildingu hjúskapar skv. 27. gr. hjúskaparlaga, og eins er ekki skylt að sækja skilnaðarráðgjöf ef krafist er skilnaðar á grundvelli 40. gr. hjúskaparlaga þar sem telja verður grundvöll fyrir ráðgjöf brostinn í slíkum tilvikum en sú grein fjallar um það þegar annað hjóna hefur orðið uppvíst að líkamsárás eða kynferðisbroti er bitnar á hinu eða barni sem býr hjá þeim, að þá getur hitt krafist lögskilnaðar enda sé verknaður framinn af ásettu ráði og valdi tjóni á líkama eða heilbrigði þess sem fyrir verður. Og eins ef maki hefur sýnt af sér atferli sem fallið er til að vekja alvarlegan ótta um að hann gerist sekur um framangreindan verknað.

Í raun og veru er haft þarna ákveðið svigrúm í tilfellum þar sem ekki er hægt að leggja það, ef svo má að orði komast, á hinn aðilann í hjúskapnum að sækja slíka ráðgjöf vegna slíkra tilvika og það er eðlilegt að frá þessari skyldu séu undantekningar í slíkum tilvikum.

Eins og hefur verið rakið höfum við fordæmi fyrir því að svona ráðgjöf reynist vel og m.a. í Noregi höfum við dæmi þess að þetta úrræði hafi reynst vel sem fyrirbyggjandi. Margir eru þeirrar skoðunar að slíkt fyrirkomulag spari bæði einstaklingum og samfélaginu orku, tíma og fjármuni eins og rakið er í athugasemdum með frv. Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur að ég legg áherslu á að leitast sé við að hafa þessa ráðgjöf ekki það dýra að hún verði skattborgurum ofviða þó að ég hafi reyndar ekki þær tölur. Má vera að hv. frsm. kunni tölur sem segja hversu mikið hún mundi kosta en ég tel eðlilegt að halda slíkum kostnaði í skefjum en þó ekki þannig að komi í veg fyrir að þessari mikilvægu réttarbót yrði komið á vegna þess að ég held að það sé alveg tvímælalaust að hún mundi skapa mun betri grundvöll fyrir börn úr hjónaböndum eða sambúð sem er slitið. Það er fyrst og síðast skylda okkar að tryggja og að styrkja barnalögin og barnarétt þannig að auðveldara sé að tryggja þær meginreglur sem sú fræðigrein byggir á. Þetta frv. er til þess fallið þannig að ég vona það svo sannarlega að það verði samþykkt.

[22:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég stend upp til þess að fagna því frv. sem hér hefur verið kynnt, frv. til laga um breytingu á barnalögum nr. 20/1992, með síðari breytingum, sem allur þingflokkur Samfylkingarinnar hefur lagt fram. Þetta er mjög mikilvægt mál og raunar löngu tímabært að taka á því.

Í dag er tilraunastarfsemi á vegum dómsmrn. í gangi og það er von okkar margra að það sé tilraun sem eigi eftir að sanna sig og vera brautryðjandi fyrir fastari mótun og þjónustu á þessu sviði.

Skilnaður er alltaf erfiður hvort sem það er fyrir hjón eða sambúðarfólk og því miður er oft litið á hann sem þeirra mál og komi ekki öðrum við en það er ekki rétt ef börn eru á heimilinu. Það er skilnaður hjónanna en ekki skilnaður frá barninu. Börnin eiga rétt á umgengni við báða foreldrana og þó að fólk skilji hvort við annað á það ekki að skilja frá börnunum. Hagsmunir barnanna eiga að vera í fyrirrúmi en í því tilfinningalega uppnámi hjá fólki við þessar kringumstæður og oft eftir margra ára sambúðarerfiðleika gleymast börnin oft og hagsmunir þeirra eru ekki hafðir í fyrirrúmi. Því miður verða börnin þar að auki oft bitbein í þessum málum og eru jafnvel notuð sem nokkurs konar kverkatak eða styrking á valdi annars aðilans yfir hinum. Börnin eru því ekki sem hlutlausir aðilar í skilnaðinum heldur kemur það því miður of oft fyrir að þau eru notuð á mjög illskeyttan hátt í erfiðum skilnaðarmálum.

Skilnaður er alltaf erfiður fyrir börnin, jafnvel þó að foreldrar skilji í sátt og samlyndi, hvað þá ef ekki er tekið fullt tillit til barnanna. Oft og tíðum er hægt að draga úr sárindum, þeim djúpu sárum sem verða í sálarlífi barnanna, með því að leiðbeina foreldrunum. Oft þarf ekki nema eitt viðtal við foreldrana til að átta sig á hvernig eigi að bregðast við gagnvart börnunum. Þessi þjónusta er á fáum stöðum talin sjálfsögð, hvorki í heilbrigðisþjónustu okkar né félagsþjónustu. Það er ekki inni í okkar kerfi að aðgengilegt og sjálfsagt sé að leita sér þessarar hjálpar og það sé hluti af því ferli sem tengist skilnaðnum. Þess vegna fagna ég því að þetta frv. skuli koma fram. Í raun ætti ekki að vera hægt að ganga frá skilnaði og forsjármálum öðruvísi en að þessarar hjálpar hafi verið leitað.

Félagsþjónusta sveitarfélaganna hefur á nokkrum stöðum veitt þessa þjónustu og stundum lenda þessi mál á borðum sveitarfélaganna og félagsþjónustunnar þegar allt er komið í óefni. Þegar málin hafa grasserað einhvern tíma, eru jafnvel orðin að barnaverndarmálum eða umhverfi þessara fjölskyldna orðið algjörlega óþolandi, þá er brugðist við en þá hefur yfirleitt mikið gengið á sem hægt hefði verið að komast hjá.

Prestar fá þessi mál til sín oft á því stigi en eru þar ekki sem sömu ráðgefendur og þegar fólk er að búa sig undir að

ganga í hjónaband. Margir prestar taka það hlutverk alvarlega að leiðbeina verðandi hjónum fyrir hjónabandið. Að sama skapi er ekki jafnsjálfsagt að fara til prests og leita aðstoðar þegar til skilnaðar kemur og fá samsvarandi leiðbeiningar. Prestar eins og félagsþjónusta sveitarfélaganna lenda oft í að taka við þessum erfiðu málum þegar allt er komið í óefni.

Þjónustan þarf sem sé að vera aðgengileg og má ekki vera dýr. En hvað er dýrt? Það mætti miða við einhverja þjónustu, t.d. að þetta væri líkt því að leita sér aðstoðar á heilsugæslustöð. Þetta er það verðskyn sem ég hef gagnvart þessari þjónustu. Heilsugæslan hefur jú skyldur varðandi forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir og þess vegna lít ég á þetta sem hluta af slíkri vernd. Greiðslur fyrir þetta gætu verið á því bili sem heilsugæslan tekur fyrir sína þjónustu. Það ætti að vera öllum mögulegt hvar sem þeir standa og þrátt erfiðan fjárhag.

Í viðbót þarf að huga að einu. Þjónustan þarf að vera aðgengileg alls staðar á landinu. Þess vegna þarf þetta að falla inn í eitthvert kerfi sem fyrir er, þ.e. huga þarf að málum varðandi starfsmenn. Því miður eru eru ekki margir menntaðir félagsfræðingar eða fólk sem hefur sérþjálfað sig á þessu sviði ekki til í miklum mæli. Það þarf sérstaka þekkingu til að geta leiðbeint fólki við skilnað frá maka en ekki börnum. Við eigum slíkt fólk ekki til í kippum í dag. Samhliða þessu þyrfti að huga að því að hvetja ungt fólk til að afla sér þessarar menntunar. Það mætti gjarnan bæta því við að þá þyrfti líka að greiða þau laun að fólk fengist til að sinna þessum störfum.

[22:20]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í umræðunni um þetta frv. og get tekið heils hugar undir þann málflutning.

Hér var nokkur umræða um hversu dýr þessi þjónusta mætti vera. Á Norðurlöndum hefur það ítrekað komið fram að þær þjóðir telja sig spara með því að veita þessa þjónustu strax, þ.e. áður en af skilnaði verður, að þar sé verið að fyrirbyggja mikinn kostnað í samfélaginu síðar meir ef ekki væri tekið á þessum málum. Eins og hv. þm. Þuríður Backman sagði er þarna ákveðin forvörn á ferðinni.

Í frv. tökum við einmitt á því að þessa þjónustu þurfi að veita alls staðar á landinu og vissulega væri æskilegt að við ættum fagfólk um allt land sem gæti sinnt þessu. Ef þetta verður gert að lögum, sem ég trúi að verði hvort sem það verður núna eða síðar, yrði það jafnvel til þess að menntað fólk settist að á landsbyggðinni til að sinna þjónustu sem þessari enda væri þessi þjónusta þar. Þangað til væri hægt að fara á milli eins og sérfræðiþjónustu í læknisþjónustunni er sinnt víða um landið.

Mig langar aðeins, vegna þess að það kom mjög sterkt fram í umræðunni hversu mikilvægt væri að koma á slíkri skilnaðarráðgjöf, að minnast enn á tilraun sem nú er gerð á vegum hæstv. dómsmrh. þar sem þessi þjónusta er veitt hér á höfuðborgarsvæðinu. En þetta er hvergi í lögum og þess vegna er mikilvægt að þetta verði sett í lög. Þegar fjallað var um þetta tilraunaverkefni dómsmrh., sem var sett á laggirnar í kjölfar umræðunnar hér á síðasta kjörtímabili, kom einmitt fram að það væri samfélaginu dýrt að vera ekki með þessa þjónustu.

Mig langar aðeins, herra forseti, að lesa hér umsögn frá Félagi einstæðra foreldra sem fylgdi fyrra þingmáli okkar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar á síðasta kjörtímabili. Þá lögðum við fram þáltill. þar sem lagt var til að koma á úrræðum í þessa veru. Þetta bréf er frá 1997 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frá því snemma á níunda áratugnum hefur Félag einstæðra foreldra boðið félagsmönnum sínum aðgang að lögfræðiráðgjöf og árið 1995 var þjónustan bætt með því að ráðinn var félagsráðgjafi til félagsins. Sérfræðingarnir eru til viðtals hér á skrifstofu félagsins einu sinni í viku. Um helmingur allra þeirra mála sem hingað koma eru forsjár- og umgengnismál. Við sáum fljótlega að þörf væri á endurgjaldslausri aðstoð fyrir báða foreldra til þess að ganga frá svo mikilvægum málum sem þessum til frambúðar. Vönduð ráðgjöf á þessu stigi getur komið í veg fyrir mikil átök innan fjölskyldunnar síðar meir. Fyrir rúmlega ári síðan var tekin upp hér ráðgjöf og viðtalstímar fyrir báða foreldra í tilefni af ágreiningi varðandi umgengnismál. Dæmi er um að nýr maki foreldris komi með í slíkt viðtal. Lögfræðingur félagsins og félagsráðgjafi fara þá yfir ágreiningsmálin með foreldrunum. Eitt slíkt viðtal getur verið mjög árangursríkt því oftar er að deilur foreldra snúast um óuppgerðar tilfinningar sín á milli en velferð sameiginlegra barna. Foreldrar geta komið í fleiri viðtöl ef þau telja þess þörf.

Þegar samsetning hópsins sem leitar ráðgjafar hjá okkur er skoðuð kemur í ljós að hlutfall karlmanna sem leita eftir aðstoð hefur aukist um 14% þrjú síðustu ár. Forsjár- og umgengnismál eru u.þ.b. helmingur allra þeirra erinda sem berast. En mikil aukning hefur orðið síðustu þrjú ár hjá karlmönnum sem leita aðstoðar vegna þessara mála en hlutfall þeirra hækkar úr 22% árið 1994 í 63% árið 1996. Á árinu 1996 er mikill meiri hluti þeirra sem leita aðstoðar félagsins í umgengnis- og forsjármálum karlmenn."

Þetta er auðvitað talandi dæmi um það ástand sem ríkir í þessum málum. Ég hef það frá lögfræðingi Félags einstæðra foreldra að oft eru þessi mál komin í mjög erfiða stöðu þegar leitað er til þeirra til að fá úrlausn mála. Og þess vegna er mikilvægt að tekið sé á þessu strax, tekið á þessu áður en skilnaðarpappírar eru afgreiddir, að allir hafi aðgang að þessu og þjónustan sé veitt foreldrunum þeim að kostnaðarlausu þar sem þetta er samfélaginu mikill sparnaður. Við verðum ávallt að hafa velferð barnanna og réttindi í fyrirrúmi og ávallt sem grundvöll.

Herra forseti. Það var nokkuð á reiki hvert þetta mál skyldi fara þegar ég flutti framsöguna. En ég held að réttast væri, þar sem þetta er mál dómsmrh. og barnalögin heyra undir hana, að það fari til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Barnalög, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 396. mál. — Þskj. 654.

[22:26]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Eins og ég gat hér fyrr á fundinum þá mæli ég hér fyrir tveimur frv. um breytingar á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum. Ég hef núna mælt fyrir fyrra málinu en þetta frv. er á þskj. 654, 396. mál, og fjallar um að barni skuli skipaður talsmaður ef upp komi ágreiningsmál um umgengni þess við foreldri, þ.e. forsjárlaust foreldri eða nána vandamenn.

Flutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru allir hv. þm. Samfylkingarinnar, þ.e. allur þingflokkurinn flytur þetta mál.

1. gr. frv. snýst um að við 37. gr. laganna, þ.e. barnalaganna, bætist ný málsgrein sem hljóði svo:

„Sýslumanni er skylt að skipa barni talsmann meðan ágreiningsmál um umgengni þess við forsjárlaust foreldri eða nána vandamenn, sbr. 5. mgr., er til meðferðar hjá sýslumanni. Einnig er sýslumanni skylt að skipa barni talsmann ef foreldri sinnir ekki umgengnisskyldu við barn sitt og ósk þar að lútandi kemur fram. Þóknun talsmanns skal greiðast úr ríkissjóði. Dómsmrh. setur nánari reglur um þóknun talsmanns."

Þetta atriði er eitt af stefnumálum Samfylkingarinnar varðandi það að tryggja börnum betur umgengni við báða foreldra sína. Þetta var lagt til í þál. þeirri sem ég gerði að umtalsefni hér er ég mælti fyrir frv. til laga um breytingu á barnalögunum þar sem lögð var til skilnaðarráðgjöfin. Þetta er nýtt úrræði, að skipa barni talsmann á þennan hátt. Það var lagt til í grg. með þál. þeirri er ég hef áður vísað til frá 122. lögþ. Þessi hugmynd hefur vakið athygli víðar en hér á landi því að þetta vakti einnig athygli er sagt var frá þessari leið á Norðurlöndunum.

Frv. er lagt fram í þeim tilgangi að tryggja betur rétt barns eða barna til umgengni við báða foreldra sína. Til að tryggja þann rétt þá er mikilvægt að barni sé skipaður talsmaður um leið og ágreiningur verður um umgengni. Talsmaður getur þá verið milligöngumaður, annars vegar á milli foreldranna og hins vegar á milli foreldra og barns. Hlutverk hans yrði fyrst og fremst að gæta hagsmuna barnsins og tryggja því umgengni við forsjárlaust foreldri eða forsjárforeldri sem það býr ekki hjá.

Gert er ráð fyrir að þóknun talsmannsins verði greidd úr ríkissjóði og dómsmrh. setji nánari reglur um hana.

Hlutverk talsmanns er að gæta hagsmuna barnsins í hvívetna í umgengnisdeilum foreldra. Á þetta jafnt við þegar ágreiningsmál um umgengnina sjálfa eru til meðferðar hjá sýslumanni og þegar dagsektamál eru til meðferðar hjá honum. Skylt er að skipa talsmann ef forsjárlaust foreldri sinnir ekki lögbundinni umgengnisskyldu ef krafa þar að lútandi berst sýslumanni.

Dæmi eru um að áhugaleysi foreldris, þ.e. að foreldrið sinnir ekki barni sínu, sé vegna þess að óuppgerðar tilfinningar gagnvart barnsmóður eða barnsföður eru fyrir hendi. Skipaður talsmaður, sem hefur aðeins það hlutverk að standa vörð um hagsmuni barns, gæti hugsanlega komið á sambandi milli foreldra þegar svo háttar. Hér er um að ræða nýtt úrræði sem ekki felur í sér þvingun eða refsingu heldur miðar gagngert að því að styrkja fjölskyldutengsl. Þau úrræði sem eru fyrir í lögunum eru meira þvingunarúrræði og hafa ekki skilað þeim árangri sem menn vonuðust eftir þegar þau ákvæði voru sett í lög. Reynsla og rannsóknir sýna að aðgerðir til stuðnings barnafjölskyldum geta beinlínis komið í veg fyrir að börn bíði skaða af óhjákvæmilegum skilnaði.

Mikill fjöldi barna er fæddur utan hjónabands og er oft erfitt fyrir þau að ná fram grundvallarrétti sínum til umgengni við það foreldri sem það býr ekki hjá, jafnvel að kynnast því foreldri. Ég hef sótt þó nokkuð marga fundi hjá Félagi einstæðra foreldra þar sem þessi mál hafa verið rædd og ég verð að segja að oft hefur verið átakanlegt að hlusta á hve mörg börn líða fyrir það að geta ekki umgengist annað foreldri sitt eða jafnvel kynnst því foreldri sínu sem það hefur ekki alist upp með eða þegar börn eru fædd utan hjónabands. Í slíkum tilvikum er hægt að óska eftir því við sýslumann að barni sé skipaður talsmaður sem sinni því verkefni að koma á kynnum, samskiptum og umgengni milli barnsins og föður þess eða móður eftir atvikum. Oftar eru það feður sem eru í slíkri stöðu og börnin eiga því erfitt með að kynnast.

Flutningsmenn telja að við úrlausn á því vandamáli sem hér er til meðferðar skuli réttur barnsins ávallt lagður til grundvallar. Heimild til að skipa barni sérstakan talsmann við úrlausn barnaverndarmála er til staðar í barnaverndarlögum, nr. 58/1992. Einnig er skv. 5. mgr. 34. gr. barnalaga, nr. 20/1992, heimilt að skipa barni talsmann til að gæta hagsmuna þess við úrlausn forsjármáls. Eðlilegt væri að skylt yrði að skipa barni talsmann um leið og umgengnismál er komið í hnút. Það úrræði ásamt vandaðri ráðgjöf — og þá er ég að tala um vandaða skilnaðarráðgjöf sem var til umræðu í frv. því sem ég mælti fyrir hér á undan — gæti og mundi miða að því að laða fram hæfni foreldra til að rækja hlutverk sitt og skila hamingjusamari einstaklingum út í þjóðfélagið.

Herra forseti. Þessi lagabreyting er ekki síður mikilvæg en skilnaðarráðgjöfin. Hún felur í sér úrræði til handa börnum sem skilnaðarráðgjöfin hjálpar ekki. Þetta er úrræði fyrir börn sem fæðast utan hjónabands og vilja kynnast foreldri sínu og þá er hægt að fara fram á það við sýslumann að skipa talsmann til að koma á slíkum kynnum og umgengni eftir því sem hægt er. Þetta er því mjög mikilvægt úrræði fyrir stóran hóp barna á Íslandi því að mjög mörg börn, eins og við vitum og kom fram í tölum hjá mér áðan, fæðast utan hjónabands á Íslandi og því enn ríkari þörf fyrir úrræði sem þetta hér á landi en víða annars staðar, þ.e. að barni verði skipaður talsmaður.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu fari frv. einnig til hv. allshn. til umræðu. Ég vona að nefndin taki vel í þessi mál og samkomulag verði um að afgreiða þau þannig að þessum börnum verði tryggð úrræði og leiðir til að tryggja þann grundvallarrétt sem þau hafa og eiga að hafa og við eigum að tryggja þeim til umgengni við báða foreldra sína.

[22:35]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil fagna því frv. sem hér er fram komið, um breytingu á barnalögum, nr. 20/1992, með síðari breytingum.

Eins og 1. flm. frv., Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, skýrði frá áðan er frv. um að skipa barni talsmann þegar um ágreining um umgengni er að ræða. Þetta er mjög brýnt. Það er auðvitað þannig að ýmsar heimildir er að finna á hinum og þessum stöðum en það er líka mjög mikilvægt að skylda á sumum stöðum. Þetta varðar fyrst og fremst þrjá hópa barna, þ.e. börn fædd utan hjónabands, við vitum vel að stærsti hópurinn á Norðurlöndunum er á Íslandi. Í öðru lagi til að tryggja að börn sem fædd eru í hjónabandi verði ekki bitbein foreldra við skilnað. Talsmaður gæti líka komið þar inn í til þess að hlusta á sjónarmið þeirra og tryggja hag þeirra þar sem ráðgjöfin sem rædd var hér áðan ekki dugir. Í þriðja lagi og ekki hvað síst í almikilvægustu málunum, þ.e barnaverndarmálum. Að vísu er heimild í barnaverndarlögunum núna, en eins og barnaverndarmálum er háttað um landið efa ég að sú heimild sé nýtt sem skyldi, því miður. Auðvitað ætti hagur barnanna alltaf að vera í fyrirrúmi og þess vegna er mjög mikilvægt að í þeirri endurskoðun sem núna fer fram á

lögum um vernd barna og ungmenna verði tekið á þessu og ég veit að svo mun verða.

Mjög mikilvægt er að hagsmunir barnanna séu í fyrirrúmi en ekki hagsmunir foreldra því að þá mundi kannski lítið breytast. Við þekkjum líka að Félagsþjónustan nýtir þetta að hluta til í úrræðum, þ.e. hún er með talsmann og í rauninni manneskju sem annast alveg barnið í sambandi við umgengni sem er mjög erfið milli hjóna eftir erfiðan skilnað og/eða þegar börn eru að kynnast foreldri. Þetta er því miður ekki algilt, enda álagið mikið í Félagsþjónustunni. Ég tel því að þetta frv. sé veruleg bót til að bæta og tryggja réttindi barnanna með því að á þau sé hlustað og aðstæður þeirra skoðaðar þannig að réttur þeirra til foreldranna sé virtur.

Ég vona þess vegna að þetta fái góða umfjöllun, þó að seint sé, í nefnd núna en ef það tekst ekki, þá verði það tekið upp að hausti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á aðstöðu til hestamennsku, fyrri umr.

Þáltill. JHall o.fl., 402. mál. — Þskj. 660.

[22:38]

Flm. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um úttekt á aðstöðu til hestamennsku en 1. flm. tillögunnar er Jónas Hallgrímsson, sem sat hér á þingi í vetur sem varaþingmaður. Ég mæli fyrir tillögunni sem ég flyt með honum ásamt Árna Johnsen, Ísólfi Gylfa Pálmasyni og Einari Má Sigurðarsyni.

Hún hljóðar á þessa leið:.

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á aðstöðu til hestamennsku á landsbyggðinni og leggi fram tillögur um stuðning ríkissjóðs við uppbyggingu hennar. Nefndin skili áliti fyrir 1. október næstkomandi."

Í grg. með tillögunni segir svo, með leyfi forseta:

„Undanfarin missiri hafa einstaklingar, félög og hið opinbera sem kunnugt er sameinast um að auka kynningu og sölu á íslenska hestinum, bæði innan lands og utan. Samhliða þessu viðamikla átaki hafa verið byggðar nútímalegar reiðhallir sem jafnframt þjóna víða sem félagsmiðstöðvar hestamanna. Á þetta einkum við um suðvestanvert landið og Norðvesturland. Landbúnaðarráðuneyti og Reykjavíkurborg hafa stutt þetta málefni með myndarlegum fjárframlögum. Meðal annars hefur verið gerður samningur um miðstöð íslenska hestsins í Skagafirði. Einnig hafa einstaklingar í greininni byggt upp slík mannvirki og hafa í sumum tilfellum notið aðstoðar fyrirtækja í ferðaþjónustu. Landsvæði sem eru fjarri höfuðborgarsvæðinu, frá Eyjafirði norður og austur um land, allt til Hellu á Rangárvöllum, virðast eiga erfiðara uppdráttar hvað sölu- og markaðsmál áhrærir og er þá ekki alltaf lélegum hrossum um að kenna, nema síður væri. Frekar má nefna fjarlægð frá aðalkomustað erlendra ferðamanna til landsins ásamt aðstöðuleysi þeirra sem hlut eiga að máli. Er nú svo komið að höfuðborgarsvæðið og nærsveitir austan fjalls ásamt afmörkuðum hluta Norðurlands hafa yfirburðastöðu vegna hagstæðrar staðsetningar og framúrskarandi möguleika til þjálfunar, sýninga og sölu á hrossum. Af byggðaástæðum er því tímabært að spyrna við fótum og leita leiða til úrbóta fyrir þau landsvæði sem fjærst liggja markaðinum.

Stefna stjórnvalda hefur verið að æska þessa lands skuli eiga jafnan rétt til náms og þar með félagslífs, óháð búsetu. Ungt fólk víða um land hefur í auknum mæli haslað sér völl í hestamennsku, bæði í leik og starfi. Vitað er að nýjar og glæstar reiðhallir ásamt keppnisvöllum utan dyra skapa mikinn aðstöðumun milli unglinga sem annars vegar eiga greiða leið að góðu og heilbrigðu félagsstarfi þar sem aðstaða er fyrir hendi til tamningar og þjálfunar hesta og þeirra sem búa í dreifbýli og enga aðstöðu hafa.

Eðlilegt er að móta stuðning ríkisvaldsins við uppbygginguí greininni og gengur þáltill. út á að hestamennskan verði nýtt sem sóknarfæri fyrir dreifðar byggðir landsins."

Við þessa grg. er í rauninni ekki miklu að bæta. Ég vil þó bæta því við að í starfi fjárln. höfum við fulltrúar í nefndinni orðið varir við aukna ásókn til nefndarinnar um að styðja byggingu reiðhalla eins og minnst er á í tillögunni. Engar fastmótaðar reglur eru um þennan stuðning og það væri mjög þarft mál og þarft fyrir þetta málefni að gerð yrði úttekt á þeirri aðstöðu og sköpuð stefna um hvort ríkisvaldið eigi ekki að styðja þetta málefni frekar en það hefur gert. Tónninn hefur verið gefinn í því efni og þegar hefur verið hafinn stuðningur á nokkrum stöðum, en gera þyrfti heildarúttekt á þessum málum. Um það fjallar tillagan. Hún fjallar um að setja vinnu í þetta mál og skila tillögum um hvernig stuðningur ríkisvaldsins kæmi jafnt niður í öllum byggðarlögum landsins.

Að lokinni þessari umræðu fer ég fram á að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 417. mál. — Þskj. 678.

[22:44]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað. Flm. auk mín eru hv. þm. Jón Bjarnason og Kolbrún Halldórsdóttir.

Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir aðgerðum til að veita bændum sérstakan aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað sambærilegan þeim sem veittur er annars staðar á Norðurlöndum."

Í grg. kemur fram að í þál. um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1998, skoraði Alþingi á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til að unnt yrði að veita bændum stuðning við aðlögun búskapar að lífrænum búskaparháttum. Í 6. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998, sem voru einnig samþykkt á Alþingi 4. júní 1998, er því markmiði m.a. lýst að stuðla beri að framþróun lífrænna búskaparhátta. Landbrh. og fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gerðu samning 5. mars 1999 um verkefni samkvæmt búnaðarlögum og framlög ríkisins til þeirra. Í samningnum er með tilvísun í 6. gr. búnaðarlaga Bændasamtökum Íslands heimilað að veita stuðning til lífrænnar ræktunar á árunum 1999–2003, nánar

tiltekið til endurræktunar lands. Stuðningur mætti vera að hámarki 25.000 kr. á ha lands og 250 kr. á fermetra í gróðurhúsi. Um eingreiðslur er að ræða. Þá veitir Áform, átaksverkefni, sem unnið er samkvæmt lögum nr. 27/1995, sauðfjárbændum stuðning til lífrænnar dilkakjötsframleiðslu, þ.e. 25.000 kr. til greiðslu kostnaðar við eftirlit og vottun á fyrsta ári aðlögunar, og það er eingreiðsla. Auk þess eru greiddar 25 kr. á kg dilkakjöts sem flutt er út samkvæmt staðfestingu vottunarstofu. Þessi stuðningur var veittur haustin 1998, 1999 og árið 1999 var farið að veita stuðning samkvæmt áðurnefndum búnaðarsamningi frá 5. mars 1999. Þótt þessar greiðslur stuðli að lífrænni ræktun og búskap eru þær ekki sambærilegar þeim stuðningi sem bændur, sem eru að laga búskap sinn að lífrænum landbúnaði, njóta annars staðar á Norðurlöndum. Hér er einkum um eingreiðslur að ræða en þar eru greiddir styrkir um nokkurra ára skeið. Hér á landi er eðlilegt að reikna með fimm til tíu ára aðlögunartíma og væri æskilegt að miða greiðslurnar við það.

Samkvæmt ályktun búnaðarþings frá 1996 starfaði vinnuhópur með fulltrúum frá VOR, þ.e. VOR stendur fyrir Verndun og ræktun, Félagi framleiðenda í lífrænum búskap, og Bændasamtökum Íslands. Vinnuhópurinn skilaði áliti til Bændasamtaka Íslands í nóvember það ár. Þar voru gerðar tillögur um stuðning að aðlögun að lífrænum búskap og tilgreint hvernig það yrði best gert að teknu tilliti til aðstæðna hérlendis. Þetta álit var haft til hliðsjónar við gerð áðurnefnds búnaðarsamnings og er birt í fskj. með þáltill. þessari þótt það sé orðið fjögurra ára gamalt.

Búnaðarþing ályktaði aftur um stuðning við lífrænan búskap árið 1999 og taldi að stefna bæri að því að vaxandi hluti landbúnaðarframleiðslunnar yrði vottaður lífrænn, m.a. með möguleika á útflutningi lífræns dilkakjöts í huga. Svipaðar skoðanir komu fram í skýrslu nefndar um útflutning dilkakjöts sem landbrh. skipaði sumarið 1999. Í skýrslunni, sem er frá 8. nóvember 1999, er greint frá því að náðst hafi allt að 25% hærra skilaverð til bænda fyrir lífrænt vottaða framleiðslu í útflutningi árin 1998 og 1999. Nefndin leggur til að í sjö ár verði veittar allt að 20 millj. kr. í fjárlögum hvers árs til þróunar og aðlögunarverkefna hjá bændum sem hefja lífræna framleiðslu dilkakjöts, einkum til útflutnings.

Hér má geta þess að á síðasta hausti vantaði stórlega lífrænt vottað kjöt til útflutnings á Bretlandsmarkað og þangað hefðum við getað flutt út miklu meira en við höfðum kjötframleiðslu til.

Ljóst er að markaður fyrir lífrænt vottaðar vörur eykst stöðugt. Í fyrstu var einkum um að ræða grænmeti, ávexti og kornmeti en á seinni árum búfjárafurðir á borð við mjólk, egg og kjöt af ýmsum skepnum. Framleiðslukostnaður er nokkuð hærri en í hefðbundinni framleiðslu en á móti vegur hæsta afurðaverðið. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu sveitabyggðar í landinu og úrvinnsluiðnaðar. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Nú vantar meira lífrænt dilkakjöt til útflutnings og innan lands er markaður fyrir grænmeti og fleiri lífrænar vörur. Því verður að teljast eðlilegt að aðlögunarstuðningur við þessa grein landbúnaðar verði a.m.k. jafnmikill og í öðrum norrænum ríkjum.

Herra forseti. Nú höfum við á Alþingi til afgreiðslu frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Þetta frv. er hjá hv. landbn. og ber okkur að afgreiða frv. nú fyrir þinglok því frv. er forsenda sauðfjársamningsins sem bændur hafa þegar samþykkt.

Í þessu frv. og þeim samningi, sem skrifað hefur verið undir með fyrirvara um samþykkt þingsins, eru nokkur ný ákvæði og m.a. um gæðastýringu í sauðfjárframleiðslunni. Sú gæðastýring, eins og hún er lögð upp, er mjög heppilegur áfangi eða heppileg leið til þess að þróa sauðfjárræktina inn í lífrænan landbúnað. Gæðastýring ein og sér er ekki lífrænn landbúnaður en er hluti af því ferli sem lífrænn landbúnaður verður að tileinka sér og er því mjög heppileg leið, eins og ég sagði, til að koma sauðfjárræktinni inn í vottað lífrænt ræktað dilkakjöt.

En í samningnum er í raun enginn sérstakur hvati fyrir bændur til þess að taka skrefið til fulls og fara í lífræna ræktun. Hvatinn er til að fara í gæðastýringuna og notfæra sér hana, sem er mjög gott, og eins og ég sagði áðan ákveðið ferli sem er hægt að nota til frekari markmiðssetningar. Ég hef saknað þess að sjá ekki þennan hvata inni í lagabreytingunni.

Þessi till. til þál. um aðlögunarstuðning við lífrænan landbúnað er í sjálfu sér óháð frv. til laga um sauðfjársamninginn. En þar sem ég flyt þetta núna á þessum tímamótum — það er nokkuð síðan þetta var lagt fram í þinginu — finnst mér rétt að ítreka að hægt væri að notfæra sauðfjársamninginn núna til að koma með einhvers konar hvata og aðlögunarstuðning inn í samninginn, aðlögunarstuðning við lífræna sauðfjárframleiðslu því að þetta er samningur til sjö ára. Framleiðsluferlið í lífrænum landbúnaði tekur nokkur ár og það vantar kjöt til útflutnings. Verð á lífrænt vottuðum afurðum er hærra. Bændur í lífrænni ræktun þurfa meiri stuðning en bændur í hefðbundinni framleiðslu. Þannig er það allt í kringum okkur og við verðum að laga okkur að því enda er þetta dýrari framleiðsla. Ég óska eftir því um leið og ég vísa tillögunni til hv. landbn. og að hún verði hér tekin til 2. umr. að hv. landbn. skoði eða afgreiði þessa þáltill. samhliða frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, eða sauðfjárræktarsamninginn, og taki það skref sem mundi verða sauðfjárbændum og okkur öllum til mikilla hagsbóta því það tekur tíma að breyta framleiðsluferli og væri rétt að nota næstu sjö ár. Það er of seint að bíða með aðlögunarstuðninginn þangað til í næsta sauðfjársamningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi á miðhálendi Íslands, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 443. mál. — Þskj. 713.

[22:56]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um öryggi á miðhálendi Íslands, sem ég flyt ásamt þeim hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, Jóni Kristjánssyni, Jónasi Hallgrímssyni, Margréti K. Sverrisdóttur og Þorgerði K. Gunnarsdóttur.

Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa nefnd sem geri tillögur um aðgerðir til að auka öryggi þeirra sem ferðast um hálendi Íslands að vetrarlagi. Einkum verði athuguð dreifing

NMT-kerfisins, TETRA-kerfisins, samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörg um ferðaáætlanir ferðalanga og nýtingu björgunarbúnaðar almennt."

Herra forseti. Markmiðið með tillögu þessari er að hæstv. dómsmrh. skipi nefnd til þess að gera tillögur er feli í sér aukið öryggi ferðalanga á miðhálendi Íslands. Tilefni tillögunnar er að á síðustu árum hefur það ítrekað gerst að efnt hefur verið til víðtæks leitarútkalls þegar fólk hefur týnst á hálendinu, einkum að vetrarlagi. Svo rammt hefur kveðið að þessu að á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs má segja að efnt hafi verið til leitarútkalls að meðaltali annan hvern dag þegar ferðalangar týndust á fjöllum uppi að vetrarlagi í misjöfnu veðri. Enda er það svo að á síðustu árum hefur með bættum bílakosti og auknum áhuga á vetrarferðamennsku það færst stöðugt í vöxt að ferðalangar hafa lagt leið sína upp á miðhálendið en svo sem kunnugt er þá eru veður þar válynd og geta skjótt skipast veður í lofti eins og dæmin sanna. Í þeim miklu vetrarveðrum sem brostið geta á og bresta reglulega á á miðhálendinu þá geta í miklum ferðamannastraumi oft orðið slys og fólk hreinlega týnst. Við slíkar aðstæður getur oft verið um mínútuspursmál þar sem skilur á milli lífs og dauða fólks sem hrakið er eða fast í miklum vetrarhríðum.

Við þær aðstæður getur verið afskaplega erfitt að finna fólk og því mikilvægt að auka öryggið þannig að mannslífum sé ekki stefnt í voða. Það er mjög mikilvægt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða þar sem mannslíf eru í húfi.

Þáltill. er í rauninni ekki með beinar tillögur um það hvernig þessum fyrirbyggjandi aðgerðum verði komið á heldur er mælst til þess að hæstv. dómsmrh. skipi nefnd fagfólks til að fara faglega og vandlega yfir þá hættu sem hér er gerð að umtalsefni og birti síðan tillögur til úrbóta. Hins vegar bendum við í grg. á þskj. 713 á ýmsar leiðir sem hafa komið upp í umræðum, bæði í fjölmiðlum og manna á milli. Við bendum m.a. á að símakerfið, dreifikerfi símans er æðigloppótt uppi á miðhálendinu, bæði NMT-kerfið og GSM-kerfið ná ekki til nema takmarkaðs hluta miðhálendisins og við bendum á það sem eina leið að bæta úr þeim gloppum þannig að ferðalangar geti notað fjarskiptabúnað þegar í nauðir rekur.

Þá má benda á að í umræðu, sem m.a. varð á hv. Alþingi, kom fram að í bígerð er að koma upp svonefndu TETRA-kerfi þar sem m.a. er ætlunin að nýta fjarskiptabúnað Landsvirkjunar í tengslum við mannvirki Landsvirkjunar á miðhálendinu og skapar það ákveðna möguleika til úrbóta. Þá er rétt að benda á að nú spretta nánast daglega upp ný fyrirtæki á fjarskiptamarkaðnum, m.a. hefur komið fram nýtt fyrirtæki, Martel ehf., sem vinnur að uppbyggingu GSM-endurvarpskerfisins um gervihnetti og hefur unnið að því frá árinu 1996. Þar er m.a. stefnt að því að ná yfir landið allt og m.a. á svonefndum Globalstar-lausnum sem fyrirtækið Martel byggir á. Það á að vera tiltölulega auðvelt að koma staðsetningarbúnaði fyrir í síma ferðalanga þannig að við erfiðar aðstæður eigi leitarflokkar að geta staðsett ferðalanga með nokkuð mikilli nákvæmni.

Þá er aðeins um það fjallað í greinargerð hvort taka þurfi upp einhvers konar tilkynningarskyldu þegar fólk leggur upp á miðhálendið að vetrarlagi og jafnframt er bent á ýmiss konar búnað, neyðarbúnað, og því velt upp hvort æskilegt sé að skylda ferðalanga um miðhálendið að vetrarlagi til þess að hafa slíkt með í för.

Þetta eru nokkrir af þeim þáttum sem við bendum á sem, má segja, veganesti til þeirrar nefndar, ef skipuð verður, sem hún getur fjallað um og örugglega fleiri þætti, þ.e. fjarskiptakerfið, spurninguna um tilkynningarskyldu í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg og hinn almenna búnað sem æskilegt er að fólk hafi með sér í slíkar svaðilfarir sem vetrarferðir á miðhálendið geta verið.

Að öðru leyti vil ég vísa, herra forseti, til greinargerðarinnar sem fylgir þáltill. og að svo mæltu leyfi ég mér að vonast til þess að tillagan fái farsæla afgreiðslu og leyfi mér að vísa henni til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Frv. ÞBack og JónK, 480. mál (tengistígar). — Þskj. 760. [23:03]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum. Flm. auk mín er hv. þm. Jón Kristjánsson.

Breytingarnar eru eftirfarandi, þ.e. frv. hljóðar svo:

„1. gr. Við 9. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tengistígar eru göngu- og hjólreiðastígar milli þéttbýlisstaða, þar sem börn og unglingar fara daglega á milli til að sækja skóla, íþrótta- og tómstundastarf eða nauðsynlega þjónustu af öðrum toga, og eru kostaðir af opinberum aðilum.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill beina þeim tilmælum til gesta okkar hér í þinginu að það er ekki leyfilegt að trufla þingstörf. Það verður að hafa hljóð.)

2. gr. Fyrri málsliður 1. mgr. 11. gr. laganna orðast svo: Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega, einkavega og tengistíga, enda komi fullar bætur fyrir.

3. gr. Fyrirsögn IV. kafla laganna verður: Almennir vegir, einkavegir og tengistígar.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2000."

Í greinargerðinni kemur fram að löngu tímabært sé gefa meiri gaum að umferð hjólreiðafólks og gangandi vegfarenda í samgöngumálum á Íslandi. Sú umferð er hluti af eðlilegri útivist og íþróttaiðkun, veitir holla hreyfingu og fellur afar vel að nútímaviðhorfum til umhverfismála enda fylgir henni hvorki hávaði né mengun af öðrum toga. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að betri þjónusta við þessa tegund umferðar leiði til þess að landsmenn tileinki sér hana í auknum mæli.

Frumvarp þetta er lagt fram til að veita mikilvægum göngu- og hjólreiðastígum eðlilegan sess í vegakerfi landsins. Sums staðar háttar þannig til, m.a. í tengslum við samvinnu og/eða sameiningu sveitarfélaga, að börn og unglingar þurfa daglega að fara á milli þéttbýliskjarna til að sækja skóla, taka þátt í íþrótta- og tómstundastarfi eða sækja ýmsa nauðsynlega þjónustu án þess að það kalli á akstur milli staða. Þar af leiðandi fara börn og unglingar þessara ferða ýmist gangandi eða hjólandi og sú umferð kallar á að lagðir séu fullnægjandi stígar fyrir göngu- og hjólreiðafólk. Öllum má vera ljós sú hætta sem stafar af því að beina þessari umferð inn á vegi fyrir vélknúin ökutæki.

Hingað til hefur uppbygging slíkra stíga einkum strandað á óvissu um hverjum bæri að annast lagningu þeirra, umsjón og viðhald. Með þeirri lagabreytingu sem lögð er til í þessu

frumvarpi eru slíkir stígar settir í umsjá opinberra aðila. Stígunum er valið heitið tengistígar þar sem þeim er ætlað að tengja saman þéttbýliskjarna með fyrrgreindum hætti.

Herra forseti. Hér eru nefnd börn og unglingar sem fara daglega á milli til að sækja skóla af þeirri ástæðu að þrengja ákvæði þessara lagabreytinga. Hér er ekki verið að tala um almenna hjólreiða- og göngustíga sem æskilegt væri að leggja sem net um landið samhliða vegakerfi fyrir ökutæki.

Hér fyrir hinu hv. þingi liggur frammi till. til þál. um skipan nefndar um hönnun og merkingar hjólreiðabrauta. Það sýnir að þingmenn eru eins og aðrir í okkar þjóðfélagi farnir að huga miklu meira að þeim möguleikum sem hjólreiðar og holl hreyfing býður upp á, þ.e. til þess að hægt sé að stunda þessa útiveru, ferðast á milli og draga úr umferð ökutækja þá verður að leggja hjóla- og göngustíga sambærilega við þá sem ánægjulegt er að sjá hvað Reykjavíkurborg, höfuðborgin, hefur lagt í á undanförnum árum. Þeir tengistígar sem eru innan höfuðborgarsvæðisins eru alveg til fyrirmyndar. Slíka stíga væri hægt að hugsa sér víða um land, sérstaklega á fjölförnum ferðamannastöðum eins og í kringum Mývatn, Þingvallavatn og á fleiri stöðum. En það er ekki verið að tala um slíka almenna stíga í þessu frv. heldur þessa sérstöku tengistíga á milli þéttbýliskjarna þar sem ákveðin þjónusta er veitt.

Ég get nefnt tvo þéttbýlisstaði, þ.e. Fellabæ og Egilsstaði. Börnin fara þar á milli og auðvitað fullorðnir líka til þess að sækja þjónustu og börn og unglingar sækja þar í ýmsa félagsþjónustu sem þeim stendur til boða. Ef þessi tengistígur verður lagður þá liggur hann innan þéttbýlissvæða í tveimur sveitarfélögum og auk þess á landi utan þéttbýlis. Það hefur verið deiluefni nokkuð langan tíma hver eigi að greiða, hver eigi að sjá um og leggja tengistíginn og hver eigi að sjá um viðhald á honum, ef lagður verður. Aftur á móti eru allir sammála um nauðsyn þess að leggja þennan stíg.

Svona háttar til á fleiri stöðum þar sem tveir þéttbýliskjarnar eru og svæði á milli sem fellur utan þéttbýlissvæðanna, þ.e. þá er það tilvalið þrætuepli hver eigi að greiða og hver eigi að sjá um viðhald. Þetta frv. er lagt fram til þess að taka af allan vafa þegar svo háttar til að börn og unglingar sækja þjónustu á báðum stöðum — þarna er verið að takmarka eins og ég sagði áðan vegalengdina og tilgang stíganna — um að það sé á ábyrgð Vegagerðarinnar að leggja þessa stíga. Þetta eru nú ekki mjög margir staðir. Og vonandi verður það til þess að þessir stígar verði lagðir og öryggið bætt.

Síðan fagna ég því ef farið verður í að koma því inn í svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag alls staðar á landinu að hugsa um umferð gangandi og hjólandi vegfarenda jafnhliða því sem settir eru á teikniborðið og skipulagðir eru akvegir, þ.e. að jafnsjálfsagt sé að skipuleggja þessa vegi á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég óska eftir því að frv. verði tekið til 2. umr. og legg til að því verði vísað til hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun kosningalaga, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 481. mál. — Þskj. 761.

[23:13]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði till. til þál. um endurskoðun kosningalaga. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fram fari á vegum Alþingis endurskoðun á kosningalöggjöf með það fyrir augum að tryggja

a. að sjúklingar, aldraðir og öryrkjar geti ávallt nýtt kosningarrétt sinn,

b. að jafnan fjalli óháður aðili um kærumál sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd kosningalaga.“

Að því eru brögð að sjúklingar, aldrað fólk og öryrkjar geti ekki neytt kosningarréttar síns. Víða hefur tíðkast að láta fara fram atkvæðagreiðslu á sjúkrastofnunum og dvalarheimilum aldraðra. Þó er það ekki algilt og hafa í þessu samhengi risið deilumál og dómsmál. Brýnt er að tryggja jafnræði með þegnunum til kosningarréttar og nauðsynlegt að fram fari athugun á framkvæmd kosningalaganna hvað þetta atriði snertir.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að einnig verði kannað hvernig unnt verði að koma því á að óháður aðili skeri jafnan úr um deilumál sem rísa við framkvæmd laganna.

Í deilumálum sem risið hafa í tengslum við kosningar um sameiningu sveitarfélaga hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt að þeim sé skotið til úrskurðar í félagsmálaráðuneytinu eins og lög gera ráð fyrir þar sem það málefni sem greidd eru atkvæði um er á vegum þess ráðuneytis. Það getur í slíkum tilvikum ekki talist hlutlaus aðili. Ef fram kemur kæra um framkvæmd kosninganna kæmi til álita að hún væri milliliðalaust látin ganga til dómstóla.

Málið sem þessi þáltill. er í raun sprottið úr, kosningum sem fram fóru 15. nóv. 1997 um sameiningu sveitarfélaga í Skagafjarðarsýslu, endaði fyrir dómstólum og fór til beggja dómstiga, undirréttar og Hæstaréttar einnig. Ég læt fylgja sem fskj. með þáltill. blaðagrein sem Erlendur Hansen og Hörður Ingimarsson skrifuðu og birtist í Morgunblaðinu 29. nóv. 1998 undir fyrirsögninni: „Hæstiréttur varði ekki kosningarréttinn.“ Þar eru dómstólar harðlega gagnrýndir og reyndar segir í blaðagreininni að greinarhöfundar hafi gert sér grein fyrir því og verið varaðir við því að erfitt kynni að reynast að vinna mál sem beindist að stjórnsýslunni. „Hún fyndi sér alltaf vörn,“ segir hér í þessari blaðagrein, með leyfi forseta. Þeim var sagt að stjórnsýslan fyndi sér alltaf vörn.

Eftir að ég kynnti mér þetta mál, ég hef farið rækilega í saumana á því, er ég sannast sagna sammála greinarhöfundum. Mér finnst hafa verið staðið undarlega að þessum kosningum og mér finnst niðurstaða dómstóla einnig vera harla undarleg. Þetta hefur sannfært mig um að í fyrsta lagi sé nauðsynlegt að tryggja betur í lögum rétt þeirra sem í hlut eiga og í annan stað að tryggja að óháður aðili fjalli jafnan um deilumál, að jafnan séu reknir allir þeir varnaglar sem kostur er á til varnar kjósendum sem þurfa að reiða sig á þessi ákvæði.

Vegna þessa er tillagan lögð fram. Það er alllangt síðan hún var borin fram á þinginu þótt ekki sé mælt fyrir henni fyrr en nú. Ég teldi mikilvægt, herra forseti, að þessari till. til þál. yrði hraðað til allshn. Alþingis. Þar fer nú fram endurskoðun á kosningalögum í tengslum við nýja kjördæmaskipan og

mér fyndist eðlilegt að þessi mál yrðu tekin til skoðunar í því samhengi einnig.

Reynist það ekki unnt, ég sé því samt ekkert til fyrirstöðu, mun ég að sjálfsögðu fylgja þessu máli eftir síðar því að við svo búið má ekki standa.

Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsvegir á hálendi Íslands, fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 518. mál. — Þskj. 818.

[23:18]

Flm. (Drífa Hjartardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 818, 518. máli, um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands. Flm. auk mín eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Ásta Möller, Hjálmar Jónsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að skipa nefnd sem geri tillögur um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands.

Nefndin verði skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af ráðherra, tveimur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum af Náttúruvernd ríkisins og einum af Vegagerð ríkisins."

Herra forseti. Umferð á hálendi Íslands fer sívaxandi. Samkvæmt tillögunni skal skipuð nefnd sem semji drög að framtíðarskipulagi og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands þannig að hægt sé að komast um hálendið án mikilla svaðilfara, en með nokkrum takmörkunum þó.

Aðalleiðir, þ.e. Kjölur, Sprengisandur, Kaldidalur/Uxahryggir og Fjallabaksleið nyrðri, þurfa að vera færar dugmiklum fólksbílum, venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir helsta ferðamannatímann, þ.e. frá júní til september.

Vinsælar leiðir eins og að Öskju, Gæsavötnum, Herðubreið og Snæfelli, Fjallabaksleið syðri, hringleið um Heklu, Emstruleið, inn í Þórsmörk, Dómadalsleið í Landmannalaugar, um Haukadalsheiði, Eyfirðingabraut, yfir Öxi, að Lakagígum og fleiri vinsælar ferðaleiðir á hálendinu þurfa að vera færar öllum venjulegum jeppum og fólksflutningabílum yfir sumartímann.

Til að þetta geti orðið til frambúðar þarf að veita fé til uppbyggingar og viðhalds þessara vega á hverju ári. Í flokkun veganna þarf að koma fram tilgangur þeirra, þ.e. hverjir fara um þá og hvert. Setja þarf viðmiðunarreglur um hvar á að brúa og hvar ekki. Rétt er að fjármagnið skiptist eftir þessari flokkun og ástandi og mikilvægi hvers vegar eins og reynt er að gera í byggð.

Með góðum og greiðfærum vegum á hálendinu er hægt að draga úr utanvegaakstri og stuðla þar með að verndun gróðurs og ósnortinna svæða, auka öryggi ferðamanna á ferðum um hálendið og tryggja að ekki verði „óvart" til nýjar slóðir hér og þar.

Með efldu vegakerfi á hálendinu er auðveldara að stýra umgengni ferðamanna og náttúruunnenda. Almenningi er þannig gefinn kostur á að njóta stórkostlegrar náttúru, nokkuð sem ekki hefur hingað til verið mögulegt á venjulegum farartækjum.

Nauðsynlegt er að taka mið af skipulagi miðhálendis Íslands við skipulagningu vegakerfis um hálendið. Það ætti að einhverju leyti að taka mið af hugmyndafræðinni um að ferðamenn fari um hálendið og njóti náttúrunnar að degi til en dveljist eins og við verður komið við jaðar þess eða á skipulögðum svæðum yfir nætur.

Herra forseti. Ég legg til að till. til þál. um framtíðarskipulag og uppbyggingu landsvega á hálendi Íslands verði vísað til hv. samgn. og til síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 538. mál. — Þskj. 839.

[23:22]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að að komið verði í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að lagasetningu með það að markmiði að fólk sé ekki látið gjalda aldurs síns á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi."

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða ungt fólk til starfa fremur en þá sem eldri eru, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólki sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Við þekkjum dæmi þessa úr ýmsum bankastofnunum, fjármálastofnunum, og því miður þá þekkjum við einnig dæmi þessa hjá stofnun sem er í eigu þjóðarinnar og í umsjá okkar, Íslandspósti hf. Þar er að sögn, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið, því miður farið að segja upp fólki sem er komið yfir 65 ára aldur. Það hefur verið sagt við þá einstaklinga sem hafa verið látnir fara eða sagt að þeir þurfi að ljúka störfum að þetta sé hin nýja svokallaða 65 ára regla, að það séu aldursmörkin, að þá þurfi fólk að víkja úr starfi. Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef fengið, m.a. frá einstaklingum sem í hlut eiga. Ég á eftir að taka þetta mál upp við annað tækifæri vegna þess að fyrir þinginu liggur fyrirspurn sem ég hef beint til hæstv. samgrh. um þá starfsmannastefnu sem Íslandspóstur rekur og þá ekki síst á landsbyggðinni, en þaðan hef ég heimildir fyrir þeim fréttum sem ég er hér að tíunda.

Þetta finnst mér algjörlega ófært. Með þessari þáltill. er ég að fara þess á leit að ríkisstjórnin kanni hvernig unnt sé að tryggja og treysta réttarstöðu þessa fólks. Ég veit að erfitt er að gera það svo afdráttarlaust sé. Það verður aldrei tryggt með lagasetningu að einstaklingum verði aldrei nokkru sinni sagt upp störfum þótt þeir séu komnir á þennan aldur en að þeir séu ekki látnir gjalda aldurs síns er önnur saga. Ef viðkomandi fær lagastoð til að vísa í þannig að sönnunarbyrðin hvíli hjá atvinnurekandanum, þeim sem segir honum upp störfum, þá held ég að það geti verið til góðs. Ég er að mælast til að kannað verði hvernig að þessu yrði staðið.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Opinberar stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka upp þá stefnu að segja fólki upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, eins og gerðist hjá Íslandspósti. Mér er sagt að slíkt gerist þar, að það sé stefna þar, því miður. Þetta gerist langt innan við aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði. Allir þessir starfshópar eru ráðnir til fimm ára í senn. Þetta var gert þrátt fyrir mikil og kröftug mótmæli hér í umræðum á Alþingi. Og að lokinni þessari fimm ára ráðningu er metið að nýju hvort viðkomandi skuli endurráðinn.

Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólki og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga svo að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að vera fyrir því að launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu fái ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánu samstarfi við samtök launafólks.

Mér er kunnugt um að innan samtaka launafólks er áhugi á að taka á þessum málum. Mér er einnig kunnugt um að víða á meðal atvinnurekenda eru uppi áhyggjur vegna þeirrar tilhneigingar sem gætir í þessa átt í starfsmannahaldi í fyrirtækjum og stofnunum. Þess vegna er rangt að alhæfa um viðhorfin í þessum efnum. Staðreyndin er sú að þessarar tilhneigingar gætir mjög víða í stofnunum og fyrirtækjum og ég hvet til þess að það verði tekið til skoðunar af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig réttindin verði bætt og treyst.

Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu. Ég geri mér reyndar ekki alveg grein fyrir því hvort það er rétti aðilinn til að fjalla um málið en tel þó svo vera. Ég fel stjórn þingsins í hendur vald til þess að ákveða hvar þessi þáltill. verður best vistuð.

[23:29]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp til þess að taka undir þessa tillögu hv. þm. Ögmunar Jónassonar. Ég tel að hún sé mjög mikilvæg og vil minna á tillögu sem hefur legið fyrir þinginu og komið til umræðu, um sveigjanleg starfslok þar sem 1. flm. er Guðmundur Hallvarðsson. Ég tel allt of mikla æskudýrkun í þessu landi og að við eigum að meta þann auð sem býr í fólki á hvaða aldri sem það er meðan það treystir sér til þess að vinna. Við eigum að bera virðingu fyrir því að það geti ráðið því sjálft hvort það hættir fyrr eða seinna. Sumir vilja hætta fyrr og það á að leyfa fólki það. En þeir sem hafa starfsþrek eiga að fá að vinna lengur. Ég benti á það í ræðu minni um þáltill. um sveigjanleg starfslok að það er mikill sparnaður fyrir heilbrigðiskerfið þegar fólk er ekki neytt til að hætta að vinna. Ég tel það mjög mikilvægt að fólk fái að njóta sín í starfi eins lengi og það hefur vinnuþrek.

[23:31]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að fagna þeim góðu undirtektum sem þessi þáltill. fær frá þingmanni Sjálfstfl., hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Ég tel að baki tillögunnar mætti mynda breiða pólitíska samstöðu. Þetta er ekki þröngt mál í þeim skilningi en þetta er brýnt hagsmunamál og félagslegt réttlætismál að það nái fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegamál, fyrri umr.

Þáltill. JB, 510. mál. — Þskj. 809.

[23:32]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vegamál. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að heimila Vegagerðinni að ráðstafa árið 2000 þeirri inneign sem safnast hefur upp á síðustu árum vegna hærri tekna af lögboðnum tekjustofnum til vegagerðar en reiknað hefur verið með í vegáætlun. Þessu fé verði ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1. Varið verði 200 millj. kr. vegna aukins kostnaðar við vetrarþjónustu.
2. Varið verði 150 millj. kr. til að flýta áætlun um uppbyggingu tengivega.
3. Varið verði 150 millj. kr. til að flýta áætlun um uppbyggingu safnvega.
4. Varið verði 50 millj. kr. til að flýta framkvæmdum við breikkun einbreiðra brúa.
5. Varið verði 150 millj. kr. til undirbúnings jarðgangagerð."

Herra forseti. Um síðustu áramót var inneign hjá ríkissjóði vegna innheimtu lögboðinna gjalda til vegagerðar um 700 millj. kr. eða nánar tiltekið 707 millj. kr. en markaðir tekjustofnar vegna vegagerðar hafa skilað meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun við gerð vegáætlunar. Í 2. gr. laga um fjáröflun til vegagerðar, nr. 3 frá 1987, með síðari breytingum, segir: „Tekjum samkvæmt lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar."

Herra forseti. Þessi inneign er þannig til komin að frá árinu 1998 er inneign upp á 108 millj. kr., frá árinu 1999 inneign upp á 216 millj. kr. og eldri inneign er upp á 383 millj. kr. eða samtals 707 millj. kr. sem þarna standa inni og hefur ekki verið ráðstafað annað en lög gera ráð fyrir, þ.e. til vegagerðar.

Margáréttuð er sérstök þörf á auknu fjármagni til „sveitaveganna". Í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 sem samþykkt var á Alþingi vorið 1999 er lögð þung áhersla á bættar samgöngur í byggðum sem standa höllum fæti. Í allri vegagerð á síðustu árum hafa tengivegir og safnvegir, sem við köllum í daglegu tali „sveitavegi", dregist hlutfallslega aftur úr í nýframkvæmdum og viðhaldi. Jafnframt hefur þörfin fyrir góðar samgöngur í sveitum aukist, t.d. vegna daglegs heimanaksturs nemenda, vinnu sveitafólks utan bús, daglegra aðdrátta og flutninga á vörum og þjónustu, svo og aukinnar ferðaþjónustu í sveitum landsins.

Eðlilegt er að þessu uppsafnaða fé verði nú ráðstafað í vegáætlun og þá með þeim áherslum og þeirri forgangsröðun sem hér er lagt til. Þetta fjármagn komi til viðbótar því sem lagt er til að varið verði til þessara verkefnaflokka samkvæmt tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 og nú liggur fyrir Alþingi.

Ljóst er að þetta viðbótarfé er engan veginn nægjanlegt til að hleypa af stokkunum því stórátaki sem flestir eru sammála um að þurfi til að laga „sveitavegina“ og til annarra brýnna framkvæmda á vegum í dreifbýli. Því er ástæðulaust að láta fjármagn sem þegar hefur verið innheimt til vegamála liggja ónotað.

Herra forseti. Þegar þessi tillaga var lögð fram var ekki ljóst að varið yrði neinu fjármagni til undirbúnings jarðgangagerð. Ekki hafði fengist við afgreiðslu fjárlaga fyrir síðustu jól nein fjárveiting til þess að vinna að undirbúningi jarðgangagerðar. Því var lagt til og lögð á það áhersla að einnig yrði varið fé til þess undirbúnings en samkvæmt þáltill. um jarðgangaáætlun er lagt til að þar komi sérstakt fjármagn til þeirra verkefna þannig að það sem hér er lagt til gæti þá fært með auknum þunga á tengivegina og safnvegina, þ.e. „sveitavegina“.

Herra forseti. Oft eru mörg stór verkefni vegamála tekin út fyrir vegáætlun þegar á að vinna stórvirki. En þessir vegir hafa orðið hlutfallslega út undan við eflingu samgöngukerfis og samgönguæða landsins. Því er fyllilega réttmætt og sanngjarnt að þessu fjármagni, sem er ekki verið að taka frá neinni markaðri framkvæmd en hefur réttilega verið innheimt til vegamála, verði varið til þessara samgöngubóta, til veganna í hinum dreifðu byggðum landsins og flýta þar þeim áætlunum sem þar eru um samgöngubætur. Ekki er verið að taka neitt frá neinum í því en þarna er í litlum mæli en þó markvisst verið að koma til móts við þær auknu kröfur og auknu og þarfir og þær yfirlýsingar sem hv. þm. á Alþingi og víðar lýsa svo fjálglega um brýna nauðsyn á, þ.e. að bæta samgöngur í sveitum landsins.

Því legg ég til, herra forseti, að að lokinni fyrri umræðu um þessa þáltill. verði henni vísað til hv. samgn. til afgreiðslu. Ég vænti þess að bæði hv. samgn. og Alþingi taki undir með mér hversu mikilvægt málið er og góð ráðstöfun fjár.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 15.–17., 19.–20., 24.–25., 27.–30., 33.–35., 37., 39.–40. og 46.–47. mál.

Fundi slitið kl. 23:39.

---

104. FUNDUR

föstudaginn 28. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rafræn eignarskráning á verðbréfum, stjfrv., 163. mál, þskj. 995, brtt. 1035. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 460. mál, þskj. 738, nál. 1046 og 1070, brtt. 1047, 1067, 1068 og 1069. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 120, nál. 1051, brtt. 1052. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Húsgöngu- og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 684, nál. 1060, brtt. 1061. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 119, nál. 1048, brtt. 1049 og 1050. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Lagaskil á sviði samningaréttar, stjfrv., 70. mál, þskj. 70, nál. 1063, brtt. 1064. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Íslensk málnefnd, stjfrv., 501. mál, þskj. 796, nál. 1031. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Brunatryggingar, stjfrv., 285. mál, þskj. 429, nál. 1055 og 1057, brtt. 1056. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 290. mál, þskj. 472, nál. 1058, brtt. 1059. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 489. mál, þskj. 771, nál. 1062. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 330, nál. 1053 og 1071, brtt. 1054. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Barnalög, frv., 339. mál, þskj. 592. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

13. Barnalög, frv., 396. mál, þskj. 654. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

14. Úttekt á aðstöðu til hestamennsku, þáltill., 402. mál, þskj. 660. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

15. Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, þáltill., 417. mál, þskj. 678. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

16. Öryggi á miðhálendi Íslands, þáltill., 443. mál, þskj. 713. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

17. Vegalög, frv., 480. mál, þskj. 760. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

18. Endurskoðun kosningalaga, þáltill., 481. mál, þskj. 761. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

19. Vegamál, þáltill., 510. mál, þskj. 809. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

20. Landsvegir á hálendi Íslands, þáltill., 518. mál, þskj. 818. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

21. Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, þáltill., 538. mál, þskj. 839. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

22. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 623. mál, þskj. 1065. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

23. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 246, nál. 1011, brtt. 1012, 1073 og 1074. — 2. umr.

24. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 571, nál. 1001. — Frh. 2. umr.

25. Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, stjfrv., 452. mál, þskj. 726, nál. 1082, brtt. 1083. — 2. umr.

26. Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, stjtill., 581. mál, þskj. 883, nál. 1081. — Síðari umr.

27. Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, stjtill., 582. mál, þskj. 884, nál. 1080. — Síðari umr.

28. Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, stjtill., 583. mál, þskj. 885, nál. 1079. — Síðari umr.

29. Fullgilding samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jafnrétti, stjtill., 584. mál, þskj. 886, nál. 1078. — Síðari umr.

30. Fjárreiður ríkisins, frv., 145. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr.

31. Vátryggingarsamningar, frv., 427. mál, þskj. 692. — 1. umr.

32. Þingsköp Alþingis, frv., 450. mál, þskj. 724. — 1. umr.
33. Hlutafélög, frv., 451. mál, þskj. 725. — 1. umr.
34. Atvinnuuppbygging og þróun vistvæns samfélags í Hrísey, þáltill., 471. mál, þskj. 750. — Fyrri umr.
35. Úthlutun fjár til hitaveitna á köldum svæðum, þáltill., 479. mál, þskj. 759. — Fyrri umr.
36. Eðli og umfang vændis, þáltill., 483. mál, þskj. 763. — Fyrri umr.
37. Tímareikningar á Íslandi, frv., 493. mál, þskj. 777. — 1. umr.
38. Stefna Íslands í alþjóðasamskiptum, þáltill., 514. mál, þskj. 813. — Fyrri umr.
39. Hönnun og merking hjólreiðabrauta, þáltill., 528. mál, þskj. 829. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Johnsen, 1. þm. Suðurl.,
Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh.

[13:31]

Útbýting þingskjals:
Samningur um líffræðilega fjölbreytni, 329. mál, svar umhvrh., þskj. 932.

Rafræn eignarskráning á verðbréfum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 163. mál. — Þskj. 995, brtt. 1035.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Brtt. 1035 samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KPál, MF, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, IP, JóhS, KHG, KLM, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1091).

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 460. mál. — Þskj. 738, nál. 1046 og 1070, brtt. 1047, 1067, 1068 og 1069.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Brtt. 1069 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SP, SJS, SvH, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, IP, JóhS, KHG, KLM, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1047,1 samþ. með 27:12 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:33]

Jóhann Ársælsson:
Hæstv. forseti. Í þessu frv. var gert ráð fyrir að breyta þeim ákvæðum sem eru í lögunum sem hefðu haft það í för með sér að hægt væri að stækka báta sem eru undir 6 brúttótonnum upp úr öllu valdi getum við sagt, án hamla. Við teljum að það sé mjög óeðlilegt að á meðan á endurskoðun laga um stjórn fiskveiða stendur skuli vera opið fyrir slíkt. Nefndin er með þessari brtt. að leggja það til að hægt verði þangað til endurskoðun hefur farið fram að stækka báta sem eru núna undir 6 brúttótonnum upp úr öllu valdi. Við leggjumst gegn því.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, IP, JóhS, LMR, SighB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1047,2 (ný 3. gr.) samþ. með 26:12 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, ÞKG, ÖJ.
nei: BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb.

2 þm. (SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1067 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 1068 kölluð aftur til 3. umr.

4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁSJ, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, IP, JóhS, LMR, SighB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Þjónustukaup, frh. 2. umr.

Stjfrv., 111. mál. — Þskj. 120, nál. 1051, brtt. 1052.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Brtt. 1052,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1052,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
10.–18. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1052,3 samþ. með 40 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
20.–21. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1052,4 samþ. með 39 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1052,5 samþ. með 41 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1052,6 (ný fyrirsögn V. kafla) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SP, SJS, SvH, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í umræðunni í gær styðjum við fulltrúar þingflokks Samfylkingarinnar í efh.- og viðskn. frv. og allar þær brtt. sem hér liggja frammi nema þennan 6. lið. Við höfum óskað eftir því að hann verði tekinn til endurskoðunar milli 2. og 3. umr. og fyrirsögn V. kafla verði orðuð á annan hátt en hér er gert ráð fyrir, þ.e. að breytt verði setningunni „afhendingardráttur seljenda þjónustu". Við sitjum því hjá um atkvæðagreiðslu um þennan lið.

25.–35. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, BH, DO, DrH, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (EMS) greiddi ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KPál, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1052,7 samþ. með 41 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
37.–38. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1052,8 (39. gr. falli brott) samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1052,9 samþ. með 37 shlj. atkv.
40. gr. (verður 39. gr.), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1052,10 (ný 41. gr., verður 40. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1052,11 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Húsgöngu- og fjarsölusamningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 421. mál (heildarlög). — Þskj. 684, nál. 1060, brtt. 1061.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1061,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1061,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 1061,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1061,4 samþ. með 41 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
11.–21. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Lausafjárkaup, frh. 2. umr.

Stjfrv., 110. mál (heildarlög). — Þskj. 119, nál. 1048, brtt. 1049 og 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1049,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1049,2 samþ. með 41 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1049,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1049,4 samþ. með 40 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1049,5 samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1050,1 felld með 23:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, DO, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, TIO, VE, ÞKG.
2 þm. (JBjart, SvH) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
12.–17. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1049,6–17 samþ. með 42 shlj. atkv.
18.–39. gr., svo breyttar, samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1050,2 felld með 22:19 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, TIO, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddur.

40. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1049,18.–24. samþ. með 42 shlj. atkv.
41.–66. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1050,3 felld með 22:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, HjÁ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, TIO, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JÁ, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddir.

67. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
68.–70. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1049,25–28 samþ. með 42 shlj. atkv.
71.–99. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1049,29 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Lagaskil á sviði samningaréttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 70, nál. 1063, brtt. 1064.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Brtt. 1064,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1064,2–11 samþ. með 42 shlj. atkv.
3.–19. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Íslensk málnefnd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 501. mál. — Þskj. 796, nál. 1031.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1031 (ný 2. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Brunatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 429, nál. 1055 og 1057, brtt. 1056.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
9 þm. (BH, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KolH, LMR, MF, RG, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:55]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni frv. sem felur í sér töluverðar breytingar hvað varðar landskráningu fasteigna og nýja stofnun þar sem kostnaði er að fullu velt yfir á fasteignaeigendur og þýðir það verulega hækkun. Umsýslugjald Fasteignamats ríkisins, sem frv. gerir ráð fyrir, hækkar úr 50 milljónum í 200 milljónir og þýðir það 8–9% heildarhækkun á gjöldum húseigenda sem grundvallast á brunabótamati. Minni hlutinn, við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, leggjumst

gegn því að kostnaðurinn af þeirri breytingu, sem hér er verið að koma á, sé að fullu færður yfir á fasteignaeigendur og munum þess vegna ekki greiða atkvæði með þessu frv.

Brtt. 1056,1 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, MF, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KolH, LMR, LB, RG, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1056,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KolH, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, MF, RG, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KolH, LMR, LB, SighB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 290. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 472, nál. 1058, brtt. 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

7 þm. (BH, EMS, GE, KLM, RG, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, IP, JÁ, JóhS, LMR, LB, MF, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1059 felld með 20:16 atkv. og sögðu
já: ArnbS, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JB, JónK, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, ÞSveinb.
nei: ÁRÁ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBjart, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, TIO, VE, ÞKG.

4 þm. (ÁSJ, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
8.–17. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 489. mál (póstþjónusta). — Þskj. 771, nál. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 260. mál (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). — Þskj. 330, nál. 1053 og 1071, brtt. 1054.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Brtt. 1054,1 (tvær nýjar greinar, verða 1.–2. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:00]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti er svo fljótur að þessu að maður rétt nær að fylgjast með atkvæðagreiðslunni. En það frv. sem er til afgreiðslu felur í sér þrjár meginbreytingar varðandi fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna sem allar rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga. Í umsögn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins kemur skýrt fram að ekkert knýi á um að rýmka núverandi heimildir lífeyrissjóðanna, núverandi lög voru sett fyrir stuttu og vart er komin reynsla á gildandi ákvæði sem lúta að heimildum til fjárfestinga en þau eru í fullu samræmi við það sem gerist hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum í Evrópu.

Í umsögn Verðbréfaþings Íslands kemur fram að nauðsynlegt sé að þeir aðilar sem hafa leyfi stjórnvalda til að safna fjármunum almennings og ávaxta þá eigi að mestu leyti að halda sig við fjárfestingar sem lúta skilyrðum um upplýsingalöggjöf, sýnileika viðskipta og verðmyndun. Neytendaverndin veikist ef stofnanafjárfestum, í þessu tilviki lífeyrissjóðum, er heimilt að leggja fjármuni almennings í ríkum mæli í bréf sem uppfylla ekki fyrrnefnd skilyrði eins og raunar er gert ráð fyrir í þessu frv.

Við teljum að núgildandi löggjöf sé fullnægjandi og tökum ekki þátt í afgreiðslu þessa frv.

[14:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það frv. sem við erum að greiða atkvæði um felur í sér ýmsar nauðsynlegar breytingar á lífeyrissjóðalöggjöfinni. Veigamesta breytingin er að lífeyrissjóðum er færð heimild til að fjárfesta erlendis og heimild til kaupa á hlutabréfum er rýmri en verið hefur. Samtök lífeyrissjóða vildu ganga mun lengra en þetta frv. gerir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill ganga varlega til verks í þessum efnum og fellst á þá málamiðlun sem þetta frv. felur í sér.

1. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, VE, ÞKG, ÞBack.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, LMR, LB, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1054,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, KPál, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1054,3 (ný 4. gr., verður 6. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, LMR, LB, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1054,4 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, LMR, LB, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÖJ.

11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, IP, JóhS, KLM, LMR, LB, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1054,5 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1054,6 (*10. gr. verði 11. gr.*) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KLM, KPál, LMR, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1054,7 (*ný grein, verður 12. gr.*) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, JóhS, KLM, KPál, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, JónK, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
10 þm. (BH, EMS, GÖ, JÁ, LB, MF, RG, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GE, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, BH, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
7 þm. (EMS, GE, GÖ, LB, MF, RG, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, JóhS, KLM, LMR, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, VS, ÖS) fjarstaddir.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 339. mál (ráðgjöf um forsjá og umgengni). — Þskj. 592.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Barnalög, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 396. mál. — Þskj. 654.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Úttekt á aðstöðu til hestamennsku, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHall o.fl., 402. mál. — Þskj. 660.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Aðlögunarstuðningur við lífrænan landbúnað, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 417. mál. — Þskj. 678.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Öryggi á miðhálendi Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 443. mál. — Þskj. 713.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. ÞBack og JónK, 480. mál (tengistígar). — Þskj. 760.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Endurskoðun kosningalaga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 481. mál. — Þskj. 761.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Vegamál, frh. fyrri umr.

Þáltill. JB, 510. mál. — Þskj. 809.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Landsvegir á hálendi Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. DrH o.fl., 518. mál. — Þskj. 818.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ, 538. mál. — Þskj. 839.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
22. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 38 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Um fundarstjórn.

Umræða um þjóðlendufrumvarp.

[14:13]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á dagskrá fundarins í dag er 24. málið stjfrv. um þjóðlendur sem hefur verið til 2. umr. í þinginu. Þegar það var til 2. umr. kom fram m.a. frá hæstv. landbrh. mjög hörð gagnrýni á nefnd sem starfar á ábyrgð hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. var þá ekki viðstaddur þá umræðu.

Ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann sjái til þess að hæstv. fjmrh. verði gert viðvart um það leyti sem þetta frv. er að koma á dagskrá, ef það kemur til umræðu í dag, og óska eftir því að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Já, hæstv. fjmrh. er viðstaddur og heyrir þessi skilaboð og forseti mun gera honum viðvart þegar málið kemur á dagskrá.)

Fæðingar- og foreldraorlof, 1. umr.

Stjfrv., 623. mál (heildarlög). — Þskj. 1065.

[14:14]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um fæðingar- og foreldraorlof á þskj. 1065. Í markmiðsgrein frv. segir:

„Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður.

Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf."

Þegar þessi lög eru komin að fullu til framkvæmda eiga konur og karlar sama rétt til fæðingarorlofs, hvort þau eru á opinberum eða almennum vinnumarkaði eða sjálfstætt starfandi. Hvort foreldri um sig á rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs og er sá réttur sjálfstæður og ekki framseljanlegur. Þá eiga foreldrarnir sameiginlega rétt á þriggja mánaða orlofi til viðbótar og ráða sjálfir hvernig þeim rétti er skipt. Gert er ráð fyrir að lenging á sjálfstæðum rétti föður taki gildi í áföngum þannig að hið nýja kerfi verði að fullu komið til framkvæmda 1. jan. 2003. Sveigjanleiki er á töku fæðingarorlofsins og skal það tekið á fyrstu 18 mánuðum eftir fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur.

Nokkur umræða hefur orðið um að réttur barna einstæðra foreldra væri ekki tryggður til níu mánaða sólarhringssamvista við foreldri. Sé svo er það einungis í undantekningartilfellum. Hjón, sambýlisfólk og foreldrar með sameiginlega forsjá, þó ekki búi saman, hafa sjálfkrafa rétt á samtals níu mánuðum. Einnig á foreldri án forsjár rétt á þriggja mánaðara fæðingarorlofi enda komi til skriflegt samþykki forsjárforeldris. Falli annað foreldri frá áður en það hefur tekið fæðingarorlof öðlast eftirlifandi foreldri rétt til níu mánaða enda séu ekki liðnir 18 mánuðir frá fæðingu eða ættleiðingu.

Það er einungis í tvenns konar tilfellum eða reyndar þrenns konar sem barn á ekki kost á níu mánaða sólarhringssamvistum við foreldri.

Það er í fyrsta lagi ef móðir kýs að feðra ekki barn sitt, í öðru lagi ef forsjárforeldri neitar því foreldri sem er án forsjár um fæðingarorlof og eins kann svo að fara ef annað foreldri er erlendis. Ég tel að einstæðar mæður njóti fyllstu réttinda samkvæmt þessu frv. Hvað fleirburafæðingar áhrærir bætast þrír mánuðir við tímann fyrir hvert barn, þ.e. 12 mánuðir vegna tvíbura, 15 mánuðir vegna þríbura.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum á meðan á meðgöngu stendur eða eftir fæðingu er tryggt sérstaklega. Enn fremur á þunguð kona rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í leyfi frá störfum sé ekki unnt að tryggja henni örugg og heilsusamleg vinnuskilyrði.

Í frv. er foreldrum tryggð uppsöfnun og vernd réttinda. Á meðan á fæðingarorlofi stendur greiðir foreldri áfram í lífeyrissjóð og gert er ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður greiði að lágmarki 6% af fæðingarorlofsgreiðslum. Fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem réttindum til orlofstöku, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Réttur til að hverfa að sama starfi eða sambærilegu er einnig tryggður.

Þá er rétt að gera grein fyrir því hvernig áformað er að fjármagna fæðingarorlofskerfið. Það er að mestu vinnumarkaðstengt en þeir sem eru í námi eða minna en 25% starfi njóta bóta. Fæðingarorlofssjóður, sem stofnaður verður samkvæmt lögum þessum, mun fá hlutdeild í tryggingagjaldi.

Svo háttar til að mjög hefur dregið úr atvinnuleysinu, sem betur fer, og er það nú innan við 2%. Sá hluti tryggingagjalds sem runnið hefur til Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur þó ekki verið lækkaður eins og e.t.v. hefði verið rökrétt. Áformað er að 0,85% af tryggingagjaldsstofni renni í Fæðingarorlofssjóð en greiðslur til atvinnuleysistrygginga lækka að sama skapi enda er Atvinnuleysistryggingasjóður orðinn mjög gildur. Þetta framlag atvinnulífsins til Fæðingarorlofssjóðs er áætlað að nemi árlega 1,2 milljörðum. Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt núgildandi kerfi 1,4 milljarða og ríki og sveitarfélög 600 milljónir vegna starfsmanna sinna. Kostnaðurinn árið 2001 gæti orðið 2 milljarðar en 3 milljarðar árið 2003. Þetta fer að sjálfsögðu eftir því hvort allir foreldrar nýta sér sinn ýtrasta rétt.

Með þessari útfærslu mun kostnaður atvinnulífsins verða óbreyttur frá því sem nú er svo og ríkisins en sparnaður sveitarfélaga yrði 300 milljónir árlega.

Fæðingarorlofssjóður mun greiða 80% af meðaltali heildarlauna eða reiknaðs endurgjalds. Mjög kom til álita að hafa hámark á mánaðargreiðslum en það varð þó ekki að ráði. Það þótti líklegt að hærra launaðir mundu þá ekki taka fæðingarorlof og jafnréttismarkmiðum milli kynja yrði síður náð.

Ein skýringin á kynbundnum launamun, sem viðgengst því miður enn þá, er að konur séu meira bundnar heimili en karlar og frátafir þeirra frá vinnu vegna barneigna meiri en karla. Því þarf að gera aðgengilegt fyrir alla feður að taka fæðingarorlof ef þeir kjósa. Sumir vilja að greiðslur í fæðingarorlofi séu þær sömu og í vinnunni. Það þykir mér ofrausn enda fylgir því ótvírætt einhver kostnaður að sækja vinnu og auk þess ætti að vera einhver sparnaður af því að annað foreldrið sé heima.

Fæðingarstyrkur verður greiddur heimavinnandi og þeim sem er með minna en 25% starfshlutfall. Greiðsla í fæðingarorlofi foreldris í 25–49% starfi skal aldrei vera lægri en 54.021 kr. á mánuði, þ.e. fæðingarstyrkur og hálfir dagpeningar, og lágmark til þeirra sem eru í meira en 50% starfi eða námi 74.867 kr., þ.e. fullir dagpeningar og fæðingarstyrkur.

Þá er í þessu frv. ákvæði um að leiða í lög svokallað foreldraorlof. Það er ólaunað en heimilað er hvoru foreldri að hverfa úr vinnu allt að 13 vikur til að annast barn sitt eða vera samvistum við það á fyrstu átta árum í ævi þess, þ.e. samtals eitt missiri fyrir hvert barn. Þetta er sjálfstæður og óframseljanlegur réttur hvors foreldris. Starfsmanni er heimilt að taka foreldraorlofið í einu lagi eða haga því með öðrum hætti með samkomulagi við vinnuveitendur.

Með frv. þessu er ekki einungis jafnaður réttur kynja heldur er einnig réttur starfsmanna á almennum vinnumarkaði gerður jafn rétti starfsmanna hins opinbera en þeir hafa notið mun betri réttinda. Karlar á vinnumarkaði hagnast verulega á hinu nýja kerfi, þeir fá sjálfstæðan, óframseljanlegan rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs á 80% af meðallaunum og sameiginlegan þriggja mánaða rétt með móður barns. Þetta er mikil réttarbót þar sem rétturinn var áður að hámarki tvær vikur. Þá er réttur heimavinnandi karla og námsmanna til fæðingarstyrks tryggður á sama hátt og kvenna en þess réttar hafa þeir ekki notið áður.

Með aukinni þátttöku kvenna á vinnumarkaði hafa komið fram breytt viðhorf til hlutverka og verkaskiptingar kvenna og karla í samfélaginu. Forsenda þess að karlar og konur

geti tekið jafnan þátt í launavinnu sem og öðrum störfum utan heimilis er að þau skipti með sér umönnun barna sinna. Reynslan hefur enn fremur verið sú að margir feður hafa farið á mis við samvistir við börn sín. Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá árinu 1995 kom fram að velflestir karlkyns þátttakenda töldu að almennur áhugi ríkti meðal karla á að samræma atvinnuþátttöku og uppeldi barna. Af þessum ástæðum hafa komið fram auknar kröfur um að móður og föður verði sköpuð sömu tækifæri til að sinna bæði fjölskyldu og starfi utan heimilis. Einn af þeim þáttum sem stuðla að samspili fjölskyldu- og atvinnulífs er sá að konur og karlar eigi jafnan rétt til fæðingarorlofs og auk þess að eiga kost á sérstöku foreldraorlofi frá vinnu til að vera með börnum sínum. Það var stefnt að því markmiði við gerð þessa frv. og jafnframt verið að tryggja börnum samvistir við báða foreldra.

Frumvarpið hefur að geyma ítarleg ákvæði um skilyrði fyrir töku fæðingar- og foreldraorlofs sem er heimilt að taka í einu lagi eða starfsmaður hagi því eftir nánara samkomulagi við vinnuveitanda. Er því m.a. mögulegt að starfsmaður gegni hlutastarfi meðan á orlofi stendur. Orlofsrétturinn er einstaklingsbundinn og er framsal hans óheimilt að undanskildum þessum þremur mánuðum af fæðingarorlofi sem foreldrar geta skipt með sér. Tilgangur þessarar takmörkunar á framsali er m.a. að stuðla að jafnri stöðu kynjanna innan samfélagsins.

Gildistaka þessara laga leiðir óhjákvæmilega til breytinga á öðrum gildandi lögum. Er m.a. nauðsynlegt að breyta lögunum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, en í þeim lögum er kveðið á um greiðslur í fæðingarorlofi í núgildandi kerfi. Þá þarf jafnframt að breyta lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, með síðari breytingum, þar sem lagt er til í frv. þessu að greiðslur í fæðingarorlofi til foreldra á vinnumarkaði skuli vera fjármagnaðar með hluta af tryggingagjaldi. Hvað varðar lög um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla, nr. 70/1996, með síðari breytingum, gæti þurft að koma til lagabreytingar síðar þar sem þau lög gera ráð fyrir annars konar greiðslufyrirkomulagi í fæðingarorlofi en gert er ráð fyrir samkvæmt frv. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, fellur brott þegar samkomulag hefur náðst milli aðila. Að öðrum kosti getur verið þörf á lagabreytingu.

Eins og áður hefur komið fram eiga konur og karlar jafnan rétt til fæðingarorlofs hvort heldur er á almennum eða opinberum vinnumarkaði. Gerð er tillaga um að foreldrar sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Ástæðan fyrir þessari lögbundnu skiptingu milli foreldra er m.a. sú að stuðla að jafnri foreldraábyrgð sem og jafnri stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Það er um tímabundna aðgerð að ræða sem er einkum gerð til þess að bæta hag karla þar sem reynslan hefur sýnt að í núgildandi kerfi hafa konur aðallega nýtt réttinn til fæðingarorlofs þrátt fyrir að foreldrar eigi hluta af þeim rétti sameiginlega. Er það mat höfunda frv. að lögbinda þurfi fyrirkomulag í samskiptum foreldra með þessum hætti meðan réttur feðra til fæðingarorlofs festist í sessi. Þegar reynsla er komin á jafna foreldraábyrgð og lögin hafa að fullu öðlast gildi verður tekið til endurskoðunar hvort lögbinda þurfi áfram skiptingu orlofsins milli foreldra. Endurskoðunin verður gerð í ljósi athuganna á því hvernig foreldrar hafi skipt hinum sameiginlega rétti milli sín og töku feðra á sjálfstæðum rétti sínum.

Þetta frv. er, herra forseti, seint fram komið og ég verð að biðjast velvirðingar á því. En þar sem breið samstaða virðist vera um málið vonast ég til að það nái afgreiðslu á þinginu. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni sent hv. félmn. til athugunar.

[14:28]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna sérstaklega því frv. sem hér er til umræðu. Ég vil jafnframt segja að kannski hefur dropinn holað steininn mun hraðar en við héldum. Ég vil minna í leiðinni á mörg önnur frv. sem þingmenn sem eru nú í Samfylkingunni hafa lagt fram á þinginu. Ég minni á mörg frv. Kvennalistans á undanförnum árum og þá sérstaklega það sem viðkemur þeim sjóði sem núna er stofnað til. Vegna þess að sjóðurinn er mjög mikilvægur til þess að jafna stöðu milli hins almenna vinnumarkaðar og ríkisins og hann er líka í rauninni tæki til þess að greiða karlmönnum fæðingarorlof.

Ég vil hins vegar byrja á að gagnrýna þann framgangsmáta sem er á þessu mikilvæga máli. Mér hefur fundist það mikil synd að í rauninni eru allir aðrir í samfélaginu meira eða minna búnir að skoða þetta mál en við fengum því dreift í þinginu í gær. Þetta er mjög mikilvægt mál og mér finnst í rauninni, eins og ég segi, synd að það skuli þurfa að ganga svona hratt. Það gefur nefndinni líka mjög lítið svigrúm til að fara vel yfir málið því að þó að þetta sé gríðarlega gott mál er auðvitað aldrei svo ekki sé eitthvað sem má betur fara. Ég vil að það komi fram hér.

Frv. er auðvitað mjög stórt skref í jafnréttisbaráttunni og sérstaklega á þetta við um þriggja mánaða rétt feðra til fæðingarorlofs og þess að foreldrar geti nú ráðstafað þremur mánuðum að vild. Það er einnig ánægjuefni að samkvæmt þessum hugmyndum mun fólk halda tekjum sínum að mestu meðan á fæðingarorlofi stendur, enda er það forsenda þess að fólk geti almennt nýtt sér þennan rétt.

Margir hafa að undanförnu ritað um hvort fæðingarorlofið sé hagkvæmt fyrir þjóðfélagið. Við í Samfylkingunni teljum auðvitað að svo sé og við höfum líka talið að það sé ekki mikill tími í lífi hvers starfsmanns á 20 ára tímabili á starfsævinni að taka eitt til tvö ár frá fyrir barneignir. Þannig lít ég á það.

Mér finnst mjög mikilvægt að við skoðum frv. vel en það skal játað hér að ekki var hægt að fara algjörlega ofan í saumana á öllu eins og maður hefði gjarnan viljað en við munum gera það í nefndinni og höfum þegar rætt um hvernig við ætlum að taka á málinu. Það er líka mjög mikilvægt að frv. nái fram að ganga og verði samþykkt, það er gríðarlega mikilvægt. Því að hér hefur líka náðst samkomulag milli ríkisstjórnar og vinnumarkaðarins og þetta er ekki bara þeirra mál, þetta er mál okkar allra.

Það sem er mjög mikilvægt að skoða, af því að þetta ber nú að eins og það hefur gert, er hvort ekki þurfi að setja einhver endurskoðunarákvæði í lögin og við munum skoða það í nefndinni og ræða það þar, bæði til að sjá hvernig reynslan verður og hvort um einhver göt geti verið að ræða sem þurfi að laga síðar.

Síðan er spurning um túlkunina á gildistímanum, en talað er um áramótin. Annað atriði sem líka þarf að ræða í nefndinni er hvort kona sem á barn í lok desember gangi inn í þennan sveigjanleika með 18 mánaða fæðingarorlofið. Þetta er hlutur sem við þurfum að ræða og hvernig á að túlka.

Ég vil gjarnan gera hag einstæðra foreldra aðeins að umræðuefni og skoða 8. gr.

Ég fagna sérstaklega þessari úrskurðarnefnd vegna þess að auðvitað eiga eftir að koma upp talsvert af vafamálum, ég efast ekki um það.

Ef við skoðum 8. gr. um forsjárlausa foreldrið þá eru það auðvitað mjög vandmeðfarin mál, við vitum það og ég kalla það gott hvernig náðst hefur að orða það hér en það er spurning hvernig það verður síðan í praxís. Ég vil líka taka undir að mjög mikilvægt er að ef annað foreldri andast áður en barnið nær 18 mánaða aldri, þá yfirfærist rétturinn.

Ég er hins vegar líka með annan hóp í huga sem mér finnst að skoða þurfi sérstaklega en það er t.d. ef af feðrun getur ekki orðið. Aðstæður eru stundum þannig og ég þekki það sem fyrrv. yfirfélagsráðgjafi kvennadeildar þar sem ég sá um feðrunarmál og fæðingarorlofsmál. Ég tek sem dæmi feðrun eftir nauðgun. Hvað með hag þeirra barna og hag þeirra mæðra þar sem ekki er möguleiki á feðrun? Það væri t.d. mál sem úrskurðarnefndin gæti tekið fyrir. En ég held að á einhvern hátt verði að opna fyrir þennan hóp, ég held að við verðum að gera það. Við getum líka séð fyrir okkur þær konur sem eiga börn með erlendum mönnum eða ýmsar þær aðstæður koma upp að ekki er hægt að feðra börnin. Á því þarf að taka og ég er alveg sannfærð um að samstaða er um það. Við verðum að reyna að finna því einhvern farveg.

Þegar verið er að tala um hvort bæta eigi kannski við mánuði hjá einstæðum mæðrum þar sem feður er ekki inni í myndinni og þeir geta á engan hátt nýtt sér þennan rétt, þá er alltaf talað um að hægt sé að misnota kerfið. En það má bara alls ekki verða leiðarljós í því að kerfi séu fundin upp, þau kerfi sem við notumst við, því auðvitað er hægt að misnota öll kerfi. En þá eru rammarnir bara ekki nógu skýrir.

Mig langar til að benda á eitt dæmi um gott mál sem var tekið af og ekkert gert við. Það muna kannski flestir þingmenn eftir því, það var um að tannviðgerðir fyrir ófrískar konur ættu að greiðast af Tryggingastofnun ríkisins. Það var tekið af vegna hættu á misnotkun. Og mig langar að segja þingheimi frá því hvernig sú misnotkun átti að eiga sér stað og dæmi hver fyrir sig.

Hún er þannig: Konur verða ófrískar, drífa sig til tannlæknis, láta laga allt og skella sér svo í fóstureyðingu. Halda menn að þetta sé boðlegt að góð lög séu ekki sett af því að slík misnotkun gæti átt sér stað? Svona var þetta á sínum tíma og ég man mjög vel eftir þeirri umræðu. Við eigum ekki að nota þau rök að ekki sé hægt að gera eitthvað af því að kerfið verði misnotað. Ég vara við því. Við eigum bara að reyna að tryggja að það gerist ekki. Með þeirri úrskurðarnefnd sem hér er um ræðir er nefnilega afskaplega góð trygging og ég er sérstaklega ánægð með hana.

Það sem mér finnst að þurfi einnig að skoða er ákveðið þak. Margir vilja líta á sem svo að greiða eigi bara ótakmarkað út úr þessum sjóði til að tryggja að hinir vellaunuðu karlmenn taki fæðingarorlof sitt. Ég get ekki séð að það geti verið eðlilegt að greiða slíkt úr sameiginlegum sjóðum, t.d. ef fólk er með eina eða eina og hálfa milljón tímabundið í laun í 1–2 ár að þá eigi sjóðurinn að greiða það út í fæðingarorlof. Ég held að við þurfum að skoða hvernig þak er sett á þetta, a.m.k. að fá umræður um að ekki eigi alltaf að nýta efsta þakið í þeim launum sem eru á hverjum tíma. Það má jafnvel hugsa sér einhver meðallaun í atvinnugreininni eða eitthvað slíkt. Þetta finnst mér að eigi einnig að vera til umræðu í nefndinni.

Síðan langar mig aðeins að ræða um námsmennina. Nú eru þeir einir sem verða eftir eins og kallað er í svolítið gömlu kerfi hjá Tryggingastofnun þar sem áfram eru greiddir fæðingardagpeningar og fæðingarstyrkur. Því finnst mér alveg spurning hvort greiðsla úr þessum sjóði eða frá Tryggingastofnun sé í rauninni sú upphæð sem er til framfærslu námsmanna ásamt þeim viðbótum sem námsmaður fær í lán, þ.e. að það sé sú framfærsla sem hann fái. Mér finnst að skoða þurfi hvernig hægt er að meðhöndla þetta með námsmennina út frá því að tryggja þeim í rauninni svipaða framfærslu og þeir hafa ef þeir eru t.d. með börn fyrir.

Herra forseti. Í lokin vil ég segja að ég harma framgangsmátann, ég hefði viljað sjá frv. unnið fyrr, enda mjög gott mál á ferðinni, en fagna að sjálfsögðu þessu mikla framfaraskrefi. Við ætlum að reyna að gefa okkur góðan tíma í nefndinni þó að tíminn sé knappur og sjá til þess að frv. fari áfram.

[14:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög jákvætt mál og fyrirhugað að stíga mikilvægt framfaraskref sem hæstv. félmrh. á þakkir skildar fyrir að beita sér fyrir.

Breytingarnar sem eru boðaðar eru í fyrsta lagi þær að verið er að lengja fæðingarorlof í níu mánuði, úr sex og hálfum í níu mánuði. Í annan stað er verið að skapa feðrum rýmri sjálfstæðan rétt en þeir hafa núna. Þeir hafa núna tvær vikur en koma til með að hafa þrjá mánuði. Þetta er jafnréttismál, þetta skiptir máli í jafnréttisbaráttunni, bæði hvað það snertir að feður munu að öllum líkindum taka aukna ábyrgð á uppeldi barna sinna með tilkomu þessara lagabreytinga en þetta hefur einnig mikið að segja á vinnumarkaði, vegna þess að það hefur staðið konum, mæðrum, verðandi mæðrum fyrir þrifum að þær geti verið varasamur kostur að ráða til starfa vegna þess að augljóst er að þær geta þurft að hverfa úr starfi vegna barneigna. Nú gildir hið sama um karlmenn. Í þessu tilliti er því einnig um jafnréttisatriði að ræða.

Í þriðja lagi felur frv. í sér grundvallarkerfisbreytingu frá því sem nú er. Búinn verður til Fæðingarorlofssjóður sem kemur til með að gilda um allan vinnumarkaðinn. Við hvaða kerfi höfum við búið fram til þessa? Kerfið hefur í reynd verið tvíþætt. Annars vegar hafa tryggingarnar séð um greiðslur í fæðingarorlofi til þeirra sem stunda störf á almennum vinnumarkaði. Þar er um jafnháar upphæðir að ræða sem hver og einn fær.

Hins vegar er kerfi sem gilt hefur um opinbera starfsmenn, starfsmenn ríkis og sveitarfélaga innan vébanda samtaka opinberra starfsmanna, sem fá launagreiðslur eins og ekkert hafi upp á komið í fæðingarorlofi, heildarlaun í þrjá mánuði og föst laun í þrjá mánuði til viðbótar.

Þetta eru þau tvö kerfi sem hafa verið við lýði. Menn hafa lengi á undanförnum árum glímt við þá spurningu hvernig eigi að fara að því að samræma þessi kerfi og samræma þennan rétt. Og öðru hvoru hefur verið sett í gang vinna, nefndavinna, og smíðuð frumvörp um breytingar á kerfinu. Slík vinna fór held ég tvívegis í gang á tíunda áratugnum, smíðuð voru frumvörp en um þau skapaðist ekki sátt.

Nú gerist það að innan samtaka launafólks vaknar viljinn, mjög sterkur vilji til að bæta rétt foreldra og barna og það er mjög mikilvægt að skoða málin út frá þeim sjónarhóli. Menn einsettu sér strax í upphafi að skoða fæðingarorlofsréttindin út frá sjónarhóli barnsins, hvernig yrði best tryggt að foreldrar þess yrðu samvistum við það á unga aldri.

Niðurstaðan varð sú að einkum hjá fólki sem hafði ekki úr of miklu að spila yrði að tryggja að það yrði ekki fyrir óhóflegri tekjurýrnun meðan á fæðingarorlofi stæði. Þetta var eitt. Þá komust menn að raun um að þær greiðslur sem koma úr almannatryggingunum eru of lágar og menn fóru að leita leiða til að tengja þær betur laununum. Eftir stóð þetta, að erfitt mundi reynast að finna fyrir því siðferðilega réttlætingu að greiða einum miklu hærri greiðslu en öðrum. Þetta stóð svolítið í mönnum. Annað sem stóð í opinberum starfsmönnum að sjálfsögðu var að þeir vildu ekki semja af sér þau réttindi sem þeir höfðu.

Nú var annað að gerast á þeim tíma sem varð þess valdandi að opinberir starfsmenn voru mjög fýsandi að leita nýrra leiða. Í stað hins miðstýrða kerfis sem sá um allar launagreiðslur, greiðslur fyrir veikindi, fæðingarorlof og annað af því tagi gætti nú þeirrar tilhneigingar að einstakar stofnanir yrðu gerðar að sjálfstæðum rekstrareiningum, rekstrareiningum sem fóru að haga sér á mjög svipaðan hátt og fyrirtæki.

Þá fóru menn að óttast það að stofnanir sem væru fjárlitlar, fjárvana stofnanir, og það eru ekki síst kvennavinnustaðirnir, skólarnir og heilbrigðisstofnanirnar, mundu láta það bitna á konum á barneignaraldri við ráðningar vegna þess að stofnunin fær samkvæmt nýju fyrirkomulagi um þjónustusamninga tiltekið fjármagn í sínar hendur og ráðstafar því síðan að eigin vild og það væri líklegt að hún hefði varann á við ráðningar og þá ekki síst með tilliti til greiðslna í fæðingarorlofi. Allt þetta varð þess valdandi að hugmyndin um Fæðingarorlofssjóð kom til sögunnar og þá ætluðu menn að hann mundi leysa þetta tvennt, þ.e. að finna leið til að réttlæta það að menn greiddu einstaklingum misháar upphæðir í fæðingarorlofi annars vegar og hins vegar að taka byrðina af fjárvana stofnunum. Hvernig gerðu menn það? Með því að láta stofnanirnar og einstaklingana þess vegna eða atvinnurekendurinn greiða inn í þennan sjóð í hlutfalli við laun viðkomandi einstaklinga, þ.e. sams konar hugsun og lífeyriskerfið byggir á.

Úr lífeyrissjóðum fá menn misháar greiðslur. En menn greiða líka mishá iðgjöld í lífeyrissjóðina. Þessi hugsun byggir á sama grundvallaratriði. Hvers vegna komast menn að þessari niðurstöðu? Vegna þess að menn nálgast málið frá sjónarhóli barnsins og hugsa um það eitt að tryggja að foreldrar þess hverfi af vinnumarkaðnum og verði samvistum við það á unga aldri. Þetta er hugsunin að baki Fæðingarorlofssjóði og ég styð hana hjartanlega.

Hún tryggir líka að karlavinnustaðir, ekki síður en kvennavinnustaðir, láta fjármuni af hendi rakna til þessa sjóðs. Tollurinn og lögreglan greiða í Fæðingarorlofssjóð ekkert síður en Sjúkrahús Reykjavíkur svo dæmi sé tekið eða skólarnir. Þessi hugsun er því að mínum dómi alveg hárrétt. Hún hefur oft verið rædd hér í þinginu. Kvennalistakonur lögðu fram frumvörp um þetta efni, en áður hafði komið fram tillaga frá BSRB um miðjan áratuginn. Ég held það hafi verið árið 1995 að tillaga kom fram að settur yrði á fót fæðingarorlofssjóður. Hvað um það, hver sem saga málsins er þá hafa margir aðilar lagst á eitt um að ýta þessari hugmynd úr vör og hæstv. félmrh. hefur hlustað á þessi sjónarmið öll og gert þau að sínum og mótað frv. sem í grófum dráttum er að mínum dómi mjög skynsamlegt og horfir til mikilla framfara.

Að sjálfsögðu liggur í augum uppi að þau réttindi sem fólk býr við þegar verða ekki skert. Það er ljóst. Enda eru þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa búið við tryggð í bráðabirgðaákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og við því verður að sjálfsögðu ekki hreyft þar til um annað verður samið. Slíkir samningar hafa farið fram og lofa góðu. Ég er vongóður um að það muni ganga eftir, enda reiknar enginn með öðru en að þeir sem hafa haft traust réttindi haldi þeim eftir sem áður, að sjálfsögðu.

Það eru atriði sem mér finnst að þurfi að gaumgæfa nánar og þá ekki síst út frá þeirri hugsun sem ég nefndi, að nálgast málið út frá sjónarhóli barnsins, að tryggja að barnið fái að vera samvistum við foreldra sína á unga aldri. Og þá má ekki mismuna börnum. Ekki heldur gagnvart þeim sem eru foreldralaus eða eiga eitt foreldri, eru ófeðruð t.d. Ég beini því til hæstv. félmn. að taka það til rækilegrar athugunar hvernig hægt er að tryggja að öll börn búi við sama rétt hvað þetta snertir.

[14:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. til laga um fæðingar- og foreldraorlof er ánægjulegasta mál sem við ræðum á þessu þingi. Það fullyrði ég. Það er trú mín að þetta mál muni færa okkur í risaskrefum í átt til aukins jafnréttis kvenna og karla. Hér er fyrst og fremst um jafnréttismál að ræða en einnig er það mjög stórt fjölskyldumál. Það ber að þakka öllum þeim sem lögðu mikið á sig til þess að niðurstaða næðist í þessu flókna og mikilvæga máli. Frv. var unnið í samvinnu aðila vinnumarkaðarins og heilbrn., félmrn. og fjmrn. og allir þessir aðilar lögðu mikið á sig til þess að niðurstaða næðist. Þetta ber að þakka.

Hæstv. forseti. Það er almennt álitið að það að foreldrar hafi sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs muni leiða okkur inn í nýjar víddir í jafnréttismálunum sem ekki hafa verið fyrir hendi áður. Það að þrír mánuðir verði bundnir við föður mun hafa mun víðtækari áhrif til viðhorfsbreytingar á stöðu kynjanna í samfélaginu en við höfum áður kynnst. Það að feður fari inn á heimilin og taki jafnan þátt í uppeldi og umönnun barna sinna á fyrstu mánuðum mun gerbreyta afstöðu atvinnulífsins til starfsmanna sinna. Fyrirtæki og stofnanir munu sjá af starfsfólki sínu, konum og körlum, til að sinna sjálfsögðum skyldum við nýja þjóðfélagsþegna. Fyrirtæki og stofnanir munu einnig fyrir vikið uppskera ánægðara og betra starfsfólk. Fyrirtæki og stofnanir munu gera ráð fyrir því í starfsmannastefnu sinni að bæði konur og karlar muni hverfa tímabundið til starfa inni á heimilum sínum. Slík starfsmannastefna sem inniheldur bæði jafnréttis- og fjölskylduáætlun er nú þegar farin að sjást hjá fyrirtækjum hér á landi og mun verða sífellt algengari.

Því er ekki að neita að sú spenna sem er á vinnumarkaði hjálpar til við að skapa þetta umhverfi. Fyrirtæki eru ekki eingöngu að yfirbjóða hvert annað í launum heldur einnig í góðri og fjölskylduvænni starfsmannastefnu. Það sýnir sig að ungt og eftirsótt starfsfólk sækist eftir því að starfa á slíkum jákvæðum vinnustöðum og lætur sig varða að búa við slík lífsgæði.

Jafnrétti er ein helsta forsenda þess að einstaklingarnir þroskist og fái að nýta hæfileika sína og tækifæri í einkalífi og starfi. Jafnrétti kynjanna krefst raunhæfra lausna sem tryggja jöfn tækifæri karla og kvenna til starfa innan sem utan heimilis. Þetta er viðurkennt. Eitt mikilvægasta réttlætismálið í því sambandi er að jafna þennan rétt sem við erum að ræða hér um, rétt feðra og mæðra til fæðingarorlofs. Kerfið sem við þekkjum núna og núverandi mismunum, ásamt ríkjandi viðhorfum um verkaskiptingu kynjanna, heft-

ir frelsi einstaklinganna til þess að velja sér starfsvettvang og vettvang innan fjölskyldunnar.

Ef við nefnum þá ágalla sem eru á núverandi skipan fæðingarorlofs þá eru þeir ýmsir. Þeir eru t.d. að karlar hafa mjög takmarkaðan rétt til fæðingarorlofs, konur hafa veikari stöðu á vinnumarkaði, aðstöðumunur er á milli ríkisstarfsmanna og starfsfólks á einkamarkaði, kostnaði er misskipt á milli vinnuveitenda, þjóðfélagið nýtir ekki til fulls starfskrafta kvenna og börn fá ekki notið samvista við báða foreldra sína, sem er ekki síst mikilvægt að geti orðið breyting á.

Þær úrbætur sem verða með þessu frv. eru að við náum jafnari stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði, jafnari stöðu kvenna og karla á heimili, meiri dreifingu á kostnaði vinnuveitenda vegna barna, það verða fleiri skattgreiðendur til að viðhalda velferðarkerfinu og aukinni hagræðing verður í þjóðfélaginu þar sem mannauður kvenna er nýttur.

Hæstv. forseti. Tilgangurinn með frv. um fæðingar- og foreldraorlof er að jafna rétt karla og kvenna til fæðingar- og foreldraorlofs og gera foreldrum kleift að samræma skyldur sínar í starfi og fjölskyldulífi. Frv. á að ná til starfsmanna á almennum markaði og opinberum vinnumarkaði. Það er mikilvægt að nú mun gilda eitt kerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Samkvæmt frv. eiga foreldrar sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að þrjá mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Sjálfstæður réttur feðra verður með þessu tryggður í áföngum þannig að árið 2001, á næsta ári, hljóta þeir rétt til eins mánaðar, 2002 til tveggja mánaða og 2003 til þriggja mánaða. Auk þessa eiga foreldrar sameiginlegan rétt á þremur mánuðum til viðbótar, en annað foreldri getur tekið það í heild eða foreldrar skipt því með sér og foreldrar eiga því í raun jafnan rétt, jafnlangan rétt til töku orlofs.

Rétturinn til fæðingarorlofs fellur niður þegar barnið nær 18 mánaða aldri, en það er einmitt mikilvægt í þessu sambandi að hér er um sveigjanlegan rétt að ræða og starfsmaðurinn hagar fæðingarorlofi sínu í samkomulagi við vinnuveitanda sinn. Það gerir m.a. mögulegt að starfsmaður getur gegnt hlutastarfi á meðan orlofið stendur. Þetta er afskaplega mikilvægt einmitt í ljósi jafnréttismálanna.

Mánaðarleg greiðsla í fæðingarorlofi foreldris sem er starfsmaður hjá öðrum aðila nemur 80% af meðaltali heildarlauna og er miðað við heildarlaun á árinu fyrir töku fæðingarorlofs. Fyrir sjálfstætt starfandi foreldri á að miða við 80% af reiknuðu endurgjaldi.

Orlofsrétturinn er einstaklingsbundinn og framsal hans er óheimilt að undanskildum þessum þremur mánuðum af fæðingarorlofi sem foreldrar geta skipt með sér. Tilgangur þessarar takmörkunar á framsali er m.a. að stuðla að jafnri stöðu kynjanna innan samfélagsins.

Í frv. er lagt til að sérstakur Fæðingarorlofssjóður verði stofnaður. Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði mjög vel grein fyrir því og ber m.a. að þakka þátttöku opinberra starfsmanna að þessu máli þannig að það skuli nú vera komið í höfn. Lagt er til að Fæðingarorlofssjóður verði fjármagnaður með tryggingagjaldi auk vaxta af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

Gert er ráð fyrir því, eins og ég sagði, að þessi kostnaður vegna fólks á vinnumarkaði verði fjármagnaður með tryggingagjaldi. Eftir stendur þá fólk sem er utan vinnumarkaðar og er sá kostnaður greiddur beint úr ríkissjóði. Þar er gert ráð fyrir því að kerfið verði óbreytt. Í frv. er einnig gert ráð fyrir úrskurðarnefnd í fæðingar- og foreldraorlofsmálum og af því mun hljótast nokkur kostnaður.

Frv. gerir einnig ráð fyrir því að foreldrar eigi rétt á foreldraorlofi frá launuðum störfum vegna fæðingar barns, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Það orlof er hins vegar launalaust og það skal tekið áður en barn nær átta ára aldri. Kostnaður ríkissjóðs vegna þessa er nokkur vegna afleysinga og annarra úrræða sem þarf að grípa til af þeim sökum. Þó verð ég að segja, miðað við þær umræður sem við höfum orðið vitni undanförnum árum, að það kom mér satt að segja á óvart að sá kostnaður sem þjóðfélagið og ríkisvaldið leggur hér til að verði farið í til þess að ná þessum markmiðum, verði ekki meiri en raun ber vitni. En það er mjög heppilegt að hægt skuli vera að nýta þennan sjóð sem við höfum til þess og koma þessu kerfi á í gegnum tryggingagjaldið.

Hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir velti því upp í ræðu sinni hvort setja ætti þak á greiðslur vegna fæðingarorlofs. Það er mín skoðun að það vinni augljóslega gegn jafnréttismarkmiðum frv. Það er mikilvægt að benda á í þessu sambandi að tryggingagjaldið er greitt sem hlutfall af launum m.a. fæðingarorlofstaka. Í raun og veru er því hér um tryggingu að ræða sem launþegi leggur í og þess vegna eðlilegt að hann njóti réttinda í sama hlutfalli og hans laun gefa til kynna.

Hér var gildistakan einnig nefnd og hvaða skil yrðu við 1. janúar 2001. En eins og segir í 36. gr. frv. þá taka ákvæði um fæðingarorlof þegar gildi er frv. verður að lögum og taka til barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2001 eða síðar. Eins og frv. lítur út núna er því ekki gert ráð fyrir því að það taki til barna sem fæðast á árinu 2000.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði þá er þetta eitt það ánægjulegasta mál sem við ræðum á þessu þingi. Ég vænti góðs samstarfs við nefnarmenn í félmn. við vinnslu málsins og veit reyndar og hef vissu fyrir því að þeir muni leggja sig alla fram við að ljúka umfjöllun um málið þannig að hægt verði að ljúka því fyrir þinglok í vor. Það er mjög mikilvægt.

[15:03]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. félmrh. hefur fylgt úr hlaði er án efa eitt merkilegasta frv. sem flutt hefur verið á því þingi sem nú starfar. Strax í upphafi má lýsa yfir fullum stuðningi við öll meginatriði þess þó ýmislegt sem þar kemur fram sé svo sem vert að skoða og ræða frekar og fá skýringar á. Þar sem ég á sæti í hv. félmn., sem mun fá frv. til skoðunar, mun ég geyma ýmis atriði til umræðu í þeirri nefnd enda held ég að mjög mikilvægt sé fyrir okkur þingmenn nú, vegna þess hve frv. er seint fram komið, að hafa umræðuna sem allra stysta til að koma frv. til vinnslu í félmn. þannig að allir þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, hvort sem þeir eru nú stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar, sem verður nú væntanlega ekki í þessu máli, fái sem fyrst tíma til að vinna þetta í félmn. og skila því sem fyrst inn til þingsins þannig að frv. megi verða að lögum þó að fáir dagar lifi eftir af áætluðum þingstörfum.

Þetta eru sannarlega tímamót í sögu jafnréttismála, þetta er mjög ánægjulegt mál, þetta er fyrst og fremst jafnréttismál og eins og ég sagði í upphafi eitt merkilegasta mál sem fram hefur komið.

En það er nú svo að þetta frv. dettur ekki af himnum ofan. Þetta hefur verið barátta, kannski flestra stjórnmálaflokka,

misjafnlega mikil þó. Þeir flokkar sem standa að Samfylkingu og telja sig vera vinstra megin við miðju íslenskra stjórnmála hafa náttúrlega barist fyrir þessu ákaflega lengi og ég ætla alls ekki að draga úr því að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafi líka haft þar áhuga á þó menn greini svolítið á um leiðir.

Rétt er að geta þess að Alþýðusamband Íslands hefur barist mjög mikið fyrir þessum málum og verkalýðshreyfingin í heild sinni. Er það sérstaklega ánægjulegt að þessi barátta verkalýðshreyfingarinnar sé að ná fram. Þetta réttindamál foreldra var meðal þess sem m.a. Alþýðusambandinu var falið af öllum aðildarsamtökum sínum að ræða sérstaklega við stjórnvöld í tengslum við nýgerða kjarasamninga. Það var einmitt í framhaldi af kröfu ASÍ í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars sl. þar sem heitið var endurbótum í þessum málaflokki. Í frv. hæstv. ríkisstjórnar er sennilega komið til móts við flest ef ekki öll atriði sem Alþýðusambandið lagði þar fram. Þetta er mikilvægur áfangi í þá átt að bæta réttindi foreldra á vinnumarkaði og barna þeirra.

Ég held eins og ég sagði áðan að ákaflega mikilvægt sé að þetta frv. fái hraðmeðferð í gegnum nefnd og þing en ég vona jafnframt að það verði þá ekki til þess að einhverjir miklir annmarkar verði á því sem komi þar fram.

Ég hefði viljað fjalla sérstaklega um nokkur atriði og heyra skýringar hæstv. félmrh. hér á eftir og þá sérstaklega um launatengslin. Í frv. kemur fram að foreldrar á almenna vinnumarkaðnum muni fá 80% af launum sínum síðustu 12 mánuði, en þeir sem eru svo heppnir að starfa hjá ríki eða bæ munu fá 100%. Mig langar að heyra frekari útskýringar hæstv. félmrh. hér á eftir á þessum 20% mun sem þarna verður.

Ég hef líka heyrt að menn ætli sér að nota sjúkrasjóði til þess að fjármagna eitthvað mismuninn. Mig langar að spyrja hvort það hafi verið rætt við verkalýðshreyfinguna og hvort hún sé tilbúin í þetta. Eða hvort, ef ég er ekki að misskilja þetta eitthvað, að þetta eigi að vera eins og þarna er sett fram vegna þess að hæstv. félmrh. hefur sagt að enginn eigi að tapa neinu, enginn eigi að tapa þeim rétti sem hann hefur nú eða greiðslum frá núverandi kerfi? Með öðrum orðum, við sjáum ekki hér sem betur fer, ég tek það skýrt fram, að það eigi ekki að skerða réttindi opinberra starfsmanna eða bæjarstarfamanna um að fá 100%. En aðilar almenna markaðarins virðast eiga að fara í einhverja skerðingarprósentu og þar er talað um 80%. Hvernig er þetta hugsað? Er það virkilega svo að á hv. Alþingi árið 2000 ætli menn áfram að vera með einhvern mismun milli þessara aðila vinnumarkaðarins? Ég vil ekki trúa því og ætla svo sem ekki að orðlengja það meira hér og nú, en óska eftir að heyra frekari skýringar frá hæstv. félmrh. í þessum efnum. Þetta er að mínu mati ákaflega mikilvægt atriði og er kannski ljótasti blettur á þessu annars ágæta frv. ef satt er.

Fyrir utan það sem hefur komið fram um einstæða foreldra virðist það vera að einstæðir foreldrar hljóta engan ávinning af því frv. sem hér er lagt fram. Réttindi þeirra munu ekki aukast. Ég bendi aðeins á það að jafnréttisnefnd Reykjavíkur hefur m.a. fjallað um þetta og benti á þetta atriði ásamt ýmsum aðilum vinnumarkaðarins. Þetta vil ég jafnframt spyrja hæstv. félmrh. út í hvernig og fá nánari skýringar á því hvernig þetta væri hugsað. Er það svo að einstæðir foreldrar muni ekki njóta þeirra ávaxta sem hér er verið að bera fram, eins og fram hefur komið, er m.a. skert vegna góðæris í landinu og lítils atvinnuleysis, eins og það er kallað, að peningar flæða út úr Atvinnuleysistryggingasjóði? Talið er óhætt að taka 0,85% og færa í þann ágæta sjóð sem á að stofna, sem ég tek heils hugar undir að er rétt að gera eins og þarna er lagt fram, en það má spyrja hvað gerist ef atvinnuleysi eykst í landinu, hvernig verður Atvinnuleysistryggingasjóður þá í stakk búinn þegar verður búið að skerða tekjur hans til að taka á því?

Ég kemst heldur ekki hjá því að nefna það að þegar menn tala um minnkað atvinnuleysi í landinu er atvinnuleysi í landinu að mínu mati mælt með tveimur skrám; þ.e. annars vegar atvinnuleysisskrá og hins vegar íbúaskrá. Eins og ég hef margoft reynt að koma á framfæri er atvinnuleysið sannarlega að minnka en íbúaþróun í landinu er mjög slæm, fólk er að flytja frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins og flýja atvinnuleysi sem þar er að skapast m.a. vegna aðgerða stjórnvalda, sem ég ætla ekki að orðlengja frekar um hér og nú, en vildi aðeins benda á þessi tvö atriði, annars vegar atvinnleysisskráninguna og hins vegar íbúaskrána.

Herra forseti. Það sem er að koma fram er að réttur kvenna til fæðingarorlofs er aukinn. Samt sem áður erum við aðeins að stíga átt í lágmarksréttindi miðað við Evrópusamninga og þetta frv. er e.t.v. og kannski aðallega til komið vegna tilskipunar Evrópusambandsins í þessum málum og er skref í áttina að því atriði.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég mikilvægt að þetta merka frv. fái hraða meðferð í gegnum þingið og þess vegna ætla ég ekki að nota miklu lengri tíma við 1. umr. Ég á sæti í hv. félmn. og ég hlakka mikið til að fá að takast á við frv. þar. Ég vil aðeins lýsa yfir stuðningi mínum við því að við þingmenn reynum að gera allt sem hægt er til að þetta fari sem fljótast í gegn og verði að lögum áður en við förum heim í vor sem er áætlað 11. maí. Ég vona jafnframt að þó þetta sé svona seint fram komið komi ekki seinna meir í ljós einhverjir annmarkar á því sem hefði verið hægt að sjá fyrir ef við hefðum haft meiri tíma til að ræða málið.

[15:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í öllum atriðum hjartanlega sammála hv. þm. Kristjáni L. Möller. Hann benti réttilega á að hér er á ferðinni veruleg réttarbót. Sú réttarbót tekur ekki síst til hins almenna vinnumarkaðar. Þar batna kjörin meira en þau gera hjá hinu opinbera. Hann spurði um hvað verið væri að semja um, það er nokkuð sem ég þekki örlítið til. Þá er það staðreynd að þau stéttarfélög og samtök sem hafa búið við ívið skárri rétt, þ.e. full laun í þrjá mánuði og föst laun í þrjá, munu að sjálfsögðu halda þeim rétti. Það gleðilega í þessu er að verið er að jafna réttindin upp á við. En eftir stendur náttúrlega í þessum efnum eins og ýmsum öðrum að mismunandi launakerfi hefur verið við lýði og mismunandi réttarkerfi. Þannig t.d. hafa opinberir starfsmenn ekki sjúkrasjóði, þeir hafa hins vegar betri veikindarétt fyrir þá einstaklinga sem lenda í langtímaveikindum en sjúkrasjóði hafa þeir ekki. Einnig á þessum sviðum er unnið að samræmingu og samtök launafólks munu sjá til þess að samræmingin eigi sér jafnan stað upp á við.

[15:14]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þess sem hefur komið fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að verið sé að jafna réttindin upp á við sem er mjög ánægjulegt. Ég staldra töluvert við þessi 80% og bendi aðeins á það að frv. á vegum hæstv.

ríkisstjórnar var lagt fram fyrir jól sem var um breytingar í þá átt að persónuafsláttur verði að fullu millifæranlegur milli hjóna, stigi skref úr 80% í 85%. Mér finnst því skjóta skökku við ef í þessu frv. kemur fram núna svipað misrétti að mínu mati milli aðila vinnumarkaðarins. Þetta er grundvallaratriði og ég held að ég hafi nefnt að þetta væri mesti ljóður á. Hins vegar eru svo líka nokkur atriði sem ég nefndi ekki en rétt er að geta aðeins um og sem hv. þm. og formaður BSRB ræddi hér um, þ.e. um lágmark og hámark sem eru í þessu frv. Við skulum átta okkur á því að 700 þús. kr. launamaður heldur þeim rétti áfram miðað við það sem hér er. Þó svo menn hafi viljað horfa á eitthvert hámark væri það kannski hindrandi í það að menn mundu nota þetta, ef þetta mundi skerðast kannski niður í eitthver hámark sem sett væri 400 þús. eða 500 þús. Hins vegar er það misrétti sem er ekki hægt að una við að starfsmenn, sem vinna jafnvel hlið við hlið, annar opinber starfsmaður og hinn er á almenna markaðnum, og 100 þús. kr. maðurinn á almenna markaðnum fær bara 80 þús. meðan opinber starfsmaður fær 100 þús.

[15:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á launamarkaðnum er mikið misrétti, geysilegt misrétti. Sumir hafa innan við 100 þús. kr. í tekjur á mánuði. Aðrir hafa upp undir milljón, sumir jafnvel miklu meira. Þetta misrétti á sér stað allan ársins hring. Við erum að ræða núna um örlítið brot úr ævi hvers einstaklings, þ.e. hvað gerist þann tíma sem foreldrarnir eru heima hjá börnum sínum. Ég held að meginmáli skipti að hugsa þessi mál út frá sjónarhóli barnsins, að tryggja að það fái notið samvista við foreldra sína. Þess vegna held ég að það sé rétt hugsun, þó ég sé mikill launajöfnunarmaður og andvígur launamisrétti, að tryggja það að fólk fái ígildi launa sinna eða því sem næst þann tíma sem það er í fæðingarorlofi.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fögnum að sjálfsögðu þessu skrefi í átt til rýmri réttinda foreldra í tengslum við fæðingu barns og greiðslna í fæðingarorlofi. Ég sé ástæðu til þess að óska hæstv. félmrh. til hamingju með að flytja þetta frv. og ná því að flytja frv. um þennan áfanga til aukinna réttinda á þessu sviði. Það er ekki á hverjum degi sem við höfum hér til umfjöllunar mál sem vísa í þá átt hvað varðar breytingar í okkar velferðarkerfi. Þvert á móti hafa því miður allt of mörg dæmi verið um hið gagnstæða, einkum nú á um það bil tíu ára bili, eða frá því talsvert breytt viðhorf voru innleidd í þessum efnum í tengslum við stjórnarskipti á árinu 1991.

Það sem sætir kannski mestum tíðindum fyrir utan almenna rýmkun í þessu frv., almenna rýmkun réttarins, er að sjálfsögðu hinn aukni réttur karla og í raun eins og málin eru hér lögð upp jafn réttur kynjanna í aðalatriðum til samvista við barn eftir fæðingu. Að vísu var kominn til sögunnar vísir að sjálfstæðum rétti feðra. Ég minni á í því sambandi að tillögur um slíkt voru einmitt fyrst fluttar hér á Alþingi af hv. þm. Ögmundi Jónassyni og þeim sem hér talar um sjálfstæðan rétt feðra til töku að lágmarki tveggja vikna fæðingarorlofs. Það vildi nú svo skemmtilega til að ræðumaður var einn af fyrstu mönnum, a.m.k. fyrstur alþingismanna, hygg ég vera, til að nýta sér þennan rétt. Ég hlýt því að segja, herra forseti, svona á léttum nótum að ég vildi auðvitað mjög gjarnan að sú réttarbót sem hér er svo að bætast við til feðra yrði afturvirk svo sem eins og um tvö ár þannig að ég gæti nýtt mér þá viðbót sem þarna er að koma. (**Félmrh.:** Þú verður bara reyna aftur.) En það eru auðvitað, eins og hæstv. félmrh. bendir, á mögulega önnur úrræði í þeim efnum og við skulum sjá til með það.

Ég tel að það sé tvímælalaust rétt og í raun mjög mikilvægt, herra forseti, að bæta þarna rétt feðra eða karla. Sá réttur þarf að vera að umtalsverðu marki óyfirfæranlegur til þess að hann nái þeim jafnréttismarkmiðum sem öðrum þræði er stefnt að með þessum breytingum. Ég lít svo á að í raun sé hér um tvö næstum jafngild og mikilvægt markmið að ræða sem felast í þessum breytingum. Það er annars vegar það sem snýr að sjálfsögðu að samvistum foreldra við börn og rétti barnsins og geri ég síst lítið úr því. En ég held að þau markmið sem snúa að sókn til aukins jafnréttis kynjanna séu ekki síður mikilvæg og gild. Þar held ég að öllum sé ljóst að eitt allra mikilvægasta atriðið til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og draga úr því kynbundna misrétti og þeim kynbundna launamun sem er á vinnumarkaði konum í óhag, er að jafna stöðu foreldra hvað varðar fæðingarorlof og samvistir við börn og frátafir frá vinnu vegna veikinda barna, umönnun heimilis o.s.frv. Leiðin að þessu marki liggur í gegnum aukinn og sjálfstæðan rétt feðra eða karla. Hún getur eðli málsins samkvæmt ekki náðst fram öðruvísi. Þess vegna styð ég það að sjálfsögðu að þessi réttur bætist við með þessum hætti og sé ekki yfirfæranlegur, að því marki sem hér er lagt til, þ.e. sjálfstæður réttur feðra í þrjá mánuði og síðan réttur til foreldraorlofs án launa í aðra þrjá.

Hitt vil ég þó segja að vissulega má velta því fyrir sér hvort þessi aukni réttur feðra sé um of keyptur á kostnað réttarstöðu móður því að sjálfsögðu þarf líka að hyggja að því að ekki sé gengið um of á þann rétt sem að sjálfsögðu er líka grundvallarréttur og afar mikilvægur, þ.e. að menn virði sérstöðu móðurinnar í meðgöngu, við fæðingu og á fyrstum vikum og mánuðum eftir fæðingu.

Þarna eru líka fleiri nýmæli, herra forseti, sem tvímælalaust er ánægjulegt að sjá. Ég nefni þar sem dæmi meiri sveigjanleika til töku fæðingarorlofs og betri möguleika á samræmingu fjölskyldulífs og atvinnulífs eða þá skírskotun í þá átt sem er að finna í þessu frv.

Reyndar er eitt atriði frv., herra forseti, sem ég var nokkuð hugsi yfir. Ég vil aðeins nefna það hér og vísa sérstaklega til hæstv. félmrh. hvernig það hafi verið hugsað eða skoðað. Það er það atriði að Fæðingarorlofssjóðurinn svokallaði sem fjármagna á að hluta af tryggingagjaldi er að sjálfsögðu, eins og þessi málaflokkur og þessi lög, á forræði félmrh. En hann á engu að síður að vista í Tryggingastofnun ríkisins. Þá vakna auðvitað spurningar um verkaskiptingu í þessum efnum og það er að mínu mati ekki að öllu leyti heppilegt að þessi mikilvægi sjóður og þessi þáttur framkvæmdarinnar lendi inni í stofnun sem heyrir undir annað ráðuneyti.

Ég vil í því sambandi, herra forseti, leyfa mér að vekja athygli á því að ég hef á einum tveimur þingum flutt till. til þál., afar einfalt mál, um að það verði kannað hvort vænlegt væri að stefna að breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins þannig að til yrði ráðuneyti lífeyris-, almannatrygginga- og vinnumarkaðsmála þar sem félagsþjónusta og félagsleg framfærsla væru einnig vistaðar. Mér finnst þetta eiga erindi inn í þetta mál því við erum hér með enn eitt dæmið um hvernig verksvið eða verkefni krossast í þessum efnum og málaflokkur sem í raun og veru ætti að heyra saman og vera undir einu ráðuneyti, samræmingarinnar vegna og af ýmsum

öðrum ástæðum, er á tvist og bast í stjórnkerfinu og heyrir undir þrjú eða jafnvel í sumum tilvikum fjögur ráðuneyti.

Ég held að það sé, herra forseti, meira en tímabært að taka þessi mál til skoðunar, ekki síst vegna þess að fram undan er afar afdrifaríkt viðfangsefni, þ.e. samræming lífeyrisréttinda, almannatryggingakerfisins eða löggjafarinnar, skattalegrar meðferðar lífeyrisgreiðslna og slíkra hluta og samræming þessa alls í raun í eina samfellu. Og þetta mun ekki síst vera afgerandi um lífskjör ellilífeyrisþega og þeirra sem komast á lífeyristökualdur á komandi árum og áratugum.

Ég tel að þarna þyrfti alls ekki endilega að verða um stofnun á nýju ráðuneyti að ræða. Að mörgu leyti væri eðlilegast að færa þennan málaflokk í heild sinni til félmrn. og gera þar með félmrn. að einu öflugu velferðarmála-, lífeyris- og tryggingamálaráðuneyti þar sem vinnumarkaðsmál, þar með talið atvinnuleysisbætur og forvöltun Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem er hinn stóri aðilinn sem tekur fé gegnum tryggingagjald, félagsþjónusta og aðrir slíkir hlutir væru vistaðir.

Ég veit ekki hvort virðulegur formaður allshn. er hér í salnum en ég leyfi mér að minna á það engu að síður að þessi litla þáltill. er til umfjöllunar eða ætti að vera í hv. allshn. Annað eins hefur nú verið gert eins og að afgreiða hana fyrir þingslit í vor. Það er ekki farið fram á meira en að þetta verði tekið til skoðunar af hinum háu ráðuneytum. Ég beini þessu sérstaklega til hæstv. félmrh. af því ég þykist vita að hann hafi í gegnum embætti sitt og hluti af því tagi sem við erum að ræða hérna, iðulega rekist á það hversu umhent núverandi fyrirkomulag er, að þessi málaflokkur er svona tvístraður innan Stjórnarráðsins.

Ég er í sjálfu sér ekki að gagnrýna það fyrirkomulag að þetta skuli vistað hjá Tryggingastofnun því einhvers staðar verður þetta að sjálfsögðu að vera. En spurningin er hvort þetta hefði ekki allt að einu getað verið deild við Atvinnuleysistryggingasjóð eða hjá félmrn. þar sem framkvæmd málaflokksins er að öðru leyti.

Í fimmta lagi vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram um Fæðingarorlofssjóðinn. Það var reyndar svo ágætlega rökstutt af hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ég þarf ekki að bæta þar miklu við. Ég tel mjög skynsamlegt að velja þá leið að stofna slíkan sjóð og ég held það hafi mikla kosti og fáa galla. Kostirnir eru m.a. þeir að í gegnum slíkt jafnast út sveiflur sem ella geta orðið. Byrðarnar dreifast og eru bornar sameiginlega með þessum hætti. Í reynd er þarna verið að setja á fót samtryggingarsjóð á mjög sambærilegan hátt á við um lífeyrissjóði hvað varðar greiðslur lífeyris þar sem menn greiða inn hlutfallslega af launum og njóta síðan réttar við útgreiðslur að sama skapi hlutfallslega. Þetta held ég að hafi ótvíræða kosti. Í gegnum þetta má, ef svo ber undir, koma fram jöfnun og öðrum slíkum hlutum sem gæti verið mun erfiðara viðfangs ef þetta væri gert öðruvísi.

Ég gæti varðandi greiðslur og umræður sem hér hafa aðeins orðið um hámark, jöfnun og annað slíkt, út frá mínum pólitísku grundvallarviðhorfum sem snúa að jöfnuði í launum og lífskjörum og aðstöðu fólks, vissulega og vel hugsað mér að þarna væri um að ræða mun jafnari greiðslur, þess vegna sömu greiðslur til allra, ríflegar lífeyrisgreiðslur í fæðingarorlofi, út frá þeirri hlið málsins sem snýr að því að jafna aðstöðu fólks. En þá verðum við auðvitað að horfa á hina hliðina, sem sagt þá að ef um slíkt væri að ræða yrðu ýmsir einstaklingar fyrir miklu tekjutapi þegar þeir tækju fæðingarorlof og það er ansi hætt við því að það leiddi til þess að menn tækju það ekki og það yrði þá á kostnað þeirra markmiða sem menn ætla sér að ná fram, bæði hvað varðar réttindi barnanna og eins í jafnréttislegu tilliti.

Ég held því að vænlegasti kosturinn sé að jafna þetta svo langt sem menn treysta sér til upp á við, eins og það hefur verið orðað hér, þ.e. að tryggja öllum að lágmarki nokkuð ríflegan lífeyri eða nokkuð ríflegar greiðslur í þessum efnum, þó hitt geti vissulega komið til álita að setja ofurháum greiðslum einhverjar skorður. Þó er það einnig viss stílbrjótur ef litið er til þess að hér er um hlutfallslegt samtryggingarkerfi að ræða eins og áður sagði í gegnum sjóð, sambærilegt t.d. við það sem lífeyrisgreiðslur eru úr lífeyrissjóðum.

Herra forseti. Að lokum gæti maður að sjálfsögðu hugsað sér útfærslu ýmissa þátta hér öðruvísi. Ég gæti til að mynda tekið undir það að æskilegt væri að reyna að tryggja betur rétt eða stöðu einstæðra foreldra, þ.e. að tryggja með alveg óyggjandi hætti að foreldri og barn ættu rétt á níu mánaða samvistum í öllum tilvikum án tillits til fjölskyldustöðu og einnig þriggja mánaða launalausum foreldraorlofsrétti til viðbótar. Og komi í ljós annmarkar á því sem snúa að einstæðum foreldrum við tilteknar fjölskylduaðstæður þá ber að sjálfsögðu og tvímælalaust að skoða það.

Maður gæti að sjálfsögðu einnig nefnt hér og hugsað sér enn þá rýmri rétt, eins árs fæðingarorlof. Ég gæti einnig bent á rétt til enn þá sveigjanlegri töku fæðingarorlofs, t.d. allt að sjö ára aldri barns eins og á við í Svíþjóð, aðrar upphæðir sem hér eru inni í frv. o.s.frv. Eins gæti maður að sjálfsögðu óskað sér þess að þriggja mánaða réttur feðra kæmi strax til framkvæmda ef maður vill benda á eitthvað sem maður hefði getað óskað sér öðruvísi í þessum efnum. Það er vissulega alltaf svolítið vandasamt að boða slíkar réttarbætur með gildistöku langt fram í tímann að því marki að þá fara menn að bera sig saman eftir því á hvaða ár þeir lenda.

Nú er ég ekki beinlínis aðýja að því hér að menn muni í stórum stíl slá fjölgun í sínum fjölskyldum á frest fram til ársins 2003 eða 2004 eða hvað það nú er þegar þessi réttindi eiga að fullu að vera komin til framkvæmda. Engu að síður bera menn sig saman við slíkar aðstæður og spurningin er líka sú hvort jafnlangan aðlögunartíma og hér er verið að gefa upp á þurfi. Er þar nokkuð annað á ferðinni, herra forseti, en eingöngu fjárhagslegt atriði? Ég sé ekki að framkvæmdalega eigi að vera nokkur vandamál því samfara að taka þetta inn með styttri aðlögunartíma, t.d. á einu til tveimur árum. Það ætti að vera nægjanlegur undirbúningstími fyrir atvinnulífið og alla aðila.

Herra forseti. Þetta er hlutur sem ég svona rétt nefni í framhjáhlaupi. Aðalatriði málsins er í mínum huga að hér er tvímælalaust verið að taka skref í rétta átt og bæta umtalsvert þau réttindi sem verið hafa, sérstaklega gagnvart starfsfólki á hinum almenna vinnumarkaði. Því ber mjög að fagna og það styðjum við. Ég á sæti í hv. félmn. og á því kost á því að taka þar þátt í frekari skoðun þessa máls og mun því ekki lengja þessa umræðu frekar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[15:34]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég fagna fram komnu frv. um fæðingar- og foreldraorlof. Þetta er mikið jafnréttis- og fjölskyldumál og mikið tímamótamál. Þarna er um að ræða lengingu fæðingarorlofs í níu mánuði og að feður fái aukinn og sjálfstæðan rétt, sem ég tel mjög mikilvægt.

Réttur foreldra til fæðingarorlofs hefur verið í brennidepli í mörg undanfarin ár. Það hefur verið mikill munur á rétti fólks til fæðingarorlofs eftir starfsstéttum og feður hafa átt lítinn sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Það hefur oft og tíðum staðið verðandi mæðrum fyrir þrifum á vinnumarkaði að þær skulu einar hafa átt rétt á fæðingarorlofi. Þær hafa því miður oft verið spurðar að því þegar þær ráða sig í vinnu hvort þær hefðu í hyggju að eignast börn á næstunni. Það er í rauninni mannréttindabrot að spyrja fólk að svona löguðu. En nú ættu þær að sitja við sama borð og karlar og verða ekki spurðar að þessu hér eftir.

Frv. er eitt mesta og merkasta framfaraspor í jafnréttismálum og jafnréttisbaráttunni frá því konur fengu kosningarrétt að mínu mati. Mest er þó um vert að markmið frv. er að tryggja barninu samvistir við bæði föður sinn og móður. Því er ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Frv. tekur til réttinda foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs á vinnumarkaði og foreldra sem eru starfsmenn eða sjálfstætt starfandi. Frv. tekur einnig til réttinda foreldra utan vinnumarkaðar og í námi til fæðingarstyrks.

Fæðingarorlofssjóðurinn mun jafna mjög aðstöðu atvinnurekanda þannig að þeir sem hafa ungar konur í starfi bera ekki einir hitann og þungan af fæðingarorlofi heldur einnig þeir sem hafa karlmenn í meiri hluta. Fæðingarorlofssjóðurinn er lausn fyrir allan vinnumarkaðinn, ekki aðeins fyrir opinbera vinnumarkaðinn heldur einnig almenna vinnumarkaðinn og með þessu er réttur barnsins til samvista við foreldra sína virtur.

Í athugasemdum við 13. gr. frv. stendur m.a. um greiðslufyrirkomulag, með leyfi forseta:

„Frumvarpi þessu er einnig ætlað að ná til sjálfstætt starfandi einstaklinga en miða skal við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi fyrir sama tímabil og haft er til viðmiðunar þegar starfsmenn eiga í hlut. Mánaðarleg greiðsla til sjálfstætt starfandi foreldris skal því nema 80% af reiknuðu endurgjaldi sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil.

Lagt er til að greiðsla í fæðingarorlofi foreldris sem er í 25–49% starfi í hverjum mánuði skuli þó aldrei vera lægri en sem nemur 54.021 kr. á mánuði og að greiðslur til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði verði aldrei lægri en 74.867 kr. á mánuði. Markmið þessa nýja kerfis er að röskun á tekjuinnkomu heimilanna verði sem minnst þegar foreldrar þurfa að leggja niður störf vegna tilkomu nýs fjölskyldumeðlims sem þarfnast umönnunar þeirra. Þess vegna er að því stefnt að foreldrar fái 80% af meðaltali heildarlauna ...“

Þá er mjög mikilvægt atriði í þessari grein. Það er að makar bænda sem ekki eru formlega skráðir sem aðilar að búrekstri og starfa heldur ekki utan búsins hafa ákveðna sérstöðu þar sem þeir eru hvorki skilgreindir sem starfsmenn hjá búinu né sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, er þeim hins vegar skylt að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs bænda í samræmi við reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Vegna þessarar sérstöðu er nauðsynlegt að meðhöndla þá sérstaklega þar sem tekjuöflunarmöguleikum þeirra eru víða þröngar skorður settar. Verður því frá jafnréttissjónarmiði að meta vinnuframlag þeirra á búinu sem a.m.k. 50% starfshlutfall. Þessi sérstaða á hvorki við um þá maka sem vinna utan bús í 50% starfi eða hærra starfshlutfalli né heldur um þá sem eru formlegir aðilar að búrekstri.

Það er ætlað að það sé tryggt að fjárhæð lágmarksgreiðslna komi til endurskoðunar á ári hverju við afgreiðslu fjárlaga og að við ákvörðun um hækkun þeirra verði tekið tillit til launaþróunar. Þetta tel ég að sé mikið réttlætismál.

Í frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna sem nú er í meðförum hv. félmn. er mikil áhersla lögð á samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs og ég tel að þetta frv. sé mjög í anda þess frv.

Það birtist lítil grein í Morgunblaðinu um daginn. Það er nú ekki alltaf sem maður les svona skemmtilegar greinar. Hún er eftir Ingólf V. Gíslason. Hann er þar að segja frá því að dagana 4.–5. maí verður haldin í Kaupmannahöfn ráðstefna sem heitir Yfir mörkin, þar sem verður fjallað um karla og konur í stjórnmálum, launavinnu og daglegu lífi, breytingar, væntingar og stöðu kynjanna. Hann segir frá því að hann hafi átt að hafa þar framsögu í vinnuhópi sem fjallaði um efnið: Karlar milli launavinnu og umhyggju. Svo segir Ingólfur, með leyfi forseta:

„Þegar þetta var ákveðið fyrir nokkrum vikum reiknaði ég með að geta notað að stærstum hluta gamlar harmatölur um afleita stöðu fjölskyldumála á Íslandi og sérstaklega afleita stöðu íslenskra feðra. Svo héldu Geir Haarde, Ingibjörg Pálmadóttir og Páll Pétursson blaðamannafund og boðuðu miklar breytingar. Lenging fæðingarorlofs, tekjutenging greiðslna, sjálfstæður réttur feðra og mæðra og skipting í þrjá hluta. Þrír mánuðir fyrir feður, þrír fyrir mæður og þrír sem foreldrar geta skipt á mili sín. Ég sendi strax tölvupóst á starfsfélaga og aðra áhugasama í útlöndum og sagði þessi merku tíðindi.

Þá varð til nýtt hugtak í umræðunni á Norðurlöndum. Ég fékk tilkynningu um breytingar á þeim vinnuhóp sem ég á að taka þátt í. Nú á ég að gera grein fyrir „íslenska líkaninu“ varðandi fæðingarorlof og fæ lengri tíma en aðrir frummælendur. Og það sem meira er, hinir frummælendurnir eru beðnir um að haga sínum framsöguerindum þannig að þeir ræði hvernig önnur Norðurlönd geti best staðið að því að aðlaga sín kerfi „íslenska líkaninu“. Hugsunin á bak við það frumvarp sem ráðherrarnir kynntu er því orðin fordæmi, gefur tóninn í norrænni umræðu.“

Þetta finnst mér mjög mikilvægt að kæmi hér fram því það er mjög ánægjulegt en því miður ekki á hverjum degi sem Ísland er í fararbroddi í jafnréttismálum á Norðurlöndum og er þá mikið sagt.

[15:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fagna sérstaklega því frv. sem hér er fram komið og tek ég því undir með þeim sem hafa sagt að hér sé um mikið framfaraspor að ræða í málefnum fjölskyldna á Íslandi.

Það er ekki bara ánægjulegt fyrir þá fjölmörgu sem hafa verið að berjast fyrir réttarbótum í áratugi, en þeir eru vissulega mjög margir sem hafa komið þar við sögu. Eins og kemur fram í athugasemdum með frv. þá er það að miklu leyti byggt á tillögum sem hafa komið frá samtökum launafólks og samtökum atvinnulífsins líka, auk þess sem fjölmargir aðrir hafa haft ámóta atriði á sinni stefnuskrá, þar á meðal allflestir stjórnmálaflokkar eins og hér hefur komið fram.

Við í Samfylkingunni getum verið nokkuð sátt við þessar tillögur því þær eru vissulega í mjög svipuðum anda og það sem við höfum lagt til í okkar stefnu. Hæstv. félmrh.

getur verið stoltur af því að leggja þetta mál fram. Í því felast margar réttarbætur og þær eru líkar reyndar löngu tímabærar, herra forseti.

Ég ætla að fara stuttlega yfir það sem ég tel frv. helst til tekna. Þar ber fyrst að nefna lengingu fæðingarorlofs í áföngum. Í öðru lagi er það sjálfstæður rétta feðra sem ég tel vera mjög mikilvægt mál. Þar er um að ræða fyrirmynd frá Norðurlöndunum. Þar reyndist ekki vel að hafa réttinn yfirfæranlegan. Það var reynt í fyrstu. Ef ég man rétt var það í Svíþjóð að reynt var að hafa réttinn yfirfæranlegan til móður. Reynslan af því var einungis sú að konurnar lengdu sitt fæðingarorlof. Karlarnir tóku ekki fæðingarorlof. Þá var farin sú leið að hafa þetta í þá veru sem hér er lagt til. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hvetja karla með öllum ráðum til þess að taka meiri þátt í umönnun barna allt frá fyrstu stigum og gera þeim þannig kleift að tengjast börnunum allt frá fyrstu tíð. Ekki er þar aðeins lagður mikilvægur grunnur að tilfinningalegum samskiptum föður og barns heldur mun það líka gera það að verkum að karlmenn fara í meira mæli að snúa sér að umönnun barna og það er vissulega allri fjölskyldunni til hagsbóta.

Sveigjanleikinn er mjög mikilvægur. Í 1. mgr. 10. gr. frv. er í fyrsta lagi sagt að starfsmaðurinn eigi rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi eins og verið hefur. En með samkomulagi við vinnuveitanda er starfsmanni þó heimilt að haga fæðingarorlofi á þann veg að það skiptist niður á fleiri tímabil og/eða það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Vinnuveitandi skal leitast við að koma til móts við óskir starfsmanns um tilhögun fæðingarorlofs samkvæmt þessu ákvæði.

Ef atvinnurekandi fellst ekki á þá tillögu sem starfsmaðurinn leggur fram þarf hann að koma með tillögur á móti og leitast þannig við að finna lausn sem getur hentað bæði atvinnurekandanum og starfsmanninum. Ef samkomulag næst ekki um að taka orlofið í annaðhvort hlutastarfi eða skipta því niður á starfsmaðurinn alltaf rétt á að taka það í einu lagi frá þeim upphafsdegi sem hann ákveður.

Það er engin spurning að það hentar mjög mörgum foreldrum að taka fæðingarorlofið í áföngum, geta jafnvel verið heima allan daginn í einhvern tíma og tekið síðan hlutastarf í einhvern tíma, komið hugsanlega inn á vinnumarkaðinn í einhvern tíma og farið síðan aftur í fæðingarorlof, allt eftir aðstæðum hverrar fjölskyldu. Ég tel mjög mikilvægt að skapa möguleika eins og gert er í þessu frv., að fólk geti hagað seglum svolítið eftir vindi í þessum efnum. Það gefur augaleið að ekki hentar sama lausn öllum fjölskyldum.

Sveigjanleikinn er mjög mikilvægur og hann rýfur þau skörpu skil á milli vinnumarkaðar og fæðingarorlofs sem verið hefur hingað til þar sem valið stóð á milli þess að vera alfarið heima eða alfarið í vinnu. Það er mjög stórt stökk fyrir foreldri að fara beint frá því að vera alveg heima og yfir í það að skella sér út í fulla vinnu, sérstaklega þegar fólk er í mikilli vinnu eins og Íslendingar eru margir hverjir. Ég tel að þetta sé líka æskilegra fyrir atvinnurekandann í mörgum tilvikum, þótt það sé ekki alltaf sem það hentar. En lykilatriðið er að þarna er mönnum gert að setjast niður og reyna að finna lausn sem öllum hentar.

Greiðslur í fæðingarorlofi eru auknar. Það er líka mikilvægt að fólk hafi efni á að taka fæðingarorlof því að greiðslurnar hafa verið þannig, a.m.k. á almenna vinnumarkaðnum, að fólk hefur hreinlega ekki haft efni á því að taka þetta orlof í mörgum tilvikum. Það hefur verið mikið fjárhagslegt hrun fyrir marga. Því er gríðarlega mikilvægt að auka greiðslurnar líka eins og gert er hér.

Ég vil nefna foreldraorlofið sem frv. gerir líka ráð fyrir. Í VII. kaflanum er fjallað um foreldraorlof og foreldri á samkvæmt þeim hugmyndum rétt á foreldraorlofi í 13 vikur til að annast barn sitt. Þessi réttur fellur niður er barn nær átta ára aldri og þarna er um ólaunað orlof að ræða. Þetta er heimild til að vera heima ef fólk óskar þess í ákveðinn tíma. Þetta getur líka verið lausn og einhver flötur sem hentar fólki, þ.e. fyrir þá sem hafa ráð á því að taka sér slíkt orlof.

Þessu frv. er í raun ætlað m.a. að innleiða tilskipun ráðs Evrópusambandsins nr. 96/34/EB, sem er staðfesting Evrópubandalagsins á rammasamningi um foreldraorlof sem gerður var milli samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda, Evrópusamtaka fyrirtækja með opinberri eignaraðild og Evrópusambands verkalýðsfélaga. Sameiginlega EES-nefndin hér á landi tók síðan ákvörðun um að hann skyldi leiddur í lög hér á landi og foreldraorlofið er hluti af því. Ég held að foreldraorlofið sé einmitt liður í því að auka þennan sveigjanleika sem er mjög mikilvægur þáttur.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um efni frv. hér. Ég mun ræða málið við 2. umr. eftir að hafa séð þær athugasemdir sem koma hugsanlega fram og umsagnir um málið.

Það er reyndar eitt sem ég var að vonast til að sjá í þessu frv. en hef ekki komið auga á. Ég hefði viljað sjá örlítið betri stöðu fjölburaforeldra en er í núgildandi lögum. Reyndar voru gerðar réttarbætur hvað fjölburaforeldra varðar árið 1997 sem voru mjög til bóta þar sem réttur til fæðingarorlofs fyrir hvert barn umfram eitt var lengdur. Hann er núna þrír mánuðir fyrir hvert barn umfram eitt. En þá heyrðust raddir, sérstaklega frá þríburamæðrum, sem voru og eru mjög kröftugur hópur og hafa komið málstað sínum dyggilega á framfæri, að óeðlilegt væri að skertur yrði réttur fólks sem yrði þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga börnin öll í einu. Ef börnin hefðu komið með árs millibili væri rétturinn meiri.

Það er náttúrlega svo að það er gríðarlega ólíkt að eiga eitt barn í einu, eins og mannskepnan er yfirleitt gerð fyrir, eða eiga þau tvö og ég tala nú ekki um ef þau eru þrjú eða fjögur í einu. Þá er í raun um allt annars konar viðburð að ræða sem setur heimilislífið svolítið mikið úr skorðum á þeim tíma. Móðirin er lengur að jafna sig, sérstaklega hvað fjölburameðgöngu varðar þegar kona þarf mjög oft að vera á lyfjagjöf og vera mjög lengi inni á spítala með börnin eftir að þau fæðast.

Það er því kannski það eina sem ég hefði viljað sjá einhverjar breytingar á. En ég ætla ekki að gera mikið mál úr því hér því að ég vil fyrst og fremst lýsa yfir ánægju með þetta frv. Ég tel það vera svo mikilvægt skref, bæði hvað varðar jafnrétti og ekki síður hvað varðar möguleika fólks til þess að lifa eðlilegu fjölskyldulífi hér á landi. Fólki hefur verið gert það mjög erfitt. Sennilega kannast allir foreldrar við þá tilfinningu að það gangi erfiðlega að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku og hér er vissulega um að ræða skref, stórt skref í rétta átt í þeim efnum.

[15:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er um tímamótafrumvarp að ræða og það er alveg sérstaklega vel unnið að mörgu leyti.

Ég hef lengi barist fyrir því að tekið yrði upp fæðingar- og foreldraorlof af ýmsum ástæðum. Til þess að hæfileikar hvers einstaklings nýtist þjóðfélaginu til fulls verður að ríkja fullt jafnrétti til starfa þannig að hæfasti einstaklingurinn

verði ætíð ráðinn. Svo er ekki í dag. Misrétti á milli fólks birtist í misrétti milli karla og kvenna sem er hrópandi og það verður að laga með öllum tiltækum ráðum.

Búið er að taka út úr lögum allt misrétti sem til er nema fæðingarorlofið. Það er það eina sem stendur eftir í lögum þar sem körlum og konum er mismunað. Það virkar þannig: Nú ætla ég sem forstjóri fyrirtækis eða starfsmannastjóri að ráða mann til starfa og fyrir framan mig sitja kona og karl, 25 ára. Mjög miklar líkur eru á því að konan fari í fæðingarorlof á næstu fimm árum, jafnvel 80%. Vegna skiptikostnaðar, þ.e. kostnaðar við að skipta um starfsmanna sem er svona þrjú til sex mánaðarlaun, ræð ég að sjálfsögðu karlmanninn jafnvel þó hann sé á hærri launum og krefist hærri launa. Þetta kemur að sjálfsögðu niður á jafnrétti karla og kvenna.

Þegar þetta frv. hefur verið samþykkt, sem jafnar þennan mun að þremur árum liðnum, verður ekkert eftir nema fordómar og klíkuskapur. Klíkuskapur þar sem um er að ræða fé án hirðis, opinbert fé, fé sem eigandinn kemur ekki að og engan langar til að græða. Hins vegar fordómar karla og kvenna gagnvart konum og svo alveg sérstaklega fordómar kvenna gagnvart sjálfum sér. Þær treysta sér ekki til að standa í eldlínunni. Þetta þarf að laga en það gerum við væntanlega ekki með lögum.

Herra forseti. Misréttið er dýrt og því er þjóðhagslega hagkvæmt að útrýma misrétti. En þetta eru jafnframt álögur á atvinnulífið. Það kostar fyrir atvinnulífið að fólk fer í fæðingarorlof, það kostar í tryggingagjaldi og ef atvinnuleysið vex aftur, sem gerist vonandi ekki, þá mun þurfa að hækka tryggingagjaldið vegna þessa. Hv. þingmenn þurfa að skoða hvort ekki megi jafnframt létta af atvinnulífinu einhverjum öðrum álögum eða hömlum eins og hefur verið gert undanfarin ár og hefur skilað sér í mjög þróttmiklu atvinnulífi.

Öll samfélög byggja á svokölluðum kynslóðasamningi, þ.e. hinn vinnandi maður sér um kynslóðina fyrir framan sig, þ.e. foreldra sína, og um kynslóðina fyrir aftan sig, þ.e. börnin sín. Þegar hann eldist munu börnin sjá um hann. Þetta er svokallaður kynslóðasamningur og hann er útfærður á ýmsa vegu. Áður fyrr var hann útfærður með því að gamla fólkið fór á bak við stóna. Núna er hann útfærður með ýmsum hætti, með lífeyristryggingakerfum, með elliheimilum og alls konar tryggingum til aldraðra. Við erum bæði með almannatryggingar og lífeyrissjóði til að tryggja hinn aldraða og þá sem detta út af vinnumarkaði vegna örorku.

Við erum með ýmis kerfi til að tryggja framfærslu barnanna. Við erum með ókeypis menntakerfi. Við erum ókeypis heilbrigðiskerfi fyrir börnin. Engu að síður er mjög dýrt að ala upp barn. Það er mjög dýrt. Þeir sem hafa staðið í því þekkja það. Þetta frv. er viðleitni til að jafna mun milli þeirra sem ala upp börn og hinna sem koma sér hjá því.

Reyndar eru Íslendingar eru afskaplega jákvæðir gagnvart barneignum. Ég hef sjaldan hitt þjóð sem er eins jákvæð gagnvart barneignum og Íslendingar. Ég hef rekist á það víða í Evrópu að menn hreinlega reikna út hvað kostar að eiga hvert barn og svo hætta þeir við það. Þeir vilja frekar njóta lífsins, fara í sumarleyfi og vetrarleyfi o.s.frv. Ég hef ekki heyrt að Íslendingar hugsi þannig.

Samt sem áður þarf að jafna stöðu þeirra sem taka að sér að ala upp börn sem munu sjá um okkur í ellinni á einn eða annan hátt, annaðhvort með því að borga til baka skuldir okkar við lífeyrissjóðina eða með því að borga beint til okkar með því að reisa elliheimili o.s.frv. Hér er gerð tilraun til þess.

Herra forseti. Það eru nokkur göt í velferðarkerfi okkar í dag og eitt af þeim er það hvað gerist þegar einstaklingurinn verður sex mánaða, þ.e. þegar núverandi fæðingarorlofi lýkur. Hvað gerist þá? Þá þarf yfirleitt móðirin að fara að vinna aftur. Hvað gerist þá með litla borgarann? Við skulum líta rétt aðeins á heiminn með augun átta mánaða barns.

Það er dregið út úr rúminu á morgnana. Það er sett einhvers staðar í pössun. Mamma hverfur og pabbi hverfur og síðan einhvern tíma um kvöldið kemur barnið aftur heim. Þetta litla barn er sem sagt sent að heiman. Ég tel að það sé allt of ungt til þess og það vanti úrræði upp að tveggja til þriggja ára aldri. Flestir foreldrar hafa orðið varir við það að þá eru börnin tilbúin til að skreppa í heimsókn, að fara að heiman, fyrr ekki. Þangað til vilja þau vera heima.

Frv. leysir þetta jafnvel þó að við séum ekki að tala um svo langan tíma. Foreldraorlofið og fæðingarorlofið eru níu mánuðir plús sex mánuðir. Það er ekki nema $1\ ^1/_4$ ár. Þá er litli maðurinn orðinn eins árs og þriggja mánaða. En vegna þess hve snilldarlega frv. er sett fram þá má skipta þessu. Foreldrarnir gætu t.d. tekið það upp að vinna hálfan daginn hvort allan tímann og verið heima með barninu hinn helminginn og þá erum við komin með litla manninn upp í tveggja og hálfs árs. Og þá er hann tilbúinn til að fara í gæslu.

Þannig vonast ég til að atvinnulífið, fyrirtækin og sérstaklega aðilar vinnumarkaðarins, þ.e. verkalýðshreyfingin líka, vinni að því að gera vinnumarkaðinn jafnsveigjanlegan og þetta frv. gerir ráð fyrir að hann þurfi að vera. Þegar það er komið munu foreldrar vinna fyrsta tvö og hálft árið í 50% starfi hvort um sig og þau geta verið heima allan daginn hjá litla manninum.

Það sem gerist er dálítið merkilegt. Foreldrarnir spara sér 30 þús. kr. á mánuði í pössun þennan tíma og sveitarfélögin spara sér annað eins fyrir byggingu og rekstur barnaheimila í tvö og hálft ár eða a.m.k. tvö ár. Það kostar þau um 30 þús. kr. á mánuði á hvert barn. Ég reikna með því að ef þetta frv. hefur þau áhrif sem það gæti haft, þ.e. að fólk færi að vinna hálfan daginn í tvö og hálft ár, muni þörf á barnaheimilum hjá sveitarfélögunum minnka mikið. Það kemur fljótlega í ljós hvað það sparar í rekstri þeirra stofnana. Fyrir foreldrana sparar þetta líka umtalsvert eins og ég gat um áðan því að þeir þurfa ekki að kaupa pössun handa litla manninum sem er hvort sem er mjög óæskileg, a.m.k. frá sjónarhorni hans.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um 80% af tekjum sem greiðslur í fæðingarorlofi og mönnum finnst það ekki nóg. Það er að sjálfsögðu alveg feikinóg. Það er meira en nóg. Ég hugsa meira að segja að menn kæmust af með 75% vegna þess að foreldrarnir spara sér pössun á meðan og vegna þess að þau geta unnið ýmislegt heima sem er til hagræðis. Þau geta eytt meiri tíma í innkaup, sparað á því, og þau eru ekki eins þreytt þegar þau eru að vinna heimilisstörfin. Þetta mun því spara. Ég reikna með því að gjarnan megi hugleiða að lækka þetta jafnvel niður í 75%.

Varðandi samanburð við opinbera starfsmenn er það náttúrlega einn hluti af kjarasamningi þeirra nákvæmlega eins og þau feiknarlega góðu lífeyrisréttindi sem þeir hafa. Þetta er nokkuð sem þeir hafa samið um og vilji menn vera oftryggðir í fæðingarorlofi þá er það þeirra mál. Þeir gætu alveg eins samið um eitthvað annað, fengið hækkun á launum í staðinn.

Herra forseti. Við ræðum svo ekki um neitt kerfi án þess að geta um hugsanlega misnotkun. Hver er misnotkunin í þessu kerfi? Hún er sú að einhver ákveði, t.d. karlmaður með há laun, að hirða 80% af launum, sem eru kannski 300 þús. kr., þ.e. 240 þús. kr. í fæðingarorlof, og fara svo að vinna svart engu að síður og barnið er sett í pössun. Á þessu er hætta og þess vegna vil ég að hv. félmn., sem fær þetta frv. til afgreiðslu og umsagnar, skoði hvort ekki eigi að setja í lögin ákvæði um að foreldrar verði skyldugir til að vera heima yfir barni sínu þann tíma þó engin leið sé að fylgja því eftir. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því. Við ráðumst ekkert inn á heimili og athugum hvort fólkið sé heima. En það er þá a.m.k. að brjóta lögin ef það fer þessa leið og þyrfti að fela það enn frekar. Það má jafnvel setja einhver viðurlög, að það þurfi að endurgreiða og jafnvel með álagi þær bætur sem það hefur þá svikið út því að markmiðið er að menn séu heima. Markmiðið er að jafna þennan mun milli karla og kvenna. Það er aðalmarkmiðið og aukamarkmiðið er að foreldrarnir séu heima hjá börnunum sínum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu meira og vil endurtaka að ég fagna þessu frv. og er mjög ánægður með hvað það er vel unnið.

[16:06]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að hafa þetta stutt. Ég vil þakka fyrir þetta tækifæri, fyrir það að frv. hafi verið lagt fram og ég vil þakka hæstv. ríkisstjórn fyrir þá miklu framtíðarsýn sem birtist í þessu frv. til laga um fæðingar- og foreldraorlof og ítreka þakkir mínar.

Í rauninni er komið inn á svo margt í frv. Verið er að auka réttinn til fæðingarorlofs. Það er verið að lengja fæðingarorlofsréttinn. Það er ekki verið að auka sveigjanleikann. Það er verið að setja sveigjanleikann í löggjöfina. Það var enginn sveigjanleiki til staðar. Ef kona fór í fæðingarorlof og byrjaði að vinna eftir þrjá mánuði missti hún réttinn til hinna þriggja mánaðanna þannig að mikil réttarbót birtist í þessu frv. Verið er að jafna réttinn á milli foreldra sem er mjög mikilvægt atriði. Það er verið að ýta undir og efla samspil atvinnu- og fjölskyldulífs. Þetta er nútímalegt frv. Þetta er framtíðarfrv. Það er mjög mikil framtíðarsýn í þessu frv. þannig að ég vil enn og aftur þakka hæstv. ríkisstjórn fyrir þetta gríðarlega mikilvæga frv.

Í raun vil ég líka taka undir það sem kemur fram m.a. í greinargerðinni að þetta verði endurskoðað að ákveðnum tíma liðnum og þá verði litið til reynslunnar af þessu frv., þ.e. hvort við náum ekki því sem skiptir mjög miklu máli, að auka jafnréttið á vinnumarkaðnum, m.a. að reyna að minnka þann kynbundna launamun sem er til staðar og margar kannanir hafa sýnt fram á.

Framtíðarsýn mín er reyndar sú að einhvern tíma þurfum við að hætta þeirri forsjárhyggju, eins og það birtist í frv., að þrír mánuðir eru til kvenna og þrír mánuðir eru til karla, það er ekki millifæranlegt og það lykilatriði í jafnréttisumræðunni. Eins og hefur komið skýrt fram í mjög góðum og merkum ræðum hv. þingmanna á undan mér þá er þetta að mínu mati lykilatriði í jafnréttisumræðunni. En ég vona að við berum gæfu til þess síðar meir að þurfa ekki að hafa svona ákvæði í lögum og að við getum sagt: Hér hafið þið 12 mánuði í fæðingarorlof og þið ráðið hvernig þið ráðstafið þeim. Það er framtíðarsýn mín að við þurfum ekki á því að halda að það standi þrír mánuðir til kvenna, þrír mánuðir til karla og síðan þessi þriggja mánaða sveigjanleiki, heldur að það verði 12 mánuðir til foreldra og þau fái að ráða þessu.

[16:09]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nota þetta tækifæri til að koma inn á réttindamál. Þingmaðurinn fór yfir það í upphafi máls síns hvernig réttindamissir gat átt sér stað í fæðingarorlofi. Í framsögu ráðherra kom fram að hér eftir verður það þannig að þegar einstaklingur fer í fæðingarorlof greiðir hann í lífeyrissjóð og greidd eru öll þau gjöld sem greidd eru þegar fólk er á vinnumarkaði. Þetta er feikilega mikilvægt atriði þó að ekki hafi verið staldrað mjög mikið við það í umræðunni.

Það eru orðin allmörg ár síðan ég flutti um það tillögu að heimilt væri að greiða í lífeyrissjóð í fæðingarorlofi því það gefur augaleið að ef fólk fer nokkrum sinnum á ævinni í fæðingarorlof munar um þann réttindamissi, sérstaklega eftir því sem fæðingarorlofið lengist og verður þýðingarmeira fyrir fjölskyldulífið. Ég vil því koma með þá ábendingu að þarna sé verið að lagfæra hlut sem mér finnst skipta mjög miklu máli og ég fagna því.

Í öðru lagi get ég tekið undir það sem hér var sagt að auðvitað eigum við að hafa þá sýn að það verði ákvörðun hjóna þegar um það er að ræða að fólk er að eignast saman börn í sambúð eða hjúskap að þá skipti það með sér hvernig það vill vera heima og hvernig það vill vera á vinnumarkaði. En hér hefur verið farið ítarlega yfir málið af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar og ég hef ákveðið að lengja ekki umræðuna með því að bæta mér á mælendaskrá og notaði þess vegna tækifærið til að benda á þessi réttindamál í andsvari við hv. þm.

[16:11]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í rauninni undirstrika orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Ég ætla ekkert að fara að lengja þá góðu og merku umræðu sem hefur átt sér stað um þetta fína frv.

En ég rak augun í eitt og mig langar að spyrja hæstv. félmrh. um það. Það er 3. mgr. 8. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Kona skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns.“

Ég velti því svona kannski til gamans fyrir mér ef kvenráðherra eignast barn meðan hún gegnir ráðherradómi. Fær þá viðkomandi kvenráðherra ekki að gegna ráðherradómi sínum í þær tvær vikur eða hvernig er þetta hugsað? Hvernig kemur sveigjanleikinn þarna inn í? Þetta eru vangaveltur sem brutust fram þegar ég var að lesa þetta gagnmerka frv. (**Gripið fram í:** Stefnir þingmaðurinn að ráðherradómi?)

[16:12]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þess að hæstv. fjmrh., varaformaður Sjálfstfl., er farinn úr salnum og er ekki lengur á mælendaskrá þá vildi ég spyrja hv. þm. sem talaði síðast, Þorgerði K. Gunnarsdóttur, sem er ungur sjálfstæðismaður, um þá stefnu Heimdallar og stefnu sem mörkuð var á landsfundi Sjálfstfl. þegar landsfundur Sjálfstfl. hafnaði því að réttur foreldra væri bundinn, þ.e. þrír mánuðir hjá móður og þrír hjá föður. Ég vil spyrja þá hvort þetta frv. er í andstöðu við sjálfstæðismenn eða hvort sjálfstæðismenn hafa séð að sér og séð að það sem þeir ályktuðu á landsfundi Sjálfstfl. í þessum efnum hafi bara hreinlega verið rangt eða vitlaust.

Enn fremur vil ég spyrja, ef hv. þm. getur svarað því fyrir hönd Sjálfstfl., um það sem kemur fram hjá ungum dreng, varaformanni Heimdallar og ritstjóra Frelsis.is, sem hefur verið að ítreka þetta atriði sem kemur fram á vefsíðu þessa apparats, þar sem hann krefst þess hreinlega að sjálfstæðismenn á Alþingi og í ríkisstjórn beiti sér fyrir því að farið verði að því, og þetta frv. sé í takt við það sem landsfundur Sjálfstfl. ályktaði.

[16:14]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega styður Sjálfstfl. þetta merka frv. og annars hefði frv. væntanlega aldrei náð fram. Frjáls skoðanaskipti tíðkast innan Sjálfstfl. Þau verða alltaf viðhöfð. Ég veit ekki hvernig þetta er innan Samfylkingarinnar. En sem betur fer erum við með skiptar skoðanir á öllum málum. Það er hollt fyrir lýðræðið. Það er hollt fyrir alla flokka.

Varðandi það sem kemur fram í landsfundarályktuninni Sjálfstfl. þá stríðir þetta engan veginn gegn henni. Ég vil meina að í landsfundarályktun Sjálfstfl. séum við jafnvel komin aðeins lengra inn í einmitt þá framtíðarsýn sem ég var að benda á áðan, þ.e. að einhvern tíma verði fæðingarorlofið 12 mánuðir sem verði veitt til foreldra og þau geti ráðstafað því að eigin vild. Það er framtíðarsýn mín. En þetta er skref í átt að því markmiði.

[16:15]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það svo af því sem hér hefur komið fram og í því frv. sem hér er lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar með fullum stuðningi Sjálfstfl., að sjálfsögðu, að landsfundarsamþykktin um þetta hafi bara hreinlega verið röng og sjálfstæðismenn hafi séð að sér í því.

Hér er ekkert endilega um að ræða frjáls skoðanaskipti. Þau tíðkast náttúrlega í öllum flokkum. En þetta er svo nýleg samþykkt að það vekur auðvitað athygli þegar sveigt er af þessari leið og er í rauninni ekkert nema gott um það að segja ef framsóknarmönnum og hæstv. félmrh. hefur tekist að koma vitinu fyrir sjálfstæðismenn. Það er bara hið besta mál.

Hins vegar hrökk ég svolítið við það sem hv. þm. sagði í lok ræðu sinnar, þ.e. að framtíðarsýnin væri tólf mánaða fæðingarorlof. Ég er hjartanlega sammála því. En það kom líka fram að framtíðarsýnin væri sú að það væri fullt val foreldra hvernig þeir mundu taka það, þ.e. hvort annar aðilinn tæki það allt saman eða hvort því væri skipt eftir lögum. Þá erum við komin að því sem Heimdallarmenn eru að tala um. Þeir vilja hafa það svoleiðis, en ég efast um að það sé rétt leið til jafnréttis. Æðioft hefur verið talað um það úr þessum ágæta ræðustól að þetta atriði sé það sem nær kannski mest í jafnréttisátt, þ.e. að það muni ekki mismuna og konum verði ekki mismunað við ráðningu í störf vegna þess að þær eru konur og eiga kannski eftir að fara í barneignarfrí eftir smátíma, eins og hv. Blöndal — hv. þm. Pétur Blöndal ræddi um áðan — ekki Halldór Blöndal sem hér gekk hjá heldur Pétur Blöndal.

Ég hrökk því svolítið við seinni hluta annars ágæts andsvars hv. þm. vegna þess að ég hélt að þetta væri allt saman í takt við það sem við erum að tala um hér. En þetta er svolítið á skjön og meira í átt við það sem Heimdallur hefur verið að fjalla um.

[16:17]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit nú ekki hvaða kjaftæði ég er að hlusta á hérna. Ég vona að hv. þm. Kristján Blöndal hafi hlustað á mína ræðu hér áðan. — Nei, Möller. Blöndalinn er betri. Þetta er lykilatriði, sagði ég áðan, í jafnréttisbaráttunni að þessu sé skipt svona. Þetta er lykilatriði. En því miður erum við ekki komin nógu langt í þeirri jafnréttisbaráttu sem við stöndum í nú að við getum haft þetta eins og ég var að tala um hvernig framtíðarsýn mín er. Við skikkum ekki fólk. Ég held fast við framtíðarsýn mína og hún er sú að orlofið verði 12 mánuðir og fólk fái að velja hvernig það skiptir því. En við erum bara ekki reiðubúin núna. Þess vegna er þetta frv. mjög gott eins og það liggur fyrir nú. Þetta er lykilatriði.

Og það er gott að hv. þm. Kristján L. Möller átti sig á því að þessi réttur foreldra er ekki millifæranlegur. Það er alveg hárrétt.

Ég vil benda á það sem stendur m.a. í landsfundarályktun Sjálfstfl. vegna þess að það þýðir ekki bara að klippa hana saman eftir hentugleikum. Hér stendur m.a., með leyfi forseta:

„Landsfundur Sjálfstæðisflokksins skorar á stjórnvöld að *jafna rétt mæðra og feðra til fæðingarorlofs.*"

Síðan stendur líka í ... (Gripið fram í.) Nei, nei, það stendur hérna í ályktun um jafnréttismál. Þingmaðurinn verður að lesa allar ályktanirnar. Síðan stendur hér (**Gripið fram í:** Ganga bara í flokkinn.) einnig í kosningayfirlýsingunni, með leyfi forseta:

„Foreldrum á vinnumarkaði verði tryggður réttur til tíu mánaða fæðingarorlofs. Á kjörtímabilinu verði hvoru foreldri um sig tryggður réttur til fullra launa í a.m.k. þrjá mánuði. Sjálfstæðisflokkurinn vill að íslenskir stjórnendur *taki í auknum mæli tillit til nýrra lífshátta og þarfa fjölskyldunnar.* Þetta er sameiginlegt hagsmunamál fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls."

[16:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka framúrskarandi góðar viðtökur sem þetta mál hefur fengið í umræðunni í dag. Ég er búinn að vera hér síðan 1974 samfellt og ég man ekki eftir veigamiklu frv. sem hefur fengið jafneinróma stuðning og það mál sem hér er til umræðu.

Hraðinn á afgreiðslu frv. hefur verið gagnrýndur, þ.e. að hv. félmn. fái skamman tíma til að fara yfir málið og það er alveg rétt. En málið er hv. þingmönnum ekki ókunnugt. Á undanförnum þingum hafa fjölmörg þingmál verið flutt um þetta efni. Samtök atvinnulífsins hafa ályktað um málið, samtök launafólks líka og ýmsar tillögur hafa komið fram. Stórar nefndir hafa a.m.k. í tvígang fjallað um að reyna að koma skikkanlegri skipan á fæðingarorlofsmálin. En það hefur ekki orðið árangur fyrr en nú. Ég vil þakka öllum sem hafa komið að þessu máli. Frv. var samið í félmn. í samráði við ráðuneytisfólk úr fjmrn. og heilbr.- og trmrn. og viðkomandi ráðherra. Ég vil nota tækifærið til að þakka þeim öllum góð og sköruleg vinnubrögð.

Ég las markmiðsgrein frv. hér í upphafi en þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður.

Þá er lögum þessum ætlað að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf."

Þetta er meginmarkmið þessa frv. og ég legg ríka áherslu á rétt barnsins til umgengni við báða foreldra ef mögulegt er að koma því við. Ef mögulegt er að koma því við eiga börnin rétt í sjálfu sér til þess að umgangast báða foreldra.

Barnalögin eru í endurskoðun og ég geri mér vonir um að geta lagt fram í haust frv. sem afgreitt yrði næsta vetur til nýrra og bættra barnalaga og þar verður að sjálfsögðu tekið á þessum rétti barnanna. Samkvæmt þessu frv. er barninu tryggð, nema þá í undantekningartilvikum, sólarhringssamvist við foreldri í níu mánuði eða samvist í 18 mánuði ef foreldrar kjósa að halda hluta vinnu. Það er sem sagt bara í undantekningartilvikum að ekki er um níu mánaða sólarhringssamvist að ræða, þ.e. í fyrsta lagi ef barnið er ekki feðrað, í öðru lagi ef faðirinn er í útlöndum og kærir sig ekkert um barnið eða sinnir ekkert um það og í þriðja lagi ef forsjárforeldri neitar hinu forsjárlausa um rétt til töku fæðingarorlofs.

Nú háttar þannig til að úrskurðarnefnd er samkvæmt lögum þessum sett upp um fæðingar- og foreldraorlof og ég get vel hugsað mér að setja í reglugerð einhverja opnun þar sem fjallað væri um þessi undantekningartilvik þannig að einstætt foreldri gæti leitað til þessarar úrskurðarnefndar og rökstutt sitt mál þannig að litið yrði á þessar sérstöku kringumstæður. En ég held hins vegar að það sé allra hluta vegna mjög mikilvægt að barnið fái, ef þess er nokkur kostur, rétt til að umgangast báða foreldra.

Mér hefur á undanförnum dögum, og sjálfsagt fleirum alþingismönnum, borist staðlaður tölvupóstur frá hópi kvenna sem telja rétt sinn vera rýrðan með þessu frv., þ.e. þar er vitnað til þess að konur í þjónustu hins opinbera hafi samkvæmt lögum núna einar rétt á sex mánaða fæðingarorlofi, en nú sé rétturinn rýrður niður í þrjá mánuði þar sem þrír mánuðir þurfi að vera samkomulag við föðurinn. Þær telja það vera spor aftur á bak.

Ég tel nú fremur litla hættu á því að barnsfaðir færi að kúga undir sig þessa þrjá sameiginlegu mánuði ef konan vildi endilega vera heima. Ég tel frekar litla hættu á því. Það er erfitt að gera öllum til hæfis en mér finnst ekki ástæða til þess að gera mikið úr þeirri hættu.

Ég var fyrir þrem, fjórum árum kvaddur til yfirheyrslu hjá sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um mismunun gagnvart konum. Það var mikil upplifun að mæta fyrir þessari nefnd. Hún fór mjög vandlega yfir stöðu kvenna á Íslandi og yfirleitt fengum við framúrskarandi jákvæða meðhöndlun. Tvennt var talið að stæði upp á okkur og þyrfti úr að bæta. Það var í fyrsta lagi kynbundinn launamunur sem hér væri til staðar og ég tel að þetta frv., þegar að lögum verður, verði verulegt skref í þá átt að eyða þessum kynbundna launamun. Í öðru lagi var vakin athygli á réttleysi sveitakvenna sem sannarlega er líka til staðar.

Við samningu þessa frv. athuguðum við sérstaklega hvernig þetta sneri að konum í sveit eða bændakonum og í ljós kom að réttarstaða sveitakvenna er mjög mismunandi og í ýmsum tilfellum mjög bág, þ.e. sambúð, skráð eða óskráð, og hvort þær væru taldar fyrir búi. Það var því alveg ljóst að það þyrfti að meðhöndla með sértækum hætti. Ég vil leyfa mér að lesa hér úr skýringum við 13. gr. frv., með leyfi forseta:

„Makar bænda sem ekki eru formlega skráðir sem aðilar að búrekstri og starfa heldur ekki utan búsins hafa ákveðna sérstöðu þar sem þeir eru hvorki skilgreindir sem starfsmenn hjá búinu né sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999, er þeim hins vegar skylt að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda í samræmi við reiknuð laun þeirra í landbúnaði samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Vegna þessarar sérstöðu er nauðsynlegt að meðhöndla þá sérstaklega þar sem tekjuöflunarmöguleikum þeirra eru víða þröngar skorður settar. Verður því frá jafnréttissjónarmiði að meta vinnuframlag þeirra á búinu sem a.m.k. 50% starfshlutfall. Þessi sérstaða á hvorki við um þá maka sem vinna utan bús í 50% starfi eða hærra starfshlutfalli né heldur um þá sem eru formlegir aðilar að búrekstri."

Sé kona ekki formlegur aðili að búrekstri fær hún 75 þúsund á mánuði að lágmarki.

Hér var varpað fram spurningu kannski í hálfkæringi um hvernig ætti að fara með ráðherra sem eignaðist barn, þ.e. konu sem væri ráðherra og eignaðist barn og henni væri skylt að vera heima eða vera hjá barninu fyrsta hálfa mánuðinn. Ég sé nú ekki að þetta sé mjög flókið vandamál. Ráðherra mundi hún vera eftir sem áður þó að hún væri heima hjá sér alveg eins og ráðherra sem verður veikur heldur áfram að vera ráðherra þó að hann þurfi tímabundið að dvelja á sjúkrahúsi t.d. Starfsfólk í ráðuneytum eða aðstoðarmaður ráðherra leysir hin daglegu viðfangsefni í samráði væntanlega við viðkomandi ráðherra. Ef t.d. þyrfti að standa fyrir máli ráðuneytisins á Alþingi þá getur einhver annar úr ráðherrahópnum, t.d. formaður viðkomandi flokks, leyst það verkefni.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á það hvar ætti að vista Fæðingarorlofssjóðinn. Það var satt að segja nokkurt umhugsunarefni. Mér fannst alveg koma til greina að vista Fæðingarorlofssjóðinn hjá Vinnumálastofnun og þá með sérstöku tilliti til þess að þá hefði ég vald á því að láta vinnuna fara fram að verulegu leyti t.d. úti á landi. Þetta varð nú ekki að ráði og menn mátu það meira að Tryggingastofnun hefði yfir að ráða vélakosti og þjálfun og hluti af málinu væri nú þegar hjá Tryggingastofnun þannig að eðlilegra væri að vista þetta hjá Tryggingastofnun jafnvel þó að peningarnir kæmu að svona miklu leyti úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem er vistaður í félmrn.

Hv. þm. gat um þáltill. sem hann hefur flutt og er til meðferðar í hv. allshn. um að kanna það að færa verkefni milli ráðuneyta. Sérstaklega er bent, ef ég man rétt, í tillögunni á að færa Tryggingastofnun til félmrn. Við sendum mjög jákvæða umsögn frá félmrn. til allshn. um þessa tillögu. Ég tel að flest verkefni Tryggingastofnunar færu best hjá félmrn. En það er önnur saga.

Ég þakka enn og aftur fyrir framúrskarandi góðar viðtökur á þessu máli og lifi í voninni um að það nái afgreiðslu og verði að lögum áður en þingi lýkur í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsréttindi tannsmiða, 2. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 246, nál. 1011, brtt. 1012, 1073 og 1074.

[16:34]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. hv. iðnn. við frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða.

Frá því að málinu var vísað eftir 1. umr. til nefndarinnar hefur nefndin lagt töluverða vinnu í þetta mál, fengið fjölmarga gesti á sinn fund og að auki skriflegar umsagnir, þar á meðal umsögn frá hv. heilbrn. þingsins. Það er ástæða til að þakka þeim aðilum fyrir þeirra framlag við vinnslu málsins.

Tilefni þessa frv. er, eins og fram kemur í greinargerða með frv., að með dómi Hæstaréttar frá 7. des. 1995 er í rauninni komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé á grundvelli gildandi laga heimilt að leyfa tannsmiðum að starfa sem sjálfstæðri stétt þrátt fyrir ákvæði um atvinnufrelsi í stjórnarskránni. En rökin fyrir þessari niðurstöðu dómsins eru þau að ekki hafi verið sett sérstök lög um tannsmiði. Þetta mun eiginlega vera það sem rekur frv. af stað og hingað inn til þingsins.

Frv. gerir ráð fyrir því að tannsmiðum með meistararéttindi verði veittur réttur til að vinna sjálfstætt í iðngrein sinni án þess að þurfa að treysta á úthlutun verkefna frá tannlæknum. Það er í rauninni grunnhugsunin í frv. að tannsmiðir með meistararéttindi fái þennan sjálfstæða rétt til þess að starfa í sérstakri iðngrein. Til þess að fá þennan rétt verði meisturum í tannsmíðum, auk meistaranámsins, gert skylt að sækja námskeið til starfsréttinda eftir nánari ákvörðun sem iðnrh. setur. Þar er sérstaklega átt við 133 tíma námskeið þar sem lögð er áhersla á grunnatriði í meinafræði munnhols, sem og mótataka og mátun.

Þá segir jafnframt í frv. að iðnrh. geti skyldað tannsmiði í vissum tilvikum, þrátt fyrir þessi ákvæði um sjálfstæði þeirra, til að vinna ákveðinn hluta starfs síns í samráði við tannlækna.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að í iðnaðarráðuneytinu er fyrirhugað að takmarka rétt tannsmiða samkvæmt frumvarpinu með reglum þannig að ef einhverjar tennur eru í munnholi viðskiptavinar verður tannsmiður að hafa samráð við tannlækni við smíði tanngóms eða tannparts fyrir viðkomandi viðskiptavin. En það er rétt að leggja á það áherslu að viðkomandi tannsmiður skuli hafa samráð. Ábyrgðin er tannsmiðsins. Það er grundvallaratriði í þessu frv. og undir það álit tekur í rauninni hv. iðnn.

Í frumvarpinu er það gert að skilyrði fyrir því að tannsmiðir með meistararéttindi geti starfað sjálfstætt að ekki séu sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar. Töluverð umræða varð um þetta í nefndinni, m.a. ekki síst hvað varðar meint krabbamein í munnholi. Eftir mjög ítarlega umræðu innan nefndarinnar komst hún að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að gera þá kröfu að við fyrstu heimsókn viðskiptavinar til tannsmiðs skuli viðskiptavinurinn framvísa læknisvottorði. Rétt er að leggja áherslu á það að nefndin komst að þeirri niðurstöðu að framvísa bæri læknisvottorði, annaðhvort frá almennum lækni ellegar tannlækni. Í rauninni er það ein af þeim brtt. sem hv. iðnn. gerir við frv., þ.e. að viðskiptavinur skuli leggja fram læknisvottorð við fyrstu heimsókn til tannsmiðs.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tannsmiðir með meistararéttindi geti á eigin ábyrgð smíðað og gert við tanngóma og tannparta. *Fulltrúar Tannlæknafélags Íslands og tannlæknadeildar háskólans gerðu verulegar athugasemdir við* þetta atriði í heimsókn sinni til nefndarinnar og í skriflegri umsögn um málið. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu til þess að koma til móts við þetta sjónarmið Tannlæknafélagsins og tannlæknadeildarinnar að 1. gr. frv. verði breytt á þann veg að við smíði tannparta þurfi tannsmiður að starfa í samvinnu við tannlækni. Á það er lögð áhersla, þ.e. í samvinnu við tannlækni. En það breytir engu að síður ekki því að meginábyrgðin er hjá hinni sjálfstætt starfandi stétt, tannsmiðum.

Mikil umræða varð innan nefndarinnar og hefur svo sem verið, m.a. í fjölmiðlum, um það hvort tannsmiðir skuli flokkast sem heilbrigðisstétt eða iðnstétt svo sem verið hefur. Það kemur m.a. fram í umsögn hv. heilbr.- og trn. þar sem hún mælir með því að hér verði um heilbrigðisstétt að ræða. Hv. iðnn. kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu í samræmi við útgangspunkt frv. að meginþorrinn af starfi tannsmiða sé iðnaðarstarf og gerir þess vegna ekki breytingar hvað þennan þátt áhrærir og lítur á tannsmiði sem iðnstétt áfram eða iðngrein.

Hins vegar er auðvitað mikil skörun. Það er mikil snerting á milli heilbrigðisstétta, getum við sagt, og þessarar iðnstéttar sem tannsmiðir eru samkvæmt frv. og samkvæmt hefðinni, m.a. og ekki síst við mótatöku í munnholi. Þess vegna er í frv. gert ráð fyrir sérstöku 133 tíma námskeiði í heilbrigðisfræðum, ef svo má segja, fyrir verðandi tannsmiði og það er m.a. þess vegna sem hv. iðnn. gerir þá breytingu við frv. að ráðherra, þ.e. iðnrh., skuli að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, setja reglur um að hluti af starfi tannsmiða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis, m.a. eftirlit landlæknis.

Þarna herðir iðnn. í raun nokkuð á ákvæðum frv. þar sem í upphaflegu frv. er talað um að ráðherra geti, þá tekur hv. iðnn. af skarið og segir að ráðherra skuli setja þessar reglur.

Eftir að málið hafði formlega verið afgreitt út úr nefndinni kom fram ábending um að gera þyrfti dálitlar tæknilegar breytingar og að höfðu samráði við hv. nefndarmenn var lögð fram brtt. í rauninni við brtt. þar sem kveðið er á um það, eins og fram kemur á þskj. 1073, að við 2. tölul. brtt. á þskj. 1012, verði í stað orðanna „m.a. eftirlit landlæknis“ — og þar er höfðað til þess að landlæknir skuli m.a. hafa að einhverju leyti eftirlit með starfsemi tannsmiða — tilgreint hvaða þættir það eru sem landlæknir þarf að hafa eftirlit með. Þar er í rauninni verið þar að herða á og taka af allan vafa um að landlækni sé heimilt og að landlæknir skuli fylgjast með tilteknum þáttum í starfi tannsmiða. En þá kom jafnframt fram sú ábending að með hliðsjón af lögum um heilbrigðisþjónustu þyrfti að opna fyrir þessa heimild fyrir landlækni til þess að geta sinnt því eftirliti sem hér hefur verið fjallað um. Um það fjalla brtt. við brtt., þær sem komu fram síðar og samþykkt var hér á þinginu að kæmust á dagskrá.

Til þess að taka af allan vafa um tengsl tannsmiða við heilbrigðisstéttir gerir nefndin þá brtt. við frv., eins og ég hef hér greint frá, að iðnrh. skuli setja reglur um að hluti af starfi tannsmiða skuli unnið í samstarfi við tannlækni. Jafnframt er kveðið á um eftirlit landlæknis með tannsmiðum, eins og hér hefur verið rakið.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla mikið frekar um málið og vísa í þau þingskjöl sem hér liggja fyrir, þ.e. nefndarálitið á þskj. 1011 og jafnframt þskj. 1012 og 1073 þar sem eru brtt. hv. iðnn. og brtt. við brtt.

Undir nefndarálitið ritar sá sem hér stendur, formaður nefndarinnar, ásamt hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni, Drífu Hjartardóttur, Pétri H. Blöndal, Árna Steinari Jóhannssyni og Rannveigu Guðmundsdóttur. Hv. þm. Árni Ragnar Árnason og Ásta R. Jóhannesdóttir rita undir nefndarálitið með fyrirvara.

Nefndin lítur svo á, eins og fram kom í máli ýmissa gesta nefndarinnar og í skriflegum umsögn, að með því að veita tannsmiðum þennan sjálfstæða vinnurétt sé í rauninni verið að innleiða samkeppni milli tannlækna og tannsmiða hvað varðar tannsmíði. Það er trú manna að sú samkeppni muni hafa í för með sér töluvert hagræði og sparnað, jafnt fyrir einstaklinga, ekki síst eldri borgara sem oft á tíðum þurfa á þjónustu tannsmiða að halda, en ekki síður fyrir ríkissjóð. Það sjónarmið hlýtur að hafa eitthvað að segja.

Að lokum, herra forseti, er rétt að taka fram og benda á að fram til þessa hafa tannsmiðir í raun ekki borið faglega ábyrgð á verkum sínum, heldur hefur sú faglega ábyrgð legið hjá öðrum, þ.e. hjá tannlæknum sem tannsmiðir hafa unnið í samstarfi við og það eru þeir tannlæknar sem hafa þá verið ábyrgir fyrir vinnu þeirra. Það er trú hv. nefndar að með því að tannsmiðum verði veitt heimild til að starfa sjálfstætt sé fagleg ábyrgð þeirra á öllum þáttum vinnunnar sem að þeim snýr aukin og álit nefndarmanna er að það sé til bóta.

Herra forseti. Ég held ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um þetta og vonast til þess að málið fái farsæla framgöngu.

[16:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. formanns iðnn. skrifaði ég undir þetta nál. um frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða með fyrirvara og áskildi mér rétt og tilkynnti þar að ég mundi leggja fram tillögur til breytinga í samræmi við niðurstöðu heilbr.- og trn. Nú vill svo til að ég á sæti bæði í iðnn. sem fjallaði um málið og var með forræði á því, og einnig í heilbr.- og trn. sem fékk málið til umsagnar og umfjöllunar. Eins og fram kemur í nefndarskjölum og kom reyndar fram í framsögu um málið við 2. umr., tók iðnn. þetta mál til mjög gagngerrar umfjöllunar og sömuleiðis heilbr.- og trn.

Mig langar til að geta hérna nokkurra atriða sem ég tel að þurfi að koma fram í umræðunni og varða umfjöllun þessara tveggja nefnda um málið.

Í iðnn. var nokkuð rætt um heilbrigði munnhols og ýmsa sjúkdóma sem geta greinst í munnholi og þar var krabbamein mjög til umræðu en í heilbr.- og trn. voru ýmsir aðrir sjúkdómar og kvillar ræddir sem geta hrjáð fólk og þá sérstaklega fólk sem þarf síðar á þjónustu tannsmiða að halda. Mig langar til að lesa upp niðurstöðu heilbr.- og trn. sem ég er fullkomlega sammála í þessu máli. En heilbr.- og trn. var algjörlega sammála í málinu og hún komst að eftirfarandi niðurstöðum:

„Lagt er til að starfsemi tannsmiða, sem öðlast hafa meistararéttindi, verði háð starfsleyfi frá heilbrigðisyfirvöldum. Umrædd starfsemi tannsmiða varðar heilbrigði fólks og því telur nefndin nauðsynlegt að skýr tenging verði við heilbrigðisstéttina. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að landlæknir hafi eftirlit með þessari starfsemi jafnframt annarri heilbrigðisstarfsemi og því geti tannsmiðir ekki alfarið heyrt undir iðnaðarlöggjöfina.

Lagt er til að heilbrigðisvottorð tannlæknis liggi fyrir áður en tannsmiðir hefjist handa við vinnu í munnholi sjúklings. Þannig væri það á ábyrgð tannlæknis að meta almennt ástand munnhols.

Lagt er til að tannsmiðir vinni ekki að gerð tannparta á eigin ábyrgð. Við tannpartagerð reynir, að mati nefndarinnar, á sérhæfða þekkingu sem tannlæknar einir hafa, svo sem á slípun tanna."

Síðan er lögð til breyting á frv. sem reyndar er búið að gera grein fyrir hér og var tekin upp í brtt. iðnn.

Ég tel að þær brtt. sem koma frá iðnn. séu ágætar svo langt sem þær ná. En þær ganga ekki eins langt og heilbr.- og trn. lagði til og þar vil ég nefna atriðið um að starfsemi tannsmiða, þ.e. sú starfsemi sem varðar sjálfstæð störf tannsmiða sem eru með meistararéttindi verði háð leyfi heilbrigðisyfirvalda, og ég hafði hugsað mér að koma með brtt. sem skerpti á því atriði. Aftur á móti hefur iðnn. komið með brtt. við brtt. sem komnar voru fram í þinginu og samkvæmt þeim brtt. skil ég málið svo að starfsemi sjálfstætt starfandi tannsmiða heyri undir eftirlit landlæknis. Ég treysti því að svo verði vegna þess að þar sem vinna þeirra í munnholi varðar heilbrigði er mjög mikilvægt að það heyri undir eftirlit landlæknis, bæði hvað varðar heilbrigðisvottorð og annað það er snýr að heilbrigðisyfirvöldum. Þess vegna vil ég taka fram því að það stendur í nál. að heilbrrn. setji reglur um sóttvarnir og starfsaðstöðu þeirra tannsmiða sem lokið hafa fyrirhuguðu námskeiði til starfsréttinda, þ.e. að þátturinn sem heyrir undir heilbrigðisyfirvöld sé tiltekinn, starfsaðstaðan og sóttvarnir. En ég tel mjög mikilvægt að víðtækara eftirlit heyri undir landlækni. Er það skilningur minn og fleiri heilbrigðisnefndarmanna, að ég tel, að þarna sé verið að koma til móts við þann vilja heilbr.- og trn. enn frekar.

Annað sem kom mjög sterkt fram í heilbr.- og trn. var að ýmsir sérfræðingar sem komu á fund nefndarinnar töldu rétt að heilbrigðisvottorð væri frá tannlækni en ekki aðeins frá almennum læknum. Reyndar tók ég eftir að hv. formaður iðnn. gat þess í máli sínu að gert væri ráð fyrir að vottorð yrði að vera frá lækni eða tannlækni. Meðal annars kom fram í máli Hrafns V. Tuliniusar frá Krabbameinsfélaginu og einnig aðstoðarlandlæknis sem komu á fund nefndarinnar að almennt væru það tannlæknar sem hefðu sérþekkingu á heilbrigði munnhols og því væri eðlilegt að óskað væri eftir vottorði frá tannlækni. Þess vegna hef ég ásamt hv. þm. Þuríði Backman og hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur sem eiga sæti í heilbr.- og trn. lagt fram brtt. á þskj. 1074 þar sem skerpt er á þessu atriði og tekin eru af öll tvímæli um að heilbrigðisvottorðið um heilbrigði munnhols verði frá tannlækni. 1. mgr. 1. gr. orðist því eins og hún er í brtt. frá iðnn., nema að styðjast verður við heilbrigðisvottorð frá tannlækni um að meðfæddir gallar eða sjúklegar breytingar séu ekki til staðar í munnholi og höfum við lagt þær brtt. fram við málið.

Í frv. er gert ráð fyrir að tannsmiðir fari í nám eins og klíniskir tannsmiðir fá í Danmörku, þ.e. þeir tannsmiðir sem starfa sjálfstætt við mótagerð og smíðar á gervitönnum og gómum. Ég er ekki viss um að þekking tannsmiðs að loknu 133 tíma námi sé sambærileg við þekkingu tannlæknis sem er með margra ára nám við að meta heilbrigði munnhols, en engu að síður er þetta auðvitað mjög jákvætt og nauðsynlegt. Mig langar til að geta þess hér að þeir tannsmiðir í Danmörku sem hafa öðlast þessa menntun, þ.e. klíniskir tannsmiðir, þurfa að fá starfsleyfi hjá heilbrigðisyfirvöldum og eru heilbrigðisstétt í Danmörku. Það er því ekki óeðlilegt að hið sama væri uppi á teningnum hér. En eins og ég sagði áðan er mjög komið á móts við það í þessari brtt. eða a.m.k. skil ég hana á þann hátt.

Vissulega er mikilvægt að viðurkenna störf tannsmiða því að þetta er mjög mikilvæg stétt þó að þróunin sé sú í löndunum í kringum okkur, og ég býst við að svo verði hér líka, að fólk haldi tönnum sínum lengur og jafnvel út ævina

og vona ég að svo verði, enda er tannheilsa Íslendinga mjög góð og til fyrirmyndar. Ég tel að þróunin hljóti að verða á sama hátt á Íslandi og annars staðar og þá muni það heyra sögunni til að fólk sé með lausa heilgóma í framtíðinni, a.m.k. vona ég það.

Engu að síður vildi ég geta þess að það eru þessi tvö atriði sem ég helst geri athugasemdir við. Ég tel að þeir sem fást við heilbrigðismál í munni, eins og þarna er á ferðinni, þurfi að heyra undir heilbrigðisyfirvöld og sömuleiðis eftir þær upplýsingar sem komu fram í heilbr.- og trn. tel ég að tannlækni þurfi til að meta heilbrigði munnhols áður en tannsmiður hefst handa við mótagerð og smíðar á heilgómum.

[16:58]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að með brtt. hv. iðnn. er komið til móts við m.a. sjónarmið hv. heilbrn.

Tengslin við heilbrigðisstéttir eru í rauninni afskaplega skýr samkvæmt frv. Það er í fyrsta lagi með sérstöku námskeiði á námstíma áður en tannsmiðir fá full starfsréttindi. Jafnframt er það ákvæði að viðskiptavinir skuli leggja fram læknisvottorð — ég undirstrika læknisvottorð. Jafnframt eru náin tengsl þar sem kveðið er á um samstarf í ákveðnum tilvikum tannsmiða við tannlækna og síðan eftirlitsþáttur landlæknis, þ.e. með sóttvarnaþættinum og þeim þáttum sem snerta samstarfið við tannlækna. En rétt er að leggja áherslu á og ítreka að meginþorrinn af starfi tannsmiða er iðnaður og þess vegna kemst hv. iðnn. að því að hér sé um iðnaðarmál að ræða og sjálfstætt starfandi iðnstétt.

Hvað varðar spurninguna um vottorð frá tannlækni eða öðrum læknum þá kom m.a. fram í máli tryggingatannlæknis að að öllu jöfnu gerist það til allrar hamingju mjög sjaldan að tannlæknar sjái krabbamein í munnholi og nefndi jafnvel dæmi um einu sinni á starfsævi í sumum tilvikum. Með öðrum orðum, að í daglegu starfi sínu eru tannlæknar ekki mjög þjálfaðir í að greina einkenni krabbameins ekki fremur en t.d. almennir læknar. Þá er líka rétt að vekja athygli á því að með því að stéttin sé sjálfstæð koma viðskiptavinir fyrst til tannsmiða og því er mikilvægt fyrir þá að geta haft vottorð og vísað viðskiptavinum sínum þá til tannlækna ef minnsti grunur kviknar.

[17:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli mínu snerist umræðan í heilbr.- og trn. ekki eingöngu um krabbamein í munnholi, sem betur fer er það ekki mjög algengt þó það sé að aukast. Það kom fram í heilbr.- og trn. að ýmsir aðrir kvillar hrjáðu þá sem nota gervitennur. Þar nefndu menn ýmsa mjög algenga sjúkdóma til sögunnar en töldu eins og fram kom hér krabbamein ekki vera aðalatriðið, enda eru ýmsir aðrir sem finna krabbamein í munnholi en tannlæknar þó að oft séu dæmi um það. Ýmsir aðrir kvillar finnast, alls konar bólgur eftir tannbrot, alls konar sveppasýkingar og kvillar sem ég kann ekki að nefna hér, enda er ég ekki sérfræðingur í sjúkdómafræði munnhols. Mér fannst vera lögð mun meiri áhersla á aðra sjúkdóma en krabbamein í heilbrn. Það er ástæðan fyrir því að við leggjum til þessa tillögu um vottorð frá tannlækni, þ.e. sú að þetta eru sjúkdómar í munnholi sem tannlæknar eru sérfræðingar í. Hún er á þskj. 1074.

Varðandi eftirlit landlæknis vildi ég gjarnan fá fram hér frá hv. formanni nefndarinnar hvort ekki sé rétt að einnig heyri undir landlækni allt sem varðar heilbrigði munnholsins. Það snýr að þeim læknisvottorðum sem óskað er eftir varðandi heilbrigði þar sem fólk ætti að geta snúið sér til landlæknis og kvartað ef eitthvað bjátar á hvað þann þátt varðar.

[17:03]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það svo að eftirlit landlæknis nái til þeirra snertiflata milli iðnstéttarinnar og heilbrigðisstéttarinnar, hvort heldur um er að ræða vottorð frá tannlækni eða almennum lækni um sóttvarnir og vinnu í samstarfi við tannlækni. (**ÁRJ:** Og heilbrigði tannholds.) Já, já, eftirlitið nær til þessara þátta. Það hefur komið fram.

Í viðræðum hv. iðnn. við ýmsa gesti sína, þar á meðal fulltrúa Tannlæknafélagsins og tannlæknadeildar Háskólans, lögðu menn mesta áherslu á að greina krabbamein, þeir lögðu þyngsta áherslu á það. Ég tel að því hafi þegar verið svarað í fyrra andsvari mínu.

Þá er líka rétt að benda á reynsluna sem fengist hefur af tannsmiðum og vísa til þeirrar sérstöku menntunar og þjálfunar sem tannsmiðum er ætlað til að greina sjúkdóma. Vandi fylgir vegsemd hverri og ábyrgðinni fylgir það auðvitað að kvikni minnsti grunur um slíkan kvilla, þegar viðskiptavinur kemur til tannsmiðs, þá hlýtur faglegur og metnaðarfullur tannsmiður að vísa viðskiptavini sínum strax til tannlæknis. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað.

[17:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekki um að tannsmiðir vinni sína vinnu vel og samviskusamlega. Aftur á móti snýr þetta að fagþekkingu og vissulega er það til bóta að fara á námskeið til að læra um heilbrigði munnhols. Það er hins vegar aldrei sambærilegt við margra ára tannlæknanám sem er eins og fram hefur komið í iðnn. og heilbr.- og trn. mun lengra og víðtækara nám en það sem hér er verið að tala um. En það er vissulega rétt að þetta er menntun sem krafist er af þeim sem ætla að sinna þessu starfi, þ.e. vinna við mótatöku uppi í munni sjúklings.

Herra forseti. Ég held að ég sé ekkert að lengja þessa umræðu frekar. Aftur á móti tel ég mig hafa fengið hér þau svör frá formanni nefndar að eftirlit landlæknis varði fleiri þætti en aðeins sóttvarnir og starfsaðstöðu. Honum beri að hafa eftirlit með öllum þeim þáttum sem varða heilbrigði þeirra sem leita til tannsmiða. Ég tel það vera viðunandi að heilbrigðisyfirvöld sinni því eftirliti.

[17:06]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hef ég gert fyrirvara við afstöðu mína til afgreiðslu málsins úr hv. iðnn. Ég vil þess vegna gera grein fyrir sjónarmiðum mínum.

Rétt er að geta þess í upphafi að kveikjan að þessu máli og mörgum málum þessa efnis á fyrri þingum munu vera árekstrar milli tannsmiða og tannlækna, ítrekaðir, harðir og erfiðir. Við höfum ekki orðið vör við ámóta árekstra, ámóta harða eða erfiða úrlausnar, í samskiptum tannlækna og annarra samstarfsstétta þeirra. Hvað veldur vitum við ekki og skiptir okkur ekki máli í umfjöllun um þetta mál. Hins vegar skiptir máli að við getum haldið þannig á málum af þessu tagi að hver og ein fullburða stétt í landinu hafi opnar leiðir til að afla sér aukinnar menntunar og aukinna réttinda og geti sem fullburða stétt haft sjálfstæð réttindi til að stunda viðskipti sín og þjónustu.

Þess verður að geta að uppi hefur verið veruleg tortryggni um þetta mál. Við verðum að viðurkenna að þótt við höfum ólíkar skoðanir um lagalegt umhverfi þessara stétta þá ber okkur að gæta þess að stéttirnar haldi sjálfstæði sínu og geti veitt þjónustu sem hæf sé til að standast sambærileg skilyrði, en nálgun þeirra kann að vera ólík, enda menntaðar eftir ólíkum leiðum. Grundvöllur þess að við höfum fjölbreytni og samkeppni á markaði er að fólk geti farið ólíkar leiðir til að ná fram menntun sinni og kunnáttu. Enda er viðurkennt að þar sem samkeppni er í raun og veru virk sé nálgun stéttanna ólík.

Ég tel skipta máli, herra forseti, að við lítum á samhengið og það umhverfi sem stéttirnar starfa í og þar liggur efni fyrirvara míns. Ég tel einfaldlega að öll sú menntun sem við gerum kröfu um að þessar stéttir afli sér og prófun á kunnáttu þeirra og þekkingu snúi að heilsufari en ekki iðnaði. Ég geri þann greinarmun á iðju eða iðnaði annars vegar og heilbrigðisþjónustu hins vegar. Þegar ég fer til tannsmiðs þá er ég að leita mér heilbrigðisþjónustu. Ég óska þess að hann eða hún hafi næga þekkingu á því sviði. Til upplýsingar skal ég geta þess að ég hef þurft slíka þjónustu frá því ég var barn eftir smávægilegt slys. Ég er sem sagt sæmilega kunnugur þjónustu sem þessari.

Hitt atriðið sem ég tel skipta máli er að ég óska þess að allar þær stéttir sem veita mér eða mínum þjónustu sem varðar heilsu okkar verði heilbrigðisstéttir, þær starfi allar við ákvæði heilbrigðislöggjafar og njóti aðhalds af eftirliti heilbrigðisyfirvalda, þar á meðal ráðuneytisins, landlæknis og annarra stofnana.

Tortryggnin sem komið hefur fram og sáð hefur verið er varðandi námið, herra forseti, í því sambandi vil ég geta þess að eftir alla umræðuna og mikla umfjöllun hv. iðnn. er mér ekki fyllilega ljóst hvaða nám og hvaða próf er ætlast til að þessar stéttir afli sér og sýni fram á þekkingu sína. Ég vil einfaldlega segja að ég tel að við sem neytendur og við sem löggjafi eigum að vera viss um að allt námið, hverjar sem námsleiðirnar eru, sé nægjanlegt og viðhlítandi. Það þarf að veita nægjanlega þekkingu í þeim atriðum sem ég hef nefnt. Ég hef engar athugasemdir við að stétt eins og tannsmiðum verði gert kleift að afla sér réttinda til sjálfstæðs starfs. Það tel ég sjálfsagt og eðlilegt.

Ég tel að þau atriði sem ég hef gert að umtalsefni geti átt við um fleiri stéttir en tannsmiði. Þess vegna tel ég það ekki skipta máli um framgang þessa máls heldur eigi síðar að taka upp heilbrigðislöggjöfina í ljósi sjónarmiða af þessu tagi.

Við eigum ekki að fjalla um þjónustu eftir því hvort hún er iðnaður eða ekki, heldur hvaða skilyrði á að gera um gæði og öryggi í þjónustunni. Að því leyti til hefur hugtakið iðnaður og hugmyndafræði iðnaðar afskaplega lítið með tannsmíði að gera. Hugtakið heilbrigðisþjónusta og hugmyndafræði heilbrigðisþjónustu er hins vegar fært um að setja alla mælikvarða um það. Að því eigum við að gæta í framhaldinu.

[17:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af þeim málum sem ekki flokkast sem flokkspólitísk. Menn hafa gjarnan skoðun á slíkum málum sem einstaklingar og þau eru því jafnvel afgreidd þverpólitískt og óháð stjórn og stjórnarandstöðu, enda er mál af þessum toga ekki hefðbundið stjórnarmál sem slíkt.

Það hefur verið mjög fróðlegt að vinna með þetta mál í hv. iðnn. Ég verð að segja eftir þá meðferð sem málið hefur fengið þar, þá finnst mér að þar hafi farið fram ágæt vinna.

Vegna þeirra orða sem féllu hér hjá hv. þm. Árna Ragnari Árnasyni þá fengu fræðslumálin talsvert rými í umræðu í nefndinni. Sérstaklega var reynt að gera samanburð við fræðslukröfur í Danmörku og okkur var ljóst að á sumum sviðum voru tannsmiðir sem hér störfuðu með meiri menntun en þeir sem störfuðu í Danmörku. En að öðru leyti og í ákveðnum þáttum var æskilegt að þar væri meira nám að baki. Þess vegna höfum við verið þeirrar skoðunar að ákveðin námskeið þurfi til að við séum sátt við þessi mál í framtíðinni.

Mikil umræða fór fram um fræðslumálin og talsvert mikil umræða var um tannpartana og vinnu í munnholi, hvenær hún er á verksviði tannlækna og hvenær nauðsyn er á samráði við tannlækna. Það var óumdeilt af hálfu þeirra sem í nefndinni starfa að um leið og fara þarf með verkfæri eins og bor upp í munn á fólki þá sé að sjálfsögðu komið inn á verksvið tannlækna. Sjálfstæð smíði tannparta sem festir eru á tennur sem fyrir eru í munni er nauðsynlegt að sé í samvinnu og samráði við tannlækni.

Mitt mat er að nefndin hafi komist að mjög ásættanlegri niðurstöðu í þessu máli. Hún flytur brtt. og meginmálsgrein frv. hljóðar þá svo, með leyfi forseta:

„Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni."

Greinin er orðin nokkuð skýr og skilur á milli þess sem nefndin telur að sé ásættanlegt að sé á verksviði tannsmiðs og þess sem hann þarf að hafa samvinnu og samráð við tannlækni. Þannig er verið að fela tannsmiðum sjálfstætt að annast töku móta, mátun og smíða heilgóma. Hins vegar er þeim ekki heimilt að vinna sjálfstætt að frumsmíði tannparta, en þeim er heimilt að vinna sjálfstætt að viðgerð á tannpörtum.

Ég er sammála því sem hefur verið sagt um að tannsmíði sé iðngrein og ég hef unnið með þetta mál í iðnn. sem slíkt, enda væri málið ekki í iðnn. ef hér væri um hefðbundið heilbrigðismál að ræða. Eðli máls samkvæmt töldum við í iðnn. sjálfsagt að óska eftir umsögn heilbrn. og tókum tillit til þeirrar umsagnar eins og okkur þótti við eiga miðað við þá afstöðu sem við höfum til þessa máls.

Hér hafa komið fram brtt. umfram það sem kemur frá iðnn. Þær lúta að því að afgreiðsla sé eins og sú sem iðnn. hefur gert á meginmálsgrein frv. að öðru leyti en því að í stað læknisvottorðs skuli gera kröfu um heilbrigðisvottorð tannlæknis. Ég tel ekki rétt að binda læknisvottorðið við tannlækna. Ég tel að læknisvottorð geti verið hvort heldur er frá heimilislækni, öðrum sérfræðingi eða tannlækni. Þannig lít ég á hefðbundið ferli okkar heilbrigðiskerfis að ef krankleika ber að höndum þá byrjum við gjarnan hjá okkar heilsugæslulækni sem þekkir okkur og hefur skoðað okkur í áranna rás. Hann metur eftir þá skoðun hvort ástæða er til að vísa okkur annað. Ég treysti því mati. Ég treysti því að ef einstaklingur sem ætlar að láta smíða upp í sig góm fer til læknis og biður hann að skoða hvort munnholið sé í góðu lagi og þar er eitthvað undarlegt að sjá þá vísi sá læknir honum áfram. Þannig hef ég treyst mínum heimilislækni um margra áratuga skeið og þetta tel ég eðlilegt. Hitt tel ég of

þröngt og ekki sanngjarnt. Ég tel að þarna eigi að vera þetta val. Það er ágætt ef sá sem ætlar að láta smíða upp í sig ákveður sjálfur að hann vilji endilega hafa tannlækni með í ráðum og láta hann skoða munninn sinn. Þá gerir hann það. Þannig hefur iðnn. afgreitt málið og það er neytandandum í sjálfsvald sett hvar hann byrjar á sama hátt og við eigum kost á því þegar við finnum til að fara þá leið sem ég hef þegar lýst og byrja á okkar heimilislækni eða ákveða sjálf hvaða sérfræðingur það ætti nú að vera sem við viljum helst láta líta á okkur núna með tilliti til þess sem við hugsum að geti verið að og við höfum leyfi til að fara beint til hans. Reyndar er það svo með sérfræðingana að þeir eru gjarnan dýrari kostur ef við förum beint til þeirra. En þarna er það val sem við erum mjög oft að halda á lofti hér í þessum sal.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Ég er mjög sátt við umfjöllunina. Mér finnst að við í iðnn. höfum farið nokkuð faglega með þetta mál. Ég er ánægð með að heilbr.- og trn. skuli hafa skoðað það og sent okkur umsögn þó ég sé ósammála því áliti að það skuli binda vottorðið við tannlækni. Í nefndaráliti kemur fram að tannsmiðum er með þessu frv., þegar að lögum verður, veitt heimild til að starfa sjálfstætt og bera faglega ábyrgð. Sú ábyrgð er þá lögð á þeirra herðar. Að sumu leyti verða þeir að hafa samvinnu við aðra og að sumu leyti verða þeir að lúta eftirliti heilbrigðiskerfisins. Við höfum áréttað það og verið sammála um að iðnrh. og heilbrrh. skuli hafa samvinnu um þær reglur sem eru settar í þessu máli.

Mér finnst að hér sé verið að búa tannsmiðum mjög sanngjörn starfsskilyrði. En mér finnst að ef við gerum kröfu um heilbrigðisvottorð tannlæknis þá sé það ekki sú sanngirni sem ég hef á tilfinningunni að ríki í afgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja. Aðrir hafa farið mjög vel og ítarlega yfir málið. Ég ætla ekki að endurtaka það. Mér finnst þetta vera þeir þættir sem fólk er enn þá að velta fyrir sér og hef skýrt sjónarmið mitt varðandi þá.

[17:21]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þá er komið til 2. umr. frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða sem við gerðum að umræðuefni hér fyrir nokkrum vikum og hefur verið til meðferðar í iðnn. þingsins og fór til umsagnar heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti. Báðar þessar nefndir hafa lagt heilmikla vinnu í frv., hafa fengið til sín gesti og hlýtt á sjónarmið og því hefur verið gerð góð skil hér og ég ætla ekki að endurtaka það.

Niðurstaða heilbrn. var nokkuð skýr um frv. Hún gaf frá sér nefndarálit þar sem voru dregin fram fjögur aðalatriði.

Það fyrsta er að nefndin áleit rétt að starfsemi tannsmiða yrði háð starfsleyfi frá heilbrigðisyfirvöldum af því hún varðaði heilbrigði fólks og þess vegna væri mikilvægt að skýr tenging væri við heilbrigðisstéttirnar. Þar kemur ekki síst inn í eftirlitsskylda landlæknis. Þess vegna áleit heilbr.- og trn. að tannsmiðir gætu ekki alfarið heyrt undir iðnaðarlöggjöfina.

Í öðru lagi lagði heilbrn. til að fyrir lægi heilbrigðisvottorð tannlæknis áður en tannsmiðir gætu hafist handa við vinnu í munnholi sjúklings. Þetta atriði var rætt ítarlega og niðurstaðan var sú að mælt var með því að það væri á vegum tannlækna. Nú er það ekki vegna þess að menn telji að læknar hafi ekki þekkingu á meinafræði munnsins eða geti ekki greint sjúkdóma í munni. En það er hins vegar að sjálfsögðu í eðlilegum tengslum við ýmislegt annað sem tannlæknar vinna með sína sjúklinga að þeir komi að slíkri ákvörðun. Mörg okkar álitum, ég þar á meðal, að læknir sem beðinn væri um læknisvottorð til að votta heilbrigði munns mundi í mörgum tilvikum óska eftir áliti tannlæknis áður en hann gæfi út sitt vottorð. Þar koma til ýmis mál sem ekki eru sýnileg við skoðun og eingöngu er hægt að leiða í ljós t.d. með röntgenmyndum. Læknar hafa ekki sams konar aðgang að röntgentækjum og tannlæknar hafa á sínum stofum þannig að það eru hæg heimatök fyrir sjúklinginn að fá slíka myndatöku þegar hennar er þörf hjá tannlækni, sem hann getur ekki fengið hjá lækni þó þekkingin geti verið fyrir á sjúkdómum í munni hjá báðum. Þess vegna var nú lent þannig að það yrðu tannlæknar sem gæfu út þetta vottorð.

Í þriðja lagi var lagt til að tannsmiðir ynnu ekki að gerð tannparta eigin ábyrgð. Farið var mjög ítarlega ofan í það hvernig á því stæði. Um var að ræða sérstaklega slípun tanna sem fyrir eru í munni og tenging við slíkar tennur og það þarf auðvitað ekki nema eina til eins og hefur komið fram í umræðunni.

Loks var lögð til breyting um að viss hluti af starfi tannsmiða yrði unnin í samstarfi við tannlækni og þar yrðu settar reglur um skilyrði starfsleyfis.

Hv. iðnn. tók þó nokkurt tillit til umsagnar. heilbrn. og ég fagna því. Eftir að iðnn. afgreiddi niðurstöðu sína frá sér hafa komið fram tvær brtt. sem eru mjög til bóta og koma að miklu leyti til móts við það álit sem heilbrn. veitti iðnn. Sérstaklega lýtur það að því að það komi vottorð um heilbrigði munnsins, að vísu er læknisvottorð tiltekið en ekki tannlæknis, en ég hef skýrt afstöðu mína til þess hér á undan. En a.m.k. er vottorðið komið inn þannig að það þarf vottorð frá heilbrigðisstarfsmanni sem er undir eftirliti landlæknis áður en tannsmiður getur farið að vinna sína vinnu samkvæmt 1. gr. frv. Ég tel þetta mjög mikilsvert atriði.

Í sömu brtt. kemur fram að ef tannsmiður smíðar tannparta á eigin ábyrgð, eigin faglega iðnábyrgð, þá skuli það gert í samvinnu við tannlækni. Þarna er komin tenging yfir í heilbrigðisgeirann, sjúklingnum og viðskiptavini tannsmiðsins sem viss bakhjarl og trygging fyrir hann.

Þriðja atriðið í brtt. á þskj. 1012 var að iðnrh. skyldi hafa samráð við heilbr.- og trmrh. og að settar yrðu reglur um að hluti af starfi tannsmiða, sá sem hér hefur verið rakinn, skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis, m.a. eftirlit landlæknis.

Síðan reyndist vera viss ljóður á því ráði vegna þess að landlæknir hefur hvorki getu né er skylt að hafa eftirlit með iðngrein. Þess vegna varð að koma ný brtt. sem er á þskj. 1073 sem kveður nánar á um þetta til þess að tryggja að landlæknir geti haft eftirlit með þessum hluta af starfi sjálfstætt starfandi tannsmiða.

Miklar deilur hafa verið uppi í þessu máli. Að vísu er vitað að þorri tannsmiða og þorri tannlækna eiga ágætt samstarf og það er auðvitað þannig sem stéttir eiga að vinna saman. En deilumál sem hafa risið upp og leitt til hæstaréttardóma hafa leitt af sér þetta frv. Kannski er þetta lítið mál sem verður að meira umræðuefni hér á þingi og tekur upp meiri tíma en e.t.v. efni standa til. En auðvitað þarf að leysa úr svona deilum og það er heldur miður þegar þarf að gera það með frv. á Alþingi. En staðan varð nú slík og við sitjum uppi með hana. Þingmönnum er gert að taka afstöðu í þessu máli. En þeir geta auðvitað ekki tekið afstöðu með einni stétt fremur en annarri því að þingmenn eru fulltrúar almennings. Við erum kosin af almenningi. Við verðum að hlusta á sjónarmið allra og gæta hagsmuna almennings í þessu máli. Við getum þess vegna ekki tekið afstöðu með tannlæknum gegn

tannsmiðum eða með tannsmiðum gegn tannlæknum, heldur verðum við að reyna í gegnum þessa smíð á frv. að finna sáttaleið almenningi til hagsbóta með réttlæti og skynsemi að leiðarljósi.

Í grein eftir Kristínu Heimisdóttur tannlækni, sem birtist í Morgunblaðinu fyrir nokkrum vikum, var farið nokkuð skilmerkilega yfir það hvernig smíði heilgóma og tannparta fer fram. Af því ég var að nefna mismunandi aðstöðu lækna og tannlækna til að greina sjúkdóma og ýmis vandamál í munnholi, og nefndi sérstaklega röntgenmyndir, langar mig, með leyfi forseta, að vitna hér í tannlækninn sem segir svo:

„Fyrst hafa menn spurt sig um tilgang þess að taka röntgenmyndir af tannlausum einstaklingum. Það kann að hljóma einkennilega, en góðar og gildar ástæður eru fyrir því. Þó svo munnhol virðist tannlaust og slímhúð heilbrigð, geta leynst tannbrot, belgmein ýmiss konar og fleira sjúklegt í kjálkabeininu án þess að á yfirborði sjáist. Einnig er mjög mikilvægt að meta kjálkabein með tilliti til tannplanta, en þeir eru bylting fyrir tannlausa einstaklinga. Þar er einnig nauðsynlegt að meta legu taugarinnar. Er það nú svo að stundum duga ekki þær röntgenmyndir sem teknar eru á tannlæknastofu, heldur er sjúklingi vísað í sneiðmyndatöku til að fá enn betri sýn. Ég vil ítreka nauðsyn þess að tannlausir einstaklingar fái vitneskju um tannplanta," — sem einungis tannlæknar geta unnið — „en þeir hafa oft gert gæfumuninn fyrir þá sem eiga erfitt með að nota gervitennur. Með tannplöntum skapast sá möguleiki að festa gervitennur niður með sérstökum festingum, í stað þess að gervitennurnar liggi lausar á slímhúð einstaklingsins."

Ég les þetta til að sýna fram á hvað getur leynst að baki sakleysislegu fyrirbæri eins og að horfa upp í munn á einhverjum og meta að hann sé heilbrigður. Það er ekki alveg svona einfalt í öllum tilvikum. Auðvitað er það stundum, en ekki í öllum tilvikum.

Tannlæknar stóðu að því á sínum tíma að mennta tannsmiði og koma námi þeirra á. Síðan hefur ýmislegt gerst og það hefur komið til sérnám klíniskra tannsmiða sem er auðvitað fagnaðarefni. Þeir hafa hlotið þá sérmenntun sem er kannski mismunandi milli landa en ég ætla ekki að fara út í það. Segja má að þessir tannsmiðir með sérstaka menntun séu núna vaxnir úr grasi og þess vegna vilji þeir öðlast sitt faglega sjálfstæði og ég skil það mjög vel. En ég tel að sjálfstæði þeirra hljóti að snúa að rekstri sínum og því að bera ábyrgð á fagvinnu sinni sem lýtur að smíðinni. En þeir geta ekki borið ábyrgð á þeim afleiðingum sem verða af t.d. gervitönnum og bólgum og ýmsu meini sem getur orsakast af rangt smíðuðum gervitönnum í munni. Það er þess vegna sem sjúklingurinn eða viðskiptavinurinn verður að hafa tenginguna yfir í heilbrigðisgeirann og hann verður að geta leitað til aðila sem er þar æðstur yfir fagmönnum í heilbrigðisstéttum og það er landlæknir.

Ég tel að það sé misskilningur í þessu með samkeppnina. Það eru margar aðrar samlíkingar sem við gætum dregið. Ég tel ekki að hjúkrunarfræðingar geti keppt við lækna eða læknar við hjúkrunarfræðinga. Það er einfaldlega munur á þessu verksviði. Sumir hafa notað samlíkinguna að hvort tveggja séu það ávextir, epli og appelsínur, en ég held að sé ekki verið að bera saman epli og appelsínur, heldur kannski epli og egg sem eru hvort úr sínum fæðuflokknum þó þau geti verið kannski nokkuð svipuð í laginu. Á maður að bera þá saman háls-, nef- og eyrnalækna og þá sem smíða heyrnartæki? Geta þeir farið í einhverja samkeppni? Þeir geta ekki farið í samkeppni. Þetta eru ólíkar stéttir sem þurfa að virða hvor aðra.

Ég verð að segja að lendingin með frv. eins og það liggur fyrir núna eftir afgreiðslu iðnn. og þeim brtt. sem borist hafa síðan, gera þetta mál nokkurn veginn viðunandi frá mínum bæjardyrum séð, fyrir utan eina hlið málsins sem hv. þm. Árni R. Árnason minntist á hér áðan, mér fyndist æskilegt að tannsmiðir yrðu heilbrigðisstétt. Þeir hafa ekki óskað eftir því sjálfir, heldur viljað vera áfram iðnstétt. Auðvitað er erfitt að taka ákvörðun um slíkt alveg í trássi við vilja stéttarinnar en ég held að það hljóti að vera tannsmiðum í hag til lengri tíma litið, tannlæknum í hag til lengri tíma litið og ekki síst viðskiptavinunum, sjúklingum þeirra, í hag að þetta starf falli undir sömu yfirvöld, þ.e. heilbrigðisyfirvöld, með þeim skyldum sem eru lagðar á herðar heilbrigðisstétta.

Ég ætla svo að segja að lokum að ég vona að samstarf tannlækna og tannsmiða verði áfram gott. Það hefur verið náið og gott í gegnum árin með einstaka undantekningum. Ég vona svo sannarlega að afgreiðsla þessa frv. og þessa máls á þinginu ljúki því í bili þessari umræðu að öðru leyti en því að ég hvet til þess að skoðað verði hvort taka eigi upp heilbrigðislöggjöfina einhvern tímann í náinni framtíð og skoða sérstaklega hvort tannsmiðir, svo og aðrir sem eru núna í iðnstéttum og koma að heilbrigðisgeiranum að meira eða minna leyti, hvort allar þessar stéttir ættu í rauninni ekki að eiga samleið innan heilbrigðislöggjafarinnar.

[17:37]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Hæstv. forseti. Þar sem ég var fjarverandi í iðnn. þegar málið var afgreitt ætla ég í stuttu máli að gera grein fyrir afstöðu minni í málinu.

Mér finnst í raun og veru um býsna flókið og erfitt mál að ræða. Það er erfitt fyrir leikmenn eins og okkur þingmenn að setja okkur í þessi spor. Hér er um afar mikla sérhæfni að ræða og kom það reyndar mjög vel fram í ágætri ræðu hv. þm. og læknis, Katrínar Fjeldsted, hér áðan sem flutti mjög góða og öfgalausa og um leið fræðandi ræðu. Við höfum hlustað á báðar þessar stéttir, tannsmiðina annars vegar og tannlæknana hins vegar, og þurfum síðan eða í raun og veru neyðumst síðan til að setja löggjöf sem mér finnst satt að segja á margan hátt óþolandi að þurfa að gera.

Eins og komið hefur fram hefur ríkt talsverð tortryggni milli þessara stétta. Stéttirnar eru auðvitað allsendis ólíkar, m.a. vegna þess að menntunarkröfur eru gjörólíkar, annars vegar er um langt og sérhæft háskólanám að ræða og hins vegar er um tiltölulega stutt iðnnám og námskeiðahald að ræða, sem er mismunandi eftir löndum. Eins og kom fram í ágætri ræðu hv. 11. þm. Reykn., Árna R. Árnasonar, er nauðsynlegt að stéttir haldi sjálfstæði sínu en ég vil meina að um leið og tannsmiðir fara að vinna í munnholi sjúklinga eða viðskiptavina sinna verði í raun og veru grundvallarbreyting á starfi þeirra. Þess vegna sé nauðsynlegt, eins og fram hefur komið hjá fjölmörgum þingmönnum sem hafa tjáð sig um málið, að stéttin heyri undir heilbrigðisstétt og þar með undir landlækni.

Hins vegar má segja að um ákveðna millilendingu sé að ræða sem verður í raun að reyna að sætta sig við, þ.e. grundvallaratriði málsins eru að viðskiptavinurinn eða sjúklingurinn leggur fram læknisvottorð við komu til tannsmiðs og menn hafa verið að ræða hér um það hvort þetta læknisvottorð ætti að vera frá lækni eða tannlækni. Miðað við ræðu

sem ég hlýddi á hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted, sem þekkir þessi mál afar vel, tók þingmaðurinn það skýrt fram að í mörgum tilfellum sendi læknirinn sjúklinginn til tannlæknis í þessu skyni. Ég held því að það sé mjög eðlilegur ferill að heimilislæknir geti gefið út þetta vottorð en, eins og hv. þm. benti á, ef heimilislæknir sér eitthvað athugavert í tannholi sjúklingsins er hann þegar í stað sendur til tannlæknis.

Grundvallaratriði málsins er sem sagt þetta læknisvottorð og eins og ég sagði áðan er um ákveðna millilendingu að ræða sem ég mun reyna að sætta mig við.

[17:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Hv. formaður iðnn., Hjálmar Árnason, hefur farið mjög ítarlega í gegnum vinnu iðnn. Svona í framhjáhlaupi og kannski svolitlu spaugi þá er þetta ekkert smámál, ætli það sé ekki ígildi Fljótsdalsvirkjunar í tíma fyrir iðnn., sem tók mikla rispu varðandi það mál í desember.

Í 1. umr. um málið lagði ég ríka áherslu á það að ég liti svo á að tannsmiðir væru þjónustuaðilar heilbrigðisstétta og þyrftu þar af leiðandi að vinna með tannlæknum. Ég lít svo á að iðngreinar sem séu þjónustuaðilar heilbrigðisstétta geti fullvel verið áfram sem iðngreinar og ég nefni sem dæmi tannsmiði, stoðtækjasmiði, heyrnartækjasmiði og optikera. Ég held að í frv. sé mjög vel gengið frá öllum þeim atriðum sem átök voru um í umfjöllun málsins og ég tel t.d. að samstarf við tannlækna sé ígildi vottorðs. Stéttir sem vinna saman á þann hátt, sem kveðið er á um í þessum lögum og eins og skýrt er í nál., þurfa ekki beinhart vottorð vegna þess að samstarfið í sjálfu sér er ígildi vottorðs. Þannig túlka ég málin.

Ég held að í heildina litið sé þetta frv. gott, komi okkur öllum til góða og ég held að það mál að tengja iðnaðarmennsku sem þjónustar heilbrigðisstéttir sé allt önnur umræða. Þá þarf að fara yfir eins og ég nefndi áðan tannsmiði, stoðtækjasmiði, heyrnartækjasmiði, optikera o.fl. Það er dæmi sem við getum tekið á seinni stigum og er alltaf opið til umfjöllunar.

Ég tel að iðnn. hafi komist vel frá þessu máli og skrifaði undir án fyrirvara, en eins og komið hefur fram skrifuðu aðeins tveir nefndarmenn undir með fyrirvara.

Ég ætla ekki að lengja frekar umræðuna, virðulegi forseti, og þakka fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:44]

Útbýting þingskjala:

Aflahlutdeildarkerfi við loðnuveiðar, 626. mál, fsp. KPál, þskj. 1100.

Greiðslur til hjúkrunarheimila, 599. mál, svar heilbrrh., þskj. 1075.

Lánasjóður landbúnaðarins, 625. mál, frv. landbn., þskj. 1090.

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, 587. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1102.

Þjóðlendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 571, nál. 1001, brtt. 1072.

[17:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við frestuðum málinu frá því umræða hófst voru uppi harðar umræður vegna yfirlýsinga landbrh. á fundi á Suðurlandi varðandi nefnd samráðherra hans, fjmrh. Það er afskaplega athyglisvert að sjá hvernig málið hefur þróast innan stjórnarliðsins og ég býst við að það beri á góma í framhaldsumræðunni. En ég ætla ekki að blanda mér í þau mál, heldur ætla ég að koma stuttlega að umræðunni frá öðrum sjónarhóli.

Ég lít svo á að lög um þjóðlendur hafi verið eitt þýðingarmesta frv. síðasta kjörtímabils. Ég minni á að mikill ágreiningur var hér á Alþingi um tvö önnur frv. sem komu til þingsins samhliða frv. um þjóðlendur. Greinilegt var að samkomulag hafði verið gert um að afgreiða þau saman, að ekki var unnt að fresta einu öðruvísi en þau fylgdust öll að. Við reyndum að knýja það fram en tókst ekki. Ég er að vísa til sveitarstjórnarlaganna þar sem landinu var skipt upp í sveitarfélög alveg upp á jökla og ég er að vísa í frv. um eignarrétt á auðlindum í jörðu sem viðsk.- og iðnrh. flutti á þeim tíma.

Ég vil taka fram að á meðan mikill ágreiningur var um þessi tvö frv. sem ég nefni hér þá studdum við jafnaðarmenn öll meginatriði frv. um þjóðlendur enda var þar á ferð baráttumál jafnaðarmanna, ekki bara til margra ára heldur um áratugaskeið, nefnilega um landið í þjóðareign. Það er full ástæða til að minnast frumherjanna í baráttunni fyrir þjóðareign á landi. Hægt er að nefna þingmanninn Braga Sigurjónsson og þingmanninn Ragnar Arnalds, en til margra ára töluðu þeir fyrir daufum eyrum stjórnvalda um mikilvægi þess að festa í lög hver væri eign þjóðarinnar á landi.

Það er mjög þýðingarmikið, herra forseti, að lýsa eign og forræði landsmanna á landinu og auðlindum þess, að skilgreina rétt almennings til umgengni við landið sitt og aðgang að gæðum þess. Á þessum árum sem ég er að vísa til voru nefndir, misjafnlega virkar, að störfum á vegum framkvæmdarvaldsins án þess að ná nokkru sinni niðurstöðu um hvernig mætti leiða eignarrétt þjóðarinnar á landinu til lykta.

Það er full ástæða til að leiða hugann að afgreiðslum Alþingis á þessu tímabili, á málum sem tengjast þeirri stöðu sem við erum í í dag þegar framkvæma á lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Ég get ekki stillt mig um það, virðulegi forseti, að minnast á þingmannafrv. sem flutt var árið 1971. Frv. var rætt í efri deild. Ef ég man rétt flutti páv. þm. Björn Fr. Björnsson þetta frv. Það var einn þingmaður sem stóð að því.

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þm. í hliðarsal að lækka röddina ella ganga fjær þingsal.)

Herra forseti. Ég er að vísa til þess að okkur þingmönnum beri núna að leiða hugann að afgreiðslum Alþingis á því langa tímabili er ekki var unnt að komast að niðurstöðu um hvernig leiða mætti til lykta eignarrétt þjóðarinnar á landinu. Það hefur ef til vill áhrif á stöðu okkar í dag þegar hrinda á í framkvæmd lögunum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Ég minntist á að árið 1971 var flutt hér þingmannafrv. Það var Björn Fr. Björns-

son, sem lagði þetta frv. fram í efri deild. Hann flutti það einn og einn þingmaður blandaði sér í umræðuna.

Málið fór til neðri deildar og var afgreitt þaðan órætt. Þetta virkar furðulega á okkur í dag, 30 árum seinna, þegar leiða má getur að því að þessi litla tillaga hafi haft mikil áhrif. Efnisgreinin var svona, herra forseti:

„Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga afrétt að slíku landi og ekki er samkomulag um hverju þeirra það skuli tilheyra sker sýslunefnd úr. Úrskurði sýslunefndar má skjóta til félmrn. sem fellir fullnaðarúrskurð."

Þingmaðurinn vísaði til þess að hafa áður á sama þingi borið fram frv. um skylt efni á þá lund að sveitarfélög sem ættu aðild að afrétti, annaðhvort afnotarétt eða eignarrétt, hefðu rétt til að leggja útsvör og aðstöðugjöld á fyrirtæki og einstaklinga sem hefðu að staðaldri atvinnu af afréttarsvæðum og ættu þar sínar bækistöðvar.

Þetta rifja ég upp hér til að benda á hvað var hugsað og sagt á Alþingi varðandi afrétti okkar Íslendinga árið 1971, þó að hið fyrra frv. sem ég vísa hér í hafi ekki náð fram að ganga á þeim tíma.

Afréttir eru á þessum tíma margir og stórir, mjög stór hluti landsins. Líklega hafa þeir flestir ef ekki allir verið nýttir. Svo hafði verið um aldir og ekki var talinn minnsti vafi á því, herra forseti, í umræðu um frv. að nýting afréttarlanda víðs vegar um landið mundi verða mun stórkostlegri en nokkru sinni fyrr á næstu árum og áratugum. Ekki aðeins að landið yrði grætt upp heldur mundi og hefjast mikil ræktun þar sem ógróið er og hún yrði að sjálfsögðu á vegum sveitarfélaga, íbúa sveitarfélaga og þá yfirleitt bænda.

Á öðrum stað í þessari umræðu kom fram að kunnara væri en frá þyrfti að segja að íbúar sveitarfélags sem hefðu haft afrétt litu á það landsvæði sem heimaland og teldu margir hverjir að það land væri innan túngarðs hjá þeim.

Herra forseti. Ég ætla ekki að vísa frekar í þessa umræðu. Hún var fátækleg. Fyrir utan flutningsmann tók aðeins einn þingmaður til máls. Í neðri deild var það afgreitt órætt. Ég lít svo á að þarna hafi verið fest í lög afréttarstaða sem hafi haft mjög mikil áhrif á þróun mála í þau 30 ár sem liðin eru. Ef við hefðum tækifæri til þess í dag að spyrja viðkomandi þingmenn sem afgreiddu þetta mál hvort þeir teldu að það hefði verið góð ákvörðun á þessum tíma að færa afréttir jafnafdráttarlaust undir sveitarfélögin og þarna var gert — í umræðu um sveitarstjórnarlögin hér fyrir tveimur árum var mikið notast við að í raun væri búið að ganga frá svo miklu á vettvangi sveitarfélaganna að næstum því bara jöklarnir væru eftir — þá er ég alveg sannfærð um að flestir þingmennirnir hefðu svarað þeirri spurningu neitandi.

Ég vil rifja þetta upp hér vegna þess að nú erum við að afgreiða í annað sinn með breytingu þetta mikilvæga frv. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Við höfum orðið vitni að því í fjölmiðlum að strax í upphafi, við fyrstu kröfu ráðuneytisins um land, er kominn upp mikill ágreiningur. Við gerum okkur af þeim sökum grein fyrir hversu viðkvæm þessi mál eru.

Herra forseti. Ég hef einsett mér að tala ekki lengi um þau mál sem ég vil hafa afskipti af hér á þessum lokadögum þingsins en að lokum vil ég segja þetta: Þegar formaður allshn. hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir fylgdi nál. allshn. úr hlaði fór hún mjög skilmerkilega yfir tímaferli og atburðarás sem lögin gera ráð fyrir alveg frá því að óbyggðanefnd ákveður svæðin sem gera á tilkall til og þar til úrskurðað er. Mér líkaði mjög vel að þessir þættir voru raktir í stuttu, skýru máli. Þar kom innihald málsins fram og í stuttri, skýrri yfirferð fengu þingmenn lýsingu á hvað gerist á hverjum tíma, hvaða frestir eru gefnir og hvar málið endar. Ég þakka fyrir að þannig var farið í málið. Mér finnst það mikilvægt. Þannig fá þingmenn skýra mynd af þýðingarmiklu ferli sem leiða á til lykta eignarhald þjóðarinnar á landinu gegnt eignarhaldi annarra, hvort heldur er bænda, félagasamtaka, eða hverra svo sem tilkall gera til þess lands sem óljóst er um hver á.

Fyrir þetta vil ég þakka og vil gjarnan koma með þessar ábendingar sem ég hef þegar rakið í þessari mikilvægu umræðu.

[17:57]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég tel að þetta frv. sem við ræðum hér sé til mikilla bóta og ég styð framgang þess þótt ég hafi ekki verið viðstaddur lokaafgreiðslu þess úr hv. allshn. Ástæðan fyrir þessu frv. er vissulega alveg ljós. Kröfunefnd ríkisins gengur miklu lengra í kröfugerð sinni en reiknað var með við lagasetninguna um þjóðlendur á síðasta kjörtímabili. Þessi lagasmíð nú er gerð til að skjóta skildi fyrir landeigendur sem annars þyrftu að leggja í mikinn kostnað við að verjast og ekki bara verjast heldur, ef úrskurðir fara í einhverju samkvæmt tillögum fulltrúa ríkisins, sækja rétt sinn og færa fram sönnur á það fyrir dómstólum að þinglýst lönd þeirra séu í raun veru þeirra.

Óbyggðanefnd er samkvæmt lögunum ætlað að leiða álitamál til lykta og úrskurða einnig að eigin frumkvæði. Í þjóðlendulögunum er miðað við að hún hafi lokið þessu starfi sínu árið 2007. Að sjálfsögðu set ég traust mitt á að óbyggðanefnd ástundi hlutlæg vinnubrögð, annað hvort væri. Ég efast í raun alls ekkert um það. Óbyggðanefndin hefur ekkert úrskurðað enn þá þótt vissulega hafi þess misskilnings lítillega gætt í umræðunni í þjóðfélaginu. Hún hefur ekki unnið til þess á neinn hátt að vera tortryggð. Hún hefur stöðu sérdómstóls á flesta grein og er ekki við hæfi að gefa sér það fyrir fram að nefnd, skipuð hæfum mönnum samkvæmt lögum frá Alþingi, kunni ekki með sitt umboð að fara. Hins vegar er auðvitað eðlilegt að velta því fyrir sér hvaða hlutverk við höfum fengið óbyggðanefndinni. Gjarnan er vitnað til meðferðar Norðmanna á skyldum og viðlíka málum.

Óbyggðanefnd kemur til með að úrskurða og gangi úrskurður nefndarinnar einhvers staðar inn á þinglýst eignarlönd þá þarf viðkomandi landeigandi að sækja málið á hendur ríkinu. Spurningin er hvort þannig sé ekki verið að fá óbyggðanefndinni það hlutverk að vera vendipunktur sem snýr við sönnunarbyrðinni. Í stað þess að ríkið þurfi að sækja sín mál, væntanlega með stjórnskipaðri kröfunefnd, þurfa landeigendur að sækja til að hnekkja úrskurði óbyggðanefndar ef úrskurðir falla á þá.

Með þeirri framkvæmd sem af stað er farin í kröfugerð ríkisins eru margir uggandi, vonandi að ástæðulausu. Ráðherraskipuð nefnd er nefnd með töluvert umboð. Hún á fyrir hönd ríkisins að setja fram ábyrg og raunhæf sjónarmið byggð á heimildum og þeim mun skýrari heimildum sem hún dregur línur sínar lengra inn á þinglýst eignarlönd.

Mér virðist að nefnd sem á að vera ábyrg og á að ígrunda kröfur sínar vel sé komin á fremstu grös í kröfugerð sinni. Af

framgangi kröfunefndarinnar að dæma virðist hún ekki telja að þinglýsingar og heimildir þær sem þinglýsingar byggjast á séu fullkomlega eðlilegar. Ég veit ekki til að nýjar heimildir séu fundnar sem réttlæta þær kröfur sem settar eru fram. Við vitnum gjarnan til Noregs í þessu sambandi. Ég vil benda á í fyrsta lagi að sögulegur aðdragandi þessarar lagasetningar er ólíkur hjá þessum tveimur þjóðum. Hér hefur ekki ríkt sama óvissa og í Noregi, enda eru hér til nákvæmar þinglýstar landamerkjalýsingar fyrir flestar jarðir á Íslandi.

Með landamerkjalögunum frá 1882 var komið góðri skipan á þessi mál og á landamerkjalýsingar sem að sjálfsögðu byggjast á eldri heimildum og þær eru gerðar fyrir allar jarðir.

(**Forseti** (HBl): Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann vilji gera hlé á ræðu sinni eða ljúka henni. Gert var ráð fyrir atkvæðagreiðslu.)

Herra forseti. Mér var fengið orðið til að flytja ræðu en ég á nú ekki mikið eftir af henni.

(**Forseti** (HBl): Það er ljómandi. Þá heldur hv. þm. áfram.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Og var þar kominn að landamerkjalýsingum þeim sem settar voru. Þinglýsingum byggðum á lögum frá 1882 hefur ekki verið mótmælt af ríkisvaldinu, enda átti ríkisvaldið frumkvæði að gerð þeirra landamerkjalýsinga og því að þeim var þinglýst sem landamerkjum jarða. Þetta er afar mikilvægt atriði. En í Noregi voru landamerki jarðanna til hálendisins hins vegar óskilgreind. Þarna er veigamikill munur á.

Ég vil einnig geta þess að kröfugerð ríkisins á Íslandi nær mun lengra samkvæmt framgangi kröfunefndar en gerist í Noregi. Þess má geta að ríkisvaldið í Noregi gerir aldrei kröfur til eignarréttar á landsvæðum sem liggja innan þinglýstra landamerkja jarða. Þarna er grundvallarmunur á framgangi Norðmanna og Íslendinga.

Því verð ég að segja að mér þykir kröfunefnd ríkisins hjá okkur Íslendingum fara eins og logi yfir akur eða eins og sinubruni á þessum dögum sem ekkert virðir nema hann sé hindraður með öllum tiltækum ráðum. Að sjálfsögðu mun óbyggðanefndin vinna verk sitt eðlilega. En að hætti ýmissa annarra hv. þm. og hæstv. ráðherra verð ég að lýsa efasemdum — ekki um hæfni heldur um hæfi nefndarinnar og einstakra nefndarmanna, eða eins og Brandur biskup Sæmundarson sagði við Hvamms-Sturlu: Engi maður frýr þér vits en meir ertu grunaður um græsku.

Tökum dæmi. Nú hefur félagsskapur skotveiðimanna áhuga á að geta stundað fuglaveiðar hvar sem er nema í þéttbýli og kringum sveitabæi. Hindranir, svo sem eignarréttur einstaklinga setur því auðvitað skorður. Nú telur Félag skotveiðimanna að land sé ekki í einkaeign, þótt þinglýst sé, og vill hnekkja því með dómi. Á hvorum aðilanum hvílir þá sönnunarbyrðin, skotmanninum eða landeigandanum? Að sjálfsögðu á skotveiðimanninum.

Ef óbyggðanefnd úrskurðar nú í slíku máli þannig að landið sé ekki í einkaeign, þrátt fyrir þinglýstar heimildir þar um, og málið fer síðan fyrir dómstóla, hvar liggur þá sönnunarbyrðin? Hún er komin á landeigandann. Hann er þá kominn í þá stöðu að verða að sækja viðtekin réttindi sín sem hann hefur haft og ekki vitað betur en hann hafi haft óskorað tilkall til samkvæmt þinglýstum heimildum. Geri hann það ekki tapar hann einfaldlega landinu. Ef óbyggðanefnd sem sagt úrskurðar andstætt þinglýstum landamerkjum þá hefur sönnunarbyrði verið snúið við frá því gerst hefði fyrir úrskurð óbyggðanefndar.

Þetta má rekja lengra. Setjum svo að mikill áhugamaður um skotveiði og hagsmuni skotveiðimanna sé skipaður í kröfunefnd ríkisins og setjum svo að hann geri allítarlegar kröfur byggðar jöfnum höndum á þekkingu, samningatækni og óskhyggju. Setjum svo að óbyggðanefnd taki að einhverju leyti tillit til alls þessa. Hver er þá innbyrðis afstaða kröfunefndarmannsins og landeigandans? Landeigandinn þarf að sækja sitt mál gegn ríkinu og þar situr í fleti fyrir af ríkisins hálfu sá sami áhugamaður um skotveiði sem hefur fengið þá óskastöðu að vera ríkisins megin og verja hagsmuni sem falla alveg að hans eigin hagsmunum.

Herra forseti. Vel þarf að fylgjast með þessu máli og framgangi þess. Ég vil enda á því að segja að frv. er til mikilla bóta og ég stend að sjálfsögðu að jákvæðri afgreiðslu þess en áskil mér rétt til að fylgjast með og hlutast til um athugun á þessu síðar ef mér þykir ástæða til. En að ósk og beiðni hæstv. forseta ætla ég ekki að hafa ræðuna öllu lengri að þessu sinni.

[18:07]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm. um hver sé sáttatillaga hans í málinu. Ef ósætti er um það að fulltrúi hins landlausa almennings sitji í óbyggðanefndinni er þá sátt um að í staðinn komi fulltrúi landeigenda?

[18:07]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skildi ég nú spurninguna fyllilega og vona að hv. þm. komi aftur og ítreki hana. Ég vil geta þess að í óbyggðanefnd eða úrskurðarnefnd Norðmanna sitja þrír löglærðir fulltrúar og tveir aðrir, annar af hálfu landeigenda og síðan heimamaður, í öllu falli af því svæði sem fyrir er tekið hverju sinni.

[18:08]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að skýra þetta. Hv. þm. gerði alvarlega athugasemd við að í óbyggðanefnd, sem á að úrskurða um slík deilumál, kynni að sitja fulltrúi sem hefði persónulegan áhuga á að nýta á einhvern hátt það landsvæði sem um væri deilt, t.d. skotveiðimaður, og það gengi að sjálfsögðu ekki upp. Því spurði ég hv. þm. hver væri þá sáttatillaga hans í málinu. Er þá sáttatillagan sú að í staðinn fyrir einstakling úr hópi hinna landlausu Íslendinga verði settur fulltrúi landeigendanna?

[18:09]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti fullu trausti á óbyggðanefnd og úrskurði hennar. Óbyggðanefnd er nánast ígildi sérdómstóls hjá okkur. Hins vegar tók ég dæmi af því að hugsanlega væri í kröfunefnd ríkisins aðili sem hefði slíka hagsmuni. Það sem hefur staðið upp úr í umræðunni úti um landið í þessu efni er að mönnum þykir og mér þykir það sjálfum, að kröfunefnd ríkisins gangi fram með fullmiklum krafti í þessu máli.

Umræðu frestað.

Fæðingar- og foreldraorlof, frh. 1. umr.

Stjfrv., 623. mál (heildarlög). — Þskj. 1065.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Þjóðlendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 571, nál. 1001, brtt. 1072.

[18:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa ýkja mörg orð um þetta mál. Ég get þar vísað til ágætrar ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar fyrr við umræðuna og tek undir þau sjónarmið sem þar komu fram.

Mér finnst ástæða til, herra forseti, að það týnist ekki alveg í umræðum um þetta mál að setning laganna um þjóðlendur á sínum tíma var auðvitað mikið framfaraspor. Það var og er mikil þörf á að koma á hreint bæði réttarfarslegum atriðum og spurningum um eignarhald og forræði á landi til hálendisins.

(**Forseti** (HBl): Ég bið hv. þm. afsökunar á að ég grípi inn í ræðu hans að því gefna tilefni að það er hér um bil eins og í skólastofu á vordegi að hlusta á hv. þingmenn nú. Hv. þm. heldur ræðu sinni áfram.)

Ég þakka, herra forseti, og læt það koma fram í leiðinni að ég hef alltaf kunnað mjög vel við mig í skóla og það var einna skemmtilegast þegar fór að vora, og það er gott að vel liggi á hv. þingmönnum.

Ég vil minna á, herra forseti, að lögin um þjóðlendur voru og eru mjög mikilvæg löggjöf og brýnt að koma betri skikkan á framkvæmd þessara mál, eyða óvissu hvað varðar réttarstöðu og hluti eins og eignarhald og forræði á landi og koma skipulagsmálum miðhálendisins og hálendisins á hreint. Unnið hefur verið að þessu á undanförnum árum og menn geta að sjálfsögðu haft ýmsar skoðanir á því hvernig þar hafi til tekist. En um hitt verður varla deilt að málin voru ekki í góðum farvegi og það stóð mönnum fyrir þrifum á ýmsan hátt hversu óljósir ýmsir þættir þessara mála voru.

Að sjálfsögðu, herra forseti, er mikilvægt að gæta hagsmuna ríkisins og almannahagsmuna þar með í máli af þessu tagi, og úr því ættu menn ekki að gera lítið að þar á bak við eru að sjálfsögðu miklir og eðlilegir hagsmunir sem þarf að gæta, og það er skylda ríkisins og hæstv. fjmrh. sem fer með þetta mál. Til þess að það sé hægt þarf ríkið að sjálfsögðu að átta sig á hvaða kröfur það telur sér stætt á að gera innan sanngirnis- og hófsemismarka.

Ég er ekki sérstakur talsmaður þess að einkavæða land. Ég hef ekki verið hrifinn af bráðræðislegri sölu núverandi og þó sérstaklega fyrrverandi ríkisstjórnar á ríkisjörðum. Ég tel að mjög veigamikil rök þurfi að liggja fyrir því að færa land úr opinberri eigu til einkaaðila nema í því tilviki að í hlut eigi þeir sem ætla að nýta landið sérstaklega eins og bændur eða aðilar eins og sveitarfélög, fjölmenn félagasamtök eða aðrir slíkir aðilar sem gæta hagsmuna fjölmennra hópa sem eru vel að því komnir að fá slíkt forræði í sínar hendur. Sé slíku ekki til að dreifa þá tel ég að sjálfsögðu mikilvægt vegna almannahagsmuna að það land sem er í ríkisins eigu eða ríkið á með réttmætum hætti kröfu til sé varðveitt þannig til þess að gefa síðan almenningi kost á að njóta þess lands, fara um það og eiga það saman.

Hitt er svo allt annað mál að ríkið verður líka að gæta mjög vel að vinnubrögðum sínum í málum af þessu tagi og neyta ekki aflsmunar því þarna er stærðarmunur á ferð. Hér eigast í raun og veru við Davíð og Golíat þar sem ríkið er í hlutverki hins mikla Golíats, þó að vísu í sögunum færi nú vel í því máli að lokum. En við getum ekki treyst því að það endurtaki sig og gerist alltaf. Ríkið má ekki fara fram með offorsi og beita aflsmun sínum vegna þess að þá væri sanngjarn og réttmætur réttur hugsanlega af mönnum hafður.

Ég vil því láta þá skoðun mína koma fram að mig hefur, eins og marga fleiri hér, undrað nokkuð ákveðnir þættir í kröfugerð ríkisins á því svæði sem þegar hefur verið tekið til umfjöllunar. Það vekur óneitanlega athygli ef svo er rétt sem frá er sagt að í einstökum tilvikum geri ríkið jafnvel tilkall til allt að 90% af landi einnar jarðar. Þá spyr maður sig: Hvers konar staða hefur þá verið á því svæði ef slík kröfugerð hefur einhverjar innstæður, að einungis tíundi partur sem bújörð eða landeigendur hafa talið innan sinna landamæra séu í raun þeirra réttmæt og sannanleg eign?

Herra forseti. Ég held einnig að huga verði mjög vel að tveimur þáttum þessa máls sem hv. þm. Jón Bjarnason gerði hér að umtalsefni. Það varðar annars vegar það um hvað verið er að deila. Er þessi deila — eða sem átti auðvitað ekki að vera deila, helst alls ekki — þetta verkefni sem átti að vera það að reyna að skera úr um mörk í þessum efnum, að snúast upp í lögfræðiátök um stöðu eignarheimilda og pappíra og það hvort þinglýstir gjörningar, samningnar og pappírar og landamerki hafi gildi eða ekki? Er það þá ekki orðið að réttarfarsmáli sem í raun og veru er ekkert lengur rekið á réttum forsendum? Það má spyrja að því hvort ekki hefði þá átt að nálgast þetta mál jafnvel frá öðrum sjónarhóli en þeim að setja það í þann búning að þetta snerist um að afmarka land.

Hitt er svo það sem einnig virðist vera ákveðin hætta á, þ.e. að þegnar þjóðfélagsins standi þarna ekki jafnt að vígi eftir því hvar þeirra eignir liggja í landinu. Ef það er svo að þeir sem eiga land geta í friði fyrir ríkinu, eða þá eftir atvikum öðrum, haldið sínum eignarheimildum á grundvelli pappíra sem eru síðan vefengdir annars staðar í landinu af þeirri ástæðu að það land liggur inn til landsins þá er það auðvitað mismunun gagnvart þegnum þjóðfélagsins. Þá er það svo. Og það gengur ekki, herra forseti. Þannig viljum við ekki hafa hlutina. Þetta held ég að þurfi að athuga mjög vel því að það eru til landmiklar jarðir og stór svæði í einkaeign sem ekki liggja að þessum svonefndu hálendissvæðum sem þarna á að fara að taka fyrir.

Bara hlutir eins og þeir að þetta verk kann að taka áratugi geta valdið því að menn halda forræði á grundvelli slíkra gjörninga á einum stað í landinu, þeim sem síðastur verður tekinn fyrir, áratugum lengur en annars staðar af því að það á að fara bæ af bæ ef svo má að orði komast. Er þetta vinnulag sem er sæmandi ef í vændum eru tilflutningar af þessu tagi? Þetta tvennt, herra forseti, tel ég að hafi komið hér fram við umræðuna og sé hvort tveggja gilt og beri að skoða.

Að lokum hlýt ég að segja fáein orð vegna ummæla sem hér hafa fallið og reyndar einnig í fjölmiðlum og á fundum innbyrðis milli stjórnarliða. Ég lít svo á, herra forseti,

að framkvæmd þessarar löggjafar sé á hendi ríkisstjórnarinnar. Að vísu hefur fjmrh. verið falið þetta verk sem hagsmunagæslumanni eigna ríkisins eða ríkissjóðs. En það gefur öðrum hv. þm. stjórnarliðsins, svo ekki sé talað um hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, ekki stöðu til þess að stunda þannig kattarþvott í málinu sem við höfum séð og heyrt hér að undanförnu.

Hv. þm., hvort sem þeir heita hv. þm. Árni Johnsen eða hv. þm. Hjálmar Jónsson, svo ekki sé talað um hæstv. landbrh. Guðna Ágústsson, geta ekki með réttu gert sig dýrlega í augum bænda á fundum úti um sveitir landsins og ekið síðan hingað til Reykjavíkur og borið fulla ábyrgð sem stuðningsmenn stjórnarliðsins á framkvæmd þessara mála eftir að komið er inn fyrir borgarmörkin. Hvað er að gerast hér og nú, herra forseti? Framkvæmdin er að halda áfram í óbreyttum farvegi að því einu undanskildu að það á að létta einhverjum kostnaði sem ella hefði getað lent á landeigendum vegna viðskipta þeirra við ríkið.

Það er að vísu rétt hjá hæstv. landbrh. Guðna Ágústssyni, og ánægjulegt til þess að vita að hann skuli þrátt fyrir skamma dvöl í ríkisstjórn hafa áttað sig á þeirri staðreynd, að ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald, eins og stundum er sagt. Hver einstakur ráðherra ber ráðherraábyrgð samkvæmt lögum á sínum embættisverkum. En þar endar það í grófum dráttum og síðan tekur við hin sameiginlega ábyrgð þeirra sem sitja í ríkisstjórn og þingmanna sem styðja þingbundna ríkisstjórn á verkum hennar og frá henni geta menn ekki hlaupið hversu mikið sem þá langar til þess á fundum uppi í Biskupstungum. Ég geri bókstaflega ekkert með tilraunir einstakra hæstv. ráðherra eða þingmanna stjórnarliðsins til að reyna að gera sig dýrlega í augum bænda ef þeir ætla að styðja það eftir sem áður með atkvæði sínu og stuðningi við ríkisstjórn að framkvæmdin haldi áfram óbreytt, en það er hér í sjónmáli.

Auðvitað er kostulegt að heyra hv. þingmenn eða hæstv. landbrh. tala, þegar hæstv. ráðherra hentar það, eins og hæstv. ráðherrann sé bara alls ekki í ríkisstjórninni, jafnvel bara í stjórnarandstöðu. En það eru þá nýjar fréttir fyrir mér, nema hæstv. ráðherra hafi sagt af sér fljótlega eftir að hann kom frá Kína. Ég hef nú ekki heyrt um það enn þá.

Herra forseti. Mér finnst því óhjákvæmilegt að menn komist ekki upp með svona ódýrar aðferðir hér, eins og þennan gamla, lúna frasa að segja þegar þeim hentar það, að af því að ríkisstjórnin sé ekki fjölskipað stjórnvald þá geti þeir gert það sem þeim sýnist og haft uppi stóryrði um framgöngu hæstv. fjmrh. eins og hæstv. landbrh. gerði.

Hvar er hæstv. landbrh. nú og hvað hugsar hann sér um framhaldið? Ef þetta frv. verður hér að lögum og hefur þá í sér þá einu breytingu fólgna að hugsanlega verði einhverjum kostnaði sem ella hefði lent á landeigendum létt af þeim, en að öðru leyti haldi framkvæmdin áfram í nákvæmlega óbreyttum farvegi, sömu menn skipa þær nefndir sem þarna koma við sögu o.s.frv., þá leggst nú lítið fyrir kappann, hæstv. landbrh., virðist mér, herra forseti.

Herra forseti. Vegna þess hversu óheppilega hefur til tekist í upphafi þessarar vinnu og greinilegt að í raun hefur rofnað að nokkru leyti trúnaður milli landeigenda, milli bænda og þeirra sem með framkvæmdina fara — og þar hafa menn ekki bætt úr skák með yfirlýsingum af því tagi sem komið hafa t.d. frá hæstv. landbrh. — er mér nær að halda að heppilegt væri að fresta frekari aðgerðum í málinu um sinn, fresta frekari framkvæmd þessara laga, sem er að sjálfsögðu ótímabundin og ekkert bundin við eina dagsetningu annarri frekar, um sinn og taka málið til endurskoðunar. Það geta ráðherrar gert að mínu mati og tekið upp hjá sjálfum sér. Ég beini því til hæstv. fjmrh. að hann íhugi hvort ekki sé skynsamlegt að stöðva frekari aðgerðir í málinu um sinn og endurmeta stöðuna vegna þess að það er afar óheppilegt varðandi mál af þessu tagi, þar sem verið er að reyna að setja niður til frambúðar og þess vegna um ókomin ár og aldir hluti af þessu tagi sem eru býsna þýðingarmiklir og afdrifamiklir í augum margra, að vinna þá hluti í andrúmslofti af því tagi sem nú hefur skapast.

Herra forseti. Mér finnst því ýmislegt mæla með því að menn ættu að taka sér aðeins tíma til að telja upp að tíu, endurmeta stöðuna og reyna að átta sig á því hvort hugsanlega væri hægt að koma þessum málum í betri farveg og hefja svo vinnuna á nýjan leik, eftir atvikum á grundvelli þessara laga eins og þau eru eða eftir breytingar á þeim ef mönnum sýnist það betra. Þá held ég að miklu líklegra væri að menn gætu komist að farsælli niðurstöðu sem sæmilegur friður gæti orðið um.

[18:27]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nokkuð viss um að það er ekki fremur meining stjórnarþingmanna og hæstv. ráðherra sem nefndur er til sögunnar að gera sig dýrlega í augum bænda en þess hv. þm. sem talaði hér síðastur.

Ég vil árétta það að við hljótum að treysta óbyggðanefnd sem hefur vægi sérdómstóls á flesta grein. Málið er farið af stað í ákveðnum farvegi og við hljótum að treysta réttarfari í landinu. Ef dómar verða ekki á grundvelli þinglýstra lögmætra pappíra getur vissulega fleira upp raknað í réttarfari heldur en þetta. En frv. sem við erum að ræða hér er til þess fallið að létta kostnaði af umstangi landeigenda við heimildaöflun og þess að reka mál, sækja mál og verja mál og það er að sjálfsögðu það sem ég segist vera að styðja.

[18:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér verður á að hugsa til Heimskringlu, herra forseti, en þar held ég að komi fyrir þessi setning: „Litlu verður Vöggur feginn." Og ég tel að það eigi við um hv. þm. Hjálmar Jónsson. „Litlu verður Vöggur feginn."

Að vísu er rétt að í þessu er fólgin þessi litla úrbót og ég margnefndi að kostnaði kann að einhverju leyti að vera létt þarna af landeigendum eða bændum í viðskiptum við ríkisvaldið. En það er allt og sumt. Hér er ekkert annað boðað sem horfir til breytinga á framkvæmdinni. Og það held ég þar af leiðandi að hv. þm. og aðrir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar verði að horfast í augu við. Okkur hefur a.m.k. ekki enn verið boðað að annað standi til en að halda áfram með framkvæmd málsins óbreytta.

Það sem ég hef þar af leiðandi leyft mér að vekja athygli á er að á þeirri framkvæmd laganna bera að sjálfsögðu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar ábyrgð. Þannig er okkar stjórnskipun. Þetta er þingbundin ríkisstjórn. Að sjálfsögðu geta menn lýst sínum skoðunum og hafa til þess frelsi. Menn geta eftir atvikum gengið eins langt í því og þeir kjósa. En meðan þeir ekki segja skilið við sína ríkisstjórn og veita henni stuðning þá bera þeir í þessum stjórnskipulega skilningi ábyrgð á verkum hennar.

Ég átti nú einkum og sér í lagi við þau ummæli sem höfð eru eftir hæstv. landbrh. þegar ég tók mér það í munn

að menn virtust vera að reyna að gera sig dýrlega í augum bænda. Þegar hæstv. landbrh. talar um hinn mikla sigur sunnlenskra bænda í málinu og úthúðar framgöngu fjmrh., — ég leyfi mér að kalla það svo — gagnrýnir mjög hans nefndarskipan, sem ég er út af fyrir sig ekki að gefa neitt gæðavottorð, þá finnst mér það lykta af því að ráðherra, sitjandi á sama tíma í ríkisstjórn við hliðina á þeim hinum sama fjmrh., sé á frekar ódýrum nótum að reyna að gera sig góðan í augum þeirra sem hann er að ræða við. Síðan er mér tjáð af kunnugum manni að sennilega sé tilvitnun mín í Hrólfs sögu kraka. Er því þá hér með komið á framfæri. En litlu varð Vöggur feginn.

[18:30]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hæstv. fjmrh. hafi skipað nefnd hinna hæfustu manna, þ.e. sem hafa góða og mikla þekkingu á málinu, getur hann lítið að því gert þó hann ráði ekki fyllilega við það hvernig þeir setja fram kröfur sínar. Þeir hljóta að gera það á grundvelli fræða sinna. Það er það sem ég hef verið að efast um að sé réttmætt og eðlilegt en við hljótum að treysta því réttarkerfi sem við höfum á Íslandi og sem ríkisstjórn og landslýðurinn vinnur eftir, og að þetta mál verði allt unnið eðlilega. Ég held ég vitni að lokum í Gunnlaugs sögu ormstungu, ég vona að ég verði ekki rekinn til baka með þá tilvitnun, að segja sem svo að við munum auðvitað verða að sjá til og vera tilbúin að bregðast við ef út af bregður um eðlilegt réttarfar í landinu nú eins og ævinlega, og vil segja eins og í Gunnlaugs sögu: „Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir."

[18:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal fyrir mitt leyti reyna að uppfylla þau skilyrði að ganga ekki mjög haltur á meðan báðir fætur eru jafnlangir.

Ég tel að það sé út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. þm. að hæstv. fjmrh. getur ekki borið í einstökum atriðum ábyrgð á því hvernig nefnd sem af hans hálfu er skipuð stillir fram kröfum sínum. En ábyrgðin á nefndarskipuninni er hæstv. ráðherrans og þeim mönnum sem völdust þar til verka. Hugsanlega er það ekki alveg óskylt mál hvaða einstaklingar eiga í hlut og settir eru í nefndina annars vegar og svo hins vegar sú kröfugerð sem kemur frá þeim. Þar hefði e.t.v. getað tekist betur til. Um það ætla ég svo sem ekki að deila að öðru leyti.

Auðvitað eigum við að treysta á réttarfarið og ég tel að sá umbúnaður sem var settur þarna upp sé í sjálfu sér að ýmsu leyti eðlilegur með þessa óbyggðanefnd og úrskurðarnefnd og síðan eru auðvitað dómstólarnir eftir. En við verðum þó að horfast í augu við það, herra forseti, að það hefur virst vera svo að staða landeigenda og sönnunarbyrði væri erfið og dómar hafa mikið fallið þannig að það hefur gengið á það sem menn töldu vera nokkuð afdráttarlausan rétt landeigenda. Ég minni þar bæði á dóma á Landmannaafrétti og t.d. dóma á landeiganda á Öxarfjarðarheiði, sem máttu ekki takmarka rjúpnaveiðar innan óvefengdra landamæra jarða sinna.

Spurningin er því kannski sú hvort hlutirnir liggi ekki þannig að hér sé tiltekin réttartúlkun eða þróun í gangi sem hafi heldur sveigt hlutina í ákveðna átt og e.t.v. hefðu menn líka þurft að hafa það í huga þegar málum var hrint úr vör.

En ég vitna þá bara að lokum, herra forseti, í Ara fróða og hann sagði: „Skylt er að hafa það sem sannara reynist", og við skulum vona að það eigi einnig við hér.

[18:34]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það mál sem er til umfjöllunar er mikið áhugamál jafnaðarmanna og búið að vera baráttumál þeirra yfir þrjá áratugi. Það var fyrir rúmum þremur áratugum sem tveir þingmenn, annar alþýðubandalagsmaður og hinn alþýðuflokksmaður, fluttu í fyrsta skipti á Alþingi mál um þjóðareign. Það voru alþingismennirnir Ragnar Arnalds, þáv. þm. Alþb., og Bragi Sigurjónsson, þáv. þm. Alþfl., sem varð fyrstur manna til þess að koma með sérstakt þingmál þar um. Síðan hafa verið flutt um þetta fjölmörg þingmannamál, frumvörp og þáltill. af fulltrúum þessara sömu flokka, sem ekki náðu fram að ganga.

Ástæðan fyrir því að menn fluttu slíkar tillögur var mjög einföld og menn mega ekki gleyma henni. Ástæðan var sú að fulltrúar landeigenda, lítils minni hluta þjóðarinnar, töldu sig eiga allt land og öll landgæði upp að hájöklum Íslands. Það var ástæðan fyrir því að menn fluttu þing eftir þing tillögur um að það land og þau landgæði, sem einstaklingar gætu ekki sannað eignarrétt sinn á, yrðu sameign þjóðarinnar vegna þess að landeigendur kröfðust þess í æ ríkara mæli að einkaeignarréttur þeirra á öllu Íslandi nema hájöklum landsins yrði ávallt viðurkenndur — nema þegar þurfti að borga einhverja reikninga, þegar þurfti að leggja fram fé, þegar þurfti að græða land, þegar þurfti að bæta eignaspjöll o.fl. vegna atburða sem gerðust á svokölluðu einkaeignarlandi landeigenda, þá var þetta land skyndilega orðið eign þjóðarinnar. Þá mátti þjóðin borga. Hún mátti punga út peningum fyrir þetta land en hún mátti ekki njóta neinna réttinda. Hér á Alþingi hlustaði ég á marga þingmenn aftur og aftur, m.a. þann ágæta þingmann sem nú situr í stól félmrh., fullyrða að á því léki enginn vafi að landeigendurnir ættu allt land, þar á meðal gróið og ógróið hálendi Íslands nema þá jökla sem þar væru.

Það er síðan fyrst með tveimur hæstaréttardómum, þar sem Hæstiréttur hnekkir slíkum landakröfum einstaklinga, sem Hæstiréttur Íslands kallar eftir því að Alþingi setji lög sem taki af öll tvímæli um það hver teljist eiga það land og þau landgæði sem einstaklingar geta ekki fært sönnur á að þeir eigi. Þá er farið að nálgast málið frá nýrri hlið því að staðreyndin er sú sem menn geta ekki umflúið að æðsti dómstóll Íslands hefur aftur og aftur hafnað landakröfum, kröfum um eignarhald á landi og landgæðum frá einstaklingum og lýst því yfir að slíkar kröfur þeirra stæðust ekki lög. Þeir ættu ekki það land og þau landgæði sem þeir gerðu tilkall til og það yrði að taka af öll tvímæli um hver það væri sem færi þá með eignarhaldið því að samkvæmt íslenskum lögum giltu ekki sömu ákvæði og í norskum lögum, þar sem það ákvæði gildir að það sem enginn á það á kóngurinn eða ríkið. Um þetta yrði að setja sérstök lög hér á Íslandi öfugt við það sem þurfti að gera í Noregi. Hér ríkir ekki sá réttur að það sem enginn telst eiga teljist vera eign þjóðarinnar, eins og í Noregi þar sem ríkir sá réttur að það sem enginn getur fært sönnur á að hann eigi það á kóngurinn, þ.e. ríkið.

Þess vegna þarf að setja slík lög á Íslandi og þurfti að setja um það hver ætti það land og þau landgæði sem einstaklingur gæti ekki sannað eignarhald sitt á. Það var gert með þjóðlendulögunum. Því fögnuðum við jafnaðarmenn því að við höfðum barist fyrir þessu í 30 ár og ekki bara við sem tilheyrðum Alþfl. gamla heldur líka þeir sem tilheyrðu Alþb. og skipa sér nú margir hverjir í sveit vinstri grænna. Það var ekki síður baráttumál þeirra en okkar að það land sem

enginn gæti sannað eignarrétt sinn á skyldi teljast sameign þjóðarinnar. Þess vegna kemur mér nokkuð á óvart að menn skuli nú í þeim herbúðum slá þar nokkuð úr og í.

Það var líka samkomulag um það hvernig að þessum eignarskilum skyldi standa, að hæstv. fjmrh. skyldi byrja þennan leik með því að láta fyrir sína hönd lýsa yfir eða leggja fram kröfur um almannaeign á því landi sem hann eða aðilar í umboði hans teldu að ekki væru fullnægjandi eignarheimildir á. Þinglesinn samningur er ekki fullnægjandi eignarheimild vegna þess að spurningin er auðvitað um það hvort sá sem seldi átti það sem stendur í samningnum að hann hafi selt.

Ég sagði við hv. þm. Jón Bjarnason eftir ræðu hans hér fyrir tveim, þremur dögum að ef ég keypti af honum lóð undir íbúðarhús í Hólalandi, sem við skulum segja sem svo að hann ætti, og fengi afsal fyrir allri Hólatorfunni og léti þinglýsa slíkum samningi, væri ég þá þar með orðinn eigandi að allri Hólatorfunni vegna þess að ég hefði í höndum þinglýstan samning um að ég hefði keypt hana? Auðvitað ekki. Ekki er nóg að hafa þinglýstan gjörning í höndunum heldur verður að ganga úr skugga um það að sá sem seldi hafi átt það sem hann sagðist hafa selt. Út á það gengur málið. Þinglýstur samningur einn og sér er ekki sönnun um eignarrétt, ekki í þessu tilviki og ekki í neinu öðru tilviki. Það verður að sanna það að sá sem seldi, hvenær svo sem hann seldi, hafi átt það sem hann seldi, og út á það gengur málið og út á það gengu úrskurðir Hæstaréttar á sínum tíma í Landmannaafréttarmálinu og fleirum. Þar dugðu ekki þinglýstir pappírar vegna þess að sá sem seldi átti ekki það og hafði aldrei eignast það og aldrei keypt það og aldrei numið það land sem hann þóttist vera að selja þeim tiltekna aðila sem keypti. Menn gátu eignast ýmsan rétt, takmarkaðan eignarrétt eins og beitarrétt, veiðirétt o.s.frv. en ekki fullkominn eignarrétt á landi og landgæðum.

Hæstv. fjmrh. hefur því að mínu viti unnið þetta verk nákvæmlega eins og til var ætlast.

Menn tala um að kröfugerð fjmrh. sé óraunhæf í þessu sambandi. En eru menn búnir að gleyma kröfu gagnaðilans? Hver var sú krafa? Hún var að landeigendur í því tilviki ættu allt land á hálendi sunnan fjalla upp að jöklum. Það var hin krafan sem kom á móti, að þeir ættu allt landið, nýtanlegt og ónýtanlegt, að hájöklum. Og þeir óskuðu eftir því, fulltrúar þeirra, þegar þeir gengu á fund þeirrar nefndar sem fjallaði um málið á Alþingi að það yrði bókstaflega sett í lög að sú krafa gæti gengið fram, hvort sem hún stæðist íslenskt réttarfar eða ekki. Það yrði bundið í lög. Lögunum um þjóðlendur yrði breytt þannig að heimildir sem Hæstiréttur hefði dæmt ógildar skyldu gildar samt. Lög yrðu sett um það.

Menn sem eru fulltrúar almannahagsmuna á Alþingi leyfa sér að verja að 4.000–5.000 Íslendingar skuli hvað sem líður niðurstöðum æðsta dómstóls Íslendinga fá í hendur frá Alþingi Íslendinga rétt til þess að geta kastað eign sinni á land og landgæði sem þeir hafa engar lögformlegar eignarheimildir yfir. Að menn skuli leyfa sér þetta í krafti margra áratuga óréttlátrar kjördæmaskipunar og misvægis atkvæða, því að það er út á það sem þetta gengur, og það er það sem þessu veldur. Menn skulu gera sér fulla grein fyrir því.

Hagsmunir hins réttlausa og landlausa íslenska almennings, sem á ekki Ísland nema þegar kemur að því að borga, njóta minnihlutastuðnings hér á Alþingi. Þeir sem haft hafa meirihlutastuðninginn eru þeir sem telja sig eiga eignarréttinn á öllu Íslandi, 4.000–5.000 einstaklingar meðal þessarar þjóðar, og um það snýst málið.

Athyglisvert verður að sjá hvernig óbyggðanefnd fellir úrskurð sinn vegna þess að það er fordæmagefandi fyrir það sem á eftir fer. Auðvitað lifum við í réttarríki þannig að séu menn ósáttir við niðurstöður óbyggðanefndar þá geta menn farið með það til dómstóla.

En þeir kröfugerðarmenn sem þarna eiga í hlut hafa nú ekki sótt gull í greipar þeirra dómstóla. Þess vegna vilja þeir ekki taka áhættuna því að þeir hafa tapað þar hverju málinu á fætur öðru, menn sem kasta með óleyfilegum hætti eign sinni á land og landgæði sem eru í eigu íslensku þjóðarinnar og hún hefur lagt út hundruð milljóna og milljarða til að reyna að vinna til baka þann skaða sem fulltrúar landeigendaaðalsins hafa valdið landinu. Það má þjóðin.

Ég hef því engar athugasemdir að gera við starfshætti hæstv. fjmrh. í þessu máli. Hlutverk hans er að gæta hagsmuna íslensku þjóðarinnar, almennings. Það tel ég að hann hafi gert. Hvort hann hefur gengið þar feti of langt fáum við ekki að vita fyrr en úrskurður óbyggðanefndar fellur. En hafi hann gengið feti of langt hefur gagnaðilinn, sem gert hefur kröfur um allt land sunnan fjalla í sína eigu, einkaeigu, allt land upp að hájöklum, gengið mörgum fetum of langt. En því gleyma þeir sem varið hafa hagsmuni fjögur, fimm þúsund landeigenda á Íslandi í fjóra áratugi. Þeir minnast ekki á það. Þeir tala bara um kröfur fjmrh. en minnast ekki á kröfur gagnaðilans.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs var hins vegar ekki fyrst og fremst sú sem ég hef vikið að í máli mínu til þessa, heldur hitt að fallið hafa orð í umræðum um þetta mál á opinberum vettvangi sem mér finnst full ástæða til að hæstv. fjmrh. sé beðinn um viðbrögð við. Ráðherra gat ekki verið hér þegar málið var síðast rætt, m.a. af hæstv. landbrh., svo ég óskaði eftir því að hæstv. fjmrh. yrði hér viðstaddur og raunar hæstv. landbrh. líka. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að verða við þeirri ósk en hæstv. landbrh. er því miður fjarverandi eins og sjá má og ég harma það því ég á erindi við hann líka.

Í umræðum sem urðu um þetta mál á Alþingi fyrir nokkrum dögum vitnaði hv. þm. Jón Bjarnason í orð hæstv. landbrh. hvað eftir annað og ég vil leyfa mér að nota tilvitnanir hans, ef hann ekki mótmælir því. (**JB:** Það er forseti sem ræður.) Ég veit ekki betur en að þær tilvitnanir sem hann fór með í orð landbrh. séu nákvæmlega réttar. Samkvæmt tilvitnun hv. þm. Jóns Bjarnasonar sagði hæstv. landbrh. í viðtali í Ríkisútvarpinu 13. mars sl. orðrétt, með leyfi forseta:

„Mér finnst að kröfugerðarnefnd sú sem fjármálaráðherra skipaði í málinu hafi gengið í allt aðra átt heldur en ætlunin var með lögunum eins og hún hefur teiknað upp verkin.“

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það svo? Ég tel að svo sé ekki. En þetta er fullyrðing ráðherra í ríkisstjórn með honum sem ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að bregðast við. Ég tek ekki undir þessi orð, ýmsir þingmenn hafa gert það, ég geri það ekki.

Hæstv. landbrh. sagði líka orðrétt 17. mars samkvæmt tilvitnun hv. þm. Jóns Bjarnasonar:

„Mér finnst það óásættanlegt að fjármálaráðherra skipi alla nefndina“ — hann er þá að tala um kröfugerðarnefndina — „og í nefndinni séu skipaðir menn sem hafa staðið í illdeilum við bændur árum saman til að reyna að hafa af þeim land.“

Hefur hæstv. fjmrh. skipað slíka nefnd?

Hér gerðist það í þinginu fyrr í kvöld að einn samflokksmanna hans, hv. þm. Hjálmar Jónsson, gerði það að sérstöku umræðuefni að sú nefnd væri óeðlilega skipuð. Hann ræddi í því sambandi um það og tók sem dæmi að í henni sæti fulltrúi skotveiðimanna sem hefði mestan áhuga á af öllu saman að geta komist með byssur sínar nánast að hverjum einasta bóndabæ í landinu til að hefja þar skothríð utan þéttbýlis og hann ynni að verki sínu í umboði fjmrh. með þessa persónulegu hagsmuni sína fyrir augum. Og síðan bætti hv. þm. Hjálmar Jónsson við eða tók undir þau orð sem höfð eru eftir hæstv. landbrh. þegar hann lýsti kröfugerð nefndar sem vinnu á ábyrgð fjmrh.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er þetta rétt? Er kröfugerðarnefnd hans skipuð svona, að hún sé skipuð fulltrúum sem hafa staðið í illdeilum við bændur árum saman til þess að reyna að hafa af þeim land? Nefndin vinnur á ábyrgð hans. Er hún svona skipuð? Er þetta tilgangurinn, að hafa með öllum ráðum land af bændum? Tekur hann undir orð hæstv. landbrh. og inntakið í orðum hv. þm. Hjálmars Jónssonar sem talaði áðan? En báðir þessir aðilar og fleiri hafa ráðist á nefnd sem starfar á ábyrgð hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Það er meira sem hefur komið upp. Hæstv. landbrh. talaði hér þennan sama dag í þinginu og tók fram í ræðu sinni sjálfur að hann staðfesti hvert einasta orð af því sem hv. þm. Jón Bjarnason hefði haft um málflutning hans í þessu máli. Hæstv. landbrh. sagði að hv. þm. Jón Bjarnason hallaði þar hvergi réttu máli. Hann sagðist standa við hvert einasta orð sem hann hefði sagt um málið, þar á meðal þau orð sem ég hef farið með hér. Síðan bætti hæstv. landbrh. um betur því hann sagði að hann teldi að nefnd fjmrh. hafi sett málið í uppnám, og hann teldi rétt að skoða ætti að skipa nefndina á annan hátt, þ.e. að taka skipunarvaldið úr höndum fjmrh. Þess í stað ætti að skipa nefndina fulltrúum frá þremur ráðuneytum, þ.e. einum frá sínu eigin ráðuneyti, landbrn., einum frá ráðuneyti annars framsóknarmanns, hv. félmrh., sem sagði hér fyrr á árum að bændur ættu Ísland, og síðan einum fulltrúa frá hæstv. fjmrh., sem yrði þá í minni hluta í nefndinni og forræðið þar með af honum tekið.

Þetta sagði hæstv. landbrh. úr ræðustól á Alþingi, herra forseti, og þetta eru engin ómagaorð. Þetta er harkaleg árás á þá framkvæmd sem verið hefur í höndum hæstv. fjmrh. og ég sem stjórnarandstæðingur geri enga athugasemd við því að hæstv. fjmrh. er bara að reyna að vinna sína vinnu með því að gæta almannahagsmuna, ekkert annað en það. Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. segi eitthvað um afstöðu sína í málinu og um þessar stóryrtu yfirlýsingar samstarfsmanna hans í ríkisstjórn um framkvæmd hans á málinu.

[18:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður úr þessum ræðustól útskýrt verkefni og hlutverk hinnar svokölluðu kröfunefndar fjmrn. Hún er reyndar ekki lögskipuð nefnd. Hún er hópur manna sem ég hef kallað mér til ráðuneytis og ráðgjafar um þetta mál. Þar af leiðandi ræð ég því sem ráðherra hverjir sitja í þeirri nefnd og hvort hún er yfirleitt skipuð eða ekki.

Vissulega hefði verið hægt að hafa þetta öðruvísi en kjarni málsins er sá að þjóðlendulögin, sem heyra undir forræði forsrh., fela fjmrh. að fara með kröfugerð og lýsa kröfum fyrir ríkisins hönd í þessu efni. Síðan hefði auðvitað komið til álita alls kyns fyrirkomulag að því er varðar undirbúning málsins.

En ég ákvað að fá þrjá menn mér til ráðuneytis í þessu efni. Í fyrsta lagi ráðuneytisstjórann, sem er virtur og kunnur lögfræðingur, í öðru lagi prófessor í lögum við Háskóla Íslands og í þriðja lagi lögmann sem hefur sérhæft sig í málum er varða eignarhald á landi og þekkir mjög vel til slíkra mála. Hann liggur hins vegar undir ákúrum og ámæli um að vera vanhæfur en er það að sjálfsögðu ekki, ekki á nokkurn hátt, miðað við öll eðlileg vanhæfisskilyrði sem við þekkjum í stjórnsýslunni. Þetta er nefndin.

En kröfurnar eru gerðar í mínu nafni og ég ber að sjálfsögðu hina pólitísku ábyrgð á þeim. Ég hef látið það koma fram að ég er ekki sammála því sem landbrh. hefur sagt um þá starfsmenn sem ég hef í þjónustu minni í þessu efni og ekki þeim sjónarmiðum sem hann hefur látið falla um einstaka nefndarmenn. Ég tel heldur ekki rétt að fjalla um þetta verk á þeim forsendum sem ýmsir hafa gert. Þetta er vinnuhópur sem er mér til ráðuneytis á grundvelli þess verkefnis sem lögin hafa falið fjmrh.

[18:57]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög afdráttarlaus svör. Ýmsir stuðningsmenn hans í hópi þeirra sem verja hagsmuni landeigendavaldsins hafa reynt að hengja bakara fyrir smið og hafa reynt að búa það til að einhver stjórnskipuð nefnd beri ábyrgð á þeim kröfum sem gerðar hafa verið af ríkisins hálfu um land í almenningseign. Það er ekki. Hæstv. ráðherra tók það skýrt fram. Kröfugerðin í þessu efni er hans.

Honum var í sjálfsvald sett og í lófa lagið að leita sér ráðuneytis hjá þeim sem hann vildi. Hann þurfti ekki að skipa neina nefnd. Ef hann skipaði nefnd gat hún verið fimm manna eða tíu manna, skipuð skotveiðimönnum eða landeigendum eða hv. þm. séra Hjálmari Jónssyni.

En hann kaus að gera þetta svona sjálfur því að nefndin er aðeins honum til ráðuneytis en kröfugerðin er hans, varaformanns Sjálfstfl. og fjmrh. Herra forseti. Svo ég vitni aftur í fornar sögur, þá segi ég einfaldlega við þá þingmenn úr hans eigin röðum sem mest hafa látið að sér kveða í þessu máli á fölskum forsendum: Ja þér ferst, Flekkur, að gelta.

[18:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að undirstrika enn einu sinni að málsmeðferðin í þessu byggir að sjálfsögðu á forskriftinni sem lögin kveða á um. Fjmrh. er falið í lögunum að leggja fram slíkar kröfur. Að sjálfsögðu hef ég gert það sem lögin hafa skyldað mig til að gera, þ.e. leggja fram kröfur fyrir óbyggðanefnd eftir þeim ákvörðunum sem sú nefnd ákveður. Það er hún sem ákveður að taka fyrir ákveðinn landshluta og síðan annan og hún ákveður vinnuferlið.

Síðan er auðvitað nauðsynlegt, þó að það eigi að vera óþarfi að taka það fram að á bak við þessar kröfur liggja að sjálfsögðu mjög ítarlegar heimildarannsóknir og mjög ítarleg vinna við að meta hvað sé eðlilegt og sanngjarnt að gera kröfur um í þessu efni. Þar er m.a. stuðst við þá dómaframkvæmd sem fyrir liggur hér í landinu um þessi efni og margt fleira. Þar koma til skjalanna þinglýsingar, landamerkjabréf og alls kyns aðrar eignarheimildir. En eins og hefur komið fram í umræðunni eru þær ekki endilega alltaf einhlítar og það sýna dómaframkvæmdir að slíkir gjörningar geta verið brigðulir. Fleiri atriði geta skipt máli en eingöngu þinglýsingar, ég tala ekki um ef þær eru einhliða gjörningar.

Á bak við þetta er auðvitað heilmikil upplýsingavinna og rannsóknir sem kröfugerðin byggist á. Hitt er svo annað mál að úrskurðarnefndin, óbyggðanefnd, mun kveða upp endanlegt orð um þetta þegar hún hefur vegið og metið kröfugerð beggja aðila og þá kemur í ljós hvort menn hafa gengið of langt eða skammt. Ég geri ráð fyrir því að óbyggðanefnd hafi átt von á ríkari kröfum af hálfu ríkisins á einstaka svæðum sem verið er að ræða um þó að á öðrum svæðum geti það verið á hinn veginn.

[19:01]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. fjmrh. Málið liggur afskaplega skýrt og einfalt fyrir. Það er mjög ljóst. Ekki er um neinar geðþóttaákvarðanir að ræða. Þarna er enginn skotveiðimaður. Enginn óheilbrigð sjónarmið liggja á baki. Engar geðþóttaákvarðanir heldur eins vönduð undirbúningsvinna eins og færi er á sem fjmrh. er síðan ábyrgur fyrir. Þetta er alveg ljóst og skýrt og það þýðir ekkert fyrir menn, hvað þá menn sem studdu þetta frv. og greiddu því atkvæði og styðja ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh., að reyna að skjóta sér undan ábyrgð í landeigandahóp með því að kenna einhverju fólki úti í bæ um. Þeir bera ábyrgð á þessu sjálfir, greiddu þessu atkvæði, styðja ríkisstjórnina og þennan fjmrh., öfugt við mig sem styð hann þó í þessu máli, því þarna tel ég hann hafa farið nákvæmlega rétt að. Þessir ágætu menn eru með þessum hætti að reyna að skjóta sér á bak við sárasaklausa embættismenn sem bera enga ábyrgð á þessu máli. Hvað hafa þeir svo gert þegar frv. kom til endurskoðunar og endurafgreiðslu á Alþingi? Það kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hér áðan, það er nákvæmlega rétt, þeir hafa ekki breytt stafkrók í framkvæmdinni. Eina breytingin er sú að auðvelda landeigendum að sækja rétt sinn. En um framkvæmdina hafa þeir ekki breytt stafkrók. Hvað þýðir það, virðulegi forseti? Það þýðir að þeir staðfesta með þeirri afgreiðslu starfshætti fjmrh. og þau vinnubrögð sem hann hefur viðhaft í málinu en þeir nota ekki tækifærið til þess að breyta þeim, reyna það ekki einu sinni.

[19:03]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fór mikinn en þó fram hjá málinu sem var verið að ræða. Það er eitt hvort við viljum að landið allt sé þjóðareign og flutt séu lög um að allt land skuli vera þjóðareign. Það er ég alveg reiðubúinn að ræða hvort það skyldi vera. En þá skal jafnt yfir alla ganga í þeim efnum, þá skal ekki verða gerður munur á fólki eftir búsetu hvort land á að teljast þjóðareign eða ekki. Ég vil spyrja hvort honum finnist það í anda jafnaðarstefnunnarinnar að sækja að landeigendum sem eiga land að hálendi um að þeir sanni eignarrétt sinn á jörðum og landamerki sérstaklega umfram landeigendur sem eiga land að sjó eða á láglendi eða suður með sjó eða á Reykjanesi eða hvar annars staðar eða á láglendi Suðurlands. Að mínu mati er það jafnaðarmennska að eitt gildi þannig yfir alla. Hvernig finnst honum vera sá samhljómur í stefnu ríkisstjórnarinnar annars vegar að selja ríkisjarðir með misjöfnum hætti, sumar fyrir slikk og aðrar í vinagreiða eða hugmyndir um það og hins vegar að reka ójafnaðarstefnu gagnvart landi og landeigendum um eignarhald? Nei, ég leyfi mér að spyrja hvernig honum finnist þetta samræmast jafnaðarmannstilfinningu sinni, þ.e. fyrst það hvort land sé þjóðareign eða hvort þegnarnir njóta jafnræðis?

[19:06]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekkert um stefnu „jafnaðarstefnunnarinnar", hana hef ég aldrei þekkt og aldrei neitt um hana heyrt. En ég þekki hins vegar stefnu jafnaðarmanna, jafnaðarstefnuna, um hina stefnuna hef ég aldrei heyrt. Ætli ég sé ekki sá þingmanna á þinginu sem hefur lengsta og mesta þekkingu og sögu í þessum landamálum? Ég veit þó að hv. þm. Jón Bjarnason var fæddur í gær. Ég veit að hann hefur ekki haft afskipti af stjórnmálum nema í eitt ár. Ég veit að mikið skortir á þekkingu hans í mörgum málum þó hann tali í þeim öllum. En ég bendi honum á eitt til að eyða ekki öllu kvöldinu í að rekja 34 ára gamla sögu. Ég bendi honum á að afla sér upplýsinga um það sem hann spurði um hjá eigin formanni, Steingrími J. Sigfússyni, vegna þess að hann var aftur og aftur meðflutningsmaður með þingmönnum Alþb. að þáltill. um þjóðareign að landi. Þá sögu alla saman getur formnaður flokks hans sagt honum og upplýst hann um stefnu Alþb. og sína eigin í málinu þannig að þegar hann talar um það næst tali hann af einhverri þekkingu.

[19:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. með alla þingreynslu sína svaraði ekki því sem ég spurði hann. Honum dugði ekki þrjátíu ára þingreynsla til að svara því. Telur hann að mismuna eigi landsins þegnum með það varðandi lögformlegan rétt þinglýsinga og annarra slíkra lögformlegra gjörninga? Á að mismuna landsins þegnum? Hver er munurinn á bónda fyrir ofan Reykjavík eða landeiganda? Það er ekki meiri hluti bændur sem eru landeigendur enda snýst ekki málið um það. Málið snýst um að allir standi jafnt í þeim kröfum sem unnið er eftir. Ég ítreka aftur spurningu mína: Hvernig finnst hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, með alla sína þingreynslu, það samræmast þessum vinnubrögðum og þessari kröfugerð ríkisstjórnarinnar að selja svo ríkisjarðir fyrir slikk eða sem kunningjagreiða?

[19:08]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði mig um stefnu „jafnaðarstefnunnarinnar", ég hef ekki heyrt um hana í þrjátíu ár og gat þess vegna ekki svarað honum, ég veit ekkert um hana. Ég hins vegar get sagt honum að (Gripið fram í.) það hefur verið kjarni stefnu þeirra flokka sem standa að Samfylkingunni og þar á meðal manna eins og Ögmundar Jónassonar og Steingríms J. Sigfússonar, sem var þingmaður fyrir Alþb. á síðasta kjörtímabili, að berjast fyrir sameign þjóðarinnar á landi, að berjast fyrir því að allt það land sem enginn einstaklingur gæti sannað eignarrétt sinn á yrði sameign þjóðarinnar, (Gripið fram í.) hann skal bara tala við sína félaga um það, þetta er jafnréttismál, þetta er mál sem varðar það að 4.000–5.000 Íslendingar eigi ekki allt ræktað og óræktað land á Íslandi, allt land og öll landgæði, allt inn að miðju jarðar utan hájökla landsins. Ef hv. þm. skilur ekki að það er stefnumál jafnaðarmanna, það er stefnumál vinstri manna, það er meira að segja stefnumál grænna manna, þá ætti hann að kynna sér málið betur.

[19:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls í umræðunni og veit ekki hvort það þýðir neitt að fara að eiga orðastað við hv. 2. þm. Vestf., Sighvat Björgvinsson, þegar hann er

kominn í þennan ham því þá er eins og hann hafi yngst um aldarfjórðung. Mér finnst ég vera kominn a.m.k. tuttugu og fimm ár aftur í tímann, það er eins og allt það sé þvegið af hv. þm. sem hann hefur lært af biturri reynslu og allur þroski sem hann hefur aflað sér á þingferli sínum sé bara burtu í einu vetfangi og hann er farinn að láta eins og hann lét fyrir tuttugu og fimm árum. En einmitt þá flutti hann svona ræður. Hirti ekki um staðreyndir en var þeim mun æstari.

Ég hef aldrei haldið því fram að allt land væri fortakslaust eign einstaklinga eða sveitarfélaga. Hins vegar hefur okkur hv. þm. greint iðulega á því hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur verið allan tímann þeirrar meiningar að réttast væri að taka allt land og lýsa það þjóðareign eða svo langt sem komist yrði.

En ég tel að þinglýst landamerkjabréf, án formgalla tek ég fram, verði að virða. Ef menn geta komið með bréf fyrir eignum sínum sem eru án formgalla þá tel ég óhjákvæmilegt að taka mark á því. Ég tel líka að óhjákvæmilegt sé að taka mark á löglega gerðum kaupsamningum þegar einstaklingar eða upprekstrarfélög eða sveitarfélög hafa keypt lendur af ríkinu.

Ég vil nota tækifærið og geta þess í framhjáhlaupi úr því ég er kominn að ég tel að sumt í kröfugerð fyrir hönd ríkisins varðandi jarðir í Árnessýslu gangi of langt. Ég tel að það sé allra hagur að allir aðilar gangi fram af hófsemi og sanngirni.

Við settum lög um þjóðlendur í góðri trú og þurfum að vanda vinnubrögð. Það var aldrei meiningin að hafa réttmætar eignir af einstaklingum eða sveitarfélögum og það veit ég að er alls ekki vilji fjmrh. að sölsa undir ríkið með yfirgangi það sem einstaklingar eða sveitarfélög eiga.

[19:13]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Þessi stofnun hér, Alþingi, hefur komið okkur hæstv. ráðherra til nokkurs þroska á þessum tuttugu og fimm árum. Fyrir tuttugu og fimm árum hefði honum aldrei hugkvæmst að ljá því atkvæði sitt að sett yrðu lög um að land og landgæði, sem væri ekki hægt að færa sönnur á að einstaklingar ættu, skyldu teljast eign íslenska ríkisins. Svo oft andmælti hann því og svo margar voru um það fluttar ræður af hans hálfu. En þennan þroska hefur hann fengið á þessum árum.

Mér dettur ekki í hug, hef aldrei ætlað það, að hafa af einstaklingum, félögum eða sveitarfélögum eignir sem þeir eiga. Stefna mín var ávallt sú að þessir aðilar gætu ekki kastað eign sinni á það sem þeir eiga ekki eins og þeir hafa reynt að gera. Nú er verið að stöðva það. Hæstv. fjmrh. tók það fram áðan að hann hefði ekki gengið lengra í kröfugerðum sínum en hann teldi sjálfur að fyllsta ástæða væri til og meira að segja skemur en hann hefði átt von á að óbyggðanefnd mundi ætlast til. Síðan verður auðvitað felldur úrskurður um það. Það er það sem skiptir meginmáli. En aldrei datt mér það í hug fyrir tuttugu og fimm árum að við Páll Pétursson ættum það ólifað að greiða báðir atkvæði með frv. til laga um þjóðareign á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 25.–39. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

105. FUNDUR

fimmtudaginn 4. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 246, nál. 1011, brtt. 1012, 1073 og 1074. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 571, nál. 1001. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Útvarpslög, stjfrv., 207. mál, þskj. 241, nál. 999, brtt. 1000. — 2. umr.
4. Íslensk málnefnd, stjfrv., 501. mál, þskj. 1097, brtt. 1104. — 3. umr.
5. Lagaskil á sviði samningaréttar, stjfrv., 70. mál, þskj. 1096. — 3. umr.
6. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 1095. — 3. umr.
7. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 1093. — 3. umr.
8. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 1099. — 3. umr.
9. Viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 489. mál, þskj. 771. — 3. umr.
10. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — 3. umr.
11. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 290. mál, þskj. 472. — 3. umr.
12. Brunatryggingar, stjfrv., 285. mál, þskj. 1098. — 3. umr.
13. Þinglýsingalög, stjfrv., 281. mál, þskj. 1044. — 3. umr.
14. Húsgöngu- og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 1094. — 3. umr.
15. Flugmálaáætlun 2000–2003, stjtill., 299. mál, þskj. 516, nál. 989. — Síðari umr.
16. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 219, nál. 1021, brtt. 1022. — 2. umr.
17. Vegalög, stjfrv., 322. mál, þskj. 572, nál. 990, brtt. 991. — 2. umr.
18. Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frv., 618. mál, þskj. 1023. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
19. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 619. mál, þskj. 1024. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
20. Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, stjtill., 581. mál, þskj. 883, nál. 1081. — Síðari umr.
21. Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, stjtill., 582. mál, þskj. 884, nál. 1080. — Síðari umr.
22. Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, stjtill., 583. mál, þskj. 885, nál. 1079. — Síðari umr.
23. Fullgilding samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jafnrétti, stjtill., 584. mál, þskj. 886, nál. 1078. — Síðari umr.
24. Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, stjtill., 587. mál, þskj. 889, nál. 1102. — Síðari umr.
25. Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, stjfrv., 452. mál, þskj. 726, nál. 1082, brtt. 1083. — 2. umr.
26. Staðfest samvist, stjfrv., 558. mál, þskj. 860, nál. 1032. — 2. umr.
27. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 625. mál, þskj. 1090. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Ásta Möller, 19. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal, 1. þm. Norðurl. e.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 5. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 2. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir dómsmrh.,
Vilhjálmur Egilsson, 4. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Ingibjörgu Einarsdóttur.

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 285. mál, þskj. 1098.

Erfðabreyttar afurðir, 601. mál, svar umhvrh., þskj. 1101.

Húsgöngu- og fjarsölusamningar, 421. mál, þskj. 1094; brtt. VE, þskj. 1115.

Íslensk málnefnd, 501. mál, þskj. 1097; brtt. TIO, þskj. 1104.

Lagaskil á sviði samningaréttar, 70. mál, þskj. 1096.

Lausafjárkaup, 110. mál, þskj. 1095; brtt. VE, þskj. 1113.

Lögreglulög, 467. mál, nál. allshn., þskj. 1103.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 630. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1118.

Niðurgreiðsla á rafhitun, 448. mál, svar iðnrh., þskj. 1077.

Sérfræðingar og tækjakaup á heilbrigðisstofnunum, 437. mál, svar heilbrrh., þskj. 1076.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál, þskj. 1099.

Stjórn fiskveiða, 460. mál, þskj. 1092.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa 1999, 627. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1105.

Yrkisréttur, 527. mál, nál. landbn., þskj. 1109.

Þjónustukaup, 111. mál, þskj. 1093; brtt. VE, þskj. 1114.

Tilhögun þingfundar.

[10:37]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að hann áformar að atkvæðagreiðslur fari fram í dag um kl. hálftvö. Gert er ráð fyrir kvöldfundi. Einnig vill hann tilkynna að gert verður hlé frá kl. hálfsjö til hálfníu til nefndafunda. Fyrirhugað er að setja nýjan fund eftir atkvæðagreiðslur í dag og taka á dagskrá þess fundar nokkur ný mál frá nefndum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla utanrmn. á þáltill. um endurskoðun viðskiptabanns á Írak.

[10:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í framhaldi af því að á fundi í utanrmn. í gær var fellt að viðhafðri atkvæðagreiðslu með þremur atkvæðum gegn fimm

að taka úr nefnd tillögu sem felur í sér að Alþingi beini því til stjórnvalda að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir endurskoðun viðskiptabanns á Írak. Um er að ræða endurflutta tillögu, alls sex sinnum á Alþingi Íslendinga. Allt og sumt sem farið var fram á af minni hálfu sem 1. flm. tillögunnar og okkar þriggja sem studdum að tillagan yrði afgreidd úr nefnd var að hún fengi að koma hér seint og um síðir til atkvæða á Alþingi.

Viðskiptabannið á Írak hefur eins og kunnugt er staðið í 10 ár með skelfilegum afleiðingum fyrir allan almenning og þá einkum börn í Írak. Sex sinnum, herra forseti, hefur verið reynt að fá fram efnislega afstöðu Alþingis með tilteknum hætti í þessu máli. Jafnoft hefur það mistekist. Nú urðu lyktir málsins sem sagt þessar í utanrmn. Þar var meirihlutaafli beitt, ekki gegn efni tillögunnar heldur gegn því að hún fengi yfir höfuð að koma til efnislegrar afgreiðslu eða umfjöllunar.

Mér eru þessi málalok, herra forseti, mikið umhugsunarefni fyrir hönd þingsins og þingræðisins í landinu. Ég leyfi mér að beina því til hæstv. forseta að þessu gefna tilefni, en þau eru auðvitað fjölmörg fleiri, að forseti ræði í forsn. við formenn þingflokka og jafnframt við formenn fastanefnda hvort þetta sé sá háttur sem menn almennt vilja hafa á um þingstörfin, að í málum sem einhverjum þykir að því er virðist óþægilegt að komi til atkvæðagreiðslu í þinginu skuli meirihlutaafli í þingnefndum ítrekað beitt með þessum hætti, að liðið geti allt að áratugur án þess að tiltekin efnisatriði fái að koma til efnislegrar afgreiðslu hér.

Sé það vilji einhverra að fella þessa tillögu eða vísa henni til ríkisstjórnarinnar þá ættu þeir að sjálfsögðu að gera um slíkt tillögur eða greiða þannig atkvæði. Hinu, herra forseti, uni ég mjög illa að mál geti gengið fram árum og jafnvel áratugum saman með þessum hætti. Ég tel það veikja þingræðið og ég tel það í raun ólýðræðislegt og óefnislegt að mál séu meðhöndluð með þessum hætti.

Ég vona að forseti hafi heyrt óskir mínar.

[10:40]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það sem hv. síðasti ræðumaður sagði þegar hann lýsti því hvernig þetta mál hefur verið afgreitt í utanrmn. er alveg hárrétt. Það var ekki vilji fyrir því í meiri hluta utanrmn. að afgreiða málið úr nefndinni. Það er ekki nýmæli að mál séu látin liggja í nefndum. Þess eru mörg dæmi og liggja til þess ýmsar mismunandi ástæður. Það er ekkert því til fyrirstöðu, ef menn telja að slík vinnubrögð eigi ekki að viðgangast, að komast að grundvallarniðurstöðu um það. Þá getum við endurskoðað störf nefnda í sambandi við það en hér er ekki um nýmæli að ræða. Þetta hefur oft gerst áður og er hluti af því sem tíðkast hefur í nefndum þingsins.

[10:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. hreyfir hér mjög mikilvægu máli. Hann er að vísu að tala um eitt sérstakt mál sem hann hefur flutt sex sinnum og lagt mikið upp úr að fá atkvæðagreiðslu á og afgreitt frá Alþingi. Það breytir því ekki að alvara málsins snýr ekki síður að þingmannamálunum almennt og stöðu þeirra. Það er mjög erfitt að fá yfirferð á þingmannamálum í sumum nefndum og þegar þingi lýkur er það undantekning ef þingmannamál fá afgreiðslu úr nefnd.

Ég hef á tilfinningunni að þeirri umræðu sem vakin er hér, með athugasemd hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um mál sem lýtur að viðskiptabanninu á Írak, sé ekki lokið. Ég gæti trúað að hún verði endurtekin á næstu dögum þegar við förum að sjá hvaða þingmannamál hafa hlotið náð fyrir augum stjórnarmeirihlutans og hvaða þingmannamál fá þá náð að koma til umræðu í þingsal, jafnvel afar umdeild mál. Það ætla ég hins vegar að taka upp síðar þegar þau mál sem afgreidd hafa verið liggja á borðum þingmanna. Það er alveg ljóst hver viðhorf stjórnarmeirihlutans gagnvart þingmannamálum eru.

[10:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasi Inga Olrich, að það er ekki nýmæli að mál séu látin liggja í nefndum. En ég hygg að það mundi ekki gerast í öðrum þjóðþingum að komið væri í veg fyrir það í hartnær áratug að afstaða viðkomandi þjóðþings í máli af þessu tagi sem brennur mjög á fengi yfir höfuð að birtast mönnum. Ég minni t.d. á að þar er víða fyrir að fara sérstökum flýtifarvegi fyrir afgreiðslu mála ef mikið þykir liggja við að afstaða þjóðþingsins birtist með einföldum en skýrum hætti í einstökum efnismálum.

Þar er til að mynda hægt að knýja fram með mjög skömmum fyrirvara efnislega afstöðu þings, t.d. til þess hvernig farið er með atkvæði viðkomandi þjóðar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í einstökum málum. Slíkum farvegi er ekki fyrir að fara hér og ég tel það mikla tímaskekkju, úr því að svo er ekki, að beita þá með þessum hætti meiri hluta eins og gert var og koma í veg fyrir að Alþingi látið í ljós ákveðinn vilja í þessum efnum. Allt og sumt sem farið var fram á í tillögunni, herra forseti, var að fulltrúar Íslands beittu sér fyrir að þetta mál yrði tekið til endurskoðunar.

Ég held, herra forseti, að þetta eigi að vera okkur mikið umhugsunarefni. Til umræðu hefur verið að hér standi til að fara í endurskoðun þingskapa og í því sambandi leyfi ég mér að vekja athygli á því að þarna þarf að verða á breyting. Okkur vantar farveg fyrir endanlega afgreiðslu mála sem hafa verið endurflutt aftur og aftur. Það verður að koma til sögunnar einhver skilagrein frá nefnd og einhver sjálfstæður réttur til þess að lokum að knýja fram efnislega afgreiðslu mála á þingi. Það er ekki neinn svipur á því, herra forseti, og er ekki lýðræðislegt eða þingræðislegt að koma í veg fyrir að vilji þingsins líti dagsins ljós árum og áratugum saman í einstökum málum.

[10:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vekur máls á mjög mikilsverðu og eiginlega grundvallaratriði og þó að hann noti til þess sérstakt mál þá er um það að ræða hvort Alþingi setji lög yfirleitt.

Sú hefð að láta mál saltast í nefndum veldur því að mál eru ekkert rædd. Þeim er vísað til nefndar eftir 1. umr. og svo heyrist ekkert meir. Það er aldrei tekin afstaða til mála. Ég legg til að við þá endurskoðun þingskapa sem nú er unnið að verði tekið á þessu og að nefndir vinni öll mál, mæli með samþykkt þeirra eða mæli með því að þingið hafni viðkomandi máli og þá með rökum eða þá að það vísi því til þess sem samdi frv. og flutti það til að viðkomandi vinni það betur og þá í einhverjum ákveðnum anda sem nefndin leggur til. Þetta mundi leiða til þess að þingmenn færu loksins að semja lög sjálfir.

Þannig er mál með vexti að eiginlega eru engin lög sem samþykkt eru á Alþingi samin af þingmönnum. Alþingi er

ekki lengur löggjafarsamkunda. Alþingi er eingöngu endurskoðunaraðili á lög sem samin eru úti í bæ og þetta er mjög hættulegt. Þetta er hættulegt fyrir þingræðið og þetta er algerlega óháð því hvaða stjórnmálaskoðun menn hafa. Þetta er alla vega hættulegt fyrir þingræðið og það er mjög brýnt að þessu verði breytt. Við viljum öll hafa aðgreiningu löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og þetta væri einn liður í því að Alþingi, alþingismenn sjálfir og nefndir semji lög og taki afstöðu til hvers einasta máls. Ef menn eru á móti málinu, þá greiða þeir bara atkvæði gegn því með ákveðnum rökum.

[10:47]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Fullmikið var sagt af hálfu síðasta ræðumanns að engin lög væru samin af þingmönnum. Það er ekki rétt þó að rétt kunni að vera að þingmenn hafi of lítið frumkvæði að lagasetningu á hinu háa Alþingi. Það er heldur ekki rétt að málið sem hér um ræðir hafi ekki verið rætt, eins og vikið var að áðan. Þetta mál hefur verið ítarlega rætt, ekki aðeins einu sinni heldur mörgum sinnum og hvað eftir annað.

Hitt er síðan alveg rétt að það hefur tíðkast í þinginu að láta mál sofna í nefndum og mér finnst allt í lagi að taka upp umræðu um hvort það eru vinnubrögð sem við viljum láta viðgangast eða ekki, en þá finnst mér að það eigi að gera almennt en ekki vegna einstakra mála.

[10:48]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich, formaður utanrmn., segir ýmsar ástæður að baki því að mál sofni í nefndum og ég leyfi mér, herra forseti, að auglýsa eftir ástæðu fyrir því að í næstum áratug hefur þetta tiltekna mál verið svæft í þeirri nefnd sem hann veitir formennsku í.

Staðreyndin er sú að um 200 börn láta lífið í Írak á hverjum einasta degi af völdum viðskiptabanns Sameinuðu þjóðanna eða öllu heldur öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þetta alveg er óumdeilt. Það er óumdeilt að á aðra milljón manna hefur látið lífið af þessum sökum og hver yfirmaðurinn á fætur öðrum hjá Sameinuðu þjóðunum sem sinnir mannúðarhjálp í Írak hefur sagt upp störfum. Þeir hafa bent á að viðskiptabannið ... (**TIO:** ...efnislega ...) Á að reyna að koma í veg fyrir að upplýsingar komi fram hér í þinginu? Verið er að gagnrýna það að mál sé svæft í utanrmn. og menn eru að gera við það athugasemdir og ég er að segja að viðskiptabannið á Írak brýtur gegn Genfarsáttmálanum og viðauka hans sem kveður á um bann við sveltistefnu gagnvart almennum borgurum. Yfirmenn hjálparstarfs Sameinuðu þjóðanna hafa sagt af sér hver á fætur öðrum. Menn vilja ekki eiga það á samviskunni ...

(**Forseti** (GuðjG): Forseti fær ekki séð að hv. þm. sé að ræða störf þingsins. Hann er í efnislegri umræðu um málið en fékk orðið til að ræða um störf þingsins.)

Herra forseti. Ég læt hvorki forseta Alþingis né nokkurn annan mann takmarka málfrelsi mitt hér. Ég er að gera athugasemd við og taka undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þetta tiltekna mál sé svæft í nefnd í nær áratug. Mér finnst það þinginu til skammar ef það ætlar að láta meiri hlutann komast upp með slíka ósvinnu.

[10:51]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Það er ekki takmörkun á málfrelsi að hv. þm. fari eftir þingsköpum og til þess verður að ætlast. (Gripið fram í.) Forseti vill aðeins taka ... (Gripið fram í.) Forseti biður hv. 13. þm. Reykv. að halda ró sinni. Forseti vill aðeins taka fram að það er viðkomandi nefndar að taka ákvarðanir um hvort mál eru afgreidd frá nefndum eða ekki og sömuleiðis er það gömul þingvenja að taka ekki mál á dagskrá þingfunda nema álit þingnefnda liggi fyrir. En forseti mun hins vegar að sjálfsögðu verða við ósk hv. 3. þm. Norðurl. e. um að taka þetta mál upp í forsn. og ræða það þar.

[10:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég mælist til þess að forsn. þingsins taki þetta mál sérstaklega fyrir. Og ég óska eftir að fá skýringu á því á hvern hátt ég braut þingsköp og á hvern hátt málflutningur minn flokkast undir brot á þingsköpum og á hvern hátt sá málflutningur skar sig frá öðrum sem tóku til máls um þetta atriði. Ég óska eftir nánari skýringum á því. Ég er ekki að krefjast þess að ég fái þær núna en ég mun mælast til þess að þetta mál og yfirlýsingar hæstv. forseta verði teknar fyrir í forsn. þingsins.

(**Forseti** (GuðjG): Það verður að sjálfsögðu orðið við því. Forseti bendir á að hv. þm. var í efnislegri umræðu um málið en málshefjandi var að vekja athygli á vinnulaginu í hv. utanrmn.)

Útvarpslög, 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (heildarlög). — Þskj. 241, nál. 999, brtt. 1000.

[10:52]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 999 og brtt. á þskj. 1000 um frv. til útvarpslaga frá menntmn.

Menntmn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti til viðræðna. Einnig bárust nefndinni umsagnir sem komu að góðu gagni við umfjöllun nefndarinnar um frv.

Frumvarpið var samið á vegum menntamálaráðuneytisins og er nú endurflutt í ljósi athugasemda sem menntamálanefnd bárust á 123. löggjafarþingi. Með því er ætlunin að mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Af því leiðir að um Ríkisútvarpið munu gilda sérlög. Helsta tilefni endurskoðunar þessara laga nú er setning tilskipunar Evrópusambandsins 97/36/EB sem breytir sjónvarpstilskipun sambandsins 89/552/EBE. Sjónvarpstilskipunin tekur aðeins til sjónvarpsmála en ekki til þeirra þátta er varða hljóðvarp. Telja verður þó æskilegt að láta sömu reglur gilda samkvæmt útvarpslögum um sjónvarp og hljóðvarp eftir því sem við getur átt. Tvær grundvallarreglur tilskipunarinnar eru annars vegar frelsi sjónvarpsstöðva innan hvers aðildarríkis til þess að sjónvarpa til allra annarra aðildarríkja og hins vegar að sjónvarpsútsendingar eru heimilar um allt Evrópska efnahagssvæðið svo framarlega sem útsending er í samræmi við löggjöf útsendingarríkisins.

Mikið var rætt í nefndinni um það nýmæli tilskipunar 97/36/EB sem heimilar hverju aðildarríki EES að gera skrá um tiltekna þýðingarmikla viðburði sem senda skal út í dagskrá sem meginhluti almennings hefur aðgang að þó að sjónvarpsstöð sem selur sérstaklega aðgang að efni sínu hafi keypt einkarétt til sýningar frá þessum viðburðum. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er hugmyndin um upplýsingaþjóðfélagið.

Í tilskipuninni er lögð á það áhersla að afar mikilvægt sé að aðildarríkin geti gert ráðstafanir til þess að vernda rétt borgaranna til upplýsingar og tryggja þeim víðtækan aðgang að sjónvarpssendingum frá innlendum og erlendum viðburðum sem hafi mikilsverða þýðingu fyrir viðkomandi þjóðfélag. Í dæmaskyni eru nefndir Ólympíuleikar og heimsmeistarakeppni og Evrópumeistarakeppni landsliða í knattspyrnu. Það er skilningur nefndarinnar að þrjú skilyrði þurfi að uppfylla til beitingar þessari heimild. Í fyrsta lagi að um mjög þýðingarmikla viðburði sé að ræða, í öðru lagi að meginhluti þjóðarinnar, þ.e. a.m.k. 90%, hafi aðgang að viðburðunum í opinni dagskrá og í þriðja lagi að þetta sé án sérstaks endurgjalds. Heimild þessi verður ekki virk fyrr en umrædd skrá liggur fyrir. Nefndin leggur áherslu á að við undirbúning að gerð slíkrar skrár verði haft samráð við sjónvarpsstöðvar sem starfa hér á landi. Við beitingu þessa ákvæðis skal þess jafnframt gætt að raska ekki samkeppnisstöðu stöðvanna. Þá er það skilningur nefndarinnar að sjónvarpsstöð, sem hefur takmarkaða útbreiðslu og tryggir sér einkarétt á þeim viðburðum sem umrædd skrá tekur til, beri að bjóða réttindin þeim stöðvum sem hafa tilskilda útbreiðslu gegn sanngjörnu endurgjaldi.

Þetta nýmæli mun hafa einhver áhrif á tekjumöguleika sjónvarpsstöðva en þar kemur á móti að um þessa ákveðnu viðburði er vitað með löngum fyrirvara og þá er ótalinn möguleiki á auglýsingatekjum tengdum viðburðunum. Ef Íslendingar nýta sér ekki þetta heimildarákvæði sjónvarpstilskipunarinnar er raunhæf hætta á því að þeir fari á mis við sjónvarp frá mikilvægum innlendum og erlendum íþróttaviðburðum eins og reynslan hefur þegar sýnt okkur þegar erlend fyrirtæki hafa boðið betur en íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa treyst sér til að bjóða í rétt til sýningar frá íslenskum íþróttaviðburðum. Af þessum ástæðum þykir ekki annað verjandi en að leggja til að fest verði í íslensk lög ákvæði sem gera kleift að tryggja Íslendingum aðgang að sjónvarpssendingum sem sjónvarpsstöðvar í EES-ríkjum hafa keypt rétt á og falla að öðru leyti undir viðkomandi heimildarákvæði í sjónvarpstilskipuninni.

Aðrar breytingar á íslenskri útvarpslöggjöf eru þær helstar að tekin eru upp nánari ákvæði en áður til verndar börnum gegn sjónvarpsefni sem ýmist er talið geta haft alvarleg skaðvænleg áhrif á þroska þeirra eða til þess fallið að hafa slík áhrif. Ákvæði þessi eiga að styrkja gildandi íslensk lög um þetta efni og vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga. Þá er lagt til að menntamálaráðherra verði heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Stafræn tækni gefur mikla möguleika til betri nýtingar tíðnisviðsins en nú og er þannig m.a. meginforsenda þess að fleiri aðilar eigi þess kost að hefja raunverulega samkeppni. Þannig er miðað við að íslensk útvarpslöggjöf verði opin fyrir hvers konar tækniþróun og í frumvarpinu eru því sérstök ákvæði í VII. kafla um tengsl útvarpslaga og fjarskiptalaga, sérstaklega með hliðsjón af nýtingu ljósleiðaratækni í þágu sjónvarpssendinga.

Að lokum má geta þess að valdsvið útvarpsréttarnefndar er aukið frá því sem verið hefur. Ákvarðanir hennar eru fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði og sæta því ekki stjórnsýslukæru. Ávallt er þó hægt, eðli málsins samkvæmt, að bera slíkar úrlausnir undir dómstóla.

Við lögleiðingu þessa frumvarps verða núgildandi lagaákvæði um Ríkisútvarpið að sérlögum. Fram kom í viðræðum í nefndinni að nauðsynlegt er að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Nefndin leggur áherslu á að þessari vinnu verði hraðað.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Helstar þeirra eru:

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 5. gr. til skýringar á starfssviði útvarpsréttarnefndar og íslenskra stjórnvalda. Hér á landi er það útvarpsréttarnefnd sem hefur fullnaðarúrlausn á stjórnsýsluviði en það kemur hins vegar í hlut ríkisstjórnarinnar að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn ESB, eftir því sem við á, um þær ráðstafanir sem íslensk stjórnvöld hyggjast grípa til í samræmi við ákvæði greinarinnar, sbr. ummæli í greinargerð með frumvarpinu.

Í öðru lagi vil ég nefna að lagðar eru til breytingar á 6. gr. Í fyrsta lagi er í c-lið 4. mgr. lagt til að jafnframt því sem útvarpsstöðvar geri útvarpsréttarnefnd grein fyrir þeirri dagskrárstefnu sem fyrirhuguð er skuli þær einnig gera nefndinni grein fyrir fyrirhuguðum grundvallarbreytingum á áður kynntri dagskrá. Í öðru lagi er lögð til lagfæring á orðalagi 2. málsliðar f-liðar 4. mgr. og einnig er lagt til að í 6. mgr. sé tekið sérstaklega fram að ákvarðanir útvarpsréttarnefndar séu fullnaðarúrlausnir á stjórnsýslusviði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutverk útvarpsréttarnefndar sé aukið mjög frá því sem áður var. Nauðsynlegt er að skýrt sé kveðið á um að ákvarðanir nefndarinnar séu fullnaðarúrlausnir.

Þriðja atriðið sem ég vil nefna er að lögð er til breyting á fyrri málslið 1. mgr. 7. gr. Málsliðurinn verður þannig óbreyttur frá gildandi lögum og ekki verða hér gerðar strangari kröfur til útvarpsstöðva en gert er nú.

Í fjórða lagi nefni ég að lagðar eru til breytingar á 14. gr., um vernd barna gegn óheimilu efni, m.a. þannig að fylgt er nákvæmar orðalagi tilskipunar 89/552/EBE eins og henni hefur verið breytt með tilskipun 97/36/EB. Ákvæðið felur þannig í sér skýrari viðmið til verndar börnum.

Fimmta atriðið sem ég nefni er að lagt er til að 2. mgr. 35. gr. falli brott. Refsing verður einungis ákveðin með lögum og slík ákvæði þurfa að vera skýr og afdráttarlaus. Ef sett er reglugerð á grundvelli ákveðinna laga leiðir af eðli máls að um viðurlög við brotum gegn ákvæðum hennar fer samkvæmt viðurlagaákvæðum laganna, svo framarlega sem þau ákvæði reglugerðarinnar sem um ræðir teljast hafa fullnægjandi lagastoð. Því verður að telja 2. mgr. 35. gr. óþarfa í lagasetningu.

Síðast vil ég nefna að lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, 37. gr., þar sem breytingar eru gerðar á 31. og 32. gr. núgildandi útvarpslaga í samræmi við breyttar aðstæður, en eins og ég nefndi áður verða núgildandi ákvæði um Ríkisútvarpið að sérlögum við lögfestingu þessa frv.

Aðrar brtt. menntmn. eru minni háttar lagfæringar og orðalagsbreytingar og skýra sig sjálfar. Menntmn. er einróma í afstöðu sinni en hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Herra forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem hefur fengið ítarlega umfjöllun í menntmn. bæði á síðasta vetri og einnig á þeim vetri sem nú er lokið. Ég vænti þess að við eigum uppbyggilegar umræður um þetta mikilvæga mál sem horfir til framfara og að það fái mikinn stuðning á Alþingi. Það er alveg ljóst að í menntmn. ríkir ágæt samstaða um málið.

[11:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Frv. til útvarpslaga sem við fjöllum um við 2. umr. hefur verið til umfjöllunar í menntmn. í allan vetur eins og hér kom fram og einnig var fjallað um þetta frv. á síðasta þingi.

Ég verð að segja að frv. er ágæt smíð að mínum dómi og eftir þá góðu og mjög vönduðu umfjöllun sem frv. hefur fengið í menntmn. og ágætar brtt. sem hér liggja frammi og eru allar til bóta að mínu mati, styð ég þetta frv. Ég skrifaði samt undir það með fyrirvara og vil ég síðar gera nokkra grein fyrir í hverju sá fyrirvari er fólginn.

Ég ætlaði aðeins að fjalla um nokkrar greinar sem hafa kannski valdið mestum heilabrotum og umræðu innan nefndarinnar. Vil ég þá fyrst nefna 9. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur."

Ýmsar skoðanir á þessu komu svo sem fram í álitum sem okkur bárust m.a. frá Ríkisútvarpinu sem segir um þennan lýðræðisþátt, með leyfi forseta:

„Við skulum fyrst gera okkur grein fyrir því að útvarpsréttarnefnd á að hafa vald til að hafa áhrif á dagskrárinnihald ljósvakafjölmiðla, sjá ákvæði um barnavernd, auglýsingar, kostun, svo og 9. gr."

Fleira segja þeir í áframhaldi af þessu en það sem þeir gera þó sérstaklega athugasemdir við er „að þeim sem hefur útvarpsleyfi í þeim yfirlýsta tilgangi að beita sér fyrir tilteknum málstað er ekki skylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar". Þetta finnst Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins óvarlegt að setja í lög og fjalla m.a. um þetta atriði í umsögn, þ.e. að það sé „... óskylt að flytja dagskrárefni sem gengur í berhögg við stefnu stöðvarinnar." Menn hugsa þá að allt í lagi sé að leyfa litlu róttæklingahópunum að sperra sig. En hvað ef Bylgjan nær geysilegri hlustun og stjórn hennar ákveður að Bylgjan beiti sér fyrir tilteknum málstað, málstað stærsta eða næststærsta stjórnmálaflokksins?

Þeim finnst sem sagt ekki viturlegt að hafa þetta ákvæði inni í lögum. Ég geri samt ekki sérstakar athugasemdir við þetta sjálf.

10. gr. frv. er m.a. um að sjónvarpsstöðvar eigi að sjá til þess ef unnt er að minnst 10% af útsendingartíma sé varið til evrópskra verka. Við þetta voru gerðar miklar athugasemdir m.a. af Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins og framleiðendafélaginu sem krefst þess skilyrðislaust að hlutdeild innlendrar framleiðslu eigi að vera 25% af útsendingartíma í stað 10% eins og stendur í greininni. Þarna er sem sagt hlutfall innlendrar framleiðslu, fyrir utan fréttir, veður og talsetningu barnaefnis sem framleidd skuli af sjálfstæðum framleiðendum. Fari 10% greinin óbreytt í lög geta íslenskar sjónvarpsstöðvar keypt sýningarrétt á nokkrum seríum frá Bretlandi, segja þeir, og þannig uppfyllt 10% skilyrðin. Ég tel að því verði að treysta að útvarpsréttarnefnd hafi auga með þessu atriði og ef þessar áhyggjur reynast raunhæfar þá tel ég sjálfsagt að endurskoða þurfi lögin og láta þetta taka til innlends efnis.

Miklar breytingar voru gerðar á 14. gr. til hins betra. Í nefndaráliti menntmn. sem hv. formaður nefndarinnar las upp stendur að þar séu tekin upp nánari ákvæði en áður til verndar börnum gegn sjónvarpsefni sem ýmist er talið geta haft alvarleg og skaðvænleg áhrif á þroska þeirra eða til þess fallið að hafa slík áhrif. Ákvæði þessi eiga að styrkja núgildandi íslensk lög um þetta efni og vera til fyllingar ákvæðum samkeppnislaga. Ég held að það sé mjög til hins betra að þetta hafi verið fært nær tilskipuninni eins og þarna var gert með breytingunum.

Þá er það 18. gr. Nokkrar sjónvarpsstöðvar í landinu kallast skjávörp og eru reknar á minni stöðum úti á landi. Þær eru mest með svona innansveitarkróníkur, ef svo má kalla, og auglýsingar. Þessar stöðvar hafa miklar áhyggjur af því að þær geti ekki uppfyllt ákvæði 18. gr. og fóru þess á leit að kannað væri hvort unnt væri að veita einhverjar undantekningar frá þessu. Það fór til athugunar í ráðuneytið og þaðan kom það svar að 18. gr. væri ófrávíkjanleg og þess vegna yrðu skjávarpsstöðvarnar að haga útsendingum sínum í samræmi við ófrávíkjanleg ákvæði útvarpslaga og tilskipunarinnar sem vikið er að hér að ofan. Mér þykir það miður. En eftir að við höfum farið mjög vandlega yfir þetta í nefndinni þá sé ég ekki að hægt sé að víkja frá þessu eins og áður hefur komið fram.

23. gr. olli miklu fjaðrafoki. Greinilegt er að forsvarsmenn ýmissa sjónvarpsstöðva hafa miklar áhyggjur af þessu, sem sé að hægt sé að ákveða að víkja frá einkarétti á útsendingum varðandi atburði sem hafa verulega þýðingu í þjóðfélaginu. Ég tel eftir þær skýringar sem koma fram í nefndaráliti við þessa grein að hún sé mjög ásættanleg fyrir alla. Það er tekið skýrt fram hér að það verði að koma fram í reglum og það verði að koma fram miklu fyrr, töluvert fyrr, um hvaða atburði sé þarna að ræða. Ég held að þetta sé bara hið besta mál og tek undir þetta heils hugar og ég held að ákvæðið sé nú í þeim búningi að allir eigi að geta sætt sig við það.

Varðandi 34. gr. þá hafa ýmis merkissamtök miklar áhyggjur af því valdi sem menntmrh. er veitt með 1. mgr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Heimilt er menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi".

Það má nefna t.d. Verslunarráð Íslands sem telur með vísan til aukinnar samkeppni í útvarpsrekstri óeðlilegt að festa í lögum ákvæði um að hið opinbera skuli hafa forgöngu um undirbúning stafræns útvarps á Íslandi. Þarfir markaðarins hljóti að stýra því hvort og hvenær útvarpsrekstraraðilar telja rétt að fara af stað með þá tækni sem í stafrænu útvarpi felst. Þá megi benda á að almennt sé óeðlilegt að festa í lög viljayfirlýsingar sem einmitt feli í sér almenna stefnumörkun á ákveðnum sviðum. Aðrir birtingarhættir henti betur í því samhengi. Þetta eru sem sagt orð Verslunarráðsins sem leggur til að þessi grein falli eins og hún leggur sig brott úr frv.

Íslenska útvarpsfélagið hefur líka áhyggjur af þessari grein og telur að ákvörðun um stafrænt útvarp sé ákvörðun um milljarðakostnað, bæði fyrir stjórnvöld og útvarpsstöðvar á markaðnum þegar ákvörðun verður tekin. Það sé brýnt að vandað verði til svo stórrar ákvörðunar. Íslenska útvarpsfélagið hefur lagt til að skipuð verði sérstök nefnd sem í verði fulltrúar ráðuneytisins, Póst- og fjarskiptastofnunar, útvarpsréttarnefndar og starfandi útvarpsstöðva sem fái það hlutverk að móta tillögur til ráðherra um tæknilega útfærslu stafræns útvarps. Síðan verði það ákvörðun Alþingis hvenær og hvernig ríkið taki þátt í ákvörðun um stafrænt útvarp. Útvarpsréttarnefnd fagnaði hins vegar þessu ákvæði og því að lögfesta ætti þessa heimild menntmrh. til að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi.

Ég verð að játa að ég hef ekki nægilega tækniþekkingu eða yfirsýn varðandi stafrænt útvarp þrátt fyrir að ég hafi í nefndinni lagt mig fram við að hlusta grannt á tæknifræðinga útskýra þessi mál fyrir okkur. Ég tel þó ekkert óeðlilegt við að menntmrh. fái þessa heimild. Ég tel auðvitað sjálfsagt að hann leiti samráðs við þá sem málið varðar áður en þessi undirbúningur verði hafinn. Ég tel það víst að hann hafi þann háttinn á.

Það er sérstaklega varðandi ákvæði til bráðabirgða sem ég vildi láta í ljós áhyggjur mínar, þ.e. vegna Menningarsjóðs útvarpsstöðva sem gert er ráð fyrir að verði lagður niður við gildistöku þessara laga þó að stjórn hans eigi samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu að sitja áfram eftir gildistöku laganna og ljúka svo starfi eigi síðar en 31. desember 2001. Ég er meðvituð um þá miklu gagnrýni sem verið hefur í garð Menningarsjóð útvarpsstöðva og þess hvernig hann hefur verið notaður. Ég geri mér grein fyrir því að auðvitað var þörf á að endurskoða þetta og breyta en ég harma að málið skuli vera skilið eftir í því tómarúmi sem mér finnst vera þarna. Ríkisútvarpið á áfram að greiða 25% af rekstrarkostnaði sinfóníunnar. Það hafa verið um 60 millj. á ári sem sjóðurinn hefur greitt til sinfóníunnar og heildarframlag Ríkisútvarpsins í Menningarsjóð er 80 millj. En það eru líka aðrar stöðvar sem greiða í Menningarsjóð. Mér finnst það skilið eftir í lausu lofti hvað verður um styrki til annarrar þáttagerðar. Ég veit að búið er að ganga frá því með breytingu á lögum um Kvikmyndasjóð að ákveðin framlög séu til sjálfstæðra framleiðenda en ég hef áhyggjur af annarri þáttagerð til útvörpunar. Mér finnst þetta mál skilið eftir svolítið í lausu lofti. Mér finnst að með nýjum lögum hefði átt að ganga betur frá málinu en hér er gert.

Hér stendur að stöðvarnar eigi sjálfar að ákveða til hvaða verkefna fjármunir séu nýttir. Mér finnst þetta of opið. Ég hefði gjarnan viljað að þeir fjármunir sem stöðvarnar hafa áður greitt í sjóðinn væru merktir til ákveðinnar þáttagerðar á vegum stöðvanna sem þær hefðu allt að segja um hvernig yrði. Mér finnst alla vega að ganga hefði átt betur frá þessu máli en hér er gert.

Annað langar mig að koma inn á. Ég hef oft þegar minnst hefur verið á útvarp á Alþingi lagt til að sjónvarps- og útvarpsgjald yrði innheimt með nefskatti. Umræður um þetta í nefndinni urðu til þess að nefndin bað um tölur frá Ríkisútvarpinu. Pétur Matthíasson sendi nefndinni áætlun um hvernig þetta mundi líta út ef nefskattur yrði tekinn upp næsta ár. Hann áætlar að það sem Ríkisútvarpið þarf til rekstrarins sé 1 milljarður og 800 þús. Ef skattur yrði lagður á hvern einstakling, yrði hann 6.473 kr. á ári á mann, eða sem svarar 25.892 kr. á fjögurra manna fjölskyldu. Ef gjaldið yrði lagt á heimili yrði skatturinn 18.254 kr. á heimili. Ef hann yrði lagður á fyrirtæki einnig yrði hann 5.786 kr. en það að leggja á fyrirtæki er ábyggilega mjög þungt í vöfum því að í ýmsum fyrirtækjum eru kannski ekki sjónvarpsáhorfendur. Ég veit t.d. að eitt fyrirtæki — af því að ég sé hv. þm. Össur Skarphéðinsson í salnum — þ.e. félag til stuðnings framboði Össurar Skarphéðinssonar, mundi þá þurfa að borga slíkt sjónvarpsgjald ef það yrði líka lagt á öll skráð félög og fyrirtæki. Ég tel hreinlega að jafnvel þó að það félag mundi borga þá sé sú leið ekki fær, að leggja þetta á fyrirtæki. En ef fyrirtækin greiddu eins og heimili yrði fjöldi aðila 131.890 og nefskatturinn þá 13.678 kr. á ári á hvern aðila.

Ég verð að segja að þessar tölur ollu mér nokkrum vonbrigðum. Ég hélt að meiri munur yrði ef þetta væri lagt á bara eftir íbúaskrá en þeir segja að ef þetta væri miðað við fólk á vinnumarkaði, sem eru 158.400 manns, yrði nefskatturinn 11.389 kr. eða 34.167 kr. fyrir hjón með eitt barn eldra en 16 ára. Þetta yrði þá greinilega, ef þessi tillaga sem ég hef löngum haft á lofti yrði samþykkt, ekki til hagsbóta fyrir venjuleg heimili í landinu og ég dreg tillögu mína hér með til baka nema fram komi nýjar upplýsingar sem réttlæti hana frekar.

Í nál. er því lýst yfir að þegar í stað þurfi að hefja endurskoðun á lögum um Ríkisútvarp og færa þau til nútímalegra horfs. Ég tel að sú endurskoðun, ef rétt er að henni staðið, geti orðið til góðs, t.d. ef tekið er mið af tillögum starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins sem bárust okkur í nefndinni. Þau eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Útvarpslögum verði breytt þannig að:

Útvarpsráð sé skipað tíu mönnum, þar af sjö kosnum af Alþingi. Enn fremur skipi starfsmenn Ríkisútvarpsins þrjá menn í útvarpsráð og hafi þeir þar fullan atkvæðisrétt. Ráðið meti og taki afstöðu til árlegrar rekstrar- og dagskrárstefnu sem framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins leggur fram. Að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar fjalli útvarpsráð um og samþykki langtímaáætlun fyrir Ríkisútvarpið um dagskrá og fjárreiður.

Störf útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins verði lögð niður. Í staðinn komi þrjár nýjar stöður helstu yfirmanna: dagskrárstjóri Ríkisútvarpsins ráðinn af útvarpsráði, rekstrarstjóri sem sé ráðinn af menntamálaráðherra og starfsmannastjóri sem rekstrarstjóri og dagskrárstjóri ráði til starfa. Þessir þrír yfirmenn myndi ásamt tveimur fulltrúum starfsmanna framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins.

Útvarpsráð framfylgi valdi sínu yfir dagskrá Ríkisútvarpsins með því að fela dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins að annast yfirumsjón með framkvæmd dagskrár í sjónvarpi og útvarpi. Ráðinu sé gert að starfa sjálfstætt og óháð hagsmunum stjórnmála- og viðskiptalífs. Það hætti afskiptum af einstökum dagskrárliðum og ráðningu starfsmanna, annarra en dagskrárstjórans. Í staðinn líti útvarpsráð eftir því í höfuðatriðum að Ríkisútvarpið ræki skyldur sínar við þjóðina."

Þetta eru tillögur starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins um nútímalegra Ríkisútvarp. Ég tel að þessar tillögur séu allrar athygli verðar og vona, þegar þessi endurskoðun á útvarpslögum fer fram, að höfð verði hliðsjón af þeim.

[11:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns menntmn., Sigríðar Önnu Þórðardóttur, skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara. Það skal tekið fram að vinnan við þetta frv. í nefndinni var mikil og góð. Við fengum góða gesti og það var farið djúpt í málin. Ég vil meina að þeim tíma sem varið var í þá vinnu hafi verið vel varið.

Það sem eftir stendur er löggjöf sem að mínu mati er í grundvallaratriðum góð og vel unnin en skilur Ríkisútvarpið eftir standandi út af borðinu. Nú er sett í nál. yfirlýsing þess efnis að við lögleiðingu þessa frv. verði núgildandi lagaákvæði um Ríkisútvarpið að sérlögum. Þetta hefur staðið í okkar pappírum í þessu máli allan tímann. Nefndin varð sammála um að nauðsynlegt væri að endurskoða þau lög sem eftir standa og koma til með að verða sérlög um ríkisútvarp. Ég verð að segja, herra forseti, að ég óttast og ber ákveðinn kvíðboga varðandi þessi ákvæði um Ríkisútvarpsið sem eru í raun og veru afgangurinn af þeim lögum sem við búum við

í dag. Ég hef á tilfinningunni að slitrurnar af þeim lögum séu ekki nægilega góð til að vera hér eftir kölluð lög um Ríkisútvarp. Ég tel afar nauðsynlegt að þau tilbúnu sérlög, þessi afgangur af þeim útvarpslögum sem við búum við í dag, verði endurskoðuð strax á næsta þingi.

Ég legg áherslu á yfirlýsingu sem kemur fram í nál. þar sem segir, með leyfi forseta: „Nefndin leggur áherslu á að þessari vinnu verði hraðað.“ Þarna er átt við endurskoðun lagaákvæða um Ríkisútvarpið og hvatt til að endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Ég vona að þessi yfirlýsing verði tekin gild og falli ekki í gleymsku og dá eins og gjarnan er um yfirlýsingar af þessu tagi sem koma fram í nefndarálitum. Það kemur fram í umsögnum frá Ríkisútvarpinu, frá útvarpsráði, frá starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins og frá útvarpsstjóra sjálfum að brýnt sé að endurskoða gildandi lög um ríkisútvarp. Því til stuðnings vil ég vitna í umsögn útvarpsráðs sem nefndinni barst. Þar segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsráð telur óheppilegt að ekki skuli jafnframt þessu frv. liggja fyrir frv. um Ríkisútvarpið.

Annars vegar er löngu orðið brýnt að endurskoða lagaramma Ríkisútvarpsins. Gildandi lög henta ekki því starfsumhverfi sem Ríkisútvarpið býr nú við og óvissa um framtíð fyrirtækisins er farin að há starfi þess.

Hins vegar er almenna frv. á ýmsan hátt óljóst að því er varðar Ríkisútvarpið þar sem ekkert liggur fyrir um framtíðarskipan þess nema RÚV-kaflinn úr gömlu lögunum. Má þar nefna m.a. valdskiptingu útvarpsréttarnefndar og útvarpsráðs, sbr. 6. gr., 5. og 12. gr., þar sem útvarpsréttarnefnd virðist falin verkefni sem útvarpsráð annast nú gagnvart Ríkisútvarpinu, og ákvæði um skyldur útvarpsstöðva.

Þá vekur útvarpsráð í þessu sambandi athygli á því að við afnám Menningarsjóðs verður sú skipan tekin upp á ný að Ríkisútvarpið greiðir beint 25% af árlegum rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Útvarpsráð telur að þá skipan þurfi að endurskoða. Til þess er engin tilraun gerð í frv. en aðeins sagt í greinargerð að huga þurfi sérstaklega að þessum efnum.“

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála því sem hér kemur fram. Endurskoðun þessara mála er afar brýn. Ríkisútvarpið er ein af þeim stóru menningarstofnunum sem okkar litla samfélag hefur á að skipa.

Í því umhverfi sem Ríkisútvarpið starfar í dag steðjar að samkeppni frá hægri og vinstri, úr öllum áttum. Hún er góð að mörgu leyti. En í litlu samfélagi á borð við okkar verður hún aldrei gjöful nema ríkisvaldið leyfi sér þann munað að standa vel við bakið á metnaðarfullri innlendri dagskrárgerð fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Ég fullyrði, herra forseti, að Ríkisútvarpið er menningarstofnun sem er ein af okkar mikilvægustu lífæðum svo að menning okkar fái dafnað og blómstrað. Það er afar mikilvægt að Alþingi og hv. menntmn. viðurkenni það. Þess vegna segi ég: Það er aldrei of oft sagt að Ríkisútvarpið á það skilið og þarf á því að halda að lög um það séu endurskoðuð og bætt sem allra fyrst.

Varðandi það sem kemur fram í tilvitnun minni í umsögn útvarpsráðs, herra forseti, hef ég ákveðnar áhyggjur af því að verða muni árekstrar varðandi lögsögu útvarpsréttarnefndar yfir Ríkisútvarpinu. Í nefndinni voru þessar áhyggjur vissulega reifaðar en starfsmenn ráðuneytisins og höfundar frv. komu á fund okkar og sögðu að við þyrftum ekki að óttast slíkt. Við vorum í raun fullvissuð um að ekki verði skörun á valdsviði útvarpsráðs og útvarpsréttarnefndar. Þessi orð ráðuneytisstarfsmanna og höfunda frv. eru vissulega góð og gild og þau verða að hafa vægi. Við verðum að treysta því á Alþingi að ekki verði meiri háttar áreskstrar á milli útvarpsréttarnefndar og útvarpsráðs og þarna verði ekki um skörun að ræða. Það þarf að vera alveg tryggt og hv. menntmn. þarf að vera viss um að það geti staðið, að þessi lög breyti í raun og veru engu um starfssvið útvarpsráðs, það sé hið sama og samkvæmt gildandi lögum um ríkisútvarp.

Herra forseti. Mig langar til að gera að umræðuefni eitt veigamikið atriði sem við ræddum mikið í nefndinni. Það lýtur að þeim skyldum sem nefndin telur að eigi að hvíla á herðum Ríkisútvarpsins umfram aðrar stöðvar. Þá erum við fyrst og fremst, herra forseti, að tala um útvarpsstöðvar. Það sem ég á við kemur fram í 7. gr. frv. þar sem fjallað er um dagskrárframboð og skyldur útvarpsstöðva. En í 7. gr. frv., 1. málsl., segir með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun, efla íslenska tungu og leggja rækt við sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.“

Þessi setning var mikið rædd í nefndinni, herra forseti. Á endanum kom fram tillaga sem er hluti af brtt. nefndarinnar, um að fyrri málsl. 1. mgr. orðist svo:

„Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu.“

Með öðrum orðum, herra forseti, ákvað nefndin að útvarpsstöðvum almennt væri það ekki skylt að leggja rækt við sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Þessi skoðun nefndarinnar var rökstudd á þann hátt að þetta væri skylda sem Ríkisútvarpið ætti umfram aðrar stöðvar að bera. Þannig kom fram í nefndinni, herra forseti, að hún er sammála um að Ríkisútvarpið eigi að bera ríkari skyldur gagnvart menningu þjóðarinnar, sögu hennar og menningararfleifð en aðrar stöðvar. Þetta er afar mikilvægt í því samhengi sem hér er um rætt. Hér hefur hv. menntmn. Alþingis viðurkennt það að Ríkisútvarpið sé menningarstofnun umfram aðrar útvarpsstöðvar. Ég vil að því sé haldið til haga og viðurkennt að Ríkisútvarpið ber menningarlegar skyldur umfram aðrar útvarpsstöðvar.

Hitt er svo annað atriði, herra forseti, sem kemur einnig fram í 7. gr. þar sem sagt er að heimilt skuli ef sérstaklega stendur á að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Ég hefði, herra forseti, viljað sjá miklu skilmerkilegri skýringar á þessari grein. Samkvæmt henni er útvarpsstöðvum heimilað að útvarpa tónlistarefni sem kynnt er á öðru tungumáli en íslensku. Herra forseti. Það eru útvarpsstöðvar starfandi hér í dag sem gera slíkt, sem hafa á dagskrá sinni þætti þar sem þulartexti er á erlendu tungumáli. Herra forseti. Það er ekki vegna þess að viðkomandi texti sé miðaður við nýbúa. Hér er einungis um að ræða útþynningu á menningu í landinu. Þess vegna ítreka ég, herra forseti, að miklu brýnni þörf er fyrir okkur að standa vel vörð um menningarhlutverk Ríkisútvarpsins en við höfum áttað okkur á hingað til. Á markaðinn eru komnar stöðvar sem ekki er hægt að segja að séu íslenskar þó þær starfi samkvæmt þessum lögum og í skjóli 7. gr.

Herra forseti. Að lokum, varðandi þetta atriði í 7. gr., tekur útvarpsráð undir þessa gagnrýni mína og segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Útvarpsráð telur að slíkar undantekningar“ — þ.e. frá því að úvarpa þáttum á íslenskri tungu — „verði að skilgreina mun betur en nú er gert í frv. og reglugerð þannig að ljóst sé við hvaða hópa útlendinga er hér átt og hvers konar

útvarpssendingar sé um að ræða. Athygli skal vakin á því að samkvæmt orðanna hljóðan í greinargerð er hér ekki um að ræða nýbúa/innflytjendur." Þessar áhyggjur mínar eru því studdar áliti útvarpsráðs og reyndar fleiri umsagnaraðila.

Herra forseti. Þá vil ég gera að umtalsefni réttindi og skyldur útvarpsstöðva gagnvart börnum og ungmennum. Um það atriði fór fram mikil umræða í nefndinni og litaðist sú umræða satt að segja talsvert af áliti umboðsmanns barna sem sendi nefndinni afskaplega greinargóða umsögn. Þar kom fram sú skoðun umboðsmanns barna að lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum sem og útvarpslög þurfi að taka til endurskoðunar til að tryggja börnum betur þá vernd sem ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnskipunarlaga, kveður á um og einnig til að uppfylla ákvæði 17. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem og ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Í þessa umsögn var farið djúpt, herra forseti, og á endanum var niðurstaða nefndarinnar sú að hér skyldi tekið á af myndarskap og farið að tilmælum umboðsmanns barna. Í brtt. nefndarinnar er 14. gr. því orðuð upp á nýtt. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa brtt., 14. gr. hljóðar samkvæmt brtt. svo:

„Sjónvarpsstöðvum er óheimilt að senda út dagskrárefni, þar á meðal auglýsingar, sem gæti haft alvarleg skaðvænleg áhrif á líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska barna, einkum og sér í lagi dagskrárefni sem felur í sér klám eða tilefnislaust ofbeldi, á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni."

Herra forseti. Þetta ákvæði er afar mikilvægt og það er ekki síður mikilvægt að tryggt sé að eftir þessu ákvæði í lögunum verði farið. Það er aðeins eitt orð í þessari brtt. sem ég er kannski ekki alveg fullkomlega sátt við. Það er í lokasetningunni þar sem sagt er að óheimilt sé að sýna þetta efni á þeim dagskrártíma sem hætta er á að börn sjái viðkomandi efni. Í þessum efnum er ekkert tryggt. Auðvitað er erfitt, herra forseti, að setja lög um að tryggt sé að börn séu ekki vakandi á ákveðnum tíma. En það er afar mikilvægt að þess sé gætt að þessu ákvæði verði framfylgt og við stöndum sameiginlega vörð um það að vernda börn og ungmenni fyrir þeim skaðvænlegu áhrifum sem sannað er að ofbeldis- og klámefni hafi á þroska þeirra. Hér náðist mjög gott samkomulag í nefndinni og ég er afskaplega ánægð með þá breytingu sem gerð var á 14. gr.

Þess má geta í þessu sambandi, herra forseti, að í umsögn útvarpsráðs kemur fram að Ríkisútvarpið hefur ákveðna sérstöðu í þessu efni eins og mörgum öðrum. En í umsögn útvarpsráðs segir um vernd barna, með leyfi forseta:

„Í útvarpsráði eru nú til umræðu hugmyndir um að leggja af eða takmarka mjög auglýsingatíma nálægt barnaefni í sjónvarpi og hvetur ráðið menntmn. til að taka það mál til sérstakrar athugunar."

Það er afar gott og gaman að geta tilkynnt það hér, herra forseti, að hjá Ríkisútvarpinu skuli hugað að þessum málum á þessum nótum og væri betur að fleiri stöðvar tækju sér Ríkisútvarpið til fyrirmyndar hvað þetta varðar. Ef ekki eykur þetta í öllu falli sérstöðu Ríkisútvarpsins og styrkir enn stöðu þess sem öflugrar menningarstofnunar sem stendur vörð um íslenska menningu og stendur undir ábyrgð sinni.

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur sem talaði á undan mér og ræddi um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það er afar mikilvægt að rekstrargrundvöllur Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði tryggður. Það er ekki nægilega afgerandi í þessum lögum. Á því máli þurfum við að taka og það verður vonandi gert af myndarskap á næsta ári, að ræða málefni þeirrar menningarstofnunar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands er og tryggja að hún verði sjálfstæð og efld. Við þurfum að velta upp öllum þeim skoðunum sem hafa verið á því máli og hvort það eigi að vera á ábyrgð Ríkisútvarpins að Sinfóníuhljómsveitin geti starfað.

Það má nefna, herra forseti, nokkur atriði er varða skilgreiningar orða og hugtaka í þessu frv. Það sem ég hefði kannski helst viljað klára í þeim efnum er að skilgreina tvennt. Annars vegar hugtakið „fréttatengt efni" og hins vegar „innlend dagskrárgerð". Það kemur í ljós þegar talað er um innlenda dagskrárgerð, þá fyrst og fremst innlenda dagskrárgerð fyrir sjónvarp, að þar kennir ýmissa grasa. Það mun talið til innlendrar dagskrárgerðar þar sem erlend tónlistarmyndbönd eru sett saman og íslenskur kynnir kemur inn á milli og kynnir þau í örfáum orðum. Um þetta munu vera fleiri dæmi, að samsettir erlendir þættir sem eru klipptir upp og settir saman á nýjan leik með íslenskum þul falli undir innlenda dagskrárgerð í úttektum stöðvanna á eigin efni. Það hefði alveg verið tímabært og þarft fyrir nefndina að taka á þessu. Þetta er kannski mál sem tæki lengri tíma í vinnslu en það er kannski eitthvað sem við ættum að horfa til á næsta þingi að skoða skilgreiningar að þessu leyti. Það verður að vera alveg tryggt að innlend dagskrárgerð sé innlend dagskrárgerð en ekki einhver tilbúningur.

Varðandi skilgreininguna á fréttatengdu efni, þá hefði ég viljað sjá frekari skilgreiningu á því. Nú hefur það komið upp að sjónvarpsstöðvar reyna að fara í kringum ákvæði í þessu frv. og reyndar í gildandi lögum varðandi auglýsingar í fréttatengdu efni. Það hefði verið þarft verk fyrir nefndina að skilgreina það frekar þannig að Alþingi gæti komið sér saman um eftir hvaða reglum eðlilegt væri að stöðvarnar færu og hvernig fara ætti með auglýsingar í sambandi við fréttatengt efni.

Að lokum langar mig, herra forseti, að nefna mál sem hefði kannski átt að koma inn í umræðu okkar en gerði það ekki nema að örlitlu leyti. Það er textun á íslensku sjónvarpsefni fyrir heyrnarskerta. Það var sérmál fyrir nefndinni en fæst sýnilega ekki afgreitt frá henni á þessu vori en það hefði sannarlega verið rausnarlegt af hinu háa Alþingi og hv. menntmn. ef við hefðum getað sett inn í þessi lög ákvæði sem skylduðu sjónvarpsstöðvar til að texta innlent efni í textavarpi sínu fyrir heyrnarskerta. Það er löngu orðið tímabært, herra forseti, að tekið sé almennilega á því máli því að þessu leyti sitja heyrnarskertir ekki við sama borð og aðrir landsmenn. Ég hefði gjarnan viljað sjá það en, herra forseti, eins og venjulega verður ekki á allt kosið. Hér náðust fram ýmsar mjög veigamiklar og góðar breytingar og ég er í heild sátt við þá vinnu sem fór fram í hv. menntmn. varðandi þetta frv.

[11:47]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég vil bregðast við nokkrum atriðum sem komu fram í máli hv. þingmanna sem tóku þátt í umræðunum hér á undan.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir gerði 34. gr. að umtalsefni þar sem hæstv. menntmrh. er heimilað að hefja undirbúning að stafrænu útvarpi hér á landi. Ég tel að þetta sé mjög mikilvæg grein í frv. Það er alveg ljóst að þessi tækni tekur við í framtíðinni. Í rauninni er ekki spurning um hvort heldur hvenær og við Íslendingar megum ekki vera eftirbátar annarra þjóða sem eru af fullum krafti að undirbúa stafrænt

sjónvarp hjá sér og þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að þessi grein skuli vera inni í frv. Þetta er heimildargrein þar sem ráðherra er heimilað að hafa forgöngu um þetta mál og kalla til þess þá aðila sem málið skiptir og það er alveg bráðnauðsynlegt að menntmrh. fái slíka heimild.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir nefndi líka Menningarsjóð útvarpsstöðva og hafði áhyggjur af því að með frv. sé verið að leggja hann niður. Það er alveg ljóst að Menningarsjóðurinn og ákvæðin um hann hafa verið mjög umdeild. Það eru því margir sem hafa viljað leggja hann niður og það er niðurstaðan í frv. Ég er sátt við að áhrifin af því eru í raun og veru þau að þá fá útvarpsstöðvarnar það fjármagn sem þær lögðu áður inn í Menningarsjóðinn til eigin ráðstöfunar og geta þá ákveðið til hvaða verkefna þeir fjármunir munu fara. Það er líka mjög mikilvægt atriði í þessu sambandi það samkomulag sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir vitnaði einmitt til frá því í desember 1998 og gert var milli menntmrh., fjmrh. og samtaka í íslenskri kvikmyndagerð, um stefnumörkun til að efla kvikmyndagerð hér á landi. Þar er kveðið á um að stefnt skuli að því að Kvikmyndasjóður geti varið allt að 100 millj. kr. árlega til framleiðslu styrkja til heimildamynda, stuttmynda og hreyfimynda. Þetta ákvæði kemur til framkvæmda ef Menningarsjóður útvarpsstöðva verður lagður niður og er þá miðað við að full fjárveiting náist til þessa verkefnis á fjórum árum eftir þetta.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi sérstaklega sérlög um Ríkisútvarpið og nauðsyn þess að endurskoða þau lagaákvæði sem standa eftir sem sérlög eftir lögfestingu þessa frv. Ég tek heils hugar undir orð hennar. Ég tel mjög brýnt að endurskoða lagaákvæðin um Ríkisútvarpið og ég vænti þess að hæstv. menntmrh. taki það til gagngerðrar skoðunar.

Hvað varðar 7. gr. sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi líka, um að hægt sé að heimila ef sérstaklega stendur á að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku, þá finnst mér það koma mjög skýrt fram í greinargerð með frv. að þetta ákvæði er túlkað þröngt. Þar segir:

„Er ákvæði þetta sett til þess að unnt sé að sinna þörfum útlendinga sem hér kunna að dveljast um lengri eða skemmri tíma, og er þá hljóðvarp fyrst og fremst haft í huga. Þykir rétt vegna jafnréttis og tjáningarfrelsis að orða þessa heimild berum orðum í lögum þó að ekki sé gert ráð fyrir ásókn í að reka hér á landi stöðvar til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Frá sjónarmiði málverndar er auðvitað aðalatriðið að starfsmenn þeirra útvarpsstöðva sem útvarpa á íslensku tali rétt og vandað mál.

Hvað varðar 14. gr. um vernd barna gegn óheimilu efni þá tókst um það mjög góð samvinna í nefndinni eins og hv. þm. hafa einmitt komið inn á, að breyta þeirri grein og gera hana markvissari og ákveðnari hvað þetta snertir og ég tel að ágætlega hafi tekist til.

Ég vil að síðustu þakka nefndarmönnum í menntmn. fyrir ágæta samvinnu við umfjöllun okkar um frv.

[11:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þarf ekki að verða langorður í lok umræðunnar um málið þegar það kemur frá hv. menntmn. Ég vil þakka nefndinni fyrir mjög vel unnin störf við frv. og ég er sammála öllum þeim tillögum um breytingar á frv. sem fram koma frá nefndinni. Þær sýna að nefndin hefur farið yfir þetta af gaumgæfni og litið til margra þátta þegar hún skoðaði málið.

Þetta er annað þingið sem málið er til meðhöndlunar hér og þess vegna er ánægjulegt að við náum þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir og um hana er jafnvíðtæk samstaða og fram hefur komið í umræðunum. Lengi hefur staðið til að endurskoða útvarpslögin eða allt frá árinu 1987. Hér er því mikið í húfi frá sjónarmiði löggjafans og einnig held ég frá sjónarmiði alls almennings því að fátt hefur meiri mótandi áhrif á umhverfi okkar en einmitt ljósvakamiðlar sem við öll hlustum á og viljum að starfi á skynsamlegum og góðum forsendum og ég tel að með frv. sé verið að móta slíkt umhverfi almennt fyrir þá miðla.

Fram hefur komið og ég fagna því að nefndin er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að hraða endurskoðun á þeim ákvæðum útvarpslaganna sem við erum að breyta sem lúta að Ríkisútvarpinu. Þegar í þetta mál var farið var spurning um vinnubrögð, hvort standa ætti að því á þennan hátt, þ.e. að leggja fram frv. til almennra útvarpslaga og síðan sérstök lög um ríkisútvarpið. Við völdum þá leið að fá fyrst afstöðu Alþingis til almenna hlutans til þess síðan að geta mótað reglurnar um Ríkisútvarpið í ljósi þess almenna ramma sem frv. skapar útvarpsstarfseminni.

Vafalaust á eftir að verða ágreiningur um ýmislegt að því er varðar frv. til laga um Ríkisútvarpið, sem menn hafa skorað á mig að flutt verði strax á næsta þingi. Ég mun einhenda mér í það að vinna að slíku frv. og hef sjálfur þegar lýst yfir nokkrum meginatriðum og skoðunum varðandi það hvernig ég tel skynsamlegast að búa Ríkisútvarpið undir nýja tíma með nýrri lagasetningu. En ég held að ekki sé ráðlegt að fara út í þær umræður núna, þær munu fara fram þegar frv. eða það mál verður til umræðu á þingi næsta haust væntanlega eða næsta vetur.

Ég vil geta þess einnig og ítreka það sem hv. formaður nefndarinnar rakti, að ég tel að hvorki málefni sem hafa notið stuðnings úr Menningarsjóði útvarpsstöðva né Sinfóníuhljómsveit Íslands séu í nokkru tómarúmi þótt við leggjum sjóðinn niður. Ég tel að gengið hafi verið þannig frá málum, bæði með samkomulaginu um eflingu Kvikmyndasjóðs og einnig með samkomulagi um að Ríkisútvarpið komi að því að greiða kostnað af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, að ekki eigi að skapast neitt tómarúm í þeim efnum. Að sjálfsögðu má velta því fyrir sér hvort Ríkisútvarpið eigi almennt að koma að Sinfóníuhljómsveitinni, en eins og menn minnast þegar við héldum upp á 50 ára afmæli hljómsveitarinnar 9. mars sl. var það rifjað mjög rækilega upp að hljómsveitin fæddist innan Ríkisútvarpsins og það var voru forráðamenn Ríkisútvarpsins í tónlistarmálum, þeir dr. Páll Ísólfsson og Jón Þórarinsson tónskáld, ásamt Jónasi Þorbergssyni útvarpsstjóra sem á sínum tíma beittu sér fyrir því að Sinfóníuhljómsveit Íslands kom til sögunnar. Hún hefur alla tíð starfað í nánum tengslum við Ríkisútvarpið og einnig hefur verið tekið tillit til þeirra tengsla útvarpsins við Sinfóníuhljómsveitina þegar afnotagjöld Ríkisútvarpsins hafa verið ákveðin. Við þurfum því að líta til ýmissa þátta ef við höggvum alveg á þau tengsl sem eru bæði söguleg, tilfinningaleg og fjárhagsleg og þarf að líta til þeirra málefna af varúð og nærgætni því að báðar stofnanirnar hafa sín sjónarmið varðandi það mál. En ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að starfsumhverfi Sinfóníuhljómsveitarinnr hefur ekki síður breyst en annarra menningarstofnana. Við höfum haft það í huga hvernig best væri staðið að því að endurskoða lagarammann um Sinfóníuhljómsveitina en hún er ekki ríkisstofnun í sama skilningi og Ríkisútvarpið. Þar

koma fleiri aðilar að. Sinfóníuhljómsveitin er mun sjálfstæðari stofnun en Ríkisútvarpið þegar litið er á ríkisstofnanir almennt og þess vegna tel ég að það eigi ekki að vera einhliða frumkvæði endilega frá ríkisvaldinu um breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur þurfi fleiri að koma þar að og frumkvæði að koma jafnvel frekar frá stjórnendum hljómsveitarinnar en frá ríkisvaldinu. En ég hef lýst vilja mínum til að eiga samstarf við þessa aðila um breytingar á þeim lögum ef óskað er eftir því.

Ég tel að ekkert tómarúm sé í þessu efni og vel sé að því verki staðið og vel ígrundað að flytja málefni og fjármuni þegar Menningarsjóður útvarpsstöðva verður lagður niður. Ég er ekki sömu skoðunar og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir þegar hún nefnir að æskilegt hefði verið að hafa í lögunum ákvæði um að útvarpsstöðvarnar nýttu þá fjármuni sem þær fá núna til ráðstöfunar á einhvern sérstakan hátt þegar þær hætta að borga tíundina til Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Við getum alveg eins sagt að Alþingi ætti þá að ákveða efni í blöðum o.s.frv. Þetta eru fjölmiðlar með því sniði að menn eiga að hafa þar ritstjórnarvald og geta ráðið fjármunum sínum til einstakrar þáttagerðar eins og þeir vilja. En við setjum í frv. og væntanleg lög almennan starfsramma sem hefur verið skynsamlega mótaður og m.a. þau ákvæði sem nefndin hefur núna endurskoðað um vernd barna eru til marks um það að við getum almennt sett þessum stofnunum og félögum leikreglur en mér finnst að við getum ekki seilst of langt í að ákveða að þeir noti fjármuni sína til að búa til einn þátt frekar en annan.

Eins og styrkveitingar hafa verið úr Menningarsjóði útvarpsstöðva hafa þær verið til einstakra þátta og við getum ekki gefið slík fyrirmæli í lögum og er gott að hv. þm. er sammála mér um það.

Ég vil árétta að það eru tvö atriði sem þingmenn hafa nefnt sem lúta að heimildum til menntmrh. Það er annars vegar varðandi gerð þess lista sem er forsenda almenns aðgangs að menn geti séð einstaka viðburði, að ekki verði takmarkað áhorf að þeim með öðrum hætti en þeim almennu reglum sem slíkur listi mundi mæla fyrir um. Ég mun ekki fara út í það að gera slíkan lista einhliða heldur hafa samráð við aðila. Fyrst mun ég kynna mér hvernig framkvæmdin hefur verið í þessu efni á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég held að ýmis ríki hafi lent í nokkrum hremmingum vegna þessara ákvæða. Í öðru lagi mun ég, þegar ég hef lokið þeirri könnun, kynna það fyrir hagsmunaaðilum og ganga síðan til viðræðna við þá um hvert skref í því efni.

Sömu sögu er að segja um stafrænu tæknina. Þar verður að sjálfsögðu haft samráð við þá sem hlut eiga að máli enda er það ekki einhliða á valdi menntmrh. að gera neitt í því efni. Hins vegar getur hann ýtt undir þróun og ýtt undir samstarf og samvinnu um að við nýtum þessa tækni skipulega hér þegar menn telja að það sé tímabært. Það eru líka einkaaðilar hér eins og fyrirtækið Gagnvirk miðlun sem eru með hugmyndir um ákveðna þjónustu sem er næsta byltingarkennd þegar litið er til umræðna í öðrum löndum um þetta mál. Við þurfum því að nýta okkur þau tækifæri sem eru á þessu sviði og ég mun að sjálfsögðu líta til þess sem aðilar hafa verið að vinna í því efni.

Hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir ræddi sérstaklega um afnotagjaldið og hugmyndir sem hún hefði haft um nefskatt og var fróðlegt að heyra vangaveltur hennar um það og einnig að þetta hefði komið til umræðu í hv. menntmn. Þetta er að sjálfsögðu eitt af þeim atriðum sem menn þurfa að líta til við endurskoðun á lögunum um Ríkisútvarpið en ég vildi skýra frá því að menntmrn. fór þess á leit við Gallup-fyrirtækið að í byrjun ársins yrði það kannað og afstaða almennings til spurningar sem ráðuneytið lagði fyrir í könnun á vegum Gallups og hefur ekki verið skýrt frá áður hverjar spurningarnar voru eða hver svörin voru. En spurningin var þessi:

Þegar gengið er út frá því að ríkisútvarp sé rekið áfram með verulegum hluta fyrir almannafé, hverja af eftirfarandi þremur leiðum telur þú besta til að kosta þann hluta reksturs þess sem afnotagjaldið stendur nú undir? — Síðan voru þessir þrír kostir gefnir:

1. Með afnotagjaldi eins og nú er þannig að gjaldið greiðist af eigendum eða notendum viðtækja.

2. Með nefskatti, þ.e. með sérstökum skatti á alla skattgreiðendur óháð því hvort þeir eiga eða nota viðtæki.

3. Með almennri skattheimtu þannig að Ríkisútvarpinu verði ákveðið fjárframlag á fjárlögum hverju sinni.

Þessir þrír kostir voru bornir undir þátttakendur í þessari könnun Gallups. Þar kom fram að það voru 33,7% fylgjandi afnotagjaldi, 17,6% fylgjandi nefskatti og 42,9% töldu að fjármagna ætti Ríkisútvarpið með almennri skattheimtu eða af fjárlögum ríkisins. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég tel að menn þurfi að huga vel að þegar við endurskoðun lög um Ríkisútvarpið hvernig við ætlum að standa að fjármögnun Ríkisútvarpsins. Hver þróunin er í Evrópu að þessu leyti o.s.frv. Það eru ýmsir slíkir grunnþættir sem þarf að huga að til þess að stofnunin geti starfað sem ríkisstofnun eins og að er stefnt. Þá er athyglisvert að sjá að 42,9% þeirra sem spurðir voru í janúar árið 2000 um afstöðu í þessu máli telja að það eigi að gera það af fjárlögum ríkisins og þannig eigi að fella Ríkisútvarpið undir ríkisstofnanir eins og Þjóðleikhúsið eða söfn eða skóla, að menn greiði fyrir það af almennum sköttum sínum og Alþingi ákveði síðan hvernig því fé er skipt á milli einstakra ríkisstofnana. Þetta er mál sem við þurfum að ræða síðar en gefur vísbendingu um hug almennings í þessu og að sjálfsögðu ber að hafa það í huga þegar næstu skref eru stigin til að búa Ríkisútvarpinu þann starfsramma sem allir þingmenn sem hér hafa talað hvetja mig til að gerist strax á næsta vetri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaskil á sviði samningaréttar, 3. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 1096.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 489. mál (póstþjónusta). — Þskj. 771.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 290. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 472.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 1098.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þinglýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 281. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 1044.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, síðari umr.

Stjtill., 581. mál. — Þskj. 883, nál. 1081.

[12:10]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000.

Með þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000. Í samningnum er meðal annars kveðið á um það nýmæli að færeyskum skipum er heimilt á loðnuvertíðunum 1999/2000 og 2000/2001 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu á hvorri vertíð innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Vilhjálmur Egilsson, Sighvatur Björgvinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, síðari umr.

Stjtill., 582. mál. — Þskj. 884, nál. 1080.

[12:13]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

Með þessari tillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta nokkra samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000.

Hinn 6. maí 1996 var undirrituð í Ósló bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi. Aðilar eru strandríkin fjögur, Ísland, Færeyjar, Noregur og Rússland. Þau skuldbinda sig í bókuninni til að starfa saman að verndun síldarstofnsins, skynsamlegri nýtingu hans og stjórn veiða úr honum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu stofnsins til langs tíma.

Á fundi aðila í október á síðasta ári náðist samkomulag um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000. Heildaraflamarkið var ákveðið 1.240.000 lestir, en það var 1.300.000 lestir árið 1999.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Vilhjálmur Egilsson, Sighvatur Björgvinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:13]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 503. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1125.

Fjarskiptalög, 629. mál, frv. meiri hluta samgn., þskj. 1112.

Hópuppsagnir, 469. mál, nál. félmn., þskj. 1122.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 545. mál, nál. félmn., þskj. 1123.

Koma útlendinga til Íslands, 474. mál, svar dómsmrh., þskj. 1121.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál, brtt. PHB, þskj. 1116.

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, 587. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1106.

Veiting ríkisborgararéttar, 628. mál, frv. allshn., þskj. 1108.

Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, síðari umr.

Stjtill., 583. mál. — Þskj. 885, nál. 1079.

[12:15]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um staðfestingu breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem gerðar voru á 26. þingi aðila stofnunarinnar í maí á síðasta ári.

Gervitungl EUTELSAT veita svæðisbundna fjarskiptaþjónustu, þar með talinn flutning á sjónvarpsmerkjum. Rekstraraðilar hafa haft einkarétt á aðgangi að gervitunglunum og því að veita fjarskiptaþjónustu um þau. Á þingi aðila EUTELSAT í maí á síðasta ári var ákveðið að breyta rekstrarformi stofnunarinnar með breytingum á stofnsamningi hennar til að gera henni kleift að laga starfsemi sína að breyttum aðstæðum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Vilhjálmur Egilsson, Sighvatur Björgvinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jafnrétti, síðari umr.

Stjtill., 584. mál. — Þskj. 886, nál. 1078.

[12:16]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156. Nefndin hefur haft til hliðsjónar við vinnu sína frv. til laga um bann við uppsögnum vegna fjölskylduábyrgðar starfsmanna sem verið hefur til umfjöllunar í félmn.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Vilhjálmur Egilsson, Sighvatur Björgvinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, 2. umr.

Stjfrv., 452. mál (EES-reglur). — Þskj. 726, nál. 1082, brtt. 1083.

[12:18]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu.

Tilgangur frv. er að uppfylla samningsskuldbindingar Íslands varðandi skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu sem geta haft í för með sér óheimilar tæknilegar viðskiptahindranir. Samningar þeir sem hér um ræðir eru samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir.

Við yfirferð málsins í nefndinni var sérstaklega spurst fyrir um hvort reglur um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur breyti á einhvern hátt þeim reglum sem gilda um innflutning landbúnaðarvara. Upplýst var að EES-samningurinn nær ekki til landbúnaðarvara nema annað sé tekið fram, sbr. 8. gr. samningsins. Skilgreining tilskipunar 98/34/EB, sem m.a. er fyrirhugað að innleiða með frv., tekur til landbúnaðarvara. Þar af leiðir að tilkynna verður sérstaklega um tæknilegar reglur sem fjalla um landbúnaðarvörur. Það að tilkynna ekki um tæknilega reglu sem varðar landbúnaðarvöru fæli í sér brot á samningsskuldbindingu á sviði upplýsingaskipta um tæknilegar reglur. Aftur á móti geta EFTA/EES-ríkin sem fá slíka reglu til umsagnar ekki beitt fyrir sig 11. gr. EES-samningsins sem bannar magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif þar sem 11. gr. gildir ekki um landbúnaðarvörur. Þær athugasemdir sem EES-ríkin geta gert við tæknilegar reglur um landbúnaðarvörur geta því einungis verið almenns eðlis og geta ekki falið í sér að breyta þurfi reglum sem gilda um innflutning landbúnaðarvara.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Vilhjálmur Egilsson, Sighvatur Björgvinsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:21]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, 586. mál, nál. utanrmn., þskj. 1127.

Höfundalög, 325. mál, nál. menntmn., þskj. 1110; brtt. menntmn., þskj. 1111.

Orkunýtnikröfur, 523. mál, nál. iðnn., þskj. 1124.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 260. mál, brtt. PHB, þskj. 1117.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1104 og 1113–1117. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

18., 19. og 27. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 43 shlj. atkv. að taka þau til afgreiðslu.

Starfsréttindi tannsmiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 246, nál. 1011, brtt. 1012, 1073 og 1074.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Brtt. 1074 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 1012,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÖS.

13 þm. (BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LMR, SJS, SvanJ, TIO, ÞKG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GHall, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÞBack*) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við þennan lið hafa komið fram þó nokkrar breytingar sem eru flestar til bóta. Ég tel þó að málið í heild þarfnist frekari meðferðar þar sem tannsmiðir með meistararéttindi eru að fara fram á að vinna sjálfstætt. Þeir verða ekki kliníkskir tannsmiðir þótt þessar breytingar nái fram að ganga. Þeir verða ekki heilbrigðisstarfsmenn. Nám þeirra er ekki sambærilegt við þau réttindi sem danskir tannsmiðir hafa, sem þeir bera sig saman við. Þess vegna get ég því miður ekki stutt allar þær brtt. sem fram hafa komið og mun við 3. umr. leggja fram brtt. sem tekur á þeim þáttum sem ég nefndi.

1. gr., svo breytt, samþ. með 29:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÞBack*, ÖS.

nei: LMR, TIO, ÞKG.

10 þm. (ÁSJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, SJS, VE, ÞSveinb) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

2. gr. samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÖS.

nei: TIO, ÞKG.

12 þm. (BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LMR, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1073,1 (við brtt. 1012,2) samþ. með 31:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÞBack*, ÖS.

nei: ÞKG.

10 þm. (BH, GÖ, JÁ, KF, KolH, KLM, SJS, SvanJ, TIO, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, JB, LMR, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddur.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 1012,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÖS.

14 þm. (BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LMR, SJS, SvanJ, TIO, ÞKG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÖS.

nei: TIO, ÞKG.

12 þm. (BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LMR, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 30:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÖS.

nei: TIO, ÞBack.

12 þm. (BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LMR, SJS, SvanJ, ÞKG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1073,2 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvH, VS, ÞBack, ÖS.

12 þm. (BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LMR, SJS, SvanJ, TIO, ÞKG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (BH, GÖ, SvanJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, KLM, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddur.

Þjóðlendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 571, nál. 1001.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, SvanJ, VE, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Löggjöfin um þjóðlendur er mikilvæg. Það var og er mikilvægt að eyða óvissu um eignarhald og forræði á landi inn til miðhálendisins og einnig að koma tilhögun skipulagsvinnu á því svæði á hreint. Að sjálfsögðu er einnig mikilvægt að gæta almannahagsmuna í því sambandi. En ríkið þarf líka að ganga fram af hófstillingu og gæta þess að beita ekki aflsmun af ósanngirni.

Við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs hljótum að lýsa vonbrigðum okkar með hvernig til hefur tekist að framkvæma þessa löggjöf á upphafsstigi. Þar hafa risið deilur og orðið ósætti milli manna sem ber að harma. Við teldum hyggilegast að fresta um sinn frekari framkvæmd löggjafarinnar og endurmeta stöðuna. Við munum því sitja hjá við efni þessa frv. að öðru leyti en því að við styðjum ákvæði 7. gr. þar sem komið er til móts við kostnað sem aðilar geta haft af því að gæta hagsmuna sinna í þessu sambandi.

2.–6. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, SvanJ, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

8.–10. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, KPál, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Framkvæmd laga nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, eins og hún hefur verið á þessu ári er alls ekki í þeim anda sem vænst var eins og komið hefur fram í máli einstakra þingmanna, ráðherra og landeigenda. Það ríkir afar takmarkaður trúnaður í garð allrar þeirrar framkvæmdar.

Ég tel, herra forseti, að doka eigi við og endurskoða alla framkvæmdina þannig að hún geti farið fram með trausti á milli þeirra sem eiga hlut að máli eins og ætlað var í upphafi og samkvæmt hljóðan laganna. 7. gr. í frv. er þó til bóta, um að sanngjarnan kostnað megi endurgreiða þeim sem hér eiga hlut að máli og sækja rétt sinn gagnvart ríkinu eða staðfesta rétt sinn. Ég vek þó athygli á því, herra forseti, að þetta er um málflutning til óbyggðanefndar. Að því loknu bera málsaðilar sjálfir kostnað.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að í þessu máli ber að fara fram af sanngirni og í trausti allra þeirra sem hér eiga hlut að máli svo lengi sem þess er nokkur kostur. Hér ber að doka við en 7. gr. samþykki ég.

Brtt. í nál. 1001 samþ. með 33:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, LMR, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, StB, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
nei: SJóh*.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, KPál, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, SvanJ, VE, ÞSveinb) fjarstaddur.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

11. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞKG, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.
2 þm. (SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GE, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SF, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Útvarpslög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 207. mál (heildarlög). — Þskj. 241, nál. 999, brtt. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Brtt. 1000,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1000,2 samþ. með 43 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1000,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1000,4 samþ. með 42 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1000,5 samþ. með 45 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1000,6 samþ. með 46 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
12.–13. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1000,7 (ný 14. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1000,8 samþ. með 46 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
16.–20. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1000,9 samþ. með 46 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1000,10 samþ. með 46 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
24.–34. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1000,11 samþ. með 45 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
36. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1000,12 (ný grein, verður 37. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Lagaskil á sviði samningaréttar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 70. mál. — Þskj. 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1134).

Viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 489. mál (póstþjónusta). — Þskj. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1139).

Skráning og mat fasteigna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 290. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 472.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, KolH, ÓÖH, RG, SighB, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1140).

Brunatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 1098.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 34:13 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, ÖS.
16 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1141).

Þinglýsingalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 281. mál (Landskrá fasteigna). — Þskj. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, SighB, SJóh, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1142).

Fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000, frh. síðari umr.

Stjtill., 581. mál. — Þskj. 883, nál. 1081.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
19 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, KolH, ÓÖH, RG, SighB, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1143).

Staðfesting samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000, frh. síðari umr.

Stjtill., 582. mál. — Þskj. 884, nál. 1080.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
20 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, RG, SighB, SAÞ, SP, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1144).

Staðfesting breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, frh. síðari umr.

Stjtill., 583. mál. — Þskj. 885, nál. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, RG, SighB, SP, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1145).

Fullgilding samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jafnrétti, frh. síðari umr.

Stjtill., 584. mál. — Þskj. 886, nál. 1078.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
18 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, EKG, EOK, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, ÓÖH, RG, SighB, SP, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1146).

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 452. mál (EES-reglur). — Þskj. 726, nál. 1082, brtt. 1083.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Brtt. 1083,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1083,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
3.–5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1083,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 4., 6.–8., 10.,14.–19., 24. og 26.–27. mál.

Fundi slitið kl. 14:07.

---

106. FUNDUR

fimmtudaginn 4. maí,
að loknum 105. fundi.

Dagskrá:

1. Íslensk málnefnd, stjfrv., 501. mál, þskj. 1097, brtt. 1104. — 3. umr.
2. Lausafjárkaup, stjfrv., 110. mál, þskj. 1095, brtt. 1113. — 3. umr.
3. Þjónustukaup, stjfrv., 111. mál, þskj. 1093, brtt. 1114. — 3. umr.
4. Húsgöngu- og fjarsölusamningar, stjfrv., 421. mál, þskj. 1094, brtt. 1115. — 3. umr.
5. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — 3. umr.
6. Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, stjtill., 587. mál, þskj. 889, nál. 1102 og 1106. — Síðari umr.
7. Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjtill., 586. mál, þskj. 888, nál. 1127. — Síðari umr.
8. Flugmálaáætlun 2000–2003, stjtill., 299. mál, þskj. 516, nál. 989. — Síðari umr.
9. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 219, nál. 1021, brtt. 1022. — 2. umr.
10. Vegalög, stjfrv., 322. mál, þskj. 572, nál. 990, brtt. 991. — 2. umr.
11. Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frv., 618. mál, þskj. 1023. — 1. umr.
12. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 619. mál, þskj. 1024. — 1. umr.
13. Fjarskipti, frv., 629. mál, þskj. 1112. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
14. Staðfest samvist, stjfrv., 558. mál, þskj. 860, nál. 1032. — 2. umr.
15. Lögreglulög, stjfrv., 467. mál, þskj. 745, nál. 1103. — 2. umr.
16. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 628. mál, þskj. 1108. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
17. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828, nál. 1109. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
18. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 625. mál, þskj. 1090. — 1. umr.
19. Höfundalög, stjfrv., 325. mál, þskj. 575, nál. 1110, brtt. 1111. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
20. Hópuppsagnir, stjfrv., 469. mál, þskj. 748, nál. 1122. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
21. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 545. mál, þskj. 847, nál. 1123. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
22. Orkunýtnikröfur, stjfrv., 523. mál, þskj. 824, nál. 1124. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
23. Almannatryggingar, stjfrv., 503. mál, þskj. 798, nál. 1125. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
24. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 630. mál, þskj. 1118. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
13., 16. og 24. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 40 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1108–1112, 1118, 1122–1125 og 1127. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Íslensk málnefnd, 3. umr.

Stjfrv., 501. mál (tengsl við Háskóla Íslands, forstöðumaður). — Þskj. 1097, brtt. 1104.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Brtt. 1104 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, SP, StB, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:12]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér er flutt brtt. sem felur í sér mjög smávægilega leiðréttingu á orðalagi sem skýrir sig sjálf ef borið er saman frv. og brtt.

Frv., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

22 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, LB, ÓÖH, RG, SighB, SP, StB, VE, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1148).

Lausafjárkaup, 3. umr.

Stjfrv., 110. mál (heildarlög). — Þskj. 1095, brtt. 1113. [14:13]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil stuttlega gera grein fyrir brtt. sem flutt er við frv. nú. Lagt er til að í stað orðanna „lögum nr. 96/1992, um húsgöngu- og fjarsölu“ í síðari málsl. 16. gr. komi: lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga. Hér er því aðeins um að ræða að breyta tilvísun en engin efnisleg breyting.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Brtt. 1113 samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, KPál, ÓÖH, RG, SighB, SP, StB, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1149).

Þjónustukaup, 3. umr.

Stjfrv., 111. mál. — Þskj. 1093, brtt. 1114. [14:15]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er flutt smá brtt. við frv. eftir 2. umr. Lagt er til að breyta fyrirsögn V. kafla frv. en fyrirsögnin er svohljóðandi: „afhendingardráttur seljenda þjónustu.“ Talið er að betur fari á að fyrirsögnin orðist svo: „dragi seljandi að ljúka þjónustu“.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Brtt. 1114 samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HjálmJ, JÁ, JB, KF, KHG, KLM, LMR, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ, ÖS.

31 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KolH, KPál, LB, ÓÖH, RG, SighB, SP, SJS, StB, VE, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1150).

Húsgöngu- og fjarsölusamningar, 3. umr.

Stjfrv., 421. mál (heildarlög). — Þskj. 1094, brtt. 1115. [14:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. um húsgöngu- og fjarsölusamninga eins og það lítur út eftir 2. umr.

Í fyrsta lagi er lagt til að setja inn í frv. kaflafyrirsögn II. kafla sem verður: Upplýsingaskylda seljenda og kaflafyrirsögn III. kafla: Réttur neytenda til að falla frá samningi, en þessar fyrirsagnir hafa fallið niður í fyrri meðferð málsins.

Þá er lagt til að fyrirsögn I. kafla verði Gildissvið og skilgreiningar. Loks er lagt til að breyta í 2. mgr. 6. gr. aðeins til orðalagi. Í stað þess að þar standi: „fimm dögum“ komi: Frá og með sjötta degi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]
Brtt. 1115 samþ. með 39 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DrH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LMR, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

23 þm. (ÁRJ, ÁMöl, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JóhS, KPál, LB, ÓÖH, RG, SighB, SP, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1151).

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, síðari umr.

Stjtill., 587. mál. — Þskj. 889, nál. 1102 og 1106.

[14:20]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn. Þetta nál. er lagt fram af hálfu meiri hluta hv. utanrmn.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Ákvarðanir þessar kalla á lagabreytingar hér á landi og voru teknar af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu, með vísan til 103. gr. EES-samningsins.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn eru í eðli sínu þjóðréttarsamningar. Almennt hefur ekki verið leitað sérstaks samþykkis Alþingis áður en stjórnskipulegum fyrirvara er aflétt heldur látið við það sitja að Alþingi hafi samþykkt *nauðsynlegar lagabreytingar vegna innleiðingar* ákvarðana. Þetta felur í sér nokkurt frávik frá almennri meðferð við staðfestingu þjóðréttarsamninga þar sem atbeina Alþingis er krafist en á sér skýringar í sérstöðu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar meðal þjóðréttarsamninga. Hins vegar hafa nokkrir ókostir fylgt þessu fyrirkomulagi. Má þar helst nefna annars vegar að nokkuð mismunandi er á hvaða hátt það hefur komið fram í lagafrumvörpum hvernig þau tengjast tilteknum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar og hins vegar að með þessari aðferð hefur skort á að Alþingi hafi verið gefinn kostur á að taka beina afstöðu til staðfestingar einstakra ákvarðana nefndarinnar.

Meiri hluti utanrmn. telur rétt að færa almenna meðferð fyrri ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar þar sem Ísland hefur gert stjórnskipulegan fyrirvara til samræmis við meðferð þjóðréttarsamninga. Í þessu felst að leitað verði eftir samþykki Alþingis til staðfestingar sérhverri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem stjórnskipulegur fyrirvari hefur verið gerður við.

Á þeim sex árum sem liðin eru frá því að EES-samningurinn tók gildi hefur Ísland beitt þessum fyrirvara alls 38 sinnum. Slíks samþykkis verður að leita í formi þáltill. en viðeigandi ráðuneyti munu samhliða undirbúa nauðsynleg frv. til lagabreytinga.

Meiri hluti utanrmn. leggur til að tillagan verði samþykkt en undir nál. ritar Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Vilhjálmur Egilsson og Sighvatur Björgvinsson.

[14:24]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég skila minnihlutaáliti í þessu máli vegna þess að ég er andvígur efni einnar þeirrar tilskipunar sem hér er samkvæmt tillögu farið fram á að Alþingi aflétti stjórnskipulegum fyrirvara gagnvart.

Í raun er málið tvíþætt. Annars vegar er um að ræða þá nýbreytni að lagt er til í till. til þál. að í einu lagi sé fallist á af hálfu Alþingis að gefa heimild fyrir að aflétt sé svonefndum *stjórnskipulegum fyrirvara gagnvart allmörgum ákvörðunum* sameiginlegu EES-nefndarinnar. Um er að ræða nýmæli eins og kom fram í framsöguræðu formanns utanrmn. þar sem venjan hefur verið sú að slíkir fyrirvarar hafa staðið þar til Alþingi hefur samþykkt nauðsynlegar lagabreytingar við innleiðingu slíkra ákvarðana. Á því hefur stundum orðið nokkur dráttur og þar af leiðir að allmargar slíkar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar hafa safnast upp. Eins og sjá má af ártölum eru elstu ákvarðanirnar sem hér eru til umfjöllunar frá árinu 1996.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar, og er að því leyti sammála meiri hlutanum, að þetta sé að mörgu leyti vænleg aðferð eins og í pottinn er búið og virðist skynsamlegt að til frambúðar við sambærilegar aðstæður verði þessi háttur hafður á. Með þeim hætti kemur sérstaklega til kasta Alþingis og fyrst hvort fallist er á að aflétta svonefndum stjórnskipulegum fyrirvara gagnvart gildistöku sameiginlegra ákvarðana með vísan til 103. gr. EES-samningsins. Síðar eða samhliða koma svo til umfjöllunar á Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar ef gera þarf.

Rétt er þó að hafa þann fyrirvara á að ekki er víst að þessi aðferð sé að öllu leyti gallalaus og skynsamlegt að meta hvernig hún reynist og má þá að sjálfsögðu breyta til um verklag ef annað þykir heppilegra.

Inn í þetta koma einnig, herra forseti, af eðlilegum ástæðum vangaveltur um hvernig Alþingi, bæði starfslega og hvað skipulag snertir, geti fyrir sitt leyti staðið best að umfjöllun um mál af þessu tagi. Ég vísa í því sambandi einnig til umræðna sem urðu hér, m.a. í tengslum við skýrslu hæstv. utanrrh. um stöðu utanríkismála fyrir nokkrum vikum að Alþingi geri ráðstafanir til að efla sig hvað það varðar að fylgjast með undirbúningi mála og ákvarðanatöku á þessu sviði þannig að menn séu betur undirbúnir til að takast á við efnislega afgreiðslu mála þegar þau berast hingað annaðhvort í formi þáltill. af þessu tagi eða þegar gera þarf nauðsynlegar lagabreytingar vegna ákvarðana í sameiginlegu EES-nefndinni.

Hinn meginþáttur málsins, herra forseti, varðar efni þeirra tilskipana sem tillagan fjallar um. Það er kannski tímanna tákn að í það mál fór ekki langur tími hjá hv. formanni utanrmn. að gera okkur grein fyrir því hvaða efnisatriði stæði til að leggja til við Alþingi að hér yrði í raun og veru greidd gata inn í íslenska löggjöf og eru þó á ferðinni ekki færri en *10 eða 12, eða hvað þær eru margar, tilskipanir Evrópusambandsins*, sem sameiginlega EES-nefndin hefur ákveðið að fella inn í EES-samninginn sem viðauka eða bókanir og gefa þar með stöðu þjóðréttarsamninga á Íslandi.

Afstaða minni hlutans til efnis þessara tilskipana er sú að við gerum ekki athugasemdir við að þær verði afgreiddar fyrir utan eina. Þar er hins vegar á ferðinni mjög stórt mál sem hefur því miður sáralítill gaumur verið gefinn að og

hefur fengið allt of litla umfjöllun bæði á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Þar er átt við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168 frá 1999 um að fella tilskipun 96/92 EB inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þessi tilskipun er um innri markað fyrir raforku á svæði Evrópusambandsins og þá einnig Evrópska efnahagssvæðisins ef svo fer.

Vegna efnis þessa máls, herra forseti, hefði ég talið æskilegt ef hæstv. iðnrh., sem var áðan í salnum og mátti vera að því að vera við atkvæðagreiðslur, gæti einnig fylgst með umræðum um þessi mál því að ég vil gjarnan fá tækifæri til að beina að einhverju leyti spurningum til hæstv. iðnrh., en efni það sem þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 fjallar um er á verksviði iðnrh.

Ég teldi reyndar, herra forseti, ástæðu til að sérstaklega væri gerð grein fyrir því þegar umræður eiga að fara fram um mál af þessu tagi að í hlut eigi efnisþættir sem falla undir starfssvið margra ráðherra sem mörg eru þess eðlis að þau verðskulda athygli og þátttöku hæstv. ráðherra í umræðum og annarra þeirra sem áhuga hafa á viðkomandi málum. Hér á ég við t.d. gagnmerkar tilskipanir sem varða hluti eins og lögverndun gagnagrunna, kröfur um orkunýtingu ýmissa rafmagnstækja og mál á sviði neytendaverndar, mál á sviði umhverfismála. Þær varða vinnuréttarmál eins og tilskipun um hópuppsagnir og foreldraorlof — þessi tvö mál eru hér reyndar einnig til umfjöllunar í tillögunni, herra forseti. Þær varða samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum í atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar, varða stjórn samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um sjónvarpsrekstur, persónupplýsingar og vinnslu persónupplýsinga og verndun einkalífs á sviði fjarskipta, vátryggingamál, samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, lögbannsaðgerðir til verndar hagsmunum neytenda, menningarminjar og flutning þeirra með ólöglegum hætti frá yfirráðasvæði aðildarríkis, lækningatæki og sjúkdómsgreiningar, lögvernd hönnuða og síðast en ekki síst þessa ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168 frá 26. nóvember 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 96/1992, sem tekin var 19. desember 1996, um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku.

Herra forseti. Ég sé út fyrir sig ekki ástæðu til að rekja í ítarlegu máli efni þeirrar tilskipunar sem sameiginlega nefndin ákvað að fella inn í EES-samninginn. Ég geri ráð fyrir að þeim sem málið varðar og þurfa hér að taka afstöðu sé þetta kunnugt. Þó má glöggva sig lítillega á innihaldinu með því að nefna helstu markmið tilskipunarinnar en þau má draga saman í fjóra meginþætti: Í fyrsta lagi að gera raforkugeirann eða raforkusviðið að raunverulegum hluta af innri markaði Evrópusambandsins í einhverjum áföngum. Í öðru lagi að tryggja öryggi í afhendingu raforku. Í þriðja lagi að auka samkeppni í framleiðslu á raforku og í fjórða lagi að gera fyrirtækjum kleift að eiga viðskipti með raforku milli landa á svæðinu.

Eins og áður sagði var gerður við þessa sameiginlegu ákvörðun svokallaður stjórnskipulegur fyrirvari af Íslands hálfu á grundvelli 103. gr. EES-samningsins, enda er það ljóst að breyta þarf mörgum lagaákvæðum og gera grundvallarbreytingar á skipulagi raforkumála, bæði framleiðslu og dreifingu, áður en Ísland getur uppfyllt ákvæði tilskipunarinnar. Að þessum gagngeru breytingum fær Ísland, ásamt reyndar Liechtenstein, eingöngu tveggja ára aðlögunartíma frá og með þeim tíma þegar tilskipunin tekur gildi á svæðinu. Sá sem undir nál. þetta ritar telur að hér hafi afar óhönduglega verið að verki staðið af hálfu þeirra sem voru í forsvari fyrir Ísland og telur ekki skynsamlegt að Alþingi heimili að svo stöddu að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara.

Í fyrsta lagi er á það að líta, herra forseti, að Ísland er nú einu sinni eyja út í Norður-Atlantshafinu. Ég geri ráð fyrir að það sé flestum tilheyrendum kunnugt. Það hefur sín áhrif og m.a. þau að Ísland er ekki í efnislegum skilningi hluti af raforkumarkaði meginlands Evrópu og nálægra tengdra svæða, eins og Bretlands. Íslenski orkumarkaðurinn er með öðrum orðum algerlega einangraður, í þessu tilliti sér og án tengsla við raforkumarkaðinn á meginlandi Evrópu.

Í öðru lagi býr Ísland við mikla sérstöðu hvað orkumál varðar þar sem við framleiðum nánast alla raforku okkar úr innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum eða að hluta endurnýjanlegum, t.d. jarðvarma. Við erum að því leyti óháð öðrum löndum hvað raforkumarkaðinn snertir að við flytjum t.d. ekki inn eldsneyti til framleiðslu raforku svo neinu nemur. Einnig að þessu leyti er íslenski orkumarkaðurinn einangruð stærð og ótengdur öðrum.

Allt skipulag og öll uppbygging í orkumálum, bæði framleiðslu og dreifingu, er hér mjög sérstakt og tekur að sjálfsögðu mið af þessum séríslensku aðstæðum.

Herra forseti. Ég spurði hvort hæstv. iðn- og viðskrh. gæti verið viðstödd þessa umræðu. Nú er nokkur stund liðin og ekkert bólar á ráðherra. Ef hæstv. ráðherra verður ekki viðstaddur umræðuna óska ég eftir því að henni verði frestað og ég geri hlé á máli mínu.

(**Forseti** (GÁS)**:** Hæstv. iðnrh. er ekki í húsi en hafnar eru aðgerðir til að hafa upp á honum. Forseti veltir því upp hvort hv. ræðumaður vilji gera hlé á ræðu sinni eins og hann nefndi sjálfur en spyr jafnframt hvort hv. 3. þm. Suðurl. geri samsvarandi kröfu og hvort tök séu á að hún geti hafið ræðu sína.)

Herra forseti. Ég teldi eðlilegast að þessari umræðu yrði frestað. Ef hv. þm. Margrét Frímannsdóttir óskar eftir að ljúka sínu máli þá geri ég að sjálfsögðu ekki athugasemdir við það. En mér finnst í raun fremur óeðlilegt að þessari umræðu sé fram haldið. Hér er enginn einasti ábyrgðarmaður málsins viðstaddur, ekki formaður utanrmn., ekki formaður iðnn. og ekki hæstv. iðn.- og viðskrh. Ég hafði gert aðvart um að ég óskaði eftir viðveru slíkra aðila hér við umræðuna. Mér finnst þessi skipan mála hér og mæting í þingsalnum, m.a. galtómir ráðherrabekkir eins og þeir leggja sig, ekki vera umræðum til framdráttar á lokaspretti þingsins. Ég óska a.m.k. eftir að gera hlé á máli mínu og að umræðunni verði ekki fram haldið fyrr en aðstandendur málsins geta sjálfir greitt götu þess með því að vera viðstaddir.

(**Forseti** (GÁS)**:** Eins og hv. þm. nefndi þá er eðli máls samkvæmt sjálfsagt að viðkomandi nefndarformenn séu hér til staðar. Þeir eru raunar báðir í húsi og ég vænti þess að þeir komi nú til umræðunnar. Forseti vill freista þess að umræðan um þetta dagskrármál haldi áfram enda þótt hv. þm. fresti ræðu sinni og henni verði ekki fram haldið fyrr en umbeðinn ráðherra mætir hér til leiks.)

[14:40]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Mér er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að tala í þessu máli. Ég hef aðeins örstuttar athugasemdir og við stöndum að því nál. sem meiri hlutinn hefur hér skilað.

Engu að síður hlýt ég að taka undir þær kröfur sem komið hafa fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að aðilar máls séu staddir í salnum þegar óskað er eftir því. Ég tek undir þá kröfu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill árétta það sem hann sagði áðan. Hann mun kalla viðkomandi nefndarformenn til þessa fundar.)

[14:41]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu stjtill. um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum á bókunum við EES-samninginn. Um hana er í sjálfu sér ekki mikið að segja umfram það sem fram kom við fyrri umræðu. Við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson stöndum að nál. meiri hlutans sem hér hefur verið skilað og mælum með samþykkt þessarar tillögu.

Eins og fram kom hjá frsm. þessa nál. hefur Ísland á þeim sex árum sem liðin eru frá því EES-samningurinn tók gildi beitt þessum fyrirvara, stjórnskipulegum fyrirvara, alls 38 sinnum. Nú á að freista þess að leita eftir samþykki Alþingis í formi stjtill. um að aflétta þessum stjórnskipulega fyrirvara. Þetta er aðferð sem ég tel að sé góð og sjálfsagt að við beitum. Ég verð samt að segja, virðulegur forseti, að það er dálítið sérkennilegt að af þessum 38 fyrirvörum sem við höfum gert við mál þá er um helmingur þeirra, þ.e. 19, við mál í tillögu sem hér er til umræðu.

Við erum að afgreiða sömu málin tvisvar í dag. Við höfum afgreitt hér stjfrv. þar sem kveðið er á um að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara. Þar er um nákvæmlega sömu málin að ræða. Þessi 19 mál virðast mér að langstærstum hluta annaðhvort þegar afgreidd í hv. Alþingi eða við það að hljóta afgreiðslu. Það hefði verið eðlilegt í niðurstöðu nefndarinnar — því miður sat ég ekki þennan síðasta nefndarfund þegar tillagan var afgreidd úr nefndinni — að taka þau mál sem Alþingi hefur þegar afgreitt með þeim hætti sem hér hefur verið viðhafður á undanförnum árum.

Ýmis frv. sem tilheyra t.d. efh.- og viðskn. og koma frá hæstv. viðskrh. hafa þegar verið afgreidd en eru inni í tillögunni. Eins er um lög um mat á umhverfisáhrifum, foreldraorlof, ýmislegt sem lýtur að neytendavernd og lýtur bæði að hæstv. dómsmrh. og hæstv. viðskrh. en þessi frv. eru ýmist afgreidd eða verða afgreidd eftir örfáa klukkutíma. Eðlilegt hefði verið að þessar tilskipanir, sem hér hafa verið lögteknar eða á að fara að lögtaka, hefðu verið teknar út úr þessari tillögu.

Ástæða þess að við förum þessa leið er einfaldlega sú að við höfum dregið mun lengur en frestur var gefinn til að afgreiða ýmsar samþykktir EES-nefndarinnar. Sá fyrirvari sem okkur var gefinn er löngu útrunninn. Það er svo sem erfitt segja hverju er um að kenna, hvernig stendur á því að Alþingi hefur ekki fjallað um þessi mál áður en löglegur fyrirvari rann út.

Í sumum tilvikum eins og hvað varðar mat á umhverfisáhrifum tel ég að það hafi hreinlega verið með vilja gert að draga það að leggja fram nýtt frv. um mat á umverfisáhrifum langt umfram þann frest sem gefinn hafði verið. Síðan hafa frv. frá efh.- og viðskn. sem lúta að viðskiptum, vörum og þjónustu verið lögð fram í þrígang og eru núna fyrst að hljóta afgreiðslu.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins geta þess við umræðuna að það er dálítið hjákátlegt að vera að afgreiða í þáltill. að aflétta stjórnskipulegum fyrirvörum á málum sem Alþingi er þegar búið að afgreiða. Nóg er nú samt hver slóðaskapur okkar hefur verið að klára afgreiðslu ýmissa EES-samþykkta, en það þarf ekki að bæta fyrir það á þann hátt að við tvísamþykkjum málin á hv. Alþingi.

Þessa vildi ég geta, auk þess sem ég tel að mjög gott væri ef hæstv. iðn.- og viðskrh. gæti verið hér viðstaddur til að ræða tilskipun í orkumálum sem fjallað er um í þáltill.

En ég spyr, virðulegi forseti, er eðlilegt og er það samkvæmt þingsköpum að tvíafgreiða mál á þann hátt sem við erum að gera hér í dag? Við erum að enda atkvæðagreiðslu um mál frá efh.- og viðskn. sem eru í þessari tillögu. Væri ekki eðlilegt að prentað væri upp nýtt þskj. þar sem fram kæmu eingöngu þær tilskipanir eða ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar sem á eftir að afgreiða áður þessi tillaga fer til endanlegrar atkvæðagreiðslu? Spurning mín er einfaldlega þessi: Er eðlilegt að Alþingi afgreiði tvisvar sömu málin og það sama dag?

[14:47]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Þetta er athyglisverð ábending hjá hv. þm. Forseti væntir þess að viðkomandi nefndir þingsins hafi farið yfir þetta atriði sérstaklega og komist að þeirri niðurstöðu sem fyrir liggur. Sjálfsagt er að skoða það atriði nánar því nú verður ekki hjá því komist að gera hlé á umræðunni í ljósi þess að hæstv. iðnrh. á ekki þess kost að koma til fundar fyrr en kl. fjögur eins og um hefur verið beðið og forseti telur eðlilegt að verða við þeirri ósk hv. þm. að hæstv. ráðherra verði hér viðstaddur þessa umræðu.

[14:48]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á að þingmenn Sunnlendinga eiga að vera klukkan fjögur á fundi með Vegagerð vegna þess að verið er að ljúka vegáætlun. Ég geri svo sem ekki athugasemd við að málinu sé haldið áfram meðan á þeim fundi stendur, en óska eindregið eftir að leitað verði svara við þeim spurningum sem ég lagði fram.

Umræðu frestað.

Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, síðari umr.

Stjtill., 586. mál. — Þskj. 888, nál. 1127.

[14:49]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. þál. um fullgildingu Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem gerð var 17. júlí 1998.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, með aðsetur í Haag, mun hafa það hlutverk að dæma í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlegustu glæpi gegn mannkyninu, þ.e. hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Unnið hefur verið að stofnun dómstólsins allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og verður stofnun hans að teljast mikilvægt framlag til mannréttindaverndar og friðar í heiminum.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, sem er fólgin í því að orðin „í Róm“ í tillögugreininni falli brott.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni R. Árnason, Jónína Bartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Sighvatur Björgvinsson og Jóhann Ársælsson.

[14:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst fagna þessu máli, ég tel að það sé auðvitað gleðiefni að við verðum í hópi fyrstu ríkja ef að líkum lætur sem fullgilda þessa Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakadómstólinn og þar með hefur sá langþráði draumur ræst að fastadómstóll komist á til þess að fjalla um alvarlegustu afbrot gegn mannréttindum, stríðsglæpi og annað slíkt. Þessi dómstóll sækir að sjálfsögðu heimildir sínar til Rómarsamþykktarinnar sjálfrar um stríðsglæpi og þar er skilgreint til hvaða afbrota lögsaga dómstólsins tekur eins og fram kemur í þingmálinu.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að að stofni til er að sjálfsögðu um að ræða ákvæði Genfarsáttmálanna þar sem fyrst voru á alþjóðavettvangi og í formi skýrra ákvæða skilgreind þau alvarlegu brot gegn mannkyninu sem þarna eiga í hlut, mannréttindum og mannkyni. Þar af leiðandi sækir dómstóllinn a.m.k. óbeint ef ekki beinlínis lagalega beint umboð sitt eða heimildir til þeirra grundvallarsamninga á sviði mannréttindamála þar sem eru Genfarsáttmálarnir.

Ég nefni þetta, herra forseti, því að ég tel rétt að vekja athygli á því að þrátt fyrir að við Íslendingar höfum fyrir löngu fullgilt fyrir okkar leyti Genfarsáttmálana, þá höfum við því miður vanrækt að gera tilteknar lagalegar ráðstafanir sem okkur er samkvæmt ákvæðum þeirra sáttmála skylt að gera og lúta að því að taka upp í landslög ákvæði sem gera kleift að framfylgja og fullnusta ýmis ákvæði og þar með talið einnig afbrot gegn ákvæðum samninganna. Fyrir þinginu liggur lítil tillaga sem felur í sér að beina því til ríkisstjórnarinnar að semja lagafrv. til þess að fullnægja þessum skyldum sem við höfum fyrir margt löngu síðan undirgengist samkvæmt ákvæðum Genfarsáttmálans.

Ég leyfi mér að vekja athygli á þessu vegna þess að það er náskylt því máli sem hér er að ganga fram og varðar Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Á hinn bóginn er ekkert því til fyrirstöðu þrátt fyrir þetta að við fullgildum samþykktina og er eingöngu gleðiefni að það er tiltölulega tímanlega hér á ferð og ef ég hef réttar upplýsingar undir höndum gæti Ísland þar af leiðandi miðað við samþykkt þessa máls á Alþingi nú eða á næstu sólarhringum og að afhendingu fullgildingarskjala yrði hraðað, gæti Ísland jafnvel orðið í hópi tíu fyrstu ríkja til þess að gera svo.

Fleira hef ég ekki um þetta mál að segja, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun 2000–2003, síðari umr.

Stjtill., 299. mál. — Þskj. 516, nál. 989.

[14:55]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Samgöngunefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Þorgeir Pálsson flugmálastjóra.

Við meðferð málsins í nefndinni urðu nokkrar umræður um slæma aðstöðu til eldsneytissölu á Egilsstaðaflugvelli. Hann er einn þriggja flugvalla í flokki nr. I, en flugvellir í þeim flokki eiga m.a. að geta þjónað sem varaflugvellir fyrir þotuumferð. Er því að mati nefndarinnar óviðunandi að eldsneytisaðstaða þar sé ófullnægjandi. Telur nefndin eðlilegt að í flugmálaáætlun séu gerðar tilteknar lágmarkskröfur um eldsneytisaðstöðu á flugvöllum og beinir því þeim tilmælum til samgönguráðherra að við næstu endurskoðun á áætluninni verði slíkar lágmarkskröfur látnar koma fram í skýringum við hvern flokk flugvalla.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á tillögunni um Bakkaflugvöll. Leggur hún til að á árinu 2002 renni 20 millj. kr. til flugbrauta og hlaða og 10 millj. kr. til bygginga við flugvöllinn, en í áætluninni er gert ráð fyrir að 30 millj. kr. renni til flugbrauta og hlaða en ekkert til bygginga. Er því einungis um að ræða tilfærslu á fjármunum til flugvallarins en heildarútgjöld til hans verða þau sömu eftir sem áður.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með fyrrgreindri breytingu.

[14:57]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Aðeins örstutt um þá till. til þál. um flugmálaáætlun sem hér er til síðari umræðu. Ég vil aðeins geta þess að við fulltrúar Samfylkingarinnar í samgn. erum sammála því nál. sem hér hefur verið fylgt eftir og styðjum það sem þar kemur fram og jafnframt þá einu breytingu sem gerð er við áætlunina sem er varðandi Bakkaflugvöll, þann mikilvæga völl sem er á Suðurlandi þar sem um 17 þús. farþegar fara um á ári hverju. Þarna er verið að gera lagfæringu og hún er í því heildaráliti sem öll samgn. stendur að. Í þáltill. er verið er að bæta við nýframkvæmdum fyrir árin 2002–2003. Sú nýbreytni er tekin upp að viðhaldsverkefnin eru ekki flokkuð niður, t.d. er endurnýjun slitlaga og málun flugbrauta ekki skipt niður eftir völlum heldur sett í einn pott, og ég held að það sé allt til bóta. Síðan er þessu skipt eftir þörfum fyrir hvert og eitt ár.

Eins og fram kemur í nál. er getið um og hvatt til þess að skoðun verði gerð á eldsneytisaðstöðu til sölu á eldsneyti á Egilsstaðaflugvelli og það verði gert fyrir næstu endurskoðun. Einnig má geta þess sem kom fram á fundi nefndarinnar að eldsneytissala til millilandaflugs er mjög mismunandi og að mig minnir er hún 10–15 kr. dýrari á Egilsstaðaflugvelli en á höfuðborgarsvæðinu. Það hlýtur náttúrlega að gera það að verkum að mínu mati að Egilsstaðaflugvöllur er kannski ekki eins mikið notaður og ætti að vera, því að sá flugvöllur á að hafa mikilvægt hlutverk í millilandaflugi. Ég held því að full ástæða sé til að ítreka það og nefna að þarna verður náttúrlega að ganga til einhvers konar verðjöfnunar líkt og á sér stað um innanlandsflug.

Það sem kemur líka fram í flugmálaáætlun er m.a. það sem ætlað er að gera og kanna varðandi Ísafjarðarflugvöll sem ég held að sé afar mikilvægt og afar brýnt, þ.e. að kanna með næturaðflug. Ef þær niðurstöður verða jákvæðar er lagt til að þeim framkvæmdum verði lokið árið 2003 með miklum fjárveitingum og aðalfjárveitingum til þess verks árin 2002 og 2003.

Herra forseti. Í flugmálaáætluninni er lagt til að samþykktar verði, með þeirri breytingu sem kemur fram í nál. og ég hef lýst stuðningi við, löngu tímabærar stórframkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll. Þær miklu framkvæmdir sem þar munu eiga sér stað eru þegar hafnar og verða unnar á næstu árum. Ég vil líka geta þess sérstaklega og ítreka að þarna er varið 15 millj. kr. til hönnunar og undirbúnings við byggingu

nýrrar flugstöðvar við Reykjavíkurflugvöll. Ég held að full ástæða sé til að taka þetta fram og ítreka vegna þess að þeir sem hafa farið um þessa flugstöð sjá að hún er barn síns tíma og löngu komin til ára sinna. Sem betur fer hefur það verið að gerast að flugfélögin tvö, sem eru í innanlandsflugi, þ.e. Flugfélag Íslands, sem hefur alltaf verið þarna, og Íslandsflug, sem þó hefur minnkað töluvert starfsemi sína í innanlandsflugi en þó er með eitthvað örlítið eftir og vonandi eykst það á næstu árum, hefur flutt flugafgreiðslu sína frá þeim stað þar sem hún var við gamla Loftleiðahótelið til Flugfélags Íslands.

Því er full ástæða til að nefna þetta og ítreka um leið mikilvægi þess að þetta mál sé skoðað og það væri reyndar full ástæða til að skoða það í heild sinni sem samgöngumiðstöð, ekki eingöngu flugstöð, heldur fyrir annað og meira en það er.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan skrifa ég undir þetta nál., og hef svo ekki meiru við þetta að bæta.

[15:01]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. formaður samgn. hefur gert grein fyrir áliti samgn. um till. til þál. um flugmálaáætlun. Ég stend að því nál. Ég vil undirstrika eitt atriði sem kom reyndar fram í ræðu formanns og kemur fram í nál., en það er varðandi eldsneytismálin. Það mál var rætt ítarlega í nefndinni. Ég legg afar mikla áherslu á að á þessu ári fari fram úttekt á eldsneytismálunum í samræmi við það sem lagt er fyrir í þessu nál. Á grundvelli þeirrar niðurstöðu verði teknar ákvarðanir um hvort eldsneytisaðstaða tilheyrir flugvallarmannvirkjum og yrði þá tekið á því máli í flugmálaáætlun. *Það er afar nauðsynlegt að þessi úttekt fari fram. Dæmið* frá Egilsstaðaflugvelli, sem er skráður varavöllur fyrir millilandaflug, hefur verið nefnt. Menn eystra hafa hug á að markaðssetja þann flugvöll sem lendingarstað í millilandaflugi. Eldsneytismálin eru þrándur í þeirri götu og mikilvægt að á því sé tekið.

Ég tek einnig undir það sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., Kristjáns L. Möllers, að *verðmunurinn á* eldsneyti á flugvöllum úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu er óviðunandi. Það er nauðsyn fyrir flugmálayfirvöld að skoða samninga sína við olíufélögin í því ljósi. Þetta er óviðunandi aðstöðumunur og gerir það að verkum að þessir flugvellir, Egilsstaðaflugvöllur og aðrir slíkir, sem hafa möguleika til að taka á móti flugvélum í millilandaflugi, eru ekki *samkeppnisfærir*.

Þetta vildi ég undirstrika enn frekar. Ég er ánægður með að þetta skuli vera sett í farveg í áliti samgn. en vildi ítreka hvað þetta mál er aðkallandi.

[15:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu seinni umræða till. til þál. um flugmálaáætlun árið 2000–2003 og nál. sem samgn. hefur unnið og skilað hér.

Ég styð nál. eins og það er þarna. Ég tek undir þau orð sem hv. þm. hafa haft um það og þær áherslur sem þar eru dregnar fram um aðbúnað og aðstöðu á flugvöllum. Samkvæmt lögum eru flugvellir flokkaðir í I.–VI. flokk eftir því hvers konar umferð þar er gert ráð fyrir að fari fram og hvaða kröfur eru gerðar um aðbúnað og aðstöðu. Hvergi í þessum flokkum er fjallað um að þar skuli vera til afgreiðslu eldsneyti sem er alveg furðulegt svo mikilvægt sem það er fyrir þjónustumöguleika og þjónustustig flugvallanna og öryggi þeirra.

Þetta mál var rætt ítarlega í nefndinni og flugmálastjóri kom og gerði mjög ítarlega grein fyrir stöðu þess. Þar kom m.a. fram að það er Flugmálastjórn sem semur við olíufélögin um þessa afgreiðslu. Í umræðum í nefndinni var lögð áhersla á, eins og er líka vikið að í nál., að samningarnir yrðu gefnir upp og kannað hvernig væri hægt að endursemja og jafnvel bjóða aftur út eldsneytisafgreiðslu á flugvöllum vítt og breitt um landið. Málið yrði endurskoðað í heild sinni, þar á meðal líka að fara ofan í þær ástæður sem eru fyrir verðmismun sem er á eldsneyti til flugvéla á hinum ýmsu stöðum og freista þess að koma þar á samræmingu þannig að fyllsta jafnræðis sé gætt.

Ég tel að þetta sé afar mikilvægt og það sem kemur fram í nál. vísi veginn um þær kröfur sem nefndin vill að unnið verði að fyrir næsta vetur.

Það er líka annað mál sem kom upp í umræðunni um flugvellina sem heyrir að vísu meira undir vegamál en lýtur að notkun og öryggi flugvallanna sjálfra. Mikil breyting hefur orðið á áætlunarflugi og sem dæmi má nefna að á árinu 1989–1995 hefur lagst niður áætlunarflug á Rif, Grundarfjörð, Stykkishólm, Reykhóla, Suðureyri, Blönduós, Ólafsfjörð, Bakkafjörð, Breiðdalsvík og Fagurhólsmýri og eftir 1995 hefur lagst niður áætlunarflug á Holt og Hólmavík, Sigufjörður er í óvissu, Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn, Borgarfjörð eystri og Norðfjörð.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að samtímis og þessir flugvellir fara úr tölu áætlunarflugvalla, fara úr þeirri stöðu sem áætlunarflugvellir hafa í samgöngukerfi landsins falla vegirnir jafnframt að flugvöllunum úr tölu samgönguæða landsins og verða forsjárlausir vegir, verða eins konar styrkvegir, og njóta þess vegna ekki þeirrar stöðu sem þeir höfðu áður í samgöngukerfi landsmanna. Viðhald og eftirlit *með þeim er þá í ákveðinni óvissu. Þetta var eitt af því sem* var líka rætt í nefndinni og líka í tengslum við vegamálin, vegalögin, og einmitt þar lögð áhersla á réttarstöðu vega sem falla þannig úr sem samgönguæðar landsins, en eru engu að síður afar mikilvægir, bæði fyrir öryggi og þá líka samgöngur þó það sé ekki í formi áætlunarflugs. Þá er mikilvægt að vegirnir að þessum flugvöllum séu í góðu lagi og réttarstaða þeirra sé ekki í óvissu. Ég vek athygli á þessu. Einnig var lögð áhersla það í nefndinni að þetta ætti að komast á hreint.

Herra forseti. Varðandi flugmálin almennt tel ég að skipulagt áætlunarflug um landið eigi að vera hluti af heildarskipulagi almenningssamgangna en ekki að verða þannig að við stöndum frammi fyrir tilfallandi breytingum í almenningssamgöngum eins og niðurfelling á flugi til Gjögurs, Siglufjarðar eða hverra annarra staða sem lenda í uppnámi vegna þess fyrirkomulags sem við búum við.

Það ætti að vera heildarskipulag fyrir almenningssamgöngur í landinu, þar á meðal flugsamgöngur, sem ættu að vera hluti af því heildarskipulegi og eftir því yrði unnið og leitað þeirra leita sem þörf er á á hverjum tíma til að þær samgöngur séu öruggar og tryggar og ekki verið að láta þær verða því óöryggi undirorpnar að það geti verið lagt niður með skömmum fyrirvara eins og nú er.

Ég legg áherslu á, herra forseti, að flugsamgöngur eru eins og aðrar samgöngur hluti af samgöngu- og öryggiskerfi *þjóðarinnar og ber að skipuleggja þannig að þær séu hluti af* því heildarskipulagi og öryggi allra landsmanna sé þannig tryggt eins og kostur er.

[15:12]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum að ræða till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 2000–2003. Varðandi fjárframlög til flugmálaáætlunar á þessum tíma er eðlilegt að Reykjavíkurflugvöllur fái allt að helmingsframlag af áætluninni. Við vitum það öll sem ferðumst með flugi innan lands að löngu var orðið tímabært að fara í þessar stóru og miklu framkvæmdir og endurnýjun á vellinum eins og hann var orðinn. Hann hefur setið lengi á hakanum og þar eru flugbrautirnar það sem mestur kostnaður er við.

En varðandi nál. hv. samgn. vil ég þakka fyrir niðurstöðu nefndarinnar og taka hjartanlega undir þær ábendingar og tillögur sem koma þar fram. Það er nefnilega þannig að aðbúnaður, eldsneytisbúnaður vallanna, kostnaður við tanka og dælur og annað sem snýr að eldsneytisbirgðum og afgreiðslu eldsneytis við vellina er ekki inni í flugmálaáætlun. Það sem meira er, ekki eru neinar reglur, engar lágmarkskröfur til staðar sem olíufélögin þurfa að uppfylla þegar þau þjóna þeim völlum sem þeim hefur verið úthlutað. Olíufélögin hafa skipt völlunum á milli sín.

Egilsstaðaflugvöllur sem hér er sérstaklega nefndur er einn af þremur flugvöllum landsins í flokki I og er þar af leiðandi varaflugvöllur fyrir þotuumferð. Við þennan völl eru eldsneytistankarnir óviðunandi. Einungis hefur verið framfylgt nauðsynlegum öryggisráðstöfunum varðandi mengun frá tönkunum en endurbygging og önnur þjónusta eins og eldsneytisdælur hafa ekki fylgt kröfum tímans. Sem betur fer á að bæta dælurnar og nú er von á stærri og öflugri dælum við völlinn. Þetta er nokkuð sem ég tek undir að þurfi að vera hluti af rekstri flugvallanna.

Þessir þættir þurfa að vera í lagi. Ég hvet til að samningi við olíufélögin verði sagt upp og þá liggi fyrir lágmarkskröfur um eldsneytistanka og afgreiðslu. Við þá endurskoðun þarf jafnframt að krefjast jafnaðarverðs á eldsneyti um landið allt. Það er óviðunandi fyrir þá sem eru að reyna að koma upp flugsamgöngum, áætlunarflugi, frá öðrum völlum en á Reykjavíkursvæðinu, ég nefni Akureyri og Egilsstaði, að búa við að verð á eldsneyti sé mun hærra á þessum stöðum en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Eins og ég sagði áðan hafa olíufélögin skipt með sér þjónustunni. Olíufélagið Skeljungur hefur um langt árabil annast eldsneytissölu á Egilsstaðaflugvelli. Olíufélagið á þar alla aðstöðu til að geyma og afgreiða flugvélaeldsneytið. Um nokkurn tíma eða alveg frá því nýr flugvöllur var tekinn í notkun hefur staðið til að endurnýja aðstöðuna en því miður þá fóru þær áætlanir út um þúfur þegar ekki varð úr því að stórar þotur eða þotueldsneyti væri afgreitt frá flugvellinum eins og menn trúðu í upphafi. Þetta verður vítahringur, því lélegri sem afgreiðslan er og því hærra sem bensínverðið er, því ólíklegra er að rekstraraðilar flugvéla í millilandaflugi noti aðstöðu flugvallanna úti á landi.

Þegar þetta er í lagi og ef við náum jafnaðarverði mun staða þeirra sem efla vilja flugþjónustu á Egilsstöðum og Akureyri styrkjast. Ég tek einnig undir brtt. frá samgn. um að bæta Bakkaflugvöll eins og lagt er til. Ég trúi því að með þeirri lagfæringu sem fram kemur í nál. verði eldsneytisafgreiðslan í lagi og að fyllsta öryggis verði gætt við geymslu á flugvélaeldsneyti.

Ég tek undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði hér áðan. Miðað við þær aðstæður sem eru í dag þegar innanlandsflugið hefur smátt og smátt verið að leggjast af, litlu flugfélögin hafa verið að gefast upp við að halda uppi áætlunarflugi á minni staði, þá minnkar viðhald á þessum flugvöllum og þeir verða smám saman ónýtir. Þess vegna er mikilvægt að líta á flugsamgöngur sem og almenningssamgöngur, horfa á þetta sem eina heild, samgöngur á landi og í lofti.

[15:20]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Það er eðlilegt að útskýra aðeins viðbót við nál. samgn. sem stendur öll að frv.

Ráðgert er að gera breytingar á framsetningu á kafla 1.1 til 1.3 í flugmálaáætun til samræmis við fyrirhugaðar breytingar á útliti allra þriggja áætlana í samgöngumálum, þ.e. vegáætlunar, flugmálaáætlunar og hafnaáætlunar. Þessi breyting felur ekki í sér neinar breytingar á efni eða innihaldi flugmálaáætlunar heldur er um samræmingaratriði að ræða. Núverandi útliti áætlunarinnar mun því verða breytt áður en hún fer í prentun. Gert er ráð fyrir að vegáætlun verði sett fram á sama formi þegar hún kemur úr samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (heildarlög). — Þskj. 219, nál. 1021, brtt. 1022.

[15:22]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta frá samgn. sem allir nefndarmenn standa að, einn þó með fyrirvara.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um málið og fengið á sinn fund Helga Jóhannesson frá samgönguráðuneyti, Jón Bernódusson, Sverri H. Konráðsson og Þórð Þórðarson frá Siglingastofnun Íslands, Guðberg Rúnarsson og Þorleif Valdimarsson frá Fiskifélagi Íslands, Benedikt Alfonsson frá Siglingaskólanum, Jónas Guðmundsson frá Snarfara og Egil Kolbeinsson frá Siglingasambandi Íslands. Umsagnir um málið bárust frá Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, Landhelgisgæslu Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagi Íslands, Siglingastofnun Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, menntamálaráðuneyti, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar, Samtökum atvinnulífsins og Siglingasambandi Íslands.

Tilgangurinn með frv. er að laga íslenskan rétt að alþjóðasamþykkt STCW frá 1978 um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna, sem tekur til áhafna flutninga- og farþegaskipa, en henni var breytt verulega árið 1995. Evrópusambandið hefur fullgilt samþykktina og sett tilskipanir um lágmarksþjálfun sjómanna, 94/58/EB, með breytingum í 98/35/EB. Þær eru hluti gerða sem taka verður inn í íslenska löggjöf á grundvelli EES-samningsins.

Frv. fékk eins og ég sagði ítarlega umfjöllun í nefndinni og gerir hún tillögu um fjölmargar breytingar á því. Þá ákvað nefndin að leggja til breytingar á lögum nr. 112/1984, um

atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, og lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, samhliða afgreiðslu þessa máls. Enda leiðir það af sjálfu sér miðað við þær brtt. sem lagðar eru til. Þær eru nauðsynlegar til að samræmi sé milli laganna. Nefndin leggur áherslu á að þau lög verði tekin til heildarendurskoðunar með það að markmiði að setja heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa. Nefndin telur mjög brýnt að það verði gert hið fyrsta, að unnið verði frv. þegar á þessu ári í þeim efnum. Þá verði réttindi til vélstjórnar skoðuð sérstaklega með hliðsjón af nýrri tækni í vélarrúmum skipa og því að hvaða leyti hún geti haft áhrif á mönnun skipa og lengd náms vélstjóra. Mælist nefndin til að þessari vinnu verði hraðað og að lagt verði fram frv. í upphafi næsta þings á grundvelli hennar.

Benda má á að mikið misræmi er milli réttinda vélavarða á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum. Þar er mikil ástæða til að samræma þannig að við sitjum við sama borð og þær þjóðir sem við erum í sem mestri nánd við.

Breytingarnar sem nefndin leggur til að verði gerðar á frv. eru eftirfarandi:

Lagt er til að 1. gr. frv. verði breytt og gildissvið laganna afmarkað betur, þ.e. að þau taki til allra flutningaskipa, farþegaskipa og farþegabáta á íslenskri skipaskrá. Um skemmtibáta sem skráðir eru hér á landi gildi hins vegar aðeins 7. gr. laganna.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á skýringum á orðunum skírteini og brúttótonn í 2. gr. Einnig er lagt til að skilgreining á námsstigi falli brott þar sem hennar er ekki lengur þörf vegna annarra breytinga sem lagðar eru til á frv. Lagt er til að skýrt verði hvað felist í orðinu áritun. Þá er lagt til að næsti maður í vél á eftir yfirvélstjóra verði 2. vélstjóri, en ekki 1. vélstjóri. Er það í samræmi við alþjóðasamþykktina.

Lögð er til sams konar breyting á 4. gr. varðandi vélstjóra og 2. gr., þ.e. að næsti maður í vél á eftir yfirvélstjóra verði 2. vélstjóri.

Lagt er til að töflur í 5. gr. frv. verði felldar brott og miðað við að þær verði í reglugerð sem sett verði á grundvelli laganna. Þetta er til skýringar og auðveldunar í frágangi laganna að töflur séu fremur í reglugerð en í lagagreinunum sjálfum. Nauðsynlegt er að sveigjanleiki verði á skipulagi námsins þannig að ekki þurfi að koma til lagabreytinga í hvert sinn sem fyrirkomulagi og skipan náms er breytt eða fært að breyttum kennsluháttum. Þá leggur nefndin til að réttindaheiti og starfssvið verði í samræmi við alþjóðakröfur.

Lagt er til að tafla í 6. gr. verði felld brott líkt og í 5. gr. þar sem eðlilegra er að hún sé birt í reglugerð. Þetta tryggir að ekki sé gerð breyting á lögunum og að jafnari kröfur eru til meiri réttinda fyrir öll stærri skip, 1. stig og allt nám í Stýrimannaskólanum. Þó verður auðveldara að taka tillit til breytinga á kennslubókum, námsefni og öðrum þáttum.

Lagt er til að tafla í 7. gr. frumvarpsins verði einnig felld brott. Þess í stað verði í 7. gr. kveðið á um að kenna skuli samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið staðfestir að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands og í samræmi við fyrirkomulag sem nú gildir, þ.e. námskrá sem er bundin við svokallað pungapróf. Það nám hefur verið stundað víða um land um áratuga skeið með mjög góðum árangri á undan frekari menntun í skipsstjórnarréttindum. Einnig yrði það til að efla áhuga almennings um land allt á sjósókn og tengslum við sjóinn. Það er mikilvægt að hægt verði að stunda þetta grunnnám víða um land á námskeiðum eins og verið hefur um áratuga skeið og í sjómannaskólum.

Reyndar er þetta námsefni að hluta komið inn í grunnskóla sem valgrein þar sem ungir og áhugasamir nemendur um sjósókn og sjómennsku geta sótt grunnmenntun í. Einnig má geta þess að nám í þessu minnsta prófi í skipstjórnarréttindum, pungaprófinu, kemur öllum að gagni hvort sem þeir eru á landi eða á sjó. Það er a.m.k. álit þess sem hér stendur að þetta nám ætti að vera skyldunám fyrir alla Íslendinga.

En varðandi námið sem um er fjallað í nál. er mikilvægt að hægt verði að stunda það víða um land á námskeiðum og í sjómannaskólum. Tekur nefndin undir sjónarmið sem koma fram um 7. gr. í grg. frv. um nauðsyn þess að þeir sem stjórna skráningarskyldum skemmtibátum hafi tiltekna kunnáttu og þekkingu sem staðfest verði með útgáfu skírteinis.

Þá er lagt til að ákvæði 9. gr. frv. um skipan sérstakrar undanþágunefndar verði fellt brott. Eðlilegra er að Siglingastofnun Íslands, sem er fagstofnun um siglingar á sjó, taki ákvarðanir um undanþágur til að starfa á sjó án tilskilinna réttinda fremur en fulltrúar þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Nefndin er sammála um að eðlilegt sé í nútímasamfélagi að fagleg sjónarmið stofnunar hafi með æðstu stjórn í þessum efnum að gera, að hún hafi þetta með höndum í stað þess að færa það inn á borð þeirra sem eiga vissulega hagsmuna að gæta á margan hátt.

Lagt er til að 10. gr. frv. verði breytt þannig að Siglingastofnun Íslands taki við hlutverki undanþágunefndar sem fjallað er um í 9. gr. frv. um að veita undanþágur þegar brýna nauðsyn ber til og menn með tilskilin réttindi vantar til starfa.

Þetta vandamál hefur verið á Íslandi nánast alla þessa öld sem nú er að líða og er vaxandi vandamál, því miður, og bregðast þarf við því á margan annan hátt en hér er fjallað um, en þarna eru menn að vonast til að þetta verði skilvirkara og geti leitt til þess að menn geti beitt kröftum sínum í að byggja upp nám og hvetja til náms í skipstjórnarfræðum og vélstjórnarfræðum.

Nefndin leggur áherslu á að ekki verði veittar undanþágur nema nauðsynlegt sé þar sem undanþáguveitingar geta leitt til þess að sjómenn sjái sér engan hag í því að leita sér frekari menntunar og réttinda. Í þessu efni verði að finna réttan meðalveg.

Lagt er til að þeir sem hafa réttindi til að vera skipstjórar á 30 rúmlesta skipum öðlist rétt til að verða skipstjórar á bátum sem eru 75 brúttótonn eða minni, en í frv. er miðað við 50 brúttótonn. Hér hefur verið gerð breyting á mælieiningu en í rauninni ekki breyting á réttindum. Nefndin telur nauðsynlegt að allir lögmætir handhafar 30 rúmlesta skírteinis við gildistöku laganna haldi réttindum sínum óskertum. Við meðferð málsins kom fram að nauðsynlegt er að miða við 75 brúttótonna báta til að ná því markmiði.

Það er rétt að útskýra það aðeins nánar. Í fljótu bragði átta menn sig kannski ekki á muninum á brúttórúmlestatölu og brúttótonnatölu. En verið er að breyta mælieiningunni frá brúttórúmlestum í brúttótonn. Brúttórúmlestatala skipa er reiknuð út eftir ákvæðum Óslóarsamþykktar frá 1947. Brúttórúmlestir eru rými undir mæliþilfari, að viðbættu rými ofan mæliþilfars sem samþykktir mæla fyrir um. Brúttórúmlestatalan er því summa eftirtalinna rúmtaka skipsins:

1. Rúmtak undir mæliþilfari.
2. Rúmtak milli mæliþilfars og efra þilfars.
3. Rúmtak reisna.

4. Umframmál lestaropa.

Nýja mælieiningin, brúttótonn, skammstafað bt. á móti brl. í brúttórúmlestum, þýðir að brúttótonnatala skips er rúmmál skips mælt samkvæmt Lundúnasamþykktinni frá 1969 sem tók gildi 1982. Brúttótonnatalan er heildarstærð skipsins, þ.e. heildarrúmmál allra lokaðra rýma skipsins.

Þetta er nú svo einfalt en flókið samt. Ekki er verið að auka réttindin í sjálfu sér. Ákveðin reynsla er komin á 30 tonna réttindin og þegar mælieiningunni er breytt þykir nefndinni rétt, og er sammála um það, að enginn hljóti skaða af eða tapi réttindum við breytingu á heiti mælieiningar. Þetta þýðir að enginn missir réttindi, en má segja að nokkrir sem hafa verið á minni bátum öðlist réttindi til að vera með heldur stærri báta en þeir hafa verið með, þó innan þess ramma að hvorki verði breyting á vélarafli né reynsluviðmiðun.

Varðandi farþegabáta og farþegaskip þar sem nefndin leggur til að brúttótonnin verði 75 er um að ræða 41 bát sem er minni en 75 brúttótonn. 40 bátar eru minni en 50 brúttótonn, og minni en 30 brúttórúmlestir eru 38 bátar. Tveir bátar eru stærri en 30 brúttórúmlestir en minni en 50 brúttótonn. Stærri en 30 brúttórúmlestir en minni en 75 brúttótonn eru þrír bátar. Stærri en 30 brúttórúmlestir en milli 50 og 70 brúttótonn er einn bátur. Með þessari breytingu færast því aðeins tveir farþegabátar upp á við ef réttindi yrðu 50 brúttótonn, en þrír ef réttindin yrðu 75 brúttótonn. Það þýðir að einn farþegabátur færist ofar ef réttindin yrðu færð úr 50 brúttótonnum í 75 brúttótonn.

Varðandi fiskibáta og fiskiskip, smábátana, þá er alls 1.661 bátur minni en 75 brúttótonn. 1.619 bátar eru alls minni en 50 brúttótonn. Alls minni en 30 brúttórúmlestir eru 1.602. 24 bátar eru stærri en 30 brúttórúmlestir, gamla viðmiðunin, en minni en 50 brúttótonn. Stærri en 30 brúttórúmlestir en minni en 75 brúttótonn eru 63, og stærri en 30 brúttórúmlestir, gamla einingin, en milli 50 og 75 brúttótonn eru 39 bátar. Þetta þýðir einfaldlega að 24 litlir fiskibátar færast upp ef réttindi yrðu 50 brúttótonn, 24 færðust upp ef réttindi yrðu 50 brúttótonn en 63 ef réttindi væru 75 brúttótonn eins og nefndin leggur til. Þetta þýðir að 39 litlir bátar færast ofar ef réttindi eru færð úr 50 brúttótonnum í 75 brúttótonn.

Þetta eru um 3% frávik af heildarbátaflotanum sem er inni í þessum pakka, eða líðlega 1.600 bátar.

Lagt er til að 13. gr. frv. verði felld brott og að í stað þess að mönnunarnefnd ákveði mönnun flutningaskipa verði það falið Siglingastofnun Íslands.

Lagt er til að 14. gr. frv. verði breytt vegna hins sama, þ.e. að Siglingastofnun ákveði öryggismönnun allra íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa og farþegabáta.

Lagt er til að bætt verði við frv. nýrri grein um úrskurðarnefnd siglingamála sem hafi endanlegt ákvörðunarvald á stjórnsýslustigi. Verði unnt að skjóta til hennar ákvörðunum stjórnvalda samkvæmt lögunum, svo sem um útgáfu skírteina, áritana, veitingu undanþágna og mönnun skipa. Verði nefndin skipuð þremur mönnum.

Lagt er til að orðalagi 15. gr. verði breytt.

Lögð er til breyting á fyrirsögn 16. gr. þannig að hún verði í samræmi við efni hennar.

Lögð er til smávægileg breyting á orðalagi 17. gr.

Þá er lagt til að lögin taki gildi 1. júlí nk. Nokkur tími mun því gefast til að kynna efni laganna og til útgáfu reglugerða.

Loks er lagt til að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða. Er þar mælt fyrir um að þeir sem starfa á farþegabátum eða farþegaskipum skuli fyrir 1. júní 2001 sækja sérstakt námskeið um farþegaflutninga með skipum og stjórnun mannfjölda á neyðarstundu.

Þess er skemmst að minnast að þegar úttekt var gerð á þeim þætti í rekstri farþegaskipa þótti ábótavant hvernig menn voru í stakk búnir til að bregðast við og það er ekki síst í samhengi við það sem þetta ákv. til brb. er sett inn til að skerpa á mikilvægi þjálfunar skipshafna, þjálfunar þeirra sem þurfa að sinna þjónustu við farþega á sjó og að sjómenn kunni vel til verka og fari ekkert á milli mála að unnið sé fumlaust og ákveðið þegar upp kynni að koma neyðarstaða.

Svo mörg voru þau orð um frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta.

Ég ítreka að nefndin telur mjög mikilvægt að frekari frumvörp fylgi í kjölfarið, sem ég hef getið um, og að á næsta starfsvetri Alþingis verði unnt að fjalla um þessi mál og hnýta upp, því það er auðvitað kominn tími til að spúla dekkið í þessum efnum á margan hátt. Það er gert í þessu frv. og reynt að koma þessu skilvirkt og markvisst fyrir, farið svolítið úr fornum hjólförum og reynt að leysa þannig úr ákveðnum hlutum sem hafa skapað vanda um langt skeið.

[15:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta og brtt. og nál. samgn.

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nál. með fyrirvara um ákveðna þætti. Ég vil þó hér í upphafi taka fram að í vinnu nefndarinnar var lögð áhersla á að finna leið til að gera reglur og umgjörð þessara starfa og verkefna sem skýrust og einföldust og fella þau að þeim veruleika sem menn standa frammi fyrir og þóttust sjá í þessum efnum. Það hafa því, eins og hv. frsm. Árni Johnsen gat um, verið gerðar umtalsverðar breytingar á frv.

Ég styð margt af því sem þar er sett fram og nálgunina sem þar er við veruleikann. Ég vil vekja athygli á að hér unnið að miklum breytingum varðandi menntunarmál og réttindamál sem tengjast menntun. Það er staðreynd að eftirspurn eftir menntun á þessum sviðum hefur dvínað, þ.e. bæði sjómannamenntun, vélstjóramenntun og annarri menntun sem tengist sjómennskunni. Atvinnuvegurinn hefur farið ýmsar leiðir til að leysa brýn vandamál án þess að þar hafi verið mörkuð nokkur framtíðarstefna, enda ekki svigrúm til þess.

Herra forseti. Þegar ráðist er í svo miklar breytingar og menn standa frammi fyrir jafnerfiðri stöðu menntunar á þessum vettvangi þá hefði verið þörf á að taka þennan þátt til sérstakrar skoðunar og ítarlegar en nefndin gat á þeim tíma sem henni var skammtaður. Ég tel að það sé veika hliðin á þessu frv. og að það hefði þurft að vinna betur menntunargrunninn sem þessi atvinnuvegur þarf að byggja á.

Ég tel, herra forseti, það er mín persónulega skoðun, að skólar sem fást við réttindanám á þessu stigi ættu að vera sérskólar. Þeir ættu að vera undir sérstökum lögum en tryggð tenging og samræming við annað nám. Það gefur skólunum meiri möguleika og frjálsari hendur til að aðlaga sig skjótt breyttum kröfum, breyttum viðhorfum og nýjum þörfum. Það að skólarnir verða að lúta lögum um framhaldsskóla gefur þeim þyngslalega umgerð, eins og margt annað starfs- og réttindanám fær reyndar þegar það er bundið almennum

lögum sem taka fyrst og fremst mið af reglubundnu bóknámi. Það hefði átt að kanna hvort sérlög ættu að gilda um þetta nám og þessi réttindi sem gæfu aukið svigrúm til að bregðast við á hverjum tíma.

Herra forseti. Þar sem svo miklar breytingar voru gerðar á frv. í meðförum þingnefndar varðandi menntun og menntunarkröfur til einstakra starfa, ábyrgð og réttindi sem þeim fylgja, þá hefði verið eðlilegt og sjálfsagt að þeir sem tengjast þessum vettvangi á sviði hins opinbera fengju formlegt tækifæri til að koma fyrir nefndina og gera henni grein fyrir mati sínu á breytingum á þeim atriðum.

Ég tek samt undir þær áherslur, varðandi lagaumgerðina sem við erum hér að fjalla um, að brýn þörf hafi verið á að færa þar ákvæði saman, samræma þau og gera einfaldari og skýrari. Ég dreg ekkert úr þeim vilja og áhuga allra nefndarmanna á að gera það. Ég tel, herra forseti, að það eigi að skoða þessar menntunarkröfur betur.

Eftir að nál. fór frá nefndinni barst bréf varðandi þetta frá fulltrúum aðila sem þessi mál snerta mjög. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til þess. Það er dagsett 9. apríl árið 2000:

„Vísað er til nefndarálits samgöngunefndar Alþingis vegna frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, máls. nr. 189. Undirritaðir, fyrir hönd viðkomandi félaga og skóla, vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Í breytingartillögum nefndarinnar felast veigamiklar breytingar við frumvarpsdrögin eins og þau voru lögð fyrir í samgn. Frumvarpsdrögin voru samin af nefnd samgrh. sem í störfum sínum hafði til hliðsjónar ábendingar og athugasemdir helstu hagsmunaaðila. Hafði full samstaða náðst um ýmis umdeild og veigamikil atriði frv. sem samgn. hefur nú gert breytingar á.

2. Undirritaðir lýsa furðu sinni á að samgn. skuli gera tillögur um svo umfangsmiklar breytingar á frv. án þess að leita áður álits helstu hagsmunaaðila á þeim og án þess að gefa þessum hagsmunaaðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í viðtölum við nefndina. Undirritaðir lýsa andstöðu sinni við frv. í núverandi mynd. Óska þeir eftir að fá tækifæri til að eiga fund með samgn. í þeim tilgangi að kynna sér þau sjónarmið sem liggja að baki fram komnum brtt. nefndarinnar og koma athugasemdum einstakra hagsmunaaðila á framfæri."

Undir þetta rita fyrir hönd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Grétar Mar Jónsson; fyrir hönd Sambands ísl. kaupskipaútgerða, Ólafur J. Briem; fyrir hönd Stýrimannaskólans í Reykjavík, Guðjón Ármann Eyjólfsson; fyrir hönd Vélskóla Íslands, Björgvin Þór Jóhannsson og fyrir hönd Vélstjórafélags Íslands, Helgi Laxdal.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að sjónarmið þessara aðila fái að koma fyrir nefndina og nefndin fái að heyra viðhorf þeirra til breytinga samkvæmt nál. sem hér liggur fyrir, þannig að hægt sé að meta þær ábendingar sem þeir kunna þar að koma á framfæri. Ég teldi mikilvægt að það yrði gert á milli 2. og 3. umr. þessa máls. Ég fer fram á að forseti beiti sér fyrir því við formann samgn. að þessum aðilum verði gefinn kostur á að tjá sig fyrir nefndinni á milli umræðna.

Herra forseti. Í lok máls míns legg ég áherslu á mikilvægi þessa máls í heild sinni, bæði fyrir þessa atvinnuvegi og starfsfólkið sem við þá starfar. Ég legg áherslu á ósk mína um að málið verði aftur tekið inn í nefnd og þessum aðilum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

[15:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér ræðum við frv. sem var þó nokkuð lengi í vinnslu á vegum nefndar sem skipuð var af samgrh. á sínum tíma. Það er um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta. Um þetta frv. hafði í nefndarstarfinu náðst nokkuð víðtækt samkomulag milli þeirra sem að málinu koma, bæði hagsmunaaðila á þessu sviði, menntastofnana sem mennta skipstjórnarmenn og vélstjóra og skólamanna þar á bæ.

Ég sé að í brtt. og nál. meiri hluta samgn. eru lagðar til breytingar í mörgum liðum á þessu máli sem ég taldi á sínum tíma að nokkurt samkomulag hefði verið um milli skólamanna og ráðueytismanna sem þá unnu með samtökum hagsmunaaðila að endurskoðun þessara laga.

Áðan kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að þessi samtök hafa ekki séð þær brtt. sem hér hafa verið kynntar við þetta frv. Þau óska sérstaklega eftir því að fá að koma að málinu og ræða það við hv. samgn. Ég tel sjálfboðið að nefndarmenn og formaður nefndarinnar verði við því. Hins vegar tengist frv. þetta að nokkru leyti málum sem hér eru síðar á dagskránni, þ.e. 1. umræðu málum sem fjalla um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, lögum nr. 112, og vélstjórnarmanna, nr. 113 frá 1984 ef ég man rétt. Þar er m.a. kveðið á um hluti sem er einnig að finna þessu frv., t.d. undanþágunefnd og mönnunarnefnd og ákvæði þar að lútandi.

Ég hefði talið eðlilegt að þessari umræðu, með tilliti til þess sem hv. þm. Jón Bjarnason upplýsti áðan og vitnaði í bréf frá hagsmunaaðilum, að umræðu um þetta mál sem hér er til 2. umr. yrði frestað, hæstv. forseti, og að þau frv. sem hér koma á eftir og fjalla að hluta um sömu málum, atvinnuréttindafrumvörpin, verði þá tekin til 1. umr. og vísað þá aftur til samgn. Samgn. hefði þannig möguleika á, meðan þessu máli væri frestað, að ræða nánar þær brtt. sem hún leggur til. Ég tel að þær þurfi nánari skoðunar við í ýmsum atriðum samhliða umfjöllun nefndarinnar um lög um atvinnuréttindi. Ég held að það væri eðlileg og rétt málsmeðferð vegna þess að málin tengjast en eru ekki á sama stigi í umræðunni.

Ég vil svo vekja athygli á því í einni brtt. frá samgn., í 13. lið, þ.e. 15. gr. sem verður 14. gr., segir, með leyfi forseta:

„Greinin orðist svo:

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina, veitingu undanþágna og útgáfu öryggismönnunarskírteina samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra."

Nú er ekki mjög langt síðan að við samþykktum lög um aukatekjur ríkissjóðs ef ég man rétt. Þar var kveðið nákvæmlega á um það hvað skyldi greiða fyrir útgáfu skírteina skipstjórnarmanna, vélstjórnarmanna, flugmanna og fjölda annarra sem þurfa að endurnýja atvinnuskírteini sín reglulega. Þar er sem sagt ákvæði um það hvaða gjöld skulu tekin fyrir þessa útgáfu. Ég tel að þessi texti: „ ...skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra" — fari í bága við þau lög sem sett voru um ákveðna gjaldtöku fyrir útgáfu skírteinanna. Það er engan veginn sjálfboðið að þær 5.000 kr. sem mig minnir að reiknað hafi verið með fyrir endurnýjun skírteinis dugi til þess kostnaðar sem Siglingastofnun hefur af vinnunni við að

gefa út þessi skírteini. Ég held að þessi tillaga eins og hún er orðuð stangist á við lög sem við settum ekki fyrir löngu á hv. Alþingi. Ég vildi bara benda á þetta.

Ég ætla ekki að teygja umræðuna um þessi mál þó maður hefði viljað benda á eitt og annað. Hv. formaður samgn. fór yfir breytingarnar úr brúttórúmlestum í brúttótonn. Það er sjálfgefið að eitthvað þarf að hækka 30 tonna réttindin. Ég er hins vegar ekki alveg sammála honum um að fara með þau í 75 brúttótonn því að í þessu frv. stendur einmitt um eldri skírteini svohljóðandi ákvæði:

„Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skal halda sínum réttindum óskertum, enda fullnægi hann öðrum kröfum laga þessara.“

Þó að nýjar viðmiðanir hefðu verið teknar upp, að fara frá Óslóarsamþykktinni um brúttórúmlestir og taka upp brúttótonnamælinguna, þá hefði viðkomandi haldið réttindum sínum til þess að starfa á þessum skipum.

Auðvitað er eðlilegt að gera samt einhverjar breytingar á þessari viðmiðun, 30 tonnum. Einhvers staðar liggur þetta á milli 50 og 75 tonna og einhvers staðar þarf að draga viðmiðunarlínu í því. Það er ekki eðlilegt að 30 brúttórúmlestabátur sem er yfirbyggður og gerður að öruggara sjófari, öruggara skipi eftir breytingu en fyrir, missi sérstaklega réttindi við þá breytingu vegna þess að brúttótonnamælingin gefur þá aðra niðurstöðu en brúttórúmlestamælingin.

Ég vildi gera að tillögu minni úr þessum ræðustól, hæstv. forseti, að þessari umræðu yrði frestað og þar sem atvinnuréttindalögin koma til skoðunar hjá hv. samgn. eftir 1. umr. þá lægi ljóst fyrir um þessi mál þegar málin koma aftur fyrir þingið, bæði sem 2. umræðu mál, atvinnuréttindamálin og málið sem hér um ræðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, frh. síðari umr.

Stjtill., 587. mál. — Þskj. 889, nál. 1102 og 1106.

[16:04]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (frh.):

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. sé ekki langt undan úr því að umræðan er hafin á nýjan leik. En það var einmitt ástæða þess að ég gerði hlé á máli mínu að hæstv. ráðherra hafði horfið á braut úr þinghúsinu eftir að atkvæðagreiðslum lauk og ég hafði óskað eftir því að einnig forsvarsmenn iðnaðarmála, fyrir utan þá sem bera ábyrgð á því sem utanríkismáli, væru viðstaddir umræðuna.

Ástæðan er sú, herra forseti, og ég vona að sá rökstuðningur nægi, að ég tel að hér sé á ferðinni eitt stærsta mál á sviði raforkumála sem við höfum um langt árabil haft í höndunum á Alþingi Íslendinga. Hér stendur sem sagt hvorki meira né minna til en að Alþingi fyrir sitt leyti blessi að Ísland falli frá stjórnskipulegum fyrirvara gagnvart því að tilskipun Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum gangi einnig í gildi fyrir Ísland.

Herra forseti. Þetta mál er þar af leiðandi eins og ég sagði í raun og veru algerlega tvíþætt. Það snýst annars vegar um þá aðferðafræði sem hér er verið að innleiða hvað varðar að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar í þeim tilvikum að Ísland hefur sett svokallaðan stjórnskipulegan fyrirvara á grundvelli 103. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og hins vegar er það svo efni þeirra tilskipana eða sameiginlegu ákvarðana sem á að innleiða. Það er kannski lýsandi fyrir þann færibandahugsunarhátt eða þá færibandaaðferðafræði sem í reynd er að verða á afgreiðslu mála sem koma þessa boðleið inn í íslenska löggjöf gegnum tilskipanir sem Evrópusambandið hefur afgreitt og síðan sameiginlega EES-nefndin tekið upp, að hér virtist, herra forseti, ekki ætla að verða nein umræða um efnisþætti einnar einustu af þessum tilskipunum og það var t.d. ekki á þær minnst í framsögu með málinu fyrir 2. umr.

Herra forseti. Maður veltir fyrir sér hvort það hefði getað gerst að málið hefði verið afgreitt á Alþingi án þess að minnast á það einu orði að innri markaður fyrir raforku samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins gengi í gildi á Íslandi með þeim margvíslegu og miklu áhrifum sem það er auðvitað dæmt til að hafa.

Ég var þar kominn í máli mínu, herra forseti, þegar ég gerði á því hlé til þess að hæstv. iðnrh. gæti komið til umræðunnar, að ég var að gera aðeins grein fyrir meginmarkmiðum þessarar tilskipunar. Hún er reyndar birt í fylgiskjali með þáltill. þessari sem er nokkuð að vöxtum. Það má velta því fyrir sér, herra forseti, hvort þingheimur sé allur orðinn þaullesinn í skjalinu. Hér mjög aftarlega rakst ég á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og sem fylgiskjal með henni fylgir tilskipun Evrópusambandsins 96/92/EB. Það er þó nokkurt plagg, herra forseti, bara sjálf tilskipunin er í allmörgum köflum og samtals nokkur hundruð greinar.

Þar af leiðandi, herra forseti, er kannski tímans vegna ekki ástæða til að fara í einstökum atriðum ofan í efni þessarar tilskipunar og væri þó full ástæða til því að ég held að Alþingi þurfi að sjálfsögðu að átta sig á því hvaða grundvallarbreytingar í skipulagi raforkumála í landinu muni hljótast af því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar. Þau áhrif eru margvísleg, bæði á löggjöf og skipulag raforkumálanna og á þau fyrirtæki sem starfa á þessum markaði og sér þó kannski ekki fyrir endann á því að öllu leyti enn. En ef við látum okkur nægja, herra forseti, að staldra við meginmarkmið tilskipunarinnar þá var ég búinn að fara yfir þau í fjórum liðum, sem sagt að gera raforkugeirann að hluta að innri markaði Evrópusambandsins, þ.e. að fella hann undir þær leikreglur sem gilda á innri markaðnum um samkeppni og annað í þeim dúr. Í öðru lagi að tryggja öryggi í afhendingu raforku, í þriðja lagi að auka samkeppni í framleiðslu á raforku og í fjórða lagi að gera fyrirtækjum kleift að eiga viðskipti með raforku milli landa á svæðinu.

Herra forseti. Við getum þá spurt okkur hve mikið erindi á Ísland og íslenski orkumarkaðurinn inn í þetta samhengi. Er ekki jafnaugljóst í raun í þessu tilviki eins og það var þegar tilskipun um innri markað fyrir jarðgas og gegnsæi t.d. í verðlagningu á jarðgasi var afgreitt í Evrópu, að við eigum ekkert erindi inn í þetta samhengi af þeirri einföldu ástæðu að íslenski orkumarkaðurinn er einangraður? Hann er eyja og án tengsla við orkumarkað meginlands Evrópu og tengdra nálægra eyja. Sæstrengirnir sem stundum hefur borið á góma hafa ekki verið lagðir enn og ekki er í sjónmáli að það verði gert og fyrr verður Ísland ekki í beinum skilningi tengt þessum orkumarkaði þannig að héðan gæti flust raforka til notkunar á meginlandi Evrópu eða öfugt.

Það sem ég vil leggja sérstaka áherslu á í þessu sambandi og rökstyðja um leið fyrir mitt leyti hvers vegna það er ekki skynsamlegt að Alþingi heimili að fallið verði frá þessum stjórnskipulega fyrirvara að svo stöddu er þá í fyrsta lagi þessi staðreynd sem snýr að stöðu Íslands sem eyju.

Í öðru lagi er sérstaða Íslands hvað orkumál varðar mjög mikil. Hún er mikil vegna þess að við framleiðum nánast alla okkar raforku úr innlendum orkugjöfum, að mestu endurnýtanlegum þar sem fallorka vatnanna á í hlut, og við erum þar af leiðandi ekki háð erlendum orkumörkuðum í þessum skilningi, hvorki í þeim skilningi að við kaupum eða seljum raforku um strengi né heldur að við flytjum inn eldsneyti til framleiðslu á raforku hér, nema í svo óverulegum mæli að ég hygg að það megi sleppa þeim þætti.

Við erum að sjálfsögðu einnig í mjög sérstakri stöðu hvað varðar uppbyggingu og skipulag orkumála hér. Framleiðsla, dreifing, eignarhald og fleiri þættir eru með mjög sérstökum hætti af eðlilegum ástæðum og lúta séríslenskum aðstæðum.

Í þriðja lagi má nefna þær sérstöku landfræðilegu aðstæður sem þjóðin býr við í þeim skilningi að hér býr mjög fámenn þjóð í mjög stóru en orkuríku landi.

Ef við lítum svo, herra forseti, í þessu ljósi á meginmarkmið orkutilskipunarinnar, er strax ljóst að a.m.k. tvö af fjórum meginmarkmiðum tilskipunar Evrópusambandsins um sameiginlegan innri markað fyrir raforku eiga alls ekki við á Íslandi, þ.e. það fyrra, að gera raforkugeirann að hluta af innri markmaði Evrópusambandsins, fellur um sjálft sig í þeim skilningi að ekki er um sambærilegar samkeppnisaðstæður að ræða eða möguleika vegna einangrunar orkumarkaðarins hér. Og hvað hið síðara snertir, að auðvelda viðskipti milli landa með raforku, þá fellur það strax algjörlega um sjálft sig af því að engin slík viðskipti eru í tilviki Íslands möguleg þar sem hér er ekki um að ræða mögulega flutninga á orku til eða frá landinu og inn á markaði annarra landa Evrópska efnahagssvæðisins.

Menn geta auðvitað reynt að halda því til streitu að um tiltekna óbeina samkeppni geti verið að ræða í þeim skilningi að við getum keppt við markaðinn á meginlandinu um iðnfyrirtæki og um sölu á raforku til einhverrar tiltekinnar framleiðslustarfsemi en það á ekki að efni til sérstaklega við ákvæðin um hinn sameiginlega innri markað um raforku. Það fellur undir hin almennu samkeppnisskilyrði samningsins og við erum bundin af þeim hvort sem er. Sú samkeppni gildir að sjálfsögðu gagnvart öllum löndum, ekki bara löndum Evrópska efnahagssvæðisins, og lýtur eftir atvikum ákvæðum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar einnig.

Herra forseti. Það væri æskilegt að hæstv. utanrrh. væri hérna einnig viðstaddur umræðuna eða a.m.k. formaður utanrmn.

Það vakna þegar af þessum ástæðum, herra forseti, spurningar um hvað þeim samningamönnum Íslands sem tóku ákvörðun um að setja Ísland inn í þetta samhengi gekk til. Hvers vegna í ósköpunum var ekki frá byrjun gert ráð fyrir því að leita eftir varanlegri undanþágu fyrir Ísland hvað varðaði þennan innri markað í raforkumálum, af þeirri einföldu ástæðu að við erum af efnislegum og landfræðilegum ástæðum ekki hlutar af honum? Í fyrsta lagi hefði auðvitað strax við gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þurft að gera þarna fyrirvara og í öðru lagi átti ekki að standa að þeirri ákvörðun í sameiginlegu EES-nefndinni sem tekin var í nóvembermánuði sl. Maður spyr sig líka hvernig standi á því að ákvörðun um svo afdrifaríkan hlut eins og þennan er tekin þegjandi og hljóðalaust án nokkurrar umræðu á Alþingi eða heima fyrir yfir höfuð og, mér vitanlega, án nokkurs minnsta samráðs t.d. við utanrmn. Alþingis eða iðnn. Alþingis. Mér er ekki kunnugt um að það hafi sérstaklega verið tekið þar á dagskrá eða menn varaðir við því að til stæði að Ísland gerðist aðili að þessu á þessum tímapunkti í nóvembermánuði sl.

Eins og ég áður sagði, herra forseti, þá var sú leið valin af næsta augljósum ástæðum að fá varanlega undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins um gagnsæi verðlagningar og gegnumflutninga á jarðgasi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þó að það hafi reyndar stundum gleymst og menn hafi staðið frammi fyrir því á Alþingi að næsta fáfengilegum hlutum hafi skolað hingað upp á strendur af því að mönnum hafi láðst af eðlilegum ástæðum að undanskilja Ísland jafnvel frá hlutum sem varða járnbrautarsamgöngur eða eitthvað því um líkt á þessum markaði. Ég tel að það hefði átt að nálgast þetta með raforkuna með sambærilegum hætti og setja það sem skilyrði að Ísland fengi þarna varanlega undanþágu eða a.m.k. allt annan og rýmri aðlögunarfrest og sérmeðhöndlun að ýmsu leyti.

Herra forseti. Víða í löndum Evrópusambandsins hafa áform um markaðsvæðingu og samkeppni í orkumálum og veitumálum valdið miklum deilum og reyndar er það svo að þessi tilskipun 96/92/EB er niðurstaða af mjög átakamiklu ferli og er í eðli sínu málamiðlun ólíkra sjónarmiða milli ríkja Evrópusambandsins. Engu að síður er ljóst að innleiðing hennar hefur í för með sér marghátttaðar breytingar fyrir Ísland og skapar vandamál sem er ekki augljóst hvernig leyst verða þegar menn standa frammi fyrir þeim. Ég vil þar nefna sérstaklega þá staðreynd að eignarhald á orkufyrirtækjum á Íslandi er nánast alfarið opinbert, þ.e. ekki er því fyrir að fara hér að orkufyrirtækin séu í eigu ríkis og sveitarfélaga og samkeppni milli margra fyrirtækja á markaði í einkaeigu eða blandaðri eigu og eru ekki forsendur fyrir slíku eins og mál standa, a.m.k. nú um stundir á Íslandi.

Í öðru lagi ber að hafa það í huga að aðstæður á Íslandi, t.d. hvað dreifikerfi varðar, eru með allt öðrum hætti en gerist annars staðar í Evrópu, mér liggur við að segja alls staðar, þó kannski megi segja að svæðið í norðan- og vestanverðum Noregi séu að einhverju leyti sambærileg þá er það þó tæpt. Dreifikerfið hér er óhemjuvíðfeðmt borið saman við fjölda þjóðarinnar og notkun. Það er afar kostnaðarsamt vegna stærðar landsins og líka að nokkru leyti vegna veðurs þar sem ljóst er að tjón á dreifikerfi hér er með allt öðrum hætti en víðast hvar annars staðar. Ísingaveður eru t.d. einna illvígust á Íslandi miðað við flest lönd á byggðu bóli eins og menn hafa rækilega fengið að kenna á. Menn hafa jafnvel valið þann kost að grafa langar flutningalínur í jörð vegna óheyrilegs tjóns sem menn höfðu aftur og aftur orðið fyrir í ísingaveðrum. Það er að vísu rétt sem fram kemur í salnum að annars staðar geta aðrar vágestir plagað menn eins og hvirfilvindar en þeir eru þó sjaldan jafnstórvægilegt vandamál eins og illviðri og ísing við íslenskar aðstæður.

Það er líka rétt, herra forseti, að hafa það í huga að þrátt fyrir að hið opinbera hafi á undanförnum áratugum verið að baksa við að byggja upp dreifikerfi fyrir raforku í landinu og það hefur alfarið verið verkefni hins opinbera, þ.e. fyrirtækja í eigu ríkisins og/eða þá sveitarfélaga, þá er ekki lengra komið en svo, enn sem komið er, að það vantar mikið upp á að allir landsmenn búi við sómasamlega þjónustu að þessu leyti. Ég minni þar t.d. á hið mikla óréttlæti sem drjúgur

hluti landsmanna, þ.e. þeirra sem byggja landsbyggðina eða hið eiginlega strjálbýli, býr við hvað það varðar að hafa ekki aðgang að þriggja fasa rafmagni með tilheyrandi kostnaði, orkusóun og óþægindum. Þar af leiðandi, herra forseti, þyrfti ríkið og opinberir aðilar sem hafa séð um framkvæmd þessara mála hingað til helst að ljúka þeim hlutum þannig að málin væru þá í sómasamlegri stöðu þegar kemur að breytingum af þessu tagi.

Í þriðja lagi vil ég nefna að það er algerlega ljóst að undirbúningur undir óumflýjanlegar breytingar á lögum og fyrirkomulagi raforkumála, svo sem varðandi skipulag og rekstur fyrirtækja eigi tilskipunin að ná fram að ganga, er mjög skammt á veg komin. Þetta lýtur ekki aðeins að t.d. uppskiptingu fyrirtækja eins og Landsvirkjunar sem er ljóst að verður að hluta niður í fleiri en eitt og jafnvel fleiri en tvö fyrirtæki ekki síður en stórveldið Microsoft ef af verður, þetta lýtur einnig að breytingum á lögum og reglum, þetta lýtur að skipulagi, uppbyggingu og hlutverki annarra fyrirtækja, svo sem Rafmagnsveitna ríkisins og orkufyrirtækja á vegum sveitarfélaganna, þá má nefna Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og fleiri.

Það er einnig ljóst og ætti hæstv. iðnrh. að vera afar vel um það kunnugt, herra forseti, að mikil gerjun er í einstökum landshlutum og meðal ákveðinna aðila á þessu sviði hvað varðar stöðu þessara mála. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að menn séu að velta þeim hlutum fyrir sér, en þar er fyrst og fremst um mjög lauslegar vangaveltur að ræða enn sem komið er að mér sé kunnugt um. Það nægir t.d. í því sambandi að vísa til mjög svo flaustурslegra umræðna sem urðu skömmu fyrir jól um þann möguleika að flytja höfuðstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins út á land, væntanlega til Akureyrar, og breytingar sem slíkt gæti haft í för með sér eða boðið upp á hvað varðar endurskipulagningu orkumála í einstökum landshlutum. Menn eru jafnvel að ræða um að stofna fleiri landshlutafyrirtæki á þessu sviði og fleira í þeim dúr. Allt ber að sama brunni, herra forseti, að mínu mati. Okkur Íslendingum veitir ekki af svo sem eins og 5–10 ára tíma til að endurskipuleggja fyrirkomulag orkumála á okkar eigin forsendum á þann hátt sem við teljum henta aðstæðum okkar áður en við förum að taka inn á okkur að gera grundvallarbreytingar vegna utanaðkomandi tilskipana.

Einnig er rétt að minna á að lokum, herra forseti, að einn megintilgangur tilskipunarinnar og markmið með henni er að innleiða samkeppni í orkugeiranum. Ef að líkum lætur er í tengslum við það og í kjölfarið ætlunin að fylgi einkavæðing opinberra fyrirtækja á þessu sviði. Það vantar að sjálfsögðu ekki að söngurinn er einnig uppi í þessu tilviki að lausnarorðið stóra og mikla sé einkavæðing. En þá, herra forseti, vaknar líka stórar spurningar og þeim er ekki síður ósvarað en þeim sem ég hef hérna velt upp. Þar ber auðvitað hæst, hvernig ætla menn að tryggja jöfnun á raforkuverði um allt land í slíku samkeppnisumhverfi eða ætla menn alfarið að gefa það markmið upp á bátinn?

Mér vitanlega hefur ekki verið sýnt fram á það með hvaða einföldum aðferðum eða jafnvel yfir höfuð færum leiðum menn geta varðveitt markmið um jöfnuð í raforkuverði annars vegar og það að innleiða samkeppnisaðstæður í þessum efnum hins vegar.

Það er líka rétt, herra forseti, að benda á að þá væri um að ræða einkavæðingu fyrirtækja sem eru í eðli sínu í einokunar- eða í besta falli fákeppnisaðstöðu og þá minnug þess að reynslan af slíkri einkavæðingu þegar í hlut eiga fákeppnis- eða einokunarfyrirtæki einmitt á sviði veitumála er mjög slæm. Ætli þeir finni ekki fyrir því á Bretlandseyjum sem hafa verið að borga einkaeinokunarfyrirtækjunum sem þar voru búin til fyrir vatn og rafmagn, gas og fleiri hluti, hversu góð útkoman er af því að búa við einkaeinokun. Íslendingar þekkja hana mætavel. Versta tímabil sem Íslendingar hafa upplifað í viðskiptamálum er tímabil einkaeinokunarinnar, þ.e. hinnar illræmdu dönsku einokunarverslunar en hún var lengstum, herra forseti, einkaeinokun, þ.e. Danakonungur seldi í hendur einkafyrirtækja einkaleyfi til að okra á Íslendingum. Reyndar var það þannig að skástu tímabilin í þeirri sögu voru þegar Danakonungur sjálfur fór með verslunina. Segja má að hún hafi verið ríkiseinokun en miklu verr vegnaði okkur þegar um einkaeinokun væri að ræða af skiljanlegum ástæðum enda yfirleitt ekki um það deilt að versta mögulega fyrirkomulag í viðskiptum er einkaeinokun, þegar einkaaðili er einn í aðstöðu til að þvinga menn til viðskipta við sig til að hagnast á þeim sjálfur og hefur sjálfdæmi meira og minna um verðlagningu og jafnvel að einhverju leyti þjónustu. Menn eru í ósköp lítilli samningsaðstöðu gagnvart aðilanum sem á einu raflínuna inn í húsið hjá sér eða vatnslögnina eða annað í þeim dúr.

Herra forseti. Mér er tjáð að hæstv. iðnrh. sé tímabundinn og ég skal taka tillit til þess og reyna að stytta mál mitt í þessari lotu þannig að hæstv. ráðherra geti komist í ræðustólinn til svara. Það eru þó nokkur atriði sem ég vil nefna örstutt í lokin en áskil mér þá rétt til að koma betur inn á þau mál aftur.

Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. ráðherra hver sé afstaða hans til þess sem kemur fram í nál. minni hluta að vegna þess hversu stórt og afdrifaríkt mál er hér á ferð og í raun og veru lítil umræða hefur farið fram um það og undirbúningur allur undir gildistöku þessarar tilskipunar ef af ætti að verða er skammt á veg kominn verði því vísað til ríkisstjórnarinnar og við bíðum með það a.m.k. um sinn að falla frá hinum stjórnskipulega fyrirvara.

Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. ráðherra hvað líði undirbúningi þessa máls almennt talað. Mér er ljóst að komið hefur út ein skýrsla sem lýtur að einhverjum opinberum undirbúningi sem hægt er að segja með réttu að tilheyri þessu máli, þ.e. skýrsla eða tillögur nefndar undir forustu forstjóra Þjóðhagsstofnunar, þáverandi, væntanlegum ráðuneytisstjóra í iðnrn. Þórðar Friðjónssonar, þar sem er velt upp ýmsum möguleikum sem á því væru að skipta upp fyrirtækjum, aðskilja þá þætti sem tilskipunin gerir ráð fyrir að þurfi að vera aðskildir, þ.e. framleiðsla í fyrsta lagi, flutningar í öðru lagi og dreifing í þriðja lagi. Rétt er að vekja athygli á því að þetta þarf allt að aðskilja þannig að sami aðili getur til að mynda ekki annast annars vegar flutninga og heildsöluviðskipti á þessu sviði og smásöluviðskipti og dreifingu hins vegar.

Ég vil í þriðja lagi spyrja hæstv. ráðherra hvort skoðaðir hafi verið þeir möguleikar sem felast í 24. gr. tilskipunar Evrópusambandsins til að fá varanlegar undanþágur eða beita fyrir sig þeim ákvæðum í þeim tilvikum sem greinin fjallar um og mér sýnist að Ísland gæti út af fyrir sig mögulega fallið undir. Þar er fyrst og fremst vikið að tveimur mögulegum undanþáguleiðum, þ.e. annars vegar undanþágur og ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. kunni þetta, þegar þegar gerðar samningsskuldbindingar valda vandkvæðum gagnvart því að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar eru gefnir í 24. gr. hennar

vissir möguleikar á undanþágum eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Aðildarríki þar sem ákvæði þessarar tilskipunar leyfa ekki að virtar séu skuldbindingar eða rekstrarábyrgðir sem gefnar voru áður en tilskipunin öðlaðist gildi geta sótt um bráðabirgðafyrirkomulag sem framkvæmdastjórnin getur leyft m.a. með tilliti til stærðar kerfisins, samtengingar kerfisins og skipulags raforkuiðnaðar ríkisins. Framkvæmdastjórnin tilkynnir aðildarríkjum um slíkar umsóknir áður en hún tekur ákvörðun að teknu tilliti til trúnaðar kröfunnar, birting í stjórnartíðindum" o.s.frv.

Svo er hitt meginundanþáguatriðið sem þarna er mögulegt. Um það er fjallað í 3. tölul. 24. gr. Það er þegar í hlut eiga smá og einangruð kerfi en þar segir, með leyfi forseta:

„Aðildarríki sem geta sýnt fram á eftir að þessi tilskipun hefur öðlast gildi að umtalsverð vandkvæði séu á rekstri lítilla einangraðra kerfa þeirra geta sótt um undanþágur frá ákvæðum IV., V., VI. og VII. kafla sem máli skipta og er framkvæmdastjórninni heimilt" o.s.frv.

Herra forseti. Ég tel tvímælalaust skynsamlegast við núverandi ástæður, vegna þeirra mistaka sem ég tel að hafi verið gerð að setja Ísland inn í þetta án þess að leita þarna eftir varanlegri undanþágu, að við af léttum ekki stjórnskipulegum fyrirvara. En til vara mætti gera þá kröfu að leitað verði eftir annars vegar miklu lengri aðlögunartíma fyrir Ísland en þeim tveim árum sem Íslandi og Liechtenstein er ætlað að hafa frá og með því að tilskipunin tekur gildi. Hins vegar að setja í gang skoðun á því hvort nýta megi ákvæði 24. gr. tilskipunarinnar til þess að semja varanlega um sérstöðu Íslands í þessum efnum.

Afstaða minni hlutans er að málinu sé vísað til ríkisstjórnar, herra forseti, þ.e. þessu eina númeri þáltill.

[16:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. og þeirra spurninga sem hann bar upp alveg í lokin verð ég að segja að ég hef ekki þær áhyggjur af þessu máli eins og hv. þm. virðist hafa. Ég tel að þessi tilskipun falli ágætlega að orkumálum okkar og við í iðn.- og viðskrn. erum komin mjög langt með að vinna frv. til breytinga á raforkulögum sem er unnið í framhaldi af þeirri skýrslugerð sem hv. þm. vitnaði til. Það munaði bara hársbreidd að við hefðum getað sýnt það frv. á hv. Alþingi áður en því lýkur í vor en því miður verður það ekki en því mun verða dreift strax í haust og ég tel að þar sé um mjög metnaðarfullar tillögur að ræða fyrir okkar hönd.

Ég get tekið undir með hv. þm. að orkumál okkar eru á margan hátt sérstök og á margan hátt mikið ævintýri og við getum verið mjög hreykin af því hvernig við höfum leyst okkar mál á þessu sviði. Það sem hv. þm. talaði mest um, að hér eigi að koma á samkeppni bæði í vinnslu og sölu, er náttúrlega mál sem ekki þarf að koma neinum á óvart. Ég minni á að fyrrv. hæstv. iðnrh. lagði fram á hv. Alþingi þáltill. um nýskipan raforkumála þar sem þessi mál voru öll til umfjöllunar og hv. þm. höfðu þá tækifæri til þess að fjalla um málið þó að tillagan hafi ekki verið afgreidd endanlega, og varð ég ekki vör við að svo gífurlegur ágreiningur væri um framtíðarskipan þessa mikla og mikilvæga málaflokks.

Mér held að það gæti orðið neytendum í hag að þessari samkeppni verði komið á og hugsunin er sú. Ég óttast ekki það sem hv. þm. talaði einnig um og varðar einkavæðingu á þessu sviði. Með þeim hugmyndum sem uppi eru er reiknað með að hvað varðar Landsnetið svokallaða verði ekki um samkeppni að ræða og eignaraðilar að því verða þeir sem eiga núna þær línur sem mynda þetta Landsnet og síðan getum við séð til með hvernig það mun þróast í framtíðinni en í flutningnum á Landsnetinu yrði ekki um samkeppni að ræða heldur í vinnslunni og síðan í sölunni.

Við skulum reikna með að með því að neytendur fái valið þurfi ekki að hafa áhyggjur af því sem hv. þm. nefndi einnig og varðaði það að tryggja jafnt verð á raforku um allt land.

Mér finnst þetta mál vera langt komið í vinnslu í ráðuneytinu og ég er sjálf mjög áhugasöm um að vonandi á þessu ári geti verið hægt að breyta raforkulögunum þannig að áfram verði haldið á þeirri braut að koma á samkeppni í orkugeiranum. Í sjálfu sér er það engin nýjung að við þurfum að taka upp samkeppni í sambandi við vinnsluna. Ég held að allmörg ár séu síðan við gerðum okkur grein fyrir því að Landsvirkjun gæti ekki haldið þeirri einokun sem má segja að hún hafi haft á því sviði.

Svo getur hv. þm. náttúrlega haft áhyggjur af og verið ósammála því að vera aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar er ég ekki sammála honum. Ég tel að í sjálfu sér hafi það verið gæfuspor að við Íslendingar skyldum stíga það skref. Og þetta mál er eitt af því sem þar hefur verið til umfjöllunar. Auðvitað má segja að Ísland eða Alþingi hefði mátt koma meira að málinu á undirbúningsferli þess eins og sjálfsagt að öllum málum sem varða Evrópska efnahagssvæðið. En ég tel að ekki þurfi að koma neinum á óvart núna að málið og staða þess sé í þeim farvegi sem raun ber vitni.

[16:37]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er gott að hæstv. ráðherra hefur ekki áhyggjur af málinu en það nægir mér ekki sem svör og ég er algerlega ósammála hæstv. ráðherra um að efni þessarar tilskipunar falli ágætlega að orkumálum okkar. Ég tel það þvert á móti vera augljóst mál að mjög margt sem í þessari tilskipun er á alls ekkert erindi og á ekkert við Ísland. Þetta er sniðið að samkeppni milli rótgróinna einkafyrirtækja sem skipta hundruðum á meginlandi Evrópu. Þetta er sniðið að þörfinni fyrir leikreglur í viðskiptum, viðskipti með raforku milli landa og fleiri þætti í þeim dúr sem eiga alls ekki við og eiga ekkert erindi inn í þessi mál hjá okkur. Við getum að sjálfsögðu gert þær breytingar í raforkumálum okkar sem við viljum, þar með innleitt samkeppni að einhverju leyti ef mönnum sýnist svo. En það er bjargföst sannfæring mín að við værum mun betur stödd til þess að gera þá hluti ef við þyrftum ekki að vera þvinguð af ýmsum ákvæðum þessarar orkutilskipunar sem verða okkur til vandræða. Ég nefni t.d. kröfuna um aðskilnað á framleiðslu, flutningi og dreifingu. Tökum landshlutaorkufyrirtæki sem menn vilja stofna og láta sjá um þessa þætti fyrir sig. Hvers vegna í ósköpunum ættu Íslendingar ekki að geta gert það ef þeim sýnist svo? Það truflar ekki á nokkurn hátt hinn sameiginlega orkumarkað Evrópu. Það eru mistök og það skortir í raun öll rök fyrir því að vera að troða Íslandi inn í þetta og mun ég taka til máls aftur um þetta síðar, herra forseti. Þó að mér þyki miður að hæstv. ráðherra skuli þurfa að hverfa á braut vegna annarra skylduverka ætla ég ekki að gera við það frekari athugasemdir en hefði talið að þetta mál hefði þurft að fá miklu betri umfjöllun, skoðun í iðnn. jafnt sem utanrmn., og vandaðri meðhöndlun.

[16:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál fær að sjálfsögðu umfjöllun á hv. Alþingi í haust þegar það kemur fram í formi frv. Vegna þess að hv. þm. talaði um það sem mikið vandamál að hér ætti að koma á þessum aðskilnaði, þá get ég frætt hann um það að þegar frv. var í vinnslu á fyrri stigum í ráðuneytinu var það sent út til orkufyrirtækja sem brugðust mjög jákvætt við þessari breytingu. Ég held því að hv. þm. hafi ekki kynnt sér nægilega vel álit orkufyrirtækjanna á þessum nýjungum sem þarna er verið að boða.

[16:39]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skylt er skeggið hökunni. Það kemur mér ekki mjög á óvart þó að svolítill samhljómur sé í áliti iðnrn. og Landsvirkjunar og þeirra sem þarna véla saman um hlutina.

Varðandi það að Alþingi muni síðar koma að þessu máli í haust þá er ég ekki viss um að allir hv. þm. hafi áttað sig á því að það sem til stendur hér e.t.v. innan nokkurra klukkutíma er að heimila að fallið verði frá hinum stjórnskipulega fyrirvara, síðustu bremsunni sem Ísland í raun og veru hefur gagnvart því að skuldbinda sig gagnvart þessari tilskipun. Það er það nýja við þessa aðferðafræði sem menn verða að átta sig á og ef á að meðhöndla hana þannig að vísa síðan í það að Alþingi eigi að fá að koma aftur að málinu, þá fer ég að endurskoða stuðning minn við þetta fyrirkomulag því að það er hér, núna í þessari afgreiðslu Alþingis sem í raun og veru hin efnislega uppáskrift mun fara fram vegna þess að verið er að leggja til að falla frá hinum stjórnskipulega fyrirvara og þar með vakna samningsskuldbindingar Íslands og þetta verður hluti af þjóðréttarlegum gjörningi sem við erum bundin af. Það er á þeim tímapunkti sem ég tel rétt að segja stopp og við skulum skoða málin betur. Ég legg þar af leiðandi til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar þó að ég hefði í sjálfu sér vel getað hugsað mér að vísa því eitthvert annað ef boðið væri upp á það samkvæmt þingsköpunum.

[16:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á hv. Alþingi er alltaf verið að taka einhverjar ákvarðanir og þetta er ein af þeim ákvörðunum sem við stöndum frammi fyrir að taka en hún kemur okkur alls ekki á óvart. Umræða um þetta hefur farið fram áður á hv. Alþingi og í tengslum við þá þáltill. sem borin var fram af fyrrv. hæstv. ráðherra. Ég tel því að málið hafi fengið ágætiskynningu og undrast það í sjálfu sér að hv. þm. hafi ekki reiknað með að til þess kæmi að þessi ákvörðun yrði tekin.

[16:41]

Útbýting þingskjala:

Fyrirvari Íslands við Atlantshafssamninginn, 632. mál, fsp. SJS, þskj. 1130.

Reglur um öryggisbúnað í bifreiðum fatlaðra, 631. mál, fsp. SJS, þskj. 1129.

Smíði nýrrar Hríseyjarferju og útboð á ferjusiglingum, 596. mál, svar samgrh., þskj. 1119.

Útvarpslög, 207. mál, brtt. SAÞ, þskj. 1135.

Vinnureglur Tryggingastofnunar um bifreiðar fatlaðra, 633. mál, fsp. SJS, þskj. 1131.

[16:42]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um staðfestingu ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum og bókunum við EES-samninginn.

Eins og fram kemur í athugasemdum með þáltill. eru ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum eða bókunum við EES-samninginn þjóðréttarsamningar í eðli sínu en samkvæmt því er ekki gert ráð fyrir að í ákvörðunum sé kveðið á um að gildistaka þeirra gagnvart aðildarríkjunum sé háð staðfestingu þeirra heima fyrir. Þær verða með öðrum orðum skuldbindandi fyrir aðildarríkin um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert aðildarríkjanna beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að gera fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Síðan er í athugasemdunum bent á að á þeim sex árum sem liðin eru síðan samningurinn tók gildi hefur Ísland beitt þessum fyrirvara 38 sinnum.

Hér er verið að leggja til nýja aðferð til að aflétta þessum stjórnskipulegu fyrirvörum sem hafa verið settir í vissum tilvikum af hálfu Íslendinga.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar getum við að mörgu leyti samþykkt þessa aðferð en með tveimur fyrirvörum þó. Í fyrsta lagi að fram hafi farið rækileg kynning á málinu þannig að þingheimur viti um hvað verið er að fjalla og að sjálfsögðu umræða um málið í tengslum við þá kynningu, og í öðru lagi að tryggt sé að um málið ríki almenn sátt. Það er sá fyrirvari sem við hljótum að setja. Þegar þær tillögur eru skoðaðar sem lagt er til að þingið leggi blessun sína yfir fyrir þinglok, sem eru áætluð 11. maí, kemur í ljós að sumar þessara breytinga sem gerðar eru á samningnum virðast harla meinlausar og ég er nokkuð sannfærður um að sæmileg sátt ríkir um.

Það er t.d. lagt til að við föllumst á kröfur um orkunýtni rafknúinna kæliskápa, frystiskápa, sambyggðra kæli- og frystiskápa til heimilisnota. Ég hef ekki nokkra trú á því að nokkur maður sé ósammála staðalverki af þessu tagi. Það er vikið í annarri breytingu að fjarsölusamningum. Þetta er neytendamál hef ég trú á. Hér er í enn einni breytingunni vikið að mati á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið. Það er um að ræða samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir, nokkuð sem hér hefur verið til umfjöllunar. Í enn einni tilskipuninni eða breytingunni sem við höfum fallist á er um að ræða rammasamning um foreldraorlof sem aðilar á vinnumarkaði í Evrópu hafa komið sér saman um og hér eru fleiri af svipuðum toga sem snerta samskipti atvinnurekenda og launafólks. Hér er vikið að sjónvarpsrekstri, samræmingu á því sviði þar sem búið verði svo um hnúta með lagasetningu að almenningur eigi rétt á því að fá aðgang að sjónvarpssendingum af atburðum sem hljóta í eðli sínu að teljast almannaeign eða vera af slíku tagi. Hér er um að ræða persónuvernd í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Enn er hér vikið að persónuvernd, vátryggingamálum. En síðan kemur ein grein sem ég mundi gjarnan vilja fá að fá nánari skýringar á. Hún er númeruð 3.12. og þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/99 frá 16. júlí 1999 um að fella inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/52/EB frá 13. október 1997 um breytingu á tilskipun 92/50/EBE, 93/36/EBE og 93/37/EBE

sem fjalla um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu, um vörukaup og gerð opinberra verksamninga og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/4/EB frá 16. febrúar 1998 um breytingu á tilskipun 93/38/EBE um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti ...“

Í greinargerð segir um þessa tillögu, með leyfi forseta:

„Með tilskipununum er verið að laga löggjöf ESB um opinber útboð að reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Að auki felur ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í sér breytingar á XVI. viðauka við EES-samninginn þar sem felld eru út ákvæði og listar yfir stofnanir sem eiga við um Austurríki, Finnland og Svíþjóð.“

Vikið er að svipuðu efni undir númerinu 3.18. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/00 frá 25. febrúar 2000 um að fella inn í XVI. viðauka EES-samningsins breytingu á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 ...“ — Þar sem enn er vikið að ákvörðunum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Ég mundi gjarnan vilja fá að vita frá hv. formanni utanrmn. hvað hér er átt við. Hér er verið að leggja þáltill. fyrir þingið um að við föllumst á breytt fyrirkomulag, föllum frá þeim fyrirvörum sem við höfum gert um ákvarðanir sem hafa verið teknar í EES-nefndinni. Við hvað er nákvæmlega átt með því sem ég vék að áðan? Hvaða breytingu er verið að gera þarna? Hinu geri ég mér vel grein fyrir, þ.e. hvað átt er við með tilskipun 96/92/EB um innri markað fyrir raforku.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem sæti á í utanrmn. hefur gert hér vel grein fyrir minnihlutaáliti sínu og andstöðu við þessa tilskipun. Við getum ekki fallist á að Alþingi samþykki nánast umræðulaust grundvallarbreytingu á skipan raforkumála á Íslandi. Ég teldi eðlilegt, og tek undir sjónarmið hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að mér finnst þetta vera góð vinnuaðferð og gangi fyllilega upp gagnvart meginþorra mála, gagnvart flestum málanna. Ég tel að flestar þær tilskipanir sem hér um ræðir mundu ganga smurt og vel í gegnum þingið án nokkurrar fyrirstöðu. Ég er nokkuð sannfærður um það.

Hér er hins vegar á ferðinni stórpólitískt mál sem mikill ágreiningur ríkir um í landinu og við höfum af því áhyggjur hverjar afleiðingar yrðu af einkavæðingu, markaðsvæðingu, raforkuframleiðslunnar á Íslandi. Hér er að meginefni til lagt til að við föllumst á að gera raforkugeirann að hluta innri markaðar Evrópusambandsins, í áföngum þó, og að auka samkeppni í framleiðslu á raforku. Hæstv. iðnrh. kom fram áðan og sagðist ekki hafa nokkrar einustu áhyggjur af því. Við höfum áhyggjur af því og áhyggjur okkar lúta m.a. að því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að í málflutningi sínum, þ.e. að á þessu sviði gæti hæglega skapast einokunaraðstaða óháð almannavaldi. Þeir höfðu nokkrar áhyggjur af því í New York-ríki vegna þess að þar var ákveðið fyrir tveimur eða þremur árum að almannavæða raforkuframleiðsluna og raforkudreifinguna og hverfa frá fyrirkomulagi sem þá hafði ríkt um nokkurt skeið neytendum í óhag og fyrirtækjum í óhag. Það var að kröfu neytenda og fyrirtækja í New York-ríki sem repúblikanar — það voru engir kommúnistar þar á ferð eða sósíalistar eða vinstri menn, ekki einu sinni kratar — ákváðu að almannavæða raforkuframleiðsluna vegna þess að hún var óhagkvæm og hún var dýr. Það voru fyrirtækin sem kröfðust þess og það voru neytendasamtökin sem kröfðust þess. Í það voru látnir miklir fjármunir af hálfu New York-ríkis að almannavæða þessa þjónustu að nýju. Þess vegna vekur það mér vægast sagt nokkurn ugg þegar hæstv. iðnrh. leyfir sér að koma hér upp og afgreiða þetta mál út af borðinu á þeirri forsendu að hún hafi ekki nokkrar áhyggjur af málinu. Það er eðlilegt að þessi mál komi til kasta þingsins. Ég mundi fyrir mitt leyti fallast á þetta nýja fyrirkomulag. Mér finnst það að mörgu leyti skynsamlegt. Það hefur verið óásættanlegt að mínum dómi hve lengi hefur dregist að festa í lög ýmislegt sem sátt er um og við erum ákveðin í að lögfesta, ýmsar tilskipanir frá EES. En við eigum að undanskilja það sem mikill ágreiningur ríkir um. Þá bendum við sérstaklega á þessa tilteknu tilskipun um innri markað fyrir raforku.

Ég auglýsi eftir nánari skýringum á breytingum sem lúta að útboði og aðlögun að reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Mér finnst að það þurfi að skýra nánar hvort sem það er við þessa umræðu eða aðra umræðu.

[16:55]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það virðist ekki vera stórkostlegur áhugi á þessu máli miðað við umræður eða viðveru í þingsalnum. Hefði þó mátt búast við því að það kveikti í einni og einni sál að þessi stóra ákvörðun er að fara í gegnum þingið, að innleiða þessa tilskipun um sameiginlegan innri markað í raforkumálum á Íslandi. Það er auðvelt að rökstyðja og sýna fram á, held ég, að við höfum væntanlega ekki um áratuga skeið staðið frammi fyrir stærri breytingu í okkar orkubúskap en þeirri sem hlýtur að leiða af slíkri gjörð.

Hér eru ákaflega hljóðir þeir aðilar t.d. frá iðnaðarhliðinni eða orkumálahliðinni sem hefði verið eðlilegt að lagt hefðu kannski sitt af mörkum til faglegrar umfjöllunar um þetta mál. Ég minni enn á að hér er verið að taka upp það verklag að hin eiginlega efnislega afgreiðsla málsins er að fara fram nú og síðan glíma menn við afleiðingarnar í formi lagabreytinga sem eru þá orðnar óhjákvæmilegar vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslendinga, e.t.v. á næsta þingi eða þarnæsta. Okkur verður skammtaður naumur tími, þ.e. tvö ár frá og með því að fresturinn hefst, sem gerist þegar síðasta aðildarríkið hefur fallið frá fyrirvörum sem vel má vera að sé Ísland. Innan fárra daga þegar pappírar hafa verið sendir Brussel kann því að vera að skeiðklukkan fari af stað.

Öfugt við hæstv. iðnrh. sem er glaðsinna og áhyggjulaus varðandi þetta mál þá hef ég af því miklar áhyggjur. Ég óttast því miður að hæstv. iðnrh. eigi eftir að reka sig á að þetta eru ekki eins einföld mál og mér fannst koma fram í svörum hæstv. ráðherra. Það er t.d. alveg ljóst að fyrirtækinu Landsvirkjun sem hefur haft mjög sérstaka stöðu á Íslandi og sérstaka stöðu væntanlega í orkubúskap þó víðar væri leitað hjá einni þjóð, þarf ekki bara að breyta hvað rekstrarfyrirkomulag og skipulag varðar, það þarf að gjörbreyta lögum um Landsvirkjun því það er augljóst mál að þau ákvæði sem þar eru t.d. núna um skyldur Landsvirkjunar til að afhenda raforku og á sama verði um allt land, fá ekki staðist. Það hefur verið grundvöllur, herra forseti, þeirrar verðjöfnunarstefnu í raforkumálum sem hér hefur verið rekin.

Til viðbótar því hafa menn síðan lagt fram mikla fjármuni í formi niðurgreiðslna t.d. á raforku til húshitunar til að reyna að jafna aðstöðu landsmanna að þessu leyti. Ég tel að það sé algjörlega óútfyllt ávísun hvernig slíku verði við komið í kjölfar þeirra breytinga sem þessi tilskipun kallar á. Ég tel

að undirbúningur sé mjög skammt á veg kominn þó að menn beri sig kannski borginmannlega í iðnrn., enda búnir að fara í sumarferðina þannig að ekki tefur hún þá frá störfum þeim sem fram undan eru. Ég tel að undirbúningurinn sé mjög skammt á veg kominn og ég hef ekki náð að koma höndum yfir nema eitt plagg og það er þessi skýrsla um landsnetið sem tekur á, nánast í vangaveltustíl, herra forseti, einum þætti þessa máls, þ.e. hvernig megi aðskilja sjálfan flutninginn frá framleiðslunni. Þá er eftir að aðskilja dreifinguna því að hún má heldur ekki vera í sama fyrirtæki, a.m.k. verður hún að vera bókhaldslega og fjárhagslega og stjórnunarlega aðskilin. Og það er eftir að leysa ýmis fleiri álitamál sem þarna vakna.

Ég geri ekki mikið með það sem hæstv. iðnrh. skaut sér á bak við, að forveri hæstv. ráðherra í embætti hefði lagt hér inn þáltill. fyrir nokkru síðan um framtíðarskipulag raforkumála. Ég man hvernig það plagg var úr garði gert. Það voru ákaflega losaralegar vangaveltur og hugmyndir um það hvernig þessir hlutir gætu orðið á komandi tímum. Það plagg komst hér eitthvað til umræðu, var aldrei afgreitt. Það væri nær lagi að tala um að það hafi verið sýnt hér heldur en að í því hafi falist nokkur eiginleg aðkoma Alþingis að málinu.

Í öðru lagi er ég eins og áður kom fram, herra forseti, á öndverðum meiði við hæstv. ráðherra sem hélt fram þeirri frumlegu kenningu hér að tilskipun Evrópusambandsins um innri markað í raforkumálum ætti einstaklega vel við á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Ég tel að Ísland eigi þvert á móti ekkert erindi inn í þær leikreglur sem verið er að setja um þennan sameiginlega raforkumarkað meginlands Evrópu. Þar eru allt aðrar aðstæður og allt önnur mál uppi sem verið er að leysa heldur en þau sem við höfum við að glíma, sem einkum snúa að fámenni þjóðarinnar í stóru landi og því hvernig menn geta varist því að hér verði óhóflegur verðmunur á raforku eftir byggðarlögum og annað í þeim dúr.

Í þriðja lagi, herra forseti, ítreka ég gagnrýni mína á samninganemn Íslands í þessu máli. Ég tel að þarna hafi mönnum tekist afar óhönduglega og ég hef engin rök heyrt, og fékk þau ekki heldur í svari hæstv. ráðherra, fyrir því að standa þannig að málum að gefa sér fyrir fram sem óumflýjanlega niðurstöðu að Ísland yrði aðili að þessari tilskipun. Ég hefði þvert á móti talið nánast öll rök mæla með hinu gagnstæða, að við færum sömu leið og þegar í hlut átti tilskipun með viðskipti með jarðgas eða þess vegna reglur um járnbrautarsamgöngur, fljótasiglingar eða annað slíkt sem alls ekki eiga við íslenskar aðstæður, þ.e. að við gengjum frá því að við værum undanþegnir slíku drasli. Enda höfum við ekkert með það að gera hér á Íslandi, herra forseti, að taka upp í landsréttinn ákvæði um slíkt eða hvað? Fá vötn eru hér skipgeng svo að nokkru nemi og lítið um járnbrautir.

Hið sama á í raun við um raforkumarkaðinn. Hann er einangraður, án tengsla við markað hinna aðildarlandanna og þar af leiðandi er þegar af þeirri ástæðu eðlilegt að byrja á því að skoða það sem möguleika að við stöndum þar fyrir utan.

Herra forseti. Því miður komu engin svör frá hæstv. ráðherra við þeirri spurningu minni hvernig menn mætu eða hvort skoðaðir hefðu verið sérstaklega möguleikar á sérmeðhöndlun fyrir Ísland á grundvelli 24. gr. tilskipunarinnar. Ég veit ekki hvort hv. formaður utanrmn. treystir sér til að svara einhverju til í þeim efnum. En fari svo óskynsamlega, að mínu mati, að menn samþykki hér að falla frá fyrirvaranum þá virðist í raun sá möguleiki sem helst stendur eftir hvað Ísland varðar vera sá að höfða til sérstöðu okkar og þá fyrst og fremst vegna þess að við erum einangraður og lítill markaður og að semja á grundvelli þeirra ákvæða um einhverja sértilhögun fyrir Ísland. Það eru að mínu mati talsverðar ástæður til að ætla að það mætti t.d. fá mun lengri aðlögunartíma að þessum breytingum og það væri aðildarríkjum Evrópusambandsins og öðrum EES-ríkjum að meinalausu þó að Ísland tæki sér slíkan aðlögunartíma af þeirri ósköp einföldu ástæðu að það kemur ekki við þá þó að það gerist með öðrum hætti að Ísland komi þarna að. Og enn undirstrika ég að við erum þarna ótengdir.

Um Norðmenn gildir að sjálfsögðu allt öðru máli. Norðmenn eru orðnir hluti af sameiginlegum evrópskum orkumarkaði og hafa verið það lengi. Þeir selja jarðgas í vaxandi mæli til meginlands Evrópu og þeir eru nettóútflytjendur á raforku í einhverjum mæli og kunna að verða það í stórum stíl á komandi árum ef verður af áformum þar um að reisa raforkuver sem framleiða raforku úr jarðgasi. Það sama á væntanlega við um smáríkið Liechtenstein sem á líka hlut að máli og fær reyndar tveggja ára aðlögunartíma eins og Ísland þó að ræðumaður játi það fúslega að hann er ekki sérfræðingur í orkumarkaðsmálum í því landi og veit mest lítið um það hvaðan þeirra raforka kemur. En mér þykir líklegt að af landfræðilegum ástæðum séu þeir samtengdir nágrönnum sínum og kæmi ekki á óvart þó að raforka þeirra kæmi að mestu leyti frá Sviss eða öðrum nálægum Alparíkjum.

Herra forseti. Niðurstaða minni hlutans er eins og kemur fram í nefndaráliti sú að við teljum með öllu, þ.e. þeir sem að því áliti standa, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, með leyfi forseta:

„... ótímabært að ákveða nú að Alþingi heimili að falla frá stjórnskipulegum fyrirvara í tengslum við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/99, að tilskipun Evrópubandalagsins um innri markað fyrir raforku verði felld inn í EES-samninginn. Það voru hrein og klár mistök að leita ekki eftir varanlegri undanþágu fyrir Íslands hönd. Með vísan til þess sem að framan greinir í nefndarálitinu leggur minni hlutinn til að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/99 verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að taka málið upp á nýjan leik á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar. Leita ber þar eftir ótímabundinni undanþágu fyrir Ísland frá því að gerast aðili að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins með raforku. Standi sú tilhögun svo lengi sem íslenski raforkumarkaðurinn er einangraður og ótengdur við raforkumarkað annarra EES-landa. Til vara verði gerð sú krafa af Íslands hálfu“ — og þar er átt við í gegnum samninganefndarmenn landsins — „að Íslendingum gefist mun lengri aðlögunartími að þessum breytingum, að lágmarki tólf til fimmtán ár.

Alþingi, 2. maí 2000.
Steingrímur J. Sigfússon.“

Þannig lýkur þessu nál., herra forseti, og ég held að ég hafi ekki um þetta öllu fleiri orð. Ég gæti út af fyrir sig gert það og hefði margt fleira um þetta að segja ef út í það væri farið því að málið er stórt og kemur víða við. Það væri líka freistandi að ræða aðeins um frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum almennt og tengdum á undanförnum mánuðum og missirum, t.d. stöðuna sem nú er uppi í orkuöflunar- eða orkusölumálum þjóðarinnar eftir þær kollsteypur sem ríkisstjórnin hefur farið í þeim málum

á undanförnum mánuðum og nýlegar fréttir um að engu að síður ætli sameiginlegt fyrirtæki landsmanna að fara í milljarðafjárfestingar í rannsóknum upp á von og óvon um það að þær nýtist á næstu árum. Það eru hlutir, herra forseti, sem manni finnast satt best að segja ískyggilegir hvernig menn hegða sér í þeim efnum eins og að um þeirra einkafyrirtæki og þeirra einkamál sé að ræða þar sem í hlut eiga þeir sem ráða málum hjá hinu sameiginlega orkufyrirtæki landsmanna og í ráðuneyti og víðar þar sem um þessi mál er vélað.

Þar sem hæstv. iðnrh. er á braut og vegna þess að hér eru annir uppi í þinghaldinu og líður á daginn, ætla ég ekki við þetta tækifæri, herra forseti, að hafa um þetta mál fleiri orð. Ég hef lokið máli mínu.

[17:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að draga fram þetta atriði sem er eitt af mörgum sem rætt er um í þáltill. þ.e. að það á að örva og koma á samkeppni á raforkumarkaði, en eins og hann gat um í fyrri ræðu sinni er engin samkeppni þar og allur sá markaður í eigu opinberra aðila.

Sumir hv. þm. og sem betur fer meiri hlutinn, hefur trú á því að samkeppni sé það sem getur haldið verðlagi niðri og komið neytendum best. Við höfum séð það á mörgum sviðum. Við höfum séð það í lyfjaverslun. Við höfum séð það í matvöruverslun. A.m.k. fyrir fimm, sex árum lækkaði mjög hörð samkeppni vöruverð og gerði það meira að segja mögulegt að þrátt fyrir jafnvel gengisfellingar lækkaði verðlag á Íslandi. Það hefur gert það að verkum að unnt hefur verið að hækka laun til fólks án þess að það færi beint út í verðlagið. Samkeppnin hefur neytt fyrirtækin til þess að hagræða og stjórna betur rekstri sínum.

Nú er spurning mín til hv. þm.: Trúir hann ekki á samkeppni? Önnur spurningin er þessi: Ef hann skyldi trúa á samkeppni svona almennt, trúir hann þá ekki á samkeppni í raforkugeiranum og af hverju ekki? Hvað er svona sérstakt við raforkugeirann, þar sem menn trúa á samkeppni í útlöndum, hvað er svona sérstakt við íslenska raforkugeirann sem gerir það að verkum að samkeppnin geti ekki unnið þar til hagsbóta fyrir neytendur eins og um allan heim?

[17:10]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar kemur að samkeppni þá gæti ég í samræmi við þá kenningu kvennakirkjunnar að Jesús sé kona, vitnað í Biblíuna með eftirfarandi hætti: „Mikil er trú þín maður." Þegar kemur að samkeppni þá er trú hv. þm. Péturs Blöndals óbifanleg. Það skal ætíð, ævinlega og alls staðar vera þannig að hún sé lausnarorð alls vanda.

Ég tel að samkeppni sé góðra gjalda verð þar sem forsendur eru fyrir henni og hún, óbjöguð, getur tryggt góða þjónustu og skynsamlega verðlagningu. En orkuframleiðsla og þá sérstaklega orkuflutningar og orkudreifing er óvenjulega óheppilegt dæmi í því sambandi. Hefur hv. þm. Pétur Blöndal trú á því að það verði mikil samkeppni um að leggja raforkulínur um landið og selja landsmönnum raforku, a.m.k. hinum dreifðu byggðum landsins? Það kann vel að vera að hægt sé að útfæra leikreglur sem tryggi að einhver tiltekin samkeppni í framleiðslu geti komist á. Þó eru á því ýmis vandkvæði, m.a. þau að fjárfesting er gríðarleg í fáum en mjög stórum mannvirkjum þegar þetta á í hlut o.s.frv. Þetta á því mest lítið skylt með svona dagsdaglegum atvinnurekstri þar sem samkeppnislögmálin eiga betur við.

Herra forseti. Ég held að hyggilegt sé að reyna að ræða þetta sem minnst sem trúarbrögð en meira af skynsemi og sem yfirvegaðar staðreyndir og þær eru tilteknar þegar að stöðu Íslands kemur, að núverandi stöðu mála í þessu sambandi, og ég hef aðallega byggt málflutning minn og röksemdafærslu á því sem ég veit um þá hluti en minna á kennisetningum eða trúarbrögðum.

[17:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrir svona 20–30 árum hefði ég tekið undir með hv. þm. vegna þess að ég sá ekki hvernig hægt væri að veita samkeppni á orkumarkaðnum. Síðan hafa augu mín upp lokist vegna nýrrar tækni, vegna nýrrar stjórnunar, vegna nýrrar hugsunar í útlöndum þar sem menn hafa virkilega innleitt samkeppni í orkumálum. Og það merkilega er að hér á Íslandi mundi það koma Norðlendingum best, Norðurlandi eystra, að hafa samkeppni í orkumálum vegna þess að þaðan er flutt rafmagn til Suðurlands þannig að ekki þyrfti að leggja neinar línur. Aukin notkun mundi spara línulögn fyrir neytendur á Norðurlandi eystra. Það mætti jafnvel hafa mínus flutningsgjald til Norðurlands.

En varðandi það sem hv. þm. er að ýja að, þ.e. félagslegan þátt orkukerfisins, þá er það mjög ankannalegt að eitthvert ríkisfyrirtæki sé að stunda félagslega starfsemi í rekstri raforku og raforkudreifingu eins og Rarik gerir. Það er miklu skynsamlegra að ríkið komi þar beint að en sé ekki að fela félagslega aðstoð í gegnum raforkudreifingu. Ef menn vilja hafa flutningsjöfnun, ef menn vilja hafa raforkuhitunarjöfnun eða eitthvað slíkt, þá á að gera það beint frá ríkinu en ekki gegnum fyrirtækin sjálf sem starfa. Ég get því ekki fallist á það með hv. þm. að ekki sé hægt að innleiða samkeppni því það er mjög auðvelt að gera það í raforkugeiranum, sérstaklega ef menn hafa fylgst með því sem er að gerast erlendis.

[17:13]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt meinið að sá sem hér talar hefur gert það. Ég hef fylgst með reynslunni af einkavæðingu og samkeppni í orkumálum, t.d. bæði í Bretlandi og Nýja-Sjálandi og ég leyfi mér að halda því fram að það hafi ekki verið til hagsbóta almennum notendum í þeim löndum. Reyndar mætti bæta þar við New York fylki við sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi hér.

Ég ætla ekki að fara að taka afstöðu í þessu máli eða færa það niður á það plan að menn eigi að horfa á hagsmuni sinna kjördæma og vera svo með eða á móti samkeppni eða einkavæðingu orkufyrirtækja út frá því. Þetta er grundvallarmál í mínum huga og ég tek afstöðu til þess sem slíks. Ég tel að þessi þróun hafi einmitt sýnt á sér stórkostlega ágalla þar sem þetta hefur verið gert vegna þess að það er verið að reyna að þvinga fram samkeppni á sviði þar sem viðskiptin lúta eðli málsins samkvæmt alltaf og óhjákvæmilega í besta falli fákeppnisaðstæðna en oftar en ekki einokunaraðstæðna vegna þess hvers eðlis þessi viðskipti eru. Það er erfitt að sýna fram á hagkvæmni þess að leggja margföld dreifikerfi um landið eða margar raflínur inn í hvert einasta hús eða margar vatnspípur o.s.frv. Og þá sitja menn uppi með það að alltaf verða vandamál því samfara að ætla eftir sem áður að reyna að þvinga þarna inn einhverjar samkeppnisaðstæður.

Og þau hafa alls staðar skotið upp kollinum þar sem menn hafa verið að reyna þetta.

Auðvitað hefur verið knúið á um það af ofstækisfyllstu frjálshyggjumönnum víða um lönd að einnig þetta svið sé gert að markaðstorgi gróðaaflanna þannig að menn geti grætt á þessu eins og öðru og það hafa menn ótæpilega gert og það reyndar svo mjög að í Bretlandi varð að taka í taumana þegar veitufyrirtækin þar höfðu farið offari í okri um nokkurra ára skeið eftir að þau fengu til þess aðstöðu á Thatcher-tímanum.

Mér finnst hv. þm. Pétur Blöndal eiga sér þá þjóðfélagssýn í þessum efnum að það eigi að innleiða frumskógarlögmálið einnig í raforku og láta þá rafmagnið þess vegna vera tíu sinnum dýrara á Bakkafirði en í Reykjavík og senda svo Bakkfirðingum einhver aumingjastyrki til þess að vega þar eitthvað upp á móti. Ég vil beita samtakaaflinu og m.a. opinberum fyrirtækjum til að gera þetta á annan hátt.

[17:16]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég vil víkja að nokkrum atriðum sem komið hafa fram í umræðunni um þessa þáltill. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að hér væri um nýja aðferð að ræða. Það er að vísu fullmikið sagt því að sú aðferð sem hér er farin hefur verið farin áður en ekki í stórum stíl. Hún var t.d. farin um það leyti sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tók gildi. Þá voru nokkur mál tekin inn með þessum hætti. Hitt er rétt hjá þingmanninum að meginreglan hefur verið sú að Íslendingar hafa sett stjórnskipulegan fyrirvara um ákvarðanir sem teknar hafa verið í EES-nefndinni en síðan hefur þeim stjórnskipulegu fyrirvörum verið aflétt með lagasetningu án þess að nokkur sérstök tilkynning væri gerð um það.

Það sem er að breytast við þetta mál eins og nefndarálit utanrmn. ber með sér er að við erum að taka upp þá reglu að fjalla um þessar ákvarðanir allar innan utanrmn. og taka ákvörðun um að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara. Í því er breytingin fólgin.

Þegar hin aðferðin hefur verið farin, að gera við þessi mál stjórnskipulegan fyrirvara, hefur það haft í för með sér afleiðingar fyrir samstarfsaðila okkar innan EES, þ.e. EFTA/EES-ríkin því að ákvarðanirnar hafa ekki tekið gildi fyrir þessi ríki á meðan við höfum gert stjórnskipulegan fyrirvara við þær. Það breytist nú við þessar aðferðir sem við tökum upp eins og hér er gerð grein fyrir.

Það hefur að vísu ekki komið að sök þó að við höfum farið hina leiðina hingað til. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ekki gert veður út af þessari aðferð. En það er vitað að þolinmæði framkvæmdastjórnarinnar er að verða takmörkuð enda er nokkuð liðið frá því að okkur hefur borið skylda til að leiða í lög ákveðnar gerðir. Þar af leiðandi er nú tekið á þessu í heild eins og lýst er í álitinu. Hins vegar hefur það vissar afleiðingar í för með sér fyrir Íslendinga og hv. þm. Steingrímur Sigfússon hefur réttilega lýst þeim afleiðingum í umræðum hér. Þegar við afléttum stjórnskipulegum fyrirvara verður eftirlitshlutverk ESA-stofnunarinnar virkt og hún getur krafið íslensk stjórnvöld um að leiða þessar ákvarðanir í lög, svo fremi sem dagsetningar í þessum ákvörðunum eru fyrir hendi þannig að lagaskyldan hvíli á okkur. Í vissum tilfellum er tímasetning þessara ákvarðana eitthvað fram í tímann og þá kemur þetta ekki til álita hjá Eftirlitsstofnun ESA. Því er ljóst að þetta hefur í för með sér breytta stöðu mála, svigrúm okkar verður öðruvísi og eftirlitið einnig.

Þetta er meginatriði málsins og mér finnst að við þurfum að gera mikinn greinarmun á þeim vinnubrögðum sem hér er verið að taka upp núna, sem mér heyrist að þeir sem tekið hafa þátt í umræðunni séu ekki að gagnrýna. Þeir fallast í stórum dráttum á að eðlilegra sé að fara með ákvarðanir þessar eins og þjóðréttarsamninga, sem þær eru í eðli sínu, og bregðast við eins og hér er gert.

Að vísu hefur allmikil umræða farið fram um þessi mál á vegum utanrmn. sem hélt um þetta mál sérstakt seminar þar sem einmitt þessi þáttur málsins var ítarlega ræddur. Það er að vísu alveg hárrétt hjá hv. þm. að sú umræða fór ekki fram hér í þingsalnum og voru ekki nema nefndarmenn í utanrmn. sem gátu sótt þann fund ásamt þingmannanefndinni hjá EFTA sem naut góðs af þessari fræðslu. En þetta er að vísu sá hluti þingmanna sem fjallar um þennan þátt málanna fyrir hönd Alþingis. Það má þess vegna ekki rugla saman aðferðafræðinni og vinnubrögðunum annars vegar og efni einstakra ákvarðana og mun ég koma aðeins að þeim málum sem hér hefur sérstaklega verið fjallað um.

Ég vil hins vegar taka fram að þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að hér og nú sé tekin efnisleg afstaða til þessara mála, þá er það alveg hárrétt. Hér er verið að taka efnislega afstöðu til þess að við afléttum stjórnskipulegum fyrirvara. Þar af leiðandi er verið að stíga skref sem ekki verður stigið aftur. Það er hárrétt og fer ekki á milli mála.

Að því er varðar tilskipunina um orkumálin þá hefur verið unnið að því nokkuð lengi að koma á virkum orkumarkaði í Evrópu, annars vegar innan Evrópusambandsins en hins vegar á víðari grundvelli. Þar hafa grunnvinnuplöggin verið orkusáttmáli Evrópu og sá samningur sem gerður var á grundvelli orkusáttmálans sem heitir orkusáttmálasamningur Evrópu. Annars vegar hefur þessi viðleitni innan Evrópusambandsins átt að leiða til þess að samkeppni yrði meiri í orkumálum í Evrópusambandinu. Á hinn bóginn hefur orkusáttmálasamningurinn átt að leiða til þess að Austur-Evrópuríkin sem eiga miklar birgðir af orku en hafa lélega grunnþjónustu og takmarkaða fjármuni til þess að lagfæra orkumál sín, gætu notfært sér þá fjármuni sem til eru í Vestur-Evrópu og sérstaklega innan Evrópusambandsins fyrir orkukerfi sitt, bæði til að færa upp og endurnýja orkuflutningakerfið en einnig til þess að endurbæta orkuvinnsluaðferðirnar og orkunýtingu. Á öllum þessum sviðum eru í Mið- og Austur-Evrópu miklir vankantar á framkvæmd orkumála. Orkuvinnslan, orkuflutningarnir og svo aftur á móti orkunýtingin, t.d. í húshitun, er þannig að þar tapast mikil orka. Gerðir Evrópusambandsins og tilskipanir hafa innleitt raunverulegan samkeppnismarkað í orkunni í Evrópusambandinu. Þetta hefur ekki gengið eins vel í Evrópu í heild á grundvelli orkusáttmálasamningsins, fyrst og fremst vegna þess að efnahagsörðugleikarnir í Mið- og Austur-Evrópu hafa verið svo miklir að þar hefur ekki verið unnt að takast á við grunnþjónustuvandann í orkumálum hjá þessu þjóðum sem er mjög mikill.

Það er sem sagt kominn á virkur orkumarkaður í Evrópusambandinu. Það á t.d. bæði við um raforkumarkaðinn, gasmarkaðinn og olíumarkaðinn. Innan þessa orkukerfis eru heilmikil flutningakerfi. Þá erum við að tala um raforkuflutningakerfi en ekki síður um gasleiðslurnar. Það hefur verið heilmikið átak fyrir Evrópusambandið að koma á virkum samkeppnismarkaði á þessu sviði vegna þess að þarna

voru ríkisfyrirtæki fyrir sem einkenndu þennan markað. En þetta hefur tekist og t.d. komist á mjög virkur gasmarkaður í Evrópu og raforkumarkaður líka.

Lykillinn að þessari markaðsvæðingu orkumálanna hefur verið að flutningakerfin standi samkeppnisaðilum opin. Það er minna atriði hverjir eru eigendur flutningakerfanna. Aðalatriði málsins er að virk samkeppni komist á þar eð öllum standi til boða að nýta flutningakerfin. Ef flutningakerfin duga ekki þá eru heimildir og sérstök ákvæði um að flýta skuli fyrir uppbyggingu flutningakerfa. Þetta hefur reynst mjög mikilvægt fyrir þróun Evrópusambandsins. Að vísu hefur þetta líka neikvæð áhrif. Eins og gefur að skilja hefur markaðsvæðingin á sér tvær hliðar. Þetta hefur leitt til þess að orka er mjög ódýr í Evrópu og orkufyrirtækin fjárfesta ekki í umhverfisvænni orku.

Hér hefur verið rætt um hversu mikla þýðingu þessi orkumarkaður hefði fyrir Ísland. Frá mínum bæjardyrum séð kemur þetta til með að hafa, a.m.k. fyrst til að byrja með, frekar litla þýðingu fyrir íslenska markaðinn því að hann er einangraður. Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið að hér geti orðið raunhæf samkeppni um framleiðslu og sölu á raforku. En hér hlýtur að gilda það sama og í Evrópu, að til þess að slík samkeppni komist á er afar mikilvægt að menn hafi jafnan aðgang að flutningakerfunum. Yfirleitt er í þessum reglum um samkeppni á orkumarkaði gengið mjög tryggilega frá því að fyrirtækin sem annast framleiðslu og sölu á orku geti ekki einokað flutningakerfin.

Ég get vel fallist á að hér er um mikilvægt mál að ræða. Ég er hins vegar ekki sammála því að þarna sé um hættulegt mál að ræða. Þetta er hluti af því samkeppnislandslagi sem verið er að leiða okkur inn í síðan við gengum í hið Evrópska efnahagssvæði sem hefur í stórum dráttum orðið okkur til góðs.

Hér hafa komið fram spurningar um tvær af þessum ákvörðunum sem í þáltill. eru. Annars vegar það sem fjallað er um í lið 3.12. og hins vegar í lið 3.18. Þarna er um að ræða aðlögun að löggjöf ESB, að reglum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar annars vegar en hins vegar er fyrst og fremst um að ræða tæknileg atriði í báðum þessum tilfellum. Þarna er tekið tillit til þriggja ríkja sem stóðu að EES-samningnum sem voru EFTA-ríki á þeim tíma en eru nú í ESB. Í samningnum eru ákvæði og listar, sérstaklega þó í viðauka við EES-samninginn, sem eiga við þessi ríki. En þau eru ekki lengur EFTA/EES-megin í þessu samstarfi þannig að þar er um að ræða tæknilega aðlögun. Hið sama á við um lið 3.18.

Að því er varðar Alþjóðaviðskiptastofnunina og þá aðlögun skal ég fúslega viðurkenna að ég er ekki nógu vel að mér um það. Það hefði verið möguleiki á að spyrjast fyrir um það á fundum utanrmn. en var ekki gert. Hins vegar er sjálfsagt, og ef hv. þm. óskar eftir því þá mundi ég ekki standa gegn því, að umræðunni yrði frestað uns upplýsingar um þetta atriði fengjust.

[17:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. og formanni utanrmn., Tómasi Inga Olrich, fyrir mjög greinargóð svör. Ég legg áherslu á að við fáum nánari upplýsingar um þessa liði við síðari hluta umræðunnar, sérstaklega það sem snýr að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Það er rétt ályktun sem hann dregur af málflutningi okkar í stjórnarandstöðunni að við erum ekki að leggjast gegn þessu fyrirkomulagi nema síður sé en það á einvörðungu við um þær tilskipanir og þær breytingar sem sátt ríkir um. Þá erum við tilbúin að fallast á þetta fyrirkomulag.

Hitt er alveg rétt hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að vitað var hvert stefndi í orkumálum Evrópu. Það var vitað eins og það var vitað hvert stefndi í málefnum símkerfanna löngu áður en ákvörðun var tekin um að einkavæða þau og setja inn í tilskipanir Evrópsambandsins ákvæði þess efnis. En einmitt vegna þess ættum við að taka upp umræðu á Alþingi um þau mál sem vitað er að koma til ákvörðunar í hinni sameiginlegu EES-nefnd. Eðlilegt er að slík stefnumótandi umræða fari fram áður en til ákvörðunar kemur.

Ég ítreka þá afstöðu okkar að við erum tilbúin til að fallast á þessa þáltill. að því tilskildu að orkugeirinn verði felldur út úr henni.

[17:32]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo að hér er um að ræða síðari umræðu og þess vegna er svigrúm okkar til að skoða málið betur orðið þröngt. En það er sjálfsagt að afla þessara upplýsinga og leggja þær fyrir hv. þm. áður en atkvæðagreiðsla um málið fer fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268.

[17:34]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er að hefjast umræða sem mun að öllum líkindum taka nokkurn tíma. Fyrir liggur að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þetta er 3. umr. málsins. 2. umr. var stutt en markviss og gekk út á það fyrst og fremst að fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að hann tæki þetta mál út úr þingsal og leitaði eftir því að ná samkomulagi við samtök opinberra starfsmanna, þau samtök þeirra starfsmanna sem eiga hlut að þessum lögum eða lögin taka til. Nú hefur komið á daginn að hæstv. fjmrh. vill ekki hafa þann hátt á heldur taka þessa umræðu áfram. Út á hvað gengur þetta mál, herra forseti?

Frv. er ekki mikið að vöxtum. Það er tvær lagagreinar. Sú fyrri er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.“

Síðan kemur 2. gr. frv. og kveður á um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í athugasemdum með lagafrv. er fyrst vikið að svokallaðri friðarskyldu. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Í friðarskyldunni felst að aðilar mega ekki á samningstímabilinu knýja fram breytingar á því sem um hefur verið samið með vinnustöðvun, þ.e. verkfalli eða verkbanni. Almennt hefur verið talið að friðarskyldan hvíli bæði á aðilum kjarasamnings og þeim sem bundnir eru af ráðningarsamningum sem styðjast við kjarasamninginn. Meginsjónarmiðið

um að samninga beri að virða liggur til grundvallar friðarskyldunni en kjarasamningum er ekki síst ætlað að skapa starfsfrið á samningstímanum."

Þetta segir m.a. í athugasemdum með frv.

Síðan er vikið að því að á undanförnum árum hafi það ítrekað gerst að fjöldi starfsmanna í sömu starfsstétt hjá hinu opinbera hafi sagt störfum sínum lausum á svipuðum tíma vegna óánægju með launakjör og að slíkum uppsögnum hafi jafnan eða yfirleitt fylgt að gengið hafi verið til viðræðna um kjörin og að viðræðunum hafi ætíð lyktað með einhvers konar samkomulagi eða samningi um launahækkanir til starfsmanna sem hafa þá dregið uppsagnir sínar til baka eða sótt aftur um fyrri störf.

Síðan er í þeim athugasemdum, sem fylgja frv., vísað í nýfallinn dóm Félagsdóms sem féll í lok síðasta árs og var til úrlausnar hvort uppsagnir fjölda opinberra starfsmanna í sömu starfsstétt á sama tíma hjá sveitarfélaginu Árborg fælu í sér brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings. Um var að ræða 12 leikskólakennara sem höfðu sagt upp störfum á leikskóla í Árborg og sveitarfélagið sótti starfsmennina eða öllu heldur félag þeirra til saka.

Síðan er í athugasemdunum farið nokkrum orðum um þær lagabreytingar sem verið er að gera tillögur um og segir að þær gangi fyrst og fremst út á að samræma lögin sem gildi um opinbera starfsmenn því sem gerist á almennum vinnumarkaði og fella lagagrein um sama efni frá lögum nr. 80/1938, reyndar með breytingum sem gerðar voru 1996 einmitt á þeirri lagagrein sem hér kemur til álita, inn í lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Nefndin sem fjallaði um þetta mál, efh.- og viðskn. Alþingis, klofnaði og meiri hlutinn, sem saman stendur af þingmönnum stjórnarmeirihlutans, var eindregið á því að það bæri að gera þessar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og einnig í nefndarálitinu líkt og gerðist í athugasemdum með frv. er vísað til félagsdómsmálsins í sveitarfélaginu Árborg.

Þessi dómur Félagsdóms er nokkuð undarlegur fyrir ýmissa hluta sakir og sannast sagna kom mér ekki á óvart að hann félli á þann veg sem hann féll. En svo fór að stafsmennirnir eða félag þeirra var sýknað af kröfum Árborgar. Þetta kom mér ekki á óvart og ég held fáum sem vel þekkja til þessara mála.

Í fyrsta lagi gengu dómkröfur stefnanda út á það að fá viðkomandi starfsmenn sem sagt höfðu upp störfum sínum dæmda fyrir brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings þannig að staðfest yrði með dómsúrskurði að um ólögmæta vinnustöðvun hefði verið að ræða.

Í öðru lagi var þess krafist að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þar með talinn kostnað stefnanda af lögmannsþjónustu. Hver skyldi nú hafa verið hinn stefndi? Hinn stefndi var Félag íslenskra leikskólakennara, til húsa að Grettisgötu 89 í Reykjavík. Félaginu var stefnt. Ef svo hefði farið að málinu hefði verið stillt upp á þann veg að félagið hefði einnig verið gert ábyrgt fyrir umræddri vinnustöðvun, sem hefði verið eðlilegt að mínum dómi að gera, þ.e. að ganga úr skugga um að sá sem verið er að stefna væri ábyrgur fyrir lögbroti, þá hefði verið heil brú í þessum málatilbúnaði. En svo er ekki. Í greinargerð sem fylgir dómsúrskurðinum kemur fram að stefndi hafi lagt áherslu á að Félag íslenskra leikskólakennara hafi engan þátt átt í ákvörðun leikskólakennaranna um að segja upp störfum. Engu að síður er verið að höfða mál þar sem félagið er gert skaðabótaskylt og málið er höfðað á þeirri forsendu að félagið sé sekt. En um leið segir í málflutningnum að félagið sé með öllu saklaust. Hér stendur ekki steinn yfir steini. Það er ekki heil brú í þessu. Ekki var við því að búast að Árborg mundi vinna þetta mál. Það bjuggust afskaplega fáir við því enda kemur fram að það er félagið sem er gert ábyrgt í kröfu á hendur því og skaðabótaskylt. En jafnframt er þess getið að það hafi ekki á nokkurn hátt komið nærri þessum málum. Því er beinlínis lýst yfir þannig að ekki var við því að búast að málið mundi vinnast af hálfu Árborgar.

Í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, í þeim lagabálki sem verið er að gera tillögu um að breytingar verði gerðar á, kemur fram í 13. gr. að aðilar kjarasamnings beri fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu. Út á þetta hefði málflutningurinn að sjálfsögðu átt að ganga. Þess vegna er það svo að samkvæmt lögum sem gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna er hægt að fá stéttarfélög dæmd ef þau eiga hlut að máli, ef þau hafa komið að vinnustöðvuninni sem er ekki í samræmi við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar eru sett mjög ströng skilyrði fyrir því hvenær megi beita verkfallsvopninu og miklu strangari skilyrði en þekkjast í þeim lögum sem gilda um hinn almenna vinnumarkað. Þetta er staðreynd. Það eru miklu þrengri reglur, það eru miklu meiri skorður reistar, í lögunum um kjarasamninga opinberra starfsmanna en í lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938. Því er ekki saman að jafna.

Ef stéttarfélag er ábyrgt fyrir samningsrofi er hægt að sækja það til saka. Um þetta eru skýr ákvæði í þessum lögum. Stjórnarmeirihlutinn segir með öðrum orðum: Það er fallinn dómur í máli okkur í óhag og nú þurfum við að breyta lögunum og það er eðlilegt að þeim verði breytt til samræmis við það sem gerist á almennum vinnumarkaði. Eða vilja menn ekki samræma þær leikreglur sem almennt gilda í þjóðfélaginu um þessi efni? Jú. Ég er sammála því. En þá skulum við líka ganga alla leið og ekki aðeins taka það sem atvinnurekendahliðin telur sér henta þá stundina, heldur skulum við ganga alla leið.

Þá skulum við hyggja að því hvernig þessi lög eru til komin. Hvernig skyldu þau vera til komin? Það vill svo til að þau lög byggja á kjarasamningum. Þau byggja á kjarasamningum frá því í árslok 1986. En 24. nóvember árið 1986 var undirritað samkomulag af hálfu fjmrh., af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og af hálfu BSRB, BHM og Bandalagi kennarafélaga hins vegar. Þetta samkomulag er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með kjarasamningum fjármálaráðherra á þessu ári við heildarsamtök opinberra starfsmanna, þ.e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM (BHMR) og Bandalag kennarafélaga (BK), fylgdu bókanir þess efnis að nefndir samningsaðilar skyldu undirbúa endurskoðun á núgildandi lögum um gerð kjarasamninga.

Eftir fyrstu fundi í þessum nefndum, þar sem kynntar voru fyrstu hugmyndir um breytingar á núgildandi kjarasamningalögum, ákváðu bandalögin að ganga sameiginlega til þessara viðræðna og undirbúnings. Eftir að viðræður voru

hafnar óskaði Samband íslenskra sveitarfélaga eftir aðild að viðræðunum og tók síðan þátt í þeim.

Um miðjan nóvember lagði viðræðunefndin fram drög að nýju frumvarpi um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem kynnt var innan bandalaganna. Í framhaldi af því var vinnu við frumvarpið lokið og liggur það nú fyrir í þeirri mynd sem viðræðunefndin og forustumenn framangreindra heildarsamtaka opinberra starfsmanna hafa komið sér saman um, eins og eftirfarandi samkomulag, sem aðilar undirrituðu 24. nóvember sl., ber með sér en það hljóðar svo:

„Í efnislega samhljóða bókunum með aðalkjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM og Bandalags kennarafélaga er ákveðið að aðilar þeirra samninga vinni að endurskoðun á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fulltrúar aðila að þessum samningum hafa ásamt fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga unnið sameiginlega að þessum málum síðastliðna mánuði og hafa samið drög að frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Meginbreytingar frumvarpsins frá gildandi lögum eru:

1. Ein lög gildi um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.

2. Þau félög, sem nú hafa sérkjarasamninga við ríki eða sveitarfélög á grundvelli gildandi laga, fái fullan samningsrétt og verkfallsrétt og önnur stéttarfélög fái þennan rétt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

3. Undanþágur frá verkfalli verði skýrt markaðar í lögunum, kjaradeilunefnd verði lögð niður og hafa aðilar náð samkomulagi um stefnumarkandi lista um þá sem verði undanþegnir verkfalli, skv. 19. grein frumvarpsins.

Efni frumvarpsins hefur verið kynnt innan þeirra heildarsamtaka sem aðild hafa átt að samningu frumvarpsins og eru þau ásamt fulltrúum fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga sammála um að leggja til að frumvarp þetta verði lagt fram hið fyrsta sem stjórnarfrumvarp. Mun fjármálaráðherra beita sér fyrir því að fá frumvarp þetta samþykkt á Alþingi á þessu ári.

Reykjavík, 24. nóvember 1986.““

Undir þetta rita fyrir hönd BSRB, Kristján Thorlacius, fyrir hönd launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM, Birgir Björn Sigurjónsson, fyrir hönd Bandalags kennarafélaga, Elín G. Ólafsdóttir. Fjmrh. Þorsteinn Pálsson undirritar samkomulagið, Indriði H. Þorlákssson og Þorsteinn Geirsson. En fyrir hönd Sambands ísl. sveitarfélaga undirritar Magnús E. Guðjónsson þetta samkomulag sem var gert í nóvembermánuði árið 1986.

Í hvaða plagg skyldi ég vera að vitna? Jú, ég var að lesa samkomulag. En ég var að vitna í athugasemdir sem ríkisstjórnin birti með frv. sínu um þetta efni. Ég er að vitna í athugasemdir við lagafrv. þar sem skýrt er tekið fram að hér sé um samninga að ræða, enda kom það fram við umræðuna sem fram fór á Alþingi í kjölfarið.

Fyrir þessu frv. mælir þáv. fjmrh. landsins, Þorsteinn Pálsson. Honum verður tíðrætt um tildrögin að því að frv. er lagt fram. Hann segir, og vitna ég í umræður sem fram fóru á þingi 3. desember 1986, með leyfi forseta:

„Meginrökin fyrir sérstökum lögum um samningsrétt opinberra starfsmanna felast annars vegar í sérstöðu þeirra hvað ráðningarkjör varðar og hins vegar í sérstöðu ríkisins sem vinnuveitanda og þeim skyldum sem ríkið hefur lögum samkvæmt á ýmsum sviðum og ekki má verða háð verkfalli hvort sinnt verður eða ekki.

Eftir fyrstu fundi í nefndum með hverju bandalagi um sig“ — áður hafði ráðherrann vísað í viðræður sem hann hafði átt við bandalögin — „þar sem kynntar voru fyrstu hugmyndir um breytingar á núgildandi kjarasamningalögum ákváðu bandalögin að ganga sameiginlega til þessara viðræðna og undirbúningsvinnu. Skipuðu þessir aðilar sameiginlega viðræðunefnd sem skilaði af sér 24. nóv. sl. frv. þessu og samkomulagi allra þessara aðila, fjmrn. og fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga um að vinna því brautargengi.“

Um að vinna því samkomulagi brautargengi, þeim samningi sem gerður hafði verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, af hálfu hæstv. þáv. fjmrh., Þorsteins Pálssonar, við þessi samtök. Hér velkist enginn í vafa um að menn eru að tala um samning. Menn eru að tala um samkomulag og samning. Áður hafði ég vísað í skírskotun í kjarasamning vegna þess að þetta samkomulag var byggt á bókunum í kjarasamningum sem gerðir höfðu verið.

Undir lok framsöguræðu sinnar segir fyrrv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Herra forseti. Ég hef í máli mínu rakið aðdraganda og helstu atriði þess frv. sem hér liggur fyrir. Mál þetta er brýnt. Miklu skiptir að samskipti og samningar um kaup og kjör milli ríkis og sveitarfélaga og starfsmanna þeirra geti farið fram með eðlilegum hætti og samkvæmt leikreglum sem báðir aðilar viðurkenna.“

Þetta sagði forveri hæstv. fjmrh., Geirs Haarde, Þorsteinn Pálsson, á Alþingi um það lagafrv. sem hér er til umræðu og byggir á einhliða ákvörðun hæstv. fjmrh. þvert á vilja þeirra samtaka sem áttu aðild að þessu samkomulagi. Hér er fyrrv. fjmrh. að tala um þær leikreglur og þær séu með eðlilegum hætti og samkvæmt leikreglum sem báðir aðilar viðurkenna og ég held áfram, með leyfi forseta, og sleppi nokkru úr:

„Að samningu þessa frv. unnu með fjmrn. öll heildarsamtök opinberra starfsmanna en innan þeirra eru næstum allir þeir starfsmenn sem lögin munu taka til, ef samþykkt verða. Fulltrúar þessara aðila hafa lagt fram mikið starf og sýnt mikinn samstarfsvilja í þeim tilgangi að tryggja málinu brautargengi. Fullkomin samstaða er milli þeirra og fjmrn. um frv. þetta og ágreiningur um einstök atriði var lagður til hliðar í stað þess að láta hann spilla öðrum málum brýnni og mikilvægari sem full samstaða er um.“

Síðan lýkur fyrrv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, máli sínu.

Næstur tekur til máls í þeirri umræðu fyrrv. alþm. Svavar Gestsson. Hann ítrekar þetta sjónarmið að á ferðinni sé frv. sem sé í reynd samningur milli félaga opinberra starfsmanna annars vegar, þ.e. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM og Bandalags kennarafélaga og opinberra aðila, sveitarfélaga og ríkisins hins vegar.

Ég var þar kominn í máli mínu þegar hæstv. fjmrh. þurfti að bregða sér frá að ég hafði vitnað í framsöguræðu fyrrv. fjmrh., Þorsteins Pálssonar, þar sem hann lagði áherslu á að sátt ríkti um þær reglur sem menn settu sér varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna og að frv. sem þá lá fyrir væri byggt á samkomulagi. Ég vék einnig að því að í máli annarra þingmanna hefði það sjónarmið komið fram, t.d. í máli fyrrv. hv. þm., Svavars Gestssonar, sem fyrstur tók til máls um þetta efni.

En núv. hæstv. félmrh. hefur í seinni tíð haft talsverð afskipti af félagslegum málum, þar á meðal samningum um

stéttarfélög og vinnudeilur, og hefur ekki alltaf ríkt sátt um störf hans. En hann þekkti hug sinn í þessu efni, a.m.k. á þessum tíma, 1986, því að hann sagði um þetta efni, með leyfi forseta:

„Þarna er um samning að ræða sem ég held að hafi tekist dável og hafi verið unnið skynsamlega að og ég kann þeim þakkir sem festu hann á blað. Það er alveg ljóst að á þeim lögum sem í gildi eru hafa komið í ljós ýmsir annmarkar og ágreiningur hefur risið um túlkun á ýmsum ákvæðum laganna. Þannig held ég að fullkomin ástæða sé til að finna betra form á þessi vandasömu og viðkvæmu samskipti. Ég held að það hafi verið unnið skynsamlega að undirbúningi þessarar lagasetningar hér til og ég vonast eftir því að Alþingi beri jafnframt gæfu til að vinna skynsamlega að sínum hluta."

Hæstv. félmrh., Páll Pétursson, komst svo að orði um þau lög sem hæstv. fjmrh. gerir tillögu um að Alþingi breyti einhliða án samráðs, án samkomulags, ekki er nú alveg rétt að það sé án samráðs að öllu leyti, en án samkomulags við hlutaðeigandi stéttarfélög.

Það voru að sjálfsögðu margir aðrir sem tóku til máls. Um þetta spunnust allmiklar umræður í þinginu og um minni háttar breytingar sem voru gerðar á frv. kom fram, m.a. hjá hæstv. félmrh., Páli Pétursyni, þáv. hv. þm., við annað tækifæri, við aðra umræðu, ítrekun á að um samkomulagsmál fjmrn. og BSRB, BK, þ.e. Bandalag kennarafélaga og BHMR væri að ræða.

„Ekki var því tiltækilegt að breyta því mikið" — sagði hæstv. núv. félmrh. — „en málsaðilar óskuðu eftir því að viðbótarsamkomulag, sem þeir höfðu gert með sér, birtist í nál. þannig að um túlkun á ákveðnum atriðum í 14. gr. og 17. gr. frv. yrði ekki ágreiningur." — Á 14 gr.? Er það ekki sú grein sem við erum að gera breytingu á núna? Ég hefði haldið það. Þarna er tekið með þeim hætti á málum að þegar um er að ræða breytingu sem gera á á frv., þá gæta menn mjög vel að því að það sé gert í sátt við þá aðila sem stóðu að samkomulagi um frv.

Talsverð umræða spannst um bæði 14. og 17. gr. frv., en upp úr stendur að um samkomulag sé að ræða.

Fyrrv. alþm. Svavar Gestsson, segir á einum stað: „Hér er einnig um að ræða samkomulagsmál sem fulltrúar BHMR, BSRB og BK litu á sem hluta af samkomulagspakka þannig að ég mun fyrir mitt leyti láta þetta frv. fara afskiptalaust hér í gegn."

Guðrún Agnarsdóttir, fyrrv. alþm., kemst svo að orði, með leyfi forseta: „Það ber að gleðjast yfir þeim góðu vinnubrögðum sem höfð voru við gerð þessa frv. Þau eru árangur af samstarfi fjmrn., Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga, BSRB, BHMR og BK eða Bandalags kennarafélaga. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar þeirra hagsmunasamtaka launafólks sem í hlut eiga og lögðu þeir mikla áherslu á það að fullt samkomulag væri um öll frv. fjögur." — Hér er vísað í frv. um lögreglumenn og önnur frv. sem voru þá einnig fyrir þinginu, allt byggt á samkomulagi. — „Þeir lögðu jafnframt mikla áherslu á að þau fengju afgreiðslu á Alþingi fyrir jól. Við þingkonur Kvennalistans höfum ekkert við þrjú þessara frv. að athuga og stöndum að samþykkt þeirra og fögnum þeirri auknu réttarstöðu sem opinberir starfsmenn fá með samþykkt þeirra."

Í sama streng tekur Kjartan Jóhannsson, fyrrv. alþm. Hann segir m.a.: „Eins og komið hefur fram í máli þeirra sem talað hafa hér á undan mér af hálfu nefndarmanna er hér fyrst og fremst um að ræða samkomulagsatriði aðila vinnumarkaðarins, þ.e. fjmrn. annars vegar og BSRB og BHMR hins vegar og BK."

Þegar fer að nálgast lokastig umræðunnar nokkrum dögum síðar ítrekar fyrrv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, þá afstöðu enn. Hinn 15. desember 1986 segir hann, með leyfi forseta:

„Með samkomulagi sem gert var 24. nóvember sl. milli fjmrn. annars vegar, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, launamálaráðs starfsmanna innan BHM og Bandalags kennarafélaga hins vegar varð samkomulag um stuðning við meginbreytingar á gildandi lögum."

Hann segir enn fremur við afgreiðslu málsins hinn 17. desember — nei, ég fer með rangt mál, þetta er ekki Þorsteinn Pálsson, þáv. fjmrh., sem kemst svo að orði, heldur hv. núv. þm. Jón Kristjánsson og sakna ég hans úr salnum, það væri skemmtilegt fyrir hann að heyra hver afstaða hans var þegar þessi mál voru til umfjöllunar á Alþingi 1986. Því hann sagði þá, með leyfi forseta:

„Svo háttar með þetta mál að það hefur verið til umfjöllunar í neðri deild og var samþykkt þar samhljóða, enda byggist þetta á kjarasamningum ríkisins við BSRB. Nefndin hefur rætt frv. og haft samband við formann BSRB um efni þess og leggur til að frv. verði samþykt óbreytt."

Fyrrv. alþm. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir segir einnig líkt og hver einasti þingmaður sem tekur til máls og tjáir sig um málið, með leyfi forseta:

„Það er náttúrlega ljóst þegar um samkomulagsmál er að ræða að allir hafa þurft að láta nokkuð af sínum ýtrustu óskum og vitaskuld er þetta frv. því marki brennt."

Ég ætla ekki að vitna meira í þær umræður sem fram fóru í nóvember og desember árið 1986, en ég held að enginn þurfi að velkjast í vafa um það lengur að hér er um að ræða lagafrv. sem byggði á kjarasamningum og samkomulagi. Það segir svo og er tekið skýrt fram í athugasemdum með frv. að svo hafi verið. Reyndar er samkomulagið birt sem þinggagn og við umræður á þinginu var hver einasti aðili sem tók til máls um málið, bæði jafnt úr stjórnarliði sem stjórnarandstöðu á því máli að um samninga væri að ræða á milli fjmrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og samtaka launafólks hins vegar, BSRB, BHMR og Bandalags kennarafélaga.

Hingað erum við komin þá í mannkynssögunni að hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde, hefur lagt fram lagafrv. um breytingar á þessum lögum sem byggja á kjarasamningum og samkomulagi. Það gerir hann einhliða og í ósátt við þau samtök sem áttu hlut að fyrrnefndu samkomulagi og samningum. Hann gerir það í ósátt við þau. Eru þau mjög andsnúin þessum breytingum sem verið er að leggja til? Þau eru andsnúin því að farið sé fram með þessum hætti.

Í landinu gilda almenn lög um stéttarfélög og vinnudeilur, lög sem voru upphaflega samþykkt árið 1938, en á þeim hafa verið gerðar síðari breytingar. Þetta eru almenn lög sem taka til vinnumarkaðarins. Síðan eru önnur lög, lög sem gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna og það eru þau lög sem ég hef vitnað í og eru frá árinu 1986. Þau taka á því sem sértækt er fyrir opinbera starfsmenn, þau taka á þeim málum. Samkvæmt þessum lögum og öðrum sem gilda um opinbera starfsmenn hefur t.d. fjmrh., atvinnurekendahliðin ýmis tæki og völd á hendi sem atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði hafa ekki. Hæstv. fjmrh. getur t.d. framlengt ráðningarsamninga einstaklinga. Ef einstaklingar segja upp störfum svo margir að til auðnar horfir í stéttinni, eitthvað á

þá leið segir í lögum, þá getur hæstv. fjmrh. framlengt ráðningarsamninga viðkomandi einstaklinga. Hann getur tekið af þeim völdin og framlengt þessa samninga. Það hefði hann t.d. getað gert gagnvart hjúkrunarfræðingum á sínum tíma og gagnvart sjúkraliðum núna. Til slíkra ráða hefði verið hægt að grípa.

En hvað er það þá sem vakir fyrir hæstv. fjmrh.? Vill hann fá fólkið dæmt, er það það? Þarf að fá fólk dæmt fyrir lögbrot? Eða gera menn sér ekki grein fyrir því að ef ekki *ríkir sátt um þær reglur sem eiga að gilda um verkföll* og vinnudeilur, þá verður hún aldrei búin til með lögregluvaldi. Hún verður því aðeins til að allir hlutaðeigandi aðilar vilji að reglurnar og lögin gangi upp. Þannig verður friður tryggður.

Ég get alveg fullvissað hæstv. fjmrh. um að innan samtaka opinberra starfsmanna hafa margir haft áhyggjur af þeirri tilhneigingu sem hefur gætt í vaxandi mæli, að hópar starfsfólks beita hópuppsögnum, stéttir beita hópuppsögnum. Menn hafa af því vaxandi áhyggjur.

En menn hafa ekkert síður áhyggjur af framgöngu atvinnurekendahliðarinnar. Menn hafa ekkert síður áhyggjur af því þegar t.d. er spurt um kjaraþróun innan sjúkrahúsanna, eins og gert var hér um daginn. Beint var spurningum til hæstv. fjmrh. og það var svarað út í hött eða engu svarað. Það er bara svarað útúr. Menn hafa áhyggjur af því ef ekki er staðið við samninga gagnvart því fólki sem hlut á að máli. Það eru tveir aðilar sem koma að samningum, þ.e launagreiðandinn og launamaðurinn.

Auðvitað hafa menn af því þungar áhyggjur þegar ekki er staðið við kjarasamninga. Að sjálfsögðu hafa menn það. Og þegar verið er að reyna að ganga úr skugga um hvernig atvinnurekendahliðin hefur staðið að verki, t.d. með því að fá upplýsingar á borðið eins og krafist var hér um daginn, þá *fá menn ekki svör, það er bara svarað útúr. Ef svarað er þá* yfirleitt. Það var ekki gert gagnvart þeim spurningum sem ég bar fram. Þeim var mörgum hverjum ekki svarað af því það hentaði ekki.

Þegar menn síðan koma fram á þennan hátt og ætla einhliða að rifta samningum og samkomulagi sem gert hefur verið og skella framan í launafólkið og gegn vilja þeirra samtaka, frv. af því tagi sem hér liggur fyrir, þá hafa menn að sjálfsögðu áhyggjur af því. Ekki einvörðungu út af lagagreininni, heldur framgangsmátanum og afstöðu ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. í þessu tilviki. Enda eru umsagnir sem komið hafa um frv. mjög í þessum anda.

Hér segir t.d. í umsögn sem þinginu barst frá BSRB, með leyfi forseta:

„BSRB leggst alfarið gegn því að frv. þetta verði að lögum með eftirfarandi röksemdum:

1. Frumvarpið er brot á samkomulaginu. Í árslok 1986 voru sett ný heildarlög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þau voru sett á grundvelli samkomulags um efni laganna sem undirritað var 24. nóvember 1986 milli BSRB, BMH og Bandalags kennarafélaganna annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar. Með umræddu frumvarpi er fjármálaráðherra að breyta *lögunum einhliða og án samráðs við samtök launafólks. Með* þessu er fjármálaráðherra að rifta því samkomulagi sem gilt hefur í 13 ár um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem vinnuveitenda og stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks."

Í athugasemdum við lagafrv. þetta kemur eftirfarandi fram í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Meðan kjarasamningar eru í gildi ríkir svokölluð friðarskylda. Í friðarskyldunni felst að aðilar mega ekki á samningstímabilinu knýja fram breytingar á því sem um hefur verið samið með vinnustöðvun, þ.e. verkfalli eða verkbanni. Almennt hefur verið talið að friðarskyldan hvíli bæði á aðilum kjarasamnings og þeim sem bundnir eru af ráðningarsamningum sem styðjast við kjarasamninginn. Meginsjónarmiðið um að samninga beri að virða liggur til grundvallar friðarskyldunni en kjarasamningum er ekki síst ætlað að skapa starfsfrið á samningstímanum." — Ég er að vitna, herra forseti, í umsögn BSRB, en í þeirri umsögn er vísað í athugasemdir með frv.

Í álitsgerð BSRB segir síðan áfram, með leyfi forseta:

„Er lögð áhersla á mikilvægi þess að friðarskylda sé virt meðan kjarasamningar eru í gildi. Undir það tekur BSRB. Fullur vilji hefur verið hjá BSRB að ræða um þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu. Jafnframt hefur BSRB lagt fram tillögur um breytingar á lögunum sem bandalagið telur brýnt að eigi sér stað samhliða þeirri breytingu sem fjármálaráðherra vill gera á frumvarpinu. Þá hefur BSRB ítrekað lýst því yfir að rétt sé að endurskoða lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá grunni með hagsmuni ríkisvalds og samtaka opinberra starfsmanna að leiðarljósi. Var óskað eftir því við fjármálaráðherra með bréfi dags. 19. nóvember sl. að skipuð yrði nefnd í því skyni með fulltrúum þeirra sem starfa eftir lögunum. Einhliða breyting á lögunum nú er að mati BSRB brot á því samkomulagi sem gert var árið 1986 með setningu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og þar með rof á friðarskyldu fjármálaráðherra.

2. Þrenging á réttarstöðu opinberra starfsmanna.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að niðurstaða Félagsdóms þar sem Félag íslenskra leikskólakennara *var sýknað af kröfum launanefndar sveitarfélaga f.h. Árborg*ar vegna uppsagna starfsmanna á leikskólum sveitarfélagsins Árborgar, kalli á að ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði breytt að þessu leyti til samræmis við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur, enda standi engin rök til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna.

Að hluta til hefur röksemdafærslan fyrir þessu frumvarpi verið sú að ekki gangi að opinberir starfsmenn búi við önnur réttindi en starfsfólk á almennum vinnumarkaði og því sé full þörf á að samræma reglur um vinnustöðvanir og banna hópuppsagnir með lögum.

Fjármálaráðherra hefur f.h. ríkisstjórnarinnar lýst því að vilji sé til að samræma reglur sem gilda hjá opinberum starfsmönnum við þær sem eru við lýði á almennum vinnumarkaði. Eins og fram kemur fyrr í umsögn þessari hafnaði fjármálaráðherra tillögum BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands þar sem reynt var að samræma reglurnar því kerfi sem er á almennum vinnumarkaði. Við þennan samanburð þarf að gæta að því að mikill munur er á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem gilda á almenna vinnumarkaðnum.

Í fyrsta lagi eru stórir hópar opinberra starfsmanna án verkfallsréttar eins og t.d. lögreglumenn og tollverðir.

Í öðru lagi býr verulegur hluti opinberra starfsmanna við takmarkaðan verkfallsrétt, eins og t.d. starfsfólk heilbrigðisstofnana, þar sem skylt er að tryggja nauðsynlega þjónustu komi til verkfalls.

Í þriðja lagi má benda á 46. gr. í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Samkvæmt 2. mgr.

er forstöðumanni stofnunar heimilt að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt.

Þetta ákvæði takmarkar rétt opinbers starfsmanns til að segja upp störfum sínum. Engar sambærilegar reglur takmarka rétt starfsmanna á almennum vinnumarkaði til þess að segja upp störfum sínum eða boða til verkfalls. Umrætt frumvarp fjármálaráðherra þrengir enn frekar að réttarstöðu opinberra starfsmanna og felur ekki í sér þá samræmingu á reglum um opinbera starfsmenn við þær reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði eins og látið hefur verið í veðri vaka að stefnt sé að. BSRB áréttar framkomna andstöðu við að þetta frumvarp verði að lögum."

Undir bréfið skrifar Svanhildur Halldórsdóttir fyrir hönd BSRB.

Með þessari álitsgerð sem kemur frá BSRB fylgja nokkur önnur gögn og þar á meðal bréf sem fjmrh. var ritað hinn 19. nóvember sl. eftir að ljóst varð að hann var staðráðinn í því að leggja þetta frv. fram þar sem fram komu tillögur BSRB, BHM og Kennarasambands Íslands um breytingar sem gera mætti á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna í samræmingarátt. Samtökin voru á því máli að ef fjmrh. féllist á einhverjar tilslakanir gagnvart opinberum starfsmönnum gæti náðst um þetta viðunandi samkomulag.

En á það féllst ráðherrann hins vegar ekki. Hvað var það sem menn vildu gera? Á hverju vildu menn fá einhverjar breytingar? Jú, menn vildu t.d. fá breytingu á frestunarákvæðum í samningunum. Að heimila aðilum að fresta áður boðuðu verkfalli. Þetta er nokkuð sem er miklu rýmra á almennum vinnumarkaði en gerist hjá opinberum starfsmönnum og hefur sannarlega oft komið opinberum starfsmönnum í koll og reyndar atvinnurekendahliðinni einnig, því þetta hefur oft sett kjaradeilur í verri hnút en efni standa til. Ef menn geta frestað, ef samningar eru í sjónmáli, má ætla að auðveldara verði að ná lausn á friðsamlegan hátt ef ekki kemur til verkfalls, ef hægt er að fresta verkfallinu. Þetta var eitt af þeim atriðum sem menn lögðu til að samkomulag yrði gert um.

Síðan voru önnur atriði. Menn voru reiðubúnir að taka upp aðferðir sem eru í lögum um vinnudeilur um boðun verkfalls. Opinberir starfsmenn eiga mun erfiðara með að boða verkfall en gerist á almennum vinnumarkaði, þar þarf yfir helmingur starfsmanna í viðkomandi stétt að samþykkja verkfallið en það er fimmtungur á almennum vinnumarkaði. BSRB, BHM og Kennarasambandið eru hins vegar því fylgjandi að mjög ströng skilyrði séu. Á almennum vinnumarkaði er það fimmtungur af greiddum atkvæðum en í hinu tilvikinu er það helmingur af öllum þeim sem verkfallið gæti hugsanlega tekið til sem verður að samþykkja verkfallið. Mér finnst eðlilegt að gerðar séu mjög strangar lýðræðislegar kröfur áður en boðað er til verkfalls. Þarna voru menn því tilbúnir að sýna tilslakanir einfaldlega vegna þess að menn töldu að hér væri ekki óeðlileg lýðræðisleg krafa á ferðinni.

Það voru önnur atriði þessu ápekk sem menn vildu ræða og óskuðu eftir því að hæstv. fjmrh. skyti þessum málum á frest.

Á þetta var ekki fallist og svo fór að BHM, BSRB og Kennarasamband Íslands sendu frá sér yfirlýsingu sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í árslok 1986 voru sett ný heildarlög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þau voru sett á grundvelli samkomulags, sem undirritað var 24. nóvember 1986 milli BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaga annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um efni laganna sem aðilar komu sér saman um.

Í 13 ár hafa þessi lög gilt um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem vinnuveitenda við stéttarfélög opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks. Lögin eru þær leikreglur sem gilda á hinum opinbera vinnumarkaði.

Nú ætlar annar aðilinn sem starfar eftir lögunum, sem jafnframt fer með löggjafarvaldið, að breyta þeim einhliða og án samráðs — hvað þá með samkomulagi við viðsemjendur sína eins og þegar lögin voru sett. Í þessu felst gróf misbeiting ríkisvalds enda hafa samtök opinberra starfsmanna nú nýverið ítrekað þá afstöðu að rétt sé að endurskoða lögin frá grunni með hagsmuni beggja að leiðarljósi.

Lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar þrengir enn frekar að réttarstöðu opinberra starfsmanna sem þegar er mun þrengri en reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði. Frumvarpinu er ætlað að koma í veg fyrir að opinberir starfsmenn segi upp störfum sínum til þess að ná fram sameiginlegu markmiði. Fullur vilji hefur verið til þess að ræða um slíkar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna samhliða öðrum breytingum á lögunum. Breytingar á sameiginlegum leikreglum verður hins vegar að ákveða með samkomulagi en ekki aðeins breyta því einu sem vinnuveitendum er í hag hverju sinni.

Það er með öllu óviðunandi að annar aðilinn breyti leikreglunum einhliða skömmu áður en aðilar setjast að samningaborði.

Um það verður aldrei sátt."

Nú er ég alveg sannfærður um að margir mundu segja og eiga eflaust eftir að segja að Alþingi hafi löggjafarvaldið. Það sé Alþingi sem setji lögin en ekki aðilar utan Alþingis og það er rétt. Það er alveg hárrétt. Ég þykist vita að hv. þm. Pétur H. Blöndal muni koma hér upp á eftir og segja nákvæmlega þetta. Það sé Alþingis að setja lögin.

En Alþingi og ríkisstjórn ber að leita eftir sátt í þjóðfélaginu og að sátt ríki milli þeirra aðila sem sérstaklega þessi lög eiga að taka til og kveða á um leikreglur um hvaða reglur skuli gilda í samskiptum þessara aðila. Ég staðhæfi að ef slík sátt er fyrir hendi eru miklu meiri líkur á því en ella að samskiptin verði góð.

Hinn 10. desember sendi BSRB frá sér svohljóðandi ályktun:

„Sameiginlegur fundur stjórnar og formanna aðildarfélaga BSRB mótmælir harðlega þeirri ákvörðun fjármálaráðherra að breyta einhliða leikreglum sem gilda um kjarasamninga hjá starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga.

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna án þess að gert hafi verið samkomulag um það við þá. Kjarasamningslögin voru sett árið 1986 eftir að undirritað hafði verið samkomulag um efni laganna á milli fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaga hins vegar. Þessu samkomulagi hefur fjármálaráðherra nú rift. Þetta er óábyrgt og með öllu óforsvaranleg vinnubrögð og lýsir BSRB fullri ábyrgð á hendur fjármálaráðherra."

Hér er ég með í höndunum mjög athyglisverðan samanburð sem tekinn var saman af framkvæmdastjóra BHM, samanburð á milli laganna sem gilda um almennan vinnumarkað annars vegar og opinbera starfsmenn hins vegar.

Þar kemur fram að opinberum starfsmönnum eru í mjög mörgum tilvikum reistar hærri og meiri skorður en gerist hjá launafólki á almennum vinnumarkaði. Og ef mönnum er einhver alvara í því að þeir vilji samræma, hvers vegna í ósköpunum er skrefið þá ekki stigið til fulls? (**PHB:** Að fella lögin úr gildi?) Að fella lögin úr gildi, já. Og þá vakna ýmsar spurningar hv. þm. Pétur H. Blöndal. Þá vakna ýmsar spurningar um hvað gerist hjá þeim stéttum sem hafa ekki neinn samningsrétt, lögreglumönnum, hjá ýmsum hópum innan heilbrigðisþjónustunnar o.s.frv. Ég er sammála hv. þm. um að ef þær reglur giltu á heilbrigðisstofnunum gagnvart opinberum starfsmönnum sem gilda um aðra hópa sem þar starfa, ég nefni Eflingu, Sókn hér áður, og sambærilega hópa, þá er ég alveg viss um að þessum hópum og stéttum væri fyllilega treystandi fyrir því að beita verkfallsvopninu á ábyrgan hátt.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson hvort hann eigi langa ræðu eftir vegna þess að fyrirhugað er að gera hlé vegna nefndafunda frá 18:30 til 20:30 eins og tilkynnt var í morgun.)

Ég á langa ræðu eftir.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Væri þingmanninum sama þó við gerðum fundarhlé?)

Já, ég vil beina því til hæstv. forseta að ég lét það koma fram við forseta og fleiri en einn hér fyrr í dag að ég ætti mjög erfitt með að vera hér á milli klukkan hálfníu og hálfellefu og ef unnt væri að fresta umræðunni um þetta málefni fram yfir klukkan hálfellefu — ég get verið hér eftir þann tíma og eins og lengi og þurfa þykir — þá mundi ég óska eftir því að það yrði tekið til skoðunar án þess að ég geri kröfu um að fá nokkur svör við því núna.

(**Forseti** (ÁSJ)**:** Forseti mun taka það til skoðunar.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:31]

[20:29]

Útbýting þingskjala:

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 272. mál, nál. félmn., þskj. 1136; brtt. félmn., þskj. 1137.

Kosningar til Alþingis, 522. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1128.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (innflutningur frá frystiskipum). — Þskj. 1118.

[20:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um meðferð vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem gera mögulegt að koma til móts við athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við þá framkvæmd hér á landi að heimila innflutning sjávarafurða frá frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð því hvort þau eru skráð á listum yfir viðurkennda framleiðendur, vinnsluskip og frystiskip. Slíkir listar eru birtir í viðaukum við ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um sérstök skilyrði fyrir innflutningi sjávarafurða frá tilteknum ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og byggjast á upplýsingum frá ríkjum um viðurkennda aðila. Framkvæmdastjórnin tekur slíkar ákvarðanir á grundvelli tilskipunar ráðherraráðs Evrópusambandsins um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu sjávarafurða, sbr. 8. tölul. í kafla 6.1. í kafla 1 í viðauka I við EES-samninginn, sbr. tilskipun ráðherraráðsins, um hollustuhætti um borð í skipum, tilgreindum í grein 3 (1) (a) (i) í tilskipun 91/493, sbr. 9. tölul. í kafla 6.1. í kafla 1 í viðauka I við EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Í athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA segir að íhuguð verði formleg málsmeðferð ef núverandi framkvæmd verður ekki breytt. Túlkun stofnunarinnar á framangreindum tilskipunum og ákvörðunum þess efnis að einungis megi flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins er ekki óumdeild á Evrópska efnahagssvæðinu. Auk Íslands hafa Noregur, Danmörk og Bretland heimilað innflutning sjávarafurða frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð viðurkenningu þeirra. Rússnesk frystiskip flytja inn frosinn þorsk til framangreindra ríkja auk Íslands. Því er mikilvægt fyrir Ísland að sömu reglur gildi í öllum ríkjunum um slíkan innflutning. Þar sem fyrir liggur að Eftirlitsstofnun EFTA íhugar formlega málsmeðferð á hendur Íslandi og vegna þess að nokkur óvissa ríkir um kröfur sem gerðar eru um viðurkenningu frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er æskilegt að unnt verði að breyta framkvæmdinni hér á landi þegar skylda Íslands í þessum efnum liggur skýrt fyrir og ljóst er að framkvæmd á Evrópska efnahagssvæðinu er samræmd. Því er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að 3. mgr. 22. gr. laganna verði breytt svo að ráðherra fái vald til að kveða á um það í reglugerð að gera skuli kröfu um viðurkenningu frystiskipa ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég vil undirstrika að verði frv. að lögum mun engin breyting eiga sér stað. Það er einungis um breytingu að ræða ef niðurstaðan verður sú í málsmeðferðinni að athugasemdir ESA séu réttlætanlegar og þá hefur ráðherra heimild til að gera breytingar á framkvæmdinni eins og hún er núna. Verði hins vegar niðurstaðan sú að athugasemdir ESA séu ekki réttmætar verður um enga breytingu á framkvæmd innflutningsins að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 2. umr.

Stjfrv., 322. mál (reiðvegir, girðingar). — Þskj. 572, nál. 990, brtt. 991.

[20:34]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneyti, Jakob Fal Garðarsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, og Jón Rögnvaldsson frá Vegagerðinni. Umsagnir um málið

bárust frá Vegagerðinni, Bændasamtökum Íslands, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Landssambandi hestamanna, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frumvarpinu er lagt til að reiðvegir verði skilgreindir sem sérstakur flokkur vega samkvæmt vegalögum og að samgönguráðherra geti tekið land eignarnámi til lagningar þeirra ef nauðsyn krefur. Þá er í frumvarpinu lagt til að Vegagerðinni verði heimilt að kosta að öllu leyti viðhald girðinga meðfram stofn- og tengivegum þar sem umferð er 500 bílar á dag eða meira yfir sumartímann.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi að hjólreiða- og göngustígar verði sérstaklega skilgreindir í lögunum og að sams konar heimild verði til eignarnáms til lagningar þeirra og til lagningar reiðvega. Þetta er nýmæli að hjólreiða- og göngustígar séu teknir inn í þessa lagasmíð og er vonandi í takt við þann tíðaranda og áhuga sem er fyrir aukinni þátttöku almennings í gönguferðum og hjólreiðum. Leggur nefndin til að þar sem slíkir stígar eru í þéttbýli komi það í hlut viðkomandi sveitarfélags að greiða kostnað af þeim. Í öðru lagi leggur nefndin til að heimild Vegagerðarinnar til að kosta að öllu leyti viðhald girðinga meðfram stofn- og tengivegum miðist við vegi þar sem umferð er 300 bílar eða meira á dag yfir sumartímann, en ekki 500 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Leggur nefndin þó áherslu á að lokið verði við girðingar þar sem umferð er 500 bílar eða meira áður en girt verður meðfram öðrum vegum nema sérstaklega standi á. Loks leggur nefndin til smávægilega orðalagsbreytingu á c-lið 4. gr. frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, 1. umr.

Frv. samgn., 618. mál. — Þskj. 1023.

og

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 1. umr.

Frv. samgn., 619. mál. — Þskj. 1024.

[20:37]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Þessi tvö frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með síðari breytingum, og um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum, eru fylgifiskar frv. til laga um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, þess frv. sem hér var til 2. umr. fyrr í dag.

Frumvörpin eru nauðsynleg vegna þess að í brtt. um áhafnir íslenskra skipa er reiknað með að leggja niður svokallaðar undanþágu- og mönnunarnefndir og færa þá starfsemi beint til Siglingastofnunar sem hefur verið aðili að þeim nefndum um árabil og haft forustu í þeim. En lagt er til að breyta þessu og færa þetta einvörðungu undir Siglingastofnun.

Með frv. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða er lagt til að undanþágunefnd og mönnunarnefnd fiskiskipa verði lagðar niður, þetta á við um bæði frv., og verkefni þeirra fengin Siglingastofnun Íslands. Þá er lagt til að sett verði fót úrskurðarnefnd siglingamála sem hægt verði að skjóta til ákvörðunum Siglingastofnunar samkvæmt lögunum. Ef mönnum mislíkar eða líkar ekki við ákvörðun Siglingastofnunar í umsóknum sem kunna að berast, þá er úrskurðarnefnd til staðar.

Lagt er til að unnið verði að heildarlöggjöf um áhafnir allra íslenskra skipa. Nefndin telur mjög mikilvægt að slíkt frv. komi fram á næsta hausti. Verði réttindi til vélstjórnar skoðuð sérstaklega með hliðsjón af nýrri tækni í vélarrúmum skipa og því að hvaða leyti það geti haft áhrif á mönnun skipa og lengd náms vélstjóra. Mælist nefndin til að heildarendurskoðun á lögunum verði hraðað og að lagt verði fram frumvarp á Alþingi á hausti komanda.

Löngu tímabært er að stokka upp spilin í ýmsum þáttum er lúta að stöðu skipstjórnarmanna og vélavarða á íslenska flotanum. Það hefur verið vaxandi vandamál að manna flotann menntuðum mönnum. Misræmi er í réttindum til að mynda vélavarða á Íslandi og í nágrannalöndum þar sem íslenskir vélaverðir hafa minni réttindi en t.d. danskir og færeyskir með sama nám að baki. Þetta hefur m.a. leitt til þess að íslenskir vélaverðir hafa flúið land. Ég vil kveða svo fast að orði. Þeir hafa fengið hærri laun og meiri réttindi með því að vinna í öðrum löndum, þó á sama grunni og hér heima á Íslandi. Því er full ástæða til að skoða þetta ofan í kjölinn og reyna að samræma þetta þannig að menn sitji við sama borð og það hefur reynst framkvæmanlegt og eðlilegt í nágrannalöndum okkar sem mest hafa lagt upp úr þessu.

Það sem lýtur að breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, er að lagt er til að við upptöku brúttótonna í viðmiðun atvinnuréttinda verði miðað við 75 brúttótonn bæði hvað varðar fiskiskip og önnur skip. Þá er lagt til að undanþágunefnd og mönnunarnefnd fiskiskipa verði lagðar niður og verkefni þeirra fengin Siglingastofnun Íslands. Loks er lagt til að sett verði á fót úrskurðarnefnd siglingamála sem hægt verði að skjóta til ákvörðunum Siglingastofnunar samkvæmt lögunum.

Frumvörpin eru fylgifiskar frv. um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta og eru fyrsta skrefið í uppstokkun í þessum efnum. Samgn. Alþingis er sammála í öllum þáttum þessa frv. sem lagt hefur verið fram og hefur lagt mjög mikla vinnu í yfirferð á málinu og hnikar því til þeirrar niðurstöðu sem hér er kynnt.

[20:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að beina spurningu til hv. þm. Árna Johnsens vegna frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

Eins og hv. þm. sagði er hér verið að breyta brúttórúmlestum yfir í brúttótonn. Þetta hljómar afskaplega sakleysislega, einfaldlega er verið að skipta um orð. En það kom ekkert

fram í máli hv. frsm. hvað þessu fylgdi. Ég vil því gjarnan fá að heyra frá hv. frsm. hvaða upplýsingar hafi komið fram um það í nefndinni hvað 30 rúmlestir samsvöruðu mörgum brúttótonnum með þeim reiknistuðlum sem notaðir eru hjá Siglingastofnun.

Eins og ég hef heyrt einstaka samgöngunefndarmenn túlka þetta, þá er þetta engin breyting. Það þýðir þá í augum og skilningi þessara aðila að 30 rúmlestir þýði 75 brúttótonn. Samkvæmt upplýsingum mínum er þetta ekki svo. 30 rúmlestir þýða í rauninni 45 brúttótonn. Það er því verið að auka þarna um 30 brúttótonn í það minnsta umfram það sem nú er. Það er sem sagt verið að auka réttindi þeirra sem eru með svokallað pungapróf og þá um leið að fjölga þeim skipum, sem mér er tjáð að séu 39, sem pungaprófsréttindafólk getur stýrt.

[20:45]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að leiðrétta aðeins misskilning í þessum efnum. Lagasetningin miðar við það að enginn tapi réttindum, enginn sem hafði pungapróf tapi réttindum miðað við þá reynslu sem hann hefur haft og þær bátastærðir sem hann hefur verið að vinna á. Og til þess þurfti mælingin að fara í 71 brúttótonn.

Það kom fram hér í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar í dag að breytingin á reiknireglunni lægi einhvers staðar á bilinu 50–75 tonn og það getur verið álitamál vegna þess að þetta er ekki bara breyting á einu orði. Ef maður ætti að útskýra það í stuttu máli þá er brúttórúmlestatala reiknuð eftir ákvæðum Óslóarsamþykktar frá 1947. Brúttórúmlestir eru rými undir mæliþilfari að viðbættu rými ofan mæliþilfars sem samþykktir mæla fyrir um. Brúttórúmlestatalan er summa eftirtalinna rúmtaka skipsins:

Í fyrsta lagi rúmtak undir mælingaþilfari, rúmtak milli mælingaþilfars og efra þilfars, rúmtak reisna og umframmál lestaropa. Þetta er gamla mælieiningin.

Nýja mælieiningin brúttótonn miðar við að rúmmál skips er mælt samkvæmt Lundúnasamþykktinni frá 1969 sem tók gildi 1982. Brúttótala er heildarstærð skipsins, þ.e. heildarrúmmál allra lokaðra rýma skipsins, þannig að það getur verið mjög breytilegt eftir lengd skips hvaða brúttótonn reiknast út. Það hefði mátt segja að 71 tonn hefði dugað til þess að jafna þarna réttindastöðuna. En það er slétt af í 75 tonn og skiptir engu máli í heildarútkomu, þetta varðar 3% frávik, rétt 39 báta af liðlega 1.600.

[20:47]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. viðurkenndi að 39 bátar mundu falla undir pungaprófsréttindin með þessum breytingum. Þar með hefur hv. þm. viðurkennt að þarna er um mikla breytingu að ræða.

Ég ætla ekkert að fara hér með formúlur. En ég get upplýst hv. þm. um að ein rúmlest í þessu er talin vera 2,83m og brúttótonn eru talin vera 0,031 sinnum meðallengd í öðru veldi sinnum breidd. Það er því hægt að fara með margar formúlur og segja sem svo að nú hljóti allir að átta sig á hvað þetta þýðir. En auðvitað er það ekki svo. Hér erum við fyrst og fremst að velta fyrir okkur þeirri spurningu hvort verið sé að draga úr kröfum um menntun skipstjórnarmanna. Við erum að gera það og hv. þm. viðurkenndi að 39 skip mundu falla undir pungaprófsregluna með þessari nýju breytingu.

Þetta er líka spurning um það hvort við séum að minnka öryggi um borð í skipum og draga úr aðsókn að Stýrimannaskólanum sem hefur átt í vök að verjast vegna þess að það vantar nemendur. Það vantar ekki ákvæði sem draga úr sókn í skólann. Það vantar frekar að herða á sókn í þennan skóla. Þess vegna verð ég að segja að það veldur mér vonbrigðum að fram skuli koma á hv. Alþingi tillaga sem beinist beinlínis gegn Stýrimannaskólanum með þessum hætti. Ég vil fara fram á það við hv. formann samgn. að hann sjái til þess að þetta mál verði tekið aftur inn í samgn. og brotið til mergjar því mér sýnist ekki liggja á hreinu hvernig þetta hefur verið fundið út.

[20:50]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enn ástæða til að leiðrétta áframhaldandi misskilning hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni.

Í fyrsta lagi er ekki verið að draga úr menntunarkröfum. Þær hafa aukist verulega á undanförnum árum í pungaprófinu. Greinum hefur verið fjölgað. Nú er skylda að fara á öryggisnámskeið í Öryggisskóla sjómanna og fá skírteini þaðan og dómarar sem dæma próf þeirra sem taka pungaprófið eru tilskipaðir samkvæmt reglugerð menntmrn. (Gripið fram í.) Það er engin ástæða til að snúa út úr þessu.

Ef miðað hefði verið við 50 tonn, brúttótonn, þá hefði þessum bátum fjölgað um 24. Miðað við 75 tonn koma 39 til viðbótar. Þetta er mergurinn málsins. Þetta snýst ekki um að fórna öryggi, sækja að Stýrimannaskólanum. Pungaprófið hefur aldrei verið neinn hryggbiti í Stýrimannaskóla Íslands. Pungaprófið hefur verið námskeið um allt land, m.a. í grunnskólum og framhaldsskólum. Það er æskilegt að rækta það nám, þá möguleika, fyrir fólk um allt land til þess að auka áhuga þess á sjósókn og sjómennsku. Það er enginn metnaður í því ef það verður sem mér heyrist á hv. þm., að það eigi að binda þetta nám við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum eða Stýrimannaskólann á Dalvík. Þetta nám þarf að vera miklu víðar um landið. Það eru full rök fyrir því. Þar eru menn með þekkingu. Þar eru menn með reynslu. Það er góð reynsla af þessu og þetta hefur verið grunnurinn að mörgu sem hefur verið jákvætt í okkar sjómennsku.

[20:52]

Útbýting þingskjals:

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 272. mál, brtt. GÖ og KLM, þskj. 1138.

[20:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þau frv. sem við ræðum hér eru um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjóra.

Ég ætla aðeins að víkja að þeirri umræðu sem fór hér fram milli þeirra hv. þm. Árna Johnsens og Kristjáns Pálssonar. Ég held það geti ekki farið á milli mála og ætti ekki að þurfa að vera deilumál, að verið er að auka við réttindi þeirra manna sem hafa 30 rúmlestir með því að hækka viðmiðunina upp í 75 brúttótonn. Þeir sem hafa haft hið svokallaða pungapróf fá því réttindi á stærri fiskiskip en þeir hafa fengið áður. Um það ættu menn varla að þurfa að deila varðandi þessa tillögu sem hér liggur fyrir.

Ég heyrði að þeir fóru báðir með sérstakar formúlur um það hvernig þetta væri fundið út allt saman. Síðasta sumar skoðaði ég hvernig íslenski flotinn er samansettur og hver væri hin eðlilega breyting í viðmiðun frá brúttórúmlestum yfir í brúttótonn. Ég hygg að nefndinni sem vann að málinu sem kynnt var hér í dag um áhafnir flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, hafi verið send þau gögn

sem við unnum upp í Farmanna- og fiskimannasambandi. Þar lögðum við til að sú regla sem notuð er við að breyta viðmiðun til réttinda úr brúttórúmlestum í brúttótonn yrði þannig að réttindin hækkuðu um 50%. Með þessu komumst við næst þegar við vorum búin að skoða flotann, hinn raunverulega íslenska flota, og bera saman til að finna út hvað ylli í raun og veru minnstri breytingu.

Með því að breyta réttindunum frá brúttórúmlestum í brúttótonn, komumst við að þeirri niðurstöðu að það sem ylli minnstri breytingu í allar áttir, bæði upp og niður, væri að hækka réttindin úr 30 brúttórúmlestum í 45 brúttótonn. Ég held að menn hafi sæst á að fara með þessa tölu í 50 tonn og rúnna hana þar af, enda stendur hún þannig í þessu frv. hér um áhafnir íslenskra skipa, eins og það kom frá nefnd sem samgrh. skipaði á sínum tíma og sem vann það mál upp. Þar var beinlínis lagt til að þessi viðmiðun yrði 50 brúttótonn í stað 30 brúttórúmlesta réttinda.

Með sama hætti hefði fyrsta stigið í Stýrimannaskólanum sem gefur í dag 200 brúttórúmlesta réttindi gefið 300 brúttótonna réttindi. Þegar það var skoðað, borið saman við íslenska flotann og kannað hvaða breytingu það ylli, kom í ljós að þar var minnsta mögulega breyting, þ.e. voru fæstir sem töpuðu og fæstir sem unnu.

Það varð því niðurstaða vinnu okkar hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu að leggja til að taka upp þá reglu að hækka almennt viðmiðunina frá brúttórúmlestum í brúttótonn um 50%, þar kæmumst við næst því sem talið væri eðlilegt.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála að með því að fara með þessa viðmiðun hér í 75 brúttótonn þá eru menn sem hafa núna 30 brúttórúmlesta réttindi að fá réttindi á fiskiskip sem þeir hafa ekki haft atvinnuréttindi á áður. Það er því verið að víkka út réttindasvið þeirra.

Hitt er líka rétt að láta koma fram að hið svokallaða pungapróf eða kennsla til 30 tonna brúttórúmlesta réttindanna fer fram vítt og breitt um landið og er m.a. heimiluð í framhaldsskólunum. Þegar náminu í Stýrimannaskólanum var breytt og tekið var upp svokallað aðfaranám þá var einmitt 30 brúttórúmlesta réttindunum komið fyrir í þessu aðfaranámi ásamt hinum almennu fögum sem nemendur í Stýrimannaskólanum þurftu að vera búnir að fá kennslu í áður en þeir gátu farið í fagnámið, eins og námið er núna upp sett.

Þetta vildi ég sagt hafa um þetta atriði, þ.e. að breyta viðmiðuninni úr 30 brúttórúmlestum í brúttótonn og tel að þar séum við að teygja okkur of langt. Enda er í frv. sem við ræddum hér í dag heimildargrein sem segir fyrir um það, eins og venjulega er gert þegar verið er að breyta lögum sem kveða á um einhver réttindi manna, að ekki er tekinn af þeim eldri réttur. Í 11. gr. frv. sem við ræddum hér í dag segir, með leyfi forseta:

„Sá sem er lögmætur handhafi skírteinis samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skal halda sínum réttindum óskertum, ...“

Þetta er hin gullvæga regla sem alltaf hefur verið viðhöfð þegar atvinnuréttindum hefur verið breytt, þ.e. að menn halda þeim réttindum sem þeir höfðu áður til þess að sigla skipum.

Sá sem hér stendur var það snemma í Stýrimannaskólanum að hann öðlaðist rétt á farþegaskip upp að 400 brúttórúmlestum í innanlandssiglingum. Þau réttindi eru enn þá í gildi þó að menn fái ekki sams konar réttindi út úr Stýrimannaskólanum í dag. Réttindi gilda því hér áfram fyrir þá menn sem öðluðust þau, þ.e. réttindi sem við höfum áunnið okkur eru ekki af okkur tekin. Hins vegar verðum við að uppfylla alþjóðasamþykktir og þessi sérstöku réttindi okkar gilda þess vegna ekki út fyrir það sem nú er skilgreint í lögunum sem strandsigling innan 50 sjómílna.

Síðan komum við að ákvæði sem er í báðum þessum frv. um undanþágunefndina. Þar erum við að hverfa til þess tíma sem var fyrir gildistöku laganna nr. 112 og 113 sem sett voru árið 1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna annars vegar og vélstjóra hins vegar. Þá voru undanþágur afgreiddar í samgrn. ef ég man það rétt. Ég held að ég fari örugglega með rétt mál í því. Mönnum þótti það alls ekki mjög hentugt fyrirkomulag. Mikil umræða var um það á þeim tíma hversu auðvelt væri að nálgast undanþágur hjá embættismönnum í kerfinu. Menn voru mjög ósáttir með framkvæmd laganna, hvernig undanþágum var fjölgað og þær gefnar út án þess að talið væri að það væri eðlileg eftirgjöf. Það er auðvitað þannig að þegar menn fara í skóla til að afla sér réttinda þá líta þeir svo á að þeir hafi aflað sér réttinda til ákveðinnar atvinnustarfsemi og telja að þeir eigi forgang til hennar. Ég hef ekki orðið var við að þó að það væri læknaskortur þá væri gefin sérstök undanþága á lækna. Ég ætla svo sem ekki að leggjast gegn því að við förum að nota svona fyrirkomulag. En ég held að svona fyrirkomulag þurfi hafa mikið aðhald.

Þegar lögin voru endurskoðuð árið 1984 var komið á laggir sérstakri undanþágunefnd. Það var sameiginleg nefnd sem sett var á laggirnar og að henni áttu aðild skipstjórnarmenn og vélstjórar og síðan útgerðarmennirnir hinum megin við borðið ásamt einum oddamanni skipuðum af ráðherra. Þetta fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan árið 1984 og í flestum tilfellum held ég að það hafi orðið til þess að koma skipulegri vinnubrögðum á undanþáguveitingarnar. Lengi framan af a.m.k. fækkaði undanþágum og það var ekki eins auðvelt að fá undanþágur og áður hafði verið. Þar að auki var tekið gjald fyrir undanþágurnar og það gjald var síðan látið renna í ákveðinn sjóð sem styrkti menn sem á undanþágum höfðu verið til þess að hefja nám í sjómannaskólunum. Mönnum var gert auðvelt að fá undanþágu ef þeir lögðu sig eftir því að gangast undir það að afla sér réttinda.

Þetta held ég að hafi að mörgu leyti verið skynsamlegt fyrirkomulag. Alla vega er það þannig í dag að stéttarsamtökin hafa ekki mælt með því að leggja þessa undanþágunefnd niður. Í frv. sem við ræddum hér fyrr í dag eru bæði ákvæðin um mönnunarnefnd og undanþágunefnd með sama fyrirkomulagi og verið hefur. Hins vegar hefur samgn. ákveðið í meðferð sinni á málinu að breyta því hvoru tveggja og færa þessi mál alfarið undir embættismenn hjá Siglingastofnun. Ég dreg mjög í efa að við séum að fara rétta leið í þessu máli.

Ég mælist til að þeim frv. sem við erum hér að ræða verði vísað til samgn., hún leiti umsagna og að fram fari viðræður milli hagsmunaaðila, stéttanna sem eiga þessi atvinnuréttindi, um það hvaða fyrirkomulag eigi að vera á þessu í framtíðinni. Það er ekki gæfulegt spor að efna til ófriðar um mál sem menn reyndu a.m.k. að leysa í sameiningu árið 1984 og koma þessu í form. Auðvitað eru mannanna verk ekki svo heilög að þau þurfi ekki að taka breytingum. En ég legg til við hv. formann samgn. að hann hagi málsmeðferðinni þannig að þessi frv. fari til samgn., þar verði aðilar máls kallaðir fyrir og reynt að leita sátta og að frv. um áhafnir skipa sem hér var rætt í dag, verði látið liggja meðan verið er að

lenda þessum málum, þ.e. menn reyni að finna ásættanlegan flöt um framgang beggja þessara mála.

Það er einfaldlega þannig að ef frv. um áhafnir íslenskra skipa verður afgreitt þá þarf einnig að breyta þessum atvinnuréttindalögum vegna þess að annars eru lögin farin að stangast á. Þess vegna tengjast þessi lög mjög. Það væri auðvitað eðlilegt að þau væru til skoðunar og lagfæringar í samgn. og yrðu afgreidd saman vegna þess að það er ógerningur að afgreiða þau hvort í sínu lagi.

[21:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er verið að ræða frv. til laga um breytingar á tvennum lögum, annars vegar lögum nr. 112 og hins vegar nr. 113. Bæði eru þau frá árinu 1984 og varða atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, vélfræðinga o.fl.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram og vegna þess að ég átti þess ekki kost að vera við umræðuna um það frv. sem upphafinu veldur, þ.e. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna þá tel ég nauðsynlegt að geta þess að frv. sem ég lagði fram um atvinnuréttindi var samið að höfðu miklu samráði við fulltrúa sjómannasamtakanna eins og alltaf er leitast við að gera. Það er alveg ljóst að þær breytingar sem samgn. hefur lagt til að verði gerðar eru ekki í samræmi við óskir sjómannasamtakanna. Það liggur fyrir. En ég vildi að það kæmi fram af minni hálfu við umræðuna að frv. eins og ég lagði það fram var samkomulagsatriði milli þessara aðila. Um það var sátt milli ráðuneytisins og þeirra fulltrúa sem að málinu komu.

Hins vegar er einnig nauðsynlegt að taka það fram þannig að það valdi ekki neinum misskilningi að í því frv. sem ég hef lagt fram er verið að fjalla um réttindi er varða íslensk flutningaskip, farþegaskip, farþegabáta og skemmtibáta, ekki fiskiskip. Það er alveg nauðsynlegt til þess að menn haldi ekki að þar sé verið rýmka verulega heimildir til þess að stýra fiskibátunum. En væntanlega oftast og aðallega þegar verið er að leita eftir undanþágum fyrir vélstjóra og skipstjórnarmenn þá er það á fiskiskipaflotanum.

Hins vegar ef litið er til þeirra reglna sem verið er að innleiða hér, að hámarkið miðist við 75 brúttótonn, þá er um að ræða eitt skip sem er á bilinu 50–75 tonn. Í rauninni hefði eitt skip fallið undir þessi mörk sem frv. gerði ráð fyrir. Þess vegna, eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, er í 11. gr. gert ráð fyrir að girða fyrir þá möguleika. Hins vegar er annað upp á teningnum þegar fiskiskipin eru annars vegar. Þá eru 39 skip á bilinu 50–75 tonn. Það er mjög nauðsynlegt að menn rugli þessu ekki saman. Hér er einungis um annan hópinn að ræða. Þetta vildi ég að kæmi fram af minni hálfu við þessa umræðu.

[21:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að í brtt. samgn. við frv. sem tekur til flutningaskipanna, farþegaskipanna og skemmtibátanna, er einnig búið að breyta þessari viðmiðun úr 50 í 75. Það kemur fram á bls. 2 að í stað 50 í fyrri málslið 2. mgr. komi 75. Með því frv. sem við ræddum fyrr í dag og þessum tveimur er því verið að breyta þessu beggja megin.

[21:10]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins til að fá nánar svör um þetta frá hæstv. samgrh. Er það rétt skilið hjá mér að samgrh. og ráðuneyti hans hafi gert samkomulag við sjómannasamtökin um að breytingin á rúmlestum, 30 rúmlestum, sem er pungaprófstakmörkunin, yrði 50 brúttótonn? Er það samkomulag ráðherrans og sjómannasamtakanna að 30 rúmlestir verði 50 brúttótonn?

Mig langar einnig til að vita hvort það sé ekki skilningur ráðherrans að með því frv. sem lagt er hér fram af hv. samgn. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna sé verið að leggja til að þessi breyting, þessi stækkun, nái einnig til fiskiskipa jafnt sem annarra skipa. Mér fannst hæstv. samgrh. eingöngu vera að tala um flutningaskip, ferjur eða eitthvað því um líkt. Mér finnst mjög nauðsynlegt að það komi skýrt fram hvað hæstv. samgrh. er að meina hér.

[21:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna spurningar hv. þm. Kristjáns Pálssonar, er rétt að ítreka það sem ég sagði hér áður að frv. sem ég flutti var afrakstur samstarfs ráðuneytisins og fulltrúa frá sjómannasamtökunum. Það var samkomulag og málamiðlun eins og gengur og gerist þegar verið er að undirbúa og leggja fram frv. Sú vinna var því af ráðuneytisins hálfu unnin þannig að ráðuneytið gerði ráð fyrir stuðningi þessara aðila, þ.e. sjómannasamtakanna, sem þetta mál varðaði.

Hins vegar er nauðsynlegt að undirstrika það að nefndir þingsins hafa auðvitað fullan rétt til að gera breytingar á frv. Þó að við ráðherrarnir séum lítið fyrir að gerðar séu breytingar á okkar hugverkum þá er ég svo mikill þingræðissinni að ég ætlast ekki til að ég handjárni hér heila liðið í þinginu og banni eða geti ekki sætt mig við að einhverjar breytingar séu gerðar á frumvörpum. Hins vegar er afskaplega mikilvægt að vanda verkið og leita samráðs. Eins og fram kemur í þessari umræðu þá er hér margt ágætra þingmanna sem eru vel inni í þessum málum þannig að það er auðvitað mikill fengur að því að fá þessa umræðu bæði í samgn. og eins hér í þinginu. Ég kippi mér ekkert upp við að gerðar séu breytingar. Hins vegar er afar mikilvægt að um það geti verið bærileg sátt sem snýr að atvinnuréttindum manna.

[21:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Ég er alveg sammála honum í því að nefndir hafa að sjálfsögðu allar heimildir til að breyta þeim frv. og þáltill. sem til þeirra koma að eigin geðþótta. Það sem ég vildi fá hér fram er sú staðreynd að á bak við frv. frá ráðuneytum liggur oft mikil vinna með hagsmunasamtökum þeirra aðila sem málið varðar. Það er náttúrlega grunnurinn á bak við lagasetninguna. Þegar fram koma tillögur sem í raun breyta í veigamiklum atriðum því samkomulagi sem náðst hefur á milli ráðuneytisins og viðkomandi samtaka mundi ég segja að málið, ef til stendur að breyta því, ætti að fara aftur til umfjöllunar hjá sömu aðilum þannig að ný sátt náist. Ég hef ekki orðið var við að það hafi verið reynt. Þess vegna spyr ég: Var þessi brtt. samgn. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna upp í 75 tonn, þar sem fyrra frv. er samkomulag ráðuneytisins við hagsmunasamtök, borin undir ráðuneytið og er það þá gert með samþykki ráðuneytisins?

[21:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki borið undir samgrn. að gera þær breytingar sem samgn. gerir, enda er ekki gert ráð fyrir því að leita samþykkis ráðherra eða ráðuneytis fyrir breytingum hér í þinginu. Hins vegar er mikilvægt, ég legg mikið

upp úr því, að leitað sé samráðs og samráð haft við ráðherra um mikilvægar breytingar á frv. sem viðkomandi ráðherra hefur lagt fram. Hér er hins vegar um það að ræða að hvorki meira né minna en öll nefndin stendur að þessum breytingum og því er úr vöndu að ráða í þessu tilviki. Ég hef á hinn bóginn ekkert á móti því og veit raunar að hv. formaður samgn. hefur undirbúið fundi í nefndinni til þess að fara yfir þessi mál milli 2. og 3. umr. Mönnum gefst þá færi á að líta yfir málið í heild sinni og það er auðvitað mikilvægt til þess að reyna að ná sem víðtækastri samvinnu um málið. En það var engin staðfesting gefin af hálfu samgrn. um að samgn. væri óhætt að gera brtt.

[21:18]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Málið sem við ræðum og hefur skýrst nokkuð í þessari umræðu er í mínum huga stærra en það leit út fyrir í fyrstu. Því er nauðsynlegt að um það fari fram fagleg umræða í þinginu sem nefndin sem slík gæti síðan tekið upp. Ég fagna því, herra forseti, og vil ítreka það sem kom fram hjá hæstv. samgrh., að ákveðið hefur verið að þetta máli fari aftur inn í samgn. sem er mjög mikilvægt.

Einu finnst mér að menn megi aldrei gleyma þegar rætt er um breytingar á réttindum skipstjórnarmanna að við erum að fjalla um öryggi, um líf fólks, um verðmæti, og mikilvæga þætti sem skipta okkur öll máli. Til þess að standa vörð um þau verðmæti sem hér eru til umfjöllunar hefur þjóðfélagið, Alþingi og aðrir aðilar, komið sér saman um hvernig eigi að gæta þeirra með réttindum og menntun þannig að sem best sé á málum haldið.

Frá upphafi var gert ráð fyrir því að svokallað pungapróf væri bráðabirgðalausn, lausn sem einungis ætti við vegna þess að áður fyrr höfðu mjög margir sjómenn ekki tækifæri til að fara í skóla. Það voru ekki aðstæður hjá viðkomandi aðilum til að komast í skóla. Fiskimenn skorti aðallega réttindi þannig að það varð að samkomulagi að slíkt pungapróf yrði haldið og kennt víða um land. Það var framfaraspor á þeim árum. Allir sem vettlingi gátu valdið tóku pungaprófið. Það þótti stórt skref í þá daga og fagnaðarefni fyrir flesta að mögulegt væri að læra þó eitthvað um þessi mál. En allir gerðu sér grein fyrir því að þetta ætti við um þá menn sem væru réttindalausir og skipstjórar á þeim tíma, þeir sem kæmu nýir inn ættu að fara og afla sér fullra réttinda. Ég aflaði mér slíkra réttinda og það hafa fleiri hér á hv. Alþingi gert. Við höfum að sjálfsögðu viljað að þessi mál væru í öruggum höndum. Þess vegna bregðumst við ekki sérstaklega vel við þegar við sjáum að taka á skref sem eru þvert á þá stefnu sem alltaf hefur verið með þetta réttindanám.

Það er með ólíkindum hvað þessi undanþágumál hafa gengið lengi. Það er langt síðan að menn komu sér niður á að allar undanþágur væru í raun óþarfar. Sá tími ætti að vera liðinn að menn geti leitað sér undanþágu til vinnu um borð í skipum. Eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan fara læknar ekki í gegnum neina skemmri skírn þó það vanti lækna. Þess vegna getur það vel staðist að með einhverju móti verði reynt að breyta þessum undanþágunefndum en ég sé enga ástæðu til að stofna nýja nefnd eða nýtt ráð, eða fara með þetta með öðrum hætti. Ég lít svo á að það eigi markvisst að stefna að því að fella niður undanþágur.

Sú breyting sem hér hefur verið til umræðu er ekki kynnt þannig að hún auki réttindi þeirra sem eru með pungapróf. Hún er kynnt þannig að hér sé einungis orðalagsbreyting. Mér finnst ekki gott þegar mál ber að með þessum hætti. Það á að segja hvern hlut eins og hann er. Það er verið að auka réttindi pungaprófsmanna um 30 tonn að minnsta kosti. Reyndar verður að viðurkennast að útreikningarnir í kringum þetta hafa oft verið sérstakir vegna þess að brúttómælingar skipa hafa byggst á rúmtaki, yfirbyggingu og lestarrými, á böndum í skipum o.fl. Þessu hefur oft verið breytt og nýjar mælingar komið. Síðan hefur þeim verið breytt á milli mælinga og komið í ljóst að margt hefur verið gert rangt. Það hefur augljóslega gerst í því tilfelli sem hæstv. samgrh. lýsti hér áðan, að skip sem ætti í raun að mælast 45 brúttótonn mældist 71 brúttótonn. En þetta er eina undantekningin í þessu tilfelli sem menn sjá fram á að hafi reynst alröng. Fyrir þennan leka var komist í frv. og óþarft hjá hv. samgn. að koma með þessa sérstöku tillögu sína. Á þessu er tekið í 11. gr. frv. frá hæstv. samgrh. um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta. Þar stendur í lokamálsgrein greinarinnar, með leyfi forseta:

„Nú hefur skipstjórnarmaður skírteini til skipstjórnarstarfa, samkvæmt brúttórúmlestaviðmiðun, á skipi sem vegna breytinga á mælingum skipa mælist stærra en eldra skírteini hans veitti réttindi til eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi og er þá heimilt að veita honum skírteini til starfa á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna."

Hér er tekið á því ef mistök hafa átt sér stað eða einhverjar aðrar ástæður liggja að baki þannig að menn tapi ekki þeim réttindum sem þeir hafa öðlast þó einhvers staðar hafi orðið mistök í kerfinu.

Öllum hér inni er ljóst að aðsókn í sjómannanám hefur verið mjög á niðurleið og í dag er svo komið að enginn er á II. stigi í námi í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Fyrir eyþjóð og fiskimannaþjóð eins og Íslendinga er það ástand sem getur ekki verið viðunandi. Það er ekki ásættanlegt að fá ekki ungt fólk til að mennta sig í sjómennsku ef við ætlum áfram að lifa á fiskveiðum í þessu landi. Upp á það er ekki hægt að horfa. Þess vegna hafa áhyggjur manna fyrst og fremst beinst að því að finna leiðir til að sýna fólki fram á möguleikana sem felast í að mennta sig til sjómennsku og reyna að gera námið meira aðlaðandi.

Ég veit að bæði hæstv. menntmrh. og sjútvrh., hæstv. samgrh. líka að öllum líkindum, hafa verið að skoða þessi mál. Einnig er ljóst að við ramman reip er að draga. Það er erfitt í samkeppninni í dag. En það gengur ekki að á sama tíma leggi Alþingi til að gefa enn meiri möguleika á því að sleppa við nám í Stýrimannaskólanum með fleiri undanþágum en fyrir eru, þ.e. að veita frekari undanþágu með því að auka þau réttindi sem koma út úr minnsta hugsanlega námi til þess að stjórna skipi. Þau réttindi hafa fengist með því að taka sérstakan kúrs í 10. bekk í grunnskóla sem valfag og að því loknu geta menn farið út á 75 tonna bát í dag ef breyting samgn. nær fram að ganga, farið á troll, dragnót eða línu og siglt hvert sem þeim sýnist. Þannig gæti hvaða gagnfræðingur sem tekið hefur þetta valfag gert þetta. Ég hefði haldið að nær hefði verið að hafa mörkin þau að svokallað pungapróf væri bundið við minni skip, við 6 tonna báta, krókabátana, frekar en að rýmka þessi mörk.

Látum nú vera að þetta sé óbreytt og menn vinni að því að auka aðsókn að Stýrimannaskólanum. Það gerum við ekki með þeim aðferðum sem hér eru notaðar. Ég skil í raun ekki hvernig stendur á því að málið kemur inn í þingið með þessum hætti. Komið hefur í ljós að hæstv. samgrh. vissi ekki um það. Ekki var haft samráð við neina aðra fyrir utan

nefndina svo ég viti til. Málið er því mjög óljóst og ástæður þess óljósar.

Ég skora á hv. formann samgn. að endurskoða þetta mál mjög rækilega í nefndinni. Þar verður að hafa ýmislegt í huga að mínu mati. Öryggismál sjómanna eru stórmál. Það verður að leita eftir áliti þeirra sem best til þekkja á þessari breytingu, hvaða áhrif þeir telja að hún hafi á öryggismál sjómanna. Hvaða áhrif hefur þetta á menntun sjómanna og áhuga á menntun sjómanna? Hvaða áhrif hefur þetta á inngöngu sjómanna í Stýrimannaskólann? Við getum sjálf gefið okkur að í dag þurfa þessir 39 bátar að hafa tvo skipstjórnarmenn um borð, þ.e. 78 skipstjórnarmenn ættu því að vera alls um borð í þessum 39 bátum. Við sjáum að augljóslega mun draga úr þörfinni á menntun í Stýrimannaskólann með *því að leyfa þessa stækkun og því er ljóst að þau rök eru* augljós.

Herra forseti. Ég ítreka óskir mínar um að málinu verði vísað til samgn. á ný og vona að við þá afgreiðslu verði komist að þeirri niðurstöðu, sem hæstv. samgrh. hafði komist að með sínu fólki og samtökum sjómanna, að þessi mörk verði 50 tonn. Mér finnst einnig ástæða til að taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um undanþágunefndina, sem líka á að leggja niður og stofna í stað hennar nýja, öðruvísi *nefnd. Ég tel að nær væri að kanna hvort þessar nefndir ættu* nokkurn rétt á sér og kannski ættu að vera sólarlagsákvæði á þeim undanþágum sem nú eru í gildi.

[21:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál mikið. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hér liggur fyrir um að málið fari til skoðunar í samgn. milli 2. og 3. umr. Ég tel að það sé mjög til sóma að taka málið aftur til skoðunar.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á að svona málum þarf að lenda í sátt. Ég get auðvitað ekki og tel ekki eðlilegt að gera kröfu til þess að meiri hluti samgn. eða allur hópurinn hafi ekki skoðun á þeim frv. sem hún er með til umfjöllunar og leggi til brtt. Ég vil hins vegar ítreka þá ósk mína — og er feginn að sú yfirlýsing hefur komið fram að málið fari aftur inn í nefndina — að leitað verði samráðs um þær tillögur sem samgn. hefur látið frá sér fara og menn reyni enn á ný að finna þann sáttaflöt sem virtist þó vera uppi í málinu þegar það kom hér fyrst inn. Ég tel að í raun og veru ætti sá flötur að vera finnanlegur og að formaður samgn. muni með dugnaði sínum sjá til þess að lenda málinu farsællega.

[21:34]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Hér hafa verið ágætar umræður þar sem mörg sjónarmið hafa komið fram. Sitt sýnist hverjum og það er eðlilegt og af hinu góða að brydda upp á öllum hliðum mála. Það er hins vegar ástæða til að undirstrika, númer eitt, tvö og þrjú, að í allri meðferð hv. samgn. um þetta mál hefur öryggið auðvitað verið grundvallaratriðið, samræmi, jafnræði manna með reynslu og menntun að baki. Það er rauði þráðurinn í niðurstöðu nefndarálitsins, samdóma álits allra nefndarmanna samgn.

Í raun harma ég að það hefur komið fram hér í umræðunni hjá þingmönnum, sérstaklega hv. þm. Kristjáni Pálssyni, að þingnefnd eigi að vera einhver stimpilstofnun og að ámælisvert sé að þingnefnd breyti frv. sem kemur inn, hvort sem það er unnið af nefnd embættismanna, félaga eða á annan hátt. Það er hlutverk þingnefndar að komast að niðurstöðu að vel athuguðu máli með sanngirni í fararbroddi og árangur að leiðarljósi. Frv. sem samgn. tók við og fjallar fyrst og fremst um áhafnir skipa stendur hér óbreytt, einhvers staðar á milli 90 og 100%. Í raun er tveimur atriðum í frv. breytt. Þar eru ýmsar smávægilegar breytingar. En breytingarnar tvær eru líka smávægilegar. Þær varða kannski svolítið valdahégóma í kerfi sem hefur gengið sér til húðar. Breytingin sem lýtur að niðurfellingu undanþágunefndar og mönnunarnefndar færir það hlutverk inn til viðurkenndrar stofnunar, Siglingastofnunar Íslands sem hefur haft forustu í þessum nefndum um 16 ára skeið.

Ég ætla ekki að fjalla hér um ýmsar kvartanir sem hafa heyrst víða um land á undanförnum árum um starfsemi undanþágunefnda í þá veru að þar séu menn með hrossakaup, *skipti á hagsmunum stéttarfélaga og annað slíkt. Ég læt það* eiga sig. Engu að síður eru þetta hlutir sem hafa verið uppi á borðinu og allir þekkja sem fylgjast með í sjávarplássum landsins, allir. Þetta er annað atriðið, þ.e. undanþágunefndirnar sem breyta engu um réttindi skipstjórnarmanna.

Hvers vegna eru undanþágunefndirnar til staðar? Á að gefa út tilskipun af hálfu ríkisstjórnarinnar eða stjórnvalda í landinu um að þessi og hinn sæki sér ákveðna menntun, vélstjórnarmenntun eða skipstjórnarmenntun? Nei, það er *ekki meiningin. Enginn hefur stungið upp á því. Það er af* illri nauðsyn sem menn eru með undanþágunefndir, af illri nauðsyn vegna þess að menn reyna allt sem hægt er til að manna fiskiskipaflotann sem skapar þjóðinni gjaldeyri. Ég veit ekki mörg dæmi þess að kvartað hafi verið undan undanþágumönnum. Ég veit hins vegar mörg dæmi þess að reyndustu skipstjórar landsins hafa haldið því fram að jafnvel undanþágumennirnir væru bestu mennirnir um borð. Ég býst við að þeir sem eru skipstjórnarmenntaðir hér inni geti líka *borið vitni um að það er ekki óþekkt.*

Í raun er ekki mikill metnaður eða til mikils sóma að gera lítið úr þeim hundruðum sjómanna sem hafa sinnt störfum sínum við vél og stýri með undanþágu. Þeir hafa kannski haft takmarkaða menntun frá skólum en hafa haft mikla reynslu og þekkingu og sýnt mikla natni í störfum. Best væri ef engar undanþágur þyrfti að veita. En við búum bara ekki við þær aðstæður. Það er ekki raunveruleikinn í íslensku þjóðfélagi í dag og hefur ekki verið lengi. Pungaprófið var engin skammtímaákvörðun fyrir nær 60 árum þegar það var sett á. Það var til þess að þjóna menntun sem hentaði á smæstu bátum, samkvæmt kröfum þess tíma. Þær kröfur hafa margfaldast án þess að réttindin ykjust. Það hefur verið að frumkvæði þeirra sem hafa rekið sjálfstæða skóla, viðurkennda skóla og viðurkennd námskeið víða um land, að kröfurnar hafa verið auknar, ekki að frumkvæði stjórnvalda, verkalýðsfélaga eða sjómannafélaga. Við skulum bara horfa á hlutina eins og þeir eru.

Árið 1991 var gerð breyting. Þá voru samþykkt lög á hv. Alþingi um breytingu á skipstjórnarnámi. Það var að mínu mati mikil afturför. Fram til ársins 1991 voru flestir skipstjórar landsins menn sem lokið höfðu grunnskólanámi en fóru á sjó sem hásetar og unnu kannski í fimm eða tíu ár til sjós, stofnuðu til heimilis og keyptu hús eins og gengur. Og að fenginni reynslu fóru þeir margir í stýrimannanám 22–28 ára gamlir. Þessir menn eru kjarninn í skipstjórastétt landsins í dag. Þetta var stöðvað með lögum árið 1991, með frv. sem hæstv. þáv. menntmrh. lagði fram. Þegar menn gáðu að sér þá gekk þetta ekki eftir. Menn sáu að vandi var á ferðum og framgangi laganna var frestað. Síðan þróuðust

mál þannig að nú þurfa þeir sem fara í stýrimannaskólana að vera tvö ár, fjórar annir, í framhaldsskóla til þess að geta farið í frekara nám í stýrimannaskólum. Það er búið að kippa úr leik þessum mönnum reynslunnar sem fóru ungir úr námi til sjós.

Á þessum tíma var reiknað með því að 16 ára unglingur tæki ákvörðun um það þegar hann færi í framhaldsskóla hvort hann ætlaði sér að verða skipstjórnarmaður, hvort heldur það væri skipstjóri eða vélstjóri. Við vitum ósköp vel að þetta gengur ekki upp og það hefur ekki gengið upp. Auðvitað stendur fólki á öllum aldri með ákveðin grunnréttindi það til boða að fara inn í framhaldsskóla, líka sjómönnum sem kannski 25 eða 30 ára gamlir mundu vilja hugsa sér til hreyfings og afla sér nýrra réttinda. En þeir fara bara ekki í framhaldsskólana og enginn getur skipað þeim að fara í þá. Kannski finna þeir sér ekki farveg með unglingunum og því unga fólki sem þar er. Þess vegna fjarar undan í stýrimannaskólum landsins. Það er óþarfi að vaða í villu í þeim efnum og búa til eitthvað annað. Þetta er skýringin á því hvers vegna fjarar undan í stýrimannaskólum landsins.

Það stendur upp á stjórnvöld að takast í alvöru á við menntun skipstjórnarmanna, hvort heldur er skipstjóra eða vélstjóra, svo hún verði í takt við þörf okkar í framtíðinni fyrir menntaða menn á fiskiskipaflota okkar ekki síður en kaupskipaflota. Fiskiskipaflotinn er nefnilega orðinn hornreka í þessum efnum. Aðalkrafa skólastjórnarmanna Stýrimannaskólans er að menntun skipstjórnarmanna sé svo yfirgripsmikil að skipstjóri geti nánast hvenær sem er á ferli sínum hætt til sjós og farið í hvaða starf sem er í landi. Hvað er raunhæft í þessu? Hvað erum við að búa til? Þótt Pólverjar séu ágætis fólk, ætlum við að stíla upp á að flytja inn 2.000 Pólverja á næstu tíu árum til að vera vélstjórar eða skipstjórar á íslenska flotanum af því að Íslendingar vilja ekki fara í þetta nám? Breytingin á 30 tonna viðmiðuninni í 75 tonn er smávægileg. Hún er samræming sem á við 3% af bátaflotanum.

Hv. þm. Kristján Pálsson gagnrýndi ekki að það fjölgaði um 24 báta miðað við 50 tonn en hann gagnrýnir að það fjölgi um 39 báta í viðbót miðað við 75 tonn. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði í dag að það lægi einhvers staðar á bilinu 50–75 tonn. Það er nefnilega engin skýr regla í þessu, engin margfeldisformúla eins á gengi verðbréfa. Einfaldlega vegna þess að nánast ekkert skip er eins, og lokuðu rýmin skipta miklu máli í slíkum útreikningi. Það er ekki verið að ganga á öryggisþáttinn og ekki verið að tala um stærri báta en hafa verið. Ekki er verið að tala um meiri togkraft þeirra báta sem um er að ræða. Það er verið að tala um samræmi. Og vissulega hefur verið gengið lengst til þess sem hafði réttindin á stærsta bátnum. Það er samræming. Það er jafnræði. Á blaði heitir það að pungaprófsmaður geti farið á eilítið stærri bát. Sá bátur getur verið með minni vél en hinn minni báturinn sem hann var með, það er engin regla um það. Það eru því mörg atriði í þessu afstæð.

Það er fjarri því og fáránlegt að leyfa sér að segja að pungaprófin dragi úr aðsókn að stýrimannaskólum landsins. Hvers lags vanþekking er þetta? Hvar hefur það rekist á? Það hefur aldrei rekist á. Aldrei. Það hefur miklu fremur verið hvatning til þess að menn öfluðu sér frekari menntunar. Það þýðir ekkert að segja svart hvítt og hvítt svart. Það þarf að segja hlutina eins og þeir eru, en vera ekki að búa til einhverjar rómantískar frásagnir í þessum efnum. Þetta er alvörumál. Það er alveg rétt eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að vaggað hefði minnstu í þessu að miða við 50 tonnin. En þá var líka bara verið að taka réttindi af mönnum. Til þess var leikurinn ekki gerður. Samræmið í reglunni er 71 tonn með úttekt og samanburði Fiskifélags Íslands og Siglingastofnunar. Þetta liggur fyrir svart á hvítu. Á því byggir samgn. niðurstöðu sína og er sammála um það í einu og öllu.

[21:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen flutti hér ágæta ræðu og viðraði sjónarmið sín. Mér finnst hins vegar rétt að gera athugasemd við það að í Stýrimannaskólanum eru menn núna staddir á milli kerfa, þ.e. menn sem eru að læra á fyrsta stigi í Stýrimannaskólanum en ekki er verið að kenna á öðru stigi. Það eru ekki margir að taka próf á öðru stigi. Það er einfaldlega vegna þess að við erum að fara milli kerfa. Verið er að fara í þetta annakerfi í Stýrimannaskólanum, þeir sem hafa ekki lokið grunnskóla fara í aðfaranámið. Það þarf að keyra þetta kerfi áfram.

Ég hef farið í margar rökræður síðustu tvö árin um þessa breytingu í Stýrimannaskólanum. Ég held að við verðum einfaldlega að fá að sjá þessa breytingu gerast, sjá árgangana fara alla leið áður en við förum að segja að kerfið gangi ekki upp því við getum ekki dæmt það fyrr en við sjáum reynsluna af því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 1. umr.

Frv. meiri hluta samgn., 629. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 1112.

[21:52]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á fjarskiptalögum, nr. 107/1999.

Ekki eru þau gömul og ljótt er að þurfa að gera breytingar á svo glóðvolgum lögum, varla laus við bleyjuna. En svona er það nú samt. Þegar eitthvað fer úrskeiðis verður að viðurkenna það og þá er um að gera að spúla dekkið.

Skömmu fyrir jólahlé þingsins voru samþykkt ný fjarskiptalög. Í þeim voru fjölmörg nýmæli og var eitt þeirra að sá aðila að símtali sem vildi hljóðrita símtalið skyldi í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um þá fyrirætlan.

Fljótlega eftir að lögin voru samþykkt kom fram gagnrýni á þetta ákvæði laganna og ákvað nefndin því að taka það til skoðunar, sérstaklega með tilliti til tilskipunar 97/66/EB, um vernd persónuupplýsinga í fjarskiptum, sem vísað hefur verið í til stuðnings umræddu ákvæði.

Ákvæðið fór inn með hliðsjón af því sem menn töldu vera í samræmi við þá tilskipun EB.

Fékk nefndin við þá umfjöllun á sinn fund Gústav Arnar frá Póst- og fjarskiptastofnun, Hjálmar Jónsson og Þór Jónsson frá Blaðamannafélagi Íslands, Sigurð Líndal lagaprófessor, Pál Hreinsson og Sigrúnu Jóhannesdóttir frá tölvunefnd og Jón Kalmansson og Salvöru Nordal frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið og grandskoðun á umræddri tilskipun EB kom fram að ekki er tekið fram berum orðum í tilskipun 97/66/EB að regla sú sem nú er í 3. mgr.

44. gr. sé nauðsynleg. Telur meiri hluti samgöngunefndar að taka verði til skoðunar markmið tilskipunarinnar eins og þau birtast í inngangi hennar og henni sjálfri. Í 16. tölul. inngangs hennar segir að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir heimildarlausan aðgang að tjáskiptum í því skyni að tryggja trúnað tjáskipta í gegnum síma eða aðra fjarskiptaþjónustu. Í 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar sjálfrar er lagt fyrir aðildarríkin að tryggja að landsrétti trúnað tjáskipta í gegnum síma og aðra fjarskiptaþjónustu fyrir almenning. Er aðildarríkjunum sérstaklega falið að banna hlustun, hlerun (tapping), geymslu og aðrar tegundir inngrips (interception) eða eftirlits (surveillance) með tjáskiptum af hálfu annarra en notenda og án þeirra samþykkis. Tilskipuninni er því beint fyrst og fremst gegn því að þriðji aðili, sem ekki er þátttakandi í símtali, hafi aðgang að símtali eða hljóðriti það. Í tilskipuninni er hins vegar ekkert fjallað um hugsanlega hljóðritun aðila að símtali. Notkun orðanna „listening" „tapping" „interception" og „surveillance" í inngangi tilskipunarinnar bendir hins vegar ótvírætt til þess að einungis sé átt við þriðja aðila, þ.e. aðila sem ekki er þátttakandi í símtali.

Með vísan til framangreinds telur meiri hluti nefndarinnar að eðilegt sé að fella umrætt ákvæði brott. Ákvæði annarra laga um vernd persónubundinna réttinda fela að mati hans í sér nægilega vernd þeirra. Má í því sambandi nefna 229. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt henni skal sá sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi er réttlæti verknaðinn, sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Á sínum tíma kom fram í máli Sigurðar Líndals lagaprófessors að hann teldi að hér væri um ofregling að ræða þar sem það væri í raun almenn siðfræði og almenn kurteisi að kynna upptöku á samtölum milli manna. En tilskipun EB snertir ekki þetta atriði í tali tveggja manna heldur þriðja aðila eins og fyrr getur. Það er a.m.k. mat þess sem hér stendur að við eigum að gæta þess að verða ekki kaþólskari en páfinn í þessum efnum frekar en öðrum þó gott sé að hafa reglur. Því leggur meiri hluti nefndarinnar til að þessi breyting verði gerð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfest samvist, 2. umr.

Stjfrv., 558. mál (búsetuskilyrði o.fl.). — Þskj. 860, nál. 1032.

[21:58]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist.

Með frumvarpinu er m.a. lögð til rýmkun skilyrða til að stofna til staðfestrar samvistar til samræmis við löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum. Nefndin leggur jafnframt til viðbótarbreytingu á frumvarpinu. Samkvæmt gildandi lögum eiga ættleiðingarlög ekki við um einstaklinga í staðfestri samvist. Leggur nefndin til breytingu sem felst í því að einstaklingi í staðfestri samvist verði heimilt að ættleiða barn maka síns sem hann hefur forsjá fyrir (stjúpættleiðing). Verið er að tala um börn samkynhneigðra sem þegar eru til staðar í sambandi þeirra.

Tillaga nefndarinnar gerir ráð fyrir að ættleiðingarlög gildi um ættleiðinguna að öðru leyti. Reglur þær sem koma fram í ættleiðingarlögum um skilyrði ættleiðingar, meðferð og úrlausn ættleiðingarmála og réttaráhrif gilda því um ættleiðingu einstaklings í staðfestri samvist á barni hins. Nefndin leggur mikla áherslu á þetta atriði, þ.e. að við beitingu ákvæðisins verði hagsmunir barnsins ætíð hafðir í fyrirrúmi. Þannig skuli nánast undantekningarlaust leitað samþykkis barnsins sé það orðið tólf ára, sbr. 1. mgr. 6. gr. ættleiðingarlaga. Sé barnið yngra en tólf ára skal með hliðsjón af aldri og þroska þess leita eftir afstöðu þess til fyrirhugaðrar ættleiðingar, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þá skal meginreglan vera sú að leitað sé samþykkis hins kynforeldrisins á ættleiðingunni, sbr. 7. gr. ættleiðingarlaga, og að öðru leyti fylgja þeim sjónarmiðum sem byggt er á þegar ákvörðun er tekin um leyfi til ættleiðingar.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. mgr. 6. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón gilda ekki um staðfesta samvist. Þó getur einstaklingur í staðfestri samvist ættleitt barn hins sem hann hefur forsjá fyrir, nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Lög um tæknifrjóvgun gilda heldur ekki um staðfesta samvist.

Lagaákvæði sem fela í sér sérstakar reglur um annan makann í hjúskap og bundin eru við kynferði hans gilda ekki um staðfesta samvist."

[22:01]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hv. formaður allshn., Þorgerður K. Gunnarsdóttir, hefur gert grein fyrir nál. frá nefndinni sem við nefndarmenn undirritum. Fyrir mér og flestöllum hér inni er málið einfalt. Þetta er spurning um rétt barna sem búa hjá samkynhneigðum foreldrum. Breytingin sem hér er lögð til er vegna þeirrar miklu faglegu og góðu umræðu sem átti sér stað þegar ættleiðingarlögin voru til umræðu um jólin. Þá kom þetta mál upp og var farið mjög ítarlega yfir málið, málefni samkynhneigðra og barna þeirra. Réttur þessara barna má ekki vera minni en annarra barna í samfélagi okkar. Við skulum ekki gleyma því að við erum að tala um þúsund börn sem búa hjá foreldrum í slíkum samböndum. Stjúpættleiðing er ekki nýtt úrræði. Til þess er oft gripið þegar faðir er ekki til staðar og börn eru ófeðruð, faðir barns látinn eða horfinn. Afar brýnt er að réttur þessara barna sé jafn og annarra í lögum.

[22:03]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta frv. til laga um breytingu á lögum um staðfesta samvist. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur var stjúpættleiðing rædd töluvert fyrir jólin þegar fjallað var um frv. um ættleiðingar. Ekki náðist samkomulag um að koma þessu ákvæði í ættleiðingarlögin en sú leið var farin að koma réttindamálum barna sem búa í staðfestri samvist inn í lög um staðfesta samvist. Þau líta hér dagsins ljós og hafa, eftir því sem ég hef fylgst með, fengið mjög góða og faglega umfjöllun í nefndinni, ekki bara nú varðandi þetta frv. heldur ekki síður í umræðunni um ættleiðingarlögin fyrir jólin.

Hér er fyrst og fremst verið að rýmka rétt fólks til þess að fara í staðfesta samvist með tilliti til laga í nágrannalöndum

okkar. Auk þess kemur inn í lögin viðbótartillaga um að fólk í staðfestri samvist megi ættleiða barn hins sem hann hefur forsjá fyrir nema um sé að ræða kjörbarn frá öðru landi. Hér er með öðrum orðum verið að fjalla um stjúpættleiðingar. Ég vil leggja áherslu á að í dag eru margar fjölskyldur þar sem um er að ræða staðfesta samvist samkynhneigðra og börn eru til staðar. Það er verið að bæta réttarstöðu þessara barna til jafns við önnur börn. Ég tel þetta því vera mikið réttindamál, ekki aðeins fyrir þá sem eru samkynhneigðir og staðfesta sína samvist heldur sérstaklega fyrir börn þeirra.

[22:06]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er skoðun mín að sú niðurstaða sem hér lögð fram sé röng og hafi ekki við rök að styðjast miðað við almenna reglu sem við hljótum að miða við í þjóðfélaginu. Ég tel í rauninni að ekki eigi að setja sérstök lög sem varða mjög takmarkaðan hóp fólks. Nú hafa lögin um staðfesta samvist verið í gildi í tæp fjögur ár. Það eru alls skráðar 57 staðfestar samvistir hjá Hagstofu Íslands á fjórum árum, 13 á ári. Það er ekki há tala miðað við tilefni þess að setja lög í þessum efnum.

Það skýtur eitthvað skökku við í máli hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur að þúsund börn búi við þessar aðstæður. Ég býst við að mjög erfitt sé að koma því heim og saman að þúsund börn séu hjá 50 fjölskyldum. Það er skilyrði í lagasetningunni að staðfest samvist sé til staðar. Af þessum 57 staðfestu samvistum eru þó nokkrar sem slitnað hefur upp úr eins og gengur og gerist í samböndum fólks.

Ég er ekki að leggja neinn dóm á það fólk sem hér er um að ræða. Mér finnst engu máli skipta hvort menn séu að tala um einstaklinga, fjölskyldur eða hvort menn nota orðið samkynhneigðir eða kynvillingar. Mér finnst persónulegra orðið kynvillingur fallegra orð í íslenskri tungu og hef ekkert við það að athuga. Menn eru kallaðir villingar dagsdaglega, í skóla og annars staðar. Kynvillingur hefur tvenns konar merkingu sem er ósköp eðlileg í íslenskri tungu, annars vegar sá sem hefur tilhneigingu til þess að hafa kynmök við persónu af sama kyni og hann er sjálfur, hins vegar sá sem gerir kynvillu, þ.e. sá sem falsar ætt með því að rangfeðra barn. Þetta er auðvitað ekkert sem skiptir máli í þessu sambandi en það eru mjög strangar reglur á Íslandi um ættleiðingar. Það standa opnar dyr, hvort sem er fyrir hjón eða einstaklinga, að ættleiða börn með mjög ströngum reglum og þannig eiga þær að vera að mínu mati vegna þess að það er ákaflega viðkvæmt mál að fjalla um allt sem heitir réttindi barna.

Því hefur verið haldið fram af sumum talsmönnum samkynhneigðra að það séu mannréttindi að eiga barn. Þetta er rangt. Þetta er alrangt miðað við þá siðfræði sem við byggjum samfélag okkar á. Það eru ekki mannréttindi að eiga barn vegna þess að barn er ekki krafa, barn er gjöf. Við höfum leyft okkur að kalla barn gjöf guðs og það er ekki krafa. Þetta eru hlutir sem við eigum að taka tillit til og virða. Alls staðar í samfélaginu eru ákveðin vandamál sem við erum að glíma við, vandamál ákveðinna hópa eða persónuleg vandamál og hver hefur sinn djöful að draga, eins og sagt er. Við fjölgun í samfélagsinu þarf tvo til, þess vegna viljum við ugglaust byggja á helgi hjónabandsins sem hefur kannski farið svolítið halloka hjá okkur á Íslandi í velferðarsamfélaginu um nokkurt árabil þar sem við höfum mismunað hjónabandinu miðað við ýmislegt annað. En hjónabandið, eðlilegt hjónaband, er auðvitað langreyndasta aðferðin til að skapa eðlilegan grundvöll fyrir hamingju barns, barns sem er gjöf hvar og hvenær sem er.

Ég held að það sé rangt að setja lagaákvæði, sérákvæði sem á við svo þröngan hóp sem hér um ræðir þó ég geri engan mannamun. Lagasetning á að vera alhliða og á ekki að þróast út í þær öfgar sem reiðuleysi í nútímaþjóðfélagi kallar á svo margan hátt yfir okkur, agaleysi og óvissu sem er á skjön við þann siðferðisgrunn sem við eigum að byggja á, þá biblíu sem við viljum treysta og trúa á. Þess vegna er þetta fljótræði að mínu mati sem tryggir ekki rétt barnsins. Það er enginn þáttur í þessu sem tryggir rétt barnsins. Þetta frv. leggur fram tæknilega niðurstöðu án þess að hafa tekið siðfræðilega umræðu, siðfræðilega skoðun ofan í kjölinn, um hvaða farveg er verið að búa til fyrir barnið. Almenna reglan hlýtur að vera eina reglan sem við getum miðað við, sem er ásættanleg fyrir þjóðfélagið annars er fjandinn laus.

Það eru u.þ.b. 1.500 hjónavígslur á ári á Íslandi. Þeim hefur jafnt og þétt farið fjölgandi á undanförnum árum. Fyrir þremur árum voru þær 1.300, fyrir tveimur árum 1.400 og á síðasta ári liðlega 1.500. Það er sá grunnur sem við höfum til viðmiðunar. Þess vegna er hæpið að fara í þessa lagasetningu þó aðeins sé verið að ræða um stjúpættleiðingu. Þau börn sem um ræðir eru líka börn. Við eigum númer eitt, tvö og þrjú að tryggja rétt barnsins, ekki kröfuna um mannréttindi á röngum forsendum.

[22:14]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega andmæla orðum hv. þm. Árna Johnsens þegar hann segir að ekki þurfi að setja sérstök lög um börn í staðfestri samvist þar sem þau séu fá. Mér væri sama þó það væri eitt barn ef það er órétti beitt. Það skiptir ekki máli hvort börnin eru fá eða mörg. Þau njóta ekki sömu réttinda og önnur börn. Þau eru undanþegin ættleiðingarlögunum og okkur ber að veita þeim sömu réttindi og öðrum börnum.

Varðandi siðfræðina er ekki tími í stuttu andsvari að fara í rökræður út af kristindómi og siðfræði en ég hef ekki lesið Biblíuna með þeim augum að Jesús Kristur hafi gert upp á milli manna. Og þau ummæli að hér sé verið að tala um þröngan hóp, þá fjölluðum við í dag líka um þröngan hóp þriggja tannsmiða sem eiga að fá umtalsverð réttindi.

[22:16]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður er það svo að hv. Alþingi stendur ekki í sporum Jesú Krists, og mér finnst vægast sagt ósmekklegt að líkja saman barni og réttindum til tannsmíða. Ég er eingöngu að leggja áherslu á mál mitt út frá því sjónarmiði að barnið hafi réttinn. Það eru ströng lög og strangar reglur um ættleiðingu. Hún er opin fyrir hjón og einstaklinga. Réttindin geta á svo margan hátt verið tryggð. Það er engin lausn endanleg og eilíf fyrir barnið að lúta fyrir þeim reglum sem hér er verið að fjalla um. Það tryggir ekki hamingju og lífsgleði, ekki frekar en svo margt annað sem menn vilja þó hafa til viðmiðunar, en réttur barnsins á að vega þyngst í þessu.

[22:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er mikilvægt mál á ferð og rétt að taka þessu máli með mikilli alvöru og það eru þingmenn að gera. Lesbíur og hommar lifa í þessu samfélagi sem er samfélag gagnkynhneigðra. Lesbíum og hommum er það

mjög mikilvægt að finna að þau eigi sér málsvara, ekki bara á meðal samkynhneigðra heldur ekki síður á meðal gagnkynhneigðra. Eins og öllu fólki er nauðsynlegt að eiga stuðningsmenn sem hægt er að leita til, aðstandendur sem skilja vandamálin, þá er samkynhneigðum það nauðsynlegt að eiga hér stuðningsmenn, að eiga velviljað fólk sem skilur þau vandamál sem við er að etja. Samkynhneigðir eiga sér málsvara á Alþingi Íslendinga. Samkynhneigðir hafa átt sér málsvara á Alþingi Íslendinga á umliðnum árum.

Lög um staðfesta samvist voru samþykkt í þessum sölum í júlí 1996 og ef ég man rétt, herra forseti, þá var sama ár sett ákvæði í almenn hegningarlög að bannað væri hér á landi að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar. En það hefur einungis verið í lögum, herra forseti, í fimm ár, kannski sex, en það er í lögunum sem við störfum eftir í dag. Á Íslandi er ekki heimilt að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar og það er ekki réttlætanlegt að í landinu séu í gildi lög sem mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar. Það er ákvæði af því tagi sem verið er að leiðrétta hér og hv. allshn. hefur lagt til brtt. við það frv. sem hér er til umræðu og sú brtt. er alls góðs makleg og hún á það sannarlega skilið að vera samþykkt í þingsölum vegna þess að í henni felst yfirlýsing um stuðning við minnihlutahóp í samfélaginu.

Það eru ekki rangar tölur sem farið er með þegar talað er um að á að giska þúsund börn séu alin upp hér og nú á Íslandi á heimili þar sem foreldrarnir eru samkynhneigðir. Við höfum undir höndum tölur sem sýna hugsanlegan fjölda samkynhneigðra foreldra og barna þeirra miðað við mannfjölda á Íslandi í dag og miðað við erlendar forsendur um fjölda samkynhneigðra foreldra. Herra forseti. Íslendingar eru ekkert öðruvísi en aðrar þjóðir. Það að áætla að þúsund börn búi við slíkar aðstæður í dag er ekki vanáætlað.

Nú hefur það komið fram í umræðunni, herra forseti, að ekki séu til vísindalegar rannsóknir sem styðji það að samkynhneigðir séu síðri uppalendur en gagnkynhneigðir. Rannsóknir frá mörgum löndum sýna það og staðfesta að samkynhneigðir eru nákvæmlega jafngóðir uppalendur og gagnkynhneigðir, samkynhneigðir elska líka börnin sín eins og gagnkynhneigðir. Þess vegna eiga börn samkynhneigðra að sjálfsögðu sama rétt og börn gagnkynhneigðra.

Herra forseti. Þegar því er haldið fram að börn sem alast upp í samkynhneigðum fjölskyldum eigi frekar á hættu að verða samkynhneigð sjálf, þá er það rangt og nægir að nefna það að þeir sem eru samkynhneigðir í dag og hafa tjáð sig fyrir hönd Samtakanna '78 eru allir fæddir inn í gagnkynhneigðar fjölskyldur.

Herra forseti. Baráttan fyrir rétti til stjúpættleiðinga samkynhneigðra varðar vissulega mannréttindi. Hún varðar mannréttindi samkynhneigðra í staðfestri samvist. En umfram allt snýst þessi barátta samt sem áður um réttindi og hagsmuni og velferð þeirra barna sem um ræðir og þau börn eru að alast upp í okkar samfélagi í dag. Þetta eru börn sem sækja félagslegt og réttarlegt öryggi sitt einungis til þess kynforeldris sem þau búa með. Þetta eru börn sem eiga ekki kost á slíku frá hinu kynforeldrinu, í sumum tilfellum vegna þess að hitt kynforeldrið er látið en í öðrum tilfellum vegna þess að hitt kynforeldrið vill ekki af barninu vita og hefur afsalað sér forsjá þess.

Við hlið þessa barns stendur stjúpforeldri, sem er að ala barnið upp, sem samkvæmt þeim lögum sem við búum við í dag hefur ekki mátt ættleiða þetta barn. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verður réttarbót í lífi þessa barns og það fær sömu mannréttindi sem önnur börn sem búa við sömu aðstæður hafa haft rétt til, og öll börn eiga að sjálfsögðu rétt á.

Herra forseti. Ég treysti því að fjölskyldur samkynhneigðra eigi jafnmarga málsvara á Alþingi Íslendinga og þær áttu árið 1996 þegar lögin um staðfesta samvist voru samþykkt hér í þingsölum.

[22:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég fagna frv. mjög og ég lít á þetta sem lagfæringu á ágalla á löggjöf okkar þar sem skort hefur upp á að allir væru jafnir fyrir lögunum án tillits til litarháttar, skoðana, trúarbragða eða kynhneigðar. Mér finnst sérstaklega mikilvægt að verið er að gera ráðstafanir til að tryggja jafnrétti barna gagnvart lögunum. Ég mun greiða þessu máli atkvæði mitt með sérstakri gleði, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög, 2. umr.

Stjfrv., 467. mál (inntaka nema og þjálfun í Lögregluskólanum). — Þskj. 745, nál. 1103.

[22:25]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breyting á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Með frv. er í fyrsta lagi lögð til ákveðin rýmkun á inntökuskilyrðum í Lögregluskóla ríkisins, þ.e. að valnefnd skólans verði veitt meira svigrúm við ákvörðun um inntöku lögreglumanna inn í skólann.

Í örðu lagi er markmiðið að gera nám og þjálfun lögreglumannanna skilvirkari og um leið samfelldari. Markmiðið með þessum breytingum er að faglærðum lögreglumönnum fjölgi en ófaglærðum mönnum í lögreglunni hefur fjölgað á undanförnum árum.

Við fengum á fund nefndarinnar nokkra gesti, þar á meðal Arnar Guðmundsson frá Lögregluskóla ríkisins, Jónas Magnússon frá Landssambandi lögreglumanna og Þóri Oddsson vararíkislögreglustjóra. Í máli þeirra kom skýrt fram að ákvæði gildandi laga um inntökuskilyrði í Lögregluskólann eru býsna ströng. Upp hafa komið tilvik að þurft hefur að vísa mjög hæfum umsækjendum frá vegna strangra skilyrða, t.d. um aldur umsækjenda. Því eru veigamikil rök fyrir að rýmka þessi skilyrði.

Herra forseti. Mig langar aðeins að koma inn á þá umsögn sem Lögregluskóli ríkisins veitti en hún lýsir mjög því sem verið er að hugsa með slíkum breytingum og þá um leið náminu eins og það verður ef þessi lög verða samþykkt á hinu háa Alþingi.

Breytingar á skipulagi náms í skólanum fela einkum í sér breytingar á starfsþjálfun nemendanna. Eins og ég sagði áðan er í dag mikill skortur á menntuðum lögreglumönnum til starfa, þ.e. faglærðum lögreglumönnum. Í lögreglu ríkisins eru því jafnan á hverjum tíma margir tugir ófaglærðra manna sem sinna lögreglustörfum. Markmið lögregluyfirvalda er að í náinni framtíð sinni ekki aðrir lögreglustörfum en þeir sem lokið hafa grunnnámi við Lögregluskóla ríkisins.

Lögregluskóli ríkisins, ríkislögreglustjóri sem og dómsmrn. hafa komist að þeirri niðurstöðu að fjölga beri menntuðum lögreglumönnum verulega á næstu árum. Þegar hefur verið ákveðið að á þessu ári verði útskrifaðir allt að 62 lögreglumenn frá skólanum, helmingur í maí og annar helmingur í desember. Stjórnendur Lögregluskólans telja æskilegra að námið verði heildstæðara en að þeirra mati er starfsþjálfunin í dag of löng. Tillögur frv. miða því að að stytta starfsþjálfunina þannig að lögreglunámið taki eitt samfellt ár jafnframt því sem gert er ráð fyrir að eftirlit skólans með nemendum í starfsþjálfun verði meira en nú er. Til að gefa einhverja mynd af þeirri hugsun sem býr að baki, eða hvernig námið verður þegar þessi lög eru komin til framkvæmda, ef Alþingi samþykkir þau, vil ég leyfa mér, herra forseti, að vitna í bréf frá Lögegluskólanum:

„Í samræmi við þessar hugmyndir er lagt til að almennu lögreglunámi og starfsþjálfun verði skipt í þriggja anna heildstætt nám, sem taki því sem næst 12 mánuði, þannig að fyrri önn í skólanum verði í fjóra mánuði, að jafnaði janúar til og með apríl; þá taki við fjögurra mánaða starfsþjálfun, sem áhersla er lögð á að er hluti námsins, og að því loknu tekur við fjögurra mánaða síðari önn í skólanum fram undir jól. Með slíku samfelldu námi" — en m.a. er ætlunin að þetta taki yfir heilt almanaksár — „og þjálfun telja stjórnendur skólans að tök séu á að auka gæði námsins í heild sem ætti að vera flestum þeim sem áhuga hafa fremur spennandi og hagkvæmur kostur, auk þess sem fullyrða má að þetta verði betra nám sem samt sem áður mun kosta samfélagið minna en nú er. Slíkt fyrirkomulag grunnnámsins gerir skólanum kleift að efla enn frekar framhaldsmenntun lögreglumanna sem þrátt fyrir allt hefur verið verulega efld á síðustu árum."

Herra forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[22:31]

Útbýting þingskjals:

Fæðingar- og foreldraorlof, 623. mál, nál. félmn., þskj. 1152.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 628. mál. — Þskj. 1108.

[22:31]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar fyrir hönd hv. allshn. Frv. er byggt á úrvinnslu á 26 umsóknum um ríkisborgararétt sem bárust okkur í nefndinni. Nefndin telur að átta einstaklingar eigi að hljóta íslenskan ríkisborgararétt að þessu sinni.

Einnig vil ég geta þess að allshn. vinnur nú að mótun nýrra starfsreglna um veitingu íslensks ríkisborgararéttar eftir að lögum um íslenskan ríkisborgararétt var breytt síðla árs 1998. Er ætlunin að taka upp þessa vinnu strax í haust.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Höfundalög, 2. umr.

Stjfrv., 325. mál (EES-reglur). — Þskj. 575, nál. 1110, brtt. 1111.

[22:33]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1110 og brtt. á þskj. 1111 um frv. til laga um breyting á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum, frá menntmn.

Helsta markmið þeirra breytinga á höfundalögum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu er að laga íslenska höfundalöggjöf að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9 um lögverndun gagnagrunna. Þá er með frumvarpinu gerð tillaga um að samræma íslensk höfundalög að tilskipun ráðsins 92/100/EBE, um leigu- og útlánsrétt og önnur réttindi tengd höfundarrétti á sviði hugverkaréttar. Að lokum er í frumvarpinu gerð tillaga um breytingar á ákvæðum varðandi vernd tölvuforrita með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/250/EBE, um lögvernd fyrir tölvuforrit.

Gagnagrunnur er skilgreindur í tilskipun Evrópusambandsins sem safn sjálfstæðra verka, upplýsinga eða efnisatriða sem komið er fyrir með skipulegum eða kerfisbundnum hætti og eru aðgengileg með rafrænum aðferðum eða á annan hátt. Lögvernd gagnagrunna samkvæmt frumvarpi þessu er tvíþætt. Annars vegar lýtur hún að vernd höfunda gagnagrunnsins að fullnægðum almennum skilyrðum höfundarréttar um verkshæð. Þannig er þess krafist að fullnægt sé skilyrðum um frumleik og skapandi vinnu í vali og niðurröðun efnis í gagnagrunninn. Hins vegar lýtur lögverndin að vernd fjárfesta, þ.e. að tímabundnum einkarétti framleiðenda gagnagrunna til eintakagerðar í því skyni að tryggja þeim hæfilegt endurgjald fyrir afnot annarra aðila af efni gagnagrunna á verndartímabilinu sem er 15 ár. Ástæðan fyrir þessari vernd er sú að miklir fjárhagslegir hagsmunir eru tengdir því að byggja upp gagnagrunna.

Rétt er að taka fram að gagnagrunnur kann að geyma höfundarréttarlega varið efni sem að sjálfsögðu er verndað samkvæmt almennum rétti höfundarréttar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lögð er til lagfæring orðalags í 1. málsl. 2. efnismgr. 1. gr.

2. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. Ör tækniþróun og framfarir í dreifingu á hugverkum geta haft í för með sér mikla röskun á réttindum höfunda, listflytjenda og framleiðenda. Er hér einkum átt við eintakagerð til einkanota. Í athugasemdum við lagafrumvarp um breytingu á höfundalögum, sem lagt var fram á 106. löggjafarþingi 1983–84, kom fram að vegna eintakagerðar til einkanota væri eðlilegt og reyndar sjálfsagt að rétthafar fengju bætt það tjón sem leiðir af þverrandi sölu hljóðrita af þeim sökum og auk þess greiðslur fyrir þau auknu afnot hugverka sem ný tækni hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér. Til þess að koma til móts við þessi sjónarmið var 11. gr. höfundalaga breytt með lögum nr. 78/1984, og lögfest gjald á auð bönd og/eða upptökutæki. Núna er komin til sögunnar stafræn eintakagerð til einkanota. Slíkar upptökur eru orðnar mjög góðar og segja má að eintak sem fjölfaldað hefur verið stafrænt sé mjög svipað að gæðum og frumeintakið. Af þessum sökum er nú lögð fram tillaga um breytingu á 11. gr. höfundalaga, þar sem lagt er til að rétthafar eigi rétt á sérstöku endurgjaldi

vegna upptöku á verkum til einkanota á bönd, diska, plötur eða aðra hluti, í hvaða formi sem þeir eru, sem taka má upp á hljóð eða myndir með hliðrænum eða stafrænum hætti.

3. Lögð er til breyting á 3. gr. til frekari skýringar á því hverjum sé heimil gerð eintaka eftir tölvuforriti. Réttur notanda er ætíð afleiddur af rétti eiganda eintaks af tölvuforriti.

4. Lagt er til að 2. málsl. efnismálsgreinar b-liðar 4. gr. falli brott þar sem málsliðurinn hefur lítið notagildi og hefur jafnframt sætt gagnrýni.

5. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. þar sem m.a. er lagt til að Höfundarréttarsjóður myndlistarmanna eða annar sjóður sem kæmi í hans stað reikni sér hæfilegt endurgjald fyrir innheimtu gjalds við endursölu á listaverkum í atvinnuskyni. Í því sambandi leggur nefndin áherslu á að ekki verði heimilt að áskilja hærra endurgjald en sem nemur kostnaði við innheimtuna á grundvelli traustra útreikninga á þeim kostnaðarliðum sem heimilt er að telja til innheimtukostnaðar. Hér fellur undir t.d. viðhald gagnagrunns um rétthafa og umboðsmenn, sem og endurseljendur listaverka í atvinnuskyni, vegna innheimtu og skila á gjaldi, miðlun upplýsinga til seljenda vegna gjaldtökunnar, bréfaskriftir í tengslum við innheimtu, kostnaður við innheimtuaðgerðir, innheimtuþóknun og endurskoðunar- og bókhaldskostnaður. Jafnframt er mælt fyrir um kröfurétt rétthafa listaverka á hendur framangreindum samtökum vegna innheimtunnar.

Þá er lagt til að við bætist ný málsgrein, er verði 4. mgr., þar sem lögð er til breyting á því fyrirkomulagi sem gilt hefur um innheimtu svonefnds fylgiréttargjalds sem leggst á söluverð við endusölu listaverka í atvinnuskyni og sölu listaverka á listmunauppboðum. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, sem byggt er á 25. gr. b höfundalaga og reglugerð nr. 244/1993, sér Myndlistarsjóður Íslands um innheimtu gjaldsins samkvæmt skilagreinum sem söluaðilum listaverka ber að skila ársfjórðungslega til sjóðsins. Nokkur vanhöld hafa verið á því að umræddar skilagreinar hafi borist sjóðnum en þær eru forsenda frekari innheimtu á vegum hans. Hefur þetta leitt til þess að aðeins hluti af innheimtu fylgiréttargjaldi er talinn skila sér til rétthafa. Af þessum sökum þykir nauðsynlegt að tekin verði upp hér á landi sambærileg lagaskylda söluaðila til afhendingar skilagreina og gildir samkvæmt dönsku höfundalögunum. Lagt er til að söluaðilum verði gert skylt að skila ársfjórðungslega skilagreinum um seld listaverk, staðfestum af löggiltum endurskoðanda. Til að tryggja rétta meðferð gjaldsins er jafnframt lagt til að söluaðila verði skylt að skila skilagreinum fyrir þau tímabil er engin listaverk hafa verið seld. Samhliða framangreindum breytingum er gert ráð fyrir því að samtök listamanna, sem menntamálaráðherra viðurkennir, sjái um innheimtu fylgiréttargjaldsins í stað Myndlistarsjóðs Íslands. Þá er gert ráð fyrir að í stað núgildandi reglugerðar um fylgiréttargjald og Myndlistarsjóð Íslands verði sett ný reglugerð á grundvelli 5. gr. frumvarpsins.

6. Lögð er til breyting á 11. gr. í samræmi við 5. gr. Vanræksla aðila sem fæst við endursölu listaverka í atvinnuskyni á að senda samtökum rétthafa skilagrein um seld listaverk mun varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæði þetta þykir nauðsynlegt til að tryggja að ávallt liggi fyrir réttar upplýsingar um skil seljanda á fylgiréttargjaldi til samtaka myndlistarmanna.

7. Lögð er til breyting á 15. gr., um verndartíma gagnagrunna, til að eyða því tómarúmi sem myndast hefði frá 1. janúar 2000 til gildistöku laganna og til að tryggja að ekki sé skertur verndartími þeirra gagnagrunna sem gerðir hafa verið frá 1. janúar 1983 til gildistöku laganna þannig að sú vernd haldist til 1. janúar 2016.

8. Að lokum er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða þar sem nánar er mælt fyrir um niðurlagningu Myndlistarsjóðs Íslands, samanber athugasemdir við 5. tölulið hér að framan. Þannig er lagt til að menntamálaráðherra skipi skilanefnd sem í eiga sæti þrír menn. Einn nefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu samtaka myndlistarmanna en tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal hafa lokið störfum innan sex mánaða frá gildistöku laganna.

Menntmn. stendur einróma að áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yrkisréttur, 2. umr.

Stjfrv., 527. mál. — Þskj. 828, nál. 1109.

[22:43]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um yrkisrétt.

Hv. landbn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti. Umsagnir bárust um málið frá Landgræðslu ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Líffræðistofnun Háskóla Íslands.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að unnt verði að sækja um og öðlast hugverkarétt á plöntukynbótum, svokallaðan yrkisrétt, en kveðið er á um hann í TRIPS-hluta samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem Ísland er aðili að. Með hugtakinu yrki er átt við nýtt afbrigði eða stofn af plöntutegund og með veitingu yrkisréttar mun rétthafi yrkis öðlast einkarétt til hagnýtingar þess í atvinnuskyni.

Aðalefni þessa yrkisréttar er að hann veitir yrkishafa einkarétt til ræktunar, meðferðar og verslunar með efnivið til fjölgunar yrkisins. Aðrir þurfa leyfi yrkishafa til hagnýtingar þess og er yrkishafanum heimilt að krefjast sanngjarns gjalds fyrir, þ.e. svokallað nytjaleyfisgjald. Rétturinn nær ekki til uppskeru að yrkinu sé hún ekki notuð til fjölgunar að því tilskildu að ekki hafi verið á neinn hátt brotið á rétti yrkishafa með ræktuninni. Þá er notkun yrkis í einkaþágu og til tilrauna og kynbóta heimil án sérstaks leyfis.

Herra forseti. Með frv. þessu er annars vegar stefnt að því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga og hins vegar að tryggja íslenskum kynbótaaðilum arð af starfi sínu til að standa straum af kostnaði við frekari kynbætur.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Jónína Bjartmarz.

Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu þess.

Undir álitið rita frsm., sá sem hér stendur, Einar Már Sigurðarson, Guðjón Guðmundsson, Þuríður Backman, Drífa Hjartardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 1. umr.

Frv. landbn., 625. mál (lánsheimildir). — Þskj. 1090.

[22:47]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, nr. 68/1997. Þetta mál er ekki stórt í sniðum. Það er hins vegar mikilvægt fyrir þá sem skipta við Lánasjóð landbúnaðarins en hann hefur fremur stífar reglur. Með frv. eru þær rýmkaðar. Í 1. gr. kemur fram að tilgangur laganna er að auka sveigjanleika sjóðsins til endurfjármögnunar á rekstrar- og fjárfestingarskuldum bænda.

2. gr. er þannig:

„Upphæð lána má vera allt að 65% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Upphæð lána til kaupa á jörðum má vera allt að 70% af matsverði eignar. Lán er heimilt að veita í áföngum."

3. gr. er gildistökuákvæðið, að lögin öðlist þegar gildi.

Herra forseti. Í athugasemdum með frv. kemur fram að tilgangur þess sé að rýmka heimildir Lánasjóðs landbúnaðarins til lánveitinga.

Með frv. er stefnt að því að lögfesta heimildir fyrir Lánasjóð landbúnaðarins til að veita bændum lán til endurfjármögnunar á rekstrar- og fjárfestingarskuldum bænda. Í lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, var ákvæði sem heimilaði slík lán til endurfjármögnunar á rekstrar- og fjárfestingarskuldum bænda. Það er ekki ótvírætt í lögunum um Lánasjóð landbúnaðarins sem tók við af Stofnlánadeildinni. Því er brugðið á það ráð að fá breytinguna lögfesta, þ.e. slík heimild er þá ótvíræð verði þetta að lögum.

Í framkvæmd hefur komið í ljós að veruleg þörf er á slíku ákvæði þar sem fjölmargir bændur hafa farið þá leið að fjármagna framkvæmdir í búrekstri og kaup á vélum, bústofni og fóðri með skammtímalánum og sitja margir uppi með óhagstæð lán og mikla greiðslubyrði sem erfitt er að standa straum af með tekjum búsins. Því er farin sú leið að heimila lengri lán og væntanlega hagstæðari að þessu leyti.

Í annan stað felur frv. í sér rýmkun á heimild Lánasjóðs landbúnaðarins til lánveitinga. Samkvæmt gildandi lögum mega lánin nema allt að 60% kostnaðarverðs af framkvæmdum. Í frv. er gert ráð fyrir því að sú heimild hækki í 65% og enn fremur, eins og áður sagði, að jarðakaupalán megi hækka upp í 70% af matsverði eigna.

Eins og fram er komið flytur landbn. sjálf þetta mál. Ekki er gerð tillaga um að vísa því til nefndarinnar sérstaklega og vænti ég þess að það muni hljóta skjóta afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hópuppsagnir, 2. umr.

Stjfrv., 469. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 748, nál. 1122.

[22:51]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1122 um frv. til laga um hópuppsagnir.

Félmn. hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Eyþingi, Bandalagi háskólamanna, Sjómannasambandi Íslands, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Frv. er lagt fram í þeim tilgangi að gera íslenska löggjöf um hópuppsagnir skýrari og laga hana að tilskipun 98/59/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir samkvæmt skuldbindingum Íslands við aðild að Evrópska efnahagssvæðinu.

Nefndin lítur svo á að ákvæði frv. séu til bóta, einkum hvað varðar framkvæmd hópuppsagna, tilkynningarskyldu til svæðisvinnumiðlana og samráð við trúnaðarmenn stéttarfélaga.

Athugasemdir bárust um að áhafnir skipa væru í b-lið 2. gr. frv. undanskildar ákvæðum þess og ræddi nefndin nokkuð um ástæður þess. Sams konar ákvæði er að finna í gildandi lögum um hópuppsagnir og er þetta í samræmi við margar sérreglur um sjómenn, t.d. varðandi vinnutíma. Þá taka sérstök ákvæði sjómannalaga á réttindum og skyldum sjómanna. Að svo búnu taldi nefndin því ekki ástæðu til að hrófla við þessu ákvæði frv.

Nefndin leggur til breytingu á frv. þess efnis að orðið „öðru" verði fellt brott úr 1. mgr. 4. gr. Ankannalegt er að tala um atvinnurekanda og annað fyrirtæki þar sem atvinnurekandi hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera persóna en ekki fyrirtæki í þeim skilningi sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 4. gr.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég nefndi. Undir nál. rita allir hv. þm. í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 545. mál (kröfufyrning barnsmeðlaga). — Þskj. 847, nál. 1123.

[22:53]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1123 um frv. til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Félagi einstæðra foreldra, Tryggingastofnun ríkisins, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ríkisendurskoðun, Innheimtustofnun sveitarfélaga og Félagi ábyrgra feðra.

Frv. er lagt fram í því skyni að lögfesta þá tilhögun að fyrningarfrestur endurgreiðslna meðlagskrafna á hendur meðlagsskyldum foreldrum verði tíu ár. Sá skilningur hefur lengi verið við lýði hér á landi að meðlagskröfur fyrnist ekki. Í dómi Hæstaréttar frá 24. ágúst 1999 í máli nr. 254/1999 var því hafnað og talið að kröfur til endurgreiðslu meðlags fyrndust á fjórum árum. Til þess að unnt sé að koma að verulegu leyti í veg fyrir að Innheimtustofnun sveitarfélaga tapi kröfum vegna hins stutta fyrningarfrests sem kveðið er á um í dóminum er lagt til að fyrningarfrestur endurgreiðslna meðlagskrafna verði tíu ár, en það er í samræmi við almennan fyrningarfrest í lögum um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, nr. 14/1905.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. En undir nál. rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Kristján L. Möller, Kristján Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz og Steingrímur J. Sigfússon með fyrirvara.

[22:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu formanns rita ég undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur að því hvort það sé eðlilegur frágangur mála að hægt sé með tilteknum aðgerðum að endurvekja eða viðhalda kröfum á hendur einstaklingum, þess vegna ævilangt, vegna atvika sem orsakast geta af mjög sérstökum aðstæðum. Ég deili ekki um að nauðsynlegt er að tryggja að Innheimtustofnun sveitarfélaga geti á eðlilegan hátt innheimt kröfur sínar á hendur þeim sem stofnunin á kröfur á en hefur þegar innt af hendi greiðslur fyrir. Það er ljóst að um mjög sérstakt samband er að ræða þar sem opinber stofnun hefur innt greiðslur af hendi og á síðan endurkröfurétt á þá sem ekki hafa staðið í skilum með sín mál.

Engu að síður hlýtur að orka tvímælis, herra forseti, að hægt sé með tilteknum aðgerðum, þ.e. lögtaksaðgerðum eða aðför á 10 ára fresti, að endurvekja eða viðhalda slíkum kröfum, þess vegna um áratuga skeið. Enda eru til dæmi um ótrúlega gömul innheimtumál í kerfinu. Rétt er að hafa í huga að kröfur geta í þessu tilviki myndast vegna mjög sérstakra aðstæðna svo sem að lyktir fáist í faðernismál eða af öðrum ástæðum, að þá myndist skyndilega eftir eitthvert árabil há uppsöfnuð krafa.

Herra forseti. Ég tel aðrar leiðir koma til álita og það er ástæða fyrirvara míns. Ég hefði gjarnan viljað að kostur hefði gefist á að skoða hvort ekki væri, um leið og ófyrnanleiki þessara krafna er gerður jafnafdráttarlaus og hér er gert með 10 ára fyrningartíma og svo með það í huga að síðan væri hægt að halda kröfunni við með aðgerðum lengur, að setja á móti endanlegt þak eða sólarlag á hámarkslengd slíkra krafna, t.d. 20 ár eða annað í þeim dúr. Persónulega hef ég, herra forseti, ekki verið hrifinn af þeirri aðferð sem notuð er í tilviki sem að sumu leyti er hliðstætt, þegar um gjaldþrotameðferð á persónulegum fjárhag einstaklings hefur verið að ræða. Þá halda kröfur eftir meðferðina, sem ekki er í þeim skilningi fullnaðaraðferð, gildi sínu í 10 ár og er síðan með sams konar aðferðum hægt að endurlífga þær. Úr því getur komið sú staða að einstaklingar sem af ýmsum og jafnvel óviðráðanlegum ástæðum hafa lent í þessum aðstæðum eru eltir út lífið með slíkum aðgerðum. Að þessu leyti virðist það sama geta orðið upp á tengingnum. Mér er það nokkurt umhugsunarefni, herra forseti, þannig að ég hef þennan fyrirvara á um málið sem ég styð að öðru leyti. Mér er ljóst að það er nauðsynlegt í kjölfar þeirrar dómtúlkunar sem vitnað var til að koma þessum málum í fastar skorður.

Ég tek svo fram að lokum, herra forseti, að afstaða mín er alls ekki sprottin af sérstakri samúð með þeim sem ekki inna greiðslur sínar af hendi í þessum tilvikum. Það ber mönnum að sjálfsögðu að gera. Hins vegar geta komið upp tilvik þar sem óvenjulegar aðstæður valda því að krafan myndast og hefur jafnvel safnast upp á árabili og það er m.a. með slík tilvik í huga sem mér finnst ástæða til að hyggja að því hvort þetta sé nógu vandaður frágangur á málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkunýtnikröfur, 2. umr.

Stjfrv., 523. mál. — Þskj. 824, nál. 1124.

[23:00]

Frsm. iðnn. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um orkunýtnikröfur.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Jóhann Ólafsson frá Löggildingarstofu, Önnu Birnu Halldórsdóttur frá Samkeppnisstofnun og Stefán Guðjónsson og Guðrúnu Ástu Sigurðardóttur frá Samtökum verslunarinnar. Umsagnir um málið bárust frá Orkustofnun, Löggildingarstofu og Landsvirkjun.

Frumvarpinu er ætlað að veita iðnaðarráðherra heimild til að kveða á um orkunýtnikröfur tiltekinna véla, tækja og búnaðar í því skyni að orka verði nýtt á skynsamlegan og hagkvæman hátt. Við setningu reglna um orkunýtnikröfur einstakra tækja er gert ráð fyrir að innleiddar verði tilskipanir Evrópusambandsins um orkumerkingar og orkunýtni ýmiss búnaðar. Þannig yrði skyldum Íslands á þessu sviði vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu fullnægt. Nefndin ræddi nokkuð það fyrirkomulag að veita ráðherra svo víðtæka heimild til setningar reglugerða eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þó að því fylgi nokkrir ókostir lítur nefndin svo á að slík reglugerðarheimild til handa ráðherra sé heppilegri leið en að innleiða þurfi hverja tilskipun sérstaklega með lögum.

Nefndin telur að með lögfestingu ákvæða frumvarpsins verði stigið mikilvægt skref í þá átt að auka orkusparnað, bæta nýtingu verðmæta og draga úr sóun á orku. Nefndin bendir jafnframt á að ekki er hægt að skilja frumvarpið svo að það taki eingöngu til véla, tækja og búnaðar sem nýti raforku, heldur einnig aðra orku, svo framarlega sem skilyrði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins séu uppfyllt.

Nefndin gerir breytingartillögu við 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins þess efnis að ekki megi banna markaðssetningu vöru sem hafi CE-samræmismerki. Hafi vara slíkt merki er gert ráð fyrir að hún uppfylli kröfur um orkunýtni nema annað sé sannað.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi breytingu:

Við 3. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo: Óheimilt er að banna markaðssetningu vöru sem uppfyllir kröfur um orkunýtni og hefur CE-samræmismerki, enda uppfylli hún skilyrði annarra laga

Ísólfur Gylfi Pálmason var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn iðnn., Hjálmar Árnason formaður, Guðjón Guðmundsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Árni Steinar Jóhannsson, Árni R. Árnason og Ásta R. Jóhannesdóttir, rita undir þetta nefndarálit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 503. mál (dvalarkostnaður foreldris). — Þskj. 798, nál. 1125.

[23:03]

Frsm. heilbr.- og trn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir að greiða óhjákvæmilegan dvalarkostnað annars foreldris við sjúkrahúsinnlögn barns yngra en 18 ára fjarri heimili. Ef um er að ræða erfiða meðferð við lífshættulegum sjúkdómi er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra barns undir 18 ára aldri.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita Jónína Bjartmarz, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Katrín Fjeldsted, Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Tómas Ingi Olrich og Jón Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268.

[23:05]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja eftir hæstv. fjmrh. því að forsenda þess að geti haldið áfram máli mínu er að hann sé hér til staðar. Hér gengur hann í salinn. (Gripið fram í.) „Engin forsenda", segir hæstv. fjmrh. sem þykist ekki þurfa að tala við nokkurn mann um þetta frv. Sú gagnrýni sem fram hefur komið á framgöngu hans í þessu máli er einmitt sú að hann hafi virt að vettugi óskir sem fram hafa komið frá þeim samtökum sem hlut eiga að máli og stóðu að samkomulagi sem gert var á haustdögum árið 1986 og þetta frv. eða lagabálkur sem hér er verið að gera tillögu um breytingu er byggður á. Það var byggt á samkomulagi sem gert var á milli fjmrn. og Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og BSRB og BHMR og Kennarasambandsins hins vegar og undirritað og birt sem fylgigagn í athugasemdum með stjórnarfrv. á sínum tíma. Mönnum til upprifjunar þá er hér verið að gera tillögu um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Tillaga ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. gengur út á það að breyta 14. gr. þeirra laga og bæta inn í hana ákvæði sem kæmi til með að banna hópuppsagnir. Ákvæðið er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla."

Síðan er lagt til að þessi lög öðlist þegar gildi.

Röksemdin sem fram er færð með þessu kemur fram í athugasemdum með frv. þar sem fyrst er vísað til svokallaðrar friðarskyldu, nokkuð sem öll samtök á vinnumarkaði viðurkenna, enda er hún lögbundin að auki. Jafnframt er vakin á því athygli að á síðari árum hafi færst í vöxt að starfshópar segi upp störfum, ekki síst hjá hinu opinbera. Einnig er vísað í dóm Félagsdóms frá 1999 sem kveðinn var upp í svokölluðu Árborgarmáli þar sem sveitarfélagið Árborg sótti hóp leikskólakennara, 12 leikskólakennara, sem þar störfuðu og höfðu sagt upp störfum og þeirra félag, Félag íslenskra leikskólakennara, til saka fyrir brot á lögum. Sannleikurinn er sá að menn furðuðu sig mjög á því hvernig að þeim málarekstri var staðið vegna þess að krafan var reist á hendur stéttarfélaginu, Félagi íslenskra leikskólakennara, en jafnframt var tekið fram í málflutningi stefnanda að félagið hefði hvergi komið þar við sögu. Í endurriti úr dómabók Félagsdóms segir, með leyfi forseta:

„Stefndi leggur áherslu á að Félag íslenskra leikskólakennara hafi engan þátt átt í ákvörðun leikskólakennaranna um að segja upp störfum."

Þetta er nú harla undanlegur málatilbúnaður. Þótt ég fagni því að sjálfsögðu að félagið skyldi ekki hafa verið dæmt þá hef ég furðað mig á hvernig þarna var staðið að málum. Ef hægt hefði verið að sýna fram á að félagið hefði hvatt til þessara aðgerða hefði það sannanlega brotið 13. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu."

Ef svo er að félög standi að baki hópuppsögnum af þessu tagi, ef verið er að beita þessari aðferð í kjarabaráttunni til að komast á bak við þau lög sem um verkföll gilda, er félagið sekt. Að öðrum kosti er það það ekki. En hvað sem því líður þá segir í athugasemdum með frv. að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að þar sem þetta mál hafi tapast þá beri að styrkja lagagreinina, ekki 13. gr. heldur 14. gr., og færa þar inn áþekkan texta og er að finna í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og gildir um hinn almenna vinnumarkað. Og það er látið fylgja sögunni þegar þetta er réttlætt að allt sé þetta gert í samræmingarskyni. Þá hef ég vakið athygli á því að þau samtök sem hlut eiga að máli, og sem lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til, hafa lagt áherslu á að þau vilji gjarnan slíka samræmingu, að þegar á heildina sé litið mundu menn sætta sig við að starfa undir lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem að flestu leyti eru rýmri hvað snerir launamanninn og réttindi hans en þau lög sem opinberir starfsmenn búa við og heita lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ef menn á annað borð vilja fara út í samræmingu þá hefur ekki staðið á samtökum opinberra starfsmanna. Það á við um BSRB, BHM og Kennarasambandið. Það eina sem menn hafa viljað hyggja að í því efni eru ákvæði sem lúta að uppbyggingu stéttarfélaganna. Það er eina atriðið. En hvað snertir alla þætti sem snúa að vinnudeilum, réttindum atvinnurekandans og launamannsins hafa menn lýst vilja sínum til að ganga til slíks samræmingarstarfs. Það er því ekki þar sem strandar.

Eru menn ýkja óánægðir með þá lagabreytingu sem hér liggur fyrir eða tillögu að lagabreytingu? Spurningin snýst um samhengi hlutanna. Það snýst um það í fyrsta lagi hvernig staðið er að lagabreytingum og í annan stað hvernig sú breyting sem gerð er kemur við lögin að öðru leyti. Hér

er verið að gera tillögu um bann við hópuppsögnum starfsmanna. En á það ber að líta að atvinnurekandinn hefur rétt til þess, samkvæmt þessum sömu lögum, að framlengja ráðningarsamninga starfsmanna sem sagt hafa upp störfum ef til auðnar horfir í starfseminni. Ef atvinnurekandinn getur fært sönnur á að svo sé getur hann framlengt ráðningarsamninginn, skotið uppsögninni á frest þannig að hún taki hálft ár, sex mánuði, en ekki þrjá. Þetta eru réttindi sem atvinnurekendur hjá hinu opinbera, ríkinu, hafa á hendi. Alla þessa þætti vilja menn skoða í samhengi áður en ráðist er í breytingar á lögunum.

En svo er annað og það er spurningin um hvernig staðið er að málum. Ég gat um það áðan að þessi lög byggja á samningum. Ég vék að því bæði áðan og einnig fyrr í kvöld að samningurinn hér að lútandi er sjálfur birtur með undirritunum í athugasemdum með stjfrv. árið 1986. Þessi samningur er undirritaður af forvera hæstv. fjmrh., Þorsteini Pálssyni, ásamt Indriða H. Þorlákssyni og Þorsteini Geirssyni sem lengi fóru með formennsku í samninganefnd ríkisins. Fyrir hönd Sambands ísl. sveitarfélaga undirritar Magnús E. Guðjónsson samninginn en Kristján Thorlacius fyrir hönd BSRB, Birgir Björn Sigurjónsson fyrir hönd launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM og Elín G. Ólafsdóttir fyrir hönd Bandalags kennarafélaga. Þetta er birt með stjfrv.

Ég ætla ekki að fara að þreyta menn með því að rifja aftur upp þær umræður sem fram fóru um frv. áður en það varð að lögum haustið 1986. En þar kom rækilega fram í máli hvers einasta manns sem tjáði sig um efnið, hvers einasta hv. alþingismanns sem tók til máls um þessi lög og var hamrað á því, að hér væri um kjarasamning að ræða. Enda segir í inngangi að fyrrnefndu undirrituðu samkomulagi sem birt var í upphafi athugasemda við lagafrumvarpið, með leyfi forseta:

„Með kjarasamningum fjármálaráðherra á þessu ári við heildarsamtök opinberra starfsmanna, þ.e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, BSRB, launamannaráð ríkisstarfsmanna innan BHM (BHMR) og Bandalag kennarafélaga, BK, fylgdu bókanir þess efnis að nefndir samningsaðilar skyldu undirbúa endurskoðun á núgildandi lögum um gerð kjarasamninga."

Síðan er rakið rækilega hvernig staðið var að þessum málum og að lokum er sagt, með leyfi forseta:

„Efni frv. hefur verið kynnt innan þeirra heildarsamtaka sem aðild hafa átt að samningu frv. og eru þau ásamt fulltrúum fjmrn. og Sambands ísl. sveitarfélaga sammála um að leggja til að frv. þetta verði lagt fram hið fyrsta sem stjfrv."

Ég vitnaði hér í samkomulag sem undirritað var og birt með fylgigögnum frv. þegar það var lagt fram haustið 1986 en samkomulagið var undirritað 24. nóv.

Eins og ég segi var hamrað á því í umræðu um málið, af hálfu fyrrv. hæstv. fjmrh. og annarra, að hér væri um samkomulag að ræða. Enda fór svo að í þeim nefndum sem fjölluðu um málið í þinginu þá undirrituðu allir nefndarmenn. Það var fullkomin samstaða um málið í þinginu og má geta þess að undir nefndarálit rituðu eftirtaldir nefndarmenn: Hv. þm. Páll Pétursson, Kjartan Jóhannsson, Svavar Gestsson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal, Guðmundur Bjarnason og Friðrik Sophusson. Hér er því enginn vafi á að um kjarasamninga er að ræða eða samkomulag sem byggt er á kjarasamningum. Þetta ítreka hér fyrrv. hv. þm. Svavar Gestsson, Guðrún Agnarsdóttir gerir slíkt hið sama og Kjartan Jóhannsson gerir það einnig. Jafnvel þegar gerðar eru minni háttar breytingar á frv. í meðförum þingsins kemur fram í máli hæstv. fyrrv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar að leitað hafi verið eftir samkomulagi við viðkomandi stéttarsamtök áður en frv. var keyrt í gegn.

Ég vitnaði fyrr í kvöld í hv. þm. Jón Kristjánsson sem ítrekaði að þetta frv. byggðist á kjarasamningum ríkisins við BSRB. Hv. þm. segir í umræðum sem fram fóru 17. des. 1986, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. og haft samband við formann BSRB um efni þess og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt."

Svipað kemur fram hjá öðrum þingmönnum sem tjá sig um málið eins og ég hef áður rakið og mun ekki gera nánar. Páll Pétursson, núv. hæstv. félmrh., fór svipuðum orðum um frv. en álit manna var mjög á einn veg í þessum efnum.

Að þessu kom ég í máli mínu fyrr í kvöld. Þótt ég færi ítarlegar í þessa umræðu þá vil ég minna á að þetta er grundvallaratriði. Við erum að tala um breytingu á lögum sem byggja á kjarasamningum og samkomulagi. Það var skilningur fyrir því í þinginu af hálfu allra sem komu að máli að þannig bæri að líta á þessi mál.

Þetta varð mér tilefni til vangaveltna um afstöðu sem oft hefur komi fram í þinginu, að það sé að vissu leyti óeðlilegt að aðilar á vinnumarkaði komi sér saman um atriði og þinginu sé svo nánast stillt upp við vegg gagnvart því samkomulagi. Menn hafa minnt á að Alþingi hafi þegar allt kemur til alls löggjafarvaldið á hendi og þar eigi hver og einn að fara að sinni samvisku og samþykkja einvörðungu það sem samviskan býður. Það er alveg rétt. Þannig á að gera hlutina. Hins vegar finnst mér það íhugunarefni fyrir alla, ég hef orðið var við að það er almenn skoðun hér í þinginu, að þegar kemur að atriðum sem snerta kjarasamninga, að ekki sé á það minnst þegar um er að ræða þær samskiptareglur sem hafðar skuli í heiðri á vinnumarkaði, þá skuli eftir fremsta megni leitað eftir því að ná sátt um málið.

Það kom mjög rækilega fram í umræðunni um þetta mál, ekki síst af hálfu fyrrv. hæstv. fjmrh. Þorsteins Pálssonar, hve mikilvægt hann taldi að leiða þessi mál til lykta í góðu samstarfi við þá sem málið snertir. Hann var einnig á því að önnur lög ættu að gilda um opinbera starfsmenn en almennan vinnumarkað. Hann sagði m.a. við umræðuna að sérreglur um boðun og framkvæmd verkfalls hjá opinberum starfsmönnum væru eðlilegar því það þyrfti að tryggja meiri festu í starfi þar og væri ekki alls staðar hægt að heimila verkföll. Ég er ekki viss um að ég sé sammála þessu. Ég held að það eigi að leggja það í vald stéttarfélaganna í ríkari mæli en gert er hjá hinu opinbera að stýra verkfallsréttinum. Í því sambandi má benda á að það kerfi sem við búum við núna og byggir m.a. á svokölluðum undanþágulistum og verkfallslistum sem birta skal á hverju ári fyrir 15. febrúar, ef ég man rétt, virkar ekki og þessar reglur eru ekki virtar. Allir hafa gefist upp á þessu fyrirkomulagi. Þetta er ekki *lengur raunveruleiki sem menn horfa til.* Þessi kerfi þarfnast því sannarlega endurskoðunar.

Ég finn nú ekki tilvitnun í fyrrv. hæstv. fjmrh. þar sem hann lagði áherslu á mikilvægi þess að um þessi mál væri gott samkomulag og hve mjög hann hefði kappkostað að slá af kröfum sínum til þess að ná góðu samkomulagi um málið því hann hefði orðið var við að gagnaðilinn gerði það einnig. Þetta eru vinnubrögð sem þingmenn tóku mjög undir og lýstu ánægju með í þinginu.

Ég var byrjaður á að ræða álitsgerðir sem efh.- og viðskn. bárust um þetta frumvarp. Sannast sagna er um svo mikið efni að ræða að ekki gefst tóm til að fara yfir þær allar þótt full ástæða væri til. Ég hafði m.a. vitnað í álitsgerð frá BSRB. Hér er önnur álitsgerð mikil að vöxtum frá Bandalagi háskólamanna. Til upprifjunar má geta þess að í álitsgerð BSRB er farið í sögulegan aðdraganda málsins. Vikið er að lagalegu samspili í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hvaða þýðingu það hafi að taka einstök atriði þar úr sambandi án þess að hreyfa við öðrum því það þurfi að líta heildstætt á málin. Að lokum fylgja álitsgerðinni ályktanir frá stjórn og formönnum aðildarfélaga bandalagsins og sameiginleg ályktun frá BSRB, BHM og kennarasamböndunum um framgöngu fjmrh. í þessu máli. Þar stendur upp úr að allir þessir aðilar líta svo á að með því að fara einhliða fram með þetta mál gerist hæstv. fjmrh. sekur um samningsrof, að rjúfa samkomulag um hvernig menn ættu að bera sig að við að gera breytingar, samkomulag sem góð sátt ríkti um. Það kom mjög vel fram í umræðum um málið að sjálft frv. er reist á samkomulagi og þær smávægilegu breytingar sem gerðar voru í meðförum þingsins voru gerðar í sátt við hlutaðeigandi samtök.

Í umsögn BHM um frv. ríkisstjórnarinnar er vikið að ýmsum þáttum, m.a. ýmsum lagatæknilegum og þingtæknilegum málum. Gerð er athugasemd við hvaða afgreiðslu málið hafi hlotið í meðförum þingsins. Síðan leggur BHM áherslu á að samtökin séu mjög eindregið á þeirri skoðun að ein vinnulöggjöf gildi í landinu, sé fylgjandi því að samræming eigi sér stað milli þeirra laga sem gildi um opinbera starfsmenn annars vegar og um hinn almenna vinnumarkað hins vegar. Með öðrum orðum vilja þeir að lögin um vinnudeilur og stéttarfélög og lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði samræmd. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Stofnanir BHM hafa margsinnis ályktað að rétt sé að ein vinnulöggjöf gildi í landinu. Þar sem vinnumarkaðurinn stefnir í þá átt að verða æ einsleitari telur BHM að sérlöggjöf á borð við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna sé tímaskekkja og beri því að afnema eða taka til gagngerrar endurskoðunar hið fyrsta í samstarfi þeirra aðila sem starfa eftir lögunum.

Í 13 ár hafa lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, gilt um samskipti ríkis og sveitarfélaga sem vinnuveitenda við stéttarfélög opinberra starfsmanna sem fulltrúa launafólks. Til viðbótar refsiákvæði 35. gr. laganna gilda enn sem tæknileg meginregla, sbr. 14. gr. laganna, lög nr. 33/1915, sbr. lög nr. 82/1998 og lög nr. 10/1983, um verkfall opinberra starfsmanna, 85 ára gömul lög, þar sem lögð er refsing með „sektum eða fangelsi allt að 2 árum“ við því að taka þátt, eða hvetja til þátttöku, í verkfalli, en „ef miklar sakir eru“ vofir starfsmissir yfir. Eins og þetta væri ekki nóg er einnig í 40. gr., sbr. 53. gr., laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lögð refsing við því ef embættismenn „efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum.“

Af framangreindu er ljóst að löngu er tímabært að endurskoða og samræma þær reglur sem gilda um samskipti aðila á vinnumarkaði enda ríkir eftir hjálagðan dóm Félagsdóms (fskj 1) óvissa um gildi laganna og þar með veruleg réttaróvissa, auk þess sem aðilar sem starfa samkvæmt lögunum hafa sammælst um að víkja frá þeim þegar við á.“

Og hér í fylgiskjali eða í hjálögðum dómi Félagsdóms sem ég vék að áðan er vísað í fylgigagn með umsögn BHM. En áfram segir þar í greinargerð, með leyfi forseta:

„Lögin eru meðal helstu leikreglna sem gilda á hinum opinbera vinnumarkaði. Lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar þrengir enn frekar að réttarstöðu opinberra starfsmanna sem þegar er mun þrengri en reglur sem gilda á almennum vinnumarkaði segja til um, sbr. hjálagt yfirlit (fskj. 2) með samanburði á ákvæðum laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. lög nr. 75/1996, annars vegar og laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hins vegar (að teknu tilliti til breytingar samkvæmt hérumræddu frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á síðarnefndum lögum).“

Hér er vísað í skjal sem ég vitnaði til fyrr við umræðuna þar sem borin er saman munurinn á réttarstöðu þeirra sem heyra undir lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna annars vegar og hinna sem heyra undir lög um vinnudeilur. Á meðal atriða sem eru þrengri hjá opinberum starfsmönnum er að sjálfsögðu það sem hér hefur margoft komið fram að þeim eru settar strangari skorður. Stórir hópar hafa hreinlega ekki verkfallsrétt. Ég mismælti mig í umræðunni fyrr í dag og sagði að þeir hefðu ekki samningsrétt. Þeir hafa samningsrétt, t.d. lögreglumenn og tollverðir, en ekki verkfallsrétt. Og stórir hópar innan heilbrigðiskerfisins svo að dæmi sé tekið hafa mjög takmarkaðan verkfallsrétt. Þetta er bara staðreynd.

Annað sem er ekki sambærilegt eru t.d. heimildir til frestunar verkfalls. Þetta er eitt af því sem þessi samtök fóru á leit við hæstv. fjmrh. að tekið yrði til endurskoðunar til að forða því að mál hlypu í mjög illleysanlegan hnút sem oft gerðist ef ekki tækist að fresta verkfalli á ögurstundu, verkfallið skylli á og þá væri oft erfiðara um vik að ná sátt en ef menn næðu því að fá svigrúm til nokkurra daga til frekari viðræðna. Þetta er hlutur sem ég hefði haldið að hæstv. fjmrh. tæki vel í og vildi setjast yfir í stað þess að fara fram eins og hann gerir, að ráðast einhliða í breytingar á lögunum gegn vilja og mótmælum allra þeirra samtaka sem hlut eiga að máli.

Í IV. kafla álitsgerðar BHM segir enn fremur um lögþvingun í stað samkomulags, með leyfi forseta:

„Í upphafsorðum almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu er vikið að svonefndri friðarskyldu sem ríkir meðan kjarasamningar eru í gildi. Með því að leggja fram frumvarpið og hunsa tillögur heildarsamtaka opinberra starfsmanna hefur ríkisstjórnin hins vegar rofið friðarskyldu enda eru umrædd lög ekki aðeins sett að höfðu samráði við heildarsamtök opinberra starfsmanna eins og svo mörg önnur lög; lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, voru beinlínis sett á grundvelli samkomulags sem undirritað var af fulltrúum BHM, BSRB og Bandalags kennarafélaga hinn 24. nóvember 1986.“

Hér er vísað, herra forseti, í samkomulagið sem birtist með athugasemdum stjfrv. á sínum tíma. Síðan heldur BHM áfram í sinni álitsgerð, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu ætlar annar aðilinn sem starfar eftir lögunum, sem fer jafnframt með löggjafarvaldið, að breyta þeim einhliða og án samráðs, hvað þá með samkomulagi við viðsemjendur sína eins og þegar lögin voru sett. Tillögum heildarsamtaka opinberra starfsmanna sem gerðar voru á fundi sem samtökin óskuðu eftir og í bréfi hefur enn ekki verið svarað efnislega.“

Þetta kemur fram í álitsgerð sem send er þinginu hinn 25. janúar árið 2000 og er hér vísað í atburði sem áttu sér stað um haustið á fyrra ári og er ekki búið að svara bréflega þegar

komið er fram í janúarlok. Og eftir því sem ég best veit þá hefur því ekki verið svarað enn.

Í álitsgerð BHM er fjallað um það sem kallað er meðalhóf en hér segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í kafla III og hjálögðu yfirliti (fskj. 2) með samanburði á tveimur meginbálkum vinnulöggjafarinnar eru opinberum vinnuveitendum þegar tryggð nægileg úrræði til þess að bregðast við svonefndum fjöldauppsögnum opinberra starfsmanna.

Í fyrsta lagi er forstöðumönnum ríkisstofnana nú þegar tryggt mjög óvenjulegt og íþyngjandi lagaúrræði í 2. mgr. 46. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, til þess að lengja uppsagnarfrest starfsmanna í tilvikum sem þessum, slíkt úrræði hafa atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði ekki. Ekkert matskennt skilyrði er þar sett, öfugt við frumvarpsgreinina, í þá veru að um sé að ræða

a) samantekin ráð eða

b) tiltekið markmið.

Aðeins er gerð hlutlæg krafa um að

„svo margir leita lausnar samtímis“ — og hér er vitnað í lögin — „eða um líkt leyti í sömu starfsgrein innan stofnunar að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa ef beiðni hvers um sig væri veitt.“

Í gildandi lögum er því þegar að finna víðtækara úrræði til handa forstöðumönnum, að vísu án refsiviðurlaga, sbr. um það nánar í kafla VI. Ef ríkisstjórninni er alvara með þeim rökstuðningi að samræma vinnulöggjöf væri því eðlilegt, verði frumvarp þetta að lögum, að afnema þá um leið lagaheimild forstöðumanna til þess að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði.

Í öðru lagi hafa vinnuveitendur í hendi sér að fyrirbyggja að þau tilvik sem hindra á með lagafrumvarpinu komi nokkurn tíma (framvegis) upp. Í almennum athugasemdum í greinargerð segir að í kjölfar uppsagna starfsmanna í sömu starfsstétt hjá hinu opinbera vegna óánægju með launakjör hafi

„ávallt fylgt viðræður milli starfsmanna og hlutaðeigandi aðila hjá hinu opinbera. Viðræðunum hefur ætíð lyktað með einhvers konar samkomulagi eða samningi um launahækkanir til starfsmanna sem þá hafa dregið uppsagnir sínar til baka eða sótt aftur um fyrri störf.““

Hér vitnar BHM í athugasemdir sem fylgja frv. hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Af þessu er ljóst að ríkisstjórnin ætlar sér ekki einungis að setja bönd á atvinnu- og samningsfrelsi opinberra starfsmanna heldur einnig samningsfrelsi ráðherra og forstöðumanna opinberra stofnana. Réttara væri að hver vinnuveitandi setti innri reglur um viðbrögð forstöðumanna stofnana ef slík tilvik koma upp, í stað þess er sett bannregla til þess að leysa innri stjórnunarvanda.

Í ljósi þessa skerðir frumvarpið annars vegar, verði það óbreytt að lögum, stjórnarskrárvarið atvinnufrelsi, sbr. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Þar sem jafnframt er um refsilöggjöf að ræða, sbr. 35. gr. laga nr. 94/1986 og tilvitnuð ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, er hins vegar líklegt að það verði talið stangast á við skráðar og óskráðar meðalhófsreglur stjórnlaga að leggja refsingu við uppsögnum opinberra starfsmanna þegar næg önnur úrræði og vægari eru tiltæk, þar er bæði um að ræða lagaleg úrræði og raunveruleg viðbrögð. Minnt skal á að meðalhófsreglan er innbyggð í mörg mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, m.a. 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi þar sem gerð er krafa um að „almannahagsmunir“ krefjist þess ef því frelsi á að setja skorður.“

Hér fylgir síðan tillaga BHM, með leyfi forseta:

„Til vara leggur BHM til að forseti vísi lagafrumvarpi þessu frá skv. 42. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Að öðrum kosti er lagt til að afnumin verði heimild forstöðumanna til þess að lengja uppsagnarfrest í allt að sex mánuði skv. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Hér er BHM sem sagt að setja fram tillögur, reyna að tefla fram hugmyndum og tillögum inn í viðræður eða vill efna til viðræðna um leiðir til að ná samkomulagi um breytingar á þessum lagabálki. En hæstv. fjmrh. hefur ekki viljað ljá slíku máls. Hann hefur að vísu lýst því yfir — hann gerði það við 2. umr. málsins og 1. umr. líka — að hann væri reiðubúinn að gangast fyrir endurskoðun á lögunum og það hefur hann ítrekað lagt áherslu á í samræðum við þau samtök sem hér hefur verið vísað til. Því skal vissulega haldið til haga. En krafa þessara samtaka er hins vegar sú að allt verði þetta gert í einum pakka og þess vegna hefur þess verið farið á leit við hæstv. fjmrh. — það hefur verið gert af hálfu samtakanna, það hefur verið gert úr þessum ræðustóli — að hann dragi þetta frv. til baka og freisti þess að ná samkomulagi við samtökin um þær breytingar sem hann telur að þurfi að gera á lögunum og hlusta á óskir sem koma frá samtökunum einnig. Ég er alveg sannfærður um að þetta væri heillavænlegasti framgangsmátinn, farvegurinn, sem þetta frv. gæti farið í og ég vildi mælast til þess að hæstv. fjmrh. skoðaði þennan möguleika jafnvel þó við séum komin þetta langt í umræðunni um frv. Ég teldi það hið besta mál ef hæstv. fjmrh. tæki þá afstöðu á þessu stigi málsins jafnvel þótt seint sé og við séum komin í 3. umr. málsins.

Í álitsgerð BHM er einnig vikið að því sem þau samtök telja vera lagatæknilegar þversagnir og er þar fjallað um hugsanleg réttaráhrif þess ákvæðis sem hér er verið að festa í lög og farið um það nokkrum orðum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Í dómi Félagsdóms hinn 21. október 1999 í máli nr. 7/1999 í máli launanefndar sveitarfélaga f.h. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara, sem er yfirlýst tilefni frumvarpsins, var félagið sýknað af kröfu sveitarfélagsins um viðurkenningu á því að uppsagnir 12 leikskólakennara hefðu verið brot á friðarskyldu á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæt vinnustöðvun.

Vandséð er hvernig frumvarpið gæti haft áhrif á sambærilegt mál og hver réttaráhrif ákvæðisins eiga að vera verði það að lögum. Í frumvarpinu er ekki vikið að því grundvallaratriði, verði frumvarpið óbreytt að lögum er sú leið ein lagalega tæk að lögreglustjóri í því umdæmi þar sem opinberir starfsmenn segja upp störfum í hóp hefji opinbera rannsókn á málinu og gefi út ákæru, sbr. 28. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, með síðari breytingum, enda eru lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að því leyti refsilög, sbr. 35. gr. laganna þar sem segir:

„Brot á lögum þessum varða sektum.“

Vakin skal athygli á því að opinber mál (refsimál) heyra ekki undir Félagsdóm, sbr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.“

Og tillaga BHM í þessu efni er á þennan veg:

„BHM leggur aðallega til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Hér er vísað í ýmis réttarfarsleg ákvæði en áður gat ég þess að opinberir starfsmenn búa við strangari skilyrði en starfsmenn á almennum markaði, í sumum tilvikum taka til þeirra lög þar sem kveðið er á um sektir og jafnvel fangelsi fyrir brot á starfsskyldum. Er þetta raunhæft? Er reynt að framfylgja þessum lögum? Já, það hefur komið fyrir. Sá sem hér stendur hefur þurft að taka þátt í slíkum málaferlum fyrir tveimur dómstigum. Við erum að tala um raunveruleika og ef hæstv. fjmrh. er alvara með að segjast vilja að samræmi ríki á vinnumarkaðnum öllum þá skulu menn setjast yfir það og skoða hvernig það verði gert. Ég fullyrði að það er vissulega kappsmál opinberra starfsmanna og samtaka þeirra að svo verði gert. Ég vísa því á bug yfirlýsingum um að þetta sé allt gert í samræmingarátt og ekkert annað vaki fyrir mönnum en að hafa fullt samræmi í lögum og reglum sem gilda um þessa tvo hluta vinnumarkaðarins. Það er ekki mikil alvara sem býr þar að baki.

Í álitsgerð BHM er fjallað um ójafnræði miðað við fyrirmyndina sem þeir kalla svo, en hér segir, með leyfi forseta:

„Þvert á yfirlýstan tilgang ríkisstjórnarinnar með frv. er að finna í frumvarpsgreininni innra ósamræmi og þar með ójafnræði miðað við þá fyrirmynd sem skírskotað er til í greinargerðinni. Í 19. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 4. gr. laga nr. 75/1996, er ekki aðeins lagt bann við verkföllum og verkbönnum heldur einnig sambærilegum aðgerðum „af hálfu atvinnurekenda eða launamanna". Í frumvarpsgreininni er aðeins rætt um aðrar sambærilegar aðgerðir „af hálfu starfsmanna". Í greinargerðinni er því haldið fram að um sé að ræða efnislega samhljóða ákvæði en aðeins orðalagið sé „ekki alveg eins", því fer víðs fjarri.

Þótt rétt sé að fjmrh., ríkisstofnanir og aðrar opinberar stofnanir sem heyra undir lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, geti ekki beitt löglegu verkbanni eins og atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði hafa fræðilegan rétt til eru dæmi um að opinberir vinnuveitendur beiti hópuppsögnum og segi upp eða hóti að segja upp ráðningarkjörum hóps starfsmanna. Slík aðgerð uppfyllir það grundvallarskilyrði frumvarpsgreinarinnar að uppsögnin sé gerð „í því skyni að ná tilteknu [...] markmiði." Þar með hefði slík aðgerð fullnægt því skilyrði frumvarpsgreinarinnar að vera sambærileg og þar með ólögleg ef ríkisstjórnin hefði ekki ákveðið að leggja til að vinnuveitendur væru undanskildir.

Þörfin á jafnræði opinberra starfsmanna annars vegar og ríkisstofnana og annarra opinberra vinnuveitenda hins vegar er enn brýnni en ella í ljósi þeirrar afstöðu fulltrúa fjmrh. að undanskilja eigi hið opinbera frá lögum um hópuppsagnir, sem stendur til að breyta að frumkvæði félmrh., en lögin veita starfsmönnum vernd gegn hópuppsögnum af hálfu vinnuveitenda." Þetta er frv. sem við höfum verið með hér til afgreiðslu hjá þinginu.

Tillaga BHM er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Verði ekki fallist á aðal- eða varatillögu BHM leggur BHM til þrautavara til að ákvæði frumvarpsins verði samræmt þannig að efnisregla þess taki jafnt til beggja aðila á vinnumarkaði og að nauðsynleg úrræði eða viðurlög samkvæmt lögunum taki mið af því."

Hvað er það sem hér er verið að vísa til? Hér er vísað til aðgerða af hálfu opinberra atvinnurekenda sem breyta samningum við starfsmenn og hópa starfsmanna. Hvað hangir á þeirri spýtu? Jú, það hefur t.d. tíðkast á sjúkrahúsunum og víðar að kjörum er einhliða sagt upp. Fastri greiðslu sem hefur verið greidd fyrir jafnaðaryfirvinnu hefur verið sagt upp hjá stórum hópum. Það er reyndar misjafnt hvernig samtök hafa túlkað þá aðgerð. BHM hefur litið á þetta sem uppsögn gagnvart einstaklingnum. BSRB hefur tekið annan pól í hæðina þar sem ekki er um kjarasamningsbundin ákvæði að ræða og litið svo á að eðlilegt væri að um þetta gilti þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Þau samtök hafa ekki litið á þetta sem uppsögn starfsmannsins eða að hann sé laus allra mála, einfaldlega vegna þess að þetta eru ekki kjarasamningsbundin ákvæði. Þar er línan dregin á milli en þarna eru ólíkar áherslur milli samtaka. Hvað um það, eftir stendur að um er að ræða einhliða ákvörðun af hálfu atvinnurekenda sem hefur áhrif á kjör stórra starfshópa. Þá má spyrja: Hver er réttur launamannsins gagnvart aðgerðum atvinnurekandans að þessu leyti? Ég leyfði mér að benda á að launamenn og hópar þeirra fylgdust með því hvað væri að gerast í þeirra kjaraumhverfi og hvort staðið hefði verið við samninga eða fyrirheit gagnvart þeim og hvort jafnræði ríkti með aðilum á vinnustöðum.

Ég rifjaði það upp að ekki alls fyrir löngu lagði ég fram nokkrar spurningar til hæstv. fjmrh. um launaþróun á sjúkrahúsum landsins, sjúkrahúsum sem heyra undir ráðuneyti hans. Þá var engin svör að fá heldur svarað út í hött. Í sumum tilvikum var engu svarað og í öðrum tilvikum var svarað algjörlega út í hött. Þetta er nokkuð sem þingið á að sjálfsögðu ekki að sætta sig við enda hef ég farið fram á það við yfirstjórn þingsins að hún taki það mál til skoðunar auk þess sem ég benti á það héðan úr ræðustól að eðlilegt væri að fjmrh. endurskoðaði svör sín og afstöðu til þess að veita upplýsingar um þessi efni. Því máli er að sjálfsögðu ekki lokið af minni hálfu en ég vek máls á þessu til að vekja athygli á því að ábyrgðin er gagnkvæm, hún er ekki aðeins launamannsins heldur líka atvinnurekendamegin. Þarna þarf að vera trúnaður, gott samstarf og traust á milli. Ég tel mjög mikilvægt að svo sé.

Í álitsgerð BHM sem ég hef nú að mestu leyti rakið fjallar BHM um hæfi fjmrh. til að framkvæma lögin. Hér segir, með leyfi forseta:

„Hvað sem líður annmörkum á valdbærni ráðherra að gildandi lögum til þess að fara með framkvæmd laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og eiga frumkvæði að því að leggja til breytingar á þeim, eða hafna lagabreytingum, skal eftirfarandi tekið fram um hæfi fjmrh. til þess.

BHM telur að það samrýmist ekki grunnreglum stjórnskipunar landsins að lög mæli svo fyrir, eða að þau séu skýrð á þann hátt, að sá ráðherra, stjórnmálamaður, sem lögum samkvæmt fer með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð kjarasamninga og framseljanlegt og afturkallanlegt fyrirsvar ríkissjóðs við framkvæmd kjarasamninga skv. 3. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sé um leið sá eini sem getur:

a. átt frumkvæði að því að leggja til breytingar á þeim lögum, vinnuveitendum í hag — og

b. hafnað öðrum breytingum.

Um er að ræða ójafnræði milli vinnuveitanda og starfsmanna og samtaka þeirra sem ekki stenst 2. gr., 1. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og grunnreglu 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993."

Þetta segir m.a. í álitsgerð BHM. Þessi þáttur málsins er síðan rakinn nánar. Ég ætla ekki að tíunda það hér en að lokum er tillaga BHM hvað þetta snertir á þess lund, með leyfi forseta:

„Hvað sem öðru líður leggur BHM því til að tekin verði af tvímæli um að félmrh. fari, og eigi að fara, með framkvæmd laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, meðan þau eru enn við lýði og frumkvæði að því er varðar breytingar á þeim. Að öðrum kosti lítur BHM svo á að forseta þingsins beri að vísa lagafrumvarpi þessu frá skv. 42. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis."

Þá segir um efnisatriði í IX. kafla í umsögn BHM, með leyfi forseta:

„Að öllu þessu frágengnu lýsir BHM sig reiðubúið til þess að senda fulltrúa sína til viðræðna við fastanefndir Alþingis um málið, svo og við hlutaðeigandi ráðherra um öll atriði gildandi laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna í tengslum við heildarendurskoðun þeirra.

Frv. er ætlað að koma í veg fyrir að opinberir starfsmenn segi upp störfum sínum til þess að ná fram sameiginlegu markmiði. Fullur vilji hefur verið til þess að ræða um slíkar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna samhliða öðrum breytingum á lögunum."

Tillaga BHM er: „Í ljósi framangreinds ítrekar BHM þá aðaltillögu sína að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Í lokaorðum segja samtökin síðan, með leyfi forseta:

„Sú breyting sem felst í frumvarpinu er aðeins miðuð við hagsmuni annars aðilans sem auk þess fer með löggjafarvaldið. BHM telur að með slíkri lögþvingun í stað samkomulags, sbr. kafla IV, felist misbeiting ríkisvalds sem samrýmist ekki grunnreglum stjórnskipunarinnar eins og nánar er vikið að í kafla VIII í umsögninni hér að ofan. Þegar við bætast stjórnskipulegir annmarkar, bæði á framlagningu frumvarpsins, sbr. kafla I," — ég vísaði til hans áðan þó ég færi ekki rækilega í hann — „og efni þess, sbr. kafla V, lagatæknilegar þversagnir, sbr. kafla VI, innra ójafnræði í frumvarpinu, sbr. kafla VII, og dómur Félagsdóms um að tiltekin ákvæði gildandi laga stangist á við ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, sbr. kafla II, verður að telja að svo breyttum lögum verði vart beitt gagnvart þeim sem lögunum er ætlað að taka til. Mikilvægt er að sátt ríki milli aðila um samskiptareglur á vinnumarkaði þannig að lögunum verði fylgt af einlægni.

Eina úrræðið er því að allir sem hlut eiga að máli, sbr. kafla IX, ræði heildarendurskoðun, ef ekki afnám, laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, eins og lagt er til í kafla III, í því skyni að koma til móts við yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar um samræmingu vinnulöggjafar."

Undir þessa álitsgerð rita formaður BHM, Björk Vilhelmsdóttir, og Gísli Tryggvason sem er framkvæmdastjóri BHM. Hér er í ítarlegu máli farið yfir ýmsa þætti þessa máls. Með álitsgerðinni fylgja dómar og önnur gögn, þar á meðal samanburður sem ég hef áður vísað í sem sýnir muninn á milli laga sem gilda á almennum vinnumarkaði og kjarasamninga opinberra starfsmanna. Hér segir t.d. um þátttökuskilyrði við verkfallsboðun á almennum vinnumarkaði að samkvæmt lögum nr. 80/1938 þarf fimmtungur að taka þátt í atkvæðagreiðslu en helmingur þeirra sem starfa undir lögum um opinbera starfsmenn, lögunum frá 1986. Svo er spurt: Af hverju er reiknaður meiri hluti? Í lögunum frá 1938 er hann reiknaður af greiddum atkvæðum en í lögunum frá 1936 af öllum atkvæðum. Heimildir til frestunar verkfalla eru fyrir hendi samkvæmt lögunum frá 1938. Umdeilt ákvæði gildir samkvæmt lögunum frá 1986. Tilkynningarfrestur er sjö sólarhringar samkvæmt lögunum frá 1938 en 15 sólarhringar samkvæmt lögunum frá 1986 og þannig mætti áfram telja. Ég ætla ekki að fara frekar í þann samanburð.

Í gögnum sem nefndinni hafa borist, þá vísa ég til efh.- og viðskn. Alþingis sem hafði með þessi mál að gera, kennir ýmissa grasa. Þar eru álitsgerðir ekki aðeins frá þeim samtökum sem ég hef þegar vikið að í máli mínu heldur einnig frá einstökum aðildarfélögum þessara bandalaga auk þess sem að sjálfsögðu er að finna álitsgerð frá Kennarasambandinu, en nýlega voru sameinað í eitt bandalag HÍK, Hið íslenska kennarafélag sem áður var innan BHM og Kennarasamband Íslands. En öll þessi samtök BHM, BSRB og Kennarasambandið hafa unnið mjög vel að þessum málum og áttu sameiginlega í viðræðum við fjmrn. og reyndu að fá því framgengt að fjmrh. kæmi til viðræðna um þessi efni.

Hér á ég einnig að hafa í fórum mínum álitsgerð Kennarasambandsins, auk álitsgerða frá einstökum félögum. Hér segir t.d. í einni sem efh.- og viðskn. Alþingis barst frá stjórn SMNÍ sem er Stéttarfélag matvæla- og næringarfræðinga Íslands:

„Stjórn SMNÍ sér ekki að sú breyting sem lögð er til með frumvarpi þessu, 225. máli, breyti á nokkurn hátt rétti opinbers stafsmans að segja starfi sínu lausu með lögbundnum fyrirvara. Það er furðulegt ef nefndarmenn halda að þessi breyting komi í veg fyrir það sem þeir vilja kalla fjöldauppsagnir. Það skiptir auðvitað engu máli hvort ákveðinn fjöldi starfsfólks í sömu starfsstétt ákveður að segja upp störfum á sama tíma, jafnvel þótt þeir ákveði það sem lið í kjarabaráttu, vegna þess að það er grundvallarmunur á verkfalli og vinnustöðvun annars vegar og uppsögn með löglegum fyrirvara hins vegar. Eftir að uppsögnin hefur tekið gildi hefur atvinnurekandinn engum skyldum að gegna lengur gagnvart starfsmanninum og öfugt, þ.e. hann hefur tekið þá áhættu að fá ekki starf sitt aftur, jafnvel þótt tilgangur uppsagnarinnar hafi verið að knýja fram bætt kjör."

Þetta er alveg rétt. Einstaklingurinn er að sjálfsögðu að taka áhættu með því að segja starfi sínu lausu."

Stjórn SMNÍ heldur áfram, með leyfi forseta:

„Stjórn SMNÍ lýsir furðu sinni á því að nefndin ætli sér að knýja þetta frumvarp í gegnum þingið og gera því opinbera starfsmenn n.k. þræla á ákveðnum vinnustað, jafnvel á lúsarlaunum."

Hér er vísað í það ákvæði laganna að einstaklingur sem vill hætta störfum, jafnvel í hópi með öðrum, geti það ekki lögum samkvæmt. Síðan segir:

„Ríki og sveitarfélögum væri nær að gera almennilega kjarasamninga við sína starfsmenn eða standa við gerða samninga þar sem í mörgum tilfellum hefur starfsfólk sagt upp til að knýja fram rétta röðun í launaflokka samkvæmt aðlögunarsamningi, sbr. hjúkrunarfræðinga."

SMNÍ áréttar að lokum það álit sitt að orðalagið: „... aðgerðir að hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla" í breytingartillögunni þýði ekki: fjöldauppsagnir bannaðar.

Að lokum segir í umsögn félagsins, með leyfi forseta:

„Uppsögn er uppsögn svo fremi sem maður segir upp með fúsum og frjálsum vilja. Sá réttur verður ekki tekinn af opinberum starfsmönnum fremur en öðrum."

Undir bréfið skrifar Sigurður Einarsson, formaður SMNÍ.

Hér er einnig greinargerð frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem einnig gagnrýnir þetta frv. Ég ætla ekki að lesa þá álitsgerð upp, hún er alllöng, en í niðurlagi álitsgerðarinnar segir:

„Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna telur einhliða breytingu á lögunum að svo stöddu brot á samkomulagi sem gert var árið 1986 með setningu laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og þar með rof á friðarskyldu fjármálaráðherra. LSS leggst því gegn því að frumvarpið verði að lögum og leggur jafnframt til að teknar verði upp viðræður milli aðila um úrbætur á löggjöfinni.

Að öðru leyti er tekið undir umsögn BSRB um frumvarpið."

Ljósmæðrafélag Íslands tekur undir og styður skoðanir BHM varðandi frv. þetta. Þar er sagt að eina úrræðið sé heildarendurskoðun laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ástþóra Kristinsdóttir ritar undir þá álitsgerð.

Félag ísl. náttúrufræðinga gerir umsögn Bandalags háskólamanna við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að sinni umsögn. Félag ísl. náttúrufræðinga ítrekar þá afstöðu að endurskoða þurfi lögin í heild í samvinnu við stéttarfélög opinberra starfsmanna.

Starfsmannafélag Siglufjarðarkaupstaðar vísar í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og tekur undir þá umsögn en í álitsgerð félagsins segir:

„Þessi leið að annar aðilinn reyni að breyta leikreglum einhliða með aðstoð Alþingis er með öllu óásættanleg."

Síðan er umsögn frá Stéttarfélagi lögfræðinga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 28. desember 1999 varðandi mál nr. 225, fjöldauppsagnir. Stéttarfélag lögfræðinga hefur fundað um erindið og sat jafnframt formaður félagsins miðstjórnarfund BHM þar sem málið var reifað. Stéttarfélag lögfræðinga er sammála niðurstöðu stjórnar BHM hvað varðar fram komið lagafrumvarp og vísar í álit þess að meginstefnu til."

Stéttarfélag ísl. félagsráðgjafa vísar í álitsgerð frá BHM. „Félagið tekur undir allt það sem þar kemur fram. Við sjáum enga ástæðu til að þrengja núverandi réttindi en teljum þörf á heildarendurskoðun laganna."

Ég les úr þessum álitsgerðum til að sýna fram á að þarna er alls staðar sami tónninn uppi. Framgangsmáta hæstv. ráðherra í þessu máli er hafnað en áhersla lögð á að lögin verði tekin öll til endurskoðunar.

„Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi er alfarið mótfallið því að réttur opinberra starfsmanna verði skertur enn frekar með einhliða lagasetningu ríkisvaldsins, eins og virðist fyrirhugað með ofangreindu frumvarpi og að því er virðist einungis vegna þess að fulltrúar ríkisvaldsins eiga erfitt með að sætta sig við niðurstöður Félagsdóms."

Álitsgerð Stéttarfélags sálfræðinga er lengri. Þetta eru niðurlagsorðin í þeirri álitsgerð.

Landssamband lífeyrisþega ríkis og bæjar vísar til umsagnar BSRB varðandi þetta mál og segir í álitsgerðinni vafasamt að samþykkt frv. hafi tilgang. Sambandið telur eðlilegra að málið verði leyst með samkomulagi milli samningsaðila. Þetta held ég að séu orð að sönnu, að til að ná markmiði laganna um að koma í veg fyrir hópuppsagnir, til að ná fram breytingum á kjörum, þá er þetta ekki vænlegasta leiðin.

Ég hef marglýst því yfir og er tilbúinn að gera það aftur að mér finnst hópuppsagnir mjög vafasamar sem tæki í kjarabaráttu. Mér finnst þær vafasamar að því leyti að þær koma og geta komið stéttarfélögunum mjög í koll. Þar er ekki heppileg leið og ég mæli henni alls ekki bót. Ég er hins vegar að gagnrýna þann framgangsmáta sem hér er og legg áherslu á mikilvægi þess að sátt ríki um þær reglur sem við lýði eru. Við skulum ekki gleyma því að þegar fólk grípur til ráðstafana af þessu tagi, sem hefur átt sér stað, það hefur verið reynt að beita hópuppsögnum í kjarabaráttu, þá er hollt fyrir alla hlutaðeigandi að skoða sína stöðu líka. Það er hollt.

Ein ástæðan fyrir því að þetta hefur gerst er að mínum dómi sú að stórir hópar telja sig beitta misrétti í launakerfinu. Það hefur leitt til reiði og ólgu sem endað hefur með þessum hætti. Hvað er þá til ráða? Er það þá ekki að reyna að koma á einhvers konar réttlæti, koma á ástandi sem fólk er sæmilega sátt við og búa síðan til reglur sem menn telja það sanngjarnar að þeir vilji virða þær og þar hjálpist allir að. Ég legg áherslu á að ég hef margoft lýst því yfir að ég tel það varasama leið í kjarabaráttu að beita hópuppsögnum. Mér finnst skipta mjög miklu máli að friðarskyldan sé virt. Hins vegar legg ég áherslu á að fólk eigi kröfu á að búa við réttlæti á vinnustað og réttlæti í launakjörum með hliðsjón af launaþróun. Ég tek því undir sjónarmið Landssambands lífeyrisþega ríkis og bæja. Þar hafa menn efasemdir um að þetta frv. nái því markmiði að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir sem tæki í kjarabaráttu. Ég tek undir þetta sjónarmið. Fólk verður að finna að það búi við réttlæti, verður að fá upplýsingar sem beðið er um, að ekki sé verið að fela fyrir þeim hluti eins og allt of margir hafa á tilfinningunni, réttilega finnst mér. Launakjörin eru ekki gagnsæ og ekki uppi á borði. Þess gætir í ríkari mæli nú en áður og fer vaxandi að fólk hafi ekki aðgang að upplýsingum um launakjör og launaþróun á opinberum vinnustöðum.

Þetta er alveg gagnstætt því sem okkur var lofað hér um árið þegar ný lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru samþykkt og önnur sem kveða á um margvíslega kerfisbreytingu innan stjórnsýslunnar. Þá var viðkvæðið jafnan að þetta yrði allt til þess að gera upplýsingar og kjör gagnsærri, allt yrði upp á borðinu. En þetta hefur farið á annan veg. Þróunin hefur orðið mjög í þeim anda sem ég taldi að hún yrði og varaði oftsinnis við héðan úr ræðustól, þ.e. að verið væri að færa þessi kjör niður í skúffurnar og á bak við tjöldin. Þetta hefur gerst. Jafnvel upplýsingalögin halda ekki. Í upplýsingalögunum er kveðið á um hvernig skuli fara með launakjör hjá opinberum starfsmönnum. Það á ekki að fela þau samkvæmt lögum. Samkvæmt greinargerð sem fylgdi með upplýsingalögunum og eins og fram kom í máli formanns allshn., að ég held, sem mælti fyrir frv. á sínum tíma, skyldi tryggt, og það segir í greinargerðinni beinlínis, að föst laun opinberra starfsmanna, öll föst launakjör, skyldu skoðast sem opinberar upplýsingar og þá er fjallað um allar fastar greiðslur, bílapeninga, fastar yfirvinnugreiðslur. Allar fastar greiðslur eiga að vera opinberar upplýsingar. Þetta er ekki lengur svo. Það er verið að loka launakerfunum. Þetta er því miður að gerast hjá ríkinu. Þetta hefur verið að gerast hjá Reykjavíkurborg. En í báðum þessum herbúðum var talað um nýtt launakerfi sem eitthvað sérstaklega gagnsætt og opið og að nú yrði öllu ranglæti útrýmt. Það er síður en svo. Þetta hefur farið á allt annan veg.

Lögreglufélag Reykjavíkur vísar í sinni umsögn til álitsgerðar BSRB. En Lögreglufélagið mótmælir mjög harðlega

einhliða ákvörðun stjórnvalda um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þetta er í öðrum álitsgerðum einnig. Hér er t.d. álitsgerð frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga sem er fjölmennt stéttarfélag. Þar segir í niðurlagi, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum eins og það er lagt fram. Stjórnin er samþykk ályktun miðstjórnarfundar Bandalags háskólamanna frá því í desember sl. þar sem fram kemur vilji til að taka þátt í viðræðum um endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Jafnframt lýsir stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sig sammála umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna."

Undir þessa álitsgerð ritar Herdís Sveinsdóttir, formaður félagsins.

Til fróðleiks ætla ég að lesa litla glefsu úr þessari álitsgerð hjúkrunarfræðinganna vegna þess að það er eitt þeirra félaga sem var sakað um að beita hópuppsögnum í kjarabaráttunni. Hið sanna í því er að félagið kom ekki að því máli heldur var þetta ákvörðun sem, eins og ég tel mig hafa vissu fyrir, var tekin innan spítalanna og breiddist síðan út til hópsins. (**Gripið fram í:** Nýtt stéttarfélag?) Nei, ekki var stofnað nýtt stéttarfélag. Það er enn við lýði og nýtur stuðnings sinna félagsmanna að því er ég best veit. En hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga mælir ekki með fjöldauppsögnum sem tæki í launabaráttu. Þar er um örþrifaráð einstaklinga að ræða og ljóst að stéttarfélög geta ekki stutt við þá félagsmenn sína sem grípa til þess. Þess ber þó að gæta að gildandi lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna byggja á undirrituðu samkomulagi þeirra aðila sem eftir lögunum starfa. Einhliða breyting á lögunum sem er aðeins miðuð við hagsmuni annars aðilans, sem auk þess fer með löggjafarvaldið, er tæpast í anda friðarskyldu.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga telur mikilvægt að sátt ríki milli aðila um þessar samskiptareglur þannig að lögunum verði fylgt af einlægni."

Þetta kemur fram m.a. í álitsgerð frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsögn Starfsmannafélags Seltjarnarness er gagnrýnin á frv. Þar er vakin athygli á því að það brjóti gegn samkomulagi milli BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaga annars vegar og fjmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga hins vegar, frá 24. nóv. 1986. Í henni segir, með leyfi forseta:

„Með þessu er Alþingi að rjúfa friðarskyldu ríkisins meðan kjarasamningur er í gildi og kasta stríðsöxinni í andlit starfsmanna sinna og sveitarfélaga landsins."

Þannig er að þær reglur sem bundnar eru í lögum um ríkisstarfsmenn hafa iðulega og oftast gilt um starfsmenn sveitarfélaga einnig.

Umsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana vísar einnig í álitsgerð BSRB. En þess skal getið að Starfsmannafélag ríkisstofnana er mjög fjölmennt félag, ætli í því séu ekki um 5.000 félagsmenn og er það langstærsta félag sem er viðsemjandi hæstv. fjmrh.

Hér er álitsgerð frá Landssambandi lögreglumanna. Áður vísaði ég í álit Lögreglufélags Reykjavíkur. En Landssamband lögreglumanna tekur undir umsögn BSRB, með leyfi forseta, svo vitnað sé orðrétt í álitsgerðina:

„Framkvæmdastjórn Landssambands lögreglumanna leggst eindregið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum."

Félag íslenskra leikskólakennara telur að hér sé á ferðinni brot á samkomulagi sem gert hafi verið. Enn og aftur er vísað í samkomulagið frá 1986, undirritað samkomulag af þáv. hæstv. fjmrh. Þorsteini Pálssyni, forsvarsmönnum samninganefndar ríkisins, Indriða Þorlákssyni og Þorsteini Geirssyni, fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og síðan fyrir hönd launafólksins, Kristjáni Thorlacius, formanni BSRB, Birgi Birni Sigurjónssyni, framkvæmdastjóra BHM, og Elínu Ólafsdóttur fyrir hönd kennarasambandanna. Í þetta samkomulag vísar Félag íslenskra leikskólakennara í sinni umsögn. Það er athyglisvert að hugleiða þá umsögn vegna þess að það félag og málssóknin gegn því var kveikjan að þessu lagafrv. Sveitarfélagið Árborg hóf lögsókn á hendur félaginu og vildi krefjast fébóta af félaginu sem það taldi vera skaðabótaskylt vegna þess að nokkrir starfsmenn, 12 leikskólakennarar í sveitarfélaginu, sögðu upp starfi sínu vegna óánægju með launakjör. Þá var samþykkt af hálfu sveitarfélagsins að höfða mál á hendur starfsmönnunum og félagi þeirra. Kveðinn var upp sýknudómur. En það var ekki nóg. Þá beitti sveitarfélagið sér fyrir því á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga að nú yrði málið tekið og því fylgt eftir á þingi og lagt var til við hæstv. fjmrh. að hann fylgdi málinu eftir. Að sjálfsögðu fengu menn aðstoð úr þeirri átt sem aðstoðar er helst að vænta, þ.e. frá Samtökum atvinnulífsins. Hér segir í niðurlagi álitsgerðar Samtaka atvinnulífsins, með leyfi forseta:

„Samtök atvinnulífsins fagna því þeirri samræmingu reglna sem frumvarpið miðar að og mæla eindregið með samþykkt þess."

Hér er ég búinn að vekja athygli á umsögnum frá fjölda stéttarfélaga og frá heildarsamtökum sem öll eru að óska eftir samræmingu á þessum lögum, að menn búi við sömu réttarreglur, lög og reglur, hvað varðar vinnudeilur og gerist á almennum vinnumarkaði. Þessu er neitað. Það er ríkisstjórnin sem neitar að gera þetta. Það er ríkisstjórnin sem vill miklu þrengri skorður gagnvart opinberum starfsmönnum. Það er því út í hött, misvísandi og fráleitt, að tala eins og Samtök atvinnulífsins gera og því miður hefur gætt í umfjöllun af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í þessu máli.

Í álitsgerð Félags íslenskra leikskólakennara segir m.a., með leyfi forseta:

„Aðalrökin sem fram koma í athugasemdum fyrir frumvarpinu eru þau að engin rök standi til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna en gildir á almennum vinnumarkaði. Í niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 7/1999 þar sem fjallað var um lögmæti uppsagna 11 leikskólakennara í Árborg kemur fram að ekki sé hægt að jafna uppsögnunum til aðgerða sem jafna megi til vinnustöðvana og brots á friðarskyldu, þar sem ekki væru skýr lagaákvæði fyrir hendi. Þessi dómur kalli því á að lögunum verði breytt til til samræmis við það sem gildi á almennum vinnumarkaði. Séu þessi rök notuð hlýtur að gilda það sama um önnur ákvæði laganna, þ.e. að samræma beri þau til hlýtar. Opinberir starfsmenn hafa margoft bent á nauðsyn þess að endurskoða þurfi lögin í heild með hagsmuni beggja aðila að leiðarljósi. Samstarfi um slíkt hefur verið hafnað.

Í frumvarpinu er aðeins verið að gæta hagsmuna annars aðilans með því að þrengja enn meira að réttarstöðu opinberra starfsmanna. Frumvarpið er því til þess að auka enn á

það ósamræmi sem gildir í reglum, annars vegar um opinbera starfsmenn og hins vegar um starfsmenn á almennum vinnumarkaði.

Félag íslenskra leikskólakennara harmar það að fjármálaráðherra hefur ekki viljað samstarf við samtök opinberra starfsmanna um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og leggst því alfarið gegn einhliða breytingum á lögunum sem lagðar eru til í frumvarpinu."

Undir þetta ritar Björg Bjarnadóttir, formaður Félags ísl. leikskólakennara. En áður í umsögninni hafði komið fram að félagið lítur á það sem samningsrof eða brot á samkomulagi eins og það er orðað í álitsgerðinni, af hálfu fjmrh. að knýja á um samþykkt þeirrar lagabreytingar sem hér liggur fyrir þinginu.

Félag opinberra starfsmanna í Húnavatnssýslu vísar í mótmæli frá stjórn og formannafundi BSRB frá 10. desember, en í þeirri ályktun koma fram mjög hörð mótmæli þessara aðila við einhliða ákvörðun hæstv. fjmrh. eins og ég hef áður getið um.

Starfsmannafélag Neskaupstaðar telur það ranga ákvörðun fjmrh. að breyta lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einhliða og án samráðs við vinnuviðsemjendur. Að öðru leyti vísar Starfsmannafélag Neskaupstaðar til umsagnar BSRB um frv.

Það sama er líka upp á teningnum hjá Vestmannaeyingum. Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar vísar í umsögn BSRB en mótmælir jafnframt harðlega að þetta frv. verði gert að lögum.

Næst vitna ég í umsögn Meinatæknafélags Íslands um þetta frv., með leyfi forseta:

„Umsögn Meinatæknafélags Íslands (MTÍ) mótast af þeirri vissu að umrædd lög voru unnin í samvinnu við heildarsamtök opinberra starfsmanna á þeim tíma er þau voru sett.

Stjórn MTÍ er ljóst að endurskoða þarf lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna og bendir á að eðlilegast sé að vinna að heildarendurskoðun í samvinnu við samtök opinberra starfsmanna og þannig verði tekið á öllum þeim atriðum í lögunum, er breyta þarf."

En síðan kemur einn aðili sem er ekki alveg saklaus í þessu máli, er ég ansi hræddur um, og það er Samband ísl. sveitarfélaga. Einn aðilinn innan sambandsins, sveitarfélagið Árborg, tapaði málinu þegar það krafði Félag leikskólakennara um skaðabætur, reyndi að ná skaðabótum frá Félagi ísl. leikskólakennara vegna uppsagna 12 leikskólakennara. Reyndar segir í umsögn Félags ísl. leikskólakennara að þeir hafi verið 11. Ég veit ekki hvort rétt er. Sennilega er það rétt hjá Félagi ísl. leikskólakennara að það hafi verið 11 starfsmenn sem sögðu upp störfum.

En í álitsgerð Sambands ísl. sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 14. janúar sl., var m.a. lagt fram bréf efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 28. des. 1999, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 225. mál."

Svo kemur ein lítil, hugguleg setning. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórnin mælir með samþykkt frumvarpsins."

Nú er það svo að þessi aðili, Samband ísl. sveitarfélaga, hélt því mjög að ríkisstjórninni að því er ég best veit að knýja á um að þetta frv. yrði lagt fram og það síðan samþykkt. Það er Samband ísl. sveitarfélaga sem er með þessa afstöðu og ég hef mjög sterkan grun um að þarna hafi einhver samtöl átt sér stað á milli sveitarfélaganna annars vegar og fjmrn. hins vegar.

Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins tekur undir umsögn Bandalags háskólamanna og lýsir yfir fullum stuðningi við þá álitsgerð.

En hér kemur einn aðili sem er í ansi undarlegri mótsögn við sjálfan sig frá því fyrir 13 árum síðan, eða skyldu þau ekki nú fljótlega verða orðin 14. Það er hæstv. félmrh. Páll Pétursson. Hann fagnaði samkomulaginu sem var gert í nóvember 1986 alveg sérstaklega og tók fram í umræðum um málið hve glaður hann væri yfir því hvernig staðið hefði verið að málum og hve gott samkomulag hefði náðst við samtök opinberra starfsmanna. Hann tók það sérstaklega fram og skrifar auk þess nafn sitt undir nefndarálit þar sem hann mælir með frv. á sínum tíma. En sérstaklega tók hæstv. núv. félmrh. og þáv. þingmaður, Páll Pétursson, undir vinnubrögðin í tengslum við frv.

Nú segir sami hæstv. ráðherra og þingmaður, Páll Pétursson, eftirfarandi í álitsgerð úr félmrn., með leyfi forseta:

„Í framhaldi af erindi yðar, dags. 28. des. 1999, vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, vill félagsmálaráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Óhjákvæmilegt er að bregðast við dómi Félagsdóms í máli nr. 7/1999 og taka af allan vafa um að sömu reglur um friðarskyldu á gildistíma kjarasamninga eigi við meðal opinberra starfsmanna sem á almenna vinnumarkaðnum. Með hliðsjón af framangreindu styður félagsmálaráðuneytið frumvarpið."

Hvað skyldi mönnum finnast um svona vinnubrögð? Menn tapa máli fyrir dómstólum. Atvinnurekandinn tapar máli fyrir dómstólum. Það kemur á daginn að sveitarfélagið Árborg fær ekki krófu sinni framgengt um að krefja stéttarfélag fébóta vegna aðgerða sem það var saklaust af. Þá gengur hæstv. fjmrh. fram fyrir skjöldu og breytir lögunum. Og félmrh. landsins sem er hér væntanlega fyrir hönd okkar allra landsmanna að gæta félagslegs réttlætis — það er hans hlutverk að farið sé að lögum og reglur séu virtar — segir: „Vegna þess að sveitarfélagið tapaði málinu þá breytum við bara reglunum, breytum lögunum."

Finnst mönnum þetta eðlilegt? Mér finnst það ekki. Mér finnst hins vegar að menn geti haft á því skoðun hvort þær reglur sem eru við lýði séu réttar eða nógu góðar eða þau lög sem við störfum samkvæmt. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu þá leita þeir eftir samkomulagi, ekki síst ef lögin og reglurnar urðu til upp úr samkomulagi, upp úr því sprottnar. Ég hef vakið rækilega máls á því hér við umræðuna að svo var og að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn og allt þingið taldi svo vera, eins og rækilega kom fram í umræðu um málið á sínum tíma.

Í umsögn Starfsmannafélags Akureyrarbæjar um þetta frv. koma fram hörð mótmæli. Það er vísað til umsagnar BSRB en STAK mótmælir harðlega framlögðu frv. til laga.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar lýsir eindreginni andstöðu við að frv. þetta verði að lögum og til nánari rökstuðnings er vísað til umsagnar BSRB frá 6. janúar 2000 um þetta sama mál.

Kennarasamband Íslands sendir frá sér allítarlega greinargerð. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Kennarasamband Íslands leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins með eftirtöldum rökum.

Núgildandi lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru samþykkt á grundvelli samkomulags heildarsamtaka opinberra starfsmanna annars vegar og fjármálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar. Samkomulag þetta var undirritað 24. nóvember 1986. Breyting á lögunum án þess að gera fyrst tilraun til þess að ná um þær samkomulagi við samtök opinberra starfsmanna er því brot á nefndu samkomulagi.

Fulltrúar Kennarasambands Íslands hafa ásamt fulltrúum BSRB og BHM lýst yfir vilja sínum til að leggja vinnu í heildarendurskoðun þar sem reynt verði að samræma sem mest réttarstöðu opinberra starfsmanna annars vegar og launafólks á almennum vinnumarkaði hins vegar, hvað varðar leikreglur við gerð kjarasamninga. Þessu boði hefur nú verið hafnað af fjármálaráðherra sem hefur kosið að ganga erinda Sambands íslenskra sveitarfélaga og breyta einhliða einu ákvæði laganna án þess að gera minnstu tilraun til þess að bæta um leið réttarstöðu opinberra starfsmanna í þeim tilfellum þar sem réttarstaða þeirra er lakari en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði.

Kennarasamband Íslands vill í þessu samhengi taka skýrt fram að samræming sem byggði á því að þrengja að einhverju leyti réttarstöðu launafólks á almennum vinnumarkaði, með því að færa almennu löggjöfina í átt til þess sem lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna kveða á um, kæmi ekki til greina.

Það vekur furðu að lesa þann hluta greinargerðarinnar þar sem segir orðrétt: „enda standa engin rök til þess að aðrar reglur gildi um friðarskyldu opinberra starfsmanna."

Þessi framsetning vekur upp spurningar um það hvort löggjafinn telji þá eðlilegt að um opinbera starfsmenn séu í gildi lagaákvæði sem valda því að réttur þeirra samkvæmt lögum sé að einhverju leyti þrengri en réttur annars launafólks í landinu.

Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er að finna ákvæði þess efnis að vinnuveitenda sé heimilt að framlengja uppsagnarfrest starfsmanna í allt að 6 mánuði undir vissum kringumstæðum. Kennarasamband Íslands vill vekja athygli á því að þegar þessi lagagrein er skoðuð í samhengi við frumvarpið er vinnuveitandi komin í þá aðstöðu að geta nánast haldið starfsmönnum nauðugum í vinnu svo mánuðum skiptir ef hann svo kýs.

Kennarasamband Íslands bendir á að það virkar ekki traustvekjandi fyrir hinn almenna borgara þegar Alþingi tekur sig til og breytir lögum í beinu framhaldi af dómsmáli sem opinberir aðilar tapa eins og verið er að reyna í þessu tilfelli.

Kennarasamband Íslands ítrekar andstöðu sína við að áðurnefnt frumvarp verði að lögum en skorar þess í stað á fjármálaráðherra að verða við beiðni samtaka opinberra starfsmanna um að taka lögin í heild sinni til endurskoðunar með það að markmiði að leggja fram frumvarp til laga sem væri öllum hagsmunaaðilum til bóta."

Undir þessa álitsgerð Kennarasambands Íslands ritar formaður sambandsins Eiríkur Jónsson.

Í álitsgerð sem efh.- og viðskn. barst frá Alþýðusambandi Íslands, undirritaðri af Grétari Þorsteinssyni, forseta sambandsins, kemur fram það eindregna sjónarmið að stefna beri að því að samræma alveg þær reglur sem gilda um opinbera starfsmenn annars vegar og almennan vinnumarkað hins vegar, þ.e. lögin nr. 94/1986 og lögin um stéttarfélög og vinnudeilur frá árinu 1938, þ.e. lög nr. 80/1938. Þetta er afstaða Alþýðusambandsins sem telur brýnt að samræmdar reglur gildi á vinnumarkaðnum öllum. Þarna eru stærstu launþegasamtök á Íslandi sammála um að eðlilegt sé að stefna að því að samræmi gildi. Það er hins vegar ekki heilladrjúgt skref sem menn eru að stíga í þá áttina.

Ég hef lagt áherslu á mikilvægi þess að menn leiti eftir samráði. Það hefur gengið á ýmsu í gegnum árin en jafnan þegar leitað hefur verið eftir samráði um umdeild efni hefur það borið góðan árangur. Þannig má minna á setningu grunnskólalaga árið 1995. Þar var gott samráð á síðustu stigum málsins vegna yfirlýsinga um að grunnskólinn yrði ekki fluttur nema um það næðist sæmileg sátt milli ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara. Það var virkt samráð um þessi efni á tímabilinu 1994–1995. Þetta gaf góða raun, með öðrum orðum þá var gefin út yfirlýsing um að af þessum breytingum yrði ekki nema sæmileg sátt ríkti áður milli ríkis, sveitarfélaga og samtaka kennara.

Varðandi flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga þá var virkt samráð um alla hluti nema fjármálin. Það leiddi til samkomulags um öll atriði er vörðuðu réttindi starfsfólks og skyldur ásamt samkomulagi um meðferð faglegra mála. Hins vegar var ekkert samráð við stéttarfélög um fjármálin. Þetta gerðist á tímabilinu 1995–1996.

Þá kemur að frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem kom fyrir Alþingi á árinu 1996 og varð að lögum það ár. Þar var ekki um neitt samráð að ræða og lögin sett í fullkominni andstöðu við samtök opinberra starfsmanna. Það var ekki gæfuspor. Í þeim lögum er að finna ýmis ákvæði sem eru vægast sagt mjög varhugaverð og unnt hefði verið að forðast ef menn hefðu borið gæfu til að leita eftir samráði á milli aðila um það efni.

Í lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins var í upphafi ekki um að ræða samráð að nokkru marki. Upphaflega var frv. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins lagt fram í fullkomnu ósætti og andstöðu við samtök opinberra starfsmanna. En eftir mikil fundahöld BSRB, BHM og KÍ með þúsundum félagsmanna og eftirlaunaþega dró forsrh. það til baka og einnig vegna þess að upphaflega frv., hefði það orðið að lögum, hefði verið brot á 57. gr. grunnskólalaga. Í kjölfarið hófst mikil vinna fulltrúa samtakanna og fjmrh. við að vinna drög að nýju frv. þar sem víðtæk sátt náðist um efni þess frv. sem síðan varð að lögum frá Alþingi þótt nokkrar breytingar væru gerðar á því í meðförum þingsins.

Sannast sagna voru breytingarnar sem gerðar voru á frv. í meðförum þingsins afskaplega vafasamar og hafa komið mönnum í koll síðan. Þar má nefna breytingu sem hafði það í för með sér að einstaklingur sem vildi velja á milli A-deildar og B-deildar sjóðsins gat það ekki nema fram að tilteknum tímamörkum. Menn töldu að með því móti væri annars vegar sett pressa á fólk með að taka ákvörðun hið fyrsta og hins vegar gæti þetta raskað tryggingafræðilegri samsetningu og samspili væri þetta að gerast öllum stundum. Staðreyndin er sú að nú sjá menn mjög eftir þessu. Einstaklingar eiga erfitt um vik að komast á milli deilda sjóðsins eða öllu heldur fara úr B- í A-deild ef þeir hafa ekki áður tekið um það ákvörðun eða gerðu það ekki á réttum tíma.

Hitt atriðið sem breytt var í meðförum þingsins lýtur að réttindaávinnslu fyrir og eftir 65 ára aldurinn. Þar var búið að reikna út tryggingafræðilega hvaða prósentu þyrfti að byggja á en þingið hafði efasemdir um að þar væri rétt að farið og breytti því. Það sem menn áttuðu sig ekki á var að yfir þessu

höfðu tryggingasérfræðingar legið mánuðum saman og þeir einfaldlega reiknað út hvað væri rétt og hvað væri rangt í þessu efni. Þetta byggðist einfaldlega á tryggingafræðilegri úttekt.

Herra forseti. Hvað skyldi nú standa upp úr eftir þennan langa lestur minn úr álitsgerðum, úr þinggögnum og þeim hugleiðingum sem ég hef verið með hér? Hvað skyldi standa eftir? Það sem stendur eftir er þetta:

Hér er verið að bregðast við úrskurði Félagsdóms í tilteknu máli hjá sveitarfélaginu Árborg. Samband ísl. sveitarfélaga og væntanlega Samtök atvinnulífsins knýja á um breytingar á lögunum. Það er fyrsta ástæðan fyrir tilurð þessa frv. Menn geta velt því fyrir sér hvort eðlilegt sé að þegar ríkisvald eða sveitarstjórn tapar dómsmáli þá sé þess hefnt á Alþingi, þá sé lögunum einfaldlega breytt vinnuveitandanum í hag. Finnst mönnum þetta eðlilegt? Mér finnst þetta ekki eðlilegt. Þetta er það fyrsta sem stendur upp úr.

Í öðru lagi kemur fram að lögin sem lagt er til að breyta byggja á kjarasamningi. Í fyrsta lagi byggja þau á bókun sem gerð var í kjarasamningum um að leita skuli eftir samkomulagi milli aðila, fjmrh. og sveitarstjórna annars vegar og samtaka launafólksins hins vegar. Með öðrum orðum: Það eru ákvæði í kjarasamningum sem kveða á um að leita skuli eftir samkomulagi um breytingar á þessum lögum. Það samkomulag er gert og það er undirritað. Það er birt sem upphaf greinargerðar með stjfrv. 1986. Í umræðum allra þeirra sem koma að því máli, stjórnarsinna jafnt sem stjórnarandstöðu, kemur ítrekað fram að þetta séu samningar og samkomulag. Þetta segja allir. Forveri hæstv. fjmrh. fullyrðir þetta. Þær nefndir sem fá málið til umfjöllunar skrifa samhljóða undir og hver þingmaðurinn á fætur öðrum kemur í ræðustól og ítrekar það sjónarmið, að hér sé verið að fjalla um samkomulagsatriði. Þetta er annað atriðið sem ég vildi leggja áherslu á.

Í fyrsta lagi þetta: Það er verið að bregðast við úrskurði dómstóls og menn ætla að hefna hans á Alþingi. Að kröfu Sambands ísl. sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins, atvinnurekendavaldsins, á að hefna fyrir þetta á Alþingi.

Í öðru lagi á að knýja fram lagabreytingu á Alþingi og jafnvel þótt um sé að ræða lagabálk og reglur sem byggja á kjarasamningum og undirrituðu samkomulagi sem birt er með greinargerð stjfrv. á sínum tíma. Það er ekki ýkjalangt síðan. Það var árið 1986. Hæstv. páv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, undirritaði þetta ásamt helstu oddvitum í samninganefnd ríkisins, fullrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og forustumönnum viðkomandi stéttarfélaga.

Þriðja atriðið sem ég vil leggja áherslu á er að allir sem hlut eiga að máli, í öllum álitsgerðum sem fram komu um þetta mál, óska eftir heildarendurskoðun á þessum lögum. Allir ítreka það sjónarmið og hæstv. fjmrh. hefur gert það sjálfur. Hann er fylgjandi því að slík endurskoðun fari fram. Hann hefur sagt það í ræðustól, hann hefur sagt það opinberlega annars staðar og hann hefur sagt það við talsmenn samtaka opinberra starfsmanna. Hvers vegna í ósköpunum er þá ekki hægt að gera þetta þannig að leitað sé eftir sátt um málið í viðræðum á milli aðila í stað þess að fara svona að í trássi við óskir og vilja þessara samtaka? Mér er það algerlega óskiljanlegt.

Fjórða atriðið er þetta: Ég hef tekið langan tíma í að fara yfir umsagnir sem hafa borist Alþingi um þetta mál, sumar mjög ítarlegar. Ég hef farið allrækilega í umsagnir BSRB, BHM og Kennarasambandsins. Ég hef lesið stóra hluta þessara álitsgerða vegna þess að mér finnst skipta máli að fram komi hvert álit þessara aðila er. Ég hef einnig vikið að álitsgerðum annarra aðila, tuga aðildarfélaga þessara heildarsamtaka sem sest hafa yfir þessi mál og sent Alþingi álit sitt. Ég spyr: Finnst mönnum það einskis virði? Skiptir engu máli hvað þessum aðilum finnst, hvort sem um er að ræða félög starfsmanna sveitarfélaga (**PHB:** ASÍ.) sem fjölmörg hafa sent álitsgerðir? ASÍ kallar hv. þm. Pétur H. Blöndal fram í og vill örva þessa umræðu. Honum skal verða að þeirri ósk sinni. Hann vitnar í álitsgerð ASÍ. Álitsgerð ASÍ gengur út á að lögin sem gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna frá 1986 og lögin sem gilda á almennum vinnumarkaði um stéttarfélög og vinnudeildur frá 1938 verði samræmd. Það er álit þeirra og í fullkomnum takti við það sem samtök opinberra starfsmanna segja. (**PHB:** Það er verið að gera.) Og það er verið að gera, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Það er verið að gera það að einu litlu leyti. Hins vegar er ekki tekið á samhengi hlutanna, málin eru ekki skoðuð heildstætt heldur er farið fram einhliða af hálfu annars aðilans gegn óskum hins (**PHB:** Borða fílinn í bitum.) Borða fílinn í bitum, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Þetta mál á ekkert skylt við át og þaðan af síður við át á fílum eða öðrum skepnum.

Þetta mál snýst um vinnubrögð, um afstöðu þeirra sem fara með völdin í samfélaginu og hvernig þeir beita þeim völdum. Ég verð að segja að það liggur við að ég lýsi yfir hryggð minni yfir því að sjá þá kúvendingu sem orðið hefur hjá mörgum stjórnarliðum í þessu máli. Ég vísa í álitsgerð hæstv. félmrh. í því efni sem hér á haustdögum 1986 fagnaði sérlega vönduðum vinnubrögðum hæstv. fjmrh. um að leita eftir að ná samkomulagi við heildarsamtök opinberra starfsmanna. Hann fagnar því sérstaklega. Núna skrifar hann álitsgerð fyrir hönd félmrn. sem gengur þvert á þessa afstöðu og lýsir yfir stuðningi við að frv. þetta verði samþykkt.

Ég hef vitnað í aðra ágæta stjórnarliða úr umræðunni frá 1986, t.d. hv. þm. Jón Kristjánsson. Fyrrv. fjmrh., Friðrik Sophusson, skrifaði undir þessa álitsgerð. Fyrrv. hæstv. forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, skrifaði undir álitsgerðina. Ég vitnaði í ummæli þingmanna úr öllum flokkum: Kjartans Jóhannssonar, Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnar Agnarsdóttur, Svavars Gestssonar, Jóns Kristjánssonar, Páls Péturssonar, Þorsteins Pálssonar. Allir þeir sem tóku til máls um þetta voru á einu máli um hvernig að verki hefði verið staðið og hvernig ætti að bera sig að við breytingar á þessum lögum. Jafnvel smávægilegar breytingar sem þá voru gerðar á frv. í meðförum þingsins voru gerðar í samráði við samtök opinberra starfsmanna.

Ég minni einnig á, herra forseti, þegar menn eru að hneykslast yfir aðgerðum af því tagi sem lögin beinast gegn, hópuppsögnum, að menn skyldu skoða hina hliðina einnig. Menn skyldu skoða framgangsmáta atvinnurekandans líka, hvort sem það er fjmrh. eða einstakir forstöðumenn stofnana hjá ríki eða sveitarfélögum.

Ég vísaði áðan í fyrirspurn sem ég hefði sett fram og beint til hæstv. fjmrh. Þar var spurt nokkurra mjög einfaldra spurninga. Það er spurt, með leyfi forseta:

„1. Hver voru að meðaltali í janúar 1997 og janúar 2000 mánaðarlaun, þ.e. föst laun og grunnlaun ef þau eru önnur:

a. sjúkrahúslækna,

b. almennra hjúkrunarfræðinga, að frátöldum aðstoðardeildarhjúkrunarfræðingum og hærra launuðum hjúkrunarfræðingum,

c. hjúkrunarfræðinga,

d. sjúkraliða,

e. aðstoðarfólks á Ríkisspítölunum?"

Hverju skyldi vera svarað? Spurt er um föst laun og grunnlaun ef þau eru önnur. Það er svarað með upplýsingum um heildartekjur og síðan segir í athugasemdum sem fjmrn. birtir, með leyfi forseta:

„Ekki er alveg ljóst hvað átt er við með föstum launum, enda þyrfti sérstaka vinnslu til að aðskilja þau frá öðrum launum. Því var hér reiknað meðaltal heildarlauna á stöðugildi hjá viðkomandi hópum, eftir því sem unnt var. Ekki var unnt að taka tillit til breytinga á vinnumagni á tímabilinu og getur það haft áhrif á útkomuna."

Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Ég spyr: Er þetta gert til þess að afvegaleiða? Ég bara spyr. Er þetta gert til að blekkja? Er þetta gert vegna þess að sjúkraliðar á Ríkisspítölum hafa sagt upp störfum? Er það vegna þess? Má ekki upplýsa um launaþróunina? Hvað skyldi hjúkrunarfræðingum finnast um þetta svar sem gefur til kynna hækkanir og launakjör sem eru ekki raunveruleg? Spurt er um föst laun og grunnlaun, ef þau eru önnur. Svar segir til um heildarlaun án tillits til vinnuframlags, án tillits til þess hvort einstaklingurinn tekur á sig mikla aukavinnu. Því er svarað til að hjúkrunarfræðingar séu með 265 þús. kr. án tillits til vinnuframlags. Ég spyr: Hvernig fer Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, B-deild, sem fær iðgjöld af föstum launum, ekki heildarlaunum heldur föstum launum, að því að reikna þetta út ef að mati fjmrn. er ekki unnt að skilgreina hvað eru föst laun og hvað eru grunnlaun? Hvernig fer deildin að? Hvernig fara þeir að því að greiða yfirvinnu ef enginn veit hvar grunnlaunum sleppir? Er það hægt? Ég bara spyr. Að sjálfsögðu er hægt af finna út grunnlaunin.

Síðan kemur önnur spurning í fyrirspurn minni:

„2. Hver voru í janúar 1997 og janúar 2000:

a. byrjunarlaun sjúkrahúslækna í lægsta virka launaflokki/þrepi,

b. mánaðarlaun sjúkrahúslækna í efsta þrepi að meðaltali,

c. byrjunarlaun almennra hjúkrunarfræðinga í lægsta virka launaflokki/þrepi ... ?"

Síðan er haldið áfram og vísað til annarra starfsstétta: sjúkraliða, aðstoðarfólks við aðhlynningu á Ríkisspítölunum í lægsta virka launaflokki eða þrepi, mánaðarlaun aðstoðarfólks við aðhlynningu á Ríkisspítölunum í efsta þrepi, með og án námskeiðshækkana o.s.frv.

Hver voru svörin? Þau eru bara engin. Í flestum tilvikum er engu svarað. Þegar spurt er um hlutfallslegan mun á milli stétta eiga menn líka afskaplega erfitt með að svara, þá er ekki svarað heldur. Aðeins tilteknir hópar eru teknir út. Þar eru teknir gæslumenn og sjúkraliðar. Það er ekki vísað til annarra stétta sem spurt er um. Í athugasemdum er sagt:

„Um sambærileg þrep milli þessara hópa er ekki að ræða nema milli sjúkraliða og gæslumanna 1997. Þrep sérfræðinga miðast við árafjölda eftir útskrift úr háskóla og eðli málsins samkvæmt ráðast þeir ekki sem sérfræðingar fyrr en að loknu sérfræðingsnámi, mörgum árum eftir læknapróf."

Hvað kemur þetta málinu við, aðdragandinn að fólk kemur til starfa? Hugsanleg skýring á því að launakjör eru mismunandi er að þeir sem hafa langskólamenntun að baki búi iðulega við hærri og betri launakjör. Það er skýring en dugir ekki sem afsökun fyrir því að neita að gefa svör um hver séu byrjunarlaun viðkomandi starfshópa þegar þeir koma til starfa á sjúkrahúsunum. Og ég spyr: Hvað vakir fyrir hæstv. fjmrh., að svara svona út í hött og neita að gefa upplýsingar sem honum ber samkvæmt þingskapalögum að veita? Er að undra að ástandið verði tilfinningaþrungið þegar komið er inn á þessar stofnanir og þar ríki ekki fullkomið traust? Þegar það ástand magnast og versnar hefur það iðulega leitt til þess að fólk hefur gripið til þess ráðs að segja upp störfum. Það gerir það af mismunandi ástæðum, sumir einfaldlega vegna þess að þeir vilja hverfa til annarra starfa, aðrir eflaust vegna þess að þeir vilja reyna að ná einhverju sameiginlegu markmiði. Er að undra að í ljósi þessarar óábyrgu afstöðu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnarinnar, að neita að gefa sjálfsagðar upplýsingar, að ástandið sé ekki alltaf ákjósanlegt? Ég bara spyr. Og ég spyr: Finnst hæstv. fjmrh. hann ekki hafa neina ábyrgð? Finnst honum það allt í lagi að koma fram með frv. gegn ábendingum, vilja, óskum og kröfum allra heildarsamtaka opinberra starfsmanna og aðildarfélaga þessara sömu samtaka sem vísa til þess að frv. sem verið er að gera breytingar á byggi á kjarasamningum og samkomulagi og sé grunnmúrað í þinggögnin sem slíkt?

Finnst hæstv. fjmrh. ekkert athugavert við þessa framgöngu? Finnst honum þetta allt í lagi? Finnst hæstv. fjmrh. það fallið til að skapa frið og góðan vinnuanda þegar spurt er um upplýsingar sem honum ber samkvæmt upplýsingalögum að veita og sem starfsfólk á opinberum stofnunum óskar eftir að fá upplýsingar um, að hann hunsi það og veiti engin svör, svari út í hött eða hreint ekki? Finnst hæstv. ráðherra þetta ekki skipta nokkru einasta máli? Finnst honum hans ábyrgð engin?

Menn tala um að fólk verði að fara fram af sanngirni, það þurfi að virða reglur og lög. Af hverju gerir hæstv. fjmrh. það ekki? Af hverju virðir hann ekki þingskapalög um að veita upplýsingar eins og beðið er um? Hvernig stendur á því? Af hverju fer hann ekki að upplýsingalögum? Ég spyr. Hvers vegna virðir hann að vettugi samkomulag sem gert var á sínum tíma á milli samtaka opinberra starfsmanna, ráðuneytisins og sveitarfélaga? Hvers vegna blæs hann á það? Er ábyrgð hans engin? Finnst honum það ekki skipta neinu máli? Finnst honum það ekki skipta neinu máli þegar öll þau samtök sem hér áttu hlut að máli óska eftir því við hann að málinu verði skotið á frest? Þegar álitsgerðir berast frá aðildarfélögum þessara samtaka í þessa veru, finnst honum það ekki skipta neinu máli? Engu? Finnst honum lögin þess eðlis að samkvæmt hans mati sé eðlilegt að keyra frv. í gegn? Finnst hæstv. ráðherra þetta eðlileg vinnubrögð? Mér finnst þetta ekki vera eðlileg vinnubrögð, herra forseti.

Ég ætla að enda þessa fyrri ræðu mína við 3. umr. um málið á þeim spurningum ég beindi til hæstv. fjmrh. og óska að sjálfsögðu eftir skýrum og greinargóðum svörum af hans hálfu.

[01:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er ég heyrði af hinum margrædda dómi Félagsdóms í fréttunum hugsaði ég: Nú koma forustumenn opinberra starfsmanna hlaupandi og heimta lagasetningu eins og þá sem við erum að ræða. Ég taldi að fólk mundi annaðhvort segja: Þeir sem sömdu fyrir þetta starfsfólk á barnaheimilinu í Árborg höfðu ekki umboð frá þessu fólki. Það fór í verkfallsaðgerðir þrátt fyrir kjarasamning þeirra sem sömdu í „umboði þess", myndaði nýtt stéttarfélag. Hinn kosturinn var að sagt yrði: Ekkert er að marka undirskrift þeirra sem sömdu fyrir fólkið. Fólkið gat samið aftur á miðju samningstímabili.

Þetta gerðist ekki. Þeir komu ekki hlaupandi og því spyr ég hv. þm. sem jafnframt er forustumaður BSRB og þekkir því dálítið til samningsgerðar:

1. Hvers vegna heimtuðu forustumenn opinberra starfsmanna ekki skjóta lagasetningu til að bæta álit sitt og beyglaða ásýnd?

2. Höfðu þeir sem sömdu fyrir starfsmennina í Árborg ekki umboð? Var þetta nýtt stéttarfélag sem fór í verkfall? Er stéttarfélagakerfið að hrynja?

3. Er ekki neitt að marka undirskriftir forustumanna opinberra starfsmanna? Gilda kjarasamningar bara fyrir annan aðilann?

4. Er hugsanlegt að snúa þessu við? Getur ríkisstofnun farið í verkbann á miðju tímabilinu til að krefjast lækkaðra launa?

[01:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að ég hafi náð alveg öllum spurningunum en þeim er flestum fljótsvarað.

Í fyrsta lagi var ekki myndað nýtt stéttarfélag og almennt er það svo að undirskriftir aðila undir kjarasamninga gilda. Ég hef lýst þeirri afstöðu minni mjög afdráttarlaust að samningar eigi að gilda og menn eigi ekki að grípa til hópuppsagna í kjarabaráttunni þótt ég hafi jafnframt lýst því yfir að ábyrgðin sé beggja, atvinnurekandans og launamannsins þegar kemur að því að framfylgja kjarasamningum. Það hefur verið allur gangur á því af hálfu atvinnurekandans þannig að hann getur ekki firrt sig ábyrgð.

Varðandi fyrsta atriðið sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi, að hann hefði undrast að stéttarfélögin hlypu ekki til og heimtuðu lagasetningu til að bjarga beyglaðri ásýnd sinni, ég held að hann hafi orðað það þannig, þá lýsir það ákveðnu hugarfari: Ef mönnum finnst að sér vegið á einhvern hátt þá skal beita lögum, fésektum og fangelsun væntanlega og heimta lög á veruleikann. Ég er að hvetja til þess að menn komi sér saman um hlutina og semji um þær breytingar sem báðir aðilar sannarlega vilja gera. Ég vil að menn nái sátt vegna þess að ég er mjög eindregið á því máli að það sé engum til góðs að missa kjaradeilur inn í óskipulegan farveg. Ég held að það sé engum til góðs. Það er mín skoðun.

[01:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í árdaga verkfallsbaráttu mynduðu hópar einmitt eins og þessi stéttarfélög til að berjast fyrir kjörum sínum. Núna myndar hópur fólks stéttarfélag til að berjast gegn staðnaðri verkalýðshreyfingu sem hefur samið um allt of lág laun fyrir það. Þetta er kúgað fólk sem rís upp sem nýtt stéttarfélag, hvað er það annað?

Þess vegna spyr ég: Hvernig getur hv. þm. sagt að þetta hafi ekki verið nýtt stéttarfélag þegar hann sagði að það eigi ekki að grípa til verkfallsaðgerða? Þessi hópur manna greip til verkfallsaðgerða og er þar af leiðandi nýtt stéttarfélag eða ekkert er að marka undirskriftir þeirra aðila sem sömdu fyrir það. Ef þeir höfðu umboðið til að semja fyrir fólkið og sömdu fyrir það og það er ekki stéttarfélag, þá er ekkert að marka undirskriftirnar. Annað hvort er í gildi. Annaðhvort er þetta nýtt stéttarfélag, aðilarnir sömdu fyrir það, höfðu bara ekki umboð til þess, eða þá að undirskriftirnar gilda ekki.

Og ég spyr enn: Gilda undirskriftir verkalýðshreyfingarinnar eða ekki? Og getur verið að allt verkalýðskerfi opinberra starfsmanna sé að hrynja? Því að þetta er ekki eina dæmið, þau eru fjöldamörg og ég er ekkert voðalega sorgbitinn yfir þeim.

[01:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hálf finnst mér þetta brjóstumkennanlegt og lýsa mikilli vanþekkingu á því hvernig kaupin gerast á eyrinni í kjarasamningum þar sem hv. þm. leyfir sér að alhæfa að stéttarfélögin semji um allt of lág launakjör. Í sumum tilvikum má gagnrýna stéttarfélög og hreyfingu launafólks fyrir að berjast ekki nægilega hart fyrir kjörum sínum og gegn því atvinnurekendavaldi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur stillt sér upp með. Gagnvart því fólki sem hann talar til með þessum þjósti og sjálfbirgingi hefur hann átt aðild að stórfelldri kjaraskerðingu á undanförnum árum hvort sem litið er til barnabóta, til húsnæðiskerfisins, til þess sem gerst hefur innan heilbrigðisþjónustunnar. Hvar sem litið er hefur hann staðið með sverðið á lofti og staðið með ríkisstjórninni og atvinnurekendavaldi um að skerða kjör þessa fólks.

Stéttarfélögin hafa hins vegar verið að reyna að ná fram kjarabótum fyrir félaga sína og ekki alltaf tekist sem skyldi, því miður. En það er vegna þess að menn standa gegn mjög ófyrirleitnu valdi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur stillt sér upp með. En nú hlakkar að sjálfsögðu í hv. þm. ef hann telur einhverja brotalöm vera að finna hjá stéttarfélögunum.

Ég ítreka að mér finnst að samningar eigi að standa og undirskriftir eigi að gilda. En jafnríka áherslu legg ég á að um þær reglur og þau lög sem við förum eftir í tengslum við kjaradeilur eigi að skapa sátt. Annars ná þau hreinlega ekki markmiði sínu og takmarki. En ég veit að þau sjónarmið eru uppi að leysa öll vandamál með dómstólum, sektum og fangelsun.

[01:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætlaði að inna hæstv. forseta eftir því hvað hæstv. forseti hygðist fyrir um frekara fundarhald í nótt. Ég leyfi mér að minna allra náðarsamlegast á að við höfum fund klukkan hálfellefu í morgun og þingnefndir voru að störfum, ég hygg bæði í hádegisverðarhléi og kvöldmatarhléi. Þannig var það a.m.k. í tilviki undirritaðs að ég er búinn að vera á fundum samfellt síðan klukkan hálfellefu í morgun. Ég tel yfirleitt ekki sérstaklega eftir mér, herra forseti, að rækja skyldustörf mín og tel mig mæta hérna sæmilega, en ég leyfi mér að læða þeirri hugsun að hæstv. forseta að þetta sé að verða nokkuð gott í dag með tilliti til þess að frídagur í þinghaldinu er fram undan og við eigum enn eftir viku til að ljúka störfum og hvort það þjóni miklum tilgangi að þrælast áfram á þeim mannskap, sem þó er hér enn þá við störf, lengur en orðið er.

[01:20]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti hafði hugsað sér að ljúka umræðum um þau mál sem eru á dagskrá þessa fundar. 24 mál eru á dagskrá og umræðu um öll málin er lokið nema þetta eina sem nú er til umræðu. Forseti minnir á að samkvæmt starfsáætlun þingsins eru aðeins fjórir þingdagar eftir og mörg verkefni sem á eftir að taka á og hv. þm. eru vanir því að síðustu vikuna gerist þingdagarnir langir. Það er rétt sem hv. þm. sagði að þessi dagur er orðinn ansi langur.

En forseti vill freista þess að halda þessari umræðu áfram og helst að reyna að ljúka henni.

[01:21]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að skorast undan því að taka þátt í áframhaldandi umræðu. En ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að þetta er orðinn nokkuð langur þingdagur. Ég tek fram að orðið var við óskum mínum um að fresta umræðu um þetta dagskrármál frá hálfníu til hálfellefu, en þá voru önnur mál tekin til umfjöllunar. En áður hafði ég, sem var búinn að gera grein fyrir því að ég mundi vilja taka til máls um þetta frv., beðið þess að það kæmi á dagskrá frá því í morgun en það var mjög framarlega á dagskránni.

Ég tek undir það sjónarmið hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að æskilegast væri að mínum dómi að við lykjum þingfundi nú og tækjum þráðinn upp þegar þing kemur saman í næstu viku.

[01:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu ræður virðulegur forseti því hvernig tilhögun fundarins verður. Þetta voru eingöngu hugleiðingar af minni hálfu og ætlaðar til þess að forseti velti því fyrir sér hvort kannski væri nóg að gert í kvöld. Í máli virðulegs forseta kom fram að við höfum þegar lokið umræðum um 23 dagskrármál á þessum fundi. Þetta er annar fundur þessa sólarhrings og á fyrri fundi voru allmörg mál afgreidd og umræðum um þau lokið.

Einnig er ljóst að út af fyrir sig er ærinn starfi fram undan á þeim fáu sólarhringum sem til stefnu eru og einmitt þess vegna, herra forseti, er afar mikilvægt að leita eftir sem bestu samkomulagi um tilhögun þinghaldsins. Þess vegna er afar gott ef forseti er í aðstöðu til að verða við sanngjörnum óskum þingmanna ef þær eru rökstuddar og bornar fram af hógværð og með réttmætum ástæðum um tilhögun þinghaldsins.

Frekari orð ætla ég ekki að hafa um þetta og er tilbúinn til að hefja mál mitt en það mun taka nokkra stund, svo forseta sé það ljóst.

[01:23]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti ítrekar að fáir þingdagar eru eftir og þetta er eini þingdagurinn í þessari viku og verður því af óviðráðanlegum orsökum að verða lengri þingfundur en við eigum að venjast. Forseti vill með allri vinsemd fara þess á leit við hv. þm. að hann hefji nú mál sitt.

[01:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér er það ljúft og þakka fyrir að fá orðið. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hafði ekki áttað mig á því fyrr en leið á kvöldið og nóttina að hér væri um svo brýnt forgangsmál af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að ræða. Ég hlýt að segja þá um leið, herra forseti, að ég harma að þessi mál hafi þróast á þann veg að hæstv. fjmrh. leggur jafnmikla áherslu á að fá þetta mál afgreitt við þessar aðstæður eins og raun virðist bera vitni, og að hæstv. forseti þingsins, sem ég þekki fyrir sanngjarnan mann, hefur að engu óskir um að kannski sé nóg að gert í þessari lotu í umræðum, af því að ég hef ekki skilið að það væri að öllu leyti skynsamlegt að umgangast þetta viðfangsefni á þann hátt sem hér er verið að gera.

Nú kann það að vera að menn hafi fest sig í einhverju því fari með þetta mál sem ekki sé auðvelt að komast upp úr. En ég hygg að auðvelt sé að sýna fram á m.a. með því að varpa ljósi á mikilvægi samskipta þeirra aðila sem hér eiga í hlut, að þetta sé ekki mjög skynsamlegur framgangsmáti. Ég harma þetta sérstaklega fyrir hönd hæstv. fjmrh. sem ég þekkti af öðru, þ.e. að vera frekar laginn í framgöngu með sín mál, en að fara að standa í því að troða hér áfram í ágreiningi og í bersýnilegri andstöðu við alla mikilvægustu viðsemjendur sína á vinnumarkaði máli af þessu tagi. Ég, herra forseti, er fús til að gera hlé á máli mínu meðan fjmrh. er í burtu úr þingsalnum. Honum er e.t.v. orðið erfitt um vik að viðbindast hér í salnum og þá er sjálfsagt að taka tillit til þess. Ef svo er ekki, herra forseti, þá treysti ég og fagna því að hæstv. fjmrh. hlýði á mál mitt.

Sem ég segi, herra forseti, þá finnst mér þetta ekki nógu lögulegt hjá hæstv. fjmrh. eða góð byrjun eða hluti af byrjun samskipta hans við mikilvægustu viðsemjendur sína á vinnumarkaði því þannig er tilhögun mála hjá okkur að hæstv. fjmrh. fer með samningsumboð ríkisins við opinbera starfsmenn sem hjá ríkinu vinna. Það er einnig mjög miður, herra forseti, og ber að harma að sveitarfélögin sem eru sífellt að verða mikilvægari vinnuveitandi opinberra starfsmanna eiga hér aðild að máli með heldur leiðinlegum hætti, sem sagt þeim að þau hafa lagt áherslu á að þetta frv. sé flutt og lögum breytt á þennan hátt í kjölfar þess að þau hafa tapað dómsmáli í deilum við einn hóp starfsmanna sinna. Það er athyglisvert að það sveitarfélag sem stóð í illdeilunum við starfsmennina, sveitarfélagið Árborg, sem er eða a.m.k. var á þeim tíma undir forustu þess trúnaðarmanns Sambands sveitarfélaga sem gegndi jafnframt formennsku í launanefnd sveitarfélaganna, bæjarstjórinn í sveitarfélaginu Árborg, þannig að hann er, ef einhver er, helst ígildi hæstv. fjmrh. í þeim skilningi að vera höfuðviðsemjandi opinberra starfsmanna hjá sveitarfélögunum.

Þetta er ekki nógu góð þróun í samskiptum þessara tveggja mikilvægu forustumanna um málefni hins opinbera gagnvart starfsmönnum og samtökum þeirra, að standa í málatilbúnaði af þessu tagi, annars vegar illdeilum og málaferlum sem þeir tapa og hins vegar þvingaðri lagasetningu í andstöðu við þá sem mestu máli skipta í þessu sambandi, þ.e. viðsemjendurna í tilviki hæstv. fjmrh. Ég kýs því, herra forseti, a.m.k. fyrir mig að líta á þetta sem mistök af hálfu hæstv. fjmrh. Ég held að þarna hafi mönnum orðið á, mönnum hafi í hita leiksins á sl. ári runnið í skap og þetta frv. sé afsprengi fljótræðislegra ákvarðana sem hafi verið teknar við slíkar aðstæður, af því það kann ekki góðri lukku að stýra, þjónar engum tilgangi og ég sé enga þá úrbót fólgna í því í þessum efnum sem sé líkleg til þess að skila mönnum hætishót fram á við, miklu frekar aftur á bak. Og ég treysti því, af því ég þekki hæstv. fjmrh. fyrir skynsaman mann, að honum sé löngu orðið þetta ljóst. En það er reyndar eins og við vitum stundum ekki alltaf auðvelt að finna götuna til baka ef menn lenda úti í blindgötu af þessu tagi.

Það hefur rækilega verið farið yfir það hér, herra forseti, af hv. 13. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni, að það gerir í raun og veru allan umbúnað þessa máls lakari en ella að hér er um ræða breytingu á ef ekki beinlínis samkomulagi þá a.m.k. lagaumgjörð sem er á grundvelli samkomulags allra mikilvægustu aðila opinbera vinnumarkaðarins frá 1986 sem var stutt í bak og fyrir af öllum málsaðilum, öllum hagsmunaaðilum og öllum pólitískum hreyfingum á Alþingi, margblessað og signerað sem sérstaklega ánægjulegt samstarf þessara aðila og farsæl niðurstaða varðandi það að móta sameiginlegar leikreglur á þessu sviði.

Ekki síður í ljósi þessa, herra forseti, verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst að það sé ekki alveg í stíl hjá hæstv. fjmrh. að standa svona að hlutum. Ég leyfi mér að halda það að einhvers staðar hafi hæstv. ráðherra lent út af sporinu og ekki komist á það aftur. Ef eitthvað er hægt að gera, herra forseti, til að hjálpa hæstv. fjmrh. upp á teinana á nýjan leik, leiða hann á sporið, þá erum við fús til að reyna það.

Herra forseti. Þegar í hlut eiga leikreglurnar á vinnumarkaði, ramminn sem gildir um samningaaðila, eru þar á ferðinni reglur af því tagi sem skipa mjög sérstaka stöðu eða eiga a.m.k. að gera í löggjöf okkar og réttarfari. Þetta eru grundvallarleikreglur af því tagi að þeim er að mörgu leyti helst hægt að jafna við kosningalöggjöf eða grundvallarréttarfarsreglur eða annað því um líkt af því að þjóðin þarf að búa við þessa umgjörð, starfa samkvæmt henni, byggja á henni og leysa afar vandasöm og mikilvæg mál á grundvelli þessara leikreglna þannig að vel takist til. Þess vegna hafa skynsamir menn löngum borið gæfu til að átta sig á því að afar mikilvægt er að að reyna að setja slíkar grundvallarleikreglur í góðri sátt. Enn er það svo að menn setja t.d. ógjarnan ákvæði í kosningalög eða gera breytingar á stjórnarskrá eða öðrum slíkum mikilvægustu grundvallarreglum samfélagsins öðruvísi en að leggja mikið á sig, a.m.k. til þess að reyna að ná um það sátt.

Hvað á þá að segja um framgöngu hæstv. fjmrh. í þessu máli þar sem frv., sem á að breyta einu tilteknu atriði í mikilvægri löggjöf um heildarsamskipti þessara aðila, er hent inn í þingið og þjösnast áfram með það í fullri andstöðu við alla helstu hagsmunaaðila sem eiga að búa við það, ef ég hef skilið málið rétt, ekki aðallega vegna efnis þess heldur vegna vinnubragðanna, heldur vegna aðferðanna, vegna þess að þarna er rofið það samstarf aðila um mótun slíkra reglna sem menn hafa reynt að byggja á. Það er ekki mjög gæfulegt, herra forseti. Þarna hefur hæstv. fjmrh. lent út af sporinu, haft vonda ráðgjafa eða tekið óskynsamlegar ákvarðandir í hita leiksins sem hann hefur ekki fundið leið til að rétta af.

Staðreyndin er sú að það að beita valdi með þessum hætti, sem er örugglega í færum hæstv. fjmrh. með tryggan meiri hluta ríkisstjórnarinnar á bak við sig á þinginu, þjónar hvort sem er engum tilgangi, sagan kennir okkur það. Það er alveg öruggt mál að verkalýðshreyfingin, samtök opinberra starfsmanna í landinu, verða ekki handjárnuð eða heft með aðferðum af þessu tagi, þau verða það ekki, nema menn gangi miklu lengra og svipti þau grundvallarréttindum, vegna þess að menn hafa afl og möguleika til að rétta af framkomu af þessu tagi í krafti samtakamáttar síns. Ég held að þetta geti ekki boðað neitt annað en verra andrúmsloft í samskiptum hæstv. fjmrh. við þessa hreyfingu og óþægindi á mánuðunum sem fram undan eru sem hæstv. ráðherra hefði átt að eiga góða möguleika á að komast hjá.

Er þá ekki til lítils unnið og þessi smásigur harla dýru verði keyptur? Hann gæti átt eftir að reynast þá, herra forseti, svokallaður Pyrrhosarsigur vegna þess að út á hann töpuðust aðrir og miklu meiri hagsmunir sem væru gott andrúmsloft í samskiptum þessara aðila, trúnaðartraust og samskiptareglur sem menn bæru virðingu fyrir.

Ég get ekki betur heyrt og séð af þeim fjölmörgu umsögnum, ekki bara allra heildarsamtaka opinberra starfsmanna heldur líka flestra mikilvægustu aðildarfélaga samtakanna en að þessi framgangsmáti hæstv. ráðherra hafi hleypt illu blóði í nánast alla hina opinberu hreyfingu starfsmanna í landinu. Þetta er þeim mun bagalegra, herra forseti, sem allir kjarasamningar við opinbera starfsmenn munu vera lausir á þessu ári og fram undan bíður hæstv. fjmrh. það vandasama verkefni að reyna að landa þar farsælli lausn. Ég hefði haldið að hæstv. fjmrh. gerði grand í því að vera uppteknari af því þessa dagana og á næstu vikum og mánuðum að undirbyggja gott andrúmsloft, trúnaðartraust og góð sambönd við þessar hreyfingar en að standa í því að því, er mér virðist nánast í fullkomnu tilgangsleysi, að þjösna máli af þessu tagi í gegn með vinnubrögðum eins og þessum.

Ef það er skoðun hæstv. fjmrh., sem örugglega er því að væntanlega er málið flutt af sannfæringu um að efnisákvæði þess væru til góðs, og ef við tökum það gilt og segjum sem svo að það sé skoðun hæstv. fjmrh. að þessum ákvæðum þurfi að breyta í þessa veru eða eitthvað í áttina þá er þetta alveg örugglega ekki rétta aðferðin til þess. Þá hefði hæstv. fjmrh. frekar átt að að leggja allt kapp á að ná um það samkomulagi við samtökin sem hann á jafnmikið undir samskiptum við og eiga að búa við þessar leikreglur að gera slíkar breytingar. Ég hef hvergi heyrt í umræðunni, og þvert á móti frekar hið gagnstæða, að útséð hafi verið um að ná mætti þar einhverju landi. Mér er reyndar kunnugt um að menn höfðu til skoðunar hjá samtökum opinberra starfsmanna ýmsar hugmyndir sem hefðu getað gengið í þessa átt. Það var þá rétta aðferðin, það var aðferðin sem var í samræmi við eldri fordæmi um samskipti þessara aðila og það væri í samræmi við þá hefð sem flestir forverar hæstv. fjmrh. og aðrir framsýnir foringjar í málum af þessu tagi hafa reynt að hafa í heiðri, að gera jafnan fyrst allt sem mögulegt væri til þess að reyna að ná samkomulagi um málin áður en menn gripu til þess neyðar- eða óyndisúrræðis að neyta aflsmunar á löggjafarsamkundunni og þvinga niðurstöður þannig fram. Það hefur aldrei þótt góð latína í samskiptum aðila vinnumarkaðarins að hvort sem heldur er að setja niður kjarasamninga með lögum eða breyta leikreglunum um þessi samskipti á sama hátt þó menn hafi einstöku sinnum hrakist út í slíkt og eiga sér ýmsir fortíð í þeim efnum.

Ég held, herra forseti, að í þessu sambandi séu grundvallarreglurnar um samskiptin miklu mikilvægari en jafnvel efni málsins sjálfs þó að ég ætli líka að koma lítillega inn á það. Mér eru þau miklu ofar í huga og það á hvaða spori hæstv. fjmrh. er staddur í þessu tilviki sem eins og ég segi og endurtek að mér finnst vera stílbrot miðað við framgöngu hæstv. ráðherra hingað til sem hefur verið í öllum aðalatriðum skynsamleg í tilvikum af þessu tagi. En hér bregður eitthvað nýrra við, hér er eitthvað annað á ferðinni. Mér eru ekki ljósar ástæður þess að þetta er þvingað fram með þessum hætti, hvort þar véla einhverjir aðrir um á bak við hæstv. ráðherra eða hafa áhrif á eða hvort þetta er eingöngu vilji hæstv. ráðherra að ná þessu svona fram. Það verður þá ekki til mikillar farsældar, svo mikið þori ég að fullyrða.

Varðandi efni málsins, herra forseti, er það að sjálfsögðu ekki svo að við sem hér höfum gagnrýnt þennan framgangsmáta, og það á að vera alveg skýrt held ég, að við erum ekki að mæla neinum óréttmætum eða ólögmætum aðferðum í vinnudeilum bót, svo er ekki. Ég er þeirrar skoðunar, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur einnig ítrekað fyrir sitt leyti, að skipulagðar hóppuppsagnir, þar sem stéttarfélögin sjálf kæmu við sögu eða væru á bak við, séu að sjálfsögðu ekki réttlætanlegar. Þar eiga menn að beita hinum lögvernduðu og löghelguðu aðferðum og knýja fram réttlætingu mála sinna eða bættan hlut sinn með þeim aðferðum sem eru

viðurkenndar, þ.e. uppsögn kjarasamninga eða eftir atvikum vinnustöðvun til að knýja á um kjarabætur þegar samningar eru lausir.

Hitt verður líka að hafa í huga, herra forseti, að launamenn, hver og einn, eiga auðvitað að lokum þann sjálfstæða einstaklingsbundna rétt — og hann verður ekki frá þeim tekinn — að hverfa úr störfum sem þeir una ekki lengur í vegna þess að kjörin séu svo bág. Þarna verða menn þar af leiðandi að gæta hófs í því að virða hvort tveggja og finna skynsamleg landamæri eftir atvikum sem hægt sé að draga þarna á milli. Mér sýnist að það sé miklu meira tilefni fyrir vinnuveitendur í þessu tilviki að velta stöðu sinni fyrir sér, m.a. í ljósi dóma sem fallið hafa, heldur en í sjálfu sér verkalýðshreyfingunni sem hefur ekki verið sönnuð að neinni sök í þessum málum. Að sjálfsögðu getur skipulögð hreyfing, heildarsamtök eða félög launamanna ekki tekið ábyrgð á né tekið réttinn af félögum sínum sem einstaklingum við aðstæður af þessu tagi. Staðreyndin er sú, herra forseti, að launamenn í ýmsum stéttum hafa á undanförnum missirum verið að greiða atkvæði með fótunum, ef svo má að orði komast, í stórum stíl og flýja starfsgreinar þar sem launakjörin eða starfsaðstæður hafa verið með þeim hætti að þeir una þeim ekki. Það er þar af leiðandi ekkert nýtt eða ætli menn kannist til að mynda ekki við flótta úr kennarastétt eða ýmsum umönnunarstéttum þar sem menn una ósköp einfaldlega ekki þeim kjörum sem eru í boði? Eigi þeir kost á öðrum betri störfum, betur launuðum, annars staðar á vinnumarkaði þá eiga þeir að sjálfsögðu þann rétt að færa sig til. Ég hef ekki trú á að menn geri það yfirleitt að gamni sínu að hverfa t.d. úr því starfi sem þeir hafa menntað sig til og hafa áhuga á og jafnvel hugsjón til að sinna en menn gera það samt ef þeim er þannig misboðið í kjörum að þeir una því ekki.

Það vill svo til að ég, eins og örugglega flestir á þingi, þekki í nokkrum tilvikum menn persónulega sem hafa gripið til þessarar aðgerðar sem einstaklingar að segja upp í starfi sínu vegna óánægju með laun, vegna þess að þeir telja að í hinum almennu kjarasamningum hafi ekki náðst fram þær kjarabætur eða þau starfskjör sem þeir geti sætt sig við. Sumir þessara einstaklinga hafa horfið aftur til fyrri starfa eftir að kjör hafa batnað, aðrir hafa horfið varanlega á braut og sinna nú öðrum störfum í þjóðfélaginu.

Er hæstv. fjmrh. lýðveldisins, herra forseti, nokkuð svo veruleikafirrtur að hann viti ekki af þeim aðstæðum sem hafa verið á vinnumarkaði um margra missira skeið, að hér hefur ríkt þensla og umframeftirspurn eftir vinnuafli? Við aðstæður af því tagi verða menn sérstaklega að horfast í augu við að svona hlutir geta gerst.

Hvar ætla menn að draga mörkin ef einn einasti einstaklingur í einu einasta stéttarfélagi segir upp? Er hægt að tala um að það sé ólögmæt hópaðgerð? Nei, ég geri ekki ráð fyrir því að meira að segja hv. þm. Pétri Blöndal dytti það í hug. Ef þeir eru tveir sem tala saman í síma og segja: „Ja, nú er mér nóg boðið, ég uni þessu ekki lengur. Ég ætla niður á skrifstofu á morgun og segja upp." Ef sá sem hringt var í segir: „Já, ætli ég geri það bara ekki líka, mér er líka nóg boðið" — er það þá skipulögð hópuppsögn? Er það þá verkalýðshreyfingin, stéttarfélagið sem er komið í ónáð og hefur brotið eitthvað af sér? Og þó þeir væru fjórir. Hvar ætla menn að draga mörkin?

Ég held, herra forseti, að menn verði að átta sig á því að hér eru menn komnir út á svæði sem er þess eðlis að menn leysa engan vanda með þjösnaskap af því tagi sem hæstv. fjmrh. virðist því miður hafa látið glepjast á að standa fyrir. Menn gera það ekki, það er algjörlega á hreinu, ég er gjörsamlega sannfærður um það. Nógu vel hef ég fylgst með því hvernig þessi mál hafa verið að ganga fyrir sig á ýmsum stöðum, þar á meðal í sveitarfélaginu Árborg því að það vill nú svo til að undirritaður er af vissum ástæðum bærilega að sér um það hvernig kjaramál bæði leikskólakennara og grunnskólakennara á því svæði hafa gengið fyrir sig undanfarna mánuði og missiri. Reyndar þekki ég mörg fleiri tilvik víðar að.

Herra forseti. Mér sýnist því alveg sama hvar á málið er litið, hér eru menn ekki að landa neinum þeim ávinningum sem séu þeirra fórna virði sem hæstv. fjmrh. virðist ætla að fara að færa í þessu máli. Þarna hafa menn lent í einhverja blindgötu sem menn þyrftu bara að finna sér ástæðu til að snúa við í og komast út úr aftur því að það er alveg ósýnt um hvar hún endar ef menn halda áfram lengra inn í hana.

Ég er því þeirrar skoðunar, herra forseti, að það langskynsamlegasta sé að hæstv. fjmrh. biðji sjálfur um að umræðu um málið verði nú frestað og hlutist til um það, t.d. um helgina, að hóa í helstu forsvarsmenn þeirra samtaka sem í hlut eiga. Ég held að það væri drjúgt helgarverk ef hæstv. ráðherra gæti komið á mánudaginn og sagt að hann hefði náð ákveðnu samkomulagi við forsvarsmenn þessara samtaka um það hvernig á málinu yrði haldið í framhaldinu. Það þyddi ekki endilega að þetta frv. eða einhver breytt útgáfa þess gæti ekki í fyllingu tímans tekið gildi með einhverjum hætti. Það gæti að sjálfsögðu orðið ein niðurstaða og samkomulag af þessu tagi að menn gerðu einhverjar lagabreytingar. En það yrði a.m.k. ekki unnið svona að þeim og allir kæmust að málinu með sjónarmið sín og gætu væntanlega haft einhver áhrif á ferlið.

Þá held ég að hæstv. fjmrh. gæti miklu frekar farið í sumarleyfi og verið sæmilega bjartsýnn á að hann mundi mæta viðsemjendum sínum í góðu skapi á hausti komanda eða nær það nú er sem þessir aðilar eiga eða þurfa fyrir alvöru að fara að setjast niður og ræða um framhald samskiptamála sinna.

Ég leyfi mér sem sagt, herra forseti, að koma þessum ábendingum að en ég ætla ekki að fara að gera þeim svo hátt undir höfði að kalla þær ráðleggingar, sérstaklega til hæstv. fjmrh., hann heyrir þessi orð og metur þau. En ég tel mig svo sem ekki geta lagt svo mikið meira af mörkum til umræðunnar og læt þar með máli mínu lokið, herra forseti. Ég ítreka óskir mínar um að nú verði farið að huga að því að ljúka þinghaldinu, a.m.k. mundi sá sem hér talar verða því feginn.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 01:52.

107. FUNDUR

mánudaginn 8. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi, skýrsla, 614. mál, þskj. 979. — Ein umr.

2. Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, stjtill., 587. mál, þskj. 889, nál. 1102 og 1106. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, stjtill., 586. mál, þskj. 888, nál. 1127. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Flugmálaáætlun 2000–2003, stjtill., 299. mál, þskj. 516, nál. 989. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Vegalög, stjfrv., 322. mál, þskj. 572, nál. 990, brtt. 991. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 219, nál. 1021, brtt. 1022. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frv., 618. mál, þskj. 1023. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 619. mál, þskj. 1024. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Fjarskipti, frv., 629. mál, þskj. 1112. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Staðfest samvist, stjfrv., 558. mál, þskj. 860, nál. 1032. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Lögreglulög, stjfrv., 467. mál, þskj. 745, nál. 1103. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 628. mál, þskj. 1108. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

13. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828, nál. 1109. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

14. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 625. mál, þskj. 1090. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

15. Höfundalög, stjfrv., 325. mál, þskj. 575, nál. 1110, brtt. 1111. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

16. Hópuppsagnir, stjfrv., 469. mál, þskj. 748, nál. 1122. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

17. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 545. mál, þskj. 847, nál. 1123. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Orkunýtnikröfur, stjfrv., 523. mál, þskj. 824, nál. 1124. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

19. Almannatryggingar, stjfrv., 503. mál, þskj. 798, nál. 1125. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

20. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 630. mál, þskj. 1118. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

21. Útvarpslög, stjfrv., 207. mál, þskj. 241 (með áorðn. breyt. á þskj. 1000), brtt. 1135. — 3. umr.

22. Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, stjfrv., 452. mál, þskj. 1147. — 3. umr.

23. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 998. — 3. umr.

24. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 1132. — 3. umr.

25. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 1099, brtt. 1116 og 1117. — 3. umr.

26. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 460. mál, þskj. 1092, brtt. 1067, 1068 og 1069. — 3. umr.

27. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074. — 3. umr.

28. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 623. mál, þskj. 1065, nál. 1152. — 2. umr.

29. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, stjfrv., 272. mál, þskj. 373, nál. 1136, brtt. 1137 og 1138. — 2. umr.

30. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 1008, brtt. 983. — 3. umr.

31. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Nokkur erindi frá ýmsum aðilum sem varða þingmál 558, um staðfesta samvist.

Undirskriftalisti gegn stjúpættleiðingu samkynhneigðra, 1054 undirskriftir.

Tilkynning um dagskrá.

[10:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Í upphafi fundar mun samkvæmt dagskrá fara fram umræða um skýrslu utanrrh. um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Gert er ráð fyrir að umræðan standi í þrjár og hálfa klukkustund eða fram til kl. 2. Þá verður gert klukkutíma hlé frá kl. 2–3 fyrir þingflokksfundi.

Klukkan 3 síðdegis fer fram umræða um skuldastöðu heimilanna. Málshefjandi er Jóhanna Sigurðardóttir og félmrh. verður til andsvara.

Forseti vill jafnframt geta þess að hann áformar að atkvæðagreiðslur fari fram í dag kl. 3.30. Jafnframt er gert ráð fyrir kvöldfundi.

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Könnun á læsi fullorðinna, 55. mál, nál. menntmn., þskj. 1156.

Ríkisjarðir, 499. mál, svar landbrh., þskj. 1126.

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, 452. mál, þskj. 1147.

Starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, þskj. 1107.

Útflutningur á fullunnu dilkakjöti, 622. mál, svar landbrh., þskj. 1154.

Vottaðar landbúnaðarafurðir, 621. mál, svar landbrh., þskj. 1153.

Þjóðlendur, 321. mál, þskj. 1132.

Athugasemdir um störf þingsins.

Bréfasendingar alþingismanna.

[10:37]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Í febrúar og mars á sl. ári sendi ég út tvö fundarboð til íbúa Breiðholtshverfa. Ég stóð að þeim fundum ásamt félögum sjálfstæðismanna þar. Fundarboðin sem fjalla áttu um velferðarmál voru prentuð á A-4 eyðublöð, stimplað á þau heimilisfang og póstfang. Upplagið var 2.505 eintök og póststimpill Alþingis.

Mörður Árnason, leiðandi maður Samfylkingarinnar, sagði í blaðaviðtali 12. mars 1999 að þessi póstsending mín jaðraði við siðleysi og verkamaður hér í borg kærði þær póstsendingar til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

Hreinn Garðarsson, íbúi í Hafnarfirði, hefur sent mér bréf ásamt ljósriti af tveimur bréfum Samfylkingarinnar stílað á hann í desember 1999 og í mars á þessu ári. Bæði þessi bréf eru á bréfsefni Alþingis, umslögin merkt Alþingi. Önnur sendingin er með póststimpli Alþingis og heildarfjöldi þessara bréfsendinga Samfylkingarinnar er 16–18 þúsund eintök. Innihald bréfanna, það fyrra: Ráðist á ríkisstjórnina. *Það síðara um kvótamál, formannskjör og fundi Samfylkingarinnar.*

Í fyrrnefndu viðtali við félagslegan réttlætissinna Samfylkingarinnar, Mörð Árnason, segir einnig: „Það er siðleysi að þingmaðurinn," — sá er hér stendur — „kríi fjármuni út úr Alþingi aukalega til að auglýsa fund fyrir stjórnmálaflokkinn sinn."

Herra forseti. *Hér er nákvæmlega það sama að gerast* og ég var harðlega gagnrýndur fyrir af félagslegum réttlætissinnum Samfylkingarinnar, samfylkingarfólkinu, þar sem um er að ræða bréfsefni Alþingis á tæpum tveimur tugum þúsunda og póststimpill Alþingis á helmingi þessara útsendinga og er þá ekki allt upp talið. Að liggja síðan undir ámæli þessa fólks er með ólíkindum.

Herra forseti. *Mér finnst að kominn sé tími til að takast* á við óeðlileg og siðlaus vinnubrögð Samfylkingarinnar. Ég er með þessi bréf sem eru undirritað af mörgum ágætum þingmönnum sem lágu mér á hálsi fyrir að senda bréf og boða fundi í Breiðholti. Ég ætla að bíða til seinni umræðu með að lesa þau.

[10:39]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hlýjar kveðjur í upphafi fundar Alþingis í kjölfar stofnfundar Samfylkingarinnar sem við erum afskaplega ánægð með, átti von á góðum óskum félaganna og við höfum heyrt þær.

Þannig ber við að sú sem hér stendur er afskaplega hörð á því að póstur sem fer frá Samfylkingunni sé til sóma og brjóti ekki í bága. Sú sem hér stendur hefur öll þau ár sem hún hefur starfað á þingi sent af og til fréttabréf til flokkssystkina, ýmist í kjördæmi eða víðar út um land allt eftir því sem tilefni hefur verið til. Svo ber nú við að við höfum sent út bréf um nýhafið aldamótaár í íslenskum stjórnmálum um stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og Framsfl. sem við erum að takast á við, um blikur á lofti í efnahagsmálum, vaxtahækkanir og viðskiptahalla, um umhverfismál og hvað er á dagskrá stjórnmálanna sem við erum að takast á við, fréttabréf til félaga okkar í kjördæminu um hver verkefnin eru sem við erum að fást við nú, og þykjumst við viss um eftir að hafa oft fjallað um það með góðu fólki í kjördæmi mínu að áþekk bréf hafi farið frá öðrum stjórnmálaflokkum.

Hið síðara bréf, sem sent var út 31. janúar 2000, er ef ég tek fyrirsagnirnar í því um stöðu Samfylkingarinnar á Alþingi, hvernig Samfylkingin hefur starfað, hvaða þingmál Samfylkingin hefur verið að vinna með, um nýja sjávarútvegsstefnu sem þingflokkur Samfylkingarinnar var að flytja og vinna með, um kjördæmaheimsóknir sem þingflokkurinn hefur verið að fara í, um nýtt fréttabréf þingflokksins sem mun koma með daglegar fréttir á vefnum, sem þingflokkurinn var að stofna, og síðan eru fréttir af því sem fram undan er og sem hv. þm. gerir að umtalsefni.

Herra forseti. Ég treysti mér til að leggja þessi bréf fyrir þingflokksformannafund með forseta eða forsætisnefnd og hún skoði önnur bréf sem hafa farið út héðan á vegum þingflokka.

[10:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil fá upplýst hér, getum við þingmenn sent út 18 þúsund bréf á kostnað þingsins? Getum við það? Ég hef aldrei heyrt það. Ég tók reyndar eftir því að ráðist var af gríðarlegri heift á hv. þm. Guðmund Hallvarðsson af Samfylkingunni fyrir að boða fund í Breiðholti, af varaþingmanni Samfylkingarinnar Merði Árnasyni *með mikilli hörku* og miklum látum. Er hægt að senda út 18 þúsund bréf, get ég sent út bréf þar sem ráðist er á Samfylkinguna, eins og mér skilst að ráðist sé á ríkisstjórnina sérstaklega í þessu bréfi? Get ég sent út slíkt bréf á kostnað þingsins? Ég spyr hæstv. forseta. Get ég það?

[10:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska Samfylkingunni til hamingju með tilurð sína og fæðingu.

Hér erum við að ræða um siðareglur og siðalögmál og ég tók til þess þegar hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson var gagnrýndur mjög harkalega af samfylkingarmönnum á sínum tíma og saknaði þess að ekki eru til reglur um hvað *megi gera á kostnað Alþingis. Ég vil að menn setjist niður* af þessu tilefni og semji reglur um hvað megi. Má senda út flokkspólitískt bréf í þessu magni? Er þetta hluti af starfskostnaði þingmanna? Ég vil að menn taki á þessu máli og setji sér siðareglur.

Menn þurfa að vera sjálfum sér samkvæmir. Ekki er nóg að gagnrýna með annarri hendinni og gera svo sjálfur það *sama með hinni, það gengur ekki. Ég vil skora á* hæstv. forseta að beita sér fyrir því að settar verði siðareglur um hvernig þingmenn megi fara með fé Alþingis. Menn hafa verið að tala um að skylda ríkisstjórnina til að setja siðareglur á fjármálamarkaði. Ég held að nær væri að Alþingi byrjaði á að setja siðareglur fyrir sjálft sig.

[10:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Formaður þingflokks Samfylkingarinnar sagði að hún legði sig upp með það að senda bréf sem væru traustvekjandi og trúverðug. Það vill svo til að ég er með þriðja bréfið undir höndum sem flokkur jafnaðarmanna sendi út nokkru áður en hann réðst á mig með slíkri heift, og sendi þetta út í 8 þúsund eintökum til allra sjómanna og vitnaði þar um óstefnu ríkisstjórnarinnar *í fiskveiðimálum.*

En það er annað. Ein persóna er sérstaklega tiltekin í því bréfi og gagnrýnd. Eru þetta góð vinnubrögð? Eru þetta góð vinnubrögð að á bréfsefni Alþingis og umslagi Alþingis skuli innihaldið vera hrein persónuleg árás á einstakling? Já, þetta eru vönduð vinnubrögð.

En að gefnu tilefni, herra forseti, óska ég auðvitað Samfylkingunni *alls hins besta og óska formanni hennar gæfu* og gengis. En ég ítreka alveg eins og hv. þm. Pétur Blöndal og hæstv. forsrh. komu hér inn á, að ef þessi hópur er að ráðast á þann einstakling sem hér stendur, þá hlýtur hann að svara fyrir sig og skiptir ekki máli hvort það er daginn eftir fermingarveislu Samfylkingarinnar eða ekki, það skiptir engu máli. Mér barst þetta bréf í hendur seinni hluta vikunnar *og ég hef verið að skoða þetta. Það var líka athyglisvert* að heyra hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur ekki minnast

á sitt leiðandi ljós, Mörð Árnason, sem veltir mér upp úr því trekk í trekk að svívirðilegt sé hvernig ég hafi haldið á málum. En hvað þá með hans eigin flokk? Hvað með Samfylkinguna sem er ekki eingöngu að ráðast á ríkisstjórnina heldur einstakar persónur í bréfum sínum? Það er alvarlegt atriði.

Ég tek undir með hv. þm. Pétri Blöndal, virðulegi forseti. Það er vissulega kominn tími til að tekið sé á þessum hlutum.

[10:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég hef ávallt gætt þess að kannað sé hvaða reglur gildi hvort heldur um útsendingu pósts eða annars. Ég vildi óska þess að flokksbundnir fulltrúar flokks míns í Reykjanesi væru svo margir að sú tala gæti verið rétt sem þingmenn eru að bera fram að við höfum verið að senda út 18 þúsund eintök.

Varðandi síðara bréfið, sem ég vísaði til, þá sendu aðrir þingmenn sama bréf í kjördæmi sitt. Herra forseti. Ég hef ósjaldan sent bréf í kjördæmi mitt þar sem mér hefur fundist að vafi léki á því að það færi á kostnað þingsins og ég hef keypt frímerki undir það. Ég get mætt á fund hjá forseta með þær upplýsingar og tekið þátt í hvort heldur þarf að setja siðareglur eða skoða hverjar reglur gilda um póst þingmanna. Ég fullyrði það úr þessum ræðustól að ekki mun halla á Samfylkinguna í þeim efnum.

[10:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Vegna fyrirspurna sem beint hefur verið til forseta vil ég að fram komi að sú er skoðun forseta að þingflokkar hafi rýmilegt fé til að póstsenda bréf í þeim mæli sem hér hefur verið lýst og í þeim tilgangi sem hér hefur verið lýst.

Ég vil jafnframt að það komi fram að eðlilegt er að bréfsefni Alþingis sé notað af forseta þingsins og skrifstofunni. Ef aðrir senda bréf verður að auðkenna það sérstaklega með bréfhaus einstakra nefnda, einstakra þingmanna eða þingflokka.

Skýrsla utanríkisráðherra um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi, ein umr.

Skýrsla utanrrh., 614. mál. — Þskj. 979.

[10:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Skýrsla um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi hefur nú legið fyrir Alþingi í rúmar þrjár vikur. Það er ekki ætlun mín að fara yfir einstök atriði skýrslunnar eða draga efni hennar saman. Henni var ætlað að gefa almennt yfirlit um það hvernig EES-samstarfið hefur gengið og hver afrakstur þess hefur verið. Einnig er leitast við að bera saman stöðu Íslands og annarra EFTA/EES-ríkja við stöðu aðildarríkja Evrópusambandsins. Reynt er að draga fram sem flestar staðreyndir málsins og treysta forsendur frekari umræðu.

Fyrstu viðbrögð benda til þess að þessum tilgangi hafi verið náð. Þess hefur þegar orðið vart að ólíkir aðilar í þjóðfélaginu draga mismunandi ályktanir á grundvelli þeirra upplýsinga sem gefnar eru í skýrslunni. Við öðru var ekki að búast enda var henni ekki ætlað að beina umræðu í einn farveg fremur en annan. Skýrslan sýnir að mjög víða hefur EES-samstarfið skilað góðum árangri og stuðlað að framförum í íslensku þjóðfélagi. Hún varpar jafnframt ljósi á að veikleikar eru fyrir hendi og blikur eru á lofti um frekari breytingar sem enn gætu breytt stöðu okkar.

Evrópusamstarfið hefur tekið talsverðum breytingum á undanförnum árum, án þess að samningurinn um EES hafi náð að þróast að fullu í takt við það. Ný samstarfssvið hafa bæst við og samvinna á öðrum hefur verið efld. Nýr gjaldmiðill, evran, hefur haslað sér völl þó enn séu tæp tvö ár í það að hún komist í almenna notkun. Schengen-samstarfið hefur fallið inn í ramma Evrópusamstarfsins og samvinna að varnar- og öryggismálum er að stóraukast. Þó stækkunarferlið taki án efa drjúgan tíma bendir allt til þess að í fyrirsjáanlegri framtíð verði aðildarríki ESB nærri 30 talsins í stað fimmtán nú. Hér mætti lengi telja en af öllu þessu má sjá að það Evrópusamband sem við sömdum við fyrir rúmum átta árum hefur breyst verulega og á eftir að breytast mikið á næstu árum.

Þótt erfitt sé að spá um framtíðina ætla ég að einbeita mér að því sem fram undan er og velta upp nokkrum spurningum.

Hvernig ber að bregðast við þeim breytingum sem þegar hafa orðið og eru fyrirsjáanlegar á næstunni?

Hvernig getum við séð til þess að við séum í stakk búin til að taka réttar ákvarðanir þegar aðstæður krefjast?

Ekki er víst að við getum ráðið því hvenær það verður því þróun Evrópusamstarfsins lýtur öðrum lögmálum en hentugleikum okkar. Við getum hæglega lent í þeirri aðstöðu að eiga fárra kosta völ en enginn þeirra sé góður. Ganga má út frá því að enginn þeirra möguleika sem bjóðast verði fullkominn eða sjálfgefinn. Við munum því standa frammi fyrir mikilvægum en jafnframt erfiðum ákvörðunum á næstu árum þótt ekki sé hægt að tímasetja þær á þessari stundu.

Í dag ber ekki knýjandi nauðsyn til að taka ákveðna eða endanlega afstöðu til hvernig samskiptum og þátttöku í Evrópusamstarfi verður hagað í framtíðinni. Enginn stjórnmálaflokkur hefur sett aðildarumsókn á stefnuskrá sína og ég met það svo að enginn hafi heldur útilokað aðild um alla framtíð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Við getum leyft okkur að ræða stöðuna án þess að vera undir sérstökum þrýstingi. Það ráðrúm tel ég sjálfsagt að nýta til skoðanaskipta með tilliti til framtíðar. Margar þjóðir sem hafa nú hafið aðildarviðræður eru í allt annarri stöðu en við. Umsóknarríkin sækjast eftir ESB-aðild til að ná fram pólitísku öryggi og efnahagslegum stöðugleika sem við höfum náð eftir öðrum leiðum. Jafnframt þurfa þau á því að halda að samstaða Evrópusambandsríkja hjálpi þeim yfir erfiðustu hjallana á leið sinni til hagsældar og skilvirks markaðskerfis. Þetta á ekki við um okkur þar sem við gerum fremur ráð fyrir að vera veitendur en þiggjendur í samstarfinu, þótt ekkert sé einhlítt í þeim efnum.

En hverra kosta eigum við völ? Sem evrópskt lýðræðisríki með vel skipulagt efnahagslíf og stjórnsýslu eigum við rétt á því að sækjast eftir og fá fulla aðild að Evrópusambandinu. Það er ekki víst að það henti okkur en réttinn eigum við og ég tel það þjóna hagsmunum Íslands að taka þann kost til skoðunar með reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður breytast og kem ég nánar að því síðar.

Annar kostur væri sérstakur tvíhliða samningur á svipuðum nótum og Sviss hefur gert en samningurinn byggir í stórum dráttum á fríverslunarsamningnum frá 1972. Fyrir liggja einhliða viljayfirlýsingar um samræmingu löggjafar af hálfu

Sviss. Svisslendingar leggja í verulegan kostnað við bygginga jarðganga til að greiða fyrir samgöngum milli aðildarríkja Evrópusambandsins. Á afmörkuðum sviðum er ákveðið ákvörðunarvald framselt til framkvæmdastjórnar ESB og Sviss gengur til móts við sjónarmið Evrópusambandsins í þeim málum sem viðkvæmust þóttu í EES-viðræðum. Þrátt fyrir þessar tilslakanir af hálfu Sviss, góða samningsstöðu í upphafi vegna legu landsins í hjarta Evrópu og harðar samningaviðræður í átta ár næst ekki fram það samræmi sem ríkir innan EES um löggjöf og starfsumhverfi og langt er frá því að réttindi fyrirtækja og einstaklinga séu tryggð með sama hætti. Svigrúm til að þróa samstarfið í takt við það sem gerist innan Evrópusambandsins er enn minna en í EES-samningnum. Þessi kostur virðist því ekki mjög fýsilegur.

Loks er það þriðji kosturinn sem í raun er sá sem við höfum valið en það er áframhaldandi EES-samstarf.

EES-samningurinn hefur að mörgu leyti gefið góða raun og rekstur hans að flestu leyti gengið vel en hann er langt frá því að vera fullkominn fremur en önnur mannanna verk. Það samræmi í löggjöf um viðskipti og atvinnurekstur sem stefnt var að í upphafi hefur náðst fram. Þeir veikleikar sem voru fyrir hendi frá byrjun að því er varðar aðkomu EFTA/EES-ríkjanna að umræðu, mótun og töku ákvarðana á Evrópska efnahagssvæðinu hafa komið æ betur í ljós og ágerst með tímanum. Nokkuð vantar t.d. enn á að viðunandi tollfrelsi hafi náðst með nokkrar tegundir sjávarafurða.

Meðan EFTA-ríkin voru fleiri en nú var það aðildarríkjum ESB meira hagsmunamál að sjá til þess að EFTA-ríkin heltust ekki úr lestinni. Sjö EFTA-ríki voru í EES-samningaviðræðum og samanlagt voru þau stærsti viðskiptavinur Evrópusambandsins. Samráð var upphaflega í raun virkara en samningurinn gaf tryggingar fyrir. Til viðbótar fer það í vöxt að undirbúningur ákvarðana og umræðu fari fram á vettvangi starfshópa ráðherraráðsins sem við höfum engan aðgang að en ekki starfshópa framkvæmdastjórnar þar sem við höfum tryggt okkur ákveðna þátttöku. Enn fremur hefur vægi Evrópuþingsins aukist og ekki hefur tekist að bregðast við því innan EES-samstarfsins með fullnægjandi hætti. Sérstaklega á þetta við um samninga eða sáttaferli sem fer fram milli ráðherraráðs og Evrópuþings þegar ágreiningur kemur upp á milli þessara aðila.

Vissulega má segja að stór hluti þeirrar löggjafar sem í undirbúningi er hverju sinni sé bæði tæknilegs eðlis og varði íslenska hagsmuni ekki nema takmarkað. Það er þó svo að í umræðu um tæknilega löggjöf geta komið upp álitamál og pólitískt gildismat litar umræðu um það hvernig miðla megi málum milli hagsmuna framleiðenda og neytenda, milli hagkvæmni í framleiðslu og umhverfissjónarmiða, milli atvinnurekenda og launafólks. Í þessa umræðu eigum við fullt erindi og það væri tvímælalaust til hagsbóta ef við hefðum þann aðgang sem fylgir fullri aðild. Enn fremur koma með jöfnu millibili upp íslensk hagsmunamál þar sem nauðsyn er til að beita sér af fullum krafti. Í þeim tilfellum getur aðstöðumunur orðið tilfinnanlegur.

En ef EES-samningurinn hefur gengið áfallalaust, þrátt fyrir ákveðna annmarka, er þá nokkur ástæða til þess að ræða aðra kosti?

Getum við ekki um fyrirsjáanlega framtíð byggt á þessum grunni?

Hversu þungt vegur skertur aðgangur að umræðu og ákvarðanatöku í samanburði við auknar kvaðir og skyldur sem fylgja aðild?

Því er til að svara að Evrópusambandið nálgast nú óðum þá stöðu að vera samevrópsk samtök þar sem gert er út um öll helstu hagsmunamál í sameiginlegum stofnunum. Staða þess ríkis er að sjálfsögðu veikari, sem er í viðskiptalegu tilliti háð þeim ákvörðunum sem teknar eru í umræddum stofnunum og samræmt hefur löggjöf sína um efnahags-, félags- og atvinnumál reglum Evrópusambandsins, án þess að hafa fullan aðgang að þeim vettvangi sem ákvarðanir tekur.

Mér sýnist allar horfur vera á því að bæði Noregur og Sviss hugsi til inngöngu í Evrópusambandið á næstu fimm til tíu árum. Verði slík ákvörðun tekin getur þróunin orðið hröð. Þó svo að áunnin réttindi á grundvelli EES-samningsins gætu haldist jafnvel þó EFTA/EES-ríkin væru ekki nema tvö eftir, þ.e. Ísland og Liechtenstein, þá yrði allur rekstur og viðhald samningsins miklum erfiðleikum háð. Fullnægjandi eftirlit með framkvæmd og möguleiki á að beina málum til sjálfstæðs úrskurðaraðila verður erfitt að tryggja þegar EFTA/EES-stoðin verður orðin svo veik.

Frekara framsal valds til stofnana sem við eigum ekki beina aðild að, svo sem framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eða Evrópudómstólsins, tel ég ekki koma til greina. Raunverulegt fullveldisafsal yrði við slíkar aðstæður meira en við fulla aðild og samrýmdist á engan hátt stjórnarskrá okkar. Valið gæti því staðið milli verulegra takmarkana á umfangi og þróunarmöguleikum EES-samningsins annars vegar og fullrar aðildar hins vegar.

Það er ekki síst þessi staða sem kallar á að aðildarkosturinn sæti frekari skoðun. Fyrsta atrenna er gerð með þessari umfangsmiklu skýrslu. En hún gefur ekki viðhlítandi svör og frekara starf þarf að fara fram.

Enn hefur ekki verið farið yfir alla texta sem tengjast sameiginlegri sjávarútvegsstefnu og þeir greindir út frá íslenskum hagsmunum. Hið sama gildir um landbúnaðarstefnuna og allt það yfirgripsmikla starf sem þar fer fram innan Evrópusambandsins sem þyrfti frekari skoðunar við. Hið síðarnefnda er einnig áhugavert út frá þeim viðræðum sem í hönd fara innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar því hagsmunir íslensks landbúnaðar og málflutningur falla í veigamiklum atriðum saman við sjónarmið Evrópusambandsins. Athyglisvert er einnig að kynna sér hvernig Evrópusambandið hefur leitast við að milda þá röskun sem orðið hefur á einstökum svæðum innan þess, vegna breyttra atvinnuhátta, með byggðastefnu sem styður við bakið á þeim sem vilja skapa ný atvinnutækifæri í stað þess að flytja á braut. Þó aðstaða okkar séu um margt önnur þá má ýmsan lærdóm draga af þessari viðleitni og almennri starfsemi uppbyggingarsjóða Evrópusambandsins.

Gera má ráð fyrir að eftir því sem aðildarríkjum Evrópusambandsins fjölgar aukist samstarf ríkjahópa innan þess og má þegar sjá þess merki, sbr. nýlegar sameiginlegar yfirlýsingar Norðurlandanna þriggja innan ESB á leiðtogafundinum í Lissabon. Líklegt er að Norðurlandasamstarf fari í auknum mæli í þennan farveg, ekki síst ef Noregur gengur til liðs við Evrópusambandið á næstu árum. Þetta gæti skert enn frekar aðstöðu Íslands en Norðurlandasamstarfið hefur ekki aðeins verið okkur gagnlegur vettvangur heldur einnig nauðsynlegur bakhjarl í öðru alþjóðlegu samstarfi.

Gjaldmiðilssamstarf innan ESB gerir innri markaðinn skilvirkari og auðskildari og hefur víðtæk áhrif innan ESB sem utan. Evran hefur að mörgu leyti reynst vel, stöðugleiki hefur náðst innan svæðisins og þó gengi hennar hafi

lækkað verulega að undanförnu gagnvart Bandaríkjadollara og jeni hefur það til þessa einkum ýtt undir útflutning og örvað hagvöxt. Það er þó áhyggjuefni fyrir Evrópuríki ef alþjóðlegir fjárfestar líta frekar til Bandaríkjanna sem betri framtíðarkosts og telja líkur á blómlegu atvinnulífi þar betri en í Evrópu.

Á síðasta leiðtogafundi Evrópusambandsins mátti glöggt sjá að samkeppnisstaðan gagnvart Bandaríkjunum var mönnum ofarlega í huga og samþykkt var að leita leiða til að hagnýta upplýsingatæknina betur og auðvelda nýjum fyrirtækjum að hasla sér völl. Hér verðum við eins og aðrir að halda vöku okkar því það er skylda stjórnvalda að búa þannig í haginn fyrir íslenskt atvinnulíf að starfsumhverfi sé hverju sinni samkeppnishæft við viðskiptalönd okkar. Fyrirtæki geta í dag auðveldlega flutt sig um set ef hagstæðara er fyrir þau að vera með starfsemi annars staðar. Samkeppni er um vinnuafl og fjölbreytt og vel launuð störf verða að vera í boði á íslenskum atvinnumarkaði.

Við komumst ekki hjá því að líta á hvaða áhrif þær breytingar sem eiga sér stað innan ESB hafa á íslenskt atvinnulíf og athuga í framhaldi af því hvað stjórnvöld geta gert til að styrkja stöðu íslenskra fyrirtækja til frambúðar. Samkeppnishæfni þeirra á alþjóðamarkaði ræður úrslitum um kjör þjóðarinnar í framtíðinni.

Skýrslan sem nú hefur verið lögð fram endurspeglar ekki síst aðkomu Stjórnarráðsins og undirstofnana þess. Fleiri sjónarmið þurfa að koma til ef hægt á að vera að draga fram alla þætti málsins. Mikilvægt er að aðilar utan stjórnsýslu á borð við Samtök atvinnulífsins, ASÍ, BSRB, Bændasamtökin, LÍÚ, Neytendasamtökin o.fl. geti nýtt sér þann grunn sem skýrslan gefur til að koma sínum eigin sjónarmiðum að og fylla upp í eyður. Ekki var gerð tilraun til að leggja þjóðhagslegt mat á afleiðingar aðildar en ljóst er að þær legðust með mjög mismunandi þunga á einstakar atvinnugreinar. Aðstaða sumra atvinnugreina gæti styrkst á meðan aðrar veiktust. Eins gróði getur verið annars tap og ekki er auðhlaupið að leggja einhlítt eða óyggjandi heildarmat á hvað íslensku þjóðfélagi er fyrir bestu. Næst slíku mati komumst við með því að sem flestir fái tækifæri til að tjá sig og bera saman bækur við aðra.

Herra forseti. Við Íslendingar erum virkir aðilar í alþjóðlegu samstarfi og höfum borið gæfu til að leggja okkar skerf af mörkum og njóta góðs af. Í vissum tilfellum höfum við haft mótandi áhrif á þróun alþjóðlegrar umræðu með því að vera með frá byrjun og má í því sambandi nefna hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Algengara er að forsendur umræðunnar og almennar leikreglur séu ákveðnar fyrir fram og leiðin til að ná árangri sé að hlíta þeim ramma fremur en reyna að endurskilgreina hann. Við munum ekki breyta grundvallarforsendum og leikreglum Evrópusamstarfsins. Almenn markmið Evrópusambandsins eru þess eðlis að erfitt er að leggjast gegn þeim. Þó útfærslan hafi á stundum orkað tvímælis þá hefur náðst verulegur árangur af þessu samstarfi. Þó gagnrýna megi skrifræði innan stofnana ESB hafa þær þó einfaldað viðskipti og dregið verulega úr viðskiptahindrunum.

Hvernig sem okkar samskiptum verður háttað við Evrópusambandið og aðildarríki þess í framtíðinni er ljóst að við eigum samleið um flest það sem máli skiptir. Evrópusambandið er ekki andstæðingur okkar heldur samherji, hagsmunir okkar fara saman í veigamiklum málum. Niðurstaða okkar verður fyrst og fremst að byggjast á pólitísku mati að undangenginni vandaðri og málefnalegri umræðu. Vonandi þjónar þessi skýrsla þeim tilgangi.

Hver sem niðurstaðan verður um stöðu Íslands í Evrópu framtíðarinnar þá verður umfram allt að tryggja að komandi kynslóðir þessa lands eigi ekki síðri tækifæri og möguleika en nágrannaþjóðir okkar.

[11:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Skýrsla hæstv. utanrrh. um stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu er mikið rit, er litlar 330 síður og þar er ítarlega farið í gegnum flest þau svið sem samningurinn nær yfir. Ég tel að þetta rit sé gagnmerkt plagg og ákaflega góður umræðugrundvöllur fyrir þetta flókna en mikilvæga mál. Hæstv. ráðherra á þakkir skildar fyrir framtakið.

Því er ekki að neita, herra forseti, að ég hefði á nokkrum stöðum í skýrslunni gert mér vonir um afdráttarlausari niðurstöður um ýmsa meginþætti. Hæstv. ráðherra gat þess í ræðu sinni að skýrslan endurspeglaði vinnu og aðkomu ýmissa undirstofnana. Það skýrir kannski ýmsa hluti, t.d. þá niðurstöðu sem er að finna í skýrslunni um félags- og vinnumál. Þar er engu líkara en meðvitað sé dregið úr hinum margvíslegu jákvæðu áhrifum EES-samningsins á réttarstöðu launafólks á Íslandi. Það eina sem þar er að finna jákvætt í þeirri samantekt er á bls. 108, herra forseti. Það er þessi makalausa setning, með leyfi forseta: „Halda má því fram að EES-samningurinn hafi bætt réttarstöðu launafólks á Íslandi."

Ég trúi ekki eitt einasta augnablik, herra forseti, að hæstv. utanrrh. sem ber hina pólitísku ábyrgð á þessari skýrslu viti ekki betur um stöðuna í þessum málaflokki en svo að hann telji aðeins mögulegt að EES-samningurinn hafi bætt rétt launafólks. Ég tek þetta sem dæmi um að sums staðar sé niðurstöðum og samantekt áfátt og ekki í samræmi við ákaflega greinargóðan samandrátt á upplýsingum um skýrsluna. En hæstv. ráðherra má eiga það að í ræðunni sem hann var að ljúka við að flytja bætti hann þetta heldur betur upp. Mér finnst þessi ræða hæstv. ráðherra vera ákaflega góð samantekt á því sem þarna stendur. Ég er honum sammála um margar meginniðurstöður sem þarna koma fram. Til að mynda finnst mér það mikilvægt að hæstv. ráðherra lýsir því yfir að hann er þeirrar skoðunar að Íslendingar geti hæglega lent í þeirri aðstöðu að eiga fárra kosta völ og enginn þeirra sé góður.

Hann segir jafnframt, herra forseti: „Við munum því standa frammi fyrir mikilvægum en jafnframt erfiðum ákvörðunum á næstu árum þótt ekki sé hægt að tímasetja þær á þessari stundu." Hæstv. ráðherra gengur lengra. Hann segir að við höfum réttinn til að sækjast eftir og fá fulla aðild að Evrópusambandinu, segir að vísu að ekki sé víst að það henti okkur en síðan segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „... en réttinn eigum við og ég tel það þjóna hagsmunum Íslands að taka þann kost til skoðunar með reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður breytast."

Herra forseti. Nákvæmlega þetta er skoðun Samfylkingarinnar. Nákvæmlega þetta er það sem við höfum sagt og ég fagna því að hæstv. utanrrh. hefur með þessum hætti slitið fjötra bannfæringarinnar af umræðunni um Evrópusambandið og mögulega aðild Íslands að því. Eins og menn vita hefur meðvitað verið reynt að ýta því út úr umræðunni hér á landi síðustu árin.

Komið hefur fram að ýmsir eru þeirrar skoðunar að hitt og þetta vanti í skýrsluna. Ég vek athygli á því að í Morgun-

blaðinu í dag má lesa viðtal við Gísla Gíslason, bæjarstjóra á Akranesi, þar sem hann segir að aðild að EES mundi hafa margháttuð jákvæð áhrif fyrir sveitarfélögin í landinu. Eitt af því sem ég hef ekki rekist á í þessari skýrslu er umfjöllun um þetta.

Hæstv. ráðherra gat þess líka að nauðsynlegt væri að fá fram viðhorf ýmissa annarra félagasamtaka. Það rifjar það upp að Neytendasamtökin hafa harkalega gagnrýnt þann þátt sem snýr að umbjóðendum þeirra, íslenskum neytendum, í skýrslunni. Ég vek auðvitað athygli á því, herra forseti, að forustumenn ASÍ hafa gagnrýnt hvernig fjallað er um þann þátt skýrslunnar sem ég hef hér nefnt, um félags- og vinnumál. Þess vegna fagna ég því þegar hæstv. ráðherra segir að fá þurfi umsögn og álit ýmissa hagsmunasamtaka í samfélaginu. Síðan má spyrja hvers vegna hæstv. ráðherra lauk ekki þeirri hugsun. Spyrja má: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra þinginu að njóta góðs af umsögn og ályktun þessara stofnana því að hæstv. ráðherra sagði að til þess að hægt væri að fá óvilhalla og hlutlausa mynd af niðurstöðum skýrslunnar þyrfti þessi álit. Ég legg því til við hæstv. utanrrh. að þegar búið er að senda skýrsluna til umsagnar hjá þessum samtökum og fá skrifleg álit þeirra verði hún aftur tekin til umræðu í þinginu. Þetta finnst mér mikilvægt, herra forseti, til þess að við getum þróað þessa umræðu.

Ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, vegna þess að ég sat í þeirri ríkisstjórn sem leiddi Ísland inn í Evrópska efnahagssvæðið, að fjalla lítillega um þann þátt skýrslunnar sem varðar þann gerning. Það má segja að kaflinn um Evrópska efnahagssvæðið sé samfelldur lofsöngur. Það hlýtur auðvitað að hafa komið hæstv. utanrrh. dálítið á óvart að lesa þetta vegna þess að eins og menn muna eftir þá var hann ekki alveg sömu skoðunar og ég og ýmsir skoðanabræður og -systur mínar á sínum tíma. En í skýrslunni, sem er á vegum hæstv. ráðherra, segir á bls. 7, með leyfi forseta: „EES-samningurinn hefur nú verið í gildi í rúm sex ár og er óhætt að fullyrða að hann hefur reynst Íslandi hagstæður.“ Það er líka ákaflega merkilegt, miðað við þær umræður sem hafa orðið um stöðugleikann í íslenskum efnahagsmálum, að þar er sagt að EES-samningurinn hafi án efla stuðlað verulega að þeim stöðugleika sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi.

Ég held að flestir séu nú í ljósi reynslunnar komnir á þá skoðun að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hafi líklega verið einn af heilladrýgstu milliríkjasamningum sem við höfum gert. Ég tek fram, herra forseti, að ég er stoltur af þeim litla þætti sem ég og pólitískir ættingjar mínir hafa átt gagnvart honum.

Þegar við gerðumst aðilar að EES var það svar okkar við því mikilvæga skrefi sem Evrópusambandið var þá að taka með myndun innri markaðar. Það var gert í því ljósi að mikilvægustu viðskiptalönd okkar lágu þá innan Evrópusambandsins og myndun innri markaðarins hafði óhjákvæmilega ákaflega mikla þýðingu fyrir okkur. Sambandið er hins vegar í hraðri mótun meðan EES-samningurinn er kyrrstæður og hann tekur ekkert mið af breytingum innan ESB. Þetta er rakið nokkuð vel í skýrslunni og hæstv. ráðherra gerði það ágætlega í máli sínu áðan. Staða Íslands hefur verið að veikjast gagnvart Evrópusambandinu og það er kannski fernt sem ég vil leggja áherslu á í því sambandi.

Í fyrsta lagi liggur það fyrir að bandalagið er á barmi stækkunar. Sú stækkun leiðir til þess, eins og hæstv. utanrrh. sagði í svari við fyrirspurn frá mér fyrir nokkrum vikum, að staða Íslands eins og sér veikist.

Í öðru lagi hafa orðið breytingar á innviðum Evrópusambandsins sem beinlínis varða möguleika okkar til að hafa áhrif á ákvarðanir sem okkur varða. Sú hálfgildings aukaaðild sem má með réttu segja að við höfum haft gegnum EES hefur gefið okkur vissan rétt til áhrifa á ákvarðanir í gegnum samráð í sérfræðinganefndum. Þróunin hefur verið á þann veg að þessi möguleiki er mun minni en í upphafi. Á fundinum í Amsterdam fyrir þremur árum var Maastrichtsáttmálanum breytt og þær breytingar leiddu til þess að drjúgur hluti þeirra mála sem falla undir fyrstu stoð ESB, þ.e. EES-málanna, fylgir núna sérstöku samráðsferli sem var sett upp af kröfu Evrópuþingsins til að auka vægi þess. Án þess að ég vilji fara út í smáatriði þess ferlis þá er alveg ljóst að Ísland getur með engu móti komið að niðurstöðu mála í því ferli. Við höfum ekki tök á að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

Eins og kemur fram í skýrslunni hefur þekking á EES innan ESB farið dvínandi og það er ákaflega merkilegt að lesa á einum stað hvernig afstöðubreyting gagnvart EES hefur orðið en þar segir, með leyfi forseta:

„ESB hefur orðið ósveigjanlegra í sambandi við undanþágur gagnvart EFTA/EES-ríkjunum.“

Það kemur líka fram, herra forseti, að EFTA/EES-ríkin hafa jafnvel gleymst í sambandi við lagasetningu innan ESB jafnvel þó að það séu augljóslega mikil tengsl millum þeirra og þessara lagasetninga.

Í þriðja lagi, herra forseti, liggur fyrir að stefna sambandsins um sameiginlega mynt hefur orðið að veruleika. Það skiptir miklu máli varðandi samkeppnisstöðu Íslands og það ber líka að taka áhrif þess inn í dæmið þegar menn eru að reikna hvað það kostar okkur eða hvað við kunnum að hagnast á því að vera innan ESB. Þetta er ekki metið í skýrslunni, sennilega vegna þess að fyrir liggja tvær aðrar ágætar skýrslur sem hafa metið það. Ég held að ekkert hafi gerst sem breytir meginniðurstöðum þeirra en þó hefði verið ágætt að fá samantekt á því í þeim ágæta kafla sem fjallar um tæknileg efni sem tengjast myntbandalaginu. Þetta ræði ég síðar, herra forseti, ef ég hef tíma.

Fjórða atriðið skiptir miklu máli varðar þá þróun sem hefur orðið í öryggis- og varnarmálum. Það eru uppi mikilvægar stefnubreytingar sem varða stöðu Íslands í hinu alþjóðlega og sérstaklega hinu evrópska öryggiskerfi. Núna er alveg ljóst að ESB mun byggja upp sérstaka varnarstoð Evrópusambandsins þar sem við höfum enga aðkomu í reynd að ákvörðunum. Þetta getur haft áhrif á stöðu Íslands í hinu alþjóðlega öryggiskerfi. Allt þetta, herra forseti, gerir það að verkum að það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að við þurfum að endurmeta stöðu okkar reglulega og við getum ekki lokað á þann möguleika að e.t.v. verði niðurstaðan sú að besti kosturinn fyrir Ísland verði að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar er ekki komið að ákvarðanatöku í því efni en skýrsla hæstv. ráðherra er mikilvægt skref til þess að auðvelda þjóðinni og Alþingi, ekki síst stjórnmálaflokkunum, að komast að ákvörðun um þetta.

Það hefur komið fram bæði frá hinum ysta væng vinstrisins og líka á hægri vængnum sú skoðun að hægt sé að leysa stöðu okkar með því að gera tvíhliða viðskiptasamning við ESB. Hæstv. ráðherra gerði því nokkur skil og komst að niðurstöðu sem ég er sammála. Ég tel að það sé sísti kosturinn í stöðunni. Ég tel hann reyndar handónýtan kost. Með því værum við í raun að smækka samskipti okkar og Evrópu niður í það eitt að fjalla um verslun með fisk en

við eigum samleið með Evrópu í fjölda annarra mála. Það eru ekki bara hörðustu viðskiptahagsmunir sem eiga að ráða. Við þurfum líka að velta fyrir okkur stöðu okkar gagnvart hinni miklu vísinda- og rannsóknasamvinnu. Hvað með öll nemendaskiptin, félagslegu réttindin, réttindi neytenda og svo mætti lengi telja? Við Íslendingar þurfum líka að rífa okkur inn í framtíð þekkingarsamfélagsins og það er mikið áhersluatriði innan Evrópusambandsins. Allt þetta, herra forseti, hljótum við að þurfa að vega og meta.

Með dyggri aðstoð latra fjölmiðla hefur þeim sem einungis vilja tala með neikvæðum formerkjum um aðild að ESB tekist að snúa umræðunni upp í það að hún snúist um krónur og aura, hún snúist um 3 milljarða kr. Reiknað hefur verið út að árlegt framlag Íslands til ESB miðað við núverandi stöðu efnahagsmála okkar yrðu 8 milljarðar kr. Í kjölfar þess hafa vísir menn reiknað út að við fáum 5 milljarða til baka. Niðurstaðan er sú að við þurfum að greiða 3 milljarða. Maður hefur jafnvel heyrt ábyrga stjórnmálamenn halda því fram að þetta dugi til þess að það sé óðs manns æði að ætla að ganga þarna inn.

Herra forseti. Snýst möguleg aðild að Evrópusambandinu þá um 3 milljarða kr.? Að sjálfsögðu ekki. Málið snýst miklu fremur um það hvernig og hvort Íslendingar vilja taka þátt í þróun ESB. Vilja þeir það eða vilja þeir það ekki? Það snýst ekki um 3 milljarða. Ef ég hefði tíma, herra forseti, þá væri hægt að telja fjölmörg atriði sem benda til þess að líkast til mundum við hagnast verulega í krónum talið. En það er ekki það sem málið snýst um.

Það eru tvö atriði, herra forseti, sem mér finnst vanta sárlega í skýrsluna. Ég hef reifað annað örlítið. Það fyrra varðar sem sagt alvöru umfjöllun um evruna, hinn sameiginlega gjaldmiðil ESB og hitt atriðið varðar stöðu smáríkja innan ESB. Ísland er örsmátt ríki á mælikvarða Evrópusambandsins en innan ESB er líka að finna ákaflega smá ríki, jafnvel svo lítil að þau eru á svipuðu stigi og við. Eitt af því sem við þurfum að skoða er hvernig þeim hefur reitt af. Þetta er ekki síst nauðsynlegt að kanna vegna endurtekinna staðhæfinga um að smáríki á borð við okkur hefðu engin áhrif innan Evrópusambandsins.

Nú vill svo til að við Háskóla Íslands starfar ungur fræðimaður sem hefur nýlokið miklu vísindaverki sem einmitt fjallar um það hvernig smærri ríkjum hefur vegnað innan Evrópusambandsins, dr. Baldur Þórhallsson, og ekki er langt síðan Morgunblaðið birti prýðilegt viðtal við hann þar sem hann fjallaði um þetta efni. Niðurstaða þessa unga vísindamanns er sú að smærri ríkjum vegnar vel innan Evrópusambandsins. Þau una hag sínum þar og þau telja að innan sambandsins nái þau hagsmunum sínum vel fram. Það hlýtur auðvitað að skipta máli þegar við erum að velta fyrir okkur hvernig okkur muni reiða af. Það er t.d. merkilegt að lesa það eftir þessum unga vísindamanni að það er niðurstaða hans að stjórnsýsla smærri ríkja Evrópusambandsins henti ákaflega vel til þess að eiga við Evrópusambandið. Óformlegir starfshættir, sveigjanlegt ákvarðanatökuferli í smærri stjórnsýslu komi þeim oftar einkar vel innan sambandsins. Þau séu líka fljótari að bregðast við og niðurstaða hans er sú að smærri ríkjunum vegni betur en hinum. Velgengni smærri ríkjanna kristallast t.d. í ákaflega glæsilegri meðhöndlun Finna á forsæti ráðherraráðsins á síðasta ári og góðum árangri Lúxemborgar, Danmerkur og Írlands í að ná málum sínu fram innan sambandsins.

Herra forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé þegar menn eru að velta fyrir sér mögulegri aðild að skoða hvaða áhrif það hefði á okkur ef við yrðum aðilar að hinu sameiginlega myntbandalagi. Það mundi hafa í för með sér ákaflega marga jákvæða hluti. Samkeppnisstaða fyrirtækja á evrusvæðinu gagnvart fyrirtækjun utan þess mundi batna vegna verðstöðugleika, lægri vaxta, hverfandi gengisáhættu og minni viðskipta- og skiptikostnaðar. Seðlabankinn hefur meira að segja sett verðmiða á þetta. Það eru að vísu 3–4 ár síðan og kannski er hann úr sér genginn sökum tímans en Seðlabankinn taldi fyrir nokkrum árum að þetta gæti varðað 6–12 milljörðum kr. ef ég man rétt.

Það er hins vegar ekki nema önnur hlið málsins. Hin hliðin er auðvitað sú að þó að Íslendingar beri talsverðan kostnað af því að vera með sína sjálfstæðu mynt er alveg ljóst að aðild að myntbandalaginu mundi hafa í för með sér ókosti sem við þurfum líka velta fyrir okkur. Að vera með sjálfstæða mynt gerir okkur kleift að bregðast við séríslenskum áföllum á borð við aflabrest en líka mikilli uppsveiflu eins og núna. Við höfum getað breytt genginu, veikt það ef þörf er á en líka styrkt það eins og menn eru að gera núna og auðvitað skiptir það miklu máli. Ég vek t.d. athygli á því að þegar Írar gengu inn í myntsamstarfið þurftu þeir að lækka vexti og þeir voru þá staddir á því stigi hagsveiflu sinnar að það var þeim ákaflega erfitt. Það hefur leitt til þess að verðbólga í Írlandi, ef húsnæðisþátturinn er tekinn út úr, sem er hin staðlaða mæling Evrópusambandsins, er hærri en á Íslandi. Þetta skiptir máli og þetta þurfum við að vega hvort á móti öðru og ég saknaði þess auðvitað að slíkt mat væri að finna í þessari skýrslu.

Ég nam það hins vegar af máli hæstv. ráðherra að hann telur nauðsynlegt að leggja þjóðhagslegt mat á marga þætti sem tengjast afkomu ýmissa atvinnugreina og þetta hlýtur auðvitað að vera einn af grundvallarþáttum í því.

Tvær atvinnugreinar hafa verið ákaflega mikið í umræðunni þegar við höfum rætt um ESB, það eru landbúnaður og sjávarútvegur. Ég hef jafnan skilið það svo að þeir sem andmæla ESB eða óttast ESB séu ákaflega hræddir við áhrifin á íslenskan landbúnað. Þess vegna kom það mér á óvart og ég viðurkenni að ég hafði ekki kynnt mér málið betur en ég las það í kaflanum um landbúnaðinn að líklega mundi íslenskum bændum vegna meira en bærilega innan ESB. Það segir í samantektinni:

„Gera má þó ráð fyrir að sauðfjárbúskap, mjólkurframleiðslu og jafnvel nautgriparækt mundi geta vegnað þokkalega — og betur en öðrum búgreinum — fyrst og fremst vegna fremur greiðs aðgangs að stuðningi frá ESB. Sérstaklega mundi ýmis umhverfis- og harðbýlisstuðningur, sem tengist flatarmáli ræktaðs lands, nýtast þessum búgreinum. Hins vegar er svo til enginn stuðningur til svínakjöts-, kjúklinga- og eggjaframleiðslu fjármagnaður af ESB.“

Herra forseti. Ég hefði talið að þetta hljómaði eins og fegursta hljómkviða í eyrum ýmissa unnenda hefðbundins íslensks landbúnaðar. Þetta er eitt af því sem mér finnst ákaflega merkilegt að lesa, herra forseti. (Gripið fram í.) Herra forseti. Hér heyrist úr tveimur munnum, munni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hæstv. utanrrh., að þetta sé rugl. En þetta er tilvitnun sem ég las úr skýrslunni og get fundið stað ef menn vilja. (**Gripið fram í:** Það má lesa allan kaflann.) Herra forseti. Ég hef því miður ekki tíma til þess að lesa allan kaflann.

Herra forseti. Í sjávarútvegskaflanum vek ég eftirtekt á því að á bls. 37 er efnislega bent á þá staðreynd að sjávar-

útvegsstefnan er ekki óbreytanleg. Hún er í endurskoðun og það eru dæmi um að aðlögun gildandi stefnu að breyttum aðstæðum vegna brýnna hagsmuna, t.d. þegar sameiginlegri landbúnaðarstefnu ESB var hnikað til með tilliti til búskaparhátta á norðurslóðum í aðildarviðræðum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Ég tel því ekki útilokað og reyndar fráleitt útilokað að Íslendingar fengju æski þeir þess sams konar girðingar gagnvart fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi og t.d. Danir hafa fengið gagnvart fjárfestingum útlendinga í dönskum sumarhúsum o.s.frv.

Herra forseti. Þetta er eitt af því sem þyrfti að semja um ef það kæmi til umsóknar. Ég geri mér grein fyrir því eins og flestir að staða EES-samningsins sem var óvírætt framfaraskref er að veikjast. Evrópusambandið er að stækka og breytast og atburðarásin getur leitt til þess eins og hæstv. utanrrh. sagði áðan að við stöndum frammi fyrir valkostum og við verðum að taka afstöðu en það er ekki hægt nema við vitum um hvað við eigum að semja og við hljótum að semja á grunni sérstöðu okkar, ekki síst í sjávarútvegi. Ég tel þess vegna eins og ég hef sagt núna í umræðum á stofnfundi Samfylkingarinnar að næsta skref í þessum málum sé að hefja skipulega vinnu við að skilgreina samningsmarkmið Íslendinga í hugsanlegum aðildarviðræðum. Um þau markmið þarf að skapast meirihlutasamstaða meðal þjóðarinnar. Það er ekki skynsamlegt að sækja um aðild fyrr en slík samstaða er fyrir hendi og þar nægir að minna á dæmi Norðmannanna.

[11:27]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Það sem þessi ítarlega nýja skýrsla hefur umfram eldri úttektir er það ljós sem reynslan af EES-samstarfinu hefur varpað á málin. Skýrslan svarar með mjög tæmandi hætti spurningum um gildi EES-samningsins og kostum og göllum aðildar að ESB. Gagnvart EES-samningnum er niðurstaða skýrslunnar afar ljós. Þróun fjórfrelsisins og samkeppnisreglna EES-svæðisins hefur gengið vel. Íslenskir hagsmunir hafa fallið mjög vel að þróun viðskipta- og atvinnuumhverfis í Evrópusambandinu. Stofnanaþáttur sambandsins hefur gengið með viðunandi hætti, við höfum í stuttu máli átt fulla samleið með ESB í viðskipta- og atvinnumálum.

Í inngangi skýrslunnar er vikið að meintri togstreitu milli EES-samningsins og þróunar ESB sem gæti dregið úr samræmi á EES-svæðinu verði ekkert að gert eins og segir orðrétt í henni. Ekki er að finna í skýrslunni neitt dæmi um slíka togstreitu í framkvæmdinni. Þau vandamál sem upp hafa komið hafa verið næsta tæknilegs eðlis og voru leyst án vandræða. Ljóst var við gerð samningsins að hann væri lifandi ferli og tæki breytingum, að staða EFTA/EES-ríkjanna yrði ekki sú sama og aðildarríkjanna og að aðkoma okkar yrði sterkari á fyrri stigum ákvarðanaferilsins en á þeim síðari.

Þá var einnig ljóst við samningsgerð að þrjú EFTA-ríki mundu ganga inn í ESB. Allt lá þetta fyrir. Staða EFTA/EES-ríkjanna hefur ekki breyst að þessu leyti og samningurinn stendur fyrir sínu eins og skýrslan segir umbúðalaust. Valdahlutföll hafa hins vegar breyst innan ESB, ekki aðeins vegna nýmæla í stofnsáttmálum ESB heldur einnig vegna sífelldrar togstreitu milli stofnuna sambandsins svo og innan þessara stofnana. Í skýrslunni er kvartað undan því að vald framkvæmdastjórnarinnar hafi minnkað og það hafi leitt til þess að framkvæmd EES-samningsins sé örðugri en ella hefði verið. Hér gætir nokkurrar nærsýni. Málið snertir ekki aðeins EFTA/EES-ríkin heldur og stöðu smáríkja almennt í ESB eins og síðasti ræðumaður vék að.

Smáríkin innan sambandsins hafa lagt traust sitt á framkvæmdastjórn ESB og hafa af því áhyggjur að vald hennar fari dvínandi. Smáu aðildarríkin ráða í raun ekki við umfang þeirra ákvarðana sem teknar eru innan sambandsins. Ástæðan fyrir þessu er einföld. Þau hafa ekki bolmagn til þess. Stjórnsýsla er svo óburðug að þessi ríki verða að forgangsraða í þeim málaflokkum þar sem mestu hagsmunir þeirra liggja til að ná fram málum. Þetta kemur mjög skýrt fram hjá þeim vísindamanni sem hér var vitnað í áðan, Baldri Þórhallssyni lektor.

Smáríkið Lúxemborg sem er þó fjölmennara en Ísland ræður ekki við að mæta á alla fundi. Þegar þeir mæta ekki fer Belgía með samningsumboð þeirra. Við getum séð fyrir okkur að Ísland innan ESB afhenti Dönum samningsumboð Íslands og mundi ýmsum þykja ærið kynlegt. Smáríkin hafa því almennt séð mjög takmarkað svigrúm til að nýta sér þá stöðu sem þau hafa samkvæmt stofnsáttmálum ESB. Eftir því sem samstarf ESB-ríkjanna verður fyllra og dýpra, eftir því sem aðildarríkjunum fjölgar, því meira takmarkast svigrúm þeirra til að koma sérmálum sínum fram, ekki síst smærri ríkjanna. Kerfi sambandsins verður því hægvirkara og þyngra í vöfum sem það nær til fleiri ríkja og aðlögunarhæfni þess minnkar að sama skapi.

Umfjöllun skýrslunnar um kosti aðildar bera þess vitaskuld merki að höfundar skýrslunnar eru embættismenn og fjalla því einkum um breytta stöðu aðildarríkis samkvæmt stofnsáttmálum og formreglum. Álitamálið um aðild Íslands varðar hins vegar fyrst og fremst styrk og hæfni þeirra pólitísku stofnana sem stýra Evrópusambandinu og stjórna nýsköpun þess og þróun. Þessar stofnanir liggja allar undir mikilli gagnrýni um forustuleysi, áhugaleysi og getuleysi. Í Frankfurter Allgemeine Zeitung og í Le Monde birtust nýlega greinar þar sem harkalega er ráðist á stofnanir ESB. Stækkun sambandsins er talin illa undirbúin og ótímabær. Ríkjaráðstefnunni er ekki ætlað að ná neinum umtalsverðum árangri í stofnanaþættinum. Þeir sem vilja hleypa af stað hraðari þróun ákveðinna kjarnaríkja vita ekki einu sinni til hvaða sviða svigrúm þeirra á að ná.

Æðsta stofnun ESB, ráðherraráðið, situr nú undir harðri gagnrýni eins af æðstu embættismönnum sínum sem heldur því fram að mánaðarlegir fundir utanrrh. ESB séu ómarkvissir, einkennist af alvöruleysi og skorti á undirbúningi og þeir fáu ráðherrar sem koma til fundar gefi sér naumast tíma til að sitja þá. Í raun hefur framkvæmdastjórn ESB viðurkennt að hinar miðstýrðu stofnanir sambandsins hafi seilst til valda á viðamiklum sviðum sem þær ráði ekki við. Evrópuþingið glímir einnig við sinn hluta af stofnanakreppu og áhugaleysi innan ESB. Aðild Íslands mundi færa pólitísk örlög þjóðarinnar og hluta af fullveldi hennar inn á þennan vettvang, óráðsíu úrræðaleysis og ósamlyndis þar sem ESB hefur sjálft komist að þeirri niðurstöðu að verulegur halli ríki á lýðræðinu.

Um leið og nauðsynlegt er að viðurkenna þann árangur ESB á sviði viðskiptareglna og frjáls flæðis fólks, varnings, fjármuna og þjónustu sem þeir hafa náð og því er fagnað að við höfum orðið aðilar að þessum árangri með aðild að EES er með öllu óviðunandi að ekki séu viðurkennd þau miklu vandamál sem pólitískt forustuleysi og hugmyndafátækt hafa skapað innan ESB ásamt því þrátefli um vald og ábyrgð innan stofnana sambandsins sem virðist ekki ætla að taka neinn

endi. Þessi vandamál eru hluti af ESB, hluti af uppbyggingu þess og innviðum. Það er hins vegar næsta eðlilegt að embættismenn veigri sér við að fjalla um þennan hápólitíska þátt þegar metin er staða Íslands í Evrópusamstarfinu.

Evrópa þróast hratt í átt til viðskiptaheildar með því áhersluleysi í menningarmálum sem slíkum heildum fylgir jafnan. Þessu reynir ESB að svara með menningarlegum stefnumarkmiðum sínum. Fjölbreytileika og litskrúðugu menningarlífi verður hins vegar ekki stýrt af stofnanaveldi. Menningarleg fjölbreytni verður að eiga rætur í efnahagsstyrk hvers ríkis. Önnur innri mótsögn ESB er líka tákn um lofsverða viðleitni og það er nálægðarreglan svokallaða. Hún gengur hins vegar þvert á grundvallarhugmyndir ESB um dýpkun samstarfsins og þverrandi sjálfstæði þjóðríkjanna. Mótsagnir af þessu tagi eru skýringin á því hversu djúpstæður ágreiningur er innan ESB um þróun þess og hugsjónir og hve mikils sannfæringarleysis gætir meðal almennings. Eitt skref til samruna er jafnan keypt með hálfu skrefi til baka.

Stöðu smáríkis eins og Íslands verður að meta í ljósi þessara mótsagnakenndu stefnumiða ESB. Ísland hefur hingað til viðhaldið og ræktað sína þjóðlegu menningu á eigin forsendum og sótt styrk sinn í íslenskt atvinnulíf. Aðild að EES hefur styrkt hvort tveggja, íslenskt atvinnulíf og íslenska menningu. Ísland hefur á eigin forsendum en einnig vegna EES bætt efnahag sinn og er nú í flokki efnuðustu þjóða heimsins. Landið er hins vegar í jaðri evrópsks samfélags, efnahagslífið er enn nokkuð fábreytt og sveiflukennt. Getur því reynt mjög á viðbragðsflýti og aðlögunarhæfni þegar aðstæður breytast skjótt og ljóst er að nánari tengsl við ESB munu ekki auka viðbragðsflýti og aðlögunarhæfni íslensks samfélags. Þvert á móti mun aðild gera okkur samstiga flóknu og þunglamalegu þróunarferli ESB og sú náttúra sambandsins mun styrkjast með dýpra sambandi og auknum fjölda aðildarríkja. Ekki fer milli mála að Íslendingar yrðu veitendur fremur en þiggjendur í efnahagslegum skilningi gengju þeir í ESB. Íslenskum skattgreiðendum og íslenskum fyrirtækjum yrði beitt fyrir styrkjavagn ESB því ákafar sem sambandið stækkaði meira. Að einhverju leyti kæmumst við í styrkjapottinn. Hve mikið fengist úr honum, hve lengi þess nyti við og hversu farsælt slíkt pot yrði fyrir íslenskt samfélag er allt miklum vafa undirorpið. Eflaust mundi innganga í ESB örva viðskipti við ESB-ríkin en jafnframt mundi það draga úr viðskiptum við ríki utan sambandsins. Eggjunum mundi fjölga í ESB-körfunni.

Þegar þetta er vegið og metið er í mínum huga fullljóst að staða okkar er ákjósanleg og engin ástæða er til að ala með sér hræðslu og fullyrða að við eigum ekki annan kost en að sækja um aðild að ESB. Eins og segir í skýrslunni standa engin rök til þess að ESB kjósi að segja upp EES-samningnum þótt Noregur t.d. gengi í ESB. Tengsl okkar við sambandið eru traust og árangursrík. Þjóðin hefur svigrúm til að ræða stöðu mála og finna lausnir ef vandamál koma upp í samskiptum hennar við ESB, en þar á hún margar vinaþjóðir og samstarfsaðila. Íslendingar mega ekki gleyma því að þeir eiga að verja hagsmuni sína og rækta sem víðast í heiminum, ekki síst beggja vegna Atlantshafsins. Grundvallaratriðið er að hafna því að þjóðin búi nú eða í náinni framtíð við nauðung í utanríkismálum og eigi ekki nema einn kost. Slík sýn styðst ekki við nein rök eða raunveruleika.

[11:37]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram að ríkisstjórnarflokkarnir og alveg sérstaklega Sjálfstfl. hafi ekki viljað ræða Evrópumálin. Þetta er auðvitað algjörlega rangt. Við höfum hins vegar haldið því fram að aðild að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá í fyrirsjáanlegri framtíð.

Sú skýrsla sem við erum hér að ræða og er fyrir framan okkur er dæmi um það hvernig við viljum leggja upp þessa umræðu. Við viljum gera það á grundvelli þekkingar og við viljum gera það á grundvelli upplýsinga sem síðan er hægt að ræða um, einfaldlega vegna þess að hér er um að ræða ákaflega flókið mál sem menn þurfa að skoða allar hliðar á. Þess vegna er alveg fráleitt að hægt sé að taka ákvörðun um málið á grundvelli upphrópana eða sleggjudóma og fyrir fram gefinna forsenda alveg eins og átti sér stað varðandi Alþfl. hinn forna sem var að leggja það til stöðugt og ævinlega að leggja inn aðildarumsókn til þess að geta skoðað hvað væri í pottinum, ekki á grundvelli upplýsinga eins og þeirra sem við höfum hérna heldur á grundvelli pólitískrar niðurstöðu í þeim flokki.

Þess vegna var það mjög athyglisvert sem kom fram í máli hv. 7. þm. Reykv., nýkjörins formanns Samfylkingarinnar, sem sagði hérna áðan að nú væri ekki komið að ákvarðanatöku varðandi aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Hvað segir það okkur? Það segir okkur að hv. þm. er kominn á undanhald, er kominn á hraðan flótta frá sínum eigin málflutningi og það stendur auðvitað upp úr í þessari umræðu.

Sú skýrsla sem við ræðum um hérna sýnir okkur mjög vel og vandlega, og það er mjög mikilvæg niðurstaða í þessari umræðu — ég tek eftir því að samfylkingarfólkið er farið að flissa en það eru gömul viðbrögð þegar menn eru komnir í rökþrot að reyna að flissa eins og (**Gripið fram í:** Við erum glöð.) fermingarstelpur — þessi skýrsla sem við erum að ræða sýnir okkur mjög vel og vandlega hversu mikla þýðingu samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði hefur fyrir okkur. Það er ekki nokkur vafi á því að án hans værum við undir miklu meiri pressu en nú um að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Það eru auðvitað sjávarútvegsmálin sem ekki síst hljóta að koma til umræðu þegar við ræðum Evrópumál. Það er alveg ljóst að sjávarútvegsstefna sú sem Evrópusambandið fylgir er algjörlega út úr kortinu fyrir okkur. Það er alveg ljóst að sú stefna fæli í sér fullkomið valdaafsal fyrir okkur sem þjóð, valdaafsal sem við gætum ekki undir nokkrum kringumstæðum samþykkt. Við verðum að átta okkur á því, hvað sem menn segja og hvaða umræður sem menn taka um þessi mál, að eitt er alveg ljóst, það er ekkert til varðandi sjávarútvegsmálin sem heitir varanleg undanþága frá stefnu Evrópusambandsins. Það er auðvitað augljóst mál fyrir hvern þann sem skoðar málin hjá Evrópusambandinu og sér þá þróun sem þar hefur orðið að þróunin hefur einmitt verið í þá átt að reyna að draga úr öllum undanþágum vegna þess að þær eru í ósamræmi við Rómarsáttmálann og algjörlega í ósamræmi við alla þá þróun sem hefur verið í samstarfi ríkja innan Evrópusambandsins. Þess vegna finnst mér undarlegt að vera að reyna að drepa þessu máli á dreif með því að tala um að skilgreina þurfi samningsmarkmið þegar það liggur alveg fyrir hvað um er að ræða þegar við tölum sérstaklega um sjávarútvegshlutann í samstarfinu innan Evrópusambandsins.

Við vitum að núna stendur yfir grundvallarendurskoðun á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og það liggur líka nokkuð ljóst fyrir í hvaða átt sú endurskoðun er að stefna.

Það er alveg augljóst mál að ekkert af því sem þar er að finna gefur okkur tilefni til þess að ætla að við getum starfað innan þeirrar stefnumörkunar.

Að vísu er rétt sem haldið hefur verið fram að veiðireynslan gæti gefið okkur forskot en sú veiðireynsla væri mjög fljót að hverfa vegna þess að eitt er öruggt og það er að um leið og við mundum ganga inn í Evrópusambandið og axla þá ábyrgð sem þar væri um að ræða, þá félli um leið niður það bann sem núna gildir um fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Og það væri mjög ömurleg niðurstaða vegna margra áratuga og alda baráttu okkar fyrir fullum yfirráðarétti yfir landhelgi okkar ef við lentum í þeirri stöðu að erlendar þjóðir kæmust bakdyramegin inn í fiskveiðilögsögu okkar. Þess vegna er undarlegt að menn reyni að tala um það eins og það sé eitthvert samningsmarkmið sem menn geta sett sér í þessum efnum þegar það liggur alveg fyrir til hvers samningur við Evrópusambandið um aðild okkar hlyti óhjákvæmilega að leiða í þessum efnum.

Annað sem líka er nauðsynlegt að vekja athygli á er það að grundvallaratriði í sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins er að stýra stærð flotans. Hér liggja fyrir a.m.k. tveir hæstaréttardómar sem fela í sér að það er ekki leyfilegt og stenst ekki jafnræðisákvæði okkar. Þess vegna er ljóst að ef við gengjum í Evrópusambandið og öxluðum sjávarútvegsstefnu þess þá yrðum við um leið að breyta stjórnarskránni hvað þetta áhrærir og afnema þann þátt stjórnarskrárinnar sem hæstaréttardómarnir gengu út frá og menn hafa verið að fagna á undanförnum dögum.

[11:43]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla utanrrh. um stöðu Íslands í Evrópusamstarfi. Skýrslan er mjög ítarleg og þær upplýsingar sem koma fram varpa ljósi á stöðu Íslands eins og hún er í dag. Það gefur okkur tækifæri til að vega og meta hvaða skref við eigum að taka í framtíðinni.

Í skýrslunni er gerður samanburður á því hvaða afleiðingar full aðild að Evrópusambandinu gæti haft. EES-samningurinn hefur nú verið í gildi í rúm sex ár og óhætt er að fullyrða að hann hefur reynst hagstæður fyrir Ísland. Aðstæður eins og á Íslandi þekkjast ekki annars staðar innan Evrópusambandsins. Hér fer saman efnahagsleg velmegun og lífsgæði sem eru meiri hér á landi en að meðaltali innan Evrópusambandsins.

Herra forseti. Íslenskur efnahagur byggir að mestu leyti á atvinngrein sem telst til jaðaratvinnugreina innan Evrópusambandsins og tilheyrir því samtryggingarkerfinu. Allir þættir aðrir en sú staðreynd að hér á Íslandi er efnahagsleg velmegun gæfu tilefni til verulegra greiðslna úr sjóðum Evrópusambandsins.

Á Íslandi er dreifð byggð og erfið veðurskilyrði fyrir landbúnað. Sumarið er stutt og veturinn langur og vegna legu landsins eru skilyrði til ræktunar erfiðari hér en annars staðar í Evrópu. Það er ljóst að aðild að Evrópusambandinu mundi hafa veruleg áhrif á íslenskan landbúnað og sú landbúnaðarstefna sem rekin er hér á landi yrði lögð niður í núverandi mynd og löguð að sameiginlegri landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins. Hvað það mundi þýða fyrir afkomu landbúnaðar er erfitt að geta sér til um, en landbúnaður er sem kunnugt er undanþeginn EES-samningnum. Um landbúnaðinn gilda aðeins takmarkaðar hluti reglna Evrópusambandsins. Má þar nefna áburð og fóðureftirlit. Hins vegar eru heilbrigðisreglur um matvæli og dýr að mestu leyti utan samningsins. Við inngöngu í Evrópusambandið yrðum við að taka allar reglur Evrópusambandsins upp á þessu sviði sem m.a. leiddi til þess að landbúnaðarvörur flytu hindrunarlaust yfir landamæri og það sama gilti um innflutning lifandi dýra. En hugsanlegar undanþágur frá reglu sambandsins um frjáls viðskipti með landbúnaðarafurðir milli aðildarríkjanna gætu byggst á sérstöðu Íslands hvað varðar sjúkdómahættu.

Ef slíkar undanþágur fengjust gætu þær takmarkað innflutning lifandi dýra, á hráu kjöti og kjötafurðum og vörum unnum úr gerilsneyddri mjólk frá vissum löndum innan Evrópusambandsins. Ljóst er að það mundi kosta margfalt eftirlit ef fylgjast ætti með og forðast að til landsins bærust skaðvaldar í plöntum eða sjúkdómar í dýrum. Við fulla aðild yrði Ísland aðili að innri markaði ESB sem þýðir að allar sömu reglur um framleiðslu, umhverfi framleiðslu, samkeppnisskilyrði, aðbúnað og hollustuvernd, sem þýðir að allt sem lýtur að skilyrðum til framleiðslu verða að vera hinar sömu. Okkur væri ekki stætt á því að setja strangari reglur um hollustu og heilbrigði vara en ákveðnar eru innan Evrópusambandsins.

Í dag eru miklum fjármunum innan ESB varið til landbúnaðarmála eða 48% af heildarútgjöldum. Ekki er unnt að áætla hve háar fjárhæðir rynnu til íslensks landbúnaðar væri Ísland aðili að Evrópusambandinu. Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að sauðfjárbúskap, mjólkuframleiðslu og jafnvel nauðgriparækt mundi geta vegnað þokkalega og betur en öðrum búgreinum og þá fyrst og fremst með því að fá aðgang að stuðningi frá ESB. Hins vegar er svo til enginn stuðningur til svínakjöts-, kjúklinga- og eggjaframleiðslu og mikil óvissa er hvernig grænmetis- og blómaræktin kæmi út. Nokkuð öruggt er að matvælaiðnaðurinn mundi eiga undir högg að sækja gagnvart innflutningi og íslenskir bændur gætu þar lent í vandræðum með afsetningu afurða sinna.

Ég vildi gjarnan sjá úttekt á því hver þróun í landbúnaði hefur orðið í Finnlandi og Svíþjóð eftir inngöngu þeirra í Evrópusambandið en eftir því sem ég hef heyrt frá bændum í Svíþjóð á landbúnaður þar verulega undir högg að sækja og þeir eru ekki allir ánægðir með aðildina.

Þegar á heildina er litið stendur íslenska þjóðin afar vel félagslega og efnahagslega sem dregur nokkuð úr væntingum sumra um veglegar greiðslur úr sjóðum ESB. En er það svo eftirsóknarvert þegar á allt er litið og almennt er álitið að Ísland mundi greiða hærri fjárhæð inn í þá sjóði en kæmi til baka eins og málin standa? Stækki ESB til austurs er ljóst að staða efnaðara ríkja innan ESB mundi versna þar sem þau ríki sem sótt hafa um aðild standa flest ekki vel efnahagslega. Að mínu mati er það ekkert sem knýr okkur til að sækja um aðild að ESB eins og staðan er í dag.

[11:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagnar því tækifæri til að ræða Evrópumál sem skýrsla utanrrh. býður upp á. Okkur hefur ekki verið og er ekki neitt að vanbúnaði að ræða málið og við höfum í þessum efnum fastmótaða og skýra stefnu.

Ég vil í því sambandi minna á tillögu okkar um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum en þar segir í tillögugrein, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið standi utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins

nýtt til að treysta samskiptin við ríki og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu." — Og að lokum:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni að nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar."

Við erum þeirrar skoðunar, herra forseti, að óvissuástand í þessum efnum skaði hagsmuni Íslands. Við leggjum til að Alþingi og ríkisstjórn taki af skarið og móti þá stefnu að við ætlum að gæta hagsmuna okkar án aðildar að Evrópusambandinu eða öðrum slíkum viðskiptablokkum eða ríkjasamböndum en með góðum samningum og samskiptum við þau í allar áttir. Þá geta allir málsaðilar gengið út frá því hvort sem heldur er utanríkisþjónustan, ráðuneyti og stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Endalausar vangaveltur fram og til baka og hálfkveðnar vísur verka eingöngu truflandi. Það liggur í öllum aðalatriðum allt fyrir sem liggja þarf fyrir í þessum efnum, eins og ég kem að síðar.

Í öðru lagi vil ég segja um skýrsluna, herra forseti, að ég fagna henni og ég tel hana í öllum aðalatriðum hlutlæga og efnislega vel unna. Ég get að vísu tekið undir með nýkjörnum formanni Samfylkingarinnar, hverjum ég nota tækifærið og árna heilla, að ráða mátti af ræðu hæstv. utanrrh. áðan að hann væri, ef svo má að orði komast, að meðaltali jákvæðari í garð aðildar að Evrópusambandinu en höfundar skýrslunnar eða einstakra kafla hennar.

Mér finnst helst, herra forseti, mega að því finna að í skýrslunni gætir óþarfa mærðar í garð EES-samningsins. Vissulega hafa viðskiptaþættir hans nýst okkur að mörgu leyti vel en við höfum líka borgað fyrir, við höfum greitt með veiðiheimildum, við höfum borgað í þróunarsjóð og verið þvinguð til að gera það áfram þvert ofan í ákvæði samningsins. Þar eru það e.t.v. ekki fjármunirnir sem eru aðalatriðið heldur vinnubrögðin.

Deilur um það hverjir hafi haft rétt fyrir sér og hverjir ekki þegar EES-samningurinn var hér til meðferðar á sínum tíma eru það sem oft er kallað í breskum stjórnmálum „orrusta gærdagsins". Það eru deilur um liðna atburði sem hafa ekki mikið upp á sig vegna þess að það þýðir lítið að ræða pólitíska sögulega atburði í páskildagatíð, herra forseti. Við höfum ekki samanburðinn við það sem ella hefði orðið. Þess vegna eru vangaveltur af því tagi „ef, ef, ef þetta eða hitt" árum eða áratugum aftan við okkur í sögunni ekki mjög frjóar í sjálfu sér sem innlegg í mat á pólitískri stöðu líðandi stundar.

Það langmikilvægasta við þessa skýrslu, herra forseti, er að fyrir utan að vera ágætt yfirlit og kortlagning á stöðunni tel ég að hún hrekji algjörlega þann málflutning að við Íslendingar þurfum að sækja um aðild að Evrópusambandinu til að vita hvað okkur bjóðist. Slíkt tal er afvegaleiðandi. Það liggur í öllum megindráttum fyrir hvaða afleiðingar það hefur að ganga í Evrópusambandið, skýrslan sýnir það. Reynsla annarra gerir það líka.

Hvað fengu Norðmenn til að mynda á sviði sjávarútvegsmála þegar þeir reyndu í annað sinn að semja sig inn í Evrópusambandið? Þeir fengu tímabundna aðlögun frá sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni, tímabundna aðlögun eingöngu fyrir fiskimiðin norðan 64. breiddargráðu, það var allt og sumt. Voru þó Norðmenn í gífurlega sterkri samningsstöðu því allir vissu að til þess að von ætti að vera um að samningur fengist þar samþykktur yrði hann að vera eins jákvæður og líta eins vel út og nokkur kostur væri. Samt var hann felldur.

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að þetta komist skýrt á framfæri, að höfundar skýrslunnar treysta sér til þess í öllum aðalatriðum að segja fyrir um hvað yrði aðild samfara. Stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum er því ekkert að vanbúnaði að tala skýrt um vilja sinn til aðildar eða ekki aðildar að Evrópusambandinu sem stefnumarkmið fyrir okkur til fyrirsjáanlegrar framtíðar litið. Við eigum, herra forseti, í stórmáli af þessu tagi að reyna að tala eins skýrt og okkur er nokkur kostur. Talið um að við þurfum að sækja um til að vita hvað okkur bjóðist er eingöngu til að slá ryki í augu fólks. Talið um að við þurfum að ræða mál sem hefur staðið laust verið til umræðu á Íslandi í yfir áratug þjónar sama tilgangi. Nema hvað? Auðvitað fylgjumst við með þróun þeirra mála eins og annarra hluta sem varða utanríkishagsmuni okkar. Einnig það eru engin tíðindi og engin speki að við Íslendingar þurfum að hafa meðvitund í þessum efnum. Ég tel það ámælisverða við slíkar æfingar, herra forseti, vera að með því eru menn að koma sér undan því að tala skýrt og maður óttast auðvitað að á ferðinni séu gamalkunnugar yfirbreiðslur, ætlaðar til þess að lokka menn áfram inn. Að um sé að ræða formúluna gömlu frá Norðurlöndunum en hún gekk út á þetta. Í fyrsta lagi var sagt: Við þurfum að sækja um til að athuga hvað okkur bjóðist. Í öðru lagi var farið af stað í könnunarviðræður. Í þriðja lagi, herra forseti, breyttust þær könnunarviðræður allt í einu yfir í samningaviðræður, og í fjórða lagi var valin sú aðferð að greiða fyrst atkvæði í því Norðurlandanna þar sem fyrir lá samkvæmt skoðanakönnunum að langmestar líkur voru á að aðildin yrði samþykkt. Eftir að Finnar höfðu samþykkt aðild jókst stuðningur við aðild í Svíþjóð af skiljanlegum ástæðum. Og þá í nokkra mánuði komst á meirihlutastuðningur fyrir aðild í Svíþjóð í fyrsta og eina skiptið. En hann dugði til að koma Svíum inn og í framhaldinu var ætlunin að Norðmenn teldu sig nauðbeygða til að segja líka já en það gerðu þeir ekki.

Nei, herra forseti, við skulum reyna í stórmáli af þessu tagi að tala eins skýrt og efnislegar forsendur leyfa og heiðarlega um það sem fyrir okkur vakir. Mér virðast stuðningsmenn aðildar að Evrópusambandinu aðallega nota tvær höfuðröksemdir. Þau fyrri kalla ég nauðhyggjurökin; að EES sé á fallandi fæti, að Norðmenn kunni e.t.v. að ganga inn, að við verðum nauðbeygð til að gera það. Það er jafnvel orðað svo að við neyðumst til að taka það til athugunar að sækja um aðild að Evrópusambandinu af mönnum sem vilja þó ganga þangað inn, og hví er það þá slík nauðung? Eða þá að allir aðrir séu að gera þetta eða flestir aðrir og þess vegna hljótum við að gera það líka. Hin meginröksemdin eru áhrifin, að við verðum að fara inn til þess að hafa áhrif.

Hvorug röksemdin heldur að mínu mati sem veigamikil, herra forseti. Ekkert bendir til að við eigum ekki alla möguleika á að búa um samskipti okkar við Evrópusambandið þó að samningurinn um EES breytist eða jafnvel t.d. stofnanaþáttur hans hyrfi. Það gæti jafnvel einfaldað málin að búa um þá þætti sem mestu máli skipta, viðskiptaþættina, samstarf á sviði menntunar og rannsókna, eftir atvikum samræmingu löggjafar sem við höfum að sjálfsögðu fullt vald til að sjá um sjálfir.

Inn í tilburði EES-ríkjanna, Evrópusambandsríkjanna, til vaxandi samruna á hernaðarsviðinu, á Ísland ekkert erindi,

herra forseti, ef einhverjum dettur í hug að nota það sem röksemd.

Og þá að hinni, þetta með áhrifin.

Hver verða líkleg áhrif smáríkis eins og Íslands í stækkandi Evrópusambandi og hvaða verði yrðu þau áhrif keypt? Hvað mundi það kosta smáríki af okkar tagi ef við ætluðum að gæta hagsmuna okkar á öllum vígstöðvum þessa mikla bákns? Færa má fyrir því rök, herra forseti, að þessu með áhrifin sé akkúrat öfugt farið vegna þess að með aðild missum við á móti sjálfstæða rödd og sjálfstæða fulltrúa víða á alþjóðavettvangi og færumst aftur í baksveitirnar sem einn af 15 eða 25 á bak við fulltrúa framkvæmdastjórnar eða ráðherraráðs sem fara með orðið fyrir hönd Evrópusambandsríkjanna sameiginlega. Ég hef setið sem fulltrúi Íslands eða verið þátttakandi í sendinefndum þar sem fulltrúar hinna Norðurlandaþjóðanna hafa verið heldur hjáræn ulegir í slíkum baknefndum á sama tíma og Ísland hafði sjálfstæða rödd og má sem dæmi nefna nú síðast mjög mikilvægan vettvang þegar samið var um svonefndan úthafsveiðisamning Sameinuðu þjóðanna. Þá voru það ekki fulltrúar Dana eða annarra Evrópusambandsríkja sem töluðu máli þjóða sinna. Það gerði einn fulltrúi frá Brussel.

Ég held því fram, herra forseti, að yfirleitt sé innan Evrópusambandsins ríkjandi ágætur skilningur á stöðu okkar og sérstöðu. Í heimsókn Alþingis til Þýskalands á dögunum ræddum við, sem í þeirri sendinefnd vorum, við háttsetta fulltrúa allra þingflokka á þýska þinginu Bundestag. Algengt var að þar segðu menn sem svo: Það sem er að gerast með samrunanum á meginlandi Evrópu er gott fyrir frið og stöðugleika þar en það er ekki endilega víst að það henti ykkur, sögðu sömu menn. Menn virtust þekkja til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og virtust skilja vel sérstöðu Íslands eða eftir atvikum Noregs.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að yfirgnæfandi röksemdir standi eftir lestur þessarar skýrslu gegn því að Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Á móti röksemdum af því tagi sem ég áður nefndi, að við verðum að vera með af því að flestir aðrir ætli að vera það, að við fáum svo mikil áhrif eða að við náum til okkar svo miklum styrkjum, standa að mínu mati þessar helstar:

Í fyrsta lagi hefði aðild í för með sér almenna skerðingu sjálfstæðis og fullveldis, glötun sérstöðu og möguleika til að rækta góð sambönd við alla jafnt.

Í öðru lagi er Evrópusambandið þunglamalegt og miðstýrt og að mörgu leyti ólýðræðislegt hvað vinnubrögð og ákvarðanatöku snertir. Almenningur víða í ESB-löndunum upplifir sambandið sem fjarlægt bákn og kosningaþátttaka er á hraðri niðurleið þegar að því kemur að velja þangað fulltrúa á hina einu kjörnu samkundu. Ísland yrði aldrei annað en jaðarsvæði og útkjálki í þessu stóra sambandsríki.

Í þriðja lagi, varðandi hagsmuni sjávarútvegs, eru engar líkur á því, eins og hér hefur reyndar þegar verið ágætlega rökstutt í umræðunni, að Íslandi standi neitt annað til boða en í mesta lagi tímabundin aðlögun að sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni. Þá flyst ákvörðun um heildarveiðiheimildir til Brussel. Þá flytjast samskipti við erlend ríki, forsvar fyrir Ísland á alþjóðavettvangi annars staðar til Brussel og sjálfstæð rödd Íslands á alþjóðavettvangi hljóðnar, þar á meðal í hafréttarmálum. Þá flyst fiskveiðistjórnun deilistofna til Brussel, þá flyst forræði í samningum um óútkljáða deilumál til Brussel og þá glatast það forræði auðlindarinnar sem við í gegnum sjálfstæða löggjöf og það að eiga ekki aðild að þessari stefnu höfum getað tryggt okkur hingað til.

Fjórða atriðið tengist landbúnaði en höfundar skýrslunnar, eins og ég les hana, telja langlíklegst að aðild yrði neikvæð fyrir allar greinar landbúnaðar nema helst sauðfjárrækt. Það er að vísu rétt að sú tilvitnun sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom hér með stendur í útdrætti um landbúnaðarmál en þegar textinn er lesinn til fulls ræð ég ekki annað af honum en að fyrst og fremst sauðfjárræktin gæti hugsanlega náð nokkuð sæmilegri stöðu vegna þess að að hún er algjör aukabúgrein í ríkjum Evrópusambandsins og gríðarlega styrkt sem slík. Með því að ná þeim styrkjum til baka hingað gæti hún e.t.v. komið sæmilega út. Þetta yrði neikvætt fyrir flestar ef ekki allar aðrar greinar landbúnaðar og neikvætt fyrir innlendan matvælaiðnað sem byggir á hráefnum úr þeim greinum.

Á móti hafa menn rætt um það, sem mikið var beitt í umræðum í Finnlandi og Svíþjóð, að neytendur fái í staðinn lægra matvælaverð. Einhver mestu vonbrigði almennings og það sem hefur á nýjan leik vakið vaxandi andstöðu við aðild eða veru í Evrópusambandinu í Svíþjóð og Finnlandi er sú staðreynd að þetta gekk ekki eftir. Matvælaverðið lækkaði ekki eins og lofað hafði verið þó að aðildin hafi reynst landbúnaði í Svíþjóð en þó einkanlega í Finnlandi mjög þungt högg.

Í fimmta lagi er ljóst að við lendum innan tollmúra Evrópusambandsins. Það gæti tvímælalaust orðið okkur neikvætt á öðrum markaðssvæðum. Ísland er mjög háð útflutningi og tveir aðrir mikilvægustu útflutningsmarkaðir okkar, Norður-Ameríka og Suðaustur-Asía, eru í viðskiptablokkum sem keppa við Evrópusambandið og standa í illdeilum við það á mörgum sviðum, m.a. hvað varðar tollamál og viðskiptakjör. Því er augljóst að það að lenda fyrir innan tollmúra í tollabandalag sem Evrópusambandsríki gæti reynst okkur skeinuhætt. Það er líklegt að slíkt yrði neikvætt fyrir íslenska ferðaþjónustu, það mundi fela í sér afnám tollfrjálsrar verslunar og fleira því um líkt.

Í sjötta lagi er ljóst að aðild mundi skerða mjög möguleika okkar á sjálfstæðri efnahagsstjórnun, þeirri sömu sjálfstæðu efnahagsstjórnun og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vill núna beita til að slá á þenslu og verðbólguhættu. Ég er hv. þm. hjartanlega sammála um það en til að geta gert það þurfum við að hafa tækin í okkar höndum en ekki úti í Brussel. Hagsveiflur hér eru iðulega aðrar en á meginlandi Evrópu. Það nægir að benda á þá augljósu staðreynd að aðild að efnahagsstefnu Evrópusambandsins undanfarin missiri, svo ekki sé nú talað um sameiginlegan gjaldmiðil, hefði verið katastrófa fyrir Ísland síðustu missiri eins og aðstæður hafa verið hér í efnahagsmálum.

Herra forseti. Að lokum, varðandi kostnaðinn, er ljóst að aðild yrði okkur eðlilega mjög dýr sem velmegunarríkis. Að óbreyttu er hún talin kosta 8 milljarða kr. en það er líklegt að aðgöngumiðinn mundi hækka í 10–12 milljarða með stækkun Evrópusambandsins. Í besta falli standa möguleikar til að ná um helmingi af því til baka í formi styrkja. Slíkir útreikningar hafa e.t.v. lítið upp á sig. Ég er ekki einn þeirra sem telja að reikningsdæmið eigi þarna að vega þungt vegna þess að það er að sjálfsögðu mikilli óvissu undirorpið en staðreyndin er engu að síður að Ísland er eitt af ríkustu löndum heims. Því yrði eðlilega ætlað að greiða. Það tel ég ekki eftir í sjálfu sér en við skulum líka minnast hins, eins og maðurinn sagði, að það er að meðaltali dýrt að vera Íslendingur. Það er ekki

víst að alltaf yrði úti í Evrópu skilningur á því hvað til þarf og hvað það kostar að halda uppi velmegunarsamfélagi við þær aðstæður sem við Íslendingar gerum úti á hjara veraldar, eins og við segjum stundum, herra forseti.

Mergurinn málsins er sá, herra forseti, að Íslandi hefur aldrei vegnað betur en einmitt sem sjálfstæðri þjóð. Hin rúmlega hálfa öld sem lýðveldið núverandi hefur staðið hefur um leið verið mesta framfarastig íslensku þjóðarinnar. Það er ekki tilviljun. Vegna sjálfstæðisins höfum við getað tekið sjálfstæðar ákvarðanir sem hafa lagt grundvöllinn að velmegun okkar. Við höfum getað fært út landhelgina vegna þess. Við höfum sjálf getað gætt auðlinda okkar og nýtt þær eða virkjað í eigin þágu og í samræmi við eigin hagsmuni. Sjálfstæðið hefur sem slíkt reynst okkur verðmæt auðlind, sívirk auðlind eins og það heitir í bókartitli.

Skýrslan sem hér er til umræðu, herra forseti, er mikilvæg að mínum dómi, ekki síst vegna þess að hún skýrir stöðu málsins. Það liggur tiltölulega skýrt fyrir í hverju hagsmunir Íslands eru fólgnir. Við eigum að gæta þeirra án aðildar að Evrópusambandinu eða öðrum slíkum blokkum en með góðum samningum, samvinnu og samskiptum við þau og til allra átta. Það á að vera framtíðarstefnan miðað við þær forsendur sem við sjáum fyrir okkur og eins og þær líta út til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Þessi stefna þarf að vera eins skýr og kostur er til þess að allir sem hagsmuna eiga að gæta geti á grundvelli hennar gætt hagsmuna sinna og byggt upp stöðu sína að þessu leyti. Þá vita menn að hverju þeir eiga að ganga. Það er ekki gott að velta stanslaust vöngum um grundvallarstefnumótun á sviði afdrifaríkustu utanríkishagsmuna þjóðar. Þar skiptir máli að stefnufesta ríki og ekki sé hringlandaháttur.

Það er líka mikilvægt, herra forseti, og ég endurtek það að lokum, að allir geri umræðunni það gagn að tala eins skýrt um hlutina og þeim er nokkur kostur. Það viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gera, við höfum lagt okkar að mörkum, m.a. með tillöguflutningi hér á Alþingi. Við erum hvenær sem er tilbúin til umræðna og rökræðna um þetta mál.

[12:09]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Frjálslyndi flokkurinn er fylgjandi utanríkisstefnu stjórnvalda í meginatriðum og styður viðunanlega og góða framkvæmd hennar í flestu. Má raunar telja það til afreka hversu myndarlega Íslendingum hefur tekist að standa í því ístaði á hraðfleygum tímum örra og stórfelldra breytinga hvert sem litið er, til málefna og þjóða um víða veröld.

Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinargóða skýrslu sem lögð hefur verið fram um Evrópusamskiptin. Það var tími til kominn að við fengjum þær gagnlegu upplýsingar enda þótt ég treysti mér ekki til þess að taka lokaákvörðun í þessu veigamikla máli á grundvelli þeirra. Það stendur ekki þannig á fyrir mér, eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að ég sé tilbúinn að kveða upp úr um það af eða á hvort við eigum að gerast aðilar að Evrópusambandi.

Ég sakna þeirrar umræðu sem nauðsynlegt er að sé undanfari slíkrar ákvörðunar og þó öllu helst miklu frekari og nákvæmari upplýsinga um hvernig mál standa. En ég verð að segja eins og er að það dregur mjög úr áhuga mínum að hafa lengri signingar yfir þessu máli nú að hlusta á málflutning fulltrúa langstærsta þingflokksins í málinu. Þar getur að heyra að málinu sé með öllu ýtt út af borðinu. Ég misskil ekkert málflutning hv. þm., formanns sjálfrar utanrmn., þegar hann kveður upp slíkan dóm yfir ESB að ekki stendur steinn fyir steini. Hann segir fullum fetum að þar séu samtök og stofnun óráðsíu, ósamkomulags, óstjórnar, djúpstæður ágreiningur ríki um öll meginefni innan ESB og staða Íslands ákjósanleg utan þess.

Þessi ráðamikli stjórnarflokkur hlýtur með þessari afstöðu að ráða því að okkur muni ekkert miða áfram að sinni. Þótt viðhengi Sjálfstfl., Framsfl., hafi nú opnað fyrir frekari umræðu þá er ekki mikið upp úr því leggjandi.

En um leið og fulltrúar Sjálfstfl. kveða upp þennan dauðadóm yfir ESB þá hlýt ég að rifja upp lokaorð hæstv. utanrrh. sem hljóðuðu svo, með leyfi forseta:

„Hvernig sem okkar samskiptum verður háttað við Evrópusambandið og aðildarríki þess í framtíðinni er ljóst að við eigum samleið um flest það sem máli skiptir. Evrópusambandið er ekki andstæðingur okkar heldur samherji, hagsmunir fara saman í veigamiklum málum. Okkar niðurstaða verður fyrst og fremst að byggjast á pólitísku mati að undangenginni vandaðri og málefnalegri umræðu."

Svo mörg eru þau orð. Ég fæ ekki séð að stjórnarflokkurinn sem flestu ræður, Sjálfstfl., ætli að hlíta þessari niðurstöðu hæstv. utanrrh. Ég vil rifja það upp að þegar sú skýrsla sem hér er til umræðu lá fyrst fyrir leituðu fjölmiðlar eftir áliti þingmanna og forustumanna flokka á efni hennar. Ég svaraði því til að mér virtist að skýrslan flytti engan nýjan sannleika eða staðreyndir sem breyttu þeirri afstöðu minni að meðan ástæður í sjávarútvegsmálum væru eins og þar kæmu fram þá væri ekki um það að ræða að ég fyrir mitt leyti og flokkur minn gætu fallist á aðild að Evrópusambandinu. En þrátt fyrir þessa eindregnu afstöðu, og hún hefur enn ekkert breyst af því að ekkert hefur komið fram sem segir okkur að þar getum við notið viðhlítandi skilmála, þá er ég samt á því að við eigum að fara að orðum hæstv. utanrrh. og leita sem gleggstra upplýsinga um öll þau kjör og skilmála sem við verðum að undirgangast með hugsanlegri aðild að þessu sambandi, með vísan til endilangrar ræðu hans þar sem hann lagði áherslu á að við ættum sem Evrópuþjóð svo mikilla hagsmuna að gæta.

Ég endurtek hins vegar að ég fæ ekki séð að þessi góði tilgangur eða þær góðu skoðanir hæstv. utanrrh. nái neitt lengra af því að sá sem öllu ræður í þessu stjórnarsambandi hrópar þetta af með því orðalagi þeirra sem enn hafa til máls tekið um efnið, að þeir ætla sem sé að stemma á þegar að ósi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fullyrti í lok ræðu sinnar að málið snerist um hvort Íslendingar vilji verða aðilar að þessu sambandi eða ekki. Þann veg snýr málið ekki að þeim sem hér stendur. Ég þarf að fá að vita miklu nánar um alla skilmála og nákvæma lýsingu á því jarðarmeni sem við yrðum þá neyddir til að ganga undir ef til þess dregur.

En það er margt fleira í þessari skýrslu og í ræðu hæstv. utanrrh. sem sýnir okkur fram á nauðsyn þess að gera okkur fyllstu grein fyrir stöðu mála. Hann rakti hvert gagn okkur hefði orðið af EFTA-sambandinu og EES-samningnum. Það út af fyrir sig sýnir hvert hagræði við höfum haft af viðskiptum við Evrópulöndin og ég vil halda því stíft fram að við séum Evrópuþjóð og hljótum að halda okkur allfast við það.

Viðskipti okkar eru með þeim hætti að um $^2/_3$ alls útflutnings okkar er til ESB-landanna. Og svo ég nefni það, sem eru að vísu allgamlar upplýsingar, að mér var tjáð á sínum

tíma að tekist hefði að kenna 6% Ameríkana að borða fisk og ættum við alldrjúgan þátt í þeirri sókn. En aftur á móti eru taldar 200 milljónir manna búa á meginlandi Evrópu sem gjarnan vilja vera fiskætur. Við sjáum því hvar markaður okkar er líklegastur, enda kemur það á daginn og er reynsla okkar sú að yfirgnæfandi hluti af aðalútflutningsvörum okkar er fluttur út til ESB-landanna og að ég hygg meira en $^2/_3$ af öllum innfluttum vörum koma af því svæði. Af því geta menn ráðið hversu mikilvæg viðskiptasambönd þarna eru í húfi.

Ég hef um langt skeið verið eindreginn stuðningsmaður sem nánasta samstarfs við Norðurlandaþjóðir og átti kost á að taka beinan þátt í því um margra ára skeið. Ég álít, og það kemur raunar fram að mig minnir í skýrslu hæstv. utanrrh., að það hafi verið aðalforsenda fyrir utanríkisstefnu okkar um langa hríð enda þótt við ættum ekki samleið með þeim öllum, t.d. í hinu mikilvæga NATO-samstarfi.

Ég þykist sjá að ef framtíðin ber það í skauti sér að Noregur t.d. gerist aðili að Evrópusambandinu, en Svíþjóð, Finnland og Danmörk hafa þegar gerst aðilar, geti farið að sneiðast um þann hag og gagn sem við ella gætum haft af samstarfi við Norðurlöndin óviðráðanlega að því tilskildu að við stæðum utan samtakanna. Um þetta vil ég ekki fullyrða því satt best að segja hefur okkur tekist allvel til um að rækta þau sambönd og það samstarf sem við höfum stundað á hinum ýmsu sviðum við Norðurlandaþjóðir og innan EES og EFTA þótt Evrópusambandinu sjálfu yxi fiskur um hrygg. En það á enn eftir að breiða úr sér eins og dæmin sanna og til stendur að fjöldi þjóða austur á bóginn leiti þar undir skjól hinna efnuðu þjóða.

Mér hefur að mörgu leyti hrosið hugur við ýmsu því sem á borð hefur verið borið og upplýst um innihald og starfsemi ESB, Evrópusambandsins, og margt hefur þar komið á daginn miður skapfellilegt, ef svo má að orði komast. Ekki er það styrkjafargan, t.d. í landbúnaðarmálum, aðlaðandi, en þó játa ég jafnframt að mér eru ekki nógu ljósir allir þættir þess til að geta hér og nú kveðið upp þann dóm að ekki sé viðhlítandi að neinu leyti.

Ég hef áður minnst á sjávarútvegsmálin og endurtek að það eitt út af fyrir sig er alveg nóg til þess að sá sem hér stendur mun ekki taka í mál fylgi við aðild að ESB ef þau mál reynast þann veg sett innan ESB eins og manni virðist og ég hef fengið upplýsingar um.

Ég hins vegar hef hlustað á það í morgunþáttum Ríkisútvarpsins, marga daga í röð reyndar, þar sem fréttamaður í Brussel kallaði fyrir ungan mann sem hefur lagt sig fram um að kynna sér innihald ESB, líka á sviði sjávarútvegsmála, þar sem því hefur verið haldið fram fullum fetum að við blasti að við ættum allra góðra kosta völ með því að gerast aðilar að ESB. Ég hef hins vegar hlustað grannt á þessi viðtöl og verð að játa að mér finnst ýmislegt vanta og skorta á röksemdafærsluna. En ég hef ekki látið sannfærast á hvorugan veginn og ég fullyrði að þær rannsóknir, undirstöðurannsóknir til þess að við getum tekið lokaafstöðu hafa ekki farið fram af Íslands hálfu. Og nú getum við kannski orðið sammála um það eitt, og það væri þá mikill áviningur, að fara að ráðum hæstv. utanrrh. og afla okkur slíkra upplýsinga og grandskoða málin. Mér þykir ekki líklegt, það játa ég hreinskilnislega, að þær upplýsingar muni leiða til þess að sá sem hér talar muni breyta um þá skoðun að við höfum ekki tök á því að ganga undir þetta sem ég vil kalla jarðarmen. Sjávarútvegsmálin geta þess vegna verið algjört úrslitaatriði af minni hálfu en að við hins vegar kynnum okkur alla þætti málsins til hins ýtrasta er hin mesta nauðsyn.

Ég rifja það upp að verkalýðsforkólfar sem sótt hafa Brussel heim hafa komið til baka uppnumdir, eins og það getur kallast, og ákafir fylgismenn aðildar að ESB, og þeir hafið staðið uppstyttulítið á þeim yfirlýsingum missirum saman. Þeir vita þá meira en sá sem hér stendur til að geta tekið svo eindregna afstöðu.

Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að okkur ber að kanna öll atriði mögulegrar aðildar að ESB til hlítar. Komi til þess hins vegar að íslensk stjórnmálaforusta taki ákvörðun um formlega aðild að ESB er auðvitað einsýnt að slík örlagaákvörðun verður lögð fyrir alla atkvæðisbæra menn í landinu.

[12:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt og sjálfsagt að rædd séu ítarlega samskipti Íslands og staða þess í Evrópu. Alla þessa öld meira og minna hefur Evrópa verið helsta viðskiptasvæði Íslendinga og haft mest áhrif á hvernig lífskjör hafa þróast hér innan lands. Það var því ekki að ástæðulausu að snemma var farið að huga að því að gera samninga við Evrópu og mynda samtök, Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, og samninga sem þau gera við Evrópusambandið.

Í framhaldi af því var gerður annar samningur til að tryggja enn betur stöðu Íslendinga og fjárhagslegan ávinning af viðskiptum við það svæði, sem er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég sé engin teikn á lofti um að viðskipti Íslendinga muni breytast í náinni framtíð frá því sem er í meginatriðum. Evrópa mun verða stærsta viðskiptasvæði okkar og samningar við það svæði um kjör útflutnings okkar mun skipta miklu máli um lífskjör á Íslandi. Þess vegna hljótum við að velta því fyrir okkur hvernig við getum tryggt best hagsmuni okkar og fylgst með þeirri þróun sem er að verða innan Evrópu.

Ég er eindregið á þeirri skoðun að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tryggi ákaflega vel hagsmuni okkar og hafi stuðlað að því ásamt öðru að lífskjör hér á landi hafa batnað mjög verulega á síðustu árum. Ég teldi það því góðan kost ef við gætum búið við þetta fyrirkomulag áfram en um það vitum við ekki. Við vitum hins vegar að miklar breytingar eru að verða í Evrópu og við vitum að Evrópusambandið er að taka miklum breytingum og við þurfum að meta hvaða áhrif þær breytingar hafa á stöðu okkar. Leiða þær til þess að við teljum nauðsynlegt að breyta samningsstöðu okkar við Evrópusambandið? Kann að vera nauðsynlegt að sækja á um annan samning en samninginn um Evrópska efnahagssvæðið? Þetta vitum við ekki. Það sem ég tel að við vitum er að samningurinn sem við höfum er góður og meðan við getum stuðst við hann er okkur vel borgið. En það er eðlilegt að ræða hlutina á þessu stigi, draga saman upplýsingar um þá valkosti sem eru uppi og hvaða áhrif hver og einn kann að hafa á stöðu okkar Íslendinga.

Ég er ekki stuðningsmaður aðildar að Evrópusambandinu en ég er stuðningsmaður sem mestrar efnahagslegrar velsældar á Íslandi. Ég vil því taka afstöðu til mála eftir því hvaða kostir tryggja stöðu Íslendinga sem best. Það er margt sem þar kemur til álita og þarf að skoða áður en menn geta tekið afstöðu til að lokum.

Við vitum þó, eins og komið hefur hér fram, að Íslendingar munu sem ríki vera greiðendur inn í Evrópusambandið ef til þess kemur að við ætlum að tengja okkur betur eða

meira við það en nú er. Við höfum háar þjóðartekjur og miklu hærri en eru í Evrópusambandinu og líklegt er að þær muni þróast þar á þann veg vegna nýrra ríkja að þær muni lækka. Ég sé því ekki fyrir mér annað en að Íslendingar muni verða greiðendur inn í þetta samstarf. Það þarf út af fyrir sig ekkert að vera slæmt að Íslendingar sem rík þjóð leggi eitthvað af mörkum til að fátækari þjóðir komist betur á veg, í mínum huga er það ekki frágangsatriði. Hins vegar þarf að skoða áhrif breytinga á ýmislegt innan lands og ég held að það muni ráða úrslitum um afstöðu þjóðarinnar, hvaða áhrif aðild eða breyttur samningur muni hafa á ýmis mál innan lands.

Þar ber auðvitað hæst sjávarútvegsmálin. Að óbreyttri stefnu Evrópusambandsins mun verða mikil breyting hvað okkur varðar og sjávarútvegur skiptir okkur miklu máli. Hann gefur okkur um 100 milljarða inn í íslenskt þjóðarbú og við getum ekki teflt á tvær hættur með það. Hins vegar er ýmislegt í sjávarútveginum ekki eins æskilegt og vera skyldi og kannski getum við lært af því hvernig Evrópusambandið vinnur úr málum eins og byggðaþróun hjá sér. Við þekkjum innan lands hvernig við förum með ýmis byggðarlög sem verða illa úti þegar kvóti er fluttur þaðan í hagræðingarskyni. Ég verð ekki var við að menn hafi miklar áhyggjur af högum þess fólks sem þar verður illa úti, bæði með því að missa vinnu sína eða eignir þess falla í verði. Það má þó Evrópusambandið eiga að það hefur almennt nokkuð viðamikla stefnumörkun uppi til að bæta hag þess fólks sem svona er ástatt um, eins og víða eru dæmi um t.d. í kolanámuhéruðum þar sem menn hafa þurft að loka námunum.

Við þurfum að tileinka okkur að mínu viti ýmislegt úr því sem við getum notað til að bæta kjör Íslendinga innan lands og sérstaklega á landsbyggðinni. Ég held t.d. að það mundi styrkja mjög sveitarstjórnarstigið ef við fylgdum þeirri stefnu sem Evrópusambandið hefur tekið upp hjá sér og það yrði að mörgu leyti til góðs fyrir landsbyggðina. Það er því ýmislegt í þessum málum sem getur virkað að mínu viti bæði til betri vegar og verri vegar. Þá hluti hljótum við að skoða betur og leggja síðan mat á þegar það liggur fyrir.

[12:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þá skýrslu sem liggur fyrir og er til umræðu. Ég vil hins vegar segja að ég hef orðið fyrir ákveðnum vonbrigðum með umræðuna þar sem mér finnst að hún eigi ekki og geti ekki gengið út á að tala um hvort EES-samningurinn sé góður eða ekki góður. Flestum þykir hann vera góður og telja að það hafi verið rétt af Íslandi að gerast aðili að honum. (**Gripið fram í:** Og sitja ekki hjá.) Sumir sátu hjá með ákveðnum skilaboðum um að þeir væru hlynntir samningnum (**MF:** Aðrir greiddu atkvæði á móti honum.) Mér finnst heldur ekki að þessi umræða eigi að ganga út á það að Evrópusambandið hafi marga galla því að það vitum við svo sannarlega öll að aðild að Evrópusambandinu hefur marga galla í för með sér.

Mér finnst að umræðan eigi að snúast um það frammi fyrir hverju við getum staðið og reyna að velta því fyrir okkur hvernig við eigum að bregðast við ef ákveðnar staðreyndir liggja fyrir. Þá er ég sérstaklega að tala um breytingar sem geta orðið á EES-samningnum. En mér fannst hv. þm. Sverrir Hermannsson að mörgu leyti flytja hvað bestu ræðuna í þessari umræðu vegna þess að hann er að velta þessu fyrir sér.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar um að það þurfi að tala skýrt, hafa stefnufestu en ekki hringlandahátt og svo sagði hann reyndar, sem er mjög athyglisvert, að Íslandi hafi aldrei vegnað betur en einmitt nú sem eru mikil meðmæli með núv. ríkisstjórn og stjórnarflokkum. Að mínu mati er það ekki stefnufesta að taka þessa stefnu. Af tvennu illu vil ég hvorugt.

Ég var spurð að því nýlega í Færeyjum hvenær Ísland gengi í Evrópusambandið. Ég svaraði því að sjálfsögðu þannig að á þessari stundu væri ekki hægt að svara því og ég teldi að það væri a.m.k. ekki á næstunni. En við vitum það ekki í dag, við getum ekki kveðið upp úr um það í dag hver framtíð okkar er í þessum efnum.

Sagt er að aðild að Evrópusambandinu skerði sjálfstæði okkar og vissulega gerir hún það. En er hugsanlegt að það að reyna að halda áfram með EES-samninginn — þá skulum við hugsa okkur að það hafi verið tvær smáþjóðir, Ísland og Liechtenstein — skerði sjálfstæði okkar enn þá meira? Ég held að það sé hlutur sem við verðum að velta fyrir okkur vegna þess að það kemur fram í skýrslunni að ekki verði litið á eftirlitsstofnanirnar sem trúverðugar ef aðeins tvö smáríki eiga aðild að þeim. Hvernig eigum við þá að standa að eftirlitinu? Hugsanlegt er að hægt sé að finna farveg t.d. á þann veg að framkvæmdastjórnin taki að sér eftirlitið, en það er þá vald sem við eigum ekki aðild að eða stofnun sem við eigum ekki aðild að og svo sannarlega er hægt að segja að með því séum við að færa vald okkar öðrum þjóðum. Sama má segja um dómstólinn. Dómstóll sem er með aðild Liechtensteins og Íslands yrði ekki trúverðugur dómstóll og sennilega kæmi aldrei til greina að hann gæti orðið þannig samansettur. Þetta eru ýmsar áleitnar spurningar sem mér finnst að þessi umræða eigi að ganga út á fyrst og fremst. Hvernig bregðumst við við breyttum aðstæðum? Eins og hv. þm. vita er það þannig að í sambandi við kostnað við EFTA greiða Svisslendingar helminginn af kostnaðinum og miðað við það að EFTA liðist í sundur því að ég tel að það geri það ef hvorki Sviss né Noregur verður þar lengur með, þá er svo sannarlega hægt að tala um gjörbreyttar aðstæður.

Eins veltir maður fyrir sér lagasetningunni, undirbúningi tilskipana. Eins og ástandið er í dag má þó segja að Ísland komi að þeim málum, að vísu í misjafnlega miklum mæli, en við eigum möguleika á að fylgjast með undirbúningi mála. Þá velti ég því fyrir mér hvort við ráðum við þann þátt mála ein og sér eða í sambandi við Liechtenstein ef þær aðstæður skapast að þessi tvö ríki standa ein utan við.

Hæstv. forseti. Ég vil segja það að lokum að ég tel að við getum ekki kveðið upp úr í dag í þessum efnum. Við verðum að halda öllum leiðum opnum.

[12:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa skýrslu. Mér sýnist að hún sé faglega unnin og höfundar virðast halda sig við staðreyndirnar í stórum dráttum. Dálítil gagnrýni hefur komið fram frá þeim sem hafa stundað þetta Evróputrúboð hvað harðast, þessum Evrópusambandsagentum og gagnrýnin byggist á því að ekki sé verið að fela staðreyndir sem þeir ekki vilja sjá. Ókostirnir eru ekki faldir, þeir eru tíundaðir líka.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar, gerði vinnumálakafla skýrslunnar að umtalsefni. Í framhaldi af því vil ég taka fram að ég hef ekki breytt stafkrók í þeim kafla. Hann var skrifaður af embættismönnum ráðuneytisins en ég breytti engu í þeim kafla. Að hluta

til var hann skrifaður úti í Brussel af fulltrúa sem við eigum þar og að öðru leyti á vinnumálaskrifstofu og þá einkum af starfsmanni þar sem heitir Gunnar Sigurðsson og er ólíklegur til þess að halla á Evrópusambandið.

Ég tel að samning þessa kafla hafi verið fullkomlega eðlileg. Það er getið um það sem stjórnvöld hafa komið að. Þann kann að vera að það sé ekki nákvæm upptalning á öllum atriðum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa komið sér saman um innbyrðis án atbeina stjórnvalda. Tekið er fram að það megi halda því fram að EES-samningurinn hafi bætt réttarstöðu launafólks á Íslandi og hægt er að tíunda dæmi um það að EES-samningurinn hafi bætt stöðu launafólks á Íslandi.

Það er eitt atriði sem mér sýnist ekki rökrétt í skýrslunni og ég get ekki stillt mig um að efna. Það er þetta með stöðu sauðfjárræktarinnar. Það er fullkomlega órökrétt að halda því fram að staða sauðfjárræktarinnar verði jafngóð eða betri með inngöngu í Evrópusambandið því að öll þau rök sem tíunduð eru annars staðar í skýrslunni leiða til annarrar niðurstöðu.

Niðurstaða skýrslunnar er í mínum huga sú að það sé dýrt að kaupa sig inn. Það kosti 8 milljarða að óbreyttu. Eitthvað hærra ef Austur-Evrópuríki koma í kompaníið. Hugsanlega er hægt að ná til baka í gegnum styrki frá Evrópusambandinu helmingnum af þeirri upphæð eða kannski ríflega það og þá frekast til byggðamála. Væri vilji til að leggja fé til byggðamála, ef við hefðum 8 milljarða handbæra væri einfaldara að *mínum dómi að leggja peninga til byggðamála án atbeina* frá Brussel. Fjárhagslega er innganga greinilega mjög óhagkvæm og að því eru leidd mjög sterk rök og birt í þessari skýrslu. Landbúnaði og sjávarútvegi yrði innganga greinilega mjög þung í skauti og stjórnarfarslega væri glapræði að afsala okkur þeim sjálfsákvörðunarrétti sem aðild útheimtir.

[12:40]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hæstv. utanrrh. þá skýrslu sem er til umræðu og vissulega er löngu tímabært að Alþingi taki fyrir stöðu Íslands með Evrópuþjóðunum og þá þróun sem á sér stað í samstarfi þeirra. Við hljótum samt sem áður að líta á þetta sem fyrstu yfirferð yfir skýrsluna. Tíminn sem ætlaður er til umræðna er afar naumur og hefði þurft sama tíma til að fjalla um hvern einstakan kafla. En ég treysti því að skýrslan verði tekin aftur til umræðu strax næsta haust þegar stjórnmálaflokkunum hefur gefist færi á að vinna betur úr henni. Þá skiptir auðvitað máli að hinar EES-þjóðirnar, sem standa utan Evrópusambandsins, eru einnig að meta stöðu sína í Evrópusamstarfinu. Skýrsla Norðmanna kemur út í haust og er afar mikilvægt að við fylgjumst vel með hver verður niðurstaða þeirra.

Skýrslan er góður grunnur til að byggja á þá umræðu sem nauðsynlegt er að fari fram, ekki bara á Alþingi heldur ekki síður úti í þjóðfélaginu og það hlýtur að verða skylda okkar að standa fyrir slíkri umræðu. Ég tel nauðsynlegt að áður en skýrslan er tekin fyrir aftur á næsta þingi fari hún út til umsagnaraðila, fyrirtækja, ýmissa félagasamtaka og til faglegrar umfjöllunar stofnana með sérfræðiþekkingu á hverjum þeim málaflokki sem skýrslan nær til. Það hlýtur að verða verkefni utanrmn. að ganga þannig frá málinu áður en þinginu er frestað.

Flestir eru sammála um að EES-samningurinn hafi löngu sannað gildi sitt og fært okkur ótvíræðar réttarbætur á mörgum sviðum. Staða samningsins er þó erfið í dag og framtíð hans nokkuð óljós. Það kemur skýrt fram í hverjum einsta kafla skýrslunnar eins og reyndar var vitað að með aðild okkar að EES erum við skuldbundin til að lögtaka stóran hluta af reglum Evrópusambandsins en höfum takmarkaða möguleika til að hafa áhrif á ákvarðanatöku og þeir möguleikar gætu farið minnkandi í næstu framtíð. Við hljótum því að hugsa vel um stöðu okkar í hverjum málaflokki fyrir sig og meta á hvern hátt hagsmunum okkar er best borgið í samstarfi við þær þjóðir sem hafa hvað mest áhrif á íslenskt samfélag. Þó að höfuðatvinnugreinar okkar, landbúnaður og sjávarútvegur, skipti miklu máli í umræðunni, og úr því verður ekki dregið, megum við heldur ekki gleyma því að hún spannar nær alla þætti þjóðlífsins og snertir líf hvers einasta einstaklings. Þess vegna þarf umræðan að vera vönduð og málefnaleg. Þess vegna nægir ekki að skauta yfir skýrsluna á örfáum tímum í umræðu.

Flestir kaflar skýrslunnar gefa nokkuð gott yfirlit um stöðu mála en það verður þó ekki sagt um þá alla. Ég ætla að nefna sérstaklega tvo kafla, annan þar sem nokkuð greinargott yfirlit er gefið um stöðuna en hinn þar sem vinnan hefði þurft að verða mun nákvæmari. Kaflinn um umhverfismál er dæmi um hið fyrra. Eins og fram kemur í skýrslunni hefur aðgangur að upplýsingum og þekkingu á umhverfismálfum aukist mikið með aðild að EES-samningnum. Hann hefur án efa flýtt þróun hér á landi á sviði umhverfismála, sérstaklega hvað varðar mengunarvarnir og sorphirðu að ógleymdri löggjöfinni um mat á umhverfisáhrifum. Samningurinn nær hins vegar ekki til náttúruverndar og þar stöndum við verr að vígi en ríkin sem við berum okkur gjarnan saman við. Við höfum ekki unnið jafnskipulega að vernd náttúru og ESB-ríkin gera þó grunnskyldurnar séu þær sömu samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Í skýrslunni segir að helsti ávinningurinn með aðild að ESB á sviði umhverfismála yrði þátttaka í stefnumótun í ráðherraráðinu og Evrópuþinginu. Með aðild *mundu möguleikar á að hafa áhrif á löggjöf sambandsins* aukast og á stefnu ESB í alþjóðlegum umhverfismálum. Það er áreiðanlega rétt en hinu má ekki gleyma að auknar kröfur á sviði náttúruverndarmála mundu áreiðanlega hraða þróun þeirra hér á landi. Við yrðum að taka upp gerðir sambandsins á þessu sviði og hrinda þeim í framkvæmd. ESB-ríkin vinna mjög skipulega að umhverfismálum og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þau eru komin mun lengra en við í að framkvæma þær skyldur sem fylgja alþjóðlegum samningun eins og t.d. Ríó-samningnum um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsáttmálanum um vernd *villtrar náttúru í Evrópu* og Dagskrá 21 sem samþykkt var á Ríó-ráðstefnunni. Með aðild að ESB fengum við spark í afturendann og yrðum að taka til hendinni á þessu sviði.

Ég er ekki sammála því sem fram kemur í skýrslunni á bls. 137 að þar sem Ísland tekur upp flestar gerðir á sviði umhverfismála yrðu efnislegar breytingar óverulegar við inngöngu í ESB. Breytingarnar yrðu miklar, ekki aðeins á sviði náttúruverndar heldur yrði að taka fullt tillit til framkvæmdaáætlunar ESB á sviði umhverfismála „... sem tekur til allra þátta samfélagsins og er ætlað að stuðla að því að atvinnulífið, ríki, sveitarfélög og einstaklingar lagi athafnir sínar að meginreglum sjálfbærrar þróunar."

Sambærileg áætlun íslensku ríkisstjórnarinnar stendur framkvæmdaáætlun ESB langt að baki þannig að breytingin

yrði ekki óveruleg eins og segir í skýrslunni.

Kafli skýrslunnar um félags- og vinnumál er ekki eins vandaður þrátt fyrir fyrir orð hæstv. félmrh. áðan. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að hluti verkalýðshreyfingarinnar, Alþýðusamband Íslands, hefur á öllum líftíma EES-samningsins tekið mjög virkan þátt í því samstarfi sem um er að ræða og sama má segja um samtök atvinnurekenda hér á landi. Því hefur statt og stöðugt verið haldið fram af talsmönnum ASÍ — ég minni t.d. á ræðu ýmissa forustumanna eins og forseta ASÍ 1. maí — að EES-samstarf á þessu sviði hafi skilað íslensku launafólki miklum ávinningi. Enda er það svo að um sum þau málefni sem er að finna í þessum hluta samningsins hafa farið fram hatramar deilur á milli ASÍ annars vegar og stjórnvalda og atvinnurekenda hins vegar.

Þarna má t.d. minna á vinnutímatilskipunina sem á tímabili setti EES-samstarfið í uppnám vegna andstöðu stjórnvalda og atvinnurekenda. Annað dæmi er tilskipun um vinnuvernd fyrir þungaðar konur og konur með börn á brjósti. Ég hygg hins vegar að lausn á þeim ágreiningi sé að finna í nýframlögðu frv. um fæðingar- og foreldraorlof.

Af hálfu ASÍ hefur einnig komið fram óánægja með þennan kafla skýrslunnar þótt þar á bæ hafi verið lýst yfir mikilli ánægju með útkomu skýrslunnar í heild sinni. Í grein í Morgunblaðinu kemur m.a. fram að innan alþjóðanefndar ASÍ hafi það viðhorf verið uppi að endurskrifa þyrfti þennan kafla í skýrslunni vegna staðreyndavillna og ófullnægjandi yfirferðar á málaflokknum. Það er auðvitað mjög meinleg villa í upphafi kaflans um félagsmál að EES-samstarfið fjalli um launamál og samskipti aðila á vinnumarkaði. Ég held að það ætti að vera öllum ljóst að EES-samstarfið hefur ekkert með kjarasamninga og launamál að gera. Samstarfið innan ESB hefur heldur ekkert með kjarasamninga og launamál að gera.

Launamál og samskipti á vinnumarkaði eru alfarið innanríkismál hvers ríkis hvort sem þeim málum er skipað með vinnulöggjöf eða alfarið falin aðilunum sjálfum og það gildir um öll þessi ríki.

Það sem einkennir hins vegar þróunina innan ESB á síðustu árum er að ráðamenn ESB hafa orðið við kröfu aðila vinnumarkaðarins, bætt stöðu þeirra í þessu samstarfi og falið þeim sífellt fleiri verkefni. Þessi þróun hefur verið mjög hröð á síðustu árum og að mörgu leyti ekki náð til EES-samstarfsins. EES-samningurinn byggir á næstnæstsíðustu útgáfu á sáttmála ESB og því er EES-samningurinn langt á eftir hvað varðar stöðu og möguleika aðila vinnumarkaðarins.

Það er ekki mikið fjallað um þessi mál í kaflanum um félagsmál í skýrslu utanrrh. Það er gert í umfjöllun um atvinnumál, en lítið í kaflanum um vinnurétt þar sem aðkoma aðila vinnumarkaðar frá Íslandi hefur verið mjög mikil. Þó að EES-samningurinn sé á eftir í ESB-samstarfinu opnar hann þó íslenskum samtökum á vinnumarkaði möguleika á því að komast að löggjafarstarfinu innan ESB í gegnum aðild sína að evrópskum heildarsamtökum launafólks.

Í skýrslunni segir að fulltrúar íslenskra samtaka hafi í nokkrum tilvikum tekið þátt í réttindasamningum á Evrópuvísu. Þarna er nokkuð dregið úr því sem rétt er, bæði ASÍ og VSÍ hafa tekið þátt í öllum þeim samningum sem gerðir hafa verið á þessum vettvangi til þessa og ég veit að bæði ASÍ og Samtök atvinnulífsins eru að hefja vinnu við enn einn evrópskan réttindasamning sem líklega verður að Evrópulöggjöf innan nokkurra missira.

Reglurnar innan ESB eru þannig að stjórnvöld ESB skuldbinda sig til að koma samningum milli Evrópusamtaka launafólks og atvinnurekenda inn í evrópska löggjöf. Til þessa hafa verið gerðir þrír samningar af þessu tagi sem verða að tilskipunum ESB sem íslensk stjórnvöld eru skuldbundin til að taka í gildi hér á landi. Af þessu má sjá að aðilum vinnumarkaðarins hefur verið falið mikið vald í Evrópusamstarfinu og því er ekki að undra að með þetta starf ríki mikil ánægja meðal þeirra samtaka sem taka þátt í þessu samstarfi.

Þeir samningar sem hafa verið gerðir til þessa hafa fjallað um foreldraorlof, málefni og réttindi hlutastarfsfólks og reglur um tímabundna ráðningarsamninga. Ég hef fengið upplýsingar um það frá ASÍ að í tengslum við alla þessa samninga hafi farið fram kortlagning á stöðu mála og réttindum í þeim löndum sem tóku þátt í þeim. Við höfum ekki alltaf komið glæsilega út í þeim samanburði, t.d. hvað varðar foreldraorlofið, þar vorum við flokkuð með ríkjum sem við erum oft í hópi með, þ.e. Írlandi, Bretlandi og Portúgal. Staða þeirra mála sem þarna er verið að fjalla um er oft fyrir neðan evrópskt meðallag og yfirleitt langt fyrir neðan það sem tíðkast meðal systrabjóða okkar á Norðurlöndunum. Þetta gildir þó ekki um réttindi fólks í hlutastörfum. Þau eru nokkuð góð hér á landi miðað við það sem annars staðar gerist.

Tilgangurinn með þessari samningsgerð og félagsmálastarfinu í ESB er að búa til lágmarksreglur sem gilda fyrir allt svæðið án þess þó að rýra það sem betra er meðal sumra þjóða. Oft og tíðum hafa lágmarksreglur af þessu tagi orðið til þess að bæta kjör og réttindi verulega hér á landi. Í skýrslunni er t.d. fjallað um aðbúnaðarmál og hollustu og öryggi á vinnustöðum. Ekki er að finna neitt mat á því í skýrslunni hvaða þýðingu EES-reglurnar á þessu sviði hafa fyrir íslenskt launafólk.

Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hefur því verið haldið fram að EES-reglur á þessu sviði sem og mörgum öðrum hafi breytt mjög miklu. Niðurstaða skýrslunnar er sú að gildistaka tilskipana á þessu sviði hafi á ýmsan hátt bætt stöðu íslensks launafólks.

Ég sakna þess að ekki er skipulega farið í gegnum þær tilskipanir sem um er að ræða. Það kemur fram að EES-samningnum hafi í upphafi fylgt sjö tilskipanir um vinnurétt. En þær eru ekki taldar upp, aðeins nokkrar nefndar. Ekki er heldur sagt á tæmandi hátt frá því sem komið hefur síðan né heldur því sem er á leiðinni. Ég vil í því sambandi benda á væntanlega tilskipun um skyldu atvinnurekenda til upplýsinga og samráðs gagnvart starfsfólki sínu. Framkvæmdastjórn ESB bað Evrópusamtök aðila vinnumarkaðarins á sínum tíma að reyna að ná samkomulagi um þetta mál. Atvinnurekendur í Evrópu neituðu að ganga til samninga. Niðurstaðan varð sú að framkvæmdastjórn ESB lagði fram tillögu að tilskipun sem margir töldu að gengi lengra í átt til kröfugerðar verkalýðshreyfingarinnar en hún hefði náð fram í samningum við atvinnurekendur. Það er ýmislegt af þessu tagi sem ég sakna úr umfjöllun skýrslunnar.

Ég tel að þessi málaflokkur sé mjög mikilvægur hluti af Evrópusamstarfinu og því sé mikilvægt að gefa sem besta mynd af því sem er að gerast á þessu sviði. Við njótum þess að íslensk samtök á vinnumarkaði hafa tekið mjög virkan þátt í þessum hluta Evrópusamstarfsins og það má heldur ekki gleyma því að þessi samtök virðast komast mun lengra inn í evrópskt lagasetningarvald á sínu sviði en bæði Alþingi

og íslensk stjórnvöld ná. Ég tel því mjög mikilvægt að grannt sé hlustað eftir reynslu þessara samtaka og mati þeirra á því hvernig staða mála er og hvernig það samstarf sem þeir taka þátt í hefur þróast. Ráðstefnan sem félmrn. stóð fyrir fyrir stuttu síðan um þessi mál var mjög góð.

Við eigum auðvitað að tína rækilega fram ókosti þessa samstarfs og hafa það alveg á hreinu hvað við getum illa eða ekki sætt okkur við og setja fram kröfur í þeim efnum. En við eigum ekki síður að tíunda þá kosti sem samstarfið gefur. Síðan verður að meta út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar hvaða leið verður farin. Gott, öflugt og náið samstarf Evrópuþjóðanna er nauðsynlegt. Fram til þessa hefur verið talið að EES-samningurinn væri fullnægjandi. En er það svo?

Ég er ein af þeim sem draga það stórlega í efa og tel að við eigum að skoða af meiri alvöru en áður kosti þess og galla að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þá skiptir einnig máli hvernig aðrar EES-þjóðir sem standa utan Evrópusambandsins taka á málum á næstu mánuðum og árum í framhaldi af stöðumati þeirra og hvort fleiri þjóðir taka þátt í myntbandalaginu. Við verðum að fylgjast náið með og þá e.t.v. helst með afstöðu Norðmanna. Það skiptir miklu máli hver þróunin verður hjá þeim þó það eigi ekki að ráða för hér á landi.

[12:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að þessi skýrsla er fram komin og fagnaðarefni að hér á sér stað umræða um þá skýrslu.

Við upplifðum það þegar Vatneyrardómurinn féll, þ.e. endanlega í Hæstarétti, að þá kom fjöldi manna sem hafði haft sig mjög í frammi í umræðunni og sagði að aldrei hefði verið deilt um lögfræðina í þessu máli, aldrei verið deilt um það hvort þetta mál stæðist stjórnarskrá eða ekki. Það kom okkur mjög á óvart, mörgum hér, sem í salnum höfðum hlustað á mann eftir mann eftir mann halda því fram að þetta væri allt saman kolólöglegt og stangaðist á við stjórnarskrána. Um leið og dómurinn féll hafði það nú ekki verið deilumálið.

Núna kemur þessi skýrsla og hún er góð vegna þess að hún sýnir vissa hluti, sem m.a. þeir sem þannig töluðu eftir dóminn um Vatneyrarmálið, gætu lært af, vegna þess að eftir útkomu þessarar skýrslu eru afar fáir endar lausir. Þeir sem höfðu reynt að ýta undir það að koma því inn hjá fólki að Íslendingum væri gott eða jafnvel nauðugt, eins og fleiri tala núorðið — að þetta væri einhver nauðung sem menn lenda í og þess háttar — þeir sem hafa viljað halda því að fólki að mönnum yrði nauðung að ganga í Evrópusambandið fyrr eða síðar hafa reynt að halda því fram að þetta væri allt saman mjög opið og það væri hægt að semja um allt mögulegt sem ekki væri fyrir hendi nú, að um allt sem mönnum þætti óþægilegt núna væri hægt að semja í ferlinu. Þetta hefur ekki verið mjög merkilegur málflutningur frekar en málflutningurinn um að lögin stönguðust á við stjórnarskrána og kannast svo ekkert við það.

Núna kemur þessi skýrsla og þá kemur á daginn að endarnir lausu eru afskaplega fáir. Þetta liggur allt saman meira og minna fyrir. Þess vegna er út af fyrir sig alveg fáránlegt og út í hött þegar heill flokkur kemur saman, hefur að vísu ekki mjög langan tíma fyrir málefnalegar umræður, en kemur svona saman og segir svo eftir það um Evrópumálin að nú þurfi menn að skilgreina okkar samningsmarkmið. Þarna er á því byggt að þessir lausu endar séu allir fyrir hendi enn þá.

En skýrslan tekur af öll tvímæli. Þeir eru ekki lausir og það er afskaplega gott. Pakkinn liggur fyrir. Í öllum megindráttum liggur pakkinn fyrir. Það liggur fyrir nákvæmlega hvaða kosti við mundum þurfa að búa við varðandi sjávarútveginn. Það eru engir lausir endar í því og það á ekkert að vera að halda því að fólki að það séu lausir endar í því.

Hins vegar geta menn deilt um þetta og sagt: „Ég vil gjarnan ganga í Evrópusambandið þrátt fyrir þá annmarka sem hér eru á ferðinni.“ Það geta menn sagt og það eiga menn að segja. En menn eiga ekki að segja að Íslendingar geti komið og fengið einhvern allt annan samning en sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins gengur út á. Skýrslan tekur af öll tvímæli um það sem betur fer að slíkir lausir endar eru ekki fyrir hendi. Það verður að gera þá kröfu til fólks sem ætlar að ræða þessi mál af ábyrgð og festu að það ræði málin út frá staðreyndum en ekki út frá einhverjum draumaheimi sem það býr til sjálft og segja: „Þetta er allt hægt að semja um.“ Skýrslan tekur af öll tvímæli um að það er ekki hægt.

Ég hafði dálítið gaman af því að þegar nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar, sem ég vil nú óska til hamingju með það merkilega starf, kom hér áðan og taldi skýrsluna mikilvæga sem umræðugrundvöll um það hvort menn ættu að ganga í Evrópusambandið eða ekki, rétt eins og það væri svona opið, vegna þess að sami maður, örfáum dögum fyrir síðustu kosningar — Samfylkingin hafði, eins og menn muna, ákveðið fyrir kosningarnar að innganga í Evrópusambandið væri ekki á dagskrá þetta kjörtímabil. Meira að segja hv. þm. Sighvatur Björgvinsson féllst á þá niðurstöðu. En fjórum, fimm dögum fyrir kosningar gerðist það að sendiboðar frá Alþýðusambandinu hitti einhverja skrifstofumenn sem taka á móti þúsundum sendinefnda í Brussel og ræddu við þá. Þegar þeir komu heim til baka varð nýkjörnum formanni Samfylkingarinnar svo mikið um að þessi heimsókn hafði gjörbreytt allri myndinni. Þetta var ekki mörg hundruð síðna skýrsla. Þetta var heimsókn nokkurra manna, eins og aðrar venjubundnar heimsóknir, sem höfðu hitt nokkra skrifstofumenn úti í Brussel. Og út á þessa heimsókn snarsnerist nýkjörinn formaður bara á hælunum — féll frá stefnu Samfylkingarinnar sem búið var að boða í kosningunum og boðaði einn og persónulega sjálfur að nú skyldi öllu snúið á haus og nú skyldu menn bara ganga lóðbeint í Evrópusambandið.

Ekki veit ég hvort Alþýðusambandið er búið að fara aðra ferð. Það hlýtur eiginlega að vera og kontóristarnir hafa eitthvað dregið í land því að sami maður hefur snúist á hælunum aftur. Nú á að fara að lesa skýrslur og nú á að fara að skilgreina samningsmarkmið okkar. Það þurfti nú ekki fjórum, fimm dögum fyrir kosningar. Ónei, bara beint inn í Evrópusambandið vegna þess að piltarnir frá ASÍ höfðu hitt þarna nokkra kontórista sem höfðu talað við þá. Eins gott að taka mark á slíku. Þannig var það þá hjá þessum ágæta nýkjörna formanni sem ég var að óska til hamingju með kjörið, fyrst hann er nú kominn í salinn.

Svo að ég nefni það í leiðinni fyrst hann er til umræðu hér þá gat hann nú reyndar ekki stillt sig um að senda nokkra pillu á hæstv. utanrrh., þ.e. að hann hefði ekki borið gæfu til þess að sjá gæðin við EES-samninginn, svo bætti hann við „eins og ég og mínir pólitískir ættingjar gerðu“.

Þetta fannst mér stórmerkileg yfirlýsing daginn eftir að hann er kjörinn formaður í flokki sem sameinaðist úr Alþb. og Alþfl. þar sem hann bara afneitar helmingnum af familíunni hér og nú. Hann er ekkert skyldur því liði sem greiddi atkvæði á móti. „Ég og mínir pólitísku ættingjar greiddum

atkvæði með þessum samningi." Þarna er einhver maður sem er kominn úr ættinni til að mynda, sestur. Margrét Frímannsdóttir er líka utan ættar og fleiri og fleiri. Það er fróðlegt að heyra þetta. En svona snúast nú menn.

Annað er gott við þessa skýrslu sem menn ættu að taka vel eftir. Þegar rætt er um EES-samninginn segir fólk: EES-samningurinn hefur veikst, skilyrði hans hafa veikst. Veikst frá hverju? Þegar menn síðan lýsa því hvað hafi veikst við EES-samninginn, þá lýsa þeir því hvað EES-samningurinn annars vegar felur í sér og Evrópusambandsaðild hins vegar felur í sér. Það hefur ekkert breyst varðandi EES-samninginn. Við vissum þetta þegar við fórum inn. Þegar menn eru að lýsa vandræðum EES-samningins þá segja þeir: Við getum ekki farið alla leiðina upp eins og við værum í Evrópusambandinu. Það vissum við þegar við samþykktum EES-samninginn, bæði fjölskylda hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og hinir sem ekki eru í familíunni. Við vissum þetta allt saman á þeim tíma. Það hefur ekkert breyst.

Nú segja menn að allt gæti breyst því að Noegur gæti farið inn o.s.frv. Er það einhver breyting? Vissum við það ekki? Var það ekki þannig að Finnland og Svíþjóð voru að fara inn og Norðmenn búnir að sækja um aðild þegar við samþykktum EES-samninginn? Við gerðum okkur öll grein fyrir því hvað það mundi þýða og létum engan bilbug á okkur finna.

Það er nefnilega rangt, sem einhver talaði um áðan og hafði bersýnilega ekki lesið skýrsluna, að EES-samningurinn hafi ekki gengið vel. Það er þvert á móti tekið fram í skýrslunni, ég ráðlegg mönnum að lesa hana, að EES-samningurinn hafi gengið ákaflega vel og á því er engin breyting. Ég var nú síðast á fundi í Kolding með Prodi, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þar sem hann ítrekaði að engin vandkvæði væru á framkvæmd EES-samningsins. Svo koma hér menn sem vita eitthvað betur en Romano Prodi, eru eitthvað nær Evrópusambandinu en hann, og vita allt um málið og gangi óskaplega illa. Það er ekki fótur fyrir því.

Síðan kemur hv. þm. Össur Skarphéðinsson og segir að þetta snúist ekki um 3 milljarða. Það er reyndar þannig að talan sem er varfærnislegast gefin upp, 8 milljarðar, og síðan styrkirnir til baka sem væntanlega eru ofmetnir. Þar er talið það sem er í byrjun. Það er líka ljóst að miðað við stöðu okkar munu þessir styrkir fara lækkandi og við munum heldur ekki þiggja þá alla þannig að þessi tala er miklu hærri.

Síðan gerist það við stækkun bandalagsins að þetta gap mun breikka enn þá meira. Eins og Prodi lýsti yfir í Kolding mun þátttakendum í Evrópusambandinu fjölga um 80–90%, ef þetta allt saman gengur eftir, meðan tekjurnar munu aukast um 7%. Þá sjá menn gapið og hve stórt er þetta gap? Þetta eru u.þ.b. 10 milljarðar á ári. Það finnst formanni Samfylkingarinnar ekki merkilegur hlutur, 10 milljarðar á ári, 100 milljarðar á 10 árum. Það er ekki merkilegur hlutur. Þetta eru sömu 10 milljarðarnir og Danir, sem eru 20 sinnum fjölmennari en við, treysta sér ekki til að borga í byrjun með Færeyjum til að hjálpa þeim að öðlast sjálfstæði. Þetta er upphæð sem vex þeim í augum. Það er ekki upphæð sem vex okkur í augum, að henda til Evrópusambandsins 10 milljörðum á ári. Danir munu þá væntanlega borga 200 milljarða á ári til sambandsins.

Þetta eru háar tölur en vandamálið er að það vantar röksemdir. Eina röksemdin er nauðungin. Við neyðumst til að fara í þetta fyrr eða síðar. Ætla menn ekki að hafa einhverja skoðun á því?

Svo kemur nýkjörinn varaformaður Samfylkingarinnar, til hamingju með það varaformaður Samfylkingarinnar, og segir að það sé gott að fara í Evrópusambandið því að umhverfismálin séu í miklu betra fari þar, reglurnar miklu betri þar. Hvaða metnaður er nú þetta? Ef reglurnar í einhverju máli eru betri einhvers staðar annars staðar þá bara breytum við því. Ef umhverfismálin eru ekki í nógu góðu lagi hjá okkur þá breytum við því. Við förum ekki í Evrópusambandið til að gera það, er það? Förum við ekki sjálf með okkar pólitíska vald? Sama á við um öll önnur mál sem menn eru að taka hér upp.

Þessi skýrsla er afar góð. Hún er þekkingargrundvöllur. Það er auðvitað krafa að menn lesi hana áður en þeir koma hér og fjalla um hana. Ella geta menn ekki fjallað um hana af viti. Lesi menn þessa skýrslu kemur á daginn að hún hefur styrkt þá skoðun að skrefið sem tekið var með EES var rétt, á því hefur engin breyting orðið. Það er ekkert sem knýr okkur til að gera breytingu í þeim efnum.

Að vísu eru til menn sem hoppa á hælunum við að 10 manna skrifstofuhópur fari í ferð til Brussel. Slíkt skiptir út af fyrir sig ekki eins miklu máli og skýrslan hér. Þeir láta önnur lögmál ráða því hvernig þeir snúast í pólitískum vindum. Það geta menn ekki gert að mínu viti og alls ekki eftir að þeir eru orðnir formenn flokka, snúist eftir því hvernig vindurinn blæs í það og það sinnið. Þetta er stórmál sem við eigum að túlka sem stórmál. Ísland stendur vel, Ísland stendur styrkt og Ísland þarf ekki á því að halda eins og staðan er í dag að gera á því breytingu.

[13:04]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Okkur er öllum ljóst að eitt mikilvægasta hlutverk ríkisstjórnar og þings er að tryggja stöðu Íslands og Íslendinga í viðskiptum og öðrum samskiptum við aðrar þjóðir. Evrópusamstarfið er þar á engan hátt undanskilið og nauðsyn að unnið sé í ljósi raunverulegra hagsmuna, ekki eingöngu hugsjóna eða einhverra framtíðarvona og að niðurstaða náist sem opni okkur raunhæfan aðgang að mörkuðum til viðskipta og að menntastofnunum, rannsóknum og þróunarstarfi til þekkingar, tæknivæðingar og nýsköpunar. Það undirstrikar mikilvægi þess að við erum Evrópuþjóð. Arfleifð okkar er þaðan runnin og á þar rætur. Við viljum rækta þær rætur.

Ísland hefur frá upphafi verið fylgjandi samstarfi Evrópuríkjanna, tekið þátt í því og stutt framgang þess. Aðild okkar að EFTA og síðar að Evrópska efnahagssvæðinu hefur verið okkur hagfelld og raungott tæki til að leggja fram okkar skerf í þessu starfi sem varðar miklu fyrir sífellt fleiri lönd og þjóðir. Markmið samstarfsins, innan Evrópusambandsins sérstaklega, er samruni aðildarríkja sem ekki er víst að eigi við um öll ríkin sem taka þátt í Evrópusamstarfinu. Það tekur til fjölmargra málaflokka og snertir störf einstaklinga og fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda. Nærtækt er að nefna nýleg dæmi: Það nær nú til sveitarstjórna en gerði ekki áður, nær nú til mótunar sameiginlegrar stefnu í öryggis- og varnarmálum ríkja sem áður ræddu ekki saman.

Skýrsla hæstv. utanrrh. og hans manna er efnismikil og sjálfsagt að þakka fyrir hana. Við mættum gjarnan ræða þessi mál með skemmra millibili en nú hefur orðið en þessi skýrsla varpar góðu ljósi á marga fleti Evrópusamstarfsins sem við Íslendingar höfum sérstakar ástæður til að skoða og ræða.

Með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu hefur Evrópusamstarfið meiri áhrif en áður á lífskjör okkar, á tæki-

færi og lífsgæði hér á landi. Það einstæða einkenni þessa samnings, að hann skuli taka breytingum og þróast gerir það að verkum að við erum betur sett og möguleikar okkar til að tryggja hagsmuni okkar og stöðu innan Evrópusamstarfsins eru fleiri en ella. Það gildir áfram meðan við erum aðilar að þessum samningi. Aðild að Evrópusambandinu er af þessum sökum ekki eini kosturinn í stöðu okkar, framtíðarþróun Evrópska efnahagssvæðisins og samningsins sem um það gildir er annar kostur og jafnraunhæfur. Hann hefur að auki marga aðra mikilvæga kosti sem við getum ekki án verið. Það segir nokkuð um álit ýmissa raunhæfra aðila innan Evrópusambandsins um hag okkar af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að oft er sagt við okkur Íslendinga að við höfum fengið það besta en komist undan því versta. Það eru sem sé ókostir við að vera Evrópusambandsríki.

Einn þeirra möguleika sem sífellt er velt upp þótt einkennilegt kunni að virðast er einmitt sá að Bretland gangi hugsanlega úr Evrópusambandinu og komi aftur til liðs við EFTA.

Það kom engum á óvart á sínum tíma að nokkur fyrrverandi EFTA-ríki gerðust aðilar að Evrópusambandinu í kjölfar samningsins um EES. Það vissum við öll fyrir en aukin verkefni Evrópusambandsins í austri í viðræðum við hugsanlegar og væntanlegar nýjar aðildarþjóðir hafa hins vegar gert það að verkum að embættismenn og viðræðuaðilar sambandsins hafa ekki ráðrúm, kannski ekki áhuga en á það er ekki fullreynt, til að halda áfram þróun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ef við lítum til baka er ljóst að afdrifaríkasti einstaki áhrifaþáttur samningsins fyrir okkur var niðurfelling innflutningstolla að stærstum hluta af sjávarafurðum á markaði Evrópusambandsins sem okkur var mikilvægasti markaðurinn og er enn. Þessi niðurfelling var á sínum tíma metin til 94% og jafnvel 96% af þáverandi tollabyrði vegna sjávarafurða okkar. Það er rétt að meta það að vægi sjávarútvegs á Íslandi er nokkuð í líkingu við þetta þegar litið er til ríkja Evrópusambandsins. Við lifum og byggjum öflugt efnahagslíf á lifandi og endurnýjanlegum auðlindum í sjávarútvegi. Flest ríki sambandins byggja efnahagslíf sitt á dauðum auðlindum, iðnaði sem á sér allt aðrar forsendur en okkar.

Þegar við lítum yfir stjórn Evrópusambandsins á nýtingu auðlinda er ljóst að það hefur lítil tök á afkastagetu veiðiskipanna. Þeir hafa ekki tök á stjórn nýtingu stofnanna sem skiptir miklu. Ef við ætlum að gerast aðilar þar og stefna jafnframt að því að fá vottun fyrir sjávarafurðir okkar sem afurðir lífrænnar starfsemi sem starfrækt sé á grunni sjálfbærrar þróunar þá er víst að undir stjórn Evrópusambandsins verður það útilokað.

Herra forseti. Í ljósi annarra atriða sem hér hafa verið dregin fram en þó ekki væri nema hins síðastnefnda er ljóst að okkur er engin nauðung að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Aðrir kostir eru fyrir hendi og við þurfum að gæta þeirra og rækta þá.

[13:10]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa skýrslu sem hæstv. utanrrh. Halldór Ásgrímsson lét gera um stöðu Íslands í Evrópusamstarfinu. Skýrslan er að mínum dómi gagnlegt innlegg í þá umræðu sem fram hefur farið hér á landi og um alla Evrópu á undanförnum árum um svokallaðan Evrópusamruna.

Eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnmálanna er að vega og meta þær leiðir og þá valkosti sem Íslendingar eiga í utanríkismálum, finna svar við spurningunni um hvernig hagsmunum þjóðarinnar verði best borgið í samskiptum við aðrar þjóðir.

Innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur umræða um þetta efni verið mikil. Fyrir síðustu kosningar kynntum við stefnu í þessum málum og á grundvelli hennar höfum við síðan borið fram tillögur á Alþingi. Sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs koma skýrt fram í þáltill. sem liggur fyrir þinginu. Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í þáltill. okkar:

Við teljum „... að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið standi utan efnahagsbandalaga og ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu."

Hér kemur skýrt fram að við teljum ekki heppilegt eða þjóna hagsmunum Íslendinga að gerast aðilar að Evrópusambandinu. Margt af því sem fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. rennir stoðum undir málflutning okkar á liðnum mánuðum. Það á við um hina fjárhagslegu þætti málsins, hina peningalegu þætti málsins en hér kemur skýrt fram og ég leyfi mér að vitna í skýrsluna á bls. 321:

„Ísland er vel stætt ríki miðað við flest aðildarríki Evrópusambandsins og þjóðarframleiðsla á mann er mjög mikil. Af þessari ástæðu einni er ljóst að framlag Íslands, sem aðildarríkis að ESB, yrði mun hærra en sú fjárhæð sem kæmi aftur inn í íslenskt efnahagslíf úr sjóðum sambandsins."

Síðar segir að með tilkomu nýrra aðildarríkja á komandi árum væri líklegt að framlag Íslendinga mundi enn aukast af þeim sökum. Þetta er hin peningalega hlið.

En að sjálfsögðu eru aðrir þættir ekki síður mikilvægir, sennilega mikilvægari, og þeir lúta að sjálfstæði þjóðarinnar. Það er óumdeilt að grafið mun undan sjálfsforræði Íslendinga með inngöngu í Evrópusambandið. Það á ekki aðeins við um sjávarútvegsmál eða landbúnaðarmál heldur allt skipulag samfélagsins. Ég vil að það komi fram við þessa umræðu að ég er ekki einn af hallelúja-kórnum gagnvart EES-samkomulaginu. Ég tel að EES hafi ekki orðið Íslendingum til þeirrar hagsbótar sem hér hefur verið haldið fram. Það hefur reist Íslendingum ýmsar skorður og dregið úr lýðræðislegu valdi innan lands.

Það er nokkuð ljóst hvert stefnir innan Evrópusamstarfsins þótt ýmsum spurningum sé þar ósvarað eins og ég mun koma að. Fljótlega eftir að hugmyndir komu fram um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu um miðja öldina, rétt upp úr seinna stríði, var farið að tala um nýtt sambandsríki Evrópu. Það mun hafa verið ekki ómerkari maður en Winston Churchill, sem þá var forsætisráðherra Breta og flutti merka ræðu í Zürich árið 1946, sem fyrstur orðaði þá hugsun. Bretar komu reyndar ekki inn í Efnahagsbandalagið fyrr en löngu síðar, eða árið 1973. En það er ljóst að það er stefnt markvisst að því að stofna evrópskt stórríki. Menn hafa stigið hvert skrefið á fætur öðru í þá átt.

Menn hafa samræmt markaðsmál, menn vinna að því að stofna og reyndar hefur verið stofnuð sameiginleg mynt, en

það eru ekki öll ríkin sem enn eiga aðild að henni. Nú síðast er verið að smíða sameiginleg landamæri með Schengen-samkomulaginu. Á öllum sviðum þjóðlífsins, efnahags- og þjóðlífs, er stefnt að því að stofna evrópskt stórríki.

Það er annað sem er að gerast í þessari þróun. Jafnt og þétt dregur úr vægi einstakra ríkja innan bandalagsins. Upphaflega var Evrópubandalagið byggt á neitunarvaldi einstakra ríkja. Nú er stefnt að því að draga úr því neitunarvaldi og hefur reyndar verið að gerast á undanförnum árum, síðast var stigið skref í þá átt á leiðtogafundinum í Helsinki. Þetta hefur verið að gerast en jafnframt er unnið að því að styrkja Evrópuþingið. Þetta er eðlileg þróun á marga lund í sambandi sem stefnir að því að styrkja sig sem sjálfstætt ríki.

Þá hlýtur smáþjóð á borð við okkar að spyrja: Hvort er vænlegra fyrir Íslendinga, hvort þjónar hagsmunum okkar betur að gerast sem einstaklingar þátttakendur á evrópskum markaði, í evrópsku ríki, eða er hugsanlega vænlegra — og ég tel svo vera — að við komum fram í samfélagi þjóða? Ég vara við þeirri einangrunarstefnu sem Evrópusamruninn byggir á. Íslendingar eiga að horfa til allra átta, ekki til Evrópu einnar.

Mig langar að vekja athygli á einu atriði varðandi Evrópusamrunann. Í upphafi þegar Evrópudraumurinn fæddist þóttust menn hafa fundið leið til að stuðla að friði í Evrópu, til að styrkja friðinn, og þetta er skiljanlegt eftir heimsstyrjöldina síðari. Og myndun ríkis þar sem dregið yrði úr hagsmunatogstreitu væri vel til þess fallin.

Nú er það að gerast að Evrópumynt er komin til sögunnar og menn sjá fyrir sér sterkan evrópskan seðlabanka sem stýrir gengismálum og peningamálum, en hefur jafnframt fengið í hendur refsivönd. Vegna þess að ef þau ríki sem aðild eiga að Evrópumyntinni hlíta ekki þeim reglum sem hinn evrópski banki setur varðandi vaxtastefnu og verðbólgu, þá hefur bankinn heimild til þess að beita þau ríki refsingum. Og hvaða ríki verða að öllum líkindum beitt refsingum? Hverjir munu ekki standast kröfur hins nýja evrópska banka? Að sjálfsögðu fátæku ríkin í austri. Með Evrópusamrunanum og með stækkun austur á bóginn er verið að byggja upp spennu á nýjan leik í Evrópu þannig að draumurinn sem upphaflega átti að verða til að stuðla að friði gæti hæglega snúist upp í andhverfu sína. Á þessu vil ég vekja athygli.

Ég vék að peningaþættinum áðan og vitnaði í skýrsluna sem heldur því fram að framlag Íslendinga verði miklum mun meira og hærra, svo milljörðum nemur, en það sem kemur aftur inn í landið. En á móti hefur verið sagt af þeim sem fylgjandi eru Evrópusambandsaðild að rangt sé að einblína á bókhaldshliðina í þröngum skilningi. Evrópusamruninn muni hafa þau áhrif á samfélag okkar að það verði kröftugra og verðmætasköpun meiri fyrir vikið. Einnig hefur verið á það bent að við fáum margvíslegan félagslegan ávinning.

Hvað fyrra atriðið snertir þá finnst mér höfundar skýrslunnar hafa verið með hægra einglyrnið á báðum augum og gefa sér ýmis svör í þessum efnum. Þannig benda þeir réttilega á að við höfum verið knúin til þess að einkavæða ýmsar stofnanir vegna aðildar okkar að EES. Hér segir t.d., með leyfi forseta, á bls. 181 að EES hafi ýtt undir að einkaréttur var afnuminn, verið er að tala um fjarskiptasviðið. „Almennt má því segja að þátttaka Íslands í Evrópusamvinnu um fjarskipti og upplýsingatækni hafi verið til hagsbóta fyrir Ísland."

Ég er ekkert viss um að undir þetta sé tekið í Vík t.d. þar sem verið er að loka símstöðinni eða annars staðar á Íslandi þar sem verið er að loka símstöðvum. Ég er ekkert viss um að menn taki undir það, alls ekki. Og ekki tek ég undir þá tilskipun sem nú liggur fyrir þinginu um kröfu Evrópusambandsins að við markaðsvæðum raforkukerfið. Ég tek ekki undir það, bara aldeilis ekki.

Hvað varðar félagslegan ávinning þá er alveg rétt að frá Brussel hafa komið ýmsar tilskipanir sem lúta að réttindum launafólks um vinnutíma, foreldraorlof og um ýmislegt sem lýtur að hollustu og vinnuvernd. En ég fullyrði, herra forseti, að stærstu ávinningarnir sem við þekkjum frá síðustu árum eru ekki til komnir frá Brussel. Þeir hafa orðið til í návígi hér innan lands.

Þar nefni ég sérstaklega tvo málaflokka. Ég nefni lífeyrisréttindi. Þar eru Íslendingar komnir lengra á veg en nokkur önnur Evrópuþjóð. Ég nefni líka fæðingarorlofið vegna þess að tilskipun frá Brussel um fæðingarorlofið var almennt orðuð og í reynd að mínum dómi allt of innihaldsrýr og mun innihaldsrýrari en það frv. sem nú liggur fyrir þinginu og hefur verið lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og bíður samþykktar þingsins. Þar erum við komin langt á undan öðrum Evrópuþjóðum. Á þetta þurfum við að leggja áherslu.

Ég vara jafnframt við þeirri markaðsnauðhyggju sem mér finnst koma fram í skýrslunni. Það segir t.d. um ESS alveg réttilega að ef við stöndum utan Evrópusambandsins og utan gjaldmiðilsins felist í því gengisáhætta, áhætta fyrir íslenskan atvinnuveg og vaxtamunur. Það er alveg rétt. Það getur vel verið að hinn evrópski seðlabanki mundi berja okkur til hlýðni, það má vel vera að hann mundi gera það. En þetta eru ákvarðanir sem okkur er í sjálfsvald sett að taka sjálf. Við eigum að losa okkur við þá vanmetakennd sem mér finnst því miður um of einkenna þessa umræðu.

Við skulum ekki gleyma því að við getum sjálf gripið til þeirra ráðstafana í samræmingarátt sem við óskum að gera. Svisslendingar hafa gert þetta með ágætum árangri í tvíhliða samningum við Evrópusambandið. Þeir hafa samræmt ýmislegt sem lýtur að verslun og viðskiptum og þetta geta Íslendingar gert líka.

Við skulum heldur ekki gleyma því að Íslendingar hafa upp á að bjóða eftirsóknarverða vöru og þjónustu sem aðrar þjóðir vilja komast yfir og versla með og þær þjóðir vilja líka koma vörum sínum á framfæri við okkur. Við skulum því endilega reyna að hafa okkur upp af hnjánum og ganga upprétt til þessara mála.

Að lokum, herra forseti. Meginmáli skiptir að huga að sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. Það er engum betur treystandi fyrir fjöreggi þjóðarinar en þjóðinni sjálfri. Ef hún ekki gætir sín sjálf, ræktar garðinn sinn og hlúir að sjálfstæði sínu og sjálfsvirðingu þá er illt í efni. Þess vegna ber að efla lýðræði í landinu og koma í veg fyrir að okkur verði gert að afsala því með inngöngu í Evrópusambandið. Og þótt EES hafi vissulega fært okkur ýmsar félagslegar úrbætur í tilskipanaformi verðum við að hafa burði til að breyta af eigin hvötum.

Sá sem gleðst yfir því að vera barinn til hlýðni, sá maður endar sem þræll. Hvað snertir sjálfstæði þjóðarinnar og fullveldi Íslands hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð afdráttarlausa afstöðu.

[13:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls þakka þá fróðlegu skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur látið semja um almenna

stöðu Íslands í samstarfi við Evrópuríkin. Íslendinga virðist greina mjög á um hvaða kostir eru mögulegir og okkur hagstæðir í samskiptum og auknu samstarfi við Evrópusambandið og enn meiri og skarpari eru deilurnar ef hreyft er þeim viðhorfum að við gætum gerst aðilar að Evrópusambandinu.

Í Evrópu hafa breytingar verið örar og mörg lönd í austanverðri álfunni vilja nú sem óðast inn í Evrópusambandið. Hver verður staða Íslands í framtíð með sífelldri fjölgun ríkja í sambandinu? Varla verður endalaus varðstaða í þá veru að ræða ekki málin, okkur í smáríkinu Íslandi til framdráttar. Það er vissulega kominn tími til að leggja nýtt gildismat á veru okkar utan Evrópusambandsins og hvort samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningurinn, sé okkur sú heppilega trygging fyrir samvinnu og viðskiptum til framtíðar sem hann vissulega var þegar hann var gerður fyrir sjö árum. Ég fæ ekki séð annað en að okkur beri skylda til að skoða okkar stöðu upp á nýtt. Ef til vill komumst við að þeirri niðurstöðu að enn um sinn sé okkur best borgið með því að byggja á EES-samningnum og að við gætum eflt það samstarf.

Sá möguleiki að búa við EES-samninginn næstu 5–10 árin byggist, að því er lýtur að okkur, mikið á því hvort Norðmenn ætla sér að vera áfram utan Evrópusambandsins. Samkvæmt viðhorfskönnun þar í landi virðist sem svo að Norðmenn séu almennt að verða mun jákvæðari fyrir fullri aðild að Evrópusambandinu en áður var. Með sífellt fleiri aðildarríki eins og stefnir í og að því gefnu að Noregur muni á næstu árum ganga í ESB ber okkur skylda til að kanna hvaða kosti við gætum átt til aukins samstarfs eða aðildar. Þá vinnu ber stjórnvöldum þessa lands að láta fara fram, hún er í dag jafnsjálfsögð og það var á sínum tíma að vinna að gerð EES-samningsins og þar áður að aðild okkar að EFTA. Við höfum þegar leitt fjölmargt í lög hér á landi vegna samstarfs okkar og samninga við Evrópusambandið án þess að það hafi valdið okkur skaða, frekar að þar hafi margt verið til góðs.

Ég minnist þess við staðfestingu okkar á EES-samningnum á sínum tíma að varað var við frjálsri för launafólks á milli landa. Sá ótti okkar Íslendinga að hér yrði yfirfullt af útlendingum að leita sér vinnu hefur ekki átt við rök að styðjast. Ungt, vel menntað íslenskt fólk með góða tungumálakunnáttu lítur í dag á þetta frelsi til þess að leita sér að vinnu innan Evrópusambandslandanna sem opið og jákvætt tækifæri sér til handa. Ýmislegt sem lýtur að kjörum og aðbúnaði launafólks hefur komið hér til framkvæmda vegna samstarfs okkar við Evrópusambandið og aðildar að EES-samningnum. Þrátt fyrir skiptar skoðanir á sínum tíma um EES-samninginn eru sennilega fáir ef nokkrir sem leggjast gegn tilurð hans í dag. Sennilegt er að á næstu árum verðum við í síauknum mæli að aðlagast þeim kröfum og viðmiðunum sem stækkað samband Evrópuríkja mun móta. Í ljósi þess m.a. er varla við öðru að búast en að á næstu árum vaxi því fylgi hérlendis að leita eftir því hvaða kostir okkur bjóðast í stækkuðu Evrópusambandi.

Þau mál sem mestu skipta fyrir okkur ef til þess kæmi að mat okkar yrði að leita skyldi eftir ESB-aðild eru vafalítið fiskveiði- og sjávarútvegsmál. Rétti okkar til fiskveiða í okkar lögsögu verður varla fórnað að því marki að þar eigi aðrar þjóðir jafnríkan rétt og við til veiða og vinnslu á fiskimiðum landgrunnsins. Varla yrði deilt um sérrétt okkar innan 12 sjómílna fiskveiðilandhelgi og vafalaust gætum við afmarkað mörg svæði að 50 sjómílum. Þeim svæðum sem við höfum sjálfir skilgreint sem veiðisvæði á úthafsstofnum eins og úthafskarfa að 150 sjómílum frá grunnlínu væri ekki sjálfgefið að við héldum fyrir okkur nema því aðeins að við gætum sannað að djúpkarfastofninn og veiðar á honum í úthafinu séu í raun að minnka stofnstærð í djúpkarfa í landgrunnsköntunum. Flest virðist nú þegar benda til að á þeim stofni sé um mikla ofveiði að ræða. Við höldum þar sjálfir uppi miklu veiðiálagi, samanber síðustu ákvörðun hæstv. sjútvrh. um karfaveiðar í úthafinu við Reykjaneshrygg. Veiðar á djúpkarfa á hefðbundnum karfamiðum virðast hafa dregist saman.

Það verður eðlilega að mörgu að hyggja, ekki aðeins veiðum í okkar lögsögu, ef kanna á kosti og galla þess hvort aðild að ESB geti komið til greina. Eins og fram kemur í skýrslu utanrrh. er möguleiki til þess að mati hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Þetta þýðir að starfsreglur ESB um úthlutun leiddu að óbreyttu til þess að Íslendingar sætu áfram einir að fiskimiðum umhverfis Ísland, þ.e. að svo miklu leyti sem um er að ræða stofna sem eingöngu eru innan lögsögu. Staða þeirra ESB-ríkja sem kynnu að vilja ásælast fiskveiðiréttindi við Ísland í mögulegum aðildarviðræðum yrði ekki ýkja sterk."

Af þessari tilvitnun virðist mega draga þá ályktun að staða okkar til samninga um fiskveiðimál sé ef til vill ekki svo slæm þegar allt kemur til alls. Í sjávarútvegskaflanum segir hins vegar svo, með leyfi forseta:

„Ef Ísland yrði aðili að ESB flyttist ákvarðanataka í mikilvægum málum til stofnana Evrópusambandsins, svo sem ákvörðun leyfilegs heildarafla og stjórnun veiða úr flökkustofnum á borð við úthafskarfa, kolmunna og norsk-íslenska síld. Undanþága sú sem fékkst í EES-samningi frá fjárfestingafrelsi í sjávarútvegi yrði torsótt svo ekki sé meira sagt."

Miðað við þessar tvær tilvitnanir í skýrslu utanríkisráðherra og önnur viðhorf sem komið hafa fram í fjölmiðlum um hvað væri mögulega til í viðræðum um aðild að ESB, verður varla hjá því komist lengur að leggja vinnu í að kanna hvort okkur Íslendingum er leiðin inn í ESB opin með ásættanlegum skilyrðum eða ekki. Sú skýrsla sem við höfum hér verið að ræða er vissulega góður leiðarvísir til áframhaldandi umræðu og ákvarðanatöku.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Aflahlutdeildarkerfi við loðnuveiðar, 626. mál, svar sjútvrh., þskj. 1155.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 524. mál, nál. iðnn., þskj. 1157; brtt. iðnn., þskj. 1158.

Veiðar úr botnfiskstofnum, 634. mál, fsp. GAK, þskj. 1161.

[13:34]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hæstv. forsrh. hér áðan og um miðbik ræðunnar áttaði ég mig á því að hæstv. forsrh. var alls ekki að tala við formann Samfylkingarinnar eða okkur samfylkingarmenn. Hann var að tala við hæstv. utanrrh., starfsbróður sinn í ríkisstjórninni og gagnrýna málflutning hans. Tökum dæmi.

Hæstv. forsrh. sagði m.a. að hér kæmi fólk sem héldi því fram að fullnægjandi svör lægju ekki fyrir í skýrslunni við öllum þeim spurningum er varða hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Hér kemur fólk, sagði forsrh., sem

heldur því fram að það séu einhverjir lausir endar. Hvaða fólk hélt því fram? Á bls. 6 í ræðu hæstv. utanrrh. segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er ekki síst þessi staða sem kallar á að aðildarkosturinn sæti frekari skoðun. Fyrsta atrenna er gerð með þessari umfangsmiklu skýrslu. En hún gefur ekki viðhlítandi svör og frekara starf þarf að fara fram."

Hver sagði þetta? Hvaða fólk kom og flutti þennan boðskap sem hæstv. forsrh. gagnrýnir og sagði að færi rangt með? Það var hæstv. utanrrh. Það var því ekki formaður Samfylkingarinnar sem hæstv. utanrrh. var að ræða við. Það var formaður Framsfl.

Hæstv. forsrh. sagði líka að hingað kæmi fólk — hann tók alltaf þannig til orða að hingað kæmi fólk — sem segði að EES-samningurinn hefði veikst og þar væri ekki um frambúðarlausn að ræða. Hér kemur fólk, sagði hæstv. ráðherra, sem heldur þessu fram. Hvaða fólk hefur komið hingað til þess að halda þessu fram? Nú, hæstv. utanrrh. Hvar? Í ræðu sinni sem hann flutti hálftíma áður en hæstv. forsrh. steig í ræðustólinn. Hvar í þessari ræðu sagði hæstv. utanrrh. þetta? Hann sagði, á bls. 6:

„Valið gæti því staðið milli verulegra takmarkana á umfangi og þróunarmöguleikum EES-samningsins annars vegar og fullrar aðildar hins vegar."

Hvaða fólk hefur komið hér og sagt: EES-samningurinn er ekki fullnægjandi? Það var ekki formaður Samfylkingarinnar. Nei, það var formaður Framsfl., hæstv. utanrrh. Við hvern var hæstv. forsrh. að tala í allri sinni ræðu? Hann var að tala við samstarfsmann sinn í ríkisstjórn sem leggur fram þessa skýrslu. Þetta var svipað og þegar stjórn Sovétríkjanna á kaldastríðsárunum var að skamma Albani og allir áttuðu á því að hún var ekki að skamma Albani. Hún var að skamma Kínverja. Eins var þegar hæstv. forsrh. kom upp og fór að ráðast á formann Samfylkingarinnar. Hann var ekki að ráðast á formann Samfylkingarinnar frekar en Sovétmenn réðust á Albani á árum áður. Hann var að ráðast á formann Framsfl. Þegar hann talaði um að maður snerist á hæli í málflutningi sínum átti hann ekki við formann Samfylkingarinnar. Hann átti við manninn sem sat hjá þegar greidd voru atkvæði um hið Evrópska efnahagssvæði og leggur nú fram skýrslu þar sem sú ákvörðun er lofuð í hástert. Þetta er dæmi um hvernig samskiptin eru að verða á stjórnarheimilinu.

Herra forseti. Skýrslan sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fyrir okkur og ekki síst ræðan sem hann flutti, sem er í ýmsum atriðum öllu gleggri en skýrslan og með skýrari boðskap, er mjög gott framlag, ekki vegna þess að þar sé öllum spurningum svarað heldur vegna þess að þetta brýtur múrinn. Nú getur umræðan hafist. Ég ætla að ítreka það sem formaður Samfylkingarinnar sagði í ræðustól og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir tók undir. Við óskum þess mjög eindregið að þegar fyrir liggja umsagnir hagsmunaaðila eins og Alþýðusambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, væntanlega, Neytendasamtakanna og annarra slíkra og viðbætur við úttektir í þessari skýrslu, þá verði séð til þess að Alþingi taki málið upp á nýjan leik.

[13:39]

Tómas Ingi Olrich:

Herra forseti. Hér hafa að mörgu leyti spunnist athyglisverðar umræður um þessa skýrslu. Ég stenst þó ekki þá freistingu að óska hv. þm. Sighvati Björgvinssyni til hamingju með að hafa verið endurkosinn formaður Alþfl., ekki veitir af að kjósa formann yfir þann flokk til að geta haldið til haga stefnumiðum hans í ESB-málum því ekki virðist Samfylkingin gera það.

Ég vil benda á að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði nánast eins og formaður Samfylkingarinnar hefði ekki verið í salnum, hefði ekki verið viðstaddur og ekkert komið nærri umræðunum. Það er athyglisvert í allri þessari umræðu hversu lágur og lítill svipur er á Samfylkingunni í þessu gamla baráttumáli Alþfl. og verður nú ljóst af því að þessi skýrsla í heild hefur orðið þeirri grein Samfylkingarinnar sem vill aðild að ESB mikil vonbrigði. Þeir voru búnir að byggja upp mikla spennu og væntingar til þessarar skýrslu. Nægir þar að vitna í orð þeirra þegar tilkynnt var um að skýrslan færi í vinnslu. En svo kemur skýrslan og er ekki rædd fyrr en eftir stofnfund Samfylkingarinnar. Hún var hins vegar lesin ítarlega fyrir stofnfund Samfylkingarinnar og niðurstaðan er sú að menn treysta sér ekki til að mæla með aðild að ESB. Svo er nú komið fyrir þessum gömlu hagsmunamálum Alþfl. að menn hafa gersamlega misst niður merkið.

Ég vil taka það sérstaklega fram að menn þurfa að lesa þessa skýrslu með sérkennilegum gleraugum ef þeir ætla að komast að þeirri niðurstöðu að í skýrslunni standi að aðild að ESB sé hagstæð íslenskum landbúnaði. Ég veit ekki hvernig nýskipaður formaður Samfylkingarinnar les þessa skýrslu en það er hægt að vitna í þessa skýrslu með mjög einföldum hætti.

„Nokkuð öruggt er að matvælaiðnaðurinn mundi einnig eiga undir högg að sækja gagnvart frjálsum innflutningi og bændur hér á landi gætu þar með lent í vandræðum með afsetningu afurða sinna."

Er hægt að stunda landbúnað ef menn geta ekki afsett afurðir sínar? Það er nýmæli fyrir mér. Mér sýnist þetta ekki einungis kveða upp dóm yfir matvælaiðnaðinum heldur og dóm yfir bændastéttinni.

Fyrst hér situr hv. þm. Sverrir Hermannsson og undraðist þann þunga dóm sem ég felldi yfir ESB og þá náttúrlega stofnanir ESB., þá verð ég að benda hv. þm. á að ég var að vitna í ummæli franskra blaða, meira að segja þess blaðs sem einna helst er kallað málgagn sósíalista í Frakklandi, Le Monde, um framkvæmdastofnanirnar. Þetta voru tilvitnuð orð sem ég fór með. En það vekur líka athygli að hv. þm. lét þess sjálfur getið að honum hafi hrosið hugur við ýmsu innan ESB og styrkjakerfisins sérstaklega.

Í lok máls míns ætla ég að taka fram að það vakti líka mikla athygli mína að í umfjöllun formanns Samfylkingarinnar, um kosti þess að gerast aðili að ESB, þá var ítrekað rætt um kosti þess að gerast aðilar að styrkjakerfi ESB. Þetta er mjög athyglisvert vegna þess að 1995 birtist skýrsla Háskóla Íslands sem var unnin á vegum þáv. ríkisstjórnar. Það var Jón Baldvin Hannibalsson, þáv. utanrrh., sem ákvað að láta gera þessa skýrslu á vegum ríkisstjórnarinnar. Í því bréfi sem hann skrifaði til Háskóla Íslands til að fá skýrslurnar hafði samþykkt ríkisstjórnarinnar hins vegar breyst lítillega. Það varð tilefni utandagskrárumræðu hér eins og sumir muna. Það átti ekki að kanna kosti aðildar heldur einkum og sér í lagi kosti þess að gerast aðilar að styrkjakerfi Evrópusambandsins. Framtíðarsýn Samfylkingarinnar er enn sú sama að þess leyti. Hún er fólgin í því að við séum nauðbeygð til þess að ganga í ESB og eini kosturinn við það sé að við gerumst styrkþegar. Ég verð að segja eins og er: Þetta er ekki gæfuleg framtíðarsýn.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að umræðan hér hafi fyrir margra hluta sakir verið athyglisverð. Spurningarnar sem vakna í mínum huga eftir umræðuna eru í raun þessar: Eru engir stuðningsmenn þess hér á Alþingi að við göngum í Evrópusambandið? Hvorki þingmenn né flokkar lýstu slíku yfir. Enginn lýsti því sem sinni skoðun í þessari umræðu. Eða kjósa stuðningsmenn aðildar alfarið að ræða afstöðu sína í samhengi við nauðsyn þess að athuga málin, að fylgjast með, að ESB sé að veikjast o.s.frv.? Þýðir það að athuga málin að við eigum að ganga í Evrópusambandið? Er ekki, herra forseti, hægt að hafa umræðuna skýrari en þetta? Ég vona að mér leyfist að spyrja, herra forseti, og ég vænti þess að það hafi vakið athygli hjá öðrum en mér að þetta er niðurstaða umræðunnar sem nú er senn að ljúka.

Ég held í öðru lagi, herra forseti, að afar nauðsynlegt sé að við ræðum Evrópumálin, sem við munum gera ef að líkum lætur í framhaldinu, í samhengi við þróun alþjóðastjórnmála og viðskiptamála að öðru leyti. Það er nú svo að þróun í alþjóðastjórnmálum er að mörgu leyti mótsagnakennd. Annars vegar gætir ákveðinnar tilhneigingar til blokkamyndunar þar sem er Evrópusambandið, NAFTA og Suðaustur-Asíuríkin. Hin vegar eru í gangi tilraunir til að auka alþjóðafríverslun eða fríverslun á alheimsgrunni. Á þessar mótsagnir hafa menn iðulega bent og þær þurfum við auðvitað að hafa í huga og meta m.a. í ljósi stöðu okkar, sem erum jú á mörkum heimsálfa, ekki bara tveggja heldur frekar þriggja eða fleiri.

Í þriðja lagi tel ég að afar mikilvægt sé að menn horfi til möguleika Íslands sem sjálfstæðs og óháðs ríkis og til legu landsins. Auðvitað er Evrópa gífurlega mikilvæg og við sem Evrópuþjóð og markaðir okkar þar og viðskipti, bæði innflutnings og útflutnings, eru mikilvægir. En það er samt ljóst, herra forseti, að að mörgu leyti liggja framtíðarmöguleikarnir ekki síður annars staðar. Sóknarfæri okkar liggja kannski ekki síður í því að nema ný lönd í þeim efnum. Ég vil þar sérstaklega nefna í fyrsta lagi aukin samskipti og viðskipti við Kanada. Ég tel engan vafa á því að þangað getum við haft mikið að sækja. Í öðru lagi Norður-Ameríku sem slíka. Ég nefni fylkið Alaska sem hefur mikinn áhuga á samskiptum við Ísland sem hefur því miður að sáralitlu leyti verið endurgoldinn. Alaskamenn hafa haft áhuga á samstarfi við Íslendinga t.d. á sviði flugsamgangna og horft á mögulega tengingu til Evrópu gegnum Ísland en lítið orðið úr þeim áformum.

Ég nefni í þriðja lagi Japan og Suðaustur-Asíu sem þrátt fyrir ákveðið bakslag í efnahagsmálum á undanförnum árum eru á uppleið á nýjan leik og að allra dómi verða vaxandi markaðir, hin fjölmennu ríki Asíu að Kína meðtöldu þar sem kaupmáttur ekki bara tuga milljóna og hundruða milljóna heldur milljarða fer nú sem betur fer vaxandi.

Í fjórða og síðasta lagi en ekki síst nefni ég Rússland. Rússland mun ná sér á strik á nýjan leik. Að þessum mörkuðum og samskiptum við þau svæði, ekki síður en Evrópusambandið, eigum við að huga og meta möguleika okkar sem sjálfstæðrar þjóðar einmitt í þeim efnum.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, svo enginn misskilji það, að margt af því sem hefur verið að gerast í nánara samstarfi ríkja á meginlandi Evrópu sé gott fyrir þau ríki, sé gott fyrir frið og stöðugleika í álfunni. En það er ekki þar með sagt að Ísland sem eyja úti í Atlantshafi með mjög sérstakar aðstæður og mjög sérstakt efnahagslíf eigi endilega erindi inn í þá mynd. Margt bendir til þess að Evrópusambandsins bíði miklir erfiðleikar við að koma stækkuninni saman og þær breyttu aðstæður sem það mun hafa í för með sér. Á þröskuldinum bíða fjölmenn en fátæk ríki og misvægi lífskjara og félagslegra aðstæðna innan Evrópusambandsins er dæmt til að aukast þegar þau lönd fá aðild, þegar milljónatugir fátækra bænda í Austur-Evrópu banka á dyrnar og krefjast hlutdeildar sinnar í styrkjunum.

Ég er þeirrar skoðunar að Ísland eigi að hafa það sem markmið að styðja við uppbyggingu í Austur-Evrópu og ég sæi ekki eftir fjármunum frá Íslandi sem færu í það að hjálpa vanþróuðum ríkjum í austanverðri álfunni á legg. En ég teldi hentugra að við greiddum þá fjármuni án aðildar að Evrópusambandinu en í gegnum hana.

[13:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram og má almennt segja að þeir sem hafa tekið þátt í henni eru ánægðir með þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram. En sú tilhneiging hefur verið í umræðunni alveg eins og í umræðunni í þjóðfélaginu að undanförnu að túlka skýrsluna á mismunandi hátt.

Ég tel að það sé einkenni skýrslunnar að hún sýni svo ekki verði um villst að við eigum val í þessum efnum á sama hátt og við áttum val þegar við gengum inn í hið svokallaða Evrópska efnahagssvæði og það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því á hverjum tíma hvað við erum að gera.

Ég held að tveir hv. þm. hafi lagt á það áherslu í umræðunni að sá sem hér stendur hafi ekki treyst sér til að greiða atkvæði með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en lofi hann nú í hástert. Það er rétt að ég greiddi ekki atkvæði með þeim samningi, ég sat hjá vegna þess að ég sá á honum ýmsa annmarka og hefði viljað ná betri samningi. Þannig er það ávallt þegar við gerum mikilvæga samninga að þýðingarmikið er að þeir séu gagnrýndir málefnalega og yfirleitt eru allir mikilvægir samningar þess eðlis að við mundum vilja sjá betri niðurstöðu. Það var tilhneiging þá hjá sumum þeim sem mæltu með þeim samningi að lýsa honum sem einhverju eilífu sæluríki, einhverri blómabrekku sem ekki hefði neina galla.

Auðvitað hefur þessi samningur mikla galla og þeim göllum er líka lýst í skýrslunni. En ekki er þar með sagt að við hefðum ekki átt að gera samninginn. Einnig er alveg ljóst að á þeim tíma vorum við á mörkum þess hvort sá samningur stæðist stjórnarskrá okkar eða ekki og það hefur komið enn betur í ljós. Og það var eitt atriðið sem þá var uppi í þeirri gagnrýni. Fram hjá þessu verður ekki gengið.

En enn á ný eigum við val og við eigum betra val en margar þjóðir Austur-Evrópu sem eiga í reynd ekkert annað val en að ganga í Evrópusambandið og þau einbeita sér að því. Ég tel að við eigum tvo kosti. Við eigum annars vegar þann kost að byggja áfram á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið með þeim kostum og göllum sem sá samningur hefur og ég tel að þeir gallar hafi komið enn betur í ljós og þeir veikleikar sem eru í þeim samningi.

Ég hef haldið því fram að vel hafi gengið að reka þann samning og það er ástæða til fyrir okkur að vera tiltölulega ánægð með hann eins og það hefur gengið. Og það má segja að Evrópusambandið sé bærilega ánægt með hann líka. En hvort sem okkur líkar það betur eða verr veitir Evrópusambandið þeim samningi minni og minni athygli og minni og

minni tími fer í að sinna honum af þess hálfu. Tilhneiging er til þess að ná ýmsum hlutum undir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem við teljum að eigi að vera hjá Eftirlitsstofnun EFTA, svo eitthvað sé nefnt. Þessu getum við ekki gengið fram hjá.

Það er alveg eins með hugsanlega aðild að Evrópusambandinu, að á henni eru ýmsir ágallar, miklir ágallar, sem við stöndum frammi fyrir. En það leysir okkur ekkert undan skyldunni að fjalla um þessi mál. Það er ekkert hægt að afgreiða málið, eins og mér finnst stundum vera tilhneiging til, þ.e. að vegna þess að slíkir ágallar séu, bæði á Evrópusambandinu annars vegar þá komi það ekki til greina, og vegna þess að ágallar séu hins vegar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið komi ekki heldur til greina að búa lengur við hann. Málið er miklu flóknara en það.

Hér var sagt í umræðunni, ef ég man rétt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að íslensku þjóðinni hefði aldrei vegnað betur. (**SJS:** Á lýðveldistímanum.) Á lýðveldistímanum? Já. Það er mér alveg nóg að fjalla um lýðveldistímann, ég ætla mér ekki að fara lengra aftur í tímann en það kemur mér á óvart ef það er talið að okkur hafi vegnað betur fyrir þann tíma meðan við vorum undir Dönum. Það hélt ég að þyrfti ekki að ræða, en ég er alveg tilbúinn til þess.

En hv. þm. sagði, og ég tek undir það með honum, að íslensku þjóðinni hefði aldrei vegnað betur. Þetta eru stór orð en þau eru sönn. Hv. þm. sagði að okkur hefði vegnað svo vel m.a. vegna þess að við værum sjálfstæð þjóð og við hefðum haldið vel á sjálfstæði okkar. Ég held að það sé líka rétt.

En ekki er þar með sagt að okkur muni alltaf vegna vel um alla framtíð, það er ekkert sjálfgefið. Við verðum að halda vel á málum okkar eins og við höfum gert á undanförnum árum. Meðal annars höfum við tekið ákvarðanir um að opna samfélag okkar meira. Samkeppni er meiri hér en oft áður og mikill kraftur er í íslensku efnhags- og þjóðlífi. Alveg á sama hátt og þetta hefur gerst vegna þess að við höfum tekið margar veigamiklar ákvarðanir, m.a. í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú er við völd, þá mun okkur ekki vegna vel í framtíðinni nema við höfum kjark til þess að takast á við þær aðstæður sem verða uppi á hverjum tíma. Og það er einmitt það sem við þurfum að gera í þessu máli.

Ég sagði í ræðu minni að ég teldi að ekki lægi mjög mikið á. Einnig kom skýrt fram í ræðu minni að hér væri ekki um neina nauðung að ræða. Hins vegar er ljóst að áhrifa í þessu máli gætir m.a. af því hvað aðrir gera. Við Íslendingar erum ekki þannig staddir, frekar en aðrar þjóðir, að okkur komi ekkert við hvað gerist í kringum okkur eða t.d. hvað gerist almennt að því er varðar hin Norðurlöndin. Staða okkar er ekki með þeim hætti að við séum ekkert háð öðrum þjóðum að einu eða öðru leyti og þess vegna getum við látið sem ekkert sé. Þannig er þetta ekki og því miður er það svo að þó að ýmsir vilji fá alveg skýrar línur í þetta mál í eitt skipti fyrir öll, að þetta eða hitt komi aldrei til greina, þá er það einfaldlega óskynsamlegt vegna þess að þá eru menn að víkja frá því sem á alltaf að vera leiðarljósið að kjör íslensku þjóðarinnar og hagsmunir íslensku þjóðarinnar eigi að vera í fyrirrúmi. Við hljótum að taka afstöðu út frá því hvað við teljum vera íslensku þjóðfélagi fyrir bestu og hvernig við tryggjum best kjör þjóðarinnar til frambúðar. Það hlýtur að vera leiðarljósið.

Ef niðurstaðan er sú að við getum ekki tryggt kjör þjóðarinnar til frambúðar vel nema með aðild að Evrópusambandinu, þá eigum við ekki að hika við að gera það. Ef við teljum að við tryggjum kjör íslensku þjóðarinnar best með því að byggja áfram á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þá eigum við heldur ekki að hika við það. En við verðum að horfa til allra átta, eins og við höfum alltaf gert, án þess að útiloka eitt eða neitt í þeim efnum.

Auðvitað er á margan hátt óþægilegt að vera í slíkri stöðu og geta ekki tekið alveg skýrar línur um það að svona skuli þetta vera. Og þeim mönnum hlýtur í sjálfu sér að líða nokkuð vel sem geta ákveðið það um alla framtíð að þetta eigi bara að vera svona. (Gripið fram í.) Ég var nú ekki að hugsa um hv. þm. Steingrím J. Sigfússon sérstaklega í þessu máli eða vellíðan hans þó að ég fagni því að hann er orðinn betri í fætinum og er á batavegi og ég tel það vera ánægjuefni að svo skuli vera. En ég átti ekkert sérstaklega við hann í þessu efni. Ég var fyrst og fremst að segja að það er því miður ekki staðan og þess vegna mun umræðan halda áfram.

Ég tel að það standi verulega upp á ýmis hagsmunasamtök í landinu að fjalla um þetta mál og þau verða að gera það á næstunni. Hins vegar finnst mér skrýtið þegar framkvæmdastjóri ASÍ kemur fram og er með ádeilu á að ekki skuli fjallað nægilega vel um vinnumarkaðsmál og þeim ýmsu samþykktum sem teknar hafa verið upp séu ekki gerð skil hér. Ef við hefðum unnið skýrsluna þannig þá hefði hún ekki verið 300 síður heldur a.m.k. 3.000 síður. Það var engin tilraun gerð til þess að leysa hvorki ASÍ, LÍÚ eða vinnuveitendur almennt undan því að fjalla um málið í áframhaldinu þannig að mér hefur fundist það afskaplega sérkennileg gagnrýni sem Samfylkingin hefur að nokkru leyti tekið upp. Ég vísa henni á bug. En þar með er ekki sagt að umfjöllun um þessi mál sé lokið. Ég hef lagt á það áherslu að við verðum að halda áfram að ræða þessi mál og ég kalla m.a. eftir frekari umræðu innan ýmissa hagsmunasamtaka í landinu því að við hljótum að hlusta á rödd þeirra í þessu máli hvort sem það eru vinnuveitendur eða verkalýðshreyfingin. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir okkur sem í stjórnmálum starfa að fá umfjöllun þeirra og skilaboð í þessu máli.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir þessa umræðu og vænti þess að starf að þessu stóra hagsmunamáli okkar haldi áfram. Ég tel að þessi umræða hafi sýnt að við erum ekki í stakk búin til þess að veita endanleg svör um hvað íslenskri þjóð sé fyrir bestu á næstu árum eða áratug. Við þurfum að vinna betur í því máli og við þurfum að átta okkur betur á framtíðinni. Ég tel hins vegar ekki nauðsynlegt að við förum nú að leggja í þá vinnu að skilgreina eitthvað sem menn kalla samningsumboð og reyna að ná samstöðu um það (**Gripið fram í:** Samningsmarkmið.) eða samningsmarkmið. Það hefur ekkert upp á sig í þessu máli frekar en öðrum að við byrjum á því að semja við sjálfa okkur. Við verðum að átta okkur á því hvað við viljum og við verðum að átta okkur á því hverju við viljum ná fram. En að skilgreina samningsmarkmið og leggja þau fyrir þjóðina er ekki hægt að mínu mati. Ég tel og er sammála þeim sem hafa sagt það í þessari umræðu að málið liggi að langmestu leyti fyrir. Við vitum að langmestu leyti hvað bíður okkar. Við vitum það ekki að öllu leyti en við vitum það að mjög miklu leyti og þess vegna ættum við á næstu mánuðum eða árum að geta gert okkur nokkuð vel grein fyrir því hvað bíður okkar. Hins vegar þarf að leggja niðurstöðuna sem út úr því kæmi undir íslenska þjóð. Það er hún sem getur samþykkt eða hafnað þeirri niðurstöðu sem út úr því kemur. En ég tel út af fyrir

sig að ekki þurfi að leggja mikla vinnu í það nú að skilgreina eitthvað sem menn kalla samningsmarkmið.

[Fundarhlé. — 14:05]

Umræður utan dagskrár.

Skuldastaða heimilanna.

[15:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur misst öll tök á efnahagsmálunum sem hefur magnað upp skuldir heimilanna. Ég held að það sé alveg ljóst að ríkisstjórnin er klárlega með allt niður um sig í efnahagsmálum og sýnir lítt viðnám við verðbólgunni, en viðskiptahallinn stefnir í að hækka úr 43 milljörðum á liðnu ári í 50–60 milljarða á þessu ári. Verðbólgan hefur aukist um fjögur prósentustig á stuttum tíma en það jafngildir því að flatur tekjuskattur hafi verið hækkaður um 3% hjá einstaklingum með 150 þús. kr. í tekjur sem er auðvitað svívirðilegasta og grimmasta tegund skattahækkunar og kemur verst við þá sem höllustum fæti standa því þar er hvergi skjól í persónuafslætti. Gengi krónunnar hefur síðan verið keyrt upp með gífurlegum vaxtahækkunum Seðlabankans sem fjármálastofnanir hafa brugðist við með því að stórhækka vexti og þjónustugjöld á almenning í landinu. Óverðtryggðir skuldabréfavextir hafa hækkað um 4% á rúmu ári sem hækkað hefur greiðslubyrði af eins millj. kr. láni um 40 þús. kr. á ári. Á sama tíma er fyrirtækjum og stórum lántakendum þjónað af þessum sömu fjármálastofnunum á miklu lægri vöxtum en almenningur fær, þ.e. vöxtum sem taka mið af samkeppni við erlendar fjármálastofnanir, en almenningur borgar brúsann. Milljarðahagnaður bankanna á hverju ári er því borinn uppi af heimilunum í landinu, einstaklingunum, en ekki stórfyrirtækjunum en þeim þjónar ríkisstjórnin fyrst og fremst ásamt þeim sem geta leikið sér á verðbréfamarkaðnum. Heimilin hafa líka þurft að þola að fasteignaverð hefur rokið upp úr öllu valdi, en verðbreyting íbúða á höfuðborgarsvæðinu frá 1997 er um 37% þannig að ókleift er orðið fyrir ungt fólk að festa sér kaup á íbúð þar sem greiða þarf nálægt 2 millj. meira fyrir litla íbúð en áður.

Hækkun á fasteignaverði hefur átt drýgstan þátt í að keyra upp verðbólguna. Orsakanna er ekki síst að leita í breytingum á húsnæðiskerfinu, en greiðslumatið í húsbréfakerfinu miðast lítið við greiðslugetu heldur hve mikið hægt er að fá lánað í bankakerfinu enda hafa útlán bankanna til einstaklinga tvöfaldast frá árinu 1995 sem ýtt hefur undir þenslu og verðbólgu í þjóðfélaginu. Auk þess hefur mánaðarleg húsaleiga lágtekjufólks hækkað um tugi þúsunda á mánuði og á biðlistum eftir leiguhúsnæði eru nú nálægt 2.000 manns. En hæstv. félmrh. hefur líka staðið fyrir því að þrefalda vexti á leiguhúsnæði.

Áður en Framsfl. fékk það hlutskipti árið 1995 að þjónusta íhaldsöflin í landinu varð það helsta baráttumáls hans að ná niður skuldum heimilanna. En hver er staðan nú? Svört skýrsla Ráðgjafarstofu heimilanna sem er nýlega komin út endurspeglar gríðarlegar skuldir heimilanna og eru þær nú 513 milljarðar og hafa vaxið um 165 milljarða á föstu verðlagi frá 1995 eða um hvorki meira né minna en 46% í tíð ríkisstjórnarinnar. Jafnvel þó að á móti sé tekið tillit til eignaaukningar heimilanna í bílum og húsnæði er skuldaaukning heimilanna á þessum tíma 91 milljarður kr. Er það einmitt athyglisvert að eignaaukning heimilanna, annars vegar á bílum og hins vegar á húsnæði, er álíka mikil á þessu fimm ára tímabili.

„Greiðsluvandi er dauðans alvara." Þessi ummæli komu fram hjá forstöðumanni Ráðgjafarstofu heimilanna í nýrri ársskýrslu þeirra, en ríkisstjórnin lætur bara eins og allt sé í himnalagi. Þessi svarta skýrsla Ráðgjafarstofu heimilanna sýnir að bregðast þarf við með margvíslegum úrræðum og að úrræði ríkisstjórnarinnar frá 1996 sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir vegna fólks í greiðsluvanda sem koma átti í stað tillagna Samfylkingarinnar um greiðsluaðlögun, hafa ekki dugað. Ýmsar af þeim tillögum sem gerðar eru í skýrslunni má finna í þingmálum sem nú liggja fyrir Alþingi frá þingmönnum Samfylkingarinnar. Má þar nefna skattfrelsi húsaleigubóta, auknar barnabætur, gerð neyslustaðals, greiðsluaðlögun fyrir skuldug heimili, lagfæringu á réttarstöðu forsjárlausra foreldra og að endurskoðuð verði heimild til að draga af launum vegna skatta og meðlagsskulda þannig að tekið sé tillit til framfærsluþarfar heimilis.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hver er skoðun félmrh. á sívaxandi skuldum heimilanna ásamt mikilli vaxta- og fasteignaverðshækkun sem bitnað hefur með fullum þunga á heimilunum? Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögu Ráðgjafarstofu heimilanna vegna mikils greiðsluvanda þeirra? Sérstaklega er spurt um hvort fjölgað verði úrræðum hjá Íbúðalánasjóði vegna greiðsluerfiðleika heimilanna, hvort komið verði á samræmdum neyslustaðli og hvort skattlagning húsaleigubóta verði afnumin.

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þegar ég kom í félmrn. 1995 og fór að eiga viðtöl við fólk sem kom með sín persónulegu erindi til mín sem ráðherra þá rann mér til rifja hvernig ástandið var hjá allt of mörgum. Fjöldi fólks var í vandræðum. Það hafði freistast til þess að taka greiðsluerfiðleikalán, selt húsbréf með allt að 25% afföllum og var nú komið í þrot. Suma skorti áþreifanlega yfirsýn yfir sín persónulegu fjármál og þá kviknaði hjá mér hugmyndin að setja á stofn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Húsnæðisstofnun hafði að undanförnu veitt um 800 aðilum ráðgjöf á ári. Við komum á fót samvinnuverkefnum 14 aðila um Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Hún starfaði sem tilraunaverkefni í tvö ár, sannaði gildi sitt og síðan var þetta tilraunaverkefni framlengt.

Nú hafa um 2.000 manns fengið ókeypis leiðsögn hjá ráðgjafarstofunni. Gallup kannaði stöðu mála í úrtaki 400 manns af fyrstu 1200 viðskiptamönnum eða skjólstæðingum ráðgjafarstofunnar. 70% þeirra töldu sig hafa náð tökum á fjármálum sínum og ef við getum hjálpað 70% af þeim hópi sem verst eru settir á hverjum tíma þá er það stórkostlegur árangur. Ég tel einboðið að halda þessu verkefni áfram.

Umrædd skýrsla, ársskýrsla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, er nú sem betur fer ekki þverskurður af ástandinu í þjóðfélaginu en hún er skilagrein um stöðu 600 einstaklinga af þeim verst settu 1999. Það eru margar athyglisverðar upplýsingar í þessari skýrslu og athyglisverðar tillögur til úrbóta. 82% af þeim sem leita til ráðgjafarstofunnar eru á höfuðborgarsvæðinu og það virðist vera algengara að eyða um efni fram hér en úti á landi. 29% af þeim sem leituðu til ráðgjafarstofunnar eru með ráðstöfunartekjur undir 100 þús. á mánuði. Vanskilin eru mest hjá fólki með ráðstöfunartekjur 300–350 þús. á mánuði. Það er líka athyglisvert. Þetta er að

vísu svo lítill hópur að svona greining er kannski tæplega marktæk. 40% þeirra sem leituðu til ráðgjafarstofunnar eru einstæðir foreldrar og ég mun beita mér fyrir sérstakri vinnu við að leita leiða til að bæta stöðu verst settu einstæðra foreldra því að ég tel að það sé óhjákvæmilegt.

54% af þessum einstæðu foreldrum eru án atvinnu. Þar af eru 29% öryrkjar. Þetta er að vísu ekki nema lítill hluti einstæðra foreldra, þ.e. um 240 manns af um 8–9 þús. manna hópi. Þær tillögur sem birtar eru í skýrslunni eru flestar góðra gjalda verðar og unnið er að því að hrinda sumum þeirra í framkvæmd. Ég vitna til reglugerðar um greiðsluvanda, nr. 225/1999, og það er endurskoðun ákvæðanna á fyrirkomulagi barnabóta. Fleira mætti telja af þeim tillögum sem við munum beita okkur fyrir og settar eru fram í skýrslunni.

Vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur af skuldastöðu heimilanna. Stórkostleg hækkun kaupmáttar leiðir til stóraukinnar eyðslu sem aftur leiðir til mikils viðskiptahalla. Þjóðflutningarnar innan lands eru mikill verðbólguhvati og þeir eru orsök 30% af verðbólguhækkun undanfarinna mánaða. Bensínhækkunin er um 20%.

Þrátt fyrir mikla bókfærða hækkun skulda hækka eignirnar líka. Inneignir í lífeyrissjóðum eru svipaðar og heildarskuldir heimilanna eða rétt rúmir 500 milljarðar. Hreinn sparnaður sem hlutfall af vergri landsframleiðslu vex úr 2,2% 1994 í 12,7% 1999 samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Hreinn sparnaður sem hlutfall af ráðstöfunartekjum heimilanna vex úr 2,4% 1994 í 23,8% 1999. Heimilunum gengur líka betur að standa í skilum við lánastofnanir og mun ég koma að því í seinni ræðu minni.

[15:11]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Skuldastaða heimilanna speglar bara þróun efnahagsmála í landinu á síðustu árum. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur hér bent á blasir við okkur virkileg óheillaþróun. Ég mun, herra forseti, draga athyglina að þessu samhengi. Ég vil draga athygli að því að viðskiptahallinn í ár stefnir í 50–60 milljarða. En hvaða tala verður nefnd eftir mánuð eða svo? Við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir, að mig minnir, 38 milljarða kr. halla. Þetta er því tala sem hækkar mánaðarlega um svo og svo mikið og sýnir bara hvers konar tök eru á efnahagsstjórn landsins.

Þetta er þriðja árið í röð sem þessi halli er yfir 6% af landsframleiðslu og Þjóðhagsstofnun spáir að óbreyttri stöðu að hann verði 8% næstu árin allt til ársins 2004. Lengra sáu þeir ekki. Þessi efnahagsstjórn getur ekki annað en leitt til þess að skuldasöfnun heimilanna vaxi. Skuldasöfnun atvinnuveganna, sjávarútvegsins, iðnaðarins vex án þess ráðist sé í beinar fjárfestingar.

Hæstv. félmrh. minntist á búseturöskunina. Þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar og ríkisstjórnarsamþykktir um að þar ætti að snúa hlutunum við hefur heldur ekkert gerst. Að óbreyttu stefnum við inn í verulega alvarlega stöðu í þjóðarbúskapnum og það er fyllilega ástæða til þess, herra forseti, að ríkisstjórnin athugi hvort það eigi ekki að skipta um efnahagsráðgjafa og um kúrs í efnahagsmálum ef ekki á enn verr að fara því við eigum annað skilið í góðærinu en að standa frammi fyrir stórauknum skuldum bæði hjá heimilum og atvinnuvegum landsins.

[15:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þegar hv. málshefjandi Jóhanna Sigurðardóttir var félmrh. og þjónustaði Sjálfstfl., svo notuð séu hennar eigin orð, voru teknar upp að hennar kröfu eignaviðmiðanir alls konar bóta, barnabóta, vaxtabóta og húsaleigubóta. Þær skyldu ekki fá þeir sem eru eignafólk. Nú þegar fasteignaverð hækkar sem aldrei fyrr og skuldirnar hækka miklu minna þá verða margir eignamenn og samkvæmt þeim reglum sem hv. málshefjandi setti sjálf inn, fær þetta fólk ekki þessar bætur eða þær eru skertar vegna eignamyndunar sem verður vegna þess að fasteignaverð hækkar.

Herra forseti. Sú skýrsla sem við höfum rætt frá Ráðgjafarstofu heimilanna sýnir okkur að almenningur sýnir furðulegt fyrirhyggjuleysi. Allt of margir eru fyrirhyggjulausir. Þeir eru hissa þegar þeir lenda í áföllum vegna veikinda, slysa, dauðsfalla, skilnaðar, atvinnuleysis, vegna þess að bíllinn er klessukeyrður eða bara vegna óreglu. Fólk á almennt ekki sparifé enda er það þannig að allar reglur okkar hvetja menn til þess að skulda. Vaxtabæturnar hvetja menn til þess að skulda. Eignatenging bótanna hvetur menn til þess að skulda. Síðan eru eignarskattarnir sem refsa þeim sem spara. Allt þjóðfélagið gengur því út á það að hvetja menn til að skulda og spara ekki. Og ef það á að hvetja menn til að spara þá eiga þeir að spara endilega í lífeyrissparnaði en ekki í venjulegum sparnaði til þess að mæta hinum venjulegu áföllum daglegs lífs sem við öll verðum fyrir meira eða minna.

[15:16]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að taka upp skýrslu Ráðgjafarstofunnar um fjármál heimilanna því að hún er afar merkileg og í henni eru margar góðar tillögur sem vísa fram á veginn og eru til úrbóta fyrir þann stóra hóp sem á í fjárhagslegum vanda.

Fjármál um 2.000 heimila í landinu koma við sögu ráðgjafarstofunnar. Það lætur nærri að slíkur vandi snerti um 8.000 manns beint fyrir utan þá sem eru í tengslum við viðkomandi fjölskyldur. Við þekkjum öll uppáskriftarhefðina hjá okkur á Íslandi og er löngu tímabært að setja þá reglu í endurskoðun.

Meginvandi heimilanna er eftirfarandi: Tekjur eru ekki í samræmi við framfærslukostnað og fjárfesting er ekki í samræmi við greiðslugetu. En ekki er alltaf um neyslusukk að ræða, eins og oft vill brenna við í umræðunni og hv. þm. Pétur Blöndal kom aðeins að áðan, heldur er auðvitað líka ýmiss konar annar vandi sem ekki alltaf allir eru tilbúnir í þó að þingmaðurinn teldi það. Fyrir það fyrsta þá duga launin ekki til framfærslu. Síðan geta komið upp sjúkdómar og dauðsföll og skilnaðir og ýmsir aðrir félagslegir erfiðleikar í lífi fólks. Ég get tekið undir það að ekki er hefð fyrir miklum sparnaði hér á landi.

Afar farsælt samstarf hefur verið við Félagsþjónustuna í Reykjavík um þau einstaklingsmál sem þarna koma upp og eru um 32% þeirra sem leita til Ráðgjafarstofunnar þaðan og er yfirleitt farið í flestum tilfellum eftir þeim fjármálatillögum sem þar fram koma og hefur verið hægt að leysa mál margra einstaklinga sérstaklega farsællega.

Fjölmörg dæmi eru um að umsamdar mánaðarlegar afborganir lána nemi tvöfalt þeirri fjárhæð sem ráðstöfunartekjur heimilisins eru.

Einstæðir foreldrar eru nú stærsti einstaki hópurinn sem leitar til ráðgjafarstofunnar eða um 40% umsækjenda. Tillaga er um að útreikningur barnabóta verði endurskoðaður. Það mundi gagnast þessum hópi gríðarlega vel. Við skulum ekki gleyma þessu með húsaleigubæturnar. Þetta er sá hópur

sem er líka eignalaus og það þarf að skoða það sérstaklega varðandi þann hóp.

Ég bendi líka á að tillaga framkvæmdastjórnar Ráðgjafarstofu heimilanna um neyslustaðal er í samræmi við tillögu þingmanna Samfylkingar um þau mál.

[15:18]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt að nauðsynlegt er að aðstoða fólk í greiðsluvanda og reyna að hjálpa náunganum eftir því sem kostur er. En staða heimilanna er náttúrlega alltaf misjöfn en eins og kemur fram í þessari skýrslu þá eru allt of margir sem kunna ekki fótum sínum forráð. Og hver á að hjálpa þeim? Auðvitað vill samfélagið reyna það en þau ráð sem til þarf að taka þegar allt er komið í óefni eru síðan oft erfið í framkvæmd.

Ég tel að ekki sé hægt að segja eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að ríkisstjórnin hafi misst allt úr böndunum, að það sé ástæðan fyrir því að einstök heimili standa illa. Auðvitað er alveg út í bláinn að vera með slíkar fullyrðingar. Það er dálítið merkilegt að þetta skuli koma úr munni þessa hv. þm. sem stjórnaði hér á sínum tíma húsnæðismálum þjóðarinnar úr félmrn. þegar afföll af húsbréfum fóru upp í 24–25%. Níu milljarðar lágu á heimilunum í áraraðir og liggja enn að hluta til á heimilunum vegna þeirrar óráðsíu sem var í málefnum heimilanna á þeim árum. Það er náttúrlega merkilegt að hv. þm. skuli hafa sloppið jafn vel út úr þeirri umræðu og raun ber vitni.

Afföll húsbréfa á síðustu þrem, fjórum árum hafa einfaldlega verið þannig að meira hefur fengist fyrir húsbréfin, fólk hefur fengið meira en húsbréfin gáfu til kynna, þannig að afföllin hafa ekki verið í mínus eins og orðið gefur tilefni til heldur í plús upp í 8%. Heimilin sem slík, fólkið sem er að kaupa sér húsnæði í dag stendur því miklu betur en á tíma hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur meðan hún stjórnaði þessu ráðuneyti.

Herra forseti. Ég vil að lokum upplýsa að Húsnæðisstofnun ríkisins eða Íbúðalánasjóður, eins og hann heitir í dag, þar sem ég á sæti, hefur unnið að mörgum tillögum í því að reyna að leysa vanda þessa fólks og mun halda því áfram.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fyrir utan augljós hættumerki í efnahagsmálum, viðskiptahalla og verðbólgu sem blasað hefur við undanfarin missiri og margir hafa orðið til að benda á, þá hygg ég að það ískyggilegasta við þróunina sé vaxandi misskipting í samfélaginu. Skýrsla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna dregur það mjög skýrt fram. Staðan versnar hjá verst setta hópnum í samfélaginu. Það dregur í sundur og örbirgðin vex þar sem hún var ærin fyrir.

Síðan kemur hér hv. þm. Pétur Blöndal og talar um að almenningur sýni ótrúlegt fyrirhyggjuleysi. Það er örugglega víða fyrirhyggjuleysið. En ég held því fram, herra forseti, að staða einstæðra foreldra t.d. sem eru stærsti einstaki hópurinn sem leitar til Ráðgjafarstofu heimilanna, eigi í flestum tilvikum ekkert skylt við fyrirhyggju eða fyrirhyggjuleysi. Þetta er ósköp einfaldlega fólk sem nær ekki endum saman. Munurinn sem þar er á milli útgjalda og tekna vex, skuldirnar aukast og staðan versnar. Það er því ekki þetta fólk, herra forseti, það eru ekki einstæðar mæður, það eru ekki öryrkjar og fjölskyldur þeirra eða sá hluti aldraðra sem ekkert hefur nema opinberu tryggingabæturnar, sem er hið efnhagslega vandamál á Íslandi. Það er ekki þetta fólk sem ber aðalábyrgðina á viðskiptahallanum, er að kaupa stóra jeppa eða aðra slíka hluti þúsundum saman.

Það er að drepa umræðunni á dreif að draga slíka hluti inn í málin þegar við erum að ræða það sem ég lít svo á að sé hér til umræðu, þ.e. stöðu verst setta hópsins í samfélaginu sem fyrst og fremst eru viðskiptavinir þessarar ráðgjafarstofu. Skýrslan sýnir að hún er að versna mitt í sjálfu góðæri Davíðs Oddssonar og félaga og það er auðvitað hlutur sem menn ættu að taka alvarlegar en mér finnst ráðamenn og aðstandendur ríkisstjórnarinnar hér gera.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það þarf ekki vitnanna við. Þessi skýrsla segir það allt. Hér er ekki um það að ræða að stjórnarandstaðan hrópi á hefðbundinn hátt: „Úlfur, úlfur. Það eru vandamál hjá fjölskyldum í þessu landi.“ Nei, það er undirstofnun félmrn. sem gerir það með greinargóðum hætti í þessari skýrslu. Það er ekki svo, herra forseti, því miður, að hér sé um tæknileg úrlausnarefni að ræða gagnvart fámennum minnihlutahópum. Nei, ef málið væri svo einfalt væri búið að leysa það. Hér er um pólitíska stefnumörkun að ræða og afleiðingar hennar, þ.e. þá misskiptingu sem birtist okkur m.a. í þessari skýrslu og einnig í þeim veruleika að skuldir allra fjölskyldna í landinu samanlagt hafa aukist umfram eignamyndun. Nettóskuldaaukning er með öðrum orðum upp á 91 milljarð á síðustu árum. Það er sú tala sem við okkur blasir.

Herra forseti. Af hverju nota ég orðin pólitísk stefnumörkun? Jú, einfaldlega vegna þess að það er á ábyrgð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. félmrh. Páls Péturssonar og annarra ráðherra stjórnarliðsins, þegar þeir halda því fram við fólk í þessu landi í miðju góðærinu að í lagi sé að auka neysluna, sæluríkið muni vara að eilífu.

Eftir höfðinu dansa limirnir. Hvernig á annað að vera hjá almenningi í þessu landi sem fylgist með þeirri eyðslustefnu sem er í gangi hjá þessari ríkisstjórn hvarvetna sem litið er og birtist m.a. í hvatningu til fólks um að kaupa lúxusjeppa með því að lækka verð þeirra, birtist í því að milljarðarnir velta milli fyrirtækja. Peningar eru alls staðar og hvergi. Hvernig á annað að vera en að almenningur í þessu landi segi: „Af hverju ekki ég? Má ég ekki vera með í miðju þessa góðæris?“

Afleiðingin blasir við. Það þarf að að taka á málum með pólitískum aðgerðum, ekki með því að leggja af vaxtabótakerfið eins og einstakir aðilar hafa talað um, líftaug fátæka fólksins og skuldugra fjölskyldna í þessu landi, heldur með því að taka pólitískt á málum og af ábyrgð.

[15:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar í málefnum heimilanna er afskaplega mikil. Ríkisstjórnin hefur ítrekað hvatt til eyðslu í samfélaginu síðustu árin og hefur látið hjá líða að predika nokkurn skapaðan hlut um ráðdeild eða nægjusemi. Hæstv. ríkisstjórn hefur hvatt til græðgi og alið á græðgishvötum fólks og mér finnst það til skammar, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli ekki grípa inn í og hvetja til ráðdeildar og nægjusemi frekar en græðgi.

Við skulum athuga það að þó að við fáum hér á hv. Alþingi skýrslur um að auka þurfi sparnað í samfélaginu þá er staðreyndin sú að heimilin eru alls ekki aflögufær. Skuldir heimilanna hafa vaxið í réttu hlutfalli við greiðsluafgang

fjárlaga og það ber vott um, herra forseti, að skuldum hins opinbera hafi hreinlega verið velt yfir á fjölskyldurnar í landinu. Það kemur að sjálfsögðu verst niður á þeim sem minnst hafa, á barnmörgum fjölskyldum, öryrkjum og sjúklingum. Þannig eykst ójöfnuðurinn í samfélaginu og sá hópur fólks úti í samfélaginu sem þarf að leita til hjálparstofnana til þess að geta haldið jól og hátíðir og keypt yfirhafnir á börnin sín verður sífellt stærri.

Herra forseti. Góðærið hefur sannarlega tekið stóran sveig fram hjá allt of stórum hluta almennings og það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Nú er mál að linni og hætt verði að hvetja til eyðslu á þeim nótum sem gert hefur verið og farið að tala á nótum nægjusemi og það á við um ríkisstjórnina. Hún þarf að taka þetta til sín og þarf að skoða sitt tungumál og sínar innstu hvatir er lúta að velferð almennings í landinu.

[15:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Málflutningur sjálfstæðismanna kemur ekki á óvart. Það eina sem þeir hafa til málanna að leggja hér þegar við tölum um vaxandi skuldir heimilanna, misskiptingu í kjörum fólks og bágindi fólks, er að þetta hljóti allt að vera vegna þess að fólk kunni ekki fótum sínum forráð og síðan er talað um óreglu. Ég ætla að benda þessum hv. þm. á að lesa skýrsluna sem Ráðgjafarstofa heimilanna hefur sent frá sér vegna þess að þeim er einmitt svarað í þeirri skýrslu.

Varðandi hæstv. félmrh. þá er alveg augljóst á hans orðum að úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart vaxandi skuldum heimilanna og bágum kjörum fólksins í landinu er algjört. Að vísu vottaði aðeins fyrir samviskubiti hjá hæstv. ráðherra þegar hann talaði um stöðu einstæðra foreldra og það var það eina sem kom fram í máli hans að það þyrfti að bæta stöðu þeirra. En hann talaði ekkert um hvernig.

Það er líka athyglisvert að framsóknarmenn sem töluðu um það í stjórnarandstöðunni að það þyrfti að hafa áhyggjur af skuldum heimilanna hafa ekki látið sjá sig í þessari umræðu og ekki komið hér í ræðustól heldur látið félmrh. einan um þessa umræðu. Það sýnir auðvitað að þeir hafa samviskubit og þeir mega það. Þeir mega það þessir hv. þm. Framsfl.

Ég spyr hæstv. ráðherra, af því að hann svarar ekki þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar: Hvernig ætlar hann að fara með þær tillögur sem lagðar eru fram hér af ráðgjafarstofunni? Ég spyr bara um tvennt til þess að reyna að fá svör hjá ráðherranum: Hvað með neyslustaðal sem ráðgjafarstofan telur nauðsynlegt að settur verði strax? Hvað um það að grípa til fleiri úrræða hjá Íbúðalánasjóði vegna mikils greiðsluvanda heimilanna?

Hæstv. ráðherra fékk þetta á blaði og hann svarar ekki þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Og hann segir ekki eitt einasta orð um hátt fasteignaverð hér á höfuðborgarsvæðinu sem hefur hækkað um 37% og aukið verulega á verðbólguna og skuldavanda heimilanna í landinu.

[15:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég er alveg einfær um að tala fyrir hönd Framsfl. í þessari umræðu. Ég sagði í fyrri ræðu minni að við værum að athuga þessar tillögur og sumar þeirra verða framkvæmdart. Það er ekki búið að ganga frá því hverjar af þeim verða framkvæmdar, nema fáeinum. En bæði er verið að athuga með barnabæturnar og eins með greiðsluerfiðleikana.

Skuldaaukningin hjá heimilunum helst í hendur við innstæðuaukninguna í lífeyrissjóðunum og þetta hefur haldist í hendur undanfarin ár. Gert hefur verið stórkostlegt átak í félagslegum húsnæðismálum. 1.400 viðbótarlán handa 1.400 fjölskyldum í fyrra vegna félagslegra húsnæðislána og lánað út á 500 leiguíbúðir. Það þarf tvær nýjar íbúðir á hverjum einasta degi á höfuðborgarsvæðinu til þess að svara eftirspurn. Það kostar ekkert lítið og það er ekkert undarlegt þó að húsnæðisverðið hækki, líka þegar kaupmáttaraukning er svo mikil sem verið hefur og skuggahlið kaupmáttaraukningarinnar er náttúrlega mikil eyðsla og viðskiptahalli getur sett af stað verðbólguskriðu. En ljósi punkturinn við þetta er að heimilunum gengur yfirleitt betur að standa í skilum við lánastofnanir. Skil húsnæðislána hafa batnað samfellt frá 1995. Vanskil lækkuðu um 300 millj. milli 1997 og 1998 og 174 millj. milli 1998 og 1999 og svipað er að segja um flestar lánastofnanir, banka og sparisjóði, Glitni og samvinnusjóðina o.s.frv. Skilin hafa batnað við Innheimtustofnun sveitarfélaganna. Lögunum hefur reyndar verið breytt til að rýmka og bæta samningsstöðu. Dregið hefur úr ásókn í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í Reykjavík fækkaði heimilum með fjárhagsaðstoð um 330 á síðasta ári. Gjaldþrotaúrskurðum í Reykjavík hefur fækkað um helming frá 1974. Ég hef áhyggjur, herra forseti, en sé marga jákvæða hluti. Vaxtahækkun er slæm og verðbólguskriða er enn þá hættulegri.

Staðfesting ýmissa ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, frh. síðari umr.

Stjtill., 587. mál. — Þskj. 889, nál. 1102 og 1106.

[15:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ef ég má aðeins reyna að útskýra það óvenjulega við þessa atkvæðagreiðslu þá er ég og Vinstri hreyfingin – grænt framboð andvíg einum af töluliðum tillögugreinarinnar og leggjum við til að þessum verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er tilskipunarnúmerið 168/99. Ég legg til að atkvæðagreiðslunni verði hagað þannig að tillagan aftur að því númeri verði borin upp og síðan borið upp sérstaklega að vísa því númeri til ríkisstjórnarinnar. Ef það verður ekki samþykkt, sem ég vona auðvitað, þá komi það númer sérstaklega til atkvæða og síðan það sem eftir lifir tillögugreinarinnar.

Ég hygg að þetta sé eðlileg röð, herra forseti, þar sem við getum stutt efni tillögunnar að öðru leyti en þessa einu tilskipun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]

Till. í nál. 1106 um að vísa ákvörðun nr. 168/99 til ríkisstjórnarinnar felld með 28:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞKG.

16 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JBjart, KLM, LMR, SighB, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:36]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er fráleitt að Alþingi samþykki eftir stutta umræðu um þáltill. stefnumörkun sem felur í sér markaðsvæðingu orkukerfisins á Íslandi. Ummæli hæstv. iðnrh. um þessa þáltill. og sérstaklega þennan hluta hennar voru ekki traustvekjandi. Hæstv. ráðherra fannst ekkert athugavert við þessa málsmeðferð sem stenst ekki lýðræðislegar kröfur að mínum dómi. Um allar grundvallarbreytingar á efnahagskerfinu og stoðkerfi samfélagsins þarf að fara fram ítarleg og málefnaleg umræða á Alþingi.

Fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs héldu uppi slíkum málflutningi þegar þáltill. kom til umræðu en umræðunni var naumt skammtaður tími og ég tel þetta ekki vera boðlega afgreiðslu.

Við erum ekki að leggjast gegn þeirri vinnutilhögun sem felst í þáltill. En um þau efni sem ríkir ekki sátt þarf að fara fram ítarleg umræða á Alþingi. Þess vegna er eðlilegt að þessum hluta þáltill. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[15:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fjallað var um tilskipun 96/92, um innri markað fyrir raforku, á fundum EFTA og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem sérstöðu Íslands var komið á framfæri. Á þeim fundum kom fram sú skoðun framkvæmdastjórnarinnar að tilskipunin ætti að gilda á öllu EES-svæðinu óháð sérstöðu einstakra ríkja.

Í ljósi þessara viðbragða framkvæmdastjórnarinnar og eftir ítarlega skoðun á málinu, þar sem leitað var umsagnar Orkustofnunar og Samorku, taldi iðnrn. eðlilegt að tilskipunin yrði felld inn í EES-samninginn með þeim fyrirvara að Ísland fengi tveggja ára aðlögunartíma til að koma tilskipuninni til framkvæmda. Var þessi afstaða samþykkt á fundi þáv. ríkisstjórnar. Í kjölfarið var unnið að málinu í samræmi við þessa stefnu. Sú stefna hefur ekkert breyst því að eins og fram kemur í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar að breyta skipulagi orkumála þannig að samkeppni verði innleidd til að auka hagkvæmni og lækka orkuverð. Ég segi nei við tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög óskynsamlegt að Alþingi heimili við þessar aðstæður að falla frá svonefndum stjórnskipulegum fyrirvara gagnvart ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999, en hún gengur út frá að taka inn í EES-réttinn tilskipun Evrópusambandsins nr. 96/92, um innri markað fyrir raforku.

Ísland, sem er einangrað og án nokkurra tengsla við raforkumarkað Evrópu, á ekkert erindi inn í hinn sameiginlega raforkumarkað meginlandsríkja Evrópu. Tilskipun gengur m.a. út á að auðvelda viðskipti með raforku milli landa sem á ekki við í tilviki Íslands. Auk þess er málið enn illa undirbúið og nánast á frumstigi á Íslandi og ekkert liggur fyrir um mjög margar stórar og vandasamar ákvarðanir sem þarf að taka um breytingar í orkumálum okkar áður en við getum uppfyllt ákvarðanir þessarar tilskipunar.

Ég legg því til að menn samþykki þá skynsamlegu tillögu að vísa þessari tilskipun til ríkisstjórnarinnar og fela henni að leita eftir betri lausn fyrir Ísland en þá að neyðast til að taka upp þessa tilskipun.

Tillgr., aftur að ákvörðun nr. 168/99, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (SJóh) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, GAK, GHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, KLM, LMR, ÓÖH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., ákvörðun nr. 168/99, samþ. með 26:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, JÁ, JóhS, MF, RG, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, GAK, GHall, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., frá og ákvörðun nr. 12/00, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, KHG, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjálmJ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, KHG, KLM, KPál, LMR, ÓÖH, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1191).

Fullgilding Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn, frh. síðari umr.

Stjtill., 586. mál. — Þskj. 888, nál. 1127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Brtt. í nál. 1127 samþ. með 47 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, ÓÖH, SighB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1192).

Flugmálaáætlun 2000–2003, frh. síðari umr.

Stjtill., 299. mál. — Þskj. 516, nál. 989.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Tillgr., inngangsmálsgrein og I.–III. liður, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 989 samþ. með 50 shlj. atkv.
Tillgr., IV. liður, svo breyttur, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, HjÁ, IP, ÍGP, KLM, KPál, LMR, SighB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1193).

Vegalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 322. mál (reiðvegir, girðingar). — Þskj. 572, nál. 990, brtt. 991.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Brtt. 991,1 (ný 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 991,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 991,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 991,4 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 991,5 samþ. með 49 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. samgn., 629. mál (hljóðritun símtala). — Þskj. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. með 25:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, GÁS, GÖ, JÁ, JB, KolH, KHG, LB, MF, RG, SJóh, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JBjart, KF, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, VS, ÞKG.
1 þm. (JónK) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, KLM, KPál, LMR, SighB, TIO) fjarstaddir.

Staðfest samvist, frh. 2. umr.

Stjfrv., 558. mál (búsetuskilyrði o.fl.). — Þskj. 860, nál. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, GHH, GunnB, HjÁ, IP, ÍGP, KLM, LMR, SighB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:50]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er stigið skref fram á við hvað báðar tillögurnar varðar í þessu frv. og hér er tryggður réttur þessara barna eins og allra annarra barna þrátt fyrir það að þau búi með hjónum í staðfestri sambúð. Þingflokkur Samfylkingarinnar greiðir þessu frv. atkvæði sitt. Ég segi já.

[15:50]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi standa að þessum lagabreytingum sem ganga út á að treysta og styrkja réttarstöðu barna óháð kynhneigð foreldranna.

Ég vil sérstaklega fagna þessu frv. Þetta er mannréttindafrv. og framfaraspor sem verið er að stíga.

Brtt. í nál. 1032 (ný 2. gr.) samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ.

3 þm. (GuðjG, GunnB, TIO) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, HjÁ, IP, ÍGP, KLM, LMR, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:51]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Þessi breyting er rökrétt afleiðing af gildandi lögum um staðfesta samvist. Hún er lögð fram til að tryggja rétt og öryggi þeirra barna sem mynda heimili með pari í staðfestri samvist þar sem annar aðilinn er forsjárforeldri barnsins.

Strangar reglur gilda um stjúpættleiðingar engu síður en frumættleiðingar. Í framkvæmd munu þær því tryggja að eingöngu verði horft til velferðar barnsins sem um ræðir. Við þessari tillögu segi ég því já en ég árétta að ég er ekki reiðubúinn að ganga lengra í rýmkun þessara laga. Fram undan er mikil vinna áður en slíkar rýmkanir gætu átt sér stað.

3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁJ, GuðjG, GunnB, TIO) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, HjÁ, IP, ÍGP, KLM, LMR, SighB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Lögreglulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 467. mál (inntaka nema og þjálfun í Lögregluskólanum). — Þskj. 745, nál. 1103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 628. mál. — Þskj. 1108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Yrkisréttur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 527. mál. — Þskj. 828, nál. 1109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–28. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 625. mál (lánsheimildir). — Þskj. 1090.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Höfundalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 325. mál (EES-reglur). — Þskj. 575, nál. 1110, brtt. 1111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Brtt. 1111,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1111,2 (ný 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1111,3 samþ. með 48 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1111,4 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1111,5 (ný 5. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
6.–10. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1111,6 (ný 11. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
12.–14. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1111,7 (ný 15. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1111,8 (ný grein, verður 17. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Hópuppsagnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 469. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 748, nál. 1122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1122 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
5.–14. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 545. mál (kröfufyrning barnsmeðlaga). — Þskj. 847, nál. 1123.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Orkunýtnikröfur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 523. mál. — Þskj. 824, nál. 1124.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1124 samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál (dvalarkostnaður foreldris). — Þskj. 798, nál. 1125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 630. mál (innflutningur frá frystiskipum). — Þskj. 1118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.
[16:05]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 557. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1162.

Aukatekjur ríkissjóðs, 258. mál, brtt. VE, þskj. 1160.

Ályktanir Vestnorræna ráðsins, 461. mál, nál. utanrmn., þskj. 1170.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 553. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1180; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1181; brtt. GAK, þskj. 1182.

Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, 585. mál, nál. utanrmn., þskj. 1169.

Hlutföll kynja í stjórnum, nefndum og ráðum, 393. mál, svar félmrh., þskj. 1120.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 292. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1183.

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 399. mál, nál. landbn., þskj. 1159.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 559. mál, nál. allshn., þskj. 1165.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, 312. mál, nál. allshn., þskj. 1163.

Sóttvarnalög, 490. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1167; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1168.

Starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, brtt. ÁRJ og BH, þskj. 1187.

Stjórn fiskveiða, 229. mál, nál. sjútvn., þskj. 1184.

Útvarpslög, 207. mál, þskj. 1133.

Varðveisla báta og skipa, 636. mál, þáltill. sjútvn., þskj. 1186.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 635. mál, frv. umhvn., þskj. 1164.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 556. mál, nál. umhvn., þskj. 1166.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 231. mál, nál. sjútvn., þskj. 1185.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8. og 21.–31. mál.

Fundi slitið kl. 16:07.

108. FUNDUR

mánudaginn 8. maí,
að loknum 107. fundi.

Dagskrá:

1. Útvarpslög, stjfrv., 207. mál, þskj. 1133, brtt. 1135. — 3. umr.

2. Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, stjfrv., 452. mál, þskj. 1147. — 3. umr.

3. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 258. mál, þskj. 998, brtt. 1160. — 3. umr.

4. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 1132. — 3. umr.

5. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 260. mál, þskj. 1099, brtt. 1116 og 1117. — 3. umr.

6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 460. mál, þskj. 1092, brtt. 1067, 1068 og 1069. — 3. umr.

7. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074 og 1187. — 3. umr.

8. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 623. mál, þskj. 1065, nál. 1152. — 2. umr.

9. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, stjfrv., 272. mál, þskj. 373, nál. 1136, brtt. 1137 og 1138. — 2. umr.

10. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 1008, brtt. 983. — 3. umr.

11. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 3. umr.

12. Vegalög, stjfrv., 322. mál, þskj. 572 (með áorðn. breyt. á þskj. 991). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Staðfest samvist, stjfrv., 558. mál, þskj. 860 (með áorðn. breyt. á þskj. 1032). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Lögreglulög, stjfrv., 467. mál, þskj. 745. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 628. mál, þskj. 1108. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

16. Yrkisréttur, stjfrv., 527. mál, þskj. 828. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 625. mál, þskj. 1090. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

18. Höfundalög, stjfrv., 325. mál, þskj. 575 (með áorðn. breyt. á þskj. 1111). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

19. Hópuppsagnir, stjfrv., 469. mál, þskj. 748 (með áorðn. breyt. á þskj. 1122). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

20. Innheimtustofnun sveitarfélaga, stjfrv., 545. mál, þskj. 847. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

21. Orkunýtnikröfur, stjfrv., 523. mál, þskj. 824 (með áorðn. breyt. á þskj. 1124). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

22. Almannatryggingar, stjfrv., 503. mál, þskj. 798. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

23. Ályktanir Vestnorræna ráðsins, þáltill., 461. mál, þskj. 739, nál. 1170. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

24. Sóttvarnalög, stjfrv., 490. mál, þskj. 772, nál. 1167, brtt. 1168. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

25. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 556. mál, þskj. 858, nál. 1166. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

26. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859, nál. 1162. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

27. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, stjfrv., 559. mál, þskj. 861, nál. 1165. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

28. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 312. mál, þskj. 562, nál. 1163. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

29. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657, nál. 1159. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

30. Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, stjfrv., 524. mál, þskj. 825, nál. 1157, brtt. 1158. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

31. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1156. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

32. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855, nál. 1180, brtt. 1181 og 1182. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

33. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491, nál. 1183. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

34. Stjórn fiskveiða, frv., 229. mál, þskj. 275, nál. 1184. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

35. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 231. mál, þskj. 278, nál. 1185. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

36. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frv., 635. mál, þskj. 1164. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

37. Varðveisla báta og skipa, þáltill., 636. mál, þskj. 1186. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]

Of skammt var liðið frá síðustu umræðu og/eða útbýtingu þskj. í 12.–37. dagskrármáli og þskj. 1160 og 1187. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Útvarpslög, 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (heildarlög). — Þskj. 1133, brtt. 1135.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, 3. umr.

Stjfrv., 452. mál (EES-reglur). — Þskj. 1147.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 258. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 998, brtt. 1160.

[16:11]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Brtt. sú sem ég flyt við frv. til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs er eingöngu tæknilegs eðlis. Hún er lögð fram með hliðsjón af breytingum sem eru til umfjöllunar í öðrum lögum í þinginu og munu koma frá hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). — Þskj. 1099, brtt. 1116 og 1117.

[16:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég flyt brtt. við frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem felst aðallega í því að lífeyrissjóðirnir séu eign sjóðfélaga sinna.

Ekki hefur verið ljóst hverjir eru eigendur lífeyrissjóða. Sjóðfélagar eiga réttindi hjá sjóðnum en hver fer með forræði þeirra eigna sem standa á móti réttindunum? Ef farið væri eftir iðgjaldinu, sem yfirleitt skiptist í 4% iðgjald launþega og 6% iðgjald launagreiðanda, mætti draga þá ályktun að launþegar ættu 40% af eignum sjóðanna og launagreiðendur 60%. En á móti því mælir að sjóðfélaginn á einn réttindi hjá sjóðnum.

Þegar atvinnurekandinn greiðir 6% iðgjald sitt þá er það sjóðfélaginn sem öðlast réttindin en ekki atvinnurekandinn eða fyrirtækið. Þessi skipting á iðgjaldi er ævaforn og byggir í reynd á skyldu húsbónda við hjú sitt. Það þótti ekki við hæfi að bóndi sem hafði hjú til fjölda ára ræki það út á guð og gaddinn þegar vinnuþrekið þvarr. Af þessu leiddi húsbóndaskylda gagnvart hjúum og þegar iðnbyltingin hófst og menn skiptu um störf var mjög vandmeðfarið hver ætti að bera ábyrgð á hjúinu þegar vinnuþrekið þvarr. Ekki var hægt að láta síðasta atvinnurekanda, sem hafði kannski haft manninn í vinnu stuttan tíma, bera alfarið ábyrgð á honum.

Til að leysa þann vanda var að frumkvæði Bismarcks sett í gang lífeyrissjóðakerfi sem náð hefur útbreiðslu um allan heim og þannig er fólk tryggt í lífeyrissjóðum með iðgjaldi atvinnurekenda og launþega. Þetta er lausnin á húsbóndaskyldu atvinnurekenda gagnvart hjúum sínum. Samkvæmt því ættu húsbændurnir, þ.e. atvinnurekendur, að eiga hlut í lífeyrissjóðunum. En eftir að teknar voru upp ábyrgðir og skyldur sveitarfélaga og ríkis til að sjá mönnum farborða þegar illa gengur, sem endurspeglast í lögum um framfærsluskyldu sveitarfélaga og í lögum um almannatryggingar hjá ríkinu, má segja að ríki og sveitarfélög hafi tekið yfir húsbóndaábyrgð atvinnurekandans og þannig sé ekki lengur hægt að rökstyðja að atvinnurekendur eigi tilkall til þessara eigna eða umráðarétt yfir þeim.

Frv. um skattlagningu lífeyrisiðgjalda sem liggur fyrir hv. Alþingi dregur í reynd dám af þessu. Þar er lagt til að iðgjald atvinnurekenda til lífeyrissjóðs teljist sem skattlagðar tekjur launþegans enda hafa komið upp alls konar vandamál, t.d. þegar menn greiða inn í séreignarsjóði. Þá eru atvinnurekendur að greiða iðgjald í séreignarsjóð en starfsmaðurinn öðlast séreignina, hún verður eign hans. Í séreignarsjóði er ekki um að ræða réttindi heldur eign og þetta eru greinilega tekjur mannsins.

Í sameignarsjóðunum er þetta erfiðara. Fólk hefur átt í vandræðum með að skilja hugtakið eign þegar það felst í því að eiga réttindi. Þetta vefst reyndar ekki fyrir fólki þegar um er að ræða laxveiðiár þar sem einhver hefur rétt á að veiða. Þetta vefst heldur ekki fyrir fólki þegar um er að ræða hlutabréf þar sem einhver hefur rétt til arðs sem meira að segja er óákveðinn og í raun óvissari eign en lífeyrisréttur hjá lífeyrissjóði. Aðalmunurinn felst í því að lífeyrisrétturinn hjá lífeyrissjóði er ekki framseljanlegur vegna þess að það er skylda frá hendi löggjafans að menn greiði í lífeyrissjóð til þess að létta framfærslubyrðum af ríkinu og hindra að menn eyði þessari eign sinni. Hún er því ekki framseljanleg og ekki veðsetjanleg. Það er eini munurinn á þessari eign og öðrum eignum eins og t.d. hlutabréfum.

Eins og fram kemur á brtt. á þskj. 1117 á að upplýsa sjóðfélaga um verðmæti áunninna réttinda hjá sjóðnum. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt vegna þess að fólk veit almennt ekki hvað það á mikið hjá lífeyrissjóðnum sínum. Almennt eiga Íslendingar eða íslenskir launþegar að meðaltali 3,5 millj. skuldlaust hjá lífeyrissjóðnum sínum. Eins og fram kom í umræðunum um skuldastöðu heimilanna eru eignir landsmanna í lífeyrissjóðunum, eins og hæstv. félmrh. svo réttilega sagði, svipaðar og skuldir heimilanna. Hæstv. félmrh. sagði hreint út að þetta væru eignir landsmanna, væntanlega þá sjóðfélaganna því að fyrirtæki teljast ekki til landsmanna. Þannig virðist vera skilningur á því að eignir lífeyrissjóðanna séu eignir sjóðfélaganna, enda standa þeir á móti réttindum sjóðfélaga. Þess vegna er þessi tillaga mjög rökrétt og maður spyr sig: Ef sjóðfélagarnir eiga ekki lífeyrissjóðina, hver á þá þá? Á þá kannski enginn?

Mér finnst mjög brýnt að koma þessu á þannig að sjóðfélagarnir fái að vita að þeir eigi lífeyrissjóðina og hve stóran hlut þeir eigi í lífeyrissjóðunum þannig að þeir fari að skipta sér meira af ráðstöfun þessa fjár sem hingað til hefur verið í höndum aðila sem sjóðfélagar geta oft og tíðum og yfirleitt ekki kosið.

Herra forseti. Sem afleiðingu þessa flyt ég brtt. á þskj. 1116 en þar er gert ráð fyrir því að félagsfundur fari með æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðs og sjóðfélagar eða umboðsmenn þeirra kjósi stjórn á félagsfundi. Sumir segja að stéttarfélögin gegni þessu hlutverki í dag og það er rétt svo langt sem það nær en stéttarfélögin tilnefna ekki nema helminginn af stjórnarmönnum lífeyrissjóðanna. Svo segja sumir að lýðræðið í stéttarfélögunum sé þannig vaxið að oft og tíðum geti það ekki kallast lýðræði. Það má sjá á því hve litlar breytingar eru á stjórnum stéttarfélaga þar sem menn sitja áratugum saman og aldrei fer fram raunveruleg kosning í stjórn. Lýðræðið í stéttarfélögunum er ákaflega fátæklegt, því miður, vegna þess að það ætti að vera mikið virkara. Félagsmenn í stéttarfélögunum ættu að vera virkari og ættu að veita stjórnum stéttarfélaganna meira aðhald en er í dag. Til þess að taka á þessu flyt ég brtt. um að sjóðfélagar greiði atkvæði um stjórn á félagsfundum lífeyrissjóðanna og atkvæðisrétturinn fari eftir áunnum og framreiknuðum iðgjöldum og eftir höfðatölu en fari annars eftir því sem

reglugerð sjóðsins kveður á um og geti verið mismunandi eftir sjóðum.

Nú er það þannig að í sjóðum þar sem jafnvel er mikið af ungum sjóðfélögum, þar sem t.d. margar ungar konur eru félagar, sitja aldraðir karlmenn og stýra málum. Sjóðfélagarnir hafa nánast engin áhrif á þessar stjórnir.

Ég mæli fyrir þessum brtt. og megininntakið er að sjóðfélagarnir eigi lífeyrissjóðina og komi að stjórnum þeirra.

[16:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil gera að umræðuefni þær brtt. við frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem hv. þm. Pétur H. Blöndal leggur hér til. Ég hef örfáar athugasemdir fram að færa.

Hv. þm. leggur áherslu á að lífeyrissjóðirnir séu skilgreindir sem eign launafólks. Ég tek undir þá hugsun. Hv. þm. finnst eðlilegt að iðgjaldinu sé ekki skipt á milli launamannsins annars vegar og launagreiðandans hins vegar vegna þess að launamaðurinn eigi að njóta réttarins sem þessar iðgjaldagreiðslur skapa. Það er alveg rétt í sjálfu sér. Hins vegar má einnig líta svo á að þessi skipting á milli framlags launagreiðanda og launamanns endurspegli líka ábyrgð launagreiðandans í þessum efnum.

Varðandi þann hluta brtt. sem lúta að stjórnsýslu og hverjir sitji í stjórnum lífeyrissjóðanna þá vill hv. þm. Pétur H. Blöndal að þessar tilnefningar fari úr höndum stéttarfélaganna þar sem þær hafa verið og yfir til félagsfunda eða aðalfunda. Hv. þm. *nefnir félagsfundi í brtt. sínum. Að mínu* dómi yrði þetta til þess að draga úr lýðræðinu, þrengja að því. Þetta yrði ekki til að víkka það. Það kann vel að vera að ef aukin völd yrðu færð til aðalfunda eða félagsfunda þá mundu fleiri sækja þá fundi en ella. Hins vegar tel ég að miklu fleiri komi að þessum málum á virkan hátt í gegnum stéttarfélögin sem fram til þessa hafa kosið fulltrúa í stjórn.

Ég minni á að þegar lífeyrissjóðakerfið var smíðað á sínum tíma þá var það vegna baráttu verkalýðshreyfingarinnar sem beitti sér mjög hart í þessum efnum. Jafnan þegar að þessu kerfi hefur verið sótt eins og dæmi eru um á liðnum árum þá hafa stéttar- og verkalýðsfélög og heildarsamtök launafólks staðið um það vörð og jafnframt beitt sér fyrir umbótum og lagfæringum á þessu kerfi. Ég tel að þessar breytingar yrðu þrengjandi og ekki til að auka lýðræðið nema síður væri. Þær yrðu til þess að styrkja lífeyrissjóðakerfið. Verkalýðshreyfingin, stéttarfélögin og heildarsamtök launafólks finna mjög til ábyrgðar þegar lífeyriskerfið er annars vegar.

Varðandi þær upplýsingar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vill að lífeyrissjóðunum sé gert að veita sjóðfélögum, þá tel ég brtt. hv. þm. ekki til bóta. Hann vill að sjóðfélögunum verði gerð grein fyrir verðmæti áunninna réttinda þeirra hjá sjóðnum og ég skil það svo að átt sé við uppreiknuð verðmæti. Um þetta hefur nokkuð verið rætt í efh.- og viðskn. þingsins. Menn voru á því máli að að sjálfsögðu ætti að veita sem gleggstar upplýsingar en mikilvægt væri að þær væru markvissar og kæmu að gagni en væru ekki misvísandi.

Ef um það er að ræða að einstaklingi sé gerð grein fyrir því hvaða upphæð hann eigi inni í lífeyrissjóðunum þá gæti það valdið miklum misskilningi. Einstaklingur, svo dæmi sé tekið, *á inni í sjóðnum ígildi 10–11 millj. kr. Hann fellur* síðan frá eftir hálft ár eða eitt ár á lífeyrisgreiðslum. Þá væri mjög líklegt að erfingjar eða aðstandendur vildu leita réttar síns og koma höndum yfir þessa fjármuni sem lífeyrissjóðurinn er búinn að segja einstaklingnum að hann eigi inni. Þetta er hins vegar ekki eign hans í þeim skilningi. Eignin felst í réttindum sem hann á kröfu til, tiltekin upphæð á hverjum mánuði svo lengi sem hann lifir, örorkubótum eftir tilteknum *reglum, makabótum, makinn á rétt á tilteknum* greiðslum, barnabóta og þar fram eftir götunum. Að mínum dómi er eðlilegast að gera grein fyrir þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur unnið sér rétt til en ekki heildarupphæð sem að mínum dómi gæti verið misvísandi og er ekki til þess fallinn að varpa ljósi á stöðu mála.

Þetta eru þær athugasemdir sem ég vil gera við þessar brtt. hv. þm. Péturs H. Blöndals við frv. sem hér liggur fyrir um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

[16:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar langar mig að koma inn á orð hans um að ég gerði ráð fyrir því að valdið flyttist frá stéttarfélögum til félagsfundar, þ.e. félagsfundir kysu stjórn í staðinn fyrir tilnefningu stéttarfélaga. Þetta er ekki nema hálfur sannleikurinn vegna þess að stéttarfélögin tilnefna ekki nema helminginn af stjórnarmönnum. Hinn helmingurinn er yfirleitt tilnefndur af atvinnurekendum sem sjóðfélagar hafa ekkert með að gera, nema að þeir starfa hjá þeim. Þetta mundi þannig flytja valdið frá stéttarfélögum og atvinnurekendum til félagsfunda sjóðfélaga.

Nú geta menn náttúrlega haft mismunandi skoðun á því *hvort sjóðfélagar séu færir um að nýta lýðréttindi sín* og kjósa stjórn. Ég verð mjög mikið var við að menn efast um að sjóðfélaginn sé fær um þetta. Það eru mjög margir sem vilja taka að sér þetta hlutverk hans, að kjósa í stjórn. Ég hef aftur á móti fulla trú á því að Íslendingar geti kosið sér stjórnir í lífeyrissjóðum sínum. Ég hef fulla trú á því að þeir sem eiga allt undir því að stjórnin starfi rétt mæti á félagsfund og kjósi sér stjórn. Þetta sjáum við hjá einstaka stéttarfélögum. Ég nefni Sjómannafélagið. Ég hygg að þátttakan þar sé mjög almenn í kosningum sem reyndar eru yfirleitt bréfakosningar. Þetta mætti gera nákvæmlega eins með lífeyrissjóðina. Kosningin færi fram með bréfakosningu og jafnvel á netinu. Það væri hægt að fara þá leið. Ég sé ekkert að því að stéttarfélögin tilnefndu menn í framboð. Það væri allt í lagi en þar mættu líka aðrir koma að sem yrði þá kosið á milli. En þegar mikið liggur við gæti sjóðfélaginn haft bein áhrif á það hverjir eru kosnir í stjórn. Það er aðalatriðið.

Ég hef sem sagt meiri trú á félagsmönnum stéttarfélaganna heldur en forsvarsmenn þeirra, á að þeir séu færir um að nýta sér lýðræðisleg réttindi sín til að kjósa.

Hv. þm. sagði enn fremur að lífeyrissjóðakerfið væri afrakstur af baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Ég vil gera mikla athugasemd við þessa söguskýringu. Fyrsti lífeyrissjóður í landinu var stofnaður 1920 og var lífeyrissjóður embættismanna. Það komu engin stéttarfélög að því. Næstu lífeyrissjóðir voru Lífeyrissjóður KEA og Lífeyrissjóður Sjóvár þar sem fyrirtækin komu að því að tryggja starfsmenn sína. Þar á meðal var Vilhjálmur Þór sem gaf stóra upphæð á þeirrar tíðar mælikvarða, 2.500 kr., til að stofna Lífeyrissjóð KEA. Þetta var félagsleg hreyfing hjá stjórnendum fyrirtækja á þeim tíma, 1930–1934. Síðan er Lífeyrissjóður *verslunarmanna stofnaður af VR sem nokkru áður hafði* verið félag atvinnurekenda og launþega. Árið 1956 er sá sjóður stofnaður.

Það er ekki fyrr en í samningum 1969 að hinir almennu lífeyrissjóðir eru stofnaðir og þá að frumkvæði Eðvarðs Sigurðssonar sem sagði að hann vildi gefa hinum almenna verkamanni kost á því að fá lán, ekki lífeyri. Aðalhvatinn að stofnun lífeyrissjóðanna á þeim tíma var ekki lífeyrishlutverkið heldur lánahlutverkið, enda voru lífeyrissjóðirnir mjög sterkir í því að lána beint til sjóðfélaga. Það gekk ekki að fá fólk til að ganga í lífeyrissjóðina á þeim tíma, 1969 og 1970. Það gekk ekki neitt. Hvað gerðu menn þá? Þá, 1974, var lögfest ein furðulegasta lagasetning í öllum heiminum, þar sem hið háa Alþingi samþykkti lög sem segja að öllum sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Ekkert meir. Ekkert ákvæði um það hvort sjóðirnir gætu borgað lífeyri. Ekkert var um það hvernig reglum um þá yrði háttað. Ekkert var um það að hafa eftirlit með þessum sjóðum, ekkert. Það var bara þessi eina setning. Þannig var þetta mjög lengi og þá fyrst þegar lífeyrissjóðirnir gátu með lögfræðingum sótt iðgjöldin inn í fyrirtækin, fór að fjölga í lífeyrissjóðunum, en ekki fyrr. Það er sem sagt löggjafinn sem á mestan hlut í því hvað lífeyrissjóðakerfið hefur vaxið.

Sú brtt. sem ég flyt er ekki alveg út í bláinn. Eignir lífeyrissjóðanna eru feiknarlega miklar, 550 þús. millj. kr. og ráðstöfunarféð er feiknarmikið. Ætli það sé ekki nálægt 140 þúsund millj. kr. á ári. Það er frjáls ráðstöfun. Það er ekki ráðstöfun eins og hjá Alþingi þar sem allt er meira og minna niðurnjörvað. Nei, þetta er nokkurn veginn frjáls ráðstöfun þannig að vald sjóðstjórna er mjög mikið. Þær eru að kaupa hlutabréf alla daga og þeim fylgja ítök í hlutafélögunum. Sem dæmi má nefna að verðmæti stærstu hlutafélaga á landinu eru svona 20–40 milljarðar en lífeyrissjóðirnir ráðstafa 140 milljörðum á ári. Hvert einasta ár. Þeir gætu keypt upp landið og miðin á mjög stuttum tíma og eru kannski að því, enda sér maður þegar maður lítur á eigendalista hlutafélaga að þar tróna lífeyrissjóðirnir yfirleitt efstir á blaði, samanber hina nýstofnuðu banka sem ríkið hefur verið að selja. Það eru lífeyrissjóðirnir sem hafa aðallega keypt þá.

Þetta er mikið vald. Þetta er mikil eign og ég tel það mjög brýnt, þjóðhagslega brýnt, að sjóðfélagarnir komi að þessu valdi, að eigandinn komi að þessari eign sinni og viti a.m.k. af henni þó ekki væri annað. Ég hygg að eftir svona 20–30 ár með svipaðri þróun þegar lífeyrissjóðirnir verða komnir upp í eign sem er 800–1.000 milljarðar, þ.e. milljón milljónir, sem verður þá hámarkið — þá fer aftur að draga úr, þá fara lífeyrisgreiðslurnar að taka meiri toll — þá verði vald lífeyrissjóðanna og ítök í atvinnulífinu orðin þvílík að menn mundu hafa viljað sjá slíka lagasetningu miklu fyrr til að eigandinn venjist því að kjósa sér stjórn og hafa áhrif á hverjir fara með fé hans.

Stjórnir sjóðanna eru að ráðstafa þessu mikla fé á hverjum einasta degi innan lands og erlendis. Ég ætla að vona að þeir beri gæfu til að ráðstafa þeim peningum rétt þannig að ekki tapist því það er mikil áhætta fólgin í því að ráðstafa fé. Svo að maður tali nú ekki um þegar féð er orðið svona mikið. Þegar vandkvæði eru orðin á að finna góða fjárfestingarkosti aukast líkurnar á því að menn geri mistök. Þess vegna finnst mér mjög brýnt að eigandi fjárins, sjóðfélaginn, komi að þessu fé sínu því að í mínum huga á sjóðfélaginn lífeyrissjóðinn. Hann á þetta fé sem stendur á móti réttindum hans.

Þá flyt ég hér tillögu um að gefa fólki upplýsingar um verðmæti réttindanna. Það er akkúrat sá hlutur sem viðkomandi sjóðfélagi á í eignum sjóðanna því að eignirnar eiga að standa á móti öllum réttindum, eða verðmæti réttindanna, og þau eru reiknuð út á hverju einasta ári fyrir hvern einasta sjóðfélaga. Þetta er því allt þekkt. Ef eignirnar standast á við verðmæti réttinda hvers einstaks sjóðfélaga er þetta akkúrat sá hlutur sem maðurinn á í eignum sjóðsins og sem stjórnin er að ráðstafa fyrir hans hönd. Þetta er í rauninni fjöregg hans því að þetta á að standa undir lífeyrisréttindum hans í ellinni. Þess vegna tel ég mjög brýnt að sjóðfélaginn komi sem eigandi að þessu fé og kjósi sér stjórn beint og ég treysti honum fullkomlega til þess.

[16:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein lítil spurning til hv. þm. Péturs H. Blöndals um síðasta efnisatriðið í síðari ræðu hans um upplýsingar um þann hlut sem sjóðfélaginn á í sjóðnum. Getur hann ekki tekið undir það sjónarmið sem fram kom hjá mér í ræðu minni um brtt. hans að þetta gæti orkað tvímælis? Þetta gæti verið misvísandi og valdið misskilningi gagnvart t.d. aðstandendum fólks sem fellur frá, hefur fengið upplýsingar um að það eigi 10 millj., 15 millj. inni í lífeyrissjóðnum. Einstaklingurinn fellur frá og krafan stenst síðan ekki þegar hún er fram sett vegna þess að um er að ræða réttindi sem einstaklingurinn á, rétt til greiðslu í hverjum mánuði svo lengi sem viðkomandi lifir, rétt til makabóta, rétt til barnabóta, rétt til örorkubóta, en ekki kröfu á þá upphæð sem hv. þm. vill að upplýsingar verði gefnar um.

[16:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er aftur spurning um trú á dómgreind einstaklingsins. Ég trúi því að einstaklingurinn geti vel skilið að verðmæti ellilífeyrisréttinda hans séu t.d. 10 millj. og þau verðmæti falli niður þegar hann fellur frá. Þetta held ég að allir geti skilið, hver og einn einasti maður. Það er líka hægt að segja að verðmæti örorkulífeyris rétthafans, þó að hann sé ekki öryrki, sé svo og svo mikið og komi til ef hann verði öryrki. Þetta held ég að allir geti skilið eða velflestir.

Makalífeyrisrétturinn t.d. hjá þingmönnum. Ef hér kemur inn nýr þingmaður þá á makinn rétt á 20% af þingfararkaupi. Þetta eru ákveðin verðmæti sem makinn á og ég held að fólkið skilji það fullkomlega að ef makinn fellur frá, segjum áður en hann hefur töku lífeyris, þá falla þessi réttindi úr gildi. Þetta er nákvæmlega eins og að þeir skilja það fullkomlega sem eiga hlutabréf í Eimskip að þeir eiga enga kröfu á arði. Hann fellur bara til ef félagið skilar hagnaði. Ég hef miklu meiri trú á almenningi. Hann er miklu gleggri en hv. þm. gerir ráð fyrir í ræðu sinni.

[16:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef um væri að ræða séreignarsjóð væri eðlilegt að veita þessar upplýsingar. En ég er ekki gleggri en svo að ég vil fá markvissar upplýsingar um hver réttindi mín eru en ekki misvísandi upplýsingar eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal er að gera tillögu um að lífeyrissjóðirnir veiti. Ég tel þetta vera misvísandi og orka tvímælis. Ég vil fá markvissar upplýsingar.

Hins vegar geri ég mér alveg grein fyrir því hvað vakir fyrir hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann er að reyna að innræta fólki hugsunarhátt fjárfestisins þannig að einstaklingarnir vakni upp á morgnana og byrji að hugsa um vísitölur, hvort þær séu uppi eða niðri og hve mikið þær hafi hreyfst yfir

nóttina. Þetta er hugsunin sem hann vill innræta sjóðfélögum. Ég geri mér alveg grein fyrir því. En ég tel að með því móti að veita upplýsingar um heildareign eða hlutdeild einstaklingsins í lífeyrissjóðnum sé verið að gefa misvísandi upplýsingar. Ég tel þetta orka mjög tvímælis.

[16:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Hv. þm. situr í stjórn lífeyrissjóðs. Sem slíkur tekur hann afstöðu til tryggingafræðilegrar úttektar á sjóðnum. Þar kemur fram að tryggingafræðileg úttekt segir að skuldbindingarnar séu svo og svo mikils virði, í hans tilfelli reyndar fimm sinnum meiri en eignin. En það gerir ekkert til því að skattgreiðendur borga mismuninn.

En hann hlýtur að átta sig á því að þessi tryggingafræðilega úttekt er skuldbinding til handa sjóðfélögum hans. Hún er eign og hún er ekki lakari eign en hver önnur. Það er nefnilega þannig að þær forsendur og þær líkur sem notaðar eru til þess að reikna út tryggingafræðileg verðmæti réttinda eru dánarlíkur, sem eru mjög skotheldar, örorkulíkur sem eru reyndar fengnar frá Skandinavíu. Það er þekkt hvort maðurinn er giftur eða ekki og dánarlíkur makans eru þekktar. Þetta eru allt saman líkur sem eru miklu nákvæmari og miklu meira er vitað um en líkur sem liggja til grundvallar t.d. verðmætis hlutabréfa Landsbankans.

Það að ég vilji koma inn hugarfari fjárfestisins hjá sjóðfélögum er ekki rétt. Ég ætla að koma inn hugarfari eigandans sem þá kýs menn til þess að fylgjast með fjármálamarkaðnum eins og hv. þm. hlýtur að gera þar sem hann er í stjórn lífeyrissjóðs. Hv. þm. hlýtur að vaka og sofa yfir því hvernig verðbréfamarkaðurinn gengur daginn út og daginn inn. Annars væri hann ekki starfi sínu vaxinn því hann stendur í því að fjárfesta. Það er hlutverk hans að vaka og sofa yfir gengi hlutabréfa alla daga.

[16:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi umræða um lífeyrissjóðina hefur verið fróðleg um margt. Þetta hefur mikið verið rætt á undanförnum árum. Ég hef haldið því fram að það hafi fyrst og fremst verið vegna baráttu verkalýðshreyfingarinnar að hér í landinu hefur verið smíðað gott lífeyriskerfi. Við minnumst þess öll að upp úr miðjum tíunda áratugnum, þegar ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. lagði fram frv. um grundvallarbreytingar á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem hefði leitt til verulegrar skerðingar á þeim réttindum, og fram kom frv. um grunnlöggjöf sem lífeyrissjóðirnir hvíla á, þá var það verkalýðshreyfingin og stéttarfélögin, heildarsamtök launafólks sem risu upp og fengu því áorkað að á þessum frv. voru gerðar gagngerar breytingar mjög til bóta.

Þetta endurspeglar þá ábyrgð sem stéttarfélögin og verkalýðshreyfingin, heildarsamtök launafólks, hafa á lífeyriskerfinu og hafa sýnt í verki að þau vilja verja það þegar að því er sótt og bæta það síðan eins og kostur er. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt ef manni er umhugað um að passa upp á þetta kerfi og sjá til þess að undan því sé ekki grafið, að koma í veg fyrir að tengslin séu rofin við hreyfingu launafólks, eins og ég tel að mundi gerast með þeim lagabreytingum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal leggur til.

Honum verður tíðrætt um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og telur að það sé hið versta kompaní og þar þurfi ekki annað en að kalla til skattborgarann. Staðreyndin er sú að lífeyrissjóðakerfið, jafnvel fyrir þá breytingu sem gerð var hér fyrir fáeinum missirum, var á margan hátt mjög hagstætt fyrir ríkissjóð. Þótt ég hafi verið fylgjandi þeim breytingum sem gerðar voru á því þá er margt dulið í því efni. Ríkissjóður leitaði t.d. um lánsfjármagn í lífeyrissjóðina. Hann borgaði ekki vexti af því lánsfjármagni og aðra þætti mætti einnig nefna.

Ég hef hins vegar verið eindreginn stuðningsmaður þeirra breytinga sem gerðar voru á lífeyrissjóðakerfinu og tóku gildi í upphafi árs 1997, ef ég man rétt. Nú er svo búið um hnútana að í nýja deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins renna iðgjöld sem standa undir þeim skuldbindingum sem lífeyrissjóðurinn hvílir á þannig að þessu kerfi hefur verið breytt.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að stjórnum lífeyrissjóðanna ber að sjálfsögðu að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna og fylgjast með því sem er að gerast á lánsfjármarkaði og hlutabréfamarkaði. Staðreyndin er sú að lífeyrissjóðirnir eða stjórnirnar horfa til tvenns í því efni. Annars vegar eru reistar allþröngar skorður með löggjöf sem er við lýði um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og við höfum verið að gera breytingar á núna og erum að gera breytingar á. Í annan stað kalla lífeyrissjóðsstjórnirnar til sín ráðgjafa, ráðgjafarfyrirtæki, bæði innan lands og utan, sér til ráðuneytis um hvernig dreifa beri fjárfestingarábyrgðinni. Síðan er það að sjálfsögðu stjórna lífeyrissjóðanna að vega og meta þessa kosti alla og þau ráðgjafarfyrirtæki sem til eru kölluð.

Ég vil leggja áherslu á að stéttarfélögin, heildarsamtök launafólks, hafa staðið vörð um þetta kerfi og barist fyrir því að bæta þessi kerfi og ég vara mjög eindregið við því að skorið verði á þau tengsl sem þar hafa myndast.

Síðan finnst mér mikilvægt, herra forseti, að jafnan þegar veittar eru upplýsingar um réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðunum þá séu þær réttar og ekki til þess fallnar að valda misskilningi eins og ég tel að tillögur hv. þm. Péturs H. Blöndals muni gera.

[16:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að verkalýðshreyfingin hefur staðið vörð um þetta kerfi. Hún hefur staðið vörð um sína eigin hagsmuni.

Málið gekk út á það hvort veita mætti fólki val, hvort fólk mætti velja á milli lífeyrissjóða. Það hefði sko veitt stjórnum sjóðanna aldeilis aðhald. Nei, það mátti ekki. Verkalýðshreyfingin stóð í hörkubaráttu heilt sumar við að fá það út og henni tókst að fá inn að fólk yrði áfram skyldað til að borga inn í einn ákveðinn lífeyrissjóð til þess að stjórnin þurfi nú ekkert að óttast að menn færu í annan lífeyrissjóð ef hún stæði sig ekki. Þetta er varnarbarátta verkalýðshreyfingarinnar.

Varðandi Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þá skilaði varnarbarátta þess verkalýðsfélags því að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins skilaði 42 milljörðum í aukningu á skuldbindingum 1998. Skuldbindingar sjóðsins jukust um 42 milljarða. Þökk sé verkalýðshreyfingunni sem stóð á bak við það. Það þýðir að skuldbindingarnar jukust um 2 milljónir á hvern einasta starfandi ríkisstarfsmann, þ.e. sem ríkið skuldaði þessu fólki meira í árslok 1998 en í ársbyrjun.

Varðandi iðgjaldið í A-deild LSR þá var það þannig að sjóðfélagar borga 4% hvað sem á dynur. Ríkissjóður borgar breytilegt iðgjald eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni. Ef vextir lækka verður iðgjald ríkissjóðs himinhátt og skattgreiðendur borga það sem kunnugt er.

[16:52]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi eiga fleiri en ríkissjóður aðild að þessum lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og fleiri lífeyrissjóðir en þessi bjóða upp á þessi iðgjöld. En hér náttúrlega kveður við gamalkunnan tón. Mönnum finnst samtryggingin vera of mikil, of dýr, og hafa viljað færa hana niður. Þegar hv. þm. talar um að verkalýðsfélögin hafi viljað verja sína hagsmuni á sínum tíma þá er það rétt í þeim skilningi að þau vildu verja hagsmuni launafólks gagnvart röddum af þessu tagi sem vildu færa samtrygginguna niður, fannst hún vera of dýr og færa þetta fjármagn í ríkara mæli en verið hefur inn í séreignarsjóði hjá verðbréfafyrirtækjum og öðrum aðilum. Um þetta var tekist. Það er alveg rétt. Sumarlangt var tekist á um þetta í þjóðfélaginu.

Annars vegar voru þeir sem héldu fram málstað verðbréfafyrirtækjanna og fjármálafyrirtækjanna. Ég heyri að hv. þm. Pétur H. Blöndal er í þeim hópi, enda þarf það ekki að koma óvart. Hann hefur haldið þeim málstað mjög uppi. Hins vegar vildu verkalýðssamtökin, samtök launafólks, hafa samtrygginguna sem allra traustasta. Þetta er bara mismunandi afstaða. Þetta eru pólitísk átök sem þarna eiga sér stað, en sanna a.m.k. í mínum huga, færa sönnur á mikilvægi þess að hafa sem traustust bönd á milli lífeyrissjóðanna annars vegar og verkalýðshreyfingarinnar hins vegar.

[16:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Verkalýðshreyfingin ver hagsmuni stjórna verkalýðsfélaganna. Það er það sem hún ver. Hún passar að völd þeirra séu óskert og ekki verði neitt hringl þannig að sjóðfélaginn fái að velja sér lífeyrissjóð.

Þetta gekk ekkert út á hagsmuni verðbréfafyrirtækja. Það gekk út á það hvort sjóðfélaginn mætti velja sér lífeyrissjóð, hvort sá sem er skyldaður með lögum til að greiða í lífeyrissjóð geti haft einhver áhrif á það hvert peningarnir færu fyrst hann fær nú ekki að kjósa stjórnina.

Mér finnst það alveg fráleitt, það er fáránlegt, að Alþingi skyldar mann til að borga í ákveðinn lífeyrissjóð en gefur honum ekki kost á því að hafa nein áhrif á stjórn þess sjóðs sem fer með þá peninga. Hann má heldur ekki velja sér annan lífeyrissjóð ef honum líkar ekki ávöxtun þess sjóðs sem hann er neyddur til að greiða til.

Ég vil benda á að ég sem þingmaður er neyddur til þess að greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hvort sem ég vil eða ekki og það er hv. þm. Ögmundur Jónasson sem fer með ráðstöfun þess fjár. Ég hef aldrei kosið hann í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þetta er bara lítið dæmi um það í hvaða stöðu nánast allir Íslendingar eru, allir íslenskir launþegar. Þeim er gert að borga inn í einhvern lífeyrissjóð og þeir hafa lítil sem engin áhrif á það hvaða menn stjórna þeim sjóðum og hvernig þeir fara með það fé sem þeim er gert að borga í sjóðina.

Svo gerist það núna í samningunum að allt í einu eiga menn pening. Atvinnurekendur eiga pening og launþegar geta fengið pening til að borga í lífeyrissjóð, ekki til að greiða út sem laun, nei. Það er hægt að setja aukaiðgjöld inn í lífeyrissjóðina, inn í þetta samtryggingarkerfi bæði atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar. Þá er til peningur. Það er ekki hægt að borga hann út sem laun. Nei, það er hægt að borga hann í lífeyrissjóðina sem þessir aðilar fara með báðir.

[16:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill hafa valfrelsi, að einstaklingarnir geti valið á milli lífeyrissjóða. Já, það eru margir sem vilja velja og margir atvinnurekendur vilja gjarnan velja sínum starfsmönnum lífeyrissjóði. Og þeir hafa margir mjög svipuð viðhorf og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem vex í augum hve sumir lífeyrissjóðirnir taka mikið til sín, um hve miklar fjárhæðir þar er að ræða.

Þá standa menn frammi fyrir því hvernig launamaðurinn verði best varinn fyrir öflum af þessu tagi sem vilja velja launamanninum ódýrasta kostinn, lakasta lífeyrissjóðinn og lökustu réttindin

[16:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. og menn hafa rætt í þessari umræðu hverjir hefðu komið þessum lífeyrissjóðum á. Mér fannst það ekki vera nógu skýrt að aðalátakið sem gert var til þess að koma lífeyrissjóðunum á var 1970 og það voru almennu verkalýðsfélögin sem stóðu í því átaki. Bara til þess að þeir sem hlýða á þessa umræðu taki það með í reikninginn þá var það þá sem stærstu átökin fóru fram og flestir lífeyrissjóðirnir urðu til hjá almennu verkalýðsfélögunum.

Það er svo önnur saga, a.m.k. hef ég aldrei getað skilið það, hvers vegna atvinnurekendur eiga sæti í stjórnum lífeyrissjóðanna. Ég geri engan greinarmun á því hvort menn kalla það sem verið er að greiða framlag atvinnurekenda eða framlag einstaklingsins. Það er einfaldlega verið að greiða í lífeyrissjóð vegna viðkomandi starfsmanna og þess vegna ætti það að vera fyrst og fremst eign hans sem slíks.

Ég get vel skilið þær hugmyndir sem hv. þm. Pétur Blöndal er að leggja hér fram. Mér finnst alveg ástæða vera til þess að velta því fyrir sér hvort verkalýðsfélögin og stjórnir þeirra eigi endilega að velja menn inn í stjórnir þessara lífeyrissjóða. Satt að segja hefur mér oft flogið í hug að það hafi stundum verið óheppilegt að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar væru jafnuppteknir af hagsmunum lífeyrissjóðanna og þeir hafa stundum verið langtímum saman þegar þeir eru að vega og meta önnur hagsmunamál launþeganna. Ég held að þessi seta þeirra á gullkistunum hafi kannski stundum getað orðið til þess að þeir hafi tekið öðruvísi afstöðu en þeir gerðu annars.

[16:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurninguna um hvort atvinnurekendur eða fulltrúar þeirra eigi að eiga aðild að sjóðstjórnum lífeyrissjóðanna þá kann það að vera álitamál.

Hins vegar finnst mér mjög mikilvægt að fram komi í stjórn lífeyrissjóða sameiginleg ábyrgð þessara aðila beggja, verkalýðshreyfingarinnar annars vegar og samtaka atvinnurekenda hins vegar. Ég held að það sé samfélagi okkar til góðs að treysta þá sameiginlegu sýn sem þessir aðilar hafa haft á lífeyrissjóðakerfið. Þótt ég taki undir með hv. þm. að þetta sé allt skoðunar virði þá finnst mér að við eigum ekki að gera lítið úr þessu sjónarmiði, sameiginlegri ábyrgð þessara aðila.

Ég held að menn eigi ekki að fara í einhvern meting um það hver hafi unnið mest að lífeyrissjóðsmálum á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar í tímans rás. Það eru mörg ártöl þar sem eru mikilvæg. Það er alveg rétt að gert var stórátak í kringum 1970 í lífeyrismálum. Innan opinbera geirans hafði

í langan tíma verið lögð mjög rík áhersla á þetta. Þá ríktu ekki markaðslaun eins og er í tísku nú á síðari tímum og var lögð mjög rík áhersla á margvísleg réttindi, þar á meðal á lífeyrisréttindin sem voru um langan aldur miklu traustari og betri hjá opinbera geiranum en á almennum vinnumarkaði. En ég legg áherslu á að það er verkalýðshreyfingin í heild sinni sem hefur axlað ábyrgð í þessum efnum og staðið vörð um hagsmuni launafólks hvað þetta snertir.

[17:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að taka þátt í neinum metingi. Ég vildi bara minna á að flestir sjóðirnir urðu til á þeim tíma og það er þá sem helstu almennu verkalýðsfélögin fá kröfum sínum framgengt hvað þetta varðar.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að sameiginleg ábyrgð atvinnurekenda og verkalýðs á lífeyrissjóðunum sé ekki nauðsynleg. Ég skil heldur ekki hvers vegna atvinnurekendur ættu frekar að eiga ítök í þeim sjóðum sem verkalýðshreyfingin á aðild að heldur en öðrum sjóðum sem menn eru að borga í sem eru orðnir býsna margir þar sem atvinnurekendur gera engar kröfur um réttindi og eiga engin réttindi til að skipta sér af því hvað gert er við þá peninga. Samið hefur verið um verulegar háar fjárhæðir frá hendi atvinnurekenda að undanförnu sem greiðslur inn í slíka sjóði og líka frá hinu opinbera, þannig að það er þá ekki sama hver peningurinn er sem rennur þarna inn. Ég held að menn þurfi að taka þetta til umræðu og velta þessu fyrir sér. Ég endurtek að það er skoðun mín að atvinnurekendur eru eins og hverjir aðrir launagreiðendur hvað þetta varðar. Þetta er eitt af því sem þeir borga vegna starfsmanna sinna og þeir eiga ekki að hafa afskipti af þessu frekar en orlofsheimilunum eða öðru slíku sem starfsmennirnir eiga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 460. mál (gildistími ákvæða um veiðar smábáta). — Þskj. 1092, brtt. 1067, 1068 og 1069.

[17:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér ræðum við um frv. sem flutt er af meiri hluta sjútvn. um stjórn fiskveiða. Það felur fyrst og fremst í sér að fresta þeim ákvæðum sem höfðu áður kveðið á um það í núgildandi lögum að kvótasetning færi fram á þremur fisktegundum í smábátakerfinu svokallaða og tæki gildi þann 1. september nk. Frv. gengur út á það að fresta þeim ákvæðum. Ég get lýst því að ég tek undir það sem lagt er til í frv. í 1. og 2. gr. þess. Ég hef hins vegar talsverðan fyrirvara varðandi 3. gr. að því leyti að það sem þar er lagt til er ákveðin ný opnun á því sem kallað er hér krókaaflahlutdeild og í þeirri útfærslu er ekki sett nein stærðartakmörkun á þá báta sem geta farið yfir í það kerfi sem þar er lagt til, þ.e. báta, sem eru almennt 6 tonn í smábátakerfinu og færu yfir í þessa krókaaflahlutdeild, þá væri hægt að stækka eftir að þeir væru komnir þangað án þess að settar hafi verið neinar sérstakar reglur um hversu mikil slík heimild stækkunar væri. Afleiðing laganna gæti því hæglega orðið sú næsta haust að í krókakerfinu verði bátar sem eru 20–30 tonn eða þaðan af stærri, þ.e. í þessari sérstöku útfærslu.

Þetta er fyrst og fremst það sem ég hef við þetta að athuga og get þar af leiðandi ekki samþykkt 3. gr. vegna þess að ég hefði talið eðlilegt að menn settu þá a.m.k. stærðartakmörkun þarna við því að mótun nýrrar fiskveiðistefnu liggur ekki fyrir, hvernig menn ætla að láta strandveiðar þróast í framtíðinni. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að menn hefðu sett einhverja stærðartakmörkun og þannig hefði verið séð til þess að ekki væri rennt blint í sjóinn með hvað gerist á næsta fiskveiðiári. Þetta er sú athugasemd sem ég hef við þetta.

Við hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson höfum lagt fram þrjár brtt. við þetta mál sem allar hníga að því að gefa öðrum sem við fiskveiðar vinna aðlögun og þeim sem eru þannig staddir að þeir hefðu þurft ákveðna lagfæringu og aðlögun meðan á endurskoðun laga um stjórn fiskveiða stendur yfir. Brtt. ganga út á það í fyrsta lagi — þær voru ræddar talsvert fyrir nokkrum dögum og ætla ég ekki að hafa langt mál núna vegna þess hversu ítarleg umræða fór fram fyrir ekki löngu síðan — að þau skip sem eru í aflamarkskerfinu, svokallaða stóra kvótakerfinu, almenna kvótakerfinu, og hafa tiltölulega mjög litlar aflaheimildir, þar sem menn hafa verið að leigja aflaheimildir á okurverði til þess að reyna að gera út — í mörgum tilfellum eru þetta sjómenn sem áður störfuðu á stærri skipum sem búið er að selja úr þeim byggðarlögum þar sem þeir búa og eru að reyna að koma sér fyrir eða skaffa sér lífibrauð með því að eignast fiskiskip og reyna að gera þau út — við hefðum talið eðlilegt að þeim væri gefin nokkur aðlögun og sú tillaga sem við lögðum til á þskj. 1067 gengur út á að gefa þeim nokkra aðlögun.

Auk þess gengur hún út á að t.d. þeir grásleppusjómenn sem eru á litlum bátum undir 20 rúmlestum og hafa minni aflaheimildir en 15 þorskígildistonn fengju sérstaka úthlutun til að mæta þeirri þröngu stöðu sem þeir eru í. Það var ekki gert að skilyrði að sá floti hefði þurft að leigja til sín, enda hefur hann orðið fyrir mikilli tekjurýrnun samfara grásleppuveiðum á sl. ári og horfur eru til þess einnig á þessu ári vegna verðlagsmála.

Önnur tillagan sem við fluttum var um að þar sem áfram væri verið að gefa frjálsar veiðar í krókakerfinu á þremur fisktegundum, steinbít, ufsa og ýsu, yrði gengið örlítið til móts við þá sem vinna almennt í aflamarkskerfinu og þær tvær tegundir sem við nefnum hér, steinbítur og ufsi, yrðu teknar út úr kvótakerfinu meðan á endurskoðunartímanum stæði þannig að jafnræði myndaðist þar líka með mönnum, þ.e. þeim sem starfa í stærra kvótakerfinu og þeim sem vinna í svokölluðu smábátakerfi. En frv. sjútvrh. og tillaga meiri hlutans gengur út á að gefa þeim hluta flotans frelsi til að veiða þorsk, ýsu og ufsa en brtt. okkar gengur út á að annar hluti flotans fengi einnig frelsi til að veiða ufsa og steinbít á næsta fiskveiðiári. Þar með hefði orðið dálítið meira jafnræði með mönnum að þessu leyti og það hefði líka hjálpað upp á útgerð kvótalítilla skipa og þeirra sjómanna sem hafa verið að baksa við það.

Þriðja brtt. á þskj. 1069 gengur út á að úr því að verið er að lagfæra stöðu þeirra skipa sem í aflahámarkskerfinu eru, smábátanna, og fresta þar kvótasetningu og gefa þeim möguleika, sem ég tel eðlilegt í sjálfu sér, á næsta fiskveiðiári, þá væri það einnig lagfært sem varðar þann bátaflokk sem kallaðir eru dagabátar í þessu krókakerfi og hafa haft 23 veiðidaga á sl. fiskveiðiári og munu að öllum líkindum hafa það sama á næsta fiskveiðiári. Einnig að þeim væri gefinn kostur á því að í stað þess að neyðast til að taka þessa daga

alltaf í striklotu, í 24 tíma lotu, væri þeim gefinn kostur á að taka dagana út í 12 klukkustunda veiðiferðum ef þeim þætti það henta. Þetta ákvæði held ég að væri að mörgu leyti mjög nauðsynlegt og kæmi að þeim notum að auka fiskgæði sem ekki er vanþörf á miðað við þá skýrslu sem sjútvrh. lét vinna varðandi gæði fisks, og kæmi einnig að því sem snýr að öryggisþættinum þar sem menn væru ekki að pína sig til að nýta klukkustundir upp í 24, jafnvel í breytilegu veðri og ef góður afli er að teygja sig um of í að hlaða skipin of mikið. Að öllu saman lögðu væru því ýmis rök fyrir utan sanngirnisrökin að einhver liðkun væri gerð fyrir þennan flokk skipa til samræmis við aðra.

Þetta er það helsta sem kemur fram í þessum brtt. og er í raun og veru til samræmis við það frv. sem hér er lagt fram af meiri hluta sjútvn. og sjútvrh. Við teljum að taka hefði átt jákvætt undir þetta og gera þarna jafnræði með mönnum. Meiri hluti sjútvn. treysti sér ekki til þess að taka undir þau sjónarmið og þá verða tillögurnar sennilega felldar við atkvæðagreiðslu. Ég vil hins vegar vekja athygli á að það er þó nokkur fjöldi sjómanna sem á í raun og veru afkomu sína undir því að gerðar séu ákveðnar lagfæringar. Ég hef undir höndum m.a. undirskriftalista frá mönnum sem eru að gera út tiltölulega kvótalítil fiskiskip í hinum ýmsu byggðum landsins þar sem þeir sjá ekki að þeim takist að lifa af þann endurskoðunartíma sem boðaður hefur verið af sjútvrh. að óbreyttum lögum og óbreyttu okurverði á leigu aflaheimilda. Það hefði því verið ákveðið réttlætismál að reyna að lagfæra þessa stöðu þannig að flestir þeir sem málið snýr að gætu lifað af þennan endurskoðunartíma. Þó að ekki væri verið að bjóða þeim gull og græna skóga í því efni þá yrði þeim samt gert jafnara undir höfði en málið gerir eins og það lítur nú út.

Umræðu frestað.

Fæðingar- og foreldraorlof, 2. umr.

Stjfrv., 623. mál (heildarlög, breyting ýmissa laga). — Þskj. 1065, nál. 1152.

[17:15]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. félmn. sem er á þskj. 1152 um frv. til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Berglindi Ásgeirsdóttur, Elínu Blöndal og Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur frá félagsmálaráðuneyti, Ragnheiði Árnadóttur frá fjármálaráðuneyti, Halldór Grönvold og Þórunni Sveinbjörnsdóttur frá Alþýðusambandi Íslands, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Elnu Katrínu Jónsdóttur frá Sambandi íslenskra kennara, Ara Edwald og Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins og Sigríði Ásthildi Andersen frá Verslunarráði. Einnig bárust umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Verslunarráði.

Í frv. er að finna grundvallarbreytingu á reglum um fæðingarorlof, en fram til þessa hefur réttur til töku þess nánast eingöngu verið ætlaður konum, að frátöldum tveimur vikum sem körlum var gefinn kostur á með lögum nr. 147/1997 sem breyttu lögum nr. 57/1987, um fæðingarorlof. Þetta hefur leitt til þess að konur á barneignaraldri hafa að ýmsu leyti haft veikari stöðu á vinnumarkaðnum en karlar þar sem sú hætta var ávallt fyrir hendi að konan hyrfi frá störfum um nokkurra mánaða skeið vegna barneigna, jafnvel nokkrum sinnum yfir starfsævina. Af þessum orsökum hefur einnig farið mun minna fyrir hlutverki karla í uppeldi og umönnun barna. Konur hafa verið heima við og þegið greiðslur í fæðingarorlofi sem í flestum tilvikum eru mun lægri en þær tekjur sem viðkomandi kona hefur haft úti á vinnumarkaðnum.

Í frv. er gert ráð fyrir að foreldrar sem fara með forsjá barns eigi hvort um sig sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði en sameiginlegan rétt í þrjá mánuði til viðbótar. Nefndin lítur svo á að með frv. sé stigið stórt skref í þá átt að jafna möguleika kvenna og karla á að annast og njóta samvista við börn sín á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Með því að veita körlum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs er jafnframt stigið mikilvægt skref í átt til jafnréttis. Þannig verða konum og körlum sköpuð sömu tækifæri að þessu leyti til að sinna bæði fjölskyldu og starfi utan heimilis, stuðlað verður að aukinni atvinnuþátttöku og atvinnumöguleikum kvenna, fjölskyldustefna sett í fyrirrúm og stuðlað að því að foreldrar taki til jafns ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Með ákvæðum frv. er því stigið verulegt skref í þá átt að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og konum og körlum auðveldað að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku.

Nefndin bendir á að í athugasemdum með frv. kemur fram að sú aðgerð að lögbinda skiptingu foreldra í fæðingarorlof sé tímabundin, en hún er álitin vera nauðsynleg um ákveðinn tíma til að festa rétt karla í sessi. Gert er ráð fyrir að þegar reynsla verði komin á fyrirkomulagið verði lögin endurskoðuð með þetta atriði í huga. Nefndin tekur undir þetta og telur nauðsynlegt að endurskoðun laganna fari fram þegar lögin hafa öðlast gildi að fullu árið 2003.

Gagnrýni kom fram varðandi það að með ákvæðum frv. væri réttur barna einstæðra foreldra skertur gagnvart rétti barna sem nytu beggja foreldra. Foreldrar hinna síðarnefndu hefðu möguleika á að taka fæðingarorlof í allt að níu mánuði á meðan réttur einstæðra foreldra væri áfram takmarkaður við sex mánuði. Þetta gerist þó eingöngu í undantekningartilvikum, svo sem þegar forsjárforeldri neitar forsjárlausu foreldri um rétt sinn. Þannig stuðla lögin að því að barni einstæðs foreldris sé í flestum tilvikum tryggður jafnlangur réttur til samvista við foreldra á fyrstu mánuðum ævinnar og barni sambúðarforeldra. Nefndin lítur hins vegar svo á að brýnt sé að kanna betur stöðu einstæðra foreldra og beinir því til félmrh. að kanna hvort ástæða sé til að setja í lög sérstök ákvæði um þetta atriði. Einnig væri rétt að kanna hvort í einstökum undantekningartilvikum væri unnt að veita þessum hópi rétt til lengra fæðingarorlofs. Jafnframt áréttar nefndin að þegar reynsla verður komin á hvort karlar nýti rétt sinn til fæðingarorlofs megi búast við að lögbundinni skiptingu þess tíma sem veittur er til fæðingarorlofs verði aflétt. Þá verður réttur forsjárforeldris sem veitir ekki forsjárlausu foreldri rétt til töku fæðingarorlofs jafngildur rétti sambúðarforeldra.

Töluvert var rætt í nefndinni hvort rétt væri að skilyrða töku fæðingarorlofs því að það væri nýtt áður en barn næði 18 mánaða aldri. Ýmis rök mæla með því að sveigjanleiki verði aukinn og þessi tími lengdur en jafnframt var bent á það sjónarmið að það væri hagur barns að njóta sem mestra samvista við foreldra sína fyrstu mánuði ævinnar. Að svo búnu gerir nefndin því ekki tillögu til breytinga en bendir á að

þetta atriði sé eitt þeirra sem athugað verði við endurskoðun laganna.

Með því að binda það í lög að foreldri í fæðingarorlofi fái 80% meðaltals heildarlauna í greiðslur í fæðingarorlofi má búast við að foreldrar hafi möguleika á að vera lengur heima hjá börnum sínum fyrst eftir fæðingu þeirra, sem og að tekjuháir einstaklingar sjái sér frekar fært að taka orlof frá vinnu til þess að sinna barni sínu. Staða kynjanna hvað varðar greiðslu fæðingarstyrks þegar foreldrar eru í námi eða utan vinnumarkaðar er einnig jöfnuð. Hvað varðar fjármögnun greiðslna í fæðingarorlofi bendir nefndin á að samkvæmt frv. verður Fæðingarorlofssjóður fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi og vöxtum af innstæðufé sjóðsins. Gert er ráð fyrir að sá hluti tryggingagjalds sem rennur til fæðingarorlofs lækki samsvarandi þann hluta tryggingagjalds sem rennur til atvinnuleysistrygginga. Athugasemdir komu fram um það hvort rétt væri að setja ákveði þess efnis að tekjur foreldra mættu ekki fara yfir ákveðið hámark til þess að þeir nytu fullra greiðslna í fæðingarorlofi. Í þessu sambandi var minnst á misnotkun ákvæða frv. þannig að þeir sem ættu von á barni ykju vinnuframlag sitt í því skyni að auka tekjur svo að miðað yrði við hærri heildarlaun við útreikning orlofs. Nefndin bendir á áhrif tekjuskatta og missis ýmissa tekjutengdra bóta og tryggingagjalds á slíkar tilfærslur og lítur svo á að þessi hætta sé minni en ávinningurinn af því að hvetja karla, sem oft hafa hærri laun en konur, til töku fæðingarorlofs. Athugasemdir voru einnig gerðar við hvernig forsendur útreiknings fæðingarorlofs væru hugsaðar, en miðað er við meðaltal heildarlauna á 12 mánaða samfelldu tímabili sem lýkur tveimur mánuðum fyrir upphafsdag fæðingarorlofs. Í frv. er skilgreint hvað teljist til launa, þ.e. hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Lítil ástæða er því til að ætla að ágreiningur verði um þetta atriði. Jafnframt bendir nefndin á að makar bænda sem eru ekki formlega skráðir sem aðilar að búrekstri og starfa ekki heldur utan búsins hafa ákveðna sérstöðu þar sem þeir eru hvorki skilgreindir sem starfsmenn hjá búinu né sjálfstætt starfandi atvinnurekendur.

Bent var á það í nefndinni að sparnaður yrði hjá sveitarfélögum og fjármálafyrirtækjum vegna greiðslu fæðingarorlofs. Einnig var bent á að sparnaður gæti orðið hjá sveitarfélögum vegna reksturs leikskóla og greiðslna til dagmæðra og hjá foreldrum vegna leikskólagjalda og greiðslna til dagmæðra.

Ákvæði frv. um sjálfstæðan rétt hvors foreldris til foreldraorlofs eru til mikilla bóta að mati nefndarinnar sem lítur svo á að þau muni gera foreldrum hægara um vik að gera hlé á vinnu um lengri eða skemmri tíma til þess að sinna börnum sínum, njóta samvista við þau og taka virkari þátt í uppeldi þeirra. Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að taka foreldraorlofs hefjist í beinu framhaldi af fæðingarorlofi foreldris, m.a. af þeirri ástæðu að erfitt getur verið að fá daggæslu fyrir ungt barn eða aðstæður eru þannig að foreldrar treysta sér ekki til að senda það strax í gæslu. Ákvæði um foreldraorlof taka einnig til barna sem fædd eru, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 1998 eða síðar. Sjálfstæður réttur stofnast fyrir hvert fætt barn, þó með þeim takmörkunum að ekki er hægt að taka út meira en einfalt foreldraorlof, 13 vikur, á hverju tólf mánaða tímabili. Nefndin vekur athygli á því að réttur til foreldraorlofs tryggir foreldrum ekki greiðslur frá vinnuveitanda í orlofi, heldur einungis rétt til starfs síns að því loknu. Nefndin bendir jafnframt á að til þess að auðvelda vinnuveitendum að halda utan um þann tíma sem starfsmenn eru fjarverandi vegna foreldraorlofs væri unnt að útbúa sérstakt eyðublað sem vinnuveitendur útfylltu jafnóðum og fylgdi starfsmanni á sama hátt og skattkort. Þá væri komið í veg fyrir ágreining og óvissu um réttindi við starfsskipti.

Þar sem frv. tekur til allra á vinnumarkaði jafnar það muninn sem nú er á rétti opinberra starfsmanna og þeirra sem starfa hjá einkafyrirtækjum. Í umsögn Samtaka atvinnulífsins kom fram að þetta væri brýnt, sem og að eðlilegt væri að einn nefndarmaður í úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála væri skipaður í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Jafnframt var bent á að samkomulag við vinnuveitanda væri forsenda þess að fæðingarorlofi væri skipt niður á fleiri tímabil eða það tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli. Slíkt fyrirkomulag, sem gæti verið beggja hagur, væri undir því komið að því yrði við komið starfsins vegna.

Að mati Alþýðusambands Íslands tekur frv. á mörgum atriðum sem snúa að réttindum foreldra á almennum vinnumarkaði, m.a. rétti þungaðra kvenna og mæðra með börn á brjósti. Alþýðusambandið hefur eins og Samtök atvinnulífsins nokkrar áhyggjur af stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs komi til samdráttar í efnahagslífinu.

Hæstv. forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nefndarálit rita auk þeirrar sem hér stendur Guðrún Ögmundsdóttir, Pétur H. Blöndal, Ólafur Örn Haraldsson, Kristján L. Möller, Kristján Pálsson, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

Hæstv. forseti. Ljóst er að félmn. fékk skamman tíma til umfjöllunar og vinnslu málsins. Ég vil því þakka hv. nefndarmönnum í hv. félmn. fyrir góð og snörp vinnubrögð við afgreiðslu þess. Það hjálpaði okkur hins vegar mikið að frv. var vel unnið þegar það var lagt fyrir Alþingi. Það er ljóst að þeir sem sömdu frv. í ráðuneytunum lögðu mikinn metnað í málið og frv. ber þess vitni.

[17:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess og fagna því að það nái fram að ganga. Ég tel að þetta frv. eða þær breytingar, sem þetta frv. felur í sér á reglum um fæðingarorlof og upptöku ákvæða um foreldraorlof í löggjöfina, þjóni tveimur mjög mikilvægum markmiðum. Það fyrra lýtur að fjölskyldunni og rétti barna til samvista við foreldra og rétti foreldra til samvista við barn sitt á fyrstu mánuðum og missirum eftir fæðingu, seinna markmiðið er það sem snýr að jafnréttismálum eða jafnrétti kynjanna. Enginn vafi er á því að sjálfstæður óyfirfæranlegur réttur feðra er mjög mikilvægt innlegg í það mál að jafna stöðu kynjanna, einkum á vinnumarkaði, því þar liggur óhrekjanlega fyrir í gegnum fjölda kannana að ekki síst þetta atriði hefur verið konum mótdrægt, að þær hafa goldið í mun ríkari mæli en menn fyrir það að vera fjarri vinnu vegna ekki bara meðgöngu og fæðingar barns heldur síðan umönnunar þess á fyrstu mánuðunum eftir fæðingu.

Nú má binda vonir við að þetta jafni nokkuð þá stöðu á vinnumarkaði og hefur auk þess að sjálfsögðu í sér fólgið mikið uppeldislegt gildi ef svo má að orði komast og skírskotun til þess að báðir foreldrar og bæði kyn eigi þarna að koma að málum með sambærilegum hætti.

Að öðru leyti, herra forseti, get ég fyrst og fremst vísað í ræðu sem ég hélt við 1. umr. málsins og þarf ekki að

endurtaka það sem ég sagði þar. Félmn. valdi þá leið, sem ég hygg að hafi verið skynsamleg miðað við aðstæður sem okkur voru boðnar til að vinna að þessu máli sem var mjög skammur tími, að fara ekki út í að gera breytingar heldur fjalla um ýmis álitamál í nál. eins og gerð var ágætlega grein fyrir áðan af formanni nefndarinnar.

Það eru aðeins nokkur atriði í því sambandi sem ég vildi fyrir mitt leyti leggja áherslu á sem ég tel skipta miklu máli og komið er inn á í greinargerðinni. Þannig er frá þessu gengið af okkar hálfu að það er í trausti þess að þeir hlutir sem þar koma fram verði skoðaðir og hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans hafi það sérstaklega í huga að félmn. er að velja þessa leið til að greiða götu málsins að taka upp umfjöllun um ýmis álitamál í nál. fremur en að fara í að gera þar brtt. og jafnvel með þeim hætti stofna framgangi málsins í óvissu á þeim skamma tíma sem eftir lifir af þingstörfunum.

Það fyrsta sem ég vil nefna og hefur áður borið á góma snýr að stöðu einstæðra foreldra í vissum afmörkuðum tilvikum. Við teljum mjög mikilvægt að það atriði verði skoðað og komi í ljós jaðartilvik eða aðstæður þar sem réttur, fyrst og fremst barnsins eða eftir atvikum uppalenda þess, er fyrir borð borinn þá beri að líta til þess ef mögulegt er innan úrræða þeirra ákvæða sem lögin geyma og ef ekki þá með breytingu til að taka inn heimildir sem þá væru til staðar í lögunum og mætti grípa til.

Mér er sjálfum nokkuð hugleikin sú framsetning málsins að í raun sé réttinum jafndeilt á milli föður og móður í þeim skilningi að hvor aðili um sig hafi sjálfstæðan rétt til þriggja mánaða og síðan sé sameiginlegt þriggja mánaða tímabil til töku fæðingarorlofs. Það má vissulega velta því fyrir sér og ég nefndi það í ræðu minni við 1. umr. hvort þetta fullkomna jafnræði sé jafnvel keypt um of á kostnað sérstöðu móðurinnar í þessu sambandi sem er auðvitað fyrir hendi og einkum er maður með í huga fyrstu vikur og jafnvel mánuði í æviskeiði barnsins. Eftir stendur aðeins hálfs mánaðar tími sem er bundinn móðurinni í beinum skilningi á fyrsta æviskeiði barnsins.

Það kann vel að vera að á síðari stigum og ef það verður raunin að feður nýti almennt til fulls þennan rétt sinn og það andrúmslofti komist á eða sá tíðarandi, hvað sem við eigum að kalla það, herra forseti, verði ríkjandi, þá hætti það að skipta máli hvernig er gengið nákvæmlega frá bindingu af þessu tagi í lögum. Ég óttast að það sé nokkuð langt í land, að ekki sé þörf á einhverjum umtalsverðum sjálfstæðum og óyfirfæranlegum rétti feðra, eigi ekki að sækja í sama farið á nýjan leik og það verða til þess að veikja stöðu kvenna á vinnumarkaði. En þetta mál er að sjálfsögðu eðlilegt eins og svo margt annað að skoða í ljósi reynslunnar og eftir því hvernig mál þróast.

Í þriðja lagi vil ég nefna þann þröskuld sem er í reynd innibyggður í frv. eða verður í lögin hvað það snertir að töku fæðingarorlofs er ekki hægt að dreifa á lengri tíma en fram að 18 mánaða aldri barnsins. Ég teldi æskilegt að þarna væri meira svigrúm þannig að í reynd gæti fæðingarorlofstakan orðið mjög sveigjanleg og foreldrar gætu þess vegna hafið störf tiltölulega fljótt í lægra starfshlutfalli og hækkað það síðan í áföngum og geymt einhvern hluta launaðs fæðingarorlofs jafnvel fram á að þriggja, fjögurra ára aldrei barns og þá tæki við sá réttur til ólaunaðs foreldraorlofs sem við bætist. Svona er þessu sums staðar fyrir komið. Ég nefndi sem dæmi Svíþjóð og get endurtekið það en þar er hægt að geyma síðari hluta af allt að eins árs fæðingarorlofi til allt að sjö ára aldurs barns.

Þetta skiptir máli, herra forseti, í sambandi við það hvernig þetta frv. og sú framför sem tvímælalaust er í því fólgin nýtist í sambandi við það að skapa eitthvað fjölskylduvænna andrúmsloft á vinnumarkaði og meiri sveigjanleika og meiri möguleika foreldra til að laga þátttöku sína úti á vinnumarkaðnum að fjölskylduaðstæðum.

Að síðustu vil ég nefna, herra forseti, að margt mælir með því að þessi löggjöf verði tekin tiltölulega fljótlega til endurskoðunar því að verið er að setja inn ýmis nýmæli og sum þeirra vissulega þannig að deila má um bæði útfærslu og frágang. Þess vegna er það niðurstaða okkar að heppilegt væri að stefna að því að taka lögin til heildarendurskoðunar um það bil sem þau verða, með gildistökuákvæðunum eins og þau eru úr garði gerð, að fullu komin til framkvæmda, þ.e. á árinu 2003 eða þar um bil. Það held ég að væri skynsamlegt að hafa sem viðmiðun strax frá upphafi.

Herra forseti. Ekki fleiri orð af minni hálfu. Ég endurtek að ég fagna þessu frv. og það er gleðilegt að einstöku sinnum gerist það nú, þó allt of sjaldan, að við á Alþingi fjöllum um breytingar sem horfa til heilla eða framfara í velferðarmálum okkar. Ég hygg að ekki sé miklu hallað þó að sagt sé að því miður hafi sá áratugur sem nú er senn á enda fyrst og fremst einkennst af undanhaldi í velferðarmálum og breytingar á löggjöf og breytingar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og annað slíkt hafa langoftast falið í sér skerðingar og niðurskurð og breytingar til hins verra á okkar grundvallarvelferðarkerfi en hér er þó að einu leyti brotið í blað og það er gleðilegt. Því fagna ég og styð þetta mál heils hugar.

[17:37]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því eins og aðrir sem á undan mér hafa talað að fagna því frv. um fæðingar- og foreldraorlof sem hér liggur fyrir nál. um. Ég sagði það líka í fyrri umræðu og það hefur verið áréttað að það hefur verið afgreitt með miklum hraða en við sammæltumst um að vera ekki með brtt. við frv. til þess að ekkert kæmi í veg fyrir að tefja það og gera það þannig að hnykkja á málum í nál. Það er líka mjög mikilvægt að þessi sjóður fari af stað núna um leið og frv. er samþykkt.

Það sem ég vildi koma inn á í nál. var gert og það var þetta sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon lýsti áðan. Það er um þau jaðartilfelli varðandi einstæða foreldra sem ég gerði að meginumtalsefni í fyrri umræðu þar sem það eru fleiri tilfelli en þegar um látinn barnsföður er að ræða. Það geta verið tilfelli sem þarf að skoða og þess vegna er úrskurðarnefndin mjög mikilvæg.

Það er líka hnykkt á endurskoðuninni í nál. og það er gríðarlega mikilvægt og eins þurfum við líka að skoða að þessu loknu hvernig hinn nýi faðir hefur nýtt sér þennan rétt. Auðvitað er það svo og ég vona það innilega að hin nýja kynslóð karlmanna muni nýta sér þennan rétt í ríkari mæli en við höfum séð. Foreldraorlofið er gríðarlega góð viðbót og er ein af tilskipunum Evrópusambandsins og er mjög vel við hæfi að þetta skuli allt saman tengjast saman núna. Við fengum til okkar mjög stóran hóp gesta og það urðu mjög skemmtilegar umræður á þeim fundi og það bjargaði náttúrlega því að við vorum að ræða við hóp sem þekkir vel til málanna. Hvergi var komið að tómum kofanum enda hefur þetta mál verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar lengi.

Hins vegar urðu mjög skemmtilegar umræður um möguleika á misnotkun á þessu kerfi. Við ræddum um að konum hefði aldrei dottið í hug að misnota fæðingarorlof. Það hefur verið talað um að ef það væri einhvers staðar misnotkun þá væri það í einhverjum hlutastörfum þar sem konur hafa lægstar bætur og ná kannski að fá hálft fæðingarorlof þannig að það er það mesta sem konur hafa komist í þeirri misnotkun. Það kom upp hugmynd um að faðir mundi skrá sig í fæðingarorlof, taka það, ráða til sín konu heim fyrir 100 þús. kr. á mánuði og fara svo í verkefni fyrir álíka upphæð og hann fengi annars í laun þannig að þar með næði hann tvöföldum launum þennan tíma. Það var dálítið hlegið að því af því að ég held að það hafi aldrei hvarflað að konum að hægt væri að misnota þetta á þennan hátt en auðvitað verður þetta ekki svo. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því þannig að mér finnst líka eins og ég lagði áherslu á í fyrri umræðu að við þurfum alltaf að gæta okkur á því að setja fókusinn ekki á það hvað er misnotað heldur líka hvað er gott.

Þetta er stórt skref í jafnréttisátt og komið að þeim tímapunkti að karlmenn eigi að hafa þennan rétt og auðvitað sjáum við líka framtíðina þannig að fæðingarorlofið verði lengt smátt og smátt. Það má líka sjá eftir að þessu þriggja ára tímabili lýkur og endurskoðun hefur farið fram að komi tímabil sem hægt er að vera með þriggja mánaða viðbót þannig að við kannski sjáum kannski innan sex, átta ára fæðingarorlof í eitt ár í heildina. En það var enginn ágreiningur í nefndinni um þetta mál og enginn fyrirvari og við fengum inn í nál. það sem allir töldu mjög mikilvægt að yrði skoðað á meðan þessi tími er að líða. Það var mjög ánægjulegt að vinna að málinu þó að við hefðum gjarnan viljað hafa meiri tíma.

[17:41]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa tekið til máls fagna frv. og ég vil sérstaklega fagna því sem ég hef heyrt á göngum Alþingis að það sé að nást mjög víðtæk pólitísk samstaða um að styðja þáltill. hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um að kanna ólæsi og læsi fullorðinna því það fer miklum sögum um það að ólæsi sé að aukast og ég held að það sé orðið mjög algengt að menn kunni ekki að lesa. Ég hef það til marks, herra forseti, að jafnvel þó að höndin skrifi á vegginn, þá stoðar það ekkert því það les það enginn. Þannig hefur það verið mánuðum saman að á veggnum hefur staðið að það væri hætta fram undan í íslenskum efnahagsmálum, mjög mikil hætta og við þyrftum þess vegna að fara varlega en því miður virðist enginn taka eftir því. Því er það að þetta frv., sem er stutt af öllum stjórnmálaflokkum, nýjum sem gömlum og ríkisstjórninni og öllum flokksbrotum að ég held svona nokkurn veginn kannski með einni eða tveimur undantekningum, hlýtur gríðarlegan byr í gegnum þingið. Menn eru tilbúnir að samþykkja þetta allir þó að frv. sé með þeim ágalla að lítt er talað þar um hvernig eigi að fjármagna hlutina.

Ég tek alveg undir að það er mjög gott mál að auka fæðingarorlof. Það er mjög gott mál að feður taki þátt í því, ungir feður, og við gerum þeim það kleift. Ég er alveg sammála því. En úr því að þingið er svona sammála um þetta og allir standa saman að því hefði verið meiri reisn yfir því að þetta sama ágæta Alþingi kæmi þá með það hvernig á að fjármagna þetta. Hver á að borga þetta? Það kemur fram í frv. að þetta eigi að borgast af tryggingagjaldi. Sem sagt, að sjálfsögðu er ætlunin að atvinnulífið borgi þetta. Hver ætti svo sem að geta borgað annar en atvinnulífið?

Gagnvart ríkissjóði ætla ég hins vegar að fullyrða að staða hans er ekki sú að hann geti bætt á sig útgjöldum án þess að gera ráð fyrir nýjum tekjum, alls ekki.

Ég minni líka á það, herra forseti, að mjög skammt er síðan gengið var frá nýjum kjarasamningum, samningum sem allir Íslendingar fögnuðu, töldu í því mikla von um að með því gætum við haldið áfram þeim stöðugleika sem við höfum notið núna um árabil. En allir sem til þekkja gera sér þó grein fyrir því að með þeim samningum var sannarlega teflt á tæpasta vað. Við vitum að samkeppnisiðnaðurinn og útflutningsiðnaðurinn á Íslandi er í mjög hættulegri stöðu. Við búum við hærri vexti en aðrar þjóðir. Við höfum lifað við það að gengið hefur verið hækka, íslenska krónan, þannig að mjög mikið hefur þrengt að framleiðslunni. Því miður er það svo að það eru teikn á lofti um hvort tveggja, að verðmæti sjávarafurða, sem hafa farið mjög hækkandi núna lengi, geti ekki haldið áfram að hækka. Það hefur reyndar stoppað núna í fimm, sex vikur og það er mjög mikill þrýstingur á fiskverð alls staðar í heiminum, á íslenskar afurðir.

Því miður stöndum við líka frammi fyrir því að teikn eru á lofti um að þær vonir sem bundnar voru við meira fiskmagn upp úr sjó standist ekki. Það eru einmitt teikn um að okkar góðu vonir standist alls ekki.

Því er spurningin: Hvers vegna liggur þingheimi svona mikið á að afgreiða þetta frv.? Það á hvort sem er ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar á næsta ári. Væri því ekki rétt að fresta því þar til í haust hvernig okkur vegnar í þessu samfélagi? Ætli við sjáum það ekki betur um veturnætur hvernig staðan verður en núna? Er þá ekki nógur tími til að taka afstöðu til frv. og þá með þeim manndómsbrag að gera grein fyrir því í leiðinni hver eigi að borga? Það er rétt að það komi fram. Á þessari stundu, þessum dögum og vikum þegar þingið er að fara í sumarfrí, held ég að það sé ákaflega slæmt, herra forseti, að gefa vísbendingar út í þjóðfélagið um að Alþingi telji allt í lagi að auka álagið á atvinnuvegina, auka álagið á ríkissjóð. Hvorugt fær staðist. Við erum að gera rangt með því að senda slík skilaboð frá okkur á síðustu dögum þingsins. Við eigum ekki að gera það.

Það keppa allir að því í hinum vestræna heimi að bæta kjör sinnar þjóðar. Við höfum lengi vitað eins og allir í hinum vestræna heimi að það hefur engum tekist, hvorki fyrr né síðar, nema með því að bæta starfsskilyrði framleiðslunnar í viðkomandi landi. Það hefur aldrei verið hægt og verður ekki hægt. Við verðum að gera ráð fyrir því að okkur takist að búa þannig að framleiðslu- og samkeppnisatvinnuvegum landsins að þeir fái þrifist. Við höfum ekki efni á og ekkert leyfi til að þyngja þeim róðurinn. Það er fráleitt.

Fyrr í dag var hér umræða um skuldastöðu heimilanna og fóru sumir mikinn og kannski ekki að ástæðulausu. Ég held að rétt sé að rifja það upp þegar við fórum síðast út af með þetta þjóðfélag efnahagslega, þ.e. fyrir 10–12 árum, þá fórum við út í móa. Þegar reyndum að koma þjóðfélaginu upp á veginn aftur þá stóðum við frammi fyrir því að skuldir heimilanna voru um það bil 50% af ráðstöfunartekjum heimilanna. Nú er svo komið að skuldir heimilanna eru um 150% af ráðstöfunartekjum fólks. Menn geta rétt ímyndað sér við hvaða vandamál er að glíma ef við skyldum misstíga okkur í efnahagsmálum. Það yrði skelfilegt. Að sjálfsögðu færu þeir þá verst út úr því sem höllustum fæti standa, þ.e. fátækt fólk.

Okkur á Alþingi, í öllum flokkum, nýjum sem gömlum,

ber að fara varlega núna og taka mark á því sem höndin skrifar á vegginn. Við eigum að rifa seglin og gera sjóklárt. Ef enginn stormur verður, hvað þá? Eigi veldur sá er varar og hið góða skaðar þá ekki heldur. Það gerir þá ekkert til. Þetta góða frv. sem ábyggilega er flutt af góðum hug á hvort sem er ekki að taka gildi fyrr en á næsta ári. Það er nægur tími til að taka tillit til þess á haustmánuðum.

Svo eru líka, herra forseti, álitamál í þessu frv. sem ég ætla ekki að gera sérstaklega að umræðuefni en eru þess eðlis að ég tel að enginn skaði væri af því að við færum yfir það aftur og betur en við höfum gert hingað til. Það er ekkert sem knýr á um að þetta verði að lögum núna.

[17:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst gera athugasemdir við þau orð hv. þm. að engir hafi séð skriftina á veggnum, þ.e. hættumerki í efnahagsmálum undanfarin missiri. Af því að hv. þm. nefndi m.a. raungengið þá hef ég margoft úr ræðustóli á Alþingi, undanfarna 12–15 mánuði, bent á og varað við að raungengið væri að sigla upp í sömu hættumörk og settu okkur út af veginum í hinni kolvitlausu fastgengisstefnu á árunum 1987–1988. Þetta getur hver maður séð. Hér hefur verið bent á gríðarlegan viðskiptahalla og fleira sem er á ferðinni.

Hitt er annað mál að ég held að þetta frv. sé ekki sérlega hættulegt í því sambandi að valda þenslu eða ýta undir hana. Í því er ekki sá stórfelldi útgjaldaauki fyrir atvinnulífið að ástæða sé til að hræðast það sérstaklega. Það stendur einmitt þannig á að óvenjuhagstæðar aðstæður eru til að færa þarna til hluta úr tryggingagjaldi. Atvinnuleysistryggingasjóður stendur vel, sem betur fer. Atvinnuleysi er lítið. Það er hins vegar hárrétt hjá hv. þm. að menn geta því miður ekki treyst því til frambúðar að ekki þurfi að bæta þar við. Þá verður að sjálfsögðu að afla tekna til að mæta þessum útgjöldum, bæði fæðingarorlofinu og greiðslum í Atvinnuleysistryggingasjóð. Það erum við a.m.k. tilbúin til að gera hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum á undanförnum mánuðum iðulega gagnrýnt hæstv. ríkisstjórn fyrir að sleppa út tekjum sem við núverandi þensluaðstæður í íslenskum efnahagsmálum hefðu betur verið komnar inn í ríkissjóði. Hvað má þá segja um frv. ríkisstjórnarinnar um lækkun á vörugjöldum á dýrustu bílum landsins? Ef þetta er varhugavert gagnvart þenslu og verðbólguhættu þá var það hreint skemmdarverk, herra forseti. Ég held að hv. þm. þurfi að halda þessa ræðu fyrir flokksbræðrum sínum og meiri ástæða sé til að hafa áhyggjur af öðrum þáttum í þessu sambandi en þessu ágæta frv. um fæðingarorlof.

[17:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei verið svo svartsýnn að ætla að ólæsi væri algert þó að mér þætti það kannski dálítið mikið. Ég vil benda hv. þm. á að launastabbinn í þessu þjóðfélagi er svona kringum 300 milljarðar. Það er tiltölulega auðvelt að reikna hvað hvert prósent er þá. Það er ekki þar með sagt að það sé verðbólguhvetjandi að búa þetta til. Ég sagði ekkert um það. Það er hins vegar stórkostlega hættulegt, sagði ég, gagnvart samkeppnishæfni framleiðslunnar. Það er það sem ég óttast. Það var það sem ég var að vekja athygli á.

Þegar við stöndum núna frammi fyrir gerðum hlutum á vorþinginu þá verðum við að hugsa til þess að við megum ekki og eigum ekki að þrengja nokkurs staðar að samkeppnisstöðunni og gefa út í þjóðfélagið merki um að þetta sé allt í lagi. Það er falskt merki. Við megum ekki gefa slík merki en eigum hins vegar að einbeita okkur að því að sýna fram á að hin góðu kjör okkar í dag og hin mikla velmegun sem þetta þjóðfélag býr við byggist á því að við höldum hér jafnvægi. Hin góða staða byggist á því að við búum til starfsskilyrði fyrir framleiðsluna. Hún byggist á því að við séum samkeppnisfær við útlönd. Það versta sem kæmi fyrir launamenn og alla Íslendinga væri að íslensk framleiðsla tapaði stöðu sinni og gæti ekki staðið undir þessum kröfum. Þess vegna skiptir öllu máli að íþyngja henni ekki og vera á varðbergi gagnvart því sem kann að vera fram undan.

[17:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru mjög góðar ræður hjá hv. þm. Ég hvet hann til að flytja þær sem oftast og endilega á réttum stöðum, t.d. í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Ég er hjartanlega sammála því að staðan er mjög brothætt. Skuldir heimilanna eru ískyggilegar og hjá útflutningsatvinnugreinunum hefur verið að þyngjast fyrir fæti. Það leiðir af sjálfu með hækkandi raungengi og vaxandi tilkostnaði, umtalsvert meiri verðbólgu hér heldur en í samkeppnislöndunum o.s.frv. Allt ber að sama brunni.

Varðandi þetta litla frv. ber á það að líta að það kemur sparnaður á móti. Það verður samfélagslegur sparnaður. Ég get viðurkennt að að einhverju leyti verði tilfærsla yfir á atvinnulífið en þannig munu t.d. sveitarfélög og fleiri aðilar spara á móti. Þetta jafnar byrðunum af fæðingarorlofi betur á allar greinar atvinnulífsins en núverandi fyrirkomulag hefur gert. Þar sem konur hafa verið hlutfallslega flestar í störfum hafa þessar byrðar hvílt þyngra. Þetta fyrirkomulag, með sameiginlegan sjóð, jafnar þetta betur út og hefur marga kosti í sér fólgna.

Varðandi samkeppnisskilyrðin þá verðum við líka að hafa það í huga að fæðingarorlofsréttur hefur hér verið mun minni en í mörgum nálægum löndum. Að því leyti höfum við, í þeim skilningi, notið forskots sem núna er að hverfa. Er hægt að segja að það sé ósanngjarnt að við leggjum svipaðar byrðar á okkar atvinnulíf eða samfélag eins og gert er í okkar helstu samkeppnislöndum hvað þetta snertir? Launatengdur kostnaður atvinnulífsins hér er eftir sem áður einn sá lægsti innan OECD eins og ég veit að hv. þm. þekkir. Ég held að við séum ekki að bera niður að öllu leyti á réttum stað með því að gera þetta að áhyggjuefni í samhengi efnahagsmálanna. Hitt er ljóst að þar er ástæða til að hafa áhyggjur. Um það er ég hjartanlega sammála hv. þm.

[17:56]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég flyt náttúrlega ræður mínar úr þessu púlti eins og aðrir þingmenn. Það er hinn rétti staður þannig að ábendingar um að ég eigi að flytja þær annars staðar eru ekki raunhæfar. Hins vegar er það eins með mig og ég ætla með hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, að hann flytur ekki ræður sínar í þingflokki sínum. Það er ekki til siðs og þannig er jafnræði milli okkar.

Tryggingagjaldið, sem er í eðli sínu bara flatur tekjuskattur, virkar beint á framleiðsluna. Ég ætla að minna á það þegar Schlüter lenti í hinum mestu hremmingum með danskan iðnað og danskan landbúnað og danska samkeppni í ESB. Hvað gerði hann í örvæntingu sinni til að halda uppi samkeppni og verja dönsku krónuna? Hann fór gegn ESB og braut niður allar reglur þeirra. Hann endaði með því að

taka öll tryggingagjöldin út til að búa til rými fyrir danska framleiðslu til þess að verja dönsku krónuna. Hann komst upp með það. Þó allir mótmæltu vissu þeir að hann var að verja Danmörku. Hann var að verja danska hagsmuni og komst upp með það. Þetta var aðferðin sem hann notaði. Þetta virkaði fyrir framleiðsluna.

Ég vil svo líka taka fram, herra forseti, að ég er alls ekkert á móti fæðingarorlofi. Ég er alls ekki á móti því að feður taki þátt í því með konum sínum og barnsmæðrum, alls ekki. Það er hið besta mál. En við skulum þá gera það upp við okkur, vera sjálfum okkur samkvæm þegar við samþykkjum það og viljum ganga þannig fram, að segja hver á að borga og hvernig. Við verðum að átta okkur á því að það eru tvær hliðar á hverjum peningi. Það á bæði að úthluta gæðunum og borga þau. Að koma núna á vordögum með gæðafrv. sem allir eru sammála um af því að það er svo gott — ég er sammála því — en sleppa því í leiðinni að segja hver eigi að borga, það gengur ekki.

[17:58]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir fagnaðarlæti hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar yfir þessu frv. Hann tók það fram í upphafi að hann fagnaði þessu frv. mjög. Það þykir mér gott að heyra. Satt að segja hef ég ekki heyrt það hjá þingmönnum að andstaða væri við frv.

Ég get líka verið sammála honum um að staða útflutningsgreinanna er erfið. Raungengisstaðan ræður miklu um það og það er vont að staðan skuli vera þannig. En við erum ekki að breyta neinu í þeim málum með því að breyta lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Það er nú bara einu sinni þannig.

Við skulum líka minnast þess, af því að hv. þm. spurði hvers vegna þingheimi lægi svo á, að hér kemur m.a. til krafa Evrópusambandsins um að við tökum í lög foreldraorlof. Í þeirri umræðu sem maður heyrir um Evrópusambandið virðist það helst standa upp úr að atvinnulífið óski helst eftir því að við göngum að fullu og öllu leyti inn í Evrópusambandið. Þær raddir koma helst frá atvinnulífinu. Hafi hv. þm. áhyggjur af því hvernig við bregðumst við kröfum Evrópusambandsins þá væri ástæða fyrir hann til að ræða það einnig í röðum atvinnurekenda sem ég veit að hann gerir oft og einatt.

[18:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður tók hv. þm. rangt eftir. Ég fagnaði ekki frv. Ég fagnaði hins vegar innilega fram kominni þáltill. um að kanna læsi fullorðinna, ég taldi þörf á því að gera það. Ég hef ekkert á móti þessu frv. í sjálfu sér. Ég hef ekkert á móti því að menn gangi þá leið að auka fæðingarorlof en menn verða þá að gera grein fyrir því hvernig þeir ætla að borga það. Ég ætla að minna á að í frv. stendur að það eigi að taka gildi eftir næstu áramót og þess vegna spurði ég: Hvað liggur mönnum á úr því að frv. á ekki að taka gildi strax?

Ég spurði að því hvort ekki væri rétt að bíða og sjá hvernig þjóðfélagið lítur út kringum veturnætur. Ætli við sjáum þá ekki betur hver staðan er og þá getum við betur áttað okkur á því hver á að borga og hver staðan er til að láta þá viðkomandi aðila borga. Við höfum nógan tíma á haustinu til að fara í gegnum þetta mál að öllu leyti. Þarna eru álitamál sem þarf að fara í gegnum.

Um afstöðu manna til Evrópusambandsins og hvort einhverjir atvinnurekendur vilji fara þangað inn, þá hef ég litla trú á því þó að einhverjar slíkar samþykktir um kannanir hafi gerst frá Félagi ísl. iðnrekenda og alveg óviðkomandi þessu máli. En ég get tekið það fram úr því að ég á 30 sekúndur eftir og talaði ekki í umræðunni um utanríkismál að í hjarta mínu og huga mínum er það aldeilis fráleitt og það vitlausasta sem við gætum gert í stöðunni vegna þess að Íslendingar eru mestu lukkunnar pamfílar af smáþjóðum heimsins að njóta þeirra kjara sem þeir hafa í Bandaríkjunum og þeirra kjara sem þeir hafa í Evrópu og hver einasta smáþjóð heimsins mun öfunda okkur, af þeirri stöðu sem við höfum. Það er því fráleitt að halda að ég sé í þeim hópi sem heldur að eitthvað sé að sækja inn í Evrópusambandið.

[18:03]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þm. nefndi að ekki væri tekið fram hver ætti að borga þetta, þá er náttúrlega algerlega ljóst að atvinnulífið ætlar að borga þetta. Ekki hefur nokkur maður farið í launkofa með það. Það er verið að breyta Atvinnuleysistryggingasjóði og hlutföllum þar til að stofna þennan fæðingarorlofssjóð. Við skulum minnast þess að staða Atvinnuleysistryggingasjóðs er svona sterk eins og raun ber vitni núna vegna þess að atvinnulífið óskaði eftir því að halda óbreyttri greiðslu í sjóðinn þrátt fyrir gott atvinnuástand í landinu og þrátt fyrir að atvinnuleysisstigið væri svo lágt sem raun ber vitni núna.

Það kom m.a. fram hjá Ara Edwald í félmn. að Samtök atvinnulífsins líta á Atvinnuleysistryggingasjóð sem sveifluJöfnunarsjóð og atvinnulífið vildi byggja sjóðinn upp þegar uppsveifla kom í atvinnulífið til að eiga til mögru áranna. Þessi framsýni atvinnurekenda kemur sér vel núna. Ég fer ekkert í launkofa með það og það ber að þakka þá framsýni. Þrátt fyrir að þessar millifærslur verði núna þegar við stofnum Fæðingarorlofssjóðinn rýrir það ekki stöðu sjóðsins. Við búum við það gott atvinnuástand núna að hann heldur áfram að byggjast upp þrátt fyrir þetta. Reyndar ekki jafnhratt, og við söfnum ekki jafnmiklum sjóðum og raun hefði verið á annars, því að verið er að minnka það sem inn kemur í Atvinnuleysistryggingasjóðinn um 1,2 milljarða og sá hluti fer í Fæðingarorlofssjóðinn. Það liggur alveg ljóst fyrir. En þrátt fyrir það heldur Atvinnuleysistryggingasjóður að byggjast upp.

[18:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til allrar hamingju var samstaða um það meðal aðila vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekenda og launþega að standa vörð um Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að menn vita á þeim bæjum að mjög skammt er á milli gæfu og ógæfu í atvinnumálum. Það gæti snúist á einni nóttu og því ekki annað ráð en að halda áfram að borga í sjóðinn þó að vel gangi einhvern smátíma. Þess vegna stóðu þeir allir að því að halda áfram að borga og halda áfram að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóð þó svo ákveði væri í lögunum að taka ætti greiðslurnar af atvinnurekstrinum þegar atvinnuleysið minnkaði.

Þess frekar er þess að gæta að núna ætla menn að nota afganginn í sjóðnum til annarra þarfa, að vísu ágætra þarfa, vegna þess að þarna var til peningur. Þess vegna eru menn að flýta sér. Ég ætla bara að ítreka, herra forseti, það eru þær blikur á lofti í íslensku efnahagslífi að full ástæða er til að taka fullt tillit til þess. Það eru þær blikur á lofti og það er engin nauð sem knýr á okkur um það að samþykkja þetta frv. núna. Við höfum allt haustið til þess ef Evrópa skyldi

kalla svo fast eftir því að það yrði að gera strax sem ég hef enga trú á. Þess vegna eigum við og þess vegna bið ég, herra forseti, þingheim að skoða það í fullri alvöru að þörf er á því að þingið gefi frá sér þau merki að þeim sé það ljóst að hættur geti verið fram undan. Þess vegna skulum við fara varlega núna á vordögum, sjá hvernig okkur reiðir af yfir sumarið og taka þá nýja afstöðu ef betur hefur gengið en á horfðist.

Umræðu frestað.

[18:07]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 557. mál, brtt. KolH og ÞSveinb, þskj. 1199.

Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, 190. mál, nál. félmn., þskj. 1189.

Starfsréttindi tannsmiða, 210. mál, brtt. ÞBack, þskj. 1188.

Þjóðlendur, 321. mál, brtt. JB, þskj. 1190.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1188, 1190 og 1199. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

36. og 37. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 45 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Útvarpslög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 207. mál (heildarlög). — Þskj. 1133, brtt. 1135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]

Brtt. 1135 samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1217).

Skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 452. mál (EES-reglur). — Þskj. 1147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1218).

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 258. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 998, brtt. 1160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]

Brtt. 1160 samþ. með 45 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1237).

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 260. mál (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). — Þskj. 1099, brtt. 1116 og 1117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:14]

Brtt. 1117 felld með 36:2 atkv. og sögðu

já: GunnB, PHB.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (GAK, GÖ, JÁ, LB, RG, SighB, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, JóhS, JBjart, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði um það hvort lífeyrissjóðirnir séu eign sjóðfélaga sinna. Ég spyr: Ef lífeyrissjóðirnir, þessir 550 milljarðar eru ekki eign sjóðfélaganna, eign hverra eru þeir þá? Hér er lagt til að tekið sé afdráttarlaust fram að lífeyrissjóðirnir séu eign sjóðfélaganna og engra annarra. Ég segi já.

Brtt. 1116 felld með 33:3 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GunnB, PHB.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, PP, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖS.

12 þm. (GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP, ÖJ*) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er gert ráð fyrir því að sjóðfélagar kjósi stjórn yfir lífeyrissjóð sinn. Velflestir sjóðfélagar í lífeyrissjóðunum hafa ekki möguleika á því að kjósa stjórn vegna þess að atvinnurekendur tilnefna helminginn af stjórnarmönnum og verkalýðshreyfingin tilnefnir hinn helminginn. Þar er lýðræði eins og margir þekkja ekkert sérstaklega beysið.

Ég tel að það sé skylda Alþingis sem skyldar Íslendinga til að borga í lífeyrissjóð að gefa því sama fólki möguleika á því að hafa áhrif á það hvernig fjármagni þess er varið. Ég segi já.

[18:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þessi tillaga gengur út á að skera á tengslin milli verkalýðssamstakanna annars vegar og lífeyrissjóðanna hins vegar. Það voru verkalýðssamtökin í landinu sem smíðuðu lífeyrissjóðakerfið og þau sem hafa staðið vörð um þetta kerfi þegar að því hefur verið sótt. Þessi tillaga gengur út á að þrengja lýðræðið og skera á þessi tengsl. Ég segi nei.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, EMS, GE, GÖ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, JÁ, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1238).

Vegalög, 3. umr.

Stjfrv., 322. mál (reiðvegir, girðingar). — Þskj. 1194.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, PP, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1239).

Staðfest samvist, 3. umr.

Stjfrv., 558. mál (búsetuskilyrði o.fl.). — Þskj. 1195.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]

Frv. samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GAK, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ.

3 þm. (GuðjG, GunnB, TIO) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1240).

Lögreglulög, 3. umr.

Stjfrv., 467. mál (inntaka nema og þjálfun í Lögregluskólanum). — Þskj. 745.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1241).

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 628. mál. — Þskj. 1108.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Yrkisréttur, 3. umr.

Stjfrv., 527. mál. — Þskj. 828.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:19]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1242).

Lánasjóður landbúnaðarins, 2. umr.

Frv. landbn., 625. mál (lánsheimildir). — Þskj. 1090.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Höfundalög, 3. umr.

Stjfrv., 325. mál (EES-reglur). — Þskj. 1196.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:20]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1243).

Hópuppsagnir, 3. umr.

Stjfrv., 469. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1197.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1244).

Innheimtustofnun sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 545. mál (kröfufyrning barnsmeðlaga). — Þskj. 847.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:21]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1245).

Orkunýtnikröfur, 3. umr.

Stjfrv., 523. mál. — Þskj. 1198.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1246).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 503. mál (dvalarkostnaður foreldris). — Þskj. 798.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:22]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, BH, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, ÍGP, JÁ, LMR, MF, ÓÖH, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1247).

Fæðingar- og foreldraorlof, frh. 2. umr.

Stjfrv., 623. mál (heildarlög, breyting ýmissa laga). — Þskj. 1065, nál. 1152.

[18:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom í ræðustól og mælti nokkur áríðandi varnaðarorð. Hann sagði að fjármögnun fæðingarorlofsins væri ekki tryggð, þ.e. hún væri falin og það er rétt hjá honum. Þetta er falið þannig að gengið er á Atvinnuleysistryggingasjóð sem er ætlað að greiða atvinnuleysisbætur og ekkert annað. Ég hefði talið snyrtilegra að fæðingarorlofið væri greitt beint úr ríkissjóði.

Á endanum er það að sjálfsögðu hinn vinnandi maður sem greiðir þetta fæðingarorlof. Þannig er það á endanum og verður alltaf þannig hvort sem fyrirtækin gera það formlega með tryggingagjaldi eða menn greiða það með sköttum, iðgjaldi eða einhverju slíku. Þannig hygg ég að flestir vilji líka hafa það. Þetta er sameiginleg byrði þjóðarinnar, að koma upp nýrri kynslóð.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson spurði líka af hverju við þyrftum að láta frv. taka gildi strax en ekki t.d. í haust eða fyrir áramót. Ég spurði hins sama. Frv. hefur fengið mjög litla umræðu en í því er ákvæði um réttindi þungaðra kvenna og réttindi foreldra þegar ungbörn verða veik sem taka gildi strax. Þó ekki sé mikill kostnaðarauki í þeim fólginn þá eru þetta ákveðin réttindi sem nauðsynlegt er talið að taki gildi.

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að fjármögnun væri ekki tryggð og þetta væri ekki gott frv. vegna þess hvað það kostaði mikið. Ég verð að segja að uppeldi barna kostar hvernig sem það er greitt. Í dag er það þannig að börn fara í leikskóla eða til dagmömmu. Fyrir það greiða foreldrarnir 10–30 þús. kr., að meðaltali 20 þús. kr. hugsa ég, og sveitarfélagið greiðir allt upp í 40–50 þús. kr. á móti, að meðaltali sennilega um 30 þús. kr. Pláss á barnaheimili kostar um 60 þús. kr.

Meðallaun á Íslandi eru um 130–140 þús. og af þeim þarf að borga skatta. Þannig má segja að hvert barn á barnaheimili bindi hálfa manneskju. Það bindur hálfa manneskju við uppeldið þann tíma sem það er á barnaheimilinu. Hjón með tvö börn eru þannig í raun ekki að skila neinu viðbótarvinnuframlagi nema þau sem nýta við vinnuna sérstaka menntun eða eitthvað slíkt. Þetta er ekkert voðalega skynsamlegt og ég held að atvinnulífið hafi komist upp með að nýta ekki krafta þjóðarinnar og þjóðfélagsins eins og skyldi vegna þess kerfis sem við höfum haft.

Hvernig er þetta í reynd? Jú, konur eru frá vinnu í sex mánuði og það veldur fyrirtækjunum geysimiklu óhagræði. Það þarf að skipta um starfsmann. Það kostar sennilega 3–5 mánaðarlaun að skipta um starfsmann þannig að núverandi fæðingarorlof kostar fyrirtækin miklu meira en fram kemur beinlínis í fæðingarorlofinu. Það kostar einnig konurnar það að þær detta út af vinnumarkaðnum og eru minna metnar af því að þær kosta fyrirtækin svona mikið. Afleiðingin er sú að þjóðin nýtir sér ekki krafta helmings þjóðarinnar, þ.e. kvenna, ekki til fullnustu. Þarna finnst mér atvinnulífið bregðast. Það nýtir ekki kraftana vegna þeirra reglna sem við höfum.

Frv. sem við ræðum hér, um fæðingar- og foreldraorlof, mætti útfæra þannig að fyrst taki konan einhverja 1–3 mánuði eftir atvikum í orlof en síðan skipti foreldrarnir með sér 50% starfi. Þeir væru ekki endilega hjá sama fyrirtækin en væru í raun á vöktum í vinnu. Þá geta þeir, með því að taka bæði fæðingarorlof og foreldraorlof samtímis og vera í 50% starfi, verið heima í tvö og hálft ár yfir barninu. Á þeim tíma skaffa þau nokkurn veginn það sama og á 8 tímum ella. Þá eru ekki matarhlé, kannski styttri kaffihlé o.s.frv. Menn væru ekki eins þreyttir þannig að með góðri skipulagninu gæti atvinnulífið notað þessa krafta eftir sem áður. Við þyrftum ekki að binda fólk við gæslu barnanna annars staðar en á heimilunum. Þar vinna foreldrarnir eins og kunnugt er ókeypis. Foreldrarnir væru alltaf hjá barninu

sínu upp að tveggja og hálfs árs aldri sem væri ótvírætt hagur barnsins, litla borgarans.

Ég hygg að þau varnaðarorð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um að þetta kosti séu ekki alls kostar rétt. Þetta er krafa um meiri arðsemi og skipulagningu í þjóðfélaginu, um að nýta vinnuna betur. Nú eykst stöðugt krafan um það að nýta framleiðsluþættina betur í samkeppni. Með þessu eykst krafan um það. Með skynsamlegri skipulagningu og skynsamlegri ráðstöfun gætu fyrirtækin tekið þetta á sig án þess að það kostaði einhver lífandis býsn.

Ég hygg að með ýtrustu skipulagningu gætu sveitarfélögin, með því að þörf fyrir barnaheimili minnkar, sparað sér 1,5–2 milljarða á ári. Það kemur hvergi fram í umsögnum um frv. Foreldrarnir sjálfir spara sér 20 þús. kall á mánuði, það kemur heldur ekki fram. Þannig að 80% sem verið er að borga eru jafnvel ríflega ef maður tekur tillit til þessa. Þegar allt er skoðað gæti þetta frv. komið þannig út að það kosti ekki voðalega mikið. Það sparar nefnilega svo mikið annars staðar. Ef fyrirtækin einbeita sér að því að taka upp sveigjanlegri vinnutíma og vinnuumhverfi, fjarvinnslu, heimavinnslu og annað slíkt, þar sem foreldrarnir gætu að sjálfsögðu verið heima og unnið en jafnframt verið hjá börnum sínum, þá gæti þetta hreinlega orðið hagnaður fyrir atvinnulífið.

Ég vil taka það fram að þau ákvæði frv. sem kosta mest taka gildi í þrepum. Hver segir að þenslan standi yfir næstu 4–5 ár? Það getur verið ágætt að koma með þensluhvetjandi frv. þegar þenslan er á afturhaldi og við tekur stöðnun.

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um misnotkun á kerfinu. Hana er sjálfsagt að ræða ítarlega og menn eiga að gera það vegna þess að misnotkun holar og skemmir öll velferðarkerfi sem við búum til. Það sem maður sér kannski helst fyrir sér, sem er misnotkun eða ekki misnotkun, væru t.d. sjómenn á frystitogurum sem fara bara annan hvern túr. Þeir eru í landi hálft árið, þá gjarnan þannig að þeir eru einn túr úti á sjó og síðan einn túr í landi. Taki þeir fæðingarorlof þann tíma sem þeir eru í landi þá fá þeir þessa greiðslu, jafnvel háa upphæð, 400–500 þúsund kall á mánuði, fyrir nákvæmlega sömu stöðu og var áður. Þessu þurfa menn að átta sig á. Auðvitað má segja að þessir menn sinni mjög harðri vinnu þann tíma sem þeir hafa verið á sjó og séu að bæta á sig vinnu á heimilunum. Það má færa þau rök fyrir því líka. En þetta eru dæmi sem menn þurfa að átta sig á.

Svo er líka möguleiki, eins og bent hefur verið á, að menn gætu sótt um fæðingarorlof, það fellur niður ef karlmaðurinn sækir ekki um það, en haldið áfram að vinna. Þetta er þekkt misnotkun sem menn þurfa að átta sig á. Það hefði verið betra ef menn hefðu haft eilítið meiri tíma til þess að ræða einmitt hvernig hægt er að halda slíkri misnotkun í lágmarki. Eins og ég segi: Misnotkun grefur undan öllum góðum velferðarkerfum og gerir það ókleift að veita þær bætur sem menn kannski vildu veita. Í því sambandi nefni ég sérstaklega örorkulífeyrinn.

Þetta frv. er þess eðlis að ég styð það, herra forseti. Ég tel að það sé til bóta. Það hefði verið skemmtilegra að menn hefðu tekið betur á fjármögnuninni því það kostar. Það hefði verið betra að glöggva sig betur á þeim sparnaði sem frv. hefur í för með sér fyrir þjóðfélagið. Staðan er sú í dag að það kostar hálfa manneskju að hafa barn á barnaheimili, bara yfir dagvinnutímann. Hafi foreldrar tvö börn á barnaheimili þá er enginn þjóðfélagslegur sparnaður af því. Af því verður ekki nein framleiðni því að það kostar jafnmikla vinnu að gæta barnanna beggja og sú vinna gefur af sér sem foreldrarnir sinna í atvinnulífinu.

[18:34]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að mörgu leyti merkilegt erindi. Mig langar þó aðeins að leiðrétta hugtakanotkun hans þegar hann ræðir um barnaheimili, eins og hann orðar það. Þetta heitir í dag leikskóli og það skiptir miklu máli fyrir sérhvert barn að komast í leikskóla og njóta þess uppeldis sem þar fer fram. Leikskólar eru merkilegar menntastofnanir og mjög góðar yfirleitt hér á Íslandi. Ég vildi ekki að barnið mitt, jafnvel þó ég væri heimavinnandi, færi á mis við að vera í leikskóla.

Hv. þm. talaði um að af því kynni að verða mikill þjóðfélagslegur sparnaður að foreldrar skipulegðu vinnu sína þannig að börnin þyrftu ekki, eins og hann orðaði það, á barnaheimilisplássi að halda. Ég held að þetta sé mikill misskilningur. Ég held að það sé mikill þjóðfélagslegur sparnaður og ávinningur af því að öll börn geti notið þess að vera í leikskóla.

[18:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki út í neinar hártoganir um orðanotkun, leikskóli eða barnaheimili. Þetta heitir víst leikskóli og ég skal alveg fallast á það. Hins vegar tel ég að átta mánaða barn sé ekki mikið í skóla og læri ekki neina býsn sem það geti ekki alveg eins lært heima hjá sér.

Við erum að tala um börn sem eru mjög ung. Við erum að tala um börn undir þriggja ára aldri. Ég er að tala um þann aldur og mín reynsla af barnauppeldi er sú að á þeim aldri vilji börnin vera heima. Það er bara þannig. Þau vilja læra það sem þau læra af foreldrum sínum, læra að tala og annað slíkt. Ég held að foreldrarnir séu ekkert síður færir um að kenna börnunum að tala og annað sem þau læra undir þriggja ára aldri. Hins vegar fellst ég á það með hv. þm. að þegar börnin eru eldri, kannski þriggja til sex ára, geti þau lært heilmikið í leikskólum en ég var ekki að tala um það.

[18:37]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. að börn þurfi að vera orðin þriggja ára til að geta haft not af því að vera í leikskóla. Ég held að það gerist miklu fyrr, að alveg frá eins og hálfs árs aldri hafi börn mjög gott af því að vera á leikskóla a.m.k. hluta úr degi.

Þar með er ég ekki að draga úr því mikla gildi sem foreldrauppeldi hefur. Það hefur auðvitað gríðarlega mikið gildi. Því miður erum við foreldrar ekki allir jafnfærir um að veita börnum okkar þetta uppeldi af ýmsum ástæðum. Þess vegna held ég að samspil foreldrauppeldis og leikskóla sé affarasælast í þessari stöðu. Ég held að hv. þm. geti, ef hann hugsar sig betur um, verið mér sammála um það.

[18:38]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef við lítum til Evrópu, sem dálítið hefur verið í umræðunni í dag, sjáum við fljótt að í Evrópu eru nokkrir tugir milljóna manna atvinnulausir. Væri ekki ráð að flytja til Evrópu hinar góðu kenningar um að með því að auka álögur á atvinnureksturinn þá spari atvinnulífið, það græði á auknum álögum. Það þarf bara að setja svona 3.000 millj. kr. álögur á íslenskt atvinnulíf og þá endar það með

því að græða bara á því. Þetta er kenning sem ábyggilega mun koma sér vel víða.

Hins vegar er ég viss um, herra forseti, að menn gera sér almennt grein fyrir því að álögur á íslenskt atvinnulíf eru nú svo miklar að við hljótum að spyrna við því að þær verði of miklar. Allt veltur á að íslenskt atvinnulíf standi undir þeim miklu kauphækkunum, þeim miklu vaxtahækkunum og þeim miklu verðbreytingum á erlendum gjaldmiðli sem við höfum mátt þola á undanförnum vikum, mánuðum og missirum. Ég tel því fráleitt að auknar álögur — þar skiptir ekki máli hvort það eru 2.500 eða 3.000 millj. — á íslenskt atvinnulíf verði til að hjálpa því. Ég held að það liggi fyrir að íslenskt atvinnulíf hafi almennt nóg með þær kröfur að gera sem lagðar hafa verið á það á undanförnum vikum.

Varnaðarorð mín voru hins vegar um að þegar þingið sameinast um það, menn úr öllum flokkum og flokksbrotum, að keyra í gegnum þingið lög, sem að vísu eiga ekki að taka gildi fyrr en eftir áramót, án þess að gera ráð fyrir því hver á að borga, eru það röng skilaboð til þjóðarinnar. Við þurfum að koma þeim skilaboðum til þjóðarinnar að hér á hinu háa Alþingi taki menn alvarlega þær viðvaranir sem liggja fyrir, sem allir geta séð og höndin hefur skrifað á vegginn að taka þurfi mark á. Það verðum við að gera.

[18:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að í Evrópu eru tugir milljóna atvinnulausir. Það er meiri háttar vandamál og meiri háttar mannlegur harmleikur hjá því fólki. Þetta er vegna þess að menn hafa sett álögur á atvinnulífið, margs konar álögur en kannski sérstaklega álögur sem ekki eru fjárhagslegar.

Ég hef alltaf sagt að það er aðall íslensks atvinnulífs hvað það er í raun spretthart og hvað álögur á það eru þó litlar miðað við það sem er í Evrópu. Þá á ég við uppsagnarfresti og alls konar slíka hluti. Hins vegar tel ég að þegar þjóðfélag nýtir ekki alla þá krafta sem eru í þjóðfélaginu, t.d. með því misrétti sem birtist í launamisrétti karla og kvenna sem segir mér að atvinnulífið nýti ekki konur eins og karla, þá kostar það líka lifandis býsn. Takist að minnka þetta misrétti á milli karla og kvenna, og kannski líka milli fólks almennt, þá næst fram sú arðsemi sem borga mun þennan kostnað. Barnauppeldi er hvort sem er alltaf greitt af einhverjum og hvort sem það er gert í þessu formi eða öðru breytir ekki miklu. Í þeirri stöðu sem við erum í í dag þar sem er mikil eftirspurn eftir vinnuafli, meira að segja umfram framboðið, þá tel ég að þetta sé krafa um að menn hagræði enn frekar í vinnutilhögun.

[18:42]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili ekki við hv. þm. Pétur Blöndal um það og efast ekki um að við getum náð verulegum árangri með því að breyta vinnulöggjöf okkar, með því að þróa vinnulöggjöf okkar og standa vel og skynsamlega að öllum hlutum. Ég er alveg viss um það og við gerum okkur öll grein fyrir því að þannig má ábyggilega skapa mjög mikil verðmæti. En staðan í íslensku efnahagslífi er eigi að síður þannig, þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir vinnuafli, að öllum má vera það ljóst að íslensku framleiðsluatvinnuvegirnir eru í þeirri stöðu að okkur ber að gera allt til að varðveita starfsumhverfi þeirra. Ef þeir standa ekki undir þeim álögum sem á þá eru lagðar þá kemur það harðast niður á fátæku fólki á landinu. Það kemur harðast niður á þeim þjóðfélagshópum sem síst mega við því. Það kemur harðast niður á því fólki sem menn voru að ræða um hér í dag, hinum skuldugu Íslendingum. Þeir eru svo skuldugir að við megum ekki við því að verða fyrir áföllum eins og við urðum fyrir fyrir 12 árum.

Þess vegna er það ósk mín, herra forseti, að þingmenn taki það alvarlega þegar allar bjöllur hringja og öll ljós blikka og sýni í verkum sínum nú á vordögum að það taki ekki fyrir og afgreiði lög sem íþyngja ríkissjóði og atvinnuvegunum. Það var beiðni mín og ósk. Ég get hins vegar verið innilega sammála því að barnauppeldi er sannarlega ekki minnsti þátturinn í farsælu starfi Íslendinga svo sem annarra þjóða. Ég er reiðubúinn að standa með því en við verðum að vera sjálfum okkur samkvæm. Við verðum að sýna fram á hvernig við ætlum að gera hlutina.

[18:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt. Við þurfum að halda áfram að lækka álögur á atvinnulífið. Við höfum gert það á undanförnum árum. Það hefur verið markviss stefna núverandi ríkisstjórnar og þeirrar síðustu að minnka álögur á atvinnulífið og fækka reglum og öðru sem atvinnulífið líður fyrir.

Eins og ég gat um áðan eru það ekki bara fjárhagslegar álögur sem veikja atvinnulífið heldur og ekki síður alls konar reglur, stundum meira og minna óþarfar. Það þurfum við að skoða enn frekar, hvort við getum létt þeim kostnaði af atvinnulífinu þannig að það geti borið þennan kostnað óbugað.

Það er rétt hjá hv. þm. að menn þurfa alltaf að skoða vel hve mikið við lestum atvinnulífið, hve mikið við lestum klárinn sem dregur velferðarvagninn því án hans væri engin velferð. Það er alveg hárrétt. Ég er alveg sérstaklega ánægður með það hvernig tekist hefur að ná niður atvinnuleysinu. Nú þurfa menn að standa vörð um það að atvinnuleysið fari ekki aftur upp. Ég fellst á það með hv. þm. að stóraukinn kaupmáttur hefur valdið mikilli þenslu og innflutningi. Viðvörunarbjöllurnar hringja og það er vandi sem við þurfum að leysa.

[18:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu en einungis að þakka hv. félmn. fyrir góð og fumlaus vinnubrögð við afgreiðslu þessa máls þrátt fyrir nauman tíma. Ég þakka sérstaklega fyrir ítarlegt nefndarálit sem nefndin lætur fylgja og ég tel að þær hugleiðingar sem þar koma fram séu réttmætar og þær hugmyndir og ábendingar verða teknar til athugunar.

Það er rækilega gengið frá fjármögnun Fæðingarorlofssjóðs og það er mikill misskilningur ef því er haldið fram að verið sé að auka álögur á atvinnulífið frá því sem nú er. Það er einungis verið að ráðstafa álögum öðruvísi en gert hefur verið, þ.e. að hluti af því tryggingagjaldi sem hefur gengið til Atvinnuleysistryggingasjóðs kemur til með að fjármagna Fæðingarorlofssjóð. Þetta var loforð sem ríkisstjórnin gaf í aðdraganda síðustu kjarasamninga eða yfirstandandi kjarasamninga. Við gáfum fyrirheit á fundi með forsvarsmönnum Flóabandalagsins um að taka þetta mál til athugunar.

Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs voru á síðasta ári eitthvað í kringum 5 milljarðar kr. Gjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa mest orðið á ári innan við 3 milljarðar kr., þegar atvinnuleysi var hér milli 6% og 7%. Það er því borð fyrir báru í Atvinnuleysistryggingasjóði. Það hefði

auðvitað verið hægt — ég er ekki að gera lítið úr þeim byrðum sem atvinnulífið ber af þessu fæðingarorlofi — að skila þessum peningum sem nú er verið að setja í Fæðingarorlofssjóðinn aftur til atvinnulífsins. En ég held að þeim sé skynsamlegar varið svona.

Það er nauðsynlegt að þessi lög taki gildi og hluti af þeim strax vegna þess að foreldraorlofið þarf að taka gildi strax. Jafnframt þarf að fara að huga að fjármögnun sjóðsins. Hér er um stórkostlegt velferðarmál fyrir börnin að ræða. Þetta er mjög mikilvægt fjölskyldumál sem við erum að afgreiða hér og afar stórt skref í jafnréttismálum. Og eins og formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og formaður þingflokks vinstri grænna, hv. þm. Ögmundur Jónasson, sagði réttilega hér í umræðum fyrr í dag þá skipar þetta mál okkur í forustu ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu.

[18:49]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að lýsa yfir vonbrigðum mínum með fráleitar reikningsaðferðir hæstv. félmrh.

Launastabbi Íslands er 300 milljarðar kr., þ.e. hvert prósent er þá þrír milljarðar kr. Það að taka úr Atvinnuleysistryggingasjóði 0,35–0,38% og ætla þannig að fjármagna hluta af þessu er náttúrlega bara barbabrella. Hin viðbótin sem á að koma árunum á eftir, 2002 og 2003, er í kringum 2.000 millj. kr. En ég veit að í útreikningum félmrn. er gert ráð fyrir því að mínusa þetta við 500 millj. kr. vegna betri innheimtu. Ég hef ekki tekið mark á svoleiðis reikningi vegna þess að það þýðir ekkert að koma með útgjaldaaukningu hér og segja: „Við ætlum að hafa betri skattinnheimtu og þess vegna er þetta ekki útgjaldaaukning.“ Það er ekkert hægt að segja svona.

Þetta er útgjaldaaukning í heild sinni á atvinnulífið upp á tæpa þrjá milljarða, 2.800–2.700 millj. kr. eftir því hvernig við reiknum það. Og það verður ekkert undan því vikist. Atvinnuleysistryggingasjóður hafði sín markmið og sínar skyldur og það er viðhorf aðila vinnumarkaðarins sem hefur komið hér fram áður að þó að dragi úr atvinnuleysi þá væri rétt að eiga borð fyrir báru og safna í sjóðinn. Það gefur engum rétt til þess að ætla að nota sömu peningana tvisvar. Það hefur aldrei tekist og verður ekki gert.

[18:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski rétt að það komi fram að þessir útreikningar eru komnir frá fjmrn. og ef hv. þm. liti á kostnaðarumsögn frv. þá mundi hann sannfærast um það.

Ég gleymdi að taka það fram en það er eðlilegt að gera það í þessari umræðu að sveitarfélögin spara með þessu a.m.k. 300 milljónir, líklega töluvert meira eins og hv. þm. Pétur Blöndal er búinn að benda ítrekað á. Ríkissjóður greiðir hins vegar 300 millj. kr. meira en hann hefur gert. Þetta kostar hann 300 millj. kr. meira en undanfarið, þ.e. hann kemur til með að greiða heimavinnandi og námsmönnum.

[18:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Útreikningarnir sem fylgja hverju frv. og skylda er samkvæmt lögum að séu í fylgiskjölum koma alltaf frá Fjárlagaskrifstofu fjmrn. Mér er það alveg kunnugt. Þeir verða hvorki betri né verri fyrir það.

Herra forseti. Enginn maður getur lagt á ný gjöld og ætlað sér að búa til stórkostlega nýja þjónustu eins og hæstv. ráðherra sagði réttilega, án þess að það kosti eitthvað. Það verður ekki búið til úr engu. Þeir peningar sem áttu að fara í Atvinnuleysistryggingasjóð verða ekki notaðir tvisvar. Þetta eru því nýjar álögur á íslenskt atvinnulíf. Svo geta menn deilt um hvort það sé gott eða vont.

Við verðum bara að gæta þess hvernig við stöndum í dag og hver staða atvinnulífsins er. Við erum að íþyngja íslensku atvinnulífi og sú hætta vofir yfir okkur. Þess vegna er ég að mælast til þess og segja við menn: Við skulum fresta þessari ákvörðun til hausts. Við munum sjá það í haust betur hvernig íslensku atvinnulífi reiðir af. Við vitum ekkert um það núna. Þá verðum við betur í stakk búin til þess að gera það.

Það er þetta sem við eigum að gera. Við eigum ekki og megum ekki nota sömu peningana tvisvar og segja sem svo: Við erum komin hér með stórkostlegt réttindamál. Það kostar ekki neitt.

Það kostar vissulega gríðarlega mikla peninga. Það skiptir ekki máli hvort það eru 2.500 eða 3.000 millj kr. Hver prósenta er gríðarlegir peningar, 3.000 millj. kr. eru 3.000 millj. kr., hvorki meira né minna. Og svo getum við sagt að prósentin skipti ekki máli. En heildin skiptir máli. Króna er króna. Það er alveg sama hvernig við reiknum það.

Það er það sem er ámælisvert að við séum að gera núna án þess að sjá fyrir endann á því hvernig íslensku efnahagslífi reiðir af á þessu ári.

[18:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fyllilega ljóst að ekki er hægt að nota sömu krónuna tvisvar og það er ekki hugmyndin að gera það hér. Það er verið að ráðstafa peningum öðruvísi heldur en gert hefur verið. Peningarnir ganga ekki allir í Atvinnuleysistryggingasjóð heldur gengur hluti af þeim peningum sem atvinnulífið hefur reitt af hendi í Fæðingarorlofssjóð í staðinn fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að Atvinnuleysistryggingasjóður þarf ekki á þeim að halda.

Það væri út af fyrir sig hægt, og hefði verið önnur aðferð, að skila atvinnulífinu þessum peningum, létta gjöldum af atvinnulífinu. Það er sjónarmið út af fyrir sig og ég hygg að hv. þm. hefði verið fylgjandi því. Atvinnuleysi er sem betur fer ekkert nú og ekki alveg á næsta leyti að því er maður best fær séð, a.m.k. getum við ekki rekið íslenskt atvinnulíf öðruvísi en með stórfelldum innflutningi fólks til þess að vinna þau störf sem þarf að vinna til að halda atvinnulífinu gangandi. Nú er atvinnuleysið innan við 2% og hér eru milli sex og sjö þúsund verkamenn, erlendir ríkisborgarar, að störfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 2. umr.

Stjfrv., 490. mál (samstarfsnefnd, kostnaður o.fl.). — Þskj. 772, nál. 1167, brtt. 1168.

[18:57]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. heilbr.- og trn., um frv. um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og fengið nokkra gesti á sinn fund og jafnframt fengið ýmsar umsagnir frá ýmsum þeim aðilum sem nefndir eru í frv. og fleirum.

Frumvarp þetta var m.a. samið til að bregðast við tillögum nefndar sem umhverfisráðherra skipaði til að kanna

framkvæmd mála vegna útbreiðslu kampýlóbakter. Tillögurnar felast fyrst og fremst í breytingum til að tryggja að gripið verði til samræmdra aðgerða þegar hætta er talin á útbreiðslu smitnæmra sjúkdóma sem ógnað geta heilsu manna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipi í þessum tilgangi sérstaka samstarfsnefnd sem hafi það hlutverk að afla nauðsynlegra gagna og hafa yfirumsjón með aðgerðum svo að hægt sé að meta og uppræta smithættu. Samkvæmt frumvarpinu skal nefndin hafa aðgang að nauðsynlegum gögnum og öllum stöðum sem hún telur nauðsynlegt að skoða og geti hún fengið til þess aðstoð lögreglu ef með þarf. Nefndin tæki til starfa þegar neyðarástand skapaðist og hefði víðtækar heimildir til að tryggja markviss viðbrögð þegar grípa þarf til samræmdra aðgerða. Lagt er til að nefndin verði skipuð þremur mönnum, sóttvarnalækni, sem verði jafnframt formaður nefndarinnar, einum manni tilnefndum af Hollustuvernd ríkisins og öðrum tilnefndum af yfirdýralækni.

Þá er í frumvarpinu kveðið skýrar á um ábyrgð sóttvarnalæknis en í núgildandi lögum og um kostnað við framkvæmd sóttvarnalaga og greiðsluhlutdeild sjúklinga. Gert er ráð fyrir að heimilt verði með reglugerð að veita undanþágur frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, sbr. 5. gr. frv.

Samkvæmt 4. gr. verður heimilt að setja reglugerð um að fólk sem kemur til landsins skuli sæta læknisrannsókn ef tilmæli berast um það frá sóttvarnalækni og hann telur að slíkt sé nauðsynlegt til að hindra útbreiðslu næmra sótta sem ógnað geta almannaheill. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu hefur skapast sú vinnuregla hjá Útlendingaeftirlitinu að krefja þá sem ekki eru af Evrópska efnahagssvæðinu og sækja um dvalarleyfi, hæli og/eða atvinnuleyfi hér um heilbrigðisvottorð áður en umsókn er yfirfarin. Þess hefur verið krafist að vottorðið sé nýlegt og gefið út af íslenskum lækni. Til þessa hefur Útlendingaeftirlitið stuðst við tilmæli og dreifibréf frá landlæknisembættinu í þessum málum. Engin skýr lagaheimild hefur verið fyrir slíkri kröfu. Nái framangreindar breytingar frumvarpsins fram að ganga mun Útlendingaeftirlitið framvegis starfa, með tilliti til sóttvarna, á grundvelli reglugerða sem settar verða með stoð í 14. gr. laganna. Í 4. gr. er ekki gerður greinarmunur á því hvort fólk kemur til landsins frá ríkjum innan eða utan EES. Nú þegar gilda hins vegar ákveðnar reglur um þá sem eru frá ríkjum innan EES, samkvæmt EES-samningnum og ESB-tilskipunum sem hafa verið teknar inn í samninginn. Af þeirri ástæðu miðast reglugerðarheimild þessi við þá sem koma frá ríkjum utan EES. Í nefndum reglugerðum verður kveðið á um hverjir þurfi að sæta læknisrannsókn og um hvers konar rannsóknir sé að ræða, byggt á upplýsingum um tiltekin lönd eða landsvæði og næmum sóttum sem þar hefur orðið vart.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þskj. en þær eru þessar:

Að gerð verði orðalagsbreyting á 1. gr. og nefndin leggur til að við upptalningu í 2. gr. frv. verði bætt orðinu „starfsemi". Breytingin þykir vera til frekari skýringar á ákvæðinu en nauðsynlegt er að sóttvarnalæknir geti gripið inn í starfsemi sem getur stuðlað að dreifingu á ýmsum smitnæmum sjúkdómum og hér undir geta t.d. fallið snyrtistofur, húðflúrstofur og læknastofur.

Jafnframt er gerð tillaga um að orðið „hópar" í 4. gr. frv. falli brott. Þegar frv. var lagt fram var ætlunin með því að tala um hópa sú að draga fram að umræddum reglugerðum væri ætlað að ná almennt til fólks sem kemur til landsins en frá tilteknum löndum eða landsvæðum þar sem næmra sótta hefur orðið vart en að reglugerðunum væri ekki ætlað að beinast að tilteknum einstaklingum. Nefndin telur orðið „hópa" í ákvæðinu geta valdið misskilningi um tilgang og markmið ákvæðisins og bjóða jafnframt upp á of þrönga túlkun og leggur því til framangreinda breytingu.

Loks er lögð er til breyting á 18. gr. laganna þannig að kveðið verði á um heimild ráðherra til setningar reglugerðar um læknisrannsóknir eftir tilmælum sóttvarnalæknis skv. 14. gr. laganna.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og gerð er tillaga um á þskj. 1168.

Ásta Möller og Þuríður Backman voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir þetta rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, Katrín Fjeldsted, Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Tómas Ingi Olrich og Jón Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 2. umr.

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 373, nál. 1136, brtt. 1137 og 1138.

[19:03]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. félmn., sem er á þskj. 1136, um frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn fjölmarga aðila eins og tilgreint er í nál. Þá bárust einnig margar umsagnir um málið eins og kemur einnig fram í nál. og var farið rækilega yfir þessar umsagnir í nefndinni.

Mál þetta var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi og bárust nefndinni þá umsagnir og gögn frá ýmsum aðilum og nú er málið endurflutt með nokkrum breytingum.

Skrifstofa jafnréttismála er framkvæmdaraðili fyrir Jafnréttisráð en í frv. er gert ráð fyrir að hún verði lögð niður og í staðinn taki ný stofnun að mestu við hlutverki ráðsins. Með hliðsjón af því telur nefndin eðlilegt að heiti hennar verði breytt í Jafnréttisstofa. Brtt. þess efnis er gerð við frv. en fjölmargar stofnanir sem hafa sambærilegt starfssvið bera svipuð nöfn, svo sem Barnaverndarstofa, Löggildingarstofa og Fiskistofa. Einnig má benda á að í þáltill. um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001, sem samþykkt var á Alþingi á 123. löggjafarþingi, segir í 6. lið að leitast skuli við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins í þeim tilgangi að opinberum störfum fjölgi ekki minna hlufallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Hin nýja Jafnréttisstofa gæti rækt hlutverk sitt jafnt á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu. Með nútímatækni hafa möguleikar á fjarvinnslu margfaldast og fyrirtæki og stofnanir þurfa ekki að vera bundin við ákveðinn stað á landinu.

Í frv. er gert ráð fyrir töluverðum breytingum í stjórnsýslu og fyrirkomulagi jafnréttismála hér á landi. Þar er lagt til að Jafnréttisstofa verði sérstök stofnun sem heyri undir félmrh. og taki við því hlutverki sem Jafnréttisráð hefur

hingað til gegnt, þ.e. annist stjórnsýslu á gildissviði laganna. Hér er gert ráð fyrir algjörri breytingu á hlutverki Skrifstofu jafnréttismála og er í raun verið að setja á fót nýja stofnun í stjórnsýslunni. Í frv. er jafnframt gert ráð fyrir að töluverðar breytingar verði á hlutverki Jafnréttisráðs og skipan í það. Verkefnissvið þess er gert mun afmarkaðra og því eingöngu ætlað að fást við jafnréttismál að því leyti sem þau snúa að vinnumarkaðnum. Einnig er í frv. gert ráð fyrir miklum breytingum á hlutverki og starfi kærunefndar jafnréttismála þar sem málshöfðunarheimild sem nefndin hefur haft samkvæmt gildandi lögum er felld brott. Þá er gert ráð fyrir ýmsum nýmælum í jafnréttislöggjöfinni, m.a. vegna skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir í tengslum við aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Hér er um að ræða ítarlegri ákvæði til samræmis við tilskipun um samræmingu á lögum aðildarríkjanna er varða beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna, nr. 75/117, tilskipun um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti kvenna og karla varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör, nr. 76/207, og tilskipun um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis, nr. 97/80. Þá er ein helstu nýmæli frv. að finna í 16. gr. þess þar sem kveðið er á um skyldu atvinnurekenda til að gera konum jafnt sem körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Í 17. gr. er kveðið á um ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og hvernig bregðast eigi við henni. Í frv. er einnig gert ráð fyrir að rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi verði efldar og að hægt sé að beita sektum við brotum á tilteknum ákvæðum laganna.

Nefndarmenn jafnt sem umsagnaraðilar gerðu fjölmargar athugasemdir við það fyrirkomulag að fellt væri brott málshöfðunarheimild kærunefndar jafnréttismála en fram til þessa hefur hún ein kærunefnda haft slíkan rétt. Upplýst var við meðferð málsins að stefnt væri að því að kæru- og úrskurðarnefndir væru jafnan óháðar stjórnsýslunefndir og að ekki væri við hæfi að ein nefnd hefði málshöfðunarheimild umfram aðrar. Slík heimild skapaði ávallt hættu á að kærunefndarmenn ættu erfitt með að gæta fyllsta hlutleysis og málsaðilar nytu því ekki jafnræðis við meðferð málsins. Einnig var bent á að ekki væru síður möguleikar á að gjafsókn fengist veitt vegna jafnréttismála en annarra mála. Nefndin bendir á að Jafnréttisstofa gæti í slíkum tilvikum veitt kærendum aðstoð við að sækja um gjafsókn og verið þeim innan handar við undirbúning málaferla. Í umsögn kærunefndar jafnréttismála kom fram að mikilvægt væri að þeim sem nefndin áliti að brotið hefði verið gegn yrði áfram auðveldað að leita réttar síns þegar ekki væri fallist á tilmæli nefndarinnar. Lagt var til að Jafnréttisstofu yrði veitt heimild til málshöfðunar á grundvelli álitsgerða kærunefndar að ákveðnum þröngum skilyrðum uppfylltum sem ráðherra mundi kveða nánar á um í reglugerð. Nefndin tekur undir þessa hugmynd og gerir brtt. þess efnis við frumvarpið. Nefndin lítur svo á að eðlilegt sé að hafa svipuð skilyrði til hliðsjónar við mat á heimild til málshöfðunar og kærunefnd jafnréttismála hefur hingað til stuðst við þegar hún hefur beitt heimildinni. Mál yrði eingöngu höfðað við sérstakar kringumstæður þegar ætla mætti að það gæti haft almennt fordæmisgildi að máli yrði fylgt eftir fyrir dómstólum eða hagsmunir kæranda væru metnir þess eðlis að rétt þætti að fá úrlausn dómstóla. Einkum yrði litið til þeirra áhrifa sem ætla mætti að úrlausn dómstóla gæti haft í átt til jafnréttis. Þar sem mál vegna brota á jafnréttislöggjöf eru sérstaks eðlis og geta verið viðkvæm telur nefndin að nauðsynlegt sé að halda opnum möguleika á því að kærandi þurfi ekki að höfða mál í eigin nafni, t.d. gegn fyrirtæki sem hann hefur starfað hjá lengi.

Jafnframt var til umræðu hjá nefndinni hvort ráðlegt væri að gera þær breytingar á skipan í Jafnréttisráð sem gert er ráð fyrir í frv. og hvort ekki bæri að fjölga þeim sem þar ættu sæti þannig að sjónarmið fleiri aðila ættu greiðan aðgang að ráðinu. Þannig taldi nefndin eðlilegt að Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands ættu einn fulltrúa hvort í ráðinu eins og verið hefur en ekki sameiginlegan fulltrúa eins og gert er ráð fyrir í frv. Þá taldi nefndin ráðlegt að bæta við fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en gert er ráð fyrir að jafnréttisnefndir starfi áfram á vegum sveitarfélaganna. Á þeim vettvangi hefur verið unnið að jafnréttismálum og verður áfram. Einnig taldi nefndin eðlilegt að veita Jafnréttisráði tillögurétt til félmrh. um aðgerðir í vinnumarkaðsmálum og víðtækari heimildir til að láta í ljós skoðanir á fleiri málum en eingöngu þeim sem tengdust vinnumarkaðnum þannig að það gæti komið fram með tillögur og verið uppspretta nýrra hugmynda á fleiri sviðum samfélagsins. Brtt. þess efnis eru gerðar við frv. Í 2. mgr. 13. gr. frv. er gert ráð fyrir að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti í starfsmannastefnu sinni. Í þessu sambandi bendir nefndin á hlutverk Jafnréttisstofu, eins og verkefnum hennar er lýst í 3. gr. frv., en með hliðsjón af því er eðlilegt að gera kröfu til þess að Jafnréttisstofa muni veita fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf við gerð jafnréttisáætlana. Jafnframt bendir nefndin á þann möguleika að Jafnréttisstofa taki árlega saman lista yfir þau fyrirtæki og stofnanir sem undir ákvæðið falla og tilkynnt hafa að jafnréttisáætlun hafi verið gerð. Slíkur listi væri aðgengilegur almenningi og fjölmiðlum og kynni að virka hvetjandi á atvinnurekendur og yfirmenn til að sinna skyldu sinni til að gera jafnréttisáætlun sem fyrst. Einnig ítrekar nefndin að við beitingu 2. mgr. 13. gr. verði ekki síst lögð áhersla á ákvæði 16. gr. um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Einnig komu fram athugasemdir hjá nefndarmönnum við að vandkvæði kynnu að vera á því að finna út hvað væru jafnverðmæt og sambærileg störf, eins og gert er ráð fyrir í ákvæði 14. gr.

Í 17. gr. frv. er fjallað um kynferðislega áreitni og skyldu til að gera ráðstafanir gegn henni. Hér er aftur bent á hlutverk Jafnréttisstofu og eðlilegt að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana geti leitað til hennar og fengið þar ráðgjöf um hvaða ráðstafanir hægt væri að gera til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni. Að sjálfsögðu gæti sá sem teldi sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni einnig leitað til Jafnréttisstofu og fengið þar leiðbeiningar og ráðgjöf um hvaða leiðir væru færar til að bregðast við henni. Jafnframt bendir nefndin á að eðli málsins samkvæmt getur ákvæði 4. mgr. 17. gr. einungis átt við þar sem því verður við komið. Það getur til dæmis ekki átt við um lítil fyrirtæki þar sem einungis er um einn yfirmann eða fáa starfsmenn að ræða.

Sömuleiðis fannst nefndarmönnum óeðlilegt að í 17. og 26. gr. frv. væru skólastjórnendur nefndir sem sérstakur hópur. Ástæða þessa var sögð vera sú að skólastjórnendur hefðu ekki stöðu atvinnurekanda gagnvart nemendum sem heyrðu undir valdsvið þeirra. Nefndarmenn töldu þó réttara að tala um yfirmenn stofnana frekar en skólastjórnendur þar sem

engin rök eru fyrir því að taka skólastjórnendur eina út úr hópi þeirra sem reka fyrirtæki og stjórna stofnunum. Brtt. er gerð þess efnis sem og þess efnis að ákvæðið eigi einnig við í félagsstarfi og leggi sömu skyldur á herðar þeim sem ábyrgir eru fyrir því.

Nefndin leit svo á að óþarft væri að taka sérstaklega fram í 5. mgr. 19. gr. frv. að ákveðinn ráðherra bæri ábyrgð á málum sem heyrðu augljóslega undir ráðuneyti hans og taldi nægjanlegt að taka fram að menntmrn. skyldi fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, að jafnréttis kynja væri gætt í íþrótta- og tómstundastarfi og rannsóknum á sviði jafnréttismála. Í 5. mgr. 19. gr. er gert ráð fyrir því að Háskóli Íslands beri ábyrgð á framkvæmd rannsókna á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi sem og að menntmrh. beri ábyrgð á fræðslu um jafnréttismál á öllum skólastigum. Nefndarmenn gerðu athugasemdir við að Háskóla Íslands væri einum falin ábyrgð á þessum málum en hér á landi starfa þó nokkrir skólar á háskólastigi. Einnig var á það bent að starfsmenn Háskóla Íslands, sem ráðnir væru til kennslu-, vísinda- og fræðastarfa, nytu akademísks frelsis við val á rannsóknarverkefnum.

Þar sem styrkjafyrirkomulag er algengt í rannsóknarstarfi skýtur einnig skökku við að fela einni stofnun á háskólastigi umfram aðrar ábyrgð á rannsóknarvinnu í ákveðnum málaflokki. Brtt. hvað þetta varðar eru gerðar við frv.

Nefndarmenn ræddu töluvert hvort eðlilegt væri að láta brot eða vanrækslu á að framfylgja einstökum ákvæðum frumvarpsins varða sektum, eins og gert er ráð fyrir í 29. gr. Þau brot á lögunum sem gert er ráð fyrir að varði sektum eru matskennd og erfitt getur verið að skera úr um hvort um brot hafi í raun og veru verið að ræða, auk þess sem nefndin telur að sá álitshnekkir sem fyrirtæki kunna að verða fyrir vegna brota á lögunum vegi þyngra en greiðsla sekta. Með hliðsjón af framangreindu leggur nefndin til að 29. gr. verði breytt á þann veg að hún hafi að geyma almenna heimild til álagningar sekta þannig að öll brot á lögunum geti varðað sektum. Mat á því hvenær það væri réttlætanlegt væri þá að sjálfsögðu í höndum dómara.

Nefndin leggur einnig til að bætt verði við frv. heimild til handa félagsmálaráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna. Með slíkri reglugerð yrði m.a. unnt að kveða nánar á um starfsemi Jafnréttistofu.

Í bráðabirgðaákvæði frv. er kveðið á um lagaskil en ákvæðinu er ætlað að tryggja að starfsemi Jafnréttisstofu, Jafnréttisráðs og kærunefndar jafnréttismála raskist sem minnst í tengslum við nýja löggjöf. Nefndin telur eðlilegt að nýtt Jafnréttisráð verði skipað um leið og lögin taka gildi og starfi fram að næstu alþingiskosningum, en gert er ráð fyrir því í frv. að nýtt ráð sé skipað að loknum hverjum kosningum. Þar sem verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á starfsemi Jafnréttisráðs telur nefndin rétt að kveða á um að núverandi framkvæmdastjóri þess skuli gegna starfinu áfram þar til nýr framkvæmdastjóri hefur verið skipaður. Brtt. hvað þetta varðar eru gerðar við frv. Jafnframt bendir nefndin á að eðlilegt sé að núverandi starfsfólk Jafnréttisráðs hafi rétt til starfa við hina nýju Jafnréttisstofu á grundvelli þeirrar reynslu og þekkingar sem það hefur öðlast með störfum sínum við ráðið.

Nefndin bendir á að í athugasemdum við frv. er minnst á Rannsóknastofu í kynjafræðum. Hér hlýtur að vera átt við Rannsóknastofu í kvennafræðum sem starfrækt er við Háskóla Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Auk þeirra sem skýrt er frá hér að framan eru þær eftirfarandi:

1. Lögð er til breyting á 2. gr. þess efnis að Jafnréttisstofa heyri undir yfirstjórn félagsmálaráðherra, en starfi ekki í umboði hans eins og gert er ráð fyrir í frv.

2. Lagt er til að orðin „í umboði félagsmálaráðherra“ í 3. mgr. 3. gr. falli brott þar sem fram kemur í 2. gr. að Jafnréttisstofa lýtur yfirstjórn félagsmálaráðherra.

3. Í 4. gr. er lagt til að talað verði um „launafólk“ frekar en „launþega“ í samræmi við breytta málvenju á sviði vinnumarkaðsmála og að 5. mgr. falli brott, en óþarft er að taka fram að aðilar hafi heimild til að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla.

4. Lagt er til að orðin „nema hún telji slíkt óþarft eða ónauðsynlegt“ í 2. mgr. 6. gr. falli brott þar sem sá fyrirvari er í ákvæðinu sjálfu.

5. Lagt er til að jafnréttisnefndir sveitarfélaga, sem kveðið er á um í 10. gr. frv., skuli hafa rétt til umsagnar eða hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana sveitarstjórna í þeim tilgangi að gera þær skilvirkari.

6. Gerð er tillaga um að jafnréttisfulltrúi, sem skipaður skal við hvert ráðuneyti skv. 11. gr. frv., skuli árlega gefa Jafnréttisstofu skýrslu um jafnréttisstarf viðkomandi ráðuneytis.

7. Lagt er til að orðunum „force majeure“ verði bætt við 16. gr. til að hnykkja á því að með lokaákvæði hennar sé ekki átt við samnings- eða lögbundið leyfi til lengri tíma.

8. Gerð er tillaga um að orðunum „kennslutæki og kennslubækur“ í 19. gr. verði breytt í „kennslu- og námsgögn“ í samræmi við málvenju í menntamálum.

Hæstv. forseti. Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján L. Möller skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við frv.

Undir nál. skrifa auk þeirra auk þeirrar sem hér stendur Pétur H. Blöndal og Ólafur Örn Haraldsson, Kristján Pálsson, Steingrímur J. Sigfússon, Drífa Hjartardóttir og Jónína Bjartmarz.

[19:19]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mun gera grein fyrir þeim brtt. sem ég og hv. þm. Kristján L. Möller höfum lagt fram. Ég vil byrja á því að hrósa mjög góðri vinnu í félmn. þegar við fórum yfir þetta frv. Gríðarlega margir gestir komu á fundinn og umræður voru mjög frjóar. Ekki má heldur gleyma því að hér er um þverpóltískt mál að ræða, ekki ósvipað því máli sem við ræddum hér á undan, um fæðingar- og foreldraorlof.

Eins og kemur fram undirrituðum við hv. þm. Kristján L. Möller nál. með fyrirvara og áskiljum við okkur rétt til að styðja og leggja fram brtt. eins og hv. formaður nefndarinnar nefndi áðan.

Það er tvennt í nál. sem ég vil gera athugasemd við. Það er m.a. það sem fram kemur um stefnuna í byggðamálum sem var samþykkt á 123. þingi. Það sem ég gagnrýndi var að það gæti verið mjög viðkvæmt að koma með þetta núna jafnhliða því nýja frv. sem er að koma fram og líka að þetta var ekki rætt sérstaklega í nefndinni.

Þá vil ég jafnframt geta þess sem lýtur að brtt. frá mér og hv. þm. Kristjáni L. Möller. Við lögðum mjög mikla áherslu á að reyna að fá BHM inn í Jafnréttisráðið. Við töldum að ekki væri vanþörf á slíku þar sem flest kærumál varða þann

hóp. Ég vil, herra forseti, aðeins fara yfir þær brtt. sem við leggjum fram.

Þá er fyrst að telja brtt. við 3. gr. sem er um Skrifstofu jafnréttismála. Þar er tillaga um að bæta við tveimur liðum:

„Við 3. gr. Við 3. mgr. bætist tveir nýir liðir sem verði i- og j-liðir, svohljóðandi:

i. leita sátta milli einstaklinga og hópa annars vegar og fyrirtækja eða einstaklinga hins vegar í ágreiningsmálum sem skrifstofunni berast og varða ákvæði laga þessara."

Það varð mjög mikil umræða um það í nefndinni að í öllum þessum pakka væri hvergi hægt að leita sátta. Það væri í sjálfu sér ekki eðlilegt og það væri eitt af hlutverkum Jafnréttisstofu að taka á því. Það var ekki sátt um þetta í nefndinni þannig að við ákváðum að koma sérstaklega með þessa tillögu. Seinni liðurinn er svohljóðandi:

„j. veita kæranda aðstoð við meðferð máls hjá úrskurðarnefnd, óski hann þess."

Hér tala ég um úrskurðarnefnd þar sem við erum með tillögu um að kærunefndin breytist í úrskurðarnefnd, eins og var í fyrra frv. Það er mjög mikilvægt og ég held að þetta hafi frekar verið yfirsjón hjá okkur í nefndinni vegna þess að ég kom ekki með þessa tillögu inn fyrr en eftir að málinu var í raun lokið hjá nefndinni. Það er nefnilega svo, herra forseti, að þegar konur kæra — það eru oftast konur sem kæra út af jafnréttismálum — þá er það svo að fyrirtækin, sem verið er að kæra eða agnúast út í, eru í flestöllum tilfellum með heilan flokk af lögfræðingum. Hins vegar þarf það ekki endilega að vera svo með konurnar þó svo að stéttarfélög eða aðrir leggi þeim það kannski til. Þess vegna er mjög mikilvægt þegar svo ber við að þá geti nefndin aðstoðað við meðferð málsins.

Síðan er það 4. gr. Við komum í rauninni með nýja tillögu um úrskurðarnefnd eins og ég sagði frá áðan, sem var í fyrra frv. og við styðjumst við sömu rök og áður. Ég vil líka minna á að Jafnréttisráð mælir með þessu, BSRB mælir með því og líka karlanefndin. Það eru því mjög margir á því að þetta ætti að verða úrskurðarnefnd og ég minni t.d. á úrskurðarnefnd í fæðingarorlofsmálum. Um þetta er bara ágreiningur þannig að við sjáum til þegar atkvæði verða greidd um þetta mál.

Við 5. gr. bætist við ný málsgrein. Það er einmitt að gefa úrskurðarnefndinni, og hefði þá kannski átt að vera kærunefndinni, tækifæri til að senda málið til sáttameðferðar. Mjög mikilvægt er að við sjáum inni einhverja sáttameðferð og gert er ráð fyrir henni á tveimur stöðum. Ekki á að þurfa að fara með öll mál stál í stál og fyrir héraðsdóma eða slíkt.

Síðan er tillaga um að á eftir 5. gr. komi ný grein sem hljóði svo ásamt fyrirsögn:

„Viðmið við mat á hæfni.

Við mat á því hvort ákvæði 24. og 25. gr. laganna hafi verið brotin skal taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu og öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu.

Þetta var í fyrri lögum og hefur líka verið í þeim lögum sem núna eru og ég get ekki séð hvernig þessar nefndir eiga að vinna nema það sé einhvers staðar gert ráð fyrir einhverju viðmiði í þessum lögum.

Við 7. gr. um Jafnréttisráð. Það sem við gerðum í nefndinni var að við fjölguðum í Jafnréttisráði upp í níu. Ég og hv. þm. Kristján Möller lögðum mjög mikla áherslu á að BHM fengi þarna aðkomu vegna eðlis þeirra mála sem tengjast þá líka kærunefnd eða úrskurðarnefnd. Við erum þá búin að hækka þetta upp í ellefu og setja þá fulltrúa frá Jafnréttisstofu inn sem einn af nefndarmönnunum og þar með kemur algjör tenging á milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs vegna þeirra verkefna líka sem sett eru á Jafnréttisráð.

Síðan erum við með viðbótartillögu við 8. gr. um hlutverk Jafnréttisráðs. Þar bætist við nýr málsliður, svohljóðandi, þetta var líka atriði sem ég held að við gætum alveg orðið sammála um og það er að:

Jafnréttisráð skal standa fyrir málþingum og annarri opinni umræðu um jafnréttismál í samstarfi við Jafnréttisstofu og jafnréttisnefndir sveitarfélaganna.

Heilmikil umræða var í nefndinni um af hverju jafnréttisþingið var tekið út. Það hefur ekki verið alfarið mikil ánægja með jafnréttisþingið og konum hefur ekki fundist það þjóna alveg tilgangi sínum. En þá fannst mér heldur ekki vera hægt að hverfa algjörlega frá því að setja einhverjar skyldur á Jafnréttisráð um að vera með málstofur og eitthvað minna til þess að tengja saman alla þá þræði sem eru í frv. og þess vegna er búið að bæta tillögunni við.

Í 7. gr. brtt. er brtt. við 20. gr. frv. um að þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna tvo, konu og karl til setu í Jafnréttisráði.

Þetta tengist 20. gr. Það er eiginlega mjög sérstakt að þetta skuli vera krafa sem er einungis sett á Jafnréttisráð og ég get ekki séð hvernig kvennasamtökin eiga að geta gætt jafnræðis. Ég er eiginlega með tillögu um að tekin sé út þessi brtt. við 20. gr. þar sem er inni líka ákveðið sólarlagsákvæði og margir aðilar þekkja og var í fyrra frv. Brtt. okkar við 20. gr. er sú að greinin orðist svo ásamt fyrirsögn: „Þátttaka í ráðum og nefndum á vegum hins opinbera.

Í nefndum, stjórnum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal hlutfall kynja vera sem jafnast þar sem því verður við komið."

Þetta mundi þá auðvitað að sjálfsögðu eiga við Jafnréttisráð.

„Þar sem tilnefnt er í nefndir, stjórnir og ráð á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna tvo, konu og karl. Við skipun skal þess síðan gætt að skipting milli kynja sé sem jöfnust.

Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. ef illmögulegt er að framfylgja þeim af sérstökum ástæðum. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess."

Þarna á t.d. við um kvennafélögin og þar af leiðandi er lokamálsgrein brtt. okkar við 20. gr. svohljóðandi:

„Ákvæði 2. og 3. mgr. fellur sjálfkrafa úr gildi að liðnum tíu árum frá gildistöku laga þessara."

Við erum að tala þarna um ákveðið sólarlagsákvæði um að slíkt megi vel við una og þetta var líka í fyrra frv.

Ég vil gjarnan að það komi fram að það var gríðarlega skemmtileg og frjó og lífleg umræða um þessi mál í nefndinni. Eins og ég sagði áður þá vorum við sátt við að undirrita þetta með fyrirvara og þá fyrst og fremst líka að koma með brtt. frá okkur.

[19:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði ýmsa fyrirvara gagnvart þessu frv. eins og það var borið fram en ég tel að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. eða eru öllu heldur lagðar til af félmn. standi það mjög til bóta og eigi að geta orðið allgott. Ég stend því að nál. félmn. án fyrirvara.

Í þessu frv. eru, sem eðlilegt má telja þar sem í hlut eiga lög sem eru nokkuð komin til ára sinna miðað við þróun þessara mála, ýmis ákvæði sem horfa til réttrar áttar og taka upp nýmæli sem þykir nú sjálfsagt að hafa í lögum af þessu

tagi. Ég hygg að hvernig sem það hefði borið að hefðu menn væntanlega glímt við að setja inn í löggjöf af þessu tagi hluti eins og til að mynda þá að stefna að því að auðvelda fólki samræmingu fjölskyldulífs og atvinnuþátttöku eða ákvæði eins og þau sem frv. geymir einnig að reyna að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustað, í skólum eða annars staðar þar sem slíkt getur hent.

Af þeim breytingum, herra forseti, sem lagðar eru til við frv. af hálfu félmn. vil ég aðeins nefna fáeinar sem ég tel mikilvægar og gera það að verkum að ég treysti mér til að styðja frv. án fyrirvara. Ég vil í fyrsta lagi nefna stöðu Skrifstofu jafnréttismála, sem heitir svo í frv., en lagt er til að hún breyti um nafn og verði kölluð Jafnréttisstofa. En einnig eru gerðar, að vísu smávægilegar, breytingar á stöðu hennar sem ég tel þó miða í þá átt að gera hana sjálfstæðari og öflugri sem stjórnsýslu- eða framkvæmdastofnun á þessu sviði.

Ég tel í öðru lagi kannski þýðingarmest af öllu að samkomulag tókst í nefndinni um að leggja til að málshöfðunarréttur yrði áfram til staðar í þessu kerfi og nú þannig að í stað þess að áfrýjunarnefnd eða kærunefnd jafnréttismála hefur áður haft slíkan rétt þá færist hann til Jafnréttisstofu sem geti höfðað mál, eins og þar segir í brtt., með leyfi forseta:

„... til viðurkenningar á rétti kæranda á grundvelli álitsgerða kærunefndar jafnréttismála ...“

Og þegar í hlut eiga mál sem eru þess eðlis að hagsmunir kærenda eru metnir miklir eða mikilvægt að fá úrlausn vegna fordæmisgildis málsins.

Herra forseti. Ég held að það hefði verið skref aftur á bak og það hefði tekið bitið úr löggjöfinni ef málshöfðunarrétturinn hefði horfið með öllu út. Ég fagna því mjög þessari breytingu og tel hana þá mikilsverðustu sem samstaða varð um að gera.

Einnig er lögð til nokkur breyting á skipan Jafnréttisráðs sem ég get fellt mig prýðilega við. Þar er lagt til að fjölga í nefndinni um tvo fulltrúa. Ég tel reyndar sérstaklega mikilvægt að Samband ísl. sveitarfélaga fái þarna fulltrúa. Það væri í raun á skjön við mikilvægi sveitarfélaganna sem bæði vinnuveitenda og eins stjórnsýslustigs ef þau ættu ekki beina aðild að framkvæmd eða stjórnsýslu jafnréttismála með einhverjum hætti. Svo má velta fyrir sér hver verður framtíð Jafnréttisráðs eins og því er nú búin umgjörð hér í frv. Ég hef vissar efasemdir um að það muni halda vægi sínu til lengri tíma litið þegar verksvið þess er fyrst og fremst takmarkað við vinnumarkaðshluta jafnréttismálasviðsins eins og frv. gerir ráð fyrir.

Síðan mætti nefna, herra forseti, t.d. þær lagfæringar sem lagðar eru til á 19. gr. Sú grein frv. sem var að mínu mati einna hroðvirknislegast unnin, var gölluð og gat tæpast staðist eins og hún var fram sett og nefndin hefur því gert á henni talsverðar breytingar og ég tel að hún geti alveg staðist sem slík að þeim gerðum.

Herra forseti. Auðvitað er alveg ljóst að löggjöf ein og sér mun aldrei nægja eða duga til að tryggja fullt jafnrétti kynjanna, það þarf að sjálfsögðu meira til. En hún er engu að síður mikilvæg og nauðsynleg. Að sjálfsögðu á í lögum að banna mismunun á grundvelli kynferðis. Hitt er svo annað mál að löggjöfinni samhliða þurfa líka að fylgja ýmsar aðgerðir. Ég held að menn verði líka að horfast í augu við og sætta sig við að það mun taka tíma og það tekur tíma að framkalla þær samfélagsbreytingar sem eru í raun forsenda þess að við getum bundið vonir við að fullt jafnrétti kynjanna ríki í reynd. Þær samfélagsbreytingar og þær viðhorfsbreytingar í samfélaginu þurfa að nást í gegnum fræðslu í skólakerfinu, í gegnum uppeldi og upplýsingu og umræður og að síðustu munu þær væntanlega þannig skila sér í gegnum kynslóðaskipti. Þrátt fyrir allt held ég að flestir geti tekið undir að okkur hafi miðað mikið fram á veginn, þó ekki væri tekinn lengri tími en sá sem núgildandi jafnréttislöggjöf eða lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna hafa gilt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég tel þær breytingar sem lagðar eru til á frv. vera til mikilla bóta og styð þær og mun styðja frv. að þeim samþykktum.

[19:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Verið er að ræða afskaplega mikilvægt mál og ekki í fyrsta sinn. Þetta er eitt af þeim málum sem við höfum sett afskaplega mikið í forgang á liðnum árum, þetta er mál sem jafnaðarmenn hafa ævinlega látið mikið til sín taka í og verið frumkvöðlar í að gera breytingar á. Þess vegna fagna ég því að það sé komið til afgreiðslu af því það kom á síðasta þingi og náði ekki fram að ganga. Nú erum við að afgreiða þetta frv. sem er tæki í jafnréttisbaráttunni en eingöngu tæki og eitt af mörgu því sem þarf að vera í lagi til þess að við getum náð fram því sem hér er markmiðið, nefnilega jafnrétti kynjanna.

Auðvitað er mikilvægt að fá góð og öflug lög að starfa eftir í jafnréttisbaráttunni. En við vitum líka að það þarf meira til. Það þarf hugarfarsbreytingu, það þarf gagnkvæma virðingu fyrir verkefnum kynjanna hvors um sig, það þarf aukið traust á því að það kyn sem síður hefur leitað í ákveðið nám eða leitað í sérstök störf eigi erindi í það nám og inn í þau störf. Það er mjög margt sem þarf að vera í lagi í þjóðfélagi okkar, sem er það ekki í dag, til þess að sá árangur náist sem stefnt er að.

Virðulegi forseti. Gífurlega miklar þjóðfélagsbreytingar hafa orðið á liðnum árum og ef við tökum síðustu tvo áratugina er varla hægt að bera saman umræðuna varðandi jafnrétti kynjanna þá og núna, bæði vegna breytinganna og líka vegna væntinganna og kröfunnar um það sem þarf að vera í lagi í dag. Sú krafa er miklu harðari og ákveðnari, áður var hún meira óskir og væntingar og kannski beiðni um stuðning. Í dag ætlast ungar konur til þess að möguleikar þeirra séu jafnir og við sem höfum áhuga á að ná fram jafnrétti kynjanna ætlumst líka til þess að möguleikar kynjanna séu jafnir. Þetta á við hvort heldur er hvað varðar nám eða störf.

Það er að vísu þannig að í mörgum deildum Háskóla Íslands hefur konum fjölgað svo mjög að í allmörgum þeirra eru konur farnar að vera í meiri hluta, jafnvel í deildum sem áður voru nær eingöngu skipaðar körlum eða örfáar konur voru í fyrir svo sem áratug.

En í sumt nám er síður sótt af konum. Það á við um verkfræðinám og það á við um ýmiss konar nám sem byggist á stærðfræði. Þetta veldur nokkrum áhyggjum vegna þess að það er alveg ljóst að þegar við skoðum stöðu stúlkna og drengja á uppvaxtarárum eru stúlkur síst síðri stærðfræðingar en drengir og konur eru alls ekki síðri stærðfræðingar almennt en karlar. Þess vegna er það umhugsunarefni að konurnar sæki ekki í sama mæli í störf sem ættu að vera þeim hentug. Það er okkur umhugsunarefni að viðhorfsbreytingin hefur ekki náð nægilega fram að ganga.

Það er hins vegar þannig að konur hafa haslað sér völl t.d. við stjórnvölinn í fyrirtækjum. Þannig getum við nú bent

í ýmsar áttir í viðskiptalífinu og sagt: Sjáið, þarna eru konur jafngóðar og karlar, þarna er kona á öflugum stað í rekstri fyrirtækis. Hver einasta slík hefur verið bæði fyrirmynd og hvatning fyrir aðrar konur varðandi það sjálfstraust sem þær verða að hafa til að sækja fram á öllum vígstöðvum. Þannig hefur það gerst að t.d. í peningaheiminum, þar sem karlar voru miklu meira ráðandi í gegnum árin en konur, karlar voru gjarnan í öllum hærri stöðum og konur í þjónustunni, hafa konur sótt inn og eru þar bæði deildarstjórar og forustumenn á ýmsum sviðum.

Sama má segja um pólitíkina og því ber samsetning Alþingis nú vitni. Við höfum náð því að fara yfir 30% markið og brutum þá þetta fræga glerþak. Auðvitað er það ljóst að í heimi kvenna er ekki bara glerþak við 30% heldur ótal glerveggir sem hefur þurft að steyta á og reyna að brjóta til þess að ná þeirri samstöðu sem er mikilvæg til að konur og karlar nái því að fara fram um veg í fullkomnu jafnrétti. Því miður, herra forseti, er langt í land enn þá að fullkomið jafnrétti náist.

Það er nú einu sinni þannig að konur hafa mjög lengi ætlað sér öll hlutverk konunnar. Þegar ég segi „öll hlutverk konunnar" á ég við arf formæðranna og frá þeim arfi og inn í hinn nýja tíma. Konur hafa vanið sig á að slengja þessu saman í nokkur hlutverk þar sem þær gera kröfur á sjálfan sig að geta sinnt þeim öllum. Við höfum áður fjallað um það sem við höfum kallað „ofurkonuna" undir, að mig minnir umræðu um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. Þá eigum við ekki við þá ofurkonu sem getur tekist á við hundrað verkefni og ráðið við þau öll eða tvöfalt fleiri verkefni en einhver karl og ráðið við þau öll heldur það að konur hafi í of ríkum mæli ætlað sér að halda áfram verkunum sem voru arfur formæðranna á sama tíma og þær takast á við nýja tímann og einsetja sér að vera jafngóðar og hver annar í nýja heiminum, í nýja starfinu, í nýja náminu eða hvað það er sem heyrir með í því þegar konur og karlar vilja ná því sama fram.

Í þeirri umræðu töluðum við líka um það að „ofurkonan" væri því miður í mörgum tilfellum að bugast vegna þess sem hún hefur sett sér fyrir. Þess vegna þarf hugarfarsbreytingin líka að beinast að konum með það að sættast við sjálfa sig á sama tíma og þær fara inn í ný hlutverk að þær láti af einhverju af einhverju af því sem þær ætluðu sér áður. Enda er það nú svo að sérstaklega hefur yngri kynslóð og kannski fremur sú yngri kynslóð sem hefur menntað sig, náð því að hafa hlutverkaskipti og sameinast um verkefnin sem voru áður á hendi kvenna. Þannig er það núna í ríkum mæli að ungir menn taka á sig fjölskylduhlutverkið og njóta þess. Því er svo mikilvægt að í þessu frv. skuli tekið á rétti feðra. Ég tek heils hugar undir það og margt annað sem hér er verið að setja í lög sem við höfum kallað eftir á liðnum árum og beðið eftir.

Það er mjög mikilvægt þegar fram kemur stjfrv. sem tekur á málum við höfum talað fyrir í áranna rás að fagna því, styðja það og þora að lýsa því yfir að hér sé vel að verki staðið. Það geri ég, herra forseti, þó ég taki á sama tíma fram að mér fyndist að þetta mál og þessi lög yrðu mun betri ef brtt. Guðrúnar Ögmundsdóttur og Kristjáns L. Möllers, þingmanna Samfylkingarinnar, næðu fram að ganga. Samfylkingin styður þessar brtt. fulltrúa sinna og ég hvet til þess að þingmenn stjórnarliðsins endurskoði hug sinn og athugi hvort ekki væri rétt að taka undir þessar tillögur.

Ég sagði áðan að jafnréttislög væru aðeins tæki og að hugarfarsbreyting væri þýðingarmikil. Ég hef oft haldið ræður um hversu mikilvægt er að konur hafi frelsi til sjálfstæðrar þátttöku hvort heldur er í starfi, pólitík eða félagsstörfum. En til er önnur hlið á jafnréttismálunum, þ.e. fjölskyldupólitíkin.

Við getum spurt: Hvað þarf til þess að karl og kona blómstri hlið við hlið í því sem þau takast á við í jafnréttisleit sinni? Umhverfi fjölskyldunnar þarf að vera í lagi þegar um er að ræða ungt fólk með fjölskylduábyrgð. Félagslega öryggisnetið þarf að vera í lagi vegna þess að hafi ungt fólk fjölskylduábyrgð þá eru fleiri í stórfjölskyldunni, ekki bara pabbinn og mamman og börnin heldur líka fólk sem stendur ungum fjölskyldum nær, þ.e. amman og afinn eða aðrir sem þurfa á því að halda að finna stuðning ef eitthvað bjátar á. Einnig eru til öðruvísi fjölskyldugerðir, við höfum verið að fjalla um ólíkar fjölskyldugerðir að undanförnu. Það er mikilvægt að umhverfi fjölskyldnanna, hvers eðlis sem þær eru, sé í lagi. Fjölskyldunni þarf að skipa lagaramma, lög sem ekki eru aðeins innantóm orð heldur þurfa að fylgja þeim framkvæmdir.

Fyrir ári samþykktum við fjölskyldustefnu á Alþingi. Það var þáltill. og í henni fólst að ríkisstjórnin mundi leggja fyrir Alþingi tillögur um úrbætur með lagafrumvörpum. Í kjölfar samþykktarinnar hafa fáein lagafrumvörp komið fram. Ég get nefnt tillöguna um ILO-samþykkt nr. 156, um að óheimilt sé að segja fólki upp störfum vegna fjölskylduábyrgðar. Ég fagna því frv. mjög. Við höfum líka fjallað um frv. um samkynhneigða og réttarbætur til þeirra. Þeirra var sérstaklega getið í þessari þáltill. Eitthvað fleira, þó ekki sé það mjög margt, hefur komið inn í þingið en það þarf að gera betur til að fylgja tillögunni eftir. Það þarf að gera meira en að fylgja þáltill. um fjölskyldustefnu eftir með lagafrumvörpum vegna þess að allar aðgerðir sem skipta máli kosta peninga.

Þegar við skoðum umsögn fjmrn. um frv. til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þá segir að útgjaldaauki verði ekki mjög mikill með þessu frv. Farið er yfir verkefnin, breytt fyrirkomulag og annað slíkt og hvað aðrar stofnanir muni uppfylla af því sem er í frv. Með fjölgun verkefna á Skrifstofu jafnréttismála, innan ráðuneyta og með aukinni áherslu á fræðilegar og hagnýtar rannsóknir er talið að gera megi ráð fyrir að útgjaldaauki ríkissjóðs geti numið 0,5–1,0 millj. kr. verði frv. óbreytt að lögum.

Nú kemur það ekki fram í nál. hvort þessi útgjaldaauki verði meiri en við vitum að til þess að jafnréttisaðgerðir virki, ég tala nú ekki um fjölskylduaðgerðir, þá þarf að kosta til meira en 0,5–1,0 millj. kr. Svona lög og lögin um fjölskyldustefnu eru fyrirheit um aðgerðir og fyrirheit um það sem menn ætla sér að stefna að og ná fram. En í þeirri stefnu felst að til hennar þarf að veita peninga svo hún geti orðið virk.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta nægja um þetta ágæta frv. um leið og ég endurtek að mér finnast brtt. fulltrúa þingflokks Samfylkingarinnar mjög þýðingarmiklar. Ég verð jafnframt að kalla eftir því að hæstv. félmrh., en undir hann heyra bæði jafnréttismál og fjölskyldumál, bretti upp ermar og knýi á við ríkisstjórnina að gera frekari úrbætur og setja fjármagn í það sem máli skiptir. Ég þarf ekki að telja það upp hér. Yfir það hefur nýlega verið farið m.a. í tengslum við kjarasamninga. Í utandagskrárumræðu í dag var líka fjallað um það sem óskað er eftir í úrræðum fyrir fjölskyldurnar í þessu landi. Um leið og ég fagna því að við höfum náð niðurstöðu um lög um fæðingarorlof kalla ég eftir því að betur verði tekið á í þessum málum sem stuðla að betra

umhverfi fjölskyldunnar og virkara öryggisneti í þjóðfélagi okkar.

[19:52]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka umræðurnar sem hafa orðið hér um þetta mikilsverða mál. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að ljúka þessari umræðu en vil þó aðeins hlaupa yfir brtt. frá hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur og Kristjáni L. Möller og skýra aðeins af hverju ekki náðist samstaða um þá hluti sem þau eru þar að leggja til.

Í fyrsta lagi leggja þau til að tekin verði inn sáttaleið hjá Jafnréttisstofu, milli einstaklinga og hópa annars vegar og fyrirtækja eða einstaklinga hins vegar í ákveðnum ágreiningsmálum. Nefndin ræddi þetta mjög mikið, fékk álit lögfræðinga og velti fyrir sér hvort þetta stæðist þar sem til stóð að taka inn í frv. málshöfðunarheimild hjá Jafnréttisstofu. Segja má að þegar Jafnréttisstofa hefur leitað sátta með aðilum þá er mikil hætta á að skrifstofan gæti snúist á sveif með öðrum aðilanum og höfðað mál á hendur hinum. Það verður satt að segja, hæstv. forseti, að teljast nokkuð hæpið. Í þessum tilfellum verður að hafa skýrar línur um verksvið hvers og eins. Meiri hlutinn tók þá afstöðu og féllst því ekki á þessa leið.

Varðandi það hversu langt Jafnréttisstofa á að teygja sig í aðstoð við einstaklinga þá er það nokkuð vandmeðfarið. Þarna er lagt til að þeim sem eru með mál fyrir úrskurðarnefndinni verði veitt aðstoð. Í fyrsta lagi vantar nánari skilgreiningar á hvers konar aðstoð þarna er um að ræða. Hlutverk Jafnréttisstofu er hins vegar m.a. að veita ráðgjöf bæði stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum. Jafnréttisstofa hefur nokkuð víðtækt umboð til að veita ráðgjöf en að teygja það út í aðstoð þykir mér nokkuð hæpið.

Síðan er þarna brtt. varðandi það að ekki skuli vera kærunefnd, eins og lagt er til í frv. og meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi, heldur skuli þar vera úrskurðarnefnd. Á þetta gat meiri hlutinn ekki fallist og taldi málið betur komið eins og gert er ráð fyrir í frv. Í stjórnsýslunni eru starfandi fjölmargar kæru- og úrskurðarnefndir og valdsvið þeirra er mjög mismunandi. Flestar hafa nefndirnar fullnaðarúrskurðarvald í stjórnsýslunni þannig að ákvarðanir þeirra verða ekki endurskoðaðar nema af dómstólum. Eina leiðin til að hnekkja úrskurði þeirra er með málshöfðun. Aðrar nefndir á borð við kærunefnd jafnréttismála og kærunefnd fjöleignahúsamála geta beint tilmælum til hlutaðeigandi. Það er því þess sem telur á sér brotið að höfða mál fyrir dómstólum sé ekki farið að tilmælum nefndarinnar. Í frv. er gert ráð fyrir álitsgefandi kærunefnd. Sú leið var valin og ég tel að hún sé affarasælli en það að hafa úrskurðarnefnd.

Í brtt. er einnig lagt til að hafa ellefu manna Jafnréttisráð. Okkar mat var, þó að við teygðum okkur upp í að hafa níu manna Jafnréttisráð, að þetta væri orðið nokkuð fjölmennt ráð yrði það ellefu manna. Benda má á að hugsanlega ættu fleiri að eiga aðild að Jafnréttisráði og það var gert hér við 1. umr. en ég held að við gætum kannski seint stoppað ef við ætluðum að hafa með alla þá sem hugsanlega hefðu eitthvað til jafnréttismála að leggja í Jafnréttisráði. Auðvitað eru þeir fjölmargir sem hafa áhuga á jafnréttismálum og sinna þeim með einhverjum hætti.

Hér er einnig lagt til að Jafnréttisráð skuli standa fyrir málþingum og annarri opinni umræðu. Sú leið var farin að taka jafnréttisþingin út úr frv. Talið var að þau hefðu ekki skilað nægilega góðum árangri í jafnréttisumræðunni. Auðvitað hefðu þau eitthvert hlutverk en kannski ekki nægilega mikið miðað við það sem til er stofnað. Betra er talið að þeir sem eiga aðild að Jafnréttisráði standi fyrir málþingum og tillögugerð á sínum eigin vettvangi eins og aðilar vinnumarkaðarins og sveitarfélögin. Þar gæti komið upp þessi virka umræða sem síðan á auðvitað að fara fram í Jafnréttisráði. Í brtt. okkar var einnig gert ráð fyrir að hlutverk Jafnréttisráðs yrði víkkað töluvert út, bæði með því að Jafnréttisráð gæti lagt til við ráðherra breytingar varðandi vinnumarkaðsmál sem lúta að jafnréttismálum og eins gæti Jafnréttisráð haft skoðun á öðrum málum í samfélaginu sem varða jafnréttismál og komið með tillögur þar að lútandi.

Hvað varðar brtt. þeirra hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur og Kristjáns Möllers við 20. gr. þá lýsti ég því yfir við 1. umr. að ég væri nokkuð veik fyrir þeirri tillögu og ég get endurtekið það. En ég held samt sem áður og ekki síst eftir að ég heyrði viðtal við ungar konur í Samfylkingunni, en fram kom á þingi þeirra að slíkar kvótareglur væru farnar að standa nokkuð í vegi fyrir því að konur komist til þeirra áhrifa og valda sem þær óska eftir, að ég falli nú frá þessu. En auðvitað er það svo, eins og kom fram í svari sem dreift var í þinginu í dag, að það er ekki nægilega góð staða hjá hinu opinbera varðandi það hvernig skipað er í stjórnir, ráð og nefndir á vegum ríkisins.

Þetta vildi ég segja, hæstv. forseti, um þessar brtt. Ég legg til að þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar stóð að, og reyndar hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir og Kristján Möller einnig að mestu leyti, verði samþykktar hér.

Það kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að hlutverk Jafnréttisstofu væri styrkt. Ég tel að þarna sé komin stofnun sem muni geta sinnt þessu hlutverki sínu mjög vel að sjá um stjórnsýsluna á sviði jafnréttismála. Það er a.m.k. von okkar að þetta verði til þess að styrkja þá stöðu. Skrifstofa jafnréttismála var framkvæmdaraðili fyrir Jafnréttisráð en nú erum við að gera þessar kerfisbreytingar.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi það einnig að honum þætti verksvið Jafnréttisráðs léttvægt. Ég get ekki verið sammála því. En eins og kemur fram í tillögunum þá styrkjum við það og auðvitað fer það mjög eftir því hverjir eru skipaðir í Jafnréttisráð hvers konar umræða þar er og hvers konar vinnu það skilar af sér til úrbóta í jafnréttismálum.

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að ljúka máli mínu. Ég vil taka fram að ég er sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að fjölskyldupólitíkin í þessu skipti mjög miklu máli og hún er svo sannarlega tekin hér inn í þetta frv. þar sem einn mikilvægasti þátturinn í því er einmitt samræming fjölskyldu- og atvinnulífs. Það kom fram í nefndaráliti okkar að við erum þeirrar skoðunar að það sé ein mikilsverðasta áherslan í frv.

Hæstv. forseti. Hér er vonandi verið að stíga mikilsvert skref í jafnréttismálum. Ég er þó sannfærð um að það mál sem við afgreiddum fyrr í dag, frv. um fæðingar- og foreldraorlof, sé enn stærra skref og það á örugglega eftir að sýna sig. Ég vil að lokum þakka nefndinni fyrir góð störf við vinnslu málsins. Það fór fram mjög ítarleg umræða um frv. og skoðun á málinu og ég trúi því að það sjáist í tillögum okkar.

[20:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. félmn. Hún er búin að hafa málið til mikillar og ítarlegrar skoðunar. Ég ýmist

styð eindregið brtt. sem hún gerir eða uni prýðilega við þær, þ.e. þær brtt. sem nefndin stendur öll að.

Það er alveg hárrétt hjá hv. 4. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, að það er mjög mikilvægt og eftirsóknarvert að bæði kyn sæki nokkuð jöfnum höndum í öll störf og það er rétt að það skortir mjög á að konur sæki í stærðfræðitengdar greinar eða raungreinar í námi. Í tilefni af því hef ég beitt mér fyrir því að ráðuneyti mitt og Jafnréttisráð taki þátt í átaki með Háskóla Íslands og iðnrn. til að reyna að auka þátt kvenna í raungreinatengdu námi. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og ég held að það þurfi að ýta á það mjög snemma, jafnvel í leikskóla og sérstaklega þó í grunnskólanum, að vekja áhuga stelpna á stærðfræði og raungreinatengdu námi.

Herra forseti. Ég get sagt það hér að ég er stoltur yfir þeim árangri sem náðst hefur í fjölskyldu- og jafnréttismálum að undanförnu. Dagur fjölskyldunnar er 15. þessa mánaðar og þá mun ég í samvinnu við fjölskylduráð efna til blaðamannafundar til að reyna að vekja athygli á mikilvægi fjölskyldumála í þjóðfélagi okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 20:06]

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 2. umr.

Stjfrv., 556. mál (hreindýr). — Þskj. 858, nál. 1166.

[20:30]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Frv. fjallar um veiðar á hreindýrum, hreindýrastofninn sérstaklega, og um þá nefnd sem ætlunin er að hafi með höndum vöktun þar að lútandi. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir því hvernig fara skuli með rannsóknir í framhaldi af vettvangsrannsóknum á hreindýrum.

Í frv. er gert ráð fyrir að umhvrh. geti heimilað veiðar úr hreindýrastofninum, telji veiðistjóraembættið að stofninn þoli veiði, og ákveðið hversu mikið skuli úr honum veiða. Umhvrh. skipar einnig fimm menn í hreindýraráð til fjögurra ára. Í þessu ráði eiga að vera fulltrúi ráðherra sem skipaður er af honum án tilnefningar en síðan aðrir frá Búnaðarsambandi Austurlands, Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu og Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, en þessir aðilar tilnefna hver um sig einn aðila.

Í frv. var gert ráð fyrir því að Náttúrustofa Austurlands tilnefndi einn aðila í hreindýraráðið enda færi veiðistjóri með vöktun og rannsóknir og stjórn þeirra mála.

Þær brtt. sem umhvn. hefur gert eru hins vegar á þann veg að snúa þarna verkefnum til annarrar áttar eða hafa þarna skipti á verkefnum þar sem umhvn. hefur orðið sammála um að leggja til að Náttúrustofa Austurlands annist rannsóknir og vöktun en veiðistjóraembættið tilnefni einn mann í hreindýraráðið og sé hann þá líffræðingur eða hafi aðra sambærilega menntun. Það er ekki eðlilegt að Náttúrustofa Austurlands fari bæði með rannsóknirnar og vöktunina og eigi mann í stjórn. Því er brugðið á það ráð sem hér var gerð grein fyrir.

Þetta eru meginatriði þess sem hér um ræðir. Umræður í nefndinni voru allnokkrar og urðu nefndarmenn sammála um þessa niðurstöðu og mæli ég með samþykkt frv.

[20:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kem upp til þess að undirstrika það sem fram kom í máli hv. formanns umhvn. Ólafs Arnar Haraldssonar að nefndin öll stendur að þessu nefndaráliti og einnig til þess að lýsa ánægju minni með þá breytingu sem gerð var í meðförum nefndarinnar, þ.e. á því verklagi að yfirumsjón verkefnisins skyldi vera flutt til Náttúrustofu Austurlands enda eðlilegt að heimamenn hafi slíka starfsemi með höndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 1. umr.

Frv. umhvn., 635. mál (hættumatsnefnd). — Þskj. 1164.

[20:35]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. og nál. frá umhvn. um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Í meginatriðum fjallar frv., sem umhvn. hefur orðið sammála um að flytja, um að sveitarstjórnir í sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni skuli láta meta hættu af ofanflóðum. Enn fremur fjallar frv. um beiðni sveitarstjórnar um gerð hættumats og skal hún berast umhvrh. og skipar hann fjögurra manna nefnd sem stýrir gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi og er sú nefnd kölluð í þessu frv. hættumatsnefnd.

Svo háttar til að hættumatsnefnd sú sem mælt er fyrir um í frv. þarf sterkari lagastoð en ella hefði orðið, en fram til þessa hefur verið gert ráð fyrir því að hættumatsnefndin fengi eingöngu stoð í reglugerð. Hér er um svo veigamikið, vandasamt og ábyrgðarmikið starf að ræða að ekki þykir annað fært en að slík hættumatsnefnd hafi stoð í lögum. Því hefur nefndin orðið sammála um að flytja þetta frv. sem hér hefur verið gerð grein fyrir og mæli ég með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 2. umr.

Stjfrv., 524. mál (gjaldtökuheimild o.fl.). — Þskj. 825, nál. 1157, brtt. 1158.

[20:37]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 524. mál, ásamt brtt. frá hv. iðnn.

Nefndin hefur fjallað nokkuð ítarlega um málið og fengið fjölmarga gesti á sinn fund og frá þeim er greint í nefndarálitinu.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um heimild iðnaðarráðherra til að ákveða eða gera samninga um endurgjald fyrir hagnýtingu auðlinda hafsbotnsins innan íslenskrar lögsögu.

Nefndin lítur svo á að sú heimild sem iðnaðarráðherra er fengin með ákvæðum frumvarpsins sé til þess fallin að koma á samræmi milli reglna um meðferð og nýtingu auðlinda Íslands, en í þjóðlendulögum er að finna ákvæði um heimild forsætisráðherra eða sveitarstjórnar eftir atvikum til að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir þá nýtingu réttinda sem heimiluð er samkvæmt lögunum.

Herra forseti. Nefndin bendir á að með ákvæðum frumvarpsins er réttur þeirra sem nú hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni ekki skertur að neinu leyti. Þeim aðilum er frjálst að sækja um leyfi á ný og eðlilegt að það verði veitt að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í frumvarpinu.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Að hluta er um að ræða orðalagsbreytingar, en lagðar eru til eftirfarandi efnisbreytingar sem kynntar eru á þskj. 1158:

1. Lagt er til að netlög í stöðuvatni verði ekki skilgreind sérstaklega þar sem frumvarpið tekur eingöngu til hafsbotnins og því aðeins þörf á að skilgreina netlög í sjó.

2. Lagt er til að möguleikar til ráðstöfunar tekna af leyfum sem ráðherra veitir samkvæmt frumvarpinu verði þrengdir þannig að þeim skuli að jafnaði varið til hafsbotns- og landgrunnsrannsókna.

3. Tillaga er gerð um að bætt verði við 4. gr. laganna nýrri málsgrein þess efnis að við veitingu leyfa samkvæmt lögunum skuli gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.

4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem þegar hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni haldi þeim í tvö ár frá gildistöku laganna. Sanngirnisrök þykja mæla með því að þessi frestur verði framlengdur í fimm ár.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 1158.

Undir þetta nefndarálit rita auk formanns, Hjálmars Árnasonar, Guðjón Guðmundsson, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Árni Ragnar Árnason ásamt þeim hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur, en þær tvær síðasttöldu rita þó undir það með fyrirvara.

[20:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom hér í framsögu með nefndaráliti, skrifa ég ásamt Rannveigu Guðmundsdóttur undir álitið með fyrirvara. En við munum flytja brtt. við 3. umr. málsins í þá veru að taka skuli gjald ekki aðeins fyrir ólífræna auðlind á hafsbotni heldur einnig lífræna.

Það kom fram við 1. umr. að það er fullkomin rökleysa að taka ekki gjald fyrir hvaða efnistöku sem er eða hvers konar auðlind sem menn hafa aðgang að og er í eigu allra landsmanna, hvort sem það er skeljasandur, olía eða annað það sem á hafsbotni er, svo sem skelfiskur, fiskur, rækja eða hvað það er. Við munum því leggja fram breytingartillögu í þá veru að hugtakið auðlind samkvæmt þessum lögum taki til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins.

Einnig teljum við óeðlilegt að ráðherra hafi sjálfdæmi í því að afhenda aðgang að auðlindinni og teljum eðlilegt að um það fari fram útboð í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd útboða þannig að ef til stendur að veita aðgang að auðlind, efnistöku, fiskveiðum, borun eða hverju sem er þá verði það auglýst og ekki úthlutað fyrr en að undangengnu útboði.

Í þessu felast fyrirvarar okkar í þessu máli. Það er fullkomlega eðlilegt að taka gjald fyrir aðgang að auðlindum í almannaeign, í eigu þjóðarinnar, og þar á ekki að undanskilja lífrænar auðlindir á hafsbotni.

[20:44]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Það sem hér er til umfjöllunar, frv. til laga um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73 18. maí 1990, er að mínu mati þarft mál. Iðnn. hefur farið mjög ítarlega yfir málið og hér er sem sagt fætt nefndarálit sem ég styð. Ég tel mjög mikilvægt að það sé undirstrikað að auðlindir á hafsbotni séu sameign þjóðarinnar. Ég styð því frv. og vil láta það koma fram.

En það er annað sem ég vil líka láta koma fram. Iðnrh. hefur greint frá því að á leiðinni sé lagafrv. um olíu- og gasvinnslu á hafsbotninum. Að mínu mati hefði verið heppilegra að taka þetta frv. samhliða væntanlegu frv. til laga um olíuvinnslu og gasvinnslu á hafsbotninum. Ég held að við hefðum fengið vandaðri vinnu út úr því að fjalla um slík mál samhliða. Þó að gasvinnsla og olíuvinnsla sé ekki hafin er mjög mikilvægt þetta haldist að vissu leyti í hendur, t.d. hvað varðar rannsóknaþáttinn.

Að mínu mati er það kannski merkast í frv. að væntanlegt afgjald af þessum auðlindum skuli eiga að nota til að stunda frekari rannsóknir á hafsbotninum. Það er deginum ljósara að rannsóknaþátturinn er mikilvægur og við erum mjög skammt á veg komin varðandi rannsóknir á hafsbotninum og þurfum sannarlega á fjármunum að halda til þess að rannsaka, ekki bara malarefni eða skeljasand eins og fram hefur komið, heldur ekki síður möguleika okkar varðandi gasvinnslu og olíuvinnslu norðan við land. Við gerum okkur öll grein fyrir því að þar er öll rannsóknastarfsemi mjög skammt á veg komin.

Ég vil bara láta koma fram að ég styð þetta frv. um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins og tel þetta mikilvægt mál þó svo að forminu til hefði ég viljað taka þetta mál samhliða væntanlegum lögum um olíu- og gasvinnslu á landgrunninu.

[20:47]

Frsm. iðnn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Árna Steinars Jóhannssonar að með frv. er sleginn af allur vafi um að hafsbotninn utan 150 metra netlaga er í eigu ríkisins og það er grundvöllurinn að frv. Það er grunnurinn að því sem síðar kann að verða.

Það er jafnframt rétt hjá hv. þm. að hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir og hefur boðað framlagningu frv. um hugsanlega kolvetnisvinnslu á landgrunninu við Ísland en það er í rauninni af allt öðrum toga. Nú er það ekki eina vinnslan sem hugsanlega kann að fara fram á hafsbotni heldur er kolvetnis- eða olíuvinnsla hugsanlega aðeins einn þáttur af mörgum mögulegum öðrum þáttum sem kunna að verða unnir á hafsbotninum við Ísland en mikilvægt er að leggja þennan grunn áður en það hugsanlega ævintýri hefst að slá af allan vafa um að íslenska ríkið eigi hafsbotninn. Síðan fær hvert mál fyrir sig sérstaka vinnslu en grunnurinn er lagður bæði með eignarhaldinu, með gjaldtökunni og jafnframt því

hvernig tekjur ríkisins verði notaðar til áframhaldandi rannsókna. Og ég tek undir það að við erum mjög skammt komin í að rannsaka hafsbotn okkar sem er mikið og stórt svæði og er sannarlega þörf fyrir miklar rannsóknir. En þarna er grunnurinn lagður.

[20:49]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum sammála um að við erum skammt á veg komin í rannsóknum. Það sem mikið var til umræðu í nefndinni var þetta ráðherravald varðandi útdeilingu eða leyfisveitingu til að vinna þessar auðlindir og ég hefði talið að með því að vinna saman lögin um olíu- og gasvinnslu og þetta mál þá hefði ýmislegt skýrst í sambandi við það hvernig á að fara með þessi mál. Ég tel t.d. varðandi olíu- og gasvinnsluna og hvernig að leyfisveitingum er staðið þar, þá hefðum við þurft — eins og varðandi efnistöku að öðru leyti — að ráðfæra okkur og taka mið af því sem gerst hefur í löndunum í kringum okkur því að þjóðir eins og Danir og auðvitað Norðmenn hafa mjög langa reynslu í því hvernig farið er með þessi mál.

Ég man eftir því t.d. þegar Danir hófu olíu- og gasvinnslu, þá var það talið þjóna hagsmunum ríkisins til að koma vinnslunni af stað að það væri í valdi ráðuneytisins, ef ég veit rétt, að fara með þessar — eigum við að segja frumúthlutanir, en þarna er reynsla sem er fengin sem við ættum að sjálfsögðu að kynna okkur og tileinka. Færeyingar eru jafnvel komnir vel á veg í þessum málum. Ég vil árétta að ég hefði talið betra að taka þetta samhliða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 559. mál (nálgunarbann). — Þskj. 861, nál. 1165.

[20:51]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. við frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum, þ.e. fyrir nálgunarbanni.

Í mars árið 1997 lagði hæstv. dómsmrh. fram skýrslu á Alþingi um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í kjölfar þess var ákveðið að skipa þrjár nefndir til að huga að úrbótum á þessu sviði. Þessar nefndir lögðu einróma til að reglur um nálgunarbann yrðu lögfestar.

Með frv. sem við ræðum hér í kvöld er lagt til að lögfest verði sérstakt úrræði til að vernda þá sem hafa orðið fyrir ofsóknum og ógnunum með því að leggja bann við að sá sem ofsækir eða ógnar komi á tiltekinn stað eða svæði, veiti eftirför, heimsæki eða setji sig með einhverju móti í samband við þann sem bannið verndar. Nálgunarbanninu er því ætlað að vernda bæði fórnarlambið og fyrirbyggja frekara ofbeldi. Það er markmiðið með frv.

Herra forseti. Nefndin ræddi nokkuð þá málsmeðferð sem lögð er til í frumvarpinu. Lagt er til að lögregla geri kröfu til dómara um nálgunarbann og í framhaldi af því ákveði dómari þinghald til að taka kröfuna fyrir og gefi út kvaðningu á hendur þeim sem krafan beinist að. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að þetta verði virkt úrræði þannig að það veiti þá vernd sem að er stefnt og að málsmeðferð gangi hratt fyrir sig hjá lögreglu og dómstólum en þó þannig að hagsmuna þess sem sæta á banninu verði ætíð gætt. Við umfjöllun málsins var rætt hvort ástæða væri til að veita þeim sem óskað hefur eftir því við lögreglu að úrræðinu verði beitt, en fær synjun, sjálfstæða heimild til að óska úrskurðar dómara um það. Niðurstaða nefndarinnar er að heppilegt sé að þessi mál séu í umsjá lögreglu. Telur nefndin að til þess að úrræðið veiti nægilega vernd geti komið til greina að lögregla geri kröfu um nálgunarbann þó að hún telji að um vafatilvik sé að ræða í þeim tilgangi að fá úrskurð dómara um hvort rétt sé að beita banninu. Þá bendir nefndin á að synjun lögreglu um að krefjast nálgunarbanns er kæranleg til dómsmálaráðuneytis. Nefndin leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að lögreglumenn séu vel upplýstir um þetta úrræði og beinir hún því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að fjallað verði um það í tengslum við menntun og endurmenntun lögreglumanna — hugsanlega í tengslum við Lögregluskólann — eða að fram fari fræðsla um það með öðrum hætti.

Virðulegi forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[20:54]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um margt um mjög athyglisvert frv. að ræða sem er breyting á lögunum um meðferð opinberra mála, svokallað nálgunarbann.

Við vorum öll sammála um það í nefndinni að þetta væri eitt af þeim málum sem við vildum gjarnan sjá í framkvæmd sem allra fyrst ekki hvað síst vegna þess að þarna er verið að bæta stöðu brotaþola. Lög af þessu tagi eru líka fyrirbyggjandi að ákveðnu leyti.

Talsverðar umræður urðu í nefndinni um ýmsa þætti frv., bæði um skilyrðin og hver metur nálgunarbannið og að fólk hafði áhyggjur af þeim sem verður fyrir nálgunarbanninu og mikið hugsað um rétt hans. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að líka sé kominn tími til að skoða skerðingu á frelsi hjá þeim sem verður fyrir ofsóknum og það er akkúrat það sem verið er að gera með þessu, því það er líka skerðing á frelsi að verða stöðugt fyrir ógnunum af hálfu t.d. fyrrverandi sambýlismanna eða eiginmanna. Þetta á auðvitað ekki bara við um slík mál, þetta getur átt við um ágreining á milli jarðeigenda, ýmislegt varðandi húseignir og annað í þeim dúr.

En óræk merki þurfa að vera um ofsóknir og að málin séu skýr og ótvíræð, það skiptir meginmáli. Í þeim málum sem við vitum að þessu yrði kannski beitt fyrst og fremst, þ.e. í málum sem snúa að konum og börnum, þá held ég að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að málin verði ekki skýr og ótvíræð í þeim tilvikum. Það kemur líka fram í ákveðinni grein að sá sem nálgunarbanni sætir er upplýstur á öllum stigum málsins.

Þegar Stígamót voru í heimsókn hjá nefndinni kom fram í framhaldi af þeirri umræðu og því sem hefur áður borist í tal hér í þinginu hvort kannski kæmi að því að við mundum gera eins og Austurríkismenn, þ.e. að setja bann varðandi heimilisofbeldi og að fjarlægja megi mann af heimili. Frumvarpið tekur auðvitað ekki á því, enda þyrfti slíkt meiri umræðu en ég veit að vilji er til þess að ræða þau mál í víðara samhengi. En þetta nálgunarbann er svo sannarlega þróun í rétta átt til að tryggja og bæta stöðu brotaþola.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 312. mál. — Þskj. 562, nál. 1163.

[20:57]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Fyrr í vetur var lögð fram till. til þál. um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok."

Þáltill. kom síðan til hv. allshn. sem hefur fjallað um tillöguna. Allshn. telur mikilvægt að tillögur í þá veru sem felast í þáltill. verði mótaðar, helst hið fyrsta, sem m.a. taka mið af breyttum þjóðfélagsháttum og þörfum eldri borgara samfélagsins.

Herra forseti. Hv. allshn. mælir því með samþykkt tillögunnar.

[20:58]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er komin til síðari umr. þáltill. nokkurra þingmanna Sjálfstfl. um skipan nefndar sem fengi það hlutverk að móta tillögur um sveigjanleg starfslok. Þáltill. sama efnis var til umfjöllunar á hinu háa Alþingi fyrir um 12 árum en hún var samþykkt í apríl 1989. Í kjölfarið var skipuð nefnd sem fékk þetta verkefni en nefndin lauk aldrei störfum. Sams konar þáltill. hefur verið endurflutt hér áður af nokkrum þingmönnum Sjálfstfl. og henni var vísað til nefndar og umsagnaraðila en hlaut ekki afgreiðslu. Þess vegna er það fagnaðarefni að þáltill. er komin inn í hið háa Alþingi á ný og til síðari umr.

Það er miður að nefndin sem skipuð var á sínum tíma skyldi ekki hafa lokið störfum, þetta var tímabær tillaga þá. Hún er enn þá meira viðeigandi nú þar sem skilningur á málinu hefur aukist í gegnum árin. Að öllu jöfnu hættir fólk reglubundnum launuðum störfum á vinnumarkaði um sjötugt og má í því sambandi benda á að opinberum starfsmönnum, bæði embættismönnum sem almennum launamönnum í starfi hjá hinu opinbera, er skylt að hætta störfum þegar þeir hafa náð því aldursmarki.

Þetta er jafnframt hin almenna regla á almennum vinnumarkaði þótt vitanlega sé þar um einhver frávik að ræða í einstökum tilvikum. Ýmis önnur réttindi, t.d. í almannatryggingum og lífeyrissjóðakerfinu, eru jafnframt bundin við þessi aldursmörk eða 67 ára aldurinn. Hins vegar er langalgengast að fólk sé hætt störfum er það nær 70 ára aldri burt séð frá vilja, hæfni, getu og heilsu viðkomandi.

Viðhorf eldra fólks til vinnu hér á landi eru athyglisverð og vinnuhefð er sterk meðal þjóðarinnar. Kannanir, sem gerðar hafa verið á viðhorfum eldra fólks á undanförnum árum, hafa leitt í ljós að það metur vinnuna mikils vinnunnar vegna og vill halda áfram launuðum störfum meðan heilsa og kraftar leyfa. Þessi viðhorf endurspeglast enda í virkri þátttöku eldra fólks á vinnumarkaði hér á landi og sker hún sig töluvert úr í samanburði við önnur lönd. Í niðurstöðum könnunar á fjárhagslegum undirbúningi fólks fyrir æviskeiðið eftir starfslok, sem unnin var af Gallup í mars 1999, kom fram að 47% Íslendinga sem eru eldri en 67 ára vilja eða vildu hætta að vinna um sjötugt eða seinna.

Virðulegi forseti. Á síðustu árum hafa hugmyndir um sveigjanleg starfslok fengið aukna athygli og ekki síst með hliðsjón af því að eldri borgarar í dag búa almennt við betri heilsu og geta vænst að ná hærra aldri en foreldrar þeirra, kynslóðin á undan þeim. Sú kynslóð sem nú er komin á hefðbundinn eftirlaunaaldur eða er að færast yfir á þetta æviskeið gerir meiri kröfur til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu en þeir sem á undan þeim fóru. Þegar að auki er tekið tillit til þess að öldruðum fer hratt fjölgandi á næstu árum, á árinu 2000 eru 65 ára og eldri um 11,6% af þjóðinni en stefnir í að vera tæplega 20% af þjóðinni eftir 30 ár, þá er augljóst að það er þjóðfélagslegt hagræði af því að verða við óskum og kröfum fjölmennra hópa eldri borgara og þeim verði gefinn kostur á sveigjanlegum starfslokum.

Þess vegna tel ég það mikið fagnaðarefni að þessi þáltill. um sveigjanleg starfslok er komin hingað inn í þingið aftur og ég geri ráð fyrir því að hún fái brautargengi og fagna því sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Könnun á læsi fullorðinna, síðari umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 1156.

[21:03]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um till. til þál. um könnun á læsi fullorðinna frá menntmn.

Tillaga þessi var áður flutt á 123. löggjafarþingi og þá náðist ekki að ljúka umfjöllun um hana. Með tillögunni er lagt til að menntmrh. láti fara fram könnun á læsi Íslendinga. Lagt er til að könnunin verði gerð á árunum 2000 og 2001 og taki til aldurshópanna 18–67 ára. Þá verði við undirbúning og framkvæmd haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Fram kom í máli gesta, sem komu á fund nefndarinnar til að fjalla um málið og í umsögnum, að mikil sátt ríkir um tillöguna. Leggur nefndin til að hún verði samþykkt óbreytt. Menntmn. er einróma í áliti sínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðlendur, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 1132, brtt. 1190.

[21:06]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Í umræðum um þetta mál í þinginu hefur komið rækilega fram að mikil óeining er bæði í þjóðfélaginu og meðal þeirra sem þessi lög taka til um hvernig framkvæmd á þessum lögum hefur farið af stað. Borist hafa ályktanir frá fjölmörgum aðilum, ég nefni þar Bændasamtök Íslands, Samband sunnlenskra sveitarfélaga, aðila á Norðurlandi vestra, bæði sveitarstjórnarmenn og fulltrúar bænda á því svæði hafa mótmælt þar þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið við að hleypa þessu máli af stokkunum af hálfu ríkisins.

Ég leyfi mér enn fremur að vitna til yfirlýsinga hæstv. landbrh. í þessu máli þar sem hann hefur, og staðfest hér á

Alþingi, viðhaft orð um framkvæmd þessara laga. Í Ríkisútvarpinu 17. mars sl. sagði hæstv. landbrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Mér finnst það óásættanlegt að fjármálaráðherra skipi alla nefndina og í nefndinni séu skipaðir menn sem hafa staðið í illdeilum við bændur árum saman til að reyna að hafa af þeim land."

Herra forseti. Það hafa komið fram svo alvarlegar ábendingar og athugasemdir við umgjörð framkvæmda þessara laga að það væri veruleg storkun gagnvart þeim sem eiga hlut að máli ef ekki er tekið tillit til þeirra og að hv. Alþingi gefi leiðsögn til framkvæmdarvaldsins um að doka við og fara þannig yfir stöðu málsins og stefna að því að það sé rekið í sem mestum friði og sátt við þá aðila sem eiga hlut að máli en ekki, að því virðist, reynt berlega — og ég vísa til fyrrgreindra ummæla — að efna til ófriðar um þetta mál nánast eins og kostur er.

Því leyfi ég mér hér, herra forseti, að flytja svohljóðandi brtt. við þessi lög eins og þau eru hér lögð fram, þ.e. lög um breytingar á lögum um þjóðlendur:

„Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Í framhaldi af gildistöku laga þessara verði framkvæmd laganna tekin til endurskoðunar og kröfugerð fjármálaráðherra endurmetin. Þá verði nefnd sú sem ráðherra" — þ.e. fjmrh. — „hefur haft sér til aðstoðar í þessu máli leyst frá störfum. Fjármálaráðherra verði falið að móta nýjar verklagsreglur fyrir kröfugerði ríkisins til þjóðlendna. Honum til aðstoðar verði skipuð fimm manna nefnd eða starfshópur samkvæmt tilnefningum landbúnaðarráðherra, umhverfisráðherra, iðnaðarráðherra og félagsmálaráðherra. Fjármálaráðherra skipar formann eða verkstjóra starfshópsins.

Nýjar verklagsreglur skulu settar fyrir 1. október 2000 þannig að vinna geti þá haldið áfram á grundvelli laganna."

Herra forseti. Það er afar mikilvægt í þessu viðkvæma máli að þar sé farið fram af trúnaði, það sé farið fram með þeim hætti að þeir aðilar sem lög þessi og framkvæmd þessara laga taka til geti borið traust og trúnað til framkvæmdarinnar, til undirbúnings þessa verks. Það er forsenda og því er það skylda Alþingis að gefa framkvæmdarvaldinu þá leiðsögn.

Ég vitna til þess enn fremur að þessi tillaga eða það sem hér er gert ráð fyrir er einmitt í samræmi við það sem hæstv. landbrh. hefur lagt til í umræðunni um málið og staðfest á Alþingi að er rétt eftir haft.

Herra forseti. Ég ítreka það að Alþingi og framkvæmdarvaldinu ber að fara að málinu í þeirri sátt sem mögulegt er og í þeim trúnaði sem mögulegt er í þessu viðkvæma máli sem mjög hefur verið umdeilt hvernig hefur farið af stað.

[21:13]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að þetta er viðkvæmt mál. Þetta snertir mikla og merkilega hagsmuni og því hefur verið vandað mjög til verks varðandi alla lagasetningu og framkvæmd málsins. Ég lýsi yfir fyllsta trúnaði og trausti til óbyggðanefndar þar sem okkar allra hæfustu lögfræðingar á sviði eignarréttar skipa þá nefnd. Ég veit að hún kemur til með að gegna þessu erfiða hlutverki með miklum sóma. Það var engan veginn verið að efna til neins ófriðar, þetta er viðkvæmt mál. Einn aðili gerir kröfugerð sína og þá koma landeigendur eða bændur á móti og gera sína.

Ef menn telja kröfugerð ríkisins svona arfavitlausa, eins og bændur hafa viljað vera láta, þá er í rauninni ekkert fyrir þá að óttast því þá kemur óbyggðanefnd einfaldlega til með að úrskurða þeim í hag. Ég tel því allra hagsmuna vel gætt við framkvæmd þessa máls.

[21:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að ekki er verið að fjalla um skipan óbyggðanefndar. Það er verið að fjalla um nefnd eða starfshóp sem fjmrh. tilnefndi sér til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd þessara laga og við kröfugerðina.

Fram hefur komið veruleg gagnrýni á þessa undirbúningsvinnu og hvernig hún hefur farið af stað. Ég bendi m.a. á gagnrýni hæstv. landbrh. á það hvernig þessi vinna hefur farið af stað. Það er alveg ástæðulaust og ekki í anda laganna að ganga fram eins og gert hefur verið.

Ég hef verið á allnokkrum fundum sem hafa fjallað um þetta mál. Þar var það mat manna að ekki væri farið fram með þeim friði sem að var stefnt. Ég tek fram að hér fjalla ég fyrst og fremst um kröfugerðarvinnuna, að hún sé unnin í trúnaði en ekki með einhverjum galgopahætti og síðan eigi menn bara að sjá til.

[21:16]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mótmæla því að hér sé farið af stað með galgopahætti og síðan eigi bara að sjá til. Hér er um afskaplega vandaða lagasetningu að ræða. Með frv. sem við erum að ræða núna er vandað enn betur til verka og komið til móts m.a. við kröfur bænda um málsmeðferð og málsmeðferðarkostnað. Ég vil því meina það að þetta sé hið besta mál.

Það er mikilvægt að skera úr um eignarmörk landa, þau eru óljós. Það eru engar skýrar línur og nákvæmar til þar sem allir geta verið á eitt sáttir þegar talað er, m.a. um afrétt og afréttarlönd. Þess vegna var nauðsynlegt að fara út í þessa kröfugerð.

Ég hef sagt það hér í ræðustól á hinu háa Alþingi að mér finnst margt umdeilanlegt í kröfugerð ríkisins. Hins vegar er það ekki mitt að úrskurða um það, það er óbyggðanefndar. Á sumum stöðum getur verið að ríkið hafi seilst of langt og á öðrum stöðum of skammt að einhvers mati. En ég segi enn og aftur: Ef menn telja kröfugerð ríkisins í þessum þjóðlendumálum vitlausa þá hafa menn ekkert að óttast því við höfum afskaplega hæfa og mikilsmetna menn í óbyggðanefnd. Þeir koma til með að úrskurða um þetta mikilsverða mál.

[21:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fjallar ekki um lagasetninguna sem slíka. Þetta fjallar um framkvæmd hennar og reynslu okkar af henni á þessu ári, það hvernig hún fór af stað. Þar tel ég að staldra eigi við, búa til nýjar verklagsreglur og vinna í trausti þeirra sem koma að máli.

Ég leyfi mér að vekja athygli á, máli mínu til stuðnings, þeirri skoðun hæstv. landbrh. sem segist hafa lagt það til í ríkisstjórn að nefndarmenn, kröfugerðarnefndarmennirnir, kæmu úr þremur ráðuneytum, einn úr fjmrn., einn úr landbrn. og einn úr félmrn. Það eru því fleiri en ég og þeir aðilar sem standa næst þessu máli sem óska eftir því að farið verði fram í trúnaði við þá sem eiga hlut að máli. Þetta fjallar ekki um ólíkrar skoðanir manna eða hver verði niðurstaðan.

Ég tek heils hugar undir það með hv. þm. Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur að auðvitað þurfum við að fá úr þessu skorið og fá þessar þjóðlendur skilgreindar og afmarkaðar.

En vinnan við það á að fara fram í trúnaði. Þessi tillaga hér leggur áherslu á að það verði haft að leiðarljósi, að staldrað verði við, málið endurskoðað og unnið í sátt við þá sem hlut eiga að máli.

[21:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar ég hlusta á umræðuna um frv. um þjóðlendur núna er það kemur til afgreiðslu þingsins eftir að hafa fengið umfjöllun í hv. allshn., hafandi í huga umræðuna frá því að þjóðlendufrumvarpið hið fyrra var afgreitt, umræðuna um skiptingu sveitarfélaganna upp á jökla og um auðlindir í jörðu, fer ég að skilja hvernig á því stendur að hér hefur um áratugi verið beðið eftir því að leitt væri til lykta hvað sé sameign þjóðarinnar á landi og hvað sé eign annarra.

Frá því ég kom fyrst inn á þing hef ég hlustað á umræðuna um þessi mál. Þegar við afgreiddum umdeilt mál, sveitarstjórnarfrv., þ.e. að sveitarfélög skyldu ná upp á hálendi og upp á jökla, las ég ýmislegt sem hefur verið tekið til meðferðar í þessum sal á liðnum árum. M.a. las ég þá frv. Björns Fr. Björnssonar alþingismanns, sem flutti frv. um að afréttirnir skyldu falla undir sveitarfélögin. Í umræðu um það mál og annað sem flutt var á sama vetri boðaði hann að meira yrði ræktað upp og afréttirnir nýttir í ríkari mæli en verið hefði og þess vegna væri svo mikilvægt að færa þá undir sveitarfélögin. Allt sem sagt var í því máli af hálfu Björns Fr. Björnssonar var í þá átt að það yrði að vera umráðaréttur yfir landinu. Þegar við afgreiddum sveitarfélagafrv. og skiptingu landsins í sveitarfélög upp á jökla var vísað til þess að í raun væri fyrir löngu búið að skipta landinu öllu upp í sveitarfélög, það hefði verið gert þegar afréttirnir voru færðir undir sveitarfélögin. Því var oft haldið fram hér.

Ég þori að fullyrða að menn voru að eigin mati að gera smábreytingar hér í þessum sal þegar þeir samþykktu áðurnefnt þingmannafrv. sem fór órætt til nefndar í efri deild þar sem einn maður tók til máls, gagnrýndi það og varaði við afleiðingunum. Frv. fór svo í hina deildina og var afgreitt þar umræðulaust. Það tók frv. tíu daga frá því að það kom inn, að fara til nefndar, í gegnum báðar deildir og fá afgreiðslu. Menn hafa á engan hátt gert sér grein fyrir þeim skrefum sem þeir voru að stíga inn í framtíðina, þeim vanda sem síðan hefur verið við að etja um hvaða land sé eign þjóðarinnar og hvaða land sé annarra.

Þegar þetta mál var rætt hér í þingsal fyrir fáum dögum þá hlustaði ég á umræðurnar og á gagnrýni sem var eins og framhald af fundi sem haldinn var á Suðurlandi. Ég hlustaði á hæstv. landbrh. viðhafa gagnrýni á hæstv. fjmrh. vegna kröfugerðar óbyggðanefndar á fyrsta svæðinu sem tekið er til meðferðar og kröfugerðar. Sighvatur Björgvinsson hélt þá ágæta ræðu sem ég ætla ekki að endurtaka en ég hvet þingmenn til að kynna sér hana. Þar fór hann yfir hugmyndafræðina á bak við að landið, óbyggðirnar, séu sameign okkar og auðlind. Hann fór ásamt frsm. nál. við 2. umr. yfir það hvaða ferli hafði verið samþykkt með lögunum um þjóðlendur sem hefst með kröfugerð óbyggðanefndar. Hann fjallaði um hvaða ferli ætti sér stað þar til málunum lyki. Ég vildi óska þess að þegar sú umræða fór fram hefðu verið fleiri þingmenn í salnum. Ætli það hafi ekki verið fjórir eða fimm hv. þm. sem hér hlýddu á þessa ræðu?

Nú fáum við hér tillögu um að það verði að breyta lögunum þannig að fjmrh. verði ekki falið að sinna verkefninu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar heldur skuli þar vera fjölskipað vald, starfshópur með tilnefningum landbrh., umhrh., iðnrh. og félmrh. Ég verð að segja að eftir 2. umr. sem ég hlýddi á finnst mér þetta kannski ekki mjög mikil friðartillaga. Ég ætla bara að láta nægja að hafa þá lýsingu, að öðru leyti ætla ég ekki að fara yfir málflutning Jóns Bjarnasonar.

Það fer ekki hjá því að við að fylgjast með umræðum við 2. umr. og því hvernig tekið er á málum hér að maður spyrji: Hver gætir hagsmuna landsmanna? Af hverju erum við ekki í ríkari mæli að tala um hvað við eigum saman og hvað er þjóðareign heldur en að standa í því pexi sem við höfum orðið vitni að og á ekkert skylt við rammgerða pólitík, um hvað sé landsmanna og hvað sé annarra?

Fyrir rúmu ári var lagt fram stjfrv. um þjóðlendur. Þetta stjfrv. um þjóðlendur hafði allt aðra stöðu en hin tvö frv. sem héngu saman við það. Það var alveg ljóst. Það mátti ekki afgreiða eitt þeirra nema hin tvö væru afgreidd. Ekkert þeirra mátti geyma, þau héngu saman eins og þríburar. Tvö þeirra voru umdeild og gífurleg átök um þau en þetta frv. forsrh. um þjóðlendur var stutt af fulltrúum allra flokka og stjórnarandstöðunnar ekki síður en stjórnarinnar. Með því var loksins í augsýn lagasmíð um það sem menn höfðu kallað eftir líklega frá því fyrsta nefndin var sett á upp úr sjálfstæðisbaráttu Íslendinga árið 1945, ef ég man það rétt.

Þegar samstaða hefur verið um að setja slík lög, um að nú sé komið að því að koma á ferli sem menn geti sæst á þannig að sett sé fram krafa fyrir hönd ríkisins, lesist landmanna, okkar allra og síðan sé reynt að leiða til lykta hver eigi óbyggðirnar og landið, hver eigi jarðirnar og hvar þær endi, er undarlegt að umræðan skuli þróast eins og hún hefur gert bæði við 2. og 3. umr. um þetta frv. Ég harma það, herra forseti, en mér finnst það afturför hjá Alþingi Íslendinga hvernig alþingismenn ræða almennt um auðlindir landsmanna.

Við höfum tekið þær fyrir í aðskildum frv. Við höfum tekið fyrir stjórn fiskveiða og tekist á um hver eigi auðlindina, óveiddan fisk í sjónum. Við höfum tekið fyrir auðlindir í jörðu, umráðarétt yfir þeim og tekist á um það af því þar er rétturinn færður svo ótæpilega til einstaklinga. Nú erum við að taka fyrir í þinginu í kvöld hvernig fara skuli með auðlindir á hafsbotni. Boðað er að fyrir verði lagt frv. hæstv. iðnrh. um hvernig skuli hugsanlega fara með olíu í landi eða á landgrunni. Að lokum er hér endurskoðun á lögunum um þjóðlendur. Ég vildi óska þess að við værum upptekin af því að leiða til lykta hvaða land skuli teljast eign þjóðarinnar.

Mér hefur fundist, þó ég sé ekki alltaf hrifin af þeim stjfrv. sem hér koma fram, mjög ásættanlegt hvernig þessi mál hafa verið leidd í lög. Ég hef stutt það, bæði þjóðlendufrv. sem komu fram fyrir rúmu ári og þær umbætur sem ætlunin er gera á þessu frv. núna. Fyrst og fremst er ég upptekin af landi í þjóðareign. Ég mundi aldrei vilja ganga yfir þann sem á ótvíræðan rétt en hins vegar er ljóst að á síðustu áratugum hafa menn gert tilkall til lands sem vafasamt er að þeir eigi. Við ætlum að leiða það til lykta með því ferli sem gert er ráð fyrir í þessum lögum og það styð ég, herra forseti.

[21:30]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. um að mikilvægt er og eðlilegt að það sé alveg skýrt hvað sé þjóðlenda.

Ég tek undir það líka með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að nær væri að við værum að ræða hvaða skilyrði á að setja til lands til að það verði gert að þjóðlendu og ekki endilega láta eignarhöld ráða þar alfarið eins og umræðan hefur leiðst út í. Það að eignarhald skuli ráða gefur ekki rétta mynd af þeirri sýn sem við höfum á hvaða hluti landsins eigi að vera þjóðlenda. Það er það sem við hefðum átt að ræða. Ég tek alveg heils hugar undir það.

Hins vegar vek ég athygli á því að strax þegar reynir á þau lög sem hv. þm. vitnar til, sem eru nýsamþykkt, verður að fara að gera á þeim talsverðar breytingar. Það sýnir hversu vel hefur verið vandað til. Til viðbótar, herra forseti, eru bæði hv. þingmenn og jafnvel ráðherrar að gefa yfirlýsingar utan þings og reyndar innan líka um að þeir vildu sjá aðra framkvæmd á málinu. Mér finnst að það eigi þá að ganga eftir og hæstv. ráðherrar og þingmenn eigi að fylgja þeim skoðunum sínum þar sem þeir hafa valdið til þess. Það er ég að styðja með frv.

En ég tek undir með hv. þm. um skilgreiningarnar á þjóðlendunum.

[21:33]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls kom fram að aftur og aftur á liðnum áratugum hefði kröfum um úrskurð um landamörk verið vísað til dómstóla og ítrekað hefðu dómstólar vísað slíkum úrskurðum frá vegna þess að þeir hefðu ekki forsendur til að dæma og að Alþingi yrði að taka því ferli hvernig leiða ætti slík mál til lykta.

Það er þess vegna sem við stöndum hér. Það er þess vegna sem við höfum loksins náð því að setja lög um þjóðlendur og að ákveðið ferli er að fara af stað. Óbyggðanefnd er búin að lýsa kröfugerð á fyrsta landsvæðinu sem hún tekur fyrir og þá á ýmislegt eftir að gerast áður en þau mál eru leidd til lykta.

Ég ætla að leyfa mér að taka orð hv. þm. þannig þegar hann segir að hann telji líka að tryggt eigi að vera hvað sé þjóðlenda, þá sé hv. þm. að taka undir með mér um að mikilvægt sé að skilgreina þjóðareign á landi og ef ég skil þau orð hans rétt, þá fagna ég þeim vegna þess að við að hlusta á þingmanninn hefur mér fundist að hann væri uppteknari af því að leiða til lykta hver sé eignarréttur annarra en þjóðarinnar. Ég vil að þessi skoðun fari fram með opnum huga af beggja hálfu en við skulum muna hverra umbjóðendur við erum akkúrat í þessu máli og hversu mikilvægt það er að styðja það fólk sem hefur verið að vinna að þessum málum fyrir hönd okkar og landsmanna.

[21:35]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á að það er ekki óbyggðanefnd sem gerir kröfurnar heldur er kröfugerðum skotið til óbyggðanefndar. Það gerir þessi nefnd sem starfar á vegum fjmrh. Annars er ég alveg sammála hv. þm. um að einmitt beri að skilgreina hvað sé þjóðlenda og þjóðareign á landi. Kröfugerð um hana og skilgreining á að vera óháð því í sjálfu sér hvar landið er ef um eignarhald er að ræða. Ef verið er að tala um eignarhald, þá á að gera sömu kröfu hvar sem er á landinu um að það sé sannað, það á ekki að gera þar mismunun.

Herra forseti. Ég vil líka vekja athygli á að varðandi lönd í eigu ríkisins, þá finnst mér líka að samræmd heildarstefna eigi að vera þannig að ríkið sé ekki að selja, gefa eða láta af hendi jarðir eða lönd eða náttúruperlur þó að það sé í byggð, heldur eigi að vera samræmd og pólitísk stefna á því hvernig eignarhald ríkisins er á því landi sem ríkið þegar á eða eignast þannig að ekki sé verið að selja það fyrir slikk og þess vegna ekki allaf með almannaheill í huga. Ég tek því undir sjónarmið hv. þm. um þessa stöðu landsins. Hún skuli vera jöfn og ríkið á ekki að vera með eina pólitík hér og aðra pólitík þar gagnvart landi ríkisins og gagnvart landi í almannaþágu.

[21:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum farið í orðræðu um óbyggðanefndina. Hún beinir kröfu til nefndar ríkisins hvaða landsvæði er tekið undir.

Mér hefur verið hugsað til þess í orðaskiptum og umræðu hér hvað þeir fluttu mörg mál í þessum sal, fyrrv. alþm. Bragi Sigurjónsson og Ragnar Arnalds. Þessir menn fluttu aftur og aftur mál um land í þjóðareign og komust ekkert áfram með það. Ég vil við þessa umræðu, þegar við erum þó komin þangað að vera að ljúka frv. um þjóðlendur, minnast þessara manna sem héldu því við að minna á það hverra umbjóðenda við erum hér í þessum sal og hvernig okkur ber gagnvart komandi kynslóðum að skoða og gæta að. Og vissulega hefur það sýnt sig í umræðunni um öll þau mál sem ég hef getið hér, að hallað hefur á eign þjóðarinnar sjálfrar í allri umfjöllun, nema í þessu eina máli. Það er spurning hvort við erum ekki orðin allt of sein með að setja þessi lög miðað við það hvernig umræðan hefur þróast, meira að segja núna í sambandi við þetta frv.

[21:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki tækifæri til að taka þátt í umræðum um þjóðlendumálið á sínum tíma þegar það varð að lögum á Alþingi. Ég tel að þar hafi verið unnið þarft verk sem hefði í sjálfu sér átt að vera búið að vinna fyrir löngu. Það að skilgreina þjóðareign á óbyggðum og þeim landsvæðum sem eðlilegt er að séu almenningar og þjóðareign til framtíðar er að mínu viti mjög þarft og nauðsynlegt. Og þó að einhverjir einkaaðilar hafi nýtingarrétt á slíku landsvæði að því leyti til sem sú nýting er leyfð og möguleg hefur ekkert með það að gera að það geti ekki samt sem áður verið þjóðareign á því landi.

Ég er satt að segja dálítið undrandi á þeirri umræðu sem hefur farið fram núna þar sem áhyggjuefni manna virðist vera — sérstaklega hv. þm. Jóns Bjarnasonar og þeirra frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði — að á einhvern hátt sé verið að koma illa fram við landeigendur í þessu máli. Það liggur alveg ljóst fyrir að geti menn sannað eignarrétt sinn á þeim löndum er ekkert sem kemur í veg fyrir að þeir haldi þeim eignarrétti. Ég vil meina að úr því að þannig er í pottinn búið þurfi menn ekki að kvarta undan þeirri stöðu sem málið er í. Auðvitað geta menn verið með mismunandi skoðanir á því hvernig framkvæmdin hafi verið og hvort þar megi bæta úr og lítið við því að segja. En hins vegar skera dómstólar úr ef til þess rekur að mikil átök verði um þessi mál. (Gripið fram í.) Já, ég verð að segja að mér finnst þessi viðkvæmni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli svolítið sérkennileg og set það pínulítið í samhengi við þá viðkvæmni þeirra gagnvart því að hugsanlega verði einkaréttur manna að nýtingu á öðrum auðlindum tekinn af. Það hefur margoft komið fram að það virðast vera tveir minnihlutahópar í þjóðfélaginu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mestar áhyggjur

af. Það eru landeigendur og það eru þeir sem hafa einkarétt á að sækja sjó á Íslandi. Mér finnst þetta mjög athyglisvert og umhugsunarefni vegna þess hvernig sá flokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hefur kynnt sig fyrir þjóðinni, að þetta skuli samt vera svona. (**Gripið fram í:** ... ekki orðin vinstri sinnuð?)

Ég tel að síður en svo sé of langt gengið með þessum lögum um þjóðlendur og tel reyndar og vil taka undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að full ástæða er til að skoða hvort ekki eigi að stækka þau svæði sem við skilgreinum sem þjóðlendur og ganga í að taka eitthvað af landi og bæta það þá ef það er í einkaeign til þess að koma í veg fyrir að í framtíðinni verði búið að ráðstafa þeim eignarlöndum á einhvern hátt vegna einkaeignarréttarins og taka þau frá komandi kynslóðum sem eiga að fá að njóta þessa lands. Við þurfum að fara varlega með og spara virkilega þetta land, þannig að í framtíðinni sé sem mest af því óspillt. Ég tel að álit þeirra sem á eftir okkur koma hljóti að fara eftir því hvernig við skilum landinu í hendur þeirra.

Ég tek undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði að auðvitað þarf að móta stefnu um hvað ríkið á að eiga af þessum löndum og jörðum. Mikið er til af ríkisjörðum. Verið er að selja þær öllum stundum. Þær eru auglýstar og seldar fyrir lágt verð. Ég held því alls ekki fram að ríkið eigi að eiga jarðir, nema fyrir því sé einhver sérstakur rökstuðningur. Sé hann fyrir hendi á hann að byggjast á því að þar sé um að ræða land sem þurfi að halda sérstaklega til haga fyrir framtíðina, fyrir fólkið í landinu vegna náttúrufegurðar, náttúruauðlinda eða annars slíks sem er í landinu, en það á alls ekki að vera stefna ríkisins að eiga einhverjar jarðir sem nýta má til landbúnaðar eða að ekki séu nein sérstök skilyrði fyrir því að menn taki þau lönd til hliðar. Það er skoðun mín að fara þurfi vandlega yfir þessi mál og koma þurfi upp einhvers konar stefnu og lýsingu á því hvernig menn munu vilja fara með þetta.

Ég tel að ekki sé ástæða til að taka undir það sem kemur fram í tillögu frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, þar sem hann er að lýsa yfir nánast vantrausti á hæstv. fjmrh. og þeirri nefnd sem hann hefur sett í þetta mál. Ég tel að í þessum umræðum hafi ekki komið ástæða til að taka undir það að lýsa eigi yfir vantrausti á þessum vinnubrögðum, þessari nefnd og hæstv. fjmrh. eins og hér er gert. Mér er til efs að nefnd sem sett verður saman af þessum ráðherrum öðrum hæstv., sem hér eru taldir upp, verði frekar fær um að ganga frá málum þannig að menn muni ekki gagnrýna það. Satt að segja held ég að enginn ætti að gera kröfu til þess að mál eins og þetta séu leidd þannig til lykta að ekki verði við því amast af neinum.

Niðurstöður nefnda eins og þessarar hljóta alltaf að vera umdeilanlegar og mér finnst ástæðulítið að kvarta undan því eða gera við það mjög sérstakar athugasemdir þó að upp komi þrætur vegna svona mála eins og þeirra sem eru til umræðu. Það er hið eðlilegasta og menn ættu ekki að þurfa að leita dæmanna langt aftur í tímann um þá þrætubókarlist sem Íslendingar hafa iðkað í gegnum tíðina um lönd og landamerki, það þekkja allir Íslendingar að fyrirferðarmestu mál í réttarfarssögunni á Íslandi oft og tíðum hafa verið þrætur um landamerki og lönd, eignarrétt á löndum, nýtingarrétt á löndum og þeim auðæfum sem löndunum fylgja.

Ekki er ástæða til þess frá minni hendi að halda langa ræðu um þetta mál en mér fannst ástæða til að vekja athygli á því sem ég nefndi í upphafi ræðu minnar að mér finnst athyglisvert hversu mikla krafta hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt í að amast við því hvernig staðið hefur verið að þessu máli og hversu mikinn ákafa þeir leggja í að verja rétt landeigenda sem eiga af einhverjum ástæðum erfitt með að sanna eignarrétt sinn á heiðarlöndum. Ég segi fyrir mig að ég tel enga ástæðu til að hafa áhyggjur af þessum eignarrétti. Annaðhvort geta menn sannað hann eða menn geta það ekki. Allir venjulegir borgarar í landinu þurfa að geta sannað eignarrétt sinn á húsum og lóðum og hví skyldu ekki bændur þurfa að gera það líka og þegar vafi leikur á þessum hlutum verða menn bara að láta sig hafa það að fá úr þeim vafa skorið. Hér hefur verið gengið frá málum með ákveðnum hætti hvernig eigi að skera úr þessum vandamálum. Ég hef enga ástæðu til að halda að þar standi menn ekki fullkomlega heiðarlega að málum.

Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að fella þá tillögu sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur lagt fram og í því felst í sjálfu sér ekki nein sérstök traustsyfirlýsing á hæstv. fjmrh. eða þá nefnd eða starfshóp sem hann hefur sett í málið en ég hef ekki séð neinn sérstakan rökstuðning fyrir því hér að ástæða sé til að lýsa yfir einhverju vantrausti á það sem hæstv. ráðherra er að gera eða starfsmenn hans í þessu máli. Læt ég svo lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[21:49]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir sjónarmið hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um að mikilvægt sé að skilgreining á þjóðlendum og afmörkun þjóðlendna fari fram og verði sem skýrust. Ég tek líka undir þau sjónarmið hans að gætt skuli íhaldssemi í að selja eða ráðstafa burt landi sem er þegar í ríkiseigu eða ríkið eignast og er þýðingarmikið í almannaþágu. Það gildir allt öðru máli um jarðir í ríkiseigu sem eru í ábúð og bændur vilja leysa til sín. En það er afar mikilvægt að land sem er sannanlega best komið sem almenningar verði skilgreint meðhöndlað sem slíkt. Ég tek alveg undir það.

Jafnframt er mjög mikilvægt að jafnréttis og jafnaðar sé gætt í framgöngu málsins gagnvart öllum sem eiga hlut að máli en ekki bara gagnvart sumum. Ég vil vekja athygli á því að það sem verið er að flytja er einmitt áréttting á því sem m.a. hæstv. landbrh. hefur tjáð sig um í málinu og undirstrikar mikilvægi þess að sú vinna fari fram í trúnaði, það undirstrikar bara mikilvægi málsins varðandi þjóðlendurnar.

[21:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur greinilega gert sér far um að gæta sjónarmiða hæstv. landbrh. í umræðunni og með tillöguflutningi sínum. Nú er mér ekki kunnugt um hvort hæstv. landbrh. muni styðja þá tillögu sem er til umræðu og ég á frekar von á því að hann geri það ekki. Þess vegna er það mér til efs að hv. þm. Jón Bjarnason sé í raun og veru að leggja fram einhverja lausn á deilu milli þessara tveggja hæstv. ráðherra.

Ég tek auðvitað undir að gæta þarf jafnréttis gagnvart öllum, ekki bara sumum. Mér hefur ekki fundist það koma fram í umræðunni að verið væri að gera upp á milli aðila hvað varðar það hvernig tekið er á þeim málum sem verið er að ræða um. Ég tel enga ástæðu til að hafa áhyggjur af því einfaldlega vegna þess að menn eiga eftir úrskurði og menn eiga eftir dómstólaleið. Þannig komast menn vonandi

til réttlætisins og sannleikans að lokum í hverju deiluefni sem þarna munu koma upp.

Umræðu frestað.

[21:55]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 557. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1236.

Bílaleigur, 570. mál, nál. samgn., þskj. 1206; brtt. samgn., þskj. 1207.

Loftferðir, 250. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1204; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1205.

Rannsókn sjóslysa, 567. mál, brtt. samgn., þskj. 1209.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 502. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1200; brtt. meiri hluta utanrmn., þskj. 1201.

Upplýsingalög, 564. mál, nál. allshn., þskj. 1215; brtt. allshn., þskj. 1216.

Veitinga- og gististaðir, 406. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1202; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1203.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Frv. GAK, 229. mál (veiðar umfram aflamark). — Þskj. 275, nál. 1184.

[21:55]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til umfjöllunar mál á þskj. 275, 229. mál, og hefur fjallað um málið og fengið sendar umsagnir frá Verslunarráði Íslands, Þjóðhagsstofnun, fjármálaráðuneyti, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, sjávarútvegsráðuneyti, Landssamtökum útvegsmanna kvótalítilla skipa, Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannasambandi Íslands, Fiskistofu, Landssambandi smábátaeigenda, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Áhugahópi um auðlindir í almannaþágu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra.

Með frv. er stefnt að því að taka á því vandamáli sem fylgt hefur tegundatilfærslum undanfarin ár. Segir í greinargerð að útgerðir hafi í reynd búið sér til kvóta langt umfram leyfilegan úthlutaðan fiskikvóta af viðkomandi fisktegund með slíkum tilfærslum og hafi það t.d. leitt til þess að árum saman hafi verið meira veitt af karfa en úthlutað hefur verið af þeirri fisktegund.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frv. og greinargerð með því og telur að tegundatilfærslur eins og þær hafa verið tíðkaðar gangi gegn markmiði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, þ.e. þeim markmiðum sem lúta að vernd og uppbyggingu fiskstofna.

Nefndin leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og leggur áherslu á að það komi til sérstakrar athugunar við þá heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem nú stendur yfir.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Árni R. Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

[21:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. án fyrirvara og nefndin var sammála um að það þyrfti að taka á málinu. Skyldi nú engan undra því að þær æfingar sem hafa verið stundaðar eru kannski dæmigerðar fyrir ýmislegt sem hefur verið látið viðgangast í stjórn fiskveiða. Þarna hafa verið hafðar uppi eins konar hundakúnstir til að búa til eina fisktegund úr annarri. Skyldi það hafa verið meiningin í upphafi þegar lögin voru sett? Ég dreg það í efa. Ég held því fram að ástæðan fyrir því að þetta var sett inn í lögin í upphafi hafi verið sú að menn vildu leyfa ákveðinn sveigjanleika þannig að útgerðarmenn væru ekki eins bundnir af nákvæmlega þeirri úthlutun á aflamarki í einstökum fisktegundum sem aflamark þeirra gaf tilefni til og hefðu lítils háttar sveigjanleika.

Það sem gerist er hins vegar það að útgerðarmenn spila á þessa leið. Þeir fara að leigja til sín veiðiheimildir eftir að sá möguleiki opnast og nota leigðar veiðiheimildir til að breyta einni fisktegund í aðra. Þannig fer það síðan að þróast og gerast að ákveðnar útgerðir, tiltölulega fáar, stórar útgerðir stunda þessar hundakúnstir að breyta einni fisktegund í aðra og þannig eykst veiðiálag á fiskstofnum fram yfir það sem fiskifræðingar hafa lagt til og fram yfir þá úthlutun sem ákveðin hefur verið, eftir tillögu fiskifræðinga, af stjórnvöldum.

Gott og vel. Menn hafa reyndar rætt þetta mál í mörg ár. Þrátt fyrir það hefur engin breyting verið gerð og hvers vegna? Sjálfsagt vegna þess að aðalhagsmunaaðilar, þeir sem í gegnum tíðina hafa haft mest áhrif á stjórnvöld í þessum málum, hafa ekki viljað breytingar. Skyldi ástæðan vera sú að áhrifamestu aðilarnir í stjórn LÍÚ eru frá þeim útgerðarfyrirtækjum og úr þeim útgerðarflokkum sem helst hafa hag af fyrirkomulaginu? Það segir sitt um þá en líka um þá sem ráðið hafa ríkjum á hv. Alþingi, að þeir skuli ekki hafa gert breytingar á þessu furðulega fyrirbrigði. Ekki getur þetta haft neitt með stjórn fiskveiða að gera. Ekki getur það verið til góðs að veiða annað magn úr ákveðnum fisktegundum en fiskifræðingar hafa lagt til og stjórnvöld komist að niðurstöðu um að fara eftir? Ekki aldeilis. Í mörg ár hefur verið haldið uppi heimskulegum reglum vegna þess að þeir sem ráða ferðinni hjá LÍÚ hafa viljað hafa það þannig og einhverjir tilteknir aðilar hafa getað nýtt sér það.

Ég fagna því sérstaklega að menn hafi getað sameinast í hv. sjútvn. um að leggja til að þessu verði breytt. Ég ætla satt að segja að vona að menn muni ganga þann veg á enda, samþykki ekki bara tillögu um að minnka þetta heldur samþykki tillögu um að afnema þetta alveg. Í frv. sem liggur fyrir hv. Alþingi er tillaga um að draga úr þessu. Ég tel að eina skynsamlega niðurstaðan í málinu sé að afnema þetta alveg. Það væri þá miklu nær að leyft yrði að útgerðaraðilar gætu farið lítils háttar fram úr aflaheimildum sínum sem færast mundi á næsta ár. Þeir fengju að veiða eitthvað lítils háttar meira í hverri tegund og það yrði síðan tekið af kvóta þeirra á næsta ári á meðan núverandi ástand í stjórn fiskveiða varir, sem ég vona að taki enda fyrr en síðar.

Leiðin til að losa sig út úr þessu máli er mjög einföld. Hún er einfaldlega að afnema þessa leið og koma til móts við

útgerðarmenn með því að leyfa þeim að veiða dálítið meira úr þessum tegundum. Það yrði síðan dregið af kvóta næsta árs. Ég vona að það verði niðurstaðan og ég vona að það verði orðið við þeim tilmælum nefndarinnar að þetta mál komi fyrir þingið strax á næsta hausti. Það er engin ástæða til þess að halda áfram þeirri ósvinnu sem hér hefur verið stunduð til margra ára.

Það mætti svo sem margt um þetta segja en ég ætla ekki að halda langa tölu um þetta mál. Þetta er í sjálfu sér einfalt mál og ætti að vera öllum þingmönnum mjög vel skiljanlegt að svona er eiginlega ekki sæmandi okkur á hv. Alþingi, að viðhalda arfavitlausum reglum eins og þessari sem hér hefur verið við lýði til margra ára og menn hafa ekki fyrr en nú mannað sig í að taka á.

[22:03]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að fáir þingmenn séu jafnkunnugir útgerðarmönnum og sá hv. þm. sem hér tók til máls áðan. Hann hefur átt við þá margra ára viðskipti og vonandi góð. Þess vegna er athyglisvert að heyra í hvaða tón hann talar um útgerðarmenn almennt og um fiskveiðistjórnina og hvaða kenndir hann ætlar útgerðarmönnum. Það er mjög til umhugsunar.

[22:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. sagði, hæstv. forseti Alþingis. Ég hef átt töluvert mikil viðskipti við útgerðarmenn og alltaf átt gott samstarf við þá. Ég var að tala um lítinn hóp útgerðarmanna sem hefur verið áhrifavaldur á hv. Alþingi í tengslum við málið sem hér er til umræðu. Sá hópur er takmarkaður þar sem tiltölulega fáar útgerðir stunda þetta. Stórar útgerðir, útgerðirnar sem hafa ráðið stjórn LÍÚ í gegnum tíðina, hafa stundað þetta. Það er ekki hinn venjulegi útgerðarmaður, smábátaútgerðarmenn og þeir sem gera út grunnslóðaflotann hafa ekki stundað þá leikfimi sem hér hefur verið leyfð í gegnum tíðina. Það á ekki að taka orð mín þannig að ég sé að tala niður til þeirra sem hafa gert þetta. Hv. Alþingi ber fyrst og fremst ábyrgð á þeim reglum sem í gildi eru. Það þýðir ekki að vísa því á aðra.

Ég tek það hins vegar ekki til baka að þeir sem hafa haft mest áhrif á hv. Alþingi eru þeir útgerðarmenn sem ég nefndi, þeir sem hafa ráðið ferðinni og stjórnað hjá LÍÚ. Þeir hafa nýtt sér stöðu sína í því sem annars staðar er kallað lobbíismi fremur en nokkur annar þjóðfélagshópur sem hér hefur reynt að hafa áhrif á mál hjá hv. alþm. Mín reynsla er a.m.k. sú að sá hópur hafi verið þar atkvæðamestur og haft mest úr því að hafa áhrif á þingmenn.

[22:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. 3. þm. Vesturl. höfum báðir alllanga þingreynslu og vitum hvaða útgerðarmenn hafa mest látið að sér kveða hér. Ég held að hv. þm. sé að gera lítið úr smábátamönnum ef hann heldur því fram að þeir hafi engin áhrif haft á gang mála og þingnefnda. Ég er satt að segja undrandi á því að hv. þm. skuli gera svo lítið úr málflutningi smábátamanna að þeir hafi engin áhrif haft.

[22:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum verið að tala um einangrað mál. Ég ætla ekki að halda því fram að smábátamenn hafi ekki haft áhrif í þinginu, síður en svo. Ég var að tala um mjög afmarkað mál sem varðar tegundatilfærslu og í því máli hafa smábátamenn ekki reynt að hafa áhrif á þingmenn svo ég viti til. Hins vegar hafa þeir sem ráða ferðinni, efst í pýramídanum hjá LÍÚ, ráðið mestu um að þetta mál hefur gengið fyrir sig fram á þennan dag.

Í sjálfu sér er alveg furðulegt að alþingismenn skuli hafa látið þetta viðgangast. Þessi regla er með slíkum eindæmum. Þegar venjulegum mönnum er sagt frá því að hægt sé að búa til eina fisktegund úr annarri þá verða menn svo undrandi að þeir halda bókstaflega að það sé ekki satt. Menn spyrja: Til hvers? Af hverju? Það er von að menn spyrji. Af hverju á að vera hægt að búa til eina fisktegund úr annarri? Það er engin ástæða til þess. Inni í þessu kerfi er ákveðinn sveigjanleiki, menn geta leigt sér veiðiheimildir. Menn geta meira að segja flutt veiðiálag á milli ára. Til hvers er þá verið að búa til eina fisktegund úr annarri til þess að rugla fiskveiðiráðgjöfina og þær ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli fiskifræðilegra rannsókna? Hvers vegna? Á því bera hv. alþm. ábyrgð og engir aðrir. Svona hefur þetta verið til margra ára. Ég held að það sé löngu kominn tími til að breyta þessu og hafa menn loksins mannað sig upp í það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Frv. EKG og EOK, 231. mál (fasteignagjöld). — Þskj. 278, nál. 1185.

[22:09]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar 231. mál á þskj. 278, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson flytja.

Nefndin hefur fengið sendar umsagnir frá Ísafjarðarbæ, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, fjmrn., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Byggðastofnun, sjávarútvegsráðuneyti, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Vesturbyggð.

Í frv. er lagt til að undanþága Þróunarsjóðs sjávarútvegsins frá fasteignagjöldum verði afnumin.

Þegar undanþágureglan var lögfest var gert ráð fyrir að eignarhald Þróunarsjóðs væri ávallt til skamms tíma. Voru rökin fyrir undanþágunni þau að þar sem engin starfsemi færi fram í fasteignunum á meðan þær væru í eigu sjóðsins væri eðlilegt að þær nytu undanþágu frá fasteignagjöldum.

Um nokkurra ára skeið hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins átt húsnæði á tveimur stöðum á landinu, á Patreksfirði og Ísafirði. Vegna undanþágu fyrri málsliðar 16. gr. laganna hefur sjóðurinn ekki þurft að greiða fasteignagjöld til viðkomandi sveitarfélaga frá því að hann eignaðist húsin. Telja verður óeðlilegt og ekki í samræmi við upphaflegan tilgang fyrri málsliðar 16. gr. laganna að Þróunarsjóður geti átt fasteignir um langt skeið án þess að greiða af þeim lögboðin gjöld til viðkomandi sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Vilhjálmur Egilsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. rita Kristinn H. Gunnarsson, Einar Oddur Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Drífa Hjartardóttir, Guðmundur

Hallvarðsson, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

[22:12]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil með örfáum orðum fagna því að þetta mál er komið svo langt áleiðis. Hér er um að ræða mikið réttlætis- og jafnræðismál sem lýtur að því að afnema sérstakar heimildir sem gilt hafa í lögum um undanþágu fyrir Þróunarsjóð sjávarútvegsins frá því að greiða fasteignagjöld af eignum sem hann á.

Svo háttar til að um er að ræða fasteignir á tveimur stöðum. Hér er hins vegar verið að leggja til almenna breytingu á lögum.

Út af fyrir sig eru engin rök, eins og fram hefur komið, fyrir því að viðhalda þessu ástandi lengur. Þess vegna er mjög ánægjulegt að um þetta mál hafi tekist almenn samstaða í sjútvn.

[22:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gefa svolitla skýringu á því hvers vegna ég styð þetta mál. Ég tel reyndar að svona hefði aldrei átt að vera í pottinn búið. Það er ekki eðlilegt að ganga þannig frá að þegar opinberir aðilar eignist fasteignir þá séu þær undanþegnar gjöldum eins og í þessu tilfelli. Síðan hafa þessir eignir staðið árum saman án þess að sveitarfélögin, sem þurfa virkilega á öllum sínum tekjum að halda, fái tekjur af þeim vegna þess að á hv. Alþingi hafi verið teknar ákvarðanir um að ákveðnir aðilar skuli vera undanþegnir gjöldum. Það er mjög eðlilegt að gerðar séu breytingar á þessum lögum. Við styðjum það, ég og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, og höfum þess vegna skrifað undir nál. án fyrirvara.

Það var löngu kominn tími til að taka á málinu. Ég ætla bara að flytja þeim hv. þm. sem fluttu málið inn á Alþingi þakkir fyrir það. Það var kominn tími til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla báta og skipa, fyrri umr.

Þáltill. sjútvn., 636. mál. — Þskj. 1186.

[22:15]

Frsm. sjútvn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir svohljóðandi till. til þál. frá sjútvn. um varðveislu báta og skipa:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint.

Með þessari ályktunartillögu fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Nefndin flytur þessa tillögu í framhaldi af umfjöllun um 102. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum (þskj. 104). Í því er lagt til að Þróunarsjóður sjávarútvegsins veiti byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa samkvæmt nánar skilgreindum reglum. Frumvarpið var flutt af þingmönnum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Nefndin er sammála þeim markmiðum sem frumvarpið er byggt á, en telur eðlilegt í ljósi umsagna sem bárust um málið að nánar verði skoðað hvernig best verði staðið að varðveislu báta og skipa. Þá telur nefndin brýnt að mótaðar verði reglur um fjármögnun og að varðveislugildi báta og skipa verði skilgreint. Leggur nefndin áherslu á að málinu verði lokið af hálfu ríkisstjórnarinnar á þessu ári.“

Ekki er gerð tillaga um, herra forseti, að þessu máli verði vísað til nefndar heldur lagt til að því verði vísað rakleiðis til síðari umræðu. Ástæðan er sú að málið hefur þegar hlotið athugun í sjútvn.

[22:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Upphaf þessa máls var að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flutti tillögu hér ásamt öðrum þingmönnum um varðveislu gamalla skipa. Hugmynd hans og þeirra sem upp á tillöguna skrifuðu var sú að Þróunarsjóður sjávarútvegsins fjármagnaði varðveislu gamalla skipa. Það er að mínu viti eitt af því sem er mikilvægast til varðveislu þeirra, hvað eigum við að kalla það, minja, t.d. skipa, sem hér er á ferðinni.

Við höfum ekki nýtt okkur þau tækifæri sem hafa komið upp á undanförnum árum. Ég tók þátt í umræðu á hv. Alþingi fyrir um það bil sex, sjö árum sem fór fram í kjölfar þess að hér höfðu verið teknar upp reglur sem fólust í því að úrelda skip og Hæstiréttur Íslands hefur nú úrskurðað að hafi verið brot á stjórnarskránni. Þessar reglur voru svo harkalegar að þeir sem úreltu skipin urðu ekki bara að taka þau úr notkun heldur urðu þeir að eyðileggja þau. Þau varð að brenna. Þeim varð að kasta á eld eða saga niður til þess að fullnægja þeim reglum sem höfðu verið skapaðar um það hvernig úrelding skyldi fara fram.

Á þessum tíma voru eyðilagðir dýrgripir sem verða auðvitað aldrei bættir vegna þess að á þessum tíma er að ljúka þeirri sögu í skipasmíði á Íslandi sem tengist tréskipum. Á svipuðum tíma og þessar reglur eru teknar upp er í raun lokið því tímabili sem við getum kallað timburskipatímann. Það voru til og eru reyndar til enn töluvert mörg skip úr tré en á þessum árum sem fóru í hönd eftir að reglurnar voru teknar upp um úreldingu var eyðilagður fjöldi skipa sem voru í góðu standi. Þau hefði verið hægt að nýta til margra ára í alls konar verkefni þó þau hefðu ekki verið notuð til þess að veiða á þau fisk. Þau mundu sóma sér vel í dag og ábyggilega væru mörg þeirra talin eftirsóknarverð nú til þess að nýta til ferðaþjónustu eða einhvers annars.

Nú hefur það sem sagt komið í ljós og það er niðurstaða Hæstaréttar að allt þetta hafi verið brot á stjórnarskránni, þ.e. þær reglur sem voru notaðar í þessu tilfelli. En sem betur fer breytti hv. Alþingi þessum reglum sem gerðu mönnum skylt að eyðileggja skipin og þá hættu nú flestir þeirri iðju. En auðvitað var haldið áfram að úrelda þessi skip af því að reglurnar voru til staðar og notagildi þeirra var ekki mikið eftir að þau höfðu ekki lengur leyfi til þess að veiða fisk. Það voru því einungis þeir sem vildu eiga þessi skip að gamni sínu eða nýttu þau vegna ferðaþjónustu sem héldu þessum skipum við.

Eins og ég var að segja áðan þá helst það í hendur að menn hætta næstum því alveg að smíða tréskip á Íslandi í kringum 1980 og reglurnar komu svo á áratugnum þar á eftir. Nú hafa ýmsir aðilar ekki bara viðhaldið þessum skipum sem atvinnutækjum heldur líka svona til þess að hafa þau að gamni sínu og til eru þó nokkuð mörg skip

sem er það dýrt að halda við að það er ekki á færi einstaklinga og sú starfsemi sem viðkomandi einstaklingar eru með þessi skip í gefur ekki nógu mikið af sér til að standa undir viðhaldi eða endurbótum á slíkum skipum. Ég tel að það þurfi að skilgreina mjög nákvæmlega hvað menn vilja varðveita, hvaða eintök af skipum menn vilja varðveita. Ég bendi sérstaklega á að það þarf að bjarga síðustu skipunum sem voru byggð hér í kringum 1950 t.d. Þau voru alhliða skip. Þetta voru grunnslóðarveiðiskipin sem voru notuð á vetrarvertíðum, á línu, á net. Þessi skip fóru á sumrin á síld. Þetta voru fjölveiðiskip þessa tíma. Þau voru smíðuð úr tré og þau eru til enn, nokkur þeirra. En þau verða ekki til mikið lengur ef menn ekki bregðast við.

Maður sér þessi skip standa uppi á kömbum og fljóta við bryggjur, orðin illa farin sum. Ég hef heyrt í ýmsum sem eiga svona skip sem sjá ekki almennilega færi á því að koma þeim í það stand sem þau þurfa að vera í. Þessi skip hafa hins vegar hentað ágætlega til þess að flytja fólk í hvalaskoðunarferðum og í siglingum við landið með ferðamenn í ýmsum tilgangi. Það þarf því kannski ekkert óskaplega mikla styrki eða aðstoð við að halda þessum skipum við. En það er ekki bara um það að ræða að veita styrki með þessum hætti. Það þarf líka að athuga vel hvort sum af þessum skipum þurfi ekki hreinlega að friða og sjá til þess að þau verði ekki eyðilögð. Ég held t.d. að ástæða væri til þess að skoða skip eins og þau sem Landhelgisgæslan notaði í þorskastríðunum.

Er ekki full ástæða til þess að geyma einn af þessum glæstu farkostum sem unnu fyrir okkur landhelgisstríðið eða réttara sagt þau skip sem þær sjávarhetjur sem við horfðum með mikill hrifningu til sigldu á þegar þeir unnu þetta stríð fyrir okkur? Mér finnst vera að því skömm ef okkur tekst ekki að eiga eitt eða tvö af þessum skipum til þess að komandi kynslóðir geti séð hvað þeir höfðu í höndunum sem unnu þessa styrjöld fyrir okkur. Þetta voru nú ekki stór skip. Forsaga og saga yfirráða okkar yfir landhelginni á eftir að lifa með þjóðinni lengi og full ástæða er til að bjarga þessum verðmætum.

[22:25]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi till. til þál. sem hér liggur fyrir um varðveislu báta og skipa og flutt er af sjútvn. er hið besta mál. Hún fjallar um varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu- og byggðasögu. Hún fjallar um að mótaðar skuli reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í og að varðveiðslugildi báta og skipa skuli skilgreint.

Það er afar mikilvægt að saga útgerðar, sögu báta og bátasmíði hér á landi sé haldið til haga. Það er einnig afar eðlilegt að atvinnuvegurinn taki þátt í að varðveita sögu sína og menningararf. Það er beinlínis liður í þróunarstarfi hvers atvinnuvegar að halda þessu til haga og hafa það sýnilegt á hverjum tíma. Ég styð því heils hugar þessa þáltill.

Herra forseti. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að Bjarni Jónsson listmálari sem kom mjög við sögu við gerð bókanna um íslenska sjávarhætti með Lúðvíki Kristjánssyni sagnfræðingi, teiknaði þar myndir og skýringar bæði af bátum, vinnu og vinnubrögðum, hefur eftir hvatningu frá Lúðvíki heitnum Kristjánssyni og líka frá páv. menntmrh. Ólafi G. Einarssyni, einmitt málað mjög vandaðar og fallegar myndir af bátum úr sögu Íslands, myndir af einstökum nafngreindum bátum. Hann hefur einnig málað myndir til þess að sýna mismunandi bátslag eftir landshlutum, af seglabúnaði og öðrum reiða sem tilheyrði þessum bátum, mismunandi eftir notkun, stærð og landshlutum.

Hér á landi eru ekki til bátar sem sýna þessa sögu og menningu en myndir og önnur vitneskja hefur varðveist sem hefur gert mönnum kleift að mála mjög góðar myndir af þessum bátum. Þetta safn er hann með heima hjá sér vegna þess að enn hefur ekki verið ákveðið hvað af þessum myndum verður. Ég vek máls á þessu því þarna er um mikla dýrgripi að ræða. Þekking þessa ágæta listamanns sem var verið að heiðra nú nýverið fyrir framlag hans til þessara mála, er mikil og liggur m.a. í þessum myndum og væri fyllilega ástæða til að skoðað væri hvernig ráðstafa bæri þeim í framhaldi af þeim væntingum sem hann bar til þess á sínum tíma þegar hann hóf að mála myndirnar. Það væri þá hluti af því verkefni sem hér er verið að leggja til að tekist verði á við.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að nefna þetta því þessi verðmæti hjá þessum ágæta listamanni tvístrast annars, verða seld eitt og eitt. Það væri hins vegar afar mikilvægt að varðveita þau í heild, sem heildarsafn, hluta af sögunni og þeim menningararfi sem við eigum í bátum og skipum Íslendinga bæði fyrr og nú.

Herra forseti. Þessi till. til þál. er er hið besta mál og ég tek undir væntingar og óskir um það fái afgreiðslu á þessu þingi.

[22:31]

Útbýting þingskjala:

Erfðafjárskattur, 609. mál, svar fjmrh., þskj. 1171.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, 468. mál, nál. samgn., þskj. 1212.

Mengunarmörk, 504. mál, svar umhvrh., þskj. 1172.

Rannsókn sjóslysa, 567. mál, nál. samgn., þskj. 1208.

Ríkisábyrgðir, 595. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1225; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1226.

Sala og eftirlit með skoteldum, 442. mál, svar dómsmrh., þskj. 1175.

Siglingalög, 568. mál, nál. samgn., þskj. 1210.

Skoteldar, 441. mál, svar dómsmrh., þskj. 1176.

Tekjuskattur og eignarskattur, 547. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1221; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1222.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 569. mál, nál. samgn., þskj. 1211.

[22:32]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir frá hv. sjútvn. er mjög merkilegt plagg og er samið upp úr því frv. til laga sem þeir hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Steinar Jóhannsson og Hjálmar Árnason fluttu fyrr í vetur. Það var löngu tímabært frv. sem fjallaði um að bjarga fyrir horn, ef svo má að orði komast, þeim miklu og sögulegu minjum sem ýmsir fiskibátar eru, en eru að grotna niður um allt land og hverfa.

Sá sem hér stendur þekkir þá sögu og náði rétt í skottið á hinu mikla síldaræintýri Íslendinga á Siglufirði. En ég hef þó lesið töluvert um það í bókum sem þar átti sér stað. Ég er ákaflega minnugur þess tíma þegar menn tóku sig til og fóru á ákveðinn stað í bænum og náðu sér í svo sem eins og tvo snurpunótabáta til að setja á áramótabrennu bæjarins. Þannig voru þessar sögulegu minjar brenndar á áramótabáli í mörg ár.

Á síðustu stundu má eiginlega segja að hafist hafi verið handa af áhugamönnum fyrst og fremst við að safna saman minjum síldarævintýrisins á Íslandi og redda þeim fyrir horn, ef svo má að orði komast. Þar á ég við hið merka og mikilvæga starf sem Félag áhugamanna um minjasafn á Siglufirði beitti sér fyrir fyrir um tíu árum þegar þeir tóku við því verkefni af frekar fjárvana bæjarsjóði sem ekki hafði neina getu til þess að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem síðar hefur átt sér stað. Og sem betur fer hafa ýmis stórfyrirtæki landsins komið að því máli, styrkt það og veitt töluverða peninga til þess.

Í ljósi þessarar sögu er þessi till. til þál. mjög ánægjuleg. Öll nefndin stendur að henni sem er, eins og ég sagði áðan, samin upp úr fyrrnefndu frv. Þáltill. er um að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skuli að varðveislu þessara gömlu skipa. Þetta er tillaga sem í raun-inni hefði átt að vera búið að samþykkja fyrir 15–20 árum. Þá væri fjölbreytnin í þeim gömlu skipum okkar sem til eru svolítið meiri en hún er í dag.

Það væri óskandi að tillagan, ef samþykkt verður, gæti farið að virka mjög fljótlega því að eftir þrjú ár verða 100 ár liðin frá því að hið mikla síldaræv intýri hófst á Íslandi, þegar Norðmenn hófu að veiða síld frá landi í Seyðisfirði og voru að kanna þann fisk sem stundum rak á land, veiðar sem Íslendingar lærðu svo af þeim. Ég segi þetta vegna þess að hið mikla og góða safn sem ég hef vitnað í og er í heimabæ mínum er einmitt með stórkostlegar hugmyndir sem hlotið hafa styrk, m.a. frá menntmrn., til að byggja upp safn, lifandi safn í raun og veru með m.a. þessum gömlu, góðu bátum, sem þar eiga að vera á floti í kví, og með öllu sem sneri að síldveiðum og hvernig þær þróuðust. Það væri óskandi ef Þróunarsjóður sjávarútvegsins, sem hingað til hefur veitt styrki til að úrelda frystihús víðs vegar um landið og þar af leiðandi kippt ýmsum atvinnufyrirtækjum frá viðkomandi stöðum, verður kannski töluvert aflögufær til að styrkja það sem hér er fjallað um, þ.e. varðveislu gamalla skipa.

Ég er t.d. ekkert viss um að margir snurpunótabátar séu til í dag. Ég gæti trúað að það sé, ef ég man rétt, kannski til hálfur bátur á Íslandi, svo furðulegt sem það nú er, vegna þess að helmingurinn hefur sennilega eyðilagst af einhverj-um ástæðum. Mér er kunnugt um að þetta kostar milljónir króna. Og það getur ekki gengið og mun aldrei ganga upp að áhugamannafélög eða minjasöfn, sem flest eru frekar fjár-vana, geti tekið þátt í og reddað þessum sögulegu minjum frá frekari förgun.

Það sem ég nefni hér er því ákaflega brýnt verkefni og mjög mikilvægt að þessi þáltill. nái fram að ganga. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. sjútvn. fyrir að hafa gert þó þetta við frv., að semja þá þáltill. sem hér er komin fram sem fjallar um þetta mál.

Herra forseti. Ég vildi aðeins draga þessi atriði inn í umræðuna. Þetta er löngu tímabært, við erum e.t.v. á elleftu stundu með að gera þetta. En ég legg líka áherslu á að það hefur í raun og veru ekkert að segja að samþykkja svona þáltill. — það mætti reyndar bara kalla það sýndarmennsku — ef ekki fylgja peningar með, vegna þess að allt snýst þetta um peninga og að hafa peninga til að redda þessum skipum, sama hvort farið verður í Vestfjarðakjördæmi, í eyðifirði sem þar eru til að ná sér í hvort heldur er gamla snurpunótabáta, hringnótabáta eða síldarverksmiðjur. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm. Kristján Pálsson? (**KPál:** Það er eitthvað í Ingólfsfirði.) Í Ingólfsfirði, þar hafa menn verið að fara til að ná í gamlar síldarverksmiðjur vegna þess að í síldarbæn-um Siglufirði var sennilega búið að jarða þrjár eða fjórar síldarverksmiðjur á öskuhaugum bæjarins. Það var nú öll minjaverndin fyrir um 15–20 árum.

En sem betur fer, eins og ég sagði áðan, herra forseti, hefur skilningur aukist mjög á þessu og ég hika ekki við, a.m.k. hvað varðar síldarminjar, að nefna og draga hér fram þetta áhugamannafélag sem ég nefndi áðan sem hefur unnið stórvirki, enda hefur það fengið ýmiss konar verðlaun, eins og frá forseta Íslands, og fleiri aðilum fyrir það sögulega og mikla starf sem þar hefur verið unnið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Þingstörf fram að sumarhléi.

[22:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Við erum búin að vera öflug í dag og búið er að afgreiða allmörg mál frá því að við byrjuðum þing-fundinn sjálfan klukkan 10.30 í morgun. En dagurinn hefur verið mun lengri og er svo sem vel að kveldi kominn núna, komið undir ellefu.

Ég get nefnt að tólf manna hópur Reykjanesþingmanna var kominn til Vegagerðarinnar klukkan átta í morgun, á sama tíma voru allnokkrar nefndir að störfum. Þess vegna voru nokkrir árekstrar hvað varðaði tímasetningar þegar menn voru að hlaupa á milli funda. Þetta er því orðinn allgóður dagur og tími til kominn að fara að huga að því að ljúka honum. Mér finnst mjög við hæfi að við ljúkum þessum þingfundi núna um ellefuleytið.

Mér finnst líka afar brýnt, herra forseti, að við skoðum það að ná samstöðu um þau mál sem á að afgreiða á þessu þingi. Engin meiri háttar ágreiningsmál eru uppi en þó er það svo að afar skiptar skoðanir eru um hvaða mál á að afgreiða úr nefndum og hver verði látin liggja og eins eru hér nokkur mál sem eru tilefni allnokkurrar umræðu. Hins vegar hef ég fundið að fullur áhugi er á því að ljúka þingi jafnvel fyrir miðjan dag á fimmtudag, en þá er líka mjög mikilvægt að við setjumst saman og skoðum hvernig á að halda á málum og hvaða mál á að afgreiða og við þingflokksformenn höfum svo sem þreifað á því saman.

Ég vil líka minna á að það er frekar leiðinlegt fyrir Alþingi að setja lög um annað fólk úti í bæ en fara aldrei eftir því hvað okkur sjálf varðar. Ég man ekki betur en að í lögunum um vinnutíma sem sett voru samkvæmt vinnutímatilskipun sé gerð krafa um ellefu tíma hvíld á milli vinnudaga, undir sérstökum kringumstæðum fari hún niður í átta tíma. Við förum nú að nálgast þau mörk.

En það er annað, við ákváðum að hafa kvöldfund í kvöld, við ætlum að hafa kvöldfund annað kvöld, við ætlum að hafa eldhúsdagsumræður þriðja kvöldið og við erum að ræða um að ljúka þingi á fimmtudag. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt, herra forseti, að við förum nú að huga að því að ljúka í kvöld og skoðum það síðan með opnum huga hvernig vinnudagurinn á morgun verður og hvaða mál verði þá afgreidd.

[22:44]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og tel æskilegt að við tökum um það ákvörðun að ljúka þinghaldi fljótlega. Eins og fram kom í máli hv. þm. hefur þingfundur staðið frá því í morgun, frá klukkan hálfellefu, en að auki hafa þingmenn verið að störfum í þingnefndum og í öðrum störfum tengdum þinginu frá því snemma í morgun. Rætt hefur verið um að ljúka þinghaldi um hádegi á fimmtudag og styð ég það, en að sjálfsögðu á þeirri forsendu að tekin verði um það ákvörðun hvaða mál verði látin bíða og hvaða mál eru talin það brýn að við hröðum þeim í gegnum þingið.

Enn eru á dagskrá í kvöld nokkur mál, sum mjög umdeild mál og ég held að það þjóni ekki nokkrum tilgangi að halda umræðu áfram fram á nótt. Ég held að miklu hyggilegra væri að við þingflokksformenn settumst niður og færum að ræða forgangsmál í þinginu. Ég held að það mundi öðru fremur greiða fyrir þingstörfum og auðvelda okkur að ná því markmiði, sem ég tel okkur öllum sameiginlegt, að reyna að ljúka þinghaldi um hádegi á fimmtudag.

[22:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þingfundurinn hefur að sönnu staðið nokkuð lengi eða frá því í morgun en það er ekki óvanalegt á þessum tíma þinghalds að vori að þingfundir verði stundum langir undir lokin. Enn eru af 37 málum fjögur mál á dagskrá sem ætlunin er að sjálfsögðu að ljúka umræðu um.

Ég heyri á hv. þm. sem hér hafa tekið til máls um fundarstjórn forseta að þeir hafa hug á að ræða þau mál sem enn eru óútrædd. Ég held að það sé ekki eftir neinu að bíða og gefa eigi þeim hv. þm. kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í þessum málum. Stutt er til áformaðra loka þinghaldsins og því þurfum við að nýta vel þann tíma sem er til umráða. Ég beini því til hv. þm. að beita sér fremur fyrir því að málin verði rædd en hinu að þau verði ekki rædd.

Ég átta mig ekki alveg á því hvað vinnst með því að fresta málum sem menn hafa hug á að taka til máls um. (**ÁRJ:** Fresta til haustsins.) Það er allt annað mál, herra forseti. Hér er kallað fram í af einum hv. þm. stjórnarandstöðunnar, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, að fresta eigi málum til haustsins. Með öðrum orðum: Er þingmaðurinn þá að segja að beiðnin sé ekki um að fresta umræðu um málin til morguns heldur að koma í veg fyrir að málin verði rædd? Það er auðvitað allt önnur beiðni en hv. þm. sem tekið hafa til máls á undan mér hafa borið fram. Ég vænti þess að það vaki ekki fyrir hv. þingmönnum, t.d. hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að koma í veg fyrir það að vilji þingsins nái fram að ganga í 11. máli á dagskránni, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

[22:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þarf ekki að orðlengja þá beiðni mína að við skoðum hvort ekki sé orðið tímabært að ljúka þessum fundi. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um að ekki væri óvanalegt að sitja lengi að þegar komið væri fram á þennan tíma.

Við erum alltaf að tala um að breyta vinnubrögðum. Við höfum verið að breyta vinnubrögðum ár frá ári. Hver þingvetur hefur verið frábrugðinn hinum á undan, af þeim sem ég hef setið hér, af því að við höfum verið að þróa þingstörfin. Sem betur fer eru kvöldfundir færri en áður og næturfundir nær óþekktir. Það er ekki vegna þess að málin séu ekki jafnumdeild og áður heldur vegna þess að við viljum öðruvísi vinnubrögð.

Þingmaðurinn nefndi að enn væru fjögur mál sem hann teldi að ætti að ljúka af 37 málum á dagskrá. Ég vil vekja athygli á því. Við höfum verið að fjalla um 37 mál í dag. Við höfum afgreitt í atkvæðagreiðslu allnokkur mál sem hafa verið umdeild og ágreiningur um. Ég minni á að stjórnarandstaðan hefur ekki tekið ósæmilega langa umræðu um neitt af þeim. Ég bið þá sem hafa verið lengi hér á þingi að líta í eigin barm. Þeir muna vafalítið allir þá tíma er þeir töluðu lengi og töfðu jafnvel þinghaldið í umdeildum málum.

Ég vil benda á þetta, herra forseti, því til stuðnings að við höfum verið að breyta áherslum okkar og vinnubrögðum.

[22:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Af þessu tilefni held ég að þörf sé á því að hv. þm. heyri nokkur orð frá nýliða á þinginu. Ég segi það satt að þessi vinnubrögð sem hér eru viðhöfð í dag, svo ég bara haldi mig við daginn í dag, eru stórháskaleg. Þau eru ansi dapurleg fyrir nýjan þingmann sem hefur hug á að láta til sín taka í málum eins og fæðingarorlofi, jafnréttislögum og nálgunarbanni. Þetta eru dæmi um mál sem hafa farið hér í gegn í dag sem ég hefði svo gjarnan viljað tala í, hef ýmsar skoðanir á en átti ekki tækifæri til að fjalla um í ræðustól vegna þess að ég er svo störfum hlaðin í nefndarvinnunni minni. Ég er að vinna í nefndarálitum og við erum að vinna í breytingartillögum sem áttu að vera komnar inn fyrir klukkan níu í kvöld.

Þannig er reynsla nýliðans fremur döpur. Ég tek sannarlega undir orð hv. þm. sem hér hafa talað á undan, Rannveigar Guðmundsdóttur og Ögmundar Jónassonar, um að stundum væri skynsamlegra að gefa aðeins eftir, gefa fólki svigrúm og leyfa því að anda. Þannig verða vinnubrögðin skilvirkari. Vinnubrögð af þessu tagi stofna lýðræðinu bara í voða. Það er okkur ekki til framdráttar að vinna á þessum hraða.

[22:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki langa þingreynslu en þó það langa að ég veit að þegar umræður í hv. Alþingi fara að snúast mikið um það sem verið hefur til umræðu núna síðustu mínúturnar þá gengur hér hægt við þau störf sem Alþingi er ætlað að sinna. Ég tel ekki ástæðu til að ætla að það muni liðka fyrir eða flýta afgreiðslu mála að mana menn í umræður um þau, eins og hv. þm. Kristinn Gunnarsson gerði hér áðan.

Það mun auðvitað ekki standa á okkur að ræða um þau mál sem eru hér á dagskránni. Ég geri ráð fyrir því að sumt af þeim muni taka dálítið langan tíma. Ég nefni bara dæmi ólympísku hnefaleikana. Ég held að það sé ágætisdæmi um mál sem menn þurfa örugglega töluvert langan tíma til þess að fara vandlega yfir. Það er átakamál og skiptar skoðanir um það. Einnig gætu orðið skiptar skoðanir um mál sem varðar tannheilsu Íslendinga. Eins og fram hefur komið eru mörg má á dagskránni sem langan tíma mun taka að fara yfir, sérstaklega ef það er ekki gert í góðum friði hér í sölum hv. Alþingis.

Ég held að ástæða sé til að reyna að hafa samkomulag um þinghaldið, hve langt menn ætli að komast í dagskránni og hvaða mál eigi að afgreiða. Ég hvet til þess að horft verði

til þessa áður en umræður fara hér að snúast um formsatriði, hvaða tíma menn hafi til starfa og hvaða mál eigi að taka til umræðu hér úr ræðustólnum. Samningar um slíka hluti nást yfirleitt ekki með ræðuhöldum hér úr ræðustól.

Ég hvet hæstv. forseta til að huga að þessu. Gert er ráð fyrir því að hér verði þrír kvöldfundir í röð. Ég vek athygli á því. Það er brot á reglum sem giltu meðan ég var á þingi á þarsíðasta kjörtímabili. Það var aldrei að kvöldfundir væru haldnir þrjú kvöld í röð. Nú er gert ráð fyrir því. Þess vegna tel ég fulla ástæðu til að menn hugi að því að alþingismenn hafi möguleika á því að hvílast og hafi sæmilega skímu í kollinum þegar þeir taka til við málagrúann sem fram undan er á næstu dögum.

[22:54]

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Forseti vill tilkynna að hann hyggst gera fimm mínútna hlé á fundinum og boða til fundar þingflokksformanna og forseta. Hann beinir þeim tilmælum til hv. þm. að þeir stytti mál sitt.

[22:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vildi bara leiðrétta þann misskilning sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt nokkurn þingmann hér tala um að umræðan hafi gengið hægt hér í dag eða að málþófi hafi verið beitt, þvert á móti. Í dag hafa mörg mál verið afgreidd og tíminn hefur nýst vel. Þess vegna er þeim mun meiri ástæða til að halda áfram umræðu um þau mál sem eftir eru þannig að þeim megi ljúka sem fyrst.

En þingmenn ráða því sjálfir hvenær umræðu lýkur um mál, það er einfaldlega þannig. Menn hafa málfrelsi hér, taka til máls og tala um málin eins og þá lystir. Til þess að gefa mönnum kost á að segja sinn hug í þeim málum sem þeir vilja tala um þá er um að gera að halda áfram umræðu og dagskrá eins og til hefur staðið. Ég sé ekki að menn vinni neitt mikið með þessari umræðu.

[22:56]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem fram hefur komið, að þingmenn hafa verið að störfum frá því klukkan átta í morgun og að fundir eru fyrirhugaðir í nefndum að nýju klukkan átta í fyrramálið.

Herra forseti. Að gefnu tilefni. Formaður þingflokks Framsfl. gaf í skyn að ég væri andvígur því að mál komi fyrir þingið og vilji þingsins komi fram. Hann skírskotar þar sérstaklega til eins frv. um kjarasamninga. (**KHG:** Ég spurði.) Hann spurði, segir hann. Ég vil hins vegar upplýsa hv. þm. og formann þingflokks Framsfl. að ég er ekki andvígur því að mál komi til kasta þingsins og vilji þingsins komi fram.

Aftur á móti er það stjórnarmeirihlutinn sem forgangsraðar í nefndum. Stjórnarmeirihlutinn hefur þannig komið í veg fyrir að frv. um dreifða eignaraðild fjármálafyrirtækja komi til kasta þingsins og þingmeirihluti komi fram. Hann hefur hafnað því að þáltill. um Írak komi til kasta þingsins en hins vegar hefur hann knúið það fram að frv. um hnefaleika komi til afgreiðslu þingsins og það í nótt. Það er frv. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson á aðild að. Þetta er forgangsröð stjórnarmeirihlutans. Ég mótmæli því að hér á næturfundum séu tekin gæluverkefni ríkisstjórnarinnar af þessu tagi.

Ég er ekki andvígur því að mál komi til kasta þingsins og þingmeirihlutinn og þingviljinn komi fram en ég vil hafa áhrif á hvernig Alþingi forgangsraðar.

[Fundarhlé. — 22:58]

Um fundarstjórn.

Frv. um starfsréttindi tannsmiða.

[23:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ákvörðun forseta að taka út af dagskrá 7. mál dagskrárinnar, um starfsréttindi tannsmiða, mál sem er til 3. umræðu, er í algjörri andstöðu við þingflokk Framsfl. Ákvarðanir forseta að öðru leyti eru heldur ekki með samkomulagi okkar. Ég verð að hryggja hæstv. forseta með því að ég kann ekki við svona vinnubrögð.

[23:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Þetta er nú ekki í fyrsta skipti sem ég hef ekki átt hylli allra þingmanna.

Ályktanir Vestnorræna ráðsins, síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 461. mál. — Þskj. 739, nál. 1170.

[23:07]

Frsm. utanrmn. (Tómas Ingi Olrich):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um ályktanir Vestnorræna ráðsins.

Fyrir þinginu liggur till. til þál. um ályktanir Vestnorræna ráðsins. Þessi þáltill. er flutt af sendinefnd Íslands hjá Vestnorræna ráðinu. Svo vill til að dagana 9.–12. ágúst var 15. ársfundur Vestnorræna ráðsins haldinn á Brjánsstöðum á Skeiðum. Á þessum ársfundi var samþykktur nokkur fjöldi tillagna um jafnréttis- og menntamál. Sendinefnd Íslands hjá Vestnorræna ráðinu flutti þessar samþykktir sem þáltill. og var málinu vísað til utanrmn.

Svo háttar til að Ísland er með sendinefndir á mjög margvíslegum erlendum vettvangi. Þær sendinefndir standa að eða standa ekki að ályktunum sem fram eru lagðar á slíkum vettvangi. Það hefur ekki tíðkast hér að flytja slíkar ályktanir sem þáltill. en nokkurrar sérstöðu gætir hjá Vestnorræna ráðinu þar sem það ráð sameinar í raun og veru Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga. Af þessum þremur aðilum eru Íslendingarnir þeir einu sem hafa fullkomið sjálfstæði og markast starfsemi Vestnorræna ráðsins nokkuð af þessu.

Þegar utanrmn. fjallaði um þetta mál fékk hún 1. flm. tillögunnar til að skýra þessi mál út fyrir sér og féllst utanrmn. á að Vestnorræna ráðið nyti allmikillar sérstöðu meðal íslenskra sendinefnda erlendis og væri ástæða til að taka á þessari þáltill. með tilliti til þeirrar sérstöðu.

Nefndin mælir með að samþykkja þáltill. með brtt. sem felst í því að í stað þess að teknar séu upp allar samþykktir Vestnorræna ráðsins er tillögugreinin orðuð svo:

„Alþingi ályktar að beina þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar að vinna að framkvæmd ályktana Vestnorræna ráðsins

sem samþykktar voru á fundi ráðsins á Brjánsstöðum á Skeiðum 9.–12. ágúst 1999."

Er það trú utanrmn. að með þessum hætti sé fundin mjög ásættanleg lausn á þessari þáltill.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Kristján Pálsson, Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Frímannsdóttir og Jóhann Ársælsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268.

[23:11]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér kemur enn til umræðu frv. ríkisstjórnarinnar um kjarasamninga opinberra starfsmanna en samkvæmt þessu frv. er gerð brtt. á 14. gr. laganna þar sem kveðið er á um bann við hópuppsögnum. Þetta er sambærilegt eða svipað lagaákvæði og er að finna í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá árinu 1938 og gilda um hinn almenna vinnumarkað. Þar eru á ferðinni grundvallarlög en um opinbera starfsmenn gilda sérlög, lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna og taka á ýmsum þáttum sem snerta þá sérstaklega.

Nú er það svo að uppi hafa verið hugmyndir og reyndar kröfur af hálfu starfsmanna ríkis og sveitarfélaga að breyting verði gerð á þessum lögum í samræmingarátt. Staðreyndin er sú að opinberir starfsmenn búa við mun þrengri réttarstöðu en gerist á almennum vinnumarkaði og hefur það verið þeim kappsmál að fá á þessu gerðar breytingar.

Það skýtur skökku við að ríkisstjórnin, sem gumar af því að hún vilji samræma þessi lög og það reglugerðaverk sem gildir um kjarasamninga í landinu almennt, skuli skella skollaeyrum við þessum kröfum úr herbúðum opinberra starfsmanna.

Tilurð þessa frv. eða ástæðan fyrir því að það kemur fram er sú að ekki alls fyrir löngu eða síðla árs 1999 var felldur dómur í Félagsdómi þar sem launanefnd sveitarfélaga fyrir hönd Árborgar hafði höfðað mál gegn Félagi ísl. leikskólakennara. Þannig háttar til að nokkrir leikskólakennarar í Árborg höfðu sagt upp störfum vegna óánægju með launakjör sín. Var þá brugðið á það ráð að höfða mál gegn þeim fyrir Félagsdómi bæði sem einstaklingum en einnig gegn félagi þeirra, Félagi ísl. leikskólakennara. Þess var krafist að félagið, þ.e. Félag ísl. leikskólakennara greiddi allan málskostnað og annan tilkostnað.

Málið tapaðist hins vegar fyrir Félagsdómi. Samband ísl. sveitarfélaga tapaði dóminum eða öllu heldur launanefnd sveitarfélaga og þá gerist það að Samband ísl. sveitarfélaga fer þess á leit við ríkisstjórnina og fjmrh. hæstv. að hann flytji frv. sem banni hópuppsagnir. Með öðrum orðum, á Alþingi á að hefna þess sem tapast í héraði og fyrir dómstólum og það er ekki í fyrsta sinn sem þessi ríkisstjórn fer fram með þessum hætti. Þetta finnst mér sannast sagna ekki vera stórmannleg framkoma og ekki til eftirbreytni í réttarríki að mínum dómi.

Það er ástæða til að ítreka það sem áður hefur komið fram við umræðu um þetta mál, að kjarasamningalögin byggja á samningum. Þau byggja á samningum annars vegar BSRB, BHM og Bandalags kennarafélaga og hins vegar fjmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga. Það vill svo til, ég held að það sé reyndar engin tilviljun, að þetta samkomulag sem er undirritað af hálfu þessara aðila er birt sem upphaf greinargerðar í stjfrv. sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1986 en þá voru gerðar miklar breytingar á þessum lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Það er svo margt makalaust í tilverunni, undarlegt og mótsagnakennt en á meðal þeirra sem mæla með því að þessi lög verði nú samþykkt frá Alþingi er hæstv. félmrh., fyrir hönd síns ráðuneytis. Hann ritar Alþingi bréf þar sem hann lýsir sérstökum stuðningi við þetta frv. og í því segir m.a., með leyfi forseta:

„Óhjákvæmilegt er að bregðast við dómi Félagsdóms í máli nr. 7/1999 og taka af allan vafa um að sömu reglur um friðarskyldu á gildistíma kjarasamninga eigi við meðal opinberra starfsmanna sem á almenna vinnumarkaðnum. Með hliðsjón af framangreindu styður félmrn. frumvarpið."

Nú er þess að geta að réttarreglurnar eru mjög ólíkar að öðru leyti. Þannig getur t.d. vinnuveitandi hjá hinu opinbera framlengt ráðningarsamning við einstaklinga „ef til auðnar horfir í starfseminni" en á þá leið mun það vera orðað í lögum. Staða starfsmanna er því miklu veikari þar.

En því nefni ég þetta sérstaklega, þessa afstöðu hæstv. félmrh., að ég hef hér undir höndum umræður eða ljósrit af umræðum sem fram fóru hér á þingi árið 1986. Þar er m.a. vitnað í hv. þm. Jón Kristjánsson og ég skal finna þá tilvitnun en ég vitna í hæstv. núv. félmrh. Pál Pétursson. Hann sagði:

„Frv. þetta er samkomulagsmál fjmrn. og BSRB, BK, og BHMR. Ekki var því tiltækilegt að breyta því mikið en málsaðilar óskuðu eftir því að viðbótarsamkomulag, sem þeir höfðu gert með sér, birtist í nál. þannig að um túlkun á ákveðnum atriðum í 14. og 17. gr. frv. yrði ekki ágreiningur."

Það vill einmitt svo til að það er 14. gr. sem nú á að breyta. En á þessa leið talaði hæstv. félmrh. í umræðum hér á Alþingi árið 1986.

Fleiri tóku til máls um frv. á þessum tíma. Í máli hæstv. þáv. fjmrh. kom fram mjög eindreginn skilningur á því að hér væri um samkomulag að ræða, hérna væri kjarasamningamál á ferðinni sem yrði að virða. Hér er á ferðinni samkomulagsmál, þetta er kjarasamningsatriði.

Fyrir fáeinum dögum hófst hér 3. umr. um málið. Þá fór ég mjög ítarlega yfir umsagnir sem Alþingi hafa borist vegna þessa máls. Ég fór mörgum orðum um þessar umsagnir og vitnaði ítarlega í þær. Ég ætla ekki að gera það núna, það hefur þegar fengið umfjöllun hér á þinginu og er fest hér í þingskjöl. Ég ætla ekki að þreyta menn á því að tíunda þessar umsagnir frekar. Ég hef hins vegar beint þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort honum finnist einróma álitsgerðir frá öllum helstu samtökum launafólks í landinu sem lögin taka til ekki skipta nokkru máli, frá BSRB, frá BHM, frá Kennarasambandi Íslands og frá aðildarfélögum þessara félaga. Álitsgerðirnar eru allar á einn veg. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þessu máli eru fordæmd og framganga hæstv. fjmrh. sérstaklega sem að dómi þessara samtaka hefur rofið samninga. Hann hefur rofið samninga með þessari framgöngu.

Í umræðu um þetta mál hefur líka komið fram að þessi samtök eru á því að gera beri grundvallarbreytingar á þessum lögum. Menn vilja hins vegar gera þær breytingar í víðu samhengi en ekki tína út einstök atriði að geðþótta

atvinnurekendanna, sveitarfélagastjórna og fjmrn., heldur ætlast menn til að þetta sé gert í samkomulagi.

Enn eitt atriðið sem ég nefndi og beindi til hæstv. fjmrh., tengist þessu máli reyndar ekki beint. Það er eiginlega laustengt því. Ég vakti máls á því hér um daginn og hef gert það oftar en einu sinni að spurningum hafi verið beint til hæstv. fjmrh. um launaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar. Ég benti á að þau svör sem bárust frá fjmrn. eru með öllu óviðunandi. Sumu er svarað út í hött, öðru er hreinlega ekki svarað og ég hef orðið var við að á vinnustöðum, meðal starfshópa innan heilbrigðisþjónustunnar, er mjög mikil óánægja með þessi vinnubrögð. Í svörunum eru tilgreind launakjör hjá heilum starfshópum og starfsstéttum án tillits til vinnuframlags. Um það var ekki spurt í þeim spurningum sem ég beindi til hæstv. fjmrh.

Hvers vegna rifja ég þetta mál upp núna? Jú, vegna þess að á flestum málum eru tvær hliðar. Starfsfólk segir upp störfum, stundum sem einstaklingar og stundum sem hópar. Ég hef oft látið það koma fram að ég er andvígur því að beita hópuppsögnum í kjarabaráttu. Ég tel að það komi í koll þeim stéttum sem það gera þegar til lengri tíma er litið og tel það mjög varasamt. En ég hef jafnframt sagt að ábyrgðin er líka hjá atvinnurekendum. Þar hefur oft verið gripið til ráðstafana sem eru ósanngjarnar og stundum fara þær út fyrir velsæmismörk.

Komið hefur fyrir að einstaklingar og hópar telja á sér brotið og að ekki hafi verið staðið við kjarasamninga af hálfu atvinnurekandans. Til þess að ganga úr skugga um að svo sé og komast að hinu sanna í slíkum málum þurfa allar upplýsingar að vera uppi á borði. Það er grundvallaratriði. Ég hef af því þungar áhyggjur að innan ríkiskerfisins og reyndar hjá sumum sveitarfélögum, í mismunandi mæli þó, hvíli vaxandi leynd yfir launakjörum og launaþróun. Ég hef af því áhyggjur að þetta færist í vöxt.

Þegar fjmrh. hæstv., sem er ábyrgur fyrir þessum málum hjá ríkinu, svarar út í hött eða neitar að svara, gefa réttar upplýsingar, þá er það ekki til þess fallið að skapa traust innan þessara stofnana. Þess vegna er ekkert undarlegt að þar færist óánægja í vöxt sem leiði til uppsagna einstaklinga og hópa einnig.

Herra forseti. Þungamiðjan í því sem ég vildi segja í þessu máli hvílir á tvennu. Annars vegar því að ég tel það grundvallaratriði að menn standi við gerða samninga og það eigi við um alla aðila. Menn geta óskapast út í starfsstéttir sem þeir telja að gangi á þá samninga sem þær hafa gert en þá skyldu þeir líka líta í eigin rann, ekki síst þeir sem ganga, eins og hæstv. fjmrh. gerir, gegn þeim samningum sem forverar hans gerðu og staðfestu hér á þingi að byggðu á kjarasamningum og samningum hlutaðeigandi. Mér finnst hæstv. fjmrh. gerast sekur um það sem hann sakar aðra um.

Ég vil leggja áherslu á að um lög og reglur sem eiga að gilda um kjarasamninga og vinnudeilur á launamarkaði þarf að ríkja sátt. Það þarf að vera traust á milli aðila og þar þarf að ríkja sátt, það er mjög mikilvægt. Menn geta búið til alls kyns reglur en ef fólk hefur ekki trú á þeim, finnst þær ósanngjarnar, þá leita menn leiða til að fara á bak við þær. Þetta held ég að reynslan kenni okkur. Ef við viljum stuðla að því að menn virði reglurnar og að gangverk lýðræðisins sé sem best þá reyna menn að ná sátt. Grundvallaratriðið er að mínum dómi að staðið sé við samninga.

Ég hefði talið ráðlegt, herra forseti, og æskilegt að hæstv. fjmrh. drægi þetta frv. til baka, léti það ekki koma til endanlegrar atkvæðagreiðslu og ákvörðunar þingsins á þessu stigi. Það yrði tekið að nýju fyrir í haust og ég er sannfærður um að þá mundu menn ná landi, hugsanlega um þær breytingar sem hér er verið að leggja til en einnig aðrar sem samtök launafólks telja mikilvægt að ná fram. Á það bæri að líta sem skref í átt að þeirri heildarendurskoðun laganna sem hæstv. fjmrh. hefur áður lýst yfir úr þessum ræðustól og víðar að hann vilji beita sér fyrir.

[23:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Um þetta mál hafa nú farið fram nokkuð langar og ítarlegar umræður. Ég met það mikils að þær hafa verið málefnalegar að flestu leyti og snúist um kjarna málsins þó að menn séu auðvitað ekki sammála um efni þessa stutta frv. sem er í raun aðeins ein efnisgrein.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem hefur talað manna mest um þetta mál, hefur ítrekað vitnað til þess að gerður hafi verið kjarasamningur á árinu 1986 sem fylgt hafi bókun þess efnis að reynt skyldi að ná samkomulagi um drög að frv. til heildarlaga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Þannig vill til að ég er einn af þeim sem skrifaði undir þennan kjarasamning á árinu 1986. Það er vegna þess að ég sat þá í samninganefnd ríkisins og má vera að hv. þm. hafi einnig verið einn af þeim sem skrifuðu undir samninginn sem forustumaður í starfsmannafélagi sjónvarpsins. En samningnum, sem gerður var á árinu 1986, var fylgt eftir með viðræðum sem lauk með samkomulagi eins og hér hefur komið fram þar sem páv. fjmrh. gerði samkomulag um það að hann mundi beita sér fyrir því að Alþingi samþykkti þetta frv. og það gerði hann. Hann stóð við sinn hluta samkomulagsins, hann lagði frv. fyrir Alþingi og auðvitað gat hann ekki lofað meiru en því. Hann gat ekki lofað því að Alþingi mundi samþykkja frv. vegna þess að hann gat ekki framselt löggjafarvaldið með slíku samkomulagi. Eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson rakti mjög ítarlega við fyrri hluta þessarar 3. umr. málsins fékk þetta frv. mjög góðar undirtektir í þinginu og var síðan samþykkt með nokkrum breytingum, reyndar af yfirgnæfandi meiri hluta þingmanna, og hefur síðan staðið sem lögin sem gilda um þetta málefni. Það er allt saman hárrétt og mikilvægt að það komi fram.

En páv. ráðherra, Þorsteinn Pálsson, lofaði að beita sér fyrir þessu. Hann stóð við sinn hluta samningsins og frv. var samþykkt sem lög þó að auðvitað hefði það getað farið þannig að Alþingi hefði hafnað þessu eða kosið að gera á því einhverjar meiri háttar breytingar umfram þær sem gerðar voru.

Ég tel ekki að hægt sé að líta á þá breytingu sem hér er lögð til, eins og hv. þm. hefur orðað það, sem einhliða breytingu af hálfu annars samningsaðilans. Það sem um er að ræða er það að lögð er tillaga fyrir Alþingi um að breyta þessum lögum og alveg eins og um önnur lög þá hefur Alþingi fullt vald á því. Það er reyndar þannig að þessum lögum hefur verið breytt í millitíðinni, þeim var breytt 1990 í kjölfar verkaskiptabreytinga milli ríkis og sveitarfélaga og þá var það þannig að heildarsamtök opinberra starfsmanna, BSRB annars vegar og BHM, voru ekki sammála um hvort breyta ætti lögunum. Ekki var talað um samningsrof eða brot á friðarskyldu við það tækifæri.

Enda er það auðvitað ekki svo þó að mönnum hrjóti slík orð af munni í hita leiksins að hér sé um að ræða brot eða rof á friðarskyldu af hálfu fjmrh. eða samningsbrot, það er auðvitað ekki um það að ræða að það sé þannig. Hins vegar

er það rétt sem hv. þm. hefur undirstrikað og núna síðast með síðustu ummælum sínum að það er betra og æskilegra að um þessar breytingar á grundvallarreglum, að því er varðar samskipti ríkisins sem vinnuveitanda og starfsmanna þess, sé bærileg sátt og helst góð sátt og að því hef ég auðvitað viljað stuðla.

Ég hef lýst því yfir, eins og hér hefur komið fram, bæði úr þessum ræðustól, á aðalfundi til að mynda BHM, sem var haldinn nýlega, og í einkaviðræðum við forustumenn þessara samtaka allra saman að ég telji tímabært að endurskoða þessi lög frá grunni. Þau eru orðin 14 ára gömul og það hefur margt gerst í þjóðfélaginu bæði að því er varðar hin almennu lög um samningsrétt á vinnumarkaðnum og fleira sem gerir það að verkum að tímabært er að skoða þessi mál frá grunni. Ég sagði við 2. umr. að ég teldi að deilur um þetta litla mál, þá litlu grein, 14. gr. laganna, sem við erum nú að deila um, verði kannski orðnar úreltar um leið og við náum að endurskoða þessi lög í heild sinni. Ég vil gera það í góðu samkomulagi við samtökin alveg eins og við erum þessa dagana að fjalla um ýmis réttindamál opinberra starfsmanna í viðræðum á milli fjmrn. og þessara heildarsamtaka. Ég geri mér vonir um að við munum ná ágætu samkomulagi um þau efni, m.a. í tengslum við það frv. til fæðingar- og foreldraorlofs, sem er nú til meðferðar í Alþingi, vegna þess að menn þurfa að ná samkomulagi um ákveðna þætti sem lúta að framkvæmd þeirra laga eða þess frv. ef að lögum verður.

Ég hef því ekki miklar áhyggjur af því að við náum ekki samkomulegi frekar en við höfum áður gert. Þessir aðilar eru sí og æ að reyna að ná samkomulagi sín í milli um kaup og kjör og ýmis réttindamál o.fl. og auðvitað verða þau að reyna eftir fremsta megni að gera það enda væri þeim ekki vært annars ef þar á milli væri sífellt og samfellt stríð.

Hins vegar er þetta frv. til komið af alveg ákveðnu tilefni eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur rakið, vegna ákveðins dómsmáls þar sem sagt er að án skýrra lagaákvæða verði ekki hægt að úrskurða ákveðin málefni sem lúta að fjöldauppsögnum starfsmanna á þann veg sem er þó að flestra mati augljóst að úrskurða beri, án skýrra lagaákvæða sé það ekki hægt. Hér er sem sagt verið að leggja til þau skýru lagaákvæði.

Það er alveg rétt að að því máli hafa komið samtök sveitarfélaga og reyndar fleiri sem hafa talið sig eiga þar hagsmuna að gæta. Það er allt rétt sem hv. þm. hefur sagt að ekki náðist samkomulag um þessa breytingu vegna þess að ég fyrir mitt leyti eða ráðuneytið gat ekki fallist á tillögur opinberra starfsmanna um mótvægisbreytingar sem svo mætti kalla. Það er nefnilega mjög athyglisvert í þessu máli að samtökin sem hér eiga hlut að máli eru að því er fram hefur komið ekki endilega ósátt við þessa efnisbreytingu í málinu. Þau eru bara ósátt við það hvernig að þessu er staðið, framgangsmátann, eins og hv. þm. sagði, aðferðafræðina, að fjmrh. skuli gera þetta upp á eigin spýtur ef svo mætti segja. En ef samið hefði verið um eitthvað fleira í leiðinni hefðu þau áreiðanlega ekki gert athugasemdir við þetta atriði.

Þá mun á það reyna, vonandi fyrr en síðar, hvort við getum náð samkomulagi um einhver fleiri slík atriði og lagt þau fram í sameiningu eða með einhverjum hætti fyrir Alþingi þannig að í ljós komi hvert vilji aðila stefnir og ég vona að það takist. Ég sagði það við 2. umr. að ég gerði mér vonir um að það mætti ljúka því á árinu 2001. En eftir að hafa rætt við hv. þm. Ögmund Jónasson, sem er jafnframt formaður BSRB, er ekki ólíklegt að okkur takist jafnvel að gera það fyrr, hugsanlega leggja fram einhverjar breytingar þegar í haust, tillögur um breytingar, þar sem yrði reynt að vega önnur atriði til móts við þá breytingu sem hér er verið að leggja til í kvöld.

Ég veit ekki hvort það verður unnt en ég vona það að sjálfsögðu þó að ég búist við því að það starfsfólk sem að þessu kemur verði kannski önnum kafið við kjarasamninga um það leyti haustins. Við skulum vona það besta í þessu máli því það er vissulega rétt að um þessar reglur þarf að ríkja bærileg sátt eins og allar grundvallarreglur í þjóðfélaginu. En það þýðir ekki að Alþingi geti afsalað sér löggjafarvaldinu um tiltekna þætti. Í raun og veru snýst málið um það hvort Alþingi hafi framselt löggjafarvald sitt um þau atriði er lúta að kjarasamningum opinberra starfsmanna í hendur samningsaðilanna, þ.e. annars vegar fulltrúa samtaka opinberra starfsmanna og hins vegar fjmrh. og megi ekki frá því víkja. Það stenst ekki enda hefur það þegar verið upplýst að frá þessu hefur verið vikið áður án þess að talað hafi verið um rof á friðarskyldu eða samningsbrot.

Þannig held ég að þetta mál líti nú út, herra forseti, þegar öllu er á botninn hvolft og ég tel að annað sé ástæðulaust en að ljúka málinu núna. En ég vil segja það að gefnu tilefni að mér er full alvara með því sem ég hef sagt um heildarendurskoðun þessara laga. Ég vona að um það geti tekist sátt og að opinberir starfsmenn uni því að Alþingi nýti sér rétt sinn til breytingar á löggjöf í þessu máli en horfi jafnframt fram til þess að um víðtækari breytingar geti orðið að ræða á þessum lögum jafnvel þegar á þessu ári og ekki síðar en á hinu næsta

[23:40]

Útbýting þingskjala:

Álagning gjalda á vörur, 500. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1223; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1224.

Stjórn fiskveiða, 460. mál, brtt. sjútvn., þskj. 1251.

Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 530. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1227; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1228.

Tryggingagjald, 550. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1230.

Vátryggingastarfsemi, 526. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1229.

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, 420. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1219; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1220.

Virðisaukaskattur, 548. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1231; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1232.

Vörugjald, 520. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1233; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1234.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 10., 26., 29. og 32.–33. mál.

Fundi slitið kl. 23:42.

109. FUNDUR

þriðjudaginn 9. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 623. mál, þskj. 1065, nál. 1152. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, stjfrv., 272. mál, þskj. 373, nál. 1136, brtt. 1137 og 1138. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Ályktanir Vestnorræna ráðsins, þáltill., 461. mál, þskj. 739, nál. 1170. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Sóttvarnalög, stjfrv., 490. mál, þskj. 772, nál. 1167, brtt. 1168. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 556. mál, þskj. 858, nál. 1166. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, stjfrv., 559. mál, þskj. 861, nál. 1165. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, þáltill., 312. mál, þskj. 562, nál. 1163. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

8. Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, stjfrv., 524. mál, þskj. 825, nál. 1157, brtt. 1158. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Könnun á læsi fullorðinna, þáltill., 55. mál, þskj. 55, nál. 1156. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

10. Stjórn fiskveiða, frv., 229. mál, þskj. 275, nál. 1184. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 231. mál, þskj. 278, nál. 1185. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frv., 635. mál, þskj. 1164. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

13. Varðveisla báta og skipa, þáltill., 636. mál, þskj. 1186. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

14. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, stjfrv., 225. mál, þskj. 268. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

15. Veitinga- og gististaðir, stjfrv., 406. mál, þskj. 664, nál. 1202, brtt. 1203. — 2. umr.

16. Loftferðir, stjfrv., 250. mál, þskj. 307, nál. 1204, brtt. 1205 og 1258. — 2. umr.

17. Bílaleigur, stjfrv., 570. mál, þskj. 872, nál. 1206, brtt. 1207. — 2. umr.

18. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 567. mál, þskj. 869, nál. 1208, brtt. 1209. — 2. umr.

19. Siglingalög, stjfrv., 568. mál, þskj. 870, nál. 1210. — 2. umr.

20. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 569. mál, þskj. 871, nál. 1211. — 2. umr.

21. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, stjfrv., 468. mál, þskj. 747, nál. 1212. — 2. umr.

22. Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, stjfrv., 420. mál, þskj. 683, nál. 1219, brtt. 1220 og 1253. — 2. umr.

23. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 547. mál, þskj. 849, nál. 1221, brtt. 1222 og 1257. — 2. umr.

24. Álagning gjalda á vörur, stjfrv., 500. mál, þskj. 794, nál. 1223, brtt. 1224. — 2. umr.

25. Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 530. mál, þskj. 831, nál. 1227, brtt. 1228. — 2. umr.

26. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 526. mál, þskj. 827, nál. 1229. — 2. umr.

27. Tryggingagjald, stjfrv., 550. mál, þskj. 852, nál. 1230. — 2. umr.

28. Vörugjald, stjfrv., 520. mál, þskj. 821, nál. 1233, brtt. 1234. — 2. umr.

29. Virðisaukaskattur, stjfrv., 548. mál, þskj. 850, nál. 1231, brtt. 1232. — 2. umr.

30. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 595. mál, þskj. 897, nál. 1225, brtt. 1226. — 2. umr.

31. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 1132, brtt. 1190. — Frh. 3. umr.

32. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 460. mál, þskj. 1092, brtt. 1067, 1068, 1069 og 1251. — Frh. 3. umr.

33. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188. — 3. umr.

34. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 1008, brtt. 983. — 3. umr.

35. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 628. mál, þskj. 1108. — 3. umr.

36. Lánasjóður landbúnaðarins, frv., 625. mál, þskj. 1090. — 3. umr.

37. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859, nál. 1162 og 1236, brtt. 1199. — 2. umr.

38. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657, nál. 1159. — 2. umr.

39. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855, nál. 1180, brtt. 1181 og 1182. — 2. umr.

40. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491, nál. 1183. — 2. umr.

41. Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, þáltill., 190. mál, þskj. 220, nál. 1189. — Síðari umr.

42. Upplýsingalög, stjfrv., 564. mál, þskj. 866, nál. 1215, brtt. 1216. — 2. umr.

43. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 797, nál. 1200, brtt. 1201. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir umhvrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um kl. 1.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um einkaframkvæmd við byggingu og rekstur hjúkrunarheimilis í Sóltúni. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er málshefjandi en hæstv. heilbr.- og trmrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður til andsvara.

Að lokinni þeirri umræðu, um kl. 2, eru áformaðar atkvæðagreiðslur.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, 637. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1235.

Loftferðir, 250. mál, brtt. KLM o.fl., þskj. 1258.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 630. mál, nál. sjútvn., þskj. 1256.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 280. mál, nál. allshn., þskj. 1213; brtt. allshn., þskj. 1214.

Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, 24. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1248.

Tekjuskattur og eignarskattur, 547. mál, brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1257.

Tollalög, 196. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1255.

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, 420. mál, brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1253.

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, 8. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1254.

Bílaleigur, 2. umr.

Stjfrv., 570. mál. — Þskj. 872, nál. 1206, brtt. 1207.

[10:33]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um bílaleigur.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Bifreiðastjórafélaginu Andvara, Samtökum ferðaþjónustunnar og Átaki, bílaleigu.

Frv. er ætlað að setja almennar reglur um rekstrarumhverfi bílaleigna. Þar er leitast við að setja starfsgreininni fastari skorður með því að gera meiri kröfur til þeirra sem fást við útleigu bifreiða og auka þannig öryggi viðskiptavinanna.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frv.:

1. Lagt er til að gildissvið laganna verði þrengt til að taka af öll tvímæli um að þeim er ekki ætlað að ná til starfsemi kaupleigu- eða fjármögnunarfyrirtækja eða leigu í eigin þágu eða til tengdra aðila.

2. Lagt er til að skilgreiningu hugtaksins „bílaleiga“ í frv. verði breytt þannig að ekki verði einungis um að ræða leigu til almennings heldur einnig til fyrirtækja. Þá er lagt til að bætt verði við skilyrði um að bifreiðar verði að jafnaði ekki leigðar til lengri tíma en þriggja vikna.

3. Lagt er til að áður en samgönguráðuneyti veitir starfsleyfi skuli leitað umsagnar lögreglustjóra í því umdæmi sem bílaleiga mun hafa fasta starfsstöð.

4. Lagt er til að kveðið verði á um að skrá yfir leyfishafa, sem samgönguráðuneytinu verður skylt að halda, verði birt með aðgengilegum hætti. Til slíkrar birtingar gæti talist birting á heimasíðu Stjórnarráðsins sem uppfærð yrði reglulega.

5. Lagt er til að þeim einum verði heimilt að hafa orðið bílaleiga í nafni starfsemi sinnar sem hlotið hefur starfsleyfi samkvæmt lögunum.

6. Lagt er til að föst starfsstöð bílaleigu skuli opin almenningi.

7. Lagðar eru til nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar í 4. gr. Þá er lagt er til að bætt verði við tilvísun til 4. gr. í lokamálsgrein 3. gr.

8. Lagt er til kveðið verði á um að starfsábyrgðartryggingu sé ætlað að bæta tjón vegna vanefnda á leigusamningi. Er henni ætlað að vernda leigutakann fyrir tjóni, þar á meðal rekstrartapi sem gæti hlotist af vanefndum á leigusamningi.

9. Lagt er til að stjórnarmenn, sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjum Evrópska efnahags svæðisins og búsettir í einhverju þeirra, verði undanþegnir búsetuskilyrði 1. tölul. 1. mgr.

10. Lagt er til að afrit af leyfisbréfum skuli vera í útibúum bílaleigna.

11. Lagt er til að bílaleigur skuli jafnt bjóða bifreiðar til leigu til almennings sem fyrirtækja.

12. Lagt er til að samgönguráðherra geti ákveðið í reglugerð að bifreiðar bílaleigna skuli merktar sérstaklega. Slík merking gæti t.d. stuðlað að bættu skatteftirliti með bílaleigum.

13. Lagt er til að samgönguráðherra geti kveðið á um að leigusamningar skuli vera í tilteknu formi.

14. Lagt er til að skylt verði að varðveita leigusamning í eitt ár frá undirritun hans. Er það gert vegna þess að slíkir samningar hafa í mörgum tilvikum reynst mikilvæg gögn við rannsókn opinberra mála.

15. Lögð er til orðalagsbreyting á 8. gr. frv. Þá er lagt til að hún verði með fyrirsögn eins og aðrar greinar frv.

16. Lagt er til að samgönguráðherra verði heimilt að afturkalla starfsleyfi bílaleigu ef umsækjandi hefur veitt rangar eða villandi upplýsingar til að fá leyfið eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna.

17. Loks er lagt til að felld verði brott 70. gr. umferðarlaga. Þar er fjallað um útleigu ökutækja án ökumanns í atvinnunskyni, en við lögfestingu frv. þessa verður greinin óþörf.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[10:37]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls benti ég á að ég og t.d. hv. þm. gætum stofnað bílaleigu og lánað hvor öðrum bílana okkar. Ég lagði til að frv. yrði breytt í þá veru að ekki væri heimilt að leigja bíla til eigenda og starfsmanna bílaleigu. Ég ætla að spyrja hv. frsm. að því hvort nefndin hafi tekið tillit til þessa.

[10:38]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er nei.

[10:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem ætlunin er að hafa vörugjald á bifreiðum til bílaleigna 10%, að mig minnir, í stað 40% þá munar verulega á verði og menn geta sparað nokkur hundruð þúsund kr. með því að fara þá leið sem ég benti á. Ég legg til að nefndin skoði málið enn frekar.

[10:39]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það frv. sem hér er verið að ræða um bílaleigur er að sjálfsögðu frv. sem hefði þurft að vera komið fram fyrir löngu til að setja fastar reglur eins og hér er kveðið á um. Samgn. hefur farið töluvert yfir frv. en ég verð aðeins að segja rétt í upphafi máls míns um það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal var að ræða hér áðan, að þetta er vissulega leið sem hægt er að fara fyrir þá sem vilja spila á kerfið. Ég verð að segja alveg eins og er að ég minntist þess ekki að hafa

heyrt þetta við 1. umr. og við höfum ekki tekið þetta upp en mér finnst sjálfsagt að ræða þennan möguleika í samgn. milli umræðna.

Ég er sammála hv. þm. um að þarna er ákveðin smuga sem hægt er að fara. Það er sannarlega rétt.

En hér eru gerðar brtt. sem hv. samgn. stendur öll að og þar á meðal sá sem hér stendur. Ég held að þær séu hins vegar allar til bóta og þarf svo sem ekki að fjölyrða mikið um þær. Þó eru nokkur atriði sem tekin eru upp sem eru kannski smá en gætu verið mikils virði eins og það að samgrh. geti ákveðið með reglugerðum að bifreiðar bílaleiganna skuli merktar sérstaklega. Það held ég að sé ákaflega mikilvægt, ekki eingöngu til að auðkenna þær gagnvart misnotkun eins og kom fram áðan hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, heldur líka til að auðkenna þær gagnvart öðrum í umferðinni. Vissulega er stundum þörf á því vegna þess að við vitum að túristar taka þessa bíla á leigu og fólk finnur það í umferðinni.

Það má alveg benda á að hægt væri að merkja þetta sérstaklega í bílamerkinu sjálfu. Þar er pláss til að setja inn einhverja aðgreiningu eins og sumar bílaleigur gera reyndar til þess að auðkenna bílana.

Eins og ég segi var sátt um öll þau atriði í brtt. og kemur það fram í nál. þannig að það þarf ekki að ræða þetta frv. frekar. Hins vegar tek ég alveg undir það með hv. þm. og ítreka það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði hér áðan. Ég held að rétt væri að skoða þetta atriði milli umræðna.

[10:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um bílaleigur, með brtt., sem hefur verið mælt fyrir.

Ég tek undir að frv. er mjög nauðsynlegt. Ekki hafa áður verið sérstök lög um bílaleigur. Bílaleigur eru orðnar afar snar þáttur í rekstri samfélagsins. Þetta er orðinn afar mikilvægur þáttur í allri uppbyggingu og þjónustu við ferðamenn, bæði innlenda og erlenda, þannig að það er mjög mikilvægt að um þessa starfsemi sé ákveðinn og traustur lagarammi þar sem kveðið er sérstaklega á um í lögum bæði réttindi og skyldur sem bílaleigur og þeir sem þær reka skuli uppfylla.

Ég vek athygli, herra forseti, á að í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frv. segir:

„Samtök ferðaþjónustunnar fagna því að í fyrsta skipti skuli samþykkt sérstök lög um bílaleigur, en þessi grein innan ferðaþjónustunnar hefur vaxið mjög mikið síðustu árin og var löngu tímabært að setja starfsemi bílaleiganna fastari skorður en hingað til hafa verið."

Einnig segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Samtökin hafa lagt áherslu á nauðsyn þess að bílaleigur hafi starfsleyfi og séu skráðar hjá viðkomandi ráðuneyti, en það mun auðvelda allt eftirlit með greininni."

Einnig tel ég mikilvægt að samgrn. hafi rétt til að hafa eftirlit með og fylgjast með leigusamningum sem bílaleigum er skylt að nota. Bæði að þeir séu samræmdir eðlilega og að lagt er til að samgrh. geti kveðið á um að þeir skuli vera í tilteknu formi þannig að öryggi og réttur neytandans sé tryggt sem best.

Í lögum sem voru samþykkt nýverið var veruleg lækkun á innflutningsgjöldum á bílum til bílaleigna. Ég vil við þetta tækifæri hvetja til þess að það komi sannanlega fram í þeim gjöldum sem leigutakar verða að greiða fyrir bifreiðar þegar þeir taka þær á leigu. Herra forseti. Ég ítreka og árétta mikilvægi þess að lækkun á þeim gjöldum, sem voru á bifreiðum til bílaleigna, komi sannanlega og áberandi fram í verðlagi á útleigu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn sjóslysa, 2. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 869, nál. 1208, brtt. 1209.

[10:46]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um rannsókn sjóslysa.

Frv. gerir ráð fyrir gerbreyttu formi í rannsóknum sjóslysa, og er útfært á fyllsta máta mjög faglega og á að vera bæði skilvirkara og menn eiga að geta gengið fyrr til verka í þeim efnum. Líklega var löngu tímabært að taka þann hátt á sem hér er mælt fyrir í frv. Fjölmargir aðilar hafa komið að málinu og rætt við samgn.

Með frv. er lagt til að lögfest verði heildarlög um rannsókn sjóslysa sem komi í stað ákvæða siglingalaga um það efni.

Í frv. eru nokkur nýmæli miðað við gildandi löggjöf. Lagt er til að sjóslysarannsóknir verði algjörlega sjálfstæðar og að því leyti hliðstæðar rannsóknum flugslysa en hingað til hefur frumrannsókn sjóslysa verið hjá lögreglu og í sjóprófum. Þá er kveðið á um að sönnun í opinberum málum verði ekki byggð á skýrslum rannsóknarnefndar sjóslysa. Er það gert til að trúnaður megi haldast milli rannsakanda og þeirra sem rannsóknin beinist að. Loks er lagt til að álit rannsóknarnefndarinnar verði notuð til að efla forvarnir og auka öryggi skipa og sjómanna.

Nefndin leggur til að tekið verði fram í frv. að einn nefndarmanna í rannsóknarnefndinni skuli vera formaður. Þá eru lagðar til tvær aðrar smávægilegar breytingar sem eru ekki efnislegar.

Þetta frv. markar ákveðin þáttaskil í öryggismálum sjómanna, framgangi þeirra, forvörnum og að gengið sé til verka strax og unnt er við rannsókn slysanna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[10:48]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Öll samgn. stendur að því nál. sem hv. formaður nefndarinnar, Árni Johnsen, hefur kynnt. Eins og hefur komið fram snýst það um að frumrannsókn sjóslysa verði hjá lögreglu og í sjóprófum. Þetta er stórt og mikið mál í öryggismálum sjómanna og varðar þá miklu. Því er löngu tímabært að setja þetta fram eins og hér er.

Frv. breytir mikið forminu á rannsókn sjóslysa og eins og komið hefur fram í umsögnum allra aðila og þeirra sem þetta sömdu verður framkvæmdin mun skilvirkari en áður hefur verið. Í raun er verið að líkja eftir þeim ákvæðum og þeim lögum og öðru sem farið er eftir í sambandi við rannsóknir flugslysa sem við höfum sannarlega tekið eftir að er mun skilvirkara eða hefur virkað betur en þarna hefur verið gert.

Samgn. stendur öll að nál. Þetta er eitt af þeim fjölmörgu málum sem samgn. hefur fjallað um og er enginn ágreiningur um. Það er svo sem ekki miklu við það að bæta sem þarna hefur komið fram en ég legg áherslu á það, herra forseti, að þetta er mikilvægt mál í öryggismálum sjómanna og löngu

tímabært að gera þetta á þann hátt sem mælt er fyrir um.

[10:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frv. um rannsókn sjóslysa er afar þarft og eins og komið hefur fram hafa allir sem sent hafa umsögn til samgn. um málið verið einróma um að þetta væri afar brýnt og þarft mál. Ég vil þó vekja athygli á mikilvægi þess að rannsóknarnefnd sjóslysa geti starfað sem sjálfstæðast og að hún hafi líka umboð til þess, eins og lögin kveða reyndar á um, að geta kallað til aðila til að gefa upplýsingar í þessum málum.

Mikilvægt er að þeir sem nauðsynlegt er að kalla til komi og að þá séu möguleikar á að greiða ferðakostnað og annan útlagðan kostnað sem slíkir aðilar þurfa að taka á sig þannig að ekki séu óljós ákvæði um hver skuli greiða kostnað við öflun gagna og upplýsinga sé ljós og rannsóknin gjaldi þess ekki.

Í umræðum um málið í nefndinni var litið svo á að rannsóknarnefnd sjóslysa hefði umboð til að greiða sanngjarnan og eðlilegan kostnað sem aðilar gætu þurft að taka á sig til að gefa nauðsynlegar upplýsingar.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti. Það er mikilvægt í þessu máli að umgjörðin öll sé skýr þannig að ekki komi til vafamál og rannsóknir og upplýsingar gjaldi þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Siglingalög, 2. umr.

Stjfrv., 568. mál (sjópróf). — Þskj. 870, nál. 1210.

[10:52]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um breytingu á siglingalögum. Frv. er fylgifiskur frv. um rannsókn sjóslysa.

Meginbreyting samkvæmt frv. er að ekki verður lengur skylda að halda sjópróf. Þá er í því mælt fyrir um ýmsar breytingar á lögunum til samræmis við breytingar sem orðið hafa á réttarfari. Frv. þetta er lagt fram samhliða 567. máli, um rannsóknir sjóslysa, og eru flestar breytingarnar afleiðing af breytingum sem þar er gert ráð fyrir.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 2. umr.

Stjfrv., 569. mál (undanþágur). — Þskj. 871, nál. 1211.

[10:54]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa sem öll nefndin stendur að.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá samgrn. Umsagnir hafa borist frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Siglingastofnun Íslands, Landssambandi smábátaeigenda og Siglingasambandi Íslands.

Með frv. þessu er lagt til að skipum styttri en 24 metrar, sem notuð eru í atvinnuskyni, verði skylt að tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu sem nýlega var tekið í fulla notkun. Hins vegar verði skip sömu stærðar sem eru ekki notuð í atvinnuskyni undanþegin þeirri skyldu en það eru fyrst og fremst skemmtibátar. Þá verði samgrh. heimilt að ákveða að skip sem stunda veiðar nálægt landi verði undanþegin því að tilkynna sig í sjálfvirka tilkynningarkerfinu.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[10:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa er afar þarft mál þar sem fastar og ákveðnar er kveðið á um reglur um tilkynningarskyldu smábáta. Eins og hefur komið fram hjá hv. frsm. hafa allar umsagnir verið afar jákvæðar gagnvart þessu frv. og er virkilega ánægjulegt að við Íslendingar skulum skipa okkur í fremstu röð þjóða í öryggi og eftirliti með fólki meðfram ströndum landsins og á hafi úti.

Ég vil þó vekja athygli á kostnaði í kringum þetta. Þarna þarf allstór hópur að ráðast í kaup á tækjum sem mig minnir að gætu kostað um 100 þús. kr. Aftur á móti er gert ráð fyrir því að veittur verði styrkur úr ríkissjóði vegna þessara kaupa. Samkvæmt umsögn fjmrn. er gert ráð fyrir að sá styrkur gæti numið allt að 45 þús. kr. á tæki en þarna er um umtalsverðan kostnað að ræða.

Þarna er líka um að ræða tæki eða búnað sem verið er að skylda í lögum að hafa í skipum og eftir því sem mér skilst er aðeins einn aðili sem flytur þessi tæki inn eða gert ráð fyrir því að þau séu keypt af einum aðila. Það væri ágætt ef hv. formaður samgn. gæti upplýst hvernig kaup á þessum tækjum ganga fyrir sig. Þegar slík tæki eru gerð að skyldu með lögboði skiptir miklu máli að gætt sé allra þeirra reglna og umgjarða sem mögulegt er til þess að þau séu bæði á sem hagkvæmustu verði og einnig líka að þjónustan sé sem öruggust.

Ég bendi á að þessi umgjörð þarf að fylgja með þegar verið er að lögleiða útbúnað sem þennan, að við þurfum ekki að óttast einokun og fákeppni heldur sé hægt að koma eðlilegri samkeppni við en öryggi og þjónusta þarf náttúrlega að vera í fyrirrúmi.

[10:58]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það er aðeins varðandi þetta nál. vegna þess að ég held að ég hafi ekki verið viðstaddur fund samgn. þegar þetta var klárað. Ég fór aðeins að velta því fyrir mér að þarna er verið að setja undanþágu um að skip sem ekki eru notuð í atvinnuskyni verði undanþegin þeirri skyldu en það eru fyrst og fremst skemmtibátar eins og þarna er kveðið á um.

Ég velti því fyrir mér hvers vegna skemmtibátarnir falli ekki undir þessa sjálfvirku tilkynningarskyldu. Þar geta verið margir um borð og þeir geta verið lengi í burtu. Það er verst að hv. þm. og formaður samgn., Árni Johnsen, er ekki í salnum en ég ítreka það kannski þegar hann kemur í salinn. Það var fyrst og fremst þetta atriði sem mér sem nefndarmanni er ekki alveg kunnugt um hvers vegna er fellt út. Ég hefði talið fulla þörf á að hafa það þarna inni. Ef það er vegna þess að verið er að horfa í kostnaðinn við þann tækjabúnað sem þarf um borð í skipin þá er það spurning hvort það sé aðalatriðið. Kostnaður við þessi tæki um borð í skipin er töluverður þó

svo tækið sé niðurgreitt, þetta nýja fullkomna tæki, en því miður er það svo að það er aðeins eitt fyrirtæki, að mér skilst, sem framleiðir tækið þannig að samkeppni vantar auðvitað við framleiðslu tækjanna sem mundi þá vafalaust verða til þess að þau yrðu ódýrari.

Ég veit að formaður samgn., hv. þm. Árni Johnsen, getur svarað því hér á eftir hvers vegna skemmtibátarnir eru undanþegnir og hvort ekki væri full ástæða til að hafa þá þarna inni líka vegna þess að þeir eru orðnir töluvert miklar snekkjur margir hverjir og margir geta verið um borð. Það er kannski ekki nóg að þeir tilkynni sig þegar þeir fara úr höfn og koma í höfn og ég spyr hvort þarna sé eingöngu verið að horfa í tækjakostnaðinn. Ég sagði áðan að ég hefði sennilega ekki verið viðstaddur þennan fund þegar þetta var ákveðið. En nú hafa mér einmitt borist upplýsingar um það að tækið, sem sett verður í öll skip fyrir sjálfvirku tilkynningarskyldluna, kostar 90 þús. kr. og er niðurgreitt sem betur fer. Þetta stóra og mikla og þarfa tilkynningarkerfi sem við urðum vitni að að var startað ekki alls fyrir löngu er náttúrlega algert tímamótaverk. Þeir aðilar sem hafa staðið að smíði þess og hönnun eiga heiður skilinn og þakkir skildar fyrir það verk. Vonandi virkar það vel þó svo við vitum að nokkrir blettir eru enn þá á ýmsum stöðum í ýmsum fjörðum sem eru blindir, ef svo má að orði komast.

Herra forseti. Spurning mín var fyrst og fremst sú, þó ég standi að þessu nál., sem ég þykist vita að sé einhver skýring á, hvers vegna skemmtibátarnir eru undanskildir. Ég hefði gaman af því að heyra það frá hv. formanni, Árna Johnsen.

[11:02]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ástæðan er í rauninni sú sama og gert er ráð fyrir í heimildum ráðherra til þess að kalla báta að tilkynningarskyldu sem stunda veiðar nálægt landi, innan landmiða eins og stundum er kallað. Skýringin er nákvæmlega sú að skemmtibátarnir eru nánast allir á fjörukantinum. Þetta var talið eðlilegt þar sem engin reynsla er af öðru í landi okkar varðandi skemmtibátana en að þeir séu á grunnsævi eða nálægt landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veitinga- og gististaðir, 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (nektardansstaðir o.fl.). — Þskj. 664, nál. 1202 og 1261, brtt. 1203.

[11:03]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn., þ.e. allra nefndarmanna utan eins.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar starfs viðræðunefndar sem hafði það hlutverk að sporna gegn starfsemi svonefndra erótískra veitingastaða. Í því er lagt til að lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, verði breytt á þann veg að flokkum veitingastaða yrði fjölgað. Er markmiðið með því að sveitarstjórnir geti haft áhrif á hvar slík starfsemi fer fram með því að kveða á um það í skilmálum aðal- eða deiliskipulags hvar heimilt sé að reka slíka staði. Þá geti þau einnig sett nánari skilyrði um það skemmtanahald sem fram fer á nektardansstöðum, umfram þau skilyrði sem gilda um skemmtanahald á öðrum veitingastöðum.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frv. Helsta efnisbreytingin er að nánar er kveðið á um hvers konar starfsemi falli undir hvern lið í flokkum veitingastaða í 2. gr. frv. Er m.a. kveðið á um að ef aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni teljist veitingastaður næturklúbbur í skilningi frv. Einnig er lagt til að nýr flokkur bætist við, dansstaðir. Er með því skilið á milli slíkra staða og næturklúbba. Þá er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að veitingastaðir sem falla undir nýja flokka skv. 2. gr. frv. skuli afla sér nýrra leyfa til reksturs fyrir 1. jan. 2001.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[11:05]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta samgn. við frv. til laga um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum. Ég er flm. þessa minnihlutaálits.

Ég vil í upphafi taka fram að ég er fylgjandi því að kveðið sé nánar á um flokkun á veitingahúsum og veitingastöðum og skýrt nánar hvað þar eigi og skuli fara fram þannig að þessari atvinnustarfsemi sé veitt bæði öruggara og markvissara starfsumhverfi og einnig að neytendur, viðskiptavinirnir, viti sem best hvaða þjónustu þeir geta vænst að fá í mat og drykk og hvers þeir geta vænst að fá í skemmtiatriðum, dansi eða öðru slíku sem þá fýsir að taka þátt í og geta þar haft þá val um. Því fagna ég því að í frv. er bætt við flokkum. Þar er bætt við kaffihúsum, samanber einfalda veitingastaði með einfaldar veitingar í mat og drykk og þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Einnig er flokkurinn krá eða veitingastaður með einfaldar veitingar í mat þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar með takmarkaða þjónustu og síðan eru dansstaðir. Eins og hv. formaður samgn. gerði grein fyrir er bætt við nýjum flokki, dansstöðum, sem er þá til að árétta að þar skuli megináherslan lögð á dans og þar sem fólkið sjálft sem kemur er að dansa.

Afar mikilvægt er að þessi flokkun sé skýr þannig að viðskiptavinir geti valið og gert grein fyrir því á hvaða staði þeir eru að fara til að sækja það sem þeir eru að leita eftir.

Hins vegar tel ég gengið sé á óheillabraut varðandi næturklúbba þar sem nektardansi er gefið lagalegt skjól. Ég vil, herra forseti, vísa til nál. míns.

Minni hlutinn er hlynntur því að í frumvarpinu séu veitingastaðir skilgreindir nánar og flokkaðir eftir þeirri starfsemi sem þar fer fram, svo sem í matsölustaði, kaffihús og dansstaði, þótt vandséð sé hvernig hægt verður að fylgja eftir slíkri flokkun.

Herra forseti. Oft hefur reynst erfitt að skilgreina hvers eðlis matar- og veitingaþjónusta er á þessum stöðum þó svo að verið sé að reyna að flokka þá.

Minni hlutinn styður þess vegna þær breytingar sem settar eru fram í 1. og 2. gr. frv. að undanskildu því sem fram kemur í d-lið 2. gr. þar sem skilgreind er starfsemi næturklúbba. Með þeim lið er ekki annað séð en verið sé að festa í íslensk lög heimild til nektardanssýninga í atvinnuskyni. Undanfarin ár hefur verið mikil umræða hérlendis um starfsemi svonefndra nektardansstaða sem skotið hafa upp kollinum bæði í Reykjavík og annars staðar á landinu. Mikilvægt er

að takmarka eða koma í veg fyrir starfrækslu slíkra staða enda þykir líklegt að á þeim eða í tengslum við þá sé stundað vændi í einhverjum mæli, vísbendingar eru um að mannréttindi kvenna sem komið hafa til að starfa á slíkum stöðum séu brotin og að einhverjar þeirra komi hingað til lands á fölsuðum vegabréfum. Einnig skal vakin athygli á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögur um breytingar á almennum hegningarlögum þar sem ákvæði er um að refsivert sé að gera sér nekt annarra að féþúfu. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það samið í kjölfar starfs viðræðunefndar sem komið var á fót vorið 1999 og var ætlað að sporna við starfsemi svonefndra „erótískra" veitingastaða. Með því ákvæði sem hér er hafnað er ekki verið að sporna við neinu heldur er þvert á móti á vissan hátt verið að lögleiða þá afar umdeildu atvinnustarfsemi sem fram fer á slíkum stöðum. Minni hlutinn hafnar því að sett séu í íslensk lög ákvæði um að nota megi nekt í atvinnuskyni.

Herra forseti. Ég tel hættulegt að við séum með þessari lagasetningu að veita þessari mjög svo umdeildu atvinnustarfsemi skjól. Það hefur heldur ekki verið í öðrum lögum sem snerta starfsemi og geta veitt fólki örugga vernd. Það ber því að hafna því að þetta sé sett inn í lög með þeim hætti sem hér er lagt til, þ.e. að gera sér nekt annarra að féþúfu og því hafna ég.

[11:11]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason getur þess í nál. sínu að líklegt þyki í sambandi við þá staði sem eru til umræðu að á þeim eða í tengslum við þá sé stundað vændi í einhverjum mæli. Alltaf er hyggilegra að fullreyna slíkt áður en sett er fram eitthvað í þeim efnum eins og hér er gert og ég vil spyrja hv. þm. hvort það hafi verið fullreynt.

[11:12]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. og formaður í samgn. hefur náttúrlega miklu meiri þingreynslu en ég og þar af leiðandi miklu meiri reynslu af þessum málum og hvernig hann vinnur frv. sín og framsetningu frv. sinna. Ég verð því að játa reynsluleysi mitt í þessu efni og vísa til langs reynslutíma og þingreynslu hv. formanns samgn. í þessum efnum og geri ráð fyrir því að þegar hann vinnur vönduð frv. hafi hann væntanlega gengið úr skugga um að það sem hann var að nefna, svo og aðrir þeir sem hann hefur sótt ráð til. Bið ég hv. þm. að upplýsa hvort svo er.

[11:13]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var spurt um þingreynslu heldur einungis hvort hv. flm. minnihlutaálitsins hafi fullreynt það sem hann gefur í skyn.

[11:13]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki fullreynt það sem ég gef í skyn. Hins vegar vísa ég til umræðna á Alþingi um þetta mál og vísa til þess að ég sé þess ekki getið í nál. hv. formanns samgn. að hann hafi fullreynt þetta þannig að hann geti þess vegna tekið undir að þetta sé leyft hvort sem honum líkar það betur eða verr.

[11:14]

Útbýting þingskjala:

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 502. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 1259; nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 1263.

Veitinga- og gististaðir, 406. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1261.

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, 420. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1252.

[11:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í því frv. sem við ræðum er verið að reyna að skilgreina næturklúbba til að taka á ákveðnum vanda. Tilraunin er afskaplega krampakennd og fátækleg og mun ekki leiða til mikils vegna þess að hún tekur ekki mið af uppfinningasemi fólks. Hvað segja menn t.d. um íþrótta- og þrekþjálfunarstaði sem opna mjög snemma af því að það er heilsusamlegt, t.d. kl. 3, og sumir iðkendur eru afskaplega léttklæddir því að þeim hitnar við æfingarnar. Þeir eru svo léttklæddir að þeir eru nánast alveg naktir. (**Gripið fram í:** Hvar er það?) Aðrir borga vel fyrir að taka þátt í æfingunum. Hvað segja menn um slíka uppfinningasemi? Þetta mundi ekki vera næturklúbbur. Þetta mundi vera íþrótta- og þrekþjálfunarklúbbur. Og þar getur maður keypt sér koníak í sjálfsölum eða eitthvað slíkt.

Ég held að þessi tilraun muni ekki leiða til mikils. Vandamálið er ekki framboð á þjónustunni. Vandamálið er eftirspurnin eftir þjónustunni. Hvernig stendur á því að menn eru tilbúnir til að borga fyrir þessa þjónustu, eru tilbúnir til að borga fyrir það að sjá annað fólk nakið? Það er vandamálið og ég veit ekki hvor aðilinn er meira niðurlægður, sá sem borgar fyrir þjónustuna eða sá sem veitir hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, 2. umr.

Stjfrv., 468. mál. — Þskj. 747, nál. 1212.

[11:17]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. allrar um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000.

Með frumvarpinu er lagt til að lagt verði á jöfnunargjald vegna alþjónustu í samræmi við 15. gr. fjarskiptalaga, nr. 107/1999, en þar er kveðið á um að jöfnunargjald skuli ákveðið árlega með lögum. Er lagt til að jöfnunargjaldið fyrir árið 2000 verði 0,18% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja af almennri þjónustu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 2. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 831, nál. 1227, brtt. 1228.

[11:19]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Nefndin sendi þetta mál til umsagnar nokkurra aðila og fékk einnig á sinn fund fulltrúa viðskrn. Nefndin gerir tillögur til breytinga á frv. í fimm liðum.

Í 1. lið brtt. er lagt til að við 2. mgr. frv. bætist nýr málsliður sem gengur út á að Samábyrgð hf. taki við öllum skattalegum réttindum og skyldum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Nefndin kveður ótvírætt á um þetta atriði.

Í 2. lið brtt. er lagt til að 3. gr. frv. falli brott, enda leggur nefndin til að það verði kveðið nánar á um það atriði annars staðar.

Í 3. lið brtt. eru lagðar til breytingar á 5. gr. þar sem einnig yrði kveðið skýrt á um tilvísun til Samábyrgðarinnar hf.

Í 4. lið brtt. er tillaga um að á eftir 5. gr. frv. komi grein sem fjalli um heimild til sölu á Samábyrgð hf. Greinin gerir ráð fyrir því að berist sameiginlegt tilboð frá öllum bátaábyrgðarfélögum um eignarhlut ríkisins í Samábyrgð hf. sé viðskrh. heimilt að selja þeim sameiginlega eignarhlutinn fyrir verð sem nemur að lágmarki 85% af reiknuðu upplausnarvirði félagsins eins og það er á stofndegi þess. Hafi sameiginlegt tilboð allra bátaábyrgðarfélaganna ekki borist ráðherra fyrir 1. september 2000 og samningaviðræðum lokið fyrir 1. nóvember 2000 skal ráðherra bjóða hlutafé til sölu á almennum markaði eða leysa upp félagið.

Í 5. lið brtt. er brtt. við 6. gr. sem gerir ráð fyrir tveimur nýjum málsliðum við 2. mgr. þannig að núgildandi lögmæltar húftryggingar fiskiskipa gildi út umsamið vátryggingatímabil og að vátryggingartakar skuli tilkynna vátryggjanda sínum í síðasta lagi mánuði fyrir lok vátryggingar hyggist þeir segja vátryggingunni upp.

Virðulegi forseti. Undir þetta nál. ritar öll nefndin en þrír hv. nefndarmenn, Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson, rita undir það með fyrirvara.

[11:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við hljótum að fagna þessu frv. um stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands. Það er skref í einkavæðingarátt. Það er reyndar afskaplega lítið skref. Það er svipað og Landvirkjun hefur verið að fjárfesta frá síðustu helgi. Þetta er svona 4–5 daga fjárfesting Landsvirkjunar, þ.e. ríkisvæðing sem við erum hér að einkavæða.

[11:23]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. skrifum undir nál. um frv. til laga um stofnun hlutafélagsins um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum með fyrirvara. Sá fyrirvari er einkum fólginn í því að við töldum að eðlilegt hefði verið, þegar búið er að taka þá ákvörðun að breyta rekstrarformi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, stofna þar hlutafélag og selja sem fyrst, sem kom fram strax við 1. umr. og umfjöllun í nefndinni, að fram færi úttekt á þessu nýja hlutafélagi. Fyrirvari okkar snýr fyrst og fremst að því að við teljum ekki rök fyrir því að bátaábyrgðarfélögunum sem hafa umsjón með eignarhlut ríkisins í Samábyrgð hf. verði veitt heimild til að eignast þetta fyrirtæki á 85% af reiknuðu upplausnarvirði félagsins eins og það er á stofndegi þess, eins og segir í brtt.

Okkur fannst þetta þó skref í rétta átt þó klárlega kæmi fram í lagafrv. að ætlun stjórnvalda væri að selja bátaábyrgðarfélögunum eignarhlut félagsins í Samábyrgðinni og það á undirverði. Mig minnir að reikningar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum fyrir sl. ár sýni að eigið fé þess hafi vaxið töluvert og sé eitthvað á milli 300 og 400 millj. kr. og ætlun ríkisvaldsins er að selja bátaábyrgðarfélögunum eignarhlut sinn á undirverði. Við töldum það ekki rétt heldur ættu þau þá rétt á því að bjóða í þetta eins og aðrir. Við teljum að þó að þarna hafi verið um skyldutryggingar að ræða þá hafi það í sjálfu sér ekki myndað neinn forkaupsrétt. Tryggingar hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum hafa síst verið lélegri en gerist og gengur hjá öðrum tryggingafélögum.

Hins vegar varð samkomulag innan nefndarinnar um að gera þetta eins og hér er lagt til, að í frv. kæmi það fram skýrum stöfum á hvaða verði ætti að selja eða hver viðmiðunin væri, þ.e. 85% af reiknuðu upplausnarvirði félagsins eins og það er á stofndegi og ef tilboðum verði ekki skilað inn fyrir 1. september og samningaviðræðum lokið fyrir 1. nóvember á þessu ári þá skuli ráðherra bjóða hlutaféð til sölu á almennum markaði eða leysa upp félagið.

Við erum sammála því að varðandi Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, þetta tryggingafélag með því formi sem á því hefur verið, sé eðlilegt að breyta rekstrarforminu og eðlilegt að selja það. Það er með öllu óeðlilegt að ríkið standi fyrir eða reki tryggingafélag á þann hátt sem verið hefur á undanförnum árum með skyldutryggingum og öllu því sem fylgdi Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. En í aðdraganda þessa og umfjöllun teljum við að standa hefði mátt betur að verki en raun ber vitni. Við leggjum á það áherslu að þegar ákvörðun er tekin um að breyta fyrirtæki á vegum ríkis, eignarhlut ríkisins eins og þarna er, í hlutafélag og ákveðið hefur verið að selja þá fari fram eðlileg útboð.

Við minnum á að Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á það í skýrslum sínum að setja þurfi reglur um sölu á ríkisfyrirtækjum, það þurfi að vera samræmdar reglur sem gildi þar um en ekki gildi um það sérreglur í hvert sinn sem stjórnvöld ákveða að selja ríkisfyrirtæki. Ríkisendurskoðun telur að samræmi þurfi að vera í sölu ríkisfyrirtækja þannig að eftirlitið, þ.e. Alþingi sem hefur ákveðið eftirlitshlutverk með framkvæmd fjárlaga ríkisins, viti að hverju er stefnt hverju sinni og hvernig framkvæmdin eigi að vera hverju sinni. Þá væri hægt að ganga að þeim reglum og hv. alþm. gætu í umfjöllun um sölu á fyrirtækjum gengið úr skugga um hvort farið væri eftir hinum fyrir fram gefnu reglum í stað þess að fylgt sé hentistefnu í hverju tilviki fyrir sig.

Virðulegi forseti. Við vildum sem sagt koma því á framfæri að við hefðum talið eðlilegra að ráðherrann byði hlutabréfin til sölu á almennum markaði ef ekki er tekin ákvörðun um það á annað borð að leysa félagið upp. Við teljum ekki sterk rök fyrir því að selja það á undirverði.

[11:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara og vil stuttlega gera grein fyrir í hverju hann er fólginn.

Þegar þetta frv. kom fyrst til umræðu hafði ég í frammi gagnrýni á frv. og alla málsmeðferð. Ég staðnæmdist fyrst við að um væri að ræða tryggingafélag sem rekið er með allgóðum hagnaði, í kringum 10 millj. kr. hagnaði á ári hverju. Ég setti strax spurningarmerki við að gera það að hlutafélagi. Þær spurningar ágerðust mjög þegar ég hlýddi á mál hæstv. viðskrh. sem fer með þennan málaflokk. Þar kom fram og reyndar einnig í frv. að henni yrði veitt heimild til að selja félagið án þess að fara aftur með það fyrir Alþingi eins og tíðkast þegar stofnanir í eigu hins opinbera eru gerðar að hlutafélögum. Ekki bætti úr skák þegar fram kom

í máli hæstv. ráðherra að til stæði að selja tryggingafélagið á undirverði. Þá vöknuðu ýmsar spurningar sem óskað var svara við.

Þetta mál hefur fengið góða og vandaða meðferð í efh.- og viðskn. þingsins og þar hafa núna, með brtt. sem fylgja frv., verið settar skýrari reglur um hvernig staðið skuli að málum. Þó ég hafi jafnan fyrirvara á því þegar selja á félög og stofnanir í eigu hins opinbera og gefa af sér arð þá er mér ljóst að fyrir því er breiður meiri hluti að ráðast í þessar breytingar. Í ljósi þess að nú hafa verið settar skýrari reglur um hvernig staðið skuli að málum setti ég nafn mitt undir nál. en með fyrirvara.

[11:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðunni að eigið fé þessa fyrirtækis er 300–400 milljónir og því er mín spurning til hv. þm. Ögmundar Jónassonar þessi: Finnst honum 10 millj. kr. hagnaður mikill hagnaður miðað við eigið fé, þ.e. 3%? Er það ásættanleg arðsemi fyrir ríkissjóð?

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal ekki leggja mat á þær hugmyndir sem uppi eru um arðsemi fyrirtækja og stofnana. Ég veit að þar er talað um háar tölur og miklar kröfur. En 10 millj. kr. eru 10 milljónir og það munar um þá peninga þegar skorið er niður. En hvernig þeir peningar ræða sér á arðsemismælikvarða hv. þm. Péturs H. Blöndals skal ég láta ósagt um. Ég hef ekki á því miklar skoðanir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:33]

Útbýting þingskjala:

Álagning gjalda á vörur, 500. mál, brtt. ÖJ o.fl., þskj. 1264.

Vörugjald, 520. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1260.

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 526. mál (EES-reglur). — Þskj. 827, nál. 1229.

[11:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. um breytingu á lögum um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði um þetta mál og fékk á sinn fund fulltrúa frá viðskrn. og Fjármálaeftirlitinu, en umsagnir bárust auk þess frá öðrum aðilum sem getið er um í nefndaráliti.

Nefndin fór yfir málið. Ákvæði frv. eru tiltölulega einföld og byggja fyrst og fremst á því að taka skuli upp tvíþætt viðbótareftirlit í framhaldi af tilskipun Evrópusambandsins um viðbótareftirlit með vátryggingafélögum. Þar er fyrst og fremst verið að fjalla um hvernig fara skuli með eftirlit með hópum vátryggingafélaga og fyrirtækjasamstæðum. Nefndin telur að þessi ákvæði séu mjög eðlileg og til bóta fyrir starfsemi þessa markaðar. Nefndin öll leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Enginn hv. nefndarmanna sem hefur fyrirvara við það álit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (lífeyrissparnaður). — Þskj. 852, nál. 1230.

[11:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald. Frv. þetta er afar einfalt. Það er ein efnisgrein og svo er ein gildistökugrein.

Nefndin sendi frv. til umsagnar allmargra aðila sem getið er um í nefndarálitinu og málið var tekið fyrir í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Það sem fjallað er um í þessu frv. tengist ákveðnum atriðum í því máli sem eru heimildir til aukinna framlaga í lífeyrissjóði.

Með frv. er gert ráð fyrir því að hlutfall tryggingagjalds sem launagreiðendur eða menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi geta haldið eftir af gjaldstofni tryggingagjalds ef sá hluti er lagður fram sem mótframlag við iðgjaldshluta launamanns vegna viðbótarlífeyrissparnaðar, verði hækkað úr 0,2% í 0,4%. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt og undir þetta nefndarálit rita allir hv. nefndarmenn án fyrirvara.

[11:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nefndarálitinu þá stöndum við í minni hluta efh.- og viðskn. að því nefndaráliti sem hér um ræðir, þ.e. þeirri breytingu sem felst í frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald. Eins og fram mun koma síðar í dag í umræðu höfum við rætt þetta í samhengi við breytingar sem eru gerðar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og varða skattfrelsi lífeyrisiðgjalda eða greiðslur lífeyrisiðgjalda. Við styðjum einnig þann hluta þess frv. og teljum að hér sé um að ræða ágætisaðgerð í þá veru að hvetja landsmenn til sparnaðar. Þó að sú leið sem farin er geti vissulega kostað ríkissjóð einhverjar tekjur tímabundið þá er hér um hvatningu til sparnaðar að ræða og í ljósi þeirra upplýsinga sem hafa komið frá okkar helstu fjármálastofnunum á undanförnum dögum þá veitir nú ekki af. Við stöndum eindregið að þeim breytingum sem gerðar eru hvað þetta varðar, bæði varðandi frv. sem hér er um að ræða og einnig þann þátt sem er í frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt.

[11:39]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nefndarálit hv. efh.- og viðskn. án fyrirvara en þó hef ég eilítinn ímugust á þessu frv. Þetta er stýring. Það er verið að stýra fólki. Ríkið styrkir sparnað í lífeyrissjóði sérstaklega með því að leggja fram 10% framlag þannig að tryggingagjald fyrirtækjanna lækkar um allt að 0,4% samkvæmt þessu frv.

Þessi styrkur kemur bara til þeirra sem eru tekjuháir. Hann kemur ekki til þeirra sem eru tekjulágir og borga ekki skatta. Fyrir þá borgar sig ekki að borga í lífeyrissjóð með frjálsu framlagi. Ég sakna þess að ekki hafi einnig verið gripið til aðgerða til þess að styrkja þá sem eru tekjulágir.

Einnig sakna ég þess að menn skuli ekki einnig styrkja annars lags sparnað, almennan sparnað almennings sem vill

spara fyrir daglegum áföllum lífsins; veikindum, slysum, dauða, atvinnumissi, skilnaði, eða til að mæta áföllum eins og ef bíll er keyrður í klessu eða óreglu, t.d. ef einhver nákominn lendir í óreglu. Til að mæta daglegum áföllum vantar illilega almennan sparnað hér á landi eins og skýrsla Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ber með sér. Slíkur sparnaður hefur ekki verið styrktur. Jafnvel má segja meira að segja að fyrir hann sé refsað þar sem eignarskattar leggjast á þann sparnað nema rétt sé með hann farið í eignum sem eru eignarskattsfrjálsar.

Hér er því verið að stýra sparnaði inn í lífeyrissjóðina, inn í sérstakan sparnað og aðeins þeir fá styrki sem hafa góðar tekjur. Þess vegna hef ég dálítinn ímugust á þessu en stend að nál. engu að síður.

[11:41]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að líklega eru ekki miklar líkur til þess að þeir sem eru undir skattleysismörkum greiði inn í lífeyrissjóði. En það er ekki vegna þess að þeir þurfi endilega hvatningu til þess heldur vegna þess að þeir eru á allt of lágum launum og hafa ekki afgang til þess að greiða í lífeyrissjóði og það er vandamál sem þarf að taka á annars staðar.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að hér er um ákveðna stýringu að ræða. Það er verið að stýra fjármunum inn í lífeyrissjóðina og ég tel að við þurfum í beinu framhaldi af því að herða reglur um ráðstöfun á því fjármagni sem lífeyrissjóðirnir hafa og eftirlit sem um það gildir og að sjóðfélagar eigi rétt á þeim upplýsingum sem beðið er um hverju sinni um það hvernig það fé er ávaxtað.

[11:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að sparnaður sé í hlutfalli við laun. Það kemur nefnilega fram í skýrslu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna að erfiðusta og þyngsta greiðslubyrðin er hjá fólki sem er með mjög há laun, 300 þús. kr. á mánuði. Fólk sem er með lág laun sparar oft og tíðum og hefur vanið sig á miklu minni neyslu. En það fær ekki styrk. Þeir sem ekki greiða skatta fá ekki styrk. Og þar sem um er að ræða frestun á skattlagningu þannig að sparnaðurinn kemur til skattlagningar seinna meir, borgar sig hreinlega ekki að borga peninga inn sem eru óskattlagðir til þess að skatta þá seinna. Það borgar sig því ekki fyrir fólk sem t.d. getur verið í námi, sem t.d. hefur tekið sér frí og verið hátekjufólk árið áður eða hátekjufólk árið á eftir, að spara á þennan máta. Það er ekkert endilega samhengi á milli þess að menn séu með há laun og að þeir spari.

[11:43]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki það sem ég sagði heldur það að þeir sem eru á lægstu launum og undir skattleysismörkunum með framfærslubyrði, hafa enga möguleika á neinum sparnaði. Það er útilokað fyrir þá sem eru hér á lægstu launum að leggja mikið fyrir af þeim þó ekki kæmu til aðrar greiðslur en leigugreiðslur af húsnæði og greiðslur fyrir mat. Framfærslubyrðin er það há. Það er annars konar vandamál sem þarf að taka á.

En ég held að fyrir alla þá sem hafa möguleika á því að leggja fyrir sé sú breyting sem er verið að gera hvatning til þess.

[11:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ætti að ræða við bankastjóra og aðra slíka og spyrja þá að því hverjir (Gripið fram í.) eiga sparifé. Það er ekki hátekjufólkið. Það er oft og tíðum fólk með tiltölulega lágar tekjur sem greiðir ekki endilega skatta.

Svo vil ég líka benda á að fólk er með sveiflukenndar tekjur, t.d. sjómenn. Þeir geta verið með miklar tekjur eitt árið og svo skattlausir næsta ár, svo og fólk í námi. Alls konar atvik geta komið upp. Fólk fer heim, fólk tekur sér frí, og þau ár sem það greiðir ekki skatta fær það ekki styrk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (fjárhæð gjalds af tilteknum vörum). — Þskj. 821, nál. 1233 og 1260, brtt. 1234.

[11:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um vörugjald.

Frv. þetta er fyrst og fremst margar tölur í tveimur greinum. Nefndin fjallaði um málið og sendi það til umsagnar nokkurra aðila og þær umsagnir bárust. Meðal þeirra breytinga sem lagðar eru til í frv. er að vörugjald á kakóduft og drykkjarvöruefni, sem ætluð eru til framleiðslu á kakómalti, verði hækkað úr 15 kr./kg í 60 kr./kg til samræmingar en meiri hluti nefndarinnar leggur til að þessi samræmingartala verði 50 kr./kg sem jafnar þá út skattbyrðina af þessu gjaldi á viðkomandi númer og brtt. sem nefndin gerir gengur út á þetta en í brtt. er ákveðin talnaruna sem lýsir tollskrárnúmerum sem bera þá magngjald 50 kr./kg.

Enn fremur leggur nefndin til að gildistökuákvæði frv. verði breytt til samræmis við það að nýtt vörugjaldstímabil hefst 1. júlí.

[11:47]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. komst réttilega að orði þegar hann sagði að í þessu frv. væri að finna margar tölur. Staðreyndin er hins vegar sú að baki tölunum búa vörutegundir og flokkar sem verið er að lækka í flestum tilvikum vörugjöld á, í öðrum tilvikum hækka. Það er t.d. verið að lækka vörugjöld af ýmsum rafmagnsvörum sem koma að góðu gagni í innlendri iðnaðarframleiðslu og er það vel. Hins vegar er ekki jafngott að hækkað skuli gjald af kakódufti, sem er notað sem fæðubótarefni fyrir sjúklinga og aldraða, t.d. inni á sjúkrahúsum landsins og mun valda þar búsifjum.

Hins vegar er ríkisstjórnin að leggja til að færa niður gjöld af nasli, skífum, skrúfum, hringjum, keilum, saltstöngum, poppkorni og byssum, og hugsunin eflaust sú að byssuvæddur jeppastjórinn, sem nýbúinn er að fá niðurfellingu á sköttum af jeppa sínum upp á 700 þús. kr., fái núna líka niðurfellingu á vörugjaldi af rifflinum sínum.

Þetta var allt saman réttlætt í efh.- og viðskn. í ljósi þess að menn vildu stuðla að útivist og þess vegna væri verið að lækka skatta af rifflum en heldur urðu einhverjir kindarlegir

á svipinn þegar það fylgdi sögunni að jafnframt væri verið að lækka vörugjald af öðrum hlutum því með byssunni fylgdu byssustingir, lensur, sverð og áþekk vopn og hlutar til þeirra, „og skeiðar og slíður til þeirra", eins og þetta er orðað, marghleypur og skammbyssur og marmari að sjálfsögðu. Allt er þetta lækkað að frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem vill tryggja réttlæti í skattamálum.

Þetta frv. hefur í för með sér 150 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð og þótt þetta sé aðeins lítill hluti af tekjum sem ríkissjóður hefur af vörugjöldum, þær munu nema um 3.000 millj. kr., sýnir þetta þá forgangsröðun sem ríkisstjórnin vill hafa þegar hún beitir sér í skattamálum. Fyrst eru það stóru jepparnir og síðan koma byssurnar og að sjálfsögðu einnig byssustingirnir, poppkornið, saltstangirnar og naslið. Út á það gengur það frv. sem ríkisstjórnin segir að sé mikið réttlætismál, það þurfi að samræma í vörugjaldi sem á öðrum sviðum en þetta er sá háttur sem hún vill hafa á.

Minni hlutinn telur að þessar breytingar eigi að bíða heildarendurskoðunar á lögum um vörugjald. Við teljum mjög brýnt að slík heildarendurskoðun fari fram og kemur það fram í áliti sem ásamt mér skrifa undir hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir. Þar koma fram áhyggjur okkar vegna tekjutaps ríkissjóðs. Við erum því samþykk að stuðningur sé veittur með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir við íslenska iðnaðarframleiðslu en viljum að aðrar breytingar bíði endurskoðunar á lögunum auk þess sem við vörum við því að hækka skatta á matvæli sem eru sannarlega mikilvæg fæðubótarefni.

Í minnihlutaálitinu segir m.a, með leyfi forseta:

Ýmissa grasa kennir í þessu frumvarpi en samkvæmt því er vörugjald fellt niður af snakki, poppkorni, salthnetum, saltkexi og saltstöngum. Hins vegar er vörugjald af kakódufti hækkað og horfir það undarlega við í ljósi þess að hér er um að ræða vöru sem fremur verður flokkuð sem nauðsynjavara en þær vörutegundir sem að framan greinir, enda t.d. notað sem fæðubótarefni fyrir sjúklinga og aldraða. Þá má nefna að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun á vörugjaldi af skotvopnum og öðrum vopnum, svo sem sverðum, byssustingjum og lensum. Minni hlutinn telur vandséð að það flokkist undir forgangsverkefni að auðvelda aðgang landsmanna að þessum tólum með sérstökum skattalækkunum. Minni hlutinn telur að þessar breytingar eigi að bíða heildarendurskoðunar á lögum um vörugjald sem brýnt er að fram fari.

[11:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ögmundi Jónassyni varð tíðrætt um byssur og byssustingi og því um líkt. Það kom fram í nefndinni að vörugjald af þessum vörum eru nánast engin þannig að þetta skiptir nákvæmlega engu máli og niðurfellingin skiptir þar af leiðandi heldur ekki máli.

Það sem skiptir meginmáli og það sem er þunginn í þessum breytingum er lækkun á vörugjaldi á rafmagnsvörum til iðnaðar, iðnfyrirtækja, íslenskra iðnfyrirtækja sem eru í hörkusamkeppni við erlend fyrirtæki. Þetta er tilraun til þess að bæta þeim þá stöðu og þannig einn þáttur í því að létta álögum af atvinnulífi sem hefur skilað sér í minna atvinnuleysi öllum til hagsbóta, sérstaklega láglaunafólki.

Hér er því enn ein tilraun til þess og það kom enn fremur fram í nefndinni að sú tekjulækkun sem gert er ráð fyrir, 150 millj. kr., gerði ráð fyrir óbreyttum innflutningi á þessum vörum en að sjálfsögðu er það þekkt að þegar gjöld eru lækkuð á vörur, sérstaklega á vörur sem eru í samkeppni við erlendar vörur, þá vex veltan. Vel má vera að tekjur ríkissjóðs minnki ekkert því að hann leggur mörg önnur gjöld á þessar vörur en vörugjald, hann leggur líka virðisaukaskatt á þessar vörur og annað slíkt. Því getur vel verið að þegar upp er staðið muni ríkissjóður hagnast á þessari breytingu en hún er aðallega gerð til þess að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, auka þar með atvinnu sem kemur náttúrlega sérstaklega öryrkjum og fátæku fólki og lágtekjufólki til góða.

[11:54]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Hluta af andsvari hv. þm. þarf ég náttúrlega ekki að svara vegna þess að þar var hann að taka undir málflutning minn. Við styðjum stuðning við íslenska iðnaðarframleiðslu hvað varðar niðurfellingu á gjöldum vegna rafmagnsvara. Við lítum hins vegar svo á að hækkun á gjöldum svo sem á kakódufti geti komið þeim sem það þurfa að nota í koll og bendum á að þetta sé mikilvæg fæðubótarvara inni á sjúkrahúsum.

Annað skiptir ekki máli, segir hv. þm. Ég veit ekki hvernig á að skilja það, hvort þetta er þá táknræn yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrst hún skiptir ekki sköpum, að hún sé táknræn um forgangsröð og mikilvægi að lækka vörugjöld af poppkorni, saltstöngum, marghleypum, byssum og byssustingjum. Er það sú stefna og forgangsröð sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vill hafa að leiðarljósi?

[11:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. frá minni hluta efh.- og viðskn. sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur þegar mælt fyrir leggjum við til að þær breytingar sem lagðar eru til í frv. um breytingu á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, verði látnar bíða þar til heildarendurskoðun á vörugjaldi hefur átt sér stað.

Vörugjaldið skilar 3 milljörðum, að mig minnir, í ríkissjóð á ári hverju og þær breytingar sem hér um ræðir munu skerða tekjur ríkissjóðs um allt að 150 millj. kr. Má vera að innflutningur á rafmagnsvörum verði það miklu meiri að hann skili einhverju þarna inn á móti en ég efa það stórlega, virðulegi forseti, að innflutningur á marmaralegsteinum eða hjólbörum eða handvögnum eða öðru slíku vaxi þrátt fyrir það að vörugjaldið sé fellt niður eða lækkað.

Það er dálítið merkilegt þegar þetta er skoðað að þá er auðvitað talað um samræmingaraðgerðir. En maður hlýtur þó að draga það í efa þar sem líkir vöruflokkar sem eru í öðrum köflum fá ekki sams konar meðhöndlun. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á vörugjaldi á undanförnum árum hafa aukið á þá mismunun sem er innan þessa gjaldstofns. Ég held að það hljóti að fara best á því að fram fari heildarendurskoðun á lögum um vörugjald og sé um algjörlega samræmdar aðgerðir verði að ræða þegar lagðar eru til breytingar á lögum eins og þessum og þær taki þá mið af öðrum ákvörðunum eins og það hvað varðar virðisaukaskattinn. Þetta eru lög sem ég tel óskynsamlegt að breyta nema þau séu skoðuð í heild sinni og þá auðvitað tekjur ríkissjóðs.

Það er þannig að gróft mat á tekjuáhrifum vegna frumvarpa sem hafa verið lögð fram núna á vordögum, núna í þessum mánuði og síðasta, að þau muni hafa í för með sér tekjuáhrif, mínustekjuáhrif upp á 2,1–2,6 milljarða kr. Það hlýtur að vera alvarlegt umhugsunarefni fyrir ríkisstjórnina

og þingmeirihlutann eða hv. þm. sem fylgja hæstv. ríkisstjórn að málum þegar dregið er úr tekjuöflun ríkisins á þennan hátt á sama tíma og við erum að fá viðvaranir um ótryggt efnahagsástand eða a.m.k. þannig að það þurfi að bregðast við og halda vöku sinni. Þess vegna höfum við í minni hluta í efh.- og viðskn. ítrekað varað við því að öll þau frumvörp sem hér um ræðir séu afgreidd.

Ef farið er yfir þá þætti sem verið er að leggja til að taka vörugjaldið af eða hækka sem er í einu tilviki, þá er þetta auðvitað mjög merkileg upptalning og í sumum tilvikum algerlega óskiljanleg. Fyrir um það bil ári var tekin ákvörðun um að fella niður vörugjald af innflutningi á byssum og það var gert með þeim rökum að það væri til að efla útivist. Þá urðu eftir einhverjir flokkar sem þurfti að fella niður vörugjaldið af í átt til samræmingar. Þetta er flokkur sem heitir Vopn, skotfæri, hlutar og fylgihlutir til þeirra. Þar er um að ræða ýmsar gerðir skotvopna þar sem á að ljúka vinnunni og fella niður vörugjaldið sem hefur verið 25%, og má vera að það skili ekki neinu sem nemur í ríkissjóð. En á sínum tíma var ég ekki hlynnt því og fannst það ekki rétt ákvörðun að fella niður vörugjaldið af byssum og var þá þeirrar skoðunar sem ég er í dag að heildarendurskoðun þurfi að fara fram á þessum lögum í samræmi við það sem yrði þá skoðað hjá öðrum gjaldstofnum, t.d. virðisaukaskattinum. En það kemur spánskt fyrir sjónir þegar maður les þetta og þau númer sem um ræðir eru skoðuð, þá eru þetta marghleypur eða skammbyssur, haglabyssur, hlutar og fylgihlutir til vara fyrir marghleypur eða skammbyssur, fyrir haglabyssur eða riffla, haglabyssuhlaup og svo eru einhverjir aðrir liðir. Síðan koma sprengjur, handsprengjur, tundurskeyti, tundurdufl, flugskeyti og áþekk hergögn og hlutar til þeirra, skot og önnur skotfæri og skeyti og hlutar til þeirra, þar með talin högl og forhlöð, hvað sem það nú er.

Síðan eru skot í naglabyssur eða áþekk verkfæri eða sláturbyssur og hlutar til þeirra, skutlar og sverð, höggsverð, byssustingir, lensur og áþekk vopn og hlutar til þeirra, skeiðar og slíður til þeirra.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að sumt af þessum númerum og þeim vöruflokkum sem undir þau falla — þó að hv. formaður efh.- og viðskn. sem ég met afar mikils og hefur verið dugnaðarforkur í störfum sínum í nefndinni hafi verið með þau rök að þarna væri verið að fella niður gjöld af vöru sem væri hvatning til útivistar, þá má vel vera að í Húnaþingi séu þetta nauðsynlegir fylgihlutir til útivistar en það er það ekki alls staðar á landinu. Mér finnst þetta því afar sérkennileg meðferð svo ekki sé meira sagt. Og hver er nauðsyn þess að fella niður vörugjald af hjólbörum og handvögnum? Hafa komið fram alveg sérstakar kvartanir yfir gjaldtöku af þeim vöruflokkum? Ég tel það varla geta verið. Hins vegar gegnir kannski öðru máli hvað varðar kafla þar sem fjallað er um rafmagnsvörurnar.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi að fella ætti niður vörugjald af snakki, popkorni, salthnetum, saltketi, kexi og saltstöngum. Þar sem fréttatilkynning hafði borist frá landbrn. um að haldinn yrði blaðamannafundur þar sem hæstv. landbrh. kynnti að fyrir dyrum stæði að gera sérstakan viðskiptasamning milli Noregs og Íslands um niðurfellingu tolla af íslenskum hestum og norskum ostum og snakki, þá velti ég því auðvitað fyrir mér hvort þetta sé í einhverju samhengi við þann samning sem þar hefur verið gerður. Á minnisblaði sem barst efh.- og viðskn. í tilefni þess að ég spurðist fyrir um hvort þessi samningur hefði nú þegar verið undirritaður kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Efh.- og viðskn. hefur farið þess á leit að ráðuneytið veiti upplýsingar“ — þetta er frá landbrn. — „um samning Íslands og Noregs er varðar niðurfellingu tolla við innflutning á íslenskum hestum til Noregs annars vegar og niðurfellingu tolla við innflutning á norsku snakki og ostum til Íslands hins vegar. Samkvæmt upplýsingum utanrrn. er samningaviðræðum lokið en samningurinn hefur hins vegar ekki verið borinn undir ríkisstjórn til staðfestingar.

Í fyrrgreindum samningi felst að á ári hverju verði tollar felldir niður við innflutning á 200 íslenskum hestum til Noregs. Á móti kemur að við innflutning til Íslands verði tollur felldur niður af 13 tonnum af norskum osti í tollskrá nr. 0406-3000, fullunnum ostum, órifinn eða ómulinn, svo og af 15 tonnum af norskum kartöfluflögum úr undirlið 2005-20.“

Þetta er auðvitað hinn sérkennilegasti samningur sem hæstv. landbrh. hefur gert við norsk stjórnvöld og er með ólíkindum að þarna sé verið að hvetja til innflutnings á norskum kartöfluflögum þegar við erum með íslenska verksmiðju sem framleiðir sams konar vöru. Annars vegar er um að ræða innflutning á osti og hins vegar á norskum kartöfluflögum og á sama tíma eru mjög harðir tollkvótar og auknar heimildir til landbrh. að ákveða hvernig skuli stýra innflutningi almennt á landbúnaðarafurðum. Í einu frv. er verið að afnema heimild til fjmrh. til að ákveða að mig minnir vörugjald eða gjald af áfengi og til að gefa út reglugerð og ákveða það einliða vegna þess að heimild fjmrh. til að taka slíkar ákvarðanir bryti í bága við stjórnarskrá Íslands. Það hlýtur að vera komið að þeim tímapunkti að Alþingi fari fram á úttekt á þeim víðtæku heimildum sem um leið er verið að veita öðrum hæstv. ráðherrum, eins og t.d. landbrh. til að ákveða magntolla og ýmislegt sem lýtur að innflutningi á landbúnaðarafurðum. Það eru afar víðtækar heimildir sem landbrh. fær í þessum efnum og það kemur manni svolítið spánskt fyrir sjónir að á sama tíma er verið að afnema eða fella úr gildi tiltölulega þröngar heimildir t.d. hjá hæstv. fjmrh., í öðrum frv. og jafnvel sömu frv. verið að veita enn víðtækari heimildir til hæstv. landbrh. til að taka ákvarðanir varðandi gjöld á ákveðna vöruflokka við innflutning og þá náttúrlega mjög harða stýringu.

Við hljótum að fara fram á það að Alþingi beiti sér fyrir því að það verði skoðað sem ekki var mögulegt í nefndinni þó að menn viðurkenndu að þetta væru atriði sem þyrfti að skoða, þá þarf lengri tíma en nefndin hafði til þess að ljúka umfjöllun um þau frv. sem hér um ræðir og í einu þeirra er a.m.k. fjallað um heimildir til landbrh. En við höfum mjög stuttan tíma til að láta gera þá úttekt en Alþingi hlýtur engu að síður að beita sér fyrir því að slík úttekt verði gerð, heildarúttekt á þeim heimildum sem hæstv. ráðherrar hafa til stýringar vegna gjaldtöku eða álagningar gjalda.

Ýmsir þeir sem sendu umsagnir til nefndarinnar hafa tekið undir þau sjónarmið sem ég hef sett fram um að fram þurfi að fara heildarendurskoðun á vörugjaldinu. Í umsögn sem kom til nefndarinnar frá Samtökum iðnaðarins 18. apríl sl. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtök iðnaðarins hafa alla tíð barist fyrir því að vörugjöld verði felld niður og tekið verði upp eitt kerfi neysluskatta, þ.e. að virðisaukaskatturinn einn og sér eigi að skattleggja neysluna í stað núverandi tvöfalds kerfis virðisaukaskatts og vörugjalds.“

Það kemur reyndar fram hjá Samtökum iðnaðarins að þeir telji sömuleiðis rétt „að öll matvæli séu í lægra þrepi

virðisaukaskattsins en ekki að sum þeirra séu í hærra þrepinu og önnur í því lægra eins og nú er. Það er óþörf neyslustýring sem ræðst af forræðishyggju og óljósum hugmyndum hollustu eða óhollustu."

Ég tel, virðulegi forseti, og ég ítreka það að mikil nauðsyn er á því að þessi heildarendurskoðun á skattlagningunni fari fram. Og úr því að við erum svo heppin að hæstv. fjmrh. er á staðnum, þá vildi ég spyrja hann hvort áformað sé að fara í slíka endurskoðun á þeim lagabálkum sem til staðar eru og hvort hæstv. ráðherra telji þvílíka nauðsyn á að fella niður vörugjöld eða hækka á þeim völuflokkum sem hér um ræðir, eins og kemur fram varðandi kakódrykki, að það hefði ekki mátt bíða þeirrar heildarendurskoðunar sem þarf að fara í. Og hvort rétt sé að taka út þessa flokka sem hér eru teknir út og reyndar þær breytingar sem áður hafa verið gerðar. Er hæstv. ráðherra ekki sammála mér um að þarna þurfi að vera eðlileg samræming, í þá vinnu þurfi að fara og við látum það frv. sem hér um ræðir bíða þangað til af því yrði?

Á einum gjaldflokki er vörugjaldið hækkað. Það eru þessir sérstöku kakódrykkir sem eru fæðubótardrykkir. Í umsögn frá Samtökum verslunarinnar sem barst nefndinni, þar sem þessari hækkun er mótmælt, segir, með leyfi forseta:

„Samtökin mótmæla því að vörugjald á drykkjarvöruefni verði hækkað. Hér er um verulega hækkun gjaldsins að ræða á vörur sem almennt eru notaðar af börnum og sjúklingum (fæðubótardrykkir). Mun þessi hækkun koma verst niður á þeim sem síst skyldi, barnafjölskyldum, öryrkjum og öldruðum. Sú staðreynd að verulegt ósamræmi hefur verið í skattlagninu sambærilegra drykkjarvara getur ekki réttlætt þessa hækkun, nær væri að lækka gjaldið á þeim vörutegundum sem í dag bera 60 kr. gjald. Þetta mun einnig auka enn misræmi þar sem virðisaukaskattur er mismunandi á drykkjarvörur og lendir það aðallega á vörur sem hér flokkast. Þá vekur athygli að ekki er gert ráð fyrir hækkun gjaldsins á innlendar framleiðsluvörur sem eru í hvað mestri samkeppni við þær vörur sem frumvarpið tekur til."

Ég leitaði mér upplýsinga um þessa fæðubótardrykki vegna þess að það kom einnig fram í umfjöllun nefndarinnar að hér væri kannski fyrst og fremst um að ræða drykki sem íþróttamenn notuðu. Það er að vissu leyti rétt en undir þetta númer falla einnig fæðubótardrykkir sem notaðir eru sérstaklega fyrir aldraða og einnig smábörn á sjúkrahúsum þegar um er að ræða að einstaklingurinn getur ekki tekið inn fasta fæðu. Í þessum fæðubótardrykkjum eru öll þau efni sem einstaklingurinn þarfnast og þetta mundi, eins og hér kemur fram, bitna mjög illa á þeim sem þurfa að nota þessa vöru heilsunnar vegna. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hefði ekki verið möguleiki á því að fresta a.m.k. þessari hækkun þó ekki sé um að ræða að gjaldið hækki í 60 kr. heldur 50 kr. og er það þá til þess fyrst og fremst að þessi gjaldstofn skili því sama í ríkiskassann og hann gerði áður en á sama tíma er gjaldið alfarið fellt niður af öðrum flokkum? Og hefði ekki verið eðlilegt að láta t.d. niðurfellingu gjalda af byssum, hjólbörum og marmara í legsteina og fleiri álíka vörur bíða ef það mætti verða til þess að hægt væri að bíða með þessa breytingu þar til heildarendurskoðun hefði farið fram?

Það má einnig nefna poppkornið og snakkið þar sem verið er að fella niður gjald á sama tíma og verið er að hækka það á fæðubótardrykkjum. Ég tel þetta mjög ranga ákvörðun og í raun og veru engin rök fyrir því að hækka gjaldið á fæðubótarefnunum á sama tíma og vörugjald er fellt af óhollustunni sem sannarlega er til staðar í vörum sem kallaðar eru snakk. Og ég tel ekki vera nokkrar einustu forsendur fyrir því að hækka gjaldið á fæðubótardrykkjunum. En nú er um önnur lög að ræða sem lúta að þeim samningi sem hæstv. landbrh. hefur gert við Noreg um innflutning á norskum ostum og snakki á móti útflutningi á 200 hestum. Er eitthvert samhengi á milli þess sem er að gerast með niðurfellinguna á vörugjaldinu af snakkinu og þess sem er í samningi frá hæstv. landbrh.?

[12:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hefur komið fram í umræðunni er *megininntak* þessa frv. að koma til móts við ákveðna atvinnustarfsemi í landinu, einkum á sviði raftækjaframleiðslu eða sem tengist raftækjabúnaði af ýmsu tagi. Það er ekkert launungarmál að bæði það atriði og ýmis önnur hér hafa löngum verið á óskalista Samtaka iðnaðarins um breytingar á gjöldum á atvinnurekstrinum. Nú töldum við að ákveðið svigrúm væri til að koma til móts við þessar óskir og þau vandamál sem þarna eru vegna þess að í dag er þetta gjald lagt á og síðan endurgreitt til hluta framleiðenda á þessu sviði, rafverktaka og annarra, og endar með miklu klúðri. Við teljum að nú sé svigrúm til að reyna að koma til móts við þetta sjónarmið og til þess séu aðstæður.

Hitt er svo annað mál að Samtök iðnaðarins gagnrýna gjarnan ríkisstjórnina, m.a. fyrir aðhaldsleysi, milli þess sem samtökin skrifa okkur bréf og biðja um að meira verði fellt niður af gjöldum. Þannig virðist stundum eins og hægri höndin hjá þeim samtökum viti ekki hvað sú vinstri er að gera.

En hvað um það, niðurstaða ríkisstjórnarinnar var að tilefni væri til þess að gera þessa breytingu og jafnframt taka á nokkrum samræmingaratriðum, eins og t.d. þeim að láta íþróttaskotvopn lúta sömu lögmálum og veiðivopn. Menn geta auðvitað lesið upp úr tollskránni og hent gaman að því að í tollflokkum hennar er að finna alls kyns hluti sem löngum hefur verið hlegið að í tengslum við þetta. Skriðdrekar og brynvarðir vagnar eru einn tollflokkurinn sem ég held að beri ekkert vörugjald. Það má auðvitað henda gaman að þessu með byssustingi, sverð og lensur og þess háttar en það hefur ekki nokkra minnstu þýðingu hvorki í þessu frv. né á fjárhag ríkissjóðs. Aðalatriðið er að hér er verið að samræma og koma til móts við ákveðnar kröfur og þarfir í íslensku atvinnulífi.

[12:17]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það út af fyrir sig er hið besta mál að koma til móts við íslenska atvinnustarfsemi og iðnað eins og hér er varðandi raftækjabúnaðinn. Út af fyrir sig hefði minni hlutinn örugglega ekki gert nokkra einustu athugasemd við þetta frv. ef aðeins hefði verið um það að ræða. Það hefði verið hægt að samþykkja þann hluta frv. en það réttlætir ekki hækkun á gjöldum á fæðubótardrykki og svo aftur lækkun á snakki. Þessi forgangsröðun og hvernig þetta er sett upp kallar á heildarendurskoðun. Ég skil erindi Samtaka iðnaðarins ekki þannig að farið sé fram á að ríkissjóður tapi að fullu þeim 3 milljörðum sem vörugjaldið skilar, heldur þvert á móti að það þurfi að eiga sér stað heildarendurskoðun og samræming þessara gjalda. Í því felst ekki endilega að þau séu lækkuð og tekjutap ríkissjóðs verði 3 milljarðar kr. þó að vörugjaldið falli út, heldur sé þarna um ákveðna samræmingu að ræða.

Ég spyr hæstv. ráðherra enn og aftur: Telur hæstv. ráðherra ekki nauðsyn á að fara í þessa heildarendurskoðun og samræmingu á vörugjöldum og virðisauka?

[12:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill nú þannig til að heildarúttekt og endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu er nýlokið. Næsta mál á dagskrá þessa fundar er einmitt einn afraksturinn af því starfi. Og þegar það frv. verður orðið að lögum, sem vonandi verður mjög fljótlega, er ætlunin að breyta einnig nokkrum reglugerðum í samhengi við þær lagabreytingar.

Varðandi vörugjaldið þá er þetta frv. sem nú er til meðferðar stútfullt af tillögum um samræmingu og leiðréttingar af ýmsu tagi. Það er auðvitað ekki við það búandi að sambærileg vara sé skattlögð með mismunandi hætti að því er varðar eina tiltekna skatttegund, þ.e. vörugjald, ekkert frekar en í virðisaukaskattinum. Það er verið að reyna að taka á því. Það á við um þetta margumrædda snakk, popp og þetta drasl sem fólk leggur sér til munns sem er nú ekki veigamikill tekjustofn fyrir ríkissjóð eins og kunnugt er. En það er auðvitað óþolandi fyrir þá sem versla með þetta og framleiða að ekki skuli vera samræming í gjaldtökunni af hálfu hins opinbera þannig að neytandinn geti hlutlaust valið á milli þessara vörutegunda.

Sama er að segja um kakómaltið. Þar nú reyndar áratugagamalt vandræðamál sem menn tóku hér á árið 1985 og tengdist ýmsum drykkjarvörum. Hér er bara um það að ræða að samræma þetta og til að valda ekki tekjutapi var valin sú leið að samræma þessa gjaldtöku í efri mörkunum að því er þetta varðar þó að sums staðar annars staðar hafi verið farin sú leið að fella brott vörugjaldið. Hérna er um að ræða kílóagjald sem er annars eðlis heldur en prósentuskattur eins og kunnugt er.

Hvort endurskoða eigi vörugjaldslöggjöfina síðan í heild sinni kemur það auðvitað vel til greina án þess að ég vilji gefa sérstaka yfirlýsingu um það núna. Þessi skatttegund hefur verið til skoðunar og hún er að mörgu leyti mjög gölluð. En hún er mikilvæg í tekjuöflun ríkissjóðs og það verður að skoða það í því samhengi líka.

[12:21]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að löggjöfin um vörugjaldið er gölluð. Göllum hennar hefur fremur fjölgað á undanförnum árum og kannski við að Alþingi hafi tekið ákvarðanir án þess að fyrir því lægju sterk rök eða samræmd heildarskoðun á lögunum, t.d. um að fella niður vörugjald t.d. af byssum og ýmsum fylgihlutum þeirra. Þegar teknar eru ákvarðanir um svona breytingar þá vantar þessa heildarskoðun á vörugjaldi eða á þessum gjaldflokki sem skilar ríkissjóði vissulega 3 milljörðum í tekjur. Ég er enn jafnsannfærð um að heildarskoðun þurfi nauðsynlega að eiga sér stað og það þarf að gera í samræmi við endurskoðun á virðisaukaskattinum með tilliti til þeirra tekna sem ríkissjóður hefur.

Það er auðvitað rétt hjá hæstv. ráðherra að í því felst neyslustýring þegar vörugjald er lagt á hluta af einhverju snakki, poppi eða aðra slíka vöru, þó ekki sé að öllu leyti og komi þannig ekki jafnt yfir alla. En það er þá ekkert annað en neyslustýring ef hæstv. landbrh. gerir samning um það að fella niður tolla af innflutningi á 15 tonnum af norskum kartöfluflögum. Það er auðvitað bara neyslustýring og ekkert annað. Það er verið að stýra þessum markaði, sem ég þekki ekki stæðina á, yfir á norskar kartöfluflögur gegn því sem framleitt er hér heima. Það finnst mér röng ákvörðun. Það er bein stýring og ekki í samræmi við það sem hæstv. ráðherra hefur lýst að vaki fyrir með frv. sem hér er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 548. mál (mötuneyti, rafrænn afsláttur o.fl.). — Þskj. 850, nál. 1231, brtt. 1232.

[12:23]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Í frv. þessu er fyrst og fremst verið að taka á ýmsum framkvæmda- og tækniatriðum og færa þau til betri vegar til að skerpa á framkvæmdinni og koma í veg fyrir ýmsan rugling.

Mál þetta var sent til umsagnar og gestir komu á fund nefndarinnar eins og getið er um í nál.

Nefndin gerir tvær tillögur um breytingar á frv. Þær brtt. felast ekki í efnisbreytingum á greinum frv. heldur er annars vegar um að ræða breytingu á gildistökuákvæðum frv. þannig að þau gildi við upphaf virðisaukaskattstímabils 1. júlí. Hins vegar er gerð tillaga um að skýrt sé kveðið á um að frumsala svokallaðrar tilefnismyntar, sem gefin er út af Seðlabanka Íslands, sé undanþegin skattskyldu enda þótt söluverð sé hærra en svokallað ákvæðisverð.

Þetta er nauðsynlegt vegna þess að fyrirhuguð er útgáfa myntar í tilefni þeirra tímamóta sem eru á þessu ári. Seðlabankinn hefur í hyggju að gefa út mynt og nauðsynlegt er að um það sé skýrt á kveðið í virðisaukaskattslögunum.

Virðulegi forseti. Undir nál. rita allir nefndarmenn en þó gera hv. þm. Jóhanna Sigurðarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson það með fyrirvara.

[12:26]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. talaði svo lágt að ég heyrði ekki nákvæmlega hvaða þætti frv. hann fór yfir.

Við stöndum að þeim breytingum sem hér eru gerðar og teljum þær flestar ef ekki allar heldur til bóta. Þó viljum við vekja sérstaka athygli á að þarna er um að ræða tekjutap fyrir ríkissjóð upp á um 100 millj. kr. Má þó vera, eins og ítrekað hefur komið fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal í umræðunni, að breytingarnar sem hér eru gerðar verki hvetjandi og eigi eftir að skila auknum tekjum á móti. Hér er þó fyrst og fremst um leiðréttingu að ræða og teknir upp ýmsir þeir þættir sem ekki voru nógu skýrir áður í löggjöf, t.d. hvað varðar skattskyldu mötuneyta í eigu ríkis og sveitarfélaga sem selja starfsfólki mat á verði undir framleiðslukostnaði, sem er í töluverðum mæli.

Fyrirvari okkar er fyrst og fremst vegna þess að fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að þessar breytingar séu taldar hafa óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs en síðan er áætlað að endurgreiðslur til veitingahúsa geti hækkað um 100 milljónir verði frv. að lögum.

Í þeirri samantekt sem við fengum frá efnahagsskrifstofu fjmrn., þar sem við óskuðum eftir því að tekin yrðu saman tekjuáhrif vegna frv. sem hafa verið lögð fram, er niðurstaðan sú að þetta þýði um 100 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð. Fyrirvari okkar er fyrst og fremst byggður á því. Við vildum vekja athygli á að öll þau frv. sem hér eru komin til 2. umr. hafa í för með sér verulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð. Við teljum að þurft hefði að skoða það betur í heild sinni og vörum við því að rýra um of tekjur ríkissjóðs á sama tíma og ýmsar helstu efnahagsstofnanir landsins hafa hvatt til aukins sparnaðar, ráðdeildar í ríkisrekstri og niðurgreiðslu skulda. Við teljum að eðlilegra hefði verið að láta ýmsar þær breytingar sem ekki eru mjög knýjandi bíða.

[12:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. efh.- og viðskn. en með fyrirvara og vil í örfáum orðum gera grein fyrir honum. Rökstuðningur minn er mjög á sömu lund og fram kom í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Við viljum vekja athygli á tekjumissi ríkissjóðs vegna þessa frv. og reyndar annarra frv. einnig. Safnast þegar saman kemur. Núna liggja fyrir Alþingi mörg frv. sem gera ráð fyrir verulegum samdrætti í tekjum ríkissjóðs og hleypur sá samdráttur á milljörðum.

Hér er um að ræða 100 millj. kr. tekjutap hjá ríkissjóði vegna þessara breytinga. Þegar þær eru skoðaðar hver um sig má rökstyðja að þær eigi sumar hverjar og e.t.v. flestar rétt á sér. Ég gerði athugasemd við það við fyrri umræður um þetta mál að ég teldi vafasamt að skattleggja mötuneyti opinberra stofnana og vísaði þar til skóla og heilbrigðisstofnana. Fram kom í umfjöllun efh.- og viðskn. að þetta væri sá háttur sem hafður væri á. Hér væri verið að treysta lagalegan grundvöll á fyrirkomulagi sem væri þegar við lýði. Það munu hafa komið upp einhver álitamál á sjúkrahúsi, á Sauðárkróki held ég það hafi verið, þar sem menn töldu að þeim bæri ekki að greiða virðisaukaskatt en staðreyndin er engu að síður sú að það mun vera gert. Ég hef efasemdir um að þetta sé réttlætanlegt en geri ekki stórar athugasemdir í ljósi þess að þetta hefur verið tíðkað á undanförnum árum.

En þetta er ástæðan fyrir því að ég hef sett nafn mitt undir nál. með fyrirvara, efasemdir um að ríkissjóður eigi að ráðast í allar þær skattalækkanir sem verið er að gera en flestar eru þær á þá lund að þær ívilna þeim sem hafa meiri fjárráð í þjóðfélaginu en minna er hugað að hinum sem hafa minni tekjurnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisábyrgðir, 2. umr.

Stjfrv., 595. mál (Íbúðalánasjóður og LÍN). — Þskj. 897, nál. 1225, brtt. 1226.

[12:33]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. við frv. um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir.

Nefndin sendi málið til umsagnar nokkurra aðila og fékk á fund sinn fulltrúa úr fjmrn.

Nefndin gerir tillögu um breytingu á frv. sem felst fyrst og fremst í því að öll lán Íbúðalánasjóðs verði undanþegin svokölluðu ábyrgðargjaldi. Ástæðan fyrir því er sú að fyrirhugað er að byggja upp í Íbúðalánasjóði varasjóð vegna þeirra lánaflokka sem verið er að fjalla um og þeir varasjóðir eru hugsaðir til að mæta hugsanlegum útlánatöpum.

Með þessari breytingu leggur nefndin til að frv. verði samþykkt. Undir nál. rita allir hv. nefndarmenn án fyrirvara.

[12:34]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Við þingmenn í minni hluta í efh.- og viðskn. skrifum undir nál. án fyrirvara. Það var reyndar bundið því að sú brtt. sem hér er væri flutt þar sem um er að ræða að í upphaflega frv. var ekki gert ráð fyrir því að ríkisábyrgðir væru vegna tveggja lánaflokka, sem skipta mjög miklu, þ.e. leiguíbúðir og viðbótarlán í svölluðu félagslegu kerfi, heldur ættu þær eingöngu að vera vegna þeirra lánaflokka sem eru nú á ábyrgð Íbúðalánasjóðs en voru áður hluti af húsnæðislánakerfinu.

Við teljum og það kom fram í umsögn sem barst frá Íbúðalánasjóði að ef þessir tveir flokkar, þ.e. viðbótarlánin og leiguíbúðirnar, væru ekki teknir með hvað varðar ríkisábyrgðagjaldið þá þýddi það að hækka þyrfti sérstaklega vexti á þeim tveim lánaflokkum sem um ræðir.

Afstaða fjmrn. lá fyrir þar sem ekki hafði verið greitt í sérstaka varasjóði vegna þeirra lánaflokka sem talið var af hálfu fjmrn. forsenda þess að ríkisábyrgðagjaldið væri fellt niður. Eftir viðræður við Íbúðalánasjóðinn kom frá þeim yfirlýsing þess efnis að stofnaður yrði sérstakur varasjóður sem lyti að þessum tveimur lánaflokkum til að mæta hugsanlegum útlánatöpum fyrir þá lánaflokka sem höfðu ekki sérstaka varasjóði áður.

Sú yfirlýsing barst í upphafi þessa mánaðar og þar segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af umsögn Íbúðalánasjóðs um ofangreint efni sem sent var nefndinni með bréfi dags. 24. apríl 2000 vill Íbúðalánasjóður taka fram að ákveðið hefur verið að stofna varasjóð til að mæta hugsanlegum útlánatöpum fyrir þá lánaflokka sem ekki hafa nú þegar sérstakan varasjóð.

Í dag er greitt í varasjóð fyrir húsbréfalán og viðbótarlán en það sem þá er eftir eru lántökur vegna leiguíbúða sveitarfélaga og félagasamtaka svo og nokkrir smærri lánaflokkar. Hér er aðeins um lítinn hluta af heildarlántökum Íbúðalánasjóðs að ræða eða sem svarar um 2,5 milljörðum kr.

Mál þetta hefur verið rætt í stjórn Íbúðalánasjóðs og verður tekið til lokaafgreiðslu á fundi stjórnar sjóðsins fimmtudaginn 4. maí nk.“

Þetta er sent 2. maí og síðan barst okkur yfirlýsing þess efnis að ákveðið hefði verið að stofna slíkan varasjóð. Því er sú brtt. sem hér er lögð til svohljóðandi: „Lán sem áhættugjald skv. 4. gr. hefur verið greitt af, skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum, skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð, Seðlabanki Íslands, Íbúðalánasjóður og Lánasjóður íslenskra námsmanna eru undanþegin greiðslu ábyrgðargjalds skv. 6. gr.“ — Og þar falli undir þeir lánaflokkar sem áður hafa verið gerðar athugasemdir við af hálfu Íbúðalánasjóðs.

Við teljum að þetta sé mjög mikilvægt til að halda niðri vöxtum, einkanlega á þessum tveimur lánaflokkum hvað varðar viðbótarlánin og leiguíbúðirnar, sérstaklega í ljósi þess að stöðugar og auknar kröfur eru á byggingu leiguíbúða á mjög þröngum markaði og þetta getur skipt máli þar, ekki

einungis vaxtahækkunin heldur getur líka orðið hvatning til að fleiri leiguíbúðir verði byggðar.

[12:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það væri jákvætt að taka ekki ríkisábyrgðargjald af lánum, félagslegum lánum. Nú er það spurning mín til hv. þm.: Þegar maður fær slíkt lán og greiðir ekki ríkisábyrgðargjald þá er það styrkur til hans, það eru bætur af hálfu ríkisvaldsins. Hvar eru slíkar bætur færðar í velferðarkerfinu? Hvar koma þær fram sem bætur til viðkomandi manns og hvar koma þær fram hjá ríkissjóði sem framlög ríkisins inn í velferðakerfið?

[12:40]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er eðlilegt að greiðslur eða niðurgreiðslur, eins og hér er lagt til, komi fram í bókhaldi, að farið sé að lögum um bókhald og endurskoðun.

[12:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkisábyrgðargjald sem er aldrei greitt er hvergi fært, hvorki hjá þeim sem tekur á móti né hjá þeim sem hefði átt að fá, þ.e. ríkissjóði. Hér er því verið að dulbúa bætur, fela þær, þær koma ekki fram og það sést ekki hvernig kerfið er uppbyggt, það er ekki gagnsætt. Ég tel þetta mjög neikvætt einmitt vegna þess að við erum að reyna að stefna að því að gera kerfið auðsýnilegt og gagnsætt.

[12:41]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ýmislegt hefur áunnist í þeim efnum á undanförnum árum að gera kerfið auðsætt og gagnsætt. En það er sjálfsagt og fjmrn. hlýtur að skoða að færa þetta sem framlög til viðkomandi sjóða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:41]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 547. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1266.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 460. mál (gildistími ákvæða um veiðar smábáta). — Þskj. 1092, brtt. 1067, 1068, 1069 og 1251.

[12:42]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 1251 við frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, sem sjútvn. flytur. Þar segir:

„Við 3. gr. Í stað dagsetningarinnar „15. maí 2000“ í 2. og 3. málsl. efnismálsgreinar b-liðar komi: 15. júní 2000.“

Eins og fram kemur er eingöngu verið að breyta dagsetningum til þess að gera mönnum kleift sem eru í þeirri stöðu að sækja um til að fá svokallað krókaaflamark. Eins og ég gerði mjög ítarlega grein fyrir á sínum tíma þegar ég mælti fyrir brtt. hv. meiri hluta sjútvn. var ákveðið í nefndinni og lagt til við Alþingi að opna þann möguleika fyrir þá aðila sem tekið höfðu á sig fjárhagslegar skuldbindingar og tekið ákvarðanir á grundvelli gildandi laga, að hafa heimild til að þeir gætu farið inn í svokallað krókaaflamark sem felur það í sér að þeir mega eingöngu fiska upp að tilteknu marki í þeim tegundum sem þar frá greinir en eru hins vegar ekki háðir því að kaupa úreldingu.

Gert er ráð fyrir því í þessari brtt. að möguleikinn til að fara inn í þetta sé framlengdur frá 15. maí til 15. júní. Í ljósi þess að málið hefur tekið þetta langan tíma í meðförum eins og eðlilegt er af mörgum ástæðum þykir eðlilegt að hafa þennan rétt aðeins rýmri í tíma tekið.

[12:44]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Sú brtt. sem var áðan gerð grein fyrir á sér eðlilegar skýringar. Við 2. umr. málsins var gerð grein fyrir afstöðu okkar til málsins og hún er í sjálfu sér óbreytt en við umræðuna núna er eftir að taka afstöðu til brtt. sem liggja fyrir, annars vegar þeirrar tillögu sem hv. formaður sjútvn. gerði áðan grein fyrir og hins vegar þremur tillögum frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni.

Ég vil gera grein fyrir afstöðu Samfylkingarinnar til þessara tillagna. Ég ætla að byrja á brtt. á þskj. 1067 sem fjallar um úthlutun aflamarks til skipa sem hafa farið illa út úr þeirri úthlutun á undanförnum árum. Ég hef vissulega samúð með þeim sjónarmiðum sem liggja á bak við þessa tillögu. Þetta er hins vegar aðferð sem mér gest ekki vel að, handstýring þar sem bátar eru valdir á tiltekinn hátt og fá þá viðbót en aðrir ekki.

Við höfum lagt fram tillögur okkar í þessu máli. Þær byggjast á að koma á almennum reglum við úthlutun aflaheimilda. Sú tillaga hefur ekki komið til afgreiðslu og reyndar ekki til umræðu í þinginu nema í tengslum við önnur mál. Ég er afar óánægður með að ekki skuli hafa tekist að fá tíma fyrir umræðu um það mál okkar þó að það hafi komið seint fram. Mér sýndist á tímabili að við fengjum málið rætt í síðustu viku. Ég hef verið tilbúinn að taka þá umræðu en niðurstaða þingflokksins var að betra yrði að ræða um hana síðar. Mér sýnist þó að ekki sé séð fyrir endann á því og er afar óánægður með að mál okkar komist ekki til umræðu.

Tillaga hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar og Árna Steinars Jóhannssonar, um að bæta við úthlutun til þeirra sem hafa farið illa út úr aflamarksúthlutun undanfarandi ára, gerir ráð fyrir aðferð sem mér finnst ekki eiga að nota í þessu tilviki. Okkar tillögur hvað þetta varðar fjalla um að trappa niður, skerða úthlutanir samkvæmt þeim reglum sem gilt hafa á undanförnum árum og í staðinn verði úthlutað með almennum hætti. Þess vegna munum við ekki greiða atkvæði með þessari tillögu.

Þá kem ég að annarri tillögu, á þskj. 1068, þar sem lagt er til að úthlutun aflahlutdeildar til einstakra fiskiskipa á steinbíti og ufsa falli niður. Þannig er að ég hef einnig töluverða samúð með sjónarmiðunum á bak við þessar hugmyndir, einfaldlega vegna þess að það hefur verið mjög reikult hvernig staðið hefur verið að málum. Steinbíturinn hefur stundum verið inni í aflamarki og stundum ekki. Það liggur ekki beint við að álykta að tillögur um að hafa viðkomandi fisktegundir inni í þessum kvóta séu vel undirbyggðar vísindalega. Þess vegna tel ég að full ástæða sé til að fara yfir það vel og vandlega hvort tillögur fiskifræðinga í þessu efni séu nógu góðar þó Alþingi hafi látið sér líka að fara eftir þeim á undanförnum árum. Hins vegar hefur það verið ráðandi stefna og samstaða um hana á Alþingi, líka hjá þeim sem hafa verið á móti kvótakerfinu, að láta tillögur fiskifræðinga ráða hve mikið er veitt úr stofnunum. Af þeim ástæðum tel ég að fara

þurfi almennt yfir þetta mál og ég og aðrir í Samfylkingunni munu því líka sitja hjá við afgreiðslu á þessari tillögu.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 1069. Þar er lagt til að gerð verði breyting á reglum um dagabáta, að þeir geti róið tvisvar út á sama degi. Ég tel reyndar að fyrirkomulagið sem Alþingi samþykkti um dagabátana sé enn ein vitleysan af sama tagi. Þar er ákveðnum bátum úthlutað réttindum með aðferð sem ber í sér vanda og gengur ekki upp. Miðað við þau veiðiréttindi sem þessir bátar hafa núna er gert ráð fyrir að þeir megi róa ákveðið marga daga en því fylgir svo lítill aflaréttur að allir sjá að þetta kerfi hrynur. Þessir bátar fá úthlutað örfáum dögum til að veiða þannig að sú hugmynd sem þarna er á ferðinni getur ekki gengið upp. Í tillögu okkar, sem ekki hefur verið tekin til umræðu enn þá, er gert ráð fyrr því að bakka út úr þessu kerfi á fimm árum vegna þess hve gallað það er. Þessir bátar fylgdu þar með almennum reglum um úthlutun veiðiréttinda. Þess vegna munum við einnig sitja hjá við afgreiðslu þessarar tillögu.

Ég vil bara endurtaka varðandi þetta frv. að ekki er upp á það bjóðandi af hendi hv. Alþingis að það eigi að framlengja lögum sem Hæstiréttur hefur í tvígang fellt dóma um og staðfesti í síðari dómnum í vetur að væru brot á stjórnaskránni. Alþingi ætti ekki að láta viðgangast að slík lög séu í gildi árum saman. Það stefnir í að lögin muni gilda hátt á fjórða ár eftir að Hæstiréttur hefur kveðið upp úrskurð af þessu tagi og eftir að Alþingi hefur brugðist við í kjölfar dómsins. Ég spyr einfaldlega: Líta menn virkilega svo á að þegar niðurstaða Hæstaréttar er að í vissu máli sé brotið gegn stjórnarskránni þá hafi menn árum saman svigrúm til að koma til móts við slíkan dóm? Það er alla vega ákaflega athyglisvert og lýsir ekki mikilli virðingu fyrir stjórnarskrá lýðveldisins ef menn líta þannig á og hafa ekki leitað leiða til að taka á þessu máli með öðrum hætti. Ég segi eins og er: Ég undrast að svo mikill meiri hluti og virðist vera á Alþingi sé fyrir því að þetta sé bara allt í góðu lagi.

Ég held að menn hljóti að velta því fyrir sér hvort þannig yrði litið á önnur mál sem dæmd eru af Hæstarétti sem brot á stjórnarskránni, að það sé í góðu lagi að taka sér þrjú, fjögur ár til að koma til móts við þá niðurstöðu.

Ég vil svo minna á þá gagnrýni sem fram kom við síðustu umræðu um þetta mál varðandi brtt. frá hv. þm. meiri hlutans við frv. eins og það lá fyrir. Þar var opnað fyrir að hægt væri að stækka þá báta upp úr öllu valdi sem fluttir yrðu úr þessu kerfi, þ.e. þeir aðilar sem flyttu veiðirétt úr þessu kerfi gætu komið sér upp bátum, eins stórum og þeir kysu. Það hefði í för með sér þann möguleika að flytja aflaréttindin frá þessum smábátahópi og það gæti orðið býsna afgerandi ef einhverjir teldu sér hag í því. Ég vara við því og tel fulla ástæðu til að hafa áfram í gildi reglur sem gera mögulegt að öðruvísi reglur gildi um smábáta en aðra hluta flotans. Sá möguleiki gæti horfið með því fyrirkomulagi sem þarna yrði leyft. Það gæti komið í veg fyrir að hægt væri að setja öðruvísi reglur um smábáta.

Ég endurtek hins vegar að ég tel ekki að þar eigi 6 tonna stærðin endilega að ráða. Ég held að menn eigi að ræða í fullri alvöru hvar sú lína eigi að liggja, við 7, 8, 9 eða 10 tonn. Ég tel að það hljóti þá að skipta máli til hvers þessir bátar eru notaðir. Þess vegna býst ég ekki við að menn muni fara upp fyrir 10 tonn hvað þetta varðar, þar kemur að því að farið er að nota bátana í önnur verkefni en litlu bátana. Samkvæmt því mælingakerfi sem nú er notað eru bátar upp undir 9–10 tonnum orðnir það stórir að þeir geta þess vegna verið á dragnót og öðrum slíkum veiðum. Ég teldi því eðlilegt að láta þau stærðarmörk ráða því hvort bátar yrðu í smábátaflokki eða ekki, að miðað yrði við þessar hefðubundnu veiðar smábáta.

Mér finnst menn ekki hafa staðið vel að þessum málum. Mér finnst gæta ósamræmis í þessum tillögum. Mér er kunnugt um að þannig var litið á í sjútvn. að ekki væri mögulegt að stækka bátana eins og lögin lágu fyrir. Þegar í ljós kom að skilningur ráðuneytisins var að hægt væri að stækka þá og ráðuneytið lagði til að þessi breyting yrði gerð á lögunum, að gengið yrði frá því að ekki væri hægt að stækka bátana upp fyrir 6 tonn, þá snýst sjútvn. við í málinu og leggur til sérstaka breytingu á þessari tillögu svo hægt yrði að gera það sem hún taldi áður ekki hægt eins og lögin lágu fyrir. Mér finnst þetta svolítið sérkennilegt og finn ekki á því aðra skýringu en þá að á bak við búi einhver hugmynd um að tilteknir aðilar eða hópur fái möguleika til að nýta sér breytinguna. Ég hef áhyggjur af því að þarna sé opnaður farvegur fyrir það að sprengja smábátakerfið í loft upp og koma í veg fyrir að hægt verði að breyta reglum um það í framtíðinni.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál eða ræða um önnur mál í tengslum við það í þetta skipti nema tilefni gefist til og læt því lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[12:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara lýsa því yfir að mér finnst leitt að heyra frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að þingflokkur Samfylkingarinnar geti ekki tekið undir neina af þeim brtt. sem við höfum lagt fram. Tillögur okkar taka vissulega mið af því kerfi sem er í gildi og eru eingöngu ætlaðar til að þeir sem við eiga að búa — menn þurfa náttúrlega að búa við þau lög sem héðan hafa komið meðan þeim er ekki breytt — geti lifað af þann endurskoðunartíma sem liggur fyrir að meiri hluti þingmanna á Alþingi ætlar að taka sér, þ.e. endurskoðunartíma í 1–2 ár. Þess vegna voru þessar tillögur fluttar til að reyna að gera það að verkum að stór hópur manna sem reynt hefur að lifa við leiguliðakerfið sem þeim hefur verið boðið upp á næði að lifa af þennan breytingatíma. Burt séð frá því hvort við höfum aðrar skoðanir á því hvernig framtíðin muni líta út að þessu leyti þá held ég að þetta hefði verið eðlilegt.

Varðandi það sem sagt var um þær tegundir sem við leggjum til að fari út úr kvótakerfinu þá er það einfaldlega þannig að fiskifræðingar leggja til hámarksafla en það er ráðherra sem ákveður hvað fellur undir kvótann. Það var ráðherra sem ákvað að taka steinbítinn inn á sínum tíma og reyndar fleiri fisktegundir sem hafa lent inn í kvótakerfinu á undanförnum missirum.

[13:02]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst það svolítið misvísandi skilaboð hjá mönnum ef menn þurfa að greiða atkvæði með tillögum sem eru allt öðruvísi en tillögur sem þeir hafa lagt fram sjálfir. Mér finnst óþægilegt að greiða atkvæði með tillögum um að gera hlutina allt öðruvísi, svo að ég taki sem dæmi þá tillögu að úthluta bátum veiðiheimildum á allt annan hátt þegar fyrir liggja tillögur frá okkur um annað kerfi og aðrar aðferðir við að koma þessum

verðmætum og réttindum í hendur þeirra sem þurfa að nota þau. Þess vegna er þetta niðurstaðan.

Við vitum að það liggur fyrir að það er vilji meiri hlutans að ekkert verði gert í þessum málum í vetur. Við vitum líka að það er ekki vilji meiri hlutans að samþykkja þær tillögur sem hér liggja fyrir, brtt. frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og Árna Steinari Jóhannssyni. Það mun því ekki breyta miklu hvort Samfylkingin situr hjá við afgreiðslu þessara tillagna. Það er einungis gert til samræmis við þau mál og þær tillögur sem við höfum lagt fyrir hv. Alþingi.

[13:03]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar þegar hann lýsir vonbrigðum sínum með að Samfylkingin skuli ekki geta stutt brtt. okkar. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að fram hafa komið tillögur frá Samfylkingunni. En þær komu fram mjög seint og eru kannski þess vegna síður til umfjöllunar.

Við gerum okkur líka grein fyrir því að ágreiningur er um stefnuna í sjávarútvegsmálum í það heila tekið. Ég vil þá spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson, talsmann Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum, hvort búast megi við því t.d. varðandi störf endurskoðunarnefndarinnar að stefna Samfylkingarinnar verði þannig að annaðhvort séu það þeirra tillögur eða ekkert. Þannig virðast menn ætla að vinna málin. En ég er sannfærður um að þannig eigi það ekki að ganga fyrir sig. Ef til vill verða brtt. frá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og mér felldar. En það er viðleitni til þess að spila með sterkum stjórnarmeirihluta þó að allir geri sér grein fyrir því að báðir flokkarnir, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn, hafa ákveðna stefnu í sjávarútvegsmálum. Þess vegna er spurningin fyrst og fremst sú til hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hvort menn megi búast við því að þetta verði uppleggið í samstarfi og samvinnu um að finna nýjan flöt á fiskveiðistjórnarkerfinu.

[13:05]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allir flokkar hljóta að þurfa að svara því hvernig þeir telja að best sé að gera þessa hluti þegar kemur að því samningaborði sem vonandi verður til. Við höfum ekki séð að það sé til í öllum málum á hv. Alþingi. En við skulum segja að vonandi verði til. Þá kemur auðvitað í ljós hve fast menn halda á grundvallaratriðunum sem þeir hafa lagt undir þá stefnumörkun sem þeir hafa komið sér upp í málunum.

Ég get sagt bara eitt um þetta. Við teljum að margt sé til umræðu hvað varðar stjórn fiskveiða. En það er bara eitt sem getur ekki verið til umræðu og það er að halda áfram að mismuna þeim sem sækja sjó á Íslandi. Samfylkingin hefur a.m.k. mótað þá stefnu að það hljóti að verða að víkja við þessa endurskoðun. Menn hljóta að leita eftir leiðum sem tryggja jafnræði og jafnrétti hvað varðar nýtingu á þessari auðlind. Annað er svo sem allt til umræðu frá hendi Samfylkingarinnar hvað þessi málefni varðar.

[13:06]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekkert um að öll þau stjórnmálaöfl sem eiga fulltrúa í þinginu muni halda fast við sína stefnu í sjávarútvegsmálum við samningaborðið. En ég vil spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson hvort hann telji ekki, miðað við stöðuna og miðað við það að búið er að setja niður nefnd sem á að gera tillögur um endurskoðun á fiskveiðistjórnarkerfinu, að nauðsynlegt hafi verið að vinna tíma þar sem við gerum okkur grein fyrir því að nefndin skilar engum tillögum fyrr en í fyrsta lagi næsta vetur eða næsta haust. Tillöguflutningur okkar, eins og margoft hefur komið fram, byggir náttúrlega fyrst og fremst á því að við gerum okkur grein fyrir nauðsyn þess að framlengja kerfið þannig að við höfum svigrúm til þess að vinna okkur tíma til þess að vinna að þessum tillöguflutningi.

Ég vil enn árétta að það er sjálfsagt ekkert vafamál og ég tel mig fullvissan um það að allir muni halda fram sínum tillögum til breytinga. En mér er jafnljóst að engar brtt. verða settar fram úr þessari nefnd nema menn finni málamiðlunarniðurstöðu. Það er klárt í mínum huga.

[13:08]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er því miður ekki sama sinnis og hv. þm. Ég tel mig ekki hafa neina vissu fyrir því að þær tillögur sem komi frá þessum nefndum verði samkomulagsniðurstaða. Vonandi verða þær það. Það segi ég sannarlega. En ég sé ekki ástæðu til þess fyrir fram að vera viss um það.

Hvort ekki hafi verið ástæða til þess að vinna tíma til þess að vinna að þessum að málum. Það má vel vera að það þurfi einfaldlega vegna þess að þeir sem stjórna í þessu landi ætla sér að hafa þennan langa tíma til að taka á málinu. En það sem ég hef verið að gagnrýna er að ég tel að þær aðferðir sem hér eru notaðar séu ekki boðlegar Alþingi. Menn hefðu átt og borið skylda til að velja leiðir sem uppfylltu þá niðurstöðu Hæstaréttar og síðan Alþingis að það hefði verið brot á stjórnarskránni að gefa út þessi veiðileyfi og þá áttu menn sér ekki undankomu auðið. Menn áttu auðvitað að ganga til móts við þessa niðurstöðu og breyta úthlutunarreglum fyrir þessa báta þannig að allir fengju þarna veiðileyfi. Hvað annað? En að ætla sér að halda áfram að brjóta stjórnarskrána árum saman eftir að dómur Hæstaréttar liggur fyrir er auðvitað fráleitt og Alþingi bókstaflega til hreinnar skammar að gera það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 628. mál. — Þskj. 1108.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 3. umr.

Frv. landbn., 625. mál (lánsheimildir). — Þskj. 1090.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:10]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Brunavarnir, 485. mál, nál. umhvn., þskj. 1249; brtt. umhvn., þskj. 1250.

Framkvæmd vegáætlunar 1999, 638. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1265.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 553. mál, nál. 1. minni hluta landbn., þskj. 1267; brtt. ÞBack, þskj. 1268.

Umræður utan dagskrár.

Einkaframkvæmd við byggingu og rekstur hjúkrunarheimilis í Sóltúni.

[13:31]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Stórfyrirtækin Securitas og Íslenskir aðalverktakar hafa sem kunnugt er ákveðið að hasla sér völl innan heilbrigðisþjónustunnar og hyggjast reisa og reka elliheimili en það er mat margra að af þessu megi hafa góðan arð, þ.e. ef samningamenn hins opinbera eru skilningsríkir og jákvæðir gagnvart þeirri grundvallarbreytingu að hætta að líta á velferðarkerfið fyrst og fremst sem þjónustuaðila heldur sem hverja aðra atvinnustarfsemi þar sem arðsemiskröfur ráði för.

Securitas og Íslenskir aðalverktakar koma nú fram á sviðið í nýju hlutverki og undir nýju heiti. Fyrirtækið, sem heitir Öldungur hf., hefur nú gert samning við ríkisstjórnina um að reisa elliheimili fyrir 92 vistmenn að Sóltúni 2 í Reykjavík. Fyrir þetta fær fyrirtækið 11,8 milljarða og gildir samningurinn í aldarfjórðung. Eftir þann tíma mun Öldungur hf. eiga stofnunina.

Ég læt hér liggja á milli hluta hversu óhagkvæmt þetta er fyrir skattborgarann og notandann sem á yfir höfði sér þá hótun ríkisstjórnarinnar að þjónustugjöld verði aukin í tengslum við þessa einkaframkvæmd ofan á tilkostnað skattborgarans. Ég ætla ekki heldur að ræða á þessu stigi hagsmuni starfsfólksins sem ég tel vera verr borgið í þessu nýja fyrirkomulagi þrátt fyrir yfirlýsingar talsmanns Securitas um hið gagnstæða heldur ætla ég fyrst og fremst að einbeita mér að því að fá svör og upplýsingar frá hendi hæstv. heilbrrh. um þennan makalausa samning.

Í fyrsta lagi. Hver er tilgangurinn með því að bjóða út hjúkrunarheimili fyrir aldraða í einkaframkvæmd?

Í öðru lagi. Ef tilgangurinn er sá að ná sem hagkvæmustum samningum fyrir ríkið hvernig stendur þá á því að Hrafnistu var ekki gert kleift að bjóða í heimilið og samnýta ýmsa stoðþjónustu sem er fyrir hendi hjá DAS eins og t.d. eldhús, sjúkraþjálfun, þvottahús og yfirstjórn, en slíkt hlýtur að vera hagkvæmt fyrir alla aðila eins og stjórnvöld gerðu reyndar gagnvart Sunnuhlíðarsamtökunum við fjölgun hjúkrunarrýma þar?

Í þriðja lagi. Hvernig útskýrir hæstv. heilbrrh. þann mikla mismun sem er á daggjöldum til Sóltúns annars vegar og til annarra daggjaldastofnana hins vegar? Samkvæmt auglýsingu um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum daggjöldum er rekstrardaggjald fyrir fyrsta flokk hjúkrunarþyngdar samkvæmt RAI meira en 1,05, 10.250 kr., en í samningnum við Öldung hf. er gengið út frá að þetta gjald sé 11.880 kr. Auk þess fær Öldungur hf. daggjald vegna húsnæðis 2.420 kr. á legudag en aðrar stofnanir fá ekkert vegna húsnæðis. Samtals fær því Öldungur hf. 14.330 kr. fyrir hvern vistmann á dag. Miðað við 92 vistmenn gerir það rúmar 1,3 millj. kr. á dag eða tæpar 40 millj. kr. á mánuði.

Í fjórða lagi. Í samningnum við Öldung hf. er gert ráð fyrir að stöðugildi við hjúkrun séu 73,2. Þar af eru stöðugildi hjúkrunarfræðinga 15,8 og sjúkraliða 52. Nú hefur gengið mjög erfiðlega að manna heilbrigðisstofnanir með hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Hvernig hyggst heilbrrn. framfylgja því að Öldungur hf. standi við þetta atriði samningsins og til hvaða aðgerða verður gripið ef ekki tekst að uppfylla þetta atriði?

Í fimmta lagi. Hver hefur verið verkaskipting á milli heilbrrh. og fjmrh. við gerð samningsins við Öldung hf.?

[13:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Í 1. maí ræðu hélt málshefjandi því fram að samningurinn um Sóltúnsheimilið væri dæmi um pólitíska spillingu og fullyrti að á vegum ríkisstjórnarinnar væru starfandi ráðgjafar til að gæta þess að gróðaliðið næði sínu fram, eins og hv. 13. þm. Reykv. orðaði það svo smekklega á 1. maí. Ég bið hv. 13. þm. Reykv. að finna orðum sínum stað.

Virðulegi forseti. Fæst hjúkrunar- og dvalarheimili eru ríkisrekin á Íslandi. Þau eru annaðhvort rekin af sveitarfélögum en þó einkum sjálfseignarstofnunum í eigu félagasamtaka. Þetta eru sjálfseignarstofnanir sem eiga sér langa og merkilega sögu og hafa skilað heiðarlegu og góðu verki í íslensku samfélagi.

En hver er munurinn á Öldungi hf., sem sjá mun um Sóltúnsheimilið, og Hrafnistu og Grund? Munurinn er sá að Öldungur hf. er einkafyrirtæki en hin sjálfseignarstofnanir. Fyrir fram er engin ástæða til að ætla að fyrirtækið skili ekki eins góðri þjónustu.

Það er fullyrt opinberlega, m.a. af hálfu hv. 8. þm. Reykv., að gert hafi verið sérstaklega vel við Öldung hf. í daggjöldum og sama málflutningi heldur hv. málshefjandi uppi með 2. spurningu sinni sem hér liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Daggjöld á hjúkrunar- og dvalarheimilum eru frá áramótum ákvörðuð á grundvelli RAI-mats sem er alþjóðlegur mælikvarði á hjúkrunarþyngd sjúklinga. Þau eru í sjö flokkum sem eru og verða verðlagðir með mismunandi hætti allt eftir þörf vistmanna fyrir þjónustu og aðhlynningu. Þannig eru daggjöldin ekki lengur ákvörðuð á grundvelli tilfinninga fyrir hjúkrunarþyngd sjúklinga, hér er beitt samræmdu hlutlægu mati á öllum stofnunum, hjá Grund, DAS og nú síðast hjá Öldungi hf. Það eru stofnanirnar sjálfar sem meta sjúklingana á grundvelli þessa mats undir eftirliti RAI-matsnefndar sem starfar á vegum ráðuneytisins. Ef forsvarsmenn stofnana koma núna og telja sig vera með þyngri sjúklinga en RAI-matið segir til um og að þeir séu

þess vegna með of lág daggjöld, þá er eitthvað að matinu sem þeir gera eða þá að þörf vistmanna fyrir þjónustu hefur breyst og aukist.

Vera kann að breyta þurfi daggjöldum á grundvelli RAI-matsins hjá einhverjum stofnunum en þau geta bæði lækkað og hækkað. Sú hækkun eða lækkun verður ekki gerð á grundvelli samningsins um Sóltúnsheimilið heldur á grundvelli RAI-matsins.

Virðulegi forseti. Tilgangurinn með Sóltúnssamningnum er að mæta brýnni þörf fyrir mjög veika aldraða einstaklinga á Reykjavíkursvæðinu sem nú liggja inni á sjúkrahúsum þar sem kostnaður á rúm er langtum hærri en verður á Sóltúnsheimilinu. Rekstrarkostnaður á legudag er um 20 þús. kr. á bráðadeild en hann er um 16.500 á öldrunarlækningadeild og verður um 12 þús. kr. í Sóltúni. Með einkaframkvæmd teljum við okkur því hafa náð góðum samningum á grundvelli strangra faglegra skilyrða.

Í öðru lagi er það rangt að Hrafnistu hafi verið meinað að bjóða í framkvæmdina. Forval var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og mér þykir það sjálfri miður að sjálfseignarstofnanir sem þekktar eru fyrir góðan rekstur og þjónustu skyldu ekki hafa boðið í framkvæmdina.

Sem svar við fjórðu og fimmtu spurningu vil ég segja þetta: Heilbrrn. mun sjá til þess að faglega verði staðið við samningana af hálfu Öldungs hf. Samningsgerðin var á forræði heilbr.- og trmrn. en fjmrn. kom að gerð samningsins svo sem venja er þegar um fjárskuldbindingar er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég kem nánar inn á daggjöld í seinni ræðu minni.

[13:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á sl. ári hélt Íslandsbanki ráðstefnu um einkaframkvæmd og var þangað boðið merkum talsmönnum slíks fyrirkomulags erlendis frá. Þarna mætti ég og auk þess voru þarna tveir ráðherrar sitjandi ríkisstjórnar, enda mikill áhugi í þeim herbúðum á einkavæðingu hvers konar svo sem alþekkt er.

Sérstaka athygli mína vakti að þarna kom fram í fyrirlestrum hinna erlendu gesta að þeir mæltu ákaft með einkaframkvæmd þegar um væri að ræða verklegar framkvæmdir en drógu hins vegar mjög úr þegar um væri að ræða rekstur, enda væru þeir sem við stjórnvölinn sætu í slíkum fyrirtækjum sem tækju að sér einkaframkvæmd sérfræðingar í framkvæmdum en ekki rekstri.

En hæstv. ríkisstjórn er kaþólskari en páfinn í þessum efnum. Nú er búið að semja um rekstur hjúkrunarheimilis við Íslenska aðalverktaka og fyrirtækið Securitas og opnast nú skyndilega allar gullkistur ríkisstjórnarinnar, þær sem hún hefur setið á og skammtað úr fjármagn til slíkra stofnana. Svo naumt hefur verið skammtað að virðulegum líknarfélögum sem hafa rekið stofnanir hér um árabil af mikilli fyrirhyggju og útsjónarsemi liggur við gjaldþroti því að alls ekki hefur verið léð máls á að hækka við þær daggjöld á undanförnum árum. Nú er Elliheimilið Grund búið að vísa daggjaldamálum sínum í Hæstarétt til að reyna að forða því að stofnunin verði tekin í gjaldþrot því tugmilljóna króna tap hefur verið á rekstrinum undanfarin ár.

Nú spyr ég, hæstv. forseti: Hversu langt ætlar ríkisstjórnin að ganga til að geta leyft verktakafyrirtækjum að spreyta sig á rekstri hjúkrunarheimila fyrir gamalt fólk með því yfirlýsta markmiði að græða á því peninga?

[13:42]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Sterk hefð er fyrir því að einkaaðilar eða sjálfseignarstofnanir reki öldrunarþjónustu hér á landi. Það er stefna þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að auka fjölbreytni í rekstri heilbrigðisstofnana og í auknum mæli að færa ábyrgð á rekstri einstakra þátta heilbrigðisþjónustunnar til einkaaðila eða annarra aðila samkvæmt sérstökum samningum. Þessi stefna er skýr en það þarf að framfylgja henni í auknari mæli hér eftir en hingað til.

Hér er til umræðu samningur sem fjmrh. og heilbrrh. hafa nýlega undirritað við einkaaðila um byggingu og rekstur hjúkrunarheimilis fyrir aldraða við Sóltún. Það hefur m.a. verið gagnrýnt að kostnaður sem ætlaður er til reksturs heimilisins sé hærri en við aðrar stofnanir fyrir aldraða. Í þessu sambandi verður að hafa eftirfarandi í huga:

Nýtt hjúkrunarheimili mun einkum þjóna öldruðum einstaklingum sem þarfnast mikillar hjúkrunar og sem að öðrum kosti væru vistaðir á sjúkrahúsum. Í því felst að auknar kröfur eru gerðar til fjölda starfsmanna og aðbúnað á heimilinu. Daggjöld á hinu nýja heimili eru um 14.300 á dag en kostnaður við vistun sama einstaklings á sjúkrahúsi er á bilinu 20–30 þús. á dag ef viðkomandi liggur á öldrunardeild en mun meiri ef hann liggur á venjulegri sjúkradeild. Í þessu felst töluverður sparnaður í rekstri heilbrigðisþjónustu því fjölmargir aldraðir einstaklingar liggja nú á sjúkrahúsum sem ættu í raun réttri að vera á hjúkrunarheimili.

Til grundvallar mati á kostnaði við rekstur þessa heimilis var lögð umfangsmikil þarfagreining þar sem allir þættir í uppbyggingu og starfsemi heimilisins voru skoðaðir. Þetta eru fyrirmyndarvinnubrögð og því vænti ég að staðlar sem settir voru þar um gæði þjónustu, aðbúnað og mönnun verði hafðir til hliðsjónar í öldrunarþjónustu í framtíðinni. Ákvörðun um daggjöld til heimilisins setur einnig viðmið um kostnað við umönnun þyngstu skjólstæðinga öldrunarþjónustunnar. Það ætti að skapa grundvöll fyrir hugsanlega endurskoðun á kostnaði við rekstur annarra heimila þar sem samsetning íbúa með tilliti til þjónustuþarfar er önnur.

[13:44]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við ákvörðun um byggingu og rekstur nýs hjúkrunarheimilis í Reykjavík var framfylgt stefnu stjórnvalda á áætlun um einkavæðingu. Nú hefur útboðið farið fram og ljóst er að enn fleiri spurningum en fram komu í fyrirspurnatíma hér á Alþingi þann 23. febrúar sl. er ósvarað. Það er mikilvægt að hæstv. heilbrrh. geri Alþingi grein fyrir því hvernig þetta einkavæðingarmál hins nýja hjúkrunarheimilis Sóltúns hefur þróast. Það mun hæstv. heilbrrh. ekki geta gert með fullnægjandi hætti í stuttu svari svo best væri að fá skýrslu um málið, þ.e. hvernig á og á hvaða forsendum útboðslýsingar Sóltúns mótuðust. Hvaða kröfur voru gerðar um þjónustu miðað við önnur hjúkrunarheimili? Því spyr ég hæstv. heilbrrh. hvort fækka eigi hjúkrunarrýmum fyrir aldraða þar sem greinilega á að taka úr sameiginlegum sjóði miklu hærri rekstrargjöld til einkavæddra hjúkrunarheimila en til annarra eða hvort stórhækka eigi framlög til þessa reksturs. Valið stendur á milli þessara tveggja kosta því að jafnræðisreglan hlýtur að gilda hvað varðar rekstrargrunn hjúkrunarheimila í landinu. Fram hefur komið að framlag til reksturs hjúkrunarheimilisins Sóltúns í Reykjavík verði hærra en til annarra hjúkrunarheimila og skýrt með því að

hjúkrunarþyngdin verði meiri en á öðrum heimilum. Einnig hefur heyrst að reka eigi Sóltún sem hátæknihjúkrunarheimili og rétt væri að fá svör við því hvort það skilyrði hafi komið fram við útboðslýsingu og í samningi við Öldung hf. hvað felst í þeirri skilgreiningu.

Herra forseti. Það verður að vera alveg ljóst hver munurinn verður á þjónustu hins einkarekna hjúkrunarheimilis Sóltúns og annarra hjúkrunarheimila með tilliti til hins mikla verðmunar á daggjöldum á milli heimila.

Herra forseti. Ég hef miklar áhyggjur af þróun þessara mála í framtíðinni, þ.e. ef umönnun sjúkra/aldraðra á að byggjast á atvinnusjónarmiðum fjárfesta. En ég fagna því að byggð skuli vera fleiri hjúkrunarheimili.

[13:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Í þessari umræðu þarf að svara tveimur meginspurningum. Annars vegar: Er verið að marka grundvallarbreytingu á rekstri heilbrigðiskerfisins á Íslandi? Svarið við því er nei. Einkaaðilar reka í dag fjölmörg hjúkrunar- og vistheimili og ýmsar heilbrigðisstofnanir við hlið ríkisrekinna heilbrigðisstofnana. Enginn getur með góðu móti haldið því fram að stofnanir á borð við Grund, Hrafnistu og heilsustofnun Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði séu illa reknar eða hafi mistekist, heldur þvert á móti.

Í öðru lagi hljótum við að þurfa að svara þeirri spurningu hvort hér sé verið að draga úr þjónustu við sjúka aldraða. Svar við þeirri spurningu er líka nei. Þvert á móti er verið að gera samning sem kveður á um betri búnað, meiri umönnun og rýmra húsnæði á sjúkling en þekkist í kerfinu í dag. Hér er verið að stíga merkilegt skref fram á við hvað varðar umönnun sjúkra aldraðra.

Hugsanlega mætti gagnrýna harða kröfu hæstv. heilbrrh. um jafnvel of hátt þjónustustig. Í kjölfarið er ekki ósennilegt að sambærilegar stofnanir vilji ná sama þjónustustigi. En, herra forseti, einhvern tíma hefðu slíkt þótt jákvæð tíðindi. Varla er hægt að mæla gegn því að nú skuli stigið enn eitt skref til að hlúa vel að öldruðum sjúkum í íslensku samfélagi. Það er kjarni málsins en það kostar auðvitað sitt.

[13:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðuleg forseti. Hæstv. heilbrrh. spurði einmitt réttu spurninganna. Hún spurði: Hver er munurinn á Öldungi hf., hlutafélagi og mannúðar- og sjálfseignarstofnunum annars vegar og ríkinu og sveitarfélögum? Hver er munurinn á hlutafélagi sem hefur það markmið að hagnast og hins vegar mannúðarstofnunum og hinu opinbera?

Grundvallarmunurinn er vitaskuld sá að fyrirtækið Öldungur hf. ætlar að hagnast á fjárfestingu sinni á meðan hin reka heimili sín á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Á þessu er grundvallarmunur og ég held að svar hæstv. heilbrrh. við þessari spurningu hafi einmitt verið kolrangt.

Í raun og veru er það þannig, virðulegi forseti, að sú hugmyndafræði sem verið er að bera á borð minnir um margt á niðurboð á niðursetningum fyrri ára, þ.e. þeir sem lægst bjóða til að sjá um fólkið fái að þjónusta það. Það er í raun og veru sú hugmyndafræði sem er að baki og mér finnst það alls ekki við hæfi í umræðunni að þessum hugmyndum sem hér er verið að ræða sé jafnað við hugmyndir eða rekstur sem hefur byggt á hugmyndum verkalýðshreyfingarinnar, sjómannasamtaka og annarra slíkra sem hafa að meginstofni til stofnað til þess reksturs sem vitnað hefur til á Grund, DAS og víðar.

Virðulegi forseti. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða hvað varðar hugmyndafræði að baki því að þjónusta aldraða á ævikvöldinu. Maður skyldi, virðulegi forseti, kannski ætla að það væri þá eitthvað á bak við þetta, hugsanlega einhver fjármálasnilld eða eitthvað þess háttar en það er ekki. Það er ekki, virðulegi forseti, því að þá á að muna upp undir 40–70% hvað þetta á að vera dýrara en það sem nú tíðkast þannig að, virðulegi forseti, það er alveg ljóst að mannúðarsjónarmiðunum er kastað fyrir róða. Þetta er mun dýrara og ég held að hæstv. heilbrrh. skuldi okkur einhverja skýringu á því hvernig í ósköpunum á því standi að þessi hugmyndafræði er borin á torg.

[13:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það vakti nokkra athygli mína þegar birtist í ágætu blaði, Degi, að þetta væntanlega hjúkrunarheimili yrði miklu flottara og dýrara. Nú er það svo að Hrafnistumenn hafa ekki haft á móti einkaframtakinu sem slíku. En þegar litið er til þess að í mörg ár, allar götur frá 1990, hafa þessi hjúkrunarheimili, Grund, Hrafnista og fleiri verið að reyna að ná samkomulagi við heilbrrn. um daggjöld án þess að nokkur árangur hafi náðst og það einkennilega hefur gerst að ráðuneytið hefur ákveðið einhliða hvað það vill borga fyrir þjónustuna. Ekki hefur náðst umræðugrundvöllur um þennan mikilvæga þátt.

Í annan stað er merkilegt að hlusta á það sem hv. þm. Hjálmar Árnason kom hér inn á og fullyrðir að hér muni verða betri búnaður, betri þjónusta, rýmra húsnæði og betur verði hlúð að þeim öldruðu. Það liggur alveg ljóst fyrir að í þeim rekstri sem við er að etja í dag þar sem heimili sem eru orðin 40–50 ára gömul, börn síns tíma, er miklu dýrara að þjónusta þunga aldraða sjúklinga en í húsnæði sem nú stendur til að tryggja. En samt verður þar miklu meiri og hærri greiðsla en til þeirra heimila sem fyrir eru.

Það er líka annað í þessu sem hér hefur komið fram. Það er talað um að svokallað RAI-mat muni ráða. Það vantar samt enn á að RAI-matið sé í samræmi við væntanlegt hjúkrunarheimili og eins og það er við þau hjúkrunarheimili sem eru þegar starfrækt í dag. RAI-matið er 60% af heildarþjónustunni. Hver á hin þjónustan að vera? Það vantar skilgreiningu frá ráðuneytinu um það mál þannig að það er nokkuð margt óljóst enn þá í þessu þó að við fögnum því auðvitað að við sjáum fram á verulega hærri daggjöld til annarra öldrunarstofnana sem eru þegar fyrir í dag og það er kannski það góða sem fram undan er.

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel að með útboði ríkisstjórnarinnar á hjúkrunarheimili fyrir aldraða og samningum hæstv. heilbrrh. sé verið að færa til víglínu í íslenskum stjórnmálum. Það er verið að rjúfa þá samstöðu sem lengi var til staðar í íslensku samfélagi um samábyrgt velferðarkerfi þar sem þjónustan við og umhyggjan fyrir þeim sem þurftu á þjónustu að halda var sett í öndvegi en gróðasjónarmiðunum haldið úti.

Sjálfseignarstofnanir á vegum félagasamtaka og annar slíkur rekstur er í grundvallaratriðum ólíkur því sem hér er að gerast. Nú á að græða á þessum rekstri og arður verður dreginn út úr rekstrinum og rennur í vasa eigendanna. Í tilviki sjálfseignarstofnana eða rekstrar á vegum félagasamtaka hefur hver króna farið í uppbyggingu stofnana og þjónustu og oftar en ekki hafa slíkir aðilar bætt við fé úr

söfnunum og öðru slíku til uppbyggingarinnar. Þar fyrir utan á hér að binda hendur ríkisins í 25 ár en einkarekstraraðilar hafa allt sitt á þurru. Engu slíku hefur verið fyrir að fara í þeim tilvikum sem menn hafa rekið sjálfseignarstofnanir eða aðrar slíkar stofnanir á daggjöldum. Þetta verður dýrara fyrir ríkið og hætta er á verri þjónustu eins og dæmin sýna alls staðar erlendis frá. Það er sorglegt, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. Framsfl. skuli vera með þessum hætti spenntur fyrir frjálshyggjuvagninn. Ég leyfi mér að segja það, herra forseti, það er að mínu mati langt síðan einn íslenskur heilbrrh. hefur unnið óþarfara verk.

[13:55]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það hljómar dálítið einkennilega þegar það er sagt í umræðum að heilbrrh. hafi unnið óþarfaverk með því að semja um byggingu á nýju hjúkrunar- og dvalarheimili. Þetta heimili er byggt til að bæta úr brýnni þörf og engin ástæða er til að útiloka nýja aðferð í þessu skyni sem er einkaframkvæmd en auðvitað verða menn að draga af henni lærdóma og í þessu tilfelli er samið um hátt þjónustustig og ætlast til að þar verði sjúklingar með mikla hjúkrunarþyngd.

Það hefur verið þannig í spítalakerfinu á Íslandi að það hefur verið talið eitt af þeim atriðum þar sem skórinn kreppir að að langlegusjúklingar liggi í of ríkum mæli inni á hátæknisjúkrahúsum. En það er of langt mál til að fara út í það hér. Því hefur verið haldið fram að mannúðarsjónarmiðum hafi verið kastað fyrir róða. Því fer víðs fjarri.

Það er nú þannig að skilgreiningar á þjónustu eru afar mikilvægar í þessu sambandi og að skilgreina þjónustuna eftir þeim markmiðum sem við höfum um velferðarkerfið í landinu og hafa síðan eftirlit með samningnum, að sá samningur sé haldinn. Ég næ ekki upp í þá fornaldarhugsun sem kemur fram hjá vinstri grænum og Samfylkingunni í þessu efni. Ég verð að segja það alveg eins og er að útiloka þennan möguleika en hins vegar er hér um vandasama framkvæmd að ræða en ég tel að það sé vel þess virði að ráðast í hana og það bætir úr brýnni þörf í þessum efnum að ráðast í þessa framkvæmd.

[13:57]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. hóf mál sitt á því að sér þætti ómaklegar fullyrðingar mínar í ræðu sem ég flutti 1. maí um að innan stjórnsýslunnar væru á vegum ríkisstjórnarinnar aðilar sem greiddu götu fyrirtækja sem vildu komast yfir almannaeignir. Ég stend við þessar fullyrðingar.

Í öðru lagi ef það er svo að Framsfl. sjái ekki muninn á almannaþjónustu sem veitt er af aðilum sem sprottnir eru upp úr verkalýðshreyfingu eða samtökum sjúklinga annars vegar og hins vegar hlutafélaga sem eru að hasla sér völl á þessu sviði til að hafa af því arð, þá spyr ég á móti: Hver er munurinn á Framsfl. annars vegar og frjálshyggjudeild Sjálfstfl. hins vegar? Ég sé ekki þann mun.

Í þriðja lagi varðandi þá staðhæfingu hæstv. ráðherra að nú séu ekki tilfinningar heldur hlutlægt mat sem ráði för vil ég benda á að þegar reiknuð er út hjúkrunarþjónusta á hjúkrunarheimilum, þá er reiknað samkvæmt ákveðnum formúlum hversu margir tímar á viku fari í hvern einstakling, hvern vistmann. Samkvæmt útreikningum sem gerðar hafa verið, þá eru hjúkrunarstundir á Sóltúni 4,58 á viku, Hrafnistu í Hafnarfirði 4,84, Hrafnistu í Reykjavík 4,36. Hjúkrunarstundir á viku eru því mjög ámóta á þessum þremur hjúkrunarheimilum sem sýnir að rökin fyrir hærri daggjöldum á Sóltúni vegna erfiðari sjúklinga, sem kalla á meiri hjúkrun, stenst ekki. Ef eitthvað ætti að vera, þá ætti Hrafnista í Hafnarfirði að fá mest.

Í fjórða lagi er harmað að DAS skyldi ekki hafa boðið í þessa starfsemi en ég vil benda á að þar voru DAS reistar mjög strangar skorður, máttu ekki reikna með þeirri stoðþjónustu sem stofnunin hefur upp á að bjóða heldur var gert að stofna um það sérstakt fyrirtæki þar sem hvert seldi öðru. Þetta er augljóslega skattborgaranum í óhag.

Varðandi þá fullyrðingu sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni þá væri búið að bæta úr þessari þörf ef menn hefðu ráðist í þá byggingu sem stóð til að ráðast í á vegum Hrafnistu á sínum tíma. Niðurstaða mín, herra forseti, í lokaorðum er sú að við lítum á þetta sem svo alvarlegt mál að við höfum óskað eftir því við ríkisendurskoðanda að gerð verði rannsókn á málinu.

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það er mikilvægt að ræða þetta. Aðalmarkmiðið er að veita sem besta þjónustu þannig að þeir aldraðir sjúkir sem nú eru á stofnunum eða sjúkrahúsum fari inn á þetta hjúkrunarheimili. Að því erum við að vinna.

Hér hefur verið talað um daggjöldin, að þau væru mismunandi. Frá og með áramótum er reiknað með þessu RAI-mati sem hér kom fram áðan og það er það sem við reiknum með. Það er þá ekki byggt á einhverri tilfinningu heldur á mælistiku sem er notuð alls staðar annars staðar í kringum okkur.

Af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan að t.d. hjúkrunarþyngd væri meiri á DAS en við greiddum fyrir, þá vorum við að fá síðla í gær nýtt hjúkrunarmat þaðan. Og það er auðvitað ekki búið að taka á því. Það hljóta allir að skilja því að menn hafa verið að endurskoða hjúkrunarþyngdina einmitt á síðustu dögum.

En markmið mitt frá því að ég settist í stól heilbrrh. hefur verið og mun verða að sem flestir og allir fái þá bestu mögulegu þjónustu sem hægt er að veita á hverjum tíma. Af því að hér kom líka fram að hér hefur verið beðið um að Ríkisendurskoðun fari í gegnum samninginn sem gerður var, þá fagna ég því alveg sérstaklega því að við höfum aldrei gert jafnnákvæma þarfagreiningu og einmitt núna og útboðslýsingin er svo nákvæm og það eru gerðar það miklar kröfur að ég held að það sé gott fyrir okkur öll að fá þá úttekt.

[14:02]

Útbýting þingskjala:

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 524. mál, brtt. RG og ÁRJ, þskj. 1279.

Óhöpp og slys vegna búfjár á þjóðvegum landsins, 640. mál, fsp. SJS, þskj. 1273.

Slys vegna búfjár á þjóðvegum landsins, 639. mál, fsp. SJS, þskj. 1272.

Slys vegna búfjár á þjóðvegum landsins, 641. mál, fsp. SJS, þskj. 1274.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 502. mál, brtt. MF og JÁ, þskj. 1275.

Fæðingar- og foreldraorlof, frh. 2. umr.

Stjfrv., 623. mál (heildarlög, breyting ýmissa laga). — Þskj. 1065, nál. 1152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–38. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 373, nál. 1136, brtt. 1137 og 1138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1137,1 (ný 2. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1137,2 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1138,1 felld með 30:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, HÁs, SF, SP, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1138,2 felld með 32:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, HÁs, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1137,3 samþ. með 55 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1138,3 felld með 32:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HÁs, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1138,4 felld með 32:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, HÁs, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1137,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1138,5 felld með 31:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, HÁs, ÓÖH, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1137,5 samþ. með 54 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1138,6 felld með 31:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, HÁs, ÓÖH, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1137,6 samþ. með 54 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1137,7 samþ. með 54 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1137,8 samþ. með 54 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
12.–15. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1137,9 samþ. með 54 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1137,10 samþ. með 47 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1137,11 samþ. með 54 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1138,7 felld með 30:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HÁs, ÓÖH, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

20.–25. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1137,12 samþ. með 55 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
27.–28. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1137,13 (ný 29. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1137,14 (ný grein, verður 30. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
30. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1137,15 samþ. með 54 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Ályktanir Vestnorræna ráðsins, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 461. mál. — Þskj. 739, nál. 1170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
Brtt. í nál. 1170 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, HÁs, KHG, KLM, SighB, SF, SP, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1277).

Sóttvarnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 490. mál (samstarfsnefnd, kostnaður o.fl.). — Þskj. 772, nál. 1167, brtt. 1168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Brtt. 1168,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1168,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1168,3 samþ. með 53 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1168,4 (ný grein, verður 6. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 556. mál (hreindýr). — Þskj. 858, nál. 1166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Brtt. í nál. 1166 samþ. með 56 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 559. mál (nálgunarbann). — Þskj. 861, nál. 1165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Skipan nefndar um sveigjanleg starfslok, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 312. mál. — Þskj. 562, nál. 1163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Tillgr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

8 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1285).

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 524. mál (gjaldtökuheimild o.fl.). — Þskj. 825, nál. 1157, brtt. 1158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]

Brtt. 1158,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun sitja hjá í þessu máli við 2. umr. Við jafnaðarmenn í iðnn. erum með brtt. við 3. umr. um að fyrir auðlindir á hafsbotni, ekki aðeins ólífrænar heldur einnig lífrænar, beri að greiða auðlindagjald auk þess að útboð skuli fara fram um hver skuli hljóta aðgang að þeim auðlindum.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1158,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BBj, GuðjG, GÁS, JóhS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BBj, GuðjG, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1158,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, BBj, GuðjG, GÁS, JóhS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1158,4 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BBj, GuðjG, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, KHG, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1158,5 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

14 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, RG*, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, BH, GE, JóhS, KLM, MF, SighB, SJóh, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, LB, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Könnun á læsi fullorðinna, frh. síðari umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 55. mál. — Þskj. 55, nál. 1156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]

Tillgr. samþ. með 50:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, KPál.

11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HBl, RG, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, KPál.

9 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1286).

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Frv. GAK, 229. mál (veiðar umfram aflamark). — Þskj. 275, nál. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]

Till. í nál. 1184 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 56 shlj. atkv.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Frv. EKG og EOK, 231. mál (fasteignagjöld). — Þskj. 278, nál. 1185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:36]

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (LMR) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, GE, GÁS, JóhS, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Frv. umhvn., 635. mál (hættumatsnefnd). — Þskj. 1164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Varðveisla báta og skipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. sjútvn., 636. mál. — Þskj. 1186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 225. mál (fjöldauppsagnir). — Þskj. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
24 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Verið er að greiða atkvæði um frv. sem lagt var fyrir Alþingi í fullkominni andstöðu við þau samtök launafólks sem lögin taka til, BSRB, BHM og Kennarasamband Íslands. Þetta er því verra sem lagabálkurinn sem verið er að gera breytingar á og var lögfestur árið 1986 var byggður á kjarasamningum og samkomulagi sem gert var í kjölfar hans. Í umræðum sem fram fóru á þinginu þegar frv. var fest í lög lýsti flm., þáv. fjmrh., Þorsteinn Pálsson, fyrir hönd ríkisstjórnar og allir sem fjölluðu um málið, bæði úr stjórnarliði og stjórnarandstöðu, þeim skilningi að virða bæri það samkomulag sem gert hefði verið og frv. var reist á, enda væri grundvallaratriði að um þær reglur sem gilda um verkföll og kjarasamninga væri sátt á milli aðila.

Ég hef gert grein fyrir þessu sjónarmiði í umræðum um þetta frv. sem ég get ekki stutt með hliðsjón af þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið. Fyrrnefnd samtök hafa lýst vilja til að taka lagabálkinn allan til endurskoðunar og hefur hæstv. fjmrh. tekið undir það í umræðu um þetta mál á Alþingi. Með það í huga að samkomulag náist um niðurstöðu og það samkomulag verði virt mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðsluna og sjá hverju fram vindur.

[14:40]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er hv. Alþingi að koma verkalýðshreyfingunni til hjálpar vegna upplausnar vegna stofnunar nýrra stéttarfélaga þannig að forustumenn opinberra stéttarfélaga verði trúverðugir. Að þeir hafi umboð fyrir það fólk sem þeir þykjast vera að semja fyrir eða að eitthvað sé að marka undirskriftir þeirra. Ég styð þetta frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1287).

Veitinga- og gististaðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 406. mál (nektardansstaðir o.fl.). — Þskj. 664, nál. 1202 og 1261, brtt. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]
Brtt. 1203,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1203,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
[14:42]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við atkvæðagreiðslu við 2. gr. gengur málið hratt fyrir sig. Ég hefði viljað að sératkvæðagreiðsla yrði við d-lið þar sem stendur „sýningu á nektardansi“. Ég hefði viljað, herra forseti, að það væri sératkvæðagreiðsla um það ákvæði en aðra liði er ég reiðubúinn að styðja.

Ég vonast til að hæstv. forseti geti endurtekið atkvæðagreiðsluna þannig að þessi vilji komi fram.

2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
2 þm. (JB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, IP, KolH, SighB, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1203,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
3 þm. (ÁSJ, JB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, IP, KolH, KHG, SighB, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Bílaleigur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 570. mál. — Þskj. 872, nál. 1206, brtt. 1207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Brtt. 1207,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1207,2–9 samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–10. gr., svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Rannsókn sjóslysa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 869, nál. 1208, brtt. 1209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1209,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1209,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1209,3 (ný 6. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
7.–18. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Siglingalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 568. mál (sjópróf). — Þskj. 870, nál. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–9. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 569. mál (undanþágur). — Þskj. 871, nál. 1211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, frh. 2. umr.

Stjfrv., 468. mál. — Þskj. 747, nál. 1212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 831, nál. 1227, brtt. 1228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]
Brtt. 1228,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, KHG, ÓÖH, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[14:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frv. sem ég lýsti mjög eindreginni andstöðu við þegar það kom fyrst til umræðu í þinginu. Um er að ræða að gera Samábyrgð Íslands á fiskiskipum að hlutafélagi með það fyrir augum að koma því í sölu. Frv. var mjög gallað þegar það kom fram í þinginu en í meðförum efh.- og viðskn. hefur náðst málamiðlun sem ég tel svo mjög til bóta að ég styð þetta frv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1228,2 (3. gr. falli brott) samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1228,3 samþ. með 47 shlj. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1228,4 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1228,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Vátryggingastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 526. mál (EES-reglur). — Þskj. 827, nál. 1229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (lífeyrissparnaður). — Þskj. 852, nál. 1230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 520. mál (fjárhæð gjalds af tilteknum vörum). — Þskj. 821, nál. 1233 og 1260, brtt. 1234.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]
Brtt. 1234,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, GÁS, KHG, KLM, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er verið að gera breytingar á lögum um vörugjald en vörugjald gefur ríkissjóði um 3.000 millj. kr. Með þessu frv. er verið að tína einstaka liði út úr þessum lögum. Sumt er til bóta, annað til óþurftar. Til bóta er að lækka vörugjald á rafmagnsvörum til innlendrar framleiðslu, það er hið besta mál. Annað er til óþurftar, t.d. að hækka vörugjald á fæðubótarefnum. Fleira er mjög undarlegt í þessu frv. Tillögur um að lækka vörugjöld á marghleypum, byssum, byssustingjum og lensum. Þetta er okkur sagt við umræðuna að skipti litlu máli. Þetta er eflaust táknrænt fyrir stefnu og forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar.

1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, GÁS, KHG, KLM, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1234,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, KHG, KLM, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMöl, DrH, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GÁS, KHG, KLM, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
22 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, KHG, KLM, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, LB) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, ÓÖH, SighB, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 548. mál (mötuneyti, rafrænn afsláttur o.fl.). — Þskj. 850, nál. 1231, brtt. 1232.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]
Brtt. 1232,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, KHG, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GÖ, SvH) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, KHG, LB, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

2.–5. gr. (verða 3.–6. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, KF, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GÖ, JÁ, JónK, JBjart, KolH, KHG, ÓÖH, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1232,2 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (SvH, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, KHG, LB, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Ríkisábyrgðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 595. mál (Íbúðalánasjóður og LÍN). — Þskj. 897, nál. 1225, brtt. 1226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Brtt. 1226 (ný 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 460. mál (gildistími ákvæða um veiðar smábáta). — Þskj. 1092, brtt. 1067, 1068, 1069 og 1251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]
Brtt. 1069 felld með 27:10 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, JBjart, KolH, SJóh, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
13 þm. (EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, GHall, GÁS, KHG, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1251 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
21 þm. (ÁSJ, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, GÁS, GÁ, KHG, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1067 felld með 29:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
15 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, KHG, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1068 felld með 29:8 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
15 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, KHG, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
25 þm. (ÁRÁ, ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, KPál, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, LMR, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:06]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég hef áður bent á það við umræðu um þetta mál að svo hefur tekist til að með breytingum á frv. verður niðurstaðan sú að ákvæði þess efnis að menn geti flutt sig yfir í nýtt kerfi fyrr en frv. sjálft gerir ráð fyrir mun ekki eiga við um alla. Það mun því mismuna mönnum sem róa á smábátum og ég get ekki unað því.

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Þær brtt. sem við lögðum til hafa allar verið felldar og það jafnræði sem ég hefði talið að þyrfti að vera með mönnum við afgreiðslu málsins er ekki til staðar. Þess vegna greiði ég málinu ekki atkvæði.

[15:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem verið er að afgreiða gerir það að verkum að Alþingi er að taka ákvörðun um að halda áfram að brjóta stjórnarskrána. Búið er að taka ákvörðun um að það verði hátt á þriðja ár og stefnir í að það verði jafnvel hátt á fjórða ár. Ekki er sæmandi Alþingi að standa þannig að málum. Samfylkingin situr hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1295).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 628. mál. — Þskj. 1108.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1296).

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 3. umr.

Frv. landbn., 625. mál (lánsheimildir). — Þskj. 1090.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HjálmJ, SF, SP, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1297).

[15:10]

Útbýting þingskjala:

Kosningar til Alþingis, 522. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1270; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1271.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 292. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1269.

Mat á umhverfisáhrifum, 386. mál, nál. umhvn., þskj. 1280; brtt. umhvn., þskj. 1281.

Út af dagskrá voru tekin 16., 22.–24., 31., 33.–34. og 37.–43. mál.

Fundi slitið kl. 15:11.

---

110. FUNDUR

þriðjudaginn 9. maí,
að loknum 109. fundi.

Dagskrá:

1. Fæðingar- og foreldraorlof, stjfrv., 623. mál, þskj. 1065. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, stjfrv., 272. mál, þskj. 373 (með áorðn. breyt. á þskj. 1137). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Sóttvarnalög, stjfrv., 490. mál, þskj. 772 (með áorðn. breyt. á þskj. 1168). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 556. mál, þskj. 858 (með áorðn. breyt. á þskj. 1166). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, stjfrv., 559. mál, þskj. 861. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, stjfrv., 524. mál, þskj. 825 (með áorðn. breyt. á þskj. 1158), brtt. 1279. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frv., 231. mál, þskj. 278. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frv., 635. mál, þskj. 1164. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
9. Varðveisla báta og skipa, þáltill., 636. mál, þskj. 1186. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
10. Veitinga- og gististaðir, stjfrv., 406. mál, þskj. 664 (með áorðn. breyt. á þskj. 1203). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Bílaleigur, stjfrv., 570. mál, þskj. 872 (með áorðn. breyt. á þskj. 1207). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Rannsókn sjóslysa, stjfrv., 567. mál, þskj. 869 (með áorðn. breyt. á þskj. 1209). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Siglingalög, stjfrv., 568. mál, þskj. 870. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
14. Tilkynningarskylda íslenskra skipa, stjfrv., 569. mál, þskj. 871. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
15. Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, stjfrv., 468. mál, þskj. 747. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
16. Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, stjfrv., 530. mál, þskj. 831 (með áorðn. breyt. á þskj. 1228). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
17. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 526. mál, þskj. 827. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
18. Tryggingagjald, stjfrv., 550. mál, þskj. 852. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
19. Vörugjald, stjfrv., 520. mál, þskj. 821 (með áorðn. breyt. á þskj. 1234). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
20. Virðisaukaskattur, stjfrv., 548. mál, þskj. 850 (með áorðn. breyt. á þskj. 1232). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
21. Ríkisábyrgðir, stjfrv., 595. mál, þskj. 897 (með áorðn. breyt. á þskj. 1226). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

22. Loftferðir, stjfrv., 250. mál, þskj. 307, nál. 1204, brtt. 1205 og 1258. — 2. umr.

23. Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, stjfrv., 420. mál, þskj. 683, nál. 1219 og 1252, brtt. 1220 og 1253. — 2. umr.

24. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 547. mál, þskj. 849, nál. 1221 og 1266, brtt. 1222 og 1257. — 2. umr.

25. Álagning gjalda á vörur, stjfrv., 500. mál, þskj. 794, nál. 1223, brtt. 1224 og 1264. — 2. umr.

26. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 1132, brtt. 1190. — Frh. 3. umr.

27. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188. — 3. umr.

28. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 1008, brtt. 983. — 3. umr.

29. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859, nál. 1162 og 1236, brtt. 1199. — 2. umr.

30. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657, nál. 1159. — 2. umr.

31. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855, nál. 1180 og 1267, brtt. 1181, 1182 og 1268. — 2. umr.

32. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491, nál. 1183 og 1269. — 2. umr.

33. Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, þáltill., 190. mál, þskj. 220, nál. 1189. — Síðari umr.

34. Upplýsingalög, stjfrv., 564. mál, þskj. 866, nál. 1215, brtt. 1216. — 2. umr.

35. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399, nál. 1213, brtt. 1214. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

36. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275. — 2. umr.

37. Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, frv., 637. mál, þskj. 1235. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

38. Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, þáltill., 24. mál, þskj. 24, nál. 1248. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

39. Brunavarnir, stjfrv., 485. mál, þskj. 765, nál. 1249, brtt. 1250. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

40. Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, þáltill., 8. mál, þskj. 8, nál. 1254. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

41. Tollalög, frv., 196. mál, þskj. 229, nál. 1255. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

42. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 630. mál, þskj. 1118, nál. 1256. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

43. Kosningar til Alþingis, frv., 522. mál, þskj. 823, nál. 1128 og 1270, brtt. 1271. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

44. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 386. mál, þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þingskjala í dagskrárliðum 1–21, 35 og 37–44 og þingskjala 1235, 1253, 1257–1258, 1264, 1268 og 1279. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Fæðingar- og foreldraorlof, 3. umr.

Stjfrv., 623. mál (heildarlög, breyting ýmissa laga). — Þskj. 1065.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, HBl, IP, ÍGP, LMR, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég hef ákveðnar efasemdir um að í þessu frv. hefur ekki verið sett neitt þak á hámarksgreiðslur sem þýðir í raun að sá einstaklingur sem fer í fæðingarorlof og hefur 2 millj. kr. í tekjur getur fengið 1.800 þús. kr. fæðingarorlofsgreiðslu meðan sá sem hefur 100 þús. kr. tekjur fær 80 þús. kr. í greiðslu. Skoðun mín er sú að það hefði átt að vera þak á þessum greiðslum. Það hefði mátt vera nokkuð hátt, 350–500 þús. En ég lýsi efasemdum mínum með að hafa þetta alveg óheft og ekkert þak á þessu.

[15:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er stigið mjög merkt skref í átt til jafnréttis, jafnréttis kynjanna og þá væntanlega jafnréttis allra. Þjóðfélagið í heild sinni græðir á því. Það á að nýta krafta allra einstaklinga að fullu og með réttu skipulagi á atvinnulífið að geta breytt stöðunni þannig að það græði jafnvel á breytingunni. Einnig er rétt að geta þess að sveitarfélög munu spara umtalsverða fjármuni í gæslu barna og foreldrar sömuleiðis. Ég tel að þetta sé mjög gott mál og styð það eindregið.

[15:17]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir almenning á Íslandi, alla landsmenn. Hér er verið að stíga framfaraspor. Settur er á fót fæðingarorlofssjóður. Inn í hann er greitt hlutfall af launatekjum fólks sem skýrir hvers vegna hægt er að mismuna greiðslum úr sjóðnum því mismunað er í streyminu í sjóðinn.

Ég tel með öðrum orðum að hér séu stigin mikilvæg spor og málin séu hugsuð út frá sjónarhóli barnsins. Mjög mikilvægt er að tryggja að það fái notið samvista við foreldra sína á fyrstu dögum lífsins.

[15:18]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um eitt merkasta mál þessa þings. Hér er verið að greiða atkvæði

um mikið jafnréttis- og fjölskyldumál. Full ástæða er til að gleðjast sérstaklega yfir afgreiðslu þess. Allir þingmenn ættu að fylgja þessu frv. og ég trúi ekki öðru en þeir muni gera það í hjarta sínu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1310).

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 3. umr.

Stjfrv., 272. mál (heildarlög). — Þskj. 1276.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Frv. sem við afgreiðum er tilraun til að breyta hugarfari með lögum. Þetta er tilraun til að láta fyrirtæki gera eðlilegan hlut, þ.e. ráða hæfasta fólkið til starfa þannig að fyrirtæki græði, og meira að segja að viðlagðri refsingu.

Ég hef ekki sérstaklega mikla trú á að það takist að breyta hugarfari með lögum. Hins vegar er þetta ágætistilraun og ég styð frv. sem slíkt.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1311).

Sóttvarnalög, 3. umr.

Stjfrv., 490. mál (samstarfsnefnd, kostnaður o.fl.). — Þskj. 1278.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GÖ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KolH, ÓÖH, SAÞ, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1312).

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 3. umr.

Stjfrv., 556. mál (hreindýr). — Þskj. 1284.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GÖ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1313).

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 559. mál (nálgunarbann). — Þskj. 861.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁSJ, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, GÁS, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1314).

Eignarréttur íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, 3. umr.

Stjfrv., 524. mál (gjaldtökuheimild o.fl.). — Þskj. 1262, brtt. 1279.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Brtt. 1279 felld með 28:14 atkv. og sögðu
já: BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Tillaga okkar er að hugtakið „auðlind" samkvæmt lögum þessum taki til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins. Það hefur komið fram í umræðunni, og því er tillagan lögð fram, að við teljum að auðlind eigi ekki bara að vera skel eða annað það sem grafið er eftir heldur það sem er að finna á hafsbotninum. Ég hvet til þess að þessi tillaga verði samþykkt.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (BH, EMS, GÖ, JÁ, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GE, GÁS, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1315).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Frv. EKG og EOK, 231. mál (fasteignagjöld). — Þskj. 278.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (BH) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, KolH, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1316).

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 2. umr.

Frv. umhvn., 635. mál (hættumatsnefnd). — Þskj. 1164.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Varðveisla báta og skipa, síðari umr.

Þáltill. sjútvn., 636. mál. — Þskj. 1186.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, PP, RG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, LB, ÓÖH, SJóh, SF, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, ÓÖH, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1317).

Bílaleigur, 3. umr.

Stjfrv., 570. mál. — Þskj. 1289.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, ÓÖH, RG, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1318).

Rannsókn sjóslysa, 3. umr.

Stjfrv., 567. mál. — Þskj. 1290.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, ÓÖH, RG, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1319).

Siglingalög, 3. umr.

Stjfrv., 568. mál (sjópróf). — Þskj. 870.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, ÓÖH, RG, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1320).

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, 3. umr.

Stjfrv., 569. mál (undanþágur). — Þskj. 871.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, LMR, ÓÖH, RG, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1321).

Jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, 3. umr.

Stjfrv., 468. mál. — Þskj. 747.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, ÓÖH, RG, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1322).

Stofnun hlutafélags um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, 3. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 1291.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KolH, ÓÖH, RG, SF, SP, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1323).

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 526. mál (EES-reglur). — Þskj. 827.

[15:29]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég mun ekki tefja atkvæðagreiðsluna mikið en þannig er að í morgun ætlaði ég að ræða þetta mál örlítið, þ.e. ræða mál sem tengjast vátryggingastarfsemi í landinu og geri það hér með í þessari athugasemd. Orð mín beinast ekki að þessu frv. sem slíku heldur almennt að starfsemi

vátryggingafélaganna, hvernig þau haga sér og hvernig þau samtryggja sig. Vissulega er ástæða til að hafa um það nokkur orð.

Ég hygg að rekja megi það frv. sem hér er til meðferðar til EES-samningsins. Ég er hins vegar að ræða mál sem m.a. er fjallað um í grein eftir Runólf Ólafsson í Morgunblaðinu frá 22. mars þar sem bent er á samráð íslenskra tryggingafélaga. Fjármálaeftirlitið gerir síðan athugasemd við starfsemi tryggingafélaganna sem þetta frv. byggist á. Hægt er að rekja svona dæmi eftir dæmi nokkur ár aftur í tímann þar sem í hverri greininni á fætur annarri er sýnt fram á að tryggingafélögin hafi lag á að koma ábyrgð á almannatryggingakerfið þar sem þau ættu greinilega að bera sjálfir ábyrgðina, t.d. í umferðarslysum og því um líku.

Svo er annað sem þyrfti að taka á. Það væri nauðsynlegt fyrir hæstv. dómsmrh., sem því miður er ekki hér, að skoða það að láta endurmeta ábyrgðir tryggingafélaganna eða skyldur þeirra til að taka einstaklinga til trygginga. Tryggingafélögin geta óháð öllu hafnað hverjum sem er sem sækir um tryggingu hjá þeim.

Þessi atriði tel ég sjálfsagt að nefna við umræðuna er menn velta fyrir sér stöðu tryggingafélaganna og skyldum þeirra. Það er til umræðu, þ.e. að athuga með gjaldþol. En í leiðinni nefndi ég samtryggingarkerfi tryggingafélaganna. Þetta, herra forseti, gat ég ekki látið hjá líða að minnast á í umræðu um þetta mál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1324).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 548. mál (mötuneyti, rafrænn afsláttur o.fl.). — Þskj. 1293.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

25 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LB, PP, RG, SighB, SF, SP, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1325).

Ríkisábyrgðir, 3. umr.

Stjfrv., 595. mál (Íbúðalánasjóður og LÍN). — Þskj. 1294.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

23 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, GAK, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, LB, RG, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1326).

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (menntunarkröfur, tryggingar, afleiðusamningar o.fl.). — Þskj. 683, nál. 1219 og 1252, brtt. 1220 og 1253.

[15:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti og breytingu á lögum um verðbréfasjóði. Ég mæli fyrir munn meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og sent til umsagnar til aðila sem getið er um í nál. Með frv. er tekið á nokkrum atriðum sem komið hefur í ljós að þarf að þróa áfram í löggjöf okkar um verðbréfaviðskipti og nefndin hefur fjallað um.

Þá urðu í nefndinni miklar umræður um ýmis atriði sem tengdust þessu máli og önnur atriði en þau sem fram komu í frv. sem slíku, enda hafa málefni verðbréfamarkaðarins mikið verið til umfjöllunar að undanförnu.

Miklar umræður urðu t.d. um hvort unnt væri að setja í lögin heimild til handa ráðherra til að setja reglugerð um viðskipti fruminnherja. Varð niðurstaða meiri hlutans sú að leggja ekki til slíka breytingu á frv. Það er einfaldlega þannig að þær reglur sem hafa í för með sér mikla takmörkun á eignarrétti manna verða að hafa skýra lagastoð og Alþingi getur ekki framselt það opið til ráðherra til að ráðstafa slíku með reglugerðarheimild. Hæstaréttardómar sem nýlega hafa fallið staðfesta það.

Þá telur meiri hlutinn einnig óeðlilegt að ráðherra verði falið að setja reglugerð um þau atriði sem fjallað er um í 7. gr. frv. Þau mál þarf að taka upp með ákveðnari og beinni fyrirmælum í lögum. Í viðskrn. mun vera hafið nefndarstarf sem lýtur að því að smíða lagafrv. um þessi atriði og meiri hlutinn leggur áherslu á að þetta frv. verði tilbúið í upphafi næsta löggjafarþings og stefnt verði að því að það mál fái afgreiðslu helst í októbermánuði.

Það kom líka fram við meðferð málsins í nefndinni að jafnvel þótt opin reglugerðarheimild væri gefin til að fjalla

um þau svið sem ég nefndi, þ.e. viðskipti fruminnherja og þau atriði sem kveðið er á um í 7. gr. frv., þá yrði slík reglugerð ekki tilbúin fyrr en í haust. Það er því bitamunur en ekki fjár á því hversu snemma þessir hlutir komast í gagnið í löggjöfinni.

Ég hygg að ekki sé mikill efnislegur ágreiningur um hvernig þessi löggjöf eigi yfirleitt að líta út, kannski meiri spurning um áherslur og aðferðafræði.

Meiri hluti nefndarinnar gerir tillögur til breytinga á frv. í sjö liðum:

Í 1. lið er brtt. við 1. gr. frv. þar sem bætt er inn hugtakinu afleiðusamningar.

Í 2. lið brtt. er umorðun á b-lið 2. gr. frv. þar sem kveðið er nákvæmar á um skýringar á hugtökum.

Í 3. lið er brtt. við 5. gr. frv. sem er umorðun á þeirri grein og er ekki í sjálfu sér mikil efnisleg breyting en þó þannig að í reglugerð skuli kveða á um prófkröfur og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild ef aðili hefur lokið jafngildu námi. Greinin er umorðuð að þessu leyti.

Í 4. lið brtt. er gerð tillaga til breytingar á 7. gr. frv. Í stað þess að 7. gr. snúist um 20. gr. laganna er þar kveðið á um breytingar á 18. gr. laganna og bætist við svohljóðandi málsliður: „Sama gildir varðandi vitneskju eða grun um að viðskipti brjóti gegn 30. gr.“ Þetta eru ákvæði sem snúast um að auka ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu varðandi bann við milligöngu þar sem grunur er um brot á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga. Kveðið er á um skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef grunur vaknar um að viðskipti grundvallist á trúnaðarupplýsingum eða um sé að ræða sýndarviðskipti. B-liður brtt. fjallar einnig um sama atriði.

Í 5. lið brtt. eru orðalagsbreytingar á 8. gr. frv.

Í 6. lið er brtt. við 9. gr. sem felst einungis í því að setja Fjármálaeftirlitið inn fyrir bankaeftirlitið sáluga.

Í 7. lið brtt. er tillaga um breytingu á 13. gr. þar sem fjallað er um gildistöku laganna. Þar er gert ráð fyrir að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli hafa aðlagað starfsemi sína 5. gr. laga þessara fyrir 1. janúar 2002 en í 5. gr. er einmitt fjallað um menntunarkröfur til starfsmanna fyrirtækja í þessum viðskiptum.

Í meiri hluta nefndarinnar eru auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Sigríður Anna Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal og Gunnar Birgisson.

[15:43]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti ehf.- og viðskn. en að því nál. standa ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson. Þegar við komum til þings í haust hélt ég að þetta mál sem við erum að fjalla um hefði átt að verða eitt af stærstu málum þingsins og við hefðum metnað og burði til að afgreiða trausta löggjöf sem tryggði bærilega og stuðlaði að traustari og heilbrigðari viðskiptaháttum í fjármálaviðskiptum og verðbréfamarkaði en verið hefur. Því er ekki að heilsa, herra forseti, þegar þetta mál er komið til 2. umr.

Ég hafði einnig vonast til þess, herra forseti, að svo hefði getað orðið miðað við viðbrögð hæstv. viðskrh. þegar hún tók við embætti sínu sem ráðherra viðskiptamála. Þá höfðu einmitt komið upp ákveðin tilvik á verðbréfamarkaðinum sem raunar hafa komið reglubundið upp. Hæstv. ráðherra brást nokkuð hart við og taldi að setja þyrfti stranga löggjöf varðandi ákveðna þætti í lög um verðbréfaviðskipti, ekki síst það sem sneri að innherjaviðskiptum og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Ég held að hægt sé að segja um þetta frv. sem formaður efh.- og viðskn. hefur mælt fyrir og þurfti stuttan tíma til, að fjallið hafi tekið jóðsótt og lítil mús fæðst. Þetta frv. er afar máttlaust og veikburða og tekur að litlu leyti á þeim vandamálum sem upp hafa komið á verðbréfamarkaðnum. Ég held að þrátt fyrir góð fyrirheit hæstv. ráðherra þá stöndum við frammi fyrir löggjöf sem er afar máttvana.

Reyndar er það svo að meiri hluti efh.- og viðskn. vísar veigamiklum atriðum sem snerta verðbréfaviðskipti til viðskrh. á nýjan leik, gefst raunverulega upp við það verkefni að setja hér burðug lög um verðbréfamarkaðinn.

Herra forseti. Mér eru það afar mikil vonbrigði að svona skuli hafa farið. Mér fannst ég skynja það í starfi nefndarinnar að fullur vilji væri fyrir því að taka á þessu máli. Mér finnast satt að segja þau rök sem meiri hluti hv. efh.- og viðskn. hefur teflt fram fyrir því að fresta mikilvægum þáttum þessa máls afar haldlaus. Ég held að í reynd stöndum við frammi fyrir því að minni hluti nefndarinnar, sem flytur hér brtt. við frv. með það að markmiði að hafa leikreglur um verðbréfamarkaðinn traustari og heilbrigðari, hafi meira traust á ráðherranum. Við teljum að hún geti útfært þau reglugerðarákvæði sem hæstv. ráðherra yrðu falin samkvæmt brtt. okkar, öfugt við meiri hlutann.

Ég held að það sem haldið er fram af meiri hlutanum og kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar sé ekki haldbært, að það þurfi ríkari lagastoð fyrir ákvæðum sem setja þarf um innherjaviðskipti, sérstaklega fruminnherja, og meðferð trúnaðarupplýsinga vegna þess að í vinnu nefndarinnar hefði einfaldlega verið hægt að skjóta lagastoð undir slík ákvæði. Þannig er enginn vafi á að þau mundu standast lög, ákvæðin sem hæstv. ráðherra hefði síðan þurft að útfæra í reglugerð.

Hv. formaður nefndarinnar vísar hér til dómstólanna og segir að vafasamt hafi verið að setja lög þar sem reglugerðarákvæðum er vísað til ráðherra. En það heldur ekki vegna þess að við hefðum auðvitað getað sett þá lagastoð undir þau reglugerðarákvæði, eins og við í minni hlutanum gerum reyndar í brtt. okkar.

En ákvæði þessa frv. taka á nokkrum þáttum og eru vissulega til bóta þó að mörg mikilvægustu ákvæðin séu skilin eftir. Þau taka fyrst og fremst á menntunarkröfum sem gerðar eru til starfsmanna fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og hjá lánastofnunum, breytingu á starfsábyrgðartryggingu, uppgjörum vegna afleiðusamninga og aðskilnaði einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og verklagsreglum honum tengdum, þ.e. svokölluðum kínamúrum. Með þessum ákvæðum er vissulega sýnd ágætis viðleitni en þau ganga afar skammt.

Við tökum vissulega undir og munum styðja þau ákvæði í frv. sem lúta að því að auka menntunarkröfur starfsmanna og leggja þær skyldur á fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem felast í aðskilnaði einstakra starfssviða fyrirtækjanna og skýrari reglum um eigin viðskipti þeirra. Hins vegar er alveg ljóst, herra forseti, að ekki er tekið á þeim vanda sem upp hefur komið og snertir m.a. innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga en einmitt þessir mikilvægu þættir verðbréfaviðskiptanna hafa grafið undan trausti fólks á fjármálafyrirtækjum. Brýnt væri að setja í lög ákvæði sem

treystu þessa þætti, þ.e. innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga, þar sem afar slæmt er — það vita allir sem til verðbréfamarkaðarins þekkja — ef fólk missir traustið á fjármálamarkaðnum.

Ég vil í stuttu máli fara yfir það sem gagnrýnt hefur verið, herra forseti.

Gagnrýnt hefur verið að stjórnendur eða starfsmenn fjármálafyrirtækja nýti sér með óeðlilegum hætti upplýsingar í eiginhagsmunaskyni sem aðrir hafa ekki aðgang að. Mikil hætta er á hagsmunaárekstrum innan verðbréfafyrirtækja sem bæði stýra eignasöfnum viðskiptavina og eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning. Einnig hafa verið gagnrýnd viðskipti starfsmanna með óskráð verðbréf og þátttaka þeirra í útboðum sem fyrirtækið hefur umsjón með. Þetta hlýtur að hljóma kunnuglega í eyrum þeirra sem fylgst hafa með þeim skakkaföllum, ég vil orða það svo, herra forseti, sem menn hafa orðið fyrir á verðbréfamarkaðnum. Einmitt þessum þáttum á nú að slá á frest og á þeim er ekki tekið í frv.

Ýmsir aðilar á markaðnum, fyrir utan stjórnmálamenn ýmsa og stjórnmálaflokka — ég nefni hér sérstaklega til leiks Samfylkinguna — sem hafa kallað eftir því að Alþingi manni sig upp í að setja trausta löggjöf um verðbréfamarkaðinn. En aðilar eins og Fjármálaeftirlitið, sem hefur eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum á verðbréfamarkaði, hefur jafnframt ítrekað óskað eftir slíkri lagasetningu. Í tillögum okkar í minni hlutanum er vissulega komið til móts við sjónarmið Fjármálaeftirlitsins. Fleiri, t.d. Verðbréfaþing, hafa kallað eftir traustari leikreglum varðandi þá þætti sem ég nefndi hér og mun fara nánar yfir í máli mínu á eftir.

Ég bendi á, herra forseti, að Verðbréfaþing gaf raunar út yfirlýsingu í tengslum við mál sem upp kom í Búnaðarbankanum fyrr í vetur og kallaði eftir ákveðnum reglum og nefndi að nauðsynlegt væri að setja skýrari ákvæði í lög og reglur um framkvæmd útboða um viðskipti umsjónaraðila, innherja og starfsmanna með bréf í tengslum við útboð, svo og um viðskipti hlutafélaga með eigin bréf, en í umsögn Verðbréfaþings með þessu frv. eru gerðar athugasemdir vegna IV. kafla laganna sem fjallar um meðferð trúnaðarupplýsinga. Þar kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Að mati Verðbréfaþings er æskilegt að bæta við 27. gr. laganna heimild til ráðherra um að setja nánari reglur um framkvæmd viðskipta fruminnherja, m.a. um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar viðskipta innherja og birtingu þeirra, tilgreiningu aðila sem teljast til fruminnherja og birtingu lista yfir þá. Með fruminnherja er um að ræða aðila eins og stjórn, helstu stjórnendur og lykilstarfsmenn, endurskoðendur og ráðgjafa, svo sem lögfræðinga og starfsmenn verðbréfafyrirtækja."

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins kom fram að eftirlitið teldi æskilegt að styrkt yrði ákvæði laga um verðbréfaviðskipti varðandi takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar um viðskipti og birtingu þeirra, tilgreiningu aðila og birtingu lista yfir þá. Jafnframt lagði Fjármálaeftirlitið til að ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu yrði aukin varðandi bann við milligöngu þar sem grunur leikur á broti á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga. En það er einmitt á þessum þáttum sem minni hlutinn tekur í nál. sínu og ekki síst í brtt. sínum.

Það er athyglisvert að Verslunarráð Íslands hefur lagt til mjög ákveðna og skýra breytingu sem ég tel afar mikilvæga til að koma á góðum og skýrum leikreglum á verðbréfamarkaðnum. Þær hugmyndir þjóna almannahagsmunum en ekki sérhagsmunum. Það er kannski ekki mjög oft sem ég tek undir tillögur þeirra í Verslunarráði en í þessu tilviki tökum við í minni hlutanum upp tillögu þeirra. Þeir leggja til að skýrt verði kveðið á um að hver einstök viðskipti stjórnenda starfsmanna og maka væru, eftir því sem við ætti, samþykkt fyrir fram af viðkomandi yfirmanni.

Af hverju skyldi þetta nú vera lagt til, herra forseti? Það er til þess að ábyrgð yfirmanna sé skýr í þessu efni. Þá fer ekki á milli mála að yfirmaðurinn ber ábyrgð á þeim viðskiptum sem starfsmenn hans taka þátt í og að þau séu í samræmi við lög og reglur en á það hefur skort.

Í þessu sambandi vil ég nefna að Fjármálaeftirlitið sendi ekki alls fyrir löngu frá sér frétt vegna verklagsreglu um verðbréfaviðskipti. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að verðbréfakaup sem fela í sér brot á verklagsreglum verði látin ganga til baka þar sem því verður við komið ..."

Þar er Fjármálaeftirlitið að fjalla um niðurstöðu á athugun sinni á broti á verklagsreglum hjá sex fyrirtækjum, sem hv. þm. þekkja frá því í vetur. Fjármálaeftirlitið hafði beint athugasemd til stjórna sex fjármálafyrirtækja vegna framkvæmda á reglunum en athugasemdirnar vörðuðu brot á reglum um bann við viðskiptum starfsmanna með óskráð bréf og eftir atvikum öðrum ákvæðum viðkomandi verklagsreglna. Fjármálaeftirlitið fól stjórnum þessara fyrirtækja að taka málið til frekari athugunar, tryggja úrbætur og leggja mat á aðgerðir að öðru leyti. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum og skýringum stjórnanna vegna málsins.

Fjármálaeftirlitinu höfðu borist skýringar stjórna þessara fyrirtækja og það kemur fram í frétt frá Fjármálaeftirlitinu að það hafi í framhaldi af því fært fram frekari sjónarmið og eftir atvikum beint frekari athugasemdum til einstakra fyrirtækja. Meðal þess sem Fjármálaeftirlitið tók til athugunar var hvernig fara skuli með óskráð verðbréf sem starfsmenn keyptu í andstöðu við ákvæði gildandi verklagsreglna. — Mér hefði nú þótt nokkuð fróðlegt, herra forseti, að hafa hæstv. viðskrh. viðstaddan hér til að heyra viðbrögð hennar við þessari yfirlýsingu eða frétt frá Fjármálaeftirlitinu, sem er niðurstaða þeirra varðandi þetta brot á verklagsreglum um verðbréfaviðskipti.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Hæstv. viðskrh. er í húsinu og forseti mun senda henni boð um að koma til fundarins.)

Ég þakka fyrir það. Þá mun ég aðeins bíða með að klára að fara yfir þetta bréf. En það tengist einmitt því sem Verslunarráðið er að leggja til, þ.e. skýrari yfirmannaábyrgð að því er varðar verðbréfaviðskipti og þeir segja að það sé mikilvægt að ábyrgðin liggi ljós fyrir í þessu efni.

Ég vil rifja það upp og halda því til haga að Verslunarráðið hefur sent frá sér afar gagnlegar tillögur í skýrslu sem kynnt var nýverið, bæði varðandi innherjaviðskipti og tilkynningarskyldu þeirra, ákvæði um upplýsingagjöf vegna skyldrar eignar og birtingu uppgjöra. Meiri hluti efh.- og viðskn. telur málið greinilega ekki það brýnt að á því þurfi að taka og vísar helstu athugasemdum sem fram hafa komið frá Fjármálaeftirlitinu, Verðbréfaþinginu og Verslunarráði til viðskrh. Það er nokkuð sérstakt að hv. formaður nefndarinnar, sem ég man eftir að hafa tjáð sig opinberlega um að slík yfirmannaábyrgð þyrfti að vera skýr og ljós, skuli ekki hafa getað fallist á að bæta þessu ákvæði við upptalninguna sem er í 8. gr. frv., herra forseti, en þar hefði átt að bæta við því atriði, þ.e. yfirmannaábyrgð gagnvart kaupum starfsmanna á verðbréfum eða hlutabréfum. Þar er einmitt talað um að

fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skuli vegna eigin viðskipta með verðbréf sem þeim eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda virkra eignarhluta, stjórnenda, starfsmanna og maka framangreindra aðila meðal annars gæta atriða, sem þar eru síðan talin upp. Þar hefði þessi yfirmannaábyrgð vel getað fallið inn. Og það eru ekki rökin, herra forseti, sem hv. formaður og meiri hluti nefndarinnar teflir fram að verið sé að vísa einhverjum óljósum reglugerðarákvæðum til ráðherra vegna þess að þarna hefði verið hægt að hafa algjörlega skýra lagastoð í þessu efni og engin rök fyrir því að verið sé að setja ákvæði sem ekki hafa trausta lagastoð. Þetta er einmitt mjög mikilvægur þáttur sem ýmsir aðilar hafa bent á, m.a. Verslunarráðið.

Ég fagna því að hæstv. viðskrh. skuli vera komin í salinn en ég hafði hug á því að heyra sjónarmið ráðherrans á frétt frá Fjármálaeftirlitinu sem er dagsett 25. febrúar sl. þar sem Fjármálaeftirlitið er að gera grein fyrir niðurstöðum sínum varðandi framkvæmd verklagsreglna um verðbréfaviðskipti hjá þeim sex fyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið var með til skoðunar. Þar kemur fram, og ég ætla að vitna orðrétt í þær, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur eðlilegt að verðbréfakaup sem fela í sér brot á verklagsreglum verði látin ganga til baka þar sem því verður við komið."

Það er auðvitað óásættanlegt fyrir þingið og fyrir verðbréfamarkaðinn að síðan sé ekkert vitað meira um þetta. Fjármálaeftirlitið hefur gefið út álit sitt, þ.e. að þessi viðskipti eigi að ganga til baka þar sem því verður við komið. Og hver er það sem á þá að vera í forustu fyrir því að kanna það að þau viðskipti verði látin ganga til baka og að það sé sérstaklega skoðað? Mér finnst óásættanlegt að skilja málið bara eftir í slíkum farvegi.

Síðan segir Fjármálaeftirlitið, með leyfi forseta:

„Í því sambandi kann að þurfa að taka tillit til þess hvort viðskiptin hafi átt sér stað með samþykki stjórnenda viðkomandi fyrirtækis."

Þarna komum við akkúrat að því atriði sem við í minni hlutanum höfum lagt áherslu á að verði sett í lög, að yfirmannaábyrgð sé skýr. Það er fráleitt, eins og meiri hlutinn skýlir sér á bak við, að verið sé að vísa þessu í reglugerð vegna þess að hægt hefði verið að hafa skýran lagatexta varðandi þetta ákvæði. Við höfum lent í vandamálum út af því að þetta er ekki skýrt og ég spyr: Hví í ósköpunum erum við að fjalla hér um og afgreiða löggjöf um verðbréfaviðskipti og skilja þetta mikilvæga mál eftir? Þetta er alveg óháð því sem meiri hlutinn er að vísa aftur til viðskrh. af því það þurfi að skoða þetta betur því ekki sé hægt að skilja þetta eftir og afgreiða þetta í reglugerð.

Ég spyr hæstv. ráðherra, af því að við í minni hlutanum höfum gert heiðarlega tilraun til að styðja vel við bakið á ráðherranum í þessu efni og styðja sjónarmið hennar sem komu fram þegar hún settist í stól ráðherra, að setja skýra og trausta löggjöf um verðbréfamarkaðinn, hvort hæstv. ráðherra getur þá ekki stutt tillögu okkar sem felur einmitt í sér ákvæði um að yfirmannaábyrgðin sé skýr í þessu efni.

Áfram segir síðan hjá Fjármálaeftirlitinu:

„Fjármálaeftirlitið tekur sérstaklega fram að það telur óeðlilegt að stjórnendur lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og þeir sem bera ábyrgð á framkvæmd verklagsreglna innan þeirra njóti hagnaðar af þeim viðskiptum sem þeir kunna að hafa átt og ekki samræmast gildandi verklagsreglum."

Af hverju, herra forseti, er Fjármálaeftirlitið að taka það fram að það telji óeðlilegt að þeir sem ábyrgð bera á framkvæmd verklagsreglna innan þeirra, þ.e. lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, njóti hagnaðar af þeim viðskiptum sem þeir kunna að hafa átt og ekki samrýmist gildandi verklagsreglum? Það er vegna þess að það liggur þá ljóst fyrir að þeir aðilar hafi notið hagnaðar sem ekki samræmist gildandi verklagsreglum og það er það sem Fjármálaeftirlitið er að kalla eftir. Verða slík viðskipti látin ganga til baka? Og hver er þá hlutur hæstv. viðskrh. í því að það verði skoðað og þau viðskipti verði látin ganga til baka?

Hæstv. ráðherra hefur væntanlega kynnt sér það sem ég spurði hæstv. ráðherra um við 1. umr. málsins en ráðherrann gat þá ekki svarað. Ég spyr því, vegna þess að nú hefur Fjármálaeftirlitið lokið athugun sinni á þessum sex fjármálafyrirtækjum: Hvert var umfang þeirra ólöglegu viðskipta sem áttu sér stað hjá þessum fyrirtækjum á verðbréfamarkaði? Það er óásættanlegt að skilja málið eftir með þessum hætti eins og mér virðist eiga að gera. Ráðherrann hlýtur að vita, hvert var umfang ólöglegra viðskipta hjá þessum sex verðbréfafyrirtækjum.

Og síðan segir Fjármálaeftirlitið, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið mun í framhaldi af athugun þessari taka til nánari skoðunar tiltekin atriði í starfsemi nokkurra fyrirtækja og meðal annars meta hæfi og ábyrgð stjórnenda og þeirra sem bera ábyrgð á framkvæmd verklagsreglnanna."

Herra forseti. Ekki er betur hægt að lesa í þetta en að dregið sé í efa hæfi og ábyrgð stjórnenda og þeirra sem bera ábyrgð á framkvæmd verklagsreglna og ber því auðvitað að fagna því að á því er þó tekið í frv. hæstv. ráðherra að menntunarkröfur séu auknar hjá þeim sem starfa við verðbréfafyrirtæki.

Og síðan segir aftur, herra forseti:

„Fjármálaeftirlitið ítrekar í þessu sambandi að ábyrgð á framkvæmd verklagsreglnanna hvílir á stjórnum viðkomandi fyrirtækja. Það er jafnframt þeirra að tryggja viðunandi lyktir málsins og standa vörð um trúverðugleika fyrirtækjanna."

Merkja þessi síðustu orð Fjármálaeftirlitsins að það séu þá yfirmenn viðkomandi fjármálafyrirtækja sem hafa brotið verklagsreglurnar sem eiga að ganga eftir því að þessi viðskipti verði látin ganga til baka? Hæstv. ráðherra hefur væntanlega kynnt sér vel og ítarlega þessa niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins sem er nú orðin nokkuð gömul, síðan 25. febrúar. Mér finnst því ástæða til að hæstv. ráðherra svari þessu.

Ég vil nefna það sem ég sagði áðan að ég veit að hæstv. ráðherra hefur vissulega vilja til að taka á þessu máli en meiri hlutinn vísar málinu aftur til viðskrh. og teflir því fram að ekki sé nægjanleg lagastoð fyrir þeim reglugerðarheimildum sem átti að færa ráðherra með þessu frv. Meiri hlutinn gengur meira að segja svo langt að hann samþykkti ekki þær brtt. sem komu frá ráðuneytinu, sem gengu heldur lengra en frv. gerir ráð fyrir til þess að taka t.d. á meðferð trúnaðarupplýsinga og fruminnherjaviðskiptum, og fellir niður 7. gr. í frv. ráðherrans sem fjallar um almennt útboð verðbréfa og hvernig með skuli farið. Hann fellir þetta hreinlega niður.

Ég verð að segja, herra forseti, af því að þetta ákvæði felur reyndar það í sér varðandi almennt útboð að hæstv. ráðherra eigi að útfæra það nánar í reglugerð, bæði gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs, tilkynningar um almennt útboð, reglur um fyrsta söludag almennra útboða og tilkynningar verðbréfafyrirtækja og annarra aðila, sem hafa

milligöngu um almennt útboð, um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði o.s.frv., að sagt er í frv. hæstv. ráðherra akkúrat um þessa grein að þetta ákvæði sé afar brýnt sem meiri hlutinn vill núna fella út.

Herra forseti. Minni hlutinn virðist treysta hæstv. ráðherra betur en meiri hlutinn vegna þess að minni hlutinn er þó í brtt. sínum að vísa ákveðnum atriðum til ráðherra sem hæstv. ráðherra er falið að útfæra en þó eru settar frekari lagastoðir undir ýmis ákvæði sem voru óljós eins og t.d. um eignarhaldstíma á verðbréfum í fruminnherjaviðskiptum. Það er nokkuð sérstakt að minni hlutinn treysti hæstv. viðskrh. betur en meiri hlutinn. Það ætti að vera ákveðið umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra.

Ég spyr hæstv. ráðherra, af því að hún hefur bæði tjáð sig um það fyrir utan þinghúsið, hér í þingsal og í svari við fsp. að hún telji að það komi vel til greina, og ég hef aldrei skilið orð hæstv. ráðherra öðruvísi en svo en að hún telji nauðsynlegt að settur sé ákveðinn eignarhaldstími á bréf í innherjaviðskiptum, en á því er ekki tekið. Á því er tekið í tillögum minni hlutans með því að hæstv. ráðherra er fengin reglugerðarheimild til að setja einmitt reglur um eignarhaldstíma bréfa og er miðað við allt að sex vikna eignarhaldstíma, ef ég man þetta rétt, þannig að lagastoðin er þarna komin. Þetta var einmitt ákvæði sem meiri hlutinn óttaðist mest, að það stæðist ekki að vera að vísa til ráðherra ákvæðinu sem snertir eignarhaldstíma sem ekki hefði lagastoð. En minni hlutinn hefur auðvitað séð við þessu og setur hér ákveðna lagastoð undir þetta.

Mér finnst satt að segja, herra forseti, að hæstv. ráðherra eigi frekar að hallast að tillögum minni hlutans en meiri hlutans í þessu efni. Mér virðast tillögur minni hlutans falla miklu betur að því sem hæstv. ráðherra hefur sagt. Þegar til kastanna kemur virðist þó sem hæstv. ráðherra sé að renna á rassinn eða hafi a.m.k. ekki stjórnarliða á bak við sig til að fylgja eftir því sem hæstv. ráðherra hefur sagt opinberlega.

Mig langar, herra forseti, af því að ég tel mig vera ágætan bandamann hæstv. viðskrh. varðandi verðbréfamarkaðinn og hvernig á að taka á honum, að nota tækifærið til að fullvissa hæstv. ráðherra um að hún á sér líka trausta bandamenn í minni hlutanum að því er varðar samkeppnislöggjöfina, að því er varðar frv. um breytingu á samkeppnislöggjöfinni. Þar virðist hæstv. ráðherra, líkt og í verðbréfaviðskiptunum, eiga sér traustari bandamenn og stuðning í minni hlutanum, í stjórnarandstöðunni, en hjá meiri hlutanum. Reyndar er það svo, herra forseti, að við höfum oft varað við því í hvaða selskap Framsfl. er með Sjálfstfl. En samkvæmt upplýsingum sem fram komu í morgun virðist sem hörð átök séu um þessi samkeppnislög milli stjórnarflokkanna, ekki milli stjórnar og stjórnarandstöðu, þó að það sé kannski líka, heldur aðallega milli stjórnarflokkanna. Hér er reyndar sagt að formaður efh.- og viðskn., sem stýrir því verki að koma þessu frv. ráðherrans í höfn, sé fullur efasemda um málið.

Í mínum huga, herra forseti, af því að Samfylkingin hefur flutt nokkur mál sem snerta fjármálamarkaðinn og leikreglur í atvinnulífi á fjármálamarkaðnum, bæði varðandi Fjármálaeftirlitið og siðareglur á fjármálamarkaði, þá er samkeppnislöggjöfin og það sem henni tengist langmikilvægust í þessu efni og það sem brýnast er að ná fram. Ég tel breytingar á samkeppnislöggjöfinni, miðað við þá fákeppni sem ríkir í stórum atvinnugreinum á vinnumarkaðnum og nú síðast á matvörumarkaðnum, eitt stærsta mál þingsins í vetur. Að mínu viti er mikilvægast fyrir viðskiptalífið og atvinnumálin að ná fram breytingum á samkeppnislöggjöfinni. Ef fram heldur sem horfir, það stefnir í að ljúka þessu þingi næstkomandi fimmtudag, fer hver að verða síðastur að ná þessu frv. fram. Því væri gott að fá afstöðu hæstv. ráðherra til þessa máls í umræðunni. Það hlýtur að líða að því núna, þegar við erum komin hér á þriðjudegi, að stjórnarandstaðan í efh.- og viðskn. fari að óska eftir fundi í efh.- og viðskn. til að taka fyrir þetta mál sem meiri hlutinn ætlar greinilega að láta brenna hér inni og ábyggilega í óþökk ráðherrans. Þessu vildi ég halda til haga þegar við ræðum um verðbréfamarkaðinn.

Í grein í Degi, herra forseti, segir beinlínis:

„Frv. er enn til meðferðar í efh.- og viðskn. og óvíst hvenær það verður afgreitt úr nefndinni vegna andstöðu sjálfstæðismanna. Verði frv. að lögum fá samkeppnisyfirvöld auknar heimildir til að takmarka samruna og hringamyndanir fyrirtækja."

Er nokkuð eðlilegra en að samkeppnisyfirvöld fái auknar heimildir til að takmarka samruna og hringamyndanir fyrirtækja? Það má Sjálfstfl. greinilega ekki heyra. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Það er þyrnir í augum margra sjálfstæðismanna, stórfyrirtækja og þeirra sem hagsmuna hafa að gæta á fjármálamarkaði og matvælamarkaði og víðar í efnahagslífinu. Af einstökum aðilum hefur andstaðan einna mest verið innan Verslunarráðs Íslands en framkvæmdastjóri þess, Vilhjálmur Egilsson, er jafnframt formaður efh.- og viðskn. Alþingis."

Síðan segir síðar í þessari grein, með leyfi forseta:

„Þá gætir einnig verulegrar tortryggni hjá sjálfstæðismönnum og stjórnendum margra stórfyrirtækja út í Samkeppnisstofnun. Af þeim sökum vilja þeir ekki ljá máls á því að samkeppnisyfirvöld fái aukið vald til að koma í veg fyrir hagræðingu."

Hvers vegna í ósköpunum skyldi það vera að það ríki einhver tortryggni margra stórfyrirtækja gagnvart Samkeppnisstofnun? Það er vegna þess að Samkeppnisstofnun hefur verið að sinna skyldum sínum og ekki nokkurn skapaðan hlut annað. Það þola þessi stórfyrirtæki ekki sem þrífast auðvitað best í skjóli fákeppni og einokunar. En þessu vildi ég halda til haga til þess að minna hæstv. ráðherra á að hann á góða vini í stjórnarandstöðunni.

Það er líka umhugsunarefni, af því að verið er að vísa málinu aftur til hæstv. ráðherra: Hverjir eru það sem eiga að vinna frv. með ráðherranum? Það væri fróðlegt að vita það við þessa umræðu. Meiri hlutinn kallar eftir því að unnið verði að því í sumar og fram á haust að setja ný ákvæði í löggjöfina um verðbréfamarkaðinn að því er varðar meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti. Hverjir munu koma að því verki? Það er nefnilega töluvert áhyggjuefni að það skuli vera eftirlitsskyldu aðilarnir sjálfir, fyrirtækin á verðbréfamarkaðnum, sem ég hef grun um að muni koma að því verki. Þeir hafa komið mjög náið að þeirri löggjöf sem sett hefur verið um verðbréfamarkaðinn og um Fjármálaeftirlitið og verulegt tillit verið tekið til þeirra skoðana. Að mínu viti hefur sumpart verið gengið of langt í því efni að fara að tillögum og sjónarmiðum eftirlitsskyldra aðila. Í því sambandi nefni ég sérstaklega t.d. löggjöfina um Fjármálaeftirlitið, að þar skuli hagsmunaaðilarnir sjálfir, sem Fjármálaeftirlitið á að hafa eftirlit með, koma að verki. Ég tel það umhugsunarefni ef það er líka svo varðandi þessa löggjöf um verðbréfamarkaðinn að þeir sem eiga hagsmuna að gæta eigi að ráða ferðinni um hvernig reglur við setjum um verðbréfamarkaðinn. Því væri fróðlegt, herra forseti, að

heyra hvernig hæstv. ráðherra hyggst standa að þeirri vinnu sem stendur fyrir dyrum ef farið verður að tillögu meiri hlutans.

Ég vil, herra forseti, í framhaldi af inngangi mínum í þessum málum fara aðeins yfir þau ákvæði sem minni hlutinn leggur áherslu á. Eins og ég nefndi er lítið tekið á innherjaviðskiptum og það vantar skilgreiningu á því hverjir eru innherjar. Á því tökum við einmitt í brtt. okkar. Það er akkúrat, svo ég vitni nú enn einu sinni í það því það er svo sjaldan sem ég tek upp tillögur Verslunarráðsins, það sem Verslunarráðið sagði í skýrslu sinni frá því í febrúar í vetur, að skilgreina þurfi betur innherja og tilkynningarskyldu þeirra. Verslunarráðið leggur til að meiri vinna verði lögð í að skilgreina hvaða hópur telst vera innherjar og hvernig tilkynningarskyldu innherja verði háttað. Þetta kom fram í skýrslu ráðsins til Viðskiptaþings.

Einnig vantar skýrar verklagsreglur, eins og við höfum komið inn á, um aðgang starfsmanna sem búa yfir trúnaðarupplýsingum að kaupum á hlutabréfum í fyrirtækjum og hvort og þá hvernig þeir mega sjálfir koma að útboðum sem eru í gangi á hlutabréfum í fyrirtækjum sem þeir vinna hjá. Þetta er mikið kjarnaatriði í þessum málum. Satt að segja trúði ég varla að það ætti ekki að taka á því í þessu frv. *Hvenær mega þeir koma að útboðunum?* Þetta eru aðilar sem búa yfir ákveðnum trúnaðarupplýsingum og mikilvægt er að það liggi skýrt fyrir hvenær þeir mega koma að útboðunum.

Síðan vantar að 7. gr. frv., sem meiri hlutinn leggur að vísu til að falli brott, taki til lokaðra útboða, m.a. um hvernig staðið skuli að upplýsingum og kynningu slíkra bréfa. Á því var að vísu ekki heldur tekið í frv. ráðherrans. Ég vænti þess að meiri hlutinn leggi áherslu á að einnig verði tekið á því í þeirri vinnu sem fram á að fara vegna þess að vantar mjög skýrar reglur um hvernig á að fara með lokuð útboð.

Við nefnum hér, þó að það eigi heima í ákvæðum laga um kauphallir, 26. gr. þeirra laga, að ákvæði vanti um upplýsingagjöf vegna skyldrar eignar. Þar minnum við einmitt á þegar eignarhaldsfélag Orca-hópsins neitaði að gefa upplýsingar um hverjir væru eigendur félagsins. Síðan nefnum við einnig að ástæða sé til að að taka á viðskiptum verðbréfafyrirtækjanna sjálfra fyrir eigin reikning. Við leggjum til í brtt. okkar að hæstv. ráðherra fái heimild til þess að taka á því máli.

Því hefur nú einmitt verið haldið fram af ýmsum sem þekkja til á verðbréfamarkaðnum að á því máli þurfi að taka, ekki sé eðlilegt að verðbréfafyrirtæki sem sýsla með eignasöfn viðskiptavinanna standi sjálf í miklum viðskiptum fyrir eigin reikning. Sumir telja meira að segja og ganga svo langt, sem mér finnst nú töluvert vera til í, að slíkt fyrirkomulag, að það sé algjörlega óheft hvað þessi fyrirtæki geta verið með mikil viðskipti fyrir eigin reikning, geti haft óæskileg áhrif á verðmyndun bréfanna.

Ávallt þegar þetta er nefnt og aðrir þættir er vísað til þess sem kemur fram í þessu frv., sem er alveg gott og gilt og við munum auðvitað styðja í minni hlutanum, hinna svokölluðu kínamúra. Ef ráðherrann kemur upp í þennan ræðustól veit ég að hún mun vísa mikið í ákvæði frv. sem fjallar um aðskilnað einstakra starfssviða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, um að þau verði gerð skýrari og verklagsreglur um eigin viðskipti þeirra sem og eigenda þeirra, stjórnenda, starfsmanna og maka, verði gerð ítarlegri. En við teljum það ekki nægilegt og viljum veita ráðherranum svigrúm til að geta sett reglur um þetta efni.

Það kom fram í blaðagrein eða úttekt nýlega — mér sýnist þetta vera Morgunblaðið — að verið var fara yfir dönsku lögin um verðbréfaviðskipti en þar er að finna sérstök ákvæði um viðskipti yfirmanna í fyrirtækjum með verðbréfaþjónustu fyrir eigin reikning. Ég held að dönsku lögin séu löggjöf sem við ættum að skoða vel og taka okkur til fyrirmyndar í ákveðnum efnum. Hér segir einmitt um þetta atriði:

„Trúlega mundu dönsk yfirvöld líta svo á að innherjaviðskipti yfirmanna verðabréfafyrirtækja, sambærileg við þau sem fjórmenningarnir í Búnaðarbankanum stunduðu, séu spákaupmennska samkvæmt ákvæðum laganna og brjóta þar með gegn lögunum. Eflaust er þetta þó háð mati hverju sinni t.d. út frá því hve mikil fjárfestingaráætlun er og hvort kaupin eru fjármögnuð með lánsfé eða eigið fé viðkomandi yfirmanns."

Síðan er vitnað einmitt í dönsku lögin, í 12. gr. verðbréfaviðskiptalaganna frá 1995, en þar segir að framkvæmdastjórum og aðstoðarframkvæmdastjórum, deildarstjórum og aðstoðardeildarstjórum í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sé óheimilt að stunda spákaupmennsku með verðbréf fyrir eigin reikning. Einnig er sú skylda lögð á stjórnendur fyrirtækja að þeir setji reglur innan fyrirtækisins um hvaða öðrum starfsmönnum sé óheimilt að stunda spákaupmennsku. Að endingu er í greininni kveðið á um að danska fjármálaeftirlitið skuli setja nánari reglur um það hvenær um spákaupmennsku starfsmanna sé að ræða.

Ég tel því að sú heimild sem við í minni hlutanum erum hér að veita ráðherranum sé afar mikilvæg.

Það sem ég hef nefnt er allt mjög mikilvægt til þess að styrkja verðbréfamarkaðinn og auðvelda eftirlit með honum sem er nauðsynlegt til þess að eyða tortryggni og skapa traust á verðbréfamarkaðnum. En mér finnst satt að segja, herra forseti, að frv. í heild með breytingum meiri hlutans, sem flestar hverjar eru nú tæknilegar að mínu viti, virðast litlu breyta um skýrari, heilbrigðari og eðlilegri leikreglur á fjármálamarkaðnum en verið hefur því að mikilvægum ákvæðum er sleppt eins og ég hef margfarið inn á um innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga.

Við flytjum því, herra forseti, brtt. í minni hlutanum en eins og ég sagði áður skipa hann hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Þær snerta í 1. tölul. lokað útboð sem við teljum að þurfi að taka á í frv. Þær snerta, eins og ég nefndi áðan, að ráðherra geti með reglugerð, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, takmarkað heimildir verðbréfafyrirtækja til að eiga viðskipti fyrir eigin reikning. Þær kveða á um að almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skuli fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum. Þær kveða á um að óheimilt sé að bjóða almenningi til kaups verðbréf sem falla undir grein þessa, en hafa ekki verið boðin út í samræmi við ákvæði hennar. Jafnframt að í reglugerð sem ráðherra setur skuli kveða nánar á um almennt útboð verðbréfa, svo sem um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs, tilkynningar um almennt útboð, reglur um fyrsta söludag almennra útboða og tilkynningar verðbréfafyrirtækja og annarra aðila sem hafa milligöngu um almennt útboð um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði. Þá skuli ráðherra, að fenginni umsögn Fjármálaeftirlitsins, setja reglugerð um lokuð útboð, m.a. um skilyrði fyrir þeim, aðdraganda og framkvæmd þeirra og um heimildir til viðskipta með verðbréf sem boðin eru í lokuðu útboði.

Og þar vil ég, herra forseti, aðeins fara inn á umsögn Fjármálaeftirlitsins sem snertir almenn og lokuð útboð en þar segir, með leyfi forseta:

„Markmið reglna um almennt útboð er m.a. að tryggja að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um útgefendur verðbréfa og verðbréf þau sem boðin eru almenningi til kaups. Ekki þykir rétt að fyrirtæki geti leitað til almennings um fjármagn nema að almenningur geti tekið upplýsta ákvörðun um þá fjárfestingu á grundvelli fullnægjandi gagna. Með öðrum orðum verður að tryggja að fyrirtæki sem leita til almennings um fjármögnun, veiti nauðsynlegar upplýsingar og beri ábyrgð á þeim gagnvart almennum fjárfestum."

Með vísan til þess leggur Fjármálaeftirlitið til að kveðið verði á um það með beinum hætti í frv. að óheimilt sé að bjóða almenningi tiltekin verðbréf til sölu nema þau hafi verið kynnt almenningi með almennu útboði.

Ég hygg að með sölu á deCODE-bréfunum hafi einmitt verið nokkur misbrestur á því að almenningi hafi verið kynnt þau verðbréf sem þar voru til sölu með þeim hætti sem nauðsynlegt var enda vantaði reglur þar um og það er það sem Fjármálaeftirlitið er að kalla eftir.

Síðan leggja þeir til að hægt sé að styrkja ákvæði í 1. mgr. 7. gr. með nýjum málslið og þeir segja:

„Óheimilt er að bjóða almenningi til kaups verðbréf sem falla undir grein þessa en hafa ekki verið boðin út í samræmi við ákvæði hennar."

Síðan segir:

„Það er hins vegar mikilvægt að fyrirtæki geti aflað sér fjár á verðbréfamarkaði án þess að þurfa að fara í almennt útboð. Það ferli getur verið þungt í vöfum fyrir mörg fyrirtæki. Þá getur verið að fyrirtæki séu ekki tilbúin til að veita þær upplýsingar sem nauðsynlegt þykir að veita í almennu útboði. Hér er aðstaðan sú að fyrirtækin leita til fjárfesta sem hafa mikið fjármagn með höndum og að sama skapi meiri reynslu og þekkingu á fjármagnsmarkaði. Ekki er því ástæða til að gera sömu kröfur til upplýsingaskyldu fyrirtækja við slíkar aðstæður, þar sem ekki er verið að bjóða almenningi bréfin." — Þarna er lögð meginhersla á það atriði að ekki sé verið að bjóða almenningi bréfin. Síðan segir: „Það er hins vegar ljóst að bréf sem boðin eru út með þessum hætti mega ekki ná til almennings, hvorki við útboðið né á eftirmarkaði. Þetta helgast af því að almennt liggja ekki fyrir nauðsynlegar upplýsingar um fyrirtækið þannig að almenningur geti tekið upplýstar ákvarðanir um fjárfestingu sína og dregið fyrirtækið eða aðra aðila til ábyrgðar vegna þeirra. Fjármálaeftirlitið leggur því til að bætt verði við nýrri skilgreiningu við 2. gr. frumvarpsins og nýrri málsgrein við 7. gr. sem fjalli um lokuð útboð og gæti verið svohljóðandi:

Lokað útboð: Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru afmörkuðum hópi einstaklinga eða lögaðila til kaups í fyrsta sinn án almennrar og opinberrar auglýsingar eða kynningar sem jafna má til opinberrar auglýsingar.

Ráðherra skal setja reglugerð um lokuð útboð, m.a. um skilyrði fyrir þeim, aðdraganda og framkvæmd þeirra og um heimildir til viðskipta með verðbréf sem boðin eru í lokuðu útboði."

Þetta er einmitt, herra forseti, ákvæði sem við í minni hlutanum tökum upp í tillögur okkar og það er ekki einu sinni að meiri hlutinn taki undir það að setja þetta inn í lög núna heldur er fallið frá því, eins og ég nefndi áðan, sem hæstv. ráðherra setti þó í frv. sitt að setja ákvæði um það sem ráðherrann nefndi í athugasemdum um greinina, að mjög brýnt væri að lögfesta. Það er einnig fallið frá þessu hjá meiri hlutanum. Hann dregur úr frv. ráðherrans en herðir þar alls ekki á, nema í einu atriði sem við fögnum. Þar er lagt til að í stað 7. gr. um almennt útboð sem á að falla brott verði aukin ábyrgð vegna banns við milligöngu varðandi verðbréfamiðlun. Það er, herra forseti, ákvæði sem er svohljóðandi:

„Sama gildir varðandi vitneskju eða grun um að viðskipti brjóti gegn 30. gr." — Og: „Vakni grunur skv. 1. mgr. skal fyrirtækið þegar í stað tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins."

Þarna er verið að styrkja og auka ábyrgðina vegna banns um milligöngu vegna verðbréfamiðlunar. Þetta er raunverulega eina ákvæðið sem meiri hlutinn tekur upp til að styrkja frv. ráðherrans en fellir um leið brott 7. gr. og setur þessa í staðinn, þ.e. 7. gr. sem fjallaði um almenn útboð.

Síðan segir Fjármálaeftirlitið varðandi meðferð trúnaðarupplýsinga og sýndarviðskipti, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu eru eins og áður segir ákvæði sem ætlað er að stuðla að auknum trúverðugleika á verðbréfamarkaði. Ákvæði þessi lúta að kínamúrum, verklagsreglum og menntunarkröfum." — Hér er verið að vitna til þess sem er í frv. — „Fjármálaeftirlitið telur hins vegar æskilegt að styrkt verði ákvæði laga um verðbréfaviðskipti hvað varðar meðferð trúnaðarupplýsinga." — Ég veit að hæstv. ráðherra er þessu hjartanlega sammála en hæstv. ráðherra hefur bara ekki stuðning meiri hlutans til þess að þetta verði að lögum og hún geti unnið að því þegar í stað að setja reglugerð um meðferð trúnaðarupplýsinga sem gæti tekið gildi fljótlega. Og síðan segir Fjármálaeftirlitið: „Æskilegt er að stjórnvöldum verði veitt reglugerðarheimild þannig að nauðsynlegt svigrúm og sveigjanleiki sé fyrir hendi, enda mega slíkar reglur hvorki vera of veikar eða strangar. Því er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 27. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar, m.a. um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar um viðskipti og birtingu þeirra, tilgreiningu aðila og birtingu lista yfir þá. Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu verði aukin varðandi bann við milligöngu þar sem grunur er um brot á reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga."

Þetta er niðurstaðan, herra forseti, sem við stöndum frammi fyrir hér við 2. umr. málsins að meiri hlutinn sýnir algjöra uppgjöf og vísar málinu aftur til föðurhúsanna, vísar málinu aftur til hæstv. ráðherra og vill fresta því fram á næsta þing. Það er auðvitað a.m.k. góð viðleitni sem fram kemur í þeim orðum formanns efh.- og viðskn. og kemur reyndar fram í nál. einnig að þegar í upphafi næsta þings verði slíkt frv. tilbúið sem taki á þeim ákvæðum sem við höfum verið að gagnrýna að vanti í þetta frv. og jafnvel er verið að tala um lögfestingu á þessum atriðum strax í október. Ef svo fer, herra forseti, að hæstv. ráðherra ætlar sér að halla sér að þeim sem ekki vilja styðja það, þ.e. meiri hlutanum en ekki að okkur í minni hlutanum og styðja tillögur okkar þá verður svo sannarlega eftir því gengið að það frv. komi fram strax í upphafi þings og verði sem fyrst gert að lögum.

En ég hef áður, herra forseti, af því að ég hef nokkra þingreynslu, heyrt slíkar frómar og góðar óskir þegar menn eru að ýta frá sér ábyrgð og vilja ekki takast á við vandamál og verkefni sem sett eru fyrir löggjafann og ýta málinu á undan sér, þá koma oft svona frómar áætlanir um að menn ætli þegar á næsta þingi að leggja fram frv. og lögfesta það.

Ég held að reynslan muni sýna að einhver dráttur verður á því.

Herra forseti. Við leggjum síðan til, eins og ég nefndi, við upptalningu sem fram kemur í 8. gr. í frv. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: „að hver einstök viðskipti stjórnenda, starfsmanna og maka séu, eftir því sem við á, samþykkt fyrir fram af viðkomandi yfirmanni."

Þetta er tillaga sem orðrétt er tekin upp úr tillögum Verslunarráðsins sem hv. formaður efh.- og viðskn. hefur talað fyrir opinberlega. Ég spyr hv. formann nefndarinnar: Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að bæta þarna við nýjum tölulið sem tekur upp ákvæði sem Verslunarráðið og formaðurinn sjálfur hefur talað fyrir? Hér er ekki verið að vísa í reglugerð heldur er verið að tala um beina lagasetningu á þessu tiltekna ákvæði á 8. gr. sem nýjum tölulið. (**VE:** Þarf ekki lög.) Þarf ekki lög, segir hv. formaður nefndarinnar.

Var þetta framkvæmt þannig í þeim viðskiptum verðbréfafyrirtækja þar sem fram kom að verklagsreglur hefðu verið brotnar? Var yfirmannaábyrgðin skýr í þeim tilvikum? Í frétt frá Fjármálaeftirlitinu er verið að tala um brot á þessum verklagsreglum og ég ætla að vitna orðrétt í bréf Fjármálaeftirlitsins út af frammíkalli hv. þm.:

„Í því sambandi kann að þurfa að taka tillit til þess hvort viðskiptin hafi átt sér stað með samþykki stjórnenda fyrirtækisins."

Fjármálaeftirlitið hefur kannað brot á verklagsreglum hjá þessum sex fyrirtækjum en samt liggur þetta ekki klárt fyrir þegar Fjármálaeftirlitið er að gefa út niðurstöðu könnunar sinnar. Hvers vegna í ósköpunum er í umsögn Verslunarráðsins, sem hv. formaður efh.- og viðskn. þekkir vel, kallað eftir slíkri lagabreytingu ef það þarf engin lög eða lagabreytingu um þetta efni?

Við leggjum síðan til að við 27. gr. laganna bætist ný málsgrein:

„Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd greinar þessarar, m.a. um takmarkanir á viðskiptum, tilkynningar um viðskipti og birtingu þeirra, birtingu rekstraráætlana," sem mig minnir að Verslunarráðið hafi einmitt verið að benda á að mikilvægt væri að fá fram. Við tökum það upp, birtingu rekstraráætlana, að ekki sé bara litið til fortíðar heldur hafi þeir sem eru í þessum viðskiptum einhverjar hugmyndir um rekstraráætlun fyrirtækjanna.

Við ræðum jafnframt um tíðari uppgjör fyrirtækja eins og ársfjórðungsuppgjöra, sem mikið hefur verið talað um og tilgreiningu aðila og birtingu lista yfir þá. Því næst segir:

„Þá er ráðherra heimilt að ákveða í reglugerð að tilteknir aðilar teljist fruminnherjar í fyrirtæki og að þeir geti ekki átt í viðskiptum með verðbréf sín fyrr en að liðnum allt að sex vikum frá birtingu afkomutalna þess."

Hv. formaður nefndarinnar nefndi að þetta þyrfti að skoða því að þetta hefði ekki lagastoð og einmitt þessi þáttur væri mjög viðkvæmur. Ég get auðvitað fallist á að þessi þáttur er viðkvæmur en með þeim hætti sem við í minni hlutanum setjum þetta fram er búið að gefa þessu mikilvæga atriði varðandi verðbréfamarkaðinn ákveðna lagastoð til að hvíla á.

Við leggjum til aðra gildistöku en frv. ráðherrans gerir ráð fyrir. Þar gerum við ráð fyrir að lög þessi öðlast þegar gildi, að undanskilinni 7. gr. um almennt og lokað útboð verðbréfa sem taki gildi 1. júlí 2000. Í frv. ráðherrans var talað um 1. okt. 2000, ef ég man rétt, en meiri hlutinn hefur að vísu fellt út þessa 7. gr. um almennt útboð og vísað aftur til ráðherrans.

Síðan gerum við ráð fyrir því að aðlögun starfandi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, þ.e. í 5. gr. laganna um menntunarþáttinn, verði lokið fyrir 1. janúar 2001. Í frv. ráðherrans hæstv. er gert ráð fyrir að það verði hálfu ári seinna eða 1. júlí 2001. Við teljum að svigrúmið sem hér er gefið bæði varðandi reglugerðarsetningu að því er varðar almennt og lokað útboð fram til 1. júlí 2000 og síðan varðandi aðlögun fyrirtækja að ákvæðum frv. til 1. janúar 2001 sé algjörlega nægjanlegt til að verðbréfafyrirtækin geti tekið á sínum málum.

Herra forseti. Ég hef í nokkuð ítarlegu máli farið yfir þetta frv. og stöðu þess við 2. umr. málsins. Ég tel málið afar mikilvægt og þýðingarmikið fyrir verðbréfamarkaðinn að við setjum traust og skýra löggjöf sem stuðli eins og kostur er að heilbrigðum viðskiptum á verðbréfamarkaðnum. En því miður, eins og frv. lítur út við 2. umr. og eins og stefnir í að frv. verði lögfest, finnast mér ákvæðin afar máttlaus.

Ég vil líka nefna að við í Samfylkingunni höfum flutt till. til þál. um setningu siðareglna í viðskiptum sem einnig hefur verið fjallað um af efh.- og viðskn. og afgreidd með ákveðnum hætti hér til þingsins. Ég tel að slíkar reglur séu afar mikilvægar í viðskiptum og um það þurfi ekki að deila.

Herra forseti. Ég hef beint nokkrum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra. Þær lúta að tveimur meginþáttum, annars vegar því sem fram kom í bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 25. febr. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér. En ráðherrann hæstv. hlustaði á mál mitt og ég tel afar mikilvægt að fá svör varðandi það.

Eins spurði ég hæstv. ráðherra að gefnu tilefni um stöðuna að því er varðar ný samkeppnislög sem eru fyrir efh.- og viðskn. Í einu dagblaði í dag kemur fram að hörð átök séu milli stjórnarflokkanna um það frv. sem mér finnst afar slæmt vegna þess að ég hafði gert mér vonir um að það væri hægt að ná breiðri og góðri samstöðu um það frv. í efh.- og viðskn. Ég vil segja hæstv. ráðherra það til hróss að frv. sem liggur fyrir í efh.- og viðskn. um breytingar á samkeppnislöggjöfinni er mjög gott að mínu viti. Það styrkir verulega Samkeppnisstofnun og þau tæki sem hún þarf að búa yfir til að hægt sé að taka á fákeppni og einokun sem er að finna í ýmsum starfsgreinum. Mér til mikillar ánægju kinkar hér kolli hv. þm. Pétur Blöndal sem þekkir vel til verðbréfamarkaðarins. Ég tek það sem merki um að hv. þm. sé sammála því að afgreiða þurfi þetta frv. um samkeppnislöggjöfina sem er enn óafgreitt í efh.- og viðskn.

Ég hef eina lokaspurningu, herra forseti, til formanns efh.- og viðskn., af því að stefnan er að því er ég best veit að ljúka þingi á fimmtudaginn, hvernig sem það tekst. Ég sé ekki annað en að boða þurfi til fundar þegar í kvöld eða í síðasta lagi í fyrramálið í efh.- og viðskn. til að taka út þetta frv. Ég spyr formann efh.- og viðskn. sömu spurningar og hæstv. ráðherra: Megum við eiga von á því að til fundar verði boðað í efh.- og viðskn. til að taka á þessu máli? Ef svarið er neikvætt eða einhverjar efasemdir um það þá hljótum við í minni hlutanum að hugleiða að fara formlega fram á það við formann nefndarinnar að hann kalli til slíks fundar í nefndinni til að geta farið yfir málið þar.

Ég sagði áðan að ég teldi breytingar á samkeppnislöggjöfinni eitt stærsta málið sem fyrir þetta þing hefur komið og mikilvægasta málið fyrir atvinnulífið og eðlilega og heilbrigða samkeppni. Ég teldi það stjórn og stjórnarandstöðu

til mikils sóma ef það gæti orðið eitt af þeim málum sem við mundum afgreiða á lokadögum þingsins. Ég er vitanlega að tala um, herra forseti, að hæstv. ráðherra standi nú fast í ístaðinu og láti ekki draga úr þeim ákvæðum sem þar koma fram. Öllu máli skiptir hvernig málið kemur frá efh.- og viðskn. og þetta ágæta frv. sem ráðherrann beitti sér fyrir á þingi á þessum vetri fái farsælan framgang á þinginu.

[16:57]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágætt starf að þessu frv. Ég held að það hafi sýnt sig, bæði í starfi hennar að málinu og eins ræðu hennar að efnislega beri ekki svo mikið á milli. Ég held að við séum bæði miklir áhugamenn um framþróun á verðbréfamarkaðnum. Tillögur hv. þm. sem hún hér lýsti eru flestar um atriði sem mikið er fjallað þessa dagana og margar alveg ágætar.

Spurningin er hins vegar um tæknilegar útfærslur og hvort sum atriði eigi betur heima í lögum eða reglugerðum og hvernig löggjöfin er búin. Við erum bæði áhugamenn um vandaða löggjöf. Ég held að það sem máli skiptir sé að eftir standi að löggjöfin sé vönduð, að hægt sé að starfa eftir henni og þokkalegur friður ríki um hana á fjármagnsmarkaðnum. Ég treysti því að næsta haust, þegar okkar vaski hæstv. viðskrh. er búinn að leggja fram frv. um þetta mál, muni ekki standa á hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að taka þátt í að klára það fljótt og afgreiða helst fyrir októberlok.

Varðandi fund í efh.- og viðskn. þá kemur að sjálfsögðu til greina að halda fund í nefndinni. Ég veit það að hv. þm. er alltaf tilbúinn til að mæta á þá fundi að nóttu sem degi.

[16:59]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni efh.- og viðskn. hlý orð í minn garð. Það er alveg rétt sem hann nefndi að ég væri tilbúin að mæta hvort sem væri að nóttu eða degi til að afgreiða það mikilvæga mál sem liggur eftir í efh.- og viðskn. Ég tek það sem svo, vegna þess sem hv. formaðurinn nefndi hér áðan, að til fundarins verði boðað. Ég legg þá fram þessa formlegu ósk, að boðað verði til fundarins til að ræða þetta mál. Ég heyri að af hálfu hv. formanns nefndarinnar er ekkert því til fyrirstöðu að verða við þeirri ósk.

Að vísu hefði ég viljað heyra betur frá formanni nefndarinnar hverjar líkur væru á því að hans mati að ná fram málinu. Við erum að fjalla um stjfrv., það er ekki einu sinni svo að ég sé að reyna að pína hv. formann nefndarinnar til að ná út einhverju stjórnarandstöðumáli heldur er um stjórnarmál að ræða, stjfrv. sem hörð átök eru um milli stjórnarflokkanna. Ég vona bara af því að ég þekki hv. formann nefndarinnar að því að hann sýni það í verki að hann flytji þetta mál alla leið hingað til þingsins aftur og við fáum að greiða atkvæði um það en það standi ekki upp úr í umræðunni um þetta mál sem og það mál sem við erum að fjalla um núna, um verðbréfaviðskipti, að hæstv. ráðherra eigi sér meiri vini í stjórnarandstöðunni en í stjórnarliðinu. Hæstv. ráðherra getur greinilega bæði í þessu frv. um verðbréfaviðskipti og um samkeppnislöggjöfina treyst miklu fremur á stuðning okkar í stjórnarandstöðunni en í stjórnarliðinu. Ég vona því að það gangi ekki eftir eftir þessa umræðu.

[17:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hrærður yfir hinni miklu vináttu hv. þm. og viðskrh. og ég tek það þannig að ég eigi að leggja mig allan fram um að vera jafnmikill vinur hæstv. ráðherra og hv. þm. er. En hv. þm. veit líka að það er ekki minn stíll að bera samræður mínar og hæstv. ráðherra á torg.

[17:02]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að túlka þetta sem mjög jákvætt innlegg í málið og fer mjög bjartsýn úr þessum ræðustól um það að á morgun verði tekið til óspilltra málanna að ræða við 2. umr. frv. hæstv. viðskrh. um breytingu á samkeppnislöggjöfinni.

[17:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fer svo vel á með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. formanni efh.- og viðskiptanefndar að mér finnst eiginlega óviðeigandi að blanda mér í þau skoðanaskipti.

En út af orðum hv. þm. fyrr í umræðunni get ég sagt það til að byrja með að ég er ákaflega ánægð að heyra það mikla traust sem hún ber til mín. Mér finnst reyndar að hún hefði mátt sýna það meira í verki með því að standa þá með meiri hlutanum að áliti og að málinu í heild sinni því að varla óttast hún að málið komi að hluta til aftur til ráðuneytisins miðað við öll þessi fögru orð.

Ég get alveg samþykkt það með hv. þm. að sú löggjöf sem við erum nú að setja er ekki endanleg. Það á eftir að vinna áfram að þessum málum og ég treysti því og er reyndar alveg sannfærð um að sá áfangi sem við munum vonandi taka síðar á þessu ári og varðar ekki síst innherjaviðskipti er mjög mikilvægur. Það þarf einfaldlega örlítið meiri tíma til að sú lagasetning geti farið fram núna þannig að vel sé.

Um þær spurningar hv. þm. sem lúta að Fjármálaeftirlitinu og hún bar upp þá er það nú svo, eins og hún veit, að Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð stofnun og fer með eftirlitsþátt á verðbréfamarkaði og fjármagnsmarkaði. Mér finnst mikilvægt að ráðuneytið sé ekki að skipta sér allt of mikið af því sem Fjármálaeftirlitið gerir en fylgist hins vegar að sjálfsögðu með því. Það er rétt sem kom fram í máli hennar að Fjármálaeftirlitið lét koma fram í bréfi sínu miklar athugasemdir gagnvart ákveðnum stofnunum og eins og hv. þm. nefndi er það á ábyrgð stjórna viðkomandi stofnana að sjá til þess að tekið sé mark á þeim ábendingum.

[17:05]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra ákaflega lítillát ef hún telur gott og blessað að meiri hluti efh.- og viðskn. vísi frá veigamiklum þáttum sem ráðherrann hefur lagt áherslu á að fá lögfest. Það er auðvitað það sem meiri hlutinn er að gera, hann er að hafna og vísa frá þinginu ákveðnum þáttum sem varða meðferð trúnaðarupplýsinga og ákvæði í löggjöf um innherjaviðskipti.

Við erum aftur á móti að styðja ráðherrann í því að fá lögfest þau atriði sem ég hef ekki skilið öðruvísi en svo að ráðherrann leggi áherslu á. Þetta heitir nú bara að snúa

hlutunum á hvolf ef ráðherrann telur að það sé fullnægjandi að málum sé vísað frá sem ráðherrann sjálfur leggur áherslu á að fá afgreidd á hv. Alþingi.

Síðan verð ég að segja það, herra forseti, að það dugir ekki að tala um Fjármálaeftirlitið sem sjálfstæða stofnun eins og mér finnst ráðherrann ítrekað gera þegar hún er spurð spurninga sem snerta verðbréfaviðskipti og Fjármálaeftirlitið. Vissulega veit ég að þetta er sjálfstæð stofnun en ráðherrann hlýtur þó að fylgjast með þeim tillögum sem Fjármálaeftirlitið setur eins og í þeim brotum á verklagsreglum hjá sex fyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið sagði að væru viðskipti sem ættu að ganga til baka. Ráðherrann hlýtur þá að hafa fylgst með því hvernig hefur verið framfylgt þeim tilmælum, beiðnum eða óskum eða hvað það á að kalla þetta frá Fjármálaeftirlitinu. Ef það eru yfirmenn fyrirtækjanna sem eiga að ganga eftir því að þessi viðskipti séu látin ganga til baka þá spyr ég: Hefur það verið gert?

Mér finnst alveg lágmark að hæstv. viðskrh. viti um það hvort svo er eða ekki. Hún þarf ekki að svara því nema með einu orði að þetta hafi verið látið ganga til baka eða að verið sé að kanna þetta eða hvernig staðan sé í þessum málum. Ég óska eftir svari við því.

Síðan spyr ég hæstv. ráðherra um samkeppnislöggjöfina sem er enn til meðferðar hjá efh.- og viðskn.

[17:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lít mjög alvarlegum augum þau brot sem hafa átt sér stað á verklagsreglum og það hef ég látið koma fram áður í þinginu.

Vegna þeirrar spurningar hv. þm. hvernig brugðist verði við gagnvart þeim fyrirtækjum þar sem þessi brot hafa verið framin þá er reyndar ekki komin niðurstaða í það mál. Ég get því ekki á þessari stundu svarað því nákvæmlega hver viðbrögð viðkomandi stjórna verða. En það er rétt að niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að þessi viðskipti skyldu ganga til baka ef kostur væri.

Það sem átt er við er m.a. það að þar sem um viðskipti hefur verið að ræða sem heimiluð hafa verið af yfirmönnum þá er ekki hægt annað en að skrifa þau á þeirra ábyrgð en ekki á ábyrgð þeirra starfsmanna sem hafa átt viðskipti í þeirri trú að þau stæðust verklagsreglur. Í sumum tilvikum liggur ábyrgðin því hjá yfirmönnum en í öðrum tilfellum liggur hún hjá viðkomandi starfsmönnum, sem hafa, ég ætla ekki að segja stundað ólögleg viðskipti, en hafa átt viðskipti sem standast ekki þær reglur sem settar hafa verið af stjórnum viðkomandi fyrirtækja.

Um samkeppnislög er það að segja, eins og hv. þm. veit, að þau eru til meðferðar í efh.- og viðskn. Ég veit ekki betur en þau verði afgreidd frá nefndinni og verða vonandi þá að lögum áður en við ljúkum störfum í vor.

[17:09]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hæstv. ráðherranum vegna þess að nú talaði hæstv. ráðherra skýrt. Samkeppnislögin verða afgreidd frá efh.- og viðskn. og þau verða gerð að lögum í þessari viku og er mjög gott til þess að vita.

Það er líka mjög gott að fá fram það sem fram kom hjá ráðherranum varðandi þau sex fyrirtæki sem hafa brotið verklagsreglur. Ég skil það svo að þessum málum sé enn ólokið og verið sé að vinna að því að fullnusta tilmæli Fjármálaeftirlitsins um það að þessi viðskipti verði látin ganga til baka þar sem þess er kostur og þar sem það er hægt. Þegar niðurstaða liggur fyrir í því ætlast ég til að a.m.k. efh.- og viðskn. fái einhverja vitneskju um hana. Auðvitað ætti þetta ekki að fara neitt dult þannig að það ætti að liggja fyrir opinberlega hver niðurstaðan verður í að fullnusta þau tilmæli sem koma fram hjá Fjármálaeftirlitinu varðandi brot þessara sex fyrirtækja. Verði því ekki mótmælt lít ég svo á að hæstv. viðskrh. muni beita sér fyrir því að niðurstaðan varðandi lyktir málsins verði gerð opinber.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 629. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 1282.

Fjárreiður ríkisins, 243. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1283.

Kjör forræðislausra foreldra, 246. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1302.

Mat á umhverfisáhrifum, 386. mál, brtt. ÞSveinb og KolH, þskj. 1299.

Vatnajökulsþjóðgarður, 642. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 1300.

Vörugjald, 520. mál, brtt. VE, þskj. 1298.

Þóknun LÍÚ fyrir innheimtu tryggingagjalds, 455. mál, svar sjútvrh., þskj. 1173.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutabréf, lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 849, nál. 1221 og 1266, brtt. 1222 og 1257.

[17:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem orðnar eru allmargar frá því að lögin voru upphaflega sett.

Nefndin hefur unnið málið með því að senda það til umsagnar til margra aðila og fengið þá sem sendu inn umsagnir á fund sinn eins og getið er í nál. Að sjálfsögðu eru lagðar til nokkrar breytingar á skattalögunum í frv. en nefndin gerir brtt. við frv. í einum sjö liðum sem ég mun gera grein fyrir.

Í 1. lið brtt. er lagt til að 1. gr. falli niður eins og hún stendur en að tekið verði inn nýtt ákvæði sem fjalli um að heimilt skuli vera að draga frá tekjum meðlög sem samsvara fyrst meðlagi sem nemur fjárhæð barnalífeyrisins og síðan til viðbótar það sem úrskurðað er að auki. Þó getur heildarfrádráttur vegna meðlags ekki orðið hærri en tvöföld fjárhæð barnalífeyris.

Þetta kemur í veg fyrir að meðlagsgreiðslur séu tvískattaðar, að greiddur sé skattur af þeim hjá meðlagsgreiðandanum og meðlagsviðtakandanum líka. Slíkt væri að sjálfsögðu í algjöru ósamræmi við tilgang meðlaganna sem er þátttaka í kostnaði á framfærslu barna.

Í 2. lið brtt. eru ýmsar orðalagsbreytingar sem eru til skýringar á þeim ákvæðum sem fjalla um kauprétt og skattalega meðferð kaupréttar á hlutabréfum.

Í 3. lið brtt. er tillaga til breytinga á 3. gr. frv. að hún orðist svo: „Framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.“ Það er ekki talið til tekna hjá launþega, nema í undantekningartilvikum sem ég rek nú. Það skal talið til tekna, þ.e. „framlag launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda til skattskyldra tekna ef iðgjaldagreiðslur frá launagreiðanda eða sjálfstætt starfandi manni skapa réttindi til greiðslu ellilífeyris umfram þau meðallaun sem greitt hefur verið af síðustu fimm ár miðað við að ellilífeyrir sé tekinn með jöfnum greiðslum frá 65 ára aldri. Við mat á réttindum til ellilífeyris skal miðað við að áfram sé greitt í lífeyrissjóð af meðallaunum síðustu fimm ára eftir því sem lög eða kjarasamningar mæla fyrir um.“

Með þessu er sett ákveðið þak á hvað þetta skattfrestunartæki getur virkað hátt og hvernig í rauninni hægt sé að nota það til að mynda sér lífeyrisréttindi.

Síðasti málsliðurinn í þessari brtt. er á þessa leið: „Hafi í kjarasamningum verið samið um iðgjald í lífeyrissjóð eða það bundið í lögum skal það aldrei teljast til skattskyldra tekna.“

Meginbreytingin frá því sem var í frv. felst í því að frv. gerði ráð fyrir því að allar iðgjaldagreiðslur sem renna frá launagreiðanda til lífeyrissjóðs yrði taldar til skattskyldra tekna hjá launþeganum en síðan væri ákveðið þak á hvað launþeginn gæti dregið mikið frá skatti. Þessu er breytt þannig að þetta framlag launagreiðanda er ekki talið til tekna hjá launþeganum nema með þeirri undantekningu sem ég rakti en framlag launagreiðenda til öflunar lífeyrisréttinda verður þó ávallt frádráttarbær rekstrarkostnaður.

Í 4. lið brtt. eru breytingar á 4. gr. frv. sem eru þá í samræmi við það sem ég hef rakið vegna breytinga í 3. lið. Þá verður 4. gr. einungis þannig þau 2% sem heimilt hefur verið að draga sérstaklega frá til viðbótar hjá launþegum í viðbótarsparnað, hækka í 4%.

Í 5. lið brtt. er einungis tæknileg breyting, þ.e. að bæta við tilvísun til kauphallar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í 6. lið brtt. er kveðið á um að lífeyrisiðgjöld sem fyrirtæki greiða séu frádráttarbær rekstrarkostnaður og í 7. lið brtt. er fjallað um að hnykkja á því hvernig farið skuli með beiðni um bindandi álit sem fjallar um hvernig farið skuli með á yfirgangstímanum með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til í 11. gr. frv.

Virðulegi forseti. Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Sigríður Anna Þórðardóttir, Pétur H. Blöndal sem hefur fyrirvara og Gunnar Birgisson.

[17:19]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að stundum er það verulegur kostur að nefndarálitum er ávallt dreift skriflegum áður en þau eru flutt því að töluvert erfitt er að fylgjast með framsögu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., þar sem honum liggur svo lágt rómur. En ég mæli, virðulegi forseti, fyrir nál. frá minni hluta efh.- og viðskn. og þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða m.a. breytingu á frestun á skattlagningu vegna iðgjalda til lífeyrissjóða, meðferð tekna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kaupréttí, skattfrelsi vegna kaupa á erlendum hlutabréfum, mat á erlendum hlutabréfum til eignarskattsstofns og túlkun og framkvæmd á tvísköttunarsamningum.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fengið umsagnir um það. Meðal annars barst ítarleg umsögn frá ríkisskattsjóra þar sem hann bendir á að ákvæði skattalaga um frádrátt iðgjalda til lífeyrissjóða hafi lengi verið ófullnægjandi, réttarástand óljóst og ósamræmi í framkvæmd og að skortur á skýrum reglum hafi leitt til misnotkunar og ágreinings. Ríkisskattstjóri gerir verulegar athugasemdir við ýmsar aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og dregur verulega í efa að rétt sé að ráðast í þær eins og fram kemur í ítarlegri umsögn hans sem fylgir með nefndaráliti þessu.

Það vekur athygli að lítið sem ekkert tillit er tekið til athugasemda sem bárust frá ríkisskattstjóra í breytingartillögum meiri hlutans.

Minni hlutinn er hlynntur þeim breytingum sem lagðar eru til varðandi aukið skattfrelsi lífeyrisiðgjalda. Um er að ræða að launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar fá auknar heimildir til að draga frá skattskyldum tekjum sínum greiðslur í lífeyrissparnað. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að þessi breyting hvetji til aukins sparnaðar landsmanna. Minni hlutinn hlýtur þó að vekja athygli á því að ríkissjóður gæti tímabundið orðið fyrir umtalsverðum tekjumissi af þessum sökum.

Minni hlutinn lýsir eindreginni andstöðu við þá þætti frumvarpsins sem miða að auknum frádrætti vegna fjárfestinga í hlutabréfum og breytingu á skattalegri meðferð kaupréttar eða valréttarsamninga. Þær breytingar fela meðal annars í sér að uppfylltum ákveðnum skilyrðum verði tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti ekki skattlagðar sem launatekjur með 38,37% skatthlutfalli heldur sem fjármagnstekjur með 10% skatthlutfalli.

Þessi breyting mun koma hluta starfsmanna hlutafélaga til góða en ekki öðru launafólki eða elli- og örorkulífeyrisþegum. Í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir að hér sé aðeins um að ræða vel menntað og sérhæft starfsfólk. Því má draga í efa að þessi undanþága standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eins og fram kemur í umsögn ASÍ.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir að reglur um frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum verði rýmkaðar. Heimildin verði ekki lengur bundin því að fjárfest sé í innlendum hlutabréfum heldur nái hún einnig til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Fyrir þessari breytingu eru færð þau rök að í gildandi lögum felist mismunun sem brjóti í bága við skuldbindingar okkar vegna EES-samningsins. Minni hlutinn tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í umsögn ASÍ og BSRB að ef um sé að ræða brot á ákvæðum EES-samningsins sé eðlilegra að afnema afsláttinn vegna hlutabréfakaupa í stað þess að leggja til þá útvíkkun sem frumvarpið felur í sér. Jafnframt er ástæða til að vara við því að um misnotkun geti orðið að ræða þegar skattaleg meðferð er mismunandi vegna launagreiðslna og aukinna ívilnana vegna kaupa á hlutabréfum.

Minni hlutinn fagnar því að meiri hluti nefndarinnar hefur tekið upp breytingartillögu sem kemur til móts við frumvarp þingmanna Samfylkingarinnar á þskj. 862 um að meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlög verði ekki skattlagðar. Fram til þessa hafa meðlög umfram lágmarksmeðlög verið skattskyld sem verður að teljast mjög ósanngjarnt. Í fyrsta lagi er það vegna þess að í hugum flestra er meðlag foreldris með barni ekki tekjur móttakanda heldur fremur ráðstöfun

tekna meðlagsgreiðanda í þágu barnsins. Í öðru lagi má segja að um sé að ræða tvísköttun, þ.e. fyrst er greiddur skattur af tekjum meðlagsgreiðanda og síðan af meðlaginu þegar það er komið í hendur þess sem hefur forræði yfir barninu. Minni hlutinn vekur þó athygli á því að í þessu sambandi þyrfti einnig að gera breytingu á lögum sem tryggja að Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimti meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlag líkt og nú er gert varðandi lögboðið lágmarksmeðlag.

Minni hlutinn flytur einnig breytingartillögu við frumvarpið sem felur í sér að mikil hækkun á fasteignamati skerði ekki barna- og vaxtabætur. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur vakið athygli á því að fasteignamat eigna á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað 1. desember 1999 um 18%, en hækkun á eignaviðmiðun skattalaga hækkar aðeins um 2,5% milli ára. Miðað við að eignarskattstofn, þ.e. eignir að frádregnum skuldum, hækki um 10% milli áramótanna 1998 og 1999, gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að barnabætur skerðist um 15 millj. kr. og vaxtabætur um 70 millj. kr. Í breytingartillögu minni hlutans er gert ráð fyrir að eignarskattstofn að frádregnum skuldum hækki um 15% milli ára sem ætla má að sé raunhæfara miðað við 18% hækkun á fasteignamati eigna.

Með vísan til framanritaðs er ljóst að minni hlutinn styður eingöngu eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins, þ.e. að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda verði aukið, en mun greiða atkvæði gegn þeim ákvæðum sem lúta að kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti og auknu skattfrelsi vegna kaups á erlendum hlutabréfum."

Meðfylgjandi eru umsagnir ASÍ, BSRB og ríkisskattstjóra. Undir nál. rita sú sem hér stendur og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson.

Virðulegi forseti. Sú breyting sem lögð er til í frv. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt hefur hlotið mjög mikla umfjöllun í efh.- og viðskn. og verður að segja eins og er að afar skiptar skoðanir eru, bæði hvað varðar þær breytingar sem gerðar eru varðandi aukna möguleika á skattfrelsi vegna greiðslna lífeyrisiðgjalda og einnig hvað varðar breytingarnar sem lúta að hlutabréfakaupum eða launum greiddum í formi þess og svo rýmkun heimilda til að draga frá skattstofni kaup á hlutabréfum erlendis. Minni hlutinn mun aðeins styðja þær brtt. og þær greinar sem lúta að hvað varðar lífeyrissjóðina, þ.e. 1. gr. frv., 4. gr. og 6. gr. frv. og þær brtt. sem lagðar eru til á þessum greinum nákvæmlega. Jafnframt munum við styðja tillöguna um meðlagsgreiðslurnar og vekjum athygli á eins og bent er á í nál. okkar að við teljum að jafnframt því að gera þær breytingar varðandi umframmeðlagsgreiðslur, þ.e. umframlágmarksmeðlag, verði ekki skattlagðar, ein meðlagsgreiðsla, þá teljum við mjög nauðsynlegt að gera aðrar lagabreytingar sem tryggja að Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimti meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlag líkt og gert er gagnvart lögboðnu lágmarksmeðlagi. Þannig er það ekki í dag, heldur er það svo að sé dæmt tvöfalt meðlag með barni þá verður forráðamaður barns, í flestum tilvikum móðir, að sækja þetta umframmeðlag og innheimta það sjálf án nokkurrar aðstoðar Innheimtustofnunar sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila. Það þýðir oft og tíðum og hefur sýnt sig í mörgum tilvikum að þá þarf viðkomandi einstaklingur að fara með slíka innheimtu í lögfræðing sem er mjög dýr þjónusta og hefur í raun og veru orðið til þess að þær mæður eða þeir einstæðu feður sem hafa fengið það sem um er að ræða, að dæmt hefur verið tvöfalt meðlag með hverju barni, þá hafa þeir tapað þessu umframmeðlagi vegna þess að þeir hafa ekki haft efni á að sækja það. Við teljum að gera þurfi ákveðnar breytingar varðandi lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga til þess að kippa þessu í liðinn þó þarna sé vissulega um ákveðna réttarbót að ræða og við viljum ítreka þær ábendingar okkar.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands kemur glögglega í ljós að Alþýðusambandið styður þær breytingar sem gerðar eru hvað varðar lífeyrissjóðina en leggst gegn öðrum breytingum á sama hátt og minni hluti efh.- og viðskn. og má segja að sjónarmið okkar, ASÍ og BSRB fari saman hvað varðar afgreiðslu eða álit á frv.

Ég vil, virðulegi forseti, fara yfir umsögn sem barst frá Alþýðusambandi Íslands, en þar segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Á fundi miðstjórnar í dag, 26. apríl, var eftirfarandi umsögn samþykkt:

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þremur þáttum laga um tekjuskatt og eignarskatt; frádrætti vegna fjárfestinga í hlutabréfum, skattlagningu kaupréttar og skattalegri meðferð lífeyrisgreiðslna. Einnig eru lagðar til nokkrar breytingar á framkvæmd laganna.

1. Frádráttur vegna fjárfestinga í hlutabréfum.

Í frumvarpinu er lagt til að reglur um frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum verði rýmkaðar þannig að heimildin verði ekki bundin því að fjárfest sé innlendum hlutabréfum heldur nái hún einnig til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Rök frumvarpshöfunda fyrir þessari breytingu eru að núverandi framkvæmd feli í sér mismunun á milli innlendra og erlendra fjárfestingarkosta og sé því óheimil samkvæmt skuldbindingum Íslands vegna EES-samningsins.

Markmiðið með því að leyfa einstaklingum að draga frá tekjum sínum fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hefur fyrst og fremst verið að styðja við íslenskt atvinnulíf. Árið 1994 var t.d. hætt við að þrepa frádráttinn niður í áföngum og var það hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við endurmat kjarasamninga ASÍ í maí 1994. Ástæðan var sú að atvinnuleysi var þá mikið hér á landi og nauðsynlegt var talið að örva fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

Alþýðusamband Íslands er þess vegna mótfallið því að sú mismunun sem vissulega er fyrir hendi nú verði leyst þannig að einnig verði leyfður frádráttur frá tekjum einstaklinga vegna fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Alþýðusambandið telur að þá mismunun eigi að leysa með því að afnema frádrátt vegna hlutabréfakaupa alfarið þar sem efnahagsástand sé nú allt annað en það var þegar horfið var frá því að afnema hlutabréfaafsláttinn 1994.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á skattalegri meðferð kaupréttar- eða valréttarsamninga. Lagt er til að séu ákveðin skilyrði uppfyllt, verði tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti ekki skattlagðar sem launatekjur með 38,37% skatthlutfalli heldur sem fjármagnstekjur með 10% skatthlutfalli.

Tekjuauki starfsmanna vegna kaupréttarsamninga verður annars vegar til vegna þess að mismunur er á því verði sem er á hlutabréfum við gerð kaupréttarsamningsins og því verði sem er á hlutabréfunum þegar þau eru afhent starfsmanni (afhendingardegi). Hins vegar getur tekjuauki starfsmanns komið til vegna mismunar á verði hlutabréfanna þegar starfsmaður selur þau og því verði sem var á bréfunum þegar hann fékk þau afhent. Nokkur rök eru fyrir því að skattleggja mis-

mun á markaðsverði hlutabréfa við afhendingu og söluverð hlutabréfanna sem fjármagnstekjur eins og hjá öðrum sem kaupa og selja hlutabréf.

Hins vegar eru tekjur starfsmanns af verðmismuni á gengi bréfanna við gerð kaupréttarsamnings og við afhendingu þeirra klárlega tekjuskattsskyldar enda segir orðrétt í greinargerð með frumvarpinu:

„Undanfarin missiri hefur færst mjög í aukana að fyrirtæki semji við starfsmenn um að hluti launa verði greiddur með kauprétti starfsmanna á hlutabréfum í félagi sem þeir starfa hjá. Í gildandi lögum er ekki sérstaklega kveðið á um skattlagningu slíkra tekna, heldur litið svo á að þær falli undir almenna reglu 7. gr. laganna um starfstengdar greiðslur. Hér er því um að ræða endurgjald til starfsmanns fyrir vinnuframlag hans sem ber að skattleggja hjá honum á sama hátt og aðrar launatekjur."

En þrátt fyrir að enginn vafi virðist leika á því að hér sé um launatekjur að ræða er í frumvarpinu lagt til að þær verði skattlagðar með aðeins 10% skatthlutfalli (sem fjármagnstekjur) en ekki 38,37% eins og aðrar tekjur launafólks.

Alþýðusamband Íslands leggst alfarið gegn því að sú undantekning frá meginreglu tekju- og eignarskattslaganna sem lögð er til í frumvarpinu verði samþykkt.

Þessi breyting hefði einnig í för með sér töluvert tekjutap fyrir hið opinbera, þó ekki hafi verið reynt að leggja mat á það í umsögn fjármálaráðuneytisins, enda erfitt að meta það fyrr en reynsla er komin á framkvæmdina. Hins vegar er ljóst að þar sem hér er um verulegt skattalegt hagræði fyrir fyrirtæki og starfsmenn að ræða þá hlýtur að mega gera ráð fyrir aukningu á gerð slíkra samninga. Ljóst er að hér getur verið um töluverða niðurgreiðslu á launkostnaði fyrirtækja að ræða og verulegan skattafslátt fyrir starfsmenn sem í hlut eiga. Ef marka má greinargerð með frumvarpinu, þá er hér fyrst og fremst um að ræða „vel menntað og sérhæft starfsfólk".

Þessi breyting mun einungis koma starfsmönnum hlutafélaga til góða en ekki öðru launafólki eða elli- og örorkulífeyrisþegum. Það má því einnig draga í efa að þessi undanþága standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Tekjutap hins opinbera af breytingum sem þessum hefur í för með sér að þeir sem ekki njóta borga meira í skatta en ella.

Að lokum er vert að benda á að mismunur á tekjuskattshlutfalli og skatthlutfalli fjármagnstekjuskatts er mun meiri hér á landi en í öðrum löndum eins og kemur skýrt fram í greinargerð með frumvarpinu. Því er skattlagning kaupréttar með fjármagnstekjuskattshlutfalli mun verðmætari hér á landi en í öðrum löndum."

Um skattalega meðferð lífeyrisiðgjalda kemur fram í umsögn ASÍ, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að bæði framlög einstaklings og atvinnurekanda til öflunar lífeyrisréttar teljist til skattskyldra tekna þess sem lífeyrisréttinn fær. Einstaklingurinn fái síðan rétt til frádráttar, bæði á sínu framlagi og framlagi atvinnurekanda. Þess vegna er einnig lagt til í frumvarpinu að skattfrelsi lífeyrisiðgjalda verði aukið. Þannig verði hægt að draga allt að 20% af iðgjaldastofni, þó aldrei hærri upphæð en 1,5 milljónir kr. frá tekjuskattsstofni.

Alþýðusamband Íslands er hlynnt þessari breytingu en telur jafnframt nauðsynlegt að ljóst sé hvernig bæta eigi hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum, það tekjutap sem það verður fyrir vegna þessarar breytingar. Hér getur verið um að ræða nokkurra milljarða króna tekjutap."

Þess ber að geta, virðulegi forseti, að frá því að þessi umsögn hvað varðar breytingarnar sem lagðar voru til í frv. um greiðslur í lífeyrissjóði var send inn hefur nefndin gert þar verulegar breytingar á en umsögn ASÍ er nokkuð samhljóða því sem kemur fram hjá ríkisskattsjóra þó heldur færri orð séu notuð af hálfu ASÍ en ríkisskattstjóra um sama mál.

Lagt var mat á tekjutapið, sem minnst er á í umsögn Alþýðusambandsins, af efnahagsskrifstofu fjmrn. Erfitt er að meta þetta en okkur var sagt að með því að gefa sér ákveðnar forsendur, þ.e. að reikna með að helmingur þeirra sem nú þegar nýta sér skattfrelsi viðbótarlífeyrissparnaðar auki sparnað sinn í 4% og að 5% til viðbótar komi inn í kerfið, megi reikna með að tekjuáhrifin, þ.e. tap ríkissjóðs vegna aukins frjáls lífeyrissparnaðar, verði 500–600 millj. kr. en þess ber að geta, virðulegi forseti, að reikna má með að þessar tekjur skili sér síðar meir. Hins vegar er ekki lagt mat á tekjutap ríkissjóðs vegna þessara hlutabréfakaupa eða launagreiðslna í formi hlutabréfa og það kemur ekki fram í þeirri upptalningu sem við höfum undir höndum. Því er erfitt að leggja mat á það, eins og fram kemur í umsögn ASÍ, hvort hér getur verið um að ræða nokkurra milljarða kr. tekjutap.

Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. fjmrh. hvort hann tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í umsögn ASÍ hvað þetta varðar vegna þess að reiknað er með að í þeim frv. sem voru lögð fram eftir 1. apríl, miðað við þann pappír sem við höfum frá efnahagsskrifstofu fjmrn., sé um að ræða tekjutap sem getur numið allt að 2,6 milljörðum kr., sem er ekki lítil upphæð. Því er erfitt fyrir okkur að standa að öllum þessum frv. og þeim breytingum sem hafa verið lagðar til í ljósi þeirra viðvarana sem hafa komið frá helstu efnahagsstofnunum okkar. Á sama tíma og vantar fjármagn inn í ýmsa þætti sem við, þingmenn Samfylkingarinnar, vildum gjarnan sjá að betur væri gert við, eins og það sem lýtur að félagslegri þjónustu, heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu vildum við heldur sjá þessar tekjur inni í ríkissjóði og þeim væri þá ráðstafað til uppbyggingar t.d. í heilbrigðiskerfinu. Af því að rætt var utan dagskrár um byggingu á dvalarheimili eða hjúkrunarheimili fyrir aldraða þar sem mikil þörf er til staðar, og reyndar þau heimili sem eru rekin í dag þurfa á auknu fjármagni að halda og ég nefni t.d. sérstaklega hjúkrunardeild Sjúkrahúss Suðurlands þar sem er hjúkrunardeild fyrir aldraða þar sem þarf verulegar endurbætur, væri eðlilegra að þessum tekjum væri haldið inni í ríkissjóði og farið í þær úrbætur sem nauðsynlegt er að gera.

En BRSB sendi einnig inn umsögn um þetta frv. sem er nokkuð samhljóða málflutningi okkar í minni hluta í efh.- og viðskn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til með frumvarpinu að gera breytingar á lögum um tekjuskatt og eignaskatt varðandi frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum, skattlagningu kaupréttar og á skattalegri meðferð lífeyrisgreiðslna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að rýmkaðar verði reglur um frádrátt frá skatti vegna fjárfestinga í innlendum hlutabréfum á þann veg að heimildin nái líka til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Rökin fyrir breytingartillögunni eru þau að ekki sé heimilt samkvæmt skuldbindingum Íslands vegna EES-samningsins að mismuna milli erlendra og innlendra aðila.

Tilgangurinn með því að heimila einstaklingum að draga frá tekjum fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hefur verið að styðja íslenskt atvinnulíf. Nú er allt önnur staða uppi í efnahagslífi þjóðarinnar en var þegar afslátturinn var tekinn

upp og forsendur fyrir honum eiga ekki við ef hann á að gilda um erlenda aðila einnig. BSRB leggur til að afnema afsláttinn vegna hlutabréfakaupa frekar en að rýmka hann til þess að uppfylla skuldbindingar vegna EES-samningsins.

BSRB leggst alfarið gegn tillögu í frumvarpinu um að breyting verði gerð á skattalegri meðferð kaupréttar- eða valréttarsamninga þannig að tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti verði ekki skattlagðar sem launatekjur heldur sem fjármagnstekjur.

BSRB er fylgjandi tillögu um breytingu á skattalögum um heimildir til að draga frá skattskyldum tekjum iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda.

Miklu máli skiptir þó hvernig að slíku er staðið og er ljóst að hið opinbera gæti orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi. Áður en ráðist er í þessar breytingar er brýnt að fram komi hvernig það verði bætt."

Sömu áhyggjur koma fram í umsögn BSRB og ASÍ hvað varðar tekjutap ríkissjóðs.

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem fram kemur í báðum þessum umsögnum að á þeim tíma sem var heimilt að leyfa einstaklingum að draga frá tekjum sínum fjárfestingar í innlendum hlutabréfum var hugsunin fyrst og sú að styðja við íslenskt atvinnulíf þar sem atvinnuleysi var mjög mikið. Þetta var þáttur í því að reyna að efla atvinnulífið og á sínum tíma verkaði sem ákveðin sprauta inn í efnahagslífið. En sú útvíkkun á heimildum sem hér er lögð til er að okkar mati fráleit. Við teljum eðlilegt að fella út þá heimild sem er til staðar og í þess stað að heimila að kaup á hlutabréfum erlendis verði einnig frádráttarbær.

Einnig er tekið upp það nýmæli að setja inn í lög að heimilt sé að greiða laun með hlutabréfum, hlutabréfaeign og skattleggja þau laun með allt öðrum hætti en aðrar launatekjur. Við leggjumst alfarið gegn þessu eins og fram kemur í nál. og fram kemur í umsögnum ASÍ og BSRB. Við teljum í fyrsta lagi að þarna sé um mjög gróflega mismunun að ræða. Rökin fyrir þessu eru m.a. að ef þetta sé ekki gert verðum við ekki samkeppnisfær á alþjóðlegum vinnumarkaði, og þá kannski fyrst og fremst Evrópumarkaðnum, vegna þess að það hafi færst verulega í vöxt að fyrirtæki greiði laun eða geri samninga við starfsmenn sína með þeim hætti sem hér um ræðir.

Við teljum að ef farin er sú leið að greiða laun með hlutabréfum í þá veru sem frv. gerir ráð fyrir sé eðlilegt að þær launatekjur séu skattlagðar eins og aðrar launatekjur fólks. Það eru mjög takmarkaðar og nánast hverfandi líkur á því að almennir starfsmenn, þ.e. ýmsar láglaunastéttir sem starfa hjá sömu fyrirtækjum og verðlauna þetta vel menntaða og sérhæfða starfsfólk sitt, eins og segir í frv. — ég tek fram, virðulegi forseti, að þetta eru orð sem notuð eru í frv. en ekki frá mér komin — að þessi leið verður notuð fyrst og fremst fyrir þá sem eru með hæstu tekjurnar innan hvers fyrirtækis sem munu nýta þennan möguleika. Aðrir þeir sem eru á lágum launum og á taxtakaupi eða eru á þeim launum sem verkalýðshreyfingin er að semja um þessar vikurnar munu í engu njóta þess forms á launagreiðslum og verða að greiða fullan tekjuskatt af launum sínum. Hv. þm. Pétur Blöndal hristir höfuðið og segir um leið jú.

Þar sem talað er um vel menntað og sérhæft starfsfólk þá tel ég ólíklegt þótt segja megi að þeir sem sjá t.d. um skúringar í slíkum fyrirtækjum séu sérhæfðir, að þeim verði boðið upp á slík kjör og að greiða aðeins 10% skatt af launum sínum. Ég tel það bara afar hæpið. Við drögum í efa og tökum undir það sjónarmið sem fram kemur hjá ASÍ að sú undanþága sem þarna er standist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og hefðum viljað að okkur hefði unnist tími til þess að láta skoða þau atriði sérstaklega. Síðan vörum við auðvitað við því að alltaf er hætta á misnotkun þegar svona undanþágur eru settar inn í skattalög, undanþágur sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur varað mjög við og talið að frekar ætti að fækka þeim en fjölga.

Hvað varðar iðgjöld til lífeyrissjóða þá eru lagðar til verulegar breytingar á frv. frá því sem lagt var til í upphafi og þar tel ég að farin hafi verið millileið og sú eina leið sem við sáum í raun færa og við styðjum þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til við þær greinar sem þar um ræðir, þ.e. 1., 4. og 6. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að nefna það að okkur barst mjög ítarleg umsögn frá ríkisskattstjóra upp á nokkrar síður. Seinna fengum við viðbótarumsögn um þær brtt. sem þá voru í smíðum hjá efh.- og viðskn. Mjög margt í þessari umsögn frá ríkisskattstjóra kemur á óvart en þó eru sjónarmið hans gagnvart iðgjöldum til lífeyrissjóða mjög skýr hvað það varðar að telja eigi fram sem tekjur viðkomandi einstaklings það sem greitt er af í lífeyrissjóð þess einstaklings, og undir það sjónarmið tekur reyndar ASÍ í sinni umsögn.

Það varð ekki ofan á í tillöguflutningi nefndarinnar. Að öðru leyti er ríkisskattstjóri tiltölulega ánægður með þær breytingar sem gerðar eru hvað varðar lífeyrisiðgjöldin. En síðan kemur fram mjög mikil gagnrýni á ýmsa aðra þætti og þær breytingar sem lagðar eru til á þessu frv., bæði brtt. sem lagðar eru til af efh.- og viðskn. og einnig frv. eins og það var lagt fram af hæstv. ríkisstjórn. Svo virðist vera, virðulegi forseti, að um sé að ræða ágreining um túlkun og framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt á milli fjmrn. og ríkisskattstjóra. Það er auðvitað mjög alvarlegur hlutur. Ég vil hvetja til þess, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. fari yfir þá umsögn sem ríkisskattstjóri sendi og menn vinni úr þeim ágreiningi sem virðist hafa komið upp á milli fjmrn. og ríkisskattstjóra um einstaka þætti frv. og framkvæmd á þessum lögum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu öllu meir en orðið er og ítreka aðeins það sjónarmið okkar í minni hluta efh.- og viðskn. að við teljum að þær breytingar sem lagðar eru til varðandi iðgjöld til lífeyrissjóða séu af hinu góða og við munum styðja þær allar. Hinu greiðum við atkvæði gegn og munum þá að öllum líkindum sitja hjá við lokaafgreiðslu þessa frv. En við teljum að þær breytingar sem lúta að sköttun á iðgjöldum til lífeyrissjóða séu hvetjandi til sparnaðar og sú leið hafi reynst, miðað við þær skýrslur sem liggja fyrir, nokkuð vel og getur hugsanlega gert enn betur.

Ég vil að lokum taka undir þau sjónarmið að um leið og við erum að auka greiðslur inn í lífeyrissjóði þá þurfi að setja enn skýrari reglur um meðferð fjármuna innan lífeyrissjóða en til eru í dag. Það þarf að vera alveg klárt hvaða heimildir lífeyrissjóðir hafa til þess að fara með þá fjármuni sem þeim er treyst fyrir, hvernig stjórnir mega haga sér gagnvart þeim fjármunum og einnig þurfa að vera alveg skýrar reglur um upplýsingagjöf til þeirra sem greiða í lífeyrissjóði og gera þarf mun strangari hæfniskröfur en gerðar eru í dag til stjórnenda lífeyrissjóða. Ég tel að þetta sé seinni tíma mál sem þurfi að taka hér upp til ítarlegrar umfjöllunar á næsta þingi, ekki síst í ljósi þess að heimildir lífeyrissjóða til að ráðstafa því fé sem í lífeyrissjóðunum er hafa verið auknar

að undanförnu. Við vorum að afgreiða frv. þess efnis fyrir stuttu síðan. En samhliða hefði mátt gera auknar kröfur til stjórnenda lífeyrissjóða. Ég tel að það séu þættir sem þurfi að taka til verulegrar endurskoðunar hér á næsta ári. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur oftsinnis vakið athygli á þessum málum og þó ég sé ekki sammála öllum þeim tillögum sem hann hefur lagt fram í þeim efnum tel ég að þar sé samt sem áður verið að hreyfa mjög þarfri umræðu.

[17:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hefði kosið að lagabreytingarnar sem fram koma í því frv. sem hér liggur fyrir hefðu komið fram í tveimur aðskildum frv. því að sumar þessara breytinga eru jákvæðar og þess virði að veita stuðning, aðrar eru mjög neikvæðar.

Í fyrsta lagi tel ég mjög æskilegt að gera þá breytingu á tekjuskattslögunum sem heimili aukinn sparnað, lífeyrissparnað, og niðurfellingu eða öllu heldur frestun á skattlagningu tekna sem látnar eru renna inn í lífeyrissjóði. Samkvæmt núgildandi lögum eru iðgöld til sameignarsjóða, lífeyrissjóða, skattfrjáls og ekki alls fyrir löngu var lögum breytt í þá veru að 2% til viðbótar skyldu undanþegin skatti og með þeirri breytingu sem hér er verið að gera er sú skattprósenta hækkuð í 4%. Þessu er ég mjög fylgjandi, enda þótt þetta gæti haft veruleg áhrif á tekjustreymið til ríkissjóðs en samkvæmt mati fjmrn. gæti hér verið um að ræða 500–600 millj. kr. Það eru miklar upphæðir að sönnu. En þá ber að hafa í huga að þessir fjármunir kæmu til skattlagningar síðar þegar þeir kæmu út úr lífeyrissjóðunum að nýju, þegar einstaklingarnir fengju þá í eigin vasa.

Upphaflega þegar frv. kom fram var gert ráð fyrir því að hafa þetta hlutfall hærra og jafnvel heyrðust þær raddir að óeðlilegt væri að setja nokkurt þak á skattfrelsi þeirra fjármuna sem rynnu til lífeyrissjóða og það má vissulega færa rök fyrir því að það væri eðlilegt einfaldlega vegna þess sem ég nefndi, að hér er fyrst og fremst um skattfrestun að ræða. Þegar til lengri tíma er litið ættu þau rök við. Hins vegar þarf einnig að huga að skammtímahagsmunum ríkissjóðs og í ljósi þeirra hagsmuna styð ég að hafa prósentuna í því marki sem hún er sett þarna fram.

Það eru önnur atriði í frv. sem eru mjög til bóta. Þannig kemur frv. til móts við ágætt frv. sem lagt var fram af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og annarra þingmanna Samfylkingarinnar um að meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlög verði ekki skattlagðar. Hér má færa rök fyrir því að um tvísköttun sé að ræða vegna þess að einstaklingurinn sem lætur þessa fjármundi af hendi rakna, faðirinn, hefur áður verið skattlagður fyrir þá peninga. Það er mjög gott og lofsvert að meiri hluti efh.- og viðskn. skuli hafa fallist á að taka þetta frv. sem hér var lagt fram og hefur ekki verið mælt fyrir, ekki gefist tóm til þess, inn í þessar lagabreytingar. Ég fagna því að sjálfsögðu. Þessum þáttum frv. fagna ég og styð heils hugar.

Hvað aðra þætti frv. snertir þá er ég ekki eins upprifinn yfir þeim og ætla ég að víkja örfáum orðum að þeim, en vil áður nefna að í umsögnum samtaka launafólks um þetta frv. kemur fram stuðningur við þá breytingu á lögunum sem heimila frádrátt af skattskyldum tekjum til öflunar lífeyrisréttinda. Þannig segir í álitsgerð BSRB, með leyfi forseta:

„BSRB er fylgjandi tillögu um breytingu á skattalögum um heimildir til að draga frá skattskyldum tekjum iðgjöld og framlög til öflunar lífeyrisréttinda.

Miklu máli skiptir þó hvernig að slíku er staðið og er ljóst að hið opinbera gæti orðið fyrir umtalsverðu tekjutapi. Áður en ráðist er í þessar breytingar er brýnt að fram komi hvernig það verði bætt."

Hér er tekið undir þær áhyggjur og þau varnaðarorð sem við höfum haft uppi og við höfum bent á í þessu sambandi, þ.e. að skattabreytingar samkvæmt frumvörpum ríkisstjórnarinnar munu hlaupa á milljörðum kr. Þannig er reiknað með því að breytingar á persónuafslætti muni draga úr tekjustreymi til ríkissjóðs um 900–1.200 milljónir. Öllu heldur væri nær að setja dæmið öðruvísi upp og segja að ríkissjóður gæti aflað þessara fjármuna með því að frysta skattleysismörkin. Það teldi ég hins vegar óeðlilegt enda hef ég stutt heils hugar að persónuafsláttur verði hækkaður að lágmarki til samræmis við lágmarksumsamda kjarasamninga, umsamda kjaraþróun, þannig að ég hef verið mjög fylgjandi því.

Varðandi breytingar á vörugjaldi af bifreiðum þá ætla menn að þar dragi úr tekjum til ríkissjóðs um 300–350 millj. kr., breytingar á vörugjaldi af bifhjólum og vélsleðum 50–60 millj. kr., breyting á lögum um vörugjald 150 millj. kr. Þar vógu vörugjöldin af rafmagnsvörunum þyngst. Við vorum með þau til umfjöllunar og atkvæðagreiðslu í dag, líka byssurnar, marghleypurnar og byssustingina, poppkornið og saltstangirnar. En það frv. gerir ráð fyrir tekjusamdrætti hjá ríkissjóði um 150 millj. kr.

Vegna breytinga á lögum um virðisaukaskatt fer ríkissjóður 100 millj. kr. í mínus og vegna breytinga á lögum um tryggingagjald 180 millj. kr. til viðbótar. Þetta frv. sem hér er til umfjöllunar mun að öllum líkindum leiða til samdráttar hjá ríkinu um 500–600 millj. kr. en þar er um frestun á skatttekjum að ræða.

Þetta kemur fram í áliti BSRB. Álitsgerð ASÍ er mjög í sömu veru en þar segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands er hlynnt þessari breytingu en telur jafnframt nauðsynlegt að ljóst sé hvernig bæta eigi hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum, það tekjutap sem það verður fyrir vegna þessarar breytingar. Hér getur verið um að ræða nokkurra milljarða króna tekjutap."

Álitsgerðin var send til efh.- og viðskn. áður en horfið var frá því að hafa hærra þak á skattafslættinum en reyndin er í frv. eins og það liggur nú fyrir.

Aðrir þættir frv. eru einnig mjög gagnrýnisverðir. Í fyrsta lagi er um að ræða frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í álitsgerð ASÍ en þar segir, með leyfi forseta:

„Í frv. er lagt til að reglur um frádrátt vegna fjárfestinga í hlutabréfum verði rýmkaðar þannig að heimildin verði ekki bundin því að fjárfest sé í innlendum hlutabréfum heldur nái hún einnig til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Rök frumvarpshöfunda fyrir þessari breytingu eru að núverandi framkvæmd feli í sér mismunun á milli innlendra og erlendra fjárfestingarkosta og sé því óheimil samkvæmt skuldbindingum Íslands vegna EES-samningsins. Markmiðið með því að leyfa einstaklingum að draga frá tekjum sínum fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hefur fyrst og fremst verið að styðja við íslenskt atvinnulíf. Árið 1994 var t.d. hætt við að þrepa frádráttinn niður í áföngum og var það hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við endurmat kjarasamninga ASÍ í maí 1994. Ástæðan var sú að atvinnuleysi var þá mikið

hér á landi og nauðsynlegt var talið að örva fjárfestingar í íslensku atvinnulífi."

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands er þess vegna mótfallið því að sú mismunun sem vissulega er fyrir hendi nú verði leyst þannig að einnig verði leyfður frádráttur frá tekjum einstaklinga vegna fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Alþýðusambandið telur að þá mismunun eigi að leysa með því að afnema frádrátt vegna hlutabréfakaupa alfarið þar sem efnahagsástand sé nú allt annað en það var þegar horfið var frá því að afnema hlutabréfaafsláttinn 1994."

Í umsögn BSRB eru mjög svipuð viðhorf uppi. Í henni segir, með leyfi forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir því að rýmkaðar verði reglur um frádrátt frá skatti vegna fjárfestinga í innlendum hlutabréfum á þann veg að heimildin nái líka til fjárfestinga í erlendum hlutabréfum. Rökin fyrir breytingartillögunni eru þau að ekki sé heimilt samkvæmt skuldbindingum Íslands vegna EES-samningsins að mismuna milli erlendra og innlendra aðila. Tilgangurinn með því að heimila einstaklingum að draga frá tekjum fjárfestingar í innlendum hlutabréfum hefur verið að styðja íslenskt atvinnulíf. Nú er allt önnur staða uppi í efnahagslífi þjóðarinnar en var þegar afsláttur inn var tekinn upp og forsendur fyrir honum eiga ekki við ef hann á að gilda um erlenda aðila einnig. BSRB leggur til að afnema afsláttinn vegna hlutabréfakaupa frekar en að rýmka hann til þess að uppfylla skuldbindingar vegna EES-samningsins."

Undir þessar álitsgerðir ASÍ og BSRB tek ég heils hugar. Ég tel alveg fráleitt að koma fram með frv. sem gerir ráð fyrir enn frekari stuðningi við hlutabréfakaup. Ég ætla nú ekki að nota hugtakið brask þó að það sé mér ofarlega í sinni þegar ég horfi á það sem er að gerast á hlutabréfamarki. *Ég hefði haldið að það væri ekki til góðs fyrir nokkurn og* allra síst ríkissjóð sem hefur nóg með peningana að gera og ætti að sjá sóma sinn í því, og þeir sem þar halda um stjórnvölinn, að beina fjármagni úr honum til öryrkja og atvinnulausra, til lágtekjufólks og annarra þeirra sem sárlega þurfa á peningum að halda í stað þess að niðurgreiða hlutabréfabrask. Þetta er forgangsröðun sem mér er ekki að skapi *en mjög í ætt við það sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir í* þeim skattbreytingarfrumvörpum sem hún hefur staðið fyrir og stendur fyrir.

Hitt meginefnið í þessu frv. sem ég tel ámælisvert lýtur að skattalegri meðferð kaupréttar- eða valréttarsamninga sem gerir ráð fyrir því að tekjur starfsmanna af kaupum á hlutabréfum samkvæmt kauprétti verði ekki skattlagðar sem launatekjur heldur sem fjármagnstekjur. Þetta þýðir að með frv. er verið að ívilna hlutafélögum sem vilja greiða starfsmönnum sínum í formi hlutabréfa, selja þeim hlutabréf á hagstæðum kjörum í stað þess að greiða þeim laun. Síðan búa þeir svo um hnútana með hjálp vina sinna í ríkisstjórn að af þessu verði ekki greiddir eðlilegir skattar. Út á það gengur þetta „fiff" sem er að finna í frv. Þetta gagnrýnum við að sjálfsögðu harðlega. Við tökum undir þá gagnrýni sem fram kemur í umsögn BSRB sem mælir mjög eindregið gegn samþykkt þessa hluta frv. Hið sama er uppi á teningnum hjá ASÍ. Hér segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands leggst alfarið gegn því að sú undantekning frá meginreglu tekju- og eignarskattslaganna sem lögð er til í frumvarpinu verði samþykkt."

Ég vil taka það sérstaklega fram að í umræðu um þetta mál í efh.- og viðskn. þingsins kom fram, af hálfu þeirra sem beita sér fyrir þessum breytingum, talsmanna hlutafélaganna, hverja þeir höfðu í huga sem mundu njóta þessara skattívilnana. Það var ekki lágtekjufólkið. Það var hátekjufólkinu innan hlutafélaganna sem þeir ætluðu að ívilna með þessum hætti. Þeir ætluðu að fá tilstyrk og liðsinni frá ríkissjóði, frá skattborgaranum til slíkra verka.

Þetta finnst mér hreinlega ósæmilegt. Mér finnst þetta ósæmilegt á sama tíma og öryrkjum, atvinnulausum og láglaunafólki eru búin þau kjör á Íslandi sem raun ber vitni. Á meðan því verður ekki þokað að mannréttindi séu virt gagnvart öryrkjum sem eru færðir niður í tekjum við það eitt að vera í hjónabandi eða í sambúð niður í 16.000 kr. tæpar á einum mánuði, á meðan ekki fæst nein breyting á þessum hlutföllum er ætlunin að ívilna hátekjufólki hjá hlutafélögum. Mér finnst þetta, herra forseti, ekki vera sæmandi.

Ég mun greiða atkvæði gegn þessum tveimur hlutum frv. sem ég hef gert hér að umræðuefni. Annars vegar er ég á móti stuðningi og niðurgreiðslum, aðstoð við fólk sem er að festa kaup á hlutabréfum í útlöndum. Ég er því algerlega andvígur að ríkissjóður komi þar við sögu. Ef samræma þarf gagnvart heilögu testamenti hins Evrópska efnahagssvæðis til að mismuna ekki ber hreinlega að afnema þennan stuðning ríkissjóðs við hlutabréfakaup hér innan lands. Reyndar er löngu kominn tími til að svo verði gert, að sá stuðningur verði afnuminn Þetta átti hugsanlega við — hugsanlega segi ég — *á þeim tíma sem hér var samdráttur í efnahagslífi og* menn vildu stuðla að fjárfestingum í innlendri atvinnuuppbyggingu. Þá átti þetta hugsanlega við þótt ég skuli alveg gera þá játningu að ég var þessu alltaf andvígur. Ýmsir færðu rök fyrir því að það gæti verið eðlilegt á þeim tíma. En nú um stundir er fráleitt og með öllu ósæmilegt að grípa til þessara ráðstafana með þeim lagabreytingum sem hér liggja fyrir.

Að lokum, herra forseti, vil ég minna á að við í minni hlutanum flytjum brtt. við frv. sem felur það í sér að mikil hækkun á fasteignamati skerði ekki barna- og vaxtabætur. Í álitsgerð sem ég skrifa undir auk hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, sem hafði framsögu fyrir okkar hönd, og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hefur beitt sér mjög í þessum málum, kemur þetta fram. Hér segir, með leyfi forseta, m.a.:

„Ráðgjafarstofa heimilanna hefur vakið athygli á því að fasteignamat eigna á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað 1. desember 1999 um 18%, en hækkun á eignaviðmiðun skattalaga hækkar aðeins um 2,5% milli ára. Miðað við að eignarskattsstofn, þ.e. eignir að frádregnum skuldum, hækki um 10% milli áramótanna 1998–1999 og 1999–2000, gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að barnabætur skerðist um 15 millj. kr. og vaxtabætur um 70 millj. kr. Í brtt. minni hlutans er gert ráð fyrir að eignarskattsstofn að frádregnum skuldum hækki um 15% milli ára sem ætla má að sé raunhæfara miðað við 18% hækkun á fasteignamati eigna."

Þetta er í grófum dráttum sú afstaða sem ég hef til þessa frv. Ég styð eindregið þær tillögur sem hér koma fram varðandi skattalega meðferð á meðlagsgjöldum og meðlagsgreiðslum sem eru í samræmi við frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur flutt hér í þinginu en ekki hefur gefist tóm til að ræða. Ég styð þá tillögu að lagabreytingu að heimila skattafslátt af iðgjöldum til lífeyrissjóða, hækka mörkin úr 2% í 4%. En ég er mjög andvígur stuðningi og niðurgreiðslum við hlutabréfakaup á erlendri grundu og finnst nú annað við peningana að gera en að ívilna tekjuhæsta fólki í hlutafélögum landsins.

[18:13]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson um frádrátt vegna hlutabréfakaupa, sem hann kallar brask, þar sem hann er mér miklu fremri í því og starfar við þetta alla daga sem stjórnarmaður í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Ég ætla að spyrja hv. þm. um umsögn ASÍ þar sem segir að ASÍ sé hlynnt þessari breytingu, þ.e. að bæði framlög einstaklinga og atvinnurekenda til öflunar lífeyrisréttar teljist til skattskyldra tekna þess sem lífeyrisréttinn fær. Hvernig hugnast hv. þm. sú umsögn?

Og svo ætla ég að spyrja hv. þm., af því að hann ræddi um kauprétt, hvað hann ráðleggi ungum tæknifyrirtækjum sem hafa lítið eigið fé og geta ekki borgað mikil laun en gætu fengið mjög hæfa starfsmenn gegn því að lofa þeim kaupréttí ef vel skyldi ganga. Eins og hv. þm. veit náttúrlega er kaupréttúrinn einskis virði ef illa gengur. Hvað mundi hann ráðleggja ungum tæknifyrirtækjum í viðleitni þeirra til að fá vel menntað starfsfólk til starfa í stað þess að bjóða því kauprétt?

[18:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginginntakið í umsögn ASÍ varðandi skattívilnanir eða undanþágu á iðgjöldum til lífeyrissjóða er í þeim anda sem ég hef talað fyrir. Hitt er eiginlega meira spurning um orðalag.

Varðandi ráðleggingar mínar til lítilla tæknifyrirtækja finnst mér það sannast sagna ekki vera alveg í þeim anda sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur iðulega talað. Honum verður tíðrætt um jafnræðisreglur, að öll fyrirtæki sitji við sama borð, og mig langar til að spyrja hann núna á móti hvort hann vilji draga einhverja línu á milli fyrirtækja sem æskilegt er að styðja og annarra sem síður er æskilegt að styðja.

Ef hann vill ekki draga þessar línur situr hann uppi með stuðning við þetta frv. sem gerir ráð fyrir að ívilna öllum hlutafélögum í landinu og gera þeim auðvelt að hygla þeim starfsmönnum sem þar hafa hæstar og mestar tekjurnar.

[18:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrra atriðið að bæði framlög einstaklinga og atvinnurekenda teljist til skattskyldra tekna hjá þeim sem lífeyrisréttinn fær, þá er afstaða Alþýðusambandsins sú að það er hlynnt þeirri breytingu. Þess vegna spurði ég hv. þm., af því að hann er í verkalýðshreyfingu og er að berjast fyrir kjörum umbjóðenda sinna, hvort hann telji iðgjald atvinnurekenda til lífeyrissjóðs ekki eign eða tekjur hjá umbjóðendum sínum.

Varðandi það að ég dragi línu á milli þeirra fyrirtækja sem eru ung tæknifyrirtæki og annarra fyrirtækja. Mér finnst alveg sjálfsagt að öll fyrirtæki noti þetta, að þau geri starfsmenn sína virka í því að skila hagnaði þannig að hagsmunir starfsmannanna og hluthafanna fari saman. Með kauprétti gerist það nefnilega að starfsmennirnir hafa hag af því ef fyrirtækið gengur vel.

Það kom fram hjá fyrri ræðumanni í umræðunni að þetta mundi ekki eiga við um ræstingafólk og annað slíkt. Auðvitað getur þetta átt við um ræstingafólk líka, að því verði boðinn kauprétturvegna þess að fyrirtækið vill vera vel ræst og vel þrifið. Þetta á líka við um símaþjónustu, þá sem svara í símann. Það er mjög mikilvægt starf hjá hverju fyrirtæki að vel sé svarað í símann. Það getur því vel verið að stjórnandinn sjái hag í því að veita þeim sem svarar í símann kauprétt til að hann svari enn betur í símann.

[18:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. Pétri H. Blöndal á að allar greiðslur í lífeyrissjóði eru undanþegnar skatti hvort sem þær teljast til tekna launamannsins eða framlags af hálfu launagreiðandans, það er frádráttarbær rekstrarkostnaður.

Hitt er svo akademískara mál hvernig beri að skilgreina þetta, hvort beri að gera það sem tekjur launamannsins eða framlag atvinnurekandans. Ég hef verið á því máli að halda þessu aðskildu þó að ég sjái að það væri náttúrlega freistandi fyrir alla statistík, alla talnagerð að hækka laun í landinu um 6% með þessu móti jafnvel þótt ekkert hreyfðist í launaumslaginu.

En hvað varðar hitt, hverjir koma til með að njóta þessa, þá hef ég trú á því að fyrirtækin, hlutafélögin meti starfsfólkið ekki eftir þeim mælikvörðum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal gaf í skyn að þau gerðu. Það kemur einfaldlega fram í launum núna, þau eru mjög mismunandi, og það eru þeir sem standa næst kjötkötlunum sem hafa mestar tekjurnar og meira að segja mjög miklar í sumum fyrirtækjum þannig að nemur hundruðum þúsunda ef ekki milljónum á mánuði hverjum, á meðan öðrum eru búin miklu lakari kjör. Og nú vill hv. þm. Pétur H. Blöndal og ríkisstjórnin ívilna því fólki og láta ríkissjóð niðurgreiða kjörin til þeirra.

[18:20]

Útbýting þingskjala:

Lyfjalög og almannatryggingar, 401. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1304; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1305.

[18:20]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hv. frsm. minni hlutans, Margrét Frímannsdóttir og hv. síðasti ræðumaður, Ögmundur Jónasson, hafa gert nál. minni hluta efh.- og viðskn. ítarleg skil í því máli sem hér er til umræðu. Ég þarf því út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um frv. Skoðun mín í málinu kom líka ítarlega fram við 1. umr. Það eru þó fjögur atriði sem ég vil árétta við 2. umr.

Ég held að full ástæða sé til þess að hafa nokkrar áhyggjur af því sem fram kemur í frv. því það gengur út á að hægt sé að taka hluta af launum í hlutabréfum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum samkvæmt kauprétti sem ekki eru skattlagðar sem launatekjur heldur sem fjármagnstekjur með 10% skatthlutfalli. Ég óttast, herra forseti, að þó að sett sé ákveðið þak á það í frv. hve mikið hægt er að nýta þetta samkvæmt þessari leið með lægra skatthlutfallinu þá geti ákvæðið leitt til þess að þeir sem hafa aðstöðu til að fá hluta launa sinna greiddan á þennan hátt nýti það að fullu. Ég kalla það ákveðna mismunun gagnvart þeim sem taka tekjur sínar út í launum sem greiddur eru af tæplega 39% skattur, og að við séum raunverulega að auka misskiptinguna í þjóðfélaginu með þessu. Af því ber auðvitað að hafa ákveðnar áhyggjur. Þess vegna er það auðvitað rétt og eðlilegt sem við í minni hlutanum leggjum til, að þetta gangi ekki fram á þann hátt eins og meiri hlutinn leggur til.

Hitt atriðið sem ég vil nefna sem mér finnst mjög sérkennilegt, jafnvel þó verið sé að vitna til þess að það atriði brjóti í bága við skuldbindingar okkar vegna EES-samningsins, þ.e. að fjárfesting í erlendum hlutabréfum eigi að hafa sömu

skattalega stöðu og innlend hlutabréf, er að mér finnst mjög óeðlilegt hvernig að þessu er staðið af hálfu meiri hlutans og tel að það hefði fremur verið ástæða til þess, ef þarna þarf að gæta ákveðins jafnræðis, að breyta þá þessari skattalegu ívilnun sem er á kaupum á innlendum hlutabréfum. En þarna er verið að auka þessar ívilnanir og láta þær ná núna til erlendra hlutabréfa.

Auk þess má við þetta bæta sem ég held að full ástæða sé til að skoða og vænti að hæstv. ráðherra hafi skilning á því atriði en það er hvernig útreikningi er háttað á skatti á hlutabréfum þar sem skattaleg meðferð eða skattur reiknast á nafnverð bréfanna en ekki markaðsvirði hjá einstaklingum sem eiga hlutabréf. *Mér finnst alveg full ástæða til að skoða* það vegna þess að ég býst við að nafnverðið sé kannski u.þ.b. $^1/_5$ af markaðsverði. Og ég held, herra forseti, varðandi þennan þátt málsins, að full ástæða sé til að skoða það sérstaklega og því finnst mér óeðlilegt í þessari stöðu að verið sé að breyta þessu varðandi erlendu hlutabréfin.

Varðandi brtt. sem við í minni hlutanum erum með þá hafa bæði hv. þm. Ögmundur Jónasson og Margrét Frímannsdóttir gert því ágæt skil að ljóst er að fasteignamatið, sem hefur hækkað gífurlega eða um 18% vegna hækkana á verði á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu, leiðir til þess að vegna þess að hækkun á eignaviðmiði skattalaga er aðeins um 2,5% á milli ára, getur leitt til verulegrar skerðingar á vaxtabótum og barnabótum. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur einmitt vakið athygli á þessu og sett fram í skýrslu sinni að eignaviðmið skattalaga þurfi að taka mið af hækkun á fasteignamati á hverju ári til að ekki komi til skerðingar á vaxtabótum og barnabótum. Og ef við miðum við um 15%, sem ég hygg að sé sá munur ef við drögum skuldir frá, og lítum bæði til eigna og skulda getur verið um 100–150 milljónir að ræða í þessu sambandi sem vaxtabætur og barnabætur skerðast um. Ráðgjafarstofa heimilanna hefur sett fram dæmi sem ekki er tilbúið heldur raunverulegt í erindi sem hún fékkst við. Í því tilviki lækkuðu barnabætur um 77 þúsund hjá hjónum einmitt vegna þess að hækkun á fasteignamatinu var um 18% meðan eignaviðmið í skattalögum hækkaði aðeins um 2,5%.

Þess vegna tel ég eðlilegt að á það verði látið reyna nú. Það er nægjanlegt að fólk hafi þurft að bera bæði gífurlega hækkun á fasteignaverði, þ.e. ungt fólk sem er að kaupa sér íbúð, og hækkun á fasteignagjöldum þó að ekki komi til viðbótar skerðing á vaxtabótum og barnabótum. Við viljum því láta á þetta reyna hér í þinginu við 2. umr. þessa máls og ég harma það mjög að ekki náðist samstaða um þessa litlu brtt. í efh.- og viðskn.

Ég vil síðan sérstaklega fagna því og þakka efh.- og viðskn. fyrir að hafa tekið upp að hluta til efni úr frv. sem ég hef flutt ásamt nokkrum félögum mínum í Samfylkingunni og snertir framkvæmd á meðlagsgreiðslum umfram lögboðna lágmarksgreiðslu og skattalega meðferð þeirra. Gerð hefur verið grein fyrir þessu hér við umræðuna að það er auðvitað mjög óeðlilegt að það sé einungis lögboðið lágmarksmeðlag sem ekki er skattskylt en þegar kemur að aukameðlögum þá séu þau skattskyld. Vissulega er um tvísköttun að ræða og eðlilegt að halda því til haga að slíkur lífeyrir sem meðlögin eru er fyrst og fremst eign barnsins og mjög óeðlilegt að hún sé skattlögð með þeim hætti sem gert hefur verið hingað til. Ég hélt því reyndar fram þegar ég kynnti þetta mál að sennilega væri um það að ræða að þetta hefði farið fram hjá mönnum frekar en að menn hafi ætlað að skattleggja aukameðlög.

Það er líka reynslan að einstæðir foreldrar sem hafa forræði yfir barni hafa ekki treyst sér til að krefjast aukameðlags bæði vegna þess að þetta er skattlagt og ekki síður vegna þess að Innheimtustofnun á ekki samkvæmt lögum að innheimta það meðlag og því treysta mjög margir einstæðir foreldrar sér ekki til þess að ganga á eftir greiðslum umfram lögboðin meðlög. En það er hluti af þessu máli sem efh.- og viðskn. tekur hér upp, þ.e. skattfrelsi aukameðlaga, og því ber að fagna. Eftir stendur að Innheimtustofnun ber einungis skylda til þess að innheimta lágmarks lögboðið meðlag en ekki aukameðlag og á það verður auðvitað látið reyna á *næsta þingi, enda erum* við að fjalla um hóp fólks, einstæða foreldra, en skýrsla um stöðu þeirra sem lögð var fyrir þetta þing sýnir slæma stöðu þeirra í mörgum tilvikum. Ástæða er til að huga sérstaklega að stöðu einstæðra foreldra og minni ég einmitt á það sem fram kom í utandagskrárumræðu í gær að hæstv. félmrh. tók undir það að sérstaklega þyrfti að huga að aðgerðum til þess að bæta stöðu einstæðra foreldra. Svo er auðvitað spurning hvað verður úr efndum að því er það varðar.

Herra forseti. Ég vildi sérstaklega árétta þessi fjögur atriði núna við 2. umr. málsins sem ég taldi ástæðu til að leggja áherslu á.

[18:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. efh.- og viðskn. með fyrirvara sem fólst í því að það sem var í 1. gr. upphaflegs frv. um að iðgjald launagreiðanda teljist til tekna hjá launþeganum — eins og það er, það eru tekjur hjá launþeganum — er fellt niður og farin aftur sú skrýtna leið sem verið hefur hingað til að telja þetta til frádráttar hjá launagreiðandanum og ekki sem tekjur hjá launþeganum. Ég mun greiða atkvæði gegn þessu þegar þar að kemur.

Síðan er sett inn nýtt ákvæði um að meðlag skuli vera frádráttarbært og ég er hjartanlega sammála því. En ég vil ekki hafa þau mörk sem eru í frv. um að það sé bara upp að tvöfaldri fjárhæð barnalífeyris sem þetta er frádráttarbært. Ég skil ekki af hverju ekki má draga frá hvaða upphæð sem er á meðlagi, það er jú búið að borga skatt af meðlaginu hjá þeim sem greiðir það.

[18:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stend hér aðeins upp til að taka undir það sem hv. þm. nefndi varðandi meðlagsgreiðslurnar, að setja ákveðið þak varðandi tvöföldun á meðlagi, vegna þess að í því frv. sem ég hef flutt hér í þinginu er ekki sett þak á tvöföldun á meðlagi heldur er það ótakmarkað ef um er að ræða meira en tvöfalt meðlag. Mér finnst það eðlilegt og sanngjarnt. En vissulega fannst mér þetta skref í rétta átt sem hv. formaður efh.- og viðskn. beitti sér fyrir. Ég ætla því ekki að gera athugasemdir við þetta að sinni, en vildi að því gefna tilefni að hv. þm. Pétur Blöndal nefndi það, geta þess að þetta er einmitt sú framkvæmd sem ég vil viðhafa og fram kemur í frv. mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 18:33]

Loftferðir, 2. umr.

Stjfrv., 250. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 307, nál. 1204, brtt. 1205 og 1258.

[20:01]

Frsm. meiri hluta samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir.

Með frv. þessu er leitast við að styrkja gjaldtökuheimildir loftferðalaga. Þá er gert ráð fyrir því nýmæli að farið verði að innheimta sérstakt leiðarflugsgjald til Flugmálastjórnar til fjármögnunar flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur auk þess sem ákvæði í loftflutningskafla laganna eru lagfærð.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frv. Þær helstu eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á þyngdarflokkum vegna eftirlitsgjalda í 1. og 3. gr. frv. Með þeirri breytingu verða lægri eftirlitsgjöld fyrir vélar sem eru 5.701–6.700 kg en ella hefðu orðið.

Lagt er til að lendingargjöld verði greidd fyrir lendingar loftfara í innanlandsflugi með 2.000 kg hámarksflugtaksmassa, en ekki 1.500 kg eins og gert er ráð fyrir í frv.

Þá er lagt til að mælt verði fyrir um lendingargjöld fyrir lendingu loftfara í millilandaflugi, en í frv. er einungis gert ráð fyrir lendingargjöldum í innanlandsflugi.

Lendingargjöld í millilandaflugi eru nú innheimt á grundvelli gjaldskrár.

Lagt er til að vopnaleitargjald verði ekki einskorðað við Keflavíkurfluvöll, eins og gert er ráð fyrir í frv., heldur verði það greitt á öllum flugvöllum þar sem leit fer fram. Þá er lagt til að gjaldið renni til Flugmálastjórnar en ekki sýslumanns, eins og gert er ráð fyrir í frv. Lagt er til að fjárhæð gjaldsins verði fest í lög og verði 125 kr. fyrir hvern farþega eldri en tólf ára, 65 kr. fyrir farþega tveggja til tólf ára, en börn yngri en tveggja ára verði undanþegin gjaldskyldu.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

[20:03]

Frsm. minni hluta samgn. (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti samgn. en auk mín standa að álitinu hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Jón Bjarnason. Einnig brtt. á þskj. 1258 sem sömu menn flytja við 2. gr. frv. sem fjallar um að taka upp hið svonefnda leiðarflugsgjald.

Við erum hlynntir ákveðnum breytingum sem lagt er til að gera með þessu frv., eins og með þyngd véla í 1. og 3. gr., þar sem komið er til móts við óskir þeirra sem reka minni flugvélar í innanlandsflugi, eða sem sagt lækka þá skatta sem þeir eiga að greiða.

Hins vegar erum við afar ósáttir við að tekið verði upp leiðarflugsgjald og í nál. okkar, sem hér hefur væntanlega eða á eftir að útbýta, segir svo:

Með frv. þessu eru ýmsar gjaldtökuheimildir loftferðalaga færðar úr gjaldskrám í lög. Einnig er gert ráð fyrir því nýmæli að lagður verði skattur á innanlandsflug með upptöku sérstaks leiðarflugsgjalds til fjármögnunar flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur.

Rekstur innanlandsflugs er ekki með því móti að það geti staðið undir auknum sköttum, enda eru umsagnir þessara aðila allar á einn veg, nýja skattinum er mótmælt harðlega.

Flugfélag Íslands, Íslandsflug og Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla öll eindregið upptöku nýs skatts á flugrekendur í innanlandsflugi. Flugfélag Íslands segir m.a. í umsögn sinni:

„Samkvæmt formúlu sem gilda á um þessi nýju gjöld þýðir það að greiða þarf t.d. 10,65 kr. fyrir hvern floginn kílómetra Fokker 50 flugvélar í innanlandsflugi. Í athugasemdum með frv. kemur fram að þessu nýja gjaldi sé ætlað að skila Flugmálastjórn um 30 millj. kr. viðbótartekjum í ár. Aðdragandi þessarar nýju gjaldtöku af innanlandsfluginu kom fram á fundi sem samgönguráðuneytið hélt 19. ágúst 1999 með fulltrúum sex íslenskra flugrekenda. Á þeim fundi kom m.a. fram að hér væri „aðeins um fyrsta stig slíkrar innheimtu" að ræða. Á þeim fundi mótmæltu flugrekendur harðlega slíkum viðbótarálögum og vitnuðu í því sambandi til þeirrar staðreyndar að íslenskt innanlandsflug hefur um árabil verið rekið með töluverðu tapi."

Íslandsflug mótmælir upptöku leiðarflugsgjalds, og segir m.a. í umsögn sinni: „Rekstur innanlandsflugs hefur verið erfiður og þolir ekki frekari álögur."

Samtök ferðaþjónustunnar segja m.a. í umsögn sinni:

„Samtökin mótmæla harðlega tillögu um að lögfesta álagningu flugleiðsögugjalds í innanlandsflugi sem í mörg ár hefur verið rekið með tapi eins og menn vita."

Fram kemur í umsögnum þessara aðila að skattheimta sem þessi mun auka enn frekar erfiðleika þeirra í innanlandsflugi. Gjaldið á að fjármagna flugleiðsöguþjónustu við flugrekendur og greiða allan kostnað Flugmálastjórnar af innanlandsflugi, en hann er nú áætlaður allt að 180 millj. kr. á ári.

Minni hlutinn leggst alfarið gegn þessari auknu skattheimtu á innanlandsflug og flytur brtt. um að hætt verði við hana. Mun minni hlutinn greiða atkvæði með einstökum greinum frv. sem eru til bóta en ekki greiða atkvæði með frv. í heild af fyrrgreindum ástæðum sem ég hef hér rakið."

Herra forseti. Þetta er í raun og veru allt sem segja þarf um þetta atriði sem hér er fjallað um. Auk þess er í brtt. meiri hlutans kveðið á um vopnaleitargjaldið á flugvöllum úti á landi sem mun gefa um 1,2 millj. kr. tekjur til Flugmálastjórnar. En sú breyting sem gerð er við 1. gr. frv. af meiri hluta samgn. og ég lýsti áðan yfir að er til þess að bæta þeim sem reka minni flugvélar að lækka þau gjöld á það þá er það skref í rétta átt og því erum við samþykk.

Í umsögnum annarra aðila kemur ýmislegt fram í þessu efni sem gaman hefði verið að ræða enn frekar ef betri tími hefði verið til. En eins og ég sagði áðan, herra forseti, ætla ég við þessa umræðu ekkert að orðlengja þetta miklu meira, það hefur sennilega engan tilgang, því miður. Hæstv. ríkisstjórn hefur ákveðið að taka upp leiðarflugsgjaldið sem mun íþyngja flugrekstraraðilum mjög mikið, eins og hér hefur komið fram og ég hef lesið í umsögnum þessara aðila. En ég bendi á að við þá erfiðleika sem eru í innanlandsflugi þar sem verið er að hætta flugi til ýmissa staða úti á landi frá Reykjavík og frá Akureyri til annarra staða. Vegna þessa ástands held ég að ekki sé ástæða til að taka þetta upp.

Hins vegar ætla ég alveg hiklaust að fagna því sem komið hefur fram að hæstv. ríkisstjórn hefur tekið um það ákvörðun að styrkja flug innan lands til ýmissa staða og bjóða það út og þá vonandi með sjúkrafluginu sem einnig er rætt um. Samt sem áður tel ég það afar hæpnar aðgerðir að taka upp leiðarflugsgjald á þessum tíma þegar við erum í þessari óvissu. Reyndar tel ég að þetta ætti að fara út og hvet hér aðra til

að ljá máls á því að við þessa skattheimtu verði hætt á þessu stigi. Áætlað er, eins og ég sagði áðan, að hún gefi um 30 milljónir í tekjur á þessu ári og hugsanlega tvöfaldar tekjur eða á bilinu 50–60 milljónir allt árið 2001. En inni í þessu er líka því miður möguleiki að halda áfram og fara í þær 180 milljónir sem þetta kostar í dag. Það kom fram í umræðum aðila sem komu á fund hv. samgn. að þetta væri aðeins fyrsta skref, að þeir ættu að greiða fyrir þessa þjónustu sem hana nota. Við erum því andvíg þeirri skattheimta sem þarna er boðuð og munum greiða atkvæði gegn henni á hv. þingi.

[20:11]

Útbýting þingskjala:

Lífsýnasöfn, 534. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1308; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1309.

Loftferðir, 250. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1327.

Sjúklingatrygging, 535. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1306; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1307.

[20:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um loftferðir þar sem verið er að leggja til aukna skattheimtu á þessa almenningsþjónustu í landinu.

Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að við hefðum gjarnan viljað vera að fjalla um aðra aðkomu ríkisins að samgöngum með flugi innan lands en ræða um aukna skattheimtu. Við horfum upp á það að hver flugleiðin á fætur annarri leggst af vegna þess að þeir sem þar eru í flugrekstri sjá ekki rekstrargrundvöll fyrir það flug. Kveðjurnar frá hv. Alþingi eru að hækka gjöldin á innanlandsflugið.

Áætlunarflug innan lands hefur fram til þessa ekki notið nema afar takmarkaðra styrkja eða beinna fyrirgreiðslna af hálfu hins opinbera en er þó alþekkt í nágrannalöndum okkar þar sem nauðsynlegt er að halda uppi flugsamgöngum um allt landið þó svo að einstaka flugleið reynist ekki arðbær út frá þeim reiknireglum sem flugrekstraraðilar setja sér fyrir slíkt flug.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að hér er um skattlagningu að ræða. Ekki er verið að innheimta gjöld vegna beinnar tilgreindrar þjónustu, ekki á móti neinum tilgreindum kostnaði heldur er þarna um að ræða skattheimtu. Jafnframt hefur það komið fram, eins og hv. þm. Kristján Möller vitnaði einmitt til, að aðilum sem þetta snertir var tilkynnt það á fundi með samgrn. 19. ágúst 1999 að þetta væri aðeins fyrsta stig slíkrar innheimtu. Það er því ljóst, ef ekki verður þarna veruleg stefnubreyting að ætlunin er að hækka gjaldið enn á næstunni og sjálfsagt að stefna að því að fá að fullu greiddan þann kostnað sem talinn er fylgja flugleiðsögunni með gjöldum á flugreksturinn, þ.e. um 180 millj. kr.

Ég mótmæli þessari fyrirætlan. Ég mótmæli þessari stefnu sem stjórnvöld hafa gagnvart flugsamöngum í landinu og hvet eindregið til þess að önnur aðkoma verði að áætlunarflugi og samgöngum í flugi á landinu en þetta frv. til laga gefur tilefni til.

Ég vil benda á að flestallir aðilar sem hafa gefið umsögn um þetta mótmæla eindregið þessari skattlagningu. Flugleiðir mótmæla henni. Íslandsflug mótmælir henni. Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla henni afar harðlega og segja reyndar að þessi skattlagning gangi í berhögg við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um eflingu ferðaþjónustu í landinu og eflingu samgangna til þess að styrkja ferðaþjónustuna. Skattheimtan sem hér er verið að leggja til gengur því, herra forseti, í berhögg við yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að styrkja almenningssamgöngur, um að styrkja ferðaþjónustu í landinu.

Það er því hörmulegt til þess að vita að það skuli vera viðbrögð hv. Alþingis að íþyngja þessum samgöngum enn, og aðeins með fyrsta stigi boðaðar auknar álögur ef fram verður haldið sem hér er stefnt til, og því er ég algjörlega andvígur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álagning gjalda á vörur, 2. umr.

Stjfrv., 500. mál (breyting ýmissa gjalda). — Þskj. 794, nál. 1223, brtt. 1224 og 1264.

[20:17]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. vegna frv. til laga um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur. Frv. þetta er svokallaður bandormur og í allnokkrum köflum sem fjalla um breytingu á mismunandi flokkum gjalda.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál, sent það til umsagnar og (**Gripið fram í:** Forseti. Það heyrist ekki í ræðumanni.) Herra forseti. Það mundi heyrast betur í mér ef ekki væru fleiri fundir í gangi í þingsalnum.

Nefndin gerir tillögu til breytingar á frv. sem eru í einum ellefu liðum og mun ég nú gera grein fyrir þeim.

Í fyrsta lið brtt. er fyrst og fremst fjallað um breytingar sem varða brúðkaupsgjafir og hvað þær mega vera dýrar til þess að þær séu gjaldfrjálsar.

Í öðrum lið brtt. er fyrst og fremst verið að skýra betur heimildir tollstjóra til niðurfellingar á tollum.

Í þriðja lið brtt. er tilvísanabreyting.

Í fjórða lið brtt. er enn fremur tilvísunarbreyting.

Í fimmta lið brtt. er verið að fella niður toll af ákveðnu tollskrárnúmeri sem er 1904.1002 og á við um morgunkorn. Þegar hefur verið felldur niður tollur af morgunverðarkorni sem kemur frá hinu Evrópska efnahagssvæði en með þessari breytingu verður þessi tollaniðurfelling almenn. Það er rétt að geta þess að í nefndaráliti er ekki sagt rétt frá því hvað þessi breyting þýðir og er rétt að það sé haft í huga.

Í sjötta lið brtt. er tilvísanabreyting.

Í sjöunda lið brtt. er verið að breyta niðurfellingu á gjöldum fyrir björgunarsveitir þannig að það nær ekki aðeins til bifreiða og vélsleða heldur einnig til annarra ökutækja.

Í áttunda lið brtt. er fyrst og fremst verið að breyta tilvísunum og skýra út að vörugjald skuli ná til vörgjalds af ökutækjum samkvæmt þessum lögum eftir því sem við getur átt.

Í níunda lið er fyrst og fremst verið að breyta orðunum „Bifreiðar og vélsleðar“ og „bifreið eða vélsleði“ í: „ökutæki“. En þetta varðar heimild til niðurfellingar á gjöldum af ökutækjum til björgunarsveita eins og ég hef fjallað um hér áður.

Varðandi 20. gr. frv. er verið að breyta því að í stað orðsins „aðilar“ komi: „rannsóknaraðilar“. Þetta er líka spurning um endurgreiddan virðisaukaskatt, þ.e. að aðeins rannsóknaraðilar fái slíkan virðisaukaskatt endurgreiddan af rannsóknartækjum.

Í ellefta lið brtt. er ákv. til brb. sem varðar yfirgangstímann, hvernig fara skuli með heimildir sem innflytjendur og framleiðendur hafa við gildistöku laga þessara til niðurfellingar tolls af hráefni, efnivöru og hlutum í innlendar framleiðsluvörur og hvaða reglur gilda um þennan yfirgangstíma.

Virðulegi forseti. Undir nefndarálitið rita allir hv. nefndarmenn en þrír hv. þm. þau Jóhanna Sigurðardóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ögmundur Jónasson hafa fyrirvara.

[20:21]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd flugmálaáætlunar 1999, 643. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1303.

Kosningar til Alþingis, 522. mál, brtt. SJS, þskj. 1328.

Svæðisstöðvar Ríkisútvarpsins, 606. mál, svar menntmrh., þskj. 1174.

Veitinga- og gististaðir, 406. mál, brtt. JB, þskj. 1329.

[20:22]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um álagningu gjalda á vörur, en í frv. eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga er kveða á um álagningu gjalda á vörur sem fluttar eru hingað til lands eða eru framleiddar hér á landi. Hv. formaður efh.- og viðskn. hefur farið nokkrum orðum um helstu breytingarnar sem hér er um að ræða. En í umsögn um frv. sem efh.- og viðskn. barst frá fjmrn. og fylgdi reyndar þessu stjfrv. er því haldið fram að einu áhrifin sem frv. hafi á gjaldahlið ríkissjóðs séu af endurgreiðslum skatta á búnaði björgunarsveita.

Ég tel að áhrifin frv. geti verið önnur og meiri og nefni þar að á meðal þeirra breytinga sem verið er að leggja til að gerðar verði sé að fella niður áfengisgjald í fríhöfnum og á frísvæðum. Hvað er hér um að ræða háar upphæðir?

Úr fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli, Leifsstöð, er um að ræða á milli 170 og 200 millj. kr. á hverju ári sem ríkissjóður fær vegna álagningar áfengisgjalds bara þar. Síðan kemur til áfengisgjald annars staðar frá, Akureyri, Reykjavík og af frísvæðum væntanlega. Þar er sennilega um óverulegar upphæðir að ræða. Stærsta upphæðin er frá Keflavíkurflugvelli.

Ég er mjög andvígur því að þetta gjald verði fellt niður, ekki síst í ljósi fyrirhugaðra breytinga á Leifsstöð. Við vorum reyndar upplýst um það í efh.- og viðskn. að þetta frv. hefði verið undirbúið áður en fram kom sá vilji hæstv. utanrrh. að einkavæða flugstöðina með manni og mús. En eins og mönnum er kunnugt þá liggur fyrir Alþingi frv. þess efnis. Mér finnst sannast sagna, herra forseti, skjóta skökku við að ráðast í það á þessari stundu, á meðan allt er óljóst um hver verður framtíð Leifsstöðvar, að leggja til lagabreytingu sem fellir niður veigamikinn tekjustofn fyrir ríkið af áfengissölu á Keflavíkurflugvelli.

Nú er hægt að segja sem svo að unnt sé að ná þessum tekjum öðruvísi inn en í gegnum áfengisgjaldið. Það mun hafa verið svo að áður en það var lagt á hafi greiðslur sem þessari upphæð nemur runnið í ríkissjóð. Það er alveg rétt. Það er hægt að millifæra þarna á milli og þess vegna fela nýjum eigendum, ef farið verður út í að selja flugstöðina sem hæstv. utanrrh. segir að vel komi til greina, eða gera þeim að inna þessar greiðslur af hendi einhvern veginn öðruvísi.

En ég á afskaplega erfitt með að skilja, herra forseti, að hæstv. fjmrh. skuli á þessari stundu, nú þegar við stöndum frammi fyrir því að taka ákvörðun um framtíð Leifsstöðvar, koma hér með frv. sem sérstaklega ívilnar þessu væntanlega hlutafélagi um 170 millj. kr. Vegna þessara orða minna um að hægt sé að ná þessum tekjum öðruvísi inn, vil ég minna á sagnfræðina í fríhöfnum landsins. Sú var tíðin hér forðum að Ferðaskrifstofa ríkisins hafði aðstöðu og annaðist sölu ýmiss varnings í Keflavík, í fríhöfn. Seldur var margvíslegur varningur og af honum rann dágóð summa í ríkissjóð. Og hvernig var henni ráðstafað? Henni var ráðstafað til landkynningar, til ferðakynninga og til landkynningar.

Þegar þessu var breytt og nýir rekstraraðilar, Íslenskur markaður og aðrir, komu til sögunnar í Keflavík var farið út í annars konar skattheimtu. Innheimtur var sérstakur skattur af hverjum ferðamanni sem kom til landsins. Síðan var slakað á þessu og ekki innheimt gjald af öðrum en þeim sem komu hingað, þ.e. ekki þeim sem fóru á milli flugvéla eða millilentu hér. Síðan kom að því að lokum að þetta gjald gufaði upp. Þá fóru menn að óskapast yfir því að ekki væru peningar til landkynningar, til kynningar fyrir ferðaþjónustuna.

Nú er ég ekki að leggja til afturhvarf til þessara tíma. Að sjálfsögðu er ég ekki að gera það. Það er liðin tíð. En ég er bara að minna á að svo kann að fara fyrir ásetningi nú um að ná þessum fjármunum inn með öðrum hætti og góðum áformum, eins og fór fyrir þessum tekjustofni sem ríkið hafði og ferðaþjónustan og var varið til landkynningar.

Ég vil því heyra sjónarmið hæstv. fjmrh. í þessu efni og auglýsi eftir afstöðu hans og hvernig á þessu standi nú á þessari stundu þegar Alþingi stendur frammi fyrir því að taka afstöðu til þess hvort gera eigi Leifsstöð að hlutafélagi með það fyrir augum að selja hana. Það hefur að sjálfsögðu ekki verið ákveðið enn að ganga alla þá leið en hæstv. utanrrh. sem stendur fyrir frv., flytur frv. um hlutafélagavæðingu Leifsstöðvar, segir að það komi vel til greina.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta nánar. En ég vil helst ekki ljúka máli mínu fyrr en ég hef vissu fyrir því að hæstv. fjmrh. veiti hér einhver svör. Ég er að andmæla því að nú, rétt áður en tekin er ákvörðun um hvort gera eigi Leifsstöð að hlutafélagi, leggi hæstv. fjmrh. að þinginu að samþykkja frv. sem afnemur áfengisgjald, 170 millj. kr. tekjustofn á ári. Mér finnst þetta ekki ganga upp og þess vegna hef ég ásamt þingmönnum í minni hluta efh.- og viðskn. lagt fram brtt. við frv. sem gerir ráð fyrir að horfið verði frá þessari ráðagjörð.

[20:30]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. gengur út á að lögfesta þá álagningu gjalda sem felst í þeim lagabálkum sem hér er um að ræða og afnema rétt ráðherra til að leggja á gjöld með þeim hætti sem áður var. Þetta er auðvitað liður í ákveðinni lagahreinsun í kjölfar stjórnarskrárbreytingarinnar 1995.

Í dag vantar í lögin grundvöll fyrir heimildir ráðherra til niðurfellingar eða álagningar þessa svokallaða áfengisgjalds. Hugmyndin í upphaflega frv. var auðvitað sú að í stað þess að leggja gjald á vörur sem fara inn á tollfrjálst svæði þá yrði álagningin í versluninni, sem er í eigu ríkisins, látin standa undir því eða annar ávinningur af þessum rekstri. Þannig var það alls ekki hugmyndin að þetta yrði tekjurýrnun fyrir ríkissjóð.

Eftir að hitt frv. kom til skjalanna, um að breyta Leifsstöð í hlutafélag, er ljóst að beita þarf öðrum ráðum. Það er hægt að gera. Hv. þm. var áðan að biðja mig um að hlusta og ég sný þessu nú við og bið hv. þm. að hlusta. Þeim tekjum er

hægt að ná t.d. með hlutdeild í flugvallarskatti eða öðrum þeim tekjum sem ríkið hefur af þessu hlutafélagi. Auðvitað er alveg ljóst að ætlunin er ekki að afsala hér einhverjum 150–170 milljónum í hendurnar á nýju hlutafélagi, jafnvel þó að það verði í eigu ríkisins að því er þetta varðar. Ég vil gjarnan upplýsa að það er á hreinu að þarna er ekki um neina tekjurýrnun fyrir ríkissjóð að ræða frekar en almennt í þessu frv. nema að því er varðar björgunarsveitirnar.

[20:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Reyndar rakti ég í mínu máli hver urðu afdrif tekjustofns sem Ferðamálaráð eða ferðaiðnaðurinn hafði í Fríhöfninni áður fyrr sem gufaði síðan upp. Góður ásetningur kann því að reynast haldlítill þegar á reynir. Ég óttast að svo kunni að fara með þessu þótt mér sé fyllilega kunnugt um ásetning hæstv. fjmrh.

Í lögunum er nú heimildarákvæði, eins og hæstv. ráðherra gat um, til að leggja á þessi gjöld. Ég hefði talið eðlilegt að halda því heimildarákvæði áfram inni í lögunum en fella það ekki niður með þeim lagabreytingum sem hér er verið að leggja til. Ég hefði talið að eitt ætti yfir alla að ganga í þessum efnum, Fríhöfn sem aðra aðila. Þetta ætti að vera gjald sem alls staðar væri innheimt. Ég endurtek að mér finnst það mjög mikilvægt á þessari óvissustundu. Við stöndum frammi fyrir því að gera Leifsstöð að hlutafélagi eins og hæstv. utanrrh. leggur til með það fyrir augum að selja stofnunina. Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um það en hæstv. utanrrh. segir að það komi mjög vel til greina. Hann hefur lýst því yfir hér á Alþingi og í fjölmiðlum en ég segi: Á þessari stundu skulum við halda inni heimildarákvæðinu fyrir fjmrn. í stað þess að fella ákvæðin brott úr lögunum með öllu.

[20:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég met það að sjálfsögðu mikils að hv. þm. skuli vilja halda í lögum sérstökum heimildum fyrir fjmrh. til þess að leggja á eða fella niður ákveðin gjöld. En slíkar heimildir standast ekki lengur. Þess vegna er, í þessum bandormi sem tekur á breytingum á mörgum lögum og reyndar víðar í lögum sem við höfum verið að vinna að sameiginlega í þinginu og í ríkisstjórn, verið að afnema allar slíkar heimildir svo þær hafi skýra og örugga lagastoð og séu framvegis á valdi þingsins en ekki framkvæmdarvaldsins.

Það er auðvitað í samræmi við þær breytingar sem við beittum okkur fyrir hér mörg hver þegar stjórnarskránni var breytt árið 1995 á þann veg að engan skatt megi á leggja eða af leggja nema með lögum. Þess vegna getum við ekki leyft okkur það framvegis að veita ráðherra opnar heimildir í þeim efnum, hvorki að því er varðar áfengisgjald né aðra skatta. Þannig er þetta mál. Þess vegna þarf að kveða skýrt á um hvert þetta gjald eigi að vera eða þá, eins og lagt er til í frv., kveða á um að þetta verði fellt niður við sölu til tollfrjálsra verslana. Ég tel að það sé eðlilegt og rökrétt.

Ef þingmaðurinn vill halda sig við skoðun sína þá á hann ekki að leggja til að frumvarpsgreinin falli brott og fjmrh. hafi áfram þessa heimild, heldur á hann að leggja til einhverja ákveðna tölu, upphæð áfengisgjalds á þessum vettvangi, inn á tollfrjálst svæði. Það væri upphæð sem þingið hefði ákveðið og yrði því ekki breytt aftur nema með lögum. Málið snýst um að lögfesta sjálfan skattinn, annað hvort prósentu eða upphæð.

[20:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið snýst náttúrlega fyrst og fremst um það að tryggja hag íslenskra skattgreiðenda og eigenda flugstöðvarinnar, að tryggja að þeir *fái notið arðsins sem þar* skapast.

Ég er að sjálfsögðu til viðræðu um hvernig það verði gert. Það er alveg rétt sem fram kemur hjá hæstv. fjmrh. að vegna stjórnarskrárbreytinga, ákvæða í stjórnarskrá Íslands, hefur verið unnið að því, og ég hef stutt það, að nema brott úr lögum heimildarákvæði og festa í lög.

En það sem fyrir mér vakir, herra forseti, er að tryggja hag skattborgarans. Mér finnst óeðlilegt að afnema á þessari stundu 170 millj. kr. tekjustofn fyrir ríkið í þeirri óvissu sem nú ríkir um framtíð Leifsstöðvar.

Varðandi fullyrðingu hæstv. fjmrh. og ásetning sem ég efast ekkert um að er einlægur af hans hálfu, að við getum tryggt með öðrum hætti þessar tekjur til ríkissjóðs, þá hef ég um það ákveðnar efasemdir. Ég bendi á sögu þessara mála, reyndar af öðrum tekjustofni sem rann til landkynningar og ferðaiðnaðar.

Ég er reyndar sannfærður um að í framtíðinni muni fríhafnir ekki njóta skattalegra sérréttinda heldur muni þær hafa verslun og viðskipti vegna þess að þær eru fríhafnir og hafa nauðuga kaupendur á sínum snærum. Þetta verður þess valdandi að fólk verslar í fríhöfnum í framtíðinni. Þess vegna á hið sama að gilda um þær og aðra sem höndla með áfengi eða aðrar vörur. Það er tímaskekkja að veita Fríhöfninni sérréttindi, svo ekki sé minnst á að það skuli gert núna nokkrum klukkustundum áður en taka á fyrir mjög umdeilt frv. hæstv. utanrrh. um að hlutafélagavæða og hugsanlega selja fríhöfnina í Keflavík, eina stærstu tekjulind íslenska ríkisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 190. mál. — Þskj. 220, nál. 1189.

[20:39]

Frsm. félmn. (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 1189 um tillögu til þál. um stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum.

Nefndin hefur fjallað um málið og telur mikilvægt að stofnun nýbúamiðstöðvar á Vestfjörðum verði hraðað, en upplýsingar liggja fyrir um að undirbúningur að stofnun slíkrar miðstöðvar sé þegar hafinn í félmrn.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar. Undir þetta nál. rita allir hv. þm. í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 637. mál (tilefnismynt). — Þskj. 1235.

[20:40]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um gjaldmiðil Íslands og lögum um Seðlabanka Íslands. Málið snýst ekki um að taka upp evruna í þetta skiptið heldur snýst það um að heimila bankanum með leyfi ráðherra að slá sérstaka tilefnismynt samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Þetta er breyting á lögum um gjaldmiðil Íslands.

Síðan er líka lögð til breyting á lögum um Seðlabanka Íslands með nýrri málsgrein í 5. gr. laganna:

„Tilefnismynt sem bankinn gefur út skal vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði. Seðlabankanum er heimilt að ákveða að tilefnismynt sé seld með álagi á ákvæðisverð hennar. Ágóða af sölu tilefnismyntar skal varið til lista, menningar eða vísinda samkvæmt ákvörðun ráðherra."

Með frv. fylgir greinargerð sem er að sjálfsögðu fróðleg og góð lesning fyrir þá sem vilja kynna sér þetta mál frekar. En efh.- og viðskn. hefur kynnt sér þetta mál og rætt það og flytur. Því er ekki gerð tillaga um það að því sé vísað til nefndarinnar heldur til 2. umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, síðari umr.

Þáltill. BH o.fl., 24. mál. — Þskj. 24, nál. 1248.

[20:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði.

Nefndin sendi þetta mál til umsagnar og ræddi það á fundi og hefur ákveðið að gera tillögu um að þessi tillaga verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að kanna hvort stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði hafi sett sér siðareglur í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar ESB frá 25. júlí 1977 um siðareglur Evrópubandalaganna um viðskipti með framseljanleg verðbréf, 77/534/EBE, og almennt viðurkenndar meginreglur FIBV, Alþjóðasambands kauphalla, um viðskiptahætti í verðbréfaviðskiptum frá 1992. Ráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöðu könnunarinnar í upphafi haustþings."

Undir þetta rita allir hv. nefndarmenn.

[20:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu er hluti af þeim málum sem þingflokkur Samfylkingarinnar lagði fram í haust. Þar var um ýmsar aðgerðir að ræða sem snerta fjármagnsmarkaðinn. Þar voru frv. til laga um Fjármálaeftirlit og Samkeppnisstofnun og síðan skýrslubeiðni þingflokksins um eigna- og stjórnatengsl í íslensku atvinnulífi auk þessarar tillögu sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir er 1. flm. að.

Eins og fram kom í framsögu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., gerði nefndin ákveðnar breytingar á tillögunni sem við höfum fyrir okkar leyti fallist á vegna þess að það sem við teljum vera hvað mikilvægast er að fyrirtæki og stofnanir á fjármálamarkaði setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum. Hins vegar liggur ekki fyrir nein athugun á því hvort stofnanir hafi sett sér slíkar reglur í dag og nefndin leggur til að í þá skoðun verði farið og ráðherra skili síðan Alþingi skýrslu um niðurstöðu könnunarinnar í upphafi haustþings og í framhaldi af því munum við í þingflokki Samfylkingarinnar síðan meta hvort við teljum ástæðu til að endurflytja eftirfarandi hluta þessarar tillögu, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að sjá um að allar stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaðinum setji sér sérstakar siðareglur í viðskiptum."

Komið hefur í ljós á undanförnum vikum og mánuðum og nú síðast bara á síðustu dögum, þar sem Fjármálaeftirlitið hefur veitt tiltal ýmsum forráðamönnum fyrirtækja og þar á meðal ríkisstofnana sem starfa á fjármagnsmarkaðnum, að þörfin fyrir slíkar siðareglur er mjög rík. Hins vegar föllumst við á þá leið að farið verði í þessa könnun fyrst.

[20:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, Margrétar Frímannsdóttur, var tillaga sú sem hér er til umfjöllunar flutt af þingflokki Samfylkingarinnar á haustdögum í samhengi við önnur mál sem höfðu það öll að markmiði að sporna gegn fákeppni og óeðlilegri valdasamþjöppun í samfélaginu.

Tillagan byggir m.a. á tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um viðskipti með framseljanleg verðbréf, en samkvæmt þeim eru aðildarríkin hvött til að setja sér siðareglur á fjármagnsmörkuðum til að koma á snurðulausri framkvæmd starfsemi markaða og til að efla virk tengsl þeirra á milli.

Nokkuð hafa verið til umræðu í samfélaginu mál sem einmitt snerta það svið sem hér er verið að ræða um og tillagan snýr í raun að. Við þekkjum umræðuna um innherjaviðskipti og hvaða áhrif það getur haft á fjármagnsmarkaðnum þegar slíkt vantraust getur komið upp á milli viðskiptavina og milli þeirra sem eru að höndla með verðbréf. Við bentum á það í okkar tillögu að íslenskur verðbréfamarkaður er ungur og í stöðugri mótun og til þess að hann megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðnum. Þessi tillaga var hugsuð sem viðleitni í þá veru.

Það hefur verið að gerast í löndunum í kringum okkur að fyrirtæki setja sér í æ ríkari mæli slíkar siðareglur. Það má segja að sú þróun hafi hafist í Bandaríkjunum og hið sama hefur verið að gerast í Evrópu. En einhverra hluta vegna hefur þessi þróun ekki skilað sér til Íslands í sama mæli. Að minnsta kosti virðist skorta á að bankar, sparisjóðir og aðrar fjármálastofnanir setji almennar siðareglur sem gildi í öllum viðskiptum á fjármagnsmarkaðnum.

Eins og fram kom í máli frsm. hv. efh.- og viðskn. áðan taldi nefndin ekki eðlilegt að viðskrh. hefði bein afskipti af því að fyrirtæki setji sér siðareglur eins og tillögugreinin gerir ráð fyrir. En ég vil þrátt fyrir það lýsa yfir ánægju minni með niðurstöðuna. Ég tel að nefndin hafi fallist á það meginatriði málsins að þetta verði skoðað og að stjórnvöld taki á þann hátt þátt í þessari umræðu um viðskiptasiðferði og geti kannski stuðlað að því að hún skili sér inn í fyrirtækin

á komandi mánuðum. Ég vil því lýsa yfir ánægju minni með að hv. efh.- og viðskn. hafi afgreitt þetta mál á þennan hátt. Ég tel lendinguna góða og hvet að sjálfsögðu til þess að hún verði studd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, síðari umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 8. mál. — Þskj. 8, nál. 1254.

[20:50]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um skipan nefndar um verkaskiptingu hins opinbera og einkaaðila.

Nefndin sendi tillöguna til umsagnar og fjallaði um hana.

Nefndin leggur til breytingu á tillögugreininni. Leggur hún til að umræddri nefnd verði falið að gera samanburð milli landa á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og vísar þar sérstaklega til reynslu þeirra sem gengið hafa lengst einkavæðingu, eins og Bretlands og Nýja-Sjálands. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, sem í verði m.a. fulltrúar allra þingflokka, sem geri samanburð á þróun og reynslu af breytingum í tengslum við einkavæðingu og einkaframkvæmd og fjalli um framtíðarkosti í þeim efnum.“

Með samanburði er átt við samanburð á milli landa, en það mætti kannski hugsanlega skilja tillögugreininа öðruvísi.

Undir þetta nefndarálit rita allir hv. nefndarmenn.

[20:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni efh.- og viðskn. fyrir að beita sér fyrir því að þetta mál yrði afgreitt frá efh.- og viðskn. Ég er að sjálfsögðu ánægður með að nefndin skuli öll hafa sameinast að baki áliti sem mælir með því að þessi tillaga verði samþykkt.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar hefur tillögunni verið breytt lítið eitt frá því hún var borin fram af undirrituðum og öðrum hv. þingmönnum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Reyndar er það kannski fulllítið sagt að henni hafi verið breytt lítið því að samkvæmt tillögunni eins og hún kom fyrir þingið upphaflega vildum við að á meðan slík athugun og könnun sem gert er ráð fyrir í þáltill. yrði framkvæmd yrði slegið á frest öllum áformum um frekari einkavæðingu og einkaframkvæmd á vegum stjórnvalda.

Það sem fyrir okkur vakir er að fá málefnalega umræðu um þessi efni og leiða fram í dagsljósið rök og upplýsingar sem liggja fyrir hjá þeim þjóðum sem farið hafa út á braut einkavæðingar og einkaframkvæmdar. Þar er ekki síst vísað til ríkja á borð við Bretland og Nýja-Sjáland. Ég held að tillögutextinn misskiljist ekkert. Það er þetta sem vakir fyrir þeim sem að þessari tillögusmíð standa, að fá fram í dagsljósið upplýsingar um reynslu annarra þjóða af einkaframkvæmdinni og að sjálfsögðu okkar eigin. En því miður lengist reynslusagan ört og hér í dag vorum við t.d. að fjalla um elliheimili sem ákveðið hefur verið að fara með út í einkaframkvæmd. Við teljum mjög mikilvægt að í stað þess að nálgast málin pólitískt þá geri menn það málefnalega og ég er mjög þakklátur efh.- og viðskn. fyrir að sameinast að baki þessari tillögugerð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Frv. ÍGP o.fl., 196. mál (aðaltollhafnir). — Þskj. 229, nál. 1255.

[20:54]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um breyting á tollalögum sem felst í því að Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn bætist í hóp aðaltollhafna. Þetta mál er búið að vera mikið baráttumál ákveðinna þingmanna á undanförnum þingum og það er mér mikil ánægja að geta nú mælt fyrir því að þetta baráttumál þessara ágætu þingmanna nái nú loks fram að ganga.

Undir þetta nefndarálit ritar gjörvöll efh.- og viðskn.

[20:55]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hlýt náttúrlega að fagna því að þetta frv. var afgreitt frá efh.- og viðskn. á svo jákvæðan hátt sem raun ber vitni þar sem ég er einn af flutningsmönnum þess. Ég vil samt aðeins nefna það hér að ef það verður niðurstaðan að Alþingi samþykki að til verði tollhöfn í Þorlákshöfn, þá er það þannig að í dag er starfandi tollvörður við sýslumannsembættið á Selfossi og ég tel eðlilegt, og lýsi þeirri skoðun minni enn og aftur, að þessi þjónusta og þessi starfsemi verði þá alfarið í Þorlákshöfn, að þarna sé ekki um viðbót að ræða. Ég tek það jafnframt fram af því að ég sé að hv. 1. flm. þessa frv. er ekki á staðnum að um þetta erum við ekki endilega sammála, flutningsmenn frv. Ég vil nú líka halda skoðunum hans til haga þar sem hann er ekki í salnum.

Ég tel að mjög nauðsynlegt sé að koma á tollhöfn í Þorlákshöfn. Aðstæður þekki ég ekki eins á Höfn en miðað við þau rök sem fram eru færð í frv. tel ég að þær séu mjög sambærilegar. En ég ítreka þá skoðun mína að hér verði ekki um viðbót að ræða heldur færist starfsemin niður eftir þannig að kostnaðurinn af þessari breytingu verði þá minni en ella.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 553. mál (sauðfjárafurðir). — Þskj. 855, nál. 1180 og 1267, brtt. 1181, 1182 og 1268.

[20:57]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Landbn. hefur fjallað um frv. til laga um breyting á lögunum sem ég áður nefndi. Frv. er flutt til að lögfesta tiltekin ákvæði sem er að finna í samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða. Sá samningur var undirritaður 11. mars á þessu ári. Samningurinn tekur við af samningi frá 1. okt. 1995 um framleiðslu sauðfjárafurða og sá samningur rennur út um næstu áramót.

Þó svo að hv. landbn. bærist frv. um breyting áðurnefndra laga ekki fyrr en fyrir mánuði síðan til umfjöllunar hefur nefndin lagt kapp á að afgreiða málið á þessu löggjafarþingi. Sauðfjárbændur verða að hefja aðlögun að nýjum búvörusamningi þegar á þessu vori með tilliti til búskaparáforma svo sem áburðarkaupa og í framhaldi af því ákvörðun um ásetning og framleiðslu ársins 2001.

Nefndin fékk á á sinn fund Guðmund Sigþórsson og Sigríði Norðmann frá landbúnaðarráðuneyti, Sveinbjörn Eyjólfsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Ara Teitsson, Ernu Bjarnadóttur og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands og Þórólf Sveinsson og Snorra Sigurðsson frá Landssambandi kúabænda. Umsagnir bárust um málið frá landbúnaðarnefnd Vopnafjarðar, Þjóðhagsstofnun, Samtökum verslunar og þjónustu og meiri hluta og minni hluta stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Þá bárust nefndinni minnisblöð og erindi frá Bændasamtökum Íslands, landbúnaðarráðuneytinu og Landssambandi kúabænda.

Við yfirferð frv. hefur það legið ljóst fyrir að sá samningur sem gerður var milli Bændasamtakanna og ríkisstjórnarinnar nýtur verulegs stuðnings sauðfjárbænda í landinu. Samningurinn var lagður fyrir sauðfjárbændur til atkvæðagreiðslu sem ekki hefur verið gert við fyrri samninga um sauðfjárrækt. Hann hlaut stuðning tæplega 64% þeirra sem atkvæði greiddu en þátttaka í atkvæðagreiðslunni var góð.

Af útkomunni sést að það er mat sauðfjárbænda að með þessum samningi séu þeim tryggð starfsskilyrði til næstu sjö ára, þ.e. þeirra ára sem samningurinn nær til. Þeir telja hann ásættanlegan fyrir búgreinina, muni styrkja sauðfjárrækt sem atvinnugrein og bæta afkomu sauðfjárbænda eins og að er stefnt og er yfirlýstur tilgangur samningsins og laganna.

Stjórnvöld hafa við samningagerðina gengið langt í þá átt að styrkja markaðsstöðu og samkeppnishæfni sauðfjárræktarinnar með þeim árlegu fjárframlögum sem samið hefur verið um og tímabundnum styrkjum til uppkaupa og hagræðingar í greininni.

Þó að stuðningur til sauðfjárbænda í formi beingreiðslna til bænda sé ekki markaðstengdur leiðir það af sjálfu sér að sauðfjárbændum er unnt að selja afurðir sínar á lægra verði en ella þar sem beingreiðslurnar bæta afkomu búsins. Hlutur beingreiðslna í verðmyndun kindakjöts var í eldri samningi talinn um helmingur. Í þeim samningi sem fyrir liggur næstu sjö árin má ætla að hlutdeildin verði ívið meiri vegna þess samdráttar sem orðið hefur í neyslu kindakjöts.

Í samningi þessum eru, herra forseti, miklir fjármunir fólgnir — of miklir að sumra mati — og vil ég aðeins hyggja að þeim staðhæfingum.

Eftir alþjóðlegum mælikvörðum á stuðningi við landbúnað eftir svokölluðum PS-gildum, PSE- og CSE-gildum, sem mæla stuðning við framleiðendur er stuðningur við sauðfjárrækt á Íslandi minni en stuðningur við aðrar kjötframleiðslugreinar.

Árið 1999 mælir Efnahags- og framfarastofnun Evrópu stuðning við sauðfjárræktina sem 54 stuðningsígildi, við kjúklingaframleiðslu 86, við svínaframleiðslu 66 og við framleiðslu á nautgripakjöti 59. Stuðningur mældur á þennan kvarða er því hlutfallslega lægstur við sauðfjárframleiðslu og rúmlega 30% lægri en við framleiðslu á svínakjöti. Allt þetta ber að hafa í huga þegar fjallað er um aðgerðir í markaðsmálum landbúnaðarins hvort sem um beinan fjárhagsstuðning er að ræða eða óbeinan stuðning sem felst í takmörkunum á markaðsaðgangi erlendis frá.

Með tilliti til byggðanna er framlag sauðfjárræktarinnar mikið. Hún er grundvöllur búsetu dreifðari byggða landsins og stuðningur við greinina er því um leið stuðningur við byggð og það að viðhalda því menningarumhverfi sem byggð skapar á hverjum stað. Um þann þátt landbúnaðarins fer fram vaxandi umræða á alþjóðlegum vettvangi. Við væntanlegar breytingar á samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina, sem tók gildi fyrir íslenskan landbúnað um mitt ár 1995, er lögð mikil áhersla á fjölþætt hlutverk landbúnaðarins í byggðamálum, í menningarmálum, í að vernda og nýta landið skynsamlega og viðhalda fjölbreytileika tegundanna auk þess veigamikla hlutverks að tryggja matvælaöryggi í landinu.

Þegar samið er til jafnlangs tíma og hér er gert, nánast til ársins 2008, er þýðingarmikið að sá samningur sé í takt við alþjóðlega þróun en ekki sé farið í aðra átt. Því reynum við og allir aðilar að huga að alþjóðaumhverfinu í þessu tilliti. Allt þetta ber að hafa hugfast við samningagerð og við lagasetningu sem þessa.

Það sem ekki er ljóst eða mótað í samningnum og þar af leiðandi ekki í lagasetningunni heldur eru gæðastýringarákvæðin. Það er ekki skilgreint í frv. hvernig þessum skilyrðum gæðastýrðrar framleiðslu verði háttað og leggur meiri hluti landbn. áherslu á að þar sem gert er ráð fyrir að ákveðnum hluta beingreiðslna verði varið til að greiða sérstakar álagsgreiðslur fyrir gæðastýrða framleiðslu þurfi að setja lög um þær reglur sem gilda skuli um úthlutun þeirra. Gert er ráð fyrir að landbrh. taki ákvörðun um álagsgreiðslurnar að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, en hún er að hluta til skipuð fulltrúum framkvæmdarvaldsins. Hér er um að ræða verulega fjármuni sem nefndin telur óeðlilegt að hægt sé að úthluta til framleiðenda með stjórnvaldsfyrirmælum. Eitt af markmiðum samningsins er að sauðfjárrækt verði í samræmi við umhverfisvernd, landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið. Hins vegar er enginn einhlítur mælikvarði fyrir hendi sem styðjast má við þegar landnýting er metin og ljóst að mikil vinna er fram undan við kortlagningu á gróðurjörðum. Með hliðsjón af þessu gerir meiri hluti nefndarinnar brtt. við frv. þess efnis að ráðherra verði gert að leggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. febrúar 2002 frv. til laga um álagsgreiðslur vegna gæðastýringarinnar, en gert er ráð fyrir að ákvæðin um gæðastýringuna verði virk árið 2003. Þannig er tryggt að sjálfri framkvæmd gæðastýringarinnar verði skipað með lögum.

Að sjálfsögðu ræddi nefndin einnig talsvert um heimild til framsals á greiðslumarki. Gert er ráð fyrir því í samningnum að framsal greiðslumarks milli lögbýla verði heimilt án takmarkana eigi síðar en 1. janúar 2004. Fram til þess tíma eða þar til ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi er flutningur greiðslumarks milli lögbýla aðeins heimill með sérstökum skilyrðum.

Markaður fyrir lífrænt ræktaðar og vottaðar vörur er í sókn. Meiri hluti nefndarinnar bendir á að eitt af markmiðum samningsins er að styrkja sauðfjárrækt sem atvinnu-

grein og bæta afkomu sauðfjárbænda. Með því að taka upp gæðastýrða framleiðslu er stigið skref í þá átt að hvetja til vistvænnar framleiðslu sem getur verið áfangi í framleiðslu lífrænna afurða.

Við meðferð málsins barst nefndinni beiðni um að breytt yrði ákvæði 20. gr. laganna um verðskerðingargjald af nautgripakjöti. Þar sem um er að ræða beiðni frá hagsmunasamtökum nautgripabænda um innheimtu sérstaks gjalds á þá sjálfa sem gengur jafnt yfir alla félagsmenn telur meiri hluti nefndarinnar eðlilegt að gera breytingartillögu þessa efnis við frv.

Brtt. er einnig gerð við 3. mgr. 2. gr. frv., en vegna mistaka við gerð þess voru ákvæði um útflutningsuppgjör að hluta annars efnis en til var ætlast. Gerir meiri hluti nefndarinnar brtt. til leiðréttingar á þessu.

Þá er gerð brtt. við 2. mgr. 40. gr. frv. Hún er tvíþætt, það eru leiðréttingar fyrst og fremst samkvæmt samningnum og e.t.v. óþarfi að fara langt út í það en þar féll einfaldlega niður orð í prentun. Hins vegar er gerð brtt. þess efnis að ásetningur líflamba hjá þeim bændum sem eru að koma upp bústofni eftir fjárleysi vegna niðurskurðar teljist til framleiðslu, þ.e. sá hluti ásetnings sem er umfram eðlilegt viðhald bústofnsins. Með því verða þeir bændur jafnsettir öðrum bændum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nál. rita sá sem hér stendur og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir, Jónína Bjartmarz, Guðjón Guðmundsson og Einar Oddur Kristjánsson.

Herra forseti. Góður friður og bærileg sátt ríkir um íslenskan landbúnað nú um stundir. Hann fetar sig til nýrra aðstæðna eftir föngum. Menn tileinka sér nýja tækni, aðlaga framleiðsluna að nýjum viðhorfum og leggja mikið upp úr því að framleiða holla og góða neysluvöru. Áður hef ég minnst á hlut stjórnvalda, skilning ríkisstjórnarinnar hæstv. á málefnum bænda og byggðamálum.

Sauðfjárrækt verður ekki skilin frá byggðasjónarmiðum og byggðastefnu, í mörgum fámennum byggðum er hún undirstaða búsetu. Því er það að á tilteknu stigi í samningagerðinni var vilyrði gefið fyrir sérstökum stuðningi við sauðfjárrækt í þeim byggðum sem mest eiga undir sauðfjárræktinni. Ríkisstjórnin hefur fjallað um það og ég vænti þess að hæstv. landbrh. geri grein fyrir þeim sérstaka stuðningi sem reiknað er með að Byggðastofnun setji reglur um hvað úthlutun varðar.

Ég vil svo, herra forseti, þakka meðnefndarmönnum mínum í hv. landbn. öllum með tölu fyrir gott samstarf og árangursríkt við þessa lagasmíð. Án þeirrar góðu samvinnu og vilja allra nefndarmanna til að komast að niðurstöðu og ljúka málinu hefði það ekki tekist á þessu vorþingi. Ég þakka sérstaklega fyrir þetta og einnig samstarfið við ráðuneytið, Guðmundi Sigþórssyni og fleiri sem að komu og þeim sem sendu okkur umsagnir eða höfðu samband með öðrum hætti.

[21:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingsköpin eru flókin. Þetta er frekar meðsvar en andsvar. Ég vil láta í ljós þakklæti fyrir vel unnin störf hjá nefndinni sem hefur nú skilað þessu stóra máli hér inn. Ég fellst á sjónarmið nefndarinnar og þær brtt. sem meiri hluti hennar hefur lagt fram.

Hv. þm. Hjálmar Jónsson, formaður nefndarinnar, minntist á það sem fyrr hefur komið fram í umræðunni að í tengslum við þessa samninga ræddu bændur og ekki síður stjórnmálamenn um hinar veiku byggðir sem ekki eiga marga aðra möguleika í atvinnumálum en sauðfjárræktina og hvort einhverjar áætlanir væru til þess að styrkja þær sérstaklega og bæta hlut þeirra.

Ég vil því lýsa því yfir að þetta, eins og kom fram hjá hv. þm., hefur verið rætt í ríkisstjórn. Þetta er auðvitað flókið mál og vandasamt og þarf að leggja í það vinnu. En ríkisstjórnin er sammála, í tengslum við nýjan samning um framleiðslu sauðfjárafurða, um að lýsa yfir vilja sínum til að úthluta 7.500 ærgildum til þeirra svæða sem sérstaklega eru háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir.

Framkvæmd úthlutunarinnar verður þannig að Byggðastofnun verður falið að skilgreina svæðin og undirbúa reglur sem til viðmiðunar verði hafðar við úthlutun. Við úthlutun verður haft samráð við viðkomandi sveitarstjórn og Búnaðarsamtökin.

Þetta vildi ég láta koma fram við upphaf 2. umræðu.

[21:13]

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 553. mál, nál. 2. minni hluta landbn., þskj. 1330.

[21:13]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 1. minni hluta landbn., sem auk mín er myndaður af Guðmundi Árna Stefánssyni.

Hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. gerðu samninginn um framleiðslu sauðfjárafurða við Bændasamtök Íslands í mars síðastliðnum. Bændur hafa samþykkt samninginn fyrir sitt leyti í allsherjaratkvæðagreiðslu, enda þótt skiptar skoðanir hafi verið meðal þeirra um ágæti hans.

Því er það svo að Alþingi stendur frammi fyrir orðnum hlut. Áðurnefndir ráðherrar hafa væntanlega gengið frá samningnum í þeirri fullvissu að þingmeirihluti stjórnarinnar mundi staðfesta hann þegar kæmi að formlegri afgreiðslu á Alþingi. Má ætla að þingflokkar stjórnarflokkanna hafi fengið málið til umfjöllunar áður en frá því var gengið og undir samninginn var ritað. Stjórnarandstaðan hafði hins vegar enga aðkomu að málinu. Fulltrúar Samfylkingarinnar í landbúnaðarnefnd spurðu eftir því ítrekað á yfirstandandi vetri hver væri staða þeirra viðræðna sem þá áttu sér stað milli samningsaðila. Efnisleg svör voru engin og fylgdumst við því með þróun viðræðna í fjölmiðlum eins og aðrir landsmenn.

Í þessu ljósi hlýtur pólitísk ábyrgð málsins að vera ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans á Alþingi.

Alþingi stendur frammi fyrir orðnum hlut og ljóst er að allar breytingar á samningnum mundu setja hann í uppnám og í raun fella hann úr gildi. Svigrúm löggjafarvaldsins er því vægast sagt ákaflega takmarkað.

Með þessum samningi framselur Alþingi fjárveitingavald sitt að miklu leyti. Skuldbundnir eru tæpir 17 milljarðar kr. á næstu sjö árum. Það sem meira er, í ákvæðum samningsins er gert ráð fyrir að framkvæmdanefnd búvörusamninga hafi heimild til að færa fjármuni á milli einstakra verkefna sem tilgreind eru í samningnum breytist fjárþörf þeirra á samn-

ingstímanum, eða eins og segir í samningnum, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar geta tekið ákvörðun um aðra skiptingu fjármuna milli verkefna og ára en í samningi þessum segir."

Slíkt allsherjarframsal á fjárveitingavaldi vekur áleitnar spurningar.

Ég árétta því í ljósi aðdraganda málsins og hinnar formlegu hliðar þess að samningurinn sé á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og á að vera það.

Ljóst er að ýmis markmið sem tilgreind eru í samningnum eru á þann veg að vonir standa til að leiði til faglegri framleiðslustjórnar í greininni. Ákvæði um álagsgreiðslur vegna gæðastýringar eru meðal annars til marks um það og framlög til fagmennsku í sauðfjárrækt sömuleiðis. Þjónustu- og þróunarkostnaður sem meðal annars á að nýta til hagræðingar og vöruþróunar og til að örva slátrun utan hefðbundins sláturtíma er líka nokkuð sem getur haft góð áhrif á þróun mála ef rétt er að verki staðið. Markmið um uppkaup á greiðslumarki lúta einnig þessum lögmálum. Það sem skortir þó á í þessum samningi eru m.a. betri og skýrari tengingar við byggðir landsins. Því ber, herra forseti, að fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. landbrh. las hér áðan í tengslum við afgreiðslu þessa máls.

Ég tel því mörg jákvæð teikn á lofti sem undirstrika þau kunnu sjónarmið Samfylkingarinnar að bæta þurfi framleiðsluferlið og starfsumhverfi bænda og skapa þeim þannig ný sóknarfæri á markaði. Það mundi jafnframt bæta erfiða stöðu þeirra og slaka afkomu á liðnum árum.

Hinu verður þó ekki litið fram hjá að framkvæmd samningsins er um margt opin. Það er alkunna að ýmis ákvæði samningsins frá 1995 náðu því miður ekki tilgangi sínum og ber þar auðvitað hæst að ekki hefur tekist að bæta stöðu sauðfjárbænda. Miklu skiptir hvernig framkvæmdanefnd samningsins tekst á við viðamikil verkefni sín. Árangurinn af samningnum stendur raunar og fellur með þeirri framkvæmd, en ekki þeim lagaramma sem Alþingi setur samningnum. Þar er aðkoma Alþingis engin, en framkvæmdarvaldið hefur þau völd og þá ábyrgð alfarið á hendi.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt munu þingmenn Samfylkingarinnar í landbúnaðarnefnd því ekki leggjast gegn framgangi málsins en vísa ábyrgð á upphafi og efndum þess á hendur ríkisstjórnarmeirihlutanum. 1. minni hluti mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins í heild.

Við meðferð málsins náðist um það samkomulag í nefndinni að leggja til breytingartillögu um ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að hæstv. landbúnaðarráðherra leggi fram frumvarp til laga um framkvæmd álagsgreiðslna vegna gæðastýringar. Þar er mjög komið til móts við áðurnefnd sjónarmið Samfylkingarinnar um aðkomu Alþingis að samningnum og munum við styðja þá tillögu.

Jafnframt styður 1. minni hluti breytingartillögu meiri hluta nenfdarinnar við 1. mgr. 20. gr. laganna er varðar verðskerðingargjald af verði hrossakjöts og nautgripakjöts. Sú breyting er í raun alls ótengd búvörusamningnum og er tilkomin vegna óska Landssambands kúabænda og hefur ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Herra forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta landbn.

[21:18]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með ánægju vil ég segja um leið og ég þakka hv. þm. fyrir hans mál, að ríkisstjórnarmeirihlutinn tekur alveg ábyrgð á þessu máli en hefur hvorki framselt sitt vald né þingsins eins og fram kom í máli hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Þegar fjárlagafrv. er undirbúið hverju sinni fyrir komandi ár koma alltaf til afgreiðslu fjárln. og þingsins þeir fjármunir sem ætlaðir eru til sauðfjárræktarinnar sem annarra greina og annarra málaflokka. Það er Alþingi sem hefur síðasta orðið og gerir fjárlagafrv. svo að lögum með áorðnum breytingum hverju sinni.

[21:19]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er það rétt hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni að fjárlagasamþykktin er auðvitað hin endanlega varðandi fjármunina. Hins vegar liggur ljóst fyrir að samningurinn er bundinn við það að við hann sé staðið og hann væri þá settur í uppnám ef ekki væri staðið við það sem í honum felst. Þess vegna er það ítrekað að framkvæmdin og upphafið er að sjálfsögðu á ábyrgð þeirra sem að samningnum stóðu, og þarf í raun ekki að koma á óvart að það er ríkisstjórnarmeirihlutinn sem fer með framkvæmdarvaldið og ber þar af leiðandi ábyrgð á því að við samninginn verði staðið.

[21:20]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef aðstæður breytast svo mjög á samningstímanum að gera þarf breytingar þá er það að sjálfsögðu nokkuð sem Alþingi hefur fullt vald á að gera. Það er verið að gera samning til langs tíma og það getur alltaf átt sér stað að breytingar verði. Ef svo er þá þurfa bændur eða Bændasamtök Íslands að meta hvort forsendur samningsins séu brostnar eða ekki. En það er ekkert annað í hugum manna í dag en að standa við þennan samning og allir eru alls óhræddir við að lögfesta hann.

[21:21]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Hér fjöllum við um frv. til laga um breyting á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, eða eins og við köllum hann okkar á milli, sauðfjársamninginn.

Frv. og samningurinn komu til landbn. fyrir um mánuði síðan, eins og hér hefur komið fram. Landbn. kom ekkert að samningagerðinni og fylgdumst við bara með framvindu mála í fjölmiðlum. Það var ekki fyrr en samningurinn var undirritaður að hann kom inn á okkar borð. Gagnrýni bænda á samninginn er mismunandi og fer alveg eftir því hvaða áhrif hann hefur á búskap einstakra bænda því að það er mismunandi hvernig þau eru. Hún ræðst mikið af því á hvaða aldri bændur eru, hvort þeir eru ungir eða gamlir. Hún ræðst af stærð búa og það fer líka eftir viðhorfi bænda til gæðastýringarinnar hvort þeir séu tilbúnir til þess að taka þátt í þessu nýja verkefni eða ekki. Samningurinn sem slíkur snýr því mjög misjafnlega að bændum. Að mínu mati er samngurinn að mörgu leyti jákvæður og getur veitt bændum sóknarfæri ef hann er vel nýttur.

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti og brtt. 2. minni hluta landbn. sem ég skrifa undir. Frv. byggist á

samningi ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000 og þarf að breyta tilteknum ákvæðum laga nr. 99/1993 til þess að markmið samningsins nái fram að ganga. Skrifað hefur verið undir samninginn með fyrirvara um samþykki bænda og Alþingis. Bændur hafa þegar samþykkt samninginn í atkvæðagreiðslu og því er svigrúm Alþingis til breytinga lítið.

Samningnum er ætlað að bæta afkomu sauðfjárbænda, en hún er verulegt áhyggjuefni. Margt er jákvætt í þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og samningnum en þar eru einnig breytingar sem ekki er fyrirsjáanlegt hvaða áhrif hafa á afkomu búgreinarinnar og búsetu í landinu.

Hvað varðar gæðastýringuna tekur 2. minni hluti undir nefndarálit meiri hlutans að því viðbættu að varað er við miklu og kostnaðarsömu eftirliti gæðastýringarinnar, sérstaklega þeim þætti sem snýr að bændum.

Heimilt er ríkissjóði að kaupa upp 45.000 ærgildi. Ekki er vitað hvernig uppkaupin dreifast um landið og hvaða áhrif þau geta haft á einstakar byggðir, t.d. ef mikil uppkaup verða af takmörkuðu svæði. Því er mikilvægt að kanna áhrif uppkaupanna á afkomu og búsetuskilyrði bænda áður en frjálst framsal verður leyft. Þessi könnun verði gerð óháð grein 6.3 í samningnum um endurskoðun og úttekt að þremur árum liðnum á framkvæmd samningsins með tilliti til markmiða hans. Við endurskoðun skal sérstaklega hugað að hvernig til hefur tekist með undirbúning og framkvæmd gæðastýringar og hve stór hluti stuðnings skuli greiddur út á gæðastýrða framleiðslu.

Mikilvægt er að þeir fjármunir sem eru ekki fullnýttir til greiðslu eða uppbóta fari til verkefna innan búgreinarinnar. 2. minni hluti telur því að þeir fjármunir, sem kunna að sparast fyrir ríkið með uppkaupum á allt að 20.000 ærgildum sem ekki verður endurúthlutað, eigi að ganga á einhvern hátt aftur til greinarinnar. Þar má nefna sem dæmi stuðning við bændur sem vilja nota gæðastýringuna sem leið að lífrænum sauðfjárbúskap eða til að tryggja greiðslur vegna flutningskostnaðar á sláturfé. Þetta á sérstaklega við um bændur sem flytja fé um lengri leiðir en áður hefur þekkst vegna samkeppni milli sláturleyfishafa og fækkunar sláturhúsa.

Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta landbn. eykst stöðugt markaður fyrir lífrænt ræktað vörur og er dilkakjöt þar engin undantekning. Framleiðslukostnaður er nokkuð hærri en í hefðbundinni framleiðslu en á móti kemur hæsta afurðaverð. Lífrænn landbúnaður er vaxtarbroddur nýsköpunar sem hefur mjög jákvæða ímynd enda eru slíkir búskaparhættir í góðu samræmi við sjálfbæra þróun og virðingu fyrir jarðvegi, gróðri og búfé. Með meiri hvatningu og stuðningi gæti lífrænn landbúnaður jafnframt stuðlað að eflingu byggðar í sveitum landsins og í úrvinnsluiðnaði. Þessi valkostur getur hentað sumum bændum. Hvorki í samningnum sjálfum né frumvarpinu er að finna nokkurn hvata fyrir bændur til þess að hefja eða leggja stund á slíka ræktun. Þó er gæðastýrð sauðfjárframleiðsla skilgreind sem dilkakjöt sem framleitt hefur verið eftir kröfum um ákveðinn framleiðsluferil, hollustu og umhverfisvernd og því stutt í lífræna vottun. Nýta mætti sjö ára gildistíma samningsins sem nokkurs konar aðlögunartíma að aukinni lífrænni framleiðslu og eins því að bændur muni í framtíðinni mæta harðari samkeppni en hingað til í framleiðslunni og á innanlandsmarkaði.

(**Forseti** (GuðjG): Það er fullmikill kliður í salnum.)

Því þarf að hvetja og styðja bændur til þess að laga búskap sinn að lífrænum búskaparháttum.

Í ljósi bágrar afkomu sauðfjárbænda undanfarin ár og veikrar stöðu byggðar víða í sveitum, ekki síst þar sem byggt er á sauðfjárrækt, verður að draga í efa að þessi samningur dugi til að bæta ástandið að einhverju ráði. Tekjur sauðfjárbænda og fjölskyldna þeirra verða að hækka, annaðhvort með betri afkomu af búrekstrinum eða auknum stuðningi að einhverju leyti. Því hefði 2. minni hluti talið að ef eitthvað er þyrfti meiri fjármuni, a.m.k. fyrstu ár samningsins.

Annar minni hluti flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali um tvö mikilvæg atriði. Verði þær samþykktar gæti 2. minni hluti stutt meginefni frumvarpsins með vísan til þess fyrirvara sem fyrr greinir. Að öðrum kosti mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég ætla þá að mæla fyrir brtt. þeim sem 2. minni hluti leggur hér til en þær eru, með leyfi forseta:

„Við 6. gr.

a. 2. efnismgr. orðist svo:

Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla fram til 1. janúar 2004 með eftirtöldum skilyrðum: við sameiningu lögbýla; ef eigandi lögbýlis, sem hefur búið og stundað framleiðslu síðastliðin tvö ár, flytur á annað lögbýli; og ef eigandi að sérskráðu greiðslumarki flytur á annað lögbýli. Þegar ríkissjóður hefur keypt upp 45.000 ærgildi, sbr. 4. mgr., og áður en kemur til frjáls framsals greiðslumarks, skal gera úttekt á áhrifum uppkaupanna á búsetu og afkomu sauðfjárbænda. Frjálst framsal greiðslumarks verði heimilað með tilliti til niðurstöðu úttektarinnar. Framsal greiðslumarks skal taka gildi 1. janúar ár hvert og beingreiðslur greiðast framsalshafa frá sama tíma. Tilkynna skal Bændasamtökum Íslands framsal fyrir 15. janúar ár hvert vegna beingreiðslna fyrir viðkomandi ár.

b. *Við bætist ný málsgrein, og orðast svo:*

Verði þeir fjármunir ekki fullnýttir sem ætlaðir eru til greiðslu eða uppkaupa samkvæmt samningi þessum skal þeim varið til verkefna innan búgreinarinnar."

Ég ætla að leggja áherslu á meginbreytinguna í þeirri tillögu sem hér er við 6. gr., en það er að fresta gildistöku frjáls framsals þar til búið verði að gera úttekt og könnun á því hvaða áhrif uppkaup 45 þús. ærgilda hefur. Við vitum ekki fyrir fram hvort þetta dreifist jafnt um landið eða kemur niður á afmörkuðum svæðum. Það er ekkert í samningnum sjálfum að mínu mati sem leyfir það ekki að við gætum varúðar og förum ekki út í frjálsa framsalið nema að skoða þetta rækilega.

Herra forseti. Ég vil geta þess að landbn. barst bréf frá sauðfjárbændum í Vopnafirði þar sem fram kom athugasemd við samninginn og þeir benda á að í samningnum sjálfum — það kemur ekki inn í lagabreytingarnar — sé ekki hægt að selja hluta af greiðslumarkinu. Þeir benda á að ungir bændur sem séu skuldum vafnir gætu hugsað sér að létta á skuldum, þó ekki væri nema lausaskuldum, með því að selja hluta af greiðslumarkinu, en það er ekki heimilt samkvæmt samningnum. Það er annaðhvort allt eða ekkert. Um þetta þarf að setja reglugerð og ég beini því til viðkomandi að hugsa til þeirra bænda og hvort ekki eigi að hafa þessa stöðu í huga þegar reglugerðin er sett.

Herra forseti. Í máli hæstv. landbrh. kom fram að hann muni beita sér fyrir því eða sjá til þess að 7.500 ærgilda greiðslumarki verði úthlutað sem byggðastyrkjum. Í nál. minni hlutans kom fram áðan að það mætti vera meira sem viðbót við samninginn, en ég tel þetta jákvætt skref og getur

komið þeim svæðum til góða sem hugsanlega mundu fara illa út úr þessum uppkaupum, þ.e. ef þetta kemur niður á takmarkað svæði eða þetta verði sett inn á svæði sem eru mjög veik fyrir. Vissulega er þetta ekki stór úthlutun 7.500, en er þó til bóta.

Umræðu frestað.

Loftferðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 250. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 307, nál. 1204 og 1327, brtt. 1205 og 1258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:36]

Brtt. 1205,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (JB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁMM, BBj, GÁS, GÁ, JóhS, KolH, KLM, ÓÖH, SF, SP, SJS, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1205,2 samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1258 felld með 32:22 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

9 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1205,3 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (ÁSJ, GAK, JóhS, JB, KolH, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, KolH, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JÁ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, LB, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 420. mál (menntunarkröfur, tryggingar, afleiðusamningar o.fl.). — Þskj. 683, nál. 1219 og 1252, brtt. 1220 og 1253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:41]

Brtt. 1220,1 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, KLM, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [21:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Frv. og brtt. meiri hlutans lýsa fyrst og fremst uppgjöf gagnvart þeim vandamálum sem brýnt er að taka á og snerta innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga. Þó allt of skammt sé gengið hjá stjórnarliðum til að tryggja eðlileg og traust viðskipti á fjármálamarkaðnum, raunar farið bara hænufet, þá eru ákvæði frv. í sjálfu sér til bóta sem minni hlutinn mun styðja en flytur jafnframt fjölmargar brtt. til þess að styrkja verðbréfamarkaðinn.

1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1220,2 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1253,1 felld með 32:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
9 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [21:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða fyrstu af mörgum brtt. sem minni hlutinn flytur við frv. sem taka m.a. til meðferðar á trúnaðarupplýsingum, innherjaviðskiptum, viðskiptum með óskráð verðbréf, viðskiptum verðbréfafyrirtækja fyrir eigin reikning, þátttöku starfsmanna í útboðum og ábyrgð yfirmanna í þeim efnum. Þessar tillögur lúta allar að því að styrkja verðbréfamarkaðinn og margar af þeim hafa komið fram hjá Fjármálaeftirlitinu og Verðbréfaþingi sem talið hafa nauðsynlegt að setja þessi ákvæði.

2. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1253,2 felld með 32:22 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
9 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1220,3 samþ. með 52 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1253,3 felld með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
11 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, KHG, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,4 (ný 7. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1253,4 felld með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
11 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, KHG, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,5 samþ. með 50 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1220,6 samþ. með 52 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1253,5 felld með 31:21 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
11 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, KHG, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

11.–12. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1253,6 felld með 31:20 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.
12 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, KHG, MF, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1220,7 (ný 13. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutabréf, lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 849, nál. 1221 og 1266, brtt. 1222 og 1257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:54]
Brtt. 1222,1 (ný 1. gr.) samþ. með 51:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: PHB.
11 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÁ, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:52]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Um er að ræða brtt. þess efnis að ekki verði einungis lágmarksmeðlag samkvæmt lögum um almannatryggingar undanþegnar tekjuskatti heldur einnig aukameðlag sem úrskurðað hefur verið af sýslumanni eða hlotið staðfestingu hans. Með þessari brtt. er komið til móts við frv. þingmanna Samfylkingarinnar sem er á þskj. 862 og við viljum lýsa sérstakri ánægju með að þessi brtt. hafi verið tekin upp.

[21:52]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í þessu frv. er að finna tillögur um lagabreytingar sem eru sumar til bóta. Við styðjum að meðlagsgreiðslur umfram lágmarksmeðlög verði undanþegnar skatti. Við erum því fylgjandi að hækka skattfrádráttarmörk um tvö prósentustig vegna lífeyrissparnaðar og styðjum að sjálfsögðu þá brtt. sem felur í sér að mikil hækkun á fasteignamati skerði ekki barna- og vaxtabætur. Við erum hins vegar mjög andvíg því að ríkissjóður verði látinn niðurgreiða hlutabréfakaup utan landsteinanna og ef þörf er á samræmingu í þessu tilliti á EES-svæðinu ber að fella niður allan stuðning skattborgarans við hlutabréfakaup og löngu tímabært.

Þá erum við andvíg því að veita hlutafélögum skattívilnanir innan fyrirtækja með því að heimila að laun séu greidd með hlutabréfaágóða án þess að þau séu skattlögð eins og hverjar aðrar launatekjur.

[21:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er í einni atkvæðagreiðslu verið að greiða atkvæði um þrjú atriði. Í fyrsta lagi er felld niður sú grein í frv. að iðgjaldahluti atvinnurekanda til lífeyrissjóðs sé tekjur launþegans. Ég er á móti þeirri breytingu. Svo er jafnframt sett í staðinn að meðlag skuli vera skattfrjálst hjá móttakanda og ég er með því. Svo eru sett mörk á það við tvöfalt meðlag og ég er á móti því.

Brtt. 1222,2 samþ. með 31:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG, ÞBack.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GÁ, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 30:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GÁ, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack.

13 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GÁ, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1222,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1222,4 (ný 4. gr., verður 5. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1222,5 samþ. með 31:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÁ, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 31:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁSJ, ÁMM, BBj, GÁS, GÁ, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1222,6 samþ. með 53 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

7.–11. gr. (verða 8.–12. gr.) samþ. með 32:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, LB, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1257 felld með 32:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessari tillögu er verið að tryggja að mikil hækkun á fasteignamati skerði ekki barna- og vaxtabætur. Ég segi já.

12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

22 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, HBl, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1222,7 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Álagning gjalda á vörur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 500. mál (breyting ýmissa gjalda). — Þskj. 794, nál. 1223, brtt. 1224 og 1264.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:01]

Brtt. 1224,1 samþ. með 53 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1224,2–6 samþ. með 51 shlj. atkv.

2.–12. gr. (verða 2.–14. gr.), svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1264 felld með 32:21 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, VE, ÞKG.

10 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Með þessari brtt. er reynt að koma í veg fyrir að ríkissjóður verði af áfengisgjaldi. Samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans er gert ráð fyrir því að áfengisgjald á fríhafnir og frísvæði verði afnumið. Hér er um að ræða tekjupóst upp á 170–200 millj. kr. frá fríhöfninni í Keflavík einni.

Í ljósi þess að fyrir Alþingi liggur frv. til laga um að gera fríhöfnina að hlutafélagi með það í huga að koma henni á markað þá er þetta harla undarleg ráðstöfun. Þessi tillaga gengur út á að reyna að hafa vit fyrir ríkisstjórninni í þessu efni.

13. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, SJS*, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, KLM, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 1224,7–10 samþ. með 49 shlj. atkv.

14.–21. gr. (verða 16.–23. gr.), svo breyttar, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1224,11 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Nýbúamiðstöð á Vestfjörðum, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 190. mál. — Þskj. 220, nál. 1189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:06]

Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GÖ, HBl, LB, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1335).

Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 637. mál (tilefnismynt). — Þskj. 1235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Setning siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði, frh. síðari umr.

Þáltill. BH o.fl., 24. mál. — Þskj. 24, nál. 1248.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:08]
Brtt. í nál. 1248 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁMM, BBj, GHH, GÁS, GÖ, HBl, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1336).

Verkaskipting hins opinbera og einkaaðila, frh. síðari umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 8. mál. — Þskj. 8, nál. 1254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:09]
Brtt. í nál. 1254 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (ÁMM, BBj, GHH, GÁS, GÖ, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1337).

Tollalög, frh. 2. umr.

Frv. ÍGP o.fl., 196. mál (aðaltollhafnir). — Þskj. 229, nál. 1255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:10]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 10., 18.–19., 26.–30., 32., 34.–36., 39. og 42.–44. mál.

Fundi slitið kl. 22:12.

---

111. FUNDUR

þriðjudaginn 9. maí,
að loknum 110. fundi.

Dagskrá:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frv., 635. mál, þskj. 1164. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Veitinga- og gististaðir, stjfrv., 406. mál, þskj. 1288, brtt. 1329. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Tollalög, frv., 196. mál, þskj. 229. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Tryggingagjald, stjfrv., 550. mál, þskj. 852. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Vörugjald, stjfrv., 520. mál, þskj. 1292, brtt. 1298. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Loftferðir, stjfrv., 250. mál, þskj. 307 (með áorðn. breyt. á þskj. 1205). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, stjfrv., 420. mál, þskj. 683 (með áorðn. breyt. á þskj. 1220). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 547. mál, þskj. 849 (með áorðn. breyt. á þskj. 1222). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Álagning gjalda á vörur, stjfrv., 500. mál, þskj. 794 (með áorðn. breyt. á þskj. 1224). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 1132, brtt. 1190. — Frh. 3. umr.
11. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188. — 3. umr.
12. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 1008, brtt. 983. — 3. umr.
13. Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, frv., 637. mál, þskj. 1235. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
14. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859, nál. 1162 og 1236, brtt. 1199. — 2. umr.
15. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657, nál. 1159. — 2. umr.

16. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855, nál. 1180, 1267 og 1330, brtt. 1181, 1182 og 1268. — Frh. 2. umr.

17. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399, nál. 1213, brtt. 1214. — 2. umr.

18. Upplýsingalög, stjfrv., 564. mál, þskj. 866, nál. 1215, brtt. 1216. — 2. umr.

19. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491, nál. 1183 og 1269. — 2. umr.

20. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275. — 2. umr.

21. Brunavarnir, stjfrv., 485. mál, þskj. 765, nál. 1249, brtt. 1250. — 2. umr.

22. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 630. mál, þskj. 1118, nál. 1256. — 2. umr.

23. Kosningar til Alþingis, frv., 522. mál, þskj. 823, nál. 1128 og 1270, brtt. 1271 og 1328. — 2. umr.

24. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 386. mál, þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281 og 1299. — 2. umr.

25. Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjtill., 585. mál, þskj. 887, nál. 1169. — Síðari umr.

26. Fjárreiður ríkisins, frv., 243. mál, þskj. 298, nál. 1283. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Lagt fram á lestrarsal:

Áskorun til þingmanna vegna frumvarps til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:13]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. í 1.–9., 13. og 26. dagskrármáli og þskj. 1328 og 1299. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 3. umr.

Frv. umhvn., 635. mál (hættumatsnefnd). — Þskj. 1164.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:14]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, KF, ÓÖH, RG, SF, SP, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1338).

Veitinga- og gististaðir, 3. umr.

Stjfrv., 406. mál (nektardansstaðir o.fl.). — Þskj. 1288, brtt. 1329.

[22:14]

Frsm. minni hluta samgn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, með síðari breytingum. Brtt. er við i-lið 2. gr. frv. á þskj. 1288, varðandi næturklúbba. Ég bið þingheim að fylgjast vel með því að þetta er mjög mikilvægt mál fyrir þingið. (**Gripið fram í:** Næturklúbbarnir?) Þessi liður hljóðar svo, með leyfi forseta:

i. Næturklúbbur.

Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi þar sem aðaláherslan er lögð á áfengisveitingar og sýningu á nektardansi í atvinnuskyni."

Brtt. gengur út á það að staðar verði numið við áfengisveitingarnar og orðin „sýningu á nektardansi í atvinnuskyni" verði felld úr þessari grein.

Herra forseti. Rökin eru þau að nektardans hvort sem hann er í atvinnuskyni eða óskilgreindu atvinnuskyni er mjög umdeildur og skilgreining hans mjög umdeild. Verði þetta hins vegar samþykkt í lögum eins og nú liggur fyrir án þess að mín ágæta brtt. verði samþykkt þá er þarna verið að búa til nýja stétt. Þarna er verið að búa til nýja atvinnugrein sem heitir nektardans í atvinnuskyni og það hlýtur þá að þurfa að búa þessari nýju atvinnugrein starfsumhverfi. Það hlýtur að þurfa að setja þessu löggjöf.

Ég hygg t.d. að ef þetta er iðngrein sem gerðar eru kröfur til um kunnáttu þá þurfi að kanna hvort þetta uppfylli menntunarleg skilyrði, hvort þetta á að vera löggilt iðngrein og í alvöru talað er það svo að ... (Gripið fram í.) Já, við allt fólk sem starfar á þessum veitingahúsum hvort sem það er að afgreiða bjór, skúra gólf eða gera annað eru gerðir kjarasamningar þar sem kveðið er m.a. á um fatapeninga ... (**Gripið fram í:** Fatapeninga!) þannig að það er ...

Herra forseti. Það er afar gáleysislegt af þingmönnum að veita þessari atvinnugrein lagalegt skjól í formi þessa frv. sem hér liggur fyrir ef samþykkt verður, án þess að því fylgi þá fullkomin lagaumgjörð. Það er alveg ástæðulaust, ef það á reka þetta sem sérstaka atvinnugrein eins og hér er lagt til, þá er eðlilegt að sú atvinnugrein búi við sama atvinnuöryggi og löggjöf og aðrar stéttir eða atvinnugreinar. Það er því fáránlegt af hv. Alþingi að samþykkja atvinnugrein sem á síðan að hanga í lausu lofti lagalega að öðru leyti eða í besta falli hengd utan á ákveðnar súlur.

Herra forseti. Ég heyri að alþingismenn eru mér fullkomlega sammála, enda er þetta enginn næturklúbbur hér og við störfum ekki þannig.

Herra forseti. Sjáum sóma okkar í því að vera ekki að samþykkja hér hneisu. Við skulum fella þetta burt úr frv.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:19]

Brtt. 1329 felld með 32:13 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, EMS, GE, GAK, JB, KolH, MF, RG, SJóh, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KLM, KPál, LMR, LB, PP, PHB, SighB, SAÞ, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, BBj, DO, EOK, GHH, GÁS, GÖ, HÁs, JóhS, KHG, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞBack.
4 þm. (ÁSJ, JB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GÁS, GÖ, HÁs, KHG, LB, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1339).

Tollalög, 3. umr.

Frv. ÍGP o.fl., 196. mál (aðaltollhafnir). — Þskj. 229.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:20]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KLM, KPál, LMR, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
17 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, GÁS, GÖ, HÁs, KolH, KHG, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1340).

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 520. mál (fjárhæð gjalds af tilteknum vörum). — Þskj. 1292, brtt. 1298.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:21]
Brtt. 1298 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
1 þm. (ÁSJ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, GÁS, GÖ, HÁs, KHG, LMR, ÓÖH, SF, SP, SvanJ, SvH, TIO, VE, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SighB, SAÞ, StB, VS, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, GÁS, GÖ, HÁs, KHG, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1342).

Loftferðir, 3. umr.

Stjfrv., 250. mál (gjaldtökuheimildir o.fl.). — Þskj. 1331.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:24]
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, StB, VS, ÞKG.
21 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GHH, GÁS, GÁ, GÖ, HÁs, KHG, ÓÖH, SF, SP, SvH, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:23]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að ýmislegt í þessu frv. sé til bóta er þó hér verið að stíga fyrstu skref í að leggja auknar álögur á innanlandsflugið. Það hefur ekki gengið svo vel að ástæða sé til þess. Hér á að leggja 30 millj. kr. álögur á innanlandsflugið sem menn telja að sé fyrsta skref í að leggja upp undir 200 millj. á það.

Virðulegi forseti. Vegna þessa greiðum við ekki atkvæði.

[22:23]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Megininntak þess frv. sem hér er verið að greiða atkvæði um er að lögleiða aukna skattheimtu á flugsamgöngur í landinu. Annað vildum við sjá frá hv. Alþingi en að auka álögur á flugsamgöngur og því harma ég það.

Ýmislegt annað er til bóta í frv. sem gott er um að segja. En í heildina séð er þarna verið að leggja á skattheimtu, auknar álögur, og við vísum ábyrgð þeirrar framkvæmdar á hendur ríkisstjórninni.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1343).

Verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 420. mál (menntunarkröfur, tryggingar, afleiðusamningar o.fl.). — Þskj. 1332.

[22:25]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Þetta mál er komið til 3. umr. Minni hlutinn gerði tilraun til þess við 2. umr. og atkvæðagreiðslu um frv. að taka á þeim vandamálum sem upp hafa komið á verðbréfamarkaðnum og snerta aðallega meðferð á trúnaðarupplýsingum og innherjaviðskipti.

Því miður fór það svo við þessa atkvæðagreiðslu að meiri hlutinn felldi allar tillögur okkar þannig að eftir stendur mjög máttlaust frv. sem sýnir raunverulega uppgjöf meiri hlutans við því að taka á málinu. Meiri hlutinn hefur vísað þessum málum aftur heim til föðurhúsanna til hæstv. viðskrh. og falið viðskrh. að koma með betur búið frv. hingað til þings í haust. Það verður auðvitað að treysta því úr því sem komið er að svo verði og eftir því verður auðvitað fast gengið í haust að ráðherra komi fram með þetta frv. sem meiri hlutinn telur ekki tímabært að taka á núna þrátt fyrir öll þau vandamál sem hafa komið upp á verðbréfamarkaðnum. Flestar af þeim tillögum sem minni hlutinn kom fram með við 2. umr. hafa verið studdar af Fjármálaeftirliti og Verðbréfaþingi sem hafa lagt ríka áherslu á að þessar tillögur minni hlutans nái fram að ganga.

En því miður, herra forseti, er niðurstaðan sú við lokaafgreiðslu málsins að við stöndum uppi með mjög máttlaust frv. og ljóst að hæstv. viðskrh. verður að vinda sér strax í það verk að taka á því máli sem meiri hlutinn vísar nú til föðurhúsanna til hæstv. ráðherra. Vonandi kemur hæstv. ráðherra með betur búið frv. til þings næsta haust.

[22:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta var vægast sagt undarleg ræða sem hér var flutt. Eftir að hv. þm. hefur samþykkt hverja einustu grein frv. kemur hún upp til þess að tala um máttlaust frv. sem verði vísað heim til föðurhúsanna. Hvernig á nokkur maður að skilja svona málflutning? Ég held að hv. þm. hefði átt að spara sér þessa ferð í ræðustól nú eftir að hafa samþykkt hverja einustu grein.

Það er hins vegar rétt sem kom fram hjá henni að það er verið að vinna að frv. í ráðuneytinu sem væntanlega verður lagt fram í haust og varðar sértaklega innherjaviðskipti þannig að þetta frv. sem nú er um það bil að verða að lögum er engin endanlegt smíð í þeim efnum. Að sjálfsögðu þarf að halda áfram að bæta um betur og það hef ég hugsað mér að leggja mig fram um að verði gert.

[22:28]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var vægast sagt harla sérkennileg ræða hjá hæstv. viðskrh. með vísan til þeirra stóryrða sem voru uppi hjá hæstv. ráðherra þegar hún settist í stól viðskrh. Þá voru stóryrðin mikil vegna þess að ráðherrann ætlaði svo sannarlega að taka á öllum þeim vandamálum sem voru uppi á verðbréfamarkaðnum. Hún talaði um að það þyrfti að taka á þeim, koma á ákvæðum sem tryggðu betur meðferð á trúnaðarupplýsingum og innherjaviðskiptum. Þegar ráðherra komst til valda höfðu sex fyrirtæki á verðbréfamarkaði brotið verklagsreglur og ráðherrann ætlaði strax að taka á þessu máli.

Hvað gerir hæstv. ráðherra nú? Öllum málum er vísað aftur til ráðherra og hún beðin að koma með betur búið frv. til þings næsta haust. Við erum auðvitað að gera tilraun núna til þess að styðja ráðherrann í litlu hænufeti sem ráðherrann tekur í átt til þess að gera leikreglur á verðbréfamarkaðnum ögn heilbrigðari en þær hafa verið. En engu að síður, og það sagði ég í löngu máli í dag, er langt frá því að við búum við heilbrigðan, réttlátan og sanngjarnan verðbréfamarkað eftir það frv. sem hér á að samþykkja. Ég vona að hæstv. ráðherra skilji það sem hér hefur farið fram í dag í þessari umræðu.

[22:29]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Frá því í haust hefur stjórnarandstaðan á Alþingi lagt sig í líma við að setja traustar reglur um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði til að koma í veg fyrir innherjaviðskipti og spillingu innan fjármálafyrirækja. Í þessu skyni sameinaðist minni hlutinn um tilögusmíð sem hefur verið rædd hér í kvöld.

Þessar tillögur minni hlutans hafa fallið í góðan jarðveg hjá þeim sem hafa eftirlit með fjármálamarkaðnum hér á landi, bæði Verðbréfaþinginu og hjá Fjármálaeftirlitinu. Minni hlutinn studdi hins vegar tillögur ríkisstjórnarinnar *þótt máttlausar væru og mun máttlausari en þær tillögur sem* frá okkur hafa komið vegna þess að þær eru þó skref fram á við.

Ég vildi að þetta kæmi í ljós, ekki síst vegna þeirrar ræðu sem hæstv. bankamálaráðherra flutti áðan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:31]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GAK, GHall, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, LMR, MF, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

28 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, KHG, KPál, LB, ÓÖH, SighB, SF, SP, StB, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1344).

Álagning gjalda á vörur, 3. umr.

Stjfrv., 500. mál (breyting ýmissa gjalda). — Þskj. 1334.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:31]

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, VS.

20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, KHG, LB, ÓÖH, SF, SP, StB, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1346).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 547. mál (hlutabréf, lífeyrisiðgjöld o.fl.). — Þskj. 1333.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:32]
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KPál, LMR, PP, PHB, SAÞ, VS.
19 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁMM, BBj, DO, GAK, GÁS, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, IP, KHG, LB, ÓÖH, SF, SP, StB, SvH, TIO, VE, ÞKG, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1345).

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 550. mál (lífeyrissparnaður). — Þskj. 852.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:33]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM, KPál, LMR, MF, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ÁMM, BBj, DO, GÁS, GÖ, HjÁ, HjálmJ, KHG, LB, ÓÖH, SF, SP, StB, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1341).

Þjóðlendur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 1132, brtt. 1190.

Umræðu frestað.

Starfsréttindi tannsmiða, 3. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188.

Umræðu frestað.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 1008, brtt. 983.

Umræðu frestað.

Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 637. mál. — Þskj. 1235.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:35]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 2. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 859, nál. 1162 og 1236, brtt. 1199.

Umræðu frestað.

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 2. umr.

Stjfrv., 399. mál (ríkisframlag). — Þskj. 657, nál. 1159.

Umræðu frestað.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, 2. umr.

Frv. GunnB o.fl., 292. mál. — Þskj. 491, nál. 1183 og 1269.

Umræðu frestað.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (innflutningur frá frystiskipum). — Þskj. 1118, nál. 1256.

[22:38]

Frsm. sjútvn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1256 frá sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á lögunum sem gera ráðherra mögulegt að koma til móts við athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert við þá framkvæmd hér á landi að heimila innflutning sjávarafurða frá frystiskipum ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð því hvort þau eru á skrám yfir viðurkennda framleiðendur, vinnsluskip og frystiskip. Auk Íslands hafa Noregur, Danmörk og Bretland heimilað innflutning sjávarafurða frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins óháð viðurkenningu þeirra en rússnesk frystiskip flytja inn frosinn þorsk til framangreindra ríkja auk Íslands.

Þar sem fyrir liggur að Eftirlitsstofnun EFTA íhugar formlega málsmeðferð á hendur Íslandi og vegna þess að nokkur óvissa ríkir um kröfur sem gerðar eru um viðurkenningu frystiskipa frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins er æskilegt að unnt verði að breyta framkvæmdinni hér á landi þegar skylda Íslands í þessum efnum liggur skýrt fyrir og ljóst er að framkvæmd á Evrópska efnahagssvæðinu er samræmd.

Ég vil vekja athygli á því að hér er um að ræða býsna mikilvægt mál vegna þess að í húfi er innflutningur á talsvert miklu magni af þorski til vinnslu á ýmsum svæðum á landinu. Því er um býsna stórt mál að ræða sem nauðsynlegt er að skapa um eðlilega lagaramma.

Nefndin leggur áherslu á að ráðherra nýti heimildir sem felast í frumvarpinu þannig að það skaði ekki samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart fyrirtækjum í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins við kaup á frosnu hráefni.

Þetta er sett fram af hálfu sjútvn. af því tilefni að fyrir liggur að talsverð samkeppni er milli Íslendinga og ýmissa annarra ríkja, Dana, Kanadamanna og ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu alveg sérstaklega, sem er mjög mikilvægt að verði ekki skert með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til. Þess vegna er af hálfu hv. sjútvn. hvatt mjög til þess að heimildirnar verði nýttar þannig að þær skaði ekki samkeppnisstöðu íslenskrar fiskvinnslu sem þarf að heyja samkeppni við fiskvinnslu í öðrum ríkjum á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi er samþykkur áliti þessu.

Undir nál. rita auk formanns og frsm. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Hjálmar Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Ragnar Árnason, Jóhann Ársælsson, Svanfríður Jónasdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 553. mál (sauðfjárafurðir). — Þskj. 855, nál. 1180, 1267 og 1330, brtt. 1181, 1182 og 1268.

[22:41]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Sá sauðfjársamningur sem nú er verið að staðfesta með þessum lögum er ákaflega þýðingarmikill gerningur. Hann hefur fengið mjög góðar viðtökur í þinginu að mér hefur fundist, mjög jákvæð viðbrögð en hinu er rétt að halda til haga að samningurinn hefur fengið heldur kaldar kveðjur víða utan Alþingis í umræðum manna og dagblöðum sérstaklega.

Ég held að hér sé um mikinn misskilning að ræða hjá fólki sem telur að verið sé að fara sérlega illa með fjármuni og þetta sé hið versta mál eins og kemur víða fram. En hér er einmitt verið að treysta þann þátt landbúnaðarins sem stendur hvað veikastur en hefur þó hvað mesta og afdrifaríkasta þýðingu fyrir byggð í landinu. Verið er að vinna að því sem skiptir öllu máli, þ.e. að viðhalda byggðinni því að byggðin er verðmæti í sjálfu sér.

Því er það svo, herra forseti, að ég er þess mjög viss og veit að styrkur til sauðfjárræktarinnar nýtist þjóðfélaginu í heild og mjög mikilvægt er að það sé gert mjög myndarlega núna vegna þess að kostnaður sem þjóðfélagið mundi ella hafa ef ekki tækist að stöðva þann flótta úr sveitunum sem við horfum upp á yrði margfalt meiri en það sem við erum að tala um núna.

Ég vil líka taka fram að ég er alveg ófeiminn við að ræða um þetta sem byggðastyrki. Mér finnst það eðlilegt og sjálfsagt og kemur náttúrlega bæði bændum og neytendum til góða. Það er rétt að styðja byggð. Það gera allar vestrænar þjóðir sem vilja viðhalda menningu sinni og þjóð að byggja land sitt. Það er engin þjóð með þá stefnuskrá að byggja ekki land. Þess vegna held ég að hér hafi verið gerður mjög góður samningur sem ber að styðja. Það er samt svo þegar komið er að því að semja um styrki eða greiðslur til sauðfjárbænda, þá er ekkert óeðlilegt við það að mjög margvíslegir hagsmunir og margvísleg sjónarmið séu uppi.

Ég ætla að hér hafi tekist þó nokkuð góð sátt þegar á heildina er litið. Mikil vafamál voru uppi meðal bænda og bændur voru ekki á einu máli um hvort við ættum að halda áfram því formi sem við höfum verið að nota við styrkveitingarnar, þ.e. beingreiðslurnar sem eru ótengdar framleiðslunni. Niðurstaðan varð sú að halda því áfram í meginatriðum.

Ástæða er til að vekja athygli á þessu vegna þess að útflutningur á lambakjöti hefur valdið deilum, menn hafa skipst mjög í tvo hópa um hvort hann sé til góðs, hvort hann eigi sér möguleika eða ekki. Sumir segja að svo sé og aðrir segja að það sé víðs fjarri að við getum haft af honum árangur. Ég er sannfærður um, herra forseti, að útflutningur á lambakjöti getur orðið okkur til mikils gagns í framtíðinni ef við stöndum rétt að þeim hlutum. Veruleg ástæða er til að vekja athygli á því að á síðustu fimm árum eða svo hefur verið unnið að þessu á opnum markaði og þeir aðilar sem að því hafa staðið og starfað hafa unnið mjög mikið og gott starf. Það er því rétt og skylt að halda áfram að styðja það sem þeir eru að gera. Það verður ekki gert með neinum brellum. Það er bara seiga, jafna átakið sem gildir við markaðssetningu á slíkri vöru. Við munum ná árangri og það mun sýna sig

en það tekur tíma og kostar peninga og menn verða að sýna þolinmæði og þolgæði.

Að vísu er rétt að ýmislegt í þessum samningi orkar dálítið tvímælis. Sjálfur er ég kannski ekki alls kostar ánægður með hann. Ég hefði kannski viljað hafa hann öðruvísi, en það þýðir ekkert um það að deila, þetta voru samningar og menn reyndu að mætast á miðri leið. Menn deildu mjög um hvort framsalið ætti að vera frjálst eða ekki, ég var og er þeirrar skoðunar að því fyrr sem frjálsu framsali á beingreiðslunni verði komið á því betra fyrir landbúnaðinn og því nær og því fyrr förum við að ná þeirri hagræðingu sem við þurfum svo mjög brýnt á að halda.

Ég hef hins vegar efasemdir um svokallað jöfnunargjald. Ég held að það sé stílbrot en ekkert er við því að gera, þetta var samningurinn og þannig standa málin.

Ég vil líka nota tækifærið til að fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom frá hæstv. landbrh. um að verja 7.500 ærgildum af því sem kaupa skal upp til að styrkja byggðir landsins. Ég stóð að því ásamt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir nokkrum árum að fá samþykkta þáltill. um að styrkja sauðfjárræktina í jaðarbyggðum. Ég hef frá upphafi talið það gríðarlega þýðingarmikið að styrkja einmitt jaðarbyggðirnar og er sannfærður um að ef við þorum ekki að styrkja sauðfjárræktina í jaðarbyggðunum, þá þorum við ekki að styðja landbúnaðinn, þá mun bara dauða línan færast nær og nær. Því er það mikið fagnaðarefni tel ég fyrir byggðir landsins að ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að stíga þetta skref.

Í heildina séð er ég sannfærður um að hér erum við á réttri leið, við erum að færa okkur í vistvænan búskap að meira og meira leyti. Kannski hefði verið betra að við hefðum stigið skrefið til fulls og notað tækifærið til þess að á samningstímanum skyldi allur búskapur sem hlyti styrki ríkisins vera vottaður. Menn treystu sér ekki til þess í þetta skipti en ég er sannfærður um að við erum á réttri braut. Við ætlum að tryggja rétta landnýtingu og við munum ná þeim árangri sem við höfum verið að stefna að öllum til hagsbóta.

[22:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frv. til laga um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, svokallaðan búvörusamning.

Við 1. umr. varaði ég alvarlega við ágöllum þessa samnings. Ég sagði að hann væri slæmur fyrir skattgreiðendur sem þurfa að borga 17.000 millj. kr. á næstu sjö árum. Þetta svarar nokkurn veginn til nettótekjuskatts ríkissjóðs á einu ári. Hann er slæmur fyrir neytendur sem búa við eitt hæsta landbúnaðarvöruverð í Evrópu. Hann er alveg sérstaklega slæmur fyrir sauðfjárbændur sem eru sennilega orðnir fátækastir allra stétta á landinu. Það er eins og menn sjái ekki staðreyndirnar, menn sjái ekki reynsluna, menn sjái ekki söguna, sjái ekki raunveruleikann. Þeir halda áfram á sömu braut, allt skal óbreytt.

Ég batt vonir við, reyndar ákaflega veikar vonir, að hv. landbn. mundi breyta einhverju til bóta fyrir bændur, t.d. leyfa framsalið eða eitthvað því um líkt. En þær vonir urðu að engu. Hér á að halda áfram á óbreyttri braut, það á að frysta núverandi stöðu kerfisins í sjö ár. Reyndar er smáglæta í öllu myrkrinu, í febrúar árið 2002 á að koma fram nýtt frv. þar sem á að skoða þá gæðastýringu sem er gæluverkefni einhverra skriffinna. Hvernig lítur draumsýnin um gæðastýringu út? Jú, það á að koma á gæðastýringu í landbúnaðinum. En jafnframt segja menn að það eigi ekki að hitta neinn, þetta sé nú svona og svona, bændur eigi allir að sleppa í gegnum þetta. Það á setja mikið verkefni í gang. Hverjum skyldi það veita vinnu? Ekki bændum, alls ekki. Það eru einhverjir skriffinnar, væntanlega í Reykjavík, sem byrja á því að hugleiða hvernig bændur eigi að rækta jarðir sínar, hvar best sé að beita og svo fara þessir sérfræðingar út á land og segja við bóndann sem hefur búið þarna í áratugi, tók við búinu af föður sínum, hvar hann eigi að beita og hvar hann eigi ekki að beita (**Gripið fram í:** Kannski af móður sinni.) Já, eða af móður sinni, og þeir segja bóndanum hvar hann eigi beita og hvar hann eigi ekki beita. Ég held það verði aldeilis upplit á sumum bændunum þegar þessir borgarbúar koma þarna út í sveitina.

Fyrir þetta ætla menn að lækka beingreiðslur til bænda um 12,5% stigvaxandi upp í 22,5%. Og það á að hækka greiðslurnar til bændanna sem standast gæðastýringarprófið. Hinir skulu sætta sig við æ verri kjör, meira hallæri. Ég hugsa að bændur muni taka þessu eins og hverju öðru hundsbiti eins og hingað til, þeir hafa sætt sig við sífellt versnandi stöðu, og þetta yrði í þeirra augum nýtt hallæri.

Svo er ákvæði um að hækka verðskerðingargjaldið úr 400 krónum í 800 krónur á kílóið, ég hélt ég læsi bara ekki rétt. (**Gripið fram í:** Á stykki.) Á stykkið? Nú, jæja, fyrirgefið, þá hef ég misskilið það. Þá er þetta strax miklu betra. En það er þessi ofurtrú á því að hið opinbera, stóri bróðir, eigi að sjá um markaðssetningu og allt fyrir hönd bænda því þeir séu gjörsamlega ófærir um það sjálfir. (**Landbrh.:** Greinin sjálf.) Greinin sjálf, mér er alveg sama, það eru einhverjir stjórar, einhverjir bændaforstjórar sem sjá um þetta fyrir bændur, þeir geta ekkert sjálfir.

Haldið er áfram að rjúfa tengsl bænda, framleiðendanna, við markaðinn og neytendur og haldið er áfram að binda bændur í helsi styrkja og forsjár og vantrúar á getu þeirra. Þetta er mesta mein bænda, menn treysta þeim ekki til að selja vörurnar sínar, menn treysta þeim ekki til að rækta túnin sín, menn treysta þeim ekki til að taka upp gæðastýringu sjálfir. Það skal gert ofan frá, og hefur ekkert að segja þegar það er ákveðið ofan frá. Frumkvæðið þarf að koma frá þeim sem ætlar að stunda gæðastýringu sjálfur.

Enn um stund, í sjö ár í viðbót, skal landbúnaðarstefnan íslenska fryst þrátt fyrir það að dæmin um stöðu sauðfjárbænda hér á landi æpi á menn. Ég vona, herra forseti, svo sannarlega að þessi samningur færi sauðfjárbændum einhverja bót, ekki veitir af.

[22:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að elta ólar við málflutning hv. þm. Péturs H. Blöndals og þann útúrsnúning sem hann ástundar í þessu máli, því það er sannarlega með þeim hætti. Landbúnaður um hinn vestræna heim er styrktur, það er gert í gegnum byggðastyrki. Við sjáum það í Evrópu að þar eru miklir styrkir til landbúnaðar þannig að það er erfitt hjá okkur annað en að veita bændum okkar þann stuðning sem þeir þurfa og fyrir utan að þetta er mikilvægt fyrir byggðina. Allt skal óbreytt, sagði hv. þm., en hér er samningur sem á margan hátt boðar nýja tíma og það er ekki síst í gegnum það sem hann gerði lítið úr, gæðastýringu.

Ég vil taka fram að ég þekki það af eigin raun og veit að stór hluti bænda í sauðfjárrækt stundar verulega gæðastýringu. Þeir hafa náð í gegnum gæðastýringu, sem er í rauninni grunnurinn að því kerfi sem farið verður eftir, þeim árangri að lambakjötið er slík úrvalsvara sem það er í dag.

Þess vegna tel ég mjög mikilvægt, bæði gagnvart neytendum innan lands og ekki síður þeim möguleikum sem landbúnaðurinn á til útflutnings á þessari vöru, að menn vinni að því eins og samningurinn gerir ráð fyrir að farið verði í verulega gæðastýringu, sem verður ekki unnin af skriffinnum úr Reykjavík eins og hv. þm. orðaði það. Fyrst og fremst verður það greinin sjálf sem annast það og lögð er áhersla á það af öllum aðilum, bæði stjórnmálamönnum sem komið hafa að þessu, Bændasamtökunum og fulltrúum bænda, Landssambandi sauðfjárbænda, að kerfið verði ekki flókið.

Við höfum gæðastýringu í sjávarútvegi og mörgum greinum atvinnulífsins og við sjáum að það eru þau fyrirtæki sem standa sig best í þróun vörunnar og eru að sjá og sigra á markaðnum. Þess vegna trúi ég að gæðastýringin sé nýtt skref til sóknar fyrir íslenska bændur í erfiðri stöðu.

[22:56]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið voru vissulega skiptar skoðanir um eitt og annað við samningagerðina, enda ýmsir og ólíkir hagsmunir bænda. Hv. þm. Pétur Blöndal kemur og ýtir undir þetta og ýtir undir að ástæða sé til að vera óánægður og tekur undir með fáeinum fjölmiðlum sem reyna að gera samninginn og stuðning við bændastéttina og byggðir í landinu tortryggilegan. Hann segir að menn sjái ekki staðreyndir og sjái ekki raunveruleikann. Ég vísa því til föðurhúsanna. Það er hv. þm. sem sér ekki staðreyndirnar og raunveruleikann í byggðum landsins og hvað varðar almennan stuðning við landbúnað í öðrum löndum. Við styðjum ekkert meira en almennt gerist í öðrum löndum.

Hann nefndi verðskerðingargjaldið. Það er ekki á sauðfé heldur á nautgripi og kemur sauðfjársamningnum ekki að öðru leyti við en því að fyrirsvarsmenn búgreinarinnar, þ.e. Landssambands kúabænda, komu og óskuðu eftir því að fá að hækka verðskerðingargjaldið. Síðast þegar þeir komu til Alþingis báðu þeir um að gjaldið yrði lækkað, það er meira gaman að því þegar þeir koma og biðja um að það sé lækkað heldur en hækkað, en það er greinin sjálf sem biður um þetta til þess að vera í betri tengslum við markaðinn og markaðsmálin. Það er til þess að vera betur meðvitaður um hvernig vindar blása á markaðnum sem hv. þm. hefur ofurtrú á.

Ég vil svo einnig geta þess að hv. þm. Pétur Blöndal hefur möguleika á að láta gott af sér leiða þegar hæstv. landbrh. kemur hér með frv. um gæðastýringuna og álagsgreiðslurnar eftir tvö ár og vænti þess að hann muni þá taka til máls og hafa e.t.v. kynnt sér betur þessi mál.

[22:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki verið venjan í samningum við Bændasamtökin, forsvarsmenn bænda, að hafa þingmenn með í ráðum. Ég reikna því ekkert með því að frekar verði leitað til mín þá en nú.

Það að ég taki undir með fáeinum fjölmiðlum og kyndi undir óánægju þá mundi ég heldur vilja snúa þessu við því ég held ég hafi alltaf verið með fyrirvara um málið og vel má vera að fáeinir fjölmiðlar hafi tekið undir með mér um gagnrýni á þessi mál.

[22:59]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Það er rétt að það er fastur liður að hv. þm. komi upp og finni að því hvernig búskapur er rekinn á Íslandi. Um það er ekkert frekar að segja.

[23:00]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega þýðingarmikið að menn átti sig á að hin svokallaða gæðastýring sem menn stefna að og vonast til að landbúnaðurinn, þ.e. sauðfjárræktin, geti tekið þátt í snýst fyrst og fremst um landnýtinguna, um beitarstjórnina. Það er hið stóra mál, hitt er bara smámál. Það hefur gríðarlega þýðingu fyrir okkur Íslendinga að koma á þeirri reglu að nýta landið rétt og að við beitum rétt. Það er ekki ofstjórn að setja slíkar reglur. Gætum við sagt að við treystum ekki bílstjórunum til að aka eftir vegunum og þess vegna ætti bara að afnema umferðarlögin? Dygði að láta bílstjórana um að koma á reglu? Ættum við bara að treysta þeim? Það er fráleitt annað en að setja reglur um landnýtingu. (Gripið fram í.) Það er fráleitt annað en að setja þessar reglur og engin ofstjórn á nokkurn hátt.

Hins vegar hjó ég eftir því að hv. þm. Pétur Blöndal gat um að við treystum ekki bændum fyrir afurðasölu. Það er að vísu alveg hárrétt hjá honum. Ég hef fyrir löngu sannfærst um að við eigum að taka sauðfjárafurðir út úr þeim lögum, afurðasölulögunum. En það er ekki til umræðu hér. Það er ekkert um það í þessu frv. og þetta er ekkert á dagskrá núna. En það þarf að taka það á dagskrá og fara í gegnum það.

Niðurstaðan er sú, sem ég er sannfærður um að er rétt, að þetta er ekki helsi á bændur. Það er verið að reyna að hjálpa þessari búgrein í þeim miklu erfiðleikum sem hún á við að stríða, ekki hvað síst vegna minnkandi eftirspurnar eftir afurðum hennar og sívaxandi samkeppni við aðra kjötframleiðendur. Þess vegna er verið að rétta hér hjálparhönd. Með sanni mætti aðstoðin jafnvel vera meiri, hærri greiðslur, en menn eru þó að reyna að ná sáttum um að styrkja þessa grein svo við getum treyst því að hún verði áfram við lýði.

[23:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að gæðastýring sé alls staðar af hinu góða. En hún þarf að koma frá þeim sem á að gæðastýra. Frumkvæðið þarf að koma þaðan. Öll fyrirtæki í atvinnurekstri stefna að gæðastýringu og gæðavottun vegna þess að þau sjá sér hag í því, vegna þess að markaðurinn krefst þess. Hvar er markaðurinn hjá bændum? Hvergi. Hver krefst umbóta? Það eru einhverjir skriffinnar ofan frá, stjórnmálamenn sem ætla að segja bændum að nú sé skynsamlegt að taka upp gæðastýringu. Þeir skilja það ekki sjálfir. Það er ekkert sem neyðir þá til þess. Ég er að gagnrýna það. Það vantar markaðsöflin sem segja við bændur: Ef þú tekur ekki upp gæðastýringu þá verðfellur varan þín. Það gerist ekki heldur er þessu stýrt ofan frá og menn ætla að taka af einum bóndanum beingreiðslu og setja til annars ef hann er hlýðinn og uppfyllir skilyrði um gæðastýringu sem stýrt er ofan frá. Þetta er búið að reyna við landbúnaðinn núna í áratugi. Menn hafa reynt að stýra honum ofan frá og árangurinn sést ekki.

[23:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra foreti. Ég er sannfærður um að hv. þm. misskilur þetta. Við höfum aldrei farið út á þessa braut fyrr. Það er mjög brýnt fyrir alla, fyrir þjóðina í heild, að við nýtum landið rétt. Við erum hér að fást við alls konar vandamál, við eigum hér við mikinn uppblástur að stríða og margs kyns annað sem hrjáir þetta land. Því er gríðarlega þýðingarmikið að beitinni sé stjórnað. Það er mikilvægt að við notum landið og pössum upp á að það sé ekki misnotað. Þess vegna erum við að gera þetta.

Allir verða að gera sér grein fyrir því að á Íslandi vita menn að lambakjöt er gæðavara. Verðið og neytandinn hefur ekki það afl sem bítur. Hins vegar vitum við að erlendis, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, hefur á undanförnum árum verið vaxandi eftirspurn eftir vistvænni eða lífrænt ræktaðri vöru, „organic". Við vitum að þessir markaðir eru til og að ákveðinn hluti af íslensku landbúnaðarframleiðslunni, þ.e. íslensku sauðfjárræktinni, getur fallið undir þetta, kannski 10%, kannski 15%. Það er gríðarlega þýðingarmikið að geta hjálpað til við þetta, stýrt þessari framleiðslu til útflutnings þar sem hærra verð fæst. Þetta erum við að reyna að gera, reyna að leiða framleiðsluna á þær brautir sem menn trúa að geti orðið til farsældar. Sú er ætlunin og hún er gerð af góðum hug. Bændur gera sér fullkomlega grein fyrir því að þeir eiga mikið og kannski allt sitt undir því, búgreinin í heild, að hún fái í framtíðinni slíka vottun. Ég held að bændur viti það almennt, þekki það og muni leggja sig fram við það. Þess vegna er ég bjartsýnn á að við munum ná árangri með þessum samningi.

[23:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að það hafi aldrei verið farið út á svona braut áður. Hvað með lán til hlöðubygginga? Það var líka nýtt, að fara út í að byggja hlöður. Hvað með lánin fyrir traktorunum? Það var líka nýtt að lána mönnum fyrir þeim. (**EOK:** Þetta er útúrsnúningur.) Nei, ég er bara að segja að menn hafa alltaf reynt eitthvað nýtt og nýtt ofan frá. Það hefur verið lánað til refaræktar, lánað til laxeldis og silungseldis og allt var þetta nýtt á sínum tíma.

Nú á að stýra mönnum ofan frá og nú er það aftur nýtt. Ef svo er, sem ég hef trú á, að það sé vaxandi eftirspurn um allan heim og hér á landi líka eftir lífrænt ræktuðum landbúnaðarafurðum þá eiga bændur sjálfir að skynja það með hækkandi verði. Markaðurinn á að stýra því en ekki bændaforustan eins og núna sem skynjar það en bændur ekki sjálfir. Þetta er akkúrat meinið, þessi forsjárhyggja. Öll völd eru tekin af bændum, allt vit tekið frá þeim og þeim ekki treyst fyrir neinu.

[23:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Frv. sem við ræðum hér er um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Í daglegu tali manna milli heitir þetta sauðfjársamningurinn. Bændur hafa að meginstofni kosið um það sem ræðum hér um.

Sá sem hér stendur hefur verið áheyrnarfulltrúi í landbn. frá sl. hausti. Ég get sagt það alveg eins og það er að ég styð þennan samning að langmestu leyti. Einu atriði í honum er ég hins vegar algjörlega andvígur. Það er hið svokallaða frjálsa framsal. Ég hef lagt fram brtt. um að hið frjálsa framsal verði fellt verði úr 6. gr.

Ég lít svo á að á gildistími samningsins sé í reynd sjö ára aðlögunartími fyrir bændur til að mæta að honum loknum mjög harðri samkeppni á matvörumarkaði. Svo virðist sem helsta von sauðfjárbænda sé sú að fá hærra verð fyrir lífrænt ræktaðar og vottaðar framleiðsluvörur dilkakjöts í næstu framtíð. Hvetja þyrfti bændur, styðja þá og styrkja til að þróa búskap sinn að lífrænni ræktun sauðfjár. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla með skilgreindan framleiðsluferil sem tekur mið af umhverfisvernd og beitarþoli landsvæða ætti að auðvelda bændum aðlögun að lífrænum búskaparháttum á næstu árum. Þess vegna legg ég til að frjálsa framsalið verði ekki innleitt í sauðfjárbúskapinn og í raun verði látið á það reyna hvort hægt sé að ná þeim markmiðum með lífrænni ræktun sem nauðsynleg er ef bændur eiga að fá viðunandi verð fyrir dilkakjöt í framtíðinni.

Með því að innleiða frjálst framsal greiðslumarks er í raun verið að fara sömu leið og raskað hefur byggð með kvótabraski í sjávarútvegi, valdið þar miklum deilum og eignaupptöku á eigum fólks. Með því fyrirkomulagi teljum við að vegið sé að byggðum þessa lands. Frjálslyndi flokkurinn hafnar slíku fyrirkomulagi sem stuðla mun að enn meira strjálbýli í sveitum landsins og hraða flutningi fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Afar vanhugsað er að efna til frjáls framsals án þess að gefa sauðfjárbændum kost á að nýta sér það aðlögunarferli sem samningur til sjö ára gefur þeim kost á. Lágmarkskrafa væri að meta áhrif samningsins að 4–5 árum liðnum áður en slík aðferð sem frjáls sala greiðslumarksins er verður sett af stað sem við teljum að muni geta valdið byggðaröskun í sveitum landsins frekar en orðið er.

Þessu atriði í frv. er ég algerlega andvígur og þess vegna hef ég lagt fram þessa brtt. Ég vil að frjálsa framsalið verði tekið út úr 6. gr. og svo verði lagt mat á það að fjórum, fimm árum liðnum hvort við séum að nálgast þau markmið í þessum sauðfjársamningi sem ég tel að flestu öðru leyti góðan og bjóði bændum upp á aðlögunartíma sem þeim er afar nauðsynlegur. Þeir munu hins vegar alveg örugglega standa frammi fyrir harðari samkeppni í matvörurframleiðslu á næstu árum. Að þessum samningi loknum býst ég ekki við því að bændur geti treyst á að fá jafnríkan stuðning og þeim er veittur núna með þessum samningi.

Ég lít svo á að rétt væri að láta þá kosti sem í samningnum felast koma í ljós á næstu fjórum, fimm árum án þess að hleypa frjálsa framsalinu af stað. Menn gætu svo metið það að því loknu hvort það væri nauðsynlegur þáttur við áframhaldandi þróun í landbúnaði. Þess vegna hef ég lagt þessa brtt. fram og vonast til að menn líti til hennar með jákvæðu hugarfari.

[23:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Forseti. Nú er svo komið að ég er kominn með fráhvarfseinkenni af því að hafa ekki komist hér í þennan stól um nokkurt skeið þannig að ég ætla nú að máta mig aðeins í honum.

Ég vil segja hér nokkur orð af þessu tilefni. Hér er til afgreiðslu frv. til laga um breytingu á lögum um búvöruframleiðslu sem er í raun staðfestingarfrv. með nýgerðum búvörusamningi. Þessi samningur er að mörgu leyti eins og við mátti búast í ljósi núgildandi samnings og þess í hvaða farveg málefni hinnar samningsbundnu búvöruframleiðslu hafa fallið undanfarnin ár. Því miður hafa erfiðleikar land-

búnaðarins og þá ekki síst sauðfjárræktarinnar á margan hátt orðið meiri og langvinnari en menn bjuggust við.

Ég held það verði að segjast eins og er að markmið búvörusamninga sem gerðir hafa verið allt frá 1985 hafa ekki gengið eftir eins og björtustu vonir manna stóðu til. Það gildir um þá alla og á því er enginn vafi. Þar af leiðandi er óskaplega auðvelt að koma í ræðustól og leika þann leik sem næstsíðasti hv. ræðumaður gerði hér áðan, að setja út á það, gagnrýna, vera vitur eftir á og allt þar fram eftir götunum. En *þá er horft fram hjá mörgu, m.a. því að vandamál íslensks* landbúnaðar eru í sjálfu sér ekkert mjög frábrugðin því sem gildir víða í kringum okkur. Þá er líka horft fram hjá því að erfiðleikar landbúnaðarins eru ekki einangrað fyrirbæri heldur hluti af víðtækari þjóðfélagsbreytingum þar sem sveitirnar allar og strjálbýlið hefur átt undir högg að sækja af fleiri ástæðum en málefnum búvöruframleiðslunnar.

Það sem hefur að mínu mati, herra forseti, gert þessar breytingar og þessa aðlögun búvöruframleiðslunnar og landbúnaðarins að breyttum aðstæðum sérstaklega erfiða og erfiðari en menn gátu búist við 1985, 1991 og þess vegna aftur 1995, er að ýmsar ytri aðstæður hafa jafnt og þétt haldið áfram að vera landbúnaðinum og sveitunum mótdrægar.

Í fyrsta lagi, og það á sérstaklega við um sauðfjárræktina, hefur sala afurðanna á innanlandsmarkaði, sem er auðvitað sá markaður sem hefur haldið atvinnugreininni uppi, haldið áfram að minnka og jafnvel hraðar og meir en menn höfðu búist við. Verð hefur lækkað, útflutningsmöguleikar hafa ekki skilað því sem menn bundu vonir við og þrátt fyrir að rofað hafi til á köflum og menn hafi verið farnir að gera sér vonir um að jafnvel mætti, ef vel gengi áfram, fara að stefna á framleiðslu til útflutnings sem sæmilega viðbót við þá hefðbundnu framleiðslu á innanlandmarkaði sem menn *hefðu með höndum og með lágum jaðarkostnaði slíkrar* viðbótarframleiðslu, gæti hún farið að skila bændum tekjum. Þær vonir hafa því miður einnig brugðist að mestu.

Síðan verður að horfa til þess að það hefur reynst ákaflega erfitt og lítið miðað í því að byggja upp aðra atvinnustarfsemi eða auka tekjumöguleika bænda meðfram hinum hefðbundna búskap þannig að það gæti styrkt stöðuna og bætt afkomu heimilanna í sveitum, annars vegar í gegnum þá viðbótartekjuöflun sem menn hefðu samhliða búskapnum, eða gegnum það að aukin verkaskipting gæti komið til þannig að sumir sneru sér að öðru en svigrúm hinna sem eftir yrðu í búvöruframleiðslunni rýmkaðist að sama skapi. Þetta, herra forseti, hefur því miður ekki gengið eftir nema að mjög litlu leyti. Vissulega hafa ákveðnir jákvæðir hlutir verið í þróun og mætti þar nefna hluti eins og aukna ferðaþjónustu í sveitum o.fl., en það hefur bæði skilað minna og gengið hægar en vonir stóðu til, a.m.k. þess sem hér talar.

Ég kemst ekki hjá því, herra forseti, að nefna að ég held að við gerð núverandi búvörusamnings hafi menn verið að glíma við a.m.k. eitt atriði sem ég var afar uggandi yfir þegar samningur var gerður 1995. Ég óttaðist þá og taldi mjög tvíbent að fara út í að rjúfa það samhengi stuðningsins, framleiðslunnar og innanlandsmarkaðar sem hafði verið komið á *með tveimur undangengnum búvörusamningum og fært til* þess miklar fórnir. Ég sé ekki annað, því miður, þó ég hafi enga sérstaka ánægju af því að segja hér eftir „já, sagði ég ekki", en að það hafi gengið eftir og menn séu í og með að glíma við þann vanda sem þetta hefur síðan skapað vegna þess að þetta hefur ekki leyst að mínu mati nokkurn skapaðan hlut en skapað erfiðleika sem eru þeim mun meiri sem salan á innanlandsmarkaði hefur dregist meira saman. Þess vegna viðurkenni ég að samningamönnum voru að mörgu leyti skapaðar mjög erfiðar aðstæður því þennan afleik, sem mér er næst skapi að kalla svo, er ekki auðvelt að taka upp þegar þetta samhengi hefur einu sinni verið rofið.

Nú, ekki meira um það, herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að segja og tek þar undir það sem fram kemur í nál. 2. minni hluta landbn., sem hv. þm. Þuríður Backman gerði áðan prýðilega grein fyrir, að ég óttast það að meira þurfi til. *Ég hefði viljað sjá annað tveggja, hreinlega meiri stuðningi* varið til aðlögunar að breyttum aðstæðum og til að stefna markvisst að því að bæta kjör bænda innan þessa samnings eða með markvissum hliðarráðstöfunum sem honum tengdust.

Ég óttast mjög að þetta dugi ekki til að snúa þannig við þróun mála í sveitum og í hinu eiginlega strjálbýli að við getum horft þar til eitthvað betri tíðar og almennt batnandi afkomu. Þá hlýtur okkur, herra forseti, öllum að vera ljóst að það getur ekki endað nema á einn veg, sveitirnar hljóta að halda áfram að tæmast og ekki síst þær sem eru háðastar sauðfjárræktinni og liggja þannig að þar er minnst um aðra atvinnumöguleika. Sauðfjárræktinni er í dag að langmestu leyti haldið uppi, herra forseti, þar sem afkoma manna er þannig að það sé í raun og veru hægt að ræða um hana á annað borð með hliðartekjuöflun. Það er jafnvel svo að á sumum af stærstu búum landsins stunda menn vinnu samhliða búskapnum ekkert síður en annars staðar. Því miður eru þau fá, búin, ef þau finnast þá yfir höfuð í sauðfjárrækt, þar sem fjölskylda hefur sómasamlegar tekjur af búskapnum einum saman.

Ég hlýt líka að nefna, herra forseti, að erfiðleikarnir af þessum toga eru þeim mun sársaukafyllri og koma verr við *sem minna hefur í raun og veru markvisst verið gert til þess* að bæta aðstæður manna sem svona eru settir að öðru leyti. Það er því miður þannig að það er ekki bara að menn verða að horfast í augu við erfiðleika hinnar hefðbundnu búvöruframleiðslu og sauðfjárræktarinnar sem hér er sérstaklega til umræðu, heldur verða menn að horfast í augu við að það hefur gengið sorglega hægt að taka á þeim vandamálum sem standa mönnum hvað mest fyrir þrifum og ég nefni þar tvennt. Ég nefni t.d. ófremdarástand í sambandi við dreifingu raforku, sem stendur allri annarri atvinnusköpun í velflestum sveitum landsins fyrir þrifum af því það er ósköp einfaldlega svo dýrt og illa samkeppnisfært að byggja upp einhverja aðra starfsemi, iðnaðarstarfsemi eða ferðaþjónustuna eða annað slíkt sem notar orku ef menn þurfa að kaupa hana á mun hærra verði í gegnum einfasa rafmagn. Og ég nefni samgöngumál. Það er ekki nokkur spurning að bágborið ástand vega, safnvega og tengivega, sem sveitabýlin búa almennt við af meginþjóðvegakerfinu, er mönnum gríðarlegur þröskuldur yfir að stíga gagnvart allri annarri mögulegri atvinnusköpun og sókn til þjónustu og annarra slíkra hluta.

Ég held því, herra forseti, að við komumst ekki langt ef við ræðum þetta ekki í því samhengi sem er óhjákvæmilegt að gera. Það eru til viðbótar vandamálum sem búvöruframleiðslunni sjálfri tengjast beint og afkomunni sem af henni leiðir sem slíkri aðrar almennar aðstæður sem mönnum eru búnar og þar hallar líka mikið á.

Nú er það, herra forseti, í raun og veru svo að að mínu mati er það að verða hlutfallslega miðað við þjóðarframleiðslu á Íslandi ekki það stórt mál að gera þarna svolítið betur að það er eiginlega dapurlegt að ekki skuli hafa náðst

að skapast um það víðtækari samstaða. Þá vísa ég aftur til þess sem ég sagði, hvort heldur litið er til kjaranna sem slíkra beint, skilyrða búrvöruframleiðslunnar og þeirra tekna sem af henni er hægt að hafa eða annarra þátta sem hafa þarna áhrif á aðstæður manna og afkomu.

Málið snýst að lokum um það, herra forseti, hvort menn vilja í grófum drættum verja það búsetumunstur og þá samfélagsgerð sem landbúnaðurinn og hinn hefðbundni búskapur er auðvitað hluti af. Þá verða menn að kosta þar nokkru til, það er alveg augljóst mál, og við getum ekki vænst þess hér á Íslandi frekar en yfirleitt annars staðar þar sem búskapurinn er nánast án undantekninga um heim meira og minna styrktur. Ég þekki sjálfur aðeins eitt land þar sem segja má að hann sé að mestu leyti látinn bera sig sjálfur, þ.e. höfuðgreinar hans, og það er Nýja-Sjáland, enda einstaklega vel fallið til landbúnaðar. Sennilega finnst nú ekki annað eins, önnur hliðstæða á jarðríki, og þar var sú grein lengi í sambærilegri stöðu í efnahagslífi landsins eins og íslenskur sjávarútvegur hefur verið. Þá snýst dæmið við, enda við nánast einir þjóða um það að láta þá grein spjara sig algerlega eða nokkurn veginn án stuðnings. Við höfum að sama skapi til þess einhverjar bestu aðstæður sem fyrir finnast á hnettinum að láta sjávarútveg ganga vel af því við eigum mjög auðug fiskimið og erum vel sett til þess að sækja á þau.

Svona er nú þetta, herra forseti. Ég leyfi mér, þó hér sé nokkuð knappt um tíma og mikið annríki, að hafa um þetta þessi fáeinu orð.

Það er svo, herra forseti, að lokum, að ég ítreka það sem fram kemur og tek undir það sem fram kemur í nál. 2. minni hluta. Í raun er það þannig að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum nálægt því að geta stutt þennan samning. Við hefðum þó viljað hafa hann öðruvísi og hafa þarna ákveðna hluti með öðrum hætti, bæði hvað varðar framkvæmdina og þá sérstaklega það mikla álitamál hvenær og hvernig menn opna á nýjan leik fyrir viðskipti með framleiðsluréttinn, m.a. vegna þess að þau viðskipti eru að mínu mati í allt öðru og miklu síðra samhengi vegna breytinganna sem gerðar voru í búvörusamningnum 1995. Væri enn til staðar það beina og órofna samband milli stuðningsins, framleiðslunnar og innanlandsmarkaðar, sem komið var á með ærnum sársauka, eins og ég hef áður sagt með fyrri samningum, væri tilfærsla þess réttar, þ.e. ávísunar á þann stuðning hins opinbera sem fólginn er í beingreiðslunum, auðvitað í öðru samhengi en nú er orðið þar sem í reynd er um að ræða fyrst og fremst viðskipti með réttinn til að þiggja stuðning frá ríkinu án sömu tengsla við aðstæðurnar í greininni og á innlendum markaði sem voru áður fyrir hendi. Það er veikleiki að mínu mati.

Hitt atriðið er svo það sem einnig er flutt brtt. um af okkar hálfu að það verði tryggt að atvinnugreinin haldi fullu raungildi þess fjárstuðnings sem fólgið er í núverandi framleiðslurétti eða beingreiðslurétti innan greinarinnar og ríkið afsali sér þar af leiðandi í reynd ábata af því að kaupa upp og út úr dæminu framleiðslurétt. Ef ég hef tekið rétt eftir var að vísu boðað í formi yfirlýsingar sem gefin var í andsvari að um 7.000 eða 7.500 ærgildum af þeim, ef ég hef skilið rétt, sem til stóð að yrðu upp keypt og hyrfu út úr myndinni yrði skilað aftur með tilteknum hætti til stuðnings sauðfjárrækt og/eða byggð á einhverjum tilteknum svæðum. Því fagna ég að sjálfsögðu, en þá standa eftir, ef rétt er reiknað hér, mögulega 13.000 ærgildi sem fara þá út eða ígildi þeirra í fjárstuðningi sem ríkið væri að spara sér. Það er orðinn bitamunur en ekki fjár, en gæti þó munað ef því væri vel og skemmtilega varið innan greinarinnar og það er tillaga okkar að verði gert. Með slíkum viðbótum hefðum við getað hugsað okkur að styðja meginefni frv., en náist ekki fram lagfæringar á þessu atriði munum við að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins. Enda má það kallast eðlilegt í sjálfu sér, herra forseti, að stjórnarandstöðuflokkur sem var ekki kallaður til verkanna sérstaklega eða hafður með í ráðum, sé í sjálfu sér ekki að bera pólitíska ábyrgð á gjörð af þessu tagi sem til er stofnað af hálfu ríkisstjórnar, í umboði meiri hluta hennar, og síðan framkvæmdur væntanlega í framhaldinu af þeim hinum sömu aðilum. Umgjörð málsins er kannski í raun og veru ekki sú að það sé við öðru að búast en að þeir sem fara með framkvæmdarvaldið og bera ábyrgð á því, axli ábyrgð á málinu. Enda er það ein af lögbundnum skyldum landbrh. eins og kunnugt að leita eftir slíkum samningum og flokkast undir embættisskyldur.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð og læt máli mínu lokið.

[23:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski erfitt að hrekja hv. þm. í andsvar. Í sjálfu sér ætla ég ekki að veita honum neitt andsvar. Ég vil taka undir margt sem fram kom í málefnalegri ræðu hans, hann kom inn á mörg atriði, og ég held að mönnum sé hollt að ræða málin eins og hann gerði í umræðunni, fara yfir stöðuna. Það er rétt sem hv. þm. sagði, hún var ekkert létt. Mikill vandi blasir við mörgu fólki sem stundar þessa búgrein. Hátt í 2.600 bændur eru með sauðfé og sjá náttúrlega allir að miðað við framleiðsluna eru of margir að framleiða of lítið og vandinn er stór. En við trúum því að sá samningur sem hér er muni skapa nýjar aðstæður.

Ég vil taka undir með hv. þm. að þó að ég álíti þennan langtímasamning mjög mikilvægan fyrir greinina þurfa menn auðvitað að fylgjast með stöðu samningsins og jafnvel grípa inn í þróunina ef hann virkar ekki sem skyldi. Það rakti hv. þm. vel í máli sínu um fyrri samninga.

En ég vil leggja áherslu á við íslenska bændur að það sem skiptir höfuðmáli er innanlandsmarkaðurinn eins og hv. þm. minntist á, þ.e. hvernig menn standa að sölu afurðanna. Þar skiptir máli hvernig staðið verður að verki af hálfu bænda og afurðastöðva þeirra. Það gleðilega við samninginn 1995 var fyrst og fremst það að innanlandsneysla hefur haldist í mjög svipuðu fari sl. fjögur til fimm ár. Ég vona að menn átti sig á því að þeir þurfa að standa nærri markaðnum, þeir þurfa að bera vöru sína fram í samkeppni við margar aðrar góðar matvörur. Þetta er því spurning um samkeppni og baráttu. Ég vona að samningurinn skili því að bændurnir og afurðastöðvarnar standi vel að því atriði.

[23:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að hæstv. landbrh. skuli boða okkur trú á sinn eigin gerning, þ.e. þennan samning sem hann ber að sínu leyti ábyrgð á og hefur gert við Bændasamtökin. Auðvitað vona ég að hæstv. ráðherra verði að trú sinni og að þessi samningur reynist vel, en ég hef mínar áhyggjur og efasemdir því miður. En ég hefði glaðst yfir því ef þarna hefði verið tekið myndarlegar á ákveðnum hlutum.

Varðandi mikilvægi innanlandsmarkaðarins hefur það náttúrlega lengi blasað við að í rauninni væri það hið eina sem innlend framleiðsla af þessu tagi hefði til þess að treysta

á þangað til að þau gleðitíðindi yrðu að mönnum opnuðust einhverjir markaðir sem gæfu verð og stöðugleika til framleiðslu þannig að á því væri eitthvað byggjandi en það hefur ekki verið. Lengst af hefur það verið þegar til kastanna kemur Færeyjamarkaðurinn sem hefur reynst okkur best.

Ég hef hins vegar, herra forseti, miklar áhyggjur af því sem hæstv. ráðherra nefndi og það er staða framleiðslu- og afurðastöðva á markaði innan lands. Ég held að þar hafi líka gerst hlutir sem við verðum að horfast í augu við að geta verið og eru að mörgu leyti slíkri framleiðslu mjög erfiðir. Það er sú fákeppnisstaða sem er uppi í mikilvægustu matvælaverslun í landinu, t.d. á markaðnum á höfuðborgarsvæðinu þar sem yfirgnæfandi hluti landsmanna býr. Enginn minnsti vafi er á því að þar eru minni afurðasölufyrirtæki og aðilar sem eru birgjar stórra fákeppnisverslunarkeðja settir í afar erfiðar aðstæður og píndir þannig að hlutur þeirra og einnig þeirra sem í gegnum þá framleiða er ekki sérstaklega glæsilegur. Ég held því að hæstv. landbrh. ætti að eiga fundi með félaga sínum viðskrh. oft og lengi um þau mál og vita hvort þar er ekki líka ákveðinn vanda að finna.

[23:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að auðvitað hefur landbrh. trú á þessum gerningi, en mér heyrist nú að sáralitlu munaði að hv. þm. gæti einnig stutt þennan samning. Einhver smáatriði, kannski spurning um meiri peninga eða önnur fáein atriði sem koma fram í þskj. hv. þm. Þuríðar Backman gera það að verkum að leiðir skilja að því leyti og trúi ég því að vinstri grænir muni sitja þá hjá við afgreiðslu málsins. En ég er vissulega þakklátur fyrir hvað litlu munaði um stuðninginn.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að fákeppnisstaða er áhyggjuefni í huga þess sem hér stendur, fákeppnisstaða sem er að þróast í búgreinum og ekki síður sú fákeppnisstaða sem hv. þm. minntist á í verslun. Það er stórmál sem varðar fleiri en þann sem hér stendur og hæstv. viðskrh., það varðar kannski löggjöfina og Alþingi Íslendinga meira en nokkurn annan. Ég held að það sé atvinnugreinunum og ekki síst neytendum mikilvægt að þar sé örugg staða í landinu.

Ég vil að lokum segja um sauðfjárræktina að rétt er hjá hv. þm. að hún hefur þróast á ákveðinn hátt sem aukabúgrein, sem búgrein með atvinnu, búgrein sem er góð með mjólkurframleiðslu og ýmsu öðru. Því miður hefur þeim sem hafa þessa búgrein sem aðalatvinnu fækkað á síðustu árum og staða þeirra margra er erfið.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum að þessu. Það er mjög mikilvægt að horfa til annars atvinnulífs og hv. þm. minntist á raforku og þriggja fasa rafmagn til að byggja upp annað atvinnulíf. Vil ég taka undir þau orð öll um leið og ég þakka honum fyrir málefnalega og ágæta ræðu.

[23:36]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka einnig fyrir ágæta ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það er ánægjulegt að hann er farinn að koma hér í stólinn aftur. Ég vil þó benda hv. þm. á að vera ekki of lengi í stólnum í einu svona til að byrja með en það er gott að hann er farinn að stíga í fæturna en er þó ekki farinn að sleppa sér.

Hann ræddi það að ekki hefði munað miklu að hann og þingflokkur hans gætu stutt þetta frv. til laga. Af hálfu þingflokks hans var ágæt vinna lögð fram í landbn. og ég er þakklátur fyrir það. En mér þykir það dálítið harðræði þeirra við sjálf sig í þeim þingflokki að ætla sér ekki að styðja frv. með okkur því það munar svo litlu. Ef ætti að auka stuðninginn má geta þess að á því tímabili sem er að líða, frá 1995–2000, þá er stuðningurinn u.þ.b. helmingurinn af framleiðslukostnaðinum. En á komandi tímabili er útlit fyrir að stuðningurinn verði 57% miðað við innanlandsneysluna. Stuðningurinn er því vissulega aukinn.

Síðan er þess einnig að geta að byggðir eru styrktar á fleiri vegu en gegnum sauðfjárræktina. Hliðarráðstafanir eru gerðar sem tengjast samningnum og komið hefur fram við umræðuna að 7.500 ærgildi greiðslumarks verða sett út til þeirra sauðfjársvæða sem hvað erfiðast eiga eða fólk sem þar býr færi að afla tekna af annarri atvinnu. Að gera svolítið betur, sagði hv. þm. Ég hygg að gengið sé eins langt og kostur er til þess að almenn sátt sé um málið og ég er dálítið ánægður með að það skuli þó nást sátt um þetta.

[23:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má til sanns vegar færa hjá hv. þm. að sá sem hér talar sé að byrja að læra að ganga í annað sinn, það þykir nú ekki mikið í minni ætt, þar hafa menn iðulega lent í því að læra að ganga upp í þrisvar og fjórum sinnum á ævinni.

En varðandi stuðning við frv. þá vil ég segja að auðvitað er engum betur ljóst en hv. þm. og formanni landbn. að við greiðum ekki atkvæði í sjálfu sér efnislega um samninginn sjálfan, heldur er hann fskj. með frv. Fyrir utan að taka efni til hans að sjálfsögðu sem þess gernings sem kallar á lagasetninguna, þá tökum við afstöðu til lagaumhverfisins eða rammans og þess sem gæti bæst við í formi einhliða ákvarðana ríkisvaldsins. Að sjálfsögðu höfum við í hendi okkar hér á Alþingi Íslendinga ef okkur sýnist svo að gera betur og vera þarna með ívilnandi viðbætur við samninginn og það er það sem við m.a. erum að lýsa eftir og hefði haft áhrif á afstöðu okkar. Í reynd boðum við það að ef brtt. okkar næðu fram að ganga og viðbótarfjárstuðningur yrði tryggður og þessi tilhögun á framkvæmd samningsins, þá gætum við stutt meginatriði hans. Ég held að ég þurfi ekkert að bæta neinu við það, það skýrir sig að öðru leyti sjálft og birtist mönnum þá eftir atvikum í atkvæðagreiðslum þegar þær verða.

[23:40]

Frsm. meiri hluta landbn. (Hjálmar Jónsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Komið hefur fram að stuðningurinn hækkar miðað við innanlandsneysluna úr u.þ.b. 50% í 57%. Þar að auki eru þau 7.500 ærgildi umfram það sem er í samningnum þar sem verið er að spila út til viðbótar til að auðvelda hinum dreifðustu byggðum þar sem sauðfjárræktin er hvað mikilvægust fyrir byggðina. Þessu er veitt þangað aukreitis fyrir utan samninginn. Ég bendi bara á að verið er að gera betur þrátt fyrir allt en var í samningi ríkis og bænda.

[23:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er góðra gjalda vert og við höfum bent á það hér og hv. þm. Þuríður Backman tók það strax fram í framsöguræðu sinni fyrir nál. að við fögnuðum að sjálfsögðu þeirri breytingu. Við eigum að vísu alveg eftir að sjá útfærslu þeirra ákvæða og þeirrar framkvæmdar, en sú ákvörðun er í sjálfu sér undirstrikun þess að að sjálfsögðu

getur Alþingi gert þarna einhliða ívilnandi breytingar, því við gerum ekki ráð fyrir því að Bændasamtökin eða forusta bænda sem fyrir hönd þeirra semur færi að setja sig upp á móti því að um ívilnandi lagfæringar á gerningnum eða viðbætur með honum yrði að ræða.

Herra forseti. Þegar menn ræða um prósentur og hlutfall af stuðningi eins og hér var gert skulum við líka minnast þess að við vitum að ástandið sem verið er að reyna að breyta, vonandi þá eitthvað lítillega til bóta, er eins og það er. Síðustu ár hafa gert íslenska bændur að líklega fátækustu stétt landsins og meðaltekjur eru svo lágar að maður ber sér það varla í munn sem talið er samkvæmt bestu gögnum sem við höfum um þá hluti. Við skulum því ganga ákaflega hægt um þær gleðinnar dyr að hér sé lítillega verið að gera betur en áður var, það er fagnaðarefni svo langt sem það nær en það er líka frá sorglega litlu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 859, nál. 1162 og 1236, brtt. 1199.

[23:43]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir þingi eftir umfjöllun hv. umhvn. fjallar um samning og framkvæmd hans. Þar er fjallað um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Samning þennan hefur Ísland undirgengist með þeim skilyrðum að hann skuli koma hér til umfjöllunar og samþykktar. Eitt meginefni frv. felst í að umhvrh. og sjútvrh. setji reglugerð um margvísleg þau atriði er varða inntak frv., þ.e. um það hvernig fara skuli með alþjóðaverslun á tegundum villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu og gerð er grein fyrir því í frv. hver helstu atriði þessarar væntanlegu reglugerðar eru. En reglugerðin tekur til innflutnings, útflutnings og leyfisveitinga, enn fremur til undanþágna frá almennum reglum um verslun með dýr og hlutverk leyfisveitenda og skilgreiningu réttbærra opinberra aðila í málinu.

Við í hv. umhvn. teljum að hér sé um svo veigamikið atriði að ræða í frv. þegar horft er til reglugerðarinnar að nauðsynlegt sé að setja reglugerðina hið bráðasta. Þess vegna hefur nefndin lagt til að reglugerðin verði sett eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku laganna. Það eru meginbreytingarnar sem nefndin gerir og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum sem hv. umhvn. hefur lagt til og kemur fram í þingskjölum.

[23:45]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá minni hluta umhvn. um frv. til laga um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Frv. það sem hér um ræðir fjallar um mjög merkan samning, CITES-samninginn sem Alþingi hefur í raun staðfest og hér er til umfjöllunar frv. til laga um framkvæmd hans.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að yfirstjórn mála samkvæmt lögunum sé í höndum tveggja ráðherra, þ.e. umhvrh. og sjútvrh. og er það rökstutt í greinargerð með tilvísun í reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Minni hluti umhvn. telur að hér sé gengið fulllangt í skilgreiningu á verksviði ráðuneyta, en 2. töluliður 12. gr. nefndrar reglugerðar segir að sjávarútvegsráðuneyti fari með mál er varða, með leyfi forseta: „Friðun og nýtingu fiskimiða.“

Minni hlutinn telur reglugerð þessa ekki krefjast þess að framkvæmd samningsins verði að hluta á hendi sjávarútvegsráðherra. Samkvæmt henni fer hann einungis með friðun og nýtingu fiskimiða. Hins vegar er í 13. gr. sömu reglugerðar fjallað um verksvið umhverfisráðuneytis og þar kemur fram að aðgerðir til að stjórna stofnstærð villtra dýra og dýravernd heyra undir verksvið þess ráðuneytis.

Í þessu sambandi telur minni hlutinn rétt að huga að því að þótt CITES-samningurinn sé í eðli sínu viðskiptasamningur er honum ætlað að stuðla að verndun dýra eða því að verndarákvæðum sé framfylgt. Það að banna verslun með dýr í útrýmingarhættu hefur reynst vel í báráttunni gegn veiðum á þeim og í sumum tilfellum betur en friðunarráðstafanir. Í skilningi reglugerðarákvæðanna sem að framan voru nefnd heyra málefni og markmið samningsins mun fremur undir umhverfisráðherra en sjávarútvegsráðherra. Minni hlutinn leggur það því til í sérstöku þingskjali. Er það í samræmi við umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndar ríkisins sem nefndinni bárust. Mun það einnig vera í samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum og víðast í Evrópu.

Minni hlutinn telur einnig mikilvægt að einfalda og skýra framkvæmd samningsins og leggur því fram breytingartillögu, en leggur þó til að í málum sem snerta nytjastofna sjávar skuli umhverfisráðherra leita eftir samþykki sjávarútvegsráðherra áður en ákvarðanir eru teknar. Ábyrgð á framkvæmdinni verði þó aðeins á einni hendi, þ.e. umhverfisráðherra og þar með reglugerðarsmíðin öll vegna samningsins. Og um reglugerðarsmíðina skal tekið fram að minni hlutinn styður að setningu reglugerðar verði flýtt og tímatakmark sett, þ.e. innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 399. mál (ríkisframlag). — Þskj. 657, nál. 1159.

[23:49]

Frsm. landbn. (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Eftir þessa þulu tek ég til máls og mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða, nr. 27/1995.

Hv. landbn. er einhuga í því að mæla með þessu frv. til laga, þ.e. að framlengja átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða til ársins 2002.

Nefndin telur mikilvægt að styrkja og styðja við framleiðslu og markaðssetningu þessara afurða og hvetur til þess að áfram verði haldið á þeirri braut, en bendir þó á að setja þurfi skýrari vinnureglur um starfsemi verkefnisins og notkun þess fjár sem það fær til umráða. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nefndarálitið rita allir aðrir hv. þingmenn landbn.

[23:50]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um breytingu á lögum um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða.

Á fjárlögum þessa árs hefur Áformi – átaksverkefni verið úthlutað 25 millj. kr. og nú er verið að framlengja verkefnið um önnur tvö ár.

Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara þar sem nokkur gagnrýni hefur komið fram á starfshætti Áforms – átaksverkefnis. Mjög erfitt er að meta árangur af starfsemi verkefnisins þau fimm ár sem liðin eru síðan það hófst þar sem hlutverk átaksverkefnisins er mjög almenns eðlis og skýrar vinnureglur og markmið hafa ekki verið sett um starfsemi þess. Eins og kemur fram í nefndaráliti landbn. þarf að setja skýrar vinnureglur um starfsemi átaksverkefnisins og notkun þess fjármagns sem það fær til umráða. Þessar vinnureglur verður að setja strax svo þeir aðilar sem vinna að framleiðslu, markaðssetningu og rannsóknum vistvænna og lífrænna afurða sitji allir við sama borð og viti hvaða möguleika þeir hafa til að sækja fé og stuðning til hinna ýmsu verkefna úr sjóði verkefnisins.

Ég gagnrýni einnig þær áherslur sem lagðar hafa verið á vistvæna ræktun sauðfjár í stað þess að leggja áherslu á lífræna framleiðslu. Þar sem stór hluti fjármuna átaksverkefnisins hefur farið í markaðssetningu á vistvænu dilkakjöti þá vona ég að að fenginni reynslu verði áhersla lögð á lífrænt vottaðar vörur. Þar liggur vaxtarbroddurinn og möguleikar bænda til að fá hærra verð fyrir útflutningsafurðir sínar.

Ómarkviss vinna virðist einnig hafa verið í útgáfu og kynningarstarfi um vistvænar og lífrænar afurðir og gagnrýna má einnig háan rekstrarkostnað átaksverkefnisins, en hann er 36% af árlegu ráðstöfunarfé þess.

Herra forseti. Spyrja má hvers vegna ég studdi frv. með fyrirvara þó. Ástæðan er sú að vilji virðist vera fyrir því að styrkja áfram framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða og þar sem þessi leið hefur verið valin, tel ég óráðlegt að leggja verkefnið niður nema fjármunum verði örugglega fyrir komið með öðrum hætti innan landbúnaðarins. Að mínu mati er átaksverkefnið sett á til nokkurra ára. Eftir það þarf að finna verkefninu farveg innan kerfisins ef menn eru sammála um ágæti þess.

Þetta átaksverkefni á að vera sjálfsagður hluti af starfi Bændasamtakanna, landbrn., Búnaðarháskólans og fleiri og þar þarf að finna því farveg. Ég hvet til þess að unnið verði að því að undirbúa farveg til að koma markmiðum átaksverkefnisins í framleiðsluferli og inn í markmið Bændasamtakanna, eins og ég sagði áðan, og landbrn. og að háskólinn hafi þetta sem hluta af sínu starfi. Eins að til sé sjóður sem bændur sem eru í lífrænni ræktun eða vilja fara í rannsóknir á vistvænum og lífrænni framleiðslu hafa aðgang að.

Ég fann að áhugi var á að halda þessu áfram og þar sem ég er mikill hvatamaður að öllu því sem styður lífræna og vistvæna framleiðslu, vildi ég ekki standa í vegi fyrir því að þetta verkefni yrði framlengt til 2002 en legg mikla áherslu á að þetta sem hefur verið átak og átaksverkefni verði í framtíðinni eðlilegt ferli, eðlilegur hluti af annarri starfsemi sem snýr að landbúnaðarstörfum og öllum þeim sem vilja leggja stund á rannsóknir á lífrænum vörum.

[23:56]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að koma og segja nokkur orð þegar þetta mál er til umfjöllunar við 2. umr. svo harkalega gagnrýndi ég það við 1. umr. þess. Ég er að sönnu hjartanlega sammála því sem kom fram hjá hv. ræðumanni Þuríði Backman sem talaði á undan mér, að það er lífsnauðsyn að reglur þær sem getið er í nefndaráliti landbn. verði settar strax og þær verða að vera ítarlegar og vel ígrundaðar því þetta er verkefni sem hefur skort reglugerðarákvæði. Hér er verkefni til umfjöllunar sem hefur haft 25 millj. kr. til ráðstöfunar frá landbrn. á hverju einasta ári síðan 1995 og stjórn þessa verkefnis hefur virkað sem óháð sjóðstjórn. Það er til skammar að 37% þessara fjármuna skulu hafa farið í stjórnunarkostnað í svona litlu verkefni sem tekur í rauninni ekki meiri fjármuni en þessa til sín.

Síðan við ræddum þetta mál við 1. umr. hefur verið lögð fram skýrsla, stjórnsýsluendurskoðun, frá Ríkisendurskoðun um Áform – átaksverkefni. Það verður að koma hér fram, herra forseti, að niðurstaða ríkisendurskoðanda í þessari skýrslu er afar alvarleg og styður það sem ég hef áður sagt í þessu máli sem er að verkefni af þessu tagi sem var skilgreint eins og það var skilgreint þegar fyrir því var talað hér á sínum tíma, hefði allan tímann átt að heyra undir landbrn. og stofnanir þess en ekki undir fríhjólandi sjóðstjórn. Ég verð að láta það eftir mér, herra forseti, að lesa niðurstöðu skýrslu Ríkisendurskoðunar sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ljóst er að náðst hefur nokkur árangur í því að koma á viðhorfsbreytingu gagnvart gæðastýringu í landbúnaði auk þess sem árangur hefur náðst á ýmsum sviðum verkefnisins."

Herra forseti. Hér skýt ég inn frá eigin brjósti að mér finnst það nokkur hroki að stjórn átaksverkefnisins skuli þakka sér þá viðhorfsbreytingu sem hefur orðið undanfarin fimm, sex ár til lífrænna eða vistvænna landbúnaðarafurða. Ég held áfram tilvitnuninni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir það er það álit Ríkisendurskoðunar að forsvarsmenn verkefnisins hafi ekki staðið á nægilega markvissan hátt að verkefnavali. Verkefnavalið hafi spannað of vítt svið miðað við þá fjármuni sem stjórnin hafði til ráðstöfunar. Markmið og áherslur þarf að mati Ríkisendurskoðunar að móta á skýrari hátt og nauðsynlegt er að setja skriflegar verklagsreglur. Þar sem um takmarkað ráðstöfunarfé var að ræða hefði mátt ná fram meiri árangri með því að beina áherslum verkefnisins að tilteknum afmörkuðum sviðum hverju sinni í stað þess að dreifa fjármunum verkefnisins til svo margra smárra verkefna eins og gert var."

Allt sem fram kemur í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar styður það sem ég sagði við 1. umr. málsins. Það er ámælisvert að svona verkefni skuli hafa farið af stað og að ekki hafi verið sett um það reglugerð og að ekki hafa verið haft með því meira eftirlit en raun ber vitni. Þetta er áfellisdómur yfir verkefninu í heild og, herra forseti, ég sé ekki ástæðuna sem landbn. sér með að styrkja verkefnið sem slíkt áfram. Málaflokkinn hins vegar ber að styrkja ríkulega en þá undir formerki hæstv. landbrh. og stofnana landbrn. Það hefði að mínu mati verið miklu skynsamlegri leið því að við verðum að athuga það að við erum þegar komin með 30 býli í landinu sem hafa vottun til lífrænnar framleiðslu á kartöflum, grænmeti, korni, mjólk, sauðfjárafurðum, trjáplöntum, skógarafurðum, garðblómum, ávöxtum og kryddjurtum. Við erum komin með vottað nytjaland sem nemur nú tæpum

3.400 hekturum og fer hratt vaxandi ár frá ári. Þá hafa tíu fyrirtæki vottun til móttöku og vinnslu á lífrænu hráefni. Þar af eru þrjú sláturhús, tvær mjólkurstöðvar, þörungaverksmiðja og grænmetis- og ávaxtadreifingarstöð og þá hefur stærsta dúnbýli landsins hlotið vottun til markaðssetningar á æðardúni sem vottaðri náttúruafurð.

Herra forseti. Þessar staðreyndir segja okkur að vakningin er mikil og það er þörf fyrir öfluga stefnu í málefnum lífrænnar ræktunar, lífrænnar framleiðslu. Þessari stefnu auglýsi ég enn eftir og ég skora á hæstv. landrh., af því að hann situr hér og hlýðir á mál mitt, að vakna nú til vitundar um að hér þurfi að setja almenna harða stefnu um að efla lífræna ræktun í landinu og skilja vel á milli lífrænu ræktunarinnar og hinnar vistvænu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Frv. DO, 522. mál (heildarlög). — Þskj. 823, nál. 1128 og 1270, brtt. 1271 og 1328.

[00:01]

Frsm. meiri hluta allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er það samið af nefnd sem skipuð var af hæstv. forsrh. í október 1999 samkvæmt tilnefningum þingflokka stjórnarflokkanna og þingflokka utan ríkisstjórnar. Var nefndinni falið að semja frv. til nýrra heildarlaga um kosningar til Alþingis. Hlutverk hennar var að útfæra ákvæði 31. gr. stjórnarskrárinnar, eins og henni var breytt með stjórnarskipunarlögum, nr. 77/1999, um kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta ásamt öðrum breytingum á kosningakerfinu sem samkomulag um þessar breytingar gerði jafnframt ráð fyrir. Þá var henni falið að fjalla um áður framkomnar tillögur um breytingar á kosningalögum en á 123. löggjafarþingi var lagt fyrir Alþingi frv. til laga um kosningar til Alþingis sem ekki varð útrætt. Þar var um að ræða tillögur nefndar sem fyrrv. dómsmrh. skipaði, samkvæmt tilnefningum allra þingflokka sem þá áttu sæti á Alþingi, til að endurskoða kosningalöggjöfina í heild. Enn fremur var nefndinni falið að ljúka endurskoðun kosningalaganna að öðru leyti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til breytingar á frv. Breytingartillögurnar fela ekki í sér efnisbreytingar.

Við umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að æskilegt sé að ákvæðum frv. um úhlutun þingsæta sé jafnframt lýst stærðfræðilega á samræmdan hátt sem fjölmiðlar og eftir atvikum aðrir sem láta forrita tölvur til að lesa niðurstöður úr úrslitum kosninga geti stuðst við. Meiri hluti nefndarinnar tekur undir þessa ábendingu og telur mikilvægt að upplýsingar um framkvæmd laganna séu settar fram á samræmdan hátt að þessu leyti. Af því tilefni beinir hann því til landskjörstjórnar að setja þessi ákvæði fram á hlutlausan reiknifræðilegan hátt fyrir hverjar kosningar.

Herra forseti. Meiri hluti allshn. mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og Ásta Möller voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir meirihlutaálit allshn. rita Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Jónína Bjartmarz, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Jónsson, með fyrirvara, Katrín Fjeldsted og Lúðvík Bergvinsson.

[00:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Reyndar er það svo að Vinstri hreyfingin – grænt framboð á aðeins áheyrnarfulltrúa í allshn. Ég mæli því fyrir hönd þess áheyrnarfulltrúa sem að sjálfsögðu á ekki kost á því að skila nál. Um leið mæli ég fyrir brtt. sem ég flyt á sérstöku þingskjali. Þessari brtt. fylgja fylgiskjöl sem dreift verður á borð þingmanna. Þar er á ferðinni sérálit sem ég skilaði í nefnd þeirri er hæstv. forsrh. skipaði og lauk störfum í aðdraganda þess að frv. var lagt fram.

Brtt. mínar eru í samræmi við sérálitið sem ég skilaði í kosningalaganefnd. Að vísu er það svo að við, herra forseti, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum mjög gagnrýnir á þær stjórnarskrárbreytingar sem hér voru gerðar á liðnu vori og samþykktar á tveimur þingum. Við studdum þær ekki. Þar af leiðandi verða tillögur okkar nú að skoðast í því ljósi að við erum ekki sátt við þann ramma sem stjórnarskráin setur kosningalagabreytingunum sem nú er verið að gera.

Engu að síður tel ég ljóst að leita megi betri lausna en þeirra sem felast í frv., jafnvel innan þess ramma sem stjórnarskráin hefur sett og verður að sjálfsögðu ekki breytt úr þessu nema að undangengnum tvennum kosningum. Að sjálfsögðu verður að kjósa á grundvelli þeirra ákvæða sem þegar hafa verið tekin upp í stjórnskipunarlög.

Að mínu mati, herra forseti, fara menn með þessari breytingu bil beggja milli tveggja sjónarmiða sem eðlilegt er að horfa til þegar þeir velta fyrir sér kjördæmaskipan í landinu. Annars vegar er litið til þess að kjördæmi myndi ekki landfræðilegar einingar sem séu sundurleitar og of erfiðar til að hafa sem kjördæmi þannig að þingmenn geti sinnt kjósendum sínum. Hins er reynt að sjá til þess að þær einingar sem til verða séu það sterkar og fái þannig staðist að í þeim sé einhver byggðapólitísk viðspyrna og einhver framtíð. Ég leyfi mér að halda því fram að sú lending sem hér á að reyna sé millileið sem þjóni í raun hvorugu þessu markmiði og muni ekki standast lengi.

Um vestanvert og norðaustanvert landið verða til landfræðilega stór en tiltölulega strjálbýl kjördæmi og að óbreyttri búsetuþróun í landinu munu þau, sérstaklega þó Vesturkjördæmið, missa þingmenn strax í öðrum kosningum héðan í frá og það mun síga á sömu ógæfuhlið og áður. Ég held að raunhæfara hefði verið að hafa meiri sveigjanleika í stærð kjördæma og sætta sig við að einhver kjördæmi í landinu yrðu minni og hefðu færri þingmenn en önnur eða hitt, sem hefði að mínu áliti verið vænlegri kostur ef menn stækka kjördæmi umtalsvert á annað borð, að safna saman í tiltölulega stórt og sterkt kjördæmi allri hinni eiginlegu landsbyggð á Íslandi. Þessir tveir möguleikar, herra forseti, eru reifaðir í séráliti mínu og sýndir með dæmum. Því fylgja útreikningar í töflum sem hv. þm. geta kynnt sér.

Sú brtt. sem ég legg til gengur út á að til verði Vesturkjördæmi sem samanstandi af núverandi Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmi. Norðlendingafjórðungur hinn forni verði kjördæmi þannig að Norðurlandskjördæmin tvö verði sameinuð. Ég tel, herra forseti, ákaflega óheppilegt og álappalegt við þá niðurstöðu sem í sjónmáli er, ef frv. nær fram að ganga,

að skipta Norðlendingafjórðungi upp með kjördæmamörkum og þar með myndist jaðar á landsbyggðinni þar sem síst skyldi, í nágrenni við sterkasta þéttbýlissvæði landsbyggðarinnar, það þeirra sem einhverja möguleika hefði á að vera byggðapólitísk viðspyrna við höfuðborgarsvæðið. Að sjálfsögðu hefði það átt að vera miðpunkturinn í víðlendu kjördæmi til beggja handa. Sú verður ekki niðurstaðan ef frv. nær óbreytt fram að ganga og ég er sannfærður um, herra forseti, að það er eins óskynsamleg lending í málinu í byggðapólitísku tilliti og hægt er að finna.

Í þriðja lagi leggjum við til að til verði Suðausturkjördæmi þar sem Austurland og austurhluti Suðurlandskjördæmis að meðtöldum Vestmannaeyjakaupstað sameinist. Í fjórða lagi yrði Suðurkjördæmi sem væri Árnessýsla og Suðurnes. Sveitarfélögin í nágrenni Reykjavíkur væru í svonefndu Suðvesturkjördæmi og loks Reykjavík eitt kjördæmi. Þar með, herra forseti, eru menn lausir við þá neyðarlegu niðurstöðu að leggja til skiptingu eins sveitarfélags í landinu upp í tvö kjördæmi í kosningum til Alþingis og það sjálfrar höfuðborgarinnar.

Í brtt. kemur fram að með þessu verði fjöldi þingsæta að sjálfsögðu talsvert mismunandi í hverju kjördæmi, þ.e. frá sjö í þremur þeim minnstu og upp í 22 í Reykjavík. Eftir sem áður er með fullnægjandi fjölda jöfnunarþingmanna hægt að ná markmiðum um fullan jöfnuð milli flokka og fara ekki yfir mörk varðandi misvægi atkvæða sem menn hafa gefið sér í þessu starfi og stjórnarskráin gengur út frá, þ.e. það megi mest verða 1:2 áður en til breytinga þeirra komi og þingsæti taka að færast milli kjördæma. Þessir útreikningar, herra forseti, fylgja með í sérálitinu og sú tafla sem þar ber að skoða. Til samanburðar við brtt. er tafla 1a á bls. 4 í sérálitinu. Mynd 1 sýnir kjördæmamörkin eins og þau yrðu samkvæmt tillögunni. Annað eru viðbótarhugmyndir sem reifaðar voru af minni hálfu í þessu séráliti í kosningalaganefnd forsrh.

Í því sambandi vil ég fyrst og fremst nefna möguleika sem einnig er sýndur til að leysa það álitamál sem uppi er varðandi kjördæmamörk á höfuðborgarsvæðinu. Mér sýnist menn hafa valið versta kostinn, það liggur við að ég segi vitlausasta kostinn, herra forseti, þó að maður eigi kannski ekki að taka þannig til orða um hluti af þessu tagi. Þar tel ég alla vega þann versta eða óheppilegasta hafa orðið fyrir valinu, að skipta einu sveitarfélaginu á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Reykjavík, í tvennt en búa jafnframt til, utan um þessi tvö höfuðborgarkjördæmi, þriðja kjördæmið sem samanstendur af fjórum eyjum, kaupstöðum og sveitarfélögum hér í kring. Ég hefði ósköp einfaldlega talið eðlilegast að horfast í augu við það að þingmenn Reykjavíkur verða samkvæmt þessu 22, hvort sem það er fengið út með því að hafa þá tvisvar sinnum 11 eða einu sinni 22. Það er í raun nægjanleg röksemdafærsla til að undirstrika vandræðaganginn í þessu máli. Það sér hvert barn sem tekið hefur fyrstu skrefin í stærðfræðikennslu í grunnskóla að útkoman er sú sama, þingmenn höfuðborgarinnar verða 22. Sú tala er bara fengin með þessum hætti að margfalda 11 með 2 eða leggja saman 11 og 11, hvora aðferðina sem menn vilja nota. Það fer eftir því, herra forseti, hvort mönnum er tamari samlagning eða margföldun.

Ég hefði talið vænlegra að horfa til höfuðborgarsvæðisins sem heildar og skoða möguleikann á að hafa hér þrjú kjördæmi þar sem algerlega væri horft fram hjá sveitarfélagamörkum en sú staðreynd lögð til grundvallar að í reynd er þetta svæði runnið saman í eitt borgarsvæði. Það væri að mörgu leyti framfaraskref að horfast í augu við það þannig að í kosningum til Alþingis væri kosið í t.d. þremur jafnstórum kjördæmum þar sem mörkin væru skynsamlega dregin svo úr yrðu samstæðar einingar þar sem horft yrði fram hjá sveitarfélagamörkum.

Það segja þeir sem hér heyja kosningabaráttu að það sé næsta ruglingslegt hvort heldur menn eru að heimsækja vinnustaði eða fara um meðal kjósenda á götum í Reykjavík eða nágrannasveitarfélögunum, að oftar en ekki eru menn að ávarpa kjósendur annarra kjördæma en sinna eigin þar sem hér er um einn vinnumarkað og eina samskiptalega heild að ræða. Að því leyti til væri ekkert óeðlilegt að horfa á þetta sem eitt stórt svæði í kosningum til Alþingis. Slíkt gæti líka mögulega ýtt undir samstarf sveitarfélaga á svæðinu og leitt til þess sem ég tel að mörgu leyti æskilegt að menn hefðu sem framtíðarmarkmið án þess að ég ætli mér þá dul að fara að gefa sveitarstjórnarmönnum eða öðrum ráðamönnum á svæðinu mikil ráð að horfa til þess að í fyllingu tímans yrði hér til einhvers konar yfirhöfuðborgarsvæðisstjórn eða ráð sem samræmdi ýmsa hluti á þessu svæði. Kjördæmabreyting af þessu tagi gæti, herra forseti, einmitt ýtt undir að slíkt næði fram að ganga.

Við höfum sem sagt, herra forseti, gagnrýnt þessar breytingar, teljum þær ekki vel heppnaðar, hvort sem heldur er stjórnarskrárbreytingin eins og hún var og sá rammi sem hún setur væntanlegum kosningalögum og ekki einu sinni heldur þessi útfærsla á kosningalögunum innan þess ramma. Mér segir svo hugur að ég muni reynast sannspár þegar ég spái því að þessi breyting muni ekki standa mjög lengi.

Hitt er ljóst, herra forseti, að það verður að lagfæra löggjöf landsins þannig að hún sé í samræmi við stjórnarskrána og hægt sé að kjósa. Ég væri mikill stuðningsmaður þess að menn boðuðu sem allra fyrst til kosninga á Íslandi. Ég ætla því í sjálfu sér ekki, þrátt fyrir andstöðu mína við málið, að tefja það mikið frekar að þeir hlutir komist í lag. Uppi er sú sérkennilega staða í landinu að ef skyndilega yrði þingrof og skyllu á kosningar, þá er í raun ekki hægt að kjósa, því kosningalög landsins eru í verulegu ósamræmi við stjórnarskrána. Þar af leiðandi yrði sennilega að grípa til þess sérstæða úrræðis að setja kosningalög með bráðabirgðalögum ef t.d. þessir atburðir gerðust óvænt nú á sumardögum.

Það væri heldur dapurlegur kostur, herra forseti, þannig að auðvitað verða menn með einhverjum hætti að afgreiða málið og koma kosningalögunum í nothæft horf og þannig í samræmi við stjórnarskrána að það gangi upp. Ég vonast hins vegar til að sú skipan standi ekki lengi og menn fari fyrr en síðar af stað með það á nýjan leik að finna heppilegri niðurstöðu. Það þarf að gera fljótt áður en sú kjördæmaskipan sem nú er verið að draga upp festist þannig í sessi að hún fari að verða leiðandi um samstarf aðila á þessum svæðum, en það sýnir reynslan að gerist ótrúlega hratt í kjölfar breytinga af þessu tagi.

Þar af leiðandi er í raun, herra forseti, ekkert mark á þeim málflutningi takandi sem hér hefur enn heyrst í röksemdafærslu fyrir þessu frv. að eingöngu sé um kosningatæknileg mörk að ræða og þetta muni engin áhrif hafa á samstarf aðila á þeim svæðum sem þarna koma við sögu. Þetta sagði m.a. formaður kosningalaganefndar, hæstv. fjmrh., Geir H. Haarde. Ég tek ekkert mark á slíku. Reynslan segir okkur allt annað og ég er sannfærður um að í framhaldi af þessum breytingum fari í gang og á fulla ferð tilburðir til að reyna að byggja upp á nýjan leik eðlilegt samstarf sveitarfélaga,

félagasamtaka og ýmissa aðila innan þessara svæða. Ég er sannfærður um að framkvæmdarvaldið sjálft og löggjafinn fer einnig að líta til þess og opinberir aðilar fara að skipuleggja sína starfsemi o.s.frv.

Þá mun hins vegar koma í ljós að þær landfræðilegu einingar sem nú er verið að draga upp sem kjördæmi eru ákaflega óheppilega dregnar. Menn eru að mínu mati ekki búnir að súpa seyðið af því.

Herra forseti. Ég held ég hafi ekki fleira um þetta að segja, a.m.k. ekki með tilliti til þeirra aðstæðna sem eru nú uppi í þinghaldinu, að stefnt hefur verið að því að ljúka því á tilsettum tíma. Til þess að það megi gerast þurfa allir að leggja sitt af mörkum, bæði með því að hafa umræður eins knappar og kostur er og sýna lipurð gagnvart því að þau mál sem eiga að ná afgreiðslu nái fram að ganga, en önnur sofni þá svefni hinna réttlátu.

[00:20]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í lok síðasta kjörtímabils og byrjun þessa var í áföngum samkvæmt stjórnarskrá samþykkt breyting á stjórnarskrá Íslands sem knýr okkur inn á þá braut sem við erum nú komin, að skipta landinu á nýjum forsendum upp í kjördæmi. Samkvæmt stjórnarskrárbreytingum sem meiri hluti þingsins samþykkti vorum við skuldbundin til að draga markalínur á þann veg að kjördæmin verði sex til sjö talsins. Fyrir liggur tillaga frá meiri hluta þeirra nefnda sem um þessi mál hafa fjallað og einnig liggur fyrir tillaga frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um aðra skipan mála. Mér segir svo hugur, herra forseti, að þótt það sé minnihlutatillaga, eigi hún hljómgrunn í hjörtum og samvisku æðimargra, utan þings sem innan. Ég ætla að fara nokkrum orðum um þá tillögu og þær breytingar sem standa nú fyrir dyrum.

Fyrst langar mig til þess að víkja örfáum orðum, mun ekki verða langorður um það efni, að till. til þál. sem ég flutti á þinginu um endurskoðun kosningalaga vegna þess að breytingar hafa verið gerðar á frv. til laga um kosningalög, breytingar á því fyrirkomulagi sem við búum við nú, í átt til þess sem ég lagði til í þáltill.

Þáltill. gekk út á að tryggja að sjúklingar, aldraðir og öryrkjar gætu ávallt nýtt kosningarrétt sinn.

Í öðru lagi að jafnan fjalli óháður aðili um kærumál sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd kosningalaga.

Samkvæmt núgildandi kosningalögum er heimildarákvæði sem gerir ráð fyrir að vistmenn á elliheimilum og sjúkrastofnunum geti neytt kosningarréttar síns þar og yfirleitt hefur verið orðið við beiðnum sem hafa komið fram um slíka atkvæðagreiðslu. Ekki er það þó einhlítt og kom t.d. upp mikið deilumál á Sauðárkróki þegar atkvæði voru greidd um sameiningu sveitarfélaga. Deilunum lyktaði á þann veg að þeim var vísað til dómstóla og fóru fyrir tvenn dómstig, undirrétt og einnig Hæstarétt.

Ég hef kynnt mér nokkuð þessi mál og málatilbúnað sem þeim tengjast og gerði grein fyrir því í greinargerð í umræddri þáltill. auk þess sem ég birti þar gögn sem ég hef áður gert grein fyrir.

Það sem mig langaði til að vekja athygli á er að um þessi mál er fjallað í 58. gr. en þar segir samkvæmt frv. sem nú liggur fyrir að:

„Kjósanda, sem er til meðferðar á sjúkrahúsi eða vistmaður þar, á dvalarheimili aldraðra og stofnun fyrir fatlaða, er heimilt að greiða atkvæði á stofnuninni. Með sama hætti fer um fangelsi og vistmenn þar.“

Ég er að vitna, með leyfi forseta, í frumvarpsgreinina. Þar segir enn fremur:

„Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjósandans og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag.“ Síðan heldur áfram.

En í umsögn um þessa greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Orðalagi 2. og 3. mgr. [þ.e. 2. og 3. mgr. 58. gr.] er breytt þannig að ljóst sé að þeir kjósendur, sem undir ákvæðin falla, eigi rétt á að greiða atkvæði á hlutaðeigandi stofnun eða í heimahúsi og að kjörstjóra beri þá að hlutast til um að kosningin fari fram. Um framkvæmdina gilda svo nánari reglur settar skv. 5. mgr.“

Og síðan heldur áfram útskýring á þessari lagagrein.

Þetta tel ég vera spor í rétta átt og í anda þeirrar tillögu sem ég flutti. Hins vegar mun ég fara nánar yfir þessar greinar áður en þing kemur saman að nýju og íhuga hvort ástæða er til að bera fram frekari tillögur. En ég tel þetta a.m.k. vera spor í þá átt sem ég gerði tillögur um. Eftir stendur að tryggja óhlutdrægan aðila sem tæki við kærumálum sem upp kunna að koma í tengslum við atkvæðagreiðslu en í því máli sem ég vitnaði áðan til og fjallaði um sameiningu sveitarfélaga og framkvæmd var á vegum félmrn., þá er það félmrh. sem átti sjálfur og var hlutaðeigandi að því máli, að úrskurða um þær deilur sem komu upp. Þetta eru atriði sem ég tel að þurfi að taka til frekari skoðunar þótt síðar verði.

Herra forseti. Þetta langaði mig til að vekja athygli á í upphafi máls míns, en hafa síðan örfá orð um þær tillögur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fram. Í grófum dráttum ganga þær út á að breyta kjördæmaskipaninni frá því sem meiri hlutinn leggur til. Að mínum dómi er veigamesta atriðið að samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að Reykjavík verði eitt kjördæmi, borginni verði ekki skipt upp í tvö kjördæmi og síðan kjördæmi grannsveitanna skipt upp í fjóra, fimm hluta, sem síðan myndi eitt kjördæmi. Þetta er eins afkáraleg lausn og hugsast getur, en hér er með skipulagðari hætti reynt að mynda heildstæð kjördæmi á suðvesturhorninu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að halda því fram og mjög ákveðið að þessi tillaga þjóni betur hagsmunum Reykvíkinga og sé mjög í anda þess sem menn hefðu viljað sjá borið fram á þinginu. Enda þótt það sé nú svo að meiri hluti hafi myndast tímabundið um aðra skipan mála leyfi ég mér að hvetja hv. þm. til að endurskoða hug sinn. Menn vísa í samkomulag sem gert hafi verið á síðasta kjörtímabili um breytingu á stjórnarskránni. Það kann vel að vera að einhverjir telji sig skuldbundna slíku. Þótt ég hafi haldið því fram að menn séu ekki skuldbundnir í þessu máli fremur en öðrum, en mjög svo í þessu máli, gagnvart neinu öðru en eigin samvisku og menn eigi að hlýða eigin dómgreind. Til þess er stjórnarskrárbreyting látin ganga til tveggja þinga að þar með er talið tryggt að skynsamlegar breytingar séu gerðar og byggir þetta einnig á því að ekki sé gert samkomulag milli aðila sem haldi á milli þinga.

Þetta er gert beinlínis til þess að tryggt sé að tvö þing komi að stjórnarskrárbreytingum.

Herra forseti. Ég vil lýsa eindregnum stuðningi við þessar tillögur. Það er liðin tíð að við getum talað um óskastöð-

una í þessum efnum, en ég var einn þeirra sem voru þess ekki fýsandi að gera þær breytingar sem nú liggja fyrir á kjördæmaskipan í landinu, taldi hana að ýmsu leyti vera hagstæða, það þjónaði einkum hagsmunum þeirra byggðarlaga sem fjarri eru höfuðborginni að vera smá og hafa samhenta liðsveit sem sinnti þeim sérstaklega. Mér fannst ekkert athugavert við það heldur gæti það verið góðra gjalda vert. En þegar það fer síðan saman að Reykvíkingar og þéttbýlisbúar á suðvesturhorninu sem höfðu yfirleitt litið á sig sem þingmenn landsins alls fóru að hugsa á aðra vísu sem þingmenn suðvesturhornsins og þéttbýliskjarnans, hugsun sem mér er reyndar ekki að skapi, en þetta er nokkuð sem er að gerast, þegar það fer saman við þá breytingu að vægi þeirra aðila eykst samkvæmt nýrri kjördæmaskipan, þá finnst mér komin upp sú staða að gera landið að einu kjördæmi þannig að menn fái vilja sínum framgengt að atkvæðin vegi jafnt yfir allt landið. Reyndar vildi ég að með þeim breytingum fylgdu breytingar á stjórnsýslunni sem færði vald á nýjum forsendum til byggðarlaga, en það er önnur saga og það er liðin tíð að við getum rætt um þetta vegna þess að við erum bundin af þessum stjórnarskrárbreytingum.

Ýmsir hafa sagt að þessi breyting sé skref í þá átt að gera landið að einu kjördæmi. Ég held að átt hefði að stíga það skref til fulls. Ég er ekkert viss um að þessi hallærislausn, þessi lending, verði til að flýta fyrir róttækari breytingum sem ég tel nauðsynlegt að gera. Ég er alveg sannfærður um að þetta þjónar ekki skynseminni og þetta þjónar aldeilis ekki dreifbýlinu vegna þess að nú er búið að gera kjördæmin á landsbyggðinni það stór að þingmenn eiga mjög erfitt um vik að sinna risastórum kjördæmum. Hvernig sem á málið er litið er sú lausn sem hér er verið að leggja til ekki heppileg.

En tillaga hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar gengur út á að reyna að koma skynseminni ögn betur að og ég hef trú á því að hún falli einnig meiri hluta kjósenda betur í geð. Og ég tel það skyldu okkar alþingismanna að láta skynsemina og lýðræðislegan vilja ráða í þessu máli.

[00:34]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil segja hér nokkur orð um frv. til laga um kosningar til Alþingis. Ég hef lítið komið að þessu máli og hef lítið tjáð mig opinberlega eða hér úr þessum ræðustól um kjördæmaskipanina, og vil því fá að nota þetta tækifæri og lýsa áliti mínu.

Ég tek undir sérálit hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og ræðu hans áðan. Við erum bundin af kosningalögunum og þeim forsendum sem þau byggja á, en ég tel að þrátt fyrir það hefðum við getað komist að heppilegri niðurstöðu hvað varðar kjördæmamörkin en raun ber vitni eins og fram kemur í frv. og við erum að fjalla hér um. Þá á ég sérstaklega við hvað kjördæmin verða gríðarlega stór til þess að ná þeim markmiðum að hafa vægi atkvæða sem jafnast, að það fari ekki upp fyrir 1:1,5 eða 1:2 og að hafa þingsætin sem jöfnust í öllum kjördæmum. Með þá forsendu að veganesti og kosningalögin og stjórnarskrána sem grunn erum við ansi bundin.

En það sem sker helst í augu og lít ég þá í eigin barm er þetta verðandi stóra Norðausturkjördæmi sem á að ná allt frá Siglufjarðarkaupstað og að Djúpavogi meðtöldum. Fyrir utan stærðina á kjördæminu er verið að skera á þá félagslegu einingu sem sveitarfélögin hafa byggt upp og annað starf sem er á félagslegum grunni. Það er ekki bara að erfitt verði fyrir okkur þingmenn að ferðast um og hafa samband við kjósendur okkar, það verður líka mjög erfitt að byggja upp þessar félagslegu einingar sem verða að vera til staðar innan kjördæmanna. Sagt er að hægt sé að halda áfram að byggja upp félagslegar einingar sveitarfélaganna þvert á kjördæmamörkin, halda þeim samböndum sem eru í dag, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Sambandi sveitarfélaga á Norðurlandi, Eyþingi o.fl., en þetta gerist ekki þannig. Þetta klofnar og verður meira og minna bundið við kjördæmamörkin og þess er þegar farið að gæta að fólk er farið að taka tillit til verðandi laga.

Ég vil lýsa því yfir að ég er mjög mótfallin þeim tillögum sem hér koma fram, þ.e. að skilja Höfn í Hornafirði frá þessu verðandi kjördæmi eins og upplagið er. Frumvarpið byggir í rauninni á skoðanakönnun sem gerð var meðal íbúa Hafnar í Hornafirði, eða a.m.k. hafði sú skoðanakönnun mikið að segja, mér liggur við að segja viðhorfskönnun, hjá íbúum sveitarfélagsins. Skoðanakönnunin fór fram eftir litla kynningu og var útkoman sú að fólk vildi frekar tilheyra Suðurkjördæmi en Norðausturkjördæmi og það virðist hafa verið látið ráða. Sveitarstjórn hefur ekki tekið afstöðu í þessu máli.

En ég heyri á fólki núna að mörgum hefur snúist hugur og aðrir hafa áttað sig betur á því að þetta snýst ekki bara um að fara suður og þá suður til Reykjavíkur, þetta snýst um þá félagslegu einingu og það samstarf sem hefur verið byggt upp meðal sveitarfélaganna. Ég styð það að Höfn í Hornafirði hefði þá tilheyrt Norðausturkjördæminu ef einhverju væri hægt að breyta.

Það er líka ójafnvægi í kjördæminu með Siglufjörð í annan endann, Akureyri og Egilsstaði og hefði verið meira jafnvægi að hafa Höfn í hinn endann, kannski sérstaklega þegar kjördæmið verður svona stórt.

Um þetta má allt deila, en rök mín eru helst þau að verið er að skera þarna á þá félagslegu einingu sem samstarf sveitarfélaganna er og tekur tíma að byggja upp annað.

Eins vil ég lýsa undrun minni á þeirri hugmynd, hugmyndaauðgi liggur mér við að segja, að skipta Reykjavík í tvö kjördæmi, eingöngu til að jafna þingsætin, að það séu tvisvar sinnum ellefu þingsæti. Þetta er klúðurskennt í mínum huga, kjördæmamörkin verða á floti og ég held að ef til þessa kemur geti orðið í framtíðinni ansi skrautleg kjördæmi innan Reykjavíkur með slíkri skiptingu.

En við verðum að ganga frá þessum breytingum núna. Fyrir dyrum standa forsetakosningar, alla vega eru möguleikar á því þó að enginn hafi boðið sig fram enn á móti forsetanum en það getur alltaf gerst og þá verður lagagrundvöllurinn að vera til staðar og lögin í lagi. En ég hef trú á því að ekki líði langur tími þar til við viljum fara að skoða þetta aftur og reyna á einhvern hátt annaðhvort að minnka kjördæmin og hafa þá færri þingmenn og þá þarf að breyta stjórnarskránni eða færa til kjördæmamörkin innan þess ramma sem við höfum í dag, en láta þetta ekki gerast á þennan hátt.

[00:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál og mun ekki lengja þessa umræðu. Ég vil þó geta þess hver afstaða þingmanna Samfylkingarinnar hefur verið í þessu máli. Það sem þeir hafa haft að leiðarljósi er landið eitt kjördæmi, stærri og öflugri sveitarfélög og við höfum trú á því að það sé sú leið sem þarf að fara til að þróa mál sem allra best og gera sveitarfélögin sterk og jafna sem mest kosningarrétt.

Við höfum ekki náð því í þessari umferð en það hefur verið fróðlegt að fjalla um málið frá því vinna við það hófst, frá því að við byrjuðum að fjalla um kjördæmabreytinguna. Þó að við höfum vitað að ekki mundi nást sátt um þá stefnu sem við höfum að leiðarljósi, þá teljum við þýðingarmikið að ná sem mestri sátt um þetta mál og sem bestu skrefi í átt að jöfnun kosningarréttar. Við hefðum auðvitað kosið að menn hefðu getað verið einhuga í niðurstöðu sinni, en það var e.t.v. óraunhæft. Þó verð ég að segja að það er nokkuð viðunandi hver árangur hefur náðst í þessari umferð.

Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á að lagfæring á kosningalögunum og kjördæmaskipaninni næði fram að ganga. Við höfum þess vegna verið tilbúin að taka minni skref en þau sem við töldum vænlegust. Fulltrúi Samfylkingarinnar í kosningalaganefndinni var Guðmundur Árni Stefánsson og hann var jafnframt fulltrúi jafnaðarmanna í kjördæmanefndinni. Hann hefur í umræðu um þessi mál farið mjög vel yfir afstöðu okkar bæði gagnvart breytingu á kjördæmaskipan og eins þegar kosningalaganefndin skilaði áliti sínu.

Við höfum lagt okkur fram við að ná samstöðu og við stöndum að þessari tillögu og þeim brtt. sem fluttar eru af meiri hluta allshn.

Ég get þó ekki varist því, virðulegi forseti, að kveðja við þessa lagabreytingu með eftirsjá það Reykjaneskjördæmi sem ég hef þekkt öll þau ár sem ég hef verið á þingi, það er eftirsjá af Suðurnesjunum. Reykjaneskjördæmi hefur gefið mynd af t.d. atvinnuháttum á landsvísu. Þetta hefur verið kjördæmi hinna stóru bæja utan Reykjavíkur með sjávarplássum og iðandi mannlífi við sjávarströndina en svo sveitir og landbúnað í efri svæðum kjördæmisins. Það hefur verið alveg stórkostlegt að kynnast samsetningu og mannlífi í þessu kjördæmi. Nú verður Reykjaneskjördæmið eins konar bastarður, krans umhverfis Reykjavík, Mosfellsbærinn, Kjós ofan Kjalarness, sem er orðinn hluti Reykjavíkur, Seltjarnarnesið sem er vestan Reykjavíkur og svo Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og þeir staðir næst Reykjavík sunnan hennar. Þetta er hins vegar það sem þarf að gera núna til að ná því skrefi sem við erum að taka. Ég er alveg sannfærð um að ekki verður langur tími þar til við tökum betur á í þessum málum og af því að Samfylkingin hefur viljað ná sem mestri og bestri sátt um það skref sem er tekið þá munum við líka fallast á þetta og þrátt fyrir eftirsjá mína af Suðurnesjum og þrátt fyrir að mér finnist ekki að þetta sé beinlínis það sem hefði átt að gera með bæjarfélög hingað og þangað stráð í kringum Reykjavík, þá geri ég mér grein fyrir því að það sem Samfylkingin mun gera er að vinna saman þvert yfir kjördæmamörkin alls staðar þar sem á þarf að halda og vera eins og ein heild og ein sveit. Þess vegna hef ég ekki áhyggjur af því þó kjördæmið mitt, ef ég á eftir að starfa þarna, verði ekki sem best í laginu

Herra forseti. Við munum standa að þessari tillögu.

[00:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér til 2. umr. frv. til laga um kosningar til Alþingis. Þessi lög kveða jafnframt á um landfræðilega skiptingu í kjördæmi og enn fremur úthlutun þingsæta í hverju kjördæmi.

Sú kjördæmaskipan sem hér er lögð til er grundvallarbreyting á þeirri skipan sem ríkt hefur um allnokkur ár um skipan landsins í kjördæmi. Kjördæmin sem voru fyrir voru komin með ákveðið félagslegt samstarf innbyrðis og voru farin að starfa sem félagseiningar á mörgum sviðum. Sú breyting sem lögð er til gerir ráð fyrir því að þær einingar séu brotnar upp og færðar saman.

Herra forseti. Einna alvarlegast finnst mér sú gífurlega stærð sem gert er ráð fyrir að einmitt Norðvesturkjördæmið verði, þ.e. úr Fljótum, um Vestfirði og í Hvalfjarðarbotn, að því gífurlega stóra landsvæði sem erfitt er að sjá að muni eiga neitt félagslega sameiginlegt í sjálfu sér umfram önnur landsvæði, skuli vera steypt í eitt kjördæmi. Það er alveg viðbúið að þegar þessi breyting er komin á verði reynt láta það starfa sem einhverja félagslega einingu. Þá er ljóst að hætta er á að ýmsir hlutar þessa kjördæmis sem munu þykja vera úrleiðis, muni bera þar skarðan hlut frá borði þegar farið verður að skipa stjórnsýslu, hvort sem er á kjördæmis-, sveitarfélaga- eða ríkisgrunni.

Þessi kjördæmabreyting, herra forseti, kemur líka um leið og við stöndum frammi fyrir alvarlegri stöðu í búsetu- og byggðamálum. Vissulega hefur orðið mikil byggðaröskun á undanförnum árum en ég held að það sé flestra mat að í mörgu séum við að nálgast núna alvarlega þröskulda þar sem stór landsvæði geti farið í eyði.

Þegar umræðan var um kjördæmaskipanina og um breytingu á stjórnarskránni, sem var undanfari þessara tillagna, var m.a. líka rætt um að því mundu fylgja aðgerðir í byggðamálum, virkilegar aðgerðir sem mundu verða til að styrkja byggð og búsetu í landinu. Herra forseti. Það er fjarri því að þeirra ályktana eða þeirra væntinga sem gefnar voru upp í þeirri umræðu sjái stað á þessu ári. Það sem af er árinu sýna nýjustu tölur að fimm til sex manna fjölskylda eða fimm til sex manns flytja búferlum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins á viku hverri og ekki að sjá neitt lát á því.

Það væri því mjög mikilvægt, herra forseti, að menn dustuðu rykið af þeim tillögum og þeim áætlunum sem voru hér uppi um leið og þessi lög voru undirbúin.

Þá vil ég líka, herra forseti, gera athugasemd við þá ákvörðun sem var reyndar bundin í stjórnarskrá, þ.e. að það þurfi 5% atkvæðamagn til að fá mann kjörinn á þing, þ.e. að allt að 10.000 manns geta tekið þátt og kosið lista eða framboð án þess að fá mann kjörinn. Í þessu felst enginn jöfnuður. Það er markmið með þessum lögum að tryggja jöfnuð og jafnan rétt allra þegna, jafnan kosningarrétt, og þetta ákvæði gerir það alls ekki. Því er brýnt að taka upp ákvæði stjórnarskrárinnar sem lúta að þessu.

Jafnframt er kveðið á um í stjórnarskránni, sem þessi kosningalög byggja á, að til að fá úthlutað jöfnunarsæti þurfi líka að hafa náð 5% atkvæða þó svo að framboð hafi fengið kjördæmakjörinn mann. Það þýðir að þarna er líka um verulegan ójöfnuð að ræða gagnvart rétti fólks til að fá fulltrúa kjörna á þing í hlutfalli við atkvæðamagn. Þessu er líka afar brýnt að breyta.

Herra forseti. Ég hef áður í ræðu á Alþingi vikið ítarlega að því og gert grein fyrir því hve þær breytingar sem verið er að leggja til í kjördæmamörkum og kosningalögum eru andstæðar íslenskum veruleika og ítreka það. Ég bendi á að tillögur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem hann hefur gert grein fyrir hér og miða að því að gera þó það besta úr þeirri stjórnarskrá og skipan sem þar er ákveðin um kjördæmamörk og kosningar, um skiptingu landsins í kjördæmi. Þær tillögur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert grein fyrir væru þó miklu betri en þær tillögur sem meiri

hlutinn hefur lagt fram. Ég hvet Alþingi til þess að skoða þær tillögur mjög gaumgæfilega og athuga hvort Alþingi gæti ekki gert þær í heild sinni að sínum.

En hvernig sem afgreiðsla þessa máls fer, herra forseti, munum við þingmenn að sjálfsögðu starfa í þeim kjördæmum sem verða mótuð samkvæmt þessum lögum og jafnframt starfa fyrir þjóðina í heild. Ég vek þó athygli á því, herra forseti, að samkvæmt þeim ákvæðum sem gefin voru fyrirheit um við umræður eða aðdraganda þessara laga um að styrkja starf þingmanna í dreifbýliskjördæmunum, hefði mér fundist að það átt hefði að koma hér og fylgja með í þessum kosningalögum með einhverjum hætti þó ekki væri þá nema í greinargerð. Það er ljóst að strax að samþykktum þessum lögum eða þessu frv. hér, ef að lögum verður, munu að sjálfsögðu þær landfræðilegu einingar sem hér skapast sem kjördæmi í mörgum tilvikum fara að vinna eftir því, það gefur augaleið, og væri þá mjög gott að sú umgjörð, sú starfsumgjörð sem gert er ráð fyrir að verði í kringum starf kjördæma og framboða og flokka í kjördæmunum, liggi líka ljós fyrir.

[00:57]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem er til umræðu er eitt af stærri málum sem koma upp í hv. Alþingi hverju sinni og hefur ekki verið farið út í breytingar á kjördæmamörkum með svo afgerandi hætti síðan 1959. Síðan kjördæmamörkin voru ákveðin á sínum tíma og við höfum kosið eftir síðan hefur að sjálfsögðu margt breyst í þjóðfélaginu. Fólk hefur verið mjög mikið á ferðinni þannig að atkvæðavægi í kjördæmum hefur breyst það mikið að ekki hefur þótt ásættanlegt að hafa óbreytt kjördæmamörk miðað við það misvægi sem orðið hefur og valdið mikilli óánægju í hinum fjölmennari kjördæmum. Þegar misvægið er orðið 1:4 var augljóst að gera þurfti einhverjar róttækar breytingar sem jöfnuðu það ástand.

Sú tillaga sem kjördæmanefndin lagði fram og að endingu varð samkomulag um er út af fyrir sig engin töfralausn og ljóst að mikil óánægja er með hana en samt eru menn ekki með á takteinum neina aðra betri patentlausn sem gæti jafnað þetta vægi atkvæða betur en kemur fram í þeirri tillögu. Þess vegna hef ég fyrir mitt leyti samþykkt þessa tillögu þó svo að við sjáum ýmsa erfiðleika við ná yfir þau nýju kjördæmi sem nú er verið að tala um sem verða afskaplega stór og umfangsmikil.

Ég hygg að þeir þingmenn sem eru í þessum stærri kjördæmum geti huggað sig við það að þegar kjördæmabreytingin var gerð 1959 voru samgöngur engan veginn eins góðar og þær eru í dag. Yfirferð yfir kjördæmin var miklu tímafrekari þá en hún er núna þrátt fyrir þessa miklu stækkun. Ég get því ekki séð annað en að þingmenn sem lenda í þessum nýju stóru kjördæmum eigi að ná að fara yfir kjördæmin á tiltölulega skömmum tíma og reyndar á miklu skemmri tíma en áður hefur verið, sérstaklega í upphafi þess tíma þegar kjördæmabreytingin var gerð 1959.

Auðvitað verður samfara þessum breytingum að gera ýmsar ráðstafanir í samgöngumálum og komið hafa fram tillögur um það. Ein af þeim er svokölluð jarðgangaáætlun sem litið hefur dagsins ljós. Auðvitað eru menn heldur ekki sammála um það hvernig sú jarðgangaáætlun lítur út en eigi að síður geta þó allir verið sammála um að ef Siglufjörður á að tengjast Norðausturkjördæmi er afskaplega erfitt að sjá göng í aðra átt til þess að geta komist yfir í rétt kjördæmi. Að því leyti til má segja að áætlunin sé rökrétt þó svo að deila megi um hvort hún sé endilega sú rétta leið sem hefði þurft að fara til þess að tengja byggðina betur við önnur svæði landsins og hvort önnur göng gögnuðust Siglfirðingum betur en þessi eða hvort þau gagnast yfirleitt.

Annað svæði þarf augsýnilega á slíkri tengingu að halda til þess að tengja saman mjög stórt kjördæmi en það er Suðurkjördæmi þar sem Suðurnesin og Suðurlandið munu sameinast í eitt kjördæmi ásamt Hornafirði eða sem sagt Vestur- og Austur-Skaftafellssýslum. Þetta kjördæmi verður mjög langt en sá galli er á gjöf Njarðar í þessu tilfelli að Suðurnesin eiga ekki tengingu sem kalla má akstursháfan veg öðruvísi en að fara í gegnum tvö önnur kjördæmi, þ.e. Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurkjördæmi.

Þess vegna hefur verið lögð mjög mikil áhersla á af okkar hálfu sem tilheyrum Suðurnesjum í dag og eigum að tengjast yfir á Suðurlandið að Suðurstrandarvegur sé forsenda þess að hægt sé að setja þetta kjördæmi upp þannig að trúverðugleiki sé yfir breytingunni.

Þetta hefur sem betur fer verið tekið mjög alvarlega og samkvæmt þeirri nýju vegáætlun sem nú mun líta dagsins ljós er tekið á Suðurstrandarveginum og byrjun á þeirri framkvæmd þannig að það verða sýnilegar verulegar samgöngubætur strax við upphaf nýs kjörtímabils árið 2003. Ég á ekki von á öðru en að þetta kjördæmi, Suðurkjördæmi, verði tengt með Suðurstrandarvegi strax á næsta kjörtímabili og að því leytinu til munu þingmenn Suðurkjördæmis geta starfað hindrunarlítið en um svæðið sem slíkt má segja að það á mjög margt sameiginlegt, m.a. eru þar nokkur stærstu sjávarútvegspláss landsins og hægt er að skapa heilmikla samvinnu um þau. Ferðamálin eru einnig mjög ríkur þáttur í atvinnulífinu á þessu svæði og ljóst að vinsælustu ferðamannastaðir landsins verða í Suðurkjördæmi og hef ég ekki heyrt annað á Suðurnesjamönnum en að þeir líti til þess með bjartsýni að sameina þessi tvö svæði þó svo að ég geti tekið undir það með öðrum þingmönnum í kjördæminu að eftirsjá er af öðrum hlutum kjördæmisins og þeirri breytingu sem á því verður. En ekki verður allt fengið ef menn vilja nauðsynlegar breytingar til þess að jafna vægi atkvæðanna.

Ýmsar aðrar tillögur hafa komið hér til umræðu, m.a. tillögur frá vinstri grænum. Aðrar tillögur hafa verið í umræðu en vinstri grænir hafa komið hér með útfærslur sem eru út af fyrir sig nægjanlegar til þess að mæta þessu svokallaða vægi atkvæði þannig að misvægið verði ekki meira en 1:2. En það verður samt að segjast eins og er að það er engin meiri patentlausn en hitt. Ef Reykjavík á að ná yfir allt sitt núverandi svæði þá sjáum við að Reykjavík er út af fyrir sig að kljúfa Suðvesturkjördæmið í þrjá hluta. Með þessari hugmynd vinstri grænna verður Reykjavíkurkjördæmi nærri tvöfalt og rúmlega það sums staðar, jafnvel þrefalt, í þingmannatölu sem er líka mjög erfitt að samræma og mundi gera Reykjavík í rauninni allt of öflugt kjördæmi. Þó svo að verið sé að skipta bæ, ef það mætti orða það þannig, þá eru samt tveir þingmannahópar og þannig mundu þeir virka.

Margir hafa velt því fyrir sér hvort þessi kjördæmabreyting sé ekki undanfari þess að landið verði gert að einu kjördæmi og vel má vera að það verði niðurstaðan eftir nokkur ár. En ég mundi nú segja að til þess þyrfti sennilega þrjú til fjögur kjörtímabil eða 12–16 ár þangað til að sú breyting yrði gerð. Það veit enginn hvaða breytingar verða yfirleitt orðnar á stjórnskipun Íslands á þeim tíma.

Eigi að síður hafa menn litið á mörg kjördæmi sem mun heppilegri leið til þess að þingmenn haldi sambandi við kjósendur þannig að kjósandinn hafi aðgang að ákveðnum mönnum sem þjóna honum á Alþingi. Þannig hefur það verið mjög lengi og þannig tel ég að fólk vilji hafa það áfram. Að gera landið að einu kjördæmi hefur að sjálfsögðu líka kosti. En mér líst þó betur á það eins og málin standa í dag að skipa landinu niður í kjördæmi þar sem fólkið ræður uppstillingu á lista með prófkjörum eða á annan hátt. Ef landið yrði gert að einu kjördæmi eru mjög miklar líkur á því að flokkarnir einir réðu því hvernig uppröðun á lista færi fram og hverjir yrðu á þeim listum þannig að samband við kjósendur við uppstillingu á lista yrði mun minna og tenging fólksins við þingmennina sína þar af leiðandi miklu minni því engin trygging væri fyrir því að þingmönnum sem yrði raðað upp samkvæmt þessu væri dreift um landið allt.

Í mínum huga er því miklu heppilegri lausn og sennilega langskársta lausnin sem hægt var að finna sú sem samþykkt hefur verið af kjördæmanefndinni og er nú lögð fram hér af hv. allshn. Því fagna ég því að náðst hafi þessi mikilvægi áfangi og við sjáum ekki annað en það þjóni akkúrat því að ná jafnvæginu þó svo að við náum því sennilega aldrei alveg undir þeim formerkjum að skipta landinu upp í kjördæmi.

Ég heyrði að hv. þm. Þuríður Backman taldi að Höfn í Hornafirði ætti að fylgja Norðausturkjördæminu og fólkið á Höfn í Hornafirði væri komið með bakþanka yfir því að tillagan gerði ráð fyrir að það tilheyrði Suðurkjördæminu. Mér finnst nú dálítið leiðinlegt ef það verður með hálfum huga sem Hornfirðingar eru að sameinast Suðurkjördæminu, því að þetta er alfarið í þeirra höndum. Enginn hefur verið að reyna að þrýsta á Hornfirðinga í þá átt að þeir kæmu í Suðurkjördæmið. Aftur á móti fögnum við því ef þeir hafa áhuga á því og ég á ekki von á öðru en þeir mundu falla vel inn í það svæði.

Mér finnst í rauninni ekki hægt að koma með umræðuna hingað inn eins og mér fannst hv. þm. gera, að fólkið sjálft væri í sjálfu sér að verða óánægt með þá tilhögun. Það hefur ekkert heyrst annað en að mikill vilji sé fyrir því hjá Hornfirðingum að fara yfir í Suðurkjördæmið. Ég hitti sjálfur nokkra Hornfirðinga, reyndar fyrir tveimur árum síðan þegar þessi umræða var í nokkrum hápunkti, og þá var á þeim að heyra að þeim fyndist eðlilegra að vera á þessu svæði, þ.e. á suðursvæðinu, vegna miklu meiri tengsla, fyrst og fremst vegna þess að fólkið hefur sótt sína þjónustu frekar á suðvesturhornið og Suðurlandið heldur en fyrir austan.

Eins og ég sagði áðan þá var það að sjálfsögðu á valdi Hornfirðinga sjálfra að velja þarna og ég tel að þeir hafi gert það og ætla mér ekki að efast neitt um það, þrátt fyrir orð hv. þm. Þuríðar Backman, að þeir hafi ekki áhuga á því að koma yfir í Suðurkjördæmið.

Ég vil að lokum þakka nefndinni fyrir vel unnin störf að þessu leyti.

[01:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara leiðrétta af því mér fannst misskilnings gæta í ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar um hvernig afstaða íbúa Hafnar í Hornafirði hefði komið fram. Mér vitanlega hefur þar ekki farið fram nein allsherjaratkvæðagreiðsla um það í hvaða kjördæmi þeir vildu vera heldur var þar gerð lausleg skoðanakönnun sem var alls ekki sett undir þeim formerkjum þannig að það er of mikið úr því gert.

Ég get reyndar bætt því við að mér finnst þetta óeðlilegt líka. Ef farið er út á þá braut að gefa einstökum sveitarfélögum kost á að velja þá á að gera það víðar en á einum stað. En ég vil bara leiðrétta þetta. Það fór að mínu viti ekki fram nein ítarlega allsherjarkosning hjá sveitarfélaginu Höfn í Hornafirði meðal íbúa þar um það hvoru kjördæminu þeir vildu tilheyra.

[01:13]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór ekki fram nein ítarleg könnun, segir hv. þm. Jón Bjarnason. Það var þó gerð könnun. Hversu ítarleg hún var veit ég nú reyndar ekki en birt var niðurstaða úr þessari könnun og þar kom mjög sterklega fram að Hornfirðingar vildu frekar vera í Suðurkjördæminu en í Norðausturkjördæminu.

Það er nú í sjálfu sér merkilegt að bæjarstjórnin á Höfn í Hornafirði skuli ekki taka afstöðu með öðrum hætti eða tekið afstöðu yfirleitt ef hún hefur ekki talið þessa könnun nægilega marktæka. En ég lít svo á að fyrst að bæjarstjórnin hefur ekki viljað taka afstöðu þá hafi hún talið sig fá þarna nægjanlega sterka vísbendingu til þess að leyfa því að ráða ferðinni. Ég lít svo á að í meðförum allshn. hafi þetta mál einmitt verið tekið þannig og að þessi könnun, hversu vísindaleg og yfirgripsmikil sem hún var, ég þekki það ekki eins og ég sagði áðan, hafi samt af þessum aðilum verið talin nægjanlega nákvæm og nægjanlega yfirgripsmikil til þess að mark á henni væri takandi.

[01:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að þessi könnun hafi haft áhrif á hvar Höfn í Hornafirði er ætlað að vera skipað í kjördæmi. Að mínu viti er hins vegar alrangt að halda því fram að þar hafi farið fram könnun á því hver væri meirihlutavilji íbúa Hafnar í Hornafirði. Ég vona að íbúum Hafnar í Hornafirði vegni vel í hvoru kjördæminu sem þeir lenda en rétt er að hafa það sem sannast er í þessu máli.

[01:15]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það á að hafa það sem sannast er, hv. þm. Jón Bjarnason. Ég veit ekki til að ég hafi hallað réttu máli í þessu og ítreka að þessi könnun lá fyrir.

Ég held að ef menn velta fyrir sér þessari nýju kjördæmaskipan varðandi Norðausturland þá sjái þeir að það hefði orðið langviðfeðmasta kjördæmið ef það hefði náð frá Siglufirði og suður í Austur-Skaftafellssýslu. Það hefði verið mjög stórt og erfitt yfirferðar. Það gæti vel verið að mönnum hafi fundist erfitt fyrir þingmenn að þjóna því svæði. Það á eflaust eftir að koma í ljós.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að ég vona að þessi tilhögun reynist Hornfirðingum heilladrjúg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárreiður ríkisins, 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 243. mál (laun, risna o.fl.). — Þskj. 298, nál. 1283.

[01:17]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins.

Þetta mál kom til umfjöllunar í nefndinni og var sent til umsagnar aðila sem getið er um í nál. Nefndin fjallaði frv. á nokkrum fundum.

Nefndin er sammála um að beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh. að hann hlutist til um að unnið verði að samningu reglugerðar á grundvelli laga um fjárreiður ríkisins þar sem kveðið verði á um þau meginefnisatriði sem fram koma í frv. eftir því sem ástæða þykir til. Nefndin leggur líka áherslu á að niðurstaða þeirrar vinnu verði kynnt efh.- og viðskn. sem fyrst og eigi síðar en fyrir komandi haustþing. Í trausti þess að svo verði gert leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta álit ritar öll efh.- og viðskn.

[01:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Þar sem ég átti aðild að frv. sem hér er fjallað um, en 1. flm. var hv. Jóhanna Sigurðardóttir, ætla ég að leyfa mér að lýsa ánægju með þessa málsmeðferð. Hér er reyndar ekki tekið strangar á hlutunum en að hvetja til að samin verði reglugerð og gerð úttekt á þessum málum á grundvelli laga um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt frv. sem upphaflega var flutt er hins vegar gert ráð fyrir að ársreikningi ríkisaðila fylgi sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiða-, ferða- og risnukostnað, og síðan verði þessu gerð rækileg skil og reyndar öðrum þáttum sem tilgreindir eru í frv.

Staðreyndin er að um suma þessa þætti er beinlínis kveðið á í upplýsingalögunum. Samkvæmt upplýsingalögum er þannig lögbundið að veita upplýsingar um launakjör, um fastar launagreiðslur, fasta yfirvinnu og aðrar fastar greiðslur sem einstaklingar í ríkisþjónustu fá. Raunin er sú að þessar upplýsingar eru ekki veittar. Það er ekki farið að lögum.

Þess er skemmst að minnast að ég beindi spurningum til hæstv. fjmrh. um þessi efni. Hann svaraði út í hött. Við sumu fengust engin svör. Ég gerði athugasemdir við þetta við yfirstjórn þingsins og óskaði eftir því að hlutast yrði til um að ég fengi þessi svör í hendur og Alþingi.

Geti þetta orðið til að stuðla að betri upplýsingagjöf þá tel ég til nokkurs unnið en ég vil að þessi sjónarmið komi fram. Það er ekki farið að lögum í upplýsingagjöf um þau efni sem tilgreind eru í frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[01:21]

Útbýting þingskjals:

Orkunýtnikröfur, 523. mál, þskj. 1198.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 2. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 399, nál. 1213, brtt. 1214.

[01:21]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Með frv. eru lögð til ný heildarlög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í henni felst m.a. lögfesting á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja að sömu reglur gildi um persónuvernd í öllum aðildarríkjum ESB og á EES-svæðinu

Ýmsar breytingar eru lagðar til í frv., m.a. eru réttindi hins skráða aukin, gert er ráð fyrir að sjálfstæð ríkisstofnun verði sett á fót til að sinna eftirliti með framkvæmd laganna og lagðar eru til breytingar á framkvæmd eftirlitsins þannig að tilkynningarskylda komi að stórum hluta í stað leyfisskyldu.

Mikla og mjög gagnlegar umræður áttu sér stað í nefndinni. Einnig bárust nefndinni mjög góðar athugasemdir og umsagnir auk þess sem við áttum marga og góða fundi með hátt á fjórða tug gesta sem komu á fund nefndarinnar út af þessu að mínu mati merka og mikilvæga frv.

Töluvert var rætt um það breytta fyrirkomulag á eftirliti sem lagt er til í frv. sem byggist fyrst og fremst á því að tilkynningarskylda komi í stað leyfisskyldu. Þetta er grunnþáttur, þ.e. að tillkynningarskylda komi í stað leyfisskyldu. Gert er ráð fyrir að horfið verði frá því fyrirkomulagi sem gildir að meginstefnu til nú að fyrirhuguð vinnsla er kynnt tölvunefnd sem yfirfer leyfisumsóknir og afgreiðir leyfi. Þess í stað verður þeim sem hyggjast hefja rafræna vinnslu persónuupplýsinga skylt að tilkynna hinni nýju stofnun, Persónuvernd, um vinnsluna og skal það gert áður en hún hefst. Persónuvernd skal svo, þegar hún hefur móttekið tilkynninguna, grípa inn í undirbúning vinnslunnar eftir því sem hún telur þörf á með því að ákveða skilmála vinnslunnar eða gefa fyrirmæli um aðrar aðgerðir. Ljóst er að nýja fyrirkomulagið á eftir að mótast nokkuð í framkvæmd en útlínur þess eiga að vera nokkuð skýrar. Eins og það var kynnt fyrir nefndinni er ætlunin að hafa framkvæmd tilkynningarskyldunnar sem einfaldasta fyrir vinnsluaðila.

Ég vil geta þess að vinnsla, samkvæmt 2. tölul. 2. gr. frv., er skilgreind þannig:

„Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn."

Ætlunin er þannig að hafa þessa framkvæmd á tilkynningarskyldunni sem einfaldasta fyrir vinnsluaðila og kom fram að hugsanlega yrði hún sett á rafrænt form að einhverju leyti en gera má ráð fyrir að mikið verði um tilkynningar um vinnslu þegar lögin koma fyrst til framkvæmda. Breytt fyrirkomulag gerir ráð fyrir aukinni áherslu á skyldur ábyrgðaraðila og í frv. er lagt til að eftirlit verði aukið hjá þeim sem vinna með upplýsingarnar þannig að ábyrgðaraðilar viðhafi innra eftirlit í starfsemi sinni og geri reglulega skýrslur um það, sbr. 12. gr. frv.

Telur nefndin að slíkt fyrirkomulag sé til þess fallið að auka ábyrgð ábyrgðaraðila á því að meðferð og vernd persónuupplýsinga sé í samræmi við lög og reglur. Þá getur

það orðið til að auðvelda eftirlit Persónuverndar með viðkomandi þótt rétt sé að benda á mikilvægi þess að stofnunin sinni eftir sem áður alhliða eftirliti með ábyrgðaraðilum og að innra eftirlit komi ekki á neinn hátt í stað þess.

Þá komu fram athugasemdir bæði í umsögnum og frá gestum á fundum nefndarinnar að veruleg félagsleg vandamál teljist samkvæmt gildandi lögum til upplýsinga skilgreindar sem viðkvæmar persónuupplýsingar, en í frv. er ekki gert ráð fyrir að svo sé. Skilgreining 8. tölul. 2. gr. byggist fyrst og fremst á 8. gr. tilskipunar ESB nr. 95/46 en þar kemur óbeint fram skilgreining á því hvaða persónuupplýsingar eru mönnum sérstaklega viðkvæmar. Veruleg félagsleg vandamál eru ekki tilgreind þar undir en hafa verður í huga að eitt af markmiðum tilskipunarinnar er að samræma þær efnisreglur sem gilda um vernd persónuupplýsinga á Evrópska efnahagssvæðinu. Vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt EES-samningnum verður að vera samræmi í þeim reglum sem gilda hér á landi og annars staðar á samningssvæðinu. Nefndin vill þó taka fram að þrátt fyrir að veruleg félagsleg vandamál séu ekki skilgreind sérstaklega sem viðkvæmar persónuupplýsingar skv. 8. tölul. 2. gr. frv. eru slíkar upplýsingar verndaðar af lögunum í heild, m.a. í 7. gr. þess sem fjallar um meðferð persónuupplýsinga. Þar segir m.a.:

„Við meðferð persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu:

1. unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;

2. fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;"

Síðan koma 3., 4. og 5. töluliður. Ég vil geta þess að þessir töluliðir eiga allir að vera til staðar þegar er verið að ræða um meðferð persónuupplýsinga. Þá er rétt að hafa í huga að veruleg félagsleg vandamál geta falist í skilgreiningu frv. á viðkvæmum persónuupplýsingum, t.d. í upplýsingum um heilsuhagi skv. c-lið 8. tölul. 2. gr.:

„Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun."

En samkvæmt þessari skilgreiningu frv. geta félagsleg vandamál falist í 8. tölulið 2. gr., c-lið og samkvæmt þeirri upptalningu sem ég las hér upp áðan. Þannig má fella þessi félagslegu vandamál þar undir.

Miklar umræður fóru fram um skilgreiningu frv. í 7. tölul. 2. gr. á samþykki. Ábendingar komu fram um að nota frekar orðasambandið upplýst samþykki og var það rökstutt með því að það hefði mjög ákveðna merkingu og hefði lengi verið notað um samþykki vegna þátttöku í vísindarannsóknum. Skilgreiningin sem notuð er í frv. á hins vegar fyrirmynd í tilskipun Evrópusambandsins og telur nefndin eðlilegt að sama skilgreining verði notuð þegar fjallað er um meðferð persónuupplýsinga.

Reglur um meðferð þeirra spanna mjög vítt svið og að mati nefndarinnar er ekki eðlilegt að skilgreining á samþykki verði eingöngu byggð á því hvernig samþykki vegna þátttöku í vísindarannsókn er skilgreint. Nefndin bendir á að upplýst samþykki felist í skilgreiningunni á samþykki samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar er ljóst að aðrar tegundir samþykkis geta komið til, t.d. samkvæmt sérlögum eins og um gagnagrunn á heilbrigðissviði og ganga ákvæði slíkra laga þá framar ákvæðum frumvarpsins eða skýra verður þau til samræmis við ákvæði þess.

Þá lýstu margir umsagnaraðilar áhyggjum sínum af því hvernig geyma eigi sérstakar sjúkdómaskrár og gagnagrunna sem innihalda heilbrigðisupplýsingar, t.d. krabbameinsskrár eða skrár Hjartaverndar. Slíkar skrár, þar sem geymdar eru upplýsingar um heilsuhagi sem teljast viðkvæmar persónuupplýsingar skv. 8. tölul. 2. gr., eru þess eðlis að alltaf þurfi sérstakt leyfi Persónuverndar skv. 2. mgr. 9. gr. frv. Lítur nefndin svo á að slík vinnsla verði heimiluð telji Persónuvernd, eftir að hafa metið það með málefnalegum hætti, að brýnir almannahagsmunir mæli með því og yrði leyfið veitt með þeim skilyrðum sem Persónuvernd telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu, sbr. 2. mgr. 9. gr.

Þá var einnig rætt nokkuð um hlutverk vísindasiðanefndar og siðanefnda heilbrigðisstofnana og hvernig það kemur til með að skarast við hlutverk Persónuverndar. Ljóst er að starfssvið þessara stofnana hafa skarast. Hins vegar vill nefndin minna á að fjallað er um hlutverk hinna fyrrnefndu, þ.e. vísindasiðanefndar, í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og í reglugerð nr. 522/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðssviði, sem sett er samkvæmt lögunum. Skv. 4. mgr. 2. gr. laganna er vísindarannsókn rannsókn sem gerð er til að auka við þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Jafnframt er tekið fram að mat vísindasiðanefndar eða siðanefndar skv. 29. gr. á rannsókninni verði að hafa leitt í ljós að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd hennar. Rétt er að leggja áherslu á að frumvarpinu sem hér um ræðir er ekki ætlað að breyta þeim ákvæðum sem lög um réttindi sjúklinga og reglugerð með þeim setja. Vísindarannsókn sem krefst samþykkis Persónuverndar samkvæmt frumvarpinu og vísindasiðanefndar eða siðanefnda heilbrigðisstofnana samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga er ekki framkvæmd nema með samþykki beggja. Því er í raun um tvöfalt kerfi að ræða. Ef samþykki vísindasiðanefndar er áskilið við vísindarannsókn fer hún ekki fram ef það er ekki fyrir hendi.

Þá kom fram nokkur gagnrýni á að ekki væri fyrir hendi ákvæði um varðveisluskyldu gagna sem skráð eru og unnið með vegna vísindarannsókna. Nefndin lítur svo á að í frumvarpinu séu ekki gerðar breytingar á því hvernig gögn úr vísindarannsóknum eru varðveitt eða hversu lengi. Í 26. gr. frumvarpsins segir að þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skuli þeim eytt af ábyrgðaraðila.

Hér kemur líka til hlutverk vísindasiðanefndar en hún getur einmitt verið mjög rágefandi í því að meta hvort og hvernig eigi að eyða gögnum sem tengjast vísindarannsóknum.

Nokkur umræða fór fram um aðgang Persónuverndar í eftirlitsstörfum sínum að húsnæði þar sem fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem heimiluð er skv. 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins.

Þessi grein var nokkuð rædd, en þar segir m.a. að:

„Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar ..."

Þetta stendur allt þarna í þessari grein, 38. gr. frv.

Þá var gerð athugasemd við að hér væri um að ræða mjög víðtæka heimild. Allshn. tekur undir þær athugasemdir og leggur áherslu á að 2. mgr. 38. gr. frumvarpsins og heimildinni sem þar er að finna verði varkárni og meðalhófs ætíð gætt. Hafa ber í huga að þessa heimild er að finna í gildandi lögum og hefur hún reynst þýðingarmikil í eftirlitsstarfi tölvunefndar. Auðvelt er að færa rök fyrir því að verði heimildin felld brott sé hætt við að eftirlit Persónuverndar verði ekki jafnvirkt því að mjög auðvelt er að þurrka upplýsingar út úr tölvukerfum á tiltölulega skömmum tíma. Þau tilvik geta komið upp að beita þurfi heimildinni við almennt eftirlit, t.d. ef grunur vaknar á staðnum, þ.e. þegar tölvunefnd, Persónuvernd, samkvæmt frumvarpinu, er mætt á staðinn getur þessi heimild verið nauðsynleg til að hægt sé að ganga að óbreyttu ástandi.

Herra forseti. Ég ætla að gera nokkra grein fyrir þeim breytingum sem allshn. gerir á frumvarpinu, en þær eru þó nokkrar, og ég ætla að víkja að þeim helstu.

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna markmiðslýsingu þess. Í athugasemdum með greininni kemur fram að hún tekur mið af 1. gr. tilskipunar ESB þar sem markmið hennar eru tilgreind. Aðeins annað af tveimur meginmarkmiðum tilskipunarinnar, að tryggja persónuvernd og friðhelgi einkalífs, er nefnt í 1. gr. frumvarpsins. Hitt meginmarkmið tilskipunarinnar er að tryggja frjálst flæði upplýsinga innan aðildarríkjanna í þeim tilgangi að ná fram markmiðum Evrópusambandsins um frjálsa vöru- og þjónustuflutninga er því bætt við. Nefndin telur rétt að bæði markmið tilskipunarinnar komi fram í 1. gr. og leggur til breytingu á greininni í samræmi við það.

Í athugasemdum við 1. tölul. 2. gr. kemur fram að verndarsvið frv. taki til upplýsinga um lifandi og látna menn. Enn fremur segir að upplýsingar um látna einstaklinga falli einkum undir það ef þær tengjast lifandi einstaklingum, svo sem upplýsingar um arfgenga sjúkdóma. Kemur fram að tölvunefnd hafi byggt á því í störfum sínum að látnir einstaklingar njóti friðhelgi um einkalíf sitt ekki síður en lifandi menn, t.d. að því er varðar aðgang að heilsufarsupplýsingum um látna menn í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Að mati nefndarinnar er tilgangur frumvarpsins að vernda persónuupplýsingar um alla einstaklinga, lifandi og látna, og leggur hún til að það komi fram í lagatextanum svo að enginn vafi leiki á því að verndin sé til staðar.

Nefndin ræddi það ósamræmi sem kemur fram í 1. tölul. 8. gr. og 1. tölul. 9. gr. frv. en skv. 8. gr., þar sem fjallað er um vinnslu almennra persónuupplýsinga, þarf að koma til ótvírætt samþykki hins skráða en skv. 9. gr., sem er um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, þarf hinn skráði að samþykkja vinnsluna. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að gera ekki minni kröfur til samþykkis hins skráða við vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga en þegar um vinnslu almennra persónuupplýsinga er að ræða. Í ljósi umræðunnar sem fram fór í nefndinni um skilgreiningu samþykkis, samanber það sem fram hefur komið hér á undan, leggur nefndin til að skerpt verði á skilgreiningu frumvarpsins á samþykki í 7. tölul. 2. gr. og í umfjöllun um samþykki í öðrum ákvæðum þess vísist til hennar. Sem sagt vísist til 7. tölul. 2. gr. Leggur nefndin því til að við skilgreininguna bætist orðið „ótvírætt" þannig að skilgreiningin orðist svo: „Sérstök ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv." Orðið „ótvírætt" í 1. tölul. 8. gr. fellur brott til samræmis við þá breytingu. Samþykki hins skráða verður þannig metið eins hvort sem í hlut á vinnsla almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga.

Þá leggur nefndin til að í 8. tölul. 2. gr. verði upplýsingar um lífsskoðanir taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga og verndaðar á sama hátt og aðrar lífsskoðanir eins og stjórnmálaskoðanir, trúar- og heimspekiskoðanir sem taldar eru sérstaklega upp í ákvæðinu.

Lagt er til að 3. mgr. 3. gr., þar sem ráðherra er veitt víðtæk reglugerðarheimild til að ákveða að tiltekin tegund rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga falli utan gildissviðs laganna, falli brott. Að mati nefndarinnar er nægilega kveðið á um undanþágur frá gildissviði laganna í 2. mgr. 3. gr. og telur hún að um of víðtæka reglugerðarheimild sé að ræða í 3. mgr.

Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Ákvæðið er byggt á 9. gr. tilskipunar ESB þar sem heimiluð er undanþága frá ákvæðum laga vegna skörunar við reglur sem gilda um tjáningarfrelsi þegar fjölmiðlun, listir eða bókmenntir eiga í hlut þar sem þær greinar eru taldar njóta ákveðinnar sérstöðu. Þó skuli byggt á þeirri meginreglu að lögin gildi um öll atriði. Fram kom gagnrýni á að gerður væri greinarmunur á fréttamennsku og öðrum þáttum fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Bent var á að hann ætti sér ekki stoð í tilskipun ESB og að ákvæði frumvarpsins væri mun þrengra en ákvæði tilskipunarinnar. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og leggur til að orðalag 2. málsliðar 5. gr. verði rýmkað.

Nefndin leggur til breytingar á 7. gr. til að taka af tvímæli um að allra þeirra þátta sem taldir eru upp í greininni sé gætt við meðferð persónuupplýsinga. Einnig er gerð smávægileg orðalagsbreyting.

Auk þeirrar breytingar sem gerð er á 1. tölul. 8. gr., og fjallað er um í 3. lið, er gerð breyting á 1. málslið 1. mgr. greinarinnar til að taka af allan vafa um að eitthvert þeirra atriða sem fjallað er um í 1. mgr. þurfi að vera fyrir hendi, þau þurfi ekki öll að vera fyrir hendi.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 9. gr. Þá leggur nefndin til breytingar á 5. tölul. en í frv. er talað um „hagsmunasamtök", að vinna sé framkvæmd af hagsmuna-, menningar- o.s.frv. samtökum, en það hugtak kemur ekki fyrir í tilskipuninni. Þar er hins vegar í d-lið 8. gr., sem er sambærilegur við 5. tölul. 9. gr. frumvarpsins, fjallað um samtök sem hafa „stéttarfélagsleg markmið" sem verður að telja þrengra en orðnotkun frv. Í tilskipuninni er í sömu grein jafnframt gert að skilyrði að samtökin starfi ekki í hagnaðarskyni. Þessi áskilnaður er ekki gerður í frumvarpinu en að mati nefndarinnar er þar um mikilvæga takmörkun að ræða. Er því lagt til að 5. tölul. verði orðaður að nýju í samræmi við þessar athugasemdir. Nefndin leggur einnig til breytingar á 9. tölul. í þeim tilgangi að þrengja heimildina. Þá leggur nefndin til að tvær nýjar málsgreinar bætist við 9. gr. Með þeirri fyrri er lagt til að Persónuvernd setji, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja megi og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað. Að mati nefndarinnar er eðlilegt að um þetta verði settar reglur og að Persónuvernd verði falið það hlutverk. Með hliðsjón af því hlutverki sem vísindasiðanefnd er falið í lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, og reglugerð settri samkvæmt þeim, nr. 552/1999, um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, telur

nefndin æskilegt að haft verði samráð við vísindasiðanefnd um setningu reglnanna með því að fengin sé umsögn hennar áður en þær verða settar. Með seinni málsgreininni er lagt til að Persónuvernd leysi úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar teljist viðkvæmar eða ekki. Að mati nefndarinnar er hugsanlegt að upp eigi eftir að koma tilvik þar sem deila megi um hvort persónuupplýsingar teljist vera viðkvæmar eða almennar. Leggur hún til að Persónuvernd verði falið að skera úr í slíkum tilvikum.

Herra forseti. Ég vil einnig geta breytingar á 28. gr. frumvarpsins, en sú grein byggir á tilskipun ESB og felur í sér rétt til að taka sig af öllum sölulistum, sem sagt rétt einstaklings til að láta taka sig af öllum sölulistum, t.d. af úthringi- og útsendingarlistum sem margir kannast eflaust við. Nefndin leggur til að í stað þess að ábyrgðaraðilum verði gert skylt að bera skrá sína saman við bannskrá Hagstofu Íslands a.m.k. tvisvar á ári verði þeim gert skylt að uppfæra hana mánaðarlega. Verði samanburðurinn einungis gerður tvisvar á ári getur einstaklingur þurft að bíða í allt að sex mánuði eftir því að vera tekinn af slíkum skrám. Að mati nefndarinnar er þetta of langur tími.

Það sjónarmið kom skýrt fram að þegar fólk er að láta taka sig af þessum innhringilistum og útsendingarlistum er það helst til að komast hjá ákveðnum auglýsingapósti og ákveðinni sölumennsku o.fl. og þess vegna fannst nefndinni uppfærsla tvisvar á ári vera allt of sjaldan. Því er lagt til að meginreglan verði sú að skrár þessar skuli vera uppfærðar mánaðarlega.

Samkvæmt lokamálslið 1. mgr. getur Persónuvernd veitt undanþágu frá þessari skyldu og lítur nefndin svo á að í undanþágunni felist að Persónuvernd geti veitt undanþágu frá skyldunni til að bera skrána saman við skrá Hagstofunnar og undanþágu frá því að uppfæra skrána mánaðarlega. Aðilar sem nota skrárnar sjaldan, t.d. einu sinni eða tvisvar á ári gætu með þeim hætti fengið undanþágu þannig að skráin yrði uppfærð áður en hún yrði notuð. Nefndin vill leggja áherslu á að undanþágum frá skyldunni til að bera skrána saman við skrá Hagstofunnar verði stillt í hóf svo að óskir einstaklinga um að verða teknir af skrá fyrir markpóst og marksímtöl séu virtar. Þá leggur nefndin til breytingu á 3. mgr. svo að Persónuvernd verði heimilað að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir takmörkunum skv. 1. mgr. Með hliðstæðum rannsóknum er t.d. átt við neyslu- og markaðskannanir Hagstofunnar og aðrar kannanir sem eru grundvöllur að vísitöluútreikningum og byggjast á lagaákvæðum eða leiðir af opinberri starfsemi. Við mat Persónuverndar á því hvort viðkomandi rannsókn skuli ná til einstaklinga á bannskrá verður að taka mið af því hvort niðurstöður rannsóknarinnar mundu sýna mjög skakka mynd ef þeir væru ekki teknir með í rannsóknina.

Lagðar eru til breytingar á 3. mgr. 31. gr. frv. þar sem Persónuvernd er heimilað að undanþiggja vissar tegundir vinnslu tilkynningarskyldu. Þar sem meginreglan er að öll vinnsla persónuupplýsinga er tilkynningarskyld, og það er ein af meginbreytingum laganna, telur nefndin að aðeins verði vikið frá tilkynningarskyldunni í undantekningartilvikum og aðeins þegar í hlut eiga almennar upplýsingar. Vinnsla með viðkvæmar persónuupplýsingar skal þannig í öllum tilvikum háð tilkynningarskyldu. Nefndin telur hins vegar að gild rök geti verið fyrir að ákveðnar tegundir af vinnslu almennra upplýsinga verði undanþegnar tilkynningarskyldu. Má sem dæmi nefna skráningu í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita sem heimil er samkvæmt gildandi lögum. Þar er um að ræða skráningu sem er í þágu almannahagsmuna og öllum til góða. Ef ekki yrði heimilt að veita slíka undanþágu gæti það haft þær afleiðingar að söfnun og skráning í þágu ættfræðirannsókna verði mun erfiðari en nú er.

Nefndin leggur til breytingar á 33. gr. sem byggðar eru á 20. gr. tilskipunar ESB. Leggur hún til að þegar um er að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem geti falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu. Núgildandi eftirlitskerfi byggir á leyfisveitingum fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Eins og fram kom fyrr þá byggir frv. á því að í stað leyfisveitinga verði byggt á tilkynningarskyldu vinnsluaðila. Telur nefndin að nauðsynlegt sé að tengja saman þessi ólíku kerfi með þessum hætti þannig að hún telji þörf á því geti hún stöðvað vinnslu persónuupplýsinga þar til hún hefur kannað vinnsluna og gefið út leyfi fyrir henni. Lítur nefndin svo á að vinnsla sem ekki verður leyfisskyld þegar lögin eru að fullu komin til framkvæmda verði hugsanlega leyfisskyld til að byrja með.

Þá eru lagðar til breytingar við 36. gr. sem varðar skipulag Persónuverndar og stjórnsýsluna. Við umfjöllun málsins komu fram athugasemdir við að ráðherra skipi stjórn Persónuverndar án tilnefningar. Það sjónarmið kom fram að mikilvægt væri að eftirlitsaðili á borð við Persónuvernd njóti nægilegs trausts. Inn á þetta komu margir gestir nefndarinnar m.a. og vel flestir umsagnaraðilar. Því væri mikilvægt að stjórn hennar væri skipuð faglega og að sátt ríkti um hana. Vill nefndin koma til móts við þessi sjónarmið og leggur til að tveir af fimm aðilum í stjórn Persónuverndar verði tilnefndir, annar af Hæstarétti og hinn af Skýrslutæknifélagi Íslands, en þess má geta að samkvæmt gildandi lögum skal hið síðarnefnda, þ.e. Skýrslutæknifélagið, tilnefna einn aðila í tölvunefnd. Hina þrjá í stjórn Persónuverndar skipar ráðherra án tilnefningar, þar á meðal formann og varaformann, og skulu þeir vera lögfræðingar.

Herra forseti. Fyrir hönd hv. allshn. mæli ég með því að frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð eru skil á sérstöku þingskjali.

Ég vil einnig koma á framfæri þökkum til nefndarmanna fyrir að hafa innt af hendi afskaplega góða, mikla og að mínu mati mjög faglega vinnu. Fyrir vikið erum við hér með að mínu mati mjög gott frv. og nefndarálit.

[01:51]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi við þetta frv. Frv. er vel unnið. Það hefur fengið vandaða málsmeðferð í allshn. og á formaður nefndarinnar lof skilið fyrir verkstjórn og vinnubrögð.

Þetta er grundvallandi lagafrv. sem skiptir máli að sé fyrir hendi og að það sé vandað. Hann er vandrataður vegurinn á milli þess að gæta persónuverndar annars vegar og hins að tryggja að samfélagið sé opið en ekki lokað. Mér finnst það t.d. vera heilbrigðisvottur að á Íslandi skuli fara fram umræða um tekjur og tekjumun í samfélaginu. Á hverju sumri gerist það í tengslum við birtingu skattskrár og fleira mætti nefna

sem dæmi um að okkar samfélag er á margan hátt opnara en gerist með ýmsum öðrum þjóðum þótt þeirrar tilhneigingar gæti í allt of ríkum mæli að loka því sem áður var opið.

Margt í þessu frv. er að mínum dómi mótsagnakennt og orkar tvímælis. Þannig á ég erfitt með að skilja að upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál skuli ekki flokkast undir viðkvæmar persónuupplýsingar en á sama tíma flokkast undir þann lið aðild að stéttarfélögum. Þetta finnst mér mótsagnakennt og ég á erfitt með að skilja hvað veldur þótt hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir hafi reifað þessi efni að hluta til í framsöguræðu sinni.

Eitt atriði vil ég sérstaklega gera athugasemd við og það er stjórnsýslan, þ.e. skipulag Persónuverndar og hverjir fara þar með stjórn. Samkvæmt frv. eins og það upphaflega var lagt fyrir átti ráðherra að skipa fimm manna stjórn Persónuverndar án tilnefningar, tveir áttu að vera lögfræðingar sem fullnægðu hæfisskilyrðum héraðsdómara og skyldi annar vera formaður og hinn varaformaður nefndarinnar. Á þessu hefur nú verið gerð breyting og er hún vissulega til bóta því að nú eru komnir tveir tilnefningaraðilar til sögunnar, Hæstiréttur annars vegar og hinn er Skýrslutæknifélag Íslands. Ég ætla að láta liggja milli hluta hversu heppilegt er að þessir aðilar skuli vera tilnefningaraðilar en hitt vil ég gagnrýna harðlega að ráðherra skuli eiga að skipa þrjá stjórnarmenn Persónuverndar af fimm án tilnefningar. Ég held nefnilega að það skipti mjög miklu máli varðandi stjórn eftirlitsaðila á borð við Persónuvernd, sem er sambærileg við núverandi tölvunefnd en tekur breytingum og fær breytta nafngift við gildistöku þessa lagafrv., að óháðir tilnefningaraðilar komi þar við sögu. Ég hefði talið heppilegt að einn þessara aðila væri Háskóli Íslands, sem jafnvel tilnefndi tvo aðila, hugsanlega Siðfræðistofnun og lagadeild háskólans. Mér hefði ekki fundist óeðlilegt að Neytendasamtökin hefðu tilnefningarrétt svo dæmi sé tekið. En að fela ráðherra valdið til að skipa meiri hluta nefndarinnar finnst mér ekki vera æskilegt, á engan hátt, þótt þetta sé skref sem stigið hafi verið fram á við með þeim brtt. sem hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir gerði grein fyrir í framsögu sinni.

Ég vil minna á að vísindasiðanefnd var á sínum tíma skipuð af ráðherra að vísu en samkvæmt tilnefningum óháðra aðila enda fór svo að þegar upp kom ágreiningur á milli þessarar nefndar og framkvæmdarvaldsins um mjög viðkvæmt átakamál og deilumál í samfélaginu, gagnagrunn á heilbrigðissviði, *þá einfaldlega rak ráðherrann nefndina*. Hann gat þjónað sinni lund vegna þess að reglugerðarvaldið hvíldi hjá hæstv. ráðherra. Hann rak nefndina og breytti reglugerðinni á þann veg að tilnefningarvaldið var í ríkara mæli en áður fært til framkvæmdarvaldsins. Þetta er skref aftur á bak og reyndar ekki í samræmi við alþjóðlegar samþykktir sem gilda um þessi efni, um að þessir aðilar, vísindasiðanefnd og ég hefði haldið einnig stjórn Persónuverndar, skyldu vera eins óháð framkvæmdarvaldinu og kostur er. Jafnvel þótt við búum við þann lagaramma að tiltekinn ráðherra skipi endanlega í nefndina þá er mikilvægt að óháðir aðilar hafi tilnefningarvaldið á hendi.

Að lokum þetta, herra forseti. Þótt ég hæli þessu frv. og telji það mikilvægt og gott, það er mikilvægt að hafa grundvallarlöggjöf um þessi efni, það er mjög mikilvægt, þá vil ég þó segja að þarna eru atriði sem ég sakna. Mesta átakamál sem snertir persónuvernd á undanförnum árum og ég vildi segja áratugum, bara á seinni tímum, er gagnagrunnur á heilbrigðissviði. Og það var stundum átakanlegt að hlusta á menn í annars ágætri nefndarvinnu í allshn. ræða um upplýst samþykki og margvísleg atriði sem lúta að persónuvernd en þegar kom að því deilumáli sem hæst ber, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, þá voru menn valdalausir og ráðalausir vegna þess að gagnagrunnur á heilbrigðissviði er með sérlögum undanskilinn ákvæðum þessara laga sem eiga að vernda rétt einstaklingsins. Ef þetta frv. hefði legið fyrir þegar frv. um gagnagrunn á heilbrigðissviði var lagt fyrir Alþingi þá er ég ansi hræddur um að það hefði átt erfiðar uppdráttar og aðstandendur þess átt erfiðar uppdráttar að koma því í gegnum þingið vegna þess að það hefði strítt gegn ákvæðum þess frv. sem hér á að gera að lögum. Það er nú bara staðreynd málsins.

Ég vil vekja athygli á því á þessari stundu áður en við samþykkjum þetta mikilvæga frv. um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að ég er margoft búinn að óska eftir því við þingið og ráðherra, fulltrúa ríkisstjórnarinnar, að veita upplýsingar um samskipti heilbrigðiskerfisins og Íslenskrar erfðagreiningar. En engin svör er að fá. Og ekki hefur það heldur fengist framgengt varðandi gagnagrunn á heilbrigðissviði að tryggja upplýst samþykki, að ekki sé á það minnst að þeirrar kurteisi er ekki gætt að spyrja fólk leyfis áður en upplýsingar um það eru sendar í gagnagrunn á heilbrigðissviði og gerðar þar að söluvöru fyrir erlend tryggingafélög og lyfjafyrirtæki. Þetta er siðleysi og þetta er nokkuð sem við hefðum átt að taka til umfjöllunar í tengslum við þessi lög. Það er hryggilegt að þessi atriði, þessi þáttur persónuverndarinnar skuli undanþeginn þessu frv. sem ég ítreka, herra forseti, að ég tel vera mikið framfaraspor og lýsi stuðningi við.

[02:01]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir hlý orð í minn garð og nefndarmanna allshn. Það mátti auðvitað búast við því að lög um gagnagrunn á heilbrigðissviði yrðu tengd þessari umræðu, það er kannski ósköp eðlilegt. En það er nú einu sinni svo þetta eru sérlög og við erum að ræða um almenn lög á þessu sviði, um meðferð persónuupplýsinga, sem ekki eingöngu varða vinnslu persónuupplýsinga á heilbrigðissviði heldur yfir miklu víðtækara svið. Þess vegna var alveg rökrétt þegar rætt var um samþykkið og hvort ætti að ræða um upplýst samþykki í þessu frv. að ákveðið var að nota þá skilgreiningu sem er fyrirmynd í tilskipun Evrópusambandsins, *þ.e. alþjóðlega tilskipun, og telur nefndin eins* og ég gat um áðan eðlilegt að sama skilgreining verði notuð þegar fjallað er um meðferð persónuupplýsinga.

Reglur um meðferð þeirra svo ég leyfi mér, herra forseti, aftur að vitna í það sem ég sagði áðan, spanna mjög vítt svið og að mati nefndarinnar er ekki eðlilegt að skilgreining á samþykki verði eingöngu byggð á því hvernig samþykki er skilgreint vegna þátttöku í vísindarannsókn. Nefndin bendir á að upplýst samþykki, eins og ég gat um áðan og las upp, felst í skilgreiningunni á samþykki samkvæmt frv. og það er skýrt mjög ítarlega í 2. gr. frv.

Ég vil hins vegar spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson hvort hann hafi verið að lýsa yfir vantrausti á skipan núverandi vísindasiðanefndar.

[02:03]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að lýsa vantrausti og mjög harðri gagnrýni á ákvörðun ríkisstjórnarinnar og eins tiltekins ráðherra að reka vísindasiðanefnd þegar hún gagnrýndi ákvarð-

anir og stefnu ríkisstjórnarinnar, breyta reglugerð og skipa nefnd. Ég er að lýsa vantrausti á þá ráðstöfun. Ég hef gert það áður og skal gera það hvenær sem þess er óskað og fagna tilefninu að fá að ítreka þetta eina ferðina enn því að þarna var á ferðinni mjög alvarlegur hlutur.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Þorgerður Gunnarsdóttir bendir á að menn geta farið í alls kyns hártoganir um þessi efni en eftir stendur að upplýsingar um heilsufar íslensku þjóðarinnar eru að henni forspurðri sendar inn í gagnagrunn á heilbrigðissviði þar sem þær eru gerðar að söluvöru.

[02:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og ég vil í upphafi máls míns þakka allshn. og sérstaklega hv. formanni allshn. fyrir góða vinnu í þessu máli og vönduð vinnubrögð.

Ég held, virðulegi forseti, að þó að við séum að stíga fyrstu skrefin á þessu sviði muni þau lög sem ætlunin er að lögfesta og eru nú til 2. umr. reynast okkur farsæl. Ég held að öll sú vinna sem lögð hefur verið í þetta mál sé þess eðlis að þó að ýmislegt megi sjálfsagt betur fara sé hér ágætlega af stað farið. Ég hef þá trú að það markmið náist sem stefnt er að með lögunum, þ.e. vernd persónuupplýsinga fyrst og fremst, auk þess sem lögunum er ætlað að tryggja frjálst flæði upplýsinga á EES-svæðinu, og ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi fyrstu spor okkar á þessu sviði muni verða okkur happadrjúg.

Ég vil, virðulegi forseti, taka aðeins undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem nefndi það áðan að mjög mikilvægt hefði verið að þessi almennu lög, þ.e. lög um persónuvernd, hefðu legið fyrir þinginu og hefðu jafnvel verið samþykkt þegar frv. til laga um gagnagrunninn kom til umræðu.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að sú umræða sem fram hefur farið í aðdraganda og vinnslu þess frv. sem við ræðum nú hefur dýpkað mjög umræðuna um persónuverndina og vakið okkur til umhugsunar um hversu mikilvægt þetta svið er, sérstaklega í ljósi þeirra öru breytinga sem eru að verða á tæknisviðinu og þeirrar upplýsingabirtingar sem við erum að ganga í gegnum. Ég held að gildi persónuverndar í framtíðinni verði mjög mikið, ég held að mjög mikilvægt sé að hún verðin tryggð því að öll sú tækni sem við erum að tileinka okkur og er að verða til gerir það að verkum að miklum mun auðveldara er að vinna með slíkar upplýsingar og um leið má þá segja að miklu meiri hætta sé á því að friðhelgi einkalífs verði raskað.

Það eru nokkur atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi nefna í þessari umræðu en eins og komið hefur fram stend ég ásamt öðrum nefndarmönnum í hv. allshn. að því nál. sem hv. frsm. og formaður nefndarinnar flutti áðan og kannski ekki miklu við það að bæta. Það eru þó nokkur atriði sem ég vildi nefna.

Í fyrsta lagi vildi ég nefna það sérstaklega að frv., verði það að lögum sem ég reikna fastlega með, er lagt upp þannig að sömu reglur gilda um opinbera aðila og einkaaðila. Sömu reglum er ætlað að gilda um þessa aðila þegar þeir vinna og fara með persónuupplýsingar. Ekki er gerður greinarmunur á opinberum aðilum og einkaaðilum í þessu sambandi og ég held að mjög mikilvægt sé að allir sem koma að því að vinna persónuupplýsingar séu meðvitaðir um að ganga varlega um slíkar upplýsingar og það breytir engu hvort stofnunin heyrir undir hið opinbera eða hvort um einkaaðila er að ræða. Ég held að með því sé persónuvernd hvað best tryggð að þetta sé gert með þessu móti og það er markmiðið með lögunum.

Þó að ég sé í sjálfu sér mjög íhaldssamur þegar kemur að meðferð og vinnslu persónuupplýsinga þá held ég að hér sé mjög hæfilega og vandlega af stað farið og af mjög yfirveguðu ráði og ekki sé neitt yfirkeyrt þó að, eins og ég sagði áðan, einhver atriði hefðu sjálfsagt mátt betur fara en reynslan á örugglega eftir að kenna okkur að það er ýmislegt sem þarf að huga að. Það breytir ekki hinu að ég er sannfærður í minni trú um að það frv. sem hér liggur fyrir sé mjög vandað og eigi eftir að færa okkur aðeins áfram á þessu sviði.

Í öðru lagi vildi ég nefna það, virðulegi forseti, að mér þykir mjög leiðigjarnt í lagasetningu að sí og æ sé verið að fá Hæstarétt til að tilnefna einstaklinga til að sitja í nefndum og ráðum. Það er einu sinni þannig að við skiptum þessu blessaða ríkisvaldi okkar upp í þrennt og ég er þeirrar skoðunar að Hæstiréttur eigi að einbeita sér að því að komast að niðurstöðum í þeim málum sem undir hann eru borin en ekki vera að tilnefna í nefndir framkvæmdarvaldsins. Þó að ég sé ekki að gera því skóna að það hafi áhrif á niðurstöðu réttarins komi mál til hans sem þær nefndir sem hann hefur tilnefnt í hafi áður fjallað um, þá er ég þeirrar skoðunar og hef verið lengi að Hæstiréttur eigi að einbeita sér að öllu öðru en afskiptasemi af verkefnum framkvæmdarvaldsins. Mér þykir það miður að þetta skuli vera í brtt. nefndarinnar við 36. gr. frv. En þetta varð niðurstaða meiri hlutans og er kannski ekki það stórt atriði að ástæða sé til að skilja sig frá meiri hlutanum. En mér þykir þetta mjög hvimleitt og ég held að rétt væri fyrir hið háa Alþingi að hyggja mjög að því að breyta þessum vinnubrögðum því ég held, virðulegi forseti, að þetta vinnulag eigi að heyra fortíðinni til.

Við 1. umr. um frv. flutti ég ræðu og gagnrýndi ýmislegt sem í frv. var í upphafi. Mörgu hefur verið breytt, annað hefur skýrst við umræðuna sem gerir það að verkum að ég er nokkuð sáttur við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil því segja að lokum, virðulegi forseti, að ég ítreka þakkir til nefndarmanna allshn. sem ég held að hafi unnið mjög gott starf, og ítreka jafnframt að verið er að brjóta í blað, hér er verið að sporna við og tryggja friðhelgi einkalífs í þeirri öru tæknibyltingu sem nú ríður yfir heiminn og hefur stundum verið kölluð upplýsingabyltingin. Því er mjög mikilvægt að við slíkar breytingar í samfélagi okkar sé reynt að tryggja eins og kostur er að friðhelgi einkalífs og persónuvernd sé verndað eins og hægt er.

[02:12]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom inn á það hvort þetta frv. gilti ekki jafnt um opinera aðila sem einkaaðila. Það er hárrétt, það tekur til allra, enda segir í 3. gr. frv.: „Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga". — Sérhverja rafræna vinnslu, og skiptir náttúrlega engu máli hvort um er að ræða opinbera aðila eða einkaaðila sem sjá um þá vinnslu eða eru ábyrgðaraðilar samkvæmt t.d. 2. gr. frv. en þar segir um skilgreiningu á ábyrgðaraðila að hann sé: „Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna."

Að lokum vil ég taka undir það með hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að þetta eru merkilegar breytingar sem við erum að ræða hér. Þetta verður að mínu mati farsæl breyting

ef og vonandi þegar þetta frv. verður samþykkt á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsingalög, 2. umr.

Stjfrv., 564. mál (persónuvernd o.fl.). — Þskj. 866, nál. 1215, brtt. 1216.

[02:14]

Frsm. allshn. (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá hv. allshn. um frv. til laga um breytingu á upplýsingalögum. Þetta frv. er í beinum tengslum við það frv. sem við vorum að ræða áðan, þ.e. frv. til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Megintilgangur frumvarpsins er að halda í þau lagaskil sem gildissvið laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum, hefur dregið milli þeirra og upplýsingalaga þegar ný lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga leysa fyrrnefndu lögin af hólmi. Gildissvið laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga hefur almennt verið bundið við persónuupplýsingar sem kerfisbundið eru færðar í skrá. Frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gerir hins vegar ekki þann greinarmun á varðveisluformi upplýsinga sem það tekur til. Í 1. gr. frumvarps þessa er því lagt til að sams konar lagaskilaregla verði tekin í upplýsingalögin og leitt hefur af gildissviði laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Af því leiðir að frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga ætti yfirleitt einungis að ganga upplýsingalögunum framar þegar 18. gr. frumvarpsins á við um upplýsingarétt aðila. Skýr skil þarna á milli hafa þó fyrst og fremst þýðingu við ákvörðun um á hvaða lagagrundvelli beri að leysa úr beiðni um aðgang að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Efnisreglur laganna ættu hins vegar að leiða til svipaðrar niðurstöðu, enda er litið svo til að þeir hagsmunir sem takmörkunum þeirra er ætlað að vernda séu yfirleitt hinir sömu.

Aðrar breytingar samkvæmt frumvarpinu miða að því að bæta starfsskilyrði úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem starfrækt er samkvæmt V. kafla upplýsingalaga, og að gera lítils háttar lagfæringu á stjórnsýslulögum.

Við umfjöllun málsins hjá nefndinni komu fram athugasemdir frá forsætisráðuneyti, þar sem frumvarpið var samið, um að æskilegt væri að gerðar yrðu breytingar á frumvarpinu og eftir að hafa skoðað málið leggur nefndin til breytingar á ákvæðum þess til samræmis við þær athugasemdir.

Lagt er til að frestur til að höfða mál til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál fyrir dómstólum verði lengdur um eina viku þegar dómari synjar um að veita málinu flýtimeðferð skv. XIX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Kemur það til af því að heimild úrskurðarnefndar til að fresta réttaráhrifum úrskurðar í því skyni að hann verði borinn undir dómstóla ber lögum samkvæmt að binda því skilyrði að óskað sé flýtimeðferðar slíks máls fyrir dómstólum. Dómstólar meta eftir sem áður sjálfir hvort mál sé þess eðlis að það fullnægi lögmæltum skilyrðum til að því sé veitt slík meðferð. Meti dómari það ekki svo hefur í framkvæmd risið um það vafi hvort sjö daga frestur skv. 18. gr. upplýsingalaga til að bera mál undir dómstóla hafi rofnað við það að óskað sé slíkrar meðferðar eða hvort hann haldi áfram að líða þar til mál er höfðað með útgáfu stefnu. Til að taka af allan vafa um þetta er lagt til að tekið verði í lögin sérstakt ákvæði um að nýr frestur byrji að líða ef dómari synjar um flýtimeðferð. Með því að stefnu þarf jafnframt að undirbúa með nokkuð öðrum hætti, ef svo ber undir, þykir jafnframt rétt að veita í því skyni aðra sjö daga.

Þá er lagt til að vísun til laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í 17. gr. stjórnsýslulaga falli brott. Í þessari grein er stjórnvaldi heimilað að takmarka aðgang aðila máls að gögnum þess ef hagsmunir hans þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari einkahagsmunum, þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa því í vegi. Þessi breyting stuðlar einnig að því að skýra lagaskil á milli stjórnsýslulaga og laga um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, eftir atvikum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þegar þau leysa hin fyrrnefndu af hólmi. Beri á annað borð að leysa úr beiðni aðila máls um aðgang að gögnum þess á grundvelli stjórnsýslulaga verða takmarkanir á aðgangi hans ekki metnar á öðrum lagagrundvelli. Vísun til annarra laga í þessu ákvæði stjórnsýslulaganna á því ekki við enda þótt þau geti eftir sem áður verið inntaki þeirra hagsmuna, sem takmörkunarákvæði stjórnsýslulaga er ætlað að vernda, til skýringar.

Þá er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins til samræmis við frumvarp til laga um persónuupplýsingar og meðferð persónuupplýsinga sem við vorum að ræða hér áðan og síðan eru lagðar til breytingar á 1. og 6. gr. upplýsingalaga til samræmis við fyrrgreint frumvarp og er breytingin sem nefndin leggur til hér gerð til samræmis við það frumvarp.

Herra forseti. Hv. allshn. mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[02:19]

Útbýting þingskjala:

Samkeppnislög, 488. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1347; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1348.

Þjóðlendur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 1132, brtt. 1190.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunavarnir, 2. umr.

Stjfrv., 485. mál (heildarlög). — Þskj. 765, nál. 1249, brtt. 1250.

[02:21]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Frv. sem hér liggur fyrir þingi að lokinni umfjöllun hv. umhvn. er heildarlöggjöf og endurskoðun á

lögum um brunavarnir. Í frv. er gerð grein fyrir markmiðum frv., gildissviði og skilgreiningar koma þar glögglega fram. Tekið er á heildarskipulagi og stjórn brunamála og hvernig Brunamálaskóla og brunamálaráði sé fyrir komið og hvernig brunamál tengjast sveitarfélögunum og hvert valdsvið slökkviliðs sé og tengsl þess við sveitarstjórnir.

Umhvn. fékk til sín gesti og umsagnir og fjallaði um málið eftir því sem tök voru á og hefur lagt fram nokkrar brtt. í framhaldi af þeirri umfjöllun.

Í nefndaráliti er vikið að ýmsum nýmælum sem koma fram í frv., en þar er m.a gerð grein fyrir því að hlutverk Brunamálastofnunar og sveitarfélaga á sviði bruna- og mengunarvarna sé skýrt og lögð áhersla á að sveitarfélög auki samvinnu á sviði eldvarnaeftirlits og starfsemi slökkviliða og jafnframt er ákvæði um brunavarnaáætlanir og Brunamálaskóli er settur í lög.

Brunamálaskólinn kom til sérstakrar umræðu í nefndinni enda var allnokkuð að honum vikið bæði í máli gesta og í umsögnum. Ljóst er að Brunamálaskólinn þarf að starfa í nánum tengslum við þá framþróun sem er á sviði brunamála. Sömuleiðis þarf skólinn að vera í tengslum við slökkviliðin um land allt. Þess vegna leggur nefndin áherslu á að hvort tveggja gerist, að skólinn taki eðlilegum breytingum í samræmi við þær kröfur sem til hans eru gerðar — það er augljóst að margvíslegar breytingar eru nauðsynlegar í skipulagi skólans — og jafnframt að skólinn starfi áfram með sama hætti og hann hefur gert hvað varðar þjálfun úti um land allt. Með þessu er verið að víkja, þegar frsm. nefnir þetta, að umsögn og nefndaráliti umhvn. þar sem nefndin leggur áherslu á, eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Leggur hún áherslu á að því verði áfram sinnt með óbreyttu sniði.“

Þessi setning í nefndarálitinu vísar sérstaklega til þess að sama fyrirkomulagi verði haldið um að tæki, svo sem reykköfunargámur og önnur tæki, fari um landið og séu tiltæk fyrir slökkviliðin til æfinga. En þarna er ekki verið að segja að skólinn eigi að öllu leyti hvað stjórnsýslu og fyrirkomulag varðar að vera óbreyttur.

Ýmsar aðrar breytingar og áherslur hafa komið fram hjá umhvn. og er gerð grein fyrir þeim í brtt. og nefndaráliti.

Ég mæli með að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem nefndin hefur lagt fram.

[02:26]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil á þessu stigi máls gera athugasemd við eina grein frv. sérstaklega. Í frv. er vissulega að finna ýmislegt sem horfir til bóta. En atriðið sem ég vildi gera athugasemd við og óska eftir skýringum á er 12. gr. frv. en þar er kveðið á um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga. Segir hér, með leyfi forseta:

„Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga er sú starfsemi slökkviliðs sem hefur eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir.“

Síðan segir í lok greinarinnar, með leyfi forseta:

„Heimilt er að fela skoðunarstofum eftirlit skv. 1. mgr., eftir því sem við á.“

Eldvarnaeftirlit er með öðrum orðum hægt að fela einkareknum skoðunarstofum og þætti mér vænt um að fá að heyra hvað hér vakir fyrir stjórnarmeirihlutanum og þeim sem standa að frv. með þessari lagagrein. Í því sambandi þá minni ég á þá áráttu þeirrar ríkisstjórnar sem fer með völdin í landinu að reyna að koma öllu lifandi og dauðu á markað og þar með talinni þjónustu sem hingað til hefur verið talin almannaþjónusta og er almannaþjónusta og á að mínum dómi að heyra undir opinbera aðila.

[02:28]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Með þessu ákvæði í 12. gr. frv. sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerir að umtalsefni, að heimilt sé að fela skoðunarstofum eftirlit, er átt að sveigja er möguleg hvað þetta varðar. Aðstæður sveitarfélaga og slökkviliða eru mismunandi. Lögin ná til allra slökkviliða og allra sveitarfélaga í landinu. Með þessu er verið að opna þann möguleika að sveitarfélögin geti nýtt sér aðrar leiðir en að festa þetta algjörlega í eitt form.

Eins og ég veit að hv. þm. sér þá er aðeins um heimild en ekki beinlínis um stefnumótun að ræða, þ.e. að fela eigi þetta í hendur öðrum, nema síður sé.

[02:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Það er rétt sem fram kemur í máli hv. formanns umhvn. að staða slökkviliða er misjöfn. Sums staðar á landsbyggðinni er hún veik. Að mínum dómi er það hlutverk stjórnvalda að efla slökkviliðin þar sem þau eru veik en ekki veikja þau enn frekar með því að fela öðrum aðilum verkefni sem eiga að heyra þeim til.

Ég tek eftir því að hv. formaður umhvn. leggur áherslu á að hér sé ekki um stefnumótun heldur um heimildarákvæði að ræða. Ég ætla að leyfa mér að skilja það svo, nema því verði mótmælt, að það muni heyra til algjörra undantekninga að beita heimildarákvæðinu. Ég legg þann skilning í þessa lagagrein nema annað komi fram.

[02:31]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bæta því við að með lagasetningu þessari er sveitarfélögum gefið tækifæri til að sameinast um eldvarnamál og slökkvilið. Það kemur fram í ákv. til brb. I að árunum 2001 til og með 2005 er Brunamálastofnun heimilt að veita þeim sveitarfélögum fjárstuðning sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs. Þetta gæti greitt fyrir slíku og ég ítreka það sem ég sagði áðan, að nefndin leit ekki svo á að þarna væri um stefnumótun að ræða heldur heimild sem kæmi til móts við þau misjöfnu kjör og aðstæður sem slökkviliðin búa við í landinu.

[02:32]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er að sönnu merkilegt. Hér er verið að breyta starfsemi Brunamálastofnunar í nokkrum grundvallaratriðum auk þess sem ýmsu er breytt varðandi Brunamálaskólann.

Þær áhyggjur sem ég hef heyrt frá slökkviliðsmönnum vegna þessa frv. varða fyrst og fremst skólann sjálfan. Menn hafa áhyggjur af því, þá sérstaklega slökkviliðsmenn úti á landi, að farskóli Brunamálastofnunar verði ekki starfræktur eftir að þetta verður komið undir nýja stjórn og þar af leiðandi leggist niður sú mikla kynning og þjálfun sem slökkviliðsmenn úti á landi hafa fengið og menntun þeirra þurfi öll að færast til höfuðborgarsvæðisins.

Varðandi þetta mál þá hefur verið gengið úr skugga um það í nefndinni að ekki er ástæða fyrir slökkviliðsmenn að óttast þetta. Það er ekki fyrirhugað að breyta starfsemi skólans að neinu leyti. Þessi farskóli, gámar sem slökkvideild Brunamálastofnunar, skipulagsdeild, hafa umsjón með, eru fluttir út á land og notaðir sem æfingatæki og skólar. Eftir

því sem brunamálastjóri og þeir sem starfrækja þennan skóla segja þá mun þetta ekki breytast. Ég er fyrir mitt leyti sáttur við þá niðurstöðu og tel að slökkviliðsmenn úti á landi geti einnig fagnað þessu frv.

[02:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil einungis segja varðandi þetta frv. til laga um brunavarnir að þetta er mikill lagabálkur. Það var synd hversu seint það kom fram og hversu lítill tími gafst til að vinna að því í nefnd. Til marks um það er það atriði sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi hér áðan varðandi 12. gr. Ég ætlaði að muna eftir því sjálf, herra forseti, að orða þetta: eldvarnaeftirlit sem væri heimilt skv. frv. að fela skoðunarstofum. Ég úttalaði mig um þetta í nefndinni, að þarna teldi ég ákveðna hættu á ferðinni og lýsi yfir ánægju minni með þá yfirlýsingu hv. formanns nefndarinnar sem hann gaf hér áðan um sameiginlegan skilning nefndarinnar, að þetta sé einungis heimildarákvæði en ekki stefnumarkandi ákvæði. Ég tel afar mikilvægt að það sé hér rammað frekar inn í umræðunni.

Að öðru leyti vil ég segja að umsagnir þær sem komu um frv. voru ansi flóknar. Það var erfitt að taka afstöðu til þeirra allra og mín von er sú, þar sem komið er nú að þinglokum, að ekki þurfi að koma til þess á næsta þingi að jafnmörg veigamikil frv. komi fram jafnseint á sviði umhverfismála og nú gerðist.

[02:37]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þess sem hér var sagt um að frv. hefðu komið seint fram þá má að vissu leyti taka undir það. Þetta eru stór frv. sem umhvn. hefur haft til umfjöllunar, sérstaklega frv. um mat á umhverfisáhrifum sem verður rætt hér á eftir og brunamálafrumvarpið. Við reyndum að vinna þetta brunamálafrumvarp í eins mikilli samvinnu við hagsmunaaðila og mögulegt var. Ég sé að þar hefur tekist vel til. Það ríkir nokkuð breið pólitísk sátt um málið og hefur náðst að vinna það í umhvn. á þeim stutta tíma sem hún hafði til að vinna málið. Ég vil nota þetta tækifæri hér í andsvari, þar sem tíminn er stuttur og við erum langt komin inn í nóttina, til að þakka umhvn. sérstaklega fyrir vel unnin störf bæði varðandi mat á umhverfisáhrifum og þetta mál sem hér er til umfjöllunar, um brunamál í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum, 2. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281 og 1299.

[02:39]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er til umræðu er veigamikið, ekki aðeins fyrir umhverfismál heldur og í löggjöf landsmanna á sviði umhverfismála. Það snýr að verulegu leyti að lagaumhverfi atvinnuhátta og viðhorfum landsmanna.

Frv. sem væntanlega verður að lögum er nokkuð seinna á ferðinni en ætlað var þegar fyrri lög voru samþykkt. Umræða á sviði umhvefismála sem snýr að mati á umhverfisþáttum hefur farið vaxandi, skoðanamótunin hefur verið mjög ör og hvað eftir annað hefur reynt á löggjöf og skilning manna á mati á umhverfisáhrifum. Það var því tími til kominn að frv. kæmi fram og yrði lagt hér fyrir hv. Alþingi.

Skemmst er þess að minnast er mat á umhverfisáhrifum kom hér til umræðu. Það reyndi mjög á hin fyrri lög þegar þingheimur ræddi hin mikilsverðu mál sem sneru að virkjunarmálum og umhverfismálum öllum í breiðara samhengi fyrr á þessu þingi.

Umhvrn. lagði gríðarlega mikla vinnu í þetta frv. og naut þess að hafa fengið þá eldskírn sem fólst í umfjöllun okkar um virkjanamálin og mat á umhverfisáhrifum. Nefndin naut einnig vandaðra umsagna og góðs málflutnings þeirra gesta sem til nefndarinnar komu. Gögn nefndarinnar eru umfangsmikil og verður með engum hætti hægt að gera þeim öllum skil að þessu sinni.

Með frv. er lögð til ný heildarlöggjöf um mat á umhverfisáhrifum. Jafnframt felst í frumvarpinu lögfesting á ákvæðum tilskipunar Evrópusambandsins.

Í frv. eru mörg nýmæli og breytingar frá gildandi lögum. Má nefna að matsferlið verði einfaldað frá því sem nú er. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaraðili leggi fram tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Að því loknu geri framkvæmdaraðili matsskýrslu sem sé í samræmi við matsáætlun Skipulagsstofnunar. Að síðustu úrskurðar Skipulagsstofnun um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Þá er gert ráð fyrir aukinni aðkomu almennings að matsferlinu.

Nefndin vill minna á að í tilskipun Evrópusambandsins er byggt á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum jafnt á alþjóðavettvangi og í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök.

Miklar umræður urðu í nefndinni um ýmis þau grundvallaratriði sem að löggjöfinni snúa og kemur það fram í þeim brtt. sem nefndin leggur hér fram fyrir hv. Alþingi. Þar hefur nefndin reynt að vanda til verka svo sem frekast má verða.

Ég ætla ekki að rekja brtt. eða röksemdir fyrir þeim öllum heldur minnast aðeins á einstaka breytingar. Ein grundvallarbreytingin er að nefndin leggur til að í b-lið 1. gr. sé orðið „neikvætt“ fellt brott. Grundvallarskilgreiningin á því hvað telst vera umhverfisáhrif breytist með því að orðið „neikvætt“ er tekið þar út enda kom fram í nefndinni, sömuleiðis í framsögu og ræðum margra hér við framlagningu frv., að mjög gildishlaðið orð eftir skilningi hvers og eins, eins og orðið „neikvætt“, væri ekki heppilegt í slíkri lagasetningu, allra síst þegar jafnvel grundvallarskilningur á frv. er í húfi.

Nefndin leggur fram ýmsar breytingar á skilgreiningum orða og orðasambanda í frv. Nefndin gerir sömuleiðis ýmsar breytingar hvað varðar mat á umhverfisáhrifum á varnarsvæðum og mælir með því að utanrrh. fari með lögsögu samkvæmt lögum sem þegar liggja fyrir. Einnig koma fram tillögur um hlutverk Skipulagsstofnunar.

Nefndin ræddi verulega og kemur fram með brtt. um valdsvið ráðherra, sérstaklega með tilliti til þess hvaða valdsvið ráðherra hafi þegar lögunum sleppir, en þar takmarkaði nefndin valdsvið ráðherra frá því sem gert var ráð fyrir í frv. en sérstaklega var það gert með hliðsjón af nýgengnum hæstaréttardómi um svínaeldi, þar sem kærð var sú ákvörðun að ætla svínabúi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Væntum við nefndarmenn í umhvn. þess að þær breyting-

ar séu í samræmi við góða stjórnsýsluvenju og þau valdmörk sem eðlileg eru milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Nefndin hefur í brtt. sínum reynt að feta þá slóð og tekur undir þær áherslur að mat, matsferli og samráðsferli hefjist sem allra fyrst þegar stefnt er að framkvæmdum. Með því móti má koma í veg fyrir átök, árekstra, kostnað og annað sem hlýst af því að ekki fæst úrskurður fyrr en svo seint að mál eru komin í þröng og margir aðilar hafi lagt fram kostnað umfram það sem nauðsynlegt er. Í þessu skyni leggur nefndin til ýmsar breytingar sem menn geta kynnt sér í brtt. og nál.

Þá vildi ég gera að sérstöku umræðuefni 11. gr. en þar leggur nefndin til nokkrar breytingar. Í nál. kemur fram að einn megintilgangurinn með breytingum á gildandi lögum sé að gera matið skilvirkara og að það verði unnið í einu ferli. Meðal annars í þeim tilgangi voru lögð til ákvæði um gerð matsáætlunar en henni er ætlað að mynda ramma eða umgjörð fyrir nauðsynlega undirbúningsvinnu matsskýrslu og byggjast á þeim grunnrannsóknum og forathugunum sem gerðar hafa verið fyrir viðkomandi framkvæmd. Að mati nefndarinnar eru ákvæði um ítarlegra mat til þess fallin að lengja óþarflega þann tíma sem mat á umhverfisáhrifum tekur. Nefndin er á þeirri skoðun að tímabært sé orðið að ætla að framkvæmdaraðilar vandi til verka við gerð matsskýrslna. Bendir nefndin á að Skipulagsstofnun hefur skv. 1. mgr. 10. gr. heimild til að hafna matsskýrslu telji hún að skýrslan sé ekki nægilega vel unnin eða ekki í samræmi við matsáætlun.

Í þessu tilviki vil ég sérstaklega leggja áherslu á að með því að taka ítarlegra matið í burtu vill nefndin ekki stefna að því að slælegum vinnubrögðum sé komið á heldur þvert á móti að þeir aðilar sem að matsferlinu koma vandi vinnubrögð sín þannig að ekki þurfi að koma til ítarlegra mats. Búast má við að nokkurn tíma taki fyrir aðila að venjast þessu fyrirkomulagi því hingað til hefur verið hægt að vísa málum til ítarlegra mats. Þá má einnig búast við að á einhverjum stigum og í einhverjum tilvikum muni þeim málum fjölga þar sem mati er hafnað. Gerist slíkt mun matsferlið hefjast að nýju. Á þetta fyrirkomulag mun reyna á næstu árum og tel ég að þetta sé eitt af þeim atriðum sem hafa þarf í huga við endurskoðun laganna en umhvn. gerir ráð fyrir því að lögin verði endurskoðuð að fáeinum missirum liðnum.

Þá vildi ég að lokum geta um viðauka sem settir eru í frv. en þeir fjalla um ýmiss konar viðmiðanir og framkvæmdir sem ýmist eiga samkvæmt 1. viðauka að fara í mat á umhverfisáhrifum eða vera tilkynningarskyldar samkvæmt 2. viðauka. Þarna er sem sé um tvö mismunandi áhersluatriði að ræða, annars vegar er í 1. viðauka upptalning á framkvæmdum sem eru matsskyldar en hins vegar í 2. viðauka eru framkvæmdir tilgreindar sem einungis eru tilkynningarskyldar. Þetta er nokkuð óvenjulegt, a.m.k. í þeim lagabálkum sem koma frá umhvn., að langar upptalningar komi fram og séu settar inn í lög en þetta er gert að þessu sinni og ég vil að það komi fram að umhvn. eyddi drjúgum tíma og fékk til liðs við sig marga mæta sérfræðinga og aðila með drjúga þekkingu til að takast á við hin fjölbreytilegu viðfangsefni sem koma fram í þessum viðmiðunum í 1. og 2. viðauka. Ég geri einstök atriði þar ekki að umræðuefni umfram það sem kann að gerast í ræðum annarra manna.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hefur umhvn. lagt mikla vinnu í þetta. Ég vil nota tækifærið til að þakka nefndarmönnum sérstaklega fyrir ánægjulegt samstarf og þau miklu heilindi og þá miklu alvöru og metnað sem nefndarmenn hafa sett í vinnuna. Það er ekki aðeins að það hafi leitt til þess að þetta nál. og frágangur frv. sé væntanlega vandaður og góður heldur hefur það leitt til þess að við nefndarmenn getum staðið hér saman um nefndarálit, enda þótt nokkrir nefndarmenn hafi fyrirvara um einstakar áherslur sem ég vænti að þeir muni gera grein fyrir í máli sínu á eftir.

[02:54]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það væri sannarlega eftirsóknarvert ef við gætum fært klukkuna til baka eins og um hálfan sólarhring og við stæðum hér um miðjan og bjartan dag, kl. 3, eldhress og klár í að takast á við það verkefni að gera þingheimi grein fyrir frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum, því það er ærið tilefni til, herra forseti. Það er eins og við öll vitum skylda okkar samkvæmt alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að að meta umhverfisáhrif framkvæmda. Frá því að gildandi lög voru sett hefur tilskipunum EES verið breytt á þann hátt að okkur hefur verið gert að lögleiða breytta tilskipun frá því sem núgildandi lög byggja á. Sú tilskipun er talsvert strangari og að mörgu leyti þrengri eða ítarlegri í ákveðnum þáttum en sú tilskipun sem gildandi lög byggja á og það væri sannarlega ástæða til að gera þingheimi rækilega grein fyrir því hver munurinn er á þessum tveimur tilskipunum.

Þau nýmæli sem eru í þessum lögum eru líka afar veigamikil. Ég nefni bara eitt í inngangi mínum, herra forseti, sem eru viðaukarnir við þessi lög, en langir viðaukar sem heita 1. viðauki, 2. viðauki og 3. viðauki eru nú settir í heild sinni inn í lagatextann. Ég verð að segja, herra forseti, að það var ekkert áhlaupaverk fyrir hv. umhvn. að fara að rýna í þessa viðauka, skoða þá frá a–ö og mynda sér skoðun og læra að skilja allt sem í þeim felst.

Herra forseti. Ég þori að fullyrða að enn þá eru atriði í viðaukunum sem við skiljum ekki alveg til botns og það er auðvitað ekki gott að þurfa að gera þá játningu. Sú játning verður þó að koma fram vegna þess að við fengum í nefndinni ábendingar um að í viðaukunum gætu leynst þýðingarvillur en vegna þess hversu seint frv. var fram komið höfðum við ekki tíma til þess að láta yfirfara viðaukana það vel að við gætum leitað af okkur allan grun varðandi þýðingarvillur. En það er alkunna, herra forseti, að þýðingarvillur finnist í EES-skjölunum okkar og það hefur valdið okkur töfum í vinnu og verið afar hvimleitt við framkvæmd allra þessara samninga og tilskipana.

Annað má nefna sem helgast af tímaskorti þeim sem við höfum staðið frammi fyrir, það er að fara betur yfir samninga eins og Rómarsamninginn sem í grg. með frv. er ranglega vitnað til, því að þegar frv. er samið og greinargerðin með því eru númerin á greinunum í Rómarsamningnum önnur en þau eru í dag. Útgáfan sem notuð var við samningu frv., þ.e. útgáfan á Rómarsamningnum, er því orðin úrelt og þar af leiðandi greinanúmerin í grg. með frv. Þetta ber vott hroðvirkni að mínu mati, herra forseti, og hefði að þessu leyti mátt vanda betur gerð frv. Það hefði sannarlega verið nægur tími til þess í umhvrn. að vinna verkið því að við höfum vitað það frá árinu 1997 að við þyrftum að endurskoða þessi lög. Satt að segja, herra forseti, er það svo að samkvæmt tilskipun 97/11 erum við búin að vera með lög í gildi frá ágúst 1999 sem standast ekki Evrópurétt. Það er sannarlega alvarlegt mál, herra forseti, að svo skuli komið og satt að segja þvælist það örlítið fyrir manni í skoðun á frv. og nægir

þar að nefna bráðabirgðaákvæði II sem gerir ráð fyrir að mati á umhverfisáhrifum sem hafi verið við gildistöku laga þessara skuli lokið samkvæmt eldri lögum. En þá spyr ég, herra forseti, hvað um það ef eldri lög stangast á við Evrópurétt? Getum við þá sett bráðabirgðaákvæði á borð við þetta í lög? Þetta er eitt lítið dæmi um hversu hvimleitt er að búa við það ástand að lögin sem nú eru í gildi skuli okkur vitanlega og við höfum fengið það staðfest ekki standast Evrópurétt og tilskipunina.

Eins og kom fram í máli starfsmanna umhvrn. sem heimsóttu nefndina eigum við það jafnvel yfir höfði okkar að skoðunarnefnd verði send á okkur í sumar og það sé algerlega nauðsynlegt að þessi nýju lög verði samþykkt á vorþinginu því að við komumst í þvílíka skömm og eigum jafnvel yfir höfði okkar kæru ef þau fara ekki í gegn. Þrýstingurinn á umhvn. í þessu máli var því afar mikill. Ég tek sannarlega undir þau orð sem mælt voru í ræðu hv. frsm. fyrir málinu, hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar, að unnið hafi verið vel á þessum bæ og allir lögðu sig afskaplega mikið fram þó svo truflanir hafi átt sér stað vegna ferðalaga og utanlandsferða sem fólk þurfi að fara í meðan á vinnunni stóð. Nefndin vann því við erfiðar aðstæður en gerði sitt besta við þær kringumstæður, herra forseti.

Af því að ég var að tala um hroðvirkni í vinnu við frv. þá verð ég að geta þess að enn er að mínu mati á nokkrum stöðum ankannalegt orðalag í frv. En þegar við vorum farin að velta vöngum yfir slíkum smáatriðum sem ankannalegt orðalag getur verið í lagagreinum, þá vorum við fallin á tíma. Það verður bara að segjast eins og er. En það er samt dapurlegt, herra forseti, til þess að vita. Þess vegna tel ég mig þurfa á nokkrum stöðum að gera grein fyrir slíku þannig að það fari ekki fram hjá þingheimi um hvers konar túlkun eða hvers konar skilning umhvn. leggur í ákveðin orð og ákveðnar setningar sem gætu mögulega orkað tvímælis þegar lesnar eru yfir.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar tóku virkan þátt í öllu starfi nefndarinnar og ég verð að segja að ég og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sem vorum fulltrúar stjórnarandstöðunnar við vinnslu málsins töldum strax að afar þýðingarmikið væri að nefndin næði saman um eitt nefndarálit. Það var sameiginlegur skilningur okkar að við skyldum gera allt sem hægt væri til þess að það næðist. Það var mikil og góð samvinna í nefndinni og nefndin öll gerði sér grein fyrir því hversu mikilvægt væri að ná saman einu nefndaráliti. Það náðist sem betur fer og við erum afskaplega stoltar af því. Ég held að ég geti talað fyrir munn okkar beggja hvað það varðar en þó náðist það ekki alveg. Við erum með fyrirvara við nefndarálitið, fyrirvara sem er í einum fimm liðum, og komum með brtt. á þskj. 1299 og mun ég gera frekari grein fyrir þeim brtt. þegar líður á ræðu mína, herra forseti.

Það verður að segjast eins og er að auðvitað var talsvert um málamiðlanir frá okkar hendi í minni hlutanum, í stjórnarandstöðunni, sem er auðvitað alltaf þegar fólk er að takast á um hluti þar sem ekki er alveg fullkomin eining. En eins og ég segi þá held ég að málamiðlanirnar séu ekki það alvarlegar að það þurfi að hafa nein sérstök orð um það nema í einu eða tveimur atriðum. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að sú ákvörðun okkar að fallast á að fella niður ítarlegra mat veldur mér auknum kvíða eftir því sem ég hugsa það meira. Það var eiginlega bara í gær og í dag sem við höfum haft ráðrúm til að skoða stöðuskjal í þessu máli til að reyna að gera okkur grein fyrir því hvers konar ferli við erum að samþykkja hér með matsáætlun, matsskýrslu og úrskurði Skipulagsstofnunar og sýnist mér ákveðin hætta vera til staðar í því að fella niður ítarlega mat og að sú hætta gæti reynst okkur óþægur ljár í þúfu. Ég verð að segja að þessi málamiðlun, þ.e. að fallast á að ítarlegra mat sé tekið út, er sú málamiðlun sem veldur mér hvað mestum áhyggjum. Hinar er ég nú sátt við held ég allar.

En ef við lítum aðeins á þær brtt. sem nefndin leggur til þá tel ég það afar mikilvægt sem kemur fram í nefndarálitinu að þar er tekið fram alveg óyggjandi að tilskipun Evrópusambandsins sem lögin byggja á, þ.e. tilskipunin 97/11, byggir á þeim meginreglum sem mótast hafa á síðustu árum og áratugum, jafnt á alþjóðavettvangi og í framkvæmd ríkja, þ.e. varúðarreglunni, mengunarbótareglunni, reglunni um verndarsjónarmið og reglunni um að mengun sé upprætt við upptök. Þessar meginreglur koma ekki fram í sjálfu frv. þar sem efni reglnanna og orðalag þeirra er um margt óljóst og jafnvel enn í mótun. En nefndin leggur áherslu á að fjallað er um þær meginreglur í 73. gr. EES-samningsins og þess vegna ber að hafa þær í huga við framkvæmd laganna. Þetta tel ég afar mikilvægt atriði, herra forseti.

Þetta er í raun alveg sambærilegt ákvæði — þetta er reyndar ekki ákvæði í frv. Þetta er einungis í nefndarálitinu. En nefndarálit er lögskýringargagn. Ég hefði satt að segja viljað fá þetta enn þá sterkar inn í lagatextann en, eins og ég segi, þá verður ekki á allt kosið. Það náðist þó inn í nefndarálit að hafa þetta svona og ég held að þessi yfirlýsing eigi eftir að gagnast afskaplega vel í allri vinnu með frv. þegar þar að kemur að það verður orðið að lögum og fólk þarf að fara að vinna eftir þeim.

Herra forseti. Ég hef örlitlar áhyggjur af markmiðssetningu laganna. Ég hefði sannarlega viljað hafa það inni í textanum, í markmiðssetningunni sem er 1. gr. laganna, að markmið þeirra væri að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Um þetta spunnust talsverðar umræður í nefndinni satt að segja og voru uppi tvenn sjónarmið í grundvallaratriðum, þ.e. spurningin um það hvort það eigi að vera í verkahring þessara laga að koma í veg fyrir náttúruspjöll eða hvort það sé einungis tilgangur þessara laga að sjá til þess að allar upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmda liggi fyrir og séu metnar eins sanngjarnt og djúpt og mögulegt er. Ef markmið þessara laga er einungis það að meta umhverfisáhrifin út í hörgul en ekki að koma í veg fyrir umhverfisspjöll þá tel ég okkur vera á dálítið hálum ís. Hvers vegna? Jú, vegna þess að hér í landi búum við við annan veruleika en fólk í stórum löndum, í útlöndum, sem búið er að búa við lög um mat á umhverfisáhrifum í allt upp undir 30 ár því að í löndum sem eru t.d. þéttbýl eins og Danmörk eða Holland og jafnvel ekki svo þéttbýl því að við gætum líka nefnt Svíþjóð og Noreg sem dæmi, þá er fyrir löngu búið að skipuleggja allt land og skipulagsáætlanir í þessum löndum hafa farið í gegnum matsferli. Matsferlið hefur því í raun og veru verið notað á skipulagsstiginu talsvert mikið umfram það sem við höfum getað gert vegna þess að okkar land er ekki eins þaulskipulagt og þessi lönd sem ég hef nú nefnt.

Það skiptir afar miklu máli að hafa þetta í huga við þessar vangaveltur um það hvort markmið laganna eigi að vera að koma í veg fyrir spjöll á umhverfinu eður ei.

Ég tel marga varnagla vera slegna í þessu frv. þó svo að þetta ákvæði sé ekki inni í markmiðsgreininni því að í öðrum greinum frv., t.d. í skilgreiningargreininni sem er 3. gr. og reyndar fleiri greinum, koma fram atriði sem auðveldlega má

túlka þannig að það sé tilgangur þessara laga að koma í veg fyrir spjöll á umhverfinu. Ef það er ekki markmið þessara laga, er það auðvitað í öðrum lögum sem gilda sömuleiðis um þetta mat, þ.e. í skipulags- og byggingarlögum og í náttúruverndarlögunum. Það verður að koma hér fram að rík áhersla var lögð á það í starfi nefndarinnar að skipulags- og byggingarlögin, náttúruverndarlögin og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, þ.e. það skiptir máli að öll þessi lög sem ég hef nefnt til sögunnar heyra líka til mati á umhverfisáhrifum þannig að með samverkan allra þessara laga er auðvitað markmiðið að koma í veg fyrir spjöll á umhverfinu og sjá til þess að mótvægisaðgerðir séu öflugar og framkvæmdar þannig að þær séu ásættanlegar og meira en það, að þær séu virkilega fullnægjandi.

Herra forseti. Kærur á Íslandi virðast vera fleiri en í nágrannalöndum okkar í þessu matsferli. Ástæður þess hafa verið raktar til þess ferlis sem við höfum búið við í gildandi lögum. Það má þó til sanns vegar færa en þó held ég að meginástæðu þess hversu við fáum margar kærur í matsferli okkar sé að leita í því að við höfum ekki skipulagsáætlanir sem hafa farið í gegnum mat. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að lagaramminn og allur grundvöllur fyrir þetta mat sem á að fara fram samkvæmt þessum lögum sé skýr. Ég tel, herra forseti, að það þurfi að skilgreina út í hörgul hver sé undirstaða mats á umhverfisáhrifum, en í þessu sambandi átti nefndin í ákveðnum erfiðleikum með orðaval eins og kom fram í ræðu hv. frsm. málsins. Varðandi orðaval á ég við orð og matskennd hugtök eins og t.d. „óásættanleg áhrif, jákvæð áhrif og neikvæð áhrif". Nefndin hefur leitast við að taka slík matskennd hugtök út úr frv. og ég vona sannarlega, herra forseti, að við séum ekki að gera nein mistök þar þannig að ekki sé búið að veikja neitt eða draga tennurnar úr því meginmarkmiði okkar að þessi lög verði sterk og öflug og standi virkilega undir sínu markmiði og standi undir nafni.

Mig langar til að geta einstakra greina frv., herra forseti, sérstaklega þeirra sem enn valda mér svolitlum áhyggjum. Ég vil geta þess að í j-lið 3. gr. þar sem umhverfi er skilgreint þá tel ég það afar mikilvæga skilgreiningu. Þar segir, með leyfi forseta:

„j. Umhverfi: Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti."

Mér þykir afskaplega þýðingarmikið að það komi hér einnig fram að þó það hafi ekki náð inn í lagatextann þá sé hér líka átt við samverkan þessara þátta þannig að þetta sé ekki einungis samheiti heldur það hvernig þessir þættir allir vinna saman sem heild og mynda þannig það sem við köllum í þessum lögum umhverfi.

Varðandi brtt. frá minni hluta nefndarinnar vil ég sérstaklega geta brtt. við 5. gr. en hún fjallar um matsskyldar framkvæmdir. Nefndin ræddi heilmikið um þessa grein því hún fjallar í raun um það hvernig við þrengdum heimildir til ráðherra til að veita undanþágur frá lögunum. Ég er mjög sátt, herra forseti, við 1. og 2. mgr. þessarar greinar en við 3. mgr. gerum við brtt. Í 3. mgr. frv. felst m.a. að þegar búið er að gera ráð fyrir því hvaða heimildir ráðherra hafi til undanþágu, þá koma svohljóðandi setningar, með leyfi forseta:

„Einnig getur ráðherra heimilað að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en fyrirskipað er í lögum þessum. Málsmeðferð slíks mats skal vera jafngild þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. kafla."

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að okkur hefur ekki tekist að fá botn í þessa grein. Við skiljum ekki þessa málsgrein og við sjáum ekki betur en verið sé að draga aftur úr þeim skilyrðum sem um greinir í málsgreininni á undan. Í brtt. meiri hlutans hangir því sú setning sem ég hef lesið sem 4. mgr. í brtt. meiri hlutans en þá málsgrein viljum við minni hlutinn strika út. Samkvæmt brtt. okkar hljóðar málsgreinin svo:

„Heimilt er ráðherra í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar, að ákveða að tiltekin framkvæmd, eða hluti hennar, sem varðar almannaheill og/eða öryggi landsins sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum. Í slíkum tilvikum skal ráðherra kveða á um hvaða gögnum skuli safnað um umhverfisáhrif hennar og aðgang almennings að þeim og kynna framkvæmdaraðila, leyfisveitendum og almenningi ástæður fyrir undanþágunni. Ráðherra ber áður en undanþága er veitt að tilkynna sameiginlegu EES-nefndinni á hvaða forsendu hún er veitt og einnig að láta sameiginlegu EES-nefndinni í té þær upplýsingar sem almenningur hefur aðgang að."

Mig langar til að geta um að á tveimur stöðum í 6. gr. er það sem ég kallaði í inngangi ræðu minnar, herra forseti, ankannalegt orðaval en í 3. mgr. 6. gr. er sagt að almenningi skuli heimilt að tilkynna framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda sem taldar eru upp í 2. viðauka til Skipulagsstofnunar. Það eru orðin „að tilkynna" sem ég geri athugasemd við. Ég tel hafa verið sameiginlegan skilning nefndarinnar að hér sé í raun og veru átt við að almenningi skuli heimilt að gera viðvart um framkvæmd eða bera fram fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda þannig að í raun og veru er ekki neinn ágreiningur um þetta. Maður skilur ekki alveg hvað átt er við með að almenningi sé heimilt að tilkynna, hversu formlegt þetta á að vera en í öllu falli er þetta í mínum huga það að gera viðvart um og ég held að það sé svo sem enginn ágreiningur um það.

Sömuleiðis finnst mér harla ljótt að sjá í sömu málsgrein setningu sem er svona: „og taka ákvörðun um hvort hún eigi undir grein þessa." Mér hefði fundist fallegra að sjá þarna að eitthvað heyrði undir greinina eða félli undir greinina en ekki að það ætti undir greinina, en eins og ég segi, orsakaði tímaskortur það að ekki var hægt að fara nánar út í svona hluti. Ég ætla svo sem ekki að vera að elta ólar við það í þessari ræðu minni þannig að það æri ekki þá sem hér þurfa að sitja og bíða eftir að komast að í þessu máli.

Það eru ansi margir þættir, herra forseti, sem þarf að setja reglugerðarákvæði um. 19. gr. sem sett er inn samkvæmt brtt. nefndarinnar er mjög góð þar sem kveðið er á um hvað reglugerðin skuli fela í sér og um hvað hún skuli fjalla. Eitt af því sem reglugerðin þarf að taka sérstaklega á kemur fram í 8. gr. um matsáætlunina. Það er síðasta setningin í 1. mgr. greinarinnar. Þar stendur:

„Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun."

Ekki er getið um í greininni hvers konar kynning eigi að fara fram þannig að þetta er dæmigert atriði sem þarf að setja sérstakt reglugerðarákvæði um eins og um aðrar formlegar framsetningar á þessum kynningum öllum, kynningum, tilkynningum og auglýsingum.

Það má kannski nefna sambærilegt ákvæði í 9. gr. en lokasetning í 1. mgr. er svohljóðandi, með leyfi herra forseta:

„Heimilt er framkvæmdaraðila að kynna drög að matsskýrslu og óska eftir athugasemdum við hana."

Hér er t.d. ekki sagt hverjum eigi að kynna þessi drög eða hvaða lagalegt gildi þessi setning hefur og þarf að koma skýrt fram í reglugerð hvers konar heimildarákvæði þetta er.

Það er aðeins ein smáathugasemd við 9. gr. þannig að skilningur nefndarinnar komi fram. Í 2. mgr. 9. gr. segir, með leyfi forseta:

„Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á umhverfi. Þá skal gera grein fyrir því hvaða forsendur liggi til grundvallar matinu."

Þetta orð, *matinu*, vísar að sjálfsögðu í niðurstöðu þeirrar skýrslu sem greinin fjallar um, niðurstöðu matsskýrslu framkvæmdaraðila og ég held að enginn ágreiningur sé um þann skilning.

Þá er ég kominn að 10. gr. en þar er kannski það sem ég vil gera sérstaklega að umræðuefni. Það er í 5. mgr. 10. gr. (**KHG:** Gerði frsm. ekki nógu góða grein fyrir málinu?) Ég kann hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni engar þakkir fyrir innskotið og það er að æra óstöðugan að koma með ósmekkleg innskot inn í ræður þingmanna þegar svo langt er liðið á nótt, eða morgun vil ég öllu heldur segja. Ég óska eftir því að fá frið fyrir ósmekklegum athugasemdum hv. þm. meðan ég flyt mál mitt, herra forseti.

Ég var þar komin í máli mínu að ég var að fjalla um 10. gr. sem er um athugun Skipulagsstofnunar. Það sem ég vil gera athugasemd við eða gera að umtalsefni, herra forseti, er í 5. mgr. 10. gr. þar sem segir:

„Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í matsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir séu fullnægjandi." — Og svo kemur lykilsetning: „Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisaðgerðir."

Þetta að hér skuli gefið tækifæri til að gera athugasemdir eða tilgreina hvað þurfi að kanna frekar, er afar mikilvægt, herra forseti, í ljósi þess að hið ítarlega mat eða ítarlegra matið er nú tekið út úr frv. Ég tel að þessi setning geti verið ákveðinn ventill fyrir Skipulagsstofnun til að gerðar verði ítarlegri rannsóknir ef Skipulagsstofnun telur að þess þurfi. Við skulum bara skoða þann veruleika sem við búum við í dag, herra forseti. Það kemur iðulega fyrir að Skipulagsstofnun úrskurðar framkvæmd í ítarlegra mat. Hins vegar hefur það aldrei gerst að Skipulagsstofnun hafi hafnað framkvæmd en í ítarlegra mati hefur verið óskað eftir sérrannsóknum, nýjum rannsóknum eða ítarlegri rannsóknum, nýjum gögnum eða greinarbetri gögnum. Þetta hefur allt komið fram í ítarlegra mati. Nú höfum við ekki þennan ventil eða þennan möguleika nema mögulega í gegnum þá setningu sem ég nefni nú. Ég velti því fyrir mér hvort b-liðurinn í 11. gr. sé nægilega vel orðaður fyrir okkur og fyrir Skipulagsstofnun til að gegna hlutverki sínu því b-liður 11. gr. segir einungis að Skipulagsstofnun eigi í úrskurði sínum að taka ákvörðun um hvort fallist er á viðkomandi framkvæmd með eða án skilyrða eða eins og b-liðurinn segir „lagst er gegn viðkomandi framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa". Samkvæmt b-liðnum getur Skipulagsstofnun einungis lagst gegn framkvæmd vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa en virðist ekki geta það samkvæmt orðanna hljóðan á grundvelli þess að það vanti gögn eða ónógar rannsóknir séu fyrir hendi. Mér finnst því lapsus í lögunum, herra forseti, að við skulum ekki hafa sett það inn í textann í b-liðnum að Skipulagsstofnun hafi heimild til að leggjast gegn framkvæmd vegna ónógra rannsókna. Satt að segja, af því að það er skammur tími, herra forseti, finnst mér þýðingarmikið að fá álit hæstv. umhvrh. á því hvernig þessi b-liður yrði skilinn að hennar mati. Erum við með nægilegt svigrúm fyrir skipulagsstjóra til þess að hafna framkvæmd eða þurfum við að gera bragarbót við 3. umr.? Við eigum að sjálfsögðu, herra forseti, möguleika á því. Ég vil sérstaklega að við hugleiðum þetta atriði á þeim tíma sem við fjöllum um þetta frv. Nú erum við í 2. umr. og við eigum eftir 3. umr. þannig að við höfum möguleika. Þetta tengist öllum þeim áhyggjum sem ég gerði grein fyrir í inngangi mínum varðandi það að fella út ítarlegra mat. Við verðum að búa til einhvern öryggisventil inn í þennan b-lið 11. gr.

Ef mjög veigamiklar upplýsingar vantar í matið, þá kann að vera að þetta verði túlkað þannig að ekki sé hægt að hafna framkvæmdinni. Það verði að leyfa hana með auknum skilyrðum þannig að ég ítreka að við verðum að skoða þetta mjög vel.

Brtt. frá minni hlutanum við 11. gr. er við lokamálslið 7. mgr. og fjallar um þann tímafrest sem gefinn er í brtt. meiri hlutans. Í brtt. meiri hlutans er gert ráð fyrir því, reyndar er það í frv. í orðanna hljóðan og meiri hlutinn gerir ekki athugasemd við það. „Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára" — segir í frv. — „frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum." Þessi frestur er allt of langur að mati minni hlutans og við viljum stytta hann niður í fimm ár og er það samdóma þeim hugmyndum sem nefndin sem skilaði upphaflegu tillögunni eða frv. lagði til.

Það mætti jafnvel leiða rök að því sem væru gild að þessi frestur gæti verið enn styttri. Ég minni bara á að í skipulags- og byggingarlögunum er gert ráð fyrir því að byggingarleyfi sé einungis gilt í 12 mánuði frá því að það er gefið út. Ef ekki hafa hafist framkvæmdir þegar liðnir eru 12 mánuðir frá því að leyfið er gefið út, fellur leyfið úr gildi þannig að *að því leyti til hefði kannski mátt tala um tvö ár eða þrjú ár* en við látum okkur nægja að gera brtt. um fimm ár.

Við skulum aðeins líta á skipulagsáætlanir og starfsleyfi sem er í 15. gr., herra forseti. Nú er það svo að í gildandi lögum er matið á umhverfisáhrifunum tengt skipulagsáætlunum strax í markmiðssetningu laganna. Það er tekið út í þessum lögum og satt best að segja ekki með neinum gildum rökum. Síðan kemur það fyrir í 15. gr. í frv., herra forseti, að skipulagsáætlanir eru allt í einu nefndar til sögunnar. Það er afar þýðingarmikil setning sem 15. gr. hefst á en hún er svona, með leyfi forseta:

„Um umfjöllun í skipulagsáætlun um mat á umhverfisáhrifum og matsskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum þessum fer samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð."

Herra forseti. Það hlýtur að verða að koma að því að skipulagsáætlanirnar okkar verði viðameiri og að á endanum fáum við skipulagsáætlanir sem undirbyggja og auðvelda okkur þetta mat á stórframkvæmdum en það er kannski helst í stórframkvæmdunum sem við eigum afar erfitt því að þær

eru mjög oft á óbyggðu svæði þar sem lítið sem ekkert skipulag er til staðar. Það skiptir verulegu máli að tengja matið á umhverfisáhrifunum skipulagsáætlununum og ég vísa til 15. gr. sem mikilvægrar greinar að því leyti til.

Ég ætla að hlaupa hratt yfir sögu, herra forseti. Það er ekki einasta að flestir sem enn sitja í þingsal séu farnir að dotta heldur er ræðumaður farinn að draga ýsur í stólnum, en ég vil gera sérstaklega að umræðuefni ákv. til brb. I. Það er ásteytingarsteinn sem varð ekki rutt úr vegi í störfum nefndarinnar.

Það bráðabirgðaákvæði fjallar um framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 og gefur þessum framkvæmdum undanþágu frá mati á umhverfisáhrifum séu þær ekki hafnar fyrir árslok 2002. Þetta bráðabirgðaákvæði, herra forseti, er algerlega forkastanlegt. Ég fullyrði og hef fullyrt áður héðan úr ræðustól, herra forseti, að þetta ákvæði stenst ekki Evrópurétt. Ég hef satt að segja miklar áhyggjur af því sem við eigum yfir höfði okkar verði þetta samþykkt hér í þingsölum á morgun á þeim nótum sem það stendur í frv.

Þá er ég komin að brtt. okkar í minni hlutanum, en við leggjum til að við ákvæði til bráðabirgða I í stað orðanna „fyrir árslok 2002" í 1. mgr. þá komi: áður en fimm mánuðir eru liðnir frá gildistöku laga þessara. Satt að segja, herra forseti, ætti ekki að vera neitt svigrúm þarna. Við erum löngu búin að hafa þessa undanþágu í lögum umfram allan rétt okkar til þess, ég vil meina alla vega frá í ágúst 1999, og það er satt að segja sorglegt til þess að vita að ekki skuli vera hægt að ljúka þessu máli í sátt eða á farsælli hátt en hér virðist eiga að gera. Þetta er afar alvarlegt mál því að það eru engin rök fyrir því að stjórnarmeirihlutinn skuli nú vera búinn að halda eða ætla að halda þessu undanþáguákvæði opnu í níu og hálft ár frá því það var sett. Þetta er algerlega til skammar, herra forseti. Og það er ekki hægt að fallast á slíkt ákvæði í lögum.

Þá er ég komin að öðru bráðabirgðaákvæði. Ég var búin að nefna það áðan að ég efast um að það standist Evrópurétt, en þar segir: Mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara skal lokið samkvæmt eldri lögum. Þarna held ég við eigum ákveðna hættu yfir höfði okkar líka. Síðan má kannski segja að þriðja bráðabirgðaákvæðið setji okkur ákveðin skilyrði, því samkvæmt því á að endurskoða lögin fyrir 1. janúar 2003 og það er nefndin öll sammála um að þurfi að gera og sú endurskoðunarvinna þarf í raun og veru að fara af stað strax.

Þá er ég komin að lokakafla laganna, herra forseti, sem eru þeir viðaukar sem ég nefndi í inngangi máls míns. Þeir voru harla erfiðir fyrir nefndina að fara í gegnum eins og ég sagði, en ég vona satt að segja að hér séu ekki teljandi slys á ferðinni.

Mig langar til að gera fyrst að umræðuefni brtt. frá minni hlutanum. Í 4. tölul. í brtt. okkar á þskj. 1299 gerum við það að tillögu okkar að við bætist nýr töluliður. Sá töluliður varðar landshlutabundin skógræktarverkefni. Nú er það svo, herra forseti, að í frv. eins og það er og í nál. eins og það kemur frá nefndinni er landshlutabundin skógrækt ekki nefnd og er það afar miður. Og nú skal ég skýra hvers vegna það er svo.

Við búum við lög um landshlutabundin skógræktarverkefni. Þetta eru lög nr. 56 frá 19. mars 1999. Í þessum lögum er ákv. til bráðabirgða II og það er svohljóðandi, herra forseti:

„Þar til endurskoðun laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, er lokið, sbr. fyrra bráðabirgðaákvæði laga nr. 63/1993, skal landbúnaðarráðherra láta fara fram mat á umhverfisáhrifum landshlutaáætlunar áður en stofnað er til landshlutaverkefna."

Herra forseti. Nú erum við að endurskoða lög nr. 63/1993. Þegar þessi nýju lög verða samþykkt á Alþingi þá er ekki lengur í gildi neitt ákvæði um að landshlutabundin skógræktarverkefni skuli lúta mati á umhverfisáhrifum. En ég tel mjög mikilvægt, herra forseti, að þingheimur nái samkomulagi um að landshlutabundin skógrækt verði sett undir 1. viðauka í lögunum. Því landshlutabundin skógræktarverkefni eru alltaf stór verkefni og það er alveg ljóst að þingheimur hefur lýst vilja sínum í því efni með því að samþykkja lög um landshlutabundin skógræktarverkefni og þetta ákvæði í þeim að landbrh. skuli láta fara fram mat á slíkum framkvæmdum. Ég mælist því til þess, herra forseti, að þingheimur taki til gaumgæfilegrar skoðunar 4. tölul. í brtt. minni hlutans er þetta varðar.

Annað sem mig langar til að nefna í 1. viðauka, herra forseti, varðar jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver í 2. tölul. 1. viðauka. Bara til skýringar vegna þess að við unnum talsvert mikið með stærðartölu í þeim lið, þá vil ég að það komi fram, herra forseti, að eins og þetta var upphaflega í frv. var þessi töluliður svohljóðandi:

„Jarðvarmavirkjanir með varmaafl 25 MW eða meira að hráorku, þar með taldar vinnsluholur á háhitasvæðum og rannsóknarholur á háhitasvæðum sem hannaðar eru eins og vinnsluholur, eða 10 MW uppsett varmaafl eða meira."

Við fengum við þetta alvarlega athugasemd sem ég held að þingheimur verði að fá að heyra. Hún kom frá Orkustofnun og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eindregið er lagt til að í lagatexta verði frekar miðað við hugtakið „uppsett afl" en hugtakið „hráorka". Ekki er samstaða um hvaða viðmiðunarhitastig skuli nota við ákvörðun á hrávarma og vegna þess getur hæglega komið upp ágreiningur um þröskuld, ef textinn miðast við hrávarma.

Eðlilegt er að miða við sömu stærð raforkuvera, óháð því hvaða frumorkugjafi er nýttur við vinnslu raforku. Þess vegna er lagt til að í i-lið séu almenn stærðarmörk fyrir öll orkuver. Við mat á mörkum á uppsettu varmaafli er tekið mið af orkuverum sem samnýta jarðhita til raforku- og varmavinnslu. Þar sem slíkar stöðvar eru reknar er hlutfallið á milli uppsetts rafafls og varmaafls 1:5 (Nesjavellir 60 MW rafafl og 300 MW varmaafl; Svartsengi 30 MW rafafl og 150 MW varmaafl í Orkuveri V). Ef mörkin eru sett við 10 MW uppsett rafafl er samsvarandi uppsett varmaafl 50 MW því eðlileg hliðstæða."

Það var út frá þessari athugasemd, herra forseti, sem umhvn. féllst á að gera breytingu á 2. tölul. i-liðar í 1. viðauka. Ég tel nauðsynlegt að þessi skýring komi hér fram.

Þá erum við komin, herra forseti, að vegum, þ.e. 10. tölul. 1. viðauka. Þar er fjallað um vegaframkvæmdir og ég verð að segja að þetta er einn lítill hnútur í maganum í viðbót sem varðar ii-lið í 10. tölul., en þar segir:

„Stofnbrautir í þéttbýli.

ii. Nýir vegir utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri" — séu ávallt háðir mati á umhverfisáhrifum, en ég hef ákveðnar efasemdir um þessa stærðarviðmiðun, herra forseti. Ég hefði satt best að segja viljað sjá þetta styttra eða á einhvern annan hátt útfært þannig að þetta væri ekki svona skilyrðislaust að þeir vegir, nýir vegir utan þéttbýlis sem eru undir 10

kílómetrar að lengd, séu undanþegnir mati á umhverfisáhrifum. Hér er ég ekki alveg sátt og kannski gengið full langt í málamiðlun, ég veit það ekki, ég er orðin of þreytt núna til að fullyrða það, en þetta veldur mér ákveðnu hugarangri.

Þá er ég, herra forseti, komin að lokakaflanum sem er 2. viðauki. Í 2. viðauka gerir minni hlutinn brtt. Hún lýtur að d-lið 1. tölul. þar sem meiri hlutinn leggur til að nýræktun skóga á 200 hektara svæði eða stærra sé tilkynningarskyld, en minni hlutinn vill fara þá leið sem nefndin er upphaflega samdi drögin að, frv. lagði til, þ.e. að nýræktun skóga á 40 hektara svæði eða stærra sé notuð sem viðmið og það er reyndar sama og er í frv. Við erum því ósátt í minni hlutanum við tillögu meiri hlutans um þessa stækkun upp í 200 hektara svæði og við bætum við í 5. tölul. brtt. okkar. Ef ég les 1. tölul. d-liðar í 2. viðauka eins og hann er í frv. í dag þá er hann svohljóðandi:

„Nýræktun skóga á 40 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi sem til samans nær yfir 10 ha svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum."

Minni hlutinn leggur til að orðin „sem til samans nær til 10 ha svæði eða stærra eða er á verndarsvæðum" falli brott. Þannig sé ekki gefið þetta svigrúm sem frv. gerir ráð fyrir. Við viljum að ruðningur á náttúrulegum skógi sé alltaf tilkynntur sama hversu stórt svæði hann nær yfir, það er bara sanngjarnt og rétt, annað væri stórhættulegt fyrir náttúru okkar að hafa ruðning á náttúrulegum skógi ekki tilkynningarskyldan.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu er hér um afar mikilvægt frv. að ræða og mikilvægt er að vel takist til við þessa lagasetningu. Nefndin hefur unnið málið vel, það hefur verið erfitt, en ekki hefur verið tekist á á annan hátt en afar sanngjarnan og ég vil nota þetta tækifæri, herra forseti, til þess að þakka nefndinni samstarfið og þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir samningalipurð og eindrægni í vinnunni. Ég treysti því að þingheimur geti tekið til skoðunar ákveðna þætti í þeim brtt. sem minni hlutinn leggur til og greiði ekki einungis atkvæði með því sem meiri hlutinn leggur til, heldur skoði sérstaklega þetta með landshlutabundnu skógræktarverkefnin og stærðina á skógræktinni sem ætti að vera tilkynningarskyld. Og hef ég þá lokið máli mínu, herra forseti.

[03:43]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá fyrri ræðumanni að mikilvægt var að ná saman um nál. í þessu stóra máli þó að sjálfsögðu séu fyrirvarar við ákveðin atriði, en ég túlka það sem svo að menn álíti málið í heild vera mjög til bóta.

Sérstaklega var beint til mín spurningu varðandi það að fella niður ítarlega matið og ég tel ástæðu til þess að reyna að svara því. Nefndin leggur til þá breytingu að fella niður ítarlegt mat og gerir því ágæt skil í nál. sínu í 10. lið. Þar kemur fram að megintilgangurinn með breytingum á lögunum er að gera matið skilvirkara almennt og í því felst m.a. að leggja til ákvæði um gerð á matsáætlun og miklu meira samráð en við höfum áður séð í þessu umhverfismatsferli. Einnig kemur fram að það er mat nefndarinnar eftir faglega skoðun að ákvæði um ítarlegra mat sé til þess fallið að lengja óþarflega þann tíma sem umhverfismatið tekur og nefndin telur að tímabært sé að gera þá breytingu núna að krefjast eins mats ferils og það mun að sjálfsögðu þrýsta á framkvæmdaraðilana um að skila inn betri skýrslu. Og það er líka ljóst að í 1. mgr. 10. gr. á Skipulagsstofnun að meta hvort skýrslan sé ekki nægilega vel unnin þannig að Skipulagsstofnun hefur mjög mikil tök á því. Ég deili ekki áhyggjum með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um að hér sé um óeðlilega breytingu að ræða. Ég tel að hún sé eðlileg.

[03:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Já, herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel þetta geta gengið upp. Áhyggjur mínar eru fyrst og fremst af því ef matsskýrslan leiðir það í ljós við nána skoðun að ákveðnar rannsóknir vanti, séu ekki fullnægjandi eða gögn ekki fullnægjandi þá sé mjög erfitt að sjá það í upphafi matsskýrslu eða þegar matsáætlunin er gerð. Þar er einungis ákveðið einhvers konar yfirlit um allt sem viðkomandi framkvæmdaraðili ætlar að gera, rannsóknirnar eru listaðar upp. Þegar þær koma fram í matsskýrslunni þurfa þær hins vegar athugun. Til þess hefur Skipulagsstofnun ákveðinn tíma og það er ekki fyrr en við lok þess tíma sem Skipulagsstofnun kemst að því hvort rannsóknir eru fullnægjandi eða ekki. Þá getur Skipulagsstofnun ekki samkvæmt þessu hafnað framkvæmdinni á grundvelli þess að rannsóknir séu ónógar. Þannig að kannski eru þessar áhyggjur mínar svolítið sérhæfðar. Þær lúta ekki að öllu leyti að ákvæðinu heldur einungis að því að kannski þurfi víðara svigrúm Skipulagsstofnunar til að hafna framkvæmd.

[03:46]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil hvað hv. þm. á við en ég tel að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af þessu. Samráðið verður miklu öflugra en við höfum séð áður þannig að mér finnst ólíklegt að sú staða komi upp að einhver göt verði í skýrslunum. Ég tel eðlilegt að við tökum þetta skref og fellum niður ítarlegra matið til að gera matið skilvirkara.

[03:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Mig langar bara að minnast á eitt atriði í þessu sambandi, herra forseti, til að ljúka þessu máli. Mér hefur virst ítarlegra matið gagnast hæstv. umhvrh. Ég vísa til forvera hæstv. umhvrh. Það hefur líka verið tæki sem hæstv. umhvrh. hefur getað nýtt sér. En ég vona sannarlega að við þurfum ekki að hafa meiri áhyggjur af þessu máli, þetta eigi allt eftir að arta sig vel og Skipulagsstofnun eigi eftir að geta unnið vel eftir þessum lögum. Það viljum við auðvitað öll.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 20. og 25. mál.

Fundi slitið kl. 03:48.

112. FUNDUR

miðvikudaginn 10. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Þjóðlendur, stjfrv., 321. mál, þskj. 1132, brtt. 1190. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859, nál. 1162 og 1236, brtt. 1199. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657, nál. 1159. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855, nál. 1180, 1267 og 1330, brtt. 1181, 1182 og 1268. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399, nál. 1213, brtt. 1214. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Upplýsingalög, stjfrv., 564. mál, þskj. 866, nál. 1215, brtt. 1216. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Brunavarnir, stjfrv., 485. mál, þskj. 765, nál. 1249, brtt. 1250. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 630. mál, þskj. 1118, nál. 1256. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Kosningar til Alþingis, frv., 522. mál, þskj. 823, nál. 1128 og 1270, brtt. 1271 og 1328. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Fjárreiður ríkisins, frv., 243. mál, þskj. 298, nál. 1283. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Gunnar Birgisson, 2. þm. Reykn.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Athugasemdir um störf þingsins.

MBA-nám við Háskóla Íslands.

[10:31]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í utandagskrárumræðum fyrr í vetur um MBA-nám, sem Háskóli Íslands fyrirhugaði að bjóða upp á við Endurmenntunarstofnun eða viðskiptadeild háskólans, kom fram að ekki var ljóst hvernig háskólinn ætlaði sér að leysa þá þverstæðu að hann má ekki taka skólagjöld og Endurmenntunarstofnunin má ekki gefa út háskólagráðu. Menntmrh. sagði af því tilefni:

„Þarna er því viðfangsefni á ferðinni sem er nauðsynlegt að háskólinn skýri betur fyrir væntanlegum nemendum og einnig af þessu tilefni fyrir hv. alþm. og ráðuneytinu hvernig á að sameina þetta tvennt."

Herra forseti. Nú berast af því fréttir að háskólinn telji sig búinn að leysa þverstæðuna, búinn að finna leið til að taka skólagjöld upp á 1,2 millj. kr. fyrir nám í viðskiptafræðum. Í bókun háskólaráðs frá 23. mars segir að verið sé að leggja lokahönd á tillögu að nýrri reglugerð fyrir Háskóla Íslands þar sem m.a. verði að finna ákvæði um endurmenntun á vegum háskóladeilda og gjaldtöku fyrir þjónustuna. Vísað er í það að háskólinn megi standa fyrir endurmenntun og skv. 18. gr. sé heimilt að innheimta þjónustugjöld fyrir.

Herra forseti. Ekki fer á milli mála að við á hv. Alþingi höfðum Endurmenntunarstofnun háskólans í huga þegar fjallað var um þetta ákvæði 18. gr. og jafnljóst að endanleg niðurstaða orðalagsins í greininni átti ekki að bjóða upp á gjaldtöku fyrir nám á vegum háskólans sjálfs. Þannig á augljóslega, herra forseti, að fara fram hjá lögunum um háskóla og vilja Alþingis í þessum efnum. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að viðbrögð stjórnvalda og Alþingis komi fram á þessum vettvangi áður en þingið fer í leyfi. Mun ráðherra staðfesta þessa prófgráðu með hliðsjón af þeim reglum sem um námið munu gilda og hver verða viðbrögð fulltrúa ráðherra í háskólaráði í framhaldinu en eins og kunnugt er á ráðherrann nú tvo af tíu fulltrúum í háskólaráði þegar menn taka endanlega ákvörðun um málið af hálfu háskólans.

Herra forseti. Vilji Alþingis liggur skýr fyrir.

[10:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. vitnaði til hefur háskólaráð fjallað um þetta mál og það var vitnað til bókunar en þar segir einnig í bókun háskólaráðs:

„Reglugerðardrög þessi verða send deildum til umsagnar á næstu dögum og síðan lögð fyrir háskólafund sem haldinn verður 18. og 19. maí nk. Í framhaldi af því mun háskólaráð setja nýja reglugerð fyrir Háskóla Íslands. Háskólaráð fagnar þessu frumkvæði viðskipta- og hagfræðideildar og telur eðlilegt að hefja kynningu á MBA-náminu og skrá nemendur þegar traustum grundvelli hefur verið skotið undir námið með setningu nýrrar reglugerðar."

Þetta er tilvitnun í samþykkt háskólaráðs frá 23. mars.

Svo sem bókun háskólaráðs ber með sér er til umfjöllunar innan Háskóla Íslands hvort og þá hvernig MBA-nám verði veitt á vegum viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Háskóli Íslands hefur ekki komist sjálfur að niðurstöðu í málinu. Háskólinn á eftir að ganga frá þessum reglum og útfæra nákvæmlega hvernig ber að standa að framkvæmd þessara hugmynda og hefur þar af leiðandi ekki kynnt fyrir ráðuneytinu hvernig staðið verður að málinu. Þess vegna er ekki hægt að gefa neinar sérstakar yfirlýsingar um þetta núna heldur er vísað til þess sem verið er að vinna að á vegum háskólans. Auðvitað er ekki hægt að segja fyrir fram um það hver afstaða fulltrúa ráðuneytisins verður þegar ekki liggur fyrir hvað háskólinn muni leggja til.

[10:35]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ljóst er að engin ákvörðun hefur verið tekin innan háskólans hvað þetta varðar. Ég tel hins vegar þau tíðindi sem berast af reglugerðarundirbúningi hjá háskólanum gefi fullt tilefni til að þetta mál sé rætt og í ljósi þess tók sá sem hér stendur þetta mál upp í menntmn. þingsins nú fyrir skömmu og óskaði eftir að það væri rætt þar. Kom þá fram eins og hér hefur einnig gert í dag að málið er ekki afgreitt. Stefna Alþingis liggur ljós fyrir, stefna stjórnarflokkanna um að taka ekki skólagjöld af námi á vegum háskólans.

Ég tel rétt að sú stefna sé áréttuð að þessu sinni og tek heils hugar undir að við leitum annarra lausna en þeirra að fara út í stórfelld skólagjöld. Sá sem hér stendur er tilbúinn ásamt ábyggilega fleiri mönnum að efla háskólann því að auðvitað eigum við ekki að svipta háskólann tekjumöguleikum heldur verðum við þá að koma til móts við hann með auknum fjár-

framlögum þannig að meistarapróf og meistaragráður geti orðið í háskólanum, ekki aðeins á vegum viðskiptafræðideildarinnar heldur einnig á vegum annarra deilda því að slæm er sú staða ef við verðum að sætta okkur við að ekki sé hægt að efna til meistaragráðu í háskólanumn öðruvísi en fara þá leið sem stefnir í eins og kemur fram í þeirri reglugerð sem nú er í undirbúningi.

[10:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er um grundvallarmál að ræða. Þess vegna gengur það ekki að hæstv. starfandi menntmrh. komi hingað og segi okkur deginum fyrir þinglok að ekki sé tímabært að ræða málið. Hvenær á að ræða þessi mál ef ekki á sjálfu þinginu? Eða er það virkilega þannig að hæstv. ríkisstjórn ætli ekki að standa við þau orð sem sögð voru í ræðum fyrr í vetur? Er það virkilega þannig að hæstv. ríkisstjórn ætli ekki að standa við þau orð sem sögð voru í ræðum fyrr í vetur? Ég tek líka eftir því, herra forseti, að það er gjá á milli talsmanns Framsfl. í þessu máli, hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og Sjálfstfl. Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson lýsir því skorinort yfir að ekki eigi að taka upp skólagjöld.

Herra forseti. Á sínum tíma voru uppi hugmyndir um að taka inn í lög heimildir sem hefðu getað leitt til verulegra skólagjalda. Frá því var horfið á sínum tíma, bæði af háskólanum og líka af ríkisstjórn, ekki síst vegna mikillar andstöðu þingmanna, m.a. innan Framsfl. sem hér er verið að staðfesta í dag.

Nú blasir það hins vegar við að búið er að leggja drög að reglugerð í háskólanum sem gerir í reynd kleift að setja upp námsbrautir víðs vegar við háskólann sem hægt er að skilgreina sem endurmenntun og taka fyrir þær ákaflega há skólagjöld. Herra forseti. Ég hlýt fyrir hönd Samfylkingarinnar að mótmæla þessu. Hins vegar er með þessu verið að staðfesta það sem Samfylkingin og stjórnarandstaðan hefur sagt að Sjálfstfl. vill smygla inn skólagjöldum. Ég les þetta sem er nú að gerast auðvitað með hliðsjón af því að menntmrh. hefur 20% fulltrúa háskólaráðs og ég spyr: Hvað ætlar hann að gera við þessa fulltrúa sína?

Ég les þetta líka með hliðsjón af stöðugri viðleitni Sjálfstfl. til að koma á háum skólagjöldum allan síðasta áratug, ekki aðeins við háskólann, heldur líka við framhaldsskóla. Herra forseti. Þarna er Sjálfstfl. að gera tilraun til að smygla inn skólagjöldum bakdyramegin og innleiða einkavæðingu í skólakerfið.

[10:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í tilefni þessa máls minna á að það var formaður Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboð, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem tók þetta mál upp á sínum tíma í utandagskrárumræðu og um það urðu öflug skoðanaskipti.

Það er að sjálfsögðu algerlega á hreinu að Vinstri hreyfingin – grænt framboð lítur þetta mjög alvarlegum augum að það skuli eiga að búa til einhverja hjáleið fram hjá skólagjöldum sem eru samkvæmt lögum bönnuð í háskólanum þannig að málefnalega höfum við miklar áhyggjur af þessu máli.

Ég verð hins vegar að viðurkenna að við höfum yfirlýsingar sem geta bent til þess að ekki sé svo alvarleg hætta á ferðum en þó eru fleiri vísbendingar sem benda til þess að illa geti farið. Eðlilegt er að þingmenn hafi af þessu áhyggjur. Hins vegar erum við í afskaplega erfiðri afstöðu til að afgreiða málið eða gera eitthvað í málinu.

Ég ítreka einungis það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst því yfir að þessi leið sé forkastanleg og við höldum okkur fast við þá skoðun. Á hinn bóginn verður að segja að það kann kannski að skjóta skökku við að taka þetta mál upp undir dagskrárliðnum um störf þingsins en ef það er engin önnur leið fyrir þingmenn á þessum tímapunkti þegar allt er á dampi við að ljúka störfum, þá þarf að gera það hér.

[10:40]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Bókun háskólaráðs sem hæstv. ráðherra vitnaði í er frá 23. mars og ýmislegt hefur gerst síðan og menn þykjast orðið geta séð það með nokkurri vissu í hvað stefnir. Það er alveg ljóst að þó að segi í 18. gr. laga um Háskóla Íslands að háskólanum sé heimilt að taka gjöld fyrir endurmenntun fer það ekki á milli mála að menn höfðu Endurmenntunarstofnun háskólans í huga þegar fjallað var um þetta ákvæði á Alþingi. Það er alveg ljóst, herra forseti, að endanleg niðurstaða orðalagsins átti ekki að bjóða upp á gjaldtöku fyrir nám á vegum háskólans sjálfs. Þetta liggur alveg fyrir.

Það sem er að gerast er því augljóslega að verið er að búa til það sem hv. þm. kallaði *hér áðan hjáleið fram hjá* lögunum og ég endurtek spurningu mína til stjórnvalda: Ætla menn að leyfa slíkt? Ætla menn að sitja aðgerðalausir og láta það gerast að Háskóli Íslands í fjárkröggum sínum þurfi að finna slíkar hjáleiðir fram hjá lögunum og upp á hvað er þá verið að bjóða? Verður þá hægt héðan í frá að kalla nám í hvaða deild háskólans sem er endurmenntun ef deildin er svelt fjárhagslega? Er þetta sú framtíð sem við ætlum að bjóða íslenskri æsku í menntamálum?

Nei, herra forseti. Vilji Alþingis liggur fyrir. Hann liggur fyrir vegna þeirra laga sem eru tiltölulega ný, bæði um háskóla og sérlaga um Háskóla Íslands. Það hefur ekkert komið fram hér, hvorki í tillöguflutningi né í ummælum manna sem *bendir til þess að meirihlutavilji sé á Alþingi fyrir því að* breyta þeirri stefnu. Það er alveg ljóst.

Ef ráðherra ætlar ekki að grípa inn í atburðarásina er verið að brjóta í bága við stefnu Alþingis.

[10:42]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Mér finnst þetta alveg makalaus málflutningur um störf þingsins að vera að taka upp þetta mál um MBA-nám við Háskóla Íslands. Við höfum rætt þetta mál í vetur í utandagskrárumræðu. Við erum með nýsett lög um Háskóla Íslands þar sem sjálfstæði hans var aukið. Þetta mál er til umræðu þar innan dyra. Þar hafa menn möguleika til að koma skoðunum sínum á framfæri og ég mótmæli því harkalega að verið sé að bera Sjálfstfl. það á brýn að hann sé að reyna að smygla inn einhverjum skólagjöldum í Háskóla Íslands. Er ekki Háskóli Íslands sjálfstæð stofnun? Er það ekki háskólaráð sem er æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans? Mér finnst þetta því dálítið einkennilegur málflutningur. Mér finnst hann dæma sig sjálfur og það er alveg ljóst að ekki er hægt að ræða þetta mál á þinginu meðan ekki liggja fyrir beinar tillögur og ákvarðanir innan háskólans.

[10:43]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Mér hafa borist drög nr. 3 að undirbúningi þeirrar reglugerðar sem hér hefur verið vitnað til og vil

ég leyfa mér að vitna í þá heimild. Þar segir í 4. tölul. 14. gr., með leyfi forseta:

„Heimilt er deild að ákveða að endurmenntunarnámi á vegum hennar ljúki með sérstakri prófgráðu, enda uppfylli námið almennar kröfur háskólanáms."

Hér er verið að nýta endurmenntunardeildina til gjaldtöku og um leið að opna prófgráðuheimild fyrir deildina. Ég sé ekki annað en hér sé í undirbúningi að ganga á svig við stefnu Alþingis. Það var undir þessum formerkjum sem ég tók málið upp í menntmn. Ég þakka formanni nefndarinnar fyrir að hafa rætt það mál málefnalega og ég sætti mig fyllilega við þau svör sem formaðurinn setti þar fram og ég tek einnig undir þau sjónarmið sem hafa komið fram. Þetta er ekki ákvörðun hjá háskólanum. Við eigum hins vegar að koma myndarlega fram við háskólann og láta það vera eina af styrkustu stoðum okkar í Alþingi að efla háskólamenntunina með því að gera háskólanum kleift að hefja meistaranám í viðskiptafræðum með auknum fjárveitingum til skólans þegar fram í sækir.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram var þetta mál til umræðu utan dagskrár í vetur og hóf ég þá umræðu. Þá taldi ég að viðbrögð menntmrh. væru á þá leið að ráðuneytið þyrfti að fylgjast með því hvernig háskólinn ætlaði að vinna að málinu í framhaldinu. Ég leyfi mér að túlka orð hæstv. menntmrh. þannig að miklar efasemdir hafi verið í huga ráðherra að sú leið væri lögleg og yfir höfuð fær fyrir háskólann sem áformað hafði verið að fara til að taka þessi skólagjöld. Þar af leiðandi kemur mér mjög á óvart ef Háskóli Íslands heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist í framhaldi þeirra skoðanaskipta sem urðu á Alþingi og eins og Háskóla Íslands komi ekki við hvað fyrir mönnum hefur vakað með setningu löggjafar og þeirra starfsreglna sem háskólinn á að uppfylla.

Þetta held ég sé hið versta mál, herra forseti, og það væri mikið óheillaskref ef háskólinn færi inn á þessa braut. Þess vegna ríður á miklu að það takist að stöðva það.

Herra forseti. Þar sem þetta snýst líka að hluta til um lögskýringar, hvað vakti nákvæmlega fyrir mönnum þegar sett voru ákvæði í lög um þessi mál, og ég held að það sé alveg skýrt að í hugum manna var að það ætti ekki að taka skólagjöld við nám af þessu tagi, legg ég því til að menntmn. kalli stjórnendur háskólans til sín. Ef menntmrn. er sofandi í málinu verður að leysa það með einhverjum öðrum hætti og þá sýnist mér einfaldast að löggjafinn geri það sjálfur. Þó þingið kunni að ljúka störfum á næstu klukkutímum eða sólarhringum starfar menntmn. áfram með umboði í sumar. Ég fer fram á að menntmn. hafi samband við háskólann og reyni að leiðbeina þeim um það hvernig þessir hlutir eigi að vera samkvæmt lögum.

[10:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið er nauðsynlegt að árétta og minna á að samkvæmt lögum um háskólann er Háskóli Íslands sjálfstæð stofnun og með nýjustu lögunum, sem um hann gilda, var sjálfstæði hans aukið. Samkvæmt lögum háskólans er það háskólaráð sem setur reglur um prófgráður. Nauðsynlegt er að rifja þetta allt saman upp vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið.

En í lokin vil ég undirstrika og árétta það sem ég sagði í upphafi og fyrr að tillögur liggja ekki fyrir, menntmrn. hefur ekki verið gerð grein fyrir hvaða tillögur háskólinn mun gera. Þegar þær liggja fyrir mun ráðuneytið taka afstöðu til málsins.

Þjóðlendur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (kostnaður af hagsmunagæslu, málsmeðferð). — Þskj. 1132, brtt. 1190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]

Brtt. 1190 felld með 39:8 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KHG, KLM, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (LB, MF) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, KPál, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Miklar deilur hafa risið um framkvæmd laganna um þjóðlendur. Þessi tillaga kveður á um að framkvæmdin verði stöðvuð og fjmrh. verði falið að móta nýjar verklagsreglur fyrir kröfugerð ríkisins til þjóðlendna og endurvinna trúnað í vinnu þessa mikilvæga máls. Ég vek athygli á því, herra forseti, að gagnrýni hefur ekki aðeins komið frá hlutaðeigandi landeigendum og öðrum, heldur einnig frá einstökum þingmönnum og hæstv. landbrh. Ég legg því áherslu á að þetta bráðabirgðaákvæði verði samþykkt.

[10:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er með ólíkindum hvað hv. þm. Jóni Bjarnasyni gengur erfiðlega að átta sig á um hvað störf fjmrn. snúast í þessu efni og þeirrar nefndar eða þess vinnuhóps sem ég hef kallað mér til aðstoðar í málinu. Hér er lagt til í brtt. að nefnd sú sem ráðherra hefur haft sér til aðstoðar í þessu máli verði leyst frá störfum. Hvaða nefnd er það sem hefur verið skipuð með lögum í þjóðlendumálinu sem á leysa hér frá störfum? Hvers lags fáránleiki er þetta eiginlega og skrípaleikur af hálfu þingmannsins? Gerir hann sér ekki grein fyrir því að hér er bara um að ræða að fjmrh. er að vinna að framkvæmd laga í samræmi við gildandi lagaákvæði? Það er engin lögskipuð nefnd um þetta mál að störfum, heldur eingöngu nokkrir menn sem ég hef fengið mér til ráðgjafar í þessu máli. Er það tillaga þingmannsins að þeim verði vikið úr starfi í fjmrn. t.d.? Þetta er fáránleg tillaga og ég segi nei.

[10:51]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í umræðu um þetta mál kom fram að það er hæstv. fjmrh. einn og hann einn er ábyrgur fyrir þeirri stefnu sem mótuð hefur verið af hálfu ríkisvaldsins í þessu máli. Einnig kom fram að hjá einstökum stjórnarsinnum hafi verið gagnrýni á þessa stefnu. En í meðförum þingsins hefur ekki stafkróki verið breytt um þá framkvæmd sem hæstv. ráðherra stendur að. Þannig hafa alþingismenn, líka þeir sem

gagnrýndu framferði ráðherrans staðfest þá afgreiðslu sem hann hefur haft í málinu. Ég hef engar athugasemdir við þá afgreiðslu að gera, ég styð hana, og greiði því atkvæði á móti tillögunni.

[10:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hélt það væri þannig að þegar menn fengju orðið til að gera grein fyrir atkvæði sínu ættu þeir að gera grein fyrir atkvæði sínu. Í aðalatriðum ættu menn að biðja um orðið strax þegar tiltekinn dagskrárliður er tekinn til atkvæða. Hér gerðist það áðan að hæstv. fjmrh. bað um orðið undir ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar og notaði allan ræðutímann sem hann hafði til að gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins til ómaklegra árása á þingmanninn sem ekki hefur aðstöðu til að svara fyrir sig eins og þingsköpin eru þegar þessir dagskrárliðir ganga hér fram. Það vakti sérstaklega athygli mína að forseti, sem stundum er bjölluglaður, sat án nokkurra athugasemda undir þessari ótrúlegu ræðu hæstv. fjmrh.

[10:53]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Þetta er einfaldlega ekki rétt hjá hv. þm. Hæstv. fjmrh. bað um orðið til að gera grein fyrir atkvæði sínu áður en hv. 5. þm. Norðurl. v. hóf mál sitt. Það er hins vegar rétt athugasemdum að þingmenn eiga að biðja um að gera grein fyrir atkvæði sínu strax við upphaf en ekki til að svara framkomnum athugasemdum frá öðrum þingmönnum.

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GÁ, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þær breytingar sem hér eru í heild sinni lagðar til eru að ýmsu leyti til bóta en vegna orða hæstv. fjmrh. áðan vil ég taka skýrt fram að ekki er verið að veitast að einum eða neinum persónulega enda hafa þeir ekki verið nafngreindir og var engin ástæða til þess hjá hæstv. fjmrh. að vera að ætla hv. þm. að vera að gera það.

Hins vegar átti sú gagnrýni sem hér kom fram og sú tillaga sem hér var lögð til einmitt að hjálpa hæstv. fjmrh. til að ná trúnaði í þessu starfi og segja þar m.a. við ráð hæstv. landbrh. að við hefðum nákvæmlega tekið undir þau atriði sem hér er fjallað um.

[10:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er mjög miður að hæstv. ríkisstjórn skuli hafa klúðrað jafnillilega framkvæmd þessara mála og raun ber vitni og skapað um það ósætti sem menn eru ekki búnir að bíta úr nálinni með. Það hefði verið mjög hyggilegt að samþykkja þá brtt. um endurskoðun framkvæmdarinnar og endurmönnun sem hv. þm. Jón Bjarnason flutti áðan. Sú tillaga var að sjálfsögðu fullkomlega þingleg og eðlileg miðað við eðli málsins og Alþingi getur að sjálfsögðu mælt fyrir um að stjórnskipaðar nefndir séu endurskipaðar ef því sýnist svo.

Herra forseti. Ég held að þetta sé þeim mun bagalegra sem hér er á ferðinni mjög mikilvægt hagsmunamál. Hér er gætt ríkra almannahagsmuna og mikilvægt er að ríkinu takist það vel, en ríkið þarf líka að fara fram með sanngirni. Það kemur úr hörðustu átt að hæstv. ríkisstjórn hreyti skætingi í þá sem hér hafa haldið uppi gagnrýni því harðasti andstæðingur framkvæmdarinnar er hæstv. landbrh., sem af einhverjum undarlegum ástæðum er fjarstaddur atkvæðagreiðsluna, sömuleiðis 1. þm. Suðurl., sem hefur haft uppi stór orð um það hversu illa hafi tekist til í framkvæmd ríkisstjórnarinnar í málinu. Þetta er undarleg fjarvera, herra forseti, þessara tveggja höfðingja.

[10:56]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í rúma þrjá áratugi börðust þingmenn Alþb. og Alþfl. fyrir því að leidd yrðu í lög ákvæði um þjóðlendur. Ákvæði um að allt það land og öll þau landgæði sem enginn einstaklingur gæti sannað eignarhald sitt á yrði lýst þjóðlendur eða sameign þjóðarinnar. Frv. sem hér um ræðir og lögin sem þá varða eru til að framkvæma þessa stefnu. Sú breyting sem nú er gerð er gerð til þess að auðvelda þeim sem telja sig eiga eignarhald á landi eða landgæðum að bera fram mál sitt og það er jákvætt. Tilgangurinn er ekki sá og hefur aldrei verið sá að taka neitt af neinum eða svipta neinn eignarrétti sem hann á sannanlega. Tilgangurinn er hins vegar sá að koma í veg fyrir að einstaklingar geti kastað eign sinni á land og landgæði sem þeir eiga ekki.

Herra forseti. Ég fagnaði á sínum tíma því að áratugagamalt baráttumál A-flokkanna skyldi ná fram að ganga og mig undrar sú afstaða sem nú liggur fyrir af hálfu nokkurra þingmanna. Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði með þessu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1349).

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 859, nál. 1162 og 1236, brtt. 1199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]

1. gr samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GE, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Samningurinn sem hér um ræðir er sannarlega af hinu góða en það sem ég hef gagnrýnt við þetta frv. varðar 2. gr. Ég vil vekja athygli á því að verið er að leiða í lög að forræði samningsins sé á hendi tveggja ráðherra, hæstv. umhvrh. og hæstv. sjútvrh. Þetta er að mínu mati

óhagræði og gerir alla framkvæmd samningsins mun flóknari en þurfa þykir og er ekki í samræmi við það sem gert er annars staðar á Norðurlöndum eða í flestum Evrópulöndum. Ég tel því mikilvægt að þessi brtt. nái fram að ganga, sem kveður á um það að forræði samningsins sé einungis á hendi umhvrh. hæstv., en sjútvrh. eigi ákveðna aðkomu að málum sem snerta nytjastofna sjávar.

Brtt. 1199,1 felld með 28:19 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KLM, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack.
17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, JB, KolH, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, KF, KHG, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1199,2 felld með 28:19 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JB, KolH, KLM, LB, MF, PP, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, IP, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1199,3 felld með 29:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GAK, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1162 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 399. mál (ríkisframlag). — Þskj. 657, nál. 1159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:02]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
3 þm. (KolH, SighB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SighB, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, KF, LMR, LB, RG, SJóh, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 553. mál (sauðfjárafurðir). — Þskj. 855, nál. 1180, 1267 og 1330, brtt. 1181, 1182 og 1268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:04]

1. gr. samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: PHB.

13 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, KLM, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:04]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér búvörusamninginn. Hann er slæmur fyrir skattgreiðendur því þarna er verið að leggja á þá 17.000 milljónir á sjö árum sem svarar til tekjuskatts heils árs. Hann er líka slæmur fyrir neytendur því búvöruverð er mjög hátt hér á landi. Hann er líka slæmur fyrir bændur og alveg sérstaklega slæmur fyrir bændur eins og hefur sýnt sig í lífskjörum sauðfjárbænda. Hér er verið að framlengja um sjö ár það staðnaða kerfi sem hefur endurspeglast í lífskjörum bænda sem ég fullyrði að eru með lökustu lífskjör allra stétta í landinu. Ég segi nei.

Brtt. 1181,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, MF, ÓÖH, RG, SAÞ, SF, SJS, StB, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (LB, PHB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GAK, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JB, KF, KPál, LMR, PP, SJóh, SP, SvH, TIO, VS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddur.

Brtt. 1181,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VE, ÞKG.

19 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JB, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

3.–5. gr. (verða 4.–6. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, KLM, LB, MF, PHB, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, ÍGP, JÁ, KF, LMR, RG, SJóh, SJS, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1182 felld með 26:4 atkv. og sögðu

já: GAK, ÍGP*, JónK*, SvH.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

Brtt. 1268 felld með 29:7 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.

14 þm. (BH, EMS, GÖ, JóhS, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SvanJ, SvH, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GE, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

6.–7. gr. (verða 7.–8. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VE, ÞKG.

20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:07]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Eitt af meginatriðum þessa frv. og samnings sem að baki þess er er í 6. gr. frv. Ég hef um það að segja að mér finnst gæta misvægis milli bænda og sláturleyfishafa. Bændur verða að bíða allt að þremur árum eftir að skerðingaráhrif frv. koma til með að birtast í tekjum þeirra. Sláturleyfishafar þurfa einskis að bíða með að kaupa sig

undan skerðingum. Ég hefði talið betra úrræði að bændur fengju strax rétt til að framselja greiðslumark.

Brtt. 1181,3 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GÖ, JóhS, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GE, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JB, KF, LMR, SJóh, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1181,4 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BH, GE, LB, PHB, SighB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GÖ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, KF, KolH, LMR, SJóh, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1181,5 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (LB, PHB, SighB) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KF, LMR, MF, SJóh, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, VE, ÞKG.
17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GÖ, JóhS, JB, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GE, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, KolH, LMR, SJóh, SF, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

11.–14. gr. (verða 12.–15. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, SAÞ, SP, StB, SvH, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GE, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, MF, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HÁs, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. 1181,6 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, ÓÖH, PP, RG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (LB, PHB, SighB) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, SF, TIO, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 399, nál. 1213, brtt. 1214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]
Brtt. 1214,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO, VS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:10]

Ögmundur Jónasson:
Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um mikilvægt lagafrv. Hann er vandrataður vegurinn á milli þess annars vegar að tryggja persónuvernd og hins vegar að sjá til þess að þjóðfélagið sé opið og nauðsynlegum og mikilvægum upplýsingum ekki haldið leyndum. Að mínum dómi hefur vel tekist til með frv. með einni stórri undantekningu

þó. Hún er sú að undanskilinn er lögum um persónuvernd sá málaflokkur sem mestum deilum hefur valdið á síðari tímum í íslensku samfélagi hvað réttindi einstaklinga og persónuvernd snertir, gagnagrunnur á heilbrigðissviði. Hann er undanskilinn þessari lagasetningu, þar er ekki spurt um réttindi einstaklingsins, heldur eru teknar upplýsingar um heilsufar hans að honum forspurðum og fengnar fyrirtæki í hendur sem gerir þær að verslunarvöru. Þetta er alvarleg brotalöm á annars góðu frv.

[11:11]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að brjóta í blað því hér er mjög merk lagasetning á ferðinni. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að lögin hafa tekið stakkaskiptum í meðferð allshn. og eru til mikillar fyrirmyndar og þingmenn Samfylkingarinnar munu alveg örugglega styðja þetta frv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1214,2–12 samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–35. gr., svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1214,13 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, MF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, SJóh, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:13]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég sit hjá við þetta ákvæði. Mér finnst mikilvægt að sú stofnun sem fer með persónuvernd sé eins óháð framkvæmdarvaldinu og kostur er. Samkvæmt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir á ráðherra að skipa meiri hluta stjórnar Persónuverndar án tilnefningar, þar með talinn formann stjórnarinnar og varaformann. Við höfum því miður reynslu af misnotkun á ráðherravaldi gagnvart vísindasiðanefnd sem haldið hafði uppi málefnalegri gagnrýni gagnvart gagnagrunni á heilbrigðissviði og var fyrir vikið rekin. Hér hefðu þurft að koma fleiri tilnefningaraðilar og nefni ég þar Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og lagadeild Háskóla Íslands, Neytendasamtökin eða aðra slíka. Reynslan kennir okkur, því miður, að vafasamt er að treysta ráðherravaldi í þessum efnum.

36. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (ÁSJ, JB, KolH, MF, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SJS, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 1214,14–16 samþ. með 51 shlj. atkv.
37.–46. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1214,17 samþ. með 50 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Upplýsingalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 564. mál (persónuvernd o.fl.). — Þskj. 866, nál. 1215, brtt. 1216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:16]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1216,1 (ný 5. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1216,2 (ný 6. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1216,3 (ný 7. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Brunavarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 485. mál (heildarlög). — Þskj. 765, nál. 1249, brtt. 1250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:18]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1250,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1250,2 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:18]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Samkvæmt 12. gr. frv. er heimilað að fela skoðunarstofum svokölluðum eldvarnaeftirlit á landsbyggðinni. Við umræðu hér í gær eða í nótt beindi ég því til ráðherra og formanns umhvn. hvað átt væri við með þessu. Það kom fram í skýringu hv. formanni umhvn. að hér væri ekki um stefnumótun að ræða heldur væri þetta sett inn til þess að mæta algerum undantekningartilvikum. Í trausti þess að þetta sé rétt skýring og að við hana verði staðið í framtíðinni þá styð ég þessa grein sem aðrar í frv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1250,3 samþ. með 48 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1250,4 samþ. með 50 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1250,5 samþ. með 49 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1250,6 samþ. með 45 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
18.–32. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1250,7 samþ. með 47 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1250,8 (ný 34. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
35. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1250,9 samþ. með 46 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
37.–38. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1250,10 samþ. með 48 shlj. atkv.
39. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1250,11 samþ. með 45 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I–IV, svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 630. mál (innflutningur frá frystiskipum). — Þskj. 1118, nál. 1256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:25]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Frv. DO, 522. mál (heildarlög). — Þskj. 823, nál. 1128 og 1270, brtt. 1271 og 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, MF, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, LB, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, TIO) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, PHB, RG, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1328,1 felld með 38:7 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (EOK, GuðjG, GAK, ÍGP, KHG, KLM) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi brtt. um öðruvísi kjördæmamörk sem ég flyt á þskj. 1328 er að sjálfsögðu ekki án galla en hún er mun betri að mínu mati en sú útgáfa sem frv. hefur að geyma. Hér verða ekki til landfræðilega jafnstór og ósamstæð kjördæmi. Norðlendingafjórðungi er ekki skipt með kjördæmamörkum eins og nú stendur til samkvæmt frv. Síðast en ekki síst og kannski það sem mestu varðar er sveitarfélaginu Reykjavík ekki skipt samkvæmt þessari tillögu heldur er það eitt kjördæmi. Þessi tillaga rúmast innan ramma stjórnarskrárbreytinganna frá liðnu vori. Hún varðveitir markmið um jöfnuð milli flokka og felur ekki í sér meira misvægi atkvæða en stefnt er að samkvæmt frv. Herra forseti. Ég tel því tvímælalaust til bóta að gera þessa breytingu á.

[11:28]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Alveg frá því farið var að ræða nýja kjördæmaskipan á síðasta kjörtímabili, beitti ég mér fyrir því á Alþingi að málinu yrði beint inn í annan farveg en þann sem varð fyrir valinu og endaði með þeim tillögum sem hér liggja fyrir og verið er að greiða atkvæði um. Til að draga úr skaðanum leggjum við til að suðvesturhorninu verði m.a. skipt upp á annan veg en tillaga er gerð um, m.a. verði Reykjavík ekki skipt upp í tvö kjördæmi. Það er sannfæring mín að um þessa tillögu sem málamiðlun sem sátt gæti orðið um, meiri sátt en um þá tillögu sem meiri hlutinn leggur til.

6. gr. samþ. með 35:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, GHH, GE, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, JBjart, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: EKG, EOK, GuðjG, KolH, KHG, ÖJ.
9 þm. (ÁSJ, GAK, HjálmJ, ÍGP, JB, KLM, SJS, SvH, ÞBack) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EMS, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:29]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér erum við að ljúka ferðalagi sem hófst með ólukkuskrefi þegar staðfest voru stjórnarskipunarlög um breytingu á stjórnarskránni. Þá voru örlögin í raun

ráðin og búið í reynd að kollvarpa kjördæmaskipuninni að mínu mati að nauðsynjalausu. Ég varaði við því þá og geri enn og segi því nei.

[11:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér eru að koma til atkvæða ákvæði 7. gr. frv. og í þeim felst sú kjördæmaskipan sem við höfum gagnrýnt mjög harðlega og teljum alls ekki til bóta frá því ástandi sem nú er. Þarna er m.a. tölul. 5 og 6 þar sem Reykjavík er skipt í tvö kjördæmi og önnur ákvæði sem þessu tengjast. Nú er hins vegar staðan sú að búið er að samþykkja stjórnarskrárbreytingu og það verður að laga kosningalög landsins að þeirri breytingu. Brtt. okkar um öðruvísi kjördæmamörk hefur verið felld og með vísan til þessa og þrátt fyrir yfirlýsta andstöðu okkar við þessar breytingar sitjum við hjá við þetta ákvæði frv.

Brtt. 1328,2 kölluð aftur.

7. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, JBjart, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

14 þm. (ÁSJ, EKG, EOK, GuðjG, GAK, HjálmJ, JB, KolH, KHG, KLM, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vek aðeins athygli manna á því sérkennilega ákvæði sem er að koma til atkvæða, að fyrir hverjar alþingiskosningar skuli kjörstjórn í Reykjavík setjast niður og ákveða kjördæmamörk og auglýsa það nokkrum vikum fyrir kosningar. Ég hygg að það vandræðalega ákvæði sem 7. gr. hefur að þessu leyti að geyma segi allt sem segja þarf um þá álappalegu breytingu á kjördæmaskipan og kosningalögum er verið að gera að þessu leytinu til.

Brtt. 1328,3 kölluð aftur.

8. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

14 þm. (ÁSJ, EKG, EOK, GuðjG, GAK, HjálmJ, JB, KolH, KHG, KLM, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

9.–14. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

11 þm. (ÁSJ, EOK, GuðjG, GAK, HjálmJ, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1328,4 kölluð aftur.

15.–22. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, KLM, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1328,5 kölluð aftur.

23.–31. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, SP, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, SP, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

32. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

33.–57. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

58. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Gerð er tillaga um að ganga til móts við það fólk sem getur ekki greitt atkvæði á kjörstað vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar. Þetta er í samræmi við þann anda sem birtist í frv. sem ég flutti ásamt tveimur öðrum hv. þm. Ég tel hins vegar að hér sé í raun og veru ekki gengið nægilega langt og vek athygli á því að fólk sem veikist eftir klukkan sextán á þriðjudegi, konur sem taka léttasótt eftir klukkan sextán á þriðjudegi eða fólk sem af einhverjum öðrum ástæðum getur ekki farið á kjörstað, verður af því að geta nýtt kosningarrétt sinn. Með öðrum orðum er gengið of skammt að mínu mati. Hins vegar er hér gengið í rétta átt og því segi ég já.

59.–106. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, KLM, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

107. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (ÁSJ, EOK, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1271,3, 1. mgr., samþ. með 40:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, KHG, SvH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,3, 2.–3. mgr., samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,4 (ný 109. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, JónK, JBjart, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, GÁS, GunnB, HBl, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, KLM, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,5 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, KLM, LMR, PP, SJóh, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

110. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KPál, LB, MF, PHB, RG, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HBl, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, KLM, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, SAÞ, TIO) fjarstaddir.

111.–112. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,6 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, KLM, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

113. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,7 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, ÞKG) fjarstaddir.

114. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

115.–121. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, PP, SighB, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,8 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

122. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

123.–128. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1271,9 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, KPál, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

129. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er að koma til atkvæða mjög merkt nýmæli í íslenskri löggjöf þar sem mælt er fyrir um aukin skilyrði til breytinga á lögum þannig að til þurfi aukinn meiri hluta á Alþingi. Ég tel þetta merkt nýmæli og að mörgu leyti horfa til heilla og ætti að taka upp í ríkari mæli þegar stór og afdrifarík mál eru til umfjöllunar. Ég mun því greiða þessu tiltekna ákvæði frv. atkvæði mitt.

130. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, SvanJ, TIO, ÞBack) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–II samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, SJS, SvH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, GunnB, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, PP, SJóh, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Fjárreiður ríkisins, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 243. mál (laun, risna o.fl.). — Þskj. 298, nál. 1283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:43]
Till. í nál. 1283 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 11:44.

---

113. FUNDUR

miðvikudaginn 10. maí,
að loknum 112. fundi.

Dagskrá:

1. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 219, nál. 1021, brtt. 1022. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frv., 618. mál, þskj. 1023. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 619. mál, þskj. 1024. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, stjfrv., 557. mál, þskj. 859 (með áorðn. breyt. á þskj. 1162). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, stjfrv., 399. mál, þskj. 657. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, stjfrv., 553. mál, þskj. 855 (með áorðn. breyt. á þskj. 1181). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, stjfrv., 280. mál, þskj. 399 (með áorðn. breyt. á þskj. 1214). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Upplýsingalög, stjfrv., 564. mál, þskj. 866 (með áorðn. breyt. á þskj. 1216). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Brunavarnir, stjfrv., 485. mál, þskj. 765 (með áorðn. breyt. á þskj. 1250). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, stjfrv., 630. mál, þskj. 1118. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Kosningar til Alþingis, frv., 522. mál, þskj. 823 (með áorðn. breyt. á þskj. 1271). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, frv., 637. mál, þskj. 1235. — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:45]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. og/eða útbýtingu þskj. í 4.–11. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, 3. umr.

Frv. DO, 522. mál (heildarlög). — Þskj. 1355.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:49]
Frv. samþ. með 31:3 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BH, DrH, EMS, GHH, GE, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: EKG, EOK, GuðjG.

6 þm. (HjálmJ, KolH, KHG, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, DO, GAK, GHall, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JóhS, JB, KF, KLM, LMR, PP, SJóh, SP, SvH, TIO, VS) voru fjarstaddir.

[Forseti gat þess að ÁSJ, ÁMöl, SP og VS hefði láðst að taka þátt í atkvgr.; þm. ætluðu að segja já.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þráfaldlega hefur lögum um kosningar til Alþingis og stjórnarskrárákvæðum þar um verið breytt. Þar hafa menn lagt fram þrjár kröfur: Í fyrsta lagi að varðveita misvægi atkvæða, í öðru lagi að varðveita jafnræði flokka og í þriðja lagi að hafa einfalt kosningakerfi. Þessar kröfur ganga aldrei saman. Kröfurnar um að varðveita misvægi atkvæða en jafnræði milli flokka stangast á og út úr því kemur aldrei einfalt kerfi. Það gerist heldur ekki við núverandi aðstæður. Það er mín trú að sú afgreiðsla sem hér

fer fram muni leiða í ljós að aðeins ein aðferð er til til að tryggja fullt jafnræði atkvæða og fullt jafnvægi flokka, þ.e. að gera Ísland að einu kjördæmi. Ég tel að þetta sé skref í þá átt og mun því greiða þessu frv. atkvæði mitt.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1364).

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 189. mál (heildarlög). — Þskj. 219, nál. 1021, brtt. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]

Brtt. 1022,1 (ný 1. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til afgreiðslu um áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, hefur að mínu viti ekki fengið nægilega meðferð í nefnd. Mikill ágreiningur er um veigamikil atriði við hagsmunaaðila og menntastofnanir sem að þessum málum koma. Þó þarna séu mörg ákvæði til mikilla bóta eru á frv. þessu svo miklir annmarkar, herra forseti, að ég mun sitja hjá við afgreiðslu frv. í heild sinni.

Brtt. 1022,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, GAK, GHH, GHall, GÁS, GunnB, HjÁ, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO, ÖS) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,3 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GAK, GHH, GHall, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO, ÞSveinb) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,4 (ný 5. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GAK, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, KPál, LMR, SJóh, SvH, TIO, ÞSveinb) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,5 (ný 6. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,6 (ný 7. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO, ÖS) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,7 (9. gr. falli brott) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,8 samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÁ, GÖ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: GAK.

8 þm. (ÁSJ, HBl, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Með þessum breytingum á 10. gr. er verið að fella niður svokallaðar undanþágunefndir sem sátt hefur verið um á undanförnum árum. Ég er andvígur þessari breytingu og segi nei.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 39:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: GAK.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1022,9 samþ. með 38:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: GAK, KPál.

6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, MF, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:55]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að auka atvinnuréttindi þeirra sem hafa haft svokölluð 30 tonna réttindi upp í 75 brúttótonn. Þetta þýðir í reynd að þeim hópi sem hefur menntað sig til lægstu atvinnuréttinda skipstjórnarmanna eru færð talsvert aukin réttindi án þess að krafist sé af þeim meira náms. Ég er andvígur svona framkvæmd og slíkum lögum. Ég tel að málið eins og það kom frá nefndinni sem vann málið á sínum tíma hafi verið mun ásættanlegra.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: GAK.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, MF, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

12. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1022,10 (13. gr. falli brott) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK,

JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1022,11 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, LB, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

14. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1022,12 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1022,13 (ný 15. gr., verður 14. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1022,14 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

16. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1022,15 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, IP, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SP, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,16 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO, ÖS) voru fjarstaddir.

18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GÁ, GHH, GHall, GÁS, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

Brtt. 1022,17 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (ÁSJ, GAK, JB, KolH, KPál, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: GAK.

2 þm. (KPál, ÁSJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 618. mál. — Þskj. 1023.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, LB, MF, PP, PHB, RG, SAÞ, SighB, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: GAK.

19 þm. (ÁMM, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, KPál, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) voru fjarstaddir.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 619. mál. — Þskj. 1024.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 36:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: ÁRÁ, GAK, KPál.

7 þm. (ÁSJ, JB, KolH, MF, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er mikill misskilningur á ferðinni að mínu áliti því verið er að breyta starfsréttindum skipstjórnarmanna gegn sjómannastéttinni. Með þessu er verið að draga úr menntunarkröfum sjómanna um leið og dregið er stórlega úr öryggiskröfum um borð í fiskiskipum. Aðsókn að Sjómannaskóla Íslands og Stýrimannaskólanum hefur verið mjög á undanhaldi á undanförnum árum og svo er komið að 2. stig Stýrimannaskólans er ekki starfrækt í dag. Þessi breyting mun því draga stórlega úr aðsókn í Stýrimannaskólann og ljóst að 39 skip sem hingað til hafa þurft að vera mönnuð af fullmenntuðum skipstjórnarmönnum þurfa ekki lengur á því að halda, heldur geta nemendur úr grunnskóla 10. bekkjar sem náð hafa svokölluðu pungaprófi stjórnað skipum með 5–6 manna áhöfn á togveiðum og alls konar veiðiskap sem er mjög vandasamur og mér finnst mjög alvarlegt að samgn. skuli ...

(**Forseti** (GuðjG)**:** Klukkan stóð á sér, hv. þm. hefur þegar talað í eina og hálfa mínútu.)

Ég er enn á grænu ljósi. Herra forseti. Ég vil bara ítreka það að ég mótmæli slíkum vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið í þessu máli og greiði því atkvæði gegn þessu.

[12:03]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Rökin fyrir breytingunni í 75 brúttótonn er sú að þegar gerð er mælieiningarbreyting frá brúttórúmlestum, þ.e. í þessu tilviki úr 30 brúttórúmlestum í 75 brúttótonn er miðað við ákveðnar breytingar í reiknireglum. Til að mynda verður 200 tonna skip, þ.e. brúttórúmlesta skip, 500 brúttótonn. Þar er stuðullinn 2,5 og þó ekki væri nema þess vegna er einfalt að reikna út að stuðullinn 2,5 á 30 er 75, en þetta breytir engu um réttindamál, um er að ræða sams konar munstur skipa og hefur ekkert að segja með öryggiþætti. Nám hefur stóraukist mjög í hinu svokallaða pungaprófi, og það er full alvara í þessu máli og eðlileg sanngirni.

[12:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér voru áðan afgreidd lög um áhafnir skipa. Nú er verið að afgreiða atvinnuréttindalög sem taka til fiskimanna. Verið er að auka réttindi úr 30 tonnum upp í 75 brúttótonn. Ég er algerlega andvígur þeirri breytingu, enda á hún ekki við nein efnisleg rök að styðjast. Ef staðan er skoðuð í flotanum, þá er breytingarreglan sem næst hefði komist eðlilegri breytingu 1,45 sem hefði þýtt 45 brúttótonna viðmiðun.

[12:05]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þetta er sjálfsögð breyting. Við vitum vel að ýmsir skipstjórar á landróðrarbátum hafa lent í vandræðum á undanförnum árum og hafa orðið að biðja um undanþágur æ ofan í æ á þessum litlu bátum. Þetta hefur komið mismunandi niður eftir því hvernig róið hefur verið eftir landshlutum og þar fram eftir götum. Þetta er sjálfsögð breyting og spurning hvort ekki sé rétt að ganga lengra.

Alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, 3. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 1350.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

20 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, RG, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um að ræða framkvæmd samnings sem hefur það að markmiði að vernda villt dýr og plöntur sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þau. Það er afar mikilvægt að vel takist til með framkvæmd þessa samnings. Þó að ég hafi efasemdir um stjórnsýsluþátt frv. og telji að framkvæmd hans væri betur komið á herðum umhvrh. eins, þá tel ég mikilvægt að önnur ákvæði málsins séu leidd í lög og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1357).

Markaðssetning vistvænna og lífrænna afurða, 3. umr.

Stjfrv., 399. mál (ríkisframlag). — Þskj. 657.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:07]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KLM, MF, PP, RG, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

9 þm. (BH, JB, KolH, KPál, LB, PHB, SighB, SJS, SvanJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1358).

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 553. mál (sauðfjárafurðir). — Þskj. 1351.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:08]

Frv. samþ. með 26:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DrH, EKG, GE, GuðjG, GAK, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, PP, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.

nei: PHB.

17 þm. (ÁSJ, BH, EMS, GÖ, JB, KolH, KLM, LB, MF, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, ÓÖH, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1359).

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 3. umr.

Stjfrv., 280. mál (heildarlög). — Þskj. 1352.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:10]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JB, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1360).

Upplýsingalög, 3. umr.

Stjfrv., 564. mál (persónuvernd o.fl.). — Þskj. 1353.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:10]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1361).

Brunavarnir, 3. umr.

Stjfrv., 485. mál (heildarlög). — Þskj. 1354.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:11]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1362).

Meðferð, vinnsla og dreifing sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 630. mál (innflutningur frá frystiskipum). — Þskj. 1118.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:11]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1363).

Gjaldmiðill Íslands og Seðlabanki Íslands, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 637. mál (tilefnismynt). — Þskj. 1235.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:12]
Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GÖ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, MF, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
17 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, IP, JÁ, JóhS, KF, LMR, SJóh, SvH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1365).

Fundi slitið kl. 12:12.

---

114. FUNDUR

miðvikudaginn 10. maí,
að loknum 113. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Meðferð ályktana Alþingis, fsp. RG, 457. mál, þskj. 733.
2. Flutningur á félagslegum verkefnum frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis, fsp. RG, 463. mál, þskj. 741.
3. Búsetuþróun, fsp. KLM, 505. mál, þskj. 803.

Til utanríkisráðherra:

4. Fyrirvari Íslands við Atlantshafssamninginn, fsp. SJS, 632. mál, þskj. 1130.

Til dómsmálaráðherra:

5. Kærumál vegna ólöglegrar sölu á tóbaki, fsp. ÞBack, 495. mál, þskj. 779.
6. Reglur um öryggisbúnað í bifreiðum fatlaðra, fsp. SJS, 631. mál, þskj. 1129.

Til umhverfisráðherra:

7. Umbúðaúrgangur, fsp. ÖS, 374. mál, þskj. 630.
8. Hefting sandfoks, fsp. ÍGP, 602. mál, þskj. 916.
9. Hagavatn á Biskupstungnaafrétti, fsp. ÍGP, 603. mál, þskj. 917.

10. Geysissvæðið í Biskupstungum, fsp. ÍGP, 478. mál, þskj. 758.
11. Verndun Þjórsárvera við Hofsjökul, fsp. KPál, 604. mál, þskj. 918.
12. Notkun íslenskra veðurhugtaka, fsp. HBl, 615. mál, þskj. 1003.

Til félagsmálaráðherra:

13. Málefni ungra afbrotamanna, fsp. MF, 436. mál, þskj. 706.

Til landbúnaðarráðherra:

14. Aðild að verkefninu Maður - nýting - náttúra, fsp. JB, 444. mál, þskj. 715.

Til samgönguráðherra:

15. Flutningur eldfimra efna um Hvalfjarðargöng, fsp. GuðjG, 507. mál, þskj. 805.
16. ILO-samþykkt um aðbúnað skipverja, fsp. GHall, 512. mál, þskj. 811.
17. Skipulagsbreytingar hjá Íslandspósti hf., fsp. ÖJ, 613. mál, þskj. 977.

Til heilbrigðisráðherra:

18. Framtíð sjúkraflugs, fsp. KLM, 515. mál, þskj. 814.
19. Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum, fsp. ÁRÁ, 607. mál, þskj. 927.
20. Vinnureglur Tryggingastofnunar um bifreiðar fatlaðra, fsp. SJS, 633. mál, þskj. 1131.

Til menntamálaráðherra:

21. Norræna rannsóknarsamstarfsverkefnið „Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi", fsp. SighB og SvH, 605. mál, þskj. 919.

Til fjármálaráðherra:

22. Skattaleg staða einstaklingsreksturs, fsp. EKG, 617. mál, þskj. 1015.

Til sjávarútvegsráðherra:

23. Veiðar úr botnfiskstofnum, fsp. GAK, 634. mál, þskj. 1161.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirspurnir til forsætisráðherra.

[12:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég geri alvarlega athugasemd við störf þingsins á þessum morgni. Þann 13. og 15. mars sl. bar ég fram fyrirspurnir til hæstv. forsrh. Slíkum fyrirspurnum er ætlað að svara á dagskrá þingsins næsta miðvikudag á eftir. Það hefur ekki gerst. Liðnir eru nær tveir mánuðir án þess að hæstv. forsrh. hafi séð ástæðu til að svara þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint.

Á dagskrá þessa fundar eru síðan fyrirspurnir til forsrh. og við höfum gert ráð fyrir því sem höfum undirbúið þær að eiga orðastað við hæstv. forsrh. En að sjálfsögðu ætlar hann sér ekki að eiga orðræður við okkur. Þannig fáum við nú skilaboð um að hann taki ekki þessar fyrirspurnir og þær eru teknar út af dagskrá.

Herra forseti. Ég hlýt, um leið og ég bið um að það séu ekki margir fundir í salnum, að greina frá því hversu einfaldar þær fyrirspurnir eru sem ég beindi til forsrh. Annars vegar er um það að ræða hvort hann hyggist gefa út ályktanir Alþingis sem eru um framkvæmd á þeim ályktunum sem alþingismenn fá samþykktar í þinginu. Þessari spurningu er hægt að svara með já eða nei.

Hin fyrirspurnin er um það hvort hæstv. ráðherra líti svo á að nefnd, sem hann skipaði sjálfur samkvæmt samþykkt slíkrar ályktunar, sé enn að störfum og henni sé ætlað að skila tillögum til hans vegna þess að sú nefnd heldur ekki fundi.

Herra forseti. Hæstv. forsrh. velur að hunsa þessar fyrirspurnir þó að hann geti komið óundirbúið og látið vilja sinn í ljós með því að svara þeim. Hann velur að sjálfsögðu hvort hann umgengst þingið með reisn eður ei. En ég hlýt að spyrja hvernig þingið gæti hagsmuna þingmanna gagnvart framkvæmdarvaldinu hvað upplýsingagjöf varðar. Ég mótmæli harðlega þessari framkvæmd dagskrárinnar í dag. Það eru nærri tveir mánuðir liðnir frá því að fyrirspurnirnar voru lagðar fram. Þær eru einfaldar. Það er hægt að svara þeim með já eða nei eins og hér hefur komið fram og nákvæmlega þessi staða endurspeglar gerræðislega framkomu af hálfu forsrh. gagnvart þinginu, sem ég harma og sem ég mótmæli harðlega, herra forseti, og ég hlýt að spyrja: Hvernig ætlar þingið að bregðast við þessu? Þetta er einn af síðustu dögum þingsins, síðasti fyrirspurnatíminn og skilaboð forsrh. til okkar, sem höfum beint til hans fyrirspurnum, eru að hann ansi okkur ekki. Þetta er algerlega óviðunandi staða fyrir þingmenn, herra forseti, og ég krefst svara um hvernig bregðast á við.

[12:17]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill geta þess að hæstv. forsrh. þurfti að víkja af fundi. Forseti bíður hv. 4. þm. Reykn. afsökunar á þessu en eins og hann sagði í upphafi þurfti forsrh. því miður að víkja af fundi.

[12:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem fram kom hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur en vekja einnig athygli á því að hér er að hefjast síðasti fyrirspurnatími þingsins. Við í þingflokki Samfylkingarinnar höfum lagt fram fyrirspurnir og óskað eftir skriflegu svari. Það eru mál sem voru lögð fram fljótlega á haustþingi og fljótlega eftir áramót. Fyrirspurnir sem enn vantar skrifleg svör við eru 23 miðað við stöðuna 5. maí. Eitthvað hefur borist af svörum síðan en af þessum 23 fyrirspurnum er þingflokkur Samfylkingarinnar með níu. En það sem er sýnu alvarlegra, virðulegi forseti, er það að skýrslubeiðnir sem liggja fyrir og hefur ekki verið svarað eru sjö, þar af er Samfylkingin með fimm og ein af þeim er lögð fram á fyrstu vikum þingsins, úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja á íslenskum markaði. Þetta er skýrslubeiðni sem við leggjum afar mikla áherslu á og hún hefur ekki komið enn.

Við gerðum okkur grein fyrir því að þarna væri um stórt verkefni að ræða og þess vegna töluðum við um að það mætti taka út ákveðna þætti í skýrslunni og skila þá a.m.k. áfangaskýrslu. Það er algerlega óþolandi að ekki sé farið eftir þeim frestum sem gefnir eru hvað varðar skrifleg svör við fyrirspurnum og skýrslubeiðnum.

[12:19]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill geta þess að um hádegisbil í dag var síðasti frestur til að skila skýrslum. Forseti mun fara yfir þessar upplýsingar og kappkosta að hv. þm. fái þær skýrslur sem eru að klárast.

[12:20]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég undrast að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir skuli koma upp til að gera athugasemdir vegna skýrslubeiðni sem kom frá Samfylkingunni á fyrstu dögum þingsins og varðar eignatengsl og stjórnunartengsl í íslensku atvinnulífi vegna þess að ég hef gefið skýringar á hv. Alþingi hvers vegna þetta er svona og hvernig ég hyggst bæta úr og verða við þessari beiðni. Þetta er það kostnaðarsamt að það gat ekki orðið úr því á þessu ári að ljúka skýrslugerðinni og vinnunni. Hins vegar hef ég líka látið það koma fram að ég mun sjá til þess að vinnan hefjist í ár með því að leggja fram fjármagn af ráðstöfunarlið mínum og Samkeppnisstofnun fær þetta verkefni. Ég tel að málið sé í viðunandi farvegi og hef þegar gert grein fyrir því þannig að mér finnst að hv. þm. hefði ekki þurft að koma upp núna á þessum degi til þess að gera þessar athugasemdir.

[12:21]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins er sú að 24. febrúar lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. á þskj. 652 um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land og var óskað eftir skriflegu svari. Það skriflega svar er ekki komið enn og ég vek athygli á því að þetta er fyrirspurn um flutning þessara verkefna árið 1999 meðan þessi málaflokkur var enn þá á forræði hæstv. forsrh. sem þá starfaði jafnframt sem byggðamálaráðherra.

Þetta svar er ekki enn komið nú tæpum þremur mánuðum eftir að fyrirspurnin var lögð fram og það sætir mikilli furðu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta út í það hvort forsetaembættið geti ekki athugað hvort það sé þannig að það séu svo rosalega mörg störf sem hafi verið flutt út á land að þetta væri svo rosalega mikil og yfirgripsmikil skýrsla að það tæki allan þennan tíma og þá vonandi allt sumarið að koma þessu á prent og koma þessu frá sér, eða e.t.v. hvort störfin séu svo fá að menn skammist sín fyrir að leggja þá skýrslu fram ef væri nánast hægt að leggja það á bréfmiða sem gæti verið í kubbum á borðum ráðherra.

Við þessu vildi ég fá svar sem allra fyrst vegna þess að mér finnst það mjög alvarlegt mál ef ekki er hægt að svara slíkum fyrirspurnum sem þarna eru lagðar fram. Ég geri ekkert með það þó að það komi fram í skýringum á eftir að þessi málefni séu ekki lengur á forræði forsrh. Það er sannarlega rétt að það breyttist, hæstv. forsrh. gafst upp á þessum málaflokki um síðustu áramót og afhenti hann iðnrh. en ég geri ekkert með það vegna þess að þetta er fyrirspurn um þessi störf og það sem gerðist árið 1999. Jafnframt var loksins á dagskrá fundarins í dag fyrirspurn sem ég lagði fram til hæstv. forsrh. 23. mars um búsetuþróun, um stefnu í byggðamálaáætluninni, sem er dálítið viðamikið plagg og það besta í því er hve mikið er af upplýsingum en tillögurnar eru einskis virði og ekkert er farið eftir þeim og lítið sem ekkert gert. Í þessum málaflokki sem svo mörgum öðrum er hæstv. ríkisstjórn með allt niður um sig varðandi búsetuþróun og hefur enga tilburði til að bregðast við. Þarna ætlaði ég að spyrja m.a. um hvort það hefði verið kannað t.d. hvað nýsettar breytingar á þungaskatti hafi í för með sér en þar telja menn að flutningskostnaður til staða sem lengst er að fara muni hækka um 30% og fara beint út í verðlagið. En ég skil líka nokkuð vel að hæstv. forsrh. skuli forðast eins og heitan eldinn að ræða byggðamál. Slóðin er ekki það falleg undanfarin ár.

[12:24]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti vill geta þess, eins og reyndar kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., að hæstv. forsrh. hefur komið þeim upplýsingum til forseta að eðlilegra sé að hæstv. iðn.- og viðskrh. svari spurningunni.

[12:25]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þær þrjár fyrirspurnir sem hafa verið teknar til umræðu í upphafi fundar um störf þingsins eru allar efstar á dagskrá þessa fundar. Þeir fyrirspyrjendur sem fluttu fyrirspurnirnar áttu von á því eftir að dagskráin hafði verið útgefin að þessar fyrirspurnir yrðu þær fyrstu sem svarað yrði.

Nú hefur hæstv. forsrh. vikið af fundi og því spyr ég hæstv. forseta hvort ekki sé möguleiki á því að hæstv. forsrh. komi til fundar síðar í dag og svari þessum fyrirspurnum þannig að þær séu ekki teknar út af dagskrá heldur látnar bíða þar til ljóst verður hvort hæstv. forsrh. getur komið til fundarins síðar í dag.

Í öðru lagi er það ágalli á störfum Alþingis þegar lagðar eru fram skriflegar fyrirspurnir að ekki sé hægt að svara þeim með skriflegu erindi til fyrirspyrjanda eftir að þingi hefur verið frestað. Mér er sagt að í nýjum þingskapalögum standi til að breyta þessu ákvæði á þennan veg og mér finnst það skynsamlegt. Ég vildi gjarnan fara þess á leit við hæstv. ráðherra þó að það sé kannski ekki alveg samkvæmt þingsköpum að ef þeir eiga tilbúið skriflegt svar eða svar við beiðni um skriflegt svar, láti þeir það ganga til þingmanna þó svo þingfrestun sé orðin. Það liggur t.d. fyrir beiðni mín til hæstv. fjmrh. um að svara skriflega fyrirspurn um það hve miklu fé sé búið að verja af almannasjóðum til að reyna að afla markaðar erlendis fyrir lambakjöt frá Íslandi og er vissulega forvitnilegt að fá svar við þeirri spurningu sem ég veit að búið er að vinna með í fjmrn. og er komið á endapunkt til þess að sjá hve miklum fjármunum hefur verið varið í slík verkefni í gegnum árin og bera það síðan saman við árangurinn.

Varðandi það sem hæstv. iðnrh. sagði þá var það svo að við ræddum þessa beiðni um skýrslu, ég og hæstv. fyrirrennari iðnrh., og okkur var það alveg ljóst að þetta kostaði mikið fé. En hæstv. iðnrh. sagði að hann samþykkti engu að síður að þessi skýrslubeiðni yrði samþykkt á þinginu og hann mundi vinna í samræmi við hana og skila á þessum vetri áfangaskýrslu um samruna fyrirtækja í sjávarútvegi og vinna síðan að því að útvega fjármuni til þess að kosta afganginn.

Nú er það svo að skýrslubeiðnin fellur úr gildi þegar þessu þingi er slitið. Þarf ég þá, virðulegi ráðherra, og félagar mínir að endurnýja skýrslubeiðnina í upphafi næsta þings eða er ráðherra reiðubúinn til að lýsa því yfir í umræðunni að hæstv. ráðherra muni vinna að því að þessi skriflega skýrsla verði lögð fyrir Alþingi á næsta vetri án þess að þurfi að koma fram ný beiðni þar um?

[12:28]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Ég minni hv. þm. á að beina fyrirspurnum sínum til forseta. (**SighB:** Ef forseti gæti svarað þeim.) Því miður er ekki hægt að verða við þeirri ósk að forsrh. komi til þess að svara 1.–3. spurningu þar sem 1.–3. dagskrármál voru í upphafi fundar tekin út af dagskrá.

[12:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg dæmalaus framkoma af hálfu hæstv. forsrh. og ég hlýt að taka það fram vegna orða forseta um að forsrh. hafi þurft að víkja af fundi að ég fékk upplýsingar um það fremur snemma á þeim fundi sem hér hófst kl. hálfellefu að hæstv. forsrh. mundi ekki svara fyrirspurnum okkar í dag. Ég tek því illa en ég er ekkert sérlega undrandi því að framkoma forsrh. við þingið er yfirleitt ekki á mjög málefnalegum nótum.

Herra forseti. Ég hefði kosið að forseti Alþingis hefði haft samráð um það við okkur þingflokksformenn að taka atkvæðagreiðslur í tæpa tvo tíma fram fyrir fyrirspurnirnar úr því að það lá fyrir að forsrh. gat ekki svarað fyrstu þremur fyrirspurnunum og að verið væri að taka atkvæðagreiðslurnar á kostnað fyrirspurnanna. Mér finnst að það hefði verið sanngjarnt, annað eins samráð og ég ásamt öðrum þingflokksformönnum höfum haft við forsetann að þannig hefði verið staðið að málum. Ég mun að sjálfsögðu taka þetta upp á fundi með forseta núna kl. eitt og þessu máli er ekki lokið í vor af minni hálfu. Ég mun ganga eftir þessum einföldu svörum við forsrh. og koma þeim svörum til skila. Ég mun skoða hvernig það verður gert og ég hlýt að benda hæstv. forseta á að það er ekki mjög klókt í dagskrá eins og þessari að byrja á því að taka mál út af dagskrá ef unnt hefði verið að fá forsrh. hér síðar.

[12:30]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég er afar ósáttur við það svar sem ég fékk um að hæstv. iðnrh., sem tók við málefnum byggðanna um síðustu áramót, ætti að svara fyrir það sem ég var að spyrja um vegna liðins árs, ársins 1999. Ég hef miklu meiri trú á að hæstv. iðnrh. bregðist vel við þeirri búseturöskun og búsetuþróun sem orðið hefur heldur en hæstv. forsrh. hefur gert undanfarin ár sem er ekki með mjög mikinn og góðan afrekslista í þessum málum.

En ég skil ekki hvers vegna hæstv. iðnrh. á að svara fyrir þetta. Ég skil ekki hvernig ég á að spyrja hæstv. iðnrh. út í þau atriði sem ég nefndi áðan. Í byggðaáætluninni er getið um að leggja eigi mat á kostnað samfélagsins vegna þeirrar búsetuþróunar sem orðið hefur frá árinu 1986. Spurning mín var um hvort lagt hefði verið mat á þá búsetuþróun, t.d. þegar þungaskattinum var breytt, þungaskattinum gagnvart sérleyfishöfum sem allir urðu að skila inn leyfum sínum og geta ekki rekið starfsemi sína vegna þess að styrkir eru meira að segja líka skornir niður. Þungaskatturinn íþyngir þeim svo að þeir hafa ekki nokkurn rekstrargrundvöll. Og skattheimtan á innanlandsflugið sem ríkisstjórnarflokkarnir samþykktu í gærkvöldi sem gerir það að verkum að innanlandsflug er að leggjast niður. Þetta þarf að spyrja hæstv. forsrh. út í. Mér finnst það mjög miður að hann skuli hafa nánast flúið af hólmi þegar búið er að setja þessi mál á dagskrá. Að ég tali ekki um að hann svari, láti apparatið í ráðuneyti sínu í Reykjavík svara skriflegri fyrirspurn um fjarvinnsluverkefnin og störf úti á landi. Ef svarið er að forsrn. sé svo fáliðað að það geti ekki svarað þessu, þá er hægt að benda hæstv. forsrh. á að fá einhverja utan af landi til að vinna þessi svör.

[12:32]

Forseti (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Forseti mun koma eintaki af athugasemd hv. þm. til hæstv. forsrh.

[12:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Fram kom hjá forseta áðan að ekki væri hægt að taka þetta upp aftur í dag vegna þess að virðulegur forseti hafði lýst yfir að málin væru tekin af dagskrá. Síðan við mættum í morgun er búið að setja á þrjá nýja fundi og það er áreiðanlega ekkert því til fyrirstöðu ef hæstv. forsrh. lætur svo lítið að mæta í þingsalinn og svara tveggja mánaða gömlum fyrirspurnum að settur sé nýr fundur honum til heiðurs ef hann ætlar að standa við það sem hann á að gera, og við hljótum að fara fram á það.

Fyrirvari Íslands við Atlantshafssamninginn.

Fsp. SJS, 632. mál. — Þskj. 1130.

[12:34]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Á útmánuðum árið 1999 gerðust atburðir í íslenskum stjórnmálum eða utanríkisstjórnmálum sem ekki var kannski mikill gaumur gefinn. Þá gerðist það nefnilega í fyrsta sinn að Ísland tók þátt í hernaði gegn annarri þjóð í þeim skilningi að eiga aðild að ákvörðun Atlantshafsbandalagsins, NATO, um að hefja loftárásir á Júgóslavíu. Þessi atburður er í rauninni þeim mun meiri tímamót í ljósi þess að þegar Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, NATO, var skýrt tekið fram af Íslands hálfu og það má kalla það fyrirvara, enda oft vitnað til hans sem slíks, að einmitt þetta mundi Ísland aldrei gera. Það tengdist þeim vilja ráðamanna, Íslendinga, að við yrðum áfram, þrátt fyrir aðild að hernaðarbandalaginu NATO, herlaus þjóð og mundum aldrei fara *með vopnum eða ófriði gegn annarri þjóð.*

Þessi fyrirvari kom fram á margvíslegan hátt í tengslum við ákvarðanatökuna um aðild okkar að NATO. Hann kemur fram í fyrsta lagi í skýrslu þriggja ráðherra sem fóru til Washington í aðdraganda þeirrar ákvörðunar í byrjun árs 1949. Sá fyrirvari er rakinn í greinargerð með till. til þál. um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafssamningnum og ég hygg að sá fyrirvari hafi einnig komið fram í ræðu eða jafnvel ræðum, sem m.a. hæstv. þáv. utanrrh., Bjarni Benediktsson, flutti í tengslum við undirritun samningsins og e.t.v. í fleiri tilvikum. Fyrirvarinn er svohljóðandi eins og hann kemur fyrir í skýrslu ráðherranna þriggja sem til Washington fóru, þeirra Bjarna Benediktssonar, Emils Jónssonar og Eysteins Jónssonar:

„Við tókum fram" — eins og segir í skýrslunni — „að Ísland hvorki hefði né gæti haft eigin her og mundi þess vegna hvorki geta né vilja fara með hernaði gegn nokkurri þjóð jafnvel þó á það yrði ráðist."

Nú kom að vísu ekki til í þessu tilviki að sambandsríkið Júgóslavía réðist á Ísland en engu að síður gerðist hið gagnstæða, að Ísland tók ekki í efnislegum skilningi heldur pólitískum, siðferðislegum og þjóðréttarlegum ábyrgð á því að farið var með vopnum gegn Júgóslavíu. Reyndar var svo í framhaldinu, í fyrirvaranum, þau frægu ákvæði sem mjög urðu tilefni deilna á Íslandi, herra forseti, að ekki kæmi til mála að hér yrði her á friðartímum. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh.:

Ber að líta svo á að fyrirvari Íslands við Atlantshafssamninginn frá 1949, þess efnis að Íslendingar gætu ekki sem vopnlaus þjóð sagt annarri þjóð stríð á hendur, sé úr

gildi fallinn í ljósi aðildar Íslands að hernaði Atlantshafsbandalagsins gegn Júgóslavíu árið 1999?

[12:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að rekja aðdraganda átakanna í Júgóslavíu en það er rétt að taka fram í upphafi að það var mat Atlantshafsbandalagsríkjanna að ástand mála í Kosovo væri slíkt að ekki væri lengur hægt að sitja hjá án aðgerða. Hins vegar er rétt að halda því til haga að Júgóslavíu var ekki sagt stríð á hendur.

Þegar Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu 1949 var sérstaða þess viðurkennd á eftirfarandi hátt:

1. Ef til ófriðar kæmi mundu bandalagsþjóðirnar óska svipaðrar aðstöðu á Íslandi og var í síðasta stríði, þ.e. í seinni heimsstyrjöldinni, og það mundi algerlega vera á valdi Íslands sjálfs hvenær sú aðstaða yrði látin í té.

2. Að allir samningsaðilar hefðu fullan skilning á sérstöðu Íslands.

3. Að viðurkennt væri að Ísland hefði engan her og ætlaði ekki að stofna her.

4. Að ekki kæmi til mála að erlendar herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum.

Nefna má að í umræðum um málið vildu nokkrir þingmenn setja sem formlegt skilyrði fyrir aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu að viðurkennt yrði af öllum samningsaðilum sem samningsatriði sú sérstaða Íslands að það gæti aldrei sem vopnlaust ríki sagt öðrum þjóðum stríð á hendur né háð styrjöld, enda ætluðu Íslendingar sér ekki að hervæðast. Allar brtt. voru hins vegar felldar og var tillaga ríkisstjórnarinnar um að Ísland skyldi gerast stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu samþykkt. Alþingi viðurkenndi þar með 30. mars 1949 skuldbindingar sem tengjast Atlantshafssamningnum og Ísland er ekki hlutlaust ríki.

Hernaðaraðgerðir Atlantshafsbandalagsins í Júgóslavíu byggðu á þjóðréttarlegum grunni, ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 1199 frá 23. september 1998, markmiðum og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem vitnað er til í inngangsorðum Atlantshafssamningsins og á ákvæðum alþjóðlegra sáttmála um grundvallarmannréttindi. Síðastnefnda atriðið vegur stöðugt þyngra í þjóðarréttinum og enginn vafi er á því að það ákvæði mun vega enn þyngra í framtíðinni.

[12:40]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin en ég get ekki sagt að ég telji að þau hafi kannski að fullu skýrt stöðu málsins. Ég tel að heppilegra hefði verið að hæstv. utanrrh. tæki af skarið um það afdráttarlaust að menn hefðu með vitund og vilja þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem gefnar voru í aðdraganda þess að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssáttmálanum ákveðið að hverfa frá þeirri stefnu sem þá var mótuð að Ísland tæki ekki þátt í hernaðaraðgerðum gegn öðrum þjóðum. Það var það sem gerðist óumdeilanlega, herra forseti, þegar loftárásir hófust á Júgóslavíu.

Hæstv. ráðherra segir að Júgóslavíu hafi ekki verið sagt stríð á hendur. Það er mjög athyglisverð yfirlýsing, herra forseti, og ég leyfi mér þá að spyrja að sjálfsögðu í framhaldinu: Hvað voru þá aðgerðirnar gegn Júgóslavíu á útmánuðum ársins 1999? Hvar í þjóðarréttinum koma fram heimildir til árása á sjálfstæð ríki án þess að um stríðsyfirlýsingu sé að ræða? Rennir þetta ekki, herra forseti, enn frekari stoðum undir þær efasemdir sem vaknað hafa um lögmæti aðgerðanna gagnvart Júgóslavíu eins og að þeim var staðið af hálfu árásaraðilanna? Víða um lönd standa harðar deilur og/eða málaferli eru í uppsiglingu einmitt vegna þess að þarna vilja menn meina að brotið hafi verið gegn einni af grundvallarreglum þjóðarréttarins þar sem farið var með vopnum gegn sjálfstæðri þjóð án undangenginna venjulegra aðgerða áður en til þess kæmi og án undangengins sérstaks samþykkis Sameinuðu þjóðanna áður en árásirnar hæfust.

Herra forseti. Mér finnst þetta dapurleg niðurstaða hvort tveggja í senn ef svo er að þarna hafi a.m.k. í pólitískum skilningi verið horfið frá þeirri stefnu sem mótuð var að Ísland færi ekki með hernaði gegn öðrum þjóðum og hefur þá síðasti fyrirvarinn af öllum sem settir voru og notaðir til þess að lokka menn inn í Atlantshafsbandalagið á sínum tíma verið svikinn.

[12:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fyrirvarar að því er varðar Atlantshafsbandalagið standa og við höfum á engan hátt brotið þá. Þau átök sem þarna voru voru fyrst og fremst vegna mannréttinda. Það liggur fyrir að ríkisstjórn þessa lands sótti með hernaði og ofsóknum á minnihlutahóp í landinu og ríki Vesturlanda töldu ekki rétt að sitja lengur hjá og ákváðu að koma öllu þessu saklausa fólki til hjálpar og bjargar.

Á síðustu áratugum hafa innanlandsátök því miður farið ört vaxandi í samanburði við stríð milli ríkja. Óbreyttir borgarar eru yfirleitt aðalfórnarlömb slíkra átaka og meginregla þjóðarréttar er sú að ríkið hafi ekki rétt til að skipta sér af málefnum sem koma í aðalatriðum undir eigin lögsögu ríkis samkvæmt 7. tölul. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar er ljóst að því sjónarmiði vex nú fiskur um hrygg að vegna alvarlegra mannréttindabrota og glæpa gegn mannkyni megi önnur ríki skipta sér af því hvernig ríki fer með eigin þegna og Sameinuðu þjóðunum ber skylda til að styrkja og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og það er óumdeilanlegt að öryggisráðið geti samþykkt hernaðaríhlutun af mannúðarástæðum eins og t.d. í Sómalíu.

Það sem ýtir undir þá niðurstöðu að hernaðaríhlutun sé heimil undir ákveðnum kringumstæðum er að almennt vægi mannréttinda hefur stóraukist frá því að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur. Ekki sé rétt að hengja sig í réttarfarsleg atriði eins og að formleg samþykkt öryggisráðsins sé ávallt nauðsynleg. Sérstakar aðstæður geti verið fyrir hendi. Gera verði ráð fyrir þróun og aðlögun réttarins að breyttu eðli hernaðaríhlutunar. Þegar metið er hvort aðstæður í einstöku máli séu slíkar að um heimild geti verið að ræða án ótvíræðs umboðs Sameinuðu þjóðanna er talið rétt að líta m.a. til þess hvort um gróf eða skipuleg mannréttindabrot eða brot á mannúðarlögum sé að ræða og hvort öll önnur úrræði hafi verið reynd til þrautar til að leiðrétta ástandið. Fyrir liggur að mat þessara ríkja var að allar aðrar leiðir hafi verið reyndar til þrautar. Þessi átök urðu því miður en þau voru framkvæmd á grundvelli mannréttinda og mannúðar og ég vænti þess að hv. þm. skilji að þarna var unnið í anda mannúðar og mannréttinda en ekki af einhverri árásarhneigð á annað ríki.

Kærumál vegna ólöglegrar sölu á tóbaki.

Fsp. ÞBack, 495. mál. — Þskj. 779.

[12:46]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Á þskj. 779, 495. mál, er fsp. frá mér. Hún hefur legið frammi í nokkurn tíma og er nú komin á dagskrá.

Fyrr í vetur lagði ég ásamt þingmönnum annarra flokka fram þáltill. um að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Því miður hefur sú tillaga ekki komið á dagskrá í heilbr.- og trn. þó hún hafi fengið góðar undirtektir.

Skaðsemi tóbaks er óumdeild. Þrátt fyrir að nokkuð hafi dregið úr tóbaksnotkun á undanförnum árum, ekki síst vegna mikils og markviss áróðurs, eru reykingar engu að síður algengar. Kannanir hafa einnig sýnt að reykingar barna og unglinga aukast og færast neðar í aldurshópana, einkum hjá ungum stúlkum.

Samkvæmt upplýsingum tóbaksvarnanefndar má ætla að íslenskir grunnskólanemar hafi varið liðlega 10 millj. kr. til tóbakskaupa árið 1999. Því er mjög mikilvægt að beita öllum ráðum til að draga úr sölu tóbaks til barna og unglinga og að markmiðið verði að tekið verði fyrir alla ólöglega sölu.

Fsp. mín til hæstv. dómsmrh. er lögð fram í tengslum við fyrrnefnda þáltill. því að sterkur grunur leikur á að eftirlit með sölu á tóbaki sé langt frá því að vera fullnægjandi og það sama megi segja um eftirfylgnina, þ.e. kærur vegna ólöglegrar sölu á tóbaki.

Herra forseti. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

1. Hversu oft á síðustu fimm árum hafa komið upp kærumál vegna sölu á tóbaki til barna og unglinga sem ekki hafa haft aldur til kaupanna samkvæmt lögum?

2. Hversu oft hefur sektum verið beitt í þessu sambandi og hverjar eru upphæðir sektanna?

[12:48]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Í tilefni af fsp. hv. þm. var aflað upplýsinga um slík kærumál hjá ríkislögreglustjóra. Hann óskaði síðan upplýsinga frá öllum lögreglustjórum vegna fsp. þar sem umrætt mál er ekki sérgreint í málaskrá lögreglunnar.

Eftirfarandi mál hafa komið upp hjá einstökum embættum:

Í Vestmannaeyjum: eitt mál árið 1998 þar sem ekki var beitt sektum. Verslunareigandi var kærður fyrir sölu til unglinga.

Hvolsvöllur: Eitt mál, ekki beitt sektum.

Akureyri: Vitað er um fimm mál. Í nokkrum tilvikum hafa það verið unglingar sem seldu unglingum tóbak. Í einu tilviki var það eigandi sjoppu sem seldi unglingi tóbak.

Í svari lögreglustjórans í Reykjavík segir að samkvæmt gögnum embættisins hafi engin formleg kærumál borist embættinu vegna sölu á tóbaki til barna og unglinga. Hins vegar hafi nokkur fjöldi ábendinga komið til lögreglu frá tóbaksvarnanefnd og fleirum vegna slíkra tilvika. Samkvæmt 17. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, séu það heilbrigðisnefndir en ekki lögregla sem hafi með þetta eftirlit að gera og því hugsanlegt að hjá þeim liggi fyrir einhverjar upplýsingar um þessi málefni. Lögreglustjórinn í Reykjavík hafi þó tekið þátt í aðgerðum til að hamla gegn sölu á tóbaki til ungmenna í samvinnu við tóbaksvarnanefnd og Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur. Megi í því sambandi nefna aðgerðir í mars 1999 þar sem fram kom að ungmenni undir aldri gátu keypt tóbak í 68% tilvika þar sem slíkt var reynt. Í kjölfar þessara athugana hafi viðkomandi verslunareigendum verið sendar ábendingar um málið og gildandi reglur verið ítrekaðar.

Í svari sýslumannsins á Akranesi kemur fram að ekki hafi komið upp kærumál sem hér er um að ræða. Hins vegar hafi, eftir ábendingum frá skólayfirvöldum, sölustaðir tóbaks verið reglulega heimsóttir af lögreglu til að árétta bann á sölu tóbaks til barna og unglinga.

Hv. þm. spurði einnig hversu oft sektum hafi verið beitt í þessu sambandi og hverjar upphæðir sektanna séu. Í ofangreindum málum var sektum beitt í einu máli á Akureyri, sekt að fjárhæð 10 þús. kr. þar sem eigandi sjoppu seldi unglingum tóbak.

Að lokum vil ég þakka hv. þm. fyrir þessa fsp. og að vekja athygli á málefninu. Hér er spurt um mál þar sem stjórnvöld verða vissulega að vera á varðbergi og skýrar reglur þurfa að vera um.

[12:51]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin. Það var eins og mig grunaði og fram hafði komið, að eftirlitið er brotakennt. Þessi mál eru sjaldan kærð og enn sjaldnar að sektum sé beitt. Því er mjög mikilvægt að koma böndum yfir sölustaði tóbaks og skilyrða þá með leyfisveitingu. Tóbaksvarnanefnd tekur undir þá tillögu í umsögn sinni um þáltill. sem ég nefndi áðan, að hver sá sem reki smásöluverslun tóbaks skuli hafa til þess sérstakt leyfi sýslumanns úr viðkomandi umdæmi. Tóbaksvarnanefnd bendir á að viðurlög þurfi að vera við brotum, sektir frá 50 og upp í 150 þús. kr. og hærri við ítrekuð brot. Það er tekið undir að hver sem rekur smásöluverslun skuli hafa til þess sérstakt söluleyfi, að beita skuli sektum og herða þurfi eftirlitið.

Ég fagna því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og ég vona á fleiri stöðum hafi tekið höndum saman við tóbaksvarnanefnd og Íþrótta- og tómstundaráð og reyni að sinna eftirlitinu. Tölur um sölu tóbaks til barna og ungmenna sýna að undir 18 ára aldri kaupa þau langflest eigið tóbak án þess að söluaðilar fái nokkrar aðvaranir eða sektir fyrir.

Ég þakka undirtektirnar og hvet hæstv. dómsmrh. til að beita sér í þessu máli og gera það sem hann getur til að koma einhverjum böndum á vandann.

Reglur um öryggisbúnað í bifreiðum fatlaðra.

Fsp. SJS, 631. mál. — Þskj. 1129.

[12:53]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það hefur lengi verið áhugamál ýmissa sem koma nálægt flutningum á fötluðu fólki og reka eða breyta bifreiðum sem eru sérútbúnar til slíks flutnings að reglur yrðu settar sem tækju til öryggis fatlaðra í slíkum flutningum, almennar reglur í ákvæðum um gerð og búnað ökutækja eða annars staðar sem tryggðu betur öryggi fatlaðra í umferðinni. Á þetta hefur skort og ég leyfi mér að halda því fram að framkvæmd þessara mála, bæði hvað varðar öryggisreglur og ýmislegt sem lýtur að greiðslu kostnaðar í þessu sambandi og snýr ekki að hæstv. dómsmrh. heldur hæstv. trmrh., sé ekki í nógu góðu horfi.

Ég hef því lagt fram tvær fsp. um þessu efni. Annarri er beint til hæstv. trmrh. en hinni til hæstv. dómsmrh., hún snýr að öryggisþáttum málsins og er svohljóðandi:

Er þess að vænta að dómsmálaráðuneytið setji sérstakar reglur um öryggisbúnað í sérútbúnum bifreiðum fatlaðra og bifreiðum til flutnings fatlaðra, svo sem um festingar hjólastóla, öryggisbelti fyrir fólk í hjólastólum og annað sem tryggt getur öryggi fatlaðra í umferðinni?

[12:55]

Dómsmálaráðherra (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Algengt er að þeir sem eru fatlaðir aki ökutækjum sem eru sérútbúin fyrir þarfir þeirra. Nýju ökuskírteinin bera með sér táknmynd sem vísar til skilyrða eða takmarkana vegna fötlunar. Oft er áskilið að búnaður ökutækis viðkomandi, sem oftast er bifreið, sé aðlagaður þörfum hins fatlaða. Sá áskilnaður byggist á læknisfræðilegu mati og hæfnisathugun.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja frá árinu 1993 gerir ráð fyrir ökutækjum fyrir hreyfihamlaða, þ.e. ökutækjum sem búin eru til að mæta sérþörfum hreyfihamlaðra til aksturs. Ekki eru þar sérstök ákvæði um allan þann sérbúnað sem notaður kann að vera sem þá er að jafnaði viðbótarbúnaður við hinn almenna búnað ökutækisins. Sérstök ákvæði eru þó um stýrisbúnað og hemla. Tekið er fram að stýrisbúnaði bifreiðar megi breyta þannig að henti hreyfihömluðum ökumanni og er þá kveðið á um að þegar stýrisbúnaði hefur verið breytt þannig að léttara sé fyrir ökumann að stjórna bifreið skuli búnaðurinn hafa viðtengt orkuforðabúr. Ef hreyfill stöðvast af ófyrirsjáanlegum orsökum skal orkuforðabúrið gera ökumanni kleift að stýra bifreiðinni örugglega þar til hún er stöðvuð.

Þá er tekið fram að bifreið fyrir hreyfihamlaða sem búin er handstýrðum akstursbemli þurfi ekki jafnframt að vera búin neyðarhemli eða stöðuhemli svo sem almennt er áskilið.

Loks gilda nokkuð rýmri reglur um fjölda nagla í hjólbörðum bifreiða fyrir hreyfihamlaða en gilda almennt. Mér er tjáð að við þá endurskoðun reglugerðar um gerð og búnað ökutækja sem staðið hefur yfir að undanförnu hafi ekki komið fram að þörf væri breytinga á þessum ákvæðum. Að því er varðar bifreiðar hins vegar sem ætlaðar eru til að flytja hreyfihamlaða er þess að geta að engin sérákvæði eru um búnað slíkra bifreiða í reglugerðinni um gerð og búnað ökutækja. Við þá endurskoðun reglugerðarinnar sem ég hef þegar getið þótti full ástæða til að bæta úr þessu og í drögum að nýrri reglugerð er gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum er nái til þessara bifreiða. Það eru ákvæði um lofthæð í farþegarými, um búnað til að festa hjólastóla, um öryggisbelti og festiólar. Þessi ákvæði eru að meginstefnu í samræmi við norsk ákvæði.

Ákvæðin eru ítarlegri en svo að tími sé til að lýsa þeim nánar héðan úr ræðustól en texta hinna nýju ákvæða eins og hann er í reglugerðardrögum mun ég afhenda hv. fyrirspyrjanda nú að máli mínu loknu ef hann óskar þess.

Að lokum vil ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið máls á þessu og vænti þess að með svari mínu hafi hann fengið fullnægjandi svör við fsp. sinni en þessi nýja reglugerð sem ég hef minnst á, um gerð og búnað ökutækja, verður gefin út innan skamms.

[12:58]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Það gleður mig að í vændum séu ákvæði í reglugerð um gerð og búnað ökutækja sem taki sérstaklega á þessu vandamáli og fylli upp í þá eyðu sem þar hefur sannanlega verið. Megintilefni fsp. minnar er að það hefur verið mjög bagalegt og í raun með öllu fráleitt, miðað við þær kröfur sem annars eru gerðar til öryggis í umferðinni, að engin ákvæði hafi verið í reglugerð um t.d. hvernig hjólastólar væru festir í bifreiðum sérútbúnum til flutnings fatlaðra, um öryggisbelti og annað sem varðar öryggismál við slíkar aðstæður.

Ljóst má vera að tímabært er að slíkar reglur líti dagsins ljós og ég þigg með þökkum boð hæstv. ráðherra að fá að líta á þau drög sem fyrir liggja.

Varðandi hitt atriðið sem ég spurði um, frekari reglur um öryggismál í bifreiðum sérútbúnum fyrir fatlaða, er það vel ef talið er að núgildandi ákvæði séu fullnægjandi. Ég hafði talið eins og margir fleiri að vegna breyttrar tækni og mikilla nýjunga á þessu sviði þar sem m.a. rafeindatækni gerir ýmislegt mögulegt sem alls ekki var hugsanlegt áður þá gæti verið þörf á ítarlegri ákvæðum og/eða því sem ég hefði að mörgu leyti talið heppilegra að stefna að sem framtíðarmarkmiði, að í framtíðinni yrði til sérstök reglugerð sem geymdi öll þessi ákvæði, hliðarreglugerð við hina almennu reglugerð um gerð og búnað ökutækja sem að sjálfsögðu lýtur að öllum almennum aðstæðum.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og það gleður mig að þessi mál standi til nokkurra bóta.

Hefting sandfoks.

Fsp. ÍGP, 602. mál. — Þskj. 916.

[13:01]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég beini fsp. til hæstv. umhvrh. Á þessu þingi hafa verið miklar umræður um umhverfismál og er það í rauninni vel og í takt við tímann. Oft hafa menn reyndar farið offari í umræðunni og margir hafa barist gegn því að sökkva landi, t.d. í tengslum við orkuöflun. Að mínu mati getur verið umhverfisvænt að sökkva landi í ákveðnum tilfellum. Þetta á við þegar yfirborð vatns er aukið í því skyni að koma í veg fyrir landfok og jarðvegsfok.

Allt of lítil umræða hefur orðið um þessi mál og þessa hlið umhverfismála. Á sama hátt er að mínu mati allt of lítil umræða um fyrirhleðslumál við árfarvegi og fljót til þess að koma í veg fyrir landrof, en oft brjóta ár og fljót niður gróið land og það er í raun og veru skylda okkar stjórnmálamanna að veita meira fjármagn til fyrirhleðslumála en gert er. Ég beini fsp. minni, eins og ég sagði í upphafi, til hæstv. umhvrh. og fsp. er í tveimur liðum.

1. Hver er reynslan af hækkun Sandvatns á Haukadalsheiði í heftingu sandfoks?

2. Ef reynslan er jákvæð, hvar kemur víðar til greina að ráðast í framkvæmdir sem þessar til að hefta sandfok og jarðvegsfok?

[13:03]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Fyrsta spurning hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar var:

„1. Hver er reynslan af hækkun Sandvatns á Haukadalsheiði í heftingu sandfoks?"

Því er til að svara að Landgræðsla ríkisins lét vegna afar óstöðugs yfirborðs Sandvatns, tíðra moldroka á heiðinni og mikils framburðar í vatnið frá Hagafellsjöklum um Hagavatn og Farið, stífla útfall Ásbrandsár og Sandár haustið 1994. Nýtt útfall var gert og rennur það yfir í Sandá. Áður fyrr rauk

sandur og leir úr vatnsbotninum til suðurs og suðvesturs eins og greinilega mátti sjá á gervitunglamyndum. Talið var að það áfok hamlaði uppgræðsluaðgerðum á svæðinu.

Landgræðsla ríkisins telur að við stækkun vatnsins hafi tekið fyrir sandfok af þessu svæði, sáningar hafi dafnað á fyrrverandi áfokssvæðum og sjálfgræðsla er komin vel af stað. Því má segja að aðgerðirnar hafi skilað jákvæðum árangri. Yfirborð vatnsins helst nokkuð stöðugt og urðu aðeins smávægilegar breytingar á yfirborðinu í hlaupinu 1999 við framrás eystri Hagafellsjökuls. Að mati Landgræðslunnar og heimamanna er árangur sýnilegur en formlegt mat eða rannsóknir á árangri hafa ekki farið fram, en gert er ráð fyrir að það verði gert þegar tíu ár eru liðin frá því að stíflað var.

Önnur spurning hv. þm. var:

„2. Ef reynslan er jákvæð, hvar kemur víðar til greina að ráðast í framkvæmdir sem þessar til að hefta sandfok og jarðvegsfok?"

Því er til að svara að þrátt fyrir að talið sé að árangur sé jákvæður af breytingunum á Sandvatni, gefur það ekki tilefni til álita að allar slíkar aðgerðir skili árangri.

Mjög erfitt er án undangenginna rannsókna að segja til um hvar komi til greina að ráðast í framkvæmdir svipaðar og við Sandvatn, enda eru ekki mörg slík áform uppi hjá Landgræðslunni. Landgræðsla ríkisins ákvað t.d. að stífla fyrir afrennsli úr Hagavatni sem er jökullón við eystri og vestari Hagafellsjökla í Langjökli. Markmiðið var að sökkva gömlum botni Hagavatns frá því það var stærra og stöðva þannig áfok sem Landgræðslan telur að hamli því að hægt sé að stöðva uppblástursgeira sem ógnar gróðri á heiðunum upp af Biskupstungum og Laugardal. Þetta svæði skoðuðum við hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason einmitt síðasta sumar. Við þessa aðgerð mundi Hagavatn stækka úr 5 km í 13 km sem er það mikil aðgerð að framkvæmdin fór í mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun féllst á aðgerðina með skilyrðum, en umhvrh. þáv. úrskurðaði eftir að kært var að framkvæmdin skyldi fara í frekara mat samanber nánara svar við fsp. á þskj. 917 sem fram verður borið hér á eftir.

Það er erfitt án undangenginna rannsókna að tilgreina hvar komi til greina að fara í svipaðar aðgerðir og við Sandvatn. Tryggja verður að stórar framkvæmdir sem breyta landslagi og geta haft aðrar víðtækar breytingar í för með sér skili þeim árangri sem til er ætlast.

Meta þarf heildstætt öll áhrif sem geta orðið af umfangsmiklum breytingum sem framkvæmdar eru í náttúrunni. Einnig þarf að meta hvort aðrar hefðbundnari landgræðsluaðgerðir skili ekki betri árangri miðað við kostnað. Allt þetta yrði að meta með hliðsjón af umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, sem við erum reyndar að öllum líkindum að fara að breyta hér á næstunni í þinginu.

[13:06]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. þessi svör. Það má greinilega heyra á svörum hæstv. ráðherra að það hefur tekist vel til í þessum efnum á þessum slóðum. En það er mjög oft nöturlegt að horfa upp í Árnessýslu á þurrum dögum og þegar rok er og sjá allt það land sem er í rauninni að fjúka þar burt. Það kom fram í ræðu og svari hæstv. ráðherra að árangurinn væri sýnilegur og til stæði, eftir á að giska tíu ár, að gera sérstakar rannsóknir í þessum efnum. Það er vel. Ég er sjálfur alveg sannfærður um að þessar aðgerðir eru mjög náttúruvænar, ef ég má nota það orð, og þær eru árangursríkar og ég hvet hæstv. umhvrh. til dáða í þessum efnum því mikil þörf er á því að reyna allt sem í okkar valdi stendur til þess að hefta landfok.

Hagavatn á Biskupstungnaafrétti.

Fsp. ÍGP, 603. mál. — Þskj. 917.

[13:08]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Enn beini ég fsp. til hæstv. umhvrh. Hún er raunar í beinu framhaldi af fyrri fsp. minni og hæstv. ráðherra kom örlítið inn á þau mál er hún svaraði fyrri fsp. En ég ætla að halda mig við þær slóðir þar sem ég hef verið.

Á Haukadalsheiði í Biskupstungum er vatn sem heitir Hagavatn. Árið 1939 var yfirborð þess vatns hækkað með því að þrengja úrrennsli vatnsins til þess að draga úr mold- og sandfoki. Aðgerð þessi var mjög skynsamleg og tókst í alla staði afar vel. Gríðarlegt mold- og sandfok er á heiðinni þó Landgræðsla ríkisins hafi barist mjög hetjulega og af miklum metnaði á þessum slóðum um langt árabil.

Fyrir nokkrum árum stóð til að þrengja úrrennsli vatnsins á nýjan leik en svo óheppilega tókst til að krafist var að framkvæmdin færi í mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á þessum slóðum hafa því dregist úr hófi fram þó svo að allir sem ég hef rætt þessi mál við séu þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að auka yfirborð vatnsins til þess að sökkva leirkenndu landi og koma í veg fyrir landfok. Þetta er nauðsynlegt til þess að Landgræðslan og áhugamenn um uppgræðslu í Árnessýslu geti haldið áfram landbótastarfi á þessu svæði því framkvæmd sem þessi er mikið landbótaverkefni.

Ég beini því fsp. minni á þskj. 917 til hæstv. umhvrh.:

1. Hvað líður rannsóknum á umhverfi Hagavatns á afrétti Biskupstungna?

2. Hvenær telur ráðherra að hægt verði að leggja fram nýtt umhverfismat þannig að hefja megi framkvæmdir við hækkun Hagavatns til þess að draga úr uppblæstri á Biskupstungnaafrétti?

[13:10]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að það er búið að koma inn á þessi mál í svari við fyrri fsp. enda tengjast þessi mál mjög.

En hér er spurt:

„1. Hvað líður rannsóknum á umhverfi Hagavatns á afrétti Biskupstungna?"

Því til að svara að hinn 16. október 1996 felldi þáv. umhvrh. úr gildi úrskurð skipulagsstjóra ríkisins frá 25. júlí sama ár og gerði Landgræðslu ríkisins að framkvæma frekara mat á umhverfisáhrifum stækkunar Hagavatns til þess að hefta sandfok. Í úrskurði ráðherrans kemur fram að rannsaka þurfi fok af því svæði sem til stendur að sökkva og sýna fram á að það sé meginuppspretta sandfoks á svæðinu suður og suðvestur af Hagavatni.

Samkvæmt upplýsingum Landgræðslu ríkisins er upplýsingaöflun lokið, svo og rannsóknum á gróðurfari. Rannsókn á sandfoki stendur enn yfir og verður lögð aukin áhersla á þann þátt í sumar og stefnt að því að ljúka rannsóknunni í

haust þannig að Landgræðslan geti lagt inn matsskýrslu fyrir eða um áramót.

Önnur spurningin hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„2. Hvenær telur ráðherra að hægt verði að leggja fram nýtt umhverfismat þannig að hefja megi framkvæmdir við hækkun Hagavatns til þess að draga úr uppblæstri á Biskupstungnaafrétti?“

Því er til að svara að ef áætlanir standast, samanber það sem segir hér áður, þá ætti að vera hægt að leggja fram matsskýrslu um næstu áramót. Síðan færi hún í hefðbundið matsferli og niðurstaðan segði svo til um það hvort farið yrði í þessa framkvæmd og þá með hvaða hætti. Það er því undir umhverfismatinu og niðurstöðu þess komið. En miðað við upplýsingar Landgræðslu ríkisins ætti að vera hægt að leggja fram nýtt umhverfismat um áramótin.

[13:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég held að þeir sem fara um þetta svæði kannist við sandfokið og uppblástursskýin sem eru á þessu svæði frá Hagavatni og því er mjög mikið fagnaðarefni að unnið skuli vera að úrbótum. Ég treysti Landgræðslunni afskaplega vel til að meta þessa hluti rétt og tek undir það að flýta beri þessum framkvæmdum. Það er dálítið slæmt að ekki skuli vera hægt að byrja strax í sumar á framkvæmdum sem sannarlega hefta fok, því flestir virðast vera sammála um að aðgerðir sem lúta að hækkun á vatnsyfirborði muni geta orðið að liði og leitt til þess að sandfok muni minnka og uppblástur þá um leið. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn.

[13:14]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir þessi svör og hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir áhuga á málinu. Eins og fram kom í þeim ræðum sem fluttar voru um þetta mál eru flestir mjög sammála um mikilvægi þess að gera það sem mögulegt er til þess að koma í veg fyrir landfok.

Ég játa að mér þykir slæmt að ekki skuli vera hægt að hefja framkvæmdir nú í sumar. Ég hafði satt að segja vonast til þess. En það kom fram í svari hæstv. ráðherra að niðurstöður vegna umhverfismatsins liggja ekki fyrir en fyrr en um næstu áramót og þetta þarf að fara í alveg ákveðið ferli. Því vonast ég til þess að það ferli gangi hratt fyrir sig. Ég treysti umhvrh. mjög vel til þess að halda vel á þessu máli og láta það ganga svo hratt fyrir sig sem mögulegt er því hér er um gríðarlegt hagsmunamál að ræða fyrir íbúa uppsveita Árnessýslu og reyndar landsmenn alla.

[13:15]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hefði óskað að hægt yrði að hefja framkvæmdir í sumar. Það er algjörlega útilokað eins og staðan er í dag. Umhverfismatið er ekki komið inn og hefur ekki farið í sitt ferli. Þannig er útilokað að fara í þessa framkvæmd í sumar. Ég sem umhvrh. kem ekki að þessu máli fyrr en matið kemur inn. Að sjálfsögðu verður það unnið á eðlilegum og löglegum hraða þegar það loks skilar sér frá Landgræðslunni. Landgræðslan er að vinna að matsskýrslu og frekari rannsóknum. Verði niðurstaðan framkvæmdinni í vil, hugsanlega með einhverjum skilyrðum en um það er erfitt að segja á þessari stundu, er málið líka háð því að fé fáist til framkvæmdanna þegar matið er komið í höfn. Þannig þarf að skoða ýmis mál áður en framkvæmdir hefjast ef af þeim verður.

Geysissvæðið í Biskupstungum.

Fsp. ÍGP, 478. mál. — Þskj. 758.

[13:17]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Enn beini ég fsp. minni til hæstv. umhvrh. Fyrir þremur árum sat ég í nefnd ásamt sex öðrum fulltrúum um málefni Geysis í Haukadal. Niðurstöður nefndarinnar voru m.a. þær að ganga þyrfti frá samningum um tillögur um kaup á Geysissvæðinu, friðlýsingu fyrir 1. september 1999 og jafnframt að nefndin fengi kostnaðaráætlun um ákveðin atriði. Þau atriði voru m.a. að tryggja fjármagn til verkefnisins, að ljúka rannsóknum á svæðinu, að ljúka skipulaginu m.a. með tilliti til nýs vegar og heitavatnsöflunar fyrir byggðina á svæðinu og fleira mætti til nefna.

Um langt skeið hefur verið heimild á fjárlögum til að kaupa upp það svæði sem Geysir í Haukadal er á og er í raun hluti af því svæði í eigu afkomenda Sigurðar heitins Greipssonar og Sigrúnar heitinnar Bjarnadóttur sem bjuggu á Geysi í Haukadal. Geysissvæðið er ein þekktasta náttúruperla landsins og þangað koma tugir þúsunda, jafnvel hundruð þúsunda ferðamanna allt árið um kring. Nauðsynlegt er að bæta alla aðstöðu við Geysi fyrir ferðamenn. Eigendur Hótels Geysis hafa staðið sig afar vel í þeim efnum og nú eru þeir m.a. að byggja náttúrustofu sem verður fljótlega opnuð og væri full ástæða fyrir ríkissjóð til að styðja þá framkvæmd. Í raun er eðlilegt að ríkið eigi svæðið kringum Geysi.

Að mínu mati er það skylda stjórnvalda að ganga þegar í stað til samninga við eigendur hluta Geysissvæðisins. Það er einfaldara að gera það sem allra fyrst heldur en láta það dragast, því þá koma enn þá fleiri aðilar að þessu máli.

Fsp. mín til hæstv. umhvrh. er í tveimur liðum:

1. Hver er stefna ráðherra varðandi kaup á Geysissvæðinu í Biskupstungum, en heimild til kaupa á svæðinu hefur verið í fjárlögum um margra ára skeið?

2. Hvaða hugmyndir hefur ráðherra um nýtingu Geysissvæðisins í framtíðinni?

[13:20]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Varðandi fyrri spurninguna, um stefnu ráðherra varðandi kaup á Geysissvæðinu í Biskupstungum, er því til að svara að á síðasta ári skilaði nefnd sem fyrrv. umhvrh. skipaði tillögum um friðun Geysis og Geysissvæðisins með hliðsjón af ákvæðum í náttúruverndarlögum. Í dag eru einungis friðaðar skálarnar á fjórum hverum, þ.e. á Geysi, Strokki, Konungshveri og Litla-Geysi.

Ein af tillögum nefndarinnar var að skipuð yrði nefnd til að ganga frá samningum um kaup á Geysissvæðinu. Fyrrv. umhvrh., Guðmundur Bjarnason, skipaði síðan nefnd til að semja við landeigendur um kaup ríkisins á Geysissvæðinu í Haukadal ásamt þeim jarðhitaréttindum sem nauðsynleg teljast til að tryggja vernd svæðisins. Nefnd þessi er enn að störfum og hefur átt viðræður við landeigendur um kaup á viðkomandi landsvæði.

Í gangi eru sérstakar rannsóknir á Geysi og aðliggjandi svæðum á vegum Orkustofnunar. Rannsóknir þessar halda

áfram nú í sumar samkvæmt sérstakri fjárveitingu á fjárlögum þessa árs. Rannsóknirnar eiga að leiða til þess að betur verði hægt að meta áhrif nýtingar á heitu vatni á svæðinu og hjálpa til við að meta hversu stórt svæði þarf að vernda fyrir vinnslu til að tryggja vernd svæðisins og þannig ákvarða hversu mikið land íslenska ríkið þarf að kaupa.

Rannsóknunum er einnig ætlað að sýna hvernig hitakerfi hveranna tengist og í þeim tilgangi þarf að dæla úr Geysi og framkalla í honum gos. Ég tel að ágætt sé að þurfa að framkalla gos í Geysi í þessum rannsóknum þar sem við getum þá slegið tvær flugur í einu höggi og haft þar túristagos í leiðinni. En þetta gos mun framkallað í byrjun júní, mér skilst í kringum 8. júní, þannig að þá verður örugglega mikið um mannaferðir á Geysissvæðinu til að skoða Geysisgosið.

Nefndin hefur jafnframt unnið að því að kanna eignarrétt ríkisins á svæðinu þannig að með fullu öryggi liggi fyrir nákvæmlega hvaða land er nauðsynlegt að kaupa. Fram undan eru formlegri viðræður við jarðeigendur um kaup á viðkomandi landi en samkomulag af beggja hálfu um víðfeðmi landsins og verð þess þarf að liggja fyrir áður en til samninga kemur, en samningsvilji virðist vera fyrir hendi af beggja hálfu. Ef samningar takast milli aðila um verð og aðra skilmála þá mun umhvrh. leggja til við hæstv. fjmrh. að hann nýti heimild nr. 7.13 í fjárlögum þessa árs til kaupa á Geysissvæðinu.

Varðandi aðra spurningu hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar: Hvaða hugmynd hefur ráðherra um nýtingu Geysissvæðisins í framtíðinni? Þá er því til að svara að ef af kaupum verður er ætlað að ferðaþjónustan við Geysissvæðið verði rekin svipað og nú. Geysissvæðið er einn vinsælasti ferðamannastaður landsins eins og hér kom fram en þangað koma árlega 150–200 þús. manns. Í næsta nágrenni við Geysissvæðið er rekin þjónusta fyrir ferðamenn sem afar duglegir einstaklingar standa að. Þar má t.d. nefna hótel, gistiheimili, söluskála og fleira sem hv. þm. er kunnugt um og við höfum margoft rætt.

Tilgangur kaupa á Geysissvæðinu er að stofna þar friðland og er það brýnt verkefni því Geysir er án efa einn frægasti goshver allra tíma og eitt þekktasta náttúrufyrirbæri landsins. Friðlýsingin mun miða að því að svæðið verði fyrir sem minnstum átroðningi og raski en almenningi verði samt tryggður greiður aðgangur að svæðinu. Það þarf að fara í verulegar lagfæringar og uppbyggingu á stígakerfi svæðisins til að tryggja að umhverfi hveranna verði ekki fyrir skemmdum. Með því er hægt að sýna svæðið fyrir þann fjölda ferðamanna sem þangað koma og vilja njóta þessara náttúrufyrirbæra án þess að níðst verði á svæðinu.

Stefnan er að sjálfsögðu að koma málum þannig fyrir að menn geti gengið um Geysissvæðið og skoðað náttúrufyrirbærin sem þar eru án þess að skemma þau. Ég hefði helst viljað sjá Geysisgos verða að reglulegum viðburði í framtíðinni en við þurfum að bíða eftir niðurstöðum rannsóknanna, því ekki vill maður heldur framkalla Geysisgos of ört ef það þýðir að við töpum Strokki. Hann gýs það oft að hann er afar mikilvægur fyrir ferðaþjónustuna og væri meiri skaði af því að missa Strokk gegn því að Geysir gjósi sjaldan ef svo má að orði komst.

[13:25]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Fá ef nokkur náttúrufyrirbrigði á landinu hafa verið rannsökuð jafnoft og jafnlengi og Geysir í Haukadal. Það má minna á að Ísleifur Jónsson, verkfræðingur og sérfræðingur í jarðborunum, hefur ítrekað lagt til að borað verði til að auka vatnsrennsli inn í hverinn. Hann telur að með því sé hægt að endurvekja Geysi án nokkurra spjalla á honum eða umhverfi hans. Ísleifur hefur rannsakað Geysi áratugum saman og það var hann sem endurvakti Strokk með borun á sínum tíma. Án Strokks væri hverasvæðið fyrst og fremst náttúruminjar.

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum flutti ég frv. til laga um eignaupptöku þessa svæðis. Það kom til vegna þess að þarna hafði einn aðili, ekki fjarri þessu merka náttúrufyrirbrigði, sett upp sumarbústað. Hann vantaði heitt vatn í sumarbústaðinn, boraði bara niður og sótti heitt vatn. Við það gerði enginn neinar athugasemdir. Að þetta merka náttúrufyrirbrigði, Geysir, skuli lenda í slíku froðusnakki milli ráðuneyta eins og raun ber vitni er mér gjörsamlega hulin ráðgáta. Það skiptir okkur Reykvíkinga miklu máli að Geysir gjósi vegna þess að hingað koma skemmtiferðaskip tugum saman og tugþúsundir farþega fara gegnum Reykjavík, ekki eingöngu til að skoða Reykjavík, heldur líka til að skoða Geysi og Gullfoss.

[13:26]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir þessa fsp. sem er mjög áhugaverð. Ég get tekið undir það með hæstv. umhvrh. að það verður að rannsaka mjög vel hvernig Geysir verði settur af stað að nýju. Auðvitað er nauðsynlegt að viðhalda Strokki ekki síður en ímynd Geysis.

Ég tek undir það að mjög nauðsynlegt er að heildaryfirsýn sé yfir svæðið í kringum Geysi og það verði byggt upp með sóma. Ég efast ekki um að það fólk sem þarna hefur byggt upp ferðaþjónustu sé að gera sitt allra besta. Ég minni á að það hefur tekist afskaplega vel við uppbyggingu Bláa lónsins. Þar hefur verið reynt að byggja svæðið þannig að það auki ferðamennskuna. Fólk stoppar fremur sé virkilega fallega frá öllum hlutum gengið í kringum svona perlur. Geysir er ein af okkar allra merkilegustu náttúruperlum og því er mikilvægt að vel sé að öllu staðið.

[13:27]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir ítarlegt og gott svar. Það var nýr tónn í svari hennar og ég er viss um að góð brýningarræða hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar í þessum efnum verður til að hleypa krafti og dug í okkur sem höfum áhuga á þessu máli. Ég þakka líka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að sýna þessu merka máli þann áhuga sem hann gerir.

Það er auðvitað nauðsynlegt að semja við landeigendur um uppkaup á þessu svæði sem allra fyrst. Eins og margoft hefur komið fram er heimildarákvæði í 7. gr. fjárlaga til þeirra kaupa. Ég fagna því að nefndin skuli vera að störfum. En ég vil gjarnan brýna hæstv. ráðherra til að setja ákvæði um störf þessarar nefndar þannig að hún þurfi að ljúka störfum fyrir tilsettan tíma svo áfram sé hægt að vinna markvisst að þessu. Við getum ekki beðið jafnlengi og við höfum gert eins og fram kom í ágætri söguskýringu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar.

Það var líka fróðlegt að heyra í svari hæstv. ráðherra að til stendur að framkalla ferðamannagos við Geysi. Fyrrv. oddviti Biskupstungna, Gísli heitinn Einarsson, var mikill áhugamaður um þetta mál. Ég veit að fjölmargir aðilar á svæðinu sem og hér á höfuðborgarsvæðinu, eins og kom

fram, eru áhugamenn um þetta. Þessum nýja tón sem greina mátti í ræðu hæstv. umhvrh. um að framkalla gos í Geysi fagna ég sérstaklega. Ég tek undir það að við megum ekki fara offari í þessum efnum. Hér er um sérstakar náttúruperlur að ræða sem við þurfum að nýta enn betur en við gerum.

[13:30]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hér er alls ekki um froðusnakk að ræða og ég vil bara vísa því á bug sem hér kom fram. Umhvrn. og fleiri aðilar eru að sýna ábyrgð. Okkur dettur ekki í hug að fara að framkalla Geysisgos án þess að vera búin að rannsaka tengsl hveranna. Ætlum við að fórna Strokki, sem er að gjósa mjög ört og er mjög mikilvægur fyrir ferðaþjónustuna, fyrir það hugsanlega fá Geysisgos? Ég efast um að það sé það sem hv. þm. vilja. Og það væri ágætt að fá að heyra það við tækifæri hvort hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vill fórna Strokki fyrir örfá Geysisgos. Að sjálfsögðu væri best að geta verið með bæði Geysisgos og gos í Strokki, en til þess að gera það þurfum við að rannsaka hitakerfin fyrst og það er það sem á að gera í sumar. Hefja á rannsóknir á tengslum þessara hitakerfa og framkalla gos í kringum 8. júní. Ef fjármagn fæst á að fara í rannsóknir einnig árið eftir. Ég skil því rannsóknaplanið svo að niðurstaða fáist í lok árs 2001, þannig að árið 2002 vitum við hvort við getum látið Geysi gjósa ört án þess að fórna Strokki. Ég held að það sé hagsmunum ferðaþjónustunnar fyrir bestu að við gerum ekkert sem gæti hugsanlega eyðilagt gosin í Strokki vegna þess að hann gýs það ört og fólk hefur þolinmæði til þess að bíða. Það þarf lítið að bíða milli gosa og getur skoðað fallegu gosin í Strokki, en að sjálfsgöðu vildi ég gjarnan geta farið út í fjölmörg Geysisgos, en fyrst þurfum við að kanna hvernig hitakerfi hveranna tengjast til þess að við sköðum ekki svæðið óvart vegna þess að við vissum ekki betur.

Verndun Þjórsárvera við Hofsjökul.

Fsp. KPál, 604. mál. — Þskj. 918.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Með heimild í lögum nr. 47/1971 voru Þjórsárver við Hofsjökul friðlýst. Sú friðlýsing var í raun í skiptum fyrir Eyjabakkana sem áttu að fara undir uppistöðulón Fljótsdalsvirkjunar. Ég hef verið stuðningsmaður þess að breyta þeim áformum svo lón verði óþarft, en Jökulsá í Fljótsdal virkjuð neðan Eyjabakkafoss, en Eyjabakkar eru mikilvægasta griðland heiðagæsa í fjaðrafelli eins og þekkt er.

Þjórsárver eru aftur á móti mikilvægasta varpland heiðagæsa í heiminum og einstakt sem slíkt líkt og einstakt votlendi í kvíslum Þjórsár. Þrátt fyrir að ákvörðun um friðland við Þjórsá sé um tuttugu ára gömul, hefur ekki verið gengið frá endanlegum mörkum þess. Verulegar áhyggjur eru hjá umhverfisverndarmönnum um framtíð Þjórsárveranna því virkjunarframkvæmdir eru farnar að ganga nærri þeim og umhverfi þeirra.

Kvíslaveita 5 gekk t.d. töluvert á land austan friðlýsta svæðisins og hugmyndir um Kvíslaveitu 6 munu jafnvel ganga enn lengra en Kvíslaveita 5. Vatn mun fara af ákveðnum svæðum og þau þorna upp. Norðlingaöldulón mun einnig skerða land við Þjórsárverin.

Ég vil taka fram, herra forseti, að í sjálfu sér er ekkert upp á Landsvirkjun að klaga í þessum efnum. Þau mál hafa verið gerð í góðu samkomulagi og faglega unnin og í þeim anda sem reglugerðin og samningurinn um verin gerðu ráð fyrir. Eigi að síður er full ástæða til að kanna frekar reynsluna af áhrifum virkjana á þessu svæði fram að þessu og þeirra áforma sem fyrirhuguð eru í virkjun Þjórsár fyrir ofan 580 m hæð.

Því er ástæða til þess, herra forseti, að ljúka við að ákvarða endanleg mörk Þjórsárveranna svo að alveg ljóst sé hvað megi ganga langt. Upphaflega var gengið út frá því að þessi mörk lægju fyrir miklu fyrr en raun ber vitni.

Þess vegna hef ég borið fram, herra forseti, eftirfarandi fsp. til hæstv. umhvrh.:

1. Hvað líður ákvörðun um mörk Þjórsárvera við Hofsjökul?

2. Liggur fyrir bráðabirgðaniðurstaða um mörk Þjórsárvera eftir samkomulag árið 1981 um friðun þeirra?

3. Er ágreiningur um virkjanir í grennd við Þjórsárver sem gætu skaðað svæðið?

[13:35]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson spyr í fyrsta lagi: Hvað líður ákvörðun um mörk Þjórsárvera við Hofsjökul? Og í öðru lagi: Liggur fyrir bráðabirgðaniðurstaða um mörk Þjórsárvera eftir samkomulag árið 1981 um friðun þeirra? Einnig er þriðja spurningin en ég tel eðlilegt að svara fyrstu og annarri spurningu í einu lagi.

Því er til að svara að Þjórsárver voru upphaflega friðuð árið 1981 með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 753/1981. Núgildandi friðun er samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 507/1987 sem byggir á heimild í lögum í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd. Í auglýsingunni er skýrt kveðið á um mörk friðlandsins og eru mörk hins friðlýsta svæðis þessi, og hér er um tilvitnun að ræða, virðulegur forseti:

„Lína, sem hugsast dregin frá Eiríksnípu sunnan í Hofsjökli norðaustur í ónefnt jökulsker 1.250 m yfir sjávarmáli norður af Arnarfelli hinu litla. Frá jökulskerinu hugsast dregin lína í öldu 644 m yfir sjávarmáli norðaustur af Þúfuveri. Þaðan suður í öldu 642 m yfir sjávarmáli austur af Þúfuveri, þaðan suðsuðvestur í öldu 634 m yfir sjávarmáli sunnan Þúfuvers, þaðan vestur í öldu 606 m yfir sjávarmáli vestnorðvestur yfir Þjórsá í öldu á Fjórðungssandi 622 m yfir sjávarmáli og þaðan aftur í Eiríksnípu. Línur milli punktanna hugsast beinar og hæðartölur eru samkvæmt uppdrætti Íslands, blöðum 65 og 66, gefnum út af Geodætisk Institut 1954.“ — Mörkin liggja því alveg fyrir á friðlandinu.

Varðandi þriðju spurningu hv. þm.: Er ágreiningur um virkjanir í grennd við Þjórsárver sem gætu skaðað svæðið? Það er alveg ljóst að ágreiningur er um framkvæmdir sem menn hafa rætt um á fyrri stigum í grennd við Þjórsárver, aðallega um Norðlingaöldulónið og Kvíslaveitu 6. Í auglýsingu um friðland í Þjórsárverum kemur fram að Náttúruverndarráð, nú Náttúruvernd ríkisins, mun eins og fram kemur í auglýsingunni, með leyfi forseta:

„... fyrir sitt leyti veita Landsvirkjun undanþágu frá friðlýsingu þessari til að gera uppistöðulón með stíflu við Norðlingaöldu í allt að 581 m yfir sjávarmáli, enda sýni

rannsóknir að slík lónsmyndun sé framkvæmanleg án þess að náttúruverndargildi Þjórsárvera rýrni óhæfilega að mati Náttúruverndar ríkisins."

Engin ákvörðun liggur fyrir um mörk Norðlingaöldulóns né bráðabirgðaniðurstaða og að meta fyrstu umhverfisáhrif Norðlingaöldulóns. Náttúruvernd ríkisins telur að Norðlingaöldulón muni skerða Þjórsárver. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um 6. áfanga Kvíslaveitu, en engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort eða hvenær skuli fara í slíkar framkvæmdir.

Samkvæmt upplýsingum mínum er Landsvirkjun að ljúka rannsóknum sem sýna hver áhrifin verða af þessum hugmyndum og skýrsla verður tilbúin bráðlega og þá verður væntanlega hægt að taka ákvörðun um hvort leggja eigi í mat á umhverfisáhrifum og má því segja að málið sé í nokkurs konar biðstöðu þangað til frekari upplýsingar liggja fyrir.

[13:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir þá fsp. sem hér er til umræðu, en bendi á að ekki er eingöngu um það að ræða að standa við samkomulag síðan 1981. Síðan þá höfum við undirgengist alþjóðlega samninga um vernd votlendis og við hljótum að þurfa að fara eftir þeim skuldbindingum sem þar koma fram og þegar mörk eru ákveðin hlýtur mat á umhverfisáhrifum, sem tekur mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við erum aðilar að eða höfum undirgengist, að taka tillit til þeirra, og sérstaklega í ljósi þess að þetta svæði er líklega einstakt í heiminum. Þá er aldrei of varlega farið.

[13:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir síðasta ræðumanns til hv. þm. Kristjáns Pálssonar um að hefja máls á þessu. Þetta er mikilvægt mál og ég deili áhyggjum hans.

Varðandi orð umhvrh. áðan þá langar mig til að koma að hlutverki Þjórsárveranefndar og fá aðeins inn í umræðuna hvort hún starfi enn og hver afstaða þeirrar nefndar sé til þeirrar afstöðu sem við heyrðum hæstv. umhvrh. gera grein fyrir að Náttúruvernd ríkisins hefði lýst til málsins?

Síðan vil ég ítreka að lón og framkvæmdir skerða ekki bara landrými veranna, heldur vatnsmagnið í verunum sjálfum. Það er búið að skerða það töluvert núna við 5. áfanga Kvíslaveitu og verunum er stefnt í talsvert mikinn voða með 6. áfanga, þar sem ekki á bara að skerða landrými, heldur líka að færa vatn á milli vatnasviða. Hér er um alvarlegar áætlanir að ræða og ég vil fá örlítið skýrar frá hæstv. umhvrh. afstöðu hennar til þessarar áætlunar og framkvæmdaáætlunar sem nú liggja á borðum Landsvirkjunar.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því að þetta mál er tekið hér upp og ég vil eins og fleiri þingmenn nota tækifærið til að hvetja hæstv. umhvrh. eindregið til að fara yfir stöðu þessara mála. Ég tel að síðustu framkvæmdir og áfangar Kvíslaveitna orki mjög tvímælis og sú fyrirhugaða útfærsla þess sem fram undan er miðað við samkomulagið frá 1981. Enginn vafi er á því að ef nú ætti að ráðast í framkvæmdir af þessu tagi yrði þarna að sjálfsögðu lögformlegt umhverfismat og þær framkvæmdir yrðu settar undir miklu strangari skorður en þarna hafa verið gerðar. Það er t.d. ótrúlegur hlutur en satt engu að síður að þarna hafa átt sér stað vatnaflutningar milli vatnasvæða, jafnvel milli landshluta, þannig að vatn sem áður rann norður til sjávar norðan lands, fellur nú suður yfir heiðar án þess að nánast hafi verið um þetta talað. Þessa hluti og fleiri sem þarna hafa verið að gerast eða eru fram undan þarf að fara yfir og ég held að hæstv. ráðherra verði að einhenda sér í það á næstunni að fara yfir þetta mál með framkvæmdaraðilum og reyna að ná skynsamlegum sáttum.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þátttöku í umræðunni og hæstv. umhvrh. fyrir svörin. Ég veit að sjálfsögðu, herra forseti, að í auglýsingu frá Náttúruvernd ríkisins er sagt hver mörk veranna eru eða friðlandsins, en eins og hæstv. umhvrh. benti reyndar á sjálf eru undanþáguákvæði frá þessum mörkum. Um það standa deilurnar í dag hvort ekki sé verið að ganga of langt inn á friðlandið sjálft og umhverfi þeirra með þessum undanþáguákvæðum.

Það er í sjálfu sér erfitt að gera slíkar breytingar öðruvísi en í sátt við þá aðila sem fram að þessu hafa verið í framkvæmdum á svæðinu. Ég hef samt ekki neina ástæðu til að ætla annað en að Landsvirkjun og forustumenn þess fyrirtækis hafi fullan hug á því að Þjórsárver verði ekki sköðuð með ótímabærum framkvæmdum og að ekki sé frá þeirra hálfu ástæða til að draga það að ákveða mörk þessara svæða. Þess vegna held ég, herra forseti, að mjög mikilvægt sé fyrir hæstv. umhvrh. að skoða það fljótt hvort ekki sé rétt að taka þessi undanþáguákvæði út úr reglugerðinni þannig að ekki sé hægt með samkomulagi og öðrum aðferðum sem notaðar eru að ganga sífellt á þetta svæði, því sumt af þessu uppgötvast ekki fyrr en mörgum árum seinna, jafnvel áratugum seinna, þegar uppblástur hefst og uppþornun hefur átt sér stað um *lengri tíma*.

[13:45]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Við þetta tækifæri hefur verið beint til mín spurningu um Þjórsárveranefnd frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki upplýsingar fyrirliggjandi um það hvort þessi nefnd er starfandi og hvenær hún hittist síðast eða neitt þannig.

Samkvæmt upplýsingum mínum frá Náttúruvernd ríkisins, en þeir hafa nýlega hitt fulltrúa Landsvirkjunar vegna þessara mála, er verið að taka saman skýrslu um hugsanleg umhverfisáhrif af þessum hugsanlegu framkvæmdum. Hún er ekki komin fram og í kjölfarið munu menn íhuga hvort þeir ætli sér að fara með málið áfram í mat á umhverfisáhrifum. Ég vil draga það sérstaklega fram að Náttúruvernd ríkisins hefur ekki fyrir sitt leyti heimilað neinar undanþágur vegna þeirra orða sem fram komu hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni.

En ég tek undir það og að sjálfsögðu er það þannig varðandi sjónarmið hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að óhjákvæmilegt er að menn skoði þessi mál alvarlega á næstunni. Ekki verður undan því komist vegna þess að Landsvirkjun hefur verið að taka saman skýrslu og er að því um áhrif af þessum hugsanlegu framkvæmdum.

Ég vil ítreka að ekki hefur verið ákveðið að fara í neinar framkvæmdir á þessu svæði.

Notkun íslenskra veðurhugtaka.

Fsp. HBl, 615. mál. — Þskj. 1003.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í 4. mgr. 44. gr. þingskapa segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 55. gr."

Þetta hefur verið skilið svo þegar um lagafrv. er að ræða að ef frv. liggur fyrir samþykkt þá er litið svo á að Alþingi hafi tekið afstöðu til málsins og síðan segir forseti að fyrirsögn skoðist samþykkt nema aðrar athugasemdir komi fram. Á hinn bóginn hafa þingsköp orðið með þeim hætti varðandi þáltill. að greidd eru atkvæði á ný um tillgr. og fyrirsögnina saman þó svo að tillgr. hafi áður verið ákveðin með meiri hluta Alþingis.

Þessi framkvæmd er að mínu mati mjög vafasöm og ég tel óhjákvæmilegt að við endurskoðun þingskapa verði tekið á þessu máli og er auðvitað ástæða til þess vegna þeirrar till. til þál. um notkun íslenskra veðurhugtaka sem kom til atkvæða fyrir skömmu þegar tillgr. var samþykkt með 22 atkvæðum en tillagan síðan í heild sinni felld með 21 atkv. og litið svo á að Alþingi hefði ekki vilja í málinu heldur væri viljalaust í málinu.

Nú er það svo að fyrirbæri af þessu tagi hefur áður komið fyrir. Á árinu 1922, 3. mars, var tekið frv. til laga um afnám kennarastóls í klassískum fræðum við Háskóla Íslands, frv. var samþykkt af Alþingi, en á hinn bóginn var fyrirsögn frv. felld. Um þetta sagði forseti á þeim tíma, með leyfi hæstv. forseta, Benedikt Sveinsson, forseti neðri deildar: „Það er svo um þetta frumvarp að ekki er hægt að lýsa heiti þess, þar sem hv. deild gekk svo frá því við 2. umr. að nema brott fyrirsögn þess." Og hv. þm. Sigurður Stefánsson talaði um að frv. væri „uden hoved og hale".

Nú er auðvitað hægt að segja það um þetta mál, afstöðu Alþingis til þess hvernig veðurlýsingar skuli vera, að það er „uden hoved og hale". Það er a.m.k. alveg ljóst og fer kannski vel á því að nota dönsk orð eða dönskublending til þess að lýsa afstöðu málsins vegna þess áhugaleysis sem fram kom hér við þessa atkvæðagreiðslu fyrir því að Veðurstofan og Ríkisútvarpið gerðu sitt til að halda við málvitund og málsmekk Íslendinga.

Ég ætla að minna á eitt að lokum, herra forseti. Í ræðu hæstv. umhvrh. Sivjar Friðleifsdóttur 18. nóvember 1999 segir svo:

„Það þykir hins vegar ekki ástæða til þess að nota önnur heiti, svo sem andvari, kul, gola, stinningsgola, kaldi og stinningskaldi, enda sum heitin lítið sem ekkert þekkt til að nota sem ákveðinn vindstyrk."

Þetta eru ummæli hæstv. ráðherra um heiti sem hafa verið notuð margsinnis á dag í útvarpinu og öllum landsmönnum verið hægt að fylgjast með. Þess vegna hef ég lagt fram þá fsp. sem hér liggur fyrir.

[13:51]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég er ekki sammála því sem hér kom fram að þetta væri mál sem sé hvorki með haus né hala. Það er alveg ljóst að Alþingi var með ákveðna stefnu í málinu, það felldi tillöguna. Hin endanlega afgreiðsla var sú að tillagan var felld. Hún náði ekki fram að ganga þannig að svar mitt við fsp. er nei.

Hér fór hv. þm. Halldór Blöndal í tæknilega nálgun á þessu máli varðandi þingsköpin og ég deili því viðhorfi að hér er um svolítið ankannalega leið að ræða. Það var sérstaklega athyglisvert að upplifa þá atkvæðagreiðslu sem fór fram um málið að hér samþykktu þingmenn tillgr., síðan hlupu tveir þingmenn út, mig minnir að það hafi verið hæstv. fjmrh. Geir Haarde og hv. þm. Drífa Hjartardóttir. Einhverjir skiptu um skoðun og inn kom þingmaður sem var mótfallinn málinu, en hæstv. fjmrh. og hv. þm. Drífa Hjartardóttir voru því fylgjandi. Síðan kemur hv. þm. Árni Johnsen og er mótfallinn málinu. Hér átti sér því stað sérstök uppákoma þar sem málið var fyrst samþykkt, en síðan í heild kom vilji þingsins fram að lokum þannig að málið var fellt. Svar mitt er því nei vegna þess að málið var fellt.

Varðandi þau ummæli sem hv. þm. Halldór Blöndal kom með og var að hnýta í það að sú sem hér stendur teldi að almenningur þekkti lítið til veðurheitanna og dró þar sérstaklega fram að öllum landsmönnum hefði verið hægt um vik að fylgjast með veðurheitum þá er það alveg ljóst að í nýlegri könnun sem gerð var hjá Gallup vissi 80% aðspurðra ekki eða svaraði rangt til um hvað orðið stinningskaldi þýðir. Því er alveg ljóst að menn hafa því miður litla tilfinningu fyrir þessu. Menn hafa og munu hafa í framtíðinni miklu meiri tilfinningu fyrir metrum á sekúndu. Við getum tekið bara sem dæmi hitastig, gráður á Celsíus. Menn hafa vanist því og núna þarf maður ekkert að tala um volgt, vel heitt o.s.frv. þannig að þetta er alveg sambærilegt mál. Almenningur þekkir ekki hvað veðurheitin þýða þannig að svar mitt er nei en það byggist aðallega á því að tillagan var felld á hv. Alþingi.

[13:54]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að vekja athygli á málinu. Það var með eindæmum hvernig atkvæðagreiðslan fór og út af fyrir sig ekkert við því að segja annað en að þetta er svona klúður í þingsköpum. Auðvitað var búið að samþykkja málið.

Það er dálítið merkilegt að heyra hæstv. umhvrh. hlakka yfir þessu og vera afskaplega ánægð með að þó skuli vera hægt að leggja af nokkur gömul, góð íslensk orð, og þar með hennar kotrosknu aðstoðarmenn sem misnotuðu aðstöðu sína í sjónvarpi til að mæla sérstaklega gegn þessu frv. Mér fannst ansi langt gengið af hálfu ráðuneytisins að senda undirmenn sína til að vinna gegn málinu í veðurfréttatíma sjónvarps.

Ég vona svo sannarlega að við þurfum ekki að standa frammi fyrir slíku máli aftur að Alþingi sé á móti því að viðhalda íslenskri tungu. Hvað er heilagra en íslensk tunga í hugum alþingismanna?

[13:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Vissulega er dálítið sérstakt þegar Alþingi greiddi atkvæði um notkun á íslenskum hugtökum. En veðurlýsingar eða þau hugtök sem notuð eru í veðurlýsingu hafa líka ákveðna sérstöðu. Þó könnun Gallup hafi sýnt að stærsti hluti Íslendinga þekki ekki þessi gömlu veðurhugtök eru það ekki rök fyrir því að þau eigi að falla út. Þvert á móti. Það á að viðhalda þeim. Mér sýnist eftir svör hæstv. ráðherra að við höfum ekki önnur ráð en þau að beina þeirri

eindregnu bón til þeirra sem fara með veðurlýsingu hverju sinni að þeir noti þessi gömlu hugtök. Veðurlýsing skiptir miklu máli fyrir stóran hluta þjóðarinnar. Frá þeim stað sem ég kem er það alveg klárlega þannig að það eru a.m.k. 80% sem vita nákvæmlega hvað þessi hugtök þýða en eru nú þessa dagana að reyna að venja sig við að fá tilfinningu fyrir því hvað metrar á sekúndu eru, og það er ekki verið að samræma þetta alþjóðlegum stöðlum vegna þess að það er afar misjafnt hvernig farið er með.

[13:57]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Mér þykir miður að hæstv. umhvrh., sem er ung kona og vösk, skuli vera að verja þetta dellumál veðurstofustjóra. Staðreyndin er að það voru mistök, ég held að nánast allir séu sammála um það, það voru mistök að vera að breyta lýsingu á vindstyrk úr vindstigum í metra á sekúndu í veðurlýsingu og hætta að nota þessi gömlu góðu orð eins og gola og stormur. Ég hef hitt ansi marga, sérstaklega í kjördæmi mínu, sem nota mikið veðurspárnar og veðurlýsingarnar. Ég hef varla hitt neinn og eiginlega ekki einn einasta mann sem er sammála þessari breytingu. Fólk sem notar þetta mikið eins og bílstjórar, bændur, sjómenn o.fl. spyrja allir: Af hverju var þetta gert og fyrir hvern? Ég hef ekki fengið nein svör við því. Það sem hefur gerst er að veðurstofustjóri eða einhverjir í kringum hann hafa talið sig fá þarna snilldarhugmynd sem þeir geta svo ekki bakkað með en eiga auðvitað að gera því þetta voru mistök. Þetta fer ekkert vel í þjóðina og menn eiga bara að viðurkenna það þegar þeir gera mistök, þeir eiga að breyta þessu aftur.

Ég lenti í Gallup-könnuninni og svaraði nú rétt, held ég, en hvort menn svara því nákvæmlega rétt hvað er stinningskaldi, sex vindstig eða sjö vindstig, það er ekki marktækt.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst vera gert nokkuð mikið mál af ekki mjög stóru tilefni. Ég held að þeir sem vildu að Alþingi mælti fyrir um það að hin gömlu veðurheiti yrðu notuð verði einfaldlega að sætta sig við að sú tillaga var felld og verður ekki flutt aftur á þessu þingi. Menn geta endurflutt hana á nýju þingi og látið þá reyna á stuðning við hana.

Mér finnst of langt gengið að draga menn í dilka eftir afstöðu í þessu máli sem stuðningsmenn eða unnendur íslensks máls annars vegar og einhvers annars hins vegar. Þar finnst mér farið offari eins og hér var gert af hálfu hv. þm. Kristjáns Pálssonar og jafnvel látið að liggja af hálfu hæstv. forseta, 1. þm. Norðul. e.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég vildi mjög gjarnan að hin gömlu veðurheiti héldust lifandi með þjóðinni í þeim skilningi að menn skildu þau og hefðu skýra tilfinningu fyrir því hvað þau merktu. En ég leyfi mér að efa að það verði tryggt með tilskipunum frá Alþingi. Ég held hins vegar að það væri tilraunarinnar virði að þeir sem annast framkvæmd þessara mála reyndu að laga hina nýju mælieiningu að þessum veðurheitum og nota þau í bland þannig að þau yfirfærðust smátt og smátt á hina nýju merkingu. Ég held að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma að taka upp metra í staðinn fyrir fet, faðma, álnir eða þumlunga. Ég held sömuleiðis að það sé rétt ákvörðun að taka upp mælieininguna metra á sekúndu fyrir vindstyrk en það ætti ekki að þurfa að koma í veg fyrir að gömlu veðurheitin í yfirfærðri merkingu héldust lifandi.

[14:00]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég gerði grein fyrir atkvæði mínu á sínum tíma þegar umrædd þáltill. kom til kasta Alþingis og studdi hana. Ég vil vekja athygli á því að enginn er að mæla gegn því að alþjóðlegir staðlar verði notaðir enda segir í greinargerð með þáltill. að markmiðið með henni sé að hvetja til þess að íslensk veðurhugtök verði notuð samhliða alþjóðlegu einingakerfi til að lýsa veðurhæð. Lögð er áhersla á að viðhalda *fjölbreytileika íslenskrar tungu jafnframt notkun alþjóðlegra* skilgreininga. Þótt ég taki undir það að þessi mál verði ekki til lykta leidd með tilskipunum eða lögum þá mundi ég vilja beina því til hæstv. umhvrh. að hún beindi því til Veðurstofu Íslands og veðurfræðinga að þeir störfuðu í anda þeirrar þáltill. sem hér var tekin til afgreiðslu í þinginu og er til þess fallin að stuðla að fjölbreytileika íslenskrar tungu.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi aðeins minna hæstv. umhvrh. á að gefnu tilefni að fleiri menn greiddu tillögugreininni atkvæði en felldu hana þannig að hæstv. ráðherra er náttúrlega ekki að tala fyrir hönd meiri hluta þeirra þingmanna sem hér voru í salnum þegar greidd voru atkvæði um tillögugreinina þannig að vilji Alþingis var svolítið tvíbentur í þessu máli.

Ég vil segja við hv. 3. þm. Norðurl. e. að ég hef ekki talað um það að taka aftur upp vindstig. Það kom ekki fram í mínu máli og er útúrsnúningur að tala um það. Á hinn bóginn sagði hv. þm. eins og ég skildi hann að hann væri mér sammála um að það ætti að venja þjóðina við hin gömlu veðurheiti þannig að þeir gætu tengt hraða í metrum á sekúndu við gömlu veðurheitin. Þannig skildi ég hv. þm. og þar með er hann auðvitað sammála því sem ég sagði.

Ég dreg alls ekki í efa að það sé fróðlegt að fá að lesa Gallupkönnun Veðurstofunnar og ég vil óska eftir því að fá í hendur, án þess að bera það fram með formlegum hætti, frá hæstv. umhvrh. niðurstöður þeirra Gallupkannana sem Veðurstofan hefur látið fara fram til þess að glöggva sig á þeim skilningi sem menn hafa á þeim veðurtilkynningum og öðru því sem Veðurstofan reynir að koma til skila í gegnum ljósvakafjölmiðla.

Ég hef lesið eftir hæstv. umhvrh. að hún hefur trú á því að ekki sé langt í að þjóðin og börnin munu skilja nákvæmlega af sjálfu sér hvað 10 metrar á sekúndu eru, þ.e. sama fólk og ekki skilur gola eða stinningskaldi. En þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað skyldu margir geta staðgreint nákvæmlega hvar Skarðsfjöruviti er? Það væri fróðlegt að fá um það að vita. Ýmsir mundu hvá: „Ha, Skarðsfjöruviti?“ Ætli þeir viti t.d. að sá bær, Skarð, er ekki lengur til?

[14:04]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Þessi umræða verður æ fróðlegri og fróðlegri. Það kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar að ég hlakkaði eitthvað sérstaklega yfir þessu máli. Það er alls ekki svo. Ég hlakka alls ekki yfir því. Ég bara dreg hér fram hvað þessi atkvæðagreiðsla var kostuleg. Ég tel alveg að menn gætu skoðað hvort það sé eðlilegt að greiða tvisvar sinnum atkvæði um nánast sama málið. Er það eðlilegt? Þá getur svona gerst eins og við lentum í.

Vilji þingsins er, eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði réttilega, tvíbentur. Það var svona helmings munur. Helmingurinn studdi málið og helmingurinn var andsnúinn því. Þarna munar bara einu atkvæði til og frá í þessum tveimur atkvæðagreiðslum. En niðurstaðan var sú að málið var fellt. Það var hin endanlega niðurstaða og þar við situr.

Hér kom einnig fram að ráðuneytið hafði sent sína undirmenn með málið í sjónvarp. Ég kannast nú ekki við það. Ég veit ekki hvað hv. þm. Kristján Pálsson var að fara með því.

Svo sagði hv. þm. Guðjón Guðmundsson í umræðunni að hæstv. umhvrh. eða sú er hér stendur væri að verja dellu. Það er alls ekki svo. Og að hv. þm. hefði varla hitt nokkurn mann sem væri sammála um að rétt væri að gera þetta, að hér væri um mistök að ræða. Ég vil þá benda á að hér inni er um það bil helmingur þingmanna sem styður ekki málið og hv. þm. Guðjón Guðmundsson hefur nú hitt þennan helming. Það er alveg ljóst að vilji þingsins er tvíbentur en niðurstaðan er skýr. Málið var fellt og þar við situr. En að sjálfsögðu geta þingmenn komið með málið til frekari umfjöllunar á næsta þingi. Málið er skýrt að því leyti að það var meirihlutaákvörðun að fella það endanlega í þinginu.

Málefni ungra afbrotamanna.

Fsp. MF, 436. mál. — Þskj. 706.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Stuðningur barnaverndaryfirvalda við börn sem stefna velferð sinni í hættu með hegðun sinni er mjög mikilvægur. Í flestum tilvikum sem börn gerast brotleg eða stefna velferð sinni í hættu með hegðun sinni er um að ræða neyslu vímuefna sem leiða til afbrota, jafnvel ofbeldis og fer þetta tvennt því miður oft saman og hefur vaxið töluvert á undanförnum árum. Get ég sagt því til stuðnings að fyrir stuttu síðan mátti lesa úr athugun sem gerð var að hluti grunnskólabarna óttast stöðugt ofbeldi af hálfu félaga sinna og er það breyting frá því sem áður var.

Þegar ljóst er að barn er í hættu vegna eigin hegðunar ber viðkomandi barnaverndarnefnd að grípa inn í og veita aðstoð með viðtölum, ráðgjöf, vistun á stofnunum eða heimili eða öðrum tiltækum ráðum. Ef grunur leikur á að barn hafi framið refsiverðan verknað á lögreglan að tilkynna það strax til viðkomandi barnaverndaryfirvalda. En það á einnig að vera sjálfsögð skylda allra að tilkynna viðkomandi barnaverndarnefnd ef vart verður við erfiðleika barns þannig að hægt sé að grípa inn í áður en erfiðleikar barns verða það verulegir að þeir hafi alvarlegar afleiðingar ...

(**Forseti** (ÍGP): Má ég biðja hv. þingmenn að hafa hljóð í salnum.)

... og barn gerist brotlegt í lög. Það hvílir því mikil ábyrgð á barnaverndarnefndum hvað varðar forvarnastarfsemi og ef vel er á málum haldið tekst að koma í veg fyrir að hópur barna leiðist út í afbrot.

Í skýrslu nefndar um málefni ungra afbrotamanna frá því í maí 1999 má lesa að framkvæmdir á þessum þætti eru viðunandi, eins og segir í skýrslum, í stærstu sveitarfélögunum. Það er hins vegar ekki minnst á stöðuna í minni sveitarfélögunum og, virðulegi forseti, það er vissulega hætta á að þar séu ekki sömu möguleikar til að taka á málum og í stærri sveitarfélögunum.

Nefndin leggur í skýrslu sinni áherslu á að til að tryggja samræmda framkvæmd og góðan árangur í barnaverndarstarfsemi, þurfi að taka saman eða leggja fram samræmdar leiðbeiningar um fyrstu aðgerðir þegar barn gerist brotlegt við lög. Slíkar leiðbeiningar væru barnaverndarnefndum gagnlegar og gætu stuðlað að vandaðri og samræmdari vinnubrögðum innan sveitarfélaga. Í tilefni af þessu beini ég fyrirspurn til hæstv. félmrh., með leyfi forseta:

„Hefur ráðherra, í samræmi við niðurstöður nefndar um málefni ungra afbrotamanna, beitt sér fyrir því að settar verði samræmdar leiðbeinandi reglur fyrir barnaverndar- og félagsmálanefndir sveitarfélaga hvað varðar fyrstu aðgerðir þegar barn gerist brotlegt við lög? Ef svo er, hver eru meginatriði þeirra reglna? Ef ekki, hver er ástæða þess að ekki er farið að tillögum nefndarinnar?"

[14:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Í tillögum nefndar um málefni ungra afbrotamanna er að finna tvær megintillögur sem beinast að félmrn. Önnur tillagan varðar starfshætti barnaverndarnefndanna í landinu og fjallar um þær leiðbeinandi reglur sem þingmaðurinn spyr um. Hin tillagan lýtur að fjölgun meðferðarrýma á vegum Barnaverndarstofu í kjölfar hækkunar sjálfræðisaldurs og aukinnar vímuefnaneyslu barna og ungmenna.

Þegar ósakhæfur einstaklingur, þ.e. barn yngra en 15 ára, fremur afbrot er það barnaverndarnefndar í því sveitarfélagi þar sem barnið býr að taka ákvörðun um hvernig við skuli brugðist. Almennt er gert ráð fyrir í barnaverndarlögum að viðbrögð barnaverndarnefnda í þessum efnum skuli miða að því að styðja barnið og hjálpa því á rétta braut á ný. Þessi viðbrögð nefndanna eru eðli máls samkvæmt byggð á mati á hverju máli fyrir sig. Hins vegar hefur verið á það bent að æskilegt sé að um þetta gildi tilteknar leiðbeinandi reglur til að tryggja visst samræmi í viðbrögðum nefndanna eftir því sem við verður komið. Þetta lýtur m.a. að réttaröryggi barnanna sjálfra þannig að afskipti stjórnvalda af málefnum barna sé ekki um of tilviljanakennd eða handahófskennd. Í þessu felst tillaga nefndarinnar um málefni ungra afbrotamanna.

Samkvæmt gildandi lögum er það hlutverk Barnaverndarstofu að annast leiðbeiningar og ráðgjöf við barnaverndarnefndir í landinu. Barnaverndarstofa hefur gefið út handbók fyrir barnaverndarnefndir þar sem er að finna leiðbeiningar til barnaverndarnefnda um skyldur nefnda í þeim málum sem hér eru til umræðu, m.a. um rannsóknarskyldu, um skyldu þeirra til að gera áætlun um meðferð máls barna sem eru í vanda og um stuðningsaðgerðir þeim til handa. Nú er unnið að því á vegum stofunnar að útfæra þessar almennu leiðbeiningar þannig að þær taki sérstaklega til þeirra barna sem gerast brotleg við lög. Þessar leiðbeinandi reglur munu taka til málsmeðferðar hjá barnaverndarnefndum, samstarfs við lögreglu, samvinnu við foreldra og réttarstöðu þeirra barna sem hlut eiga að máli. Hér er um vandasama vinnu að ræða en búast má við að henni ljúki með haustinu. Þá er rétt að geta þess að þetta efni er jafnframt til athugunar í nefnd sem nú vinnur að heildarendurskoðun barnaverndarlaga, en auðvitað þurfa slíkar reglur sem hér um ræðir að eiga sér skýra lagastoð. Ég vænti þess að geta lagt fram frv. til nýrra barnaverndarlaga á hausti komanda.

Ég get ekki látið hjá líða að víkja að hinum þættinum í tillögu nefndarinnar um málefni ungra afbrotamanna, þ.e. meðferðarmálunum. Þar vil ég að haldið sé til haga tveimur atriðum sem hafa mikla þýðingu vegna þess sem hér er til umræðu. Haustið 1998 var fyrst gengið frá samkomulagi milli Barnaverndarstofu og Fangelsismálastofnunar um vistun einstaklinga yngri en 18 ára sem hlotið hafa óskilorðsbundna dóma. Í því er mörkuð sú stefna að fangar yngri en 18 ára verði jafnan vistaðir á meðferðarheimilum sem rekin eru samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga og þar sem fram fer sérhæfð meðferð. Síðastliðið haust var þessi samningur endurnýjaður og þá var tekin í hann sérstök heimild til að vista ungmenni sem úrskurðuð hafa verið í gæsluvarðhald og var sú breyting gerð með hliðsjón af tillögum þeirrar nefndar sem hér er til umræðu. Alls hafa fjórir fangar notið góðs af þessum samningi og þar af eru nú tveir í slíkri meðferð.

Þá vil ég að hér komi skýrt fram við þessa umræðu að mikið átak hefur verið gert í meðferðarmálum barna og unglinga. Í byrjun síðasta árs var opnað nýtt heimili sem veitir eldri afbrotaunglingum sérhæfða meðferð. Á síðustu 12 mánuðum hefur verið bætt við hvorki meira né minna en 22 nýjum rýmum í langtímameðferð og sé miðað við síðustu 18 mánuði er viðbótin 28 rými. Það þýðir að rými í langtímameðferð á vegum Barnaverndarstofu hafa nær tvöfaldast á þessu tímabili, fjölgað úr 30 í 58. Það er nú mat Barnaverndarstofu að framboð meðferðarrýma í vímuefnameðferð barna og unglinga sé orðið fullnægjandi og það held ég að hljóti að teljast til nokkurra tíðinda.

Herra forseti. Ég vil að endingu vekja athygli á samningi sem ég ásamt hæstv. heilbrrh. gerði og raunar markar tímamót í þjónustu við börn í vanda. Í samningnum felst m.a. að allar helstu stofnanir sem veita börnum meðferð hérlendis, svo sem barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Barnaverndarstofa, SÁÁ og Stuðlar skuldbinda sig til að eiga náið samstarf á öllum sviðum meðferðar fyrir börn. Þetta mun leiða til markvissari meðferðar og betri nýtingar fjármuna. Þá verður opnuð sérstök bráðamóttaka fyrir börn á barna- og unglingageðdeild og Landspítalinn veitir Stuðlum og öðrum meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu geðlæknisþjónustu og stuðningsþjónustu allan sólarhringinn. Í framhaldi af þessum samningi hef ég ákveðið að ný bráðamóttaka verði opnuð á Stuðlum síðar á þessu ári og mun það tvöfalda afkastagetu stofnunarinnar. Þá geta verið á okkar vegum 70 einstaklingar.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. afar skýr og góð svör við þeirri fyrirspurn sem ég bar hér fram og geta þess að ég hef borið fram sjö eða átta fyrirspurnir um unga afbrotamenn sem allar eru teknar beint upp úr þeirri skýrslu sem hér um ræðir ásamt þeirri skýrslu sem umboðsmaður barna skilaði til dómsmrh. fyrir tæpum tveimur árum síðan.

Ég fagna því alveg sérstaklega að verið sé að vinna þessar leiðbeinandi reglur og að hér skuli eiga að leggja fram frv. á hausti komanda, en beini því til hæstv. félmrh. að einnig er nauðsynlegt að herða eftirlitið með því að eftir slíkum reglum verði farið. Þá er kannski fyrst og fremst um að ræða minni sveitarfélögin, þau sem við köllum stundum kunningjasamfélög, þar sem svona reglur verða erfiðari í úrvinnslu en í stærri sveitarfélögunum. Það er nauðsynlegt að hafa öfluga eftirfylgni og vinna Barnaverndarstofu á þessu sviði hefur verið til fyrirmyndar.

Virðulegi forseti. Að lokum langar mig aðeins að nefna að ég lagði fram í vetur frv., held ég í þriðja sinn núna, um sálfræði- og félagsráðgjöf fyrir börn upp að 18 ára aldri. Það hefur ekki fengist afgreitt út úr nefnd frekar en á fyrri þingum. Ég tel það hins vegar afar mikilvægan þátt að sveitarfélögin hafi á sínum snærum sálfræðinga og félagsráðgjafa sem geti veitt börnum ráðgjöf og aðstoð með þátttöku almannatrygginga vegna þess að hluti af ráðgjafarstarfi eða hluti af meðferðarstarfi fyrir börn fer fram utan stofnana, inni á heimilum og þá þarf á aðstoð þessara sérhæfðu hópa að halda. Það er mjög nauðsynlegt að koma því á að hún sé veitt án þess að um mikinn kostnað sé að ræða. Ég held að það sé heimasveitarfélag hæstv. félmrh. sem gaf gott fordæmi í þessu og var með á sínum snærum bæði sálfræðinga og félagsráðgjafa starfandi.

[14:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það samkomulag sem Fangelsismálastofnun ríkisins og Barnaverndarstofa gerðu með sér er mjög merkilegt og mjög gagnlegt. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að veita þarf smærri sveitarfélögunum sérstaka athygli í þessu sambandi. Við erum að vinna að því að stækka starfssvæði barnaverndarnefndanna þannig að samvinna milli minni sveitarfélaganna komi til og það fólk og sértæk úrræði séu til staðar þar sem á þarf að halda. Í frv. til nýrra félagsþjónustulaga er einmitt tekið sérstaklega á þessu atriði.

Stóraukið fjármagn hefur verið sett í baráttuna gegn eiturlyfjum og á milli 400–500 millj. kr. til viðbótar hafa gengið til verkefna á sviði félmrn. og heilbrrn. síðan um síðustu kosningar.

Einnig er rétt að halda því til haga að varðandi aldursskiptingu dómþola í afbrotamálum, þá hef ég aflað mér upplýsinga frá dómsmrn. Það er einn 17 ára sem afplánar dóm hjá Barnaverndarstofu, einn 18 ára afplánar dóm í Hegningarhúsinu, einn 19 ára afplánar á Vogi, þ.e. ekki eru komnar upplýsingar um brotið og þrír 20 ára afplána refsingu, þar af tveir á Litla-Hrauni og einn á sjúkrahúsi fyrir meiri háttar líkamsárás.

Það er kannski rétt að halda því til haga af því að ég spurði líka um það að í fangelsum landsins eru núna laus pláss fyrir 39.

Um fundarstjórn.

Fyrirspurnir til dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra.

[14:20]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Af því að það kom til umræðu í morgun þar sem einn hæstv. ráðherra hefur kosið að svara ekki spurningum, þá vildi ég aðeins nota þetta tækifæri og hef ekki annað form á til að þakka hæstv. félmrh. og hæstv. dómsmrh. fyrir hversu vel hefur verið brugðist við öllum þeim fyrirspurnum sem ég hef lagt fram um unga afbrotamenn.

Aðild að verkefninu Maður - nýting - náttúra.

Fsp. JB, 444. mál. — Þskj. 715.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Í febrúar 1997 samþykkti ríkisstjórnin framkvæmdaáætlun um umhverfismál sem nefnd var sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, framkvæmdaáætlun til aldamóta. Á grundvelli þess hefur af hálfu iðnrn. og umhvrn. verið unnið að rammaáætlun sem ætlað er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, bæði vatnsafls og háhita m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Um leið verða skilgreind, metin og flokkuð áhrif virkjunarkosta á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta gæði þessa lands. Þannig verði lagður grundvöllur á forgangsröðun virkjunarkosta með tilliti til þarfa þjóðfélagsins, bæði hvað varðar atvinnustarfsemi, varðveislu náttúrugæða, styrkingu landsbyggðar og hagsmuna allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að þetta er afar brýnt og gott mál sem hér er verið að vinna að og ég fagna því.

Þetta hefur fengið vinnuheitið Maður – nýting – náttúra og er ætlað að stuðla að almennri sátt um sambýli manns og náttúru.

Á grundvelli þessa verkefnis hafa síðan verið útnefndir fjórir vinnuhópar. Það eru hópar um náttúru- og minjavernd, útivist og hlunnindi, þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðaþróun og orkumál.

Hlutverk hópsins um útivist og hlunnindi er:

„Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á útivist sem tómstundagaman, þ.e. á: Gönguferðir, jeppaferðir, hestamennsku og vatnaferðir.

Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á landbúnað.

Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á landgræðslu og skógrækt.

Að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á lax- og silungsveiðar og skotveiðar."

Herra forseti. Hérna er í sjálfu sér stórmál og mikilvægt sem verið er að fjalla um og vinna að rannsóknum á. Það er því afar mikilvægt að þeir aðilar sem tengjast því mjög náið eigi þarna fulla samleið og er augljóst af því sem ég nefndi áðan að þetta snertir mjög land og landgæði, vötn og vatnanýtingu í hinum dreifðu byggðum landsins.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. landbrh.:

1. Hvernig er háttað þátttöku eða aðild ráðherra, ráðuneytisins og stofnana þess að verkefninu Maður – nýting – náttúra. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma?

2. Hve stór hluti þess fjár sem varið er til verkefnisins fer til stofnana og annarra aðila á vegum ráðuneytisins og þá hverra?

[14:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar vil ég taka fram að ég er sammála hv. þm. um að óeðlilegt sé að landbrn. eða landbúnaðurinn eigi ekki fulltrúa í stórnefndinni sem fjallar um þessi mál og þau verkefni sem þar eru því að sannleikurinn er sá að landbúnaðurinn er stærsti landnýtandi landsins og hefur þar mikla ábyrgð og hagsmuni eins og þekkt er.

Ljóst er að virkjanlegt afl felst að stórum hluta í vatnsorku sem hlýtur að hafa áhrif á lífríki viðkomandi vatnakerfa og þar með á fiskstofna og veiðihlunnindi. Þekkt er hversu illa hefur farið á sumum svæðum, ég nefni Þingvallavatn og Sogið, þar voru gerð mistök. Því er öllum ljóst að mikið hagsmunamál er að ganga varlega um og gæta að þessum miklu hlunnindum. Það eru 1.200–1.400 bújarðir á Íslandi sem eiga mikla hagsmuni í veiðihlunnindum sem þjóðin vill að varðveitt séu og er mikil auðlind þegar við horfum til framtíðarinnar. Ég hef því barist hart fyrir því að reyna að fá hlut landbúnaðarins inn í stóru nefndina og tel það mjög mikilvægt, margræddi það við ráðherra um hvað það væri mikilvægt, því að saga landnýtingar og landgæða hvort sem átt er við land eða vötn ber það með sér að sjálfbær þróun er því aðeins möguleg að aldrei sé gengið of nærri landinu sem auðlind. Það er skylda þess stjórnvalds sem með auðlindir fer að koma í hvívetna að þegar um nýtingu landgæða er fjallað. Því hef ég ekki bara talið æskilegt heldur mikilvægt að landbúnaðurinn og landbrn. kæmi með mann inn í aðalnefndina. Þetta hef ég margrætt við fyrrv. og núv. iðnrh.

Nú hefur það gerst að sæti losnar í nefndinni og hefur iðnrh. tjáð mér að hún vilji taka tillit til þeirra sjónarmiða og tilnefna mann í staðinn í nefndina sem geti haldið utan um þessi sjónarmið og sátt væri á milli okkar um. Mér finnst því að það mál hvað stóru nefndina varðar sé að færast í höfn. Síðan eru fjórar undirnefndir og munu stofnanir landbúnaðarins taka þátt í störfum þeirra sem ég tel einnig mjög mikilvægt að eigi sér stað.

Hv. þm. spyr enn fremur um peningahlið málsins. Um hana get ég lítið tjáð mig. Ég hygg að verja eigi um 100 millj. kr. til rannsókna. Ég vona auðvitað að hlutur landbúnaðarins í þeim rannsóknum verði mikilvægur og þær undirstofnanir sem landbrn. hefur fái þar fjármagn til mikilvægra rannsókna því þar eru víða mjög brýn verkefni sem bíða.

Þetta er það svar sem ég vildi koma með og þakka hv. þm. fyrir fyrirspurn hans.

[14:27]

Umhverfisráðherra (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi þessa fyrirspurn er rétt að taka fram að sú verkefnisstjórn sem er skipuð vegna rammaáætlunarinnar Maður – nýting – náttúra er einhvers konar arfur sem núv. ráðherrar hafa fengið frá fyrrv. ráðherrum. Búið var að skipa þá verkefnisstjórn áður en við komum að þessu máli.

En mér er engin launung á því að mikill þrýstingur hefur verið á að fá fleiri menn í nefndina. En menn hafa ekki viljað stækka hana þar sem þá verði endalaust hægt að bæta við og einhvern tíma verður maður að stoppa. Sú er hér stendur veit að það er laust sæti og við höfum knúið svolítið á með það sjónarmið að æskilegt væri að fá í nefndina fulltrúa frá samvinnunefndinni eða frá svæðisskipulagsnefndinni um miðhálendið. En ég heyri rök og veit af rökum hæstv. landbrh. og skil þau. Það má því vera, og ég teldi það vera afar góða lausn ef nýr fulltrúi fengist sem sameinaði sjónarmiðin frá landbrn., frá hæstv. landbrh., og frá svæðisskipulagsnefnd miðhálendisins.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir undirtektir hans og það að hann er að beita afli sínu til að ráðuneyti hans fái fulla aðild að verkefnisstjórninni. Ég tel afar mikilvægt, herra forseti, að um fulla aðild að verkefnisstjórninni verði

að ræða í þessi verkefni því að þetta lýtur markvisst að verkefnum landbúnaðarins og landnýtingarinnar og allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði með sjálfbæra þróun að leiðarljósi sem er virkilega sterk og góð framtíðarsýn.

Ég legg líka áherslu á, herra forseti, að það fjármagn sem er til ráðstöfunar sem hæstv. ráðherra tæpti á að gæti verið um 100 millj. kr. og vinna á heilmikið rannsóknarstarf, að einmitt stofnanir landbúnaðarins, stofnanir úti um land, ekki síst á vegum landbrn., eru einmitt hvað færastar til að vinna slíkar rannsóknir og/eða taka að fullu þátt í þeim. Það er því afar mikilvægt, bæði faglega og líka fyrir verkefnið sem slíkt og fyrir trúnað þess og einnig fyrir þessar stofnanir sem er afar mikilvægt að komi að slíkum rannsóknarmálum. Þarna er um töluvert fé að ræða og skiptir afar miklu máli hvernig því er ráðstafað.

En ég legg áherslu á, herra forseti, að þetta mikilsverða mál þarf að vinnast í sem bestum trúnaði við alla þá sem að því koma því að áhugi þeirra er virkilega fyrir hendi.

[14:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef litlu við þetta að bæta. Hæstv. umhvrh. kom hér með hugmynd og innskot í þessa umræðu þar sem hún minntist á þjóðlendumálið og þekkingu á því sviði sem væri mikilvæg. Þarna gætu menn kannski sameinast um sterkan mann sem hefði víðtæka þekkingu. Eina áhyggjuefnið sem ég hef í þeim efnum er að finna slíkan mann með svo víðtæka þekkingu sem við erum hér að tala um. En við skoðum það nú. Ég er mjög sáttur við þá niðurstöðu sem þetta mál er að fá því að iðnrn. hefur haft mikið og gott samstarf við umhvrn. í þessum máli sem mér finnst mikilvægt.

Ég hef haldið því fram sem landbrh. að landbrn. hafi gleymst í þessu máli og það sé ófært með þann aðila sem ber ábyrgð á landinu og landnýtingunni. Það hlýtur að verða að koma að svona stóru máli þannig að ég er þakklátur hæstv. iðnrh. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að taka tillit til þessara sjónarmiða og fallast á mín rök með þessum hætti. Munum við síðan hafa samráð um hver þarna gengur til starfa í stóru nefndinni.

Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að við eigum sterkar stofnanir í landbúnaðinum, Veiðimálastofnun og fleiri aðila sem hljóta auðvitað að fást við þær mikilvægu rannsóknir sem felast í þeim peningum sem ákveðið er að verja til rannsóknanna.

Framtíð sjúkraflugs.

Fsp. KLM, 515. mál. — Þskj. 814.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Fyrir allnokkru þegar okkur fóru að berast fréttir af miklum erfiðleikum þeirra sem stunda innanlandsflug, sérstaklega litlu félaganna sem um leið hafa þjónað sjúkrafluginu, þegar þetta var allt saman að detta upp fyrir, fyrir eins og einum mánuði síðan, þá lagði ég fram þessa fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um framtíð sjúkraflugs á Íslandi. Ég gerði það m.a., eins og ég sagði, út af þessum erfiðleikum í innanlandsflugi og af því að mörg af þessum litlu félögum sem voru að hætta farþegaflugi og þjónuðu líka sjúkrafluginu voru þá um leið að selja og jafnvel afhenda margar af þeim vélum sem þeir hafa notað í sjúkraflug hér á landi undanfarið.

Þetta vildi ég gera líka vegna þess að ég sá þessa miklu og fallegu skýrslu sem unnin var af Verk- og kerfisfræðistofunni vorið 1999 um úttekt á sjúkraflugi á Íslandi og þær tillögur sem þar komu fram þar sem m.a. stóð að stefnt skyldi að því að útboð á sjúkraflugi færi fram á árinu 1999 og að nýir samningar tækju gildi 1. janúar árið 2000 og ekkert var farið að gerast í þessum málum þegar þetta var og þegar þessi fyrirspurn var lögð fram.

Þess má líka geta að Félag ísl. landsbyggðarlækna hefur ályktað um þetta mál og skorað á yfirvöld heilbrigðismála að koma sem fyrst á úrbótum í sjúkraflutningum með flugvélum hér á landi. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. heilbrrh. einnig út í þessi atriði eins og hér hefur komið fram þó svo maður hafi heyrt í fréttum um ýmislegt sem ríkisstjórnin hefur ákveðið í framhaldi af þessu, og þá kannski alveg sérstaklega hvort hæstv. heilbrrh. þætti ekki skynsamlegt, því að ráðuneyti samgöngumála ætlar sér að styrkja eilítið innanlandsflug á þessum minni leiðum og bjóða út flug til þessara staða, að færa þetta útboð allt saman til samgrn. þannig að þetta væri boðið út sem einn pakki, sjúkraflugið líka. Ég er ekki að blanda mér inn í það þó ég sé sammála því að miðstöð sjúkraflugs verði á Akureyri. En það er líka spurning hvort þetta yrði boðið þannig út á vegum heilbrrn. að notaðar verði sérútbúnar vélar eða þær vélar sem líka annast farþegaflug. Fyrirspurnin sem er á þessu þskj. sem þarna var lögð fram er um þessi tvö atriði, þ.e. annars vegar um undirbúning á útboði á sjúkraflugi og um það hins vegar hvort hægt væri að standa að því að gera þetta sem heildarútboð sjúkraflugs og þess farþegaflugs sem boðað hefur verið að eigi að vera.

[14:36]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið áður á Alþingi lét ég að gera mjög ítarlega úttekt á sjúkraflugi á landinu öllu saman. Þegar skýrslan lá fyrir var hún send til umsagnar mjög margra. Það var samdóma álit þeirra sem sendu inn umsagnir að þeim þætti rétt að miðstöðin væri á Akureyri, en jafnframt að áfram væri sjúkraflugvél í Vestmannaeyjum og á Ísafirði.

Í beinu framhaldi af því er umsagnir lágu fyrir var sú ákvörðun tekin í ríkisstjórn að útboð færi fram og að samgrn. og heilbrrn. ynnu saman varðandi það útboð. Ríkiskaup er sá aðili sem aðstoðar við útboðið. Að þessu útboði kemur líka Flugmálastjórn og Tryggingastofnun og það er auðvitað ýmislegt tengt þessum flugmálum sem kom einmitt fram hjá fyrirspyrjanda, þ.e. að þetta er samtvinnað samgöngumálunum þannig að það er mjög mikilvægt að samgrn. og heilbrn. vinni vel saman að þessu máli.

En til upprifjunar þá eru ekki nema tvö ár síðan sjúkraflugið var flutt yfir til heilbrrn. frá samgrn. Á sínum tíma þótti það rétt og það var gert en auðvitað geta menn velt því fyrir sér hvort þetta eigi að vera á einni hendi eður ei. Aðalatriðið er að við náum góðri niðurstöðu þannig að öryggi bæði í almennum samgöngum og sjúkraflugi sé fullnægt.

[14:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil í tengslum við þessa fyrirspurn fyrst og fremst fagna þeirri ákvörðun hæstv. heilbrrh. að ákveða

að miðstöð sjúkraflugs verði á Akureyri. Ég hreyfði þessu máli í fyrirspurn fyrir nokkru síðan og sömuleiðis liggur fyrir á þingi þáltill. einmitt um þetta atriði flutt af hv. þm. Þuríði Backman o.fl.

Ég tel að afar mikilvægt sé að vandað verði til verka í þessu tilviki, þ.e. að fengin verði vönduð vél með jafnþrýstibúnaði sérútbúin til sjúkraflugs sem eingöngu sinni þeim verkefnum þannig að um borð sé til staðar fastur búnaður sem geri þetta í raun að fljúgandi sjúkrastofu. Sömuleiðis er nauðsynlegt að efla viðbúnað við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til að mæta þjónustunni á bak við og er að mínu mati, herra forseti, einboðið að nota tækifærið og efla FSA sem miðstöð sérhæfðrar deildaskiptrar heilbrigðisþjónustu fyrir landsbyggðina. Það fer mjög vel saman við hlutverkið á bak við sjúkraflugið og sömuleiðis á þetta, ef vel tekst til, að geta eflt það innanlandsflug, mjög mikilvægt innanlandsflug til margra afskekktra byggðarlaga sem haldið er úti frá Akureyri og vandséð er að verði gert annars staðar frá.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir það svar sem hér hefur verið gefið við þessari fyrirspurn minni. Ég vil jafnframt fagna því að ákveðið hafi verið að gera þetta á þennan hátt, þ.e. að samvinna verði milli þessara ráðuneyta og Ríkiskaup sé látið annast útboðið. Ég hef hins vegar ákveðnar efasemdir um tímann sem þetta á að taka til. Ég hefði haldið að tvö ár væru of stuttur tími og að frekar ætti bjóða þetta út til lengri tíma og minni á að það gæti þá orðið til þess að fleiri aðilar mundu taka þátt í útboðinu vegna þess að aðilar sem hafa e.t.v. ekki aðstöðu á Akureyri þurfa náttúrlega að koma sér henni upp og kannski vafasamt að þeir munu gera það ef útboðið og samningstíminn ættu bara að vera tvö ár. Ég vil því beina því til hæstv. ráðherra að það yrði skoðað þegar útboðsgögn eru endanlega útbúin hvort ekki væri rétt, það á reyndar við um innanlandsflugið líka, að hafa þetta til örlítið lengri tíma.

Ég fagna því jafnframt að miðstöð sjúkraflugs á Íslandi skuli hafa verið ákveðin á Akureyri og tel það ákaflega heppilega lausn. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er ákaflega vel í stakk búið til þess að taka að sér margfalt meiri verkefni og verkefni hvað þetta varðar með sérútbúnu starfsfólki og öðru þannig að þetta er, við skulum segja, byggðastefna sem bragð er að og kemur ekki allt of oft fram í hv. Alþingi.

Ég vil sem sagt þakka hæstv. ráðherra fyrir það svar sem hér hefur komið hvað þetta varðar og vildi aðeins hnykkja á því og bæta því við að ég held að það ætti að skoða með tilliti til örlítið lengri tíma og ég mundi óska þess að útboðsaðilar mundu skoða það. Það yrði kannski til þess að fleiri aðilar tækju þátt í útboðinu, fleiri slægjust um bitann, ef svo má að orði komast, og ríkissjóður fengi betri tilboð.

Forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum.

Fsp. ÁRÁ, 607. mál. — Þskj. 927.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Á nefndu þskj. hef ég lagt fram fyrirspurn í tveimur liðum til hæstv. heilbr.- og trmrh. um forvarnir gegn krabbameinssjúkdómum. Mér sýnist rétt að meta það mikils að um áratugi hefur verið haldið úti samfelldu starfi að krabbameinsleit og er sérstaklega virðingarverð framganga og framkvæmd Krabbameinsfélagsins en einnig framganga nokkurra stofnana í heilbrigðisþjónustunni.

Þegar svona er komið, starfið hefur staðið nokkuð lengi, tel ég ástæðu til að meta áhrif og árangur, horfa til framtíðar og hefja undirbúning að stefnumótun og ákvörðunum um víðtækara forvarnastarf og víðtækari leit að einkennum krabbameinssjúkdóma. Því hef ég lagt fram fyrirspurnina í þeim tveim liðum sem hér segir, með leyfi forseta:

1. Hvert er mat ráðherra á árangri af því forvarnastarfi gegn krabbameini sem hér hefur verið unnið, þar með talið á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins; hefur ráðuneytið eða landlæknisembættið metið áhrif þessa starfs á heilbrigðisþjónustuna?

2. Hefur ráðherra fyrirætlanir um auknar forvarnir gegn krabbameini, t.d. með víðtækari krabbameinsleit? Ef svo er, hverjar eru þær, hvenær komast þær í framkvæmd og hvernig verða þær skipulagðar? Ef svo er ekki, mun ráðherra þá styðja hugmyndir annarra aðila um forvarnir, svo sem Krabbameinsfélagsins, einstakra lækna eða annarra?

[14:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessar tvær ágætu fyrirspurnir. Í stuttu máli er því til að svara að ráðuneytið og landlæknisembættið er mjög ánægt með árangurinn af forvarnastarfi sem hefur nú verið aðallega á höndum Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Leitarstöðin hefur unnið samkvæmt samningi við heilbrrn. Við endurnýjuðum samninginn ekki alls fyrir löngu og jukum þá mjög fjármagnið. Á ársgrundvelli er fjármagnið 165 millj. kr. sem leitarstöðin fær og hefur hækkað um 51% frá árinu 1998.

Þá sér Krabbameinsfélagið líka um skráningu krabbameins á Íslandi samkvæmt samningnum við ráðuneytið og fær til þess 14,4 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Meginþungi starfsemi leitarstöðvarinnar hefur beinst að leit að leguhálskrabbameini og að lækka dánartíðni þeirra sem það krabbamein hrjáir. Um er að ræða ótvíræðan árangur þar sem dánartíðni leghálskrabbameins hefur lækkað í 75%. Hefur verið áætlað að um 150 fleiri konur hefðu látist af völdum sjúkdómsins hefði dánartíðni verið í dag sú hin sama og hún var við opnun leitarstöðvarinnar. Þessi árangur er tvímælalaust með því besta sem þekkist í veröldinni.

Ljóst má vera að þessi árangur hefur haft bein og óbein áhrif á heilbrigðisþjónustuna, en nánara mat á frekari áhrifum er mjög erfitt eins og með aðra þætti þeirrar þjónustu.

Annar meginávinningsþáttur í starfi krabbameinsleitar hefur verið leit að brjóstakrabbameini, en eins og kunnugt er er brjóstakrabbamein langalgengasta krabbamein meðal íslenskra kvenna og næstalgengasta dánarorsök krabbameins meðal kvenna. Talið er óyggjandi að lífshorfur kvenna hafi batnað og minna má á að hér á landi deyja um 40 konur á hverju ári úr brjóstakrabbameini og þar af eru um tíu konur undir fimmtugt. Núna er talið að sjö til átta konur af hverjum tíu sem greinast með brjóstakrabbamein muni lifa í fimm ár eða lengur.

Enn má minna á fleiri þætti í forvarnastarfi gegn krabbameini. Hér vil ég nefna umfangsmikið starf tóbaksvarnanefndar sem beitir sér ekki að krabbameinsleit heldur almennri fræðslu um skaðsemi tóbaks, sérstaklega meðal unglinga og hefur starfsemi nefndarinnar, m.a. í samstarfi við

Krabbameinsfélagið, beint kröftum sínum að fræðslustarfsemi í skólum. Það er gaman að geta þess að þróunin er heldur í rétta átt nú því að reykingar eru á svolitlu undanhaldi.

Hv. fyrirspyrjandi spyr einnig um forvarnir framtíðarinnar og hvort við ætlum að auka við. Því er til að svara að sérstaklega er verið að skoða það að fara í krabbameinsleit á krabbameini í blöðruhálskirtli. Þá er verið að tala um hópleit. En við erum ekki komin svo langt að hefja hana. Aftur á móti er lengra komið varðandi krabbameinsleit í ristli. Hópur á vegum landlæknisembættisins vinnur nú að tillögum um framkvæmd þessa máls, þ.e. krabbameins í ristli og er búist við að tillögur hans liggi fyrir síðar á árinu og þetta komist þar með mjög fljótlega í framkvæmd. Sama máli tengist áætlun um að koma upp skráningu á sepum í ristli, en þeir eru þekktir sem hugsanlegur undanfari krabbameins í ristli.

Þá má einnig geta þátttöku landlæknisembættisins í rannsóknarverkefni um ákveðna veirutegund, svokallaðan HPV-vírus, en hann getur valdið krabbameini í leghálsi. Verið er að þróa bóluefni gegn honum og fylgist bæði ráðuneytið og landlæknisembættið með þessu starfi og tekur þátt í því að hluta.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. þessi svör. Rétt er að hér er um mikilsverða starfsemi að ræða og hún hefur náð til mjög margra einstaklinga á landinu.

Ég velti því fyrir mér hvort ráðherra getur upplýst um þátttöku kvenna, hversu almenn þátttaka kvenna er í krabbameinsleitarstarfi Krabbameinsfélagsins. Ég velti líka fyrir mér hvernig ætlunin er að haga þeirri leit sem ráðherra nefndi, krabbameinsleit í blöðruhálskirtli og leit að krabbameinum í ristli.

Ég tel ekki ástæðu til að spyrja beinlínis um rannsóknirnar sem ráðherra nefndi en mér finnst skipta máli að fram komi að mér og fleirum, þar með landlækni, er kunnugt um að nokkrir læknar hér á landi, sérfræðingar í sjúkdómum í meltingarvegi, hafa nú hafið undirbúningsstarf sem leitt gæti til þess að þeir mundu hvetja til leitar að frumeinkennum sjúkdóma sem taldir eru geta leitt til krabbameina í öðrum hlutum meltingarvegs en í ristli. Raunar held ég að rétt sé að fjalla um það, geti ráðherrann gert það hér, hvort leit að krabbameini í ristli eigi að beinast að frumstigseinkennum eða lengra gengnum sjúkdómum. Það tel ég að geti skipt miklu máli.

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst spyr hv. þm. hve margar konur taki þátt í leitinni eða mæti á leitarstöð. Ég er ekki með þær tölur nákvæmlega á takteinum en það eru milli 70–80% kvenna sem koma í leghálsrannsóknir.

Varðandi hóprannsóknir sem ekki eru þegar hafnar, á blöðruhálskirtilskrabbameini eða krabbameini í ristli, þá hafa hingað til ekki verið taldar til nógu góðar aðferðir til að fara í slíkar hóprannsóknir. Þær eru þess vegna ekki hafnar en við fylgjumst mjög vel með þróun þessara mála, ekki síst í löndunum í kringum okkur. Eftir því sem tækninni fleygir fram verðum við að halda okkur vakandi fyrir því að hefja hópleitir þegar talið er vísindalega sannað að aðferðirnar séu réttar og hagkvæmar. Þá yrði eðlilegt að fara þá leið að leita að krabbameini á frumstigi.

En við erum ekki komin lengra en þetta eins og ég sagði áðan í fyrri ræðu minni. Þó erum við komin nokkuð langt og kannski lengra en flestar þjóðir í kringum okkur.

Vinnureglur Tryggingastofnunar um bifreiðar fatlaðra.

Fsp. SJS, 633. mál. — Þskj. 1131.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef lítillega reynt að kynna mér framkvæmd mála sem lúta að stöðu fatlaðra í umferðinni, varðandi gerð og búnað ökutækja, öryggismál og einnig kostnað samfara því að breyta bifreiðum fatlaðra. Ég hef einnig skoðað þær vinnureglur sem Tryggingastofnun ríkisins notast við í sambandi við endurgreiðslu eða mat á þörf fyrir slíkar breytingar og endurgreiðslu slíks kostnaðar. Fyrr í dag var til umfjöllunar fyrirspurn frá mér um tengt mál, þ.e. öryggisatriði þessu samfara sem ég spurði hæstv. dómsmrh. um.

Þær spurningar sem ég vil beina til hæstv. heilbr.- og trmrh. í þessu sambandi tengjast þeirri tilfinningu minni eða mati að þörf sé á að endurskoða framkvæmd og reglur á þessu sviði, reyna að koma þar á fastmótaðra verklagi og tryggja betur stöðu þeirra sem þurfa á þessu að halda. Ég vil leggja á það sérstaka áherslu, herra forseti, að um er að ræða afar mikilsverðan þátt í átaki til að gera fötluðum fært að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu, að þeir geti farið um og eftir því sem nokkur kostur er sjálfir komið sér áfram í umferðinni. Ef þeir þurfa á aðstoð eða stuðningi við flutning að halda þurfa einnig að vera um það skýrar reglur. Þeir verða að eiga kost á slíkri þjónustu, öryggi þeirra að vera tryggt, kostnaðurinn viðráðanlegur og annað í þeim dúr.

En á fsp. sem ég hef beint til hæstv. trmrh. eru eftirfarandi spurningar:

1. Er ráðherra tilbúinn til að beita sér fyrir endurskoðun á vinnureglum Tryggingastofnunar ríkisins við mat á þörf fyrir sérútbúnað eða breytingar á bifreiðum fatlaðra?

2. Hvenær voru reglur um greiðslu kostnaðar í þessu sambandi síðast endurskoðaðar og upphæðum breytt?

3. Telur ráðherra koma til greina að sérstök nefnd eða óháður aðili meti þörf fyrir sérútbúnað eða breytingar í einstökum tilvikum og fylgist með tæknilegum lausnum og hvernig þær nýtast?

[14:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr um vinnureglur Tryggingastofnunarinnar varðandi sérútbúnað og breytingar á bifreiðum fyrir fatlaða.

Eins og þingmanninum er kunnugt eru vinnureglur Tryggingastofnunar á verksviði hennar og staðfestar af tryggingaráði. Ráðherra hefur því ekki formlegt forræði yfir vinnureglum en getur auðvitað óskað eftir að einstakir þættir verði teknir til skoðunar.

Að því er varðar fyrstu spurningu hv. þm. er því til að svara að að undanförnu hefur starfshópur innan Tryggingastofnunar ríkisins einmitt verið með tilhögun bifreiðamála á vegum stofnunarinnar í endurskoðun. Tillögur hópsins ná yfir breytingar á allri tilhögun þessara mála þannig að hugmyndirnar ganga mun lengra en einungis til vinnureglna. Því gæti komið til kasta ráðuneytisins að taka afstöðu til þessara

tillagna þar sem hugmyndirnar gætu kallað á reglugerðir og jafnvel lagabreytingar.

Hv. þm. spyr í öðru lagi hvenær reglur um greiðslu kostnaðar í þessu sambandi hafi síðast verið endurskoðaðar og upphæðum breytt. Reglum um greiðslu kostnaðar í þessu sambandi var síðast breytt 15. október á síðasta ári. Þá var m.a. ákveðið af tryggingaráði að hækka greiðsluþátttöku um 70–100% í bílsætum, púðum með sérstökum eiginleikum, svo og í sjálfvirkum hurðaopnurum.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hvort ráðherra telji koma til greina að sérstök nefnd eða óháður aðili meti þörf fyrir sérútbúnað eða breytingar í einstökum tilvikum og fylgist með sérstökum lausnum og hvernig þær nýtast. Ég tel að af hálfu Tryggingastofnunar og hjálpartækjamiðstöðvarinnar sé vel séð fyrir mati á þörf fyrir sérútbúnað og breytingar en eins og við vitum verður alltaf að skoða málefni hvers einstaklings í þeim efnum. Þá er nauðsynlegt að fylgst sé með tæknilegum lausnum á þessu sviði og hvernig þær nýtast.

Það þarf vissulega að tryggja hvort tveggja, þ.e. úttekt á hjálpartækjum í bifreiðum og eftirlit með þeim. Í því skyni er í samstarfi við dómsmrn. unnið að því að finna hvernig slíkri úttekt verði háttað. Fyrsta skrefið í þessa átt verður væntanlega stigið í þessari viku við undirritun samnings Tryggingastofnunar við Grensásdeild Landspítala um mat á ökuhæfni hreyfihamlaðra. Samstarfshópur hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar, Grensásdeildar og Reykjalundar ásamt ökukennara og bílaverkfræðingi hefur unnið frá því í vor að uppbyggingu ökuhæfnismats með tilheyrandi matsgögnum.

Ökuhæfnismat er oft nauðsynleg forsenda fyrir mati á hvort viðkomandi geti ekið, á því hvaða bílahjálpartæki eru nauðsynleg og hvort þörf sé á sérstakri ökuþjálfun. Sé talið að einstaklingur hafi þörf fyrir sérstaka ökuþjálfun verður hún veitt í þeirri bifreið sem hann kemur til með að aka og þá með þeim hjálpartækjum sem mat hefur leitt í ljós að nauðsynleg eru.

Samkvæmt samningnum verður verkaskipting á milli Grensásdeildar og Reykjalundar þannig að Grensásdeild tekur að sér ökuhæfnismat hreyfihamlaðra og verður með sérstaka aðstöðu til þess, en Reykjalundur hefur annast mat á ökuhæfni þeirra sem eiga við andlega skerðingu að búa. Með þessu samstarfi telur Tryggingastofnun tryggt að hreyfihamlaðir fái þær bifreiðar sem þeim hentar best og þá aðstoð sem þeir þurfa.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það gleður mig að nokkur hreyfing virðist á þessum málum einnig í tilviki Tryggingastofnunar og hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. ekki síður en hjá hæstv. dómsmrh. eins og fram kom fyrr í dag.

Það er ánægjulegt að starfshópur skuli vera í gangi og þaðan sé að vænta tillagna sem taki á þessum málum, enda tel ég mig hafa komist á snoðir um að á því sé full þörf. Ég teldi að mörgu leyti mjög heppilegt að stefnt yrði að sérstökum reglum um þetta svið með svipuðum hætti og gert væri varðandi öryggisþáttinn þeim megin.

Í öðru lagi, varðandi upphæðir og þá endurskoðun þeirra sem að hluta til fór fram 15. október sl., er vel að þar voru tekin inn ný atriði og annað hækkað en mér býður einnig í grun að ýmsar upphæðir eða þök sem fyrir voru hafi áfram staðið óbreytt. Ég tel að þörf væri á heildarendurskoðun þeirra mála. Þannig hafa til að mynda verið í gildi reglur um að greiða ætti 100% kostnaðar vegna ýmissa breytinga á bifreiðum eins og vegna hemla og bensíngjafar en í framkvæmdinni hefur verið sett þak á upphæðir þannig að iðulega, ef um kostnaðarsamar lausnir hefur verið að ræða, hefur þetta hlutfall orðið miklu lægra.

Í þriðja lagi varðandi spurningu mína um hvort sérstök nefnd fylgdist með þessum málum og væri þarna til ráðgjafar og mats. Ég held mig enn við að skoða eigi þann kost að sjálfstæður, óháður aðili — þá er ég að hugsa um hinar tæknilegu lausnir, framkvæmd þeirra og mat á kostnaðarþörfinni en ekki ökuhæfismatið sem ég fagna að komið sé fyrir í samningi — komi til þannig að óháður sjálfstæður milliliður sé á milli þessara aðila, notenda, þeirra sem sérhæfa sig í hinum tæknilegum lausnum og hins vegar Tryggingastofnunar og ráðuneytis sem sér um greiðslu kostnaðar.

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ágætar ábendingar sem komu fram hjá fyrirspyrjanda. Eins og kom fram í fyrri ræðu minni er þetta í mikilli endurskoðun og þetta er í mikilli deiglu. Ýmsar framfarir eru þarna í gangi og það sem hér hefur komið fram bætist í þann pakka sem verið er að vinna úr.

Flutningur eldfimra efna um Hvalfjarðargöng.

Fsp. GuðjG, 507. mál. — Þskj. 805.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Nú eru liðnir tæpir 22 mánuðir síðan Hvalfjarðargöngin voru tekin í notkun. Almenn ánægja er með göngin og óhætt er að segja að einstaklega vel hafi tekist til með þessa miklu framkvæmd. Þeir einkaaðilar sem árum saman börðust fyrir því að ráðist yrði í þessa framkvæmd eiga heiður skilinn. Án þrautseigju þeirra væru engin Hvalfjarðargöng í dag.

Umferð um göngin er miklu meiri en bjartsýnustu áætlanir gerðu ráð fyrir sem hefur leitt til stórlækkunar á gjaldtöku. Í svari hæstv. samgrh. við fyrirspurn minni sem dreift var á Alþingi í síðasta mánuði kemur fram að árið 1997 fóru 747 þúsund bílar fyrir Hvalfjörð og með Akraborginni. Árið 1999 fóru 94 þúsund bílar fyrir fjörð og ein milljón 31 þúsund bílar um göngin eða 1.127 þúsund bílar alls. Umferðaraukningin varð því 51% á þessum tveimur árum.

Umferð um göngin er eðlilega misjöfn eftir mánuðum eða frá 50 þús. og upp í 145 þús. bíla á mánuði. Þessar tölur sýna okkur að vegfarendur hafa tekið göngunum vel og sem betur fer hafa ekki orðið alvarleg slys í umferðinni um göngin þó að reyndar hafi orðið að loka göngunum tvisvar á undanförnum vikum vegna umferðaróhappa.

Þá kem ég að tilefni fyrirspurnarinnar. Margir hafa áhyggjur af því að eldsvoði í göngunum gæti orðið erfiður viðfangs og horfa þá til þeirra alvarlegu slysa sem orðið hafa af völdum elds í jarðgöngum erlendis ekki alls fyrir löngu. Auðvitað segja flutningsaðilar eldfimra efna jafnan að þeir séu með fullkominn öryggisbúnað og engin hætta sé á ferðum. Aldrei er þó of varlega farið og augljóslega yrði erfitt að snúa við stórum bensínflutningabíl í göngunum ef hann kæmi t.d. að bíl sem hefði kviknað í.

Þá finnst mér flutningur á própangasi um göngin glannalegur svo ekki sé meira sagt. Það kom fram í sjónvarpsfréttum nýlega að árlega eru flutt 180 tonn af própangasi frá Straumsvík til Grundartanga um Hvalfjarðargöng. Farið er vikulega og talsmaður gasfélagsins sagði í þessum fréttatíma að farið væri á morgnana og þeir væru búnir með báðar ferðir fyrir hádegi eins og hann orðaði það.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég hrökk við þegar ég heyrði þessar fréttir. Á morgnana er mikil umferð um göngin og fjöldi manns sem fer daglega á milli til vinnu eða í skóla og það er skoðun mín að ekki eigi að leyfa gas- og bensínflutninga um göngin á þessum tíma sólarhrings. Reyndar finnst mér að það ætti ekki að leyfa þessa flutninga nema loka göngunum fyrir annarri umferð sem trúlega yrði seint samkomulag um. Því spyr ég hæstv. samgrh.:

1. Eru í gildi reglur um flutning á bensíni, gasi og öðrum eldfimum efnum um Hvalfjarðargöng?

2. Telur ráðherra koma til álita að banna flutning eldfimra efna um göngin?

[15:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar fyrirspurnir sem hljóða eins og hann gerði grein fyrir.

Spurt er: Eru í gildi reglur um flutning á bensíni, gasi og öðrum eldfimum efnum um Hvalfjarðargöng?

Því er til að svara að lögreglustjórinn í Reykjavík hefur að fenginni tillögu vegamálastjóra takmarkað flutning á hættulegum farmi um Hvalfjarðargöng, samanber auglýsingu um umferð í Reykjavík, nr. 373 frá 19. júní 1998. Samkvæmt auglýsingunni er flutningur á hættulegum farmi bannaður á álagstíma venjulegrar umferðar. Bannið gildir frá kl. 10 á föstudögum til kl. 24 á sunnudögum allt árið. Bannið nær yfir lengri tíma um páska, hvítasunnu og verslunarmannahelgi.

Í öðru lagi er spurt: Telur ráðherra koma til álita að banna flutninga sumra efna um göngin? Ekki eru þekkt dæmi þess erlendis frá að flutningur eldfimra efna um jarðgöng sé alfarið bannaður þar sem umferð er innan við 3 þúsund bílar á dag að meðaltali og aðrar aðstæður svipaðar og í Hvalfjarðargöngum. Víða eru engar takmarkanir á slíkum flutningi nema þar sem umferð er 5–10 sinnum meiri en í Hvalfirði og þá eru þessir flutningar leyfðir á ákveðnum tímum eða undir sérstöku eftirliti. Þekkt eru dæmi um göng þar sem umferð er meiri en 50 þúsund bílar á dag og þar sem flutningur hættulegra efna er bannaður. Tekið skal fram að margs konar annar flutningur en bensín, gas og olíur getur verið mjög eldfimur. Ef fylgja ætti eftir banni á flutningi eldfimra efna um Hvalfjarðargöng, þyrfti að hafa eftirlit með öllum flutningabílum.

Undanfarin ár hefur verið unnið á vegum OECD að viðamiklu verkefni um flutning hættulegra efna í jarðgöngum. Vegagerðin fylgist með því verkefni. Reiknað er með að tillögur verði lagðar fram í árslok 2000 eða núna í lok þessa árs. Ekki er óeðlilegt að bíða eftir niðurstöðum úr þeirri vinnu áður en breytingar verða undirbúnar eða tekin afstaða til þeirra hér á landi.

Ég vil undirstrika að ég tel afskaplega mikilvægt að fara varlega og setja reglur heldur strangari en hitt því að þarna þarf að gæta fyllsta öryggis. Þegar þessar athuganir liggja fyrir mun ég leggja á ráðin um það hvernig skuli fara að og hvort þær tillögur sem koma út úr þessari umfjöllun á vegum OECD yrðu gagnlegar fyrir okkur og þá hvort settar yrðu e.t.v. strangari reglur en þar kæmi fram. En þetta er sem sagt verið að skoða og Vegagerðin mun fylgjast grannt með þessu en þarna þarf auðvitað að hafa náið samstarf við forsvarsmenn hlutafélagsins Spalar því að það eru hagsmunir þess félags að öryggi sé sem allra best og mest í göngunum.

[15:09]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir þá fyrirspurn sem hann leggur fram. Í ljósi þess að um göngin fara milli 4–6 þúsund bílar á dag skiptir verulegu máli að öryggi sé fyrir öllu í jarðgöngunum. Við höfum oft heyrt af alvarlegum slysum þeim tengdum erlendis.

Það sem kemur mér hins vegar mjög á óvart þegar þetta hefur komið í umræðu er það að olíufélögin hafa eiginlega svarað um hæl að verði einhver takmörkun sett á umferð olíuflutningabíla eða gasflutningabíla um jarðgöng þýði það verulegar hækkanir á eldsneyti til bifreiða, ja sennilega utan Reykjavíkur. Hvernig var þessu háttað áður en jarðgöng komu? Ég spyr: Hefur eldsneyti á bifreiðar eitthvað lækkað við komu Hvalfjarðarganganna? Það hefur ekki orðið en þetta er mikið öryggismál.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið og hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir góða ábendingu. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að lögreglustjóri hefði takmarkað þessa flutninga sem væru bannaðir frá ákveðnum tíma á föstudögum og fram á sunnudagskvöld. Mér finnst það reyndar ófullnægjandi og vil þá spyrja í leiðinni, hvernig er eftirliti með þessu banni háttað? Nú eru margir sem vilja halda því fram að þessu banni sé ekki fylgt eftir og væri fróðlegt að heyra hvernig eftirliti er háttað með því.

Ég vitnaði í ræðu minni í umfjöllun DV í mars um eldhættu í Hvalfjarðargöngum. Af því að hæstv. ráðherra ræðir um hlutafélagið Spöl, þá segir forsvarsmaður Spalar í þessu viðtali við DV, með leyfi forseta:

„Áhættan sem verið er að reikna liggur svo til öll í stóru bílunum. Vegna þess hve nærri var farið um fjölda þeirra um göngin í upphafi hefur áhættan sáralítið breyst. Hún er enn innan þeirra marka um hvað er ásættanlegt miðað við þá erlendu staðla sem eru notaðir."

Í þessari grein kemur jafnframt fram að í Noregi sé óhappatíðni heldur meiri á þjóðvegunum en í göngum yfirleitt. En tilvitnanir í erlenda staðla sannfæra mig ekki um ágæti þessara flutninga. Ég tel að það eigi að banna flutninga á bensíni og gasi um Hvalfjarðargöngin. Það skapar ekki vandræði vegna þess að aðrir kostir eru fyrir hendi varðandi þessa flutninga. Það er ágætur vegur fyrir Hvalfjörð með lítilli umferð og er upplagt að flytja t.d. gas landveginn.

Þá minni ég á að olíufélögin fluttu bensín sjóleiðina til Akraness áður en göngin komu og dreifðu því þaðan um allt Vesturland og jafnvel lengra. Olíufélögin eiga þessa aðstöðu á Akranesi og er engin vorkunn að nota hana eða þá að öðrum kosti að flytja bensín um landveg fyrir Hvalfjörð.

Herra forseti. Mér finnst flutningur á bensíni og gasi um göngin eins og rússnesk rúlletta. Eitt óhapp gæti valdið óbætanlegum skaða. Þess vegna tel ég að það eigi að banna þessa flutninga.

[15:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér hefur komið fram sú skoðun að það eigi að banna þessa flutninga. Ég tel að full ástæða sé til þess

að skoða það. Það vill svo vel til að við höfum greiðan og fáfarinn veg fyrir Hvalfjörð sem hægt er að nýta til þessara flutninga og olíunotkun eða bensínnotkun á farartækin ætti ekki að verða ofviða þeim sem stunda þessa flutninga.

Vegna þess sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda tel ég að það sé óhjákvæmilegt, bæði vegna ábendinga hans og líka vegna þess að Vegagerðin hefur verið að skoða þetta, að taka afstöðu til þess hvort það eigi að ganga svo langt að banna þessa flutninga. Ég get alveg tekið undir það að við eigum ekki endilega að taka hrátt upp reynslutölur annars staðar frá en aðalatriðið er það að við reynum að tryggja öryggi sem allra mest. Ég mun taka þetta mál til frekari meðferðar á þessu ári, ekki seinna en þegar þær skýrslur liggja fyrir sem ég vitnaði til en það þarf auðvitað að gera eins og ég sagði, í samráði og góðu samstarfi við forsvarsmenn Spalar.

Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir mjög nauðsynlega fyrirspurn, að fá fram umræður um þetta. Vonandi verður ekki langt að bíða að skýrari svör liggi þarna fyrir. Hvað varðar eftirlitið þá er það í höndum lögreglunnar og ég verð að viðurkenna að mér er ekki ljóst hvernig að því er staðið að öðru leyti en því sem þar er eins og önnur löggæsla á þjóðvegum þannig að ég verð að vísa til þess.

ILO-samþykkt um aðbúnað skipverja.

Fsp. GHall, 512. mál. — Þskj. 811.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fsp. fyrir hæstv. samgrh. þar sem ég spyr hvenær búast megi við fullgildingu ríkisstjórnar Íslands á ILO-samþykktinni S.163 frá 1987, um aðbúnað skipverja, en samkvæmt samþykktinni skuldbinda aðildarríkin sig til að tryggja velferð sjómanna bæði á hafi úti og í höfn. Aðildarríkin skuldbinda sig til að tryggja nægilega góðar aðstæður í höfnum og að tryggja reglubundið eftirlit og endurnýjun hvað þetta varðar.

Þannig hagar til að um 900 erlend kaupskip koma til Íslands á hverju ári og flest þeirra hér í Faxaflóahafnir. Ríkin sem hafa fullgilt ILO-samþykktina, sem tók gildi 30. október 1990, eru 11. Svíþjóð fullgilti samþykktina 21. febrúar 1990, Finnland 30. júní 1993, Noregur í nóvember 1993, Danmörk árið 1993 og innan ESB hefur Spánn fullgilt samþykktina.

Þessi samþykkt, herra forseti, gengur út á að þessi ríki taka ákveðið gjald af skipakomum eða vörugjöldum sem síðan er notað til að byggja upp velferðarráð eða sérstök sjómannaheimili þar sem erlendir sjómenn eigi afdrep þegar þeir koma í þessar hafnir. Stefnt er að því að koma þessu við sem víðast því að við vitum að erlendir sjómenn á erlendum skipum, ég tala ekki um á skipum undir hentifánum, eru oft langtímum að heiman og nýta þá mjög þessa möguleika sem þeir eiga í sjómannastofum við hafnir þeirra landa sem þeir koma til. Ég tel mikla nauðsyn á að koma þessu upp í ljósi þess fjölda skipa sem hingað kemur og líka að við stöndum vel að vígi varðandi þá ILO-samþykkt sem hér er fjallað um. Því legg ég þessa fyrirspurn til hæstv. samgrh.

[15:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir þessa fsp. sem hljóðar eins og hann gerði grein fyrir:

„Hvenær má búast við fullgildingu ríkisstjórnar Íslands á ILO-samþykktinni S.163 frá 1987, um aðbúnað skipverja?"

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163 frá 1987 fjallar um aðbúnað skipverja. Samþykktin hefur verið fullgilt af 11 ríkjum en þau eru: Brasilía, Tékkland, Danmörk, Finnland, Ungverjaland, Mexíkó, Noregur, Slóvakía, Spánn, Svíþjóð og Sviss.

Samgrn. hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort Ísland eigi að fullgilda þessa samþykkt. Í samþykktinni er miðað við að ákvæði hennar skuli innleidd í löggjöf viðkomandi ríkis í samráði við samtök skipaeigenda og sjómanna. Á næstunni mun ég hins vegar óska eftir afstöðu útgerða og stéttarfélaga sjómanna til samþykktarinnar og hvort Ísland eigi að fullgilda hana. Ég legg mjög mikið upp úr því samráði.

Í framhaldi af því mun samgrn. í samráði við félmrn., sem fer með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hér á landi, ákveða framhald málsins. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að Ísland hefur nýlega fullgilt ILO-samþykkt nr. 147, um lágmarkskröfur á kaupskipum. Þar er m.a. ákvæði um aðbúnað skipverja. Sú samþykkt er hluti af svokölluðu hafnríkiseftirliti sem Siglingastofnun Íslands annast fyrir okkar hönd.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans. Hann veitti ítarlegri upplýsingar um þau lönd sem hafa samþykkt þessa fullgildingu ILO en sú skýrsla sem ég er með sem er gefin út 1998.

Þannig háttar til að velferðarsjóður Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins hefur lýst miklum áhuga á því að slík aðstaða skapist hér, annaðhvort í Reykjavíkurhöfn eða Hafnarfjarðarhöfn, og hefur heitið fjármagni til stuðnings slíkri framkvæmd, ef keypt yrði húsnæði eða leigt til að búa til athvarf fyrir erlenda sjómenn. Ég á von á því, eins og fram kom í svari hæstv. samgrh., að þeir sem gæta hagsmuna Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins eigi góðan fund með hæstv. samgrh. þar sem hægt yrði að koma þessum málum í framkvæmd. Það er mjög mikil nauðsyn á því og hér tala ég af reynslu sem farmaður í erlendri höfn. Ég hef verið í norskri sjómannastofu í breskri höfn sem sjómaður og líka í höfnum í Karíbahafinu þar sem vel var tekið á móti okkur. Ég hef þannig reynslu af því hversu góð þjónusta er veitt á slíkum sjómannastofum. En ég endurtek þakkir mínar til hæstv. samgrh.

Skipulagsbreytingar hjá Íslandspósti hf.

Fsp. ÖJ, 613. mál. — Þskj. 977.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Eitt af þeim málum sem afgreidd hafa verið sem lög frá Alþingi nú undir þinglokin er frv. sem heimilaði Íslandspósti hf. að ganga til samstarfs við sparisjóði og banka um rekstur á starfsemi póstþjónustunnar. Til að þetta gæti gengið eftir þurfti að gera breytingar á bankalögum en áður hafði Íslandspóstur hf. gengið til samninga og samstarfs við önnur fyrirtæki.

Í flestum tilvikum hefur verið um það að ræða að útibúum Íslandspósts hafi verið lokað, þau hafi verið lögð niður og nú eru komin allmörg dæmi um slíkt. Ég þekki til fjölmargra

samstarfssamninga af þessu tagi og má þar nefna Laugarvatn, Reykjahlíð, Hrísey, Flateyri, Grenivík, það má nefna Laugar í Reykjadal, Grímsey, Brú í Hrútafirði, Bíldudal og viðræður um fleiri staði munu eiga sér stað þótt endanlegar áætlanir liggi ekki fyrir. Ég gleymdi að nefna Flúðir en fyrir nokkru birtist frétt í Suðurlandsblaði Dags þar sem segir í fyrirsögn: „Óánægja á Flúðum með áform póstsins. Pósthúsið í bankann. Óánægja. Komum ekki auga á sparnaðinn." Þessi orð munu höfð eftir starfsfólkinu þar.

Í sumum tilvikum hefur tekist að tryggja fólkinu áframhaldandi atvinnu, starfsfólki fyrrverandi útibúa, en í öðrum tilvikum hefur það ekki gerst. Það er ekki nóg með að fólk missi atvinnu sína heldur veikir þetta viðkomandi byggðir.

En annað og meira er að gerast. Starfsmannastefna þessa fyrirtækis, Íslandspósts hf., virðist vera að taka breytingum. Þannig hef ég heimildir fyrir því að einstaklingur hafi verið beðinn um að láta af störfum. Þegar hann vildi fá að vita ástæðuna var honum sagt að hann væri nálægt 65 ára aldrinum en stefnan væri nú tekin á að hafa helst ekki eldra fólk í starfi hjá þessari stofnun. Í framhaldi af þessu öllu beini ég til hæstv. samgrh. eftirfarandi fsp.:

Hvaða áhrif hafa skipulagsbreytingar hjá Íslandspósti hf. haft á starfsmannahald og starfsmannastefnu á landsbyggðinni frá því að stofnunin var gerð að hlutafélagi?

[15:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir þessa fsp. því að það er vissulega ástæða til að koma á framfæri skýringum sem mér gefst færi á að gefa hér.

Áður en ég svara fsp. er nauðsynlegt fyrir okkur, bæði mig og hv. fyrirspyrjanda, að setja okkur í þær stellingar að muna að þetta er ekki lengur stofnun heldur hlutafélag sem við erum að tala um, Íslandspóstur hf. Stundum gleymir maður því vissulega að svo er. En fsp. hv. þm. er svohljóðandi:

„Hvaða áhrif hafa skipulagsbreytingar hjá Íslandspósti hf. haft á starfsmannahald og starfsmannastefnu á landsbyggðinni frá því að stofnunin var gerð að hlutafélagi?"

Almenn starfsmannastefna Íslandspósts er og hefur verið frá stofnun félagsins eftirfarandi og engar breytingar eru fyrirhugaðar á henni:

Íslandspóstur leggur áherslu á að bjóða starfsmönnum sínum áhugaverð störf, aðlaðandi vinnustaði og kjör og frama sem tengjast árangri. Fyrirtækið beitir sér fyrir því að menntunarstig og félagslegur aðbúnaður starfsmanna, svo sem starfsmannafélag og samstarf við stéttarfélög, þróist í takt við þjóðfélagsaðstæður almennt.

Íslandspóstur hefur margþætta starfsemi á landsbyggðinni. Dreifing bréfa og böggla er eðli málsins samkvæmt meginþjónustan og sú mikilvægasta en auk hennar starfrækir Íslandspóstur afgreiðslustaði sem sinna móttöku og að einhverju marki afhendingu póstsendinga. Afgreiðslustaðir Íslandspósts hafa einnig sinnt þjónustu vegna greiðslumiðlunar og þjónustu við óskylda aðila svo sem Landssíma Íslands hf. og Happdrætti háskólans.

Frá stofnun félagsins 1. janúar 1998 hafa áherslur í rekstri fyrirtækisins breyst nokkuð á þann veg að dreifingarþátturinn hefur fengið aukið vægi. Breytt samsetning pósts hefur aukið umfang bréfadreifingar og áætlanir um fimm daga þjónustu landpósta eykur verulega dreifingarstarfið meðan verkefni í afgreiðsluþættinum hafa dregist saman.

Þjónusta fyrir Landssíma Íslands hefur minnkað verulega og fjöldi greiddra gíró- og greiðsluseðla hefur dregist saman um nálægt 10% á ári hverju. Til að mæta þessari breyttu stöðu hefur Íslandspóstur tekið upp samstarf við aðra aðila eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, aðallega banka og sparisjóði, um sameiginlegan rekstur á afgreiðslustöðum. Það hefur gefist vel. Þegar tekið er upp samstarf við aðra aðila er lögð áhersla á að þjónusta póstsins skerðist ekki og það tel ég að hljóti að vera allra mikilvægasta viðfangsefnið.

Fjöldi starfsmanna á landsbyggðinni að meðtöldum landpóstum hefur frá stofnun félagsins þróast á eftirfarandi hátt: Á Vesturlandi voru starfandi árið 1998 86 starfsmenn en nú árið 2000 eru þeir 89 og hefur fjölgað um þrjá á Vesturlandi. Á Vestfjörðum voru þeir 91 1998 en hefur fækkað um tvo og eru nú 89. Á Norðurlandi vestra hefur fjölgað um tvo starfsmenn úr 63 í 65. Á Norðurlandi eystra hefur hins vegar fjölgunin orðið nokkur þar sem 1998 voru 129 starfsmenn en þeim hefur fjölgað um 15 eða í 144. Á Austurlandi hefur starfsmannafjöldinn staðið í stað frá 1998, þar eru 105 starfsmenn. Á Suðurlandi hefur fjölgað um fimm, úr 111 í 116. Á Suðurnesjum hefur þeim einnig fjölgað um fimm, úr 69 í 74. Á landsbyggðinni voru því samtals 654 starfsmenn árið 1998 og eru 28 starfsmönnum fleiri á þessu ári eða 682. Þetta er nauðsynlegt að draga fram.

Í ljósi fyrrnefndra breytinga á verkefnum Íslandspósts og þróun í nágrannaríkjum okkar, þar sem póstfyrirtæki reka sjálf á bilinu 30–45% af afgreiðslustöðum sínum, auk ágætrar reynslu af samstarfi við aðra aðila um sameiginlegan rekstur afgreiðslustaða má búast við að á næstu tveimur til þremur árum muni Íslandspóstur fjölga stöðum þar sem póstafgreiðslur eru reknar í samstarfi við aðra aðila.

[15:30]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 13. þm. Reykv. og hæstv. samgrh. fyrir þeirra innlegg í þetta mál. Það er nauðsynlegt að vekja athygli á hinni miklu breytingu sem er að verða í póstmálum hér á landi. Þetta var tiltölulega varin og örugg atvinnugrein sem var ekki í mjög mikilli samkeppni. Það hefur breyst.

Við erum í dag að upplifa mikla samkeppni á þessu sviði, nú er möguleiki á að senda rafpóst og ýmsir aðrir aðilar hafa komið til skjalanna, t.d. eru dagblöðin í beinni samkeppni við póstdreifinguna í landinu. Dagblöðin dreifa alls konar upplýsingum og þess háttar sem áður fór í gegnum póstkerfið. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir okkar póstkerfi að geta brugðist við.

Við sjáum líka að úti í heimi eru póstfyrirtæki hreinlega að sameinast flugfélögum eins og dæmi eru um, til að mynda í Þýskalandi. Við munum enn sjá mjög miklar breytingar á þessu sviði sem nauðsynlegt er að höfuðpóstflutningafyrirtæki okkar, Íslandspóstur, hafi möguleika og burði til að bregðast við. Þess vegna er mikilvægt að fyrirtækið hafi aðstöðu til að aðlaga sig breyttum tímum.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin sem mér fannst vera athyglisverð en krefjast þess að farið verði nánar í saumana á þeim.

Í svari hans kemur fram að starfsmönnum Íslandspósts hf. hafi þegar á heildina er litið fjölgað um 28 á landsbyggðinni á tveimur árum. Þetta kemur mér á óvart í ljósi þess að verið

er að loka pósthúsum víða í fámennum byggðarlögum. Ég nefndi mörg dæmi þar um. Þessar upplýsingar þarf að skoða betur enda kom í ljós að í ákveðnum landshlutum hefur starfsmönnum Íslandspósts fækkað, svo sem á Vestfjörðum. Ég mun óska eftir því að þetta verði kannað betur.

Hæstv. samgrh. minnti okkur á að hér væri um að ræða aðra stofnun, Íslandspóst hf., en var fyrir hlutafélagavæðingu. Það er alveg rétt og kom reyndar fram í máli forstjóra annarrar skyldrar stofnunar sem heyrir undir sama ráðherra. Þórarinn V. Þórarinsson forstjóri Íslandspósts sagði á aðalfundi Landssíma Íslands hf., samkvæmt fréttum í Morgunblaðinu, að kjarnakrafan í rekstri fyrirtækisins væri arðsemin. Allt annað yrði að lúta því. Þegar hæstv. samgrh. leggur áherslu á að meginstefna fyrirtækisins sé að bjóða fólki áhugaverð störf þá er staðreyndin sú að í fámennustu byggðarlögum er verið að segja upp fólki, leggja pósthús niður og veikja þar með byggðarlögin.

Ég vil inna hæstv. samgrh. eftir því sem ég spurði einnig um í máli mínu áðan, þ.e. þá tilhneigingu eða stefnu, sem virðist vera að gera vart við sig innan þessa fyrirtækis, að segja upp fullorðnu fólki. Ég hef dæmi um það og óska eftir svörum við því.

[15:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni þá er það í nokkrum tilvikum svo að störfum hefur fækkað hjá Íslandspósti. Þegar á heildina er litið, utan höfuðborgarsvæðisins, hefur þeim samt sem áður fjölgað þegar landpóstarnir eru taldir með.

Það er alveg ljóst að einhver breyting verður á þessu ári. Það mun fækka í einhverjum tilvikum þar sem verkefni hafa dregist mjög saman, m.a. vegna þeirra breytinga sem hv. 1. þm. Vestf. gat um. Það verður ekki litið fram hjá þeim breytingum sem orðið hafa í þjóðfélagi okkar í tækni prentmiðlanna, tölvupóstinum og slíku. Þarna eru breyttar aðstæður.

Hvað varðar arðsemiskröfurnar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gat um þá er auðvitað nauðsynlegt að hafa í huga að opinberar stofnanir og fyrirtæki í opinberri eigu sýni árangur af rekstri sínum. Það er auðvitað mjög mikilvægt. Ég held að það styrki stöðu þessara fyrirtækja ef hægt er að sýna fram á að þau séu vel rekin og þar af leiðandi sé arður af rekstrinum á sama tíma og veitt er góð þjónusta. Þarna þarf þetta tvennt að fara saman.

Varðandi það að verið sé að segja upp eldra fólki þá kannast ég ekki við það. Ég veit ekki til þess að sú starfsmannastefna sé uppi hjá Íslandspósti. (**ÖJ:** Mun ráðherrann kanna það?) Ráðherra mun kanna það eftir því sem hægt er en það er ekki á mínu valdi að hlutast til um starfsmannahald í umræddu fyrirtæki frekar en öðrum.

Norræna rannsóknarsamstarfsverkefnið „Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi“.

Fsp. SighB og SvH, 605. mál. — Þskj. 919.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hæstv. samgrh. og starfandi menntmrh. fyrir þá lipurmennsku hans að sjá til að þessari fyrirspurn yrði svarað þó að ráðherrann sem henni var beint til sé erlendis og geti ekki verið viðstaddur.

Markmið verkefnisins sem hér um ræðir er að kanna upphaf byggðar á Íslandi og raunar í Færeyjum einnig á grunni rannsókna. Niðurstöður þeirra rannsókna gætu breytt hefðbundinni söguskoðun og tímasetningu landnáms á Íslandi sem grundvallast hefur á túlkun sagnaarfsins í íslenskum ritum frá miðöldum. Ýmsir aðilar hafa veitt styrk til verkefnisins og margir vísindamenn tekið þátt í því en verkefnisstjóri hefur verið dr. Margrét Hermanns Auðardóttir. Niðurstöðurnar sem þegar hafa fengist benda til þess að landnám á eyjunum í Norður-Atlantshafi hafi hafist mun fyrr en menn áður töldu. M.a. eru líkur taldar á því að heiðnir menn og kristnir hafi búið saman í landinu á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Ýmsar aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið síðar og nýlega hafa farið fram renna enn frekari stoðum undir þessa tilgátu.

Á Íslandi er nú efnt til mikilla viðburða, bæði vegna árþúsundamótanna og til að minnast þess að þúsund ár eru liðin frá kristnitöku á Þingvöllum. Tilvalið er því að ljúka því ári endanlega og með því athyglisverða verkefni sem felst í Íslandsþætti hins samnorræna verkefnis um byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi, ekki síst vegna þess að þar kann að verða rennt sannfærandi vísindalegum stoðum undir breytingar á viðtekinni söguskoðun um búsetu manna á Íslandi og upphaf Íslandsbyggðar. Þess var farið á leit við menntmrh. að hann svaraði eftirfarandi fsp. sem nú hafa verið lagðar fram:

1. Hvernig áformar ráðherra að tryggja að lokið verði við Íslandsþáttinn í norræna rannsóknarverkefninu Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi?

2. Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því að úrvinnslu rannsókna á Íslandsþætti verkefnisins geti lokið á árinu 2000?

[15:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Mér er vissulega ánægja að fá tækifæri til að svara fsp. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, ekki síst vegna þess að ég hef fylgst nokkuð með því rannsóknarverkefni sem hér er um að ræða. Menntmrn. bjó hins vegar í mínar hendur svör við fsp. hv. þm.

Í fyrsta lagi var spurt: Hvernig áformar ráðherra að tryggja að lokið verði við Íslandsþáttinn í norræna rannsóknarverkefninu „Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi“?

Svarið er svohljóðandi: Það er ekki á ábyrgð menntmrh. að hlutast til um einstaka rannsóknarverkefni. Styrkir til rannsóknarverkefna á verksviði menntmrn. fara í gegnum sjóði Rannsóknaráðs Íslands. Á þessu ári var verkefninu „Byggð og tímatal í Norður-Atlantshafi“ veittur 300 þús. kr. styrkur vegna útgáfu á niðurstöðum verkefnisins. Sé verkefninu ólokið hafa íslenskir vísindamenn möguleika á að senda inn umsóknir um styrki í tæknisjóð eða vísindasjóð Rannsóknaráðs Íslands.

Í annan stað var spurt: Er ráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því að úrvinnslu rannsókna á Íslandsþætti verkefnisins geti lokið á árinu 2000?

Svarið er svohljóðandi: Hvað varðar úrvinnslu á Íslandsþætti verkefnisins er bent á að ósk frá aðstandendum verkefnisins um aðgang að rannsóknargögnum hefur verið beint til Þjóðminjasafns Íslands. Í bréfi til verkefnisstjóra „Byggðar og tímatals í Norður-Atlantshafi“ dags. 6. maí 1999, kemur m.a. fram að ráðuneytið hafi óskað eftir því við þjóðminja-

vörð að aðgangur og afrit af gögnum sem enn hefðu ekki verið afgreidd yrðu send eða afhent verkefnisstjóra. Menntmrh. hlutast ekki til um þær faglegu forsendur sem liggja að baki afgreiðslu slíkra mála. Það er á ábyrgð sérfræðinga Þjóðminjasafnsins.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Það vill svo vel til að hæstv. samgrh. og starfandi menntmrh. þekkir líka mjög vel til málsins, sjálfsagt ekkert síður en núv. hæstv. menntmrh., vegna þess starfs sem hann áður sinnti og varðar þjóðminjar.

Hins vegar liggur fyrir, herra forseti, að mjög erfitt hefur verið fyrir verkefnisstjóra að ná eðlilegu samstarfi við Þjóðminjasafnið um að fá þar aðgang að upplýsingum. Hæstv. menntmrh. ber náttúrlega skylda til þess að stuðla að því að rannsóknargögn sem varða sögu Íslands og geta varpað nýju ljósi á hana séu aðgengileg þeim aðilum sem þurfa á þeim upplýsingum að halda. Ég tel að hæstv. menntmrh., og óska eftir því að hæstv. starfandi menntmrh. komi þeim orðsendingum til hans, beri að tryggja það sjálfum að bréf sem hann sendir og fyrirmæli sem hann sendir til stofnana sem undir hann heyra séu virt.

Í öðru lagi er mjög mikilvægt að þessum rannsóknum verði endanlega lokið og niðurstöðurnar gefnar út. Mér er tjáð að út af fyrir sig sé vinnunni lokið, eingöngu eigi eftir að draga saman fræðin og undirbúa verkið til útgáfu. Ég held að 300 þús. kr. dugi varla til að ljúka slíkri vinnu. Hins vegar vitum við báðir, ég og hæstv. ráðherra, að hæstv. menntmrh. hefur yfir að ráða nokkru fjármagni sem hann getur sjálfur ráðstafað til að ljúka verkefni eins og þessu. Ég fer þess á leit við starfandi hæstv. menntmrh. að hann komi þeirri eindregnu ósk minni áleiðis að menntmrn. og menntmrh. sjái til að þessari merkilegu rannsókn verði lokið og niðurstöður hennar gefnar út, ekki síst þegar við vitum að það gæti varpað alveg nýju ljósi á söguna varðandi upphaf Íslandsbyggðar.

Skattaleg staða einstaklingsreksturs.

Fsp. EKG, 617. mál. — Þskj. 1015.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Menn kjósa rekstrarform út frá mismunandi ástæðum þegar þeir hasla sér völl í atvinnurekstri. Eins og við vitum heimilar löggjöfin margs konar form í þessum efnum: hlutafélagaform, sameignarform, samvinnufélagsform og einstaklingsrekstur. Auðvitað getur þetta allt átt sér ákveðnar ástæður, hvaða rekstrarform menn kjósa sér. Oft hefja einstaklingar atvinnurekstur í smáum stíl og telja ekki ástæðu til þess að stofna um það sérstakt hlutafélag, hefja reksturinn en þegar fram líða stundir telja þeir skynsamlegt að stofna um það sérstakt félag. Það hefur auðvitað færst í vöxt að menn nýti sér hlutafélagaformið enda hentar það greinilega hvað best til atvinnurekstrar eins og menn hafa verið að átta sig á, ekki síst hjá hinu opinbera þegar fyrirtækjum er breytt í hlutafélag.

Oft er byrjað smátt og síðan vindur reksturinn upp á sig. Margar ástæður geta verið fyrir því að mönnum hentar betur að færa rekstur sinn úr einstaklingsrekstri yfir í hlutafélag. Það er t.d. ljóst að talsverður munur er á skattlagningu þessara rekstrarforma og í ákaflega athyglisverðri grein í fréttablaði ríkisskattstjóra frá því í maí á þessu ári, sem heitir Tíund, rekur Jón Ásgeir Tryggvason, deildarstjóri skattaskrifstofu, þessi mál og vekur athygli á því að talsverður munur er á skattlagningu ýmissa rekstrarforma, bæði þegar maður hættir og selur hlut sinn.

Í greininni segir að þegar maður er með reksturinn í formi einkahlutafélags eða sameignarfélags geti hann valið um að selja reksturinn út úr félaginu, selja eignarhlut sinn eða reksturinn í heilu lagi. Maður sem er í einstaklingsrekstri hefur ekki þetta val. Allur skattskyldur hagnaður sem myndast við sölu rekstrarfjármuna fer í almennt skattþrep og í sérstakan tekjuskatt eftir atvikum.

Í þessari grein kemur líka fram að ríkisskattstjóri hafi 4. desember árið 1997 gefið út sérstakar verklagsreglur um stofnun einkahlutafélaga með yfirtöku einstaklingsreksturs. Reglur þessar fela það í sér að eignir sem fluttar eru úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag skuli færðar yfir á markaðsverði eða gangverði.

Nú er okkur kunnugt um að mörgum hentar betur að færa rekstur sinn m.a. af skattalegum ástæðum en einnig af öðrum ástæðum, t.d. til að takmarka ábyrgð sína við innborgað hlutafé. Þarna getur verið um að ræða að draga úr áhættu fjölskyldna við atvinnurekstur sem í eðli sínu er alltaf áhættusamur. Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að leggja fram eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Er ætlun ráðherra að beita sér fyrir breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt þannig að einstaklingar með atvinnurekstur á eigin kennitölu geti fært reksturinn yfir á kennitölu lögaðila og miðað yfirfærslu eignanna við skattalegt bókfært verð atvinnurekstrar síns?"

[15:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Svarið við þessari fsp. er í stuttu máli að ég hef ríkan vilja til að taka á því álitamáli sem hv. þm. vekur athygli á. Ég hef falið ráðgjafarnefnd í skattamálum, sem unnið hefur á mínum vegum á liðnum vetri, að taka þetta mál sérstaklega fyrir. Nefndarmenn eru að mestu leyti fólk sem starfar utan skattkerfisins í samvinnu við starfsmenn ráðuneytisins. Afraksturinn af starfi þessa hóps má m.a. sjá í því skattalagafrumvarpi sem hér var afgreitt í gærkvöldi, að því er varðar kauprétt starfsmanna í hlutafélögum, svokallaðan valrétt. Það er hið beina svar við spurningunni.

Hér er um að ræða álitaefni sem snertir heimild einstaklinga með rekstur til að breyta um rekstrarform. Dæmi geta verið um að einstaklingur sem hefur verið með rekstur í eigin nafni í mörg ár hafi hug á að færa reksturinn og allar eignir og skuldir honum tengdar yfir í einkahlutafélag. Því hefur verið haldið fram að þar sé í raun ekki um að ræða neina eignabreytingu í rekstri þó nýr lögaðili verði formlegur eigandi. En markmiðið er á hinn bóginn það, eins og hv. þm. nefndi, að takmarka áhættu eigandans við það fjármagn sem hann hefur bundið í rekstrinum en ekki annað.

Þá skapast það vandamál að skattalegt verð varanlegra rekstrarfjármuna einstaklingsins kann að vera mjög lágt í samanburði við raunverð eða markaðsverð. Þess vegna hefur ríkisskattstjóri gefið út þær verklagsreglur — þetta er hluti þeirra verklagsreglna sem hann hefur gefið út — sem hv. þm. vitnaði til, dags. 4. desember 1997. Hins vegar hafa ýmsir gert athugasemdir við þá skattframkvæmd sem tíðkast hefur. Verslunarráðið hefur í skýrslu sinni um skattamál atvinnulífsins lagt til að í þeim tilvikum sem einstaklingsrekstur er

yfirtekinn af hlutafélagi og eignir og skuldir færðar í heild sinni yfir í hlutafélagið gegn afhendingu hlutabréfa í hinu nýstofnaða félagi sem gagngjalds, þá skuli afhending þeirra sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem lét eignirnar af hendi. Ýmsir aðrir sérfræðingar hafa varpað fram sambærilegum tillögum.

Hér er hins vegar ekki um einfalt viðfangsefni að ræða. Þetta getur verið býsna snúið og það þarf að gera greinarmun á því hvort um er að ræða breytingu sem einvörðungu er til komin af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar og tilvikum þar sem menn eru að reyna að sniðganga skattgreiðslur af öðrum ástæðum.

Ég efast hins vegar ekki um góðan ásetning flestra þeirra sem við þetta vandamál eiga að stríða. Eins og spurningin er lögð fram þá er því til að svara að ætlun ráðherra er að beita sér fyrir breytingum á þessu atriði í tekjuskattslögunum þannig að einstaklingsrekstur geti færst yfir á kennitölu lögaðila bærilegar en nú tíðkast. Ég vona að það svari spurningu þingmannsins.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir afar greinargóð og skýr svör. Ég fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu hans að hann hafi ríkan vilja til að taka á þessu álitamáli. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að þetta er auðvitað álitamál og flókið viðfangsefni eins og skattamál eru alltaf í eðli sínu. Það er þýðingarmikið að þær breytingar sem við beitum okkur fyrir og náum vonandi í gegn verði ekki til að opna glufur fyrir óeðlileg undanskot í skattkerfinu.

Hér er hins vegar um að ræða mikið réttlætismál eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh., þ.e. að auðvelda mönnum að breyta um rekstrarform án þess að um eignabreytingu sé að ræða. Við vitum að hlutafélagaformið hefur marga kosti í rekstrarlegu umhverfi. Eins og ég hef áður sagt kunna að hafa verið eðlilegar ástæður fyrir því í upphafi að menn kusu aðrar leiðir heldur en að hafa rekstur sinn í hlutafélagi. Þess vegna er í raun óeðlilegt að þeir eigi ekki möguleika á að breyta um rekstrarform þegar ekki er um eignabreytingu að ræða, án þess að það kosti stórfé í miklum sköttum til ríkissjóðs sem ég út af fyrir sig skil að hæstv. fjmrh. hefði áhuga á. En ég veit að vilji hæstv. fjmrh. stendur til að leysa þetta mál. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur komið því þannig fyrir að verið sé að skoða það af hálfu þeirrar ráðgjafarnefndar sem unnið hefur að undirbúningi breytinga á skattalöggjöfinni.

[15:53]

Útbýting þingskjala:

Staðfest samvist, 558. mál, þskj. 1195.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 644. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 1367.

Út af dagskrá voru tekin 1.–3., 7. og 23. mál.

Fundi slitið kl. 15:54.

---

115. FUNDUR

miðvikudaginn 10. maí,
kl. 8 síðdegis.

Dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður.

Almennar stjórnmálaumræður.

[20:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 22 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, tíu mínútur í fyrstu umferð og sex mínútur í annarri og síðustu umferð.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn. Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Samfylkingu tala í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 7. þm. Reykv., í annarri umferð Bryndís Hlöðversdóttir, 9. þm. Reykv., en í þriðju umferð talar Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.

Fyrir Sjálfstæðisflokk tala í fyrstu umferð Geir H. Haarde fjmrh., í annarri Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 5. þm. Reykn., en í þeirri þriðju Hjálmar Jónsson, 1. þm. Norðurl. v.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða í fyrstu umferð Steingrímur J. Sigfússon, 3. þm. Norðurl. e., í annarri umferð Kolbrún Halldórsdóttir, 17. þm. Reykv., en Árni Steinar Jóhannsson, 6. þm. Norðurl. e. í hinni þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Halldór Ásgrímsson utanrrh. í fyrstu umferð, í annarri Jónína Bjartmarz, 16. þm. Reykv., en í hinni þriðju Valgerður Sverrisdóttir, iðn.- og viðskrh.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv., Guðjón A. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í annarri umferð, og í hinni þriðju Sverrir Hermannsson, 18. þm. Reykv.

[20:02]

Össur Skarphéðinsson:

Góðir landsmenn. Góðir Íslendingar. Það er góð tilfinning að geta nú loksins gengið út í vorið eftir langan og strangan vetur. Sérstaklega er það góð tilfinning hjá okkur í Samfylkingunni og stuðningsmönnum okkar um allt land vegna þess að við höfum lokið þessum vetri með því að ná því verki fram sem við ætluðum okkur. Við höfum sameinast. Við höfum stofnað flokk og við höfum í sameiningu upplifað einhvern skemmtilegasta og áhugaverðasta pólitíska fund sem hér hefur lengi verið haldinn. Þessi upplifun var afskaplega sterk og hún var sameinandi fyrir okkur öll og hún er okkur ákaflega dýrmætt veganesti inn í framtíðina.

Andstæðingar okkar í þinginu segja auðvitað að ekkert hafi breyst. Þvílík grunnhyggni. Meira að segja Morgunblaðið heldur því fram að ekkert hafi breyst í Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi þar sem jafnaðarmenn hafa tekið tekið völdin af sjálfstæðisflokkum viðkomandi landa. Þvílík grunnhyggni, segi ég líka.

Í öllum þessum þjóðfélögum hafa orðið gagngerar, ákaflega jákvæðar breytingar. Alveg eins og jafnaðaröflin í Evrópu þá ætlum við líka að breyta til hins betra eftir okkar eigin leiðum. Samfylkingin er tilbúin og hún ætlar sér að jafna leikinn í íslensku samfélagi.

Það hjálpar okkur og það skiptir verulega miklu máli að sjónarmið samhyggju móta nú stjórn margra helstu ríkja í Evrópu. Það hefur áhrif langt út fyrir svið stjórnmálanna alveg eins og raunin varð með frjálshyggjuna á sínum tíma sem hafði áhrif um allan heim síðustu þrjá áratugi aldarinnar. Þetta breytta viðhorf, uppgangur jafnaðarstefnunnar, undanhald frjálshyggjunnar gerir það að verkum að barátta okkar hér á Íslandi fyrir nýjum hugmyndum, fyrir breytingum, verður auðveldari en ella.

Samfylkingin berst fyrir sanngjörnu samfélagi jafnra tækifæra. Hún vill að einstaklingurinn blómstri í samfélagi sem sinnir um hann og við erum þeirrar skoðunar að réttindi eigi að haldast í hendur við skyldur og við viljum að öflugt efnahagslíf og sanngjarnt samfélag fari saman. Það kann að koma mörgum á óvart en við erum líka þeirrar skoðunar að einstaklingsframtak og félagshyggja eigi samleið.

Við höfum einsett okkur að breyta íslenskum stjórnmálum með nýjum hugmyndum á grunni samhjálpar og atorku. Íslensk stjórnmál hafa í allt of ríkum mæli einkennst af hagsmunafrekju, af hagsmunagæslu jafnvel hér á Alþingi. Hagsmunir dagsins, stundum gærdagsins, ráða of miklu. Það er of lítið gert af því að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir með vandaðri og ígrundaðri stefnumótun. Þessu vill Samfylkingin breyta. Í því samfélagi sem Samfylkingin vill verður enginn skilinn út undan.

Í hverju málinu á fætur öðru sem þrýst er með offorsi í gegnum Alþingi hefur óvandaður málatilbúnaður komið mönnum í koll. Ég læt mér nægja að minna á Fljótsdalsvirkjun og reyndar ýmis önnur umhverfismál þar sem málatilbúnaður var fráleitt nógu góður. Við höfum m.a. af þessum ástæðum lagt til að löggjafarvaldið verði styrkt, m.a. með því að ráðherrar sitji ekki á þingi. Við viljum líka dreifa valdi, m.a. með því að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslu og reyna að þróa netið með þeim hætti að það verði auðveldara en ella og á því sviði eiga Íslendingar að taka forustu. Við erum líka þeirrar skoðunar að landið eigi að vera eitt kjördæmi.

Íslendingar hafa lifað gjöful ár og margs konar ávinningur hefur fallið okkur í skaut vegna góðs árferðis, vegna stöðugleikans sem verkalýðshreyfingin og vinstri flokkarnir náðu að koma á í byrjun síðasta áratugar og vegna EES-samningsins. Hvarvetna blasa við miklir möguleikar ef við höldum rétt á málum. Við erum þess vegna full bjartsýni og trúar á framtíð íslensks þjóðfélags.

En við erum ekki sammála hæstv. forsrh. sem heldur því enn fram að Íslendingar lifi í hinum besta af öllum heimum, öryrkjar lifi hér betra lífi en nokkurs staðar annars staðar, efnahagsmálin séu í jafngóðu lagi í 6% verðbólgu og þau voru í 2% verðbólgu og EES-samningurinn tryggi stöðu okkar í bak og fyrir þó hann sé sannarlega talsvert veikari en áður.

Góðir landsmenn. Þessi viðhorf Sjálfstfl. lýsa ekki raunsæju mati á stöðu mála.

Ég varaði eindregið við hættunni á vaxandi viðskiptahalla fyrir síðustu kosningar en uppskar lítið annað en flím og köpuryrði af hálfu þeirra herra sem enn stjórna landinu. Nú segir Seðlabankinn að viðskiptahallinn sé kominn í 7% af þjóðartekjum og stefni í 8%. Þetta, góðir landsmenn, er einsdæmi meðal þróaðra þjóða. Þetta eru hættumörk í öllum alþjóðlegum samanburði og þjóðir sem hafa lent í langvarandi erfiðleikum af þessu tagi hafa allar mátt þola þunga ágjöf. „En allt er í himnalagi", segir samt forsrh., og sér engan mun á 6% og 2% verðbólgu, engan mun á 7% og 4% viðskiptahalla, engan mun á hættuástandi og stöðugleika.

Sannleikurinn er sá að 6% verðbólga er algjörlega óviðunandi fyrir fólkið og fyrir fyrirtækin í landinu. Hún felur í sér þungar byrðar fyrir launafólk, byrðar sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar verða að bera af meiri þunga en aðrir því gegn verðbólgunni verja hvorki skattfrelsismörk né persónuafsláttur. Fyrir hönd þessa fólks og fyrir hönd þjóðarinnar þá spyr ég, þá spyr Samfylkingin: Hvar er nú flugbrautin fyrir mjúku lendinguna í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin lofaði?

Eins og menn muna eftir voru menntamálin í öndvegi á stofnfundi Samfylkingarinnar um síðustu helgi. Við teljum að í framtíðinni muni hin heföbundnu jöfnunartæki sem felast í skattheimtu, millifærslum og almannatryggingakerfi ekki duga ein og sér. Við erum þeirrar skoðunar að menntakerfið verði hið nýja jöfnunartæki og það verður fyrsta verk Samfylkingarinnar þegar hún tekur forustu í nýrri ríkisstjórn að tryggja tilfærslu fjármuna til menntamála. Það sviði eitt getur tryggt öllum jöfn tækifæri í markaðs- og upplýsingasamfélaginu.

Góðir landsmenn. Á Íslandi eru bætur almannatrygginga, grunnlífeyrir og tekjutrygging miðaðar við lægstu tekjur og þær byrja að skerðast strax við lágar meðaltekjur. Það verður til þess að öryrkjar, langveikir og ýmsir hópar aldraða búa við miklu lakari kjör hér en í ýmsum grannlöndum. Þetta segir Samfylkingin að sé smánarblettur á íslensku samfélagi sem við verðum að afmá og með nákvæmri greiningu, með vandaðri stefnumótun, með breytingum á almannatryggingakerfinu teljum við að það sé unnt að rétta hag þessara hópa án þess að það valdi efnahagslegum erfiðleikum eins og ýmsir aðrir en við hafa haldið fram.

Samfylkingin hefur gert upp við sig að brýnasta mál dagsins er að vinda ofan af gjafakvótakerfinu. Þingflokkur Samfylkingarinnar er einhuga um nýja stefnu í sjávarútvegsmálum og þessi stefna var samþykkt einróma á 700 manna stofnþingi Samfylkingarinnar um síðustu helgi. Þannig hefur Samfylkingunni tekist það sem engum stjórnmálaflokki hefur tekist hingað til, ef frá er talinn Frjálslyndi flokkurinn, og það er að vera einhuga um stefnu í sjávarútvegsmálum.

Við teljum að þessi stefna tryggi endurnýjun í sjávarútvegi og möguleika fyrir byggðir landsins til þess að eflast á nýjan leik. Stefna okkar byggist á aflamarkskerfinu en hún tryggir jafnframt jafnræði allra varðandi aðgang að veiðum. Þetta er sú leið sem skilar árangri og þetta er sú leið sem við teljum vænlegasta til þess að ná sáttum í samfélaginu.

Á næstu árum er líklegt að Evrópumálin verði eitt helsta umræðuefni á meðal þjóðarinnar. Við höfum fagnað skýrslu utanrrh. um Evrópusambandið, ekki síst vegna þess að hún hefur létt fjötrum bannfæringarinnar af umræðunni um málið sem ríkisstjórnin hefur drepið málið í, þ.e. ráðherrar Sjálfstfl. í ríkisstjórninni.

Stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu verður að meta reglulega enda er mjög mikið að gerast í Evrópumálunum. Við viljum hins vegar taka fastar á málum en ýmsir aðrir og skilgreina þau samningsmarkmið sem þorri Íslendinga gæti orðið sammála um ef til viðræðna um aðild að Evrópusambandinu kæmi. Við viljum vera tilbúin ef aðstæður breytast og knýjandi þörf á aðildarumsókn kynni að koma upp.

Samskipti okkar við Evrópusambandið og staða EES-samningsins er gríðarlega viðamikið mál og það þarf djúpa

og langvarandi umræðu okkar á meðal til að hægt sé að átta sig á því til fullnustu. Ef það er svo að stjórnvöld vilja ekki þróa þessi mál áfram þá er það skylda flokks eins og Samfylkingarinnar, sem ætlar sér stóra hluti í íslenskum stjórnmálum að vinna það verk. Til þess verks munum við ganga á eindreginn og skipulegan hátt.

Góðir landsmenn. Tillögugerð okkar verður byggð á hugsjónum og hugmyndum en hún verður raunsæ og ábyrg. Við höfnum ekki grunnþáttum þess samfélags sem Íslendingar hafa skapað sér heldur ætlum við þvert á móti að byggja á hinum góðu gildum sem hafa einkennt það, íslenskum og alþjóðlegum gildum samhjálpar og einstaklingsfrelsis, dugnaðar og virðingar hver fyrir öðrum. Við ætlum að gera gott samfélag enn þá betra og við ætlum að starfa með fólkinu í landinu að framtíð okkar sjálfra, barnanna okkar og komandi kynslóða.

Góðir landsmenn. Við erum tilbúin. Samfylkingin er mætt til þess að jafna leikinn í íslensku samfélagi.

[20:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Það er komið að lokum eftirminnilegs þinghalds og mörg mál hafa hlotið afgreiðslu á síðustu dögum. Núverandi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fékk ótvírætt umboð í síðustu kosningum til að halda starfi sínu áfram og við höfum unnið markvisst á þessum þingvetri í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Engum blöðum er um það að fletta að við höfum náð miklum árangri. Ég rakst á nokkurra daga gamla frétt í dönsku blaði þar sem fram kemur að kaupmáttur á Íslandi sé hinn fimmti mesti í heimi, aðeins Bandaríkin, Kanada, Noregur og Sviss standi okkur framar að því leyti. Í nýlegri umfjöllun breska stórblaðsins Financial Times er farið afar lofsamlegum orðum um stöðu mála hér á landi. Óháð stofnun í Sviss gerði könnun á samkeppnishæfi þjóða og hækkaði Ísland um sjö sæti frá því í fyrra. Við lentum þar í tíunda sæti en í því fjórða að því er varðar styrkleika hagkerfisins og í fyrsta sæti hvað varðar mannauð. Erlend fyrirtæki sem meta lánshæfi ríkja fá sömu niðurstöðu.

Og hvað sagði gestur Samfylkingarinnar um síðustu helgi, breski sósíalistinn Glenda Jackson? Sagði hún ekki einmitt í fréttum um helgina að Ísland væri álitið öðrum ríkjum til sérstakrar fyrirmyndar?

Auðvitað ber okkur að ganga hægt um gleðinnar dyr. Það er skylda okkar að varðveita þann árangur sem náðst hefur og halda áfram að betrumbæta þjóðfélagið, gera enn betur en til þessa. Þess vegna ber okkur að sjálfsögðu að bregðast við öllum váboðum sem ógnað geta efnahagslegum stöðugleika og grafið undan velferð almennings í landinu. En það getur líka verið hættulegt í sjálfu sér að mikla fyrir sér vandann, tala í óábyrgum fyrirsagnastíl og missa sjónar á aðalatriðunum.

Hv. síðasti ræðumaður brá ekki vana sínum og talaði í stóryrðum um efnahagsmálin og sakaði síðan aðra um flím og köpuryrði. En hvað var þingmaðurinn að segja hér? Hann var í raun og veru að halda því fram að hér væri allt í kaldakoli í efnahagsmálum og sakaði ríkisstjórnina um óstjórn og aðhaldsleysi. Það var kjarninn í ræðu formanns Samfylkingarinnar að því er varðar efnahagsmálin.

En hvað er hæft í þessu? Kjarni málsins er vitanlega sá að staða efnahagsmála hér á landi hefur verið mjög traust undanfarin ár og er enn. Íslenskt efnahagslíf hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því í upphafi þessa áratugar. Hagvöxtur hefur verið mikill ár eftir ár. Kaupmáttur heimilanna hefur aukist verulega og reyndar aldrei verið meiri en nú. Afkoma fyrirtækja hefur almennt stórbatnað. Atvinnuleysið er horfið og tekist hefur að snúa við skuldasöfnun ríkisins, sem var viðvarandi til margra ára, þannig að skuldir ríkissjóðs fara nú hraðminnkandi. Jafnframt hafa aðilar á vinnumarkaði í góðu samstarfi við ríkisvaldið gert kjarasamninga til þriggja til fjögurra ára sem skapa munu meiri stöðugleika á vinnumarkaði og stuðla að traustara umhverfi fyrir atvinnulíf og launafólk. Nú er mikilvægast af öllu að treysta þann árangur í sessi.

Aukin verðbólga og verri viðskiptajöfnuður hafa gjarnan verið fylgifiskar uppsveiflu í efnahagslífinu, ekki bara hér á Íslandi heldur í mörgum öðrum löndum. En samkvæmt nýjustu spá Seðlabanka sem hér var vitnað til áðan er verðbólga nú á niðurleið aftur. Gagnstætt því sem ýmsir hafa haldið fram þá hefur viðskiptahallinn ekki aukist að neinu marki frá árinu 1998, mælt sem hlutfall af landsframleiðslu, þrátt fyrir verulega kaupmáttaraukningu á þessu tímabili. Sú minni háttar aukning sem verður á þessu ári stafar nær alfarið af sérstökum fjárfestingarvörum, einkum skipainnflutningi og auknum vaxtagreiðslum, en ekki aukinni neyslu. Vísbendingar um innflutning á fyrstu fjórum mánuðum ársins benda til þess að farið sé að hægja á og bílainnflutningur hefur beinlínis dregist saman.

Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að fjárfesting íslenskra aðila erlendis hefur stóraukist á undanförnum árum. Árið 1994 nam hún rúmlega þremur milljörðum kr. en í lok síðasta árs var sambærilega tala orðin 103 milljarðar kr. Sá ábati sem þessi fjárfesting skilar þjóðarbúinu kemur hins vegar aðeins að litlu leyti fram í uppgjöri viðskiptajöfnuðar samkvæmt gildandi stöðlum. Hér er hins vegar um að ræða fjárfestingu til framtíðar sem skila mun verulegum ávinningi fyrir þjóðarbúið þegar fram í sækir, eins og raunar segir sig sjálft.

Ýmsir aðilar hér á markaðnum telja almennar horfur í íslensku efnahagslífi mjög góðar og það megi m.a. rekja til aðgerða stjórnvalda á undanförnum árum til að auka frelsi í viðskiptum og treysta hið almenna efnahagsumhverfi. Það er auðvitað mikilvægt í þessu máli. Hins vegar er áfram nauðsynlegt að fylgja aðhaldsamri stefnu í ríkisfjármálum og peningamálum, eins og ríkisstjórnin hefur gert til þessa, og stefna að mjög verulegum afgangi á fjárlögum næstu ára.

Efnahagsumræðan að undanförnu hefur beinst að því hvort aðhald í ríkisfjármálum sé nægilegt eða ekki. Þessi umræða missir hins vegar marks að því leyti að ríkisfjármálin eru ekki vandamál hér á Íslandi. Staðreyndin er sú að óvíða er meira aðhald í þeim efnum en hér enda metafgangur á ríkissjóði og það jafnvel þótt áhrif hagsveiflunnar séu undanskilin. Mikilvægt er að hafa þetta í huga því að sá misskilningur er útbreiddur að afganginn á ríkissjóði megi alfarið rekja til hagsveiflunnar. Það er einfaldlega rangt.

Vandinn er hins vegar sá að hér á landi er nú mjög greiður aðgangur að lánsfjármagni, jafnt innlendu sem erlendu. Þetta er m.a. fylgifiskur þess að fjármagnsflæði hefur verið gefið frjálst milli landa. Þar með eru fjármálastofnanir hér á landi komnar í virka samkeppni við erlenda aðila. Útlánaaukning bankanna hefur af þessum sökum verið óhófleg og við því þarf að bregðast með þeim ráðum sem tiltæk eru.

Herra forseti. Stjórnmál snúast um margt fleira en efnahags- og fjármál, sem betur fer. Þau snúast um fólk og leiðir til að auðvelda fólki leitina að lífshamingjunni. Í

því efni er þó hver og einn á endanum sinnar eigin gæfu smiður. Ríkisvaldið getur aldrei leyst menn undan ábyrgðinni á sjálfum sér eða útrýmt lífsbaráttunni þó vinstri flokkarnir hafi í gegnum árin verið duglegir að ota þeim boðskap að fólki. Hið opinbera getur hins vegar komið til móts við þarfir almennings með ýmsu móti og gert fólki auðveldara fyrir. Gott dæmi um þetta er stefna núverandi ríkisstjórnar í fjölskyldumálum sem kom áþreifanlega í ljós í frv. til fæðingar- og foreldraorlofs sem þingið hefur afgreitt frá sér sem lög. Í því máli er hugsað til framtíðar og búið í haginn fyrir unga fólkið og komandi kynslóðir. Sama er að segja um stefnuna í menntamálum, rannsóknum og vísindum.

Á því leikur enginn vafi, herra forseti, að eitt mikilvægasta verkefni Íslendinga um þessar mundir er að tryggja samkeppnishæfni íslensks samfélags. Alþjóðavæðing á öllum sviðum hefur gert það að verkum að við erum í samkeppni við heiminn allan, í viðskiptum með vöru og þjónustu, um fjármagn og fjárfestingar og ekki síst um unga fólkið sem nú hefur raunverulegt val um að setjast að hvar í veröldinni sem það kýs. Okkar starf hlýtur þess vegna að miða að því að gera Ísland aðlaðandi fyrir fyrirtæki, einstaklinga og fjölskyldur, gera það að stað þar sem fólk vill búa og sér sér hag í að búa.

Meðal annars í þessum tilgangi voru í gær lögfest ákvæði í skattalögum sem eiga að gera það meira aðlaðandi að starfa hér á landi, ekki síst fyrir fólk sem í raun starfar á alþjóðlegum samkeppnismarkaði. Það er kannski óþarfi að taka það fram en stjórnarandstaðan, vinstri grænir og Samfylkingin, greiddu atkvæði gegn þessum ákvæðum. Þær breytingar á rétti manna sem gerðar hafa verið að því er varðar aukningu á lífeyrissparnaði eru grein af sama meiði. Þær eru markviss tilraun til að fá fólk til að búa sjálft í haginn fyrir sig, draga með því úr framtíðarútgjöldum ríkissjóðs og efla í leiðinni þjóðhagslegan sparnað til að minnka viðskiptahallann.

Góðir tilheyrendur. Liðinn vetur var mörgum landsmönnum erfiður. Við göngum nú út í vorið og horfum vonandi öll fram á gott og gjöfult sumar. Alþingi mun í júlí koma saman á Þingvöllum til að minnast kristnitökunnar fyrir þúsund árum. Þau hátíðahöld fylla okkur vonandi þakklæti fyrir að hafa reist þjóðskipulag okkar alla tíð síðan á grundvelli kristinnar trúar. Þau fylla okkar vonandi bjartsýni og gleði yfir að fá að vera sjálfstæð þjóð í eigin landi. Við höfum náð ótrúlega langt á þeirri öld sem senn er að baki. Við höfum alla möguleika á að halda áfram á óslitinni framfarabraut næstu árin. Ríkisstjórnin mun hafa forustu um það. — Góðar stundir.

[20:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Það er vor í lofti, borið hingað til okkar af suðlægum og hlýjum vindum undanfarinna daga. Grösin grænka og það lifnar yfir mannskapnum. Yfir þessu getum við Íslendingar glaðst og auðvitað mörgu fleiru. Ytri skilyrði hafa verið hagstæð þjóðarbúskap okkar mörg undanfarin ár og þess hefur séð stað í umtalsverðum hagvexti og aukinni verðmætasköpun. En minnumst þess þá einnig að þar á undan kom langt samdráttarskeið sem lék margar fjölskyldur grátt og margir færðu fórnir til að leggja grunn að þeim stöðugleika og því batnandi efnahagsástandi sem menn hafa síðan notið.

Því miður er borðleggjandi að þjóðartekjunum á Íslandi er alvarlega og í vaxandi mæli misskipt. Við horfum upp á annars vegar vaxandi ríkidæmi og mikla velmegun ákveðinna hópa en hins vegar aukna fátækt. Góðæri Davíðs Oddssonar, sem forsrh. hefur verið einkar lagið að eigna sjálfum sér, er því aðeins góðæri sumra en ekki allra. Ég gagnrýni harðlega framgöngu ríkisstjórnarinnar, t.d. í málefnum öryrkja og aldraðra. Útspil ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga felur í sér að enn einu sinni eiga þessir hópar að sitja eftir, þvert á gefin loforð fyrir síðustu kosningar.

Herra forseti. Margt bendir því miður til að efnahagsstjórnin sé að fara úr böndunum. Ég hef að undanförnu margbent á að þróun raungengis íslensku krónunnar er á háskalegri braut og óhuggulega margt minnir á ástandið eins og það var á fastgengisárunum 1987 og 1988 sem setti atvinnulífið og efnahagslífið í kaldakol og leiddi til þess að ríkisstjórn Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. hrökklaðist frá völdum.

Margir hafa einnig að undanförnu bent á vaxandi og gífurlegan viðskiptahalla og aukna verðbólgu. Sjálf hellir ríkisstjórnin olíu á eldinn með ýmsum óviturlegum ráðstöfunum, lækkar jafnvel mitt í þenslunni og viðskiptahallanum innflutningsverð lúxusvarnings og þar fram eftir götunum. Davíð Oddsson og ríkisstjórn hans hlýtur nú, eins og hún hefur að undanförnu eignað sér góðærið, að axla ábyrgð á því með nákvæmlega sama hætti ef efnahagsstjórnin fer í vaskinn.

Herra forseti. Ég minntist áðan á vaxandi misskiptingu í þjóðfélaginu. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar breytingum á samfélaginu sem leiða til aukins misréttis þegnanna og aukinnar misskiptingar teknanna. Við erum ófeimin við að beita okkur gegn breytingum í þá átt, breytingum af því tagi sem Ögmundur Jónasson þingmaður tók upp í utandagskrárumræðum í gær. Þar á í hlut stórfelld einkavæðing í heilbrigðiskerfinu. Einkaaðilum á að færa samning til 25 ára upp á tæpa tólf milljarða til að reisa og reka hjúkrunarheimili í gróðaskyni. Gróðafyrirtækið heitir því smekklega nafni Öldungur hf.

Framsóknarmenn hafa vælt dálítið undan því á köflum, herra forseti, að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði værum upptekin af því að skamma þá umfram aðra flokka. Það er misskilningur. Fyrir okkur eru allir jafnir hvað það varðar að bera ábyrgð á verkum sínum. En það skulu framsóknarmenn vita að svo lengi sem þeir standa fyrir einkavæðingu í velferðarþjónustunni þá eiga þeir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð að andstæðingi. Það er, herra forseti, ömurlegt að sjá Framsfl. brjótast um í aktygjunum, dragandi nýfrjálshyggjuvagninn fyrir íhaldið sem getur sjálft sett upp hanska og þarf ekki að óhreinka á sér hendurnar. Ja, herra forseti, þau örlög sem menn geta valið sér í pólitík.

Herra forseti. Við höfum undanfarna mánuði lagt mikla áherslu á tvö meginmálefni bæði hér í tillöguflutningi á Alþingi og á fundum um allt land. Þau eru mótun sjálfbærrar grænnar atvinnustefnu og nýtt endurreisnar- og umbótaskeið í velferðarmálum. Hvort tveggja talar fyrir sig sjálft.

Eitt alvarlegasta samfélagsmein okkar, herra forseti, er sá geigvænlegi byggðavandi sem við stöndum frammi fyrir. Því miður hafa þær ríkisstjórnir sem setið hafa að völdum litlum árangri náð í þeim efnum. Fyrir skömmu lét Davíð Oddsson af embætti sem byggðamálaráðherra eftir hátt í níu ár og hlýtur ferill hans í þeim efnum að teljast harla snautlegur.

Á sviði utanríkismála, herra forseti, ber hæst þá skýrslu sem hér var nýlega rædd frá hæstv. utanrrh. Skýrslan er að mörgu leyti fagnaðarefni. Um það erum við, ég og formaður Samfylkingarinnar, sammála. Skýrslan skýrir málið og hrekur þann málflutning að við þurfum að sækja um aðild að

Evrópusambandinu til að vita hvar við stöndum. Hún sýnir tvímælalaust að aðild að Evrópusambandinu er ekki fýsilegur kostur fyrir Ísland. Skýrsluhöfundar treysta sér til þess að segja fyrir um það í öllum aðalatriðum hvað gerast mundi samfara því að Ísland gerðist aðili. Með öðrum orðum, herra forseti: það liggur í raun allt fyrir sem liggja þarf fyrir til þess að taka afstöðu í málinu. Þess vegna er það ámælisvert ef menn skortir pólitískan kjark og hreinskilni til að segja það sem þeir meina í þessum efnum. Menn eiga ekki að dulbúa málflutning sinn með því að segja að nauðsynlegt sé að sækja um til að vita hvað okkur bjóðist, við þurfum að skilgreina okkar samningsmarkmið, skoða málin o.s.frv.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mótað skýra stefnu í þessum efnum. Við viljum gæta hagsmuna okkar með samningum við Evrópusambandið en án aðildar. Við viljum nota tækifærið og grípa fegins hendi vaxandi áhuga Bandaríkjamanna á að draga hér saman í herstöðinni og semja við þá um lokun hennar. Við erum andvíg aðild að hernaðarbandalagi sem byggir stefnu sína á hótun um notkun kjarnorkuvopna og hefur nýlega farið í ólögmætt árásarstríð á hendur sjálfstæðri þjóð.

Herra forseti. Landslag íslenskra stjórnmála er að taka breytingum. Og þar á ofan situr í landinu ríkisstjórn sem virðist á góðri leið með að missa tökin á verkefni sínu, ríkisstjórn sem lagði af stað dauðuppgefin eftir alþingiskosningar síðastliðið vor og síðan hefur dregið af henni.

Samfylkingin hefur nú myndbreytt sér sjálfri í formlegan stjórnmálaflokk. Það er fagnaðarefni, sérstaklega ef það verður til þess að skýra línur í íslenskum stjórnmálum. Sömuleiðis samfylkingarmenn eru haldnir af því sumir að telja að við höfum valið þá að höfuðandstæðingi í íslenskum stjórnmálum. Það er einnig mikill misskilningur, herra forseti, og ágætt að nota hér tækifærið til að leiðrétta það, eins og gagnvart Framsfl. Vinstri hreyfingin – grænt framboð stundar það ekki að útnefna sérstaklega andstæðinga sína í stjórnmálum. Það ræðst af málefnum og framgöngu hvers og eins hverju sinni. Við gagnrýnum hiklaust og ófeimin það sem við teljum gagnrýnivert og styðjum á hinn bóginn það sem við teljum til heilla horfa.

Á hinn hefðbundna mælikvarða, frá vinstri til hægri, þá eru að sjálfsögðu Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Sjálfstæðisflokkurinn fulltrúar höfuðandstæðna í íslenskri pólitík. Þess hefur svo sannarlega séð stað í okkar málflutningi.

Við félaga okkar í Samfylkingunni vil ég svo segja þetta: Til hamingju með að vera orðin til sem stjórnmálaflokkur. Það er gott fyrir ykkur en það er líka gott fyrir okkur. Þá getum við farið að eigast við í íslenskum stjórnmálum sem vonandi fyrst og fremst samherjar en eftir atvikum einnig sem keppinautar. Samfylkingin sem flokkur er hvorki verri né betri en aðrir flokkar og þaðan af síður meiri eða merkilegri. Nú þarf Samfylkingin rétt eins og aðrir flokkar að sanna sig, sýna á spilin og fyrir hvaða málefni hún stendur. Þar hefur enginn frátekið forskot. Það er misskilningur að hægt sé að hringja og taka frá miða sem á stendur 2. sæti, 40%, eða stóll forsætisráðherra. Þannig gengur það ekki fyrir sig.

Í stjórnmálunum er ekkert óumbreytanlegt. Það er fjarri mér að skrifa upp á það að Sjálfstæðisflokkurinn verði endilega stærsti flokkur landsins eftir tíu ár. Margt bendir nú til þess, sem betur fer, að lukka ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar fari minnkandi og má vel vera að stuðningurinn breytist í takt við hárið á höfði forsætisráðherra sem hefur farið minnkandi með hverri klippingu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill veita nýjum straumum inn í íslensk stjórnmál sem var löngu orðið tímabært. Við höfum gert umhverfismál að meginundirstöðu okkar málafylgju og við erum í hópi þeirra stjórnmálaafla heimsins sem hafnar nýfrjálshyggjunni og segir henni stríð á hendur.

Herra forseti. Við Íslendingar erum gæfusöm þjóð. Við eigum stórt og fallegt land, ríkt af auðlindum og svo fremi sem við gætum þess vel mun okkur vel vegna.

Nú líður að lokum þessa þinghalds, herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð þakkar landsmönnum fyrir samfylgdina á þessum vetri og því ári sem liðið er frá kosningum. Sá stuðningur sem við höfum fengið og sá hljómgrunnur sem málstaður okkar og málflutningur hefur fengið er okkur mikils virði og hvatning til verkefnanna sem bíða fram undan. Ég óska landsmönnum öllum ánægjulegs sumars og farsældar í lífi og starfi.

[20:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Fyrir nokkrum dögum var stofnaður nýr stjórnmálaflokkur á Íslandi, Samfylkingin, sem er í reynd Alþfl. endurreistur. Ég óska þeim til hamingju með stofnun flokksins og endurreisn Alþfl. þó ég verði að segja fyrir sjálfan mig að mér finnst Alþfl. vera miklu fallegra nafn. En það sem var merkilegt við þennan fund þeirra var kannski það sem gestur þeirra sagði, sem hér hefur verið vitnað til, breski þingmaðurinn sem sagði að íslenskt þjóðfélag væri til fyrirmyndar og sagði að það væri til marks um það hversu hægt væri að fá áorkað með lýðræðislegu stjórnarfari og það væri í reynd fyrirmynd þess sem maðurinn gæti afrekað. Þetta eru stór orð.

En kannski er það svo að við sjálf vanmetum um of íslenskt samfélag og íslenskt þjóðfélag og það séu kannski gestir okkar sem meti það meira, og mér fannst áðan á formanni Samfylkingarinnar að hann hefði þessi orð gestsins ekki mjög í huga því að hann taldi að það þyrfti að breyta miklu í þjóðfélagi okkar.

Formaður vinstri grænna, sem tók við keflinu af Alþb. og heldur uppi hugsjónum þess þó að flestum hafi fundist þær vera orðnar úreltar, sagði þó fyrir tveimur dögum hér á Alþingi að íslensku þjóðinni hefði aldrei vegnað betur. Þetta voru líka stór orð og ég er honum innilega sammála. Mér fannst hins vegar að ræða hans áðan bæri þess ekki vitni að hann myndi þessi orð vel en þau voru ef til vill sögð í öðru samhengi.

En hvað er það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum ef við lítum t.d. yfir sl. fimm ár? Kaupmáttur almennings hefur vaxið um tæp 30%, ráðstöfunartekjur heimilanna hafa vaxið úr 260 milljörðum í 340 milljarða, atvinnuleysi hefur minnkað frá árinu 1994 úr 7,5% í 1,7%, ríkissjóður var þá rekinn með miklum halla eða milli 11 og 12 milljarða halla en er núna rekinn í ár með afgangi upp á 16–17 milljarða og svipað var á sl. ári.

Þetta eru mikil umskipti og þetta eru mikil umskipti í íslensku samfélagi sem hefur gefið okkur tækifæri til að treysta velferðarkerfið, til að treysta heilbrigðiskerfið og okkar félagslega kerfi, efla menntakerfið og standa vörð um það sem skiptir mestu í íslensku samfélagi, að hver hönd hafi nóg að starfa og að við getum rétt þeim sem minna mega sín hjálpandi hönd.

Auðvitað er það svo, eins og alltaf hefur verið og alltaf mun verða, að það er ýmislegt að og við þurfum að gá til veðurs. Það er rétt sem hér hefur verið sagt í kvöld að það er áhyggjuefni að verðbólgan er meiri en áður var og það er líka áhyggjuefni að viðskiptahallinn er of mikill. Það er hins vegar ekki ástæða til að mikla þessi mál um of fyrir sér en við kunnum að þurfa að grípa til strangari aðgerða til að halda viðskiptahallanum í skefjum. Hvað er það þá sem við þurfum að gera? Jú, við getum þurft að hafa meira aðhald í ríkisfjármálum, ég ætla ekki að neita því. En þá skulum við muna að það eru miklar væntingar í íslensku samfélagi til ríkisins um aukin útgjöld og það eru líka miklar væntingar á Alþingi hjá hv. alþm. að við getum aukið útgjöld ríkisins til ýmissa mála. Ég er ekkert sérstaklega bjartsýnn á að við getum það og ég tel að við þurfum að halda þar mjög vel á málum. Þá er rétt að hv. alþm. minnist þess þegar við förum að vinna að fjárlögum fyrir árið 2001 að svo kann að vera en við skulum líka vera minnug þess að þar er ekki hægt að ná verulegum árangri nema það komi að einhverju leyti við okkar mikilvæga velferðarkerfi. Það kerfi sem menn gagnrýna oft og tíðum á Alþingi, ekki síst stjórnarandstaðan og telja að núverandi ríkisstjórn hafi ekki staðið nægilega vörð um.

Það er líka ljóst að útlán bankanna hafa verið of mikil og bara í marsmánuði var útlánaaukning bankanna 17 milljarðar kr. eða meira en nemur afgangi á ríkissjóði á öllu þessu ári. Útlánaaukningin hafði þá verið 24% á heilu ári. Þetta er of mikið og það er alveg ljóst að Seðlabankinn verður að grípa til aðgerða til að hemja þessa útlánaaukningu. En útlánaaukningin ber vitni um bjartsýni í íslensku þjóðfélagi, bjartsýni fólksins sem er mikil. Fólkið trúir á framtíðina og telur að hægt sé að stofna til skulda og treystir því að velmegun verði áframhaldandi í íslensku samfélagi. Auðvitað er ekkert víst um það og við þurfum að halda þar vel á málum, og ég tek undir það með hv. þm. að þar þarf ríkisstjórnin að gá vel að en það þurfa allir hv. alþm. og vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur af því máli og auðvitað mun ríkisstjórnin bregðast við í þeim efnum eins og ávallt áður þegar vandi steðjar að höndum.

Fyrir nokkrum dögum var rædd hér á Alþingi skýrsla um svokölluð Evrópumál. Ég þakka fyrir hversu vel þeirri skýrslu hefur verið tekið og ég tel að hún sé mikilvægur grunnur að áframhaldandi umræðu. Það er alveg ljóst að okkur Íslendingum liggur ekkert sérstaklega á að því er varðar breytingar í þessum efnum. Við búum við allgóðan samning sem hefur galla og kosti, samning sem mun taka breytingum á næstu árum og við þurfum að gera það upp við okkur hvort við getum tryggt þann samning það vel í sessi að við getum búið við hann til frambúðar. Við eigum val í þeim efnum. Við eigum líka það val að ganga í Evrópusambandið og fara yfir kosti og galla þess og gera það upp við okkur hvort það hæfi betur íslensku samfélagi eða búa við þann samning sem við höfum í dag með þeim hugsanlegu breytingum sem á honum verða í framtíðinni. Þetta eigum við að sjálfsögðu að gera með opnum hætti og við eigum ekkert að vera hrædd við það að gera þetta upp og fara yfir það. Við höfum nógan tíma til þess að fara yfir það en það er út í hött að útiloka eitthvað í þeim efnum. Það væri í reynd að standa sig ekki gagnvart þjóðfélagi okkar og ekki síst gagnvart komandi kynslóðum því þær eiga það skilið af okkur stjórnmálamönnunum að við tryggjum að það eigi ávallt besta kost í samfélagi þjóðanna og geti stundað störf sín og ferðast um heiminn frjáls og óháð í nánustu framtíð. Þetta ber okkur að gera.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það líður að lokum þessa Alþingis sem hefur fengið miklu áorkað og hér hefur átt sér stað á þessum vetri mikil og gagnleg umræða og hún hefur að mínu mati verið afar málefnaleg. Þetta hefur ekki verið átakamikið þing og ber sem betur fer vitni um það að við Íslendingar búum við góðan kost. Við höfum fulla ástæðu til að vera bjartsýn. Það blasa mörg verkefni við hvort sem það er á sviði byggðamála, Evrópumála, félagsmála, atvinnuuppbyggingar, þar á meðal stóriðju, sem nauðsynlegt er að leysa af hendi og fá botn í. Allt eru þetta mál sem við höfum fulla burði til að leiða til lykta.

Eftir nokkrar mínútur mun ungur Íslendingur komast á norðurpólinn, Haraldur Örn Ólafsson. Hann er fulltrúi þeirrar kynslóðar sem er að taka við í þessu landi, þeirrar kynslóðar sem hefur alla burði til þess að halda vel á málum hér um alla framtíð, og mun taka við af okkur sem hér erum á Alþingi og erum flest eldri en hann og annað ungt fólk. Við eigum að trúa á þetta fólk en við eigum líka að sjá til þess að við skilum arfinum vel í þeirra hendur því að það er alveg ljóst að þetta fólk hefur fulla burði til að bera kyndilinn áfram til sigurs. — Góðar stundir.

[20:42]

Sverrir Hermannsson:

Góðir áheyrendur. Utanrrh. færði þingheimi sérstakar þakkir fyrir það hversu vel hann hefði tekið skýrslu sinni um Evrópumál. Ekki getur forsrh. þakkað fyrir þessar þakkir utanrrh. eða tekið þær til sín.

Herra forseti. Frá örófi alda kennir sagan okkur að valdastreitumenn allra tíma hafa jafnan brugðið á það ráð að koma sér upp stórbrotnum hugsjónum að klæða aðferðir sínar í, hugsjónum að næra almenning á og skjóta með þeim skildi fyrir hinn raunverulega tilgang, að treysta eigin völd og einræði í skjóli hervalds þar sem því hefur verið við komið.

Á þeirri öld sem senn er á enda liðin eru dæmin gleggst, átakanlegust og örlagaríkust. Rússneskir valdaræningjar tóku heimspekikenningar Marx og Engels upp á arma sína, hinar fögru og umbúðamiklu kenningar um alræði öreiganna og nýttu til að koma á fót hrottafengnu einveldi sem verður aðeins jafnað til einræðis Hitlers sem raunar kenndi sig einnig við sósíalisma.

Vegna ytri umbúða í fyrstu og upprunalegs innihalds þessara isma létu margir af fremstu andans mönnum aldarinnar glepjast. Það er óþarft að nefna nöfn en Gerska ævintýrið er góð handbók um efnið. Eins voru þeir margir heiðursmennirnir sem klæddust brúnum stökkum undir hakakrossi á 3. tugi aldarinnar og einnig hér á Íslandi.

Hið fræga skáldverk George Orwells, Animal Farm, eða Félagi Napóleon eins og það nefndist upphaflega í íslenskri þýðingu, er eitt út af fyrir sig nægileg lesning til að skilja eðli og inntak sovétmála í 75 ár. Spámannlegt og raunsætt í senn, byrjunin var full af hugsjónum um jafnrétti og bræðralag. Aðalboðorðið var: Öll dýr eru jöfn, en þar kom að þessi undirstöðugrein í stjórnarskrá Dýrabæjar hafði tekið ofurlítilli breytingu og hljóðaði þá: Öll dýr eru jöfn en sum dýr eru jafnari en önnur. Og að lokum fór valdastéttin, svínin, að ganga upprétt á tveim fótum.

Raunar má segja að sósíalisminn spretti upp sem mótvægi við kapítalismann sem hafði deilt og drottnað lengst af og honum stýrt af fámennri auðstétt með fádæma harðýðgi og

þrælmennsku. Þar kom þó síðari hluta aldarinnar að þetta framferði þótti ekki við hæfi. Þá varð að klæða kapítalismann, eðli hans og tilgang í nýjan búning sem hægt væri að selja atkvæðunum í þróuðu ríkjunum eftir að hervaldi var þar ekki lengur beitt og frjálshyggjan fæddist.

Á Íslandi hafði Sjálfstfl. verið frjálslyndur lýðræðisflokkur sem hafði að kjörorði „stétt með stétt", frelsi til orða og æðis sat þar í öndvegi. Frjálst framtak einstaklinganna, undirstöðuatriði og samkeppni á jafnréttisgrundvelli markmið og minnkandi ríkisafskipti jafnframt. Flokkurinn átti enga samleið með íhaldsöflum eins og þau þekktust í nálægum löndum. Af þessum ástæðum varð Sjálfstfl. fjöldaflokkur sem raun ber vitni um.

Allar götur fram á 8. áratuginn hélt frjálslynda stefna Sjálfstfl. velli undir stjórn Ólafs Thors, Bjarna Benediktssonar, Jóhanns Hafsteins og reyndar Gunnars Thoroddsen einnig. Það er fyrst í tíð Geirs Hallgrímssonar að frjálshyggjupostularnir, á stuttum buxum flestir, taka að láta á sér kræla og var heiðursmaðurinn Geir að vísu veikur á því svelli. En honum var vorkunn rétt eins og fyrri tíðar mönnum sem létu glepjast af hugmyndafræðinni í aðlaðandi búningi en sáu ekki til hvers leiða kynni í framkvæmd.

En í hvaða búningi var frjálshyggjan í fyrstunni klædd? Frjálshyggjan birtist í fyrstu sem frjáls markaðsstefna sem lagði áherslu á minnkandi ríkisafskipti. Hún boðaði eign handa öllum og frjálsræði til handa einstaklingnum að neyta krafta sinna og hæfileika. Mannúðleg menningarstefna vildi hún líka heita og töldu margir að hún félli hið besta að velferðarþjóðfélagi okkar. Þó voru ýmsir sem guldu varhug við hinni áferðarfallegu stefnu og voru þar á meðal margir stjórnmálamenn af lýðveldiskynslóðinni sem svo hefur verið nefnd. Þeir voru afgreiddir af hinum ungu nýjabrumsmönnum sem gamaldags úrtölumenn sem skynjuðu ekki boðskap nýrra og gerbreyttra tíma.

Ekki er fyrir það að synja að framkvæmd frjálshyggju í höndum Margrétar Thatcher hinnar ensku hefði vakið frjálslyndum mönnum í Sjálfstfl. ugg. En þar kom í formannstíð Þorsteins Pálssonar að frjálshyggjan varð allsráðandi í flokknum og núverandi formaður hans hefur viljað vera í þeim efnum kristnari en sá páfi var og hefur reyndar hrakið hann úr landi.

Hvernig hefur svo framkvæmd frjálshyggjunnar farið úr hendi Sjálfstfl. með því hækjuliði sem hann hefur stuðst við í ríkisstjórn síðasta áratug? Boðorðið um eign handa öllum er framkvæmt með þeim hætti að örfáum útvöldum er afhentur lunginn úr þjóðarauðnum, sjávarauðlindin, á silfurfati að stinga í eigin vasa þrátt fyrir lögvarinn eignarrétt almennings. Viðbrögð flokksformanna ríkisstjórnarflokkanna með ódæmum þegar menn hafa viljað láta á það reyna hvort aðfarirnar stæðust jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar. Báðir höfðu þeir á orði að stæðist gjafakvótakerfið ekki jafnréttisákvæði stjórnarskrár þyrfti að breyta stjórnarskránni.

Hvað merkja þessar fáheyrðu yfirlýsingar æðstu manna framkvæmdarvaldsins og raunar löggjafarvaldsins einnig eins og þær sakir standa? Hvað merkja þær á mæltu máli? Einfaldlega að þeir mundu afnema jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar ef þeim þurfa þætti. Orðrétt sagði forsrh. í viðtali við Morgunblaðið 7. apríl sl., með leyfi forseta:

„Ef Vatneyrardómurinn hefði verið staðfestur hefði öllu verið kollvarpað. Þá hefði löggjafinn ekkert vitað hvar hann stóð. Menn hefðu þá verið í óvissu í einhverja mánuði og sjálfsagt endað með því að gera breytingar á stjórnarskránni, sem hefði kostað tvennar kosningar og stórkostlega óvissu í eitt til tvö ár með tilheyrandi hruni."

Við uppkvaðningu héraðsdóms í Vatneyrarmálinu í ársbyrjun talaði forsrh. hinn 6. janúar í sjónvarpinu um málið og Kanaríeyjaför eins og maður sem á heima hinum megin á sjöstjörnunni. Og boðorð Sjálfstfl. sem var: Allir Íslendingar eru jafnir, hljóðar nú: Allir Íslendingar eru jafnir en sægreifar eru jafnari en aðrir.

Hvers vegna aðallega skyldi formaður Sjálfstfl. ekki vilja upplýsa um fjárreiður flokksins? Af því einfaldlega að frá og með alþingiskosningunum 1995 og fram til þessa dags hafa sægreifarnir greitt ógrynni fjár til flokksins og ýmissa framboða á hans vegum að ekki þolir dagsins ljós. Stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar er orðinn fjármunalegur bandingi örfárra gripdeildarmanna sem hramsa nú til sín þjóðarauðinn í taumlausri græðgi. Ekki þurfa þeir að hafa fyrir því að bera fé á formann Framsfl., erfingja kvótaauðæfanna, upphafsmann ólaganna ásamt með forustumanni útvegsmanna.

En hvað um framkvæmd boðorðs frjálshyggjunnar um minnkandi ríkisafskipti? Hún birtist einkum í einkavinavæðingunni þar sem afhending Síldarverksmiðja ríkisins til vina og vandamanna er eitt frægasta dæmið þar sem milljarðar voru gefnir örfáum af almannafé. Dreifð eignaraðild sem stefnuskráratriði stjórnvalda er marklaust froðusnakk sem var aldrei ætlunin að standa við. Hún er með öllu gleymd nema á þeim stundum þegar svo virðist sem óverðskuldaðir séu að ná til sín valdaaðstöðu í bönkum, þessir sem í Hólamessu voru ýmist nefndir mafíósar eða eiturlyfjabarónar og er kannski ekki leiðum að líkjast því að þær manntegundir voru reyndar aðalmenn Jeltsíns í umbótastefnu hans.

Hvernig birtist mannúðarstefna frjálshyggjunnar á Íslandi í framkvæmd? Eigum við að biðja aldraða og öryrkja að svara því eða þá sem líða sárustu neyð langt undir fátæktarmörkum meðan stórforstjórarnir verðlauna sjálfa sig með tugmilljónaaukastarfslaunum? Þegar upp er staðið sjáum við á framkvæmd frjálshyggjunnar að það er ekki í fyrsta skipti sem fagurbúin hugmyndafræði er notuð í þeim tilgangi að færa örfáum í hendur auð og völd. En forusta Sjálfstfl. mun vakna upp við vondan draum þann dag þegar hinn almenni flokksmaður uppgötvar að flokkurinn hefur þverbeygt af frjálslyndri stefnu sinni og gengið nýfrjálshyggju auðvaldsins á hönd.

[20:52]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það löggjafarþing sem nú er að ljúka hefur að miklu leyti einkennst af umræðu um leikreglur í samfélaginu. Á haustdögum var deilt um leikreglur í tengslum við umhverfismat á stórframkvæmdum og leiðarvísar í viðskiptum á fjármálamarkaði hafa verið í sviðsljósinu hér á Alþingi sem og annars staðar í samfélaginu. Enn má nefna átökin um einkavæðingu Landssímans þar sem rætt er um hvernig samkeppni skuli tryggð á fjarskiptamarkaði og almennt í viðskiptalífinu.

Þá hefur þjóðfélagsumræða síðustu ára ekki hvað síst snúist um leikreglur sem gilda eða gilda ekki við úthlutun úr auðlindum hafsins og um það hvort rétt sé að úthluta einkarétti af starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði og eftir hvaða reglum slík starfsemi eigi að fara. Þegar við ræðum leikreglur, þá er skammt undan spurningin um það hvert hlutverk stjórnmálamanna skuli vera í samfélaginu.

Það tekur að sjálfsögðu breytingum í tímans rás ef frá er talið hið eiginlega lagasetningarhlutverk.

Í dag er það verkefni okkar að móta almennar leikreglur þannig að einstaklingurinn hafi sem mest frelsi til orðs og æðis en um leið eigum við að standa vörð um félagslega velferð og jafnræði borgaranna og heilbrigð starfsskilyrði atvinnuvega. Tími hinna sértæku lausna er hins vegar liðinn. Það er ekki lengur hlutverk stjórnmálamanna að „kippa málum í liðinn" heima í kjördæmi eins og stjórnmálamenn síðustu aldar gerðu gjarnan og fengu þingsæti sitt að launum. Fjáraustur úr almannasjóðum til gjaldþrota fyrirtækja á að heyra sögunni til. Öld fyrirgreiðslunnar í stjórnmálum er líka liðin. Enn síður er það hlutverk stjórnmálaflokka að greiða fyrir flokksmönnum sínum á annan hátt eins og með óverðskulduðum stöðuveitingum en sú arfleifð hefur löngum loðað við stjórnmál hér á landi.

Stjórnmálamenn eiga ekki að þjóna sérhagsmunum á þann hátt. Þeir eiga þvert á móti að standa vörð um almannahagsmuni og setja almenna vegvísa sem allir þurfa og geta farið eftir. Stjórnvöld eiga að fara skipulega og með festu eftir lögum og reglum og gera það á heiðarlegan og gagnsæjan hátt með tilheyrandi ábyrgð ef út af er brugðið. Valdið er ekki þeirra að fara með af eigin hentisemi heldur eftir fyrir fram ákveðnum og skýrum leikreglum og valdinu fylgir líka mikil ábyrgð sem stjórnmálamenn þurfa að vera tilbúnir að axla.

Góðir áheyrendur. Stjórnfesta hefur það verið nefnt sem hér er vakin athygli á og ég vil leyfa mér að fullyrða að mikið skorti á að hún sé til staðar í samskiptum stjórnvalda og borgaranna hér á landi. Það eru til á alþjóðavettvangi fyrirmyndir um hvernig slíkar hugmyndir séu framkvæmdar og þær eru áhugaverðar. Alþjóðlegar stofnanir er starfa að þróunarmálum hafa sett ákveðin skilyrði fyrir þróunaraðstoð til ríkja sem á henni þurfa að halda en nauðsynlegt er að fylgja tilteknum lágmarkskröfum um stjórnfestu eigi aðstoð að fást. Þótt stjórnfestuhugmyndir eigi rætur að rekja í þróunaraðstoð hefur það sýnt sig að þær eru algildar og mönnum verður það æ ljósara að þær eiga ekki aðeins erindi við þróunarlönd. Slíkar hugmyndir hafa verið mikið í pólitískri umræðu í Evrópu, fyrst í suðurhluta álfunnar en teygja anga sína stöðugt norðar. Þær hafa komið upp í umræðum um fjárreiður stjórnmálaflokka og um leynileg fjárframlög til þeirra og er þá skemmst að minnast atburðanna í Þýskalandi og dapurlegra eftirmæla Helmuts Kohls í þeim efnum. Stjórnfesta vinnur gegn óreiðu og spillingu sé hún ræktuð af alvöru, stuðlar að félagslegum framförum samhliða hagvexti og hún hefur ávallt mannréttindi og virðingu fyrir lögum í fyrirrúmi. Stjórnfesta er í raun krafa um opinskáa og heiðarlega stjórnarháttu og heilindi og heiðarleika í samskiptum ríkisvalds og almennings. Stjórnfesta felur í sér ábyrgðarskyldu opinberra aðila, kröfu um reikningsskil af þeirra hálfu til að stemma stigu við gerræðislegum ákvörðunum og spillingu. Hún snýr þó ekki aðeins að stjórnmálamönnum heldur líka að stofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum sem eru í þeirri aðstöðu að geta tekið ákvarðanir í skjóli valda sem geta haft mikil áhrif á niðurstöðu mála fyrir borgarana.

Samhliða kröfunni um ábyrgðarskyldu opinberra aðila hefur þannig vaxið krafan um að fjármálastofnanir setji sér siðareglur sem komi í veg fyrir misnotkun á aðstöðu. Við Íslendingar þekkjum nýleg dæmi um vafasöm innherjaviðskipti og mikilvægi þess að slíkar reglur séu settar hér á landi.

Góðir landsmenn. Leynileg fjárframlög til stjórnmálaflokka og skortur á skýrum leikreglum um slík framlög stríðir gegn stjórnfestuhugmyndum. Þeir stjórnmálaflokkar sem eru ekki tilbúnir til að gangast fyrr því að slíkar reglur séu settar hljóta að hafa eitthvað að fela og það gengur ekki öllu lengur að slá ryki í augu fólks með því að hér á landi þurfi engar slíkar reglur. Því hefur jafnvel verið haldið fram að það sé verra að hafa svona reglur frekar en engar, það sanni dæmi frá Þýskalandi þar sem strangar reglur voru í gildi en þverbrotnar síðan af kristilegum demókrötum. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur en með sömu rökum mætti halda því fram að umferðarreglur hvetji til umferðarslysa sem er út í hött.

Það þurfa hins vegar allir stjórnmálaflokkar í landinu að lúta sömu lögmálum í þessum efnum og breytir það litlu í heildarsamhengi þótt einn eða tveir flokkar opni bókhald sitt ef aðrir komast upp með að halda fjárframlögum sínum leyndum. Slíkt ástand býður upp á aðstöðumun og spillingu og er einungis til þess fallið að skapa þeim forréttindi sem opna ekki bókhald sitt.

Góðir áheyrendur. Stjórnmálaflokkar eru tæki sem við notum til að þjóna lýðræðinu. Þeir eru ekki heilagir, hvorki skipulagslega né hugmyndafræðilega. Þvert á móti þurfa þeir að vera í stöðugri mótun og þróun. Við eigum að vera tilbúin til að endurmeta hugmyndafræðilegar áherslur okkar, pólitíkina sjálfa en við þurfum líka að tileinka okkur ný vinnubrögð. Stjórnmálaflokkar þurfa að mæta nútímanum á þann hátt sem hann gerir kröfu til þar sem söluvaran er sveigjanleiki, þekking og hraði. Þessi hugtök eru ekki það fyrsta sem manni dettur í hug þegar stjórnmálaflokkar eru nefndir á nafn en þeir lúta sömu lögmálum og aðrir í nútímaþjóðfélagi. Þeir verða að svara kalli tímans. Ella verða þeir steinrunnir og engum til gagns, allra síst lýðræðinu sem þeim er þó ætlað að þjóna. Góðar stundir.

[20:59]

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Nú er einungis eitt ár liðið frá því að kosið var til Alþingis og ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. fékk framlengt umboð til frekari stjórnarsetu eins og allir vita. Á þeim skamma tíma hafa stjórnarflokkarnir tekið til óspilltra málanna við að framfylgja þeim mikilvægu markmiðum sem koma fram í stjórnarsáttmálanum. Með því að nýta sér frumkvæði, framtakssemi og drifkraft einstaklinganna fæst fram sú nauðsynlega gerjun til að stöðnun víki fyrir víðsýni og framförum þjóðfélaginu öllu til hagsbóta. Þessum öflum þarf að hlúa að um leið og þau eru beisluð og virkjuð. Með einbeittum ásetningi undir forustu Davíðs Oddssonar hefur á undanförnum árum tekist að leysa þennan kraft úr læðingi og má sjá þess augljós merki á öllum sviðum samfélagsins.

Aukinn kaupmáttur launa og stöðugleiki í efnahagslífinu er grundvöllur þess að einstaklingar, fjölskyldur og fyrirtæki geti skipulagt framtíð sína. En þrátt fyrir markvissar aðferðir og góðan árangur í efnahagsmálum eru ákeðnar blikur á lofti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur hins vegar sýnt að hún tekur af festu og forsjálni á efnahagsmálum. Við í stjórnarmeirihlutanum höfum ekki vílað fyrir okkur að takast á við erfið verkefni og leysa úr þeim. Engum er betur treystandi til þess og er sagan okkar besti meðmælandi.

Nú hafa kjarasamningar tekist og er ekki að ástæðulausu að samið er til langs tíma. En af hverju, spyrja menn. Jú, aðilar vinnumarkaðarins hafa trú og traust á að núverandi

stjórn peningamála haldist og að þau verkefni sem við blasa í efnahagsmálum verði leyst jafnfarsællega hér eftir sem hingað til. Þetta snýst einmitt um traust. Slíkt traust ávinna menn sér ekki með stofnun flokka, nafnabreytingum eða stóryrtum yfirlýsingum, heldur eru menn einfaldlega metnir af verkum sínum.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinar hefur markvisst verið unnið að réttindamálum einstaklinga og fjölskylda á síðustu missirum. Án þess að draga úr mikilvægi annarra mála vil ég þó minna á lög um fæðingar- og foreldraorlof sem lögð voru fram af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og samþykkt á Alþingi nú í vikunni. Með þeim lögum er eitt stærsta réttindamál sem Alþingi hefur lengi fengist við orðið að veruleika. Jafn réttur karla og kvenna til töku fæðingarorlofs hefur verið tryggður, báðir foreldrar eiga rétt á að vera heima hjá barni fyrstu mánuði eftir fæðingu þess. Þá skapa lögin forsendur til að unnt verði að jafna stöðu karla og kvenna á vinnumarkaðnum og jafna út kynbundinn launamun. Fæðingarorlof foreldra verður níu mánuðir í stað sex áður og sveigjanleiki við töku fæðingarorlofs er innleiddur og má dreifa fæðingarorlofinu á 18 mánuði.

Þetta er í eðlilegu samhengi við það nútímaþjóðfélag sem við búum nú í. Lög um fæðingarorlof eru því ekki einungis liður í að styrkja fjölskylduna og jafna réttinn milli kynjanna, heldur einnig mikilvægur þáttur í að koma til móts við háværar kröfur um að hægt verði að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf.

Herra forseti. Það er mikill og góður kostur í fari okkar Íslendinga að vilja ætíð vera í forustu þeirra sem bestir eru. Þá er sama hvaða svið er nefnt. Til að ná þessu markmiði verðum við að leggja rækt við menntun okkar og menningu og efla samskipti okkar við aðrar þjóðir. Við höfum öll heyrt á tyllidögum að menntun er forsenda framfara og frekari hagsældar í þjóðfélaginu. Þetta er rétt og einmitt þess vegna hefur verið lögð áhersla á að bæta og efla menntakerfið. Með skýrri stefnumörkun og markvissum aðgerðum hefur til að mynda skólalöggjöfin um öll skólastig verið endurskoðuð af hæstv. menntmrh.

Lánasjóður íslenskra námsmanna gegnir stóru hlutverki fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í menntamálum. Hann er öflugt tæki sem tryggir jafnrétti til náms, óháð efnahag, og opnar mönnum ný og spennandi atvinnutækifæri að námi loknu. Í síðustu viku náðist full samstaða í stjórn lánasjóðsins, sem er skipuð bæði fulltrúum ríkisstjórnar og námsmannasamtaka, um breytingar á úthlutunarreglum sjóðsins. Almenn ánægja er með niðurstöðuna sem nær til ýmissa atriða, svo sem hækkunar á námslánum og minni tekjutengingar.

Á árinu 1996 var mótuð heildarstefna í áfengis-, fíkniefna- og tóbaksvörnum sem lögð hefur verið til grundvallar margvíslegum ákvörðunum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar í þessum málum á undanförnum árum. Ég vil geta þess að hæstv. dómsmrh. hefur leitað nýrra leiða í baráttu gegn fíkinefnavandanum, en núverandi dómsmrh. hefur lagt sérstaka áherslu á þennan málaflokk í starfi sínu.

Aukið fjármagn hefur verið veitt til lögreglumála með áherslu á að bæta tækjabúnað og fjölga lögreglumönnum í starfi, m.a. með auknum fjárveitingum til Lögregluskólans. Nýjar starfsaðferðir hafa verið innleiddar til að takast á við fíkniefnamál og kapp hefur verið lagt á að auka verulega samstarf lögreglu og tollgæslu.

Í baráttu okkar við fíkniefnasala, manna sem hagnast á veikleika og eymd annarra, megum við aldrei gefa eftir. Því er mikilvægt að vel sé búið að forvarna- og lögreglumálum.

Í dag afgreiddi samgn. þingsins metnaðarfulla vegáætlun hæstv. samgrh., þar sem tryggðar eru umfangsmiklar samgönguúrbætur sem ná til landsins alls. Þar er af myndugleika horft til framtíðar og horfst í augu við þann umferðarvanda sem er misjafn eftir landsvæðum eðli málsins samkvæmt.

Nútímatækni og óþrjótandi möguleikar hennar geta skapað hættu fyrir heimilis- og fjölskyldulíf, hættu á að friðhelgi manna til einkalífs verði rofin. Þessi réttindi ber löggjafanum að vernda með lagasetningu samkvæmt stjórnarskránni. Það var gert hér á hinu háa Alþingi í dag þegar þingið samþykkti einróma lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Herra forseti. Góðir landsmenn. Þegar litið er yfir farinn veg er ljóst að gríðarlegar framfarir hafa orðið á liðnum árum á öllum sviðum þjóðlífsins. Þær framfarir hafa einmitt átt sér stað undir forustu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Á því verður engin breyting.

[21:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. 125. löggjafarþingi Íslendinga er senn lokið. Vinna síðustu daga er þess vegna ofarlega í huga, 10 frv. urðu að lögum í dag og 29 í gær.

Ýmis mál hafa verið fyrirferðarmikil en önnur hefðu að ósekju mátt fá meiri athygli. Þar má nefna aðild Íslands að Schengen-samkomulaginu, sem rann hér í gegn án þess að nokkrir spyrntu við fæti nema þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það má nefna lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna sem hefðu líka mátt vekja meiri athygli, ekki síst í samræðu út á við. Það er ekki á hverjum degi sem löggjöf um jafnréttismál kemur fyrir þingið og sannarlega ástæða til að standa vörð um þann málaflokk. Það kann að vera að sumum finnist að það heyri til tíðinda að orðið kvenfrelsi er ekki að finna í lögunum eða greinargerð með frv. Það er af sem áður var þegar femínistar gengu fram fyrir skjöldu og lögðu á það ríka áherslu að hlutirnir væru kallaðir sínum réttu nöfnum.

Það er mat þeirrar sem hér stendur að enn sé full ástæða til að ástunda þann sið að tala um kvenfrelsi. Hin femínisku gildi hafa satt að segja ekki verið fyrirferðarmikil hjá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þrátt fyrir raup og gort um fjölda kvenna á ráðherrastólum. Nei, þess í stað höfum við mátt þola það af nýjum byggðamálaráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, að hún hóf feril sinn á því að víkja burt einu konunni sem átti sæti í stjórn Byggðastofnunar. Þegar konur fá tækifæri til að rétta hlut kvenna þá verður að ætlast til að þær nýti þau ella skiptir engu máli hvort „herrann“ er karl eða kona.

Í menntamálum höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lagt áherslu á aukin menntunartækifæri, ekki síst á landsbyggðinni. En þar hefur verið við ramman reip að draga því áherslur ráðherrans hafa verið aðrar. Í ráðuneyti menntamála er klifað á sjálfstæði skóla og ábyrgð sveitarfélaga, en samt er lögð æ ríkari áhersla á samræmingu prófa og námsbrauta og lítið heyrist um aukna tekjustofna sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við aukin verkefni. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gagnrýnt hugmyndir menntmrh. um framkvæmd aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla, áberandi einkavæðingarstefnu hans og fyrir ófyrirleitnar tilraunir ráðherrans til að innleiða skólagjöld í háskólanámi. Þá hafa þingmenn hreyfingarinnar vakið máls á málefnum Þjóðminjasafnsins og varað við þeirri einka-

væðingarhættu sem að stofnuninni steðjar samkvæmt yfirlýsingum menntmrh. úr þessum ræðustól. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því að menningararfurinn verði einkavæddur, ekki síður en hún mótmælir því að heilsugæsla og sjúkrastofnanir verði einkavæddar.

Samgöngumál eru eilífðarmál á Alþingi, vegalög, vegáætlun og jarðgangaáætlun. Í ár dúkkaði upp nýstárleg tillaga um breytingu á vegalögum. Hún kom frá Þuríði Backman, þingmanni Vinstri hreyfingrinnar – græns framboðs, og fjallaði um tengistíga. Já, tengistíga. Þar var á ferðinni tillaga um að gefa meiri gaum að umferð hjólreiðafólks og gangandi vegfarenda í samgöngumálum á Íslandi. Frv. fékkst reyndar ekki afgreitt úr samgöngunefnd, enda hefur stefna ríkisstjórnarinnar í umferðarmálum ekki verið sú að fækka einkabílum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða efla almenningssamgöngur. Ónei, þvert á móti hefur með umtalsverðri lækkun vörugjalds verið hvatt til þess að sem flestir keyptu sér stærri og eyðslufrekari bifreiðar. Á meðan hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verið uppteknir við að afla sér fróðleiks um nýjar hugmyndir í framleiðslu bifreiða og komist að því að þess verði stutt að bíða að hætt verði að nota ál í bílaskrokka. Æ, æ, hvað gerum við þá við allar risaálbræðslurnar okkar?

Nei, frammistaða ríkisstjórnarinnar í ýmsum málefnum hefur verið ámælisverð. Minnist ég þá frammistöðu hennar í málefnum Fljótsdalsvirkjunar. Sú virkjun hefur sem kunnugt er fengið algera falleinkunn. Enn eru Austfirðingar leiknir grátt því hinar nýju tillögur ríkisstjórnarinnar eru stærri álbræðsla og stærri virkjun. Engin áætlun til vara. Hver kemur til með að segja að af Kárahnjúkavirkjun verði? Hversu oft hefur þjóðinni ekki verið sagt að nú skuli rísa álver hér og álver þar, sem ekki hafa svo risið — að mati margra, til allrar guðslukku?

Í samræmi við þessa stóriðjustefnu hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á undanþágu frá Kyoto-bókuninni, að verða leyst undan sameiginlegri ábyrgð ríkja heims og auka losun gróðurhúsalofttegunda um 75% á meðan flest önnur iðnvædd ríki eiga að draga umtalsvert úr losun. Þetta er framlag ríkisstjórnarinnar til að leysa sameiginlegt vandamál jarðarbúa, þannig birtist hnattræn meðvitund hennar.

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Veruleiki heimsbyggðarinnar við upphaf 21. aldarinnar er alvarlegur. Fólksfjölgun er geigvænleg, fátækt mikil, milljónir manna búa við hungur og hafa ekki hreint vatn. Það er veruleiki heimsbyggðarinnar við upphaf 21. aldarinnar og er hluti af þeim málum sem við Íslendingar þurfum að taka nær hjarta okkar ef okkur á að takast að vera steinn í þeirri vörðu sem hnattræn meðvitund er á leið okkar til sjálfbærrar þróunar. Á þeirri vegferð er Vinstri hreyfingin – grænt framboð tilbúin að taka forustu í íslenskum stjórnmálum. — Góðar stundir.

[21:12]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Á þessum tímamótum í störfum Alþingis finnst mér, nýjum þingmanni, vert að líta til þess sem áunnist hefur og horfa jafnframt fram á veginn. Stjórnmál snúast fyrst og fremst um fólk og fjölskyldur við margbreytilegar aðstæður og mismunandi kjör. Þau snúast um börn í skóla, foreldra á vinnumarkaði, samvistir fjölskyldunnar og aldraða sem hafa lokið sínu ævistarfi. Hlutverk Alþingis er að setja leikreglur í samfélaginu og ákvarða og ábyrgjast bæði tekjuöflun og líka gjaldaliði ríkissjóðs sem ræður að miklu leyti þeim kjörum og aðstæðum sem fólk og fjölskyldur búa við.

Hagvöxtur er hugtak sem vísast ber ekki almennt á góma yfir kvöldverði fjölskyldunnar en ræður þó víða hverjir sitja þar að og jafnframt því hvað er á borðum. Sá mikli hagvöxtur sem við höfum þekkt á liðnum árum kom ekki af sjálfu sér heldur er hann afleiðing skynsamlegrar hagstjórnar og markvissrar stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Áframhaldandi hagvöxtur á næstu árum er jafnframt forsenda þess að hægt sé að halda áfram að greiða niður skuldir ríkisins, halda kaupmætti og skapa svigrúm til að jafna lífskjörin enn meir en gert hefur verið. Kaupmáttur ráðstöfunartekna og stöðugleiki í efnahagsmálum er undirstaða trausts fjölskyldulífs og öryggis fjölskyldunnar. Ein stærsta ógnin sem ég sé steðja að er sú að við missum tökin á verðbólgunni vegna hundruða fjölskyldna sem hafa í stöðugleika síðustu ára fest kaup á húsnæði sem þær hafa fjármagnað með verðtryggðum lánum að verulegu leyti.

Við hljótum að spyrja hvernig við höfum nýtt efnahagsbatann. Framsfl. hefur á liðnum árum farið með tvö helstu velferðar- og fjölskylduráðuneytin, heilbr.- og trmrn. og félmrn. Á verksviði beggja þessara ráðuneyta er m.a. að mæta þörfum þeirra sem á mestum stuðningi þurfa að halda, einstaklinga og fjölskyldna, allt eftir mismunandi aðstæðum og kjörum, svo sem efnahag, búsetu og heilsufari. Ný lög og aukin framlög til ýmissa mála sýna með afgerandi hætti viðhorf, áherslur og stefnu Framsfl. í fjölskyldu- og velferðarmálum.

Á því þingi sem nú er brátt að baki hafa verið sett ný lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Ástæða er til að ætla að sú löggjöf eigi verulega eftir að auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ný löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof er líka geysistórt framfaraspor sem ég held að allir geti verið sammála um í þágu bæði barna og foreldra.

Í málefnum langveikra barna hefur ríkisstjórnin markað stefnu sem unnið verður eftir og m.a. er foreldrum nú tryggður dvalarkostnaður vegna sjúkrahússlegu barna fjarri heimili. Stórbætt löggjöf um skaðabætur til sjúklinga er í farvatninu, unnið er að því að koma á fót bráðamóttöku fyrir börn og unglinga með hegðunar- og geðraskanir og vímuefnavanda og nýju langtímameðferðarheimili fyrir unglinga hefur verið komið á fót og með stuðningi ríkisvaldsins hefur SÁÁ opnað nýja unglingadeild.

Þau dæmi sem ég hef nefnt eru valin af handahófi og fjölmargt er látið ósagt. En ég er stolt af þeim verkum sem unnin hafa verið í núverandi ríkisstjórn, en margt er þó ógunnið á ýmsum sviðum, ekki minnst í menntamálunum, því mannauðinn sem sagður er vera lykillinn að samkeppnishæfni okkar á nýrri öld, þarf að rækta. En maður getur líka spurt: Hvað með aðstæður fjölskyldunnar almennt? Skoðun mín er sú að löngu sé orðið tímabært að líta til lengri tíma og móta heildstæða stefnu í málefnum hennar sem síðan yrði unnið eftir. Ýmsar kannanir hafa sýnt að samvistir fjölskyldunnar eru það sem hefur afgerandi þýðingu fyrir uppeldis- og forvarnastarf og það er trú mín að það sé líka mjög þjóðhagslega hagkvæmt að skapa foreldrum enn meira svigrúm til að sinna skyldum sínum við börn sín. Á þeim vettvangi sem svo ótalmörgum öðrum skilar forsjárhyggjan engu.

Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Framsfl. hefur sett fólk í fyrirrúm og mun halda áfram að gera það.

[21:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Nú er fyrsti hluti nýs kjörtímabils undir forsæti Davíðs Oddssonar á enda runninn. Ríkisstjórnin sem er nú við völd er stjórn frjálshyggju sem viðheldur sérhagsmunum fárra. Fjármagnsöflin ráða för, íslenskur fjármagnsmarkaður hefur tekið róttækum breytingum á stuttum tíma. Mikilvægt er að Alþingi taki afstöðu til þess hvernig standa skuli að sölu og/eða einkavæðingu stórra ríkisfyrirtækja. Við einkavæðingu mikilvægra stofnana verður að tryggja dreifða eignaraðild. Salan á Fjárfestingarbankanum sýndi að brýnt er að móta skýrar reglur í þessum efnum. Alþingi ber skylda til að setja reglur og tryggja öflugt eftirlit með því að eftir þeim sé farið. Hættulegt er að mikil völd safnist á fárra hendur með hringamyndun og fákeppni.

Mikill viðskiptahalli hefur löngum einkennt efnahagslíf þjóðarinnar. Erlendar langtímaskuldir þjóðarinnar ruku upp á síðasta ári þrátt fyrir fögur fyrirheit um endurgreiðslu skulda í góðærinu. Skuldirnar jukust úr 50% í næstum 66% af landsframleiðslu frá 1997–1999 samkvæmt nýjum tölum frá Seðlabankanum. Þjóðhagsstofnun spáir áframhaldandi viðskiptahalla á þessu ári. Hagstjórninni er bersýnilega ábótavant. Svokallað góðæri byggir því ekki á traustum grunni.

Skuldir sjávarútvegsins hafa einnig vaxið mjög á undanförnum árum. Frá 1995–1999 hækkuðu skuldir sjávarútvegsins um 70 milljarða króna. Lítinn hluta þeirrar skuldaaukningar má rekja til fjárfestinga í nýjum búnaði, fasteignum eða fiskiskipum. Þess eru engin merki að skuldir fari minnkandi á næstunni. Árferði í sjávarútvegi hefur almennt versnað sl. tvö ár, minni rækjuveiði, lækkandi verð, mest í mjöli og lýsi, samfara háu olíuverði. Fjármunir streyma út frá útgerðunum með sölu á eignarhlutum þar sem verðmætið er að hluta til í kvótaúthlutun á óveiddum fiski í sjónum. Þeir sem kaupa skuldsetja sig í flestum tilfellum með auknum lánum.

Heildarskuldir sjávarútvegsins námu 170 milljörðum króna í árslok 1999 samkvæmt nýrri áætlun frá Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnun og hafa skuldirnar aukist um 82% frá 1995.

Frjálslyndi flokkurinn er með skýra stefnu og tillögur sem fela í sér raunhæfar lausnir á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir varðandi fiskveiðistjórnun og eflingu byggðar á nýjan leik. Við höfum lagt fram frv. og tillögur sem koma í veg fyrir kvótabrask og framsal kvótans, stutt vistvænar veiðar strandveiðiflotans og skiptingu flotans í aðgreinda útgerðarflokka sem eru allt forsendur fyrir nýrri skipan fiskveiða ef sátt á að ríkja um þessi mál til framtíðar.

Það kom glögglega í ljós í togara- og netaralli nýlega að fiskveiðistjórnarkerfið er ekki að skila árangri með eflingu botnfisksstofnanna. Afli hefur minnað úr svo til öllum okkar botnfisksstofnum í mörg ár. Árangur í uppbyggingu botnfisksstofna á síðustu tíu árum er enginn. Það er hrein fölsun staðreynda að halda öðru fram á opinberum vettvangi og fráleitt að trúboðar endasendist um víða veröld til þess að hæla þessu braskkerfi.

Sjútvrh. lofaði að gera átak til kynningar á málstað okkar varðandi hvalveiðar. Nauðsyn bæri til að kynna málstað okkar áður en veiðar hæfust. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. sjútvrh. hvort slík kynning er á döfinni.

Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt áherslu á að breytt fiskveiðistjórn sé sú leið sem fara skuli til að bæta stöðu byggðanna í landinu.

Straumur fólks til höfuðborgarinnar af landsbyggðinni er samfélaginu dýr. Kostnaður á mann sem flyst á Stór-Reykjavíkursvæðið er þrjár til fimm millj. kr. Þessir fólksflutningar hafa verið svo miklir undanfarið að það jafngildir því að ein fjölskylda flytji daglega suður. Fólkið neyðist til að hverfa frá lífsstarfi sínu og eignum sem oftar en ekki eru verðlausar eða verðlitlar. Hvar eru nú ákvæðin um trausta atvinnu og byggð í landinu samanber fiskveiðistjórnarlögin?

Traust byggð í landinu þarf margar stoðir. Möguleikar til menntunar verða að vera jafnir í dreifbýli og þéttbýli og sömuleiðis möguleikar til góðrar heilbrigðisþjónustu. Íbúar á landsbyggðinni þurfa að eiga greiðan aðgang að menntun á öllum skólastigum. Fyrir þingi bíður umræðu þáltill. um svonefndar kennslustöðvar á Austurlandi og Vestfjörðum svo unnt verði að bjóða þar upp á háskólanám svo fljótt sem auðið er. Vonandi fær sú stefnumótun framgang á Alþingi fyrr en síðar.

Í dag samþykktum við nýjan sauðfjársamning til sjö ára. Vonandi er að það verði bændum og byggð til farsældar og að frjálsa framsalið í greiðslumarki verði ekki eyðibýlastefna í reynd.

Herra forseti. Alþingi samþykkti í dag ný kosningalög sem Frjálslyndi flokkurinn er andvígur. Þingmenn Frjálslynda flokksins telja að þessi breyting verði aðeins tímabundin og betra hefði verið að gera landið að einu kjördæmi og ljúka deilum um vægi atkvæða þannig að heildarhagsmunir ráði för til framtíðar.

Góðir landsmenn. Gangið á guðs vegum um komandi sumartíð.

[21:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Alvarlegasta deilumál þjóðarinnar hin síðari ár sprettur af því að þeir sem með völdin fara í landinu hyggjast færa þeim sem stunda nú útgerð á Íslandi einkarétt til að sækja sjó. Þessa stefnu hafa stjórnvöld reynt árum saman að reka ofan í kokið á þjóðinni með litlum árangri. Andstaða almennings við þetta fyrirkomulag minnkar ekki, hún minnkar ekki neitt þrátt fyrir auglýsingaherferðir og stöðugan áróður. Þessi andstaða magnaðist fyrir síðustu kosningar og eftir að Samfylkingin hafði lýst þeirri afstöðu sinni í kosningastefnuskrá að afnema bæri eignarhaldið lýstu báðir stjórnarflokkarnir því yfir að þeir ætluðu að beita sér fyrir þjóðarsátt í málinu. Fólk tók mark á þessum yfirlýsingum en nú er fyrsta þingvetri að ljúka og hvað hefur gerst? Hvar eru efndirnar? Jú, hæstv. sjútvrh. hefur skipað nefnd. Nefndin gerir ekkert enn þá. Þingflokkur Samfylkingarinnar taldi að ef alvara fylgdi máli um að leita sátta, þyrftu stjórnmálaöflin í landinu að svara því hvaða grundvallarstefnu þau hefðu í málinu og hvaða leið þau teldu heppilegasta til að ná þeim markmiðum sem í henni fælust.

Þingflokkur Samfylkingarinnar taldi sér ekki til setunnar boðið að útfæra hugmyndir og tillögur sem gengju upp við þá grundvallarafstöðu sem mótuð hafði verið og lýst í kosningunum. Við settum starfshóp í þetta mál og ræddum hugmyndir hans margoft á þingflokksfundum í vetur. Niðurstaðan varð sú að allur þingflokkurinn stóð að frv. Samfylkingarinnar sem lagt var fram og felur í sér verulegar breytingar á mikilvægum þáttum gildandi fiskveiðistefnu. Verði það samþykkt færist eignarhaldið raunverulega aftur til

þjóðarinnar. Í tillögum okkar er gengið út frá því að jafnræði skuli gilda við aðgang að veiðiréttinum. Þess vegna skulu allar úthlutunarreglur vera almenns eðlis. Sérréttindi þeirra sem nú eru handhafar kvótans verða afnumin í jöfnum áföngum á tíu árum en útgerðum þess í stað gefinn kostur á öflun aflahlutdeilda á opnum markaði. Fiskveiðiflotanum verði skipt í útgerðarflokka, m.a. til að tryggja hagsmuni landvinnslunnar og strandveiðiflotans, aflahlutdeild sem verður ekki notuð skal skilað og hún boðin út aftur. Einungis verður hægt að leigja út 50% af aflamarki innan ársins.

Í sjávarbyggðum þar sem við mikla erfiðleika er að etja vegna skorts á afla verði heimilað sérstakt útboð aflahlutdeilda til útgerða sem skuldbinda sig til þess að landa afla til vinnslu á viðkomandi stað. Tekið er á brottkasti með því að leyfð verður löndun afla utan kvóta næstu tvö fiskveiðiár til að fá á hreint hve miklu er kastað í hafið. Á grundvelli þeirrar vitneskju verður hægt að taka ákvarðanir um það hvernig unnt er að koma í veg fyrir sóun og óþolandi umgang um lífríki hafsins.

Þetta eru tillögur okkar. Þær eru sanngjarnar og gefa atvinnugreininni sjálfri, viðskiptaaðilum og efnahagslífinu í landinu, góðan tíma til að laga sig að breyttum aðstæðum.

En við höfum líka lagt fram þingmál sem móta afstöðu til margra annarra mikilvægra mála sem varða sjávarútveginn. Við viljum skýra aðgreiningu í rekstri útgerðar og fiskvinnslu og koma þannig á heilbrigðu samkeppnisumhverfi milli þeirra sem reka saman útgerð og fiskvinnslu og hinna sem einungis stunda fiskvinnslu. Við viljum að fiskverð ráðist á markaði og tökum þar undir með sjómönnum. Við viljum að sjávarútvegurinn á Íslandi búi við sams konar umhverfi hvað varðar aðgang að fjármagni og eignarhaldi og önnur fyrirtæki í landinu, en slíkt er ógerlegt meðan eignarréttarvandinn á auðlindinni hefur ekki verið leystur.

Þannig leggur Samfylkingin á öllum sviðum áherslur á sanngjarnar, almennar leikreglur, sem mismuna ekki einstaklingum eða fyrirtækjum. Þessi stefnumörkun sýnir í hnotskurn hvernig Samfylkingin vill að unnið sé að málum.

Engar nýjar hugmyndir hafa komið fram frá stjórnarflokkunum um hvernig megi ná sátt um þessi mál. Þvert á móti hefur hæstv. forsrh. fullyrt að ekki megi hrófla við eignarhaldi útgerðarmanna. Þá fari allt til fjandans og þjóðin gerði þá best í því að halda sig í sólarlöndum. Sátt Sjálfstfl. er greinilega fólgin í því að þjóðin eigi að sætta sig við að breyta engu. Framsóknarmenn tala um skattlagningu söluhagnaðar og aukinn byggðakvóta. Fátt bendir til þess að menn vilji nýja stefnumótun eða leita sátta með þjóðinni. Þjóðarsáttin virðist eiga að vera sú að þjóðin sætti sig við óbreytt ástand.

En hafa menn ekki afsökun, voru menn ekki að bíða dóms Hæstaréttar? Þeir sem bera fyrir sig þau rök eru í raun að segja að þeir hafi ekki viljað taka afstöðu fyrr en þeir voru vissir um að það væri löglegt að mismuna mönnum við nýtingu á þessari dýrmætustu auðlind þjóðarinnar. Ástæðan fyrir þeirri afstöðu getur ekki verið nema ein, menn vilja halda því áfram.

Tillögur okkar í málinu falla fullkomlega að dómi Hæstaréttar án þess að nokkur skaðabótaréttur geti myndast samkvæmt niðurstöðu réttarins. Samfylkingin er eini flokkurinn sem hefur sett það fram sem grundvallarafstöðu að öllum veiðiheimildum verði að loknum aðlögunartíma ráðstafað með almennum hætti. Við vildum og vorum í stakk búin til að ganga lengra en aðrir flokkar í þessu mikilvæga máli. Við náðum þess vegna þeim mikilvæga áfanga á fyrsta vetri Samfylkingarinnar hér á hv. Alþingi að setja tillögur okkar skýrt fram í frv. Við gerðum það áður en Hæstiréttur kvað upp dóm sinn vegna þess að það hefði engu breytt fyrir okkar afstöðu að vita hvort það væri löglegt að mismuna þeim sem stunda sjó á Íslandsmiðum.

[21:30]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er vor á hátíðarári og fram undan er hátíðarsumar. Aldrei hefur þjóðin haldið hátíð við eins góðar aðstæður í efnalegu tilliti. Hún hefur búið við góðan og batnandi hag undanfarin ár og hefur í það heila tekið aldrei haft það betra. Hátíðahöldin á komandi sumri eru undir merkjum kristinnar trúar. Öllum er ljóst að það endurspeglast í löggjöf á Alþingi að Íslendingar leggja áherslu á gildi kristinnar trúar og þá siðmenningu sem hún mótar. Þau gildi sem kristnin stendur fyrir eru varanleg og hafa dugað þjóðinni í 1000 ár. Þau eru einnig besta haldreipið við upphaf nýrrar aldar og árþúsunds.

Herra forseti. Stjórnmál eru ekki eingöngu dægurþras heldur barátta fyrir hugsjónum og lífsgildum. Sigurinn í stjórnmálum er ekki endilega sá sem mældur er upp úr kjörkössum hverju sinni heldur felst hann í því sem ávinnst á hverju tímabili, að stefnumið og hugsjónir nái fram að ganga.

Viss hugarfarsbreyting hefur átt sér stað í stjórnmálaviðhorfum landsmanna á þeim tæpa áratug sem Sjálfstfl. hefur farið fyrir ríkisstjórn. Almennar leikreglur eru settar, ríkið hættir að blanda sér jafnmikið í mál sem betur eru komin í höndum einstaklinga og fólk hættir að stóla á að ríkið sé alls staðar eins og forsjárfullur stóri bróðir, ætlast ekki til þess og vill það ekki. Hver einstaklingur er frjáls og ábyrgur fyrir lífi sínu. Fyrirgreiðslupólitíkin er á undanhaldi. Jafn réttur skal vera í öndvegi en ekki það að maður þekki mann. Og Sverrir er ekkert jafnari en aðrir. Þannig hefur unnist sigur í hugmyndabaráttunni, stétt er með stétt og öll erum við á leiðinni fram veginn.

Í stjórnmálum hefur það verið styrkur Sjálfstfl. að vera hinn breiði flokkur með skírskotun til allra hópa samfélagsins. Hann hefur aldrei þurft að biðjast afsökunar á stefnu sinni og hugsjónum og best hefur þjóðinni gengið leiðin til framfara með hann við stjórnvölinn.

Í utanríkismálum eigum við góð samskipti við allar þjóðir. Við erum frjáls þjóð sem stofnar ekki til annarra skuldbindinga en þeirra sem þjóðin vill og hentar þörfum hennar. Stuðningur okkar við þróunarstarf í fátækum ríkjum er vaxandi og skilningur á því blessunarlega að aukast.

Í byggðamálum eru stigin skref til að jafna aðstöðu landsmanna. Þar hefur verið á brattann að sækja og enn eigum við brekku eftir. Hefur þó margt áunnist samkvæmt stefnumótandi ályktun Alþingis í byggðamálum frá síðasta vetri.

Stóra mál landbn. á liðnum vetri voru ný lög um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar sem samþykkt voru fyrr á þessum degi. Nú hafa bændur rammann og leikreglurnar til allmargra ára og hyggja að stöðu sinni samkvæmt því. Um landbúnaðinn ríkir meiri sátt en oftast áður. Flestum er að verða ljóst að við styðjum okkar landbúnað líkt og aðrar þjóðir og höfum mikinn metnað til að framleiða hollar vörur og tryggja matvælaöryggi okkar eftir föngum.

Fjölskyldugildin eru sjálfstæðismönnum mikilvæg. Þá mikilvægu stofnun, fjölskylduna, þarf að styrkja og eyða mismunun þar sem hjónafólk nýtur ekki jafnræðis á við einstaklinga utan hjónabands. Áður fyrr tíðkuðust sparimerkjagiftingar — nú málamyndaskilnaðir. Löggjöfin má ekki ýta

undir að talið sé úrræði í kröppum kjörum og aðstæðum að skilja.

Öryggisnet samfélagsins er í sífelldri skoðun. Þörf er orðin á að endurskoða og móta heildarlöggjöf um almannatryggingakerfið. Þar þurfa stefnumið Sjálfstfl. að vera í fyrirrúmi ef vel á til að takast.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a. að markmið ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu sé, með leyfi forseta:

„Að endurskoða almannatryggingakerfið svo og samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðakerfið með það að markmiði að umfang og kostnaður við stjórnsýslu verði sem minnstur og framkvæmd verði einfölduð og samræmd til hagsbóta fyrir bótaþega. Áhersla verði lögð á að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðra og aldraðra sem lægstar tekjur hafa."

Herra forseti. Að þessu er unnið og vel til þeirrar vinnu vandað en nefnd er einmitt að störfum að málinu. Þess er vissulega beðið með eftirvæntingu að hún skili af sér.

Góðir áheyrendur. Ég óska ykkur öllum bjartrar framtíðar, góðs sumars og guðs blessunar.

[21:35]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það er með ólíkindum að hlusta á stjórnarliða tala héðan úr ræðustól. Ég veit ekki betur en við Íslendingar höfum um áratugi skipað okkur á bekk ríkustu þjóða heims. Það sem málið snýst um hér á hinu háa Alþingi er hvernig þjóðin fer með þau auðæfi sem hún skapar, hvernig auðæfunum er skipt á milli fólks og hvernig við stöndum að stjórnsýslu hér í landinu. Um það snýst málið.

Eftir níu ára valdatíma Davíðs Oddssonar forsætisráðherra er íslenska þjóðin farin að átta sig á að sú stefna sem fylgt hefur verið hefur unnið stórkostlegt tjón á íslensku samfélagsmunstri og íslensku efnahagskerfi. Með hjálp Alþfl. og nú síðustu fimm árin með hjálp Framsóknar hefur Sjálfstfl. tekist að brjóta upp rótgróna íslenska samvinnu- og samhjálparhugsun. Nú skal markaðurinn ráða öllu.

Á valdatíma Davíðs Oddssonar hefur markaðsöflunum verið sleppt lausum, eigur ríkisins á að selja og allt er falt fyrir peninga. Peningaöflin í landinu einbeita sér að því að komast yfir fjölskyldusilfrið. Það er slegist um eignir ríkisins, hvort sem um er að ræða verksmiðjur, bankastofnanir eða fyrirtæki. Þeim sem ginið hafa yfir eigum samfélagsins hefur á grunni þessarar stefnu verið gert kleift að raka saman fjármunum á örskömmum tíma, hundruðum milljóna í mörgum tilfellum.

Nú er hafin einkavæðing á menntakerfi landsins, heilbrigðiskerfi og einkavæðing á raforkuframleiðslunni er í undirbúningi. Vinstri hreyfingin – grænt framboð stendur vörð um félagslega samhjálp. Á grunni jafnréttis og félagshyggju viljum við opinberan rekstur á grunnþjónustu samfélagsins, svo sem menntun, heilbrigðismálum og umönnunarmálum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð berst með oddi og egg gegn þeirri sýn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að þeir einir eigi að fá möguleika sem fjármagnið hafa.

Við höfum lagt fram tillögur um gjörbreyttar áherslur í sjávarútvegsstefnunni. Allir landsmenn átta sig á því að sú stefna sem fylgt hefur verið á stóran þátt í þeim gríðarlega vanda sem við er að etja í byggðamálum. Stefna okkar um eflingu smábátaflotans og bátaflotans með áherslu á vistvænar veiðar, byggðatengingu kvóta, mun gjörbreyta stöðu hinna dreifðu byggða. Við munum leggja mikla áherslu á að okkar stefnumið verði ríkjandi í þeirri vinnu sem nú fer fram við endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni.

Ríkisstjórnin hefur fengið samþykktan hér á Alþingi nýjan búvörusamning við sauðfjárbændur landsins. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjölda tillagna um þróun íslensks landbúnaðar. Við viljum styðja landbúnaðinn, stuðla að framsókn hans með nýja sýn að leiðarljósi. Við söknum nýrrar sýnar í nýjum landbúnaðarsamningi. Við gerð hans hefði þurft að leggja höfuðáherslu á lífrænan landbúnað og tilboð til bænda um þátttöku í landvörslu í öllum héruðum landsins. Markaður fyrir lífrænar afurðir er fyrir hendi og þar eru stórkostleg sóknarfæri. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur höfuðáherslu á að þróun íslensks landbúnaðar verði beint í þennan farveg.

Í atvinnumálum hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar lagt höfuðáherslu á uppbyggingu stóriðju eins og kunnugt er. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg þeirri stefnu. Atvinnustefna sem byggir á stóriðju er stefna gærdagsins. Ungt fólk vill fjölbreytileika í atvinnulífi. Það hefur sýnt sig að þeim þjóðum sem borið hafa gæfu til að efla smáiðnað af ýmsu tagi hefur vegnað best. Stóriðjustefnan kallar líka á stórframkvæmdir í virkjanamálum sem iðulega eru í andstöðu við önnur hagsmunamál svo sem eflingu ferðaþjónustunnar.

Stefna okkar er einnig að nýting á orkulindum landsins skuli vera sem fjölbreyttust og sem næst uppsprettu auðlindanna þannig að línulagnir um landið verði í lágmarki og nærliggjandi byggðir njóti uppbyggingarinnar.

Náttúra Íslands er okkar stærsta auðlind. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs byggir á náttúruvernd og skynsamlegri, hóflegri nýtingu á gæðum landsins.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur á þessu þingi lagt fram tillögur um eflingu almenningssamgöngukerfis í landinu. Gamla sérleiðakerfið er löngu úrelt og nauðsyn ber til að upphefja nýja sýn, móta stefnu sem þjónar nútímanum um land allt, kerfi sem getur orðið til stuðnings ferðamannaþjónustunni og öllum almenningi. Efling almenningssamgangna á vegum sveitarfélaganna er einnig bráðnauðsynlegt mál þar sem mikil einkabílanotkun, t.d. hér á höfuðborgarsvæði, er orðið stórvandamál, vandamál sem kallar á tugmilljarða fjárfestingar á næstu árum. Ríkisvaldið á að framkalla uppbyggingu og þróun nútímaalmenningssamgangna í landinu með beinum framlögum og með því að létta álögum af slíkri starfsemi.

Andvaraleysi ríkisstjórnarinnar varðandi almenningssamgöngur í landinu er stórt áhyggjuefni. Á síðustu árum hefur stórfækkað þeim stöðum á landinu sem njóta flugsamgangna. Þetta veldur ferðaþjónustuaðilum áhyggjum, góðar samgöngur eru jú drifkraftur ferðaþjónustunnar. En ríkisstjórninni er ekkert heilagt í þeim efnum frekar en öðrum. Á síðustu dögum þingsins fékk ríkisstjórnin samþykktar tillögur sem leiða af sér tugmilljóna álögur á innanlandsflug, þrátt fyrir aðvörunarorð hagsmunaaðila í flugi og ferðaþjónustu.

Virðulegi forseti. Sjálfstfl., Framsókn, Samfylking og Frjálslyndir eru stjórnmálaöfl sem vilja áfram feta braut frjálshyggju og einkavæðingar. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun áfram sem hingað til nota afl sitt á Alþingi til að standa vörð um félagslegt réttlæti fyrir landsmenn alla. — Góðar stundir.

[21:42]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á þessu þingi hafa verið lögð fram mörg mikilvæg mál á verksviði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna. Í því sambandi nægir að nefna málefni á sviði orkumála, samkeppnismála og fjármagnsmarkaðar.

Að þessu sinni vil ég þó einungis fjalla um einn af þeim málaflokkum sem falla undir mín ráðuneyti en það eru byggðamálin. Þau fluttust til iðnrn. um síðustu áramót. Það er því hlutverk mitt að fylgja eftir stefnu ríkisstjórnarinnar og Alþingis í byggðamálum.

Mun fleiri sjá nú og skilja að hin mikla fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu á kostnað landsbyggðarinnar er bæði óheillavænleg og óhagkvæm. Ég tel að flestir Íslendingar vilji að jafnvægi sé í byggð landsins en til þess að við náum því marki þarf að reka öfluga byggðastefnu.

Sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu hafa vakið athygli á þeim mikla kostnaði sem er samfara mikilli fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma eru tekjur sveitarfélaga á landsbyggðinni að dragast saman vegna fækkunar íbúa. Það er því orðið sameiginlegt hagsmunamál sveitarfélaganna að snúa þessari þróun við. Ég vænti þess að sveitarstjórnarmenn haldi áfram að ræða um hvernig þeir geti í samvinnu við ríki og atvinnulíf stuðlað að því. Augu æ fleiri hafa opnast fyrir því að byggð í landinu öllu snertir ekki aðeins hagsmuni þeirra sem á landsbyggðinni búa, heldur landsmanna allra.

Í stefnuáætlun Alþingis og ríkisstjórnar í byggðamálum er lögð mikil áhersla á fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Því markmiði er hægt að ná með ýmsum hætti.

Í fyrsta lagi er hægt að flytja einstök verkefni sem unnin eru í opinberum stofnunum á höfuðborgarsvæðinu til einkaaðila eða annarra opinberra aðila á landsbyggðinni. Þetta má m.a. gera með því að nýta upplýsingatæknina til hins ýtrasta eins og berlega kom fram á fundi sem ég hélt með forstöðumönnum opinberra stofnana þann 4. maí sl. Það væri jafnframt í samræmi við reynslu annarra þjóða, t.d. Finna.

Því markmiði má í öðru lagi ná með því að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins.

Í þriðja lagi er hægt að flytja starfandi stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera. Það hefur verið gert með góðum árangri og nægir í því sambandi að nefna Landmælingar Íslands sem voru fluttar á Akranes og Lánasjóð landbúnaðarins sem nýlega tók til starfa á Selfossi.

Ég mun sem ráðherra byggðamála fylgja fast eftir að þessari stefnumörkun Alþingis verði framfylgt. Í því skyni hef ég m.a. ákveðið að láta fara fram faglega úttekt á starfsemi allra stofnana sem starfa á vegum ráðuneyta minna til að kanna hagkvæmni þess að flytja verkefni út á land. Þessi vinna er í fullu samræmi við þær áherslur sem settar eru fram í stefnumótandi byggðaáætlun Alþingis en þar segir að hvert ráðuneyti eigi að leggja fram tillögur um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Þegar þessari hagkvæmnisúttekt er lokið mun ég kynna niðurstöðuna fyrir ríkisstjórn, jafnframt því sem ég mun leggja fram áætlun ráðuneyta minna um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir að opinber útgjöld verði aukin til að ná fram því markmiði að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Þetta þýðir að sjónarmið hagkvæmni þurfa að ráða enda er eðlilegt að sömu lögmál gildi fyrir opinberan rekstur og einkarekstur hvað þetta varðar. Sú mikla áhersla sem lögð er á fjölgun opinberra starfa og verkefna í byggðaáætluninni þarf ekki að koma neinum á óvart sem til þekkir á landsbyggðinni. Þar eru að verða miklar breytingar í atvinnuháttum sem stafa af mikilli hagræðingu í sjávarútvegi annars vegar og rekstrarvanda í landbúnaði hins vegar. Þá eru blikur á lofti í ferðmálum og samkeppnisgreinum vegna þeirra miklu hækkana sem orðið hafa á raungengi krónunnar á síðustu mánuðum og missirum. Margt fólk á landsbyggðinni býr því við óöryggi í atvinnumálum og gerir kröfur um réttlátari skiptingu starfa og verkefna sem kostuð eru með opinberu fé.

Gríðarlega mikilvægt er að reyna að stuðla að fjölbreyttari atvinnustarfsemi á landsbyggðinni en það er frumforsenda þess að okkur takist að snúa við þeirri þróun búferlaflutninga sem við höfum séð á síðustu árum. Ýmislegt jákvætt er þó að gerast þessa dagana. Við höfum t.d. séð að einkafyrirtæki nýta sér í auknum mæli upplýsingatæknina til að vinna verkefni á landsbyggðinni. Nýleg dæmi eru fyrirtæki á sviði fjármálaþjónustu og tryggingar. Þessi fyrirtæki leita hagkvæmustu lausna og af hagkvæmnisástæðum hafa þau stigið þessi skref. Það sama á auðvitað að gilda í opinberum rekstri, að leita hagkvæmra leiða. Opinberar stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins hafa sem betur fer einnig verið að gera svipaða hluti og ég fullyrði að meira mun gerast í þessum málum á næstu vikum.

Herra forseti. Ég mun í störfum mínum sem ráðherra byggðamála leggja mig alla fram til að ná árangri. Við þurfum að ná jafnvægi í byggð landsins. Til að svo megi takast tel ég að brýnasta verkefnið sé að auka fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni þannig að ungt fólk hafi áhuga á að flytja þangað búferlum. Byggðastefnan á ekki að snúast um að koma í veg fyrir að fólk flytji frá einum stað til annars. Nei, þvert á móti á byggðastefnan að snúast um að fólk hafa áhuga á að flytja út á land og búa á landsbyggðinni. Um þessar mundir tel ég brýnast að höfða til yngra menntafólks. Landsbyggðin þarf á slíku fólki að halda til að byggja upp ný atvinnutækifæri.

Góðir áheyrendur. Ég hef lokið máli mínu.

[21:49]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. „Góðærið er knúið áfram með erlendri skuldasöfnun." Góðærið er knúið áfram með erlendri skuldasöfnun. Hver skyldi svo mæla? Að ósynju kynnu menn að ætla að þetta væri upphrópun stjórnarandstöðu. Svo er hins vegar ekki. Ummælin eru í dagblaðinu Degi í dag, höfð eftir framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, Sveini Hannessyni, glöggskyggnum manni sem lengi hefur haft uppi varnaðarorð um hina háskalegu þróun efnahagsmála. En hann er ekki einn um það. Seðlabanki Íslands og Þjóðhagsstofnun klifa á því a.m.k. vikulega að váboðar séu fram undan í verðbólgumálum og er viðvarandi og langvarandi viðskiptahalli eitt gleggsta hættumerkið.

En þrátt fyrir viðvaranir kemur allt fyrir ekki. Ríkisstjórnin skellir skollaeyrum við öllum aðvörunum og stundar síðan óaflátanlegar yfirhymingar með stöðugleikatali og skrumi um góðæri og velsæld meðan erlendar skuldir okkar hlaðast upp með leifturhraða og skuldir heimilanna að sama skapi. Menn hafa fengið að hlusta á þetta hér í kvöld.

Fjmrh. gat þess að verðbólga væri á niðurleið. Hann gat þess enn fremur að viðskiptahalli hefði ekki aukist. Hvað segir Seðlabankinn um þetta? Hvað segir Þjóðhagsstofnun um þetta? Þessar stórfréttir höfðu ekki borist fjölmiðlum klukkan sex þegar ég hlustaði á Ríkisútvarpið þá. Þetta hefur

skeð síðan og eru stórtíðindi. En þetta er eins og annað í máli stjórnarsinna, þar er með þessum hætti reynt að hylma yfir hinar köldu staðreyndir og mæra með fögrum orðum það sem allt öðruvísi lítur út í raun.

Gumað er af afgangi á fjárlögum sem í raun er að mestu froðufé innheimt með tollum og öðrum sköttum af hinum ógnarlega innflutningi umfram efni þjóðarinnar. Þess eru engin merki að ríkisstjórnin ætli að taka sig á og veita viðspyrnu gegn þessum ófögnuði. Ef vel ætti að vera þyrfti að beinskera niður opinberar framkvæmdir svo brakaði í hverju tré. En hér er verið að úthluta á borð þingmanna tillögum um stóraukið fjármagn til vega og framkvæmda og jarðganga.

Slíkra viðbragða sem niðurskurðar er auðvitað ekki að vænta af mönnum sem trúa orðið eigin áróðri um að hér sé allt blúndulagt. Þess í stað stefna þeir nú í stórframkvæmdir í orku- og stóriðjumálum sem eiga sér enga hagræna stoð. Það er raunar það óhugnanlegasta agn sem framsókn hefur til þessa beitt á atkvæðaöngul sinn og er þá mikið sagt.

Gjafverð á orku til stóriðju hefur síðustu þrjátíu árin verið bein skattheimta af þegnum landsins. Hún mun enn stóraukast við Kárahnjúkavirkjun ef í hana verður ráðist.

Valdhrokinn lætur ekki á sér standa í þessum efnum. Spánnýtt dæmi höfum við um hann og um leið um þýlyndi ríkisstjórnarmanna við matmæður sínar. Málatilbúnaður utanrrh. vegna flutninga fyrir varnarliðið er eitt mesta heiftarklúður sem menn á hinu háa Alþingi hafa kynnst. Eftir öllum sólarmerkjum að dæma er hann eftir pöntun frá Eimskipafélagi Íslands. Þótt öllu öðru sé sleppt er verst að þola þá vansæmd sem við Íslendingar vinnum okkur með slíkum aðferðum.

Herra forseti. Af nógu væri að taka ef tími leyfði. Alþingi afgreiddi í morgun ný lög um kosningar til Alþingis en fylgjendur laganna töldu þeim það helst til ágætis að allir væru jafnóánægðir með þau. Lögin hafa hins vegar það eitt sér til ágætis að við þau mun ekki verða búið stundinni lengur, að ákveða með lögum frá Alþingi árið 2000 allt að tvöfalt misvægi atkvæða milli þegna landsins eru býsn og fádæmi sem halda hefði mátt að heyrðu fortíðinni til.

Víst er það rétt að ekkert er háskalegra frelsi einstaklingsins en risavaxið ríkisvald sem teygir anga sína um allar æðar þjóðarlíkamans. Jafnvíst er að eins og málum er komið verða allir frjálslyndir lýðræðissinnar að snúa bökum saman til varnar frelsinu, frelsi alls almennings gegn yfirdrottnun örfárra útvaldra að hverra köku núverandi ríkisstjórnar skarar eld ótæpilega.

Ég óska öllum landsmönnum góðs og gleðilegs sumars.

[21:55]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 629. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1372.

Jarðgangaáætlun 2000–2004, 571. mál, nál. samgn., þskj. 1375.

Umönnunargreiðslur og greiðslur til stuðningsfjölskyldna, 616. mál, svar félmrh., þskj. 1366.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 405. mál, brtt. utanrmn., þskj. 1371.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, 296. mál, nál. samgn., þskj. 1373; brtt. samgn., þskj. 1374.

Fundi slitið kl. 21:56.

---

116. FUNDUR

fimmtudaginn 11. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 1008, brtt. 983 og 1371. — Frh. 3. umr.

2. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188. — Frh. 3. umr.

3. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 1356. — 3. umr.

4. Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frv., 618. mál, þskj. 1023. — 2. umr.

5. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 619. mál, þskj. 1024. — 2. umr.

6. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491, nál. 1183 og 1269. — Frh. 2. umr.

7. Fjarskipti, frv., 629. mál, þskj. 1112, nál. 1372, brtt. 1282. — 2. umr.

8. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 386. mál, þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281 og 1299. — Frh. 2. umr.

9. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275. — 2. umr.

10. Lífsýnasöfn, stjfrv., 534. mál, þskj. 835, nál. 1308, brtt. 1309. — 2. umr.

11. Lyfjalög og almannatryggingar, stjfrv., 401. mál, þskj. 659, nál. 1304, brtt. 1305. — 2. umr.

12. Sjúklingatrygging, stjfrv., 535. mál, þskj. 836, nál. 1306, brtt. 1307. — 2. umr.

13. Samkeppnislög, stjfrv., 488. mál, þskj. 770, nál. 1347, brtt. 1348. — 2. umr.

14. Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjtill., 585. mál, þskj. 887, nál. 1169. — Síðari umr.

15. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 296. mál, þskj. 509, nál. 1373, brtt. 1374. — Síðari umr.

16. Jarðgangaáætlun 2000–2004, stjtill., 571. mál, þskj. 873, nál. 1375. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[10:30]

Útbýting þingskjala:

Bað- og snyrtiaðstaða á hjúkrunarheimilum, 610. mál, svar heilbrrh., þskj. 1369.

Framkvæmd alþjóðlegra samninga á sviði náttúruverndar, 124. mál, skýrsla umhvrh., þskj. 1376.

Staða umferðaröryggismála í ársbyrjun 2000, 645. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1377.

Athugasemdir um störf þingsins.
Frumvarp til lokafjárlaga.

[10:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og þingmenn hafa kannski tekið eftir er búið að útbýta á borð þeirra endurprentuðu frv. til lokafjárlaga til staðfestingar á ríkisreikningi 1998. Hér er um að ræða þskj. sem legið hefur fyrir frá því í desember en ég útskýrði í haust að á framlagningu þess urðu óhjákvæmilegar tafir vegna þess að hér er í fyrsta skipti verið að framfylgja nýjum ákvæðum í lögum um fjárreiður ríkisins.

Enn frekari töf hefur orðið á því að ganga frá þessu máli í fullnægjandi búning þannig að þingið gæti tekið afstöðu til þess. Nú liggur þskj. hins vegar fyrir eins og það á að vera en vegna þess hversu áliðið er þings mun ég ekki óska eftir því að þingið afgreiði þetta mál á þessu vori. Ég mun hins vegar óska eftir því að það verði afgreitt strax í haust en þá vonumst við líka til að frv. til lokafjárlaga fyrir árið 1999 verði tilbúið og þannig verði það framvegis, að hægt verði að afgreiða lokafjárlög í tengslum við afgreiðslu ríkisreikningsins sjálfs og við þurfum ekki aftur að upplifa þær tafir á því bókhaldslega en mikilvæga atriði sem þinginu ber að staðfesta.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti, vegna þess að ég vakti sjálfur máls á þessu í haust. Þetta er staðan. Það er leiðinlegt að þetta skuli hafa dregist en skýringarnar eru þessar og ég óska eftir góðri samvinnu um þetta mál á hausti komanda.

Athugasemdir um störf þingsins.
Afgreiðsla vegáætlunar.

[10:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur dregist nokkuð að hér kæmi fram afgreiðsla á vegáætlun frá samgn. Síðan gerast þau undur og stórmerki í gærkvöldi að undir eldhúsdagsumræðum er dreift brtt. við vegáætlun frá samgn. Þar eru til viðbótar þeim framkvæmdum í jarðgangamálum sem boðaðar höfðu verið og fyrir lá að kæmu með einhverjum hætti til afgreiðslu með vegáætlun gerðar tillögur um umtalsverðar viðbótarfjárveitingar til almennra framkvæmda í vegamálum.

Ég fagna að sjálfsögðu auknu fé til vegamála. En hitt verð ég að segja, herra forseti, að mér blöskra þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð. Skiptingin á þessu almenna vegafé virðist hafa verið ákveðin á bak við tjöldin með heldur ógeðfelldum hrossakaupum. Ekki verður annað séð ef fljótt er litið á þessar brtt., herra forseti, en að kjördæmi hæstv. samgrh. og formanns samgn. fái þarna sérstaka meðhöndlun án þess að þingmannahópar annarra kjördæma eða Alþingi yfirleitt hafi á nokkurn hátt getað komið að því máli. Þetta eru vinnubrögð, herra forseti, neðan við allar hellur. Þetta er brot á öllum þeim venjum sem hér hafa helgast og með vísan til fyrrum 10. gr., nú 18. gr., vegalaga. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum, herra forseti, og spyr: Hvernig ætlar hæstv. samgrh., formaður samgn. eða aðrir sem ábyrgð bera á þessu að réttlæta eða rökstyðja að tilteknar almennar framkvæmdir í vegamálum fá þarna mikið viðbótarfjármagn en aðrar ekki neitt? Heilir landshlutar eru algerlega settir hjá, þar á meðal t.d. eitt stærsta verkefnið í almennri vegagerð sem bíður, öll norðausturleiðin frá Húsavík til Vopnafjarðar fær ekki eina krónu á meðan sérstök gæluverkefni, að því er virðist, í öðrum kjördæmum eða annarra stjórnmálamanna fá þarna úrlausn.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Ég krefst þess að vinnan verði tekin upp á nýjan leik, fundir verði haldnir í þingmannahópum kjördæmanna og málið fari í venjulegan og lögbundinn farveg og skipting þessa viðbótarfjármagns lúti almennum reglum.

[10:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að taka undir þá gagnrýni að auðvitað er alveg óviðunandi fyrir okkur að fá starfsáætlun þingsins — allir eru sammála um að þinginu eigi að ljúka á ákveðnum degi og ákveðnum tíma og leggja sitt af mörkum til að svo geti orðið — en í stað þess að reynt sé að hafa gott samstarf við þingmenn bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, þá er það þannig að stjórnarliðið hefur þá tilfinningu að hér ráði það ríkjum fullkomlega og gerir það sem því hentar á hvaða tíma sem er. Þetta er að verða óþolandi fyrir okkur sem hér erum og viljum hafa góða umræðu og góð vinnubrögð.

Auðvitað höfðum við heyrt hvíslað um að ef til vill kæmi aukið fé. Auðvitað vorum við búin að heyra um að togast væri á um það hjá stjórnarmeirihlutanum að setja meiri peninga í vegafé. En það er hárrétt hjá hv. þm. sem talaði síðast að skiptingin varð okkur ekki ljós fyrr en í gær. Ég hef ekki skoðað þetta út frá því hvernig skiptingin er á kjördæmi eða hvort sérstök gæluverkefni eru að fá fjármagn, enda kem ég ekki hér til að tala efnislega um þessa tillögu. Hins vegar er óþolandi þegar komið er með stór mál sem þarf að leiða til lykta helst í sátt og samlyndi á þeim tíma sem þinginu á að vera lokið.

[10:36]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég minni á að við umræður um vegáætlun í þinginu í vetur kom mjög glögglega í ljós hversu mikinn áhuga þingmenn höfðu á því að einstakar framkvæmdir næðu fram að ganga. Ég man varla eftir að aðrar eins umræður hafi verið um vegáætlun, og þá alveg sérstaklega hjá þingmönnum höfuðborgarsvæðisins. Mér fyndist því miklu eðlilegra að þingmenn gleddust yfir því að verið væri að setja aukna fjármuni í vegamálin. Það var líka mjög athyglisvert að samgn. afgreiddi málið með einu nefndaráliti þannig að ég er ekki viss um að óánægjan sé eins djúpstæð og hv. þm. sem hóf þessa umræðu vill vera láta.

Varðandi vinnubrögð þingsins að öðru leyti, mál og þinglok, þá verður stjórnarandstaðan að sætta sig við að lýðræðislega sé staðið að málum. Það er meiri hluti í þinginu. Það eru bara þau vinnubrögð sem ástunduð eru víðast hvar að það er meiri hlutinn sem ræður.

[10:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Sigríði Önnu Þórðardóttur vil ég nefna svo dæmi sé tekið að þingmannahópur Norðurl. e. lauk störfum fyrir um hálfum mánuði. Hann hafði ekki af þessum nýju forsendum í vegamálum heyrt og hefur ekki enn. Mér er tjáð að ástæða fjarveru hæstv. samgrh. og ef til vill formanns samgn. líka, sem einstöku sinnum vantar í þingsalinn, sé sú að þeir hafi talið meiri ástæðu til að ropa um þetta á blaðamannafundi í þessum töluðu orðum en að vinna þetta á eðlilegan hátt og

kynna það í þinginu. Þetta eru auðvitað hneykslanleg vinnubrögð, herra forseti. Það er ekki orð um það meir hafandi. Það er þannig. Þetta eru hneykslanleg vinnubrögð. Þetta er brot á hefðum sem hér eru löghelgaðar og venja í langa tíð, að þegar um almennar framkvæmdir í vegamálum er að ræða lúti þær tilteknum almennu reglum um skiptingu milli kjördæma. Þeir sem að þeirri skiptingu koma eru þingmannahópar kjördæmanna. Þannig hefur núgildandi 18. gr. vegalaga ætíð verið iðkuð en það er verið að brjóta gegn því hér.

Öll þjóðin horfir upp á að ástæða margra sólarhringa dráttar á því að samgn. kæmi málinu frá sér eru hrossakaup á bak við tjöldin þar sem verið var að togast á um gæluverkefni manna sem eru þegar komnir í prófkjörsslag í sínum væntanlegu kjördæmum, Suðurkjördæminu og Vesturkjördæminu. Þetta er ekki flóknara en það, herra forseti, og það verður að segja hlutina eins og þeir eru. Þetta blasir við þegar brtt. er skoðuð. Að hvaða leyti er Kolgrafarfjörður öðruvísi verkefni í vegamálum en Öxarfjarðarheiði, Brekknaheiði, vegir á Barðaströnd eða annað slíkt sem ekki fá þarna neina úrlausn? Þó vita allir að þarna er um að ræða stærstu verkefnin í almennri vegagerð sem bíða og mun taka áratugi að vinna með sama áframhaldi. En gæluverkefni sem ekki hafa verið á vegáætlun eru tekin fram fyrir af því að það hentar mönnum í pólitísku skyni. Þetta gengur ekki, herra forseti. Við látum ekki bjóða okkur þetta.

[10:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Brtt. voru kynntar í samgn. í gær kl. 4.30 sem er kannski dálítið sérstakt því á vinnuáætlun þingsins var ætlunin að ljúka þingstörfum í dag. Kjarni þessa máls er þó kannski sá að hér er lagt til að bætt verði inn í vegáætlun 9–10 milljörðum og ætlunin er að fjármagna það að stórum hluta með sérstakri fjáröflun, þ.e. upp á rúmlega 8 milljarða. Við þingmenn eigum að afgreiða þetta, virðulegi forseti, á tæpum sólarhring ef vinnuáætlun á að standast án þess að ræða þetta nokkurn skapaðan hlut. Þetta var kynnt samgn. á fundi kl. 4.30 í gær og hefur ekki verið rætt neitt frekar.

Vegna orða hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur vil ég taka það fram að ég ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni er með fyrirvara á nál. svo það liggi fyrir.

[10:42]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það var mjög merkilegt sem formaður þingflokks Sjálfstfl. sagði áðan. Þegar kvartað er yfir því að hefðbundin og lögmælt vinnubrögð á Alþingi séu sniðgengin þá segir formaður þingflokksins einfaldlega: Við erum að nota meiri hlutann. Með öðrum orðum: Alþingi sem stofnun er bara til að stimpla ákvarðanir meiri hlutans. Það er ekki einu sinni þörf á að hafa samráð við alþingismenn eins og ávallt hefur verið gert fram að þessu.

Á þessu máli eru tvær hliðar, virðulegi forseti. Ekki kvarta ég yfir auknum framkvæmdum í vegagerð. Ekki ætla ég að gera kjördæmatogstreitu að meginefni máls míns. Ég vil vekja athygli á því sem hér er að gerast um viku eftir að Seðlabanki Íslands hefur sent frá sér mjög alvarlegar aðvaranir og lýst því yfir að verðbólga sé á hraðri uppleið, viðskiptahalli að aukast og gengi íslensku krónunnar og þar með stöðugleiki í íslensku efnahagslífi kominn í stórhættu og segir: Eini aðilinn sem getur tekið á því máli er ríkisstjórn Íslands. Seðlabankinn hefur reynt að gera það sem hann hefur getað og er að gefast upp. Við horfum fram á hrunadans ef ekkert verður að gert. Og Seðlabankinn sendir boltann til ríkisstjórnar Íslands.

Þetta er fyrsta svarið sem ríkisstjórn Íslands gefur við þeim alvarlegu viðvörunarorðum. Svarið er að taka ákvörðun um að auka framkvæmdir á vegum hins opinbera á tímabilinu milli 9–10 þús. millj. kr. Það er svarið, fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar eftir aðvörun Seðlabankans. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. af því að hann situr hér: Vill hann gerast ábyrgur fyrir því að þessi áform geti gengið upp? Telur hann að þetta séu rétt og skynsamleg viðbrögð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar? Erum við að ráðstafa pappírsfé sem aldrei mun verða til og er eingöngu verið að nota, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, til að lyfta nokkrum einstaklingum til aukinna áhrifa í prófkjörum í nýjum kjördæmum?

[10:44]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að mótmæla harðlega þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð. Það gekk nógu erfiðlega að vinna að undirbúningi vegáætlunar af ýmsum ástæðum. Mikil tregða var í þeirri vinnu framan af og því mikil fljótaskrift og spenna meðal þingmannanna að vinna að samkomulagi um skiptingu vegafjár sem hefðbundið er að þingmenn vinni. Þegar þessari vinnu er lokið á síðustu stundu og sátt hefur náðst þá koma hér fram mjög miklar breytingar á vegáætluninni.

Ég fagna því fjármagni sem kemur inn í vegáætlun. Það má ekki skilja mig svo að ég fagni ekki auknu fé til vegagerðar. En ég gagnrýni harðlega þessi vinnubrögð. Ef við þingmenn Austurl. hefðum haft þetta fé til umráða þegar við lágum yfir vegáætlun fyrir Austurl. þá er ég ansi hrædd um að við hefðum gert tillögu um aðra áætlun en þá sem við samþykktum. Ég hefði t.d. viljað sjá áætlun um að ganga frá úrbótum í Almannaskarði og að vegatengingin norður í land hefði verið innan þeirrar áætlunar. Þess vegna mótmæli ég því harðlega að við þingmenn höfum ekki komið að skiptingu viðbótarfjármagns.

Ég mótmæli líka harðlega þeim hrossakaupum á milli kjördæma sem hér eru í gangi auk þess á að fjármagna hluta framkvæmdanna með sölu ríkisfyrirtækja og auðvitað viljum við sjá hvað eigi að selja.

[10:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég tók sérstaklega fram að ég mundi ekki koma hér og ræða efnislega um þessa tillögu. En út af orðum hv. þm. Sigríðar Önnu Þórðardóttur, þingflokksformanns Sjálfstfl., vil ég taka sérstaklega fram að okkar kjördæmi, af því að við eigum báðar sæti á Alþingi fyrir Reykjaneskjördæmi, sér um allar akstursleiðir til og frá höfuðborginni og ber hitann og þungann af erfiðu vegakerfi þar sem verða mikil slys og alvarleg. Við höfum mjög mikið rætt málin í þessu kjördæmi og þess vegna liggur forgangsröðunin þar alveg ljós fyrir. Þegar peningar koma er alveg ljóst hver forgangsröðunin er í því kjördæmi. Ég vil sérstaklega taka þetta fram út af orðum þingmannsins.

En, herra forseti, að halda því fram að meiri hlutinn hér á Alþingi eigi að ráða vinnubrögðum og öllu öðru fyrir utan það að leiða mál til lykta í atkvæðagreiðslu er eins og blautur klútur í andlitið á okkur sem höfum verið að reyna að hafa samvinnu um þingstörfin. Við þingflokksformenn í stjórnarandstöðu buðum t.d. góða samvinnu um lok þessa þings, næturfund sl. nótt, kvöld- og næturfund til að ljúka

ákveðnum málum. Við buðum hér samvinnu um þingstörfin skilyrðislaust. Á þá útréttu hönd er slegið og nú skil ég það ósköp vel. Þannig er að hér er meiri hluti og meiri hlutinn lítur svo á að hans sé lýðræðið, ekki bara með því að leiða mál til lykta í atkvæðagreiðslu heldur megi hann stunda þau geðþóttavinnubrögð sem hann telur góð og gild. Það eru þessi geðþóttavinnubrögð sem við erum að gagnrýna núna, herra forseti.

[10:49]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það eru í raun tvö atriði sem ég vildi undirstrika varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram um vegáætlun. Ég er sammála hv. 3. þm. Norðurl. e. um að leggja beri áherslu á að kjördæmisþingmenn fjalli um skiptingu vegafjár.

Ég vil hins vegar benda á að í þeim viðbótartillögum sem komnar eru er verið að leggja til skiptingu á vegafé frá árinu 2002 til ársins 2004. Þannig mun gefast tækifæri til að endurskoða vegáætlun fyrir þann tíma og ég vildi þá leggja áherslu á að kjördæmisþingmennirnir kæmu að því verki varðandi jaðarbyggðafé t.d. sem ákveðið er í þessum viðbótartillögum en hefur ekki verið skipt innan kjördæma. Ég vildi undirstrika það.

Jafnframt varðandi þensluáhrifin af þessum framkvæmdum þá er það vissulega rétt að þau valda umhugsun en hins vegar vil ég benda á að hér er ekki lagt til viðbótarfjármagn í ár eða næsta ár heldur á áðurnefndu tímabili. Vonandi tekst okkur að standa við þessa áætlun því að hún er þáttur í að reyna að halda samkomulagi í þjóðfélaginu um vegamál og ég vil leggja áherslu á að það samkomulag milli þéttbýlis og dreifbýlis haldist.

[10:51]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Þegar öll rök standa til að menn samgleðjist yfir einhverjum mesta áfanga sem ákveðinn hefur verið um viðbótarátak í vegamálum taka sumir hv. stjórnarandstöðuþingmenn upp á þeim ósið að hafa allt á hornum sér. Að mínu mati er það algert óþarfa handapat að hafa þann háttinn á. Ef menn skoða ofan í kjölinn vegáætlun í heild og þær viðbótaráætlanir sem koma með viðbótarfé þá spannar þetta landið allt. Kannski aldrei eins mikið og nú spanna þessir þættir landið allt. Það er alveg sama hvar farið er um landið, alls staðar er verið að taka á mjög brýnum verkefnum sem hafa hrópað á framkvæmdir undanfarin ár. Það er styrkurinn í þessari uppsetningu.

Ég vil líka vekja athygli á því að það kom eitt nál. frá samgn. Þó að samgn. hafi ekki haft langan tíma til að fjalla um þessi atriði þá fór hún að sjálfsögðu gaumgæfilega í málið og sendi frá sér eitt nál. Það er hins vegar svolítið á skjön við málflutning sumra hér í dag.

Að stilla því upp að um sé að ræða gæluverkefni og hrossakaup er mjög ósanngjarnt. Ég get til að mynda nefnt skiptingu almenns fjár, um 100 millj. á þriggja ára tímabili, í almenna vegi í öllum landsbyggðakjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness. Þar er í rauninni átt við tengivegi og almenn verkefni. Þar eru tvö kjördæmi, Suðurlandskjördæmi og Vesturlandskjördæmi, með 45% tengivega en sitja við sama borð og önnur kjördæmi. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 1008, brtt. 983 og 1371.

[10:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur að undanförnu átt sér stað samráð við Bandaríkjamenn um tiltekna þætti varnarsamstarfsins sem snerta það frv. sem hér er til umræðu og þær brtt. sem ég hef flutt á sérstöku þskj. Þetta frv. var kynnt bandarískum stjórnvöldum sama dag og það var lagt fram á Alþingi þann 24. febrúar sl. og boðið var upp á frekari kynningu á því og skoðanaskipti um efni þess.

Hinn 6. apríl sl. kom í ljós að Bandaríkjamenn höfðu áhyggjur af efni þessa frv. án þess að beinlínis kæmi fram hvaða efnisatriði væri þar um að ræða. Það var útskýrt fyrir þeim að frv. væri einungis ætlað að auðvelda íslenskum stjórnvöldum að standa við skuldbindingar Íslands samkvæmt varnarsamningnum en það haggaði í engu skyldum eða réttindum aðila að þeim samningi. Af okkar hálfu var ljóst að íslenskum stjórnvöldum bæri skylda til að setja nauðsynlega löggjöf til að tryggja framkvæmd á samningsskuldbindingum.

Hlutverk okkar er að tryggja með löggjöf rétta framkvæmd þjóðréttarskuldbindinga okkar en að sjálfsögðu erum við reiðubúnir til samráðs við bandalagsþjóð okkar, Bandaríkin. Við höfum ítrekað, í þeim samtölum sem við höfum átt, að ef eitthvað í þessu frv. bryti gegn samningsskuldbindingum Íslands gagnvart Bandaríkjunum eða Atlantshafsbandalaginu, stæði að sjálfsögðu ekki á íslenskum stjórnvöldum að taka það til athugunar og leiðrétta slíkt. Að sjálfsögðu ber okkur í lagasetningu á Alþingi að fara í einu og öllu að þjóðréttarskuldbindingum okkar, eins og við gerum. Þeir komu síðan á framfæri athugasemdum 17. apríl sl. og að okkar mati gætti þar nokkurs misskilnings í ýmsum efnisatriðum. Þeim var svarað af hálfu utanrrn. með ítarlegum hætti daginn eftir.

Í framhaldi af þessu var ákveðið að efna til skoðanaskipta háttsettra embættismanna og sérfræðinga í Washington. Þau hafa átt sér stað með hléum frá 25. apríl allt til dagsins í dag. Ég hef rætt mál þetta við Madeleine Albright utanríkisráðherra, Strobe Talbot varautanríkisráðherra og fleiri aðila í heimsókn minni til Bandaríkjanna um síðustu mánaðamót sem hafði löngu verið ákveðin.

Það kom fram í þessum viðræðum að Bandaríkjamenn töldu mikilvægt að fá betri tíma til að ræða framtíðarfyrirkomulag verktöku á Keflavíkurflugvelli. Við töldum því æskilegt að leggja til að gildistöku ákvæða laganna um verktöku fyrir varnarliðið yrði frestað til að skapa svigrúm til slíkra viðræðna.

Gætt hefur misskilnings að því er varðar ákvæði 10. gr. frv. um aðgangsheimildir að varnarsvæðunum. Við höfum útskýrt að ákvæðinu væri ekki á neinn hátt ætlað að hrófla við heimildum yfirmanna varnarliðsins til að gæta öryggis liðsmanna sinna. Það er hins vegar sjálfsagt, m.a. til að koma þeim skilningi skýrt á framfæri og tryggja að hann sé hafinn yfir allan vafa, að breyta lítils háttar orðalagi eins og lagt er til í einni brtt.

Snemma á þessu viðræðuferli lögðum við Íslendingar til að sett yrði á fót nefnd háttsettra fulltrúa landanna og í slíkri nefnd yrði fjallað um varnarsamstarfið í víðum skilningi og

þar yrðu tekin til meðferðar þau mál sem hæst ber hverju sinni. Fallist hefur verið á af hálfu Bandaríkjamanna að efna til slíkrar nefndar og þeir hafa fallist á okkar tillögur um að slík nefnd verði sett á stofn.

Ætlun okkar er að meðal verkefna þessarar nefndar verði samráð um framtíðarfyrirkomulag verktöku í samræmi við ákvæði bókunar Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1996. Í samræmi við gildandi venjur um framkvæmd þjóðréttarskuldbindinga liggur fyrir af Íslands hálfu að niðurstöðum nefndarinnar verði hrint í framkvæmd með setningu reglugerða á grundvelli þessara laga eða þá að við munum beita okkur fyrir lagabreytingum. Ef þjóðréttarskuldbindingum okkar verður með einhverjum hætti breytt eða tillögur koma fram um það, sem aðilar verða sammála um, getur það að sjálfsögðu, eins og með aðrar þjóðréttarskuldbindingar, kallað á lagabreytingar.

Á grundvelli þess sem þegar hefur verið rakið og í samræmi við málflutning okkar undanfarið geri ég það að tillögu minni, hæstv. forseti, að þær breytingar verði gerðar á frv. sem fyrir liggja á sérstöku þingskjali.

Annars vegar er lögð til orðalagsbreyting á 10. gr. frv. Sú breyting tekur af öll tvímæli um að ákvæði greinarinnar um útgáfu aðgangsheimilda taki einvörðungu til íslenskra borgara og annarra þeirra sem ekki eru á ábyrgð varnarliðsins. Með varnarsamningnum og viðbætinum við hann er varnarliðinu heimilt að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja öryggi og starfsemi varnarstöðvarinnar. Með þessari grein er utanrrh. veitt ótvíræð heimild til að virða þá samningsskuldbindingu.

Hins vegar er lagt til að ákv. til brb. 1 verði breytt á þann veg að gildistöku ákvæða um samninga, aðra en starfssamninga, verði frestað fram til 1. maí á næsta ári. Önnur ákvæði laganna taka gildi strax. Þannig er tryggður lagagrundvöllur fyrir starfsemi kaupskrárnefndar og ráðningardeildar varnarmálaskrifstofu.

Við teljum afar mikilvægt að treysta varnarsamstarfið. Það hefur að mínu viti tekist í gegnum þetta ferli. Við frestuðum þessu máli vegna þeirra áhyggna sem komu fram og til að útskýra eðli þessa máls, bakgrunn og tilgang. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum haft árangur sem erfiði af því verki.

Herra forseti. Ég gerði utanrmn. grein fyrir stöðu málsins og fyrirhuguðum brtt. á nefndarfundi í fyrradag. Þessar brtt. eru í samræmi við það sem ég kynnti þar fyrir nefndinni og ég vil þakka henni fyrir samstarfið í þessu máli.

Ég vil að lokum leggja til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér gert grein fyrir.

[11:03]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Allt þetta mál er orðið hið versta klúður og hefur raunar verið það frá upphafi. Þó að ýmis atriði séu í frv., svo sem eins og um kaupskrárnefnd, ráðningarnefnd og fleira, er meginástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt deilur um sjóflutninga á vegum varnarliðsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Í Bandaríkjunum hafa verið í gildi lög frá árinu 1904 sem kveða á um að vegna þjóðaröryggis Bandaríkjamanna skuli allir sjóflutningar til varnarstöðva Bandaríkja erlendis fara fram með bandarískum skipum. Þetta hefur hvarvetna gilt nema aðeins gagnvart Íslendingum.

Vegna mikilla hagsmuna Íslendinga í sjóflutningum var horft í gegnum fingur sér með þetta ákvæði af hálfu Bandaríkjamanna og lengi vel heimilað að allir þessir flutningar færu fram með íslenskum skipum. Þessir flutningar voru á sínum tíma mjög umfangsmiklir og eðlilegt að þetta yrði með þeim hætti en dregið hefur úr þeim smátt og smátt eftir því sem árin hafa liðið og nú er um að ræða óverulega flutninga á búslóðum varnarliðsmanna, bílum og matvælum fyrir um 130 millj. á ári.

Síðan var valin sú leið þegar deilur komu upp á milli ríkjanna að fara með málið fyrir dómstóla í Bandaríkjunum og fyrir liggur niðurstaða áfrýjunarréttar að núverandi framkvæmd sé ekki brot á viðkomandi milliríkjasamningi. Setji menn sig í spor Bandaríkjastjórnar með slíka dómsuppkvaðningu á bakinu og viðbrögð við því þegar fram koma af hálfu Íslendinga viðbrögð eins og hér um ræðir, þ.e. að þegar upp kom deila í þessu máli um það hvort annar tilboðsaðilinn, Atlantsskip hf., væri íslenskt fyrirtæki eða bandarískt, þá var valin sú leið til að skera úr um þá deilu að leggja málið fyrir dómstóla í Bandaríkjunum. Niðurstaða áfrýjunarréttarins liggur fyrir og hún er þessi.

Vitaskuld mátti deila um það þegar þessir samningar voru upphaflega gerðir eftir útboð á vegum varnarliðsins vegna þessara sjóflutninga hvort Atlantsskip á þeim tíma hafi verið íslenskt eða bandarískt dótturfyrirtæki. Um það mátti vissulega deila þegar samningurinn við það var gerður og ég tel að íslensk stjórnvöld hafi þá verið í fullum rétti til að mótmæla þeim gerningi á grundvelli þess að þarna væri um samningsbrot að ræða. En síðan hefur liðið á þriðja ár og á því tímabili er alveg ótvírætt að Atlantsskip, sem fengu þennan samning, uppfylli öll skilyrði, það er skráð hér á Íslandi, er í íslenskri eigu undir íslenskri stjórn, til að teljast íslenskt fyrirtæki. Á því er enginn vafi. Samningur skipafélagsins um varnarliðsflutningana er þess eðlis að samningsaðilinn, þ.e. hermálaráðuneytið í Bandaríkjunum, á rétt á því með einhliða ákvörðunum að framlengja samninginn til eins árs í senn í þrjú ár til viðbótar. Það er vitað að bandarísk stjórnvöld vilja framlengja samninginn, telja hann hagkvæman og vilja framlengja hann.

Fyrst er valin sú leið eins og ég sagði áðan að fara með þetta milliríkjadeilumál fyrir dómstóla í Bandaríkjunum. Sú leið er valin. Búið er að verja svo miklu fé í þann málarekstur miðað við umfang þessa máls að ég er sannfærður um að það mun taka mörg ár að ná þeim hagnaði á þessum flutningum að það dugi til að borga upp lögfræðikostnaðinn sem hefur þegar verið lagður. En þessi leið var valin. Í stað þess að reyna að leysa málið með viðræðum milli stjórnvalda þessara ríkja og með kröfu um að Bandaríkin stæðu við sinn hluta samningsins var farin sú leið að leggja málið fyrir bandaríska dómstóla.

Niðurstaðan liggur fyrir. Áfrýjunarréttur í Bandaríkjunum hefur úrskurðað að þetta fyrirkomulag á flutningum vegna varnarliðsins brjóti ekki milliríkjasamninga og það er það sem bandarísk stjórnvöld hafa á herðunum hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Menn geta rétt ímyndað sér hversu þröngt svigrúm þeirra er, án þess að ég ætli að fara að mæla bandarískum sjónarmiðum neina bót, þegar þau eru með slíka niðurstöðu á herðunum eftir málsmeðferð sem valin var af íslenskum hagsmunaaðilum í samráði við íslensk stjórnvöld. Hvernig haldið þið í milliríkjadeilumáli að staða íslenskrar stjórnar væri eða íslenskra stjórnvalda ef valin hefði verið slík leið af erlendum viðsemjanda okkar að leggja málið fyrir dóm á Íslandi og íslenskur dómstóll, að vísu er ekki til hér áfrýjunarréttur en við skulum bara setja Hæstarétt í

staðinn, hefði fellt þann úrskurð að íslenska sjónarmiðið í deilunum væri löglegt og rétt? Hvaða samningsstaða væri þá fyrir íslensk stjórnvöld til að semja sig frá niðurstöðunni? Fari menn hægt og gái að sér.

Þá er sem sé brugðist þannig við að ákveðið er að setja lög á Íslandi til að tryggja íslenska hagsmuni sem ganga í berhögg við niðurstöðu þeirrar leiðar sem valin hafði verið í samráði við íslensk stjórnvöld. Ég ætla, herra forseti, ekki að fara að rekja ýmis furðuleg atriði í þessari deilu. Hún er ekki síst furðuleg af hálfu Bandaríkjamanna sem sýnir að kjördæmapot einstakra þingmanna er ekkert íslenskt sérmál. Bandaríkjamenn eru ekkert óliprari við það en fremstu íslensku kjördæmapotarar á Alþingi í sögunni og er ekkert við því að segja. Engu að síður er staðan svona.

Hvaða tími er síðan valinn til þess að fara út á þessa braut? Sá tími þegar eru að hefjast viðræður um endurskoðun á sérstakri bókun sem fylgir varnarsamningnum um framkvæmd varnarmála á Íslandi og það hvernig staðið skuli að framkvæmd þessa samnings. Það varðar okkur Íslendinga miklu hvernig niðurstaðan af því verður. Við höfum mikilla öryggishagsmuna að gæta í því sambandi. Við Íslendingar höfum engan áhuga á því að hér verði erlent herlið til frambúðar en við viljum að öryggishagsmuna landsins sé gætt á hverjum tíma.

Jafnframt vitum við það nú þegar þessir samningar eru að hefjast að sterk öfl í Bandaríkjunum, innan herafla Bandaríkjanna, benda á þá einföldu staðreynd að verið sé að leggja niður fjölmargar herstöðvar á vegum Bandaríkjanna, bæði erlendis og í Bandaríkjunum sjálfum til að draga úr kostnaði og spara og þessir aðilar, sem eiga mjög öfluga málsvara í varnarmálaráðuneytinu í Bandaríkjunum, vilja beinlínis að ekki verði bara dregið úr starfsemi varnarliðsins eftir föngum heldur að varnarstöðinni í Keflavík verði lokað, án tillits til öryggishagsmuna okkar Íslendinga, eingöngu út frá fjárhagslegum hagsmunum Bandaríkjamanna. Þeir vilja það. Getum við gefið þessum aðilum sterkara vopn í hendurnar í upphafi samningaviðræðnanna en ganga fram eins og hér er gert? Er þetta líklegt upphaf á slíkum viðræðum út frá íslenskum hagsmunum séð sem muni leiða til árangursríkrar niðurstöðu frá sjónarmiði okkar Íslendinga? Það held ég ekki, herra forseti.

Í umræðunni í utanrmn. fyrir 2. umr. lögðum við fulltrúar Samfylkingarinnar eindregið til að málatilbúnaður yrði ekki sá sem hér hefur orðið. Við lögðum til í fyrsta lagi að ef svona lög yrðu sett sem við töldum ekki þörf á við þær aðstæður sem ég lýsti áðan, yrði a.m.k. séð til þess að hægt væri að fullnusta alla þá samninga sem þegar hefðu verið gerðir og þar á meðal að framlengja þá verksamninga sem þegar hefðu verið gerðir ef aðilar kæmu sér saman um það þannig að breytingar í þeim efnum yrðu ekki fyrr en allir slíkir samningar hefðu verið fullnustaðir svo samningsaðilum gæfist kostur á að bregðast við nýjum aðstæðum. Því var alfarið hafnað af meiri hluta utanrmn. Þá lögðum við til að veittur yrði lágmarksfrestur þeim sem hagsmuna eiga að gæta, eins og Atlantsskipum í þessu tilviki, með því að umrædd ákvæði í lögunum tækju ekki gildi fyrr en 1. janúar árið 2001 sem þýddi að hægt væri að framlengja samninginn við Atlantsskip, sem á að framlengjast núna í október, um eitt ár í viðbót þannig að menn fengju a.m.k. eins árs aðlögunartíma og tíma til að átta sig á nýjum aðstæðum. Þeirri tillögu var líka hafnað af meiri hlutanum í utanrmn.

Þá fluttum við tillögu um slíka breytingu fyrir 2. umr. um málið á Alþingi. Hún gekk til atkvæða og hún var felld.

Nú kemur hins vegar tillaga um nákvæmlega sama efni. Að vísu var ekki rætt um gildistímann 1. janúar heldur 1. maí árið 2001 en frá sjónarmiði fyrirtækisins og Atlantsskipa skiptir það nákvæmlega engu máli vegna þess að innihaldið er það sama. Það er verið að gefa eins árs frestun. Það er verið að gefa möguleika á því að framlengja umræddan flutningasamning sem á að framlengjast í október á þessu ári um eitt ár og gildistíminn 1. maí í staðinn fyrir 1. janúar 2001 breytir engu þar um. Það er nákvæmlega sami frestur sem verið er að gefa. Tillagan er flutt eftir að búið er að fella sambærilega tillögu á Alþingi frá Samfylkingunni.

Herra forseti. Þetta er eitt hið mesta klúður sem ég hef upplifað á þinginu í viðkvæmum málaflokki eins og þessum, mjög viðkvæmum málaflokki þar sem Íslendingar eiga mikilla hagsmuna að gæta. Það er verið að taka þessa áhættu vegna þáttar sem skiptir hagsmuni okkar nánast engu máli. Verið er að taka þessa ákvörðun vegna flutninga upp á 130 millj. á ári sem er aðeins örsmátt brot af þeim flutningum á vörum sem eiga sér stað sjóleiðis milli Ameríku og Íslands fram og til baka. Samkeppnin sem ógnar hinum stóru íslensku skipafélögum af völdum þessa litla fyrirtækis er óveruleg, því sem næst engin, þannig að þarna eru engir umtalsverðir fjárhagslegir hagsmunir í spilinu fyrir okkur. En á hinum vængnum standa mjög miklir, bæði efnahagslegir og öryggislegir, hagsmunir okkar af því að ná í góðu samstarfi við Bandaríkjamenn ásættanlegri niðurstöðu um endurskoðun á framkvæmd varnarsamningsins. Ég held að hyggilegast hefði verið við þessar aðstæður að lofa málinu að liggja og taka það síðan upp á ný að fenginni niðurstöðu í samningaviðræðum Íslands og Bandaríkjanna um nýja bókun með varnarsamningnum um framkvæmd hans og laga þá niðurstöðuna eða réttara sagt lagafrv. að þeirri niðurstöðu sem þar fengist. Ég mun því ekki hafa nein afskipti af málinu við þessa afgreiðslu eða við samfylkingarmenn. Þetta er alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Hún velur þessa leið og það er mál hennar að öðru leyti en því að við munum greiða atkvæði með þeirri tillögu sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur flutt í tengslum við málið og er til að tryggja að með sama hætti og Bandaríkjamenn skulu manna áhafnir þeirra skipa sem annast þessa flutninga til og frá Íslandi að sínum hluta, skuli þau skip, sem Íslendingar leggja fram, til að annast flutninga á sínum hluta samningsins einnig vera mönnuð íslenskum áhöfnum. Okkur finnst það eðlilegt og rétt og munum greiða atkvæði með því en að öðru leyti láta málið afskiptalaust enda er það alfarið á ábyrgð íslenskra stjórnvalda. En ég vara mjög við því að menn byrji viðkvæmar viðræður á milli vinaríkja um mikla hagsmuni okkar Íslendinga með þeim hætti sem hér er gert.

[11:19]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég held að við sem aðhyllumst vestræna samvinnu séum þannig þenkjandi að vilja skapa Bandaríkjaherstöð á Keflavíkurflugvelli það lagalega umhverfi sem þjónar bæði landi og þjóð okkar og líka að starfsumhverfi þessara aðila sé sæmilegt á Íslandi.

Það er alveg ljóst að í gegnum árin hefur vera setuliðsins á Keflavíkurflugvelli skapað mikla atvinnu og haft áhrif til jákvæðra þátta á ýmsa atvinnustarfsemi hér á landi. Nefni ég þá verktaka í byggingariðnaði svo að einhverjir séu nefndir. Þegar þetta frv. var lagt fyrir hið háa Alþingi, hafði áður

borist greinargerð frá Eimskipafélagi Íslands um stöðu sjóflutninga hér á landi. Ég ætla aðeins að víkja að því á eftir en vil fyrst gera grein fyrir brtt. við frv. til laga um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 3. tölul. fyrri málsgreinar k-liðar 1. gr. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Eiga eða leigja skip sem sigla undir íslenskum fána, mönnuð íslenskri áhöfn, ef fyrirtækið hefur sjóflutninga með höndum."

Í k-lið segir svo, með leyfi forseta:

„Önnur skilyrði sem leiðir af einstökum afleiddum samningum, eftir því sem við á.

Heimilt er eftir eðli máls og í ljósi þeirra verkefna sem um ræðir í hverju tilviki að setja enn fremur skilyrði um að:

1. Meiri hluti stjórnarmanna fyrirtækjanna sé búsettur á Íslandi.

2. Allt að 50 af hundraði veltu fyrirtækjanna sé af starfsemi þeirra á Íslandi.

3. Allt að 80 af hundraði starfsliðs fyrirtækjanna sé búsett á Íslandi." — Og síðan kæmi:

„Eiga eða leigja skip sem sigla undir íslenskum fána, mönnuð íslenskri áhöfn, ef fyrirtækið hefur sjóflutninga með höndum."

Þannig háttar til, virðulegi forseti, að í hluta Bandaríkjasamningsins, þ.e. í milliríkjasamningi Íslands og Bandaríkjanna ásamt samkomulagi honum tengdum frá 24. september 1986 segir m.a. að hluti Bandaríkjanna í sjóflutningum verði fluttur með bandarískum skipum undir bandarískum fána. En orðalagið sem snýr að sjóflutningunum er þannig að það sé íslensk kaupskipaútgerð sem annist flutninga þá sem falla til Íslendinga af þessum sjóflutningum vegna Bandaríkjahers.

Segja má að það sé nokkuð sérkennilegt að þessi texti skuli vera í lögunum þegar til greinargerðar Eimskips er litið. Ég vitna til greinargerðar Eimskips sem þeir sendu fjölmiðlum vegna þessa ágreinings um flutninga fyrir varnarliðið. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Allt frá því á sjöunda áratugnum hafa íslensk skipafélög annast sjóflutninga fyrir bandaríska varnarliðið á Íslandi. Breyting varð á árið 1984 er bandaríska skipafélaginu Rainbow Navigation var úthlutað þessum flutningum óskiptum í krafti bandarískra laga frá 1904 sem kveða á um að bandarísk skip" — sem sigli undir bandarískum fána — „skuli hafa einokun á flutningum á vegum Bandaríkjastjórnar þar á meðal fyrir Bandaríkjaher. Lög þessi eru jafnan réttlætt með skírskotun til öryggis- og varnarhagsmuna Bandaríkjanna." — Svo segir áfram:

„Íslensk stjórnvöld vildu ekki una þessari einokun bandarísks skipafélags á varnarliðsflutningunum og kröfðust þess að íslensk skipafélög hefðu jafnan rétt á að keppa um flutningana, á grundvelli efnahags- og öryggishagsmuna íslensku þjóðarinnar." — Svo kemur texti sem ég vil vekja sérstaka athygli á:

„Smæð íslensks markaðar gerði það að verkum að flutningar fyrir varnarliðið væru lykilatriði fyrir öfluga innlenda skipaútgerð sem gæti þjónað efnahags- og öryggishagsmunum þjóðarinnar á hættu- og neyðartímum. Við slíkar aðstæður væri Íslendingum lífsnauðsyn að hafa öflugan skipakost, en fá ríki eru jafnháð siglingum og Ísland."

Hér er verið að vitna til íslenskra stjórnvalda. Bandaríkjastjórn féllst á þessar röksemdir íslenskra stjórnvalda og haustið 1986 gerðu ríkin með sér milliríkjasamning um að sjóflutningum fyrir varnarliðið skyldi skipt eftir útboð milli íslenskra skipafélaga og skipa er sigla undir bandarískum fána. Í samkomulagi sem tengist samningnum segir að það skipafélag sem eigi lægsta tilboð skuli annast allt að 65% flutninganna en það skipafélag sem eigi lægsta tilboð frá hinu landinu skuli fá a.m.k. 35% flutninganna. Í útboðsskilmálum Bandaríkjahers um þessa flutninga eru einnig ákvæði sem uppfylla þarf svo sem að hugað skuli sérstaklega að fjárhagslegu bolmagni þeirra fyrirtækja sem bjóða í flutningana og hvort þau hafi skipakost til að taka að sér verkefnið. Svo segir hér áfram, með leyfi forseta:

„Hinn 18. september 1998, eða tæpu hálfu ári síðar en venja var, tilkynntu bandarísk stjórnvöld loks að flutningasamningnum hefði verið úthlutað til nýstofnaðra skipafélaga sem sérstaklega voru sett á fót til að taka þátt í útboðinu og eru rekin undir einum og sama hatti í Bandaríkjunum, fyrirtækinu Transatlantic Lines Iceland. Atlantsskipum ehf. var úthlutað allt að 65% flutninganna en fyrirtækið Transatlantic Lines LLC í Delaware í Bandaríkjunum hlaut a.m.k. 35% hluta flutninganna. Eimskip gerði strax athugasemd við flutningadeild Bandaríkjahers um réttmæti niðurstöðu útboðsins og byggði þær á eftirfarandi atriðum: Ekki hefði verið farið eftir ákvæðum milliríkjasamningsins frá 1986 og samkomulagsins honum tengdum um samkomulagið milli íslenskra og bandarískra skipafélaga. Ekki hefði verið fylgt ákvæðum í útboðsreglum Bandaríkjahers varðandi skilyrði um fjárhagslega burði og ábyrgð flutningsaðila. Ekki hefði verið uppfyllt skilyrði í útboði Bandaríkjahers um að flutningsaðili hafi tryggt yfirráð yfir skipi til að annast flutningana. Afstaða Eimskips byggðist þannig á milliríkjasamningnum frá 1986, samkomulagi því sem fylgir samningnum og þeim útboðsgögnum sem flutningadeild Bandaríkjahers lagði fram við útboðið. Meðal gagna sem Transatlantic-fyrirtækin sendu flutningadeild Bandaríkjahers var bréf þar sem skýrt kemur fram að meiri hluti Transatlantic Lines Iceland er í eigu bandarískra aðila. Ráðandi hlutur er í eigu bandarísku skipafélagsins American Automar sem jafnframt er meirihlutaeigandi í bandaríska fyrirtækinu Transatlantic Lines. Félagið sem skráð er á Íslandi og hlaut flutningssamninginn árið 1998 er því að meiri hluta í eigu Bandaríkjamanna, fjármagnað af þeim og stjórnað frá Bandaríkjunum.

Niðurstaða útboðsins 1998 var með öðrum orðum sú að bandarísku fyrirtæki tókst að verða sér út um hvort tveggja, íslenska og bandaríska hluta flutninganna. Því voru allir flutningarnir aftur komnir í hendur bandarískra aðila eins og var á árunum 1984–1986 áður en milliríkjasamningur Íslands og Bandaríkjanna var gerður með það að markmiði að tryggja þátttöku íslenskra skipafélaga í þessum flutningum."

Herra forseti. Nú er íslenski hlutinn fluttur með hollensku skipi þar sem er hollensk og pólsk áhöfn en Bandaríkjahluti sjóflutninganna er fluttur með bandarísku skipi undir bandarískum fána. Til að tryggja jafnræði á milli þessara ríkja, herra forseti, flyt ég þessa brtt. við það frv. sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram. Ég geri það í skjóli þessarar yfirlýsingar frá Eimskip og tilvitnunar til stjórnvalda þar sem ætla má þótt Eimskip hafi á árunum áður annast hluta flutninga hvað áhrærði íslenska hlutann var það oftar en ekki að þeir sjálfir notuðu erlend skip undir erlendum fána með erlendri áhöfn vegna þess að ákvæði samningsins segir að það skuli vera íslensk kaupskipaútgerð og ekki frekar orðað neitt um það. Þá spyr ég: Í hvaða ósamræmi erum við komnir gagnvart Bandaríkjaher þegar við leggjum fram greinargerð að okkur Íslendingum sé nauðsynlegt sem eyþjóð að eiga

öflugan íslenskan kaupskipaflota en viljum ekki taka þetta ákvæði inn í lögin, að það séu sömu ákvæði hér gagnvart Íslandi og Bandaríkjamenn eru nú þegar með fyrir í lögunum? Það kemur því mjög á óvart þegar þetta mál var svo til umfjöllunar í utanrmn. að aðilar sem þar gengu á fund nefndarinnar hvort sem það voru starfsmenn utanrrn. eða fulltrúar Eimskips sem leggjast gegn þessari brtt.

„Smæð íslensks markaðar gerði það að verkum að flutningar fyrir varnarliðið væru lykilatriði fyrir öfluga innlenda skipaútgerð sem gæti þjónað efnahags- og öryggishagsmunum þjóðarinnar á hættu- og neyðartímum." Þess vegna er mér gersamlega óskiljanlegt hvaða öfl það eru sem vilja ekki þetta ákvæði inn í samninginn. Ef það væri inni í samningnum í dag væri ekkert Atlantsskip með hollensk skip, hollenska áhöfn og pólska að flytja íslenska hluta sjóflutninganna fyrir Bandaríkjaher.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessa brtt. Það er oft að menn tala um að stundum vanti rök fyrir málflutningi þingmanna þegar þeir flytja brtt. við lög sem fyrir liggja. En ég held, herra forseti, þegar litið er til þess sem ég hef sagt með tilvitnun til greinargerðar Eimskipafélags Íslands upp á um á annað hundrað blaðsíður til fjölmiðla þar sem vitnað er til þess sem íslensk stjórnvöld segja til að tryggja sjóflutninga Íslendinga, til að ná aftur því ójafnvægi sem komið var á, að það voru bara Bandaríkjamenn sem önnuðust sjóflutningana, en íslensk stjórnvöld notuðu þetta ákvæði. Þau notuðu þau rök sem ég vil bæta inn í þau lög sem hér eru til umræðu.

[11:33]

Sverrir Hermannsson:

Herra forseti. Ég get mjög stytt mál mitt því ég get gert að mínum orðum öll þau atriði sem komu fram í máli hv. 2. þm. Vestf. sem talaði hér áðan. Við frumflutning þessa máls hlustaði ég með mjög mikilli undrun á málflutning sér í lagi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem fullyrti að hér væri á ferðinni mál sem væri afgreitt af hæstv. ríkisstjórn eftir pöntun hagsmunaaðila, Eimskips.

Í Morgunblaðinu sl. sunnudag var gerð mjög ítarleg grein fyrir máli þessu út í hörgul og þess er að vænta að þingmenn hafi kynnt sér þá málavöxtu. Þá hlýtur að renna upp fyrir mönnum hvílíkt heiftarklúður þetta er.

Svo standa mál að hér deila menn um framkvæmd samnings um verktöku fyrir varnarliðið og þar kemur að áfrýjunardómstóll í Bandaríkjunum hefur kveðið upp sinn dóm. Þar stendur málið. En þess sem hallaðist í héraði á að hefna hér á Alþingi og þá er rokið til af hæstv. ríkisstjórn og flutt frv. til að hafa að engu niðurstöðu þessa dóms að því er best verður séð.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson benti á hver mundu líklega hafa verið viðbrögð Íslendinga við slíkum aðförum annarra þjóða ef hér hefði verið kveðinn upp úrskurður á Íslandi um slíkt hagsmunamál okkar en síðan t.d. rokið til á Bandaríkjaþingi að bæta um betur með frv. sem gengi í aðra átt og þarf ekki að fara frekari orðum um það. En nú er líka brostinn á flótti. Nú er hæstv. utanrrh. á hröðum flótta. Af því sem marka má af orðum hans og viðræðum við Bandaríkjastjórn er þessi deila enn á flugstigi. Fresta á framkvæmd þessa þáttar um verktökuna og nú á að setja niður nefnd háttsettra embættismanna til að taka deiluna fyrir til meðferðar og þá væntanlega úrlausnar og gætum við þess vegna átt von á því í framhaldi af því að fá enn nýtt frv. til laga á næsta þingi til þess að komast þá að þeirri niðurstöðu sem þar væntanlega fæst. Þessi málatilbúnaður er hinu háa Alþingi til vansæmdar og til þess að þingmenn þurfi ekki að taka efnislega afstöðu til þessa máls þá leyfi ég mér, herra forseti, að flytja svohljóðandi frávísunartillögu:

„Með vísan til 62. gr. þingskapa legg ég til að máli nr. 405 verði vísað frá og tekið fyrir næsta mál á dagskrá."

(**Forseti** (ÍGP)**:** Forseti tekur við þessari tillögu og henni verður síðar dreift.)

[11:38]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í langar umræður um svokallað varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna. Ég er andvígur þessu samstarfi. Ég vil að Íslendingar segi sig úr Atlantshafsbandalaginu, úr NATO, og vil að við göngum til samninga við Bandaríkjamenn um brotthvarf hers úr landi okkar og hvernig að því verði staðið með hliðsjón af atvinnuöryggi manna á Suðurnesjum og annars staðar þar sem bandarískur her hefur umsvif. Ég vil að þessi afstaða komi mjög skýrt fram gagnvart veru Bandaríkjahers í landinu og aðildar okkar að NATO.

Ekki hefur dregið úr áhuga mínum og okkar sem störfum innan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að taka hermálin til endurskoðunar og taka þau föstum tökum, hvernig Atlantshafsbandalagið, NATO, hefur beitt sér á undanförnum mánuðum á Balkanskaga.

Það sem hins vegar varð til þess að ég kvaddi mér hljóðs núna er fyrst og fremst að ég vil taka undir tillögu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar til varnar íslenskum farmönnum. Íslendingar hafa staðið í samningaþjarki við Bandaríkjastjórn um flutninga á aðföngum til herstöðvarinnar. Sem kunnugt er hefur verið komist að samkomulagi um hvernig þeim flutningum verði háttað, þ.e. að Íslendingar skuli hafa tiltekinn hundraðshluta og Bandaríkjamenn tiltekinn hundraðshluta í þeim vöruflutningum. En þá kemur að því að skilgreina hver sé Bandaríkjamaður og hver sé Íslendingur, hvað sé bandarískt fyrirtæki og hvað íslenskt. Tillaga hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar er til þess sett fram, eins og fram kom í máli hans, að styrkja réttarstöðu íslenskra sjómanna. Eins og við þekkjum hefur færst í vöxt á undanförnum árum að íslensku skipafélögin hafa verið með á sínum snærum skip sem ekki sigla undir íslenskum fána, eru ekki mönnuð íslenskum áhöfnum og virða ekki íslenska kjarasamninga. Þetta hefur verið að færast í vöxt og samtök sjómanna og flutningaverkafólks hafa barist fyrir því, ekki aðeins hér á landi heldur í heiminum öllum, að lágmarkskjarasamningar á heimsvísu séu virtir og að sjálfsögðu ætti það að vera okkur keppikefli að sjá til þess að á íslenskum skipum séu íslenskar áhafnir. Að minnsta kosti er það grundvallaratriði að íslenskir kjarasamningar séu virtir.

Þess vegna kveð ég mér hljóðs, herra forseti, til að lýsa eindregnum stuðningi við þá tillögu sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur sett hér fram.

[11:41]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Gamalt og gott íslenskt máltæki hljóðar svo: Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Þetta er ákaflega tært og fallegt og skýrir sig sjálft. Ég hygg að þetta góða máltæki mundi ræki lega sannast ef deilurnar út af þessum smámunum, mér liggur við að segja tittlingaskít, sem hér hafa orðið tilefni stóratburða yrðu til þess að bandarískt herinn færi úr landi. En svo gæti kannski farið að við sæjum hér upphaf deilna

eða þeirra atburða í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna sem leiddu til slíkra hluta.

Þessar deilur um ekki stærri hluti sem aðallega eru sprottnar af átökum um þessa sjóflutninga sem eru engin ósköp og hverfandi stærð orðin í heildarflutningum til og frá landinu, veltan er upp á einhver hundruð milljónir í mesta lagi, ef ég man rétt, hafa valdið því að skeytasendingar hafa verið milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda, krísufundir, og nú síðast hefur herdeild manna legið við í Washington með sjálfan utanrrh. í broddi fylkingar til að reyna að leysa úr ósköpunum þannig að hótelin í Washington hafa verið hálffull af mönnum sem hafa verið að reyna að ráða fram úr þessu stórmáli, hvernig eigi að jafna ágreininginn um þetta.

Herra forseti. Ég hygg að vægt sé til orða tekið hjá hv. þm. Sighvati Björgvinsson, enda háttvís maður, að kalla þetta klúður. Þetta er auðvitað þvílíkt reiðinnar klúður að leitun er að öðru eins.

Þannig var, herra forseti, að í utanrmn. — það er kannski ekki venjan að skýra opinberlega frá því hvað ber á góma en það er þó ekkert leyndarmál hygg ég — vöruðum við ákveðnir þingmenn við því hvort hér væri verið að fara hyggilega fram varðandi þessi samskipti og það gerðu menn algerlega burt séð frá því hver afstaða þeirra er til dvalar erlends hers í landinu og slíkra hluta. (**ÖS:** Vildirðu ekki að herinn færi?) En út frá almennum skynsemissjónarmiðum, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, af því að stundum er gott að hafa skynsemina að leiðarljósi — það mun hv. þm. eiga eftir að reyna á þeim tíma sem eftir er af pólitískum ferli hans — væri kannski ástæða til að staldra aðeins við hvort þetta væri hefðbundin aðferð í deilum milli ríkja, þ.e. að grípa inn í hana einhliða af hálfu annars aðilans með lagasetningu og þegar það bætist við að málin höfðu verið til umfjöllunar hjá amerískum dómstólum þannig að hendur annars samningsaðilans voru og eru að einhverju leyti bundnar vegna þess að dómar hafa fallið í málinu á grundvelli löggjafar í viðkomandi landi þá er það afar óhefðbundin aðgerð að ætla að leysa málið með lagasetningu af hálfu hins aðilans. Þetta skýrir sig sjálft og þarf ekki um það frekari orð.

Hvað fengum við á okkur fyrir að hafa uppi aðvörunarorð eða spurningar af þessu tagi? Það er best að segja það hér. Það var látið að því liggja að með slíkum málflutningi værum við að ganga erinda Bandaríkjamanna. Hvað gerist svo? Hverjir koma nú hér harla lúpulegir með breytingartillögur á sínu eigin frv.? Hvers vegna? Vegna þrýstings frá Bandaríkjamönnum.

Ég ætla ekki að fara að saka menn um erindrekstur en þetta skýrir sig sjálft, herra forseti. Svona liggur málið. Menn verða að horfast í augu við það eins og það er.

Ég sagði, herra forseti, fyrr í umræðum um þetta mál að það væri ekki að mínu skapi að vera að blanda mér sérstaklega í einstök atriði þessara samskipta íslenskra yfirvalda og bandaríska hersins. Ég vil að hann fari úr landi og ég tel einboðið að nota þær aðstæður sem nú hafa verið að skapast, bæði í alþjóðastjórnmálum og hér á Íslandi aukinheldur áhuga Bandaríkjamanna sjálfra á því að draga saman, til að fara í viðræðurnar með því hugarfari að við eigum auðvitað eins og uppréttir menn að stefna að því að halda ekki erlendan her í landi okkar. Út um allan heim er hreyfing í þá átt að menn vilja helst ekki að land sitt sé hersetið. (**KPál:** Það er biðröð inn í NATO.) Það er biðröð inn í NATO, segir hv. þm. Kristján Pálsson. Það er nefnilega það, biðröð inn í NATO. Það er þannig á Filippseyjum, í Japan, í Þýskalandi, á Costa Rica og víða á Kyrrahafseyjunum að menn vilja að erlendur her fari. „Yankee, go home", er almenna slagorðið þar.

Það skrifaði bráðfyndinn íslenskur blaðamaður grein á dögunum í eitt merkasta blað sem lengi hefur verið gefið út, Víkurblaðið á Húsavík, þar sem hann heimfærir þetta upp á íslenskar aðstæður og hvernig hljómar það þá? „Yankee, don't go home." Ísland er eiginlega eina landið í heiminum þar sem þessu slagorði hefur verið snúið við með þessum hætti. Íslenskir ráðamenn fara til Washington og segja: „Yankee, don't go home", öfugt við eiginlega alla aðra sem eiga sér þá hugsjón að halda ekki erlendan her í landi sínu. Hvað er orðið um þá menn sem sóru og sárt við lögðu á sínum tíma að auðvitað kæmi aldrei til greina að Ísland héldi erlendan her á friðartímum? Fjórir fyrirvarar voru settir á sínum tíma af þeim sem tróðu Íslendingum inn í Atlantshafsbandalagið sem hv. þm. Kristján Pálsson segir að sé biðröð í, sennilega biðröð til að fá að bera ábyrgð á atburðum eins og þeim sem urðu í Júgóslavíu og verið var að kæra til mannréttindadómstóls Evrópu fyrir skemmstu og er tilefni málaferla víða um heim vegna þess að það blasir nokkurn veginn við að þar var þjóðarréttur grimmilega brotinn. Þannig liggja þau mál.

Herra forseti. Ég held að þessir atburðir skipti í sjálfu sér ekki miklu máli vegna líðandi stundar eða efni þeirra sjálfra. En þeir gætu auðvitað skipt miklu máli ef þeir verða að einhverju leyti innlegg í þær viðræður sem fram undan eru um samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda að þessu leyti. Það er auðvitað það sem veldur taugaveikluninni í málinu. Það er þess vegna sem allar sendinefndirnar lágu við í Washington, af því að hér var komið upp klúður og vandræði sem menn óttuðust að gætu haft afleiðingar í framtíðinni.

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt, og ég hef margsagt það áður, að menn taki alvarlega þær viðræður sem fram undan eru við bandarísk stjórnvöld um þessi samskipti og ég geri kröfu til þess að unnið verði lýðræðislega að þeim. Ég hef farið fram á það og við höfum flutt um það tillögur að þverpólitísk nefnd yrði skipuð sem ynni með stjórnvöldum að þessu, einhvers konar baknefnd gagnvart þessum viðræðum. Það er eðlileg og lýðræðisleg krafa vegna þess að um þetta mál eru skiptar skoðanir í landinu. Er ekki eðlilegt að viðræðuaðilar okkar viti af því og þeim sé það ljóst? Það tel ég vera.

Því hefur verið hafnað og því er mín krafa sú, og ég vísa til laga í þeim efnum, að utanrmn. Alþingis verði í raun og veru slík nefnd, enda á hún að vera það lögum samkvæmt því að hér er um stór og afdrifarík mál að ræða. Ég er þess alveg fullviss, herra forseti, að ef menn láta af þeirri þrákelkni sinni að hér skuli endilega vera erlendur her þá er góður flötur til samstöðu um breytingar í þessum efnum sem ég held að gæti orðið tiltölulega góð þverpólitísk samstaða um. Hún felst augljóslega í því að við grípum tækifærið og tökum þannig á málum í samræmi við vilja Bandaríkjamanna sjálfra að þeir dragi saman umsvif sín og undirbúi brottför sína. Síðan semja menn um hvernig það gerist, hvernig menn aðlaga sig að þeim breytingum, taka á gagnvart atvinnumálum þeirra svæða sem verða fyrir áhrifum af þessum sökum og það er auðveldara að leysa þau mál núna, fullyrði ég, herra forseti, en nokkru sinni fyrr. Það liggur þannig. Þetta munar minna í þjóðarbúskap okkar en nokkru sinni áður í sögunni. Atvinnuástand er gott í landinu. Það er jafnvel þensla á því svæði sem yrði fyrir mestum áhrifum af þessum sökum, þ.e. á höf-

uðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Drjúgur hluti þeirra sem hafa atvinnu sína af veru hersins kemur af höfuðborgarsvæðinu og ekki þarf að hafa sérstakar áhyggjur af atvinnuástandi í því sambandi og ég fullyrði að miklir möguleikar eru til að mæta þessu með öðrum úrræðum gagnvart Suðurnesjum sem hægt er að grípa til.

Herra forseti. Eins og ég hef áður sagt ætla ég ekki að öðru leyti að blanda mér sérstaklega í afgreiðslu þessara mála nema einstaka þætti þeirrar framkvæmdar. Það er best að þeir beri ábyrgð á því sem hana vilja bera og eiga sér þá hugsjón í stjórnmálum að standa í þessum samskiptum. Það dapurlega við þetta, eins og kom fram við 1. umr. málsins, er auðvitað að svo virðist sem tilefni þessara mála sé fyrst og fremst það að óboðnir gestir komust í veisluna. Það liggur bara þannig. Það virðist vera það sem hefur hlaupið svona fyrir hjartað á mönnum, þ.e. að það voru ekki réttir aðilar sem voru að sýsla með þetta og hafa af því fé að annast um viðskiptin við varnarliðið. En eins og kunnugt er hefur lengi verið aðferðin til þess að taka arð af dvöl þess hér að búa alveg sérstaklega um það að tilteknir aðilar hefðu af því góðan ábata að véla um þá hluti.

Það er því ekki mikil reisn yfir þessu máli, herra forseti, svo afar vægt sé til orða tekið hvernig sem á það er litið. Það verður að segja alveg eins og er. En þessu lýkur einhvern veginn og þá taka aðrir hlutir við sem að mínu mati eru miklu mikilvægari eins og ég hef áður nefnt, þ.e. framtíð þessara samskipta og ég er bjartsýnn á að ekki verði langt liðið á næstu öld, vonandi ekki nema ár, í mesta lagi einn til tveir áratugir, að allur amerískur her verður farinn úr landinu.

[11:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kem upp sérstaklega til að taka undir þá tillögu sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson flytur um að skip sem sinna þeim flutningum sem um er rætt í frv. séu mönnuð íslenskum áhöfnum. Ég held að mjög þarft sé að bæta slíku ákvæði inn í lögin. Að sjálfsögðu er eðlilegt að þau skip sem sinna flutningum til og frá landinu af hálfu skipafélaganna séu mönnuð íslenskum áhöfnum og hefur það lengi verið krafa þeirra sem semja um kjör áhafna flutningaskipanna, þ.e. Sjómannasambandsins, Sjómannafélags Reykjavíkur, Farmannasambandsins og Vélstjórafélags Íslands.

Sú tillaga sem hæstv. utanrrh. leggur fram um að setja inn frestunarákvæði til 1. maí 2001 er samhljóða tillögu sem hér var flutt áður og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék að. Ég studdi þá tillögu þegar hún var borin upp og mun að sjálfsögðu styðja tillögu sem er með sömu efnisatriðum og sú tillaga var og tel í raun að þarna hafi menn kannski eftir ákveðnar ferðir og þrýsting orðið við því að viðskipti manna samkvæmt þessum samningi fylgdu eðlilegum lögmálum.

[11:55]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Spunnist hafa allmiklar umræður um þetta mál og er ekki nema von að svo sé. Ég held þó og mér finnst eins og stórum hluta þessa máls hafi verið gleymt. Menn hafa litið mjög til atvinnumöguleika og tækifæra íslenskra farmanna sem tengjast þessu máli, en það er aðeins hluti af málinu.

Hinn hluti málsins er sá sem íslensk stjórnvöld hafa látið frá sér fara og Eimskip hefur vitnað til, þ.e. að til staðar sé öflugur íslenskur kaupskipafloti.

Íslensku skipafélögin hafa verið um langt tímabil með erlend skip á leigu, svokallaðri þurrleigu, og þá hafa þau verið mönnuð íslenskum áhöfnum. Það er allt í lagi í sjálfu sér nema það tengist þó því að þeir aðilar eða skipin sjálf falla ekki undir íslenska lögsögu. Lögsaga skips sem Eimskip er með á leigu og siglir t.d. undir Panamafána er Panama. Undantekningin er að ef íslenskur sjómaður verður fyrir slysi á því skipi og skipið er í leigu hjá íslenskri kaupskipaútgerð þá geta þessir aðilar leitað til Tryggingastofnunar ríkisins um bætur.

Annað sem kann að gerast um borð í þessu skipi varðar íslensk stjórnvöld ekkert um. Þess vegna tel ég mjög brýnt að efla kaupskipaflotann jafnframt því sem við tryggjum íslenskum farmönnum frekari atvinnu. Ég hef séð það sjálfur því ég hef komið um borð í skip sem sigla undir ýmsum þjóðfánum, svokölluðum hentifánum, að þegar pappírar og skipsskjöl eru skoðuð hefur komið untantekningarlaust í ljós, ef skipsskjölin eru stimpluð, að á styrjaldartímum sé viðkomandi skip bandarískt. Til dæmis er þetta einatt svo ef pappírar skipa eru skoðaðir sem sigla undir Panamafána. Á stríðstímum er það skip bandarískt. Ég vildi líka leggja áherslu á þetta og þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og undirtektir við tillögu mína. En ég er að leggja áherslu á tvennt, í fyrsta lagi að til sé öflugur íslenskur kaupskipafloti — við eigum aðeins eitt kaupskip undir íslenskum fána, það er annað en áður var — og síðast en ekki síst höfum við líka á að skipa öflugri íslenskri farmannastétt. Það er þetta tvennt sem mér finnst í anda þess sem íslensk stjórnvöld lögðu upp með vegna ágreinings um áðurnefndan samning við varnarliðið.

[11:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi umræðunnar taka fram þó að það þurfi í sjálfu sér ekki að Ísland er að sjálfsögðu fullvalda ríki sem ekki lýtur lögsögu dómstóla annarra ríkja. Það er skylda okkar að taka ákvarðanir um lagasetningu á Alþingi á grundvelli tvíhliða samninga og á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga okkar. Það er að sjálfsögðu íslenskt mál hvernig við högum þeirri löggjöf. Vel má vera að ekki líki öllum sú löggjöf alla tíð. Þess vegna er það að mínu mati svo að hér er um mikið prinsippmál að ræða.

Það er rangt að þetta mál sé fyrst og fremst tilkomið vegna sjóflutningamálsins. Þetta frv. er umfangsmikið og það liggur alveg ljóst fyrir að mikil þörf er á því að staða okkar sé styrkt til að framfylgja þeim skuldbindingum sem við höfum tekist á hendur enda er um umfangsmikið frv. að ræða.

Hins vegar er alveg rétt og alveg ljóst að eitt af þeim atriðum sem frv. snertir eru sjóflutningarnir og þeir hafa valdið deilum milli ríkjanna. Rétt er að taka fram að í þeim viðræðum sem hafa átt sér stað á undanförnum tveimur árum eða svo hafa bandarísk stjórnvöld beinlínis hvatt okkur til að skýrar reglur kæmu fram um það hvað við teldum vera íslensk fyrirtæki í skilningi samningsins sem við gerðum 1986 í framhaldi af svokölluðu Rainbow-máli. Í þeim anda höfum við unnið, ekki til þess að skapa einhver vandamál gagnvart góðum samstarfsaðila heldur til að halda fram íslenskum rétti og íslenskum réttindum. Við erum ekki með þessu frv. að ganga fram fyrir skjöldu vegna einhverra til-

tekinna fyrirtækja eins og látið hefur verið skína í hér. Það er ekki svo.

Það er alveg ljóst að þó að áfrýjunardómstóll í Bandaríkjunum komist að tiltekinni niðurstöðu í deilumáli sem tiltekið fyrirtæki fer í, þá er það ekki mál íslenskra stjórnvalda.

Við höfum hins vegar verið þeirrar skoðunar að það fyrirtæki sem er með þessa flutninga núna hafi ekki uppfyllt þau skilyrði sem gera verður til að komast að þeirri niðurstöðu að fyrirtækið sé talið íslenskt á þeim tíma sem samningurinn var gerður. En ég ætla ekki að leggja nokkurn dóm á það hvort fyrirtækið uppfylli þau skilyrði nú eða uppfylli þau á næstu mánuðum. Ég vænti þess a.m.k. að fyrirtækið geti gert allar þær ráðstafanir sem til þarf til að uppfylla slík skilyrði.

Hitt er svo annað mál að eðlilegt er þegar upp koma mál á milli ríkja, milli vinaþjóða, að menn leiti eftir niðurstöðu og reyni að hliðra til og skapa svigrúm til að fá niðurstöðu. Það höfum við gert án þess að efnisatriðum þessa frv. sé breytt. Tilteknum hluta þess er frestað fram til 1. maí og það er ekki sama frestun og var í brtt. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Það á við verktökuna almennt. Það á ekki eingöngu við bráðabirgðaákvæði. Ég er ekki að segja að það skipti grundvallarmáli. En það er ekki alveg það sama m.a. vegna þess að við viljum skapa svigrúm til að fara yfir þann þátt máls almennt, ekki eingöngu að því er varðar skipaflutningana heldur verktökuna almennt.

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson flutti hér brtt. og ég efast ekki um að sú tillaga sé ekki flutt í góðum og göfugum tilgangi. Mér er fullkomlega ljóst að mörg þeirra skipa sem sigla fyrir Íslendinga, eins og almennt er nú í heiminum, sigla ekki undir íslenskum fána. Fyrir stuttu var ég staddur í hinni stóru höfn í Norfolk og sá mikið af skipum fara þar inn. Þau voru flest undir hentifána sem þar fóru um höfnina. Þannig er því miður orðið umhorfs í alþjóðlegum siglingum.

En þá vaknar spurningin: Er eðlilegt eða hyggilegt að setja sérstakar kröfur til íslenskra skipafélaga sem hafa þennan tiltekna varning innanborðs? Nú má vel vera að þessi tiltekni varningur sé ekki nema lítið brot af öllum þeim varningi sem fer með viðkomandi skipi. Er ekki hægt að leiða að því rök að slík krafa verði til þess að jafnvel ekkert íslenskt skipafélag geti boðið í þessa flutninga? Ég tel það líklegustu niðurstöðuna.

Með því er ég ekki að segja að ekki sé rétt að taka almennt á þessu máli. En að taka á þessu máli að því er varðar nokkra pakka eða gáma til og frá Bandaríkjunum finnst mér vera hrein sýndarmennska. Ég tel að verði tillaga hv. þm., sýndartillaga hans, samþykkt sé líklegast að málið endi þannig að ekkert íslenskt skipafélag geti boðið í þessa flutninga. Nú veit ég að það er ekki tilgangur hv. þm. með þessari brtt. en ég tel að það verði árangurinn af henni.

Hins vegar finnst mér sjálfsagt að fara yfir þetta mál í heild sinni og fara yfir þá stöðu sem íslensk skipafélög eru í. Ég skora á hv. þm. að skoða þetta mál í breiðara ljósi en ekki út frá þeirri þröngu sýn sem þarna kemur fram.

Herra forseti. Að því hefur verið látið liggja að þetta mál muni skipta sköpum í þeim viðræðum sem eru fram undan við Bandaríkjamenn um tiltekna þætti sem varða varnarsamstarf Íslendinga og Bandaríkjanna og veru varnarliðsins hér á landi. Það finnst mér afar ólíklegt. Ég tel enga ástæðu til að ætla svo jafnvel þótt einstakar raddir hafi komið upp um það í Bandaríkjunum að reikna með því að bandarísk stjórnvöld verði slíkrar skoðunar. Hins vegar er alveg ljóst að ef aðilar í Bandaríkjunum telja það ekki samrýmast bandarískum hagsmunum að hér sé þessi aðstaða þá verður hún ekki lengur hér. Ef við teljum það ekki samræmast hagsmunum okkar þá verður hún heldur ekki lengur hér. Ef menn telja að hún samrýmist ekki hagsmunum Atlantshafsbandalagsins þá verður hún jafnframt lögð niður.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að mjög mikilvægt sé að hafa varnarviðbúnað í Norður-Atlantshafi, að mjög mikilvægt sé að hafa eftirlit á Norður-Atlantshafi. Þetta er gríðarlega stórt hafsvæði og það eftirlit verður ekki framkvæmt af okkur Íslendingum einum. Það verður aðeins framkvæmt í samvinnu við aðrar þjóðir. Ég tel að það samrýmist hagsmunum allra þjóða sem liggja að Atlantshafi hvort sem það eru Bandaríkjamenn, Íslendingar, Bretar eða Norðmenn og fleiri þjóðir eiga hagsmuna að gæta í Atlantshafstengslunum.

Það er ekki eingöngu hagsmunamál okkar Íslendinga að góð aðstaða sé á Keflavíkurflugvelli til langframa. Það er hagsmunamál margra Evrópuþjóða og Bandaríkjanna og Kanada, ekki aðeins að því er varðar það sem lýtur að vörnum og öryggishagsmunum. Það lýtur líka að almennri flugumferð yfir Atlantshafið vegna þess að þær flugvélar sem flytja farþega í hvað mestum mæli yfir Atlantshafið í dag eru tveggja hreyfla vélar. Það liggur fyrir að ef Keflavíkurflugvöllur er af einhverjum ástæðum lokaður eða ekki er sá viðbúnaður þar sem er nauðsynlegur fyrir almenna flugumferð allan sólarhringinn þá þurfa þessar flugvélar, farþegarflugvélar, að velja aðra leið yfir hafið sem er þeim mun dýrari. Hér er því ekki um neitt einkamál Íslendinga að ræða.

Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að við munum ná niðurstöðu í þeim viðræðum sem fram undan eru og ég tel þetta mál í reynd óskylt því máli þó að því hafi verið blandað saman í umræðunni því hér erum við að setja löggjöf á grundvelli þeirra samningsskuldbindinga sem eru fyrir hendi og ekkert annað. En við erum jafnframt að skapa svigrúm til að ræða tiltekinn þátt á næstu mánuðum og um það hafa þjóðirnar orðið sammála, en það hlýtur að vera sterk vísbending um að þjóðirnar hyggjast halda þessu samstarfi áfram.

[12:11]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1998, 647. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1382.

Samkeppnislög, 488. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1381.

Vísindarannsóknir við Hólaskóla, 472. mál, svar landbrh., þskj. 1301.

[12:12]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði áðan þann sjálfsagða hlut að Ísland væri sjálfstætt ríki sem ekki lúti niðurstöðum erlendra dómstóla. Enginn hefur haldið öðru fram. En gleymum því ekki hvaða leið íslensk stjórnvöld völdu í málinu. Þau hefðu getað brugðist við strax þegar deilan kom upp á sínum tíma og sett lög álík þeim sem hér er verið að setja. En þau brugðu hins vegar á það ráð að styðja að farið yrði með málið fyrir bandarískan dómstóla.

Ég veit ekki betur en að íslensk stjórnvöld og íslenska utanrrn. hafi borið bæði vinnu og kostnað af þeirri meðferð þannig að það var úrræði sem þau völdu sjálf. Það var síðan ekki fyrr en niðurstaða áfrýjunarréttar lá fyrir og allsendis

óvíst var hvort málið fengist tekið fyrir í hæstarétti og niðurstaða áfrýjunarréttarins var óhagkvæm fyrir hið íslenska fyrirtæki að stjórnvöld tóku þá ákvörðun að taka málið upp með þessum hætti.

Þó mér blandist ekki hugur um að Ísland sé sjálfstætt ríki sem lúti ekki niðurstöðum erlendra dómstóla þá var þetta nú sú leið sem íslensk stjórnvöld studdu og réðu kannski ferðinni um og hefur nú ekki gert stöðu íslenskra stjórnvalda í deilunum við Bandaríkjastjórn einfaldari.

Það gleður mig hins vegar að hæstv. utanrrh. lét ekki orð falla í þá átt — enda veit ég að hann mundi aldrei gera það — að áhugi minn á þessu máli og áhyggjur stöfuðu af því að ég væri að bera frekar hagsmuni Bandaríkjamanna fyrir brjósti en Íslendinga því að honum er það mætavel kunnugt og það veit hann. Ég veit að hann viðurkennir að sjónarmið mitt mótast af hagsmunum Íslands en ekki annarra.

[12:14]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér dettur ekki í hugar að hv. alþingismenn á Alþingi Íslendinga séu í málflutningi sínum á einhvern hátt að huga að öðru en íslenskum hagsmunum. En það er nú alltaf svo að menn kunna að hafa mismunandi skoðanir á því hvað séu íslenskir hagsmunir í þessu máli. Ég vænti þess að hv. alþingismenn treysti því jafnframt að sá sem hér stendur hafi ekkert annað í huga í þessu máli. Mér finnst því óþarfi af okkur að vera að færa þetta mál inn á þá braut og er sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um það.

Hins vegar er alveg ljóst að því er varðar þetta skipaflutningamál að það er ekkert nýtt mál og við höfum verið lengi í viðræðum og skoðanaskiptum við Bandaríkjamenn um það. Þetta dómsmál í Bandaríkjunum hefur engin áhrif á þá atburðarás af okkar hálfu. Hins vegar er rétt að við höfum lagt fram greinargerð um skoðun okkar í því máli. En það frv. sem hér er lagt fyrir er ekki í neinum tengslum við þann málatilbúnað.

Viðbrögð okkar eru byggð á þeim samskiptum sem við höfum átt við Bandaríkjamenn og m.a. hvatningu þeirra til að setja reglur í þessu sambandi þannig að það kemur ekki beint við þeim málatilbúnaði sem hefur verið af hálfu Eimskipafélags Íslands fyrir dómstólum í Bandaríkjunum.

[12:16]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi hefði verið hægt að leysa málin með þessum hætti strax og deilurnar hófust. Í öðru lagi var það í samráði við íslensk stjórnvöld sem ákveðið var að hefja málarekstur fyrir bandarískum dómstólum. Í þriðja lagi kom þessi leið um lagasetningu ekki fram fyrr en niðurstaða áfrýjunarréttar lá fyrir sem var óhagkvæm hinu íslenska skipafélagi.

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. tók þannig til orða sjálfur þegar hann lýsti afstöðu sinni til brtt. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að hér væri um minni háttar mál að ræða, að verið væri að flytja nokkra gáma til og frá yfir hafið. Það er alveg rétt. Hér er um að ræða flutning á örfáum gámum, einhverjum húsmunum, varningi, matvælum og bílum varnarliðsmanna. Þetta er flutningur sem veltir 130 milljónum á ári. Ætli ekki sé búið að eyða öðru eins í málakostnað í Bandaríkjunum af hálfu félagsins og íslenskra stjórnvalda eða jafnvel meiru? Þess vegna segi ég einfaldlega, herra forseti, þetta eru ekki hagsmunir af því tagi að það borgi sig að taka þá upp með þessum hætti. Mér dettur ekki í hug að ásaka hæstv. utanrrh. um að gæta hagsmuna annarra en Íslendinga enda veit ég að hann er að því. En ég held að þetta sé bara ekki rétt mat. Ég held að þeir hagsmunir sem eru í húfi séu fjárhagslega og frá öryggissjónarmiði miklu stærri en þeir hagsmunir sem við erum að fjalla um hér.

Ég vek athygli á því að sá hv. þm. sem hér hefur talað og hefur verið á móti varnarsamningnum við Bandaríkin og vill helst sjá herinn á brott, hefur sérstaklega fagnað þessu því að þetta væri líklegasta aðferðin til að skila þeim árangri. Ég vona að honum ratist ekki satt orð á munn. En engu að síður voru þetta viðbrögð hv. þm.

[12:18]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna afdráttarlausum stuðningi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar við áframhaldandi varnarsamstarf við Bandaríkin og vænti þess að hann mæli þar fyrir munn hins nýstofnaða flokks og það hafi fullan stuðning í þeim flokki. En það hefur gætt nokkurs vafa í því á undanförnum missirum. Það er út af fyrir sig mjög gott þegar tekið er af skarið í svo mikilvægu máli.

Ég vil leiðrétta þann misskilning sem virðist vera uppi að málflutningur Eimskipafélags Íslands í Bandaríkjunum sé á einhvern hátt studdur af okkur. Við höfum á engan hátt stutt þann málflutning. Við höfum hins vegar talið það vera skyldu okkar sem annars samningsaðilans að þessum samningi frá 1986 að leggja fram greinargerð og skoðun okkar í því máli. En við höfum ekki hvatt Eimskipafélag Íslands eða haft afskipti af því hvernig þeir reka mál sín fyrir dómstólum í Bandaríkjunum, svo það sé alveg ljóst að það mál er á vegum þess fyrirtækis en ekki á vegum íslenskra stjórnvalda. Það er mjög mikilvægt að sá misskilningur sé leiðréttur.

[12:20]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hlynntur veru Bandaríkjahers á Íslandi og ég tek undir það sem hæstv. utanrrh. sagði áðan er hann vitnaði til þingmanna sem hefðu það eitt í huga að hugsa vel um íslenska hagsmuni. Ég er að því.

En þegar virðulegur utanrrh. heldur því fram að hér sé hrein sýndartillaga á ferðinni þá er það mér mjög óljúft. Það fellur mjög illa að hugsunum mínum sem er að hugsa um hreina íslenska hagsmuni, eins og hæstv. utanrrh. kom inn á áðan.

Hann gat þess áðan í andsvari að ríkisstjórnin væri ekki að styðja Eimskip. En Eimskip styðst við rök íslenskra stjórnvalda. Þegar hæstv. utanrrh. talar um að hér sé algjör þröngsýni varðandi brtt. mína hlýtur sú hugsun að vakna að hún sé þá víðar en á Íslandi. Hún er þá í Bandaríkjunum líka þar sem þessi ákvæði eru sérstaklega tiltekin í samningnum. Þar segir að bandarísk skip skuli flytja bandarískra hlutann. Mikil rosaleg þröngsýni er það.

Í annan stað vildi ég geta þess aftur að hér er ekki um neina þröngsýni að ræða. Hún er þá víðar en hjá mér. Þetta sem ég vildi vitna til aftur er að náttúrlega er mjög auðvelt að taka skip á leigu undir hvaða fána sem er til þess að stunda þessa flutninga. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. En mér er mjög óljúft að talað skuli um að hér sé hrein sýndartillaga á ferðinni miðað við þá greinargerð sem Eimskip er að vitna til.

[12:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög eðlilegt og rökrétt að Eimskipafélag Íslands byggi málsókn sína á þeim samningum sem eru á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda og byggi réttargæslu sína og hagsmunagæslu sína á þeim grundvelli sem er til staðar. Eimskipafélag Íslands er íslenskt fyrirtæki. Ég vænti þess að engar efasemdir séu um það í huga hv. þingmanna. Eimskipafélag Íslands hlýtur að eiga þann rétt sem er í íslensku þjóðfélagi eins og önnur íslensk fyrirtæki. Það er hvorki verra né betra en önnur íslensk fyrirtæki.

Auðvitað ber okkur skylda til að gæta hagsmuna íslenskra fyrirtækja almennt. Ég hef þá algjörlega misskilið hlutverk mitt ef það er ekki skylda mín. Mér ber ekki að draga fyrirtæki í dilka í því sambandi.

Ég stend við fullyrðingu mína frá því áðan að ég tel í grundvallaratriðum rangt að taka eitt mál með þessum hætti út úr að því er varðar íslenskan fána. Ég tel að með því að gera það séu allar líkur á því að það leiði til þess að íslensk skipafélög bjóði ekki í þessa flutninga. Ég stend við þá fullyrðingu. Ég tel því að brtt. hv. þm. þjóni ekki þeim góðu hugsunum sem annars liggja sjálfsagt þar að baki.

[12:25]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Aðeins vegna þess sem hæstv. utanrrh. kom áðan inn á, þ.e. að þetta væri hrein sýndartillaga. Ég hlýt þá að spyrja: Voru þá þau rök hrein sýndarmennska sem íslenska ríkið byggði málflutning sinn á þegar það endurnýjaði samninginn 1986? Er þessi texti þá bara sýndarmennska, með leyfi forseta:

„Smæð íslensks markaðar gerði það að verkum að flutningar fyrir varnarliðið væru lykilatriði fyrir öfluga innlenda skipaútgerð sem gæti þjónað efnahags- og öryggishagsmunum þjóðarinnar á hættu- og neyðartímum. Við slíkar aðstæður væri Íslendingum lífsnauðsyn að hafa öflugan skipakost ...“

Hæstv. utanrrh. Er þetta sýndarmennska? Er þetta bara eitthvað í plati? Ef þetta er hrein sýndarmennska þá skal ég taka draga tillöguna til baka.

[12:26]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel frekar að hv. þm. ætti að spyrja um þetta mál í eigin flokki vegna þess að flokkur hans var í forsvari fyrir þessu máli þegar samningurinn var gerður 1986 af þáv. utanrrh. Matthíasi Á. Mathiesen og undirritaður af sjálfum Ronald Reagan, forseta Bandaríkjanna.

Við búum við almennar reglur í landi okkar og Bandaríkin búa við sínar reglur. Reglur okkar eru m.a. litaðar af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég veit ekki betur en að hv. þm. hafi samþykkt þann samning og ég veit ekki betur en að hann hafi skuldbindingar gagnvart þeim samningi eins og aðrir Íslendingar. Við þurfum fyrst og fremst að byggja upp almennar reglur um skipafélög okkar.

Ég ætla ekki að segja að þær almennu reglur séu réttar. Við erum að skilgreina í þessu sambandi hvað séu íslensk skipafélög. En ég held að afar erfitt sé að setja einhverja allt aðra reglu en almennt tíðkast að því er varðar mönnun eða áhöfn í þessu tilviki. Ég held að hv. þm. hljóti að sjá það þegar hann skoðar málið betur.

Ég skal gjarnan draga það til baka að þetta sé sýndartillaga af hálfu hv. þm. En hún er þá a.m.k. flutt að mínu mati án þess að málið sé hugsað til botns. Ég get út af fyrir sig alveg fallist á það. En eins og hún blasti við mér fannst mér hún vera hrein sýndartillaga. Ég endurtek það. En ef þarna hefur verið annað að baki þá skal ég gjarnan taka það til baka.

Forseti (Árni Steinar Jóhannsson):

Hv. 8. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[12:28]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Vanhugsun er náttúrlega nokkuð sem menn nota stundum til ámælis. Ég legg þessa tillögu ekki fram að vanhugsuðu máli. Hugsun mín er nákvæmlega sú sama og byggist á sömu rökum og Bandaríkjamenn nota í varnarsamningnum hvað áhrærir sjóflutninga, þ.e. að þeir taka það fram að þeir ætla að bandarísk skip undir bandarískum fána flytji þann hluta sem þeir hafa til umráða í sjóflutningum.

Það nákvæmlega sama er ég að gera. Ef þetta er vanhugsun hjá mér þá hlýtur það að vera algjör vanhugsun hjá heilli þjóð, Bandaríkjum Norður-Ameríku.

[12:29]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið. Ég vil aðeins segja um varnarræðu hæstv. utanrrh. hér áðan fyrir þessu máli og allt í kringum það, að þar var um mikinn línudans að ræða. Satt best að segja var það harla vandræðalegur málflutningur að leiða annars vegar það fram, sem er svo sem ljóst, að Ísland er sjálfstæð þjóð og setur sér lög og að við viljum ekki taka við fyrirmælum frá öðrum í þeim efnum. En svo kom þetta „en“. En það var náttúrlega um að ræða milliríkjadeilu milli vinaþjóða og grannþjóða og varð að reyna að leysa það mál. Það er þá þetta „en“ sem er réttlæting þess að hæstv. ráðherra leggur til breytingu á eigin frv. að undangengnum viðræðum við Bandaríkjamenn og vegna óánægju þeirra eins og við blasir.

Herra forseti. Ég gekk ekki svo langt þegar ég var að minna á hið góða orðtæki að oft velti lítil þúfa þungu hlassi að segja að þetta mál mundi skipta sköpum í þeim viðræðum sem fram undan væru milli bandarískra og íslenskra stjórnvalda um framtíð — eða vonandi ekki framtíð — erlends hers hér í landinu. En mér þykir líklegt að það geti haft ákveðin áhrif. Meðal annars gæti það haft þau áhrif að Bandaríkjamenn notuðu þetta ásamt öðru sem tilefni til að koma með tillögur sem vitað er að verulegur áhugi er fyrir vestra um verulegan samdrátt eða jafnvel lokun herstöðvarinnar í Keflavík.

Það er vitað, herra forseti, og ekkert leyndarmál held ég að í Washington og vestan hafs eru mjög deildar meiningar um gildi þess eða tilgang að halda áfram úti herstöð á Íslandi. Áhrifamikil öfl bæði innan bandarískra stjórnarráðsins og innan bandarískra hersins, einstakra deilda þar, eru þeirrar skoðunar að fjármunum væri betur varið í aðra hluti. Það er svo að menn hafa sem betur fer dregið nokkuð saman í útgjöldum til hermála í ljósi endaloka kalda stríðsins og slíkra hluta. Þá hefur þeirrar tilhneigingar gætt í Bandaríkjunum af skiljanlegum ástæðum að reyna að láta þann samdrátt fremur koma fram í herstöðvum á erlendri grund en innan Bandaríkjanna, m.a. og aðallega af þeim ósköp einföldu ástæðum að það eru miklir atvinnuhagsmunir í húfi víða í kringum stórar herstöðvar eins og við þekkjum. Þar af leiðandi er það af pólitískum ástæðum og ýmsum ástæðum sem áhrifamikil öfl, þingmenn sem kunna sitthvað fyrir sér í kjördæmapoti

vestan hafs eins og við sjáum af þessu máli, beita sér mjög í því að samdrátturinn komi frekar fram á erlendri grund en í herstöðvum t.d. í kjördæmum þeirra.

Annað atriði gæti líka haft áhrif, herra forseti. Það er ósköp einfaldlega að í Bandaríkjunum eru núna uppi geigvænleg áform um að fara út í uppbyggingu á nýju gagnflaugakerfi, einhvers konar breytt stjörnustríðsáætlun gæti það kallast. *Hún á margt skylt með hinum vitfirrtu áformum* Ronalds Reagans og hans nóta um að fara út í stjörnustríðsuppbygginguna eins og til stóð í eina tíð. Bandaríkjamenn hafa þreifað fyrir sér með það hvort ná mætti samkomulagi t.d. við Rússa um að falla frá samningnum sem bannar uppsetningu slíkra kerfa.

Eitt er víst og það er að verði ráðist í slíka hluti kostar það óhemjumikið fé og þeirra fjármuna á, samkvæmt því sem frést hefur af þessum áformum, að hluta til að afla með niðurskurði í heföbundnum herafla og rekstri herstöðva, ekki síst á erlendri grund.

Þetta og fleira gæti haft áhrif í þá átt að tillögur Bandaríkjamanna í þessum viðræðum þegar þær hefjast gætu átt eftir að koma mönnum verulega á óvart. Það fer að vísu eftir því hvaða öfl verða ofan á í þessum efnum vestan hafs. Oft er erfitt að átta sig á því enda um flókið og mikið bákn að ræða sem kemur við sögu, einstakar deildir hersins, mismunandi ráðuneyti o.s.frv.

Af mörgum er talið að áhugi Bandaríkjamanna hvað þetta varðar snúi fyrst og fremst að því að hér á Íslandi sé tiltæk aðstaða. Ég held að það sé nokkuð ljóst að í raun telja þeir það vera það sem máli skipti en ekki endilega hitt hvort hér er einhver viðbúnaður að staðaldri enda ákaflega fljótlegt að flytja hann hingað. Þær fjórar orrustuþotur af þeirri gerð sem hér eru að mestu leyti að staðaldri eru ekki nema fáeina klukkutíma að komast til landsins frá herstöðvum þó þær væru inni á meginlandi Norður-Ameríku. Enn þá fljótari eru þær frá Bretlandseyjum eða þeim herstöðvum Bandaríkjamanna sem næst okkur liggja. Þess vegna væri alls ekki ólíklegt að af hálfu Bandaríkjamanna gætu birst tillögur um að framlag þeirra til þess sem menn kalla svo hátíðlega „varna Íslands" yrði fyrst og fremst fólgið í því að leggja einhverja fjármuni í að viðhalda aðstöðu en ekki til að hafa hér umtalsverðan viðbúnað að staðaldri.

Einnig er ljóst, herra forseti, að tæknin er að breyta ýmsu í þessum efnum. Mjög mikið af heföbundnum viðbúnaði, heföbundum radarbúnaði, hlustunarkerfum og öðru slíku hefur núna verið leystur af hólmi með miklu háþróaðri tækni sem byggir fyrst og fremst á gervihnöttum og öðru slíku.

Því er ég að draga þetta inn í málið, herra forseti, að mér finnst það eiga erindi í þessu samhengi. Ekki er víst að þessir sjóflutningar verði til frambúðar eitthvað til að rífast mikið um ef svo færi að þarna yrði dregin þannig saman starfsemin á næstu árum eða henni jafnvel lokað hvað varðar beina þátttöku Bandaríkjamanna sjálfra.

Hitt er ljóst og mér jafnljóst, þrátt fyrir skoðanir mínar í þessum efnum, að Bandaríkjamenn vilja tryggja að Ísland sé þeim áfram opið, sé á áhrifasvæði þeirra og að þeir geti ef þeir svo kjósa nýtt sér þá aðstöðu sem hér er eða komið aftur með viðbúnað ef þeim sýnist svo. Það held ég að sé mergurinn málsins. Að mínu mati, herra forseti, hníga öll rök til þess, sé málið skoðað í þessu ljósi, að við Íslendingar horfumst í augu við þær aðstæður sem blasa við okkur í alþjóðastjórnmálum og einnig í þessum samskiptum og gerum það uppréttir en séum ekki á hnjánum að biðja um viðveru erlends hers í landinu sem engin rök mæla lengur með. Út af fyrir sig hefur svo aldrei verið og nú er ekki lengur áhugi á því af hálfu gagnaðilans.

Af þessum umræðum, herra forseti, þessu máli og öllu sem í kringum það hefur risið á undanförnum vikum, sem var tekið svo alvarlega af sjálfu Morgunblaðinu — ég man ekki hvort þær voru frekar fimm eða sex blaðsíðurnar sem undir umfjöllun um það voru lagðar fyrir fáeinum dögum — sjá menn þá að mikið liggur við.

Ef við gefum okkur þá fallegu framtíðarsýn, herra forseti, að árið 2012 verði síðustu — þó ekki væri fyrr en gjarnan 2005 eða 2008 — *erlendu hermennirnir farnir úr landinu* þá verður gaman að rifja upp þessa umræðu, herra forseti, og þetta mál.

[12:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að blanda mér í hugleiðingar hv. þm. um þá stöðu sem kann að koma upp og skoðanir hans á því hvort þetta samstarf eigi að vera eins og það er í dag eða ekki. Ég vildi aðeins benda á það, sem ég veit að honum er að sjálfsögðu ljóst, að þetta samstarf er tvíhliða. Það byggir ekki eingöngu á hagsmunum Bandaríkjanna, það byggir líka á hagsmunum Íslands. Niðurstaða í því máli getur aldrei orðið önnur en sú að hún samrýmist jafnframt hagsmunum Íslands.

Ef við teljum það samrýmast hagsmunum Íslands að hér sé tiltekinn lágmarksviðbúnaður, sem ég tel að samrýmist hagsmunum Íslands, þá getur niðurstaðan aldrei orðið önnur en sú að fullt tillit sé tekið til þeirra hagsmuna, þ.e. íslenskra hagsmuna með sama hætti og niðurstaðan hlýtur jafnframt að taka tillit til bandarískra hagsmuna. Hvað sem líður öllum vangaveltum einstakra aðila í Bandaríkjunum verður að vera ljóst að þær vangaveltur geta ekki orðið niðurstaða í málum milli Íslands og Bandaríkjanna vegna þess að mikið af þeim vangaveltum taka ekkert tillit til hugsanlegra hagsmuna Íslands í þessu sambandi þó ég viti að sjálfsögðu að hagsmunir Íslands í þessu sambandi eru metnir út frá mismunandi forsendum, m.a. af hv. þm. sem hefur aðrar forsendur í því *hagsmunamati* en sá sem hér stendur.

En þetta vildi ég taka skýrt fram.

[12:40]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er þetta að sjálfsögðu vel ljóst eins og hæstv. utanrrh. Ég geri mér grein fyrir því að ágreiningur okkar í málinu er m.a. og alveg sérstaklega fólginn í því að við metum hagsmuni Íslands ólíkt í þessu sambandi. Ég tel að þeim sé prýðilega borgið einmitt með því að erlendur her hverfi úr landinu og við leggjum þannig í leiðinni lóð okkar á vogarskálar friðsamlegri sambúðar þjóða og afvopnunar, því að dregið sé úr útgjöldum til vígbúnaðarmála og fjármunir færðir yfir í aðra og þarfari hluti eins og þróunaraðstoð og stuðning við fátæk ríki, átak í umhverfismálum og annað slíkt sem eru að mínu mati miklu brýnni framtíðarverkefni og þarfari en að viðhalda umfangsmiklum vígbúnaði úti um allan heim.

Það er að sjálfsögðu rétt að ef menn ganga til viðræðna þá þurfa menn að skoða hagsmuni og áhuga beggja aðila. En við þekkjum líka, herra forseti, úr sögunni að bandarísk stjórnvöld geta verið duttlungafull og tekið skyndilegar ákvarðanir. Þau hafa t.d. tekið ákvarðanir um skyndilega stórfellda lokun herstöðva á erlendri grund án þess að gera

mjög mikið með hagsmuni þeirra sem urðu fórnarlömb slíkra breytinga. Menn eiga víða um sárt að binda þar sem þeir voru orðnir háðir veru slíkra herja. Um þetta eru dæmi af Kyrrahafseyjum, í Suðaustur-Asíu og víðar.

Það vill svo til að sá sem hér talar getur sagt eina litla dæmisögu af slíku. Í minni gömlu heimabyggð var herstöð um fimmtán ára skeið. Svo einn góðan veðurdag fréttu menn að Kaninn hefði tekið ákvörðun um að loka henni og hann var farinn eftir þrjá mánuði. Hann var ekki mikið að hugsa um atvinnuhagsmuni þessa litla byggðarlags sem var auðvitað orðið háð því á þessu fimmtán ára tímabili að hafa af þessu atvinnu, var í raun stungið svefnþorni og öll önnur atvinnuuppbygging lá afvelta á meðan. Við þekkjum líka dæmi um slíka hluti og ég held að annað væri óraunsæi en að hafa í huga að sviptivindar í stjórnmálum vestan hafs gætu vel átt eftir að skila hingað óvæntum tillögum og niðurstöðum. Það er ekki víst að það yrði svo mikið með það gert þó að íslenskir ráðamenn reyndu af skammsýni sinni að halda í herinn.

[12:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér afskaplega vel grein fyrir skoðunum hv. þm. og ég heyri að hann er vongóður um að ýmsir aðilar í Bandaríkjunum komi honum til hjálpar í þessu áhugamáli sínu.

En eitt er líka rétt að taka fram, þ.e. að hér er að sjálfsögðu ekki eingöngu um öryggishagsmuni Íslands og Bandaríkjanna að ræða. Hér er líka um öryggishagsmuni nágrannaþjóða okkar að ræða, samstarfsaðila okkar í Evrópu. Þetta mál verður líka að skoða í ljósi þeirra tíðinda sem eiga sér nú stað í Evrópu þegar Evrópuríkin eru að koma sér saman um nýja stefnu í öryggismálum álfunnar. Allt er þetta þáttur í því þannig að myndin er mjög flókin.

En ég er í sjálfu sér sammála hv. þm. um að hér geta orðið breytingar og við þurfum að vera viðbúin slíkum breytingum. Það er uppi umræða um þær breytingar enda hefur heimsmyndin breyst. Í því sambandi þurfum við líka að líta á Ísland sem hluta af Evrópu og þeirra miklu hagsmuna sem öll Evrópa hefur í Atlantshafstengslunum. Ísland er mjög mikilvægur hlekkur í þessum Atlantshafstengslum og það þurfum við líka að hafa í huga þegar við förum yfir málið enda veit ég að hv. þm. er það fullkomlega ljóst.

[12:45]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski yrði bilið á endanum ekki svo óskaplega mikið á milli okkar hæstv. utanrrh. í skoðunum ef við töluðum oftar saman um þessi mál. Það er auðvitað alveg ljóst að þetta hefur líka gildi gagnvart svokölluðum öryggishagsmunum annarra ríkja en Íslands og Bandaríkjanna, þ.e. Evrópu, Kanada og annarra Atlantshafsbandalagsríkja. En í því sambandi er það fyrst og fremst aðstaðan, herra forseti, sem skiptir máli eins og málum er nú þegar háttað.

Ekki er langt síðan hér voru 16 orrustuþotur af fullkomnustu gerð. Þær eru núna fjórar og eru meira að segja ekki alltaf hér í landinu. Hér var miklu meiri viðbúnaður, upp undir eða yfir helmingi fleiri hermenn en nú eru o.s.frv.

Staðreyndin er sú að hér er orðinn svo lítill eiginlegur viðbúnaður í formi mannafla og tækja að hann er nánast hverfandi og skiptir engu máli. Ég viðurkenni hins vegar að menn meta aðstöðuna. Menn horfa á flugvöllinn, flugskýli og aðra aðstöðu, eldsneytisbirgðir og slíka hluti sem skipta máli. Þess vegna tel ég að raunsætt mat á stöðunni feli í sér að þegar til viðræðnanna kemur væri það fyrst og fremst spurning um þá aðstöðu sem vegur þungt en ekki hitt hvort hér er mér liggur við að segja að nafninu til fáein hundruð hermanna og tvær eða fjórar þotur. Þess vegna munar það svo litlu að það er ekki að mínu mati nokkuð sem við eigum að láta halda aftur af okkur í því að láta þann draum rætast að Ísland geti meðal þjóðanna borið höfuðið hátt sem herlaust land eins og flestar þjóðir og þar á meðal allar nágrannaþjóðir okkar vilja vera. Hin Norðurlöndin hafa ekki tekið það í mál að þar sætu erlendir herir frá stríðslokum, t.d. Noregur og Danmörk, þó að þau séu í NATO, svo dæmi sé tekið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífsýnasöfn, 2. umr.

Stjfrv., 534. mál. — Þskj. 835, nál. 1308, brtt. 1309.

[12:47]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um lífsýnasöfn, 534. máli og brtt. nefndarinnar á þskj. 1309.

Frumvarp þetta var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi og þá bárust heilbr.- og trn. fjölmargar umsagnir. Nefndin hefur líka fjallað um þetta mál núna og haft þær umsagnir jafnframt til skoðunar og fengið á sinn fund auk fulltrúa frá heilbr.- og trmrn., Sigurð Guðmundsson landlækni, Pál Hreinsson og Sigrúnu Jóhannesdóttur frá tölvunefnd, Ingileif Jónsdóttur frá vísindasiðanefnd, Tómas Zoëga, Örn Bjarnason og Ásdísi Rafnar frá Læknafélagi Íslands, Jón Gunnlaug Jónasson frá rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði og Kára Stefánsson frá Íslenskri erfðagreiningu.

Frumvarp það sem núna er flutt er endurflutt með nokkrum breytingum og til viðbótar þeim umsögnum sem lágu fyrir þegar það var fyrst flutt á 123. löggjafarþingi hafa borist nokkrar umsagnir frá að hluta til sömu aðilum og skiluðu umsögn í fyrra sinn og taldir eru upp í nál. á þskj. 1308.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er meginmarkmið löggjafar á þessu sviði að styrkja starfsemi þeirra lífsýnasafna sem hér eru til og jafnframt að skapa umgjörð um ný lífsýnasöfn, hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna, styrkja samstarf fagaðila hér á landi og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda stéttarbræður þeirra íslenskri heilbrigðisþjónustu og vísindastarfi til heilla. Þá er í frumvarpinu sérstaklega reynt að tryggja að varsla, meðferð og nýting lífsýna úr mönnum verði með þeim hætti að virðing og réttindi þegnanna séu tryggð og nýting lífsýnanna þjóni vísindalegum og læknisfræðilegum tilgangi og stuðli að almannaheill.

Meginatriði frumvarpsins varða eignarrétt að lífsýnum, samþykki lífsýnisgjafa og persónuvernd. Vegna eðlis lífsýna og þess hvernig til lífsýnasafna er stofnað geta þau hvorki né mega lúta lögmálum eignarréttar í venjulegum skilningi. Leyfishafi lífsýnasafns telst því ekki eigandi lífsýnanna en fær þess í stað ákveðinn umráða- og ráðstöfunarrétt yfir þeim eins og nánar er kveðið á um í frumvarpinu með þeim skilyrðum sem þar eru.

Samkvæmt frumvarpinu verður lífsýni einungis vistað í lífsýnasafni með samþykki lífsýnisgjafa. Samþykki hans getur annaðhvort verið ætlað eða upplýst, óþvingað samþykki,

samanber skilgreiningar í frumvarpinu. Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað upplýst, óþvingað samþykki sitt og skal þá lífsýni sem aflað var til vörslu í lífsýnasafni vegna vísindarannsókna eytt. Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna eða meðferðar má ganga út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað í lífsýnasafni. Við afturköllun þess samþykkis skal lífsýnið hins vegar geymt til notkunar í þágu lífsýnisgjafa og má þá ekki nota það til vísindarannsókna nema með sérstöku samþykki lífsýnisgjafa fyrir því. Vegna skilgreiningar frumvarpsins á upplýstu, óþvinguðu samþykki skv. 5. tölul. 3. gr. telur nefndin rétt að benda á að um samþykki fyrir hönd barna og ósjálfráða einstaklinga gilda ákvæði lögræðislaga og laga um réttindi sjúklinga eftir því sem við á.

Þá er í frumvarpinu lögð á það áhersla að tryggja öryggi persónuupplýsinga í íslenskum lífsýnasöfnum þar sem áhætta af starfrækslu þessara safna felst aðallega í hugsanlegri misnotkun á upplýsingum eða niðurstöðum rannsókna á lífsýnum.

Ákvæðum frumvarpsins er m.a. ætlað að ákvarða þær öryggiskröfur sem gerðar verða um geymslu lífsýna í lífsýnasöfnum. Um þær öryggiskröfur sem gera ber til varðveislu lífsýna sem notuð verða til þjónusturannsókna og heimilt er að geyma í allt að fimm ár, sbr. 2. mgr. 2. gr., gilda lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en þetta frv. tekur ekki til þeirra sýna. Svo sem fram kemur í 6. tölul. hér á eftir er ljóst að lög um lífsýnasöfn yrðu talin sérlög gagnvart lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Síðarnefndu lögin eru þó víðtækari og telja verður að þau gildi þar sem lögum um lífsýnasöfn sleppir. Þá er efnismunur á upplýstu samþykki skv. 5. tölul. 3. gr. og 7. gr. frumvarpsins og 10. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, um samþykki fyrir þátttöku í vísindarannsókn og skal því við framkvæmd samkvæmt lögum um lífsýnasöfn jafnframt fara eftir 10. gr. laga um réttindi sjúklinga þegar um vísindarannsóknir er að ræða. Það sem ég hef sagt hér lýtur að því hvernig þessi mismunandi lög sem um slíkt gilda skulu túlkuð saman.

Í tengslum við 1. og 9. gr. frumvarpsins vill nefndin að lokum benda á það að til að tryggja persónuvernd hefur því verið haldið fram að þörf sé á að setja bannreglur í lög um notkun lífsýna og þá fyrst og fremst á tveimur sviðum. Annars vegar hefur verið bent á að þörf sé á að banna vátryggingafélögum að áskilja erfðafræðilegar upplýsingar þegar tekin er afstaða til þess hvort manni skuli seld líftrygging og sama hlýtur að eiga þá við um sjúkratryggingar. En um þetta eru til að mynda til lög í Svíþjóð og Austurríki. Hins vegar hefur verið bent á að þörf sé á að vernda launþega fyrir óskum atvinnurekenda um upplýsingagjöf um erfðafræðilegar upplýsingar, en í Danmörku hafa verið sett sérstök lög um notkun heilbrigðisupplýsinga á vinnumarkaði og voru þau sett árið 1996.

Heilbr.- og trn. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Ég ætla að gera grein fyrir þeim breytingum. Þær eru eftirfarandi:

Það er í fyrsta lagi við 1. gr. laganna þar sem talað er um markmiðið með setningu þeirra og nefndin vill benda á að orðalag 1. gr. frv. eins og það var lagt fram er ekki eins ítarlegt og umfjöllun í greinargerð um ákvæðið gefur til kynna. Því er lagt til að hið stefnumarkandi orðalag greinargerðarinnar verði tekið upp í sjálfan lagatextann þannig að til viðbótar textanum eins og hann er og markmiðsgreininni í 1. gr. laganna leggur heilbr.- og trn. til að við bætist ný málsgrein sem hljóðar þannig:

„Aldrei skal setja hagsmuni vísinda og samfélags ofar hagsmunum lífsýnisgjafa. Óheimilt er að mismuna lífsýnisgjafa á grundvelli upplýsinga sem fengnar eru úr lífsýni hans.“

Í öðru lagi er lögð til orðalagsbreyting á 8. tölul. 3. gr. sem er þá til samræmis við aðra orðnotkun í frv. þar sem í staðinn fyrir að tala um stofnun er talað um lögaðila.

Í þriðja lagi er lagt til af heilbr.- og trn. að orðið tölvunefnd falli brott úr upptalningu í 4. gr., en í þeirri grein er mælt svo fyrir að ráðherra skuli veita leyfi til að stofna og starfrækja lífsýnasöfn að fenginni umsögn landlæknis, tölvunefndar og vísindasiðanefndar. Í athugasemdum við frv. segir að umsögn tölvunefndar sé nauðsynleg m.a. til að vernd persónuupplýsinga verði sem öruggust hjá safninu. En af ákvæðinu er alls ekki ljóst hvernig tölvunefnd sem hér eftir verður nefnd Persónuvernd, samanber 5. tölul., á að geta tryggt persónuvernd með því einu, eins og frv. gerir ráð fyrir, að veita umsögn né að það geti verið hlutverk hennar að veita nokkra umsögn um það hverjir fái slíkt leyfi. Á hinn bóginn er ljóst að þeir sem á annað borð fá leyfi þurfa að fara að ákveðnum öryggisreglum eða stöðlum við meðferð og vörslu lífsýna til að tryggja persónuvernd. Að skilgreina slíkar reglur er eðlilega hlutverk Persónuverndar þegar litið er til 1. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Af þeim sökum er lögð til framangreind breyting en þess í stað bætt nýjum tölulið um öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna við 5. gr. frv.

Heilbr.- og trn. leggur til í fjórða lagi tvær breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til í 1. málsl. 7. tölul. að ábyrgðarmaður lífsýnasafns skuli vera læknir og hafa stundað sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf á sviði heilbrigðisvísinda í stað þess að hafa stundað framangreint innan heilbrigðisþjónustunnar, eins og frv. gerði ráð fyrir, samanber þó 2. málsl. 7. tölul. Þar sem ábyrgðarmaður skal m.a. veita aðgang að lífsýnum til frekari greiningar sjúkdóma þykir eðlilegt að gera kröfu til þess að ábyrgðarmaður safns sem orðið hefur til vegna þjónusturannsókna, svo sem Dungalssafnið, sé læknir. Þegar um er að ræða safn þar sem safnað er til notkunar í vísindarannsóknum þykir hins vegar eðlilegt að vísindamenn sem ekki eru læknar, t.d. sérfræðingar sem stundað hafa sjálfstæð rannsóknar- og þróunarstörf á sviði heilbrigðisvísinda, geti verið ábyrgðarmenn slíkra safna. Þá þótti orðalagið „innan heilbrigðisþjónustunnar“ þröngt og villandi. Að lokum er lagt til að við bætist nýr málsliður um að öryggismat og öryggisráðstafanir við söfnun og meðferð lífsýna séu í samræmi við reglur sem persónuvernd setur um öryggi lífsýna, samanber skýringar við 3. tölul. hér að framan.

Á 7. gr. frv., sem fjallar um samþykki lífsýnisgjafa og afturköllun þess, hafa verið gerðar nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að 2. málsl. 1. mgr. sé í samræmi við 5. tölul. 3. gr. og því verði samþykki einnig að vera skriflegt. Í öðru lagi er lagt til að við 1. mgr. bætist nýr málsliður þar sem fram kemur að gætt skuli ákvæða 20. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga þar sem við á. Í 1. mgr. 7. gr. er fjallað um upplýsingar eða fræðslu sem veita skal áður en lífsýna er aflað með upplýstu samþykki. Upplýsingar þessar eru ekki eins ítarlegar og veita á þegar persónuupp-

lýsinga er aflað með upplýstu samþykki, samanber lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ljóst er að lög um lífsýnasöfn yrðu talin sérlög gagnvart lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og mundu hin fyrrnefndu því ganga þeim síðarnefndu framar að því leyti sem þar er að finna aðrar efnisreglur. Á hinn bóginn eru lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga mun víðtækari og hafa fleiri efnisreglur. Þau lög hljóta því ávallt að gilda þar sem lögum um lífsýnasöfn sleppir. Í þriðja lagi er um að ræða lagfæringu á lagatilvísun. Þá er lagt til að við 2. mgr. bætist nýr málsliður þar sem sérstaklega er tekið fram að efni sem unnið hefur verið úr lífsýni við framkvæmd rannsóknar eða niðurstöðum rannsóknar sem þegar hefur verið framkvæmd skuli ekki eytt við afturköllun á upplýstu, óþvinguðu samþykki. Nefndin leggur í þessu tilliti áherslu á nauðsyn þess að gera greinarmun á lífsýni sem tekið er úr einstaklingi og efni sem unnið er úr lífsýni eða niðurstöður rannsókna úr lífsýni þegar tekin er afstaða til eyðingar þess vegna afturköllunar samþykkis. Niðurstöður rannsókna á lífsýnum geta gefið líffræðilegar upplýsingar um lífsýnisgjafa en þær upplýsingar byggjast ekki síður á framkvæmd rannsóknarinnar en lífsýninu sjálfu og oftast jafnframt á niðurstöðum rannsókna á öðrum lífsýnum sem eru undir í sömu rannsókn. Heilbr.- og trn. leggur áherslu á að afturköllun samþykkis geti aldrei orðið afturvirk og niðurstöðum rannsókna sem þegar hafa verið framkvæmdar verði því ekki eytt, enda er það einn af grundvallarþáttunum í öllum rannsóknum að hægt sé að sannreyna niðurstöður eftir á. Aðrar breytingar á 4. mgr. lúta að lagaheimild fyrir því að landlæknir haldi svokallaða úrsagnaskrá yfir þá lífsýnagjafa sem afturkalla ætlað samþykki fyrir því að sýni þeirra verði vistuð í lífsýnasafni. Umræddar upplýsingar eru viðkvæmar persónuupplýsingar og því þarf framangreind lagaheimild að vera til staðar, samanber að öðru leyti ákvæði laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði, nr. 139/1998.

Nefndin leggur líka til breytingar á 9. gr. laganna þar sem fjallað er um aðgang að lífsýnasafni og um notkun lífsýnasafns. Lagt er til að 2. og 3. málsl. 1. mgr. verði að 2. mgr. þar sem um er að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu sem fram kemur í 1. málsl. 1. mgr. Einnig er um að ræða orðalagsbreytingu í 3. mgr., sem verður 4. mgr., og að lokum er í 4. mgr., sem verður 5. mgr., kveðið á um skyldu ráðherra til að setja í reglugerð frekari ákvæði um notkun lífsýna að fengnum tillögum landlæknis, vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Nefndin tekur fram að með skyldu ráðherra til setningar þessarar reglugerðar er ekki verið að opna fyrir frekari heimildir ráðherra til handa frá þeirri tæmandi talningu tilvika um notkun sem fram koma 9. gr. Hins vegar er með þessu verið að tryggja málefnalega hagsmuni þannig að safnstjórnir hafi ekki geðþóttaákvarðanir á þessu sviði.

Þá er um að ræða orðalagsbreytingu í upphafi fyrri málsliðar 2. mgr. 10. gr. Lögð er til breyting á 3. mgr. þess efnis að heimild til að senda lífsýni utan til sjúkdómsgreiningar og gæðaeftirlits verði rýmkuð. Samkvæmt 3. mgr. er ekki heimilt að flytja lífsýnasafn eða hluta þess úr landi nema að fengnu samþykki vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Eins og fram kemur í 2. mgr. 2. gr. tekur frumvarpið ekki til tímabundinnar vörslu lífsýna sem safnað er til þjónusturannsókna þannig að yfirleitt eru sýni sem senda þarf utan til sjúkdómsgreininga ekki komin í lífsýnasafn þegar það er gert. Nefndin bendir á að þurfi að senda sýni sem komið er í lífsýnasafn utan vegna sjúkdómsgreiningar eða gæðaeftirlits sé óeðlilegt að leita þurfi samþykkis vísindasiðanefndar og Persónuverndar enda sé þá um að ræða þjónustu við sjúkling og oft sé mikilvægt að tefja ekki slíka greiningu að óþörfu. Annar flutningur úr landi, svo sem til vísindarannsókna, yrði hins vegar háður samþykki framangreindra aðila.

Þá er lögð til sú breyting á 12. gr., sem fjallar um eftirlit, að 2. mgr. greinarinnar færist í 13. gr. frumvarpsins og verði 2. mgr. þeirrar greinar. Jafnframt er lagt til að við 12. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., þar sem í frumvarpið vantaði ákvæði um eftirlit Persónuverndar og innra eftirlit á lífsýnasöfnum. Samkvæmt reglum stjórnsýslunnar eru það rekstraraðilar sjálfir sem sjá um innra eftirlit en það er hins vegar opinberra aðila að fylgja því eftir að slíkt sé gert.

Lagðar eru til breytingar á 16. gr. um reglugerðarheimild ráðherra. Heilbr.- og trn. telur nauðsynlegt að frekari reglur verði settar um hvernig standa skuli að því að veita þeim sem lífsýni eru tekin úr vegna þjónusturannsókna upplýsingar um að lífsýnin kunni að verða vistuð í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. og upplýsingar um heimild þeirra til að lýsa sig mótfallna því. Þannig telur nefndin að setja þurfi nánari reglur um hvernig tryggja skuli að ákvörðun lífsýnisgjafa um að sýni hans verði ekki vistað í lífsýnasafni til notkunar í vísindarannsóknum verði virt og jafnframt hvernig persónuverndar hans verði gætt. Þá telur nefndin nauðsynlegt að ráðherra kveði nánar á um heimild landlæknis til að halda úrsagnaskrá skv. 4. mgr. 7. gr. um þá sem afturkalla ætlað samþykki. Loks telur nefndin nauðsynlegt að settar verði reglur til að tryggja að safnstjórnir gæti samræmis og jafnræðis við veitingu aðgangs að lífsýnasöfnum til vísindarannsókna. Það á sérstaklega við þegar um er að ræða lífsýnasöfn sem orðið hafa til á heilbrigðisstofnunum hins opinbera eða stofnunum sem kostaðar eru af almannafé. Sé um að ræða lífsýni sem safnað er af einkaaðila til notkunar í vísindarannsóknum gegnir hins vegar öðru máli.

Loks leggur nefndin til að 17. gr., sem fjallar um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/ 1997, falli brott, þar sem ekki er talin þörf á að breyta þeim lögum að svo stöddu.

Að lokum er lagt til að 2. málsl. 2. tölul. í ákvæði til bráðabirgða falli brott þar sem nefndinni þykir ákvæðið óþarft, enda gilda sömu reglur um lífsýni úr lifandi mönnum sem látnum og ósk einstaklings um afturköllun ætlaðs samþykkis verður að sjálfsögðu einnig virt eftir andlát hans.

Herra forseti. Hv. heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Undir nál. rita auk frsm. hv. þm. Katrín Fjeldsted, Tómas Ingi Olrich, Ásta Möller og Jón Kristjánsson og með fyrirvara hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman.

[13:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er af hinu góða að menn skuli setja lagaramma í kringum lífsýnasöfnin. Þetta er flókið mál og vandasamt en hv. þm. Jónína Bjartmarz skýrði áfkalega vel margt af því sem óljóst er. Þó er eitt sem vefst enn fyrir mér og það eru tengsl tveggja hluta, annars vegar þjónusturannsókna og hins vegar hins svokallaða ætlaða samþykkis og mig langar til að fá skýringar á eftirfarandi: Ef einhver maður kemur í þjónusturannsókn og tekið er úr honum blóðsýni,

getur það blóðsýni með einhverjum hætti í krafti hins ætlaða samþykkis lent inn á lífsýnasafni?

[13:08]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í stuttu máli tel ég rétt, og ég hef greinilega ekki kveðið nógu skýrt að í máli mínu áðan, að svara spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar játandi. Mig langar að benda hv. þm. á breytingar á 7. gr. um söfnun, meðferð og aðgang að lífsýnum og á ákvæðin sem þar eru þar sem fjallað er um afturköllun og þann greinarmun sem gerður er á afturköllunarákvæðunum þegar annars vegar er um að ræða lífsýni sem safnað er í þágu þjónusturannsókna og hins vegar þeirra sem safnað er í þágu vísindarannsókna.

[13:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svarið og þessa ágætu ábendingu. En bara til að fá þetta alveg skýrt, getur þá blóðsýni sem tekið er við þjónusturannsókn lent inni á lífsýnasafni og getur það verið grundvöllur erfðafræðilegra rannsókna? Er mögulegt að úr því verði síðan dregnar tilteknar upplýsingar um arfgengi hluta og að sú staða sé komin upp að einhver maður sem e.t.v. hefur af göfugum hvötum farið í Blóðbankann til að gefa blóð til að hjálpa öðrum, að sýni úr honum lendi á lífsýnasafni og að hægt verði að fara í það og kanna arfgerð viðkomandi manns og þær upplýsingar liggi einhvers staðar fyrir og tengdar nafni hans?

[13:10]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur verð ég að játa spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, en það er kannski rétt að fara aðeins nánar yfir þetta og benda á 7. gr. frv. þar sem segir:

„Við öflun lífsýnis til vörslu í lífsýnasafni skal leitað eftir upplýstu, óþvinguðu samþykki þess sem lífsýnið gefur. Það skal veitt af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tökunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr."

Hvað varðar brtt. heilbr.- og trn. við 7. gr. þá leggur hún til að 4. mgr. orðist þannig:

„Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað ætlað samþykki sitt fyrir að sýni hans verði vistað í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. og skal það þá einungis notað í þágu lífsýnisgjafa eða með sérstakri heimild hans, samanber þó 4. mgr. 9. gr. Beiðni lífsýnisgjafa getur varðað öll lífsýni sem þegar hafa verið tekin eða kunna að verða tekin úr honum. Skylt er að verða við slíkri beiðni."

Mig langar að fara yfir 9. gr. eins og hún liggur fyrir samkvæmt brtt. heilbr.- og trn. en þar segir:

„Lífsýni skulu fengin í skýrt tilgreindum og lögmætum tilgangi og ekki notuð í öðrum tilgangi, samanber þó 2., 3. og 4. mgr.

Ábygðarmaður safns veitir aðgang að lífsýnum til frekari greiningar sjúkdóma. Honum er einnig heimilt að veita aðgang að lífsýnum til notkunar við gæðaeftirlit, aðferðaþróun og kennslu, enda séu þau ekki með persónuauðkennum."

[13:12]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 648. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1383.

Hafnarframkvæmdir 1999, 650. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1385.

Rannsóknir sjóslysa, 651. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1386.

Símnotkun og símkostnaður landsmanna, 594. mál, svar samgrh., þskj. 1379.

Skattfrelsi forseta Íslands, 652. mál, frv. PHB o.fl., þskj. 1388.

Störf úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, 649. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1384.

Tilfærsla á aflahlutdeild, 462. mál, skýrsla sjútvrh., þskj. 1389.

Úrbætur í öryggismálum sjómanna, 600. mál, svar samgrh., þskj. 1370.

[13:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls er ég þeirrar skoðunar að hér sé á ferðinni mikið framfaraspor verði þetta frv. gert að lögum. Ég styð frv. og tel það veita nauðsynlega umgjörð utan um þá starfsemi lífsýnasafna sem þegar eru starfandi hér á landi en eins og kunnugt er hafa þau sum hver verið starfrækt í áratugi og afrakstur þess starfs hefur skilað sér í miklum mæli í formi framfara á sviði heilbrigðisvísinda. Þessi söfn þurfa hins vegar skýrari starfsgrundvöll en þau hafa í dag.

Meginmarkmiðið með löggjöfinni sem hér er verið að leggja fram er að skapa umgjörð um ný söfn en ekki síður að styrkja starfsemi þeirra safna sem fyrir eru auk þess að hvetja til vísinda- og þjónusturannsókna og styrkja samstarf fagaðila og samstarf íslenskra vísindamanna við erlenda vísindamenn. Skort hefur lagaumgjörð um þessa starfsemi hér á landi og það hefur verið gagnrýnivert sérstaklega á síðari árum þegar aukin tækniþekking hefur haft það í för með sér að lífsýni verða æ verðmætari þáttur í rannsóknum og þau geta veitt mjög veigamiklar upplýsingar um þá sem sýnin eru tekin úr og þar af leiðandi geta þau ógnað mjög persónuvernd þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Þess vegna er mjög mikilvægt að um þetta séu settar skýrar leikreglur sem öll söfn þurfa að fara eftir sem starfa á þessu sviði.

Í fyrsta lagi er mikilvægt að leikreglur við söfnun, geymslu og meðferð séu skýrar en auk þess er mjög mikilvægt að skýrt sé kveðið á um faglega ábyrgð þeirra sem slík söfn starfrækja og það er kveðið mjög skýrlega á um það í þessu frv. Síðan er persónuverndin þriðji þátturinn en það er líka mjög mikilvægt að tryggja hana eftir bestu getu þannig að þeir einstaklingar sem eiga sýni í þessum söfnum njóti ríkrar persónuverndar.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta frv. sé mikil réttarbót hvað þessa þætti varðar og að mjög mikilvægt sé að þetta frv. nái framgangi í þinginu. Ég er hins vegar ásamt öðrum þingmanni Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn., hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdótur, með fyrirvara við undirskrift nefndarálitsins og ég ætla að gera stuttlega grein fyrir honum. Hann snýr fyrst og fremst að 7. gr. frv., um samþykkið, sem var að nokkru leyti komið inn á í andsvari af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, en eins og framsögumaður nefndarinnar lýsti áðan er í raun og veru um tvenns konar samþykki að ræða í þessu frv. Annars vegar um upplýst, óþvingað og skriflegt samþykki þegar um er að ræða vísindarannsókn og tel ég að í þeim tilvikum sé farið eins langt og ýtrustu kröfur gera um líkt samþykki og í meðförum nefndarinnar

bættum við meira að segja inn í að slíkt samþykki ætti að vera skriflegt og það var mjög til bóta.

Hvað þjónusturannsóknirnar varðar sem er svolítið annars eðlis vegna þess að þá er í raun og veru verið að þjónusta tiltekinn einstakling sem sækir til heilbrigðisþjónustunnar, hann er annaðhvort í rannsókn vegna einhvers sjúkdóms eða vegna þess að verið er að leita að sjúkdómi eða í læknismeðferð og þar eru gerðar svolítið aðrar kröfur en í þessu frv. Þar er einungis farið fram á ætlað samþykki þannig að gert er beinlínis ráð fyrir því að þau sýni séu vistuð í safni nema annað sé tekið fram. Þarna má segja að slakað sé svolítið á ýtrustu kröfum um samþykki og fullan sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins sem sækir til heilbrigðisþjónustunnar en eiginlega má segja að þetta sé gert svona til þess að reyna að ná ákveðinni sátt. Það er mjög mikil togstreita á milli tvenns konar sjónarmiða í þessu tilviki, þ.e. annars vegar togast á kröfurnar um fullkomna persónuvernd einstaklingsins og rétt einstaklingsins sem sækir til heilbrigðisþjónustunnar en hins vegar þurfum við líka að gæta þess að rannsóknarfrelsi ríki og frelsi vísindamanna til að stunda vísindi sín einstaklingnum og samfélaginu til góðs. Nú erum við líklega öll sammála um að það þurfi að gera eftir ákveðnum leikreglum en spurningin er bara hversu strangar við eigum að hafa kröfurnar í þessu tilviki þegar við erum að tala um þjónusturannsóknir.

Þessi tvenns konar sjónarmið fara ekki alltaf saman. Þau fara mjög oft saman en það geta komið upp þær aðstæður að þau fari ekki saman, einstaklingurinn vill ekki að sýni hans sé frekar notað en það sé mjög mikilvægt til þess að upplýsa einhver tiltekin atriði í tengslum við ákveðna rannsókn sem getur fært mannkyninu framfarir og verið því mjög til heilla þannig að þetta er svolítil togstreita. Niðurstaðan varð sú að gera þetta svona, að tvískipta þessu og hafa þjónusturannsóknirnar einungis ætlað samþykki. En það hefur líka komið fram í meðförum málsins í hv. heilbr.- og trn. að verið er að vinna að því á vettvangi heilbrigðisyfirvalda að reyna að finna frekari sátt um þetta mál.

Við gerðum okkur grein fyrir því í nefndinni að ef við hefðum farið fram á ýtrustu kröfur, þ.e. upplýst og óþvingað skriflegt samþykki líka í þjónusturannsóknum hefði málið stoppað vegna þess að ekki var sátt um það úti í samfélaginu. Ég tel að þarna sé verið að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Það sé mikilvægast að fá umgjörðina utan um lífsýnasöfnin, að leikreglurnar séu skýrar og að tryggð sé fagleg ábyrgð og að starfsemin fari eftir ákveðnum leikreglum en við þurfum að hafa í huga að það þarf að finna einhverja betri leið hvað varðar þjónusturannsóknirnar en ætlað samþykki. Verið er að ræða um einhvers konar opið samþykki hugsanlega. Ég er ekki sjálf tilbúin að skrifa upp á það hér og nú. Ég get sagt það fyrir mig. Ég tel að það geti líka veitt falskt öryggi þannig að mér finnst þetta vera umræða sem við þurfum að fara í gegnum. Mikilvægast er að við setjum okkur rammann utan um þessa starfsemi, eins og verið er að gera í þessum lögum, en höldum áfram umræðunni sem er sífellt í mótun og hún á sífellt að vera að eiga sér stað um það á hvern hátt við viljum hamla eða í raun og veru setja ramma utan um vísindin og þróun þeirra, hversu miklar skorður við viljum setja þeirri þróun og um það snýst þetta mál.

Í stórum dráttum er þetta mjög gott mál og mjög til bóta. Ég vil líka ítreka það sem ég tók fram við 1. umr. þessa máls að ég fagnaði því sérstaklega hversu vel var staðið að undirbúningi á þessu frv. Leitað var sérstaklega eftir því að finna leið sem væri grundvöllur löggjafar sem sátt gæti verið um og það er mjög mikilvægt í málum eins og þessum að leitað sé til þeirra sem eiga að starfa eftir lögunum og haft sé samráð við þessa aðila áður en málið er keyrt í gegn á Alþingi, að þá sé búið að kanna hug þeirra sem eiga að starfa eftir lögunum. Það var gert í þessu máli og það kom mjög skýrlega fram þegar við vorum að fara yfir umsagnir um málið að það var fátt sem kom þar á óvart og reyndar tekið tillit til flestra þeirra ábendinga, a.m.k. góðra ábendinga sem fram komu í brtt. nefndarinnar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–9 og 11.–16. mál.

Fundi slitið kl. 13:22.

---

117. FUNDUR

föstudaginn 12. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, stjfrv., 405. mál, þskj. 1008, brtt. 983 og 1371, till. til rökst. dagskrár 1387. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Lífsýnasöfn, stjfrv., 534. mál, þskj. 835, nál. 1308, brtt. 1309. — Frh. 2. umr.

3. Lyfjalög og almannatryggingar, stjfrv., 401. mál, þskj. 659, nál. 1304, brtt. 1305. — 2. umr.

4. Sjúklingatrygging, stjfrv., 535. mál, þskj. 836, nál. 1306, brtt. 1307. — 2. umr.

5. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275. — 2. umr.

6. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188. — Frh. 3. umr.

7. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 219 (með áorðn. breyt. á þskj. 1022). — 3. umr.

8. Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frv., 618. mál, þskj. 1023. — 2. umr.

9. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 619. mál, þskj. 1024. — 2. umr.

10. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491, nál. 1183 og 1269. — Frh. 2. umr.

11. Fjarskipti, frv., 629. mál, þskj. 1112, nál. 1282 og 1372. — 2. umr.

12. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 386. mál, þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281 og 1299. — Frh. 2. umr.

13. Samkeppnislög, stjfrv., 488. mál, þskj. 770, nál. 1347 og 1381, brtt. 1348. — 2. umr.

14. Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjtill., 585. mál, þskj. 887, nál. 1169. — Síðari umr.

15. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 296. mál, þskj. 509, nál. 1373, brtt. 1374. — Síðari umr.

16. Jarðgangaáætlun 2000–2004, stjtill., 571. mál, þskj. 873, nál. 1375. — Síðari umr.

17. Skattfrelsi forseta Íslands, frv., 652. mál, þskj. 1388. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður Jóhannesdóttir, 9. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

[10:00]

Útbýting þingskjala:

Úthlutun ferliverkaeininga, 438. mál, svar heilbrrh., þskj. 1368.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, 405. mál, rökst. dagskrá SvH, þskj. 1387.

Vegalög, 322. mál, þskj. 1194.

Lífsýnasöfn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 534. mál. — Þskj. 835, nál. 1308, brtt. 1309.

[10:02]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Við fjöllum nú um frv. til laga um lífsýnasöfn sem er á þskj. 835. Frv. var áður lagt fram á 123. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Mjög margir hafa komið að frv., bæði við samningu þess og eins með umsögnum. Í meðferð heilbr.- og trn. var tekið tillit mjög margra athugasemda sem koma fram í brtt. þeim sem nefndin leggur fram. Þær eru að mínu mati allar til bóta. En það vantar að náðst hafi full sátt um skilgreiningu og útfærslu á nokkrum atriðum.

Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari snýr að þremur atriðum. Í fyrsta lagi eins og ég nefndi hér áðan hefur ekki náðst sátt um hvað sé lífsýni og hvenær lífsýni hættir að vera lífsýni og verður að afurð. En helsti fyrirvarinn snýr að 7. gr. um þjónusturannsóknir og vistun sýna úr þjónusturannsókn í lífsýnasafni, með ætluðu samþykki. En þarna skiptir miklu máli að í hvert skipti sem sýnið er tekið til þjónusturannsókna þá fái viðkomandi aðili, sem oftast er sjúklingur, upplýsingar um það ferli sem fer í gang við það að gefa sýni.

Almenn kynning er að mínu mati ekki nóg, að hafa kynningarbæklinga liggjandi inni á stofnunum og treysta því að þeir sem fara í blóðprufur eða sýnatöku þekki vel það ferli sem fer í gang eftir að lögin taka gildi. Það eru þessar praktísku lausnir sem eru eftir. Þær eru kannski ekki stórar miðað við málið í heild en mjög mikilvægar þegar kemur að hinni daglegu vinnu á heilbrigðisstofnunum, þ.e. hvernig við getum komið því við að fólk, oftast sjúklingar, fái fullnaðarupplýsingar um hvað verði um sýnin án þess að það verði svo tafsamt og flókið að það tefji daglega vinnu eða hefti rannsóknir.

Herra forseti. Ég óskaði eftir því að afgreiðslu frv. yrði frestað fram á haust og að sumarið yrði notað til að komast að samkomulagi milli þeirra sem láta sig málið varða um þessi praktísku atriði eða þennan þátt.

Annað sem þarf að útfæra og setja í reglugerð og er enn óleyst, er hvernig eigi að halda utan um þjónustusöfnin og skrár um þá sem afturkalla ætlað samþykki sitt fyrir því að sýni um þá verði vistað í lífsýnasafni. Þessa lausn þarf að finna og það væri betra að hafa tæknilegu hliðina á hreinu áður en frv. verður samþykkt.

Í þriðja lagi kemur fram í nefndarálitinu að ekki hafi þótt ástæða til að breyta lögum um réttindi sjúklinga til að samþykkja lög um lífsýnasöfn.

Herra forseti. Ég er þessu ekki sammála þar sem ég lagði fram snemma í vetur breytingu á lögum um réttindi sjúklinga. Sú brtt. er um skipan vísindasiðanefndar og lýtur að því að aftur verði snúið til þess horfs sem var hér við upphaf skipan vísindasiðanefndar og á að tryggja það að vísindasiðanefnd sé skipuð á eins hlutlausan hátt og framast er hægt hér á landi.

Það má svo sem segja að þetta standi varðandi lög um lífsýnasöfn. En störf vísindasiðanefndar og traust þarf alls staðar að vera til staðar, hvort sem við erum að fjalla um lífsýnasöfnin, persónuverndina eða aðra þætti sem vísindasiðanefndin þarf að hafa afskipti af innan heilbrigðiskerfisins. Ég er því ekki sammála því að við eigum ekki að breyta lögum um réttindi sjúklinga heldur tel ég að við eigum að hafa skipan vísindasiðanefndar eins og ég gerði tillögu um fyrr í vetur.

Herra forseti. Í heildina er ég mjög hlynnt því að sett verði lög um lífsýnasöfn. Það er orðið mjög áríðandi að það verði gert og fylgir breyttum vinnubrögðum, breyttri tækni. Það er mjög nauðsynlegt að tryggja umhverfi fyrir þau lífsýnasöfn sem þegar eru til í landinu, að um þau verði settur tryggur lagarammi til að vinna eftir.

Það er mikilvægt að lögin séu skýr, að skilgreiningar á hugtökum séu skýrar og að sátt sé um löggjöfina hjá þeim sem vinna eftir henni og einnig meðal þjóðarinnar. En það verður að skoða og lesa lögin með tilliti til annarra laga, þ.e. laga um persónuvernd og réttindi sjúklinga.

Í heildina lýsi ég mig ánægða með þennan lagaramma sem við erum að setja hér, þá sátt sem náðst hefur um frv. með aðkomu mjög margra aðila og hvaða tillit hefur verið tekið til þeirra athugasemda sem fram hafa komið. Í heildina held ég að við getum verið nokkuð sátt við þessi lög. En eins og ég sagði áðan þá hef ég þarna nokkra fyrirvara. Ég hefði viljað nota sumarið til þess að vinna að málinu áður en við settum lögin, þannig að verklagsreglurnar væru skýrar þegar lögin tækju gildi. Þó þetta eina atriði varðandi ætlað samþykki sjúklinga, varðandi þjónusturannsóknir, sé ósköp smátt í sniðum þá skiptir það miklu í hinni daglegu vinnu á sjúkrahúsunum og því þarf að vera alveg ljóst hvernig eigi að framfylgja þessu ákvæði.

[10:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þegar frv. um lífsýnasöfn kom fram í þinginu þá fagnaði ég því að málið væri komið fram. Það var vel staðið að vinnslu við frv. Fengnir voru fagaðilar til að vinna það og fagna ég því að slík vinnubrögð voru viðhöfð. Eins og fram hefur komið í umræðunni skrifa ég undir þetta nefndarálit með fyrirvara og hefur hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gert mjög ítarlega grein fyrir þeim fyrirvörum sem við jafnaðarmenn í heilbr.- og trn. gerum við frv. Sömuleiðis hafa þeir þættir komið fram hjá síðasta ræðumanni þannig að ég tel ekki ástæðu til að endurtaka það hér en legg áherslu á að komið hefur verið til móts við mjög margar athugasemdir

sem komu fram í nefndinni frá þeim sem voru umsagnaraðilar um málið. En eins og komið hefur fram eru ákveðnir þættir ekki ljósir, ekki frágengnir, og þarf auðvitað að fara í að endurbæta þá og ná niðurstöðu. Ég treysti því að farið verði í þá vinnu. Ég fagna því að þó sé komið fram lagafrv. um lífsýnasöfn en það var orðið mjög brýnt að slík lög yrðu sett hér. Það er rétt sem komið hefur fram að sátt verður að vera um löggjöfina. Löggjöfin verður að vera skýr og það þarf að upplýsa fólk um hvaða reglur gilda. Það er náttúrlega grundvallaratriði að menn viti og skilgreini hvenær lífsýni er lífsýni og hvenær það hættir að vera lífsýni eins og komið hefur hér fram. Sömuleiðis þarf að taka á þessum þætti um ætlaða samþykkið í þjónusturannsóknunum.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu heldur vísa ég til skýringa hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um fyrirvara okkar við nefndarálitið.

[10:13]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum Bryndísi Hlöðversdóttur, Ástu Ragnheiði Jóhannessdóttur og Þuríði Backman sem allar eru nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. fyrir góða umfjöllun um þetta frv., en þessir þrír þingmenn standa að nefndarálitinu með fyrirvara.

Ég held að nefndarálit hv. heilbr.- og trn. hafi verið ítarlegt. En að gefnu tilefni langar mig, og í eins stuttu máli og kostur er, að ítreka nokkur atriði varðandi frv.

Í fyrsta lagi er ætlunin með þessu frv. að setja löggjöf á sviði þar sem engin löggjöf hefur verið. Hér á landi er til fjöldi lífsýna. Hve mörg og hvar þau liggja held ég að enginn viti fyrir víst. Frv. fjallar — ég vil taka það skýrt fram — eingöngu um lífsýnasöfn. Það fjallar um söfnun, vörslu, meðferð, not og vistun lífsýna á söfnum. Frv. fjallar ekki um það sem er kallað tímabundin varsla lífsýna, sem er skilgreind sem fimm ár í frv. Það tekur ekki til þeirrar vörslu, tímabundinnar vörslu sýna sem safnað er vegna þjónusturannsókna, vegna meðferðar sjúklinga eða vegna afmarkaðra vísindarannsókna, enda er gert ráð fyrir að slíkum sýnum sé eytt þegar þjónustu, meðferð eða rannsókn lýkur. Sé hins vegar óskað eftir varðveislu slíkra sýna til frambúðar þá skal vista þau á lífsýnasafni.

Í þessu frv. er leitast við að finna lausnir á þeirri togstreitu sem verið hefur milli annars vegar persónuverndarsjónarmiða og hins vegar hagsmuna læknavísinda af því að geta nýtt upplýsingar sem lífsýni á lífsýnasöfnum sem önnur geta veitt til framþróunar læknisfræðinnar.

Mitt mat er að langt sé gengið í þessu frv. og ef eitthvað er þá sé það heldur á kostnað vísindanna, til að mynda er því sjónarmiði hafnað að við afturköllun ætlaðs samþykkis séu undanþegin not lífsýnanna í þágu faraldsfræðilegra rannsókna sem þó séu án persónutengingar.

Mig langar aðeins að fjalla nánar um það tvenns konar samþykki sem lögin gera ráð fyrir. Annars vegar er gert ráð fyrir upplýstu, óþvinguðu samþykki sem segir í 1. mgr. 7. gr. að skuli leitað eftir við öflun lífsýna til vörslu í lífsýnasafni til notkunar samkvæmt 9. gr. Og bæði þar og í 5. tölul. 3. gr. er það skilgreint sem, með leyfi forseta:

„Samþykki sem veitt er skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tökunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr.“

Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað upplýst, óþvingað samþykki sitt og skal þá sýni sem aflað var til vörslu í lífsýnasafni til vísindarannsókna eytt. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir ætluðu samþykki. Og það hefur nú fengið mesta umfjöllun. Þetta ákvæði er auðvitað nauðsynlegt vegna þeirra safna sem til eru og orðið hafa til af sýnum sem safnað hefur verið um áratugi, svo sem Dungal-safnsins, en eitt af meginmarkmiðum frv. eins og gerð er grein fyrir í greinargerð með því, er að styrkja starfsemi slíkra safna.

Ætlað samþykki á auðvitað aðeins við um lífsýni sem safnast við þjónusturannsóknir eða við meðferð sjúklinga. Frv. gerir þá ráð fyrir að ganga megi út frá ætluðu samþykki sjúklings fyrir því að lífsýnið verði vistað í lífsýnasafni til notkunar samkvæmt 9. gr., enda sé þess getið í upplýsingum heilbrigðisstarfsmanns eða stofnunar við meðferð sjúklings eða við þjónusturannsókn.

4. mgr. 7. gr. frv. með þeim breytingum sem heilbr.- og trn. leggur til fjallar ítarlega um afturköllun ætlaðs samþykkis. Þar segir að lífsýnisgjafi geti hvenær sem er afturkallað ætlað samþykki og skuli sýnið þá einungis notað í þágu hans eða með sérstakri heimild hans. Frá þessu er aðeins ein undantekning í 4. mgr. en áður 3. mgr. 9. gr. Beiðni lífsýnisgjafa í þessu tilviki getur varðað öll sýni sem þegar hafa verið tekin eða kunna að verða tekin. Samkvæmt frv. er skylt að verða við slíkri beiðni og síðan segir ítarlega til um hvert skuli beina slíkum tikynningum. Það er líka fjallað um ábyrgð á eyðublöðum sem til þarf og loks um dulkóðaða úrsagnaskrá og þagnarskyldu starfsmanna landlæknis sem að þessu koma.

Síðan vil ég víkja stuttlega að notum lífsýna sem 9. gr. frv. fjallar um og er þar samkvæmt nefndaráliti um tæmandi talningu þeirra tilvika að ræða sem notkun er heimil. En meginregluna er að finna í 1. mgr. greinarinnar þar sem kveðið er á um skýrt tilgreindan og lögmætan tilgang og að sýni skuli ekki notuð í öðrum tilgangi en þau voru fengin. Undantekningar frá meginreglunni um notin eru síðan þrjár og jafnframt er kveðið á um hver hafi heimild í hverju tilviki til að veita aðganginn. Ábyrgðarmaður safns hefur heimild til að veita aðgang að lífsýnum til frekari greiningar sjúkdóms svo og til notkunar við gæðaeftirlit, enda séu sýnin ekki með persónuauðkennum. Safnstjórn hefur heimild til að semja við vísindamenn um aðgang að fengnu leyfi Persónuverndar og ef fyrir liggur rannsóknaráætlun sem samþykkt er af vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar.

Loks getur safnstjórn og þá að fengnu leyfi Persónuverndar og vísindasiðanefndar heimilað aðgang, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegur þyngra en hugsanlegt óhagræði.

Lög um lífsýnasöfn yrðu sérlög gagnvart lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og mundu hin fyrrnefndu því ganga þeim síðarnefndu framar að því leyti sem þar er að finna aðrar efnisreglur. Á hinn bóginn eru lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga mun víðtækari og hafa fleiri efnisreglur en lög um lífsýnasöfn koma til með að hafa.

Það er mitt mat að tiltöluleg sátt ríki um þær reglur sem frv. með brtt. heilbr.- og trn. fjallar um, og að með fáum undantekningum þyki þeim sem koma að söfnun, varðveislu og notum lífsýna og persónuverndarmálum vera mjög brýn nauðsyn á því að lögfesta reglur um það þó vissulega taki ég undir með hv. þm. Þuríði Backman að eftir er að útfæra að hluta til nánar til að mynda reglurnar um upplýsingaskyldu

gagnvart sjúklingi þegar um er að ræða þjónusturannsóknir. Og ég reikna með að með stoð í þeirri reglugerðarheimild sem lögin kveða á um verði næstu missiri notuð til að taka á þeim málum og skýra nánar.

Ég endurtek loks það sem ég sagði er ég mælti fyrir nefndaráliti hv. heilbr.- og trn. að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún lagði til og gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög og almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 659, nál. 1304, brtt. 1305.

[10:21]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, og jafnframt fyrir brtt. sem eru frá heilbr.- og trn. á þskj. 1305.

Heilbr.- og trn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga gesti. Eins bárust umsagnir um málið frá mörgum aðilum sem eru tilgreindir á nefndaráliti og ég ætla ekki að tíunda hér eða telja upp.

Með frumvarpi þessu er lagt til að starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins verði sameinuð í eina stofnun. Hinni nýju stofnun eru auk þess ætluð ný verkefni við umsjón með skráningu og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja. Þá er jafnframt með frumvarpinu brugðist við ábendingum sem komið hafa fram um atriði sem kveða þarf á um í lyfjalögum, m.a. vegna gildistöku tilskipana Evrópusambandsins sem teknar hafa verið inn í EES-samninginn. Þar er aðallega um að ræða breytingar á skilgreiningu lyfjahugtaksins og flokkun lyfja, brottfellingu heimildar til að skrá lyf tímabundið og breytingu á ákvæðum um lyfjaauglýsingar og lyfjaheildsölu og málsmeðferðarreglur vegna umsókna. Einnig hefur verið tekið tillit til reglugerða og tilskipana Evrópusambandsins sem fjalla um Lyfjamálastofnun Evrópu, en Íslendingar fengu aðild að henni með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 28. maí 1999. Auk þessa þykir að fenginni reynslu af framkvæmd lyfjalaga nauðsynlegt að gera nokkrar aðrar breytingar. Í því sambandi má nefna að reglum um álagningu lyfjaeftirlitsgjalds er breytt frá því sem nú er og er gert ráð fyrir að hún verði í formi skattlagningar en ekki þjónustugjalda. Lagt er til að gjald þetta verði nú ákvarðað með hliðsjón af umfangi starfsemi en þó er ákveðið lágmarksgjald. Nýlegur dómur Hæstaréttar, nr. 50/1998, taldi gjaldtökuna ekki fullnægja kröfum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og dæmdi hana ólögmæta. Því þykir nauðsynlegt að gera umræddar breytingar. Þá er gert ráð fyrir því í frv. að sérstök nefnd taki ákvörðun um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við ný lyf. Loks skal nefnt að kveðið er á um að eignarhlutdeild lækna, tannlækna og dýralækna, svo og maka þeirra og barna undir 18 ára aldri, í lyfsölu, í lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu megi ekki vera svo stór að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali og ég ætla að fjalla hér um þær helstu.

Lögð er til orðalagsbreyting á nafngift stofnunarinnar og lagt til að stofnunin heiti Lyfjastofnun en ekki Lyfjamálastofnun, en það orð þykir betra og nægilega lýsandi fyrir þá starfsemi sem um er að ræða.

Lagt er til að við 2. gr. bætist ákvæði um menntun og þekkingu forstjóra Lyfjastofnunar, en í frumvarpinu var ekki gert ráð fyrir neinni umfjöllun um hvaða kröfur um menntun og þekkingu væru gerðar til þess sem því starfi gegndi.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. og 4. efnismgr. 3. gr. svo og lagfæring á orðalagi 7. efnismgr., þar sem eftirlitsgjald það sem stofnunin leggur árlega á eftirlitsskylda aðila, skal eðlilega aðeins standa undir kostnaði við eftirlit stofnunarinnar en ekki, eins og sagði í frumvarpinu, við rekstur hennar.

Lagt er til að við 5. gr. bætist ný málsgrein um hjúkrunar- og lækningahluti. Ætlunin var þegar frumvarp þetta var lagt fram að það ákvæði færðist í annað frumvarp. En þær breytingar hafa ekki náð fram að ganga og því er framangreint lagt til svo að ákvæðið falli ekki brott úr lögum.

Lögð er til sú breyting á 20. gr. að ráðherra verði heimilt í reglugerð að veita undanþágu frá því banni að makar lækna, tannlækna og dýralækna megi ekki vera eigendur að svo stórum hluta í lyfsölu, í lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra. Nefndin taldi þetta ákvæði nauðsynlegt og telur ákvæðið geta sett hjúskap framangreindra aðila óþarfa skorður og því sé brýn nauðsyn á undanþáguheimild frá þessu ákvæði við sérstakar aðstæður.

Lögð er til breyting á 22. gr. þar sem telja verður að ákvæðið verði til frekari bóta ef heildstæðar upplýsingar fást um öll lyf án takmarkana en ekki aðeins þau lyf sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir hlut í. Sú yrði raunin ef Tryggingastofnun ríkisins fengi rafrænar upplýsingar um afgreiðslu allra lyfja.

Lögð er til breyting á 28. gr. vegna ábendingar Eftirlitsstofnunar EFTA um að ákvarðanir nefnda þurfi að vera rökstuddar og þannig fellur orðalag greinarinnar betur að tilskipun 89/105/EBE.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 29. gr. Þar er aðallega um að ræða orðalagsbreytingar og lögð er til breyting á 2. efnismgr. til frekari skýringar, samanber athugasemdir í greinargerð, og að lokum er lögð til sambærileg breyting á 3. málsl. 3. efnismgr. og gerð er á 28. gr. laganna.

Þá er lögð er til nauðsynleg breyting á gildistökuákvæði. Auk þess er lagt til að áskilnaður skv. 22. gr. um afhendingu upplýsinga á rafrænu formi komi ekki til framkvæmda fyrr en að liðnum tólf mánuðum frá gildistöku laganna og þannig verði tryggð nægileg aðlögun hvað þetta ákvæði varðar.

Herra forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali.

Undir þetta nefndarálit rita allir hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn., en Bryndís Hlöðversdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman skrifa undir nál. með fyrirvara.

[10:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli formanns hv. heilbr.- og trn. ritum við þingmenn jafnaðarmanna í heilbr.-

og trn., sú sem hér stendur og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, undir þetta nefndarálit með fyrirvara og mun ég í máli mínu gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Eins og kom fram í framsögu með nefndarálitinu er hér er á ferðinni frv. þar sem verið er að sameina í eina stofnun Lyfjaeftirlit ríkisins og lyfjanefnd ríkisins, þ.e. í stofnunina Lyfjamálastofnun. Sömuleiðis eru þessari nýju stofnun ætluð ný verkefni við umsjón með skráningu og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja. Þá er enn fremur verið að setja í lög ýmis ákvæði sem okkur ber að setja í íslensk lög vegna gildistöku tilskipana Evrópusambandsins sem hafa verið teknar inn í EES-samninginn.

Fyrirvari okkar er m.a. sá að við teljum að ekki hafi gefist nægur tími til að fara yfir allar athugasemdir og taka tillit til allra athugasemda sem komu fram. Aftur á móti erum við sammála því að það þurfi að setja þessi lög nú þar sem komið hefur krafa frá Eftirlitsstofnun EFTA þar sem við erum fyrir löngu orðin of sein að setja þessi ákvæði inn í lög og verðum því að gera það nú. Annars hefðum við, ég og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, talið ástæðu til að geyma málið til haustsins og skoða ýmsa þætti þess betur.

Það komu t.d. athugasemdir um að það þyrfti að vera hlutverk þessarar stofnunar að fylgjast með þróun í lyfjanotkun hér á landi, það ætti að falla undir slíka stofnun. Það væru þættir eins og heilsuhagfræði lyfja og athuga hvort hún væri í takt við það sem gerist í öðrum löndum. Menn sem við fengum á fund nefndarinnar, t.d. frá Samtökum verslunar og þjónustu og Samtökum verslunarinnar voru með ýmsar athugasemdir sem ég hefði talið að hefði þurft að skoða betur og gefst auðvitað tækifæri til að skoða. Þó svo þetta frv. verði nú að lögum er auðvitað hægt að gera endurbætur á þeim lögum í haust. Það var t.d. bent á að lyfjaeftirlitsgjaldið félli á innflytjendur og þeir voru ósáttir við að það félli alfarið á þá o.s.frv. Það voru ýmsar athugasemdir sem ég hefði talið að þyrfti að vinna betur og skoða en gafst ekki tími til.

Það er líka það sem snýr að verksviði lyfjatækna og ýmsir aðrir þættir sem hefði mátt fjalla um nánar í nefndinni. Ég fagna því sérstaklega að samkomulag varð um að kveða nánar á um menntun og þekkingu forstjóra Lyfjastofnunar sem er náttúrlega mjög nauðsynlegt að komi inn í lögin og það var samróma álit nefndarmanna að svo væri gert. Einnig sá þáttur sem varðar maka lækna, tannlækna og dýralækna, að þeir mættu ekki vera eigendur að stórum hluta í lyfsölu eða lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu. Í litlu landi er erfitt að standa við slík ákvæði sem voru upphaflega í frv. þannig að full ástæða er til þess að vera með undanþáguákvæði og nauðsynlegt að setja það inn. Sömuleiðis tel ég vera mjög til bóta að Tryggingastofnun ríkisins fengi rafrænar upplýsingar um lyf frá lyfjaverslunum því að til að fá einhverja heildarmynd á lyfjanotkun þurfa slíkar upplýsingar að berast Tryggingastofnun ríkisins. Það hefur líka verið notað sem ástæða fyrir því að ekki hefur verið unnt að endurgreiða hlut af kostnaði þegar kostnaður hjá sjúklingi hefur verið óeðlilega mikill vegna lyfja, þá hefur það verið notað sem rök að Tryggingastofnun berast ekki slíkar upplýsingar um lyf sem þeir greiða ekki hluta af. Ég tel það vera mjög til bóta að þarna komi inn allar uppplýsingar þannig að unnt verði af hálfu velferðarkerfisins, af hálfu Tryggingastofnunar, að koma til móts við þá einstaklinga sem bera mjög mikinn kostnað og eru e.t.v. tekjulitlir og bera mikinn kostnað og það af lyfjum sem þeir þurfa að greiða að fullu.

Eitt atriði í viðbót langar mig til að nefna þó það komi ekki fram í frv. og það er sú umræða sem hefur verið um að menn ætli að flytja Lyfjamálastofnun frá höfuðborgarsvæðinu út á land. Ég verð að segja að ég tel það alveg ótækt og að það gæti nánast staðið stofnuninni fyrir þrifum ef menn eru að íhuga að flytja Lyfjamálastofnun út á land því að eins og kom fram í nefndinni eru þeir sem starfa við stofnunina margir hverjir starfandi á sjúkrahúsunum, við háskólann. Þess vegna er mjög mikilvægt að stofnunin verði áfram á höfuðborgarsvæðinu. Menn geta ekki litið á þetta sem nýja stofnun, þetta eru auðvitað tvær eldri stofnanir sem eru settar saman í eina stofnun, Lyfjamálastofnun. Þess vegna vil ég ítreka það hér að menn sjái til þess að stofnunin verði áfram á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að það verði nýrri Lyfjamálastofnun fyrir bestu.

[10:35]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil segja nokkur orð um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum og um afstöðu mína, þ.e. um helstu fyrirvara sem ég geri við frv. Í heildina má segja að það sé mjög til bóta að sameina starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar ríkisins eins og hér er lagt til og gera að einni stofnun. Þessari nýju stofnun eru ætluð ný verkefni við umsjón, skráningu og eftirlit með verkunum og aukaverkunum lyfja. En þessi þáttur er þegar orðinn mjög umtalsverður og verður það enn frekar í framtíðinni.

Í nefndinni komu fram ábendingar um að mjög æskilegt væri að þessari nýju stofnun yrði einnig falið það hlutverk að hafa eftirlit með allri lyfjaneyslu í landinu, ekki bara eins og er í dag, að fylgjast með lyfseðilsskyldum lyfjum heldur að möguleiki verði á að fylgjast með allri lyfjaneyslu. Með því er hægt að marka skýrar lög og reglugerðir og grípa inn í varðandi forvarnaþætti í heilbrigðiskerfinu.

Fyrirvari minn er kannski helst við það að frv. var afgreitt undir pressu. Við vorum að afgreiða það á síðustu mínútum áður en sá frestur sem við höfðum til að skila inn málinu rann út. Það hafa komið fram þó nokkrar ábendingar um frv. sem hefði verið gott skoða betur en við höfðum tíma til. Ég vil ekki leggjast gegn því að þetta frv. verði samþykkt, það er margt gott í því en ég tel ærna ástæðu til að skoða þetta aftur í rólegheitum og fara yfir nokkur svið eins og þær ábendingar sem hafa komið frá lyfjatæknum um að lyfjatæknar hafi ekki skilgreint starfssvið innan apótekanna eða lyfjaverslananna og úr því þarf að bæta.

Í 23. gr. laganna er sett það skilyrði að í lyfjaverslun starfi: „... eigi færri en tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt, að fenginni umsókn þar um að leyfa að í lyfjabúð starfi einungis einn lyfjafræðingur enda sé umfang starfsemi lítið og lyfjatæknar eða annað þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar."

Ég styð það að í hinum stærri verslunum sé sett það skilyrði að tveir lyfjafræðingar séu að störfum. Það er ekki nóg að einn sé ráðinn við lyfjaverslunina. Það þarf að vera einn til staðar og með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á afgreiðslutíma lyfjaverslana segir það sig sjálft að einn lyfjafræðingur getur ekki alltaf verið til staðar. Hann þarf að nærast og hvílast eins og aðrir og því er mikilvægt að það séu tveir, sérstaklega á háannatímum til að gæta alls öryggis við afgreiðslu lyfjanna.

Fyrirvari minn varðandi þetta snýr þó að landsbyggðinni, svæða utan höfuðborgarsvæðisins. Fram til þessa hefur af-

greiðsla á undanþágum til lítilla lyfjaverslana verið lipur og ég vil treysta því að afgreiðsla á undanþágum frá því að það séu starfandi tveir lyfjafræðingar verði áfram lipur. Ef það verður ekki munu litlu lyfjaverslanirnar eða lyfjaverslanir í fámenni ekki standa undir þessum kröfum og leggjast af. Lyfjaverslunum úti á landsbyggðinni hefur verið gert nægilega erfitt fyrir í þeirri samkeppnisaðstöðu sem er nú ríkjandi. Samkeppnin skilar sér á höfuðborgarsvæðinu en gerir lyfjaverslunum úti á landi mjög erfitt fyrir. Það væri til að leggja af alla lyfjaverslun ef þessu skilyrði yrði fyllilega fullnægt. Fyrirvari minn er sá að ég vil fá að treysta því að afgreiðsla á undanþágu sé lipur varðandi tvo lyfjafræðinga.

Frá hv. heilbr.- og trn. er brtt. um skilyrði lyfjaverslananna um rafræna skráningu. Það er tillaga um að þessum kröfum verði frestað því að verið er að þróa mismunandi tölvukerfi til skráningarinnar og mjög kostnaðarsamt væri fyrir apótekin að uppfylla þessar kröfur þó ekki væri nema í tölvukaupum og eiga síðan eftir einhvern stuttan tíma að endurnýja tölvubúnaðinn. Ég vísa aftur til verslunarinnar á landsbyggðinni sem stendur veikum fótum, það yrði henni mjög erfitt að uppfylla þessi skilyrði. Ég fagna því að þessu sé frestað og að reynt verði að samræma þessa skráningu betur þannig að ekki séu mörg kerfi í gangi sem yrði erfitt að samtengja. Í dag er til staðar tölvukerfi sem gengur undir nafninu Sögukerfið og verið er að þróa fleiri. Það er mikilvægt að þessi kerfi tengdust þá saman.

Með rafrænni skráningu á að vera hægt að fylgjast með afgreiðslu allra lyfja, lyfseðilsskyldra sem annarra, og má búast við að þetta verði einhver vinna sem fellur á lyfjaverslanirnar. Ég óska eftir því að tekið verði tillit til þeirrar vinnu fyrir lyfjaverslanirnar, að skrá öll lyf, þegar þessi skilyrði verða sett.

Herra forseti. Ég fagna mörgum breytingum sem hafa verið gerðar, sérstaklega varðandi menntun forstöðumanns og tel að það sé til bóta sem hér hefur verið sett inn.

Þetta er það helsta sem ég vildi koma að en hefði a.m.k. talið að betra hefði verið að fresta þessu til haustsins og fara betur yfir þær umsagnir og ábendingar sem komið hafa fram.

[10:44]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hefur borið oft við í þingsölum að sérstaklega hv. þm. Samfylkingarinnar hafa haft orð á því að ríkisstjórninni hafi farist illa í byggðamálum. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þess að hv. þm. Samfylkingarinnar sem talaði áðan, hv. 15. þm. Reykv. Ásta R. Jóhannesdóttir, lagði sérstaka lykkju á leið sína til að taka sérstaklega fram að hún teldi óhæft — „óhæft" var orðið sem hv. þm. notaði — og það mundi standa stofnuninni fyrir þrifum — líka það orðasamband sem hv. þm. notaði, „að standa stofnuninni fyrir þrifum" — ef hún yrði flutt út á land. Hv. þm. lagði sérstakan krók á leið sína til að koma fram þeim skilaboðum að stofnunin mundi bara alls ekki geta gengið ef hún væri staðsett annars staðar en í Reykjavík.

Ég hrökk svolítið í kút, hafði heyrt ýmislegt frá þessum hv. þm. og fór að athuga hlutverk Lyfjamálastofnunar. Það eru allmagar línur, þingmenn geta kynnt sér það. En það var með öðrum orðum skilgreining á þeim verkefnum sem er ekki hægt að sinna úti á landi að mati Samfylkingarinnar.

[10:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. forseti leggur sérstaklega við hlustir þegar ég tek til máls en reyndar kom fram í máli mínu ástæðan fyrir því að ég teldi það ekki vera stofnunni til framdráttar að fara út á land. Það er vegna þess að þeir sem starfa við stofnunina eru m.a. yfirlæknar á stóru sjúkrahúsunum, á háskólaspítölunum, og aðrir starfsmenn sem eru í störfum við stofnanir á höfuðborgarsvæðinu sem þurfa síðan að sinna störfum sínum hjá Lyfjamálastofnun. Þess vegna mundi vera mjög erfitt í framkvæmd fyrir þessa stofnun ef hún yrði flutt út á land.

Auðvitað er mismunandi hvernig starfsemi stofnana er háttað, hvort það hentar að þær séu úti á landi og margar stofnannir eru með þannig starfsemi að þeim hentar betur að vera úti á landi eða alveg jafn vel og að vera á höfuðborgarsvæðinu. En þessi stofnun er því miður þannig að það eru svo margir starfsmenn sem eru í störfum á höfuðborgarsvæðinu, í heilbrigðiskerfinu, við háskólana, sem starfa þarna að ég tel mjög brýnt að stofnunin verði áfram á þéttbýlissvæðinu.

[10:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er gamalkunnugt, þetta er endurómur af umræðunum t.d. um Menntaskólann á Akureyri á sínum tíma, fyrir rúmum 70 árum. Þetta heyrðist líka þegar verið var að stofna háskólann fyrir norðan og hjúkrunardeildina þar. Þá var gerð skrá yfir það hvernig Akureyri stæði í sambandi við t.d. sérfræðinga á sviði lækninga, þar eru líka yfirlæknar eins og hér. Þá kom í ljós að einungis á Akureyri voru læknar í 35–37 undirgreinum læknisfræðinnar. Ég held að hv. þm., sem er mikill jafnaðarmaður og verður stundum á að kalla Samfylkinguna jafnaðarmannaflokk, ætti a.m.k. að leyfa aumingja landsbyggðinni að njóta jafnaðar í því að unna henni sannmælis.

[10:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki unnt að líkja þessu saman við stofnanir á Akureyri vegna þess að sá staður sem ég hef heyrt nefndan að menn séu að hugsa um að flytja Lyfjamálastofnun til sé Búðardalur þannig að þar eru kannski ekki mjög margir hámenntaðir ... (**Gripið fram í:** Slúður.) Það getur vel verið að það sé slúður og ég ætla bara að vona að það sé slúður að menn íhugi að flytja stofnunina í Búðardal.

Herra forseti. Ég var í máli mínu áðan að tala um að ég teldi að þessi stofnun ætti ekki að fara út á land. Ég, Reykjavíkurþingmaðurinn, ber hag kjördæmis míns fyrir brjósti og þeirra manna sem starfa á þessari nýju Lyfjamálastofnun sem verður til nú þegar þessi lög verða sett. Ég tel það vera henni fyrir bestu að hún verði hér vegna þeirra aðstæðna sem þeir sem starfa við þá stofnun búa við.

Við skulum líka muna að margir af þeim sérfræðingum sem starfa þarna eru einnig í öðrum störfum og eru í hjónabandi með fólki sem er að störfum á höfuðborgarsvæðinu og það væri meiri háttar rask að flytja þessa stofnun út á land. Það er bjargföst skoðun mín.

[10:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er komið fram sem skiptir máli. Hv. þm. lítur svo á að sem þingmaður Reykvíkinga beri henni að gæta þess að störf verði ekki flutt út á land. Það er ágætt að

þetta komi fram. Þessi hv. þm. er einn af áhrifamestu þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég hef orðið var við að hún er talsmaður Samfylkingarinnar í mörgum málum. Ég hef líka orðið var við að þingmenn Samfylkingarinnar hlusta mjög mikið á það sem þessi hv. þm. segir. Þess vegna er mjög þarft og gott að þetta sjónarmið þingmannsins komi fram að það er sérstakt hlutverk þingmanna Samfylkingarinnar í Reykjavík að passa upp á að störf flytjist ekki út á land.

Ég vil svo bara til gamans og þingmanninum til upplýsingar benda á að í Búðardal er bæði dýralæknir og héraðslæknir.

[10:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil segja fáein orð um það frv. sem er til umfjöllunar. Ég vil fyrst segja að það vekur athygli mína að frá heilbrn. koma tvö stórmál út úr nefndinni í samkomulagi sem segir sína sögu um formann nefndarinnar, nýjan þingmann okkar framsóknarmanna sem hefur greinilega tekið málið góðum tökum og náð töluverðri hæfni í því að laga mál þannig til að allir nefndarmenn gætu fallist á meginatriði málsins. Ég vil fagna því og tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á því þegar nýjum þingmönnum gengur vel í starfi sínu og við eigum ekki að vera feimin við að láta vita af því þegar svo gengur til.

Mig langar að víkja að einum efnisþætti í málinu sem er ekki beinlínis að finna í frv. og setja fram sjónarmið mitt um þann þátt og það er um staðsetningu stofnunarinnar. Ég vek athygli á því að hvergi er kveðið á um það í frv. hvar stofnunin eigi að vera. Því er það þannig að ákvörðun um slíkt er í höndum ráðherra og ég geri engan ágreining um að ganga frá málum þannig að ráðherra verið falið að kveða upp úr um þennan þátt málsins.

Það sem ég vildi árétta er afstaða Alþingis til málsins. Í gildi er ákveðin ályktun um byggðamál sem samþykkt var á síðasta ári. Í henni var að finna ýmsar áherslur sem Alþingi taldi rétt að draga fram til að styrkja stöðu landsbyggðarinnar og koma á fót betra jafnvægi milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Það kemur mjög skýrt fram í þeirri þáltill. sem báðir ríkisstjórnarflokkarnir standa að og stjórnarandstaðan greiddi ekki atkvæði á móti, og studdi í raun efnislega þó að hún hafi ekki greitt atkvæði með tillögunni, að mikil áhersla er lögð á að framboð á störfum sé á fleiri en einum stað landsins, sérstaklega framboð á eftirsóttum störfum og þá sérstaklega vil ég taka til framboð á störfum hjá hinu opinbera. Sérstök áhersla er lögð á það að Alþingi gangi þannig frá málum og ríkisstjórnin vinni samkvæmt því að framboð á opinberum störfum verði á fleiri stöðum en á höfuðborgarsvæðinu einu. Það segir svo, með leyfi forseta, í þessari þál. Alþingis frá síðasta ári í tölul. 6:

„Lögð verði áhersla á að opinberum störfum fjölgi eigi minna hlutfallslega á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Því markmiði verði meðal annars náð með því að leitast við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Skilgreind verði eftir föngum þau verkefni einstakra ráðuneyta, stofnana og opinberra fyrirtækja sem unnt er að sinna á landsbyggðinni. Hvert ráðuneyti fyrir sig leggi fram tillögur þar að lútandi sem meðal annars geri ráð fyrir að möguleikar upplýsingatækninnar verði nýttir til hins ýtrasta."

Þarna er stefnumörkun Alþingis algerlega skýr, ákveðin algerlega mótatkvæðalaust. Auðvitað hljótum við að leitast við að vinna eftir þessari stefnumörkun, bæði Alþingi og framkvæmdarvaldið.

Það er mjög skýrt hvernig áherslan er í þessum tölulið. Leitast verði við að staðsetja nýja starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins. Nú háttar svo til í því frv. sem við erum að ræða að gert er ráð fyrir að gera breytingar á starfsemi hins opinbera. Þær eru tvíþættar. Annars vegar að tvær stofnanir eru lagðar niður og úr verður ein ný stofnun. Það kemur mjög skýrt fram í frv. og nál. og brtt. að um er að ræða nýja stofnun. Til sannindamerkis um það er sérstakt ákvæði um nýjan forstöðumann stofnunarinnar sem þýðir þá líka að aðrir starfsmenn hljóta að verða nýir. Þetta er því algerlega ný stofnun. Það er því eðlilegt að skoðað sé við þær aðstæður hvort ekki sé rétt og unnt að framfylgja ályktun Alþingis og staðsetja stofnunina utan höfuðborgarsvæðisins.

Menn geta sagt, og það með réttu, að ekki standi í ályktun Alþingis að staðsetja nýjar stofnanir heldur nýja starfsemi. Þess vegna væri hægt að færa rök fyrir því að hin nýja stofnun yrði áfram þar sem hinar tvær eru að svo miklu leyti sem um sömu starfsemi er að ræða. Það tel ég að séu rök þó að ég sé ekki sammála þeim rökum. Ég tel að menn eigi að nota hvert tækifæri við þessar aðstæður til að nýjar stofnanir verði staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins. En þessari nýju stofnun eru falin ný verkefni sem hafa ekki verið hjá þeim tveimur stofnunum sem eru undanfarar hinnar nýju. Eftir því sem ég get best glöggvað mig á er að finna lýsingu í 11. og 17. gr. frv. á viðfangsefnum sem eru ný. Það er algerlega óumdeilt að ný starfsemi á að vera utan höfuðborgarsvæðisins samkvæmt ályktun Alþingis. (**Gripið fram í:** Hvað?) Ný starfsemi. (**ÁRJ:** Öll ný starfsemi? Hvað með sjúkrahúsin?) Ný starfsemi hins opinbera utan höfuðborgarsvæðisins, segir í ályktun Alþingis.

Ég vil minna á annað mál sem var afgreitt fyrr á þessu þingi með sambærilegum hætti. Sett var á fót ný ríkisstofnun sem heitir Persónuvernd, stofnun sem á sér ekki forsögu og engan undanfara og fellur því að öllu leyti undir ákvæði eða ályktun Alþingis. Ljóst er að Persónuvernd verður fljótlega tiltölulega stór ríkisstofnun, fer úr einum starfsmanni upp í kannski 10–12 starfsmenn á mjög skömmum tíma. Auðvitað á sú stofnun að vera utan höfuðborgarsvæðisins til að uppfylla samþykkt Alþingis. Ég skora á hæstv. dómsmrh. sem fer með það mál að fara að ályktun Alþingis í þessu efni.

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um það atriði sem ég vildi draga fram í umræðunni og leggja áherslu á. Það hefur komið mjög skýrt fram hvernig ályktun Alþingis er og að málin eru í höndum ráðherra, heilbrrh. annars vegar og dómsmrh. hins vegar, varðandi þær tvær stofnanir sem ég nefndi og áskorun mín er um að ráðherrarnir skoði þessi mál með hliðsjón af samþykkt Alþingis um byggðaáætlun sem liggur fyrir.

[10:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sem talaði áðan gerði að umtalsefni ályktun ríkisstjórnarinnar í byggðamálum (**KHG:** Alþingis.) og Alþingis um að flytja bæri stofnanir og störf út á land. Ég er alveg sammála því að flytja eigi störf út á land sem hentar að flytja út á land eins og þau sem hægt er að nota upplýsingatæknina við en það er ekki þar með sagt að flytja eigi heilu stofnanirnar. Ég benti á það áðan að Lyfjamálastofnun er tvær gamlar stofnanir með verkefni þeirra stofnana áfram

og viðbótarverkefni. Ég var búin að benda á það í máli mínu að það hentar ekki þeirri starfsemi að flytjast út á land.

Aftur á móti spyr ég þá hv. þm., þar sem hann leggur svo ríka áherslu á það að nýjar stofnanir flytji út á land, að nýlega var sett á laggirnar ný stofnun, Landspítali – háskólasjúkrahús, þar sem tvö gömul sjúkrahús, Landspítalinn og Sjúkrahús Reykjavíkur, voru sett saman í eina stofnun. Lítur hv. þm. á það sem nýja stofnun sem ætti að senda út á land? Ég held að menn verði að hugsa svolítið rökrétt þegar þeir eru að velta þessum hlutum fyrir sér. Sjálfsagt væri hægt að setja einhver störf á þessum stofnunum út á land og nota upplýsingatæknina í það. En þessar stofnanir verða ekki fluttar út á land og sama gildir um Lyfjamálastofnun.

[11:01]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur dregið verulega í land frá ummælum sínum fyrr í umræðunni og ég fagna því. Nú lýsir þingmaðurinn yfir stuðningi við það meginmarkmið sem Alþingi ályktaði um á síðasta ári.

Ég fór yfir það í máli mínu hvernig rökin væru í þessu frv. varðandi hina nýju stofnun að það væri algerlega óumdeilt, að svo miklu leyti að um nýja starfsemi væri að ræða, að þá ætti hún að vera utan höfuðborgarsvæðisins. Ég sagðist vera þeirrar skoðunar að þessi nýja stofnun ætti öll að vera utan höfuðborgarsvæðisins. En ég sagði líka að rök væru fyrir því að svo miklu leyti sem starfsemin væri sú sama og fyrir hefði verið að ekki væri ástæða til að breyta en ég væri ekki sammála þeim rökum í þessu tilviki.

Varðandi spítalana þá er það annað mál. Ég er algerlega á þeirri skoðun að það er ný stofnun. Það er líka óumdeilt því þar er verið að ráða í allar yfirmannastöður og það er ekki gert nema um nýja stofnun sé að ræða.

Ég tel algerlega ómögulegt og ekki skynsamlegt að flytja þá stofnun alla út á land. Það er skoðun mín varðandi Landspítalann. Hins vegar er ég á þeirri skoðun að það eigi að leitast við að færa meira af verkefnum Landspítalans yfir á héraðssjúkrahúsin. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að sópa öllu saman inn á einn spítala eins og þróunin hefur verið síðustu 20 ár eða svo. Ég tel kominn tíma til að snúa þróuninni við og ályktun Alþingis styður þá skoðun.

[11:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson erum þá orðin sammála hér að vissulega á að flytja fleiri verkefni á sjúkrahúsin út á land. Ég er alveg sammála því. Ég er ekki sammála því að það komi allt hingað alveg eins og ég sagði hér áðan. Ég tel að ákveðin verkefni eigi að vinna úti á landi þó það eigi ekki að flytja heilu stofnanirnar og ég velti fyrir mér: Hvað hefur það t.d. kostað ríkissjóð að flytja Landmælingar upp á Akranes? Fróðlegt væri að fá upplýsingar um það nákvæmlega. Hvað hefur það kostað ríkissjóð að flytja þessa stofnun til, nánast innan höfuðborgarsvæðisins? Ég verð að segja að eftir að jarðgöngin undir Hvalfjörð komu er Akranes nánast á höfuðborgarsvæðinu og hvað hefur það kostað að flytja þessa stofnun þarna á milli? Þar tel ég að menn hafi verið á röngu róli. En við verðum auðvitað að vega og meta hvaða stofnanir og hvaða verk er hægt að vinna úti á landi og auðvitað á að reyna að vinna þau verk sem hægt er og færa þau út á landsbyggðina en ekki heilu stofnanirnar eins og Lyfjamálastofnun og ég stend við þá skoðun mína.

[11:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segist sammála því að það eigi að flytja verkefni út á land en er ósammála því að flytja þau verkefni sem um er talað eða þær stofnanir. Auðvitað verður þingmaðurinn einhvern tíma að standa við skoðun sína. Það dugir ekki að vera alltaf á móti því sem er lagt til. Það kom greinilega fram hjá þingmanninum að hún var á móti því að flytja Landmælingar. Það kom líka fram hjá þingmanninum að hún væri á móti því að flytja þessa nýju stofnun. En svo segir hún almennum orðum að hún sé fylgjandi málinu. (**ÁRJ:** Hvert?) Það er það sem skilur á milli manna hvað þeir meina í raun og þeir sem meina það sem þeir segja láta verkin tala.

Landmælingar Íslands eru einmitt dæmi um að menn létu verkin tala og þrátt fyrir mikla andstöðu, m.a. frá hv. þm. og fleirum, og það skiptir máli og það heppnaðist vel. Með samgöngubótum og nýjum störfum hefur staða Akraness gerbreyst á síðustu árum frá því að vera staður þar sem var fólksfækkun, þar sem íbúðarverð var mjög lágt og fátt um atvinnutækifæri og mikið atvinnuleysi. Í dag er þetta staður í miklum uppgangi vegna þess að menn fluttu opinbera stofnun á staðinn, menn byggðu stóriðju í Hvalfirði og menn gripu til samgöngubóta. Hv. þm. er algerlega á móti þessu öllu nema hugsanlega Hvalfjarðargöngunum. Hvernig mundi staðan vera á Akranesi ef farið yrði eftir skoðunum hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur sem er á móti því sem til framfara horfir og til bóta getur verið fyrir landsbyggðina?

[11:06]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þau orðaskipti sem hafa farið fram vil ég að komi fram að í hv. heilbr.- og trn. ræddum við ekki út um þessi mál. Innan nefndarinnar kom upp hugsanlegur flutningur en við ræddum þetta ekkert málefnalega og tókum ekki afstöðu til málsins innan nefndarinnar. Ég ætla að vona að það sé öllum ljóst að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum fylgjandi því að nýjum stofnunum sé fundinn staður úti á landsbyggðinni, að nýjum verkefnum sem eru innan ríkisstofnananna sé fundinn staður utan höfuðborgarsvæðisins og að hver einasta ríkisstofnun sé skoðuð með tilliti til þess hvaða verkefni og störf geta farið út á land.

Í þessu tilfelli er í raun og veru ekki um nýja stofnun að ræða nema að nafninu til. Verið er að sameina tvö rótgróin fyrirtæki eða stofnanir í eina með alla starfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu og farið hefur verið yfir það hvaða tenging þetta er varðandi þá starfsmenn sem koma að lyfjaeftirlitinu og lyfjanefndinni. Ég er ekki viss um að heppilegt sé að taka þessa nýju stofnun, sem er ný á pappírunum, upp með rótum og flytja hana alfarið út á land. Það yrði þá að skoða það mjög gaumgæfilega og taka tillit til þeirrar starfsemi sem þarna fer fram en vissulega á að skoða það núna strax í upphafi hvað af starfsemi þessarar stofnunar gæti verið utan höfuðborgarsvæðisins þó svo að móðurstöðin væri hér.

[11:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála því sem fram kom hjá hv. þm. að öðru leyti en því að ég tel að varla sé

efni til þess að ný stofnun hafi skotið rótum og því sé ekki hægt að rífa hana upp með rótum.

Ég vil segja almennt um þessi mál að það er við að eiga að mörgu leyti fordóma og hagsmunasjónarmið í þessu efni. Ég man eftir því að þegar ég var ungur drengur að fara í menntaskóla var verið að stofnsetja menntaskóla víða um landið. Þeir voru fyrst og fremst í Reykjavík en þar fyrir utan á Akureyri og Laugarvatni. Þá var stöðugur áróður um að ekki væri hægt að hafa menntaskóla úti á landi, það væri ekki hægt og það voru menntamennirnir í Reykjavík sem héldu þessum málflutningi fram. Síðan man ég eftir því þegar ég varð eldri fyrir nokkrum árum, fyrir 10 árum eða svo, þá var ákveðið að setja á fót háskóla á Akureyri. Þá byrjaði sami áróðurinn. Það gekk hver maður undir manns hönd til að segja að ekki væri hægt að hafa háskóla á Akureyri, það bara gengi ekki, væri ekki hægt. Það voru menntamennirnir í Reykjavík sem héldu því fram líka og auðvitað var það hægt, auðvitað hefur það gengið vel. Auðvitað hefur það gengið vel og var nauðsynlegt að fá menntaskóla út á land. En þetta er það sem við er að glíma. Það þarf stöðugt að vera að taka málið upp, halda fram sjónarmiðinu og tala fyrir því því það er svo hættulegt ef menn festast í þeirri gryfju fordómanna sem sú afstaða lýsti sem ég nefndi í þessum tveimur málum.

Kannski er það hættulegasta að festast í því sem kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman: Ég er sammála þessu, ég vil gera þetta en ekki núna.

[11:11]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst einmitt að núna eins og alltaf eigi að skoða það mjög vandlega hvaða áhrif það hefði á starfsemi stofnunarinnar að flytja hana út á land eða flytja hana til. Þessi stofnun er engin undantekning og það á að skoða það líka hvaða hluti starfsins getur farið út á land. Það er alveg öruggt að í hverri einustu ríkisstofnun er starfsemi sem þarf ekki að vera innan veggja, getur verið hvar sem er og þjónað okkur eftir sem áður.

Varðandi hagsmuni dreifbýlisins finnst mér það miklu meira máli skipta, ekki hvað varðar staðsetninguna á þessari nýju stofnun heldur hvernig lögin komi til með að virka og sú samkeppni sem er hér á lyfjamarkaðnum. Það er það sem ég hef miklu meiri áhyggjur af að lyfjasala sé að leggjast af út um land, að lyfjaverslunum sé að fækka, að þjónustan sé verri. Það er þetta sem ég hef meiri áhyggjur af en einmitt stofnuninni í dag.

[11:12]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta. Sjónarmiðin hafa komið fram og tilgangur minn með því að vekja athygli á þessu var að draga þetta sjónarhorn inn í umræðuna og halda því vakandi og það hefur tekist.

[11:12]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Þuríður Backman hafa skipst á skoðunum um byggðamál og staðsetningu nýrrar stofnunar sem frv. gerir ráð fyrir, Lyfjamálastofnunar. Ég bendi á að ákvæði frv. fjalla ekki um neina breytingu á staðsetningu þessarar stofnunar og í nál. hv. heilbr.- og trn. er heldur ekki fjallað um það. Ég held að skoðanaskipti innan nefndarinnar sem komu til af umræðum við gesti sem til hennar komu séu kannski ekki til umræðu hér og sem frsm. nál. hv. heilbr.- og trn. ætla ég ekki að blanda mér inn í þá umræðu.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir gerði áðan grein fyrir fyrirvara sínum og benti m.a. á að henni hefði fundist vert að fella undir verkefni stofnunarinnar þróun lyfjanotkunar eða vinnu við þróun lyfjanotkunar og heilsuhagfræði lyfja og önnur góð mál sem hún nefndi. Ég lít þannig á að verkefni stofnunarinnar séu ekki í það heila tæmandi talin en í ljósi þeirra verkefna sem lögin fela henni að starfa við sé hún kannski í góðri aðstöðu bæði til að sinna því sem lýtur að þróun lyfjanotkunar og heilsuhagfræði lyfja.

Aðeins varðandi þörfina á lögfestingu þessa frv. sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir vék að er ljóst að gjaldtaka lyfjaeftirlitsgjaldsins var með dómi Hæstaréttar nr. 50/1998 dæmd ólögmæt og því vantar nú lagaheimild til að innheimta lyfjaeftirlitsgjald sem fæst ekki nema og ef af lögfestingu þessa frv. verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjúklingatrygging, 2. umr.

Stjfrv., 535. mál. — Þskj. 836, nál. 1306, brtt. 1307.

[11:15]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. hv. heilbr.- og trn. við frv. til laga um sjúklingatryggingu og fyrir brtt. nefndarinnar sem er gerð grein fyrir á sérstöku þskj.

Heilbrn. fékk á fund sinn ýmsa gesti sem fjölluðu um þetta mál og eins bárust umsagnir frá mörgum aðilum en ég ætla ekki að tíunda þá aðila, hvorki þá sem skiluðu umsögnum eða komu sem gestir á fund nefndarinnar en með frv. þessu er stefnt að því að færa íslenskar reglur um sjúklingatryggingu nær öðrum norrænum reglum um slíkt efni með það að markmiði að auka bótarétt sjúklinga sem bíða heilsutjón vegna áfalla við læknismeðferð.

Tilgangur fyrirhugaðra breytinga er að tryggja tjónþola víðtækari rétt en hann á samkvæmt almennum skaðabótareglum og jafnframt að auðvelda honum að ná fram rétti sínum. Skaðabótareglur veita ekki nærri alltaf bótarétt vegna heilsutjóns sem hlýst af læknisaðgerð eða annarri meðferð innan heilbrigðiskerfisins. Í frumvarpinu er lagt til að fetað verði í fótspor Svía og Finna og látnar gilda um alla heilbrigðisþjónustu. Þetta þýðir að ef frumvarpið verður að lögum öðlast þeir bótarétt sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni sem hlotið hefur löggildingu heilbr.- og trmrh. Einnig öðlast þeir sjúklingar bótarétt sem vistast á erlendu sjúkrahúsi á vegum Tryggingastofnunar ríkisins vegna svokallaðra siglinganefndarmála að frádregnum bótum sem þeir kunna að eiga rétt á í hinu erlenda ríki. Talið er að sjúklingatrygging verði að ná til fleiri tjónsatvika en þeirra sem leiða til bótaskyldu eftir almennum reglum skaðabótaréttarins um sök. Þá er jafnframt ljóst að yfirleitt er ástæðulaust að trygging af þessu tagi greiði bætur fyrir tjón sem er óhjákvæmileg afleiðing sjúkdómsins sem átti að lækna og meðferðar við honum.

Fram kom í umræðum í nefndinni að þeir sem stunda lyfsölu, þ.e. þeir sem eiga eða reka apótek, beri ábyrgð

samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð á sölu og dreifingu lyfja samkvæmt lyfseðli. Litið er svo á að afhending lyfs samkvæmt lyfseðli sé ekki liður í rannsókn og meðferð sjúklings skv. 1. gr. frv. Afhending lyfs samkvæmt lyfseðli fellur því utan gildissviðs frv. Þetta gildir einnig um lyfsölu á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali og ég ætla að fara yfir þær helstu:

1. Lagt er til að 2. mgr. 2. gr. sem fjallar um nánar tilgreindar reglugerðarheimildir ráðherra falli brott þar sem ákvæðið þykir óþarft. Þessar heimildir eiga sér fyrirmynd í dönskum lögum um sjúklingatryggingu sem tóku gildi 1. júlí 1992. Ekki hafa verið settar reglugerðir á grundvelli þessara heimilda í Danmörku og því þykir ekki ástæða heldur til að gera það hér. Tilefni hafa ekki orðið til í Danmörku að setja þær reglugerðarheimildir sem var ætlað að takmarka gildissviðið. Danska heilbrigðisráðuneytið gaf út leiðbeiningar vegna laganna 25. júní 1992. Í þeim eru skýringar á því hvernig m.a. beri að túlka ákvæði 2. gr. laganna, dönsku laganna, sem er sambærileg við 2. gr. frv. sem hér er fjallað um. Í ljósi þessarar reynslu í Danmörku er því lögð til breyting um að fella í burtu 2. mgr. 2. gr.

2. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til að orðið lánskjaravísitala komi í stað orðsins neysluverðsvísitala í 3. málsl. 2. mgr. Fjárhæðir samkvæmt skaðabótalögum fylgja lánskjaravísitölu og því er framangreind tillaga gerð, enda byggja lögin á því að við ákvörðun bótafjárhæða samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu, ef af verða, skuli farið eftir skaðabótalögunum og því þykir eðlilegt að þarna sé samræmi á milli. Hins vegar er lagt til að 4. málsl. 2. mgr. falli brott. Með því að heimildir til takmarkana sem í þessu felast falla brott er ætlunin að tryggt sé að þeir sem ekki eiga rétt til launa samkvæmt kjarasamningi njóti samkvæmt þessu frv. ef það verður að lögum bóta fyrir tímabundna örorku frá upphafi tekjutaps sökum óvinnufærni. Þegar tjónþoli nýtur launa samkvæmt kjarasamningi eru þau dregin frá bótum samkvæmt skaðabótalögum.

3. Lögð er til breyting á 2. málsl. 11. gr. til frekari skýringar á ákvæðinu, en í 9. gr. er fjallað um þá sem eru bótaskyldir aðilar og það segir í f-lið að þar á meðal séu þeir sem annast sjúkraflutninga og síðan er í 11. gr. talað um hverjir beri tjón í eigin áhættu og þar er talað um Tryggingastofnun og þá sem annast sjúkraflutninga. Þess vegna þykir rétt að skýra þetta nánar og taka fram að þar er einungis átt við sjúkraflutninga sem ríkið annast.

4. Lögð er til breyting á 12. og 15. gr. til samræmis við orðnotkun í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga en í þessum tveimur greinum er fjallað um þagmælsku um einkamál en hv. heilbr.- og trn. fannst rétt að tala þar um þagmælsku um allar persónuupplýsingar.

5. Lögð er til sú breyting á 14. gr. að ráðherra skuli setja reglugerð um málsmeðferð en ekki aðeins eins og frv. gerði ráð fyrir um starfsemi sjúklingatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins.

6. Lögð er til orðalagsbreyting á 17. gr. þar sem lagt er til að talað verði um málsmeðferð vátryggingafélaga en ekki bara meðferð vátryggingafélaga á þessum málum.

7. Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein sem kveður á um upplýsingaskyldu Tryggingastofnunar ríkisins í tilefni laganna. Nefndin leggur áherslu á að staðið verði vel að slíkum kynningarmálum þannig að sjúklingum verði ótvírætt kunnugt um hvaða rétt þeir eiga samkvæmt þessum lagaákvæðum og jafnframt hvert þeir skuli beina bótakröfum sínum eftir því hvort um er að ræða heilbrigðisstofnannir ríkisins sem bera þetta í eigin sök eða vátryggingafélög.

8. Að lokum er lagt til að við 21. gr. bætist nýr málsliður sem kveður á um endurskoðun á lögum þessum innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Ákvæðið þykir nauðsynlegt þar sem um nýja sérhæfða löggjöf er að ræða og að þessum tíma liðnum ætti að liggja fyrir hvernig til hafi tekist.

Herra forseti. Hv. heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hún leggur til og gerði grein fyrir nánar á sérstöku þingskjali en ég hef hér gert stuttlega gert grein fyrir. Undir þetta nefndarálit rita auk framsögumanns allir hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn.

[11:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að hér er að verða að lögum frv. um sjúklingatryggingu. Ég hef í tvígang á síðasta kjörtímabili lagt fram þingmál um sjúklingatryggingu vegna þess hversu brýnt ég tel þetta mál vera. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. heilbrrh. fór í þá vinnu að klára það verk sem við lögðum til á síðasta kjörtímabili, ég ásamt hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni.

Þetta er mikil réttarbót fyrir þá sem hafa orðið fyrir læknamistökum eða öðrum áföllum við læknismeðferð. Hingað til höfum við búið við mjög óburðuga grein í almannatryggingunum innan slysatrygginganna þar sem voru hin svokölluðu Karvelslög eða grein í sjúkratryggingunum um að sjúklingar, sem væru í meðferð á sjúkrastofnunum sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, væru slysatryggðir samkvæmt almannatryggingalögunum sem var alls ekki nógu góð trygging. Hér er því að koma geysileg réttarbót fyrir þennan hóp. Verið er að tryggja bæði víðtækari rétt handa þeim sem verður fyrir tjóni en hann á samkvæmt skaðabótareglum og jafnframt að auðvelda fólki að ná fram rétti sínum en það hefur oft verið þrautin þyngri að ná fram rétti sínum þegar fólk hefur lent í læknamistökum.

Norðurlandaþjóðirnar hafa búið við svona löggjöf undanfarin 10 ár og er litið til þeirrar löggjafar hér og tel ég að allar breytingar sem gerðar hafa verið á frv. í heilbr.- og trn. hafi verið til bóta.

Vegna þess að síðar á fundinum á að ræða starfsréttindi tannsmiða þá langar mig aðeins til þess að koma inn á atriði sem snýr að sjúklingatryggingunni sem varðar það en í því frv. sem verður til umræðu síðar á fundinum er gert ráð fyrir því að tannsmiðir fái að starfa sjálfstætt við að taka mót og smíða gervigóma en þeir verði áfram iðnaðarmenn. En samkvæmt því frv. um sjúklingatryggingu sem hér eru að verða að lögum, er gert ráð fyrir að þeir sem eru tryggðir fyrir skakkaföllum öðlist rétt, þeir sem lenda í skakkaföllum í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni sem hlotið hefur löggildingu heilbr.- og trmrh. En það munu tannsmiðir ekki öðlast þannig að þeir sem verða fyrir skakkaföllum hjá tannsmið eiga engan bótarétt samkvæmt þessum lögum.

Mig langar til að nefna sem dæmi frá tannlæknadeild Háskóla Íslands um það hvað getur gerst ef gervitennur falla ekki rétt að gómum sem ég þekki einhver dæmi um af afspurn. Gervitennur sem ekki falla rétt að gómum eru

lausar og særa góma og tannhold og geta valdið miklum varanlegum skaða. Það hefur löngum sannast að þær valdi beineyðingu kjálkabeins og að sjúklingur endi með að geta alls ekki notað gervitennur.

Ekki þarf að tíunda frekar um bæði meltingarvandræði og félagsleg vandamál viðkomandi sjúklings svo að ekki sé minnst á útlit og sjálfsímynd þeirra. Sjúklingur sem lenti í þessu eftir samskipti við tannsmið ætti ekki rétt á bótum samkvæmt sjúklingatryggingunni en ef hann lenti í þessu eftir samskipti við tannlækni þá ætti hann rétt á bótum. Ég vil því aðeins benda á að ef menn samþykkja málið sem er síðar á dagskránni um starfsréttindi tannsmiða er það alveg ljóst að þeir sem lenda í skakkaföllum vegna þjónustu sjálfstætt starfandi tannsmiða eiga ekki rétt á bótum samkvæmt sjúklingatryggingunni. En þetta var útúrdúr, herra forseti. Ég vildi bara benda á þetta atriði þar sem við erum að fjalla um frv. um sjúklingatryggingu. Ég vil ítreka að ég fagna þessari lagasetningu. Hún er mikið famfaraspor. Ég tel það líka til mikilla bóta og tel það mjög gott að menn sem fara til aðgerða á erlendum sjúkrahúsum, t.d. á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, svonefnd siglinganefndarmál, eiga einnig rétt á bótum samkvæmt þessu frv. þegar það verður að lögum nema þeir eigi rétt hjá hinu erlenda ríki þar sem þeir eru til meðferðar.

Ég fagna frv. og þessari lagasetningu og styð það heils hugar.

[11:29]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það mál sem hér er til umfjöllunar. Ég tek undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Hér er gott mál á ferðinni og við samfylkingarmenn fögnum því að hæstv. heilbrrh. hefur tekið þetta mál upp sem við höfum flutt áður og gert það að sínu og þar með að raunveruleika. Það er mjög ánægjulegt í alla staði.

Ég vil vekja athygli á því að ábyrgðarsvið frv. er tiltölulega vítt. Það kemur fram í 1. gr. þess hvers konar tjón er bætt samkvæmt þessu frv. Það nær yfir mjög víðtækt tjón, líkamlegt eða geðrænt í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð og síðan er talið upp á hvers konar stofnunum það er og það virðist vera mjög vel tryggt.

Auk þess er líka mikilvægt að þeir sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð á sjúkdómi, eru líka tryggðir samkvæmt þessu frv. og eins líffæragjafar eða þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva. Þeir eiga sama rétt og sjúklingar samkvæmt lögum þessum og það er ekki síður mikilvægt vegna þess að auðvitað getur í slíkum tilvikum líka komið upp eitthvað sem veldur tjóni.

Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, um mikilvægi þess að þeir sem vinna að heilbrigði fólks séu skilgreindir heilbrigðisstarfsmenn hvort sem það eru tannsmiðir eða aðrir. Það opinberast mjög í þessu máli hversu mikilvægt er að þetta sé tryggt vegna þess að heilbrigðisstarfsmenn lúta ákveðnum reglum. Þeir bera ákveðna ábyrgð lögum samkvæmt og búa kannski við strangari siðareglur líka en margar aðrar stéttir og það er mjög mikilvægt að allir þeir sem sækja heilbrigðisþjónustu í einhverjum mæli njóti sama réttar. Samkvæmt þessu frv. eru það einungis heilbrigðisstarfsmenn sem geta verið bótaskyldir en ekki iðnaðarmenn hvort sem það eru tannsmiðir eða aðrir.

Ég kom hér aðallega til þess að tala um 3. mgr. 3. gr. í frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Bætur samkvæmt lögum þessum greiðast ekki ef rekja má tjón til eiginleika lyfs sem notað er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð."

Í greinargerð eða athugasemdum með frv. er síðan tekið fram að slíkt tjón falli undir lög um skaðsemisábyrgð þannig að verði sjúklingur fyrir tjóni og almenn skilyrði bótaskyldu eftir frv. eru fyrir hendi á hann bótarétt þótt lyf sé orsök tjónsins.

Tekið er fram að norrænar sjúklingatryggingar taki jafnan ekki til tjóns af völdum lyfja heldur hafi þar verið komið á fót sérstökum lyfjatjónstryggingum sem greiði bætur fyrir líkamstjón af völdum skaðlegra eiginleika lyfja. Lyfjatjónstryggingarnar eru hliðstæðar sjúklingatryggingu og bera framleiðendur og innflytjendur lyfja kostnað af þeim með iðgjöldum til vátryggingafélaga sem annast hana.

Það er jafnframt tekið fram í athugasemdum með frv. að þótt tjón vegna eiginleika lyfs falli yfirleitt undir lög um skaðsemisábyrgð auk þess sem tjón af völdum lyfja getur undir tilgreindum kringumstæðum fallið undir ákvæði laga um sjúklingatryggingu munu þrátt fyrir þetta einhver lyfjatjón hvorki falla undir lögin um skaðsemisábyrgð né lögin um sjúklingatryggingu. Reyndar skoðuðum við þetta aðeins í meðförum nefndarinnar. Við höfðum því miður ekki tíma til þess að fara ítarlega ofan í þennan þátt en við það að skoða lögin um skaðsemisábyrgð, sýndist manni í fljótu bragði að þar væri aðallega um að ræða ábyrgð ef um ágalla á lyfi væri að ræða og það er spurning hvort eitthvert gat sé þarna á milli.

Við ákváðum samt sem áður í nefndinni að vera ekki að stöðva málið vegna þessa vegna þess að í því felst mikil réttarbót eins og það er. En ég held að það sé mjög mikilvægt að vekja athygli á þessu við umræður. Ég vil bara taka undir það sem segir í athugasemdum ráðuneytisins með þessu frv., að það eru ýmis rök sem mæla með því að samhliða sjúklingatryggingu verði stofnað til lyfjatjónstrygginga hér á landi á sambærilegan hátt og í nágrannalöndunum. En með slíkri löggjöf mundu bætur fyrir hvers kyns tjón af völdum eiginleika lyfja vera tryggðar.

Úr því að hæstv. heilbrrh. er hér stödd að hlýða á umræðurnar þá vildi ég gjarnan spyrja hvort verið sé að vinna að því innan heilbrrn. að setja slíka löggjöf og hvort hæstv. heilbrrh. sé tilbúinn til að beita sér fyrir því. Tónninn í athugasemdum með frv. virðist vera þannig. Það er a.m.k. tekið fram að ýmis rök mæli með því að slík trygging sé sett, þ.e. lyfjatjónstryggingin. Það væri gaman að heyra hvort hafinn sé undirbúningur að þessu innan heilbrrn.

[11:36]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil taka til máls og fá að lýsa fullum stuðningi við frv. til laga um sjúklingatryggingu sem við erum að fjalla um, enda skrifaði ég undir án nokkurs fyrirvara. Ég vil einnig lýsa stuðningi við frumkvæði Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að þessu máli og fyrir að hafa í raun og veru rutt brautina fyrir þessari lagasmíð.

Við frv. eru nokkrar brtt. Að mínu mati eru þær allar til bóta og því ber að fagna að við séum að fá heildstæða löggjöf um sjúklingatryggingu. Það er mikil þörf á að hafa skýra löggjöf í þessu efni og auka réttindi sjúklinga, bæði þeirra sem eru í meðferð á hinum mismunandi heilbrigðis-

stofnunum og þeirra sem koma til rannsókna. Það er verið að auka og bæta þau réttindi sem eru í löggjöfinni í dag.

Ég vil lýsa fullum stuðningi við frv. og tek undir ábendingar hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að rétt sé að skoða þennan þátt vel þannig að þarna falli ekkert milli stafs og hurðar og að alveg ljóst sé hver beri ábyrgðina varðandi lyf.

[11:37]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til að þakka hv. þm. fyrir hve vel og ötullega þeir hafa unnið í heilbr.- og trn. að undanförnu og komið í gegn mörgum mikilvægum málum. Þetta sem við erum hér að ræða er eitt þeirra og skiptir sjúklinga mjög miklu máli sem verða fyrir skaða af völdum læknisaðgerða. Ég heyri að mikill vilji er fyrir því að þetta verði að lögum hið allra fyrsta.

Ég var spurð að því hér af hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur hvort í farvatninu hjá heilbrrn. sé að setja á stofn nefnd til að undirbúa frv. um lyfjatjón eða aukaverkanir lyfja. Það er ekki hafin nein vinna í því en við erum mjög vakandi fyrir því og við erum að fylgjast með því hvað þjóðirnar á Norðurlöndum eru að gera í þessum efnum og munum fylgja þeim í því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 2. umr.

Stjfrv., 502. mál. — Þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275.

[11:39]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta utanrmn. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Stefán Skjaldarson og Benedikt Ásgeirsson frá utanríkisráðuneyti.

Umsagnir bárust nefndinni frá Fríhöfninni, Íslenskum markaði, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Keflavíkurflugvelli, sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, flugvallarstjóranum á Keflavíkurflugvelli, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Flugleiðum, flugráði og Flugmálastjórn. Þá lagði utanríkisráðuneytið fram ýmis gögn.

Í frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórnin beiti sér fyrir stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Stofnun hlutafélags um rekstur flugstöðvarinnar er ætlað að stuðla að því að tekjur flugstöðvarinnar standi undir fjárfestingum hennar og rekstri. Talið er að hlutafélag hafi meiri möguleika en ríkisstofnun á að laga sig að breyttum aðstæðum, enda býður rekstrarformið upp á meiri sveigjanleika en við verður komið í hefðbundnum ríkisrekstri. Til að tryggja fjárhagslegan grundvöll þeirrar uppbyggingar á aðstöðu til farþegaflugs sem nú fer fram á Keflavíkurflugvelli hefur verið ákveðið að fella rekstur Fríhafnarinnar undir starfsemi flugstöðvarinnar. Hlutafélaginu er síðan ætlað að yfirtaka starfsemi flugstöðvarinnar eins og hún verður eftir þá breytingu.

Við skoðun á umsögnum sem nefndinni bárust ræddu nefndarmenn sérstaklega ákvæði 14. gr. Þar er gert ráð fyrir að utanríkisráðherra sé heimilt að útfæra nánar ákvæði greinarinnar í reglugerð en í ákvæðinu segir að hlutafélaginu beri í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar á starfssviði og starfssvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem íslenska ríkið undirgengst og varða flugstöðina og starfsemina sem félagið yfirtekur. Jafnframt er tekið fram að félaginu sé skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda, sem og öðrum fyrirmælum er varða flugstöðina. Meiri hlutinn telur rétt að kveða á um eftirlitsskyldu stjórnvalda og að utanríkisráðherra verði skylt að setja reglugerð um ákvæði greinarinnar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til í sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 11. gr.

2. Lagðar eru til þær breytingar á 14. gr. að annars vegar verði kveðið á um eftirlitsskyldu stjórnvalda og hins vegar að utanríkisráðherra verði gert skylt að setja reglugerð um ákvæði greinarinnar, samanber það sem ég greindi frá hér að framan.

Undir álitið skrifa Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni Ragnar Árnason, Kristján Pálsson og Jónína Bjartmarz.

[11:43]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. utanrrh. yrði við umræðuna og þætti vænt um að honum væri gert viðvart og gjarnan mætti hæstv. samgrh. vera það einnig því að þrátt fyrir allt, og þó að það gleymist nú oft, er flugstöð fyrst og fremst samgöngumannvirki en ekki eitthvað annað eins og ætla mætti, m.a. af forræði hæstv. utanrrh. yfir þessu mikilvæga samgöngumannvirki sem flugstöðin á helsta millilandaflugvelli landsmanna er. Ég mun ræða svolítið, herra forseti, þann þátt málsins sem lýtur að stjórnsýslu eða forræði síðar í framsöguræðu minni.

(Forseti (GuðjG)**:** Hæstv. utanrrh. er í húsinu og er væntanlegur í salinn. Er það ósk hv. þm. að hæstv. samgrh. sé gert viðvart?)

Það mætti gjarnan gera honum viðvart. Ég geri ekki kröfu til þess ef hann er vant við látinn að hann sé hér viðstaddur eða að umræðunni sé frestað af því að málið er þó þrátt fyrir allt á forræði utanrrh. Mér er það ljóst.

(Forseti (GuðjG)**:** Þeim skilaboðum verður komið til hæstv. samgrh.)

Ég þakka hæstv. forseta.

Herra forseti. Fyrsti minni hluti gerir að sjálfsögðu ekki athugasemdir við að það mál sé tekið til skoðunar hvort heppilegt sé að breyta eitthvað um rekstrarform varðandi flugstöðina í Flugstöð Leifs Eiríkssonar við Keflavíkurflugvöll. Það gæti vel komið til álita að einhverjir þættir þess rekstrar ættu betur heima í ríkishlutafélagi en hefðbundnu ríkisfyrirtæki þó að það ætti í sálfu sér ekki að skipta öllu máli, herra forseti. Ég hef aldrei séð að slík kraftaverk fælust í þessum stöfum hf. eða ehf. að það breyti öllu fyrir rekstur ef verkefnin eru áfram þau sömu og mennirnir sem stjórna áfram þeir sömu. Ég hef t.d. aldrei skilið þessa miklu trú á að nafnbreytingin eða formbreytingin ein og sér geri kraftaverk í rekstrinum ef ekkert annað breytist. En það hefur oftar en ekki verið, herra forseti, að nákvæmlega sömu stjórnendur hafa stýrt fyrirtækjum sem hafa sinnt nákvæmlega sömu verkefnum og áður. Þar af leiðandi held ég að menn séu

oft að mikla það fyrir sér hvaða áhrif eru fólgin í slíkum breytingum.

Það sem menn eiga fyrst og fremst að spyrja um eins og alla jafnan við slíkar aðstæður, herra forseti, er náttúrlega hvers eðlis viðkomandi rekstur er og hvaða markmiðum hann á að þjóna og hvernig það verði best gert. Hér er á ferðinni eitt mikilvægasta samgöngumannvirki þjóðarinnar þar sem nánast öll millilandaumferð fer um og sem slíkt á það tvímælalaust að vera á hendi hins opinbera og hið opinbera á að eiga og reka slík mannvirki til þess að geta tryggt með eignarhaldi sínu og forræði framgang þeirrar samgöngustefnu sem menn vilja reka hverju sinni.

Þar af leiðandi, herra forseti, tel ég að menn eigi fyrst og fremst að nálgast málið á þennan hátt.

Síðast en ekki síst er alveg ljóst að í þessu sambandi skiptir miklu máli að ekki vaki eitthvað annað fyrir mönnum en yfirlýstur tilgangur er. Auðvitað hefur það orðið tilefni til vaxandi tortryggni í þessum efnum á undanförnum árum að svardagar og yfirlýsingar um að ekki standi til að fara að einkavæða starfsemi heldur sé eingöngu um formbreytingu að ræða hafa oftar en ekki reynst með öllu haldlausir og ég veit að virðulegur forseti þekkir dæmin. Svarið var og sárt við lagt þegar fyrirtækinu Pósti og síma var breytt í hlutafélag að ekki stæði til að hrófla við eignarhaldi ríkisins á því. Þáverandi samgrh. gaf um það alveg sérstakar yfirlýsingar og fór með svardaga í þeim efnum hér á þingi. Þær yfirlýsingar voru ekki orðnar mjög gamlar, lögin ekki nema nokkurra mánaða hygg ég, þegar fyrstu raddirnar fóru af stað um að nú yrði að fara að einkavæða, og sami maður og gefið hafði loforðin áður sneri algerlega við blaðinu, þ.e. þáv. hæstv. samgrh. Svipaðir hlutir hafa gerst í tilviki fjármálastofnana og mörg fleiri dæmi eru til um það.

Það undarlega er reyndar, herra forseti, að í þessu frv. eða öðrum skjölum sem afgreiðslu þess tengjast eru engar sérstakar yfirlýsingar um að einkavæðing standi ekki til eins og þó hafa stundum verið settar inn í greinargerðir með frv. og ég minni t.d. á bankana í þeim efnum, sem var svo reyndar strax farið af stað að svíkja. En maður spyr sig auðvitað hvers vegna það sé ekki gert í þessu tilviki.

Í fyrsta lagi tel ég, herra forseti, mikinn galla á málinu að frv. kom mjög seint fram á þessu þingi og í öðru lagi sýnist mér alveg ljóst að það er engan veginn nógu vel undirbúið. Mikið vantar upp á að ýmsir þættir málsins hafi verið skoðaðir þannig að ég telji það fullnægjandi. Ég vil þar sem dæmi taka að nánast ekkert virðist hafa verið farið ofan í saumana á því fyrr en þá að einhverju leyti eftir að umræður sköpuðust um það mál í utanrmn. hvort þessi fyrirhugaða ráðagerð að sameina allan rekstur í eitt hlutafélag gangi upp t.d. gagnvart samkeppnislögum. Það er það sem þarna á að gera, að sameina í einu hlutafélagi allan rekstur ríkisins á svæðinu, þ.e. byggingu, fríhafnarverslun, útleigu á húsnæði og annað sem þarna tilheyrir. Um þetta atriði segir t.d. í umsögn sem utanrmn. fékk frá fyrirtækinu Íslenskum markaði, með leyfi forseta:

„Við gerum engar sérstakar athugasemdir við að stofnað skuli hlutafélag um rekstur flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, enda höfðu forsvarsmenn Íslensks markaðar hf. frumkvæði að umræðu fyrir nokkrum árum um að slíkt ætti að gera. Það sem hins vegar gengur ekki upp frá okkar bæjardyrum séð, er að fyrirhugað hlutafélag skuli einnig ná til Fríhafnarinnar. Fyrir því eru nokkrar ástæður og þessar eru helstar. Þegar efnt var til útboðs á verslunarrekstri í flugstöðinni fyrir tveimur árum var allur slíkur rekstur nema Fríhafnarinnar boðinn út. Þetta þótti á þeim tíma einkennileg ákvörðun og ákveðin mismunun á rekstri þeirra tveggja verslana sem reknar höfðu verið í flugstöðinni um áratuga skeið. Önnur var sett í útboð en hin ekki. Það sem fylgdi í kjölfarið var að ákveðin samkeppni var leyfð í húsinu, en það hafði ekki viðgengist áður. Íslenskur markaður hf. hóf t.d. sölu á vöruflokkum sem Fríhöfnin hélt áfram að selja. Þessi samkeppni hefur síðan reynst mjög ójöfn þar sem fyrirtækin greiða ekki leigu eftir sömu reglum, og hafa búið við gjörólík rekstrarskilyrði að öðru leyti þar sem Fríhöfnin er B-hluta ríkisfyrirtæki (opinn ríkissjóður) en Íslenskur markaður hf. er hlutafélag og greiðir skatta og skyldur eins og önnur slík."

Síðan er farið yfir þetta í ítarlegra máli og segir m.a. undir millifyrirsögninni Samkeppni eftir stofnun hlutafélags:

„Svo virðist að gleymst hafi að gera ráð fyrir því í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar að í flugstöðinni starfa aðrir rekstraraðilar. Það verður einkennileg staða komin upp þegar aðrir leigutakar þurfa að leita til stærsta samkeppnisaðilans með kjör sín og önnur mál er að rekstri þeirra lýtur. Húsaleiga í flugstöðvum alls staðar í kringum okkur er há og á að vera það. Þar er hins vegar ekki samkeppni milli rekstraraðila og með hárri leigu er verið að kaupa einkaleyfi á sölu á ákveðnum vöruflokkum."

Þetta, herra forseti, held ég að séu alveg réttmætar ábendingar og ég benti á það sama sjálfur við umræður um málið í utanrmn. að ég sé ekki betur en upp geti komið afar sérkennileg og vandræðaleg staða þegar búið verður að sameina öll þessi hlutverk í einu fyrirtæki sem leigir síðan samkeppnisaðilum sínum aðstöðu í byggingunni. Ég hefði talið að áður en menn a.m.k. treystu sér til að fara fram með málið með þessu móti hefðu menn þurft að afla fyrirframálits Samkeppnisstofnunar eins og hægt er samkvæmt sérstökum ákvæðum í þeim lögum og láta Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð gefa álit sitt á því hvort þetta fyrirkomulag gangi upp. Það hefur ekki verið gert. Og ég spyr: Eru menn tilbúnir til að gera það og fresta þá afgreiðslu málsins á meðan?

Í öðru lagi, herra forseti, eru efnahagslegar forsendur þessarar sameiningar og hins nýja hlutafélags að mörgu leyti óljósar. Það sem við höfum í höndum eru áætlaðar tölur, ársreikningur er áætlaður og efnahagsreikningur er áætlaður. Það á að vísu að skipa sérstaka nefnd sem á síðan að koma þessu saman en þegar Alþingi er hér fyrir sitt leyti að afgreiða málið og gefa lagaheimild fyrir því að búa til þetta félag, þá byggir það á eintómum áætlunum. Sýna nú dæmin og þar á meðal nýleg dæmi að margt getur orkað tvímælis þegar eignir eru metnar sem stofnfé í efnahagsreikningi í væntanlegum hlutafélögum. Ég geri ráð fyrir því að menn minnist þeirra hremminga sem menn hafa lent í með fyrirtækið Íslandssíma hf. í því sambandi þar sem menn hafa verið dæmdir eða hraktir til þess að gera stórfelldar breytingar á efnahagsreikningi fyrirtækisins. Um þessar efnahagslegu forsendur segir t.d. líka í einni af umsögnum sem nefndinni bárust aftur frá fyrirtækinu Íslenskum markaði, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu fylgir ítarleg rekstraráætlun til fimm ára. Þar er m.a gert ráð fyrir að húsaleiga muni hækka um 36% á tímabilinu. Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt teljum við að þessi áætlun geti ekki staðist nema aðrar breytingar komi til. Þær verslanir sem starfa í flugstöðinni verða að fá leiðréttingu á kjörum sínum annars munu þær ekki geta starfað áfram að óbreyttu. Tilkoma nýrrar flugstöðvarbyggingar mun ekki breyta miklu þar um. Þar er verið að færa 15–20%

af heildarfarþegafjölda til í húsinu og alveg ljóst að erfitt verður fyrir núverandi leigutaka að bæta við sig húsnæði og einnig erfitt fyrir nýja að koma inn. Farþegum mun ekkert fjölga við það eitt að stækka flugstöðina nema sem nemur árlegri aukningu. Þess vegna er þar ekki um nýja sölu að ræða heldur eins og áður sagði tilflutning á þeirri sem fyrir er. Við þær aðstæður verður erfitt að bæta við kostnaði af *nýju* svæði."

Hér er verið að halda því fram, herra forseti, og að mörgu leyti virðast skynsamleg rök fyrir því að staða rekstraraðila verði þarna mjög erfið og húsaleiga er þegar mjög há og í einhverjum mæli hafa menn lent í vandræðum með að ná endum saman og standa skil á henni og verslanir hafa þegar lagt upp laupana, og í raun fullyrt að forsendur þessarar rekstraráætlunar til fimm ára sem hér er lögð fram standist ekki, þannig að forsendur sem menn gefa sér þarna um mögulegar tekjur á komandi árum og það sem á að taka inn í efnahagsreikning hins nýja hlutafélags er mjög á floti, hvernig þeir hlutir koma saman.

Það er einnig margt óljóst, herra forseti, um tilhögun mála hvað varðar t.d. hlut hins nýja hlutafélags, ef stofnað verður, í framtíðaráformum og framkvæmdum á svæðinu og má þar í því sambandi minna á mikinn kostnað við að mæta þörfum og kröfum sem á Ísland leggjast með aðild að Schengen-samningnum. Flugrekendur og ferðaþjónustufyrirtæki telja sig hafa loforð fyrir því að allur viðbótarkostnaður af aðild að Schengen greiðist úr ríkissjóði en ekki af ferðaþjónustuaðilunum. Einnig að þessu leyti er mjög losaralega frá málum gengið í frv.

Ég nefni t.d. að hvergi kemur skýrt fram hvort þessu nýja hlutafélagi er ætlað að annast þær framkvæmdir allar sem fram undan eru í Leifsstöð. Á það sjálfkrafa að reisa, eiga og reka þær nýju byggingar og annað slíkt sem þarna á að koma til sögunnar, eða hvað? Er það endilega sjálfgefið að það sé heppilegt fyrirkomulag að sama hlutafélagið sé annars vegar með reksturinn í byggingunum sem fyrir eru og standi svo í framkvæmdunum líka, nýframkvæmdunum? Hefði t.d. ekki komið til greina að hafa þarna a.m.k. tvö aðskilin hlutafélög sem önnuðust sinn þáttinn hvort? Þau gátu lotið sameiginlegri yfirstjórn, sameiginlegu eignarhaldsfélagi eða á annan hátt hefði mátt hugsa sér að ganga frá því. En það er auðvitað, herra forseti, ekkert smámál sem þarna er komið inn á af hálfu t.d. umsagnaraðila eins og Flugleiða. Hvernig verður frá þessum þáttum gengið og hver borgar? Hver ætlar að borga viðbótarkostnaðinn af Schengen upp á milljarða króna á komandi árum? Verður staðið við það fyrirheit sem *flugrekendum var gefið að það verði greitt sérstaklega úr* ríkissjóði en ekki lagt á t.d. flugstöðina eða hlutafélagið sem getur þá auðvitað ekkert annað gert en velt því yfir á notendurna? Þannig er það, herra forseti. Þeir fjármunir munu ekki koma af himnum. Og þess vegna er í raun og veru með öllu ólíðandi að það skuli ekki sett skýrt inn í lögin um leið og á að stofna hið nýja hlutafélag. Hvaða fjármuni fær það á komandi árum til þess að ekki verði um brigð á því loforði að ræða að Schengen-aðildin feli ekki í sér viðbótarkostnað fyrir flugrekendur og aðra aðila sem þarna standa fyrir rekstri? Í umsögn Flugleiða segir m.a. um þetta, með leyfi forseta:

„Áður en vikið verður að frumvarpinu og einstökum greinum þess vil ég sérstaklega vísa til meðfylgjandi umsagnar Flugleiða hf. um „tillögur til þingsályktunar um fullgildingu samnings um framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, 206. mál," sem send var Alþingi 25. janúar sl. Þar var m.a. vitnað til bréfs sem utanríkisráðherra sendi Flugleiðum 9. maí 1996, þar sem staðfest var að ríkissjóður myndi greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað er leiddi af Schengen-samstarfinu, og að engar fyrirætlanir væru um að leggja á viðbótargjald vegna Schengen-samkomulagsins. Ljóst er, að af hálfu Flugleiða er lögð afar þung áhersla á að staðið verði að fullu og til framtíðar við þessa yfirlýsingu, óháð því hvaða rekstrarform verður valið fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli."

Hvar er frágangur á þessu máli, herra forseti, í frv. eða í tengslum við þetta mál? Bréfið frá utanrrh. frá 9. maí 1996 segir berum orðum að fjármunirnir muni koma sérstaklega úr ríkissjóði. Ég sé það ekki í áætlunum og rekstraráætlun t.d. þessa nýja fyrirtækis næstu árin. Þvert á móti er ljóst að þar eru færðar inn fjárfestingar sem fyrir dyrum standa. Það verður ekki betur séð. Þannig eiga t.d. fastafjármunir hins nýja fyrirtækis að aukast úr 8,4 milljörðum í rúma 11 á árunum 2001–2005. Vegna hvers? Vegna þess að þar á að eignfæra inn væntanlega hinar nýju byggingar. En hefði þá ekki átt að sýna fjármunina úr ríkissjóði á móti til þess að standa við samkomulagið um að efna það að ríkissjóður kæmi inn með peninga sem næmi ekki bara stofnkostnaði vegna Schengen heldur líka rekstrarkostnaði? Hvar er frágangurinn á þessu máli og hvernig hyggst hæstv. utanrrh. standa við þessi loforð? Ég vil fá svör við því og tel að það eigi fullt erindi inn í afgreiðslu þessa máls. Ef svo er og verði við það staðið sem ég auðvitað treysti, þá eru áætlaðir ársreikningar þessa fyrirtækis kolvitlausir því að á móti fjárfestingunni verður þá að koma ríkisframlagið fyrir Schengen-hlutanum sem þarna er færð inn og inn í tekjuhlið áætlunarinnar.

Það þýðir ekki að reyna að segja okkur að þetta gerist þannig að flugstöðin eigi bara að taka þetta inn í gegnum sína tekjustofna. Hverjir eru þeir? Þeir eru notendagjöld. *Og hvað er þá að gerast? Jú, þá væru menn að borga* Schengen-kostnaðinn, sömu aðilar og lofað var að þyrftu ekki að gera það. Það er ekkert leyndarmál, herra forseti, og hafi það verið leyndarmál þá verður það það ekki lengur því að ég ætla að segja það, það er ekkert leyndarmál að t.d. aðilar eins og Flugleiðir voru keyptir til stuðnings við Schengen-aðildina með þessu loforði. Þar voru menn mjög gagnrýnir á það, höfðu og hafa enn miklar áhyggjur af því hvernig til tækist með Schengen, ef við færum inn í það. Ég er ekki í vafa um að mjög margir ferðaþjónustuaðilar hefðu heldur kosið að við yrðum þarna fyrir utan, *sérstaklega auðvitað flugfélögin vegna áhyggna sem* þau hafa af því, einkum auðvitað Flugleiðir, að tengiumferðin lendi þarna í vandræðum út af Schengen. En þeir voru m.a. keyptir til þess að láta kyrrt liggja og leggjast ekki gegn málinu út á það að þeim var lofað sérstaklega að fjármunir úr ríkissjóði kæmu til að mæta viðbótarkostnaðinum. Þó að auðvitað megi deila þarna um forsendur og gefa sér ýmsar slíkar til grundvallar útreikningum þá er í öllu falli alveg ljóst að Schengen-viðbótarkostnaðurinn bara núna í fyrsta áfanga, bara í nýju tengibyggingunni við enda landgangsins og tengdum framkvæmdum, hleypur á fleiri hundruðum millj. kr. Þeir útreikningar sem utanrmn. voru sýndir í tengslum við umfjöllun um Schengen-málið sýndu það. Þarna ættu því að lágmarki að koma sennilega a.m.k. 700–900 millj. kr. í formi framlaga frá ríkissjóði inn í dæmið ef standa á við loforðin frá 1996. Þannig er það, herra forseti.

Herra forseti. Sums staðar er orðalag þessa frv. — og það er annað atriði sem ég vil taka sérstaklega til umfjöllunar — nokkuð óljóst og virðist í raun ekki hafa verið nægilega til þess vandað. Ég get nefnt sem dæmi 7. gr. þar sem fjallað er um tilgang hins nýja félags. Að hluta til er horfst í augu við þetta með brtt. meiri hlutans. En þarna hefði að mínu mati mátt betur gera.

Líka hefur verið á það bent að kveða þyrfti skýrar á um stöðu þessa fyrirtækis í samhengi við alþjóðlegar skuldbindingar á starfssviðinu, þ.e. allt sem lýtur að rekstri flugstöðva, flugumferð og farþegum. Reyndar er athyglisvert, herra forseti, og í raun ótrúlegt að hvergi er mælt sérstaklega fyrir um það meginmarkmið flugstöðvar að taka á móti farþegum eða sinna þeim og tryggja umferð þeirra um bygginguna o.s.frv. Höfundar frv. hafa fyrst og fremst verið uppteknir af rekstrinum en nánast gleymt þessum þætti málsins. Það er með ólíkindum, herra forseti, að í þessu frv. um flugstöð, um samgöngumannvirki, er hvergi minnst á þann þátt. Orðið farþegi kemur hérna hvergi fyrir. Það getur verið í greinargerðinni. Ég hef ekki lúslesið hana. En ég held að ég megi örugglega fullyrða að það komi hvergi fyrir í lagatextanum sjálfum. Um þetta segja t.d. ýmsir umsagnaraðilar. Við getum t.d. byrjað aftur á Flugleiðum, með leyfi forseta:

„Þá er einnig brýnt að hafa í huga það meginhlutverk alþjóðlegrar flugstöðvar að flugfarþegum verði veitt góð og örugg þjónusta í samræmi við ákvæði Chicago-sáttmálans frá 1945 og síðari alþjóðleg skjöl og samþykktir á þessu sviði, og honum tengjast. Hér er m.a. um að ræða svonefndan viðauka nr. 9 (ICAO Annex 9, „Facilitation") og viðauka nr. 17 (ICAO Annex 17, „Security")," — sem fjalla annars vegar um aðstöðu „facilitation" og hins vegar um öryggi „security" — „en þar er að finna þau ákvæði er lúta að grundvallarhlutverki alþjóðlegra flugstöðva. Hafa þarf í huga að almenn verslunarstarfsemi í slíkri flugstöð má ekki njóta forgangs umfram meginhlutverk hennar, eins og það er skilgreint í alþjóðlegum samningum og verklagsreglum."

Hér er komið inn á mjög mikilsvert atriði sem mér sýnist höfundum frv. hafa meira og minna yfirsést. Hvert er meginhlutverk flugstöðvar? Það er ekki verslunarrekstur. Það er ekki að græða á útleigu húsnæðis. Það er að sinna farþegunum og koma þeim örugglega til og frá þeim stöðum sem þeir eru að ferðast á milli. Bæði Flugmálastjórn á Reykjavíkurflugvelli og Flugmálastjórn í Keflavík koma sérstaklega inn á þetta. Ég held að nauðsynlegt sé að vitna aðeins í þær umsagnir einnig hvað þennan þátt varðar. Flugmálastjórn á Reykjavíkurflugvelli segir t.d., með leyfi forseta:

„Þegar fjallað er um framangreint málefni er rétt að hafa í huga nokkur mikilvæg atriði varðandi rekstur alþjóðlegra flugvalla og þá sérstaklega flugstöðva á slíkum flugvöllum:

1. Ísland, eins og önnur aðildarríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), hefur undirgengist að fara að reglum stofnunarinnar um rekstur alþjóðlegra flugvalla. Þessar reglur birtast sem staðlar og tilmæli í viðaukum við stofnsamning ICAO. Jafnframt hefur verið gerður fjölda samþykkta á þingum ICAO og af fastaráðinu, sem útfæra nánar hvernig staðið skuli að verki á einstökum sviðum.

2. Eitt af grundvallaratriðum varðandi rekstur slíkra mannvirkja er að þjóðríkið getur ekki framselt ábyrgð á því að farið sé að settum reglum og mannvirkin byggð og rekin í samræmi við reglur ICAO. Til þess að rækja þessa ábyrgð verður ríkið að geta haldið uppi eftirliti með starfseminni og gripið inn í hana ef þurfa þykir."

Herra forseti. Í raun og veru eru þetta kannski sterkustu rökin fyrir því að svona mannvirki á að sjálfsögðu að vera í opinberri eigu og rekið af hinu opinbera vegna þess að hið opinbera er bundið skyldum gagnvart því að hlutirnir gangi fyrir sig með tilteknum hætti.

„Sérstaklega er vert að geta alþjóðlegra skuldbindinga á sviði flugverndar (aviation security), sem m.a. koma fram í Viðauka 17 (Aviation Security) við stofnsamning ICAO og samþykktum Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC).

3. Ljóst er að samkvæmt skilgreiningu ICAO er aðalhlutverk alþjóðlegrar flugstöðvar að veita alla nauðsynlega þjónustu þannig að flugfarþegar komist greiðlega leiðar sinnar milli flugvélar og lands. Öll starfsemin verður að laga sig að þessu hlutverki og um hana gilda ítarlegar reglur sem birtast í Viðauka 9 (Facilitation) við stofnsamning ICAO. Gert er ráð fyrir að margvísleg önnur þjónusta við flugfarþega geti farið fram í flugstöðvum eins og t.d. hvers konar verslun og veitingastarfsemi. Slík þjónusta hlýtur þó ætíð að vera í öðru sæti hvað varðar forgang."

Slík þjónusta hlýtur þó ætíð að vera í öðru sæti hvað varðar forgang. Þá er það svolítið ankannalegt, herra forseti, að það atriðið sem allir helstu umsagnaraðilarnir undirstrika og minna á að eigi að vera númer eitt, þ.e. þjónustan við farþegana og það að tryggja umferð þeirra um bygginguna, er ekki nefnt í frv. Hins vegar er frv. að uppistöðu til umgjörð um verslunarreksturinn og útleiguna á húsnæðinu og allt það.

Að sjálfsögðu hafa menn haft það sér til málsvarnar að það sé svo sjálfsagður hlutur að flugstöð eigi að sinna flugfarþegum að ekki þurfi að taka það fram. En má þá ekki alveg eins segja það um hina þættina? Ekki hefði nú sakað að gera það. Reyndar viðurkennir utanrmn. að hluta til þennan ágalla málsins með sinni brtt. þar sem m.a. eftirlitsþætti stjórnvalda er komið sérstaklega inn í málið.

Mjög svipað er að finna um þetta atriði í umsögn Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Þar er vitnað í Chicagosáttmálann á nýjan leik og viðauka 9 við hann sem Ísland er einnig aðili að og fjallar um aðstöðu fyrir flugfarþega sem aðildarríkin skuldbinda sig til að láta í té á millilandaflugvöllum. Í því sambandi er aðaláhersla lögð á að flugfarþegar fái skjóta og örugga þjónustu m.a. á eftirtöldum sviðum: Innritun og skil á farangri, vegabréfaskoðun og vopnaleit.

Í kafla í skjalaukanum, þ.e. viðauka 9, þar sem fjallað er um verslanir í flugstöðvum er að finna ábendingu þess efnis að þær skuli staðsetja þannig að verslanir trufli ekki eða hefti flæði eða ferðir farþega. Svo segir Flugmálastjórnin á Keflavíkurflugvelli enn fremur, með leyfi forseta:

„Meginhlutverk flugstöðvarinnar er afgreiðsla farþega og þjónusta því tengd. Hlutverk flugstöðvarinnar er einnig á sviði opinberrar stjórnsýslu, ekki síður en á sviði einkarekstrar og viðskipta. Það er því mikilvægt að stjórnvöld missi ekki stjórnsýslulegt vald yfir flugstöðinni."

Þetta er ástæða til að undirstrika, herra forseti, í sambandi við þennan þátt málsins.

Í þriðja lagi verður að spyrja, herra forseti, þegar þetta er skoðað: Hverju er í raun verið að breyta fyrir utan þessa formbreytingu? Hvað er trixið eins og krakkar mundu kannski orða það? Hver er brellan? Jú, hún er ósköp einföld þegar upp er staðið. Hún er ósköp einfaldlega sú að hér er verið að taka ákvörun um að gera upptækan hagnaðinn af rekstri Fríhafnarinnar sem hingað til hefur runnið í ríkissjóð og nota hann til að borga niður fjárfestingar og skuldir flugstöðvarinnar. Flóknara er það nú ekki. Það á að færa þarna til

nokkur hundruð millj. kr. í fjármunum talið sem hingað til hafa runnið í ríkissjóð og nú eiga í gegnum það að sameina rekstur Fríhafnarinnar og flugstöðina í einu fyrirtæki að renna þar inn. Þá má spyrja, herra forseti: Hefði ekki verið mun einfaldara bara að ákveða þetta? Er ekki einfaldara að ákveða það að í tengslum við afgreiðslu fjárlaga eða með öðrum hætti að næstu fimm eða tíu árin renni allur hagnaður af rekstri Fríhafnarinnar bara til þess að borga niður skuldirnar? Það er að mörgu leyti skynsamlegt. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það og í raun má segja að það sé að sumu leyti eðlilegra en sú ráðstöfun sem verið hefur vegna þess að þetta er þó þrátt fyrir allt arður sem myndast af starfsemi sem byggir á flugumferðinni og tilvist flugstöðvarinnar, enda hefur stundum verið á það bent. Það má t.d. í því sambandi minna á — ég held að það hafi komið fram annaðhvort í umsögn flugráðs eða hvort það er Flugleiða — að þar á bæ hafi menn undanfarin ár einmitt oft bent á að óeðlilegt væri að allur ágóði af rekstri Fríhafnarinnar rynni í ríkissjóð en kæmi ekki til góða a.m.k. að einhverju leyti þeim rekstri sem þarna væri á ferðinni.

Efnislega felst þetta í málinu að stærstum hluta til og þá er þetta náttúrlega ákaflega krókótt leið að því markmiði að ná í hagnaðinn af Fríhöfninni, þ.e. að fara út í *þetta hlutafélagabrölt* og að sameina þetta allt í einu fyrirtæki sem getur, eins og áður hefur komið fram, haft ýmiss konar önnur vandamál í för með sér. Ég hef þegar minnt þar á samkeppnisþáttinn.

Herra forseti. Í fjórða lagi vill 1. minni hluti taka það fram að *fari svo sem við höfum því miður fordæmi fyrir að hér* sé verið að marka upphafið að einhverju einkavæðingarferli sem endi í einkafákeppnis- eða einkaeinokunarrekstri þá erum við algerlega andvíg því. Við stöndum ekki að slíkum breytingum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði fyrir utan *það að það er auðvitað alveg ljóst, og ég hef þegar* rökstutt það, að samgöngumannvirki af þessu tagi á að vera í eigu opinberra aðila og rekið af þeim. Ég hefði gjarnan viljað sjá, herra forseti, skýrt fyrirheit um það eða yfirlýsingu. Það væri betra en ekki ef hæstv. utanrrh. væri fáanlegur til að gefa *hér yfirlýsingu um að það standi ekki til að hrófla* við eignarhaldi ríkisins á þessu mannvirki, a.m.k. ekki t.d. næstu 12–15 árin sem er u.þ.b. það tímabil sem núverandi fjárestingaráætlanir taka til. Það er um að ræða stórfelldar framkvæmdir, sú sem nú er hafin og síðan viðbyggingar út frá henni í báðar áttir plús væntanlega einnig breikkun á landgangi, samtals framkvæmdir upp á 7–8 milljarða á næstu 10–15 árum. Að sjálfsögðu getum við ekki bundið með yfirlýsingum af því tagi í sjálfu sér hendur þeirra sem kunna að fara með þessi mál á komandi árum. En við getum lýst því sem okkar stefnu sem nú erum í aðstöðu til þess og staðið við hana eftir því sem við erum í færum um á komandi árum. Ég spyr því, herra forseti, hæstv. utanrrh.: Er hæstv. utanrrh. tilbúinn til þess fyrir sitt leyti að lýsa því yfir, eftir því sem hann verði í aðstöðu til, að hann vilji beita sér fyrir því að ekki verði þarna um breytingu að ræða næstu 12–15 árin? Ég tel að það skipti talsverðu máli að hafa fast land undir fótum í þeim efnum sérstaklega af tveimur ástæðum. Það er auðvitað annars vegar hin almenna röksemd að þessi rekstur á að vera á hendi hins opinbera vegna alþjóðlegra skuldbindinga og af ýmsum fleiri ástæðum, en líka vegna þeirra miklu framkvæmda sem þarna eru fram undan og Schengen-þáttarins í því máli. Ég held að það sé bæði einfaldast og eðlilegast að menn standi við sín loforð í þessum efnum, m.a. hvað það varðar að hann verði ekki til þess að íþyngja rekstraraðilum heldur verði allur viðbótarkostnaður honum samfara greiddur beint úr ríkissjóði, að gera það einmitt með því að ríkið eigi og haldi mannvirkið. Þá er það hreint og beint og getur ekki einfaldara verið.

Það er auðvitð alveg ljóst, herra forseti, að ýmsa langar í þá matarholu, það er alveg ljóst. Það væru örugglega ýmsir tilbúnir til að fá þetta afhent á silfurfati til þess að geta grætt á því eftir að ríkið er búið að koma þessu upp, eins og við höfum náttúrlega séð. Menn hafa verið furðu lagnir við að afhenta mönnum mjólkurkýrnar eftir að búið er að koma í þær kálfi, ef svo má að orði komast. Og er nú ekki góður búskapur að selja alltaf frá sér kelfdu kvígurnar. En ég hvet hæstv. utanrrh. til að stunda ekki slíkt búskaparlag og vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra einhverja yfirlýsingu í þessu sambandi.

Herra forseti. Þá ætla ég í fimmta lagi að ræða aðeins um stjórnsýsluþátt þessa máls. Það fyrirkomulag, herra forseti, að utanrrh. *skipi einn alla stjórn þessa fyrirtækis er að mínu* mati algerlega fráleitt, það er algerlega fráleitt að þannig verði frá málum gengið í hinu nýja hlutafélagi. Ég teldi frekar að við ættum að rifja upp tillögu okkar, ég og hæstv. utanrrh., frá því við sátum saman sem stjórnarandstæðingar *í efh.- og viðskn. og fluttum um það tillögu að Alþingi* kysi stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hf. svo lengi sem a.m.k. meiri hlutinn væri í eigu ríkisins. Þá væri eðlilegt að því fyrirtæki væri skipuð slík stjórn. En hafi verið ástæða til þess þá og rök sem að sjálfsögðu voru, þá eru náttúrlega enn *frekari rök fyrir því hér og ég vil færa fram nokkur.*

Í fyrsta lagi, herra forseti, er um að ræða eitt mikilvægasta samgöngumannvirki landsins sem þjónar landsmönnum öllum á eina umtalsverða millilandaflugvellinum. Þetta er miðpunktur í samgöngukerfi landsmanna og afar mikilvægur sem slíkur. Ég teldi eðlilegasta fyrirkomulagið, herra forseti, — og að mínu mati yrði það í raun mjög til bóta upp á samskipti í þessum málum — að yfir því fyrirtæki sem þarna er verið að stofna væri þingkjörin stjórn. Það skiptir til að mynda heilmiklu máli hvernig þarna er staðið að verki í sambandi við tengsl flugsamgangnanna, millilandaflugsins, við aðrar samgöngur, við innanlandsflug og við áætlunarsamgöngur á landi og fleira í þeim dúr.

Ég vil líka láta það koma fram, herra forseti, að ég tel auðvitað að hiklaust eigi að stefna að því að færa yfirráð yfir flugstöðinni frá utanrrn. til samgrn. Og þess vegna m.a., herra forseti, var ég að vonast til þess að hæstv. samgrh. gæti einnig verið viðstaddur umræðuna. Það væri fróðlegt að heyra viðhorf núv. samgrh. í þeim efnum. Er núv. hæstv. samgrh. sáttur við þetta fyrirkomulag? Það hafa samgrh. yfirleitt ekki verið en reynst torsótt að fá þessu breytt. Ég tel mig tala af svolítilli reynslu og fullyrði að það er hið mesta vandræðafyrirkomulag að þessi mikilvægi þáttur samgöngumála sé tekinn undan og sé ekki á forræði samgrh. Ég held að það sé ein ástæðan fyrir því að mönnum hefur gengið heldur böksulega að koma hlutum í eitthvert almennilegt skipulag, ekki vegna þess að þeir utanrrh. sem með málin hafa farið hafi ekki verið allir af vilja gerðir, heldur vegna þess að það er mjög umhent í stjórnsýslunni að tvískipta þessu á þennan hátt.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að skoða eigi það í alvöru að afmarka varnarsvæðið sem svo er kallað við flugstöðina þannig að flugstöðvarbyggingin sjálf og landgangar lendi út fyrir varnarsvæðið þó að flughlöðin gerðu það ekki og þá sé hægt að færa forræðið yfir sjálfu mannvirkinu og rekstrinum

þar undir samgrn. Ég sé ekkert vandamál í því sambandi nema þá það eitt að á þessu mannvirki hvílir sú kvöð sem getur vaknað upp, fræðilega séð, að Bandaríkjamenn eiga áskilinn rétt til afnota af byggingunni við tilteknar ástæður. Það mál má leysa þannig að frá því sé gengið að gerist það, þá færist stjórnsýslan yfir til utanrrh. ef það er vandamálið í þessu sambandi.

En þetta ákvæði er óvirkt, hefur verið það frá byrjun og verður vonandi um aldur og ævi og aldrei til þess gripið. Á þá að nota það sem röksemd fyrir því að þetta mikilvæga samgöngumannvirki sé ekki á forræði samgrh. eins og önnur í landinu um alla tíð? Er virkilega ekki hægt að tala saman í alvöru um þetta? Það ætti að vera að hægt að treysta hæstv. núv. samgrh., ekki er hann svo varhugaverður í skoðunum í utanríkismálum, er það? Eins og talið var eiga við um suma aðra samgrh. fyrr á öldinni að þeim væri ekki treystandi fyrir því að komast með hendurnar í þetta, það ætti þá ekki að eiga við núna, eða hvað? Treystir hæstv. utanrrh. ekki hæstv. samgrh. prýðilega til að fara vel með þetta mál?

Ég spyr, herra forseti, og spyr í alvöru: Getur hæstv. utanrrh. hugsað sér að menn skoði það að gera þarna breytingar? Ég held að mjög mikilvægt sé að svo verði.

Ég vil líka spyrja, herra forseti, ef þetta verður gert á þennan hátt, þarf þá ekki líka og er ekki eðlilegt að skoða stöðuna sums staðar annars staðar? Hvað með flugvallarrekstur og fríhafnarrekstur annars staðar þar sem millilandaflug er að einhverju leyti til staðar eða getur vonandi orðið á komandi árum? Er þá endilega heppilegt að vera að búa um þetta í ólíku fyrirkomulagi af þessu tagi?

Varðandi stjórnarþáttinn að öðru leyti þá verð ég að segja að fallist menn ekki á þá tillögu sem ég teldi skynsamlegasta og mun e.t.v. leggja hér til í formi brtt., ef ekkert verður tekið undir þetta af annarra hálfu. Fyrsta tillaga mín, aðaltillaga, er að vísu sú, herra forseti, ég skýt því inn í, að vísa málinu á þessu stigi til ríkisstjórnarinnar og fela henni að vinna það betur og leggja þá fram nýtt frv. að hausti. En verði ekki á slíkt fallist mundi ég þó telja að það mætti hugsa sér að gera á þessu breytingar til bóta og aðaltillaga mín væri sú að þingið kysi þessu nýja mannvirki stjórn. Og færi þá með forræðið í samráði við hæstv. ráðherra. Þess vegna gæti hæstv. ráðherra tilnefnt formann stjórnarinnar án tilnefningar og þingið kysi aðra stjórnarmenn, það má hugsa sér ýmiss konar fyrirkomulag í þeim efnum.

En algjört svartasta lágmark er, herra forseti, að samgrh. tilnefni eins og tvo menn þarna inn í stjórnina. Mér finnst það alveg ótrúlegur frágangur á málinu að ætla utanrrh. einum að tilnefna alla stjórnina. Ég minni t.d. á þau fordæmi þegar fyrirtæki eða viðfangsefni hafa legið á mörkum milli ráðuneyta, eins og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. gerði, þá voru tveir ráðherrar látnir tilnefna í stjórn hans á meðan hann var ríkisfyrirtæki. Sjútvrh. átti þar menn í stjórn þótt viðskrh. færi með málið að öðru leyti.

Ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum þegar ég skoðaði það ákvæði sem hér á við eða þetta frv. að þetta væri alfarið á hendi hæstv. utanrrh. og ekki gert ráð fyrir að neinir aðrir kæmu þar nálægt hlutunum, því það verður ekki öðruvísi af samhenginu ráðið, þ.e. forræði utanrrh. á málinu, og síðan 12. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að stjórnin sé kosin á aðalfundi, það eru þá eigendurnir sem það gera. Og hver á að fara með eignarhaldið f.h. ríkisins? Jú, utanrrh., er það ekki þannig?

Ég verð að segja alveg eins og er að ef þetta hefur verið kynnt í ríkisstjórn og hæstv. samgrh. ekki maldað í móinn, þá er hann nú geðlausari en ég hef hingað til talið. Er það virkilegt að hæstv. samgrh. hafi þegjandi og möglunarlaust látið þetta yfir sig ganga? Þá verða bara einhverjir aðrir að koma honum til hjálpar held ég. Ég spyr því einnig, gæti hæstv. utanrrh. hugsað sér t.d. að frá því yrði gengið og þá á ég við með lögum, auðvitað getur hæstv. utanrrh. gert það og vel getur verið að það standi til að leita álits samgrh. eða fá frá honum tilnefningar um menn sem utanrrh. síðan á aðalfundinum gerir að sínum mönnum í stjórn, en það á ekki að gera það þannig að mínu mati, herra forseti, það á bara að vera skýrt til að undirstrika líka mikilvægi þessa mannvirkis sem samgöngumannvirkis að samgrh. tilnefni menn í stjórn.

Ég tel, herra forseti, að í rauninni séu miklu brýnni verkefni sem ég hefði fyrr talið að menn hefðu átt að vera að eyða orku í heldur en í sjálfu sér þetta hlutafélagabrölt. Það væri að setja kraft í mögulega uppbyggingu á öðrum sviðum og atvinnusköpun út frá flugstöðinni og í tengslum við hana. Ég verð að játa að mér finnst að mjög lítið hafi gerst í þeim efnum miðað við það sem maður hafði bundið vonir við. Það er t.d. mjög dapurlegt að ýmis hliðarrekstur sem víða erlendis sprettur upp við flugvelli hefur ekki fest rætur nema að mjög litlu leyti við Keflavíkurflugvöll. Þar er að vísu viðhaldsstöð Flugleiða og þar er flugeldhús sem auðvitað þarf að vera og einhver rekstur í nafni fyrirtækis sem Suðurflug heitir ef ég veit rétt, en þar er t.d. ekki nema að mjög litlu leyti lagerhald flugrekenda. Fyrirtækið Atlanta er með stórrekstur í Englandi. Hefði ekki verið mögulegt að ná þeim rekstri hingað ef menn hefðu verið betur vakandi og reynt að greiða fyrir slíku. Það eru menn að gera annars staðar. Opinberir aðilar leggja alveg blygðunarlaust fjármuni í að ná til sín rekstri af slíku tagi. Og manni fyndist fljótt á litið að slíkur rekstur, ekki bara íslenskra flugrekenda, heldur margra annarra ætti að geta verið prýðilega settur að einhverju leyti á Keflavíkurflugvelli. Viðhald og þjónusta við flugrekstur, lagerhald, jafnvel ýmis smáiðnaður sem slíku tengist, en það hefur gengið mjög seint.

Ef hillir undir að ameríski herinn fari úr landi getur verið að vísu að menn setji kraft í að nýta sér möguleikana á slíkum sviðum til að byggja upp atvinnulíf á móti. Þá getur verið ágætt að eiga það inni út af fyrir sig, en eitthvað hefði nú mátt vera byrjað á þessu finnst mér, herra forseti.

Rétt er að nefna kannski lítillega í viðbót, herra forseti, einn þátt enn sem flækir svolítið stöðu þessa máls og ég nefndi reyndar áðan, það er að Bandaríkjamenn settu fjármuni í þetta mannvirki. Tuttugu millj. dala komu í formi eingreiðslu frá Bandaríkjamönnum inn í byggingu flugstöðvarinnar. Ég vil að vísu halda því fram og hef gert áður að sú þátttaka Bandaríkjamanna í málinu hafi verið afar dýru verði keypt. Ég held að öll gögn sýni það þegar upp er staðið að það var lítill búhnykkur fyrir Íslendinga að fá þessar 20 millj. með öllum þeim kvöðum og viðbótarkostnaði sem því fylgdi að hanna mannvirkið á þann hátt sem leiddi af kröfum m.a. Bandaríkjamanna.

Fyrir um tíu, tólf árum síðan, herra forseti, var hér nokkuð mikil umræða um þetta mál á Alþingi Íslendinga í framhaldi af skýrslu sem Ríkisendurskoðun gerði um byggingu flugstöðvarinnar í Keflavík. Og þar var margt skrautlegt, herra forseti. Það var nú margt skrautlegt í þeirri skýrslu. Það mál er að ýmsu leyti frægt að endemum, því að fyrir utan þennan mikla kostnað sem reyndist samfara því að uppfylla kröfur Bandaríkjamanna í þessari flugstöð og hún er mjög sérkenni-

lega hannað mannvirki að ýmsu leyti af þeim ástæðum, þá kostaði æðibunugangurinn sem var í mönnum að ná að opna flugstöðina fyrir kosningarnar 1987 stórfé, svo að hægt væri að mynda framboðslista Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi utan við flugstöðina. Það kostaði fleiri hundruð milljónir, herra forseti, bara sú eina mynd sem birtist í blaði sjálfstæðismanna á Reykjanesi rétt fyrir kosningarnar 1987 með páv. samgrh. í broddi fylkingar, eða var það páv. utanrrh. þá mánuðina. (**Gripið fram í:** Frekar verið hann.) Frekar verið hann. Að minnsta kosti var það fyrsti maður á lista Sjálfstfl. á Reykjanesi sem tróndi þar á miðri myndinni.

Það er eiginlega skemmtilesning, herra forseti, eða grátbrosleg lesning sumt í skýrslu Ríkisendurskoðunar um alla vitleysuna sem menn urðu að elta uppi í flugstöðinni til að uppfylla þær kröfur. Til dæmis eru sérstakar engisprettuvarnir í niðurföllum í kringum flugstöðina. Og af hverju er það? Jú, það er vegna þess að bandarískt herinn hefur alþjóðlega staðla og lætur setja upp engisprettuvarnir alls staðar þar sem hann tekur þátt í slíkum mannvirkjum. Það er allur retúr í flugstöðinni einangraður af því það er svo rakt í Flórída að pípurnar mundu gráta ef þær væru ekki allar einangraðar í bak og fyrir. Þetta þurfti að gera.

Salernin þurftu að vera með alveg sérstökum hætti til þess að uppfylla staðla bandaríska hersins. Og alla þessa vitleysu urðu Íslendingar að elta og ég leyfi mér að halda því fram að lítið ef nokkuð var eftir af 20 milljónum dala þegar búið var að elta ólar við þessa vitleysu og Íslendingar urðu að taka á sig restina. Þannig var nefnilega frá málunum gengið. Kaninn var mjög sniðugur. Hann tók engan þátt í öllum þeim mikla viðbótarkostnaði sem menn lentu í í flugstöðinni af ýmsum ástæðum og slapp með sitt fasta framlag sem eingreiðslu, en það voru kostnaðaráætlanir Íslendinga sem fóru tugi ef ekki hundruð prósenta fram úr áætlun. Og það var með hreinum ólíkindum, herra forseti, ýmislegt sem þarna gerðist. Muna menn eftir hlaðna veggnum sem er á milli miðrýmisins á neðri hæðinni og komusalarins? Hann var færður til þrisvar sinnum. Þrisvar sinnum var búið að hlaða hann upp og hann var jafnoft brotinn niður út af ýmiss konar vitleysu sem menn uppgötvuðu alltaf. Þannig var þetta allt saman og féll saman við mikla þenslutíma, enda mikil gullöld og gleðitíð hjá iðnaðarmönnum sem þarna lágu við alls staðar að af landinu á þessum tíma. (**Gripið fram í:** Falleg bygging.) Byggingin er falleg, það er alveg rétt, en hún er hins vegar ekki mjög praktísk. Til dæmis er ekki mjög þægilegt að byggja við hana, það hefur nú heldur betur komið á daginn. Þetta er ein af örfáum flugstöðvum í heiminum sem er þannig hönnuð að það er eiginlega engin leið að byggja við hana. Þess vegna verða menn að fara út í að byggja í raun og veru nýja flugstöð við endann á núverandi landgangi, í staðinn fyrir að byggja, eins og allar aðrar þjóðir, álmubyggingar sem hægt er að lengja til beggja handa eða gera það á einhvern slíkan hátt. Fyrirkomulagið verður þarna mjög óhagkvæmt. Það sem er í vændum er að við förum að reka tvær flugstöðvar en ekki eina á sama staðnum, tengdar með landgangi. Það er nú staðreynd málsins. Það er ákaflega erfitt að koma þarna við breytingum og ýmislegt fleira er mjög snúið. Byggingin er falleg, já, það er rétt, en það er kannski líka það helsta sem hún hefur til síns ágætis sem flugstöð. Hún er fallegur arkitektúr og allt það, en ákaflega erfið að ýmsu öðru leyti að eiga við hana.

Það kom t.d. á daginn þegar menn ætluðu að reyna að tengja innanlandsflug við hana að það var eiginlega ekki nokkur lífsins leið að koma því við, það var á hrakhólum á neðri hæð hússins. Menn voru að flæmast um með tilraunir sínar til að reyna að koma á aðstöðu fyrir innanlandsflug sem gæti tengst við millilandaflugið í byggingunni, eins og alls staðar er annars staðar þar sem þessum málum er sæmilega fyrir komið. Enginn vafi er á því í mínum huga að það átti sinn þátt í því að þær tilraunir runnu út í sandinn, að svo illa var að þeim búið í byggingunni. Ég á sérstaklega við tilraunir til að byggja upp beint tengiflug frá Akureyri við millilandaflugið sem hefði auðvitað gjörbreytt aðstöðu þess svæðis hvað varðar ferðaþjónustu og ferðir Norðlendinga sjálfra til og frá landinu.

Núverandi fyrirkomulag kostar ómældar fjárhæðir og mikið óhagræði. Það kostar t.d. nánast undantekningarlaust a.m.k. einnar nætur gistingu fyrir alla þá sem fara af norðan- og austanverðu landinu í viðskiptaerindum til útlanda eins og fyrirkomulagið er nú. Menn ná yfirleitt ekki nema í besta falli annarri leiðinni heiman að og heim t.d. í gegnum Akureyrar- eða Egilsstaðaflugvöll nema annaðhvort á útleið eða komuleið lendi menn í því að gista á hóteli í Reykjavík. Það er fínt fyrir hótelin í Reykjavík, en það er bölvað fyrir önnum kafna menn sem hverra tími er dýrmætur og það kostar heilmikla fjármuni að þetta skuli vera svona. Ég fullyrði að ef betri aðstaða væri fyrir hendi til að tengja þetta saman, þá væru miklu raunhæfari líkur á því að beint tengiflug frá t.d. Egilsstöðum og Akureyri við millilandaflugið gæti staðið undir sér eða komið til sögunnar. Fyrir nú utan það sem væri auðvitað enn betra að þessir staðir fengju sjálfstæða tengingu til útlanda í formi áætlunarflugs, a.m.k. yfir sumartímann.

En þessi eign Bandaríkjamanna, herra forseti, eins og ég var að koma inn á, getur vissulega flækt eitthvað málin, þó að vísu sé ekki deilt um það að íslenska ríkið er eigandi að mannvirkinu, að flugstöðinni. Það gildir hins vegar ekki um flughlöðin og ýmsa aðstöðu þar, lagnir ofan í flughlöðum o.fl. Enda mætti alveg skilja þar á milli mín vegna og þær gætu áfram tilheyrt hinu svokallaða varnarsvæði.

Málum er þannig háttað eins og margfrægt er orðið að fyrir dyrum standa viðræður við Bandaríkjamenn um sjálfa framtíð, eða vonandi ekki framtíð þeirra í Keflavík. Og eru þá ekki hæg heimatökin að taka einnig þetta mál upp í þeim viðræðum? Ræða við þá um að annaðhvort verði kvöðinni aflétt, þess vegna að menn bara hreinlega leystu sig einhvern veginn frá henni, eða að þetta verði gert svona ef hún verður endilega að vera til staðar áfram og eitthvað viðkvæmt mál er að hrófla við því út af 20 milljónunum sálugu, þá verði hún látin vera óvirk og stjórnsýslan á forræði samgrh., en hún verði sem sagt svæfð með þeim hætti og eitthvert sérákvæði væri þá bara um það að ef til kæmi og það væri vilji Bandaríkjamanna endilega að málið sé þá á forræði utanrrh. ef þeir koma við sögu, þá gæti það bara komið sem tímabundin ráðstöfun þegar þannig stæði á sem vonandi gerir aldrei.

Herra forseti. Ég vil að lokum undirstrika að mér virðist allt of margt óathugað og losaralegt í þessu máli fyrir utan hina efnislegu andstöðu mína við það að fara út í þetta einkavæðingarbrölt til þess að það sé í raun og veru skynsamlegt að vera að afgreiða þetta hér og nú. Ég segi það burt séð frá efnislegri afstöðu til málsins. Ég held að þetta mál þurfi betri skoðunar við og meiri yfirlegu og það væri langhyggilegast að láta það liggja til haustsins og fara þá í þá vinnu. Þá er líka vel mögulegt að hæstv. utanrrh. verði kominn eitthvað af stað í viðræðum sínum við Bandaríkjamenn og gæti m.a. verið búinn að taka upp þennan þátt málsins og ganga frá

honum. Ég held því að langgáfulegast sé að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar um sinn og þar verði málið athugað betur.

Ég held líka að það sé allt of augljóst að það býður upp á hættu á árekstrum og vandræðagangi að ganga frá málinu á þennan hátt í einu hlutafélagi. Það verða læti í kringum það, sjálfsagt kærur til Samkeppnisstofnunar og guð má vita hvað, og þá væri miklu hyggilegra að ganga frá því með fyrirbyggjandi ráðstöfunum nú þegar. Þó ekki væri nema þannig að fríhafnarrekstur sjálfur og/eða annar verslunarrekstur sem yrði á hendi ríkisins væri í sjálfstæðu dótturfélagi hins nýja hlutafélags, sem væri bókhaldslega og stjórnunarlega aðskilið þannig að það uppfyllti ákvæði samkeppnislaga þar um. Það er að vísu samkvæmt tilteknum heimildum í samkeppnislögum mögulegt að framkvæma slíkan bókhaldslegan og stjórnsýslulegan aðskilnað innan fyrirtækja, það eru vissir möguleikar í slíku, samanber það sem Landssímanum hf. hefur verið gert að gera að því leyti sem hann var og/eða er í samkeppni við aðra, þá var það þannig um skeið a.m.k. að þá áttu um það að gilda ákvæði samkeppnislaga um bókhaldslegan og fjárhagslegan aðskilnað þeirra þátta, einokunarþáttanna og samkeppnisþáttanna. Það er algjört lágmark í þessu máli, herra forseti, að sú leið sé farin. En í rauninni virðist ósköp lítið hafa verið að því hugað enn þá í umfjöllun um málið, það hefur ekki verið leitað fyrirframálits samkeppnisráðs eins og ég áður sagði eða annað í þeim dúr.

Herra forseti. Ég vil fara fram á að þetta verði skoðað og vildi gjarnan heyra viðbrögð hæstv. samgrh. við því.

Mér finnst mikill skaði, herra forseti, ef hæstv. samgrh. kemur alls ekki hér til umræðunnar því ég hefði gjarnan viljað leggja fyrir hann spurningar en get svo sem gert það í seinni ræðu. Ég hefði viljað heyra um almenn viðhorf hæstv. samgrh. í þessum efnum og eiginlega fá það staðfest hvort það er virkilega svo að hæstv. samgrh. sé það uppburðarlítill í þessum efnum að hann ætli bara að láta þetta alveg þegjandi og hljóðalaust yfir sig ganga, að hann komi hvergi við sögu í þessu máli, sem mér finnst með hreinum ólíkindum úr því verið er að breyta þessu á annað borð.

Ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra, ég held ég þurfi ekkert að rifja þær upp. Hæstv. ráðherra hefur hlýtt á mál mitt og ég þakka fyrir það og læt máli mínu lokið.

[12:39]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem er á þskj. 1263 og undirritað af þeirri sem hér stendur ásamt hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, en þar segir, með leyfi forseta:

Ljóst er að skuldastaða Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar getur breyst verulega frá því sem áætlað er vegna umfangsmikilla byggingaframkvæmda og endurbóta sem standa yfir og fyrirhugaðar eru á næstu árum. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði hátt á fjórða milljarð króna og er þá aðeins um að ræða fyrsta áfanga framkvæmdanna. Svipaður kostnaður er áætlaður vegna framkvæmda næstu ára. Stofnframkvæmdir við flugstöðina árið 1987 fóru langt fram úr kostnaðaráætlunum og nam umframkostnaður a.m.k. 1 milljarði kr. Hlutafélag það sem frumvarpið gerir ráð fyrir að stofnað verði um rekstur flugstöðvarinnar á að taka við öllum skuldbindingum vegna hennar, fyrirliggjandi skuldbindingum, hátt í 5 milljarða kr., og þeim sem gerðar verða við yfirstandandi og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Annar minni hluti telur eðlilegt að ákvarðanir um rekstrarform Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar verði látnar bíða þess að endanlegur kostnaður við fyrsta áfanga framkvæmdanna liggi fyrir. Nauðsynlegt er að ljóst sé strax í upphafi hver fjárhagsleg umgjörð hugsanlegs hlutafélags verði og um leið möguleikar þess til að standa skil á áhvílandi skuldbindingum. Of margt er óljóst í þeim efnum og einnig hvað varðar stöðu starfsfólks eftir áformaða hlutafélagavæðingu flugstöðvarinnar.

Í ljósi þessa munu fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Virðulegi forseti. Frv. kom seint fram á þessu þingi eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi og við teljum að athuga þurfi ýmsa þætti betur hvað varðar þær forsendur sem liggja til grundvallar þessari breytingu. Auk þess sem nefnt er í nál. frá 2. minni hluta hvað varðar kostnað vegna byggingaframkvæmda og endurbóta sem nú standa yfir og alls ekki sér fyrir endann á hver heildarkostnaðurinn verður, því hér er aðeins um að ræða 1. áfanga framkvæmdanna en síðari áfangar sem fara á í á næstu árum munu einnig hafa í för með sér verulegan kostnað, sem e.t.v. má gera traustari áætlanir um þegar fyrir liggur endanlegur kostnaður vegna 1. áfanga, þá er ljóst að verulegur kostnaður fellur einnig til vegna aðildar okkar að Schengen-samstarfinu og gert er ráð fyrir að sá kostnaður greiðist úr ríkissjóði þó þess sé ekki getið í frv. sjálfu, en það kemur hins vegar skýrt fram í þeim umsögnum sem okkur bárust og þeirri umfjöllun sem var um þetta frv. í hv. utanrmn.

En í umsögn Flugleiða vitna þeir til bréfs sem utanrrh. sendi Flugleiðum 9. maí 1996 þar sem staðfest var að ríkissjóður mundi greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað er leiddi af Schengen-samstarfinu og engar fyrirætlanir væru um að leggja á viðbótargjald vegna Schengen-samkomulagsins. Ljóst er að af hálfu Flugleiða er lögð afar þung áhersla á að staðið verði að fullu og til framtíðar við þessa yfirlýsingu óháð því hvaða rekstrarform verði valið fyrir Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Þess er einnig getið sérstaklega í þessari umsögn þar sem eru athugasemdir við 13. og 14. gr. frv., að þar sé ekki minnst á þær skuldbindingar sem fylgja ákvörðun um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu, þar sem eðlilegt hefði verið að þær kæmu fram.

Við þingmenn Samfylkingarinnar teljum eðlilegri og betri vinnubrögð að bíða þess að heildarkostnaður liggi ljós fyrir eins og áður sagði þegar ákvörðun er tekin um að breyta rekstrarformi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Í skýrslum sem lágu fyrir utanrmn. kom fram að breytingar á rekstrarformi starfsemi eins og þeirrar sem hér um ræðir, hafa verið gerðar í löndum í kringum okkur og í flestum tilvikum er um hlutafélög að ræða. Það má vel til sanns vegar færa að til bóta sé að breyta rekstrarforminu og það ber að skoða. En þá þarf að vanda undirbúninginn og ganga að fullu frá þeim breytingum sem gera þarf, a.m.k. að ljúka 1. áfanga þeirra framkvæmda sem þarf að fara í til þess að geta betur en ella gert sér grein fyrir þeim kostnaði sem framkvæmdirnar hafa í för með sér og hvernig áætlað er að mæta þeim kostnaði á næstu árum, því hlutafélagi ef af yrði.

Þá hefur þessi fyrirhugaða breyting ekki verið skoðuð nægjanlega vel með tilliti til samkeppnissjónarmiða eða þeirra ákvæða núgildandi samkeppnislaga eða ákvæða frv. til samkeppnislaga sem áætlað er að afgreiða hér á næsta

sólarhring. Það segir sig sjálft að þegar eitt félag á húsnæði, sér um rekstur þess, og á að hluta verslunarreksturinn, þess verðmætasta eins og kemur fram í þeim umsögnum sem *nefndinni bárust, ásamt því að leigja út hluta húsnæðisins* til annarra sem stunda verslunarrekstur, þá getur slíkt fyrirkomulag brotið í bága við ákvæði samkeppnislaga. Það kemur mjög skýrt fram í umsögn sem Íslenskur markaður sendi hv. utanrmn. einmitt um samkeppni eftir stofnun hlutafélags þar sem fjallað er um það í nokkrum köflum í umsögn þeirra. Í fyrsta lagi við stofnun félagsins sem menn gera ekki athugasemdir við. Íslenskur markaður segir um stofnun félagsins sjálfs, með leyfi forseta:

„Við gerum engar sérstakar athugasemdir við að stofnað skuli hlutafélag um rekstur flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, enda höfðu forsvarsmenn Íslensks markaðar hf. frumkvæði að umræðu fyrir nokkrum árum um að slíkt ætti að gera. *Það sem hins vegar gengur ekki upp frá okkar* bæjardyrum séð, er að fyrirhugað hlutafélag skuli einnig ná til Fríhafnarinnar. Fyrir því eru nokkrar ástæður og þessar eru helstar:

Þegar efnt var til útboðs á verslunarrekstri í flugstöðinni fyrir tveimur árum síðan var allur slíkur rekstur nema Fríhafnarinnar boðinn út. Þetta þótti á þeim tíma einkennileg ákvörðun og ákveðin mismunun á rekstri þeirra tveggja verslana sem reknar höfðu verið í flugstöðinni um áratuga skeið. Önnur var sett í útboð en hin ekki.

Það sem fylgdi í kjölfarið var að ákveðin samkeppni var leyfð í húsinu, en það hafði ekki viðgengist áður. Íslenskur markaður hf. hóf t.d. sölu á vöruflokkum sem Fríhöfnin hélt áfram að selja. *Þessi samkeppni hefur síðan reynst mjög* ójöfn þar sem fyrirtækin greiða ekki leigu eftir sömu reglum, og hafa búið við gjörólík rekstrarskilyrði að öðru leyti þar sem Fríhöfnin er B-hluta ríkisfyrirtæki en Íslenskur markaður hf. er hlutafélag og greiðir skatta og skyldur eins og önnur slík. Þá var búið þannig um hnútana að Fríhöfnin hélt einkasöluleyfi á 75% af allri sölu í flugstöðinni, þar með talinni sölu á þremur verðmætustu vöruflokkunum sem eru áfengi, tóbak og snyrtivörur. Enda kom síðar í ljós að breytingin hafði sáralítil áhrif á sölu Fríhafnarinnar."

Síðan er rakið í umsögn þeirra hver leigukjör Fríhafnarinnar eru og talið að Fríhöfnin greiði óeðlilega lága leigu. Einnig er bent á að þær verslanir sem selja „verðmætustu vöruflokkana" í erlendum flugstöðvum greiði mun hærri leigu en aðrir. Í því sambandi er talað um 25–50% hærri leigu. Ef svo væri í Flugstöð Leifs Eiríkssonar ætti Fríhöfnin að greiða á bilinu 500–600 millj. kr. í leigu á ári, ef tekið væri mið af því að Fríhöfnin hefur þessa verðmætu söluvöru sem um getur í þessari umsögn og reyndar er minnst á í öðrum umsögnum.

Síðan er kafli sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór ítarlega yfir, þ.e. um samkeppnina eftir stofnun hlutafélags og um að þarna væri um mjög ójafnan leik að ræða.

Við teljum mikla þörf á að skoða betur frv. sem hér er til umfjöllunar með tilliti til gildandi ákvæða í samkeppnislögum og einnig þeirra breytinga sem áformað er að gera á þeim. Þess vegna hefði verið eðlilegt að láta frv. *liggja* og skoða það betur fram á haust, en til þess er ekki vilji, eða virðist ekki vera, innan utanrmn. Einnig komu athugasemdir frá ákveðnum aðilum sem láta sig þessi mál miklu varða og snerta þá beint en ekki hafði verið beðið um umsagnir frá. Þeir urðu að sækja eftir því sérstaklega að fá að veita umsagnir um frv. Það er dálítið mikill hraði á þessu máli miðað við að enn eru mörg vafaatriði sem þarf að okkar mati að ræða miklu betur.

Við breytingar á rekstrarformi stofnana eða fyrirtækja *sem hafa verið í höndum hins opinbera, hvort sem um er að* ræða ríki eða sveitarfélög, þarf að vanda sig sérstaklega þegar kemur að réttindum þeirra starfsmanna sem hjá viðkomandi stofnunum eða fyrirtækjum starfa. Það þarf að tryggja að á engan hátt sé gengið á áunninn rétt eða starfsaðstæður starfsmanna. Samráð við starfsmenn vegna breytinganna er þess vegna nauðsynlegt og afar mikilvægur liður sem alls ekki má verða út undan í undirbúningi breytingar á rekstrarformi. Við þingmenn Samfylkingarinnar teljum að þar hafi ekki verið staðið nægjanlega vel að verki í undirbúningi málsins. Við teljum að það hafi valdið ákveðnu óöryggi meðal starfsmanna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og höfum orðið áþreifanlega vör við það á þeim fundum sem við höfum átt þar. *Samstarf á undirbúningstímanum er nauðsynlegt* en starfsmenn þurfa einnig að fá hlutdeild í stjórn þessa fyrirtækis. Þó að hægt sé að taka undir þau sjónarmið sem koma fram í áliti hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, um nauðsyn þess að samgrh. skipi fulltrúa í stjórnina og jafnvel að hann fari með stjórn þessa fyrirtækis, þá teljum við mun mikilvægara að núverandi starfsmenn fái fulltrúa í stjórninni og þannig eigi það að vera í hverju því fyrirtæki sem hið opinbera rekur. Hvort sem um er að ræða hlutafélög eða önnur rekstrarform teljum við sjálfsagt og eðlilegt að starfsmenn komi að stjórn fyrirtækja. Það er auðvitað mjög mikilvægt á tímum breytinga á starfsemi flugstöðvarinnar og þess vegna höfum við lagt fram á sérstöku þingskjali brtt. þess efnis, *þ.e. um aðild starfsmanna að stjórn þessa fyrirtækis.*

Það kom einnig fram í umsögn sem stjórn Flugleiða sendi inn til utanrmn. að fleiri gera tilkall til þess að fá aðild að þessari stjórn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt þarf að taka tillit til þess að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem þjónar svo til öllum flugfarþegum sem koma til eða fara frá Íslandi, er í eðli sínu stofnun með algjöra einokunaraðstöðu. Því er eðlilegt að gerð verði krafa um að í stjórn hennar sitji einn eða fleiri fulltrúar sem þar geti gætt hagsmuna flugrekenda, flugfarþega og annarra viðskiptavina flugstöðvarinnar."

Vera má að fulltrúi samgrn. gæti í þessu tilviki gætt sjónarmiða þeirra hópa sem hér um ræðir. Þannig er hægt að *taka undir þau sjónarmið sem komu fram áðan hjá hv. þm.* Steingrími J. Sigfússyni.

Í annarri umsögn sem mér finnst sjálfsagt að geta um hér, þar sem fram kemur stuðningur við það að starfsmenn eigi fulltrúa í stjórn, í umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, segir um þetta mál í heild sinni, með leyfi forseta:

„Vandséð er að hlutafélagavæðing Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar geti orðið til hagsbóta fyrir íslenska skattgreiðendur eða notendur stöðvarinnar.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar og öll sú starfsemi sem þar hefur verið rekin hefur gefið ríkissjóði drjúgan arð og gæti komið til með að gera það um langan tíma. Þar ber ekki síst að nefna sölu á áfengi sem BSRB telur að eigi að vera *á vegum ÁTVR eða samkvæmt sama fyrirkomulagi og nú* tíðkast í flughöfninni á Keflavíkurflugvelli og er á vegum opinberra aðila. Auðséð er að einkavæðing flughafnarinnar mun skerða tekjur ríkissjóðs þegar fram líða stundir.

Ljóst er að fyrirhugað hlutafélag á Keflavíkurflugvelli verður einokunarfyrirtæki. Einokun fyrirtækis á markaði er að því leyti frábrugðið ríkiseinokunarfyrirtæki að fyrirtækið

er ekki háð forsjá almannavaldsins og því er með þessari ráðstöfun verið að þrengja að lýðræðinu í landinu.

Geri Alþingi alvöru úr því að gera flugstöðina að hlutafélagi og selji það síðan, en þegar á þessari stundu er það ekki útilokað af hálfu ríkisstjórnarinnar, þá er grundvallaratriði að áður verði tryggilega gengið frá réttindamálum starfsmanna í samningum við SFR, stéttarfélag þeirra. Því miður hefur ekki tekist sem skyldi í þeim efnum í stofnunum sem gerðar hafa verið að hlutafélögum.

BSRB leggst gegn frumvarpinu."

Undir umsögnina ritar Svanhildur Halldórsdóttir fyrir hönd BSRB.

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig ætti að vera útlátalítið fyrir hæstv. ríkisstjórn og þingmeirihlutann að samþykkja þá brtt. sem við hv. þm. Samfylkingarinnar, Jóhann Ársælsson og sú sem hér stendur, höfum lagt fram, um að starfsmenn skuli eiga einn fulltrúa í henni. Þetta er tillaga um að við lokamálslið 12. gr. bætist: „og skulu starfsmenn eiga einn fulltrúa í henni", þ.e. stjórn fyrirtækisins.

Þetta teljum við skipta höfuðmáli ef af því verður að þetta frv. verði samþykkt og afgreitt hér, sem okkur sýnist allt stefna í. Ég tek sannarlega undir þau sjónarmið sem hér komu fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, frsm. álits 1. minni hluta utanrmn., að það hefði verið eðlilegra að vinna málið betur, taka það fyrir á haustþingi og gefa því betri tíma. Fyrir því virðist ekki vera vilji en við vonumst til þess að þingmenn samþykki þessa litlu brtt. sem skiptir svo miklu þó hún sé ekki stór í sniðum. Samstarf við starfsfólk er nauðsynlegt og það er örugglega framtíð þessa fyrirtækis til góðs að hafa starfsmenn með í ráðum hvað sem öllum breytingum á rekstrarformi líður.

[12:55]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það sem hv. þm. ræddi um í sambandi við fulltrúa starfsmanna í stjórn fyrirtækisins, þá láðist mér að koma inn á það atriði. Ég gleymdi því. Ég ætlaði að minnast á það og ástæða þess að ég tók það ekki sérstaklega upp var sú að þessi brtt. var fram komin og ég styð hana að sjálfsögðu. Ég ætlaði ósköp einfaldlega að lýsa mig sammála því að mjög æskilegt væri að starfsmenn ættu þarna aðild. Ég fagna því að þessi brtt. var flutt og er fram komin. Af þeim ástæðum sá ég ekki ástæðu til að fara sérstaklega inn á það mál. Ég ætlaði mér að geta þess í framsögu minni, en gleymdi því.

[12:56]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé ekki alveg rétt hjá hv. þm., hann nefndi hvort tveggja hér, við skulum halda því til haga, að nauðsyn væri á að fulltrúi samgrn. kæmi að þessu en einnig væri nauðsynlegt að starfsmenn ættu sæti í stjórn og um það erum við sammála.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 619. mál, brtt. GAK og KPál, þskj. 1390.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, 618. mál, brtt. GAK og KPál, þskj. 1393.

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, 189. mál, brtt. GAK og KPál, þskj. 1391; brtt. ÁJ, þskj. 1392; brtt. GAK og KPál, þskj. 1394.

Mat á umhverfisáhrifum, 386. mál, brtt. ÓÖH, þskj. 1396.

Öflun markaða erlendis fyrir lambakjöt, 611. mál, svar fjmrh., þskj. 1179.

Afbrigði um dagskrármál.

[13:34]

Sighvatur Björgvinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þeirrar afgreiðslu sem á að fara fram, ekki til að fjalla um efnisatriði málsins, þó svo að ljóst sé að verði þetta frv. að lögum muni það líklega hafa þær afleiðingar að laun allra æðstu embættismanna ríkisins munu hækka, heldur út af málsmeðferðinni, herra forseti.

Ég tel að það sé ekki svona sem kjörin löggjafarsamkunda eigi að eiga samskipti við embætti þjóðkjörins þjóðhöfðingja. Það er ekkert við það að athuga að löggjafarsamkundan sé þeirrar skoðunar að það beri að breyta starfsumhverfi forseta Íslands sem hefur staðið óbreytt frá því að til þessa embættis var stofnað, það er ekkert óeðlilegt við það. En sé það niðurstaða þingsins og þingmeirihlutans, sem vel má vera að sé, þá eiga menn að ganga eðlilega til verks. Málið er á forræði hæstv. forsrh. Að sjálfsögðu ber honum skylda til að hafa einhverja forgöngu í málinu eða a.m.k. að leitað sé samráðs við hann. Þegar slíkt mál er flutt ber að gera það á eðlilegum starfstíma Alþingis, gera forseta Íslands grein fyrir því hvaða breyting er fyrirhuguð og afgreiða málið eðlilega. Hér er slíkt ekki gert, herra forseti.

Hér er rokið upp til handa og fóta næstsíðasta áætlaðan starfsdag þingsins og málið flutt án þess að ég viti til að um það hafi verið haft samráð við forsrn. ellegar forsrh. Vilji þess liggur a.m.k. ekki fyrir í málinu. Og síðan á að afgreiða málið með afbrigðum á Alþingi nánast án skoðunar og forseti Íslands les um það í blöðunum.

Herra forseti. Ég geri mjög alvarlegar athugasemdir við málsmeðferðina. Svona á löggjafarstofnun ekki að hegða sér gagnvart embætti þjóðkjörins þjóðhöfðingja. Þetta er lítilsvirðing á þessari stofnun, virðulegi forseti. Ég mun hins vegar ekki standa í vegi fyrir því að þetta mál komist á dagskrá en þetta geri ég alvarlegar athugasemdir við og finnst ekki sæmandi fyrir löggjafarstofnun þjóðarinnar.

[13:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þingflokkur Framsfl. hefur fallist á að veita afbrigði frá sex mánaða frestinum enda fái þingmálið að öðru leyti eðlilega þinglega meðferð, þar með talda umfjöllun í þingnefnd.

[13:37]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég að fram komi að það er ekki á forræði Alþingis að taka ákvörðun um launakjör embættismanna ríkisins. Það er á forræði Kjaradóms og kjaranefndar. Ég hef hins vegar oft talað fyrir því að það forræði væri á vegum eða innan stéttarfélaga og á vegum Alþingis eftir atvikum.

En hinu vil ég vara við, þ.e. þeirri nauðhyggju sem hefur oft komið fram í þessum efnum þar sem því er haldið fram að ef einn embættismaður er hreyfður, þá hljóti öll strollan að fylgja á eftir. Ég mótmæli þessum skilningi og þessum viðhorfum en endurtek að engin ákvörðun hefur verið tekin um það að færa nokkurn mann til í launakjörum enda er það á forræði annarra aðila en Alþingis.

[13:39]

Sigríður A. Þórðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er um mjög einfalt frv. að ræða sem fjallar um grundvallaratriði. Það er alveg ljóst að það er mjög ríkur vilji í samfélaginu til að þessum lögum verði breytt. Þar að auki fjölluðu allir forsetaframbjóðendur sem voru í kjöri fyrir forsetakosningar síðast þannig um þetta mál að þeir vildu að skattfrelsi forseta Íslands yrði afnumið.

Málið hefur ekki borið óeðlilega að og þetta fjallar fyrst og femst um hvort vilji er til að afgreiða þetta mál eða ekki. Þetta er ekki flóknara en það. Ég vísa því á bug að á einhvern hátt sé verið að vega að forseta Íslands. Hann hefur sjálfur sagt að það beri að afnema þessi ákvæði.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar á Alþingi svo lengi sem ég hef setið hér sem er að verða aldarfjórðungur og hefur aldrei hlotið afgreiðslu þannig að ekkert er nýtt undir sólinni í sambandi við þetta mál. Það ætti í sjálfu sér ekki að koma neinum á óvart. Enda ekkert óeðlilegt við það að mínu mati þó það komi til umfjöllunar hér á Alþingi. Ég er samþykkur því að það gerist. Auðvitað er það í höndum Alþingis hvort það verður afgreitt á þessu þingi.

Ég kom hingað upp fyrst og fremst til að taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Við erum ekki alltaf sammála en ég er honum innilega sammála um að kjör forseta Íslands sem eiga að sjálfsögðu að vera góð eru í höndum Kjaradóms. Þau eru algerlega óháð úrskurðum um kjör annarra. Ef þessi breyting verður gerð verður Kjaradómur að fjalla um kjör forseta Íslands að nýju. Það er eðlilegt enda hefðu þá forsendur breyst. En að það leiði til þess sérstaklega að farið verði að fjalla af því tilefni um kjaramál ráðherra og alþingismanna er að mínu mati algerlega út í hött. Að sjálfsögðu er mikilvægt hvernig svo sem þetta mál fer á Alþingi að ljóst sé af hálfu Alþingis að það er ekki það sem Alþingi ætlast til. Við erum ekki á neinn hátt að fjalla um kjör annarra en kjör forseta Íslands og það er ekki Alþingis að ákveða þau. Ef þetta verður samþykkt þá er það Kjaradóms að gera það á nýjum forsendum.

[13:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé afar sérstakur forgangur sem hér á að fara að ákveða ef á að veita afbrigði fyrir því að taka þetta þingmannamál á dagskrá, ekki síst í ljósi þess að mörg mikilvæg þingmannamál sem snerta kjör og aðbúnað fólks í landinu og fjölskyldna hefur verið vísað frá á þeirri forsendu að ekki sé tími til þess að ræða þau. Meira að segja mál sem voru lögð fram á fyrstu dögum þingsins í októbermánuði. Þess vegna er þetta afar sérstakur forgangur.

Herra forseti. Ef þessi afbrigði verða veitt hlýt ég sem nefndarmaður í efh.- og viðskn. að treysta því að þetta mál fái eðlilega þinglega meðferð og umfjöllun í nefnd og fari til þeirra aðila til umsagnar sem nauðsynlegt er. Ég held að full ástæða sé til þess að óttast, jafnvel þó að hæstv. utanrrh. hafi önnur orð um það, að það að breyta skattlagningu á kjörum forseta geti leitt til verulegrar hækkunar á launum forsetans, kannski 500–800 þús. Ég held að ástæða sé til þess að óttast að laun annarra toppa í kerfinu, bæði ráðherra og annarra, geti fylgt á eftir. Það þarf því að gefast tími á þinginu, herra forseti, til þess að kanna verulega hvaða áhrif lagasetningin hefur ef hún gengur fram eins og sumir ætla hér.

(**Forseti** (HBl)**:** Fuglasöngur er nú fallegur þykir mér, sérstaklega á vorin. En þessi hljóð sem hér berast úr salnum líkjast honum ekki að einu eða neinu leyti og ég áminni þingmenn um að vera ekki með GSM-síma opna inni í þingsal.)

[13:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég lít á það að setja þetta þingmál á dagskrá og óska eftir afbrigðum til þess sem vilja forseta og þingsins til að ræða kjaramál. Hér fyrir þinginu liggja 90 þingmál sem ekki hafa fengist rædd og þar af er eitt sem varðar mjög kjör aldraðra og öryrkja. Það er þingmál sem kom nógu snemma fram og fékkst ekki rætt. Ég lít því svo á að ef vilji er í þinginu til þess að ræða kjaramál einhverra ættum við einnig að taka á dagskrá mál eins og þingmál mitt og þingmanna Samfylkingarinnar um breytingu á almannatryggingum sem felst í afnámi tekjutengingar við tekjur maka. Það er þingmál 572 og tel ég mjög mikilvægt að málefni og kjör þessa hóps verði rædd hér og ég er sannfærð um að það er vilji fyrir því úti í samfélaginu að kjör þessa fólks verði bætt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

17. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 42:3 atkv. að taka það til meðferðar og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JB, JónK, JBjart, KolH, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: GÖ, LB, SvanJ.

4 þm. (BH, EMS, GE, KLM) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BBj, DO, GHH, GÁS, GÁ, HjÁ, JÁ, KF, LMR, MF, SJóh, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:46]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í hjarta mínu er ég sammála því að taka eigi þessi mál um skattlagningu fyrir og allir eigi að sitja við sama borð varðandi það.

En þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð tel ég að jaðri við sóðaskap vegna þess að búið er að setja mál einstakra þingmanna og þingmannahópa til hliðar sem varða kjör þjóðarinnar sem nema milljörðum. Þau mál eru tekin af dagskrá en þetta mál tekið, einstakt hugðarmál einhverra ákveðinna þingmanna. En í trausti þess að þetta mál fái eðlileg þinglega meðferð, fari til umfjöllunar í efh.- og viðskn. treysti ég mér ekki til að segja nei við málinu heldur sit ég hjá.

En ég ítreka, herra forseti, að ég lít þannig á að þessi vinnubrögð jaðri við sóðaskap.

[13:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í trausti þess að forseti þingsins sjái til þess að hér gefist eðlilegt svigrúm til að fjalla um þetta mál í

þingsölum og ekki síst í þeirri þingnefnd sem fær málið til umfjöllunar, efh.- og viðskn. þá mun ég segja já við því að veita þessi afbrigði, en það er alveg ljóst að ýmsir þurfa að veita umsögn um málið, m.a. forsrn. sem fer með fjárframlög til embættis forseta Íslands og þarf m.a. að tjá sig um þetta mál. Ég mun segja já við þessu í trausti þess að eðlilegt svigrúm gefist til þess í nefndinni að fjalla ítarlega um málið og senda það til þeirra umsagnaraðila sem nauðsyn krefur.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég veit ekki hvort verið er að reyna að ná sambandi við hv. þm., en svo virðist vera sem GSM-símar taki einkum til máls þegar hv. þm. er í ræðustólnum.)

[13:48]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki algengt að menn greiði atkvæði gegn því að mál komist á dagskrá með afbrigðum en ég held að í þessu tilviki verði ekki hjá því komist, a.m.k. hvað mig varðar.

Hér er verið að fjalla um samskipti löggjafarvaldsins og forsetans og verið er að taka löggjöf hans á dagskrá með þeim hætti að lítill sómi er að og ég held að sé nánast skömm fyrir þingið. Þetta er ástand sem hefur ríkt í 56 ár en nú er verið að taka þetta á dagskrá rétt áður en þingi er slitið og á jafnvel að keyra þetta í gegn. Þetta er, virðulegur forseti, eins og lélegur brandari í samkvæmi sem er að ljúka — það þurfti að segja einn lítinn brandara áður en þingi væri slitið.

Virðulegi forseti. Það er mikill ósómi að þessu.

[13:49]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég hef ákveðnar skoðanir á því hvernig umhverfi við eigum að skapa forsetaembættinu hvað varðar skattlagningu á laun. Þau viðhorf hafa komið fram. En lögum sem varða forsetaembættið á að breyta yfirvegað, herra forseti, og með góðri samstöðu alls þingheims. Þá ætti málið líka að vera í þeim búningi að það flyttu formenn flokka eða þingflokka svo að ljóst væri að um einhug væri að ræða. Ný lagaákvæði gætu tekið gildi við næstu forsetaskipti ef þannig væri farið í málið. Mál sem varða embætti forseta Íslands á ekki að afgreiða í ágreiningi, ekki lítt skoðuð og illa grunduð, herra forseti. Til þess ber einfaldlega enga brýna nauðsyn.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1390–1394 og 1396. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 405. mál. — Þskj. 1008, brtt. 983 og 1371, till. til rökst. dagskrár 1387.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1387 felld með 30:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.

13 þm. (BBj, DO, GHH, GÁS, HjÁ, JÁ, KF, LMR, MF, SJóh, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög skynsamleg tillaga sem flutt er af hv. þm. Sverri Hermannssyni að vísa þessu máli til föðurhúsanna. Satt best að segja er flest búið að vera með næsta ævintýralegum brag í kringum þetta mál þannig að við þingmenn Vinstri hreyfingar – græns framboðs getum vel stutt það að þar væri málið best komið.

Að öðru leyti ætluðum við ekki að blanda okkur í afgreiðslu málsins og munum sitja hjá við meginefni frv. en styðjum þessa brtt. um að taka málið af dagskrá.

Brtt. 983 felld með 29:20 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GHall, GÖ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VE, ÞKG.

14 þm. (BBj, DO, GHH, GÁS, HjÁ, JÁ, JóhS, KF, LMR, MF, SJóh, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þessi brtt. er í anda greinargerðar fyrrum ríkisstjórnar sem setti það að meginmarkmiði í lögum 1986 þegar samningur var gerður milli Bandaríkjanna og Íslands að megintilgangur þessara laga væri sá að efla íslenskan kaupskipaflota. Ég er aðeins að skerpa á því, virðulegi forseti, og vænti þess að þingheimur taki undir til þess að efla íslenskan kaupskipaflota, ekki veitir okkur af.

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Eins og fram kom studdum við tillögu hv. þm. Sverris Hermannssonar um að vísa málinu í heild sinni til ríkisstjórnarinnar en sitjum að öðru leyti hjá við frv. með einni undantekningu og það er brtt. hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar.

Við teljum að róa beri að því öllum árum að sporna gegn þeirri óheillastefnu íslenskra skipafélaga að virða ekki íslenska kjarasamninga, jafnvel ekki lágmarkssamninga Alþjóðaflutningaverkamannasambandsins með því að koma íslenskum skipum undir erlenda fána og ráða erlendar áhafnir á samningum sem ekki eru boðlegir. Tillaga hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar stuðlar að því að okkar dómi að tryggja og treysta réttarstöðu íslenskra sjómanna. Við styðjum því tillöguna.

[13:56]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni styðjum þá stefnu að íslensk kaupskip skuli vera mönnuð íslenskum áhöfnum, ekki síst þau kaupskip sem stunda reglulegar áætlunarsiglingar. Hér er um að ræða að setja sambærileg ákvæði í lög gagnvart íslenskum kaupskipum sem stunda flutninga

fyrir varnarliðið yfir Atlantshafið eins og eru í bandarískum ákvæðum um bandarísk skip sem flytja sama varning að sínum hluta til. Það er eðlilegt að sambærileg ákvæði séu í gildi í báðum tilvikum og því styðjum við þessa tillögu.

Brtt. 1371,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, GHH, GÁS, HjÁ, JÁ, KF, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1371,2 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, EOK, EMS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KHG, KLM, KPál, LB, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvH, VE, ÞKG, ÖS.
6 þm. (ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, GHH, GÁS, HjÁ, JÁ, KF, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[13:58]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hér er um sambærilega tillögu að ræða og hafnað var í utanrmn. af meiri hluta nefndarinnar og flutt var síðan hér inn á Alþingi við 2. umr. málsins af fulltrúum Samfylkingarinnar í utanrmn. og var þar felld með atkvæðum stjórnarliða. Nú ber hæstv. utanrrh. sjálfur fram sambærilega tillögu og hann hafði áður fellt. Við munum að sjálfsögðu greiða atkvæði með henni eins og við gerðum við 2. umr. Að öðru leyti munum við láta afgreiðslu þessa máls afskiptalausa því að hér er um að ræða hagsmuni sem eru miklu minni frá sjónarmiði Íslendinga en þeir hagsmunir sem kunna að vera í húfi miðað við þann afgreiðslumáta sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið á þessu máli.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, KPál, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, VE, ÞKG.
20 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, GHH, GÁS, HjÁ, JÁ, KF, LMR, MF, ÓÖH, SJóh, SP, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1397).

Lífsýnasöfn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 534. mál. — Þskj. 835, nál. 1308, brtt. 1309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]
Brtt. 1309,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1309,2–5 samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1309,6 samþ. með 45 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1309,7–12 samþ. með 46 shlj. atkv.
9.–17. gr. (verða 9.–16. gr.), svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv.
18. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1309,13 samþ. með 45 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Lyfjalög og almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 401. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 659, nál. 1304, brtt. 1305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Brtt. 1305,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1305,2–7 samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–22. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
24.–27. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1305,8–10 samþ. með 48 shlj. atkv.
28.–33. gr., svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Sjúklingatrygging, frh. 2. umr.

Stjfrv., 535. mál. — Þskj. 836, nál. 1306, brtt. 1307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1307,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1307,2–9 samþ. með 46 shlj. atkv.
5.–23. gr. (verða 5.–24. gr.), svo breyttar, samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 502. mál. — Þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275.

[14:07]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í morgun var þetta frv. tekið til 2. umr. eða er það 3. umr. sem er hafin um málið — svo mun sennilega vera — um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar. (Gripið fram í.) Nei, 2. umr. mun það vera. Ég mun víkja að nokkrum lagagreinum og hefja mál mitt þegar fundahöldum lýkur í salnum að öðru leyti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bil biðja hv. þm. að sýna þeim þingmanni virðingu sem er í ræðustól.)

Og því málefni sem hér er til umfjöllunar, því að ég ætla að byrja á því að víkja að réttarstöðu þeirra starfsmanna sem eru hjá þessu fyrirtæki, Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Í 11. gr. frv. er vikið að réttarstöðu starfsmanna og skírskotað til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, að farið verði eftir þessum lögum í hvívetna við aðilaskiptin.

Nú vitum við að misjafnlega hefur tekist til þegar stofnanir í eigu ríkisins hafa verið gerðar að hlutafélögum. — Herra forseti. Ég mun ekki sætta mig við að flytja ræðu á meðan fundahöld eru í salnum og mér finnst eðlilegt að menn fari úr þingsalnum ef þeir þurfa að taka þátt í samræðum að öðru leyti. Hér fer fram þingfundur og hér er verið að flytja þingræðu um mikilvægt mál og menn geta sýnt því virðingu. Við erum að tala um réttarstöðu starfsfólks í fyrirtæki sem á að gera að hlutafélagi og einkavæða að öllum líkindum enda hefur það komið fram í máli hæstv. utanrrh. að það standi hugsanlega til. Engar ákvarðanir hafi verið teknar um það en slíkt sé ekki útilokað og við vitum og þekkjum af reynslunni að þetta er fyrsta skrefið í þá átt. Mér finnst skipta máli hvernig fer um réttarstöðu starfsmanna þessarar stofnunar. Það hefur tekist misjafnlega til í því efni að tryggja réttarstöðu starfsfólks og mér finnst mjög mikilvægt að við fáum yfirlýsingar frá hæstv. utanrrh. í því efni. Mér finnst þær yfirlýsingar ekki skipta minna máli en þau lög sem er skírskotað til í 11. gr. frv.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um hvernig þau mál standa og það hef ég gert hjá forsvarsmönnum stéttarfélags starfsmanna, SFR, Starfsmannafélags ríkisstarfsmanna, og mér er tjáð þar á bæ að viðræður séu hafnar og yfirlýsingar hæstv. utanrrh. lofi góðu í þeim efnum. Í trausti þess að þetta gangi eftir læt ég umræðu um þennan þátt málsins lokið af minni hálfu en legg mikið upp úr því sem ég hef heyrt af hálfu forsvarsmanna SFR. Mér finnst það hið besta mál ef samningar nást þannig að forsvarsmenn SFR telji að starfsfólk geti vel við unað. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli og vil að komi fram.

Hvað hlutafélagavæðinguna snertir að öðru leyti þá er ég henni mjög andvígur og það hefur áður komið fram við umræðuna. Ég hef gert rækilega grein fyrir sjónarmiðum mínum í því efni og ætla ekki að endurtaka röksemdirnar nema að mjög litlu leyti við þessa umræðu.

Í fyrsta lagi tel ég að flugstöðin eigi að vera í eigu þjóðarinnar og rekin á hennar vegum en eins og fram kemur í 1. gr. frv. þá að hlutafélagavæða, þá á að einkavæða flugstöðina með manni og mús. Í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er nefnist Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt að leggja Flugstöð Leifs Eiríkssonar, þ.e. flugstöðina sjálfa ásamt öllu því sem henni fylgir, eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum, til hins nýja félags."

Síðan segir í 7. gr.: „Tilgangur félagsins er að annast rekstur, viðhald og uppbyggingu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, þ.m.t. rekstur verslana með tollfrjálsar vörur á Keflavíkurflugvelli og hvers konar aðra starfsemi sem þessu tengist."

Með öðrum orðum, það á að hlutafélagavæða og að öllum líkindum einkavæða flugstöðina með manni og mús. Það stendur til að gera. Ég velti því fyrir mér hvers vegna menn ráðast í þessa breytingu, hvaða rök eru fyrir því. Það kunna að vera fyrir því pólitísk rök og ég vil fyrst víkja að þeim. Ég tel mikilvægt að fulltrúar almannavaldsins fari með yfirstjórn þessarar stofnunar og jafnvel þótt menn vildu nýta markaðinn þar innan veggja væri hægt að gera það eftir sem áður, það væri hægt að bjóða út alla þætti starfseminnar. Það væri auðveldlega hægt að gera það án þess að gera hana að hlutafélagi eða selja hana. Engin rök eru fyrir því. Það þarf ekkert samhengi að vera þar á milli og hörðustu markaðssinnar og einkavæðingarsinnar gætu fengið sínu framgengt án þess að gera Leifsstöð að hlutafélagi eða einkavæða hana. Það væri hægt að bjóða alla þætti starfseminnar út, verslunarrekstur og þess vegna alla aðra þætti starfseminnar.

Hvers vegna finnst mér mikilvægt að fulltrúar almannavaldsins komi þarna að málum? Stundum hefur því verið hreyft að nauðsynlegt sé að losa um pólitísk tengsl við stofnanir af þessu tagi og hæstv. utanrrh. gekk nokkuð langt í málflutningi sínum á dögunum þegar hann sagði að það léti starfsmönnum utanríkisþjónustunnar ekki vel að standa í verslunarrekstri. Það ætti að vera á höndum annarra aðila. En þau verkefni eru á höndum annarra aðila. Íslenskur markaður er með starfsemi í Leifsstöð og aðrir aðilar hafa þar opnar verslanir og það eru ekki starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem fara þar með stjórn mála.

Sömu sögu er að segja um Fríhöfnina. Þar halda um stjórnvölinn aðilar sem hafa sérhæft sig í þeim verslunarrekstri. Síðan hef ég stundum bent á í þessari umræðu að þótt við losum um hin pólitísku tengsl og pólitískir fulltrúar, fulltrúar almannavaldsins komi hvergi við sögu, má það ekki gleymast að þar koma þá aðrir aðilar í staðinn og annars konar tengsl myndast í stað þeirra sem áður voru fyrir hendi. Það eru tengslin inn í fjármálaheiminn, við fjárfestana, nýja eigendur, og það verða fulltrúar þeirra sem koma til með að stjórna stöðinni og sjónarmið þeirra munu ráða för. Og hver eru þau? Það er væntanlega að ná eins miklum arði og hægt er út úr þessari starfsemi í sína eigin vasa, og hann er ekki ónýtur sá gullmoli sem Flugstöð Leifs Eiríkssonar er.

Á árinu 1998, svo dæmi sé tekið, var samanlagður hagnaður flugstöðvar og Fríhafnar 620 millj. og hafði þá aukist um 212 millj. á milli ára. Nýjustu tölur sýna að tekjur flugstöðvar geti numið 970 millj. kr., tæpum milljarði. Þetta ætla menn að setja í hendur hlutafélags og hugsanlegra fjárfesta sem kæmust yfir þessa gullgerðarvél. Menn hafa bent á á móti að menn ætli að færa skuldirnar með flugstöðinni, og þær eru drjúgar, á fimmta milljarð. Það eru drjúgar skuldir sem fylgja þarna með en þegar til lengri tíma er litið mun þessi starfsemi skila miklum arði til nýrra eigenda og ég spyr: Hvers vegna á þjóðin ekki að njóta þessara fjármuna? Hvers vegna í ósköpunum á þjóðin ekki að njóta þeirra? (**Gripið fram í:** Fær hún ekki skattana?) Fær hún ekki skattana, spyr

hv. þm. Ja, það fer eftir því hvernig á málum er haldið. Hv. þm. greiddi atkvæði með því um daginn að afnema gjöld af áfengi á Keflavíkurflugvelli upp á um 170 millj. kr. á ári í Fríhöfninni einni, sem var mjög undarleg skattbreyting á þeim tíma. Á meðan óvissa ríkir um framtíð flugstöðvarinnar samþykkti meiri hluti Alþingis að létta skattheimtu af áfengi í Fríhöfninni sem nemur a.m.k. 170 millj. kr. á ári. Þetta var harla undarleg ráðstöfun. Það er því ekkert gefið í því efni að þeir peningar komi til með að skila sér til þjóðarinnar eða inn í ríkiskassann. Þetta er ein röksemdin gegn þessari ráðstöfun.

Ég skil hins vegar mætavel þau sjónarmið að menn vilji beita markaðskröftum innan veggja flugstöðvarinnar. Mér finnst það vera sjónarmið út af fyrir sig þó að ég sé íhaldssamur í þeim efnum og vilji t.d. að Fríhöfnin sé á vegum almannavaldsins, bara af peningalegum ástæðum ekki síst. En þá endurtek ég að þetta er hæglega hægt að gera þó að flugstöðin sé í eigu þjóðarinnar. Þetta er aðalflugvöllur Íslendinga sem menn ætla að gera að hlutafélagi og hugsanlega selja. Þetta er náttúrlega aldeilis fráleitt.

Á sama hátt hef ég stundum tekið samlíkingu við lestirnar, járnbrautirnar í Bretlandi. Þær voru einkavæddar, járnbrautirnar í London t.d. Þá hefði mér fundist það vera sjónarmið að teinarnir væru í eigu ríkis eða sveitarfélaga en síðan kepptu menn ofan á teinunum, beittu samkeppninni þar. Á sama hátt væri hægt að virkja samkeppni innan veggja flugstöðvarinnar en flugstöðin sjálf væri í eigu okkar og á okkar vegum. En hvers vegna vill hæstv. utanrrh. hlutafélagavæða flugstöðina, hvernig skyldi standa á því? Skyldi staða hans verða þægilegri á einhvern hátt gagnvart Alþingi? Menn hafa verið að taka málefni flugstöðvarinnar upp á Alþingi og spyrja spurninga. Stundum hafa það verið óþægilegar spurningar sem lúta að rekstri, mannahaldi og mannaráðningum.

Eftir að þessi breyting verður gerð, ef hún nær fram að ganga sem allt bendir til, þá þarf hæstv. utanrrh. engu að svara. Hann skýlir sér á bak við hlutafélagalög og þarf engu að svara hér á Alþingi. Ég spyr: Er þetta ástæðan fyrir því að hæstv. utanrrh., Halldóri Ásgrímssyni, liggur svo á að gera Leifsstöð að hlutafélagi? Að koma sér undan því að upplýsa Alþingi um þær spurningar sem Alþingi vill fá svör við? Ég spyr. Hvað er það sem vakir fyrir hæstv. ráðherra í þessu efni?

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál mitt lengra. Ég hef áður gert grein fyrir sjónarmiðum mínum í löngu máli fyrr við umræðuna en bíð að sjálfsögðu spenntur eftir því að heyra svör hæstv. utanrrh. og ég tek undir þá beiðni sem fram kom fyrr við umræðuna frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að hæstv. samgrh. yrði hér einnig viðstaddur. Það væri fróðlegt að heyra svör hans hvernig standi á því að hann sem samgrh. tryggir ekki að það ráðuneyti ætti aðild að stjórn þessa nýja fyrirtækis, þessa nýja hlutafélags. Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að eðlilegt væri að fá svör frá hæstv. samgrh. um þetta efni áður en umræðunni lýkur.

[14:23]

Útbýting þingskjals:

Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, 189. mál, þskj. 1356.

[14:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Margt af því sem fram hefur komið í umræðunni hefur áður komið fram, eins og t.d. umræðan um hvers vegna verið er að breyta til. Jafnframt hafa málefni starfsfólks verið til umræðu og ég hef sagt það sem skoðun utanrrn. að þar sé um vinnustað að ræða sem sé í mikilli útþenslu og við þurfum á öllu því ágæta fólki sem þar starfar að halda í framtíðinni og meira til. Sú starfsemi getur aldrei tekist vel nema með góðu starfsfólki og við treystum að sjálfsögðu á að gott samstarf við það fólk verði áfram. Við í utanrrn. munum að sjálfsögðu hafa samráð um þau mál við fulltrúa starfsfólks eins og við höfum þegar gert og hér hefur komið fram. Fulltrúar þeirra hafa óskað eftir fundi með mér fyrir nokkru síðan sem því miður hefur ekki getað orðið af en vonandi getur farið fram í næstu viku.

Hér hafa hins vegar komið fram nokkrar spurningar, t.d. um hvort ég sem utanrrh. sé tilbúinn að lýsa því yfir að þessi mannvirki eða hlutabréf í þessu hlutafélagi verði ekki seld næstu 12–15 árin. Mér er ekki nokkur leið að gefa slíka yfirlýsingu því að það er í höndum Alþingis. Ég hef áður sagt að hér sé eingöngu um það að ræða að stofna hlutafélag um þennan rekstur. Ég hef hins vegar tekið skýrt fram í umræðum að ég vil á engan hátt útiloka að þar geti ekki orðið breyting á í framtíðinni en engin slík áform eru uppi um þessar mundir af okkar hálfu í utanrrn. Hvað síðan gerist í framtíðinni, ég tala nú ekki um næstu 12–15 árin, ég veit að hv. þm. Steingrímur Sigfússon skilur að það getur enginn ráðherra gefið út slíka yfirlýsingu. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. gangi út frá því sem vísu að sá sem hér stendur sitji í stól utanrrh. næstu 12–15 árin, enda veit ég að það er ekki það sem hann hefur í hyggju og engin leið fyrir ráðherra að gefa slíkar yfirlýsingar. (**SJS:** Ég spurði um afstöðu ráðherrans.) Hv. þm., afstaða utanrrh. hefur komið fram við umræðuna áður og ég ítreka hana að hér er eingöngu um það að ræða að breyta þessari starfsemi í hlutafélag og engin áform eru uppi um það á þessu stigi af okkar hálfu að gera tillögu þar um breytingar en ég hef líka tekið það skýrt fram að ég hvorki geti né vilji útiloka að til þess komi á einhverju stigi. Það er nú þannig oft og tíðum að breyttar aðstæður koma upp án þess að ég sjái það í sjálfu sér fyrir núna og ég tel óskynsamlegt að vera að útiloka hluti í því sambandi og vil ekki gera það, hvorki fyrir mína hönd né annarra þeirra sem kunna að bera ábyrgð á þessu máli í framtíðinni.

Að því er varðar svokallað Schengen-mál og yfirlýsingar utanrrn. í því sambandi þá er það rétt að í bréfi til Flugleiða sem hér hefur verið vitnað í var tekið fram að fjárfesting í þessum mannvirkjum færi fram á vegum ríkissjóðs og sú fjárfesting stendur yfir núna og eftir því sem ég best veit hefur um 60% af áætluðum fjárfestingarkostnaði þegar verið fest í samningum eftir útboð og núna á næstunni fara fram útboð vegna innréttinga þannig að ég vænti þess að allar þær framkvæmdir verði innan þeirra marka sem hafa verið sett í sambandi við kostnaðaráætlanir. Við höfum lagt á það mjög mikla áherslu að vinna að þessu máli á þann hátt að kostnaður verði sem lægstur en jafnframt að um vandað mannvirki verði að ræða.

Hvað varðar gjaldtökuna þá liggur fyrir, eins og kom fram gagnvart Flugleiðum í þessu sama bréfi, að engin áform eru um frekari gjaldtöku af þeim eða öðrum flugrekstraraðilum. Ég bendi á að þær áætlanir sem hér liggja fyrir gera ráð fyrir að þessi starfsemi standi undir sér og starfsemin geti greitt niður lán með eðlilegum hætti en á það hefur skort á undanförnum árum. En það er rétt sem fram hefur komið að flugstöðin fær meira af tekjum sem þar koma inn en áður hefur verið.

Að því er varðar stjórnsýslu á Keflavíkurflugvelli liggur fyrir að stjórnsýslan er með þeim hætti, og hefur verið frá því að varnarsamningurinn var gerður, að utanrrh. fer með málefni er varða Keflavíkurflugvöll og þannig hefur verið gengið frá því. Í því felst að bæði lögreglan og tollgæslan á Keflavíkurflugvelli heyra undir utanrrn. og önnur þau mál sem varða flugvöllinn, hvort sem það eru umhverfismál, félagsmál eða önnur mál. Ég ætla á engan hátt að fullyrða það að svo verði um alla framtíð. Þessu fyrirkomulagi fylgja bæði kostir og líka verulegir gallar og ég ætla ekki að afneita því. Kostirnir eru fyrst og fremst þeir að þá heyra öll málefni er varða Keflavíkurflugvöll, samskiptin við varnarliðið og annað á þessu svæði undir eitt ráðuneyti en gallarnir eru hins vegar þeir að málefni, ekki eingöngu málefni þessarar flugstöðvar heldur önnur málefni eins og lögreglumál og tollgæslumál heyra undir tvö ráðuneyti vegna þessarar skipunar mála. Þannig er þetta og hefur ávallt verið og ef þarna verða einhverjar breytingar á þarf að mínu mati að taka á því heildstætt en ekki að því er varðar einstaka þætti þessa máls.

Um spurningu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í sambandi við annan rekstur þá hefur farið fram veruleg starfsemi til að efla rekstur á Keflavíkurflugvelli. Til dæmis eru uppi áform um og áhugi á því að reisa byggingar í tengslum við það sem þar fer fram og mikil þörf er á því. Áreiðanlega verður það svo í framtíðinni að þarna rísi jafnvel gistiaðstaða og annað það sem tilheyrir flugvöllum sem mikil umferð er um þó að gistiaðstaða sé allgóð í Reykjanesbæ og einnig fer vonandi að verða mikil breyting í kringum Bláa lónið sem er þarna skammt frá. Allt þarf þetta því að skoðast í heild sinni.

En aðalatriðið að því er þessi mál varðar, t.d. fyrirtækið Atlanta sem hér var nefnt, er ekki síður almenn starfsskilyrði í landinu og það ágæta fyrirtæki hefur kvartað mjög undan því að bæði skattalög og ýmsar reglur standi starfsemi þeirra fyrir þrifum. Ég veit ekki betur en að nýlega hafi verið afgreiddar á hv. Alþingi breytingar á skattalögum til samræmingar við það sem gengur og gerist í alþjóðlegri starfsemi og það er afar mikilvægt að fyrirtæki okkar búi við svipaðar reglur og gerist í samkeppnislöndum okkar.

Þessi mál eins og önnur hafa verið umdeild í gegnum tíðina en ríkisstjórnin hefur lagt á það mikla áherslu að breyta starfsskilyrðum hér á landi á þann veg að sambærilegt sé við það sem gengur og gerist í kringum okkur. Þetta hefur t.d. verið gert í ferðaþjónustunni að því er varðar bílaleigubíla og ýmislegt annað hefur komið fram sem sýnir vilja ríkisstjórnarinnar í þeim efnum að bæta hérna um að því er þetta varðar.

Herra forseti. Margt hefur verið sagt í umræðunni en mjög mikið af því hefur áður komið fram. Ég hef rætt og svarað mörgum af þeim atriðum sem hér hefur borið á góma og ég vænti þess að þau svör sem hafa komið fram af minni hálfu svari þeim spurningum sem bornar voru fram þó að ég eigi ekki sérstaklega von á því að fyrirspyrjandi, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sé endilega ánægður með þau svör, en ég vona að þau séu það skýr að hann geti að því leyti til sætt sig við þau.

[14:35]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég er ánægður með að hæstv. ráðherra svarar og svarar skýrt. Um innihaldið eða efnið fer svo eftir atvikum. Sumu er ég sammála en öðru ekki eins og gengur en það er alltaf mikils virði fyrir umræðuna að menn geti rætt málin.

Ég vil byrja á því sem lýtur að stjórnsýslu og fyrirkomulagi sem hæstv. ráðherra ræddi og ég fagna því að hæstv. ráðherra er þó ekki alveg fráhverfur því að þarna gætu komið til breytingar á komandi tímum, þetta þurfi ekki að vera óumbreytanlegt um aldur og ævi. Ég held að ég túlki svar ráðherrans rétt í þeim efnum. Mér finnst gott sömuleiðis, herra forseti, að hæstv. samgrh. er kominn til umræðunnar því að það var ekki síst sá þáttur sem ég vildi einnig gjarnan heyra álit hæstv. samgrh. á.

Telur ekki hæstv. samgrh. að huga þurfi að því og leita leiða hvort hægt er að færa forræði fyrir samgöngumannvirkinu sjálfu yfir til samgrn. þó að landsvæði þarna að öðru leyti verði áfram á forræði utanrrh.? Með því er í sjálfu sér á engan hátt hróflað við þeirri skipan mála að allir þættir sem lúta að samskiptum við herinn séu á einni hendi því að svo fremi sem kvöðin á flugstöðvarbyggingunni er ekki nýtt, þá er hún hreint innlent samgöngumannvirki og ekki á nokkurn hátt samskiptamál við herinn. Það eru hins vegar hlutir sem snúa að svæðinu og þjónustu á flugbrautunum og annað slíkt sem Bandaríkjamenn kosta eða beinlínis reka sjálfir.

Ég var reyndar með spurningu varðandi stjórn fyrirtækisins líka, þ.e. hvort hæstv. ráðherra gæti hugsað sér fyrirkomulagið þar öðruvísi og ég beini henni sömuleiðis að hluta til til samgrh. Ég teldi nefnilega eðlilegast að þarna væri að uppistöðu til þingkjörin stjórn. Ef það verður gert hvað sem tautar og raular að stofna hlutafélag um allan þennan rekstur yrði yfir henni þingkjörin stjórn og meginröksemdin í mínum huga er sú að þetta er eitt mikilvægasta samgöngumannvirki landsins og ég tel að þetta lúti allt öðrum lögmálum en hefðbundinn rekstur af ýmsum toga sem menn hafa verið að einkavæða að undanförnu. Það væri þó nokkurt skref í þá átt að hafa betri frið um þessi mál að þarna sæti lýðræðislega kjörin stjórn sem endurspeglaði styrkleikahlutföll í stjórnmálum landsins, og ef við hugsum okkur t.d. að það væri sjö manna stjórn sem væri þannig saman sett að fimm fulltrúar væru kosnir hlutbundinni kosningu á Alþingi og síðan eftir atvikum fulltrúi frá samgrh. eða starfsmönnum og síðan formaður sem utanrrh. skipaði án tilnefningar, þá væri þarna um að ræða blöndu sem tryggði að ráðandi meiri hluti á hverjum tíma væri með traustan meiri hluta í stjórninni en stjórnarandstaðan ætti í gegnum fulltrúa kjörna á þinginu aðild að málum. Og ætli það gæti ekki verið bara hið ágætasta fyrirkomulag til að hafa meiri frið um þessi mál, herra forseti, en ella?

Svartasta lágmark tel ég vera, ef láta á þetta stjórnarkjör fara fram alfarið á grundvelli hlutafélagalaga og eigandinn, sem í þessu tilviki er þá utanrrh., fyrir hönd ríkisins á einn að ráða stjórninni, þá teldi ég algert lágmark að samgrh. ætti eins og einn eða tvo fulltrúa samkvæmt tilnefningu inn í þá stjórn, og það er önnur eða kannski nær frekar þriðja spurning mín til hæstv. samgrh. Telur ekki hæstv. ráðherra að það væri eðlilegt fyrirkomulag?

Ég spurði einnig, og það var kannski það atriði fyrir utan þetta sem ég fékk ekki bein svör við, hvort hæstv. utanrrh. hefði hugleitt þann kost að þarna væri þá í öllu falli mögulegt að hafa fleiri en eitt hlutafélag um reksturinn ef út í þetta verður farið til þess að eiga þann möguleika a.m.k. upp á að hlaupa ef til árekstrar kemur vegna samkeppnismála að þeir þættir rekstrarins geti verið í aðskildum einingum, annars vegar húsnæðið og útleiga þess sem snýr að öllum aðilum

og hins vegar sjálfur verslunarrekstur ríkisins í beinni og/eða óbeinni samkeppni við annan rekstur í húsinu. Mér finnst í rauninni með öllu ástæðulaust að negla þetta þannig niður eins og hér er gert og sé ekki annað en að þá væri a.m.k. hægt að hafa heimildarákvæði í lögunum sem opnaði þann möguleika að t.d. einangra samkeppnisþættina eða verslunarreksturinn í sjálfstæðu dótturfélagi móðurfélagsins sem væri þá handhafi eða rekstraraðili hússins.

Að öðru leyti, herra forseti, aðeins í viðbót um svör hæstv. ráðherra. Það eru mér vonbrigði að hæstv. ráðherra skuli alls ekki fást til þess að gefa neina yfirlýsingu um það að fyrir sitt leyti og hvað vilja hæstv. ráðherra varðar, teldi hann að ekki ætti að stefna þarna að breytingum á eignarhaldi og forræði ríkisins, a.m.k. ekki næstu 12–15 ár sem framkvæmdaáform ná yfir. Það þarf ekki, herra forseti, að kenna mér að kosið er í landinu á um það bil fjögurra ára fresti og við getum að sjálfsögðu ekki bundið hendur komandi stjórnmálamanna sem sitja á Alþingi eftir 10 eða 15 ár. Ég kann stafrófið í pólitík orðið það vel að ekki þarf að fræða mig um það. En hitt veit ég líka, herra forseti, að menn geta gefið pólitískar yfirlýsingar fyrir sína hönd og það var það sem ég var að spyrja um. Er hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. tilbúinn að lýsa því yfir að hann fyrir sitt leyti vilji ekki að þarna verði gerðar á breytingar? Og síðan ræðst það auðvitað á komandi árum að hvaða leyti hæstv. ráðherra verður í aðstöðu til að hafa áhrif á það og fylgja því eftir. Ég geri engar kröfur um það að hæstv. ráðherra, kominn t.d. eftir fjögur ár í minni hluta á Alþingi, verji þá það sem hann hafði áður lýst yfir en það væri þá ekki hann sem væri að breyta því, herra forseti. Þannig ganga hlutirnir fyrir sig. Þetta er iðulega gert. Þegar bönkunum var breytt í hlutafélag var sett í greinargerð þess frv. að ekki stæði til að breyta eignarhaldinu næstu fjögur árin í því formi að selja beint hlutafé. Menn fóru að vísu að viðra hugmyndir um að vanefna þetta strax og það er ekki gott til eftirbreytni. En ég hefði gert nokkuð með það ef maður vandur að virðingu sinni eins og hæstv. utanrrh. er hefði gefið slíka yfirlýsingu að hann mundi þá a.m.k. reyna að standa við hana fyrir sitt leyti. Það eru mér því vonbrigði að hæstv. ráðherra skuli ekki með neinu móti vera fáanlegur til að gefa neina slíka yfirlýsingu af því að ég tel það svo fráleitt í öllu tilliti, herra forseti, ef menn eru virkilega að dekra við það á bak við tjöldin og gæla við þá hugmynd að fara að hefja einkavæðingu á þessum rekstrarþáttum og ég vitna þar hreinlega í þær alþjóðlegu skuldbindingar á sviði flugrekstrar og á okkar stöðu í þessu máli sem er mjög sérstök. Hér er um svo afdrifaríkan og afgerandi þátt í samgöngum og í rauninni okkar þjóðlífi þar sem um er að ræða eina millilandaflugvöllinn hjá þjóð sem býr úti í miðju Atlantshafi, herra forseti. Síðast þegar ég vissi var Ísland um það bil þar og er háðara millilandaflugi en líklega flestar aðrar þjóðir vegna þess að við ferðumst mikið, við erum að byggja upp ferðaþjónustu o.s.frv. Þetta er því gífurlega afdrifaríkur og mikilvægur þáttur í þjóðarbúskap okkar og þjóðlífi hvernig sem á allt er litið og á að vera á hendi ríkisins og hvergi annars staðar.

Um Schengen verð ég hins vegar að segja að ég lýsi miklum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra og það munu fleiri gera. Hjá hæstv. ráðherra kom fram að ekki stendur til að neinar beinar greiðslur komi úr ríkissjóði til að efna loforðin um að viðbótarkostnaðurinn af Schengen-aðildinni lendi ekki á ferðaþjónustunni. En það gerir hann ella og það þýðir ekkert að segja sem svo að ekki standi til neinar nýjar álögur vegna þess að nú er verið að segja að allur þessi kostnaður eigi héðan í frá að berast með notendagjöldum. Og það er reyndar ekki rétt að í forsendum málsins liggi ekki áform um auknar álögur því að í rekstraráætlun til fimm ára er gert ráð fyrir 35% hækkun á leigu í flugstöðinni. Og hverjir borga leiguna? Það eru þjónustuaðilar og m.a. flugrekendurnir. Stærsti einstaki leigutakinn í byggingunni fyrir þá utan ríkið, ef menn vilja reikna svo, er auðvitað Flugleiðir. Og hvað þýða áform um 35% hækkun á leigu annað en auknar álögur? Fyrr eða síðar verður þetta borið af notendunum með þeirri aðferðafræði, herra forseti, nema bein framlög komi úr ríkissjóði til að mæta Schengen-kostnaðinum. Það er eina aðferðin til að efna það samkomulag. Þess vegna lýsi ég mikilli undrun og miklum vonbrigðum ef þetta á að vera svarið. Vegna þess, herra forseti, að það liggur alveg í augum uppi og blasir við að öðruvísi en að bein framlög komi úr ríkissjóði til að mæta þessum kostnaði klárt og kvitt lendir hann þar sem lofað var að hann mundi ekki gera, þ.e. á þjónustuaðilum og flugrekendum. Það er bara gersamlega morgunljóst eins og fyrrv. flugmálastjóri, sem einu sinni var, gjarnan orðaði hlutina. Hann notaði mikið þessa lýsingu, herra forseti, talaði um að eitthvað lægi alveg morgunljóst fyrir og er skemmtilegt nýyrði.

Ég lýsi því yfir miklum vonbrigðum með þetta svar hæstv. ráðherra og er ekki skilinn að skiptum við þetta atriði málsins, jafnvel þó að afgreiðslu þessa frv. ljúki, því að orð skulu standa. Þegar menn hafa afdráttarlaust loforð í bréfi frá ráðuneyti þar sem stendur að sá kostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Það er það sem stendur í bréfinu sem flugleiðamenn fengu og var notað til að kaupa þá til fylgis við Schengen-samninginn eða til þess að fá þá til að falla frá harðri andstöðu við málið. Það er alveg gjörsamlega morgunljóst. Þetta bréf hafa þeir undir höndum og þar stendur þetta, herra forseti, eins og ég áður sagði í bréfi utanrrh. til Flugleiða 9. maí 1996.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil ekki lengja umræður með tilliti til aðstæðna og anna í þinghaldinu en vonast til að fá skýrari svör og helst önnur með öðru innihaldi, en því ráða auðvitað hæstv. ráðherrar og bíð síðan eftir að heyra bæði í hæstv. utanrrh. aftur og hæstv. samgrh.

[14:47]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Verið er að bæta við flugstöðina á vegum ríkissjóðs og þar af leiðandi hefur verið staðið við það. Því hefur aldrei verið lofað að styrkur kæmi fram til flugstöðvarinnar á fjárlögum ef hv. þm. er að halda því fram. Það hefur því verið staðið við allt sem sagt hefur verið gagnvart Flugleiðum í þessu máli.

Að því er varðar hugsanlegan aðskilnað þá teldi ég það mjög óheppilegt að stofna tvö hlutafélög. Þau vandamál sem kunna að koma upp að því er varðar samkeppnismál tel ég að hægt sé að leysa á annan hátt og við munum beita okkur fyrir því.

Í sambandi við stjórn þessa fyrirtækis tel ég heppilegt að sem mestur aðskilnaður sé milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, enda hefur sú aðferð verið notuð almennt í málum sem varða hlutafjárvæðingu ríkisfyrirtækja og stjórnin er þá á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Hitt er svo annað mál að ég sem utanrrh. hef haft samráð um þessi mál við ríkisstjórnina og sérstaklega hæstv. samgrh. og ég mun að sjálfsögðu halda því áfram, bæði að því er varðar stjórn þessa

fyrirtækis og byggingu þessa mikla mannvirkis að öðru leyti.

[14:51]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fullyrði að ferðaþjónustuaðilar í landinu hafi verið þeirrar skoðunar fram á þennan dag, það kann þá að breytast núna eftir þessi svör utanrrh., að allur viðbótarkostnaður, bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður vegna Schengen-aðildar yrði greiddur úr ríkissjóði sérstaklega. Þannig hefur bréf utanrrh. frá 1996 til Flugleiða dags. 9. maí 1996 verið túlkað. Í umsögn Flugleiða til utanrmn. út af Schengen orða þeir þetta þannig. Í umsögninni var m.a. vitnað til bréfs sem utanrrh. sendi Flugleiðum 9. maí 1996, þar sem staðfest var að: „Ríkissjóður mundi greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað er leiðir af Schengen-samstarfinu."

Þetta er orðað svona. Hvernig getur þetta gerst öðruvísi en þarna komi fjármunir úr ríkissjóði til að mæta þeim viðbótarkostnaði? Annars lendir hann á notendunum. Það er algerlega morgunljóst. Ef flugstöðin á ein að slá lán fyrir þessum mikla framkvæmdarkostnaði, þar á meðal um kannski 700–900 millj. kr. í núverandi áfanga vegna Schengen, hvernig á hún að borga það? Af sínum almennu tekjustofnum sem eru notendagjöld. Þetta er því alveg morgunljóst, herra forseti. Hér er verið að efna í hreinar vanefndir á þessari yfirlýsingu og það er mjög alvarlegt mál.

[14:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ferðaþjónustuaðilar hvort sem það eru Flugleiðir eða aðrir geti á engan hátt túlkað þetta mál á þennan hátt, enda hef ég aldrei heyrt það. Fyrir liggur að þessi flugstöð getur ágætlega staðið undir sér. Greiddur hefur verið hluti af hagnaði Fríhafnarinnar beint til ríkissjóðs. Það mun falla niður með þeim breytingum sem þarna eiga sér stað og ef einhver hefur skilið það þannig að það eigi sérstaklega að fjármagna þetta beint af fjárlögum þá er það misskilningur, nema að því er varðar störf lögreglumanna og tollgæslumanna. Það hefur þegar verið ákveðið að fjölga lögreglumönnum og tollgæslumönnum út af þessari stækkun og líka vegna Schengen og það er á fjárlögum ríkisins. Það hafa því engar vanefndir átt sér stað gagnvart fyrirtækinu Flugleiðum.

Ég vil síðan gera athugasemdir við það orðalag sem hv. þm. notar að það hafi verið gerð tilraun til að kaupa menn til fylgis við þetta mikilvæga mál. Það hefur aldrei verið gert af minni hálfu. Hins vegar hafa farið fram samskipti milli utanrrn. og Flugleiða um þetta mál, eðlileg samskipti, þar sem því hefur verið svarað til hvernig þessu máli verði háttað. En ég tel að hér sé ekki eingöngu um hagsmunamál einstakra aðila, þ.e. Schengen-málið, ég tel að líka sé um hagsmunamál Flugleiða og ferðaþjónustunnar að ræða þó einhverjir einstakir aðilar innan ferðaþjónustunnar telji að þetta sé að einhverju leyti gegn þeirra hagsmunum, þá er það afskaplega mikill misskilningur þó að hv. þm. kjósi að túlka það þannig.

[14:53]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vill svo til að ég þekki marga sem starfa í þessari grein og veit vel að um það eru mjög skiptar skoðanir og heilmiklar og útbreiddar efasemdir víða í ferðaþjónustunni um ágæti þess máls að við gerumst aðilar að Schengen. Ég minni t.d. á umsögn Ferðamálaráðs í því sambandi sem var með býsn af fyrirvörum, merkilegum í ljósi þess að formaður Ferðamálaráðs er hv. þm. Tómas Ingi Olrich og varaformaður hv. þm. Jón Kristjánsson. Það var mesta furða hvað gagnrýnin afstaða endurspeglaðist þó að hluta til í þeirri umsögn.

Ég sé að hv. þm. Jón Kristjánsson hefur beðið um orðið þannig að það kannski skýrist á eftir.

Hvað hitt varðar, þá er þetta ósköp einfaldlega skilningur minn á málinu og ég leyfi mér að fullyrða að ég tala þar ekki bara fyrir mína hönd, að menn skildu þá yfirlýsingu í bréfinu þannig að þar væri verið að tala um að til þess að eyða allri tortryggni og taka af allan vafa kæmi viðbótarkostnaðurinn klárt og kvitt úr ríkissjóði og það er auðvitað ein aðferðin til þess að hægt sé að sýna fram á að menn eru að verja notendurna fyrir því að taka hann smátt og smátt á sínar herðar í framtíðinni.

Ég mun beita mér fyrir því að þetta mál verði ekki látið niður falla hér og nú heldur í gegnum utanrmn. kalla aðila til viðræðu og fara betur yfir þetta mál úr því að svör hæstv. utanrrh. eru á þennan veg.

[14:55]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beindi spurningum til mín í ræðu sinni um leið og hann gagnrýndi það fyrirkomulag sem er á skipan stjórnar í væntanlegu hlutafélagi um flugstöðina.

Hér er um að ræða stjfrv. sem verið er að fjalla um og um það fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir er fullkomið samkomulag milli stjórnarflokkanna. Ég hef sem samgrh. ekki gert nokkrar athugasemdir við það fyrirkomulag. Þetta er það sama og er t.d. hjá Landssíma Íslands hf. Um stefnu ríkisstjórnarinnar er að ræða og engar athugasemdir af minni hálfu eru gerðar við það að sjálfsögðu.

Að samgrn. komi einhvern veginn að þessum málum innan Keflavíkurflugvallar, eins og hv. þm. nefndi, þá vil ég bara minna á að um þetta gilda lög og eins og fram kom hjá hæstv. utanrrh. fer utanrrh. þarna með margs konar málefni innan svæðisins, samgöngumálefni einnig. Á meðan þau lög eru í landinu geri ég engar kröfur um landvinninga á þessu svæði. Hins vegar kæmi ekkert á óvart þó að einhverjar umræður yrðu á næstu árum að gera þarna breytingar, ekki síst ef innanlandsflug verður lagt af með öllu á Reykjavíkurflugvelli og innanlandsflugi ætlað að koma upp aðstöðu á Keflavíkurflugvelli. Það mætti því búast við umræðum um þetta. En lögin eru skýr og verkaskiptingin alveg klár.

[14:57]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hæstv. samgrh. ekki vera alveg nógu metnaðarfullur í þessu máli. Mér finnst að það eigi eiginlega að vera embættisskylda allra samgrh. að hafa það sem markmið að ná forræði þessa mikilvæga samgöngumannvirkis í sínar hendur. Ég væri eindreginn stuðningsmaður hæstv. samgrh. í því og var að vonast til þess að ég gæti bara gerst liðsmaður hans í framhaldi af því að hann lýsti áhuga sínum á að breyta þessu fyrirkomulagi því að það er til vandræða og er vitlaust, að eitt mikilvægasta samgöngumannvirki og í rauninni má sjálfsagt segja mikilvægasta einstaka samgöngumannvirki þjóðarinnar sé í reiðileysi hjá utanrrh. en ekki hjá samgrh. Ég tek undir þau rök sem hæstv. ráðherra

nefndi að tenging innanlandsflugs við millilandaflugið er t.d. ein mjög góð ástæða fyrir því að þetta þyrfti að vera á sömu hendi.

Ég nefni í öðru lagi mögulegt hlutverk annarra flugvalla *í landinu í millilandaflugi. Það gæti vel átt eftir að reynast* mjög hagstætt að stjórnvöld reyndu að stuðla að því að dreifa því eitthvað og byggja það upp víðar þannig að t.d. flugvellir eins og Akureyrarflugvöllur og Egilsstaðaflugvöllur fengju þarna eitthvert hlutverk. Um leið væri ferðaþjónustan styrkt því að augljóst er að það stendur henni fyrir þrifum að allir ferðamenn til og frá landinu þurfa að koma og fara um þennan sama blett landsins og með því t.d. að þeir gætu komið inn á einum stað og farið á öðrum væru strax opnaðir nýir möguleikar í ferðaþjónustunni. Um þetta eru flestir sammála. En þessi hroðalega miðstýrða uppbygging stendur okkur fyrir þrifum og verður þeim mun bagalegri sem ferðamannafjöldinn í landinu verður meiri. Til þess að hafa *yfirsýn yfir þessa hluti og hafa þá á einni hendi þyrfti þetta* mannvirki að vera á forræði samgrh. og ég vona að hreyfing komist á þetta mál. Ég mun reyna að halda hæstv. ráðherrum við efnið því að þeir hafa þó gefið báðir svona lítils háttar ádrátt um það að hugsanlega kunni þetta að breytast einhvern tíma í framtíðinni.

[14:59]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Við þessa umræðu hafa komið upp umræður um Schengen og ferðaþjónustuna og hv. 3. þm. Norðurl. e. talar um neikvæðar gagnrýni Ferðamálaráðs. Ég kannast ekki við að Ferðamálaráð hafi tekið þetta mál formlega fyrir en hins vegar var ferðamálastjóri í starfshóp á vegum fyrrv. *samgrh. sem skilaði áliti um þetta mál. Þar voru dregnar upp* bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar á málinu. Hins vegar eru áhyggjur ferðaþjónustunnar — (**ÖJ:** Hver er formaður Ferðamálaráðs?) Formaður er hv. þm. Tómas Ingi Olrich og sá sem hér stendur er varaformaður. (**ÖJ:** Voru þeir ekki gagnrýnir?) Ég hef ekki verið gagnrýninn á þetta mál á þeim forsendum að að þessu hefur verið unnið á þann hátt að greiða fyrir för ferðamanna. Áhyggjur ferðaþjónustuaðila eins og Flugleiða af málinu beinast fyrst og fremst að því að halda fullum hraða í afgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. En unnið hefur verið að því að ráða þar fleiri lögreglumenn og menn í tollgæslu og lagðir hafa verið fram til þess fjármunir á fjárlögum. Það þurfti að stækka stöðina og unnið hefur *verið að því. Það þurfti vegna almennrar umferðar og* það vildi svo til að um leið og þarf að stækka hana tekur þessi breyting gildi þannig að hægt er að skipuleggja stækkunina með tilliti til þessa.

Menn velta auðvitað fyrir sér jákvæðum og neikvæðum hliðum á þessu máli í ferðaþjónustunni. Þar eru líka taldar margar jákvæðar hliðar á þessu máli sem eru að greiða fyrir för fólks um það svæði sem Schengen-samningurinn tekur til.

Ég vildi að þetta kæmi fram við umræðuna. Ég held að umsögn starfshópsins hafi verið ruglað saman við afstöðu Ferðamálaráðs. Við í Ferðamálaráði höfum ekki gefið neinar sérstakar umsagnir um þetta mál þó að við höfum rætt málið eins og önnur. Þetta vildi ég láta koma fram áður en umræðunni lýkur úr því að þetta kom upp á lokaspretti hennar.

[15:02]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt að aðrar meginákyggjur *manna í ferðaþjónustunni og einkum flugrekenda eru þær* sem lúta að hraða afgreiðslunnar, sérstaklega í tengifluginu vegna Schengen en hitt er vegna kostnaðar. Það kemur náttúrlega rækilega fram mjög víða í umsögnum slíkra aðila um Schengen-tillöguna á sínum tíma að menn hafa miklar áhyggjur af því, óttast að viðbótarkostnaðinum verði velt yfir á þá. Strax í fyrsta framkvæmdaráfanga er hreinn viðbótarkostnaður vegna Schengen 700–900 millj. kr., plús rekstrarkostnaður og allir framtíðarframkvæmdaáfangar verða mun dýrari. Það er t.d. ljóst að tveggja hæða byggingu þarf þar sem einnar hæðar bygging hefði verið nóg ef ekki hefði þurft að halda utan Schengen-svæðis og innan Schengen-svæðis farþegum aðskildum. Þannig að ekki bara núverandi framkvæmdaáfangi *heldur allir í framtíðinni verða mun dýrari* vegna Schengen. Það er fyrir þeim kostnaði sem ferðaþjónustuaðilarnir voru að reyna að verja sig og töldu sig hafa tryggingu fyrir því að sá viðbótarkostnaður yrði greiddur úr ríkissjóði sérstaklega.

Að lokum, herra forseti, er minni mitt að svíkja mig mjög illa ef við fengum ekki einmitt á lokaspretti umfjöllunar um Schengen-málið formlega umsögn frá Ferðamálaráði. Ég tel mig hafa vitnað í hana í umræðum fyrir fáeinum vikum en ég ætla ekki að segja það 100% að það sé öruggt eða hvort það var frá þessari sérstöku nefnd. Skýrslan var frá sérstakri nefnd eða starfshópurinn sem vann sérstaka úttekt á áhrifum Schengen-aðildar fyrir ferðaþjónustu. Það er ljóst en ég held að *borist hafi venjubundin umsögn um Schengen-tillöguna* til utanrmn. frá Ferðamálaráði ef ég man rétt og þar voru ákveðnir gagnrýnisþættir á ferðinni. En þetta er auðvitað ekki aðalatriði málsins.

[15:04]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að ég minnist ekki formlegrar umfjöllunar í Ferðamálaráði um umsögn til utanrmn. en ég kannast vel við álit starfshópsins. Það hef ég fengið í hendur og lesið. Hins vegar er það kannski ekki aðalatriði málsins. Aðalatriðið er að á vegum ríkissjóðs er verið að byggja upp þessa aðstöðu og ég á ekki von á öðru en það verði gert áfram og þeir viðbótarstarfskraftar sem eru vegna Schengen eru launaðir af ríkinu. Ég sé því ekki ástæðu til að óttast það eins og hv. þm. segir að þeim kostnaði verði velt yfir á ferðaþjónustuaðila. Ég sé ekki ástæðu til að óttast það á þessu stigi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, síðari umr.

Stjtill., 585. mál. — Þskj. 887, nál. 1169.

[15:06]

Frsm. utanrmn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um tillögu um fullgildingu samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegu eftirlitskerfi 321 stöðvar í 89 löndum víðs vegar um heiminn. Kerfið er tvískipt, aðalkerfi og varakerfi, og verða tvær framangreindra stöðva á Íslandi til mælinga á geislavirkni og jarðhræringum. Stöð til mælinga á geislavirkni sem tilheyrir aðalkerfinu verður á Rjúpnahæð en stöð til jarðskjálftamælinga, sem Veðurstofa Íslands mun hafa umsjón með, í nágrenni við Borgarnes og er henni ætlað að þjóna varakerfinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nál. rita Tómas Ingi Olrich, Jón Kristjánsson, Árni Ragnar Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Jónína Bjartmarz, Steingrímur J. Sigfússon, Sighvatur Björgvinsson og Jóhann Ársælsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281, 1299 og 1396.

[15:09]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þá höldum við áfram umræðu sem hófst fyrir nokkrum dögum um frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum en eins og alþjóð veit hefur legið fyrir í nokkuð marga mánuði að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum sem sett voru árið 1993. Á Ríó-ráðstefnunni sem haldin var í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1992 var mörkuð stefna í alþjóðlegum umhverfisrétti til næstu áratuga. Gerð var sérstök yfirlýsing, Ríó-yfirlýsingin svokallaða sem hefur að geyma 27 meginreglur en 17. reglan fjallar einmitt um mat á umhverfisáhrifum eða þar sem segir að ríkið skuli láta fara fram mat á umhverfisáhrifum þegar um er að ræða fyrirhugaða starfsemi sem er líkleg til að hafa veruleg skaðleg áhrif á umhverfið og háð er úrskurði viðkomandi stjórnvalds.

Það má segja að lögin frá 1993 séu barn síns tíma og mjög mörg atriði sem þar eru orki tvímælis í ljósi reynslunnar og enn önnur vantar inn í vegna þess að miklar breytingar hafa orðið á hugmyndum manna um hvernig umgengni um umhverfið skuli vera og hvernig skipulag skuli vera þegar um umhverfi er að ræða. Um þetta hafa skapast miklar umræður og ekki hvað síst í ljósi framkvæmda sem voru fyrirhugaðar í sambandi við Fljótsdalsvirkjun en hefur verið frestað um sinn. Allir þekkja þá umræðu og er ekki ástæða til að rifja hana upp.

Einnig er ástæða til að minnast á það að í EES-samningnum eru mörg tilmæli sem eru í raun lagabindandi og erum við skuldbundin til að taka þau mörg hver upp í okkar lög sem er ein ástæða þess að við verðum að endurskoða lögin um mat á umhverfisáhrifum fljótt aftur sem og önnur lög sem við setjum á hv. Alþingi sem þurfa sífellt að vera í endurskoðun, ekki síst út af þeim tilmælum sem eru í EES-samningnum.

Við 1. umr. þessa frv. lagði ég sérstaka áherslu á aðkomu almennings að umhverfismálum og hvernig best væri að tryggja hana sem eðlilegasta. Allir eru farnir að átta sig á að samráð er nauðsynlegt alla leið, þ.e. frá því að hugmynd er lögð fram og þangað til framkvæmd hefst, samráð milli framkvæmdaraðila og leyfisveitanda þannig að þegar kemur að endapunkti og framkvæmd getur byrjað hlaðist ekki upp mikil gagnrýni eða miklar deilur heldur sé búið að leysa úr þeim ágreiningi í ferlinu áður en kemur til leyfisveitingar eða útgáfu framkvæmdaleyfis svo að við þurfum ekki að horfa upp á þær deilur sem hafa verið í þjóðfélaginu um meiri háttar framkvæmdir fram að þessu, a.m.k. á síðustu árum.

Ég lagði sérstaka áherslu í 1. umr. á reglugerðina sem mundi fylgja lögunum um umhverfismat. En eins og allir þekkja eru þar túlkaðar leikreglur eftir lögunum — og oft hefur það gerst að reglugerðin varð öðruvísi en menn gerðu ráð fyrir samkvæmt lögunum og hún hefur orkað tvímælis. Menn hafa verið á gráum svæðum sem er óþarfi, enda eðlilegt að reglugerðir fylgi að meginhluta til með lögunum þó svo það geti ekki verið að öllu leyti en í þessu tilfelli höfum við gætt þess að svo verði eins og kostur er.

Í störfum nefndarinnar eins og kom fram hjá formanni hennar var farið mjög vandlega yfir allt frv. og stýrði sá sem hér stendur töluverðu af þeirri vinnu með ráðuneytinu en ráðuneytið hefur verið mjög samningslipurt og við getum sagt að þar hafi maður gengið undir manns hönd til þess að reyna að gera gott frv. betra.

Það gera allir sér grein fyrir því að svona vinnu er ekkert lokið hjá okkur þingmönnum þó við höfum samþykkt málið sem lög. Við þurfum að standa frammi fyrir umbjóðendum okkar og segja þeim hvers vegna við gerðum þetta svona og hvers vegna við breyttum þessu en ekki öðru eins og margur hefði kannski viljað. En auðvitað sjáum við aldrei allt fyrir.

Ástæðan fyrir því að við fórum svo vel yfir frv. er þessi: Við vitum af áhuganum og þekkjum ábyrgð okkar. Það birtist í þeim brtt. sem fylgja frv., upp á fjórar vélritaðar blaðsíður, sem er óvenju mikið í vinnslu frv. af þessu tagi.

Ef við lítum, herra forseti, á niðurstöðuna af störfum nefndarinnar þá eru markmiðssetningar og skilgreiningar í meginatriðum samþykktar eins og þær komu frá nefndinni og ráðuneytinu. Auðvitað eru gerðar minni háttar orðalagsbreytingar sem ekki er litið á sem breytingar á grundvallaratriðum heldur fremur sem eðlilegar leiðréttingar.

Þegar kom að 5. gr., þar sem fjallað er um heimildir til undanþágu frá mati, var leitað sérstaks álits á þeirri grein ásamt 7. gr. hjá Lagastofnun. Lagastofnun taldi sig ekki geta veitt skriflegt álit á þessum tveimur greinum með tilliti til þess hvort þær stæðust stjórnarskrána. Eigi að síður taldi Lagastofnun sér mögulegt að senda sinn æðsta mentor í stjórnsýslurétti, Sigurð Líndal, til að ræða þetta við nefndina og hugmyndir að orðalagi á 5. og 7. gr. frv. Í ljósi þess og dóms Hæstaréttar út af máli Stjörnugríss hf., þá var þessum greinum breytt í grundvallaratriðum og vald ráðherra skilyrt, annars vegar til þess að undanþiggja ákveðnar framkvæmdir mati og hins vegar til þess að setja ákveðnar framkvæmdir í mat. Vald hans er nú miklu takmarkaðra en áður þannig að að okkar mati eru stjórnarskrárákvæði virt en svigrúm ráðherrans til að grípa inn í í neyðartilfellum til staðar, í miklu og almennu samráði við alla sem hlut eiga að máli.

Í 5. gr. eru ákvæði um að framkvæmdir sem tilgreindar eru í því sem yrði 1. viðauki í þessum lögum skuli ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Eins og komið hefur fram eru þrír viðaukar sem fylgja þessu frv. 1. viðauki á við um þær framkvæmdir sem skilyrðislaust fara í mat. Í 6. gr. er talað

um þær framkvæmdir sem á að tilkynna til skipulagsstjóra og eiga að fara í mat ef Skipulagsstofnun telur svo eiga að vera. 3. viðauki inniheldur viðmiðanir sem skipulagsstjóri fer eftir þegar hann metur framkvæmdir samkvæmt 2. viðauka. Þetta er að mörgu leyti mjög nákvæmlega fram fært og eðli máls samkvæmt sett þannig fram að Skipulagsstofnun og ráðherra hafi nákvæmar leiðbeiningar um hvernig fara skuli með athugasemdir og hvernig umhverfismat fer fram.

Herra forseti. Ég vil benda á að í 8. gr., um matsáætlun, er sérstaklega talað um aðkomu almennings að matsáætlunum. Þar stendur:

„Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun."

8. gr. mun því að þessu leyti tryggja að almenningur eða þeir sem málið varðar hafi rétt til að fá kynningu á öllum þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og falla undir lög þessi. Almennt telja menn að með þessu muni framkvæmdaraðilar vanda sig meira við matsáætlun en annars væri og matsáætlun ekki koma fram fyrr en menn eru tilbúnir að svara fyrir öll þau álitamál sem hugsanlega gætu komið upp. Ég er á því að þannig verði unnið betur að matsáætluninni en ekki gengið út frá því að þær verði leiðréttar þegar matsáætlun er komin fram. Við teljum að þetta sé mjög til bóta og hafi vonandi þau áhrif að umræðan hefjist strax og athugasemdir sem borist hafa í lok matstímabils verði þá þegar ræddar.

Á 11. gr., sem heitir Úrskurður Skipulagsstofnunar, var gerð ein grundvallarbreyting af hálfu nefndarinnar en það var að fella út svokallað „frekara mat". Það er einnig gert vegna tilmæla og ábendinga framkvæmdaraðila sem álíta að erfitt sé að fara í nánast sambærilegt mat tvisvar sinnum í röð með tilheyrandi kostnaði og tíma, og kannski óþarfi þar sem framkvæmdaaðili getur einnig skotið sér á bak við slíkt og beðið eftir athugasemdum án þess að leita eftir þeim fyrir fram. Það eru einmitt þau atriði sem við höfum reynt að skerpa á með þessari yfirferð. Skipulagsstofnun hefur samkvæmt 9. gr. laganna og þessu frv. þær skyldur í dag að leiðbeina framkvæmdaraðilum um hvernig matsskýrslan skuli líta út ef fram á það verður farið. Að því leyti er framkvæmdaraðilinn strax kominn í betra samband við Skipulagsstofnun og á að geta útbúið þá lokaskýrslu sem lögð verður fram þannig að framkvæmd eigi ekki að þurfa að fara í frekara mat. Þess vegna er í raun óþarfi að gefa einhvern ádrátt um að til frekara mats gæti komið.

Þetta er eitt af því sem ég held að hafi skipt miklu máli og hafi mætt mörgum öðrum kröfum varðandi það sem þurfti að leysa samkvæmt ákv. til brb. III, þ.e. um endurskoðun á þessum lögum. Öll sú endurskoðun miðar í raun að því að auka þetta samráð og minnka ágreining.

Þó að í nefndinni sé mikil samstaða um lausn mála almennt þá er ekki, eins og er kannski eðlilegt, alger samstaða um alla hluti en í 11. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skal stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum."

Hér er gert ráð fyrir því að framkvæmd geti beðið í 10 ár. Sumum finnst rétt að stytta þennan tíma í fimm ár eða jafnvel enn skemmri tíma en að mati meiri hluta nefndarinnar er það álitin það mikil og kostnaðarsöm aðgerð að fara í umhverfismat að enginn fari af stað með slíkt óðruvísi en ætla sér í framkvæmdina. Kæmi það síðan upp að viðkomandi þyrfti að draga framkvæmdina eða breyta einhverju þá væru 10 ár ekki langur tími miðað við þann mikla kostnað sem fer í mat á umhverfisáhrifum. Því er ekki talið réttlætanlegt að hafa þennan tíma of stuttan, 10 ár er ekki langur tími þegar litið er á stórar og miklar framkvæmdir. Rannsóknir einar og sér geta jafnvel tekið mörg ár.

Sama var upp á teningnum hvað varðar bráðabirgðaákvæði I þar sem tilgreint er að framkvæmdir, með leyfi útgefnu fyrir 1. maí 1994 sem ekki eru háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum, séu enn undanþegnar umhverfismati og þá til ársloka ársins 2002. Sumum finnst ástæða til þess að stytta þennan tíma niður í 5–6 mánuði og hafa eflaust eitthvað til síns máls miðað við þá umræðu sem hefur verið en að mínu áliti er þetta stuttur tími. Þrátt fyrir að þetta ákvæði hafi gilt í langan tíma þá erum við einungis að tala um næsta og þarnæsta ár sem er réttlætanlegt.

Eins og ég gat um áðan var eitt af því sem ég lagði mikla áherslu á í umræðunni, og framkvæmdaraðilar í orkugeiranum hafa bent á, er að breyta þessu matsferli okkar enn frekar í svokallað samráðsferli og byggja þau á reynslu annarra landa. Þá er fyrst og fremst átt við Norðurlöndin og sum Evrópulönd. Þar hefur náðst samstaða um að matið verði bundnara við leyfishafann og framkvæmdaraðilann og umhverfismatið sjálft verði í rauninni tekið gilt af leyfisveitanda en ekki umhvrh. Raunar eru margar skoðanir á því og ýmsar aðferðir sem hægt er að nota við þetta en niðurstaðan um ákv. til brb. III varð þessi:

„Ákvæðið orðist svo:

Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum."

Þetta ákvæði vil ég leggja mikla áherslu á að ný yfirferð liggi fyrir 1. janúar 2003, ég hef ekki orðið var við annað en menn væru sáttir við það.

Viðaukarnir sem fylgja þessu frv. og verða að lögum eru mjög ítarlegir. Það fór mikil vinna í að fara yfir þá og skilja hvað væri verið að meina með mörgum þeirra. Það er einungis fyrir sérfræðinga að skilja sumt af því sem þarna fer fram og tekið er til. En ekki var sparað að reyna að efla skilning manna á þessum viðaukum. Ég held að þegar upp var staðið hafi umhvn. verið orðin ansi vel inni í því hvernig túlka beri hvað vegir eigi að vera langir og hvaða verksmiðjur, hvað þauleldi sé o.s.frv. Menn hafa þannig reynt að fara í gegnum þessa viðauka sem af mörgum eru taldir allt of ítarlegir. En fyrst þeir eru á annað borð í lögunum þá er nauðsynlegt að hafa þá ítarlega. Annars staðar í Evrópu eru viðaukar eins og þessir, þ.e. 2. og 3. viðauki, ekki í lögum heldur víðast hvar hafðir í reglugerðum. En þeir eru hér í lögunum og þess vegna er nauðsynlegt að þeir séu mjög ítarlegir en þeim hefur verið breytt verulega. Ef við tökum dæmi úr 2. viðauka um tilkynningarskyldu þá var þar breytt ákvæði varðandi skógrækt að ef nýrækt skóga á 40 hektara svæði eða stærri væri fyrirhuguð, ætti að tilkynna hana. Þetta ákvæði olli verulegum óróleika meðal skógræktarbænda. Þeim fannst að með þessu ákvæði væri verið að skylda þá til þess að fara út í mikinn kostnað við minni háttar skógræktarframkvæmdir sem gætu leitt til þess að skógræktaráform skógarbænda um allt land mundu líða undir lok þar sem arðsemi skógræktar er

hæg. Skógrækt er kostnaðarsöm en þeir töldu að það kostaði allt upp í 3 millj. kr. að fara í umhverfismat á einni jörð. Nefndin ákvað því að hækka þessi mörk upp í 200 hektara eins og Skógræktarfélag Íslands gerði að tillögu sinni. Skógarbændur höfðu farið fram á miklu rýmri heimildir sem ekki var hægt að verða við að svo stöddu.

Margar aðrar breytingar varðandi viðaukana voru gerðar sem ekki er ástæða til að telja upp hér. Eigi að síður kemur fram í þessum brtt. okkar að þar hefur margt þurft að skýra. Það má taka dæmi um skemmtigarða. Þar kom upp sú spurning hvað væri skemmtigarður. Það reyndist í sjálfu sér ekki hlaupið að því að finna út hvað það þýddi. Að endingu komust menn að því að skemmtigarður yrði að ná yfir ákveðið svæði. Í framhaldi af því komumst við að þeirri niðurstöðu að hann þyrfti að ná yfir a.m.k. tveggja hektara svæði. Við getum því séð að menn fóru ofan í mikil smáatriði. Við þurftum við ekki að ákveða hvað skemmtigarður þyrfti að ná yfir stórt svæði. En við gátum séð fyrir okkur að hreyfanlegt tívolí á lóð einhverrar stórverslunar gæti allt í einu orðið skemmtigarður vegna þess að ekki var skilgreint í lögunum hvað þetta þyrfti að vera stórt. Það gat t.d. verið undir einum hektara o.s.frv. þannig að margt í því sem nefndin hefur verið að skoða er þess eðlis að ekki var hægt að ætlast til þess að nefndarmenn hefðu neina persónulega reynslu af hlutunum heldur var leitað víða fanga til að skilja hlutina og ég held að þar hafi tekist vel til.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta. Ég vil lýsa yfir mikilli ánægju minni með gott samstarf í nefndinni og hvað nefndarmenn lögðu mikið á sig. Þarna var unnið dag eftir dag við að reyna að koma þessu máli fram. Frv. kom seint fram, ekki fyrr en í febrúar, ef ég man rétt. Við vitum af mörgum og viðamiklum framkvæmdum sem munu þurfa að lúta þeim lögum sem sett verða í framhaldi af þessu frv. og ég vona svo sannarlega að öll sú vinna komi til með að skila sér, bæði til þeirra sem unna náttúrunni og þeirra sem hafa hug á framkvæmdum í framtíðinni.

[15:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sannarlega tekið undir orð hv. varaformanns umhvn., hv. þm. Kristjáns Pálssonar, þegar hann talar um vinnuandann í nefndinni. Þar var vel á tekið og við komumst yfir ansi mikið.

Mig langar aðeins að fá svar hjá hv. þm. við einu. Það tengist þeim orðum hans þegar hann sagði eitthvað á þá leið að við yrðum að standa frammi fyrir umbjóðendum okkar og geta svarað fyrir það hvers vegna við gerðum þetta svona en ekki hinsegin. Því langar mig að heyra frá hv. þm. um afstöðu hans til landshlutabundinnar skógræktar sem, eins og kom fram í ræðu minni, mér er mikið í mun að komi inn í 1. viðauka. Hvernig ætlar hv. þm. Kristján Pálsson að skýra það fyrir kjósendum sínum að hann sætti sig ekki við að setja landshlutabundna skógrækt undir 1. viðauka frv. vitandi að í lögunum um landshlutabundna skógrækt fellur niður það ákvæði sem þar er við samþykkt þessara nýju laga um mat á umhverfisáhrifum.

Mig langaði líka aðeins að nefna í sambandi við ítarlegra mat hvort hv. þm. líti svo á að skipulagsstjóri geti hafnað framkvæmd vegna þess að einhverjar af þeim rannsóknum sem fyrir liggja í frummatsskýrslu séu ófullnægjandi eða vegna þess að ófullnægjandi eða ónógra gagna hafi verið aflað þegar frummatsskýrslan er lögð fram.

Það er einungis þetta tvennt sem mig langaði til að fá afstöðu þingmannsins til.

[15:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spyr í fyrsta lagi um landshlutabundin skógræktarverkefni. Eins og hv. þm. segir þá er að sjálfsögðu ágreiningur um hvað þetta eigi að vera mikil takmörkun. Ég lít svo á að með þessum lögum falli úr gildi bráðabirgðaákvæði um að landbrh. fari með umhverfismál landshlutabundinna skógræktarverkefna.

Þessi verkefni eru yfirleitt mjög stór. Við erum að tala um að 5% af öllu láglendi eigi jafnvel að leggja undir skógrækt þannig að þessi skógræktarverkefni eru mjög umfangsmikil. En 200 hektarar eru ekki stórt landsvæði þannig að ég lít svo á að öll þau skógræktarverkefni sem við erum að tala um, alvöruskógræktarverkefni, nái yfir miklu stærra svæði og hljóti því að fara í umhverfismat. Ef svo fer ekki lít ég á þann tíma sem við höfum til að endurskoða þessi lög. Eftir tvö og hálft ár verða komin ný lög þar sem skoðaðar verða þessar matsáætlanir. Þá má skoða þetta sérstaka tilvik eitt út af fyrir sig.

Ég vil samt segja til viðbótar að í nýjum lögum mun væntanlega koma fram úr tilskipunum Evrópusambandsins að allar áætlanir að fari í mat, þ.e. vegáætlanir, hafnaáætlanir o.s.frv. þannig að framtíðin mun leiða í ljós að lög munu taka yfir allar slíkar áætlanir og þá einnig áætlanir um landshlutabundin skógræktarverkefni sem ég lít svo á að séu það umfangsmikil að þau fari sjálfkrafa í mat ef skipulagsstjóri — ég vil taka það fram — ef skipulagsstjóri ákveður það af því að þetta eru tilkynningarskyld verkefni.

Ég veit ekki til þess að erlendis sé þetta skylduverkefni. Ég held að ég fari rétt með að þetta sé í 2. viðauka í Evrópu og þar með einungis tilkynningarskylt en ekki matsskylt.

[15:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir gott að heyra hjá hv. þm. að hann lítur svo á að landshlutabundin skógrækt eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum á þeirri forsendu að slík verkefni séu það stór að ákvæðið í 2. viðauka komi því til leiðar að verkefni af þessari stærðargráðu fari í mat á umhverfisáhrifum. Mér sýnist samt sem áður, herra forseti, að það væri í raun og veru í samræmi við vilja hv. þm. að setja landshlutabundna skógrækt undir 1. viðauka þar sem hún færi undantekningarlaust í mat og væri skilgreind sem slík. Ég sé orðið ekki ástæðuna fyrir því að undanþiggja landshlutabundna skógrækt 1. viðauka.

Mig langaði einnig að fá álit hv. þm. á þessu sem ég nefndi í hinni spurningunni sem ég lagði fyrir hann í fyrra andsvari mínu um það hvort hann liti svo á að Skipulagsstofnun geti hafnað framkvæmd vegna ónógra gagna eða vegna ófullnægjandi rannsókna þegar frummatsskýrsla liggur fyrir.

[15:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kannski ekki talað nógu skýrt um skógræktarverkefnin. Ég lít svo á að þau séu tilkynningarskyld, ekki að þau eigi skilyrðislaust að fara í mat. Ég vona að ég hafi a.m.k. talað það skýrt og ef svo er ekki, vil ég að það komi skýrt fram. Ég lít svo á að þau séu tilkynningarskyld samkvæmt 2. viðauka en ekki að skylda sé að setja þau í

mat skilyrðislaust samkvæmt 1. viðauka, þannig að það liggi alveg ljóst fyrir.

Hvort framkvæmdir geti farið í frekara mat þá lít ég svo á að til séu heimildir sem gefa ráðherra möguleika. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það. Ég vil aftur á móti ítreka það sem ég sagði áðan að ég álít að framkvæmdaraðili og skipulagsstjóri verði sameiginlega að vinna þannig að framkvæmd matsskýrslu að hún muni einfaldlega leiða til þeirrar niðurstöðu að báðir séu sammála þegar kemur að því að leggja hana fram. Þess vegna ætla ég ekki að fara að lesa þetta þannig að til séu ýmsar leiðir til þess að fara í ítarlegra mat. Ég lít svo á að fyrst við felldum þetta út þá sé það í algjörum undantekningartilvikum að hægt sé að ætlast til þess að ítarlegra mat fari fram og þá komi til alveg sérstakar ástæður sem hafa verið ræddar varðandi borholur eða einhver slík mál sem eru slík algjör undantekningartilfelli að ráðherra mun taka á því.

[15:45]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir brtt. við það frv. sem er verið að ræða en brtt. er til komin eftir ítarlega skoðun á frv. og þeim tilskipunum sem við tengjum það og sömuleiðis með hliðsjón af núgildandi lögum.

Sú tillaga sem ég vil leyfa mér að leggja fram er efnismálsliður b-liðar 9. tölul. í brtt. en þar er rætt um samspil einstakra þátta í ferlinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í matsskýrslu skal tilgreina þau áhrif, uppsöfnuð og samvirk, bein og óbein, sem fyrirhuguð framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir kann að hafa á umhverfi."

Í brtt. sem ég legg fram er gert ráð fyrir að þarna fyrir aftan bætist: „og samspil einstakra þátta í umhverfinu."

[15:47]

Katrín Fjeldsted:

Virðulegi forseti. Þá er komið að þeim lokapunkti í starfi umhvn. að skila af sér áliti um frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum sem er endurskoðun á núgildandi lögum frá 1993. Hv. umhvn. hefur sett í þetta frv. mikla vinnu og gert það að sjálfsögðu með glöðu geði því að málefnið er mikilvægt. Víða eru gerðar málamiðlanir má segja til að ná því marki að umhvn. gæti skilað sameiginlegu áliti en ég tel mikilvægast að rödd þingsins sé skýr og almenningi sé ljóst að vel hafi verið staðið að verki. Ég tel þess vegna að það megi tíðindum sæta að umhvn. skuli skila sameiginlegu áliti.

Mati á umhverfishrifum er sérstaklega ætlað að leiða í ljós hvort framkvæmdir á landinu skaði umhverfið þannig að ljóst sé hverju er fórnað sé farið í framkvæmdir. Mat á umhverfisáhrifum er ekki til að hindra framkvæmdir í sjálfu sér heldur er matið gert af fagmönnum, mönnum með bestu mögulega yfirsýn, að bestu manna yfirsýn má segja, til að hægt sé að vita fyrir fram hvaða áhrif framkvæmdir geta haft og tekið sé tillit til þess þegar endanleg ákvörðun er tekin um að fara í þær.

Með frv. sem liggur fyrir er matsferlið svokallaða einfaldað, það er gert skilvirkara auk þess sem aðkoma almennings er aukin. Það er mjög mikilvægt að almenningur í landinu og þar með talin frjáls félagasamtök komi sem fyrst að umræðu um álitamál sem geta varðað umhverfið.

Miklar umræður urðu í þjóðfélaginu undir lok sl. árs þegar upp risu alvarlegar deilur um það hvort Fljótsdalsvirkjun skyldi sæta mati á umhverfisáhrifum. Fram að þeim tíma hafði þjóðinni kannski ekki verið alveg ljóst hvað mat á umhverfisáhrifum táknaði en ég held að engum hafi dulist það eftir að þær umræður höfðu staðið yfir og hvert mannsbarn vissi meira og minna hvað um var að ræða.

Deilurnar skiptu þjóðinni í tvær fylkingar og víðtækur stuðningur virtist vera um það í þjóðfélaginu að Alþingi beitti eigin leikreglum en ekki lagakrókum. Sú staðreynd og þær deilur leiddu okkur fyrir sjónir hve nauðsynlegt er að ný lög um mat á umhverfisáhrifum yrðu þannig úr garði gerð að sátt mætti ríkja um þau. Í vetur bar ítrekað á góma þá lagatúlkun hvort virkjanir sem leyfi hefðu hlotið frá Alþingi samkvæmt fyrri lögum gætu talist undanþegnar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum frá 1993, einkum vegna þess að margir álíta að endanlegt leyfi þurfi að liggja fyrir til þess að svo megi verða. Hvað var þá þetta endanlega leyfi? Um það var deilt.

Sé framkvæmdaleyfi sem sveitarstjórn veitir — og í tilfelli Fljótsdalsvirkjunar þá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps — endanlegt leyfi fyrir þeirri virkjun er vitað að það liggur enn ekki fyrir. Dómsmál hafa orðið í svipuðum málum í Evrópu og niðurstaða þeirra orðið á þann veg að a.m.k. er um vafaatriði að ræða. Hvaða virkjanir höfðu þá verið heimilaðar samkvæmt fyrri lögum? Hvaða virkjanir hafa leyfi frá Alþingi og gætu þar með talist undanþegnar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt núgildandi lögum og samkvæmt þessu frv. í einu af bráðabirgðaákvæðunum, en þar er verið að framlengja um tvö og hálft ár þær undanþágur sem veittar hafa verið í núgildandi lögum?

Í svari iðnrh. við fsp. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni á síðasta ári eru taldar upp virkjanaframkvæmdir sem heimildir eru fyrir samkvæmt lögum, settum fyrir 21. maí 1993, og ekki hafa komið til framkvæmda. Þar er um að ræða lög um raforkuver, nr. 60/1981, og ýmis sérlög. Nefna má lög nr. 92/1947, lög nr. 34/1949, lög nr. 12/1951 og lög nr. 65/1956. Lög þessi eru enn í gildi þótt komin sé meira en hálf öld síðan þau voru sett flest. Í þeim er að finna ýmsar heimildir sem sumar hverjar eru ónýttar. Þær heimildir eiga það reyndar sameiginlegt að vera til smárra virkjanahugmynda sem flestar hafa verið aflagðar eins og sagði í svari iðnrh.

Með lögum nr. 26/1977 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að veita Andakílsárvirkjun sf. leyfi til þess að reisa og reka vatnsaflsstöð við Kljáfoss í Hvítá í Borgarfirði. Virkjunin hefur ekki verið reist. Í 4. gr. laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, nr. 62/1981, segir að iðnrh. geti heimilað Sjóefnavinnslunni hf. að reisa og reka raforkuver allt að 10 megavatta stærð í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins. Sú heimild hefur aðeins verið nýtt að litlum hluta.

Í lögum um raforkuver, nr. 60/1981, er heimild til Landsvirkjunar að stækka Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun. Framkvæmdir á grundvelli þessarar heimildar eru ekki hafnar. Í sömu lögum er ríkisstjórninni veitt heimild til að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun. Einnig er heimild til að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver og einnig að stækka Búrfellsvirkjun. Loks er heimild til að reisa og reka jarðvarmavirkjun til raforkuframleiðslu á Nesjavöllum og er sú heimild enn ekki fullnýtt.

Herra forseti. Með þessari upptalningu tek ég ekki afstöðu með eða á móti einstaka virkjunum. Ég tel þær upp einungis til að sýna fram á að nægur undanþágutími hafi verið veittur

nú þegar. Þess vegna tel ég að snúa beri við blaði og hefja nýjan kafla í umhverfismálum þjóðarinnar og láta sólarlagsákvæði sem fram kemur í bráðabirgðaákvæði með frv. um mat á umhverfisáhrifum verða stutt þannig að t.d. frá næstu áramótum verði farið að lögum um mat á umhverfisáhrifum um allar framkvæmdir sem undir lögin ættu að heyra eðli máls samkvæmt.

Núverandi frv. er byggt á tilskipun Evrópusambandsins og ber Íslandi því að taka efni tilskipunarinnar upp í lög. Tilskipunin er endurskoðun á fyrri tilskipun sem núgildandi lög byggja á. Lögin frá 1993 hafa verið umdeild, einkum þó sú geðþóttaafstaða að sniðganga þau í mikilvægu máli eins og Fljótsdalsvirkjun og hefur margumrætt bráðabirgðaákvæði í núgildandi lögum einkum vakið tortryggni. Ég ætla ekki að rifja frekar upp þau átök sem urðu í þinginu og í þjóðfélaginu um kröfuna sem almenningur setti fram og margir þingmenn settu fram, þar með tveir stjórnarþingmenn, sú sem hér stendur og hv. formaður umhvn., Ólafur Örn Haraldsson, að Fljótsdalsvirkjun yrði látin sæta mati á umhverfisáhrifum og ég hef þegar rakið skoðun mína á því í þinginu í ítarlegu máli svo öllum má vera hún ljós.

Tilskipanir Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum byggjast á þeirri vinnu sem fram fór og þeim samþykktum sem voru gerðar á alheimsráðstefnu um umhverfismál í Ríó. Þar var gengið út frá ýmsum meginreglum, varúðarreglunni, mengunarbótareglu, reglu um verndarsjónarmið, reglu um að mengun sé upprætt við upptök sín, en einnig um rétt komandi kynslóða og sú regla gleymist oft í upptalningunni. Í frv. sem hér liggur fyrir eru 20 lagagreinar, fjögur ákv. til brb. og þrír ítarlegir viðaukar. Umhvn. þingsins stendur einhuga að efni frv. og sendir frá sér sameiginlegt nál. þótt fyrirvarar séu gerðir við örfá atriði.

Bent hefur verið á, og að því kom hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson í ræðu sinni áðan, að í skilgreiningu á orðinu umhverfi í frv. hafi fallið út fyrir misgáning það sem stendur í núgildandi lögum um samvirkan þeirra þátta sem þar eru upp taldir eða voru upp taldir í núgildandi lögum. Og þingmaðurinn lagði fram brtt. um að bæta úr þessu með viðbót við 9. gr.

Þær greinar í frv. sem helst má segja að ágreiningur hafi staðið um innan nefndarinnar og lýsir sér og kemur fram í fyrirvörum í nál. eru aðallega hvað varðar 11. gr. og síðan bráðabirgðaákvæði I og ætla ég að gera þessi atriði að umtalsefni.

Í 11. gr. frv. er tiltekið, þar sem verið er að fjalla um úrskurð Skipulagsstofnunar, að hefjist framkvæmdir ekki innan tíu ára frá úrskurði Skipulagsstofnunar skuli stofnunin ákvarða hvort mat á umhverfisáhrifum hinnar fyrirhuguðu framkvæmdar skuli fara fram að nýju samkvæmt lögunum.

Þegar ég lít til baka yfir ævi mína finnst mér tíu ár líða eins og örskot en ég átta mig þó á því að í umhverfismálum má segja að eitt ár sé langur tími vegna þess að breytingar eru svo örar á alþjóðavettvangi og til allrar hamingju líka á Íslandi, við erum ekki meira eyland en það. Mér fannst þess vegna mjög athugandi að stytta þennan tíma úr tíu árum í fimm ár en með bráðabirgðaákvæði sem bætt hefur verið við frv. þar sem kveðið er á um að umhvrh. skipi nefnd til að fara ofan í lögin og endurskoða þau innan tveggja og hálfs árs finnst mér það nægja til þess að mæta óánægju minni með þennan langa tíma vegna þess að nefndinni er þá í lófa lagið að leggja til breytingu á þessum tíma.

Annað atriði, sem ég nefndi hér áðan, er ákv. til brb. I þar sem segir að áfram skuli undanþiggja þær framkvæmdir sem undanþágu höfðu samkvæmt núgildandi lögum í tvö og hálft ár enn. Mér finnst það óþarflega langur tími fyrir lagaskil, sérstaklega í ljósi þeirrar öru þróunar sem á sér stað í umhverfismálum. Þess vegna hefði mér þótt eðlilegt að þessi tími væri mun styttri og jafnvel bara til næstu áramóta þannig að þær framkvæmdir sem komnar eru af stað geti haldið áfram og menn hafi nokkra mánuði til að skoða stöðuna en sætti sig síðan við að ný vinnubrögð hafi verið tekin upp og mat á umhverfisáhrifum sé reglan.

Þetta náði ekki fram að ganga. En ég taldi þó í ljósi þeirra skilaboða sem þingið sendir frá sér til almennings mikilvægara að skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara um þetta atriði þó að skoðun mín hafi ekki breyst á þessu.

Nefnd sú sem upphaflega vann þetta frv. var sömu skoðunar. Hún var sett á stofn í árslok 1997 um svipað leyti og tilskipun Evrópusambandsins var að fæðast og hún lagði til að lagaskilin yrðu á miklu skemmri tíma. Nefnd þessi skilaði af sér í desember 1998. Lögin áttu samkvæmt tillögum hennar að taka gildi um miðjan mars og það átti að gefa um átta og hálfan mánuð til þess að gera hreint í málunum þannig að hefði frv. verið lagt fram þá væru þessir frestir löngu afstaðnir og við værum með hreint borð í þessum málum.

Bráðabirgðaákvæði III með þessu frv. kveður á um endurskoðun á lögunum innan tveggja og hálfs árs eins og ég sagði áðan. Það þýðir að við endurskoðun laganna er hægt að endurskoða þessa hluti sem ég nefndi nema þau tvö og hálft ár sem gefin eru í bráðabirgðaákvæði I. Endurskoðunin lýtur m.a. að því hvort skipulagsáætlanir geti komið í stað mats eða eins og ég skil ákvæðið, hvort ekki sé rétt að gera mat á umhverfisáhrifum á skipulagstíma. Sú aðferð hefur verið tekin upp í einhverjum löndum, m.a. í Danmörku og mun nú vera unnið að tilskipun um þetta efni hjá Evrópusambandinu þannig að ný tilskipun um þetta atriði er á næsta leiti. Þegar hún kemur verður okkur skylt að taka hana upp í íslensk lög. Menn eru því þarna með einhvern gálgafrest. Ég er nú þeirrar náttúru að vilja ljúka hlutunum af helst sem fyrst, illu er best aflokið og þess vegna tel ég að best hefði verið að taka þessa reglu upp strax. En þetta er augljóslega á næsta leiti og verður án efa tekið í lögin áður en langt um líður.

Ákv. til brb. um tveggja og hálfs árs frest veitir óþarflega langan frest fyrir virkjanir sem sumar hverjar gætu valdið deilum í þjóðfélaginu. Með því að undanþiggja þær í tvö og hálft ár enn er verið að hindra — ja, hvað er verið að hindra? Það er verið að hindra að almenningur eigi aðgang að ferlinu í upphafi eins og við ætlum að gera með nýjum lögum. Þetta beinist því fyrst og fremst gegn aðkomu almennings. Það finnst mér miður og mér finnst misskilningur að gera þetta svona. Það er verið að hindra að almenningur eigi aðgang að upplýsingum til þess að koma að athugasemdum sínum og gera sér grein fyrir umhverfisáhrifum framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáhrif vegna þeirra. Það er einnig verið að hindra að fram hafi farið mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem undanþegnar eru með ákvæðinu. Það er verið að hindra að farið sé að bestu manna yfirsýn og þá er ég að tala um þá fagmenn sem vinna að mati á umhverfisáhrifum og við reiðum okkur á.

Krafa umheimsins, krafa Evrópusambandsins sem m.a. birtist í tilskipun um þetta efni nú, og krafa þorra almennings er sú að ákveðnum leikreglum sé beitt í þjóðfélaginu. Ég tel

að við sem löggjafi og íslensk stjórnvöld værum best sæmd af því að fara að þeim leikreglum.

Þrátt fyrir fyrirvara þann sem ég geri í nefndarálitinu við bráðabirgðaákvæðið um þetta tveggja og hálfs árs undanþágutímabil, trúi ég því að þetta frv. verði til góðs fyrir umhverfismál á Íslandi og ég trúi því að almenningur sjái að Alþingi og ráðuneyti umhverfismála vilji að vel sé staðið að umhverfismálum hérlendis.

Ég hef rakið í máli mínu þorra þeirra framkvæmda sem samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu margnefnda eiga áfram að vera undanþegnar mati á umhverfisáhrifum nema þeim sé hrint af stað innan tveggja og hálfs árs. Fjölmargar þeirra hafa verið aflagðar og verða aldrei framkvæmdar. Um aðrar er kannski ekki ágreiningur í sjálfu sér. Mikilla upplýsinga hefur þegar verið aflað og því er engin frágangssök að láta meta þær umhverfislega á nútímalegan hátt. Standi hins vegar styr um virkjanir eða framkvæmdir í þjóðfélaginu er að mínu mati afar áríðandi að farið sé að tilskipun Evrópusambandsins, samráð haft við almenning í upphafi máls og almenningi hleypt að umræðunni á þann hátt sem núverandi frv. gerir ráð fyrir um allar aðrar framkvæmdir þannig að fengið sé fram það mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna sem reglurnar frá Ríó hvetja til, ekki síst sú sem lýtur að rétti komandi kynslóða.

[16:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted ákaflega greinargóða ræðu. Það var virkilegur fengur að þeim kafla ræðunnar sem fjallaði um endanlegt leyfi til framkvæmda. Þetta er eitt af þeim atriðum sem kom til mikillar umræðu í nefndinni og það var virkilega gott að hv. þm. skyldi halda því til haga á þann hátt sem hún gerði í ræðunni.

En það sem mig langaði til að gera athugasemd við er skoðun hv. þm. á því að það sé í lagi að hafa tíu ára svigrúm til þess að hefja framkvæmdir út á fengin leyfi vegna þess að í lögunum sé bráðabirgðaákvæði um að endurskoða lögin innan tveggja og hálfs árs. Í því sambandi langar mig til að minna hv. þm. á að í núgildandi lögum er bráðabirgðaákvæði nr. I sem kveður á um að þau lög sem við nú búum við skuli endurskoðuð jafnframt því sem fram fari endurskoðun skipulags- og byggingarlaga.

Skipulags- og byggingarlög voru samþykkt héðan frá Alþingi í maí 1997. Það þýðir að við erum nú búin að búa við lög um mat á umhverfisáhrifum þremur árum lengur en löggjafinn ætlaðist til þegar hann samþykkti þau. Og, herra forseti, ég sé ekki að við höfum nokkra tryggingu fyrir því að svo geti ekki farið aftur. Ég er því ósátt við að hv. þm. skuli ekki fylgja minni hlutanum í þessum brtt. um fimm árin þannig að svigrúm til framkvæmda eftir að leyfi er fengið skuli minnkað a.m.k. niður í fimm ár.

Að lokum hef ég líka ákveðnar efasemdir um þá fullyrðingu hv. þm. að ferli það sem hér er lýst verði skilvirkara þegar um stórframkvæmdir er að ræða því að við vitum að stórframkvæmdir hafa iðulega verið dæmdar í ítarlegra mat á grundvelli ónógra upplýsinga eða ónógra rannsókna. Það sama gildir ekki um smærri framkvæmdir. Ég er því sátt við að það sé skilvirkara gagnvart smærri framkvæmdum en óttast að svo verði ekki gagnvart þeim stærri.

[16:11]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Ég sagði í ræðu minni að ég væri ekki sátt við þessi tíu ár, sérstaklega vegna þess að í greininni segir að Skipulagsstofnun skuli ákvarða hvort fram þurfi að fara mat að nýju. Í mörgum tilvikum ályktar án efa stofnunin sem svo að það þurfi ekki. Þess vegna held ég að menn séu að bíta sig í þennan árafjölda fyrir misskilning.

Varðandi bráðabirgðaákvæðið um endurskoðun laganna þá sitjum við nú báðar á Alþingi, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og ég, og ég efast ekki um að við munum fylgja því eftir að þetta verði gert og það líði ekki þessi tími án þess að lögin verði endurskoðuð. Og ekki síður, eins og ég sagði í ræðu minni, þá er væntanleg innan skamms ný tilskipun frá Evrópusambandinu um alveg ný vinnubrögð í mati á umhverfisáhrifum þar sem byggt verður á því að í matið verði farið strax á skipulagsstigi. Og það er mjög vitrænt að gera það. Það hefði verið mjög skemmtilegt ef okkur hefði tekist að koma því inn í okkar frv. og geta gert það að lögum áður en við erum skyldug til þess vegna þess að það eru ágæt vinnubrögð. En a.m.k. tel ég ljóst að þessi tilskipun muni koma og ég skal persónuelga vera með í að ýta á að þetta verði endurskoðað.

[16:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir orð hv. þm. um væntanlega tilskipun, nýja tilskipun frá Evrópusambandinu. Ég bind sömuleiðis miklar vonir við hana. Þó ég treysti okkur hv. þm. Katrínu Fjeldsted afar vel og umhvn. allri til þess að standa vörð um að hnippt verði í ráðherrann þegar lögin þurfa að koma til endurskoðunar þá vil ég minna á að ekki var langt liðið af þessu þingi þegar ég fór að brýna hæstv. umhvrh. til að leggja fram frv. til nýrra laga. Og það var eins og við munum öll, herra forseti, dregið fram á elleftu stundu.

Og getgátur hafa verið hér í þinginu um að það hafi verið gert til þess að koma umræðunni um Fljótsdalsvirkjun ekki í uppnám frekar en orðið var. Eins og við vitum var frv. sem við nú erum að vinna lagt fram 22. febrúar. Það var auðvitað allt of seint og nefndin hefur haft allt of lítinn tíma. Ég er því ekki alveg viss um það, þó að öflug nefnd sé í gangi, að við náum því að koma þessu endurskoðunarákvæði í kring.

Ég auglýsi enn eftir svari frá hv. þm. við síðari spurningu minni í fyrra andsvari, um skilvirkni matsins þegar um stærri framkvæmdir er að ræða.

[16:14]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Tvær mínútur í andsvari eru fljótar að líða, hv. þm.

Það má segja að allir hlutir séu flóknari við stórframkvæmdir en þær smærri. Það liggur í eðli máls. En ég held samt að matsferlið, matsskýrslan og aðdragandi sem gert er ráð fyrir að sé breyttur og öðruvísi í þessu frv. en í núgildandi lögum, eigi að tryggja að farið verði mun skilvirkar að. Hér áðan var nefnd 11. gr. þar sem felld hefur verið út krafan um ítarlegra mat á framkvæmdinni. En í sömu grein er hins vegar Skipulagsstofnun heimilt að fallast á viðkomandi framkvæmd með eða án skilyrða. Þar með hefur Skipulagsstofnun í hendi sér að geta sett skilyrði fyrir utan það að framkvæmdaaðilinn ræður auðvitað hraðanum fram að þeim tíma þegar málið berst til Skipulagsstofnunar og þunginn flyst yfir á matsáætlunina.

Skilvirkara finnst mér líka að hleypa almenningi að málinu, þ.e. skilvirkara í umhverfislegu tilliti, þannig að auðvitað er þetta líka spurning um hvernig maður skilur orðið skilvirkni.

Ég vil að lokum þakka þingmanninum og þeim þingmönnum sem sitja í hv. umhvn. Ég lít svo á að faðerni þessa

frv. sé að sjálfsögðu tilskipun Evrópu og síðan starf umhvrn. en móðernið sé umhvn. Ég þakka samstarfið.

[16:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mat á umhverfisáhrifum er eitt af því mikilvægasta sem hefur verið tekið upp í umhverfisvernd á síðasta áratug og í núverandi mynd sinni á það rætur sínar að rekja aftur til hinnar miklu ráðstefnu sem haldin var í Ríó í upphafi síðasta áratugar. Þá voru reyndar lögð niður ákaflega mörg teikn inn í framtíðina um það hvernig eigi að fara að því að vernda umhverfið. Meðal annars var lagt á ráðin um ákveðnar reglur sem voru einungis í frumdrögum en hafa síðan orðið ákaflega mikilvægar þó að þær hafi ekki enn ratað inn í lög. Ég nefni mengunarbótaregluna, reglur um verndunarsjónarmið, reglur um að mengun sé upprætt við upptök og varúðarregluna.

Þessar reglur eru með einum eða öðrum hætti grundvöllur þeirrar tilskipunar Evrópusambandsins sem við höfum verið að reyna að taka upp í lög með því frv. sem hér liggur. En þessar meginreglur koma eigi að síður ekki fram í sjálfu frv. Efni þeirra, orðalag er enn óljóst og það er enn þá í mótun. Hins vegar er ákaflega mikilvægt að það komi skýrt fram að þessar meginreglur ber framkvæmdarvaldinu að hafa í huga við framkvæmd laganna og þetta er eitt af því sem umhvn. var sammála um að rétt væri að kæmi fram við afgreiðslu málsins. Þetta tel ég að sé ákaflega mikilvægt.

Nú á allra síðustu árum hafa í Evrópu, en ekki síst utan Evrópu, verið að koma í ljós túlkanir á þessum reglum, tiltölulega óljósum, en sem leiðtogar þjóða skrifuðu eigi að síður undir í Ríó og sem hafa haft þær afleiðingar að menn eru farnir að túlka lög með allt öðrum hætti en áður. Það tel ég vera ákaflega mikilvægt og þess vegna nauðsynlegt að árétta að framkvæmdarvaldið hafi þessar fjórar meginreglur í huga þegar kemur að framkvæmd laganna.

Eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted gat um áðan eru þessi mál í stöðugri mótun. Viðhorf til umhverfismála eru alltaf að breytast og það kemur ekki hvað síst fram í þeirri staðreynd að við erum sammála um ákveðið bráðabirgðaákvæði þar sem lagt er til — ekki lagt til heldur beinlínis mælt fyrir um — að hafist verði handa um endurskoðun þeirra laga sem samþykkt verða á grundvelli þessa frv. innan tveggja og hálfs árs. Það sýnir hvað umhvn. telur þennan málaflokk vera í örri þróun.

Ég er þeirrar skoðunar að við séum að lögfesta ákaflega merkan lagabálk. Ég held að mat á umhverfisáhrifum sé eitt af því merkilegasta sem við höfum tekið upp af nýmælum í íslenskri löggjöf á síðustu árum og mikilvægi málsins speglast m.a. í þeirri staðreynd að stjórnarandstaðan hefur kosið að vera með meiri hlutanum á þessu nál. Rétt er að það komi fram að þeir tveir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir, skrifa undir með fyrirvara og leggja fram á sérstöku þskj. ákveðnar brtt. Ég held, herra forseti, að ef þingið bæri gæfu til að samþykkja þær brtt. stæðum við núna frammi fyrir frv. sem væri snöggt um betra en það sem hér liggur fyrir.

Saga þessa frv. er ákaflega merkileg. Eins og menn vita átti ríkisstjórnin að leggja frv. fram samkvæmt þeim skyldum sem á henni hvíla vegna EES-samningsins um mitt síðasta ár. Við vitum líka öll af hverju það var ekki gert. Það var vegna þess að ríkisstjórnin taldi rétt að lúra á því til að koma í veg fyrir að dagsins ljós sæi frv. sem væri bersýnilega með þeim hætti að það skyti stoðum undir staðhæfingar okkar sem vorum á móti framgangsmáta við Fljótsdalsvirkjun og héldum því alla tíð fram að nauðsynlegt væri að setja þá framkvæmd í mat á umhverfisáhrifum.

Eigi að síður, herra forseti, þá liggur það fyrir að nú er frv. komið fram og í flestum dráttum til stórra bóta. En ég verð að taka undir með hv. þm. Katrínu Fjeldsted að ákveðnir skafankar eru á þessu frv. Ég vil sérstaklega nefna tvennt. Mér finnst slæmt að við skulum hafa í frv. ákvæði sem meiri hlutinn styður þess efnis að þegar búið er að framkvæma mat á umhverfisáhrifum og veita framkvæmdaleyfi að þá skuli það lifa í tíu ár eftir að leyfi er veitt. Ég tel að það sé ákaflega slæmt. Upphaflega nefndin lagði til fimm ár eins og fram hefur komið. Ég nefni það líka að um önnur leyfi gildir allt annað eins og byggingarleyfið sem lifir einungis í eitt ár. Ég vísa til þess að hinir fornu orkupáfar Íslands, eins og fyrrum yfirmenn Orkustofnunar, hafa sjálfir sent frá sér skriflega álitsgerð um það hversu lengi slík leyfi ættu að vara og þeir hafa talað um fimm ár. Ég ímynda mér að það hafi verið grunnurinn undir því að nefndin, sem lagði hin upphaflegu drög að frv., komst að þessari niðurstöðu.

Herra forseti. Ég vil líka taka undir með hv. þm. Katrínu Fjeldsted, eins og þeir tveir þingmenn sem eru með fyrirvara af hálfu stjórnarandstöðunnar að það er ákaflega slæmt og virkar ekki vel í ljósi nýliðinnar reynslu að við skulum enn hafa inni bráðabirgðaákvæði sem gerir það að verkum að þær framkvæmdir sem hafa leyfi samkvæmt gildandi lögum skuli halda því í tvö og hálft ár og mér heyrðist að hv. þm. Kartín Fjeldsted teldi að hér væri fyrst og fremst um að ræða ýmsar smærri virkjanir. Eins og fram hefur komið í svari hæstv. iðnrh. við fsp. Sighvats Björgvinssonar er þarna um að ræða eftir atvikum átta til ellefu, jafnvel tólf virkjanir.

En ég vek eftirtekt á því að eitthvað hlýtur að liggja á bak við þetta fyrirkomulag af hálfu framkvæmdarvaldsins. Hvað veldur því að menn eru ekki reiðubúnir að samþykkja fimm mánuði eða einfaldlega skera algjörlega á þetta eins og þingflokkur Samfylkingarinnar lagði til í frv. sem var lagt fram og hefur verið lagt fram á þessu þingi og flutt af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni? Við erum þeirrar skoðunar að allar framkvæmdir eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum og ekkert af þeim gömlu leyfum sem eru í gildi eigi að fá að lifa. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að ein af þeim virkjunum sem er heimil samkvæmt gildandi lögum og verður heimil samkvæmt þessu frv., án þess að hún fari í mat á umhverfisáhrifum, er síðasti áfangi Þjórsárvirkjunar, 6. áfangi Kvíslaveitu ef ég man rétt, sem gerir það að verkum að gengið er á Þjórsárver. Með öðrum orðum, það frv. sem liggur núna fyrir er þess eðlis að það útilokar ekki að í reynd sé ráðist í framkvæmd sem kynni að skerða Þjórsárver en eins og menn muna og vita eru Þjórsáver sérstakt verndarsvæði og ákaflega mikilvægt svæði sakir sérstæðs lífríkis síns.

Óneitanlega hlýtur maður að spyrja, herra forseti: Hvað er það sem vakir fyrir framkvæmdarvaldinu að skera ekki á þetta í eitt skipti fyrir öll og óneitanlega hlýtur maður að spyrja þá sem hafa þetta mál á forræði sínu, þ.e. hv. þm. Ólaf Örn Haraldsson, formann umhvn., og hv. þm. Kristján Pálsson, varaformann umhvn.: Hver eru rökin fyrir því að það er enn verið að halda lifandi framkvæmdaleyfum stórvirkjana á borð við þá sem ég var að nefna? Er ætlunin sú að heimila einhverja slíka virkjun? Það er nauðsynlegt að það komi fram í umræðunni, herra forseti.

Ég vildi líka geta þess að ekki ríkir full sátt millum stjórnar og stjórnarandstöðu að því er varðar t.d. hvernig

eigi að fara með mat á umhverfisáhrifum skógræktar. Í lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni, sem samþykkt voru fyrir einhverjum missirum, kom það fram með sérstöku ákvæði í þeim að það var skýr vilji löggjafans að áætlanir um skógrækt skyldu fara í mat á umhverfisáhrifum. Ákvæðið var að vísu skilyrt því að það skyldi einungis lifa fram til þeirrar stundar að ný lög um mat á umhverfisáhrifum tækju gildi. En með samþykkt ákvæðisins í þeim lögum lá auðvitað fyrir vilji löggjafans, eins og hann var skipaður á þeim tíma, að í hinum nýju lögum um mat á umhverfisáhrifum væri ákvæði sem væri a.m.k. jafngilt þessu. Nú blasir við að slíkt ákvæði er ekki að finna í þessu frv. Það er hins vegar að finna í þeim tillögum sem tveir hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa lagt fram.

Ég hlýt því að spyrja hv. þm. stjórnarmeirihlutans: Hvað veldur því að þetta hefur ekki verið tekið upp í lögin? Er það bara af vangá eða eru menn virkilega að leyfa sér að stíga skref aftur á bak varðandi mat á umhverfisáhrifum? Ég tel að með engu móti sé hægt að samþykkja frv. af þessu tagi og get ekki fallist á það nema sett verði undir þennan leka með einhverju móti. Ég ætla hins vegar ekki, herra forseti, að gera þetta að frekara umræðuefni vegna þess að ég vænti þess að menn beri gæfu til þess að skoða þetta milli 2. og 3. umr. En ég vil spyrja annaðhvort formann eða varaformann umhvn. hvort ætlunin sé að taka þetta tiltekna atriði til skoðunar milli 2. og 3. umr. Ég tel að það sé ekki hægt að ljúka umræðunni án þess að það liggi alveg skilyrðislaust fyrir, herra forseti.

Af því að ég er þeirrar skoðunar að lög eigi að vera skýr langar mig að spyrja hv. þm. stjórnarmeirihlutans örlítillar spurningar. Ég tel að það eigi aldrei að gerast að lög séu orðuð með þeim hætti að venjulegt fólk, fólk með kannski bara slaka meðalgreind, geti ekki skilið viðkomandi setningar. Ég tek eftir því að í III. kafla frv., 5. gr., sem fjallar um matsskyldar framkvæmdir er að sönnu í 2. mgr. að finna ákaflega mikilvægt nýmæli þar sem rætt er um að þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd er fyrirhuguð á sama svæði þá getur ráðherra, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Á nauðsyn ákvæðis af þessu tagi var bent af hálfu skipulagsstjóra í hinu miklu deilumáli sem tengdist álveri á Reyðarfirði og Fljótsdalsvirkjun. Nú hefur orðið samstaða um að taka þetta upp og það er vel.

En brtt. við sömu grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur heimilað í sérstökum undantekningartilvikum, að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar og leyfisveitenda, að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, eða hluta hennar, samkvæmt þessari grein og 6. gr. fari fram með öðrum hætti en kveðið er á um í lögum þessum."

Herra forseti, hvers konar skrípaleikur er þetta? Hvað felst í þessu orðalagi?

Ég get ekki tekið þátt í því að samþykkja frv. nema ég skilji það til fullnustu. Þetta orðalag skil ég ekki. Ég spyr þess vegna hv. formann nefndarinnar eða einhverja aðra stjórnarþingmenn: Geta þeir upplýst hvað felst í þessu og hvort með þessu sé í reynd verið að gefa hæstv. ráðherra leyfi til að fara eigin leiðir algjörlega á skjön við allt það sem áður er búið að mæla fyrir um í lögum þessum?

[16:29]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn sem talaði á undan mér minntist á Norðlingaöldulón eða þær framkvæmdir sem gætu bitnað á því sem við höfum verndað í Þjórsárverum. Ég vil taka undir þetta vegna þess að 6. áfangi Kvíslaveitu kemur þarna inn og er kannski á einhverju teikniborði, við vitum kannski ekki um það. En í þann áfanga gæti verið tekið vatn sem heldur uppi vatnsstöðu í efri hlutanum og af því færi jafnvel 20–30%. Þetta er opið og ófrágengið dæmi og það þarf að loka því af því að ekki má skerða Þjórsárver frekar. Mér finnst skipta mjög miklu máli, t.d. að þingmenn Suðurlandskjördæmis átti sig á því að með því að framlengja ákvæðið um undanþáguheimild er verið að gefa undir fótinn með það að gengið sé frekar á Þjórsárver.

[16:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted kærlega fyrir þessar undirtektir. Hún hitti naglann á höfuðið í svari sínu. Hún tekur undir með mér og bendir á þá staðreynd að við erum í reynd að framlengja undanþágu sem gerir það að verkum að hægt verður að ráðast í framkvæmd sem ekki þarf að fara í mat á umhverfisáhrifum og getur skert Þjórsárver. Hv. þm. upplýsir að þetta gæti leitt til þess að 20–30% af verunum eyddust frá núverandi mynd. Ég hlýt auðvitað að spyrja hv. þm. stjórnarmeirihlutans, hv. formann umhvn. og varaformann umhvn.: Hvernig í ósköpunum geta þeir leyft sér að leggja hér til við þingið, eftir þær deilur sem skáru þjóðina og tættu á liðnum vetri, að framlengja framkvæmdarleyfi fyrir virkjun sem getur skert þetta mikilvæga náttúruverndarsvæði? Það er ekki hægt að bjóða þinginu upp á þetta og, herra forseti, þetta eru vinnubrögð sem eru ekki til eftirbreytni.

Það er ekki nóg, herra forseti, að spyrja eða vekja athygli hv. þm. Suðurlandskjördæmis á þessu. Það hlýtur að þurfa að spyrja handhafa framkvæmdarvaldsins, fyrst og fremst hæstv. umhvrh.: Hvað vakir fyrir ríkisstjórninni með þessu? Er hún reiðubúin til þess að koma hingað og gefa yfirlýsingu um að ekki verði ráðist í þennan síðasta áfanga virkjunar Þjórsár sem gæti leitt til þess að Þjórsárver að einhverju leyti laskist? Er hún reiðubúin til þess?

Mér finnst ekki hægt að ljúka þessari umræðu, eins og hún hefur þróast, öðruvísi en að það komi fram.

[16:32]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Oft líta svona ákvæði sakleysislega út. Það er erfitt að sjá hvað í þeim felst nema maður skoði hvað á bak við liggur. Bráðabirgðaákvæðið umrædda í núverandi frv., sem framlengir undanþágu allra þeirra virkjana sem ég taldi upp í ræðu minni fyrr í dag, innifelur m.a. þetta. Ástæðan fyrir því að ég kom hér upp í andsvar var ekki síst að reyna að leiða þingmönnum fyrir sjónir hvað þetta ákvæði þýðir.

Með þessu er verið að stofna í hættu vatnsstöðu í Þjórsárverum, en Þjósárver halda uppi helmingi af heiðargæsastofni heimsins og eru mjög merkilegt svæði. (**Landbrh.:** Þeim má aldrei sökkva.) Þeim má aldrei sökkva, segir hæstv. landbrh. Ég tek undir það og treysti því að hann sjái til þess með mér og öðrum þingmönnum hér að þetta bráðabirgðaákvæði verði ekki látið standa eins og það er.

[16:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki miklu við þetta ágæta andsvar hv. þm. að bæta. Hún hittir naglann, eins og ég sagði áðan, á höfuðið. Hún er með kjarna málsins í höndum sér.

Málið vekur upp spurningu sem við hljótum að þurfa að fá svar við: Hvaða ástæður eru fyrir því af hálfu þingmanna stjórnarmeirihlutans að þetta framlengingarákvæði er inni?

Einn hv. þm. stjórnarmeirihlutans hefur tekið til máls og reynt að svara þeirri spurningu minni. Í ljós kemur að hún elur í brjósti sér sömu efasemdir og ég. Hvað segja þá hinir þingmenn stjórnarmeirihlutans? Ég trúi því ekki að hv. þm. Framsfl. og Sjálfstfl. séu einhvers konar framlenging á framkvæmdarvaldinu og troði hér í gegn ákvæðum sem þeir eru jafnvel ekki vissir um að séu réttmætt og skilja kannski ekki ástæðuna fyrir þeim. Ég hallast auðvitað að því að hér sé einhver maðkur í mysunni. Mér finnst a.m.k. nauðsynlegt að fulltrúar framkvæmdarvaldsins svari spurningunni: Af hverju er þetta framlengingarákvæði inni? Ég sé ekki í nál. umhvn. nægilega sterka skýringu á því. Ég held að ekki sé hægt að ljúka þessari umræðu öðruvísi en að fá botn í þetta mál.

Ekkert mál hefur farið jafnilla með þjóðarsálina og þessar harkalegu deilur sem urðu um Fljótsdalsvirkjun, deilur sem síðan kom í ljós að snerust ekki um neitt því að ekkert varð af þeirri framkvæmd. Eigum við ekki að læra af reynslunni, herra forseti, og reyna að koma í veg fyrir að við lendum aftur í sömu ógöngum? Það er verið að troða slóð sem gæti leitt okkur inn á sama einstigið og við vorum föst í fyrri hluta þessa þings.

[16:35]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju minni með að frv. um mat á umhverfisáhrifum sem hér er komið til 2. umr. sé komið fyrir þingið á ný. Nefndin hefur skoðað málið nákvæmlega, tekið það til ítarlegrar skoðunar, fengið fjölda gesta á sinn fund og fjöldi umsagna barst nefndinni.

Eftir umræðu um Fljótsdalsvirkjun sl. haust var nefndinni vel ljóst að verulegra breytinga var þörf á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ferlið var þannig upp byggt að það gaf tilefni til tortryggni milli framkvæmdaraðila og þeirra sem telja sig hafa hagsmuna að gæta varðandi náttúru- og umhverfisvernd. Þó ekki væri nema fyrir hugtakið „kæruferli" þá gefur það neikvæða mynd af ferli sem er í eðli sínu jákvætt.

Í nefndarstarfinu kom fram að kærur sem kölluðu á mat á umhverfisáhrifum væru mun fleiri hér á landi en annars staðar. Um helmingur allra úrskurða er kærður hér á landi. Nefndin mat það svo að sennilega lægju nokkrar ástæður þar að baki. Í fyrsta lagi væri samráðs- og samvinnuþætti hagsmunaaðila verulega ábótavant í ferli mats á umhverfisáhrifum samkvæmt núgildandi lögum. Í öðru lagi hefðu allir, samkvæmt núgildandi lögum, rétt til að kæra, kæranda að kostnaðarlausu. Það varð m.a. tilefni til umræðu um hvort rétt væri að hafa þetta á þennan máta, að allir gætu kært sér að kostnaðarlausu. Niðurstaða nefndarinnar varð hins vegar að ekki væri ástæða til þess að breyta því þar sem ákveðin hefð væri komin á það form. Í þriðja lagi var talið hugsanlegt að enn væri nýjabrum á þessari starfsaðferð og ekki komið jafnvægi á framkvæmd laganna þannig að hagsmunaaðilar kærðu jafnvel oftar en tilefni væri til.

Í núgildandi lögum er ekki sérstaklega gert ráð fyrir samvinnu og samráði milli framkvæmdaraðila og hagsmunaaðila á fyrstu stigum undirbúnings máls, þ.e. meðan framkvæmdaraðili vinnur að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki fyrr en eftir að skýrsla framkvæmdaraðila liggur fyrir og hún hefur verið send til Skipulagsstofnunar að slíkt formlegt samráð er hafið og aðilum gefst kostur á að tjá sig um fyrirhugaða framkvæmd. Eins og ég sagði á undan hefur þetta leitt til að tortryggni hefur myndast milli framkvæmdaraðila og hagsmunaaðila. Það að hagsmunaaðilar þurfa að kæra matsskyldu til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hefur valdið því að í stað þess að aðilar líti hvor á annan sem samstarfsaðila eru þeir mótaðilar og matsferillinn fer fram undir merkjum gagnrýni og kæru. Umhvn. var ljóst að þetta ferli er ekki í anda grundvallarhugmynda um mat á umhverfisáhrifum eins og þær hafa þróast undanfarin ár. Eftir að hafa kynnt sér frv. og rætt við fjölmarga umsagnaraðila var nefndarmönnum ljóst að gera þyrfti umtalsverðar breytingar á frv.

Grundvallarhugmyndin um mat á umhverfisáhrifum felur í sér að athugun fari fram á áhrifum framkvæmda á umhverfi, jákvæð eða neikvæð, þannig að fyrir liggi ígrundaðar rannsóknir sem lagðar eru til grundvallar ákvörðunum um hvernig framkvæmdum verði háttað með hliðsjón af áhrifum á umhverfi. Ferlið felur einnig í sér að náið samráð er haft við alla hagsmunaaðila og þeim gefið tækifæri til að gera athugasemdir áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum er kveðinn upp og endanleg ákvörðun tekin um hvernig tiltekinni framkvæmd skuli háttað.

Ég lít svo á að í nefndinni hafi skapast ákveðin samstaða um ákveðin markmið varðandi endurskoðun á frv.:

Í fyrsta lagi var það markmið nefndarinnar — þessi markmið voru svo sem ekki sett formlega fram en ég tel að um þau hafi verið samhugur — að auka sátt í þjóðfélaginu um ferli mats á umhverfisáhrifum.

Í öðru lagi að styrkja samráð milli allra aðila er hagsmuna hafa að gæta við framkvæmdir og skapa um leið forsendur til að fella niður kæruferli og frekara eða ítarlegra mat á umhverfisáhrifum.

Í þriðja lagi að stytta þann tíma sem matsferlið tæki.

Í fjórða lagi að laga frv. nánar að tilskipun ESB um mat á umhverfisáhrifum til að löggjöfin væri sem líkust milli landa en þó yrði tekið mið af sérstökum aðstæðum hér á landi. Þar var m.a. haft í huga að íslensk löggjöf í þessum efnum væri ekki strangari en annars staðar í Evrópu með tilliti til samkeppnishæfni fyrirtækja í landinu gagnvart sambærilegum fyrirtækjum í Evrópu.

Í fimmta lagi þurfti að laga frv. með tilliti til nýlegrar niðurstöðu Hæstaréttar í máli svínabús þar sem heimild hæstv. umhvrh. til að ákvarða hvaða framkvæmdir aðrar en þær sem taldar eru upp í núgildandi lögum — og þar af leiðandi í frv. í viðaukum — var talin takmörkuð eða ekki til staðar.

Með hliðsjón af þessum markmiðum hafa fjölmargar breytingar verið gerðar á frv. í meðferð nefndarinnar. Í mörgum greinum er samráðsferlið styrkt þannig að opin samskipti eru tryggð milli framkvæmdaraðila og hagsmunaaðila meðan unnið er að matsáætlun. Þegar matsáætlun, sem framkvæmdaraðili ber ábyrgð á er lögð fyrir Skipulagsstofnun ættu því allir aðilar, hagsmunasamtök, opinberar stofnanir eða einstaklingar, að hafa fengið tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri og hafa áhrif á framkvæmdaáætlanir. Út frá þessum forsendum gat nefndin fellt úr frv. ákvæði um ítarlegra mat á umhverfisáhrifum, sbr. 11. gr. b-liðar 2. mgr., og jafnframt stytt matsferlið um margar vikur miðað við að fara þá leið.

Þá hefur umhvn. gert fjölmargar tillögur til breytinga á viðaukum frv., bæði til leiðréttingar og til samræmis við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Ég hef kosið að fara ekki frekar í þær breytingar sem nefndin hefur gert, það hafa félagar mínir í umhvn. hér á undan mér gert með greinargóðum hætti.

Ég er þeirrar skoðunar að vel hafi tekist til með endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta var gríðarlega mikil vinna og einnig ákaflega ánægjulegt samstarf. Vinnan gekk greiðlega fyrir sig, ekki síst eftir að nefndarmenn höfðu rætt ítarlega og komið sér saman um út frá hvaða grunnhugmyndum ætti að vinna. Eftir erfitt og átakasamt starf vegna Fljótsdalsvirkjunar í umhvn. þingsins sl. haust þá var sérstaklega ánægjulegt að sjá hve vel nefndarmenn náðu að vinna saman að þessu verkefni. Það segir sína sögu að öll nefndin skrifar undir nál. þótt þrír nefndarmenn hafi fyrirvara á atriðum sem fyrir fram var vitað að pólitískur ágreiningur yrði um.

Ég vil að lokum þakka sérstaklega formanni nefndarinnar, og varaformanni í fjarveru hans, góða stýringu á starfinu, einnig frábæra vinnu frá hendi nefndasviðs þingsins, ekki síst Evu Margrétar Ævarsdóttur, ritara nefndarinnar. Ég þakka og starfsmönnum umhvrn., umsagnaraðilum og gestum nefndarinnar.

[16:43]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um Þjórsárver ætla ég að upplýsa að fyrir tveimur dögum var hér fyrirspurnatími þar sem ég lagði fram fsp. til hæstv. umhvrh. út af Þjórsárverum, mörkum þeirra og hvort einhverjar framkvæmdir væru fyrirhugaðar þar sem ágreiningur væri um eða hvort þar væri eitthvað á döfinni. Í máli hæstv. ráðherra kom ekki annað fram en að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um frekari framkvæmdir og öll þau mál sem þar hafi verið í umræðunni væru enn í skoðun.

Ég tek undir það með hv. þm. að þetta er eitt af þeim svæðum sem við höfum ekki mikinn áhuga á að skerðist enda er hér um að ræða friðland og um það gilda sérstakar reglur. Í auglýsingu um friðland í Þjórsárverum sem Náttúruvernd ríkisins hefur á heimasíðu sinni kemur fram í reglu nr. 2, með leyfi forseta:

„Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatna og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema til komi leyfi Náttúruverndar ríkisins."

Ég lít svo á að þarna sé strax kominn hemill á framkvæmdir sem skaðað gætu lífríki eða umhverfi Þjórsárvera.

Síðan segir í lið nr. 3, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að skaða gróður og trufla dýralíf, svo og að hrófla við jarðmyndunum, gæsaréttum og öðrum minjum."

Í 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Sérstök nefnd er Náttúruvernd ríkisins til ráðuneytis um málefni friðlandsins. Hún skal þannig skipuð, að Náttúruvernd ríkisins, Landsvirkjun, hreppsnefnd Gnúpverjahrepps, stjórn Afréttamálafélags Flóa- og Skeiðamanna tilnefna einn mann hver. Þá tilnefnir Ásahreppur einn fyrir sína hönd og Djúpárhrepps. Starfstímabil fulltrúa hreppanna er hið sama og kjörtímabil þeirra. Náttúruvernd ríkisins skipar formann ráðgjafarnefndar."

Ég ætla ekki að fara að lesa upp þessa auglýsingu, það er óþarfi. Hún kom heilmikið til umræðu í fyrirspurnatíma. En ég held í sjálfu sér, herra forseti, að ástæðulaust sé að hafa áhyggjur af Þjórsárverum í tengslum við lög um mat á umhverfisáhrifum. Tekið er á þessu friðlandi með öðrum hætti annars staðar samkvæmt sérlögum og síðan er einnig náttúrlega tekið á því sem friðlandi í lögum um mat á umhverfisáhrifum. En þar sem sérlögin ganga lengra eru það að sjálfsögðu þau sem koma til með að ráða um framhladið og ég held að við deilum því saman, ég og hv. þm. að vilja passa upp á þetta friðland sem best við getum.

[16:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Kristjáns Pálssonar á því að þrátt fyrir hið ágæta svar sem hann fékk við fsp. sinni hjá hæstv. umhvrh. í þinginu í gær þá blasir eigi að síður við eftirfarandi staðreynd: Um þessar mundir er verið að vinna að frummatsskýrslu vegna 6. áfanga Kvíslaveitna. Hvað þýðir það, herra forseti? Það þýðir að einhvers staðar innan stjórnsýslunnar eru ráðandi aðilar sem eru reiðubúnir til að leggja út í talsvert mikinn kostnað til að undirbúa virkjun af þessu tagi.

Ég vek athygli á þessu, herra forseti, vegna þess að ég tengi þetta við það undanþáguákvæði sem enn þá er inni í frv. Ég spyr því: Er hv. þm. Kristján Pálsson reiðubúinn til að lýsa því yfir að hann sé algjörlega andvígur því að ráðist verði í þá framkvæmd? Og í öðru lagi: Er hann reiðubúinn til að lýsa því yfir að hann telji að það sé skilningur hans að ekki sé hægt að fara í þá framkvæmd nema hún fari eftir þeim lögum sem við erum að samþykkja núna, í alvörumat á umhverfisáhrifum?

Í annan stað, herra forseti, vil ég líka rifja það upp að ég spurði hv. þm. m.a. ásamt hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni hvaða ástæður væru fyrir því að menn vilja enn þá hafa inni tveggja og hálfs árs tímabil þar sem framkvæmdarvaldið getur nýtt þau framkvæmdaleyfi sem nú eru í gildi. Hvers vegna? Er einhver praktískur tilgangur þar að baki? Ef svo er ekki, hvers vegna getum við þá ekki tekið það út? Ef einhver praktískur tilgangur er þar að baki, hver er hann? Ætla menn virkilega að fara í einhverjar stórvirkjanir sem enn hafa framkvæmdaleyfi án þess að þær sæti mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum sem verða staðfest á grundvelli þessa frv.?

Síðan vek ég líka athygli á því að ég spurði hv. þm. út í hvað 5. mgr. 5. gr. III. kafla á að þýða af hálfu meiri hlutans.

[16:49]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom ágætlega fram í fyrirspurnatímanum um Þjórsárverin að það er tvennt sem hefur verið til skoðunar, og við vitum það, sem getur haft einhver áhrif á umhverfi friðlandsins við Þjórsárver, ekki friðlandið sjálft heldur umhverfi þess. Það er annars vegar Kvíslaveita 6, eins og hv. þm. segir réttilega, og hins vegar Norðlingaöldulón sem tengist því. Ef þessar tvær framkvæmdir yrðu að veruleika er ljóst að þær munu þurrka upp ákveðin svæði austast í Þjórsárverum fyrir utan friðlandið sem gæti leitt til uppfoks og þar af leiðandi skemmda á verunum.

Ég lít svo á að sú nefnd sem er skipuð og síðan Náttúruvernd ríkisins, sem fer með umsögn, eigi að vera fullbærir aðilar til að meta hvort þarna yrðu einhverjar skemmdir. Það sem ég heyri svo aftur á móti frá þessum aðilum er að þeir eru mjög hræddir við þessar framkvæmdir. Og ef Náttúruvernd ríkisins er hrædd við þær framkvæmdir þá verður ekkert úr þeim.

Hvers vegna við viljum halda inni bráðabirgðaákvæði I er einfaldlega vegna þess að búið er að greiða atkvæði um það í raun. Það voru greidd atkvæði um framkvæmd virkjunar við Jökulsá í Fljótsdal og Alþingi samþykkti það með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða að halda áfram þeirri framkvæmd. Þá framkvæmd er ekki búið að taka út af dagskrá enn þá þannig að við sjáum alveg að ákveðnar framkvæmdir eru í

gangi sem njóta þessa ákvæðis og þess vegna er það áfram inni.

[16:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti þessi yfirlýsing hv. þm. merkileg. Framlengingarákvæði bráðabirgðaákvæðis I er inni í frv. vegna þess, segir hv. þm., að það er enn mögulegt ef menn ætla að fara í Fljótsdalsvirkjun. Ég veit nú ekki alveg í hvaða veröld hv. þm. lifir, en ég hélt að ef það væri einhver framkvæmd sem búið væri að slá tryggilega af þá væri það Fljótsdalsvirkjum. Ég hef skilið mál allra þeirra ráðherra hæstv. ríkisstjórnar sem tekið hafa til máls um það síðustu mánuði á þann veg að sú virkjun væri út af kortinu fyrst og fremst vegna þess að ekki fæst fjármagn til hennar.

En er hv. þm. Kristján Pálsson að halda því fram og upplýsa okkur í þinginu um það að í stjórnarmeirihlutanum séu menn enn að ráðgera að fara í þá virkjun?

[16:52]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur tapað einhverju úr hér í þinginu á undanförnum mánuðum en ég þarf nú varla að rifja það upp hvernig atkvæðagreiðslan fór á sínum tíma. Ég veit aftur á móti að framkvæmdaraðilar fyrir Fljótsdalsvirkjun hafa frestað framkvæmdum, það er ljóst. Ég hef verið talsmaður þess að friða Eyjabakkana en það er ekki þar með sagt að ég t.d. sem persóna hafi verið á móti því að Jökulsá í Fljótsdal yrði virkjuð og ég hef ekkert séð því til fyrirstöðu að Jökulsá í Fljótsdal væri virkjuð fyrir neðan Eyjabakkasvæðið. Ég hef margoft lýst því hér í þinginu (**KolH:** Varst sem sagt tilbúinn að samþykkja tillögu Finns.) Ég hef út af fyrir sig ... Ja, það var náttúrlega allt önnur ástæða fyrir því, ég hef því miður ekki tíma til að fara út í þær umræður. En ég beygði mig fyrst og fremst fyrir því að engin leið var til samkomulags um neitt annað og þarna var búið að byggja upp miklar vonir á ákveðnu landsvæði sem við sáum að ekki var hægt að efna nema að fara út í þessa virkjun eða einhverja aðra sambærilega og ekki var hægt að komast að samkomulagi um neitt slíkt. Þess vegna urðu menn að kyngja ýmsu, því er nú verr og miður. En framkvæmdir við Fljótsdal í einni eða annarri mynd eru að sjálfsögðu á dagskrá og ekki er verið að upplýsa neitt leyndarmál þó að það sé sagt hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[16:54]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að það verða engar frekari atkvæðagreiðslur í dag en fundur hefst á morgun kl. níu með atkvæðagreiðslu.

Um fundarstjórn.

Þingmannamál til umræðu.

[16:55]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þegar þetta sérstaka þingmannamál, frv. til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika, var tekið úr nefnd urðu hörð viðbrögð hjá þingmönnum, bæði í umræðu í þingsal um leið og það fréttist að þetta væri eitt af þeim málum sem hefðu hlotið náð fyrir augum stjórnarmeirihlutans sem hleypir svo skelfilega fáum þingmannamálum í gegnum þingið á hverjum vetri.

Af hverju voru svona hörð viðbrögð? Það var vegna þess að mjög fáir dagar voru eftir af þinginu, vitað var að þetta væri mikið álitamál og að það væri ekki væri góð ásýnd að vera í lok þinghaldsins með umdeilt þingmannamál uppi. Ég hef nokkrum sinnum vísað til annars máls sem var mjög umdeilt í lok þinghalds, refamál í þjóðgarðinum á Vestfjörðum, þó að ég líki því máli og þessu ekki saman að öðru leyti en því að vera umdeild, sérstaklega umdeild mál og þingmannamál sem komu inn í þingið í lokin.

Við þingmenn viljum fá skoðað og við óskum eftir því að fá þingmannamálin afgreidd sem við höfum lagt vinnu í, öll þau umbótamál sem við teljum að horfi til framfara í samfélagi okkar. Komið hefur fram hér í dag að ekki er ásættanlegt að 90 mál liggja fyrir óræddd. Þess vegna er svo mikilvægt að þau mál sem fá náð komist tímanlega inn í þingið og að það séu mál sem mest sátt er um. Það er mjög eftirtektarvert að svo umdeilt mál hafi verið tekið út á síðustu dögum þingsins.

Herra forseti. Við ætluðum að hætta í gær, við ætluðum að ljúka þinginu í gær miðað við starfsáætlun þingsins. Hér erum við að taka svona mál fyrir kl. fimm daginn eftir að þingi átti að ljúka. Það eru miklar væntingar um að ljúka þinginu og mikill vilji er til þess og hefur verið af hálfu stjórnarandstöðunnar að gera það með nokkrum sóma og óvanalega góð sátt hefur verið um það hvernig hægt sé að vinna að því að þinginu ljúki.

Okkur sýnist hins vegar að stjórnarmeirihlutinn hafi sýnt furðulegt vinnulag. Nú á að fara að taka fyrir hnefaleika, sem eru umdeildir, og eins og þruma úr heiðskíru lofti hefur komið fram þingmannafrv. um skattamál forsetaembættisins. Ég lýsi bæði undrun og vanþóknun á þessum vinnubrögðum og legg til, herra forseti, af því að ég geri mér grein fyrir að það var misskilningur að óskað væri eftir því að ráðherra yrði viðstaddur tannsmíðafrv., að við látum það ganga fyrir og tökum það fyrir fyrst og látum sjá til með þetta mál.

[16:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil láta í ljós undrun mína á því sem hér birtist í þeim forgangi sem kemur fram hjá hæstv. forseta hvernig hann tekur málin á dagskrá. Við eigum eftir í dag að fjalla um, að mér skilst, mjög mikilvæg stjórnarfrv. svo sem samkeppnislög og vegáætlun og reyndar fleiri mál eins og starfsréttindi tannsmiða, en ákveðið er af hæstv. forseta að taka á dagskrá mjög umdeilt mál um lögleiðingu á ólympískum hnefaleikum sem er þingmannamál og ekki einu sinni samstaða um í nefndinni, nefndin er klofin í afstöðu til frv.

Þetta er mjög sérstakt, herra forseti, og ég hef ekki upplifað það fyrr á þingferli mínum að í lokahrinu þingsins, á síðustu klukkutímum eða sólarhringum sem þing starfar sé verið að taka á dagskrá mjög umdeilt þingmannamál meðan önnur mál á dagskránni eru látin bíða. Fyrir utan það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi að við höfum mátt búa við það í stjórnarandstöðunni að þau mál sem við höfum viljað láta reyna á í þinginu fá þá afgreiðslu og meðferð hjá stjórnarliðum að þau eru ekki einu sinni tekin á dagskrá og okkur er boðið upp á það af formanni nefndarinnar að ekki

hafi verið tími til að ræða það mál eða taka það á dagskrá, herra forseti, mál sem lögð voru fram hér í byrjun október, þverpólitísk mál eins og þáltill. um heildarstefnumótun í málefnum barna sem allir þingmenn standa að. Síðan kemur þetta mál sem er mjög umdeilt á dagskrá þegar nokkrir sólarhringar eða klukkutímar lifa eftir af þinginu og enn óræddd ýmis stórmál eins og ég hef nefnt, t.d. samkeppnislögin, sem mér skilst að eigi ekki að taka á dagskrá fyrr en einhvern tíma í kvöld og hefði auðvitað verið nær að taka slík stórmál á dagskrá núna eins og samkeppnislögin sem skiptir miklu máli fyrir atvinnulífið og heilbrigt atvinnulíf frekar en að vera að taka þetta umdeilda mál á dagskrá.

Herra forseti. Ég lýsi megnustu vanþóknun á því hvernig hæstv. forseti fer í þessa dagskrá, að taka þetta umdeilda mál núna en láta önnur stórmál bíða eins og mér skilst að eigi að fara að gera. Þetta er einsdæmi. Ég man ekki eftir að svo umdeilt þingmál sé tekið á dagskrá rétt áður en við ljúkum störfum á vorþingi.

[17:00]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna þessarar athugasemdar vill forseti geta þess að ákveðið var að fresta málum hæstv. samgrh. til morguns. Hæstv. iðn.- og viðskrh. er væntanleg í bæinn klukkan sjö. (**RG:** Ég hef ekki beðið um hana í þessu máli.) Hæstv. ráðherra óskar eftir að vera við þessar umræður.

Um 17. dagskrármálið er þannig háttað að ekki eru liðnar tvær nætur síðan því var útbýtt. Þá er eitt dagskrármál eftir, sem er 10. mál á dagskrá, og það verður tekið núna til umræðu.

[17:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um að málið hefði verið afgreitt út úr menntmn. í ágreiningi. Það er ekki rétt. Málið var afgreitt út úr menntmn. og allir viðstaddir nefndarmenn samþykktu að málið yrði afgreitt út. Hitt er annað mál að menn voru ekki sammála um afstöðu til málsins. En það er ekki rétt að halda því fram að ágreiningur hafi verið um að taka málið út. Þvert á móti, það var það ekki og formaður nefndarinnar, hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, stýrði fundum hennar og meðferð málsins í nefndinni á þann veg að ég sé ekki að það sé sanngjarnt að bera fram gagnrýni á formanninn fyrir þau störf.

Að öðru leyti vil ég svo geta þess varðandi þau mál sem heyra undir hæstv. iðnrh. að hún er burtu um stund en kemur síðar í dag. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir óskaði eftir því, þegar til stóð að taka á dagskrá frv. um tannsmiði, að hæstv. ráðherra kæmi um miðja nótt og hún varð við því. Auðvitað er eðlilegt að ráðherrann haldi sig við það að verða viðstödd umræðuna fyrst þingmaðurinn hafði óskað eftir því.

[17:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Fyrst vil ég leiðrétta það að ég hafi haldið því fram að málið hafi verið afgreitt út í ágreiningi í menntmn., ég þekki það ekki. Ég hef talað um mál sem mikill ágreiningur er um meðal þingmannanna eftir að það er komið inn í þingið og að það er á síðustu dögum þingsins. Ég vil árétta að það er skoðun mín.

Ég bað um orðið aftur til að spyrja forseta hvort það væri þannig að sjálf hæstv. viðsk.- og iðnrh., sem hefur farið út á land á þessum næstsíðasta degi þingsins, sé að tefja að mál hennar komist á dagskrá? Mér er nefnilega kunnugt um að það eru óskir uppi um að ráðherrann sé viðstödd þegar samkeppnismálin koma á dagskrá. Mér hefur ekki verið kunnugt um að það sé beiðni um það að ráðherrann sé viðstödd þegar tannsmiðafrv. er tekið. Er það svo að ef ekkert okkar óskar eftir því að ráðherrann verði viðstödd tannsmiðafrv. er það samt þannig að menn haldi sig við það og ráðherrann haldi sig við það að málið verði ekki tekið á dagskrá fyrr en ráðherrann er komin?

[17:04]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill geta þess að hæstv. ráðherra óskaði eftir því í gær að ef hægt væri að koma því við þá vildi hún gjarnan vera viðstödd umræðuna. Það er auðvelt að koma því við með því að taka önnur mál sem hér eru á dagskrá og þess vegna verður 10. málið tekið fyrir.

[17:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst það vera þannig að þær aðstæður blasi við í þinghaldinu að það er nokkurt annríki. Ef það á að takast að ljúka þingi, sem væri auðvitað mjög æskilegt að væri unnt sem allra næst þeim mörkum sem menn höfðu sett sér, því að við vitum að menn hafa gert ýmsar áætlanir, og ég hygg að margir eigi t.d. erfitt að breyta frá þeim plönum sem þeir höfðu gert gagnvart næstu viku, þá verða menn náttúrlega einhvers staðar að ná landi í þeim efnum.

Eitt er ljóst og það er að venjan er sú að raða upp málum með þeim hætti að stjórnarfrumvörp og forgangsmál ríkisstjórnar ganga fyrir öðrum málum. Þetta verðum við þingmenn að sætta okkur við, a.m.k. í tilvikinu stjórnarandstöðuþingmenn. Það eru þau svör sem við fáum þegar við kvörtum undan því að mál okkar fái lítt afgreiðslu, bíði vikum saman t.d. eftir því að komast til umræðu svo ekki sé talað um fái sárasjaldan afgreiðslu frá nefnd, að þau mæti afgangi og það séu forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar sem gangi fram. Þetta mál er ekki af þeim toga.

Hér er í annað skipti á þessum vetri að valda deilum í þinghaldinu mjög umdeild tillaga eða frv., flutt af stjórnarþingmönnum, þar sem 1. flm. eru stjórnarþingmenn. Það er frekar óhefðbundið, herra forseti, að forsetar valdi deilum um þinghaldið til að þröngva áfram tillögum frá stjórnarþingmönnum þegar komið er að þinglokum. Það er frekar óhefðbundið.

Það eina sem ég hlýt að segja um þetta mál að öðru leyti, herra forseti, er að það liggur fyrir að um það verða miklar umræður. Þá er auðvitað spurning: Er þá forgangsröðun manna í þinghaldinu á síðustu sólarhringum sú að láta þetta mál taka margra klukkutíma umræður á þessum tíma? Mér finnst það ekki mjög skynsamleg eða eðlileg uppröðun mála, herra forseti, hefði talið eðlilegast að taka málin í mikilvægisröð, séð frá þeim sjónarhóli sem ríkisstjórnin leggur áherslu á hlutina, að mikilvægustu frv. hennar, sem hér þurfa að fá afgreiðslu fyrir þinglokin, væru tekin fyrir og í þeirri röð og annað látið mæta afgangi. Þá á þetta frv. að sjálfsögðu að vera þar en það hlýtur augljóslega að vera frekar aftarlega á listanum.

En að öðru leyti er ég auðvitað hlynntur því, ef því verður við komið, að það fái umræður og afgreiðslu eins og önnur mál. En það kostar þá það sem það kostar í tíma.

(**Forseti** (GuðjG)**:** Það getur varla talist óhefðbundið að taka á dagskrá mál sem hefur löngu verið afgreitt úr nefnd.)

[17:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að taka undir orð þeirra þingmanna sem hér hafa talað sem gagnrýna að þetta mál skuli komið á dagskrá á elleftu stundu. Ég verð að fá að leiðrétta ummæli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, sem á sæti með mér í hv. menntmn., því að ég mótmælti því harðlega í nefndinni að málið væri tekið út og taldi mér stórlega misboðið.

Herra forseti. Mér er misboðið með afgreiðslu á Alþingi og því hvernig þetta mál er sett á dagskrá fram fyrir, ekki bara að það sé rifið út úr nefnd, fram fyrir önnur mjög mikilvæg þingmannamál sem liggja í menntmn. Ég nefni bara textun á innlendu sjónvarpsefni fyrir heyrnarskerta, mál sem hefur legið í nefndinni lengur en þetta mál. Ég get líka nefnt þáltill. um úttekt á stöðu safna á landsbyggðinni sem var líka reynt að ná út úr nefndinni en tókst ekki.

Herra forseti. Ég lýsi því hér yfir að mér er misboðið með þessari forgangsröðun og mér þykir nokkuð mikils virði að fá að heyra það frá reyndum þingmönnum á borð við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að þetta heyri til undantekninga og þeim sé nánast ókunnugt um að svona gerist á síðustu klukkustundum þinghalds, að mál af þessu tagi sem vitað er að verði miklar umræður um og standi um hatrammar deilur skuli tekið á dagskrá með þessu móti.

Herra forseti. Mér er stórlega misboðið.

[17:08]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir þær skýringar sem hann hefur gefið en ég tel jafnframt nauðsynlegt vegna ummæla hv. 4. þm. Reykn. að fram komi að ég hef sagt þingmönnum að þau tvö mál sem hv. þm. minntist á, um starfsréttindi tannsmiða og um samkeppnislög, verði tekin á dagskrá í kvöld. Það er ógjörningur að flýta því þar sem þá yrði maður að ganga á rétt þingmanna til að geta verið við þær umræður sem þeir vilja hlusta á.

[17:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér finnst ekki rétt að málum staðið hvað varðar forgangsröðun mála sem eiga að fá afgreiðslu. Ég tel að það mál sem menn vilja fara að ræða ætti að koma á eftir ýmsum málum sem ég tel a.m.k. miklu mikilvægari. Hins vegar hefur þetta mál verið lagt fram fyrir eðlilegan tíma og ætti eins og önnur mál, ef önnur mál fengjust afgreidd hér, að fá að koma til afgreiðslu. Fjöldinn allur af málum hefur ekki einu sinni náð að koma til umræðu og mér finnst alveg með ólíkindum hvernig staðið er að því að velja á milli mála sem eigi að fá umfjöllun.

Hér komu menn í gær, eftir að þingi átti að vera lokið, með mál sem á að taka hér og renna með einhverjum forgangshraða í gegnum Alþingi. Mér finnst svipurinn á því hvernig menn stjórna þessu þinghaldi með ólíkindum. Það á ekki einu sinni að gefa sér tíma til að skoða það mál með ábyrgð og athuga hvaða áhrif það hefur í þjóðfélaginu heldur er það meiningin samkvæmt því sem nú liggur fyrir að mál sem komi til 1. umr. í fyrramálið eigi að afgreiða á morgun og nefnd eigi að skila málinu af sér samdægurs sem málið er afgreitt.

Ég er ekki að segja að slíkt hafi ekki komið fyrir áður. En ástæðan fyrir því getur ekki verið merkileg. Það er varla að koma í ljós núna að það eigi að fara að kjósa til forseta Íslands í vor. Mönnum hefur varla komið mjög á óvart að það stæði til. Það verður að gera þá kröfu til hv. alþingismanna að þeir geti brugðist við með tillögum sínum og málafylgju þegar það liggur fyrir, vitað fyrir langalöngu, að það er kosið til forsetaembættis Íslands til fjögurra ára í einu. Og að forseti Alþingis, sem stjórnar því hvaða mál koma á dagskrá, skuli hlaupa til og taka slíka tillögu inn á dagskrá Alþingis þegar yfir 90 mál liggja fyrir sem ekki hafa fengist rædd í þinginu er einkennileg forgangsröðun á því hvernig eigi að taka mál fyrir.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að menn ættu að fara yfir það og skoða hvort stjórn á þingi sé eðlileg, að gefa undir fótinn með að það eigi að renna málum í gegn með þeim hraða sem þetta mál á að fá í gegnum þingið og það sé óhætt að koma bara með mál og leggja þau fram eftir að búið ætti að vera að slíta þingi samkvæmt starfsáætlun. Ég held að þeir sem eru svo seinir til ættu að fá þau svör hjá hæstv. forseta að þeir skuli koma með mál sín á næsta þingi.

[17:12]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Forseti vill minna á að hér er verið að taka til umræðu mál sem er löngu komið út úr nefnd. Forseti hefur skilning á því að hv. þm. eru misjafnlega ánægðir með hvaða mál eru afgreidd út úr nefndum. Það snýr hins vegar ekki að forsetum þingsins. Það er okkar að taka á dagskrá þau mál sem eru afgreidd úr nefndunum. Menn getur svo greint á um það hvaða mál á að afgreiða út úr nefndunum en þegar þau eru komin þaðan snýr það að forseta að taka þau á dagskrá.

[17:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram um vinnubrögðin í þinginu. Sérstaklega vil ég gagnrýna það hvernig vinnubrögðin hafa verið undanfarna daga þegar komið hefur út dagskrá að morgni með röð af þingmálum og síðan er ekkert farið eftir henni og þingmenn hafa ekki hugmynd um hvaða mál kemur næst á dagskrá. Hér sitjum við og bíðum eftir að næsta mál samkvæmt dagskránni komi á dagskrá heilu dagana og jafnvel langt fram á miðjar nætur og vitum aldrei hvaða mál kemur næst á dagskrá. Ég gagnrýni harðlega hvernig þinginu hefur verið stjórnað undanfarna daga.

Varðandi það mál sem menn voru að ræða áðan, um starfsréttindi tannsmiða, er það rétt að ég fór fram á það í fyrrinótt ef það ætti að fara að ræða réttindi tannsmiða að ráðherrarnir sem málið varðaði kæmu inn í þingsal. Þegar við áttum að fara að ræða þetta mál klukkan fjögur um nótt höfðum við verið samfellt 16 tíma á vaktinni, á nefndarfundi frá því klukkan 8 um morguninn og síðan á þingfundi. Hér vorum við þingmenn búin að sitja við vinnu í 16 tíma og ekki var óeðlilegt að ráðherrarnir kæmu þá hér og ræddu málið við okkur.

Ég hef aftur á móti ekki farið fram á það að ráðherra verði viðstaddur þó að þetta mál verði tekið á dagskrá. Aftur á móti hefur það komið fram af forsetastóli að ráðherra óski eftir því að vera viðstödd og ég virði þá ósk og geri ekki athugasemd við það þó að réttindi tannsmiða komi á dagskrá eftir kvöldmat. En hvernig forseti hefur forgangsraðað málum í þinginu gagnrýni ég harðlega og minni á að 90 mál hafa ekki fengist rædd í þinginu. Síðan eru tekin ágreiningsmál eins og þetta um að lögleiða hnefaleika. Ég vil minna á það vegna þess að það hefur verið umræða um það hvernig málið

var afgreitt út úr menntmn. að út úr heilbr.- og trn. var meiri hluti nefndarinnar á því að það ætti ekki að afgreiða þetta mál og það mun koma hér fram í umræðunni þegar þetta mál verður rætt hvers vegna það er. Aðeins einn nefndarmaður taldi að það ætti að lögleiða þessa skaðsemisgrein og ég tel það fulla ástæðu til þess að það komi fram að það er ekki bara ágreiningur í menntmn. um þetta mál heldur einnig í heilbr.- og trn.

[17:16]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er vegna orða hæstv. forseta áðan sem ég kvaddi mér hljóðs aftur. Ég var að gagnrýna að hæstv. forseti hefði tekið inn á dagskrá þingsins mál sem var verið að dreifa í gær. Ég tel að það hafi verið á valdi hans og það hefði verið eðlilegt að hann neitaði að taka það mál inn á dagskrá þingsins og tel reyndar alveg með eindæmum að hann skyldi hafa gert það. Komið er að þinglokum og menn eru að takast á um hvaða mál skuli fá framgang. En hæstv. forseti tekur mál sem er undirbúið og sett í umræðu með þvílíku hasti sem þetta mál kom fram.

Ég tel að hæstv. forseti sé ekki að greiða fyrir þingstörfum með því að taka þetta mál inn á dagskrá þingsins. Að ætlast til að þetta mál fái framgang með þeim hætti sem er nú fyrirhugað, það liggur fyrir að það er hugmyndin að þetta mál fái afgreiðslu á morgun, það eigi að fara í gegnum allar heilu þrjár umræðurnar á morgun og þingmenn eiga að bera ábyrgð á því hvernig að málinu er staðið með þeim hætti sem liggur núna fyrir. Það er það sem ég var að gagnrýna áðan og ég endurtek gagnrýni mína á þá forgangsröðun sem felst í því hvaða mál fá afgreiðslu. Það mál sem á að fara að ræða finnst mér að hefði átt að koma býsna langt á eftir ýmsum öðrum málum sem nefndir hafa ekki enn afgreitt. Lái mér hver sem vill þó ég taki undir þá gagnrýni.

Mér finnst ekki fallegur bragur á því á hv. Alþingi að sýna það úti í þjóðfélaginu með þessum hætti hvers konar forgangsröðun er viðhöfð við afgreiðslu mála.

[17:17]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Vegna þessara athugasemda vill forseti taka það fram að í þingsköpum segir að lagafrumvarp sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu verða því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það. Greidd voru atkvæði um þetta tiltekna mál klukkan hálftvö í dag, hvort ætti að taka það á dagskrá, og það var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða í þingsalnum. Það er því ekki við forseta að sakast heldur þingheim.

[17:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ef það er einlægur ásetningur hæstv. forseta að taka málið núna á dagskrá þá verð ég að óska eftir því að þingfundi verði frestað í bili um einhverjar tíu mínútur því að ég er allsendis óundirbúin. Ég er ekki með gögnin mín hjá mér og þarf að fara því á skrifstofuna mína því að ég á að mæla fyrir minnihlutaáliti menntmn. á eftir en vil ekki missa af orði af því sem frsm. málsins kemur til með að segja.

(**Gripið fram í:** Ég ætlaði að gera athugasemd við forseta að það voru ekki greidd atkvæði í dag um að taka þetta mál á dagskrá.)

[17:18]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Þá verður 10. málið tekið á dagskrá. Hv. þm. hefur vitað það í allan dag að þetta mál var á leiðinni á dagskrá og hann hlyti að geta haft ræðuna sína til taks.

[17:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég lýsi undrun minni á því að ekki eigi að verða við ósk síðasta ræðumanns sem er framsögumaður minni hlutans í þessu máli. Þó að þetta mál hafi verið á dagskrá í dag er ekki farið nákvæmlega eftir röðun dagskrárinnar þannig að hv. þm. sem á að mæla fyrir minnihlutaálitinu fer fram með sanngjarna ósk, þ.e. að óska eftir því að gert sé 10 mínútna hlé.

Miðað við það mál sem á að fara á dagskrá, aðdraganda þessa máls og þær umræður sem hafa orðið, herra forseti, þá finnst mér lágmark að verða við þeirri ósk sem kemur fram hjá fulltrúa minni hlutans, sem vill mjög gjarnan hlýða á mál meiri hlutans eins og hún hefur sagt. Ég tek undir þá ósk og óska eindregið eftir því að forseti verði við þeirri ósk sem kom fram hjá 17. þm. Reykv.

[17:20]

Forseti (Guðjón Guðmundsson):

Já, það er sjálfsagt að verða við því. Hv. þm. er farinn að sækja ræðuna sína og forseti gerir fimm mínútna hlé á fundinum en vill mælast til þess við hv. þm. að þeir séu með gögn í þingsalnum sem varða þau mál sem eru á dagskrá og verða tekin fyrir í kvöld. Það þurfi þá ekki að gera fleiri hlé til þess að fólk geti farið út í bæ að sækja ræðurnar sínar. Fundi verður frestað í fimm mínútur.

[Fundarhlé. — 17:21]

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 2. umr.

Frv. GunnB o.fl., 292. mál. — Þskj. 491, nál. 1183 og 1269.

[17:25]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta menntmn. um frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Ég vil áður en ég fer út í nál. láta það koma fram, vegna þeirra ummæla sem komu áðan fram um afgreiðslu málsins út úr menntmn. að á þeim fundi sem málið var afgreitt út var það gert andmælalaust og mótatkvæðalaust. Ég vil hafa þetta á hreinu svo að því sé til skila haldið.

En hitt kannast ég við, það sem hv. þm. sagði, en það var á öðrum fundi en þeim sem málið var tekið út. Ég vil láta það liggja fyrir sem staðreynd þannig að ekki verði misskilningur í þeim efnum.

En nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Reyni Karlsson frá menntamálaráðuneyti, Sólveigu Ásgrímsdóttur frá Sálfræðingafélagi Íslands og Baldur Kristjánsson frá Kennaraháskóla Íslands.

Umsagnir bárust frá Ungmennafélagi Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Læknafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, ríkissaksóknara, Ómari Ragnarssyni,

Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, landlækni, Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur og heilbr.- og trn. Alþingis. Einnig barst yfirlýsing frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands.

Með frv. þessu er lagt til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir á Íslandi og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Frá árinu 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi, samanber samnefnd bannlög nr. 92 27. desember 1956. Ólympískir hnefaleikar eru hins vegar viðurkennd íþróttagrein af alþjóðaólympíunefndinni og í þeirri íþrótt er keppt á Ólympíuleikum og í öllum vestrænum löndum. Það er því algjört einsdæmi að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf.

Samkvæmt grg. með frv. er gert ráð fyrir að áfram standi óbreytt lög nr. 92/1956, sem banna hnefaleika í atvinnuskyni. Í því sambandi vill meiri hlutinn vekja athygli á yfirlýsingu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, dags. 3. maí sl., þar sem fram kemur að framkvæmdastjórn sambandsins hafi ekki í hyggju og sé því algjörlega andvíg að atvinnumannahnefaleikar verði leyfðir hér á landi enda þótt ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir.

Að mati meiri hluta nefndarinnar verður að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum því að reglur og öryggiskröfur greinanna eru mjög ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Fram kom í umræðum í nefndinni að strangar reglur hafa verið settar í Noregi og Svíþjóð um ólympíska hnefaleika, m.a. þannig að eftirlit með keppnum er mikið og læknir ávallt viðstaddur. Samkvæmt íþróttalögum, nr. 64/1998, er Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu. Meiri hlutinn telur því eðlilegt að sambandið setji reglur um þessa íþróttagrein með hliðsjón af framangreindum reglum. Þá kom fram í máli gesta að uppeldisleg rök eru einnig fyrir lögleiðingu íþróttarinnar þar sem sumir hópar þjóðfélagsins gætu haft gott af iðkun íþróttarinnar og þeim aga sem þar gildir.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Tómas Ingi Olrich var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Árni Johnsen.

Með áliti meiri hlutans fylgir sem fskj. umsögn heilbr.- og trn. Alþingis.

Ég vil til viðbótar láta koma fram að til eru ýmsar athuganir á þessari keppnisgrein og reyndar athuganir á slysatíðni í íþróttum almennt. Ég vil sérstaklega nefna tvær rannsóknir sem birtust í Clinical Journal of Sport Medicine á árinu árinu 1996 þar sem greint er frá rannsóknum sem gerðar voru á keppendum í ólympískum hnefaleikum í Dublin á Írlandi á 15–18 mánaða tímabili á árunum 1992–93. Fyrri rannsóknin er taugasálfræðileg athugun á tuttugu keppendum sem tóku virkan þátt í ólympískum hnefaleikum. Hópur tuttugu manna sem var sambærilegur með tilliti til aldurs og félagslegrar stöðu, en stundaði ekki þessa íþrótt, var notaður sem samanburðarhópur. Notuð voru átta viðurkennd taugasálfræðileg próf til að meta hvort ólympískir hnefaleikar hefðu taugasálfræðileg neikvæð áhrif á keppendur í greininni. Niðurstaða athugunarinnar var að ekki var munur á frammistöðu þessara tveggja hópa í taugasálfræðilegu prófununum nema í einum þætti sem varðar beitingu handa. Jafnframt benti samanburður á niðurstöðu rannsóknar hnefaleikaranna í byrjun og lok rannsóknartímabils ekki til að þeir hefðu hlotið skaða af iðkun íþróttarinnar á tímabilinu. Niðurstaða rannsakenda var að ólympískir hnefaleikar leiddu ekki til heilaskaða.

Sömu aðilar skoðuðu einnig tíðni og alvarleika áverka af völdum ólympískra hnefaleika á sama tímabili. Þar skoðuðu þeir alla meðlimi sex stærstu hnefaleikaklúbba í Dublin á Írlandi sem voru virkir í keppni í greininni. Niðurstaða rannsakenda var að hætta á áverkum af völdum ólympískra hnefaleika væri tiltölulega lítil í samanburði við aðrar íþróttir. Áverkar á höfuð, sem nær eingöngu ættu sér stað í keppni, væru aðallega vægur heilahristingur.

Í grein í þýska fagtímaritinu Sportverletzung, Sportschäden sem birtist í mars 1999 er greint frá úttekt á slysum vegna sjálfsvarnaríþrótta og byggðist hún á athugunum á sjúkraskýrslum og skýrslum tiltekins tryggingafélags yfir fimmtán ára tímabil. 137 slys voru skráð sem áttu sér stað í þessum íþróttum. Af þeim áttu 47 tilvik sér stað í júdó, 44 í karate, 22 í wrestling, níu í Tae Kwon Do, sjö í hnefaleikum og færri tilvik í öðrum tilteknum íþróttagreinum sem falla undir sjálfsvarnaríþróttir. Athyglisvert er að einungis sjö atvik á fimmtán ára tímabili áttu sér stað í hnefaleikum á meðan 47 og 44 tilvik áttu sér stað í júdó og karate sem eru viðurkenndar sjálfsvarnaríþróttir hér á landi og hafa ekki sérstaklega verið tengdar við slysahættu.

Í frétt sem birtist í breska læknatímaritinu The British Medical Journal í ágúst 1998 kemur fram að samkvæmt slysaskráningu í Hollandi á tíu ára tímabili, frá 1987–1996, voru skráð 18.000 slys þar sem heilaáverkar komu við sögu. Í 4.300 tilvika gerðist slysið í fótbolta, í 3.400 tilvika í reiðmennsku, í 70 tilvikum í hnefaleikum. Í annarri grein sem birtist í sama tímariti í febrúar 1998 var bent á að af dauðsföllum sem áttu sér stað við íþróttaiðkun í Bretlandi á árunum 1986–1992 voru þrjú af völdum hnefaleika, 77 dauðsföll urðu við mótoríþróttir, 69 dauðsföll við flugíþróttir, 54 dauðsföll við fjallaklifur og 28 dauðsföll við hestaíþróttir. Má því spyrja hvort hnefaleikar séu jafnhættuleg íþrótt og af er látið í samanburði við aðrar íþróttir sem þó hafa jákvæða ímynd og ekki tengd við áhættuna á sama máta og hnefaleikar.

Herra forseti. Ég hygg að með því að draga fram þessar upplýsingar sem eru óvefengjanlegar staðreyndir ætti þingheimi að vera ljóst að þegar þessi íþróttagrein er metin í samanburði við aðrar íþróttagreinar er engin ástæða og engin rök til þess að meðhöndla hana öðruvísi en þær íþróttagreinar sem stundaðar eru hér á landi.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, að vissulega hafa menn hreyft andmælum við þetta mál, það mátti heyra hér áðan. En þau andmæli eru að mínu viti býsna oft byggð á tilfinningalegum forsendum fremur en staðreyndum. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að tilfinningar skipti máli þegar menn taka afstöðu í málum, en staðreyndir verða líka að komast að og staðreyndirnar hljóta alltaf að lokum að skipta meira máli. Það er það sem lagt er til grundvallar við flutning þessa máls, það er ekki verið að auka áhættu við íþróttaiðkun og ekki er verið að stofna neinum í hættu vegna þessa.

[17:36]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vitnaði í grein úr Clinical Journal of Sport Medicine frá 1996. Ég heyrði ekki hvaða höfundar voru að þeirri grein, en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, skrifuðu Porter og O'Brian grein

í þetta sama tímarit 1996, ég veit ekki hvort þetta er sama rannsóknin sem þarna er verið að tala um, en þar er einmitt verið að tala um rannsókn á þeim áverkum sem orðið höfðu í Dublin á tímabilinu nóvember 1992 til mars 1993 og þar voru skoðaðir allir þeir atburðir, hnefaleikar og keppnir, sem áttu sér stað í Dublin en þar er þessi íþrótt mjög vinsæl. Það er rétt hjá síðasta ræðumanni að að hluta til má segja að slysatíðni sé lág í áhugamannahnefaleikum, þ.e. við æfingar. Það er líkast til vegna þess að þegar menn æfa hnefaleika í sal eru þeir ekki að berja hver annan, þeir eru miklu frekar að berja í púða. Það er auðvitað mjög holl hreyfing, loftsækin hreyfing sem er góð þjálfun fyrir hjarta, lungu, fyrir vöðva, vöðvastyrk og snerpu.

En það eru auðvitað fjölmargar aðrar íþróttir sem geta gefið þetta. Það eru fjölmargar aðrar íþróttir sem geta kennt fólki aga og að sæta reglum í íþróttum. Hv. þm. nefndi eitt atriði sem hefði komið í ljós og það er beiting handanna. Áttar þingmaðurinn sig ekki á því að það að fínhreyfingar handanna skerðast getur verið merki um heilaskaða? Og *þingmaðurinn nefndi einnig vægan heilahristing eins og* það væri eitthvert smámál. Menn hafa einmitt bent á það í rannsóknum á þeim sem hafa orðið fyrir höfuðáverkum í hnefaleikum, bæði áhugamanna og atvinnumanna, að það sé uppsafnaður skaði, kannski margendurtekinn vægur skaði, sem geti verið afar afdrifaríkur fyrir keppandann.

[17:38]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarninn í máli mínu var sá að slysatíðni og hættan við að stunda þessa íþróttagrein er ekki meiri en í öðrum þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru. Ef eitthvað er, þá má leiða rök að því að hún sé minni. Þess vegna falla brott allar efnislegar forsendur fyrir að meðhöndla þessa íþróttagrein öðruvísi með lagasetningu en allar hinar.

Það sem skiptir máli, herra forseti, er að íþróttir og annað sem menn stunda bæti manninn. Það kom mjög skýrt fram í máli sálfræðings og uppeldisfræðings sem komu til menntmn. og mæltu með því að frv. yrði samþykkt. Fólk sem hefur umgengist börn og unglinga mæltu með því að þetta væri samþykkt, vegna þess að það sem skiptir máli er að fólk venjist því að aga sjálft sig og fara að reglum. Það er það sem er aðalatriðið og er bætandi bæði í þessari íþróttagrein og öðrum. Ætli menn að taka upp herferð gegn einhverju sem kann að valda einhverjum skaða er nærtækast að snúa sér að því sem mestum skaða veldur í þjóðfélaginu. Það eru umferðarslys. Ætla menn að taka upp herferð fyrir því að banna bílinn? Það er áfengi. Ætla menn að taka upp herferð fyrir því að banna áfengi? Og það er tóbak. Ætla menn að taka upp herferð fyrir því að banna tóbak, herra forseti?

[17:40]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru mjög skýr lög sem takmarka einmitt þá þrjá þætti sem þingmaðurinn nefndi. Það eru líka eins og ég benti á aðrar íþróttir sem geta þjálfað upp aga og kennt fólki að fara að reglum.

En það sem ég ætlaði að segja um upptalningu hv. þm. á slysatíðni og áverkatíðni er að það er algjörlega óvísindalegt að telja bara upp atvik án samhengis við fjölda þeirra sem íþróttina sunda og þann tíma sem fer í þær keppnir sem verið er að mæla slysin úr. Þetta skiptir höfuðmáli. Ef mörg þúsund fleiri stunda fótbolta en box er náttúrlega ekkert skrítið að það séu miklu hærri tölur. En það er ekkert að marka slíkar tölur nema maður reikni þær út miðað við iðkendafjölda og miðað við hversu langan tíma þeir iðka íþrótt sína. Og það er akkúrat það sem Porter og O'Brian segja í greininni í Clinical Journal of Sport Medicine, þeir reikna þetta út og segja að miðað við þetta sé áverkatíðni í keppni í áhugamannahnefaleikum fremur há en ekki hverfandi eins og hv. þm. vildi vera láta.

[17:41]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvær athugasemdir sem mig langar að gera við ræðu hv. þm. Önnur lýtur að upphafi orða hans vegna afgreiðslu málsins úr menntmn. þá lýsi ég því yfir hérna, herra forseti, að hv. þm. fer með rangt mál. Ég mótmælti afgreiðslu málsins á þeim fundi sem gestir komu til að fjalla um málið við okkur og sá fundur var haldinn klukkan 17.30 þann 3. maí og honum var slitið klukkan 19 sama dag, og það var á þeim fundi sem ég mótmælti afgreiðslu nefndarinnar og sagði mér misboðið. Það er því rangt sem þingmaðurinn heldur hér fram að ekki hafi komið fram mótmæli við afgreiðslu málsins úr nefndinni.

Hin athugaemdin var sú sama og önnur af athugasemdum hv. þm. Katrínar Fjeldsted. *Það væri kannski ágætt að fá hv.* þm. til að koma með þær tölulegu staðreyndir sem vantar í þær athuganir sem hann telur til í ræðu sinni, en allar athuganirnar sem hv. þm. nefnir eru ófullnægjandi vegna þess að þar virðist ekki getið um fjölda iðkenda eða tímafaktorinn í rannsóknunum. Ég spyr því hv. þm. hvort hann hafi þessar upplýsingar til að gefa þingheimi fyllri mynd af því sem hann heldur fram um skaðleysi eða litla áhættuþætti við iðkun íþróttarinnar?

[17:43]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki skattyrðast við hv. þm. um afgreiðslu málsins úr nefndinni að öðru leyti en því að ég stend við það sem ég sagði um það mál. Og út af því að hv. þm. nefndi tímasetningar, þá hófst fundurinn klukkan 18.30 og lauk klukkan 19.

Ég veit ekki alveg hvað maður á að segja við fólk sem er að vefengja tölulegar staðreyndir og draga í efa gildi vísindalegra rannsókna ef þær segja eitthvað annað en þeim líkar. Ég segi á móti að ef hv. þm. telja sig hafa gögn og burði til þess að draga í efa skýrslur sem fagmenn hafa unnið, eiga þeir að gera það á einhverjum öðrum vettvangi en Alþingi. Þetta er ekki staður þar sem menn deila um fagleg efni, enda erum við ekki í stakk búin til þess að leggja faglegt mat á það. Við tökum niðurstöður þeirra fagmanna sem birtar hafa verið og getum að sjálfsögðu ekki dregið þær í efa. Mér finnst það mikil kokhreysti hjá hv. þm. að treysta sér að draga í efa þær staðreyndir sem ég rakti.

Af því að hv. þm. var að tala um að eitthvað vantaði inn í þær tölur um áverka og tengja þær við fjölda iðkenda, þá vil ég fyrst segja og ítreka að tölurnar sem ég nefndi segja mjög sláandi sögu. Þær segja t.d. að á tíu ára tímabili voru 3.400 tilvik þar sem heilaáverkar urðu vegna reiðmennsku, það hlýtur að segja sína sögu, það er ekki hægt að draga í efa gildi þessara upplýsinga, en aðeins 70 í ólympískum hnefaleikum.

Að lokum. Frá Bandaríkjunum komu upplýsingar um rannsóknir sem leiða í ljós að aðeins einn af hverjum 60 þús. áhugahnefaleikamönnum fékk alvarlegan heilaáverka.

[17:45]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þverskallast við að skilja athugasemdina. Athugasemdin fjallar að sjálfsögðu um fjölda iðkenda í hlutfalli við fjölda skaða. Það segir sig sjálft að fleiri stunda reiðmennsku en áhugamannahnefaleika. (**KHG:** Veit þingmaðurinn eitthvað um það?) Herra forseti. Mér finnst eðlilegt að sú rannsókn eða athugun sem hv. þm. er að vitna til hér sé með það fullnægjandi upplýsingar að við höfum bæði fjölda iðkenda og fjölda slysa til þess að við getum í alvöru tekið afstöðu til þess hvort um skaðlega íþrótt er að ræða eða ekki. En það getum við ekki gert ef við höfum ekki fjölda iðkenda. Hvað ef fjöldi iðkenda áhugamannahnefaleika í viðkomandi athugun voru 70 en fjöldi iðkenda í hestamannaíþróttunum voru 500 eða 900?

Herra forseti. Ég ítreka það að þetta eru ófullnægjandi upplýsingar sem þingmaðurinn er að draga hérna fram og ætlast til að þingheimur taki ákvörðun út frá.

[17:46]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. 3.400 tilvik um heilaskaða í reiðmennsku þýðir að það eru 3.400 tilvik. Það er ekki hægt að gera lítið úr því. Það segir sína sögu burt séð frá öllum tölum um iðkendafjölda. Ég verð þá að biðja hv. þm. að koma með upplýsingar til að draga úr vægi þessara upplýsinga sem ég færi hér fram. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að segja að ekkert sé að marka þetta. Þingmaðurinn verður þá að segja af hverju og færa fram rök fyrir því. Þingmaðurinn hefur engin rök fært fram, engin. Ég hlýt að snúa spurningunni við og gera kröfu til þess að hv. þm. dragi þá fram upplýsingar til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni að þegar tekið væri tillit til fjölda iðkenda væri talan 3.400 áverkar minni en 70 áverkar. Ég tel mikla kokhreysti að halda því fram hér úr ræðustól án þess að hafa neitt fyrir sér til að styðja það rökum.

Ég vil svo segja að lokum um upplýsingarnar sem ég kom með hér áðan um rannsóknir frá Bandaríkjunum sem sýna eða leiða í ljós að einn af hverjum 60 þús. þeirra sem stunda áhugahnefaleika verði fyrir skaða, að þær upplýsingar eru frá Landlæknisembættinu íslenska.

[17:48]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég get hafið yfirferð mína á þeim rökum sem ég tel nægja sem gagnrök við ræðu hv. frsm. í málinu og lýsi nú strax yfir áhyggjum yfir því að hv. frsm. málsins skuli vera horfinn úr þingsal. Ég trúi því ekki, herra forseti, að óreyndu að hann ætli ekki að hlusta á mál mitt og láta sannfærast af ágæti þeirra raka sem ég hef fram að færa.

Herra forseti. Að lokinni umfjöllun hv. menntmn. hefur minni hlutinn komist að þeirri niðurstöðu að skilyrðislaust eigi að halda fast við núgildandi bann við hnefaleikum. Þær ástæður sem minni hlutinn telur vega þyngst eru vísbendingar um alvarlegt heilsutjón sem hlýst af iðkun hnefaleika, jafnt áhugamanna sem atvinnumanna, og vísbendingar um að skaðinn af iðkun þessara tveggja tegunda hnefaleika sé fyllilega sambærilegur ef ekki bara alveg sá sami. Að sögn sérfræðinga sem komu á fund heilbrn. eru sterkar vísbendingar um að svo sé og eru nefndar rannsóknir og athuganir ýmsar því til staðfestingar. Er þar um að ræða alvarlega höfuðáverka, skaða á æðum sem geta rifnað, skaða vegna rifinna festinga, skaða sem hlýst af blæðingum, jafnt fyrir innan heila og utan, heilaskaða af völdum uppsafnaðra áhrifa höfuðhögga, taugaskaða, hreyfiskaða, augnskaða og vitrænan skaða. Þá eru einnig vísbendingar um tengsl hnefaleikaiðkunar og Alzheimer-sjúkdómsins. Augnskaðarannsóknir hafa einnig gefið tilefni til að ætla að höfuðhlífar í hnefaleikum áhugamanna veiti falskt öryggi og augnskaðar sem hljótast í áhugamannahnefaleikum séu þeir sömu og í atvinnumannahnefaleikum þrátt fyrir notkun hlífa. En vegna skorts á langtímarannsóknum á meiðslum sem hljótast í hnefaleikum leikur á því vafi að um sömu áverka eða sömu áhrif sé að ræða og ég spyr hv. þingheim: Hver á að njóta vafans?

Það vegur líka þungt í afstöðu minni hluta nefndarinnar gegn lögleiðingu hnefaleika að hér er um árásaríþrótt að ræða. Markmið íþróttarinnar er það eitt að meiða andstæðinginn og því ofar sem höggin falla á líkamann því hærri stig gefa þau. Rothögg, herra forseti, gefa líka stig í áhugamannahnefaleikum. Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys. Og það er einmitt þar, herra forseti, sem skilur á milli meiðsla sem hljótast af hnefaleikaiðkun og meiðsla sem hljótast af iðkun annarra íþrótta. Það er ekki ásetningur nokkurs manns, herra forseti, sem stígur á bak hesti sínum að detta af baki. En það er ásetningur þess manns sem stígur inn í hnefaleikahring að meiða andstæðing sinn. Þegar leitað er á netinu að upplýsingum um skaðsemi áhugamannahnefaleika finnst nokkur fjöldi greina. Af tíu greinum sem Grétar Guðmundsson læknir, sem kom á fund heilbrn. við meðferð málsins, fann á netinu var komist að þeirri niðurstöðu að um skaðlega íþrótt væri að ræða í sex en í fjórum var hinu gagnstæða haldið fram. Og af þessum fjórum þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri um skaðlegri íþrótt að ræða en gengur og gerist um íþróttir voru tvær eftir sama höfund.

Herra forseti. Varðandi þau rök að í áhugamannahnefaleikum gildi reglur sem draga úr skaðsemi íþróttarinnar telur minni hlutinn frv. sem hér er til umræðu alls ekki leggja neitt til málanna sem tryggt geti að reglur íþróttarinnar séu haldnar við iðkun og æfingar. Að því leyti til teljum við þetta frv. ófullnægjandi. Það er vitað að tæki til iðkunar hnefaleika eru notuð á Íslandi nú og nokkur hópur manna stundar greinina þrátt fyrir gildandi bann. Þess er skemmst að minnast að í nýútkomnu skólablaði Menntaskólans í Reykjavík, sem ég hef hér, herra forseti, er viðtal við tvo unga menn sem stunda hnefaleika í leynum. Í grein blaðsins kemur glögglega í ljós að æfingarnar eru iðkaðar meira af kappi en forsjá og eftirlitið með því að reglum sé framfylgt virðist ekki vera neitt. Ég vitna frekar til þessarar greinar síðar í ræðu minni, herra forseti.

Minni hlutinn telur að verði slakað á í þessu sambandi og áhugamannahnefaleikar lögleiddir megi gera ráð fyrir að brautin fyrir atvinnumannahnefaleika sé þar með rudd og krafist verði lögleiðingar á þeim innan fárra ára. Það væri að mati minni hlutans stórslys.

Minni hlutinn lýsir sig að öðru leyti fullkomlega sammála áliti meiri hluta heilbrn. Alþingis sem sent hefur verið menntmn. og fylgir nefndaráliti meiri hlutans og vekur at-

hygli á að einungis einn af níu nefndarmönnum heilbrn. telur að lögleiða eigi áhugamannahnefaleika.

Undir þetta minnihlutaálit menntmn. skrifa auk mín hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson.

Vegna þess að hv. frsm. meiri hlutans gerði lítið úr áliti eða umsögn heilbr.- og trn., nefndi hana einungis lauslega í einni setningu í ræðu sinni, ætla ég að gera frekari grein fyrir henni, herra forseti. Það vildi svo til að í forföllum hv. þm. Þuríðar Backman sat ég tvo af fundum hv. heilbr.- og trn. við afgreiðslu frv. og það voru, ef ég man rétt, tveir af þremur fundum sem nefndin fjallaði um málið. Ég varð þess því aðnjótandi að heyra til þeirra gesta sem heilbr.- og trn. kallaði fyrir við skoðun málsins.

Til að fólk sé með það alveg á hreinu hvaða gestir komu fyrir nefndina, les ég þá hér upp, herra forseti. Þeir voru Líney Rut Halldórsdóttir frá Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, Grétar Guðmundsson frá Félagi heila- og taugalækna, Þuríður J. Jónsdóttir taugasálfræðingur, Sigurbjörn Sveinsson frá Læknafélagi Íslands, Haraldur Sigurðsson frá Félagi íslenskra augnlækna, Ómar Ragnarsson áhugamaður um hnefaleika, Torfi Pálsson frá Glímusambandi Íslands og Ólafur Haraldsson Wallevik frá Karatesambandi Íslands. Þá horfði nefndin á myndband með nýlegri upptöku af svokölluðum friðarleikum í áhugamannahnefaleikum og var ég á þeim fundi þar sem horft var á það myndband, herra forseti.

Eins og komið hefur fram mælir aðeins einn af níu nefndarmönnum í heilbr.- og trn. með því að frv. verði samþykkt og er sá nefndarmaður sömuleiðis einn af flm. frv., þ.e. hv. þm. Ásta Möller.

Herra forseti. Meiri hluti heilbr.- og trn. telur til að mynda að heitið sem flutningsmenn velja á frv., þ.e. frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika, sé villandi því þó þetta sé einhver ólympíuíþrótt, þá er þetta stundað af áhugamönnum og í öllum öðrum tungumálum er bara talað um áhugamannabox og atvinnumannabox. Nefndin leggur áherslu á að hlutirnir séu kallaðir sínum réttu nöfnum og vill þess vegna að þessir ólympísku hnefaleikar séu kallaðir áhugamannahnefaleikar. Það hef ég gert, herra forseti, í umfjöllun minni um málið og ég tek þessari röksemd heilbr.- og trn. sannarlega fagnandi.

Svo fullyrðir heilbr.- og trn. eftir sína umfjöllun um málið að slysatíðni í hnefaleikum sé há miðað við aðrar íþróttir enda sé markmið íþróttarinnar að koma höggi á andstæðinginn, en segir jafnframt að það greini á milli hnefaleika og þorra annarra íþróttagreina því hnefaleikar, bæði í atvinnuskyni og sem áhugamannaíþrótt, séu árásaríþrótt en ekki sjálfsvarnaríþrótt eins og t.d. karate og júdó, og telur þarna vera um grundvallarmun að ræða, herra forseti. Austurlenskar sjálfsvarnaríþróttir sem eiga sér árþúsundasögu, herra forseti, lúta allt öðrum lögmálum en vestrænir hnefaleikar. Ég vil að gerður sé stór og mikill greinarmunur á þessum tveimur tegundum íþrótta. Ég minni bara á að siðareglur og agareglur í karate eru slíkt grundvallaratriði að þar fær enginn nemandi að taka þátt eða berjast í hring eða á teppi í sínum karateæfingum fyrr en búið er að tryggja það að viðkomandi þekki siðareglurnar. Siðareglur og agareglur í karate eru grundvöllur undir þá sjálfsvarnaríþrótt sem á sér aldalanga hefð. Það er því ósanngjarnt og með öllu óréttmætt að líkja saman þessum tveimur tegundum íþróttagreina. Austurlenskar sjálfsvarnaríþróttir hafa að sjálfsögðu sérstöðu. Hins vegar vil ég taka undir það að það sem búið er að gera úr gömlum kínverskum eða austurlenskum sjálfsvarnaríþróttum á Vesturlöndum í seinni tíð er ekki lengur hefðbundnar sjálfsvarnaríþróttir. Nefni ég þar til kickboxing og Tae Kwon Do sem eru hvort tveggja íþróttir sem þróaðar eru úr austurlenskum sjálfsvarnaríþróttum og búið til úr þeim, að ég vil segja, herra forseti, einhvers konar skrípi af fyrirmyndinni. Ég fullyrði líka hér að kickboxing á ekki nokkurn skapaðan hlut skylt við austurlenskar sjálfsvarnaríþróttir. Ég get alveg tekið undir það, herra forseti, að íþrótt á borð við kickboxing — og mér skilst Tae Kwon Do líka — þetta eru íþróttir sem byggjast upp á árásum og byggjast upp á því að menn meiði hver annan og að spörk hitti líkama andstæðingsins. Mér finnst ámælisvert að íþrótt af þessu tagi skuli leyfð því ég sé ekki annað en að íþrótt af þessu tagi eigi að heyra undir sömu lög og nú gilda um bann við hnefaleikum.

Þarna finnst mér ákveðinn tvískinnungur sem ég er hlynnt að verði eytt úr íslenskri löggjöf. Ef við hv. þm. á Alþingi, herra forseti, erum hlynnt því að bannið um hnefaleika gildi áfram þá eigum við að setja bann á kickboxing líka, því að á kickboxing og hnefaleikum er að mínu mati enginn munur.

Herra forseti. Aftur að áliti hv. heilbr.- og trn. sem getur þess í áliti sínu að komið hafi fram í máli sérfræðinga sem nefndin ræddi við að alvarlegustu áverkarnir sem hljótist af þessari íþrótt séu á miðtaugakerfið. Allir vita, herra forseti, að áverkar á miðtaugakerfi eru með alvarlegustu áverkum sem líkaminn getur orðið fyrir. Við vitum, herra forseti, að áverkar á miðtaugakerfi og uppsafnaður heilaskaði eru dýrir sjúkdómar að meðhöndla fyrir samfélagið. Það er svo sannarlega engum óskandi að komast í þá aðstöðu að þurfa að eiga við sjúkdóma sem komnir eru til af uppsöfnuðum heilaskaða eins og t.d. þeir knattspyrnumenn sem hafa tekið marga skallabolta um ævina.

Herra forseti. Við höfum um það ótal vísbendingar að skallabolti í knattspyrnu hafi nákvæmlega sömu áhrif á höfuðið og heilann og þung högg í hnefaleikum. Fyrir nokkrum dögum kom í Morgunblaðinu, herra forseti, grein um þetta mál þar sem samtök skoskra atvinnuknattspyrnumanna gera leikmönnum sínum það núorðið að skrá öll höfuðmeiðsl. Til hvers er það gert, herra forseti? Til þess að kanna þær glöggu vísbendingar sem til staðar eru um að höfuðmeiðsl í knattspyrnu hafi alvarleg áhrif.

Herra forseti. Mig langar til að vitna í þessa grein sem Morgunblaðið birti þar sem kemur fram að fyrrv. knattspyrnumenn segi það fullum fetum að þeir hafi orðið fyrir varanlegum skaða af því að skalla fótbolta. Vitnað er til knattspyrnumannanna Billy McPhail og Jock Weir, en þeir voru á hátindi ferils síns á 5. og 6. áratugnum, og kemur fram í greininni að McPhail er nú alzheimersjúklingur og Weir er haldinn elliglöpum að því er breska ríkisútvarpið BBC hefur greint frá. Svo ég vitni orðrétt í greinina, herra forseti, en þar segir, með yðar leyfi:

„Verkfræðingar við Glasgow-háskóla hafa greint frá því, að hámarkskraftur sem höfuð knattspyrnumanns þyrfti að taka við þegar hann skallaði eldri gerð fótbolta gæti numið allt að hálfu tonni. Samsvarandi tala þegar um nýja gerð bolta er að ræða er um það bil helmingi lægri.“ — En þó 250 kg, herra forseti.

Það er staðfest hjá vísindamönnum að vísbendingarnar séu það sterkar en niðurstöður þeirra rannsókna og athugana sem hafa verið gerðar hingað til séu það veikar að það þurfi

að rannsaka þessi mál betur. Ég spyr enn: Hver á að njóta vafans?

Það er alkunna, herra forseti, að samkvæmt kenningum sérfræðinga þá er breyting á meðvitundarástandi vegna höfuðhöggs, þ.e. að vankast eða rotast, talin vísbending um heilaskaða. Þetta kemur líka fram í áliti hv. heilbr.- og trn. Menn vankast og rotast við högg í hnefaleikum, jafnt í áhugamannahnefaleikum sem atvinnumannahnefaleikum. Þó að höfuðhlífarnar séu sagðar verja höfuðið, sem þær gera, þá verja þær ekki heilann. Það er alkunna að hreyfingin sem kemur á heilann er þess eðlis að hlífar utan á höfðinu breyta engu um þá hreyfingu. Vil ég þá vitna aftur til álits meiri hluta hv. heilbr.- og trn., en þar segir, með leyfi forseta:

„Hnefi getur farið á um 160 km hraða á klukkustund í höfuðið á andstæðingi. Breytir þar engu hvort um áhugamanna- eða atvinnumannahnefaleika er að ræða. Það er þannig álit sérfræðinga að höfuðhlífar þær sem notaðar eru í áhugamannahnefaleikum verndi aðeins eyru og ytra borð höfuðs en veiti takmarkaða vörn fyrir heilann. Innri líffæri eru varin af beinum, húð, fitu og vöðvum en heilinn er aðeins varinn af höfuðkúpunni og tengist henni að innanverðu með háræðum og fínum taugum. Þegar boxari fær högg á höfuðið snýst það mjög snögglega og fer síðan í venjulega stöðu á mun hægari hraða. Þá hreyfast mismunandi svæði heilans á ólíkum hraða. Þetta veldur skemmdum, t.d. á yfirborði heilans sem slæst í innra lag höfuðkúpunnar, tauganet rifna, spenna milli heilavefjar og háræða getur valdið blæðingum, þrýstibylgjur geta valdið mismunandi blóðþrýstingi til hinna ýmsu hluta heilans og einnig geta myndast blóðkekkir í heilanum. Það er skoðun sérfræðinga að þung högg skipti ekki aðeins máli í þessu sambandi því að lítil högg valdi smám saman uppsöfnuðum vanda. Helstu erfiðleikarnir eru að áverkar á heila sjást ekki alltaf á myndum og því er erfitt að greina þá. Varanlegur heilaskaði getur t.d. komið fram í því að fínhreyfingar handanna skerðist. Talið er að ítrekaðir áverkar safnist saman og geti haft langtíma varanlegar alvarlegar afleiðingar. Þá er einnig margt sem bendir til þess að ítrekuð höfuðhögg geti m.a. aukið líkur á Parkinson-sjúkdómi og Alzheimer-sjúkdómi."

Ljóst er að þeir sérfræðingar sem komu á fund nefndarinnar studdu allir þetta álit. Átta af níu nefndarmönnum heilbr.- og trn. eru nákvæmlega þessarar skoðunar. Þar sitja fagmenn, nefndin vann verk sitt ötullega og fór virkilega vel ofan í alla þætti þess.

Þar sem ég hef lokið tilvitnunum mínum í umsögn meiri hluta hv. heilbrn.- og trn. þá langar mig til að snúa mér að ræðu hv. frsm. meiri hlutans í menntmn. Hann minnti í ræðu sinni á yfirlýsingu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, þar sem fram kemur að framkvæmdastjóri sambandsins hafi ekki í hyggju að lögleiða atvinnumannahnefaleika þó svo áhugamannahnefaleikar verði leyfðir. Mig langar til að spyrja hv. flm.: Hvers vegna telur hann að Íþrótta- og ólympíusambandið vilji ekki lögleiða atvinnumannahnefaleika þó svo áhugamannahnefaleikar verði lögleiddir? Kann það að standa í sambandi við vissu fólks, líka Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, um að skaðinn af atvinnumannahnefaleikum sé mikill? Sé svo þá verðum við að minna á, herra forseti, að skaði sem áhugamannahnefaleikar valda virðist sá sami.

Herra forseti. Eitt af því sem ég minntist á í ræðu minni var viðtal í skólablaði Menntaskólans í Reykjavík sem kom út fyrr á þessu ári. Þar er viðtal við tvo unga menn sem æfa að eigin sögn áhugamannahnefaleika í Reykjavík í dag. Fyrirsögn þessa viðtals, herra forseti, er: „Gaman að berja bestu vini sína." Myndirnar með þessu viðtali eru vægast sagt sláandi, því þar eru drengirnir blóði drifnir í hringnum með höfuðhlífarnar sínar. Mig langar til að vitna í þetta viðtal þar sem drengirnir eru spurðir að því af hverju þeir séu að slást. En þar svarar Ýmir, með leyfi forseta:

„Þetta er fyrst og fremst frábær útrás."

Krummi tekur við og segir:

„Auk þess er niðurbrotsstarfsemi í eðli okkar og í staðinn fyrir að fullnægja þeirri hvöt, fær maður þessa frábæru útrás hérna við að berja bestu vini sína."

Ýmir tekur við og segir:

„Það er líka alveg merkilegt að maður þarf ekkert að vera árásargjarn. Um leið og stigið er í hringinn og búið er að kýla og blóðga mann, kemur þetta strax upp í þér. Þá fær maður alveg ótrúlega útrás."

Þá kemur Teitur og segir, með leyfi forseta:

„Já, ég er nú annálaður rólyndismaður og ég veit ekki alveg enn þá hvers vegna ég er hérna."

Þá svarar Ýmir, herra forseti:

„Þetta er alveg upplagður vettvangur til að taka út árásargirnina í staðinn fyrir að taka hana t.d. út á fylleríi niðri í bæ."

Herra forseti. Hér tala ungir menn í Menntaskólanum í Reykjavík. Það er á þennan hátt sem þeir svara spurningunni um hvers vegna þeir séu að slást. Ég hef enga ástæðu til að ætla að aðrir ungir menn sem hafa einhvers konar þrá til að berja bestu vini sína mundu svara þessari spurningu á annan hátt. Ég tel að alþingismenn beri ábyrgð á því að ungir menn hafi önnur tækifæri til þess að stunda og iðka íþróttir en íþróttir á borð við þessa, sem byggir á því að berja bestu vini sína af því það er svo rosalega gaman þegar árásargirnin gýs upp í manni, þegar búið er að kýla mann og blóðga.

Í viðtalinu kemur fram annað athyglisvert, herra forseti. Drengirnir segja fullum fetum að barist sé meira af kappi en forsjá. Það kemur líka fram að það er enginn að fylgjast með því að loturnar lúti þeim reglum sem ætlast er til í áhugamannahnefaleikum. Það er enginn sem sér til að þeim reglum sem þó gilda í áhugamannahnefaleikum út um allar trissur sé fylgt. Hvaða tryggingu höfum við fyrir því, herra forseti, að svo verði ekki áfram þó svo að lögleiðingarstimpillinn kæmi frá hv. Alþingi á þessa íþrótt? Hvaða tryggingu höfum við fyrir því að farið verði að reglum í íþróttinni þegar þeir sem stunda hana af kappi í dag og berjast fyrir því að hún fái lögleiðingu láta hanka sig á því að þeir fylgi ekki reglunum sem þeir þó vilja að sé fylgt. Þeir fylgja reglunum í orði en ekki á borði.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að vitna á öðrum stað í þetta viðtal þar sem blaðamaður spyr drengina hvort þeir meiði sig ekki. Og þeir svara og það er Ýmir sem hefur orðið, herra forseti:

„Jú, blessaður vertu, eftir fyrsta bardagann minn fossblæddi úr munninum og báðum nösum."

Því til staðfestu, herra forseti, er mynd af Ými blæðandi í blaðinu. Krummi heldur áfram og segir:

„Maður meiðir sig samt aðallega í nefinu. Það er ógeðslega sárt að fá þungt högg beint á nefið. Manni er þá illt í nefinu alla næstu vikuna. Núna er ég t.d. að drepast í kjálkanum — takk Binni."

Og Teitur segir:

„Já það er líka mjög vont að fá högg beint undir þindina og missa andann í tíu sekúndur."

Herra forseti. Ég segi það bara fullum fetum að að horfa á þessar myndir, heyra fyrir sér þetta viðtal og lesa hér það sem þessir drengir hafa að segja, er bara sárgrætilegt. Það tekur út yfir allt að þm. hv. skuli berjast fyrir því með kjafti og klóm að koma máli á dagskrá hér á elleftu stundu, á síðustu mínútum yfirstandandi þings, til að fá lögleidda íþrótt sem veldur öðru eins dómgreindarleysi hjá ungum mönnum og hér er lýst.

Herra forseti. Hér er ekki eitt heldur allt sem bendir til þess að um skaðlega íþrótt sé að ræða, andlega og líkamlega og ekki síst, herra forseti, siðferðislega. Ég geri ekki annað hér í lokin en að hvetja hv. þm. til að taka nú upplýsta ákvörðun um hvernig þeir greiði hér atkvæði og eigi við samvisku sína hvort þeir vilji lögleiða íþrótt af því tagi sem gengur út á það eitt að svo gaman sé að berja bestu vini sína.

[18:13]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil hér mótmæla einu atriði sem kom fram hjá síðasta ræðumanni. Hún sagði að áhugamannahnefaleikar væri ný íþróttagrein. Það má kannski vera en hnefaleikar hafa verið stundaðir í einhverri mynd í heiminum í árþúsundir. Á Krít hafa fundist höggmyndir af hnefaleikamönnum sem taldar eru 3500–4000 ára gamlar. Nútímahnefaleikar eru taldir upprunnir á Englandi 1681 og þaðan barst íþróttin um allan heim. Áður hefur verið keppt í þeim á grísku ólympíuleikunum og var lárviðarsveigur sem menn fengu þá eftirsóknarverður. Hér var byrjað að stunda hnefaleika hjá Ármanni árið 1926 og var fyrsta hnefaleikasýningin haldin það sama ár í Iðnó. Þannig að ég vil mótmæla því sem fram kom hjá hv. þm.

Hún fullyrðir einnig að alzheimersjúklingar hafi veikst af því að stunda áhugamannahnefaleika. Mér finnst það afar einkennilegt því ekkert af því eldra fólki með Alzheimersjúkdóminn sem ég þekki hefur stundað áhugahnefaleika.

[18:15]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi nú varla mínum eigin eyrum, herra forseti. Nei, ég veit að þeir aldraðir sem þjást af Alzheimersjúkdómnum hér á Íslandi eru ekki með þann sjúkdóm vegna þess að þeir hafi stundað svo rosalega mikið af áhugamannahnefaleikum og ég þakka guði fyrir það.

En, herra forseti, vísbendingar eru um það í vísindalegum rannsóknum og athugunum sem tengja saman Alzheimer, Parkinson og höfuðáverka hvers konar, ekki einungis fengna í hnefaleikum heldur líka í knattspyrnu eða á annan hátt. Og vísbendingarnar eru óyggjandi um uppsafnaðan skaða. Sá sem hlýtur einu sinni þungt höfuðhögg, hann hlýtur ekki af því jafnmikinn skaða og hinn sem hlýtur þrjátíu sinnum þungt höfuðhögg eða hundrað sinnum, herra forseti, eða þúsund sinnum sem hnefaleikarar geta auðveldlega á sínum ferli hlotið. Uppsafnaður skaði af völdum þungra högga á höfuð er því staðreynd, ekki ágiskun og ekki mín fullyrðing.

Svo segi ég um austurlensku íþróttirnar að þær má örugglega rekja aftur til ársins 3000 fyrir Krist eða kannski 5000 í nánast þeirri mynd sem þær virðast vera stundaðar í dag eftir því sem sagan segir, án þess ég sé sérfræðingur í þeim íþróttum. Ég er ekkert að draga úr því að auðvitað er fyrirmynd hnefaleikanna eldgömul, en ekki í því formi sem hún er stunduð í dag. Það þori ég að fullyrða.

[18:16]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hún er alveg með ólíkindum sú forsjárhyggja sem maður verður vitni að hér í dag, þ.e. að fólk megi bara ekki stunda þær íþróttir nákvæmlega það sem það vill sjálft. Og að vitna í viðtal við tvo unga drengi eins og það séu bara áhugahnefaleikar sem hafa áhrif á ungt fólk en ekki margt annað. Vil þingmaðurinn þá ekki alveg eins banna áfengi og tóbak og byrja þar og svo kæmi annað á eftir? (**KHG:** Banna sólskinið.) (**Gripið fram í:** Koma í veg fyrir húðkrabbann.)

[18:17]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú meira að segja verið sökuð um það hér í þessum ræðustóli að vilja banna framtíðina eða vera á móti framtíðinni. En ég fullyrði að svo er ekki. Ég minni hv. þm. sem ég er í andsvari við á að við höfum í landinu lög sem takmarka áfengissölu. Við höfum hérna lög sem fjalla um skaðsemi tóbaks. Við erum að vinna störf af því tagi að lágmarka skaða þann sem ungt fólk getur orðið fyrir. Við erum meira að segja að fara að ræða hér á þinginu á næsta þingi skilst mér möguleikana á hækkun ökuprófsaldurs til þess að varðveita og vernda ungt fólk. Það er hluti af okkar verki sem löggjafarsamkundu. Mín rök hníga að því að ef það er eitthvað sem við getum gert til þess að halda áfram að vernda ungt fólk fyrir áhrifum hnefaleika þá skulum við gera það, herra forseti, og sérstaklega meðan okkur tekst ekki betur en okkur tekst að vernda ungt fólk fyrir skaðlegum áhrifum t.d. eiturlyfja.

[18:18]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau rök sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir færði fram áðan eða lestur öllu heldur sem hún færði fram sem rök gegn þessu máli, segja mér allt aðra sögu, þveröfuga sögu við það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir segir. Hún lýsti hnefaleikum ungra manna við Menntaskólann í Reykjavík. Hnefaleikar eins og við vitum eru bannaðir þannig að það er líka bannað að kenna hnefaleika þannig að það er bannað leiðbeina fólki um hvaða reglur það á að fara eftir. Rökin fyrir því að leyfa ólympíska hnefaleika hér á landi eru m.a. að koma böndum yfir það sem verið er að gera núna. Ég geri ráð fyrir að sú ástundun sem fór fram í MR og víða hér í bænum og víða um allt land, fylgi ekki þeim reglum sem á að fylgja. Ég legg því áherslu á að um leið og ólympískir hnefaleikar verða lögleiddir þannig að fólk sé ekki að stunda ólögmæta starfsemi hér út um allan bæ, sé jafnframt farið að kenna ungu fólki siðfræðina bak við ólympíska hnefaleika.

Annað sem ég vildi líka leggja áherslu á er að margir, bæði andstæðingar frv. í þinginu og úti í bæ, leggja sig í líma að draga úr gildi rannsókna sem gerðar hafa verið um áhrif slysahættu og áhrif ólympískra hnefaleika á heilsu manna. Í áliti Landlæknisembættisins sem kom til menntmn. eru m.a. dregnar fram rannsóknir sem sýna að ólympískir hnefaleikar, áhugamannahnefaeikar, hafa ekki ... (Forseti hringir.) Ég held áfram á eftir. (**Gripið fram í:** Fannst mér nú forseti vera dálítið bjölluglaður.)

[18:20]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði það alveg að hv. þm. skuli hafa þá skoðun að með því að setja lög um ólympíska hnefaleika þá náum við yfir þessar reglur, að þá sjáum við til þess að þjálfarar séu á staðnum, læknir á staðnum, sjúkrabíll fyrir utan og allt sem við á að éta. Ég virði þá skoðun. Ég dreg hins vegar í efa að það geti gengið eftir. Á meðan ungir menn eins og þeir sem ég var að vitna til áðan hafa þessi sjónarmið sem koma fram í því viðtali sem ég vitnaði til, er ég ekkert viss um að þeir séu svo sólgnir í það í sjálfu sér að fara eftir þeim reglum sem gilda um áhugamannahnefaleika. Ég get ekki séð á þessu viðtali, sem er reyndar talsvert lengra en kom fram hér hjá mér í ræðu minni áðan, að þeir séu að iðka þessa íþrótt vegna þess að hún sé göfug á einn eða annan hátt, vegna þess að í henni séu reglur sem geri hana spennandi eða agi sem geri hana spennandi eða að loturnar séu svo og svo snarpar eða eitthvað. Ekkert um þetta kemur fram og ekkert af þessu gerir þessa íþrótt áhugaverða fyrir þessa ungu menn, heldur hitt að það er svo rosalega gaman að berja bestu vini sína.

[18:22]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stundaði sjálf á mínum yngri árum júdó og ég lærði ákveðnar regur. Það sama á við um ólympíska hnefaleika og aðrar íþróttir sem við höfum verið að ræða um í þessu samhengi. Það gilda ákveðnar reglur. Það skiptir því máli að ná til þessa unga fólks sem vill stunda þessar íþróttir og kenna þeim þessar reglur svo það sé ekki stjórnlaust því við munum í framtíðinni ekki hafa nokkur áhrif á það annars hvernig þessi íþrótt er stunduð.

Það sem ég vildi segja áðan líka um áhrif á heilsu þá kemur fram í áliti landlæknis að enginn ágreiningur er um heilsufarslegar afleiðingar atvinnuhnefaleika. Það erum við heldur ekki að tala um. Hins vegar segir hann líka að ágreiningur sé um áhugamannahnefaleika og dregur þarna fram átta rannsóknir sem benda til þess að þar sé óveruleg slysahætta og óveruleg hætta á skaða á heilsu. Ég get ekki fengið betri sönnun.

[18:23]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu áliti landlæknis kemur fram að vísbendingar séu um að áhugamannahnefaleikar séu ekki eins skaðlegir og atvinnumannahnefaleikar. Það er alveg rétt hjá hv. ræðumanni. En það leikur á því vafi hversu hættuleg íþróttin er og það hafa ekki verið lagðar fram nægilega góðar langtímarannsóknir til þess að við getum nokkuð um þetta fullyrt. Enn spyr ég: Hver á að njóta vafans? Og enn svarar enginn.

Herra forseti. Varðandi það að kenna ungu mönnunum okkar íþrótt af því tagi sem hér um ræðir og að það sé svo mikilvægt að kenna þeim reglurnar og agann, þá segi ég, herra forseti, að mér þykir miklu mikilvægara að kenna ungu mönnunum okkar úti í samfélaginu aðrar íþróttir, göfugri og heilbrigðari.

[18:24]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég var lítill strákur þá var ég mikill antísportisti. Síðan skipti ég um skoðun. En þegar ég hlustaði á þessa voðalegu ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, fór ég að hugsa um hvort það hefði ekki verið vitleysa hjá mér að skipta um skoðun. Þetta er allt svo stórhættulegt. Þar sem ég reikna með að fyrir hv. þm. vaki bara gott þá spyr ég hana: Væri ekki rétt að menn hefðu samræmi í afstöðu sinni og reyndu þá að samræma löggjöfina og passa upp á að hættulegar íþróttir séu bara alls ekki leyfðar? Vill þá ekki hv. þm. beita sér fyrir því að löggjöfin sé þannig að hættulegar íþróttir séu bannaðar, t.d. hinn voðalegi fótbolti? En þær lýsingar sem komu hér á þeirri íþróttagrein voru satt að segja alveg skelfilegar. Nú þekki ég ekki til fótbolta svo mikið. En ég hef ekki heyrt aðra lýsingu verri á þeirri íþrótt og ég trúi ekki öðru, úr því hv. þm. er svona mikið niðri fyrir varðandi þessa ólympísku hnefaleika sem hún vill meina að séu vart hótinu betri, en að hv. þm. beiti sér fyrir því að banna þá stórhættulegar íþróttir aðrar og sé þá sjálfri sér samkvæm.

[18:25]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að ég vildi óska að hv. þm. hefði haldið áfram að vera antísportisi því þá hefði verið von um að hann hefði ekki komið að þessu frv. En hann er því miður einn af flm. þess.

Herra forseti. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að banna allar hættulegar íþróttir og ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að banna bifreiðar af því það geti valdið slysum og tjóni.

Herra forseti. Ég lýsti því í ræðu minni að mér finnst siðferðislega stætt á því að banna eða halda áfram að banna hnefaleika af þessu tagi vegna þess að þeir eru í eðli sínu árásaríþrótt. Það er ekki um slys að ræða heldur ásetning. Meiðslin í hnefaleikum hljótast af ásetningi af því það er ásetningur þeirra sem leika að meiða andstæðing sinn, koma höggi á andstæðing sinn. Það er hins vegar ekki ásetningur manna í öðrum íþróttum að meiða sig. Þetta tel ég vera grundvallarmun og rökstyð með þessu skoðun mína á því að það eigi að banna þessa íþrótt fremur en aðrar.

[18:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram hv. þm. til hugarhægðar að ég hef gert mjög lítið af því um dagana að skipta um skoðun eins og sumir sem þekkja mig vita.

Hins vegar vil ég leiðrétta eitt atriði. Þó ég viti ekki mikið um fótbolta þá veit ég þó að þegar menn skalla bolta þá er það af ásetningi, til að hitta hann nefnilega. Það liggur alveg fyrir.

En ég sakna þess að hv. þm. ætlar ekki að flytja frv. um að banna fótbolta. Ég hefði vonast til þess hún gerði það, vitandi, herra forseti, að það væri mikill léttir á þingheimi vegna þess að allir gera sér ljóst að þá gerir hv. þm. ekki annað á meðan.

[18:27]

Útbýting þingskjala:

Áfengiskaupaaldur, 646. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1378.

Heildarafli fiskiskipaflotans, 655. mál, fsp. EOK, þskj. 1404.

Sjúklingatrygging, 535. mál, brtt. JBjart, þskj. 1401.

Stærð fiskiskipaflotans, 654. mál, fsp. EOK, þskj. 1403.

[18:28]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um að lögleiða svokallaða ólympíska hnefaleika. Frv. er lagt fram af tíu þingmönnum, sex körlum og fjórum konum, og er þar lagt til að heimiluð verði keppni og sýning á ólympískum hnefaleikum, að heimilt sé að kenna íþrótt þessa, selja og nota til þess gerða hnefaleikaglófa og önnur tæki sem ætluð eru til þjálfunar í ólympískum hnefaleikum, eins og segir í frv.

Eins og fram kom í fyrri ræðu minni um málið þegar frv. var lagt fram á þingi fyrr í vetur, var það læknirinn Kjartan J. Jóhannsson sem var forgöngumaður um það á Alþingi árið 1956 að hnefaleikar voru bannaðir með lögum. Kjartan var þingmaður Sjálfsfl. á árinum 1953–1963. Hann fæddist í Reykjavík árið 1907 og var héraðslæknir og heimilislæknir mest alla sína starfsævi.

Læknasamtök hérlendis og erlendis hafa látið sig þetta mál varða. Við fyrri umfjöllun Alþingis — en þáltill. um þetta efni hafa verið fluttar áður, aðallega af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni — hefur Læknafélag Íslnds lýst sig andvígt því að áhugamannahnefaleikar verði lögleiddir hér á landi.

Fulltrúar Læknafélags Íslands komu á fund heilbr.- og trn. þegar málið var þar til umfjöllunar. Í umsögn nefndarinnar, heilbr.- og trn., er sagt frá því hvaða skoðun þeir hafi á málinu og hvernig það hafi verið rökstutt. Fleiri læknasamtök hafa tjáð sig um málið, auðvitað ekki í tilefni af umfjöllun okkar, heldur vegna þess að málið hefur verið til umræðu í öðrum löndum. Þannig hafa ýmis læknasamtök verið andvíg hnefaleikum, þar á meðal breska læknafélagið og það bandaríska, en þar er vissulega við erfiðari mál að etja þar sem atvinnumannahnefaleikar eru leyfðir.

Í bréfi sem Ólafur Hergill Oddsson, héraðslæknir Norðurlands, sendi þingmönnum og dreift var til þeirra í gær, segir héraðslæknirinn, með leyfi forseta:

„Háttvirtur alþingismaður. Vegna frumvarps til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika bið ég þig að hugleiða eftirfarandi:

1. Íslendingar búa við þann lúxus að áhugamannahnefaleikar (ólympískir) eru ekki leyfðir hér.

2. Hjá þjóðum, sem leyfa áhugamannahnefaleika, koma iðulega upp tillögur um að banna þessa tegund hnefaleika, en menn hika, trúlega vegna þess að það er erfitt að leggja niður kerfi, sem einu sinni hefur verið komið á.

3. Alþjóðaólympíunefndin hefur íhugað tillögur um að leggja niður áhugamannahnefaleika sem ólympíska íþrótt. Fyrrverandi landlæknir Bandaríkjanna, hinn virti Dr. C. Everett Koop og bandarísku læknasamtökin hafa stutt tillögur þar að lútandi.

4. Dauðsföll verða í áhugamannahnefaleikum. Patricia Quinn, 19 ára stúlka, var nemi í lögregluskóla í New Jersey í Bandaríkjunum árið 1988. Í skólanum tók hún þátt í tveimur æfingaleikjum í áhugamannahnefaleikum og var slegin niður fimm sinnum. Patricia dó skömmu síðar. Krufning leiddi í ljós áverka á heila vegna höfuðhögga. Willian E. Bayliss III, 23 ára lögreglumaður í Norður-Karólínu, Bandaríkjunum, dó árið 1988, daginn eftir að hann hné niður við æfingar í áhugamannahnefaleikum í íþróttamiðstöð lögreglunnar. Heilaskurðlæknir á staðnum sagði eftir á að heilinn hefði snúist til á heilastofninum, höggið sem William fékk hefði ekki verið svo þungt, en stefna höggsins var skaðleg.

5. Höfuðáverkar: Um afleiðingar „minni háttar" höfuðáverka má lesa í grein undirritaðs [þ.e. Ólafs Hergils Oddssonar] „Leyfum ekki hnefaleika á Íslandi" í Degi 19. apríl 2000.

6. Augu: Augnáverkar eru algengir í áhugamannahnefaleikum. Margir þeirra eru mjög alvarlegir, dæmi nethimnulos, og geta leitt til varanlegrar sjónskerðingar.

7. Konur: Unglingsstúlkur, sem taka þátt í áhugamannahnefaleikum, geta hlotið skemmd í fituvef brjóstanna, segir ástralski læknirinn dr. Pearn, sem þekkir vel til hnefaleika, og er ráðgefandi læknir hjá Slysavarnastofnun Ástralíu. Dr. Pearn segir einnig: Heili unglingsstúlkna er verr varinn en hjá piltunum sökum þess að beinin í höfuðkúpum stúlknanna eru þynnri en hjá drengjunum.

8. Börn: Í grein sinni „Höfuðáverkar hjá börnum í Reykjavík" segja þeir Eiríkur Örn Arnarson og Jónas G. Halldórsson (1995) svo í upphafi:

„Höfuðáverkar eru meginorsök sjúkleika og dauðsfalla hjá börnum hins vestræna heims." Engin aldursmörk eru tilgreind í ólympískum hnefaleikum, en keppni er leyfð frá 8 ára aldri. Dr. Pearn (1998) segir: Hnefaleika barna (<16 ára) ætti að banna af tveimur ástæðum:

a) Börn gera sér litla grein fyrir hættunni á langvinnum heilakvillum sem kemur fram mörgum áratugum eftir þátttöku í hnefaleikum.

b) Sú æskuíþrótt, sem hefur það að markmiði að veita andstæðingi bráðan heilaáverka, á ekki heima í nútímasamfélagi.

Vísindin. Dr. Kemp (1995) hefur skoðað með gagnrýni margar vísindarannsóknir um áhrifin af áhugamannahnefaleikum og spyr: „Hvers vegna eru niðurstöðurnar ekki samhljóða?" Hann álítur að skýringin sé sú að aðferðafræði margra rannsóknanna sé gölluð. Þannig getur valið á rannsóknarhópnum verið vandasamt. Þeir sem bjóða sig fram til þátttöku í vísindarannsóknum gætu verið þeir sem hefðu lítið skaðast af íþróttinni og sem vildu þannig sýna að læknavísindin þyrftu ekki að hafa áhyggjur af boxi. Þeir sem eru að boxa en finnst eitthvað vera að hjá sér, gætu viljað forðast rannsóknir þar sem þeir gætu misst leyfið ef eitthvað fyndist að. Höfuðáverkar, sem hafa komið til utan hringsins, gætu ruglað myndina.

Val á samanburðarhóp er mjög vandasamt. Hóparnir þurfa að vera sem sambærilegastir hvað varðar aldur, greind, atvinnu, félagslega stöðu og þátttöku í íþróttum svo eitthvað sé nefnt.

Ýmis atriði varðandi tölfræði, val á læknis- og sálfræðirannsóknum o.fl. þarf að athuga vel. Dr. Kemp gefur síðan umsögn um níu rannsóknir á áhugamannahnefaleikum. Um aftursæja (retrospective) rannsókn dr. Haglund í Svíþjóð frá 1990, segir hann: „Rannsakaðir voru 50 fyrrverandi áhugamannaboxarar og 50 íþróttamenn. Enginn marktækur munur kom fram í klínískri skoðun, tölvusneiðmyndum eða segulómun. En heilalínurit sýndi marktækt fleiri óeðlilegar niðurstöður." Til viðbótar má geta þess að boxararnir voru lélegri í fínhreyfingum á svonefndu „fingertapping test" (innskot ÓHO). Dr. Haglund (1993) segir sjálf um niðurstöður sínar: „Engin merki um alvarlegar heilaskemmdir komu fram hjá hópunum sem voru rannsakaðir. En sá munur, sem kom fram á milli hópanna á heilalínuritum og á fingurbanksprófum, gæti bent til vægrar truflunar á heilastarfsemi hjá nokkrum áhugamannahnefaleikaranna." Því má skjóta hér inn í — segir Ólafur Hergill Oddsson — að í allnokkrum vísindarannsóknum koma áhugamannaboxarar illa út á þess-

um fingurbanksprófum sem mæla fínhreyfingar eins og áður sagði.

Kemp og félagar (1995) gerðu framsæja (prospective) rannsókn á áhugamannaboxurum og íþróttamönnum sem ekki boxuðu. 41 boxari og 27 í samanburðarhóp gengust undir nokkur taugasálfræðipróf; 34 boxarar og 34 í samanburðarhóp fóru í ísótóparannsókn þar sem mælt var blóðflæði í heila. Niðurstaða: Þeir sem voru í samanburðarhópnum, þ.e. íþróttamenn í öðrum greinum, komu betur út á flestum taugasálfræðiprófunum. Boxarar sem áttu færri bardaga að baki stóðu sig betur á taugasálfræðiprófum en þeir boxarar sem höfðu barist oftar. Ísótóparannsóknin á blóðflæði í heila sýndi að samanburðarhópurinn var með færri afbrigðilegar niðurstöður en boxararnir."

Að lokum segir héraðslæknir Norðurlands: „Niðurstöður vísindarannsókna á skaðanum af áhugamannahnefaleikum eru ekki samhljóða. Flestir vísindamenn segja að rannsaka þurfi þessi mál betur áður en endanlegar ályktanir eru dregnar. Á meðan þessi óvissa ríkir er nauðsynlegt að íslenskir íþróttamenn fái að njóta vafans. Þess vegna skora ég á þig að greiða atkvæði gegn frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika."

Svo mörg voru þau orð í bréfi Ólafs Hergils Oddssonar, héraðslæknis Norðurlands. En Ólafur hefur einmitt kynnt sér þetta mál mjög ítarlega og skrifað um það blaðagreinar. Hann hefur lesið flest sem gefið hefur verið út um rannsóknir á hnefaleikum og hefur lagt í það mikla og vandaða vinnu og ég hef ekki nokkra ástæðu til annars en að treysta orðum hans.

Mér er kunnugt um að borist hefur undirskriftalisti sem hefur verið lagður fram á lestrarsal og á hann hafa ritað 169 einstaklingar sem skora á þingmenn að greiða atkvæði gegn lögleiðingu ólympískra hnefaleika á Íslandi. Texti áskorunarinnar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Áskorun til þingmanna á Alþingi Íslendinga vegna frumvarps til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika.

Í hnefaleikum reynir keppandi að skaða andstæðinginn svo illa að hann verði ófær um að verjast, hann vankist eða falli meðvitundarlaus með óstarfhæfan heila um tíma. Þessi tilgangur er sameiginlegur ólympískum hnefaleikum og hnefaleikum atvinnumanna. Honum verður helst náð með höfuðhöggum. Það er vitað að vægir höfuðáverkar geta valdið varanlegum heilaskaða og ævilangri fötlun. Vægir höfuðáverkar eiga sér stað í hnefaleikum með vilja, en annars að jafnaði af slysni. Því fleiri sem höfuðhöggin verða þeim mun meiri hætta á heilaskaða. Merki um heilaskaða eru því meiri og augljósari meðal atvinnumanna í hnefaleikum en þau er einnig að finna hjá þeim sem aðeins hafa lagt stund á ólympíska hnefaleika. Höfuðhlífar veita heilanum óverulega vörn. Að mati undirritaðra er það alrangt og óverjandi að stuðla að fjölgun heilabilaðra á Íslandi með lögleiðingu hnefaleika. Við viljum því skora á þingmenn að greiða atkvæði gegn lögleiðingu ólympískra hnefaleika á Íslandi."

Eins og ég sagði áðan skrifa undir þetta 169 einstaklingar, þar af mjög margir læknar. Ég veit að undirskriftarstöfnunin fór fyrst og fremst fram inni á Grensásdeild, þar sem er heilmikil þekking á heilabilun og orsökum hennar.

Auðvitað er það svo að á árum áður þegar hnefaleikar voru heimilaðir á Íslandi þá voru það atvinnuhnefaleikar og það er auðvitað munur. Ég læt mér ekki detta annað í hug. En munurinn er ekki alveg sá sem menn vilja láta í veðri vaka.

Það hefur komið í ljós eins og ég hef nefnt í þessum lestri að endurteknir höfuðáverkar, endurteknir áverkar á heilann, þó þeir séu vægir, geta skaðað heilann. Þetta vissu menn ekki 1956, þeir voru að banna hnefaleika af öðrum ástæðum, þeir voru að banna hnefaleika vegna þess að það voru atvinnumannahnefaleikar sem ollu mjög alvarlegum skaða og jafnvel dauðsföllum.

Fyrrverandi boxari hefur skrifað um þetta í Morgunblaðið um þetta mál. Hann heitir Marteinn B. Björgvinsson og skrifaði hann grein 1999 og í gær eða í fyrradag var viðtal við hann í Morgunblaðinu þar sem hann lýsir reynslu sinni. Þessi atvinnuboxari, sem fór að æfa hnefaleika 15 ára gamall árið 1944 þegar það var löglegt á Íslandi, lýsir því með eftirfarandi orðum, herra forseti:

„Ein stærstu mistök lífs míns voru þau að ég byrjaði að æfa hnefaleika 15 ára gamall, á árinu 1944. Ég keppti nokkrum sinnum um Íslandsmeistaratitilinn og innanfélagstitil. Þar að auki keppti ég oft fyrir bandaríska herinn sem hélt hnefaleikakeppni á Hálogalandi. Einnig keppti ég á Keflavíkurflugvelli og fleiri stöðum úti á landi. Mér telst til að ég hafi keppt hátt í 50 sinnum alls. Seinna í lífi mínu, nánar tiltekið 23 árum eftir að ég hætti í hnefaleikum, fór að bera á hjá mér minnisleysi og miklum höfuðverk. Síðan ágerðist það þannig, að ég var farinn að gleyma svo miklu, að ég var orðinn hættulegur sjálfum mér og vinnufélögum mínum. Á sama tíma fór einnig að bera á krampaflogum. Þetta ágerðist sífellt og var ég farinn að nota mikið magn af sterkum verkjalyfjum og flogaveikislyfjum. Á endanum varð ég að hætta í minni iðngrein sem var húsgagnasmíði en var jafnframt ófær um að sinna léttum störfum."

Hvaða skoðun hefur þessi maður á afleiðingum hnefaleika? Hvaða afstöðu hefur hann til þess sem kallað er ólympískir hnefaleikar? Marteinn segir:

„Ólympískt box eykur hættuna á heilaskaða vegna þess að boxari er dæmdur út frá því hversu mörgum höggum hann kemur á andstæðinginn, þannig að takmarkið er að koma eins mörgum höggum á andstæðinginn og mögulegt er á þeim tíma sem lotan stendur yfir. Margir bardagar á nokkrum dögum þýðir að þeir sem komast lengst þurfa að þola stanslaus högg á mjög stuttum tíma og ef heilinn hefur orðið fyrir hinum minnsta skaða í fyrri bardögum þá gæti það auðveldlega leitt til dauða. Ólíkt líkamlegum skaða er ekki hægt að sjá heilaskaða í hringnum og ekki græðist heilinn af sjálfu sér.

Nútíma læknisfræðileg tækni sýnir hátt yfir allan vafa að króníska heilaskaði hlýst af endurteknum höggum sem allir hnefaleikarar fá hvort sem þeir eru atvinnumenn eða áhugahnefaleikarar.

Mörg dæmi eru um langtímaáhrif eftir hnefaleika svo sem minnisleysi, höfuðverkur, lélegt jafnvægi og samhæfing og óskýr talandi."

Þetta segir Marteinn B. Björgvinsson í grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið 20. maí 1999.

Mig langar að fjalla aðeins um tíðni áverka og samanburð milli íþróttagreina. Ég tek undir það sem sagt hefur verið hér, að í hnefaleikum eru áverkarnir af ásetningi vegna þess að maður getur skorað stig við að koma höggi á líkama andstæðingsins. Í öðrum íþróttagreinum eru reglurnar þær að ekki er ætlast til að öðrum séu veittir áverkar. Auðvitað verða slík slys. Menn hlæja hér digurbarkalega þegar hv.

þm. Kolbrún Halldórsdóttir og nú ég segjum að menn ætli sér ekki að veita áverka í fótbolta, en halda því gagnstæða fram og segja: Jú, víst ætlum við að skaða hina. En það eru ekki reglurnar. Reglur eru settar til að reyna að hindra slys af bílum, reglurnar lúta að hraða og bílbeltanotkun, það eru umferðarreglur. Bílnum eru settar mjög þröngar skorður.

Áfengi var nefnt hér líka. Ekki er síður hörð löggjöf um notkun áfengis, um ákveðinn aldur, um ákveðna staði sem drekka má á en ekki öðrum, ekki má flytja inn allar tegundir og verðinu er af ásettu ráði komið þannig fyrir að það dragi úr notkun þess. Hið sama má segja um tóbak.

Auðvitað eru reglurnar settar vegna þess að menn sjá fram á afleiðingarnar. Mér finnst það ekki vera forsjárhyggja, umfram þetta sem ég var að nefna, að vilja halda íslenskum ungmennum frá heilaskaða. Mér finnst sömu rökin búa að baki, hvort sem það er forsjárhyggja eða ekki, kannski þarf að beita slíku þegar maður veit að áverkatíðnin er mikil. Ef það að fordæma eða banna áfram ólympíska hnefaleika er forsjárhyggja, af hverju eru þá atvinnuhnefaleikar ekki seldir undir sömu sök? Er það þá ekki líka forsjárhyggja að leyfa ekki atvinnumannahnefaleika? Ég held það. Ég held að öll þessi rök hnígi í sömu áttina.

Hins vegar, eins og ég sagði í andsvari fyrr á fundinum, eru höfundar þeirra greina sem ég hef lesið allir sammála um að áverkarnir á heilann í áhugamannaboxi verði ekki á æfingum. Eina grein eða tvær sá ég sem sagði að þar væri áverkatíðnin núll. Áverkarnir, slysin og heilaskaðinn, verður í keppnunum. Þess vegna skiptir máli þegar maður fer að bera saman tölur, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði hér fyrr, að láta ekki nægja að telja fjölda áverka, fjölda slysa, heldur verður að miða það við fjölda iðkenda og þann tíma sem áverkarnir hljótast á. Lota í áhugamannahnefaleikum er stutt miðað við reiðtúr, úr því hann var að taka hestamennsku sérstaklega. Í slíkum samanburði verður að liggja fyrir: hestamennska, í hve langan tíma? Hve langur er hver útreiðartúr? Hvað erum við að tala um? Niðurstaðan er sú að það er ekki hægt að bera þetta saman nema við gerum það á sama hátt. Annars er ekkert gagn af þessum tölum. Þær segja okkur ekki neitt.

Áverkarnir verða sem sagt í keppni en ekki á æfingum. Ég held að þorri þess unga fólks, bæði hér á landi og erlendis, sem vill stunda þessa íþrótt geri sér ekki alveg grein fyrir þessu. Þeir vita að það er gaman að hreyfa sig og það er rosalega hollt að stunda íþróttir, sérstaklega þær sem eru loftsæknar, hjólreiðar, hlaup, sund og allt mögulegt annað — og box, en slysatíðnin, áverkatíðnin er ekki við æfingarnar, hún er í keppnunum. Það má kannski segja að ef ég ætti að vera samkvæm sjálfri mér ætti ég að segja að það sé í lagi að heimila búnað til að æfa sig í áhugamannaboxi ef keppni mundi ekki fylgja, það væri rökrétt. Ég veit að það er rétt samkvæmt því sem ég hef lesið að áverkarnir verða ekki á æfingum. Líkamsæfingar eru auðvitað mjög æskilegar og við viljum að unga fólkið okkar stundi þær og við þessi eldri helst líka.

Fyrir langalöngu komust menn að þeirri niðurstöðu að í boxi væri rétt að banna að kýla fyrir neðan beltisstað. Það er viðtekið í áhugamannaboxi og atvinnumannaboxi. Af hverju var það? Það var til þess að fá ekki áverka á kynfæri. En ég spyr, herra forseti: Er heilinn eitthvað minna mikilvægur en kynfærin? Menn álitu það kannski þegar þessi regla var sett en það er rétt að benda á það að m.a. breska læknafélagið hefur hvatt til þess að í áhugamannaboxi verði ekki heimilað að slá fyrir ofan viðbein. Þeir hafa náttúrlega ekki náð því fram því boxararnir segja: Já, en þá er það ekki box. Skoða menn þetta í alvöru verður maður að hugsa: Ef hættan var svona mikil fyrir kynfærin að það var nóg til þess að menn bönnuðu slík högg — það þykir ekki drengilegt og er bannað í þessari íþrótt að slá fyrir neðan beltisstað — þá er heilinn ekki minna virði. Því eftir höfðinu dansa nú limirnir, hélt ég.

Það er mjög mikilvægt að skrá höfuðmeiðsli eins og sagt var hér fyrr, t.d. í knattspyrnu. Þau eru alvarleg og eru alltíð. Menn eru misfærir við að skalla bolta, ég hugsa að ég mundi fara í rot við fyrstu tilraun en það er af því að ég hef ekki æft fótbolta. Komi það í ljós við skráningu á höfuðslysum í fótbolta, ef menn ætla sér í alvöru að skoða þetta, gæti bara vel farið svo að bannað yrði að skalla bolta, alveg eins og bannað var að slá fyrir neðan beltisstað í boxi. Það er nefnilega þannig að ef slysatíðni eða áverkatíðni við einhverja ákveðna hegðun er óeðlilega mikil þá reyna menn að finna einhverjar leiðir til að hindra það. Það hafa menn gert í boxinu.

Í áhugamannaboxi eru notaðar höfuðhlífar og þar er notuð brjósthlíf. Menn eru auðvitað að reyna að gera þetta, það eru notaðir aðrir hanskar, mýkri hanskar og þyngri. Þessi búnaður sem ver vissa hluta líkamans sannanlega og dregur úr slysahættu og áverkahættu á vissum stöðum en ver ekki heilann af því búnaðurinn er skorðaður á höfuðið og höfuðið hreyfist um leið, þetta hreyfist saman, en heilinn lýtur öðrum lögmálum. Hann hreyfist ekki á sama hraða og höfuðkúpan. Þess vegna geta rifnað frá æðar og taugar og orðið skaði á heilanum. Höfuðhlífin hlífir húð og eyrum, dregur úr líkum á áverkum þannig að það blæði úr höfuðleðri. Það er sýnt og sannað að höfuðhlífin dregur úr slíkum meiðslum en það er falskt öryggi fyrir boxarann sem heldur að hann sé svo mikið betur varinn gegn heilaskaða, en hann er það ekki. Það finnst mér þær rannsóknir sem ég hef lesið segja. Sumir gera lítið úr því og segja: Já, það var einhver smámunur á einhverjum fingurbankprófum. En viti maður um allt það sem líkaminn þarf að hafa yfir að ráða til að geta haft fínhreyfingarnar sínar í lagi þá veit maður að svona „saklaust" fyrirbæri getur verið merki um skaða á heila. Þeir boxarar eða þeir íþróttamenn sem hafa orðið fyrir höfuðhöggum og hafa skaðað fínhreyfingar sínar, geta sagt ykkur þetta. Þeir sem missa hæfileikann vita af þessu. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur.

Fínhreyfingar hjá hinum viti borna manni eru hluti af því að getað bjargað sér í nútímaþjóðfélagi. Maður með skertar fínhreyfingar getur kannski ekki skrifað nafnið sitt. Hann getur ekki sinnt ýmsu í lífi sínu, í starfi og leik, sem hann getur með eðlilegar fínhfreyfingar. Ég held að menn vanmeti þetta.

Hér áðan var rætt um um Alzheimer-sjúkdóminn og Parkinson-sjúkdóminn og auðvitað er það svo að í flestum tilvikum er ekki vitað af hverju fólk fær Alzheimer-sjúkdóm eða Parkinson-sjúkdóm. En í ýmsum tilvikum eru mjög sterkar líkur á því að það hafi orðið vegna höfuðáverka. Þetta er ekki óyggjandi sannað enn þá, en líkurnar eru þær og tíðnin er geigvænlega hærri hjá þeim sem hafa fengið slíka áverka en öðrum sem hafa ekki fengið þá. Og það er ekkert endilega af völdum þungra högga. Það er svo merkilegt að þetta líffæri, heilinn, sem er okkar þróaðasta líffæri og skiptir okkur mestu máli, er líka viðkvæmur fyrir vægum höggum. Þetta vissu menn ekki 1956 þegar þeir bönnuðu

boxið. En þetta er þó vitað núna og maður getur ekki leitt það hjá sér.

Aðrir hlutar líkamans verða fyrir áverkum og var rætt um nefið áðan þegar lesið úr viðtali við þrjá unga menn í Menntaskólanum, Teit, Ými og Krumma, sem ég reyndar þekki alla. Það var nú sagt í grein eftir Flosa Ólafsson nýverið að Ketil flatnefur hlyti að hafa stundað box og því hefði flast út á honum nefið. En ég ætla nú ekki að velta vöngum yfir því sérstaklega.

Ég er sammála því að íþróttir eigi að stuðla að útrás og eigi að kenna fólki aga og að sæta reglum. Auðvitað er ég sammála því. Ég veit líka að áflog og hnefaleikar hafa verið stunduð sennilega svo lengi sem mannkynið hefur verið við lýði. Áflog sér maður líka hjá öðrum lífverum, kettlingum og hvolpum og menn eru að tuskast á í vinahópi eins og gert er hjá öðrum dýrategundum og það má segja að það sé eðlilegt. Karlkynið gerir meira af því en konurnar reyndar, en hjá kettlingum og hvolpum held ég það sé alveg jafnt. En eðlilegt er að tuskast og fljúgast á í góðu, en það er ekki eðlilegt að skaða hver annan. Það er ekki eðlilegt eða ekki æskilegt og a.m.k. vil ég sem læknir reyna í lengstu lög að sporna gegn því, hvort sem er í íþróttum eða umferðinni eða í öðrum málum. Það má kalla það forsjárhyggju, en ég held að maður verði að reyna að beita því litla viti sem maður hefur.

Herra forseti. Af því ég vitnaði aðeins í Flosa Ólafsson áðan þá sagði hann þar sem hann var að láta gamminn geysa um flatnefi. Hann sagði:

„Ég vil ekki að boxið sé bannað einfaldlega vegna þess að það þýðir ekkert að banna boxið frekar en aðrar frumhvatir mannskepnunnar, svo sem eins og móðurástina, forvitnina, heiðarleikann, trygglyndi, framhjáhald og kynferðislega áreitni," segir Flosi Ólafsson. „Boð og bönn hamla ekki frumhvötinni. Ef tveir menn koma sér saman um að ekkert sé unaðslegra en að berja hvor annan í hausinn þar til þeir eru orðnir eins og vankaðir höfuðsóttargemlingar, heilaskaddaðir og alveg út úr heiminum, þá gera þeir það hvort sem boxið er bannað eða ekki. Alveg eins og þeir halda áfram að banka kerlingarnar sínar, hvort sem það er bannað eða ekki. Bann við hnefaleikum hefur alla tíð verið tilgangslaust, allt frá því að Ketill flatnefur bannaði boxið af augljósum ástæðum."

Ég ætla kannski ekki endilega að gera þessi orð að mínum, en ég held að öllum geti verið ljóst háðið sem fáum er eins vel lagið og Flosa að setja mál sitt fram á.

Í umsögn Læknafélags Íslands 23. mars árið 2000 til menntmn. Alþingis segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Þann 17. október 1997 sendi stjórn LÍ frá sér eftirfarandi yfirlýsingu: Læknafélag Íslands varar við þeirri umræðu, sem nú er hafin um hnefaleika á Íslandi. Hnefaleikar eru hættuleg íþrótt. Ólíkt öðrum íþróttum er markmið íþróttarinnar að valda líkamstjóni hjá andstæðingi. Hnefaleikar valda aukinni tíðni af varanlegum heilaskaða og geta dregið þátttakendur til dauða. Af þessum sökum leggur stjórn Læknafélags Íslands áherslu á það, að lögum um bann við keppni eða sýningu á hnefaleikum verði ekki breytt.

Læknafélag Íslands stendur við þessa yfirlýsingu. Þeir læknar sem hafa tjáð sig um málið telja að vísindalegar sannanir séu fyrir því að hnefaleikar eftir reglum áhugamanna séu hættulegir heilsu þeirra sem þá stunda. Verður vikið að því nánar. Þá telur LÍ að hætta verði á að ungt fólk ástundi það á götum úti sem fyrir þeim er haft í hringnum og að gera megi ráð fyrir auknum þrýstingi á lögleiðingu hnefaleika samkvæmt reglum atvinnumanna ef áhugamennska verður leyfð. Þá er það staðreynd að þeir sem árangri ná í áhugamennsku leiðast mun frekar til atvinnumennsku í greininni en aðrir. Þá telur LÍ að gera megi ráð fyrir því, að ólögleg ástundun hnefaleika samkvæmt reglum atvinnumanna verði auðveldari í skjóli aðstöðu fyrir áhugamannahnefaleik.

Bendir félagið á afstöðu almennings á Íslandi til þessa máls, en hún var þekkt 1997 samkvæmt könnun Gallups (heimild DV, 10. nóvember 1997). Niðurstaða hennar var sú, að 64% landsmanna voru andsnúnir því að keppni verði leyfð í ólympískum hnefaleikum hér á landi. Fylgjandi voru 32%.

Ekki er annað vitað en að vísindamenn sem rannsakað hafa heilsufarslegar afleiðingar af atvinnuhnefaleikum séu á einu máli um varanlega skaða sem þeir valda. „Takmark hnefaleikarans er að veikja varnir andstæðingsins, valda honum skaða, vanka hann og rota." Alvarlegustu skaðarnir eru á miðtaugakerfi. Þeir geta verið bæði bráðir og/eða langvinnir. Um er að ræða bráða skaða á augum, heilahristing, mar á heila og alvarlegar blæðingar sem leitt geta til dauða. Langvinnar afleiðingar eru skaðar á augum og „chronic traumatic encephalopathy", þar sem um er að ræða allt frá vægum truflunum á útlimastjórn til „dementia pugilistica", sem er alvarleg heilahrörnun." — Stundum kölluð boxaraveiki.

„Þessi upprifjun á afleiðingum atvinnumennsku í hnefaleikum er nauðsynleg til að átta sig á þeim kröftum sem að verki eru í áhugamennskunni. Hnefinn sem beinist að húfuklæddu höfði áhugamannsins fer með sama hraða (skriðþunga) og hnefi atvinnumannsins eða um 160 km/klst. Heilinn flýtur í mænuvökvanum í höfuðkúpunni og þar gildir lögmál tregðunnar þegar höfuðið verður fyrir snöggum snúningi eða fram-aftur hreyfingu. Húfan dregur ekki úr áhrifum þessara krafta. Japönsk rannsókn bendir til að langir bardagar leiði frekar til alvarlegra blæðinga af völdum högga. Væri það rökrétt afleiðing þreytu keppenda þegar lotunum fjölgar. Þetta vekur þá spurningu hvort minni skaðar að þessu leyti í áhugamannahnefaleik séu vegna þess að einungis er keppt í 3 lotum, en ekki vegna annarra ástæðna. Um þetta liggja rannsóknir hins vegar ekki fyrir svo okkur sé kunnugt. Sænsk rannsókn bendir til vægra heilaskemmda í áhugamannahnefaleikum og áströlsk rannsókn bendir á að langtímarannsókna sé þörf til að segja fyrir um varanlegan heilaskaða af völdum áhugamannahnefaleika.

Fyrir liggja vísindalegar niðurstöður um augnskaða í áhugamannahnefaleikum sem teljast verða óyggjandi. LÍ vill benda á austurríska rannsókn þar sem bornir voru saman tveir hópar ungra manna. Annars vegar voru 25 einkennalausir áhugahnefaleikarar sem áttu að meðaltali 40 keppnir að baki og hins vegar 25 jafnaldrar sem ekki höfðu stundað hnefaleika. Niðurstaða rannsóknarinnar var að 19 (76%) hnefaleikarar sýndu margvísleg merki um höggáverka á augum svo sem framhólfsbreytingar, glærulos og ör á sjónhimnu. Sambærilegur skaði fannst í einum einstaklingi í samanburðarhópi."

Niðurstaða Læknafélags Íslands er að mæla gegn því að bann við hnefaleikum á Íslandi verði afnumið.

Herra forseti. Ég hef lesið fjölda greina víða að úr heiminum um rannsóknir á boxurum, bæði atvinnuboxurum og áhugaboxurum og ég hef reynt að mynda mér skoðun eins hlutlaust og ég hef getað, af því ég er ekki að taka afstöðu gegn lögleiðingu ólympískra hnefaleika af þvermóðsku, heldur einungis af því að mér finnst rökin vera

svo sterk. Mér finnst ef rökin með og á móti hnefaleikum í áhugamannaskyni séu sett á vogarskálar, þá sé mjög mikill munur á þyngdinni. Kostina hef ég nefnt við ólympískt box og dreg það ekki í efa að ekki verði slys við æfingar, áverkarnir sums staðar á líkamann séu vægir og skipti kannski ekki verulegu máli en áverkar á heilann, uppsafnaður vandi, jafnvel vægra högga, geti valdið varanlegum skaða.

Það má taka samanburð af fólki sem vinnur í hávaða. Vinnueftirlitið, lög og reglur gera ráð fyrir að þeir sem vinna við hávaða yfir ákveðnum desibelafjölda eigi að verja eyrun. Það eru auðvitað margir löghlýðnir og fara eftir þessu, en aðrir skella við því skollaeyrum og hugsa: Þetta er ekkert óþægilegur hávaði, hvað þarf ég að vera með óþægilegar hlífar á eyrunum. En heyrnin skerðist smám saman, hún fer ekki allt í einu. Það er mjög lúmskt hvernig heyrnarskaðinn verður. Og þegar fólk er komið af unglingsárunum og hefur ekki varið á sér eyrun getur það verið orðið heyrnardauft á unga aldri. Þetta þekkja flestir og skilja og vita að umræða er um þetta í þjóðfélaginu. Þess vegna er ekki leyfilegt að hafa aðstæður á vinnustað þannig að hávaði fari yfir ákveðin mörk. Og það eru til aðferðir til að varna því.

Á sama hátt getur maður sagt að hér sé um að ræða íþrótt sem vitað er að við æfingar þá skaði hún ekki og hún getur haft jákvæðar hliðar vissulega, en hin hliðin á teningnum er mjög sláandi. Skaðinn sem getur orðið á heilanum verður varanlegur og það verður ekki aftur snúið frekar en við heyrnartapið. Ég tel að núverandi lög séu til þess fallin að verja ungt fólk gegn slíkum heilasköðum.

Íþróttir sem kenna ungu fólki að fara eftir reglum, að sæta aga sem kannski ekki allir fá heima hjá sér því miður eða fara ekki eftir, auðvitað er hollt að stunda slíkar íþróttir. En það er agi í mörgum íþróttum. Og breska læknafélagið bendir m.a. á júdó, frjálsar íþróttir, sund, fótbolta, þó slysatíðnin af öðrum ástæðum sé há t.d. í fótbolta, en þá eru þessar íþróttir tilteknar af því að þjálfun þeirra fylgir agi, en heilaskaðinn er ekki sá sem fylgir hnefaleikunum.

Herra forseti. Breska læknafélagið heldur því fram að hlutfallsleg áhætta af hnefaleikum sé hærri en í nokkurri annarri íþrótt. Samanburðurinn er erfiður eins og ég hef reynt að skýra hér. Og auðvitað verða læknasamtök úti í heimi þar sem atvinnumannabox er einnig heimilað að velja á hvaða garð þau ætla að ráðast. Þau ráðast helst á þann sem þau telja líklegt að þau geti haft einhver áhrif á. Það þýðir ekkert að berja höfðinu við steininn og hljóta af því heilaáverka sjálfur. En þær tölur sem ég hef fundið í greinum og rannsóknum segja allar þetta sama, að óyggjandi niðurstöður vanti og betri rannsóknir, langtímarannsóknir vanti þó eitthvað sé að þokast, árin líða, en mér finnst alla vega ljóst að meðan ekki er um óyggjandi niðurstöður að ræða eigi ungir íþróttamenn á Íslandi að njóta vafans.

Eitt atriði nefndi ég ekki og vil aðeins gera að umtalsefni og það eru nýjar greinar sem segja að fólk sem hefur visst erfðaefni, visst efni í líkamanum sem er kallað apolypoprotín E-Y4, að því fólki sé hættara við alvarlegum heilaskaða af höggi en þeim sem ekki hafa þetta í líkama sínum. Og kannski er það viðbótarástæða fyrir því að sumir virðast fá alvarlegri áverka af höfuðhöggi en aðrir. Það eru allmargar greinar um þetta á síðari árum og þetta er auðvitað mjög athyglisvert en hefur ekki verið til lykta leitt.

Ég sagði áðan að tíðnin á þátttökunni, tíminn sem íþróttin er iðkuð og fjöldi íþróttamanna sem stunda íþróttina, verði að koma inn í útreikning á hættunni.

Hvað boxarana varðar þá segir í grein Porters og O'Brians sem ég minntist á hér áður frá 1996 úr Clinical Journal of Sport Medicine, að 50% áverkanna séu á heilann, 20% á efri útlimi, hendur og úlnliði og andliti 20%. Menn hafa reynt að reikna út hver tíðnin sé á hvern boxara hverja klukkustund sem íþróttin er iðkuð. Með þeim samanburði við aðrar íþróttir halda þessir höfundar því fram að slysatíðnin sé há miðað við aðrar íþróttir. Ég tel að það verði að taka tillit til þessara þátta, eins og 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Gunnar Birgisson, getur áreiðanlega tekið undir með mér með sína verkfræðiþekkingu sem ég bý ekki yfir.

Herra forseti. Víða um lönd þar sem atvinnuhnefaleikar eru stundaðir má e.t.v. segja að áhugamannahnefaleikar séu hlutfallslega lítið vandamál því að vitað er að áverkatíðni er hærri og alvarlegt, varanlegt heilsutjón mun algengara í atvinnumannaboxi en hjá áhugamönnum. Áverkar eru fátíðari, ekki síst af því að reglur þær sem keppt er eftir eru mun strangari í áhugamannaíþróttinni. Lotur eru færri og styttri, auk þess sem notaðar eru hlífar á höfuð og brjóstgrind og einnig mýkri og stærri hanskar. Segja má að áðurnefndur samanburður sé áhugamannaíþróttinni afar hagstæður. Mörg lönd hafa bannað atvinnumannahnefaleika eins og gefur að skilja og eins og ég sagði áðan hafa læknasamtök, t.d. í Bretlandi og víðar, lagt til að áhugamannahnefaleikar verði bannaðir eða þá að reglunum verði breytt þannig að bannað verði að slá fyrir ofan viðbein.

Fullyrðingar ýmissa stuðningsmanna þessa frv. um að ekki fáist stig fyrir að rota andstæðinginn í áhugamannaboxi eru einfaldlega rangar því það verður að kalla þær fölsun á staðreyndum. Stig fást fyrir högg á höfuðið. Hvort sem afleiðingar eru litlar eða miklar, fæst stig fyrir höggið. Höfuðhlífarnar eins og margsinnis hefur verið sagt verja eyrun og höfuðið utanvert við skurðum og mjúkpartaáverkum. En við rannsóknir hefur komið í ljós að áverkar á heilann sem þar er fyrir innan, misjafnlega máttugur reyndar, sérstaklega af þessu erfðaefni sem ég nefndi sennilegast, eru síst alvarlegri en við önnur höfuðhögg.

Eins og fram kom við fyrri umræðu um þetta frv. í þinginu nýverið og í þeirri umsögn sem meiri hluti hv. heilbrn. þingsins sendi menntmn. um frv., eru áverkar á heilann alvarlegasta afleiðing þessarar íþróttar. Það sem verra er þó er að höggin eru ekki slys eins og sannarlega koma fyrir í ýmsum öðrum íþróttum, heldur markvissir áverkar og hluti af leiknum, hluti af þeim gráa leik sem svona hnefaleikar eru.

Mig langar að gera áhrif hnefaleika á börn og unglinga að umtalsefni. Umræðurnar finnst mér að sumu leyti hafa verið þannig að kalla megi að málið sé haft í flimtingum. Það er eins og í kringum áhugamannaboxið sé eitthvert töffaraumhverfi og við þingmenn sem erum nægilega töff til að skilja þetta myndum þá samþykkja þetta frv. Ég verð að gangast við því að ég er enginn töffari. Ég er kannski hlynntari orðsins list en hnefaleikum. En auðvitað á maður ekki að taka afstöðu til mála bara út frá því. En töffaraumhverfið og fyrirmyndin hefur auðvitað áhrif á börn og unglinga. Ég tel að ýmsar hörkuíþróttir undir ströngum reglum og aga getið verið gagnlegar, líka fyrir börn og unglinga og boxið á æfingum þar sem ekki er verið að kýla í besta vininn heldur í púða, sé af hinu góða. Ég get alveg fallist á það. Það eykur þol. Það eykur vöðvastyrk. Það styrkir blóðrás. Það styrkir lungu. Það hefur marga kosti. En það sætir öðru þegar keppt er við lifandi andstæðing og það sýna þessar

rannsóknir okkur. Höfuð ungs fólks er ekki eins vel varið og fullorðinna þar sem höfuðkúpan er ekki orðin eins hörð eins og hún verður síðar á ævinni þannig að áverkar á höfuð, þar með á heilann, hafa mikla hættu í för með sér.

Ég sagði áðan til að reyna að opna augu manna fyrir því að með því að heimila áhugamannahnefaleika sé verið að gera börnum frá átta ára aldri kleift að taka þátt í boxkeppni í heimalandi sínu. Þannig munu reglurnar vera. Það hlýtur þá að þýða að þau fara að æfa íþróttina löngu fyrr. Á sama tíma og við erum að vinna að slysavörnum fyrir börn á öllum aldri, við setjum lög um að þau hafi hjálma á höfði við hjólreiðar, við reyrum þau föst í bíla með bílbeltum og reyrum þau föst í bílstóla og stóla, þá skýtur skökku við að innleiða íþrótt sem hefur aukna hættu í för með sér.

Fjölmargar greinar hafa verið birtar um afleiðingar hnefaleika á þá sem iðka íþróttina og þar koma fram niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið víða um heim bæði af vísindamönnum og einnig faraldsfræðilegar rannsóknir á tíðni áverkanna. Íþróttalæknar, taugasjúkdómalæknar, bæði lyflæknar og skurðlæknar, hafa verið að rannsaka afleiðingar af höfuðslysum og augnlæknar hafa rannsakað augnáverka svo eitthvað sé nefnt.

Í grein sem ég minntist á áðan eftir Porter og O'Brian sem birtist 1996 í Clinical Journal of Sport Medicine er skýrt frá tíðni áverka í áhugamannahnefaleikum á Írlandi, nánar tiltekið í Dublin frá nóvember 1992 til mars 1993. Þátttakendur í áhugamannahnefaleikum þar í landi eru taldir vera um sex þúsund og til eru um tvö hundruð og sjötíu klúbbar. Höfundar greinarinnar segja að eitt af markmiðum íþróttalæknisfræði sé að reyna að draga úr hættu á áverkum án þess að breyta eðli íþróttarinnar verulega, áhugamannaboxarar séu útsettir fyrir áverkaáhættu sem sé sambærileg við þá sem stunda box í atvinnuskyni þótt hættan á heilaskaða, einkum varanlegum taugafræðilegum afleiðingum hans, geti verið nokkuð minni vegna öryggisreglanna. Í greininni kemur fram að fylgst var með 281 keppni eða hluta af keppni, því að sumar eru stoppaðar af, alls 4.170 mannmínútum. Þarna eru menn að reyna að setja þetta niður í mælanlega tímaeiningu. Áverkar voru 64, þar af 33 heilaáverkar. En það reiknast til 0,92 áverka á mannklukkustund.

Höfundar flokka áverkana í sjö flokka. Helmingurinn, eða 52%, féll undir skilgreiningu á flokk eitt sem voru minnstu áverkarnir, 30% fóru í flokk tvö, 12% í flokk þrjú og 6% í flokk fjögur til fimm. Í umfjöllun um rannsóknina segja Porter og O'Brian að áverkatíðni í keppni í áhugamannahnefaleikum sé fremur há þegar miðað sé við boxara á hverja klukkustund iðkunar, þ.e. 0,92. Þegar litið er á áverka hvers boxara á hverju ári þá sé talan 0,7. Algengasti áverkinn er heilaáverki eða yfir helmingur allra áverka, 20% eru áverkar á upphandlegg og andlit. Handaáverkar eru algengir svo og skurðir og fleiður í andliti þrátt fyrir höfuðhlífar. Hjá einum boxara sprakk hljóðhimna. Til samanburðar má nefna að Jordan og Campell sýndu í annarri rannsókn fram á að heilaáverkar hjá atvinnuboxurum væru mun algengari, eða tæp 70%. Þá hefur áhugamannabox í hernum einnig verið rannsakað að sögn Porters og O'Brians og þar kom fram að á heimsvísu sé áverkatíðnin 68% og jafnvel 80% hjá ungum hermönnum í þjálfun. Herra forseti. Mér finnst þetta háar tölur.

Flestir sem hljóta heilahristing í áhugamannaboxi fá hann í keppni. Flestir fá einungis vægan heilahristing og þessir höfundar sem ég nefndi, bæði Porter og O'Brian og Jordan og Campell, eru sammála þessu. Við læknisskoðun að leik loknum fannst ekkert athugavert. Og það er það sem líka er svo alvarlegt við þetta mál. Boxari vankast. Hann fær vægan heilahristing. Hann er eitthvað ruglaður einhvern tíma, t.d. tíu mínútur, er slappur eða líður illa. En ekkert finnst við skoðun. Það er ekki þar með sagt að hægt sé að segja að það fannst ekkert við skoðun og þá er allt í lagi. Það er einmitt það sem þessar rannsóknir leiða í ljós að afleiðingarnar, jafnvel af vægum höggum, safnast saman og koma niður á íþróttamanninum seinna á ævinni. Þá er of seint að iðrast. Þá er engu hægt að breyta. Það er nauðsynlegt að finna leiðir til að meta þetta svo óyggjandi sé og einkum til þess að fylgjast með þróuninni og meta árangur af öryggisbúnaði. Vel má vera að hægt sé að þróa öryggisbúnað sem gæti dregið einhvern veginn úr þessu, ekki veit ég það. Það má líka vel vera að ef farið verði eftir tillögum læknafélagsins breska, að slá ekki fyrir ofan viðbein, gildi allt annað um þessa íþrótt. En það hefur ekki verið gert og þetta stendur enn þá svona.

Í rannsókn þeirri sem ég var að nefna var ekki verið að skoða augnáverka eða langvarandi áhrif af höfuðhöggum. Ég er að tala um greinina eftir Porter og O'Brian frá 1996. Og þeir voru heldur ekki að skoða áhrif endurtekinna högga á höfuðið, þeir voru bara að kortleggja tíðnina og hvar höggin hefðu lent og alvarleika þeirra og flokka það niður. En þetta er engin langtímarannsókn enda gerðist þetta 1996 og greinin er frá því ári.

Flestir sem rannsakað hafa varanleg áhrif heilaskaða eru sammála um að frekari rannsókna sé vant. Talið er að endurtekin högg, jafnvel þótt væg séu, geti sammagnast. Tengslin hafa helst verið við sjúkdóma á borð við Parkinson-sjúkdóm og Alzheimer-sjúkdóm en það þykir ekki fullsannað þó líkur séu verulegar og aukin tíðni sé á þessum sjúkdómum. Einnig er talið að meiri hætta sé á minnisleysi og að skerðing verði á fínhreyfingum handa. Þetta finnst sumum e.t.v. léttvægt eins og ég benti á hér áðan, en ég fullyrði að svo er ekki.

Herra forseti. Ég gæti vitnað í fjölmargar aðrar greinar því áliti mínu til stuðnings að við séum betur sett með flestar aðrar íþróttir og án hnefaleika af hvaða tagi sem er. Þótt ég gangist við því að minni hætta sé af áhugamannaíþróttinni má beita fjölmörgum öðrum íþróttagreinum til þess að þjálfa sig líkamlega, íþróttum þar sem unnið er eftir reglum og aga og það er öllum hollt, ungum sem öldnum.

Á meðan öryggi við keppni í áhugamannaboxi er ekki meira en ég hef rakið í máli mínu — og þar ber heilaáverka langhæst — og læknasamtök víða um heim m.a. á Íslandi hafa bent á alvarlegar afleiðingar af íþróttinni og hafa jafnvel reynt að beita sér gegn því að í boxi sé keppt á Ólympíuleikum — það er rétt að skjóta því hér inn að ekki er skylt að taka upp allar þær íþróttir sem keppt er í á Ólympíuleikum — þá væri nær að stuðla að því að því yrði hætt og að í þessari íþrótt yrði ekki keppt á Ólympíuleikum. Ég sé því, herra forseti, síst ástæðu til að innleiða keppni í áhugamannaboxi hér á landi og þar sem frv. lýtur að því að heimila slíka keppni, hlýt ég að segja: Höldum í heiðri gömlu lögin frá 1956.

(**Forseti** (ÁSJ): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hún ljúki ræðunni sinni innan örfárra mínútna.)

Það sem forseti tók ekki eftir var að þingmaðurinn lauk einmitt núna ræðu sinni.

[19:33]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Sem einn af flutningsmönnum frv. þá vil ég fagna meirihlutaáliti menntamálanefndar sem ég tek undir. Í dag höfum við hlýtt á mjög fræðilega ræðu hv. þm. Katrínar Fjeldsted og dreg ég ekki í efa hennar þekkingu á þessum málum. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að við gerum mjög skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum því að reglur og öryggiskröfur greinanna eru mjög ólíkar. Þannig er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum. Hver leikur er 3 lotur í stað allt að 12 lotum í atvinnumannahnefaleikum. Það er alveg ljóst að setja þarf reglur um þessa íþróttagrein þegar hún verður leyfð. En ólympískir hnefaleikar eru hvergi bannaðir nema hér á landi. Það hefur komið fram í ræðum annarra þingmanna að slysatíðni er þar síst minni en í öðrum íþróttagreinum.

Herra forseti. Framkvæmdastjórn ÍSÍ sendi Alþingi umsögn um umrætt frv. og þar er mælt með því að bannið sé fellt niður. Ólympískir hnefaleikar eru að mati ÍSÍ eru ekki skaðlegri en margar aðrar íþróttir og raunar allt önnur íþrótt en sú sem bönnuð var á sínum tíma, við skulum hafa það í huga.

Ólympískir hnefaleikar eru viðurkennd íþrótt um allan hinn vestræna heim og er í raun með ólíkindum að löggjafarsamkunda ætli að hafa afskipti að því hvaða íþróttir eru stundaðar hér á landi og hverjar ekki. Sú ákvörðun á að sjálfsögðu að vera í höndum íþróttasamtakanna sjálfra.

Ég sé ekki mikinn mun á ólympískum hnefaleikum og ýmsum vinsælum sjálfsvarnaríþróttum sem stundaðar eru hér á landi og njóta mikilla vinsælda. Hér er leyfð tælensk íþrótt sem kallast kickboxing og þar eru notaðir hanskar eins og í hnefaleikum.

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram þá eru gerð mjög skörp skil á áhugamannahnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum. Þetta er allt önnur íþrótt og er sjálfsagt að leyfa hana. Ég held að það sé algjört einsdæmi að ólympísk keppnisgrein sé bönnuð með sérstakri löggjöf. Aðild að Ólympíuleikunum felur í sér viðurkenningu á þeim greinum sem keppt er í á leikunum hverju sinni. Við eigum því að leyfa ólympíska hnefaleika á ný. Greinin mun sjálf setja sér reglur. Það hlýtur að vera á valdi hvers og eins hvaða íþrótt hann stundar eins og ég nefndi í framsöguræðu minni þegar frv. var til fyrstu umræðu, hvort sem hann stundar hestaíþrótt, fótbolta, handbolta, fimleika eða hvaða íþrótt aðra. Við eigum að leyfa fólki að ráða hvaða íþróttir það stundar.

[Fundarhlé. — 19:36]

[20:00]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hérna hafa verið haldnar langar ræður um þetta ágæta mál sem er lögleiðing ólympískra hnefaleika. Af því að búið er að hafa ýmsar fullyrðingar hér í frammi, heldur vafasamar að mínu mati, þá er rétt aðeins að fara yfir þetta mál, byrjun málsins.

Hnefaleikar voru bannaðir hér á landi árið 1956 og það voru atvinnumannahnefaleikar sem voru stundaðir í þá daga. Ólympískir hnefaleikar eru allt annars eðlis en atvinnumannahnefaleikar. Hér í þessari umræðu undanfarið hefur verið ruglað saman og sett samasemmerki milli ólympískra hnefaleika og atvinnumannahnefaleika. En eftirfarandi er munurinn á þessum tveimur. Í fyrsta lagi eru notaðar höfuðhlífar og þykkari hanskar í áhugamannaboxinu en atvinnumannaboxi. Í öðru lagi eru lotur þrjár í þrjár mínútur eða fimm lotur í tvær mínútur, en í atvinnumannaboxi eru allt að tólf lotum í þrjár mínútur.

Í Bandaríkjunum og Kanada, Bretlandi, Svíþjóð, Finnlandi og Írlandi hafa farið fram mjög vandaðar læknisfræðilegar rannsóknir á hnefaleikum sem búið er að rekja hér sumar hverjar og þær hafa flestallar leitt í ljós að ólympískir hnefaleikar valda mun minna líkamstjóni og meiðslum en aðrar ýmsar vinsælar íþróttagreinar svo sem atvinnumannahnefaleikar, íshokkí o.fl.

Í ólympísku boxi fær hnefaleikari ekki að keppa eftir að hann er orðinn 33 ára gamall. Læknisskoðun er skyld bæði fyrir og eftir hverja keppni og skylt er að hafa viðurkennda keppnisbók sem varla þekkist í öðrum íþróttagreinum.

Atvinnumannahnefaleikar eru bannaðir í nokkrum löndum svo sem Noregi og Svíþjóð en ólympískir hnefaleikar eru hvergi bannaðir í heiminum nema á Íslandi og ég spyr: Erum við Íslendingar svo sérstakir að við getum ekki stundað þessa íþrótt? Aðalspurningin er: Á jafnræðisreglan að gilda gagnvart öðrum íþróttagreinum?

Það er búið að fara yfir það að þetta er ekki hættulegri íþróttagrein en aðrar og fara yfir það mér margoft með góðum rökum af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og fleirum. Til er m.a. mjög vönduð rannsókn Dr. Yvonne Hagland og eftir að hafa lesið hana er hún kannski sú eina sem virkilega tekur á málinu gagnvart öðrum greinum. Það er ljóst að við erum ekki að fara fram á íþróttagrein hér sem er algjörlega hættulaus. Það er ljóst. Það er engin íþróttagrein alveg hættulaus eða mjög fáar. Golf er það ekki. Það er hægt að fá golfkúlu í höfuðið. Ég tala nú ekki um aðrar íþróttagreinar eins og þessar austurlensku sjálfsvarnaríþróttir. Þess má geta líka að box er náttúrlega ekki árásaríþrótt heldur sjálfsvarnaríþrótt.

Svo var merkileg grein sem birtist í Morgunblaðinu um daginn þar sem er verið að bera saman íþróttagreinar. Þar er minnst á fótbolta og ég sagði það hér við 1. umr. málsins að menn ættu þá alveg eins að banna að skalla fótbolta, sérstaklega ef hann væri blautur. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Verkfræðingar við Glasgow-háskóla hafa greint frá því, að hámarkskraftur sem höfuð knattspyrnumanns þyrfti að taka við þegar hann skallaði eldri gerð fótbolta gæti numið allt að hálfu tonni. Samsvarandi tala þegar um nýja gerð bolta er að ræða er um það bil helmingi lægri.

Dr. Ron Thomson sagði að engu að síður væri um að ræða meiri kraft en góður áhugahnefaleikamaður gæti framkallað með höggi."

Þetta er bara til að draga fram að vinsælasta íþróttagrein í heiminum, knattspyrna, er langt frá því að vera hættulaus.

Ólympískir hnefaleikar eru ekki hættulausir. Spurningin er hvar við drögum mörkin. Eigum við að draga mörkin þannig að menn megi ekki fara á hestbak þar sem mikil meiðsl eru í hestaíþróttum og útreiðum? Hvað með t.d. handknattleik þar sem markverðir fá að kenna á því þegar boltanum er skotið á markið?

Þeir sem hafa talað á móti þessu máli hér eru talsmenn forsjárhyggjunnar. Þeir hv. þm. hafa vit á því hvað við eigum að láta landann gera. Hann á ekki að gera neitt nema það sem okkur finnst í lagi. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom hér og spurði góðrar spurningar: „Ætla menn að vera

samkvæmir sjálfum sér og banna knattspyrnu?" Eða handbolta? Það eru fáar íþróttagreinar hættulausar. Ég get nefnt t.d. skák. Ef menn eru tapsárir þá geta þeir hent mönnunum í andlitið hvor á öðrum. Ef menn spila brids líka þá er það nú sennilega það hættuminnsta. Ég vil benda hv. þingmönnum á að einbeita sér að þeim málum. En við erum hér að tala um að áhugamannahnefaleikar fái að njóta sannmælis og verði metnar til jafns við aðrar íþróttagreinar.

Ég hef hér nefndarálit og ég ætla, herra forseti, að fara aðeins yfir það. Það er frá minni hluta menntmn. Er sérstaklega gaman að lesa það. Hérna eru fullyrðingar alveg gjörsamlega órökstuddar. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Þær ástæður sem minni hlutinn telur vega þyngst eru vísbendingar um alvarlegt heilsutjón sem hlýst af iðkun hnefaleika," — það er bara ekkert sannað — „jafnt áhugamanna sem atvinnumanna," — hérna er reynt að blanda þessu saman — „og vísbendingar um að skaðinn af iðkun þessara tveggja tegunda hnefaleika sé fyllilega sambærilegur eða alveg sá sami."

Þetta er bara þvert á móti þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar. Svo, með leyfi forseta, þá er hér önnur setning:

„Þá eru einnig vísbendingar um tengsl hnefaleikaiðkunar og Alzheimer-sjúkdómsins."

Þetta eru rosalegar fullyrðingar hér, alvarlegar. Ætla þessir hv. þm. að standa við þetta? Ætla þeir að leggja fram gögn þar að lútandi? Svo stendur hér, með leyfi forseta:

„Markmið íþróttarinnar er að meiða andstæðinginn ..."

Það er verið að leggja þetta upp eins og einhvern ljótan leik. Og í þessu ágæta áliti stendur líka, með leyfi forseta:

„Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys."

Þetta er allt á sömu bókina lært. Svo kemur gullkornið í þessu nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Þegar leitað er á netinu að upplýsingum um skaðsemi áhugamannahnefaleika finnst nokkur fjöldi greina. Af 10 greinum sem Grétar Guðmundsson læknir, sem kom á fund heilbrigðisnefndar, fann á netinu var komist að þeirri niðurstöðu að um skaðlega íþrótt væri að ræða í sex en í fjórum var hinu gagnstæða haldið fram. Af þessum fjórum voru tvær eftir sama höfund."

Haldið þið að þetta séu nú rök? Þessar sex greinar sem teljast vera á móti hnefaleikum geta verið bara algjört bull. Ef menn eru nú farnir að vigta rökin eftir fjölda greina á netinu sem eru skrifaðar um íþróttagreinina og segja svo: „Það eru átta greinar og svo fimm greinar og af því það eru svo margar greinar á móti, átta á móti fimm, þá hýtur það að vera skelfilegt mál."

Mér finnst þetta nefndarálit þessa ágæta minni hluta til verulegrar minnkunar. Vísindamenn í þessari ágætu nefnd sem standa að þessu áliti ættu að vanda sín vinnubrögð betur.

Það eru nokkur gullkorn í þessum umsögnum eða nefndarálitum. Í umsögn heilbr.- og trn. stendur, með leyfi forseta:

„Slysatíðni í hnefaleikum er há miðað við aðrar íþróttir, sem kemur ekki á óvart þar sem markmiðið er að koma höggi á andstæðinginn, með öðrum orðum að fara inn fyrir varnir hans og þar með meiða hann."

Og meiða hann! Þessi málflutningur er alveg rosalegur. Inntakið í þessu er meira og minna allt á þessum nótum.

Hv. þm. Ásta Möller segir í sínu áliti, áliti minni hluta heilbrn., með leyfi forseta:

„Þegar metið er hvort leyfa á ólympíska hnefaleika með tilliti til slysahættu verður að skoða áhættu af iðkun þeirra í samanburði við aðrar íþróttir. Rannsóknir á slysatíðni í íþróttum benda til þess að ólympískir hnefaleikar séu langt frá því að vera áhættusamasta íþróttin sem stunduð er og má nefna hesta- og bílaíþróttir og fjallaklifur til samanburðar. Ólíkt þessum íþróttum er t.d. ekki kunnugt um dauðaslys í ólympískum hnefaleikum."

Mér finnst rök sem hv. þingmenn hafa komið með í sínum nefndarálitum og hér í ræðustól vera mjög léttvæg í þessu máli. Við erum ekki að tala um að ólympískir hnefaleikar séu hættulausir. Það er ekki hægt að segja það. Það er ekki hægt. Við erum að segja að þessi íþrótt sé ekki hættulegri en aðrar íþróttir.

Svo kemur undirskriftalisti frá læknum og hjúkrunarfólki á móti ólympískum hnefaleikum. Ég veit nú ekki annað en að mestu meiðslin og algengustu meiðslin í íþróttum séu í knattspyrnu. Einn hv. þm. verður nú t.d. sitja við sérborð sökum meiðsla sem hann hlaut í knattspyrnu. Það væri a.m.k. miklu rólegra eða minna að gera hjá bæklunarlæknum um víða veröld ef menn hættu að spila fótbolta. Það er ljóst. (**Gripið fram í:** Það eru svo margir sem spila fótbolta.)

Hæstv. forseti. Einn hv. þm. talaði um mann sem taldi sig hafa orðið fyrir heilaskaða þar sem hann hefði stundað hnefaleika. Ég get nefnt annað dæmi um annan mann sem hefur boxað í yfir sextíu ár. Hann er áttatíu og eins árs í dag, heitir Guðmundur Arason og boxar enn og er sennilega klárari í kollinum en margir þeir sem sitja í þessum sal dags daglega. Þetta er misjafnt eftir því hvernig það er og fullyrðingar þessar eru allar órökstuddar. Eins og ég segi þá er ég ekki að tala um að engin hætta sé á slysum í þessari grein. En það er ekki meiri hætta á slysum en í öðrum greinum. Þess vegna segum við að jafnræðisreglan verði að gilda.

Svo er hér ágætis erindi frá landlækni þar sem hann bendir á að ekki sé einsýnt með að alvarlegir heilaáverkar orsakist af áhugahnefaleikum.

Mér finnst skjóta svolítið skökku við að hér komi langlokur um sannanleg meiðsl út af þessu og svo finnst mér annað ekki rétt í þessu máli, þ.e. sá málflutningur að rugla saman atvinnumannahnefaleikum og áhugamannahnefaleikum. Þar munar verulega miklu.

Ég ætla ekki að lengja þetta. Það er búið að fara yfir þetta mál vel í þessari umræðu. Ég þakka það og til þess eiga mál að vera hér á þessu þingi og það var með ólíkindum að hlusta á það hér í upphafi að þetta mál fékkst ekki á dagskrá út af því að svo margir vildu tala um það. En til þess eru nú mál hér á þinginu að við getum rætt um þau og skipst á skoðunum.

[20:14]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður ef hv. þm. sem talaði á undan mér hlýddi ekki á ræðu mína því ég reyndi að gera í nokkuð ítarlegu máli grein fyrir þeim rannsóknum sem hafa verið gerðar á áverkum sem menn verða fyrir af hnefaleikum, bæði áhugamannahnefaleikum og í atvinnuskyni. Ég bar það saman og skýrði frá því í hverju munurinn lægi. Auðvitað er rétt hjá þingmanninum að þetta eru rosalegar fullyrðingar. En mér finnst kannski ástæða til að þingmaðurinn taki nokkurt mark á þeim fullyrðingum og kynni sér þær greinar sem fullyrðingarnar byggjast á.

Mig langar til að spyrja hann. Úr því að forsjárhyggjan að hans mati sýnir sig í málflutningi okkar sem viljum ekki samþykkja þetta frv., hvernig getur jafnræðisreglan þá talist

gilda ef áfram á að banna hnefaleika í atvinnuskyni fyrir þá sem vilja stunda þá?

[20:15]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan erum við alveg klárir á því að ólympískir hnefaleikar eru ekki íþrótt án meiðsla, það er alveg ljóst, ekki frekar en aðrar sambærilegar íþróttagreinar. Enginn er að bera á móti því.

Við flutningsmenn þessa frv. erum ekki að tala um að leyfa atvinnumannahnefaleika líka, við erum á móti því. Við erum að tala um þrjár lotur í þrjár mínútur en ekki tólf lotur í þrjár mínútur o.s.frv. Við erum að tala um allt aðra hluti. Hér hefur verið sagt og fullyrt að þetta sé fyrsta skrefið til þess að atvinnumannahnefaleikar verði leyfðir en það er alls ekki svo. En áverkar verða í þessari íþrótt sem öðrum. Hvort sem maður er í marki í handbolta eða í vörn í fótbolta eða í sókn og skallar boltann eða á hestbaki eða í fjallaklifri o.s.frv., það verða alltaf slys. Hvort maður er í júdó eða karate, þá verða slys. Það eiga ekki að verða slys en það verða slys.

[20:16]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála því að fæstar íþróttir eru án meiðsla en munurinn á þeim og hnefaleikum er fyrst og fremst sá að af hnefaleikum geta hlotist heilaskaðar og það eru þeir sem greina þarna á milli. Ekki er hægt að bera saman heilaskaða í boxi og slitna hásin á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem átti sér stað í íþrótt, reyndar í fótbolta. Þetta er ekki sambærilegt. Sinin á Steingrími grær en heilinn grær ekki.

[20:17]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara þessu. Það er fullyrðing að það verði heilaskaði. Það er ekkert víst. Það er líka fullyrt að það verði heilaskaði í knattspyrnu. Það verður líka heilaskaði ef maður dettur af baki á hestbaki, þá getur líka orðið heilaskaði. Það getur líka orðið heilaskaði ef maður er að klifra í klettum og dettur niður þannig að hvar ætla menn að setja línuna?

Ég vænti þess að þeir sem eru á móti þessu komi með frv. sem banni þessar íþróttagreinar þar sem mögulegur heilaskaði getur orðið. Ætlar þingmaðurinn að gera það? Ég hugsa að menn hafi ekki kjark til þess en þeir hafa þann kjark að vera á móti þessu og segja við unga menn sem aldna á Íslandi: Þið megið ekki stunda hnefaleika. Það er bannað, það er svo hættulegt.

[20:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Fyrr í dag þegar þetta mál var tekið á dagskrá var það ósk okkar nokkurra þingmanna að þetta mál yrði ekki tekið á dagskrá en önnur mál sem við töldum brýnni hefðu ákveðinn forgang og kæmu á dagskrá eins og samkeppnislög og frv. um tannsmiði. Hæstv. forseti upplýsti þá að þau mál yrðu tekin á dagskrá strax eftir kvöldmat. Nú er klukkan að verða hálfníu og enn eru nokkrir þingmenn á mælendaskrá. Ég vil vekja athygli á því að tvær nefndir hafa fjallað um það mál sem hér er á dagskrá og þar af eru ellefu þingmenn andvígir málinu í þessum tveimur nefndum og sex sem eru meðmæltir því. Þess vegna held ég, herra forseti, eða það er a.m.k. skoðun mín að önnur mál ættu að hafa forgang. Ég inni forseta eftir því sem kom fram fyrr í dag að þau mál sem ég nefndi áðan eins og samkeppnislögin og frv. um tannsmiði yrðu tekin strax eftir kvöldmatinn. Því vil ég ganga á eftir því við hæstv. forseta hvort ekki sé rétt og eðlilegt að fresta því máli sem er á dagskrá en taka til við þau tvö mál sem er brýnna að komist á dagskrá að mínu mati en það mál sem við ræðum hér.

[20:20]

Guðjón Guðmundsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kann betur við að það sé haft rétt eftir. Ég var í forsetastóli í dag þegar umræða hófst um þetta mál og það varð mikil umræða um fundarstjórn forseta. Þá greindi ég frá því að ekki væri hægt að taka þau tvö mál á dagskrá sem hv. þm. nefnir, samkeppnislög og tannsmiðafrv., fyrr en hæstv. iðnrh. kæmi í bæinn og hún væri væntanleg um kvöldmatarleytið. Ég sagði hins vegar ekki að málið yrði tekið á dagskrá strax eftir kvöldmat. Það sagði ég einfaldlega ekki. Ég sagði að það yrði ekki tekið fyrir fyrr en hæstv. ráðherra kæmi. En satt að segja reiknaði ég með að umræðunni yrði lokið áður. Ég óska eftir því að hv. þm. hafi rétt eftir.

[20:21]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er komið einum degi fram yfir það sem ætlað var að þingið stæði yfir en það er alveg augljóst að þetta mun standa eitthvað lengur og það er líka alveg ljóst að nokkur mál eru á dagskránni sem taka ekki langan tíma. Það væri því gott, virðulegi forseti, að það kæmi fram hvort það mál, sem við ræðum hér, og mér skilst að það séu margir enn þá á mælendaskrá, sé forgangsverkefni yfirstjórnar þingsins og ríkisstjórnarinnar, að koma því í gegn. Því vil ég bara beina þeirri fyrirspurn til forseta hvort hægt sé að taka önnur mál á dagskrá og jafnvel ljúka þeim og gefa síðan þessu máli möguleika að halda áfram að ræða það inn í nóttina. Það væri mjög gott, virðulegi forseti, að þetta gæti legið skýrt fyrir.

[20:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég ætla að vona að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir komist að með athugasemdir um störf forseta eftir að ég hef lokið máli mínu en ég var tilbúin að gera hlé þá og hleypa henni að. Ég hef þá mál mitt út af máli sem ég hefði haldið í upphafi að yrði lítið mál í þinginu því að mér fannst það ekki vera þess eðlis að í það færi svo mikill tími sem raun hefur orðið í tveimur nefndum og mikilli umfjöllum, ekki bara að það sé í tveimur nefndum heldur hefur mikill tími hjá nefndunum farið í málið. Meira að segja hefur farið svo mikill tími í málið að margir eru farnir að óska eftir því að þetta fari sem fyrst eða hefði verið afgreitt hér eða tekið út fyrir einhverju síðan því allir séu búnir að fá grænar bólur af málinu, bara af umfjölluninni einni saman. Það er náttúrlega ekki gott þegar mál eins og þetta vekja svona miklar tilfinningar og viðbrögð en kannski er málið einmitt af því að það virðist ekki stórt í sniðum en svona tilfinningaríkt að það hefur valdið þessum erfiðleikum í afgreiðslu í þinginu og virðist líka ætla að gera það við lokaafgreiðslu.

Ég á sæti í heilbr.- og trn. og átti fulla aðild að umsögn heilbr.- og trn. um málið. Við sendum inn umsögn til menntmn. og ég hefði svo sannarlega viljað óska þess að hv. menntmn. hefði tekið fullt tillit til umsagnar heilbr.- og trn. í þessu máli en því miður varð það ekki. Eins og hefur komið fram lýsir hv. heilbr.- og trn. sig andvíga frv. og í umsögn

meiri hluta, sem eru allir fyrir utan hv. þm. Ástu Möller, segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur jafnframt að heitið ólympískir hnefaleikar sé villandi. Um er að ræða hnefaleika sem stundaðir eru af áhugamönnum og annars staðar í heiminum er íþróttin að jafnaði kölluð áhugamannahnefaleikar (amateur boxing á ensku). Ekki er t.d. talað um ólympískt júdó þó keppt sé í júdó á Ólympíuleikum."

Sumum finnst þetta vera orðaleikur en nafnið ólympískir hnefaleikar er hluti af því tilfinningaflæði sem er í kringum þetta mál. Ólympískir hnefaleikar gefa þessu þann svip að þetta sé hálfgerð æðri íþrótt og sé rétt að leyfa hana eins og aðrar íþróttir.

Herra forseti. Hér er á ferðinni mál sem skiptir þingmönnum í afstöðu sinni ekki eftir pólitískum flokkslínum heldur eftir viðhorfum og hver og einn hefur mótað sér skoðun sína. Hér gilda engar pólitískar línur, engin pólitísk bönd. Ég þakka hv. þm. Katrínu Fjeldsted og Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir greinargóðar lýsingar þeirra á því heilsufarstjóni og þeim skaða sem getur stafað af því að stunda box og góðri skýrslu þeirra beggja. Einnig þakka ég ítarlega umfjöllun hv. þm. Katrínar Fjeldsted þar sem hún las og kynnti fjölmargar rannsóknir sem eru á þann veg að niðurstöður rannsókna benda til þess að alvarlegir skaðar geta orðið af áhugamannahnefaleikum en því miður hafa þeir sem stunda rannsóknir á þessu sviði ekki sýnt boxinu það mikinn áhuga að margar rannsóknir liggi fyrir. Annað sem hefur komið í ljós þar fyrir utan er að þeir áverkar sem verða af áhugamannaboxi koma fram smám saman og á mörgum árum og jafnvel ekki fyrr en eftir mörg ár og því er erfitt að rannsaka áverka eftir hvern leik. Hefur hann slasast eða hefur hann ekki slasast? Sumt er augljóst, t.d. ef það verður skaði á augum eða sprungin vör eða glóðarauga eða hvað það nú er en þeir skaðar sem verða við heilahristing og innri áverka á höfði koma ekki í ljós fyrr en seinna og þess vegna þarf langtímarannsóknir til að draga þær niðurstöður fram.

Ég ætla að öðru leyti ekki að rekja frekar sjúkdómalýsingar og niðurstöður rannsókna. Það hefur verið gert það vel hjá öðrum hv. þm.

Ég vil draga aðeins fram þann þátt sem snýr að okkur þingmönnum, hvernig við mótum skoðun okkar. Það er mjög gott ef maður getur gert upp hug sinn þannig að menn hafi vogarskál. Rannsóknir eru gerðar og niðurstöðurnar sýna eitthvað óyggjandi og maður getur treyst því að það sé rétt og það sé þá grundvöllur eða grunnur að niðurstöðum málsins og þess sem maður tekur.

En í þessu máli kemur miklu meira til. Þó að hér sé fundinn upp og kynntur fjöldi rannsókna sem sýnir að skaði geti orðið af atvinnumannaboxi eru ekki allir sem hlusta því að fleira kemur til. Þetta er líka hluti af uppeldi. Ég gæti sagt við sjálfa mig að afstaða mín mótast vissulega af því að ég veit eða þykist vita af þeim rannsóknum sem hafa verið kynntar að áhugamannabox getur valdið heilsutjóni en það er ekki síður uppeldi mitt sem mótar skoðun mína til málsins. Mér var kennt að maður lemur ekki annan mann. Maður gerir það ekki. Ég viðurkenni að þetta viðhorf og það að vera mjög andvíg öllu ofbeldi, barsmíðum, spörkum og því að ganga í skrokk á mönnum mótar afstöðu mína til málsins og ég er ekkert feimin við að segja það. Maður lemur ekki annan mann og það hefur áhrif á mig. Mér finnst ekki rétt að við séum að taka upp íþrótt sem við höfum borið gæfu til þess að banna hér á landi, íþrótt sem byggir á því að maður lemji annan mann og það í höfuðið. Það telur mest af öllu.

Ég vil benda á að þessi íþróttagrein eins og svo margt í umhverfi okkar hefur áhrif á skoðanamyndun barna og unglinga. Þeir sem stunda þessa íþrótt sem við fáum að sjá á sumum sjónvarpsstöðvum eru fyrirmyndir margra unglinga. Þeir eru ímynd og þessi ímynd hefur áhrif á viðhorf barna og unglinga til þess að lemja. Þó að þeir séu ekki komnir í þjálfun í boxinu, ekki með hjálma og hanska, þá smitar þessi töffaraskapur í íþróttinni. Ég er bara ekki hrifin af íþróttinni og þeirri ímynd.

Það er verið að líkja þessari íþrótt við karate og aðrar viðlíka íþróttir. Karate er sjálfsvarnaríþrótt sem bannar högg á höfuð. Fyrir slík högg eru menn dæmdir úr leik eða fá ekki stig. Ég hefði frekar viljað heyra málflutning sálfræðingsins sem kom og gerði grein fyrir skoðun sinni hjá menntmn. Hún lýsti því að fyrir suma væri gott að læra sjálfsvarnaríþrótt, t.d. þá sem minna mega sín, að læra að verjast fremur en læra box til að berjast. Menn líta mismunandi á málið og ég er á móti því að keppt sé í boxi. En ég tek undir það viðhorf Katrínar Fjeldsted að það að þjálfa þessar hreyfingar án þess að lemja aðra, box þar sem lamið er í tuðru, er mjög góð íþrótt. Hún eykur þol, snerpu og lipurð en ég vil láta þar við sitja. Ég vil ekki að gengið verði lengra. Þess vegna er ég á móti þessu frv.

Eru það rök í málinu að leyfa árásaríþrótt í skjóli jafnræðisreglunnar? Hvar eru þá mörkin? Er það af því að allir aðrir leyfa þessa íþrótt? Er rétt að leyfa hana hér miðað við aðrar íþróttir á Íslandi? Á jafnræðisreglan að gilda varðandi slys? Ef maður slasast í fótbolta, má maður þá líka slasast í boxi? Er það allt í lagi? Á jafnræðisreglan líka að gilda um annað sem bannað er? Verður að leyfa þessa íþrótt til jafns við aðrar íþróttir? Er ekki hægt að gera upp á milli þeirra? Sagt er að slíkt væri forræðishyggja. Á að leyfa box vegna þess að íþróttin er þegar stunduð á Íslandi og af tvennu illu sé betra að leyfa hana og halda utan um greinina frekar en að láta hana þróast í leyni eða horfa fram hjá því að hún sé stunduð? Menn telja að þar með sé ekki hægt að hafa eftirlit með henni og því sé betra að leyfa hana.

Ef við ætlum að nota þessi rök, þá vil ég t.d. benda á hass. Það er reykt hér í leynum. Það er erfitt að halda utan um það því að það er bannað. Væri þá betra að leyfa bara hassið, halda utan um það? Þessi rök finnst mér ekki halda ef maður skoðar það sem er bannað. Mér fyndist þá nær að þar sem þetta er bannað þá sé því banni fylgt eftir. Eins og ég sagði áðan er erfitt að byggja eingöngu á niðurstöðum rannsókna þar sem um langtímarannsóknir er að ræða sem ekki eru í hundraða- eða þúsundatali eins og með marga sjúkdóma og skaða sem rannsakaðir hafa verið um allan heim í mörg ár. Fleiri niðurstöður og skýrari eiga eftir að koma fram í framtíðinni og það er ekki að ástæðulausu sem sem stjórn Ólympíuleikanna hefur áhuga á að leggja hnefaleika niður sem ólympíska keppnisíþrótt.

Skoðun mín mótast líka af því sem er að gerast í samfélaginu í dag. Það er mjög óheillavænleg þróun í samskiptum fólks, milli fullorðinna, unglinga og barna þar sem hnefarétturinn er látinn gilda. Það er ekki hikað við að lemja í höfuð og neðan mittis og sparka í liggjandi menn. Þó að þar sé ekki farið að reglum íþróttarinnar, sannarlega ekki, þá gæti ég trúað því að þeir sem njóta þess að sparka og lemja hefðu áhuga á að æfa þessa íþrótt svo að hægt sé að beita þeirri

þekkingu utan hringsins, utan æfingasalarins og láta höggin dynja af meiri færni á samborgurum sínum.

Því miður heyrum við allt of oft fréttir í fjölmiðlum af árásum, jafnvel af árásum barna og unglinga hvert á annað. Við vitum að það er ekki nema toppurinn af ísjakanum sem fer í fjömiðlana. Þetta er þróun sem við eigum að gera allt til þess að vinna gegn. Auðvitað hefur það ekki úrslitaáhrif hvort ólympískir hnefaleikar verða leyfðir eða bannaðir áfram hér á landi en allt telur. Ég vil ekki draga úr þeim ótta að áhugahnefaleikar séu og verði eingöngu undanfari atvinnuhnefaleika. Þetta er bannað í dag og eigi nú að fara hálfa leið þá mun þrýst á að stíga skrefið til fulls.

Hér hefur verið talað um forsjárhyggju, að það að banna ólympíska hnefaleika eða áhugamannahnefaleika sé aðeins forsjárhyggja. Ef það að banna áhugahnefaleika á þeirri forsendu að það sé slysavaldur telst til forsjárhyggju þá má auðvitað líta á allar forvarnir sem forsjárhyggju. Ég lít á þetta bann sem forvarnastarf. Viljum við fella allar forvarnir undir forsjárhyggju? Viljum við það? Ég segi nei.

Herra forseti. Héraðslæknir Norðurlands, Ólafur Hergill Oddsson, sendi okkur hv. þm. nokkur orð á blaði. Ég hvet alla þingmenn til að lesa það plagg mjög vandlega. Hann bendir á ýmis atriði eins og t.d. að alþjóðaólympíunefndin íhugi tillögur um að leggja niður áhugamannahnefaleika sem ólympíska íþrótt og fyrrverandi landlæknir Bandaríkjanna, hinn virti dr. Everett Koop, og bandarísku læknasamtökin hafi stutt tillögur þar að lútandi. Hann bendir einnig á að börn geri sér litla grein fyrir hættunni á langvinnum heilakvillum sem koma fram mörgum áratugum eftir þátttöku í hnefaleikum. Þetta þekkjum við. Það eru ekki bara hnefaleikar heldur allt, að lifa hinu æsandi lífi, fá spennu í tilveruna hvort sem það heitir að reykja, drekka eða gera eitthvað annað. Hvað varðar þessa unglinga um framtíðina? Tvítugt eða þrítugt fólk er að þeirra mati eldgamalt og skiptir ekki máli hver áhrifin verða. Þeir sem eru eldri en um þrítugt eru svo gamlir að það tekur því ekki að hafa áhyggjur.

Héraðslæknirinn bendir líka á að dr. Kemp hafi skoðað og gagnrýnt margar vísindarannsóknir á áhrifum áhugamannahnefaleika. Hann dregur saman hvers vegna niðurstöðurnar eru ekki samhljóða. Hann álítur að skýringin sé sú að aðferðafræði margra rannsóknanna sé gölluð. Á það vilja þeir ekki hlusta sem eru meðmæltir frv. og áhugamenn um box en ég vil ljúka ræðu minni á lokaorðum Ólafs Hergils Oddssonar, með leyfi forseta:

„Niðurstöður vísindarannsókna á skaðanum af áhugamannahnefaleikum eru ekki samhljóða. Flestir vísindamenn segja að rannsaka þurfi þessi mál betur áður en endanlegar ályktanir eru dregnar. Á meðan þessi óvissa ríkir er nauðsynlegt að íslenskir íþróttamenn fái að njóta vafans."

Ég tek undir þessi orð hans og hvet þá sem áhuga hafa á að leyfa þessa íþrótt á Íslandi til að hinkra við og sjá hvað nefndin gerir, sjá hvort þessi íþrótt verður áfram ólympísk.

[20:44]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér fellur það afar illa að forseti stjórni hér af geðþótta og geri mannamun. Það er algerlega ástæðulaust. Ég bað afdráttarlaust um orðið áðan þegar orðaskipti urðu um fundarstjórn forseta. Öllum í þessum sal var ljóst að forseti gerði ekkert með það og vísaði næsta ræðumanni í stólinn. Ég óska eftir að þetta gerist ekki aftur. Það kemur mér á óvart að forseti skuli bregðast svona við í pirringi yfir að hafa ekki stjórn á málum í þinginu.

Ég kvaddi mér hljóðs áðan þegar orðaskipti urðu um fundarstjórn forseta til að bera fram eina spurningu, spurninguna um hvort hæstv. iðn.- og viðskrh. væri kominn hingað suður. Rökin fyrir því að taka málið sem nú er til umræðu á undan stjórnarfrumvörpunum sem ákveðið hafði verið að afgreiða voru að þess væri óskað að ráðherra yrði viðstödd er þau mál yrðu rædd, mál tannsmiðanna og samkeppnislögin.

Herra forseti. Það er aldeilis fráleitt að sólarhring eftir þingi átti að vera lokið skulum við vera í þrefi um umdeilt þingmannamál á meðan stjórnarfrv. bíða og á meðan búið er að vísa vegáætlun, jarðgangaáætlun og öðrum málum til morgundagsins. Mér eru þessar áherslur stjórnarmeirihlutans óskiljanlegar.

En það er annað mál, hvað mér finnst. Spurning mín er þessi: Er ráðherrann kominn suður? Sé svo er ekkert því til fyrirstöðu að við förum að snúa okkur að alvörumálum hér.

(**Forseti** (HBl): Mér er sagt að flugvél frá Akureyri sé að lenda á flugvellinum. Ég hef þó ekki heimildir um hvort hæstv. ráðherra er í þeirri flugvél.)

Herra forseti. Ég er búin að vera á þingi í allmörg ár og bærilega hefur verið haldið utan um það af stjórn þingsins þegar svo ber við að ráðherra sem á einhver umdeildustu og stærstu mál þingsins þarf þann sama dag og þingið starfar að fara í burtu, þá hefur það gjarnan verið þannig að stjórn þingsins veit hvenær ráðherrann kemur til baka og mér finnst það engin svör að einhver vél frá Akureyri sé lent. Eigum við ekki að fara að tala saman eins og fullorðið fólk? Ef það er eitthvað óljóst er þá ekki vel við hæfi að hæstv. forseti þingsins kanni það hvort ráðherrann var með þessari flugvél og hversu langan tíma það taki þá fyrir ráðherrann að koma hingað í húsið? Því að hér eru þingstörf Alþingis og hér, herra forseti, eiga ráðherrarnir að vera í lokaumræðu þingsins. Þeir ættu allir að vera hér en ekki að þeir skjótist hingað einn og einn í heimsókn af og til.

(**Forseti** (HBl): Ég vil taka fram af þessu tilefni að ekki liggur fyrir hvenær umræðum um það dagskrármál sem nú er til umræðu lýkur.)

[20:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þegar ég bað um orðið áðan um fundarstjórn forseta beindi ég ákveðinni fyrirspurn til hæstv. forseta. Hæstv. forseti sá þá ekki ástæðu til að svara því sem ég beindi til hans. Ég vil ítreka þá ósk til hæstv. forseta að við það verði staðið sem um var talað í dag, að samkeppnislögin og tannsmiðirnir kæmu á dagskrá núna eftir kvöldmatarhlé. Af því að starfandi forseti þá svaraði mér áðan og sagði að það hefði ekki verið tímasett heldur væri miðað við það þegar viðskrh. kæmi hingað til höfuðborgarinnar að norðan, þá veit ég að hæstv. ráðherra er staddur heima hjá sér. Það þarf bara að lyfta upp símtólinu og tala við ráðherra og athuga hvort hún geti ekki mætt í húsið.

Ég vil minna á, herra forseti, að það er ekki ósk þingmanna stjórnarandstöðunnar að hæstv. viðskrh. verði viðstaddur þessa umræðu um samkeppnislögin heldur er það hennar eigin ósk að vera viðstödd þá umræðu. Ég vil því eindregið mælast til þess, herra forseti, þar sem hæstv. ráðherra er nú komin hingað til höfuðborgarinnar og varla annað stætt en að hún komi hingað niður í þinghús til að vera viðstödd umræðuna, að því máli sem við ræðum nú, þessu umdeilda máli verði frestað en að við getum tekið til við samkeppn-

islögin og þau stjórnarfrv. sem liggur á að afgreiða. Ég lít svo á að um það hafi verið rætt í dag að þannig yrði haldið á dagskrá fundarins.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil ítreka það sem ég áður sagði að nú er verið að ræða um 10. dagskrármálið, lögleiðingu ólympískra hnefaleika. Það mál fellur ekki undir viðskrh. og það liggur ekki fyrir hvenær umræðum um það dagskrármál lýkur. Því hefur heldur ekki verið lýst yfir að umræðum um það ljúki eða þær hætti um leið og hæstv. ráðherra kemur í húsið.)

Herra forseti. Mér finnst þetta alveg með endemum. Ég hef litið svo á, herra forseti, a.m.k. hingað til að forseti þingsins væri jafnt forseti stjórnar og stjórnarandstöðu. Hér er eindregin ósk frá stjórnarandstöðu um að ákveðin mál séu tekin á dagskrá, stjórnarfrumvörp, sem ég leit svo á miðað við þær umræður sem fram fóru í dag og þau orðaskipti sem urðu úr stól forseta og úr ræðustól, að þau yrðu tekin svo fljótt sem verða mætti eftir kvöldmatarhlé og því var fyrst og fremst borið við að viðveru viðskrh. vantaði.

Nú sé ég ekki að neitt sé því til fyrirstöðu að hæstv. viðskrh. komi til þings. Þess vegna skil ég ekki það sem fram kemur frá forseta þingsins að hann ætli að hunsa eindregnar óskir okkar stjórnarandstæðinga um að þessu máli verði frestað og án nokkurra sýnilegra raka, herra forseti. Forseti ætlar greinilega að halda til streitu þessu mjög svo umdeilda máli þar sem margir eru á mælendaskrá og ekki er sýnt að það klárist á næstu klukkustundum. Mér finnst þetta afar óskynsamlegt af hálfu forseta fyrir utan það að hæstv. forseti ætlar að hunsa eðlilegar og sanngjarnar óskir okkar stjórnarandstæðinga.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég hef litið svo á að hæstv. forseti væri líka minn forseti alveg eins og forseti stjórnarliðanna sem beita sér nú hart fyrir þessu umdeilda þingmannafrv. um að lögleiða hér ólympíska hnefaleika. Ég bið þess lengstra orða og fer eindregið fram á það við hæstv. forseta að hann verði við bón okkar í stjórnarandstöðunni.

[20:52]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Við ræðum um hnefaleika og ég er einn þeirra sem telja æskilegt að málið komi til atkvæða. En hins vegar beindi ég fyrirspurn til hæstv. forseta áðan. Ég spurði hæstv. forseta hvort það mál sem við ræðum hér um lögleiðingu hnefaleika sé forgangsmál ríkisstjórnarinnar og forgangsmál yfirstjórnar þingsins. Það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir eða hvort hugsanlegt sé að gert verði hlé á umræðunni og einhver mál kannski tekin sem hægt væri að ljúka á skömmum tíma til þess að flýta fyrir störfum þingsins.

Virðulegi forseti. Það væri mjög mikilvægt og mjög gott að fá svör við þessum spurningum því mér fannst, virðulegi forseti, og ég ætla að leyfa mér að segja það að mér fannst jaðra við lítilsvirðingu hjá hæstv. forseta þegar hann neitaði að svara eða svaraði engu því sem hann var spurður um í umræðunni áðan um fundarstjórn forseta og því ætla ég, virðulegi forseti, alla vega að fara fram á það við forseta að hann svari þeirri spurningu hvort þetta sé forgangsmál Alþingis, og hvort þetta sé forgangsmál ríkisstjórnarinnar.

[20:53]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég get ekki svarað fyrir hæstv. ríkisstjórn en ég geri ráð fyrir því að ef þingmenn flytja mál hér, þá hljóti flutningsmenn a.m.k. að kalla það forgangsmál að frv. þeirra nái fram að ganga. Ég vil jafnframt taka það fram að umræður um þetta dagskrármál, lögleiðingu ólympískra hnefaleika, hafa nú staðið nokkra hríð. Þetta mál hefur verið þrásinnis á dagskrá á Alþingi á fjölmörgum fundum og ekki verið tekið fyrir. Ég minnist þess að gerðar hafa verið athugasemdir við það ef svo er haldið á málum að þau fái aldrei að komast til umræðu og á dagskrá.

[20:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta mál sem við ræðum hér, frv. til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika, hefur verið til umfjöllunar í tveimur nefndum þingsins. Annars vegar var það til umfjöllunar hjá menntmn. sem hafði forræði á málinu og svo var því vísað til heilbr.- og trn. sem fjallaði ítarlega um málið.

Þess má geta að af 18 þingmönnum sem sitja í þessum tveimur nefndum eru aðeins sex þeirra meðmæltir málinu, sex af 18 og samt sem áður eru menn staðráðnir í að keyra það áfram í þinginu.

Heilbr.- og trn. fjallaði mjög ítarlega og faglega um málið, fékk til sín ýmsa sérfræðinga, bæði frá íþróttahreyfingunni og læknasamtökum og einnig áhugamenn. Meðal annars sýndi Ómar Ragnarsson myndband þar sem hann kynnti reglur í áhugahnefaleikum fyrir nefndarmönnum. Eftir þessa ítarlegu yfirferð voru allir nefndarmenn í heilbr.- og trn. utan einn sammála um að vera andvígir þessu frv., að þetta frv. ætti ekki að samþykkja. Sá eini sem ekki var sammála meiri hluta nefndarinnar var einn af flutningsmönnum málsins, hv. þm. Ásta Möller sem er fyrrv. formaður Félags ísl. hjúkrunarfræðinga.

Ég verð að segja að þegar við fylgdumst með þessum hnefaleikum hjá Ómari Ragnarssyni og því meira sem ég horfði á þetta og því ítarlegar sem hann skýrði út fyrir okkur reglurnar, því andvígari varð ég þessari svokallaðri íþróttagrein. Hann lýsti fyrir okkur hvernig andstæðingurinn ætti alltaf að kýla í höfuðið á þeim sem hann væri að fást við og kljást við og þyrftu allir dómarar að sjá höggið til þess að það væri gilt þannig að þeir þyrftu að berja oft.

Í umfjöllun í nefndinni komumst við að þeirri niðurstöðu að ólympískir hnefaleikar væri villandi orðtak. Þetta eru áhugamannahnefaleikar og eru kallaðir það alls staðar. Ólympískir hnefaleikar eru heiti á þessari íþrótt sem flutningsmenn þingmálsins hafa fundið upp.

Einnig kom fram í umræðunni að læknasamtök t.d. í Bretlandi og víðar hafa verið að vinna gegn því að keppt sé í hnefaleikum á Ólympíuleikum vegna þess hversu skaðleg þessi íþrótt er. Héraðslæknir Norðurlands, Ólafur Hergill Oddsson, sendi þingmönnum skjal þar sem hann fer ítarlega yfir þetta mál og hv. þm. Katrín Fjeldsted gerði ítarlega grein fyrir í mjög góðri og faglegri ræðu fyrir matarhlé, sem ég vil þakka henni fyrir. Í bréfinu frá Ólafi Hergli Oddssyni kemur fram að erfiðara sé að hætta við eða að snúa til baka þegar búið er að lögleiða hlutina. Ég verð að segja að ég er hreykin af því að það skuli vera bannað að stunda hnefaleika á Íslandi. Mér finnst það ekki vera íþróttamannslegt að reyna að koma höggi á andstæðing sinn.

Hér hafa menn verið að ræða og bera saman ýmsar kannanir þar sem fylgjendur frv. reyna að sýna fram á að slys og dauðsföll vegna ýmissa annarra íþróttagreina séu mun meiri en vegna hnefaleika og verð ég að segja að mér finnst menn ekki fara þar með heiðarlegan málflutning. Í umræðunni hefur komið fram að áverkar vegna hnefaleika verði ekki á æfingum. Menn eru ekki að berja á öðru fólki í æfingunum og verið sé að berja í púða. Það er eins og hv. þm. Katrín Fjeldsted telur, sem er læknir og þekkir það vel, ágætisæfing og góð fyrir líkamann, að berja frá sér í púða á þennan hátt og þess vegna er ekki mikið um slys eða áverka á æfingum en aftur á móti verða þeir í keppnum.

Annað er það sem mér finnst siðferðilega rangt og nánast ósiðlegt. Það er að meginmarkmið með þessari íþróttagrein er að koma höggi á andstæðinginn, þ.e. að meiða hann. Aðalmarkmiðið í leiknum er að koma höggi á andstæðinginn. En í þeim greinum sem menn hafa verið að bera hnefaleikana saman við, t.d. í fótbolta og handbolta, er mönnum vísað af velli ef þeir koma höggi á andstæðinga sína. Ef slík brot eru gróf eru menn settir í leikbann og þeir fá ekki að stunda íþróttina vegna þess að ekki er talið íþróttamannslegt að berja andstæðinginn. Mér finnst það vera aðalmunurinn og meginatriðið að andi íþróttanna er allt annar. Andi íþróttanna er ósiðlegur, t.d. að telja börnum trú um að það sé íþróttamannsleg framkoma að kýla fólk og vini sína eða hvern það er í höfuðið. Það er verið að kenna börnum að það sé í lagi að berja fólk í höfuðið. Það er ekki íþróttamannslegt. Það er ofbeldi.

Í ræðu áðan kom fram að nauðsynlegt hefði þótt að lögleiða ólympíska hnefaleika eða áhugamannahnefaleika vegna þess að það þyrfti að stunda þessa íþrótt, vegna þess að að það væri gott fyrir unglinga og börn að fá útrás á þennan hátt. *Ég held það sé mun nær að unglingar og börn fái útrás í heilbrigðum íþróttum eins og boltaleikjum og öðrum íþróttagreinum.* En að stuðla að því að börn og unglingar fái útrás í því að berja hvert annað í höfuðið, finnst mér ekki vera stórmannlegt.

Slysatíðni er há í ýmsum íþróttagreinum, það hefur einnig komið fram. Um þau gegnir þó öðru máli en um hnefaleikana vegna þess að slys í þeim íþróttum, sem leyfðar eru hér, eru ekki slys sem verða af ásetningi. Það eru slys, en barsmíð og skaði sem verður af höggi í hnefaleikum er skaði sem verður af ásetningi. Í þeirri íþrótt er markvisst reynt að koma höggi á andstæðinginn og það er gefið stig fyrir högg í höfuð jafnt sem aðra líkamshluta. Það er líka gefið stig fyrir rothögg.

Hv. þm. Katrín Fjeldsted fór ítarlega yfir það hvaða líkamlegur skaði hlýst af áverkum vegna barsmíða í höfuð og vegna hnefaleika og er hún mun færari en ég til þess að lýsa því þar sem hún er sérmenntuð í því að þekkja það sem læknir. En það kom fram hjá heilbr.- og trn. að aðalskaðarnir eru á miðtaugakerfið, þ.e. höfuð- og augnáverkar. Það var vitnað til nokkurra kannana hjá þeim sérfræðingum sem komu á fund nefndarinnar sem sýna óyggjandi að mun meiri líkur eru á slíkum sköðum hjá þeim hópi sem stunda hnefaleika. Sýnt var fram á kannanir þar sem tveir samanburðarhópar voru skoðaðir og í þeim könnunum, sem við fórum yfir í nefndinni, var alveg ljóst að það er verulegur skaði, höfuðáverkar, þ.e. afleiðingar af hnefaleikum. Sömuleiðis er það álit sérfræðinga að höfuðhlífarnar séu fölsk vörn, þær verndi aðeins ytra borð höfuðsins, eyru og ytra borðið, en séu mjög takmörkuð vörn fyrir heilann sem er ákaflega viðkvæmur fyrir höggum. Eins og fram kemur í áliti meiri hluta heilbr.- og trn. hreyfast mismunandi svæði heilans á ólíkum hraða þegar höfuðið verður fyrir höggi og eins og segir hér:

„Þegar boxari fær högg á höfuðið snýst það mjög snögglega og fer síðan í venjulega stöðu á mun hægari hraða. Þá hreyfast mismunandi svæði heilans á ólíkum hraða. Þetta veldur skemmdum, t.d. á yfirborði heilans sem slæst í innra lag höfuðkúpunnar, tauganet rifna, spenna milli heilavefjar og háræða getur valdið blæðingum, þrýstibylgjur geta valdið mismunandi blóðþrýstingi til hinna ýmsu hluta heilans og einnig geta myndast blóðkekkir í heilanum. Það er skoðun sérfræðinga að þung högg skipti ekki aðeins máli í þessu sambandi því að lítil högg valdi smám saman uppsöfnuðum vanda. Helstu erfiðleikarnir eru að áverkar á heila sjást ekki alltaf á myndum og því er erfitt að greina þá. Varanlegur heilaskaði getur t.d. komið fram í því að fínhreyfingar handanna skerðist. Talið er að ítrekaðir áverkar safnist saman og geti haft langtíma varanlegar alvarlegar afleiðingar. Þá er einnig margt sem bendir til þess að ítrekuð höfuðhögg geti m.a. aukið líkur á Parkinson-sjúkdómi og Alzheimer-sjúkdómi."

Við sáum í vikunni viðtal í Morgunblaðinu við mann sem stundaði hnefaleika á sínum yngri árum, Martein B. Björgvinsson. Marteinn hefur ítrekað haft samband við mig vegna þessa máls og honum er mjög umhugað að fólk geri sér grein fyrir hversu alvarlegar afleiðingar geta orðið af þessari íþrótt. Hann er nú svo illa farinn eftir hnefaleika að hann er ekki fær um að skrifa bréf sjálfur, hann hefur tapað fínhreyfingum. Hann er spurður í Morgunblaðinu þann 10. maí sl.: „Meiddistu oft í þessum keppnum?" — Hann er að segja frá keppnum sem hann tók þátt í á þeim tíma þegar hann stundaði þessa grein. — „Nei, ekki öðruvísi en að ég skaðaðist á heila. Það kom fram síðar. Fyrir ári var ég rannsakaður og þá kom enn betur fram hve skaðinn var mikill. Heilinn hafði skaddast af fjölmörgum höfuðhöggum sem ég hlaut í hnefaleikakeppnum á árum áður." — Sá skaði sem verður vegna þessarar íþróttar kemur nefnilega ekki fram fyrr en oft löngu seinna. Síðan er hann spurður: — „Fannstu mikið fyrir þessu?" — Og hann svarar: — „Já, þetta hefur gert mér mjög erfitt fyrir, t.d. við vinnu. Ég gafst að lokum alveg upp við að vinna, ég var orðinn hættulegur á vélum, ég gerði svo mikið af vitleysum. Ég reyndi alls konar önnur störf en varð alltaf að gefast upp, ég gat ekki gert það sem ég átti að gera. Allt þetta stafar af höfuðhöggunum sem ég hlaut í hnefaleikakeppnunum." — Síðan er hann spurður að því hvort höfuðbúnaður hefði komið honum að gagni í keppnum: „Nei, gagnsemi höfuðbúnaðar er blekking. Ég hef eins og fyrr sagði keppt mjög oft í hnefaleikum og segi það hreint ekki til að upphefja mig heldur aðeins til að reyna að koma í veg fyrir að ólympískir hnefaleikar verði leyfðir hér á landi. Hnefaleikar eru stórhættuleg íþrótt, breska læknafélagið, það bandaríska svo og læknafélag Kanada og læknafélag í Ástralíu vilja banna hnefaleika. Ég hef undir höndum staðreyndir um alvarleg meiðsl og dauða manna af völdum hnefaleika. Á netinu er hægt að fá mikið af upplýsingum um þessi atriði. Þeir menn sem vilja leyfa hnefaleika með höfuðbúnaði vita vel að hann gerir lítið gagn eða jafnvel ekkert." — Þetta segir maður sem þekkir afleiðingar hnefaleika af reynslunni.

Hér hafa menn verið að tala um að það sé forsjárhyggja að banna hnefaleika (**Gripið fram í:** Það er nú bull.) Er það þá ekki líka forsjárhyggja að setja lög? Er það þá ekki forsjárhyggja að stunda forvarnir? Er það þá ekki forsjárhyggja að banna eiturlyf? Er það ekki forsjárhyggja að banna að keyra

yfir á rauðu ljósi? Er það ekki forsjárhyggja að setja reglur í samfélaginu? Ef það er forsjárhyggja, þá er þörf á ákveðinni forsjárhyggju í samfélaginu, það er nú bara þannig. Það er þörf á því að viðhalda því banni sem er á því að leika hnefaleika hér á landi. Þetta er árásaríþrótt, það er ekki síðlegt hvernig leikreglurnar eru í þessari íþróttagrein.

Í rauninni finnst mér eftir að hafa hlustað á ítarlegt mál hv. þm. Katrínar Fjeldsted eiginlega óþarfi að ræða þetta mál frekar, því mér fannst koma fram í ræðu hennar svo veigamikil rök gegn því að þetta verði lögleitt. Hún fór það ítarlega í þetta mál og mér finnst það bagalegt, herra forseti, hversu fáir þingmenn voru viðstaddir í salnum þegar hún flutti mál sitt enda flutti hún það í matarhléinu. Ég er sannfærð um það að ef þingheimur allur hefði hlustað á þann málflutning, þá er alveg víst mál að þetta frv. verður aldrei samþykkt hér í þinginu. Það er ábyrgðarhluti að samþykkja frv. sem þetta.

Eins og komið hefur fram tíðkast það að börn fari í keppni í hnefaleikum frá átta ára aldri. Það hefur líka komið fram að börn gera sér ekki grein fyrir því hvaða skaða þau geta valdið með því að beita þeim aðferðum sem á að beita samkvæmt reglum í þessari íþróttagrein. Það er líka ósiðlegt að kenna börnum að berja aðra eins og ég sagði hér áðan, mér finnst það ekki boðlegt og ég vona að við berum gæfu til að fella þetta frv.

Ég vil gera orð Marteins Björgvinssonar, sem er mjög illa farinn eftir að hafa verið hnefaleikamaður á yngri árum, að mínum hér í lokin, en hann segir, með leyfi forseta:

„Ég vona að menn skilji hversu hættulegir hnefaleikarnir eru og hvað afleiðingarnar geta verið hræðilegar og leyfi alls ekki hnefaleikakeppnir hér á landi."

Ég vil bæta því við, við eigum ekki að lögleiða þessa íþrótt, við eigum að vera öðrum þjóðum til eftirbreytni og halda þessu banni. Eins og komið hefur í ljós eru fagmenn að reyna að stöðva eða koma í veg fyrir að hnefaleikar, áhugamannahnefaleikar og aðrir hnefaleikar verði áfram leiknir í ýmsum heimshlutum, og ég ætla að vona að við berum gæfu til að fella þetta frv.

[21:15]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er andvígur því að lögleiða hnefaleika á Íslandi. Ég hef hlustað á margar ágætar ræður hér í dag. Þar á meðal fluttu mál sitt tveir fulltrúar heilbrigðisstéttanna, hv. þm. Þuríður Backman, hjúkrunarfræðingur sem á langa starfsreynslu að baki á heilbrigðissviðinu og hv. þm. Katrín Fjeldsted, læknir. Þótt það sé rétt sem fram kom í ræðu síðasta ræðumanns, að fáir hafi verið hér í salnum, þá vil ég láta koma fram að ég sat á skrifstofu minni og hlýddi á hvert einasta orð. Þar flutti t.d. hv. þm. Katrín Fjeldsted fróðlega ræðu og setti fram sannfærandi rök gegn því að lögleiða hnefaleika á Íslandi.

Ég hef einnig lesið greinar sem margir hafa vitnað í eftir Martein Björgvinsson. Hann segir í grein sem birtist ekki alls fyrir löngu í Morgunblaðinu, með áskorun til þingmanna, að ein stærstu mistökin í lífi hans hafi verið að hefja hnefaleika, en það mun hann hafa gert 15 ára að aldri. Hann staðhæfir að fyrir vikið hafi hann orðið öryrki. Síðan leiðir hann rök að því hvers vegna við eigum að banna hnefaleika.

Ég vil hlusta á varnaðarorð þessa manns og röksemdir lækna og hjúkrunarfræðinga sem hafa kynnt sér þessi mál erlendis, sem vitna í erlend fræðirit og hafa rannsakað þessi mál. Ég tek alvarlega varnaðarorð sem sett hafa verið fram í því samhengi.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Gunnar Birgisson nefndi, að menn geta slasast í öllum íþróttum. Menn geta slasast í knattspyrnu og það er rétt að þegar menn hreyfa sig þá geta þeir orðið fyrir slysi. Í fjallgöngum og jafnvel á göngu geta menn slasað sig. Þeir geta dottið af hestbaki, geta hrasað og slasað sig illa, það er alveg rétt. En mér finnst engu að síður munur á því að detta af hestbaki eða hrasa um stein og hljóta höfuðhögg. Mér finnst munur á því og hinu að taka þátt í íþrótt sem hefur að markmiði að berja andstæðinginn í höfuðið og annars staðar á líkamann. Mér finnst grundvallarmunur á þessu tvennu. Mér finnst þetta einnig snúast um siðfræði íþróttanna, ef svo mætti segja. Mér finnst hnefaleikar ekki vera siðleg íþrótt, það er mín skoðun. Mér finnst þetta vera ofbeldisíþrótt og er andvígur henni af þeim sökum. Ekki finnst mér bætandi á slíkt í okkar samfélagi nú um stundir þar sem ofbeldi er í hávegum haft. Það er ein helsta skemmtun þjóðarinnar og þjóðanna að horfa á ofbeldi í sjónvarpi og í kvikmyndahúsum. Nú er ætlast til að Alþingi Íslendinga lögleiði íþrótt sem byggir á slíku.

Mér fannst líka sannfærandi rök sem komu frá hv. þm. Þuríði Backman varðandi ávanalyfin. Að vissu leyti er það sambærilegt þegar menn fullyrða, eins og hér var gert fyrr við umræðuna, að þar sem hnefaleikar væru stundaðir væri rétt að finna þeim lagalega stoð til að ná utan um þessa íþróttagrein. Þetta er að vissu leyti sambærilegt við það hv. þm. Þuríður Backman benti á, umræðuna um hassið á sínum tíma. Sumir hafa sagt: Hassið er reykt, sköpuðum því lagalega stoð til að ná utan um þessa neyslu. Þegar menn spyrja, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson og fleiri talsmenn þessa frv., hvort ekki eigi að banna allar íþróttagreinar sem menn geta slasað sig í, þá finnst mér þetta ámóta og spurningin um hassið, tóbakið og áfengið. Hvers vegna ekki að banna þá öll ávanalyf ef við ætlum að banna hass og heróín?

Hér erum við að fjalla um hvort setja eigi lög, frv. snýst um það, að bæta hnefaleikum sem, að mínum dómi er ofbeldisíþrótt, við í flóru íþróttanna. Ég er andvígur því.

[21:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu hvort lögleiða skuli ólympíska hnefaleika. Ég vil vitna til ágætra ræðna hv. þm. Katrínar Fjeldsted og Þuríðar Backman varðandi heilbrigðisþætti málsins og þá áhættu hnefaleikar hafa fyrir heilsuna.

Ég vil hins vegar, herra forseti, draga fram aðra þætti sem kannski hefur ekki verið fjallað eins mikið um. Ég vil í upphafi víkja að því sem kemur fram og er undirstrikað í nál. frá minni hluta menntmn. þar sem segir:

„Það vegur líka þungt í afstöðu minni hlutans gegn lögleiðingu hnefaleika að hér er um árásaríþrótt að ræða. Markmið íþróttarinnar er að meiða andstæðinginn og því ofar sem höggin falla á líkamann því hærri stig gefur höggið, rothögg gefur líka stig í áhugamannahnefaleikum."

Herra forseti. Vitnað hefur verið til þess að þetta sé forn íþrótt sem hafi verið tíðkuð nánast frá fyrstu tíð. En þá ber líka að hafa í huga að þessi íþrótt, ef íþrótt skal kalla, var hluti af því að innræta einstaklingum bardagaáhuga sem nýtast mundi í hernaði, jafnvel til að verja þjóð sína með valdi eða til að sækja líka að öðrum einstaklingum og þjóðum. Íþróttin var hluti af innrætingu þjóða sem byggja á hernaði. Þjóðir með her geta þá kannski varið ástundun slíkrar íþróttar með

yfirlýsingum um að þær séu hernaðarþjóðir, þær séu reiðubúnar að gera árásir á aðrar þjóðir. Svona íþrótt væri hluti af innrætingu hernaðarþjóða og undir því yfirskyni er sjálfsagt hægt að líta á þetta sem íþrótt, með það pólitíska markmið að innræta hernaðar- og árásarhug.

En við Íslendingar, herra forseti, höfum ekki her. Það er enginn vilji hjá okkur til að hafa her. Við erum ekki með herkvaðningu og herskyldu. Við erum andvíg þeim hug sem herkvaðningu fylgir, því að halda her til varnar eða til að sækja á aðrar þjóðir með hernaði. Við erum andvíg því. Þess vegna erum við líka andvíg því að hér séu stunduð, undir því yfirskini að heita íþrótt, innræting í þá veruna.

Við getum ekkert sagt um það þó aðrar þjóðir með hernaðarinnrætingu að pólitísku markmiði líti á það sem nauðsynlegt að stunda hnefaleika. Þær hafa þau rök þó við séum í sjálfu sér andvíg slíku þjóðskipulagi. Það eru hins vegar engin rök fyrir okkur Íslendinga sem ekki höfum her og viljum ekki hvetja til ofbeldis eða hernaðarbrölts.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að box hvetur til árásar og ofbeldis. Við höfum virkilega þörf á hvata til annars í samfélagi okkar en að ýta undir þær kenndir sem hægt er að fá útrás fyrir með þeim hætti. Við höfum miklu frekar ástæðu til að hvetja til aukins umburðarlyndis, náungakærleika, hvetja til þess að menn beiti ekki ofbeldi í samskiptum heldur vináttu og kærleika. Ég sé ekki að þessi íþrótt sé boðberi fyrir það.

Því, herra forseti, tel ég að með samþykkt þessa frv., ef sú ólukka henti hv. Alþingi, væru það skilaboð Alþingis út í samfélagið um að það legði blessun sína á ofbeldi og árásarhneigð. Það væru óbein skilaboð í þá veruna. Og það er ekki okkar hlutverk.

Herra forseti. Við eigum ekki að lögleiða hnefaleika.

[21:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til laga um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Þetta mál hefur verið á dagskrá í nokkrar klukkustundir og greinilegt að þeir aðilar sem standa að þessari ríkisstjórn og stýra þessu þingi leggja höfuðáherslu á að þetta mál verði rætt og nái fram að ganga. Öll önnur mál eru látin bíða á meðan.

Ég hafði ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu síðar í nótt, ég hélt að þetta mál yrði á dagskrá þegar önnur mál væru búin. Ég heyri hins vegar að hæstv. forseti ætlar að halda þessu máli til streitu og hlýt þá að setja ræðu mína á núna. Því sem ég ekki næ að koma til skila við þessa umræðu mun ég svo fjalla um við 3. umr. Ég hélt satt að segja að ég kæmist ekki að fyrr en einhvern tímann í nótt með þetta mál og hafði undirbúið mig undir það með ýmsum gögnum sem eru úti á skrifstofu minni. Ég mun hins vegar hafa þau gögn til staðar þegar þetta mál verður þá tekið á dagskrá á morgun, eins og vænta má.

En ég vil byrja mál mitt með því að vísa til áskorunar til þingmanna á Alþingi Íslendinga vegna frv. til laga um lögleiðingu ólympískra hnefaleika. En undir þessa áskorun rita hvorki meira né minna en 169 manns, læknar og hjúkrunarfræðingar og áskorunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í hnefaleikum reynir keppandi að skaða andstæðinginn svo illa að hann verði ófær um að verjast, vankist eða falli meðvitundarlaus með óstarfhæfan heila um tíma. Þessi tilgangur er sameiginlegur ólympískum hnefaleikum og hnefaleikum atvinnumanna. Honum verður helst náð með höfuðhöggum. Það er vitað að vægir höfuðáverkar geta valdið varanlegum heilaskaða og ævilangri fötlun. Vægir höfuðáverkar eiga sér stað í hnefaleikum með vilja, en annars að jafnaði af slysni. Því fleiri sem höfuðhöggin verða þeim mun meiri hætta á heilaskaða. Merki um heilaskaða eru því meiri og augljósari meðal atvinnumanna í hnefaleikum en þau er einnig að finna hjá þeim sem aðeins hafa lagt stund á ólympíska hnefaleika. Höfuðhlífar veita heilanum óverulega vörn. Að mati undirritaðra er það alrangt og óverjandi að stuðla að fjölgun heilabilaðra á Íslandi með lögleiðingu hnefaleika. Við viljum því skora á þingmenn að greiða atkvæði gegn lögleiðingu ólympískra hnefaleika á Íslandi."

Herra forseti. Hér er lýsing 169 lækna og hjúkrunarfræðinga á því máli sem er á forgangi í þessari hv. samkomu á Alþingi Íslendinga nokkrum klukkustundum áður en áformað er að ljúka störfum.

Herra forseti. Það hefur komið fram í dag að það eru ýmis mál sem við í stjórnarandstöðunni höfum reynt að ná fram í vetur. Mál sem skipta heimilin í landinu mjög miklu máli, fjölmörg mál sem snerta málefni barna, sem snerta málefni öryrkja, sem snerta málefni einstæðra foreldra. Mörg þessara mála hafa verið á dagskrá þingsins og í nefndum þingsins frá því í október, fyrir meira en hálfu ári, herra forseti.

Eitt þessara mála vil ég kannski sérstaklega nefna sem snertir heildarstefnumótun í málefnum barna. Það mál er þess eðlis að það er þverpólitísk samstaða um málið. Þingmenn allra flokka rita undir þetta frv. og hafa lagt áherslu á að það nái fram að ganga. Þetta er mál sem umboðsmaður barna hefur lagt gífurlega áherslu á að nái fram að ganga. Mikill meiri hluti í félmn., ég held það hafi verið að undanskildum einum, formanni nefndarinnar, vildi að málið yrði afgreitt út. En það fékk ekki þá þingræðislegu meðferð sem við eigum að hafa í þessu þingi til að málið fengi að koma til umræðu. Hver voru rökin sem voru sett fram?

Mér finnst ástæða til að halda þeim rökum til haga þegar við erum að ræða um mál sem hefur greinilega ákveðinn forgang hér hjá forsetadæminu, þ.e. lögleiðing ólympískra hnefaleika. Rökin voru þau að það hefði ekki verið tími, herra forseti, til að taka málið fyrir í félmn. Þetta var mál sem var lagt fram í byrjun október með allri þeirri samstöðu sem ég hef lýst, bæði þverpólitískri og hver einasta umsögn sem um málið kom var jákvæð. En hér erum við að ræða mál þar sem nefndin er margklofin í, ekki bara menntmn., heldur líka heilbr.- og trn. sem fær málið til umsagnar. Stórmál eins og samkeppnislög, sem skipta verulegu máli fyrir atvinnulífið og eðlilegar leikreglur á fjármálamarkaðnum, eru greinilega látin mæta afgangi.

Það er kannski táknrænt fyrir þetta allt að hér bíður líka frv. um tannsmiði sem fer auðvitað vel að fylgi þessu frv. um lögleiðingu ólympískra hnefaleika ef að lögum verður. Við munum auðvitað sjá til þess að það mál fái sína eðlilegu umfjöllun ekki síður en frv. um ólympíska hnefaleika.

Mér finnst að þjóðin eigi að fá að vita, herra forseti, og það er kannski ástæðan til þess að ég kem í ræðustól, hver er forgangurinn í þinginu núna síðustu klukkutímana. Við höfum líka lagt áherslu á fjölmörg mál sem snerta afkomu öryrkja, og allir vita hver staða þeirra er núna þegar ríkisstjórnin hefur haldið um stjórnartaumana í fimm ár. Við erum með ýmis mál sem snerta kjör þeirra. Þau komast ekki á dagskrá. Það þarf ekki að reyna á þessi mál, herra forseti, í

atkvæðagreiðslu í þinginu, þó að við í Samfylkingunni höfum ítrekað lagt áherslu á að þau fengju að komast á dagskrá, a.m.k. að látið yrði reyna á það, herra forseti, hvort þau hefðu meiri hluta eða ekki.

Nei, herra forseti, það eru ólympískir hnefaleikar sem á því herrans ári 2000 þegar þinginu er hér að ljúka sem hafa allan forgang og greinilega blessun ríkisstjórnarinnar. Enginn þarf að segja mér það ef þetta hefur ekki stuðning ríkisstjórnarinnar að forsetarnir og forsetadæmið taki það sérstaklega á dagskrá og gefi því ákveðinn forgang umfram mörg önnur mál sem bíða afgreiðslu og sem látin eru liggja í nefndunum. Mál sem skipta raunverulega miklu um afkomu heimilanna í landinu. En þetta mál breytir engu um afkomu heimilanna í landinu. Þetta getur haft sitt að segja fyrir velferðarkerfið, heilbrigðiskerfið, þetta getur kostað sitt þar, en þetta bætir örugglega ekki afkomu heimilanna í landinu eða stöðu þjóðarbúsins. Staða efnahagsmála er lítil til þess að gorta sig af fyrir ríkisstjórnina um þessar mundir.

Ég hef lesið þessa áskorun, herra forseti, og greinargerð flm. vakti líka athygli mína. Hún er stutt með þessu máli og þar er vitnað í sænska rannsókn frá árinu 1999 sem læknir gerði. Spurningin var því hvort varanlegur skaði gæti orðið á heila af völdum áhugamannahnefaleika. Og svarið er:

„Virðist svo ekki vera." Flm. eru ekki ákveðnari í málinu en svo að þeir segja „virðist svo ekki vera" — þeir taka ekki fastar til orða.

Enda hafa þingmenn hver á fætur öðrum sem vel þekkja til þessara mála, eins og t.d. 14. þm. Reykv., Katrín Fjeldsted, sem líka er læknir og þekkir vel til þessara mála, hrakið það í sínum góða málflutningi í dag og fleiri sem hafa talað eins og 5. þm. Austurl. En á sérfræðingana, sem vel þekkja til, læknana sem eru með áskorun til þingmanna, lækna sem hafa skrifað greinar í blöð og þekkja til þess hvaða áhrif þetta hefur, er ekki hlustað.

Síðan skýla menn sér á bak við það að skýr greinarmunur er gerður annars vegar á ólympískum hnefaleikum og hins vegar atvinnumannahnefaleikum. Í þeim gögnum sem ég hef farið yfir finnst mér þau rök líka hrakin. Að það sé kannski ekki svo ýkja mikill munur þar á þegar grannt er skoðað. Það kemur fram í ágætri grein, herra forseti, sem Ólafur Hergill Oddsson, héraðslæknir Norðurlands, skrifar, þar sem hann gerir grein fyrir afleiðingum þess að leyfa þessa hnefaleika. Hann segir, með leyfi forseta:

„Hnefaleikar hafa sem betur fer verið bannaðir hér á landi frá árinu 1956 og hefur þessi ábyrga afstaða Íslendinga vakið athygli úti í heimi. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um að lögleiða ólympíska hnefaleika og er satt að segja ótrúlegt að slíkt frumvarp skuli lagt fram með tilliti til þeirrar „íþróttar" sem um ræðir."

Síðan kemur: Munurinn á atvinnuleikum og ólympískum hnefaleikum. Og það gera flm. og ég man ekki betur en að eini fulltrúinn í heilbr.- og trn., minni hlutinn, sem var samþykkur þessu frv. Hún sagði einmitt að hún teldi að gera þyrfti skýran greinarmun á atvinnumannahnefaleikum og ólympískum áhugamannahnefaleikum.

„Hinir síðarnefndu eru viðurkennd íþróttagrein og keppnisgrein á Ólympíuleikum. Ísland er eina landið í heiminum sem hefur bannað iðkun greinarinnar. Atvinnumannahnefaleikar eru á hinn bóginn einungis leyfðir í nokkrum löndum heims."

Þetta eru rök minni hlutans. Ég bið herra forseta um að menn haldi því rækilega til haga að það er aðeins einn fulltrúi í minni hluta heilbr.- og trn. sem fær málið til umsagnar. Meiri hlutinn leggst alfarið gegn málinu með mjög skýrum og góðum rökum, eru hvorki meira né minna en átta fulltrúar — átta fulltrúar heilbr.- og trn. og það fulltrúar sem vel þekkja til þessara mála eins og ég nefndi áðan.

Ólafur Hergill Oddsson segir í þessari ágætu grein í Degi um muninn á atvinnuhnefaleikum og ólympískum hnefaleikum:

„Munurinn á atvinnuhnefaleikum og ólympískum hnefaleikum er m.a. sá, að í síðarnefndu greininni eru loturnar 3–5 í stað 12 í hverri keppni, og skylda er að nota höfuðhlífar. Markmið beggja „íþróttanna" er samt sem áður að meiða andstæðinginn."

Það er markmiðið. Markmiðið í íþrótt er að meiða andstæðinginn. Það er markmiðið í þessari íþrótt.

„Að vísu er rétt að geta þess, að í ólympískum hnefaleikum eru ekki sérstök verðlaun fyrir að veita rothögg, en menn fá heldur ekki refsistig fyrir slíkt athæfi. Rotarinn stendur því uppi sem sigurvegari, einnig í ólympískum hnefaleikum.

Mikil áhersla er lögð á það í slysavörnum að reyna að koma í veg fyrir höfuðhögg vegna langvarandi skaða sem þau geta valdið. Það er þess vegna með ólíkindum að upp skuli koma hugmynd um að leyfa „íþrótt" þar sem markmiðið er að slá andstæðinginn sem oftast í höfuðið. Enda þó vissulega sé munur á atvinnuhnefaleikum og ólympískum hnefaleikum, þá er það sem gerist inni í höfðinu við högg í grundvallaratriðum ..." — nú skyldu menn taka eftir — það er í grundvallaratriðum hið sama sem gerist inni í höfðinu við högg.

Síðan lýsir þessi ágæti læknir því sem gerist. Hann segir að heilaáverkar vegna hnefaleika hafi verið skoðaðir:

„Það sem gerist þegar áverkar verða á heila og heilahimnu vegna höfuðhögga í hnefaleikum er flókið. Um er að ræða beint högg á höfuðkúpuna með hnefa, klæddum hanska. Við höggið kemur hreyfing á heilann og höfuðkúpuna. Heilinn hangir inni í höfuðkúpunni, tengdur með blóðæðum og taugaþráðum við heilahimnur, en þessar heilahimnur eru tengdar á nokkrum stöðum við höfuðbeinið. Mænuvökvi er á milli tveggja innri heilahimnanna. Þetta þýðir að heilinn getur hreyfst innan í höfuðkúpunni, og þar sem hann er tiltölulega þungur verður tregða í hreyfinguni. Án tillits til þess, hvort höfuðhlífar eru notaðar eða ekki, þá gerist það, þegar hanskaklæddur maður slær höfuðið, að höfuðið fer á hreyfingu og heilinn aflagast. Við höggið getur heilinn marist á þeim stað, sem höggið lendir. Höfuðkúpan hreyfist hraðar en heilinn vegna tregðu hins síðarnefnda, og þegar höfuðkúpan hefur stöðvast heldur heilinn áfram að hreyfast í þá átt, sem höggið stefndi. Heilinn rekst við þetta á beinbrúnir innan á höfuðkúpunni þar sem heilahimnur eru tengdar. Við þetta getur heilinn marist eða rifnað og eru þetta kallaðir gagnshöggsáverkar vegna þess að þeir gerast ekki þar sem höggið kemur á höfuðkúpuna heldur á hinni hlið hennar. Þessi árekstur heilans við höfuðkúpuna getur valdið smáblæðingum í heilanum.

Við slíkan áverka eyðileggjast heilafrumur. Þessir höggkraftar eru taldir skýra það sem við köllum heilahristing. Heilahristingur getur valdið sljóvgaðri meðvitund augnablik eða meðvitundarleysi sem venjulega er tímabundið. En meðvitundarleysið getur varað lengi, ef áverkinn nær yfir stórt svæði eða ef áverki vegna annars höggs er þegar orðinn. Þegar hnefinn lendir á höfuðkúpunni togast heilinn og heilahimnur til, heilinn sveiflast til inni í höfuðkúpunni. Þessir

kraftar geta valdið skaða á taugafrumum. Bláæðar heilans liggja inni í þunnveggja hólfi, og ef þessar æðar rifna, getur myndast blóðpollur undir heilahimnu, svokölluð innanbastsblæðing. Ef ekki er linað á þrýstingnum á heila frá þessu með aðgerð, þá getur þetta valdið enn þá meiri skaða á heilavef og jafnvel dauða."

Herra forseti. Ég er að segja frá áhrifum og afleiðingum þess frv. sem læknir lýsir hér, og hvaða áhrif það frv. sem er í forgangi á síðustu klukkutímum þingsins hefur að mati læknis sem vel þekkir til. (**Gripið fram í:** Og sérfræðings.) Og sérfræðings, segir hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, 15. þm. Reykv., sem mikið hefur fjallað um þetta mál í heilbr.- og trn. og þekkir mætavel til þess hvaða áhrif þetta frv. hefur.

Ég hefði gjarnan viljað hafa með mér í stólinn grein, sem ég veit að hv. þm. Ögmundur Jónasson mun rétta mér það ef ég bið hann fallega um það, frá hnefaleikara sem hefur lent í þessu öllu saman og hefur lýst því mjög skilmerkilega í blöðum hvaða áhrif það hefur haft. En ég ætla að lesa áfram smákafla frá þeim sérfræðingi, en hann segir undir lok greinarinnar:

„Nánari skoðun á 69 manna úrtaki úr hópnum leiddi í ljós að mikið bar á vandamálum í sambandi við athygli, einbeitingu og minni, og streita var áberandi í hópnum." — Þá er hann að taka rannsókn sem gerð var á 538 mönnum sem stunduðu ekki hnefaleika en höfðu fengið minni háttar höfuðáverka samanborið við hóp sem hafði síðar stundað hnefaleika. — „Niðurstöðurnar gefa til kynna að vefrænn áverki hafi orðið á heila við áverka sem talinn var „minni háttar"."

Síðan segir hann síðar í þessari grein:

„Augljóst er hvað þetta þýðir fyrir hnefaleikakappa sem eru mörgum sinnum slegnir í rot. Enda sýna rannsóknir á *lifandi boxurum og krufningar á fyrrverandi boxurum að sí*endurteknir áverkar á heilann leiða til langvinnra heilakvilla, en heilaskemmdirnar eru því víðtækari þeim mun oftar sem menn hafa keppt. Þetta kemur ekki á óvart vegna þess að fjöldi höfuðhögga er nokkurn veginn í beinu sambandi við fjölda bardaga."

Herra forseti. Þetta er lýsing sérfræðings á áhrifunum af þessari keppni sem menn kalla svo.

Síðan er niðurstaðan:

„Mikil áhersla hefur verið lögð á að reyna að draga úr höfuðáverkum á Íslandi. Reynt er að koma í veg fyrir að börn fái höfuðáverka inni á heimilunum, og þau eru hvött til að nota höfuðhjálma á skíðum, í reiðtúrum og á reiðhjólum. Þrátt fyrir notkun hjálma í síðasttöldum íþróttum, þá er að sjálfsögðu reynt að komast hjá höfuðhöggum. Allt annað er uppi á teningnum í ólympískum hnefaleikum. Þar fá menn stig fyrir að slá andstæðinginn á ákveðin svæði líkamans, þar á meðal í höfuðið. Stundum rotast menn, en miklu oftar fá menn heilahristing, því að heilinn hristist til við höfuðhögg. Eins og bent hefur verið á hér að framan þá eru afleiðingar „minni háttar" heilahristings langvarandi og miklar. Þess vegna þarf að hverfa frá öllum hugmyndum um að lögleiða ólympíska hnefaleika á Íslandi. Fjöldi landsmanna glímir við afleiðingar höfuðhögga. Það er óráð að fjölga þessum höfuðáverkum."

Herra forseti. Miðað við þá grein sem ég hef verið að lesa hefði verið full ástæða til þess að skoða þetta mál nokkuð nánar og láta það bíða í nefndinni yfir sumarið og taka þetta þá aftur upp næsta vetur. Ég sé ekki að liggi svo voðalega mikið á að fara að lögleiða frv. til að geta farið út í þennan bardaga með þeim afleiðingum sem hér er lýst að það þurfi að fresta öllum stóru málunum sem hér bíða afgreiðslu og þau sé ekki hægt að taka á dagskrá af því þetta hafi forgang.

Annað eins hefur nú gerst, herra forseti, mál sem þingmenn leggja áherslu á þurfa þeir oft að flytja margsinnis, ekki einu sinni og tvisvar, heldur stundum fimm til tíu sinnum áður en þau fá að komast á dagskrá. Það líða því oft mörg ár áður en mál sem þingmenn leggja áherslu á komast á dagskrá, þjóðþrifamál sem skipta einhverju máli fyrir heimilin og þjóðina í landinu þurfa að bíða árum saman. Það hefði því verið allt í lagi, herra forseti, að mínu viti, að afgreiða ekki þetta frv. með þeim hætti sem hér á að gera og lofa mönnum að ná aðeins andanum og hugleiða betur það sem hefur verið sagt og skrifað um það, hugleiða betur það sem hefur komið frá heilbr.- og trn. og menntmn. um þetta mál og sjá hvort við erum yfirleitt á réttri leið frekar en hraða þessu svona í gegn eins og hér á að gera.

Herra forseti. Ég var að lýsa skoðun sérfræðings á áhrifunum af þessu frv. sem hvetur eindregið til þess að leyfa ekki hnefaleika á Íslandi ásamt 169 öðrum læknum og hjúkrunarfræðingum sem beina þeirri áskorun til þingmanna. En hér hefur fórnarlamb þessara hnefaleika skrifað líka og hann segir hér í fyrirsögn „Afleiðingar geta verið hræðilegar" og þá er hann að tala um hnefaleikana. Hann beinir orðum sínum til foreldra, lækna og alþingismanna. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ein stærstu mistök lífs míns voru þau, segir Marteinn B. Björgvinsson, að ég hóf hnefaleika 15 ára gamall."

Hann ritar um afleiðingarnar eins og hann þekkir þær og segir, með leyfi forseta:

„„Á ég að gæta bróður míns?" Þetta flaug mér í hug, þegar ég las samþykkt frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins hinum síðasta. *Ég grip hér inn í fréttina, þar sem ályktað er, að það* sé á valdi hvers einstaklings að velja og hafna hvaða íþrótt hann stundar hverju sinni. Hnefaleikar eru stórhættuleg íþrótt og mun ég sýna fram á það hér á eftir, en eftirfarandi klausa hefur verið þýdd fyrir mig úr blaði breska læknafélagsins.

Ólympískt box eykur hættuna á heilaskaða vegna þess að boxari er dæmdur út frá því hversu mörgum höggum hann kemur á andstæðinginn, *þannig að takmarkið er að* koma eins mörgum höggum á andstæðinginn og mögulegt er á þeim tíma sem lotan stendur yfir. Margir bardagar á nokkrum dögum þýðir að þeir sem komast lengst þurfa að þola stanslaus högg á mjög stuttum tíma og ef heilinn hefur orðið fyrir hinum minnsta skaða í fyrri bardögum þá gæti það auðveldlega leitt til dauða. Ólíkt líkamlegum skaða er ekki hægt að sjá heilaskaða í hringnum og ekki græðist heilinn af sjálfu sér.

Nútímalæknisfræðileg tækni sýnir hátt yfir allan vafa að króníska heilaskaði hlýst af endurteknum höggum sem allir hnefaleikarar fá hvort sem þeir eru atvinnumenn eða áhugahnefaleikarar.

Mörg dæmi eru um langtímaáhrif eftir hnefaleika svo sem minnisleysi, höfuðverkur, lélegt jafnvægi og samhæfing og óskýr talandi.

Breska læknafélagið vill banna hnefaleika jafnt hjá atvinnu- og áhugamönnum því læknisfræðilegar sannanir eru fyrir því að heilaskaði er algengur í báðum tilfellum ..."

Herra forseti. Hérna kemur þetta fram að breska læknafélagið vill banna hnefaleikana, jafnt hjá atvinnu- og áhugamönnum, því læknisfræðilegar sannanir eru fyrir því að heilaskaði er algengur í báðum tilfellum.

„Á meðan líkaminn er varinn af beinum, húð og fitu og vöðvum er heilinn aðeins varinn af höfuðkúpunni og tengist henni að innanverðu með háræðum og fínum taugum. Þegar boxari fær högg beint á höfuðið snýst höfuðið mjög snögglega og fer síðan í venjulega stöðu á mun hægari hraða. Að auki hreyfast mismunandi svæði heilans á mismunandi hraða og veldur þetta allt miklum hræringum í heilanum. Þetta veldur skemmdum, til dæmis á yfirborði heilans sem slæst í innra lag höfuðkúpunnar; tauganet rifna; spenna milli heilavefjar og háræða getur valdið blæðingum; þrýstibylgjur geta valdið mismunandi blóðþrýstingi til hinna ýmsu hluta heilans og einnig geta myndast blóðkekkir inni í heilanum."

Síðan lýsir þessi maður mistökum lífs hans eins og hann segir í fyrirsögn:

„Ein stærstu mistök lífs míns voru þau að ég byrjaði að æfa hnefaleika 15 ára gamall, á árinu 1944. Ég keppti nokkrum sinnum um Íslandsmeistaratitilinn og innanfélagstitil. Þar að auki keppti ég oft fyrir bandaríska herinn sem hélt hnefaleikakeppni á Hálogalandi. Einnig keppti ég á Keflavíkurflugvelli og fleiri stöðum úti á landi. Mér telst til að ég hafi keppt hátt í 50 sinnum alls. Seinna í lífi mínu, nánar tiltekið 23 árum eftir að ég hætti í hnefaleikum, fór að bera á hjá mér minnisleysi og miklum höfuðverk. Síðan ágerðist það þannig, að ég var farinn að gleyma svo miklu, að ég var orðinn hættulegur sjálfum mér og vinnufélögum mínum. Á sama tíma fór einnig að bera á krampaflogum. Þetta ágerðist sífellt og var ég farinn að nota mikið magn af sterkum verkjalyfjum og flogaveikislyfjum. Á endanum varð ég að hætta í minni iðngrein sem var húsgagnasmíði, en var jafnframt ófær um að sinna léttum störfum."

„Ég stenst ekki mátið" — segir hann og gagnrýnir aðila fyrir þeirra þátt í að endurnýja áhuga manna á hnefaleikum. Lokaorð hans eru að hann vilji að lokum beina orðum sínum að foreldrum, læknum og alþingismönnum og þá sérstaklega læknunum að leggja honum lið í baráttunni gegn hnefaleikum: — „Læknar hafa faglega þekkingu á og reynslu af skaðsemi hnefaleika. Þeir geta því orðið að miklu liði við að sannfæra þá sem hlut eiga að máli um að hnefaleikar eru íþrótt sem ekki á rétt á sér. læknar hafa faglega þekkingu og reynslu af skaðsemi hnefaleika, þeir geta því orðið að miklu liði við að sannfæra þá sem hlut eiga að máli um að hnefaleikar eru íþrótt sem ekki á rétt á sér.

Hnefaleikur er harmleikur, sem oft býður upp á örkuml og dauða. Ekki verður um að ræða frekari skrif af minni hálfu um þetta efni, þó svo að grein þessari verði svarað."

Herra forseti. Hér hef ég verið að vitna máli mínu til stuðnings í mann sem hefur reynslu af hnefaleikum og hvaða áhrif þeir hafa haft á heilsu hans. Þessi maður er að senda þetta út sem viðvörun, kannski ekki síst til okkar hér á þingi sem stöndum frammi fyrir þeirri ábyrgð, kannski á næstu klukkutímum eða á morgun, um að greiða atkvæði um þetta frv.

Ég held að sé alveg ljóst að við verðum hér hvert og eitt okkar að gera mjög vandlega upp við okkur hvaða afstöðu við tökum til þessa frv. Við berum mikla ábyrgð og, herra forseti, ég held að það hefði verið mjög gott ef þetta mál hefði fengið að bíða fram á næsta þing þannig að við hefðum getað athugað betur áhrifin og afleiðingarnar af því sem við stöndum frammi fyrir með því að samþykkja það.

Ég vil þá næst, herra forseti, áður en ég ræði það sem kemur fram í umsögn frá Læknafélaginu, sem ég tel mjög mikilvægt að fá hér fram í umræðuna, og ég held að sé alveg ljóst að Læknafélagið hefur lagt mikla áherslu á að senda mjög vandaða umsögn um málið, koma að nauðsynlegum þáttum sem tengjast málinu, læknisfræðilegum áhrifum af því sem hér er hugmyndin að fara að lögleiða til okkar þingmanna þannig að við getum með sem bestum og gleggstum hætti gert okkur grein fyrir málinu. Það er þakkarvert hvernig þeir hafa lagt sig fram í málinu og ljóst að þeim finnst mikið liggja við að álit sérfræðinga verði vandlega vegið hér og metið þegar þeir senda ekki bara ítarlegar umsagnir um þetta mál, skrifa greinar í blöðin, heldur senda líka áskoranir hátt í 200 lækna og hjúkrunarfræðinga um þetta frv.

Það er auðvitað athyglisvert að tvær nefndir þingsins, herra forseti, hafa fjallað um þetta mál, tvær nefndir þingsins, bæði hv. menntmn. og hv. heilbrn. Það er athyglisvert þegar maður skoðar nefndarálitin að sautján þingmenn sem koma að þeim og leggja nöfn sín við þau. Ellefu í báðum nefndunum lýsa sig andvíga frv. en einungis sex lýsa sig samþykka, þar af í heilbr.- og trn. þar sem eðli máls samkvæmt mesta sérfræðiþekkingin á að liggja á þessu máli skipar aðeins einn þingmaður minni hlutann sem mælir með samþykkt frv. (**Gripið fram í:** Enda flytjandi þingmálsins.) Hér er mér bent á að það sé reyndar einn af flutningsmönnum frv. Hinir sem skipa meiri hlutann senda greinilega mjög vandaða umsögn nefndarinnar til hv. menntmn. sem fékk málið til meðferðar. Þegar maður skoðar umsagnirnar um þetta mál og þær athugasemdir sem fram hafa komið, finnst manni reyndar, herra forseti, að frv. hefði frekar átt að fara formlega til heilbr.- og trn. Umsagnaraðilinn hefði átt að vera menntmn. þegar maður skoðar og metur þær afleiðingar sem þetta frv. hefur.

Meiri hluti heilbr.- og trn. byrjar á að gera athugasemdir við heiti frv., þ.e. ólympískir hnefaleikar, og segir það villandi því um sé að ræða hnefaleika sem stundaðir séu af áhugamönnum og annars staðar í heiminum er íþróttin að jafnaði kölluð áhugamannahnefaleikar. Ekki er t.d. talað um ólympískt júdó þótt keppt sé í júdó á Ólympíuleikum. Þá vill meiri hlutinn taka fram að læknasamtök, t.d. í Bretlandi, hafa ákveðið að vinna gegn því að keppt sé í hnefaleikum á Ólympíuleikum. Þetta er á sama tíma og við hér á Íslandi erum að hugsa um að lögleiða ólympíska hnefaleika. Heilbr.- og trn. bendir á að slysatíðni í hnefaleikum sé há miðað við aðrar íþróttir, sem kemur ekki á óvart þar sem markmiðið er að koma höggi á andstæðinginn, með öðrum orðum að fara inn fyrir varnir hans og þar með meiða hann. Og þar segir heilbr.- og trn. að greini á milli hnefaleika og þorra annarra íþróttagreina því að hnefaleikar, bæði í atvinnuskyni og sem áhugamannaíþrótt, eru árásaríþrótt en ekki sjálfsvarnaríþrótt eins og t.d. karate og júdó. Það er einmitt það sem málsvarar þessa frv. og fylgjendur hafa reynt að tefla fram í dag, að lítill munur sé á hnefaleikunum og öðrum íþróttum að því er varðar möguleikana á áverkum eða slysum.

Ég hlustaði með athygli á hv. þm. Katrínu Fjeldsted þegar hún svaraði fyrsta flutningsmanni þessa máls og talaði auðvitað af fullkominni þekkingu um hvaða áhrif þetta hefur þegar hv. fyrsti flutningsmaður þessa máls leyfði sér að bera saman þau meiðsl sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon varð fyrir í íþróttum sem hægt er að lækna og þau meiðsl og áverka sem hægt er að fá á heila við þessa íþrótt sem alls ekki er hægt að lækna. Mér fannst fátt um svör. Mér fannst fátt um svör hjá fyrsta flutningsmanni við þeim rökum. Heilbr.- og trn. er hér einmitt að setja saman og reyna að koma á framfæri í þessari ágætu umsögn að mikill munur er á þessari

„íþrótt“, sem ég vil hafa í gæsalöppum þegar talað er um þetta sem íþrótt, og öðrum íþróttum.

Síðan segir í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Slysatíðni er há í nokkrum öðrum íþróttagreinum en þar gegnir öðru máli því að ekki er um ásetning að ræða heldur slys. Í hnefaleikum er markvisst reynt að koma höggi á andstæðinginn og fær keppandi stig fyrir högg á höfuð jafnt sem aðra líkamshluta.“

Síðan kemur hér fram, herra forseti, að það hafi komið fram í máli sérfræðinga sem nefndin ræddi við að alvarlegustu áverkarnir sem hljótast í þessari íþrótt séu á miðtaugakerfi, þ.e. höfuð- og augnáverkar. Fyrir liggi vísindalegar sannanir um augnskaða í áhugamannahnefaleikum. Vísindalegar sannanir, herra forseti, liggja fyrir um augnskaða í áhugamannahnefaleikum. Og það er verið að reyna að bera á borð fyrir okkur af fylgjendum þessa máls að mikill munur sé á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum. Það liggja sem sagt fyrir vísindalegar sannanir um augnskaða í áhugamannahnefaleikum. Það hefur verið sýnt fram á, segir í áliti heilbr.- og trn., að enginn munur sé á augnslysum í áhugamanna- eða atvinnumannahnefaleikum.

Vitnað er í austurríska rannsókn sem framkvæmd var á árunum 1992–1993 í Vínarborg. Þá eru bornir saman tveir hópar ungra manna. Annars vegar voru 25 einkennalausir áhugahnefaleikarar sem áttu að meðaltali 40 keppnir að baki og hins vegar 25 jafnaldrar sem ekki höfðu stundað hnefaleika. Niðurstaða rannsóknarinnar var að 19 áhugahnefaleikarar eða 76% þeirra sýndu margvísleg merki um höggáverka á augum. Sambærilegur skaði fannst í einum einstaklingi í samanburðarhópi. Þarna eru teknir tveir jafnstórir hópar og borin saman niðurstaða af rannsókn sem sýndi margvísleg merki um höggðaverka á augun hjá áhugahnefaleikurum. En sambærilegur skaði fannst hjá á einum einstaklingi í samanburðarhópi. Augnáverkar af þessum orsökum geta verið slæmir og leiða í mörgum tilvikum til varanlegrar sjónskerðingar. Þetta er forgangsmálið sem við erum að ræða hér.

Í álitinu segir að samkvæmt kenningum sérfræðinga sé breyting á meðvitundarástandi vegna höfuðhöggs, þ.e. að vankast eða rotast, nú talin vísbending um heilaskaða. Hnefi getur farið á um 160 km hraða á klukkustund í höfuðið á andstæðingi. Breytir þar engu hvort um áhugamanna- eða atvinnumannahnefaleika er að ræða.

Enn einu sinni kemur þetta fram. Enn einu sinni er sýnt fram á að ekki er jafnmikill munur og fylgjendur vilja vera láta á þessum atvinnuhnefaleikum og áhugamannahnefaleikum eða ólympískum hnefaleikum, eins og flutningsmenn halda fram. Það kemur margoft fram í umsögn heilbr.- og trn., hjá læknum og sérfræðingum sem hafa skrifað greinar um þetta mál og hjá Læknafélaginu. Það er alvarlegt ef þeir sem eru að reyna að koma þessu hér í gegnum þingið bera það á borð fyrir okkur sem höfum ekki mikið þekkt til þessa máls áður og erum að reyna að kynna okkur þetta að þarna sé verulegur munur á. Þetta sannar enn einu sinni, herra forseti, það sem ég hef verið hér að tala fyrir, að menn ættu að fara varlega í þessu efni og leyfa þessu að fá smá andrými áður en við samþykkjum eða höfnum frv., þ.e. að menn skoði þetta á milli þinga. Það er ekkert annað sem verið er að fara fram á hér. (**Gripið fram í:** Það eru sjö ár síðan málið var lagt fram.) Það hefur verið full ástæða til þess að bíða í þessi sjö ár miðað við allar þær upplýsingar sem sérfræðingarnir í heilbr.- og trn. hafa safnað saman fyrir okkur til þess að við getum lagt mat á málið.

Ég segi alveg eins og er að fyrst þegar þetta mál kom til þingsins og ég fór að skoða það þá var ég að velta fyrir mér hvort það væri nú ekki bara eðlilegt að styðja þetta, hvort við værum ekki bara aftarlega á merinni að leyfa ekki ólympíska hnefaleika hér. Fyrsti flutningsmaður málsins bauð mér að standa að þessu máli. Ég hugleiddi það aðeins. Ég segi það, herra forseti, að ég þakka mínum sæla fyrir að hafa ekki glapist á að verða flutningsmaður að þessu máli núna þegar ég hef fyrir mér öll gögnin sem fyrir liggja, hef fyrir mér álit sérfræðinga og þeirra sem best til þekkja hvaða afleiðingar þetta hefur. Rök fylgjenda og flutningsmanna í dag hafa í engu breytt þeirri skoðun sem ég er komin á. Ég er sannfærð um að ef þingmenn kynna sér málið, fara rækilega ofan í umsagnir, að það hefur ekki meiri hluta í þinginu.

Síðan segir í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Það er þannig álit sérfræðinga að höfuðhlífar þær sem notaðar eru í áhugamannahnefaleikum verndi aðeins eyru og ytra borð höfuðs en veiti takmarkaða vörn fyrir heilann. Innri líffæri eru varin af beinum, húð, fitu og vöðvum en heilinn er aðeins varinn af höfuðkúpunni og tengist henni að innanverðu með háræðum og fínum taugum. Þegar boxari fær högg á höfuðið snýst það mjög snögglega og fer síðan í venjulega stöðu á mun hægari hraða. Þá hreyfast mismunandi svæði heilans á ólíkum hraða. Þetta veldur skemmdum, t.d. á yfirborði heilans sem slæst í innra lag höfuðkúpunnar, tauganet rifna, spenna milli heilavefjar og háræða getur valdið blæðingum, þrýstibylgjur geta valdið mismunandi blóðþrýstingi til hinna ýmsu hluta heilans og einnig geta myndast blóðkekkir í heilanum. Það er skoðun sérfræðinga að þung högg skipti ekki aðeins máli í þessu sambandi því að lítil högg valdi smám saman uppsöfnuðum vanda. Helstu erfiðleikarnir eru að áverkar á heila sjást ekki alltaf á myndum og því er erfitt að greina þá. Varanlegur heilaskaði getur t.d. komið fram í því að fínhreyfingar handanna skerðist. Talið er að ítrekaðir áverkar safnist saman og geti haft langtíma varanlegar alvarlegar afleiðingar. Þá er einnig margt sem bendir til þess að ítrekuð höfuðhögg geti m.a. aukið líkur á Parkinson-sjúkdómi og Alzheimer-sjúkdómi.“

Herra forseti. Það er alltaf að bætast hér við. Ítrekuð höfuðhögg sem greinilega eru markmiðið í þessari „íþrótt“ — í gæsalöppum vil ég segja vegna þess að ég get ekki kallað þetta íþrótt — auka verulega líkurnar á Parkinson-sjúkdómi og Alzheimer-sjúkdómi.

Og enn einu sinni, herra forseti. Ég er að ræða forgangsmálið hér á síðustu klukkustundum og dögum þessa þings.

Síðan kemur fram lokaniðurstaða meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar telur árásaríþrótt þessa og markmið hennar, þ.e. að koma höggi á andstæðinginn, þar á meðal höfuð hans, hafa í för með sér mun meiri hættu á líkamstjóni en aðrar íþróttir sem stundaðar eru hér á landi og leggst því eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.“

Herra forseti. Ég sé fulla ástæðu til þess að þakka heilbr.- og trn. sem fékk nú málið eingöngu til umsagnar fyrir hennar vandlegu skoðun á þessu máli. Hún hefur greinilega lagt mikla vinnu í þetta mál. Ég ítreka, herra forseti, að það er mín skoðun að heilbr.- og trn. hefði formlega átt að fjalla um málið en ekki menntmn.

Minni hlutann í menntmn. skipa þrír fulltrúar, þ.e. Kolbrún Halldórsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Ólafur Örn Haraldsson. Þau komast að þeirri niðurstöðu að fast eigi að halda við núgildandi bann við hnefaleikum og taka þar með undir með sérfræðingnum, Ólafi Hergli Oddssyni sem skrifaði greinina sem ég vitnaði í áðan í Degi 19. apríl sl. Ástæðurnar sem vega þyngst hjá þeim eru eins og áður alvarlegt heilsutjón sem hlýst af iðkun hnefaleika jafnt áhugamanna sem atvinnumanna og vísbendingar um að skaðinn af iðkun þessara tveggja tegunda hnefaleika sé fyllilega sambærilegur eða alveg sá sami. Þar sé um að ræða alvarlega höfuðáverka, skaða á æðum sem geti rifnað, skaða vegna rifinna festinga, skaða sem hlýst af blæðingum jafnt fyrir innan heila og utan, heilaskaða af völdum uppsafnaðara áhrifa höfuðhögga, taugaskaða, hreyfiskaða, augnskaða og vitrænan skaða.

Herra forseti. Þetta er engin smá upptalning sem minni hluti menntmn. teflir fram máli sínu til stuðnings. Hefði þetta nú ekki verið nægjanlegt til að fresta málinu, herra forseti? Að við séum að tala um öll þessi áhrif sem hér um ræðir: alvarlega höfuðáverka, skaða á æðum sem geta rifnað, skaða vegna rifinna festinga, skaða sem hlýst af blæðingum jafnt fyrir innan heila sem utan, heilaskaða af völdum uppsafnaðra áhrifa höfuðhögga, taugaskaða, hreyfiskaða, augnskaða og vitrænan skaða.

Herra forseti. Málið sem við erum hér að fjalla um er mjög alvarlegt. Þeim mun betur sem maður skoðar í það, því alvarlegra verður það. Því meira verður maður hissa, herra forseti, á því að þetta skuli sett hér á dagskrá og menn ætli sér að keyra það í gegn. Enda er alveg ljóst að málið er ekkert útrætt hér. Það er alveg ljóst að það hlýtur enn að koma til mikillar umræðu við 3. umr.

Fyrir utan þetta benda síðan nefndarmenn á Alzheimersjúkdóminn og áður var hér einnig talað um Parkinsonsjúkdóm sem þetta gæti leitt til. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Augnskaðarannsóknir hafa einnig gefið tilefni til að ætla að höfuðhlífar í hnefaleikum áhugamanna veiti falskt öryggi og augnskaðar sem hljótast í áhugamannahnefaleikum séu þeir sömu og í atvinnumannahnefaleikum. En vegna skorts á langtímarannsóknum á meiðslum sem hljótast í hnefaleikum leikur á því vafi að um sömu áverka eða áhrif sé að ræða og þess vegna spyr minni hluti nefndarinnar: Hver á að njóta vafans?"

Þetta er náttúrlega mjög eðlileg spurning. Auðvitað hefði verið ástæða til að bíða eftir því að slíkar langtímarannsóknir færu fram. Meðan þær hafa ekki farið fram hljótum við að svara spurningunni um hver eigi að njóta vafans. Ég svara því auðvitað eins og þeir sem tala gegn þessu máli, að bannið sem hefur verið hér á landi frá árinu 1956 eigi að njóta vafans.

Síðan segir að það vegi þungt í afstöðu minni hlutans gegn lögleiðingu hnefaleika að hér sé um árásaríþrótt að ræða. Markmið íþróttarinnar er að meiða andstæðinginn og því ofar sem höggin falla á líkamann því hærri stig gefur höggið, rothögg gefur líka stig í áhugamannahnefaleikum. Þannig má segja að meiðsl sem hljótast af iðkun hnefaleika séu ásetningur en ekki slys. Í öðrum íþróttum verða slys en hljótast ekki af áverkum veittum af ásetningi. Síðan segir minni hlutinn, með leyfi forseta:

„Þar skilur á milli meiðsla sem hljótast af hnefaleikaiðkun og meiðsla sem hljótast af iðkun annarra íþrótta. Þegar leitað er á netinu að upplýsingum um skaðsemi áhugamannahnefaleika finnst nokkur fjöldi greina. Af 10 greinum sem Grétar Guðmundsson læknir, sem kom á fund heilbrigðisnefndar, fann á netinu var komist að þeirri niðurstöðu að um skaðlega íþrótt væri að ræða í sex en í fjórum var hinu gagnstæða haldið fram. Varðandi þau rök að í áhugamannahnefaleikum gildi reglur sem draga úr skaðsemi íþróttarinnar telur minni hlutinn frv. sem hér er til umræðu ekki leggja neitt til málanna sem tryggt geti að reglur íþróttarinnar séu haldnar við iðkun og æfingar. Það er vitað að tæki til iðkunar hnefaleika eru notuð á Íslandi og nokkur hópur manna stundar greinina þrátt fyrir gildandi bann. Þess er skemmst að minnast að í nýútkomnu skólablaði Menntaskólans í Reykjavík er viðtal við unga menn sem stunda hnefaleika í leynum. Í grein blaðsins kemur glögglega í ljós að æfingarnar eru iðkaðar meira af kappi en forsjá og eftirlitið með því að reglum sé framfylgt virðist ekki vera neitt."

Niðurstaða minni hlutans er auðvitað skýr eftir þessa lesningu. Þar kemur fram að minni hlutinn lýsir sig að öðru leyti fullkomlega sammála áliti meiri hluta heilbrn. Alþingis sem sent hefur verið til menntmn. og fylgir nál. meiri hlutans og vekur athygli á að einungis einn af níu nefndarmönnum heilbr. telur að lögleiða eigi áhugamannahnefaleika.

Þetta er afar skýrt, herra forseti, og hefur komið fram hjá þeim sem leggjast gegn frv. í þessum tveimur nefndum. Ég hef líka, herra forseti, gert mér far um að kynna mér sjónarmið þeirra sem tala fyrir þessu máli en ég hef ekki fundið nokkurt hald í röksemdum þeirra.

Yfirlýsingar stjórnar Læknafélags Íslands eru líka mjög athyglisverðar. Önnur er frá 24. október 1997. Hún er ekki mjög löng, herra forseti, en hin sem þeir hafa sent núna í tengslum við þetta frv. er mun ítarlegri. Fyrst vil ég vitna í þessa frá 24. október 1997, en þá samþykkti Læknafélag Íslands eftirfarandi:

„Læknafélag Íslands varar við þeirri umræðu, sem nú er hafin um hnefaleika á Íslandi. Hnefaleikar eru hættuleg íþrótt. Ólíkt öðrum íþróttum er markmið íþróttarinnar að valda líkamstjóni hjá andstæðingi. Hnefaleikar valda aukinni tíðni af varanlegum heilaskaða og geta dregið þátttakendur til dauða. Af þessum sökum leggur stjórn Læknafélags Íslands áherslu á það, að lögum um bann við keppni eða sýningum á hnefaleikum verði ekki breytt."

Herra forseti. Þetta er ekki neitt smátt sem hér er haldið fram. „Hnefaleikar valda aukinni tíðni af varanlegum heilaskaða og geta dregið þátttakendur til dauða," segir í yfirlýsingu Læknafélagsins frá 1997.

Þeir minna á að með lögum 92/1956 var öll keppni, sýningar og kennsla hnefaleika bönnuð á Íslandi. Þessi lög voru sett í kjölfar slagsmála er orðið höfðu á dansleikjum þar sem þekktir hnefaleikamenn komu mjög við sögu. Afleiðing þeirra óláta voru m.a. varanleg örkuml er lögreglumenn urðu fyrir er þeir reyndu að stilla til friðar. Áður höfðu hnefaleikar verið iðkaðir um nokkurra áratuga skeið á Íslandi. Og þeir telja það tímaskekkju að leyfa hnefaleika aftur á Íslandi og það hafi verið talið Íslendingum til hróss að hafa orðið til þess árið 1956 að banna hnefaleika. Hvort sem hnefaleikar eru iðkaðir af áhugamönnum eða atvinnumönnum, hvort sem hér er um að ræða tólf lotu hnefaleikakeppni eða þriggja lotu keppni í ólympískum hnefaleikum, er markmiðið ávallt það sama, að koma höggi á andstæðinginn og helst slá hann í gólfið. Því er borið við að keppendur meðal áhugamanna í hnefaleikum séu vel varðir með hlífum og hjálmum, en engum getur dulist að sífelld högg á höfuðið eða viðkvæm

líffæri hljóta að reyna óeðlilega á líkamann og valda skaða. Íþróttin er ekki sjálfsvarnaríþrótt heldur fyrst og fremst til árásar og á þann hátt getur hún valdið árásargirni manna.

Höfum rétt við og sýnum háttvísi — eða „fair play" — eru orð sem fengið hafa að hljóma meðal forustumanna íþróttahreyfinga víða um heim á allra síðustu árum, vandamál fótboltabullna og í kringum knattspyrnuleiki hafa ekki farið fram hjá neinum. Ofbeldi og líkamsárásir hér á landi hafa verið mikið í fréttum að undanförnu, sér í lagi með tilliti til höfuðáverka og hnífsstungna. Því er hætta á að íslensk börn og ungmenni taki upp siði hnefaleikamanna í leikjum sínum og athöfnum, að ekki sé nú talað um að læra slíkan verknað.

Ýmislegt annað, herra forseti, er hér fróðlegt sem ástæða væri að fara yfir en ég ætla að geyma mér það til 3. umr. ef út í það fer. Þá mun ég fara nánar ofan í það.

Það er alveg ljóst að þremur árum síðar þegar Læknafélagið fær þetta mál aftur til umsagnar þá herðir það frekar á málflutningi sínum og talar gegn þessu máli. Vitnað er í yfirlýsinguna frá 1997 aftur og niðurstaða Læknafélagsins nú í þessari umsögn er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fullnægjandi læknisfræðileg rök mæla með því, að bann við hnefaleikum á Íslandi verði ekki afnumið. Afstaða Alþingis, sem birtist með lagasetningunni 1956 er þekkt um allan hinn siðmenntaða heim og Íslendingar njóta mikillar virðingar fyrir stöðu þessara mála og afstöðu þjóðarinnar á okkar dögum. Samþykkt fyrirliggjandi frumvarps yrði afturför að mati LÍ. Hvetur félagið alþingismenn til nýrra landvinninga á þessu sviði og er reiðubúið til samstarfs um hvað eina, sem má verða til að auka heilbrigði æskumanna og þar með heilbrigði þjóðarinnar á efri árum.

Að lokum: Ef það óhapp verður, að fyrirliggjandi frumvarp hljóti samþykki sem lög frá Alþingi, þá beinir LÍ þeim eindregnu tilmælum til þingsins að fella niður nafngiftina ólympískir hnefaleikar og taka þess í stað upp áhugamannahnefaleikar. LÍ er þessi nafngift ekki kunnug úr erlendum skrifum um þetta efni, né að íþróttir, sem keppt er í á Ólympíuleikum, njóti þessarar nafngiftar."

Herra forseti. Það er ekki einu sinni tekið tillit til svona sjálfsagðrar ábendingar, ekki einu sinni orðið við því af hálfu þeirra sem standa fyrir þessu máli og meiri hluta menntmn. Þeir hafa þann varann á, ef svo vildi til að frv. hlyti samþykki, og koma með eina og sjálfsagða leiðbeiningu, um nafngiftina á þessu máli. Við henni er ekki orðið. Þeir vitna til þess að þeim sé ekki kunnugt úr erlendum skrifum um þetta efni né að íþróttir sem keppt eru í á Ólympíuleikunum beri þetta nafn.

Síðan segja þeir: „Reglur einstakra áhugamannasambanda gilda á Ólympíuleikum og þannig er einnig um hnefaleika. Um þetta má fræðast í skýrslu Þorsteins Einarssonar, fyrrverandi íþróttafulltrúa ríkisins ..."

Í umsögn sinni fjalla þeir líka um þann skaða sem getur orðið af þessum hnefaleikum, augnskaða og fleira sem hér er nefnt. Ég mun geyma mér, herra forseti, að ræða það þar til síðar í þessari umræðu, vegna þess að ég hef bara talað einu sinni, eða þá við 3. umr. málsins.

Herra forseti. Engan þarf að undra þótt töluvert miklar umræður verði um þetta mál. Við sem hér viljum greiða fyrir þingstörfum hefðum talið eðlilegra að ræða þetta mál í nótt eða strax í fyrramálið þegar við værum búin að taka fyrir önnur mál sem nauðsynlega þarf að afgreiða á þessu þingi. Þetta mál er ekki meðal þeirra mála að mínu viti. Þess vegna taldi ég brýnt að koma skoðun minni á framfæri nú þegar við þessa umræðu málsins og á þessum tíma þinghaldsins, ekki síst í ljósi þess að forseti ætlaði þrátt fyrir rökstudd mótmæli þar að lútandi að halda þessu máli til streitu. Það mun sennilega standa upp úr á þessu þingi, sem er nú ekki skemmtilegt ef lögleiddir verða ólympískir hnefaleikar með öllum þeim skelfilegu afleiðingum sem það getur haft í för með sér, heilsutjóni fólks, að þetta er rætt hér síðustu dagana og klukkutímana áður en þingi er slitið.

Það er skömm að því, herra forseti, hrein skömm að málum skuli þannig háttað, ekki síst þegar, eins og ég sagði í upphafi máls míns, fjöldi mála hefur ekki fengið svo mikið sem umræðu í þeim nefndum sem þeim hefur verið vísað til, t.d. fjölmörgum málum sem við í Samfylkingunni höfum lagt áherslu á og snerta málefni barna. Við höfum lagt fram fjölmörg mál þar að lútandi sem fá enga afgreiðslu, ekki einu sinni umfjöllun í nefndunum, hvað þá afgreiðslu.

Mér finnst skömm að því fyrir þingið að þetta þingmannafrumvarp hafi hlotið náð fyrir augum stjórnarliða og fái umfram önnur að koma til kasta þingsins á lokaklukkutímum þess, að forsetar þingsins skuli taka þetta mál fremur en önnur brýn mál sem við ættum að vera að ræða hér.

[22:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að það er alveg dæmalaust að málið sem hér liggur fyrir skuli þvælist fyrir þingstörfum á síðustu klukkustundum þingsins. Það var afar athyglisvert að hlusta á það sem hún hafði að segja hér um málið efnislega. Hún vísaði til fjölda einstaklinga sem hafa góða þekkingu á þessu máli og höfðu fyrir því að gefa umsagnir eða skrifuðu greinar um málið. Ég hef hins vegar, herra forseti, ákveðið að halda ekki langa ræðu hér. Ég ætla frekar að gera það þegar þetta mál verður tekið fyrir síðar á þessum fundi, ef af því verður eða við 3. umr. Ég hef lýst áhuga mínum á því að stjfrv. sem okkur þótti mikilvægt að kæmust sem fyrst á dagskrá komi til umræðu. Það er aldeilis ótrúlegt að við í stjórnarandstöðu höfum beðið um að stjfrv. eins og um samkeppnislög komist hér til umræðu en það mál þurfi að bíða meðan endalaust er rætt um hvort leyfa eigi ólympíska hnefaleika, sem svo hefur komið í ljós er eitthvað sem enginn kannast við og ættu að heita eitthvað allt annað.

Miðað við það hvernig hér hefur verið haldið á málum sýnist mér að þetta þing hljóti að standa fram yfir helgi. Það verður umhugsunarefni hverjum Íslendingi sem horfir hingað niður á Austurvöll þegar ljóst verður að mörgum dögum eftir áformuð þinglok stöndum við hér og ræðum þingmannamál, annars vegar mikið deilumál í þinginu sem tefur hér þingstörf og hins vegar glænýtt mál sem menn áttuðu sig allt í einu á að væri snilldarmál að flytja og varðar þjóðhöfðingja Íslands. Þetta eru óviðfelldin vinnubrögð og varða ekki bara þá sem halda um stjórn þingsins, ekki bara stjórnarflokkana sem hér hafa öll völd, heldur alla hv. þm. Hér er um ásýnd þingsins að ræða.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að auðvitað hljóta allir að álíta að hið stóra mál íhaldsins sé nú til umræðu. Hér kallaði áðan fram í sá sem mest berst fyrir því að þetta mál nái fram að ganga. Hann nefndi að það hefði tekið sjö ár að koma því hingað. Sjö ár er auðvitað biblíutala og ef ég man rétt þá urðu þau sjö ár tvisvar sinnum sjö. Það

væri kannski ekki úr vegi að við höfum það þá þannig líka hér.

Allt hefur sinn tíma. Ég hef ekkert við því að segja að mál eins og þetta sé tekið fyrir, flutt, fjallað um það í nefndum, það tekið til afgreiðslu og útkljáð af Alþingi, alveg óháð því hvort mér fellur málið eða ekki. En það er ekki viðunandi að mál eins og þetta sé tekið úr nefnd laust fyrir þinglok og liggi inni í þessum afgreiðslupakka sem virðist næsta ómögulegt að ná utan um og þvælist fyrir þinghaldinu þannig að vinnulagið verður eins og það sem nú blasir við.

Það er dæmalaust ef þingið á að standa fram yfir næstu helgi eða fram yfir hana af því að það stýrist allt af þrákelkni þeirra sem um véla. Það er fráleitt fyrir okkur sem vinnum hér að alvarlegum málum í þinginu.

Ég hlýt að spyrja hvað veldur. Ég velti því fyrir mér og hv. þm. hljóta að velta því fyrir sér hvers vegna þessu máli er haldið svo fast fram. Varla er það nú vegna þess að allur stjórnarmeirihlutinn sé svo upptekinn af ólympískum hnefaleikum. Það fær mig enginn til að trúa því. Hins vegar er mér það algjörlega ljóst að hæstv. forsrh. ræður ferðinni hér í þinginu. Það er hann sem ræður því hvaða mál ná fram að ganga og hver ekki. Það hvarflar ekki að mér að það sé gæska hæstv. forsrh. sem ræður því að við stöndum nú hér nokkrum klukkustundum eftir að umræða um þetta mál hófst og höfum ekki komist til að ræða stjfrv., t.d. um samkeppnislög.

Af hverju erum við enn að ræða þetta mál? Ætli það geti verið að þurft hafi að hnýta fólk í stjórnarliðinu saman? Ekki kæmi það okkur á óvart eins og núningurinn hefur verið á þessum vetri. Samstaðan, vinarbragðið og ljóminn sem stafaði af ásýnd samstarfsins á síðasta kjörtímabili er löngu horfinn. Við gerum okkur grein fyrir því að núningurinn sem við verðum vör við hér í salnum hlýtur að eiga sér dýpri rætur í samstarfinu innan veggja Stjórnarráðsins.

Ástæðan hlýtur að vera sú að erfiðlega hafi gengið að ná einhverju saman. Kannski var erfitt að ná íhaldinu saman um samkeppnislögin eða tannsmiðina. Varð e.t.v. að kaupa einhverja þar til fylgis? Eða að áróðurinn gegn tannsmiðafrumvarpinu hafi verið farinn að rugga íhaldsbátnum óþyrmilega í þinginu? Hið undarlega er að það er eiginlega fullkomið bræðralag hér í flutningi þessa máls, það bræðralag á sér rætur í sitt hvorum stjórnarflokknum. Því er mjög erfitt fyrir okkur hér að skynja hvað ræður þessari þrákelkni og hvað er verið að kaupa eða hverju á að ná fram. Kannski blandast óviðfelldið skattamál sem bíður okkar í fyrramálið inn í þessa fléttu. Það er engin leið að átta sig á því, en það er alveg ljóst að það er ekki bara áhugi á ólympískum hnefaleikum, sem er að snúast upp í pólitíska hnefaleika eða alla vega hin verstu pólitísku átök, sem ræður því að við stöndum hér einum og hálfum degi eftir að þinginu átti að ljúka og höfum ekki komist í að afgreiða stjfrv.

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við höfum verið í þessari stöðu. Ég minnist þess þegar þingmannamál nokkurra þm. Vestfirðinga barst hérna inn í þingið og var afgreitt úr nefnd skömmu fyrir þinglok. Það var allt annars eðlis. Það var um eyðingu refa í friðlandinu á Hornströndum. Þeir voru að gæta hagsmuna þeirra sem töldu að þessir refir kæmu af friðlandinu og inn í byggðarlög og virkuðu eins og vargur í fénu. Fólk hér á þingi var upptekið af reglum og lögum um friðlandið og því vöknuðu heitar tilfinningar í því máli. Að því leyti eru þessi tvö mál lík, annars vegar refirnir og hins vegar ólympískir hnefaleikar, að þau mál vekja mjög sterkar tilfinningar. Þau eiga það líka sameiginlegt að þau virðast bæði hluti af einhvers konar refskák milli stjórnarflokkanna. Hins vegar er alveg ljóst að þá, þegar refafrv. réð hérna ríkjum og allt þingið stóð á öndinni síðustu klukkustundir þinghaldsins, þá hafði hæstv. forsrh. manndóm í sér, af því það er hann sem ræður og kveður upp úr þegar á reynir, að setja hnefann í borðið og segja: Hingað og ekki lengra. Þá var meira að segja hann farinn að skynja að það að halda þinginu í gíslingu með mál af þessu tagi er ekki vel til þess fallið að halda þeim vinsældum sem hæstv. forsrh. leggur svo mikið upp úr.

Það hefur margkomið fram, herra forseti, að mikill meiri hluti hv. þm. sem skipar þær tvær nefndir sem fjalla um frv. leggst gegn því. Þó var það afgreitt frá þeim. Fólkið sem hefur farið yfir þessi mál í nefndinni og flutt mál sitt hér, hefur fært fyrir því mjög fagleg og sterk rök að ekki eigi að leyfa hnefaleika eins og hér er lagt til. Ég vísa til þeirrar umræðu.

Eins og ég sagði, herra forseti, verður væntanlega á morgun önnur mjög ítarleg umræða hér við 3. umr. Annaðhvort verður hún seinni partinn á morgun eða, eins og ég gat mér til, að þingið muni standa fram á mánudaginn, það verður mjög glæsilegt þegar við sitjum hér eftir á mánudag með tvö mál; hnefaleika og skattamál, þingmannafrv. um skatta þjóðhöfðingja landsins. Við verðum væntanlega með það á mánudaginn. Öll þjóðin horfir á að það eru nokkrir dagar liðnir frá því við ætluðum að ljúka þinginu en við erum enn að út af bjánagangi þeirra sem hér ráða.

E.t.v. eru hnefaleikar og þetta frv. hér táknrænt fyrir það sem er að gerast núna, fyrir stjórnarflokkana á þessum vetri og hvernig komið er í vinnunni á þingi. Herra forseti. Ég ætla að geyma efnislega umræðu um þetta mál þar til við 3. umr. Mér fyndist betra að við færum í samkeppnislög og tannsmíðafrumvarpið meðan við erum nokkurn veginn hress.

[22:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. þar sem lagt er til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir og að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setji reglur um íþróttina. Sú sem hér stendur er aðili að meirihlutaáliti menntmn., þ.e. áliti þar sem lagt er til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Eftir þær ræður sem hér hafa verið haldnar þá held ég, herra forseti, að það sé ástæða til þess að ég geri grein fyrir afstöðu minni. Þegar þetta frv. kom fram fannst mér erfitt að finna flöt á því að vera á móti íþrótt sem af Alþjóðaólympíunefndinni er viðurkennd íþróttagrein og sem keppt er í á Ólympíuleikunum. Ég sá ekki alveg á hvaða forsendum menn settu sig upp gegn því að íþrótt sem hefur slíka alþjóðlega viðurkenningu væri bönnuð. Þeir sem hafa síðan skipað sér í raðir andstæðinga hafa fundið rök sín í því að íþróttin sé hættuleg, hún geti skaðað iðkendur. Ef ég mæti íþróttir eftir því hvort iðkendur geta skaðast og ef Alþingi tæki reglulega afstöðu til íþróttagreina á þeim forsendum, þeirra íþróttagreina sem Alþjóðaólympíusambandið viðurkennir, þá fyndist mér eðlilegt að það mat væri lagt hér á.

Mér finnst reyndar fullkomlega eðlilegt að menn velti því fyrir sér, nú þegar til stendur að aflétta þessu banni á hnefaleikum, hvaða skaða hnefaleikar geta valdið. En, herra forseti, ég get ekki látið það vera útgangspunktinn í skoðun minni á þessari íþróttagrein frekar en öðrum. Það eru býsna

margar íþróttagreinar þar sem iðkendur geta skaðast og ég held að engu okkar dytti til hugar að setja Alþingi í þær stellingar að Alþingi fari að vega og meta, banna eða leyfa, íþróttir eftir mati á slíku. Það er alveg ljóst að menn skaðast reglulega við iðkun frjálsra íþrótta, við knattspyrnu, á skíðum, jafnvel í sundi, við vélsleðaakstur, í hestamennsku, í handbolta, við skotveiðar, hjólreiðar, mótorsport, fallhlífarstökk, svifdrekaflug o.s.frv.

Herra forseti. Ég held að ekkert okkar sé tilbúið til þess að setja Alþingi í þær stellingar að það fari að meta hvort við leyfum eða bönnum þessar íþróttagreinar. Ég held við séum sammála um að þær íþróttagreinar sem hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu eigi að leyfa áfram og það sé eðlilegt að Íþrótta- og Ólympíusambandið taki afstöðu til þess hvort og hvernig greinar sem þessar eru iðkaðar og hvort í þeim er keppt á Íslandi.

Eins og ég sagði, herra forseti, er verið að leggja til að ólympískir hnefaleikar verði lögleiddir og að Íþrótta- og Ólympíusamband Ísland setji reglur um íþróttina.

Sannarlega hafa komið hér fram skiptar skoðanir og í þeim umsögnum sem hv. menntmn. bárust voru líka skiptar skoðanir. En þar komu þó fram rök sem mæltu með samþykkt frv. Það er kannski eðlilegt að hér sé farið yfir þau og ég vænti þess að einhverjir hafi farið yfir þau nú þegar. Ég ætla ekki að gera það núna en mundi gera það ef ég teldi ástæðu til og teldi að það vantaði inn í umræðuna ef hún verður lengri og ítarlegri.

Herra forseti. Mér finnst það ekki vera hlutverk Alþingis að banna íþrótt eða öllu heldur í þessu tilfelli að leyfa ekki íþrótt sem er viðurkennd af Alþjóðaólympíunefndinni, íþrótt sem er viðurkennd og keppt er í á Ólympíuleikum. Þess vegna ákvað ég að styðja að þetta mál færi út úr nefndinni og kæmi til afgreiðslu í hv. Alþingi. Hitt er svo annað mál, herra forseti, að ég er ekki alveg farin að sjá hvort málið hefur meiri hluta hér. Á það verður að reyna og það fer ugglaust eftir því mati sem menn leggja á íþróttagreinar, hvort mönnum finnst rétt að útgangspunkturinn sé möguleg slysahætta eða hvort menn eru sammála því að eðlilegt sé að líta til þess hvaða greinar hafa alþjóðlega viðurkenningu sem keppnisgreinar og hvort okkur finnst eðlilegt að það sé fyrst og fremst Íþrótta- og Ólympíusambandið sem fari með ákvörðunarvald hvað varðar iðkun íþrótta á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 488. mál (samstarf fyrirtækja, markaðsráðandi staða, samruni o.fl.). — Þskj. 770, nál. 1347 og 1381, brtt. 1348.

[22:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. og brtt. vegna frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum. Nefndin fjallaði um málið með venjulegum hætti, sendi það til umsagnar og fékk fulltrúa ýmissa aðila á sinn fund sem getið er í nefndaráliti.

Nefndin gerir ekki tillögur um miklar breytingar á frv. Það eru þrjár brtt. Þar af eru tvær fyrst og fremst orðalagsbreytingar. Það eru tvær efnistillögur sem skipta máli sem nefndin gerir um breytingar. Þær tillögur eru til breytinga á 10. gr. frv., eða 18. gr. samkeppnislaganna, sem fjallar um samruna. Í megindráttum ganga þessar tvær brtt. út á það að sett er inn svokölluð minniháttarregla varðandi samruna, þ.e. að ákvæði greinarinnar taki einungis til samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er einn milljarður eða meira og hvernig fara skuli að því að telja veltu. Enn fremur skulu a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu hvert um sig til að samrunagreinin eigi við.

Sambærileg ákvæði eru í samkeppnislögum flestra ríkja Evrópu og m.a. í Danmörku, þar sem verið er að taka upp samrunagrein í samkeppnislög, er fyrirkomulag svipað og hér er gerð tillaga um. Eins er í sænsku löggjöfinni svipað fyrirkomulag. Það er mismunandi eftir Evrópulöndum hvernig þessu er háttað. En hér er sem sagt gerð tillaga um að taka þessa svokölluðu minniháttarreglu inn á þennan hátt.

Síðan er tekið upp í tillöguna að tilkynna eigi Samkeppnisstofnun um samruna sem fellur undir samrunaákvæðin eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð. Það er því sett sú skylda eða kvöð á aðila sem sameinast eða ganga í samruna að tilkynnt sé um samruna.

Allmiklar umræður urðu um þetta mál í nefndinni enda eru samkeppnislög að sjálfsögðu með grundvallarþáttum í okkar viðskiptalöggjöf.

Ég vona að Alþingi geti fallist á tillögur meiri hluta nefndarinnar. Ég tel að frv. batni við að taka þessi ákvæði inn. Ég tel reyndar að helsta og veigamesta breytingin í frv. sé að taka upp bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Það er langstærsta breytingin sem verið er að gera frá gildandi rétti. Ég tel að það sé framfaraskref og í rauninni í samræmi við þá þróun og áherslubreytingar sem eru í samkeppnisréttinum og samkeppnismálum í okkar helstu nágranna- og viðskiptalöndum þar sem aukin áhersla er lögð á að reyna að bregðast við misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja sem myndast af mörgum ástæðum.

[22:53]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Við ræðum samkeppnislög og ég geri nú grein fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn.

Ég vil segja það fyrst almennt um frv. að eins og það kom fram á hinu háa Alþingi hafi það verið mjög vandað og vel að verki staðið og hæstv. viðskrh. til mikils sóma. Ég er hins vegar mikill efasemdarmaður hvað varðar þær breytingar sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur lagt til og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, hefur talað fyrir. Af þeim ástæðum erum við með minnihlutaálit, ég, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Virðulegi forseti. Í áliti meiri hluta nefndarinnar er í aðalatriðum lagt til að gerðar verði tvenns konar breytingar á samrunaákvæði 10. gr. frumvarpsins. Annars vegar að tekin verði upp tilkynningarskylda á samruna og hins vegar að tilteknir samrunar verði teknir undan gildissviði ákvæðisins. Minni hlutinn telur til bóta að taka upp tilkynningarskyldu á samruna og getur stutt þá breytingu. Hins vegar er að mati minni hlutans með öllu ástæðulaust að þrengja gildissvið samrunareglna frumvarpsins. Samkvæmt tillögu meiri hlutans fellur utan ákvæðisins samruni þar sem viðkomandi

fyrirtæki hafa sameiginlega minna en 1 milljarð kr. í veltu og samruni sem uppfyllir ekki það skilyrði að tveir aðilar hans hafi hvor um sig 50 millj. kr. í veltu.

Minni hlutinn telur þó jákvætt að ákvæðið er orðað þannig að komið er í veg fyrir svonefnda „leppun". Þannig geta fyrirtæki ekki stofnað nýjar lögpersónur til að komast fram hjá samrunareglum. Eins og ákvæðið ber með sér verður við mat á því hvort 1 milljarðs kr. markinu er náð að telja með veltu móður- og dótturfyrirtækja og annarra tengdra fyrirtækja. Á hinn bóginn er ekkert að finna um það í nefndaráliti meiri hlutans hvort sama eigi við um fyrirtæki sem ekki ná 50 millj. kr. veltu. Ef hugmyndin að baki breytingartillögu meiri hlutans er sú að mögulegt verði fyrir fyrirtæki að skipta sér upp áður en til samruna kemur er ljóst að verið er að brjóta samrunaákvæði frumvarpsins á bak aftur.

Á sama hátt vakna spurningar um áhrif breytinganna, sem meiri hlutinn leggur til á 10. gr. frumvarpsins, sem vísar í 4. gr. frumvarpsins um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, þ.e. tengingu þessara ákvæða. Viðurkennt hefur verið að fyrirtæki getur misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að kaupa upp fyrirtæki sem eru í samkeppni við það. Því vaknar sú spurning hvort með tillögu meiri hlutans sé verið að koma því til leiðar að slík uppkaup á samkeppni séu undanþegin ákvæðum samkeppnislaga ef velta fyrirtækisins nær ekki 50 millj. kr.

Í ljósi smæðar hins íslenska markaðar, landfræðilegrar einangrunar hans og þeirrar fákeppni sem víða ríkir er að mati minni hlutans óásættanlegt að veikja samrunareglurnar að þessu leyti. Sérstaða hins íslenska markaðar að þessu leyti kallar á sterkar en ekki veikar samkeppnisreglur. Ljóst er að mati minni hlutans að samruni sem ekki fellur undir gildissvið ákvæðisins getur haft alvarleg áhrif á samkeppni, t.d. á einangruðum mörkuðum á landsbyggðinni. Jafnframt getur það haft óheppileg áhrif á þróun samkeppni á ýmsum nýjum mörkuðum, t.d. á sviði upplýsingatækni, ef samruni stærri fyrirtækis við fyrirtæki sem enn hefur ekki náð 50 millj. kr. veltu fellur utan ákvæðisins. Þegar á heildina er litið getur minni hlutinn því ekki stutt þá breytingartillögu sem formaður efh.- og viðskn. hefur nú mælt fyrir.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi í upphafi held ég það frv. sem hæstv. viðskrh. lagði hér fyrir þingið sé eitt af betri frv. sem hingað hafa komið enda er það svo að fyrir utan þær efnisbreytingar sem sérstaklega fulltrúar Sjálfstfl. í efh.- og viðskn. lögðu áherslu á, eru litlar sem engar breytingar gerðar á frv. þegar á heild þess er litið. Hins vegar er mjög mikilvægt að við skiljum vel þær breytingar sem hér er verið að leggja til og áttum okkur almennilega á því hvað í þeim felst. Eins og breytingarnar eru settar fram í nefndaráliti meiri hlutans, liggur ekki ljóst fyrir hvað átt er við. Þar sem hæstv. viðskrh. er hér vildi ég því beina til hennar a.m.k. einni eða tveimur litlu spurningum sem hugsanlega gætu varpað ljósi á efni þessara tillagna ríkisstjórnarinnar eða fulltrúa hennar sem hér hefur verið mælt fyrir.

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég beina því til hæstv. viðskrh. hvort skilningur minn á þessu sé réttur, þ.e. hvort ekki séu talin með móðurfyrirtæki og tengd fyrirtæki þegar metið er hvort tveir aðilar hafi 50 millj. kr. veltu eða ekki þannig að ekki sé mögulegt að brjóta niður einstök fyrirtæki áður en til einhvers samruna kemur í því skyni að koma sér hjá þessari minniháttarreglu sem lýtur að 50 millj. kr. markinu. Það er mjög mikilvægt að þessi skilningur sé staðfestur því ekki er gott að greina hvað átt er við þegar tillaga meiri hlutans er lesin.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskrh. hvort því markmiði sem tekið er fram í lögunum og að er stefnt, þ.e. að banna markaðsráðandi stöðu, sé stefnt í hættu með þessari breytingartillögu því það verður að liggja alveg ljóst fyrir að ef fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu er að kaupa upp fyrirtæki þá verður slíkt ákvæði nánast marklaust ef þar verður miðað við 50 millj. kr. markið. Því vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. viðskrh. hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að þrátt fyrir þetta ákvæði geti yfirvöld beitt ákvæðinu um markaðsráðandi stöðu í ákveðnum tilvikum ef menn eru að styrkja stöðu sína langt umfram það sem eðlilegt má telja.

Ég vil beina þessum tveimur spurningum til hæstv. viðskrh. og bið hana hér að svara því hvort skilningur minn á þessu máli sé ekki réttur. Að öðru leyti þakka ég fyrir samstarfið í efh.- og viðskn. og þakka formanni efh.- og viðskn. fyrir ágætt samstarf. Ég sat þar skamman tíma, m.a. er þetta mál var tekið þar fyrir. En ég ítreka spurningar mínar til hæstv. viðskrh.

[23:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir jákvæða umsögn um frv. og tel að það hljóti að hafa munað ákaflega litlu að hv. þm. hefði getað verið með á nál. meiri hlutans en svo varð ekki og þýðir ekki að fást um það. En snúum okkur að þeim brtt. sem hv. þm. gerði að umtalsefni og bar fram spurningar.

Fyrst í sambandi við veltu móður- og dótturfyrirtækja. Það felst í ákvæðinu að sömu reglur gilda um útreikning á hærri mörkunum og þeim neðri, þ.e. að í báðum tilvikum verður að taka tillit til veltu tengdra fyrirtækja. Ef sama regla ætti ekki við væri auðvelt fyrir aðila að fara í kringum samrunareglurnar.

Síðari spurningin varðaði markaðsráðandi stöðu. Þannig er að samrunar sem uppfylla ekki það skilyrði að tveir aðilar hans hafi ekki hvor um sig 50 millj. kr. veltu falla utan samrunaákvæðisins. Hins vegar er með frv. verið að taka upp evrópskar samkeppnisreglur, m.a. bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Viðurkennt er að markaðsráðandi fyrirtæki getur misnotað stöðu sína með því að taka yfir keppinaut. Því getur vel komið til álita að ef fyrirtæki er markaðsráðandi geti það brotið gegn 11. gr. frv. ef kaup þess á litlum keppinaut þykja raska samkeppni. Því er ekki hægt að segja að markaðsráðandi fyrirtæki hafi frítt spil að þessu leyti.

[23:03]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hennar. Ég gat ekki skilið hana öðruvísi en svo að skilningur minn á þessum ákvæðum sé réttur, þ.e. að ef um þetta 50 millj. kr. viðmið er að ræða er það svo að fyrirtækið sé einnig metið út frá móður- og dótturfyrirtækjum. Ég get ekki skilið hæstv. viðskrh. öðruvísi en svo. Á sama hátt get ég ekki skilið hæstv. viðskrh. öðruvísi en svo að þegar lýstur saman hugsanlega ákvæðum um bann við markaðsráðandi stöðu og ákvæðinu um 50 milljónirnar eða þessa svokallaða minniháttarreglu, þá sé það svo að þar gangi ákvæðið um bann við

markaðsráðandi stöðu framar. Ég skil hæstv. viðskrh. með þessum hætti og þakka henni að öðru leyti fyrir svörin.

[23:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ef það er eitthvað sem einkennir þróun í íslensku efnahagslífi nú um stundir er það samþjöppun og hringamyndun. Þessi hringamyndun á sér stað í bankakerfinu, í fjármálaheiminum. Þar erum við að verða vitni að samruna stofnana. Hún á sér stað á lyfjamarkaði og hún á sér stað á matvörumarkaði. En samkvæmt fréttum er eitt fyrirtæki þar komið með 60–70% af allri matvöruverslun í landinu, eitt einasta fyrirtæki með 60–70% af matvörumarkaðnum. Hvaða áhrif hefur sú hringamyndun, sú einokun sem er að verða, á vöruverð í landinu? Hvaða áhrif hefur hún? (**LB:** Þú getur rétt ímyndað þér.) Við getum rétt ímyndað okkur, segir hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Staðreyndin er sú að vöruverð á matvörumarkaði, matvara, hefur ekki lækkað sem skyldi vegna þessa. Síðan er það að gerast að þessar stóru keðjur kaupa upp alla samkeppni sem ógnar þeim, gleypa alla keppinauta og við þessu og þessari þróun eru menn að bregðast með breytingu á samkeppnislögunum. Í efh.- og viðskn. náðist bærileg sátt framan af en þegar hillti undir lokin á vinnunni fóru að heyrast undarlegustu raddir þar inni. Annars vegar frá samtökum sem þessir stóru verslunaraðilar áttu aðild að og hins vegar frá smávörukaupmönnum sem voru hlynntir því að skorður yrðu settar við hringamyndun. En hinir aðilarnir, fulltrúar stórfyrirtækjanna, höfðu uppi miklar efasemdir um að það væri rétt og börðust af alefli gegn þeirri lagasetningu sem við erum með á borðum okkar nú. Sérstaklega gagnrýndu þeir 10. gr. frv. og fengu því að lokum áorkað að ríkisstjórnin varð við kröfum þeirra að hluta til að draga úr þeim hömlum sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir.

Í 10. gr. frv. segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Telji samkeppnisráð að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur ráðið ógilt samruna sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmæti samruna skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmæti samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindraður."

Síðan heldur áfram án þess að ég ætli að vitna meira í greinina að sinni. En hér er um að ræða heimildarákvæði sem samkeppnisráð getur beitt.

Síðan heldur áfram, með leyfi forseta, ég ætla reyndar að vitna aðeins lengra í greinina:

„Ákveði samkeppnisyfirvöld að taka samruna til athugunar skulu þau tilkynna viðkomandi fyrirtækjum um það innan þrjátíu daga ef þau telja ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Frestur þessi byrjar að líða þegar samkeppnisyfirvöldum berast eftirfarandi gögn frá viðkomandi fyrirtækjum:"

Og síðan er það talið upp.

Samkvæmt brtt. er lagt til eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði 1. mgr. tekur einungis til samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira. Telja skal með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Þá skulu a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu hvert um sig til að 1. mgr. taki til hans."

Síðan er fjallað um tilkynningarskyldu.

Hér er með öðrum orðum verið að þrengja heimildarákvæði Samkeppnisstofnunar. Þetta er gert að kröfu Sjálfstfl. og kröfu samtaka stórfyrirtækja á markaði sem vilja ekki að samkeppnisráð sé með einhverja truflandi hendi á markaðnum, það er orðið við kröfum frá þeim. Mér er fyllilega ljóst að Sjálfstfl. og stórfyrirtækin vildu ganga lengra. Þau vildu hafa þessi mörk allt önnur og gera þetta ákvæði nánast marklaust eða afar haldlítið. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli þó hafa staðið gegn þeim kröfum, ég ítreka það sjónarmið mitt að ég vildi að greinin hefði staðið óbreytt eins og hún var upphaflega í frv.

Þegar á heildina er litið tel ég að þetta frv. sé engu að síður mjög til bóta þótt ég gagnrýni þær breytingar sem verið er að gera á frv.

Aðeins eitt að lokum. Ég legg til að þegar þingið kemur saman í haust að tökum við til skoðunar þau lög, hvort það eru samkeppnislög eða lög sem hafa áhrif á hugsanleg útboð innan velferðarþjónustunnar. Þegar elliheimilið að Sóltúni 2 var boðið út var vísað í samkeppnisreglur á markaði. Ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir því hvaða lög það eru sem þar um ræðir en ég tel að við þurfum að taka það til skoðunar. En á samkeppnismarkaði þar sem við ætlum að beita lögmálum markaðarins, í matvörudreifingunni, í lyfjadreifingunni, í fjármálaheiminum, þurfum við að búa við góða og trausta löggjöf sem tryggir samkeppni.

Ég vil nota tækifærið til þess að lýsa vanþóknun minni á því að frv. sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagði fram á þinginu um dreifða aðild í fjármálastofnunum, fékkst ekki afgreitt út úr efh.- og viðskn. þótt á þinginu hefðu verið höfð uppi stór orð m.a. af hálfu hæstv. forsrh. um að það frv. ætti að taka til alvarlegrar skoðunar. Það var ekki mikil innstæða á bak við þá yfirlýsingu þegar á hólminn kom. Ég gagnrýni að meiri hluti efh.- og viðskn. skuli hafa komið í veg fyrir að þingið fengi að segja álit sitt á því máli. Ég gagnrýni það harðlega.

[23:14]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg hárrétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að það sem hefur einkennt atvinnulífið og fjármálamarkaðinn á undanförnum mánuðum, missirum og árum, er hringamyndun og valdasamþjöppun og raunar óeðlileg hagsmunatengsl sem hafa takmarkað samkeppni og raunar á ýmsum sviðum og atvinnugreinum leitt til fákeppni sem er auðvitað andstæð hagsmunum neytenda. Það sem hefur verið reynt að vinna að á vegum okkar í Samfylkingunni, eins og við höfum getað, er að koma fram á Alþingi með frv. sem tryggja eðlilegar leikreglur og styrkja frjálsa samkeppni en þær séu þá með þeim hætti að hægt sé að vinna og stuðla að heilbrigðri samkeppni í atvinnulífinu. Það virðist svo sannarlega ekki veita af vegna þess að í stórum atvinnugreinum er orðin mikil valdasamþjöppun og *það er alveg ljóst að Samkeppnisstofnun hefur ekki haft þau úrræði og tæki sem nauðsynleg voru til þess að taka á þeim málum.* Ég hef orðað það svo að það frv. sem við fjöllum um, samkeppnislögin, sé eitt af stærstu málefnum þessa þings sem snertir atvinnuvinnumarkaðinn og fjármálamarkaðinn. Hæstv. ráðherra á heiður skilið fyrir að hafa komið fram

með þessa löggjöf sem er mjög áþekk því frv. sem þingmenn Samfylkingarinnar lögðu fram í upphafi þings.

Því er það vissulega miður sem gerst hefur við meðferð málsins í efh.- og viðskn., að samrunaákvæði sem fram koma í 10. gr. frv. eru verulega veik. Ég verð að segja að miðað við þær umsagnir sem fram komu og mjög harða andstöðu Samtaka atvinnulífsins, batt ég satt að segja ekki miklar vonir við að þetta frv. mundi koma aftur til 2. umr., enda var ágreiningur mikill um þetta milli stjórnarflokkanna. Því fagna ég að þetta frv. er komið hérna aftur til 2. umr. en tel að þau þrengingarákvæði sem meiri hlutinn beitir sér fyrir varðandi samrunaákvæðin séu með öllu ástæðulaus og þau veikja mjög það svigrúm sem Samkeppnisstofnun hefur til þess að taka á þessu máli.

Ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar hvort það hafi nokkuð verið kannað hjá Samkeppnisstofnun hvaða mat Samkeppnisstofnun sjálf leggur á þær breytingar sem hér eru lagðar til. Samkvæmt tillögum meiri hlutans er lagt til að utan ákvæðisins falli samruni þar sem viðkomandi fyrirtæki hafi sameiginlega minna en 1 milljarð kr. í veltu og samruni sem uppfyllir ekki það skilyrði að tveir aðilar hans hafi hvor um sig 50 millj. kr. í veltu. Það er afar slæmt finnst mér að þessar brtt. skuli koma fram. Það er auðvitað rétt og satt sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að Samtök atvinnulífsins vildu ganga lengra í því að skerða svigrúm Samkeppnisstofnunar í þessu efni. Þau vildu í stað 1 milljarðs veltu að miðað væri við 3 milljarða veltu og í staðinn fyrir 50 millj. kr. veltu, þ.e. þegar það skilyrði er fyrir hendi að tveir aðilar hafi hvor um sig 50 millj., vildu þeir hafa 200 millj. kr. veltu. Það hefði auðvitað verið alveg afleitt og skemmt alveg eða raunverulega tekið bitið úr þessu frv. ef það hefði náð fram að ganga. Út af fyrir sig er því þetta skárra en það sem Samtök atvinnulífsins voru að reyna að koma fram og raunverulega þeir aðilar, sem hafa stuðlað að þessari fákeppni á markaðnum, eru að beita sér fyrir.

Eins og fram kemur í áliti minni hlutans vakna líka spurningar um áhrif breytinganna sem meiri hlutinn leggur til á 10. gr., þ.e. samrunagreininni, á 4. gr. frv. um bann við misnotkun á markaðsráðandi stöðu og hvort með tillögum meiri hlutans sé verið að koma því til leiðar að slík uppkaup á samkeppni séu undanþegin ákvæðum samkeppnislaga ef velta fyrirtækisins nær ekki 50 millj. Þess vegna vara ég a.m.k. mjög við því að settar skuli þessar skorður og takmarkanir og ég tel að það hafi einnig komið fram í máli framsögumanns minni hluta, Lúðvíks Bergvinssonar. Þess vegna er afar mikilvæg sú yfirlýsing sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að því er varðar skilning á því hvernig eigi að beita þessu ákvæði.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson bendir einmitt á í nefndaráliti sínu að það geti haft afar óheppileg áhrif á þróun samkeppni á ýmsum nýjum mörkuðum, t.d. á sviði upplýsingatækni, ef samruni stærri fyrirtækja við fyrirtæki sem enn hefur ekki náð 50 millj. kr. veltu fellur utan ákvæðisins. Ég hygg að það eigi eftir að reyna á þetta á ýmsum sviðum og afar óheppilegt að verið sé að þrengja svigrúm Samkeppnisstofnunar á þennan hátt.

Ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar hvort þessi breyting hafi verið borin undir Samkeppnisstofnun og hvert mat Samkeppnisstofnunar sé þá á þessari breytingu og þrengingu sem hér er verið að leggja til á samrunaákvæðinu og hvaða áhrif megi ætla að sú breyting sem meiri hlutinn er að leggja til á þessum ákvæðum hafi.

Að öðru leyti er alveg ljóst að frv. sem hér verður væntanlega samþykkt, jafnvel þó að það sé með þeim skorðum sem verið er að setja, mun breyta mjög þeirri stöðu sem Samkeppnisstofnun hefur verið í og gefa Samkeppnisstofnun mun beittari tæki til þess að vinna með til þess að hindra fákeppni og einokun á markaðnum.

Í lokin vil ég nota tækifærið til þess að brýna hæstv. ráðherra til þess að nýta sumarið vel til þess að vinna að þeirri skýrslu sem við í Samfylkingunni höfum lagt fram um stjórnar- og eignatengsl. Ég þykist vita það mikið um þetta mál að hæstv. ráðherra skorti ekki vilja til að reyna að vinna sem hraðast að því. Ég hygg að erfiðleikana í samkeppnismálunum, þ.e. að það þarf að herða löggjöf og skoða hvað sé að gerast varðandi stjórnar- og eignatengsl í atvinnulífinu, sé miklu fremur að finna og að hindrunin komi miklu fremur frá Sjálfstfl. en að hæstv. ráðherra vanti vilja til þess að vinna að þessu verkefni. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til þess að haldið verði þannig á málum í ráðuneyti hennar og hjá Samkeppnisstofnun að því er þennan þátt mála varðar nú í sumar að við getum haft skýrsluna tilbúna þegar þing kemur saman á hausti komanda.

[23:23]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Vegna beinnar spurningar hv. þm. þá hef ég gengið út frá því að fulltrúi viðskrn. sem jafnframt situr í samkeppnisráði hafi haft ágætis ráðgjafa í embættismannaliði Samkeppnisstofnunar í samstarfi sínu við nefndina varðandi framgang málsins. Ég geng út frá því að það samráð hafi verið haft en það lá ekki fyrir neitt formlegt mat hjá Samkeppnisstofnun á þessu ákvæði eða þessari brtt. sem slíkri. Við verðum að átta okkur á því að þegar heildarvelta á markaði þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga er samtals um milljarður þá erum við að tala um starfsemi þar sem starfsfólk er kannski á bilinu 20–50 manns. Það þarf a.m.k. mjög lág laun ef fleiri starfsmenn liggja þar að baki. Ég hygg að hv. þm. hljóti að vera mér sammála um að Samkeppnisstofnun eigi að sjálfsögðu að einbeita sér að stærri fyrirtækjum þar sem um er að ræða samruna tiltölulega stórra aðila, sem hafa raunveruleg og mikil áhrif á markaði, og að kannski sé ástæðulaust að vera að eyða kröftum í að eltast við aðila þar sem tiltölulega lítil velta er og tiltölulega mjög auðvelt og hægt um vik að komast inn á markaðinn. Ég held að það mundi gefa mjög misvísandi skilaboð um hlutverk Samkeppnisstofnunar ef hún ætti að vera að eltast mikið við smáfyrirtæki sem eiga í hlut, eins og þetta ákvæði er sett upp.

Þetta ákvæði eða brtt. á sér fyrirmynd í samkeppnisréttinum eins og hann er almennt í kringum okkur og ég held að ef það hefði verið í frv. upphaflega eins og það kom fram hefði hv. þm. ekki staðið upp til þess að gera við það athugasemdir.

[23:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka formanni efh.- og viðskn. fyrir svörin. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að við náum ekkert lengra í þessu máli en hér er komið. Stjórnarflokkarnir hafa náð þeirri lendingu sem við erum að fjalla um. Engu að síður finnst mér sem fulltrúi í efh.- og viðskn. — ég var að vísu fjarstödd þegar verið var að afgreiða þetta mál — að það hefði verið afar mikilvægt ef fulltrúar Samkeppnisstofnunar hefðu komið á fundinn og sagt álit sitt á þeirri brtt. sem

ég tel afar stóra sem hér er verið að gera til þrengingar á samrunaákvæðinu. En það var ekki gert og ég tel það enga tryggingu fyrir því að Samkeppnisstofnun hafi skoðað þetta mál eða áhrif þess þó að fulltrúi viðskrn. eigi sæti í stjórn samkeppnisráðs.

Mín spá er sú að koma muni til þess að á þessi ákvæði reyni og það hefði gert Samkeppnisstofnun miklu auðveldara fyrir að vinna að því að koma í veg fyrir fákeppni en verið hefur ef ekki hefðu verið settar þær skorður sem hér er verið að gera með þeim brtt. sem meiri hlutinn beitir sér fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsréttindi tannsmiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188. [23:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er komið til 3. umr. frv. til laga um starfsréttindi tannsmiða.

Eins og fram kom við 2. umr. var málið til umfjöllunar hjá tveimur nefndum þingsins. Það var á forræði iðnn. en var sent til umsagnar í hv. heilbr.- og trn.

Ég á sæti í báðum þessum þingnefndum og kom því að vinnslu málsins á báðum stöðum. Eins og menn hafa tekið eftir hafa verið gerðar allnokkrar breytingar á frv. eftir 2. umr. og eru þær allar til bóta. Þó tel ég ekki nógu langt gengið og flyt því tvær brtt., aðra ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, en hina tillöguna flyt ég ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og hv. þm. Þuríði Backman.

Það sem ég hef verulegar áhyggjur af er hve mér virðist vera slakað á heilbrigðisþjónustunni ef þetta frv. verður samþykkt án þeirra breytinga sem hér liggja fyrir við 3. umr.

Ég hef líka áhyggjur af því að með þessu máli sé verið að etja saman stéttum sem hafa unnið vel saman, þ.e. læknum, heilbrigðisstarfsmönnum, og iðnaðarmönnum, smiðum, þ.e. tannlæknum og tannsmiðum. Samstarf þessara stétta hefur verið með ágætum. Tannsmiðir hafa unnið að smíðum, tekið við verkefnum frá tannlæknum og síðan hafa tannlæknar innheimt fyrir tannsmíðina og yfirleitt fengið greitt fyrir það. Auðvitað hefur komið fyrir einnig að þeir hafi ekki fengið greitt og þá kannski staðið uppi með skaðann. En alltaf hefur tannsmiðurinn fengið sitt. Milli þessara stétta hefur því verið mjög gott samstarf. En ég óttast að með þessu máli sé verið að etja mönnum saman.

Einnig hef ég heyrt að þetta hafi hleypt ákveðinni kergju í samstarfið og hugleiðingar séu um að farið verði í að senda tannsmíðar úr landi. Ég tel mjög slæmt ef það verður afleiðingin af frv. að hér fari verk úr landi í stað þess að vera unnin af okkar ágætu fagmönnum sem kunna til þeirra verka.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan var farið mjög ítarlega í þetta mál og við fengum marga til liðs við okkur og fengum álit frá mjög mörgum í báðum nefndunum, þó ekki sömu umsagnaraðila í báðum nefndum. Í iðnn. fengum við á fund okkar Jón Ögmund Þormóðsson frá iðnrn., Írisi Bryndísi Guðnadóttur og Bryndísi Kristjánsdóttur, meistara í tannsmíðum, Bjarna R. Jónsson frá Tannsmiðafélagi Íslands, Bolla Valgarðsson, Þóri Schiöth og Guðjón Kristjánsson frá Tannlæknafélaginu, Sigurð Guðmundsson landlækni og Hólmfríði Guðmundsdóttur frá landlæknisembættinu, Reyni Jónsson tryggingayfirtannlækni frá Tryggingastofnun ríkisins og Peter Holbrook, Einar Ragnarsson og Elínu Sigurgeirsdóttur, frá tannlæknadeild Háskóla Íslands.

Við fengum allmargar umsagnir sem ég ætla ekki að tiltaka hér en frá fagaðilum og einnig Háskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins, Samkeppnisstofnun, Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi tannlækna o.s.frv.

Sömuleiðis var það svo að hjá heilbr.- og trn. komu til fundar við nefndina aðallega fagfólk í heilbrigðisþjónustu þar sem heilbrigðisþátturinn var til umfjöllunar í nefndinni en auk þess komu þau Bjarni Róbert Jónsson og Bryndís Kristjánsdóttir frá Tannsmiðafélagi Íslands til fundar við nefndina. Bolli Valgarðsson og Kristín Heimisdóttir komu frá Tannlæknafélaginu, Hrafn V. Tulinius frá Krabbameinsfélagi Íslands, Matthías Halldórsson og Hólmfríður Guðmundsdóttir frá landlæknisembættinu og einnig kom Reynir Jónsson tryggingayfirtannlæknirlæknir til fundar við heilbr.- og trn.

Til að gera langa sögu stutta komst heilbr.- og trn. að sameiginlegri niðurstöðu í málinu þar sem hún lagði til fjórar meginbreytingar á frv. og sendi til iðnn. Iðnn. tók tillit til nokkurra atriða sem heilbr.- og trn. benti á en því miður ekki allra. Vegna þessa skrifaði ég undir nál. með fyrirvara þar sem ég vísaði til þess að ég mundi gera brtt. sem kæmu til móts við niðurstöður heilbr.- og trn. í málinu. Þessar brtt. lagði ég fram við 2. umr. málsins og síðari tillöguna nú við 3. umr. Þegar málið kom til 2. umr. þá dró ég fyrri brtt. okkar hv. þm. Þuríðar Backman og Bryndísar Hlöðversdóttur til 3. umr.

Í máli eins og þessu verður að hafa hag sjúklinga að leiðarljósi. Þetta mál snýst um þjónustu við þá. Það er skylda okkar þingmanna að hafa almannahagsmuni í fyrirrúmi en ekki endilega hagsmuni ákveðinna stétta, sérstaklega þegar heilbrigðisþjónusta er annars vegar. Hér er verið að setja lög að því er mér virðist fyrir nokkra einstaklinga og ef frv. verður afgreitt óbreytt eins og það lítur út við 3. umr. tel ég að verið sé að horfa fram hjá almannahag og fagmennsku í heilbrigðisþjónustu. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að þær brtt. sem við flytjum á þskj. 1074 og þskj. 1187 verði samþykktar til þess að unnt verði að styðja málið. Ef ekki munum við hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir ekki styðja það.

Herra forseti. Ég ætla að mæla fyrir þessum brtt. áður en ég held áfram máli mínu.

Fyrri brtt. á þskj. 1074, frá þeirri sem hér stendur og hv. þm. Þuríði Backman og Bryndísi Hlöðversdóttur, hljóðar svo:

„Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt heilbrigðisvottorði tannlæknis, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.“

Þetta er 1. mgr. 1. gr. í frv. og eina breytingin sem við leggjum til er að heilbrigðisvottorð verði hjá tannlækni um heilbrigði munnhols áður en tannsmiður hefst handa við verkið.

Í umfjöllun heilbr.- og trn. kom mjög skýrt fram að þeir sem komu á fund nefndarinnar og voru læknismenntaðir voru sammála um að iðnaðarmenn eins og tannsmiðir, þó með meistararéttindi séu, hafi ekki kunnáttu eða þekkingu til að meta sjálfir hvort munnhol sé heilbrigt eða ekki og

nefndin var sammála um að fara fram á heilbrigðisvottorð frá tannlækni.

Iðnn. kom til móts við vilja nefndarinnar en var ekki tilbúin að kveða svo fast að orði að vottorðið ætti að vera frá tannlækni heldur að vottorð frá lækni yrði að liggja fyrir.

Nú hefur það komið fram, og kom fram í 2. umr. um málið, að læknar hafa ekki tæki til að kanna hvort um heilbrigði í munnholi er að ræða þegar sjúklingur er ekki með neina tönn lengur í munninum og jafnvel líka þó það sé ákveðin tannvöntun, það þarf að skoða þetta mjög gaumgæfilega og jafnvel að taka myndir og ég vil vitna í umsögn tannlæknadeildar Háskóla Íslands um þetta mál. En hjá kennurum þar hefur komið fram að tannsmiðir á Íslandi hafi að baki iðnmenntun sem felur ekki í sér menntun til að geta meðhöndlað sjúklinga en tannlaust fólk má flokka sem sjúklinga þar sem tannleysi þeirra er sjúklegt ástand sem veita þarf sérstaka meðferð. Tannsmiðir hafa því hvorki menntun, þekkingu né þjálfun til að meta eða greina sjúklegar breytingar, meðfædda galla í munni eða kjálka sjúklings og eru því vanhæfir til að vísa þeim hluta sjúklinga sinna, þ.e. viðskiptavina, til tannlæknis eða læknis, þó brýna þörf beri til.

Við erum með tannlæknanám á heimsmælikvarða og þar er mjög mikil áhersla lögð á að tekin sé röntgenmynd af neðra andliti sjúklings þegar smíða á í hann tennur. Tannsmiðir hafa hvorki reynslu né þekkingu í að greina slíkar myndir og gætu því ekki borið kennsl á það er kann að vera óeðlilegt og þar má t.d. nefna hvers konar æxlismyndun og sjúkdóma í kálkaliðum.

Það kom einnig fram í heilbr.- og trn. að það væru ýmsir kvillar sem gætu hrjáð sem sjást ekki, það gætu verið tannbrot ofan í gómnum sem væri aðeins á færi tannlækna að meta. Mig langar aðeins vegna þessa atriðis að koma inn á umsögn landlæknis sem barst nefndasviði þegar við vorum að fjalla um frv. Í umsögn landlæknis koma fram eftirfarandi athugasemdir sem ég ætla að lesa hér:

„Tannsmíði er fyrst og fremst iðn sem byggir á góðu handverki og þjálfun og því álitamál hvort tannsmiðir eigi að tilheyra heilbrigðisstéttum. Hins vegar gera frumvarpsdrögin ráð fyrir að veita tannsmiðameisturum sambærileg réttindi á við tannlækna á ákveðnum verksviðum án þess að gera til þeirra sambærilegar kröfur eða leggja á þá sambærilegar skyldur. Tannmissir og tannleysi er sjúklegt en ekki eðlilegt ástand. Hægt er að brúa bilin með föstum brúm eða lausum tannpörtum en þegar allar tennur vantar koma gervitennur í stað líkamstanna. Eftirlit tannlæknis er ekki síður mikilvægt tannlausum en tenntum einstaklingum þar sem stoðvefir, svo sem kjálkabein, tyggingavöðvar og slímhúðir taka breytingum með tímanum, þó gervitennurnar sem slíkar haldi upprunalegri lögum tiltölulega vel. Á það skal sérstaklega bent að slímhúðarvandamál ýmiss konar, bólgur, sár og sýkingar í munnholi (þar á meðal undan gervitönnum) eru tiltölulega algeng vandamál hjá öldruðum einstaklingum auk þess sem munnþurrkur gerir vandamálin viðvarandi og erfiðari við að eiga. Einnig er vakin athygli á því að þrátt fyrir lága tíðni krabbameins í munnholi er nýgengi þess hér á landi 5,3/100.000 íbúa hjá körlum og 3,2/100.000 hjá konum. Landlæknir leggur því til að tannsmiðir starfi eftir tilvísan og forskrift tannlækna, hér eftir sem hingað til, með áherslu á að umönnun sjúklinga verði í höndum fólks með menntun tengda heilbrigðisþjónustunni og að slík nálgun verði skilyrðislaust höfð í fyrirrúmi við umfjöllun og afgreiðslu þessa lagafrumvarps.“

Herra forseti. Nú er það svo að við göngum ekki eins langt og lagt er til í umsögn landlæknis í brtt. okkar.

Vil ég nú, herra forseti, mæla fyrir síðari brtt. minni og hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem er á þskj. 1187. Til að koma til móts við umsagnir fagaðila og til þess að tryggja hag sjúklinga sem þurfa á þessari þjónustu að halda leggjum við til að inn í frv. komi ákv. til brb. sem hljóði svo:

„Iðnaðarráðherra skal í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipa nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða og kveða nánar á um menntun sjálfstætt starfandi tannsmiða með meistararéttindi og hvort skilgreina skuli þá sem heilbrigðisstétt sem lúti eftirliti landlæknis. Við störf sín skal nefndin hafa samráð við tannlæknadeild Háskóla Íslands og skal einn nefndarmanna tilnefndur af stjórn hennar. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín og hugsanlegum tillögum um breytingar á núverandi fyrirkomulagi fyrir 1. janúar 2001.“

Eins og menn heyra eru þetta mjög hóflegar kröfur miðað við umsagnirnar, það verður að segjast eins og er. Engu að síður berum við þarna hag sjúklinganna fyrir brjósti og teljum nauðsynlegt að þetta verði skoðað. Við hefðum auðvitað getað lagt til að í lögunum kæmi fram að tannsmiðir með meistararéttindi yrðu heilbrigðisstétt. Það hefði verið mjög eðlilegt að koma með þá brtt. hér inn. En við erum að fara fram á að þetta verði skoðað.

Í frv. er talað um menntun tannsmiða í Danmörku og mikið miðað við þá menntun. Þar er talað um klíniska tannsmiði. Það hefur komið í ljós að allmikið vantar upp á, að mati fagaðila, að gerð sé sama krafa til íslenskra tannsmiða. Við teljum mjög nauðsynlegt að það verði skoðað því að auðvitað viljum við ekki slaka á heilbrigðisþjónustunni. Það þarf að passa upp á það. Þess vegna leggjum við til að þessi nefnd verði sett á laggirnar.

Einnig er mjög mikilvægt að einstaklingar sem sinna klínískri tannsmíði séu heilbrigðisstétt. Ég ætla að nefna eina meginröksemdina fyrir því að þeir teljist heilbrigðisstétt. Hún kom reyndar fram í máli mínu í morgun þegar við ræddum frv. til laga um sjúklingatryggingu. Það var einmitt til umræðu fyrir um það bil hálfum sólarhring á þessum fundi. Þar ræddum við um nýja löggjöf um sjúklingatryggingu.

Nú er það svo að þeir sem verða fyrir skakkaföllum eða mistökum vegna starfa heilbrigðisstétta eiga rétt á bótum vegna þeirra skakkafalla. Meðan tannsmiðir og tannsmíðameistarar eru iðnaðarmenn eiga þeir sem fara til þessara iðnaðarmanna og fá þar smíðaðar tennur, þar sem þeir vinna á eigin ábyrgð, ekki rétt á þessum bótum. Þeir eiga ekki bótarétt sem þeir ættu ef þeir færu til tannlæknis og lentu í einhverju tjóni, líkamstjóni eða öðru tjóni vegna starfa viðkomandi heilbrigðisstarfsmanna. Ég vitnaði í umsögn frá lektor hjá tannlæknadeild Háskóla Íslands sem benti á að ýmiss skaði gæti hlotist af smíði gervitanna, af leikmanni, og þann skaða var ekki hægt að meta til fjár. Mig langar til að fara aðeins yfir þau atriði.

Til þess er tekið að mjög mikilvægt er að greina illkynja æxlisvöxt eins fljótt og auðið er ef hann er í munnholi. Sé svo gert er hægt að fyrirbyggja varanleg örkuml og jafnvel ótímabæran dauða. Gervitennur sem ekki falla rétt að gómum og eru því lausar eða særa góma og tannhold geta valdið miklum varanlegan skaða. Það hefur löngum sannast að þær valda beineyðingu kjálkabeins og að sjúklingur endi með að geta ekki notað gervitennur. Þarf ekki að tíunda frekar

bæði meltingarvandræði og félagsleg vandamál viðkomandi sjúklings svo ekki sé minnst á útlit og sjálfsímynd þeirra.

Langvarandi erting á slímhúð undan slíkum gervitönnum getur með tímanum orðið að ýmsum kvillum, þar á meðal kveikja að vefjabreytingum sem síðar gætu orðið krabbamein í munni. Mælt er með að sjúklingur með gervitennur komi reglulega til tannlæknis síns til að láta ganga úr skugga um að vefir í munnholi, kjálkaliðir, tyggingarvöðvar jafnt sem útlit og þægindi sjúklings sé í lagi.

Bithæð er mikilvægur þáttur í smíði gervitanna. Sé bithæð ekki rétt hefur það skaðleg áhrif á kjálkaliði sem lýsir sér með verkjum í höfði sem stafa af röngu átaki byggingarvöðva. Höfuðverkir af þessu tagi eru oft torgreindir og eru dæmi til að sjúklingur gangi milli fjölda sérfræðinga í röðum lækna, sjúkraþjálfara og sálfræðinga áður en uppruni kvillans er fundinn. Mikilvægt er því að ákvörðun bits og bithæðar sé í höndum aðila með þekkingu fremur en í höndum leikmanns.

Sjúklingur sem færi til tannsmiðs í stað tannlæknis færi á mis við sértæka þjónustu eins og innplöntun, en innplönt eru akkeri eða skrúfur úr góðmálmi sem græddur er inn í bein og myndar festingu fyrir stakar tennur eða jafnvel heilgóma sem svo sannarlega geta aukið gæði lífs og hreinlega gerbreytt lífi margra sjúklinga sem misst hafa tennur.

Ég nefndi að með tilliti til sjúklingsins og réttinda hans væri mikilvægt að þeir sem fást við smíði á heilgómum séu heilbrigðisstarfsmenn. Þar er ég á öndverðum meiði við umsögn landlæknis sem telur að tannsmiðir eigi að vera iðnaðarmenn. Ég get fyllilega skilið að almennir tannsmiðir vilji vera iðnaðarmenn því að þetta er auðvitað smíði, þetta er iðn sem þeir eru að fást við. En þeir tannsmiðir sem vilja fást við klíníska tannsmíði, taka mót í munni og smíða heilgóma, verða að teljast til heilbrigðisstétta ef réttindi sjúklingsins eiga að vera í fyrirrúmi. Viðskiptavinir þeirra eiga að hafa sama rétt til bóta vegna sjúklingatrygginga sem verða líklega að lögum í fyrramálið. Mér finnast það stærstu rökin fyrir því að samþykkja ákvæðið um nefndina sem skoði þetta mál til að huga betur að réttindum sjúklinga.

Herra forseti. Ég held að þau atriði sem varða brtt. okkar hafi komið fram en vegna þess sem kveðið er á um varðandi menntun tannsmiða, þá höfum við fengið samanburð á tannsmíðanámi hér og í Danmörku. Ljóst er að þar standa Danir okkur fremur. Þeir eru með meiri menntun. Þrátt fyrir að íslenska tannsmíðanámið sé gott í samanburði við erlent nám hefur það einungis tæknifræðilega grunnvinnu að leiðarljósi. Þetta er auðvitað iðn. Nemar vinna ekki með sjúklinga og læra ekki að umgangast þá né skoða munnhol. Kennsla í sóttvörnum beinist að mátun en ekki að áhöldum og tækjum sem notuð eru við vinnu í munnholi. Nemar læra grunnuppbyggingu líffæra munnhols en ekki almenna meinafræði né sjúkdómagreiningu í munnholi. Nemar læra ekki röntgenfræði eða að greina röntgenmyndir. En eins og kom fram í máli mínu áðan, herra forseti, telja fagaðilar nauðsynlegt að fram fari röntgenmyndataka áður en farið er í smíði heilgóma. Þess vegna er mjög mikilvægt að farið verði í að skoða þetta nám. Við megum ekki slaka á heilbrigðisþjónustunni. Við verðum að passa upp á að við erum með mjög góða heilbrigðisþjónustu, við erum með mjög góða tannlæknaþjónustu og megum ekki slaka á kröfunum hvað þetta varðar.

Tannsmíðanámið hér á Íslandi samanstendur af bóklegum og verklegum tímum í þrjá vetur og síðan þurfa nemar að vinna undir handleiðslu meistara í einn vetur þar til þeir taka sveinspróf. Til þess að öðlast meistararéttindi þurfa þeir að bæta við sig enn einum vetri og taka almennt meistaraprófen nám til meistaraprófs felur ekki í sér frekari menntun á sviði heilgómagerðar heldur einungis menntun á sviði rekstrar.

Í Danmörku er þessu aftur á móti öðruvísi farið. Tannsmíðanámið tekur þar tvö ár og svo eitt ár undir handleiðslu meistara. Það er því einu ári skemur en hið íslenska. Að öðru leyti er það byggt upp svipað og það íslenska en það nám færir tannsmiðnum ekki réttinn til að vinna með sjúklinga.

Í Danmörku er boðið upp á tveggja ára framhaldsnám í klínískri heilgómagerð sem færir nemendum réttindi til að vinna í munnholi og með sjúklinga. Þessir nemar þurfa einnig að vinna í eitt ár undir handleiðslu tannlæknis eða klínísks tannsmiðs sem hefur þessi réttindi fyrir. Þetta er því þriggja ára framhaldsnám þar sem menn öðlast réttindi innan nýrrar heilbrigðisstéttar undir danska heilbrigðisráðuneytinu. Klínískir tannsmiðir í Danmörku eru heilbrigðisstétt.

Af því að ég var að tala um sjúklingatrygginguna sem er að verða að lögum og við vorum að ræða í morgun þá er ljóst að Danir eru með sambærilega löggjöf. Þeir sem verða fyrir skakkaföllum vegna vinnu klínískra tannsmiða í Danmörku eru tryggðir samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu í Danmörku. Auðvitað þyrfti það að vera sambærilegt hér. Annars eru viðskiptavinir tannsmiðanna algerlega ótryggðir gagnvart öllum skakkaföllum, öllum læknamistökum, öllum mistökum í vinnunni, vegna þess að þarna eru iðnaðarmenn á ferðinni en ekki heilbrigðisstarfsmenn.

Ef við berum saman nám íslenskra tannsmiða og danskra er það svo að ef tannsmíðafrv. sem við erum að ræða hér verður samþykkt þá fá íslenskir tannsmiðir réttindi til að vinna með sjúklinga eftir fjögurra ára nám auk fjögurra vikna námskeiðs. Þetta gildir um tannsmiði sem útskrifuðst eftir 1991. Fyrir þann tíma var einungis um að ræða 3–4 vikna bóklegt námskeið. Íslenskir tannsmiðir hafa enga grunnmenntun á heilbrigðissviði fyrir utan fyrrnefnt fjögurra vikna námskeið.

Danskir tannsmiðir fá aftur á móti sömu réttindi eftir fimm ára nám. Danskir tannsmiðir hafa lært að vinna með sjúklingum og hafa að baki tveggja ára grunnnám á heilbrigðissviði. Danskir tannsmiðir munu því hafa mun betra nám að baki til að vinna með sjúklinga.

Þetta eru atriði sem nefndin sem við leggjum til að sett verði á laggirnar þarf að skoða og samræma. Við erum að vísa til dönsku laganna og dönsku menntunarinnar í þessu frv. og til þess verður að vísa í öllum þáttum, ekki bara í sumum. Ég hefði gjarnan viljað heyra, þar sem hæstv. ráðherra er viðstaddur umræðuna og óskaði sérstaklega eftir því sjálf að fá að vera viðstödd þessa umræðu, hvort hún telji það ekki sanngjarnt, með tilliti til réttinda sjúklinga og faglegrar vinnu í heilbrigðisþjónustunni, að menn tryggi sambærilega þjónustu og farið verði í að setja þá nefnd á laggirnar sem við þingmenn Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. leggjum til í brtt. og að þeir tannsmiðir, sem hafa meistararéttindi og starfa munu sjálfstætt þegar þetta frv. verður að lögum, verði þá heilbrigðisstétt þannig að sjúklingar þeirra hafi sambærileg réttindi gagnvart sjúklingatryggingu og aðrir sjúklingar.

Ég vildi gjarnan, herra forseti, áður en þessari umræðu lýkur, fá þessi svör frá hæstv. ráðherra. Ég vil ítreka að við verðum að hafa hag sjúklinga að leiðarljósi, þeirra sem þurfa á þessari þjónustu að halda. Við megum ekki slaka á heilbrigðisþjónustunni og verðum að hafa almannahag að leiðarljósi.

[00:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka afar greinargóða ræðu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Hv. þm. kom hér inn á alla þætti þessa máls og það var mér afskaplega fróðlegt og nauðsynlegt að fá að hlusta á þessa ræðu þar sem ég hafði ekki tækifæri til að fylgjast með störfum nefndarinnar og satt að segja ekki nægilega vel með þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um málið. En mig langar til að spyrja, vegna þess að hér virðist vera á ferðinni mál sem ekki er kannski unnið nægilega djúpt ofan í kjölinn, hvort brtt. hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og Bryndísar Hlöðversdóttur um nefndastofnunina geti farið saman að mati hv. þingmanna við samþykkt frv. Eða eins og mér virðist þetta þyrfti að vera, hvort ekki hefði verið eðlilegri framgangsmáti að nefndin yrði stofnuð, henni gert að starfa til næstu áramóta og þá væri tími til þess að skoða málið í heild sinni og setja lög út frá þeim niðurstöðum sem nefndin fengi. Get ég fengið viðbrögð hv. þm. við þessu.

[00:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega hefði það verið eðlilegur framgangsmáti að þetta frv. tæki ekki gildi fyrr en nefndin hefði lokið störfum. Vissulega hefðu það verið fagleg vinnubrögð. En því miður er það ekki vilji meiri hlutans eða stjórnarliðsins sem stendur að frv. og þess vegna förum við þessa leið, (**Gripið fram í:** Það standa allir flokkar að þessu.) vegna þess að við hv. þm. Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. teljum að það þurfi að gera þessa bragarbót á málinu. Öll heilbr.- og trn. var sammála þessari niðurstöðu. Öll heilbr.- og trn. var sammála um að klínískir tannsmiðir, þ.e. tannsmiðir með meistararéttindi sem færu í þessa vinnu, ættu að vera heilbrigðisstétt. Þá væru þeir líka tryggðir samkvæmt þessum lögum sem ég hef verið að vitna í. Aftur á móti var iðnn. ekki sammála því og vildi ekki ganga svo langt og þess vegna erum við að fara þessa leið til að reyna að ná einhverri sátt í málinu.

En mín skoðun er vissulega sú að þessi stétt verði að vera heilbrigðisstétt, ef við horfum á hag sjúklinganna þá verði það að vera svoleiðis.

Þetta er eins konar málamiðlunarleið þar sem greinilegt var að ekki var vilji fyrir því að geyma málið, láta það ekki taka gildi fyrr en um áramót. Aftur á móti teljum við að auðvelt verði að koma með frv. til að breyta þessum lögum þegar þar að kemur ef þessi nefnd yrði sett á laggirnar.

Sama þarf auðvitað að gera í sambandi við menntunina eins og kom í ljós þegar ég fór yfir og bar saman við menntunina í Danmörku, sem frv. vísar til í gegnum allt nefndarálitið og gegnum allar skýringar með því.

[00:04]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við ræðum starfsréttindi tannsmiða sem er gamalkunnugt mál hér í þinginu og hefur verið lagt fyrir þingið nokkrum sinnum og ævinlega sofnað í nefnd. Nú gerist það allt í einu að þetta mál kemst í gegnum nefndina og inn í þingið að nýju og er nú komið til 3. umr. sem er algjör nýlunda. Menn velta því fyrir sér hvað hafi breyst, hvers vegna allt í einu sé orðin staða til þess að taka þetta mál í gegnum nefndina og jafnvel keyra það í gegn í 3. umr. og gera það að lögum.

Fram hefur komið að mjög mikil andstaða er við málið hjá tannlæknum og heilbrigðisstéttum yfirleitt. Maður heyrir ekki einu sinni að tannsmiðir séu sjálfir sammála um að þetta sé heillaspor eða tryggi réttindi þeirra að neinu leyti. Menn undrast því verulega hvers vegna slík ofurálhersla er lögð á að það nái fram að ganga. Ég hef reyndar ekki gert neina sérstaka könnun á því sjálfur hve margir tannsmiðir hafa áhuga á þessu. En mér er sagt að frammi hafi legið listi sem að sjálfsögðu bendir til þess að einhverjir vilji að þetta frv. verði að lögum. Maður hefur samt sem áður heyrt það frá þeirra eigin mönnum og kemur það fram í umsögnum m.a. frá Tannsmíðaskólanum, að þeir sem beðnir voru um að veita umsagnir t.d. frá skólanum eru alls ekki sammála. Í umsögn Tannsmíðaskólans segir, með leyfi forseta:

„Stjórn námsbrautar um menntun tannsmiða á vegum menntamálaráðuneytisins (Tannsmíðaskóla Íslands) hélt fund um frumvarp til laga um starfsréttindi tannsmiða, 210 mál.

Stjórnina skipa:

Einar Ragnarsson dósent, Sigfús Þór Elíasson prófessor, Íris Bryndís Guðnadóttir tannsmíðameistari, Pétur M. Pétursson tannsmíðameistari, Sigurgeir Steingrímsson tannlæknir og tannsmíðameistari, forstöðumaður Tannsmíðaskólans, með tillögurétt án atkvæðisréttar.

Ekki náðist samstaða um svar við erindi hv. iðnaðarnefndar. Kusu fulltrúar Tannsmíðafélags Íslands og Félags íslenskra tannsmíðaverkstæðiseigenda að skila séráliti í sérstöku bréfi. Formaður ákvað að beita ekki oddaatkvæði og verður því ekki um opinbert svar skólanefndar að ræða. Persónulegar athugasemdir hálfrar skólanefndar sem eru fulltrúar Háskóla Íslands og tannlæknadeildar eru eftirfarandi:“

Ég sé ekki ástæðu til að lesa þetta allt upp, en í fyrsta lagi segir:

„Eins og áður hefur verið bent á í bréfi 3. apríl 1998 hefur menntun tannsmiða miðast við að þjálfa þá sem iðnaðarmenn í samræmi við gildandi lög og námskrá skólans er á sínum tíma tók mið af námi í Svíþjóð. Þetta hefur verið leitast við að gera eins vel og efni og aðstæður hafa leyft. Ekki hefur annað heyrst en að bærilega hafi til tekist.“

Til að fullnægja hinum svokölluðu heilbrigðiskröfum þannig að tannsmiðir geti orðið fullgildir til að vinna í tannholi fólks, hefur verið fundið upp námskeið sem mér skilst að eigi að halda í Árósum. Ég veit ekki hvaða ástæða er fyrir því að þetta námskeið er haldið annars staðar en hér. Það geta aðrir sagt mér. En mér er tjáð að það námskeið sem hér um ræðir sé alls ekki til staðar, að í raun sé ekki hægt að halda þetta námskeið. Það kemur fram hjá Tannlæknafélagi Íslands sem ritar bréf. Þar segir, með leyfi forseta:

„Reyndar kom í ljós á fyrrnefndum fundi“ — sem haldinn var með Tannlæknafélagi Íslands og norrænum tannlæknum — „að bréf frá háskólanum í Árósum þar sem boðið er upp á mánaðarnámskeið fyrir íslenska tannsmiði er byggt á misskilningi. Námskeiðið er afrit af gömlu námskeiði frá 1985 sem hugsað er fyrir þá sem lokið hafa framhaldsnámi í heilgómagerð eða hafa langa reynslu af henni frá fyrri tíð. Námskeiðið á því ekki við um íslenska tannsmiði. Það er því óeðlilegt að námskeiðið fylgi sem rökstuðningur með tannsmíðafrumvarpinu. Einnig kom í ljós að hertar kröfur vegna sóttvarna, m.a. vegna tilkomu aids, eru ekki innifaldar í námskeiðinu. Þannig er námskeiðið nú þegar fallið um sjálft sig sem tillaga til að fullnema íslenska tannsmiði í

heilgómagerð. Ljóst er að námskeiðið getur ekki komið í stað þriggja ára framhaldsnáms í Danmörku."

Þannig hljóðar þetta bréf frá Tannlæknafélagi Íslands sem er ritað 5. maí. Þetta fjögurra vikna námskeið sem hæstv. iðnrh. hefur skipulagt virðist ekki einu sinni standa og er þá kannski ekki nema von að margir skilji ekki heldur hvers vegna það hafi komið til.

Það er fjöldinn allur af umsögnum sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur reyndar lesið hér. En ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að vitna í landlækni sem fram að þessu hefur verið talinn einn af mentorum og yfirmönnum heilbrigðismála á landinu og ætti nú að skipta máli fyndist mér þegar verið er að setja iðnaðarmenn, iðnstétt, í þá stöðu að verða heilbrigðisstétt. Landlæknir segir í bréfi sem hann stílar til iðnn. 16. mars sl.:

„Landlæknisembættinu hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis *með beiðni um umsögn um frumvarp til laga* um starfsréttindi tannsmiða. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tannsmiðir með meistararéttindi geti smíðað og gert við tanngóma og tannparta fólks á eigin ábyrgð enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar. Samkvæmt frumvarpinu er tannsmíði löggilt iðngrein og tannsmiðir því iðnaðarstétt, eins og verið hefur.

Embætti landlæknis hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa:"

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þm. á að skv. 58. gr. má eigi lesa upp prentað mál nema með leyfi forseta.)

Þá ætla ég að fá að halda áfram, með leyfi forseta:

„Tannsmíði er fyrst og fremst iðn sem byggir á góðu handverki og þjálfun og því álitamál hvort tannsmiðir eigi að tilheyra heilbrigðisstéttum. Hins vegar gera frumvarpsdrögin ráð fyrir að veita tannsmíðameisturum sambærileg réttindi á við tannlækna á ákveðnum verksviðum án þess að gera til þeirra sambærilegar kröfur eða leggja á þá sambærilegar skyldur.

Tannmissir og tannleysi er sjúklegt en ekki eðlilegt ástand. Hægt er að brúa bilin með föstum brúm eða lausum tannpörtum en þegar allar tennur vantar koma gervitennur í stað líkamstanna."

Landlæknir heldur áfram í bréfinu en segir svo í lokin:

„Landlæknir leggur því til að tannsmiðir starfi eftir tilvísan og forskrift tannlækna, hér eftir sem hingað til, með áherslu á að umönnun sjúklinga verði í höndum fólks með menntun tengda heilbrigðisþjónustu og að slík nálgun verði skilyrðislaust höfð í fyrirrúmi við umfjöllun og afgreiðslu þessa lagafrumvarps."

Herra forseti. Svo mörg eru þau orð sem Sigurður Guðmundsson landlæknir *lætur frá sér fara til hv. iðnn.*

Samfara þessu máli hafa einnig komið fram margar yfirlýsingar og mótmæli hafa birst og er ekki ástæða til að lesa það hér upp, t.d. eins og frá Samtökum heilbrigðisstétta sem mér finnst skipta miklu máli. Í stjórn Samtaka heilbrigðisstétta eru Heimir Sindrason tannlæknir, Arne Aspelund sjúkraliði, Hlín Aðalsteinsdóttir meinatæknir, Margrét Rósa Kristjánsdóttir, Hallveig Broddadóttir og Sólrún Sigurðsdóttir en þau undirrita yfirlýsingu sem varar eindregið við þessari þróun. Það þekkja allir að ráðstefna norrænna tannlækna gaf frá sér yfirlýsingu. Samanburðurinn á þessu fjögurra vikna námi við annað nám erlendis er náttúrlega með þeim hætti að ekki er annað hægt en undrast að þetta skuli geta verið komið svona langt. Þess vegna hlýtur maður að velta því fyrir sér hvaða rök hafa í raun legið að baki þessu frá hendi hv. iðnrh. og hv. iðnn.

Ég velti því fyrir mér þegar talað er um að þetta sé gert sérstaklega til þess að minnka kostnað við tannsmíðar og þetta eigi fyrst og fremst að koma öldruðu fólki til góða eða fólki sem hefur misst tennurnar og þarf á þessari þjónustu að halda, að gerð var könnun á því fyrir tveimur árum hvað kostaði að láta gera gervitannasett. Annars vegar var fengið verð á gervitannasetti frá tveimur tannsmiðum og síðan frá einum tannlækni. Í þessari könnun kemur fram að gervitannasettið kostaði 85 þús. kr. hjá tannsmið. Mér er sagt að þetta hafi verið sent iðnn. og ég vísa í það, herra forseti. Þetta er ekki neitt leyniplagg og hefur verið lagt fram í hv. iðnn., en það er Bryndís Kristinsdóttir tannsmiður sem á að hafa veitt þessar upplýsingar að þetta kostaði 85 þús. kr. á þeim tíma. Íris Bryndís Guðnadóttir tannsmiður tók 84.890 kr. fyrir þetta verk, en Bjarni Elvar Pétursson tannlæknir tók 89.000 kr. fyrir þetta sama verk. Þessi munur er þá um 1.750 kr. eða svo. Munurinn á aðgerðunum var samt sá að tannsmiðurinn mátaði þrisvar sinnum, starf hans fólst í því að taka mátið þrisvar sinnum, en tannlæknirinn átta til níu sinnum. Vinnan á bak við þetta gjald ef hún ætti að vera sambærileg er þá sennilega sú að heldur er dýrara hjá tannsmiðum en ekki miklu ódýrara eins og haldið hefur verið fram af ýmsum, m.a. úr hv. iðnn. Ég kannast ekki við að fyrir liggi nein opinber könnun á því af hálfu iðnn. eða hæstv. iðnrh. að spara eigi þjóðinni eða öldruðum, eins og sérstaklega hefur verið tekið fram, einhverjar stórfúlgur með því að taka þá áhættu að fara út í þessar breytingar.

Þetta mál allt hefur því þróast á hinn undarlegasta hátt, herra forseti, og þess vegna hef ég reynt að setja mig inn í hvað hefur verið að gerast og hvers vegna. Komið hefur fram í þeim skoðunum sem ég hef gert og í plöggum sem mér hafa verið afhent að Tannlæknafélag Íslands sem lagði fram sérstakt álit um þetta árið 1999, eða í fyrra þegar þetta var til umræðu — *þá hafði fallið dómur sem var í rauninni á* þá leið að tannsmiðir hefðu ekki heimildir til að ganga inn á starfssvið heilbrigðisstétta og jafnvel hefur verið gengið svo langt að segja að þessi lagasetning sé í ósamræmi við stjórnarskrána.

Mig langar því til að spyrja hæstv. iðnrh. hvort sá möguleiki, að hér sé um ósamræmi við stjórnarskrána að ræða, hafi verið kannaður. Sagt er að það sé í ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrárinnar og einnig í ósamræmi við 65. gr. stjórnarskrárinnar. Það er býsna alvarlegt ef svo er en við minnumst þess að ekki er langt síðan dómur féll þar sem hæstv. umhvrh. var dæmdur fyrir að hafa brotið stjórnarskrána vegna þess að hann beitti lögum sem voru einum of rúm. Ég held að alla vega sé ástæða til þess að hugsa sem svo að vítin eru til að varast þau. Ef þarna er ósamræmi hljóta þingmenn sem þurfa að taka afstöðu til málsins á morgun að fá að heyra það frá hæstv. iðnrh. hvort hér sé verið að brjóta stjórnarskrána eða ekki.

Í álitsgerð frá Tannlæknafélagi Íslands segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ósamræmi við 2. gr. stjórnarskrárinnar: Leiða má að því líkur að framsal 3. gr. frumvarpsdraganna á löggjafarvaldi til iðnaðarráðherra sé of víðtækt og standist ekki ákvæði 2. gr. stjórnarskrárinnar. Það stjórnarskrárákvæði fjallar um þrískiptingu ríkisvaldsins og að Alþingi skuli fara með löggjafarvaldið. Ákvæðinu eru m.a. ætlað að tryggja að skýrum

lagaákvæðum verði ekki breytt með reglugerðarákvæðum framkvæmdarvaldsins."

Síðan eru hér, herra forseti, tilvitnanir vegna ósamræmis við 65. gr. stjórnarskrárinnar og ég ætla að fá, með leyfi forseta, að lesa aðeins úr þeim:

„Rétt er að hafa hugfast að á tannlæknum hvíla margvíslegar skyldur skv. fyrrgreindum lögum um tannlækningar og læknalögum, nr. 53/1988, allt í þeim tilgangi að tryggja hagsmuni og öryggi sjúklinga. Til að mynda hvílir á tannlæknum þagnarskylda og skylda til þess að fara í sjúkravitjanir og veita skyndihjálp skv. 13.–15. gr. læknalaga. Einnig má benda á upplýsingaskyldu skv. 10. gr. sömu laga og eftirlitshlutverk landlæknis yfir tannlæknum skv. 18. gr. sömu laga."

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta, herra forseti, en ég trúi ekki öðru en hæstv. iðnrh. hafi látið kanna þetta og geti þá upplýst það á eftir hvort hér sé eins ástatt og ýjað er að í þessari álitsgrein sem var send hv. iðnn. og ætti því ekki að hafa dulist neinum.

Þegar menn velta málinu fyrir sér og sjá að í þeim brtt. sem koma eru hugmyndir uppi um að læknisvottorð þurfi að liggja fyrir. Ég sé að hér er brtt. frá iðnn. og þar segir, með leyfi forseta:

„Tannsmiðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt heilbrigðisvottorði tannlæknis, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni."

Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að læknir skuli allt í einu vera farinn að gefa læknisvottorð fyrir sjúkdómi í munnholi því þetta er svið sérfræðinga, bara nákvæmlega eins og það eru sérstakir læknar, sérhæfðir læknar sem eru heilaskurðlæknar, aðrir eru hjartaskurðlæknar, síðan eru tannlæknar sem eru sérfræðingar í munnholi og greiningu á sjúkdómum í munnholdi. Mér kemur því afskaplega mikið á óvart hvernig hér er verið að sniðganga tannlækna sem hafa merkilegt nám að baki, með fullri virðingu fyrir tannsmiðum og heilsugæslulæknum.

Ég átta mig ekki á því hvernig það á síðan að vera hægt að eftir þessa læknisskoðun geti einhver ábyrgð í raun hvílt á lækninum. Þegar tannlæknir er með þetta er ábyrgðin hans alveg frá upphafi til enda. Hér er farið að dreifa henni en það hefur aldrei kunnað góðri lukku að stýra að tveir menn væru í brúnni. Að þessu leyti get ég ekki ímyndað mér að þetta verði til þess að auka öryggi í heilbrigðisþjónustu landsmanna. Þó svo að hægt væri að finna einhvern mun á gjaldskrám hjá einhverjum læknum, þá væri það örugglega ekki þess virði að spara einhverjar krónur til þess að geta huggað sig við það í stað þess að fá þá bestu hjúkrun og lækningu sem völ er á. Og auðvitað vilja það allir. Ég efast svo sem ekkert um að hæstv. iðnrh. vilji það. Ég held að þarna sé frekar um einhvern misskilning í ráðgjöf að ræða. Þess vegna langar mig til að heyra það frá hæstv. iðnrh. hvort hún sjái ekkert ósamræmi í þessu. Ég vildi gjarnan að hún svaraði því hér á eftir.

Ég sé ekki heldur, herra forseti, að hægt sé að gera tannlækna og tannsmiði samábyrga í þessu máli. Ég hef talað um þetta við nokkra tannlækna. Út af fyrir sig er ekkert skrýtið þó að þeir tali allir á sama veg því auðvitað eru þetta hagsmunir. En þó að hér séu hagsmunir læknastéttanna eru þetta ekki síður hagsmunir sjúklinganna, þeirra sem þurfa að leita þjónustunnar. Margir hafa viljað líkja þessari breytingu við það að flugvirki sem hugsanlega gæti flogið flugvél, ef hann fengi einu sinni að prófa að fljúga vél og gæti alveg lent henni, þá væri bara sjálfsagt að hann yrði flugmaðurinn og tæki við af því hann gæti líka verið flugvirki. Tannsmiðir hafa mjög góða menntun hvað varðar sitt svið og fram að þessu hefur þetta gengið sérlega vel og þess vegna reka allir upp stór augu yfir þessu.

Ég ætla mér ekki að teygja þessa umræðu miklu lengur því það hefur ekki endilega mikið upp á sig að tala um málið, bara til að tefja umræðuna. En það fer í taugarnar á mér og ég held öllum þeim sem eru að tala gegn málinu, að tilfinning þeirra er sú að verið sé að innleiða hálfgert pungapróf í stéttina. Út af fyrir sig ætla ég ekki að taka undir með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að það sé endilega fúsk, ég hef tilhneigingu til að bera mikla virðingu fyrir tannsmiðum vegna þess að þeir hafa lært heilmikið, þeir hafa bara ekki lært þetta sem um er að ræða hér. Og ég hef heyrt það frá tannsmiðum sjálfum að þeim finnist þetta ekki rétt stefna.

Herra forseti. Að innleiða skemmri skírn að þessu leyti til að þóknast einhverjum misskildum metnaði eða einhverjum hagsmunum sem löggjafinn á náttúrlega að sjá í gegnum er ekki rétt á okkar tímum þegar menntun og vandvirkni og fagmennska á að ríkja hjá einhverri menntuðustu þjóð heimsins og við þurfum heldur ekki að slá svo af kröfunum að þetta geti orðið eitthvað ódýrara því við erum líka rík þjóð. Við höfum efni á að kaupa það besta og við eigum ekki að setja okkur í þá stöðu, hvorki sjúklinganna vegna né tannsmiðanna né tannlæknanna vegna, að gerast slíkir dómarar í þessu máli að við sitjum uppi með verri heilbrigðisþjónustu en við höfum haft.

[00:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að iðnaðarmenn eiga ekki að stunda lækningar. Hann talaði um pungapróf. Það má kannski segja það að þetta sé nokkuð í áttina, a.m.k. þurfa menn að hafa nægilega heilbrigðismenntun.

En ég kem upp til að veita andsvar vegna upplýsinga sem komu fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Hann upplýsti að hann hefði gert könnun á kostnaði við gerð heilgóma og þar kæmi fram að kostnaðurinn sé álíka mikill hjá tannlæknum og tannsmiðum sem starfa við þetta sjálfstætt. Þetta finnst mér mjög merkilegar upplýsingar og ég vil spyrja hv. þm. hvort ég hafi heyrt rétt. Ef svo er þá eru fallnar allar þær fullyrðingar sem hafa komið fram í umræðu um málið að þetta sé mikill sparnaður og hagræðing fyrir aldraða og þá sem hafa misst allar tennur að gera frv. að lögum. Þær röksemdir eru allar fallnar um sjálfar sig ef þessar upplýsingar frá hv. þm. eru réttar. Mér finnst þetta vera mjög mikilvægar upplýsingar sem koma inn í umræðuna.

Ég er sammála hv. þm. að ekki á að setja tannsmiði og tannlækna í samkeppnisaðstöðu, ekkert frekar en að setja arkitekta í samkeppnisaðstöðu gagnvart byggingameisturum eða lækna gagnvart hjúkrunarfræðingum. Þessar stéttir eiga ekki að vera í samkeppni. Þetta eru ólíkar stéttir sem fást við iðn og lækningar sem þær hafa lært til og ættu að vera fagmenn hver á sínu sviði. Ég er alveg sammála því að það á ekki að stilla þessum hópum saman í samkeppnisaðstöðu.

En ég verð að segja, herra forseti, þetta eru mjög merkilegar upplýsingar og kollvarpa algjörlega þeim rökum sem

ég hef heyrt hvað stífast haldið fram af ýmsum sem hafa verið fylgjandi málinu að þetta sé sparnaður fyrir þá sem hafa misst tennur sínar.

[00:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki gert þessa könnun, hún kom inn til iðnn. fyrir tveimur árum. Hún er tekin út af tannlæknum sjálfum eða fólki sem hefur sent inn þessar upplýsingar til iðnn. á sínum tíma. Ég er því ekki að kynna neitt glænýtt og þetta er ekkert sem hefur ekki legið fyrir og verið sýnilegt hverjum sem er.

Þegar ég tala um pungapróf er ég fyrst og fremst að tala um að fjögurra vikna námskeið er náttúrlega pungapróf miðað við að í Danmörku eru sambærileg réttindi tveggja ára nám í það minnsta. Ég veit ekkert meira um þetta en ég hef lesið í gögnum og ég er enginn sérfræðingur í þessum málum en ég geri mér samt grein fyrir því að fjögurra vikna námskeið getur aldrei komið í staðinn fyrir tveggja til þriggja ára nám.

[00:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er varla hægt að kalla þetta andsvar, ég er alveg sammála hv. þm. í því sem hann sagði áðan. Mér finnst merkilegt sem kemur fram, að þessar kostnaðarupplýsingar hafi verið lagðar fyrir iðnn. fyrir tveimur árum. Þess vegna furða ég mig enn frekar á því að menn hafa verið að tala þarna um mikinn sparnað fyrir aldraða ef þær upplýsingar hafa legið fyrir a.m.k. hjá iðnrn. þegar þetta frv. var samið. Mér finnst þetta enn þá merkilegri upplýsingar sem þarna koma fram.

[00:35]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki endilega að blanda mér í umræðuna aftur enda hef ég talað tvívegis um málið, þegar frv. var lagt fram og aftur við 2. umr. þegar málið kom úr nefndum.

En mig langaði aðeins að veita andsvar ef svo má kalla það af því hv. þm. Kristján Pálsson minntist á læknisvottorð og tannlæknisvottorð. Ég kom að því í ræðu minni við 2. umr. að það er svo að læknar hafa þekkingu á meinafræði munns og þeir geta greint sjúkdóma í munni en fyrir smíði gervigóma þarf iðulega meiri rannsóknir en svo að læknar muni vilja taka það að sér. Ég geri því ráð fyrir að þorri lækna, sem væri beðinn um slíkt vottorð, mundi mæla með því að tannlæknir yrði fenginn til að meta málið. Ég get ekki svarað fyrir hönd læknastéttarinnar en ég held samt að þorri lækna mundi bregðast þannig við.

Svo langar mig að segja að ég er með í höndunum athugasemd um frv. í níu liðum. Ég held að það séu nýjar athugasemdir, það er ekki dagsetning á þeim. Þar kemur fram samanburður á kostnaði við smíði gervigóma, ekki vísindaleg úttekt, það eru þrjú nöfn tiltekin, tveir tannsmiðir og einn tannlæknir og það er mjög lítill munur á því verði. Ég held að þetta séu nýjar tölur. Líkast til er þetta því enn þá á sama hátt og þingmaðurinn nefndi.

[00:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Katrín Fjeldsted sé mjög fær um það að svara fyrir hvað kæmi upp gagnvart læknum enda er hún læknir og hefur áratuga starfsreynslu. Ef það er mat hv. þm. að læknar mundu einfaldlega vísa þessu frá sér vegna þess að aðrir hafa sérmenntað sig á þessu sviði hlýt ég að taka mikið mark á því. Þingheimur hlýtur að geta tekið mark á því og hæstv. ráðherra einnig. Þar sem við erum heppin að eiga sérfræðing hér inni í heilsugæslulækningum, sem er einmitt verið að vitna til í þessum brtt. að eigi að taka að sér greiningu fyrir tannsmiði, þá er þetta út af fyrir sig fallið um sjálft sig.

Varðandi þessa könnun þá heyrði ég í fólkinu sem sendi inn umsögnina — ég hélt eins og hv. þm. að upplýsingarnar væru nýlegar — en mér var sagt að þær væru tveggja ára gamlar. Ég lít a.m.k. svo á enn þá, það kemur þá bara í ljós, en þessi könnun er a.m.k. ekki eldri en það að hún segir okkur heilmikið um hvernig verðið var þá en síðan hefur lítið breyst svo ég viti til.

[00:39]

Katrín Fjeldsted *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég féll í þá gryfju að halda að þar sem í bréfinu stóð 26. febrúar sl. væri á þessu ári, en átta mig á því að þetta gætu verið tveggja ára tölur þannig að þetta eru kannski sömu tölurnar sem við erum að tala um.

En mig langar að segja að ástæður fyrir því að ég tel að læknar muni leita eftir áliti tannlæknis eru nokkuð skýrar. Það er sú vitneskja að oft er eingöngu hægt að meta ástand fyrir smíði gervigóma með því að gera ítarlegri rannsóknir, sérstaklega röntgenmyndatökur og sneiðmyndatökur. Læknar geta auðvitað fengið sneiðmyndatökur teknar en ég held að tannlæknar hafi á stofum sínum röntgenmyndatöku til meiri þæginda fyrir sjúklinginn og fyrir minni kostnað. Ég held að það væri langlíklegast að það þjónaði sjúklingunum betur svo ég tel að flestir læknar mundu óska eftir slíku áliti.

[00:40]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Hér er annað tveggja mála sem er ekki stórt í sniðum þegar maður lítur á það fyrst. Það ætti að vera einfalt en þó hefur ekki náð sátt í nefnd. Ágreiningur hefur verið í þeim tveimur nefndum sem frv. hafa verið í, um hnefaleika, sem var fjallað um áðan, sem var í menntmn. og var með umsögn heilbrn. og svo þessa frv. núna um starfsréttindi tannsmiða sem er hjá iðnn. og heilbrn. gaf umsögn um. Það er langt frá því að sátt hafi náðst um afgreiðslu málsins. Miðað við öll þau mál sem liggja fyrir þinginu núna á síðasta sólarhring þingsins, sem þurfa töluverða umræðu eins og vegalög sem eru á dagskrá á morgun, hefði ég haldið að það hefði verið brýnna að taka fyrir önnur mál núna á síðustu stundu en mál sem ósætti er um og liggur ekkert á. Sú mikla umræða sem hefur verið í kvöld sýnir líka að ekki hefði verið óskynsamlegt að fresta þessum málum til haustsins og vinna þau betur, a.m.k. það frv. sem við erum að fjalla um núna, frv. um starfsréttindi tannsmiða. Mér finnst það einkenna þetta litla frv. hversu mikill tími hefur farið í að fara yfir það, hversu oft hefur verið talað fyrir svipuðu frv., sem síðan hefur lent ofan í skúffu. Engin sátt er um þessa afgreiðslu. Ég tala ekki um allar þær breytingatillögur sem hafa komið fram og við höfum verið að afgreiða um þetta mál. Það segir mér a.m.k. mikið um hvernig grunnvinnan í málinu hefur verið.

Herra forseti. Ég ætla að tala fyrir enn einni brtt. um málið á þskj. 1188. Hún er við 4. gr. frv. um að við þá gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

„Endurskoðun laganna fari fram innan tveggja ára."

Í grg. með þessari einu málsgrein segir:

Tannsmiðir með meistararéttindi hafa ekki haft heimild til að vinna sjálfstætt en samkvæmt frumvarpinu verður umtalsverð breyting á því. Vinna í munnholi er heilbrigðismál og sá þáttur á að vera á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Nokkur reynsla ætti að vera komin á breytt fyrirkomulag innan tveggja ára og endurskoðun að geta farið fram þá með sérstakri áherslu menntun og starfssvið sjálfstætt starfandi tannsmiða með meistaréttindi, þ.e. hvort þeir heyri áfram undir iðnaðarráðherra eða hafi samsvarandi nám og réttindi og danskir klínískir tannsmiðir og heyri undir heilbrigðisráðherra.

Eins og fram hefur komið í framsögu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur er ég einnig flutningsmaður að tillögu á þskj. 1074 þar sem lagt er til að vottorð þurfi frá tannlækni en ekki lækni óskilgreint. Til viðbótar við þessar tillögur auk þeirrar þriðju sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir leggja fram um að það skuli endurskoða allt málið má að mínum dómi bæta við enn einni til þess að fylla mælinn og það er að þessi lög taki ekki gildi fyrr en um næstu áramót og að brtt. á þskj. 1187 nái fram að ganga og að tekið verði fullt tillit til menntunar og starfssviðs og undir hvaða stétt eigi að flokkast tannsmiðir með meira nám sem stunda tannsmíði, með meistararéttindi eða klínískir.

Hér er verið að þrýsta fram til afgreiðslu hagsmunamáli sem togstreita er um milli stétta. Ég óska eindregið eftir því að menn skoði málið í heild og hvort þeim finnist það svo mikilvægt að ástæða sé til að afgreiða það núna. Er ekki ástæða til að taka tillit til allra þeirra athugasemda sem fram hafa komið? Ég ætla ekki að lesa þær upp hér en hv. þm. Kristján Pálsson fór yfir athugasemdir frá lögmanni Tannlæknafélagsins þar sem dregið er í efa að þær breytingar sem hér er verið að leggja til standist stjórnarskrá. Þá finnst mér tími til kominn að þingmenn hugsi aðeins sinn gang. Þetta er ekki bara hagsmunamál einnar stéttar, ekki bara spurning um peninga eða það að tannlæknar vilji hafa full umráð yfir tannsmíðum, heldur gæti þetta verið brot á stjórnarskránni eins og lögmaður Tannlæknafélagsins hefur túlkað það. Þá ber að staldra við.

Eftir á að hyggja hefði heilbrn. í raun átt að svara erindi iðnn. með því að óska eftir því að fallið yrði frá þessu frv. Þær brtt. sem hv. heilbrn. lagði til í umsögn sinni eru á þá leið að mælt er með því að tannsmiðir geti starfað sjálfstætt en þurfi þá að hafa til þess tilskilin réttindi sem væru eins og þau dönsku, klínískt nám eða klínísk réttindi og mundu heyra undir heilbrrh. Til að reyna að bjarga því sem bjargað verður og til að koma iðnaðarstétt undir heilbrrh. er í frv. lagt til að landlæknir hafi eftirlit með sjálfstætt starfandi tannsmiðum. Það er auðvitað hálfgert klúður að landlæknir hafi eftirlit með iðnaðarstétt. Eitthvað verður samt að gera til að reyna að koma þessu eftirliti þarna inn. Eðlilegri farvegur væri að tannsmiðir á Íslandi þyrftu að stunda klínískt nám, heyrðu beint undir heilbrrh. og hefðu sama verksvið og danskir tannsmiðir hafa eins og gert er ráð fyrir í tillögum heilbrn.

Herra forseti. Mig langar að lesa hér örstutt úr bréfi sem Bjarni Elvar Pétursson og Kristín Heimisdóttir hafa skrifað undir, þau komu bæði við sögu varðandi umsagnir og eins varðandi verðkönnun á gómum sem vitnað var til áðan. Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Í langan tíma hafa tannlæknar og tannsmiðir smíðað gervigóma í góðu samstarfi og veitt hver öðrum stuðning og nauðsynlegt aðhald. Það að halda því fram að samstarf tannsmiða og tannlækna hindri að tannsmiðir geti starfað sjálfstætt í sínu fagi er firra. Ef þetta samstarf er einhverjum tannsmiðum þyrnir í augum þarf að vera hægt að bjóða upp á nám í klínískum tannsmíðum, t.d. tveggja ára nám eins og gert er í Danmörku."

Ég hef ekki heyrt annað en að þeir tannlæknar sem ég hef talað við séu mjög hlynntir því að íslenskir tannsmiðir geti starfað sjálfstætt, hafi til þess tilskilið nám og verði þá heilbrigðisstarfsmenn. Hins vegar verður að velja þarna á milli, annaðhvort að þeir séu iðnaðarmenn og vinni eins og þeir vinna í dag eða afli sér þessara auknu réttinda.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta lengra mál. Það hefur farið mikill tími í þessa umræðu. Ég tel að okkur beri að gæta hagsmuna sjúklinganna. Hér eiga að ríkja heilbrigðissjónarmið og standa ofar hugsanlegum sparnaði — ég segi hugsanlegum miðað við þær tölur sem hér komu fram áðan — hjá einstaklingum, sjúklingum og heilbrigðiskerfinu. Með þessu frv. er verið að slaka á kröfum varðandi heilbrigðisþjónustuna í landinu.

Ég vil að það komi skýrt fram hér að lokum, herra forseti, að ég er mjög hlynnt því að tannsmiðir geti unnið sjálfstætt. Til þess, eins og margoft hefur komið fram, þurfa þeir hins vegar það nám sem til þarf til að geta talist heilbrigðisstarfsmenn. Þeir væru þá klínískir tannsmiðir, væru til þess menntaðir, hefðu það starfssvið og teldust til heilbrigðisstétta.

Einnig vil ég benda á að í frv. er talað um tanngóma og tannparta. Þar hefði mátt koma enn ein breytingartillagan þar sem við hefðum alveg sleppt tannpörtunum.

[00:53]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þetta mál hefur verið allítarlega rætt hér í þingsalnum við 1. og 2. umr. Ég hafði nú ekki hugsað mér að lengja þá umræðu en þar sem formaður iðnn., hv. þm. Hjálmar Árnason, er erlendis vil ég sem varaformaður nefndarinnar koma inn á tvö eða þrjú atriði sem komið hafa fram í umræðunum í kvöld.

Fyrst vil ég koma að því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði er hún komst að þeirri niðurstöðu að nefndin hefði ekki farið nægilega ofan í kjölinn á þessu máli. Ég vil mótmæla því. Það var lögð mjög mikil vinna í þetta mál. Menn geta deilt um niðurstöðuna en það var ekki vegna þess að ekki hafi verið farið ofan í málið. Nefndin fékk á fund sinn fjölda fólks til að ræða við, spyrja og veita okkur leiðbeiningar, m.a. frá iðnrn., Tannsmiðafélagi Íslands, Tannlæknafélagi Íslands, landlæknisembættinu, Tryggingastofnun ríkisins, tannlæknadeild háskólans o.fl. Nefndin fékk umsagnir og ítarleg gögn frá mörgum aðilum, t.d. iðnrn., Tannlæknafélaginu, landlæknisembættinu, Félagi íslenskra tannfræðinga, fulltrúum Háskóla Íslands og tannlæknadeildar Háskóla Íslands í stjórn Tannsmiðaskóla Íslands, fulltrúum Tannsmiðafélags Íslands og Félags íslenskra tannsmíðaverkstæðiseigenda í stjórn Tannsmiðaskólans, Tannsmiðafélagi Íslands, tannlæknadeild Háskóla Íslands, Samtökum iðnaðarins, Samkeppnisstofnun, Landssambandi eldri borgara, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi tannlækna og aðstoðarfólks tannlækna og heilbr.- og trn. Alþingis, eins og hér hefur verið nefnt. Nefndin fjallaði um þetta mál á mjög mörgum fundum. Að því loknu komst nefndin að niðurstöðu, sjö nefndarmenn af þeim átta sem tóku afstöðu — einn var erlendis — voru sammála því að afgreiða málið með þessum hætti. Það var aðeins hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir sem ekki stóð að þessari niðurstöðu. Í leiðinni má geta þess að þingmenn úr öllum þingflokkum hér

á Alþingi nema Frjálslynda flokknum áttu fulltrúa í nefndinni, úr Sjálfstfl., Framsfl., Samfylkingu og vinstri grænum. Það er því rangt sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir sagði, að þetta væri niðurstaða stjórnarliðsins eins og hún orðaði það. Þetta er þverpólitísk niðurstaða sem naut fylgis sjö af átta nefndarmönnum sem tóku afstöðu til málsins.

Hér er náttúrlega verið að breyta þó nokkrum atriðum frá því sem verið hefur, t.d. því að eftir fimm ára nám tannsmíðameistara er bætt við 133 klukkustunda námi í heilbrigðisfræði munnhols. Viðskiptavinir tannsmiða verða að leggja fram læknisvottorð áður en vinna hefst, sem ekki hefur þurft til þessa. Hæstv. iðnrh. mun hafa samband við heilbrrh. áður en starfsleyfi er gefið út. Landlæknir kemur til með að hafa eftirlit með heilbrigðisþætti í starfi tannsmiða og tiltekna þætti verða tannsmiðir svo að vinna í samráði við tannlækna. Þetta var niðurstaða iðnn. og ég verð að segja að það var varla meiri samstaða í nefndinni um nokkurt mál á þessum vetri en þetta og það eftir mjög ítarlega umfjöllun eins og ég gat um áðan.

En ég man satt að segja varla eftir meiri þrýstingi vegna þingmáls en tannlæknar hafa beitt þingmenn í þessu máli. Það segir mér að hér er verið að verja hagsmuni og um það tel ég að þetta mál snúist fyrst og fremst. Það er verið að verja hagsmuni þegar menn sækja mál sitt með slíku ofurkappi sem tannlæknar hafa gert í þessu máli. Gott dæmi um það finnast mér órökstuddar kostnaðartölur sem dreift hefur verið og hv. þm. Kristján Pálsson las hér upp í ræðu sinni. Það má geta þess að fulltrúar Tryggingastofnunar og Landssambands eldri borgara töldu í samskiptum sínum við iðnn. að ef þetta frv. yrði að lögum mundi það leiða til verðlækkunar sem fyrst og fremst kæmi eldri borgurum til góða og Tryggingastofnun og ríkissjóði í leiðinni. Því hljóta allir hv. þm. að fagna að ríkissjóður eignist einhvers staðar vini.

Ég vil bara að lokum, herra forseti, lýsa vanþóknun minni á því tali sem hér féll um pungapróf og fúsk í ræðu og frammíkalli úr þingsalnum. Mér finnst það ekki sæma hv. þm. að tala með þeim hætti um eina stétt iðnaðarmanna. Hér var nefnt að fjögurra vikna námskeið þýddi bara pungapróf. Svona ummæli um fólk sem hefur öðlast iðnréttindi sín og meistarapróf með fimm, sex eða sjö ára starfi og námi, eða hvað það er nú, eins og aðrir iðnaðarmenn þurfa að gera finnast mér ekki við hæfi. Það fólk sem hefur lagt á sig þetta mörg ár í vinnu og námi verður enn að bæta við sig námi ef þetta frv. verður að lögum. Ég skil satt að segja ekki af hverju hv. þm. þurfa að tala svona niður til þessarar stéttar. Ég hef ekki heyrt hv. þm. tala með þessum hætti til annarra iðnstétta, sem betur fer vil ég segja.

Hv. þm. Þuríður Backman nefndi að það væri einkennilegt að taka þetta mál hér til umræðu á lokadögum þingsins af því að það væri ágreiningur um málið. Nú finnst mér orðin skrýtin pólitíkin í þinginu ef ekki má taka til umræðu mál sem afgreitt var úr iðnn. í byrjun apríl. Það var samþykkt hér við 2. umr., 1. gr. frv. var samþykkt með tuttugu og níu atkvæðum gegn þremur. Einhvern tímann hafa mál verið tekin til afgreiðslu hér í þinginu í meiri ágreiningi en þetta. Það er svo til alger samstaða um málið í þinginu.

Ég fagna því að þetta mál sé að komast á lokastig. Ég tel að iðnn. hafi unnið ágætlega að því og það verði til heilla þegar þetta mál verður að lögum, vonandi á morgun.

[00:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega bar margt á góma í iðnn. (**Gripið fram í:** Voru það ekki bara tanngómar?) Ýmsa góma. En ég vil segja það hér að í iðnn. var málið afgreitt þannig að af níu nefndarmönnum voru átta fylgjandi málinu og einn með aðra afstöðu. Í heilbr.- og trn. voru hins vegar allir sammála. Öll heilbrn. var sammála um þær breytingar sem hún lagði til en iðnn. tók ekki tillit til nema að hluta, þ.e. tillöguna um fagnefnd, því þetta er heilbrigðismál. (**Gripið fram í:** Iðnaðarmál.) Þetta er heilbrigðismál.

Vissulega er það rétt sem ég sagði hér, það var niðurstaða stjórnarliðsins að afgreiða þetta mál. Önnur mál koma ekki til lokaafgreiðslu í þingið. Ekki hafa tannlæknar haft nokkur áhrif á mig. Ég hlustaði á rökin í málinu frá öllum þeim sem komu og ræddu málin í báðum nefndunum og tók afstöðu samkvæmt því. Áður en ég kynnti mér þetta mál var ég nokkuð hlynnt því að tannsmiðir fengju þennan rétt. Ég hafði ekki skoðað þetta neitt nákvæmlega. Þegar ég vann í Tryggingastofnun þá fannst mér það bara alveg sjálfsagt. En þegar ég fór að horfa á faglega þáttinn í þessu þá fannst mér það ekki koma til greina nema þeir væru heilbrigðisstétt og hefðu menntun til þess.

Það er ekki rétt sem hv. þm. sagði hér, að það hefði verið talað niður til tannsmiða. Við berum svo sannarlega fulla virðingu fyrir þeirri iðngrein og treystum því að þeir sinni iðn sinni og vinni verk sín vel eins og ég veit að þeir hafa gert. Þar með er ekki sagt að þeir geti læknað og verið heilbrigðisstétt og það höfum við gagnrýnt. Þess vegna erum við með brtt. við málið, það er ástæðan fyrir því. Þannig er ástæðulaust fyrir hv. þm. Guðjón Guðmundsson, varaformann iðnn., að vera viðskotaillur yfir því þó við viljum halda hér í heiðri vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í heilbrigðisþjónustunni. Við verðum að standa vörð um að þar séu fagleg sjónarmið höfð að leiðarljósi.

[01:02]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kannast ekki við að hafa verið viðskotaillur. Það er einhver misskilningur hjá hv. þm. Ég endurtek hins vegar að þetta er auðvitað ekkert stjórnarmál þegar fulltrúar allra flokka standa að niðurstöðu máls og málið er afgreitt frá iðnn. með atkvæðum allra nema hv. þm. sem var að tala. Það var samþykkt hér við 2. umr. á þingi með 29 atkvæðum gegn þremur. Þá er nú eitthvað meira en stjórnin sem kemur til.

Hv. þm. sagði að ekki hefði verið talað niður til tannsmiða og að hún bæri fulla virðingu fyrir þessari stétt. Sér er nú hver virðingin að tala um pungapróf og fúsk, ég vildi ekki sitja undir þeirri virðingu.

[01:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ummæli sem hv. þm. viðhafði og komu fram hér í umræðunni voru auðvitað um að tannsmiðir fengju ekki fullnægjandi menntun til að sinna heilbrigðisþjónustu. Það kemur ekkert við iðngrein og virðingu fyrir því starfi sem tannsmiðir vinna, alls ekki. Þar var átt við að verið væri að veita ákveðin réttindi til starfa í munnholi sem ættu að vera á hendi heilbrigðisstarfsmanna. Það er nú mergurinn málsins, hæstv. forseti.

Ég vil taka það fram hér að við verðum að hafa hagsmuni sjúklinga í fyrirrúmi, ekki tannsmiða, tannlækna eða meistara eða annarra. Sjúklingarnir og hagur þeirra á að vera í

fyrirrúmi og það er nákvæmlega það sem hv. heilbr.- og trn. hafði í huga þegar hún fór í gegnum málið. Hún horfði á hag sjúklinga í gegnum alla umræðuna og brtt. sem heilbr.- og trn. lagði til í málinu varða auðvitað þann þátt.

[01:04]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að vera með viðkvæmni yfir því þó notuð séu venjuleg íslensk orð yfir menntun, t.d. pungapróf sem dregur nafn sitt af því að sjómenn fengu lítið próf til að geta stýrt litlum skipum sem voru kallaðir pungar í gamla daga. Þess vegna er þetta próf kallað pungapróf og hefur aldrei verið litið niður á það á neinn hátt. Námið er stutt og það er nákvæmlega það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir var að segja. Það er ástæðan fyrir því að þetta orð er notað og ástæðulaust að mistúlka það.

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Guðjón Guðmundsson, sem ég þekki ekki af öðru en sanngjarnri umfjöllun um mál. Sem varaformaður iðnn. hefur hann skoðað þetta mál mjög rækilega og ég trúi yfirleitt því sem hann segir. Þess vegna leikur mér forvitni á að vita hvað liggur að baki þeirri fullyrðingu að aldraðir ættu að geta verið mjög ánægðir með þessa breytingu vegna þess að þeir geti fengið ódýrari þjónustu. Ég hef hvergi heyrt að gerð hafi verið nein athugun á því hvort þessi þjónusta yrði ódýrari. Ég benti á könnun sem gerð var og hefur verið lögð fyrir iðnn. þar sem í ljós kom að þjónustan yrði ekki ódýrari. Það gæti kannski munað 2.000 kr. á heilgómasetti hjá tannsmiðnum og tannlækninum. Mér leikur því forvitni á að vita hvaða kannanir hafi komið inn á borð iðnn. sem benda til einhvers annars. Mér nægja ekki fullyrðingar um að menn gætu orðið ofsalega ánægðir því það er ekkert sem bendir til að þetta verði neitt ódýrara þegar upp er staðið.

[01:06]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat um það í ræðu minni áðan að það hefði komið fram hjá fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins og talsmönnum eldri borgara að þeir teldu að þetta mundi verða ódýrara. Rökin sem Tryggingastofnun færði fyrir því voru að af gómum sem Tryggingastofnun borgaði fyrir eldri borgara í dag þá fengi tannlæknirinn 57% af verðinu, ef ég man rétt, en tannsmiðurinn 43%. Gert var ráð fyrir að 57% væru fyrir að taka mótið og 43% fyrir efnið og smíði gómanna. Menn voru inntir eftir því hvort þeir teldu að þetta mundi leiða til verðlækkunar og þeir töldu svo vera. Við trúðum því ágæta fólki sem fjallar um þessi mál alla daga.

Það er svo sem óþarfi að rífast um pungaprófið, nú snýr hv. þm. þessu upp í að þetta sé hið mesta virðingarpróf. Ég er nú sjálfur með pungapróf fiskimanna. Ég held ég hafi eytt fjórum eða fimm vikum, svona á kvöldin, til að öðlast það próf og er bara dálítið stoltur af því að vera með þetta þrjátíu tonna próf. Ég ætla hins vegar ekki að líkja því námi saman við það nám og starf sem tannsmiðir hafa lagt á sig til að öðlast sín réttindi. (Gripið fram í.) Að ég tali nú ekki um frammíkall hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um fúskið, það er henni til skammar.

[01:08]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að í iðnn. hafa ekki verið gerðar neinar sérstakar kannanir á þessum verðmun. Fulltrúar Tryggingastofnunar og eldri borgara töldu að þetta gæti orðið til lækkunar. Það segir mér út af fyrir sig ekkert annað en að sú verðkönnun sem gerð var fyrir tveimur árum gæti þess vegna staðið fyrir sínu og sé eina raunverulega könnunin sem gerð hefur verið. Ég heyri að hv. þm. efast heldur ekki um það heldur hefur metið það svo að Tryggingastofnun vissi eitthvað annað og meira sem ekki hefur þá komið nægilega vel fram.

Við þurfum ekki að deila frekar um orð sem sjómenn hafa notað sín á milli og hafa aldrei verið notuð til að gera lítið úr einum eða neinum. Ég held að ég leggi það tal niður.

[01:09]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki alveg hvernig gestir nefndarinnar áttu að geta fullyrt um hvernig þetta mundi þróast, það kemur náttúrlega ekkert í ljós fyrr en frv. er orðið að lögum og farið að vinna eftir þeim. En Tryggingastofnun færði þessi rök fram, að 57% af verði gómanna í dag færi til tannlæknisins en 43% til tannsmiðanna. Þeim sýndist það augljóst og okkur nefndarmönnum líka, að þetta mundi leiða til kostnaðarlækkunar. Ég held að það sjái nú allir og þurfi enga reiknistokka til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9., 11. og 15.–17. mál.

Fundi slitið kl. 01:10.

---

118. FUNDUR

laugardaginn 13. maí,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 386. mál, þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281, 1299 og 1396. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, stjtill., 585. mál, þskj. 887, nál. 1169. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

4. Starfsréttindi tannsmiða, stjfrv., 210. mál, þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

5. Samkeppnislög, stjfrv., 488. mál, þskj. 770, nál. 1347 og 1381, brtt. 1348. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frv., 292. mál, þskj. 491, nál. 1183 og 1269. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Skattfrelsi forseta Íslands, frv., 652. mál, þskj. 1388. — 1. umr.

8. Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, stjtill., 296. mál, þskj. 509, nál. 1373, brtt. 1374. — Síðari umr.

9. Jarðgangaáætlun 2000–2004, stjtill., 571. mál, þskj. 873, nál. 1375. — Síðari umr.

10. Lífsýnasöfn, stjfrv., 534. mál, þskj. 1398. — 3. umr.

11. Sjúklingatrygging, stjfrv., 535. mál, þskj. 1400, brtt. 1401. — 3. umr.

12. Lyfjalög og almannatryggingar, stjfrv., 401. mál, þskj. 1399. — 3. umr.

13. Áhafnir íslenskra flutningaskipa, farþegaskipa, farþegabáta og skemmtibáta, stjfrv., 189. mál, þskj. 1356, brtt. 1391, 1392 og 1394. — 3. umr.

14. Atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða, frv., 618. mál, þskj. 1023, brtt. 1393. — 2. umr.

15. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frv., 619. mál, þskj. 1024, brtt. 1390. — 2. umr.

16. Fjarskipti, frv., 629. mál, þskj. 1112, nál. 1282 og 1372. — 2. umr.

17. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 648. mál, þskj. 1383. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason menntmrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.,
Hjálmar Árnason, 10. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 3. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 12. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 12. þm. Reykn.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 502. mál. — Þskj. 797, nál. 1200, 1259 og 1263, brtt. 1201 og 1275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:03]

Till. í nál. 1259 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 26:6 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, StB, VS, VE, ÞKG.

14 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SvanJ, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, JBjart, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, SJóh, SP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [09:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Helstu ástæður þessarar frávísunartillögu af okkar hálfu eru þær að þetta mál er engan veginn nógu vel undirbúið. Á þessu frv. eru mjög alvarlegir ágallar sem lúta m.a. að samkeppnislögum og samhengi þessa máls við þau. Í þriðja lagi erum við algerlega andvíg öllu einkavæðingarbrölti hvað varðar þetta mikilvæga samgöngumannvirki að svo miklu leyti sem slíkt kann að leynast þarna á bak við þessa breytingu rekstrarins í Keflavík yfir í hlutafélag. Við teljum því heppilegast að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og láta hana vinna heimavinnuna sína.

1. gr. samþ. með 28:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, SJóh, SP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [09:04]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Flugstöð Leifs Eiríkssonar og starfsemi þar er gullgerðarvél sem gefur um 1.000 millj. kr. tekjur á ári og eiga þær eftir að fara ört vaxandi. Þegar til lengri tíma er litið eru skuldir flugstöðvarinnar smáaurar einir.

Ekki er að undra að fjármálaöflin hafi hvatt sína menn til að hefja einkavæðingu þessa mesta samgöngumannvirkis þjóðarinnar með því að gera það að hlutafélagi. Auðvitað er ömurlegt til þess að hugsa að við stjórnvölinn skuli sitja ríkisstjórn sem þjónar þessum öflum en gætir ekki almannahags, í því efni bæði viljalaus og máttlaus. Þetta er bæði ömurlegt og þetta er líka dapurlegt.

Hitt vita svo flestir, að fyrir hæstv. utanrrh. vakir ekki síður að komast í skjól hlutafélagalaga til að véla um mannahald og annað á Keflavíkurflugvelli án óþægilegra afskipta Alþingis. Nú reynir á hvort meiri hluti Alþingis lætur hann hafa sig til þessara verka.

2.–10. gr. samþ. með 28:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, KLM, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, BBj, DO, EOK, GÁS, GÖ, HjÁ, IP, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SJóh, SP, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1201,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SJóh, SP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 30:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.

nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, JÁ, JóhS, KLM, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BBj, DO, EOK, GÁS, GÖ, HjÁ, IP, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, SJóh, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1275 felld með 27:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, BH, EMS, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [09:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin hefur setið hjá við þessa atkvæðagreiðslu vegna þess að við teljum að ákvarðanir um rekstrarform Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eigi að bíða þess að endanlegur kostnaður við fyrsta áfanga framkvæmdanna liggi fyrir og höfum fært fyrir því rök í umræðunni. En við höfum líka talað fyrir stöðu starfsfólks eftir áformaða hlutafélagavæðingu flugstöðvarinnar. Þessi tillaga er um að starfsmenn skuli eiga einn fulltrúa í stjórn flugstöðvarinnar og ég hvet til þess að hún verði studd.

12. gr. samþ. með 31:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, LB, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
11 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, EOK, GAK, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 30:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, JóhS, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1201,2 samþ. með 30:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, JóhS, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, SJóh, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 30:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

15.–17. gr. samþ. með 30:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, JB, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, IP, JóhS, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, VE, ÞKG, ÞBack.
nei: ÁSJ, ÖJ.
10 þm. (ÁRJ, BH, EMS, GE, KLM, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (BBj, DO, EOK, GÁS, GÁ, GÖ, HjÁ, IP, JóhS, KolH, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, TIO, VS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 644, nál. 1280, brtt. 1281, 1299 og 1396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:09]

Brtt. 1281,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, LB, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.
14 þm. (BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1281,2–3 samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–3. gr., svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1281,4 (ný 4. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1299,1 felld með 28:19 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.

2 þm. (GAK, SvH) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1281,5 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, KLM, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÖJ*.
14 þm. (BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, RG, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁSJ, ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, IP, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 1281,6–8 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DrH, EKG, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JÁ, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.
2 þm. (SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.
17 þm. (BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, IP, JóhS, JB, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

6.–8. gr., svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1396 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1281,9 svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1281,10 samþ. með 50 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1299,2 felld með 29:20 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
13 þm. (BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1281,11.a–f (fyrri mgr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1281,11.f (síðari mgr.) samþ. með 29:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.
nei: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GAK, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvH, ÞBack, ÖJ, ÖS.
14 þm. (BBj, DO, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, JóhS, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[09:14]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hversu lengi leyfi til framkvæmda telst vera í gildi og í brtt. frá meiri hlutanum og reyndar í frv. sjálfu er gert ráð fyrir að það hafi tíu ára líftíma án þess að framkvæmdir þurfi að hefjast. Tíu ár í umhverfismálum eru afskaplega langur tími, herra forseti, og ég hefði svo sannarlega vonað að brtt. frá minni hluta umhvn. næði fram að ganga sem kveður á um fimm ára líftíma framkvæmdaleyfis áður en framkvæmdir hefjast. Í umhverfismálum eru tíu ár langur tími og á þeim tíma getur margt gerst og sjónarmið fólks breyst. Ég segi nei.

11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG, ÞBack.
10 þm. (BH, GE, JÁ, JB, KLM, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁRJ, BBj, DO, EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖ, HjÁ, JóhS, KolH, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SJS, SvH, TIO, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

12.–14. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1281,12–14 samþ. með 51 shlj. atkv.
15.–20. gr., svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1299,3 felld með 30:20 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KF, KolH, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
12 þm. (BBj, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[09:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um umdeilt bráðabirgðaákvæði sem menn hafa haldið fram að gæti mögulega stangast á við Evrópurétt. Það er verið að gefa þeim framkvæmdum sem eru samkvæmt gildandi lögum á undanþágu enn lengri undanþágutíma.

Herra forseti. Í fullkomnum heimi væri ekki um neinar undanþágur að ræða frá lögum af þessu tagi. Í brtt. frá mér og hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur er kveðið á um fimm mánaða umþóttunarfrest sem okkur finnst fulllangur. Það

mætti alveg strika hann út. Við viljum vera sanngjarnar. En að veita undanþágu allt til til ársloka 2002 er að mínu mati allt of grimmt, herra forseti. Ég segi því já.

Ákvæði til brb. I samþ. með 33:14 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KHG, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÖJ*.
nei: BH, GE, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖS.
1 þm. (JóhS*) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ÁRJ, BBj, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, KLM, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja nei.]

Ákvæði til brb. II samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1281,15 (nýtt ákv. til brb. III) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1281,16 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. IV) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1281,17 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1299,4 kölluð aftur til 3. umr.
1. viðauki, svo breyttur, samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1281,18.a–c samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1299,5 felld með 32:18 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞKG.
1 þm. (SvH) greiddi ekki atkv.
12 þm. (BBj, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[09:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir að nýræktun skóga á 40 hektara svæði eða stærra verði tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og Skipulagsstofnun síðan falið að meta hvort viðkomandi framkvæmd þyrfti á því að halda að fara í mat á umhverfisáhrifum eður ei. Þetta er stærð sem er sannarlega ásættanleg því að 40 hektara svæði er ansi stórt á ákveðnum landsvæðum. Sums staðar þyrfti framkvæmd á þessu tagi að fara í mat á meðan annars staðar þyrfti þess kannski ekki. Hins vegar er líka aðalatriðið hér að í þessum lið við erum að fjalla um nýræktun skóga og ruðning á náttúrulegum skógi sem yrði tilkyningarskyldur til Skipulagsstofnunar. Það er afar mikilvægt að ekki verði leyft að ryðja náttúrulegan skóg. Hér skipta því þessi tvö atriði máli. Ég segi já.

Brtt. 1281,18.d samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG.
16 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÖ, JÁ, JóhS, JB, KolH, KLM, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BBj, EOK, EMS, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1281,18.e–y samþ. með 52 shlj. atkv.
2. viðauki, svo breyttur, samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 1281,19 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. viðauki, svo breyttur, samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Fullgilding samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, frh. síðari umr.

Stjtill., 585. mál. — Þskj. 887, nál. 1169.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:27]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BBj, EOK, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1395).

Starfsréttindi tannsmiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 210. mál. — Þskj. 1107, brtt. 1074, 1187 og 1188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:28]
Brtt. 1074 felld með 34:15 atkv. og sögðu
já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KF, KolH, KLM, LB, SJS, SvanJ, ÞKG, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, JBjart, KHG, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÖS.
3 þm. (GE, HBl, SvH) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[09:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að iðnaðarmenn fari að starfa í heilbrigðisþjónustunni í munnholi sjúklings. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í heilbr.- og trn. höfum lagt fram tvær brtt. með velferð sjúklinga í huga í þessu máli. Fyrir liggja þrjár brtt. Við munum sitja hjá við

hverja grein frv. og styðja brtt. en að þeim felldum munum við greiða atkvæði gegn málinu.

Brtt. 1188 felld með 28:13 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, SJS, SvanJ, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

10 þm. (EMS, GE, GAK, JóhS, JBjart, RG, SighB, SJóh, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1187 felld með 29:13 atkv. og sögðu

já: ÁSJ, ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, SJS, SvanJ, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE.

9 þm. (EMS, GE, GAK, JBjart, RG, SighB, SJóh, SvH, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 33:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KHG, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÖS.

nei: ÁRJ, BH, GÖ, JÁ, JB, KolH, KLM, SJS, SvanJ, ÞBack, ÖJ.

7 þm. (GE, GunnB, HBl, ÍGP, JBjart, KF, ÞKG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, EOK, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, LB, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1405).

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 488. mál (samstarf fyrirtækja, markaðsráðandi staða, samruni). — Þskj. 770, nál. 1347 og 1381, brtt. 1348.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:30]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 1348,1 samþ. með 50 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

3.–7. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1348,2 samþ. með 51 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1348,3 samþ. með 39:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁRJ*, ÁMöl, DO, DrH, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: BH, EMS, GÖ, JÁ, JóhS, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖS.

1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, EKG, EOK, GÁS, HjÁ, KPál, LMR, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KHG, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvH, VS, VE, ÞKG, ÖS.

13 þm. (BH, EMS, GE, GÖ, JÁ, JóhS, KLM, LB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EOK, GÁS, HjÁ, JB, KolH, KPál, LMR, MF, ÓÖH, SJS, TIO, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

11.–19. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Lögleiðing ólympískra hnefaleika, frh. 2. umr.

Frv. GunnB o.fl., 292. mál. — Þskj. 491, nál. 1183 og 1269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [09:38]

1. gr. felld með 27:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LB, SighB, SAÞ, SP, SvanJ, VS, VE, ÞKG, ÖS, ArnbS, ÁJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GunnB, ÍGP, KHG, HBl.

nei: PP, PHB, RG, SJóh, SF, SJS, StB, SvH, ÞBack, ÖJ, ÁRÁ, ÁSJ, ÁRJ, BH, GHall, GÖ, HÁs, HjálmJ, IP, JÁ, JóhS, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KLM.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (LMR, MF, ÓÖH, TIO, ÞSveinb, BBj, GÁS, HjÁ, KPál) fjarstaddir.

Skattfrelsi forseta Íslands, 1. umr.

Frv. PHB o.fl., 652. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1388.

[09:38]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands. Frv. er á þskj. 1388. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, Guðjón A. Kristjánsson og Ólafur Örn Haraldsson.

Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til að felld verði brott ákvæði í lögum þar sem kveðið er á um undanþágur forseta Íslands og maka hans frá greiðslu skatta og opinberra gjalda.

Undanfarin ár hefur oftsinnis kviknað umræða um það í þjóðfélaginu að óeðlilegt sé að forseti lýðveldisins sé undanþeginn greiðslu skatta og opinberra gjalda og hefur verið mjög almenn skoðun að taka beri lagaákvæði þar að lútandi til endurskoðunar. Lýstu m.a. allir forsetaframbjóðendur því yfir fyrir síðustu forsetakosningar í umræðum í sjónvarpssal að þeir væru hlynntir því að skattfrelsi forseta Íslands og maka hans yrði afnumið.

Ástæða þess að frv. er lagt fram nú er að þær breytingar sem felast í frv. verða ekki gerðar á kjörtímabili forseta vegna ákvæðis 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir:

„Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans."

Flutningsmenn telja að nú sé rétti tíminn, þegar kjörtímabili forseta Íslands er að ljúka, að taka ákvörðun um að afnema skattfríðindi forseta Íslands og maka hans. Telja þeir að skattfríðindin séu tímaskekkja og gangi gegn almennum jafnræðissjónarmiðum sem skattalög byggjast á.

Þau ákvæði sem kveða á um undanþágu frá skattskyldu, og lagt er til í frumvarpi þessu að falli brott, eru nú í lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990, lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, tollalögum, nr. 55/1987, lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. ágúst 2000 þar sem í 6. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands er kveðið á um að kjörtímabil forseta Íslands hefjist 1. ágúst og endi 31. júlí að fjórum árum liðnum.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[09:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að mér finnast vinnubrögðin að því er þetta mál varðar og málsmeðferð fyrir neðan virðingu Alþingis og fyrir neðan virðingu þess embættis sem þetta mál varðar og með öllu óþolandi að þetta mál sé tekið á dagskrá eins og hér hefur verið gert. Málið er tekið til 1. umr. og ætlunin er greinilega að gera það að lögum núna á nokkrum klukkutímum. Þessum vinnubrögðum mótmæli ég.

Auðvitað er sjálfsagt að skoða það að afnema skattfrelsi forseta Íslands og maka hans og vissulega er hægt að taka undir að það er á skjön við jafnræðisreglu að forsetinn og maki hans séu undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum eins og tekjuskatti, eignarskatti, virðisaukaskatti og fjármagnstekjuskatti. En okkur bera skylda til að skoða hver áhrifin af afnámi skattfrelsis forseta Íslands verða og hvaða áhrif það geti haft á launakjör annarra embættismanna. Ég mun óska eftir að það mál verði sérstaklega skoðað í efh.- og viðskn. sem fær málið til meðferðar. Ég vænti þess, herra forseti, að nefndin fái eðlilegan tíma til að fjalla um þetta mál.

Það er rétt að þetta mál er ekki að koma fyrir þingið í fyrsta skipti. Það kom bæði fyrir 115. löggjafarþing 1991–1992 og síðan fyrir 120. löggjafarþing 1995. Þá hafði þetta mál miklu eðlilegri aðdraganda en nú er og vinnubrögðin í kringum það voru eðlilegri. Á 120. löggjafarþingi kom málið inn fyrir jólin. Það var sex mánuði til meðferðar í þinginu áður en það var afgreitt úr nefnd með tveimur nál. en að vísu kom það ekki til atkvæðagreiðslu við 2. umr.

Athyglisvert er að þegar málið kemur úr nefnd eftir að hafa verið þar í sex mánuði þá vekur meiri hluti allshn. — þá fór þetta mál til allshn. — athygli á því að, með leyfi forseta:

„Kjaradómur ákveður laun forseta Íslands og margra æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Hefur dómurinn jafnan reynt að gæta samræmis í ákvörðunum sínum og er því ekki útilokað að hækkun launa forsetans leiddi jafnframt til hækkunar launa annarra embættismanna. Ef svo færi gæti slík breyting ein og sér sett af stað ákveðna keðjuverkun í kjaramálum opinberra starfsmanna."

Undir þetta rita hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Hjálmar Jónsson, Árni R. Árnason, Ísólfur Gylfi Pálmason og Kristján Pálsson.

Það er því ljóst að á þessum tíma höfðu þingmenn áhyggjur af þeirri keðjuverkun sem gæti fylgt því að afnema skattfrelsi forseta Íslands. Ég held að full ástæða sé til þess að hafa þær áhyggjur. Það er alveg ljóst að Kjaradómur tekur í ákvörðunum sínum tillit til þess að laun forsetans og önnur kjör eru undanþegin skatti, en í síðasta úrskurði Kjaradóms segir, með leyfi forseta:

„Forseti Íslands hefur ætíð verið með hæst laun þeirra sem Kjaradómur ákvarðar laun. Eðlilegt þykir að halda þeirri venju. Sé tekið tillit til skattleysis forsetans eru laun hans þó í raun mun hærri en fram kemur í ákvörðun Kjaradóms."

Ég held að þetta ætti að vera nægileg vísbending til þess að það er nokkuð öruggt, a.m.k. má segja mjög miklar líkur á því, að Kjaradómur muni ákvarða forsetanum miklu hærri laun ef þetta frv. verður samþykkt.

Því hefur verið haldið fram, og mér er sagt að þeir útreikningar komi frá fjmrn., að ígildi skattfríðinda forsetans nemi sem samsvarar milli 700 og 800 þús. kr., þ.e. ef forsetinn nýtir sér að fullu þau skattfríðindi sem hann getur. Nú er ég ekki að segja að núverandi forseti eða aðrir hafi nýtt sér þessi skattfríðindi að fullu vegna þess að þau taka til virðisaukaskatts, tollalaga, fjármagnstekjuskatts og fleiri skattalaga. En hafi það verið nýtt að fullu hefur fjmrn. reiknað þetta út þannig að gera má ráð fyrir að laun hans hækki verulega.

Við þekkjum það að samkvæmt úrskurði Kjaradóms hafa laun forsrh. verið ívið lægri en laun forseta Íslands vegna þess að, eins og hér segir í úrskurði Kjaradóms, forseti hefur ætíð verið með hæstu launin sem Kjaradómur ákvarðar, og síðan segir Kjaradómur: „Eðlilegt þykir að halda þeirri venju." Því má ætla að við þá ákvörðun að breyta nú launum forseta muni fylgja launahækkun til forsrh. og greinilega einnig til handhafa forsetavalds sem hafa haft skattfríðindi þegar þeir eru handhafar forsetavalds og þeir hafa hluta af launum forseta þannig að örugglega mun fylgja þessu launahækkun til hæstv. forseta og annarra handhafa forsetavalds.

Ef þetta hjól fer að snúast og þessi spá gengur eftir, sem ég held að sé nokkuð mikið til í, þá koma auðvitað aðrir ráðherrar á eftir þegar forsrh. hefur hækkað vegna þess að mönnum mun örugglega þykja að það sé nokkuð mikill launamunur á kjörum forsrh. og forseta ef laun forseta hækka upp í 1–1,3 millj. en forsrh. situr með 600 þús. kr. laun. Hjólið mun því fara að snúast og sennilega mun þetta leiða til hækkunar hjá öllum sem taka laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms. Þá kemur kjaranefnd á eftir sem ákveður laun fyrir fjölda aðila og þá getum við spurt í lokin: Hvaða áhrif getur það haft ef þessu hjóli er hleypt af stað og æðstu embættismenn ríkisins hækka í kjölfar þess að Kjaradómur úrskurðar nú hækkun á launum forseta? Þetta ber okkur að

skoða vandlega og meta vegna þess að það er ekki hægt að segja bara að hér sé ekki verið að ákvarða neina hækkun á launum forseta með því að afnema skattlagninguna, það sé í höndum Kjaradóms. Við getum þá dregið okkar ályktanir af því. Það er ekki vafi í mínum huga, þar sem ljóst er að Kjaradómur hefur í ákvörðun sinni haft hliðsjón af því að forsetinn er ekki skattlagður, að þá hefur það komið þannig fram að laun hans eru lægri og þar með væntanlega líka laun hæstv. forsrh. sem ávallt hefur haft lítillega lægri laun en forseti.

Síðan má spyrja hvaða afleiðingar þetta hefur á lífeyrisréttindi vegna þess að þetta hefur ekki bara þau áhrif að við afnemum nú skattfríðindi forseta og síðan gerist ekkert á eftir vegna þess að ef launin hækka, hækka líka lífeyrisréttindi forsetans og væntanlega líka annarra ráðamanna ef laun þeirra hækka líka og þá þarf að meta áhrifin af þessu fyrir ríkissjóð. Maður spyr um tilganginn. Flutningsmenn halda því fram að hér muni raunverulega ekkert gerast nema að skattlagningu á kjörum forsetans verði breytt vegna þess að ríkissjóður yrði jafnsettur á eftir. En ég hygg að þetta gæti haft víðtækari áhrif en menn vilja vera láta.

Það má spyrja um önnur lönd. Hvernig er skattfríðindum háttað í þeim löndum sem við berum okkur saman við, þar sem t.d. er forseti eins og hér? Þá mætti kannski líta til Finnlands. Í gögnum sem ég hef undir höndum frá 3. mars 1999 segir að í Finnlandi sé forsetinn undanþeginn skattskyldu hvað varðar laun, eftirlaun maka, barnalífeyri og kostnað við rekstur húsnæðis og annan kostnað greiddan af ríkinu. Kóngafjölskyldurnar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku eru undanþegnar álagningu skatta þannig að svoleiðis virðist það vera þar og þekki ég ekki til víðar og mun það vafalaust verða upplýst í efh.- og viðskn. fái hún málið til meðferðar.

Herra forseti. Ég held því að við verðum að fara mjög varlega í þessu efni. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. sem er viðstaddur þessa umræðu hvort hann óttist ekki að þetta geti haft þessi keðjuverkandi áhrif sem ég hef nefnt, að ef úrskurður Kjaradóms hækkar laun forsetans, sem ég tel allar líkur á verði þetta frv. að lögum, muni laun annarra embættismanna hækka og þetta gæti haft mjög óæskileg áhrif inn á almenna launamarkaðinn núna eftir að þorri fólks á launamarkaðnum, eða almenni markaðurinn, hefur gert sína kjarasamninga til nokkurra ára.

Herra forseti. Ég vil líka vísa til þess þegar ég beini spurningum mínum til hæstv. forseta að dómurinn hefur það hlutverk að gæta samræmis samkvæmt lögum í ákvörðunum sínum og úrskurðum og það er nefnt í nefndaráliti meiri hlutans sem hafði áhyggjur af því fyrir fjórum árum síðan að þessi breyting gæti sett af stað ákveðna keðjuverkun í kjaramálum opinberra starfsmanna. Meiri hluti nefndarinnar taldi í því ljósi að málið þyrfti nánari skoðunar við og fól ríkisstjórninni að kanna áhrif slíkra lagabreytinga og undirbúa frv. um málið ef raunhæft þykir. Þannig var ríkisstjórninni fyrir fjórum árum síðan falið að kanna áhrif slíkrar lagabreytingar og undirbúa frv. um málið ef raunhæft þætti. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvort það verk hafi verið unnið, þ.e. að könnuð hafi verið áhrif þessara lagabreytinga, hver hafi verið niðurstaðan þeirrar könnunar. Varð niðurstaðan sú, fyrst ekki hefur komið fram frv. frá hæstv. ríkisstjórn eða forsrh., að ekki væri raunhæft að flytja þetta mál inn í þingið? Mér hefði fundist eðlilegt, líka í ljósi fyrri umfjöllunar Alþingis um málið, að hæstv. forsrh. eða ríkisstjórnin hefði flutt slíkt mál ef ástæða þætti til í ljósi þeirrar athugunar sem henni var falið að gera á sínum tíma. Það hefði verið eðlilegra en að rjúka upp einum eða tveimur sólarhringum áður en þingi lýkur og að nokkrir þingmenn fari þá að flytja þetta frv. gefandi sér að Alþingi hafi lítinn tíma til þess að fjalla um málið og efh.- og viðskn. er sett í þá stöðu að hafa nánast engan tíma til þess að fjalla um það eða áhrifin af því. Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, við 1. umr. um málið.

Það er líka fróðlegt að vitna í þingmann sem nú er ráðherra og fjallaði um þetta mál *á sínum tíma, fyrir átta árum* síðan, hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason. Um það að menn greinir nokkuð á um áhrifin af þessu, þ.e. hvort þetta leiðir til þess að laun forsetans hækki, sagði hæstv. ráðherra og þáv. þm. Björn Bjarnason:

„Ég lít ekki þannig á að verði skattfrelsi forseta afnumið og réttur hans til þess að greiða ekki tolla eigi það að leiða til þess að kjör hans rýrni heldur sé með því verið að stuðla að því að allir borgarar landsins búi við sömu kjör gagnvart skattalögunum."

Ég hygg því að flestir sem hafi tjáð sig í þessu máli geri ráð fyrir því og gangi út frá því að laun forsetans hækki gangi þessi breyting eftir.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þm. á að skv. 58. gr. má eigi nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál.)

Ég þakka kærlega fyrir ábendinguna.

Nú hafa þingmenn sem sagt haft fjögur ár til þess að undirbúa þessa lagasetningu frá því að Alþingi fjallaði síðast um málið, en hún er lögð fram nokkrum klukkutímum fyrir þinglok.

Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh. í lokin hvort hann teldi eðlilegt ef efh.- og viðskn. kæmist að þeirri niðurstöðu að ákveðin hætta væri því samfara að samþykkja þetta frv., þ.e. að áhrifin yrðu þau að laun æðstu embættismanna í kerfinu mundu hækka í kjölfar þessara breytinga, að skoða það að breyta lögum sem Kjaradómur vinnur eftir eða eftir atvikum lögum um laun forseta Íslands þar sem kveðið væri á um að þessi breyting ætti ekki að hafa þau áhrif að laun toppanna hækkuðu upp úr öllu valdi. Ef efh.- og viðskn. í fyrsta lagi telur þessa hættu vera fyrir hendi, í annan stað ef hún finnur einhvern flöt á því að koma með lagaákvæði í lögin um laun forseta Íslands eða um Kjaradóm, af því að Kjaradómur vinnur eftir ákveðinni forsendu í lögum, um að þessi breyting tryggði að laun annarra mundu ekki hækka, telur forsrh. þá ekki eðlilegt að það yrði skoðað af hv. efh.- og viðskn.?

Herra forseti. Ég fæ frv. til skoðunar í efh.- og viðskn. og mun því ekki lengja mitt mál frekar. En ég vildi við 1. umr. *láta í ljós áhyggjur mínar* um hvaða áhrif það hefði ef þessi leið yrði farin, þ.e. að þetta gæti haft keðjuverkandi áhrif um launakjör hjá hinu opinbera og í annan stað að láta í ljós vanþóknun mína á því hvernig frv. ber að í þinginu.

[09:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að sumt af því sem hv. þm. nefndi hafi kannski ekki alveg verið rökrétt því að hv. þm. talaði alltaf um að önnur laun kynnu að hækka ef laun forsetans yrðu hækkuð. Ég hygg að enginn sé með þessum breytingum að tala um að hækka raunlaun forsetans. Segjum sem svo að þingið samþykki að afnema þetta skattfrelsi, sem ég tel skynsamlegt úr því sem komið er, þá er dæmið væntanlega þannig, ef það síðan leiðir til þess að nafnlaun forsetans eru hækkuð, að þá breytist ekkert annað en að laun forsetans eru

sjáanleg. Útborguð laun forsetans mundu þá ekki breytast og hlutfallið milli útborgaðra launa forsetans og forsrh. eða ráðherra mundi ekki breytast. Menn hljóta að tala um raunlaun í þessu sambandi. Það er því ekki nokkurt minnsta tilefni til þess, þó að nafnlaun forsetans mundu verða hækkuð án þess að kjör hans batni, að bæta kjör ráðherra, þingmanna eða annarra opinberra starfsmanna. Það er bara ekki nokkur minnsta ástæða til þess því að menn eru ekki að tala um það hér að með því að afnema skattfrelsi forseta séu þeir að hækka laun hans og kjör. Það er alveg fráleitt.

Það er ekki minnsta ástæða til að ætla að laun okkar sem hér sitjum ættu að hækka við það að skattfrelsi forsetans verði afnumið. Ég kem því ekki heim og saman. Það eina sem gerist er að laun forsetans verða sjáanleg. Þá halda menn að sagt verði: Ja, fyrst menn sjá hvað forsetinn hefur mikil raunlaun þá sést hve mikill munur er á launum forsetans og forsrh. í dag, sem og annarra ráðherra, og þá muni þeir jafna þann mun. Ég skil þingmanninn þannig.

Ég held að svona sé þetta ekki. Ég held að Kjaradómur sem ákvarðar þessi laun viti nákvæmlega hver munurinn er. Hann veit til að mynda að á 580 þús. kr. launum forsrh. og 610 þús. kr. skattfrjálsum launum forsetans — þetta eru ekki nákvæmar tölur — er verulegur munur. Við getum reiknað út hver munurinn er. Þeir hafa ekki talið ástæðu til þess að hækka laun forsrh., ráðherra eða þingmanna af því tilefni. Ég sé því ekki minnstu ástæðu til að laun þessara manna mundu hækka við að laun forseta Íslands væru gegnsæ og það sæist hvaða laun hann hefði, ekki hina minnstu.

Spurt var hvort nokkur rannsókn hefði farið fram á þessu máli í ráðuneytinu í samræmi við ályktun Alþingis. Ég get ekki sagt að fram hafi farið rannsókn á þessu vegna þess að þetta er í raun ekki hægt að rannsaka. Hins vegar hafa farið fram umræður og verið lagt á þetta mat, verið rætt við ýmsa fróða menn og hefur enginn sem við höfum rætt þetta við í ráðuneytinu talið að þetta ætti að leiða til hækkunar á launum. Það er enginn að tala um að hækka raunlaun forsetans þannig að munurinn á milli launa forsetans og annarra mundi ekki aukast. Það eina sem gerðist væri að launin yrðu sjáanleg.

Við vitum að skattareglurnar eiga að vera hlutlausar gagnvart öllum. Eftir síðustu stjórnarskrárbreytingu þar sem jafnræðisreglan var sett hef ég miklar efasemdir um að þetta fyrirkomulag standist, að einum embættismanni, hver sem hann er og hversu virðulegt sem embættið er, sé ætlað skattfrelsi. Hins vegar tel ég hægt að hafa skattfrelsi til að mynda á Nóbelsverðlaunum eða þess háttar vegna þess að það er ekki tengt neinni persónu sem slíkri. Það er almenn regla og hver sem er getur fallið undir hana eftir ákvæðum sem þeir hafa ekki áhrif á sjálfir. Ég tel að það geti út af fyrir sig staðist en þó má vel vera að það sé umdeilanlegt. Þetta er matsatriði.

Varðandi sjómenn t.d. þá er um að ræða heila stétt en engu að síður velta lögfræðingar því fyrir sér hvort þau ákvæði standist stjórnarskrá. Ég hef sjálfur ákveðnar efasemdir um að með breytingum á stjórnarskrá standist slíkt. Ég tel til að mynda að sjómannaafsláttur mundi ekki verða veittur í dag. Væru menn að undirbúa slíka löggjöf þá mundu þeir leita lögfræðilegrar álitsgerðar í þeim efnum og ég tel að sá afsláttur yrði ekki veittur væri þetta ekki þegar komið á.

Það hefur örlað á vissum misskilningi í kringum þetta mál. Til að mynda hafa menn sagt að menn verði að gera þetta núna vegna þess að ekki megi gera þessar breytingar á miðju kjörtímabili. Það er ekki rétt. Það má gera slíkar breytingar á miðju kjörtímabili. Hins vegar er reglan sú að ef slíkar breytingar eru gerðar á miðju kjörtímabili þá ber að hækka laun forsetans í öllum efnum þannig að hann verði örugglega jafnsettur eftir sem áður. Sé breytingin gerð fyrir upphaf kjörtímabils þá er þetta bara mat Kjaradóms.

Ég segi fyrir mig að ég var þeirrar skoðunar áður að það ætti ekkert að hreyfa við skattfrelsi forsetans sem embættis. Ég var ekki hlynntur því hér áður en ég hef hins vegar tekið eftir því að allir forsetaframbjóðendur hafa lagt höfuðáherslu á að þetta væri ósiðlegt og óheppilegt. Fyrrv. forseti hefur lýst því yfir að henni hafi ætíð fundist þetta ógeðfellt. Núv. forseti hefur sérstaklega tekið fram, margoft fyrir kosningarnar, að þetta ætti að afnema og allir hinir frambjóðendurnir tóku það líka fram. Þess vegna er dálítið skrýtið af okkur hér, löggjafanum, að þvinga fólk til að búa við skilyrði sem þeim finnast ógeðfelld og ósiðleg og stór meiri hluti landsmanna, eins og komið hefur fram í könnunum, þykja líka óeðlileg. Reyndar lýsti núv. forseti vor því yfir að forsetar ættu að hafa sams konar laun og ráðherrar eða dómarar í Hæstarétti. Ég er ekki sammála því. Ég tel að forsetinn eigi að hafa hærri laun en það. Hins vegar er það hvorki mitt eða hans að ákveða það. Það er Kjaradóms.

Ég tel að þessi tími sé út af fyrir sig þægilegasti og eðlilegasti tíminn til að gera slíkar breytingar, þegar framboðsfrestur er a.m.k. að formi til enn ekki úti, að formi til er enginn maður með bréf upp á að hann verði forseti næsta kjörtímabil. Það hefur enginn bréf upp á það á þessu augnabliki. Þessi tími kann því að vera sá réttasti. Málið er tiltölulega einfalt finnst mér og á að vera það. Þetta mál er bara mál þingsins, finnst mér, og ekki neinna annarra að fjalla um. Mér finnst yfirlýsingar sumra aðila sem þykjast eiga að ráða þessu máli eins og öllum öðrum málum í landinu, en ekki Alþingi, ekki vera heppilegar. Mér finnst engin efnisrök gegn því við núverandi aðstæður að verða við þeim tilmælum og skoðunum sem allir þeir sem boðið hafa sig fram til forsetaembættis síðan 1980 hafa talað um og beðið um. Meira að segja núv. forseti fann að því í blaðaviðtali að Alþingi skyldi ekki hafa klárað málið fyrir kosningarnar 30. júní 1996. Þetta er skoðun þeirra sem í þessum embættum eru, að þeir vilja ekki búa við þetta. Það hefur margoft komið fram. Þess vegna finnst mér skrýtið að við viljum hafa þetta ójafnræði í þjóðfélaginu sem er orðið dálítið úrelt.

Af hverju bjuggu þjóðhöfðingjar af konunglegum ættum og kyni ekki við skatta? Það var m.a. vegna þess að þau sjónarmið voru uppi að konungar hefðu hlotið völd sín frá guði og það væri ekki við hæfi að Alþingi eða þing setti skatta, mannlega skatta, á embætti sem guð hafði skaffað. Þannig er það. Mér finnst að þær gömlu leifar sem þetta fyrirkomulag byggir á séu ekkert sem við þurfum að rannsaka sérstaklega. Hversu merkilegir sem við erum og merkileg þá hefur ekkert okkar fengið neitt af embættum sínum frá guði. Hann ber enga ábyrgð á því, kannski sem betur fer. Mér finnst það ekki sambærilegt.

Reyndar er það svo að þetta er að breytast. Meira að segja Bretadrottning, sem gegnir einu virðulegasta embættinu, er nú farin að borga skatta, a.m.k. að hluta. Bandaríkjaforseti borgar skatta og þó er gert mjög mikið úr því embætti þar eins og menn vita. Skattfrelsi af þessu tagi er því á undanhaldi. Mönnum finnst það ekki standast í venjulegu ríki að ein persóna sé hafin yfir lög hvað þetta varðar. Til þess rekur enga nauðsyn. Ég held að allir hér inni vilji að forseti Íslands,

hver sem hann er, sé vel haldinn af launum sínum. Ég tel að það sé nauðsynlegt og að um það sé ekki deilt. Ég held að þjóðin vilji það enda snýst málið ekki um það. Málið snýst um hvort svona regla eigi við. Hún á bersýnilega ekki við lengur. Það er a.m.k. ekki að jafnaði að menn geti talið það, ekki nútímajafnaðarmenn a.m.k. Og ég sem jafnaðarmaður að nútímagerð tel að það gangi ekki upp. Kannski hafa aðrir jafnaðarmenn aðra skoðun á því eins og gengur en svona lítur málið út frá mínum bæjardyrum horft.

[10:10]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forsrh. á því að ekki eru allir sammála honum um að ekki sé líklegt að þessi breyting dragi dilk á eftir sér. Einn af þeim sem skrifuðu undir nál. meiri hluta allshn. fyrir fjórum árum um að vísa málinu til forsrh. til ríkisstjórnarinnar til athugunar m.a. með þeim röksemdum situr nú í stóli dómsmrh. og það er viðtal í Degi í dag við 1. flm. málsins. Hvað segir hann? Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Kjaradómur hefur ekki að fullu leyti tekið tillit til þess að laun forsetans eru skattfrjáls, því að annars væri hann með lægri laun en forsætisráðherra. En ég reikna með að Kjaradómur taki eitthvert tillit til þessara breytinga, ef þær verða samþykktar."

Síðan heldur 1. flm. málsins áfram og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég reikna með því að hugsanlega verði forsætisráðherra hækkaður eitthvað, vegna þess að hann er þannig í kjörum að margir í ráðuneyti hans eru með hærri laun."

Fyrsti flm. málsins reiknar með því að þetta mál hafi þau áhrif að laun hæstv. forsrh. verði hækkuð. Það liggur fyrir, virðulegi forseti. Ég vildi bara benda hæstv. forsrh. á þessar umsagnir tveggja aðila, núv. dómsmrh. og 1. flm. málsins. Hvert er málinu vísað, herra forseti? Því er ekki vísað til allshn. eins og gert var fyrir fjórum árum heldur er því vísað, að beiðni flm., til þeirrar nefndar sem á að meta efnalagsleg áhrif af tillögugerð á Alþingi, efh.- og viðskn. (**Gripið fram í:** Skattalagafrumvarp.) Ja, fyrir fjórum árum var málinu vísað til allshn. sem tekur ákvörðun um svona afmörkuð mál. En það liggur auðvitað fyrir, herra forseti, hvernig flutningsmennirnir sjálfir líta á þetta mál.

[10:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég hef sagt kunna menn að hafa skiptar skoðanir. Ég er bara spurður um mína skoðun og lýsi henni. Ég get ekki séð að þegar raunlaun forsetans eru ekki hækkuð þá eigi laun annarra að hækka. Ég get bara ekki fengið þá niðurstöðu.

Ég nefni annað, fyrst menn nefna forsrh. sérstaklega, en þessi breyting, a.m.k. ef laun forsetans eru ekki hækkuð, hefur örugglega smávægileg áhrif á laun forsrh. til lækkunar. Forsrh. er einn af handhöfum forsetavalds og fær nokkrar upphæðir skattfrjálsar árlega af þeim sökum. Það verður tekið af ef af breytingunni verður þannig að það er augljóst og það eina sem liggur örugglega fyrir er að skattfrjáls laun forsrh. hvað þetta varðar lækka, nema laun forsetans verði hækkuð jafnmikið á móti eins og menn segja, þá skiptir það ekki máli. Þá er það hlutlaust. Ég sé ekki að laun annarra hækki þó að laun forsetans verði sjáanleg. Ég skil ekki af hverju menn vilja ekki að þau séu sjáanleg. Það er enginn að tala um að gera breytingar á þeim, eingöngu að þau verði sjáanleg. Það hlýtur að vera eðlilegast að öll laun í landinu séu sjáanleg. Það hefur ekkert með virðingu forsetaembættisins að gera. Ég skil ekki hvaða titringur og vandræðagangur er hjá sumu fólki út af þessu. Ég skil það ekki nákvæmlega.

[10:13]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert við því að segja að hæstv. forsrh. sé þessarar skoðunar. Hann hefur fullt frelsi til þess og fullan rétt til þess. En ég leyfði mér að benda á að 1. flm. málsins er á öndverðri skoðun. Hann telur að þessi breyting muni leiða til hækkunar á launum forsrh. og væntanlega annarra ráðherra. Sama máli gegndi um núv. hæstv. dómsmrh. sem skrifaði undir meirihlutaálit allshn. á sínum tíma.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. að einu. Alþingi vísaði málinu á sínum tíma til ríkisstjórnarinnar sem átti síðan að taka við boltanum og skoða málið betur. Það var auðsjáanlega ekki gert. En auðvitað skiptir ekki síst máli eftir þá afgreiðslu hvert er álit þess aðila sem fer með málefni forseta Íslands í ríkisstjórninni. Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh.: Var leitað samráðs við hann um undirbúning þessa máls? Var það gert með eðlilegum hætti eins og á að gera eftir þá afgreiðslu Alþingis á málinu fyrir fjórum árum þegar það vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar? Var haft samráð við forsætisráðherraembættið um flutning málsins?

[10:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einn af mínu ágætu fyrirrennurum, lagaprófessor við háskólann, Ólafur Jóhannesson, segir í Stjórnskipunarrétti sínum að mildileg aðferð, ég hygg að það sé orðað þannig, til að koma málum fyrir kattarnef sé að vísa þeim til ríkisstjórnarinnar. Ég er ekki sammála því að það sé endilega aðferðin. Ég tel meira felast í því. En oft vísar þingið málum til ríkisstjórnar vegna þess að það er ekki tilbúið að taka efnislega afstöðu til málsins á þeim tíma.

Út af fyrir sig skiptir ekki öllu máli hvað ég segi um þetta eða 1. flm. tillögunnar. Það er ekki okkar að ákveða laun forseta. Það er Kjaradóms. Eins og ég segi, ef launum forsetans er ekki breytt til hækkunar þá geta þau ekki leitt til hækkunar hjá öðrum. Það væri rökleysa og rökvilla. Ég sætti mig ekki við það að menn beiti rökvillum til að komast að niðurstöðu.

Varðandi hitt hvort ég hafi vitað af því að vilji stóð til þess hjá flutningsmönnum að flytja þessa tillögu, þá er það svo. Ég vissi af því.

[10:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili ekki við hæstv. forsrh. um að eðlilegt sé að skoða hvort afnema eigi skattfrelsi forsetans. Ég hef hins vegar sagt að mér finnst til vansa hvernig þetta mál ber að. Við hæstv. forsrh. erum greinilega ósammála um það. En ég hef áhyggjur af áhrifunum af því að afnema skattfrelsið, að þetta geti farið út í launakerfið og hækkað laun embættismanna, þar á meðal forsrh. Hæstv. forsrh. hefur engar áhyggjur af því. Samt segir hæstv. forsrh. að hér sé eingöngu verið að gera laun forseta sýnileg. Ef eingöngu er verið að gera þau sýnileg hlýtur af sjálfu að leiða að ígildi skattfrelsisins birtist þá í hærri launum.

Ég vil nefna að fimm sjálfstæðisþingmenn í hv. allshn. og einn framsóknarmaður voru þeirrar skoðunar að þetta gæti haft keðjuverkandi áhrif í kjaramálum opinberra starfsmanna og embættismanna. Þetta eru flokksmenn og félagar hæstv.

forsrh. Þeir höfðu þessar áhyggjur á sínum tíma og ég býst við að þeir hafi þær enn. Þess vegna er full ástæða til þess að hafa áhyggjur af þessu.

Af hverju hefur Kjaradómur ekki hækkað laun ráðherra eða forsrh. hingað til þegar vitað var af skattfrelsinu? Það var vegna þess að þeir segja í úrskurði sínum að þeir telji eðlilegt að halda þeirri venju að forseti Íslands hafi hæstu launin. Fari þeir að hækka laun forsetans núna einmitt vegna þess finnst þeim laun hæstv. forsrh. kannski of lág í samanburðinum. Þá hafa þeir tækifæri til að hækka þau laun og þar með annarra ráðherra og þá er keðjuverkunin farin af stað. Ég óttast þetta. Ég spyr ráðherrann: Telur hann eðlilegt að hækka laun handhafa forsetavalds ef svo fer að Kjaradómur hækki laun forsetans í kjölfar þessara breytinga?

[10:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. virðist alltaf telja að raunlaun skipti ekki máli, að einungis nafnlaun skipti máli. Það er enginn að tala um að hækka raunlaun. Raunlaunin skipta máli. Það er það sem kemur í budduna. Þetta hlýtur fyrrv. ráðherra að vita. Nafnlaunin breytast ekki.

Varðandi laun forsrh. var það þannig að mörgum fannst laun forsrh. of lág á tímabili. Þau hafa breyst mjög. Ég tel að laun forsrh. séu, án þess að ég eigi kannski að leggja dóm á það, a.m.k. hæfileg og alls ekki of lág. Mér finnst laun forsrh. ekki of lág. Ég held að forsrh. hver sem hann er sé vel haldinn af þeim launum sem hann hefur núna. Þar hefur orðið breyting á og meira að segja verið gagnrýnt að Kjaradómur hefur hækkað laun ráðherra og þingmanna. Ég ætla ekki að leggja dóm á laun þingmanna en ég tel að laun forsrh. séu sanngjörn, það sé ekki nein efnisleg ástæða til þess að hækka laun forsrh.

Ef laun forsetans hækka ekki þó að þau séu óðruvísi skráð, bara vegna þess að skattleysi eigi ekki lengur við, getur það að mínu viti ekki leitt til að laun forsrh. eða annarra ráðherra hækki. Það er bara ekki nokkur minnsta ástæða til þess. Það má vel vera að þetta fyrirkomulag hafi haldið niðri launum þingmanna og ráðherra áður fyrr. Um það var talað og ég heyrði svoleiðis tal, að það væri réttara að hafa laun forsetans hærri en ráðherranna, sem væri að vísu bara plat því að þau væru miklu hærri, og það héldi niðri launum þingmanna og ráðherra. Ég held að þetta eigi ekki við lengur. Ég held að ráðherrar a.m.k., ég skal ekki dæma um þingmennina, séu vel haldnir núorðið miðað við það sem gerist annars staðar í heiminum. Í stærri löndum eru laun þeirra auðvitað aðeins hærri en hér en miðað við alla aðra hluti finnst mér ráðherrar hér núorðið ágætlega haldnir.

Ég tel ekki minnstu ástæðu til að Kjaradómur hækki laun annarra út frá því að úreltu ákvæði um skattalög, sem tengist því að við yfirfærðum á forsetaembættið aðstæður konungsembættis í Danmörku sem var talið vera komið frá guði, sé breytt. Ég sé ekki að það hafi nokkur áhrif á laun annarra. Það á ekki að gera það og þarf ekki að gera það.

[10:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. virðist afar sannfærður um að það að afnema skattfrelsi forsetans muni engin áhrif hafa, ekki einu sinni þau áhrif að breyta launum forsetans sjálfs. Að vísu væri þá um raunlækkun á kjörum hans að ræða miðað við það sem hann hefur núna. En hvað um það, þetta er sannfæring forsrh. og hana ætla ég ekki að taka af honum. Það segir mér að hæstv. forsrh. mundi þá vera hlynntur því, ef hv. efh.- og viðskn. sem nú mun fjalla um þetta mál finnur leið til þess í lagasetningu, annaðhvort með breytingum á lögum um Kjaradóm eða í breytingu á lögum um laun forsetans, að setja í lög að það að afnema skattfrelsið eigi ekki að hafa nein áhrif til að hækka laun annarra sem Kjaradómur úrskurðar laun fyrir. Ég lít svo á að það hljóti að hafa stuðning hæstv. forsrh. þegar hann er svona innilega sannfærður um að þetta hafi engin áhrif.

Ég er aftur á móti langt frá því að vera sannfærð um það. Ég held að við höfum ekki séð til botns í þessu máli gangi það fram sem horfir. Ég spyr forsrh.: Telur hann það ekkert óeðlilegt og til vansa fyrir þingið að afgreiða á einum degi, gegnum þrjár umræður og umfjöllun í nefnd, slíka breytingu á kjörum forseta Íslands? Nefndin hefur ekki einu sinni tíma til að fjalla um áhrifin af þessu, m.a. áhrifin á lífeyrisréttindi o.s.frv. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvort hann teldi eðlilegt að hækka laun handhafa forsetavalds ef laun forsetans mundu hækka í kjölfar þessara breytinga.

[10:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega erfitt að ræða þetta við hv. þm. því að hún virðist rugla stöðugt saman raunlaunum og nafnlaunum. (**JóhS:** Nei, nei.) Ég segi: Ef raunlaun hækka ekki þá verður engin breyting. Það er bara verið að afnema skattfrelsið. Þetta snýst ekki um kjör. Hún ruglar þessu stöðugt saman, raunlaunum og nafnlaunum. Hún er í raun að segja við þingheim og landsmenn alla að feluleikur með laun forsetans hafi þýtt að allir aðrir hafi lægri laun. Ef allir hefðu séð hver laun forsetans væru svart á hvítu þá hefðu öll laun í landinu verið öðruvísi, samkvæmt hennar málflutningi. Hún segir að þessi feluleikur hafi verið svo góður til að halda niðri launum opinberra starfsmanna. Hún segir að hætta sé á því að ef menn hætti feluleik með laun forsetans þá hækki laun opinberra starfsmanna. Það getur þingmaðurinn bara alls ekki hugsað sér. Þetta er einhver vitleysa og alger meinloka. Áðan kom fram í hálfgerðu frammíkalli, um laun handhafanna, að ef laun forsetans verða hækkuð, nafnlaunin, þannig að raunlaunin verði þau sömu, hann fái það sama útborgað, þá gerist ekkert með laun handhafanna, þá eru þau bara óbreytt. Þá eru útborguð laun handhafanna óbreytt.

Varðandi eftirlaunin. Í lögum segir að fyrrv. forsetar skuli eftir eitt kjörtímabil þiggja 60% af launum forsetans en þeir hafa þau ekki af því að launin eru skattlaus. Þá hafa þeir í raun 25–30% eftirlaun af raunlaunum. (Gripið fram í.) Já, það hækkar og er það ekki eðlilegt? Er ekki eðlilegt að hlutfallið sé þannig? Það hefði maður haldið. Þessi feluleikur sem einhverjir þrá að stunda, það eru einhverjir sem þrá að hafa þennan feluleik, er náttúrlega bara feluleikur. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir getur ekki hugsað sér að fólk sjái hvaða laun forsetinn hefur nákvæmlega en það liggur fyrir að allir frambjóðendur til forsetaembættisins vildu, núv. forseti talaði sérstaklega um það aftur og aftur í forsetakosningum, að þetta siðleysi yrði afnumið. Nú vill hv. þm. halda við þessu siðleysi.

[10:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið sett á dagskrá mál og er mjög skammur tími er ætlaður til afgreiðslu þess í þinginu. Ég mun ræða um það síðar í ræðu minni, þ.e. um aðferðina. Fyrst ætla ég hins vegar að fara yfir þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til og segja álit mitt á því sem þar kemur fram.

Í 1. gr. er lagt til að felld verði niður orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ og málsgreinin: „Undanþága skv. 1. mgr. nær þó ekki til eftirlauna.“ Þetta á að falla niður úr lögum um laun forseta Íslands.

Þetta mun auðvitað hafa víðtæk áhrif á laun forsetans og eftirlaunin, einnig á eftirlaun fyrrv. forseta Íslands og eftirlaun maka fyrrv. forseta Íslands. Það fer auðvitað eftir því hvernig Kjaradómur tekur á málinu ef þessi lög öðlast gildi.

Ég bið menn um að gera öðrum ekki upp skoðanir, að menn séu á móti þessu máli, þó að hér séu færð fram ýmis rök fyrir því að skoða þurfi málið. Það er full ástæða til að velta fyrir sér hvað muni gerast.

Hæstv. forsrh. sagði áðan nánast beinum orðum að Kjaradómur mundi taka ákvörðun um að hækka laun forseta Íslands þannig að hann fengi útborguð laun eins og hann hefur fengið þegar búið væri að draga skattinn frá. (**Gripið fram í:** Sömu raunlaun.) Sömu raunlaun. Hvað þýðir það? Það þýðir verulega hærri laun til forseta Íslands vegna þess að um leið og þetta gerist er verið að hækka eftirlaun hans í stórum stíl og munar ekki lítið um það. Hæstv. forsrh. er að lýsa því yfir að hann telji ástæðu til að bæta kjör forseta Íslands með þessum hætti. Þetta hlýtur að hafa áhrif á mat Kjaradóms á því hvar eigi að raða öðrum embættismönnum ríkisins. Ég vil líka benda á að þegar það kemur fram í rökstuðningi Kjaradóms að rétt þyki að halda þeirri venju að hafa forseta Íslands efstan í launastrúktúrnum hjá ríkinu, þrátt fyrir að hann hafi haft þessi skattfríðindi, þá má ætla að það verði skoðað með öðrum hætti eftir að búið er að breyta þessu kerfi.

Hæstv. forsrh. upplýsti áðan að þau laun sem nú væru greidd væru um 580 þús. kr. til hæstv. forsrh. en 610 þús. kr. til forseta Íslands. Eftir að búið yrði að gera þá breytingu sem hér er lögð til og fara að ráðum forsrh. um að reikna upp laun forseta Íslands eins og hann lýsti hér áðan þá mundi forseti Íslands fá yfir 1.300 þús. kr. í laun á mánuði en forsrh. sæti uppi með 580 þús. kr. Mér er til efs að slík staða stæði til lengdar. Ég held að Kjaradómur muni meta launabilið milli forsrh. og forseta Íslands á annan hátt eftir þennan uppreikning. Þegar búið væri að lyfta hæstv. forsrh. í launastigunum eftir þann uppreikning, þá kæmi til mats mismunur launa hæstv. forsrh. og annarra ráðherra. Þannig færðist endurmat Kjaradóms niður launastigann. Auðvitað fer þetta líkt og ég hef hér lýst. Þetta verður allt saman endurmetið.

Mér fannst mjög sérkennilegt að hæstv. forsrh. lýsti því skýrt yfir að hann teldi að þetta ætti að hafa í för með sér betri kjör fyrir forseta Íslands en hann hefur núna sem felst þá í verulega hærri eftirlaunum en hann hefði samkvæmt þeim reglum sem nú gilda. Ég tel ástæðu til að það komi fram eftir að nefnd hefur fjallað um málið hvernig þessir hlutir líta út og hvaða upphæðir væri þá um að ræða sem kæmu þá til hækkunar á kjörum forseta Íslands.

Samkvæmt lögum eru eftirlaun forseta Íslands 60% af launum forsetans og geta farið upp í 80% hafi forsetinn gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil þannig að fyrrverandi forseti lýðveldisins fær þá 80% af þeim launum sem þarna yrðu ákveðin. Ekki er verið að leggja til að nein breyting verði á þessu þó að hér hafi komið skýr yfirlýsing um að það eigi að endurreikna launin með þeim hætti sem forsrh. lýsti yfir rétt áðan.

Lögð er til breyting á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt og sú breyting fjallar er við það ákvæði að tekjuskattur og eignarskattur skuli felldur niður af forseta Íslands og maka hans. Út af fyrir sig tel ég fulla ástæðu til að endurskoða þessi lög. Enginn má taka orð mín svo að ég sé á móti því að þetta sé endurskoðað. En ég tel að til þess þurfi tíma og menn þurfi að vinna vel það sem hefur verið tekið á dagskrá þingsins. Talað er um að forseti Íslands og maki hans séu undanþegnir. Nú vill þannig til að forseti Íslands er ekkjumaður og ég býst ekki við því að þetta hafi einhverja þýðingu eins og sakir standa. Auðvitað vita menn ekki hver verður forseti Íslands. Það er ástæða til að velta því örlítið fyrir sér hvernig staða mála er. Framboðsfrestur til embættis forseta Íslands rennur út á mánudaginn. Alþingi hefur ákveðið að taka til umræðu að breyta kjörum forseta Íslands og það liggur ekki fyrir hvernig launin verða eftir að búið er að breyta þeim. Hæstv. forsrh. hefur að vísu gefið yfirlýsingu um hvað hann vill en hann lét það fylgja mjög skýrt með að hann réði þessu ekki. Ef það kynni að verða niðurstaðan að engin breyting yrði á launum forseta Íslands, þ.e. launum hans, ekki raunlaunum heldur nafnlaunum, eins og sumir þingmenn hafa látið í veðri vaka að þeir telji enga ástæðu til að vera að hækka neitt við hann, hann eigi bara að borga skatt, kann þá ekki að vera að einhverjir af þeim frambjóðendum sem hafa hugsað sér að bjóða sig fram muni ekki telja að þeir hafi efni á því að takast á hendur þetta embætti? Þá er nánast útilokað að nokkur nýr aðili geti boðið sig fram til embættis forseta Íslands fyrir mánudag því að það þarf að safna meðmælendum og uppfylla þau formlegu skilyrði sem þarf til að bjóða sig fram. Ég veit ekki til þess, a.m.k. hef ég ekki orðið var við það í fréttum að neinn Íslendingur hafi hug á framboði til forseta Íslands nema núverandi forseti og Ástþór Magnússon sem hefur komið fram í fréttum að muni hafa áhuga á embættinu. Það er þá umhugsunarefni hvernig fer ef annar hvor þeirra eða báðir draga sig til baka og ekki verður af framboði þeirra, annars hvors eða beggja.

Ég er algerlega ósammála hæstv. forsrh. um að tíminn til að leggja þetta mál fram og afgreiða á hv. Alþingi sé rétt valinn. Ég held að vitlausari tími finnist ekki en þegar framboðsfrestur til embættis forseta Íslands er að renna út. Ég verð að beina því til þeirra sem bera ábyrgð á málinu hvort þeir hafi hugsað út í það hvers konar aðfarir það eru að velja málinu þennan tíma. Mál sem búið er að liggja hjá hæstv. ríkisstjórn í fjögur ár og allir vita hvenær á að kjósa til embættis forseta Íslands kemur fram þegar frestur til að skila framboðum til forsetaembættisins er að renna út. Þvílíkt og annað eins.

Hæstv. forseti. Hér er lögð til breyting á tollalögum. Sú breyting felst í því að það eigi að fella niður grein þar sem segir:

„Forseti Íslands og maki hans skulu undanþegin greiðslu tolla af vörum sem hann flytur inn til eigin nota eða honum eru sendar að gjöf.“

Ég hvet hv. nefndarmenn í efh.- og viðskn. að kanna það hvaða áhrif þessi breyting á lögunum hefur og velta því líka fyrir sér hvort þetta gefi haft það í för með sér að forseti lýðveldisins þurfi að biðjast undan því að fá gjafir. Ekki væri skemmtilegt ef hann teldi sig tilneyddan að biðjast undan því að þiggja einhverjar gjafir af því að hann yrði að leggja út peninga fyrir því að taka við þeim en þetta hafa hv. flm. sjálfsagt skoðað vandlega og geta þá svarað því í umræðunni hvort þetta skiptir einhverju máli.

Það er lögð til tillaga um breytingar á tryggingagjaldi og ég vil bera fram þá spurningu til hv. 1. flm. hvaða áhrif þetta

hafi. Þetta er einföld undanþága frá lögum um tryggingagjald og ég spyr: Hefur forseti Íslands nýtt sér þessa undanþágu? Mér skilst helst að hægt væri að nýta hana ef forseti hefur með höndum einhvers konar atvinnurekstur og þyrfti að borga tryggingagjald af þeim atvinnurekstri og tekur fólk í vinnu og borgar tryggingagjald af fólkinu sem hann hefur í vinnu. Ég hef áhuga á að vita hvort þetta ákvæði laganna hafi verið raunhæft að undanþiggja forseta frá þessu og hver ástæðan hafi verið því og hvaða áhrif það hefur að taka það síðan af.

Síðan er tillaga um að breyting á lögunum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur verði og að forseti og maki hans verði felld þar út sem undanþáguákvæði. Vissulega eru rök fyrir þeim tillögum sem hér hafa verið lagðar fram og mér finnst full ástæða til að skoða þetta mál mjög vandlega. Kannski gæti ég hugsað mér að samþykkja þær tillögur sem hér eru þegar og ef ég get verið viss um að þar hafi verið staðið þannig að málum að ég geti verið viss um bæði áhrifin af breytingunni og séð að það sé rétti tíminn og að vel hafi að öllu leyti verið staðið að þessu máli.

Það er eitt sem þarf þá að skoða sem ég tel fulla ástæðu til að benda hér á. Er eðlilegt að við afgreiðum þetta mál eitt og sér, breytingar á nokkrum lögum þar sem forseti Íslands hefur fríðindi af ýmsu tagi án þess að velta því fyrir okkur hvort ákvæði um aðra aðila í þjóðfélaginu sem njóta einhvers konar fríðinda samkvæmt jafnvel sömu lögum og forseti Íslands, verði tekin til skoðunar, einnig hvort það eigi ekki að gera breytingar þar. Ég spyr um breytingar á tollalögum. Er það ekki þannig enn að hæstv. ráðherrar hafi t.d. einhver fríðindi samkvæmt tollalögum? Er algerlega búið að skrúfa fyrir það? Hafa hæstv. ráðherrar ekki eitthvað sem heitir aðgangur að áfengi á öðru verði en aðrir? Er það liðin tíð? Ég spyr að því. Hafa hæstv. ráðherrar ekki einhvers konar fríðindi gagnvart tollum af bílum? Eru ekki einhverjar aðrar reglur um þá hvað það varðar en aðrar? Er kannski búið að hreinsa til í kerfinu? Er kannski allt farið? Það kann vel að vera að ég hafi misst af einhverju hvað þetta varðar en hins vegar finnst mér ástæða til þess að það liggi þá fyrir.

Eitt er ég þó alveg viss um að ekki hefur verið gert og það er að það eru ýmsir aðilar í þessu þjóðfélagi sem hafa undanþágu til að nýta sér öðruvísi skattareglur en aðrir geta nýtt sér og vaxtatekjur og skattar af hlutbréfum og annað því um líkt kemur ekki jafnt niður á landsmönnum öllum. Ég sé því ástæðu til þess að menn skoði það í heildina og gott væri að út úr þeirri skoðun kæmi að engu þyrfti að breyta og það væri komið á jafnræði og það væri engar undanþágur eða fríðindi lengur í gildi hvað varðar opinbera embættismenn eða aðra aðila í þjóðfélaginu.

Hæstv. forseti. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. að óheimilt væri að lækka laun á kjörtímabilinu. Það stendur í lögum. Hann færði það fram í samhengi við það þegar hann sagði að það væri rétti tíminn valinn núna til að gera þessa breytingu. Hvað þýðir það? Ég skildi það þannig að það gæfi þá einhvern möguleika á því að breyta launum forsetans án þess að koma til fulls til móts við þær hækkanir sem ættu að koma ef allt væri reiknað upp. Þess vegna fannst mér það skjóta skökku við sem hann sagði annars staðar í ræðu sinni. Ef það er niðurstaða hæstv. forsrh. að forseti Íslands eigi að fá þetta bætt að fullu er engin nauðsyn á því að klára þetta mál núna, engin nauðsyn. Það er alveg eins hægt að gera það þá í haust, taka sér tíma til að vinna þetta mál, ganga vel frá því sem hér er verið að gera og rökin fyrir því að málið þurfi að fara í gegn núna eru þá ekki fyrir hendi. Hins vegar ef það er niðurstaðan að menn vilji breyta kjörum forseta Íslands með einhverjum hætti þannig að hann yrði fyrir einhverjum skakkaföllum eða lækkunum á kjörum sínum virðist þessi tími vera nauðsynlegur til að slíkt sé hægt en það var ekki á hæstv. forsrh. að heyra að þannig ætti að standa að málum. Að vísu sagði hann að hann réði þessu ekki. Ég held að ekki sé hægt að halda því fram að þetta hafi ekki áhrif. Ég er sannfærður um að það hefur áhrif, sú hækkun mun færast niður launastigann sem hæstv. forseti Íslands mun fá samkvæmt tillögum hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. mun auðvitað fá mestu hækkunina vegna þess að hann er næstur í skalanum og það verður mestur mismunur sem myndast milli hans og forsetans þegar búið verður að hækka forsetann í launum en aðrir munu líka fá sinn skerf.

[10:46]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef lýst því áður hér í ræðustól hvað mér hefur fundist um þá meðferð sem þetta mál hefur fengið og skoðanir mínar eru ljósar í þeim efnum. Sú málsmeðferð sem þingið og yfirstjórn þingsins hefur sýnt af sér í þessu máli er að mínu viti alveg fráleit og þinginu til lítils sóma.

Virðulegi forseti. Um hvað snýst þetta mál? Það snýst um að hið háa Alþingi er nú á síðustu klukkustundum þingsins að breyta lögkjörum æðsta embættismanns þjóðarinnar án þess að ég viti til þess að nokkurt samráð hafi verið haft við hann eða nokkurn á hans vegum. Til þess að reyna að skýra hvað hér er átt við þá held ég að nauðsynlegt sé að lesa upp 2. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið."

Hér erum við því að tala um æðsta embættismann þjóðarinnar og hugmyndafræðin sem býr að baki þessu er sú að við ætlum að breyta lögkjörum hans hér á síðustu klukkustundum þingsins. Málið er tekið inn með afbrigðum, svo mikill var hraðinn.

Virðulegi forseti. Við erum að tala um lögkjör sem hafa ríkt í 56 ár og fyrir þann tíma naut ríkisstjóri þessara sömu kjara. Það er ekki eins og þetta hafi komið óvænt upp á. Það er ekki eins og enginn hafi vitað af þessu. Það er einfaldlega þannig að í tæpa sex áratugi hefur þetta verið við lýði. Það er dálítið sérstakt að grípa þurfi til neyðaraðgerða á þinginu og koma málinu á dagskrá með afbrigðum við þessar aðstæður.

Virðulegi forseti. Í mínum huga skiptir formið og málsmeðferðin miklu máli því að við erum ekki að tala um hvern sem er. Við erum að tala um þann sem fer með t.d. löggjafarvaldið ásamt Alþingi. Við hljótum að spyrja líka í þessu samhengi: Eru þetta samskipti löggjafarvalds og forseta sem eru mönnum til sóma? Mín skoðun er sú að svo sé ekki. Að hér svona nánast að næturþeli sé samþykkt að taka inn með afbrigðum þingmannafrv. sem kveður á um að breyta lögkjörum æðsta embættismanns þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Það er ekki mikil reisn yfir þessari málsmeðferð. Við hljótum að spyrja: Hvert er markmiðið með þessum breytingum? Þegar þetta frv. sem við ræðum er lesið þá kemur það ekkert fram. Það kemur reyndar fram að prinsipíelt, ef svo má að orði komast, eigi allir að greiða opinber gjöld. Því get ég verið sammála. En það kemur ekkert fram að hvaða breytingu er stefnt með þessu frv. Er stefnt að því að forseti njóti sömu lögkjara áfram eins og

hann hefur gert hingað til eða er stefnt að því að lækka laun forseta? Það eru engin svör við þessum spurningum hér. Hins vegar segir, virðulegi forseti, ef ég leyfi mér að lesa upp úr greinargerðinni:

„Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans."

Ekki veit ég hvort hér er verið að ýja að því að markmiðið með þessu sé að lækka laun forseta. Um það skal ég ekkert segja því að ekkert segir um það að öðru leyti í greinargerðinni. En ég held að það sé mjög mikilvægt að Alþingi viti hvernig eigi að breyta lögkjörunum. Það er voðalega erfitt að ræða þetta mál undir þeim forsendum að það eigi einfaldlega að breyta, að það sé almennt viðhorf í samfélaginu að allir eigi að greiða opinber gjöld. Undir þetta get ég tekið. En við erum að tala um breytingar á ástandi sem hefur ríkt í áratugi, áratugum saman og mér hefði þótt það lágmarkskurteisi hjá flutningsmönnum að upplýsa þingheim um hvert markmiðið væri með þessu að öðru leyti. En það er ekki gert í þessu máli.

Fyrr í umræðunni lýsti hæstv. forsrh. því yfir að hann sæi ekki að breytingar á lögkjörum forseta hefðu áhrif á aðra embættismenn. Vitaskuld getur forsrh. og má og á að hafa sínar skoðanir á þessu máli. En það er ekki eins og þetta mál sé að koma í fyrsta skipti fyrir Alþingi. Það kom fyrir Alþingi 1991 a.m.k. og það kom fyrir Alþingi 1996 og í hvorugt skipti var málið afgreitt.

Í áliti meiri hlutans árið 1996 þegar málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar hafði núv. hæstv. dómsmrh., Sólveig Pétursdóttir, framsögu um nefndarálit meiri hluta allshn. og ég ætla að vitna til þess, virðulegi forseti, með þínu leyfi. Þar segir:

„Gera má ráð fyrir að bein laun forsetans yrðu hækkuð ef slík breyting næði fram að ganga." — Það er að heildarlaun forsetans yðru hækkuð tölulega. — „Kjaradómur ákveður laun forseta Íslands og margra æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Hefur dómurinn jafnan reynt að gæta samræmis í ákvörðunum sínum og er því ekki útilokað að hækkun launa forsetans leiddi jafnframt til hækkunar launa annarra embættismanna. Ef svo færi gæti slík breyting ein og sér sett af stað ákveðna keðjuverkun í kjaramálum opinberra starfsmanna. Meiri hluti nefndarinnar telur, í ljósi þessara atriða, að málið þurfi nánari skoðunar við og felur ríkisstjórninni að kanna áhrif slíkrar lagabreytingar og undirbúa frumvarp um málið ef raunhæft þykir.

Með hliðsjón af framansögðu leggur meiri hlutinn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Þetta varð niðurstaða meiri hluta allshn. Hún var sú að þessi hækkun mundi að öllum líkindum leiða til keðjuverkunar í hækkun á kjörum opinberra starfsmanna. Þetta varð niðurstaða meiri hluta allshn. á þeim tíma. Ég sat hins vegar í allshn. á þessum tíma og stóð að minnihlutaáliti sem þar var lagt fram og þar er meginatriðið að gagnrýnt er mjög að málið, sem hafði verið til meðferðar í allshn. í sex mánuði, var ekki afgreitt og þar var lagt til að a.m.k. hluti af málinu yrði afgreiddur, enda get ég upplýst það hér, virðulegi forseti, að ég er almennt þeirrar skoðunar að allir eigi að greiða opinber gjöld og hef ekkert farið leynt með það. Hins vegar er málsmeðferð slík að hún er þinginu til vansa. (**Gripið fram í:** Hvaða dagsetning er á þessu?)

Virðulegi forseti. Vegna frammíkalls hv. þm. er mælt fyrir þessu máli 11. desember 1995. Málið er síðan afgreitt út úr nefnd 4. júní 1996. Þannig var það mál. Það hafði enga umfjöllun fengið á þessum tíma og það er gagnrýnt í þessu nefndaráliti. En þessu máli var síðan vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Þessu máli var vísað til ríkisstjórnarinnar, hv. þm., og það kom fram hér hjá hæstv. forsrh. að ekkert hefur verið gert í málinu. Hæstv. forsrh. upplýsti það hér reyndar að hann hefði talað við nokkra menn, einhverja lögfræðinga sem höfðu almenna skoðun á því að það væri sennilega sniðugt að ráðast í þessar breytingar einmitt núna. En frekari rökstuðning var ekki að finna í þeim málflutningi.

Virðulegi forseti. Það sem ég gagnrýni fyrst og fremst er sú aðferðafræði sem hér er stunduð. Það er ekkert skrýtið þó að málið sé tortryggilegt því að þegar menn lesa greinargerðina, liggur ekki einu sinni fyrir hvert markmiðið er, hvaða áhrif þetta muni hafa á lögkjör forseta o.s.frv. Það liggur nákvæmlega ekkert fyrir. Það liggur bara fyrir að að mati flutningsmanna sé það almennt viðhorf í samfélaginu að skattfríðindi séu tímaskekkja. Undir þetta get ég tekið. En hvert er markmiðið? Hvað á að gera? Hvaða áhrif hefur þetta á lögkjör forsetans? Er ætlunin að lækka hann í launum? Er ætlunin að hækka hann í launum eða hvert er markmiðið? Ég held að það sé lágmarkskurteisi í flutningi þessa máls að hv. flutningsmenn upplýsi okkur um það hver þeirra hugsun er a.m.k. jafnvel þó að það sé síðan Kjaradóms að fjalla um málið. Ég held að það sé alveg lágmark að þeir upplýsi það hvað þeir telja því það hefur verið á flugi, a.m.k. um þinghúsið og meðal annarra hafa sumir hv. flutningsmanna haldið því fram, að til þess að forseti Íslands haldi sínum lögkjörum óbreyttum, þurfi að hækka laun hans upp í 1.300–1.500 þús. á mánuði. Er það t.d. vilji hv. þm. Péturs H. Blöndals sem er 1. flm. málsins, að launin verði hækkuð upp í 1.300–1.500 þús. á mánuði? Ef svo er ekki þá er augljóslega markmiðið með framlagningu þessa frv. að lækka forseta Íslands í launum því til þess að hann haldi óbreyttum launum, þarf að hækka launin sem þessu nemur. Ég held, virðulegi forseti, að það sé mjög mikilvægt, áður en þetta mál fer til efh.- og viðskn. — Þess ber þó að geta að undanförnum tveimur málum, frá 1991 og 1995, um sama efni var vísað til allshn. en nú er ætlunin að vísa þessu til efh.- og viðskn. og hef ég svo sem engar athugasemdir við það því færa má rök að því að ... (Gripið fram í.) Hv. þm. upplýsir að 1997 hafi það einnig verið gert. Ég geri ekki athugasemdir við það, virðulegi forseti, enda má færa rök að því að málið geti farið til meðferðar í báðum nefndunum. En ég geri a.m.k. þá kröfu að málið verði eins vel og vandlega unnið og kostur er í efh.- og viðskn. því að ég held að það sé alveg lágmark að áður en þetta mál verði afgreitt, viti þingið nákvæmlega að hverju er stefnt. Það held ég að sé alveg grundvallaratriði. Úr því að svona mikil nauðsyn er á að breyta margra áratuga ástandi í einu vetfangi þá held ég að nauðsynlegt sé að hv. flutningsmenn málsins upplýsi okkur a.m.k. um hvar asinn liggur. Mér finnst það ekki vera mikil krafa til þeirra hv. þm. sem að þessu máli standa.

[10:59]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hver sé vilji flutningsmanna með þessu máli. Ég get lesið upp úr greinargerð minni hluta allshn. undirritaða af hv. þm. sjálfum, Lúðvíki Bergvinssyni:

„Með stuðningi við þetta frumvarp er ekki tekin afstaða til launa forsetans heldur til þess eins að forsetinn, maki hans og handhafar forsetavalds greiði skatta eins og aðrir þegnar."

Þetta skrifar hv. þm. undir 4. júní 1996 örfáum dögum fyrir forsetakosningar. Svo kvartar hann núna undan því að stuttur tími sé til stefnu. (**JóhS:** Það var búið að vera hálft ár í þinginu þá.) (Gripið fram í.) Samt kvartar hv. þm. undan því að málið hafi ekki fengist rætt. Það er búið að ræða þetta mál mörgum mörgum sinnum. Það var flutt frv. 1995, 1997 og aftur núna. Þetta er ekkert mál sem er alveg nýtt á döfinni. Hv. þm. er búinn að fjalla um þetta í sinni nefnd, í allshn. 1996 og skrifar undir og 4. júní 1996 segir hv. þm. meira að segja:

„Því er rétti tíminn nú, þegar forsetakosningar fara í hönd, að taka afstöðu til skattfríðinda forseta Íslands og maka hans."

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þm. á að samkvæmt 58. gr. má eigi nema með leyfi forseta lesa upp prentað mál.)

Ég bið forseta afsökunar á því. En hv. þm. segir í þessu nefndaráliti nákvæmlega það sama og hann var að kvarta undan að menn geri ekki í dag.

[11:01]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það mál sem hv. þm. vitnar til var flutt fyrir áramótin 1996, það var lagt fram þá. Ef ég man þetta nákvæmlega var mælt fyrir því 11. des. 1995. Málið fékk enga meðferð í allshn. og það var gagnrýnt. Þá hafði málið legið í þinginu í marga mánuði og það er fyrst og fremst gagnrýni mín í málinu að verið sé að koma með málið inn í skjóli nætur án þess að menn upplýsi nákvæmlega um að hverju er stefnt. Það mál hafði komið eðlilega inn. Því var ekki skotið inn kortéri fyrir þingslit. Það hljómaði ekki eins og lélegur brandari í veislu sem var að ljúka. Virðulegi forseti. Það var allt annar bragur á því. En bragurinn á þessu máli er slíkur að fari þetta í gegn held ég að sómi Alþingis bíði hnekki.

[11:02]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það mál sem rætt var 1996 var nákvæmlega sama eðlis og núna þannig að þetta mál hefur verið rætt á Alþingi. Það hefur meira að segja verið tekið fyrir í nefnd og það var afgreitt út úr nefnd með meirihlutaáliti og minnihlutaáliti. Meiri hlutinn lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og minni hlutinn lagði til að það yrði samþykkt. Svo fór aldrei fram atkvæðagreiðsla um málið þannig að málinu var aldrei vísað til ríkisstjórnarinnar. Ég hef a.m.k. ekki getað fundið það þannig að málið dagaði uppi á þeim tíma.

En að segja að það hafi ekki verið rætt er ekki rétt. Það var margrætt og nákvæmlega sama og hv. þm. er að gagnrýna í dag, 13. maí, og framboðsfresturinn er ekki einu sinni útrunninn, það lagði hann sjálfur til 4. júní 1996 þegar framboðsfrestur var útrunninn og kosningabaráttan var á fullu. Þá lagði hann til nákvæmlega það sama. Ég skil ekki þessi rök. Þau snúast allt í einu um 180 gráður.

[11:04]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það hefur ekki alltaf verið einfalt að skilja hv. þm. og svo er ekki nú. Það sem hefur verið gagnrýnt æ ofan í æ er sú aðferðafræði að koma málinu inn í skjóli nætur og ætlast til að þingið afgreiði það. Fyrst og fremst form málsins hefur verið gagnrýnt.

Ég hef sagt það í umræðunni að ég sé almennt fylgjandi breytingunni. Ég hef sagt það margoft í umræðunni. Hins vegar hef ég gagnrýnt þá aðferðafræði sem hér er stunduð og ég hef gagnrýnt að þetta skuli vera gert með þeim hætti sem raun ber vitni. Ég hlýt að óska eftir að hv. þm., sem á væntanlega eftir að taka til máls að nýju, upplýsi okkur um af hverju málið kom ekki fram á réttum tíma. Af hverju var ekki hægt að vinna þetta mál eðlilega?

Nú lá það fyrir og hefur legið fyrir lengi að forsetakosningar stóðu fyrir dyrum árið 2000. Það er ekkert nýtt í því efni, ekki nokkur skapaður hlutur. Ef þetta var hv. þm. svona mikið hjartans mál, af hverju var ekki hægt að fylgja eðlilegum leikreglum og þingsköpum í þessum efnum? Við hljótum að velta þessum spurningum fyrir okkur. (**Gripið fram í:** Þetta eru eðlilegar leikreglur. Það var búið að afgreiða málið.)

Virðulegi forseti. Það eru ekki eðlilegar leikreglur að koma með mál af þessum toga sem lúta að æðsta embættismanni þjóðarinnar, þeim aðila sem fer með löggjafarvaldið ásamt Alþingi í skjóli nætur rétt fyrir þinglok. Það er ekki eðlilegt. Enda þurfti að taka málið á dagskrá með sérstökum hætti af því að þetta er ekki eðlileg meðferð. Þess vegna þurfti að taka þetta mál fyrir með afbrigðum. Það er einfaldlega þannig að komi mál ekki fram a.m.k. sex mánuði frá því að þing er sett þarf að taka það á dagskrá með afbrigðum. Við hljótum því að spyrja og þeirri spurningu er ósvarað: Af hverju mátti ekki gera það í þessu tilviki, sérstaklega með tilliti til þess að verið er að fjalla um löggjöf æðsta embættismanns þjóðarinnar?

[11:06]

Árni Steinar Jóhannsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands. Í umræðunni hafa verið látin stór orð falla um málsmeðferð en í huga okkar flutningsmanna er þetta ákaflega einfalt mál. Þetta snýst um að laun séu sýnileg. Um það að laun séu sýnileg í samfélagi okkar hafa verið haldnar margar og langar ræður í þinginu. Þetta snýst um vilja frambjóðenda til forsetakosninga. Allir frambjóðendur til forseta síðast lýstu því yfir að þeim fyndist eðlilegt að greiða skatta eins og aðrir þegnar landsins og mér finnst umræðan um þetta mál ákaflega einkennileg. Talað er um að við flutningsmenn stöndum óeðlilega að málum, komum í skjóli nætur en þegar málið er skoðað grannt þá hafa þeir hv. þm. sem gagnrýna hvað harðast fjallað um málið á svipuðum nótum um árabil.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skrifaði í Morgunblaðið grein 19. júní 1996 þar sem fyrirsögnin er: „Öll rök standa til þess að afnema skattfrelsi forsetans, maka hans og handhafa forsetavalds."

Það er nál. um frv. til breytinga á launum forseta Íslands sem er afgreitt 4. júní 1996 þar sem gengist er efnislega inn á það að afnema skattfríðindi forsetans og það er því ekki eins og þetta mál sé órætt.

Gagnrýnin á formið. Einhvern tíma verða menn að taka af skarið, ef þeir vilja fá breytingar og í svo sjálfsögðu máli þar sem hlutaðeigandi aðilar eru sammála og hafa lýst því yfir á ekki að þurfa að taka svo langan tíma.

Spurt hefur verið um hvert sé markmið flytjenda frv., hvort markmiðið sé að rýra launakjör forsetans. Það stendur alls ekki til. Hér er fyrst og fremst um formbreytingu að ræða. Það hefur margoft komið fram í umræðunni að Kjaradómur ákveður kjör forseta Íslands. Ég treysti Kjaradómi fyllilega til að vinna á grunni þessara formbreytinga þannig að kjör forseta Íslands verði svipuð og nú er. Það gefur augaleið og

þarf ekki að vera með bókhaldsfabúleringar í þinginu út af svona prinsippbreytingum. Það er grundvallaratriðið.

Eins og málið horfir við mér, virðulegi forseti, þá er gagnrýnin á formið eða hvernig þetta er lagt fram hjárænuháttur. Þetta er hræðsla hv. þingmanna við almenningsálitið. Um langt árabil var það þvílíkt viðkvæmnisefni t.d. að ræða kjör þingmanna og þingmenn voru á ákaflega lélegum launum þangað til núna allra síðustu ár vegna þess að ekki mátti ræða það. Hvers vegna? Vegna þess að menn voru hræddir við almenningsálitið fyrst og fremst, tel ég. Þingmenn voru á kjörum bara fyrir örfáum árum, sem voru þannig að hér voru menn eins og ræflar rifnir upp úr svelli. Þjóðin hefur ekki áhuga á því. Þjóðin vill hafa embættismenn sína og þjóðkjörna fulltrúa á góðum launum. Það er misskilningur að halda það að þjóðin sé andvíg því. Það er hjárænuháttur að þora ekki að taka á svona einföldum kerfisbreytingum sem setja alla jafna fyrir skattálögum þar sem fyrir liggur að í raun og veru eru allir sammála þessu og þar á meðal er sitjandi forseti. Hvert er þá vandamálið?

Að eyða löngum tíma í að skamma okkur flutningsmenn fyrir aðkomuna er algerlega óþarfi í þessu máli því þegar upp er staðið lýsa menn því yfir að þeir séu sammála í grundvallaratriðum. En hræðslan við það hvernig þetta ber að er alveg ótrúleg. Af hverju þarf maður að vera svona hræddur við þetta? Þetta eru einföld mál. Þetta er búið að vera í umræðunni um árarаðir og það skiptir ekki máli. Það þarf ekkert langan tíma í umræður um þetta. Eftirleikurinn er auðveldur kerfislegur leikur. Þetta snýst um launakjör forseta Íslands og ekki er verið að setja af stað neina rúllettu. Þetta er fyrst og fremst um þau skattfríðindi sem hafa verið. Varðandi laun almennt í landinu held ég að flestir hv. þm. séu sammála um að það ber að hafa laun sýnileg. Við berjumst fyrir því á öllum vígstöðvum. Laun sýnileg. Þannig eiga leikreglurnar að vera og það skrifuðu hv. frambjóðendur til forsetakjörs síðast allir upp á í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Í mínum huga er málið ákaflega einfalt og liggur fyrir.

[11:12]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. síðasta ræðumann sem stendur að þessu frv. hvort hann óttist ekkert ef laun forseta Íslands hækki, eins og mér skilst að hv. þm. geri ráð fyrir að í kjölfar þessa hækki laun forseta, að þetta hafi þau áhrif að laun annarra embættismanna hækki sem taka laun samkvæmt Kjaradómi, þar á meðal ráðherra?

Hv. þm. vísaði í grein eftir mig frá 1996. Ég hef ekki breytt um skoðun. Ég tel að það eigi að skoða það að afnema skattfrelsið á kjörum forsetans. En ég vil ekki standa að því eins og hér er gert að á einum degi, nokkrum klukkutímum, eigi málið að keyrast í gegnum þrjár umræður og fara í meðferð í efh.- og viðskn. Það er ekki samboðið þinginu í neinu máli og sérstaklega ekki í máli sem lýtur að embætti forseta Íslands.

Á sínum tíma, 1995, hafði ég ekki hugmyndaflug til þess að gera mér grein fyrir að þetta gæti haft þau áhrif sem ég er að tala fyrir í dag. En það hefur ýmislegt gerst í Kjaradómi frá 1995 sem gefur mér tilefni til að ætla að slíkt geti gerst að þetta hafi þau áhrif. Við eigum að gefa okkur nægilegan tíma til þess að meta þessi áhrif. Ég hefði haldið að það væri ekki að skapi þeirra sjónarmiða sem vinstri grænir standa fyrir ef þetta fer að ganga eftir öllu embættismannakerfinu eftir að launafólk hefur á almennum markaði þegið mjög lítið úr hendi atvinnurekenda sinna í kjarabætur.

[11:14]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Það er í anda Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs að laun séu sýnileg. Það er í anda Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs að allir sitji við sama borð varðandi skattamál í landinu. Að halda að þetta skapi einhverja rúllettu — ég hef enga ástæðu til að halda það. Þetta er um launakjör forseta Íslands og Kjaradómur, kjaranefnd setur sig niður og stillir upp launum forsetans miðað við breyttar forsendur. Ég hef enga ástæðu til að halda að þau verði meiri eða minni. En þau verða sem sagt á nýjum forsendum miðað við það að forseti Íslands greiði skatta eins og annað fólk í landinu.

Kjaradómur hefur enga ástæðu til að skoða aðra embættismenn í þessu sambandi. Það er forseti Íslands, sá eini í kerfinu sem er undanþeginn sköttum og það er það mál sem er verið að skoða og það er það mál sem er verið að breyta. Það er ekki verið að breyta gagnvart neinum öðrum.

[11:16]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekkert vald á málinu eftir að það er komið frá þinginu og farið til skoðunar, t.d. hjá Kjaradómi. Þess vegna hlýtur hv. þm. að taka undir það með okkur að málið fái eðlilega og vandaða umfjöllun í nefnd. Mér finnst ekki boðlegt hjá hv. þm. að kalla það hjárænuhátt að við sem viljum skoða málið teljum að ástæða sé til að óttast afleiðingarnar. Menn töldu ástæðu til að óttast þær árið 1996.

Það hefur verið ákveðinn munur á launum forseta Íslands og forsrh., um 30 þús. Kjaradómur hefur skýrt það í úrskurði sínum að hann telji að laun eigi að vera hæst hjá forseta Íslands. Það er full ástæða til að ætla að ef þau laun fara upp í, guð má vita hvað, 1.200–1.400 þús., þá verði laun forsrh. ekki látin sitja eftir. Það er ástæða til að óttast það og að með samþykkt þessa frv. og þeim afleiðingum sem það hugsanlega getur haft værum við enn að auka á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu.

Þar fyrir utan verð ég enn og aftur að segja, af því að einn af forsetum þingsins sagði það, að mér finnst það ekki boðlegt þinginu og náttúrlega út í hött að kalla það hjárænulegt, eða hvernig sem hv. þm. orðaði það, þegar gagnrýnt er að þinginu skuli boðið upp á að afgreiða þetta mál eins og það ber að. Mér finnst málið til vansa fyrir þingið og embætti forseta Íslands sýnd vanvirðing með svona vinnubrögðum, þó ekki sé nema bara vegna málsmeðferðarinnar, herra forseti.

[11:18]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að í svona málum, þar sem menn kasta málinu á milli sín eins og heitri kartöflu, sé kannski heppilegt að málsmeðferðin sé af þessu tagi, einmitt í málum sem byggjast á hjárænuhætti. Það þarf að taka af skarið og í þessu máli, sem er mjög einfalt, tel ég að þetta sé heppileg leið. En ég get verið sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þetta eigi ekki að vera regla eða venja.

Enn og aftur. Starfskjör forseta Íslands eru auðvitað ákveðin af Kjaradómi miðað við það að hann sé skattfrjáls. Ég ætla ekki Kjaradómi annað en að taka málið upp á nýtt og ákveða starfskjör forsetans miðað við þær breytingar sem hér eru lagðar fram. Það er mjög einfalt í mínum huga. Ég tel að þar séu menn færir um að fara ofan í málin og hugur flm.

stendur ekki til þess að hækka eða lækka hin raunverulegu laun forsetans. Fyrst og fremst er hér um að ræða kerfisbreytingu sem gerir launin sýnileg. Flestir hv. þm. ættu að geta verið sammála um að það sé alger nauðsyn í þessu samfélagi og að allir séu jafnir fyrir skattalögum.

[11:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það hv. þm. til hróss að hann sagði þó að hann teldi að laun forsetans ættu að hækka sem því nemur að hann haldi óbreyttum kjörum, þau yrðu þá um það bil 1.200–1.500 þús., miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir.

Hins vegar vil ég spyrja hv. þm., af því af því að honum er svo mikið niðri fyrir í þessu máli og er það mikill prinsippmaður, af því að hann telur að eitt eigi yfir alla að ganga og sum mál þurfi að taka á dagskrá með afbrigðum, þau séu þess eðlis að ekki sé rétt að þau fylgi þingsköpum, efni þeirra séu hjárænuleg, eins og hann orðaði það, og því best að lítil umræða sé um málið: Hvernig stendur á því að þessu frv. fylgir ekki jafnframt breyting á sjómannaafslættinum? Ef þetta er svona gríðarlega mikið prinsippmál að það má ekki bíða, af hverju fylgir þá ekki þessu frv. tillaga um afnám sjómannaafsláttarins? Af hverju fylgdi ekki þessu frv. tillaga um afnám skattfrjálsra verðlauna, Nóbelsverðlauna eða þess háttar, ef slíkt kæmi í hlut Íslendinga? Ef eitt á yfir alla að ganga, af hverju fylgir það þá ekki þessu frv. líka? Ég held að það væri mjög gott að fá upplýsingar um það í þessu samhengi. Það má vel vera að á því sé mjög góð skýring sem ég sé kannski ekki í hendi mér. En ef það liggur svo gríðarlega mikið á að eitt skuli yfir alla ganga, af hverju er þá ekki flutt frv. um að eitt skuli raunverulega yfir alla ganga?

[11:21]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið snýst um embætti forseta Íslands. Það að setja málið á dagskrá með þessum hætti, ég hef útskýrt það, tel ég nauðsynlegt í undantekningartilfellum þar sem menn, kannski af ótta við almenningsálitið, þora ekki að setja það á dagskrá. Þetta er svo viðkvæmt. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það sé svo erfitt að gera þetta með þessum hætti, þetta sé svo viðkvæmt mál o.s.frv. (**RG:** Hvernig getur forsetinn talað svona?) Það er það sem hv. þm. sagði. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spyr hvernig forseti geti talað eins og ég geri. Virðulegi forseti, ég tel að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi ekkert umboð til að segja mér fyrir verkum um hvernig ég flyt mitt mál í þinginu.

[11:22]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur þá fyrir að einn af hæstv. forsetum þingsins telur að sum mál séu þess eðlis að æskilegt sé að viðhafa hjárænugang við meðferð málsins.

(**Forseti** (HBl)**:** Það var ekki einn af forsetum þingsins sem var í ræðustól hér heldur einn af hv. þm., hv. 6. þm. Norðurl. e.)

Það er rétt, virðulegi forseti, en á köflum gegnir hann starfi forseta þingsins og situr í forsætisnefnd. En þessi viðhorf liggja a.m.k. fyrir, virðulegi forseti. Ég hlýt þá að spyrja hv. þm. hvort hann muni þá ekki bera fram tillögu um að breyta þingsköpum í þá veru að við sérstakar aðstæður, um mál sem eru hjárænuleg gildi þá allt aðrar reglur.

Hins vegar svaraði hv. þm. því ekki, jafnmikill prinsippmaður og hv. þm. er, sem telur að eitt eigi yfir alla að ganga, af hverju ekki var flutt frv. um sjómannaafsláttinn, Nóbelsverðlaunin og allt sem að þessu lýtur. Af hverju fylgdi það ekki í þessum pakka? Það lá gríðarlega mikið á að settar yrðu reglur sem væru þess eðlis að hið sama gilti um alla. Því spyr ég: Af hverju höfðu hv. þm. þá ekki í frv. sínu áform um að taka á öllum þeim sem ekki gilda um sömu reglur og almennt um borgara þessa lands? Ég tel mjög mikilvægt að það liggi fyrir í þessu samhengi.

[11:24]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skulda hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni engar skýringar á því af hverju ég hef ekki flutt bunka af málum sem eru kannski í skúffu minni. Það er allt annað mál. Þau mál sem hv. þm. nefnir eru miklu flóknari en það sem hér er til meðhöndlunar, miklu flóknari og erfiðari viðureignar. Þetta er einfalt mál sem allir virðast vera sammála um en hins vegar virðast menn kjósa að hengja sig í formsatriði.

Ég lýsti því hér áðan að þessi málsmeðferð er ekkert óeðlileg. Þetta mál fer í gegnum þingið samkvæmt þingsköpum. Það er samþykkt að veita afbrigði og þannig er þessu stillt upp. Að halda því fram að við flutningsmenn séum að fara einhverjar krókaleiðir í þessu máli, það er rangt. Hér er farið að öllum reglum þingsins. Það hefur verið samþykkt að setja þetta mál á dagskrá með afbrigðum. Menn hafa kosið að hengja sig í einhver formsatriði út af þessu máli sem þó er einfalt og allir virðast sammála um. Þegar menn eru búnir að úttala sig um hvernig málið er fram komið þá segjast allir vera sammála. Þá á að samþykkja þetta.

[11:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu óvenjulegt þingmannamál svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Það fjallar um embætti forseta Íslans og er lagt fram undir lok þingsins.

Ég tel að burt séð frá því hvert málið er þá eigi öll þingmál að fá venjubundna þinglega meðferð. Ég get ekki stutt það að mál af þessum toga eða önnur sambærileg séu rifin í gegnum Alþingi með sérstakri flýtimeðferð. Menn verða, burt séð frá málum sem lögð eru fram eða afstöðu þeirra til efnis málanna, að virða starfsreglur þingsins. Þess vegna tel ég það ekki koma til álita að meðferð þessa máls verði með öðrum hætti en venja er til, þ.e. að málið gangi til nefndar. Það varð eðlilega niðurstaðan. Það þýðir ekki að menn þurfi endilega að vera mjög lengi að afgreiða málið. Það fer eftir efni málsins. En menn verða ævinlega, í þessu máli sem öðrum, að muna eftir því að menn mega ekki ganga yfir þingið sjálft.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst afar óþægilegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að þetta mál kemur þá fyrst fram á Alþingi þegar ljóst er að núverandi forseti verður áfram forseti. Ég hefði talið mun betri brag á þessu máli ef það hefði verið lagt fram með meiri fyrirvara, fyrr á þessu þingi. Ég held að mönnum hafi ekki verið neitt að vanbúnaði að gera slíkt.

Eins og hér hefur rækilega verið tíundað í umræðunni þá hefur þetta mál verið til umræðu fyrr á Alþingi tvisvar sinnum eins og menn hafa farið yfir. (**PHB:** Þrisvar sinnum.) Þrisvar sinnum, segir hv. þm. Pétur Blöndal. Mönnum var ekkert að vanbúnaði að hugsa málið fyrr og leggja það fram tímanlega.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti. Mér finnst óþægilegt að málið skuli svo seint lagt fram að þá liggur í raun fyrir, og mótmæli því hver sem vill, að núverandi forseti verður áfram forseti. Ég er ekki að gera mönnum upp neinar skoðanir eða meiningar í því. Menn mega hins vegar ekki leggja málið þannig fram að hægt sé að tengja saman málið og persónur. Það má ekki vera nokkur minnsti vafi í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vil benda á að þetta mál hefur mun oftar komið til umræðu en hv. þm. Pétur Blöndal nefnir. Þrisvar sinnum, segir hann, og vísar þar til þingmála um málið. Það er rétt. Hver hefur verið niðurstaða Alþingis í þeim tilvikum? Hún hefur verið sú að Alþingi hefur ekki afgreitt málið. Það er afstaða. Þá hefur málið komið til kasta Alþingis í gegnum aðrar lagabreytingar. Í þeim lagabreytingum hefur komið fram afstaða. Við skulum ekki gera lítið úr því þegar við metum þetta mál og hvaða tökum þingið hefur tekið á því í gegnum árin.

Þegar tollalög eru sett árið 1987 er tekin afstaða til þessa máls og sett sérákvæði um forseta Íslands. Þegar sett eru lög um laun forseta Íslands árið 1990 er tekin afstaða til þessa máls, þingið setur fram ákveðna skoðun og lögbindur hana. Þegar sett eru lög um tryggingagjald 1990 kemur þetta mál við sögu og Alþingi tekur afstöðu þar eins og kunnugt er. Þegar sett eru lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur árið 1996 tekur Alþingi enn afstöðu til málsins og ákveður að hafa fyrirkomulagið eins og það er. Þannig hefur þetta mál mjög oft komið til meðferðar Alþingis á undanförnum áratug. Niðurstaðan hefur orðið sú að það hefur aldrei afgreitt tillögu um að afnema skattfríðindin en oft afgreitt lög um að viðhalda þeim. Þetta vildi ég draga fram svo að mönnum væri ljóst hver forsagan er.

Það segir ekki endilega að menn eigi ekki að skipta um skoðun. Það segir ekki endilega að menn eigi ekki að breyta því. En menn verða að muna eftir þessari forsögu málsins þegar menn flytja ræður um selvfølgeligheder í lagasetningu eins og hv. 1. flm. málsins gerði.

Herra forseti. Ég vil líka spyrja: Hvað ætla menn að gera? Það þarf að vera ljóst. Til þess að menn geti orðið sammála um breytingar þarf að vera ljóst hvaða breytingar menn ætla að gera. Það hafa komið fram tvær skoðanir í þeim efnum frá flutningsmönnum málsins. Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, sem er einn af flutningsmönnum málsins, segir í viðtali í sjónvarpinu 11. maí eftirfarandi, með leyfi forseta: „... það er ekki verið að tala hér um að rýra kjör forseta Íslands."

Og hann segir hér í ræðu að aðeins sé um að ræða kerfisbreytingu. Með öðrum orðum, hans tillöguflutningur er sá að engin breyting verði á kjörum forseta Íslands.

Fyrsti flm. málsins, Pétur H. Blöndal, hefur aðra skoðun á þessu. Hann telur að breytingin hafi áhrif á kjör forseta Íslands (**Gripið fram í:** Og forsrh.) og forsrh. að vísu. Þannig að flutningsmenn eru ekki sammála um hvað felst í tillögu þeirra. Þetta þarf auðvitað að taka til skoðunar í nefnd því að ákveði Alþingi að gera breytingar þá verða menn að ná saman um hvert eigi að vera inntak þeirra breytinga. Ég vil segja fyrir mitt leyti, herra forseti, að ég tel ekki skynsamlegt að gera breytingar á kjörum forseta við þessar aðstæður á þann hátt að rýra þau. Ég tel það ekki skynsamlegt. Ég tel hins vegar að vilji menn gera kerfisbreytingu af ákveðnum ástæðum þá megi skoða það. En ég bendi á að stjórnarskráin er þannig orðuð að það má gera slíka kerfisbreytingu hvenær sem er því að hún kveður aðeins á um að eigi megi lækka greiðslur til forseta. Ef greiðslurnar eftir breytingu eru þær sömu og fyrir breytingu, þá tel ég að breyting standist ákvæði stjórnarskrárinnar og megi gera hana hvenær sem er, en hún sé ekki einskorðuð við upphaf kjörtímabils.

Þá er það efnisleg umræðan. Ég vil vekja athygli á því vegna þess sem ég rakti um mismunandi skilning tveggja flutningsmanna á frv., að frv. er þannig frá gengið að í því er hvergi minnst á það að ekki eigi að skerða kjör forseta. Það eru aðeins tillögur um að afnema skattfrelsi af tekjum og hlunnindum forseta. Það er hvergi tekið fram í frv. eða greinargerðinni að það eigi að bæta forseta þá breytingu. Það kemur hvergi fram þannig að ef maður les frv. og greinargerðina þá er ekki hægt að ályktað annað en að fyrir flutningsmönnum vaki að rýra kjör forseta sem nemur breytingu frv. Frv. er þá ófullkomið að þessu leyti ef það er meining flutningsmanna að ekki eigi að rýra kjör forseta.

Menn kunna að segja að ekki þurfi að setja slíkt í frv. því Kjaradómur muni taka málið fyrir. Það má vera. Ég hef ekki haft aðstæður til að kanna það til hlítar. Ég bendi á að þegar málið var hér til umfjöllunar fyrir fjórum árum var leitað umsagnar Kjaradóms og hann hafnaði því að veita umsögn þannig að þingið hefur engar upplýsingar um það hvernig Kjaradómur muni bregðast við lagasetningu af þessu tagi. Í 12. gr. laga um Kjaradóm segir, með leyfi forseta:

„Kjaradómur og kjaranefnd skulu taka mál til meðferðar þegar þeim þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þeirra tekur til."

Þarna er kveðið á um hvenær Kjaradómur á að bregðast við breytingum. Samkvæmt þessu eru tvö atriði nefnd, annars vegar þegar þeim þykir þurfa. Það vitum við ekki hvernig Kjaradómur mun túlka. Hann getur tekið það upp þannig að lagabreyting af þessu tagi kalli á að hann komi saman og endurmeti málið. En við vitum það ekki.

Hitt atriðið sem hann nefnir er ef breytingar hafa orðið á launum þeirra sem eru til viðmiðunar. Sannanlega verða engar breytingar á launum þeirra við afgreiðslu þessa frv. þannig að það gefur ekki tilefni fyrir Kjaradóm til að koma saman og taka málið upp. Ég held því að ef það vakir fyrir mönnum að gera ekki breytingar á kjörum forseta þá þurfi að skoða málið með því hugarfari að ná því markmiði fram og hugsanlega gera breytingar á frv. í því skyni.

Herra forseti. Ég hygg að ég láti þetta duga af minni hálfu við 1. umr. þessa máls. Ég legg áherslu á vandaða og þinglega meðferð. Ég legg áherslu á að menn skoði málið og séu sammála um markmiðið. Ég útiloka ekki að menn geri breytingar. Ég er ekkert endilega fylgjandi því að núverandi fyrirkomulag eigi að vera. En ég vil líka nefna svolítið til varnar fyrir skattalögin. Skattalög eru eðli málsins samkvæmt lög sem mismuna fólki. Ef þau gerðu það ekki væri engin ástæða til að setja svona víðtæk skattalög. Skattalög ákvarða hópum mismunandi skatta. Þau ákveða mönnum líka mismunandi skatta eftir stöðu eða embætti eins og nefnt hefur verið hér í umræðunni. Við höfum dæmi um mismunandi skattalega meðferð, eftir starfi, þ.e. sjómannaafsláttinn, og við höfum fleiri dæmi um misjafna skattalega meðferð, t.d. eru starfsverðlaun eins og Nóbelsverðlaun og reyndar fleiri verðlaun skattfrjáls (**GAK:** Alþingismenn.) þannig að nóg er af alls konar reglum. Og þó að við tökum þessa reglu og breytum henni þá er fullt af öðrum reglum eftir og skattalöggjöfin er í eðli sínu nákvæmlega sú sama eftir sem

áður þannig að ég tel það ekki rök fyrir breytingu að það þurfi af prinsippástæðum að gera hana. Það tel ég ekki rök. Ég fellst ekki á það vegna þess að skattalöggjöf er í eðli sínu til þess að mismuna þegnum landsins, eðlilega.

Herra forseti. Þá held ég að ég hafi komið því á framfæri sem ég hafði hugsað mér.

[11:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir hans ágætu ræðu og biðja hæstv. forseta að taka mig af mælendaskrá vegna þess að ég tel óþarfa að bæta nokkru við eftir ræðu hv. þm. Það er þó eitt í ræðu hans sem ég vil vekja sérstaka athygli á.

Hv. þm. sagði að hvergi kæmi fram í frv. eða greinargerðinni að flutningsmenn teldu að það ætti að bæta kjör forseta við það að þau yrðu skattlögð. Þetta er hárrétt hjá hv. þm. og ég tel raunverulega að hann hafi jafnvel tekið heldur varfærnislega til orða vegna þess að það er augljóst mál að meginástæða frv., eins og fram kemur í greinargerðinni, er í raun og veru að gera kjör forseta lakari. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Ástæða þess að frumvarpið er lagt fram nú er að þær breytingar sem felast í frumvarpinu verða ekki gerðar á kjörtímabili forseta vegna ákvæðis 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar en þar segir:

„Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra, sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur þessar til forseta kjörtímabil hans.“

Herra forseti. Það kemur greinilega fram að meginástæðan fyrir því að nú er verið að þessu sé að í stjórnarskránni segir að ekki megi lækka laun forsetans á kjörtímabili hans. Herra forseti. Ef það er ekki markmiðið þá er þess vegna ekkert sem segir að nú þurfi að gera þessa breytingu.

[11:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð þegar ég tek til máls í annað sinn við þessa umræðu. Hún hefur á margan hátt verið mjög fróðleg og ýmislegt komið fram í henni. Mér fannst mjög athyglisvert það sem fram kom í máli hæstv. forsrh. við þessa umræðu. Það er ljóst að hæstv. forsrh. hefur tekið ákveðna forustu við að koma þessu máli í höfn í þinginu og er mjög hlynntur þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til.

Hæstv. forsrh. talaði um að hér væri eingöngu verið að gera laun forseta sýnileg. Það sem hæstv. forsrh. sagði, ásamt því sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum sem hér hafa talað og ekki síst því sem hefur verið vitnað til hjá tveimur hv. þm. sem standa að þessu frv., er að ekki er meiningin að rýra kjör forseta Íslands heldur gera menn þvert á móti ráð fyrir, og þar á meðal forsrh. einnig, að ekki verði raunlækkun hjá forsetanum í kjörum og það þýðir auðvitað á mæltu máli að menn gera ráð fyrir að í kjölfar þessa muni Kjaradómur hækka laun forsetans. Það sem menn greinir á um er hvort það muni síðan hafa þær afleiðingar að kjör annarra embættismanna, þar með talið forsrh. og annarra ráðherra, muni hækka í kjölfarið.

Hæstv. ráðherra orðaði það svo að hann óttist það ekki, beindi orðum sínum að mér og sagði að það væri nokkuð sem ég gæti alls ekki hugsað mér, þ.e. að kjör annarra embættismanna mundu hækka í kjölfarið og það er auðvitað hárrétt hjá hæstv. forsrh. Ég get alls ekki hugsað mér það að kjör annarra embættismanna muni hækka í kjölfarið á þessari breytingu, ekki síst í ljósi þess sem hér hefur verið að gerast í kjaramálum á vinnumarkaðnum þar sem launafólk á almenna markaðnum hefur fengið sáralítið í sinn hlut og samið til langs tíma. Það má ekki gerast aftur eins og hefur gerst og við höfum orðið vitni að á umliðnum missirum að embættismenn hafa verið að fá gífurlegar hækkanir í gegnum Kjaradóm á meðan fólk á almenna markaðnum, ekki síst láglaunafólk, hefur setið eftir. Það þarf engan að undra þó að við, hv. þm. Samfylkingarinnar sem hér höfum talað, höfum af því nokkrar áhyggjur.

Ég vil bara halda því til haga sem fram kemur hjá Kjaradómi sjálfum. Þeir telja eðlilegt að forseti Íslands sé með hæst laun þeirra sem Kjaradómur ákvarðar laun fyrir. Kjaradómur hefur greinilega ekki treyst sér að fara hærra með laun forseta Íslands einmitt út af skattfríðindum sem embættið og forseti hefur notið og þegar Kjaradómur hefur þetta svigrúm eftir að Alþingi hefur samþykkt að afnema skattfrelsi, að geta farið með laun forsetans upp, er alveg ljóst í mínum huga að það mun örugglega verða tekið til skoðunar ef ekki kemur til framkvæmda að hækka einnig laun forsrh., enda hefur verið afar lítill munur á beinum launum forseta og forsrh.

Þetta skulu vera lokaorð mín og ég vitna aftur til þeirra sem töldu ástæðu til þess að bera þennan ótta sem við hér færum fram í þessum ræðustól, en það voru þingmenn Sjálfstfl., fimm að tölu í allshn., ásamt einum framsóknarmanni, sem töldu að það mundi setja af stað keðjuverkun í kjaramálum embættismanna og opinberra starfsmanna að fara þessa leið.

Ég ítreka að ég er ekki á móti því að skoða það að afnema skattfrelsi forsetaembættisins og forsetans. En ég vil að það beri allt öðruvísi að en nú, að við stöndum að því með öðrum hætti, en hér sé ekki verið að láta þetta frv. fá einhverja flýtimeðferð og það síðan keyrt í gegn með nokkru offorsi. Það þarf helst að vera breið samstaða um þetta mál og menn þurfa að vera vissir um hvað eigi að taka við þegar þetta er afnumið. Á því er ekki neinn beinn skilningur eða samstaða um í þessum þingsal hvað eigi að taka við þannig að markmiðið er nokkuð óljóst með þessu öllu saman.

Herra forseti. Þess vegna skulu það vera mín lokaorð að nú þegar frestur til að skila inn framboði til forseta Íslands er að renna út núna á næstu sólarhringum, er alger óvissa um hvaða kjör forseta Íslands verða búin í framtíðinni.

[11:46]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur löngum barist fyrir því að alls konar sporslur og greiðslur komi upp á yfirborðið, bílastyrkir, dagpeningar og því um líkt og að laun séu gagnsæ. Miðvikudaginn 19. júní 1996 skrifar hv. þm. grein í Morgunblaðið rétt fyrir forsetakosningar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig var það skoðun minni hlutans að launakerfi ríkisins eigi að vera gagnsætt og eigi það að gilda um æðsta embættismann þjóðarinnar sem aðra.“ — Svo segir enn fremur: — „Rétti tíminn til að gera þessar breytingar var því nú, í aðdraganda forsetakosninga.“ — Síðan segir hv. þm. í greininni, með leyfi hæstv. forseta: „Í öðru lagi stenst það ekki að þótt laun forseta Íslands yrðu hækkuð vegna afnám skattfrelsis þeirra, sem ég tel ekki sjálfgefið, þá væru engin rök fyrir því að laun annarra embættismanna hækkuðu í kjölfarið.“

Þetta sagði hv. þm. 19. júní 1996, á kvennadaginn.

Herra forseti. Hv. þm. segir enn fremur eftirfarandi um það að taka ekki málið á dagskrá og ræða það ekki:

„Þetta sýnir vel veikleika löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Af hverju var löggjafarvaldið ófært um að taka afstöðu til málsins í atkvæðagreiðslu?"

Hvers vegna ekki nú eins og þá?

[11:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi bar málið að með allt öðru móti fyrir fjórum árum síðan en það gerir nú. Það kom fram í desembermánuði og var afgreitt frá nefndinni í júnímánuði. Nefndin hafði sex mánuði til að fjalla um málið en það átti ekki að keyra það í gegn með því offorsi eins og nú er verið að gera og málið ber að höndum.

Ég verð að viðurkenna, og það kom fram í máli mínu áðan, að ég hafði ekki hugmyndaflug þá til þess að skoða það á þann hátt sem nú liggur fyrir að þetta gæti haft áhrif á kjör annarra embættismanna. Það hefur bara ýmislegt verið að gerast í ákvörðunum hjá Kjaradómi sem gefur vissulega tilefni til þess að ætla að þetta hafi þau áhrif sem ég er að nefna. Vissulega hefur margt verið að gerast. Það væri hægt að taka það upp á margvíslegan hátt hvað hefur verið að gerast og hvaða ákvarðanir Kjaradómur hefur tekið raunverulega þvert ofan í það sem hefur verið að gerast á almennum markaði.

Einnig er ljóst að í þeim forsendum sem Kjaradómi hafa verið gefnar með lögum sem sett voru á sínum tíma varðandi Kjaradóm kemur fram að hann á að gæta samræmis í ákvörðunum sínum og úrskurðum. Ég tel að ef við skoðum ekki líka þær forsendur og forskrift sem Kjaradómur hefur fengið varðandi ákvarðanatöku sína, þá gæti þetta haft áhrif. Það sem hefur gerst á þessum fjórum árum gefur vissulega tilefni til þess að ætla að þetta geti haft þau áhrif sem við höfum marglýst hér yfir að geti komið fram í kjölfar þeirra breytinga sem nú er verið að leggja til.

[11:49]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi segir hv. þm. að Kjaradómur muni bregðast öðruvísi við í dag en þá. Er hv. þm. að segja að hann treysti ekki Kjaradómi til að ákvarða rétt um laun æðstu embættismanna þjóðarinnar?

Í öðru lagi sagði hv. þm. 19. júní 1996, örfáum dögum fyrir kosningar, að taka ætti afstöðu til þessa máls í atkvæðagreiðslu. Hvernig stendur á því að núna, 13. maí, þegar ekki einu sinni er lokið að skila inn framboði til forsetakosninga, þá er of stuttur tími til stefnu?

[11:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það að ég treysti ekki Kjaradómi til þess að taka ákvarðanir er nú varla svaravert, en ég geri mér fulla grein fyrir því, sem mér finnst nauðsynlegt að hv. þm. geri sér líka grein fyrir, að Kjaradómur hefur ákveðna forskrift til að vinna eftir samkvæmt lögum frá Alþingi. Við höfum margvitnað í það að hann þarf að gæta samræmis í ákvörðunum sínum, og eins og fram hefur komið í áliti fyrir þremur eða fjórum árum er ekki útilokað að það að hækka laun forsetans geti jafnframt leitt til hækkunar launa annarra embættismanna. Málið bar alls ekki eins að og nú að tveim eða þrem sólarhringum áður en slíta á þingi dúkki hér upp þingmannafrv. Við höfum varla tíma til að skoða það í nefnd, okkur eru ætlaðir einn eða tveir tímar til málsins og ég mun auðvitað gera þá kröfu að nefndin taki sér allan þann tíma sem hún þarf á þessum degi til að fjalla um málið. Það er því mikill eðlismunur á málinu eins og það ber að núna eða eins og það kom fram fyrir fjórum árum.

[11:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Umræðan um þetta mál hefur farið í ýmsar áttir og ég ætla að skýra afstöðu mína til málsins.

Ég lít svo á að við afnám á algjöru skattfrelsi forsetans — eftir því sem ég veit best er hann eini Íslendingurinn sem hefur algert skattfrelsi og er það tryggt í ýmsum lögum — þá tel ég að það sé sjálfgefið að kjör hans verði bætt eða réttara sagt leiðrétt þannig að hann verði ekki fyrir sérstökum skaða við það að þurfa að greiða skatta af launum sínum. Þetta tel ég sjálfborið og er í raun og veru sama viðhorf og ég hef haft t.d. til sjómannaafsláttarins. Ef breyta á sjómannaafslætti skal það bætt í kjörum.

Sá eini maður sem ég veit til að njóti þessa algera skattfrelsis er forseti Íslands og hann hefur látið þá ósk í ljós að hann vilji greiða skatta eins og aðrir. Ég veit ekki um aðra sem skattfrelsis njóta sem hafa óskað eftir því, þar með talin samtök sjómanna eða sjómenn, að þeir hafi sérstaklega óskað eftir því að sjómannaafsláttarinn væri afnuminn, og þar af leiðandi held ég að engir eða mjög fáir þingmenn hafi lagt til að skattfrelsi þeirra væri afnumið. Ég minnist þess þó að hafa séð slíkar tillögur fyrir nokkrum árum. En það er einfaldlega þannig að þegar menn, hvort sem það er forseti Íslands eða sjómenn, eru búnir að búa við kjör varðandi skattfrelsi í áratugi, sjómenn hafa búið við hluta skattfrelsis í áratugi, sjómannaafslátturinn er sennilega orðinn yfir 40 ára, þá verður slíkum kjörum ekki breytt án þess að það verði þá metið einhvers staðar annars staðar.

Ég tek undir að málið fái vandaða meðferð í nefnd og menn ræði það og skoði á því allar hliðar. Minn vilji til þessa máls er sá að forseti Íslands verði ekki fyrir sérstakri rauntekjulækkun við þessa breytingu og tek ég þar undir orð hæstv. forsrh. en hann telur að þetta eigi ekki að verða til þess að forseti Íslands lækki í launum.

Ég vil líka segja að ég er í rauninni mjög ánægður með þau orð sem hafa fallið hjá mörgum þingmönnum við umræðuna, ég held bara flestum sem hafa tekið til máls, í þá veru að laun forsetans verði sýnileg við þessa breytingu. Allir hafa látið þá skoðun í ljós að laun forsetans verði í raun þau sömu og áður eða ég hef skilið orð flestra þannig, ég hef ekki heyrt neinn segja að til stæði að beita sérstakri lækkun á raunlaun forseta, frekar í þá veru að menn hafi staðfest það að slíkt væri ekki til staðar. Þetta er í rauninni sama viðhorf og ég hef haft til sjómannaafsláttarins en spurt var úr þessum ræðustól hvers vegna menn hefðu ekki lagt til að breyta honum. Ég hef litið svo á að ef sjómannaafslátturinn yrði lækkaður með lögum eða reglugerðum eigi að sjá til þess að samhliða slíkri breytingu yrðu laun sjómanna ekki lækkuð. Ef slíkar breytingar ættu að gerast á sjómannaafslættinum, þá ættu raunlaun sjómanna ekki að lækka og það ætti að gilda jafnt hvort sem það væru lagabreytingar eða reglugerðarbreytingar varðandi sjómannaafsláttinn. Ég lít svo á að í báðum þeim tilfellum sem hér hafa verið dregin fram séu þetta kjör viðkomandi, annars vegar forsetans og hins vegar sjómanna, og ef á að breyta þeim þarf að bæta þau á annan hátt.

Varðandi spurningu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar hvers vegna menn legðu þá ekki til lækkun á sjómannaafslættinum, þá er það bara einfaldlega þannig að mér er ekki kunnugt um að nokkur samtök eða nokkurt stéttarfélag sjómanna hafi

óskað eftir því að fá að greiða meiri skatta. Mér er ekki kunnugt um það. En mér er kunnugt um að forsetaframbjóðendurnir á sínum tíma og þeirra á meðal núverandi forseti lýstu því yfir að það væri eðlilegt að forsetinn greiddi skatt. Ég tel hins vegar eðlilegt við þá breytingu og ítreka það að lokum að raunlaun forsetans breytist ekki og treysti því reyndar að þegar Kjaradómur tekur þessi mál til meðferðar ef þetta verður samþykkt, sem ég vona, muni hann bæta forsetanum að fullu þá breytingu sem verður og mun þá verða komið skýrt fordæmi fyrir því hvernig fara skuli með sjómannaafsláttinn ef honum verður breytt.

[11:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er akkúrat um þetta atriði, þ.e. hvort bæta eigi forsetanum fullkomlega það tap í kjörum sem hann yrði fyrir við þessa breytingu, sem afskaplega misvísandi afstaða virðist vera til hjá hv. þingmönnum. Nú heyri ég að hv. þm. sem talaði á undan mér er á þeirri skoðun að það eigi að bæta honum fullkomlega það kjaratap sem hann yrði fyrir við þessa breytingu og ég spyr: Er þá innifalið í því að bæta honum hugsanlegt tap sem hann gæti orðið fyrir vegna annarra fríðinda en þeirra að vera undanþeginn tekjuskatti? Er það þá hugmyndin bak við þessa afstöðu að allt sem forseti hefur fengið í kjörum samkvæmt öðrum lögum sem verið er að breyta eigi að bæta honum í launum? Því það er eina leiðin til að bæta honum slíkt kjaratap sem hann verður fyrir við breytingar á öðrum lögum, það yrði þá að koma inn í launaliðinn hjá honum í staðinn. Er það afstaða hv. þm. að hækka laun forsetans til þess að rétta þau af gagnvart öðrum breytingum á lögum en tekjuskattinum?

[12:00]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú veit ég ekki nákvæmlega hvernig önnur kjör eins og varðandi tollalög, tryggingagjald og virðisauka hafa verið metin hjá forseta. Mér er hins vegar sagt að varðandi virðisaukaskattinn hafi verið lagt á það mat á einhverjum tímabilum hver sú upphæð væri sem eðlilegt væri að forseti Íslands fengi endurgreidda út af virðisaukaskatti. Ég get sagt það úr þessum ræðustól að ég tel að það sem forseti hafi haft í kjörum verði að meta og líta á það sem starfskjör hans. Það hafa óumræðilega verið starfskjör hans í þessu starfi.

Ég geri mér ekki nákvæmlega grein fyrir því um hvaða fjárhæðir er þar að tefla en ég tel að þau skattfríðindi sem forseti hefur haft verði að meta til launa. Ef á að gera þetta algerlega sýnilegt þá verður að meta það til launa.

[12:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hv. þm. geri sér grein fyrir því hverju við eigum von á ef þessi breyting verður. Ætli menn að taka fullt tillit til þess sem forsetinn hefur haft í kjörum munu laun hans hækka býsna mikið og verða mun hærri en þær tölur sem hafa verið nefndar hér fyrr því að bara hækkunin á launanum sjálfum mundi þýða að hann fengi yfir 1.300 þús. kr. í laun á mánuði. Ef öðrum kjörum er bætt þar ofan á veit ég ekki hvaða fjárhæð kæmi út úr því.

Ég reikna með því að því hærra sem forseti Íslands fengi út úr þessari breytingu því meiri líkur væru á því að forsrh. Íslands fengi líka leiðréttingu launa sinna í framhaldinu og aðrir embættismenn ríkisins. Ég tel því fulla ástæðu til að menn líti vandlega yfir málið og átti sig á því hvað muni gerast við þessa breytingu og gefi sér a.m.k. góðan tíma. Sé það niðurstaðan sem virðist koma fram hjá flestum ræðumönnum í ræðustóli að það eigi að bæta forsetanum fullkomlega það kjaratap sem hann yrði fyrir þá liggur heldur ekkert á með málið í gegnum þingið núna. Það er hægt að gera þessa breytingu hvenær sem er ef það á fullkomlega að bæta forseta Íslands það sem hann tapaði í kjörum.

[12:03]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég er því fylgjandi að forseti Íslands greiði skatta eins og aðrir þegnar landsins. Laun forseta Íslands eru nú um stundir 615 þús. kr. á mánuði og rúmlega það. Það eru ágæt launakjör jafnvel þótt af þeim launum væru greiddir skattar.

Ég vil að það komi fram í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið fram að það er skoðun mín að þótt forseti Íslands greiði tolla og virðisaukaskatt eins og aðrir þegnar landsins finnst mér það ekki rök til þess að hækka hann í launum af þeim sökum. Það finnst mér ekki vera rétt.

Þegar ég heyri að mönnum finnist eðlilegt að meta öll þessi skattfríðindi til launa og eru búnir að reikna þessi laun upp í hálfa aðra milljón, 1.200–1.500 þús. kr. á mánuði, þá fyndist mér það ekki ásættanlegur munur á launum í hinu opinbera launakerfi að þar væri yfir fimmtánfaldur launamunur. Ég mundi ekki mæla með slíku, aldeilis ekki.

Síðan varðandi Kjaradóm. Menn spyrja hvort honum sé treystandi. Nei, Kjaradómi hefur aldrei verið treystandi. Enda hef ég alltaf lagst gegn því að launakjör embættismanna séu ákvörðuð af Kjaradómi eða kjaranefnd. Þetta á að ákvarðast á vettvangi stéttarfélaganna í samningum eða í einhverjum tilvikum í þessum sal af hv. Alþingi Íslendinga sem á að axla ábyrgðina sjálft. Þegar menn koma hver á fætur öðrum í ræðustól og hlaða upp röksemdum fyrir Kjaradóm til að hreyfa við kjörum háembættismanna í landinu, þótt eitthvað verði hróflað við eða breytt launakjörum forseta Íslands, þá lýsi ég furðu minni á slíkri röksemdafærslu.

Kjaradómur hefur jafnan farið sínu fram. Hann hugsar um sína. Ég veit ekki hve oft hann hefur hækkað dómarastéttina í landinu og þykist alltaf vera að færa yfirvinnu inn í launataxtann. Þetta eru bara staðreyndir málsins. Forseti Íslands á að sjálfsögðu að greiða skatta eins og allir þegnar í landinu. Hann á að borga virðisaukaskatt og tolla eins og aðrir þegnar í landinu og það er ekkert sjálfgefið að það eigi að færa launin upp í samræmi við það. Við eigum að búa við réttlátt launakerfi í landinu og það á að gilda um alla þegna landsins.

[12:06]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni að það á að vera verkefni í kjarasamningum milli stéttarfélaga og atvinnuveitenda að semja um kaup og kjör. En ég sé ekki fyrir mér að myndað verði stéttarfélag utan um forseta Íslands eða ráðherrar stofni með sér stéttarfélag eða þá þingmenn þannig að Kjaradómur verður að taka við úrskurðarréttinum fyrir þá.

Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á því að það eru fjórir flm. á þessu máli og þeir eru af sitthvorum enda í afstöðu sinni til þess hvaða áhrif málið eigi að hafa. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sem er einn af flm. málsins og talaði hér áðan, er þeirrar skoðunar að það eigi að bæta forsetanum að fullu í beinum launagreiðslum þær kjarabreytingar sem

verið er að gera. Mér er kunnugt um það að ef eingöngu væri um að ræða afnám tekjuskattsfrelsisins þá þyrfti, ef ætti að bæta forseta það í launum, að hækka laun hans frá 1.350 upp í 1.500 þús. kr. á mánuði, eitthvað á því bili. Ef menn taka síðan tollanna, virðisaukaskattinn og fleira með, ætli það verði þá ekki farið að nálgast 2 millj. kr.

Síðan eru aðrir flm. þeirrar skoðunar að þetta muni engu breyta og eigi ekkert að breyta. Alþingi verður að hafa skoðun á því við afgreiðslu málsins því að þetta virðist vera gersamlega órætt í hópi flm. Þeir vita ekki hvað þeir eru að leggja fyrir Alþingi að afgreiða.

[12:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þeir aðilar eru til sem ekki geta stofnað stéttarfélag og samið um laun sín þannig enda tók ég það fram að hvað þá aðila snerti væri eðlilegt að Alþingi taki þá ábyrgð og axli þá ábyrgð en skjóti henni ekki til aðila á borð við Kjaradóm. Þetta er umræða sem við margoft höfum átt á Alþingi.

Varðandi mismunandi skoðanir á því hvernig eigi að bæta forseta lýðveldisins upp kjararýrnun sem af þessu hlytist er það því miður ekki á verksviði Alþingis. Við getum lýst skoðunum okkar á því og við höfum gert það. Menn hafa talað tæpitungulaust margir í því efni. Það hef ég gert á meðal annarra. En það er samkvæmt lögum og ákvörðunum Alþingis á verksviði Kjaradóms. Síðan getum við haft á því skoðun þegar hann kveður upp úrskurð sinn og ég hef ekki nokkrar einustu efasemdir um það að ég muni hafa á því skoðun þegar þar að kemur.

[12:09]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég settist inn á þing árið 1974 var sá háttur hafður á að í þinginu var starfandi sérstök þingfararkaupsnefnd sem lagði fyrir Alþingi tillögur um breytingu á launakjörum alþingismanna sem alþingismenn þurftu síðan að afgreiða með atkvæðagreiðslu hverju sinni. Þetta fyrirkomulag var afskaplega mikið gagnrýnt í samfélaginu. Það var mikil andstaða við það, ekki síst hjá forustumönnum verkalýðshreyfingar sem voru andvígir því að alþingismenn fjölluðu sjálfir um kjaramál sín. Niðurstaðan varð sú að taka það vald úr höndum alþingismanna og ráða sjálfir kjörum sínum og setja það yfir í Kjaradóm. Ég stóð að þeirri ákvörðun og ég tel hana vera rétta. Ég tel ekki að alþingismenn eigi að greiða atkvæði um eigin laun.

Ég er alveg sannfærður um að ef hv. þm. Ögmundur Jónasson hugsar það mál betur fyndist honum óeðlilegt að ein stétt í landinu, einn hópur í landinu öllu heldur, því að alþingismenn eru ekki stétt, hafi sjálfdæmi um sín eigin kjör.

[12:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég fari rétt með að á danska þinginu sé tekin ákvörðun um launakjör þingmanna. Ég held að ég fari rétt með það. Mér finnst eðlilegt að hafa þennan hátt á. Ég veit hins vegar að mörgum þingmönnum finnst þetta óþægilegt og ég veit að ákvarðanir þingsins hafa sætt gagnrýni í þjóðfélaginu.

En sú er sérstaða þingsins og alþingismanna að þeir standa ábyrgir gerða sinna gagnvart þjóðinni í kosningum, þá greiðir hún um það atkvæði hvort hún telji að þeir hafi komið fram af sanngirni, m.a. í þessum málum. Mér finnst eðlilegt að launaákvarðanir alþingismanna séu teknar af Alþingi og menn axli ábyrgð en skjóti henni ekki annað.

[12:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. sagði að menn hefðu verið að hlaða upp rökum fyrir því að Kjaradómur mundi gera eitthvað í málinu og hann sagði líka að Kjaradómur hefði farið sínu fram. Það er nákvæmlega þannig. Menn hafa verið að velta því fyrir sér og haft á því sínar skoðanir hvað Kjaradómur mundi gera í framhaldi af þeirri breytingu sem verið er að tala um að verði að veruleika. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því en hv. þm. sagði að ef forseti Íslands yrði hækkaður í samræmi við þau kjör sem hann hefur núna eftir þessa breytingu yrði gersamlega óásættanlegur kjaramunur meðal opinberra starfsmanna. Mér finnst þetta vera umhugsunarefni og vil spyrja hv. þm. að því. Ég óska eftir því að fá það mjög skýrt fram, er það skoðun hans að þetta frv. eigi að hafa í för með sér verulega kjararýrnum hæstv. forseta Íslands? Mér fyndist t.d. að það væri ágætt að það kæmi mjög skýrt fram hvað menn vilja ganga langt í þessu efni þannig að hv. alþingismenn skilji hver annan, hve langt á að ganga og hverjar hugmyndirnar eru, hve mikið á að lækka laun forseta Íslands, hve mikið á að koma til móts við hann með hækkun á nafnlaunum hans eftir þessa breytingu. Kjaradómur á að ákveða það. Vissulega hljóta menn að svara því á hv. Alþingi hvaða tilgang þeir hafa með þessu máli og hvaða áhrif þeir telja að verði af málinu. Ef það er niðurstaða þeirra að Kjaradómur muni dæma með þeim hætti í málinu að forseti Íslands muni verða fyrir verulegum kjaraskerðingum þá held ég að það sé líka gott að það komi hér fram.

[12:14]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur margoft komið fram að með þessu frv. sé kjaramunur gerður sýnilegur. Ef það er staðreynd að kjörin væru metin á 1,5 millj. kr., einhver nefndi núna 2 millj. kr., tuttugufaldur munur og rúmlega þó í kerfinu, þá finnst mér það óásættanlegt. Mér finnst það fullkomlega óásættanlegt og ég samþykki ekki slíkt.

Mér finnst eðlilegt að allir launamenn í landinu greiði skatta. Mér finnst eðlilegt að forsetinn greiði tolla og greiði virðisaukaskatt. Mér finnst ekki eðlilegt að það sé bætt upp með launahækkunum. Ég skrifa ekki upp á slíkt.

[12:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er markmiðið að samræma laun forseta Íslands við laun annarra embættismanna, ef að það niðurstaðan að hans kjör séu miklu hærri en þau eigi að vera, hvað er þá til ráða? Það er bara það eitt til ráða að breyta launakjörum vegna forsetaembættisins þegar kosinn er nýr forseti. Þá er ekki við neinn að sakast og ekki hægt að setja þetta í samhengi við einhverja persónu sem er í embætti forseta Íslands eins og núna. Ég tel að menn eigi bara að velja þann tíma sem eðlilegast er að velja til þess að gera þessar breytingar. Það er greinilegt að sá tími er ekki núna þegar frestur til þess að bjóða sig fram til forsetaembættisins er að renna út.

[12:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst menn vera að persónugera þessa umræðu um of. Það er mín skoðun. Hins vegar fyndist mér gott að fram færi um það rækileg umræða á Alþingi hvort

sá launamunur sem er að skapast í launkerfinu sé eðlilegur. Ég tel hann vera óeðlilegan. Ég tel að hér sé að skapast ójöfnuður í landinu.

Hv. þm. spyr: Hvað er til ráða? Það var einn stjórnmálaflokkur sem efndi til mikillar samkomu fyrir nokkrum dögum og hafði ráðin. Hann sagði: Jöfnum leikina.

[12:16]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Allt þetta mál og allur þessi málatilbúnaður er okkur til mikils sóma, ekki síst þeim sem standa að flutningi málsins því að þegar til á að taka kemur í ljós að enginn þeirra er sammála öðrum um hver tilgangurinn sé með þessu lagafrv. hvað varðar kjör forseta Íslands. Þrír hv. þm. af fjórum sem flytja málið hafa tjáð sig um þetta í dag og þeir eru eins ósammála um hvað þeir eru að leggja til og hægt er að hugsa sér. (**SJS:** Er þetta ekki bara eitt frv.?) Þetta er eitt frv. en þeir eru eins ósammála um tilganginn og hægt er að hugsa sér.

Ég heyri að hv. formanni vinstri grænna líður mjög illa og ég skil það ósköp vel. (Gripið fram í.) Við skulum aðeins líta yfir það sem þessir ágætu þingmenn hafa til málanna að leggja því þeir eru að fjalla um starfskjör forseta Íslands, ekki mannsins sem situr í embættinu sem vill svo til að heitir Ólafur Ragnar Grímsson og menn geta haft misjafnar skoðanir á heldur um embætti þjóðhöfðingja, þjóðkjörins þjóðhöfðingja, starfskjör hans.

Hvað vakir fyrir 1. flm. málsins hv. þm. Pétri Blöndal? Hvernig vill hann breyta starfskjörum þjóðhöfðingja? Því svarar hann á prenti í dag. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Kjaradómur hefur ekki að fullu leyti tekið tillit til þess að laun forsetans eru skattfrjáls því annars væri hann með lægri laun en forsrh. En ég reikna með að Kjaradómur taki eitthvert tillit til þessara breytinga, ef þær verða samþykktar."

Hann reiknar sem sagt með því að Kjaradómur muni eitthvað hækka nafnlaun forseta Íslands við þessar breytingar en vill þó ekki segja hversu mikið, en eitthvað.

Hv. þm. heldur áfram og hann lýsir þeirri skoðun sinni að hann reikni með því — hv. þm. segir, með leyfi forseta:

„Ég reikna með því að hugsanlega verði forsrh. hækkaður eitthvað ..."

Skoðun 1. flm. á efni málsins er því sú að Kjaradómur eigi að bregðast við að einhverju leyti og í framhaldi af því eigi að hækka laun forseta Íslands. Þetta er skoðun 1. flm.

Hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, 2. flm., tjáði sig ekki að þessu leytinu til. Hann tjáði sig ekki hvað fyrir honum vakir með því að gerast meðflutningsmaður að þessari tillögu öðruvísi en að hv. þm. sagði að það væri einfaldlega málefni Kjaradóms að taka ákvörðun um það. Sjálfur hafði hann enga skoðun á því. En þingflokksformaður hans sem kom hér og var að fara úr ræðustól sagði að í sínum huga væri hér um að ræða beina launalækkun til forseta Íslands sem væri ekkert of góður til þess að borga skatta af þeim nafnlaunum sem hann hefur í dag og væri ekkert of góður til þess að borga eignarskatta, virðisaukaskatta, tolla o.s.frv. og engin ástæða væri til þess að breyta neinu í þeim efnum (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er alltaf jafn...) þannig að hans tillaga er sú, hans hugmynd er sú, þ.e. formanns þingflokksins, að þetta frv. sé flutt til þess að lækka launakjör og starfskjör forseta Íslands. Það er hans tillaga. Hann er ekki flutningsmaður að málinu. En flutningsmaðurinn, hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson, hafði ekki skoðun á því.

Síðan kom þriðji flutningsmaðurinn, Guðjón A. Kristjánsson, og hvað sagði hann? Sá flutningsmaður sagði að tilgangurinn með þessu frv. væri ekki sá að breyta neinu í kjörum forseta Íslands. Það ætti að hans mati þegar Kjaradómur fer að fjalla um málið að taka tillit til þessara breytinga, afnáms þessara hlunninda, ekki bara hvað varðar tekjuskattinn sem fyrir liggur að mundi hækka nafnlaun forseta Íslands upp í 1.340–1.500 þús. kr. heldur ætti einnig við ákvörðun um launakjör forseta Íslands að taka tillit til annarra breytinga eins og afnáms virðisaukaskatts, afnáms tolla o.s.frv. og að það ætti að færa inn í launin til forsetans. Þá fara þau að nálgast tvær millj. kr. á mánuði.

Hins vegar sagði hv. 3. flm. málsins ekki neitt um hvað hann héldi að áhrifin af slíkum ákvörðun Kjaradóms mundu hafa á aðrar stéttir. (**Gripið fram í:** Erum við á Kjaradómi?)

Þá er komið að fjórða flutningsmanni málsins, þeir eru fjórir, hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni. Honum hefur ekki gefist tækifæri til að tjá sig um málið því að hann er því miður í veikindaleyfi. Engu að síður skiptir það ekki meginmáli því að það eru ekki til fleiri skoðanir á málinu en þessar þrjár. Það er útilokað að hafa fleiri skoðanir á þessu máli en þrjár og þingmennirnir sem flytja málið eru búnir að skipta öllum skoðunum sem hægt er að hafa á áhrifum málsins á milli sín. Þetta er þessari stofnun til mikils sóma. Það er gaman að ganga til afgreiðslu máls sem ekki einu sinni liggur fyrir hjá flutningsmönnum hvað þýðir. Það er von að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé ekkert óskaplega rólegur í þessari stöðu.

Ég vil aðeins vísa til þess ... (Gripið fram í.) herra forseti. Ég hef orðið enn þá. Hv. þm. getur beðið um orðið. Ég hef atkvæðisrétt eins og hann og skoðanarétt og skoðanafrelsi eins og hann, en er öfugt við hann ekkert órólegur, ósköp rólegur í málinu. (Gripið fram í.) Einhver besta ræða sem hefur verið flutt um þetta mál tel ég að hafi verið flutt af hv. þm. Kristni Gunnarssyni. Hann kom að efnisatriðum málsins, nákvæmlega þeim efnisatriðum sem Alþingi þarf að taka til skoðunar við afgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Það er ekki mikill virðuleikasvipur á afgreiðsluháttum þessarar stofnunar á síðasta þingfundadeginum.

(**Forseti** (HBl)**:** Virðuleikinn fer eftir þingmönnunum, hv. þm.)

Rétt.

[12:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er svolítið farinn að undrast þennan málflutning í hv. Alþingi. Er það virkilega svo að hv. alþingismenn taki það eitthvað inn á sig að tala um það hver séu raunveruleg kjör forsetans? Þola menn ekki að tala um það, ef það er þannig, að kjör forseta Íslands jafngilda því að hann hefði fengið útborgaðar 2 millj. kr. og borgaði svo skatta af því? Þola menn það ekki? Er eitthvað vandamál að tala um það? Ef það er svo að þau kjör sem forsetinn hefur núna þýða að brúttólaun hans séu 2 millj. kr. þá er það bara svo. Það breytir ekki raunlaununum því að ef hans kjör eru metin þannig að núverandi laun jafngildi 2 millj. kr. á mánuði þá borgar hann bara skatt af því (Gripið fram í.) og síðan fær náttúrlega Bessastaðahreppur útsvarstekjurnar og ég held að það væri mjög gott fyrir Bessastaðahrepp að fá útsvarstekjurnar (Gripið fram í.) þannig að ég skil ekki þessa

umræðu, að verið sé að væla yfir því hvort það eigi að tala um 1,5 eða 2 millj. kr. Ef það er svo að núverandi lög hafi fært forseta þessi kjör þá er eins gott að það sé uppi. Svo borgar hann bara skatt af sínum tekjum og stendur eftir jafn.

Þegar við sjómenn erum að koma í land eftir stóra túra og því er slegið upp í öllum blöðum að einhver sjómaður hafi haft milljón á mánuði, borgar hann ekki skatta af því? Við höfum 245 þús. kr. í skattafslátt á ári, þ.e. sjómannaafsláttinn. Það er samkvæmt lögum og reglum og þú veist alveg um það, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Það þarf ekki að upplýsa það neitt hér. (Gripið fram í.) Það er í reglugerðum, skráð í reglugerðum um sjómannaafslátt. (**KHG:** Þá er lítill forseti í þér.) (**Gripið fram í:** Já, já.) Það er enginn feluleikur í þessu máli. Þetta eru kjör sjómannastéttarinnar sem hún hefur búið við í 40 ár. (**KHG:** Það er alveg eins með forsetann. Þar er enginn feluleikur.)

[12:26]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var góð ræða vegna þess að hv. þm. kom þarna að kjarna málsins. Það er ekkert feimnismál að ræða málið á þessum nótum við mig eða suma aðra hér inni. Fyrir hverjum er það feimnismál að ræða málin svona eins og hv. þm. hefur gert, að þarna sé um að ræða breytingu sem geti valdið því að nafnlaun forseta Íslands yrðu hækkuð upp í tvær millj. kr. á mánuði. Fyrir hvern er það vandamál? Fyrir hvern er það feimnismál? Það er fyrir meðflutningsmenn hans að málinu. Það er fyrir mann t.d. eins og hv. þm. Árna Steinar Jóhannsson sem ekki vildi svara því. Það er fyrir mann eins og hv. þm. Ögmund Jónasson sem neitar að horfast í augu við þessar staðreyndir.

Þetta er ekkert vandamál í mínum augum. Ég er ekkert feiminn við að ræða þetta því að þetta er kjarni málsins. Og láta menn sér detta það í hug að ef sú verður niðurstaðan af afgreiðslu Alþingis sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefnir, að Kjaradómur komist að þeirri niðurstöðu sem hann var að lýsa, þ.e. að þessi breyting muni kalla á ákvörðun Kjaradóms um tveggja millj. kr. laun fyrir forseta Íslands á mánuði, að þá fylgi hæstv. forsrh. og aðrir ráðherrar og æðstu embættismenn og þingmenn ekki á eftir eins og 1. flm. málsins Pétur Blöndal benti á í viðtali í Degi í dag. Hann taldi ósköp eðlilegt að forsrh. fylgdi á eftir og sjálfsagt aðrir ráðherrar líka. En það er ekkert feimnismál af minni hálfu að ræða málin svona. Það er nákvæmlega svona, herra forseti, sem á að ræða þau því að um þetta snýst málið. Þetta er kjarni málsins sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði og sýnir hvílík órafjarlægð er á milli þeirra þriggja flutningsmanna sem hafa tjáð sig um málið. Þeir eru eins mikið ósammála og hægt er að hugsa sér um það til hvers þetta mál er flutt, hvaða áhrif það muni hafa. Og svo er ætlast til að Alþingi afgreiði svona frv. við þær afstæður í jafnmikilli óvissu þegar einu sinni flutningsmennirnir, herra forseti, koma sér ekki saman um hvað þeir eru að gera.

[12:28]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ruglar saman tilgangi og afleiðingum. Tilgangur frv. felst í nafninu. Afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands. Það er tilgangurinn. Afleiðingarnar liggja í höndum Kjaradóms og hv. þingmenn hafa ekkert yfir honum að segja. Menn hafa tjáð sig um hvernig hann hugsanlega kunni að dæma. Á því geta menn haft alls konar skoðanir. Svo dæmir hann. Við höfum ekkert yfir því að segja.

En tilgangur frv., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, er að forsetinn greiði skatta og skyldur eins og aðrir borgarar og spurning mín til hv. þm. er: Vill hv. þm. að forsetinn greiði tekjuskatt, fjármagnstekjuskatt, virðisaukaskatt, tolla og vörugjald eins og annað fólk í landinu? Og vill hv. þm. að laun í landinu séu yfirleitt sýnileg eins og meðflokksmaður hans hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur margoft barist fyrir?

[12:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef vanist því að menn ræði um að blanda ekki saman orsökum og afleiðingum en ekki því að blanda ekki saman tilgangi og afleiðingum því mjög oft er það eitt og hið sama, tilgangur máls og afleiðingar máls.

Það sem ég vildi svara hv. þm. um þetta mál er: Ég tel rétt að taka eigi skattamál forsetaembættisins til skoðunar. En ég tel að það eigi að gera með eðlilegum samskiptum löggjafarvaldsins og þjóðkjörins þjóðhöfðingja. Það hefur ekki verið gert. Ég tel að eðlilegt sé að a.m.k. flutningsmenn málsins hafi gert sér einhverja grein fyrir því hvaða afleiðingar tillögur þeirra kunni að hafa. Þeir eru eins ósammála um það eins og mest getur verið. Ef Alþingi ætlar síðan að afgreiða málið eins og það er í pottinn búið, þá verður Alþingi sjálft að gera grein fyrir því hvað fyrir því vakir með afgreiðslunni. En það að rugla saman tilgangi og afleiðingum hef ég aldrei heyrt. En það er kannski það sem hv. flutningsmenn hafa gert, að þeir hafi ekki áttað sig á að tilgangurinn og afleiðingarnar kunna að vera eitt og hið sama.

[12:32]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningunni hvort hann vildi að forsetinn greiddi skatta og skyldur eins og annað fólk í þessu landi. Það virðist vera svo erfitt fyrir hv. þm. sem þó hefur verið ráðherra og á þingi í fjölda fjölda ára að gera sér grein fyrir þessari einföldu spurningu. Þetta er einföld spurning. Hún er ekkert flókin. Þetta liggur í augum uppi. Á forsetinn að borga skatta eins og annað fólk í landinu eða ekki? Ég óska eftir hreinu og beinu svari við því en ekki einhverjum útúrsnúningum.

[12:32]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur alltaf legið fyrir af minni hálfu að ég tel að rétt sé að skattamál forsetans séu sambærileg og hjá öðrum þegnum eins og ég tel það rétt að ýmis atriði í þeim skattalögum séu endurskoðuð. Eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur bent á eru ýmis undanþáguákvæði í þeim lögum, m.a. sem gilda um hv. þm. Pétur H. Blöndal. Það eru ýmsar greiðslur til þess hv. alþm. sem ekki eru skattlagðar frekar en til annarra þingmanna. (**PHB:** Ég tek ekki við því.) Ég leyfi mér nú að efa það. Hann er þá eini þingmaðurinn sem ekki gerir það. (**PHB:** Einn af þremur.) Ég tel það alveg sjálfsagt.

En málið snýst ekki um þetta. Málið snýst um að — ég veit ekki betur en að hv. þm. taki við greiðslum dagpeninga sem eru skattfrjálsir. (**PHB:** Ég skila þeim.) Það er bara ekki rétt að hv. þm. skili þeim. En það sem ég ætlaði að taka fram í þessu sambandi var að málið snýst um samskipti löggjafarstofnunar og þjóðkjörins þjóðhöfðingja og þau gerast ekki með slíkum hætti. Þau gerast ekki heldur með þeim hætti að flutningsmenn máls af þessu tagi viti ekki hver er tilgangurinn með flutningnum eða hverjar afleiðingarnar kunna að verða. Þetta er fyrir neðan allar hellur að hegða sér

svona á síðustu dögum þingsins. Þetta er ekki í samræmi við þann virðuleikablæ sem við viljum hafa á starfsemi þessarar stofnunar. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn reynir að bæta úr því núna.) Herra forseti. Það hefði verið betur að þingi hefði verið slitið í gær eða þingfrestun hefði farið fram í gær eins og áformað var fremur en að þjóðin þurfi að horfa upp á skollaleik af því tagi sem hér fer fram.

[12:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það hefur greinilega komið fram í umræðunum að málið er ekki svo einfalt eins og ætla mætti við fyrstu sýn.

Fyrst vil ég nefna það sem fram kom hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni bara til þess að ganga úr skugga um hvort ég hafi skilið hann rétt, ég vona að ég hafi misskilið hann. En hjá honum kom fram að ef laun forseta Íslands yrðu hækkuð þannig að hann stæði jafnréttur eftir skattlagningu sem áður, þá yrði launamunurinn hjá hinu opinbera tuttugufaldur og það væri allt of mikið og miklu meira en hv. þm. gæti sætt sig við.

Ég skildi hv. þm. þannig að hann liti svo á að forseti Íslands væri hluti af opinberum starfsmönnum. Ég lít svo á að forsetaembættið sé algerlega utan við það og eigi ekki að vera til samanburðar við starfskjör opinberra starfsmanna.

Í öðru lagi kom fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að Alþingi hefði ekkert yfir Kjaradómi að segja, það er mikill misskilningur. Alþingi hefur allt yfir Kjaradómi að segja sem Alþingi kýs. Alþingi setur lög og ef það er skilningur manna og ætlan með þessu frv. að rýra ekki kjör forseta Íslands og vafi leikur á því að Kjaradómur muni bregðast við með þeim hætti að því markmiði verði náð, þá getur Alþingi sett lög sem taka af allan vafa um og ná þessu markmiði sínu fram. Það er mjög einfalt ef menn eru sammála um að það eigi að vera tilgangurinn.

Ég vil líka segja að ég hef engan rökstuðning fengið um þær tölur sem ég hef heyrt um mat á skattfrelsi forseta Íslands. Ég hef heyrt hv. þm. Pétur H. Blöndal nefna að það jafngilti því að laun forseta Íslands þyrftu að vera 1.380 þús. kr. ef ég hef tekið rétt eftir. Þingmaðurinn leiðréttir mig ef ég er að fara með rangt mál í þeim efnum en það er kannski ekki aðalatriði málsins heldur hitt að þegar málið hefur verið til umfjöllunar á fyrri þingum hefur verið leitað umsagnar um það en engar upplýsingar hafa komið fram sem gera mönnum kleift að leggja mat á hversu verðmiklar þessar undanþágur eru.

Ég hef leitað að þeim gögnum og hef ekki séð tangur né tetur því til stuðnings hvað mætti ætla að þessi hlunnindi séu verðmikil. Ég bið því hv. þm. Pétur H. Blöndal að upplýsa á hvaða upplýsingum og gögnum hann byggir sitt mat. Ég held satt að segja að tölur um 1,5–2 millj. á mánuði séu algerlega fráleitar að svo miklu leyti sem ég hef getað áttað mig á því og reynt að meta hlutina sem er auðvitað út frá mjög ófullkomnum upplýsingum, en ég tel algerlega fráleitt að þetta séu svo háar tölur.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að í umsögn um þetta mál frá ríkisskattstjóra fyrir fjórum árum kom fram að það væri kannski ekki rétt að leggja allar undanþágurnar undir sama hattinn. Mér finnst eftir að hafa lesið umsögn ríkisskattstjóra og heyrt hans sjónarmið að nokkuð sé til í því að ekki sé endilega rétt að leggja sömu mælistiku á alla þessa hluti. Ég vil leyfa mér að lesa hluta úr þessari umsögn, með leyfi forseta:

„Án þess að ríkisskattstjóri leggi það sérstaklega til að reglur um skattfrelsi forseta verði þrengdar frá núverandi fyrirkomulagi þykir mega benda á örfáa þætti sem teljast mega athugunarverðir út frá skattlagningarsjónarmiðum sérstaklega og þá að því leyti að athuga beri þær í ljósi núverandi þjóðfélagsaðstæðna. Um er að ræða reglur um:

1. skattfrelsi maka forseta,
2. skattfrelsi annarra tekna forsetans en beinna forsetalauna úr ríkissjóði,
3. undanþágu forseta frá greiðslu tolla og aðflutningsgjalda ...,
4. undanþágu forseta frá greiðslu virðisaukaskatts af almennum vörum og þjónustu vegna eigin persónulegra þarfa."

Mér finnst ekki að sömu sjónarmið gildi endilega um öll þessi atriði. Ég segi fyrir mitt leyti að mér er það ekkert sérstakt réttlætismál eða kappsmál að beinar launagreiðslur séu skattlagðar en það skiptir ekki máli ef á að hækka þær á móti skattlagningu. Það kemur út á eitt. Ég hef hins vegar svolitlar efasemdir um skattfrelsi á virðisaukaskatti þannig að ég verð að viðurkenna að mér finnst ekki hægt að líta sömu augum á öll þessi atriði.

[12:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir vangaveltur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um skattlagningu og að sömu reglur eða sömu viðhorf gildi ekki endilega gagnvart allri tegund skattlagningar. Þetta er umræða sem eðlilegt er að fari fram í efh.- og viðskn. sem að mínum dómi hefði betur komið saman fyrr í morgun til að fjalla um þetta mál á málefnalegan hátt. Ég er ekki að segja að hér hafi ekki farið fram málefnaleg umræða en ég tel að mikið af þessari umræðu hefði betur verið komin inni í nefndinni, þar sem margir þeirra sitja sem hér hafa tekið þátt í umræðunni í dag. Mér hefði fundist það að mörgu leyti heppilegra og skemmtilegra.

En varðandi þá spurningu sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson beindi til mín, hvernig skilgreina bæri forseta Íslands, hvort hann væri opinber starfsmaður. Forseti Íslands er starfsmaður íslenska ríkisins og þar af leiðandi er hann opinber starfsmaður eins og fjöldi annarra.

[12:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá vil ég spyrja hv. þm., formann BSRB, hvort hann álíti þá að kjör forseta Íslands séu viðmiðun fyrir umbjóðendur hans.

[12:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar við tölum um launakjörin á Íslandi horfum við að sjálfsögðu yfir samfélagið allt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 12:44]

Lífsýnasöfn, 3. umr.

Stjfrv., 534. mál. — Þskj. 1398.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjúklingatrygging, 3. umr.

Stjfrv., 535. mál. — Þskj. 1400, brtt. 1401.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög og almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 401. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 1399.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[15:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Nú hefur efh.- og viðskn. gert hlé á fundi sínum og mun hittast aftur um kvöldmatarleytið vegna þess að það mál sem hún vinnur með er ekki til lykta leitt. Við erum búið að vera hér fimm kvöld og fram á nætur, þá lengstu til kl. 4 um nótt. Þetta er að verða aldeilis bærileg vinnuvika og ég sé ekki ástæðu til þess að við höldum áfram í kvöld og fram eftir þessu laugardagskvöldi vegna þess að þeir sem eru á fundi í efh.- og viðskn. í dag og kvöld eiga síðan eftir að vinna nefndarálit. Nú legg ég til, virðulegi forseti, að við gerum hlé á fundinum og hefjum störf aftur á mánudagsmorgni eins og virðulegt þing og venjulegt fólk.

[15:45]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill lýsa því yfir að umræður eru að hefjast um vegáætlun og jarðgangaáætlun. Eins og hv. þm. er ljóst og kunnugt var það löngu ákveðið að umræður um þessi mál yrðu í dag. Ég veit ekki betur en ýmsir hv. þm. hafi fundið að því við forseta að hann skuli stundum víkja frá því sem hann hefur áður sagt og ég hyggst taka það til greina.

[15:46]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég held að mjög óráðlegt sé að halda áfram þingstörfum við þessar aðstæður, án þess að menn hafi nokkra hugmynd um hvernig staðið skuli að eðlilegum lokum fyrir þingfrestun. Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. forseti gefi sér tíma til að eiga fund með formönnum þingflokka og reyna að ná samkomulagi.

Ég tek undir orð þingflokksformanns Samfylkingarinnar. Það er búið að boða efh.- og viðskn. á fund kl. sjö. Það er verið að leita að aðilum sem þar þurfa að mæta til að svara fyrirspurnum frá nefndinni og varð að gera hlé á fundi því að þeir voru ekki tiltækir. Það er ekkert vitað um hvenær nefndin getur lokið störfum. Það á eftir að ganga frá hugsanlegum brtt. og nál. og taka þau fyrir til umræðu. Þá yrði orðið langt liðið ef að því kæmi á aðfaranótt sunnudags.

Herra forseti. Ég man ekki eftir því að haldnir hafi verið fundir langt fram á laugardagskvöld í þinglokin við þessar aðstæður. Ég æski þess að hæstv. forseti, sem hefur langa og góða þingreynslu, beiti sér fyrir því í viðræðum við formenn þingflokka að finna eðlilega og skynsamlega lausn á þessu máli.

[15:47]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil skýra hv. þm. frá því að ég hef þegar rætt það á fleiri en einum fundi með formönnum þingflokka að umræður um vegáætlun og jarðgangaáætlun fari fram á þessum drottins degi.

[15:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram liggur fyrir að efh.- og viðskn. gat ekki lokið störfum sínum. Hún verður kölluð saman til fundar nú um kvöldmatarleytið. Við vitum út af fyrir sig ekki hve langur sá fundur getur orðið. Takist að ljúka málinu þarf, eins og fram hefur komið, okkur fulltrúum í efh.- og viðskn. að gefast tími til að ganga frá því þannig að málið sé tækt til 2. umr., m.a. með nefndarálitum. Ég hlýt að fara fram á, ef fram heldur sem horfir að hér eigi að vera kvöldfundur, að hlé verði gert á fundum og störfum þingsins meðan efh.- og viðskn. starfar og meðan við erum að ganga frá hugsanlegum nál. í þessu máli.

Ég trúi því ekki, eins og tveir síðustu ræðumenn hafa sagt, að hér eigi að halda kvöldfund þegar vitað er að efh.- og viðskn. getur ekki lokið vinnu sinni. Ég held að það hljóti að vera tímabært að forseti endurskoði hvort hér eigi virkilega að halda fram störfum á þessum degi og í kvöld einnig þegar sýnt er að við munum ekki geta lokið störfum í efh.- og viðskn. fyrr en síðla kvölds. Á þá virkilega að taka þetta umdeilda mál sem við höfum verið að ræða, um afnám á skattfrelsi forsetans, fyrir í skjóli nætur? Ég trúi því ekki.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. hefur langa reynslu af því bæði sem þingmaður og ráðherra að stundum eru tekin fyrir umdeild frv. á Alþingi bæði í skjóli dags og nætur.)

[15:49]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil að fram komi að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi hafi ekki komið saman til að samræma sjónarmið sín í þessu efni um framvindu þinghaldsins að öðru leyti en því sem rætt hefur verið á fundum þingflokksformanna. Þar hefur það verið samdóma álit að stefna að því að hraða þinghaldinu. Þar til önnur sjónarmið verða uppi eða menn samræma stefnu sína eða sjónarmið á þeim vettvangi mæli ég ekki með því að þinghaldinu verði frestað núna.

[15:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við áttum fund með forseta einhvern tíma á síðasta sólarhring. Þá var áformað að haga þinghaldi þannig að hugsanlegt væri að ljúka því um þetta leyti, um

fjögurleytið í dag, ef vel gengi. Þannig hefur verið haldið á málum á þessum fundi að það hefur reynst ókleift. Ég þarf ekki að rekja ástæður þess.

Hér hefur verið minnst á að efh.- og viðskn. mun funda um kvöldmatarleytið. Það á eftir að vinna nál. og það er alveg ljóst að því lýkur ekki fyrr en í kvöld eða nótt. Ég hef lýst því sem minni skoðun að skynsamlegra sé að hefja þingfund á mánudaginn. Það getur ekki verið í samræmi við virðingu þingsins að vinna svona og halda áfram fram á kvöld eða nótt.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ekkert ráðrúm hefur gefist fyrir fundi með forseta. Forseti hefur ekki boðað þingflokksformenn til sín né heldur hafa þeir getað rætt við í stjórnarandstöðunni. Einn hefur m.a. verið á fundi eftir því sem ég best veit. Þessi mál verður að ræða. Það er ekki hægt að láta eins og eðlilegt sé að halda áfram núna og fram eftir kvöldi.

[15:52]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Við þessar aðstæður er mjög eðlilegt að spurst sé fyrir um hvaða áform hæstv. forseti þingsins hafi. Mín spurning er þessi: Áformar forseti Alþingis að halda áfram fundum á Alþingi í kvöld, eftir að gert hefur verið hlé fyrir fund efh.- og viðskn., og fara þess á leit við þingið að það mál sem efh.- og viðskn. fjallar um, ásamt nál. með hugsanlegum brtt., verði síðan skilað þegar nefndin hefur lokið störfum og síðan verði haldið áfram og málið afgreitt í nótt?

[15:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sjónarmið hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, formanns þingflokks Samfylkingarinnar, að eðlilegt er að formenn þingflokka komi saman til fundar með hæstv. forseta Alþingis til að ræða þinghaldið. Af okkar hálfu væri ekkert við það athuga að gera það meðan á umræðu um vegáætlun stæði.

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, síðari umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 509, nál. 1373, brtt. 1374.

og

Jarðgangaáætlun 2000–2004, síðari umr.

Stjtill., 571. mál. — Þskj. 873, nál. 1375.

[15:54]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkvæmt 63. gr. þingskapa getur forseti heimilað, ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum.

Nú hefur borist beiðni um að 8. og 9. dagskrármálið verði rædd með þessum hætti, vegáætlun fyrir árin 2000–2004 og 9. dagskrármálið, jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004, og verður við þessari beiðni orðið ef enginn hreyfir andmælum. Svo er ekki.

Ég vil taka það fram vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið um fundarstjórn forseta að ég óska eftir að hitta þingflokksformenn að máli kl. fjögur.

[15:55]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndarálitum samgn. um vegáætlun og jarðgangaáætlun, vegáætlun fyrir árin 2000–2004 og jarðgangaáætlun fyrir sama tímabil.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhann Guðmundsson frá samgönguráðuneyti og Helga Hallgrímsson, Jón Rögnvaldsson og Hrein Haraldsson frá Vegagerðinni.

Starfshættir við afgreiðslu tillögunnar hafa verið hefðbundnir. Þingmenn kjördæma hafa unnið að skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna á stofnbrautum, svo og til tengivega, auk þess sem þeir hafa yfirfarið tillögur um stórverkefni sem snerta viðkomandi kjördæmi.

Sú endurskoðun á vegáætlun sem nú fer fram er hin fyrsta frá því að samþykkt var langtímaáætlun í vegagerð á Alþingi vorið 1998. Sú áætlun tók til áranna 1999–2010 að báðum árum meðtöldum og var henni skipt í þrjú tímabil sem hvert var til fjögurra ára. Hið fyrsta tók yfir árin 1999–2002 og hið næsta árin 2003–2006. Til að vegáætlun fylgdi þessari skiptingu tók gildandi vegáætlun til fimm ára, þ.e. 1998–2002. Tillagan sem hér liggur fyrir nær einnig til fimm ára, 2000–2004. Við endurskoðunina nú bætast árin 2003 og 2004, þ.e. fyrri helmingur annars tímabils langtímaáætlunarinnar. Við næstu endurskoðun vegáætlunar, veturinn 2001–2002, verður langtímaáætlunin einnig endurskoðuð.

Tölur í tillögunni eru allar á sama verðlagi, þ.e. áætluðu verðlagi ársins í ár. Við meðferð í samgöngunefnd eru tölur fyrir árin 2001–2004 hækkaðar til áætlaðs verðlags 2001, en tölur ársins í ár eru óbreyttar. Hækkun til 2001 er áætluð um 4,5% og er það í samræmi við forsendur við vinnu að fjárlögum næsta árs.

Fyrir þessu þingi liggur till. til þál. um jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004. Nefndin hefur fjallað um hana og leggur til að hún verði samþykkt. Jafnframt leggur nefndin til að hún verði felld inn í vegáætlunina. Þá leggur nefndin til að inn í vegáætlun verði einnig tekin vegagerð sem nauðsynleg er á Austurlandi í tengslum við fyrirhugaða álverksmiðju á Reyðarfirði og virkjanir tengdar henni.

Á tekjuhlið áætlunarinnar eru gerðar þrjár breytingar. Tekinn er inn nýr liður, Sérstök fjáröflun, til að standa undir kostnaði við þá útgjaldaliði sem taldir eru hér á undan. Þessi fjáröflun er 324 millj. kr. í ár og 750 millj. kr. 2001 en hækkar seinni árin. Þessa fjár verður m.a. aflað með sölu ríkiseigna, en einnig er gert ráð fyrir beinum framlögum og lánsfé frá aðilum að orku- og iðjuverum á Austurlandi. Önnur breyting á tekjuhliðinni er sú að liðurinn Geymt í ríkissjóði, 126 millj. kr. árið 2000, er felldur niður. Loks eru tekjur af leyfisgjöldum flutninga taldar sem sérstakur liður og hækka niðurstöðutölur tekna og gjalda um 3 milljarða kr. Gjaldamegin er þessi upphæð færð undir liðinn Umferðareftirlit og þjónusta.

Á gjaldahlið áætlunarinnar eru breytingarnar að mestu leyti tengdar þeim nýju verkefnum sem áður er getið. Þannig bætast við þrír nýir liðir í nýjum þjóðvegum, þ.e. liðirnir Jarðgangaáætlun, Orku- og iðjuvegir á Austurlandi og Sérstök verkefni. Fjárveitingar eru til rannsókna og annars undirbúnings jarðgangagerðar 2000 og 2001 og síðan til framkvæmda 2002 og áfram. Byrjað verður á orku- og

iðjuvegum í ár og þeim lokið 2003. Þarna er um að ræða fjárveitingar upp á u.þ.b. 1 milljarð. Engin fjárveiting er til sérstakra verkefna í ár en fjárveiting árið 2001 verður 200 millj. kr. og hækkar síðan seinni árin. Sundabraut er meðal sérstakra verkefna og til hennar eru veittar 50 millj. kr. hvort ár, 2003 og 2004, auk þess sem hún fær fjárveitingu undir liðnum Höfuðborgarsvæðið, 2000– 2002. Þar er um þessar mundir unnið að mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi og er fjármagn fyrir hendi til þeirra verka. Miðað er við að fjár til framkvæmda verði aflað við næstu endurskoðun vegáætlunar eftir tvö ár og að þá komi sérstök fjáröflun til verksins. Um það verður tekin ákvörðun á því stigi málsins.

Sundurliðun útgjalda er með hefðbundnum hætti. Skipting fjár til almennra verkefna á stofnvegum er óbreytt frá því sem var, þ.e. öll kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins fá þar jafnan hlut. Þó er vissulega mikill munur á hlutfalli tengivega eftir kjördæmum og má nefna að tvö kjördæmi hafa langhæst hlutfall þeirra, Suðurland 25% allra tengivega og Vesturland um 18% tengivega landsins. Tengivegafé er skipt eftir sömu reglu og áður en reglan tekur tillit til umferðar, ástands veganna og kostnaðar við byggingu þeirra. Verður því að endurreikna skiptinguna á nokkurra ára fresti og hefur það verið gert nú. Breytingar eru ekki stórvægilegar og er miðað við að hin nýju hlutföll í almennri vegáætlun taki gildi 2003.

Við meðferð tillögunnar kom í ljós að aðkallandi er að ráðast í ýmis verkefni sem ekki rúmast innan heföbundins ramma vegáætlunar. Þau stærstu eru á höfuðborgarsvæðinu en einnig er um að ræða verkefni á landsbyggðinni. Leggur nefndin til breytingar sem fela í sér að ráðist verður í umrædd verkefni. Leggur nefndin einnig til að styrkur til sérleyfishafa verði hækkaður vegna slæmrar stöðu þeirra. Þá leggur nefndin áherslu á að almenningssamgöngur á landsbyggðinni verði teknar til sérstakrar skoðunar á næstunni.

Nefndin fjallaði sérstaklega um skiptingu fjár til stórverkefna. Sú skipting tekur í ríkum mæli mið af langtímaáætlun. Vegna viðbótarfjár árin 1999–2002 sem ákveðið var af hálfu ríkisstjórnar að veita til vegagerðar á síðasta ári og fjárveitinga til sérstakra verkefna samkvæmt brtt. nú ganga stórverkefnin raunar mun hraðar en langtímaáætlun gerði ráð fyrir.

Meðal stórverkefna er tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Miðað við fjárveitingar getur útboð á fyrsta áfanga verksins farið fram árið 2002 og stefnt er að því að stórum hluta þess, þ.e. tvöföldun milli Straumsvíkur og Keflavíkur, verði lokið 2006.

Níu milljarða kr. viðbótarfé er ætlað í mörg brýn verkefni í uppbyggingu vegakerfis landsins á árunum 2000–2004. Þar er um að ræða uppbyggingu Reykjanesbrautar í gegnum Hafnarfjörð, breikkun vegarins milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, byggingu Suðurstrandarvegar milli Þorlákshafnar og Grindavíkur, byggingu orku- og iðjuvega á Austurlandi, byggingu gatnamóta á höfuðborgarsvæðinu, lagningu vegar yfir Kolgrafarfjörð á Snæfellsnesi, vegabætur við Ísafjarðardjúp og í Barðastrandarsýslu og vegabætur um Uxahryggi og að Dettifossi. Þá er lagt til að fé verði veitt í undirbúning Sundabrautar í Reykjavík og við það miðað, eins og ég gat fyrr, að viðbótarfé komi til við endurskoðun vegáætlunar að tveimur árum liðnum. Ljóst er að þar er um að ræða fjármagn sem kannski nemur um það bil 2 milljörðum á tveimur árum til að unnt sé að fara í þær framkvæmdir. Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en gæti orðið á bilinu 5–10 milljarðar. Jafnframt er lagt til að veita viðbótarfé sem nemur 100 millj. kr. til almennra framkvæmda í hverju landsbyggðarkjördæmi fyrir sig. Þar er hlutfallið jafnt þó svo verulegur munur sé á hlutfalli tengivega eins og ég gat um fyrr í ræðu minni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fresta framkvæmdum fyrir 585 millj. kr. árið 2000 til ársins 2001. Tillögur nefndarinnar að því hvaða nefnum verði frestað eru birtar í brtt. og eru fjárveitingar til verkefna sem fresta á að hluta til eða öllu leyti merktar með stjörnu í sundurliðun fjárveitinga. Sérstök samantekt um frestanirnar er í lok liðar 2.5.1 í brtt. nefndarinnar og kemur þar fram sú upphæð sem er frestað hverju sinni. Eru nýir verkefnaflokkar sundurliðaðir með hliðstæðum hætti og hinir heföbundnu.

Nokkrar minni háttar breytingar eru lagðar til á flokkun vega. Þær eru í samræmi við vegalög og leiðir af breyttri búsetu eða annarri aðstöðu.

Til að auðvelda samanburð vegáætlunar við fjárlög og samræma hana við aðrar áætlanir innan samgrn. er í brtt. sýnd sérstök uppsetning á tekjum og gjöldum.

Nefndin leggur til að tillagan um vegáætlun fyrir árin 2000–2004 verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Svo vikið sé sérstaklega að jarðgangaáætluninni er það niðurstaða samgöngunefndar að jarðgangagerð sé áhrifarík leið til samgöngubóta þar sem þeim verður ekki komið við með öðrum hætti þannig að viðunandi teljist. Með jarðgöngum má rjúfa vetrareinangrun, stækka atvinnu- og þjónustusvæði og tengja saman byggðarlög með þeim hætti að skilyrði skapist fyrir eflingu byggðar og hagstæða íbúaþróun.

Fyrstu verkefnin samkvæmt tillögunni eru jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar. Þessum verkefnum er ekki raðað. Nefndin er sammála þessu verkefnavali og að mati hennar er eðlilegt að samgönguráðherra taki ákvörðun um tilhögun útboðs verkefnanna þegar rannsóknir eru komnar á það góðan rekspöl að allir helstu þættir framkvæmdanna liggi fyrir. Í því felst meðal annars að ákveða hvort bæði verkefnin verði boðin út í einu eða annað þeirra fyrst. Er reiknað með að rannsóknin taki tvö ár en þó líklega skemmri tíma á Austurlandi. Á árunum 2002–2004 er gert ráð fyrir að árlega verði 1.400 millj. kr. lagðar í þessi verkefni.

Samhliða framkvæmdum við þessi tvö verkefni verða hafnar rannsóknir til undirbúnings jarðgöngum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Sérstaklega eru nefnd þrjú verkefni sem rannsaka á, þar af verða tvö á Austfjörðum og eitt á Vestfjörðum.

Nefndin leggur áherslu á að fjár til að standa straum af kostnaði við jarðgangagerð samkvæmt tillögunni verði aflað sérstaklega með sölu ríkiseigna.

Vegáætlun er nú til endurskoðunar og leggur nefndin til að jarðgangaáætlun verði felld inn í hana eins og gert hefur verið. Verður jarðgangaáætlun því hluti vegáætlunar og kemur þar með til endurskoðunar á tveggja ára fresti.

[16:08]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Þær þáltill. sem hér eru til umræðu eru lagðar fram um það leyti þingi átti að ljúka. Ef ekki hefðu skotið upp kollinum ný þingmál sem taka mikinn tíma hefði verið full ástæða til að fjalla töluvert ítarlega um þá þáltill. sem hér er um að ræða. Verkefnið er náttúrlega ansi mikið og stórt þar sem ætlunin er að ráðstafa til þess rúmlega 60

milljörðum kr. á þeim tíma sem vegáætlun á að ná yfir. Þetta eru háar upphæðir og í sjálfu sér ekki óeðlilegt að í þennan málaflokk renni miklir fjármunir. En þó ber að ítreka að því miður er ekki verið að taka þetta allt saman til framkvæmda. Drjúgur hluti þessa er hefðbundinn og venjubundinn rekstur, til að ryðja snjó af vegum, til viðhalds á vegum og alls sem því fylgir.

Á vegum Vegagerðarinnar hafa þingmenn allra kjördæma verið kallaðir til að taka þátt í að vinna þetta verk ásamt henni. Mér finnst full ástæða til að taka það fram og þakka Vegagerðinni sérstaklega fyrir fagleg vinnubrögð. Vinnubrögð Vegagerðarinnar koma þeim sem hér stendur svo sem ekkert sérstaklega á óvart, að kynnast þeim nú í fyrsta skipti sem alþingismaður í samgn. Þeim hefur maður kynnst áður. Þarna er vel að verki staðið, vel haldið um hlutina enda full ástæða til þar sem um mikla peninga er að ræða.

Þessi áætlun gerir ráð fyrir að á árinu 2000 verði varið tæpum 10 milljörðum kr. sem eykst svo á næsta ári í 12 milljarða og þá í 13 milljarða síðustu þrjú árin. Þetta eru ansi miklir peningar.

Tekjuhliðin hvað varðar bensíngjald og þungaskatt er hefðbundin eins og þarna kemur fram, 9,6 milljarðar árið 2000 og 10,2–10,6 milljarðar áætlaðir árin á eftir. Frá því að þessi þáltill. var lögð fram hefur hún náttúrlega tekið miklum breytingum eins og komið hefur fram og við höfum séð. Fram kemur í nál. að tekna til þessara miklu viðbótarverka, sem koma þó sérstaklega inn á síðari árum þessarar áætlunar eigi að afla með sölu ríkiseigna og/eða lánsfé ásamt endurgreiðslu, t.d. frá Landsvirkjun varðandi orkuvegina fyrir austan.

Út af fyrir sig má taka undir það og segja að skynsamlegt sé að þeir peningar sem koma inn fyrir sölu ríkiseigna fari í samgöngubætur jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni. Það er margfalt betra að sjá þá fara í það en í hefðbundinn rekstur ríkissjóðs. Ég er sammála því að þeim er betur varið í samgöngubætur eins og hér er gert ráð fyrir.

Þessi áætlun er í töluvert miklu í samræmi við þær miklu áætlanir sem gerðar voru og samþykktar voru 1998, annars vegar langtímaáætlun og hins vegar vegáætlun fyrir árin 1998–2002.

Eins og ég sagði áðan hefur margt bæst við milli umræðna, mikil og góð verk jafnt á höfuðborgarsvæði sem landsbyggð þó þess sjái ekki mikil merki strax. Nú árið 2000 eru þetta um 400 millj. sem bætast til verksins, þ.e. 100 millj. til undirbúnings jarðganga og rannsókna fyrir norðan og austan og 300 millj. í Fljótsdal. Árið 2001 munu í kringum 700 millj. bætast við auk áframhaldandi rannsókna við jarðgöng og hönnun og þess háttar, frekari framkvæmda við Fljótsdal og framkvæmda í Reyðarfirði, vega sem kallaðir eru orku- og iðjuvegir og vafalaust er afar brýnt að setja í gang ef — sá sem hér stendur vonar að svo verði — hafist verður handa við að byggja stóriðju á Reyðarfirði eins og áætlanir eru um. Þær hafa hins vegar tafist töluvert af ástæðum sem ég ætla ekki að ræða hér.

Ég fagna því að þetta er sett inn. Ég held að það sé ákaflega brýnt að menn noti tímann til að búa í haginn. Ef af þessum framkvæmdum verður þarf sannarlega að styrkja þá vegi sem þarna eru. Oft er það svo í litlum byggðarlögum þar sem stórframkvæmdir fara í gang við jarðvegsvinnu og annað, vegna framkvæmda af þessu tagi, við snjóflóðagarða eða annað, að mikil umferð, þungaumferð, gerir það að verkum að vegir viðkomandi byggðarlags tætast upp og þola hreinlega ekki álagið.

Á árinu 2001 er í áætluninni einnig gert ráð fyrir að hefja framkvæmdir við Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð þannig þá munu, eins og ég sagði áðan, bætast við um 700 millj.

Þetta vildi ég aðeins draga fram inn í umræðuna vegna þess að auðvitað koma upp vangaveltur í þjóðfélaginu, á Alþingi og annars staðar um að þetta viðbótarfé sé mikill þensluvaldur í þjóðfélaginu. Þess vegna vildi ég draga fram þær upphæðir sem eru settar fyrir þessi ár og jafnframt ítreka að á síðustu þremur árunum koma aðalupphæðirnar sem eru að detta inn í áætlun núna, stærstu tölurnar, eins og árið 2002 þá fer þetta upp í rúma 2 milljarða og svo koll af kolli. Sérstaklega ber að fagna því sem áætlað er árið 2002 að þar er farið í jaðarbyggir og ferðamálavegi, ef svo má að orði komast, og þar fá hin sex gömlu kjördæmi, hvert og eitt, ákveðnar upphæðir til þess að leggja í safn- og tengivegi og er sannarlega ekki vanþörf á því að fara í það. Sá sem hér stendur hefur spurt hæstv. samgrh. út í þetta fyrr í vetur og fengið svar við vegna þess að þetta er smáinnspýting inn í þann vanda sem er víða á landsbyggðinni þar sem menn komast jafnvel ekki ferða sinna á þessum tíma ársins vegna þess að vegir eru lokaðir vegna aurbleytu.

Á höfuðborgarsvæðinu eru settir inn fjármunir til að vinna ýmsar framkvæmdir sem verða sannarlega til mikilla bóta og er mikil þörf á eins og margoft hefur komið fram, mikið umferðaröngþveiti getur myndast, og er peningum varið til gatnamótaframkvæmda og annarra framkvæmda. Af viðbótarfénu kemur árið 2003 og 2004 vegna Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar, gatnamót eins og við Víkurveg og Vesturlandsveg og við Miklubaut og Kringlumýrarbraut sem er sennilega eitt brýnasta verkefnið. Það er alveg með ólíkindum að þessi mikla umferðaræð, Miklabraut, skuli vera svo mikið ljósastýrð og hún er í raun og veru og það er ekki eingöngu að það séu ljósastýringar á gatnamótum heldur er þarna líka töluvert mikið af gangbrautarljósum. Það er í raun og veru alveg með ólíkindum að á svona miklum umferðaræðum, skuli umferðin vera tafin með þessari ljósastýringu og sannarlega ekki vanþörf á að grípa til aðgerða á þessu svæði.

Þarna kemur líka inn undirbúningur vegna Sundabrautar. Það mál er eins og kemur fram í undirbúningsvinnu og hönnun. Hér kemur fram að árið 2002 mun sú undirbúningsvinna vonandi öll verða komin það langt að hægt verður að ákveða leiðina og ganga í fyrsta áfanga sem er yfir Kleppsvíkina og er áætlað að kosti 5 milljarða kr. og þar er líka getið um að fjár verði aflað við næstu endurskoðun eftir tvö ár. Þessu ber að fagna og ekkert nema (Gripið fram í.) gott eitt um það að segja ásamt þeim skilaboðum sem ég fæ en ég mundi líka gjarnan vilja fá skilaboð um það hvernig Íslendingaliðinu Stoke hafi gengið ef leikurinn er búinn. (**Gripið fram í:** 3:1.)

Þá komum við að Reykjanesbraut og þeim framkvæmdum sem þar eru ætlaðar. Það er hárrétt sem kemur fram í nál. að 20 þúsund bíla umferð er náttúrlega allt of mikil umferð fyrir tveggja akreina veg. Engin spurning er að þarna er mikil þörf á breikkunum og tvöföldun sem þarna eins og reyndar þingmenn höfuðborgarsvæðisins alls jafnt sem Stór-Hafnarfjarðarsvæðisins hafa lagt mikla áherslu á. Auðvitað ber að fagna þessu atriði.

Svo við færum okkur aftur aðeins út á land, þá er árin 2002–2004, áætlað að verja 200 millj. kr. til sérstakra

átaksverkefna á Vestfjörðum, í því góða kjördæmi. Engan skyldi undra að það þurfi að setja töluverða peninga og spýta svolítið í hvað framkvæmdir þar varðar. Það þekkja þeir sem þurfa oft að keyra vestur og líka þeir sem fara e.t.v. stundum á sumrin. Þetta er það kjördæmi sem er hvað lengst á eftir með venjubundna vegi sem allir tala um að þurfi að vera grundvallaratriði. En auðvitað blandast inn í það að vegagerð þarna er mjög erfið og dýr.

Ég hef áður rætt um þá framkvæmd sem lögð er til á Austurlandi og ég vil aðeins ítreka það og segja að litið er á þetta og þarf að líta á þetta sem sjálfstæðar framkvæmdir, ekkert endilega tengdar orku- og iðjuverum þó svo það nýtist þar. Þessar upphæðir byrja ekki að koma inn fyrr en á næsta ári og eru náttúrlega hluti sem á eftir að koma, hvað Landsvirkjun mun greiða mikið af þeim framkvæmdum sem þarna á að fara í.

Í sambandi við þá þáltill., sem liggur fyrir líka og sem hæstv. samgrh. mælti fyrir fyrr í vetur, þ.e. þáltill. um jarðgangagerð, og tillaga var um að fella inn í langtímaáætlunina, vegáætlunina, þá er það gert hérna. Ég segi líka alveg hiklaust að ég fagna því mjög að þetta er sett inn og er sammála þeim atriðum sem koma í nál. samgn. og ég tek skýrt fram að ég hafði ekki fyrirvara á því nál. Ég taldi mig ekki þurfa þess, ég þekkti þetta mál það vel. Fram kemur í nál. að þetta sé stór áfangi og miðað við það að stórt alþjóðlegt útboð geti átt sér stað þegar undirbúningi og hönnun hefur verið lokið. Ég er alveg viss um að það verður mjög hagkvæmt fyrir verkkaupa að bjóða þetta út með þessum hætti og fá e.t.v. tilboð í þetta sem gætu verið kannski 8–15% lægri en annars yrðu ef farið væri í þetta hvort í sínu lagi. Ég vil sem sagt fagna því sérstaklega að þetta er tekið inn og tel þetta bæði nútímalega vegagerð á snjóþungum og erfiðum svæðum og þetta er að *mínu mati líka töluvert mikil byggðaáætlun. Þarna er gert ráð* fyrir því að tengja saman svæði sem munu styrkja ákveðin byggðasvæði eins og Eyjafjarðarsvæðið allt og mynda þar stóran og sterkan kjarna. Ég spái því að fljótlega eftir að framkvæmdir hefjast eða e.t.v. kannski fyrr að sveitarfélög t.d. við Eyjafjörð muni fara að ræða sameiningu. Mér kæmi ekki á óvart að innan 5–7 ára yrði Eyjafjörður frá Akureyri til Siglufjarðar orðinn eitt sveitarfélag, eitt atvinnusvæði, eitt þjónustusvæði og að sú framkvæmd sem hér er lögð til muni hafa það í för með sér að þetta eigi sér stað. Þá er það auðvitað mjög til bóta eins og þáltill. getur um og kveðið er á um þarna að það sé þannig.

Herra forseti. Ég gat þess áðan að á lokaspretti þingsins sé ekki ástæða til að lengja umræðuna mjög mikið. Ég sagði þegar vegáætlun var lögð fram að of litlu fé væri varið til vegamála á Íslandi. Ég er þeirrar skoðunar enn þá. Við erum enn með vegi á höfuðborgarsvæðinu sem anna engan veginn umferð og úti á landi sem eru engan veginn boðlegir. Hér hefur verið aukið við þó að það sé mest á síðari hluta, á tveimur síðustu árunum sem verður endurskoðað eftir tvö ár. Sannarlega er þörf á að gera þetta og ég ítreka það sem ég sagði áðan, og ég vona að hér hafi tekist að skapa sæmilega sátt milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar hvað þessar framkvæmdir varðar og jafnframt milli kjördæma þó svo vafalaust vilji alltaf einhverjir fá meira og vilji hafa hlutina öðruvísi. Ég ítreka og segi aðeins í lokin, herra forseti, að ég hefði gjarnan viljað hafa meiri tíma í samgn. til að fara í gegnum þetta en það snýst líka um það að hér eru hlutir lagðir fram með þeim hætti sem ég sagði í upphafi máls míns frá hendi Vegagerðarinnar, sem vinnur þetta á mjög skynsamlegan og faglegan hátt, þetta kemur mjög faglega sett upp til okkar þingmanna svo að málið liggur miklu ljósar fyrir en áður var meðan menn höfðu ekki sömu tækni og þekkingu og tæki til að setja þetta fram eins og nú hefur verið gert.

[16:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér eru til umræðu þáltill. um jarðgangaáætlun og vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Frá því að þessar þáltill. voru fyrst lagðar fram í vetur hafa verið gerðar verulegar breytingar á þeim. Það er tillaga um verulega aukið fé, einkum á síðari hluta þessa tímabils og ber að fagna því.

Ég vil fyrst, herra forseti, fara nokkrum orðum um jarðgangaáætlunina fyrir árin 2000–2004 en með henni er einmitt lagt til að ráðist sé þegar í undirbúning og hönnun að jarðgöngum milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og miðað að því að þær framkvæmdir geti farið af stað eins fljótt og kostur er. Ég fagna því. Ég vek athygli á því að einmitt þegar í haust við upphaf þings lögðum við þingmenn í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði áherslu á að tekið væri á jarðgangamálunum, áætluninni, og varið til hennar fjármagni til þess að koma henni af stað því að þær framkvæmdir hafa legið meira og minna niðri að undanskildum Hvalfjarðargöngunum sem voru sérframkvæmd. Þessu ber því svo sannarlega að fagna og þeirri áætlun sem liggur fyrir um framtíðarjarðgangaáætlanir sem gefst síðan að sjálfsögðu tækifæri til að endurskoða eftir nýjum áherslum á tímabilinu.

Ég vil líka vekja athygli á því eða leggja áherslu á að varðandi jarðgöng á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar sé þess gætt að skoða jafnframt hagkvæmni og möguleika á því að þau jarðgöng gætu opnast inn í Skagafjörð, inn í Fljót, þetta sé allt saman skoðað samtímis þannig að fyllstu hagkvæmni og möguleika sé gætt og þeir nýttir í þessu sambandi.

Varðandi vegáætlunina sjálfa vil ég fara nokkrum orðum um þær viðbætur sem þar eru lagðar til, þ.e. viðbætur við orku- og iðjuvegi á Austurlandi og síðan sérstök verkefni.

Herra forseti. Fyrst vil ég gagnrýna þau vinnubrögð að koma með áætlun um ákveðin sérgreind verkefni inn í vegáætlunina eins og hér var gert, þ.e. þarna er um hluta af almennri vegáætlun að ræða og ákveðin verkefni síðan tekin út úr. Það hefði verið eðlilegra ef þetta hefði verið rætt eftir þeim hefðbundnu leiðum sem vegáætlun og breytingar á henni eru ræddar og meðhöndlaðar en ekki með einhliða framlagningu eins og hér var gert. Varðandi orku- og iðjuvegi á Austurlandi hefði verið eðlilegra ef Austfirðingar hefðu fjallað sjálfir um þá skiptingu og áherslur sem þar eru lagðar, en ekki með einhliða framlagningu eins og hér er. En örugglega koma þessar vegaframkvæmdir íbúum til góða þó svo vegirnir þurfi ekki endilega að tengjast uppbyggingu á ímynduðum stóriðjuverum.

Hvað önnur sérstök verkefni varðar þá koma ný verkefni inn í áætlunina, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Þar er um breytta forgangsröð að ræða í sumum tilfellum frá því sem gildandi langtímaáætlun í vegagerð kveður á um. Ég hef áður sagt skoðun mína á slíkum vinnubrögðum, þ.e. að þetta eigi að lúta almennum og hefðbundnum vinnubrögðum við gerð og endurskoðun vegáætlunar. En að sjálfsögðu ber að fagna því ef ríkissjóður telur sér fært að leggja aukið fjármagn til vegagerðar. Ég vil þó, herra forseti, benda á að í forgangsröðuninni fögnum við auðvitað flýtingu á framkvæmdum t.d. við Kolgrafarfjörð, stórverkefnum á Vestfjörðum og verk-

efnum í jaðarbyggðum. Auðvitað fögnum við því ef hægt er að taka þá áhættu að leggja í vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og út frá því en ég fagna samt þeim áherslum sem þar eru lagðar upp, þ.e. sem lúta fyrst og fremst að öryggismálum. Þau eru látin njóta viss forgangs í mati á áherslunum.

Herra forseti. En fleiri verkefni hefði líka verið ástæða til að skoða þegar farið er út í að breyta áætlunum. Ég leyfi mér að nefna t.d. veginn í Norðurárdal í Skagafirði upp á Öxnadalsheiði. Þar er vegarkafli sem er verulegur farartálmi með þröngum og slæmum brúm og erfiðum vegi. Það hefði verið ástæða til þess að flýta þeim framkvæmdum svo eitthvað sé nefnt, einnig við veginn um Norðausturland, um Bröttubrekku o.fl. Það finnast næg stór verkefni sem hefði verið virkileg þörf á að flýta eins og nokkur kostur er til þess að styrkja samgöngur í landinu.

Varðandi fjármögnun sem lögð er til í nýjan flokk sem heitir jaðarbyggir og ferðamannaleiðir vil ég fagna því að gert er sérstakt átak á þessum samgönguæðum, bæði um Uxahryggjarveg og veg að Dettifossi, þó að ég segi, herra forseti, að eðlilegt hefði verið að ákvörðun þessara framkvæmda hefði lotið venjulegum leiðum við endurskoðun og ákvörðun í vegáætlun. Jafnframt vil ég fagna því að á árunum 2002–2004 er lagt til að veittar séu um 35 millj. kr. til viðbótar til tengivega í hinum gömlu kjördæmum á ári. Þó verð ég að segja, herra forseti, að ég hefði gjarnan viljað sjá þessar upphæðir hærri. Það hefði verið í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í byggðamálum. Það hefði verið í samræmi við yfirlýsingar frambjóðenda og núverandi þingmanna fyrir síðustu kosningar þegar þeir fóru um sveitir og um héruð, ef þessi upphæð væri hærri og ég sakna þess. Ég tel líka að hægt hefði verið að hefja þessar framkvæmdir ekki seinna en árið 2001 því þarna er um afar brýn verkefni að ræða, þ.e. samgöngubæturnar til sveita. Það þarf oft ekki miklar upphæðir til þess að bæta úr. En einmitt á þessum svæðum er verið að leggja niður og sameina skóla og þá lengist akstur með skólabörn. Það er verið að treysta byggð með því að fólk sækir vinnu lengra að og ferðaþjónusta til sveita byggir á góðum vegum þannig að þarna spilar mjög margt saman og hefði verið nauðsynlegt að taka meira tillit til þess. Auk þess eru litlar líkur á að þessi smáu verkefni út um sveitirnar mundu virka þensluhvetjandi. Þau mundu frekar styrkja atvinnu á svæðunum sem virkileg þörf er á.

Herra forseti. Þó að við gleðjumst yfir auknum tillögum um fjármagn til vegagerðar vil ég þó mæla þau varnaðarorð að þenslan sem er einkum á suðvesturhorni landsins er á hættulegu skriði, bæði hvað varðar verðbólgu og líka birtist það í flutningum fólks af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar. Það hefði því verið ástæða til að með vegáætlun og jarðgangaáætlun væri enn frekar tekið á málinu og fyrr en áætlunin hér gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Að síðustu vil ég líka gera athugasemd við það sem kemur fram í báðum till. til þál., bæði um jarðgangaáætlun og vegáætlun, þar sem rætt er um fjármögnun viðbótarframkvæmda sem þar eru lagðar til bæði við jarðgangagerð og vegagerð. Þar er sagt að þessa fjár verði m.a. aflað með sölu ríkiseigna en einnig er gert ráð fyrir beinum fjárframlögum og lánsfé frá aðilum að orku- og iðjuverum á Austurlandi. Þetta stendur í nefndarálitinu um vegáætlun og í nefndarálitinu um jarðgangaáætlun er tilsvarandi texti um að samkvæmt tillögunni verði aflað fjár sérstaklega, m.a. með sölu ríkiseigna.

Herra forseti. Fyrir mér er illa ásættanlegt að fé ríkissjóðs sé sérmerkt fyrir fram. Það er bara einn ríkiskassi til, fjáröflun til hans er á einni hendi og ráðstöfun fjár síðan samkvæmt ákvörðun Alþingis á fjárlögum hvers tíma og lýtur þá þar með þeirri þinglegu meðferð sem fjárlög og fjárlagaafgreiðsla fara eftir. Þessar framkvæmdir eiga líka og munu að sjálfsögðu lúta þeirri þinglegu meðferð óháð því hvað hér er verið að setja í skilyrtan texta eða hálfskilyrtan texta. Ég tel mikilvægt, herra forseti, að það komi fram, a.m.k. af minni hálfu, að vegaframkvæmdir sem hér eru nefndar og vegaframkvæmdir út um land eigi ekki að vera skilyrtar því að þessi og hin eignin sé seld, kannski mikilvægar þjónustueignir, þjónustufyrirtæki og þjónustustarfsemi sem einmitt eru að þjóna viðkomandi landshlutum og fólki vítt og breitt um landið þannig að íbúunum sé ekki stillt með þeim hætti upp við vegg. Fyrst og síðast ráða fjárlög og ákvörðun Alþingis öflun ríkistekna, hvort sem þeirra er aflað með sköttum eða sölu á ríkiseignum, og ráðstöfun þeirra er síðan líka háð og fer eftir farvegi fjárlaga og ákvörðun Alþingis á hverjum tíma.

Hitt er svo annað mál að mikilvægt er að sem stærstum hluta af fjáröflun ríkisins sé varið til fjárfestingar og atvinnuuppbyggingar, þar á meðal til uppbyggingar samgangna, en sem minnstu til almenns reksturs, þ.e. þá öðru en því sem lýtur að almennri velferðarþjónustu.

Herra forseti. Þessi samgönguáætlun, vegáætlun og jarðgangaáætlun, kemur að sjálfsögðu til skoðunar aftur næsta vetur fyrir árið 2001 og síðan árin 2001–2002 kemur til endurskoðunar langtímaáætlun þannig að það sem hér er verið að leggja til til næstu fjögurra ára mun hvort eð er verða að lúta endurskoðun Alþingis og þá geta svo sem verið aðrar áherslur, nýjar áherslur. Vonandi verður staðan sú að við fáum aukið fjármagn til þess að styrkja samgöngur út um land.

Ég vil að síðustu, herra forseti, minnast líka á almenningssamgöngurnar sem eru hluti af þessu dæmi. Almenningssamgöngur í landinu standa einmitt afar veikt núna. Við heyrum bæði um sérleyfin og flugleiðirnar, að þar er almenningssamgöngum að fækka. Þarna þarf virkilega að taka til og taka í gagnið nýja stefnumótun, nýja sýn og heildarvinnu fyrir almenningssamgöngur í landinu bæði hvað snertir samgöngur á landi, í lofti og á sjó, þ.e. heildaráætlun þar sem þetta er fléttað saman. Almenningssamgöngur sem lúta að flutningi skólabarna, almenningssamgöngur sem lúta að flutningi fólks til og frá vinnu, allt þetta þarf að flétta saman í eina heild og styrkja.

Ég fagna reyndar þeirri vinnu sem þegar hefur verið sett í gang til þess að endurskoða almenningssamgöngukerfið en brýni hæstv. samgrh., ráðuneyti hans og þá sem að þessu koma, að vinna hratt því að erfiðara er að ná boltanum upp eftir að hann hefur fallið niður, en margar almenningssamgönguleiðir eru á fallanda fæti þessa dagana og á næstunni.

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að geta í þessari samræmdu vegáætlun lagt nokkuð fram með aukinni bjartsýni til þeirra sem þar eiga að njóta. En ég vek athygli á því að meginhluti þeirra tillagna og viðbóta sem hér eru lagðar til koma ekki til framkvæmda fyrr en eftir árið 2002 og síðar. Legg ég því áherslu á að taka megi inn nýjar áherslur og ný verkefni út um hinar dreifðu byggðir landsins til að styrkja búsetuna enn frekar.

[16:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. hlýt ég að koma því að í fyrsta lagi að jarðgangaáætlunin hvað varðar fyrirhuguð jarðgöng til Siglufjarðar er byggð á mjög vandaðri vinnu sérstaks starfshóps sem skoðaði mjög vandlega og rækilega hvaða leiðir ætti að velja. Í þeim hópi voru m.a. fulltrúar Skagfirðinga og annarra heimamanna sem hagsmuna hafa að gæta og hafa víðtæka þekkingu á því sem þarna þarf að skoða. Það er alveg nauðsynlegt að það komi rækilega fram að hinn svokallaði Lágheiðarhópur vann að undirbúningi málsins og hann komst að þeirri niðurstöðu sem síðan varð að þessari tillögu um jarðgöng frá Ólafsfirði um Héðinsfjörð til Siglufjarðar.

Í annan stað vil ég nefna, vegna þess sem hv. þm. sagði, að gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við Bröttubrekku á áætlunartímabilinu þannig að ekki er annað hægt að segja en þar sé allbærilega að verki unnið. Og hvað varðar Norðurárdalsveginn í Skagafirði er gert ráð fyrir ríflega 200 millj. á áætlunartímabilinu í þá vegagerð þannig að því mun miða allvel áfram þó það sé vissulega mikilvægt og stórt verk.

[16:46]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg fallist á það sem hæstv. ráðherra kom inn á um göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar að gert er ráð fyrir því að sú leið sem hann minntist á verði einn fyrsti kostur sem verði skoðaður. Jafnframt eru aðrir kostir ekki útilokaðir því að þessar leiðir eru fjarri því að vera fullkannaðar. Ég legg áherslu á þetta en geri mér fyllilega grein fyrir hvar fyrstu áherslur hafa legið.

Hæstv. ráðherra minntist á veginn um Norðurárdal og á veginn um Bröttubrekku en vegurinn um Norðurárdalinn er bara að hluta til inni á þessari núgildandi áætlun þannig að fjármögnun á þeirri leið liggur ekki fyrir að fullu. Ég lagði áherslu á að þeim framkvæmdum mætti alveg að skaðlausu flýta svo og að taka einbreiðar brýr á þessum vegum. Verkefnin sem má horfa til eru því næg þegar valið er á milli verkefna til að flýta eða finna farveg fyrir aukið fjármagn.

[16:48]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð við umræðuna nú þegar vegáætlun og jarðgangaáætlun eru komnar til síðari umræðu eftir meðferð í samgn. Ég vildi undirstrika nokkur atriði um afstöðu fulltrúa Framsfl. í nefndinni.

Með vegáætluninni eru mörkuð nokkur tímamót. Vegagerð fær vissan forgang í framkvæmdum með þessari áætlun sem er mjög viðamikil. Ef þetta gengur allt saman fram á tímabilinu verður öðruvísi umhorfs í vegakerfi landsins eftir áætlunartímabilið.

Raktar er þær brtt. sem gerðar voru í meðförum nefndarinnar en þær eru viðamiklar að vöxtum. Í fyrsta lagi er jarðgangaáætlun felld að vegáætlun. Í öðru lagi er ákveðið að taka upp sérstök verkefni á árunum 2002–2004 upp á liðlega 3 milljarða kr. Síðan er ákveðið að fara í orku- og iðjuvegi á Austurlandi fyrir um 1.000 millj., einnig að efla og auka framlög til ferðamannaleiða og bæta við nokkrum fjármunum í að styrkja almenningssamgöngur á landsbyggðinni sem er afar mikilvægt. Ég vil leggja áherslu á að halda áfram vinnu í þeim málum sem ég veit að hefur verið í skoðun í samgrn. því að skórinn kreppir virkilega að í ýmsum byggðarlögum úti á landi.

Í þessi sérstöku verkefni, sem eru upp á 3,2 milljarða kr., hefur verið varið verulegum upphæðum í verkefni á höfuðborgarsvæðinu. Ég vona að með þessari uppsetningu vegáætlunar náist sátt um framlög til vegamála meðal þjóðarinnar. Ég tel afar mikilvægt að ekki ríki styrjaldarástand um þessi mál, það mikilvæga mál sem er uppbygging samgöngukerfisins í landinu.

Auðvitað veit ég af langri reynslu af vinnu við þessi mál að það er víða sem skórinn kreppir í vegamálum og það er víða sem fólk verður að búa við það enn þá að fara eftir slæmum malarvegum. Því miður verða þeir kaflar sem eftir eru illþolanlegri og hættulegri eftir því sem vegakerfið batnar. Ég vil halda þessu til haga núna í öllu þessu tali um stór verkefni. Það er svo að vegaframkvæmdir víða um land eru til að bæta vegina þannig að á þeim sé slitlag og um þá sé þolanlegt að fara en á höfuðborgarsvæðinu eru önnur sjónarmið. Það eru öryggissjónarmið, umferðarþungi sem ræður, sem er alveg skiljanlegt. Þessi sjónarmið verður að samræma og ég vona að áætlunin sé lóð á þá vogarskál.

Ég vil forðast að tala um vegamál í þeim tón sem ég sá reyndar í einu dagblaðanna í dag þar sem dregið er upp að verið sé að verja þvílíkum upphæðum til vegamála að alveg eins mætti kaupa íbúðir á Spáni fyrir helmingínn af þjóðinni fyrir þá upphæð sem varið er til vegamála. Ég vona að þessi tónn sé svolítið einstakur og ég vil forðast að umræða um vegamál og samgöngumál falli í slíka gryfju ef svo má segja.

Það er rétt sem hefur komið fram að hér er um áætlun að ræða. Hún verður endurskoðuð. Langtímaáætlun verður endurskoðuð árið 2002. Miklar fjárhæðir eru settar inn í þessa áætlun eftir þann tíma. Umræða hefur verið um hvaða áhrif þessi áætlun hafi á efnahagslífið og þensluna. Ég vil taka fram að víða í þeim landshlutum sem stórframkvæmdir eru samkvæmt þessari áætlun er þenslan minni en á höfuðborgarsvæðinu og við ölum auðvitað þá von og það verður að stýra málum þannig næstu árin að við ráðum við þensluna og getum dregið úr framkvæmdum á einhverjum öðrum sviðum til að vega upp á móti þessu. Ástæða er til að hugleiða þennan þátt málsins. Ég dreg ekkert úr því en vonandi ráðum við við þann þátt og engin ástæða er til að fyllast örvæntingu í því efni.

Ég vil einnig koma inn á að það er mikið fagnaðarefni að nú skuli hafa tekist að setja upp langtímaáætlun, að setja upp í rauninni áætlun til fimm ára því að undirbúningur framkvæmda tekur alltaf lengri og lengri tíma. Vegaframkvæmdir fara í umhverfismat. Vegaframkvæmdir eru þáttur af skipulagsmálum þéttbýlisstaða og það er alveg nauðsynlegt að vegaframkvæmdir hafi aðdraganda þannig að Vegagerðin hafi svigrúm og möguleika til þess að vinna málin með viðhlítandi hætti. Ég vil koma inn á þennan þátt málsins sérstaklega og undirstrika þörfina á þessu.

Það er mikið verk sem Vegagerðin þarf að vinna í rannsóknum, í undirbúningi að vegaframkvæmdum, í jarðgangarannsóknum svo dæmi séu tekin um stærstu framkvæmdirnar undir þessari áætlun og það er heljarverk að fella stórframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu að skipulagi þeirra þéttbýlisstaða sem í hlut eiga.

Varðandi fjármögnunina sem hefur líka verið til umræðu er rétt að ríkisstjórnin hefur sett sér að nota ágóða af sölu ríkisfyrirtækja til að fjármagna þessar framkvæmdir. Mesti þunginn í því verður á seinni hluta áætlunartímabilsins. Ég

tel að þessi aðferð sé góð og gild. Auðvitað verður að vanda undirbúning að sölu ríkisfyrirtækja og það er annar þáttur málsins en ég tel að það sé góð og gild ráðstöfun á þeim fjármunum sem inn koma fyrir þá sölu, hvaða skoðanir sem menn hafa annars á henni, að verja þeim fjármunum til nýrra fjárfestinga. Ef það væri ekki gert, ef þyrfti að afla peninga til þessarar áætlunar með hækkun á bensíni eða beinum skattahækkunum, mundi það hafa mikil verðlagsáhrif.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég fagna því að í þessari áætlun eru framlög til orku- og iðjuvega á Austurlandi sem eru tákn um að ekki muni standa á þeim þætti málsins varðandi þau áform sem eru þar uppi og þessi framlög munu nýtast í almennri vegagerð á Austurlandi vegna þess að þarna er um að ræða vegi sem liggja um byggð milli þéttbýlisstaðanna Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Þetta er líka hluti af hringleiðinni um Lagarfljót sem er vinsæl ferðamannaleið á Héraði. Þarna fara hagsmunir saman, hins almenna efnahagslífs og mannlífs og áformin um þær framkvæmdir þar sem undirbúningur hefur staðið að í nokkurn tíma og ég ætla ekki að rekja það stóra mál hér.

Ég vil ljúka máli mínu með því að setja fram vonir um að þessi áætlun gangi eftir því að ef hún gerir það á þessu fimm ára tímabili verður þar mikil bylting í vegamálum en til þess þarf að halda á spöðunum eins og ég kom inn á, bæði í undirbúningi mála og að rannsóknir gangi sem allra fyrst fram. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það varðandi jarðgangarannsóknirnar að farið verði í þær af fullum krafti, fyrst í þær rannsóknir sem varða jarðgöngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og frá Siglufirði í gegnum Héðinsfjörð til Ólafsfjarðar og ekki síður að unnið verði að þeim rannsóknum sem markaðar eru í jarðgangaáætluninni.

[17:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Nú þegar síðari umræða fer fram um vegáætlun og jarðgangaáætlun fyrir tímabilið 2000–2004 vil ég í upphafi ræðu minnar þakka hv. samgn. fyrir vel unnið verk og einnig þeim embættismönnum sem að undirbúningi þessa máls hafa komið. Það skiptir mjög miklu máli að vel sé unnið í samgn. og auðveldar okkur alla afgreiðslu í þinginu.

Ekki fer á milli mála að við höfum verið að ná feiknalega miklum og góðum áföngum í uppbyggingu vegakerfisins á undangengnum árum og ég hlýt að vekja sérstaka athygli á því að mikill áhugi hefur verið fyrir því hjá mjög mörgum þingmönnum og ég held raunar flestum þingmönnum að leggja töluvert fé til uppbyggingar samgöngukerfisins og þeir hv. þingmenn sem hafa setið á stóli samgrh. á undangengnum árum hafa lagt metnað sinn í að ná sem mestum árangri í uppbyggingu vegakerfisins og fyrir það hlýt ég að þakka.

Hér erum við að fjalla um bæði vega- og jarðgangaáætlun, það eru tímamót. Jarðgangaáætlun hefur ekki fengið formlega afgreiðslu í þinginu eins og ég vænti og vona að sú áætlun sem nú liggur fyrir hljóti. Auk þess sem á það er bent hlýt ég einnig að vekja athygli á því að hér er verið að leggja á ráðin um meira fjármagn til vegaframkvæmda en áður hefur verið. Að vísu hefur það verið gagnrýnt að undanförnu í fjölmiðlum en ég hef ekki séð að sú gagnrýni hafi verið þannig að hún eigi að trufla okkur í þinginu og hún hefur raunar sannfært mig fremur en hitt um að við séum á réttri leið.

Sú vegáætlun sem við erum að ræða mótast að sjálfsögðu af gildandi vegáætlun sem við höfum unnið eftir og einnig þeirri langtímaáætlun sem er í gildi og verður til endurskoðunar áður en langt um líður. Vinnan við þessa áætlunargerð er þannig að á vegum Vegagerðarinnar og samgrn. er öll forvinna um skiptingu í einstök verk og síðan kemur samgn. að því. En þingmenn kjördæmanna leggja auðvitað mjög mikið í þá vinnu og fjalla um skiptingu verka í hverju kjördæmi fyrir sig og það hefur verið venjan að kjördæmaþingmenn hafi haft mjög frjálsar hendur um skiptingu á einstök verk.

Sú jarðgangaáætlun sem hér er til umræðu er felld inn í vegáætlunina hvað varðar skiptingu fjármuna eins og eðlilegt er en auk þess koma síðan inn sem nýmæli það sem kallað er í áætluninni orku- og iðjuvegir. Einnig hlýt ég að nefna það sem er nýmæli þar sem eru jaðarbyggðir og ferðamannaleiðir, en í áætluninni er sérstaklega fjallað um þá þætti áætlunarinnar.

Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um orku- og iðjuvegina. Gert er ráð fyrir framkvæmdum fyrir um milljarð kr. á áætlunartímabilinu við vegi í Fljótsdal og milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar vegna fyrirhugaðrar virkjunar og stóriðjuframkvæmda. Segja má að nokkur áhöld hafi verið um það hvort slíkar framkvæmdir ættu að vera í vegáætlun eða ættu fremur að vera utan hennar og á vettvangi þeirra sem standa að uppbyggingu stóriðjunnar. En vegna þess að þarna er um að ræða vegi sem eru partur af þjóðvegakerfinu og eru í byggð var að okkar mati talið eðlilegt að þeir væru felldir inn í vegáætlunina og kæmu sem partur af henni og er enginn ágreiningur um það.

Þarna er um að ræða mjög mikilvæga uppbyggingu vegakerfis á Austurlandi sem nýtist þessum byggðum eins og fram hefur komið í umræðunni. Hvað varðar jaðarbyggirnar og ferðamannaleiðirnar sem eru sérstaklega hluti af áætluninni, vil ég minna á að í byggðaáætlun sem hér var afgreidd var sérstök áhersla lögð á að nauðsynlegt væri að auka fjármuni til uppbyggingar fáfarnari vega í dreifðum byggðum þar sem byggðin ætti undir högg að sækja og atvinnulífið væri veikt. Þess vegna var tekin ákvörðun um að setja 300 millj. á ári árin 2002–2004 til að ná fram mikilvægum áföngum og einnig hvað varðaði ferðamannaleiðir, þ.e. veginn að Dettifossi annars vegar og leiðina frá Þingvöllum um Uxahryggi.

Ég held að engum blandist hugur um að vegakerfið að Dettifossi og uppbygging þess frá því sem nú er er mjög mikilvægt. Þetta er mikil náttúruperla og mikill fjöldi ferðamanna sem fer þarna um á hverju ári en auk þess er á það að líta að þar er snjóþungt á vetrum og oft ófært langt fram á vor þannig að þeir sem þyrftu og hefðu áhuga á að fara um þessar leiðir eiga þá oft og tíðum í erfiðleikum með það sem skerðir þá möguleika sem ferðaþjónustufyrirtækin á þessu svæði hafa til að koma ferðamönnum inn á svæðin við Dettifoss.

Að hinu leytinu vil ég nefna leiðina frá Þingvöllum um Uxahryggi. Allir vita náttúrlega um þann fjölda ferðamanna sem fer um Þingvelli en inn í Borgarfjörðinn er vaxandi straumur ferðamanna og er mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna í landinu að ná þessari hringleið og auðveldar alla flutninga um þetta svæði og skapar fleiri möguleika og skapar fleiri kosti til að skipuleggja ferðir út frá höfuðborgarsvæðinu frá Suðurlandi og inn á Borgarfjarðarsvæðið.

Ég vildi fara stuttlega yfir þetta í upphafi en ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bæta við fjármunum og taka þar

með inn sérstök verkefni var mjög mikilvæg, ekki síst í ljósi þess að hægt hefur á undirbúningi að uppbyggingu stóriðju. Það er því í fyllsta máta eðlilegt að í því ljósi séu lögð á ráðin um að hraða og herða á uppbyggingu samgöngukerfisins á meðan sá slaki er fyrirsjáanlegur í uppbyggingu stóriðjunnar og stórvirkjana.

Fyrir lá að jarðgangaáætlun yrði afgreidd í þinginu og jafnframt lá fyrir að strax á þessu ári yrði samkvæmt jarðgangaáætluninni varið 100 millj. til rannsókna og 200 millj. á næsta ári og síðan 1.450 millj. kr. á hverju ári út áætlunartímabilið til þess að hefja framkvæmdir við jarðgöng. Í ljósi þess og einnig að vilji var fyrir því í ríkisstjórninni að leggja milljarð kr. til uppbyggingar iðju- og orkuveganna á Austurlandi, þá er því ekkert að leyna að talið var eðlilegt af ýmsum á hér suðvesturhorninu að huga enn frekar að viðbót inn á það svæði ekki síst vegna þess að umferðin hefur aukist mjög mikið á höfuðborgarsvæðinu og af þeim ástæðum hafa verið vaxandi kröfur um framkvæmdir þar. Þess vegna ber auðvitað að fagna því að tekist hefur sátt um hugmyndir mínar um skiptingu þessara fjármuna og framkvæmda, og ég vil þakka samgn. alveg sérstaklega fyrir afar gott samstarf um þá niðurstöðu sem hér er fengin.

Ég hlýt að fara nokkrum orðum um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu ekki síst vegna þess að ýmsir pólitískir andstæðingar mínir hafa reynt að gera það tortryggilegt að við drógum úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári. Ástæðan fyrir því var að sjálfsögðu sú að við settum okkur tiltekin markmið í fjárlögum og niðurstaðan varð sú að eðlilegt þótti að hægja á ferðinni, enda hefur ekkert farið á milli mála að rík ástæða hefur verið til þess að draga úr verktakaumsvifum á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan það að ekki hafa öll þau verk verið tilbúin sem gert var ráð fyrir að vinna á grundvelli gildandi vegáætlunar á þessu svæði. Það varð niðurstaðan og hún kemur fram í tillögum samgn. að eðlilegt væri að leggja þær meginlínur á suðvesturhorninu í fyrsta lagi að bæta við fjármunum og hraða framkvæmdum við fjölförnustu brautirnar út frá höfuðborginni, þ.e. annars vegar í gegnum Mosfellsbæinn og hins vegar Reykjanesbrautina og þá fyrst í gegnum Hafnarfjörð og síðan suður á bóginn og í öðru lagi að hraða uppbyggingu gatnamóta eða mannvirkjagerðar á gatnamótum í höfuðborginni. Mér virðist vera býsna góð sátt um þetta og ég hlýt auðvitað að fagna því, en það er virkilega um það að ræða að framkvæmdum verður hraðað þó að einhvers staðar sé reynt að gera lítið úr því.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því að samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að vinna að undirbúningi svokallaðrar Sundabrautar sem er mjög mikilvæg samgönguleið innan höfuðborgarsvæðisins og inn í Grafarvogsbyggðina og samkvæmt umferðarspám er talið að leggja þurfi á ráðin um þá framkvæmd áður en langt um líður. Gert var samkomulag milli mín og borgarstjóra að hefja nú þegar á þessu ári undirbúning að umhverfismati og ætlaðar til þess 50 millj. á ári út áætlunartímabilið vegna rannsókna, hönnunar og umhverfismats en gert ráð fyrir að við endurskoðun áætlunarinnar, sem verður til afgreiðslu haustið 2002, verði undirbúið að leggja fjármuni til framkvæmda. Ég tel að þetta sé mjög eðlileg tímasetning og í samræmi við það sem búast má við að verði um undirbúning slíkra framkvæmda því að þetta er mjög flókin og viðamikil framkvæmd og mun taka langan tíma að komast að niðurstöðu um umhverfismat. Þetta vildi ég sérstaklega nefna í sambandi við höfuðborgarsvæðið.

Aðrar framkvæmdir sem eru í þessum tillögum eru Suðurstrandarvegurinn, sem ég tel að sé mjög mikilvæg framkvæmd til þess að tengja Suðurlandið og Suðurnesin. Ég minni á það ástand sem varð í vetur þegar ófært varð um Hellisheiði og Þrengslin. Þá hefði verið gott að hafa veg með ströndinni til að geta sinnt þeirri þörf sem umferðin kallaði þá vissulega á.

Einnig vil ég nefna að gert er ráð fyrir því í þessum sérstöku framkvæmdum að leggja fjármuni til stórverkefna á Vestfjörðum og sömuleiðis stórverkefnis í Kolgrafarfirði á Snæfellsnesi.

Samkvæmt þessum brtt. er gert ráð fyrir að leggja aukna fjármuni sem styrk til sérleyfisrekstrarhafa. Það er alveg ljóst að mikil þörf er á því að fram fari endurskipulagning á sérleyfisþjónustunni í landinu. Með fjölgun einkabíla hefur dregið úr notkun þeirrar þjónustu, bæði vegna þess að fleiri eru nú á eigin bílum en einnig hitt að það kann að vera að endurskipuleggja þurfi þjónustuna. Samgrn. hefur lagt á það ríka áherslu að fram fari breyting á skipulagi sérleyfanna og þeirri þjónustu sem sérleyfishafar eiga að veita. Til þess verkefnis gerir áætlunin ráð fyrir auknu fjármagni.

Eins og fram kemur í þessum tillögum er reiknað með að fjáröflunin sé annars vegar með sölu ríkiseigna og hins vegar hvað varðar orkuvegina er gert ráð fyrir að Landsvirkjun komi þar nokkuð að og leggi til bæði viðbótarfjármagn vegna aukins kostnaðar við vegi í Fljótsdal og milli fjarðanna og láni sömuleiðis að einhverju leyti til þessara framkvæmda eins og hefur verið venja í þvílíkum tilvikum.

Mér er fyllilega ljóst að mjög mörg verk þyrfti að vinna hraðar en hér er gert ráð fyrir. En það varð samkomulag í hv. samgn. um þessar framkvæmdir. Engu að síður veit ég að það hefði þurft og hefði verið vilji fyrir því hjá þingmönnum að setja aukna fjármuni í önnur verk. Þess vegna vil ég láta það koma fram að miðað við þau framkvæmdaáform sem fram koma í brtt. við vegáætlun er ljóst að vegagerð um land allt mun skila vel áfram og margir mjög mikilvægir áfangar nást. Enn verða þó eftir þéttbýlisstaðir sem sækja þurfa tengingu við aðalvegi landsins um malarvegi. Þessir malarvegir eru í misjöfnu ástandi og kalla eftir endurbótum og bundnu slitlagi. Þessir þéttbýlisstaðir eru einkum á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Við næstu endurskoðun vegáætlunar veturinn 2001–2002 verður að taka fjármögnun þessara vegna til sérstakrar skoðunar í því skyni að hraða framkvæmdum og tryggja umræddum þéttbýlisstöðum fullnægjandi vegtengingu. Mun ég beita mér fyrir því að svo verði gert.

Ég vil enn fremur taka fram að ég hef lagt fyrir Vegagerðina að flýta eftir því sem kostur er útboðum þeirra framkvæmda sem hafa fjárveitingu samkvæmt vegáætlun. Þetta vildi ég að kæmi sérstaklega fram við umræðuna.

Það er mjög ánægjulegt til að vita að á síðustu missirum hefur komið fram að kostnaður við vegagerð hefur verið að lækka þrátt fyrir þenslu á markaði. Útboð, tilboð samkvæmt útboðum hafa verið ótrúlega lág og það er mat mitt og margra annarra að með auknum afköstum og meiri þekkingu vegagerðarmanna kemur fram lægri kostnaður við vegagerðina. Þessu ber vissulega að fagna og þarna er um að ræða þróun, framleiðniaukningu, meiri afköst og betri og meiri árangur á þessum sviðum eins og mörgum öðrum í þekkingarþjóðfélagi okkar.

Engu að síður er það svo að vegagerð er afskaplega vandasöm og með auknum kröfum um umhverfismat og

meiri og harðari kröfu um betri vegi, betur gerða vegi, verður stöðugt meiri vinna sem þarf að leggja í vegna undirbúnings. Þetta hefur m.a. komið fram sem viðvörunarorð frá þeim ágæta embættismanni vegamálamálastjóra sem hefur vakið sérstaka athygli á því að það þarf meiri tíma til undirbúnings en áður var og áður hefur verið vegna þessa. Við þurfum að taka tillit til þessara aðstæðna og það er eðlilegt að gerðar séu miklar kröfur til vegagerðar um okkar fagra land, um viðkvæma náttúru okkar. Þess vegna þurfum við að sýna Vegagerðinni og hönnuðum tillitssemi og gefa þeim nægan tíma til að vinna sitt verk en auðvitað viljum við, óþolinmóðir stjórnmálamennirnir, helst að allt gerist í gær.

Ég hlýt aðeins að víkja nokkrum orðum að þeirri gagnrýni sem hefur komið fram á þessa vegáætlun og jarðgangaátlun frá þeim sem telja sig þurfa að vara þjóðina við fjárfestingum. Það hefur komið fram að undanförnu að ýmsir í þjóðfélaginu hafa látið frá sér fara varnaðarorð. Allt er það gott og ég hef sagt að við þurfum að gæta okkar á því að halda stöðugleikanum. En spjótum hefur sérstaklega verið beint gegn útgjöldum til samgöngumannvirkja. Af þessu tilefni vil ég vekja athygli á því að ég hef ekki séð að sérfræðingar í efnahagsmálum hafi séð ástæðu til að koma fram í fjölmiðla og vekja athygli á þensluhættu eða óeðlilega miklum útgjöldum þó að samningar hafi verið gerðir m.a. með tilstilli þeirra stofnana sem viðkomandi sérfræðingar starfa hjá. Þar er ég að vísa til samninga um stórfellda uppbyggingu verslunar- og þjónustumiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu. Þar er um að ræða fjárfestingu sem er ekki síður talin í milljörðum en þau áform um fjárfestingu og framkvæmdir í vegagerð.

Ég vil minna á að við gerum ráð fyrir rúmlega 700 millj. kr. útgjöldum samkvæmt þessari áætlun á næsta ári. Ég er ansi hræddur um að það blikni í samanburði við fjárfestingaráform samkvæmt samningum um ýmsar framkvæmdir sem ég vil ekki gera lítið úr á höfuðborgarsvæðinu sem kalla einmitt á aukin útgjöld í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Um leið og forsvarsmenn þessara lánastofnana senda sérfræðinga sína til að gagnrýna okkur fyrir ríkisútgjöld til samgöngumannvirkja skrifa þeir undir samninga sem kalla á aukin útgjöld til samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er nauðsynlegt að draga fram í umræðunni fyrir utan það að sumir af þeim sem hafa verið að leiðbeina okkur hafa verið á höttunum út um allan heim eftir því að fá aðila til að fjárfesta í stóriðju á Íslandi og gera þar með samkvæmt því ráð fyrir stórfelldum útgjöldum. Vonandi tekst það en þetta er engu að síður nokkur þversögn í slíkum málflutningi.

Hvað um það. Það er skoðun mín að vegáætlun eins og hún er hér upp sett og verður vonandi afgreidd og jarðgangaáætlun séu fullkomlega í samræmi við þau áform um stöðugleika sem stjórnvöld hafa. Ég treysti því að hv. þingmenn sem hér fjalla um hafi sama skilning.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég undirstrika að bættar vegasamgöngur skipta okkur mjög miklu máli. Í okkar stóra landi hafa flutningar mjög mikla þýðingu. Þeir eru mjög mikilvægir fyrir atvinnulífið. Þeir eru mjög mikilvægir fyrir afkomu þjóðarinnar því þeim mun greiðari sem flutningar eru með sjávarafurðir og þjónustuvarnir um landið þeim mun betri verður afkoma alls almennings.

Þróun flutninga hefur hins vegar tekið miklum breytingum að undanförnu. Flutningar hafa, frá því að hafa vera á sjó flust meira yfir á vegina. Það þarf að bregðast við þessu og taka tillit til þess þegar við leggjum á ráðin um ríkisútgjöld og uppbyggingu samgöngumannvirkja. Þess vegna er nú er unnið í samgrn. að samræmdri samgönguáætlun þar sem tekið er tillit til flugsamgangna, hafna- og vegasamgangna. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og vonandi fær þingið áður en langt um líður tækifæri til þess að ræða slíka áætlun.

[17:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið hæstv. ráðherra sammála um að allar þessar framkvæmdir eru mjög mikilvægar. En mig langar til vegna þess að ráðherrann gerði Sundabraut sérstaklega að umtalsefni og talaði um fjárveitingar, sem eru ekki háar miðað við hvað sú framkvæmd er dýr þar sem er verið að undirbúa, fara í umhverfismat og annað fyrir þær framkvæmdir. Hann nefnir að samkomulag hafi verið gert við borgarstjórn Reykjavíkur um þær framkvæmdir að farið verði í verkið upp úr 2002. Ég vil gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra hversu mikla fjármuni hyggst hann setja í þetta verk eftir árið 2002. Hvernig hyggst hann fjármagna þessa framkvæmd? Nú hefur verið talað um að það verði sérstök fjármögnun á Sundabrautinni og ég hefði ekki talið óeðlilegt að það væri þá sambærileg fjármögnun og er við jarðgangagerðina. Þetta er alveg eins og hæstv. ráðherra sagði mjög áríðandi að farið verði í Sundabrautina sem fyrst og menn sem eru mér reyndari í vinnu samgn., sem voru fyrir mína tíð á þingi, tala um að lögð hafi verið rík áhersla á að Sundabrautin yrði að veruleika mun fyrr en talað er um núna og verður reyndin vegna þess hversu þetta mál hefur dregist, en þá vil ég fá að heyra það frá hæstv. ráðherra hversu mikla peninga hann ætlar að setja í þetta og hvernig hann hyggst fjármagna framkvæmdina. Ég minni á að þetta er mjög arðbær fjárfesting og því vil ég gjarnan heyra það frá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst standa að þessu.

[17:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég nefna vegna spurninga hv. þm. að samkomulag við borgarstjórann gekk einungis út á að hefja undirbúning að umhverfismatinu en snerist ekkert um tímasetningar framkvæmda. Það er nauðsynlegt að það valdi ekki misskilningi en það varð fullt samkomulag um að ríkið kostar umhverfismatið en borgin sér um skipulagsþáttinn og að þessu er nú þegar unnið.

Um það hversu miklir fjármunir komi árið 2002 get ég ekkert sagt. Það er kannski ástæðan fyrir því að ekki er hærri fjárhæð inni á vegáætlun en raun ber vitni að svo mikil óvissa er um það hvernig framkvæmdinni verður háttað að ekki er skynsamlegt að setja inn tölur á þessu stigi.

Þær tillögur og þær athuganir sem liggja núna fyrir benda til þess að kostnaðurinn geti legið á bilinu 4,8 milljarðar til 10 milljarðar eftir því hvaða leið er valin yfir voginn. Það skiptir mjög miklu máli að umhverfismatið sé vandað og reynt sé að velja ásættanlega lausn sem er ekki allt of dýr. Ég er sannarlega að vonast til þess að lausnin sem er áætlað að kosti 4,8 milljarða verði ofan á. En á það er að líta að þarna eru Elliðaárnar og er nauðsynlegt að taka mikið tillit til þess umhverfis og gæta þess.

Hvað varðar það hvernig eigi að fjármagna þær framkvæmdir held ég að það sé ekki rétt á þessu stigi heldur að gefa neinar yfirlýsingar um það. Það þarf að finna leiðir til þess en það hlýtur að markast af þeim kostnaði sem þarna verður af þeirri framkvæmd.

[17:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Lítið er um svör frá hæstv. ráðherra um þessa framkvæmd og ég verð að segja að það kemur mér á óvart þegar verið er að setja 9 milljarða til viðbótar í vegaframkvæmdir að ekki skuli vera settir meiri peningar í Sundabrautina. Ég furða mig á því reyndar og ég er hissa á þingmönnum höfuðborgarsvæðisins innan stjórnarliðsins að þeir hafi ekki lagt meiri áherslu á hana. Það hefur ekki skilað sér í þeim áætlunum sem komu frá ríkisstjórninni í þeim efnum. Ég hefði gjarnan viljað heyra meira frá hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst fjármagna þetta og hvort hann telji ekki ráðlegt að farið verði í þá framkvæmd og henni hraðað.

Annað sem mig langar til að spyrja um sem kom fram í máli hæstv. ráðherra. Hann var að ræða um ýmsa aðila sem hafa verið gagnrýnir á þessar miklu vegaframkvæmdir og talaði alltaf um að sumir segðu þetta og sumir segðu hitt og aðrir segðu eitthvað annað. Getur hæstv. ráðherra ekki talað skýrt og sagt okkur nákvæmlega um hverja hæstv. ráðherra er að tala?

[17:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kvartar undan því að lítið sé um svör. Ég tel mig hafa gefið alveg fullnægjandi skýringar á því hvers vegna lítið er um svör. Skýringarnar liggja í því að undirbúningur að framkvæmdum við Sundabraut er ekki lengra á veg kominn en raun ber vitni. Ég vil því endurtaka það sem ég sagði áðan að vanda þarf mjög umhverfismat við slíka framkvæmd og það tekur langan tíma. Líka þarf að liggja ljóst fyrir hvernig skipulagi er háttað. Það liggur ekki fyrir af hálfu borgaryfirvalda. Það er mjög flókið hvernig þessi mikla umferðaræð á að koma inn í þetta fullbyggða svæði í Vogunum. Ég er alveg viss um að mörgum íbúum mun bregða mjög við og raunar hefur ýmsum íbúum á þessu svæði, sem sjá fram á að fá miklar umferðaræðar mjög nærri eignum sínum, verið nokkuð brugðið. Þarna þarf að vanda sig og ég held að ekki sé skynsamlegt að flana að neinu í þeim efnum.

Hv. þm. undraðist það að stjórnarþingmenn skuli ekki hafa þrýst á um að Sundabrautin fengi fjárveitingar. Ég get sagt hv. þm. frá því að stjórnarþingmenn hafa rætt um framkvæmdir við Sundabraut við samgrh. en það hefur enginn stjórnarandstöðuþingmaður rætt við samgrh. um þessa framkvæmd. Það er því heldur undarlegt að vera að amast við því að hlutirnir gerist ekki en hafi svo ekki nokkra rænu á að hafa fyrir því að beina þeim spjótum til réttra aðila.

[17:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins í andsvari þakka hæstv. ráðherra fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf í sambandi við almennar vegaframkvæmdir. Hæstv. ráðherra kom réttilega inn á það að auðvitað væru brýn og stór verkefni sem hefðu þurft að fá meiri úrlausn en hér væri verið að leggja til í áætluninni og viðbótartillögum og nefndi þar sérstaklega tvö svæði og tvö verkefni þar sem væri tenging þéttbýlisstaða sem byggju við malarvegi á norðausturhorni landsins og Vestfjörðum. Ég er svo innilega sammála hæstv. ráðherra sem hugsast getur og ég þakka fyrir þessa yfirlýsingu að þau svæði verði sérstaklega tekin til meðhöndlunar fyrir næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar með það að markmiði að flýta framkvæmdum þar eins og hæstv. ráðherra sagði.

Ég þakka fyrir þessa yfirlýsingu. Ég treysti því að á bak við hana sé fullur vilji og innstæður til þess að þarna megi hraða framkvæmdum en það hefur einmitt verið inntak gagnrýni minnar að hluta til á skiptingu þessa viðbótarfjár nú undanfarna daga að þessi svæði og sérstaklega þó annað þeirra eru alveg utan við þegar kemur að úthlutun þessa viðbótarfjár til almennra vegaframkvæmda. Ég held að sé hollast að halda þeim aðgreindum í umræðunum því þarna er um að ræða aðskilda þætti mála, jarðgangaframkvæmdir, höfuðborgarsvæðið og síðan í einhverjum mæli viðbót við almennar vegaframkvæmdir. Þar verður tæpast um það deilt, herra forseti, að einmitt þessi verkefni sem hæstv. ráðherra nefndi eru í algerum sérflokki hvað varðar stór brýn verkefni sem enn er langt í land með að menn komist í gegnum sem er að ljúka tengingu allra þéttbýlisstaðanna sem enn búa við samgöngur á malarvegum, og gríðarlega mikil verkefni, öll norðausturleiðin frá Húsavík til Vopnafjarðar og síðan ákveðin svæði á Vestfjörðunum.

Ég fagna því þessari yfirlýsingu en ætla að öðru leyti að ræða þetta frekar í ræðu minni, herra forseti.

[17:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vegna andsvars hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar vekja athygli á að þær 35 millj. sem koma inn á svokölluð jaðarsvæði á árunum 2002, 2003 og 2004 eru mikilvæg viðbót til þess að geta hert á framkvæmdum við tilteknar leiðir á þessum svæðum og ætti þá og þar með að auðvelda á ná meiri áföngum en okkur hefur tekist hingað til. Það léttir því á, og ég vil undirstrika það, það léttir á þessum svæðum.

Engu að síður er alveg ljóst að þarna er um langar leiðir, kostnaðarsama vegagerð og mikla fjármuni að ræða. Það er því nauðsynlegt að huga sérstaklega að þessu. Við höfum hins vegar við þá tillögugerð sem samgn. hefur unnið náð tilteknu samkomulagi sem m.a. hefur haft áhrif á þessar tillögur, að við gerum ráð fyrir mjög miklum útgjöldum til jarðganga í tveimur landshlutum. Það hefur jafnan verið svo að ekki er hægt að skipta sömu fjármununm margsinnis, en ég er engu að síður tilbúinn til að líta á það sem ég sagði í yfirlýsingu minni áðan og leggjast á árar um að ná meiri og stærri áföngum í þeim landshlutum sem ég nefndi.

[17:39]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Við ræðum hér jarðganga- og vegáætlun sem legið hefur frammi og ég vil segja að hér eru á ferðinni einhverjar stórbrotnustu áætlanir í vegagerð sem hafa komið fram í sögu lýðveldisins ef mætti orða það svo, og óhætt er að þakka samgrh. og ríkisstjórninni sérstaklega fyrir hversu kröftuglega og af miklu þori tekið var á þessum málum. Það var ljóst að úr þurfti að bæta en ég hugsa að enginn hafi gert sér grein fyrir því að af hálfu ríkisstjórnarinnar yrði tekið á þessu af þeim krafti sem hér birtist.

Það er að sönnu alltaf hægt að deila um hvernig peningunum er úthlutað þegar kemur að því að úthluta fjármagninu eftir því hvar skórinn kreppir. Ég var einn af þeim sem töldu ástæðu til að gagnrýna jarðgangaáætlun sérstaklega í ljósi þess að mun meira fjármagn vantaði til annarra hluta en þar sem búið er að leysa það mál sé ég ekki að hægt sé að hengja hatt sinn á einhverja sérstaka gagnrýni á jarðgangaáætlunina

umfram aðrar áætlanir sem eru til umræðu í leiðinni. Ég mun því fyrir mína parta samþykkja bæði jarðganga- og vegáætlun eins og þær liggja fyrir og fagna því að þar náum við, vona ég miðað við það ástand sem ríkir í þjóðfélaginu í dag, þeim árangri sem að er stefnt.

Ég held, herra forseti, að að sjálfsögðu sé ástæða til þess, eins og kom fram í máli hæstv. samgrh., að skoða þau mál sem eru í áætluninni og þau verkefni sem eru í áætluninni og velta því fyrir sér hvort niðurröðun þeirra mætti vera einhvern veginn öðruvísi. Ég hef sjálfur haft mikinn áhuga á því, ef maður lítur yfir landið í heild sinni, að menn einblíndu verulega mikið á það að reyna að ná vegum með varanlegu slitlagi nánast hringinn í kringum landið sem ég held að sé eitthvert mikilvægasta verkefni sem liggur fyrir. Eins og hæstv. ráðherra benti á eru tvö svæði sem eru afskaplega illa sett hvað þetta varðar, norðausturhornið og Barðaströndin og þar er full ástæða til að skoða málin sérstaklega. Mér finnst samt fagnaðarefni að bæði eru ætlaðar 100 millj. í Djúpveginn og aðrar 100 millj. í Barðastrandarveginn sem viðbótarfjármagn sem mun að sjálfsögðu leysa verulega mikinn vanda þar. Það er ekki svo ég viti til gert ráð fyrir því að Melrakkaslétta og það svæði fái mikið fjármagn og þá er spurning hvort leiðin um Dettifoss sé forgangsverkefni umfram það. En ég lít svo á að þingmenn svæðisins hafi ýmsa möguleika til þess að beina fjármagni í þær áttir sem þeir telja mikilvægari ef aðstæður og ástæður eru til þess. Á þessu stigi sé ég ekki neina ástæðu til að fara út í nákvæmar upptalningar. Ég sé ekki annað en að breiddin á þessari fjárveitingu með landið allt í huga hafi tekist mjög bærilega miðað við þarfirnar og við sjáum að tekið er á málum í öllum kjördæmum og hringinn í kringum landið. Þó að við horfum kannski fyrst og síðast á okkar eigin mál þurfum við þó að hafa víðsýni til þess að átta okkur á því að við viljum öll lifa í sátt og samlyndi í okkar stóra og fallega landi.

Mig langaði aðeins til að fara stuttlega yfir mál sem heyra til suðvesturhornsins, en hér er að sjálfsögðu margt sem horfir við með öðrum hætti en á landsbyggðarsvæðinu. Þar er bæði um að ræða þéttbýli og landsbyggðarvandamál og þau eru í kringum höfuðborgina það stór að það er í rauninni alveg sérstakt átak að leysa þau og þá sérstaklega Sundabrautina. Þó er gert ráð fyrir 100 millj. í Sundabrautina sem byrjunarframkvæmd, sem er mjög lítið en er fyrsta skref, en fyrst verður náttúrlega að ákveða hvar hún á að liggja.

Reykjanesbrautin og Vesturlandsvegurinn eru helstu æðarnar í gegnum bæinn. Þessar tvær leiðir fá verulega aukningu. Vesturlandsvegurinn fyrst og fremst vegna þess að þar hefur umferð farið mjög vaxandi og er komin í 17–18 þúsund bíla á dag. Reykjanesbrautin suður til Reykjanesbæjar er einnig stórt verkefni sem vegna vaxandi bílaumferðar er orðið brýnt. Þess vegna eru lagðar í viðbót 400 millj. til Hafnarfjarðar sem er út af því að þar eru tengingar mjög flóknar og erfiðar sem leiðir til þess að þær verða dýrari en annars hefði þurft.

Ég lít svo á að með þessum viðbótarfjármunum muni takast að ná Reykjanesbrautinni í gegnum höfuðborgarsvæðið á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í langtímaáætlun þrátt fyrir aukinn kostnað. Í langtímaáætlun og fjögurra ára áætlun sem eru í gildi er tekið á því máli þannig að Reykjanesbrautin í gegnum Hafnarfjörð ætti að vera búin um árið 2004 en Reykjanesbrautin sunnan Hafnarfjarðar ætti að vera búin 2010.

Hjá þingmönnum Reykjaneskjördæmis hefur verið mikil samstaða um hvernig leysa eigi þessi samgöngumál. Samstaða hefur verið meðal allra þingmanna um að flýta þurfi kaflanum frá Hafnarfirði til Reykjanesbæjar verulega með því að flytja það fjármagn sem er á langtímaáætlun. Reykjanesbrautin sunnan Hafnarfjarðar er ein af þeim leiðum sem hefur nægjanlegt fjármagn á áætlun en þetta er einungis spurning um hvernig takast eigi að ná því fjármagni fyrr inn í framkvæmdir þannig að brautin verið tvöfölduð fyrr en áætlunin sjálf gerir ráð fyrir. Það má kannski segja að þess vegna séu ekki til aukafjármunir til tvöföldunar Reykjanesbrautar sunnan Hafnarfjarðar. Það þýðir samt ekki að ekki sé fullur vilji og alvara í að tvöfalda Reykjanesbrautina á þeim hraða sem gert er ráð fyrir. Þó svo að orðalag í nál. samgn. sé þannig að hægt væri að misskilja það, þá lít ég ekki svo á að verið sé að tala um einhverjar frestanir, en það segir á bls. 2 í nál. samgn., með leyfi forseta:

„Meðal stórverkefna er tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur. Miðað við fjárveitingar getur útboð á fyrsta áfanga verksins farið fram árið 2002 og stefnt er að því að stórum hluta þess, þ.e. tvöföldun milli Straumsvíkur og Keflavíkur, verði lokið 2006."

Orðalagið „stefnt er að því að stórum hluta þess," — þingmenn Reykn. hafa samþykkt fyrir sitt leyti og munu standa við það að sú framkvæmd verði sett af stað árið 2002 og henni verið lokið árið 2006 og því gefur orðalagið sem slíkt ekki nægjanlega sterka mynd af þeim vilja sem er hjá þingmönnum Reykn. á því að leysa þetta mál.

Aðrar framkvæmdir sem þingmenn Reykn. hafa lengi barist fyrir og sett er fjármagn í samkvæmt þessari áætlun er Suðurstrandarvegur. En samkvæmt áætluninni fara 49 millj. kr. í Suðurstrandarveg á næsta ári. Bæði Suðurstrandarvegur og Reykjanesbrautin eru í umhverfismati. Ljóst er að undirbúningur undir framkvæmdir tekur einhvern tíma en honum ætti að ljúka á næsta ári þannig að framkvæmdir við Suðurstrandarveg ættu að hluta til að geta byrjað á næsta ári og við Reykjanesbrautina alveg örugglega árið 2002.

Suðurstrandarveginn er nákvæmlega sambærileg framkvæmd í mínum huga og jarðgöngin frá Siglufirði til Ólafsfjarðar. Verið er að tengja saman kjördæmi, landshluta sem eru að verða eitt kjördæmi og því voru nákvæmlega sömu rökin á bak við það að flýta Suðurstrandarvegi eins og að setja jarðgöng á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Flýting og aukafjármagn til þeirrar framkvæmdar er mjög eðlilegt í ljósi þeirra aðstæðna. Upphaf framkvæmda á næsta ári er mögulegt vegna þeirra fjármuna sem þingmenn kjördæmisins voru búnir að ákveða að færu í þann veg.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa fleiri orð um þessa áætlun. Ég held að við getum sagt að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir geti verið mjög ánægðir. Að sjálfsögðu er stefnan að þetta sé ekki bara áætlun heldur að þetta komist í framkvæmd, en menn þurfa samt að standa vaktina.

Ég vil að lokum vona að við þingmenn svæðisins eigum gott samstarf við hæstv. samgrh. um að framfylgja þessum áætlunum, við vegagerðarmenn, vegamálastjóra, aðstoðarvegamálastjóra og aðra starfsmenn Vegagerðarinnar sem sjá um þessa framkvæmd. En með því starfsliði, sem ég vil meina að sé afskaplega faglega sinnað fólk, sem hefur unnið af mikilli þekkingu við að byggja upp vegi á Íslandi með ótrúlega litla peninga í höndunum miðað við umfang verka, að þar hafi tekist mjög vel til. Þarna er fólk sem er mjög vel hnútum kunnugt, kann vel til verka og ég hlakka til að vinna

með því að þessum málum. Ég þakka að endingu hæstv. samgrh. og ríkisstjórninni fyrir áætlanir þeirra.

[17:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða vegáætlun og ég verð að hefja mál mitt á því — án þess að ég ætli að hafa langa umræðu, enda þingfundir búnir að vera hér dag eftir dag og langt fram á nætur, klukkan er að verða sex á laugardegi — hversu ósátt ég er við það hvernig höfuðborgarsvæðið kemur út úr þessu ári og hversu miklum hluta af framkvæmdum sem búið var að samþykkja í vegáætlun er frestað. Tæplega helmingi af því sem fé sem gert var ráð fyrir að færi til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu er frestað til seinni tíma. Ég er mjög ósátt við það.

Aftur á móti verð ég að segja að af þeim 9 milljörðum sem koma sem viðbótarfjármagn til vegagerðar kemur náttúrlega þó nokkur hluti hingað á höfuðborgarsvæðið. Ég fagna því að þar er verið að taka á framkvæmdum sem ég hef sérstaklega lagt mig fram um að þrýsta á bæði í ræðu og riti að farið verði í. Þar vil ég nefna tvöföldun Reykjanesbrautarinnar sem ég tel mjög mikilvægt verk. Það er brýnt verkefni bæði fyrir höfuðborgarbúa og landsmenn alla vegna þess að Reykjanesbrautin er þjóðbrautin úr landi, í Leifsstöð, og mjög mikilvægt er að farið verði í þá vinnu. Ég tel það vera árangur af þrýstingi frá þingmönnum af höfuðborgarsvæðinu og kannski þeim sem hafa setið í samgn. að þarna er tekið á málum.

Sama á auðvitað við um Vesturlandsveginn og er það löngu tímabær framkvæmd að tvöfalda hann.

Aftur á móti óttast ég svolítið, því miður, að þeir peningar sem eiga að fara í þessar framkvæmdir og er áætlað að fari í framkvæmdir frá árinu 2002–2004 skili sér ekki í ljósi þess hvernig höfuðborgin hefur verið leikin í samgöngumálum. Þó ætla ég ekki að fara að gera því skóna að svo verði og ég tala út frá því og treysti að staðið verði við þau áform gagnvart þessu svæði, höfuðborginni, að fara í þessar framkvæmdir.

Það hefur löngum verið talað um hversu mikilvægt og hversu arðbærar vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eru. Þrátt fyrir það hefur verið frestað og dregið saman í framkvæmdum og það hefur alltaf bitnað meira og minna á höfuðborgarsvæðinu. Mér fannst svolítið hjákátlegt þegar hæstv. ráðherra talaði fjálglega um það hvernig þingmenn kjördæmanna hefðu skipt því fé sem kæmi í hlut hvers kjördæmis vegna þess að nánast ekkert eða lítið fé er til skiptanna t.d. í Reykjavík. Ég vil nefna nokkrar framkvæmdir í ár sem gert var ráð fyrir að fara í sem verið er að fresta. Það eru gatnamótin við Víkurveg sem eru mjög umferðarþung gatnamót við Vesturlandsveg og Grafarvog. Þar er verið að fresta framkvæmdum. Gert var ráð fyrir 220 millj. en verið er að fresta 200 millj. í það verk á þessu ári. Ég nefni gatnamót við Breiðholtsbraut. Þar var gert ráð fyrir 211 millj., þar er verið að fresta 190 millj. til þeirra framkvæmda. Það fjármagn sem ætlað er til Hallsvegar um Gullinbrú, þar er ekki framkvæmt því búið er að framkvæma þar og verið er að greiða skuld. Sömuleiðis er verið að fresta framkvæmdum við Hallsveg, þ.e. hringvegur/Höfðabakki, eins og það er kallað á skrá. Þetta er mál sem ég tel ekki viðunandi, að höfuborgin skuli þurfa að sitja undir því núna þegar verið er að setja svona mikla peninga í samgöngumálin að þarna sé skorið af okkur. Ég segi kannski ekki skorið en framkvæmdum frestað sem áttu að vera á þessu ári.

Ég vil gera að umtalsefni það mál sem ég og hæstv. ráðherra ræddum í andsvörum fyrr á fundinum en það er Sundabrautin. Ég fagna því að hæstv. ráðherra býður upp í dans hvað það verkefni varðar. Ég hef iðulega rætt þetta mál í þinginu þegar vegamál hafa verið til umræðu og einnig þegar ég hef fjallað um vegamál í fjölmiðlum, hvort sem það hafa verið ljósvakamiðlar eða dagblöð. Þar hef ég lagt mjög ríka áherslu á að farið verði í Sundabrautina og ég mun svo sannarlega ræða þetta mál frekar við hæstv. ráðherra fyrst hann býður upp á það. Ég verð að segja að þegar málin eru rædd í þinginu get ég ekki annað en litið á það sem ákveðinn þrýsting á viðkomandi ráðherra í þeim efnum.

Ég fagna því að fara eigi í þessar framkvæmdir í nágrenni höfuðborgarinnar. Höfuðborgin hefur verið svelt hvað varðar vegafé undanfarið, a.m.k. þann tíma sem ég hef setið á þingi og það má ekki ganga þannig áfram. Við megum ekki og munum ekki sætta okkur við það. Þetta er höfuðborg allra landsmanna og það verður að sjá til þess að staðið verði við samþykkta vegáætlun hvað höfuðborgina varðar.

Herra forseti. Aftur á móti hef ég haft ákveðnar áhyggjur af þeim fjármunum sem getið er um í nefndaráliti og í tillögum hv. samgn. á þskj. 1373. Það verður að segjast eins og er að sporin hræða þar sem við höfum gengið frá vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum fjárveitingum til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu sem síðan hafa ekki skilað sér eða hefur verið frestað. En ég verð að treysta því að hæstv. ráðherra ætli að standa við þetta og þar með tel ég að hann hafi á vissan hátt orðið við kröfum okkar Reykjavíkurþingmanna og þingmanna á höfuðborgarsvæðinu um þessar framkvæmdir. Menn sjá hvernig ástandið er þegar þeir koma til borgarinnar, hvort sem þeir eru að koma af Norðurlandi eða Vesturlandi sem hæstv. ráðherra ætti að þekkja þar sem hann þarf að fara þá leið alloft geri ég ráð fyrir. Að koma inn í borgina á háannatíma er nánast ekki boðlegt.

Það er líka staðreynd að bílaeign landsmanna hefur aukist og aukist mun hraðar en menn gerðu ráð fyrir. Ríkisstjórnin hefur verið að gera ýmsar ráðstafanir þannig að mönnum hefur verið gert auðveldara að eignast bíla. Það hafa verið svo bílakaupahvetjandi aðgerðir og auðvitað verða menn að bregðast við því einnig í samgöngumálunum og auka vegafé sem því nemur. Það segir sig alveg sjálft.

Varðandi Sundabrautina geri ég mér fulla grein fyrir því að það er ekki auðvelt verk að koma henni fyrir. Ýmsar leiðir liggja fyrir í því máli og hef ég kynnt mér það ítarlega. Þær eru misdýrar eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra í máli hans fyrr á fundinum. En ég er sannfærð um að ef menn hefðu komið sér saman um það þegar þeir voru að raða þessum viðbótarfjármunum niður á framkvæmdir og hefðu ákveðið að setja aukið fé í Sundabrautina, t.d. 2004 eða síðar, þá hefði verið farið í það. Ég er alveg sannfærð um það. Ef til staðar hefði verið raunverulegur vilji ráðamanna að koma því verkefni af stað þá held ég að það hefði verið ákveðin viljayfirlýsing að setja meira fjármagn í það þannig að hægt hefði verið að fara í þá framkvæmd. Þarna er stór og mikil framkvæmd á ferðinni og mun auðvitað taka allnokkurn tíma að verða að raunveruleika. En ég hefði gjarnan viljað sjá að settir hefðu verið meiri peningar í Sundabrautina en til þessa undirbúnings, þ.e. sjá þarna aukið fjármagn til þeirrar framkvæmdar.

Ég hefði líka gjarnan viljað heyra frá ráðherra, en ég geri mér grein fyrir að ekki verður unnt að fá svör við því, hvernig hann hyggst standa að fjármögnun og hefði gjarnan

viljað spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála mér í því að fjármögnun Sundabrautar gæti verið sambærileg við jarðgangagerðina, hvort það komi til greina. Ég tel að menn ættu að skoða það að fara sömu leið með Sundabrautina og jarðgöngin.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira en orðið er. En verð að segja að ég er ósátt við það hvernig höfuðborgarsvæðið kemur út, sérstaklega á þessu ári. Ég get ekki sætt mig við það að höfuðborgin búi við þetta ár eftir ár. Ég treysti því að ráðherra standi við þær fyrirætlanir sem koma fram í þessu þingskjali svo að næst þegar við ræðum endurskoðaða vegáætlun verði ekki farið í að draga úr framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu því að það er ekki hægt að bjóða þessu fjölmenna og umferðarþunga svæði, þar sem gatnamót eru erfið, hættulegir staðir og slysahætta er mikil, frekari frestun á framkvæmdum.

[18:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég á ekki sæti í samgn. en mig langar til þess að koma aðeins að þessari umræðu um vegáætlun og leggja mitt af mörkum inn í umræðuna þó að ég ætli ekki að lengja hana fram á kvöldið.

Við erum að ræða till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 2000–2004. Óðum styttast þeir kaflar á hringveginum sem ekki eru bundnir slitlagi. Næg verkefni eru þó fram undan, í stórverkefnum, safnverkefnum, safnvegum, tengivegum, brúargerð, göngu- og hjólreiðarstígum, svo og endurbótum og viðhaldi vegakerfisins. Sömuleiðis þarf að halda áfram að bæta öryggi á vegum með því að taka af vonda vegarkafla, girða tún og beitilönd, setja rásir fyrir búfé og vegrið þar sem það á við. Hér erum við að ræða vegáætlun og í þessari umræðu erum við að tala um stórframkvæmdir og dýrar framkvæmdir. En mig langar til þess að nota tækifærið og minna á þáltill. á þskj. 605 um rásir fyrir búfé til að koma í veg fyrir slys sem ég hef talað fyrir en ekki komið til afgreiðslu. Þetta er ósköp lítil tillaga. En ég hef trú á því að hún hafi samt mikið að segja inn í alla áætlun Vegagerðarinnar hvar sem vegir eru lagðir. Ekki meira um að, herra forseti.

Framlög til vegagerðar hafa sem betur fer hækkað milli vegáætlana en deila má um hvort sú aukning hafi verið nægileg fram til þessa þegar tekið er tillit til byggðaþróunar á sama tíma. Góðar samgöngur eru ein af mörgum forsendum þess að hægt verði að styrkja aftur búsetu á landsbyggðinni. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lögðum fram í vetur þáltill. um sérstakar aðgerðir í byggðamálum. Í tillögunni leggjum við áherslu á að flýta enn frekar almennum vegaframkvæmdum og að til viðbótar tekjum Vegasjóðs og framkvæmdum samkvæmt samþykktri vegáætlun og tillögum byggðanefndar um flýtingu vegaframkvæmda verði varið 1 milljarði árlega næstu fjögur árin til að flýta enn frekar almennum vegaframkvæmdum, auk þess einum milljarði árlega til jarðgangagerðar og að byrjað verði á Austurlandi. Því fögnum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að viðbótarfé komi til vegagerðar. En við erum lítið hrifin af þeim vinnubrögðum sem höfð voru við að afgreiða viðbótarféð í vegáætlunina fyrir tímabilið 2000–2004 og það hefur komið hér fram, herra forseti.

Vegaframkvæmdir sem tengjast þessu viðbótarfjármagni koma að mestu til framkvæmda eftir tvö ár og á þar til gefst okkur vonandi tækifæri til þess að vinna að niðurröðun verkefna í kjördæmum landsins í fullu samráði við þingmenn kjördæmanna og Vegagerðina. Þeir fjármunir sem fara til Austurlands tengjast orku- og stóriðjumálum. Þetta eru orku- og stóriðjuvegir. Hugmyndin er sú að leggja veg inn í Fljótsdal, tengja Reyðarfjörð og bæta veginn frá Reyðarfirði yfir á Eskifjörð og yfir Hólmaháls og það er hið besta mál. Hvernig við þingmenn hefðum komið að skiptingu vegafjár ef við hefðum haft pakkann allan opinn skal ég ekkert segja um. Þetta er sú ákvörðun sem tekin hefur verið og auðvitað fagna ég þessum framkvæmdum og vona að þær gangi eftir. Fjármagn til framkvæmdanna er enn óafgreitt og til stendur að fjármagna þær að hluta til með því að selja ríkiseignir. Svo mikil hækkun til framkvæmda á stuttum tíma getur haft þensluáhrif í hagkerfinu. En það verður líka að horfa til þess að þensluáhrifin verða minni við núverandi aðstæður ef framkvæmdirnar verða utan höfuðborgarsvæðisins.

Herra forseti. Um vegáætlun í heild má segja að skipting verkefna á milli kjördæma er nokkuð góð, þ.e. lítill ágreiningur hefur komið hér fram enda er fjármagni skipt jafnt á milli kjördæmanna fyrir utan fé til stórframkvæmda eða stórverkefna.

Ég vil gera nokkrar athugasemdir við vegáætlun og eiga þær við um Austurlandskjördæmi en það kjördæmi hef ég skoðað öðrum fremur. Fyrst vil ég nefna tengingu af hringveginum til Vopnafjarðar. Það eru a.m.k. fjórar leiðir sem koma til greina við vegalagningu frá Hárekssstaðaleið og niður í Vopnafjörð. Valið er erfitt þar sem umhverfið er viðkvæmt og skiptar skoðanir heimamanna um hvar vegurinn eigi að liggja. Því er mikilvægt að fara sem allra fyrst í þá vinnu og velja líklegustu leiðina og undirbúa framkvæmdir með því að gera umhverfismat og setja væntanlegt vegarstæði í mat á umhverfisáhrifum. Það verður örugglega nokkuð langt ferli að staðsetja vegarstæðið og því nauðsynlegt að hefjast strax handa við undirbúning.

Annað sem ég vil nefna er vegurinn inn Skriðdal. Fyrir tveimur árum var ákveðið að leggja áherslu á að tengja þéttbýliskjarna með ströndinni og byggja upp veginn með bundnu slitlagi til þess að tengja þessa þéttbýliskjarna. Þessum þætti er nú nær lokið fyrir utan erfiða kafla og svo skriðurnar. Í sumar verður farið í vegagerð hjá Stóra-Sandfelli í Skriðdal. Vegurinn í innsta hluta Skriðdalsins er mjög erfiður, þ.e. þar eru mjóar brýr og krappar og hann er hættulegur á nokkrum stöðum vegna þess að þar eru margar brýr sem standa þannig að brekku fylgir beygja og svo er brú, mjó brú. Langur vegarkafli er einnig enn óuppbyggður og verður að svaði í rigningum og vætutíð. En þar sem áhersla hefur verið lögð á að tengja þéttbýlisstaðina með ströndinni og með fyrirhuguðum jarðgöngum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hefur vegurinn inn Skriðdal, Breiðdalsheiði og Breiðdalur setið á hakanum, þ.e. innri hluti Breiðdalsins. Þó ber þess að geta að í sumar verður farið í nokkrar vegabætur í Breiðdalnum þar sem verstu kaflarnir eru.

Vegna búsetu í Skriðdal og mikillar sumarumferðar er nauðsynlegt að halda áfram að byggja upp veginn og taka af hættulegar brýr og beygjur. Eftir fund með þingmönnum Austurlands og fulltrúum Vegagerðarinnar tel ég að mögulegt sé að gera breytingar innan vegáætlunar og setja inn vegabætur í Skriðdal, ég tala nú ekki um eftir að viðbótarfé hefur komið inn í kjördæmið.

Hitt sem ég vildi nefna er Almannaskarð sem er inni í vegáætlun 2004. Vegurinn yfir Almannaskarð er mjög brattur og hættulegur yfir vetrarmánuðina, sérstaklega stórum flutningabílum sem auk þess eru oft með tengivagna. Umferð er hættulegust í hálku og hvassviðri þar sem engin vegrið eru

til staðar og þá skapast enn frekari slysahætta. Vegna þessara aðstæðna er nauðsynlegt að hefja strax undirbúning að hönnun og staðsetningu vegarstæðisins. Þetta er viðkvæmt svæði til vegarlagningar því að ekki verður hægt að komast hjá því að skera hlíðina á löngum kafla til að taka af mikinn bratta og auka umferðaröryggi. Tímasetning vegaframkvæmda við Almannaskarð þarf að færast framar.

Herra forseti. Skipulagsmál eru á ábyrgð sveitarfélaganna og stór þáttur alls skipulags eru samgönguleiðir innan sveitarfélaganna, innan þéttbýlis og milli landshluta. Framkvæmdaraðilar sem eru að langmestu leyti sveitarfélögin eða Vegagerðin eiga síðan að leggja vegi og brýr eftir samþykktu skipulagi og þetta er öllum ljóst. En skipulag sveitarfélaganna er ekki alltaf tilbúið þegar ákvörðun um vegagerð eða um framkvæmdir eru teknar inni á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Áhersla í skipulagsmálum þróast eftir mismunandi forsendum og koma þær áherslur m.a. fram í staðsetningu vega og hvernig umferð er beint í gegnum og um þéttbýli. Það sem þykir rétt í dag og sjálfsagt getur þótt úrelt innan fárra ára. Það sem helst hefur áhrif á skipulagsmál á undanförnum árum eru breytt viðhorf til umhverfismála og kröfur fólks um að íbúðabyggð sé hlíft við þungri umferð. Því sjónarmiði að beina þungaflutningum og umferðarþunga fram hjá þéttbýli og íbúðabyggð vex stöðugt fylgi og kemur fram í nýjum skipulagstillögum eða úrlausnum eins og nú er víða verið að vinna að. En í gegnum árin hefur þéttbýli myndast og vaxið við þjóðveginn og lengi þótti það kostur að fá umferðina í gegnum bæinn. En á nokkrum stöðum hefur vaxandi umferð og umferðarhraði skapað vandamál hvað varðar eðlilega þróun innan þéttbýlisins og því er verið að skoða möguleika með framhjátengingu fyrir þá umferð sem á ekki erindi inn í þéttbýlið.

Herra forseti. Því nefni ég þetta að fram undan eru áætlaðar stórframkvæmdir á Austurlandi í sambandi við virkjun eða virkjanir og stóriðju. Að mínu mati tekur vegáætlun ekki tillit til þessara breyttu aðstæðna, þ.e. af miklum þungaflutningum í gegnum þéttbýli. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa áhyggjum mínum af væntanlegri umferð þungaflutninga í gegnum þéttbýli sem tengjast m.a. efnistöku fyrir fyrirhugað álver. Í dag er áformað að taka efni fyrir byggingu álversins við Jökulsá á Brú og aka því í gegnum þéttbýlið í Fellabæ og á Egilsstöðum. Á Egilsstöðum háttar svo til að umferðinni verður beint um þröng gatnamót í hjarta bæjarins. Umferð verður einnig mikil um Velli og um Hallormsstaðaskóg sem er viðkvæmt útivistarsvæði. Aukin umferð þungaflutninga skapar slysahættu og auk þess verður af því ónæði við íbúðabyggð.

Herra forseti. Ég hef ekki gert athugasemdir við þær framkvæmdir sem koma fram í vegáætlun fyrir utan það sem ég lýsti áðan og þeirra að ég hef áhyggjur af því að ekki sé tekið tillit til áhrifa þungaflutninga og aukinnar umferðar í þéttbýli við væntanlegar stórframkvæmdir.

Ég vil sérstaklega þakka fyrir þann stuðning sem snýr að sérleyfishöfum. Það á að styrkja þá meira og ég fagna því alveg sérstaklega. Það er mjög mikilvægt að halda uppi samgöngum innan kjördæma eða úti á landsbyggðinni. Ég vil líka fagna því að það eigi að leggja áherslu á uppbyggingu vega í jaðarbyggðum og sérstaklega á Norðausturlandi þar sem langir kaflar eru enn þá malarvegir.

Herra forseti. Fylgiskjal með vegáætlun er jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004. Ég vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá skoðun mína að inn í jarðgangaáætlun þurfi að bæta hlut Austurlands miðað við fyrri áætlanir til að styrkja byggð og atvinnu á svæðinu. Það þarf að auka fé til rannsókna frá því sem nú er og byrja af fullum krafti og leggja þá sérstaklega áherslu á Austurland. En göng undir Hellisheiði mundu hafa mikil áhrif á búsetuskilyrði á Vopnafirði og norður á Þórshöfn. Þau mundu styrkja byggð á Héraði og hafa áhrif niður á firði. Þetta er framkvæmd sem gæti kostnaðarlega með jarðgöngum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar uppfyllt fyrri kostnaðaráætlun um jarðgöng á Austurlandi. En ég ætla ekki að fara yfir sögu jarðgangaáætlana á Austurlandi og þeirra væntinga sem þær áætlanir hafa skapað meðal íbúa fjórðungsins, en það er nauðsynlegt að nú verði staðið við þá jarðgangaáætlun og að byrjað verði sem fyrst á jarðgöngum á Austurlandi.

[18:20]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eitthvað það skynsamlegasta ef ekki alskynsamlegasta í stefnu núverandi ríkisstjórnar er að selja ríkisfyrirtæki. Ríkið er með margs konar rekstur og þessi rekstur er að allra dómi mun betur kominn í höndum einkaaðila en ríkisins. Nokkur skref hafa verið stigin í þessa átt með mjög góðum árangri og það hefur staðið til að stíga enn stærri skref. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar að verja þeim fjármunum til að gera fyrst og fremst tvennt, borga skuldir ríkisins og bæta samgöngur í landinu. Hvort tveggja er ákaflega brýnt og ákaflega þýðingarmikið fyrir framtíð þessa lands, að borga niður skuldirnar og bæta samgöngurnar.

Ísland stendur jafnfætis öllum þeim þjóðum Evrópu og Vesturheims sem best standa sig að öllu leyti nema einu, í samgöngum. Kemur þar náttúrlega til þetta stóra land og þessi fámenna þjóð, en við eigum og ríkið á tugi milljóna bundna í rekstri sem það á ekkert að vera að koma nálægt. Það er mjög skynsamlegt og mjög þýðingarmikið fyrir efnahagsframtíð landsins að þessir fjármunir verði leystir út, þeim verði varið til þess sem ætlað er að borga skuldir og stórbæta vegakerfi og allar samgöngur á Íslandi.

Ég er einn af þeim stjórnarþingmönnum sem hefur þótt miða heldur hægt í sölu ríkiseigna hjá núverandi ríkisstjórn. Ég hef fullyrt og trúi því að ganga mætti miklu vaskara þar til verks en gert er. Mikil þörf er á því að gera það vegna þess að það sem á að verja peningunum til, að borga skuldir og byggja upp samgöngukerfi, þar er peningunum mjög vel varið. Það kemur þjóðinni mjög til góða strax á næstu árum. Það eflir atvinnulífið, það bætir atvinnulífið og ekki hvað síst hjálpar það okkar og er hvað brýnast fyrir í þeirri viðleitni okkar að gera allt til þess að byggja þetta land, og að byggja þetta land er verðmæti, gríðarleg verðmæti. Byggðin stendur víða mjög höllum fæti og það mundi og mun hjálpa gríðarlega til að styrkja byggðirnar að geta stigið enn þá stærri og meiri skref til að bæta samgöngurnar.

Þessi þáltill. um framkvæmdir í vegamálum og jarðgangamálum er því í sjálfu sér mikið fagnaðarefni og að menn setji enn meiri peninga inn í þessar áætlanir en ætlað var og það er hægt að gera þetta. Það er hægt að gera þetta með því að selja ríkiseignir. Án þess er þetta ekki hægt. Menn verða að muna að það verður að baka kökuna áður en við borðum hana. Þess vegna er brýnt að minna á það hér og nú að forsenda þess að við getum lagt miklu meiri fjármuni til þessara verkefna er sala ríkiseigna og ástæða er til þess að brýna ríkisstjórnina á því að láta ekki deigan síga í því, vera ekki eins og mér finnst hún vera, dálítið hikandi, því að engin ástæða er til að hika. Við eigum stór fyrirtæki sem eru

markaðsvara og kæmi sér mjög vel að selja og selja strax. Ef við látum dragast að selja ríkiseignirnar, erum við líka að láta dragast að byggja upp samgöngukerfið.

Það er mjög brýnt að byggja upp samgöngurnar, bæði í þéttbýlinu og í strjálbýlinu. Það skilar sér mjög fljótt. Þéttbýlið, Reykjavíkursvæðið, þarf mjög á því að halda að settir séu verulegir peningar til bættra samgangna þannig að ég deili ekki við nokkurn mann um það. Byggðirnar sem standa hvað höllustum fæti þurfa líka gríðarlega á því að halda að við bætum samgöngurnar þannig að ekki eru deilur um það að við séum að gera rétt, ég held að mikil samstaða sé um það að við séum að gera rétt, en við megum samt ekki gleyma því að það þarf að sækja þessa peninga og þeir verða ekki sóttir nema menn herði róðurinn í að selja þessi fyrirtæki.

Alltaf hefur verið viðkvæmt að skipta þessu fé eðli málsins samkvæmt vegna þess að þörfin er brýn og því eðlilegt að menn sæki það hart. Ég hef þó alltaf skilið það þannig að menn teldu rétt og skylt að reyna að leita að sem víðtækastri samstöðu um það hvernig þetta verður gert vegna þess að hagsmunirnir eru mjög mismunandi. Ég tel líka rétt og skylt að geta þess hér og dylja engan þess að ég hef orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum með það hvernig að þessu hefur verið staðið í þetta skipti, öllum framgangi málsins, og er mjög óánægður, svo mikil skammsýni, svo mikið óréttlæti sem mér finnst vera í þessu. Það eru byggðarlög á Íslandi sem hafa ekki samgöngur nema hluta af ári, kannski hálft árið. Það eru byggðarlögin sem standa hvað veikust. Ég er mjög ósáttur við það hvernig þessu fé er skipt. Þess ber þó að gæta að hér er um áætlun að ræða sem er ætlað að endurskoða á tveggja ára fresti og það er þá ekkert annað að gera en búa sig undir það að reyna að ná vopnum sínum að tveim árum liðnum ef það gæti orðið til þess að leiðrétta það hrikalega óréttlæti sem kemur fram í þessari áætlun.

[18:27]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mun ekki lengja umræðuna mjög mikið en ég vil nefna nokkur atriði vegna afgreiðslu þessarar vegáætlunar sem mér finnst mikilvæg.

Sérstök ástæða er til að fagna auknu fjármagni á síðari árum vegáætlunar, sérstaklega árin 2002–2004. Nauðsynlegt er að leggja upp með þær áætlanir núna þannig að hægt sé að flýta undirbúningi og undirbúa þær framkvæmdir. Áætlanir þurfa að liggja fyrir með nokkrum fyrirvara vegna undirbúnings útboða og umhverfismats.

Í þessari áætlun er brugðist við þeirri þörf sem er fyrir úrbætur á gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Hér er einnig brugðist við einstaka verkefnum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Hér er einnig gerð tillaga um 300 millj. kr. í tengivegi í jaðarbyggðum og sérstökum ferðamannaleiðum, þ.e. á Uxahryggjavegi og vegi að Dettifossi, sem er alveg gífurlega mikilvægt verkefni með hliðsjón af hagsmunum ferðaþjónustunnar.

Einnig eru orku- og iðjuvegir á Austurlandi felldir inn í áætlunina en það er bráðnauðsynlegt að undirbúa væntanlegar virkjunarframkvæmdir með vegagerð að virkjunarsvæðinu. Einnig er augljóst að endurnýja þarf veginn á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar en þar var á sínum tíma lagt slitlag nánast beint á gömlu moldarvegina.

Hæstv. forseti. Ég vil draga það fram að þegar þessu áætlunartímabili verður lokið eru aðeins eftir tveir stuttir kaflar á hringveginum þar sem ekki verður búið að ljúka við bundið slitlag en það er stuttur kafli á Möðrudalsöræfum og Almannaskarðið fyrir austan. Vonandi getum við fundið lausnir á því við endurskoðun eftir tvö ár.

Einnig er ljóst að leggja þarf aukið fé í tengingu Vopnafjarðar við hringveginn og flýta þeim verkefnum. Ljóst er að í vegáætluninni er viljayfirlýsing til þess verks og hún kemur skýrt fram í tillögunni með fjárveitingu á árinu 2004. Hins vegar er ljóst að mikil vinna er eftir við umhverfismat og val á vegstæði um Hofsárdal. Vegagerðin hefur þegar hafið þá vinnu af miklum krafti og reiknar með að þeim undirbúningi verði lokið vonandi á árinu 2003 og ekki seinna en á árinu 2004. Það er augljóst mál að tengja þarf Vopnafjörð við hringveginn og miklir hagsmunir eru tengdir því. Um þennan veg fara miklir fiskflutningar og hann er oftar en ekki t.d. á vorin sokkinn svo í drullu að ekki er fært um hann. Þetta er ekki ásættanlegt og verður að finna lausn á að ljúka þeim vegarkafla um leið og tæknilegum atriðum, þ.e. hönnun vegarins og umhverfismati, er lokið.

Ég vil leggja áherslu á að við þingmenn Austurlands höfum rætt þetta verkefni í okkar hóp og við Vegagerðina og það er alveg ljóst hver vilji okkar er og Vegagerðin mun vinna samkvæmt því.

Ég vil jafnframt fagna þeirri yfirlýsingu sem kom fram hjá hæstv. samgrh. um vegtengingar þéttbýlisstaða á Vestfjörðum og norðausturhorninu. Þetta var mikilvæg yfirlýsing um að við endurskoðun vegáætlunar eftir tvö ár verði fundin lausn á þeim verkefnum og vegarköflum sem þarna er um að ræða.

Hæstv. forseti. Það er mikið ánægjuefni að við afgreiðslu þessarar vegáætlunar erum við einnig að fella áætlun um jarðgöng inn í vegáætlun og er þá gamall draumur minn að rætast. Gert er ráð fyrir jarðgöngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Einnig er gert ráð fyrir rannsóknarfé til Vestfjarða og næstu Austurlandsganga. Þegar áformuðum framkvæmdum er lokið við þau jarðgöng sem við erum nú að taka ákvörðun um er mikilvægt að við verðum búin að rannsaka og vega og meta næstu kosti í þessum efnum. Í tillögunni eru nefnd göng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar og Vopnafjarðar og Héraðs og einnig Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Augljóst er að nokkuð margir kostir eru fyrir hendi, t.d. á Austurlandi eins og fram kemur í áætlun Vegagerðarinnar. Mikilvægt er að við skoðum samgöngukerfið í heild og við vegum og metum alla möguleika, sérstaklega með tilliti til stækkunar atvinnusvæða.

Ég vil í þessu sambandi draga fram sjónarmið sem komu fram í umsögnum frá Austurlandi um jarðgangaáætlun. Í umsögn samgn. Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi kemur fram, með leyfi forseta:

„Samgöngunefnd SSA fagnar tillögunni og m.a. sérstaklega því að hlutur Austurlands í fyrstu og næstu verkefnum er nú sýnilegri en áður og vilji stjórnvalda skýrari í þeim efnum."

Síðan er í umsögninni vísað til áætlunar Vegagerðarinnar og með vísan í jarðgangaáætlunina segir síðan, með leyfi forseta:

„Því telur samgöngunefnd SSA rétt að flýta byrjun framkvæmda við R/F göngin um eitt ár eða til 2001.

Sú flýting fellur vel að hugmyndum stjórnvalda um að nýta sem best „biðtíma" þann sem væntanlega myndast m.a. vegna breyttrar áherslu fjárfesta í álvers- og virkjunarmálum á Austurlandi."

Síðan segir enn fremur varðandi rannsóknarféð, með leyfi forseta:

„Samgöngunefnd SSA telur rétt að auka rannsóknarfé áranna 2002–2004 úr 50 milljónum hvert ár í 100 milljónir. Einnig komi til 50 milljónir á árinu 2001 til undirbúnings jarðganga á Austfjörðum og Vestfjörðum. Alls aukning til undirbúningsrannsókna 2001–2004 200 milljónir kr."

Enn fremur segir:

„Ef bættar vegsamgöngur með jarðgöngum eiga í reynd að gagnast landsbyggðinni í hinni hörðu baráttu við að styrkja byggð þarf framkvæmdahraði að vera mun meiri en fram kemur í tillögunni."

Síðan er hér reyndar vísað í sölu á ríkisfyrirtækjum og verðmætamat Landssímans.

Í umsögn bæjarráðs Seyðisfjarðar segir svo, með leyfi forseta:

„Bæjarráð Seyðisfjarðarkaupstaðar fagnar tillögunni og sérstaklega hlut Austurlands með ákvörðum um göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Einnig fagnar bæjarráðið því að í tillögunni er gert ráð fyrir rannsóknarfé til undirbúnings næstu Austurlandsganga. Bæjarráð krefst þess að jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar verði einnig tekin til rannsóknar sem mögulegur næsti kostur Austurlandsganga."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Bæjarráð Seyðisfjarðar vill minna á niðurstöður nefndar samgönguráðherra sem skilaði áliti sínu í skýrslu 1993."

Í þeirri nefnd áttu sæti margir valinkunnir menn. Síðan segir í umsögninni:

„*Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að fyrsti kostur varðandi jarðgangagerð á Austurlandi væri jarðgöng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar.* Í skýrslu nefndarinnar er verkefni í þessu þannig lýst: „Jarðgöng sem leysa vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar og geta þar með stuðlað að myndun allþétts byggðakjarna á Miðausturlandi með um 7000 íbúum." Þær aðstæður og markmið sem vísað er til í skýrslunni hafa ekki breyst."

Ég vildi að þessi sjónarmið kæmu fram því ekki tókst að ræða þetta mjög ítarlega í samgn. og þess vegna taldi ég ástæðu til að nefna þessar tvær umsagnir sem komu frá Austurlandi.

Hæstv. forseti. Sú niðurstaða sem við erum að ná í vegáætlun er ánægjuleg og ber vott um mikla framsýni. Fjármögnun þeirra viðbótarverkefna sem hér er verið að áætla tengjast sölu ríkisfyrirtækja. Hér er ekki verið að skattleggja umferðina til þess að auka framkvæmdir og það er mikilvægt.

Hæstv. forseti. Við getum verið stolt við afgreiðslu vegáætlunar 2000–2004.

[18:37]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Í örstuttu máli vil ég gera grein fyrir eftirfarandi viðhorfum mínum. Almennt er ég hlynntur því að bæta samgöngukerfi landsins og hef talað fyrir auknu fjármagni til vegagerðar. En allt á sinn tíma og fjáröflun þarf að vera á ásættanlegum forsendum. Enda þótt mest af þeim viðbótarmilljörðum, 9 talsins munu þeir vera frá upphaflegri áætlun, sem renna eiga til vega- og jarðgangabóta komi ekki til framkvæmda fyrr en eftir tvö ár, sumt og mikið af þessu fé eftir næstu alþingiskosningar sem er umhugsunarefni út af fyrir sig, þá finnst mér að taka þurfi mið af efnahagsástandinu hverju sinni.

Nú kann vel að vera að eftir tvö eða þrjú ár kunni annað að vera uppi á teningnum í þeim efnum en nú er, en ástandið eins og það er núna einkennist af mikilli þenslu og við höfum heyrt varnaðarorð Seðlabankans. Ráðleggingar Seðlabankans ganga út á tvennt: Að nú þurfi að grípa til aðhalds og hvatt er jafnvel til skattahækkana í því efni og í annan stað er hvatt til aðhalds í opinberum útgjöldum.

Hvað fyrra atriði snertir hefur Alþingi eða stjórnarmeirihlutinn öllu heldur verið að samþykkja á undanförnum dögum hvert skattalækkunarfrv. á fætur öðru, einkum til hagsbóta fyrir efnafólk. Skattalækkanir sem nema 2–3 milljörðum kr. á ári. Hvað snertir útgjaldahliðina, þá var þetta dæmi um hana.

Það var alveg rétt sem kom fram í máli hæstv. samgrh. þegar rætt er um þensluna og fjárfestingar að auðvitað á einkageirinn að bera og axla sína ábyrgð. Hann minntist á miklar fjárfestingar í verslunarhúsnæði á þéttbýlissvæðinu á suðvesturhorninu og það er alveg rétt, en stjórnvöld verða líka að axla ábyrgð vegna þess að ástandið er alvarlegt. Þegar litið er til síðustu 12 mánaða mælist verðbólgan 6% og virðist vera á uppleið.

Ég sagði að fjáröflun þyrfti að vera á réttum eða ásættanlegum forsendum. Það er hún að mínum dómi ekki að öllu leyti og er ég sammála því sem hefur oft komið fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar sem sæti á í samgn. fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Hv. þm. hefur gagnrýnt það að fjáröflun skuli að hluta til komin vegna sölu á ríkiseignum án þess að það sé skilgreint nánar hvað þar sé átt við og ég spyr: Er það Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem á að fjármagna samgöngukerfið eða hvað er það sem vakir fyrir ríkisstjórninni í þeim efnum? Þetta voru þau sjónarmið sem ég vildi að kæmu fram af minni hálfu við þessa umræðu.

[18:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að stytta mjög mál mitt með tilliti til aðstæðna undir lok þinghaldsins en einhvern tíma hefði maður látið eftir sér að hafa nokkur orð um tímamót af *því tagi að hér er verið að afgreiða endurskoðun vegáætlunar* og umtalsverðar nýjar ákvarðanir á ferð hvað varðar forgangsröðun til verkefna og fleira.

Ég fagna að sjálfsögðu því, eins og ég hef jafnan gert og mun gera, að verið sé að taka ákvarðanir um að verja auknum fjármunum til vegamála. Það hefur verið baráttumál mitt mjög lengi að reyna að hafa þær framkvæmdir sem mestar, enda verkefnin ærin og sér hvergi fyrir endann á. Enn er *sjálfsagt fram undan 15–25 ára verkefni hvað það varðar að* koma öllu þjóðvegakerfi landsins og helstu hliðarvegum í fullnægjandi horf og það er svo undarlegt að það eru alltaf þessi sömu 15–25 ár sem eru fram undan okkur í þeim efnum. Það er eins og bætist alltaf nýtt við hinn endann.

Ég held hins vegar að þó að við séum að tala um slíkt og gleðjumst yfir því og ég er ekkert að gera lítið úr því að verið er að ákveða talsverða raunaukningu fjár til vegamála, *þá skulum við líka hafa í huga að umferðin hefur aukist* gríðarlega og þörfin hefur aukist gríðarlega. Ef við lítum á þetta í hlutfallstölum erum við þrátt fyrir allt ekki að gera neitt óskaplega miklu betur og reyndar talsvert lakar hvað það snertir en við höfum gert stundum áður. Mikið vantar upp á að við náum þeim hlutföllum sem varið var til vegamála á árunum upp úr 1970 þegar allt upp í 2,28% af landsframleiðslu fóru í slíkar framkvæmdir. Ég held að það *sé allt í lagi að menn hafi það í huga að menn eru náttúrlega* að tala um breyttar aðstæður, menn eru að tala um miklu

meiri veltu í þjóðarbúskapnum og við erum að tala um miklu meiri umferð sem kallar aftur á aukin útgjöld.

Ef við lítum líka á raungildi upphæða má til gamans nefna og það kemur fram í skýrslu samgrh. sem dreift var hér fyrir skömmu að á árinu 1973 var varið tæpum 8,6 milljörðum kr. á verðlagi ársins 1999 til vegamála. Á árinu 1999, á því sama ári sem var til viðmiðunar, var varið 9,1 milljarði. Það er allur munurinn. Það er rúmum 500 millj. meira að raungildi þó að þjóðartekjurnar séu miklu hærri á Íslandi í dag en þær voru 1973.

Á árinu 2000 á samkvæmt brtt. að verja 9 milljörðum og 802 millj. kr. til vegaframkvæmda og það er eins og ég segi ekki nema rétt liðlega milljarði meira að raungildi en varið var til vegamála 1973 og verður sjálfsagt einhvers staðar undir 1,5% af þjóðarframleiðslunni. En þetta er samt sem áður gleðilegt út af fyrir sig svo langt sem það nær að við erum að ná þarna inn meiri fjármunum á næstu árum og ég held að menn eigi ekki að gera allt of mikið með það hvort þeir peningar koma í gegnum hina mörkuðu tekjustofna Vegagerðarinnar eða beint úr ríkissjóði af þeirri einföldu ástæðu að eins og þessir hlutir hafa þróast, þá renna í ríkissjóð geysilegar skatttekjur af umferð og bílainnflutningi. Heildarskatttekjur sem ríkið — Vegasjóður og ríkissjóður — hafa af umferðinni í landinu nálgast um 30 milljarða kr. Í því ljósi erum við ekki að gerast mjög stórtæk í þeim efnum. Þetta getur hæstv. samgrh. haft sér til málsbóta og raka þegar að honum er sótt vegna þess að hér sé gáleysislega verið að ráðstafa fjármunum til þessa málaflokks. Þeir menn sem þannig tala og skrifa þekkja ekki raunveruleikann. Þeir lifa í öðrum heimi en þeir sem samgöngumálin brenna á. Það er algerlega ljóst að ef þjóðin ætlar að lifa góðu lífi í landinu á komandi árum í nútímalegu hátæknisamfélagi verður hún að leggja mikla rækt við þennan málaflokk og ráðstafa í hann miklum fjármunum og það standa öll rök til þess að gera það.

Í öðru lagi fagna ég því einnig, herra forseti, að nú á að hefjast handa við jarðgangaframkvæmdir á nýjan leik. Ég verð reyndar að segja að ég græt mjög þau ár sem við höfum glatað í þeim efnum. Við verðum að horfast í augu við að því miður misstum við fram hjá okkur allmörg ár þar sem gat kom í þessar framkvæmdir. Ég er þá að tala um almennar jarðgangaframkvæmdir frá því að þeim lauk á Vestfjörðum eða frá því að greiðslu kostnaðar vegna þeirra framkvæmda lauk. Þó við tækjum frekar síðara ártalið, eins og tveimur árum eftir að framkvæmdunum sjálfum lauk, er komið þriggja til fimm ára gat eftir því við hvað er miðað. Þeim árum höfum við í raun tapað og við gætum verið lengra komin ef mönnum hefði tekist að verja þar samfelldar framkvæmdir. Þetta er að fara af stað á nýjan leik og ég fagna því mjög og kem aðeins betur að því síðar.

Ég hef, herra forseti, gagnrýnt einn þátt sérstaklega sem snýr að vinnubrögðum í þessu sambandi. Það snýr að því sem þarna er bætt við í almennum vegaframkvæmdum, hvernig með það mál var farið eða að því var búið. Ég segi sem svo: Jarðgangaframkvæmdirnar voru og eru séráætlun og það lá alltaf fyrir að þannig yrði á því tekið. Það hefur legið í loftinu að eitthvað yrði farið í viðbótarframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, undan því yrði ekki vikist. Ég er því sammála. Mér hefur lengi verið ljóst að hér bíða gríðarleg verkefni og hef stundum bent á það á undanförnum árum að sú holskefla mundi fyrr eða síðar skella yfir okkur með milljarðaframkvæmdum og gæti að sama skapi orðið þrengra um fyrir framkvæmdir annars staðar í landinu. Mikill bakki er fram undan með margra milljarða og milljarðatuga verkefnum þar sem Sundabraut er stærst og aðrar mjög dýrar lausnir, mislæg gatnamót o.fl. Það er ljóst að ekki verður undan því vikist að fara þarna í framkvæmdir.

Ég hef ekki gagnrýnt að bætt sé við fé til almennra vegaframkvæmda heldur hvernig því var skipt í brtt. samgn. og þar hafi ekki allir setið við sama borð. Ég stend við þá gagnrýni og vísa til þess sem ég hef áður sagt í þeim efnum.

Herra forseti. Ég fagna að sjálfsögðu einnig þeim almennu framkvæmdum sem þarna á að greiða götu fyrir eins og þverun Kolgrafarfjarðar og framkvæmdum við stóriðjuverkefni á Vestfjörðum, þó meira hefði verið. Ég sakna þess hins vegar og hlýt að láta það koma fram að önnur sambærileg stóriðjuverkefni, sem mun taka ár ef ekki áratugi að ljúka og eru um flest hliðstæð eins og framkvæmdir á norðausturhorni landsins eða ákveðnir kaflar annars staðar, Norðurárdalur í Skagafirði eða vissir bútar í vegakerfinu á Austfjörðum, skuli þá ekki einnig fá einhverja úrlausn. Það finnst mér ekki sanngjörn skipting á þessu viðbótarfé vegna þess að í mínum huga er um sambærilegan vanda að ræða á þessum stöðum. Hver er t.d. munurinn á milli stóriðjuverkefnanna á Vestfjörðum, sem fá þó 200 millj. og það er þakkarvert, og verkefna á norðausturhorni landsins? Hver er hann eiginlega? Framkvæmdirnar á norðausturhorninu eru slíkt forgangsverkefni af hálfu okkar þingmanna Norðurl. e. að við höfum sett hverja einustu krónu af öllu viðbótarfé inn í kjördæmið í það eina verkefni og neitað okkur um það að láta nokkuð renna til annarra framkvæmda. Með því höfum við reynt að undirstrika mikilvægi verkefnisins og forgang en samt er sjálfsagt í besta falli a.m.k. áratugur þangað til við getum séð til lands með að koma leiðinni frá Húsavík til Vopnafjarðar í sæmilegt horf. Þetta er slíkt risaverkefni. Mér hefði fundist að það hefði þurft að fá þarna úrlausn í leiðinni.

Ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu sem hæstv. samgrh. gaf sérstaklega í tengslum við þetta mál þar sem ráðherra nefndi tvö svæði eða verkefni sérstaklega. Það væri tenging þéttbýlisstaðanna á norðausturhorni landsins og á Vestfjörðum sem enn búa við langa kafla af malarvegum sem tengjast þjóðvegakerfinu. Það eru auðvitað eins og mál hafa þróast, þar á meðal sjósamgöngur, algerlega óviðunandi samgöngur. Ég kýs að orða það þannig, herra forseti, að verkefnið sé að koma þessum héruðum landsins í vegasamband á nýjan leik. Þar eru sambærilegar aðstæður og meðan þarna lágu kerruslóðir milli staða. Það að ætla að búa við malarvegi með aurbleytu og þungatakmörkunum fyrir byggðarlög sem orðin eru algerlega háð samgöngum á landi með alla sína flutninga, afsetningu allrar framleiðslu sinnar og alla flutninga inn á svæðið, er bara ekki vegasamband í nútímalegum skilningi þess orðs.

Það væri fróðlegt fyrir menn að kynna sér þá miklu erfiðleika sem þetta skapar einstökum fyrirtækjum og hægt er að leggja dæmin á borðin um, sem eru t.d. að reyna að framleiða fersk matvæli til útflutnings með flugi á þessu svæði. Þau búa við þungatakmarkanir í nokkrar vikur, alveg upp í mánuð, á hverju vori og búa t.d. við að það kostar stopp á báðum leiðum þegar komið er inn á slitlagið að þvo bílana því að ekki vilja menn koma með hágæðamatvörur í grútskítugum flutningabílum út á flugvöll eða á markað o.s.frv. Þetta tefur, kostar mikla fjármuni og skapar mikið óhagræði svo ekki sé minnst á ferðaþjónustuaðila og almenning sem þarna geldur fyrir með lökum samgöngum.

Ég fagna hins vegar enn á ný, herra forseti, yfirlýsingu hæstv. ráðherra um að þetta verði sérstaklega skoðað nú milli tímabila og komi inn við næstu endurskoðun vegáætlunar veturinn 2001–2002, ef ég hef tekið rétt eftir, með það að markmiði að hraða þessum framkvæmdum. Við getum þá gert áætlanir og unnið í því ljósi að þarna muni eitthvað rætast úr.

Ég fagna að sjálfsögðu fjármunum til vegamála á Austurlandi, þessum milljarði þó að hann sé dálítið sérkennilega merktur. Ég hafði ekki áttað mig á því eftir öll þessi ár að til væru sérstakir vegir sem kölluðust orku- og iðjuvegir. Ég hef aldrei ekið slíka vegi, ég verð bara að játa fáfræði mína, herra forseti. Það væri gaman að fá lýsingu á hvernig þessir vegir eru. Er gult á þeim malbikið eða hvað er svona sérstakt við þá að þeir heita þessu nafni? En þetta eru þó vegaframkvæmdir á þessu svæði og koma þeim til góða þó ég hafi efasemdir um að merkja þetta svona og að þetta sé endilega heppilegasta forgangsröðin. Auðvitað má taka það til skoðunar í framhaldinu en þarna koma fjármunir til framkvæmda sem örugglega koma sér vel. Ekki veitir Austfirðingum af, sem hafa verið grátt leiknir gegnum gylliáform um stóriðju og aðrar miklar framkvæmdir í þeirra fjórðungi sem ekkert hefur orðið af. Við vitum vel að þar er þungt fyrir fæti vegna þess að ýmsir höfðu bundið miklar vonir við þetta sem ganga nú ekki eftir.

Varðandi jarðgöngin, herra forseti, þá get ég eiginlega ekki farið úr ræðustólnum nema segja um þau setningu. Þau hafa lengi verið mér hugleikin, ég fagna því mjög að þessar framkvæmdir fara nú af stað og bæði verkefnin eru mjög brýn. Það hefur lengi blasað við að þessi stuttu göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar væru mjög hagkvæm en það á við um fleiri staði á Austurlandi. Ég tel mjög brýnt að hraða einnig undirbúningi framkvæmda sem tengja Norðfjörð með betri göngum og allt miðsvæðið á Austurlandi og ekki síst Vopnafjörð við Hérað. Fyrr lýkur ekki uppbyggingu strandleiðarinnar, norðausturleiðarinnar úr Ljósavatnsskarði, en hún er komin gegnum jarðgöng undir Hellisheiði yfir á Hérað. Þá er sú stóra tenging byggðanna á öllu norðausturhorni landsins loksins orðin eins og hún á að vera í framtíðinni og enginn efi í mínum huga um að við eigum að stefna að því.

Tenging Siglufjarðar er sömuleiðis ákaflega brýn. Menn geta kannski deilt um útfærslu þar en það er engin spurning að það er gífurlegt hagsmunamál fyrir Eyjafjarðarsvæðið og auðvitað fyrst og síðast Siglufjörð, að fá betri tengingu inn á Eyjafjarðarsvæðið, að allt svæðið tengist saman. Ég sé í framtíðinni fyrir mér sams konar byggðatengingu úr Eyjafjarðarbotni frá Akureyri út með Eyjafirði að vestanverðu um Siglufjörð eða Fljót og áfram um Skagafjörð og „Þverárhlíðarfjallsdalsheiðarveg“, eða hvað það nú heitir, yfir á Blönduós. Þá er þar kominn stór baugur til norðurs sem tengir alla stóru staðina á Miðnorðurlandi inn í botn Eyjafjarðar. Það er sams konar framtíðarsýn og ég tel að við eigum í sambandi við norðausturhornið, miðsvæði Austfjarða, Vestfirðina og fleiri staði.

[18:55]

Frsm. samgn. (Árni Johnsen):

Herra forseti. Það er risavaxið verkefni að leggja vegi á Íslandi, ekki síst með tilliti til fámennis. Því er ekki að undra þótt hv. þm. leggi til hugmyndir úr öllum áttum fyrir framtíðina. Fyrir hönd samgn. þakka ég jákvæða umræðu og framtíðarsýnir sem flugu hér um sali. Það er sýnt að sumarið er komið og jafnvel hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gladdist af öllu hjarta yfir því lítilræði sem þessi vegáætlun er, sem hér er lögð til, bæði með hefðbundnum framlögum og viðbótarframlögum. Það er vel. Það er líka nýtt að hv. þm. gleðjist svo innilega sem raun ber vitni hér í ræðustól. Það ber kannski vott um að menn stefni að sama marki. Markmiðið með þessari vegáætlun er að ná árangri. Vonandi horfum við öll björtum augum fram á veginn.

[18:56]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Meira mundum við nú gleðjast ef búið væri að útvega það fé sem hér er verið að ráðstafa.

[18:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls og endurtaka þakkir til hv. samgn. sem hefur staðið vel að verki.

Það skiptir auðvitað miklu máli að bærileg sátt sé um framkvæmdaáform í vegamálum, ekki síst þegar verða svo mikil kaflaskil eins og nú með þessari áætlun þegar jarðgangaáætlunin er komin til afgreiðslu og orðinn hluti af vegáætlun. Það eru vissulega tímamót.

Auðvitað hlýt ég að segja, vegna umræðu um skiptingu, að allt orkar tvímælis þá gert er. Til þess eru þessar áætlanir og ákvæðin um endurskoðun þeirra að færi gefist til að gera breytingar, koma að mikilvægum verkefnum og taka það sem næst er í röðinni. Það er alveg ljóst að við höfum lagt tilteknar áherslur. Það voru framkvæmdir við jarðgöng á Vestfjörðum. Ýmsir höfðu á orði að eðlilegt væri að næst yrði borað á Austurlandi. Aðrir segja að fara megi í aðrar áttir o.s.frv. En þessi fámenna þjóð hefur náð feiknarlega mikilvægum áföngum engu að síður. Við höfum tekið þetta í þeirri röð sem hér hefur orðið samkomulag um á Alþingi og það skiptir auðvitað miklu máli. Verkefnið liggur fyrir og það er alveg ljóst. Áfram verður haldið og ég vona að það náist eins góð sátt árið 2002 þegar endurskoðun fer næst fram.

Aðeins að lokum, herra forseti. Auðvitað verðum við að gæta að því — það vil ég segja í tilefni þess sem hér hefur komið fram — að ríkisútgjöld verði ekki meiri en efnahagslífið þolir og framkvæmdir og útgjöld verði ekki meiri en svo að allt haldist í jafnvægi. Það er auðvitað deginum ljósara að við verðum að gæta að okkur. Það hafa verið gerðir kjarasamningar og við þurfum að halda stöðugleikanum. Þau framkvæmdaáform sem hér eru í gangi fyrir þetta og næsta ár eru að okkar mati fullkomlega innan þeirra marka sem við gerum ráð fyrir til að stöðugleikinn haldist og forsendur kjarasamninga byggja á.

Ég tek þetta fram og tek undir það sem fram kom, m.a. hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Auðvitað þurfum við að gæta þess að ekkert fari úr skorðum. En framkvæmdaáætlanir eins og jarðgangaáætlun og vegáætlun verða að taka mið af fjárlagagerð hverju sinni. Þetta er því eilíft viðfangsefni, að þarna haldist í hendur mikilvæg framkvæmdaáform og geta efnahagslífsins til að standa undir þeim útgjöldum sem við leggjum til. Þetta þurfum við að hafa í huga og muna.

Með þeim orðum þakka ég enn og aftur fyrir ágætar umræður, málefnalegar umfram allt, og stórmerkilega veg- og jarðgangaáætlun sem hér liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:02]

Vegáætlun fyrir árin 2000–2004, frh. síðari umr.

Stjtill., 296. mál. — Þskj. 509, nál. 1373, brtt. 1374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:02]
Inngangsgreinin samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, VE, ÖJ.
28 þm. (ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [20:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum styðja þessa vegáætlun af því að í henni eru fólgnar mikilvægar framkvæmdir víða um land, almennar vegaframkvæmdir, nýframkvæmdir á sviði jarðgangagerðar, mikilvægar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og fleira mætti nefna. Við höfum hins vegar lýst ákveðnum fyrirvörum við málið og ég vil ítreka þá hér. Þeir lúta í fyrsta lagi að þeirri tengingu við mögulega sölu ríkiseigna sem koma fram í forsendum tillögunnar. Við áskiljum okkur allan rétt í því sambandi og erum ekki að skrifa upp á slíkan óútfylltan tékka gagnvart einkavæðingu.

Í öðru lagi höfum við gagnrýnt ákveðin vinnubrögð í sambandi við meðferð málsins á lokaspretti þar sem þingmannahópar kjördæmanna komu ekki með venjubundnum hætti að skiptingu fjár til almennra vegaframkvæmda og einnig höfum við fyrirvara á um þá skiptingu sem slíka, herra forseti.

Brtt. 1374,1 (ný I. liður) samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 1374,2 (ný II. liður) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1374,3 (viðbót við nýjan II. lið) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 1374,4 samþ. með 37 shlj. atkv.
III. liður, svo breyttur, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.
26 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1409).

Jarðgangaáætlun 2000–2004, frh. síðari umr.

Stjtill., 571. mál. — Þskj. 873, nál. 1375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:05]
Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.
26 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EOK, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1410).

Lífsýnasöfn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 534. mál. — Þskj. 1398.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:06]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.
25 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [20:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð studdi allar greinar frv. og þær brtt. sem lagðar voru fram. Við styðjum því frv. í heild með þeim fyrirvörum sem fram komu í máli mínu við 2. umr. og varða aðallega 7. gr.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1411).

Sjúklingatrygging, frh. 3. umr.

Stjfrv., 535. mál. — Þskj. 1400, brtt. 1401.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:07]
Brtt. 1401 samþ. með 38 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IP, JÁ, JB, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

27 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, LMR, LB, MF, ÓÖH, RG, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1412).

Lyfjalög og almannatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 401. mál (Lyfjamálastofnun o.fl.). — Þskj. 1399.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:08]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

25 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1413).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 648. mál. — Þskj. 1383.

[20:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég fylgi úr hlaði till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 11. maí 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 30. júní 2000."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:09]

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HBl, IP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

25 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EMS, GE, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, LMR, LB, MF, ÓÖH, SP, SvanJ, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1414).

[Fundarhlé. — 20:09]

[21:01]

Útbýting þingskjala:

Leit, rannsóknir og vinnsla kolvetnis, 653. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1402.

Skattfrelsi forseta Íslands, 652. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1407; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1408.

Út af dagskrá voru tekin 13.–16. mál.

Fundi slitið kl. 21:01.

119. FUNDUR

laugardaginn 13. maí,
að loknum 118. fundi.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, stjfrv., 502. mál, þskj. 1379. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Mat á umhverfisáhrifum, stjfrv., 386. mál, þskj. 1380, brtt. 1299,4. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Samkeppnislög, stjfrv., 488. mál, þskj. 1406. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Skattfrelsi forseta Íslands, frv., 652. mál, þskj. 1388, nál. 1407 og 1408. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurn.

[21:02]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég hef áður gert athugasemd við það undir umræðu um störf þingsins að ég hafi ekki fengið viðhlítandi svör við skriflegum fyrirspurnum sem ég beindi til hæstv. fjmrh. um launaþróun innan heilbrigðisþjónustunnar. Mér finnst mikilvægt að réttur alþingismanna til að fá fullnægjandi svör við spurningum sem fram eru bornar sé virtur og óska eftir viðbrögðum við þessari ítrekun á erindi mínu.

[21:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og kunnugt er er það algengt á hinu háa Alþingi að þingmenn beri fram fyrirspurnir sem krefjast ítarlegra svara sem oft er erfitt að veita innan þess frests sem þingsköpin áskilja. T.d. var í dag útbýtt tveimur slíkum svörum þar sem sérstaklega er tekið fram að ekki verði gengið lengra í að vinna svörin innan tilskilins frests en þar kemur fram. Þetta átti við um það svar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur gert að umtalsefni bæði á þessum fundi en reyndar einnig fyrr í vor þegar ég hafði ekki aðstöðu til þess að vera til andsvara.

Að gefnu þessu tilefni vil ég taka fram að enda þótt sumar af spurningum hv. þm. í hinni skriflegu fyrirspurn hafi verið óskýrar að okkar dómi og enda þótt launavinnsla í heilbrigðisstofnunum landsins sé ekki miðlæg, eins og kunnugt er, og þar af leiðandi mjög erfitt um vik að draga saman í einn stað allar þær upplýsingar sem ég geri ráð fyrir að fyrirspyrjandi hafi viljað fá fram, þá mun af minni hálfu í fjmrn. verða reynt í sumar að setja sérstakan starfskraft í að að vinna að

þáttum sem lúta að þessu máli, m.a. að því að fá nákvæmlega fram samsetningu starfsmanna á þessum stofnunum og þær breytingar sem hafa orðið innan heildarinnar. Jafnframt þær breytingar sem hafa orðið á vinnumagninu en þær geta verið með ýmsum hætti. Í sumum tilfellum er t.d. um það að ræða að ákveðnir hópar manna hafi helgað sig störfum á stofnunum og t.d. hætt að vinna sjálfstætt úti í bæ. Einnig munum við reyna að skoða launaþróunina innan einstakra hópa og hjá hverjum hópi fyrir sig.

Því vænti ég þess að við í ráðuneytinu verðum komin með mun betri upplýsingar um þessi mál í haust sem munu vonandi greiða fyrir þeim kjarasamningum sem fara þá í hönd m.a. við samtök hv. þm. Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB, og félögin innan hans samtaka en einnig önnur samtök opinberra starfsmanna. Auðvitað er það rétt hjá honum að það er mjög mikilvægt að upplýsingar um þessi efni liggi fyrir þegar menn ganga til slíkra viðræðna.

Herra forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram af minni hálfu.

[21:05]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Að mínum dómi voru þær spurningar sem ég setti fram skýrar, auðskiljanlegar og vel skilgreindar og ætti að vera auðsvarað. En eins og ég hef áður gert grein fyrir úr ræðustól var áþekkum spurningum svarað árið 1994 og væri hægt að fara yfir tæknilegar hliðar þess máls en ekki rétti tíminn til þess nú.

Mér finnst gott til þess að vita að hæstv. fjmrh. ætlar að verða við beiðni minni með þeim hætti sem hann hefur hér skýrt frá. Ég þakka svörin.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:06]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. allra dagskrármála. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Skattfrelsi forseta Íslands, 2. umr.

Frv. PHB o.fl., 652. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1388, nál. 1407 og 1408.

[21:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands.

Nefndin fjallaði um þetta mál og fékk á fund sinn fulltrúa nokkurra aðila sem getið er um í nefndarálitinu. Nefndin gerir tvær tillögur til breytinga á frv. sem koma fram í nál.

1. Við I. kafla bætist ný grein sem verði 2. gr., svohljóðandi:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Forsætisráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög þessi og önnur lög sem kunna að hafa áhrif á kjör forseta Íslands. Meðal annars skal nefndin fjalla um hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi á ákvörðun launa forseta Íslands þannig að annar aðili en Kjaradómur úrskurði um þau. Störf nefndarinnar skulu miðast við að nýtt fyrirkomulag geti eftir því sem við á tekið gildi eigi síðar en að loknu kjörtímabilinu 2000–2004, þ.e. 1. ágúst 2004.

Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú að menn vilja undirstrika sérstöðu launaákvæðanna fyrir forseta Íslands og að kjör hans skuli ekki vera viðmiðun fyrir aðra.

Þá er í annan stað tillaga frá meiri hlutanum um að ný grein bætist við II. kafla laganna sem fjallar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og það komi inn nýr 6. tölul. 28. gr. sem fjallar um almennt séð hvað ekki skuli talið til skattskyldra tekna hjá einstaklingum og að inn í þann lið komi:

Hlunnindi forseta Íslands vegna embættisbústaðar og rekstrar hans, risnu og bifreiða eða önnur hlunnindi sem embættinu fylgja.

Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú að hlunnindi þessi eru vandmetin í eðli sínu og eru í raun embættiskvöð en nýtast mjög takmarkað þeim sem gegnir embætti forseta Íslands persónulega.

Þetta eru tvær tillögur til breytinga á frv. sem meiri hluti nefndarinnar gerir.

Að öðru leyti er rétt að vekja athygli á því sem kemur fram í nál.

Nefndin tók til sérstakrar skoðunar hvaða áhrif sú ákvörðun að afnema skattfrelsi forseta Íslands hefði á störf Kjaradóms. Kom fram í máli Garðars Garðarssonar, formanns Kjaradóms, að við ákvörðun launa alþingismanna og ráðherra hefði verið horft til sambærilegra starfa á almennum vinnumarkaði og laun þeirra ákvörðuð út frá því.

Síðan hefði ákveðin hefð verið í dómnum fyrir því að laun forseta Íslands væru hærri en laun forsrh. þrátt fyrir að laun forseta Íslands nytu þessara sérstöku skattalegu kjara.

Formaður Kjaradóms taldi enn fremur að í kjölfar samþykktar frumvarpsins mundi Kjaradómur koma saman og úrskurða hækkun launa forseta Íslands með hliðsjón af breyttum forsendum.

Formaður Kjaradóms telur einsýnt að þrýstingur muni koma á dóminn af hálfu þeirra annarra sem hann úrskurðar laun fyrir, sérstaklega vísaði hann í embættismenn og enn fremur mundi koma fram þrýstingur hjá þeim sem kjaranefnd úrskurðar laun fyrir.

Hins vegar kom skýrt fram hjá formanni Kjaradóms að ekki væri tilefni til að úrskurða um hækkanir til annarra þrátt frir nýjan úrskurð um laun forseta Íslands. Meiri hlutinn tekur undir þetta mat í nefndarálitinu. Það liggur alveg klárt fyrir frá hendi meiri hlutans að hann styður álit formanns Kjaradóms að þessu leyti að nýr úrskurður um laun forseta Íslands hafi ekki í för með sér neitt tilefni til nýrra úrskurða fyrir aðra hvort heldur þeir heyra undir Kjaradóm eða kjaranefnd.

Þá kom einnig fram hjá formanni Kjaradóms að hann teldi ástæðu til að dómurinn fengi betri leiðbeiningar um það hvernig bæri að skilja þessi lög ef frv. yrði samþykkt. Þá vísaði hann bæði í frv. sjálft, í greinargerðina og síðast en ekki síst þau misvísandi ummæli sem komu fram við 1. umr. málsins.

Í umræðum í nefndinni kom fram, menn vildu taka fram, að Alþingi getur ekki gefið Kjaradómi fyrir fram ákveðna forskrift um það hvernig hann eigi að úrskurða um laun forseta Íslands. Ástæðan er sú að Kjaradómur er gerðardómur og ekki gengur upp að raska stöðu Kjaradóms sem gerðardóms með því að hann sé bundinn fyrir fram af Alþingi. Hins

vegar telur meiri hlutinn rétt að einhverjar hugmyndir séu gefnar um það hvaða viðmiðanir meiri hlutinn telur eðlilegar fyrir Kjaradóm að vinna eftir í þessu skyni.

Í fyrsta lagi telur meiri hlutinn að til viðmiðunar fyrir nýjan úrskurð sé eðlilegt að miða við þrönga skilgreiningu á skattfrelsi forseta þannig að ekki sé þörf á að bæta rýrnun kjara vegna skattfrelsis fjármagnstekna eða annarra tekna en þeirra sem koma beint frá embættinu þótt eðlilegt sé að rýrnun kjara vegna tekjuskatts og útsvars á embættislaun sé bætt. Þetta þýðir t.d. að meiri hlutinn telur ekki eðlilegt að tekið sé inn í úrskurð um laun forseta Íslands þótt sá einstaklingur sem gegnir því embætti hefði tekjur af öðrum póstum, svo sem fyrirlestrahaldi, tekjur af bókaútgáfu eða einhverju öðru sem er algerlega óskylt forsetaembættinu svo fjármagnstekjurnar séu líka teknar þarna inn þannig að að þessu leyti sé viðmiðunin skilgreind tiltölulega þröngt.

Í öðru lagi og í ljósi umræðna sem urðu við 1. umr. telur meiri hlutinn að ekki sé sjálfgefið að bætt sé kjararýrnun vegna skattfrelsis af öllum óbeinum sköttum og vísar sérstaklega í virðisaukaskatt í því tilefni enda er virðisaukaskattur almennur skattur á neyslu. Þetta er atriði sem meiri hlutinn vill að Kjaradómur skoði sérstaklega. Meiri hlutinn getur ekki gefið Kjaradómi beinar forskriftir um þetta að sjálfsögðu frekar en annað en meiri hlutinn telur þetta hins vegar ekki sjálfgefið.

Meiri hlutinn telur að það séu meiri rök til að bæta kjararýrnun vegna annarra óbeinna skatta og getur þess vegna vísað á einhver dæmi þar sem menn telja að það gæti verið sanngjarnt að tekið sé tillit til þess. Ástæðan er sú að meiri hlutinn telur að þessu frv. sé ekki ætlað að raska í sjálfu sér kjörum forseta Íslands eða að ýra kjör hans. Hins vegar sé eitthvert eðlilegt samhengi í því hvernig hin nýju kjör eru ákveðin og núverandi kjör eru.

Í þriðja lagi telur meiri hlutinn að Kjaradómur hljóti að skoða rækilega alla aðra þætti í kjörum forseta Íslands og hvernig þeir raskast með samþykkt þessa frv. og meta að hve miklu leyti sanngjarnt og eðlilegt er að taka tillit til þess í nýjum úrskurði.

Virðulegi forseti. Með þeim brtt. sem ég hef rakið og með þessum útskýringum sem koma fram í nál. frá meiri hlutanum leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt. Í meiri hlutanum eru auk mín Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Gunnar Birgisson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Ögmundur Jónasson sem hefur fyrirvara sem hann mun væntanlega gera grein fyrir.

[21:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hlutans en hann skipar ásamt mér hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir.

Þetta þingmál hefur borið að með allsérstæðum hætti eins og þingmenn vita og fengið ákveðna flýtimeðferð eins og um mjög brýnt stjfrv. væri að ræða og er það allsérstakt að svo skuli vera á lokadegi þingsins. Ég held að það sé allsérstakt að þingmannamál, sem er ekki samstaða um, sé tekið í gegnum þrjár umræður og meðferð í nefnd á lokadegi þingsins.

Þrennt liggur alveg ljóst fyrir í þessu máli að því er varðar afstöðu þingmanna Samfylkingarinnar. Þingmenn Samfylkingarinnar eru því hlynntir að unnið sé að því að afnema skattfrelsi forseta Íslands og maka hans enda er það alveg ljóst og vitað að þingmenn Samfylkingarinnar hafa bæði flutt og stutt slík frumvörp. En við höfum lýst vanþóknun okkar á því hvernig að þessu frv. hefur verið staðið vegna þess að öll vinnubrögð og meðferð málsins hefur einkennst af virðingarleysi við forsetaembættið og við í minni hlutanum teljum að það beri að harma að samskipti þjóðkjörins þjóðhöfðingja okkar og Alþingis skuli dregið niður á það plan sem hefur verið gert hér.

Í þriðja lagi höfum við í Samfylkingunni haft verulegar áhyggjur af því hver áhrifin mundu verða á vinnumarkaðinn og Kjaradóm, hvaða áhrif það hefði á úrskurð Kjaradóms gagnvart þeim hópum sem Kjaradómur ákvarðar laun fyrir og reyndar einnig kjaranefnd, ef farin yrði sú leið að afnema skattfrelsi forseta Íslands án þess að málið yrði rækilega skoðað og kannað og raunar miklu betur en hér hefur gefist tími til.

Í meðförum nefndarinnar er alveg ljóst að miðað við þann tíma sem gafst til að fara yfir málið er mikil óvissa að okkar mati um áhrifin af þessu frv. og alveg ljóst að þingið hefði átt að gefa sér meiri tíma en hér var til ráðstöfunar til að fjalla um þetta mál enda fannst mér það standa upp úr í málflutningi formanns Kjaradóms, sem kom á fund nefndarinnar, að hann lagði ríka áherslu á að vandað yrði vel til vinnubragða í þessu efni þegar verið væri að gera slíkar breytingar. En það er alveg ljóst að þeir sem standa að þessu frv. með dyggum atbeina og stuðningi ríkisstjórnarinnar ætla sér greinilega að keyra þetta mál fram af offorsi í þinginu. Það vekur vissulega spurningar af hverju frv. er ekki fyrr fram komið og hví það birtist þá fyrst í þinginu er ljóst mátti vera að núverandi forseti mundi á næsta kjörtímabili gegna embættinu áfram.

Ég held að þetta frv. sé að mörgu leyti vanbúið til efnislegrar ákvörðunar. Málið hefur skýrst nokkuð í meðförum nefndarinnar. Í máli formanns efh.- og viðskn. kom fram að formaður Kjaradóms hefði látið þau orð falla að það hefðu komið fram mjög misvísandi sjónarmið fram í umræðunni hvað við ætti að taka ef skattfrelsi forsetans yrði afnumið. Ég held að það hafi verið alveg ljóst og átt við rök að styðjast vegna þess að ekki einu sinni flm. frv. voru sammála um hvað við ætti að taka ef skattfrelsið yrði afnumið og komu fram þar misvísandi sjónarmið.

Hitt er annað mál að ég hygg að formaður Kjaradóms hafi ekki verið að kalla eftir eins nákvæmri forskrift í þessu efni og meiri hlutinn gefur í nál. sínu og nokkuð sérstakt að meiri hlutinn telji að Alþingi geti ekki gefið Kjaradómi nákvæma forskrift af niðurstöðu þar sem stöðu hans sem gerðardóms verði raskað. Ég held einmitt að forskriftin sé það nákvæm að það liggi við að stöðu hans sem gerðardóms verði raskað. En auðvitað er það málefni meiri hlutans hvernig hann stendur að áliti sínu. Það hefur sem sagt ríkt mikil óvissa um það hvaða áhrif þessar breytingar kunni að hafa á kjör til forsetaembættisins, þar með talin lífeyrisréttindi. Forsrn. hefur einnig í skriflegri umsögn greint frá því að ekki sé ljóst hvaða breytingar þurfi að gera á fjárveitingu til embættis forseta Íslands verði frv. samþykkt.

Það sem skiptir líka verulegu máli er að enginn treystir sér til að meta til fulls þau áhrif sem þessar breytingar geta haft á laun þeirra sem Kjaradómur eða kjaranefnd tekur ákvörðun fyrir. Það er alveg ljóst að nú þegar er komið fram að fulltrúar launafólks hafa verulegar áhyggjur af afgreiðslu þessa máls á þingi og þeirri skyndiafgreiðslu sem stefnir í og framkvæmdastjóri ASÍ spáði því að þessar breytingar mundu koma sem högg á launakerfið. Í huga hans var ekki vafi að þetta gæti haft áhrif í þá veru að Kjaradómur gæti breytt

launaákvörðunum til verulegrar hækkunar fyrir þá sem hann ákveður laun fyrir.

Eins hefur þing Landssambands iðnverkafólks, sem er haldið á þessum dögum, sent frá sér ályktun þar sem hugmyndum er harðlega mótmælt um að afnema skattfríðindi forseta og telur þingið í ályktun sinni að þær aðgerðir muni hafa í för með sér stórfellda hækkun launa æðstu embættismanna og auka þannig stórlega launabilið í landinu enda virðist það eini tilgangurinn með breytingunni eins og sagði í þeirri ályktun.

Formaður Kjaradóms lagði mikla áherslu á að sú breyting sem við erum að fjalla um mundi skapa mikinn þrýsting á Kjaradóm og kjaranefnd varðandi hækkun launa embættismanna. Hann upplýsti að laun forseta Íslands sem Kjaradómur ákveður efst í pýramída sínum sem eru rúmar 600 þús. kr. hefðu virkað sem ákveðið lok á það að ekki væri hægt að færa launin hærra upp og hefði leitt til þess að ýmsar hlunnindagreiðslur og sporslur hefðu viðgengist í embættismannakerfinu. Þegar búið væri að lyfta upp þessu loki og hugsanlega hækka laun forseta Íslands þá vildi formaður Kjaradóms meina að það mundi skapast aukinn þrýstingur á það nú frá því sem þegar væri að færa upp laun embættismanna sem Kjaradómur ákveður laun fyrir. Þess vegna taldi hann mjög brýnt að vanda til þeirra breytinga sem gerðar væru og sú skoðun hans kom fram að réttast væri að lögin um laun forseta Íslands yrðu endurskoðuð. Lagði hann á það áherslu og það kom m.a. fram að í lögunum yrðu laun og önnur kjör ákvörðuð með þeim hætti að þau yrðu tekin undan Kjaradómi og sett sérstök lög eða endurskoðuð lögin um laun forseta og ákvörðun um það efni flutt til Alþingis.

Við í minni hlutanum tökum undir þessi sjónarmið. Með því móti væri sérstaða forsetaembættisins undirstrikuð og samanburður á launum forseta við laun ráðherra og æðstu embættismanna úr sögunni en Kjaradómi ber að gæta innbyrðis samræmis í ákvörðunum sínum sem gæti leitt til þess að aðrir sem taka laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms hækki verulega. En með því að hafa þá skipan á sem formaður Kjaradóms mælir með yrði ekki um að ræða þá forskrift sem Kjaradómur hefur að vinna eftir samkvæmt lögum frá þinginu þar sem honum ber, Kjaradómi, að gæta ákveðins samræmis í ákvörðunum sínum. Þess vegna teljum við í minni hlutanum að það hefði átt að skoða það rækilega að reyna að ná samstöðu um þá leið sem Kjaradómur mælir í raun með. Mér finnst meiri hluti nefndarinnar taka með hangandi hendi undir þá leið sem formaður Kjaradóms mælir með vegna þess að í þeirri brtt. sem meiri hlutinn leggur fram sem ákvæði til bráðabirgða er einungis sagt að forsrh. skuli skipa nefnd til þess að endurskoða lög þessi og önnur lög sem kunna að hafa áhrif á kjör forseta Íslands og:

„Meðal annars skal nefndin fjalla um hvort ástæða sé til að breyta fyrirkomulagi á ákvörðun launa forseta Íslands þannig að annar aðili en Kjaradómur úrskurði um þau. Störf nefndarinnar skulu miðast við að nýtt fyrirkomulag geti eftir því sem við á tekið gildi eigi síðar en að loknu kjörtímabilinu 2000–2004, þ.e. 1. ágúst 2004."

Það er ekki fyrr en 1. ágúst 2004 þannig að það er í fyrsta lagi alls óvíst hvort þessi leið verði farin. Í annan stað virðist þannig um hnútana búið af hálfu meiri hlutans að þessi lög eigi ekki að taka gildi fyrr en að fjórum árum liðnum og við hvaða umhverfi búum við í millitíðinni? Jú, við búum við það að skattfrelsi er afnumið hjá forsetanum og það er Kjaradómur sem tekur ákvarðanir um laun forsetans ásamt ákvörðun um laun ráðherra, þingmanna og annarra embættismanna og síðan kjaranefnd sem tekur ákvörðun um laun fjölda embættismanna. Á meðan hefur Kjaradómur þá forskrift að vinna eftir að hann á að gæta samræmis í launakjörum. Þó að formaður Kjaradóms hafi sagt að það væru ekki bein tengsl núna milli þeirrar ákvörðunar sem Kjaradómur mun taka — hann sagði að hann mundi beita sér fyrir því að Kjaradómur kæmi saman og tæki þá ákvörðun væntanlega um launakjör forsetans fyrir 1. ágúst nk. — þó að ekki væru bein tengsl á milli breytinga á launakjörum forseta og launakjörum annarra sem dómurinn ákveður laun fyrir, þá er ekkert sem segir að á því fjögurra ára tímabili sem þetta fyrirkomulag á að gilda verði ekki verulegar breytingar á kjörum þeirra sem Kjaradómur ákveður laun fyrir einmitt vegna þess að þetta lok hefur verið tekið af sem laun forsetans hafa verið vegna þess að laun hans eru ákveðin efst í pýramídanum og það mun, eins og formaður dómsins sagði, auka verulega þrýstinginn á að hækka laun annarra.

Skoðað var af hálfu fjmrn. hvað ætla mætti að laun forsetans mundu hækka miðað við þær breytingar sem hér á að gera og með hliðsjón af þeim hlunnindum sem forsetinn hefur haft í skattfríðindum. Þar voru tekin fjögur dæmi. Þegar við spurðum meiri hlutann út í þá forskrift sem hann gefur Kjaradómi, sem ég held að draga megi í efa að sé rétt að gera eins nákvæmlega og þeir gera, þá var það mat meiri hlutans að þessar breytingar mundu þýða að laun forseta mundu hækka í 1.130–1.200 þús. kr. Þá erum við að tala um rúmlega helmings hækkun á launum forsetans.

Nú eru launin um 615 þús. kr. Eins og ljóslega mátti lesa af ummælum formanns dómsins hefur þetta haldið niðri launum annarra og þegar búið er að lyfta þessu loki held ég að hættan sem við höfum varað við sé virkilega fyrir hendi, enda ítreka ég að fulltrúar launafólks hafa verulegar áhyggjur af áhrifum breytingarinnar.

Herra forseti. Út af fyrir sig þarf ég ekki að hafa mikið fleiri orð um þessi mál. Ég vil þó taka fram að Sigurður Líndal lagaprófessor kom á fund nefndarinnar. Í ljósi þess að margir telja alveg nauðsynlegt að flýta sér eins og hægt er í þessa breytingu og engan tíma megi missa af því að þetta verði að gerast áður en nýtt kjörtímabil forseta hefst, þá kom það fram í orðum Sigurðar Líndals lagaprófessors að hægt væri að breyta kjörum forseta hvenær sem er á kjörtímabilinu nema tilgangurinn væri að rýra kjör hans. Nú hefur það komið fram, m.a. hjá einstaka flutningsmönnum þessa frv. að tilgangurinn sé ekki að rýra kjör forseta Íslands.

Ef tilgangurinn er ekki að rýra kjör forsetans þá geta menn tekið sér lengri tíma en síðustu klukkutíma þessa þings til að fjalla um þetta mál. Þannig mætti vanda betur málatilbúnaðinn við að breyta því fyrirkomulagi sem gilt hefur um kjör forsetans til að tryggja að bærileg sátt ríki um þetta í þinginu, sem það gerir ekki með þeirri málsmeðferð sem meiri hlutinn hefur viðhaft. Við hefðum getað sýnt forsetanum þá virðingu sem honum og embætti hans ber í samskiptum þingsins við forsetaembættið. En því er greinilega ekki að heilsa núna og það ber vissulega að harma, herra forseti. Því vísum við í minni hlutanum allri ábyrgð á þessum fordæmalausu vinnubrögðum í samskiptum þjóðkjörins þjóðhöfðingja og þjóðþingsins á hendur ríkisstjórninni sem undir forustu Davíðs Oddssonar hefur gert þetta mál að forgangsmáli á lokastigi þinghaldsins.

[21:35]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hlutans með fyrirvara og er skýringin á honum eftirfarandi:

Hér er verið að greiða atkvæði um skattalagafrv., ekki um laun forseta Íslands. Samkvæmt landslögum ber Kjaradómi, ekki Alþingi, að ákvarða laun forsetans. Ég hef margoft lýst andstöðu við það fyrirkomulag að Kjaradómur og kjaranefnd ákvarði laun forsetans, alþingismanna og embættismanna og fært rök fyrir þeirri afstöðu. Þetta er hins vegar það fyrirkomulag sem við búum við og að mínum dómi er óeðlilegt að Alþingi leggi Kjaradómi lífsreglurnar með þeim hætti sem gert er í nál. meiri hlutans. Ég er því ekki sammála þeim hluta álitsins.

Sem einstaklingar getum við haft á því skoðun hvað Kjaradómi ber að gera en öðru máli gegnir um Alþingi sem löggjafa. Ég styð lagabreytingarnar og þær brtt. sem fram eru komnar frá því að 1. umr. fór fram en þær fela í sér að hlunnindi vegna skilgreindra embættiskvaða eru ekki reiknuð forsetanum til skattskyldra tekna.

[21:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með störf efh.- og viðskn. varðandi þetta mál. Ég tel að upp úr þessu máli standi og þýðingarmest sé að fram hefur komið að þingheimur allur er efnislega þeirrar skoðunar að þessi skattfríðindi eigi að afnema. Það er þýðingarmest. Að vísu er deilt um tæknilega hluti, með hvaða hætti aðdragandi máls skuli vera o.s.frv., en það eru minni háttar atriði. Mikilsverðast er að fram kemur að þingheimur allur vill afnema skattfríðindi forseta og forsetaframbjóðendur allir, sem síðast voru í framboði, vildu sömuleiðis, eins og menn muna, eindregið afnema þessi fríðindi. Þannig ætti að geta verið gott samkomulag um þetta með þjóðinni.

[21:37]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. forsrh. að líklega ríkir almenn samstaða um það á Alþingi að afnema beri skattfríðindi forsetaembættisins. Sú skoðun hefur ítrekað komið fram að eðlilegt væri að forseti lýðveldisins væri jafnsettur öðrum þegnum þó að hann væri að öðru leyti fremstur meðal jafningja.

Það sem hefur hins vegar gerst núna, herra forseti, er að málið ber að með þeim hætti að menn hljóta að spyrna við fótum og spyrja: Hvað hastar? Hvað hastar núna að bera fram frv. þessarar gerðar daginn sem á að fresta fundum Alþingis?

Í greinargerð með frv. segir að þær breytingar sem felast í frv. verði ekki gerðar á kjörtímabili forseta vegna ákvæðis 2. mgr. 9. gr. stjórnarskrárinnar og síðan er vitnað í það ákvæði. Miðað við þær upplýsingar hér hafa komið fram um skoðun Sigurðar Líndals lagaprófessors á þessu er hér um ákveðinn misskilning ræða. Menn þurfa ekki að flýta sér nema til standi að rýra kjör forsetans. Ætli menn að hafa forsetaembættið jafnsett eftir sem áður má breyta kjaraumhverfinu, þ.e. gera breytingar á kjörtímabilinu. Mér finnst þetta skipta máli og varpa ljósi á hve mikill hraðinn er. Það kom ekki í ljós að þetta atriði, sem virðist hvatinn að því að hraða þessum málum, byggist á misskilningi fyrr en í umfjöllun efh.- og viðskn. um málið í dag.

Við getum reyndar velt því fyrir okkur hvort tilgangurinn var að rýra kjör forsetaembættisins. Eins og kom fram við umræðuna í morgun þá virtust flutningsmenn ekki alveg einhuga um til hvers var lagt af stað í þessa ferð, hvort forsetaembættið átti að vera jafnsett eða hvort það mætti rýra. Menn voru heldur ekki sammála um hverjar gætu verið hugsanlegar afleiðingar frv. Af því að formaður Kjaradóms kvartaði undan því að leiðbeiningar Alþingis hefðu verið svolítið út og suður, ef hlustað væri eftir því sem flm. sögðu, þá er rétt að ítreka að orð 1. flm. hljóta að vega dálítið þegar menn vilja túlka eða finna út hvað hér er meint. Hann lét hafa eftir sér að hann teldi að laun hæstv. forsrh. mundu hækka í kjölfarið. Þar var auðvitað á ferðinni ákveðin forsögn sem hér er síðan reynt að bera til baka. Málið hefur sannarlega verið ruglingslegt, herra forseti, og ber vott um að menn hafi kannski flýtt sér meira en efni stóðu til.

Menn hafa haft áhyggjur af því hvaða áhrif samþykkt þessa frv. mundi hafa. Fyrst og fremst hafa menn haft áhyggjur af því hvaða áhrif það hefði á launamarkaðinn. Í dag gætti ákveðins titrings í röðum launafólks þar sem menn óttast að hér sé einungis upphafið að því að launabilið í þjóðfélaginu aukist enn meira en það er núna. Formaður Kjaradóms taldi að þrýstingur á dóminn mundi aukast mjög eftir að laun forsetans verða skráð eins og gera verður hér eftir einfaldlega vegna þess að þarna sjá menn mjög mikið bil, annars vegar á milli forseta lýðveldisins og hins vegar forsrh. en síðan annarra ráðherra, æðstu embættismanna og loks alþingismanna. Í kjarabaráttu eru menn fljótir að gleyma því sem var og horfa einungis á þá stöðu sem uppi er þegar tekist er á um hlutina og fljótlega verða menn búnir að gleyma því að ástæðan fyrir því að laun forsetans eru skráð eins og þau eru skráð er sú að skattfríðindi hans hafi verið afnumin. Þannig er áreiðanlega rétt að þessi pressa mun verða mikil. Ég er ekki trúuð á að það sem meiri hluti hv. efh.- og viðskn. setur í nál. sitt hafi mikið að segja þegar að því kemur að takast á við þann þrýsting.

Ég held að þetta frv. muni líka hafa önnur áhrif og hafi þegar haft önnur áhrif. Áhrifin eru þau að embætti forseta Íslands og samskipti þess við þjóðþingið er komið undir alveg sérstakt ljós og það ljós er ekki gott fyrir Alþingi Íslendinga. Býsna margir í þjóðfélaginu eru sannfærðir um að meðferð þessa máls og aðdragandi beri fyrst og fremst vott um að menn vilji á einhvern hátt gera lítið úr embætti forseta Íslands. Menn geta auðvitað mótmælt og vilja ugglaust gera það en eigi að síður eru þetta áhrifin.

Herra forseti. Ég vil, með þínu leyfi, vitna í leiðara sem ritstjóri Dags skrifar í blað sitt í dag undir fyrirsögninni „Pukurslegt næturbrölt". Þar segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi: Síðustu sólarhringa þinghaldsins hefur pukurslegt næturbrölt nokkurra alþingismanna vakið furðu. Þingmenn úr Sjálfstæðisflokknum hafa haft um það frumkvæði að þingið kasti fyrir róða allri venjulegri meðferð þingmála til að afnema í skyndi skattfrelsi forsetaembættisins og láta þar með núverandi forseta greiða skatta á næsta kjörtímabili. Upphaflega þorði að vísu enginn þingmannanna að kannast við krógann opinberlega, en þegar málið kom fram í þinginu varð ljóst að sjálfstæðismenn höfðu fengið þingmenn úr öllum flokkum nema Samfylkingunni til að taka þátt í þessum einstæðu vinnubrögðum.

Í öðru lagi: Hvers vegna kemur þetta mál upp með svo óvenjulegum hætti á síðustu dögum þingsins? Flutningsmenn tillögunnar segja skýringuna þá að nú sé kjörtímabili forsetans að ljúka. Á þjóðin að trúa því að þessir þingmenn hafi ekki áttað sig á þeirri staðreynd fyrr en allra síðustu

daga? Hefur það ekki legið fyrir í fjögur ár? Var þeim þetta ekki ljóst þegar þingið hófst í október? Auðvitað! Þess vegna er þessi afsökun tómt blaður. Annars hefðu þingmennirnir auðvitað lagt málið fram strax á haustþinginu. Það er því eitthvað annað og alvarlegra sem býr hér að baki. Þeir þingmenn sem standa að frv. eiga að skýra þjóðinni frá raunverulegu ástæðunni, annað er óheiðarlegt.

Í þriðja lagi: Auðvitað ættu allir þegnar þjóðfélagsins að greiða skatta og skyldur til samfélagsins. En slík undanþága nær ekki aðeins til forseta Íslands. Margir opinberir embættismenn njóta líka skattfrelsis, svo sem sendiherrar. Hvers vegna fylgir ekki með í frv. þingmannanna tillaga um að afnema skattfrelsi þeirra líka? Ef svo væri, gætu flutningsmenn a.m.k. reynt að segja þjóðinni að þeir væru sjálfum sér samkvæmir og að framfylgja einhverri grundvallarstefnu í málinu, en ekki aðeins að flytja frv. sem beinist augljóslega gegn þeim sem nú gegnir forsetaembætti."

Herra forseti. Það er miður að menn skuli skrifa leiðara sem þessa og telja sig hafa stóran hluta þjóðarinnar á bak við sig í þeim viðhorfum sem hér koma fram. Þetta eru því miður áhrifin af því frv. sem hér er verið að afgreiða. Ég held að þessi áhrif verði hvað alvarlegust, þ.e. þau áhrif sem sitja eftir af þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð.

[21:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom bara í pontu til þess að mótmæla þeim orðum sem hér voru viðhöfð, a.m.k. hvað mig varðar sem einn flutningsmanna þessa frv., að ég væri á einhvern hátt að lítillækka forsetaembættið. Ég tel það alls ekki vera. Ég tel að það sé mjög gott mál að leitt verði í ljós hver hin raunverulegu kjör forsetaembættisins eru. Ef þau eru raunverulega 1,2–1,3 millj. þá tel ég að forsetinn sé vel að þeim kominn og vonandi verða honum úrskurðuð þau laun.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:58]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁMöl, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GAK, GHall, HÁs, HBl, IP, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KPál, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBack, ÖJ.

6 þm. (GÁ, JÁ, JóhS, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRJ, BBj, BH, EMS, GE, GÁS, GÖ, GunnB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KLM, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, SighB, SvH, TIO, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:55]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Virðing forseta Íslands hefur ávallt verið mér ofarlega í huga og ég hef litið á þetta embætti sem virðingarstöðu. Það hefur að mínu áliti réttlætt skattfrelsi forsetans sem svo margra annarra í þjóðfélaginu.

Það er þó svo að forsetinn sjálfur lýsti því oft yfir í kosningabaráttunni fyrir fjórum árum að afnema ætti þessi fríðindi og því vart annað hægt en verða við eindregnum óskum hans. Hvort umræðan vegna þessara breytinga dregur úr virðingu embættisins eða framtíð þess verði tekin til endurskoðunar mun tíminn einn leiða í ljós. Ég segi já.

[21:56]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem hefur tekið afdráttarlausa forustu í þessu þingmannamáli fagnaði þeirri samstöðu sem hann las úr afstöðu alþingismanna varðandi það að afnema skattfrelsi forsetaembættisins. Ég vil þess vegna benda á þá afstöðu sem kemur fram í nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. þar sem minni hlutinn lýsir vanþóknun sinni á því hvernig að þessu frv. er staðið. Öll vinnubrögð og meðferð málsins einkennast af virðingarleysi við forsetaembættið. Það ber að harma að samskipti þjóðkjörins þjóðhöfðingja og Alþingis skuli dregin niður á þetta plan.

Herra forseti. Mér finnst það einstaklega dapurt að enda þinghald þessa vetrar á þessu ólánlega máli og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 1 í nál. 1407 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 2 í nál. 1407 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

3.–6. gr. (verða 5.–7. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, 3. umr.

Stjfrv., 502. mál. — Þskj. 1379.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:03]

Frv. samþ. með 33:6 atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1416).

Mat á umhverfisáhrifum, 3. umr.

Stjfrv., 386. mál (heildarlög). — Þskj. 1380, brtt. 1299,4.

[22:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það var á misskilningi byggt milli mín og starfsmanna þingsins hvort ég þyrfti að kveðja mér hljóðs við 3. umr. eða í atkvæðagreiðslunni sjálfri og var talið að það nægði að gera það í atkvæðagreiðslunni en svo mun ekki vera.

Það sem ég vildi sagt hafa um breytingar um mat á umhverfisáhrifum er að ég vil ítreka það sem ég sagði í dag um brtt. minni hluta umhvn. sem fjallaði um mat á umhverfisáhrifum og landshlutabundinni skógrækt. Brtt. frá minni hlutanum felur í sér og er samkvæmt mínum skilningi til umræðu hér við 3. umr., að umhverfisáhrif landshlutabundinna skógræktarverkefna skuli metin samkvæmt lögum þessum.

Eins og við vitum, herra forseti, stefnir í það að umhverfisáhrif skipulagsáætlana verði metin samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins og þar með áhrif af landshlutabundinni skógrækt.

Minni hlutinn í umhvn. og reyndar þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telja það afar mikilvægt að ákvæði um landshlutabundna skógrækt verði sett inn í þessi lög, enda falli það út úr lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni með samþykkt þessara laga. (**KHG:** Hvað sagði þingmaðurinn um fundarstjórn forseta?)

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:07]
Brtt. 1299,4 felld með 28:10 atkv.
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv.
[22:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fagna því að loks skuli samþykkt ný löggjöf um mat á umhverfisáhrifum og erum við þegar á heildina er litið nokkuð sáttir við þá niðurstöðu sem umhvn. komst að í vinnu sinni við frv. og greiðum málinu því atkvæði okkar.

Við teljum mikilvægt að sá skilningur skuli staðfestur við umræðuna um málið að Skipulagsstofnun geti hafnað framkvæmd vegna ónógra gagna eða ófullnægjandi rannsókna og teljum við þennan skilning liggja fyrir núna, enda óttumst við áhrifin af því að fella niður möguleikann til ítarlegra mats. Hins vegar vil ég ítreka þá fyrirvara sem minni hluti umhvn. hefur þegar lýst í umfjöllun um málið og lúta að tímafresti bráðabirgðaákvæðis og 11. gr. sem er allsendis ófullnægjandi að okkar mati, en í heildina greiðum við málinu atkvæði okkar.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1417).

Samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 488. mál (samstarf fyrirtækja, markaðsráðandi staða, samruni). — Þskj. 1406.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:09]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1418).

Fundi slitið kl. 22:09.

---

120. FUNDUR

laugardaginn 13. maí,
að loknum 119. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.
2. Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.
3. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.
4. Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.
5. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.
6. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.
7. Skattfrelsi forseta Íslands, frv., 652. mál, þskj. 1388 (með áorðn. breyt. á þskj. 1407). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:10]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Skattfrelsi forseta Íslands, 3. umr.

Frv. PHB o.fl., 652. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 1415.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:11]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1419).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gísli Kjartansson (A),
Guðný Ársælsdóttir (B),
Ríkharður Másson (A),
Stefán J. Sigurðsson (A),
Jóhanna Karlsdóttir (B).

Varamenn:
Ólafur Helgi Kjartansson (A),
Ingibjörg Hafstað (B),
Jens Kristmannsson (A),
Sigurjón Rafnsson (A),
Snjólaug Guðmundsóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólafur Birgir Árnason (A),
Inga Þöll Þórgnýsdóttir (B),
Lárus Bjarnason (A),
Jóhann Sigurjónsson (A),
Páll Hlöðversson (B).

Varamenn:
Inger Linda Jónsdóttir (A),
Sigurjón Bjarnason (B),
Berglind Svavarsdóttir (A),
Jóhann Hansson (A),
Jóhanna Gísladóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Karl Gauti Hjaltason (A),
Sigurjón Erlingsson (B),
Ellert Eiríksson (A),
Þórir Haraldsson (A),
Sigurður Ingi Andrésson (B).

Varamenn:
Finnbogi Björnsson (A),
Jón Ólafur Jónsson (B),
Halldóra Bergljót Jónsdóttir (A),
Gylfi Guðmundsson (A),
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Bjarni S. Ásgeirsson (A),
Guðmundur Benediktsson (B),
Ástríður Sólrún Grímsdóttir (A),
Sigríður Jósepsdóttir (A),
Birgir Stefánsson (B).

Varamenn:
Jón Atli Kristjánsson (A),
Hörður Zophoníasson (B),
Guðríður Guðmundsdóttir (A),
Ágúst Karlsson (A),
Ragnhildur Guðmundsdóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sveinn Sveinsson (A),
Ingibjörg Þorsteinsdóttir (B),
Haraldur Blöndal (A),
Kristján H. Kristjánsson (A),
Guðrún Hallgrímsdóttir (B).

Varamenn:
Unnur Sverrisdóttir (A),
Ingvar Sverrisson (B),
Hjördís Halldórsdóttir (A),

Þuríður Jónsdóttir (A),
Steinar Harðarson (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra til vara, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, sbr. 13. gr. nýsamþykktra laga um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jón Steinar Gunnlaugsson (A),
Árni Páll Árnason (B),
Bragi Steinarsson (A),
Fanný Gunnarsdóttir (A),
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson (B).

Varamenn:
Erla Svanhvít Árnadóttir (A),
Sjöfn Kristjánsdóttir (B),
Kristín Edwald (A),
Óðinn Elísson (A),
Bergljót Stefánsdóttir (B).

Þingfrestun.

[22:17]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 125. löggjafarþings.

Þingið stóð yfir frá 1. október til 21. desember 1999 og frá 1. febrúar til 13. maí 2000. Á þingtímanum urðu þingfundardagar alls 89. Þingfundir hafa verið 120 og stóðu þeir samtals í 535 klukkustundir. Lengsti þingfundurinn stóð í um það bil 15 klukkustundir.

Mun ég fyrst gera grein fyrir úrslitum þingmála.

Lagafrumvörp voru samtals 229. Af þeim voru stjórnarfrumvörp 145 og þingmannafrumvörp 84.

Af stjórnarfrumvörpum voru 127 afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 18.

Þá urðu 11 þingmannafrumvörp að lögum, tveim var vísað til ríkisstjórnarinnar, eitt var fellt, en 70 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 229 frumvörpum urðu alls 138 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 100. Af þeim voru stjórnartillögur 19 og þingmannatillögur 81.

Alls voru 25 tillögur samþykktar sem ályktanir Alþingis, ein var felld og 74 eru óútræddar.

Skýrslur voru samtals 33. Beiðnir um skýrslur frá ráðherrum voru tíu og bárust fimm skriflegar skýrslur, ein beiðni var kölluð aftur. Aðrar skýrslur lagðar fram voru 28.

Fyrirspurnir. Bornar voru fram 288 fyrirspurnir. Allar voru þessar fyrirspurnir afgreiddar nema 15. Munnlegar fyrirspurnir voru 165 og af þeim var 152 svarað og tvær voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 123 fyrirspurnum og bárust 119 svör.

Alls voru til meðferðar í þinginu 655 mál. Þar af voru 443 afgreidd og tala prentaðra þingskjala var 1419.

Þá vil ég gefa yfirlit um nefndastarfið. Á þessu þingi var 21 dagur eingöngu helgaður nefndastarfi, fyrir utan reglubundna nefndafundi yfir þingtímann. Á yfirstandandi þingi hafa verið haldnir 382 nefndafundir og eru það 32 fundir að meðaltali á hverja fastanefnd. Alls stóðu nefndafundir í 769 klukkustundir og er meðaltalið 64 klukkustundir á nefnd. Eru þá ekki taldir aðrir fundir, svo sem meirihlutafundir.

Alls var 239 málum vísað til fastanefnda þingsins og afgreiddu þær frá sér 166 mál. Samtals voru 195 þingmál send til umsagnar utan þings. Bárust nefndum þingsins 2200 erindi um þingmál. Auk þessa hafa nefndir fjallað um mál að eigin frumkvæði og nokkrar nefndir hafa farið í vettvangsferðir á þessu þingi.

Alþingi hefur samþykkt að fresta fundum sínum til 30. júní nk., en þá kemur það saman að nýju í tengslum við hátíðarfund Alþingis á Þingvöllum 2. júlí í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá kristnitökunni. Ég vil því biðja þingmenn að hafa þessar dagsetningar í huga þegar þeir skipuleggja störf sín á næstu vikum. Nánari upplýsingar um þingfundinn 30. júní og dagskrá hátíðarfundarins verða sendar þingmönnum á næstu vikum.

Þegar Alþingi kemur saman til reglulegra funda í haust vænti ég að langþráðar umbætur á starfsaðstöðu fastanefnda verði komnar í höfn. Í húsnæði því sem Alþingi hefur tekið á leigu í nýbyggingu við Austurstræti 8–10 er ákveðið að fastanefndirnar og starfsfólk þeirra verði. Fastanefndirnar hafa lengi búið við óviðunandi aðstöðu og er von mín að hið nýja húsnæði verði til mikilla bóta í nefndastarfinu.

Í framhaldi af fyrirhuguðum framkvæmdum við 2. áfanga skálabyggingarinnar, sem hefjast í haust, eru það áform forsætisnefndar að við Kirkjustræti og Tjarnargötu rísi á næstu árum skrifstofubygging fyrir alþingismenn. Skrifstofur alþingismanna eru núna flestar í misgóðu leiguhúsnæði og löngu tímabært að Alþingi reisi eigið skrifstofuhúsnæði til að tryggja þingmönnum nútímalega aðstöðu.

Við lok þinghaldsins vil ég þakka þingmönnum fyrir samstarfið á þessu þingi. Ég vil færa varaforsetum sérstakar þakkir fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokka fyrir gott samstarf á þessu þingi. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á húfi er Alþingi kemur saman í lok júnímánaðar.

[22:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta, Halldóri Blöndal, fyrir röggsama og eigi að síður skemmtilega fundarstjórn á þinginu í vetur. Ég vil einnig fyrir hönd formanna þingflokka þakka forseta fyrir gott samstarf á þessum vetri. Fundir forseta með formönnum þingflokka hafa verið reglulegir og tíðir. Þar hefur vissulega oft verið tekist á um þinghaldið en andrúmsloftið á þessum fundum hefur verið í alla staði þægilegt. Fyrir mig sem nýliða hefur 125. löggjafarþing verið lærdómsríkt.

Þá vil ég einnig fyrir hönd okkar alþingismanna þakka starfsmönnum þingsins fyrir framúrskarandi störf, lipurð og fúslega veitta aðstoð.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forseta og óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á sumri komanda og vona að við hittumst heil á sumarfundi þingsins í lok júní. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[22:23]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[22:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frá 11. maí 2000 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði þingið kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 30. júní 2000.

Gjört á Bessastöðum, 11. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi slitið kl. 22:24.

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 30. júní 2000 kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 13. júní 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismenn, svo og starfsmenn Alþingis býð ég velkomna til þingstarfa við þessi sérstaklega hátíðlegu tímamót í sögu þjóðarinnar.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa á ný. Tilefni þinghalds nú á miðju sumri er, eins og öllum er kunnugt, kristnihátíð sem haldin er á morgun og sunnudag, 1. og 2. júlí, á Þingvöllum til að minnast þess að tíu aldir eru liðnar síðan kristinn siður var lögtekinn hér á landi.

Alþingi kemur saman til fundar að Lögbergi sunnudaginn 2. júlí í fimmta sinn síðan þingið var endurreist í Reykjavík. Gott samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag þinghaldsins þessa sumardaga og hátíðardaga og þess er vænst að þingfundur hér í dag verði stuttur.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 657. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1422.

Kristnihátíðarsjóður, 656. mál, þáltill. SAÞ o.fl., þskj. 1421.

Loftferðir, 250. mál, þskj. 1331.

Viðbótarlán Íbúðalánasjóðs, 624. mál, svar félmrh., þskj. 1420.

Fundi slitið kl. 13:33.

---

121. FUNDUR

föstudaginn 30. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Framhaldsfundir Alþingis.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá sveitarstjórnum Öxarfjarðar- og Keldunesshrepps.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

122. FUNDUR

föstudaginn 30. júní,
að loknum 121. fundi.

Dagskrá:

1. Kristnihátíðarsjóður, þáltill., 656. mál, þskj. 1421. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

2. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 657. mál, þskj. 1422. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

1. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþykkt með 59 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1422. — Afbrigði samþ. með 60 shlj. atkv.

Kristnihátíðarsjóður, fyrri umr.

Þáltill. SAÞ o.fl., 656. mál. — Þskj. 1421.

[13:36]

Flm. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um Kristnihátíðarsjóð en flutningsmenn ásamt mér eru aðrir formenn þingflokka hér á Alþingi: Rannveig Guðmundsdóttir, Samfylkingunni, Kristinn H. Gunnarsson, Framsfl., Ögmundur Jónasson, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og Guðjón A. Kristjánsson, Frjálslynda flokknum.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, í tilefni þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi, að stofna sjóð, Kristnihátíðarsjóð, er njóti framlaga af fjárlögum næstu fimm ár, 100 millj. kr. á ári, og hafi að markmiði:

a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um *lífsgildi* hennar, siðferði og framtíðarsýn;

b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Alþingi kjósi sjóðnum stjórnarnefnd.

Stjórnarnefndin eigi samvinnu við menntamálaráðuneytið, kirkjumálaráðuneytið, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið og háskólana í Reykjavík og á Akureyri, svo og frjáls félagasamtök, um viðfangsefni sjóðsins, skipti fé hans milli meginverkefna, skipi verkefnisstjórnir, hvora á *sínu sviði, og staðfesti áætlanir þeirra*."

Hér er um að ræða tillögu sem þingflokkarnir á Alþingi hafa sameinast um að flytja í tilefni af því að í ár minnumst við þess að 1000 ár eru liðin frá því að kristinn siður var tekinn upp í landinu þegar sætt tókst með þingheimi á Alþingi árið 1000 um að Íslendingar skyldu verða kristnir, sætt sem tengd hefur verið nafni Þorgeirs Ljósvetningagoða og lögsögumanns og mikill ljómi stendur af.

Þegar ljóst var orðið í vetur að hugur manna stæði til þess að Alþingi kæmi saman til fundar á Þingvöllum í tilefni kristnihátíðar fóru af stað óformlegar viðræður um hvernig að slíku þinghaldi skyldi staðið. Málið fór fljótlega í þann farveg, sem nokkur venja hafði skapast um af viðlíka tilefnum áður, 1974 og 1994, að formenn þingflokka hófu viðræður sín á milli um hvað þingið gæti sameinast um að gera á hátíðarfundi sínum að Lögbergi á Þingvöllum. Nokkru fyrir þinglok sl. vor lágu fyrir fyrstu tillögur og voru þær til umræðu og athugunar hjá formönnum þingflokka um hríð. Niðurstaða fékkst svo í málið eftir allítarlega fundi, niðurstaða sem ég hygg að bærileg samstaða sé um. Því er hins vegar ekki að leyna að afstaða þingmanna og þingflokka til aðgerða af þessu tilefni var ærið misjöfn og þurfti talsverða lipurð af allra hálfu til þess að sameinast um tillögutexta og greinargerð sem menn gátu sætt sig við. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka formönnum annarra þingflokka, meðflutningsmönnum mínum, fyrir samstarfið sem var í alla staði mjög gott.

Ég geri nú í stuttu máli grein fyrir efni tillögunnar. Hún felur í sér í fyrsta lagi að gera sérstakt átak í samvinnu við þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, stjórnvöld, stofnanir, skóla og félagasamtök, til að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og enn fremur að stuðla að umræðum með þjóðinni, í skólum, í fjölmiðlum og meðal alls almennings um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn við þessi tímamót. Markmiðið er að stuðla að heilbrigðri og sterkri sjálfsmynd einstaklinga og þjóðar.

Í öðru lagi að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, þ.e. á Þingvöllum, hinum gamla þingstað, svo og á biskupssetrunum í Skálholti og á Hólum og e.t.v. fleiri stöðum, t.d. við klaustrin, það þeirra sem áhugaverðast þykir, til að varpa megi skýrara ljósi á sögu þeirra staða sem svo miklu hafa skipt á kristnum tíma og raunar í sögu þjóðarinnar frá upphafi.

Við leggjum áherslu á að verkefni sjóðsins verði fjölþætt, þar komi að jafnt skólar, stofnanir, söfnuðir, félagasamtök og einstaklingar, og að þess verði gætt að verkefnin dreifist um allt land. Það er enn fremur vilji flutningsmanna að a.m.k. önnur tveggja verkefnisstjórna hafi aðsetur á landsbyggðinni.

Samkvæmt tillögunni er Kristnihátíðarsjóði stýrt af stjórn sem Alþingi kýs. Það verður hlutverk hennar að leggja meginlínur í starfi sjóðsins og ákveða hvernig skiptingu hins árlega fjárframlags milli aðalverkefna sjóðsins eins og þau eru tilgreind í a- og b-lið tillögunnar. Í tillögunni eru ekki ákvæði um skiptinguna en stjórn sjóðsins er ætlað að ákveða hana fyrir hvert ár. Þá er stjórninni enn fremur ætlað að skipa tvær verkefnisstjórnir, sína fyrir hvort starfssvið sjóðsins.

Verkefnisstjórnunum er ætlað að vera faglegur vettvangur, hvorri á sínu sviði, þar sem gerðar verða tillögur um styrkveitingar. Við gerum ráð fyrir að tillögur þeirra um styrkveitingar, innan þess ramma sem stjórnarnefnd setur og eftir þeim áherslum sem hún ákveður, verði ýmist að eigin frumkvæði verkefnisstjórnanna, í samvinnu við stofnanir á hvoru sviði eða eftir almennum umsóknum. Við flutningsmenn teljum mjög mikilvægt að til þessara starfa veljist hæfir einstaklingar sem hafi trausta þekkingu og reynslu en auk þess góð tengsl við helstu stofnanir og fræðahópa á sínu sviði. Það verður hins vegar stjórnarinnar að ganga frá endanlegum ákvörðunum sjóðsins hverju sinni.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram það sjónarmið flutningsmanna að mikilvægt sé að styrkveitingar úr Kristnihátíðarsjóði verði ekki til þess að skerða önnur árleg framlög á þeim sviðum sem sjóðurinn styrkir, ekki síst til fornleifarannsókna sem standa yfir hér á landi eða eru áformaðar. Þar er í senn átt við framlög á fjárlögum, frá sveitarfélögum, sem mörg hver hafa styrkt fornleifarannsóknir í heimabyggð og frá rannsóknasjóðum. Þess er þvert á móti vænst að fé sjóðsins komi sem viðbót til rannsókna þau fimm ár sem honum er ætlað að starfa.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir helstu efnisatriðum í þessari tillögu. Með henni fylgir nánari greinargerð sem ég vísa til. Ég vil þó aðeins geta þess í sambandi við fornleifarannsóknirnar að þar eru nefndir þeir þrír staðir sem öðrum fremur hafa komið við sögu á kristnum tíma, Þingvellir og biskupsstólarnir í Skálholti og á Hólum. Síðan klaustrin, það þeirra sem áhugaverðast þykir að mati fagmanna með tilliti til varðveisluskilyrða og þess hversu miklar leifar eru eftir á hverjum stað. Enn fremur aðrir staðir sem að mati stjórnar og fagmanna þykja sérlega áhugaverðir. Það er ljóst að víða er mikill áhugi á fornleifarannsóknum og eðlilegt að stjórnin fari yfir þá staði sem áhugaverðastir þykja og kanni hvort unnt sé að stofna til rannsókna þar í þessu átaki.

Í haust verður flutt frumvarp um Kristnihátíðarsjóð þar sem nánari útfærsla verður á verkefnum sjóðsins. Þar verður m.a. ákvæði um að stjórn sjóðsins geri Alþingi árlega grein fyrir störfum sínum og ráðstöfun fjár.

Herra forseti. Með tillögu þessari er í senn hlúð að menningar- og trúararfi Íslendinga með því að auka og treysta þekkingu landsmanna á uppruna sínum og sögu, en jafnframt er horft til framtíðar með því að efla umræðu í landinu um framtíðarsýn þjóðarinnar og þau lífsgildi sem hún ætlar að hafa í fyrirrúmi í framtíðinni.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu. Ekki er gerð tillaga um að hún fari til nefndar þar sem hér er á ferðinni mál sem allir þingflokkar á Alþingi standa að og fullt samkomulag er um.

[13:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir með fyrsta flutningsmanni, sem hefur fylgt tillögu okkar þingflokksformanna úr hlaði, um ágæt vinnubrögð við undirbúning þessa máls. Þingflokkur Samfylkingarinnar var reiðubúinn til samstarfs við aðra þingflokka um tillögu til ályktunar Alþingis á Þingvöllum. Það er mjög ánægjulegt að þingflokkarnir náðu vel saman um þá tillögu sem hér er flutt og það er mat okkar að þetta sé ásættanleg niðurstaða. Með samþykkt tillögunnar ákveður Alþingi að veita fjármagn til ólíkra en þó skyldra verkefna: að kosta fornleifarannsóknir á sögustöðum þjóðarinnar, að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi hennar og stuðla að umræðum um lífsgildi, siðferði og framtíðarsýn þjóðarinnar.

Þetta eru þýðingarmikil verkefni og mikilvægt að vel takist til um framkvæmd þeirra. Það er líka afdráttarlaus afstaða okkar flutningsmanna að þau framlög sem veitt verða á næstu fimm árum úr hinum nýstofnaða Kristnihátíðarsjóði megi á engan hátt verða til að skerða árleg eða önnur áformuð framlög til þeirra verkefna sem honum er ætlað að styðja. Til þess að tilætlaður árangur náist verður fé úr sjóðnum að koma til viðbótar hefðbundinni fjármögnun.

Stjórnarnefndin sem kjósa skal mun ráða því hvernig fjármagni verður skipt milli þeirra meginviðfansefna sem skilgreind eru annars vegar í a-lið og hins vegar í b-lið tillögunnar. Rík áhersla er lögð á samvinnu og breidd í þátttöku um viðfangsefni sjóðsins. Þannig er stjórnarnefndinni ætlað að eiga samvinnu við viðkomandi ráðuneyti, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög, Þjóðminjasafnið, háskólana og frjáls félagasamtök. Lögð er áhersla á að verkefni sjóðsins verði fjölþætt. Gert er ráð fyrir að þar komi að skólar og söfnuðir, stofnanir og félagasamtök sem og einstaklingar. Verkefni og vinnubrögð samkvæmt þessari tillögu beinast að byggðinni í landinu öllu og við gerum ráð fyrir að önnur verkefnastjórnin hafi aðsetur á landsbyggðinni.

Ég sagði að verkefnin samkvæmt tillögunni væru ólík en þó skyld. Við ætlum að fara í rannsóknir með fornleifauppgreftri og jafnframt ætlum við í rannsóknir og umræðu um menningar- og trúararf þjóðarinnar. Með því hyggjum við að rótum okkar og uppruna á sama tíma og stuðlað er að umræðum með þjóðinni um gildismat og framtíðarsýn í upphafi nýrrar aldar.

Í greinargerð með tillögunni er farið yfir það hvers konar verkefni geta fallið undir fræðsluþátt tillögunnar, hvaða leiðir má fara til að hvetja til umræðu um lífsgildi og framtíðarsýn, hvernig efla megi rannsóknir á gildismati og lífssýn auk ýmissa siðfræðilegra rannsókna. Við bendum á að í dag búa Íslendingar að líkindum yfir meiri fjölbreytileika í menningar-, trúar- og siðferðilegum efnum en nokkru sinni fyrr þar sem æ fleira fólk af erlendu bergi brotið hefur sest hér að á undanförnum árum. Þetta kallar á margbreytilega trúar- og menningarfræðslu þar sem ólíkur bakgrunnur fólks er viðurkenndur og útskýrður fyrir nemendum. Þannig er stuðlað að auknu umburðarlyndi gagnvart því sem framandi kann að vera. Söguþekking og skýr vitund þjóðarinnar um fortíð sína er háð því að á hverjum tíma séu gerðar öflugar rannsóknir á sem flestum sviðum. Það á ekki síst við um fornleifarannsóknir en hérlendis hafa þær verið færri og minni að umfangi en í nágrannalöndum okkar.

Eðli málsins samkvæmt verður þessi þáttur tillögunnar fyrst og fremst í höndum sérfræðinga og fagfólks. Samkvæmt tillögunni er höfuðáhersla lögð á Þingvelli, Skálholt og Hóla og e.t.v. eitt klaustur. Hins vegar er eðlilegt að stjórnarnefndin fari yfir aðra staði sem fýsilegir þykja til fornleifarannsókna þar sem eru minjar frá upphafi byggðar í landinu hvort sem þar er um að ræða kirkjustaði, miðaldabæi, verstöðvar eða heiðnar grafir svo fátt eitt sé nefnt en um rannsóknarstaði er sérstaklega fjallað í greinargerðinni með tillögunni. Þar er einnig fjallað um samstarf vísindamanna, eflingu fornleifarannsókna og kennslu. Átak á sviði fornleifarannsókna gæti orðið til þess að ýta við því að háskólanám í fornleifafræði komist á hérlendis. Slíkt væri til þess fallið að efla menningartengda ferðamennsku, áhugi Íslendinga og ekki síst erlendra ferðamanna er ótvíræður á sögulegum minjum og brýnt að gera átak í kynningu slíkra minjastaða, aðkomu ferðamanna að þeim og sögu þeirra auk viðhalds og rannsókna á þessum stöðum.

Herra forseti. Ég hef drepið á fáein atriði sem fjallað er um í greinargerð með tillögu um Kristnihátíðarsjóð. Ljóst er að verkefnin sem styrkja á eru bæði mörg og fjölþætt. Þess vegna getur þessi sjóður orðið áhrifamikill þau fimm ár sem honum er ætlað að starfa. Samþykkt þessarar tillögu er vel við hæfi af þessu merka tilefni þegar Íslendingar minnast með hátíðahöldum þúsund ára kristni í landinu.

[13:51]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Tilefni fundahalda nú er um margt einstakt. Siðaskipti þjóðar í trúarlegum efnum eru fátíður viðburður og alveg sérstaklega er einsdæmi að slíkt gerist friðsamlega að heita má. En það sem stendur kannski upp úr er að þjóðin hefur haldið kristinn sið samfleytt síðan og aldrei hefur komið alvarlega til álita á þúsund árum að leggja af kristna trú. Það er af þeirri einföldu ástæðu að kristindómurinn hefur notið almenns og víðtæks stuðnings meðal þjóðarinnar og staðið það traustum fótum í vitund þjóðarinnar að deilur um kirkjuna eða forsvarsmenn hennar sem stundum hafa risið hafa aldrei haggað stöðu kristindómsins gagnvart öðrum trúarbrögðum. Það er alveg sérstakt að boðskapur kristinnar trúar skuli hafa notið almenns stuðnings kynslóð eftir kynslóð, aldir eftir aldir óháð því hvernig þjóðfélagið breyttist og þróaðist. Það er e.t.v. það merkilegasta við kristindóminn að hann hefur haft almenna skírskotun til fólks á öllum aldri á öllum tímum og ekkert bendir til þess að það breytist.

Af þessu er ljóst að fullt tilefni er til að fagna þeim tímamótum að þúsund ár eru liðin frá því að kristinn siður var tekinn upp í landinu. Í því felst að sjálfsögðu ekki að önnur trúarbrögð séu sett til hliðar eða minna úr þeim gert. Virðing fyrir skoðunum og trúfrelsi eru grundvallarþáttur í siðferðisvitund Íslendinga en það breytir því ekki að sjálfsagt

er og eðlilegt að minnast þessara tímamóta eins og vert er í samræmi við stöðu kristinnar trúar meðal þjóðarinnar.

Við hæfi er að nota þetta tilefni til að líta annars vegar til framtíðar og huga að því að leysa úr álitaefnum sem rísa í kjölfar stöðugt batnandi efnahags, tækniframfara og aukinnar þekkingar, á grundvelli siðferðisvitundar og gildismats þjóðarinnar sem byggt er á þúsund ára kristinni trú. Hins vegar gefst færi á að horfa til fortíðar og afla aukinnar þekkingar á henni með sérstöku átaki í fornleifarannsóknum.

Hvað fyrra atriðið varðar þá hafa framfarir og vaxandi velferð fólks gerbreytt lífi þess til hins betra frá því sem var, en hefur líka gert það að verkum að fólk stendur frammi fyrir spurningum sem ekki er auðvelt að svara. Að hve miklu leyti á einstaklingurinn í hinni efnislegu velferð að einblína á sjálfan sig og að hve miklu leyti á hann að deila því með öðrum? Að hve miklu leyti getur það samrýmst siðferðiskennd og gildismati okkar að einstaklingur einblíni á eigin ágóða og valdi öðrum einstaklingum eða náttúrunni tjóni með ágirnd sinni og græðgi?

Hvernig á að bregðast við vaxandi eiturlyfjanotkun sem virðist að verulegu leyti vera afleiðing af lífsleiða allsnægtanna? Og hvernig ætlum við að bregðast við nýrri þekkingu í erfðavísindum? Á að nýta hana og þá fyrir hverja og í hve miklum mæli? Allt eru þetta viðfangsefni sem við er að glíma nú og í náinni framtíð og sum þeirra hafa verið til umfjöllunar á pólitískum vettvangi að undanförnu eins og kunnugt er. Það er því þýðingarmeira en virðist við fyrstu sýn að taka sérstaklega fyrir að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn eins og lagt er til í tillögu þeirri til þál. um Kristnihátíðarsjóð sem er til umræðu í dag.

Mér finnst nokkuð hafa borið á því í umfjöllun undanfarnar vikur að lítið hafi verið gert úr þessum þætti málsins. Það finnst mér miður því að fátt er mikilvægara en að aðstoða fólk við að finna svör og lausnir á viðfangsefnum sem við er að glíma og stuðla að því að það geti lifað innihaldsríku lífi í sátt við sjálft sig og aðra. Þessi liður tillögunnar er að mínu viti mikilvægari hluti hennar og getur skilað okkur áleiðis ef vel tekst til með framkvæmd á honum.

Það er einnig vel við hæfi að efna til fornleifarannsókna af þessu tilefni sem eiga sérstaklega að beinast að því að varpa ljósi á kristnitökuna og kristnihaldið. Er því lagt til að sérstakar fornleifarannsóknir fari fram á Þingvöllum og biskupsstólunum í Skálholti og á Hólum. Auk þess er lagt til að úttekt verði gerð á öllum klausturstöðum landsins og stefnt að því að velja einn stað til ítarlegri rannsókna. Loks er gert ráð fyrir að skoðað verði hvort rétt sé að taka einn stað því til viðbótar.

Ég legg áherslu á að fé til rannsóknanna er takmarkað og því verði ekki dreift á fleiri staði en ætlað er. Það á að einbeita sér að þeim stöðum sem nefndir hafa verið og gera þar ítarlegar rannsóknir og varast ber að dreifa kröftunum á marga staði.

Vart hefur orðið við mikinn áhuga á rannsóknum á ýmsum stöðum um land allt sem margir hverjir virðast ekki tengjast sérstaklega kristninni. Allir eru þeir þó áhugaverðir hver á sína vísu en það verður að varast að blanda almennum áhuga á fornleifarannsóknum saman við það átak sem hér er lagt til. Eðlilegt er að áhugi á almennum fornleifarannsóknum verði tekinn fyrir sérstaklega í tengslum við fjárframlög á fjárlögum til þess málaflokks en tengist ekki efni þessarar þáltill.

[13:58]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Það er ánægjuefni að samstaða skuli nást um það á Alþingi að veita myndarlegum fjárhæðum til fornleifarannsókna á næstu árum. Tekið er fram í greinargerð með þeirri þáltill. sem hér er til umræðu og er borin fram af formönnum allra þingflokka, að þær styrkveitingar sem kveðið er á um skuli ekki skerða framlög sem koma til fornleifarannsókna eftir öðrum leiðum, úr ríkissjóði, frá sveitarfélögum, rannsóknarsjóðum eða öðrum aðilum. Hér er því um að ræða viðbótarfjármagn til fornleifarannsókna. Það er vel og löngu tímabært að við tökum sameiginlega á í þessum efnum og vonandi verður þetta til að styrkja stoðir fornleifarannsókna á Íslandi til frambúðar.

Í þáltill. eru nefndir þrír staðir, Þingvellir, Skálholt og Hólar. Í greinargerð með tillögunni er síðan sérstaklega getið um að klaustur komi einnig til greina í þessu átaki og þá það klaustrið sem áhugaverðast væri til rannsókna að mati þeirra sem best til þekkja. Þetta eru þau viðfangsefni sem sérstaklega eru tilgreind en aðrir staðir koma engu að síður einnig til álita í þessu átaki. Þannig segir í greinargerð með þáltill., eftir að sérstök grein hefur verið gerð fyrir þeim stöðum sem áður eru nefndir, með leyfi forseta:

„Margir aðrir staðir á landinu þykja líka mjög fýsilegir til fornleifarannsókna, kirkjustaðir, verslunarstaðir, miðaldabæir, forn eyðibýli, verstöðvar, heiðnar grafir, sel, þingstaðir og fleiri staðir þar sem eru m.a. minjar frá upphafi byggðar í landinu, en ekki er ástæða til að telja þá hér. Misjafnt er hins vegar hversu mikið rask hefur orðið á þeim stöðum og hversu mikið er til af heimildum um þá. Er eðlilegt að stjórnarnefnd fari yfir þá og kanni hvort unnt sé að stofna til rannsókna þar á starfstíma sjóðsins."

Nú er gert ráð fyrir að sérstök sjóðstjórn og undir henni verkefnisstjórnir ráðstafi þeim fjármunum sem Alþingi hyggst veita til átaksins. Sjóðstjórnin mun hafa samstarf við Þjóðminjasafn Íslands um framkvæmdina og er sérstaklega kveðið á um það í þáltill. og er reyndar í samræmi við lög sem gilda um fornleifarannsóknir en í þeim lögum, þjóðminjalögum, er kveðið á um hvernig staðið skuli að fornleifavörslu, skráningu og rannsóknum.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta sérstaklega er sú að þótt ráðist sé í þetta verkefni fyrir utan hefðbundinn farveg og jafnvel þótt æskilegt sé að sem flestir aðilar komi að þessu átaki, enda eru fornleifafræðingar starfandi víða á minjasöfnum, sjálfstæðum stofnunum og sjálfstætt starfandi þá er brýnt að starfað sé í samræmi við markvissa langtímaheildaráætlun um fornleifarannsóknir í landinu.

Eins og hér hefur komið fram er gert ráð fyrir því í þáltill. að 100 millj. kr. renni árlega í svokallaðan Kristnihátíðarsjóð sem skuli standa straum af kostnaði við þetta verkefni. En þessi fimm ár munu líða eins og önnur ár og áfram verða stundaðar fornleifarannsóknir á Íslandi. Mikilvægt er að við leggjum vel niður fyrir okkur hvernig við hyggjumst standa að verki og það sem unnið er í tengslum við þetta átak falli vel að framtíðaráformum.

En ekki er öll sagan sögð með þessu. Enda þótt líklegt megi heita að fornleifarannsóknir muni reynast kostnaðarsamar er ætlunin að láta einhvern hluta fjárins, sem til hátíðarsjóðsins rennur, fara í fræðslu og rannsóknir og til þess að örva umræðu í landinu um siðræn gildi. Í þáltill.

er talað um að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn.

Trúararfur er hluti af menningararfi og eðlilegt er að þetta tvennt sé rætt í senn. En hafa ber í huga þegar stofnað er til umræðu um trúarleg og siðræn gildi að trúfrelsi ríkir í landinu og ekki er ætlunin að láta umræðu um þessi efni snúast upp í einhliða boðunarstarf eða trúboð. Þvert á móti er leitað eftir breiðu samstarfi trúfélaga, félagasamtaka og menntastofnana um viðfangsefni sem eftirsóknarvert gæti verið að taka til rannsókna og umræðu.

Í greinargerðinni segir á þá leið að Íslendingar búi yfir meiri fjölbreytileika í menningarlegum, trúarlegum og siðferðilegum efnum en nokkru sinni áður enda hafi æ fleira fólk af erlendu bergi brotið sest hér að á undanförnum árum. Þetta kalli á fjölbreytta trúar- og menningarfræðslu þar sem ólíkur bakgrunnur fólks sé viðurkenndur og útskýrður. Síðar segir á þá leið að fræðsla af þessu tagi skerpi skilning á íslenskum hugmynda- og menningararfi og auðveldi lifandi rökræður um trú og lífsgildi.

Þetta framtak gæti að mínum dómi orðið til góðs, jafnvel haft mikið gildi ef vel verður á haldið. Markaðs- og gróðahyggja setur mjög svip á samtímann og er mikilvægt að stuðla að umfjöllun, umræðu og vonandi vakningu um siðræn gildi í samfélaginu. Það getur skipt miklu máli fyrir lýðræðið að umræða á þessum forsendum sé lifandi og er að þessu vikið sérstaklega í greinargerð með þáltill. Leyfi ég mér að vitna í hana, með leyfi forseta, í lokaorðum mínum:

„Sjálfstætt og gagnrýnið gildismat þegnanna er ein mikilvægasta forsenda þess að stjórnvöld fái nauðsynlegt aðhald við stjórnarathafnir. Skörp og yfirveguð siðferðisvitund borgaranna hamlar gegn því að valdhafar geti hrundið í framkvæmd ákvörðunum sem fara í bága við grundvallarréttindi eða hagsmuni borgaranna eða einstakra hópa þeirra. Enn fremur eru margar af mikilvægustu ákvörðunum sem taka þarf í samfélaginu að meira eða minna leyti siðferðilegar í eðli sínu. Farsæl stjórn samfélagsins er þess vegna undir því komin að bæði almenningur og stjórnmálamenn hafi getu og vilja til að taka þátt í málefnalegri rökræðu um siðferðileg efni og að niðurstöður slíkra umræðna séu grundvöllur ákvarðana."

Herra forseti. Hér er vissulega verðugt viðfangsefni og tímabært að leggja rækt við það.

[14:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um að stofna sjóð í tilefni þess að þúsund ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn. Sjóðurinn mun heita Kristnihátíðarsjóður og honum er í þáltill. ætlað tvíþætt hlutverk: Í fyrsta lagi að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og efla umræðu um lífsgildi hennar, siðferði og framtíð. Hins vegar er sjóðnum ætlað að kosta og efla fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum okkar.

Til þessara verkefna er lagt til að verði varið 100 millj. árlega í fimm ár. Ætlast er til að þetta fé sé til viðbótar við annað fé til þessara málaflokka og verði ekki til þess að dregið verði úr öðrum fjárveitingum til fornleifarannsókna eða trúmála.

Formenn þingflokka eru sammála um að leggja til að sú tillaga sem við ræðum nú verði til afgreiðslu á hátíðarfundinum á Þingvöllum sunnudaginn 2. júlí. Í almennri greinargerð segir m.a. um verkefni, með leyfi forseta:

„Lögð er áhersla á að verkefni sjóðsins verði fjölþætt, þar geti komið að skólar, stofnanir, söfnuðir, félagasamtök og einstaklingar, og að þess verði gætt að verkefnin dreifist um allt land. Stefnt verði að því að a.m.k. önnur tveggja verkefnisstjórna hafi aðsetur á landsbyggðinni.

Það verður verkefni stjórnarnefndar að leggja meginlínur í þessu starfi, ákveða skiptingu hins árlega fjárframlags milli aðalverkefna sjóðsins, sbr. a- og b-lið tillögugreinarinnar, og skipa verkefnisstjórnir. Mikilvægt er að til þeirra starfa veljist hæfir einstaklingar sem hafi trausta þekkingu og reynslu en auk þess góð tengsl við helstu stofnanir og fræðahópa á sínu sviði. Verkefnisstjórnunum er ætlað að vera faglegur vettvangur, hvorri á sínu sviði, þar sem gerðar verða tillögur um styrkveitingar, ýmist að eigin frumkvæði þeirra, í samvinnu við stofnanir eða eftir almennum umsóknum. Stjórnarnefnd gengur loks endanlega frá ákvörðunum sjóðsins."

Kristnitakan á Þingvöllum fyrir 1000 árum með friðsamlegum hætti var einstæður atburður. Það er við hæfi þegar Íslendingar minnast 1000 ára kristni í landinu að þeir hyggi að trúararfi sínum, sögu og siðferðismati, lífsgildum sínum og framtíðarsýn. Áhrif kristni á þjóðina er erfitt að meta en vonandi hefur hún verið til góðs. Kristinn arfur skiptir þjóðina miklu og er hluti af íslenskri þjóð, sjálfsmynd og lífsafstöðu. Þjóðin var oft fátæk og svöng við harðindi liðinna alda þó höfðingjar kæmust af og lifðu við nokkurt ríkidæmi á vinnuframlagi undirsáta sinna og vinnu fólks sem fékk laun sín í mat sem hélt því vinnufæru. Allt var það valdsmönnum og kirkju til auðs á fyrri tíð.

Herra forseti. Við þurfum að efla fræðslu og rannsóknir á trúar- og menningararfi og atvinnusögu þjóðarinnar því að sumt í fortíð okkar ber að varast. Sérstaklega að hér verði að nýju stéttskipt þjóðfélag fárra auðmanna sem eigi auðlindir lands og sjávar. Framtíð Íslands er fengin í hendur æskunni sem erfa mun landið. Því er afar mikilvægt að efla umræðu meðal unga fólksins um lífsgildi og siðferði þjóðarinnar í framtíðinni. Æska þessa lands þarf að hafa metnað til mennta og sjálfstæðis og áræði til að takast á við lífið.

Nýjar hættur steðja að og okkur ber að forða æsku landsins frá váboðum eiturlyfja svo sem framast er kostur.

Ísland er ekki ríkt land af fornum byggingum og okkur ber nauðsyn til að rannsaka og varðveita söguna. Það er vandasamt að umgangast fornminjar og landsins sögu. Vonandi verða þeir fjármunir, sem við hyggjumst nú leggja til rannsókna á sögu okkar vel nýttir, enda um viðbótarfé til fornleifarannsókna að ræða. Við eigum margar atvinnusögulegar minjar þó þær eignir teljist ekki enn þá forngripir. Við megum huga vel að því að varðveita sögu okkar frá þessari öld vegna þeirra öru breytinga sem 20. öldin færði okkur Íslendingum. Göngum vel um fornar minjar. Þær eru saga Íslands og mistök eða eyðing á sögulegum verðmætum verða ekki svo auðveldlega aftur tekin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Till. vísað til síðari umr. með 60 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 657. mál. — Þskj. 1422.

[14:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 2. júlí 2000 til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Till. samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JÁ, JB, JónK, JBjart, KF, KolH, KHG, KLM, KPál, LB, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvH, TIO, VS, VE, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (JóhS, LMR, MF) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1423).

Tilkynning um fund Alþingis á Þingvöllum.

[14:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Á fundi ríkisráðs í dag var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra á grundvelli 37. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum sunnudaginn 2. júlí 2000.

Gjört á Bessastöðum, 30. júní 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum."

[14:13]

Forseti (Halldór Blöndal):

Með vísan til orða hæstv. forsrh. er boðað til nýs fundar að Lögbergi á Þingvöllum sunnudaginn 2. júlí kl. 10.30 árdegis.

Fundi slitið kl. 14:13.

123. FUNDUR

sunnudaginn 2. júlí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Kristnihátíðarsjóður, þáltill., 656. mál, þskj. 1421. — Síðari umr.

Ávarp forseta Alþingis.

[10:28]

Forseti (Halldór Blöndal):

Fundur er settur í Alþingi. Ég býð ykkur velkomin á Þingvöll. Í dag minnumst við þess að þúsund ár eru liðin síðan það var „mælt í lögum at allir menn skyldi kristnir vesa ok skírn taka, þeir es áðr váru óskírðir á landi hér". Það var einstæður atburður í þjóðarsögunni og átti sér nokkurn aðdraganda.

Mér verður litið niður á vellina og sé fyrir mér tvær fylkingar með alvæpni þar sem þær mætast. Er önnur heiðin og önnur kristin. Í fylkingunum standa vinir og frændur á víxl, hver andspænis öðrum og það er ógn í loftinu. Síðan gerist það að menn hverfa á braut við svo búið. Við vitum ekki hvers vegna nema að þeir voru ekki vígfúsir. Enginn greiddi fyrsta höggið. Kannski voru þeir of nákomnir, kannski var þeim í fersku minni af hverju afar þeirra og ömmur. langafar og langömmur settust hér að.

Síðan sögðust „hvárir ýr lögum við aðra, enir kristnu menn ok enir heiðnu ok gingu síðan frá lögbergi. Þá báðu enir kristnu menn Hall á Síðu, at hann skyldi lög þeira upp segja, þau es kristninni skyldu fylgja. En hann leysti því undan við þá, at hann keypti at Þorgeiri lögsögumanni, at hann skyldi upp segja en hann vas þá enn þá heiðinn.

Svá hafa ok spakir menn sagt, at á sex tegum vetra yrði Ísland albyggt, svá at eigi væri meirr síðan."

Alþingi var sett hér á Lögbergi árið 930 „at ráði allra landsmanna," að sögn Ara fróða. Fyrr höfðu menn ekki ein lög í landinu.

Hér stóð æðsti dómstóllinn og hér sagði fyrsti embættismaðurinn og eini embættismaðurinn, lögsögumaðurinn, upp lögin á þrem árum og skar úr lögmálsþrætum. Það var mikið afrek og til þess þurfti fórnir, málamiðlanir og vitsmuni heildarinnar að málefnum þjóðarinnar yrði svo skipað og nýtt ríki, þjóðveldi, sett á stofn. Þessi skipan tryggði frið í landinu, en Alþingi var líka í fyrirsvari út á við, svo sem í skiptum landsmanna við Noregskonungana Óláf Tryggvason og Óláf Haraldsson sem síðar var kallaður helgi. Í augum þeirra hefur þjóðveldið, land án konungs og hirðar, verið veraldarundur, sem þurfti að lagfæra.

Flestir landnámsmanna komu frá Noregi með heiðinn átrúnað og norskar réttarvenjur í farteskinu. En þeir voru líka margir sem höfðu farið vestur um haf og átt viðdvöl á bresku eyjunum, Suðureyjum eða Írlandi, þar sem þeir kynntust kristinni trú og tóku hana.

Íslenska bændasamfélagið bar því í öndverðu keim af samfélagi víkinga og kaupmanna. Menn öðluðust vit og þroska með því að fara víða og sækja heim önnur lönd. Slík reynsla kenndi þeim umburðarlyndi í trúmálum af því að þeir þóttust skilja að gifta mannsins er ekki undir átrúnaði hans komin. Þess vegna ríkti trúfrelsi hér á þjóðveldisöld þótt Íslendingar þekktu ekki skilgreininguna. Undir þann sáttmála

gengust þeir við stofnun Alþingis. Goðorðaskipanin var ekki reist á trúarlegum grunni.

Fyrsta íslenska kristnin var írsk kristni og hún hefur verið lífseig, þótt kennimenn og kirkjur skorti. Svo verða þáttaskil um 980 með komu Friðreks biskups frá Saxlandi og nú hefst hér skipulegt trúboð. Hinum fyrstu trúboðum verður vel ágengt. Það sjáum við af þeim mönnum sem skírn tóku og nafngreindir eru. Það sjáum við líka af hinni knöppu frásögn Íslendingabókar af þingfundinum fyrir þúsund árum. Þar liggur margt ósagt á milli línanna.

Og þó segir: „En nú þykkir mér þat ráð," kvað Þorgeir Ljósvetningagoði, „at vér látim ok eigi þá ráða, es mest vilja í gegn gangask, ok miðlum svá mál á miðli þeira, at hvárirtveggju hafi nakkvat síns máls, ok höfum allir ein lög ok einn sið. Þat mon verða satt, es vér slítum í sundr lögin, at vér monum slíta ok friðinn."

Hinir kristnu menn gátu vel við unað. Kristni var lögtekin og skyldu þeir skírn taka er áður voru óskírðir á landi hér. Þó skyldu menn blóta á laun, ef vildu. Með því var Íslendingum kippt inn í menningarheim Evrópu í einni svipan sem Norðurlandabúar höfðu staðið utan við þótt þeir væru víðförlir. Með því hófst gróskuríkasta skeið íslenskrar sögu. Menn lærðu að lesa og skrifa og sóttu þekkingu og þroska víðar en áður, til Saxlands og Parísar.

Hinn heiðni menningararfur ávaxtaðist í meðförum sagnaritara eins og Ara fróða og Snorra Sturlusonar og í klaustrunum. Aldrei hefur íslensk tunga verið betur skrifuð, skáldskapurinn aldrei verið dýpri. Í þennan brunn hafa Íslendingar sótt um aldir. Þess vegna erum við þjóð og höfum þjóðlegan metnað að við höfum varðveitt tungu okkar, eigum okkur sögu og sjálfstæða menningu. Það eigum við kirkju okkar og kristinni trú að þakka. Þrátt fyrir einlægan fögnuð kristinna manna hér á völlunum fyrir þúsund árum hefur gleðin verið blandin. Íhlutun erlends konungsvalds rak á eftir því að kristni yrði lögtekin. Kristniboðarnir Stefnir Þorgilsson og Þangbrandur voru kannski framar öðru erindrekar Ólafs konungs.

Kannski málamiðlunin, sem Þorgeir Ljósvetningagoði skírskotar til, hafi verið í því fólgin að hinir heiðnu menn sáu fram á að Íslendingar yrðu áfram konunglausir, áfram þjóðveldi, í staðinn fyrir að fá kristinn konung eins og Orkneyjar og Færeyjar urðu að sætta sig við. Þeirri hættu var bægt frá í bili.

Sagan kennir okkur frá fyrstu áratugum Íslandsbyggðar, þegar konungur sendi hingað Una danska, síðar þegar konungur sendi orð Guðmundi ríka að hann vildi þiggja Grímsey, sem þá var almenningur, til þessa dags að við eigum að vera á verði gagnvart erlendri íhlutun eða ásælni — gegn áhuga erlendra konunga á landi okkar, í hvaða líki sem þeir birtast.

Enn berast hingað straumar frá Evrópu, flestir góðir, guði sé lof, og sumir varhugaverðir. Og enn þurfum við að hugsa okkar ráð. Það er eðlilegt, þar sem ég stend, að ég brýni sjálfan mig og brýni aðra með því að segja að 17. júní 1944 náði þjóðin „fullkomnu stjórnarfarslegu sjálfstæði og óskoruðum eignarrétti landsnytja allra á láði og legi íhlutunarlaust í eigin hendur".

Kristnitakan fyrir þúsund árum, eins og hún fór fram, var gifta íslensku þjóðarinnar. Ég bið góðan guð að vaka yfir velferð hennar og landi okkar.

Guð blessi Ísland.

Kristnihátíðarsjóður, síðari umr.

Þáltill. SAÞ o.fl., 656. mál. — Þskj. 1421.

[10:38]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hverri þjóð er nauðsynlegt að þekkja sögu sína, vita og þekkja hvað það er sem mótað hefur þjóðarvitund og ráðið för í gegnum tíðina, með öðrum orðum, hvaða leiðarljós og lífsgildi hafa verið í fyrirrúmi.

Í dag höldum við Íslendingar hátíð á Þingvöllum, helgasta stað þjóðarinnar, til að fagna þeim einstaka viðburði í sögu okkar að kristni var lögtekin á Alþingi árið 1000. Þingheimur tók þá ákvörðun í friði og sátt sem tengd er nafni Þorgeirs Ljósvetningagoða og mikill ljómi stendur af.

Í tilefni kristniafmælis hafa þingflokkar á Alþingi orðið einhuga um þá till. til þál. sem hér er til umfjöllunar. Hún felur í sér að stofnaður verði Kristnihátíðarsjóður er njóti framlaga af fjárlögum, 100 millj. kr. á ári, næstu fimm ár. Verkefni hans verði að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar og framtíðarsýn, að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Með tillögu þessari er í senn hlúð að menningar- og trúararfi Íslendinga með því að auka og treysta þekkingu landsmanna á þessum þáttum í sögu okkar en jafnframt horft til framtíðar með því að efla umræðu í landinu um framtíðarsýn og þau lífsgildi sem þjóðin ætlar að hafa í fyrirrúmi um ókomna tíð.

Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja. Mikið verk er ógunnið á sviði fornleifarannsókna hér á landi og telja fræðimenn að slíkar rannsóknir séu líklegar til að skila nýrri þekkingu á elstu sögu þjóðarinnar. Þess vegna er vel við hæfi að minnast merkra tímamóta einnig með þeim hætti.

Íslendingar eru ung þjóð í ungu landi. Við þekkjum sögu okkar vel af rituðum heimildum sem greina frá upphafi byggðar. Kristin trú hefur verið mótandi afl í íslensku þjóðlífi frá fyrstu tíð. Áhrif kristninnar á íslenskt þjóðlíf, menningu og tungu, bókmenntir og listir eru meiri en svo að mæld verði. Atburðirnir á Þingvöllum árið 1000 marka einmitt upphaf þess blómaskeiðs í sagnaritun og bókmenntum sem fylgdi í kjölfar þess að ritmenning kirkjunnar festi hér rætur. Saga þjóðar og kristni er órjúfanlega samofin. Íslandssagan er kristnisaga í þeim skilningi eins og glöggt kemur fram í ritverkinu Kristni á Íslandi sem Alþingi gaf út á þessu ári í tilefni af þessum tímamótum.

Vald Ólafs Noregskonungs var mikið á sinni tíð og á það hefur verið bent með réttu að kristnitakan hafi að hluta til verið af stjórnmálalegum toga. Hitt er engu síður ljóst að sá sannleikur sem þjóðin gekkst á hönd og kaus að tileinka sér er meiri og háleitari en veraldleg yfirráð konunga. Kristnin hefur verið leiðsögn og viðmiðun daganna í þúsund ár. Þaðan hefur þjóðin fengið styrk og þrek til að standast ógnir elds og ísa og áþján erlends valds og á gleðistundum hefur sannleikur trúarinnar helgað orð og verk.

Stundum er á það minnt að áhersla á kristin gildi fari þverrandi í nútímanum. Sjálfsagt er nokkur sannleikur fólginn í þeirri staðhæfingu. Íslensk þjóð hefur brotist frá örbirgð til allsnægta á einum mannsaldri. Hún hefur lifað örar breytingar í atvinnuháttum og nýtt sér margvíslegar tækniframfarir til að byggja upp öflugt velferðarþjóðfélag sem stendur í

fremstu röð í veröldinni. Svo örar breytingar kunna að villa mönnum sýn og gera þá gleymna á það sem mestu varðar og mölur og ryð fá ekki eytt. Það er við hæfi að landsmenn nýti sér þessi tímamót sem sérstakt tilefni til að huga að þeim gömlu og góðu gildum sem best hafa dugað í tímans rás. Þau eiga öll rætur í kristinni trú.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með orðum Kolbeins Tumasonar:

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

[10:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Engum dylst að við lifum á miklum umbyltingartímum sem valda umróti í einkalífi fólks, atvinnuháttum og öllum samskiptum, þar sem nútíminn færir okkur margvíslega nýja tækni sem við hljótum að reyna að tileinka okkur til að bæta lífskjör og lífsskilyrði þjóðarinnar.

Við þessar aðstæður er það ein höfuðskylda stjórnvalda að leitast við að tryggja sem jafnasta möguleika allra þjóðfélagsþegna til að taka virkan þátt í þessum miklu breytingum og til að njóta þeirra lífsgæða sem nútíminn hefur upp á að bjóða. Hér ræður úrslitum að allir þjóðfélagsþegnar hafi öruggan aðgang að heilsugæslu og menntun og engir séu útilokaðir frá því að þroskast og hafa áhrif á gang mála eftir því sem hugur þeirra stendur til. Jafnrétti og lýðræði eru þær hugsjónir sem skipta mestu. Þess vegna er svo mikilvægt að þær séu lifandi í hugum okkar Íslendinga og að framtíðarsýn okkar beri merki þeirra. En það er alls ekki sjálfgefið að svo verði. Við núverandi aðstæður, þar sem endalaust er alið á samkeppni og allt lagt upp úr að koma sem mestu í framkvæmd á sem skemmstum tíma, er hættan sú að við Íslendingar verðum ráðvilltir og skeytum ekki um þau lífsgildi sem mestu skipta og sem jafnrétti og lýðræði er ætlað að standa vörð um. Við þessari hættu þarf að bregðast. Hér skiptir miklu afstaða stjórnvalda, stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna því ábyrgð þeirra er mikil. Þeim ber að tryggja sem best skilyrði þjóðarinnar til að ráða framtíð sinni og standa saman gagnvart áskorunum nútímans.

Samstaða formanna allra þingflokka um þá tillögu sem hér er borin fram er tákn um þá samstöðu sem þjóðin þarf að sýna til að geta tekist á við þau verkefni sem við henni blasa. Íslensk þjóð hefur sýnt það og sannað gegnum aldirnar að hún finnur sjálf lausnir á lífsvanda sínum þegar á reynir og hún hefur ávallt gert það með því að endurskapa menningu sína og vinna úr arfi genginna kynslóða.

Hinn kristni arfur þjóðarinnar skiptir hér miklu máli, hvort sem trúarsannfæring okkar er kristin eða ekki. Sjálf jafnréttishugsjónin er af kristnum toga spunnin því allar manneskjur eru óendanlega dýrmætar í augum Guðs samkvæmt hinni kristnu kenningu og eiga jafnan rétt til gæða lífsins. Kristur sjálfur var uppreisnarmaður gegn ranglæti og ójafnrétti sem einkenndi samtíma hans. Kjarninn í boðskap hans var sá að hver manneskja ætti að bera virðingu fyrir eigin persónu, eigin samvisku og dómgreind andspænis veraldlegum valdhöfum, hverju nafni sem þeir nefnast. Slík sjálfsvirðing er forsenda lýðræðis sem gerir þá kröfu til okkar allra að við hugsum um það sem betur má fara í samlífi okkar og leggjum okkar af mörkum til að bæta það. Á þeirri viðleitni hvílir framtíð okkar.

Sú tillaga sem hér er borin fram er liður í því að tryggja og auka líkurnar á því að ungir Íslendingar og komandi kynslóðir læri að horfast í augu við veruleikann, endurskapa menningu okkar með því að fræðast um arfleifð okkar, rannsaka hana og uppgötva þannig nýjar orkulindir til að skapa framtíðina, framtíð fyrir íslenska þjóð.

[10:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er eitt helsta verkefni Alþingis að setja þjóðinni lög sem marka leikreglur í mannlegum samskiptum og um athafnir manna. Nú eru mjög uppi þau viðhorf að hagræðing, hagnaður, persónulegur ávinningur og önnur efnahagsleg sjónarmið eigi að móta löggjöfina, ekki bara í viðskiptum og atvinnurekstri heldur einnig á öðrum sviðum.

Víst er það svo að áherslur á þennan veg hafa verið þjóðinni til framdráttar en álitaefni er í hve miklum mæli þau sjónarmið eigi að ráða. Það er nefnilega svo að löggjöf verður ekki bara reist á efnahagslegum grunni heldur eru margar af mikilvægustu ákvörðunum sem taka þarf í samfélaginu að meira eða minna leyti siðferðilegar í eðli sínu. Siðferðisvitund borgaranna er miklu meiri áhrifavaldur um löggjöf en menn hafa e.t.v. áttað sig á.

Farsæl störf Alþingis eru undir því komin að löggjöf taki nægjanlegt mið af þeim þætti. Efnahagslegar áherslur eru einar og sér ekki nægjanlegur grundvöllur fyrir farsælli stjórn samfélagsins og ef hallar á hinn siðferðilega grunn þá rísa af því illleysanleg vandamál. Dæmi þar um eru þær deilur sem verið hafa um stjórn fiskveiða og hafa heldur farið harðnandi ef eitthvað er eftir því sem árin líða. Að mínu viti snúast deilurnar einkum um ákveðin atriði sem brjóta í bága við siðferðisvitund almennings. Annars vegar vil ég nefna þá möguleika sem handhafar veiðiheimilda hafa til þess að selja þær og hagnast um fjárhæðir sem eru það háar að engin leið er að halda því fram að seljandinn hafi unnið fyrir andvirðinu. Hins vegar að oft og tíðum skaðar salan á veiðiheimildunum fólk sem vinnur í atvinnugreininni eða býr í sjávarplássunum án þess að það hafi nokkuð um söluna að segja eða eigi nokkurn rétt til hlutdeildar í hagnaðinum.

Hegðun þeirra sem selja segir sína sögu. Þeir kjósa yfirleitt að flytja úr byggðarlaginu sem skaðast á sölunni. Það gefur til kynna að seljandanum sjálfum finnist skorta nokkuð á að ákvörðunin sé í samræmi við siðferðisvitund sína og samborgara sinna.

Þetta vandamál glímir Alþingi nú við og það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir siðferðilegri hlið málsins, lausn sem sátt getur tekist um verður að mæta viðhorfum almennings að þessu leyti. Hagnaðar- og hagræðingarsjónarmiðið eitt er ekki nægjanlegur grundvöllur fyrir farsælli stjórn samfélagsins.

Í tillögu þeirri sem hér er rædd er einmitt lagt til að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn. Hinn kristni arfur hefur mótað siðferðiskennd, gildismat og lífsafstöðu þjóðarinnar. Það er því vel við hæfi að hyggja að þessum þáttum í ríkari mæli en verið hefur þegar við fögnum þúsund ára kristni í landinu og þeim getum við beitt til að finna lausnir á viðkvæmum úrlausnarefnum.

Á þessu sviði er nauðsynlegt að þjóðkirkjan og önnur trúfélög leggi stjórnmálamönnunum óhikað lið. Við þurfum svo sannarlega á því að halda.

Ég óska landsmönnum öllum allra heilla við þessi tímamót. Megi kristindómurinn áfram auðga og móta líf landsmanna og auðvelda einstaklingum að leggja rækt við gildismat sitt og lífssýn.

[10:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við komum nú saman á Lögbergi til að minnast atburða sem hér áttu sér stað fyrir réttum eitt þúsund árum. Kristnir menn og heiðnir höfðu sagt sig úr lögum hvorir við aðra. Ófriðlega horfði af þessum sökum og höfðu valdamenn í hótunum innan lands sem utan. Það var við þessar aðstæður að Þorgeir Ljósvetningagoði gerði tillögu um að Íslendingar skyldu búa við einn sið, kristinn sið, og ein lög enda var það hans mat að ella mundi friðurinn úti. Heiðnir menn gáfu samþykki sitt fyrir þessari skipan mála. Þá ákvörðun tóku þeir af hyggindum en voru þó jafnframt reiðubúnir að sýna umburðarlyndi.

Siður og lög. Umburðarlyndi og réttlæti. Trúarbrögð eða siður eins og þau voru nefnd til forna eiga að grundvallast á umburðarlyndi og lögin á réttlæti. Þorgeir Ljósvetningagoði var fulltrúi umburðarlyndis. Hann vildi að Íslendingar stæðu saman. Hann trúði þannig á framtíð þjóðarinnar og treysti á virðingu fyrir lögunum. Þetta er sú mynd sem sagnaritarar gefa af kristnitökunni og þeim mönnum sem þar komu helst við sögu. Sagnaritarar tólftu og þrettándu aldar, sem skrásettu þessa atburði, voru sprottnir upp úr kristnum jarðvegi og hver svo sem skýringin kann að vera á kristnitökunni þá var þetta sá arfur úr fortíðinni sem þeir vildu miðla til samtíðar sinnar og þeirra sem á eftir kæmu.

Okkur er flestum tamt að tala um umburðarlyndi en umburðarlyndi er lítils virði fram að þeim degi sem á það reynir. Og sá tími kann að vera að renna upp í landi okkar að á umburðarlyndið reyni jafnvel í enn ríkari mæli en fyrr. Í menningarlegum, trúarlegum og siðferðilegum efnum búa Íslendingar við meiri margbreytileika en áður og er mikilvægt að stuðla að umræðu sem eflir skilning á mismunandi menningu og lífsháttum. Að þessu viljum við vinna með þeirri þingsályktunartillögu sem hér verður borin undir atkvæði. Við viljum enn fremur efna til umræðu um siðferðileg gildi svo við verðum betur í stakk búin að takast á við krefjandi spurningar og álitamál sem við stöndum frammi fyrir í hraðfara heimi.

En hvers virði er það fyrir Íslendinga að vera þjóð, þjóð sem á sér sögu, menningu og tungu? Það má spyrja á annan hátt: Hvers virði er það okkur að virkja þá krafta sem búa í samstöðunni og samvinnu um það sem gott er og til framfara horfir? Þeim samfélögum hefur vegnað best sem tekst að leysa úr læðingi þá krafta sem búa með hverjum og einum og við þekkjum það úr sögu okkar að þegar við leggjumst öll á árarnar áorkum við langt umfram það sem við gerum sundruð. En forsenda þess að menn leggist sameinaðir á árarnar er vissan fyrir því að við séum á sama báti, búum við sanngjörn skipti í þjóðfélagi jafnaðar og réttlætis. Hitt skyldum við einnig hafa í huga þegar við göngum til samstarfs við aðrar þjóðir — og því fleiri sem þær eru því betra — þá má það aldrei henda okkur að hætta að treysta á okkur sjálf. Ef við gerum okkur ánægð að vera knúin áfram með erlendu skipunarvaldi, jafnvel til góðra verka, þá mun fyrr en varir halla undan fæti fyrir Íslendingum því sá maður sem gleðst yfir því að vera barinn til hlýðni endar sem þræll.

Með því að leggja rækt við íslenska menningu og tungu eflum við með okkur kraft og frumkvæði og viðhöldum því sjálfstrausti sem hverri sjálfstæðri þjóð er lífsnauðsynlegt. Með því að styrkja menningu okkar leggjum við okkar af mörkum til að gera heiminn að margbreytilegri og skemmtilegri íverustað.

Með þeirri þjóðargjöf sem við sameinumst nú um mun gefast kostur á því að fræðast um fortíðina, kallast á við liðinn tíma, draga lærdóma af því sem á undan er gengið og byggja á því besta úr íslenskum þjóðararfi til sóknar inn í nýjan tíma.

[10:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Forseti Íslands, góðir Íslendingar og erlendir gestir. Við komum nú saman á Þingvöllum til þess að minnast þess að þúsund ár eru liðin frá því að kristinn siður var lögtekinn á Íslandi. Á þessum tímamótum vil ég víkja að því hvernig ég lít til þeirra atburða sem við minnumst nú.

Ég lít svo á að þeir sem trúðu á hinn gamla sið, ásatrúna, hafi fyrir þúsund árum, er þeir meðtóku kristni, sýnt í verki sáttfýsi og skilning til þess að forða landslýð frá miklum innanlandsátökum og mannvígum. Það voru þeir heiðnu sem höfðu þennan skilning og skynsemi til að bera. Það voru hins vegar þeir kristnu sem höfðu í hótunum og tóku menn í gíslingu ef eigi ætti eftir að ganga þeirra vilji.

Þó hér á landi hafi fyrir skynsemis sakir þeirra sem heiðnir kölluðust verið tekin upp kristin trú var vissulega hefð fyrir átökum við boðun kristinnar trúar með öðrum þjóðum. Við eigum því ásatrúarmönnum fyrri alda margt að þakka og eigum sem kristnir menn að umgangast þá og aðra sem aðra sannfæringu hafa í trú sinni af virðingu og skilningi þeirra sem vel máttu læra á þúsund árum. Það er við hæfi þegar Íslendingar minnast þúsund ára kristni í landinu að þeir hyggi að trúararfi sínum, sögu, siðferðismati, lífsgildum sínum og framtíðarsýn.

Áhrif kristni á þjóðina er erfitt að meta en hún hefur vafalaust verið til góðs. Kristinn arfur skiptir þjóðina miklu og er samofinn íslensku þjóðerni, sjálfsmynd og lífsafstöðu. Þjóðin var oft fátæk og svöng við harðindi liðinna alda þó að höfðingjar kæmust vel af og lifðu við nokkurt ríkidæmi á vinnuframlagi undirsáta sinna og vinnufólks.

Vel má að fortíð hyggja þegar framtíð skal byggja. Saga okkar á þessari öld þar sem við komumst loks til þess að afla tekna sem frjálsbornir menn sýnir svo ekki verður um villst að þá fyrst komst þjóðin til bjargálna þegar dugnaður einstaklinganna fékk notið sín. Lengi á síðustu öld hélt vistarbandið okkur enn þá í fjötrum fárra. Það er í raun furðulegt að nú á nýju árþúsundi undir aldamót skuli vera til ný stétt sem við köllum leiguliða. Þeir greiða í dag afnotagjald til fárra fyrir atvinnu- og aflarétt ef þeir fá að halda til fiskveiða, sem var sú atvinna þar sem frjálsbornir menn fyrr á þessari öld rifu þjóðina úr fjötrum fátæktar til bjargálna. Umbylting til hagsældar á þessari öld var borin uppi af íslenskum sjómönnum en öldin endar með miklum höftum á atvinnufrelsi þeirra. Forsendum byggðar í landinu er raskað og fólk í sjávarbyggðum er óöruggt um framtíð sína og atvinnu.

Við þurfum að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi ásamt atvinnusögu þjóðarinnar því sumt í fortíð okkar ber okkur að varast, sérstaklega að hér verði að nýju

stéttskipt þjóðfélag fárra auðmanna sem eigi auðlindir lands og sjávar.

Framtíð Íslands er fengin í hendur æskunni sem erfa mun land. Því er afar mikilvægt að efla umræðu meðal unga fólksins um lífsgildi og siðferði þjóðarinnar í framtíðinni. Æska þessa lands þarf að hafa metnað til að mennta og sjálfstæði og áræði til að takast á við lífið. Það steðja nýjar hættur að og okkur ber að forða æsku landsins frá váboðum eiturlyfja svo sem framast er kostur. Ísland er ekki ríkt land af fornum byggingum og okkur ber nauðsyn til að rannsaka og varðveita söguna.

Það er vandasamt að umgangast fornminjar landsins og sögu. Vonandi verða þeir fjármunir sem við nú hyggjumst leggja fram til rannsókna á sögu okkar vel nýttir, enda um viðbótarfé til fornleifarannsókna að ræða. Við eigum margar atvinnusögulegar minjar þó að þær eignir teljist ekki enn þá forngripir. Við megum huga vel að því að varðveita sögu okkar frá þessari öld vegna þeirra öru breytinga sem 20. öldin færði okkur Íslendingum. Göngum vel um fornar minjar, þær eru saga Íslands.

Í guðs friði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]
Tillgr. samþ. með 62 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 62 shlj. atkv.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1424).

Ávarp forseta Íslands.

[11:04]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulega Alþingi. Íslendingar á Þingvöllum og í heimabyggð. Fyrir þúsund árum gerði Alþingi kristnina að lögmáli Íslendinga, lögmáli vonar og vissu um náð Guðs föður og eilíft líf, lögmáli um hegðan okkar og hugsun, rétta breytni og ranga. Slíkur var sáttmálinn sem Alþingi samdi á ögurstundu, eiðstafur umburðarlyndis, boðskapur um kærleika og samlíðan með öllum mönnum.

Kristin trú er ekki aðeins bæn og blessun. Hún er ákall um siðferði hinna góðu verka, um kærleikann og um samstöðu með öllum sem bera skarðan hlut frá nægtarborði. Þjóðhátíð íslenskrar kristni er sannarlega þakkargjörð til þess góða fólks sem um aldir hefur lifað með kennisetningu Krists að leiðarljósi, hún er lofsöngur til kynslóðanna sem í návígi við óblíða náttúru varðveittu fagnaðarerindið í brjósti sér og gerðu trúna í hjarta hvers manns að kjölfestu kristindómsins. Hátíð þjóðkirkju á Þingvöllum er tækifæri til að staldra við og hugleiða gildi trúarinnar í lífi okkar allra og ekki síst í farsæld ríkis sem í stjórnarskrá hefur gert kenningu Krists að grundvelli sínum.

Alþingi kaus til forna að gera siðaboðskap kristinnar trúar að leiðarljósi Íslendinga. Alþingi hefur nú komið á Þingvelli á ný til að árétta þann eið sem að eilífu gildir. Þess vegna er Alþingi hér, ekki aðeins sem löggjafarþing heldur einnig þing sem á helgustu völlum Íslendinga og með þjóðina alla til vitnis hefur ákveðið að veita áfram kristinni breytni brautargengi.

En kenning Krists getur verið harður húsbóndi og hefur reynst valdsmönnum erfið eftirbreytni. Gleymum því ekki að Kristur var á sinni tíð maður uppreisnar og andófs, förunautur hinna fátæku og smáðu. Það var Jesús sem hratt um borðum víxlaranna og rak þá út úr helgidómnum: „Hús mitt á að vera bænahús, en þér gjörið það að ræningjabæli.“ Það voru fiskimennirnir og fólkið sem fylgdu Kristi en landsherrarnir sem leiddu hann á krossinn.

Kristin trú er ekki aðeins boðskapur um að þingheimur og þeir sem háum embættum gegna gangi til tíða og messusöngs á hátíðarstundum. Kristin trú er fyrirheit um rétta breytni, mælistika sem sýnir hvort við erum í reynd sönn og heil. Hver er kenningin sem Alþingi og þjóðin hefur gert að sinni, hver er boðskapurinn um það sem gjöra skal? Hver eru orð Krists?

Heyrum áskorun hans um umburðarlyndið:

„En ég segi yður: Elskið óvini yðar, og biðjið fyrir þeim sem ofsækja yður svo að þér reynist börn föður yðar á himnum, er lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta.“

„Dæmið ekki, og þér munuð eigi dæmdir verða. Sakfellið eigi, og þér munuð eigi sakfelldir verða. Sýknið, og þér munuð sýknaðir verða. Gefið, og yður mun gefið verða.“

Heyrum hvatningu Krists um að hjálpa hinum fátæku, dóm hans um þá sem setja auð og eignir í efsta sæti:

„Sannlega segi ég yður: Það allt sem þér gjörðuð ekki einum hinna minnstu bræðra minna, það hafið þér ekki heldur gjört mér.“

„Far þú, sel allt, sem þú átt, og gef fátækum, og munt þú fjársjóð eiga á himni.“

„Sannlega segi ég yður: Torvelt verður auðmanni inn að ganga í himnaríki.“

Heyrum dóm Krists um valdið og auðmýktina:

„Þér vitið, að þeir sem ráða fyrir þjóðum, drottna yfir þeim, og höfðingjar láta menn kenna á valdi sínu. En eigi sé svo meðal yðar, heldur sé sá, sem mikill vill verða meðal yðar, þjónn yðar.“

Þessi eru orð Krists, lögmálið sem við höfum undirgengist fyrir þúsund árum og aftur nú, lögmálið um kærleika, hógværð og umburðarlyndi, samúð með hinum smæstu bræðra okkar og systra.

Þola verk okkar þessar mælistikur, þetta ljós? Eru löggjöfin og landstjórnin í anda kristinnar trúar eða höldum við að lögmálið sé aðeins til hátíðarbrigða? Verður kenning Krists leiðarljós þegar Alþingi heldur héðan og við öll til okkar heima? Er kristnihátíð heitstrenging eða aðeins einn dagur í þúsund ár?

Kristnihátíð er okkur áminning um kjarna trúarinnar, um sáttmálann sem saminn var á þessum völlum, áskorun til íslenskrar kirkju og okkar allra um að hafa kjark og þor til að ganga þann veg sem Kristur lýsti og láta eigi bugast þótt í móti blási. Um þúsund ár frá þessum degi verður áfram spurt um dug og ætlan hvers og eins. Gleymum ekki að allir eiga sama rétt. Og þjóðir heims mynda nú eina heild þótt trú og hættir séu af ólíkum meiði. Virðum ekki aðeins hinn lútherska sið heldur einnig þá kirkju sem hér var í upphafi og um aldir, alla söfnuði sem tilbiðja guð, hver á sinn hátt.

Í sáttargjörð sem hér var á Lögbergi samin varð orðið vopnunum æðra. Megi það vera lífssýn Íslendinga og mannkyns alls um ókomna tíð.

Þingfrestun.

[11:13]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Forsetabréf var á föstudag undirritað á Bessastöðum:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, fresta fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frá 2. júlí 2000 til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 30. júní 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis.“

Samkvæmt béfi þessu og skírskotan til samþykkis Alþingis lýsi ég yfir að fundum Alþingis er frestað.

Megi verk þess og sýn um alla framtíð verða samboðin Kristi og þjóð okkar til heilla. Ég bið alþingismenn og aðra að rísa úr sætum og minnast fósturjarðarinnar Íslands. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi slitið kl. 11:14.